ALÞINGISTÍÐINDI

2009–2010

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG ÁTTUNDA
LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna á vef.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2010.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009.)

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	11
3. Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009 - 2013	26
4. Yfirlit þjóðhagsspár	37
5. Kynjuð hagstjórn	43
Fylgiskjal: Töfluviðauki	49

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

	Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta	1
A-hluti Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	3
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	4
B-hluti Fjárreiður ríkisfyrirtækja	
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	5
C-hluti Fjárreiður lánastofnana	
4. gr. Fjárreiður lánastofnana	6

Ýmis ákvæði

5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 7
6. gr. Heimildir 9

Sundurliðanir

1. Tekjur A-hluta 12
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 17
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 160
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 163

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 172
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 177
3. Markaðar tekjur 178
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 183
5. Lögbundin framlög 189

Athugasemdir

Inngangur 191
1. Yfirlit ríkisfjármála 193
2. Tekjur A-hluta 195
3. Gjöld A-hluta 207
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 420
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 424
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 432
7. Heimildir 442
8. Yfirlit yfir lagabreytingar 444

Atriðisorðaskrá 447

Vefsetur fjárlaga: fjarlog.is

ODDI
ISSN 1607-811X

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla fyrri hluta frumvarpsins er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er kynnt langtímaáætlun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í fimmta kafla eru kynnt áform um kynjaða hagstjórn. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Þáttaskil í efnahagslífi Íslendinga

Með hruni íslensku bankanna á haustmánuðum 2008 urðu einhver mestu þáttaskil í efnahagslífi Íslendinga frá stofnun lýðveldisins. Setja þurfti neyðarlög til að tryggja brýnustu hagsmuni þjóðarinnar og áframhaldandi bankastarfsemi á landinu. Mikil truflun varð á flæði fjármagns inn og út úr landinu og gengi krónunnar féll stórlega. Snarpur samdráttur varð í innlendri eftirspurn og atvinnuleysi jókst hröðum skrefum. Staða og horfur í ríkisfjármálum versnuðu mikið þegar útgjöld og skuldir vegna bankahrunsins stórjukust og efnahagslegar forsendur tekjuöflunar ríkissjóðs rýrnuðu til muna. Í kjölfar bankahrunsins var leitað eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og önnur ríki um stuðning við efnahagsáætlun til að draga úr niðursveiflunni og treysta stoðir efnahagsstarfseminnar til framtíðar. Þann 19. nóvember samþykkti framkvæmdastjórn AGS áætlun íslenskra stjórnvalda um að koma á efnahagsstöðugleika á Íslandi með aðstoð frá AGS, Færeyjum, hinum Norðurlöndunum og fleirum. Efnahagsáætlunin miðast við að ná tökum á fjármálum þjóðarbúsins, koma á jafnvægi í gjaldeyrismarkaði, endurreisa bankakerfið og tryggja sjálfbærni ríkisfjármála.

Efnahagsáætlun til að endurheimta stöðuleika

Hagvöxtur



Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur, sem var 1,3% árið 2008, verði neikvæður um 8,4% árið 2009 og 1,9% árið 2010. Næstu ár þar á eftir er því síðan spáð að hagvöxtur aukist umtalsvert m.a. vegna stórra og meðalstórra fjárfestinga árin 2011 og

Eftir mikinn samdrátt er hagvexti spáð árið 2011

2012. Þegar draga tekur úr framkvæmdunum á árunum þar á eftir er gert ráð fyrir að hægi aftur á hagvextinum. Spáð er að atvinnuleysi muni aukast sem hlutfall af vinnuafli enn um sinn áður en það tekur að draga úr því aftur á árinu 2011. Þó verði það mun meira á komandi árum en það var á síðustu árunum fyrir bankahrunið.

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi eykst áður en það lækkar á ný



Verðbólgan lækkar verulega árið 2010

Vegna falls á gengi krónunnar árið 2008 jókst verðbólga mikið það ár, og varð ríflega 12%. Þar sem gengið hefur haldist veikt, er áætlað að verðbólga verði nálægt því stigi, eða um 12% í ár, þrátt fyrir lækkun fasteignaverðs og hóflegar verðbreytingar að öðru leyti. Á næsta ári er reiknað með því að verðbólga lækki í 5% og verði komin á 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans árið 2011 og muni haldast lág og stöðug á komandi árum.

Verðbólga



Dregur hratt úr viðskipta-halla

Halli á viðskiptajöfnuði varð gríðarlega mikill árið 2008 vegna hruns bankanna, eða um 42% af landsframleiðslu. Svo mikil halli er fáheyrður í þróuðu ríki. Veiking á gengi krónunnar hefur bætt samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda verulega og er gert ráð fyrir að hallinn dragist hratt saman í ár og að mun betra jafnvægi verði á komandi árum. Með aðgerðum á sviði ríkisfjármála og peningamála til að stemma stigu við þeim áföllum sem dunið hafa yfir þjóðarbúið er reiknað með að þjóðhagslegt jafnvægi verði endurheimt innan fárra ára með lægra atvinnuleysi, lágri og stöðugri verðbólgu og jafnvægi í erlendum viðskiptum.

Viðskiptajöfnuður

Meira þjóðhagslegt jafnvægi á komandi árum



Við hrun bankanna breyttist staða ríkissjóðs til hins verra

Ríkissjóður hafði um langt árabil verið rekinn í jafnvægi eða með afgangi, sem sum árin var verulegur, þannig að fyrir áfallið voru inneignir hans í Seðlabankanum um 170 milljarða kr., eða sem þá nam ríflega 10% af vergri landsframleiðslu, og nettó skuldastaðan var með því lægsta sem þekktist á meðal Evrópuþjóða. Tekjuöflunin reyndist hins vegar ekki vera reist á traustum grunni því þetta breyttist í einu vetfangi í rekstrarhalla á ríkissjóði sem er áætlað að verði jafnvel nokkru hærra hlutfall af landsframleiðslu á árinu 2009. Hrun bankakerfisins og þróunin í þjóðarbúskapnum hefur haft mikil og neikvæð áhrif á ríkisfjármálin. Vegna hratt minnkandi tekna ríkissjóðs og verulega aukinna útgjalda, hefur afkoma ríkissjóðs versnað mikið frá 4. ársfjórðungi 2008. Með aðgerðum til að lækka útgjöld og auka tekjur er markmiðið að afkoma ríkissjóðs verði komin í jafnvægi árið 2012 og að hann verði rekinn með umtalsverðum og vaxandi afgangi árin 2013 og 2014. Brýnt er að sá árangur náist til að gera það kleift að lækka skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu jafnt og þétt á komandi árum. Eins og kemur fram í kafla 3 um langtímaáætlun í ríkisfjármálum munu tekjur ríkissjóðs aukast á komandi árum vegna breytinga á skattkerfinu og útgjöld ríkissjóðs dragast saman í samræmi við efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS. Við það mun afkoma ríkissjóðs batna ár frá ári þar til afgangi er náð og skuldir ríkissjóðs taka að lækka. Öllum má þó ljóst vera að þetta verður erfið og vandasöm vegferð sem mun reyna á þanþol hagkerfisins og hins opinbera búskapar bæði í efnahagslegum og pólitískum skilningi.

Aðgerðir miðast við að ná ríkissjóði í afgang árið 2013...

.. til að skuldir ríkissjóðs taki að lækka

Samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS miðast við að koma á jafnvægi og stöðugleika í peningamálum og ríkisfjármálum og endurreisa bankakerfið. Fyrstu aðgerðir miðuðust við að takmarka flæði fjármagns milli landa með tímabundnum gjaldeyrishöftum ásamt hækkun stýrivaxta til að tryggja gengis- og verðstöðugleika. Háir stýrivextir hafa hins vegar óumdeilanlega mjög neikvæð áhrif á hagkerfi í mikilli niðursveiflu eins og nú á við um Ísland og því er brýnt að þeir fari lækkandi á næstu mánuðum. Með aðgerðum í ríkisfjármálum var brugðist við áföllum vegna tekjufalls og aukinnar skuldabyrði. Þar hefur áherslan verið á annars vegar að auka aðhald með nauðsynlegum samdrætti í útgjöldum í rekstri, tilfærslum og fjárfestingum og hinsvegar heildstæðar breytingar á skattkerfinu sem miðast við að auka skatttekjur en jafnframt að auka jöfnuð í samfélaginu. Árið 2009 var ákveðið að leyfa mikinn halla í ríkisfjármálum til að draga úr niður-

sveiflunni og leggja grunn að uppsveiflu. Þegar fram í sækir er samt mikilvægt að bregðast við stórauknum skuldum ríkissjóðs með því að snúa vörn í sókn og ná fram afgangi á ríkissjóði árið 2013 og árin þar á eftir. Markmiðið er að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, batni um 3-4% af landsframleiðslu á ári þar til tekjujöfnuðurinn í heild er orðinn jákvæður og skapa þannig skilyrði fyrir lækkun á skuldum ríkissjóðs.

Aðrar aðgerðir hafa tafist en árangur er í augsýn

Framvinda samstarfsáætlunarinnar hvað varðar endurreisn bankanna og opnun gjaldeyrismarkaðar hefur reynst tímafrekari en upphaflega var gert ráð fyrir. Nú hefur náðst samkomulag um uppgjör tveggja bankanna og hið þriðja er langt komið. Samkomulag náðist einnig við ríkisstjórnir Breta og Hollendinga um lausn Icesave málsins og Alþingi hefur samþykkt lög um ríkisábyrgð á Icesave skuldbindingum, með fyrirvörum, sem eru grundvöllur fyrir lokafrágangi málsins. Að þessu öllu loknu er mikilvægt að endurskoðun AGS á efnahagsáætluninni verði lokið þannig að sú töf sem orðið hefur í ár verði unnin upp og frekari lánveitingar samkvæmt áætluninni berist. Miðað við þá áfanga sem náðst hafa er ástæða til að ætla að umhverfi efnahagsmála verði smám saman eðlilegra og að trúverðugleiki efnahagslífsins, efnahagsstjórnarinnar og gjaldmiðilsins verði endurheimtur.

Íslenskt efnahagslíf er sveigjanlegt

Nú þeger sér fyrir endann á endurskipulagningu og endurfjármögnun bankakerfisins hér á landi er áríðandi að koma rekstrarskilyrðum atvinnulífsins í lífvænlegt horf. Innviðir atvinnuvega sem byggja á nýtingu auðlinda þjóðarinnar eru traustir og hagkvæmni í rekstri hefur aukist á undanförnum árum. Geta fyrirtækja til að bregðast við efnahagslegum áföllum er mikil og má ætla að þau fari að skila hagnaði á ný og kalla eftir auknu vinnuafli fljótlega eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra með aðstoð bankakerfisins er lokið. Annað stórverkefni hagstjórnar á næstu árum verður að skjóta traustari stoðum undir gjaldmiðil þjóðarinnar og styrkja eftirlit með innlendri fjármálastarfsemi.

Stjórnvöld aðstoða aðila í greiðsluvanda

Stjórnvöld hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að aðstoða heimili og fyrirtæki í greiðsluvanda með tímabundnum aðgerðum og sífellt er til skoðunar hvort grípa þurfi til frekari aðgerða til úrbóta þar til aðstæður batna merkjanlega.

Áhersla á norræna velferð

Til viðbótar við þá áherslu við stjórn ríkisfjármála að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að auka tekjujöfnuð í samfélaginu m.a. með breytingum á skattkerfinu. Þá er unnið að því að beita áherslum kynjaðrar hagstjórnar sem lýst er nánar í kafla 5. Til lengri tíma litið eru stjórnvöld að vinna að viðamiklum úrbótum í ríkisrekstri til að tryggja sjálfbærni ríkisfjármála. Með þessum margþættu aðgerðum eru stjórnvöld að treysta stoðir efnahagslífsins á komandi árum sem mun stuðla að aukinni velferð þegar fram í sækir.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2009

Verri afkoma en í fjárlögum

Í fjárlögum fyrir árið 2009 var áætlað að halli á rekstri ríkissjóðs myndi nema um 153 milljörðum kr. Frumjöfnuður í ríkisfjármálum, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, var talinn verða neikvæður um tæplega 91 milljarð kr., eða 5,8% af áætlaðri vergri landsframleiðslu (VLF). Í ljósi verri afkomuhorfa var um mitt ár 2009 gripið til sérstakra aðgerða sem ætlað var að styrkja afkomu ríkissjóðs um 22 milljarða kr. Áætlun um afkomu ríkissjóðs hefur nú verið endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka og með hliðsjón af nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Endurmatið felur í sér nokkrar breytingar á helstu stærðum frá fyrri áætlun. Nú er talið að heildartekjur verði um 4,4 milljörðum kr. meiri en reiknað var með í fjárlögum. Hins vegar lækka frumtekjur ríkissjóðs um 19,5 milljarða kr. Heildargjöld ríkissjóðs eru talin verða 589,2 milljarðar kr. eða 33,5 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2009. Þar af er hækkun vaxtagjalda 17,1 milljarður kr. Halli á rekstri ríkissjóðs á árinu 2009 er því talinn verða 182,3 milljarðar kr. og frumjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 126,5 milljarðar eða 8,5% af VLF.

Afkoma ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Tekjur	471,9	402,5	406,9	468,2
Gjöld	687,9	555,6	589,2	555,6
Tekjujöfnuður	**-216,0**	**-153,1**	**-182,3**	**-87,4**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	231,7	15,0	7,9	-7,4
Handbært fé frá rekstri	**15,7**	**-138,1**	**-174,4**	**-94,8**
Fjármunahreyfingar [2]	-387,2	5,2	-297,6	-263,4
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-371,5**	**-132,9**	**-472,0**	**-358,2**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Tekjur aukast lítilsháttar vegna nýrrar tekjuöflunar

Tekjur ríkissjóðs hafa dregist verulega saman á árinu 2009 eins og reiknað var með í fjárlögum ársins. Í fjárlögum var áætlað að heildartekjurnar yrðu 402,5 milljarðar kr. og þar af 364,3 milljarðar kr. skatttekjur. Nú er útlit fyrir að skatttekjur verði 350,6 milljarðar kr. þrátt fyrir skattahækkanir á árinu. Heildartekjur eru hins vegar áætlaðar heldur meiri en í fjárlögum eða 406,9 milljarðar kr. vegna meiri vaxtatekna en reiknað var með, en ráðstafanir til fjármögnunar á halla ríkissjóðs og breytingar á vaxtaberandi eignum urðu aðrar en í forsendum fjárlaga.

Gripið var til tekjuaukandi aðgerða um mitt ár

Í fjárlögum ársins 2009 var reiknað með áhrifum fyrstu skattahækkananna eftir hrun bankakerfisins, en vörugjöld á bensín, olíu, áfengi og tóbak, kílómetragjald og bifreiðagjald voru hækkuð strax í desember 2008 og tekjuskattur einstaklinga í ársbyrjun 2009. Til að bregðast við miklum tekjusamdrætti var gripið til frekari aðgerða með lagasetningu í maí og aftur í júní sem alls er áætlað að auki tekjur ársins um 12 milljarða kr. Þar var um að ræða frekari hækkun á almennu bensíngjaldi, áfengisgjaldi, tóbaksgjaldi og bifreiðagjaldi, en kílómetragjaldið var lækkað og sérstaka bensíngjaldið haft óbreytt. Hinn 1. júlí var tryggingagjald hækkað og einnig var lagður tímabundinn viðbótarskattur á tekjur og fjármagnstekjur einstaklinga yfir ákveðnum mörkum. Vörugjöld, ný eða hækkuð, voru lögð á ýmsar mat- og drykkjarvörur með sykurinnihald frá 1. september. Þessar aðgerðir munu spyrna við tekjusamdrættinum, en innheimtar skatttekjur drógust saman um 28% að raunvirði á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við fyrra ár. Nú er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs lækki úr 28% af VLF árið 2008 í 23,8% 2009. Heildartekjur ársins eru nú áætlaðar 27,6% af VLF og frumtekjur, þ.e. tekjur að frádregnum fjármagnstekjum, 24,3% af VLF.

Helstu breytingar frá áætlun fjárlaga í einstökum sköttum eru að skattar á tekjur og hagnað lækka um 2,5 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir. Áætlað er að skattskyldar tekjur lögaðila á árinu 2008 hafi verið um 7,8 milljarða kr. lakari en reiknað var með í fjárlögum. Áætlaðir tekjuskattar einstaklinga hækka um 3,4 milljarða kr. vegna meiri tekna af fjármagnstekjuskatti. Aðrir skattar á tekjur og hagnað aukast um 2,0 milljarða kr. Skattar á vöru og þjónustu eru áætlaðir 10,4 milljörðum minni og virðisaukaskattur þar af 12,4 milljörðum kr. minni, en helstu vörugjöld munu skila meiru vegna hækkunar gjalda á árinu. Vaxtatekjur ríkissjóðs aukast verulega frá fjárlögum 2009 eða um 24,8 milljarða kr. en ráðstafanir til fjármögnunar halla ríkissjóðs og breytingar á

vaxtaberandi eignum verða með öðrum hætti en í fjárlögum þessa árs. Á hinn bóginn verða arðtekjur ríkissjóðs 0,8 milljörðum kr. lægri.

Útgjöldin aukast einkum vegna áhrifa efnahagskreppunnar

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru nú áætluð 589,2 milljarðar kr. en voru áætluð 555,6 milljarðar kr. í fjárlögum. Þannig eru nú horfur á að gjöldin verða um 33,5 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum ársins. Áætlunin er byggð á endurmati miðað við rauntölur fyrir fyrstu átta mánuði ársins og spá um þróun útgjalda það sem eftir er af árinu. Jafnframt er tekið mið af ýmsum fyrirliggjandi ákvörðunum stjórnvalda á árinu og tillögum sem settar hafa verið fram vegna undirbúnings að frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2009. Í fyrsta lagi er reiknað með að til falli tæplega 49 milljarðar kr. í nýjum og breyttum útgjaldaskuldbindingum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum, aðallega vegna áhrifa af efnahagskreppunni. Á móti vegur, í öðru lagi, að gert er ráð fyrir lækkun útgjalda um tæpa 6 milljarða kr. vegna nokkurra þátta sem reynast hafa verið ofmetnir í áætlun fjárlaga. Í þriðja lagi ákvað ríkisstjórnin að gera ráðstafanir á árinu til að draga úr útgjöldum sem nemur liðlega 9 milljörðum kr., auk þess að styrkja tekjuöflun, til að bregðast við horfum um verri afkomu ríkissjóðs.

Endurskoðuð áætlun um útgjöld ársins 2009

Rekstrargrunnur	m.kr.
Heildarbreyting frá fjárlögum 2009	**33.540**
Þar af:	
Vaxtagjöld	17.105
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.680
Útgjöld fjármögnuð með ríkistekjum	4.651
Ný flugvél fyrir Landhelgisgæsluna	3.115
Ríkisábyrgðir	2.384
Samgönguframkvæmdir umfram áætlanir	2.500
Vaxtabætur	2.330
Sjúkratryggingar	1.546
Þróunarsjóður EFTA	860
Húsaleigubætur sveitarfélaga	643
Ýmis útgjöld í tengslum við efnahagsáfallið	585
Endurmat áætlana og önnur mál	5.343
Auknar útgjaldaskuldbindingar:	**48.742**
Endurmetin fjárþörf lífeyristrygginga, nettó	-3.969
Kaup á nýjum sendiráðsbústöðum	-1.982
Breyttar horfur til lækkunar á útgjöldum:	**-5.951**
Aðhaldsaðgerðir til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum:	**-9.251**

Útgjaldaskuld bindingar aukast um 49 ma. kr., brúttó

Helstu skýringarnar á auknum útgjöldum eru að vaxtagjöld hækka verulega eða um rúmlega 17 milljarða kr., sem má að stærstum hluta rekja til endurfjármögnunar bankanna en hún verður í mynd nýrra ríkisskuldabréfa í stað ráðstafana á peningalegum eignum milli ríkissjóðs og Seðlabankans, eins og áformað var í fjárlögum 2009, sem hefði komið fram sem eignasala í reikningum ríkisins. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóð aukast um 7,7 milljarða kr. vegna meira atvinnuleysis en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Við afgreiðslu fjárlaga var miðað við að atvinnuleysi yrði um 5,7% á árinu en nú gera nýjar áætlanir ráð fyrir að það verði um 8,6%. Hækkun vaxtagjalda og aukið atvinnuleysi skýra þannig um 74% af áætluðu 33 milljarða kr. nettófráviki frá gildandi fjárlögum. Einnig eiga um 62% af brúttóútgjaldaaukningunni, 49 milljörðum kr., rætur að rekja til afleiðinga efnahagskreppunnar, þ.e. vaxtagjöld, atvinnuleysi, ríkisábyrgðir, vaxtabætur og ýmis útgjöld.

Aukin útgjöld fjármögnuð með ríkistekjum hafa ekki áhrif á afkomuna

Aukin útgjöld sem fjármögnuð eru með ríkistekjum eru áætluð rúmir 4,6 milljarðar kr. en þau hafa ekki áhrif á afkomu ársins þar sem tekjur koma á móti. Þar af hækkar fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði um tæpa 2 milljarða kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánum. Þá er fjárheimild Fóðursjóðs aukin um tæpa 1,3 milljarða kr. þar sem sjóðurinn hefur ekki verið lagður niður eins og til stóð að gera í áföngum. Það sama á við um verðmiðlunargjöld landbúnaðarvara, samtals rúmlega 400 m.kr. Til stóð að afnema það fyrirkomulag en sú lagasetning hefur ekki gengið eftir. Þá eru fjárheimildir Ofanflóðasjóðs auknar um 450 m.kr. til að auka framkvæmdir við snjóflóðavarnir sem er liður í aðgerðum í atvinnumálum. Fjárheimildir Endurvinnslunnar eru sömuleiðis auknar um 380 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir.

Reiknað er með að samgönguframkvæmdir á sviði hafnamála, flugvalla og fjarskiptamála verði um 2,5 milljörðum kr. umfram það sem ráðgert var í fjárlögum 2009. Þar er um að ræða framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með afgangsheimildum fyrri ára, sem skýrist að mestu leyti af því að framkvæmdir hafa tafist frá því sem áformað var. Vaxtabætur eru hækkaðar um 2,3 milljarða kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um aðgerðir til stuðnings heimilum í fjárhagsvanda. Þessi hækkun á vaxtabótum er fjármögnuð með skatttekjum af útleystum séreignalíf-

eyrissparnaði sem heimilaður var á vormánuðum. Þá er gert ráð fyrir að 2,4 milljarðar kr. muni falla á ríkissjóð vegna ábyrgða af eldri skuldbindingum sem voru áhvílandi í bankakerfinu áður en bankarnir voru seldir. Þá má nefna að reiknað er með tæplega 600 m.kr. útgjöldum á ýmsum liðum sem tengjast bankahruninu og efnahagsáfallinu, í tengslum við embætti sérstaks saksóknara, opinbera réttaraðstoð vegna einstaklinga í greiðsluaðlögun og greiðslur fyrir aðkeypta sérfræðivinnu.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum má nefna að auka þarf framlög í Landhelgissjóð um rúma 3 milljarða kr. vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða hún tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009. Í áætluninni er reiknað með að umframgjöld sjúkratrygginga verði rúmir 1,5 milljarða kr. sem stafa af mestu af útgjöldum vegna S-merktra lyfja hjá sjúkrahúsunum umfram forsendur fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir að auka þurfi framlag í Þróunarsjóð EFTA um 860 m.kr. Með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES fyrir nokkrum árum var gert ráð fyrir auknum framlögum EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Loks er reiknað með að framlög ríkissjóðs vegna greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta sveitarfélaga verði aukin um rúmar 600 m.kr. í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um þátttöku ríkisins í greiðslu húsaleigubóta.

Á móti auknum útgjaldaskuldbindingum kemur tæplega 4 milljarða kr. lækkun útgjalda lífeyristrygginga vegna endurmetinnar fjárþarfar. Það skýrist að talsverðum hluta af því að fjármagnstekjur bótaþega hafa verið vantaldar og lækka greiðslur við uppgjör á því. Því til viðbótar er nú ekki reiknað með að verði af áformum um kaup á nýjum sendiráðsbústöðum í stað eldri bústaða sem ætlunin var að selja. Gert hafði verið ráð fyrir að selja bústaði fyrir um 3 milljarða kr. og kaupa aðra í staðinn fyrir 2 milljarða kr. og lækkar því tekjuáætlun ríkissjóðs einnig sem því nemur. Þessi áform hafa ekki gengið eftir á þessu ári.

Sértækar aðhaldsaðgerðir í útgjöldum

Til að sporna við auknum útgjöldum frá áætlun fjárlaga greip ríkisstjórnin um mitt ár til sértækra aðhaldsaðgerða til að draga úr útgjöldum til viðbótar við þau áform sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009. Aðgerðunum er ætlað að skila 9,3 milljarða kr. lækkun á seinni hluta ársins

2009 og hluti þeirra hefur síðan áhrif til lækkunar á útgjöldum allt árið 2010. Þannig var stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum ætlað að ná fram 2% viðbótarlækkun á rekstrarútgjöldum, menntastofnunum sem annast kennslu 1,6% lækkun og velferðarstofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða 1% lækkun. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir leiði til samtals 1,8 milljarða kr. lækkunar á rekstrarútgjöldum. Þá voru teknar ákvarðanir um aðgerðir sem lækka tilfærsluframlög um rúma 3 milljarða kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem sett voru á sl. sumarþingi voru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um 1,8 milljarða kr. frá miðju ári 2009. Þar af er gert ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar lífeyrisþega lækki um 1.100 m.kr. og að grunnlífeyrir lækki um 800 m.kr. en aðrir bótaliðir um 350 m.kr. Á móti kemur 390 m.kr. hækkun bótagreiðslna vegna nýs frítekjumarks sem sett var á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Því til viðbótar er dregið sem nemur um 1,2 milljörðum kr. úr ýmis konar úthlutunum og styrkjum sem teljast til tilfærslna. Loks var ákveðið að falla frá ýmsum stofnkostnaðaráformum sem nema rúmlega 4,4 milljörðum kr., en þar af eru 3,5 milljarðar kr. vegna vegaframkvæmda. Að auki verður ekki af útgjöldum sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins vegna framkvæmda við nýtt sjúkrahús á lóð Landspítalans sem lækkar útgjöld um 400 m.kr. og fjárveitingar vegna framkvæmda á Alþingisreit eru lækkaðar um 200 m.kr.

Eiginfjárframlög til bankakerfisins

Með þessum breytingum tekna og gjalda er áætlað að handbært fé frá rekstri verði um 36 milljörðum kr. minna en ráð er fyrir gert í fjárlögum. Því til viðbótar er reiknað með að útstreymi í fjármunahreyfingum aukist um nærri 303 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga. Þar er að stærstum hluta um að ræða að gert er ráð fyrir 300 milljarða kr. eiginfjárframlögum til fjármálakerfisins. Mikil óvissa ríkir þó enn um það hvert endanlegt fjárframlag ríkissjóðs verður þar sem kröfuhafar bankanna geta tekið þann kost að yfirtaka þá að stærstum hluta. Lánsfjárjöfnuðurinn, sem var áætlaður neikvæður um 133 milljarða kr. í fjárlögum, verður þannig 339 milljörðum kr. lakari og neikvæður um 472 milljarða kr. Á móti því koma auknar lántökur ríkissjóðs sem áætlað er að verði 490 milljörðum kr. umfram afborganir af teknum lánum. Í því mundi felast útgáfa á skuldabréfum um 300 milljarða kr. til eiginfjármyndunar í bankakerfinu. Miðað við þessar forsendur eykst handbært fé um 18 milljarða kr. á árinu og hækkar staða ríkissjóðs hjá Seðlabankanum þá sem því nemur.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010

Afkoma ríkissjóðs batnar verulega frá árinu 2009

Fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi í júní sl. skýrslu um áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2010 er reist á forsendum þeirrar áætlunar og miðar að þeim markmiðum sem þar eru sett. Í samræmi við þá áætlun er gert ráð fyrir að ná fram verulegum bata í afkomu ríkissjóðs á árinu 2010. Áætlunin miðast við að náð verði þeim árangri að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. þegar vaxtajöfnuður er undanskilinn, verði neikvæður um 25,4 milljarða kr. á árinu 2010 í stað 126,7 milljarða kr. frumhalla á þessu ári. Heildarhalli á ríkissjóði lækkar einnig umtalsvert samkvæmt frumvarpinu og er hann áætlaður 87,4 milljarðar kr. Þessi bati hefur bein áhrif á handbært fé frá rekstri sem áætlað er að verði neikvætt um 95 milljarða kr. í stað um 174 milljarða kr. í ár.

Skatttekjur aukast til samræmis við markmið um frumjöfnuð

Áformað er að tekjur ríkissjóðs árið 2010 verði 468,2 milljarðar kr., sem er um 61 milljarðs kr. aukning frá því sem gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2009. Tekjuáformin eru byggð á markmiðum áætlunarinnar um jöfnuði verði náð í ríkisfjármálunum á næstu fjórum árum. Þar er gengið út frá áætluðum útgjöldum næsta árs og tekjur miðaðar við að frumjöfnuður verði í samræmi við áætlunina og samkomulagið við AGS þannig að hann verði neikvæður um u.þ.b. 1½% af landsframleiðslu. Samkvæmt þessu eru skatttekjur áætlaðar um 422,9 milljarðar kr. samanborið við 350,6 milljarða kr. í áætlun fyrir árið 2009. Greina má þessa breytingu milli ára í þrennt: verðlagsbreytingar og breytingar á skattstofnum vegna hagþróunar á næsta ári, heilsársáhrif af þeim skattahækkunum sem tóku gildi um mitt ár 2009 og fyrirhugaðar skattabreytingar sem þarf til að ná markmiði um frumjöfnuð.

Meginþungi breytinga á skattkerfinu verður í beinum sköttum

Tekjur af fyrirhuguðum skattabreytingum eru ekki sundurliðaðar nákvæmlega í fjárlagafrumvarpinu en aðeins gerð grein fyrir áætlaðri skiptingu á helstu skattaflokka. Þannig er áætlað að beinir skattar að meðtöldum verðlags- og stofnbreytingum og heilsársáhrifum fyrri aðgerða hækki um 37,6 milljarða kr. Óbeinir skattar að meðtöldum verðlags- og stofnbreytingum og heilsársáhrifum fyrri aðgerða hækka um 25,5 milljarða kr. Fyrirhuguð er upptaka nýrra orku-, umhverfis- og auðlindagjalda en einnig breytingar á vörugjöldum og hugsanleg breikkun stofns virðisaukaskatts og endurflokkun í þrep hans.

Frumvörp um skattabreytingar á haustþingi

Unnið er að undirbúningi þeirra breytinga á skattalögum sem þarf til að afla megi þeirra tekna sem að er stefnt. Þeirri vinnu mun ljúka á næstunni. Hún felur m.a. í sér viðamikla gagnaöflun og útreikninga á áhrifum mismunandi leiða á tekjur ríkissjóðs, tekjudreifingu einstaklinga, skattframkvæmd og fleiri atriði sem máli skipta. Meginþungi þeirra breytinga sem til álita koma er í beinum sköttum þar sem verið er að skoða leiðir til að byggja þær breytingar sem gerðar voru á miðju ári varanlega inn í tekjuskattskerfið og auka tekjur ríkissjóðs þannig að það snerti sem minnst hag þeirra sem síst mega við aukinni skattbyrði. Einnig er verið að huga að lagfæringum ýmissa annmarka svo sem að draga úr misræmi í skattlagningu tekna af rekstri (reiknað endurgjald o.fl.) og loka öðrum sniðgönguleiðum. Sérstaklega er hugað að frádráttarheimildum og undanþágum.

Breikkun á skattskyldusviði virðisaukaskatts er í athugun

Í skoðun er hvort breikka skuli skattstofn virðisaukaskatts og eftir atvikum færa vöruflokka milli skattþrepa. Gerð verður grein fyrir tekjuáhrifum slíkra breytinga svo og hvað breytingar á skattþrepum gefa af sér fyrir ríkissjóð. Vörugjaldskerfið er í skoðun, m.a. frekari útfærsla á þeim breytingum sem gerðar voru á þessu ári svo og hvað megi gera til að styðja heilsufarsleg markmið með álagningu vörugjalda. Í tekjuáætlun frumvarpsins er reiknað með hækkun gjalda á áfengi og tóbak, bensín og olíu, og hækkun bifreiðagjalds. Þrátt fyrir tvær hækkanir á árunum 2008–2009 eru þessi gjöld nú, að tóbaksgjaldi undanskildu, undir upphaflegu raunvirði sínu. Nánara mat á þessum áætlunum fer fram samfara fyrrgreindum athugunum á þeim valkostum sem til greina koma til að bregðast við brýnni þörf fyrir að auka tekjur ríkissjóðs.

Útgjöld óbreytt að nafnvirði frá fjárlögum 2009

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2010 eru áætluð 555,6 milljarðar kr. sem er sama fjárhæð að nafnvirði og í fjárlögum 2009. Að baki þeirri veltufjárhæð búa hins vegar umtalsverðar breytingar á ýmsum útgjaldaþáttum bæði til hækkunar og lækkunar.

Útgjaldabreytingar frá fjárlögum 2009

Rekstrargrunnur	m.kr.
Aukið atvinnuleysi (úr 5,7% í 10,6%)	12.330
Ríkisábyrgðir	2.345
Hækkun á tryggingagjaldi um 1,66%	2.229
Lækkun vaxtatekna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ofanflóðasjóðs	1.448
Áhrif kjarasamninga ársins 2009 o.fl. verðbætur	1.415
Þróunarsjóður EFTA	1.178
Varðskip fyrir Landhelgisgæsluna	1.004
Aðrar útgjaldaskuldbindingar og niðurfellingar tímabundinna framlaga	-1.019
Auknar útgjaldaskuldbindingar:	**20.930**
Útgjöld fjármögnuð með ríkistekjum	1.056
Aðhaldsaðgerðir til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum:	**-42.753**
Breyting frumgjalda á verðlagi ársins 2009:	**-20.767**
Gengisáhrif af veikingu krónunnar	4.081
Launahækkun 1. júní 2010 skv. kjarasamningum ársins 2009	724
Aðrar verðlagsbreytingar	3.295
Verðlagshækkanir:	**8.100**
Vaxtagjöld:	**12.631**

Atvinnuleysisbætur og vaxtagjöld aukast um 25 ma.kr.

Útgjöld sem leiða af óhjákvæmilegum afleiðingum efnahagskreppunnar eða ýmsum öðrum útgjaldaskuldbindingum sem eru bundin í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnar nema um 21 milljarði kr. umfram fjárlög 2009. Skýrist það af stærstum hluta af fáum veigamiklum áföllnum skuldbindingum. Mest munar um aukin útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs, 12,3 milljarða kr., áfallnar ríkisábyrgðir, 2,3 milljarða kr. og áhrif á launakostnað ríkisins af hækkun tryggingagjalds um 1,66%, sem nema um 2,2 milljörðum kr. Niðurfelld framlög vegna margvíslegra tímabundinna verkefna sem nema um 7,2 milljörðum kr. vega hins vegar að fullu upp ýmis önnur lægri útgjaldatilefni, þannig að nettóbreyting vegna þeirra er um 1 milljarður kr. til lækkunar. Þá er gert ráð fyrir að útgjaldahliðin hækki um 1 milljarð kr. vegna veltu sjóða og verkefna sem fjármögnuð eru með jafn mikilli aukningu ríkistekna sem þeim tengjast en það hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Veigamesta breytingin felst í ákvörðunum stjórnvalda um fjölmargar almennar og sértækar aðgerðir til að draga saman ríkisútgjöldin sem nemur 42,8 milljörðum kr. á árinu 2010 eins og nánar er rakið hér á eftir. Breyting frumgjalda frá fjárlögum 2009 er þannig að samanlögðu um 21 milljarður kr. til lækkunar á föstu verðlagi.

Frumgjöld lækka um 21 ma. kr. á verðlagi 2009

Aðhaldssöm launa- og verðlags-hækkun

Því til viðbótar kemur launa-, gengis- og verðlagshækkun frumvarpsins sem gert er ráð fyrir að verði afar aðhaldssöm og sporni gegn útgjöldum sem annars mundu falla til. Reiknað er að fullu með áhrifum af veikingu krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt og óhjákvæmilegt er að taka tillit til. Sú kostnaðarhækkun nemur um 4,1 milljarði kr. frá fjárlögum 2009. Í annan stað er reiknað með að önnur rekstrargjöld í almennum rekstri stofnana, en algengt er að þau nemi um 20–30% af veltu, hækki sem nemur spá um verðbólgu milli ára. Kostnaður sem hlýst af þeim hækkunum og nokkrum öðrum bundnum verðlagsþáttum nemur um 3,3 milljörðum kr. Þá er í þriðja lagi reiknað með hækkunum á launum hinna lægst launuðu þann 1. júní 2010, sem samið var um í kjarasamningum fyrr á þessu ári, um 0,7 milljarðar kr., til viðbótar við áhrif af launahækkunum 1. júní og 1. nóvember sl. á ársgrundvelli. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að engar aðrar hækkanir verði á launum ríkisstarfsmanna eða á grunnfjárhæðum bótakerfanna, s.s. almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum og vegna annarra nýrra en óhjákvæmilegra útgjaldaskuldbindinga, sem leiða til mikillar skuldasöfnunar, hefur ríkið ekki bolmagn til slíkra hækkana, enda mundi það hafa í för með sér viðbótarútgjöld sem næmu ríflega 11 milljörðum kr. ef miðað er við verðbólguspá frumvarpsins og 3% launahækkun. Hér er um að ræða heildstæða ráðstöfun sem ljóst má vera að verður ekki gripið til nema af brýnni nauðsyn því það mun óhjákvæmilega leiða til skerðingar kaupmáttar hjá þessum fjölmennu hópum, en jafnt mun yfir alla ganga. Í því sambandi þarf þó einnig að horfa til þess að bótaþegar sem eru með hámarks tryggingu fengu 20% hækkun um síðustu áramót og aðrir bótaþegar fengu tæplega 10% hækkun. Nánar er fjallað um verðlagsforsendurnar í kafla 3 um útgjaldahliðina í seinni hluta frumvarpsins.

Útgjöld lækka milli ára vegna aðhalds-aðgerða

Eins og rakið er hér að framan er áætlað að heildarútgjöld ársins 2009 geti orðið um 589 milljarðar kr. Miðað við þá áætlun lækka útgjöldin milli ára um 43 milljarða kr. þegar launa-, gengis- og verðlagshækkanir næsta árs eru frátaldar. Að raunvirði svarar það til 7,3% lækkunar. Hér á eftir farið yfir helstu breytingar sem verða á útgjaldahliðinni frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2009 eftir hagrænni skiptingu í rekstur, vaxtagjöld, viðhald og stofnkostnað.

Rekstrargjöld lækka um 4,8% að raunvirði frá áætlun 2009

Rekstrargjöld lækka um tæpa 6 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Hefur þá verið tekið tillit til nokkurra atriða sem leiða af breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga, einkum að framlög ríkisins til Ríkisútvarpsins ohf. og til kirkjugarða færast nú sem rekstrargjöld í frumvarpinu en ekki sem tilfærslugjöld líkt og verið hefur. Þá koma minni sértekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna vaxta á innistæðum hjá ríkissjóði og minni leigutekjur Fasteigna ríkissjóðs vegna afsláttar af húsaleigu fram sem hækkun á rekstrargjöldum ríkissjóðs um 1,9 milljarða kr. Að því frátöldu og að frátöldum gengis- og verðlagshækkunum lækka rekstrargjöldin um 13,3 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009 eða um 6,1% að raunvirði.

Aukin vaxtagjöld

Vaxtagjöld ríkisins eru áætluð 99,6 milljarðar kr. og lækka um 4,5 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Vaxtakostnaður vegna endurfjármögnunar viðskiptabankanna, sem áætlaður er í tengslum við útgáfu skuldabréfa að andvirði 300 milljarða kr., lækkar um 20,6 milljarða kr. á milli ára vegna skilmála skuldabréfaflokksins og áætlaða lækkun vaxta. Á hinn bóginn er reiknað með að vaxtagjöld vegna ríkisverðbréfa hækki um 6 milljarða kr. frá fyrra ári vegna aukinnar útgáfu og að vaxtagjöld vegna nýrra lána erlendra þjóða til að styrkja gjaldeyrisforða landsins hækki um 10,3 milljarða kr. en gert er ráð fyrir að lánin verði að mestu tekin á árinu 2010.

Tilfærslur lækka um 4,7% að raunvirði þrátt fyrir aukin framlög vegna LÍN og atvinnuleysis

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 5,8 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu 2009. Hefur þá verið tekið tillit til breyttrar flokkunar á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga. Þegar gengis- og verðlagshækkanir eru undanskildar lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 9,3 milljarða kr. eða sem svarar til 4,2% að raunvirði milli ára. Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 4,9 milljarða kr. en aðrir liðir lækka samtals um 10,7 milljarða kr. Framlag til sjúkratrygginga lækkar um 4,7 milljarða kr. og til lífeyristrygginga um 1,2 milljarða kr. Framlag til fæðingarorlofssjóðs og til barnabóta lækkar samtals um 2,3 milljarða kr. Þá lækkar framlag til vaxtabóta um 2,3 milljarða kr. eða sem nemur sérstakri hækkun sem gerð er tímabundið á þessu ári og er fjármögnuð um tekjum sem ríkissjóður hefur af heimiluðum úttektum úr séreignalífeyrissjóðum. Fjárheimild vegna vaxtabótakerfisins helst því óbreytt frá fjárlögum 2009. Reiknað er með auknum útgjöldum lífeyristrygginga miðað við spár um fjölgun bótaþega en á móti vegur að greining á útgjaldaþróun kerfisins bendir til að

greiðsluáætlanir hafi falið í sér nokkuð ofmat, m.a. vegna margra breytinga sem gerðar hafa verið á bótaviðmiðunum síðustu árin og vegna vantalinna tekna bótaþega af fjármagnstekjum.

Stofnkostnaður og viðhald lækka um 38%

Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 17,4 milljarða kr., eða um 37,5% frá áætlun ársins 2009. Framlög til vegaframkvæmda lækka um 8,8 milljarða kr. milli ára. Þá fellur niður tímabundið 2,0 milljarða króna framlag til kaupa á sendiráðsbústöðum í stað eigna sem hafa verið seldar og rúmlega 3 milljarða kr. framlag vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

Aðhaldsaðgerðir sem nema um 43 ma. kr. lækkun frá fjárlögum 2009

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölmörgum aðhaldsaðgerðum sem taka til flestra útgjaldaliða og er ætlað að skila samtals 42,8 milljarði kr. í lækkun útgjalda á árinu 2010 miðað við fjárlög ársins 2009. Nokkur hluti þessara aðgerða kom til framkvæmda á árinu 2009, eins og greint var frá fyrr í þessum kafla. Nýjar ráðstafanir til að draga úr ríkisútgjöldunum nema rúmlega 35 milljörðum kr. í samræmi við markmið sem kynnt voru við undirbúning frumvarpsins í sérstakri skýrslu um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Þessu til viðbótar má telja að spornað sé gegn um 11 milljarða kr. útgjöldum sem ella hefðu getað fallið til vegna hækkana á launum og bótagreiðslum. Í seinni hluta greinargerðar fjárlagafrumvarpsins er greint nánar frá einstökum aðgerðum og eðli þeirra. Aðhaldsaðgerðir í rekstri nema um 13,9 milljörðum kr. Almennt er stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum ætlað að gera ráðstafanir til að draga úr rekstrarkostnaði sem nemur um 10% frá fjárlögum 2009 til viðbótar við þau markmið sem þar voru sett. Gert er ráð fyrir nokkru minni sparnaði í rekstri menntastofnana sem annast um kennslu, eða 7% frá fjárlögum 2009 og velferðarstofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða er almennt einungis ætlað að ná fram 5% sparnaði. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun starfa né hækkun á launakjörum. Framlög í tengslum við fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi miðast við verulega lægri einingaverð en áður.

Lægri aðhaldskrafa hjá mennta- og velferðarstofnunum

Aðhaldsaðgerðir í tilfærsluframlögum nema um 15 milljörðum kr. Spornað er gegn innbyggðum vexti þjónustu- og bótakerfa af mikilli festu og ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun á bótaflokkum tilfærslukerfa, eins og áður getur. Í því sambandi er rétt að minna á að bótaþegar sem eru með hámarks tryggingu fengu 20% hækkun um síðustu áramót og aðrir bótaþegar fengu tæplega 10% hækkun. Þessar hækkanir

Breytingar á bótakerfum í ár hafa áhrif allt næsta ár og gerðar frekari ráðstafanir til lækkunar á tilfærslum

eru verulega umfram það sem launþegar hafa borið úr býtum á sama tíma. Útgjöld vegna félagslegrar aðstoðar og lífeyristrygginga lækka um 4,4 milljarða kr. í samræmi við lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem sett voru á sumarþingi 2009 og frekari breytingar sem eru áformaðar. Fyrirhugað er að lækka útgjöld vegna greiðslu fæðingaorlofs um 1,5 milljarða kr. og að lækka greiðslur barnabóta til hina tekjuhærri um 1 milljarð kr. Fyrirhugað er að ná fram lækkun á útgreiðslum Atvinnuleysisbótasjóðs sem nemur um 0,8 milljörðum kr. með hertu eftirliti og betri eftirfylgni með því að bætur renni til þeirra sem eiga rétt til þeirra. Samtals er áformað að gera breytingar til að draga úr útstreymi úr bótakerfum ríkisins sem nemur um 7,7 milljarða kr. miðað við veltu þeirra í fjárlögum 2009. Það svarar til 7% samdráttar í útgjöldum þessara tilfærslukerfa. Gerðar verða ráðstafanir til að draga úr útgjöldum sjúkratrygginga um 3,6 milljarða kr. og vegur lyfja- og sérfræðilæknaskostnaður þar langþyngst. Framlög til þróunaraðstoðar lækka einnig um 0,7 milljarða kr. Loks má nefna að ráðuneytin skerða eða fella niður margs konar úthlutanir og styrki sem teljast til tilfærsluframlaga en þar um að ræða hátt í 2 milljarða kr.

Framkvæmdir lækka en ekki mikið niður fyrir meðaltal síðustu ára

Aðgerðir til lækkunar á viðhaldi og stofnkostnaði nema um 14 milljörðum kr. miðað við fjárlög ársins 2009. Hér er fyrst og fremst um að ræða lækkun á framlagi til samgönguframkvæmda sem nemur um 12,3 milljörðum kr. Þar af eru 3,5 milljarðar kr. vegna samdráttar í útgjöldum vegna vegakerfisins sem kemur til framkvæmda þegar í ár en frekari ráðstafanir til lækkunar á þeim útgjöldum á næsta ári nema því um 8,8 milljörðum kr. Þá lækka gjaldfærðar niðurgreiðslur vaxta vegna lána til kaupa á leiguíbúðum um tæplega 0,7 milljarða kr. og 0,4 milljarða kr. framlag sem ætlað var til að hefja byggingu nýs hátæknisjúkrahúss fellur niður. Með þessum aðhaldsráðstöfunum verður fjárfesting á vegum ríkisins um 1,4% af landsframleiðslu á næsta ári en hún var um 1,9% að meðaltali á árunum 2001 til 2007 áður en þau framlög voru aukin mjög umtalsvert á árinu 2008, einkum vegna vegaframkvæmda.

Gripið verður til aðgerða til að auka trúverðugleika fjárlaga

Trúverðugleiki fjárlaga hefur afgerandi þýðingu þegar framundan er árabil mikils og nauðsynlegs aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Trúverðugleikinn er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Áhersla er lögð á að öll lagafrumvörp sem tengjast fjárlögum 2010 og

þurfa að afgreiðast frá Alþingi fyrir árslok 2009 hafi verið lögð fram á Alþingi fyrir miðjan nóvember nk. Þá er við það miðað að einstaka ráðherrar skili til ráðherranefndar um ríkisfjármál í byrjun desember nk. drögum að breytingum á reglugerðum og útfærðum ákvörðunum sem tengjast áformuðum samdrætti í útgjöldum ríkisins eða tekjuöflun. Fjármálaráðherra mun á haustdögum leggja fyrir ríkisstjórn til afgreiðslu verklagsreglur og viðmiðanir sem auka á trúverðugleika fjárlaga og styrkja framkvæmd þeirra.

Trúverðug fjárhagsáætlun ríkisstofnana liggi fyrir áður en fjárlagaárið hefst

Almennt gildir að forstöðumaður stofnunar er ábyrgur fyrir því að reksturinn sé innan heimilda fjárlaga. Fjármálaráðuneytið mun endurskoða og skerpa á reglum og leiðbeiningum fyrir ráðuneyti og stofnanir sem ætlað er að draga úr líkum á að útgjöld fari umfram heimildir í fjárlögum. Gert er gert ráð fyrir að stofnanir ríkisins skili sínu ráðuneyti útfærðri fjárhagsáætlun um reksturinn á árinu 2010 fyrir lok nóvember nk. Ráðuneytin nýti desembermánuð til að yfirfara þær áætlanir og afgreiða þær fyrir sitt leyti þannig að samþykkt fjárhagsáætlun liggi fyrir áður en fjárlagaárið hefst. Telji forstöðumaður hættu á að útgjöldin fari umfram heimildir ber honum án tafar að tilkynna það sínu ráðuneyti. Ráðuneytinu er ætlað í samvinnu við forstöðumann stofnunar að leita leiða til að tryggja fjárhagslegan rekstur stofnunar.

Hert á reglum um færslu fjárheimilda milli ára

Í 37. gr. fjárreiðulaganna er að finna heimild til að geyma ónýttar fjárheimildir og að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkisfjármála hafa verið kynntar viðmiðanir sem miða að því að draga úr yfirfærslu fjárheimilda án þess að það dragi úr gildi heimildanna sem tæki til aðhalds og stöðugleika í rekstri stofnana ríkisins. Almennt verður miðað við svipað verklag og verið hefur varðandi tilfærsluframlög og stofnkostnað eins og þær reglur hafa verið settar fram í frumvörpum til lokafjárlaga. Þó eru felldar niður stöður í árslok 2008 á tilteknum liðum þar sem safnast hafa upp mjög umtalsverðar afgangsheimildir á liðnum árum sem ekki er ætlunin að nýta til að ekki verði efnt til frekari útgjalda en fjárlög gera ráð fyrir, einkum á framkvæmdaliðum. Hvað varðar uppsafnaðar fjárheimildir til almenns rekstrar sérstaklega verður tekið upp breytt viðmið um að afgangur umfram 4% af veltu falli niður, nema sérstakar ástæður séu til annars. Við innleiðingu þessara reglna verður þó tekið mið af aðstæðum og sýndur sanngjarn sveigjanleiki í framkvæmd. Í þeim tilvikum verður miðað við

að yfirfærðar fjárheimildir geti orðið að hámarki 10% rekstrarfjárveitinga á ársgrundvelli.

Í fjárlögum er varasjóður vegna ófyrirséðra útgjalda

Á safnlið undir fjármálaráðuneyti er að finna 5 milljarða kr. fjárhæð, eins konar varasjóð, sem fjármálaráðherra er heimilt að nota til að bregðast við ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum á fjárlagaári án þess að það raski útgjaldahlið fjárlaga. Úthlutun úr varasjóðnum verður háð ströngum ákvæðum. Sjóðnum er þannig einungis ætlað að mæta útgjöldum sem eru óhjákvæmileg, voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga og eru umfram ákveðna lágmarksfjárhæð. Eðli og umfang útgjaldanna verður að liggja fyrir og almenna reglan er að einungis hluta fjárþarfar verður mætt með framlagi úr varasjóðnum. Fjármálaráðuneyti verður ekki heimilt að greiða framlag úr varasjóði fyrr en fyrir liggur að aðrar aðgerðir til að mæta ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum séu jafnframt að skila árangri.

3 Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013

3.1 Inngangur

Skýrsla um aðgerða-áætlun lögð fyrir Alþingi

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að gerð áætlunar um stefnu í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára verði forgangsverkefni á sviði ríkisfjármála. Sú áætlun marki útlínur þess verkefnis sem framundan er, jafnt í lækkun ríkisútgjalda og aukinni tekjuöflun. Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi að ríkissjóður nái að standa áföllin af sér og komist sem fyrst aftur í jafnvægi til að geta haldið uppi nauðsynlegri velferðar- og samfélagsþjónustu á sama tíma og stuðlað er að heilbrigðum efnahagsskilyrðum fyrir rekstur atvinnuveganna. Fjármálaráðherra lagði í júní sl. skýrslu fyrir Alþingi um áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013 þar sem gerð er grein fyrir þessum áformum og leiðum að þeim.

Frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður 2011 og heildarjöfnuður árið 2013

Meginmarkmið við stjórn ríkisfjármála næstu fjögur árin miða að því að koma á jafnvægi og stöðugleika í ríkisfjármálum og þjóðarbúskapnum og þar með að skapa skilyrði fyrir nýrri uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi. Stefnt er að því að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, verði orðinn jákvæður á árinu 2011, að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði orðinn jákvæður á árinu 2013 og að til lengri tíma litið verði hreinar skuldir ríkissjóðs ekki meiri en svarar til 60% af landsframleiðslu. Á grundvelli þessara meginmarkmiða hefur ríkisstjórnin gert áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum, sem marka stefnu hennar á næstu árum í tekjuöflun fyrir ríkissjóð og setur útgjöldum hans skorður. Í ljósi þeirra gríðarlegu áhrifa sem hrun íslenska fjármálakerfisins hefur og mun hafa á fjárhag fyrirtækja og heimila í landinu og þar með á neyslu og fjárfestingu, þurfa þessar áætlanir að vera í stöðugu endurmati á næstu misserum og árum. Er því gert ráð fyrir að skýrslan um aðlögunaráætlunina verið endurskoðuð miðað við nýjar þjóðhagsforsendur í haust og lögð fram aftur í tengslum við umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarpið.

Fjögurra ára áætlun samkvæmt fjárreiðulögum

Í lögum um fjárreiður ríkisins frá árinu 1997 er kveðið á um að með fjárlagafrumvarpi ár hvert skuli leggja fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Þar á meðal annars að koma fram mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál og áform um öflun tekna og skiptingu gjalda.

Aukin festa í útgjaldastýringu

Tilgangurinn með gerð fjárlagaáætlunar til fjögurra ára er að auka festu í útgjaldastýringu ríkissjóðs og að stuðla að því að aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera. Í slíkri rammaáætlun koma einnig fram pólitísk áherslumál ríkisstjórnar og áhrif þeirra á útgjöld hins opinbera yfir lengri tíma en eitt ár. Þá efla langtímaáætlanir hlutverk ráðuneyta við að velja á milli verkefna, undirbúa ný verkefni og gera breytingar á þeim sem fyrir eru. Það auðveldar ráðuneytum og stofnunum að skipuleggja starfsemi sína til nokkurra ára. Loks gegna rammaáætlanir til fjögurra ára því hlutverki að stýra vexti útgjalda ríkisins og stuðla þannig að efnahagslegum stöðugleika.

Frekari útfærsla langtímaáætlunarinnar á haustþingi

Í þeirri rammaáætlun sem hér er sett fram eru dregnar fram meginlínur í þróun ríkisfjármálanna næstu fjögur árin á grundvelli fyrrnefndrar skýrslu um aðlögunaráætlunina. Unnið er að nánari útfærslu stefnumörkunarinnar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Gildir það bæði um áherslur í tekjuöflun ríkissjóðs og ákvörðun um einstök áherslumál á gjaldahlið sem og útgjaldaramma fyrir ráðuneyti og málaflokka. Sú áætlun mun liggja fyrir áður en Alþingi afgreiðir fjárlög fyrir árið 2010. Áætlunin sem hér er gengið út frá kann því að taka breytingum við þá útfærslu.

3.2. Horfur í ríkisfjármálum

Hagvöxtur er forsenda jafnvægis í ríkisfjármálum

Hagstjórn ríkisstjórnarinnar tekur mið af því sérstaka ástandi sem ríkir í þjóðarbúskapnum um þessar mundir. Markmið hagstjórnar beinast að því að koma aftur á starfhæfu bankakerfi og tryggja stöðugleika krónunnar og þar með að draga úr verðbólgu. Ennfremur að styrkja stöðu ríkissjóðs með viðvarandi aðhaldi í ríkisfjármálum og traustari tekjuöflun. Markmið hagstjórnarinnar er að bæta skilyrði fyrir atvinnustarfsemi og draga úr atvinnuleysi. Hagvöxtur sem leiðir af arðbærum fjárfestingum og batnandi rekstrarskilyrðum atvinnulífsins er í rauninni forsenda þess að það takist að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á næstu árum.

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2010–2012 sem fram koma í Þjóðhagsspá ráðuneytisins í október 2009 og er sú spá lögð til grundvallar þeim áformum um jöfnuð í ríkisfjármálum sem hér birtast ásamt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Yfirlit þjóðhagsspár

Magnbreytingar, %	Áætlun 2009	Frv. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Einkaneysla	-17,4	-6,1	-0,5	3,0	1,9
Samneysla	-1,9	-1,3	-1,7	-1,0	0,6
Fjárfesting	-45,5	10,2	21,5	25,7	2,1
Þjóðarútgjöld alls	-20,3	-2,5	3,0	6,7	1,6
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,4	2,0	2,9	4,4	4,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-30,0	-1,8	3,6	9,6	1,9
Landsframleiðsla	-8,4	-1,9	2,8	4,8	2,6
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-7,0	0,8	0,2	-2,1	-1,8
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	0,3	-7,0	2,0	6,3	3,5
Launabreytingar	3,5	2,6	4,2	5,1	5,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-10,4	-11,4	-0,4	3,6	1,0
Vísitala neysluverðs	11,9	5,0	2,3	2,6	2,5
Gengisvísitala, stig	222,8	233,9	223,9	213,1	208,8
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	8,6	10,6	9,0	6,1	5,4

Viðbótaraðgerðir sem eiga að skila 22 ma.kr. auknu aðhaldi á árinu 2009

Hinn 24. febrúar 2009 samþykkti ríkisstjórnin rammaáætlun í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013. Við það var miðað að gripið yrði til aðhaldsaðgerða frá og með árinu 2010 sem fælu í sér lækkun útgjalda og hækkun tekna ríkissjóðs. Um mitt ár sýndu horfur að forsendur fjárlaga 2009 og þar með forsendur rammaáætlunarinnar hefðu versnað, m.a. vegna meiri slaka í tekjuöflun ríkissjóðs, aukins atvinnuleysis og ófyrirséðra útgjalda sem tengjast bankahruninu. Til að tryggja þann árangur í ríkisfjármálum sem að var stefnt var þegar gripið til aðgerða sem ætlað var að skila auknu aðhaldi sem nemur um 22 milljörðum kr. á seinni hluta ársins 2009. Þar af var aðgerðum til lækkunar útgjalda ætlað að skila tæplega 10 ma. kr. sparnaði á árinu 2009 og breytingum á tekjustofnum ríkissjóðs var ætlað að skila um 12 milljarða kr. Jafnframt var aðlögunarþörf ríkisfjármála fyrir árin 2010–2013 endurmetin.

55% lækkun útgjalda og 45% hækkun á tekjum

Aðlögunaráætlunin um ríkisfjármálum felur í sér þörf á miklu aðhaldi, sem kallar á markvissar aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Aðgerðirnar munu fela í sér í senn lækkun útgjalda og hækkun á tekjum ríkissjóðs. Val á milli þeirra leiða ræðst af ýmsum sjónarmiðum. Til þessa hefur

verið unnið út frá þeirri viðmiðun að 55% aðlögunarþarfarinnar verði mætt með lækkun útgjalda og 45% verði mætt með hækkun á tekjum.

Aðlögunarþörfin 2010-2013 metin á um 190 ma.kr.

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna og áætlunar um jafnvægi í ríkisfjármálum var aðlögunarþörf ríkissjóðs á árinu 2010 metin í fyrrnefndri skýrslu á um 56 milljarðar kr. eða 3,9% af VLF árið 2010, um 43 milljarðar kr. eða 2,8% af VLF árið 2011, um 36 milljarðar kr. eða 2,3% af VLF árið 2012 og 24 milljarðar kr. eða 1,4% af VLF árið 2013. Mikil óvissa ríkir um slíka útreikninga nokkur ár fram í tímann, sérstaklega þegar efnahagsaðstæður eru að taka miklum breytingum. Þarf því að meta þörfina reglulega með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru um halla og tekjuafgang sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og þar með um breytingu hlutfallsins frá einu ári til annars. Versni afkomuhorfur þarf að bregðast við því með frekari aðlögunaraðgerðum til að ná settu markmiði sem hlutfalli af landsframleiðslunni. Fyrir árið 2010 var undirbúningur fjárlagafrumvarpsins miðaður við að frumhalli ríkissjóði lækki í um -1,5% mælt á reikningsgrunni fjárlaga. Í þessu sambandi er einnig ástæða til að vekja athygli á að gert er ráð fyrir að árlegar ráðstafanir til að bæta afkomu ríkisins komi að fullu til viðbótar fyrri ráðstöfunum og hafi þannig uppsöfnunaráhrif frá einu ári til annars.

Frumhalli verði um 1,5% af VLF árið 2010

Eins og fyrr segir er stefnt að því að jafnvægi náist í ríkisfjármálum eigi síðar en 2013. Stefnt er að því að frumgjöld ríkissjóðs, þ.e. útgjöld án vaxtagjalda, verði ekki hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en verið hefur á undanförnum árum.

Fara þarf með aðgát í niðurskurð opinberra útgjalda

Opinber þjónusta beinist í ríkum mæli að þeim sem helst standa höllum fæti svo sem í heilbrigðiskerfinu og tryggingakerfinu. Einnig beinist hún að samfélagslegri uppbyggingu svo sem í skólamálum, menntun og rannsóknum. Reynt verður eins og kostur er að komast hjá því skerðing útgjalda leggist mikið á viðkvæma þjóðfélagshópa og skerði kjör þeirra hlutfallslega meira en annarra. Að auki verður haft í huga að niðurskurður á þjónustu, sem að miklu leyti byggist á notkun mannafla, hefur í för með sér hættu á auknu atvinnuleysi. Því þarf við ákvörðun um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára að fara með aðgát í niðurskurð opinberra útgjalda.

Aukinni skattheimtu fylgja ýmsir gallar

Aukinni skattheimtu fylgja einnig ýmsir gallar. Hún dregur úr ráðstöfunartekjum heimila og fyrirtækja og þar með eftirspurn þeirra. Áhrif á einkaneyslu heimilanna má að einhverju leyti stýra með því að beina hinni auknu skattheimtu að gjaldtöku sem vinnur gegn markaðsbrestum og neikvæðum umhverfisáhrifum.

3.4 Viðmið um tekjuöflun ríkisins

Heildarskattbyrðin verður að taka mið af fyrirsjáanlegum aðstæðum

Þar sem að stefnt er að því að útgjöld ríkissjóðs verði í lok aðlögunartímans tiltekið hlutfall af vergri landsframleiðslu og heildarjöfnuður ríkissjóðs er gefinn, verður ákvörðun um tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af VLF afleidd stærð. Meta þarf hvort sú stærð getur talist viðunandi við þær aðstæður sem fyrirsjáanlegar eru. Skattar og gjöld eru yfirgnæfandi þættir í tekjuöflun ríkissjóðs. Í niðursveiflu leiðir það til tekjufalls hjá ríkinu umfram samdrátt í efnahagsumsvifum og veldur því að heildarskattbyrði, þ.e. skattar sem hlutfall af VLF, lækkar mikið.

Breytingar á skattkerfinu þurfa að styrkja það til frambúðar og samræmast skilvikri og réttlátri skattheimtu

Gert er ráð fyrir að skattbyrðin verði svipuð eða lægri á áætlunartímabilinu en hún hefur verið á síðustu árum. Fari svo að tekjur ríkissjóðs fari fram úr áætlun verður sá tekjuauki lagður til hliðar og nýttur til að draga úr fjárlagahallanum. Við tekjuöflunina þarf að hafa í huga að þær breytingar sem gerðar verða á skattkerfinu styrki það til frambúðar og samræmist um leið þeim kröfum sem skilvirkt og réttlátt skattkerfi þarf að uppfylla svo sem:

- Að jafnræði sé í skattlagningu.
- Að skattbyrðin dreifist á skattborgarana með eins sanngjörnum hætti og unnt er.
- Að skattlagningin hafi sem minnst áhrif á ákvarðanir aðila í hagkerfinu hvort sem litið er til fjárfestinga eða neyslu.
- Að skattkerið sé einfalt og gagnsætt og falli vel að þeirri framkvæmd sem fyrir er.

Tekjuöflunaraðgerðum er ætlað að skila mestu árið 2010 en draga mun úr umfangi þeirra þegar frá líður

Tekjuhorfur til lengri tíma eru jafnan háðar óvissu sem tengist framvindu efnahagsmála. Í þeim áætlunum sem hér eru lagðar fram er til viðbótar óvissa sem tengist umtalsverðum breytingum á skattkerfinu. Þótt byggt sé á uppsafnaðri þekkingu á viðbrögðum aðila efnahagslífsins við skattabreytingum eru aðstæður nú þannig að viðbrögðin geta orðið önnur en í eðlilegu árferði. Út frá þjóðhagslegum forsendum er reiknað með að tekjuöflunaraðgerðir skili umtalsverðum árangri á næsta ári þrátt fyrir að tekjustofnarnir verði í mikilli lægð. Í anda sam-

starfsáætlunar stjórnvalda og AGS er reiknað með að gripið verði til frekari tekjuöflunaraðgerða á komandi árum, en að dragi úr umfangi þeirra þegar frá líður. Á næsta ári er frekari samdrætti spáð, þegar botni efnahagslægðarinnar verði náð. Á árunum á eftir er reiknað með að efnahagslífið taki smám saman við sér með vaxandi eftirspurn í hagkerfinu, þegar aukin starfsemi dragi úr atvinnuleysi. Þjóðhagsleg styrking tekjustofna mun skila bata í afkomu ríkissjóðs samhliða þeim ráðstöfunum sem gripið verður til.

Spá um heildartekjur

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	2009	2010	2011	2012	2013
Tekjur	406,9	468,2	522,2	561,2	610,0
m.v. 1% meiri hagvöxt	415,6	479,8	533,5	573,7	623,6
m.v. 1% minni hagvöxt	398,3	459,2	510,5	548,5	596,1

Margir óvissuþætti geta haft áhrif á þjóðhagsspá og tekjur ríkissjóðs

Til að koma til móts við óvissu í framreikningi á tekjum ríkissjóðs er birt frávikaspá þar sem miðað er við frávik frá efnahagsþróun þeirri sem kemur fram í nýrri þjóðhagsspá og tekjuáætlunin byggir á. Er það gert á grundvelli mats á teygni heildarskatttekna gagnvart framleiðslubili, en sjá má hvernig tekjur ríkissjóðs gætu þróast ef landsframleiðslan yrði annars vegar 1 prósentustigi meiri og hins vegar einu prósentustigi minni. Þá má minna á að tekjuþróun er auk hagvaxtar háð innbyrðis samsetningu landsframleiðslu og verðlagsþróun. Hér er gert ráð fyrir sömu forsendum um samsetningu hagvaxtar og verðlag og kemur fram í þjóðhagsspá.

3.3 Viðmið og stefna í ríkisútgjöldum

Lækkun útgjalda mun beinast að hagræðingu og samþættingu í ríkisrekstri

Verkefni ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum á næstu árum beinist einkum að lækkun útgjalda ríkisins. Það á bæði við að raunvirði og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Rekstrarútgjöld ríkisstofnana eru um 45% ríkisútgjalda þegar óreglulegir liðir eru frátaldir, þar af er ríflega 65% launakostnaður ríkisstofnana. Neyslu- og rekstrartilfærslur eru sömuleiðis um 45% útgjalda og viðhald og stofnkostnaður um 10%. Lækkun útgjalda á næstu árum, umfram það sem ráðgert er á árinu 2010, mun einkum beinast að hagræðingu og samþættingu í ríkisrekstri.

Í spálíkani sem stuðst var við í aðlögunaráætlun fjármálaráðuneytis og AGS er ekki gert ráð fyrir neinni magnaukningu í þróun útgjalda fram til ársins 2013, t.d. fjölgun starfa, aldraðra, nemenda o.s.frv. yfir tíma-

Magnaukningu þarf að mæta með hagræðingu

bilið og þar með er í reynd gert ráð fyrir að því verði mætt með hagræðingu. Þá er reiknað með að útgjöld atvinnuleysistrygginga þróist samkvæmt spá um atvinnuleysi og að vaxtagjöld þróist í samræmi við forsendur um skuldasamsetningu og vaxtaflokka. Reiknað er með að laun, önnur rekstrargjöld, sértekjur, viðhald og neyslu- og rekstrartilfærslur hækki með verðvísitölu samneyslu.

Velferðar- og grunnþjónusta verður varin

Ríkisstjórnin mun standa vörð um velferðarþjónustu, einkum í félags- og heilbrigðismálum, og að félagslegt öryggi allra sé tryggt. Jafnframt að grunnþjónusta á borð við starfsemi skóla verði varin. Verulegum hluta af lækkun ríkisútgjalda á tímabilinu verður að ná með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins, verkefnatilflutningi og sameiningu ráðuneyta og stofnana sem og endurmati á þeim verkefnum sem verið er að sinna.

Verkefni ráðuneyta og stofnana verða endurmetin til að draga varanlega úr rekstrarkostnaði

Ráðist verður í viðamiklar breytingar og endurskipulagningu verkefna sem ráðuneyti og stofnanir sinna. Farið verður vandlega yfir öll verkefni og þjónustu sem færst hefur á hendi opinberra aðila og lögð niður verkefni sem falla ekki að hlutverki ríkisins. Þar fyrir utan verður að gera ráð fyrir að öllum stofnunum verði sett almenn markmið um áframhaldandi hagræðingu í rekstri. Verkefni þetta er á forræði hvers ráðuneytis en þegar verkefni skarast milli ráðuneyta kemur forsætisráðuneytið að þeim og stýrir vinnunni. Til að tryggja sameiginlega nálgun á breytingunum hefur verið sett á fót verkefnisstjórn með tengiliði frá öllum ráðuneytum. Nánar greint frá áformum um endurskipulagningu opinberrar þjónustu í kafla 3 um útgjaldahliðina í seinni hluta frumvarpsins.

Þá hefur verið settur á fót stýrihópur fulltrúa fjármálaráðuneytis og fulltrúa Félags forstöðumanna ríkisstofnana um útfærslu aðhalds- og sparnaðaraðgerða sem ætlað er að samræma og veita leiðsögn vegna aðhaldsaðgerða sem verið er að framkvæma í ráðuneytum og stofnunum.

Eftirlit með bótagreiðslum aukið og reglur um greiðslu bóta verða endurskoðaðar

Neyslu- og rekstrartilfærslur úr ríkissjóði hafa nokkurn veginn fylgt eftir vexti landsframleiðslunnar undanfarinn áratug. Á undanförnum árum hafa bótafjárhæðir verið hækkaðar verulega og dregið hefur verið úr tekju- og eignatengingum í flestum bótakerfum, s.s. almannatryggingum, barnabótum og vaxtabótum. Þannig hafa útgjöld almannatrygginga hækkað um 23 milljarða kr. að raunvirði frá árinu 1999, sem jafn-

gildir 70% hækkun. Þá eru bætur í fæðingarorlofi orðnar tæpir 11 milljarðar kr. og sjúkratryggingar hafa hækkað um 7 milljarða kr. eða 37% á föstu verðlagi á þessu tímabili. Ákvarðanir sem búið er að taka á árinu 2009 og viðbótarákvarðanir í fjárlagafrumvarpi 2010 eru taldar skila lækkun tilfærsluútgjalda um 3 milljarða kr. í ár og um 14,9 milljörðum kr. á næsta ári. Á árunum 2011–2013 er vænst frekari lækkunar tilfærsluútgjalda, m.a. með auknu eftirliti með bótagreiðslum og endurskoðun á þeim reglum sem gilda um greiðslur tilfærsluframlaga þannig að þau gangi fremur til þeirra sem standa höllum fæti og skerðist fremur hjá þeim sem hafa betri afkomu.

Hugmyndir um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun stórra verkefna verða skoðaðar

Viðhald og stofnkostnaður sem ríkið fjármagnar liggur að stærstum hluta í samgönguframkvæmdum. Í fjárlögum 2009 er viðhald áætlað 8,9 milljarðar kr. og stofnkostnaður að meðtöldum fjármagnstilfærslum 34,8 milljarðar kr., eða samtals 43,7 milljarðar kr. Þar af eru samgönguframkvæmdir um 27,6 milljarðar kr., eða 63,8%, að langmestu leyti vegaframkvæmdir. Á næstu árum er óhjákvæmilegt að hægja á nýframkvæmdum ríkissjóðs en leitast verður við að veita áfram fjármagni til að viðhalda mannvirkjum, innviðum og opinberum fasteignum. Hins vegar verða til skoðunar á vegum stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða hugmyndir um að þeir komi að fjármögnun stórra verklegra framkvæmda, sérstaklega þeirra sem unnt verður að fjármagna þær með notendagjöldum.

Framreikningur ríkisfjármála

Framreikningar á ríkisfjármálunum sem unnir voru í samstarfi við AGS byggja á þjóðhagsgrunni og eru gerðir í tengslum við þjóðhagslíkan fjármálaráðuneytis. Að teknu tilliti til aðgerða til að bæta afkomu ríkissjóðs á árinu 2009 og þeirra áætlana og áform sem liggja fyrir í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þróun ríkisfjármálanna verði í megindráttum eins og fram kemur í töflunni hér á eftir á reikningshaldsgrunni fjárlaga og ríkisreiknings.

Helstu þættir ríkisfjármála

Milljarðar króna	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Heildartekjur	**468,2**	**522,2**	**561,2**	**610,0**
Þar af skatttekjur	422,9	476,5	522,2	572,5
Heildargjöld	**555,6**	**544,9**	**522,3**	**517,1**
Rekstrargjöld	211,2	207,9	207,2	211,3
Fjármagnskostnaður	99,6	104,9	91,4	79,6
Tilfærsluútgjöld	215,8	207,5	198,6	200,5
Viðhald	7,6	7,8	8,0	8,2
Fjárfesting	21,5	16,7	17,1	17,5
Tekjujöfnuður ríkissjóðs	**-87,4**	**-22,6**	**39,0**	**92,9**
Frumtekjur	430,6	484,6	530,8	581,6
Frumgjöld	456,0	439,9	430,9	437,5
Frumjöfnuður ríkissjóðs	**-25,4**	**44,7**	**99,9**	**144,1**
Fjármagnsjöfnuður	-62,0	-67,4	-61,0	-51,2
% af landsframleiðslu				
Tekjujöfnuður ríkissjóðs	-5,6	-1,4	2,2	5,1
Frumjöfnuður ríkissjóðs	-1,6	2,7	5,7	7,9

Áætlunin byggir á efnahagsbata

Við gerð langtímaáætlunarinnar er miðað við að samdráttur verði í hagkerfinu árin 2009 og 2010 en að hóflegur og vaxandi hagvöxtur verði árin 2011–2013. Einnig er gert ráð fyrir að draga taki úr verðbólgu á næsta ári þannig að hún færist jafnt og þétt niður að markmiði Seðlabankans. Áætlunin miðast við að markmið um endurreisn efnahagslífsins og aukna tekjuöflun gangi eftir en margir óvissir ytri þættir geta haft áhrif á þá framvindu, eins og til dæmis hagvöxtur og eftirspurn í öðrum löndum og þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ljóst er að óvissan við gerð langtímaáætlunarinnar er meiri en nokkru sinni áður.

Tekju- og útgjaldarammi á verðlagi hvers árs

Tekjuáætlunin og útgjaldaramminn til næstu fjögurra ára eru sett fram á á verðlagi hvers árs og innifela nauðsynlegar aðgerðir til þess að afkoma ríkisfjármálanna þróist í samræmi samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS. Eins og áður segir er í þessari útgáfu af áætluninni ekki útfærð skipting á útgjaldarömmum fyrir ráðuneyti og málaflokka heldur er sett fram þróun á meginþáttum ríkisútgjaldanna með hagrænni skiptingu í rekstur, vaxtagjöld, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Nánari útfærsla áætluninnar verður unninn út frá þessum grundvelli í framhaldinu og tekin til umfjöllunar á Alþingi við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Áætlunin getur því tekið breytingum en eftir sem áður liggja skýrt fyrir markmiðin og meginþættirnir miðað við þær efnahagsforsendur sem gengið er út frá.

Hér er miðað við að aðhaldsaðgerðir á útgjaldahliðinni skiptist jafnt á milli rekstrarkostnaðar og tilfærsluútgjalda á árunum 2011–2013, að því undanskildu að árið 2011 er miðað við að fimmta hluta aðhaldsaðgerða verði mætt með lækkun stofnkostnaðar en að hann haldist síðan nánast óbreyttur á árunum þar á eftir. Í áætluninni er gert ráð fyrir svigrúmi eða varasjóði til að mæta ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum, einkum vegna frávika í verðlagsforsendum, eins og nánar er greint frá á bls. 25 í lok kafla 2.2. Í frumvarpinu fyrir árið 2010 nemur þessi óskipta fjárheimild 5 milljörðum kr. og miðast áætlunin við að jafnan þurfi að ráðstafa henni þannig að nýir 5 milljarðar kr. bætist við árlega árin 2011–2013. Uppsöfnuð áhrif af því fela þannig í sér að útgjöld eru 15 milljörðum kr. hærri árið 2013 en annars hefði verið reiknað með. Þá skal tekið fram að í þessari framsetningu áætlunarinnar er ekki gert ráð fyrir að vaxtagjöld innifeli áfallna vexti vegna skuldbindinga í tengslum við svokallaða Icesave reikninga Landsbankans.

Svigrúm fyrir ófyrirséðum útgjöldum í áætluninni

Langtímaáætlunin einkennist eins og vænta má af miklum samdrætti í útgjöldum og aukinni tekjöflun. Áætlunin gerir ráð fyrir að frumjöfnuður verði orðinn jákvæður árið 2011 og að nokkur afgangur verði á heildarafkomunni árið 2012 sem fari vaxandi og verði orðin umtalsverður árið 2013. Þannig verði unnt að byrja að grynnka á skuldum ríkissjóðs áður en langt um líður og létta smám saman á vaxtabyrðinni sem samfélagið þarf að standa undir í framtíðinni. Þessi framvinda er í samræmi við samstarfsáætlunina með AGS þar sem gengið var út frá því að bati frumjafnaðar yrði um 3-4% af landsframleiðslu þar til tekjujöfnuður í heild verði orðinn jákvæður. Á árinu 2009 stefnir í að frumjöfnuður ríkissjóðs verði neikvæður um 8,5% af landsframleiðslu og því miðast áætlanir við að afkomubatinn verði töluvert meiri á árinu 2010 en næstu ár þar á eftir. Áætlunin gerir þannig ráð fyrir að á næsta ári verði náð mestum árangri í bæta afkomuna af ríkisstarfseminni og að draga úr skuldasöfnuninni. Þar sem áætlunin gerir ráð fyrir að tekjujöfnuður verði orðinn jákvæður árið 2012 er miðað við að bati frumjafnaðar árið 2013 verði nokkru lægri en árin á undan.

Árlegur bati á frumjöfnuði verði 3-4% að meðaltali

Langtímaáætlunin gerir ráð fyrir töluverðri aukningu skatttekna og þar með heildartekna á milli ára en að heildgjöld breytist minna. Ef aðeins er horft á frumgjöldin, þ.e. útgjöld án fjármagnskostnaðar, þá lækka þau nokkuð að nafnvirði og þar með talsvert að raunvirði þannig að hlutfall ríkisútgjalda af VLF lækkar um liðlega 7% fram til ársins 2013.

Vægi vaxakostnaðar í útgjöldum fari lækkandi

Bætta afkoma ríkissjóðs má þó að stærstum hluta rekja til aukinna tekna, þar sem hagvöxtur mun hafa verulega þýðingu, og lægri fjármagnskostnaðar á sama tíma og spornað verður gegn öðrum útgjöldum bæði með aðhaldsaðgerðum og með því að efna ekki til nýrra útgjaldaskuldbindinga. Gangi áætlunin eftir verður þróunin í hagrænni skiptingu útgjaldanna þannig að fjármagnskostnaður eykst árið 2011 á sama tíma og draga verður úr útgjöldum vegna rekstrar, tilfærslna, og stofnkostnaðar. Á árinu 2012 tekur hlutfall fjármagnskostnaðar af heildargjöldum að lækka og gefur það nokkuð svigrúm til aukningar á öðrum útgjöldum, a.m.k. að nafnvirði, en einnig verður áhrifa af minnkandi atvinnuleysi farið að gæta í tilfærsluútgjöldunum.

Ljóst má vera að langtímaáætlunin sem hér er sett fram miðast við aðstæður í þjóðarbúskapnum sem eiga sér enga hliðstæðu og að hún felur í sér að stjórnvöld þurfa að grípa til meiri ráðstafana í ríkisfjármálum en áður hafa þekkst.

4 Yfirlit þjóðhagsspár

4.1 Yfirlit þjóðhagsspár

Meiri hagvöxtur 2008 en áður var gert ráð fyrir

Nýjar tölur um landsframleiðslu 2008 gefa til kynna að hagvöxtur ársins hafi verið meiri en áður var talið, eða 1,3% í stað 0,3%. Má rekja það til meiri samneyslu en áður var talið auk þess sem fjárfesting dróst minna saman en gert var ráð fyrir. Straumhvörf urðu í efnahagslífi Íslendinga árið 2008. Hin alþjóðlega fjármálakreppa sem hófst með sviptingum á fjármálamarkaði í Bandaríkjunum reyndist mun dýpri en spáð var í upphafi hennar og eftir fall fjárfestingarbankans Lehman Brothers í september sl. lokuðust lánalínur til íslensku viðskiptabankanna. Bankarnir höfðu vaxið gríðarlega á tímum gnóttar og ódýrs framboðs af lánsfé en urðu sífellt háðari markaðsaðstæðum varðandi endurfjármögnun. Gjaldeyrisforði Seðlabankans var lítill í samanburði við stærð og umsvif bankanna á erlendum mörkuðum og eftir því sem hin alþjóðlega fjármálakreppa gróf um sig árið 2008 jukust áhyggjur af því hann gæti ekki sinnt hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara ef illa færi. Eftir að Glitnir banki fór í greiðsluþrot í september tók við hröð atburðarrás sem enginn gat séð fyrir til fulls. Landsbankinn og Kaupþing féllu fljótlega á eftir með tilheyrandi álagi á greiðslumiðlun innanlands og milli landa. Í kjölfar falls bankanna stofnsetti ríkið þrjá nýja banka til að taka yfir meginhluta innlendrar bankastarfsemi. Innistæður í útibúum hér á landi voru fluttar yfir í nýju bankana ásamt útlánum íslensku útibúanna og öðru sem tengdist starfseminni hér á landi. Stjórnvöld skuldbundu sig til að tryggja að mismunur yfirfærðra eigna og skulda yrði bættur kröfuhöfum gömlu bankanna. Um leið var ljóst að ríkið þyrfti að fjármagna rekstur nýju bankanna sem eigandi þeirra.

Straumhvörf á íslensku efnahagslífi haustið 2008

Eftir mikið hagvaxtarskeið á árunum 2003–2007 var góður hagvöxtur á fyrsta fjórðungi ársins 2008 sem var drifinn áfram af kröftugri einka- og samneyslu en á móti urðu tafir í aukningu á framleiðslu Alcoa Fjarðaáls og vöxtur útflutningsins var minni en vonir höfðu staðið til. Í mars lokuðust erlendir lánamarkaðir íslensku bönkunum og vaxtamunur á gjaldeyrisskiptamarkaði hvarf vegna skorts á erlendu lánsfé. Við það féll gengi krónunnar og verðlag hækkaði í kjölfarið. Seðlabankinn brást við með hækkun stýrivaxta sem var í samræmi við fyrri yfirlýsingar bankans um viðbrögð við snarpri lækkun gengis krónunnar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman og efnahagsreikningur heimilanna rýrnaði þegar lán tóku að hækka.

Fall bankanna í október 2008 orsakaði mikla gengislækkun krónunnar og eignaverðslækkun

Umtalsverður samdráttur varð í einkaneyslu á öðrum og þriðja fjórðungi og hagvöxtur minnkaði. Fjárfesting dróst sömuleiðis hratt saman eftir að framkvæmdunum fyrir austan var svo gott sem lokið en á móti var mikill kraftur í útflutningi eftir að Fjarðaál náði fullri framleiðslugetu í apríl. Fall bankanna í október 2008 orsakaði mikla gengislækkun krónunnar og eignaverðslækkun fyrirtækja og heimila. Við það tók einkaneysla að dragast hratt saman, eða um rúman fimmtung á fjórða ársfjórðungi. Í kjölfarið tók atvinnuleysi að aukast hratt og launaþrýstingur á vinnumarkaði hvarf. Gengislækkun krónunnar kom sér vel fyrir útflutningsgreinar en innflutningur dróst saman um nær helming á fjórða fjórðungi. Við það varð enn meiri viðsnúningur á vöruskiptunum og í fyrsta skipti um langt skeið myndaðist afgangur á vöruskiptum við útlönd. Á móti þessu kom að viðskiptakjörin versnuðu, en þegar dró úr eftirspurn áls á alþjóðavísu hríðféll heimsmarkaðsverð áls, sem hafði náð hámarki um mitt árið. Þá lækkaði verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt umtalsvert. Þrátt fyrir jákvæðan viðsnúning á vöruskiptunum varð methalli á viðskiptajöfnuði. Hallinn á jöfnuði þáttatekna sem hafði á fyrri misserum aukist jafnt og þétt í tengslum við auknar erlendar skuldir og hærri nettó vaxtagjöld margfaldaðist á árinu vegna mikils tapreksturs erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila, en það leiddi til stóraukins neikvæðs endurfjárfests hagnaðar.

Ísland í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

Áhrif samdráttarins á afkomu ríkissjóðs voru mjög mikil, hvort tveggja vegna lægri tekna og hærri útgjalda. Ríkissjóður hafði verið rekinn með myndarlegum afgangi um nokkurra ára skeið en árið 2008 urðu straumhvörf til hins verra í afkomu ríkissjóðs. Lítillegur afgangur var á frumjöfnuði ríkissjóðs sem nam 0,1 % af landsframleiðslu. Í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er miðað við að frumjöfnuður batni umtalsvert á næstu árum og er stefnt að því að ná jákvæðri heildarafkomu ríkissjóðs árið 2013.

Landsframleiðsla dregst saman um 8,4% 2009

Í nýrri þjóðhagsspá er áætlað að verg landsframleiðsla dragist saman um 8,4% á yfirstandandi ári. Samdráttur einkaneyslu er þó minni en spáð var í vorspá ráðuneytisins þar sem kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur ekki dregist eins mikið saman og búist var við m.a. vegna áhrifa tímabundinna ráðstafana á borð við útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar. Atvinnuvegafjárfesting hefur dregist meira saman en áður var reiknað með þar sem gert var ráð fyrir meiri krafti í framkvæmdunum í Helguvík og tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdum. Reiknað er með

miklum samdrætti í íbúðafjárfestingu en fasteignamarkaðurinn hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum eftir mikla fjárfestingu undangenginna ára auk þess sem byggingarkostnaður hefur hækkað mun meira en íbúðaverð síðustu misserin. Í heild er búist við að innlend eftirspurn dragist saman um rúman fimmtung. Á móti er reiknað með að innflutningur dragist saman um nær þriðjung og að á árinu verði myndarlegur afgangur á vöruskiptum við útlönd. Vegna þessa viðsnúnings í utanríkisviðskiptum mun VLF dragast mun minna saman en þjóðarútgjöld.

Hjöðnun verðbólgu hefur verið minni en áður var reiknað með

Spáð er að atvinnuleysi verði 8,6% að jafnaði yfir árið og er það nokkuð lægra en reiknað var með í vorspá. Þrátt fyrir lægra atvinnuleysi í sumar er gert ráð fyrir að það aukist talsvert í vetur. Þá er búist við að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman um 10,1% á milli ára. Launaþrýstingur er lítill og er hækkun launavísitölunnar í lágmarki. Því er reiknað með að dragi úr verðbólgu þegar líður á árið vegna mikils samdráttar í eftirspurn auk þess sem fasteignarverð hefur lækkað umtalsvert. Hjöðnun verðbólgu hefur þó verið minni en áður var reiknað með og má það að miklu leyti rekja til gengisveikingar krónunnar frá vormánuðum. Lágt gengi gæti áfram haft áhrif á verðlag til hækkunar en verð hafa jafnan verið mun breytanlegri upp á við en niður á við í kjölfar gengisbreytinga. Þrátt fyrir minnkandi verðbólgu er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun stýrivaxta þar sem gengi krónunnar er mjög veikt og er spáð að það haldist veikt út árið.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður



Mikið atvinnuleysi og samdráttur í framleiðslu leiðir til þess að sú framleiðsluspenna sem ríkt hefur í hagkerfinu snérist í slaka undir lok ársins 2008. Reiknað er með að framleiðsluslaki, þ.e. munur á framleiðslustigi og framleiðslugetu hagkerfisins, verði um 6,6% af framleiðslugetu á árinu.

Þörf á meira aðhaldi í ríkisfjármálum en áður var gert ráð fyrir

Í þjóðhagsspánni er gengið út frá aðgerðaráætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og að þeim markmiðum um bata í afkomu ríkissjóðs sem áætlunin kveður á um að verði náð. Frá síðasta mati hefur komið í ljós að skuldsetning þjóðarbúsins var meiri en áður var gert ráð fyrir, af þeim sökum er þörf fyrir meira aðhald. Í samræmi við það var á síðari helmingi ársins 2009 gripið til aðgerða til að bæta áætlaða afkomu ríkissjóðs um 22 milljarða kr. það ár. Þær aðgerðir eiga einnig að skila u.þ.b. tvöföldum bata árið 2010 þegar heilsársáhrif aðgerðanna koma fram. Til að takmarka umfang ríkisfjármála þurfti að rifa seglin í fjárlögum ársins 2009 en það hefur þau áhrif að samdráttur verður í samneyslu í fyrsta sinn síðan árið 1992, eða um 3,4%. Af sömu orsökum er áætlað að opinber fjárfesting dragist saman um 21,8% á árinu.

Yfirlit þjóðhagsspár

	ma.kr. 2008	Bráðab. 2008	Spá 2009	Spá 2010	Spá 2011
Einkaneysla	789,5	-7,8	-17,4	-6,1	-0,5
Samneysla	367,3	4,6	-1,9	-1,3	-1,7
Fjármunamyndun	357,3	-20,4	-45,5	10,2	21,5
Birgðabreytingar [1]	3,3	0,2	0,4	0,0	0,1
Þjóðarútgjöld alls	1517,5	-8.6	-20,3	-2,5	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	657,8	7,1	-1,4	2,0	2,9
Innflutningur vöru og þjónustu	698,8	-18.3	-30,0	-1.8	3,6
Landsframleiðsla	1476,5	1,3	-8,4	-1,9	2,8
Þjóðartekjur	899,3	-33,4	33,9	2,1	2,6
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	-3,6	-4,4	1,4	0,2
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	-	-37,0	29,5	3,4	2,8
Viðskiptajöfnuður	-622,8	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-42,2	-7,0	0,8	0,2

[1] Birgðabreytingar milli ára eru sýndar sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs á föstu verði.

1,9% samdráttur á VLF 2010

Árið 2010 er spáð 1,9% samdrætti í vergri landsframleiðslu sem er nokkru meira en áður hefur verið gert ráð fyrir í spám ráðuneytisins. Ljóst er að aðhaldsaðgerðir stjórnvalda, samkvæmt samkomulagi við AGS, munu ýta undir efnahagslægðina á næsta ári, en hjá þeim aðhaldsaðgerðum verður ekki komist. Spáð er að gengi krónunnar verði áfram veikt og að verðbólguhjöðnunin haldi áfram inn á næsta ár. Töluverður samdráttur verður í einkaneyslu, þriðja árið í röð, í kjölfar 12,5% samdráttar í kaupmætti ráðstöfunartekna sem má að miklu leyti rekja til aukningar á opinberum álögum og annars niðurskurðar á vegum hins opinbera. Reiknað er með að atvinnuleysi nái hámarki á árinu en að það byrji að dragast saman þegar líður á árið. Á móti kemur að þá er gert ráð fyrir að lausn Icesave-deilunnar og mögulegt erlent eignarhald nýju bankanna muni auka aðgengi að erlendu lánsfé sem leiðir til þess að aukinn kraftur kemst í þær stóriðjuframkvæmdir sem þegar eru í startholunum. Auknar aðhaldsaðgerðir munu aftur á móti leiða til þess að samneysla og fjárfesting hins opinbera dregst áfram mikið saman á árinu.

Lágt gengi krónunnar kemur sér vel fyrir útflutningsgreinarnar

Vöruskiptin við útlönd eru aftur á móti að þróast til betri vegar og er spáð myndarlegum afgangi út spátímabilið á vöru- og þjónustujöfnuði. Lágt gengi íslensku krónunnar kemur sér vel fyrir útflutningsgreinarnar auk þess sem reiknað er með hækkun álverðs. Mikil óvissa er þó jafnan varðandi verð og afla sjávarafurða en staða krónunnar mun hafa jákvæð áhrif á útflutningsverðmæti greinarinnar en gerir á sama tíma rekstrarstöðu fyrirtæka í greininni mjög erfiða. Margvíslegur annar útflutningur mun hægt og bítandi njóta góðs af veiku gengi krónunnar og þá sérstaklega þegar hagvöxtur viðskiptalanda okkar batnar og eftirspurn eykst. Hagfellt gengi styður við þá þróun sem þegar hefur orðið á þessu ári, þar sem erlendir ferðamenn hafa nýtt sér hagstæð kjör hér á landi og má gera ráð fyrir auknum ferðamannastraumi til landsins og vaxandi þjónustutekjum eftir því sem hagvöxtur eykst á alþjóðavísu. Almennur innflutningur mun halda áfram að dragast saman á næsta ári og árið 2011 í kjölfar aukins samdráttar í neyslu en aukinn innflutningur fjárfestingarvara mun fylgja auknum umsvifum á sviði stóriðju. Stöðugur og umtalsverður halli á jöfnuði þáttatekna vegna hárra nettó vaxtagjalda mun síðan draga úr jákvæðum áhrifum vöruskipta á viðskiptajöfnuðinn.

Mestur þungi aðhaldsaðgerða kemur fram 2010

Á árinu 2010 kemur mesti þungi aðhaldsaðgerða stjórnvalda fram. Á þjóðhagsgrunni er áætlað að frumjöfnuður ríkissjóðs batni um 6,7% af VLF og er það þrátt fyrir að undirliggjandi hagþróun sé tekjustofnum ríkissjóðs óhagstæð. Reiknað er með að tekjujöfnuður ríkissjóðs muni nema -8,2% af VLF á þjóðhagsgrunni og að frumjöfnuður muni nema u.þ.b. -1,5% af VLF. Mismunurinn felst í mjög miklum nettóvaxtagjöldum, bæði vegna hallareksturs og auknum skuldum ríkissjóðs í kjölfar hruns bankanna.

Hagvöxtur á ný árið 2011

Árið 2011 er því spáð að hagkerfið komi út úr samdrætti með 2,8% hagvexti. Reiknað er með að einkaneysla hafi náð botninum og breytist lítið yfir árið en að almennar fjárfestingar taki við sér á ný ásamt því að stóriðjufjárfestingar verði enn áberandi. Engu að síður mun mikið aðhald hins opinbera í samræmi við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins draga úr hagvexti á árinu, m.a. í gegnum áframhaldandi samdrátt samneyslu og opinberrar fjárfestingar. Spáð er áframhaldandi afgangi á viðskiptajöfnuði það ár. Reiknað er með að afkoma ríkissjóðs batni áfram og muni nema -3,7% af VLF og frumjöfnuðurinn verði orðin jákvæður sem nemur 3,6% af VLF. Þrátt fyrir mikið aðhald opinberra fjármála er reiknað með að dragi úr framleiðsluslaka og að hann muni nema 4,5% af framleiðslugetu hagkerfisins samhliða því að atvinnuleysi muni lækka í 9%. Reiknað er með því að verðbólga verði um 2,3% að jafnaði það ár.

Hagkerfið leitast við að ná jafnvægi eftir eina dýpstu efnahagslægð síðari tíma

Stöðugur samdráttur í einkaneyslu undanfarinna ára snýst í vöxt árin 2012 til 2014 í kjölfar hækkandi launa og aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna. Þó er gert ráð fyrir hægari vexti en áður vegna aukins aðhalds í ríkisfjármálum sem heldur aftur af aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna. Fjárfesting dregst hins vegar saman í lok tímabilsins þar sem framkvæmdirnar í Helguvík og Straumsvík munu hafa náð hámarki og ekki er gert ráð fyrir frekari stóriðjuframkvæmdum. Einnig sýna framreikningar að hagkerfið leitar í jafnvægi með stöðugleika í verðlagsmálum, lægra vaxtastigi og aðlögun raungengis krónunnar. Þá mun atvinnuleysi dragast saman jafnt og þétt í jafnvægi sem þó er hærra en náttúrulegt atvinnuleysi var metið fyrir hrun bankanna. Afkoma ríkissjóðs batnar ár frá ári í anda þess samkomulags sem gert var við AGS þar sem miðað er við að frumjöfnuður ríkissjóðs sýni umtalsverðan bata yfir tímabilið.

5 Kynjuð hagstjórn

5.1 Stefna stjórnvalda

Í verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs sem mynduð var 1. febrúar 2009 segir eftirfarandi í kafla V um aðgerðir í þágu atvinnulífs:

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu verður falið að meta sérstaklega áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Ríkisstjórnin er einhuga um að við endurreisn íslensks efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarhátta verði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi.

Mat á áhrifum efnahagsástandsins á stöðu kynjanna

Jafnréttisvaktin. Hinn 10. febrúar 2009 samþykkti ríkisstjórnin í samræmi við framangreinda yfirlýsingu að setja á fót vinnuhóp til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna og var þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra falið að skipa í hópinn. Í vinnuhópinn, sem gengur undir nafninu Jafnréttisvaktin, voru skipaðir fulltrúar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu.

Hlutverk Jafnréttisvaktarinnar var meðal annars að meta áætlanir ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka um viðbrögð við efnahagsástandinu og hvaða áhrif þær kynnu að hafa á stöðu kynjanna. Einnig var hópnum ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við skipulagningu aðgerða og áætlana um viðbrögð við afleiðingum efnahagsástandsins.

Kynjasjónarmið að leiðarljósi

Í áfangaskýrslu Jafnréttisvaktarinnar sem kynnt var í ríkisstjórn í mars sl. er lögð áhersla á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi ávallt jafnréttis- og kynjasjónarmið að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Af einstökum áherslumálum skýrslunnar má nefna eftirfarandi atriði:

- Áhrif á stöðu kynjanna verði metin við allar ákvarðanir stjórnvalda, sérstaklega við allar breytingar í rekstri hjá hinu opinbera og í atvinnuskapandi aðgerðum.

- Hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verði eflt hvað snertir verkefni sem snúa að því að vakta áhrif efnahagsþrenginganna í starfsemi sem heyrir undir hvert ráðuneyti, svo sem einstaka aðgerðir og breytingar á vettvangi þeirra.
- Tekin verði upp aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar í fjárlagagerð.

Verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn. Í lok apríl 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð í samræmi við áðurnefnd áform ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Innleiðing leikreglna kynjaðar fjárlagagerðar

Samkvæmt erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar er hlutverk hennar að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Vinna verkefnisstjórnarinnar er skammt á veg komin enn sem komið er, en ljóst er að kynjuð fjárlagagerð krefst viðamikils undirbúnings, ekki síst í formi fræðslu, og verður vart komið á fyrir ríkisbúskapinn í heild nema í áföngum. Markmið verkefnisstjórnarinnar er að við stefnumótun og gerð fjárlagafrumvarps ársins 2011 verði unnt að stíga fyrsta sýnilega skrefið í innleiðingu umræddra leikreglna á grundvelli tillagna frá stjórninni.

Stefna núverandi ríkisstjórnar

Norræn velferðarstjórn með jafnrétti að leiðarljósi

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að henni sé ætlað að vera norræn velferðarstjórn í besta skilningi þess orðs. Kynjajafnrétti er einn af hornsteinum slíkrar stjórnar eins og sjá má í nánari skilgreiningu á verkefnum ríkisstjórnar eftir málaflokkum.

Í kafla um ríkisfjármálin segir:

Við ákvarðanir um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára verði lögð áhersla á samstöðu um brýn velferðarverkefni, verndun starfa, kynjajafnrétti og áhrif á byggðirnar. Kynjuð hagstjórn verður höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.

Aðgerðir taki mið af ólíkri stöðu kynjanna

Í kafla um atvinnumál segir:

Brýnt er að verja störf samhliða því sem gripið verði til aðgerða til að störfum fjölgi. Allar aðgerðir taka mið af ólíkri stöðu kynjanna og mismunandi áhrifum á byggðir landsins.

Um lýðræði og mannréttindi segir m.a. eftirfarandi í yfirlýsingunni:

Áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð. Því mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Jafnframt verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar, svo þær gagnist bæði körlum og konum með fjölbreyttan bakgrunn.

Af ofangreindu sést að kynjasjónarmiðum er skipaður mikilvægur sess í verkefnaskrá núverandi ríkisstjórnar og stór verkefni framundan eigi markmið hennar að nást.

5.2 Samþætting sjónarmiða beggja kynja í stefnumótun

Samþætting kynja og jafnréttis-sjónarmiða

Hugmyndafræði um samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða á rætur að rekja til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Í framhaldi af henni mótaði Evrópusambandið þá stefnu að ganga út frá meginreglunni um samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða í öllu starfi varðandi jafnrétti kynjanna. Íslensk stjórnvöld hafa á alþjóðavettvangi, svo sem innan Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, átt þátt í að samþykkja meginregluna um samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða. Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna er samþætting jafnréttissjónarmiða það ferli að meta afleiðingar tiltekinna aðgerða, svo sem lagasetningar, stefnumótunar og ákvarðana á konur og karla á öllum sviðum. Með samþættingu er tekið tillit til hugðarefna og reynslu kvenna jafnt sem karla við mótun, útfærslu, eftirlit og mat á stefnum og aðgerðum, hvort sem er á hinu pólitíska, efnahagslega eða félagslega sviði. Með þeim hætti verði reynt að tryggja að konur og karlar njóti gæða samfélagsins að jöfnu og misskipting verði upprætt, hafi hún verið til staðar.

Mat afleiðinga aðgerða á bæði kynin

Kynjasamþætting er skilgreind með eftirfarandi hætti í 6. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla:

Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Jafnrétti næst með kynja-samþættingu

Með öðrum orðum, þeir sem móta stefnuna bera ábyrgð á kynjasamþættingunni. Kynjasamþætting er því aðferð sem notuð er til að ná fram

jafnrétti kynjanna. Til að markmiðið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða nái fram að ganga er nauðsynlegt að pólitískur vilji sé fyrir hendi og að stjórnvöld hafi skýra jafnréttisstefnu að leiðarljósi. Til að innleiða kynjasamþættingu í stjórnkerfið þarf að þekkja hvernig stefnumótun fer fram, hverjir koma að henni og hvar sérþekkingu á jafnréttismálum er að finna innan stjórnsýslunnar. Sérþekking er grundvallaratriði í því að framkvæmd samþættingar skili árangri. Líkt og í öllu öðru þarf að tryggja fjárhagslegan stuðning svo unnt sé að fjármagna vinnu að samþættingu.

Hvað er kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð ?

Jafnréttismál samþætt efnahags-málum

Það er aðferð til að samþætta stefnu í jafnréttismálum og stefnu í efnahagsmálum.

- Aðferðin byggir á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart kynjunum, hvort heldur er um að ræða ákvarðanir um tekjur eða gjöld.
- Aðferðin byggir á frumgreiningu fjárlaga á því hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir hafa á kynin og þegar það liggur fyrir hvernig unnt sé að samþætta jafnréttissjónarmið almennri fjárlagagerð.
- Þessi aðferð kallar ekki á sérstaka fjárlagagerð fyrir konur og aðra fyrir karla.
- Aðferðin felur í sér fjárlagagerð sem byggir á mannlegum þáttum.
- Aðferðin kallar á nánari athugun á áhrifum fjárlagagerðar.
- Aðferðin kallar á frekari greiningu á því hverjir eru notendur þeirra fjármuna sem ríkið útdeilir.
- Þessi aðferð gerir markmiðssetningu hnitmiðaðri og ýtir þar með undir skilvirkari nýtingu á almannafé.
- Aðferðin krefst þátttöku fleiri hagsmunaaðila og eykur því lýðræðisleg áhrif í ferli ákvarðanatökunnar.
- Beita má þessari aðferð jafnt á einstaka tekju- eða útgjaldaliði fjárlaga eða tilteknar aðgerðir stjórnvalda í heild.

Skattar og fjárveitingar metnar út frá jafnréttis-sjónarmiðum

Í kynjaðri fjárlagagerð felst að kynjasamþættingu sé beitt í öllu fjárlagaferlinu. Það þýðir að í fjárlagavinnunni fer fram kynbundið mat með það að markmiði að endurskipuleggja bæði tekju- og gjaldahlið fjárlaga á grundvelli jafnréttissjónarmiða.

Kynjuð fjárlagagerð verður ekki unnin af hópi sérfræðinga heldur verður hún á hendi þeirra sem eru að vinna frá degi til dags við útfærslu og innleiðingu á opinberri stefnu. Stærstur hluti verksins verður þannig unninn af kjörnum fulltrúum, embættismönnum og öðrum opinberum starfsmönnum. Góðir stjórnunarhættir almennt, ekki síst í formi kynjasamþættingar, gera þá kröfu að aðrir aðilar séu fengnir að borðinu, þ.e. hinn almenni borgari, þingmenn, aðilar vinnumarkaðarins, stéttarfélög, sérfræðingar á sviði kynjafræða og aðrir fræðimenn. Það sem mestu máli skiptir er að þeir sem ábyrgð bera, virkji konur og opni þeim leiðir til þátttöku í ferlinu þannig að rödd þeirra heyrist.

Konur virkjaðar í stefnumótun

Kynjuð hagstjórn - háleitt markmið til framtíðar

Þegar hugmyndafræðin um kynjaða hagstjórn kom fyrst fram í Evrópu fyrir rúmum tíu árum lá alls ekki fyrir hvernig hrinda ætti stefnunni í framkvæmd. Þó heilmikið hafi áunnist á þessu sviði á undanförnum árum hefur kynjajafnrétti ekki enn verið sett í forgang. Í sumum Evrópuríkjum hefur þó verið farin sú leið að lögfesta kynjaða fjárlagagerð en í öðrum er kynjasamþættingu beitt við undirbúning og vinnu fjárlagaferlisins sjálfs. Þá er nokkuð algengt að stjórnvöld einstakra ríkja hafi ráðist í tiltekin tilraunaverkefni á sviði kynjaðrar fjárlagagerðar, í því skyni að þreifa fyrir sér áður en „stokkið er út í djúpu laugina“.

Ný aðferðafræði við fjárlagagerð

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er afar metnaðarfullt verkefni sem kallar á umbyltingu í hugsun og verki. Hún felur í sér að fleiri hagsmunaaðilar komi að hinu eiginlega fjárlagaferli en hingað til sem aftur felur í sér endurskipulagningu út frá jafnréttissjónarmiðum. Einnig kallar kynjuð fjárlagagerð á samsvörun stefnumótunar og úthlutunar gæða sem og viðurkenningu á umönnunarhagkerfinu og umbreytingu á því hvernig fjárlögin eru mótuð og framkvæmd.

Umbreyting í hugsun og verki

Áður en lagt er af stað í þá vegferð að taka upp kynjaða hagstjórn verða aðilar að gera sér ljósa grein fyrir því að verkefnið kallar á mikla vinnu og í flestum tilvikum á breytt skipulag hjá þeim aðilum sem að ferlinu koma. Því skiptir öllu að faglega sé staðið að undirbúningi að slíku verkefni og að skrefin sem tekin verða í fyrsta áfanga verði hæfilega stór.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	51
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	52
3.	Skipting tekna ríkissjóðs	53
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	54
5.	Skipting útgjalda eftir málaflokkum	55
6.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum	56
7.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	60
8.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	61
9.	Eignir og skuldir ríkissjóðs	62
10.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	64
11.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar	65
12.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr.	66
13.	Afkoma ríkisjóðs á þjóðhagsgrunni	67

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Skatttekjur	**408.997**	**412.889**	**364.332**	**350.564**	**422.887**
Skattar á tekjur einstaklinga	114.466	133.045	103.313	106.700	143.500
Skattar á tekjur lögaðila	36.584	32.904	22.100	14.300	13.500
Tryggingagjöld	38.902	40.834	39.819	40.749	47.512
Eignarskattar	11.956	7.436	7.063	4.675	4.432
Virðisaukaskattur	137.710	134.216	128.196	115.800	125.200
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	63.022	56.737	52.751	54.767	76.261
Skattar ótaldir annars staðar	6.358	7.718	11.091	13.572	12.483
Aðrar rekstrartekjur	**39.555**	**54.668**	**30.413**	**53.803**	**43.277**
Arðgreiðslur	3.581	1.057	2.130	1.330	887
Vaxtatekjur og eignatekjur	25.011	42.197	22.288	47.041	36.758
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	10.963	11.414	5.995	5.431	5.632
Sala eigna	20.480	2.832	6.300	1.050	600
Fjárframlög	2.251	1.494	1.453	1.494	1.481
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	14.845	0	0	0	0
Tekjur samtals	**486.129**	**471.884**	**402.499**	**406.910**	**468.245**
Æðsta stjórn ríkisins	3.416	3.557	3.783	3.696	3.413
Forsætisráðuneyti	1.823	2.462	2.221	2.286	1.000
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	49.590	55.818	58.801	59.884	58.831
Utanríkisráðuneyti	7.544	9.848	12.257	11.614	11.633
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	15.956	18.603	17.547	19.202	18.809
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	22.275	25.910	23.456	26.916	24.542
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	71.082	83.131	113.141	115.807	136.971
Heilbrigðisráðuneyti	97.577	112.166	115.660	120.175	93.338
Fjármálaráðuneyti	54.656	274.606	55.235	58.734	54.611
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	38.351	50.878	50.973	50.359	37.573
Iðnaðarráðuneyti	5.010	5.941	6.281	6.380	5.550
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	1.915	2.578	2.715	2.364	2.966
Umhverfisráðuneyti	6.105	6.870	6.632	7.718	6.796
Vaxtagjöld ríkissjóðs	22.220	35.496	86.940	104.045	99.570
Gjöld samtals[1]	**397.522**	**687.862**	**555.641**	**589.181**	**555.603**
Vaxtajöfnuður	**6.371**	**7.758**	**-62.522**	**-55.674**	**-61.925**
Frumjöfnuður	**82.236**	**-223.736**	**-90.620**	**-126.597**	**-25.433**
Heildarjöfnuður	**88.607**	**-215.978**	**-153.142**	**-182.270**	**-87.358**

[1] Í skiptingu gjalda á milli ráðuneyta hefur ekki verið leiðrétt fyrir breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins árið 2010.

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Handbært fé frá rekstri	**68,9**	**15,7**	**-138,1**	**-174,3**	**-94,8**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	-6,0	-33,6	-379,0	-62,6	-262,6
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	-68,6	-353,6	384,2	-235,0	-0,8
Fjármunahreyfingar samtals	**-74,6**	**-387,2**	**5,2**	**-297,6**	**-263,4**
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-5,7**	**-371,5**	**-132,9**	**-471,9**	**-358,2**
Framlag til LSR	**-5,8**	**-5,4**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
Lánsfjárjöfnuður að frádregnu framlagi í LSR [1]	-11,5	-376,9	-132,9	-471,9	-358,2
Fjármögnun	**23,4**	**456,8**	**60,0**	**490,0**	**315,0**
Breyting á handbæru fé	**11,9**	**79,9**	**-72,9**	**18,1**	**-43,2**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	5,3	1,1	-9,4	-11,8	-6,1
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-0,4	-25,2	-9,0	-32,0	-22,9
Greiðsluafkoma	0,9	5,4	-4,9	1,2	-2,8

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
I Skatttekjur	**408.997**	**412.889**	**364.332**	**350.564**	**422.887**
Skattar á tekjur og hagnað	154.622	169.979	132.923	130.447	164.726
Einstaklingar	114.466	133.045	103.313	106.700	143.500
Lögaðilar	36.584	32.904	22.100	14.300	13.500
Ótalið annars staðar	3.572	4.030	7.510	9.447	7.726
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.442	2.723	2.285	4.250	2.720
Útvarpsgjald	-	-	3.830	3.830	3.610
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.130	1.307	1.395	1.367	1.396
Tryggingagjöld	38.902	40.834	39.819	40.749	47.512
Eignarskattar	11.956	7.436	7.063	4.675	4.432
Skattar á vörur og þjónustu	200.732	190.953	180.947	170.567	201.461
Virðisaukaskattur	137.710	134.216	128.196	115.800	125.200
Almenn vörugjöld	19.281	18.870	19.243	20.484	23.624
Vörugjald af ökutækjum	11.208	6.826	2.103	1.730	1.400
Almennt vörugjald af bensíni	1.948	1.904	2.020	3.062	4.460
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.220	6.833	7.377	7.610	8.080
Olíugjald	6.224	5.921	6.481	5.913	6.480
Aðrir sértækir veltuskattar	7.899	8.444	7.294	7.379	6.879
Bifreiðagjald	4.435	4.701	5.193	5.160	5.570
Þungaskattur/kílómetragjald	1.341	1.028	1.397	877	780
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.466	2.210	1.644	2.553	2.988
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld	-	-	-	-	16.000
Aðrir skattar	2.786	3.687	3.581	4.125	4.757
II Aðrar rekstrartekjur	**39.555**	**54.668**	**30.413**	**53.803**	**43.277**
Arðgreiðslur	3.581	1.057	2.130	1.330	887
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	25.011	42.197	22.288	47.041	36.758
Neyslu- og leyfisgjöld	8.407	9.416	4.376	4.052	4.253
Annað	2.556	1.998	1.620	1.380	1.380
III Sala eigna	**20.480**	**2.832**	**6.300**	**1.050**	**600**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**2.251**	**1.494**	**1.453**	**1.494**	**1.481**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**14.845**	**-**	**-**	**-**	**-**
Heildartekjur ríkissjóðs	**486.129**	**471.884**	**402.499**	**406.910**	**468.245**
Sjóðshreyfing	**468.912**	**448.162**	**398.624**	**402.265**	**455.695**

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur[1] 2007	Reikningur[1] 2008	Fjárlög[1] 2009	Áætlun[1] 2009	Frumvarp 2010
Rekstrargjöld	**191.812**	**236.704**	**212.836**	**217.078**	**211.173**
Laun	106.072	118.490	123.542	122.504	118.912
Lífeyrisskuldbindingar	19.933	40.494	5.166	5.166	5.246
Fjármagnstekjuskattur	2.442	2.723	2.285	4.268	2.707
Önnur gjöld	93.679	114.692	115.578	118.016	116.542
Sértekjur	-30.314	-39.695	-33.736	-32.877	-32.235
Fjármagnskostnaður	**22.220**	**35.496**	**86.940**	**104.045**	**99.570**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**152.828**	**182.958**	**212.159**	**221.541**	**215.783**
Lífeyristryggingar	37.873	43.610	54.937	49.853	48.687
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.643	4.879	18.577	26.257	29.226
Sjúkratryggingar	17.694	22.158	25.130	27.481	22.841
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.830	12.394	11.157	11.800	11.653
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	9.123	10.416	10.802	10.802	10.757
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.861	7.902	9.602	10.545	10.503
Afskriftir skattkrafna	8.476	11.529	10.000	10.000	10.000
Fæðingarorlofssjóður	8.014	9.539	10.529	10.459	9.592
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.804	5.768	6.985	7.300	9.185
Barnabætur	7.888	8.875	10.100	10.520	9.100
Vaxtabætur	5.633	7.013	7.770	10.100	7.770
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.653	2.957	2.945	2.762	2.630
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	29.337	35.919	33.626	33.663	33.839
Viðhald	**6.350**	**7.029**	**8.909**	**8.854**	**7.605**
Vegakerfi	3.104	3.463	5.179	5.179	4.679
Annað	3.247	3.566	3.731	3.676	2.926
Stofnkostnaður	**18.313**	**26.594**	**28.832**	**29.987**	**17.131**
Vegakerfi	10.449	18.114	20.986	17.286	8.976
Háskólar og framhaldskólar	1.786	1.547	1.100	991	858
Heilbrigðisstofnanir	1.507	1.176	1.335	1.242	732
Flugvellir	441	1.297	258	1.158	258
Annað	4.131	4.460	5.154	9.310	6.307
Fjármagnstilfærslur	**5.999**	**199.082**	**5.965**	**7.675**	**4.342**
Ofanflóðasjóður	484	808	623	1.073	553
Leiguíbúðir	1.330	1.100	1.100	1.100	436
Hafnarframkvæmdir	1.026	1.464	472	472	462
Menningastofnanir	805	177	0	25	66
Tapaðar kröfur	0	192.185	0	0	0
Annað	2.354	3.347	3.770	5.006	2.826
Gjöld samtals	**397.522**	**687.863**	**555.641**	**589.181**	**555.603**

[1] Fjárhæðir aðlagaðar vegna flokkunar á Ríkisútvarpi og kirkjugörðum undir rekstur í stað tilfærslna áður

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Almenn opinber þjónusta	22.548	25.240	29.026	28.853	26.482
Löggæsla og öryggismál	17.495	21.646	19.614	24.016	20.500
Fræðslumál	38.059	43.471	45.950	46.172	46.604
Heilbrigðismál	97.994	112.143	116.397	120.770	113.015
Almannatryggingar og velferðarmál	81.169	96.477	127.292	132.180	131.048
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	5.397	5.655	5.378	5.976	4.728
Menningar- og kirkjumál	15.335	16.328	16.135	16.528	15.008
Eldsneytis- og orkumál	2.285	2.795	2.836	2.788	2.633
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	16.757	18.597	17.475	19.128	18.719
Iðnaðarmál	1.681	2.021	2.098	2.215	2.080
Samgöngumál	26.391	38.078	39.446	38.200	25.573
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	6.227	8.574	9.914	11.940	11.554
Önnur útgjöld ríkissjóðs	66.185	296.839	124.081	140.415	137.660
Samtals	**397.522**	**687.862**	**555.641**	**589.181**	**555.603**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Samtals	**124.360,1**	**237.725,1**	**5.933,9**	**220.385,1**	**588.404,2**	**-32.800,8**	**555.603,4**
Skipting eftir flokkun viðfangsefna							
Rekstur	124.158,4	116.331,7	2.917,2	-	243.407,3	-32.234,8	211.172,5
Fjármagnskostnaður	-	99.570,0	-	-	99.570,0	-	99.570,0
Tilfærslur	-	-	-	215.782,8	215.782,8	-	215.782,8
Viðhald	24,6	7.293,4	26,7	260,0	7.604,7	-	7.604,7
Stofnkostnaður	177,1	14.530,0	2.990,0	4.342,3	22.039,4	-566,0	21.473,4
Greitt úr ríkissjóði							456.666,6
Innheimt af ríkistekjum							93.758,8
Viðskiptahreyfingar							5.178,0
Skipting eftir ráðuneytum							
Æðsta stjórn ríkisins	**2.201,0**	**1.174,4**	**26,6**	**66,8**	**3.468,8**	**-55,4**	**3.413,4**
Rekstur	2.201,0	1.155,9	7,5	-	3.364,4	-55,4	3.309,0
Tilfærslur	-	-	-	66,8	66,8	-	66,8
Viðhald	-	15,0	-	-	15,0	-	15,0
Stofnkostnaður	-	3,5	19,1	-	22,6	-	22,6
Greitt úr ríkissjóði							3.413,4
Innheimt af ríkistekjum							-
Viðskiptahreyfingar							-
Forsætisráðuneyti	**485,3**	**399,9**	**11,0**	**134,9**	**1.031,1**	**-30,9**	**1.000,2**
Rekstur	476,3	266,5	11,0	-	753,8	-30,9	722,9
Tilfærslur	-	-	-	134,9	134,9	-	134,9
Viðhald	1,0	45,4	-	-	46,4	-	46,4
Stofnkostnaður	8,0	88,0	-	-	96,0	-	96,0
Greitt úr ríkissjóði							1.000,2
Innheimt af ríkistekjum							-
Viðskiptahreyfingar							-
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	**24.722,1**	**20.615,3**	**1.622,9**	**17.746,9**	**64.707,2**	**-5.876,6**	**58.830,6**
Rekstur	24.576,4	19.597,2	1.543,9	-	45.717,5	-5.776,6	39.940,9
Tilfærslur	-	-	-	16.691,0	16.691,0	-	16.691,0
Viðhald	12,1	119,6	-	-	131,7	-	131,7
Stofnkostnaður	133,6	898,5	79,0	1.055,9	2.167,0	-100,0	2.067,0
Greitt úr ríkissjóði							57.378,8
Innheimt af ríkistekjum							1.451,8
Viðskiptahreyfingar							-

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Utanríkisráðuneyti	**3.141,9**	**3.615,4**	**99,9**	**4.847,9**	**11.705,1**	**-71,9**	**11.633,2**
Rekstur	3.141,9	3.546,4	50,9	-	6.739,2	-71,9	6.667,3
Tilfærslur	-	-	-	4.847,9	4.847,9	-	4.847,9
Viðhald	-	39,0	6,0	-	45,0	-	45,0
Stofnkostnaður	-	30,0	43,0	-	73,0	-	73,0
Greitt úr ríkissjóði							11.270,2
Innheimt af ríkistekjum							363,0
Viðskiptahreyfingar							-
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	**2.628,0**	**2.964,1**	**146,4**	**14.267,4**	**20.005,9**	**-1.196,8**	**18.809,1**
Rekstur	2.592,8	2.891,4	76,4	-	5.560,6	-1.179,3	4.381,3
Tilfærslur	-	-	-	14.267,4	14.267,4	-	14.267,4
Viðhald	2,0	2,0	-	-	4,0	-	4,0
Stofnkostnaður	33,2	70,7	70,0	-	173,9	-17,5	156,4
Greitt úr ríkissjóði							16.255,0
Innheimt af ríkistekjum							2.554,1
Viðskiptahreyfingar							-
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	**12.988,1**	**8.255,1**	**1.938,4**	**3.033,2**	**26.214,8**	**-1.673,1**	**24.541,7**
Rekstur	12.988,1	7.953,0	123,3	-	21.064,4	-1.646,6	19.417,8
Tilfærslur	-	-	-	2.986,5	2.986,5	-	2.986,5
Viðhald	-	242,3	20,7	-	263,0	-	263,0
Stofnkostnaður	-	59,8	1.794,4	46,7	1.900,9	-26,5	1.874,4
Greitt úr ríkissjóði							23.880,5
Innheimt af ríkistekjum							661,2
Viðskiptahreyfingar							-
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	**8.593,8**	**26.940,5**	**331,5**	**103.417,1**	**139.282,9**	**-2.312,3**	**136.970,6**
Rekstur	8.593,8	26.810,8	39,8	-	35.444,4	-2.312,3	33.132,1
Tilfærslur	-	-	-	101.050,8	101.050,8	-	101.050,8
Viðhald	-	70,0	-	260,0	330,0	-	330,0
Stofnkostnaður	-	59,7	291,7	2.106,3	2.457,7	-	2.457,7
Greitt úr ríkissjóði							72.562,9
Innheimt af ríkistekjum							64.613,7
Viðskiptahreyfingar							-206,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Heilbrigðisráðuneyti	**45.982,6**	**27.552,4**	**655,6**	**24.457,8**	**98.648,4**	**-5.310,2**	**93.338,2**
Rekstur	45.982,6	26.816,7	401,2	-	73.200,5	-5.310,2	67.890,3
Tilfærslur	-	-	-	24.435,9	24.435,9	-	24.435,9
Viðhald	-	257,0	-	-	257,0	-	257,0
Stofnkostnaður	-	478,7	254,4	21,9	755,0	-	755,0
Greitt úr ríkissjóði							92.881,1
Innheimt af ríkistekjum							457,1
Viðskiptahreyfingar							-
Fjármálaráðuneyti	**14.516,2**	**15.816,3**	**499,6**	**30.128,6**	**60.960,7**	**-6.349,7**	**54.611,0**
Rekstur	14.516,2	11.542,3	112,1	-	26.170,6	-6.330,7	19.839,9
Tilfærslur	-	-	-	30.128,6	30.128,6	-	30.128,6
Viðhald	-	1.740,3	-	-	1.740,3	-	1.740,3
Stofnkostnaður	-	2.533,7	387,5	-	2.921,2	-19,0	2.902,2
Greitt úr ríkissjóði							44.026,5
Innheimt af ríkistekjum							2.465,5
Viðskiptahreyfingar							8.119,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	**2.980,5**	**25.893,9**	**320,2**	**15.030,3**	**44.224,9**	**-6.651,9**	**37.573,0**
Rekstur	2.980,5	11.133,6	295,8	-	14.409,9	-6.638,9	7.771,0
Tilfærslur	-	-	-	14.471,8	14.471,8	-	14.471,8
Viðhald	-	4.744,1	-	-	4.744,1	-	4.744,1
Stofnkostnaður	-	10.016,2	24,4	558,5	10.599,1	-13,0	10.586,1
Greitt úr ríkissjóði							21.336,4
Innheimt af ríkistekjum							16.161,6
Viðskiptahreyfingar							75,0
Iðnaðarráðuneyti	**1.308,5**	**1.385,8**	**27,7**	**3.899,2**	**6.621,2**	**-1.071,2**	**5.550,0**
Rekstur	1.308,5	1.385,8	27,7	-	2.722,0	-1.071,2	1.650,8
Tilfærslur	-	-	-	3.899,2	3.899,2	-	3.899,2
Viðhald	-	-	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-	-	-
Greitt úr ríkissjóði							5.198,7
Innheimt af ríkistekjum							351,3
Viðskiptahreyfingar							-

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	**1.870,9**	**559,5**	**53,3**	**583,0**	**3.066,7**	**-100,4**	**2.966,3**
Rekstur	1.870,9	559,5	53,3	-	2.483,7	-100,4	2.383,3
Tilfærslur	-	-	-	583,0	583,0	-	583,0
Viðhald	-	-	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-	-	-
Greitt úr ríkissjóði							1.224,3
Innheimt af ríkistekjum							1.742,0
Viðskiptahreyfingar							-
Umhverfisráðuneyti	**2.941,2**	**2.982,5**	**200,8**	**2.772,0**	**8.896,5**	**-2.100,4**	**6.796,1**
Rekstur	2.929,4	2.672,6	174,3	-	5.776,3	-1.710,4	4.065,9
Tilfærslur	-	-	-	2.219,0	2.219,0	-	2.219,0
Viðhald	9,5	18,7	-	-	28,2	-	28,2
Stofnkostnaður	2,3	291,2	26,5	553,0	873,0	-390,0	483,0
Greitt úr ríkissjóði							3.858,6
Innheimt af ríkistekjum							2.937,5
Viðskiptahreyfingar							-
Vaxtagjöld ríkissjóðs	**-**	**99.570,0**	**-**	**-**	**99.570,0**	**-**	**99.570,0**
Fjármagnskostnaður	-	99.570,0	-	-	99.570,0	-	99.570,0
Greitt úr ríkissjóði							102.380,0
Innheimt af ríkistekjum							-
Viðskiptahreyfingar							-2.810,0
Samtals	**124.360,1**	**237.725,1**	**5.933,9**	**220.385,1**	**588.404,2**	**-32.800,8**	**555.603,4**

Tafla 7 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2010**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	660	0	40	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	625	500	250	0
Íslenskar orkurannsóknir	-40	0	40	0
Samtals	**1.245**	**500**	**330**	**0**

Tafla 8 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2010**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.877	17.908	79	13.100
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	401	0	10	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	747	20.500	9	24.087
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	26	0	1	0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkis og verkam.	198	0	5	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.	414	35.000	25	41.690
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-19	90	2	0
Orkusjóður	7	0	0	0
Byggðastofnun	47	3.000	0	4.000
Samtals	**10.698**	**76.498**	**131**	**82.877**

Tafla 9 Eignir og skuldir ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Skuldir ríkissjóðs	**228.530**	**298.314**	**281.108**	**277.186**	**252.990**	**196.146**	**292.528**	**311.011**	**931.324**	**1.460.500**	**1.754.600**
Spariskírteini	68.898	64.243	50.818	47.402	37.910	26.063	17.664	17.410	19.713	21.400	21.600
Ríkisbréf	11.430	19.588	32.482	41.074	55.400	67.047	89.829	94.987	216.011	354.800	391.000
Ríkisvíxlar	5.970	12.003	12.004	20.504	14.504	14.004	6.254	13.550	73.625	60.000	60.000
Aðrir innlendir aðilar	2.907	4.191	3.799	3.977	3.888	3.624	3.604	30.713	34.422	35.300	34.800
Erlend lán	139.325	173.638	160.363	142.477	126.466	85.408	80.567	63.151	95.976	89.200	88.600
Lántaka vegna gjaldeyrisforða	0	24.651	21.642	21.752	14.822	0	94.610	91.200	221.572	233.700	232.200
Lán Norðurlanda og annarra þjóða [2]										73.700	326.100
Tapaðar veðlánakröfur Seðlabanka									270.005	292.400	300.300
Lántaka vegna eiginfjárframlags til banka [3]										300.000	300.000
Kröfur ríkissjóðs	**101.172**	**129.562**	**130.267**	**118.024**	**97.019**	**136.485**	**242.715**	**253.656**	**549.002**	**559.200**	**803.900**
Veitt lán	70.919	93.049	79.539	76.381	51.633	71.496	169.678	174.441	471.912	487.600	729.800
Lán tengd innlendu verðlagi	59.262	63.517	59.409	59.409	47.698	69.959	73.614	81.845	80.271	78.100	68.900
Gengisbundin lán	11.657	13.532	8.630	5.472	3.935	1.537	1.454	1.396	2.004	1.800	1.700
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka	0	16.000	11.500	11.500	0	0	94.610	91.200	213.964	223.300	222.100
Lán Norðurlanda og annarra þjóða										73.700	326.100
Yfirtekin tryggingarbréf									175.673	110.700	111.000
Viðskiptareikningar, nettó [4]	30.253	36.513	50.728	41.643	45.386	64.989	73.037	79.215	77.090	71.600	74.100
Handbært fé, nettó [5]	**16.830**	**18.046**	**16.468**	**16.848**	**24.384**	**50.814**	**92.384**	**104.299**	**184.192**	**187.000**	**127.000**
Hlutafé, eignarhlutir og stofnfé [6]	**74.657**	**92.778**	**93.323**	**90.825**	**94.607**	**87.423**	**102.671**	**191.880**	**197.755**	**503.000**	**503.000**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**127.358**	**168.752**	**150.841**	**159.162**	**155.971**	**59.661**	**49.813**	**57.355**	**382.322**	**901.300**	**950.700**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	44,3	43,4	46,3	42,6	38,3	69,6	83,0	81,6	58,9	38,3	45,8
Hrein staða ríkissjóðs [7]	**-110.528**	**-150.706**	**-134.373**	**-142.314**	**-131.587**	**-8.847**	**42.571**	**46.944**	**-198.130**	**-714.300**	**-823.700**
Hrein staða ríkissjóðs a.t.t.t. Eigna [7]	**-35.871**	**-57.928**	**-41.050**	**-51.489**	**-36.980**	**78.576**	**145.242**	**238.824**	**-375**	**-211.300**	**-320.700**

Sjá framhald á töflunni á næstu síðu

Tafla 9	Eignir og skuldir ríkissjóðs [1]										
Hlutfall af VLF, %[8]	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Tekin lán	**31,8**	**37,0**	**35,5**	**32,8**	**28,1**	**19,2**	**23,9**	**23,4**	**54,9**	**95,1**	**111,1**
Þar af erlend lán	19,0	24,5	23,5	19,5	16,3	8,6	14,1	11,7	16,5	26,0	41,6
Þar af lántaka vegna gjaldeyrisforða	0,0	2,0	1,5	1,4	0,0	0,0	7,6	6,9	11,1	14,6	14,3
Veitt lán	**10,1**	**11,5**	**9,8**	**9,0**	**5,5**	**6,8**	**13,9**	**13,1**	**27,2**	**31,8**	**46,7**
Þar af gengisbundin lán	1,6	3,7	2,6	2,0	0,5	0,2	7,7	7,0	11,3	19,6	35,4
Þar af lánveiting vegna gjaldeyrisforða	0,0	2,0	1,5	1,4	0,0	0,0	7,6	6,9	11,1	14,6	14,3
Viðskiptareikningar, nettó [4]	4,4	4,5	6,2	4,9	4,8	6,2	6,1	5,9	4,8	4,7	4,6
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**17,4**	**20,9**	**19,5**	**18,9**	**17,8**	**6,1**	**3,9**	**4,4**	**22,8**	**58,6**	**59,8**
Eignir ríkissjóðs	**27,8**	**30,3**	**29,4**	**26,7**	**23,0**	**26,4**	**36,5**	**41,5**	**56,9**	**82,8**	**91,5**
Hrein staða ríkissjóðs [7]	**-15,0**	**-18,6**	**-17,5**	**-16,9**	**-15,2**	**-1,3**	**3,8**	**3,4**	**-11,3**	**-46,4**	**-51,8**
Hrein staða ríkissjóðs a.t.t.t. Eigna [7]	**-4,0**	**-6,6**	**-6,1**	**-6,1**	**-5,0**	**7,2**	**12,6**	**18,2**	**2,1**	**-12,3**	**-19,6**

Skýringar

Skuldbindingar vegna Icesave eru ekki taldar með skuldum ríkissjóðs. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi eru til Seðlabanka og því ekki talin með hér.

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Gert ráð fyrir að lán vinaþjóða verði greidd í áföngum á árunum 2009-2010.

[3] Ríkissjóður fjármagnar eiginfjárframlag til nýrra fjármálastofnana með útgáfu ríkisskuldabréfa.

[4] Viðskiptahreyfingar taka til óinnheimtra skattekna, skammtímakrafna og skammtímaskulda.

[5] Handbært fé er staða A-hluta við Seðlabanka Íslands og aðrar innlánsstofnanir auk innistæðna í erlendum innlánsstofnunum og gjaldeyrisreikningum.

[6] Hlutafé, eignahlutir og stofnfé tekur til eigna ríkissjóðs í fyrirtækjum, stofnunum , sameignar- og hlutafélögum ásamt erlendu stofnfé.

[7] Hrein staða er skilgreind sem hreinar lántökur að viðbættu handbæru fé.

[8] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengi.

Tafla 10 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Heildarskuldir hins opinbera	**280.595**	**354.190**	**343.470**	**343.523**	**320.030**	**260.691**	**352.073**	**374.137**	**1.042.974**	**1.596.596**	**1.910.471**
Innlendar skuldir	124.502	133.613	134.011	150.973	153.531	154.395	156.241	199.785	678.439	1.142.931	1.198.785
Erlendar skuldir	156.093	220.577	209.459	192.550	166.499	106.296	195.832	174.352	364.535	453.665	711.686
Kröfur hins opinbera	**121.318**	**168.068**	**171.568**	**155.799**	**132.070**	**171.385**	**276.127**	**279.980**	**588.179**	**593.149**	**838.898**
Veitt lán	75.075	113.906	101.851	98.049	73.356	91.955	185.557	196.947	498.016	516.810	760.471
Skatta- og viðskiptakröfur	46.243	54.162	69.717	57.750	58.714	79.430	90.570	98.098	90.163	76.339	78.427
Hreinar skuldir hins opinbera	**159.277**	**186.122**	**171.902**	**187.724**	**187.960**	**89.306**	**75.946**	**94.157**	**454.795**	**1.003.447**	**1.071.573**
Ríkissjóður	127.358	168.752	150.841	159.162	155.971	59.661	49.813	57.355	382.322	901.300	950.700
Bæjar- og sveitarfélög	38.915	26.627	30.610	35.837	37.455	37.406	41.524	36.922	82.102	103.032	121.153
Almannatryggingar	-6.996	-9.257	-9.549	-7.275	-5.466	-7.761	-15.391	-15.185	-9.629	-885	-281
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	259.863	287.518	300.003	297.813	285.340	228.942	279.739	295.080	566.279	809.032	945.206
Hreinar skuldir hins opinbera	148.821	148.946	156.254	169.445	182.406	101.581	53.478	48.989	253.731	518.996	542.326
Hlutfall af VLF, % [3]											
Skuldir hins opinbera	**39,2**	**43,9**	**43,3**	**40,6**	**35,4**	**25,4**	**28,8**	**28,3**	**61,3**	**103,9**	**121,0**
Innlendar skuldir	17,9	16,6	16,3	17,7	16,2	14,7	13,1	15,0	42,3	74,2	75,2
Erlendar skuldir	21,3	27,3	27,0	22,9	19,2	10,7	15,7	13,3	19,0	29,7	45,8
Kröfur hins opinbera	**17,4**	**20,9**	**21,1**	**18,3**	**14,0**	**16,3**	**22,5**	**22,2**	**32,3**	**38,9**	**54,4**
Hreinar skuldir hins opinbera	**21,8**	**23,0**	**22,2**	**22,3**	**21,4**	**9,1**	**6,3**	**7,2**	**29,1**	**65,1**	**66,5**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við gengisvísitölu; hvort tveggja á ársloka verðlag.

[3] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengis

Tafla 11

	Fjárlög 2009 [1]	Áætlun 2009 [2]	Fjárlög 2010 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-23,7	-17,4	-6,1
Samneysla	2,9	-1,9	-1,3
Fjárfesting	-32,2	-45,5	10,2
Þjóðarútgjöld alls	-19,6	-20,3	-2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	2,7	-1,4	2,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-22,3	-30,0	-1,8
Verg landsframleiðsla	-9,6	-8,4	-1,9
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	6,6	-7,0	0,8
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	-0,5	0,3	-7,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-12,6	-10,4	-11,4
Vísitala neysluverðs	13,8	11,9	5,0
Launavísitala	0,6	3,5	2,6
Gengisvísitala	16,1	34,2	5,0
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	5,7	8,6	10,6

[1] Uppfærð þjóðhagsspá í desember 2008.
[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2009.

Tafla 12

	Fjárlög 2009 [1]	Áætlun 2009 [2]	Fjárlög 2010 [2]
Helstu þjóðhagsstærðir, mia. kr.			
Einkaneysla	684,6	745,1	737,6
Samneysla	400,7	375,0	378,2
Fjárfesting	249,9	235,9	277,9
Þjóðarútgjöld alls	1.331,9	1.359,8	1.393,8
Útflutningur vöru og þjónustu	885,1	747,9	854,9
Innflutningur vöru og þjónustu	646,9	633,9	687,0
Verg landsframleiðsla	1.570,1	1.473,8	1.561,7
Viðskiptajöfnuður	103,2	-102,9	12,2

[1] Uppfærð þjóðhagsspá í desember 2008.
[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2009.

Tafla 13 **Afkoma ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni** [1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010
Heildartekjur	**476,6**	**416,2**	**479,1**
Skattar á tekjur og eignir	199,1	158,2	200,8
Skattar á framl. og innfl.	202,7	176,7	206,4
Vaxtatekjur	40,1	45,2	35,1
Aðrar tekjur	7,3	8,0	7,9
Sala á vöru og þjónustu	27,5	28,2	29,0
Heildarútgjöld	**668,3**	**669,4**	**628,7**
Rekstrarkostnaður	224,4	231,3	234,5
þar af samneysla	196,9	202,9	205,1
Vaxtagjöld [2]	41,3	177,9	162,0
Framleiðslustyrkir	23,2	24,1	24,8
Tekjutilfærslur	145,4	186,1	173,6
Önnugjöld	18,5	25,9	26,9
Verg fjármyndun	30,8	33,5	21,4
Afskriftir(-)	-19,9	21,3	22,2
Fjármagnstilfærslur	204,4	11,7	7,6
Tekjuafgangur	**-191,7**	**-253,2**	**-149,5**
Hlutfall af VLF, %			
Heildartekjur	32,3	28,2	30,7
Heildarútgjöld	45,3	45,4	40,3
Tekjuafgangur	-13,0	-17,2	-9,6
Skatttekjur	27,2	22,7	26,1
Samneysla	13,3	13,8	13,1

[1] Uppgjör þetta fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

[2] Reiknað með mati á vaxtagjöldum af IceSave skuldbindingum og verðbótum af skuldabréfi til endurfjármögnunar á Seðlabanka Íslands.

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2010 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**422.887,1**	**412.727,2**
Skattar á tekjur einstaklinga	143.500,0	141.200,0
Skattar á tekjur lögaðila	13.500,0	10.000,0
Tryggingagjöld	47.511,7	46.315,5
Eignarskattar	4.432,1	4.402,1
Virðisaukaskattur	125.200,0	122.800,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	76.260,5	76.150,4
Skattar ótaldir annars staðar	12.482,8	11.859,2
Aðrar rekstrartekjur	**43.277,4**	**40.888,8**
Arðgreiðslur	887,0	887,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	36.758,0	34.370,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.632,4	5.631,6
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**1.480,5**	**1.479,0**
Tekjur alls	**468.245,0**	**455.695,0**
Æðsta stjórn ríkisins	3.413,4	3.413,4
Forsætisráðuneyti	1.000,2	1.000,2
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	58.830,6	58.830,6
Utanríkisráðuneyti	11.633,2	11.633,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.809,1	18.809,1
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	24.541,7	24.541,7
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	136.970,6	137.176,6
Heilbrigðisráðuneyti	93.338,2	93.338,2
Fjármálaráðuneyti	54.611,0	46.492,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	37.573,0	37.498,0
Iðnaðarráðuneyti	5.550,0	5.550,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	2.966,3	2.966,3
Umhverfisráðuneyti	6.796,1	6.796,1
Vaxtagjöld ríkissjóðs	99.570,0	102.380,0
Samtals	**555.603,4**	**550.425,4**
Tekjujöfnuður	**-87.358,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2010 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-87.358,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-7.507,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-72,2
Viðskiptaskuldir, (breyting)	108,0
Handbært fé frá rekstri	**-94.830,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-270.000,0
Veitt önnur löng lán	-13.100,0
Afborganir veittra lána	20.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-263.400,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-358.230,4**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands	270.000,0
Önnur löng lán	180.000,0
Afborganir lána	-135.000,0
Fjármögnun samtals	**315.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-43.230,4**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2010 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	660,0	0,0	40,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	625,4	500,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-40,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**1.245,4**	**500,0**	**330,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2010 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.876,8	17.908,0	79,0	13.100,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	401,0	0,0	10,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	747,0	20.500,0	9,0	24.087,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	26,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	198,0	0,0	5,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	414,0	35.000,0	25,0	41.690,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-19,0	90,0	2,0	0,0
Orkusjóður	6,6	0,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	46,9	3.000,0	0,0	4.000,0
Samtals	**10.697,3**	**76.498,0**	**131,0**	**82.877,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 450.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 283.100 m.kr. til eftirtalinna aðila:

   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 13.100 m.kr.
   2.2 Seðlabanka Íslands allt að 270.000 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2010 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 25.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 41.690 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 24.087 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 4.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.

   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.5 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.6 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.7 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.8 Að selja fasteignina Stekkjartröð 1, Fljótsdalshéraði, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.9 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.10 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.11 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.12 Að selja húsnæði Háskólans á Akureyri við Þingvallastræti, Akureyri, og ráðstafa andvirðinu til nýbyggingar skólans.
2.13 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.14 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.15 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.

3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27.
3.8 Að selja sendiherrabústað í New York og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.9 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.10 Að selja sendiherrabústað í London og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.11 Að selja sendiherrabústað í Tokyo og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í Bárugötu 19, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.5 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.6 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.7 Að selja landspildu úr Geitasandi, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.8 Að selja landspildur við Þorlákshöfn, og ráðstafa andvirðinu til landgræðslu á svæðinu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.4 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.6 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.8 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraða í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.10 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.

6.11 Að kaupa eða leigja land við flugvöllinn á Stóra-Kroppi.
6.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands og Vatnamælingar.
6.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2010 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2010, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að semja um byggingu og rekstur Vaðlaheiðarganga.
7.5 Að semja um byggingu og rekstur á hluta Suðurlandsvegar á milli Reykjavíkur og Hveragerðis.
7.6 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.7 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.8 Að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði vegna málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum um lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar erlends stjórnvalds sem beint var að íslenskum lögaðila, eða lögaðilum, á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, ef ætla má að með málshöfðuninni fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.
7.9 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.10 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.11 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1	Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga	143.500,0	141.200,0
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	13.500,0	10.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.720,0	2.480,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.396,1	1.368,1
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.610,0	3.370,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.726,1**	**7.218,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**164.726,1**	**158.418,1**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	31.129,8	30.346,9
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	16.321,9	15.908,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**47.511,7**	**46.315,5**
	Tryggingagjöld	**47.511,7**	**46.315,5**

3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	1.477,1	1.428,1
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.400,3	2.340,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**3.877,4**	**3.768,1**

4 Eignarskattar

4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.090,0	1.060,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	2.800,0	2.800,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	542,1	542,1
	Eignarskattar	**4.432,1**	**4.402,1**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	125.200,0	122.800,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.540,0	3.540,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.480,0	1.450,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.400,0	1.400,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.460,0	4.460,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	8.080,0	8.080,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.480,0	6.480,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	30,5	30,5
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	520,0	520,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.299,2	10.289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.760,0	4.760,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.993,9	2.993,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.410,0	4.350,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.459,7	2.459,7
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**176.123,0**	**173.622,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	5.570,0	5.550,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	780,0	790,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	290,0	290,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	87,2	87,2
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	575,3	575,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.180,0	1.180,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	240,0	240,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	584,1	584,1
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.337,5**	**9.327,5**
5.3.1	Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld	16.000,0	16.000,0
	Skattar á vörur og þjónustu	**201.460,5**	**198.950,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	300,0	300,0
6.1.15	Markaðsgjald	369,3	363,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**669,3**	**663,0**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	210,0	210,0
	Aðrir skattar	**879,3**	**873,0**
	Skatttekjur, samtals	**422.887,1**	**412.727,2**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	887,0	887,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.540,0	1.390,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	16.007,0	15.682,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	19.150,8	17.238,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	60,2	60,2
	Aðrar eignatekjur	**36.758,0**	**34.370,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**37.645,0**	**35.257,2**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	630,0	630,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	211,0	211,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.757,0	1.757,0
9.1.3.35	Ýmislegt	451,9	451,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	251,2	251,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,7	49,7
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.252,7**	**4.251,9**
	Ýmsar tekjur	**4.252,7**	**4.251,9**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	600,0	600,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	660,0	660,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.295,0**	**1.295,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**43.277,4**	**40.888,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	190,5	189,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**680,5**	**679,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	415,0	415,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	385,0	385,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.480,5**	**1.479,0**
	Fjárframlög, samtals	**1.480,5**	**1.479,0**
	Heildartekjur samtals	**468.245,0**	**455.695,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	160,8
1.81 Opinberar heimsóknir	24,9
Almennur rekstur samtals	185,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**186,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	186,7

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	814,4
1.02 Framlög til þingflokka	65,0
1.03 Fastanefndir	15,9
1.04 Alþjóðasamstarf	144,2
1.06 Almennur rekstur	868,0
1.07 Sérverkefni	47,6
1.10 Rekstur fasteigna	276,8
Almennur rekstur samtals	2.231,9
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	14,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	22,6
Gjöld samtals	**2.268,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,1
Gjöld umfram tekjur	**2.246,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.246,4

00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnefnd 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 211,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,1

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 136,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,9

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 113,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,5

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 452,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -33,3

Gjöld umfram tekjur **418,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 418,8

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur 3.413,4
Greitt úr ríkissjóði 3.413,4
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	320,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	320,4

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	5,1
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,5
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	30,2
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	29,6
1.90 Ýmis verkefni	23,7
Almennur rekstur samtals	205,9
Gjöld samtals	**205,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	205,9

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	57,3

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 44,4

Gjöld samtals **101,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,7

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,1

Stofnkostnaður:
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins 18,0

Gjöld samtals **24,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,1

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 39,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,4

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 16,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,2

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 53,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,2

m.kr.

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögmaður	71,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**65,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,5

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	74,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteignir	2,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	31,0
Gjöld samtals	**107,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,1
Gjöld umfram tekjur	**82,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,3

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:	
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	39,5
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	47,0
Gjöld samtals	**86,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,5

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 1.000,2
Greitt úr ríkissjóði 1.000,2
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	624,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**621,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	621,1

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	9,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,6

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	11.693,0
1.13 Háskólasjóður	112,0
Almennur rekstur samtals	11.805,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	375,0
Gjöld samtals	**12.220,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.403,0
Gjöld umfram tekjur	**9.817,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.882,0
Innheimt af ríkistekjum	935,0

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	369,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-169,5
Gjöld umfram tekjur	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,9
Innheimt af ríkistekjum	5,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	855,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-483,7
Gjöld umfram tekjur	**372,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	372,2

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	307,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,3
Gjöld umfram tekjur	**260,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	260,2

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.695,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -331,0

Gjöld umfram tekjur **1.364,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.300,6
Innheimt af ríkistekjum 63,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 1.028,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -506,4

Gjöld umfram tekjur **522,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 496,0
Innheimt af ríkistekjum 26,2

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 403,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **426,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -172,9

Gjöld umfram tekjur **253,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,2
Innheimt af ríkistekjum 8,0

m.kr.

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 167,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -45,4

Gjöld umfram tekjur **121,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,6
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Bifröst 329,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 329,4

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík 2.067,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.067,0

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 635,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 635,1

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 230,0

	m.kr.
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	20,0
Almennur rekstur samtals	250,0
Gjöld samtals	**250,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-75,7
Gjöld umfram tekjur	**174,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,3

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	153,7
1.12 Launatengd gjöld	28,2
Almennur rekstur samtals	181,9
Gjöld samtals	**181,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,9

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:	
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	315,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	315,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður	834,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**815,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	815,0

m.kr.

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 145,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **115,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 115,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 5,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 115,0
6.15 Kennaraháskóli Íslands 10,0
Stofnkostnaður samtals 130,0

Gjöld samtals **135,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 11,6
1.73 Reykjavíkurakademían 16,2

m.kr.

1.80 Vísindastarfsemi	24,0
1.90 Háskólastarfsemi	85,5
1.91 Háskólar, óskipt	16,7
Almennur rekstur samtals	174,0
Gjöld samtals	**174,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,0

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	488,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**476,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	469,2
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	522,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**502,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	495,7
Innheimt af ríkistekjum	6,3

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	176,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,4

Gjöld umfram tekjur **158,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,3
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 741,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -31,3

Gjöld umfram tekjur **710,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 700,8
Innheimt af ríkistekjum 9,6

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Sund 444,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -21,2

Gjöld umfram tekjur **423,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 417,5
Innheimt af ríkistekjum 6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 304,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -20,1

Gjöld umfram tekjur **284,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 282,1
Innheimt af ríkistekjum 2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum 286,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -15,8

Gjöld umfram tekjur **270,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 267,5
Innheimt af ríkistekjum 2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 763,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -75,6

Gjöld umfram tekjur **688,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 679,7
Innheimt af ríkistekjum 8,3

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík 328,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -24,7

Gjöld umfram tekjur **303,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 298,8
Innheimt af ríkistekjum 4,7

m.kr.

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	51,8
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**61,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**61,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,2

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri	35,0
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum	15,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
6.72 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	33,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Stofnkostnaður samtals	627,0
Gjöld samtals	**627,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	627,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	106,0

	m.kr.
1.12 Orlof kennara	175,4
1.14 Sérkennsla	40,1
1.15 Prófkostnaður	98,7
1.16 Nýjungar í skólastarfi	27,1
1.17 Námsskrárgerð	39,1
1.18 Námsefnisgerð	125,1
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	201,7
1.21 Nám tannsmiða	13,3
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	5,9
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	29,4
1.28 Mat á skólastarfi	85,6
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,6
1.30 Endurmenntun	37,2
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	21,9
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	22,9
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	8,0
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	42,0
1.39 Nám í listdansi	115,4
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	114,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	188,4
Almennur rekstur samtals	1.508,3
Gjöld samtals	**1.508,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.507,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.507,9

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	943,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-85,6
Gjöld umfram tekjur	**857,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 848,1
Innheimt af ríkistekjum 9,5

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla 794,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -96,3

Gjöld umfram tekjur **698,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 690,0
Innheimt af ríkistekjum 8,4

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 538,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -34,8

Gjöld umfram tekjur **503,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 497,0
Innheimt af ríkistekjum 6,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 683,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -40,5

Gjöld umfram tekjur **643,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 636,0
Innheimt af ríkistekjum 7,3

m.kr.

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	509,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,4
Gjöld umfram tekjur	**475,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	470,4
Innheimt af ríkistekjum	4,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	178,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**174,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,9
Innheimt af ríkistekjum	1,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	346,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,2
Gjöld umfram tekjur	**315,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	312,7
Innheimt af ríkistekjum	2,9

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	761,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-75,1
Gjöld umfram tekjur	**686,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	679,4
Innheimt af ríkistekjum	7,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	241,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,5
Gjöld umfram tekjur	**221,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,9
Innheimt af ríkistekjum	1,6

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.079,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**1.019,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.009,0
Innheimt af ríkistekjum	10,0

m.kr.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	491,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,3
Gjöld umfram tekjur	**461,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	455,7
Innheimt af ríkistekjum	5,7

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	122,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,2
Gjöld umfram tekjur	**110,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,8
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	138,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**132,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,6
Innheimt af ríkistekjum	1,1

m.kr.

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	193,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,4
Gjöld umfram tekjur	**179,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,4
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	874,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,4
Gjöld umfram tekjur	**810,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	802,2
Innheimt af ríkistekjum	8,7

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	204,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**196,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	195,3
Innheimt af ríkistekjum	1,5

m.kr.

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar 121,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,0

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut 158,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,0

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ 38,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,4

Gjöld umfram tekjur **36,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,2
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð 22,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **22,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,2
Innheimt af ríkistekjum 0,1

m.kr.

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 85,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,4

Gjöld umfram tekjur **67,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,3

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 240,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,7

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 88,3
1.11 Símenntun og fjarkennsla 6,6
1.12 Námskeið og ráðgjöf 610,9
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar 16,0
1.15 Mímir, símenntun 14,0
1.20 Háskólasetur í Vestmannaeyjum 24,5
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi 21,2
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða 18,4
1.23 Farskóli Norðurlands vestra 26,1
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar 18,4
1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga 32,4
1.26 Þekkingarnet Austurlands 41,9
1.27 Fræðslunet Suðurlands 21,2
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum 21,2
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja 21,2
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík 14,0
1.31 Fræða- og þekkingarsetur 70,4

m.kr.

1.32 Háskólasetur Vestfjarða	48,0
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,9
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	130,7
Almennur rekstur samtals	1.255,3
Gjöld samtals	**1.255,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.255,3

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	1.668,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.668,5

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	655,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,8
Gjöld umfram tekjur	**605,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	601,2
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	28,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,9

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	27,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,0

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 903,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 903,8

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 67,2
1.34 Sprotasjóður 50,4
1.37 Endurmenntun 24,4
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 55,3
Almennur rekstur samtals 197,3

Gjöld samtals **197,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 197,3

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 472,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,6

Gjöld umfram tekjur **455,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 455,2

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 9.185,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.185,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 408,1
1.10 Skólaakstur 64,6
Almennur rekstur samtals 472,7

Gjöld samtals **472,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 472,7

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 89,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,9

Gjöld umfram tekjur **86,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,3

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 390,1

Viðhaldsverkefni:
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins 70,0

Gjöld samtals **460,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,3

Gjöld umfram tekjur **404,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 404,8

m.kr.

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	227,5
1.11 Héraðsskjalasöfn	14,5
Almennur rekstur samtals	242,0
Gjöld samtals	**242,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,3
Gjöld umfram tekjur	**218,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,7

02-904 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	104,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**93,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,6

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	771,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-121,8
Gjöld umfram tekjur	**649,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	649,4

m.kr.

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	18,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**16,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,9

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	172,5
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,5
Almennur rekstur samtals	178,0
Gjöld samtals	**178,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,1
Gjöld umfram tekjur	**160,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,9

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasafn Íslands	50,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,2

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	86,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**79,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,6

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúruminjasafn Íslands 20,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,6

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins 34,4

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Gjöld samtals **36,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,8

Gjöld umfram tekjur **33,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,1

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Safnasjóður 94,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,2

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.11 Nýlistasafn 8,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 8,5

	m.kr.
1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands	8,5
1.15 Hönnunarsafn Íslands	8,8
1.90 Söfn, ýmis framlög	39,5
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	94,7
Almennur rekstur samtals	168,0
Stofnkostnaður:	
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	17,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	50,8
Stofnkostnaður samtals	67,8
Gjöld samtals	**235,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
6.21 Endurbætur menningarstofnana	54,9
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	70,0
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.82 Geymsluhúsnæði safna	70,0
6.83 Lækningaminjasafn Íslands	25,0
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	287,9
Gjöld samtals	**287,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	3.218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.218,0

m.kr.

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 127,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,3

Gjöld umfram tekjur **119,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,4

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 907,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -208,7

Gjöld umfram tekjur **698,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 698,3

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 692,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -67,8

Gjöld umfram tekjur **625,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 512,6
Innheimt af ríkistekjum 112,5

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 37,6

m.kr.

1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	0,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
Almennur rekstur samtals	52,5
Gjöld samtals	**52,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9
Innheimt af ríkistekjum	51,6

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:	
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	368,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	368,1

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	73,9
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	93,3
Gjöld samtals	**167,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,0
Gjöld umfram tekjur	**49,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,2

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	7,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,1

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands 73,5
1.10 Kvikmyndasjóðir 390,0
Almennur rekstur samtals 463,5

Gjöld samtals **463,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 463,5

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 25,5
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 14,4
1.18 Bókmenntasjóður 42,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 11,4
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 4,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 60,4
1.25 Tónlistarsjóður 45,9
1.27 Tónlist fyrir alla 6,3
1.28 Barnamenningarsjóður 4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin 11,6
1.30 Íslenska óperan 140,6
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál 265,0
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011 100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 45,4
1.80 Listahátíð í Reykjavík 32,4
1.90 Listir 5,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt 11,6
Almennur rekstur samtals 826,2

Gjöld samtals **826,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 826,2

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	9,1
1.11 Styrkir til útgáfumála	20,8
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,5
1.52 Skriðuklaustur	16,7
1.53 Snorrastofa	17,4
1.54 Fornleifasjóður	19,1
Almennur rekstur samtals	103,8
Gjöld samtals	**103,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,8

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	7,3
1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	11,8
Almennur rekstur samtals	19,1
Gjöld samtals	**19,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,1

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	25,4
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	47,5
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	1.379,0
Almennur rekstur samtals	1.451,9
Gjöld samtals	**1.451,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.451,9

m.kr.

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,6
1.12 Ungmennafélag Íslands	104,7
1.13 Bandalag íslenskra skáta	30,2
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,6
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,6
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	30,2
1.18 Æskulýðsrannsóknir	6,0
1.19 Æskulýðssjóður	7,5
1.90 Æskulýðsmál	11,9
Almennur rekstur samtals	200,3
Gjöld samtals	**200,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,3

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	145,5
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	57,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,1
1.15 Skólaíþróttir	2,5
1.16 Íþróttasjóður	15,2
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,2
1.20 Glímusamband Íslands	4,1
1.21 Skáksamband Íslands	13,9
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	18,4
1.25 Skákskóli Íslands	7,8
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	25,5
1.30 Bridgesamband Íslands	11,2
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	338,4
Gjöld samtals	**338,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,4

m.kr.

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.13 Útvarpsréttarnefnd	10,2
1.52 Grænlandssjóður	1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	4,3
1.90 Ýmis framlög	81,4
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	131,7
Almennur rekstur samtals	228,6
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	100,9
Gjöld samtals	**329,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**328,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	328,5

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**58.830,6**
Greitt úr ríkissjóði	**57.378,8**
Innheimt af ríkistekjum	**1.451,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.091,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,2
Gjöld umfram tekjur	**1.060,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.060,0

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	354,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**351,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	351,9

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	7,6
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	7,0
1.26 Nám í heimskautarétti	1,2
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,2
1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	250,0
Almennur rekstur samtals	287,2
Gjöld samtals	**287,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,2

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmálastofnun 933,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 30,0

Gjöld samtals **963,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 963,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 2.788,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 45,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 43,0

Gjöld samtals **2.876,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -32,0

Gjöld umfram tekjur **2.844,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.844,0

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	122,0
1.11 Þróunaraðstoð	1.256,0
Almennur rekstur samtals	1.378,0
Gjöld samtals	**1.378,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.378,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	192,2
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	10,0
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	24,5
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	130,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	150,8
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	118,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	250,9
1.41 Íslensk friðargæsla	253,3
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	425,8
Almennur rekstur samtals	1.555,5
Gjöld samtals	**1.555,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**1.549,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.549,3

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	109,0

m.kr.

1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	258,2
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	18,0
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	14,9
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	7,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	13,8
1.39 Evrópuráðið	61,6
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	91,3
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	103,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	97,2
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	155,4
1.72 EFTA-dómstóllinn	50,7
1.73 Þróunarsjóður EFTA	1.493,0
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	53,4
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	2,5
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	282,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0
Almennur rekstur samtals	2.831,8
Gjöld samtals	**2.831,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.831,8

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	363,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	363,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**11.633,2**
Greitt úr ríkissjóði	**11.270,2**
Innheimt af ríkistekjum	**363,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	472,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,7
Gjöld umfram tekjur	**452,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	452,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	1,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	2,0
1.21 Landþurrkun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	30,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	9,3
1.34 Eldi sjávardýra	19,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	10,0
1.36 Matvælasetur	6,4
1.49 Úrskurðarnefndir	25,8
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	16,4
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	95,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	11,5
1.90 Ýmis verkefni	52,3
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	116,0
Almennur rekstur samtals	401,8
Gjöld samtals	**401,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,4
Gjöld umfram tekjur	**378,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,4

m.kr.

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 785,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,7

Gjöld umfram tekjur **766,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 723,7
Innheimt af ríkistekjum 42,7

04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 14,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,2

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun 1.002,0

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **1.006,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,0

Gjöld umfram tekjur **951,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 757,6
Innheimt af ríkistekjum 193,4

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar 127,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 127,8

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Suðurlandsskógar 101,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,7

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Vesturlandsskógar 55,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,2

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum 43,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,5

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandsskógar 94,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,6

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 1.974,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -617,9

Gjöld umfram tekjur **1.356,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.356,8

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 213,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -106,1

Gjöld umfram tekjur **107,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,3

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 461,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 461,4

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins 236,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -201,0

Gjöld umfram tekjur **35,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 35,0

04-415 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:
1.10 Sjóður til síldarrannsókna 7,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 305,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 305,8

04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 27,8

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 24,6

Gjöld samtals **52,4**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -43,0

Gjöld umfram tekjur **9,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 61,4

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,1

Gjöld umfram tekjur **57,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,3

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar 153,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 153,9

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:
1.11 Bændur græða landið 34,1
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar 23,2
Almennur rekstur samtals 57,3

Gjöld samtals **57,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,3

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 28,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **25,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,3

m.kr.

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.681,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	115,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	139,0
1.06 Gripagreiðslur	553,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	161,0
Almennur rekstur samtals	5.649,0
Gjöld samtals	**5.649,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.649,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.122,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	63,0
1.11 Gæðastýring	1.110,0
1.12 Ullarnýting	371,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	347,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	53,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	99,0
Almennur rekstur samtals	4.165,0
Gjöld samtals	**4.165,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.165,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	227,6
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	164,5
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	29,2
Almennur rekstur samtals	421,3
Gjöld samtals	**421,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 421,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt 436,4
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni 85,0
Almennur rekstur samtals 521,4

Gjöld samtals **521,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 521,4

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 320,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 320,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 222,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -74,0

Gjöld umfram tekjur **148,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,1

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 312,0
Almennur rekstur samtals 405,0

Gjöld samtals **405,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 405,0

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 1.400,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.400,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 149,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **147,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 147,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 26,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,6

Gjöld umfram tekjur **11,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,0

m.kr.

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-853 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 18.809,1
Greitt úr ríkissjóði 16.255,0
Innheimt af ríkistekjum 2.554,1
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	329,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**324,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	324,0

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	25,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	23,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,9

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	76,4
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	22,1
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	16,4
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	107,6
1.28 Neytendasamtökin	8,5
1.40 Alþjóðasamstarf	13,1
1.45 Mannréttindamál	18,0
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.90 Ýmislegt	5,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	37,3
Almennur rekstur samtals	313,9
Gjöld samtals	**313,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-42,1
Gjöld umfram tekjur	**271,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	270,3
Innheimt af ríkistekjum	1,5

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	106,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,5
Gjöld umfram tekjur	**99,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,0

m.kr.

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	941,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**935,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	935,4

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	673,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-292,7
Gjöld umfram tekjur	**380,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,5

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	240,8
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	249,1
Gjöld samtals	**249,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,5
Gjöld umfram tekjur	**235,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,6

m.kr.

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	70,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	68,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**65,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,8

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	132,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,7

06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	315,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	315,5

m.kr.

06-313 Lögreglan

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglan	7.383,0
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	279,0
Almennur rekstur samtals	7.662,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	162,0
Gjöld samtals	**7.824,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-700,0
Gjöld umfram tekjur	**7.124,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.124,0

06-325 Samræmd neyðarsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Samræmd neyðarsvörun	290,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,9

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	12,8
1.16 Efling almennrar löggæslu	150,0
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	29,4
Almennur rekstur samtals	192,2
Gjöld samtals	**192,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,2

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 2.610,0

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 253,0

Gjöld samtals **2.863,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -80,0

Gjöld umfram tekjur **2.783,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.783,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 1.674,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,5

Gjöld umfram tekjur **1.655,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.655,8

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 122,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 122,3

m.kr.

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 220,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,1

06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins 706,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,7

Gjöld umfram tekjur 694,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 694,6

06-442 Sýslumaður Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Vesturlands 215,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 215,3

06-443 Sýslumaður Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Vestfjarða 184,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 184,1

06-445 Sýslumaður Norðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Norðurlands 419,1
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar 15,9
Almennur rekstur samtals 435,0

Gjöld samtals 435,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,2

Gjöld umfram tekjur **433,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 433,8

06-446 Sýslumaður Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Austurlands 171,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,4

Gjöld umfram tekjur **171,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,5

06-447 Sýslumaður Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Suðurlands 264,4
1.05 Lögbirtingablað 23,2
Almennur rekstur samtals 287,6

Gjöld samtals **287,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,1

Gjöld umfram tekjur **285,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 262,3
Innheimt af ríkistekjum 23,2

06-448 Sýslumaður Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaður Suðurnesja 145,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,1

Gjöld umfram tekjur **145,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,1

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 10,8
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 119,8
Almennur rekstur samtals 130,6

Gjöld samtals **130,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,6

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 1.199,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fangelsisbygginga 10,0

Gjöld samtals **1.209,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -75,6

Gjöld umfram tekjur **1.133,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.133,4

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 15,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-601 Fasteignaskrá Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignaskrá Íslands 568,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -73,0

Gjöld umfram tekjur **495,2**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 495,2

06-605 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 464,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -167,3

Gjöld umfram tekjur **297,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 181,7
Innheimt af ríkistekjum 115,5

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 1.390,9

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 11,4
6.22 Hallgrímskirkja 17,8
6.23 Hóladómkirkja 5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 5,4
Stofnkostnaður samtals 39,6

Gjöld samtals **1.430,5**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-82,8
Gjöld umfram tekjur	**1.347,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.347,7

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	257,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	257,4

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	917,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	917,7

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.800,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	240,0
Almennur rekstur samtals	2.040,0
Gjöld samtals	**2.040,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.040,0

m.kr.

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	333,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,0

06-801 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	155,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,0
Gjöld umfram tekjur	**143,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,7
Innheimt af ríkistekjum	25,8

06-805 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:	
1.01 Talsmaður neytenda	15,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**24.541,7**
Greitt úr ríkissjóði	**23.880,5**
Innheimt af ríkistekjum	**661,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	351,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,1
Gjöld umfram tekjur	**319,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	319,0

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	47,6
1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	1,9
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	8,0
1.90 Ýmislegt	96,6
Almennur rekstur samtals	154,1
Gjöld samtals	**154,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,1

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	436,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	642,0
Viðskiptahreyfingar	-206,0

m.kr.

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	61,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**59,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,4

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisstofa	79,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,7
Gjöld umfram tekjur	**60,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,5

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	491,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-52,0
Gjöld umfram tekjur	**439,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,6
Innheimt af ríkistekjum	184,8

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	510,3

m.kr.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	445,1
Almennur rekstur samtals	955,4
Gjöld samtals	**955,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	955,4

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	907,4
Almennur rekstur samtals	1.007,8
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	60,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	61,0
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	255,5
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	135,8
Stofnkostnaður samtals	562,3
Gjöld samtals	**1.570,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-387,9
Gjöld umfram tekjur	**1.182,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.182,2

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	260,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	1.108,0
Gjöld samtals	**1.368,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,1
Innheimt af ríkistekjum 1.368,1

07-521 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.917,5
1.11 Dvalarrými 206,1
Almennur rekstur samtals 2.123,6

Gjöld samtals **2.123,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -21,9

Gjöld umfram tekjur **2.101,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.101,7

07-522 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.238,7
1.11 Dvalarrými 217,3
1.15 Dagvist 28,3
Almennur rekstur samtals 1.484,3

Gjöld samtals **1.484,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -15,2

Gjöld umfram tekjur **1.469,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.469,1

07-523 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.422,9

m.kr.

1.11 Dvalarrými	97,1
Almennur rekstur samtals	1.520,0
Gjöld samtals	**1.520,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,1
Gjöld umfram tekjur	**1.501,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.501,9

07-524 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	572,2
1.15 Dagvist	19,3
Almennur rekstur samtals	591,5
Gjöld samtals	**591,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**584,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	584,4

07-525 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	835,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**825,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	825,0

m.kr.

07-526 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.324,1
1.15 Dagvist	64,2
Almennur rekstur samtals	1.388,3
Gjöld samtals	**1.388,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**1.371,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.371,5

07-527 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	311,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**307,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,6

07-528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	547,6
1.71 Endurhæfingardeild	106,8
Almennur rekstur samtals	654,4
Gjöld samtals	**654,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**647,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	647,6

m.kr.

07-529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	586,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**578,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	578,8

07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	224,8
1.11 Dvalarrými	10,4
Almennur rekstur samtals	235,2
Gjöld samtals	**235,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	**232,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	232,5

07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	131,6
1.11 Dvalarrými	22,7
1.15 Dagvist	6,6
Almennur rekstur samtals	160,9
Gjöld samtals	**160,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**159,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,2

m.kr.

07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	139,7
1.11 Dvalarrými	35,7
1.15 Dagvist	6,2
Almennur rekstur samtals	181,6
Gjöld samtals	**181,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**179,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,7

07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	95,0
1.11 Dvalarrými	9,4
1.15 Dagvist	3,9
Almennur rekstur samtals	108,3
Gjöld samtals	**108,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**107,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,0

07-534 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	163,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**161,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,6

m.kr.

07-535 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	288,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**284,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	284,9

07-536 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	371,2
1.11 Dvalarrými	98,2
1.15 Dagvist	21,6
Almennur rekstur samtals	491,0
Gjöld samtals	**491,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**486,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	486,3

07-537 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	212,6
1.11 Dvalarrými	62,2
Almennur rekstur samtals	274,8
Gjöld samtals	**274,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**271,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	271,7

m.kr.

07-538 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	68,1
1.11 Dvalarrými	32,9
Almennur rekstur samtals	101,0
Gjöld samtals	**101,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**100,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

07-539 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	58,9
1.11 Dvalarrými	10,0
Almennur rekstur samtals	68,9
Gjöld samtals	**68,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**67,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,9

07-540 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	72,4
1.11 Dvalarrými	16,0
1.15 Dagvist	2,2
Almennur rekstur samtals	90,6
Gjöld samtals	**90,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **89,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,6

07-541 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 180,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **177,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 177,3

07-542 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 100,6
1.11 Dvalarrými 6,5
Almennur rekstur samtals 107,1

Gjöld samtals **107,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **105,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,7

07-543 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 176,7
1.11 Dvalarrými 65,1

	m.kr.
1.15 Dagvist	14,7
Almennur rekstur samtals	256,5
Gjöld samtals	**256,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**254,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,2

07-544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.216,8
1.11 Dvalarrými	92,6
1.15 Dagvist	53,7
Almennur rekstur samtals	1.363,1
Gjöld samtals	**1.363,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**1.346,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.346,6

07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	92,8
1.11 Dvalarrými	39,2
Almennur rekstur samtals	132,0
Gjöld samtals	**132,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**130,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,7

m.kr.

07-546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	202,6
1.11 Dvalarrými	19,1
1.15 Dagvist	6,7
Almennur rekstur samtals	228,4
Gjöld samtals	**228,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**225,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	225,9

07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	117,6
1.11 Dvalarrými	12,9
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	131,4
Gjöld samtals	**131,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**129,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,8

07-548 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	88,8
1.11 Dvalarrými	19,2
Almennur rekstur samtals	108,0
Gjöld samtals	**108,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,1

Gjöld umfram tekjur **106,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,9

07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 283,9
1.11 Dvalarrými 23,1
Almennur rekstur samtals 307,0

Gjöld samtals **307,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,1

Gjöld umfram tekjur **302,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 302,9

07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 230,3
1.11 Dvalarrými 212,3
1.17 Geðrými 226,1
Almennur rekstur samtals 668,7

Gjöld samtals **668,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,0

Gjöld umfram tekjur **665,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 665,7

m.kr.

07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	220,1
1.11 Dvalarrými	25,9
1.15 Dagvist	10,9
Almennur rekstur samtals	256,9
Gjöld samtals	**256,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**253,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,9

07-552 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	309,9
1.15 Dagvist	10,6
Almennur rekstur samtals	320,5
Gjöld samtals	**320,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**316,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,6

07-553 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	390,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**385,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	385,9

m.kr.

07-554 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 963,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 963,9

07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 546,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 546,9

07-556 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 12,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,4

07-557 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 52,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,9

07-558 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 47,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,6

m.kr.

07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 95,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,6

07-560 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 79,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,1

07-561 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 39,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,3

07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 555,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 555,9

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra 11,8
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. 11,2
1.80 Starfsþjálfun 34,9
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra 8,1
1.83 Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum 37,5
1.90 Ýmis verkefni 237,4
Almennur rekstur samtals 340,9

Gjöld samtals **340,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,9

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2.960,4
1.30 Verndaðir vinnustaðir 63,5
1.86 Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða 220,9
Almennur rekstur samtals 3.244,8

Gjöld samtals **3.244,8**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -69,0

Gjöld umfram tekjur **3.175,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.175,8

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2.080,6
1.86 Samningar við sveitarfélög um þjónustu við geðfatlaða 33,4
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 13,4
Almennur rekstur samtals 2.127,4

Gjöld samtals **2.127,4**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -62,9

Gjöld umfram tekjur **2.064,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.064,5

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 372,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,0

Gjöld umfram tekjur **340,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,9

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 226,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **225,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 225,9

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,6
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra 394,6
Almennur rekstur samtals 396,2

Gjöld samtals **396,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 396,2

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,7
1.85 Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða 137,0
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 963,3
Almennur rekstur samtals 1.102,0

Gjöld samtals **1.102,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.102,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 334,3
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða 31,3
Almennur rekstur samtals 365,6

Gjöld samtals **365,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,8

Gjöld umfram tekjur **360,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 360,8

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 440,5
1.72 Skaftholt 52,2
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða 109,2
Almennur rekstur samtals 601,9

Gjöld samtals **601,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,5

Gjöld umfram tekjur **597,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 597,4

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.01 Styrktarfélag vangefinna 737,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 737,0

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 372,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 372,4

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 271,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 271,6

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 396,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -23,9

Gjöld umfram tekjur **372,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 372,7

07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

Almennur rekstur:
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta 301,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,2

Gjöld umfram tekjur **289,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 289,9

m.kr.

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	38,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	70,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	299,4
Gjöld samtals	**407,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,9
Gjöld umfram tekjur	**379,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	379,5

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.656,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	52,0
Gjöld samtals	**1.708,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-777,0
Gjöld umfram tekjur	**931,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	931,0

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	341,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.035,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	173,0

m.kr.

1.25 Dánarbætur	58,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	2.090,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	123,0
1.41 Heimilisuppbót	3.140,0
1.51 Frekari uppbætur	603,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.567,0
1.55 Bifreiðakostnaður	1.343,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	10.503,0
Gjöld samtals	**10.503,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10.503,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.720,0
1.15 Örorkulífeyrir	5.030,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	1.976,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	15.700,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.351,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	352,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	90,0
1.31 Örorkustyrkur	172,0
1.35 Barnalífeyrir	2.840,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	48.687,0
Gjöld samtals	**48.687,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26.166,2
Innheimt af ríkistekjum	22.520,8

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	66,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **58,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,3

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Vinnumálastofnun 842,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -556,7

Gjöld umfram tekjur **285,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,8

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.10 Félagsdómur 8,4
1.13 Kjararannsóknarnefnd 49,3
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 18,5
1.90 Ýmislegt 8,0
Almennur rekstur samtals 84,2

Gjöld samtals **84,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,2

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 1.773,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.773,0

m.kr.

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	104,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	28.350,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	370,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	222,0
1.41 Framlög og styrkir	40,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.81 Vaxtatekjur	440,0
Almennur rekstur samtals	29.666,0
Gjöld samtals	**29.666,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	29.666,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu	13,9
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	3,0
Almennur rekstur samtals	16,9
Gjöld samtals	**16,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,9

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	21,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,9

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-988 Starfsendurhæfing

Almennur rekstur:
1.10 Starfsendurhæfing 309,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 309,1

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 88,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður 9.013,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 579,0
Almennur rekstur samtals 9.680,0

Gjöld samtals **9.680,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 579,0
Innheimt af ríkistekjum 9.101,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 36,4
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 33,5
1.35 Félag heyrnarlausra 8,2
1.36 Félagið Geðhjálp 20,7
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10,8
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 39,7
1.41 Stígamót 32,8
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 24,8
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa 28,8
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 3,1

	m.kr.
1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði	16,1
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	48,6
1.55 Átak í vímuvarnamálum	11,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	99,0
1.90 Ýmis framlög	84,6
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	81,8
Almennur rekstur samtals	579,9
Gjöld samtals	**579,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-38,0
Gjöld umfram tekjur	**541,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	541,9
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**136.970,6**
Greitt úr ríkissjóði	**72.562,9**
Innheimt af ríkistekjum	**64.613,7**
Viðskiptahreyfingar	**-206,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	598,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**592,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	592,7

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-202 Sjúkratryggingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkratryggingar Íslands	782,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-313,4
Gjöld umfram tekjur	**469,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	469,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.290,0
1.15 Lyf	9.548,0
1.16 Lyf með S-merkingu	3.752,0
1.21 Hjálpartæki	3.279,0

m.kr.

1.25 Hjúkrun í heimahúsum	136,0
1.31 Þjálfun	1.591,0
1.35 Tannlækningar	1.672,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	352,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	1.289,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	243,0
1.55 Sjúkradagpeningar	243,0
1.91 Annað	166,0
Almennur rekstur samtals	26.561,0
Gjöld samtals	**26.561,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26.561,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	151,0
1.15 Bætur til framfærslu	399,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	60,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	676,0
Gjöld samtals	**676,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**636,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	576,0
Innheimt af ríkistekjum	60,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	120,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1

m.kr.

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	344,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	344,9

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	218,3
1.90 Forvarnasjóður	129,8
Almennur rekstur samtals	348,1
Gjöld samtals	**348,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**348,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,9
Innheimt af ríkistekjum	102,1

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	131,3
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**132,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,6
Gjöld umfram tekjur	**128,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,7

m.kr.

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	97,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,6
Gjöld umfram tekjur	**78,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,3
Innheimt af ríkistekjum	5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	171,6
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	55,5
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	7,4
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	25,0
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	32,3
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	4,0
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	8,1
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	6,5
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	312,8
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	4,4
Gjöld samtals	**317,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	317,2

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.331,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	79,0

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	78,0
Gjöld samtals	**4.488,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-402,0
Gjöld umfram tekjur	**4.086,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.086,0

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.055,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	237,0
6.70 Nýframkvæmdir	145,0
Stofnkostnaður samtals	382,0
Gjöld samtals	**35.615,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.954,0
Gjöld umfram tekjur	**32.661,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.531,0
Innheimt af ríkistekjum	130,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	108,4
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	28,1
Gjöld samtals	**136,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,5

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 91,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,8

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 127,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 127,7

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 646,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 646,1

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 188,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -28,7

Gjöld umfram tekjur **159,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 159,8

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	35,4
1.17 Vísindasiðanefnd	26,4
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	20,9
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	300,9
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	7,0
1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	10,6
1.34 Hjartaheill	5,3
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	65,1
1.36 Stórstúka Íslands	1,3
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	4,8
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	7,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	134,2
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	95,0
1.46 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma	46,7
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	220,0
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	66,8
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	18,8
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	21,2
1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir	49,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	16,4
1.90 Ýmis framlög	44,0
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,4
1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	40,5
Almennur rekstur samtals	1.246,0
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	25,0
Gjöld samtals	**1.271,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.241,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.241,0

m.kr.

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 58,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,2

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 88,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,8

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.300,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.300,5

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 547,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 547,8

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 481,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 481,2

m.kr.

08-494 Hlein

Almennur rekstur:	
1.10 Hlein	107,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,4

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	95,6
1.11 Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	20,5
1.12 Heimahjúkrun	50,6
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	68,0
Almennur rekstur samtals	234,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	52,9
6.21 Bygging heilsugæslustöðva	3,6
Stofnkostnaður samtals	56,5
Gjöld samtals	**291,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,2

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	518,8
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	134,1
1.15 Sjúkraflug	118,1
Almennur rekstur samtals	771,0
Gjöld samtals	**771,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	771,0

m.kr.

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 4.454,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -397,5

Gjöld umfram tekjur 4.057,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.057,1

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu 908,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 908,2

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla 160,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,5

Gjöld umfram tekjur 159,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,1

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 263,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -13,0

Gjöld umfram tekjur 250,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,7

m.kr.

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	110,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**102,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	470,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**469,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	469,5

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	274,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**274,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,2

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	101,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,0

m.kr.

6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	10,0
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	50,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	90,0
Stofnkostnaður samtals	180,0
Gjöld samtals	**281,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	281,1

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	955,8
1.11 Sjúkrasvið	1.510,7
1.21 Hjúkrunarrými	438,5
Almennur rekstur samtals	2.905,0
Gjöld samtals	**2.905,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-154,4
Gjöld umfram tekjur	**2.750,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.750,6

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	118,0
1.11 Sjúkrasvið	56,9
1.21 Hjúkrunarrými	80,0
Almennur rekstur samtals	254,9
Gjöld samtals	**254,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**247,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	247,2

m.kr.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	331,5
1.11 Sjúkrasvið	492,7
1.21 Hjúkrunarrými	251,9
Almennur rekstur samtals	1.076,1
Gjöld samtals	**1.076,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,1
Gjöld umfram tekjur	**1.008,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.008,0

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	117,9
1.11 Sjúkrasvið	87,4
1.21 Hjúkrunarrými	200,4
Almennur rekstur samtals	405,7
Gjöld samtals	**405,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,4
Gjöld umfram tekjur	**390,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,3

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	187,4
1.11 Sjúkrasvið	375,2
1.21 Hjúkrunarrými	325,4
Almennur rekstur samtals	888,0
Gjöld samtals	**888,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -81,6

Gjöld umfram tekjur **806,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 806,4

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 168,9
1.11 Sjúkrasvið 98,6
1.21 Hjúkrunarrými 196,2
Almennur rekstur samtals 463,7

Gjöld samtals **463,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,0

Gjöld umfram tekjur **445,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 445,7

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 361,4
1.11 Sjúkrasvið 489,8
1.21 Hjúkrunarrými 156,2
Almennur rekstur samtals 1.007,4

Gjöld samtals **1.007,4**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -93,3

Gjöld umfram tekjur **914,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 914,1

m.kr.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	867,0
1.11 Sjúkrasvið	842,6
1.21 Hjúkrunarrými	421,0
Almennur rekstur samtals	2.130,6
Gjöld samtals	**2.130,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-126,2
Gjöld umfram tekjur	**2.004,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.004,4

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	115,1
1.11 Sjúkrasvið	66,9
Almennur rekstur samtals	182,0
Gjöld samtals	**182,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**181,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,9

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	191,7
1.11 Sjúkrasvið	404,6
1.21 Hjúkrunarrými	94,3
Almennur rekstur samtals	690,6
Gjöld samtals	**690,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -26,9

Gjöld umfram tekjur **663,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 663,7

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1.060,2
1.11 Sjúkrasvið 852,6
1.21 Hjúkrunarrými 313,2
Almennur rekstur samtals 2.226,0

Gjöld samtals **2.226,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -236,0

Gjöld umfram tekjur **1.990,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.990,0

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 645,9
1.11 Sjúkrasvið 977,4
1.21 Hjúkrunarrými 193,8
Almennur rekstur samtals 1.817,1

Gjöld samtals **1.817,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -148,6

Gjöld umfram tekjur **1.668,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.668,5

m.kr.

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.015,6
1.21 Hjúkrunarrými	465,8
Almennur rekstur samtals	1.481,4
Gjöld samtals	**1.481,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-117,4
Gjöld umfram tekjur	**1.364,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.364,0

08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**93.338,2**
Greitt úr ríkissjóði	**92.881,1**
Innheimt af ríkistekjum	**457,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	672,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,3
Gjöld umfram tekjur	**661,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	661,7

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	515,4
1.43 Tekjubókhaldskerfi	363,5
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	498,6
Almennur rekstur samtals	1.377,5
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	9,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	15,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.401,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**1.400,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.400,1

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 587,9
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 192,3
1.41 Skattvinnslukerfi 383,1
Almennur rekstur samtals 1.163,3

Stofnkostnaður:
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 27,5

Gjöld samtals **1.190,8**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -13,4

Gjöld umfram tekjur **1.177,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.088,4
Innheimt af ríkistekjum 89,0

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 419,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 419,8

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 90,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **90,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

m.kr.

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 41,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,4

Gjöld umfram tekjur **40,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,7

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 47,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **47,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,4

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 129,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,6

Gjöld umfram tekjur **129,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,3

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 58,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **57,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,9

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 71,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,4

Gjöld umfram tekjur **71,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,5

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 29,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,2

Gjöld umfram tekjur **29,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,1

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 280,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,2

Gjöld umfram tekjur **275,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 275,9

m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	40,7
1.30 Þungaskattur	21,9
Almennur rekstur samtals	62,6
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	6,7
Gjöld samtals	**69,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,3

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	115,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,9

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	171,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	791,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-282,9
Gjöld umfram tekjur	**508,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	508,9

m.kr.

09-262 Tollstjórinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	1.750,1
1.45 Tollafgreiðslukerfi	228,2
Almennur rekstur samtals	1.978,3
Gjöld samtals	**1.978,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-129,4
Gjöld umfram tekjur	**1.848,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.822,4
Innheimt af ríkistekjum	26,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.963,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	373,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	215,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	43,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	151,0
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	362,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	139,0
Almennur rekstur samtals	5.246,0
Gjöld samtals	**5.246,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.456,0
Viðskiptahreyfingar	-2.210,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.340,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.340,0

m.kr.

09-393 Endurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Endurhæfingarsjóður 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 350,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 10.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 10.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 2.707,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.468,0
Viðskiptahreyfingar 239,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 9.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.100,0

m.kr.

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	7.770,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.770,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins	146,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-146,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkiskaup	1.787,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.787,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:	
6.01 Ríkisábyrgðir	2.345,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.345,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	90,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	110,0
Gjöld samtals	**110,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 90,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs 82,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,1

09-977 Bankasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Bankasýsla ríkisins 50,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,7

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 187,3
1.05 Rekstur tölvukerfis 69,7
Almennur rekstur samtals 257,0

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 19,0
6.41 Tölvubúnaður 5,0
Stofnkostnaður samtals 24,0

Gjöld samtals **281,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -250,6

Gjöld umfram tekjur **30,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,4

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 108,9
1.11 Rekstur fasteigna 1.694,1
Almennur rekstur samtals 1.803,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 1.725,8

Gjöld samtals **3.528,8**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3.528,8

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll 618,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 618,7

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:
1.90 Ófyrirséð útgjöld 5.399,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -167,6

Gjöld umfram tekjur **5.232,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.232,1

m.kr.

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	180,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	180,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:

1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	91,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	91,8

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	62,4
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,6
1.13 Kjarasamningar	16,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	55,2
1.15 Kjararannsóknir	11,0
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	371,5
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	28,3
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	4,5
1.60 Dómkröfur	243,7
1.65 Kjararáð	35,5
1.67 Þjóðlendumál	4,3
1.68 Endurskoðendaráð	10,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3,0
1.90 Ýmis verkefni	118,6
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	15,0
Almennur rekstur samtals	1.063,5

Stofnkostnaður:

6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	15,0

	m.kr.
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	5,8
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	34,0
Gjöld samtals	**1.097,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**1.072,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.062,5
Innheimt af ríkistekjum	10,0
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**54.611,0**
Greitt úr ríkissjóði	**44.026,5**
Innheimt af ríkistekjum	**2.465,5**
Viðskiptahreyfingar	**8.119,0**

m.kr.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

10-101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	414,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,3
Gjöld umfram tekjur	**380,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,1

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	11,2
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,1
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	5,8
1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	19,4
Almennur rekstur samtals	302,6
Gjöld samtals	**302,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**302,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,7
Innheimt af ríkistekjum	1,8

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

m.kr.

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	557,6
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	6.141,4
Almennur rekstur samtals	6.779,9
Gjöld samtals	**6.779,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6.141,4
Gjöld umfram tekjur	**638,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	638,5

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:	
1.07 Þjónusta	3.383,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.047,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	308,0
1.21 Rannsóknir	139,0
Almennur rekstur samtals	4.877,0
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	4.679,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	8.976,0
Gjöld samtals	**18.532,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.563,3
Innheimt af ríkistekjum	13.893,7
Viðskiptahreyfingar	75,0

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	432,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -231,5

Gjöld umfram tekjur **200,6**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 200,6

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa 30,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **28,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,8

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 698,5
1.11 Vaktstöð siglinga 309,0
Almennur rekstur samtals 1.007,5

Stofnkostnaður:
6.60 Vitabyggingar 32,0
6.80 Sjóvarnargarðar 63,6
Stofnkostnaður samtals 95,6

Gjöld samtals **1.103,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -212,6

Gjöld umfram tekjur **890,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 596,9
Innheimt af ríkistekjum 293,6

m.kr.

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	382,6
6.72 Landeyjahöfn	770,1
6.74 Lendingabætur	7,5
6.76 Ferjubryggjur	12,3
Stofnkostnaður samtals	1.172,5
Gjöld samtals	**1.185,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.185,5

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	38,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,9

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	441,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**437,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	217,1
Innheimt af ríkistekjum	220,0

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.122,0

m.kr.

1.11 Keflavíkurflugvöllur	1.402,0
Almennur rekstur samtals	2.524,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	65,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	258,0
Gjöld samtals	**2.847,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.241,7
Innheimt af ríkistekjum	605,4

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	41,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,9

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	281,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**269,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	269,6

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	38,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	38,4

m.kr.

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:	
6.41 Fjarskiptasjóður	97,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,0
Gjöld umfram tekjur	**84,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	9.725,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.928,0
Almennur rekstur samtals	11.653,0
Gjöld samtals	**11.653,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.653,0

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**37.573,0**
Greitt úr ríkissjóði	**21.336,4**
Innheimt af ríkistekjum	**16.161,6**
Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 212,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 212,0

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1.117,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -635,5

Gjöld umfram tekjur **482,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 482,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 670,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 670,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 300,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 300,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 157,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 3,5
1.15 Fjárfestingarstofan 17,0
1.19 Staðlaráð 50,4
1.30 Alþjóðlegt samstarf 22,3
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 28,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 40,0
Almennur rekstur samtals 241,2

Gjöld samtals **241,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,8
Innheimt af ríkistekjum 50,4

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 1.062,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -413,6

Gjöld umfram tekjur **649,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 649,2

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 36,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,9

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 1.099,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.099,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 245,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.22 Vistvænir orkugjafar 14,6
1.24 Notendur utan samveitna 44,7
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis 23,5
Almennur rekstur samtals 82,8

Gjöld samtals **82,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,8

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 317,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 317,6

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 208,1
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 153,8
Almennur rekstur samtals 361,9

Gjöld samtals **361,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 361,9

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 219,5
1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis 233,2
Almennur rekstur samtals 452,7

Gjöld samtals **452,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -22,1

Gjöld umfram tekjur **430,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 429,7
Innheimt af ríkistekjum 0,9

m.kr.

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	85,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	82,0
1.90 Ýmis ferðamál	44,6
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	35,1
Almennur rekstur samtals	246,7
Gjöld samtals	**246,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,7

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.550,0**
Greitt úr ríkissjóði	**5.198,7**
Innheimt af ríkistekjum	**351,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	209,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**208,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,8

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	22,3
1.20 Rafræn viðskipti	6,7
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	27,9
Almennur rekstur samtals	75,9
Gjöld samtals	**75,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,9
Innheimt af ríkistekjum	21,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.040,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -19,0

Gjöld umfram tekjur **1.021,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.021,5

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 285,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,0

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 195,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -10,6

Gjöld umfram tekjur **184,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0
Innheimt af ríkistekjum 179,5

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Hagstofa Íslands 737,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -70,0

Gjöld umfram tekjur **667,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 667,6

m.kr.

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:

1.10 Flutningssjóður olíuvara 520,0

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum 520,0

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 2.966,3

Greitt úr ríkissjóði 1.224,3

Innheimt af ríkistekjum 1.742,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	314,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,3
Gjöld umfram tekjur	**296,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	6,3
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	4,7
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	14,3
1.35 Umhverfisvöktun	19,2
1.40 Alþjóðastofnanir	25,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	9,3
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	9,1
1.44 Skógræktarfélag Íslands	37,4
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,8
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	37,9
1.90 Ýmis verkefni	32,4
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	83,0
Almennur rekstur samtals	288,1
Gjöld samtals	**288,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	288,1

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 27,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,0

Gjöld umfram tekjur **22,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,3

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 827,1
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 17,6
Almennur rekstur samtals 844,7

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 14,0

Gjöld samtals **858,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -160,3

Gjöld umfram tekjur **698,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 548,4
Innheimt af ríkistekjum 150,0

m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður 165,4

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 214,8

Gjöld samtals **380,2**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -56,4

Gjöld umfram tekjur **323,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 323,8

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 650,9
1.90 Fyrirhleðslur 66,4
Almennur rekstur samtals 717,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 38,4

Gjöld samtals **763,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -171,3

Gjöld umfram tekjur **592,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 590,4
Innheimt af ríkistekjum 2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 417,2

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **432,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -176,6

Gjöld umfram tekjur **255,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,9
Innheimt af ríkistekjum 5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 22,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,6

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 63,5
1.10 Úrvinnslusjóður 568,0
Almennur rekstur samtals 631,5

Gjöld samtals **631,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -40,0

Gjöld umfram tekjur **591,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 591,5

m.kr.

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	1.610,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.610,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	182,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,7
Gjöld umfram tekjur	**171,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,7

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	50,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	38,4
Almennur rekstur samtals	88,4
Gjöld samtals	**88,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	88,4

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	242,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,5
Gjöld umfram tekjur	**229,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 226,9
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 282,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,1

Gjöld umfram tekjur **277,6**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 277,6

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 8,0

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 592,0

Gjöld samtals **600,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -390,0

Gjöld umfram tekjur **210,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 210,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 496,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -112,7

Gjöld umfram tekjur **383,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 383,5

m.kr.

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	9,4
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	9,4
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	18,0
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	9,4
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	9,4
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	9,4
1.16 Náttúrustofa Húsavík	9,1
Almennur rekstur samtals	74,1
Gjöld samtals	**74,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,1

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	34,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**28,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.320,2
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	224,0
Almennur rekstur samtals	1.544,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.562,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-936,3
Gjöld umfram tekjur	**626,6**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	626,6

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.796,1**
Greitt úr ríkissjóði	**3.858,6**
Innheimt af ríkistekjum	**2.937,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	99.570,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102.380,0
Viðskiptahreyfingar	-2.810,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**99.570,0**
Greitt úr ríkissjóði	**102.380,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-2.810,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.000,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**660,0**
Hagnaður (-tap)	**660,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	660,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	50,0
Handbært fé frá rekstri	**710,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	415,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-415,0**
Breyting á handbæru fé	**260,0**
Handbært fé í ársbyrjun	782,0
Handbært fé í árslok	1.042,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	23.344,0
Rekstrargjöld	22.728,6
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**625,4**
Hagnaður (-tap)	**625,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	625,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**750,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-500,0**
Breyting á handbæru fé	**1,9**
Handbært fé í ársbyrjun	709,5
Handbært fé í árslok	711,4

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	950,0
Rekstrargjöld	1.000,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Áhættufjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	105,0
Handbært fé í árslok	65,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8.684,2
Fjármagnsgjöld	4.898,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**325,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	9.185,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	654,0
Hagnaður (-tap)	**8.876,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8.876,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.520,0
Handbært fé frá rekstri	**5.356,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	17.908,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12.587,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	13.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.928,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**7.172,0**
Breyting á handbæru fé	**-58,2**
Handbært fé í ársbyrjun	508,0
Handbært fé í árslok	449,8

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16.341,0
Fjármagnsgjöld	15.700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	211,0
Hreinar fjármunatekjur	**430,0**
Aðrar rekstrartekjur	43,0
Önnur rekstrargjöld	72,0
Hagnaður (-tap)	**401,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	401,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-7.005,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	8.883,0
Handbært fé frá rekstri	**2.279,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.888,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Annað (inn)	449,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5.327,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.819,0
Annað (út)	2.109,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-9.928,0**
Breyting á handbæru fé	**-2.322,0**
Handbært fé í ársbyrjun	11.528,0
Handbært fé í árslok	9.206,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	13.755,0
Fjármagnsgjöld	13.215,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	178,0
Hreinar fjármunatekjur	**362,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	642,0
Aðrar rekstrartekjur	36,0
Önnur rekstrargjöld	293,0
Hagnaður (-tap)	**747,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	747,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-5.897,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	7.477,0
Handbært fé frá rekstri	**2.327,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20.500,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.115,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9,0
Annað (inn)	378,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16.016,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	24.087,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.582,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	1.775,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**15.730,0**
Breyting á handbæru fé	**2.041,0**
Handbært fé í ársbyrjun	7.742,0
Handbært fé í árslok	9.783,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.053,0
Fjármagnsgjöld	1.011,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	14,0
Hreinar fjármunatekjur	**28,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	5,0
Hagnaður (-tap)	**26,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	26,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-451,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	572,0
Handbært fé frá rekstri	**147,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	315,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Annað (inn)	29,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**343,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	504,0
Annað (út)	136,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-640,0**
Breyting á handbæru fé	**-150,0**
Handbært fé í ársbyrjun	775,0
Handbært fé í árslok	625,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8.050,0
Fjármagnsgjöld	7.734,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	104,0
Hreinar fjármunatekjur	**212,0**
Aðrar rekstrartekjur	21,0
Önnur rekstrargjöld	35,0
Hagnaður (-tap)	**198,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	198,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.451,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.376,0
Handbært fé frá rekstri	**1.123,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	2.408,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Annað (inn)	221,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.624,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	3.852,0
Annað (út)	1.039,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.891,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.144,0**
Handbært fé í ársbyrjun	5.705,0
Handbært fé í árslok	4.561,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	40.430,0
Fjármagnsgjöld	38.843,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	522,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.065,0**
Aðrar rekstrartekjur	107,0
Önnur rekstrargjöld	758,0
Hagnaður (-tap)	**414,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	414,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-17.331,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	21.977,0
Handbært fé frá rekstri	**5.060,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	35.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	12.094,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	25,0
Annað (inn)	1.111,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-21.820,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	41.690,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19.344,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	5.218,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**17.128,0**
Breyting á handbæru fé	**368,0**
Handbært fé í ársbyrjun	25.250,0
Handbært fé í árslok	25.618,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	303,0
Fjármagnsgjöld	6,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	180,0
Hreinar fjármunatekjur	**117,0**
Önnur rekstrargjöld	136,0
Hagnaður (-tap)	**-19,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-19,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	196,0
Handbært fé frá rekstri	**177,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	140,0
Veitt löng lán	90,0
Afborganir af veittum löngum lánum	85,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	2,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.147,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-470,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.872,0
Handbært fé í árslok	1.402,0

m.kr.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,5
Hreinar fjármunatekjur	**8,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	36,9
Önnur rekstrargjöld	38,8
Hagnaður (-tap)	**6,6**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,6
Handbært fé frá rekstri	**6,6**
Breyting á handbæru fé	**6,6**
Handbært fé í ársbyrjun	73,5
Handbært fé í árslok	80,1

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.900,0
Fjármagnsgjöld	1.300,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	500,0
Hreinar fjármunatekjur	**100,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	361,9
Aðrar rekstrartekjur	15,0
Önnur rekstrargjöld	430,0
Hagnaður (-tap)	**46,9**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	46,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	500,0
Handbært fé frá rekstri	**546,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**300,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.153,1**
Handbært fé í ársbyrjun	1.627,4
Handbært fé í árslok	474,3

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2010

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	3.362,0
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	8.269,9
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	8.862,5
	Samtals	**20.494,4**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	2.927,3
	Samtals	**2.927,3**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	485,6
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	260,2
	Samtals	**745,8**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	667,6
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	1.647,3
	Samtals	**2.314,9**
Almenn opinber þjónusta samtals		**26.482,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	12.238,0
	03.1.2 Brunavarnir	277,6
	Samtals	**12.515,6**
03.2	Dómstólar	2.693,1
03.3	Fangelsi	1.148,4
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	4.142,6
Löggæsla og öryggismál samtals		**20.499,7**

m.kr.

04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	652,5
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	14.877,8
	04.2.2 Sérskólastig	3.443,9
	Samtals	**18.321,7**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	26.039,3
	Samtals	**26.039,3**
04.4	Aðrir skólar, óta.	16,9
04.5	Námsaðstoð	472,7
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	1.100,5
Fræðslumál samtals		**46.603,6**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	45.000,7
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	865,6
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	26.927,8
	Samtals	**72.794,1**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	16.444,8
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	207,2
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.672,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.591,0
	Samtals	**19.915,0**
05.4	Lyf og hjálpartæki	16.738,8
05.6	Önnur heilbrigðismál	3.566,7
Heilbrigðismál samtals		**113.014,6**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	10.408,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	56.118,3
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	29.666,0

		m.kr.
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	10.823,7
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	9.579,0
	Samtals	**116.595,0**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	955,4
	06.2.3 Málefni fatlaðra	11.174,4
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	193,9
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	2.129,2
	Samtals	**14.452,9**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**131.047,9**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	497,0
	07.1.2 Skipulagsmál	2.029,5
	Samtals	**2.526,5**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	2.201,5
	Samtals	**2.201,5**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**4.728,0**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	538,7
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	5.681,8
	08.0.3 Fjölmiðlar	3.599,7
	08.0.4 Kirkjumál	4.970,8
	08.0.5 Önnur menningarmál	217,4
	Samtals	**15.008,4**
Menningarmál samtals		**15.008,4**

m.kr.

09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	520,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.425,6
	09.2.3 Orkumál	687,3
	Samtals	**2.112,9**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.632,9**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	626,5
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	10.640,3
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	1.559,1
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.129,3
	Samtals	**14.007,2**
10.2	Skógræktarmál	724,5
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	14,2
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.344,6
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	1.003,2
	Samtals	**3.362,0**
10.5	Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	625,3
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**18.719,0**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	2.080,3
Iðnaðarmál samtals		**2.080,3**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	17.815,5
	12.1.2 Umferðarmál	229,4
	Samtals	**18.044,9**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	2.076,0
Samtals	**2.076,0**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	3.592,2
Samtals	**3.592,2**
12.7 Önnur samgöngumál	1.859,9
Samgöngumál samtals	**25.573,0**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	677,3
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	4.812,6
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	3.039,3
13.6 Önnur atvinnumál	3.024,5
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**11.553,7**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	99.570,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	11.683,0
14.0.3 Önnur þjónusta	26.406,9
Samtals	**137.659,9**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**137.659,9**
Heildargjöld samtals	**555.603,4**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2010

m.kr.

Rekstrargjöld	**211.172,5**
Laun	118.912,4
Lífeyrisskuldbindingar	5.246,0
Fjármagnstekjuskattur	2.707,0
Önnur gjöld	116.541,9
Sértekjur	-32.234,8
Fjármagnskostnaður	**99.570,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**215.782,8**
Lífeyristryggingar	48.687,0
Sjúkratryggingar	22.841,0
Fæðingarorlofssjóður	9.592,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.653,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.756,7
Barnabætur	9.100,0
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	10.503,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	29.226,0
Vaxtabætur	7.770,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	9.185,0
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.630,4
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	30.894,5
Viðhald	**7.604,7**
Vegakerfi	4.679,0
Annað	2.925,7
Stofnkostnaður	**17.131,1**
Vegakerfi	8.976,0
Háskólar og framhaldskólar	858,2
Heilbrigðisstofnanir	732,1
Flugvellir	258,0
Annað	6.306,8
Fjármagnstilfærslur	**4.342,3**
Hafnarframkvæmdir	402,4
Ofanflóðasjóður	553,0
Leiguíbúðir	436,0
Menningastofnanir	65,7
Annað	2.885,2
Gjöld samtals	**555.603,4**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-977	**Höfundarréttargjöld**	
	Höfundarréttargjald	37,6
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
	Greitt úr ríkissjóði	51,6
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	363,0
	Greitt úr ríkissjóði	363,0
04-215	**Fiskistofa**	
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	16,0
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	16,5
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	9,8
	Greitt úr ríkissjóði	42,3
04-234	**Matvælastofnun**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum	6,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,3
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum	20,0
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	20,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	0,5
	Gjald fyrir landamæraeftirlit	5,5
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,0
	Greitt úr ríkissjóði	56,3
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	320,0
	Greitt úr ríkissjóði	320,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	312,0
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	93,0
	Greitt úr ríkissjóði	405,0
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	1.400,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.400,0

04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af veiðitekjum	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,0
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	7,2
	Fasteignamatsgjald	246,0
	Brunabótamatsgjald	136,1
	Greitt úr ríkissjóði	381,8
	Viðskiptahreyfing	7,5
06-801	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Neytendastofu	15,3
	Greitt úr ríkissjóði	15,3
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Skráning vinnuvéla	4,2
	Greitt úr ríkissjóði	4,2
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraða**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	1.368,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.368,1
07-827	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	22.520,8
	Greitt úr ríkissjóði	22.520,8
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	1.428,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.698,3
	Viðskiptahreyfing	-270,2
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	15.822,4
	Greitt úr ríkissjóði	29.666,0
	Viðskiptahreyfing	-13.843,6
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu-tryggingargjaldi	86,2
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	86,2

07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	7.775,7
	Greitt úr ríkissjóði	9.101,0
	Viðskiptahreyfing	-1.325,3
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	60,0
	Greitt úr ríkissjóði	60,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	102,1
	Greitt úr ríkissjóði	102,1
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	50,6
	Lyfjaeftirlitsgjald	93,0
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	82,5
	Viðskiptahreyfing	69,1
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.340,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.340,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	628,5
	Greitt úr ríkissjóði	638,5
10-212	**Samgönguverkefni**	
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkvæmda Vegagerðarinnar	790,0
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	5.851,5
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinna	8.080,0
	Greitt úr ríkissjóði	13.893,7
	Lokagreiðsla framkvæmdaláns frá 1999	20,9
	Viðskiptahreyfing	806,9
10-251	**Umferðarstofa**	
	Umferðaröryggisgjald	98,0
	Skráningargjöld ökutækja	237,6
	Greitt úr ríkissjóði	191,6
	Viðskiptahreyfing	144,0

10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vitagjald	290,0
	Greitt úr ríkissjóði	290,0
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Skráning loftfars til atvinnuflugs	1,5
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	11,7
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	8,2
	Greitt úr ríkissjóði	21,4
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Varaflugvallagjald	357,0
	Flugvallaskattur	360,0
	Greitt úr ríkissjóði	605,4
	Viðskiptahreyfing	111,6
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	38,5
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	112,0
	Leyfis- og árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar	116,8
	Greitt úr ríkissjóði	267,3
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Jöfnunargjald vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja	38,4
	Greitt úr ríkissjóði	38,4
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	50,4
	Greitt úr ríkissjóði	50,4
11-501	**Ferðamálastofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,9
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	520,0
	Greitt úr ríkissjóði	520,0

14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Veiðileyfi hreindýraráðs	99,0
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	3,0
	Gjald af veiðikorti	36,0
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	2,0
	Greitt úr ríkissjóði	140,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	610,0
	Greitt úr ríkissjóði	591,5
	Viðskiptahreyfing	18,5
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	110,0
	Skilagjald á einnota umbúðir	1.500,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.610,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	160,0
	Greitt úr ríkissjóði	88,4
	Viðskiptahreyfing	71,6
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Brunamálastofnunar	150,0
	Brunavarnargjald	300,0
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Brunamálastofnunar	15,2
	Greitt úr ríkissjóði	277,6
	Viðskiptahreyfing	187,6
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.400,0
	Greitt úr ríkissjóði	210,0
	Viðskiptahreyfing	1.190,0
	Heildartekjur	**77.002,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**89.727,4**
	Mismunur	**-12.725,2**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-12.725,2**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	520,0
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	415,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	5,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	63,4
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	6,2
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	20,0
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
02-223	**Námsmatsstofnun**	
	Prófgjöld vegna prófa í íslensku við veitingu íslensks ríkisborgararéttar	2,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	132,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing	17,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,6
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði 2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum 2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,3

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 9,5

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 8,4

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 6,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 7,3

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 2,9

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 7,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,6

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,0

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 5,7

02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,9
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	8,7
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,5
02-370	**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,4
02-372	**Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,1
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,7
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	112,5
04-215	**Fiskistofa**	
	Árlegt eftirlitsgjald með fiskeldisstöðvum	0,4
04-234	**Matvælastofnun**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	100,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	100,0

06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
06-447	**Sýslumaður Suðurlands**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	23,2
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	113,4
06-605	**Þjóðskrá**	
	Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	2,4
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,4
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	99,5
	Vottorð Þjóðskrár	13,2
06-801	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	10,5
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	10,3
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	164,1
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	6,2
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	165,4
	Vottorð Lyfjastofnunar	6,6
	Greitt úr ríkissjóði	77,3
	Viðskiptahreyfing	94,7
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	57,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	26,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	6,0
09-262	**Tollstjórinn**	
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans	26,5

09-999	**Ýmislegt**	
	Eftirlitsgjald endurskoðendaráðs	10,0
10-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála	1,8
10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	10,6
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	176,1
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,9
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	12,0
	Greitt úr ríkissjóði	2,3
	Viðskiptahreyfing	9,7
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.021,5
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	31,0
	Gjöld fyrir vörumerki	179,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,0
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	10,5
	Greitt úr ríkissjóði	179,5
	Viðskiptahreyfing	42,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	10,0
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
Heildartekjur	**4.194,8**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**4.031,4**
Mismunur	**163,4**
Þar af viðskiptahreyfingar	**163,4**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	368,1
	Greitt úr ríkissjóði	368,1
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	257,4
	Greitt úr ríkissjóði	257,4
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	2.040,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.040,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	333,0
	Greitt úr ríkissjóði	333,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	85,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	95,0
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	9.725,0
	Greitt úr ríkissjóði	9.725,0
	Lögbundin framlög alls	**12.818,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**12.818,5**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fimm séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í *sundurliðun 1*. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í *sundurliðun 2*.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja koma nánar fram í *sundurliðun 3*.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í *sundurliðun 4*.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármálin. Fyrst er yfirlit um *málaflokkaskiptingu gjalda* í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan yfirlit um *hagræna skiptingu gjalda* í rekstur, fjármagnskostnað, Neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Enn fremur er séryfirlit um *markaðar tekjur* sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs og annað yfir aðrar *rekstrartekjur* stofnana, sem einnig færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þar á eftir er birt yfirlit um *lögbundin framlög* sem veitt eru til nokkurra aðila.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlanir um einstaka tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en fjallað er nánar um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 voru fjármál ríkisins sett í uppnám. Tekjur ríkissjóðs hafa dregist verulega saman og útgjöld aukist og er ríkissjóður nú rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Meginmarkmið aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum 2009–2013 sem unnin er í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) er að frumjöfnuður í ríkisfjármálum, þ.e jöfnuður án vaxtatekna og vaxtagjalda, verði orðinn jákvæður árið 2011 og að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði orðinn jákvæður árið 2013. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2010 er unnið á grundvelli þeirrar áætlunar. Samkvæmt frumvarpinu mun afkoma ríkissjóðs batna til muna á næsta ári og verða neikvæð um 87,4 milljarða kr. en til samanburðar er áætlað að afkoman verði neikvæð um 182,3 milljarða kr. í ár. Frumjöfnuður mun einnig batna og verða neikvæður um 25,4 milljarða kr., eða sem nemur 1,6% af vergri landsframleiðslu (VLF), en áætlað er að hann verði neikvæður um 126,5 milljarða kr. eða 8,5% af VLF á yfirstandandi ári. Til þess að ná þessum árangri í ríkisfjármálunum er fyrirhugað að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum og hækkunar á skatttekjum.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikn. 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Tekjur	471,9	402,5	406,9	468,2
Gjöld	687,9	555,6	589,2	555,6
Tekjujöfnuður	**-216,0**	**-153,1**	**-182,3**	**-87,4**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	231,7	15,0	8,0	-7,4
Handbært fé frá rekstri	**15,7**	**-138,1**	**-174,3**	**-94,8**
Fjármunahreyfingar [2]	-387,2	5,2	-297,6	-263,4
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-371,5**	**-132,9**	**-471,9**	**-358,2**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 94,8 milljarða kr. árið 2010 og að lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 358,2 milljarða kr. Munar þar mest um jafngildi 270 milljarða kr. endurláns til Seðlabanka Ísland til að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Áformað er ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði mætt með 315 milljarða kr. lántöku og með því að draga á innstæður í Seðlabanka Íslands.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að samdráttur í landsframleiðslu á árinu 2009 verði 8,4% sem er nokkru minna en spáð var í upphafi árs. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti sem nemur 1,9% á árinu 2010. Spáð er að verðlag hækki að meðaltali um 5% milli þessara ára og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnki um 11,4% á næsta ári samanborið við 10,4% á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að samdráttur í einkaneyslu minnki á næsta ári og verði um 6,1%% og að atvinnuleysi verði 10,6% af mannafla samanborið við 8,6% í ár. Áætlað er að viðskiptajöfnuður verði jákvæður á árinu 2010 eða sem nemur 0,8% af landsframleiðslu.

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 468,2 milljarðar kr. á árinu 2010 sem er um 61 milljarðs kr. aukning frá því sem gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2009. Gengið er út frá niðurstöðum gjaldahliðar fjárlaga og tekjur miðaðar við að frumjöfnuður verði í samræmi við aðgerðaráætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum eða neikvæður um 1,6% af VLF. Skatttekjur eru áætlaðar 422,9 milljarðar kr. samanborið við 350 milljarða kr. í áætlun fyrir árið 2009. Breyting á milli ára stafar af verðlagsbreytingum og breytingum á skattstofnum vegna hagþróunar á næsta ári, heilsársáhrifum af þeim skattahækkunum sem tóku gildi um mitt ár 2009 og fyrirhuguðum skattabreytingum sem þarf til að ná markmiði um frumjöfnuð. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kafla 2 hér á eftir.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2010 eru áætluð 555,6 milljarðar kr. Það er lækkun um 33,6 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs eða um 7,3% að raunvirði. Rekstrargjöld lækka um 5,9 milljarða kr. þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga.. Lækkunar gætir í öllum ráðuneytum en þó hlutfallslega minnst hjá velferðarstofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða og menntastofnunum sem annast kennslu. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 5,8 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs að teknu tilliti til breyttrar framsetningar. Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmann hækka um 4,9 milljarða kr. en aðrir liðir lækka samtals um 10,6 milljarða kr. Framlag til sjúkratrygginga lækkar um 4,7 milljarða kr. og til lífeyristrygginga um 1,2 milljarða kr. Framlag til fæðingaorlofssjóðs og til barnabóta lækkar samtals um 2,4 milljarða kr. Þá lækkar framlag til vaxtabóta um 2,3 milljarða kr. eða sem nemur sérstöku viðbótarframlagi sem greitt var tímabundið á árinu 2009. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 17,4 milljarða kr. frá áætlun ársins 2009. Þar af lækka framlög til vegamála um 8,8 milljarða kr. Loks lækka vaxtagjöld ríkisins um 4,5 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu 2009. Nánar er fjallað um útgjaldabreytingar árið 2010 í kafla 3 hér á eftir.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2010, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2009.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2009. Samdráttur tekna ríkissjóðs stefnir í að verða meiri en reiknað var með í fjárlögum ársins. Hagþróunin hefur á heildina litið verið nokkuð svipuð og reiknað var með en atvinnuleysi hefur verið talsvert meira. Fjárfesting hefur einnig dregist meira saman en spáð var og horfur eru á að samneysla hefur dragist saman um 1,9% að raunvirði í stað þess að aukast um 2,9% eins og áætlað var í uppfærðri þjóðhagsspá í desember sl. Samdráttur einkaneyslu er hins vegar áætlaður 17,4% nú í stað 23,7% og færist meira yfir á árið 2010. Að öllu samanlögðu er áætlun um þjóðarútgjöld ársins lítillega lakari en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Fyrstu ráðstafanir til að auka skatttekjur ríkissjóðs komu fram í desember 2008 og janúar 2009. Á sl. sumarþingi voru sett lög nr. 60 og 70/2009 sem innleiddu frekari aðgerðir um miðbik ársins, til að styðja við markmið fjárlaga og áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem kynnt var í sérstakri skýrslu til Alþingis. Tekjuöflunaraðgerðir til viðbótar við þær sem gerð var grein fyrir í fjárlögum bæta afkomuna um alls 12 milljarða kr. Reglum um gjalddaga skila á sköttum í ríkissjóð hefur í nokkrum tilvikum einnig verið breytt tímabundið á þessu ári, en slíkt hefur áhrif á tekjuáætlanir innan ársins og á innheimtar tekjur fyrir árið í heild á greiðslugrunni. Endurskoðuð tekjuáætlun ársins bendir til þess að þrátt fyrir viðbótaraðgerðir verði skatttekjur 15,1 milljarði kr. minni en lagt var upp með í fjárlögum. Heildartekjurnar verða þó um 4 milljörðum kr. meiri en í áætlun fjárlaga eða 407 milljarðar kr. og eiga miklar vaxtatekjur þar stærstan hlut að máli. Hjöðnun verðbólgu hefur verið hæg eins og spáð hafði verið og raunsamdráttur tekna mikill. Þróunin milli áranna 2008 og 2009 er sú að beinir skattar dragast saman um 27,6% að raunvirði og óbeinir um 20,8%. Tekjur í heild munu dragast saman milli ára um 22,9% að raunvirði gangi þessi áætlun um útkomu



ársins 2009 eftir. Er það lang mesti samdráttur ríkisteknanna á einu ári svo langt aftur sem nútíma þjóðhagsreikningar ná eða til 1945.

Framangreind endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga er byggð á upplýsingum um innheimtu tekna á fyrstu sjö til átta mánuðum ársins, efnahagshorfum til ársloka, upplýsingum um álagningu virðisaukaskatts og fleiri skatta það sem af er ári, niðurstöðu ríkisreiknings um tekjur ársins 2008 og fleiri gögnum.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2010. Reiknað er með að á árinu 2010 verði hagkerfið á hægri uppleið frá botni hagsveiflunnar en að atvinnuleysi verði þó áfram mikið og nokkur samdráttur í innlendri eftirspurn. Það verður því bið á því að efnahagsbati leggi ríkissjóði lið við tekjuöflun sína. Í samræmi við markmið framgreindrar skýrslu um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið miðað við að bati á frumjöfnuði milli áranna 2009 og 2010 nemi 6,4% af landsframleiðslu. Ljóst var að þetta krefst umfangsmikilla aðgerða sem verða bæði fólgnar í aukinni tekjuöflun og niðurskurði útgjalda. Í IV. kafla skýrslunnar voru reifaðar hugmyndir um tekjuöflunarleiðir fyrir ríkissjóð og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 er nú gert ráð fyrir breytingum á skattkerfinu þar sem bæði beinir og óbeinir skattar eru hækka.

Skatttekjur ríkissjóðs hækka samkvæmt frumvarpinu um sem nemur 3,3% af landsframleiðslu milli áranna 2009 og 2010 eða úr 23,8% í 27,0%. Beinir skattar verða svipað hlutfall af landsframleiðslu og þeir voru árið 2007 en óbeinir skattar hækka minna og verða mun lægra hlutfall af landsframleiðslu en þeir hafa verið undanfarinn áratug. Fyrirhugaðar aðgerðir í skattamálum eru í meginatriðum þrjár: Mestar breytingar eru fyrirhugaðar á skattlagningu tekna og fjármagnstekna einstaklinga og er ráðgert að þeir skattstofnar muni skila ríkissjóði um 37 milljörðum kr. meiri tekjum en árið 2009. Þá er reiknað með að virðisaukaskattur muni skila um 8 milljarða kr. auknum tekjum með breikkun skattstofnsins og breytingum á flokkun vöru og þjónustu í skatt-



þrepin. Loks er stefnt að því að breytingar á skattlagningu orku og auðlinda muni skila ríkissjóði allt að 16 milljörðum í auknum tekjum. Vörugjöld á bensín, olíu, áfengi og tóbak og bifreiðagjöld eru einnig til skoðunar og reiknað er með hækkun þeirra í frumvarpinu. Þrátt fyrir hækkun þessara gjalda á árunum 2008 og 2009 og frekari hækkun sem hér er reiknað með eru þessi gjöld, að tóbaksgjaldi einu undanskildu, lægri að raungildi en þegar þau voru tekin upp.

Þrátt fyrir viðamiklar tekjuöflunaraðgerðir ríkissjóðs á árinu 2010 verða heildartekjur hans mjög svipaðar að nafnvirði og þær voru árið 2008, þegar þær voru 472 milljarðar kr. Raunsamdráttur teknanna yfir þessi tvö ár, 2008–2010, verður 15,5%. Heildartekjur munu nema 30% af landsframleiðslu og að frátöldu árinu 2009 hafa þær ekki verið minni á þann mælikvarða frá árinu 1987.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
I Skatttekjur	**408.997**	**412.889**	**364.332**	**350.564**	**422.887**
Skattar á tekjur og hagnað	154.622	169.979	132.923	130.447	164.726
Einstaklingar	114.466	133.045	103.313	106.700	143.500
Lögaðilar	36.584	32.904	22.100	14.300	13.500
Ótalið annars staðar	3.572	4.030	7.510	9.447	7.726
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.442	2.723	2.285	4.250	2.720
Útvarpsgjald	-	-	3.830	3.830	3.610
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	1.130	1.307	1.395	1.367	1.396
Tryggingagjöld	38.902	40.834	39.819	40.749	47.512
Eignarskattar	11.956	7.436	7.063	4.675	4.432
Skattar á vörur og þjónustu	200.732	190.953	180.947	170.567	201.461
Virðisaukaskattur	137.710	134.216	128.196	115.800	125.200
Almenn vörugjöld	19.281	18.870	19.243	20.484	23.624
Vörugjald af ökutækjum	11.208	6.826	2.103	1.730	1.400
Almennt vörugjald af bensíni	1.948	1.904	2.020	3.062	4.460
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.220	6.833	7.377	7.610	8.080
Olíugjald	6.224	5.921	6.481	5.913	6.480
Aðrir sértækir veltuskattar	7.899	8.444	7.294	7.379	6.879
Bifreiðagjald	4.435	4.701	5.193	5.160	5.570
Þungaskattur/kílómetragjald	1.341	1.028	1.397	877	780
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.466	2.210	1.644	2.553	2.988
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld	-	-	-	-	16.000
Aðrir skattar	2.786	3.687	3.581	4.125	4.757
II Aðrar rekstrartekjur	**39.555**	**54.668**	**30.413**	**53.803**	**43.277**
Arðgreiðslur	3.581	1.057	2.130	1.330	887
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	25.011	42.197	22.288	47.041	36.758
Neyslu- og leyfisgjöld	8.407	9.416	4.376	4.052	4.253
Annað	2.556	1.998	1.620	1.380	1.380
III Sala eigna	**20.480**	**2.832**	**6.300**	**1.050**	**600**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**2.251**	**1.494**	**1.453**	**1.494**	**1.481**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**14.845**	**-**	**-**	**-**	**-**
Heildartekjur ríkissjóðs	**486.129**	**471.884**	**402.499**	**406.910**	**468.245**
Sjóðshreyfing	**468.912**	**448.162**	**398.624**	**402.265**	**455.695**

Tekjuáætlun fyrir árið 2010 er byggð á áætlun um tekjur ársins 2009, þjóðhagsspá fyrir árið 2010 og þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið um tekjuöflunaraðgerðir sem duga muni til að markmið áætlunar ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum náist á árinu 2010.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2009

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 2009 bendir til að þær verði 407 milljarðar kr. eða um 4 milljörðum meiri en í áætlun fjárlaga. Skatttekjur verða þó um 14 milljörðum minni og tekjur af sölu eigna um 5 milljörðum minni en vaxtatekjur tæpum 25 milljörðum meiri. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 2,5 milljörðum kr. minni en í áætlun fjárlaga og nemi 130,5 milljörðum kr. Nú er áætlað að tekjuskattur einstaklinga muni skila um 1 milljarði minna en áætlað var. Frávik innheimtutalna það sem af er ári er þó meira eða tæpir 5 milljarðar kr. en þær aðgerðir sem gripið var til á árinu munu leiða til þess að tekjuskatturinn rétti úr kútnum á síðasta þriðjungi ársins. Heimild var veitt til þess að taka út séreignarsparnað upp að einni milljón kr. á mann sem greiddur yrði út á 9 mánuðum. Tekjuskattur af þessum greiðslum fellur á seinni helming ársins og er áætlaður um 3,6 milljarðar kr. Brugðist var við fyrirsjáanlegu fráviki tekna frá fjárlögum með lögum nr. 70/29. júní 2009 þar sem m.a. var lagður tímabundinn 8% viðbótarskattur á tekjur einstaklings yfir 700 þús. kr. á mánuði frá 1. júlí. Áætlað er að áhrif þeirrar aðgerðar séu um 2 milljarðar kr.. Áhrif þessara aðgerða vega á móti vaxandi samdrætti tekjuskattsstofnsins, sem reiknað er með á síðustu mánuðum ársins. Áætlun um fjármagnstekjuskatt einstaklinga er hækkuð um 6,4 milljarða kr., í 22,7 milljarða. Stærstur hluti fjármagnsteknanna í ár eru vaxtatekjur og hafa vextir haldist mun lengur háir en reiknað var með í upphafi ársins. Þá hefur tímabundinn 5% hátekjuskattur á fjármagnstekjur yfir 250 þús.kr. hjá einstaklingi sem tók gildi 1. júlí áhrif til hækkunar sem áætluð eru 0,6 milljarðar. Hluti hækkunarinnar á áætluninni stafar af því að fjármagnstekjur ársins 2008 urðu meiri en áætlað hafði verið. Loks er sá fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður sjálfur greiðir nú talinn verða 2 milljörðum meiri en í fjárlögum vegna meiri vaxtatekna hans á árinu. Sá skattur færist einnig til gjalda á útgjaldahlið ríkissjóðs og hefur þetta því engin áhrif á afkomuna. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2009 af hagnaði ársins 2008 er lækkuð verulega vegna lakari horfa um skattskyldan hagnað á sl. ári en óvissa þar um er mikil. Álagning ríkisskattstjóra mun liggja fyrir síðla í október 2009. Þá verður í fyrsta sinn lagður á 15% skattur, eftir lækkun skatthlutfallsins úr 18% í 15% með lögum nr. 61/2008.

Tryggingagjöld. Í árferði atvinnuleysis og jafnvel nafnlaunalækkana hefur tryggingagjaldsstofninn, sem ekki innifelur bætur, dregist verulega saman. Reiknað er með að samdráttur hans verði um 10% að nafnvirði á árinu. Hækkun gjaldsins sem tók gildi á miðju

ári gerir það að verkum að tekjur af tryggingagjaldi hækka lítið eitt að nafnvirði milli ára í stað þess að dragast saman og er áætlun fjárlaga hækkuð um 0,9 milljarða. Hækkun gjaldsins nam 1,56 prósentustigum fyrir atvinnutryggingargjald og 0,1 prósentustigi fyrir ábyrgðargjald launa. Gjaldið í heild hækkaði þannig úr 5,34% í 7,00%. Nú er spáð 40,7 milljarða tekjum af tryggingagjaldinu á árinu 2009.

Eignarskattar. Stimpilgjald og erfðafjárskattur eru stærsti hluti eignarskattanna. Stimpilgjaldið hefur fylgt umsvifum á fasteignamarkaði og í fjármálalífi og nam mest 2,7% af skatttekjum ríkissjóðs árið 2005. Ládeyða hefur ríkt á fasteignamarkaði frá haustinu 2008 og veltusamdráttur verið meiri en búist var við. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafði í júlí 2009 lækkað um 12,8% að nafnvirði frá hæsta gildi sínu í október 2007 og veltan á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur að jafnaði verið innan við fjórðungur þess sem hún var árin 2005–2007. Stimpilgjaldið hefur að sama skapi dregist saman og er áætlun fjárlaga nú lækkuð úr 5,3 í 2,9 milljarða. Áætlanir um erfðafjárskatt og aðra smærri eignarskatta eru óbreyttar frá fjárlögum. Þessar áætlanir fela í sér 44% raunsamdrátt eignarskatta milli áranna 2008 og 2009.

Skattar á vöru og þjónustu. Þessi flokkur skatttekna dróst saman um 27,3% að raunvirði í innheimtu á fyrstu átta mánuðum ársins. Mesti samdrátturinn virðist vera að baki þótt enn kunni þess að vera langt að bíða að velta nái fyrra stigi. Einkaneysla dróst saman um 20,4% að raunvirði á fyrri helmingi ársins og spáin fyrir árið í heild hljóðar nú upp á 18,7% samdrátt. Jafnvel þótt spáð hefði verið enn meiri samdrætti einkaneyslu í forsendum fjárlaga voru áætlanir um tekjur af virðisaukaskatti, vörugjöldum og fleiri óbeinum sköttum ekki jafnlágar og sú útkoma sem nú blasir við. Nú er spáð 20,2% raunsamdrætti þessara skatta í heild milli áranna 2008 og 2009 sem svarar til 21,7% á greiðslugrunni. Áætlun um tekjur af sköttum á vöru og þjónustu er því lækkuð um 10,4 milljarða kr. Þar af lækkar virðisaukaskattur um 12,4 milljarða en aðrir óbeinir skattar lækka flestir nokkuð og á móti kemur hækkun þeirra krónutölugjalda sem voru hækkuð í lok maí 2009. Þar var um að ræða helstu vörugjöld (á bensín, olíu, áfengi og tóbak) og bifreiðagjald. Áætlanir fjárlaga ársins 2009 um þau gjöld virðast ætla að standast og flestar vel það. Kílómetragjald var þó lækkað um 20% um leið og olíugjaldið var hækkað um tæp 11% (sjá yfirlitstöflu um helstu breytingar skatta á árinu hér á eftir.)

Virðisaukaskattur kemur að miklu leyti af innanlandsveltu en mun minna af innflutningi en í fyrra. Á fyrri helmingi ársins dróst velta í efra skattþrepinu saman um 32,1% að raunvirði en í neðra þrepinu aðeins um 7,8% og er þetta í heild meiri samdráttur en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga. Reglum um gjalddaga skattsins var breytt og greiðsludreifing á þrjá mánuði tekin upp, án vaxtakostnaðar frá maímánuði, og gildir fyrirkomulagið til ársloka. Margir nýta sér þessa heimild og munu um 2,6 milljarða greiðslur frestast fram í janúar 2010 vegna þess.

Hin ýmsu vörugjöld leggjast að langmestu leyti á innfluttan varning, sem hefur hækkað mjög í verði. Veiking krónunnar á fyrstu sjö mánuðum ársins er um 48% og vöruinnflutningur hefur dregist saman um 50% á föstu gengi. Þetta endurspeglast í vörugjöldum af innflutningi og aðflutningsgjöldum (tollum) sem skila mun færri krónum í ríkissjóð en í fyrra. Nýskráningum bifreiða á fyrstu átta mánuðum ársins fækkaði um 80% milli ára sem er meiri fækkun en svartsýnustu spár gáfu til kynna haustið 2008. Vörugjöld af ökutækjum sem skiluðu ríkissjóði yfir 11 milljörðum í skatttekjur árið 2007 þegar mest var, hafa aðeins skilað 1,4 milljarða tekjum á fyrstu átta mánuðum ársins 2009. Sölumagn bensíns á fyrstu átta mánuðum ársins er svipað og í fyrra eftir uppsveiflu sumarsins en er spáð að dragist saman frá haustinu. Olíusala hefur dregist saman um 19% sem er meira en reiknað var með í upphafi árs. Aðeins hefur dregið lítillega úr sölumagni áfengis en tóbaks um 6% á fyrstu átta mánuðum ársins. Reiknað er með vaxandi samdrætti þessara skattstofna á næstu mánuðum.

Helstu aðgerðir frá desember 2008 [1]	**gildistaka**	**aðgerð**	**fyrir**	**eftir**
Tekjuskattur einstaklinga	1. jan. 2009	+1,35%	22,75%	24,10%
Almennt bensíngjald	12. des. 2008	+12,5%	9,28 kr.	10,44 kr.
Sérstakt bensíngjald	12. des. 2008	+12,5%	32,95 kr.	37,07 kr.
Olíugjald	12. des. 2008	+12,5%	41,00 kr.	46,12 kr.
Kílómetragjald	12. des. 2008	+12,5%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Áfengisgjald á bjór	12. des. 2008	+12,5%	58,70 kr.	66,04 kr.
Áfengisgjald á léttvín	12. des. 2008	+12,5%	52,80 kr.	59,40 kr.
Áfengisgjald á sterk vín	12. des. 2008	+12,5%	70,78 kr.	79,63 kr.
Tóbaksgjald	12. des. 2008	+12,5%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Bifreiðagjald	12. des. 2008	+12,5%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Almennt bensíngjald	29. maí 2009	+10 kr.	10,44 kr.	20,44 kr.
Olíugjald	29. maí 2009	+5 kr.	46,12 kr.	51,12 kr.
Kílómetragjald	29. maí 2009	–20%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Áfengisgjald á bjór	29. maí 2009	+15%	66,04 kr.	75,95 kr.
Áfengisgjald á léttvín	29. maí 2009	+15%	59,40 kr.	68,31 kr.
Áfengisgjald á sterk vín	29. maí 2009	+15%	79,63 kr.	91,57 kr.
Tóbaksgjald	29. maí 2009	+15%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Bifreiðagjald	29. maí 2009	+10%	(nokkrir gjaldflokkar)	
Sérstakur tekjuskattur [2]	1. júlí 2009	8%	.	.
Sérstakur skattur á fjármagnstekjur [2]	1. júlí 2009	5%	.	.
Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts	1. júlí 2009	gjaldtímabil og gjalddagi ársfjórðungslega í stað árlega		
Tryggingagjald	1. júlí 2009	+1,66%	5,34%	7,00%
Vörugjöld á ýmis matvæli	1. sept. 2009	nýtt eða hækkað vörugjald (margir gjaldflokkar)		

[1] Hér eru taldar helstu aðgerðir sem áhrif hafa á tekjur ríkis á rekstrargrunni, auk breytingar á skilum fjármagnstekjuskatts sem hefur mikil áhrif á greiðslugrunn. Hér eru ekki taldar ýmsar aðgerðir sem gildi tóku á árinu sem gera gjaldendum kleift að fresta eða dreifa greiðslum á sköttum í ríkissjóð.

[2] Lagður á tekjur umfram ákveðið hámark. Innheimtur í staðgreiðslu. Tímabundin aðgerð til ársloka 2009.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur hækkar alls um rúma 23 milljarða kr. Hækkunina má rekja til vaxtatekna ríkissjóðs, bæði af veittum lánum, sem hækka úr 5,6 í 19,9 milljarða, og bankareikningum, sem hækka úr 11,9 í 22,5 milljarða. Innstæður hafa verið hærri en ráð var fyrir gert á innlánsreikningum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Við gerð fjárlaga 2009 miðuðust áætlanir við að nýta vaxtaberandi eignir ríkissjóðs til að endurfjármögnunar bankanna en nú er útlit fyrir að ríkissjóður gefur út nýjan ríkisskuldabréfaflokk til þess. Ríkissjóður nýtur því áfram vaxtatekna af þessum eignum sínum. Arðtekjuáætlun ársins er lækkuð um 1,6 milljarða en hlutdeild í tekjum ríkisfyrirtækja (ÁTVR) hækkuð um 0,8 milljarða. Leigutekjur hækka um 0,8 milljarða, að mestu vegna hækkunar áætlunar um veiðigjald. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld lækka samtals um 0,3 milljarða. Í fjárlögum var áætlað að sala eigna skilaði ríkissjóði 6,3 milljörðum í tekjur, þar af sala þriggja sendiherrabústaða erlendis um 3 milljörðum, en áætlunin er nú lækkuð í 1,1 milljarð.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2010

Yfirlit. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs árið 2010 verði rúmir 468 milljarðar kr., eða 61 milljarði meiri en árið 2009. Nýjar tekjuöflunaraðgerðir setja mark sitt á áætlunina. Aukning heildartekna nemur 15,1% að nafnvirði en 9,6% umfram verðbólgu sem spáð er að verði 5,0% milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Skattar á tekjur og hagnað nema samtals tæpum 165 milljörðum kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2010 og er það aukning um rúma 34 milljarða kr. frá árinu 2009.

Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga. Áætlað er að tekjuskattar einstaklinga muni nema 143,5 milljörðum kr. árið 2010. Áformað er að taka upp samræmt kerfi skattlagningar fyrir allar tekjur sem komi í stað núgildandi fyrirkomulags þar sem eitt kerfi er fyrir fjármagnstekjur og annað fyrir launatekjur og allar aðrar tekjur. Endanleg útfærsla hins nýja skattkerfis verður kynnt á haustþinginu með lagafrumvarpi. Í ljósi hins alvarlega efnahagsástands og þess að í fjárlagafrumvarpinu er hvorki um að ræða hækkun á grunnfjárhæðum bótakerfanna né gert ráð fyrir hækkun á launum ríkisstarfsmanna, verður persónuafsláttur ekki hækkaður milli ára. Áformað er að fjármagnstekjur, umfram lágmark sem verður skattfrjálst, reiknist ekki að fullu til tekjuskattstofns og er þar með tekið tillit til þess að hluti fjármagnstekna eru verðbætur og úthlutaður arður hefur þegar verið skattlagður hjá lögaðilum. Sett verður hámark á arðgreiðslur einkahlutafélaga. Um er að ræða grundvallarbreytingu á skattlagningu fjármagnstekna sem nú munu sæta hefðbundinni skattlagningu tekna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Einstaklingar	133.045	103.313	106.700	143.500
Tekjuskattur einstaklinga	93.498	89.382	88.300	-
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	-7	0	0	-
Fjármagnstekjuskattur	39.554	13.931	18.400	-
Lögaðilar	32.904	22.100	14.300	13.500
Ótalið annars staðar	4.030	7.510	9.447	7.726
Samtals	**169.979**	**132.923**	**130.447**	**164.726**

Tekjuskattur lögaðila. Rekstrarerfiðleikar atvinnuvega landsins á árinu 2009 endurspeglast í áætlun um tekjuskatt lögaðila árið 2010. Afkoma eftir greinum er þó misjöfn, og hafa rekstrarskilyrði fyrirtækja í útflutningsgreinum, ferðaþjónustu og fleiri þjónustugreinum ekki versnað jafnmikið og margra annarra. Áætlun þessi, sem er lausleg enn sem komið er, eins og venja er til í fjárlagafrumvarpi, reiknar með mjög breyttri atvinnugreinasamsetningu skattsins og hljóðar upp á 13,5 milljarða kr.

Tryggingagjald. Reiknað er með að stofn tryggingagjaldsins muni haldast óbreyttur milli áranna 2009 og 2010. Áætlað er að atvinna muni halda áfram að dragast saman og að atvinnuleysi aukist um tvö prósentustig milli ára og verði 10,6%. Á móti kemur að reiknað er með 2,6% hækkun nafnlauna á almennum vinnumarkaði. Tryggingagjaldið sem hlutfall af skattstofni var hækkað úr 5,34% í 7,00% frá 1. júlí 2009, hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs úr 0,65% í 2,21% og hluti Ábyrgðasjóðs launa úr 0,1% í 0,2%. Hækkunin leiðir til þess að tekjur af tryggingagjaldinu aukast um 6,8 milljarða milli ára í stað þess að minnka lítillega en áhrif hækkunarinnar á tryggingagjald ársins 2010 eru áætluð 12,5 milljarðar kr.

Eignarskattar. Áætlun um eignarskatta hljóðar upp á litlu lægri fjárhæð en árið 2009. Stimpilgjald er áætlað nær óbreytt milli ára, byggt á spá um að nafnverð fasteigna verði á niðurleið enn um sinn en á móti komi aukin velta á markaðnum. Stimpilgjald af skjölum sem ekki tengjast fasteignaviðskiptum er áætlað óbreytt. Búist er við lítils háttar lækkun erfðafjárskatts, í takt við eignaverð, og hið sama gildir um smærri liði eignarskattanna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Eignarskattar einstaklinga	-17	0	0	0
Eignarskattar lögaðila	-1	0	0	0
Erfðafjárskattur	1.167	1.181	1.180	1.090
Stimpilgjöld	5.646	5.257	2.870	2.800
Sértækir eignarskattar	641	625	625	542
Samtals	**7.436**	**7.063**	**4.675**	**4.432**

Skattar á vöru og þjónustu. Gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur, almenn og sértæk vörugjöld og aðrir skattar á vöru og þjónustu nemi ríflega 201 milljarði kr. á árinu 2010. Aukningin er 18,1% að nafnvirði og 12,5% umfram áætlaða verðbólgu ársins. Byggt er á áætlunum um þróun einkaneyslu, innflutnings og fleiri hagstærða sem áhrif hafa á almenna eftirspurn. Milli áranna 2009 og 2010 dregst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 11,9%, einkaneyslan um 6,1% og þjóðarútgjöld um 2,5% samkvæmt þjóðhagsspá.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Virðisaukaskattur	134.216	128.196	115.800	125.200
Vörugjöld	40.350	37.223	38.798	60.044
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.663	4.002	2.970	3.540
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	182	230	640	1.480
Vörugjöld af ökutækjum	6.826	2.103	1.730	1.400
Vörugjald af bensíni	1.904	2.020	3.062	4.460
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.833	7.377	7.610	8.080
Olíugjald	5.921	6.481	5.913	6.480
Flutningsjöfnunargjöld	378	475	475	520
Áfengisgjald	8.072	8.078	8.991	10.299
Ýmis vörugjöld	2.686	2.236	3.021	3.024
Tóbaksgjald	3.884	4.222	4.387	4.760
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld	-	-	-	16.000
Tollar og innflutningsgjöld	5.864	4.531	4.616	4.410
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.585	2.763	2.763	2.469
Bifreiðaskattar	5.729	6.590	6.037	6.350
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	2.210	1.644	2.553	2.988
Samtals	**190.953**	**180.947**	**170.567**	**201.461**

Virðisaukaskattur. Áætlun um virðisaukaskatt tekur mið af einkaneyslu og fleiri liðum innlendrar eftirspurnar. Þótt 6,1% samdráttur einkaneyslu sé veigamesti áhrifaþátturinn vegur á móti að samneyslan dregst minna saman, reiknað er með að fjárfesting taki að aukast á ný og neysla erlendra ferðamanna gæti lagt þungt lóð á vogarskálina eins og í ár. Þá er reiknað með að hluti aðgerða til að bæta afkomu ríkissjóðs eigi sér stað með breytingum á virðisaukaskattskerfinu og auki tekjur um 8 milljarða og leiði til þess að í stað tæplega 4% samdráttar aukist tekjur af virðisaukaskatti um 3% að raunvirði milli ára.

Vörugjöld af ökutækjum. Búist er við að annað árið í röð verði mjög fá ökutæki flutt inn til landsins eða að þau verði 2.200 talsins. Reiknað er með að gengi krónunnar veikist um 5% á árinu og að sú þróun muni ráða mestu um innflutninginn. Þá er reiknað með að meðalvörugjald á hvert ökutæki á föstu gengi lækki nokkuð og að tekjur af þessum skatti verði aðeins 1,4 milljarðar kr. Hér er reiknað með óbreyttu kerfi fyrir þessa tegund skattlagningar en fyrirhugað er að samræma og breyta allri skattlagningu ökutækja og eldsneytis þannig að hún taki mið af kolefnislosun.

Vörugjöld af bensíni og olíugjald. Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Olíugjald rennur einnig til vegamála og eru öll gjöldin föst fjárhæð á hvern lítra bensíns eða olíu. Krónutölugjöld þessi voru lengi vel óbreytt og höfðu því rýrnað að raungildi í nokkur ár. Þau hafa verið hækkuð tvisvar frá efnahagsáfallinu haustið 2008 (sjá yfirlitstöflu um skattabreytingar hér fyrir framan) en eru þrátt fyrir það umtalsvert lægri en upphaflegt raungildi þeirra.

Gert er ráð fyrir að bensínsala muni dragast saman um 3,2% að magni til og verða um 199 milljónir lítra og að olíusala muni dragast saman um 6,3% og nema tæpum 112,5 milljónum lítra á árinu 2010. Þá er hér reiknað með 10% hækkun gjaldanna í byrjun árs 2010. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt 12,5 milljörðum kr. en olíugjald 6,5 milljörðum kr.

Áfengisgjald og tóbaksgjald. Þessi gjöld hafa einnig verið hækkuð tvisvar á árunum 2008–2009. Reiknað er með 10% hækkun þessara gjalda í ársbyrjun 2010. Miðað er við að fjöldi seldra áfengislítra dragist saman um tæp 5% samanlagt í gjaldflokkunum þremur og samdráttur í sölu tóbaks verði um 6,5%.

Bifreiðagjald og kílómetragjald. Bifreiðagjald var hækkað tvisvar á árunum 2008–2009 og reiknað er með 10% hækkun þess í ársbyrjun 2010. Reiknað er með fækkun skattlagðra bifreiða og að bifreiðagjald muni nema 5,6 milljörðum kr. Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Gjaldið var hækkað í árslok 2008 en lækkað á árinu 2009 og er nú lægra en áður. Reiknað er með að gjaldskyldur akstur dragist saman um 4,2% og kílómetragjald skili ríkissjóði 0,8 milljörðum kr.

Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld. Áformað er að leggja auðlindagjald á innlenda orkusölu og standa yfir athuganir á umfangi og áhrifum slíks gjalds. Orkusala úr náttúruauðlindum nemur um eða yfir 45.000 GWh. Þar af koma rúmlega 16.000 GWh frá raforkuverum en um 30.000 GWh frá beinni jarðhitanotkun. Önnur orka sem kemur frá innfluttu kolefniseldsneyti er um 10.000 GWh. Um ¾ hlutar raforkunotkunarinnar eru hjá stórnotendum en ¼ hjá heimilum og smærri notendum. Hitaorka er að mestu nýtt af heimilum.

Orkuskatta er annars vegar hægt að leggja á þann aðila sem á eða nýtir orkuauðlindir. Gjaldstofninn getur þá verið orkumagnið sem hagnýtt er í uppsettu afli eða seld orka. Réttur á nýttum orkuauðlindum er nú í flestum tilvikum í höndum orkufyrirtækja, sem flest eru með bundna samninga til langs tíma við stórkaupendur. Verið er að kanna hvaða áhrif svona gjaldtaka hefði á samningana. Hins vegar er hægt að leggja orkuskatt á í því formi að gjald yrði lagt á þá sem kaupa orku. Orkusalinn yrði innheimtuaðili. Gjaldið mætti leggja hvort sem er sem krónugjald á orku- eða sölueiningu eða sem hlutfallsgjald á söluverð. Vegna mjög breytilegra taxta verður útkoman mjög mismunandi.

Hér er um stóran gjaldstofn að ræða, sem getur gefið miklar tekjur. Vegna orkusölusamninga og fjárfestingasamninga er erfitt að koma skattlagningu á hagnað af orkunotkun og stóriðju í höndum erlendra aðila, sem yrðu að mestu verndaðir nú þegar þjóðarbúið þarf brýnt á auknum tekjum að halda. Skattur á orkunotkun getur bætt nokkuð úr því. Orkuverð hér á landi er lágt í samanburði við önnur lönd sem þó skattleggja orku verulega. Þessi skattlagningarleið er einföld og erfitt er að sniðganga hana. Hún brenglar ekki samkeppnisstöðu ef rétt er staðið að álagningu skattsins. Með skattlagningu innlendrar orku er hægt að tryggja þjóðinni allri nokkra hlutdeild í arði af náttúruauðlindum hennar óháð því hver telst eiga auðlindina og nýtingarréttinn og óháð því hver notar orkuna.

Með hóflegu gjaldi er hægt að ná miklum tekjum af orkusölunni. Þannig gæfi 1 kr/kWh af innlendri raforku um 16 milljarða króna. Með hliðsjón af því hve orkunýtingin er mikið betri í hitaorku standa rök til þess að gjald á hana yrði verulega lægra. Miðað við að það yrði fjórðungur raforkugjaldsins yrðu tekjur af því um 7,5 ma. kr. Ef til slíkrar skattlagningar kemur er eðlilegt að taka hana upp í áföngum, t.d. á fjórum árum. Reikna verður með að taka þurfi tillit til vissra hópa notenda svo sem heimila á köldum svæðum og gróðurhúsaframleiðslu.

Í athugun hefur verið með hvaða hætti mætti leggja gjald á alla vöru og hráefnisnotkun sem veldur kolefnislosun. Er þar um að ræða kol, koks, bensín, þotueldsneyti, gasolíu og rafskaut. Samtals er talið að losun kolefnis við notkun þessara efna hér á landi nemi um 1 milljón tonna á ári. Verð á losunarheimildum innan ESB er nú um 14 evrur á tonn af koldíoxíði sem svarar til um 46 evra á tonn af kolefni. Kolefnisgjald sem svarar til þessa verðs yrði um 8.400 kr. á tonn af kolefni. Ef af verður yrði gjaldið lægra í byrjun og félli niður ef sett yrði gjald á losunarheimildir.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að tekjur af ofangreindum gjöldum skili ríkissjóði 16 milljarða tekjum á árinu. Unnið er að undirbúningi þessarar skattlagningar og munu frumvörp þar að lútandi verða lögð fyrir á haustþinginu.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn munu skila 3,0 milljörðum kr. sem er 17,0% hækkun frá áætlun þessa árs.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls rúmum 43 milljörðum kr. 2009 sem er 10,5 milljarða lækkun milli ára. Arðgreiðslur verða 0,9 milljarðar kr. 2009 sem er 0,4 milljarða lækkun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 36,8 milljarðar og lækka um 10,3 milljarða frá áætlun 2009. Þar af lækka dráttarvextir af skattskuldum um 3,0 milljarða, af veittum lánum um 3,9 milljarða og af bankareikningum um 3,4 milljarða kr. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 4,1 milljörðum árið 2009 í 4,3 milljarð kr. á næsta ári.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 0,6 milljörðum kr. árið 2010.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi alls 1,5 milljörðum kr. á árinu 2010 og er það sama fjárhæð og áætluð er fyrir árið 2009.

3 Gjöld A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2010, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði frá áformum í fjárlögum. Þá er í þessum kafla farið yfir verðlagsforsendur útgjaldahliðar frumvarpsins, þróun frumútgjalda ríkissjóðs, aðhaldsaðgerðir á næsta ári, áform um endurskipulagningu opinberrar þjónustu, regluverk fjárlagagerðar og umbætur á því, reglur um ráðstöfun á óskiptri fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, útgjöld vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar og loks reglur um safnliði fjárlaga. Í sérstökum köflum hér á eftir er fjallað ítarlegar um útgjöld einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Vakin er athygli á því að í 3. kafla fyrra heftis frumvarpsins er fjallað um áætlun um ríkisútgjöldin til næstu fjögurra ára, þ.e. árin 2010–2013.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2010 í samræmi við spá fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála. Á þessu ári voru undirritaðir kjarasamningar við flest aðildarfélög innan ASÍ og BSRB í samræmi við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá 25. júní sl. Í samningunum eru gerðar leiðréttingar á lægstu launum sem koma til framkvæmda í þremur áföngum, þann 1. júlí og 1. nóvember á þessu ári og 1. júní á næsta ári. Samningarnir voru framlengdir að öðru leyti til loka nóvember 2010. Launagrunnur fjárlagafrumvarpsins hefur verið hækkaður miðað við samningana en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir launahækkunum starfsmanna ríkisins á næsta ári í forsendum þessa frumvarps. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir verðlagshækkunum á grunnfjárhæðum bótakerfanna eins og lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Vegna hins stórfellda hallareksturs sem blasir við í ríkisfjármálunum og þeirra samdráttaraðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til í þessu frumvarpi, auk óhjákvæmilegra nýrra útgjaldaskuldbindinga sem falla til, m.a. vegna skuldabyrði og atvinnuleysis, hefur ríkissjóður ekki bolmagn til að standa undir slíkum verðlagshækkunum.

Á það má benda í þessu samhengi að grunnbætur almannatrygginga, þ.e. ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbætur, hafa hækkað um rúm 48% á árabilinu 2006 til 2009. Frá árinu 2008 hefur auk þess sérstök viðbót á almannatryggingar fyrir framfærsluviðmið hækkað um 26% til viðbótar. Á sama tíma, þ.e. frá 2006 hefur launavísitala opinberra starfsmanna hækkað um 26%, þar af um rúm 11% frá fyrsta ársfjórðungi 2008 til jafnlengdar á þessu ári.

Í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs í þjóðhagsspá ráðuneytisins er gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld en laun, en algengt er þau nemi um 20–30% af rekstrarveltu

stofnana, hækki um 5% milli áranna 2009 og 2010. Gengið er út frá því eins og undanfarin ár að sama hækkun eigi við um sértekjur stofnana. Þetta þýðir að allur almennur rekstur stofnana, annar en launakostnaðar, hækkar sem þessu nemur. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir verðhækkun á fjárheimildum stofnkostnaðarliða heldur að þar verði í öllum tilvikum um að ræða rammafjárveitingar sem haga þurfi verkáætlunum eftir.

Í forsendum frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur vanalega verið miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Við 3. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2009 voru þó viðeigandi fjárveitingar hækkaðar miðað við gengi 11. desember sl. Veruleg veiking hefur orðið á gengi íslensku krónunnar frá þeim forsendum, eða sem nemur um 18% gangvart evru en um helmingi minna gagnvart dollar. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru greidd eða beintengd við erlenda mynt, en það á t.d. við um stóran hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka og lyfjakostnað.

Vegna þeirra aðhaldssömu verðlagsuppfærslu sem lögð er til í þessu frumvarpi má geta þess að í fjárlögum ársins 2009 var um að ræða óvenju mikillar hækkanir vegna verðlags. Það kom til af því að verðlagshækkun á milli áranna 2007 og 2008 var 11,5% en í fjárlögum fyrir árið 2008 hafði ekki verið reiknað með nema 3,8% verðbólgu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 var ákveðið að leiðrétta þennan mun að fullu með því að bæta honum við hækkun til ársins 2009, sem spáð var 5,7% þegar frumvarpið var lagt fram. Þannig nam hækkun í frumvarpinu alls um 13,2%. Fyrir þriðju umræðu um frumvarpið lá fyrir ný spá um þróun verðlags eftir þær þrengingar sem orðið höfðu í efnahagslífinu. Gert var ráð fyrir í nýrri spá að vísitala neysluverðs myndi hækka um 14,3% til ársins 2009 og var ákveðið að leiðrétta verðbólguspá frumvarpsins samsvarandi. Önnur rekstrargjöld en laun og framlög sem eru tengd við vísitölu neysluverðs voru því hækkuð í fjárlögum 2009 um samtals 22,8% frá fjárlögum 2008.

Framsetning gjaldahliðar. Framsetning fjárlagafrumvarpsins er í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það felur meðal annars í sér að útgjöldin í frumvarpinu eru eins og áður sett fram á rekstrargrunni og eru gjaldfærð á það ár þegar efnt er til skuldbindingar fremur en þegar greiðslur fara fram. Í meginatriðum er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfestingar eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar stofnað er til þeirra en eru ekki eignfærðar og afskrifaðar. Auk þess er beitt verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 550,4 milljarðar kr. en heildargjöld á rekstrargrunni 555,6 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 5,2 milljarðar kr.og skýrist að mestu af þremur liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 milljaðar kr. en þær eru færðar til gjalda í rekstrarreikninginn án þess að greiðslur komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er reiknað

með að greiddir vextir af teknum lánum verði um 2,8 milljarðar kr. hærri en gjaldfærðir vextir. Í þriðja lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn 2,2 milljarðar kr.

Fjárveitingar til ráðuneyta, stofnana og verkefna á útgjaldahlið A-hluta frumvarpsins eru birtar í sundurliðun 2 á bls. 17 til 159. Þar koma fram heimiluð útgjöld einstakra viðfangsefna á rekstrargrunni en frá þeim dragast sértekjur þannig að samtölur ráðuneyta og fjárlagaliða sýna gjöld umfram sértekjur. Með sértekjum er átt við sölu ríkisaðila á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli þeirra innan A-hluta frumvarpsins. Í sundurliðun 2 kemur einnig fram áætluð fjármögnun útgjalda á árinu með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtu ríkistekna sem færast á tekjuhlið frumvarpsins. Í sérstökum yfirlitum er heildarútgjöldum ríkissjóðs skipt í fyrsta lagi eftir helstu málaflokkum ríkisstarfseminnar og er sú skipting sýnd í séryfirliti 1 á bls. 172. Í öðru lagi er heildarútgjöldunum skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda og sýnd í séryfirliti 2 á bls. 177. Sú breyting er gerð á framsetningu útgjalda innan A-hluta að rekstrargjöld ársins 2010 hækka um 4,4 milljarða króna og tilfærsluútgjöld lækka um sömu fjárhæð miðað við framsetningu fjárlaga 2009 þar sem að framlag ríkisins til Ríkisútvarpsins og kirkjugarða færist nú sem rekstur en ekki sem tilfærslur eins og áður.

Í séryfirlitum á bls. 178 og 183 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisstofnana úr tekjuhlið frumvarpsins auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 189 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Loks er þess að geta að í töflum og greinargerð um samanburð á framlögum á milli ára í köflum um einstök ráðuneyti hafa fjárhæðir ríkisreiknings fyrir árið 2008 og fjárlaga fyrir árið 2009 verið aðlagaðar tilflutningi á verkefnum sem fólust í breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands sem samþykkt voru í lok sumarþings 2009. Þá hafa fjárhæðir og umfjöllun verið aðlöguð á sama hátt vegna flutnings öldrunarstofnana frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2010 eru áætluð 555,6 milljarðar kr. sem er sama fjárhæð að nafnvirði og í fjárlögum 2009. Að frátöldum gengis- og verðlagsbreytingum frumvarpsins lækka útgjöldin um 9,5 milljarða króna, eða um 1,7% frá fjárlögum 2009. Útgjöldin lækka hins vegar um 43 milljarða kr. að raunvirði frá endurskoðaðri áætlun 2009 eða um 7,3%. Í töflunni hér á eftir er samanburður á áætluðum útgjöldum ársins 2009 og útgjöldum ársins 2010 að undanskildum launa-, gengis- og verðlagshækkunum fjárveitinga á milli ára til að sýna breytingar að raunvirði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2009	Frumvarp[1] 2010	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrargjöld	217.078	205.735	-11.343	-5,2
Fjármagnskostnaður	104.045	99.570	-4.475	-4,3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	221.541	212.200	-9.342	-4,2
Viðhald	8.854	7.483	-1.371	-15,5
Stofnkostnaður	37.662	21.101	-16.561	-44,0
Samtals	**589.180**	**546.089**	**-43.091**	**-7,3**

[1] Án verðlagshækkana

Rekstrargjöld lækka um 6 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009 en um 11,3 milljarða kr. þegar verðlagsbreytingar eru undanskildar. Hefur þá verið tekið tillit til nokkurra atriða sem leiða af breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga, einkum að framlög ríkisins til Ríkisútvarpsins ohf. og til kirkjugarða færast nú sem rekstur í frumvarpinu en ekki sem tilfærslur líkt og verið hefur. Þá koma minni sértekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna vaxta á innistæðum hjá ríkissjóði og minni tekjur Fasteigna ríkissjóðs af húsaleigu fram sem hækkun á rekstrargjöldum ríkissjóðs um 1,9 milljarða kr. Að því frátöldu og að frátöldum verðlagshækkunum lækka rekstrargjöldin um 13,3 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009 eða um 6,1% að raunvirði.

Fjármagnskostnaður ríkisins eru áætlaður 99,6 milljarðar kr. í frumvarpinu og lækkar um 4,5 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 5,8 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu 2009. Hefur þá verið tekið tillit til breyttrar flokkunar á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga. Þegar gengis- og verðlagshækkanir eru undanskildar lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 9,3 milljarða kr. eða sem svarar til 4,2% að raunvirði milli ára.

Viðhald og stofnkostnaður lækkar um 16,5 milljarða kr. á verðlagi ársins 2009 eða um 38,5%. Framlög til vegamála lækka mest eða um 8,8 milljarða kr.

Raunlækkun útgjalda málaflokka frá áætlun 2009 er mjög misjöfn, sem skýrist bæði af því hvar mest er um niðurfellingar á fjárveitingum til tímabundinna verkefna og af því hvar borið er niður í aðhaldsráðstöfunum. Mest lækka útgjöld til samgöngumála eða um 12,8 milljarða kr. eða um 33,6%. Næst mesta hlutfallslega lækkunin er í málaflokknum húsnæðis- skipulags- og hreinsunarmál eða um 21,3% en þar um að ræða um 1,2 milljarða kr. lækkun og um munar mestu um lækkun á niðurgreiddum vöxtum vegna byggingar leiguíbúða. Lækkun í löggæslu- og öryggismálum er um 18,4% á verðlagi ársins 2009. Þar þarf þó að hafa í huga að það skýrist að stærstum hluta af umtalsverðum einskiptis útgjöldum, eða um 3,1 milljarði kr., sem gert er ráð fyrir í áætlaðri útkomu ársins 2009 vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Þegar þau eignakaup eru undanskilin þá nemur lækkunin í löggæslu- og öryggismálum 6,3% frá áætlun 2009. Útgjöld sem falla undir heilbrigðismál lækka um 10% frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Þótt aðhaldsaðgerðir miðist við að einungis verði dregið sem nemur 5% úr rekstrarkostnaður þeirra stofnana og

verkefna verður hlutfallið hærra þar sem áformað er að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 10% og talsvert fellur niður af fjárveitingum til framkvæmda, auk þess sem reiknað er með umframgjöldum vegna lyfjakostnaðar o.fl. í áætlun ársins 2009. Hlutfallslega lækka útgjöld minnst til fræðslumála og almannatrygginga og velferðarmála.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2009	Frumvarp[1] 2010	Breyting m.kr.	Breyting %
Almenn opinber þjónusta	28.853	25.005	-3.849	-13,3
Löggæsla og öryggismál	24.016	19.594	-4.422	-18,4
Fræðslumál	46.172	45.614	-557	-1,2
Heilbrigðismál	120.770	108.586	-12.185	-10,1
Almannatryggingar og velferðarmál	132.180	130.355	-1.825	-1,4
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	5.976	4.702	-1.274	-21,3
Menningar- og kirkjumál	16.528	14.844	-1.684	-10,2
Eldsneytis- og orkumál	2.788	2.558	-230	-8,2
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	19.128	18.283	-845	-4,4
Iðnaðarmál	2.215	2.088	-127	-5,7
Samgöngumál	38.200	25.360	-12.840	-33,6
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	11.940	11.444	-495	-4,1
Önnur útgjöld ríkissjóðs	140.415	137.656	-2.759	-2,0
Samtals	**589.181**	**546.089**	**-43.092**	**-7,3**

[1] Án verðlagshækkana.

Þróun frumútgjalda ríkissjóðs. Áætlað er að frumútgjöld ríkissjóðs 2010 án óreglulegra liða verði 438 milljarðar kr. Óreglulegir liðir teljast vera lífeyrisskuldbindingar, fjármagnstekjuskattur og afskriftir skattkrafna. Á árunum 2001 til 2010 er áætlað að frumútgjöldin hafi að meðaltali verið um 420 milljarðar kr. án óreglulegra liða og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Frumútgjöld á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs hafa hækkað samfellt frá árinu 2001 en áformað er að þau lækki um 50 milljarða kr. að raunvirði á næsta ári og verði álík mikil og á árinu 2006. Miðað við áætlun frumvarpsins fyrir árið 2010 hækka frumútgjöld um 95 milljarða kr. eða um 28% að raunvirði frá árinu 2001. Neyslu- og rekstrartilfærslur munu hafa hækkað mest á þessu tímabili eða um 69 milljarða kr. að raunvirði sem jafngildir 36% hækkun og skýrist það m.a. af háu atvinnuleysi 2010 og auknum útgjöldum til almanna-



trygginga. Rekstrarútgjöld hækka um 55 milljarða kr. að raunvirði frá árinu 2001 eða sem nemur 33%. Viðhald og fjárfestingar munu hins vegar lækka um 10 milljarða kr. að raunvirði frá árinu 2001 eða um 26%.

Undanfarin tíu ár hafa frumútgjöld ríkissjóðs verið á bilinu 25–30% af vergri landsframleiðslu (VLF). Áætlað er að útgjöldin á næsta ári verði um 28,1% af VLF. Á árunum 2001–2010 er áætlað að útgjöld ríkissjóðs án óreglulegra liða nemi að meðaltali 27,8% af VLF. Hækkun útgjalda sem hlutfall af VLF í frumvarpi 2010 miðað við meðaltal síðustu ára skýrist einkum af samdrætti í VLF næsta árs. Sé litið á þróun einstakra útgjaldaþátta þá er áætlað að rekstrarútgjöld ríkissjóðs verði um 12,8% af VLF sem er það sama og meðaltal síðustu ára. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 13,4% af VLF en meðaltal síðustu ára er 12,5%. Mikil framlög til atvinnuleysisbóta á næsta ári er ein helsta skýringin á þessu. Fjárfestingar ríkissjóðs verða um 1,4% af VLF á næsta ári en meðaltal síðustu ára nemur 1,9%. Fjárfestingar sem hlutfall af VLF verða svipaðar 2010 og á árunum 2005 og 2006.



Annar mælikvarði á þróun útgjalda eru frumútgjöld ríkissjóðs á mann. Áætlað er að frumútgjöld á mann verði um 1.380 þús. kr. á næsta ári án óreglulegra liða og á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir að frumútgjöld á mann hafi að meðaltali verið 1.396 þús.kr. á árunum 2001 til 2010. Miðað við áætlun yfirstandandi árs eru útgjöld áætluð mun hærri eða um 1.531 þús. kr. á mann. Í heild er áætlað að frumútgjöld á mann hafi hækkað um 170 þús.kr. eða 14% að raungildi á milli áranna 2001 til 2010. Neyslu- og rekstrartilfærslur hafa hækkað mest eða um 21% frá árinu 2001 en rekstrarútgjöld hafa hækkað um 19% á sama tíma. Útgjöld til viðhalds og stofnkostnaðar lækka hins vegar um tæplega 34% á mann að raunvirði frá árinu 2001.



Horfur árið 2009. Útgjöld ríkissjóðs árið 2009 hafa verið endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og þróun efnahagsmála á árinu. Tekið er mið af rauntölum það sem af er ári og spá um þróun útgjalda til áramóta. Ýmsar fyrirliggjandi ákvarðanir stjórnvalda á árinu auk tillagna sem settar hafa verið fram vegna undirbúnings frumvarps til fjáraukalaga eru jafnframt hluti af útgjaldaendurskoðun ársins. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru áætluð 589,2 milljarðar kr. og hækka um 33,5 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að til falli 48,7 milljarðar kr. í nýjum og breyttum útgjaldaskuldbindingum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Á móti vegur að um 6 milljarða kr. lækkun útgjalda vegna nokkurra þátta sem reynst hafa verið ofmetnir í áætlun fjárlaga. Þá ákvað ríkisstjórnin að gera ráðstafanir á árinu til að draga úr útgjöldum sem nemur um 9,2 milljörðum kr.

Helstu skýringarnar á hækkuninni eru að vaxtagjöld aukast verulega eða um rúmlega 17 milljarða kr. Þessa miklu hækkun má að stærstum hluta rekja til endurfjármögnunar bankanna, sem fjármagnaðir eru með útgáfu nýrra ríkisskuldabréfa. Í fjárlögum var hins vegar gert ráð fyrir að endurfjármögnunin yrði framkvæmd með ráðstöfunum á peningalegum eignum milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands. Vegna meira atvinnuleysis en gert hafði verið ráð fyrir aukast útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóð um 7,7 milljarða kr. Við afgreiðslu fjárlaga var miðað við að atvinnuleysi yrði um 5,7% á árinu en nú gera áætlanir ráð fyrir að það verði um 8,6%. Þessir tveir liðir í útgjöldum ríkisins, vaxtagjöld og aukið atvinnuleysi skýra þannig um 74% af frávikum sem verða frá gildandi fjárlögum.

Útgjöld sem fjármögnuð eru með ríkistekjum eru talin hækka um rúma 4,6 milljarða kr. frá fjárlögum ársins. Þessir liðir hafa ekki áhrif á afkomu ársins þar sem tekjur koma á móti. Þar ber helst að nefna að fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði hækkar samkvæmt endurskoðaðri spá um tæpa 2 milljarða kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánum. Af öðrum stórum liðum má nefna að fjárheimild Fóðursjóðs er aukin um tæpa 1,3 milljarða kr. þar sem sjóðurinn hefur ekki verið lagður niður eins og til stóð að gera í áföngum. Fjárheimildir verðviðmiðunargjalds landbúnaðarvara eru auknar samtals um rúmar 400 m.kr. vegna þess að ekki verður af áformum um að leggja gjaldið niður á þessu ári. Þá eru fjárheimildir Ofanflóðasjóðs auknar um 450 m.kr. til að auka framkvæmdir við snjóflóðavarnir en það er liður í aðgerðum í atvinnumálum. Fjárheimild vegna Endurvinnslunnar hf. hækkar um 380 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðum.

Áætlað er að framkvæmdir í samgöngumálum verði um 2,5 milljörðum kr. hærri en ráðgert er í fjárlögum ársins. Þetta stafar af því að framkvæmdir við hafnir, flugvelli og í fjarskiptum verða að hluta til fjármagnaðar með afgangsfjárheimildum síðasta árs en að mestu er um að ræða framkvæmdir sem hafa tafist frá því sem áformað var. Vaxtabætur eru hækkaðar um 2,3 milljarða kr. í samræmi við ákvörðunar ríkisstjórnar um aðgerðir til stuðnings fyrir skuldsett heimili. Hækkunin er fjármögnuð með skatttekjum af útleystum séreignalífeyrissparnaði sem heimilaður var tímabundið með sérstökum lögum í vor. Gert

er ráð fyrir að 2,4 milljarðar kr. muni falla á ríkissjóð vegna ríkisábyrgða á skuldum á vegum föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands, sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands, sem síðar var sameinaður Kaupþing banka og svo Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins á sínum tíma. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum. Endurskoðaðar áætlanir gera ráð fyrir að ýmis útgjöld tengd bankahruninu og efnahagsáfallinu verði um 600 m.kr. á þessu ári. Hér eru einkum um að ræða aukin útgjöld vegna embættis sérstaks saksóknara, opinberrar réttaraðstoðar vegna einstaklinga í greiðsluaðlögun og greiðslur fyrir aðkeypta sérfræðivinnu.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum má nefna að framlög í Landhelgissjóð eru aukin um rúma 3 milljarða kr. vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða hún tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009. Horfur eru á að útgjöld sjúkratrygginga verði rúmlega 1,5 milljörðum kr. umfram heimildir fjárlaga, aðallega vegna vaxandi kostnaðar við S-merkt lyf. Hækkun tryggingagjalds sem samþykkt var á sumarþinginu hækka útgjöld ríkisins um rúman 1 milljarð kr. á þessu ári. Framlag í Þróunarsjóð EFTA er hækkað um 860 m.kr. en með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES fyrir nokkrum árum var gert ráð fyrir sérstökum framlögum EFTA–ríkjanna þriggja. Framlögin eru ætluð til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Húsaleigubætur sveitarfélaga eru auknar um rúmar 600 m.kr. vegna samkomulags sem ríki og sveitarfélög gerðu í apríl 2008 um þátttöku ríkisins í greiðslu húsaleigubóta. Bótagreiðslurnar hafa vaxið mjög hratt og verulega umfram það sem ráð var fyrir gert og stefnir í að viðbótarkostnaður við samkomulagið verði tvöfalt meiri en ráð var fyrir gert.

Á móti auknum útgjaldaskuldbindingum kemur tæplega 4 milljarða kr. lækkun vegna endurmetinnar fjárþarfar lífeyristrygginga en þar munar mest um að fjármagnstekjur bótaþega hafa verið vantaldar, sem lækkar greiðslur við uppgjör. Þá eru ekki horfur á að verði af áformum um kaup á nýjum sendiráðsbústöðum fyrir alls um 2 milljarða kr. í stað eldri bústaða sem áætlað var að selja fyrir um 3 milljarða kr.

Ríkisstjórnin ákvað að grípa til sérstakra ráðstafana til að bregðast við fyrirsjáanlegum auknum útgjöldum umfram fjárheimildir ársins. Á útgjaldahlið var aðgerðunum ætlað að skila 9,3 milljarða kr. lækkun á seinni hluta ársins 2009. Stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum er ætlað að ná fram 2% viðbótarlækkun rekstrarútgjalda, menntastofnunum sem annast kennslu 1,6% lækkun og velferðarstofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða 1% lækkun. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir leiði til 1,8 milljarða kr. lækkunar á rekstrarútgjöldum. Aðgerðirnar fela í sér að neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um rúma 3 milljarða kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem sett voru á sumar-

þinginu, voru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um 1,8 milljarða kr. frá miðju ári 2009. Þar af er gert ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar lífeyrisþega lækki um 1.100 m.kr. og að grunnlífeyrir lækki um 800 m.kr. en aðrir bótaliðir um 350 m.kr. Á móti kemur 390 m.kr. hækkun bótagreiðslna vegna nýs frítekjumarks sem sett var á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Einnig er dregið úr ýmis konar úthlutunum og styrkjum sem teljast til tilfærslna um sem nemur 1.200 m.kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir lækka um rúma 4,4 milljarða kr. Vegaframkvæmdir lækka um 3,5 milljarða kr., fallið er frá 400 m.kr. framkvæmdaáformum á árinu í tengslum við byggingu hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans og dregið úr áformum um framkvæmdir á Alþingisreit sem nemur um 200 m.kr.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010. Útgjaldarammar og markmið í ríkisfjármálum fyrir árið 2010 taka mið af áætlun ríkisstjórnarinnar um jafnvægi og stöðugleika í ríkisfjármálum og þjóðarbúskapnum á næstu fjórum árum. Samkvæmt henni er stefnt að því að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, verði orðinn jákvæður á árinu 2011, að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði orðinn jákvæður á árinu 2013 og að til lengri tíma litið verði hreinar skuldir ríkissjóðs ekki meiri en svarar til 60% af VLF.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs, t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkisins á þjónustu af einkaaðilum og sjálfseignastofnunum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld ársins 2010 eru áætluð 211,2 milljarðar króna og lækka um 6 milljarða króna frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Hefur þá verið tekið tillit til nokkurra atriða sem leiða af breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga, einkum að framlög ríkisins til Ríkisútvarpsins ohf. og til kirkjugarða færast nú sem rekstur í frumvarpinu en ekki sem tilfærslur líkt og verið hefur. Þá koma minni sértekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna vaxta á innistæðum hjá ríkissjóði og minni tekjur Fasteigna ríkissjóðs af húsaleigu fram sem hækkun á rekstrargjöldum ríkissjóðs um 1,9 milljarða kr. Ef leiðrétt er fyrir því og launa- og verðlagshækkanir frátaldar jafngildir þetta um 6,1% lækkun að raunvirði.

Ráðuneytum og stofnunum ríkisins er almennt ætlað að draga saman rekstur sinn um 10% frá fjárlögum 2009. Undantekningar eru annar vegar menntastofnanir þar sem kennsla fer fram, þar sem markmiðið er 7% að meðaltali og sjúkrastofnanir og stofnanir fatlaðra þar sem gert er ráð fyrir 5% lækkun að meðaltali frá fjárlögum 2009. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun starfa og framlög í tengslum við fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi miðast við verulega lægri einingaverð en áður. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á laun ríkisstarfsmanna á árinu 2010 umfram það sem þegar hefur verið samið um eins og nánar er fjallað í kafla um verðlagsforsendur frumvarpsins hér fyrir framan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur[1] 2007	Reikningur[1] 2008	Fjárlög[1] 2009	Áætlun[1] 2009	Frumvarp 2010
Rekstrargjöld	**191.812**	**236.704**	**212.836**	**217.078**	**211.173**
Laun	106.072	118.490	123.542	122.504	118.912
Lífeyrisskuldbindingar	19.933	40.494	5.166	5.166	5.246
Fjármagnstekjuskattur	2.442	2.723	2.285	4.268	2.707
Önnur gjöld	93.679	114.692	115.578	118.016	116.542
Sértekjur	-30.314	-39.695	-33.736	-32.877	-32.235
Fjármagnskostnaður	**22.220**	**35.496**	**86.940**	**104.045**	**99.570**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**152.828**	**182.958**	**212.159**	**221.541**	**215.783**
Lífeyristryggingar	37.873	43.610	54.937	49.853	48.687
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.643	4.879	18.577	26.257	29.226
Sjúkratryggingar	17.694	22.158	25.130	27.481	22.841
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.830	12.394	11.157	11.800	11.653
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	9.123	10.416	10.802	10.802	10.757
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.861	7.902	9.602	10.545	10.503
Afskriftir skattkrafna	8.476	11.529	10.000	10.000	10.000
Fæðingarorlofssjóður	8.014	9.539	10.529	10.459	9.592
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.804	5.768	6.985	7.300	9.185
Barnabætur	7.888	8.875	10.100	10.520	9.100
Vaxtabætur	5.633	7.013	7.770	10.100	7.770
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.653	2.957	2.945	2.762	2.630
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	29.337	35.919	33.626	33.663	33.839
Viðhald	**6.350**	**7.029**	**8.909**	**8.854**	**7.605**
Vegakerfi	3.104	3.463	5.179	5.179	4.679
Annað	3.247	3.566	3.731	3.676	2.926
Stofnkostnaður	**18.313**	**26.594**	**28.832**	**29.987**	**17.131**
Vegakerfi	10.449	18.114	20.986	17.286	8.976
Háskólar og framhaldskólar	1.786	1.547	1.100	991	858
Heilbrigðisstofnanir	1.507	1.176	1.335	1.242	732
Flugvellir	441	1.297	258	1.158	258
Annað	4.131	4.460	5.154	9.310	6.307
Fjármagnstilfærslur	**5.999**	**199.082**	**5.965**	**7.675**	**4.342**
Ofanflóðasjóður	484	808	623	1.073	553
Leiguíbúðir	1.330	1.100	1.100	1.100	436
Hafnarframkvæmdir	1.026	1.464	472	472	462
Menningastofnanir	805	177	0	25	66
Tapaðar kröfur	0	192.185	0	0	0
Annað	2.354	3.347	3.770	5.006	2.826
Gjöld samtals	**397.522**	**687.863**	**555.641**	**589.181**	**555.603**

[1] Fjárhæðir aðlagaðar vegna flokkunar á Ríkisútvarpi og kirkjugörðum undir rekstur í stað tilfærslna áður

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur, vaxtabætur, beinar greiðslur til bænda og aðrar greiðslur samkvæmt samningum um búvöruframleiðslu og aðrar tekjutilfærslur til einstaklinga. Hér er einnig um að ræða rekstrartilfærslur til fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til fyrirtækja í B-hluta og lánasjóða í C-hluta. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar um 215,8 milljarðar kr. á árinu 2010 og lækka um 5,8 milljarða króna frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Hefur þá verið tekið tillit til breyttrar flokkunar á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga. Þegar gengis- og verðlagshækkanir eru undanskildar lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 9,3 milljarða kr. eða sem svarar til 4,2% að raunvirði milli ára.

Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 4,9 milljarða kr. en aðrir liðir lækka samtals um 10,7 milljarða kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld sjúkratrygginga lækki um 4,7 milljarða kr., einkum lyfjakostnaður og kostnaður vegna sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Útgjöld lífeyristrygginga lækka um 1,2 milljarða kr. vegna heilsársáhrifa af breytingum á lögum um almannatrygginga á miðju ári 2009. Fyrirhugað er að lækka útgjöld vegna Fæðingarorlofssjóðs um 1,5 milljarða kr. og að lækka greiðslur barnabóta til hinna tekjuhærri um 1 milljarð kr. Þá lækka vaxtabætur í frumvarpinu um 2,3 milljarða kr. eða sem nemur sérstöku viðbótarframlagi sem greitt er á árinu 2009 og er fjármagnað með tekjuskatti af útleystum séreignalífeyrissparnaði á árinu. Framlagið er því óbreytt frá fjárlögum 2009, nema aðrar tillögur verði teknar til umfjöllunar fyrir afgreiðslu frumvarpsins í tengslum við aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna í heild.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir af skuldum ríkissjóðs verði 99,6 milljarðar kr. á næsta ári og lækki um 4,5 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2009. Vaxtakostnaður vegna eiginfjármögnunar viðskiptabankanna, sem áætlaður er 300 milljarðar kr., lækkar um 20,6 milljarða kr. á milli ára vegna skilmála skuldabréfaflokksins og áætlaðra lækkun vaxta. Áætlað er að vaxtagjöld vegna ríkisverðbréfa hækki um 6 milljarða kr. frá fyrra ári vegna aukinnar útgáfu og að vaxtagjöld vegna nýrra lána erlendra þjóða til að styrkja gjaldeyrisforða landsins hækki um 10,3 milljarða kr. en gert er ráð fyrir að lánin verði að mestu tekin á árinu 2010.

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna eru áætluð 7,6 milljarðar kr. og lækka um 1,2 milljarða kr. frá árinu 2009. Viðhaldsverkefni Fasteigna ríkisins lækka um 600 m.kr. vegna aukins afsláttar af húsaleigu og framlag til viðhalds vega lækkar um 500 m.kr.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 21,5 milljarðar kr. og lækka um 16,2 milljarða kr. frá áætlun ársins. Framlag til vegaframkvæmda lækkar um 8,3 milljarða kr. Þá fellur niður tímabundið 3,1 milljarðs króna framlag til kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

3.2 Aðhaldsaðgerðir 2010

Í þessum kafla er fjallað um sérstakar aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið fjárlaga 2010 sem eru hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum árin 2009–2013 í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Aðgerðirnar nema alls um 42,8 milljörðum kr. og jafngildir það um 9,5% lækkun á veltu fjárlaga 2009 þegar undanskilin eru vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldbindingar. Að hluta til er um að ræða heilsársáhrif af ráðstöfunum sem koma til framkvæmda á yfirstandandi ári því nýjar ráðstafanir nema um 35 milljörðum kr. Því til viðbótar er með ákvörðun um afar aðhaldssama verðlagshækkun fjárveitinga frumvarpsins komið í veg fyrir um 11 milljarða kr. útgjöld sem ella hefðu getað fallið til vegna hækkana á bótagreiðslum og launum ef miðað er við spá um vísitölu neysluverðs og 3% launahækkun. Má því telja að í frumvarpinu sé dregið úr eða spornað gegn útgjaldahorfum sem nema alls um 54 milljörðum kr.

Ráðuneytunum var sl. vor ætlað að undirbúa valkosti og tillögur um lækkun útgjalda sem næmi um 10% af heildar veltu. Í sumum ráðuneytum, einkum þeim stærri, fór sá undirbúningur fram í sérstökum vinnuhópum um hagræðingaraðgerðir og einnig hafa ráðuneytin leitað eftir hugmyndum frá undirstofnunum. Ráðuneytin hafa unnið áfram að þeim valkostum. Auk þess hefur verið myndaður stýrihópur í fjármálaráðuneytinu sem hefur annars vegar það hlutverk að taka saman og miðla leiðbeiningum um helstu úrræði sem hægt er að grípa til í hagræðingar- og sparnaðarskyni og hins vegar að skipuleggja með hvaða hætti samráð og samvinna milli forstöðumanna stofnana innbyrðist og við ráðuneytin eigi sér stað. Þá hefur verið myndað sérstakt aðgerðarteymi í hverju ráðuneyti fyrir sig og ráðgert er að einn starfsmaður úr hverju aðgerðarteymi verði tengiliður teymisins við stýrihóp fjármálaráðuneytis.

Hér á eftir fjallað um aðhaldsáformin eftir hagrænni skiptingu og með skiptingu á ráðuneyti og gerður samanburður við veltutölur fjárlaga 2009 að frádregnum vaxtagjöldum og óreglulegum liðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Rekstur	-13.947,9	198.873,6	-7,0%
Tilfærslur	-14.932,0	206.045,8	-7,2%
Viðhald og stofnkostnaður	-13.873,3	43.703,4	-31,7%
Samtals	**-42.753,2**	**448.622,8**	**-9,5%**

Rekstur. Sparnaðaraðgerðir í rekstri nema samtals 13,9 milljörðum kr. Aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað þarfnast yfirleitt nokkurs aðdraganda og getur liðið nokkur tími þar til áhrif þeirra koma fram. Þess vegna hefur nú þegar verið hafist handa við að hrinda hagræðingaraðgerðum í framkvæmd hjá ráðuneytum og stofnunum. Ráðgert er að lækka flesta þá útgjaldaliði sem heyra undir rekstur, þ.m.a. laun, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu ofl.

Rekstrargrunnur, m.kr., rekstrarútgjöld	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-171,5	3.426,8	-5%
Forsætisráðuneyti	-62,0	788,4	-8%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-3.010,8	37.826,8	-8%
Utanríkisráðuneyti	-651,6	6.532,9	-10%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-424,6	4.651,5	-9%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-1.969,4	19.157,6	-10%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-1.651,2	31.589,4	-5%
Heilbrigðisráðuneyti	-3.756,6	68.604,9	-5%
Fjármálaráðuneyti	-820,2	9.557,9	-9%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-830,0	8.385,8	-10%
Iðnaðarráðuneyti	-143,2	1.800,7	-8%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-142,3	2.572,8	-6%
Umhverfisráðuneyti	-314,5	3.978,1	-8%
Samtals	**-13.947,9**	**198.873,6**	**-7%**

Markmið um samdrátt í rekstrarútgjöldum ársins 2010 voru að ná fram 10% lækkun í veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum sem annast kennslu og 5% hjá sjúkrastofnunum og stofnunum sem annast þjónustu við fatlaðra. Taflan að ofan sýnir lækkunina á ráðuneyti. Ráðuneyti þar sem rekstrarveltan er að stærstum hluta í stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum eru með hæstu hlutföllin í samdrætti útgjalda en það eru utanríkisráðuneytið, samgönguráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið eru með lægstu hlutföllin í samdrætti þar sem að rekstrarvelta þessara ráðuneyta er að miklu leyti í velferðarstofnunum. Lágt hlutfall hjá viðskiptaráðuneyti skýrist af því að ráðuneytið undanskildi Fjármálaeftirlitið frá hagræðingarkröfu en stofnunin er með stóran hlut af rekstrarveltu ráðuneytisins. Hjá menntamálaráðuneytinu kemur fram ívið meiri samdráttur í rekstrargjöldum en markmiðið sem sett var fyrir menntastofnanirnar þar sem að rekstrarveltan er að hluta hjá stjórnsýslu- og menningarstofnunum.

Á næstu árum þarf að grípa til enn frekari sparnaðaraðgerða í rekstri. Meðal annars er stefnt að frekari lækkun útgjalda með skipulagsbreytingum eins og með sameiningu stofnana og niðurfellingu verkefna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Aðgerðir til lækkunar á neyslu- og rekstrartilfærslum nema samtals 14,9 milljörðum kr. frá fjárlögum 2009. Sparnaðaraðgerðirnar fela í sér breytingar á bótakerfum, lækkun á framlögum til þróunaraðstoðar, skerðingu ýmissa styrkja ofl.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærslur	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	66,8	0,0%
Forsætisráðuneyti	-10,3	146,6	-7,0%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-1.346,8	18.411,1	-7,3%
Utanríkisráðuneyti	-744,0	3.896,3	-19,1%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-343,4	12.711,9	-2,7%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-396,5	4.334,3	-9,1%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-6.800,1	96.501,7	-7,0%
Heilbrigðisráðuneyti	-3.588,3	26.677,7	-13,5%
Fjármálaráðuneyti	-1.023,0	21.887,9	-4,7%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-269,0	14.411,2	-1,9%
Iðnaðarráðuneyti	-355,8	4.479,8	-7,9%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-6,0	543,7	-1,1%
Umhverfisráðuneyti	-48,8	1.976,8	-2,5%
Samtals	**-14.932,0**	**206.045,8**	**-7,2%**

Í krónum talið kemur stærstur hluti af ráðstöfunum til að draga úr tilfærsluútgjöldum fram hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, eða 6,8 milljarðar kr., en undir það ráðuneyti heyrir mest af bótakerfum ríkisins. Hlutfallslega er lækkunin þó mest hjá utanríkiráðuneytinu vegna samdráttar í framlögum til þróunaraðstoðar og í heilbrigðisráðuneytinu, sem er að mestu í sjúkratryggingum eða nánar tiltekið í lyfja- og lækniskostnaði. Lækkun hjá fjármálaráðuneytinu er vegna áforma um að draga úr greiðslum barnabóta til hinna tekjuhærri. Í töflunni hér á eftir er nánari skipting á aðhaldsaðgerðunum á helstu tilfærsluliðum.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærsluliðir	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Lífeyristryggingar	-4.400,0	64.539,0	-6,8%
Sjúkratryggingar	-3.557,0	25.129,6	-14,2%
Atvinnuleysistryggingasjóður	-750,0	18.576,6	-4,0%
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	-150,0	10.184,0	-1,5%
Barnabætur	-1.000,0	10.100,0	-9,9%
Fæðingarorlofssjóður	-1.550,0	10.529,0	-14,7%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-350,0	6.985,0	-5,0%
Þróunaraðstoð	-743,0	2.279,1	-32,6%
Ýmislegt	-2.432,0	57.723,5	-4,2%
Samtals	**-14.932,0**	**206.045,8**	**-7,2%**

Sparnaði í lífeyristryggingum á m.a. að ná með því að auka vægi viðmiðunartekna við útreikning á lífeyrisbótum þannig að greiðslur til tekjuhærri lífeyrisþegar lækka. Við gildistöku breytinganna á skerðingum lífeyristrygginga 1. júlí sl. héldu um 40% af lífeyrisþegum óbreyttum greiðslum eða hækkuðu vegna tilkomu frítekjumarks á ellilífeyrissjóðstekjur. Þeir lífeyrisþegar sem hafa lægstu tekjurnar munu ekki lækka með þessum sparnaðaraðgerðum. Í sjúkratryggingum er ráðgert að lækka greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði og draga

úr umfangi á sérfræðilæknisþjónustu. Hjá Fæðingarorlofssjóði hafa hámarksgreiðslur á mánuði verið lækkaðar úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr. og auk þess er ráðgert að lækka hlutfall tekjuviðmiðs. Nánari skýringar á sparnaði í tilfærsluútgjöldum er að finna í umfjöllun um viðkomandi ráðuneyti hér á eftir.

Viðhald og stofnkostnaður. Ráðstafanir til lækkunar á viðhaldi og stofnkostnaði nema samtals 13,9 milljörðum kr. Mestur er samdrátturinn í viðhaldi og nýframkvæmdum vegakerfisins eða um 12,3 milljarða kr. Með þessum aðhaldsráðstöfunum verður fjárfesting á vegum ríkisins um 1,4% af landsframleiðslu á næsta ári en hún var um 1,9% að meðaltali á árunum 2001 til 2007 áður en þau framlög voru aukin mjög umtalsvert á árinu 2008, einkum vegna vegaframkvæmda.

Rekstrargrunnur, m.kr., stofnkostnaður	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-252,0	289,6	-87,0%
Forsætisráðuneyti	-1,0	142,4	-0,7%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-236,4	2.706,6	-8,7%
Utanríkisráðuneyti	0,0	2.100,0	0,0%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-6,0	193,4	-3,1%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-24,5	828,8	-3,0%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-664,0	3.811,9	-17,4%
Heilbrigðisráðuneyti	-400,0	1.614,6	-24,8%
Fjármálaráðuneyti	-8,7	3.173,4	-0,3%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-12.250,0	28.165,8	-43,5%
Iðnaðarráðuneyti	0,0	0,0	-
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0	-
Umhverfisráðuneyti	-30,7	676,9	-4,5%
Samtals	**-13.873,3**	**43.703,4**	**-31,7%**

3.3 Endurskipulagning opinberrar þjónustu

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að ráðast í endurskipulagningu á verkefnum ráðuneyta og stofnana á árunum 2010–2011. Ákvörðunin er hluti áætlunar stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem felur í sér verulega lækkun ríkisútgjalda á tímabilinu. Markmið endurskipulagningarinnar er ennfremur að auka skilvirkni í ríkisrekstri með hagkvæmari einingum, einfalda stjórnsýslu og þjónustu til framtíðar, endurskoða verkaskiptingu milli ráðuneyta og milli ríkis og sveitarfélaga og gera ríkiskerfið sveigjanlegra til þess að takast á við breytingar. Þá er stefnt að því að auka samstarf ráðuneyta og samvinnu ríkisaðila almennt þannig að ríkið í heild og einstök ráðuneyti og stofnanir vinni betur saman.

Þrátt fyrir að hvatinn að þeim breytingum sem nú er ráðist í sé hrun bankakerfisins haustið 2008 og þau efnahagslegu áföll sem fylgdu í kjölfarið er endurskipulagning opinberrar þjónustu á ákveðnum sviðum nauðsynleg og tímabær, m.a. vegna breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar, þörfum samfélagsins, byggðaþróun og tækniþróun. Á sumum

sviðum er ríkiskerfið ósveigjanlegt og töluvert um tvíverknað. Í rekstri þess er umtalsverður fastur kostnaður sem hægt væri lækka og nýta má fjármuni betur til að efla grunnþjónustu. Aukinn sveigjanleiki og meiri samnýting mannafla og stjórnsýslueininga eykur einnig möguleikana á að gera breytingar á skipulagi í framtíðinni. Markmið er að þegar Ísland nær sér aftur á strik verði þjónustan öflugri og stjórnsýslan skilvirkari.

Við endurskipulagningu opinberrar þjónustu og stjórnsýslu verður horft til framtíðar og hugað að uppbyggingu opinberrar þjónustu um allt land. Í sóknaráætlun 20/20, sem nú er í mótun á vegum ríkisstjórnarinnar, er unnið að skilgreiningu samræmdrar svæða- og umdæmaskiptingar landsins. Á þeim grunni verður þess freistað að ná fram samþættingu ýmissa áætlana ríkisins sem snúa að uppbyggingu til framtíðar. Samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum verður landinu skipt upp í 6–7 svæði og stefnumótun og áætlanir í tilteknum málaflokkum sem varða uppbyggingu landsins munu taka mið af þeirri skiptingu. Svæðaskiptingin hefur þó aðeins óbein áhrif á stjórnsýslu og þjónustu sem ekki er í eðli sínu staðbundin, t.d. ýmis almenn stjórnsýsla og þjónusta sem nú er innt af hendi á skattstofum, sýslumannsembættum og starfsstöðum eftirlitsstofnana víðsvegar um landið. Þá þarf að skoða samstarf við sveitarfélög um þjónustumiðstöðvar. Lögð verður áhersla á að einfalda og samræma stjórnsýsluna, stækka einingar og auka sveigjanleika í framkvæmd þessara verkefna. Slíkt skapar sóknarfæri fyrir byggðarlög á landsbyggðinni sem geta laðað til sín verkefni frá stærri stjórnsýslueiningum sem í raun er hægt að sinna hvar sem er á landinu með nútíma samskiptatækni. Stjórnsýsla og þjónusta sem á að vera nærþjónusta, t.d. heilbrigðisþjónusta, menntun, löggæsla, félagsþjónusta o.fl., verður einfölduð og endurskipulögð á grundvelli nýrrar umdæmaskiptingar.

Þær breytingar sem skoðaðar verða á næstu misserum felast m.a. í því að fækka ráðuneytum og ríkisstofnunum með sameiningu og breytingu á skipulagi. Megnið af þessum breytingum kalla á breytingar á lögum og reglum sem nú eru í undirbúningi í ráðuneytunum. Því hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim öllum í framsetningu fjárlagaliða frumvarpsins. Undirbúningur er kominn mislangt á veg og er lögð áhersla á virkt samráð við starfsfólk og hagsmunaaðila við framkvæmd fyrirhugaðra breytinga.

Helstu verkefni sem unnið er að eða eru fyrirhuguð:

1. Endurskipulagning lögregluembætta sem miðar að því að verja grunnþjónustu lögreglunnar og minnka yfirbyggingu. Skoðað verður hvort leggja skuli niður embætti ríkislögreglustjóra og endurskipuleggja og flytja til verkefni með skilvirkni og hagræðingu í huga.
2. Endurskoðun á skipan sýslumannsembætta samhliða nýrri svæðaskiptingu en áfram verða starfsstöðvar víðsvegar um landið.
3. Sameining héraðsdómstóla í einn með starfsstöðvar víðsvegar um landið.
4. Sameining skattstofa landsins í eina. Verkefnum skattkerfisins verður áfram sinnt víðsvegar um landið.

5. Aðgerðaáætlun um samstarf og markvissari verkaskiptingu milli heilbrigðisstofnana.
6. Sameining átta heilbrigðisstofnana á Vesturlandi og tveggja í Fjallabyggð.
7. Athugun á breytingum á stjórnsýslustofnunum heilbrigðisráðuneytisins að fengnum tillögum frá sérstökum starfshópi sem er að störfum.
8. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur verið endurskipulögð með nánu samstarfi við Fiskistofu sem felur í sér sparnað í mannahaldi og húsnæði.
9. Athugun á öllum stærri stofnunum sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytisins, þar sem farið er yfir verkefni, mögulega skörun, breytta verkaskiptingu, aukið samstarf og hvað annað sem getur leitt til hagræðingar og markvissari starfsemi.
10. Stefnumótun í nytjaskógrækt, þar sem m. a. er metið skipulag og rekstur landshlutaverkefna í skógrækt af sérstakri nefnd.
11. Úttekt á stofnunum umhverfisráðuneytisins og tillögur um sameiningu þeirra auk þess sem skoðaðar eru hugmyndir um breytta verkaskiptingu milli stofnana ráðuneytisins og annarra stofnana og samstarf þvert á ráðuneyti.
12. Sameining og endurskipulagning verkefna Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlitsins og Tryggingastofnunar. Samhliða verður starfsemi þessara stofnana á landsbyggðinni endurskipulögð.
13. Flutningur málefna fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga.
14. Endurskipulagning samgöngustofnana á vegum samgönguráðuneytisins.
15. Sameining slysarannsóknanefnda (flugslys, sjóslys og umferðaslys).
16. Sameining Keflavíkurflugvallar o.hf. og Flugstoða o.hf.
17. Endurmat á háskólakerfinu, þ.m.t. á möguleikum aukins samstarfs eða sameiningar háskóla.
18. Endurskoðun á rekstri Þjóðmenningarhúss eða lokun þess.
19. Varnarmálastofnun lögð niður í núverandi mynd á árinu 2010 og verkefni hennar samþætt hlutverki annarra opinberra stofnana.
20. Áframhaldandi endurskoðun á utanríkisþjónustunni og stefnt að fækkun sendiráða.

Að auki eru til skoðunar ýmsar aðrar breytinga á skipulagi og verkaskiptingu milli stofnana og ráðuneyta.

3.4 Aukinn trúverðugleiki fjárlaga

Góður trúverðugleiki fjárlaga hefur afgerandi þýðingu þegar framundan er árabil mikils og nauðsynlegs aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Trúverðugleiki útgjalda fjárlaga er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Alþingi og stofnanir þess hafa einnig mikilvægt hlutverk

við eftirlit með að framkvæmd fjárlaga sé í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Í áætlunum sem kynntar hafa verið af stjórnvöldum hafa verið sett fram markmið um að styrkja regluverk fjármálastjórnar ríkisins og ráðast í margvíslegar umbætur sem snúa að framkvæmd fjárlaga. Fjármálaráðherra mun á haustdögum leggja fram nánari útfærslu þessarar styrkingar sem m.a. er ætlað að auðvelda forstöðumönnum stofnana og ráðuneytum eftirfylgni með útgjöldum.

Almennt gildir að forstöðumaður stofnunar er ábyrgur fyrir því að reksturinn sé innan heimilda fjárlaga. Telji forstöðumaður hættu á að útgjöldin fari umfram heimildir ber honum að tilkynna það sínu ráðuneyti. Ráðuneytinu er ætlað í samvinnu við forstöðumann stofnunar að leita leiða til að tryggja fjárhagslegan rekstur stofnunar.

Í 37. gr. fjárreiðulaga er að finna heimild til að geyma ónýttar fjárheimildir og draga skuldir frá fyrra ári að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra. Yfirfærsla innstæðna og skulda var tekin upp á árinu 1992 í því skyni að auka fjármálalega ábyrgð í kerfinu. Stofnanir þurftu þar með að axla ábyrgð á umframútgjöldum en gátu jafnframt gert ráð fyrir því að ef þær skiluðu afgangi yrði hann ekki af þeim tekinn. Á undanförnum árum hefur yfirfærslan verið unnin á grundvelli verklagsreglna sem kynntar hafa verið ráðuneytum og samstaða er um. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkisfjármála hafa verið kynntar viðmiðanir sem miða að því að draga úr yfirfærslu fjárheimilda án þess að það dragi úr gildi heimildanna sem tæki til aðhalds og stöðugleika í rekstri stofnana ríkisins. Almennt verður miðað við svipað verklag og verið hefur varðandi tilfærsluframlög og stofnkostnað eins og þær reglur hafa verið settar fram í frumvörpum til lokafjárlaga. Þó eru felldar niður stöður í árslok 2008 á tilteknum liðum þar sem safnast hafa upp mjög umtalsverðar afgangsheimildir á liðnum árum sem ekki er ætlunin að nýta til að ekki verði efnt til frekari útgjalda en fjárlög gera ráð fyrir, einkum á framkvæmdaliðum. Hvað varðar uppsafnaðar fjárheimildir til almenns rekstrar sérstaklega verður tekið upp breytt viðmið um að afgangur umfram 4% af veltu falli niður, nema sérstakar ástæður séu til annars. Við innleiðingu þessara reglna verður þó tekið mið af aðstæðum og sýndur sanngjarn sveigjanleiki í framkvæmd. Í þeim tilvikum verður miðað við að yfirfærðar fjárheimildir geti orðið að hámarki 10% rekstrarfjárveitinga á ársgrundvelli.

Í fjárlagafrumvarpi 2010 undir fjármálaráðuneyti er að finna 5 milljarða kr. safnlið, eins konar varasjóð, sem fjármálaráðherra er heimilt að nota til að bregðast við ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum á fjárlagaárinu án þess að það raski útgjaldahlið fjárlaga. Sambærilegan safnlið verður einnig að finna í útgjaldarömmum fyrir árin 2011–2013 sem ríkisstjórnin mun leggja fram áður en fjárlög 2010 verða afgreidd frá Alþingi. Varasjóðurinn er eitt þeirra tækja sem er ætlað að styrkja trúverðugleika fjárlaga og draga úr hættu á að útgjöld fari umfram heimildir í fjárlögum. Ráðstöfun þessarar óskiptu fjárheimildar verður háð ströngum ákvæðum. Fyrst og fremst er henni ætlað að mæta hugsanlegum frávikum í gengis- og verðlagsforsendum frumvarpsins. Vegna annarra skuldbindinga ríkisins verður sjóðnum einungis ætlað að mæta útgjöldum umfram ákveðna

lágmarksfjárhæð sem eru óhjákvæmileg og voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga. Eðli og umfang útgjaldanna verður að liggja fyrir og almenna reglan er að einungis hluta fjárþarfar verður mætt með framlagi úr varasjóðnum.

Opinber stofnun sem sér fram á ófyrirséð eða óvænt útgjöld sem ekki er unnt að ráða við að óbreyttum fjárheimildum ber að tilkynna það sínu ráðuneyti ásamt rökstuddum tillögum að úrlausn. Viðkomandi ráðuneyti metur erindi stofnunar og sækir um framlag úr varasjóðnum með rökstuddu erindi telji það eðli útgjaldanna vera innan skilgreinds hlutverks varasjóðsins og að aðrar leiðir til að mæta útgjaldaauka séu ófærar. Í erindinu þarf að koma fram til hvaða ráðstafana ráðuneytið og viðkomandi stofnun munu grípa til að fyrirbyggja frekari útgjöld af því tilefni og hvernig áformað er að bregðast við til að mæta umframgjöldum að öðru leyti. Fallist fjármálaráðuneyti fyrir sitt leyti á að flytja fjárheimild af lið varasjóðsins á lið þar sem útgjöldin eru gjaldfærð leggur fjármálaráðherra tillögu þess efnis fram í ríkisstjórn til samþykktar eða synjunar. Fjármálaráðuneyti verður ekki heimilt að veita fjárheimild úr varasjóðnum fyrr en að fyrir liggur að aðrar aðgerðir til að mæta ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum séu jafnframt að skila árangri. Fjárheimild frá varasjóðnum gildir einungis til eins árs og hækkar ekki útgjaldaramma viðkomandi verkefnis eða stofnunar næsta ár.

3.5 Rannsóknir og þróunarstarf

Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfs voru um 35 milljarðar kr. árið 2007 samkvæmt nýjustu greiningu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís). Það svarar til tæplega 2,7% af vergri landsframleiðslu. Hlutfallið hefur lækkað en það komst hæst í 3%. Skýringin liggur í örum vexti landsframleiðslunnar síðustu árin sem aukning framlaga til þessara mála hefur ekki haldið alveg í við. Að raungildi hafa fjárhæðirnar samt hækkað umtalsvert. Fyrirtæki fjármagna um helming af útgjöldum til rannsókna og þróunar hér á landi, hið opinbera um 40% en afgangurinn kemur frá öðrum löndum. Samkvæmt tölum OECD lagði íslenska ríkið hærra hlutfall til rannsókna og þróunar en önnur ríki á árinu 2007 en meðaltal allra OECD ríkja er um 0,6%. Eitt af markmiðum Vísinda- og tækniráðs er að auka hlut fyrirtækja á þessu sviði og hefur þokast í þá átt hin síðustu ár.

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á úrvinnslu Rannís sem tekið hefur saman upplýsingar um þróun á þessu sviði allt frá árinu 1993. Mælingarnar benda til þess að á árinu 2010 muni ríkið leggja fram um 15 milljarða kr. til að standa straum af rannsóknum og þróunarstarfi. Þetta er tæplega 6% lægri fjárhæð að raungildi en í fjárlögum 2009 og um tæplega 10% raunlækkun frá ríkisreikningi ársins 2008. Tekið skal fram að á síðustu árum hefur verið kerfisbundinn mismunur á framlögum til þessara mála í frumvarpi til fjárlaga, fjárlögunum og ríkisreikningi.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2010 lækka fjárveitingar nær allra ráðuneyta til rannsókna og þróunarstarfs. Lækkunin hjá ríkisaðilum sem tilheyra menntamálaráðuneyti er mest í krónum talið. Þetta skýrist af niðurskurði á fjárframlögum reksturs til háskóla og

háskólastofnana en framlög í rannsóknarsjóði sem heyra undir menntamálaráðuneytið standa í stað á milli ára. Þess ber að geta að á síðustu árum hefur framlag þessara ríkisaðila hækkað einna mest.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2001	Reikn. 2003	Reikn. 2005	Reikn. 2006	Reikn. 2008	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	6.252	7.530	7.458	7.624	9.915	10.226	9.626
Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðun	2.495	2.582	3.082	2.985	2.792	2.525	2.340
Heilbrigðisráðuneyti	894	1.159	1.415	1.474	1.575	1.222	1.208
Iðnaðarráðuneyti	432	565	839	1.052	1.004	1.028	976
Umhverfisráðuneyti	532	597	506	529	694	630	645
Samgönguráðuneyti	157	222	76	80	62	54	47
Forsætisráðuneyti	122	115	183	37	50	56	45
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	31	43	38	37	66	58	53
Önnur ráðuneyti	51	60	47	46	58	44	51
Fjárveitingar ríkisins	**10.966**	**12.874**	**13.645**	**13.865**	**16.215**	**15.843**	**14.990**

Rannís hefur gert tilraun til að meta ríkisframlag til rannsókna og þróunar eftir viðtakendum. Þrátt fyrir nokkra lækkun á milli ára eru það menntastofnanir sem fá hæstu framlögin eða um 6,2 milljarða kr. Opinberar rannsóknastofnanir og þær stofnanir sem tilheyra rannsóknastofnunum atvinnuveganna fá samtals rúmlega 4 milljarða kr. Rannís og sjóðir í vörslu hennar fá rúmlega 2 milljarða kr. Alþjóðasamstarf mun fá rúmlega einn milljarð kr. en þar vegur þátttaka í Rammaáætlun ESB þyngst. Ýmsar áætlanir, sjóðir og verkefni fá síðan rúmlega einn milljarð kr.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2001	Reikn. 2003	Reikn. 2005	Reikn. 2007	Reikn. 2008	Fjárlög 2009	Frv. 2010
Menntastofnanir	4.238	5.411	5.389	7.165	6.625	6.663	6.275
Opinberar rannsóknastofnanir	2.362	2.719	2.725	2.991	3.213	2.662	2.554
RANNIS og sjóðir vistaðir þar	2.311	2.430	2.490	2.115	1.894	1.767	1.604
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	987	1.048	1.592	2.039	1.925	2.214	2.155
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	489	546	524	703	1.136	1.253	1.171
Sjóðir aðrir en í vörslu RANNIS	185	277	509	830	1.097	980	959
Áætlanir og verkefni.	394	443	416	229	325	305	272
Samtals	**10.966**	**12.874**	**13.645**	**16.072**	**16.215**	**15.843**	**14.990**

Rannís gerði einnig tilraun til að meta ríkisframlag til rannsókna og þróunar eftir viðfangsefnum rannsóknastarfsins. Þetta er fremur erfitt mat þar sem flestir ríkisaðilar sem fá fé á fjárlögum vinna að margvíslegum viðfangsefnum og því er flokkun erfið. Almennt eru framlög til rannsókna og þróunarstarfs ekki aðgreind í fjárveitingum til einstakra stofnana. Þó má sjá í talnaefni frá Rannís að flokkurinn almenn þróun vísinda fær mest framlag til rannsókna og þróunar. Stór hluti af rannsókna- og þróunarstarfi háskóla fellur hér undir þó vissulega megi fullyrða að rannsóknastarf í háskólum sé bæði yfirgripsmikið og víðfeðmt.

Ríkisframlag til fiskveiða og til Rannís og sjóða í vörslu stofnunarinnar er um 2 milljarðar kr. á hvorn flokk. Félagsleg þjónusta er flokkur sem allmargar opinberar stofnanir flokkast undir þó starf þeirra sé jafnan víðtækara en svo. Til þessa flokks fara tæpir 2 milljarðar kr. Um einn milljarður kr. fer til heilbrigðismála og aðeins lægri upphæð til landbúnaðarmála.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2001	Reikn. 2003	Reikn. 2005	Reikn. 2007	Reikn. 2008	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Almenn þróun vísinda	4.148	5.239	4.872	6.267	5.812	6.081	5.734
RANNIS og sjóðir	987	1.048	1.599	2.049	1.934	2.219	2.160
Fiskveiðar	1.470	1.653	1.632	2.533	2.464	2.234	2.061
Samfélagsgerð og samskipti	1.202	1.271	1.362	1.618	2.067	2.104	1.916
Heilsuvernd	875	1.125	1.356	1.539	1.574	1.185	1.166
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	811	867	1.222	1.024	1.270	964	915
Umhverfismál	420	506	436	418	434	349	374
Iðnaður	319	289	488	182	156	135	148
Orkumál	181	245	234	130	154	142	121
Samgöngur og skipulag	203	269	98	104	109	91	90
Ýmsir sjóðir sem styrkja rannsóknir	348	363	346	209	242	339	306
Samtals	**10.966**	**12.874**	**13.645**	**16.072**	**16.215**	**15.843**	**14.990**

Í fjárlagagreiningu Rannís koma áherslur fyrirtækja í landinu ekki fram. Einungis lítill hluti af opinberu fé fer til að standa straum af útgjöldum til rannsókna og þróunar þar. Talið er að árið 2007 hafi rúmlega 5% af útgjöldum fyrirtækja til rannsókna og þróunar verið greiddar með opinberu fé sem þýðir að fyrirtæki fjármagna stærstan hluta útgjalda sinna sjálf. Samsvarandi hlutfall hjá ríkjum OECD er um 6,4% að meðaltali.

3.6 Íslenska upplýsingasamfélagið

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu stjórnvalda fyrir árin 2008–2012 undir kjörorðinu Netríkið Ísland. Þetta er þriðja stefna stjórnvalda af þessu tagi og er markmið hennar að þessu sinni að Ísland verði meðal fremstu þjóða í rafrænni stjórnsýslu og nýtingu upplýsingatækni. Stefnan byggir á þremur meginstoðum en þær eru skilvirkni, þjónusta og framþróun. Leitast verður við að veita fjármagni í verkefni sem leiða til aukinnar sjálfsafgreiðslu, einfaldari og nútímavæddari stjórnsýslu. Í stað þess að fólk ferðist á milli stofnanna verði það gögnin sem flytjast á milli og þannig sparist tími og fyrirhöfn í samskiptum við hið opinberra.

Til að bregðast við þeim þrengingum sem þjóðarbúið glímir við munu næstu ár einkennast af miklum aðhaldsaðgerðum í opinberum rekstri. Við þessi skilyrði hefur ríkistjórnin sett sér þau markmið að gera umtalsverðar breytingar og umbætur á stjórnsýslunni með það að leiðarljósi að gera þjónustu hins opinbera eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar hverju sinni. Í þessu ferli mun upplýsingatæknin gegna þýðingarmiklu hlutverki. Verkefnin sem fjármagni er veitt til eiga að leiða til lægri kostnað án þess að þjónustustigið skerðist.

Samkvæmt frumvarpinu verður fjármagni veitt til 24 verkefna og eru fjárheimildirnar á bilinu 2–10 m.kr. hver. Gert ráð fyrir umtalsverðum lækkun fjárheimilda til verkefna á næsta ári vegna aðstæðna í ríkisfjármálum. Samtals verður varið um 100 m.kr. til þeirra samanborið við 167 m.kr. á yfirstandandi ári.

Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast verkefnin. Verkefnin eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2010
01-996-6.51	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	
	Mínar síður á Ísland.is	10
	Vefir ráðurneyta verði fyrirmyndarvefir	2
	Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra (A-vottun)	2
	Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt	6
	Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu	4
	Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins	8
	Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu	3
	Vakta þróun upplýsingasamfélagsins	3
	Reglur, viðmið, leiðbeiningar o.fl. tengt framþróun opinberra vefja	2
	Netríkið Ísland í fyrirrúmi	5
	Auka aðkomu almennings að stefnumótun, reglusetningu o.fl.	2
02-319-1.11	**Framhaldsskólar, sameiginleg þjónusta**	
	Notkun UT í námi og kennslu verði efld, UT-leiðtogar	6
	Frjáls og opinn hugbúnaður í skólastarfi	5
02-999-1.98	**Ýmis framlög menntamálaráðuneytis**	
	Árvekniþjónusta á bókasöfnum	2
06-313-1.01	**Lögreglan**	
	Lögreglustöð á netinu, m.a. tilkynningar til lögreglu	2
07-821-1.01	**Tryggingastofnun ríkisins**	
	Tryggur, þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins	10
08-397-1.01	**Lyfjastofnun**	
	Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni	2
09-999-1.90	**Fjármálaráðuneyti, ýmis verkefni**	
	Þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur	3
09-999-1.94	**Fjármálaráðuneyti, þróunarmál í upplýsingatækni**	
	Þinglýsingar, veðbókarvottorð o.fl.	7
	Rafræn samskipti skjalakerfa ríkisins	2
	Innleiðing rafrænna skilríkja í samskiptum við opinbera aðila	6
10-190-1.98	**Ýmis framlög samgönguráðuneytis**	
	Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010	3
11-205-1.01	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	
	Gagnvirk þjónustumiðstöð fyrir einst./fyrirt. um stofnun, rekstur fyrirtækja	3
12-190-1.90	**Viðskiptaráðuneyti, ýmis viðskipta- og bankamál**	
	Aðlaga íslenskt viðskiptaumhverfi að alþjóðlegum stöðlum og reglum	2
	Samtals	**100**

3.7 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, ófyrirséðra útgjalda, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um t.d. nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en áætlað var í fjárlögum en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu

milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.191,4	3.426,8	3.309,0	-3	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	73,3	66,8	66,8	0	-9
Stofnkostnaður og viðhald	292,6	289,6	37,6	-87	-87
Samtals	**3.557,3**	**3.783,2**	**3.413,4**	**-10**	**-4**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.783,2	3.413,4	-10	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.783,2**	**3.413,4**	**-10**	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2010 eru áætluð um 3.469 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 56 m.kr. en þær nema 1,6% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 3.413 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir alla starfsemi og málaflokka ríkisins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld æðstu stjórnar ríkisins saman um 430 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld um 424 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema samtals 44 m.kr. Á móti vegur, í þriðja lagi, 50 m.kr. lækkun framlaga til annarra verkefna. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 6 m.kr. Á móti koma verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 60 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.413 m.kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.309 m.kr. og lækka um 118 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir eru lækkaðar alls um 172 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur og liðir sem þegar var búið að lækka í fjárlögum í samræmi við markmið eins og t.d. laun ríkisstjórnar, alþingismanna og hæstaréttardómara eru þó frátaldir. Lækkunin hjá æðstu stjórn ríkisins nemur 5% að raungildi miðað við heildarrekstrarveltu en

7,8% þegar tillit er tekið til liða sem eru undanskildir í frumvarpinu. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 44 m.kr. Þar af eru um 34 m.kr. vegna aukins launakostnaðar í kjölfar hækkunar á tryggingagjaldi sem tók gildi 1. júlí 2009. Á móti lækka framlög til annarra rekstrarverkefna um 50 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 60 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru 67 m.kr. og eru óbreyttar frá fjárlögum ársins 2009.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 38 m.kr. og lækkar um 252 m.kr. milli ára til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Fallið verður að sinni frá áformum um framkvæmdir á Alþingisreitnum.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	211,1	189,5	186,7	-1,5	-11,6
Alþingi	2.251,8	2.234,8	2.246,4	0,5	-0,2
Framkvæmdir á Alþingisreit	177,0	252,0	0,0	-100,0	-100,0
Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008	0,0	150,0	100,0	-33,3	-
Ríkisstjórn	202,7	242,9	211,1	-13,1	4,1
Hæstiréttur	135,7	134,7	136,9	1,6	0,9
Umboðsmaður Alþingis	127,2	122,9	113,5	-7,6	-10,8
Ríkisendurskoðun	451,8	456,4	418,8	-8,2	-7,3
Samtals	**3.557,3**	**3.783,2**	**3.413,4**	**-9,8**	**-4,0**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 186,7 m.kr. fjárveitingu til embættisins og jafngildir það 9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru aðallega af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 14,5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma um lækkun ríkisútgjalda. Svarar það til um 8% lækkunar frá fjárlögum 2009. Gripið hefur verið til margvíslegra aðhaldsaðgerða hjá embættinu, m.a. lækkun launa allra starfsmanna og aðhald með öðrum rekstrarútgjöldum. Hins vegar er óskað eftir 5,5 m.kr. fjárveitingu í framhaldi af samkomulagi milli embættis forseta Íslands og forsætisráðuneytis um að staða umsjónarmanns fasteigna á Bessastöðum flytjist frá ráðuneytinu til embættisins. Fjárveiting á lið *01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis* lækkar um sömu fjárhæð og engin ný útgjöld verða vegna þessarar tilfærslu. Í starfi umsjónarmanns felst almenn varsla, umsjón og daglegt viðhald á húsakosti, lóð og landareign á Bessastöðum, ásamt umsjón með öryggis- og húsakerfum. Ábyrgð á eignunum og allt meiriháttar viðhald og framkvæmdir auk kostnaðarsamari viðgerða mun þó áfram verða í umsjón Fasteigna forsætisráðuneytis. Aðrar breytingar á fjárheimildum embættisins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 6,2 m.kr.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru 2.246,4 m.kr. í frumvarpinu og jafngildir það 60 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi miðað við fjárlög þessa árs. Breytingar eru aðallega af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 100 m.kr. lækkun fjárveitingar í vegna áforma um samdrátt ríkisútgjalda. Svarar það til um 5% lækkunar frá fjárlögum 2009. Áformað er að mæta þessari lækkun með margvíslegum hætti, m.a. lækkun á kostnaði við aðstoðarmenn alþingismanna, lækkun almennra launagjalda, lækkun kostnaðar við erlend samskipt og önnur rekstrargjöld. Skiptist lækkunin í 50 m.kr. á við-

fang *1.01 Alþingiskostnaður*, 15 m.kr. á viðfang *1.04 Alþjóðasamstarf*, 30 m.kr. á viðfang *1.06 Almennur rekstur* og 5 m.kr. á viðfang *1.07 Sérverkefni*. Hins vegar er lagt til að veitt verði 40 m.kr. tímabundið framlag á viðfang *1.04 Alþjóðasamstarf* vegna þings Norðurlandaráðs sem haldið verður á Íslandi á næsta ári. Fjárhæð tillögunnar tekur mið af kostnaði við Norðurlandaráðsþing sem haldið var á Íslandi árið 2005. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 71,6 m.kr. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir fjárveitingar og útgjöld Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	778,6	843,0	814,4	-3,4	4,6
Framlög til þingflokka	65,0	65,0	65,0	0,0	0,0
Fastanefndir	16,5	15,2	15,9	4,6	-3,6
Alþjóðasamstarf	79,4	104,7	144,2	37,7	81,6
Almennur rekstur	895,3	854,5	845,9	-1,0	-5,5
Sérverkefni	43,0	51,3	47,6	-7,2	10,7
Br. á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingm	47,9	0,0	0,0	-	-100,0
Rekstur fasteigna	225,5	264,5	276,8	4,7	22,7
Fasteignir	55,2	14,0	14,0	0,0	-74,6
Tæki og búnaður	45,4	22,6	22,6	0,0	-50,2
Samtals	**2.251,8**	**2.234,8**	**2.246,4**	**0,5**	**-0,2**

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Vegna kostnaðaraðhalds er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu á þessum lið í ár. Í fjárlögum yfirstandandi árs er 252 m.kr. fjárveiting sem ætluð var til að standa að nokkru leyti undir framkvæmdum við endurgerð og flutning Skúlahúss og Skjaldbreiðar, ljúka fornleifagreftri og setja af stað samkeppni um hönnun ný

207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008. Lögð er til 50 m.kr. lækkun á framlagi til rannsóknanefndarinnar Nefndin hefur 150 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum þessa árs. Reiknað er með að framhald verði á verkefnum nefndarinnar á næsta ári þótt hún skili áformaðri skýrslu í haust.

301 Ríkisstjórn. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 31,8 m.kr. og byggist það á niðurstöðu reiknilíkans um launagjöld liðarins eftir úrskurð kjararáðs frá 27. desember 2008 um að laun ráðherra skyldu lækka um 14% frá 1. janúar 2009. Við 2. umræðu fjárlaga 2009 var fjárveiting liðarins lækkuð um 20,2 m.kr. í ljósi þá framkomins frumvarps um kjararáð. Með samþykkt þessarar launabreytingar hefur fjárveiting liðarins lækkað um 52 m.kr.

401 Hæstiréttur. Á þessum lið er sótt um 2,1 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar tryggingagjalds frá 1. júlí 2009. Laun hæstaréttardómara voru lækkuð með ákvörðun kjararáðs 10. mars 2009 um allt að 15%. Við undirbúning frumvarpsins láðist að taka inn í talnabálk þess tillögu um 12 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna þessa. Úr því verður bætt við 2. umræðu frumvarpsins.

610 Umboðsmaður Alþingis. Lögð er til 12 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt rekstrarútgjalda en það svarar til um 10% lækkunar frá fjárlögum 2009. Aðrar breytingar á fjárheimildum embættisins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,6 m.kr.

620 Ríkisendurskoðun. Lögð er til 45 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt rekstrarútgjalda en það svarar til um 10% lækkunar frá fjárlögum 2009. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 7,4 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	981,7	788,4	722,9	-8	-26
Neyslu- og rekstrartilfærslur	173,1	146,6	134,9	-8	-22
Stofnkostnaður og viðhald	260,1	142,4	142,4	0	-45
Samtals	**1.414,9**	**1.077,4**	**1.000,2**	**-7**	**-29**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.077,4	1.000,2	-7	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**1.077,4**	**1.000,2**	**-7**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 1.031 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 31 m.kr. en þær nema 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.000 m.kr., öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld forsætisráðuneytis lækka um 1.048 m.kr., og eru því nánast helmingi lægri á árinu 2010 en þau annars hefðu orðið, vegna verkefna sem flutt eru til annarra ráðuneyta. Vegur þar þyngst flutningur Hagstofu Íslands til efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Í frumvarpinu dragast útgjöld forsætisráðuneytisins saman um 94 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Breytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 73 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Auk þess tók forsætisráðuneytið ákvörðun um að draga sem nemur 67 m.kr. úr framlögum til verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins en sú lækkun kemur fram hjá öðrum ráðuneytum þar sem verkefnin hafa verið vistuð. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 47 m.kr. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 68 m.kr. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 21 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar um 17 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 1.000 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 722,9 m.kr. og lækka um 65,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 62 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá forsætisráðuneytinu nemur um 8% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Nýjar útgjaldaskuldbindingar í rekstri aukast um samtals 0,6 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 18,4 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er 14,3 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 11,7 m.kr. og verða 134,9 m.kr. en eru 146,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 10,3 m.kr. Auk þess lækka tilfærslur um 4 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Aðrar skuldbindingar í tilfærslum hækka um samtals 0,1 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 2,5 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 142,4 m.kr. og er óbreyttur milli ára.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður – Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Samningurinn nemur 2,7% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Vesturfarasetrið á Hofsósi	C	28,0	28,0	28,0	0,0	0,0
Samtals		**28,0**	**28,0**	**28,0**	**0,0**	**0,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	271,0	309,9	320,4	3,4	18,2
Ýmis verkefni	527,9	248,9	205,9	-17,3	-61,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**798,9**	**563,8**	**531,3**	**-5,8**	**-33,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 45,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 22,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og niður falla samtals 22,4 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 320,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 1 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 11,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 205,9 m.kr. og jafngildir það 44,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður falla tvenn framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna, samtals 22,4 m.kr. Þar er um að ræða 4 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag*, sem veitt var í fjárlögum 2006 til útgáfu á sögum Noregskonunga í samvinnu við norsk stjórnvöld, og 18,4 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum* sem veitt var í fjárlögum 2009. Þá er lögð til samtals 21,8 m.kr. lækkun framlaga á fjórum viðfangsefnum liðarins til að koma til móts við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Þar er annars vegar um að ræða tillögu um að niður falli 10,6 m.kr. fjárveiting á viðfangi *1.16 Evrópunefnd* og 10 m.kr. á viðfangi *1.20 Jafnréttissjóður*. Hins vegar að fjárveiting á viðfangi *1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga* lækki um 0,3 m.kr. og að framlag á viðfangi *1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn* lækki um 0,9 m.kr. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,2 m.kr.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 241 Umboðsmaður barna; 253 Vest – norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	94,2	108,7	101,7	-6,4	8,0
Fasteignir Stjórnarráðsins	163,0	25,0	24,1	-3,6	-85,2
Umboðsmaður barna	37,5	39,6	39,4	-0,5	5,1
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	9,2	14,6	16,2	11,0	76,1
Óbyggðanefnd	97,5	99,4	53,2	-46,5	-45,4
Ríkislögmaður	60,5	66,0	65,5	-0,8	8,3
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	103,6	82,5	82,3	-0,2	-20,6
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun	50,5	77,8	86,5	11,2	71,3
Samtals	**616,0**	**513,6**	**468,9**	**-8,7**	**-23,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 56,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 50,5 m.kr. til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 40,4 m.kr. Á hinn bóginn falla niður 46 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir 101,7 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og jafngildir það 9,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 1,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun og niður fellur 8 m.kr. tímabundið framlag til viðhaldsverkefna sem veitt var í fjárlögum 2007. Farið er fram á 6 m.kr. fjárveitingu vegna aukins húsnæðiskostnaðar, m.a. vegna viðbótar húsrýmis sem tekið hefur verið á leigu fyrir starfsstöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi, í samræmi við samkomulag stjórnvalda við sjóðinn. Loks er lögð til 5,5 m.kr. lækkun fjárveitingar í framhaldi af samkomulagi milli embættis forseta Íslands og forsætisráðuneytis um að staða umsjónarmanns fasteigna á Bessastöðum flytjist frá ráðuneytinu til embættisins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á lið *00-101 Embætti forseta Íslands* hækki um sömu fjárhæð en engin ný útgjöld verða vegna þessarar tilfærslu. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,2 m.kr.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 24,1 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og að útgjöld hans lækki um 1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins skýrast af hækkun tryggingagjalds.

241 Umboðsmaður barna. Gert er ráð fyrir 39,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins og að útgjöld hans dragist saman um 1,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1 m.kr.

253 Vest – norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir 16,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og að útgjöld hans dragist saman um 0,9 m.kr. að raungildi á næsta ári vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar skýrast af 2,5 m.kr. verðlagsuppfærslu.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir 53,2 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar og jafngildir það 47,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 40 m.kr. lækkun fjárveitingar í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 12. júní í sumar um að slá á frest öllum frekari kröfulýsingum í þjóðlendur en við það dregur úr starfsemi nefndarinnar. Þá er lögð til 7,1 m.kr. lækkun fjárheimildar í framhaldi af samkomulagi milli forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um að eitt stöðugildi lögfræðings flytjist frá nefndinni til fjármálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að framlag á lið *09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa* hækki um sömu fjárhæð. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 0,9 m.kr.

271 Ríkislögmaður. Gert er ráð fyrir 65,5 m.kr. fjárveitingu til embættisins og að útgjöld þess lækki um 2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,5 m.kr.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir 82,3 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og að útgjöld hans dragist saman um 2,5 m.kr. að raungildi á næsta ári vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,3 m.kr.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta. Gert er ráð fyrir 86,5 m.kr. fjárveitingu til þeirra verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið annast um og er það 8,7 m.kr. hækkun miðað við fjárlög þessa árs. Lögð er til 1,2 m.kr. lækkun rekstrarframlags vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda en á móti hækkar framlag um 0,9 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Niður falla 38 m.kr. stofnkostnaðarframlög sem veitt voru til nýrra verkefna í fjárlögum 2009. Á móti er tillaga um samtals 47 m.kr. framlög til nýrra verkefna. Stofnkostnaðarframlögin eru eins og jafna áður veitt tímabundið til eins árs og ganga til eftirtalinna verkefna: **1.** Mínar síður á island.is, 10 m.kr. Markmið verkefnisins er að þróa einstaklingsmiðað viðmót, Mín síða, í því skyni að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á netinu, m.a. umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Einnig á almenningur að geta nálgast upplýsingar um sig sjálfan sem geymdar eru í kerfum opinberra aðila og einnig aðrar mikilvægar upplýsingar í vörslu þeirra. **2.** Reglur, viðmið, leiðbeiningar o.fl. tengt framþróun opinberra vefja, 2 m.kr. Markmið verkefnisins er að stuðla að því að opinberar stofnanir þekki og nýti sér nýjustu viðmið um kröfur til opinberra vefja. **3.** Vefir ráðuneyta verði fyrirmyndarvefir, 2 m.kr. Markmið verkefnisins er að vefirnir verði bættir meðal annars m.t.t. innihalds, nytsemi, aðgengis, þjónustu og lýðræðisvirkni. Einnig verði sett öryggisviðmið fyrir vefina. **4.** Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra, A-vottun, 2 m.kr. Markmið verkefnisins er að opinberar stofnanir uppfylli þá skyldu sína að þjónusta þeirra sé aðgengileg öllum. Verkefnið snýst m.a. um að hvetja og leiðbeina stofnunum til að taka á aðgengismálum á eigin vefjum. **5.** Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt, 6 m.kr. Verkefnið snýst m.a. um samræmingu, samvinnu og stuðning við stofnanir við að innleiða rafræna stjórnsýslu og ná markmiðum stefnunnar hvað varðar skilvirkni og samræmt heildarskipulag. Fylgt verði eftir stefnu um opinn hugbúnað, efld þverfagleg samvinna opinberra aðila í rafrænni stjórnsýslu og kynntir möguleikar rafrænnar stjórnsýslu, m.a. með UT–dögum, UT–vef og fleiru. **6.** Netríkið Ísland í fyrirrúmi, 5 m.kr. Markmiðið með verkefninu á árinu 2010 er að innleiða frjálsan og opinn hugbúnað hjá opinberum aðilum. **7.** Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu, 4 m.kr. Markmið verkefnisins er að skilgreina staðla og tækniforskriftir fyrir rafræna stjórnsýslu og greiða þannig fyrir að samræmt heildarskipulag náist. Í því felst m.a. að setja fram staðla fyrir samræmda högun upplýsingakerfa ríkisins og samskipti þeirra og setja fram leiðbeiningar fyrir mat á öryggi opinbera upplýsingakerfa ásamt öryggisviðmiðum. **8.** Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, 8 m.kr. Markmið verkefnisins er að koma á laggirnar stöðluðum, samræmdum og öruggum vettvangi fyrir samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins í öruggu tæknilegu umhverfi þannig að hætt verði að margskrá og endurskrá upplýsingar og gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk. **9.** Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu, 3 m.kr. Markmið verkefnisins er að minnka skriff-

innskubyrði hjá viðskiptavinum stjórnsýslunnar með því að fara yfir helstu þjónustuþætti sem ríkið veitir, skoða ferlið út frá sjónarhóli viðskiptavina og gera tillögur um einföldun og breytingar. **10.** Vakta þróun upplýsingasamfélagsins, 3 m.kr. Markmið verkefnisins er vakta þróun upplýsingasamfélagsins, meta stöðu Íslands miðað við önnur lönd og meta stöðu stofnana innbyrðis. Verkefnið felur í sér m.a. þátttöku í erlendu og innlendu samstarfi, gerð kannana, þróun innlendra mælikvarða og stefnumótun á einstökum verkefnasviðum. **11.** Auka aðkomu almennings að stefnumótun, reglusetningu o.fl., 2 m.kr. Markmið verkefnisins er að auka aðkomu almennings að stefnumótun, reglusetningu og annarri ákvarðanatöku opinberra aðila.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun mennta- og menningarmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	34.884,6	37.826,8	39.940,9	6	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	18.029,9	18.411,1	16.691,0	-9	-7
Stofnkostnaður og viðhald	3.047,4	2.706,6	2.198,7	-19	-28
Samtals	**55.961,9**	**58.944,5**	**58.830,6**	**0**	**5**
Greitt úr ríkissjóði	-	57.504,6	57.378,8	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.439,9	1.451,8	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**58.944,5**	**58.830,6**	**0**	-

Heildargjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 64.707 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.876 m.kr. en þær nema 9,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 58.831 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.379 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.452 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, í kafla. 3.2., er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis hækka um 131 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru frá öðrum ráðuneytum.

Í frumvarpinu dragast útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins saman um 1.400 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Skipta má útgjaldabreytingum í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 4.594 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 4.058 m.kr. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 864 m.kr. Nettóhækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 3.194 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 1.286 m.kr., þannig að heildargjöldin lækka um 114 m.kr. frá fjárlögum 2009.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 39.941 m.kr. og hækka um 2.114 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 3.011 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu nemur tæplega 8% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 1.263 m.kr. Þar munar mestu um 630 m.kr. aukið framlag til Ríkisútvarpsins, 488 m.kr. framlag til að koma á móts við kostnað af umtalsverðri nemendafjölgun í framhaldsskólum og háskólum og 75 m.kr. tímabundið framlag vegna þátttöku í bókakaupstefnu. Þá hækka rekstrargjöld um 2.945 m.kr. við það að framlag til Ríkisútvarpsins er fært á milli gjaldategunda, af tilfærslum yfir á rekstur. Á móti falla niður nokkur framlög sem

veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 322 m.kr. Þar af eru 184 m.kr. vegna fræða- og fræðslusetra en 104 m.kr. vegna fjarvinnsluverkefna. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 579 m.kr. og 659 m.kr. eru vegna hækkunar tryggingargjalds og fasteignagjalda. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júlí nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009. Loks má nefna að rekstrarumfang ráðuneytisins hækkar um 124 m.kr. vegna tilflutnings verkefna Þjómenningarhúss og Gljúfrasteins í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 16.691 m.kr. og lækka um 1.720 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 1.347 m.kr. Mestu munar um 350 m.kr. lækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 250 m.kr. lækkun framlags til jöfnunar á námskostnaði og 206 m.kr. lækkun til styrkja Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Þá lækka tilfærslur um 2.945 m.kr. við það að framlag til Ríkisútvarpsins er fært á milli gjaldategunda, af tilfærslum yfir á rekstur. Á móti kemur að gert er ráð fyrir nokkurri aukningu í útstreymi tilfærslukerfa. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 2.160 m.kr. vegna fjölgunar lánþega og hækkunar á framfærslugrunni. Þá hækkar framlag til símenntunar og fullorðinsfræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði um 250 m.kr. og framlag til fræða- og fræðslusetra hækkar um 39 m.kr. Á móti lækkar framlag til Rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun um 300 m.kr. og um 251 m.kr. vegna ýmissa tímabundinna framlaga sem nú falla niður, þar af 150 m.kr. framlag til símenntunar og fullorðinsfræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði. Að lokum lækkar framlag um 45 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af höfundarréttargjöldum. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærsla nemur 707 m.kr. og þar af eru 390 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 209 m.kr. vegna Rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.199 m.kr. og er það 508 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 236 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum sem skiptist þannig að 146 m.kr. eru til ýmissa stofnkostnaðarstyrkja, 60 m.kr. til stofnkostnaðar framhaldsskóla og 30 m.kr. til háskólastofnana. Því til viðbótar falla niður 292 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna. Þyngst vega 175 m.kr. til nýframkvæmda við kennsluálmu Háskólann á Akureyri og 97 m.kr. til styrkja á lið Húsafriðunarnefndar**.**

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 11.390,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 19,6% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	2.172,9	2.067,0	2.067,0	2.067,0	2.067,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	667,7	635,1	635,1	635,1	635,1
Stoðþj., viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	116,3	116,3	116,3	116,3	116,3
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	953,1	903,8	903,8	903,8	903,8
Háskólinn á Bifröst	A	347,5	329,4	329,4	324,9	329,4
Hraðbraut, framhaldsskóli	A	168,2	158,0	158,0	158,0	158,0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	A	27,1	27,0	27,0	27,0	27,0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	A	28,1	28,9	28,9	28,9	28,9
Tækniskólinn	A	1.721,3	1.668,5	1.668,5	1.668,5	1.668,5
Menntaskóli Borgarfjarðar	A	97,3	121,0	121,0	121,0	121,0
Víkingsnaust	B	20,0	17,0	17,0	-	-
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	52,7	52,7	52,7	52,7	52,7
Íslenska óperan	B	175,7	140,6	140,6	140,6	140,6
Samningar við sveitafél. um menningamál	B	279,0	265,0	265,0	265,0	265,0
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	30,0	25,5	25,5	25,5	25,5
Bókamessan í Frankfurt	C	25,0	100,0	100,0	-	-
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	8,3	8,3	8,3	8,3	-
Ferðasjóður íþróttahreyfinga	C	60,0	57,0	57,0	57,0	57,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - viðbygging	C	40,0	0,0	-	-	-
Fræðslumiðst. atvinnulífsins, verkefni FA	C	88,5	88,3	88,3	88,3	88,3
Fræðslum.st. atvinnul. greitt til fræðsluaðila	C	507,1	610,9	610,9	610,9	610,9
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	248,1	240,7	240,7	240,7	240,7
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	20,0	17,0	17,0	17,0	-
Háskólasetur Vestfjarða	C	48,1	48,0	48,0	48,0	48,0
Háskóli Íslands - menntun tannsmiða	C	12,9	13,3	13,3	13,3	13,3
Hrísbrú - formleifarannsóknir	C	8,0	-	-	-	-
Skriðuklaustur	C	20,2	16,7	16,7	16,7	16,7
Snorrastofa í Reykholti - rekstur	C	20,7	16,2	16,2	16,2	16,2
Hönnunarmiðstöð Íslands	C	10,0	8,5	8,5	8,5	8,5
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	70,0	63,7	63,7	63,7	63,7
Kútter Sigurfari	C	12,0	10,2	10,2	-	-
Kvikmyndaskóli Íslands	C	43,3	42,0	-	-	-
Listahátíð í Reykjavík	C	36,0	32,4	32,4	32,4	
Lundur, nemendagarðar	C	32,6	32,6	32,6	32,6	32,6
Námsmatsstofnun vegna PISA	C	47,0	-	-	-	-
Reykjavíkurakademían	C	18,0	16,2	-	-	-
Tónlistarsafn Íslands	C	6,4	5,7	5,7	-	-
Víkin - Sjóminjasafn	C	10,0	-	-	-	-
Þekkingarnet Austurlands	C	42,0	41,9	41,9	41,9	41,9
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	C	15,0	15,0	-	-	-
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	32,5	32,4	32,4	32,4	32,4
Ríkisútvarpið ohf.	C	2.945,0	3.218,0	3.218,0	3.218,0	3.218,0
Ýmsir minni samningar	C	107,0	70,9	26,2	11,0	0,0
Samtals		**11.390,6**	**11.361,7**	**11.243,8**	**11.091,2**	**11.027,0**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og

er kostnaður vegna þeirra áætlaður 6.299,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 527,4 m.kr. Að lokum eru 4.563,7 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur eitt að, en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Í töflunni er miðað við óbreytt fjárframlög á komandi árum þrátt fyrir að samningar kveði á um aukin framlög. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að reiknað sé með óbreyttum fjárhæðum í töflunni þá gæti orðið breyting þar á. Þannig að til jafnaðar verði nálægt 11.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga. Einkum er um að ræða samninga við einkarekna háskóla og framhaldsskóla. Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins var til skoðunar framlög vegna náms á sviði haf- og strandveiða og hugsanlegt er að fluttar verði tillögur þar af lútandi við afgreiðslu frumvarpsins. Á sviði menningarmála er unnið að endurnýjun þjónustusamnings við Ríkisútvarpið ohf., menningarsamningum við sveitarfélög og samninga við ÍSÍ vegna sérsambanda, Afreks- og ferðasjóðs. Nokkrir samningar með lágar fjárhæðir eru dregnir saman neðst í töflunni undir heitinu ýmsir minni samningar.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir mennta- menningarmálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mennta- og menningarmálaráðun., aðalskrifstofa	643,7	655,1	621,1	-5,2	-3,5
Ráðstöfunarfé	0,0	12,0	9,6	-20,0	
Samtals	**643,7**	**667,1**	**630,7**	**-5,5**	**-2,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 44,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins lækki um 49 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá er gert ráð fyrir hækkun framlags til aðalskrifstofunnar um 7,2 m.kr. vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7%. Að lokum er gert ráð fyrir að framlagi á viðfangi 199 Ráðstöfunarfé lækki um lækki um 2,4 m.kr. sem svarar til 20% lækkunar. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 210 Háskólinn á Akureyri; 216 Landbúnaðarháskóli Íslands; 217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	7.704,4	9.958,3	9.817,0	-1,4	27,4
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	208,0	202,5	199,9	-1,3	-3,9
Raunvísindastofnun Háskólans	391,9	390,3	372,2	-4,6	-5,0
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	288,4	279,3	260,2	-6,8	-9,8
Háskólinn á Akureyri	1.370,7	1.460,9	1.364,0	-6,6	-0,5
Landbúnaðarháskóli Íslands	659,8	551,4	522,2	-5,3	-20,9
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	387,6	267,7	253,2	-5,4	-34,7
Námsmatsstofnun	125,0	129,2	121,6	-5,9	-2,7
Háskólinn á Bifröst	346,3	347,5	329,4	-5,2	-4,9
Háskólinn í Reykjavík	1.962,8	2.172,9	2.067,0	-4,9	5,3
Listaháskóli Íslands	613,9	667,7	635,1	-4,9	3,5
Rannsóknamiðstöð Íslands	168,0	178,5	174,3	-2,4	3,8
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	179,2	181,9	1,5	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	54,8	315,0	315,0	0,0	474,8
Rannsóknasjóður	653,2	815,0	815,0	0,0	24,8
Tækjasjóður	131,9	115,0	115,0	0,0	-12,8
Rannsóknarnámssjóður	96,0	100,0	100,0	0,0	4,2
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	289,5	340,0	135,0	-60,3	-53,4
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	190,7	239,5	174,0	-27,3	-8,8
Alþjóðleg samskipti	1.186,2	1.540,0	1.451,9	-5,7	22,4
Samtals	**16.829,1**	**20.249,9**	**19.403,9**	**-4,2**	**15,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1.343,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem nema 497,5 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 1.449,9 m.kr. sem samsvarar til 7,2 lækkunar á verðlagi gildandi fjárlaga. Helstu ráðstafanir til lækkunar á útgjöldum frá fjárlögum 2009 eru þær að fjárframlög til háskóla og háskólastofnana eru lækkuð um 8,5%, aðrir liðir um 10% eða meira en framlög í sjóði á svið rannsókna eru óskert. Á móti koma nýjar útgjaldaskuldbindingar að fjárhæð 631,4 m.kr. Þar af eru 360 m.kr. til að koma á móts við kostnað af nemendafjölgun við Háskóla Íslands, 262,9 m.kr. eru vegna hækkunar tryggingagjalds og hækkunar á álagningarhlutfalli fasteignagjalda og 8,5 m.kr. til tímabundins rannsóknarverkefnis. Framlög til aðildargjalda ESB eru áætluð

lækka um 300 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs þar sem hlutdeild Íslands í sameiginlegum kostnaði EFTA ríkjanna hefur verið endurskoðaður með tilliti til hagvaxtar á árinu 2008. Að lokum falla niður samtals 225 m.kr. framlög til tímabundinna verkefna. Þyngst vega 175 m.kr. til nýframkvæmda við kennsluálmu Háskólans á Akureyri, 25 m.kr. til RES Orkuskóla og 14 m.kr. til háskóla- og frumkvöðlaseturs á Hornafirði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið áætlar skiptingu fjárveitinga milli kennslu og rannsókna á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við háskólana á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla. Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum og hluti af námi í Listaháskóla Íslands hefur ekki verið verðlagt og flokkað skv. núgildandi reglum um fjárveitingar. Ekki hafa verið gerðir samningar við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum en þeir voru fluttir til ráðuneytisins á árinu 2008, þannig að áætluð skipting framlaga milli kennslu og rannsókna í skólunum liggur ekki fyrir með sama hætti.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Kennsla frumvarp 2010	Rannsóknir og annað frumvarp 2010	Frumvarp alls 2010
Háskóli Íslands	6.044,0	3.246,0	9.290,0
Háskólinn á Akureyri	915,3	448,7	1.364,0
Háskólinn á Bifröst	275,4	54,0	329,4
Háskólinn í Reykjavík	1.630,5	436,5	2.067,0
Listaháskóli Íslands	600,2	34,9	635,1
Samtals	**9.465,4**	**4.220,1**	**13.685,5**

Fjárframlagi til kennslu er skipti niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætluðum fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Verðflokkar náms eru á bilinu 477 þús.kr. til 2.489 þús.kr. á ársnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að útgjöld ríkisins vegna skólanna eru ekki samanburðarhæf með beinum hætti í fjárlögum þó skólarnir fái framlög samkvæmt sömu reglum, með þeim frávikum sem greint er frá að framan.

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og það nám sem skilgreint er hér að ofan. Verð á ársnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 786 þús.kr. til 3.025 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs að hluta til innifalin.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verðhlut-fall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	477	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	743	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	786	1,6
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	829	1,7
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	1.065	2,2
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.477	3,1
Nám í tannlækningum	2.489	5,2

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 13.374 ársnemendur í þeim fimm af sjö háskólum sem eru með samning við ráðuneytið. Þetta er fjölgun um tæplega 700 ársnemendur frá forsendum fjárlaga 2009 eða sem svarar til 5,5% fjölgunar. Samsetning ársnemenda við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri hefur verið breytt þannig að ársnemendum er skipti í verðflokka til samræmis við raunþróun í þessum skólum. Við það fjölgar ársnemendum um 15 við Háskólann í Reykjavík og um 21 í Háskólanum á Akureyri án þess að um aukin kostnað sé að ræða.

Ársnemendur	HÍ	HA	HB	HR	LHÍ	Áætlað 2010	Áætlað 2009
Félags- og mannvísindi	4.300	700	550	900	-	6.450	5.945
Tölvufræði og stærðfræði	160	36	-	290	-	486	400
Hjúkrunarfræði	550	300	-	-	-	850	810
Kennaranám o.þ.h.	1.900	295	-	190	30	2.415	2.430
Verk-, tækni-, efnafræði	1.300	90	-	760	-	2.150	2.075
Læknisfræði	370	-	-	-	-	370	370
Tannlækningar	55	-	-	-	-	55	55
Listnám	-	-	-	-	353	353	352
Framhaldsskólastig	-	-	60	185	-	245	245
Samtals 2010	**8.635**	**1.421**	**610**	**2.325**	**383**	**13.374**	**12.682**
Áætlað 2009	**7.980**	**1.400**	**610**	**2.310**	**382**	**12.682**	
Meðal verðhlutfall	1,5	1,4	1,0	1,4	3,2	1,5	

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað um Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem er háskólastofnun sem tengist læknadeild og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands sem er stofnun innan Háskóla Íslands.

201 Háskóli Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting skólans lækki um 315,7 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum. Lækkun á *101 Háskóli Íslands* nemur 305,8 m.kr. og skiptist þannig: Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 800 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er farið fram á 360 m.kr. viðbótarframlag til kennslu vegna

fjölgunar ársnemenda um allt að 800 eða 10%. Þar sem ekki er gert ráð fyrir fullu framlagi á viðbótarnemendur er af tæknilegum ástæðum reiknað með fjölgun um 655 ársnemendur í töflu að framan. Þar með eru taldir nemendur í orku- og tæknifræðinámi sem fer fram í samstarfi við Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Að hluta til verður kostnaður við fjölgun nemenda fjármagnaður með ríkistekjum sem skólinn innheimtir með innritunargjöldum. Í þriðja lagi er áætlað fyrir 56,9 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Í fjórða lagi er tillaga um 92,3 m.kr. framlag vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7%. Í fimmta og síðasta lagi fellur niður 14 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til að styrkja háskóla- og fumkvöðlasetrið á Hornafirði og 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 til Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Miðað er við að framlag á viðfangsefni *1.03 Háskólasjóður* lækki að frátöldum verðlagsbreytingum um 9,9 m.kr. á næsta ári til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Launa- og verðlagshækkanir á liðnum nema samtals 153,4 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 9 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lækkar framlag um 17,2 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 4,2 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Að lokum er 4 m.kr. fjárheimild millifærð af fjárlagalið *02-299-1.91 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi* yfir á Tilraunastöð háskólans á Keldum vegna aukinna útgjalda í tengslum við sóttvarnir.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 28,9 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingargjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 33,2 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá er gert ráð fyrir 4,3 m.kr. auknu framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 23,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum og lækkun tryggingargjalds á launaveltu. Lagt er til að framlag lækki um 23,7 m.kr. sem svarar til 8,5% af fjárveitingu stofnunarinnar á fjárlögum 2009. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

2. Aðrir háskólar. Hér er fjallað um Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

210 Háskólinn á Akureyri. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 121,9 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 122 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 4,3 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 12,3 m.kr. framlagi vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7%. Í fjórða lagi er lagt er til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til að efla rannsóknir á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Að lokum fellur niður tímabundið 25 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 á fjárlagalið Háskólans á Akureyri til að styrkja RES – Orkuskóla.

216 Landbúnaðarháskóli Íslands. Fjárveiting lækkar um 45,5 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun á tryggingargjaldi af launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 46,9 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá er gert ráð fyrir 1,4 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Gert er ráð fyrir að framlag til rekstrar dragist saman um 21,1 m.kr. í fjárlögum næsta árs að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun á tryggingargjaldi af launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 20,7 m.kr. sem svarar til 8,5% af rekstrarframlögum skólans í fjárlögum 2009. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2,1 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Að lokum fellur niður tímabundið 2,5 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

225 Háskólinn á Bifröst. Lagt er til að framlög ríkissjóðs til skólans dragist saman um 27,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingargjaldi af launaveltu. Í fyrsta lagi er miðað við að framlag lækki um 29,5 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2,3 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

227 Háskólinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til skólans dragist saman um 140,5 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er miðað við að framlag lækki um 184,5 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 22,2 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Í þriðja og síðasta lagi er gert ráð fyrir 21,8 m.kr. framlagi vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7%.

228 Listaháskóli Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til skólans dragist saman um 49,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun á tryggingargjaldi. Í fyrsta lagi er ráðgert að framlag lækki um 56,8 m.kr. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. framlagi vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

3. Þjónustu- og greiningastofnanir. Hér er fjallað um Námsmatsstofnun og Rannsóknarmiðstöð Íslands.

223 Námsmatsstofnun. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs dragist saman um 11 m.kr. á næsta ári frá fjárlögum ársins 2009, að undanskildum verðlagshækkunum og hækkun á tryggingargjaldi af launaveltu. Lögð er til 11 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs dragist saman um 9,5 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun á tryggingargjaldi á launaveltu. Í fyrsta lagi er miðað við að framlag lækki um 11 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi eru 4 m.kr. millifærðar af *299-1.90 Háskóla og rannsóknarstarfsemi* yfir á stofnunina vegna aukinnar útgjalda vegna umsýslu innlendra rannsóknasjóða og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um stuðningsumhverfi rannsókna. Í þriðja og síðasta lagi fellur niður tímabundið 2,5 m.kr. framlag sem veitt var til þriggja ára í fjárlögum 2007 vegna kosningu starfsmanns RANNÍS sem forseta alþjóðlegra samtaka um vísindarannsóknir á norðurslóðum.

4. Rannsóknasjóðir. Hér er fjallað um Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð. Lagt er til að fjárframlög í framangreinda samkeppnissjóði á sviði rannsókna verði óbreytt á milli ára og nemi 1.345 m.kr.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins lækki um 205 m.kr. frá fjárlögum 2009. Annars vegar er lagt til að útgjöld lækki um 30 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Hinsvegar fellur niður 175 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til nýframkvæmda við kennsluálmu Háskólans á Akureyri.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Lagt er til að heildarframlög til liðarins lækki um 66 m.kr. að frátöldum breytingum vegna hækkunar tryggingagjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lögð til samtals 53 m.kr. lækkun fjárveitingar til eftirtalinna viðfangsefna til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum; *1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* lækkar um 2,9 m.kr., *173 Reykjavíkurakademían* lækkar um 1,8 m.kr., *180 Vísindastarfsemi lækkar* um 5 m.kr., *190 Háskólastarfsemi* lækkar um 30 m.kr. og *191 Háskólar, óskipt* lækkar um 13,3 m.kr. Í öðru lagi eru 4 m.kr. millifærðar af *190 Háskólastarfsemi* yfir á *231 Rannsóknamiðstöð Íslands* vegna aukinnar umsýslu með innlendum rannsóknasjóðum og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um stuðningsumhverfi rannsókna. Í þriðja lagi eru 4 m.kr. millifærðar af *191 Háskólar, óskipt* yfir á *202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum* vegna sóttvarna. Í fimmta og síðasta lagi fellur niður tímabundið 5 m.kr. framlag sem veitt var á viðfang *190 Háskólastarfsemi* í fjárlögum 2009 til verkefnisins Námsferill frá grunnskóla til háskóla.

985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Áætlað er að framlög til rammaáætlana lækki um 300 m.kr. en á móti kemur 211,9 m.kr hækkun vegna gengisbreytinga. Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku í rannsóknaráætlunum ESB hafa verið endurskoðaðar með tilliti til hagvaxtar á árinu 2008. Hlutur Íslands í sameiginlegum kostnaði EFTA ríkjanna lækkar við þetta úr 4,82% í 3,16% Fyrri áætlun gerði ráð fyrir að skuldbindingar Ísland næmu 10,7 milljónum Evra en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 7,7 milljónum Evra á árinu 2010**.**

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–372; 504–581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	515,2	500,8	476,6	-4,8	-7,5
Menntaskólinn á Akureyri	482,7	495,7	502,0	1,3	4,0
Menntaskólinn að Laugarvatni	150,2	157,1	158,7	1,0	5,7
Menntaskólinn við Hamrahlíð	768,9	720,2	710,4	-1,4	-7,6
Menntaskólinn við Sund	441,3	419,7	423,5	0,9	-4,0
Menntaskólinn á Ísafirði	266,6	263,6	284,8	8,0	6,8
Menntaskólinn á Egilsstöðum	265,6	256,3	270,2	5,4	1,7
Menntaskólinn í Kópavogi	738,5	752,8	688,0	-8,6	-6,8
Kvennaskólinn í Reykjavík	335,8	319,9	303,5	-5,1	-9,6
Fasteignir framhaldsskóla	158,8	87,8	61,2	-30,3	-61,5
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	418,7	699,0	627,0	-10,3	49,7
Framhaldsskólar, almennt	1.059,8	1.722,9	1.507,9	-12,5	42,3
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	992,6	903,5	857,6	-5,1	-13,6
Fjölbrautaskólinn Ármúla	917,4	797,0	698,4	-12,4	-23,9
Flensborgarskóli	513,7	479,9	503,3	4,9	-2,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	697,6	658,7	643,3	-2,3	-7,8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	490,9	451,1	475,3	5,4	-3,2
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	205,8	173,6	174,7	0,6	-15,1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	346,9	311,2	315,6	1,4	-9,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	673,3	642,4	686,6	6,9	2,0
Verkmenntaskóli Austurlands	205,6	205,3	221,5	7,9	7,7
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.057,2	1.011,6	1.019,0	0,7	-3,6
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	478,0	455,8	461,4	1,2	-3,5
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	130,9	121,8	110,7	-9,1	-15,4
Framhaldsskólinn á Húsavík	140,0	134,0	132,7	-1,0	-5,2
Framhaldsskólinn á Laugum	150,0	154,5	179,4	16,1	19,6
Borgarholtsskóli	915,5	850,9	810,9	-4,7	-11,4
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	207,8	192,2	196,8	2,4	-5,3
Menntaskóli Borgarfjarðar	98,0	97,3	121,0	24,4	23,5
Menntaskólinn Hraðbraut	181,5	168,2	158,0	-6,1	-12,9
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,0	51,3	36,6	-28,7	0,0
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,0	23,6	22,3	-5,5	0,0
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	211,7	248,1	240,7	-3,0	13,7
Símenntun og fjarkennsla	1.197,7	1.151,6	1.255,3	9,0	4,8
Tækniskólinn	818,8	1.721,3	1.668,5	-3,1	103,8
Iðnskólinn í Hafnarfirði	588,8	603,9	605,9	0,3	2,9
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	28,7	28,1	28,9	2,8	0,7
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24,6	27,1	27,0	-0,4	9,8
Fjöltækniskóli Íslands	202,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Iðnskólinn í Reykjavík	770,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Verslunarskóli Íslands	888,0	953,1	903,8	-5,2	1,8
Samtals	**18.736,5**	**19.012,9**	**18.569,0**	**-2,3**	**-0,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 709,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 1.126,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma

fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 741,3 m.kr. Sú hækkun skýrist að miklu leyti af 199 m.kr. framlagi vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7% af launastofni, 136,6 m.kr. framlagi vegna hækkunar álagningarprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32% af fasteignamati, 128,5 m.kr. framlagi vegna nemendafjölgunar í framhaldsskólum og 250 m.kr. framlagi til símenntunar og fullorðinsfræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði. Á hinn bóginn falla niður samtals 325 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Hér á eftir er umfjöllun sem lýtur að rekstri framhaldsskóla. Til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda er lagt til að framlög til framhaldsskóla lækki að jafnaði um 5,5% frá fjárlögum yfirstandandi árs, sem svarar til 848,3 m.kr. lækkunar í heildina. Helstu aðgerðir sem gripið er til eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dregið verði úr framboði náms í fjarkennslu og kvöldskólum um helming, í öðru lagi er þjónusta við nemendur í 10. bekk grunnskóla felld niður og í þriðja lagi er framlag til eignakaupa í framhaldsskólum skert um helming. Þessar aðgerðir leiða til fækkunar um 821 ársnemanda í skólunum. Á móti framangreindri lækkun er ráðgert að veita framlag vegna fjölgunar um 350 ársnemendur í forgangshópum í skólum. Gert er ráð fyrir að viðbótarútgjöld vegna þeirra sé um 60% af reiknuðu framlagi samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla eða sem nemur 128,5 m.kr. Gert er ráð fyrir 22,4 m.kr. framlagi vegna hluta þessara nemenda á safnlið *319-1.90 Framhaldsskólar óskipt*. Aðrar hækkanir til framhaldsskóla eru vegna þess að álagningarprósenta fasteignagjalda hækkar úr 0,88% í 1,32% af fasteignamati og nemur sú hækkun 135,6 m.kr. Auk þess sem tryggingargjald hækkar úr 5,34% í 7% af launastofni og nemur sú hækkun 177,4 m.kr. Til Framhaldsskólans á Laugum er veitt 10 m.kr. framlag til að skoða möguleika á að nýta kosti fjarkennslu í bland við staðbundið heimanám. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Heildarframlög til framhaldsskóla lækka því, eins og rakið er að framan, alls um 396,8 m.kr. Innbyrðis tilfærslur á framlögum á milli skóla nema samtals um 620 m.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða hefðbundnar tilfærslur vegna breytinga á samsetningu náms í skólum og nema þær breytingar um það bil 375 m.kr. Hluti þessara tilfærslna tengist breyttum útreikningum vegna sérkennsluáfanga til samræmis við aðra áfanga og afnáms á hámarksviðmiði sem hafði áhrif á framlög til stærstu sérdeilda skólanna. Í öðru lagi er horfið frá því að tengja framlög vegna húsaleigu við nemendafjölda og verða þau ákveðin í skólasamningum með hliðsjón af leigusamningum sem ráðuneytið staðfestir. Tilfærslur milli skóla vegna þessa nema um 245 m.kr.

	Reiknaðir ársnem. 2007[1]	Reiknaðir ársnem. 2008	Áætlaðir ársnem. 2009	Áætlaðir ársnem. 2010	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2010	Þús. kr. á árs-nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	884	870	870	895	96,8	476,6	533
Menntaskólinn á Akureyri	739	761	740	740	99,4	502,0	678
Menntaskólinn að Laugarvatni	108	160	160	160	94,6	158,7	992
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.137	1.157	1.156	1.163	96,7	710,4	611
Menntaskólinn við Sund	715	706	710	725	95,4	423,5	584
Menntaskólinn á Ísafirði	258	320	321	321	81,3	284,8	887
Menntaskólinn á Egilsstöðum	326	329	325	319	96,1	270,2	847
Menntaskólinn í Kópavogi	1.068	1.022	1.063	981	90,6	688,0	701
Kvennaskólinn í Reykjavík	550	542	550	560	99,4	303,5	542
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.111	1.170	1.204	1.163	72,0	857,6	737
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.178	1.170	1.146	991	92,2	698,4	705
Flensborgarskóli	735	772	740	762	94,7	503,3	660
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	893	877	898	880	83,0	643,3	731
Fjölbrautaskóli Vesturlands	568	590	579	572	76,5	475,3	831
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	223	237	224	214	88,0	174,7	816
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	368	377	367	338	78,1	315,6	934
Fjölbrautaskóli Suðurlands	863	875	863	876	86,8	686,6	784
Verkmenntaskóli Austurlands	184	193	181	183	72,0	221,5	1.210
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.214	1.291	1.259	1.186	74,7	1.019,0	859
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	749	716	717	717	91,8	461,4	644
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	139	117	118	109	90,5	110,7	1.016
Framhaldsskólinn á Húsavík	130	139	135	135	98,6	132,7	983
Framhaldsskólinn á Laugum	101	120	125	121	99,2	179,4	1.483
Borgarholtsskóli	1.059	1.097	1.097	1.047	73,5	810,9	774
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	174	204	180	201	94,0	196,8	979
Menntaskólinn í Borgarnesi	30	97	101	103	90,6	121,0	1.175
Menntaskólinn Hraðbraut	267	251	250	250	93,6	158,0	632
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	-	50	50	-	36,6	732
Framhaldsskóli við utanv. Eyjafjörð	-	-	15	15	-	22,3	1.487
Tækniskólinn	-	1.729	1.798	1.752	45,7	1.668,5	952
Fjöltækniskóli Íslands	334	-	0	0	-	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	1.369	-	0	0	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	563	543	550	558	37,2	605,9	1.086
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	-	28,9	1.204
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	28	24	-	27,0	1.125
Verslunarskóli Íslands	1.450	1.490	1.530	1.424	97,1	903,8	635
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	-	40	80	-	-	-
Samtals	**19.536**	**19.966**	**20.114**	**19.639**	**83,4**	**14.876,9**	**758**

[1] Reiknaðir ársnemendur ársins 2007 eru leiðréttir frá frumvarpi til fjárlaga 2009.

Í upphafi árs gerði nemendaspá ráðuneytisins ráð fyrir að ársnemendum í framhaldsskólum myndi að öðru óbreyttu fjölga um 500 frá forsendum fjárlaga yfirstandandi árs til ársins 2010. Á sumarmánuðum var ljóst að fjölgun ársnemenda í dagskóla yrði nær 600. Talið er að af þessum hópi falli um það bil 350 ársnemendur í forgangshópa. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að ársnemendum fækki um 821 vegna aðhaldsaðgerða sem gerð var grein fyrir að framan.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 627 m.kr., sem er 72 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til að mæta markmiðum ríkisstjórnar í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að liðurinn lækki um 60 m.kr. Auk þess fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag til Verkmenntaskólans á Akureyri vegna tækjakaupa og 2 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds skólahúsnæðis framhaldskóla á Dalvík. Heildargjöld liðarins eru þannig að 588 m.kr. eru til byggingaframkvæmda og 39 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Taflan gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2010
Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	35,0
Framhaldsskólinn á Laugum	15,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
Framhaldsskólinn við utanverðan Eyjafjörð	33,0
Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Samtals	**627,0**

Gert er ráð fyrir að 240 m.kr. verði varið til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík. Þá er ráðgert að verja áfram 50 m.kr. á ári til viðhalds og endurbyggingar á húsnæði Menntaskólans í Reykjavík. Framkvæmdir halda einnig áfram víðs vegar um landið. Þannig er lagt til að 25 m.kr. verði veitt til viðhalds á húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni og 25 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, en þar er um að ræða 579 fermetra viðbyggingu við verknámshús skólans. Til Verkmenntaskólans á Akureyri er gert ráð fyrir 35 m.kr. vegna 380 fermetra viðbyggingar yfir sérdeild og 15 m.kr. eru til Framhaldsskólans á Laugum vegna lóðaframkvæmda. Þá er lagt til að 85 m.kr. verði varið til Framhaldsskólans í Mosfellsbæ sem tók til starfa haustið 2009, en samið hefur verið við Mosfellsbæ um byggingu 4.000 fermetra skólahúsnæði. Til Framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð er lagt til að veitt verði 33 m.kr., þar sem ráðgert er að byggja um 1.300 fermetra skólahúsnæði á Ólafsfirði.

319 Framhaldsskólar, almennt. Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að gjöld á fjárlagaliðnum nemi um 1.507,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 246 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum voru framlög til fjárlagaliðarins lækkuð um samtals 121,4 m.kr. frá fjárlögum. Helstu lækkanir eru eftirfarandi: 31,5 m.kr. á *1.11 Sameiginleg þjónusta*; 10 m.kr. á *1.17 Námsskrárgerð;* 49,9 m.kr. á *1.18 Námsefnisgerð* og 20,6 m.kr. á *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu*. Til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins er lagt til að veitt verði á viðfang *1.11 Sameiginleg þjónusta* tvö tímabundin framlög til eins árs: 5 m.kr. til verkefnisins Frjáls og opinn hugbúnaður í skólastarfi og 6 m.kr. til verkefnisins Notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, upplýsingatækni – leiðtogar. Á móti fellur niður 8 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins í fjárlögum 2009. Þá fellur niður af *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* annars vegar 140 m.kr. tímabundið framlag til frumgreinadeilda á Suðurnesjum og Vestfjörðum og hins vegar 10 m.kr. tímabundið framlag til sýninga á kvikmyndum í framhaldsskólum. Á móti er gert ráð fyrir hækkun á viðfangsefnaliðnum vegna þess að hluti af viðbótafjárveitingu til að mæta áætlaðri nemendafjölgun hefur ekki verið ráðstafað til skóla sem nemur 22,4 m.kr. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 31 m.kr.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Gert er ráð fyrir að framlag á liðnum lækki um 12,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar og hækkun á tryggingargjaldi á launaveltu. Til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum dragast útgjöld saman um 12,4 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir 0,1 m.kr. framlagi vegna hækkunar álagningarprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32% af fasteignamati.

451 Símenntun og fjarkennsla. Lagt er til að framlag hækki um 48,5 m.kr. umfram verðlagsbreytingar og hækkun á tryggingargjaldi á launaveltu frá fjárlögum þessa árs. Til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eru á viðföng liðarins lækkuð um 5%, að undanskildum *1.13 FS-net, símenntunarstöðvar* og *1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga*. Á lið *1.11 Símenntun og fjarkennsla* er gerð tillaga um 44% lækkun. Útgjöld vegna þessa lækka um alls 54,5 m.kr. Á móti framangreindum lækkunum er lagt til að *1.12 Námskeið og ráðgjöf* hækki um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Tillagan er samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára. Í yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að í fjárlögum 2010 verði veittar 300 m.kr. til verkefnisins. Í fjárlögum 2009 var veitt 50 m.kr. varanlegt framlag til verkefnisins og 150 m.kr. einskiptis framlag sem nú fellur

niður og er því farið fram á 250 m.kr. framlag á næsta ári til verkefnisins. Á *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til styrkja mennta-, menningar- og nýsköpunarsetur á Vopnafirði og til að styrkja innviði menningar- og ferðaþjónustu. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Þá fellur niður af *1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða* 5 m.kr. tímabundið framlag vegna Suðurfjarða.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	114,2	211,0	197,3	-6,5	72,8
Námsgagnastofnun	376,8	436,8	455,2	4,2	20,8
Samtals	**491,0**	**647,8**	**652,5**	**0,7**	**32,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 20 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun á tryggingagjaldi á launaveltu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 42,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga, til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Á móti nema ný útgjöld 22,2 m.kr.

720 Grunnskólar, almennt. Á *1.31 Sérstök fræðsluverkefni* er gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 10 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Af sama tilefni er einnig gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun á lið *1.34 Sprotasjóður*.

725 Námsgagnastofnun. Gert er ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar haldist óbreytt þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun á tryggingargjaldi á launaveltu. Gert ráð fyrir að framlag lækki um 22,2 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er lagt til að útgjöld hækki um 22,2 m.kr. vegna hærri húsaleigu í kjölfar flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.939,8	6.985,0	9.185,0	31,5	54,6
Jöfnun á námskostnaði	525,3	700,2	472,7	-32,5	-10,0
Samtals	**6.465,1**	**7.685,2**	**9.657,7**	**25,7**	**49,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.560 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar gengis- og verðlagsbreytingar.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gert er ráð fyrir að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 1.810 m.kr. fyrir utan gengis- og verðlagsbreytingar sem nema 390 m.kr. Í fyrsta lagi er sótt um 1.160 m.kr. framlag vegna fjölgunar lánþega um 14%, aukinna skólagjaldalána og meiri vaxtastyrkja. Áætlað er að nemendum á háskólastigi skólaárið 2009–2010 fjölgi um 10% frá haustinu 2008, sérstaklega vegna atvinnuástandsins. Enn fremur er talið að mun fleiri háskólanemendur muni sækja um námslán en áður þannig að hlutfallið hækki úr 52% í 58% sem er þó nokkuð minna en þekkist á hinum Norðurlöndunum. Loks er búist við að skólagjöld hækki um 10% hér á landi. Áætlað er að lánþegum í námi erlendis fækki um 15% og að skólagjöld erlendis fylgi gengisbreytingum. Miðað við framangreindar forsendur fjölgar lánþegum innanlands um 22% en námsmönnum erlendis fækkar um 15%. Samkvæmt þessu fjölgar lánþegum í heildina um 14%, sem er fjölgun um 1.666 eða úr 12.126 í 13.792. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1.000 m.kr. framlagi vegna 20% hækkunar á framfærslugrunni sjóðsins. Í þriðja og síðasta lagi lækkar framlag sjóðsins um 350 m.kr. vegna breytinga sem gera þarf á úthlutunarreglum. Þeirri lækkun verði meðal annars náð með því að breyta skerðingarhlutfalli vegna launatekna, taka upp frítekjumark og endurskoða skólagjaldalán til lækkunar. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

884 Jöfnun námskostnaðar. Gert er ráð fyrir að framlag til jöfnunar námskostnaðar lækki um 250 m.kr. fyrir utan verðlagsbreytingar. Tillagan er annars vegar hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og hins vegar til að mæta sértækum aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið ohf; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundaréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands; 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	78,2	91,9	86,3	-6,1	10,4
Þjóðminjasafn Íslands	494,5	463,6	404,8	-12,7	-18,1
Þjóðskjalasafn Íslands	271,9	298,8	218,7	-26,8	-19,6
Þjóðmenningarhúsið	104,7	103,0	93,6	-9,1	-10,6
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	618,8	664,2	649,4	-2,2	4,9
Listasafn Einars Jónssonar	17,2	17,9	16,9	-5,6	-1,7
Listasafn Íslands	183,7	165,4	160,9	-2,7	-12,4
Kvikmyndasafn Íslands	53,8	52,5	50,2	-4,4	-6,7
Blindrabókasafn Íslands	103,1	83,4	79,6	-4,6	-22,8
Náttúruminjasafn Íslands	19,0	26,9	20,6	-23,4	8,4
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	34,7	35,5	33,1	-6,8	-4,6
Safnasjóður	92,2	105,9	94,2	-11,0	2,2
Söfn, ýmis framlög	322,6	320,0	235,8	-26,3	-26,9
Samtals	**2.394,4**	**2.429,0**	**2.144,1**	**-11,7**	**-10,5**
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	254,6	275,9	287,9	4,3	13,1
Ríkisútvarpið	3.172,8	2.945,0	3.218,0	9,3	1,4
Íslenski dansflokkurinn	107,2	121,9	119,4	-2,1	11,4
Þjóðleikhúsið	703,8	719,8	698,3	-3,0	-0,8
Sinfóníuhljómsveit Íslands	662,9	652,2	625,1	-4,2	-5,7
Höfundarréttargjöld	53,6	98,0	52,5	-46,4	-2,1
Listasjóðir	315,3	362,4	368,1	1,6	16,7
Húsafriðunarnefnd	220,7	148,5	49,2	-66,9	-77,7
Listskreytingasjóður	8,8	7,1	7,1	0,0	-19,3
Kvikmyndamiðstöð Íslands	564,1	667,7	463,5	-30,6	-17,8
Listir, framlög	934,6	918,6	826,2	-10,1	-11,6
Samtals	**6.998,4**	**6.917,1**	**6.715,3**	**-2,9**	**-4,0**
Samtals	**9.392,8**	**9.346,1**	**8.859,4**	**-5,2**	**-5,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins eru áætluð 8.859,4 m.kr. og lækkar um 597,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun á tryggingargjaldi á launaveltu. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 66,9 m.kr og hækkun tryggingagjalds úr 5,34% í 7% nemur samtals 44 m.kr.. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 1.040 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Við útfærslu á lækkun fjárveitinga innan málefnaflokksins var miðað við að draga úr framlögum til styrkja sem er ekki lögbundið að veita, fremur en að minnka lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana ráðuneytisins. Þannig er miðað við að fjárveitingar til stofnana lækki um 6% til 10%. Fjárveitingar til sjálfseignarstofnana, safna á vegum annarra en ríkisins og til ýmissa verkefna sem hafa fengið styrki um langt árabil lækka almennt um 9% til 20%. Framlög til samninga og sjóða dragast saman um 15% og framlög til styrkja lækka almennt um 10% eða meira. Á móti framangreindum lækkunum er lagt til að framlag til málefnaflokksins

hækki um 774,6 m.kr. og skýrist það af 75 m.kr. tímabundinni hækkunar til þátttöku í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011, 630 m.kr. leiðréttingu á framlagi til RÚV ohf. í ljósi áætlaðra tekna af útvarpsgjaldi, 26 m.kr. framlagi til nýrra verkefna Norðausturnefndar, 26 m.kr. vegna samninga og 17,6 m.kr. vegna hækkunar álagningaprósentu fasteignagjalda. Lögð er til 45,4 m.kr. lækkun á fjárheimildum höfundarréttagjalda vegna lækkunar markaðra ríkistekna og loks er gert ráð fyrir að framlög til tímabundinna verkefna að fjárhæð 286,8 m.kr. falli niður.

Söfn

Hér verður fjallað um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901–919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Þjóðmenningarhúsið, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Gljúfrasteinn – Hús skáldsins, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta Stjórnarráðsins þá flyst Þjóðmenningarhúsið og Gljúfrasteinn – Hús skáldsins til mennta- og menningarmálaráðuneytis frá forsætisráðuneyti.

901 Fornleifavernd ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 7,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að 2,5 m.kr. tímabundið framlag til endurreisnar Þorláksbúðar í Skálholti falli niður. Í öðru lagi er lagður til 5,4 m.kr. samdráttur í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í þriðja lagi hækkar framlag um 0,2 m.kr. vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 69,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 9 m.kr. til að gera safninu kleift að semja við fyrirtæki eða stofnanir á Norðaustur- og Austurlandi um að koma gögnum í tölvutækt form í gegnum fjarvinnslu. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu Norðausturnefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í öðru lagi er lagt til að tvenn tímabundin framlög til fjarvinnslu sem samþykkt voru í 3. umræðu fjárlaga 2009 falli niður: 5 m.kr. á Húsavík og 5 m.kr. á Hvammstanga. Í þriðja lagi er tillaga um 20,1 m.kr. samdrátt í útgjöldum almenns rekstrar til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum. Í fjórða lagi er lagt til að tímabundin framlög sem samþykkt voru í 3. umræðu fjárlaga 2009 samtals að fjárhæð 41,5 m.kr. á *1.10 Byggða- og minjasöfn* falli niður. Í fimmta lagi er lagt til

að fella niður þær 7 m.kr. sem þá standa eftir á lið *1.10 Byggða- og minjasöfn* vegna markmiða um aðhald í útgjöldum, enda er talið að safnið muni ekki lengur hafa bolmagn til að annast styrki til ýmissa rannsóknarverkefna eins og verið hefur á síðustu árum.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að útgjöld lækki um 86,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 9 m.kr. til að gera safninu kleift að semja við fyrirtæki eða stofnanir á Norðaustur- og Austurlandi um að koma gögnum í tölvutækt form í gegnum fjarvinnslu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í fjáraukalögum 2008 var veitt 9 m.kr. vegna þessa verkefnis. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að niður falli 7,3 m.kr. tímabundið framlag sem v eitt var í fjárlögum 2009 til að kaupa búnað til að taka á móti, sannreyna og varðveita aðsend rafræn gögn. Í þriðja lagi er tillaga um niðurfellingu á 75 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var í fjárlögum 2008. Um var að ræða framlag til grunnskráningar og endurskráningar á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og vinnu við stafræna gerð manntala sem átti að fara fram á árunum 2008 og 2009. Verkefnið var hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Í fjárlögum 2008 voru veittar 100 m.kr. til verksins og áætlað fyrir sömu fjárhæð í fjárlagafrumvarpi 2009. Við 2. umræðu fjárlaga 2009 var ákveðið að verja 75 m.kr. til verksins á árinu og fresta 25 m.kr. framlagi til ársins 2010 vegna aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar sem aðstæður hafa ekki batnað er lagt til að fresta því um eitt ár til viðbótar að veita framlagið. Í fjórða og síðasta lagi er tillaga um 13 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig; *1.01 Þjóðskjalasafn Íslands almennur rekstur* 12,1 m.kr. og *1.11 Héraðsskjalasöfn* 0,9 m.kr.

904 Þjóðmenningarhúsið. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar sl. vor og í samstarfsyfirlýsingu hennar voru sett fram áform um ýmsar stjórnkerfisbreytingar og umbætur. Á þessum nýja lið er áætlað fyrir útgjöldum Þjóðmenningarhússins sem færð eru frá forsætisráðuneytinu. Lagt er til að framlag lækki um 10 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 34,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 16,8 m.kr. framlag vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr

0,88% í 1,32%. Í öðru lagi er lagt til að 12 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var safninu í þrjú ár til að setja dagblöð á stafrænt form falli niður. Í þriðja lagi er lagður til 39,1 m.kr. samdráttur í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Framlag lækkar um 1,4 m.kr. á næsta ári, að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum.

907 Listasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 9,9 m.kr. á næsta ári, að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Lagt er til að útgjöld lækki um 4,2 m.kr., að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum.

909 Blindrabókasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 6,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

911 Náttúruminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 7 m.kr. frá fjárlögum þegar verðlagshækkanir og hækkun tryggingagjalds á launaveltu eru frátaldar. En þetta er gert til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

913 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar í vor og í samstarfsyfirlýsingu hennar voru sett fram áform um ýmsar stjórnkerfisbreytingar og umbætur. Á þessum nýja lið er áætlað fyrir útgjöldum Gljúfrasteins – Húss skáldsins sem flytjast frá forsætisráðuneytinu en vegna útgjaldaaðhalds lækkar framlag til safnsins um 3,3 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

918 Safnasjóður. Lagt er til að framlag lækki um 15,9 m.kr. frá fjárlögum að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

919 Söfn, ýmis framlög. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 90,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að lækka útgjöld á liðnum um samtals 76,6 m.kr. frá fjárlögum 2009 vegna sparnaðaraðgerða. Þessi lækkun skiptist þannig á viðfangsefni; 3 m.kr. á *1.10 Listasafn ASÍ*, 0,9 m.kr. á *1.11 Nýlistasafn,* 0,9

m.kr. á *1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,* 1,5 m.kr á *1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands*, 1,5 m.kr. á *1.15 Hönnunarsafn Íslands*, 13,9 m.kr. á *1.90 Söfn, ýmis framlög*, 10,7 m.kr. á *1.98 Söfn ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis,* 3 m.kr. á *6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ og að lokum 41,2 m.kr. á 9.60 Söfn, ýmis stofnkostaður.*. Ætlunin er að beina umsóknum safna um fjárstuðning í auknum mæli til sjóða og nefnda sem úthluta styrkjum á grundvelli menningarsamninga við sveitafélög. Nánari skipting viðfangsefnis *1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins* kemur fram í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2010
Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	10,2
Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	6,0
Heklusetur Leirubakka, samningur	5,1
Galdrasýning á Ströndum, samningur	5,1
Tónlistarsafn Íslands, samningur	5,7
Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs.	8,5
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra - Samstarf safna og menningar, Blönduósi	17,0
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi - efla jarðfræðirannsóknir	8,0
Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6,0
Íslandsdeild ICOM	0,4
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga	0,5
Þjóðbúningaráð	0,4
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
Stafkirkja í Heimaey	3,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksvið Safnasjóðs	12,3
Samtals	**90,2**

Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að efla jarðfræðirannsóknir á Austurlandi. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 6 m.kr. framlag til Hvalamiðstöðvar á Húsavík vegna endurnýjunar á samningi sem gerir ráð fyrir 24 m.kr. heildarframlagi á árunum 2010–2013. Í þriðja lagi er miðað við að framlag til samninga sem fram koma í töflunni lækki um 15%. og styrkir til annarra verkefna s.s Þjóðbúningaráðs, Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga lækki um 10%. Loks er lagt til að óskipt framlag verði lækkað um 11,1 m.kr. frá núgildandi fjárlögum eða tæplega 50% til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum. Þess skal getið að vegna breytta verkskiptingu innan Stjórnarráðsins flytjast fjárheimildir vegna Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal og Stafkirkju í Heimaey, samtals 5 m.kr., frá forsætisráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Aðrar stofnanir, stofnkostnaður, sjóðir og ýmsir styrkir

Hér verður fjallað um viðhald og stofnkostnað menningarstofnana, aðrar stofnanir og ýmsa styrki sem eru á fjárlagaliðnum 969–982 en það eru Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður, Ríkisútvarpið, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Höfundarréttargjöld, Listasjóðir, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Listir, framlög.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að útgjöld hækki um 12 m.kr. á næsta ári. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið viðbótarframlag vegna byggingar tónlistarhús á *6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík*. Áætlað er að kostnaður við umsýslu vegna byggingar hússins verði 129,4 m.kr. á árinu 2010. Þar af greiðir ríkissjóður 54% en Reykjavíkurborg 46%. Með þessari viðbót verður framlag ríkissjóðs til umsýslukostnaðar við byggingu hússins 70 m.kr. árið 2010. Áætlað er að framlag ríkissjóðs lækki árið 2011. Þá fellur niður 8 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á menningarhúsinu Tjarnarborg, félagsheimili Ólafsfirðinga sem veitt var í fjárlögum 2009.

971 Ríkisútvarpið. Gert er ráð fyrir að fjárveiting hækki um 273 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til að fjárveiting hækki um 630 m.kr. með hliðsjón af áætluðum tekjum af útvarpsgjaldi. Hins vegar er lagt til að framlag til fyrirtækisins lækki um 357 m.kr. frá fjárlögum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Framlög til Ríkisúrvarpsins verða því samtals 3.218 m.kr.

972 Íslenski dansflokkurinn. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 7,3 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

973 Þjóðleikhúsið. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 42,6 m.kr. frá fjárlögum 2009 fyrir utan verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er tillaga um 43,2 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 0,6 m.kr. framlag vegna hækkunar á álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 39,1 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

977 Höfundarréttargjöld. Áætlað er að ríkistekjur af höfundarréttargjöldum dragist saman um 45,5 m.kr. á milli ára og minnkar framlag úr ríkissjóði um sömu fjárhæð. Breytingin kemur þannig fram að *1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundarréttarfélaga* lækkar um 39,4 m.kr., *1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands – Myndstef*, lækkar um 6,2 m.kr. og *1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir* hækkar um 0,2 m.kr. Að auki er tillaga um 0,1 m.kr. lækkun á *1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur* til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

978 Listasjóðir. Þrátt fyrir nýsamþykkt lög um listasjóði sem gera ráð fyrir fjölgun listamannalauna er aðeins áætlað fyrir verðlagshækkunum á liðnum þar sem gert er ráð fyrir að notuð verði ónýtt fjárheimild.

979 Húsafriðunarnefnd. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 98,8 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Annars vegar er gert ráð fyrir að tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru í 3. umræðu fjárlaga 2009 samtals að fjárhæð 96,5 m.kr. á 6.*10 Húsafriðunarsjóður* falli niður. Hins vegar er lagt til að útgjöld dragist saman á *1.01 Húsafriðunarnefnd* um 2,3 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Lögð er til 206,2 m.kr. lækkun framlags á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag í *1.10 Kvikmyndasjóð* lækki um 200 m.kr. og er þetta hluti af sértækum aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er lagður til 6,2 m.kr. samdráttur í útgjöldum á *1.01 Kvikmyndamiðstöð Ísands* til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

982 Listir, framlög. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 93,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það í fyrsta lagi af eftirfarandi tillögum um lækkun fjárveitinga til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum: 5 m.kr. á viðfangsefni *1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis,* 3,6 m.kr. *á 1.80 Listahátíð í Reykjavík*; 4,5 m.kr. á *1.14 Bókasafnssjóði höfunda,* 7,5 m.kr. á *1.18 Bókmenntasjóði,* 10,7 m.kr. á *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa,* 8,1 m.kr. á *1.25 Tónlistarsjóði,* 0,7 m.kr. á *1.28 Barnamenningarsjóði,* 3,6 m.kr. á *1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar*, 1,6 m.kr. á *1.27 Tónlist fyrir alla* og 35,1 m.kr. á *1.30 Íslensku óperunni*. Samtals gerir þetta 80,4 m.kr. í lækkun. Í öðru lagi er lagt til að framlag til *1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga* lækki um 14,5 m.kr. af tveimur tilefnum: Niðurfellingu á tímabundinni 3 m.kr. fjárveitingu til Draumasmiðjunnar sem veitt var í fjárlögum 2009 og 11,5 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkis-

stjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í þriðja lagi er tillaga um 3,5 m.kr. lækkun á *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga* og er tillagan hluti af aðgerðum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Framlagið hefur verið ætlað til að styrkja rekstur skrifstofu bandalagsins og ætti eftir lækkun að standa undir einu starfi. Í fjórða lagi er lagt til að *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* lækki um 14 m.kr til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þetta er hlutfallslega minni lækkun en gert er ráð fyrir hjá öðrum liðum en fyrirhugað að endurnýja menningarsamninga við sveitarfélög og miða við að þeir gegni veigameira hlutverki í því að styrkja verkefni tímabundið heldur en viðfangsefnaliðir sem lækka meira. Í fimmta lagi er gerð tillaga um 47,4 m.kr. lækkun á *1.90 Listir* og 7,4 m.kr. lækkun á *1.91 Menningarstofnanir, óskipt* til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Loks er í sjötta lagi gerð tillaga um 75 m.kr. hækkun á tímabundnu framlagi til *1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt* árið 2011, þannig að framlag í fjárlögum 2010 verði 100 m.kr. Fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að taka þátt í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2010 og var gert ráð fyrir að ríkissjóður legði fram samtals 300 m.kr. Búið er að veita 100 m.kr. til verkefnisins, þar af 25 m.kr. í fjáraukalögum 2007, 25 m.kr. í fjáraukalögum 2008 og 25 m.kr. í fjárlögum 2009. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. lokaframlagi í fjárlögum 2011.

Annað.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt. framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	54,8	68,5	67,3	-1,8	22,8
Ýmis fræðistörf	173,3	143,3	103,8	-27,6	-40,1
Norræn samvinna	15,0	23,5	19,1	-18,7	27,3
Æskulýðsmál	239,0	226,9	200,3	-11,7	-16,2
Ýmis íþróttamál	543,4	400,0	338,4	-15,4	-37,7
Ýmislegt	610,1	473,3	328,5	-30,6	-46,2
Samtals	**1.635,6**	**1.335,5**	**1.057,4**	**-20,8**	**-35,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 292,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds sem samtals nema 14,8 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 284,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Við lækkun útgjalda var haft að leiðarljósi að draga meira úr framlögum til verkefna sem ríkissjóður ber ekki lagaskylda til að styrkja fremur en fjárveitingum til lög-

bundinnar starfsemi og grunnstarfsemi. Lagt er til að sjálfseignastofnanir, söfn og ýmis verkefni sem hafa fengið styrki árvisst taki almennt 9% til 20% lækkun, samningar og sjóðir 15% skerðingu og framlög til styrkja almennt 10% en í nokkrum tilvikum meira. Gert er ráð fyrir 19 m.kr. framlögum til nýrra verkefna sem skýrist af 17 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna vegna Norðaustur- og norðvesturnefndar og 2 m.kr. framlagi til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2010. Loks falla niður samtals 27,5 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnaskertra. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 3,4 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

983 Ýmis fræðistörf. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki samtals um 41,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Annars vegar er gert ráð fyrir að tímabundin framlög, að fjárhæð alls 4 m.kr., sem samþykkt voru í 3. umræðu fjárlaga 2009 falli niður. Upphæðin skiptist þannig að 2 m.kr. falla niður á *1.52 Skriðuklaustur* vegna fornleifarannsókna á klaustrinu sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal og 2 m.kr. á *1.53 Snorrastofu* vegna rannsóknarverkefna sem tengjast Snorra Sturlusyni. Hins vegar er lögð til 37,6 m.kr. útgjaldalækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig á viðfangsefni: 3 m.kr. á *1.10 Fræðistörf*, 21,8 m.kr. á *1.11 Styrkir til útgáfumála*, 1,3 m.kr. á *1.17 Launasjóð höfunda fræðirita*, 0,1 m.kr. á *1.20 á Iðnsaga Íslands,* 2,8 m.kr. á *1.21 Tónlistarsaga*, 1,5 m.kr. á *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag*, 1,8 m.kr. á *1.52 Skriðuklaustur*, 1,9 m.kr. á *1.53 Snorrastofa*, 3,4 m.kr. á *1.54 Fornleifasjóð*.

984 Norræn samvinna. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 4,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og er það 20% samdráttur. Þar af falli niður 1,8 m.kr. á *1.90 Norræn samvinna* og 2,9 m.kr. á 1.*98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu*.

988 Æskulýðsmál. Lagt er til að fjárveiting lækki um 27,2 m.kr. sé litið framhjá verðlagshækkunum. Skýrist það alfarið af samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þannig skiptist samtals 27,2 m.kr. sparnaðaraðgerð á eftirfarandi viðfangsefni; 0,3 m.kr. á *1.10 Æskulýðsráð ríkisins,* 10,4 m.kr. á *1.12 Ungmennafélag Íslands*, 3,4 m.kr. á *1.13 Bandalag íslenskra skáta,* 0,4 m.kr. *1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni,* 0,4 m.kr. á *1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi,* 3,4 m.kr. á *1.17 Landssamband KFUM og KFUK,* 0,7 m.kr. á *1.18 Æskulýðsrannsóknir*, 1,3 m.kr. á *1.19 Æskulýðssjóð*, og 6,9 m.kr. *á 1.90 Æskulýðsmál.* Af 104,7 m.kr. fram-

lagi til Ungmennafélags Íslands í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 18,2 m.kr. renni til reksturs ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal, sem er samstarfsverkefni UMFÍ og sveitarfélagsins Dalabyggðar og að 9,1 m.kr. sé framlag til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina.

989 Ýmis íþróttamál. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 62,1 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er miðað við að niður falli tímabundin framlög, samtals 19,5 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig: 18 m.kr. á *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* vegna vetrarólympíuleika og ýmissa ólympískra verkefna og 1,5 m.kr. á *1.20 Glímusamband Íslands* vegna heimsmeistaramótsins í íslenskri glímu sem haldið var í Danmörku. Í öðru lagi er tillaga um 42,1 m.kr. samdrátt framlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig á eftirfarandi viðfangsefni: 14,4 m.kr. á *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands,* 3 m.kr. á *1.11 Ferðasjóð Íþróttasamaband Íslands*, 3 m.kr. á *1.12 Ólympíunefnd* fatlaðra sem jafnfram verður sameinað undir viðfangefni *1.14 Íþróttasamband fatlaðra*, 0,5 m.kr. á *1.14 Íþróttasamband fatlaðra*, 0,5 m.kr. á *1.15 Skólaíþróttir,* 2,7 m.kr. á *1.16 Íþróttasjóður,* 0,6 m.kr. á *1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri,* 0,8 m.kr. á *1.20 Glímusamband Íslands,* 2,9 m.kr. *1.21 Skáksamband Íslands,* 0,9 m.kr. á *1.25 Skákskóli Íslands,* 4,5 m.kr. á *1.29 Afrekssjóður ÍSÍ,* 2,3 m.kr. á *1.30 Bridgesamband Íslands,* 6 m.kr. á *1.90 Ýmis íþróttamál.* Þess ber að geta að af 145,5 m.kr. framlagi á viðfangsefni *1.11 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* eru 63,7 m.kr. vegna samnings um fjármögnun sérsambanda ÍSÍ. Þá er lagt til að það sem eftir stendur á *1.90 Ýmis íþróttamál*, eða 0,5 m.kr., verði millifært yfir á *02-999-1.90 Ýmis framlög*.

999 Ýmislegt. Gert er ráð fyrir að útgjöld á liðnum lækki um 154,1 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 8 m.kr. til að þróa verkefni Urðabrunnur sem hið Hins þingeyska fornleifafélags, Þingeysks sagnagarðs og Fornleifaskóla barnanna standa að og miðar að því að efla rannsóknir, menningu og fræðslu innan og utan Þingeyjasveitar. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að ráða í starf sérfræðings í menningu og sögu er starfi í þekkingarsetrinu á Skagaströnd í tengslum við Fræðasetur Háskóla Íslands. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundin 4 m.kr. fjárveiting til Árvekniþjónustu á bókasöfnum lækki í 2 m.kr. á árinu 2010. Fjárveitingin var veitt í 2. umræðu fjárlaga 2009 til verkefnisins, sem er

hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008–2012. Markmið þess er að bókasöfn geti látið notendur vita þegar nýtt efni á þeirra áhugasviði er skráð í bókasafnskerfið Gegnir. Í fjórða lagi er tillaga um 169,6 m.kr. lækkun samanlagðra framlaga á safnliðnum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í fimmta og síðasta lagi er 0,5 m.kr. fjárheimild millifærð af lið 02-989 Ýmis íþróttamál, sbr. skýringu við þann lið. Loks má þess geta að Grænlandssjóður flyst undir ráðuneytið frá forsætisráðuneyti og verður viðfangsefni 1.52 á þessum lið.

Eftirfarandi tafla sýnir ráðstöfun framlaga á viðfangi 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2010
Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	7,5
Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	6,8
Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20,0
Verkefni Árvekniþjónusta á bókasöfnum, hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008 - 2012	2,0
Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10,5
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðabrunnur menningarfél.	8,0
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurl. efling menningarlífs á Seyðisf.	8,0
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra, Þekkingarsetur á Skagaströnd	9,0
Verkefni, samningar vegna íþróttamála	10,2
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	1,6
Bókmenntahátíð í Reykjavík	1,4
Leiklistarsambandið	2,4
Bandalag íslenskra listamanna	1,8
Útflutningsmiðstöð tónlistar	2,0
Rithöfundasamband Íslands - Höfundamiðstöð	2,0
Menningarrannsóknir	4,0
Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	14,4
Samtals	**111,6**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild.

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinga. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7. fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	5.721,8	6.532,9	6.667,3	2	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.140,2	3.896,3	4.847,9	24	17
Stofnkostnaður og viðhald	167,1	2.100,0	118,0	-94	-29
Samtals	**10.029,1**	**12.529,2**	**11.633,2**	**-7**	**16**
Greitt úr ríkissjóði	-	12.129,0	11.270,2	-7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	400,2	363,0	-9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**12.529,2**	**11.633,2**	**-7**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 11.704,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 71,3 m.kr. en þær nema 0,61% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.633,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 11.270,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 363 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, í kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld utanríkisráðuneytis hækka um 251,6 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru frá öðru ráðuneyti

Í frumvarpinu dragast útgjöld utanríkisráðuneytisins saman um 1.861,5 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 1.395,6 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 1.628,2 m.kr. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 2.094,1 m.kr. Nettó lækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 465,9 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 965,5 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 11.633,2 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 6.667,3 m.kr. og hækka um 134,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 651,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá utanríkisráðuneytinu nemur 10% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 417,4 m.kr. en þar munar mest um áætluð útgjöld í tengslum við umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu sem samtals eru 430 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 96,3 m.kr. Gengis- og verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 464,9 m.kr. en umtalsverður hluti rekstrargjalda vegna sendiráða og þróunaraðstoðar er greiddur í erlendri mynt. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júlí nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 951,6 m.kr. og verða 4.847,9 m.kr. en eru 3.896,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samdrætti í tilfærsluframlögum þróunaraðstoðar vegna þröngrar stöðu ríkisfjármálanna auk þess sem sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins. Samtals er gert ráð fyrir að tilfærsluútgjöld ráðuneytisins lækki um 744 m.kr. vegna þessara aðgerða. Á hinn bóginn munu tilfærsluframlög ráðuneytisins aukast veru-

lega, eða um 1.211 m.kr., vegna greiðslna til Þróunarsjóðs EFTA, en þær eru samkvæmt samningum sem gerðir voru í tengslum við stækkun Evrópusambandsins fyrir nokkrum árum. Á móti falla niður 15,8 m.kr. vegna tímabundinna framlaga. Gengis- og verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 500,6 m.kr. en þau útgjöld eru nær öll greidd í erlendri mynt.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 118 m.kr. og er það 1.982 m.kr. lækkun milli ára. Lækkunin er öll til komin vegna niðurfellingar tímabundinna framlaga til kaupa á sendiráðsbústöðum sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009**.** Á móti lækkar tekjuhlið frumvarpsins sem nemur áætluðum tekjum af sölu sendiráðsbústaða.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.032,6	1.083,8	1.060,0	-2,2	2,7
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	155,0	164,5	351,9	113,9	127,0
Ýmis verkefni	57,0	120,3	287,2	138,7	403,9
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**1.244,6**	**1.373,6**	**1.704,1**	**24,1**	**36,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 305,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka útgjöld málaflokksins sem nemur 41 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga, eða sem nemur um 3%, til að mæta markmiði ríkistjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Nýjar útgjaldaskuldbindingar eru áætlaðar um 444,5 m.kr. á næsta ári og vega aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið þar þyngst. Á hinn bóginn falla niður samtals 98,3 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting nemi um 1.060 m.kr. á næsta ári og lækki um 38 m.kr. frá fjárlögum þessa árs vegna áforma ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum Aðrar breytingar á fjárheimildum aðalskrifstofunnar skýrast af áhrifum verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds

111 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild nemi um 351,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 184,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er óskað eftir 180 m.kr. fjárheimild vegna aukinna verkefna í tengslum við umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Ráða þarf 24 nýja starfsmenn og er áætlað að þýða þurfi allt að 50 þúsund blaðsíður af lagatexta. Áætlað er að verkefnið hefjist í ár og að því ljúki árið 2012. Aðrar breytingar eru vegna hækkunar tryggingargjalds og verðlagsbreytinga en þær nema samtals 7,4 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlag á þessum fjárlagalið nemi um 287,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 166,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 70 m.kr. framlag til Heimssýningarinnar EXPO 2010 falli niður. Um er að ræða framlag sem tengist 140 m.kr. hlut ríkisins í kostnaði við þátttökuna. Framlag ríkisins var greitt út með heimildum í fjáraukalögum 2008 og í fjárlögum 2009. Í öðru lagi er framlag lækkað um 3 m.kr. vegna sparnaðaráforma. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið framlag til náms í heimskautarétti að fjárhæð 5 m.kr. Í fjórða lagi fellur niður 5,8 m.kr. fjárheimild sem veitt var vegna nefndar um landgrunnmörk. Í fimmta lagi er óskað eftir 250 m.kr. fjárveitingu vegna áætlaðra útgjalda í tengslum við aðildarviðræður við Evrópusambandið. Um er að ræða tíma-

bundið framlag til tveggja ára og eru 50 m.kr. áætlaðar vegna kostnaðar annarra ráðuneyta. Útgjöldin falla að mestu til vegna ferðakostnaðar og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði síðan 150 m.kr. á árinu 2011 og þar af verði allt að 50 m.kr. vegna annarra ráðuneyta. Tekið skal fram að um er að ræða lauslega áætlun á þessu stigi og talsverð óvissa er um endanlega útkomu og verður áætlunin endurskoðuð þegar betri upplýsingar liggja fyrir. Aðrar breytingar eru vegna hækkunar tryggingargjalds og verðlagsbreytinga

Varnarmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður, 214 Varnarmálastofnun. Breyting var gerð á fjárlögum 2009 þegar fjárlagaliðirnir 213 Varnarmál og 217 Ratsjárstofnun voru sameinuð í liðinn 214 Varnarmálastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Varnarmálastofnun	410,1	1.227,0	963,0	-21,5	134,8
Varnarmál	351,0	0,0	0,0	-	-100,0
Ratsjárstofnun	375,8	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**1.136,9**	**1.227,0**	**963,0**	**-21,5**	**-15,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er áætluð 963 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 300,1 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum, eða sem svarar til um 24%, þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar er um að ræða sparnað og hagræðingaraðgerðir í verkefnum Varnarmálastofnunar til að mæta markmiðum um lækkun á rekstrarkostnaði ráðuneytisins. Aðrar breytingar á fjárheimildum eru vegna áhrifa verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds en samtals nema þær 36 m.kr.

Sendiráð Íslands og fastanefndir

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands	2.189,0	4.539,3	2.844,0	-37,3	29,9
Samtals	**2.189,0**	**4.539,3**	**2.844,0**	**-37,3**	**29,9**

Heildarframlög til málaflokksins eru áætluð 2.844 m.kr. á næsta ár. Helstu breytingar á framlögum eru í fyrsta lagi að 3 m.kr. tímabundin fjárheimild til útgáfu vegabréfsáritana í Peking fellur niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 67 m.kr. lækkun rekstrarframlaga, eða sem nemur 3% af rekstrarveltu, vegna áforma um hagræðingu í ríkisfjármálum. Í þriðja lagi

fellur niður 1.982. m.kr. tímabundið framlag til kaupa á sendiráðsbústöðum í stað eigna sem áformað er að selja samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2009. Um er að ræða fjárveitingu sem ætluð var til eins árs til kaupa á sendiráðsbústöðum í stað dýrari eigna sem seldar væru á móti. Óvissa er um hvort þessar eignabreytingar geti gengið eftir á þessu ári þar sem eftirspurn á fasteignamarkaði í viðkomandi borgum hefur verið fremur dræm. Á tekjuhlið frumvarpsins eru á móti felldar niður áætlaðar tekjur af sölu eignanna. Takist að selja eignirnar á næsta ári er gert ráð fyrir að leggja fyrir viðeigandi tillögur í frumvarpi til fjáraukalaga. Aðrar breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af gengis- og verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds en samtals nema þær 356,7 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Áætlun 2009 m.kr.	Áætlun 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands Berlín	68,3	110,5	118,2	7,0	73,0
Sendiráð Íslands Kaupmannahöfn	102,1	116,5	123,6	6,1	21,0
Sendiráð Íslands London	131,9	149,2	158,3	6,1	20,0
Sendiráð Íslands Moskva	96,8	97,6	103,6	6,1	7,0
Sendiráð Íslands Osló	55,9	69,3	73,5	6,1	31,5
Sendiráð Íslands París	135,9	157,6	167,2	6,1	23,0
Sendiráð Íslands Stokkhólmi	39,3	58,0	61,5	6,1	56,5
Sendiráð Íslands Washington	90,6	106,5	113,6	6,7	25,4
Fastanefnd Íslands New York	137,9	179,4	190,3	6,1	38,0
Sendiráð Íslands Brussel	148,6	186,9	200,3	7,2	34,8
Fastanefnd Íslands hjá NATO	126,6	123,9	131,5	6,1	3,8
Fastanefnd Íslands Genf	86,6	112,7	119,6	6,1	38,1
Sendiráð Íslands Vín	72,0	78,4	83,2	6,1	15,5
Sendiráð Íslands Peking	80,0	103,6	111,0	7,1	38,7
Sendiráð Íslands Ottawa	48,3	50,5	53,6	6,1	11,0
Sendiráð Íslands Tókýó	57,3	64,4	68,3	6,1	19,2
Sendiráð Íslands Helsinki	56,1	61,1	64,8	6,1	15,6
Fastanefnd Íslands Strassborg	44,8	45,7	0,0	-100,0	-100,0
Skrifstofa aðalræðistmanns New York	55,3	48,1	51,0	6,1	-7,8
Skrifstofa aðalræðistmanns Winnipeg	33,7	36,3	38,5	6,1	14,1
Sendiráð Íslands Róm	34,9	40,0	0,0	-100,0	-100,0
Sendiráð Íslands Nýja Delhi	59,7	90,0	96,5	7,2	61,6
Sendiráð Íslands Pretoría	39,8	76,5	0,0	-100,0	-100,0
Skrifstofa aðalræðismanns Þórshöfn	35,7	36,9	39,2	6,1	9,7
Annað	240,2	242,4	262,1	8,2	9,1
Samtals	**2.078,3**	**2.442,0**	**2.429,3**	**-0,5**	**16,9**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.846,2	1.642,7	1.378,0	-16,1	-25,4
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	1.946,9	2.045,3	1.549,3	-24,3	-20,4
Alþjóðastofnanir	1.236,1	1.301,1	2.831,8	117,6	129,1
Samtals	**5.029,2**	**4.989,1**	**5.759,1**	**15,4**	**14,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 5.759,1 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum hans sem nemur 198,9 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Helstu breytingar frá fjárlögum yfirstandi árs á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting stofnunarinnar nemi um 1.378 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 363, m.kr. lækkun að raunvirði frá fjárlögum þessa árs, eða sem svarar til um 22%. Þar er um að ræða aðhaldsráðstöfun í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að bæta afkomu ríkissjóðs. Aðrar breytingar á fjárheimildum má rekja til gengis- og verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds, en samtals nema þær 98,6 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Gert er ráð fyrir að framlög til verkefna þessa fjárlagaliðar nemi um 1.549,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 577,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er 43 m.kr. lækkun á framlagi til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Í öðru lagi lækkar framlag til Þróunarhjálpar Sameinuðu þjóðanna um 20 m.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 30 m.kr. lækkun á framlagi til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar, UNICEF. Í fjórða lagi lækkar framlag til Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna um 35 m.kr. Í fimmta lagi er 25 m.kr. lækkun á framlagi vegna Hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Í sjötta lagi er 148 m.kr. lækkun ýmissa framlaga vegna mannúðarmála og neyðaraðstoðar. Í sjöunda lagi lækkar framlag til íslensku friðargæslunnar um 71,3 m.kr. Loks lækkar framlag til viðfangsefnisins Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt, um 210 m.kr. Aðrar breytingar á fjárheimildum stafa af gengis og verðlagshækkunum sem samtals nema 88,3 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar þessa fjárlagaliðar nemi 2.831,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.135,5 m.kr. hækkun að raunvirði frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi fellur niður 7,8 m.kr. tímabundin fjárheimild vegna starfsmanns hjá Evrópuráðinu. Í öðru lagi fellur niður 3 m.kr. fjárheimild sem veitt var tímabundið vegna byggingu nýrra höfuðstöðva OECD. Í þriðja lagi er 8 m.kr. hækkun á árgjaldi til OECD vegna breytinga viðmiðunarreglna við kostnaðarskiptingu. Í fjórða lagi er farið

fram á 1.178 m.kr. hækkun vegna greiðslna til Þróunarsjóðs EFTA. Við stækkun Evrópusambandsins fyrir nokkrum árum var samið um aukin framlög EFTA–ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra aðildarríkja sem standa að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Ísland hefur þó ávallt lagt á það ríka áherslu að engin lagaleg skuldbinding standi til greiðslna af þessu tagi, sem birtist í því að samið hefur verið til 5 ára í senn. Um er að ræða greiðslur vegna verkefna á vegum sjóðsins á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Töluverður tími hefur yfirleitt liðið frá því styrkhæf verkefni fara í umsóknarferli þar til þau eru afgreitt og greiðslur til sjóðsins vegna þeirra hefjast. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 40 m.kr. lækkun á framlagi til verkefnisins Átaks við lækkun skulda þróunarríkja. Aðrar breytingar á fjárheimildum má rekja til gengis- og verðlagshækkana sem samtals nema 395,5 m.kr. en þar af er gengishækkun á framlagi vegna Þróunarsjóðs EFTA 226 m.kr. frá forsendum fjárlaga 2009.

Útflutningsráð Íslands

Eini fjárlagaliður þessa málaflokks er liðurinn 611 Útflutningsráð íslands. Framlagið nemur 363 m.kr. og er jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar en það er 0,05% af tryggingagjaldsstofni. Gert er ráð fyrir að tekjur lækki um 37,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útflutningsráð Íslands	429,4	400,2	363,0	-9,3	-15,5
Samtals	**429,4**	**400,2**	**363,0**	**-9,3**	**-15,5**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.536,7	4.651,5	4.381,3	-6	24
Neyslu- og rekstrartilfærslur	14.602,1	12.711,9	14.267,4	12	-2
Stofnkostnaður og viðhald	473,7	193,4	160,4	-17	-66
Samtals	**18.612,5**	**17.556,8**	**18.809,1**	**7**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	16.683,0	16.255,0	-3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	946,8	2.554,1	170	-
Viðskiptahreyfingar	-	-73,0	0,0	-100	-
Samtals	-	**17.556,8**	**18.809,1**	**7**	-

Heildargjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 20.006 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.197 m.kr. en þær nema 6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.255 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.554 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um 900,4 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 774 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 1.811,8 m.kr. Þar af eru 1.663 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þá er gert ráð fyrir að 10 m.kr. fjárheimild Bjargráðasjóðs færist til ráðuneytisins frá samgönguráðuneytinu en vakin skal athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 137,4 m.kr. Nettóhækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 1.674 m.kr. en eins og áður segir koma auknar ríkistekjur á móti því. Loks bætast

við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 351,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 18.809,1 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.381,3 m.kr. og lækka um 270,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 424,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu nemur 9,1% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 155,4 m.kr. en þar munar mest um í fyrsta lagi 38,4 m.kr. framlag vegna árgjalda að fiskveiðistjórnunarstofnunum í N–Atlantshafi og hagsmunagæslu því tengdu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að veita samtals 31,5 m.kr. til ýmissa verkefna í samræmi við fyrri áform um eflingu atvinnulífs á Norður- og Austurlandi. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 26 m.kr. framlagi vegna leigu á húsnæði fyrir Matís ohf. og í fjórða lagi er lagt er til að veita 25,2 m.kr. til Matvælastofnunar vegna kostnaðar við innleiðingu matvælalöggjafar ESB hér á landi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 117,4 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 116,4 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júlí nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.555,5 m.kr. og verða 14.267,4 m.kr. en eru 12.711,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 343,4 m.kr. Þyngst vegur 150 m.kr. lækkun á framlagi til Lífeyrissjóðs bænda auk þess sem að gert er ráð fyrir að framlög til Bændasamtaka Íslands lækki um 100 m.kr. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í tilfærslum sem nema 1.673,4 m.kr. en þar vega þyngst 1.285 m.kr. hækkun á fjárheimild Fóðursjóðs og 405 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna verðmiðlunar landbúnaðarvara. Ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar lagabreytingar um niðurfellingu gjaldaheimilda þessara fjárlagaliða eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum og því þarf að hækka fjárheimild þeirra en á móti hækka markaðar tekjur á tekjuhlið ríkissjóðs jafn mikið. Þá er gert ráð fyrir að 10 m.kr. fjárheimild Bjargráðasjóðs færist til ráðuneytisins frá samgönguráðuneytinu. Á móti falla niður 10 m.kr. vegna tímabundins framlags. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 235,5 m.kr. og skýrist það að mestu af 2% hækkun á beingreiðslum og öðrum framlögum vegna búvöruframleiðslu samkvæmt breytingum sem gerðar voru fyrr á þessu ári á þeim samningum við samtök bænda.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 160,4 m.kr. og er það 33 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 6 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum og þá lækkar fjárheimild Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkissjóðs um 27 m.kr. til samræmis við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur liðarins af jarðasölu.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í meðfylgjandi mynd.



Skuldbindandi samningar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 10.610 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 53,6% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	5.425,0	5.534,0	5.810,0	5.943,0	5.883,0
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	4.021,0	4.101,0	4.306,0	4.414,0	4.373,0
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	413,0	421,3	442,3	442,3	442,3
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	749,4	667,5	-	-	-
Samtals		**10.608,4**	**10.723,8**	**10.558,3**	**10.799,3**	**10.698,3**

Samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 749 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 9.859 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði um 11.300 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verka.

Vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála voru fyrr á þessu ári gerðar breytingar á búvörusamningunum milli forsvarsmanna ríkisstjórnar Íslands og bænda., sem snúa einkum að verðlagsákvæðum þeirra og gildistíma. Gerð er grein fyrir þeim breytingum í umfjöllun um þá fjárlagaliði aftar í þessum kafla.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	439,3	479,7	452,0	-5,8	2,9
Ýmis verkefni	408,3	384,7	378,4	-1,6	-7,3
Ráðstöfunarfé	0,0	9,0	5,0	-44,4	-
Samtals	**847,6**	**873,4**	**835,4**	**-4,4**	**-1,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 63,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 104,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 51,5 m.kr. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir að veitt verði 38,4 m.kr. vegna árgjalda að fiskveiðistjórnunarstofnunum í N–Atlantshafi og hagsmunagæslu því tengdu auk þess sem gert er ráð fyrir að veitt verði 8 m.kr. framlag til eflingar á rannsóknum á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Á hinn bóginn falla niður samtals 10 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 452 m.kr. og jafngildir það 42 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist sú lækkun af markmiðum stjórnvalda um samdrátt í ríkis-

útgjöldum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dregið verði úr kostnaði við hagsmunagæslu erlendis og ferðakostnaður vegna hennar lækkaður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að dregið verði úr launakostnaði og í þriðja lagi verður fulltrúum ráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel fækkað um einn auk þess sem aðhalds verður gætt á öllum sviðum almenns rekstrar ráðuneytisins. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 14,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á að framlög til þessa liðar verði 378,4 m.kr. og jafngildir það 21,8 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af markmiðum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* er gert ráð fyrir 9 m.kr. lækkun á framlagi vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins* er lögð til 12 m.kr. lækkun vegna sparnaðar í ríkisútgjöldum. Á *1.35 Fiskifélag Íslands* er gert ráð fyrir 6 m.kr. lækkun vegna hagræðingar en gert er ráð fyrir að sjóvinnukennslu nemenda í grunnskólum verði hætt. Á *1.36 Matvælasetur* er lagt til að sparað verði sem nemur 0,5 m.kr. Á *1.49 Úrskurðarnefndir* er annars vegar gert ráð fyrir 1 m.kr. framlagi vegna breyttrar forgangsröðunar en fjárhæðin flyst af lið *04-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis*. Hins vegar er lögð til 0,5 m.kr. hækkun vegna misræmis sem hefur myndast á uppfærslu launa- og verðlagsbóta. Á *1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO* er gert ráð fyrir 7,1 m.kr. lækkun vegna ráðstafana til að draga úr ríkisútgjöldum en aðild Íslands að NASCO hefur verið sagt upp frá og með 1. janúar 2010. Á *1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)* er gert ráð fyrir 38,4 m.kr. framlagi vegna aðildargjalda og hagsmunagæslu í tengslum við störf ráðuneytisins að alþjóðlegum fiskveiðistjórnunarstofnunum. Sé miðað við skráningu gengis eins og það var í forsendur fjárlaga 2009 þá má gera ráð fyrir að kostnaður vegna árgjalda að ICEC verði 25,9 m.kr., 3,4 m.kr. vegna NAFO, 43,8 m.kr. vegna NEAFC og 6,8 m.kr. vegna ICCAT. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að kostnaður í tengslum við hagsmunagæslu verði 9 m.kr. Samtals gera þetta 88,9 m.kr. Á *1.90 Ýmis verkefni* er lögð til 6 m.kr. lækkun vegna sparnaðar. Á *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* eru fjórar tillögur. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 8 m.kr. til eflingar á rannsóknum á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Í fjáraukalögum 2008 var 8 m.kr. framlag veitt til verkefnisins til að standa undir kostnaði við verkefnið árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ákveðið var að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í öðru lagi er lögð til 13,1 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að 10 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2007, vegna kynbóta í fiskeldi, falli niður. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 1 m.kr. lækkun

vegna breyttrar forgangsröðunar en fjárhæðin flyst á lið *04-190-149 Úrskurðarnefndir*. Á *6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum* er gert ráð fyrir 5 m.kr. sparnaði þar sem framlag til verkefnisins verður hætt. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 15,5 m.kr. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða ráðstöfun á safnliðnum *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
04-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis		
Kynbætur í fiskeldi	10,3	0,0
Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	10,2	8,0
Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2,0	2,0
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3,1	3,0
Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	4,0	3,0
Hafréttarstofnun	6,0	6,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	28,3	26,0
Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	22,7	20,0
Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	22,7	28,0
Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	22,7	20,0
Samtals	**132,0**	**116,0**

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til fjárlagaliðarins verði 5 m.kr. og jafngildir það 4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

Eftirlitsstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 215 Fiskistofa; 217 Verðlagsstofa skiptaverðs og 234 Matvælastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskistofa	724,5	815,2	766,4	-6,0	5,8
Verðlagsstofa skiptaverðs	26,2	15,4	14,2	-7,8	-45,8
Matvælastofnun	937,9	970,2	951,0	-2,0	1,4
Samtals	**1.688,6**	**1.800,8**	**1.731,6**	**-3,8**	**2,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 112,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 152,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni

fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 39,7 m.kr. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir að veitt verði samtals 25,2 m.kr. til Matvælastofnunar vegna kostnaðar í tengslum við innleiðingu matvælalöggjafar ESB hér á landi.

215 ***Fiskistofa.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 766,4 m.kr. og jafngildir það 77 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að ekki verði ráðið í þau störf sem að losna auk þess sem að laun lækki. Einnig verður dregið úr kostnaði vegna endurnýjunar á bifreiðum og tölvum og þá verður dregið úr eftirliti á grunnslóð þar sem hætt verður við skipaleigu til þess. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 28,2 m.kr.

217 ***Verðlagsstofa skiptaverðs.*** Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 14,2 m.kr. og jafngildir það 1,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

234 ***Matvælastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 951 m.kr. og jafngildir það 48,8 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 74 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrir vaktir dýralækna verði endurskoðaðar, breytingar verði gerðar á gjaldskrá stofnunarinnar, leitað verði leiða til að ná fram aukinni hagkvæmni við rannsóknir, dregið verði úr aksturs- og launakostnaði auk þess sem að almenns aðhalds verður gætt í rekstri stofnunarinnar. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 12,2 m.kr. framlag vegna vinnu við yfirtöku á gerðum í viðauka við EES–samninginn og vegna ESB–löggjafar um matvæli og fóður. Gert er ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB taki gildi hérlendis og þannig verði sömu heilbrigðiskröfur gerðar til matvælaframleiðslu hérlendis og á EES–svæðinu. Jafnframt muni að mestu gilda sömu lagareglur um matvælaeftirlit með þessum afurðum hérlendis og á EES–svæðinu. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður stofnunarinnar vegna málsins verði 66,7 m.kr. að meðtöldum þeim 12,2 m.kr. sem hér eru lagðar til að veittar verði. Auk þess er gert ráð fyrir 13 m.kr. framlagi vegna aðildargjalds að Matvælaöryggisstofnun Evrópu en gert er ráð fyrir að árlegt aðildargjald verði 73.592 EURO. Í þriðja lagi gerir endurskoðuð áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar ráð fyrir 18,5 m.kr. hækkun tekna. Við það lækkar framlag ríkissjóðs til jafns en breytingin hefur þó ekki áhrif á afkomu hans. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 29,6 m.kr.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 331 Héraðs- og Austurlandsskógar; 332 Suðurlandsskógar; 334 Vesturlandsskógar; 335 Skjólskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðs- og Austurlandsskógar	169,6	134,9	127,8	-5,3	-24,6
Suðurlandsskógar	139,6	108,0	101,7	-5,8	-27,1
Vesturlandsskógar	49,8	58,8	55,2	-6,1	10,8
Skjólskógar á Vestfjörðum	47,2	46,0	43,5	-5,4	-7,8
Norðurlandsskógar	124,1	99,8	94,6	-5,2	-23,8
Samtals	**530,3**	**447,5**	**422,8**	**-5,5**	**-20,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 28,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum en gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem því nemur á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 4,1 m.kr.

331 Héraðs- og Austurlandsskógar. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 127,8 m.kr. og jafngildir það 8,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

332 Suðurlandsskógar. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 101,7 m.kr. og jafngildir það 7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af sparnaðaraðgerðum í ríkisútgjöldum.

334 Vesturlandsskógar. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 55,2 m.kr. og jafngildir það 3,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum.

335 Skjólskógar á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa fjárlagaliðar verði 43,5 m.kr. og jafngildir það 2,9 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af aðgerðum til lækkunar ríkisútgjalda.

336 Norðurlandsskógar. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 94,6 m.kr. og jafngildir það 6,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af samdrætti í ríkisútgjöldum.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Hafrannsóknastofnunin; 405 Veiðimálastofnun; 411 Matvælarannsóknir; 413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 415 Sjóður til síldarrannsókna; 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs; 421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna; 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar; 483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar og 487 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.410,9	1.514,0	1.356,8	-10,4	-3,8
Veiðimálastofnun	73,4	101,0	107,3	6,2	46,2
Matvælarannsóknir	430,0	437,8	461,4	5,4	7,3
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-122,6	35,0	35,0	0,0	-128,5
Sjávarspendýrasjóður	-0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Sjóður til síldarrannsókna	-38,2	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðarfærarannsóknir	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	335,4	335,0	305,8	-8,7	-8,8
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	6,4	10,4	9,4	-9,6	46,9
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	41,7	60,8	57,3	-5,8	37,4
Sjávarútvegshús, undirbúningur	113,5	0,0	0,0	-	-100,0
Húsbyggingarsjóður	-70,2	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	160,0	168,5	153,9	-8,7	-3,8
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	132,8	63,3	57,3	-9,5	-56,9
Hagþjónusta landbúnaðarins	24,3	25,6	25,3	-1,2	4,1
Samtals	**2.497,4**	**2.751,4**	**2.569,5**	**-6,6**	**2,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 241,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 211 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 62 m.kr. Munar þar mest um 26 m.kr. framlag vegna leigu á nýju húsnæði undir starfsemi Matís ohf. en með framlaginu verður stuðlað að fjölgun starfa í byggingariðnaði. Á hinn bóginn falla niður samtals 92,4 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar vega þyngst 50 m.kr. niðurfelling á tímabundnu framlagi vegna togararalls Hafrannsóknastofnunar og 32,4 m.kr. vegna rannsókna á Drekasvæði.

401 Hafrannsóknastofnunin. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 1.356,8 m.kr. og jafngildir það 201,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 119 m.kr. lækkun vegna aðgerða til lækkunar ríkisútgjalda. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr rannsóknum

stofnunarinnar og að haustrall muni aðeins fara fram annað hvert ár. Einnig verði dregið úr stofnmælingum á innfjarðarækju þar sem svæðum verður fækkað ásamt því að draga úr tíðni mælinganna. Rekstrarkostnaður vegna eldisstöðvar að Stað í Grindavík verður lækkaður, sýnatökum verður fækkað, dregið verði úr kostnaði vegna skipaleigu og leitað leiða til að bæta olíunýtingu Árna Friðrikssonar. Launaliðir munu lækka og bakvaktir verða endurskipulagðar auk þess sem aðhalds verður gætt á öllum sviðum í rekstri stofnunarinnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tímabundið 50 framlag í fjárlögum 2008, vegna togararalls, falli niður. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að niður falli 32,4 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2008 vegna rannsókna á Drekasvæði. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 44,2 m.kr.

405 Veiðimálastofnun. Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 107,3 m.kr. og jafngildir það 3,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag vegna rannsókna á selum og samspili þeirra við lífríkið á ósasvæðum áa og vatna við Húnaflóa en verkefnið er samstarfsverkefni Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar og Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Í fjáraukalögum 2008 var 8,5 m.kr. framlag veitt til verkefnisins til að standa undir kostnaði við verkefnið árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Hins vegar er lögð til 5 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum þar sem rekstrarkostnaður verður lækkaður með ráðstöfunum í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,8 m.kr.

413 Matvælarannsóknir. Gert er ráð fyrir að veitt verði 461,4 m.kr. til fjárlagaliðarins og jafngildir það 1,6 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 26 m.kr. framlag vegna leigu á 3.800 fermetra húsnæði að Vínlandsleið 12 undir starfsemi Matís ohf. og stuðla að fjölgun starfa í byggingariðnaði. Gert er ráð fyrir að með þessu muni um 200 ný ársverk verða til í byggingariðnaði, starfsemi Matís ohf. sameinist undir einu þaki eins og við var miðað við stofnun fyrirtækisins og þá losni húsnæði á Stjórnarráðsreit. Í öðru lagi er lögð til 15 m.kr. hækkun vegna samstarfsverkefnis Matís ohf., Iceprotein og Háskólans á Hólum á sviði líftækni. Í fjáraukalögum 2008 var 15 m.kr. veitt til verkefnisins til að standa undir kostnaði við verkefnið árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 39,4

m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Dregið verður úr kaupum á matvælarannsóknum og rekstrarkostnaður lækkaður með ráðstöfunum í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar.

417 ***Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Gert er ráð fyrir 305,8 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins og jafngildir það 29,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er lögð til 19,2 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum en gert er ráð fyrir að rekstrakostnaður lækki og dregið verði úr styrkveitingum sjóðsins. Hins vegar fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2007 vegna markaðssetningar á eldisbleikju.

421 ***Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 9,4 m.kr. og jafngildir það 1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum en á viðfangsefni *6.10* er gert ráð fyrir að mæta sparnaðinum með 1 m.kr. hækkun sértekna.

423 ***Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Gert er ráð fyrir framlag til fjárlagaliðarins verði 57,3 m.kr. og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af aðgerðum til lækkunar ríkisútgjalda. Aðhalds verður gætt í almennum rekstri stofnunarinnar og rekstrarkostnaður lækkaður með ráðstöfunum í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,5 m.kr.

481 ***Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til fjárlagaliðarins verði 153,9 m.kr. og jafngildir það 15 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum en framlög samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands verða skert sem því nemur.

483 ***Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar.*** Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 57,3 m.kr. og jafngildir það 6,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum. Annars vegar er gert ráð fyrir 4 m.kr. lækkun á *1.11 Bændur græða landið* og hins vegar er lögð til 2,4 m.kr. lækkun á *1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar* en gert er ráð fyrir að framlög vegna samnings við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá verði skert sem því nemur.

487 Hagþjónusta landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að framlög þessa fjárlagaliðar verði 25,3 m.kr. og jafngildir það 1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum en gert er ráð fyrir að rekstrakostnaður verði lækkaður með ráðstöfunum í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	5.369,4	5.634,0	5.649,0	0,3	5,2
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	4.011,9	4.137,0	4.165,0	0,7	3,8
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	459,5	413,0	421,3	2,0	-8,3
Samtals	**9.840,8**	**10.184,0**	**10.235,3**	**0,5**	**4,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 149,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 150 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Breytingar á framlögum til málefnaflokksins grundvallast á breytingum sem gerðar voru annars vegar þann 18. apríl 2009 á samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004 og samningi um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu frá 25. janúar 2007. Hins vegar er það breyting sem gerð var 22. júlí 2009 á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002. Segja má að ástæðan fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á samningunum sé fyrst og fremst sú að bregðast við, með aðhaldssömum hætti, þeim erfiðleikum sem steðjað hafa að íslensku efnahagslífi frá sl. hausti og leitt hafa til þess að staða ríkissjóðs hefur versnað til muna. Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að framlög á árinu 2009 verði samkvæmt fjárlögum en í lok desember 2008 voru samþykkt lög um ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum í kjölfar hruns íslensku bankanna og mikils samdráttar í tekjum ríkisins. Í þeim lögum var meðal annars gert ráð fyrir að í fjárlögum ársins 2009 yrði vísitölutenging búvörusamninga við bændur skert með þeim hætti að framlög samkvæmt samningunum á árinu hækkuðu ekki meira en áætlað var að þau mundu hækka í frumvarpi til fjárlaga 2009 en þar var gert ráð fyrir 5,7% verðlagsuppfærslu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög ársins 2010 og 2011 hækki um 2% frá árinu á undan en vegna ársins 2011 er gert ráð fyrir að auk þess bætist við helmingur af því sem upp á vantar til að framlag

ársins uppfylli ákvæði fyrri samninga um framlög ríkissjóðs. Þó verði hækkun milli áranna 2010 og 2011 ekki umfram 5%. Í þriðja lagi er í breyttum mjólkur- og sauðfjársamningum gert ráð fyrir að framlög vegna ársins 2012 verði samkvæmt ákvæðum fyrri samninga um framlög ríkissjóðs en þó skuli hækkun frá fyrra ári ekki vera meiri en 5%. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að samningarnir verði framlengdir um tvö ár sem þýðir að gildistími samnings um sauðfjárrækt verður til ársloka 2015, samnings um mjólkurframleiðslu til ársloka 2014 og samnings við framleiðendur garðyrkjuafurða til ársloka 2013. Í mjólkur- og sauðfjársamningunum er gert ráð fyrir að framlög þessara viðbótarára lækki um 1% að teknu tilliti til uppfærslu samkvæmt vísitölu neysluverðs í samræmi við ákvæði 4. gr. sauðfjársamnings og 6. gr. mjólkursamnings. Í tilviki grænmetissamningsins er gert ráð fyrir að fjárhæðir þessara viðbótarára taki breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá meðaltali vísitölunnar eins og hún verður 2011 auk þess sem að gert sé ráð fyrir að árleg 2,5% hagræðingarkrafa samningsins falli á brott. Í þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fyrrgreindum búfjársamningum er eins og í þeim fyrri ekki gert ráð fyrir samningsbundnum framlögum til Lífeyrissjóðs bænda. Í fjárlögum 2009 námu framlög ríkissjóðs til sjóðsins samtals 325 m.kr. á fjárlagaliðum 04-801-1.02 og 04-805-1.02. Vegna samdráttar í ríkisútgjöldum er nú gert ráð fyrir að framlög til Lífeyrissjóðs bænda lækki um samtals 150 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Aðrar breytingar má rekja til verðlagsbreytinga en þar á meðal er 2% samningsbundin hækkun frá gildandi fjárlögum vegna ársins 2010.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki; 853 Bjargráðasjóður og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	575,5	617,8	521,4	-15,6	-9,4
Búnaðarsjóður	277,4	320,0	320,0	0,0	15,4
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	100,3	158,9	148,1	-6,8	47,7
Verðmiðlun landbúnaðarvara	404,8	0,0	405,0	-	0,0
Fóðursjóður	1.320,6	115,0	1.400,0	1.117,4	6,0
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	196,7	174,0	147,0	-15,5	-25,3
Fiskræktarsjóður	14,6	11,0	11,0	0,0	-24,7
Greiðslur vegna riðuveiki	51,2	52,0	52,0	0,0	1,6
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	256,7	41,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**3.207,8**	**1.499,7**	**3.014,5**	**101,0**	**-6,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.494 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 127 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 1.656 m.kr. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir að fjárheimild *Fóðursjóðs* hækki um 1.285 m.kr. þar sem ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar lagabreytingar um niðurfellingu sjóðsins eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar er lagt til að fjárheimild *Verðmiðlun landbúnaðarvara* hækki um samtals 405 m.kr. þar sem frumvarp um niðurfellingu verðtilfærslugjalds og verðmiðlunargjalds landbúnaðarvara hefur ekki náð fram að ganga eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Báðir þessir fjárlagaliðir eru fjármagnaðir að fullu með ríkistekjum þannig að afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður. Á hinn bóginn falla niður samtals 35 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 521,4 m.kr. og jafngildir það 117,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist sú lækkun annars vegar af sparnaðaraðgerðum en á *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt* er gert ráð fyrir 70 m.kr. lækkun vegna þeirra aðgerða og 30 m.kr. lækkun á *1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni*. Hins vegar er gert ráð fyrir 17,2 m.kr. lækkun í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, og kemur hún öll til á viðfangsefni *1.11*.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 148,1 m.kr. og jafngildir það 11 m.kr. raungildislækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum en gert er ráð fyrir að dregið verði úr styrkveitingum úr sjóðnum ásamt því að lækka rekstrarkostnað. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir að veitt verði 405 m.kr. til fjárlagaliðarins og jafngildir það 405 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist hækkunin af tveimur tilefnum. Á *1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara* er annars vegar lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 93 m.kr. Í nóvember 2007 lagði þáverandi landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum þar sem lagt var til að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. yrði afnumið. Verðmiðlunargjald landbúnaðarvara hefur hingað til verið notað sem rekstrarstyrkir til afurðastöðva, til að jafna flutningskostnað framleiðenda og til að styrkja flutning hráefnis og mjólkurvara milli afurðastöðva og til

fjarlægari staða þar sem ekki eru fyrir afurðastöðvar. Þar sem frumvarp um niðurfellingu gjaldsins hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af því eða 93 m.kr. Á *1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk* er hins vegar gert ráð fyrir 312 m.kr. hækkun fjárheimildar. Verðtilfærslugjald á mjólk hefur verið notað til að lækka verð tiltekinna afurða í heildsölu. Þar sem frumvarp um niðurfellingu gjaldsins hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af gjaldinu.

827 Fóðursjóður. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa fjárlagaliðar verði 1.400 m.kr. og jafngildir það 1.285 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að Fóðursjóður yrði lagður niður í áföngum á þremur árum en sjóðurinn er fjármagnaður með tekjum af innflutningsgjöldum af fóðri. Fjárheimild liðarins var 615 m.kr. í fjárlögum 2007 en var lækkuð um 300 m.kr. árið 2008 og síðan aðrar 200 m.kr. í fjárlögum 2009. Fjárheimild Fóðursjóðs í fjárlögum 2009 er 115 m.kr. Í ljósi þess að ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, sölu og verðlagningu búvara um niðurfellingu sjóðsins þarf að hækka fjárheimild liðarins um 1.285 m.kr. fyrir árið 2010 en gert er ráð fyrir að tekjur Fóðursjóðs af innflutningsgjöldum af fóðri verði 1.400 m.kr. árið 2010.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 147 m.kr. og jafngildir það 27 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur liðarins af jarðasölu.

853 Bjargráðasjóður. Gert er ráð fyrir að framlag til fjárlagaliðarins verði 10 m.kr. en fjárlagaliðurinn er nýr hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Með breyttum lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgönguráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist yfir á þennan fjárlagalið af *10-811-1.10*.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir neinum framlögum til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 41 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Á *1.14 Átak í hrossarækt* er gert ráð fyrir að tímabundið 25 m.kr. framlag falli niður. Á *1.91 Loðdýrafóður* er lagt til að hætt verði niðurgreiðslum á loðdýrafóðri frá og með árinu 2010 vegna sparnaðar í ríkisútgjöldum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dómsmála- og mannréttindaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	20.134,4	19.157,6	19.417,8	1	-4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.250,5	4.334,3	2.986,5	-31	-30
Stofnkostnaður og viðhald	2.572,6	828,8	2.137,4	158	-17
Samtals	**26.957,5**	**24.320,7**	**24.541,7**	**1**	**-9**
Greitt úr ríkissjóði	-	23.448,8	23.880,5	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	871,9	661,2	-24	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**24.320,7**	**24.541,7**	**1**	-

Heildargjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 26.215 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.673 m.kr. en þær nema 6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 24.542 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 23.881 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 661 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra. Útgjaldasamdráttur hjá stofnunum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins nemur samtals 2.390 m.kr. eða að meðaltali 10% af fjárlögum ársins 2009. Í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar er hagræðingarkrafan þó misjöfn eftir málaflokkum og er sérstaklega gerð grein fyrir skiptingunni í umfjöllun um hvern málaflokk fyrir sig.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis hækka um 682 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru frá öðrum ráðuneytum.

Í frumvarpinu dragast útgjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins saman um 737 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 2.390 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi falla niður 50 m.kr. tímabundin framlög. Á móti vega ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 1.524 m.kr. svo og 175 m.kr. framlög til stofnana vegna hækkunar tryggingargjalds úr 5,34% í 7%. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 958 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 24.542 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.418 m.kr. og að teknu tilliti til leiðréttingar á framsetningu framlags til kirkjugarða, þá lækka þau um 1.363 m.kr. að raungildi, frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 1.969 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Lækkunin hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu nemur því 10%. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 625 m.kr. en þar munar mest um framlög til embættis sérstaks saksóknara í málum er tengjast bankahruninu, eða 255 m.kr., auk 150 m.kr. framlags til að vega upp á móti niðurskurði í löggæslu. Þá er áætlaður samtals 100 m.kr. útgjaldaauki vegna framkvæmdar laga um greiðsluaðlögun Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 48 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 657 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka í heild um 383 m.kr. að raungildi, ef leiðrétt er fyrir áðurnefndri breyttri framsetningu á útgjöldum til kirkjugarða, Tilfærslur nema þá 2.987 m.kr. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 397 m.kr. Því til viðbótar eru ráðstafanir til að lækka útgjöld vegna bóta brotaþola. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 31 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.137 m.kr. og er það 1.039 m.kr. hækkun milli ára að raungildi. Hækkunin skýrist nær alfarið af lokauppgjöri á kaupum á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Framlög vegna stofnkostnaðar sýslumanna lækka um 25 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Verðlagshækkun fjárveitinga í þessum flokki er 270 m.kr. og gengur alfarið til að fjármagna varðskipið.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og hlutafélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1879,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.430,8	1.502,3	1.502,3	1.502,3	1.502,3
Neyðarlínan hf.	C	308,5	323,9	323,9	323,9	323,9
Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá	C	6,5	6,8	6,8	6,8	6,8
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	102,5	107,6	107,6	107,6	107,6
Slysatryggingar lögreglumanna	C	31,0	32,6	32,6	32,6	32,6
Samtals		**1.879,3**	**1.973,2**	**1.973,2**	**1.973,2**	**1.973,2**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem viðkomandi ráðuneyti stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni, en ekki er um slíka samninga að ræða hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.502 m.kr. Að lokum eru 471 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmála- og mannréttindaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði 1.973 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskr.	388,5	365,8	324,0	-11,4	-16,6
Stjórnartíðindi	25,4	0,0	0,0	0,0	-100,0
Lagasafn	-3,1	0,0	0,0	0,0	-100,0
Kosningar	6,5	6,1	23,9	291,8	267,7
Ýmis verkefni	304,4	249,5	271,8	8,9	-10,7
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**721,7**	**629,4**	**627,7**	**-0,3**	**-13,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 69 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Að auki falla niður samtals 13 m.kr. framlög til Þjóðskrár sem veitt voru til tímabundinna verkefna

íslenska upplýsingasamfélagsins. Á móti vega 50 m.kr. lögbundnar hækkanir á ýmsum dómsmálaverkefnum, vegna sérstaks ríkissaksóknara og greiðsluaðlögunar.

101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 50 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum, eða 14%, sem er hlutfallslega meira en hjá nokkurri stofnun ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að ná lækkun útgjalda með því að endurskipuleggja frá grunni starfsemi ráðuneytisins erlendis. Starfsstöð vegabréfaáritanna í Peking verður hætt. Starfsstöð vegna Schengen samstarfs í Brussel verður flutt til Íslands og allra brýnustu verkefnum á þessu sviði sinnt af starfsfólki ráðuneytisins frá Íslandi. Sparnaðurinn kemur m.a. fram í staðaruppbótum og húsaleigu, en gengishrun íslensku krónunnar hefur tvöfaldað erlendan kostnað frá því sem var þegar fjárveitingar vegna starfs í Brussel voru ákveðnar. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun ferðakostnaðar, en átak í þá veru er nú þegar í gangi.

111 Kosningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 24 m.kr. á næsta ári og hækka um 17 m.kr. frá fyrra ári, sem skýrist alfarið af kostnaði ríkissjóðs vegna sveitarstjórnarkosninga á næsta ári. Þessi útgjöld voru áður hjá samgönguráðuneyti, en þar sem allar kosningar eru nú á forræði dómsmála- og mannréttindaráðuneytis er fjárheimildin millifærð.

190 Ýmis verkefni. Áætlað er fyrir margvíslegum ólíkum verkefnum á þessum fjárlagalið. Í heildina er gert ráð fyrir um 38 m.kr. hækkun. Þar af eru 13 m.kr. vegna launa sérstaks saksóknara í málum sem tengjast bankahruninu og 20 m.kr. tímabundið framlag til Ráðgjafastofu heimilanna vegna aðstoðar í tengslum við greiðsluaðlögun. Þá eru millifærðar samtals 29 m.kr. fjárheimildir vegna þriggja verkefna sem flytjast til ráðuneytisins. Það eru 16 m.kr. vegna Yfirfasteignamatsnefndar, 8,5 m.kr. vegna Neytendasamtakanna og loks eru 5 m.kr. fjárveiting vegna mansalsverkefna millifærð frá félagsmálaráðuneyti. Á móti vegur 24 m.kr. lækkun gjalda með því að draga úr kostnaði við fastanefndir, segja upp samkomulagi við Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna innheimtu meðlaga norræna ríkisborgara hérlendis. Auk þess er gert ráð fyrir að fella niður 5 m.kr. framlag til hollvinasamtaka Óðins og tæpar 4 m.kr. námsleyfi lögfræðinga.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	104,1	105,8	99,0	-6,4	-4,9
Héraðsdómstólar	962,1	963,7	935,4	-2,9	-2,8
Málskostnaður í opinberum málum	511,2	402,3	380,5	-5,4	-25,6
Opinber réttaraðstoð	243,7	194,8	235,6	20,9	-3,3
Bætur brotaþola	77,9	60,0	20,0	-66,7	-74,3
Persónuvernd	77,0	68,9	65,8	-4,5	-14,5
Samtals	**1.976,0**	**1.795,5**	**1.736,3**	**-3,3**	**-12,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 102 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Það eru tæp 6% af fjárlögum ársins í ár.

201 Hæstiréttur. Gerð er 10 m.kr., eða 9% hagræðingarkrafa vegna rekstrar dómstólsins. Miðað er við að ná lækkuninni m.a. með því að draga úr ýmis konar stoðþjónustu við dómara.

210 Héraðsdómstólar. Gerð er tillaga um 50 m.kr. lækkun að raungildi. Það jafngildir um 5% niðurskurði. Nú liggur fyrir frumvarp um sameiningu átta héraðsdómsstóla í einn. Með frumvarpinu er stefnt að því að vinnuálag verði jafnara en nú er, og dómskerfið því betur í stakk búið til þess að taka við síauknum málafjölda. Jafnframt felast í breytingunni margvíslegir hagræðingarmöguleikar, m.a. með fækkun bakvakta, fækkun dómstjóra um sjö, auk þess sem ferðakostnaður lækkar í kjölfar þess að fella dómþinghá niður.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Gerð er tillaga um 40 m.kr. lækkun útgjalda. Með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum var dómsmála- og mannréttindaráðherra heimilt í reglugerð að mæla fyrir um tímagjald sem tekið skal mið af við ákvörðun þóknunar. Reglugerðin hefur nú verið sett og tímagjaldið lækkað um 12%, eða úr 11.200 kr. í 10.000 kr. Þá hefur dómstólaráð breytt viðmiðunarreglum sínum til samræmis við reglugerðina. Áætlað er að reglugerðin leiði til um 40 m.kr. sparnaðar á ári.

232 Opinber réttaraðstoð. Að raungildi er gerð tillaga um 31 m.kr. hækkun. Hækkunartilefnin eru byggð á kostnaðarumsögnum lagafrumvarpa, annars vegna laga nr. 24/2009 þar sem ákvæðum um greiðsluaðlögun var bætt inn í lög um gjaldþrotaskipti, hins vegar lög nr. 50/2009 um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Í báðum tilfellum er um að ræða þóknanir til umsjónarmanna sem aðstoða þá einstaklinga sem leita eftir greiðsluaðlögun. Þóknun verður ekki hærri en sem nemur 200 þús.kr. í hverju tilfelli fyrir sig. Á móti 80 m.kr. útgjaldaauka af þessum tilefnum vegur 50 m.kr.

hagræðingarkrafa þar sem nú stendur til að breyta þeim lögum þar sem kveðið er á um gjafsókn í því skyni að takamarka gjafsókn í öllum tilvikum við efnahag, auk þess að setja hámark á stuðning í einstökum málaflokkum. Útgjöld í einstaka flokkum s.s. forsjármálum hefur reynst mun hærri en forsendur fjárlaga hafa gert ráð fyrir.

235 Bætur brotaþola. Lagt er til að útgjaldaheimild verði lækkuð um 40 m.kr. Með lögum nr. 70/2009 var breytt lögum um bótarétt brotaþola, þannig að bætur vegna einstaks verknaðar verða ekki greiddar úr ríkissjóði nema höfuðstóll kröfu sé 400 þús.kr. eða hærri. Miðað við reynslu fyrri ára sparast um 40 m.kr. á ári með þessari aðgerð.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 309 Sérstakur saksóknari skv. lögum nr. 135/2008; 313 Lögreglan; 325 Samræmd neyðarsímsvörun; 390 Ýmis löggæslu og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen–samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	136,5	129,3	132,7	2,6	-2,8
Sérstakur saksóknari skv. lögum nr. 135/2008	0,0	50,0	315,5	531,0	-
Lögreglan	7.519,6	7.508,2	7.124,0	-5,1	-5,3
Samræmd neyðarsímsvörun	260,4	308,5	290,9	-5,7	11,7
Áfengis- og fíkniefnamál	0,0	35,8	0,0	-100,0	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	58,9	95,5	192,2	101,3	226,3
Húsnæði löggæslustofnana	0,3	10,0	10,0	0,0	3.233,3
Landhelgisgæsla Íslands	2.660,6	2.737,5	2.783,0	1,7	4,6
Landhelgissjóður Íslands	2.103,3	401,1	1.655,8	312,8	-21,3
Schengen-samstarf	137,5	106,1	122,3	15,3	-11,1
Útlendingastofnun	267,7	212,4	220,1	3,6	-17,8
Samtals	**13.144,8**	**11.594,4**	**12.846,5**	**10,8**	**-2,3**

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 568 m.kr. ef frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar, en þær nema 720 m.kr. Hækkunin skýrist alfarið af rúmum milljarðs króna lokauppgjöri á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Að frátalinni þeirri fjárhæð lækka framlögin um 436 m.kr. Tilefni til hækkunar koma fram í umfjöllun um einstaka liði, en á móti vegur almenn hagræðingarkrafa málaflokksins vegna markmiða um lækkun ríkisútgjalda sem í heild nemur 1.145 m.kr., eða 8,2%

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008. Embættið var stofnað með 50 m.kr. fjárheimild sl. vetur, en því er ætlað að rannsaka og eftir atvikum ákæra í málum er varða bankahrunið. Í ljósi tveggja ríkisstjórnarsamþykkta er lagt er til að tímabundin

fjárheimild embættisins hækki um samtals 225 m.kr. og verði samtals 275 m.kr. á næsta ári. Nú er gert ráð fyrir að starfsmenn verði allt að 16 talsins, auk aðkeyptrar ráðgjafar. Þá hefur verið gengið frá samningi við Evu Joly fv. saksóknara frá Frakklandi, en 75 m.kr. útgjöld vegna hans eru innifalin í heildarhækkuninni. Loks var breytingu á lögum um embættið í ágúst sl. samþykkt að ráðnir verði þrír sjálfstæðir saksóknarar til embættisins, til viðbótar við sérstaka saksóknarann. Áætluð viðbótargjöld vegna þeirra nema 30 m.kr.

313 Lögreglan. Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur skipað vinnuhóp sem ætlað er að leggja fram tillögur um framtíðarskipulag lögreglunnar. Sérstaklega á að skoða fýsileika þess að allt lögreglulið verði undir einni yfirstjórn. Samkvæmt þeirri hugmynd verður núverandi umdæmaskipting lögð af, en embættið mun skiptast annars vegar í tilteknar landfræðilegar stjórnunareiningar (umdæmi) og hins vegar í miðlægar lögregludeildir sem þjóna öllu landinu. Miðað er við að næsta ár verði notað til þess að sameina umdæmi. Gert er ráð fyrir að fyrir 2. umræðu fjárlaga muni ráðherra leggja fram tillögur um breytingar sem verða gerðar í áföngum. Ef tillögurnar kalla á skiptingu fjárveitingarinnar eftir sjálfstæðum umdæmum lögreglustjóra, þá verða lagðar fram breytingartillögur á frumvarpinu. Þar til tillögur liggja fyrir, þykir rétt að allar fjárveitingar löggæslu séu vistaðar á einum fjárlagalið. Fjárhæðin sem sótt er um samsvarar öllum núverandi fjárheimildum löggæslu að frádregnum 750 m.kr., eða um 10% hagræðingarkröfu.

325 Samræmd neyðarsímsvörun. Lagt er til að samningur við Neyðarlínuna hf. verði endurskoðaður og markmiðið er að ná fram 8% lækkun útgjalda ríkissjóðs, eða sem nemur 25 m.kr. Heildarframlag vegna neyðarsímsvörunar og Tetra–fjarskiptakerfisins næmu þá 291 m.kr.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Lagt er til að 36 m.kr. fjárveiting safnliðarins verði alfarið felld niður, til þess að mæta hagræðingarkröfu fjárlaganna. Á undanförnum árum hafa fjárheimildirnar einkum verið nýttar í þágu fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og til að styrkja meðferðarúrræði í fangelsinu á Litla–Hrauni.

390 Ýmis löggæslu og öryggismál. Lagt er til að fjárveiting liðarins hækki um 95 m.kr. Þar vegur langþyngst 150 m.kr. sérstök fjárveiting sem ætlað er að nýta til að styrkja almenna löggæslu. Þá er sérstaklega haft í huga að forðast frekari fækkun lögreglumanna og til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegar uppsagnir um næstu áramót. Auk þess verði fjárveitingin nýtt til að ráða svo sem kostur er nýútskrifaða lögreglumenn sem nú eru á atvinnuleysisskrá. Á móti vegur 40 m.kr. hagræðingarkrafa, auk þess sem lagt er til að 15 m.kr. framlag til jarðskjálftamiðstöðvar Háskóla Íslands falli alfarið niður.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að fjárveitingar lækki um 219 m.kr. að raungildi. Hagræðingarkrafa sem nemur um 10% af heildarframlögum nemur 280 m.kr., en á móti vegur 61 m.kr. fjárveiting þar sem ný flugvél stofnunarinnar krefst dýrara viðhalds og eftirlits, en eldri vélin sem nú hefur verið lagt. Á fyrri hluta næsta árs mun Landhelgisgæslan taka nýtt varðskip í notkun, en ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjárheimildum vegna þess. Ljóst er að á næstu vikum og mánuðum er brýn þörf á að taka stefnumarkandi ákvarðanir varðandi þjónustustig Landhelgisgæslunnar bæði varðandi leit og björgun sem og vöktun landhelginnar og ýmis önnur verkefni, s.s. aðstoð við fiskveiðieftirlit, sjúkraflug o.fl. Í þessu skyni hefur dómsmála- og mannréttindaráðherra skipað nefnd sem ætlað er að endurskoða stefnu í ofangreindum málum með hliðsjón af samdrætti í framlögum til rekstrar.

396 Landhelgissjóður Íslands. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um rúman milljarð króna, en að viðbættum 251 m.kr. verðlagsuppfærslu vegna gengisbreytinga er fjárhæðinni ætlað að mæta lokauppgjöri á nýju varðskipi sem nú er verið að smíða í Chile. Samningsbundin fjárhæð er 1.360 m.kr. Afhending skipsins er áætluð í apríl á næsta ári.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 441-448; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Embætti sýslumanna er nú 24 talsins, mörg hver meðal minnstu ríkisstofnana landsins og óhjákvæmilegt er að taka skipulag þeirra og verkefni til endurskoðunar, samhliða nýrri svæðaskiptingu í landinu. Nú þjóna 12 sýslumannsembætti umdæmum með færri en 5.000 íbúum hvert um sig og óhjákvæmilega eru útgjöld á íbúa miklu mun hærri í fámennustu umdæmunum. Markmið með endurskoðun á skipulagi sýslumannsembætta og fækkun þeirra, er að jafna verkefnastöðu og umsvif embættanna, jafnframt að gera þau betur í stakk búin til að mæta bæði auknum verkefnum og lækkun fjárveitinga. Með því að tryggja að öll sýslumannsembættin verði burðugar einingar, er stuðlað að því að þau geti veitt víðtæka þjónustu í samráði við aðrar stofnanir og ráðuneyti, í samræmi við hugmyndir um stjórnsýslumiðstöðvar ríkisins í héraði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins	717,3	719,5	694,6	-3,5	-3,2
Sýslumaður Vesturlands	236,1	260,4	215,3	-17,3	-8,8
Sýslumaður Vestfjarða	189,7	195,8	184,1	-6,0	-3,0
Sýslumaður Norðurlands	445,9	509,5	433,8	-14,9	-2,7
Sýslumaður Austurlands	194,1	207,6	171,5	-17,4	-11,6
Sýslumaður Suðurlands	313,5	332,1	285,5	-14,0	-8,9
Sýslumaður Suðurnesja	153,5	155,3	145,1	-6,6	-5,5
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	148,1	132,0	130,6	-1,1	-11,8
Húsnæði og búnaður sýslumanna	24,0	24,5	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**2.422,2**	**2.536,7**	**2.260,5**	**-10,9**	**-6,7**

Í frumvarpinu er lagt til að sýslumannsembættum verði fækkað úr 24 í 7, en rétt er að gera fyrirvara um nákvæma skiptingu vegna stefnumótunar ríkisstjórnarinnar á grundvelli sóknaráætlunar 20/20, en á þeim vettvangi er ráðgert að skipta landinu upp í ákveðin svæði og áætlanir um uppbyggingu munu taka mið af þeirri skiptingu. Umdæmaskiptingin er enn til skoðunar í ráðuneytinu og því gerður fyrirvari um breytingar fyrir 2. umræðu um frumvarpið. Um er að ræða algera uppstokkun á embættunum, öll núverandi embætti verða lögð niður og stofnuð ný. Við mat á sameiningu var litið til ýmissa þátta, s.s. verkefna, kostnaðar við rekstur og landfræðilegrar legu.

Markmið ráðuneytisins er að standa að breytingunum með þeim hætti að sem allra minnst dragi úr nærþjónustu á núverandi afgreiðslustöðum. Þá verður leitast við að tryggja sýslumönnum störf í nýju kerfi, þó augljóslega fækki stjórnunarstöðum. Það mun taka nokkurn tíma áður en sparnaður vegna breytinganna skilar sér að fullu. Því er mikilvægt að ekki dragist að hrinda þeim í framkvæmd. Er stefnt að því að ný embætti taki til starfa þann 1. janúar 2010, en lagafrumvarp þess efnis verður lagt fram núna á haustþingi.

Í ofangreindri töflu eru fjárlög 2009 og útgjöldin 2008 færð til samræmis við nýja sundurliðun sýslumannsembætta. Vegna málaflokksins í heild er sett fram 267 m.kr. hagræðingarkrafa, eða sem nemur 10,5%.

441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins. Gerð er tillaga um 695 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Embættið þjóni 8 sveitarfélögum og 201 þús. íbúum. Þá er innifalin 26 m.kr. millifærsla til embættisins frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem afgreiðsla vegabréfa færist á milli stofnana. Gerð er 75 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

442 Sýslumaður Vesturlands. Gerð er tillaga um 215 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal og Stykkishólmi. Embættið þjóni 10 sveitarfélögum og tæpum 16 þús. íbúum. Gerð er 25 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

443 Sýslumaður Vestfjarða. Gerð er tillaga um 184 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Hólmavík. Embættið þjóni 10 sveitarfélögum og rúmum 7 þús. íbúum. Þá er meðtalin 7,5 m.kr. fjárheimild vegna innheimtu vanskilagjalds ökutækja, en það er nýtt verkefni sem er vistað hjá sýslumannsembættinu í Bolungarvík. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gerð er 22 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

445 Sýslumaður Norðurlands. Gerð er tillaga um 434 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna á Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Siglufirði og Húsavík. Embættið þjóni 22 sveitarfélögum og rúmum 36 þús. íbúum. Þá er meðtalið 15 m.kr. framlag til að styrkja rekstur Innheimtumiðstöðvar sekta á Blönduósi. Áhersla er lögð á að einfalda opinbera innheimtu og gera hana skilvirkari og samræma vinnubrögð á landsvísu. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Gerð er 50 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

446 Sýslumaður Austurlands. Gerð er tillaga um 172 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna á Eskifirði, Seyðisfirði og Höfn. Embættið þjóni 9 sveitarfélögum og tæpum 13 þús. íbúum. Gerð er 22 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

447 Sýslumaður Suðurlands. Gerð er tillaga um 286 m.kr. fjárveitingu með því að millifæra heimildir af embættum sýslumanna á Selfossi, Hvolsvelli, Vík og Vestmannaeyjum. Embættið þjóni 14 sveitarfélögum og 24 þús. íbúum. Gerð er 33 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

448 Sýslumaður Suðurnesja. Gerð er tillaga um 145 m.kr. fjárveitingu og miðast við að núverandi embætti starfi í óbreyttri mynd, en fái nýtt númer og heiti í fjárlögum til samræmis við önnur embætti. Embættið þjóni 5 sveitarfélögum og 22 þús. íbúum. Gerð er 15 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Gerð er tilaga um 7,5 m.kr. millifærslu yfir til sýslumanns Vestfjarða vegna innheimtu vanskilagjalds ökutækja.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Lagt er til að 24,5 m.kr. fjárveiting liðarins falli alfarið niður í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

Fangelsismál.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkissins	1.110,8	1.154,2	1.133,4	-1,8	2,0
Fangelsisbyggingar	117,3	15,0	15,0	0,0	-87,2
Samtals	**1.228,1**	**1.169,2**	**1.148,4**	**-1,8**	**-6,5**

501 Fangelsismálastofnun. Framlög til Fangelsismálastofnunar lækka um 48 m.kr. að raungildi. Gerð er 60 m.kr. hagræðingarkrafa, eða rúm 5% af fjárlögum ársins í ár, en á móti vegur 12 m.kr. framlag til að mæta hækkun tryggingargjalds af launum starfsmanna. Vegna skorts á fangarýmum hefur ekki tekist að koma dæmdum afbrotamönnum í afplánun sem skyldi. Ríkisstjórnin hefur nú samþykkt að leitað verði eftir húsnæði til þess að leysa bráðavanda stofnunarinnar til skamms tíma.

Landsskrár.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 601 Fasteignaskrá Íslands og 605 Þjóðskrá.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignaskrá Íslands	681,3	521,1	495,2	-5,0	-27,3
Þjóðskrá	353,3	305,4	297,2	-2,7	-15,9
Samtals	**1.034,6**	**826,5**	**792,4**	**-4,1**	**-23,4**

Þetta er nýr málaflokkur hjá ráðuneytinu og stofnaður í tilefni af því að Fasteignaskrá Íslands flyst til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins frá fjármálaráðuneytinu. Jafnframt er skipt um fjárlaganúmer hjá Þjóðskrá, þannig að þær stofnanir ráðuneytisins sem hafa sem meginhlutverk að bera ábyrgð á skráningu, rekstri og miðlun upplýsinga úr tölvukerfum, falla undir þennan málaflokk.

601 Fasteignaskrá Íslands. Gerð er tillaga um að 495 m.kr. framlag millifærist frá fjármálaráðuneyti í samræmi við lög nr. 98/2009 um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins. Þar með heyra tvær grunnskrár landsins, fasteignaskrá og þjóðskrá, undir sama ráðuneyti. Þessi breyting felur í sér aukna möguleika á rekstrarhagræði með ýmiss konar samrekstri og samvinnu þessara tveggja skráa. Með breytingu á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, var fjárhagsgrundvelli Fasteignaskrár Íslands breytt á þann hátt að stofnunin er einvörðu rekin á tekjum sem skapast af starfseminni sjálfri samkvæmt gjaldskrá sem endurskoðuð er árlega. Þar er um að ræða gjaldtöku til að standa undir brunabóta- og fasteignamati, auk gjalds fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók ásamt gjaldi fyrir skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá.

605 Þjóðskrá. Lagt er til að tímabundin framlög, samtals að fjárhæð 13 m.kr. falli niður. Um er að ræða tvö verkefni á vegum íslenska upplýsingasamfélagins, annars vegar 11 m.kr. vegna rafrænna flutningstilkynninga og hins vegar 2 m.kr. vegna endurnýjunar skilríkja. Að auki er gerð 5 m.kr. hagræðingarkrafa, sem er innan við 2%, en hagræðingarkrafa í fjárlögum yfirstandandi árs var mun hærri.

Kirkjumál.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 735 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.521,4	1.472,9	1.347,7	-8,5	-11,4
Kirkjumálasjóður	291,1	292,4	257,4	-12,0	-11,6
Kristnisjóður	89,7	94,5	75,0	-20,6	-16,4
Kirkjugarðar	852,1	938,9	917,7	-2,3	7,7
Sóknargjöld	2.289,0	2.273,0	2.040,0	-10,3	-10,9
Jöfnunarsjóður sókna	376,6	379,1	333,0	-12,2	-11,6
Samtals	**5.419,9**	**5.450,8**	**4.970,8**	**-8,8**	**-8,3**

Lagt er til að framlög til málaflokksins í heild lækki um 572 m.kr. að raungildi, eða rúm 10%.

701 Þjóðkirkjan. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem nema 37 m.kr. er gerð tillaga um 160 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda. Til þess að hún gangi eftir er nauðsynlegt að gera tímabundnar breytingar á samkomulagi ríkis og kirkju sem bundið er í samningi frá árinu 1997. Forsenda þess er samsvarandi breyting á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar,

en þar er kveðið á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins til kirkjunnar. Lagabreytingin er jafnframt forsenda þess að hagræðingarkrafa gagnvart *06-707 Kristnisjóði* nái fram að ganga.

733 Kirkjugarðar. Lagt er til að framlög til kirkjugarða lækki um 21 m.kr. á næsta ári. Launa- og verðlagshækkun nemur 69 m.kr. en á móti vegur 90 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda. Sú aðgerð rúmast innan núverandi samkomulags ríkisins við kirkjugarðana. Samkomulagið byggir á reiknilíkani þar sem um 20% af framlaginu tekur miða af fjölda jarðsetninga og líkbrennslum, en um 80% framlagsins miðast við stærð svæða í umhirðu hjá görðunum í lok ársins 2007. Þessi útgjöld eru nú birt sem rekstrarútgjöld, en flokkuðust áður sem rekstrartilfærsla.

735 Sóknargjöld. Gerð er tillaga um 233 m.kr. lækkun útgjalda. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga breytist að öllu jöfnu í samræmi við áætlaða breytingu á meðaltekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri, sem og fjölgun einstaklinganna. Nú er hins vegar, með breytingu á lögum nr. 91/1987 gert ráð fyrir að festa fjárhæðina við 767 kr. á einstakling á mánuði og þannig hagræðingarkröfu fjárlaga. Með sama hætti næst hagræðingarkrafa á liðina *06-705 Kirkjumálasjóður* og *06-736 Jöfnunarsjóður sókna*.

Neytendamál.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 801 Neytendastofa og 805 Talsmaður neytenda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Neytendastofa	321,4	301,2	143,5	-52,4	-55,4
Talsmaður neytenda	18,4	17,0	15,6	-8,2	-15,2
Samtals	**339,8**	**318,2**	**159,1**	**-50,0**	**-53,2**

Hér er um að ræða nýjan málaflokk hjá ráðuneytinu í kjölfar breytinga á verkaskiptingu Stjórnarráðsins, en þessar stofnanir heyrðu áður undir viðskiptaráðuneytið.

801 Neytendastofa. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar lækki um 161 m.kr. Þar vegur þyngst 130 m.kr. lækkun, vegna þess að samkvæmt lögum nr. 29/2009 færast umfangsmikil verkefna á sviði rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Verkefnum þessum fylgja jafnframt markaðar tekjur í formi rafveitueftirlitsgjalds og hluti af raffangaeftirlitsgjaldi. Þá er gerð 31 m.kr. hagræðingarkrafa í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda.

805 Talsmaður neytenda. Hagræðingarkrafa liðarins nemur 1,7 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félags- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	28.718,0	31.589,4	33.132,1	5	15
Neyslu- og rekstrartilfærslur	68.030,8	96.501,7	101.050,8	5	49
Stofnkostnaður og viðhald	3.281,1	3.811,9	2.787,7	-27	-15
Samtals	**100.029,9**	**131.903,0**	**136.970,6**	**4**	**37**
Greitt úr ríkissjóði	-	74.632,9	72.562,9	-3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	56.584,1	64.613,7	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	686,0	-206,0	-130	-
Samtals	-	**131.903,0**	**136.970,6**	**4**	-

Heildargjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 139.283 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.313 m.kr. en þær nema 1,7% af útgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 136.971 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 72.563 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 64.614 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 206 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, í kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis hækka um 19.373 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna á sviði öldrunarmála, tryggingamála og starfsendurhæfingar sem flutt eru frá heilbrigðisráðuneyti.

Í frumvarpinu aukast útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytisins um 3.068 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingunni má skipta í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 9.115 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Áhrif af aðgerðum sem gripið var til á seinni hluta þessa árs eru innifalin í því á ársgrundvelli en þau eru áætluð um 4.100 m.kr. Að auki lækka útgjöldin um 800 m.kr. vegna breytinga á framfærslugrunni Lánasjóðs íslenskra námsmanna en áætlað er að það lækki útgjöld hjá Atvinnuleysistryggingasjóði um þá fjárhæð. Í öðru lagi aukast útgjöld ráðuneytisins um 12.798 m.kr. vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga. Þar vega hagrænar ástæður eins og spá um aukið atvinnuleysi og fjölgun fæðinga þyngst. Þessir tveir liðir auka útgjöldin um 12.884 m.kr. Í þriðja lagi, falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna að fjárhæð 615 m.kr. Loks skýrast breytingar að fjárhæð 1.672 m.kr. af verðbreytingum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 33.132 m.kr. og hækka um 1.542,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 1.651,2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Lækkunin hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu nemur 5,2% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 2.113 m.kr. Þar vegur þyngst vaxtagjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa sem hækka um 1.270 m.kr. Einnig er hækkað framlag um 125 m.kr. til átaks í búsetumálum geðfatlaðra. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 53 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir fjárveitinga til rekstrar nema um 1.229 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 4.549 m.kr. og verða 101.050 m.kr. en eru 96.502 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Gert er ráð fyrir að lækka útgjöld um samtals 6.800 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Það jafngildir 7,2% lækkun frá fjárlögum 2009. Þyngst vegur samtals 4.400 m.kr. lækkun í almannatryggingum en þar af eru 3.650 m.kr. vegna aðgerða sem tóku gildi á yfirstandi ári. Þá er gert ráð fyrir samtals 1.550 m.kr. lækkun á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs. Endurskoðaðar verða reglur um greiðslur úr sjóðnum sem lýtur m.a. að hlutfalli launa og hámarksgreiðslum í fæðingarorlofi. Af þeirri upphæð eru 350 m.kr. vegna aðgerða sem tóku gildi á yfirstandandi ári um lækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þá er gert ráð fyrir að með hertu eftirliti Vinnumálastofnunar með útgjöldum til atvinnuleysisbóta verði unnt að spara 750 m.kr. Aðrar hagræðingaraðgerðir nema samtals 100 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir umtalsvert auknum útgjöldum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta eða sem nemur 12.330 m.kr. Í forsendum fjárlaga 2009 var reiknað með 5,7% atvinnuleysi. Spár um atvinnuleysi á árinu 2010 gera ráð fyrir að það verði 10,6%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 2.094 m.kr. lægri útgjöldum í almannatryggingum vegna endurmats á útgjaldaþróun 2009. Þá er gert ráð fyrir 800 m.kr. lægri útgjöldum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna aðgerða sem hvetur atvinnulaust fólk í nám. Það er gert með því að hækka framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna en undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu hækka því útgjöld um samsvarandi upphæð þannig að þessi aðgerð breytir ekki heildarútgjöldum ríkissjóðs. Í almannatryggingum er gert ráð fyrir fjölgun lífeyrisþega sem leiðir til 1.025 m.kr. útgjaldaaukningar og hjá Fæðingarorlofssjóði er áætlað að fjölgun fæðinga á árinu 2009 leiði til 350 m.kr. viðbótarútgjalda. Niður falla tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 202 m.kr. Millifærðar eru 423 m.kr. frá sjúkratryggingum vegna starfsendurhæfingar og bifreiðastyrkja öryrkja. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 317 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði gerðar á bótum tilfærslukerfa á næsta ári. Í því sambandi er rétt að minna á að bótaþegar sem eru með hámarks tryggingu fengu 20% hækkun um síðustu áramót og aðrir bótaþegar fengu tæplega 10% hækkun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.788 m.kr. og er það 1.024 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 664 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum og skýrist það alfarið með fækkun lánsheimilda til leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum. Því til viðbótar falla niður framlög að fjárhæð 360 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna. Þar af falla niður 300 m.kr. til Framkvæmdasjóðs fatlaðra til undirbúnings og uppbyggingar búsetuúræða fyrir geðfatlaða og 60 m.kr. framlag til Varasjóðs húsnæðismála. Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.037 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarks skuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.888 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en þar undir falla samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 148 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni.

Þar sem gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlaða verði hjá sveitarfélögum frá og með árinu 2011 hefur í langflestum tilvikum aðeins verið samið til þess tíma við sveitarfélög og félagasamtök um þjónustu við fatlaða. Gert er ráð fyrir að þeir samningar sem renna út í árslok 2009 verði flestir endurnýjaðir til ársloka 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	82,7	82,7	82,7	82,7	82,7
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	9,0	0,0			
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	80,8	80,8			
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	105,3	59,5			
Brúarholt, meðferð barna og ungmenna	A	97,5				
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	19,2				
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	26,4				
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	21,2				
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	728,4	737,0			
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	386,6	394,6	394,6	394,6	
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	941,8	963,3			
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	134,5	137,0			
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	31,0	31,3	31,3	31,3	
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	40,1	40,1			
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	107,5	109,2			
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	268,0	271,6			
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	35,0	35,0			
Velferðarsvið Rvk., þjónusta við fatlaða	A	140,9	140,9			
Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum	C	2,6				
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	364,8	372,4			
Vímulaus æska, - rekstur Foreldrahúss	C	13,5				
Skaftholt,- sambýli fatlaðra	A	51,3				
Reykjavíkurborg þjónusta við geðfatlaða	A	167,2	262,5			
Reykjavíkurborg, -heimili fyrir heimilislausa	C	15,0	11,0			
Klúbburinn Geysir,- þjónusta við geðfatlaða	C	2,5				
Reykjanesbær- þjónusta við geðfatlaða	A	9,6	9,6			
AE- starfsendurhæfing	C	11,2				
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	C	12,5				
Breiðabólsstaður, þjónusta fyrir fatlaða	A	7,0				
Kerlingadalur, heimili fyrir fatlaða	A	20,6				
Velferðarsvið Reykjavíkur	C	28,5	28,5	28,6		
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við börn	C	10,0	10,0			
Hafnarfjarðarkaupstaður, málefni fatlaðra	A	47,0	59,7			
Sjónarhóll	C	17,4				
Samtals		**4.036,6**	**3.836,7**	**537,2**	**508,6**	**82,7**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	300,1	333,9	319,0	-4,5	6,3
Ýmis verkefni	134,1	194,3	154,1	-20,7	14,9
Ráðstöfunarfé.....	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**434,2**	**533,2**	**478,1**	**-10,3**	**10,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 64,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 58 m.kr. til að mæta kröfu um sparnað í ríkisfjármálum og svarar það til 11% samdráttar í útgjöldum miðað við gildandi fjárlög. Helstu breytingar eru þessar:

101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 19,2 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Þeirri lækkun verður náð með endurskoðun á launastefnu og öðrum aðgerðum í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagshækkunum ásamt hækkun tryggingargjalds launa og endurmati á launaforsendum fjárlaga 2009 og nema þær samtals 8,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 154,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 45,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er dregið úr kostnaði um 35 m.kr. vegna starfa nefnda og ráða í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisrekstri. Það er gert með því að dreifa yfir lengra tímabil ýmsum verkefnum samkvæmt aðgerðaráætlun í þágu barna sem ráðuneytið ber ábyrgð á. Í öðru lagi lækka fjárheimildir um 5 m.kr. vegna flutninga verkefna til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis sem ætlaðar eru til aðgerða gegn mannsali. Í þriðja lagi falla niður 6 m.kr. til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, sem samtals nema 5,8 m.kr.

Húsnæðismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	1.100,0	1.100,0	436,0	-60,4	-60,4
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**1.160,0**	**1.160,0**	**436,0**	**-62,4**	**-62,4**

205 Leiguíbúðir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til þessa liðar lækki um 664 m.kr. Skýrist sú lækkun með því að gert er ráð fyrir verulegri fækkun lána til leiguíbúða sem veitt eru með niðurgreiddum vöxtum. Í stað lána til allt að 400 leiguíbúða eins og heimild var fyrir í fjárlögum 2009 er miðað við að fjöldi lána verði 150 á árinu 2010. Lánin eru veitt þeim aðilum sem leigja íbúðir til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Þau bera 3,5% vexti og greiðir ríkissjóður muninn milli almennra útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs sem nú eru 5,1% að frádregnu afskriftar- og uppgreiðsluálagi sem er samtals 0,7%. Vaxtamunur 2010 er því áætlaður 0,9%. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til niðurgreiðslu vaxta er áætluð 436 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

207 Varasjóður húsnæðismála. Framlag til liðarins að fjárhæð 60 m.kr. fellur niður. Til Varasjóðs húsnæðismála var stofnað með samkomulagi ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga í apríl 2002. Samkvæmt því samkomulagi var gert ráð fyrir að ríkissjóður legði sjóðnum til 60 m.kr. árlega í fimm ár. Árið 2007 var samkomulag þetta framlengt til þriggja ára, eða til ársloka 2009.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari, 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	64,4	63,6	59,4	-6,6	-7,8
Jafnréttisstofa	53,9	66,0	60,5	-8,3	12,2
Vinnueftirlit ríkisins	519,5	473,9	439,4	-7,3	-15,4
Samtals	**637,8**	**603,5**	**559,3**	**-7,3**	**-12,3**

Heildarfjárveiting til málaflokksins lækkar um 53,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld málaflokksins lækki um 60 m.kr. frá fjárlögum 2009. Það svarar til 10% samdráttar í rekstri. Helstu breytingar eru þessar:

302 Ríkissáttasemjari. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 5,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Fjárheimild embættisins lækkar um 10% frá fjárlögum 2009 og er gert ráð fyrir að stofnunin fylgi markmiðum ríkisstjórnarinnar um aðhaldsaðgerðir til að draga úr ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir ásamt hækkun tryggingargjalds launa og endurmati á launaforsendum fjárlaga 2009 og nema þær samtals 2,2 m.kr.

313 Jafnréttisstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 60,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 5,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Stofnuninni er ætlað að lækka rekstrarútgjöld sín um 6,6 m.kr. eða 10% frá fjárlögum 2009 með aðgerðum í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir ásamt hækkun tryggingargjalds launa og endurmati á launaforsendum fjárlaga 2009 og nema þær samtals 1,1 m.kr.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 439,4 m.kr. á næsta ári og er það 41,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2009. Gerð er krafa um 10% lækkun útgjalda sem stofnuninni verður gert að ná fram með aðgerðum eins og endurskoðun launastefnu og sparnaði í ferða- og aksturskostnaði. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir ásamt hækkun tryggingargjalds launa og endurmati á launaforsendum fjárlaga 2009 og nema þær samtals 12,5 m.kr.

Málefni barna

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	858,7	968,1	955,4	-1,3	11,3
Samtals	**858,7**	**968,1**	**955,4**	**-1,3**	**11,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 12,7 m.kr. að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum.

400 Barnaverndarstofa. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld um 43 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Lækkunin svarar til 5% frá fjárlögum 2009. Gert er ráð fyrir að sparnaðurinn nái jafnt til þjónustu sem veitt er af stofnunum Barnaverndarstofu og þjónustu sem veitt er af aðilum samkvæmt þjónustusamningum við Barnaverndarstofu. Stofnunin þarf þannig að grípa til aðgerða til að lækka rekstrarútgjöld sín í samræmi við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur samþykkt um sparnað í ríkisfjármálum, svo sem með endurskoðun á launastefnu og aðhalds í ferðakostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin taki til endurskoðunar samninga við rekstraraðila sem bundnir eru vísitöluviðmiðum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir ásamt hækkun tryggingargjalds launa og endurmati á launaforsendum fjárlaga 2009 og nema þær samtals 30,3 m.kr.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701-708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur; 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ; 722 Sólheimar Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins; 755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	224,1	383,1	340,9	-11,0	52,1
Málefni fatlaðra, Reykjavík	2.690,5	3.044,2	3.175,8	4,3	18,0
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.867,7	1.936,0	2.064,5	6,6	10,5
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	310,7	335,2	340,9	1,7	9,7
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	201,9	219,5	225,9	2,9	11,9
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	361,9	388,2	396,2	2,1	9,5
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	964,5	1.078,0	1.102,0	2,2	14,3
Málefni fatlaðra, Austurlandi	329,0	350,0	360,8	3,1	9,7
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	603,4	589,2	597,4	1,4	-1,0
Styrktarfélag vangefinna	705,8	728,4	737,0	1,2	4,4
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	346,6	364,8	372,4	2,1	7,4
Sólheimar í Grímsnesi	258,2	268,0	271,6	1,3	5,2
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	376,8	409,9	372,7	-9,1	-1,1
Þjónustumiðst. fyrir blinda og sjónskerta	0,0	314,0	289,9	-7,7	-
Framkvæmdasjóður fatlaðra	963,1	679,1	379,5	-44,1	-60,6
Samtals	**10.204,2**	**11.087,6**	**11.027,5**	**-0,5**	**8,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 404 m.kr. að raungildi frá fjárlögum líðandi árs. Lækkunin skýrist af fjórum megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda í málefnaflokki fatlaðra vegna aðhalds í ríkisfjármálum 363,3 m.kr. eða 3,5% af rekstrarumfangi ársins 2009. Í öðru lagi er felld niður fjárheimildir meðal annars 300 m.kr. til Framkvæmdasjóðs fatlaðra vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða. Í þriðja lagi eru launa- og

verðlagshækkanir sem nema 343,9 m.kr. Í fjórða lagi hækka framlög til þjónustu við geðfatlaða um 124,9 m.kr. Gerð er grein fyrir sundurliðun fjárhæðarinnar undir viðkomandi fjárlagalið.

700 Málefni fatlaðra. Samkvæmt frumvarpinu hækka gjöld liðarins um 82,8 m.kr. á næsta ári að raungildi. Hækkunin skýrist af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 43,1 m.kr. Í öðru lagi er farið fram á 100 m.kr. fjárveitingu í samræmi við áætlum um rekstur þjónustuúrræða fyrir geðfatlaða. Í þriðja lagi er óskað eftir að millifærðar verði 24,9 m.kr. frá Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Tillagan byggir á samkomulagi um útskriftir af geðsviði spítalans á vegum átaks í þjónustu við geðfatlaða. Aðrar breytingar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, sem samtals nema 10,5 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 37,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2009. Breytingin skýrist af tveimur tilefnum: Í fyrsta lagi af 80 m.kr. lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Í öðru lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, samtals um 156 m.kr.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Samkvæmt fumvarpinu lækka útgjöld liðarins um 23 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2009. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 51 m.kr. Í öðru lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, samtals 112,7 m.kr.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2009. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 9 m.kr. Í öðru lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 14,7 m.kr.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 1 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 4 m.kr. Í öðru lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 10,4 m.kr.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 4,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 10,2 m.kr. Í öðru lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 18,2 m.kr.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 12,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 28,4 m.kr. Í öðru lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 50,4 m.kr.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 6,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 9,2 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að 8,0 m.kr. verði millifærðar af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustusamnings við sambýlið Hólabrekku í Hornafirði. Í þriðja lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 14 m.kr.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 8,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 15,3 m.kr. Í öðru lagi af tímabundið 1,5 m.kr. framlag til viðgerða á húsnæði fellur niður. Í þriðja lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 25 m.kr.

711 Styrktarfélag vangefinna. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins 9,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 19,3 m.kr. Í öðru lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 27,9 m.kr.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 4,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 9,7 m.kr. Í öðru lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 17,3 m.kr.

722 Sólheimar í Grímsnesi. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 5,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 7,1 m.kr. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag vegna tjóns sem varð í vatnsveðri. Í þriðja lagi eru breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 12,7 m.kr.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 40,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 45,0 m.kr. sem svarar til 10% af rekstrarumfangi ársins 2009. Í öðru lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 7,8 m.kr.

755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 27,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 30 m.kr. sem svarar til 10% af rekstrarumfangi ársins 2009. Í öðru lagi af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 5,9 m.kr.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Samkvæmt frumvarpinu lækka rekstrargjöld liðarins um 300 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Lækkunin skýrist af 300 m.kr. fjárheimild vegna átaks í uppbygginu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða sem felld er niður. Til átaksins var varið 1.000 m.kr. af söluandvirði Símans og var lokafjárveiting 300 m.kr. afgreidd með fjárlögum 2009. Áhrif kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu nema samtals 0,4 m.kr.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga; 988 Starfsendurhæfing og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vinnumálastofnun	278,5	228,8	285,8	24,9	2,6
Vinnumál	76,9	99,7	84,2	-15,5	9,5
Ábyrgðasjóður launa	1.063,2	1.883,0	1.773,0	-5,8	66,8
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	84,9	162,6	104,2	-35,9	22,7
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.438,4	17.703,6	29.666,0	67,6	762,8
Félagsmálaskóli alþýðu	25,3	26,6	16,9	-36,5	-33,2
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-26,2	0,0	0,0	-	-100,0
Starfsendurhæfing	0,0	0,0	309,1	-	-
Fæðingarorlof	9.753,0	10.623,4	9.680,0	-8,9	-0,7
Samtals	**14.694,0**	**30.727,7**	**41.919,2**	**36,4**	**185,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 10.604,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins sem nemur 2.439 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Annars vegar er um að ræða 110 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda og hins vegar 2.329 m.kr. lækkun tilfærsluútgjalda. Lagt er til að fjárheimildir til greiðslu atvinnuleysisbóta hækki um 12.330 m.kr. þar sem spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi aukist og verði að jafnaði 10,6% á árinu 2010. Helstu ráðstafanir til lækkunar á tilfærsluútgjöldum eru: Fjárveiting til Fæðingarorlofssjóðs lækkar um 1.550 m.kr. og framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 750 m.kr. Nánari skýringar á forsendum þessara lækkana koma fram undir viðkomandi fjárlagaliðum. Aðrir tilfærsluliðir lækka samtals um 29 m.kr. Í frumvarpinu er lögð til 75 m.kr. tímabundin hækkun á framlag til Vinnumálastofnunar til að mæta álagi á stofnunina samfara stórauknu atvinnuleysi og til að efla eftirlit hennar með greiðslum atvinnuleysisbóta. Á hinn bóginn falla niður samtals 200 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar af eru 140 m.kr. sem veittar voru á árinu 2008 til að mæta samdrætti í þorskveiðum. Loks má nefna að almennar launa- og verðlagsbreytingar nema um 284,4 m.kr.

980 Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar aukist um 52,3 m.kr að raungildi frá fjárlögum 2009. Skýrist það af þremur tilefnum: Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarheimildir stofnunarinnar hækki um 79,5 m.kr. Sú fjárhæð skiptist þannig að 75 m.kr. eru ætlaðar til að mæta auknu umfangi stofnunarinnar samhliða vaxandi

atvinnuleysi og til að efla eftirlit með greiðslum atvinnuleysisbóta. Þá eru 4,5 m.kr. ætlaðar til þátttöku stofnunarinnar í greiðslu húsaleigu fyrir Fjölsmiðjuna. Í öðru lagi er gerð krafa um 30 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda í samræmi við sparnaðarátak í ríkisrekstri. Svarar það til 4% lækkunar rekstrarútgjalda í fjárlögum 2009. Gert er ráð fyrir að stofnunin endurskoði launastefnu sína, dregið verði úr greiðslum fyrir setu í stjórnum og nefndum og aðhalds verði gætt í ferðakostnaði og aðkeyptri þjónustu. Þá nema áhrif kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu nema samtals 7,5 m.kr. til hækkunar.

981 Vinnumál. Útgjöld liðarins lækka um 19,6 m.kr. að frádregnum almennum verðlagsbreytingum. Fjárheimildir eru lækkaðar um 20,3 m.kr. eða 10% til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Þar af er 6,5 m.kr. fjárheimild sem runnið hefur til hagdeilda aðila vinnumarkaðarins og til þátttöku þeirra í erlendu vinnumálasamstarfi. Áhrif kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu nema samtals 4,8 m.kr

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 1.773 m.kr. sem er lækkun um 110 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar skýrist þessi lækkun af breytingu sem gerð var með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar var felld niður ábyrgð sjóðsins á kröfu lífeyrissjóða um lífeyrisiðgjöld sem falla í gjalddaga á svokölluðu ábyrgðartímabili en fjárhæðin nemur 70 m.kr. Hins vegar skýrist lækkunin af 40 m.kr. breytingu á vaxtaskuld Ábyrgðasjóðs launa við ríkissjóð.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna. Lagt er til að heimild liðarins lækki um 60 m.kr. að raungildi þar sem útgjöld hafa reynst vera umtalsvert lægri en áætlað er í fjárlögum 2009.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 29.666 m.kr. sem er hækkun um 11.957 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar á útgjöldum sjóðsins skýrast af eftirfarandi fimm tilefnum: Í fyrsta lagi er farið fram á 12.330 m.kr. hækkun heimildar til að mæta spá um 10,6% atvinnuleysi á árinu 2010. Í forsendum fjárlaga 2009 var miðað við 5,7% atvinnuleysi. Áætlað er að á vinnumarkaði verði um 164.000 manns og má því gera ráð fyrir að um 17.400 manns verði að jafnaði án atvinnu á árinu. Í öðru lagi þá aukast útgjöld sjóðsins um 1.313 m.kr. þar sem vaxtatekjur hans af inneign hjá ríkissjóði af óráðstöfuðu atvinnutryggingagjaldi verða engar á árinu 2010. Í stað vaxtatekna sem áætlaðar voru um 873 m.kr. í fjárlögum 2009 falla á sjóðinn vaxtagjöld að fjárhæð 440 m.kr. þar sem tekjur hans af atvinnutryggingagjaldi standa ekki undir greiðslu atvinnuleysisbóta. Í þriðja lagi er

gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins lækki um 750 m.kr. með hertu eftirliti Vinnumálastofnunar með greiðslum atvinnuleysisbóta. Gerðar verða sérstakar ráðstafanir til að halda utan um og mæla árangur af þessu eftirliti. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins lækki um 800 m.kr. með hækkun á framfærslugrunni Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að hvetja atvinnulaust fólk í nám. En útgjöld hækka um samsvarandi upphæð undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu þannig að þessi aðgerð breytir ekki heildarútgjöldum ríkissjóðs. Sú breyting miðar að því að hvetja fólk án atvinnu til náms. Í fimmta lagi fellur niður tímabundin 140 m.kr. fjárheimild frá árinu 2008 sem ætluð var til að draga úr neikvæðum áhrifum af samdrætti í þorskveiðum og auðvelda þannig fiskvinnslufyrirtækjum að halda starfsfólki á launaskrá. Áhrif verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu nema samtals 9,4 m.kr. til hækkunar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	4.498,5	17.570,0	28.350,0	61,4	530,2
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	80,2	360,6	370,0	2,6	361,3
Sveðisvinnumiðl. Vinnumálastofnunar rekstrarhl.	187,0	0,0	0,0	-	-100,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,8	324,0	184,0	-43,2	-0,4
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	89,7	222,0	222,0	0,0	147,5
Framlög og styrkir	95,0	40,0	40,0	0,0	-57,9
Starfsmenntasjóður	61,7	60,0	60,0	0,0	-2,8
Rekstur úthlutunarnefnda	63,7	0,0	0,0	-	-100,0
Vaxtatekjur	-1.822,2	-873,0	440,0	-150,4	-124,1
Samtals	**3.438,4**	**17.703,6**	**29.666,0**	**67,6**	**762,8**

985 Félagsmálaskóli alþýðu. Lagt er til að framlag til liðarins lækki um 10 m.kr. á næsta ári að frátöldum almennum verðlagsbreytingum. Áhrif verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu nema samtals 0,3 m.kr. til hækkunar

988 Starfsendurhæfing. Fjárheimild þessa liðar er flutt af fjárlagalið *08-206 Sjúkratryggingar*. Verkefni þetta hefur verið á forræði forsætisráðuneytisins og umsýsla á vegum Sjúkratryggingastofnunar en hvoru tveggja mun flytjast til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Fjármunirnir eru nýttir til að fylgja eftir tillögum örorkumatsnefndar um leiðir til að efla starfsendurhæfingu og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir sem til lengri tíma litið geta komið í veg fyrir ótímabæra skerðingu á starfsorku.

989 Fæðingarorlof. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöld sjóðsins á næsta ári verði 9.679 m.kr. og lækki um 1.557,2 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lækkunin milli ára skýrist af fjórum megin tilefnum: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins lækki um 350 m.kr. vegna breytingar á hámarksgreiðslu til foreldra í fæðingarorlofi sem gerð var með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Samkvæmt lögunum verður hámarksgreiðsla til foreldris í fæðingarorlofi 350.000 kr. á mánuði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins lækki um 1.200 m.kr. vegna endurskoðunar á reglum um greiðslur úr sjóðnum sem lýtur m.a. að hlutfalli launa og hámarksgreiðslum í fæðingarorlofi. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins aukist um 350 m.kr. í samræmi við fjölgun fæðinga á árinu 2009. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 263 m.kr. hækkun útgjalda vegna breytinga á launavísitölu milli áranna 2008 og 2009. Í fjórða lagi eru aðrar breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,6 m.kr.

Almannatryggingar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 821 Tryggingastofnun ríkisins; 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 827 Lífeyristryggingar og 831 Eftirlaunasjóður aldraða.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	1.003,7	960,9	931,0	-3,1	-7,2
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.901,7	9.602,0	10.503,0	9,4	32,9
Lífeyristryggingar	44.325,8	54.937,0	48.687,0	-11,4	9,8
Eftirlaunasjóður aldraða	79,9	57,3	58,3	1,7	-27,0
Samtals	**53.311,1**	**65.557,2**	**60.179,3**	**-8,2**	**12,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður samkvæmt frumvarpinu 60.179 m.kr. og lækkar um 5.494 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagshækkanir. Með lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum voru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum um almannatryggingar og málefni aldraða sem gert er ráð fyrir að lækki útgjöld almannatrygginga um alls 3.650 m.kr. á næsta ári. Breytingarnar fólu meðal annars í sér; lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning á frítekjumarki, skerðingu grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna, skerðingu aldurstengdar uppbótar vegna tekna og hækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar. Við ákvarðanir um breytingar á greiðslum var lögð áhersla á að verja kjör tekjulægstu lífeyrisþeganna. Sú lágmarks framfærslutrygging sem ákveðin var á árinu 2008 og nemur nú 180.000 kr. á mánuði hjá lífeyrisþegum sem búa einir og 153.500 kr. hjá lífeyrisþegum sem ekki njóta

heimilisuppbótar hefur ekki breyst. Þessar aðgerðir hafa engin áhrif á töluverðan hluta af lífeyrisþegum. Miðað við útgreiðslur eftir breytingarnar voru rúmlega 13.000 lífeyrisþegar með óbreyttar greiðslur frá Tryggingastofnun. Þess ber að geta að hluti af breytingum í almannatryggingum, þ.e. frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega, tryggði um 4.500 ellilífeyrisþegum hærri greiðslur frá Tryggingastofnun. Útgjöld verða að auki lækkuð um 800 m.kr. með sértækum aðgerðum og sparnaði í rekstri Tryggingastofnunar. Þá er áætlað að útgjöld til almannatrygginga lækki um 2.094 m.kr. með hliðsjón af þróun útgjalda á árinu 2009. Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á bótum almannatrygginga á liðnum árum og nokkur óvissa hefur verið í mati á kostnaði þeirra breytinga. Gert er ráð fyrir að útgjöldin aukist um 1.025 m.kr. sökum fjölgunar bótaþega. Loks eru millifærðar frá sjúkratryggingum 120 m.kr. sem tengjast bifreiðastyrkjum lífeyrisþega.

821 Tryggingastofnun ríkisins. Lagt er til að heimild liðarins lækki um 26 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2009. Framlög til rekstrar eru lækkuð um 40 m.kr. með hliðsjón af sparnaðarátaki í rekstri stofnana. Fjárhæðin svarar til að vera 4,2% af rekstrarveltu stofnunarinnar í fjárlögum 2009. Gert er ráð fyrir að stofnunin endurskoði launastefnu sína, fyrirkomulag greiðslna fyrir setu í stjórn stofnunarinnar verði endurskoðað og aðhalds verði gætt í ferðakostnaði og aðkeyptri þjónustu. Framlag til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins lækkar um 2 m.kr. og verður 10 m.kr. á næsta ári. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, sem samtals nema 12,1 m.kr.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 10.503 m.kr. á næsta ári og hækka um 901 m.kr. frá fjárlögum 2009. Breytingar á útgjöldum liðarins skýrast af sex megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækka útgjöldin um 259 m.kr. vegna breytinga á ákvæðum laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, samanber þau atriði sem tiltekin eru hér að framan og rakin eru nánar í umfjöllun um lið *827 Lífeyristryggingar*. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi útgreiðslna m.a. þannig að þær renni með skilvirkari hætti til þeirra sem eiga rétt til þeirra og má gera ráð fyrir að það dragi úr útgjöldum þessa bótaflokks um 500 m.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að útgjöld liðarins lækki um 971 m.kr. með hliðsjón af þróun útgjalda á árinu 2009. Þetta endurmat er nokkuð mismunandi eftir bótaflokkum. Þannig er gert ráð fyrir að kostnaður nokkurra bótaflokka hækki, svo sem endurhæfingarlífeyrir, en aðrir bótaflokkar lækki. Í fjórða lagi er lögð til 243 m.kr. hækkun vegna fjölgunar bótaþega. Í fimmta lagi eru millifærðar af lið *827 Lífeyristryggingar* alls 2.238 m.kr. Þar er um að ræða fjárhæðir á tveimur viðföngum, *827-126 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega* og *827-127 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega* sem sameinuð eru á nýju viðfangsefnanúmeri *825-152 Sérstök upp-*

bót lífeyrisþega. Í sjötta lagi eru millifærðar frá sjúkratryggingum 120 m.kr. Um er að ræða fjármuni sem varið hefur verið til greiðslu á bifreiðastyrkjum til lífeyrisþega og hreyfihamlaðra. Með þeirri breytingu eru allir fjármunir sem varið er til slíkra styrkja vistaðir á einum og sama stað. Einn þáttur í þeirri breytingu er millifærsla á 875 m.kr. sem lögð er til af viðfangsefni *825-151 Frekari uppbætur* á viðfangsefni *825-1.55 Bifreiðakostnaður*.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	313,7	367,0	341,0	-7,1	8,7
Umönnunargreiðslur	1.351,0	1.373,0	1.035,0	-24,6	-23,4
Makabætur og umönnunarbætur	164,4	173,0	173,0	0,0	5,2
Dánarbætur	57,1	58,0	58,0	0,0	1,6
Endurhæfingarlífeyrir	1.584,8	1.869,0	2.090,0	11,8	31,9
Barnalífeyrir vegna menntunar	105,1	110,0	123,0	11,8	17,0
Heimilisuppbót	2.692,8	3.576,0	3.140,4	-12,2	16,6
Frekari uppbætur	1.534,9	1.752,0	603,0	-65,6	-60,7
Sérstök uppbót lífeyrisþega	0,0	0,0	1.566,7	-	-
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	97,9	324,0	0,0	-100,0	-100,0
Bifreiðakostnaður	0,0	0,0	1.343,0	-	-
Annað	0,0	0,0	30,0	-	-
Samtals	**7.901,7**	**9.602,0**	**10.503,1**	**9,4**	**32,9**

827 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 48.678 m.kr. á næsta ári og lækka um 6.250 m.kr. frá fjárlögum 2009. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þær breytingar sem gerðar voru á ákvæðum laga um almannatryggingar og málefni aldraðra lækki útgjöld liðarins um 3.391 m.kr. Með þeim breytingum var frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega lækkað úr því að vera tæpar 110 þús. kr. á mánuði í 40 þús. kr. Þessi breyting hefur ekki áhrif á frítekjumark örorkulífeyrisþega. Svokölluð 60% regla var afnumin en samkvæmt henni gátu lífeyrisþegar valið milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Með lögunum var gerð sú breyting að lífeyrissjóðstekjur hafa áhrif á útreikning elli- og örorkulífeyris. Greiðslur aldurstengdra örorkuuppbóta voru með lögunum tekjutengdar. Þá var ákveðið að hækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar úr rúmum 38% í 45% og mun það hlutfall gilda til 31. desember 2013. Samhliða var sett 10.000 kr. frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna aldraðra, sem ólíkt hinum aðgerðunum mun ekki leiða til lækkunar útgjalda heldur auka útgjöldin um 700 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld liðarins lækki um 1.123 m.kr. með hliðsjón af þróun útgjalda á árinu 2009. Í þriðja lagi er reiknað með að útgjöld aukist um 782 m.kr. sökum fjölgunar bótaþega. Reiknað er með að bótaþegum fjölgi milli áranna 2009 og 2010 um 1–3,5%, nokkuð mismunandi eftir bótaflokkum. Þannig er miðað við að öldruðum fjölgi um

2,2%. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að með hertu eftirliti verði útgjöld liðarins lækkuð um 250 m.kr. Sérstakar ráðstafanir verða gerðar til að halda utan um og mæla árangur af eftirlitinu. Í fimmta lagi eru millifærðar af liðnum 2.238 m.kr. yfir á liðinn 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sambanber skýringu undir þeim lið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	8.593,6	9.545,0	8.720,0	-8,6	1,5
Örorkulífeyrir	6.188,3	6.922,0	5.030,0	-27,3	-18,7
Aldurstengd örorkuuppbót	0,0	0,0	1.976,0	-	-
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	14.456,4	18.836,0	15.700,0	-16,6	8,6
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	10.999,0	13.513,0	13.351,0	-1,2	21,4
Sérstök viðbót ellilífeyrisþega	0,0	1.242,0	0,0	-100,0	-
Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega	0,0	996,0	0,0	-100,0	-
Vasapeningar ellilífeyrisþega	375,3	492,0	352,0	-28,5	-6,2
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	75,0	90,0	90,0	0,0	20,0
Örorkustyrkur	144,9	157,0	172,0	9,6	18,7
Barnalífeyrir	2.455,5	2.658,0	2.840,0	6,8	15,7
Annað	1.037,8	486,0	456,0	-6,2	-56,1
Samtals	**44.325,8**	**54.937,0**	**48.687,0**	**-11,4**	**9,8**

831 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 58,3 m.kr. á næsta ári samanborið við 57,3 m.kr. framlag í fjárlögum 2009. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru árið 1915 eða fyrr og njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Málefni aldraðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 505 Öldrunarstofnanir, almennt; 515 Framkvæmdasjóður aldraðra; 555 Dvalarrými aldraðra, önnur; 562 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framkvæmdasjóður aldraðra	910,0	1.368,1	1.368,0	0,0	50,3
Öldrunarstofnanir	17.042,4	19.229,6	19.505,9	1,4	14,5
Samtals	**17.952,4**	**20.597,7**	**20.873,9**	**1,3**	**16,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 720,2 m.kr. frá fjárlögum 2009 þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Framlög til rekstrar öldrunarstofnana lækka um 967 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu í rekstri og svarar sú fjárhæð til 5% af rekstrarveltu fjárlaga 2009. Kröfu um lækkun útgjalda er annars vegar mætt með lækkun daggjalda og hins vegar með fækkun heimilaðra rýma. Þannig er miðað við að heimiluðum rýmum á hjúkrunarheimilum fækki um 22 og dvalarrýmum um 83. Útgjöld lækka vegna þessa um 410 m.kr. Engin breyting er gerð á fjölda rýma í dagvistun. Útgjaldalækkun vegna breytinga á fjárhæð daggjalda nemur um 556 m.kr. Gert er ráð fyrir að daggjöld á hjúkrunarrýmum lækki um 3,5%, á dvalarheimilum um 2,5% og um 5% á dagvistarrýmum. Launa- og verðlagsbreytingar eru áætlaðar 996 m.kr. Aðrar breytingar sem leiða af hækkun tryggingagjalds á launaveltu og hækkun vegna breytinga á fasteignagjöldum nema samtals 246 m.kr.

505 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins sem er safnliður lækki um 385,1 m.kr. og er sú lækkun öll í rekstri. Í byggingu eru 3 hjúkrunarheimili sem staðsett eru í Reykjavík, Kópavogi og Ólafsvík. Þessi heimili verða fullbyggð á árinu 2010. Þá er sótt um heimild til að hefja framkvæmdir við byggingu nýs heimilis á Eskifirði. Aðrar breytingar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, sem samtals nema 77,1 m.kr.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins verði óbreytt milli ára. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið hækki um 11,5% og verði kr. 8.400 í stað 7.534 kr. Gjaldið hefur breyst til samræmis við byggingarvísitölu og hefði samkvæmt þeim framreikningi hækkað um 29,6%, sem var hækkun byggingarvísitölunnar milli desember 2007 og desember 2008.

521-554 Hjúkrunarheimili. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til reksturs hjúkrunarheimila á fjárlagaliðum 521–554 nemi 16.894 m.kr. og hækkar samtala fjárlagaliðanna um 354 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Lagt er til að lækka útgjöld um 465,1 m.kr. til að mæta hagræðingarkröfu ríkistjórnarinnar. Aðrar breytingar eru til komin vegna áhrif kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkana og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, sem nema samtals 9,4 m.kr.

555 Dvalarrými aldraðra, önnur. Framlag til þessa liðar er áætlað 547 m.kr. og lækkar um 44,8 m.kr. frá fjárlögum 2009 að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að lækka útgjöldin um 60,4 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um hagræðingu í ríkisfjármálum. Til þess að ná þessu markmiði verður heimiluðum rýmum fækkað um 16 og daggjald lækkað um 2,5%. Launa- og verðlagsbreytingar annars vegar og breytingar sem leiða af hækkun tryggingagjalds á launaveltu og hækkun vegna breytinga á fasteignagjöldum hins vegar nema samtals 41 m.kr.

556-562 Dagvistun aldraðra. Gert er ráð fyrir að framlag til þeirra heimila sem undir fjárlagaliðina falla nemi 881 m.kr. og lækki um 38 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2009. Breytingin skýrist af tveimur þáttum. Í fyrsta lagi lækka útgjöld um 43,3 m.kr. til að mæta hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar en gert er ráð fyrir að lækka daggjald í dagvistum um 5% til að ná þessum markmiðum. Í öðru lagi vegna áhrifa launa- og verðlagsbóta og breytingar sem leiða af hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem alls nema 48,7 m.kr.

Sundurliðun fjárveitinga á öldrunarheimili sem falla undir fjárlagaliði 521–562 er sýnd í töflunni á næstu síðu.

Frá árinu 2003 hefur verið stuðst við reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðar á hjúkrunarrými. Daggjöld vegna hjúkrunarrýma eru reiknuð út í samræmi við breytingu á umönnunarþyngd. Líkanið skiptir heildarfjárhæð á milli hjúkrunarheimila að teknu tillit til fjölda hjúkrunarrýma og stærðarhagkvæmni. Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík fær einnig greidd daggjöld í samræmi við umönnunarþyngd er á hinn bóginn ekki hluti af reiknilíkani sem skiptir heildarfjárhæð milli öldrunarheimila. Grunngjald miðað við þyngdarstuðulinn 1.00 er samkvæmt frumvarpinu 19.416 kr. og er þá miðað við 100% nýtingu án húsnæðisgjalds. Gjaldið miðast við að tiltekin lágmarksþjónusta sé veitt í faglegri umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Framlag til hvers heimilis tekur jafnfram mið af daglegri nýtingu rýma og getur því verið annað en frumvarpið sýnir. Á bls. 332 er yfirlit sem sýnir skiptingu reiknilíkansins á heildarútgjöldum til reksturs hjúkrunarrýma.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	226,6	1.499,5	1.182,2	-21,2	421,7
Hrafnista, Reykjavík	1.734,2	1.882,1	2.101,7	11,7	21,2
Hrafnista, Hafnarfirði	1.347,6	1.364,2	1.469,1	7,7	9,0
Grund, Reykjavík	1.360,7	1.452,2	1.501,9	3,4	10,4
Sunnuhlíð, Kópavogi	558,1	550,5	584,4	6,2	4,7
Hjúkrunarheimilið Skjól	785,5	775,7	825,0	6,4	5,0
Hjúkrunarheimilið Eir	1.337,9	1.319,9	1.371,5	3,9	2,5
Garðvangur, Garði	280,7	286,6	307,6	7,3	9,6
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	609,1	614,7	647,6	5,4	6,3
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	616,5	569,2	578,8	1,7	-6,1
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	221,2	225,6	232,5	3,1	5,1
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	147,0	162,7	159,2	-2,2	8,3
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	160,9	180,7	179,7	-0,6	11,7
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	90,8	101,8	107,0	5,1	17,8
Seljahlíð, Reykjavík	175,6	151,8	161,6	6,5	-8,0
Víðines	255,8	264,6	284,9	7,7	11,4
Höfði, Akranesi	457,7	452,6	486,3	7,4	6,2
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	238,5	277,7	271,7	-2,2	13,9
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	89,6	101,4	100,0	-1,4	11,6
Fellaskjól, Grundarfirði	72,0	81,6	67,9	-16,8	-5,7
Jaðar, Ólafsvík	66,1	87,5	89,6	2,4	35,6
Fellsendi, Búðardal	172,6	188,1	177,3	-5,7	2,7
Barmahlíð, Reykhólum	98,2	103,3	105,7	2,3	7,6
Dalbær, Dalvík	234,5	244,8	254,2	3,8	8,4
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1.244,2	1.352,8	1.346,6	-0,5	8,2
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	133,9	125,5	130,7	4,1	-2,4
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð,öldrunarþj.	238,4	206,5	225,9	9,4	-5,2
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	109,1	130,1	129,8	-0,2	19,0
Hjallatún, Vík	104,0	102,2	106,9	4,6	2,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	290,6	313,6	302,9	-3,4	4,2
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	554,5	678,2	665,7	-1,8	20,1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	242,7	263,2	253,9	-3,5	4,6
Holtsbúð, Garðabæ	296,8	315,8	316,6	0,3	6,7
Vífilsstaðir, Garðabæ	369,0	362,9	385,9	6,3	4,6
Sóltún, Reykjavík	1.008,1	993,0	963,9	-2,9	-4,4
Dvalarrými aldraðra, önnur	499,0	566,3	546,9	-3,4	9,6
Vesturhlíð, Reykjavík	7,0	15,0	12,4	-17,3	77,1
Hlíðabær, Reykjavík	47,2	52,6	52,9	0,6	12,1
Lindargata, Reykjavík	42,4	47,3	47,6	0,6	12,3
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	111,6	95,2	95,6	0,4	-14,3
Múlabær, Reykjavík	69,1	78,6	79,1	0,6	14,5
Fríðuhús, Reykjavík	36,6	39,1	39,3	0,5	7,4
Dagvistun aldraðra, aðrar	331,0	552,9	555,9	0,5	67,9
Samtals	**17.072,6**	**19.229,6**	**19.505,9**	**1,4**	**14,3**

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Greiðslustuðull umönnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrarkostnaður m.kr.	Heildarkostnaður m.kr.	Þar af verðlagsbreyting m.kr.
Ný hjúkrunarrými	0,00	0	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	0,98	112	507,9	321,6	829,6	37,8
Hrafnista, Reykjavík	1,12	246	1.194,9	679,9	1.874,9	85,5
Hrafnista, Hafnarfirði	1,12	158	767,5	436,7	1.204,2	54,9
Grund, Reykjavík	1,08	187	874,4	516,9	1.391,2	63,5
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,12	73	354,6	201,8	556,4	25,4
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,08	109	509,7	301,3	810,9	37,0
Hjúkrunarheimilið Eir	1,04	173	778,1	478,2	1.256,3	57,3
Garðvangur, Garði	1,10	39	193,3	112,1	305,4	13,9
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,12	70	340,0	193,5	533,5	24,3
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	0,96	82	340,5	226,6	567,1	25,9
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,10	28	138,8	80,5	219,3	10,0
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,94	18	76,1	51,7	127,9	5,8
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,04	18	84,2	51,7	135,9	6,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,92	13	54,9	38,1	93,0	4,2
Seljahlíð, Reykjavík	1,08	20	99,1	58,6	157,7	7,2
Víðines	1,00	38	170,8	109,2	280,1	12,8
Höfði, Akranesi	1,10	48	228,8	132,7	361,4	16,5
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	0,83	32	116,8	90,2	207,1	9,4
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,96	9	39,6	26,4	66,0	3,0
Fellaskjól, Grundarfirði	0,74	9	30,5	26,4	56,9	2,6
Jaðar, Ólafsvík	0,90	10	41,4	29,3	70,7	3,2
Fellsendi, Búðardal	0,85	26	98,9	74,7	173,7	7,9
Barmahlíð, Reykhólum	0,88	14	56,7	41,0	97,7	4,5
Dalbær, Dalvík	0,98	24	103,7	67,7	171,4	7,8
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,00	167	722,0	461,6	1.183,5	54,0
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,90	13	52,7	37,4	90,1	4,1
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð,öldrunarþj.	1,06	26	124,0	74,7	198,8	9,1
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,02	15	70,1	43,9	114,1	5,2
Hjallatún, Vík	0,94	12	51,7	35,2	86,9	4,0
Kumbaravogur, Stokkseyri	0,98	39	168,5	109,9	278,5	12,7
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	1,04	31	139,4	85,7	225,1	10,3
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,94	30	126,9	86,2	213,1	9,7
Holtsbúð, Garðabæ	1,04	40	187,1	115,0	302,1	13,8
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,08	50	238,5	141,0	379,4	17,3
Samtals	**1,05**	**1.979**	**9.082,4**	**5.537,3**	**14.619,7**	**666,8**

Önnur mál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmál, ýmis starfsemi	777,5	572,8	541,9	-5,4	-30,3
Samtals	**777,5**	**572,8**	**541,9**	**-5,4**	**-30,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 30,9 m.kr. að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingar sem skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu eru samtals 14,8 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu lækkar liðurinn um 42 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af fjórum megin tilefnum: Í fyrsta lagi lækkun útgjalda um 81,2 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er felld niður 26 m.kr. tímabundin fjárheimild til Fjölmenningarseturs á Ísafirði sem veitt var 2007 til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af samdrætti í aflamarki þorsks. Í þriðja lagi er farið fram á 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Í fjórða lagi er farið fram á 21,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við framkvæmd nýrra laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Aðrar breytingar fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu, þær nema samtals 14,8 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *1.98 Ýmis framlög félags og tryggingamálaráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	11,1	11,6
Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	6,7	7,0
Sjónarhóll	17,4	18,2
Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	22,5	23,5
Lög um líffæragjafa og bótagreiðslur vegna vinnutaps	-	21,5
Samtals	**57,7**	**81,8**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-505-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	69.861,1	68.604,9	67.890,3	-1	-3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.345,2	26.677,7	24.435,9	-8	5
Stofnkostnaður og viðhald	2.061,1	1.614,6	1.012,0	-37	-51
Samtals	**95.267,4**	**96.897,2**	**93.338,2**	**-4**	**-2**
Greitt úr ríkissjóði	-	96.455,1	92.881,1	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	442,1	457,1	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**96.897,2**	**93.338,2**	**-4**	-

Heildargjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 96.648 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.310 m.kr., en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 93.338 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 92.881 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 457 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, þ.e. kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að reynt hefur verið að aðlaga framsetningu á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins árs og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá heilbrigðisráðuneyti, en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneytum sem taka við verkefnunum. Útgjöld heilbrigðisráðuneytis lækka um 19.375 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru til félags- og tryggingamálaráðuneytis, en 18.943,5 m.kr. eru vegna reksturs öldrunarheimila og 431,5 m.kr. vegna sjúkratrygginga.

Í frumvarpinu dragast útgjöld heilbrigðisráðuneytisins saman um 6.702 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingunum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 7.745 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Áhrif af aðgerðum sem gripið var til á seinni hluta þessa árs eru meðtalin í þeirri lækkun á ársgrundvelli en þau eru áætluð um 880 m.kr. Í öðru lagi er um að ræða útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 1.356 m.kr. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem nema 313 m.kr. Að viðbættum verðlagshækkunum

ársins 2010, sem eru áætlaðar 3.470 m.kr. lækkar útgjaldarammi heilbrigðisráðuneytisins um 3.231 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 67.890 m.kr. á árinu 2010. Rekstrarfjárveitingar stofnana, framlög á grundvelli þjónustusamninga og styrkir til ýmissa rekstrarverkefna lækka alls um 3.757 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá heilbrigðisráðuneytinu nemur 6,9% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema samtals 994 m.kr. Þar munar mest um 751 m.kr. framlag til að mæta hækkun tryggingagjalds úr 5,33% í 7%, 160 m.kr. framlag vegna hækkunar á álagningarprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32% og 84 m.kr. framlag til að mæta hluta kostnaðar við síðasta áfanga flutnings á umsjón með fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Á móti eru felldar niður 60 m.kr., þ.a. eru fasteignagjöld að fjárhæð 32 m.kr. vegna flutnings á fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkisins og 28 m.kr. sem veitt var til tímabundinna verkefna. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 1.774 m.kr., en fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júlí 2010 samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 2.242 m.kr. og verða 24.436 m.kr. en eru 26.677,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2009, en upphæðir eru án S-merktra lyfja sem tilheyra rekstri. Sett var markmið af hálfu ríkisstjórnar um 10% lækkun almennra tilfærsluliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 2.708 m.kr. vegna þess. Jafnframt er gerð krafa um að áhrif hagræðingaraðgerða sem gripið var til á seinni hluta þessa árs skili 880 m.kr. í lækkuðum útgjöldum sjúkratrygginga á árinu 2010 og fjárheimildir því lækkaðar til viðbótar sem þeirri fjárhæð nemur. Tilfærsluliðir lækka um 193 m.kr. vegna flutnings verkefna innan ráðuneytisins og þá lækka fjárheimildir sjúkratrygginga um 423 m.kr. vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 266 m.kr. aukningu í útgjaldaskuldbindingum og verðlagshækkun fjárveitinga sem telst til tilfærslna nemur 1.697 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.012 m.kr. og er það 603 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2009. Framlag lækkar um 400 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum, en því var ætlað að mæta kostnaði við undirbúning að byggingu nýs Landspítala. Þá eru felldar niður fjárheimildir til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og er þar helst að nefna 155 m.kr. framlag sem veitt var til að ljúka framkvæmdum við 1. hæð viðbyggingar og starfsaðstöðu fyrir sjúkraþjálfun á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 58 m.kr.

framlag til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem ætlað var til viðhaldsverkefna sem nú er lokið og 47 m.kr. sem varið var til framkvæmda á Siglufirði. Þá hækkar tækjakaupaliður Landspítala tímabundið um 60 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á nýju segulómtæki sem keypt var 2009.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 6.300 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu, en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í tilteknum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir um 9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010. Vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins eru samningar við öldrunarstofnanir ekki hafðir með í töflunni. Öldrunarstofnanir sem heilbrigðisráðuneytið er með gildandi samninga við eru Akureyrarbær og Sveitarfélagið Hornafjörður um rekstur hjúkrunarþjónustu, Hrafnista um rekstur Vífilsstaða í Garðabæ og Víðiness og hvíldarrýma með endurhæfingu í Reykjavík og Öldungur um rekstur hjúkrunarþjónustu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	175,5	171,6	171,6	171,6	171,6
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	A	47,0	55,5	55,5	55,5	55,5
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	656,6	646,1	646,1	646,1	646,1
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	318,5	300,9	300,9	300,9	300,9
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	67,6	65,1	65,1	65,1	65,1
Sjúkrahótel	A	87,7	91,8	91,8	91,8	91,8
Reykjalundur	A	1.352,9	1.300,5	1.300,5	1.300,5	1.300,5
Hlein	A	108,4	107,4	107,4	107,4	107,4
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	555,1	547,8	547,8	547,8	547,8
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæði	A	907,1	908,2	908,2	908,2	908,2
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	284,8	250,7	250,7	250,7	250,7
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	70,0	65,3	65,3	65,3	65,3
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	70,0	65,3	65,3	65,3	65,3
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	390,7	364,5	364,5	364,5	364,5
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	136,6	134,1	134,1	134,1	134,1
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	97,5	90,1	90,1	90,1	90,1
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	33,9	31,6	31,6	31,6	31,6
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	478,8	469,5	469,5	469,5	469,5
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	271,4	274,2	274,2	274,2	274,2
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrþj.	A	190,7	181,9	181,9	181,9	181,9
Samtals		**6.300,8**	**6.122,1**	**6.122,1**	**6.122,1**	**6.122,1**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 6.300 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 6.120 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga, við Akureyrarbæ um heilsugæslu og sjúkraflutninga, Sveitarfélagið Hornafjörð um heilbrigðisþjónustu, Krabbameinsfélagið um rekstur leitarstöðvar og samning um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	529,6	546,8	592,7	8,4	11,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	-	-
Samtals	**529,6**	**554,8**	**600,7**	**8,3**	**13,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 30,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu.

101 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 592,7 m.kr. og að þau aukist um 30,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir og hækkun tryggingagjalds. Í fyrsta lagi eru 35,3 m.kr. færðar af lið *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* til að efla hlutverk ráðuneytisins í eftirliti með styrkveitingum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í annan stað eru 13,4 m.kr. færðar af lið *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* til að fjármagna laun sérfræðinga sem starfa hjá ráðuneytinu við uppbyggingu á sjúkraskrárkerfi og heilbrigðisupplýsingum. Í þriðja lagi eru 11 m.kr. færðar af lið *379 Sjúkrahús, óskipt* til að fjármagna laun starfsmanns sem hefur unnið fyrir ráðuneytið en launin bókuð á óskiptan lið. Í fjórða lagi eru 7,8 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að fjármagna laun við stefnumótun og verkefni á sviði geðheilbrigðismála. Liðurinn lækkar samtals um 37,3 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá hækkar liðurinn um 15,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og hækkun tryggingagjalds.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Sjúkratryggingastofnun; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar og 209 Sjúklingatrygging.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkratryggingar Íslands	403,3	510,3	469,5	-8,0	16,4
Sjúkratryggingar	22.157,7	28.286,2	26.561,0	-6,1	19,9
Slysatryggingar	641,8	577,9	636,0	10,1	-0,9
Sjúklingatrygging	103,0	120,1	120,1	0,0	16,6
Samtals	**23.305,8**	**29.494,5**	**27.786,6**	**-5,8**	**19,2**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til tryggingamála sem nemur 3.957,6 m.kr. frá fjárlögum 2009 þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins sem nemur 3.608 m.kr. á

verðlagi gildandi fjárlaga. Markmið ríkisstjórnarinnar er að fjárheimildir til tryggingamála lækki um 10% vegna aðhaldsaðgerða á árinu 2010 og lækka útgjöld um 2.728 m.kr. vegna þess. Jafnframt er gerð krafa um að áhrif aðhaldsaðgerða sem gripið var til á seinni hluta þessa árs skili 880 m.kr. í lækkuðum útgjöldum sjúkratrygginga á árinu 2010 og fjárheimildir því lækkaðar til viðbótar sem þeirri fjárhæð nemur. Samdrátturinn felast einkum í lækkun framlags til lyfja, lækniskostnaðar og þjálfunar samtals 3.557 m.kr. Fjárheimildir lækka um 168,9 m.kr. vegna flutnings verkefna innan ráðuneytisins og um 423 m.kr. vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 242,3 m.kr. aukningu í útgjaldaskuldbindingum. Hækkun fjárveitinga vegna launa- og verðlagsbreytinga og hækkun tryggingagjalds nemur 2.249,7 m.kr.

202 Sjúkratryggingar Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Sjúkratrygginga Íslands verði 469,5 m.kr. á næsta ári. Útgjöldin lækka um 51 m.kr. frá fjárlögum 2009 á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds sem samtals nema 10,2 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 26.561 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 3.916,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2009 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er áformað að lækka framlag til lækniskostnaðar með aðhaldsaðgerðum um samtals 1.307 m.kr. á árinu 2010. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á þessu ári sem skila eiga 100 m.kr. í lækkun kostnaðar á seinni hluta þessa árs og 200 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar er markmiðið að ná niður lækniskostnaði um 1.107 m.kr. með aðgerðum sem gripið verður til á næsta ári. Þá lækkar framlagið um 166 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009, en sparnaðinum sem þeirri breytingu er ætlað að ná fram er dreift á einstaka fjárlagaliði á árinu 2010. Á móti hækkar framlag um 55 m.kr. eða um 1% til að mæta fjölgun bótaþega og 146 m.kr. vegna efniskaupa. Í öðru lagi er lagt til að lækka útgjöld til lyfjakaupa um samtals 1.730 m.kr. Þegar hefur verið gripið til aðgerða sem skila eiga 230 m.kr. í lækkun lyfjaútgjalda á seinni hluta þessa árs og 460 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar þarf að ná niður lyfjakostnaði um 1.270 m.kr. með aðgerðum á árinu 2010, en haldið verður áfram á sömu braut og mörkuð var á árinu með því að fjölga þeim lyfaflokkum þar sem greiðsluþátttaka ríkisins er takmörkuð við ódýrasta lyf með sambærilega verkun og má nefna að 1. október 2009 mun taka gildi reglugerð þar sem greiðsluþátttöku í blóðþrýstingslyfjum verður breytt þannig að hún miðist við ódýrasta lyf með sambærilega verkun.. Í þessu samhengi má einnig geta að í samræmi við áform um lækkun lyfjakostnaðar í fjárlögum 2009 má ætla að þær breytingar sem heilbrigðisráðherra ákvað með setningu reglugerðar 1. mars sl. skili um 1.100 m.kr. í

lægri lyfjaútgjöldum á árinu ef horft er framhjá gengisþróun íslensku krónunnar. Þá hefur náðst umtalsverður sparnaður með því bæta Finnlandi í hóp viðmiðunarlanda við ákvörðun almenns lyfjaverðs. Þá er einnig áformað að endurskoða svokölluð „þök og gólf“ í greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í lyfjakostnaði. Í þriðja lagi er framlag til S-merktra lyfja hækkað um 32 m.kr., en það jafngildir 1% magnaukningu frá gildandi fjárlögum. Í fjórða lagi lækkar framlag til hjálpartækja um samtals 163 m.kr. vegna flutnings á verkefnum til félags- og tryggingamálaráðuneytis, þ.a. eru 120,0 m.kr. vegna styrkja til bifreiðakaupa hreyfihamlaðra og 43,0 m.kr. vegna flutnings atvinnutengdrar endurhæfingar. Aðrar breytingar á liðnum skýrast af flutningi framlags á milli liða innan ramma ráðuneytis. Í fimmta lagi lækkar framlag til þjálfunar um samtals 520 m.kr. á árinu 2010. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á þessu ári sem skila eiga 110 m.kr. í lækkun kostnaðar á seinni hluta þessa árs og 330 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar er markmiðið að ná niður kostnaði við sjúkraþjálfun um 190 m.kr. með aðgerðum á árinu 2010. Með reglugerð sem tekur gildi 1. október 2009 er greiðsluþátttaka almennra notenda í kostnaði við sjúkraþjálfun hækkuð. Því til viðbótar hafa kröfur um greiðsluþátttöku ríkisins vegna framhaldsmeðferðar hjá sjúkraþjálfara verið hertar. Þá eru fluttar 260 m.kr. vegna starfsendurhæfingar til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á framlagi sjúkratrygginga að því undanskildu að lagt er til að flytja 6 m.kr. frá Landspítala á lið tannlækninga til að hækka greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við tannréttingar barna með skarð í góm og vör, en spítalinn hefur ekki sinnt þessu verkefni eins og til var ætlast.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	5.183,2	5.485,0	4.290,0	-21,8	-17,2
Lyf	9.287,3	10.259,4	9.548,0	-6,9	2,8
Lyf með S-merkingu	0,0	3.156,6	3.752,0	18,9	-
Hjálpartæki	2.324,5	3.149,1	3.279,0	4,1	41,1
Hjúkrun í heimahúsum	129,3	133,0	136,0	2,3	5,2
Þjálfun	1.871,7	2.340,1	1.591,0	-32,0	-15,0
Tannlækningar	1.380,9	1.666,4	1.672,0	0,3	21,1
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	334,9	335,2	352,0	5,0	5,1
Brýn meðferð erlendis	1.176,9	1.145,4	1.289,0	12,5	9,5
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	120,8	210,0	243,0	15,7	101,2
Sjúkradagpeningar	202,7	243,0	243,0	0,0	19,9
Annað	145,5	163,0	166,0	1,8	14,1
Samtals	**22.157,7**	**28.286,2**	**26.561,0**	**-6,1**	**19,9**

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld til slysatrygginga verði 636,0 m.kr. á árinu 2010. Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar og bætur til framfærslu hækka í samræmi við ákvörðun um hækkun bóta almannatrygginga í lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum um alls 48,2 m.kr. Framlag vegna kaups og aflahlutar sjómanna hækkar 10 m.kr. á grundvelli 36 gr. laga um almanntryggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	170,5	137,9	151,0	9,5	-11,4
Bætur til framfærslu	347,7	324,0	359,0	10,8	3,2
Kaup og aflahlutur sjómanna	42,2	50,0	60,0	20,0	42,2
Stjórnunarkostnaður	81,4	66,0	66,0	0,0	-18,9
Samtals	**641,8**	**577,9**	**636,0**	**10,1**	**-0,9**

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans..	246,9	400,0	0,0	-100,0	-100,0
Landspítali.....	37.921,0	33.079,9	32.661,0	-1,3	-13,9
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.....	126,1	120,9	127,7	5,6	1,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið..... ...	661,0	656,6	646,1	-1,6	-2,3
Sjúkrahótel.....	81,9	87,7	91,8	4,7	12,1
Sjúkrahús, óskipt.....	28,0	644,3	136,5	-78,8	387,5
Sjúkrahúsið á Akureyri.....	4.326,8	4.128,8	4.086,0	-1,0	-5,6
Samtals	**43.391,7**	**39.118,2**	**37.749,1**	**-3,5**	**-13,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 37.749,1 m.kr. og lækkar um 2.485,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins sem nemur 2.653,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þyngst vegur lækkun á rekstrarframlagi til Landspítala um 1.965,5 m.kr., þá er fellt niður 400 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem nýta átti til að undirbúa byggingu nýs Landspítala og rekstrarframlag til Sjúkrahússins á Akureyri er lækkað 206,3 m.kr. Helstu aðgerðir til að ná fram lækkun útgjalda byggjast á skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana. Einnig verður haldið áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi, vaktkerfum og aukagreiðslum, með það að markmiði að lækka útgjöld. Þá skal

einnig ná fram lækkun í lyfjaútgjöldum stofnana með innleiðingu lyfjalista og markvissari notkun lyfja. Þá mun ráðuneytið beita sér fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ná fram hagræðingu í sameiginlegum innkaupum, m.a. á lyfjum og öðrum rekstrarvörum. Að lokum er reiknað með að þau skref sem stigin hafa verið í átt að sameiningu rannsókna-, myndgreininga- og lyfjagagnagrunna skili ákveðinni hagræðingu.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstargjöld sjúkrahússins 4.086 m.kr. og dragast saman um 149,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum og nemur lækkunin 206,3 m.kr. Á móti hækkar framlag til sjúkrahússins. Í fyrsta lagi eru 62,7 m.kr. fluttar aftur til sjúkrahússins af lið *379 Sjúkrahús, óskipt.*, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Þá er 8,3 m.kr. framlag. til að mæta hækkun álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Auk þess er endurráðstafað til sjúkrahússins 20 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við rekstrarleigu segulómtækis sem ella hefði verið fellt niður. Aðrar breytingar á fjárheimildum er nettó aukning um 92,5 m.kr. sem skýrist einkum af verðlagsleiðréttingum, hækkun tryggingagjalds og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009, en sparnaðinum sem þeirri breytingu er ætlað að ná fram er dreift á einstaka stofnanir á árinu 2010.

373 Landspítali. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 32.661 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.153,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 1.965,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi eru 544,3 m.kr. fluttar aftur til spítalans af lið *379 Sjúkrahús, óskipt*, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Í þriðja lagi hækkar framlag um 128,9 m.kr. til að mæta hækkun álagningahlutfalls fasteignagjalda. Í fjórða lagi eru fluttar 229,7 m.kr. af lið *386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna*, en ráðuneytið fól spítalanum að taka formlega við rekstri réttargeðdeildarinnar að Sogni frá 1. apríl 2009. Í fimmta lagi er tímabundin hækkun framlags um 60 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á nýju tölvusneiðmyndatæki sem keypt var árinu 2009. Þá er lagt til að flytja 24,9 m.kr. framlag frá Landspítala yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis með vísan til samkomulags frá í febrúar 2007 um flutning verkefna á sviði þjónustu við geðfatlað fólk. Aðrar breytingar á fjárheimildum er nettó hækkun um 777,5 m.kr. sem skýrist einkum af verðlagsbreytingum, hækkun tryggingagjalds og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld verði 136,5 m.kr. á árinu 2010 og lækka um 507,8 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af flutningi 775,8 m.kr. á liðina *353 Sjúkrahúsið á Akureyri, 373 Landspítali, 506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu og 700 Heilbrigðisstofnanir*. Við gerð gildandi fjárlaga voru fjárheimildir heilbrigðisstofnana lækkaðar um 1,5% og fjárhæðin lögð í sjóð til endurráðstöfunar, en fyrir dyrum stóð endurskipulagning á verkefnum heilbrigðisstofnana og heilbrigðisumdæma sem ekki varð að. Í annan stað eru 10 m.kr. færðar á liðinn *340 Málefni fatlaðra* vegna samnings við Endurhæfingu í Kópavogi um sérhæfða sjúkraþjálfun og ráðgjöf fyrir fjölfatlaða einstaklinga og 15 m.kr. á liðinn *491 Reykjalundur, Mosfellsbæ* til að byggja upp endurhæfingu við heilaskaðaða. Í þriðja lagi er liðurinn lækkaður um 32 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í fjórða lagi eru fluttar 11 m.kr. á liðinn *101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa* til að mæta kostnaði við launagreiðslur sem til þessa hafa verið fjármagnaðar af liðnum. Á móti hækkar framlag um samtals 335,6 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá heilbrigðisstofnunum. Á fjárlögum 2009 fólu sparnaðaráform ráðuneytisins m.a. í sér að hækka hlut sjúklings í kostnaði við heilbrigðisþjónustu um 360 m.kr. Liðurinn var lækkaður sem þeirri fjárhæð nam við afgreiðslu fjárlaganna. Um leið og útfærsla lægi fyrir skyldi lækkunin færð á stofnanir í samræmi við áætlaða hækkun tekna sem af breytingunum hlytist. Það var gert með millifærslu á fjárheimildum innan ársins og nú endanlega í fjárlögum 2010. Liðurinn sjálfur var lækkaður um 24.4 m.kr. vegna þessa.

383 Sjúkrahótel. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins verði 91,8 m.kr. á árinu 2010 og lækkar að raungildi um 5,9 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsuppfærslu.

388 Samtök áhugamanna um áfengismálið. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins verði 646,1 m.kr. á árinu 2010 og lækka að raungildi um 44 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar sem eru til hækkunar á framlagi skýrast af hækkun tryggingagjalds og álagningahlutfalli fasteignagjalda og af launa- og verðlagsuppfærslum.

Endurhæfingarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun og 494 Hlein. Allir fjárlagaliðir sem tilheyrt hafa öldrunarheimilum eru færðir frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis, en þeir byrjuðu á *401 Öldrunarstofnanir, almennt* og enduðu á *477 Dagvistun aldraða*, *aðrar*. Allar fjárheimildir sem tilheyrðu áðurnefndum liðum voru færðar til félags- og tryggingamálaráðuneytis, að því undanskildu að 48,5 m.kr. fjárheimild

var færð á *301 Landlæknir* vegna útgjalda vistunarmatsnefnda og 46,7 m.kr. voru færðar á *399-1.46 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma*. Útgjöld heilbrigðisráðuneytis lækka um 18.943,5 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru til félags- og tryggingamálaráðuneytis og varða öldrunarþjónustu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg..... ...	51,6	55,1	58,2	5,6	12,8
Hlaðgerðarkot..... ...	79,7	85,8	88,8	3,5	11,4
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.349,1	1.352,9	1.300,5	-3,9	-3,6
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.....	525,5	555,1	547,8	-1,3	4,2
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun..	434,9	457,4	481,2	5,2	10,6
Hlein..... ...	105,5	108,4	107,4	-0,9	1,8
Samtals	**2.546,3**	**2.614,7**	**2.583,9**	**-1,2**	**1,5**

Í frumvarpinu lækka útgjöld til endurhæfingarstofnana samtals um 108,5 m.kr. að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds. Breytingin skýrist af lækkun framlags um 136,1 m.kr. til að koma til móts við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum, en upphæðin jafngildir 6,7% lækkun framlags til Reykjalundar, Mosfellsbæ, Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands og Hleinar. Á móti hækkar framlag vegna flutnings 15 m.kr. af liðnum *379 Sjúkrahús, óskipt* til að byggja upp endurhæfingu fyrir heilaskaðaða á Reykjalundi. Aðrar breytingar skýrast af hækkun álagningaprósentu fasteignagjalda um 12,6 m.kr.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506-588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Fallið var frá sameiningu Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði, Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði og Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð. Um áramót sameinast hins vegar Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði, en Heilsugæslustöðin Dalvík verður rekin áfram með óbreyttu sniði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	5.133,0	3.729,5	4.057,1	8,8	-21,0
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	161,8	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Búðardal	89,7	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Dalvík	93,9	0,0	102,9	-	9,6
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	61,5	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	240,4	271,4	274,2	1,0	14,1
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	147,5	155,3	159,1	2,4	7,9
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	62,7	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	96,6	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðvar, almennt	127,6	729,4	291,2	-60,1	128,2
Læknavaktin	254,0	284,8	250,7	-12,0	-1,3
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	0,0	907,1	908,2	0,1	-
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	470,4	478,8	469,5	-1,9	-0,2
Sjúkraflutningar	772,0	802,3	771,0	-3,9	-0,1
Samtals	**7.711,1**	**7.358,6**	**7.283,9**	**-1,0**	**-5,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 272,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Helstu breytingar á málefnaflokkum eru þær að 189 m.kr. eru færðar af safnlið heilsugæslustöðva til heilbrigðisstofnana til að efla heimahjúkrun á heilsugæslusviðum þeirra. Í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 244,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga, en haldið verður áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi og verkferlum til að ná niður útgjöldum.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 443,4 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds. Af liðnum eru færðar samtals 453,4 m.kr. til annarra fjárlagaliða innan þessa málaflokks og til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana, m.a. til að efla heimahjúkrun, til greiðslu húsaleigusamninga og til að efla geðheilbrigðisþjónustu. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Á fjárlagaliðinn eru færðar 10 m.kr. af *506 Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*, en ráðuneytið mun standa straum af kostnaði við geðheilbrigðisþjónustu við hóp heyrnarlausra nemenda sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands á sínum tíma og fjölskyldur þeirra. Fjárveitingin er tímabundin til ársins 2011 og var veitt til verkefnisins á fjárlögum þessa árs.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 771 m.kr. á næsta ári sem jafngildir um 53,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun fjárframlaga til þjónustusamninga um sjúkraflutninga vegna áforma ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.057,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 207,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að 115 m.kr. verði fluttar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Í öðru lagi eru 68,8 m.kr. fluttar aftur til heilsugæslunnar af lið *379 Sjúkrahús, óskipt*, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Í þriðja lagi eru 50 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að mæta kostnaði við námsstöður sérfræðinga í heimilislækningum. Í fjórða lagi eru 33,4 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að mæta kostnaði við húsaleigu í nýju húsnæði Heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Í fimmta lagi hækkar liðurinn um 35,1 m.kr. til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Að síðustu eru 2,1 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að ráða í hlutastöðu sálfræðings við Heilsugæslustöðina Árbæ. Liðurinn lækkar um 50 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í rekstrarútgjöldum. Í öðru lagi eru 15,6 m.kr. fluttar af liðnum á *515 Heilsugæslustöðin Lágmúla.* Framvegis mun Heilsugæslustöðin Lágmúla greiða fyrir rannsóknir sem stöðin hefur stofnað til. Í þriðja lagi eru 8,4 m.kr. fluttar af liðnum á *517 Læknavaktin*. Framvegis fellur kostnaður við laun lækna sem taka næturvaktir hjá Læknavaktinni og ná ekki löggiltum hvíldartíma á Læknavaktina. Í fjórða lagi flytjast 10 m.kr. af liðnum á lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt*, sbr. skýringar hér ofan. Þá fellur 8 m.kr. tímabundið framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins niður. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 908,2 m.kr. á næsta ári. Lækkun rekstargjalda jafngildir um 21,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af um 59,8 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 15,1 m.kr. vegna ofreiknaðra verðlagshækkana við 3. umr. fjárlagafrumvarps 2009. Í þriðja lagi hækkar liðurinn um 50 m.kr. til að uppfylla ákvæði samnings við Reykjavíkurborg um heimahjúkrun. Þá eru 3 m.kr. fluttar á liðinn af *206 Sjúkratryggingar, hjálpartæki* til að mæta kostnaði við sáravarnarbúnað. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsliðum og hækkun tryggingagjalds.

515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 159,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi eru 15,6 m.kr. færðar af lið *506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, en framvegis mun Heilsugæslustöðin Lágmúla greiða fyrir rannsóknir sem stöðin stofnar til. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 10,4 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og lækkun á framlagi vegna fasteignagjalda en umsýsla með fasteignum ráðuneytisins færist til Fasteigna ríkissjóðs.

517 Læknavaktin. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 250,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 40,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á liðinn eru færðar 8,4 m.kr. af *506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, en framvegis fellur kostnaður við laun lækna sem taka næturvaktir hjá Læknavaktinni og ná ekki löggiltum hvíldartíma á Læknavaktina. Liðurinn lækkar um 19,1 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá lækkar liðurinn um 17,2 m.kr. vegna fækkunar í fjölda koma á Læknavaktina. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og hækkun á álagningaprósentu fasteignagjalda.

552 Heilsugæslustöðin Dalvík. Horfið var frá fyrri áformum um að sameina Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og heilsugæslustöðvarnar á Dalvík og Ólafsfirði. Heilsugæslustöðin Dalvík verður rekin áfram með óbreyttu sniði. Fjárveiting heilsugæslustöðvarinnar er færð aftur af viðfangi *756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð* á viðfang Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 102,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi eru 5 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða. Lögð er til 2,2 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá lækkar liðurinn um 2 m.kr. vegna samkomulags við Fasteignir ríkissjóðs, en í ljósi breytts efnahagsástands var ákveðið að Fasteignir ríkissjóðs veittu tímabundið 35% afslátt af húsaleigu allra heilbrigðisstofnana til að fjármagna síðasta áfanga flutnings fasteigna frá heilbrigðisráðuneytinu til Fasteigna ríkissjóðs. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 469,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 32,1 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi hækkar liðurinn um 8,4 m.kr. til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í þriðja lagi eru 1,2 m.kr. fluttar á liðinn af *206 Sjúkratryggingar, hjálpartæki,* en í samræmi við reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 1138/2008 hættir Hjálpartækjamiðstöðin að greiða fyrir einnota efni til húðvarnar og sáraumbúðir og heimahjúkrun heilsugæslustöðva mun framvegis úthluta sáravarnarbúnaðinum til sjúklinga sem þurfa á honum að halda. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 274,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 14 m.kr. hækkun framlags í samræmi við samning um rekstur stöðvarinnar. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 17,3 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: *700 Heilbrigðisstofnanir* og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Nokkrar breytingar verða á liðunum einkum vegna sameininga stofnana. Í fyrsta lagi falla liðirnir *711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, 735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík* og *741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga* niður og sameinast liðnum *716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands,* en það er ný stofnun sem tekur til starfa 1. janúar 2010. Í öðru lagi fellur liðurinn *746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki* niður og færast fjárheimildir hans til baka á viðföngin *745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi* og *751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki* þar sem fallið var frá áformum um sameiningu stofnananna. Í þriðja lagi færist hluti fjárheimildar *756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð* til baka á liðinn *552 Heilsugæslustöðin Dalvík*, þar sem fallið var frá sameiningu Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði og heilsugæslustöðvanna í Ólafsfirði og á Dalvík í eina stofnun. Ný stofnun tekur til starfa 1. janúar n.k., en þá sameinast Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði og til verður Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	516,8	426,9	281,1	-34,2	-45,6
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.007,7	1.991,3	2.004,4	0,7	-0,2
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	177,0	190,7	181,9	-4,6	2,8
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.970,1	1.900,4	1.990,0	4,7	1,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.724,8	1.681,5	1.668,5	-0,8	-3,3
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.021,8	1.040,9	1.008,0	-3,2	-1,4
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2.390,9	2.792,9	2.750,6	-1,5	15,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	928,7	909,0	914,1	0,6	-1,6
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	396,4	434,1	390,3	-10,1	-1,5
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	456,1	472,9	445,7	-5,8	-2,3
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	260,6	270,9	247,2	-8,7	-5,1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	823,2	885,5	806,4	-8,9	-2,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	709,7	676,7	663,7	-1,9	-6,5
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.496,6	1.362,7	1.364,0	0,1	-8,9
Samtals	**14.880,4**	**15.036,4**	**14.715,9**	**-2,1**	**-1,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 919,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins um 866,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Við útfærslu á þeim aðhaldsaðgerðunum sem ráðast þarf í er almennt haft að leiðarljósi að standa vörð um grunnþjónustuna. Þá er skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana ætlað að skila fjárhagslegum ávinningi. Auk þess verður haldið áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi, vaktkerfum og aukagreiðslum með það að markmiði að lækka útgjöld Einnig skal ná fram lækkun í lyfjaútgjöldum stofnana með innleiðingu lyfjalista og markvissari notkun lyfja. Þá mun ráðuneytið beita sér fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ná fram hagræðingu í sameiginlegum innkaupum, m.a. á lyfjum og öðrum rekstrarvörum. Að síðustu er gert ráð fyrir að fækka um samtals 35 hjúkrunarrýmі á heilbrigðisstofnunum. Að baki þeirri tillögu liggur mat á þörf fyrir fjölda rýma eftir svæðum og reynslutölur um nýtingu rýma hjá viðkomandi stofnunum. Einnig er stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi fyrir hjúkrunarrýmі þannig að aðeins verði greitt fyrir nýtt rými. Að öðru leyti skýrast helstu breytingar á framlögum af eftirfarandi tilefnum. Í fyrsta lagi er 189 m.kr. fjárheimild flutt af *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun á landsbyggðinni, en á fjárlögum þessa árs var framlag til heimahjúkrunar aukið í samræmi við samkomulag við eldri borgara þar um. Í öðru lagi eru 100 m.kr. færðar af liðnum *379 Sjúkrahús, óskipt* til að mæta ófyrirséðum rekstrarkostnaði í málaflokknum. Í þriðja lagi er framlag hækkað um 29,6 m.kr. til að mæta kostnaði við síðasta áfanga flutnings á umsjón með fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Í ljósi breytts efnahagsástands og til að gera þennan flutning á síðasta áfanga að veruleika var ákveðið að Fasteignir ríkissjóðs

veiti tímabundið 35% afslátt af húsaleigugreiðslum allra stofnana. Á hinn bóginn er fellt niður tímabundið framlag til stofnkostnaðarverkefna að fjárhæð 259,6 m.kr. sem nú er lokið.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld verði 281,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 146,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Það skýrist einkum af niðurfellingu á tímabundnu 259,6 m.kr. framlagi til stofnkostnaðar. Framlagið var til framkvæmda við heilbrigðisstofnanirnar Suðurlandi, Suðurnesjum og Siglufirði til verkefna sem nú er lokið. Á móti hækkar framlag til stofnkostnaðar um 14,9 m.kr. til endurbóta á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þá er flutt 100 m.kr. rekstrarframlag af safnliðnum *379 Sjúkrahús, óskipt*, til að mæta ófyrirséðum kostnaði í málaflokknum. Aðrar breytingar á rekstrarframlagi skýrast af millifærslu framlags til Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum til að fjármagna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tæki og búnaður	0,0	30,0	30,0	0,0	-
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	162,0	57,0	10,0	-82,5	-93,8
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	35,6	35,1	50,0	42,5	40,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	0,5	0,0	0,0	-	-
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	233,2	245,1	90,0	-63,3	-61,4
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	55,5	57,5	0,0	-	-
Samtals	**486,8**	**424,7**	**180,0**	**-57,6**	**-63,0**

716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Gert er ráð fyrir að útgjöld nýrrar stofnunar verði 2.750,6 m.kr. á árinu 2010. Í fjárlögum þessa árs voru fjárheimildir liðanna *522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi, 524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík, 525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði, 526 Heilsugæslustöðin Búðardal og 715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi* færðar á þennan lið vegna áforma um sameiningu þessara stofnana. Frá þeirri sameiningu var fallið, en ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í eina stofnun. Á fjárlagaviðfangið eru því fluttar fjárheimildir liðanna *711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, 735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík og 741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga,* samtals að fjárhæð 1.988,7 m.kr. Að raungildi lækka útgjöld nýrrar stofnunar um 132,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs sem skýrist einkum af 176,4 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í rekstri. Framlag til nýrrar stofnunar hækkar í fyrsta lagi um 21,3 m.kr. til að mæta kostnaði við húsaleigu umfram fasteignagjöld. og í þriðja lagi eru 23 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar til hækkunar á nettó framlagi

um 89,8 m.kr. skýrist einkum af launaverðlagsbótum, hækkun tryggingagjalds, flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað og rekstrarleigu röntgen-aflesara og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 247,2 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 35,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist einkum af 31,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 4,0 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu.

726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 1.008 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 67,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist í fyrsta lagi af 65,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 15,6 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá eru 14,0 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 390,3 m.kr. á árinu 2010. Fjárheimildir stofnunarinnar árið 2009 að fjárhæð 429,3 m.kr. eru fluttar til baka af lið *746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki,* en horfið var frá sameiningu þessara stofnana sem fyrirhuguð var á árinu 2009. Gert er ráð fyrir 55,1 m.kr. raunlækkun fjárheimilda frá fyrra ári sem skýrist í fyrsta lagi af 45,1 m.kr. lækkun í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í rekstrargjöldum. Í öðru lagi er framlagið lækkað annað árið í röð um 9 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Í þriðja lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 9,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 806,4 m.kr. árið 2010. Fjárheimildir stofnunarinnar árið 2009 eru fluttar af lið *746 Heilbrigðis-stofnunin Blönduósi og Sauðárkróki,* en horfið var frá sameiningu þessara stofnana sem fyrirhuguð var árið 2009. Gert er ráð fyrir 115,3 m.kr. raunlækkun fjárheimilda frá fyrra ári sem skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 100,8 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í rekstrargjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til

Fasteigna ríkissjóðs um 14,3 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

756 ***Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld þessarar nýju stofnunar nemi samtals 445,7 m.kr. og jafngildir það um 148,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Horfið var frá því að sameina Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og heilsugæslustöðvarnar í Ólafsfirði og á Dalvík eins og til stóð. Þess í stað er ákveðið að sameina *755 Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og 551 Heilsugæslustöðina Ólafsfirði* í eina stofnun frá 1. janúar 2010. Fjárheimildir Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík að fjárhæð 100,4 m.kr. eru því færðar til baka á sinn fyrri fjárlagalið. Lækkun framlags vegna aðhaldsáforma nemur um 39,6 m.kr., þ.a. eru 25 m.kr. sem er lækkun annað árið í röð til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 8,2 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

761 ***Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 914,1 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 23,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af 25,3 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 14,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá er lagt til að flytja 17 m.kr. framlag til stofnunarinnar til að efla heimahjúkrun við aldraða. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

777 ***Heilbrigðisstofnun Austurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 2.004,4 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 56,3 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 79,5 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 16,8 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Í þriðja lagi er lögð til lækkun framlags um 2,2 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í fjórða lagi er gerð tillaga um að flytja 42 m.kr. af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til stofnunarinnar til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af flutningi framlags innan ramma til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað og endurráðstöfun framlags vegna stöðu læknis.

779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 181,9 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir lækkun framlags um 15,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 12,8 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 2,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 663,7 m.kr. á næsta ári, en það er lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs um 32,2 m.kr., sem skýrist í fyrsta lagi af 28,4 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 5,8 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá eru færðar 2,2 m.kr. af safnlið ráðuneytisins *700 Heilbrigðisstofnanir, almennur rekstur* til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar sem heimiluð voru kaup á árið 2008. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verð 1.990 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 31,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkun framlagsins skýrist í fyrsta lagi af leigugjöldum, en umsjón með fasteignum stofnunarinnar er nú flutt til Fasteigna ríkissjóðs. Í öðru lagi eru 50 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Á hinn bóginn lækkar framlagið um 77,6 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags innan ramma ráðuneytisins til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.668,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 68,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkun framlagsins skýrist í fyrsta lagi af 101,5 lækkun í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 9,3 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Í þriðja lagi lækkar framlagið um 1,4 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í fjórða lagi eru 43 m.kr. færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af flutningi framlags innan ramma til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.364 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 53,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 82,2 m.kr. lækkun framlags í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækkar framlagið um 5,0 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í þriðja lagi hækkar framlagið um 33,4 m.kr. vegna leigugjalda að frádregnum fasteignagjöldum, en umsjón með fasteignum stofnunarinnar er nú flutt til Fasteigna ríkissjóðs. Aðrar breytingar á framlagi skýrast af launa- og verðlagsbótum og hækkun tryggingagjalds.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Geislavarnir ríkisins	82,2	93,9	78,5	-16,4	-4,5
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	225,7	139,0	128,7	-7,4	-43,0
Landlæknir	351,7	317,9	344,9	8,5	-1,9
Lyfjastofnun	331,5	178,2	159,8	-10,3	-51,8
Lýðheilsustöð	312,3	325,5	348,0	6,9	11,4
Sjónstöð Íslands	227,5	0,0	0,0	-	-
Samtals	**1.530,9**	**1.054,5**	**1.059,9**	**0,5**	**-30,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 1.059,9 m.kr. á næsta ári og lækkar um 19,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til eftirlits- og stjórnsýslustofnana um 97,1 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Unnið er að endurskipulagningu á verkefnum eftirlits- og stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins, með það að markmiði að efla og einfalda stjórnsýsluna og ná fram hagræðingu.

301 Landlæknir. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 16,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af þremur tilefnum. Fyrst er að telja 31,6 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í annan stað eru 48,5 m.kr. fluttar á liðinn af *401 Öldrunarstofnanir, almennt*, en rekstur vistunarmatsnefnda og hýsing RAI matskerfa fyrir vistunarmat verður framvegis hjá landlækni.

305 Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld nemi um 348 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að framlög í Forvarnasjóð hækki um 21,4 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um hækkun tekna af áfengisgjaldi. Í öðru lagi hækkar liðurinn um 20 m.kr. í samræmi við áætlun um lögbundið framlag af tóbaksvarnargjaldi. Á móti kemur 24,5 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld nemi 128,7 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 13,8 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

327 Geislavarnir ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 78,5 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 17,4 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 9,4 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í annan stað fellur niður 8 m.kr. tímabundin fjárveiting til kaupa á tækjum og öðrum búnaði.

397 Lyfjastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 159,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 21,8 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 17,8 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi fellur niður tímabundin fjárveiting til íslenska upplýsingasamfélagsins frá 2009.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.....	1.098,3	1.249,8	1.241,0	-0,7	13,0
Málefni fatlaðra.....	305,8	315,3	317,2	0,6	3,7
Samtals	**1.404,1**	**1.565,1**	**1.558,2**	**-0,4**	**11,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 47,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Helstu breytingar í frumvarpinu eru að gert er ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 102,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum.

340 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 317,2 m.kr. og dragist saman um 7,8 m.kr. að raungildi á milli ára. Í fyrsta lagi er lögð til 20,3 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna samninga og styrkja til félagasamtaka sem undir liðinn heyra, í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi eru 10 m.kr. færðar á liðinn af *379 Sjúkrahús, óskipt* til að gera samning við Endurhæfingu í Kópavogi um sérhæfða sjúkraþjálfun og ráðgjöf fyrir við fjölfatlaða einstaklinga. Aðrar breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af hækkun fasteignagjalda, verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 1.241 m.kr. á næsta ári og lækki um 39,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 81,8 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna samninga og styrkja til félagasamtaka sem undir fjárlagaliðinn heyra, í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá er í öðru lagi lögð til 47,6 m.kr. tímabundin hækkun í eitt ár til viðbúnaðar gegn farsóttum til að kaupa bóluefni gegn svínaflensuveirunni. Í þriðja lagi er 46,7 m.kr. framlag flutt af lið *401 Hjúkrunarheimili, almennt* til reksturs og umsýslu RAI-kerfa í kjölfar breytinga sem gerðar hafa verið á verkskiptingu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um öldrunarmál. Í fjórða lagi eru 35,3 m.kr. fluttar á lið *101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa* til eftirlits með styrkjum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í fimmta lagi eru 13,4 m.kr. fluttar á lið *101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa*, en laun sérfræðinga sem starfa hjá ráðuneytinu við uppbyggingu á sjúkraskrárkerfi og heilbrigðisupplýsingum hafa verið greidd af lið upplýsingatæknimála. Að síðustu er veitt 2 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár til Íslenska upplýsingasamfélagsins til verkefnis um upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni. Markmið verkefnisins er að gera afsláttarkerfið rafrænt þannig að sá sem þiggur þjónustu heilbrigðiskerfisins njóti strax þess afsláttar sem hann á rétt á og þurfi ekki af safna kvittunum eða sækja um það sem hann á rétt á samkvæmt lögum. Þá fellur niður tímabundin 5 m.kr. fjárveiting til sama verkefnis á árinu 2009. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjálög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskipt viðfangsefni		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins		
Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2,5	2,4
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Eftirlits með styrkjum og samningum á vegum HBR.	35,3	0,0
Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni.	33,0	26,7
Missoc þátttökugjalds	2,0	2,2
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,0	2,2
Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda.	2,0	2,6
Óskipt	2,4	2,4
Samtals	**81,2**	**40,5**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptri fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnlið er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	49.612,6	19.636,0	19.839,9	1	-60
Neyslu- og rekstrartilfærslur	29.984,5	31.887,9	30.128,6	-6	0
Stofnkostnaður og viðhald	194.314,7	3.173,4	4.642,5	46	-98
Samtals	**273.911,8**	**54.697,3**	**54.611,0**	**0**	**-80**
Greitt úr ríkissjóði	-	44.598,5	44.026,5	-1	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.135,8	2.465,5	15	-
Viðskiptahreyfingar	-	7.963,0	8.119,0	2	-
Samtals	-	**54.697,3**	**54.611,0**	**0**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytisins árið 2010 eru áætluð um 60.961 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.350 m.kr. en þær nema 10,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 54.611 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 44.027 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.465 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.119 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld fjármálaráðuneytisins um 86,3 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 852 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013 og um 1.000 m.kr. vegna breytinga á barnabótakerfinu sem leiða til lækkunar á næsta ári. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 2.983 m.kr. Í þriðja lagi nema tímabundin framlög til ýmissa verkefna og tímabundnar lækkanir 1.461 m.kr. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 330 m.kr. Loks bætast við auknar fjárheimildir sem skýrast af verðlagshækkunum sem eru áætlaðar tæpar 244 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.840 m.kr. og hækka um 205 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar til flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar um alls 820 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofn-

unum. Vissir liðir sem ekki eru skilgreindir sem rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá fjármálaráðuneytinu nemur 10% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við hlutfall af veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjölluninni hér á eftir. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 1.064 m.kr. en þar munar mest um 265 m.kr. framlag til að mæta hækkun tryggingagjalds úr 5,34% í 7% á næsta ári, 422 m.kr. vegna aukins fjármagnstekjuskatts af innstæðum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og lækkun leigutekna af húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs sem nemur um 606 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 38 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 162 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.759 m.kr. og verða 30.129 m.kr. en eru 31.888 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um rúman milljarð króna. Því til viðbótar eru ráðstafanir til að lækka útgjöld tiltekinna stærri tilfærsluliða. Þyngst vegur að lög um uppbætur á ellilífeyri eru felld brott sem hefur í för með sér 590 m.kr. lækkun á tilfærslum og 500 m.kr. fjárveiting til endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna notaðra ökutækja er felld niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nokkurri aukningu í útstreymi tilfærslukerfa um 329 m.kr. til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða sem leiðir af hækkun tryggingagjalds. Engar verðlagshækkanir eru vegna fjárveitinga sem teljast til tilfærslna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 4.643 m.kr. og er það 1.468 m.kr. hækkun milli ára. Framlög lækka um 8,7 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Því til viðbótar falla niður framlög að upphæð 333 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og 617 m.kr. vegna lækkunar húsaleigu vegna húsnæðis í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 2.345 m.kr. fjárheimild vegna ríkisábyrgða sem talið er að geti fallið á ríkissjóð vegna falls bankanna. Um er að ræða skuldbindingar vegna skuldabréfa sem Ríkissjóður gekkst í ábyrgð fyrir þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru upphaflega gerðir að hlutafélögum.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.294,7 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2.5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	482,9	507,0	507,0	507,0	507,0
Tekjubókhaldskerfi	A	360,4	378,5	378,5	378,5	378,5
Skattvinnslukerfi	A	366,3	384,5	384,5	384,5	384,5
Lánaumsýsla Seðlabanka Íslands	A	85,1	89,0	89,0	89,0	89,0
Samtals		**1.294,7**	**1.359,0**	**1.359,0**	**1.359,0**	**1.359,0**

Allir framangreindir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 507 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó er nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 378,5 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veffframtal,

notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður var samningur við Seðlabanka Íslands árið 2007, um að bankinn tæki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hafði áður með höndum. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1,4 milljarður króna bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	627,6	679,9	661,7	-2,7	5,4
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	5,0	-16,7	-
Samtals	**627,6**	**685,9**	**666,7**	**-2,8**	**6,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 28,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar sem nema 9,2 m.kr. Lækkun fjárheimilda á aðalskrifstofu ráðuneytisins að upphæð um 41,9 m.kr. er til komin vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Aukin fjárheimild er vegna tilflutnings starfsmanns frá Óbyggðnefnd til aðalskrifstofunnar í tengslum við þjóðlendumál og hækkunar tryggingagjalds úr 5,34% í 7% á næsta ári. Ráðstöfunarfé ráðherra lækkar um 1 m.kr. á milli ára.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202–211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn.

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála lækka um tæpar 200 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mestu um 254 m.kr. lækkun útgjalda til þess að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Hækkun tryggingagjalds úr 5,34% í 7% skýrir 57 m.kr. hækkun til starfsemi skattkerfisins. Fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp til þess að móta tillögur um sameiningu skattumdæma og breytta verkaskiptingu embættis ríkisskattstjóra og skattstofa. Gert er ráð fyrir að tillögur hópsins leiði til a.m.k. 137 m.kr. hagræðing hjá umræddum embættum á

næsta ári. Niðurstöður starfshópsins liggja ekki fyrir og því verður stuðst við flatan niðurskurð á fjárheimildum embættis ríkisskattstjóra og skattstofa í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að frekari útfærslu verði að finna í fjárlögum. Engin ný útgjaldatilefni til málaflokksins er að finna í frumvarpinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.126,2	1.205,4	1.177,4	-2,3	4,5
Skattstofan í Reykjavík	431,3	436,7	419,8	-3,9	-2,7
Skattstofa Vesturlands	92,5	93,1	90,0	-3,3	-2,7
Skattstofa Vestfjarða	43,7	42,0	40,7	-3,1	-6,9
Skattstofa Norðurlands vestra	43,5	49,1	47,4	-3,5	9,0
Skattstofa Norðurlands eystra	128,5	134,0	129,3	-3,5	0,6
Skattstofa Austurlands	58,1	59,8	57,9	-3,2	-0,3
Skattstofa Suðurlands	86,3	69,6	71,5	2,7	-17,1
Skattstofa Vestmannaeyja	29,2	30,2	29,1	-3,6	-0,3
Skattstofa Reykjaness	278,1	287,5	275,9	-4,0	-0,8
Skatta- og tollamál	22,2	76,6	69,3	-9,5	212,2
Yfirskattanefnd	108,5	120,4	115,9	-3,7	6,8
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	172,7	178,0	171,4	-3,7	-0,8
Innheimtukostnaður	337,9	485,0	508,9	4,9	50,6
Tollstjórinn	1.469,5	1.842,2	1.848,9	0,4	25,8
Samtals	**4.428,2**	**5.109,6**	**5.053,4**	**-1,1**	**14,1**

201 Ríkisskattstjóri. Fjárheimild embættisins lækkar um 60 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.177,4 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir eru 31,9 m.kr. Raunlækkunin kemur til af samdrætti í útgjöldum að upphæð 67,7 m.kr. til þess að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

201–211 Skattstofur. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir skattstofa lækki um 54 m.kr. frá fjárlögum ársins 2009 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Um er að ræða 70 m.kr. niðurskurð á rekstrargjöldum í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Launa- og verðlagshækkanir nema 13,5 m.kr. fyrir næsta ár.

212 Skatta- og tollamál. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til sérstakra skatta- og tollaverkefna lækki um 9,6 m.kr. í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Nemur lækkunin 12,5% af veltu umræddra verkefna. Um er að ræða lækkun fjárheimilda vegna umsýslu þungaskatts, hugbúnaðargerðar fyrir skattkerfið og annarra sameiginlegra verkefna á vegum stofnana skattkerfisins. Launa- og verðlagsbreytingar nema 2 m.kr. á næsta ári.

214 Yfirskattnefnd. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til nefndarinnar skerðist um 7,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum og hækkun tryggingagjalds. Lækkun fjárheimilda er í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til embættisins skerðist um 10,7 að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Lækkun fjárheimilda er í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

250 Innheimtumál. Ekki er gert er ráð fyrir aukinni útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar ríkissjóðs. Miðað er við svipað umfang og árið 2008. Staða liðarins hefur jafnan verð felld niður í árslok í lokafjárlögum þannig að hvorki myndast halli né afgangur milli ára.

262 Tollstjórinn. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.848,9 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum skerðist fjárheimildin um rúmar 62 m.kr. frá fjárlögum ársins 2009. Gert er ráð fyrir 92 m.kr. skerðingu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda á næsta ári. Leiðréttar launa- og verðlagshækkanir vegna tilflutnings verkefna frá sýslumönnum til tollstjórans nema rúmum 30 m.kr.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflokks teljast þrír fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun; 391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða og 393 Endurhæfingarsjóður. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 7.736 m.kr. árið 2010 og hækki um 433,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	40.494,3	5.165,9	5.246,0	1,6	-87,0
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.513,9	2.011,3	2.340,0	16,3	54,6
Endurhæfingarsjóður	0,0	125,0	150,0	20,0	-
Samtals	**42.008,2**	**7.302,2**	**7.736,0**	**37,9**	**-32,5**

381 Lífeyrisskuldbindingar. Á þennan lið er áætlað bæði fyrir greiddum verðlagsuppbótum á lífeyri og reiknuðum breytingum vegna skuldbindinga ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2008 námu líf-

eyrisskuldbindingar ríkissjóðs tæpum 343 milljörðum króna. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 123 milljörðum króna í árslok 2008. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 41,5 milljarði kr. á árinu 2008. Þar af færast 40,5 milljarðar kr. hjá fjármálaráðuneytinu og rúmur 1 milljarður kr. hjá ríkisstofnunum vegna viðbótariðgjalda. Hækkun á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs er veruleg á milli ára eða 20,6 milljarðar kr. Eignir lífeyrissjóðanna rýrnuðu verulega á árinu 2008. Í árslok var eignastaða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins neikvæð um 2,9% eftir að hafa verið jákvæð um 3,3% í ársbyrjun. Eignastaða Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga lækkaði úr 20,4% í ársbyrjun í 14,3% í árslok. Áhrif rýrnunar á eignastöðu sjóðanna hefur í för með sér 27,3 milljarða kr. hærri lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Meginorsakir þessa má rekja til falls bankanna. Áætlað er að skuldbindingin breytist í samræmi við launaþróun og áunnin réttindi árin 2009 og 2010 og því verði ekki um að ræða teljandi breytingar hvorki vegna launahækkana né vegna breyttra reikniforsendna t.d. varðandi lífslíkur bótaþega. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga verði rúmir 5,2 milljarðar króna á næsta ári sem er svipað því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærri en gjaldfærslan eða um 7,5 milljarðar króna. Eins og á fyrri árum er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu áður nefndra lífeyrissjóða. Í ljósi aðstæðna er ekki gert ráð fyrir sérstakri fyrirframgreiðslu vegna skuldbindinga sjóðsins eins og verið hefur undanfarin ár, enda þyrfti þá að fjármagna slíkt með láni. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir á næsta ári er meiri óvissa en ella um áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinga.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir 329 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um framlengingu kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt yrði framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við nýjustu spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði 2.340 m.kr. árið 2010. Lagasetningin felur jafnframt í sér að framlagið verði fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi.

393 Endurhæfingarsjóður. Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu til Endurhæfingarsjóðs á næsta ári. Sjóðnum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að koma að málum eins snemma og kostur er, til að stuðla að því að sérhver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og starfsgeta hans leyfir. Sjóðurinn mun skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða bæði kostnað af störfum þeirra og kostnað við ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Í Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er fjallað um Starfsendurhæfingarsjóð. Þar kemur fram að lögfest verði gjald til sjóðsins frá atvinnulífinu á árinu 2009. Sjóðurinn fái úr ríkissjóði 150 m.kr. framlag á árinu 2010. Samkvæmt sáttmálanum mun framlag ríkisins í sjóðinn hækka í 250 m.kr. 2011 og 350 m.kr. 2012. Lögfesta skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefjist 1. júlí 2010. Jafnframt skal lögfesta fyrir 1. júlí 2010 að frá og með 1. júlí 2013 greiði ríkið 0,13% af tryggingagjaldsstofni til sjóðsins og verður þá framlag ríkisins að fullu komið til greiðslu.

Barnabætur, vaxtabætur og uppbætur á ellilífeyri

Til þessa málaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur, 821 Vaxtabætur og 831 Uppbætur á ellilífeyri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	8.875,3	10.100,0	9.100,0	-9,9	2,5
Vaxtabætur	7.013,0	7.770,0	7.770,0	0,0	10,8
Uppbætur á ellilífeyri	496,3	590,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**16.384,6**	**18.460,0**	**16.870,0**	**-8,6**	**3,0**

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur nemi 9.100 m.kr. á næsta ári sem er 1 milljarði króna lægri upphæð en í núgildandi fjárlögum. Reglum um úthlutun bótanna verður breytt þannig að þessi lækkun komi niður á tekjumeiri fjölskyldum. Lagt verður fram frumvarp á haustþingi þar sem úthlutun barnabóta verður ákveðin nánar.

821 Vaxtabætur. Gerð er tillaga um 7.770 m.kr. fjárheimild vegna vaxtabóta sem er sama fjárhæð og var í fjárlögum yfirstandandi árs. Reglum um úthlutun bótanna verður breytt þannig að þær nýtist betur tekjuminni fjölskyldum með því að tekjuskerðing

bótanna verður aukin á sama tíma og heimiluð hámarksvaxtagjöld verða hækkuð. Lagt verður fram frumvarp á haustþingi þar sem úthlutun vaxtabóta verður ákveðin nánar.

831 Uppbætur á ellilífeyri. Gert er ráð fyrir að fjárheimild vegna uppbóta á eftirlaun lífeyrisþega verði felld niður. Lög um uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega hafa þegar verið afnumin. Á móti mun fjárheimild félags- og tryggingaráðuneytis í lífeyristryggingum lækka og veldur breytingin því að viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega lækka og útgreiðslur almannatrygginga hækka.

Afskrifaðar kröfur, fjármagnstekjuskattur og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur, 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	11.528,5	10.000,0	10.000,0	0,0	-13,3
Fjármagnstekjuskattur	2.722,7	2.285,0	2.707,0	18,5	-0,6
Ríkisábyrgðir	40,9	0,0	2.345,0	-	5.633,5
Tapaðar kröfur og tjónabætur	192.267,5	110,0	110,0	0,0	-99,9
Samtals	**206.559,6**	**12.395,0**	**15.162,0**	**22,3**	**-92,7**

Fjárheimildir þessa málefnaflokks nema 15.162 m.kr. og hækka um 2.767 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er áætlun um afskrifaðar skattkröfur óbreytt milli ára. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 422 m.kr. og verði 2.707 m.kr. Áætlað er að vaxtatekjur af dráttarvöxtum skatttekna verði 154 m.kr., vaxtatekjur af lánum verði 619 m.kr. og að vaxtatekjur af bankareikningum verði 1.911 m.kr., Þá er áætlað að fjármagnstekjuskattur vegna arðgreiðslna verði 23 m.kr. og að greiðsla vegna skattsins hækki um 266 m.kr. og verði 2.468 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Í þriðja lagi er áætlað fyrir 2.345 m.kr. fjárheimild vegna ríkisábyrgða sem fallið geta á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru upphaflega gerðir að hlutafélögum hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið

útgefin. Ríkissjóður er enn ábyrgur fyrir þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók í gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands sem síðar var sameinaður Kaupþing banka og Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs Landbúnaðarins. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum. Það merkir að kröfuhafar verða fyrst að ganga að skuldara og sanna greiðslufall hans, t.d. með gjaldþroti skuldara áður en hægt er að ganga að ríkissjóði. Frá því að bankarnir þrír féllu í október 2008 hefur ríkissjóður, án skyldu, reynt að greiða af þessum lánum eftir því sem þau féllu á gjalddaga. Í öllum tilvikum er um að ræða skuldir í íslenskum krónum við innlenda aðila utan eitt lán hjá Landsbanka Íslands frá árinu 1996. Það lán greiðist í einu lagi árið 2011. Ríkissjóður getur yfirtekið greiðsluskyldu samkvæmt upphaflegum afborgunarskilmálum og þarf því ekki að greiða upp lánin þegar ríkissjóður innleysir ríkisábyrgðina. Loks er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild vegna tapaðra krafna og tjónabóta í frumvarpinu milli ára eða 110 m.kr. Útgjöldin námu hins vegar rúmum 192 milljörðum kr. á árinu 2008. Meginskýringar á miklum mismun eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi varð samkomulag á milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands í lok síðasta árs um að bankinn framseldi ríkissjóði kröfur vegna veð- og daglána til viðskiptabanka og fjármálafyrirtækja. Var það gert til að tryggja viðunandi eiginfjárstöðu bankans í árslok. Heildarfjárhæð krafnanna nam um 345 milljörðum kr. Þar af afskrifaði bankinn 75 milljarða og kaupverð ríkissjóðs nam því 270 milljörðum kr. Á grundvelli mats á kröfunum var ákveðið að afskrifa þær um tæpa 175 milljarða kr. Í öðru lagi yfirtók ríkissjóður veðlánakröfur af Seðlabankanum vegna ríkisverðbréfalána bankans sem ekki hafa innheimst. Ríkisbréfin námu tæpum 98 milljörðum kr. en á móti fengust tryggingabréf að andvirði 80 milljarðar kr., sem talið var unnt að innheimta. Mismunurinn að fjárhæð 17 milljarðar kr. er færður sem tapaðar kröfur.

Óviss útgjöld

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Óviss útgjöld.

989 Óviss útgjöld. Á þessum lið er að finna fjárveitingu til þess að bregðast við óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum, eins og t.d. í gengismálum, verðlagsmálum, vegna kjarasamninga o.s.frv. Nánar er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem stuðst verður við vegna ráðstöfunar af þessum lið í inngangi að gjaldakafla A-hluta á bls. 124.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 977 Bankasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra

ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 7.911 m.kr., en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 5.714 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu. Helstu breytingar milli ára eru tvenns konar. Annars vegar að skv. nýsamþykktum lögum nr. 98/2009 um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, var ákveðið að færa fasteignamál undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið frá 1. október 2009. Fjárheimildir að upphæð 495,2 m.kr. til Fasteignaskrár Íslands og 15,9 m.kr. til Yfirfasteignamatsnefndar flytjast þannig á milli ráðuneyta. Hins vegar var ákveðið með lögum nr. 88/2009 að koma á fót sérstakri Bankasýslu ríkisins sem fari með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 50 m.kr. á næsta ári og árlega næstu fimm ár til reksturs embættisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.250,3	1.401,0	1.400,1	-0,1	12,0
Framkvæmdasýsla ríkisins	5,8	2,6	0,0	-100,0	-100,0
Ríkiskaup	-11,7	0,0	0,0	-	-100,0
Lánaumsýsla ríkisins	93,8	85,1	82,1	-3,5	-12,5
Bankasýsla ríkisins	0,0	0,0	50,7	-	-
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	47,4	30,3	30,4	0,3	-35,9
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	23,6	65,5	14,5	-77,9	-38,6
Fasteignir ríkissjóðs	377,9	282,2	0,0	-100,0	-100,0
Rekstur fyrrum varnarsv. við Keflavíkurflugvöll	473,9	1.006,2	618,7	-38,5	30,6
Samtals	**2.261,0**	**2.872,9**	**2.196,5**	**-23,5**	**-2,9**

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.400,1 m.kr. í frumvarpinu og lækki því um 32,9 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Þyngst vegur 47,2 m.kr. lækkun fjárheimildar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Á móti hækka fjárheimildir vegna aukins innheimtukostnaðar í tengslum við fjölgun gjalddaga við innheimtu útvarpsgjalds um 8,7 m.kr. annars vegar og vegna hækkunar tryggingagjalds um 5,6 m.kr. hins vegar. Launa- og verðlagsbreytingar nema 32 m.kr. á næsta ári.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um 1,3 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 146,5 m.kr. Um er að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Gert er ráð fyrir að 2,7 m.kr. framlag vegna tiltekinna stjórnsýsluverkefna falli niður á næsta ári.

905 Ríkiskaup. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um rúmar 80 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og veltan nemi 1.787,1 m.kr. á næsta ári. Fyrst og fremst er um að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

976 Lánaumsýsla ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 82,1 m.kr. Eins og fram kom í umfjöllun um skuldbindandi samninga hér að framan hefur Seðlabanki Íslands tekið að sér verkefni á sviði lánaumsýslu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Fjárveitingin á þessum lið er ætlað að mæta útgjöldum vegna samningsins.

977 Bankasýsla ríkisins. Með nýsamþykktum lögum nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins er komið á fót sérstakri stofnun sem fari með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Gert er ráð fyrir að helstu verkefni stofnunarinnar verði að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, setja viðmið í rekstri fjármálastofnana í eigu ríkisins, svo sem um arðsemi eigin fjár og almennar áherslur varðandi endurskipulagningu fjármálakerfisins. Stofnunin mun jafnframt hafa eftirlit með því að settum markmiðum verði náð innan fjármálafyrirtækjanna. Gert er ráð fyrir því að stofnunin starfi tímabundið og ekki lengur en í fimm ár. Þegar endurreisn fjármálakerfisins er lokið er gert ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður og að umsýsla eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum verði með hefðbundnum hætti. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 50 m.kr. á næsta ári og árlega næstu fimm ár.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir 1,8 m.kr. lækkun fjárheimildir vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda, en óbreyttum fjárheimildum að öðru leyti ef frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á árinu 2008 var veitt 333 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins, bæði á vegum Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðisráðuneytisins. Var sérstaklega horft til fasteigna á þeim svæðum þar sem aflasamdráttur leiddi til fækkunar starfa. Framlagið var veitt á liðinn ýmsar fasteignir ríkissjóðs en á árinu 2009 voru 282 m.kr. millifærðar á Fasteignir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að mismunur að upphæð 51 m.kr. falli niður og að eftir standi 14,5 m.kr. fjárveiting.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar lækki um 725 m.kr. milli ára að undanskyldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi lækka tekjur af húsaleigu um rúmar 606 m.kr. vegna afsláttar sem veittur er af húsaleigu stofnana til að mæta auknum kröfum um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum. Til þess að mæta þeirri lækkun dregur úr almennu viðhaldi um 617,7 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting að upphæð 282 m.kr. til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins, sem veitt var til tveggja ára á fjárlögum 2008, falli niður á næsta ári. Um er að ræða fjárveitingu skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um með hvaða hætti verja átti sérstöku mótvægisframlagi sem ætlað var til viðhalds á húsnæði ríkisins þar sem niðurskurður á þorskkvóta kom harðast niður. Loks er gert ráð fyrir að launa- og verðlagsbreytingar nemi tæpum 164 m.kr. á næsta ári.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr framlagi til fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 417 m.kr. og að fjárheimild til reksturs svæðanna nemi 618,7 m.kr. Rekstur eignanna og önnur umsýsla er í höndum þróunarfélags sem stofnað var sérstaklega um eignir ríkisins á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll. Fjárveitingunni er ætlað að standa straum af kostnaði við að koma eignum á svæðinu í söluhæft ástand og að annast rekstur, viðhald og framkvæmdir á fasteignum á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að hægt verði á áformum um hreinsun svæðisins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	350,0	350,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	180,0	-10,0	-
Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja	0,0	500,0	0,0	-100,0	-
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	135,7	87,4	91,8	5,0	-32,4
Ýmislegt	1.495,3	1.117,9	1.079,0	-3,5	-27,8
Samtals	**1.631,0**	**2.255,3**	**1.700,8**	**-24,6**	**4,3**

481 Útgjöld samkvæmd heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 35 m.kr. lækkun á fjárheimildinni. Byggir sú tillaga á spám um samdrátt í fasteignasölu, en auk þess er lagt til að dregið verði úr því að ráðstafa söluandvirði eigna til viðhalds eða breytinga á annarri eign. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin lækki um 20 m.kr. og nemi 180 m.kr. á næsta ári.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Á fjárlögum ársins 2008 var ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af tiltekinni hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu. Nær endurgreiðslan almennt til þess sem kalla má forritun og hugbúnaðargerð en ekki til vinnslu, skráningar og daglegs reksturs tölvukerfa. Tilgangurinn með þessu er að vinna að framgangi útvistunarstefnu ríkisins og láta virðisaukaskattsreglur ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ríkisstofnunum um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er keypt að. Framkvæmdin er þannig að virðisaukaskattur af þjónustunni er gjaldfærður á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana. Engar breytingar eru gerðar á fjárheimildinni milli ára að undanskildum launa- og verðalagsbreytingum sem nema 4,4 m.kr.

999 Ýmislegt. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra liði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þeirra nema alls um 1.079 m.kr. og lækka um tæpar 60,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 21,6 m.kr. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir niðurskurði á fjárveitingum um rúm 5% af rekstrarveltu umræddra verkefna, eða sem nemur 59,4 m.kr., til þess að mæta áætlunum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi eru fjárheimildir á *1.66 Yfirfasteignamatsnefnd,* vegna reksturs nefndarinnar, færðar undir dómsmálaráðuneytið í samræmi við lög þar um. Í þriðja lagi er á *1.67 Þjóðlendumál*, gert ráð fyrir að slegið verði á frest frekari kröfugerðum til þjóðlendna á þessu ári og fram til ársins 2012 sem felur í sér að 20 m.kr. fjárheimild á næsta ári verður felld niður. Í fjórða lagi er á nýjum lið *1.68 Endurskoðendaráð*, gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárheimild til þess að kosta rekstur Endurskoðendaráðs sbr. lög þar um. Endurskoðendaráð skal m.a. hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endur-

skoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Samkvæmt lögunum skal sérhver endurskoðandi greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Í fimmta lagi er á *1.90 Ýmis verkefni* gerð tillaga um að lækka fjárveitingar um 3 m.kr. til verkefnis á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um þjónustu fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur. Í sjötta lagi er á *1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni*, lagt til að 32 m.kr. framlag til ýmissa verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins falli niður, en veitt verði fjárveitingum til eftirfarandi verkefna á fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun: 7 m.kr. til þess að koma afgreiðslu þinglýsinga og veðbókarvottorða á rafrænt form; 2 m.kr. til þess að efla rafræn samskipta skjalakerfa ríkisins og 6 m.kr. til innleiðingar rafrænna skilríkja í samskiptum við opinbera aðila. Loks er á fjárlagaviðfangi *6.11 Bifreiðar ríkisins* gerð tillaga um að fjárveiting til bifreiðakaupa fyrir stjórnarráðið lækki um 5 m.kr. og verði 15 m.kr. á næsta ári.

Fjárlagaliðir með óskiptri heimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar ákvarðanir, s.s. Til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar.
09-481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar	Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	7.710,9	8.385,8	7.771,0	-7	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	17.581,5	14.411,2	14.471,8	0	-18
Stofnkostnaður og viðhald	25.575,9	28.165,8	15.330,2	-46	-40
Samtals	**50.868,3**	**50.962,8**	**37.573,0**	**-26**	**-26**
Greitt úr ríkissjóði	-	21.779,7	21.336,4	-2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	29.108,1	16.161,6	-44	-
Viðskiptahreyfingar	-	75,0	75,0	0	-
Samtals	-	**50.962,8**	**37.573,0**	**-26**	-

Heildargjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 44.225 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.652 m.kr. en þær nema 15% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 37.573 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 21.336 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 16.162 m.kr. innheimtar af ríkistekjum en 75 m.kr., færast til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins saman um 13.605 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 13.349 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 348 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að 10 m.kr. fjárheimild Bjargráðasjóðs færist frá ráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis en vakin skal athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 604 m.kr. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því 256 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar um 215 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 37.573 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.771 m.kr. og lækka um 614,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 830 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu nemur 9,9% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 33,8 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 12,7 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 194,1 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 60,6 m.kr. og verða 14.471,8 m.kr. en eru 14.411,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld lækki um 269 m.kr. Þar vegur þyngst niðurfelling á 139 m.kr. framlagi vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, og 74,2 m.kr. lækkun á lið Keflavíkurflugvallar. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í tilfærslum sem nema 326,6 m.kr. Munar þar mest um 496 m.kr. hækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna viðbótarkostnaðar í tengslum við samkomulag um húsaleigubætur og 169,6 m.kr. lækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs alþjónustu vegna lækkunar jöfnunarsjóðsgjalds úr 0,65% í 0,1%. Á móti falla niður 18 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 21 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði gerðar á bótum tilfærslukerfa á næsta ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 15.330,2 m.kr. og er það 12.835,6 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 12.250 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Skýrist það annars vegar af 11.750 m.kr. lækkun á framlagi til vegaframkvæmda og 500 m.kr. lækkun á framlagi til viðhalds vega. Því til viðbótar falla niður framlög sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og nema samtals 573 m.kr. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundið 303 m.kr. framlag til Fjarskiptasjóðs. Í öðru lagi er fellt niður tímabundin 260 m.kr. fjárveiting vegna Grímseyjarferju og í þriðja lagi fellur niður tímabundið 10 m.kr. framlag vegna endurbóta á tollaðstöðu á Seyðisfirði.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í mynd hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.869,8 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 9,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	340,0	-	-	-	-
Slysavarnaskóli sjómanna	B	65,1	59,1	59,1	59,1	-
Flugvellir- og flugleiðsöguþjónusta	B	3.107,0	2.773,0	-	-	-
Samningar við sérleyfishafa	C	323,0	349,0	-	-	-
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	63,0	67,0	67,0	-	-
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	71,0	76,0	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	414,5	416,0	-	-	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	102,2	28,0	-	-	-
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	C	12,5	14,0	9,0	-	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	10,5	3,0	-	-	-
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands	C	26,7	-	-	-	-
Flug milli Íslands og Narssarssuaq	C	6,5	5,8	5,8	5,8	-
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	327,8	294,3	294,3	-	-
Samtals		**4.869,8**	**4.085,2**	**435,2**	**64,9**	**0,0**

Samningar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu eru merktir með bókstafnum B og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.832,1 m.kr. á árinu 2010. Samningar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stendur eitt að eru merktir með bókstafnum C og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.253,1 m.kr. á næsta ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði um 4,3 milljarðar kr. bundnir árlega vegna framangreindra verkefna. Unnið er meðal annars að endurnýjun samnings um flugvelli og flugleiðsöguþjónustu og samnings um áætlunarflug innanlands en báðir þessir samningar renna út í lok árs 2009. Gert er ráð fyrir að samningur um rekstur Flugskóla Íslands verði ekki framlengdur vegna breyttra forsendna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	364,3	397,5	380,1	-4,4	4,3
Ýmis verkefni	367,9	351,0	302,5	-13,8	-17,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	4,5	-10,0	-
Samtals	**732,2**	**753,5**	**687,1**	**-8,8**	**-6,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 73,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 68,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 7,1 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 12 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög þessa fjárlagaliðar verði 380,1 m.kr. og jafngildir það 27,6 m.kr. raunlækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 10,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að veitt verði 302,5 m.kr. til fjárlagaliðarins og jafngildir það 49,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin fyrst og fremst af áformum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.11 Fastanefndir* er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu. Á *1.23 Slysavarnaskóli sjómanna* er lögð til 6,6 m.kr. lækkun vegna áforma um útgjaldalækkun. Á *1.34 Flugskóli Íslands* er lagt til að 29 m.kr. framlag falli brott úr fjárlögum vegna sparnaðaraðgerða. Samningi við Flugskóla Íslands um rekstrarstyrk hefur verið sagt upp frá og með næstu áramótum en vegna aukinnar samkeppni á þessu sviði hafa forsendur fyrir styrknum breyst frá því sem gert var ráð fyrir í samningnum. Á *1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi* er gert ráð fyrir 0,7 m.kr. lækkun vegna hagræðingar. Á *1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis* er í fyrsta lagi gert ráð fyrir 3,1 m.kr. lækkun vegna aðgerða til að draga úr ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að niður falli tvö tímabundin framlög vegna verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar 5 m.kr. framlag vegna verkefnisins, Rafræn eyðublöð stofnana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytissins, og hins vegar 7 m.kr. framlag vegna verkefnisins, Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010. Á móti kemur, í þriðja lagi, að gert er ráð fyrir að veitt verði áframhaldandi 3 m.kr. tímabundið framlag vegna fyrrnefnds verkefnis um tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar 2010. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,1 m.kr. Eftirfarandi tvær töflur gefa yfirlit yfir ýmis verkefni og ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	17,3	12,1	11,1	-8,3	-35,8
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	1,5	0,0	0,0	-	-100,0
Slysavarnaskóli sjómanna	67,6	65,7	59,1	-10,0	-12,6
Flugskóli Íslands	23,6	29,0	0,0	-100,0	-100,0
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVK-flugvelli	0,1	0,0	0,0	-	-100,0
Samn. um flug milli Íslands og Narssarssuaq	7,5	6,5	5,8	-10,8	-22,7
Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0	0,0	0,0	-	-100,0
Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðun.	0,3	30,6	19,4	-36,6	6.366,7
Samtals	**367,9**	**143,9**	**95,4**	**-33,7**	**-74,1**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis		
Þjónustumiðstöð á Þórshöfn	11,3	0,0
Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010	7,9	3,0
Rafræn eyðublöð stofnana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	6,3	0,0
Vegna sameiningar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði sveitarstjórnarmála	5,1	0,0
Sameining stofnana/hlutafélaga	0,0	4,0
Samþætting áætlana m.t.t. aðildar að Evrópusambandinu	0,0	3,0
Sameining sveitarfélaga	0,0	5,0
Endurskoðun á regluverki og upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélaga	0,0	3,0
Afnám einkaréttar í póstþjónustu	0,0	1,0
Óskipt	0,0	0,4
Samtals	**30,6**	**19,4**

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 4,5 m.kr. og jafngildir það 0,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldi í ríkisútgjöldum.

Vegamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rekstur Vegagerðarinnar; 212 Samgönguverkefni; 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknanefnd umferðarslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur Vegagerðarinnar	646,7	687,8	638,5	-7,2	-1,3
Samgönguverkefni	27.224,1	31.426,0	18.532,0	-41,0	-31,9
Umferðarstofa	447,5	231,2	200,6	-13,2	-55,2
Rannsóknanefnd umferðarslysa	30,7	32,5	28,8	-11,4	-6,2
Samtals	**28.349,0**	**32.377,5**	**19.399,9**	**-40,1**	**-31,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 13.072,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 12.799,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar vega þyngst 11.750 m.kr. lækkun til samgönguverkefna og 500 m.kr. lækkun til viðhalds á vegum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 5,4 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 278,7 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar vegur þyngst 260 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 vegna stofnkostnaðar Grímseyjarferju.

211 Rekstur Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 638,5 m.kr. og jafngildir það 70,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að mæta sparnaðinum með lækkun launa-, aksturs- og ferðakostnaðar. Dregið verður úr kaupum á sérfræðiþjónustu auk þess sem almenns aðhalds verður gætt í rekstri stofnunarinnar. Þá verða framlög til rannsóknastarfs lækkuð um 10%. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 21 m.kr. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útgjöld til vegamála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	567,9	606,9	557,6	-8,1	-1,8
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	62,3	80,9	80,9	0,0	29,9
Umdæmi og rekstrardeildir	16,5	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	3.728,5	3.694,1	3.383,0	-8,4	-9,3
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.053,5	1.071,9	1.047,0	-2,3	-0,6
Styrkir til innanlandsflugs	352,6	343,8	308,0	-10,4	-12,6
Rannsóknir	90,1	151,6	139,0	-8,3	54,3
Viðhald	3.463,0	5.178,7	4.679,0	-9,6	35,1
Framkvæmdir	18.536,4	20.985,9	8.976,0	-57,2	-51,6
Umferðarstofa	447,5	231,2	200,6	-13,2	-55,2
Rannsóknanefnd umferðarslysa	30,7	32,5	28,8	-11,4	-6,2
Samtals	**28.349,0**	**32.377,5**	**19.399,9**	**-40,1**	**-31,6**

212 Samgönguverkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 18.532 m.kr. og jafngildir það 12.968,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af markmiðum stjórnvalda um samdrátt í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.07 Þjónusta* er gert ráð fyrir að framlag til þjónustuverkefna í vegamálum lækki um 377,2 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Til að mæta því er í fyrsta lagi gert ráð fyrir ýmsum hagræðingaraðgerðum í stjórnun og efnisnotkun, í öðru lagi verður ítrasta aðhalds gætt í rekstri og aðgerðum þjónustustöðva Vegagerðarinnar og í þriðja lagi verður dregið úr vetrarþjónustu. Á *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* er lögð til 29,7 m.kr. lækkun vegna ráðstafana til lækkunar ríkisútgjalda. Á *1.13 Styrkir til innanlandsflugs* er annars vegar gert ráð fyrir 18 m.kr. lækkun vegna aðgerða til lækkunar ríkisútgjalda og hins vegar fellur niður tímabundið 18 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 vegna fjölgunar flugferða til Vestmannaeyja yfir mesta ferðamannatímann. Á *1.21 Rannsóknir* er gert ráð fyrir 15,5 m.kr. lækkun til sparnaðar. Á *5.10 Viðhald* er gert ráð fyrir að framlag til viðhaldsverkefna í vegamálum lækki um 500 m.kr. vegna samdráttar í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum við yfirlagnir og styrkingar á

bundnum slitlögum í vegakerfinu og viðhaldi á malarvegum. Á *6.10 Framkvæmdir* er gert ráð fyrir að fjárveiting til vegaframkvæmda lækki um 11.750 m.kr. vegna ráðstafana til að draga úr ríkisútgjöldum. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er ljóst að ríkissjóður hefur ekki bolmagn til að standa undir jafn mikilli uppbyggingu samgöngukerfa og innviða og hann hefur gert undanfarin tvö ár. Það er því óhjákvæmilegt að hægja á nýframkvæmdum en leita jafnfram leiða til að veita áfram fjármagni til að viðhalda mannvirkjum. Á vegum stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða hefur verið til skoðunar að lífeyrissjóðirnir komi að fjármögnun stórra verklegra framkvæmda ef unnt væri að fjármagna þær með notendagjöldum. Þó hér sé um verulegan samdrátt að ræða í framlögum til viðhalds- og vegaframkvæmda þá ber að hafa það í huga að gert er ráð fyrir að framlögin á árinu 2010 verði að meðaltali þau sömu til þessara verkefna, sem hlutfall af landsframleiðslu, og þau voru á árunum 1998–2007 eða um 1%. Að öðru leyti er unnið að útfærslu þeirra vegaframkvæmda sem ráðist verður í á komandi árum en nánari sundurliðun á því mun koma fram í endurskoðaðri vegaáætlun. Auk þess fellur nú niður 260 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 vegna stofnkostnaðar við Grímseyjarferju. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum sem samtals nema 74,4 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar	32.113,8	19.170,5
Beinar greiðslur úr ríkissjóði		
Jarðgangaátak	4.255,2	4.255,3
Styrkir til innanlandsflugs	343,8	308,0
Samtals	**4.599,0**	**4.563,3**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	27.439,8	14.532,2
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	75,0	75,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	14.964,8	15.360,0
Afborganir af ferjulánum, vegna skuldar frá 1999	-332,0	-20,9
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	12.807,0	-806,9
Greitt úr ríkissjóði	27.439,8	14.532,2

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar verði 19.170,5 m.kr. árið 2010. Hún er fjármögnuð í fyrsta lagi með 4.563,3 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði sem skiptist þannig að 4.255,3 m.kr. er vegna jarðgangnaátaks og 308 m.kr. er vegna styrkja til innanlandsflugs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 14.532,2 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 15.360 m.kr. og að frádregnum 20,9 m.kr., vegna afborgana af lánum, þá stendur eftir viðskiptahreyfing að fjárhæð 806.9 m.kr. sem færist á

tekjuhlið ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að 806,9 m.kr. af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar verði haldið eftir í ríkissjóði en hér er í raun um endurgreiðslu að ræða á fyrirfram veittum mörkuðum tekjum síðastliðnu ára. Hin síðari ár hefur þessu þó verið öfugt farið og Vegagerðinni verið fyrirframgreiddar tekjur stofnunarinnar í framtíðinni. Í fjárlögum 2009 var t.a.m. 12.807 m.kr. veitt til Vegagerðarinnar umfram þær tekjur sem tekjustofnar Vegagerðarinnar skiluðu það ár. Í fjárlögum 2008 nam þessi fjárhæð 5.762,3 m.kr. og 2.755,4 m.kr. í fjárlögum 2007. Á síðastliðnum þremur árum hefur þannig um 21,3 milljörðum kr. verið varið með þessum hætti úr ríkissjóði. Í þriðja lagi er síðan gert ráð fyrir 75 m.kr. í afskriftir markaðra tekna. Í töflunni hér á undan má sjá hvernig heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er fjármögnuð en einnig er hægt að sjá yfirlit um markaðar tekjur í séryfirliti 3 í frumvarpinu.

251 Umferðarstofa. Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 200,6 m.kr. og jafngildir það 35,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af sparnaðaraðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 4,8 m.kr.

281 Rannsóknanefnd umferðarslysa. Gert er ráð fyrir 28,8 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar og jafngildir það 4,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 3,5 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða og hins vegar að niður fellur 0,7 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2008 vegna símenntunar starfsmanna. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

Siglingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnarframkvæmdir og 381 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	887,6	952,0	890,5	-6,5	0,3
Hafnarframkvæmdir	1.317,2	1.196,3	1.185,5	-0,9	-10,0
Rannsóknanefnd sjóslysa	30,8	41,6	38,9	-6,5	26,3
Samtals	**2.235,6**	**2.189,9**	**2.114,9**	**-3,4**	**-5,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 95,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 92,9 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 7,2 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 10 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

335 Siglingastofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 890,5 m.kr. og jafngildir það 87,3 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist sú lækkun af markmiðum stjórnvalda um samdrátt í ríkisútgjöldum. Annars vegar er gert ráð fyrir 53,8 m.kr. sparnaði í almennum rekstri stofnunarinnar á viðfangsefni *1.01* og hins vegar er á *1.11 Vaktstöð siglinga* gert ráð fyrir 33,5 m.kr. sparnaði. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 25,8 m.kr.

336 Hafnarframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á þennan lið verði 1.185,5 m.kr. og jafngildir það 11,4 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar fellur niður 10 m.kr. framlag á viðfangsefni *6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði* og hins vegar er á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* lögð til 1,4 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins skýrast af verðlagsuppfærslu.

381 Rannsóknanefnd sjóslysa. Gert er ráð fyrir 38,9 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og jafngildir það 4,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist sú lækkun af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanefnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	454,9	470,8	437,1	-7,2	-3,9
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	5.743,6	3.107,7	2.847,1	-8,4	-50,4
Rannsóknanefnd flugslysa	47,5	45,1	41,9	-7,1	-11,8
Samtals	**6.246,0**	**3.623,6**	**3.326,1**	**-8,2**	**-46,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 384,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 387,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Munar þar mest um að 139 m.kr. framlag Íslands vegna samnings við ICAO fellur niður auk þess sem að gert er ráð fyrir 121,5 m.kr. lækkun hjá Flugstoðum, 74,2 m.kr. lækkun hjá Keflavíkurflugvelli og 48,5 m.kr. lækkun hjá Flugmálastjórn Íslands. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 3,2 m.kr.

471 Flugmálastjórn Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa fjárlagaliðar verði 437,1 m.kr. og jafngildir það 48,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 14,8 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Heildarfjárveiting til flugvallaliða 10-471 og 10-475	3.578,5	3.284,2
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	2.753,1	2.458,8
Skil á mörkuðum tekjustofnum	825,4	825,4
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	825,4	937,0
Afborganir lána	-480,0	-186,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	480,0	74,4
Greitt úr ríkissjóði	825,4	825,4

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til flugvallaliða *10-471 Flugmálastjórn Íslands* og *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* verði 3.284,2 m.kr. á árinu 2010. Fjárveitingin er fjármögnuð annars vegar með 2.458,8 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði og hins vegar með mörkuðum tekjum að fjárhæð 825,4 m.kr. Reiknað er með innheimtar markaðar tekjur verði 937 m.kr. Að frádregnum 186 m.kr., vegna afborgana af lánum, stendur viðskiptahreyfing að fjárhæð 74,4 m.kr. sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á þennan lið verði 2.847,1 m.kr. og jafngildir það 334,7 m.kr. raunlækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist lækkunin af aðgerðum til að draga úr ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Í fyrsta lagi er á *1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* gert ráð fyrir 121,5 m.kr. sparnaði í rekstri. Í öðru lagi er á *1.11 Keflavíkurflugvöllur* gert

ráð fyrir 74,2 m.kr. sparnaðarkröfu. Í þriðja lagi er á viðfangsefni *1.81* lagt til að 139 m.kr. framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, falli niður. Samningurinn er byggður upp þannig að ICAO veitir árlega útgjaldaheimildir fyrir samþykktum kostnaði við starfsemina sem er síðan innheimtur með notendagjöldum sem flugfélög greiða 95% af og ríkissjóður 5%. Nú hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem eiga aðild að ICAO og fulltrúa flugfélaganna um að allur kostnaðurinn skuli greiðast með notendagjöldum. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi um næstu áramót. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 74,1 m.kr.

481 Rannsóknanefnd flugslysa. Gert er ráð fyrir 41,9 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar. Það jafngildir 4,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu samtals 1,4 m.kr.

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks; 512 Póst- og fjarskiptastofnun; 513 Jöfnunarsjóður alþjónustu og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst- og fjarskiptastofnunin	275,3	253,3	269,6	6,4	-2,1
Jöfnunarsjóður alþjónustu	56,5	208,0	38,4	-81,5	-32,0
Fjarskiptasjóður	579,4	400,0	84,0	-79,0	-85,5
Samtals	**911,2**	**861,3**	**392,0**	**-54,5**	**-57,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 474,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu falla niður samtals 303 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna sem að öllu leyti skýrist af niðurfellingu tímabundins framlags til Fjarskiptasjóðs. Aðrar helstu breytingar eru þær að framlag Jöfnunarsjóðs alþjónustu lækkar um 169,6 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að jöfnunarsjóðsgjald lækki úr 0,65% í 0,1%.

512 Póst- og fjarskiptastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 269,6 m.kr. og jafngildir það 9,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar sem veitt er til gjaldahliðar fjárlaga. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 7,2 m.kr.

513 Jöfnunarsjóður alþjónustu. Gert er ráð fyrir að framlög þessa fjárlagaliðar verði 38,4 m.kr. og jafngildir það 169,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun af því að gert er ráð fyrir að jöfnunarsjóðsgjald skv. lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, verði lækkað úr 0,65% í 0,1%. Í desember 2007 var gjaldið hækkað úr 0,12% í 0,65% í framhaldi af úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2007 um greiðslu úr jöfnunarsjóðnum vegna kostnaðar fjarskiptafyrirtækja af alþjónustukvöð fyrir árið 2005. Þar sem engar frekari kröfur hafa komið fram um greiðslur úr sjóðnum er ljóst að hann mun ekki þurfa að standa undir öðru en greiðslum til Neyðarlínunnar. Er því áformað að jöfnunarsjóðsgjaldið verði lækkað í samræmi við það.

521 Fjarskiptasjóður. Gert er ráð fyrir að veitt verði 84 m.kr. til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 316 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er lögð til 303 m.kr. lækkun á tímabundnu framlagi til sjóðsins vegna uppbyggingar á sviði fjarskiptamála. Í febrúar 2009 undirrituðu Fjarskiptasjóður og Síminn samning til fimm ára um uppbyggingu háhraðanets um allt land en með samningnum er gert ráð fyrir að öllum landsmönnum verði tryggt háhraðanet fyrir árslok 2010. Gert er ráð fyrir að á árinu 2010 þurfi sjóðurinn 97 m.kr. fjárheimild í fjárlögum og lækkar því framlagið um 303 m.kr. frá fjárlögum 2009. Á árunum 2011 til 2014 er reiknað með að sjóðurinn þurfi 40 m.kr. árlega til reksturs og eftirlits með þeim verksamningum sem hann hefur samið um en verði að því búnu lagður niður. Hins vegar er lögð til 13 m.kr. lækkun á framlagi þar sem áætlað er að Fjarskiptasjóður muni hafa 13 m.kr. í vaxtatekjur, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, af inneign sinni hjá ríkissjóði.

Sveitarstjórnarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.394,3	11.157,0	11.653,0	4,4	-6,0
Samtals	**12.394,3**	**11.157,0**	**11.653,0**	**4,4**	**-6,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 496 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum en hækkunin skýrist af viðbótarkostnaði ríkissjóðs vegna samkomulags um húsaleigubætur frá árinu 2007. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum framlögum ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem ekki liggur fyrir hvernig útfærsla skattabreytinga verður og hver áhrif þeirra kann að verða á lögbundin framlög til Jöfnunarsjóðsins. Gert er ráð fyrir að við 2. umræðu fjárlagafrumvarps liggi

þessar forsendur fyrir. Þá skal nefna að með breyttum lögum um Bjargráðasjóð færist umsýsla sjóðsins frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist af lið *10-811-1.10* yfir á lið *04-853-1.10*. Vakin skal athygli á því framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 11.653 m.kr. og jafngildir það 496 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til tímabundin 496 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna viðbótarkostnaðar í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá apríl 2007. Samkomulagið rennur út í mars 2010 en samþykkt hefur verið að framlengja það til loka þess árs. Í fjárlögum 2009 var 432 m.kr. veitt til verkefnisins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta. Gert er ráð fyrir að heildarfjárþörfin á árinu 2010 sé um 928 m.kr. eða 496 m.kr. umfram fjárlög þessa árs.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.693,3	1.800,7	1.650,8	-8	-3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.247,7	4.479,8	3.899,2	-13	-8
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**5.941,0**	**6.280,5**	**5.550,0**	**-12**	**-7**
Greitt úr ríkissjóði	-	5.924,1	5.198,7	-12	-
Innheimt af ríkistekjum	-	356,4	351,3	-1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**6.280,5**	**5.550,0**	**-12**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 6.621 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.071 m.kr. en þær nema 16,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.550 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.199 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 351 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld iðnaðarráðuneytisins saman um 834,2 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 499 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 307,5 m.kr. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 642,7 m.kr. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 335,2 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 103,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.550 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.650,8 m.kr. og lækka um 149,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 143,2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Lækkunin hjá ráðuneytinu nemur 8% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um

einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði sem nemur 132,2 m.kr. en þar munar mest um 57 m.kr. tímabundið framlag til Orkustofnunar til undirbúnings á greinargerð landgrunnsnefndar til Sameinuðu þjóðanna og samtals 54 m.kr. fjárveitingar til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til eflingar atvinnulífs á Norður- og Austurlandi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 163,1 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 24,2 m.kr. Frumvarpið miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 580,6 m.kr. og verða 3.899,2 m.kr. en eru 4.479,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 355,8 m.kr. Þyngst vegur 130 m.kr. lækkun á framlögum til niðurgreiðslna á húshitun og 100 m.kr. lækkun á framlögum til byggðaáætlunar. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í tilfærslum sem nema 175,3 m.kr. Þar er meðal annars gert ráð fyrir tímabundnu 89,3 m.kr. framlagi til markaðssetningar Íslands í Norður–Ameríku og 82 m.kr. framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 479,6 m.kr. Munar þar mest um að niður fellur 100 m.kr. framlag til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni, 87,6 m.kr. framlag til markaðssetningar Íslands í Norður–Ameríku og 80 m.kr. framlag til ferðaþjónustu á svæðum sem urðu fyrir aflasamdrætti. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 79,5 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í meðfylgjandi mynd.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 469,1 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	70,0	86,0	86,0	86,0	86,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	20,1	15,0	15,0	15,0	15,0
Menningarsamningar við samtök sveitarfélaga	C	68,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Samn. um framl. til Hönnunarmiðst. Íslands	C	10,0	10,0	-	-	-
Vaxtarsamningar	C	175,0	215,0	215,0	215,0	215,0
Háskólasetur Vestfjarða	C	18,0	20,0	-	-	-
Fræðslunet Austurlands	C	18,0	20,0	-	-	-
Norrænt samstarf NPP/NORA	C	90,0	90,0	90,0	90,0	90,0
Samtals		**469,1**	**476,0**	**426,0**	**426,0**	**426,0**

Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem iðnaðarráðuneytið stendur eitt að verði 476 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 470 m.kr. bundnir árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	226,0	229,5	212,0	-7,6	-6,2
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**226,0**	**237,5**	**220,0**	**-7,4**	**-2,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 20,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 23 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 2,2 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 212 m.kr. og jafngildir það 23 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 5,5 m.kr.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	429,3	432,7	482,0	11,4	12,3
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	8,2	10,1	10,1	0,0	23,2
Tækniþróunarsjóður	541,3	690,0	670,0	-2,9	23,8
Samtök iðnaðarins	502,0	300,0	300,0	0,0	-40,2
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	92,5	125,0	157,0	25,6	69,7
Iðja og iðnaður, framlög	221,3	302,4	241,2	-20,2	9,0
Samtals	**1.794,6**	**1.860,2**	**1.860,3**	**0,0**	**3,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 10,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 81,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar munar mest um 39 m.kr. lækkun hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 145,3 m.kr. Þar skal meðal annars nefna að gert er ráð fyrir að framlög vegna endurgreiðslna kvikmyndagerðar á Íslandi aukist um 82 m.kr. vegna hækkunar endurgreiðsluhlutfalls. Þá er gert ráð fyrir að auka framlög til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um samtals 54 m.kr. til eflingar atvinnulífs á Norður- og Austurlandi í samræmi við fyrri áform. Á hinn bóginn falla niður samtals 53 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna en það skýrist fyrst og fremst af niðurfellingu á 50 m.kr. tímabundnu framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 482 m.kr. og jafngildir það 50 m.kr. raunhækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist hækkunin aðallega af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veita samtals 54 m.kr. til verkefna í tengslum við ráðstafanir sem ákveðið var að ráðast í með hliðsjón af skýrslu nefnda um eflingu atvinnulífs á Norður- og Austurlandi. Gert er ráð fyrir að þar af verði 28 m.kr. varið til að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi í fámennum byggðum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og er framlaginu ætlað að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðunum við að þróa hugmyndir um nýsköpun í ferðaþjónustu, byggja upp innviði greinarinnar og skipuleggja markaðsstarfsemi. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að 16 m.kr. verði varið til að kosta þrjá sérfræðinga auk framkvæmdastjóra á starfsstöð stofnunarinnar á Sauðárkróki en í fjárlögum 2009 var 22 m.kr. varið til þessa. Þá er gert ráð fyrir að 10 m.kr. verði varið til að kosta störf tveggja sérfræðinga á starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar á Húsavík en í fjárlögum 2009 var 10 m.kr. veitt til verkefnisins. Í öðru lagi er lagt til að 35 m.kr. framlag til nýsköpunar og markaðsmála á Austurlandi, sem veitt hefur verið á lið *11-299-1.98*, færist yfir til þessa fjárlagaliðar en framlagið hefur verið nýtt til að koma á fót starfsstöð Impru á Egilsstöðum. Í þriðja lagi er lögð til 39 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnum um lækkun ríkisútgjalda. Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið er lagt til að 3 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins: Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur fyrirtækja, framlengist um eitt ár. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

242 Tækniþróunarsjóður. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 670 m.kr. og jafngildir það 20 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til lækkunar ríkisútgjalda.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Gert er ráð fyrir að fjárveiting verði 157 m.kr. og jafngildir það 32 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er lagt til að framlag til endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar á Íslandi hækki um 82 m.kr. og verði 157 m.kr. á árinu 2010. Með lögum nr. 39/2009 var hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hækkað úr 14% í 20%. Auk þess var gert ráð fyrir að þeir sem fengið höfðu vilyrði um endurgreiðslu fyrir gildistöku laganna ættu þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hækkaði enda væri framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki hafin. Markmið þessara breytinga er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni. Hins vegar fellur niður 50 m.kr. tímabundið framlag til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem veitt var í fjárlögum 2009.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 241,2 m.kr. og jafngildir það 62,6 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Breytingar á framlögum til liðarins snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.19 Staðlaráð* er lögð til 5,2 m.kr. lækkun í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi. Á *1.30 Alþjóðlegt samstarf* er gert ráð fyrir 2,4 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Á *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* er annars vegar lagt til að 35 m.kr. framlag til nýsköpunar og markaðsmála á Austurlandi flytjist á fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hins vegar er gert ráð fyrir 20 m.kr. lækkun vegna áforma ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 1,4 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-299-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Loftslagsmál	0,0	3,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	20,0	10,3
Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23,0	10,0
Jafnréttismál	3,2	3,2
Hönnunarmiðstöð Íslands	10,0	10,0
Nýsköpun og markaðsmál á Austurlandi	35,0	0,0
Hátæknivettvangur	3,5	3,5
Samtals	**94,7**	**40,0**

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku; 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	684,9	736,0	649,2	-11,8	-5,2
Orkusjóður	34,1	38,9	36,9	-5,1	8,2
Niðurgreiðslur á húshitun	1.316,3	1.176,6	1.099,0	-6,6	-16,5
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	232,3	245,0	245,0	0,0	5,5
Ýmis orkumál	149,1	164,1	82,8	-49,5	-44,5
Samtals	**2.416,7**	**2.360,6**	**2.112,9**	**-10,5**	**-12,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 322,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 173,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta

markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Skýrist sú hagræðing fyrst og fremst af 130 m.kr. lækkun á niðurgreiðslufé til húshitunar og hins vegar 34,4 m.kr. lækkun á framlögum til Orkustofnunar. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 64,7 m.kr. en þar munar mest um 57 m.kr. tímabundið framlag til Orkustofnunar vegna undirbúnings fyrir greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk Íslands utan 200 sjómílna. Á hinn bóginn falla niður samtals 214,1 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Meðal annars er gert ráð fyrir að niður falli 58,8 m.kr. framlag vegna fyrrgreinds verkefnis um undirbúning greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. Þá fellur niður 50 m.kr. framlag vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða auk þess sem 47,5 m.kr. framlag vegna jarðhitaleitar fellur niður.

301 Orkustofnun. Gert er ráð fyrir 649,2 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 110 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að niður falli samtals 137,6 m.kr. af tímabundnum framlögum frá fyrri árum. Annars vegar tvenn framlög vegna undirnúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna, annað að fjárhæð 58,8 m.kr. en hitt að fjárhæð 28,8 m.kr. Hins vegar 50 m.kr. framlag vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði nýtt 57 m.kr. tímabundið framlag vegna undirbúnings fyrrnefndrar greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Upphaflega var áætlað að verkefnið kláraðist á árinu 2009 en nú er gert ráð fyrir að það dragist til ársins 2010. Forsendur verkefnaáætlunarinnar hafa breyst í tveimur veigamiklum atriðum. Annars vegar er um að ræða endurmat á ytri mörkum landgrunns Íslands á Reykjaneshrygg og hins vegar úrvinnslu gagna til að sýna fram á jarðfræðilega tengingu milli Íslands og landgrunnsins á Hatton Rockall–svæðinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 34,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Í fjórða lagi er svo lagt til að veita 5 m.kr. framlag til að kosta hluta af vísindaþætti svokallaðs djúpborunarverkefnis. Markmið verkefnisins er að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa á allt að 5 km. dýpi og virkja með því móti mun meiri orku úr háhitanum en áður hefur verið gert. Í fjárlögum 2009 er 157 m.kr. veitt til þessa verkefnis en gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2010. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 23,2 m.kr.

371 Orkusjóður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 36,9 m.kr. og jafngildir það 3,8 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum.

373 Niðurgreiðslur til húshitunar. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 1.099 m.kr. Það jafngildir 130 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs og skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

399 Ýmis orkumál. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 82,8 m.kr. og jafngildir það 81,5 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af eftirfarandi breytingum: Á *1.12 Jarðhitaleit* fellur niður 47,5 m.kr. tímabundið framlag til jarðhitaleitar víðs vegar um landið. Á *1.22 Vistvænir orkugjafar* er annars vegar gert ráð fyrir að niður falli 25 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis um vetnisbifreiðar og hins vegar er lögð til 5 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Á *1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis* er gert ráð fyrir að niður falli tímabundið 4 m.kr. framlag til reksturs skrifstofu Alþjóða jarðhitasambandsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af hækkun tryggingagjalds á launaveltu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-299-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis		
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3,7	4,1
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	6,9	8,4
Olíumál	2,5	2,0
Alþjóðlegt samstarf	4,3	3,0
Erlendir orkusamningar	5,0	3,0
Norræn verkefni	5,0	3,0
Samtals	**27,4**	**23,5**

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	420,5	477,6	317,6	-33,5	-24,5
Byggðastofnun	388,6	492,4	361,9	-26,5	-6,9
Samtals	**809,1**	**970,0**	**679,5**	**-29,9**	**-16,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 295,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 139,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar á meðal er gert ráð fyrir 100 m.kr. lækkun á framlögum Byggðaáætlunar. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir

útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 3,8 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 160 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Skýrist það annars vegar af niðurfellingu á 100 m.kr. tímabundnu framlagi til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni og hins vegar af samtals 60 m.kr. niðurfellingu á tímabundnum framlögum til vaxtarsamninga á Norðurlandi.

401 Byggðaáætlun. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 317,6 m.kr. og jafngildir það 160 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir 100 m.kr. lækkun á framlögum til byggðaáætlunar vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Hins vegar er gert ráð fyrir að niður falli 30 m.kr. tímabundið framlag til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra og 30 m.kr. tímabundið framlag til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra.

411 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 361,9 m.kr. og jafngildir það 139,7 m.kr. raunlækkun frá yfirstandandi fjárlögum. Skýrist lækkunin af eftirfarandi tilefnum: Á *1.10 Byggðastofnun* er lögð til 23 m.kr. lækkun vegna hagræðingar í ríkisútgjöldum. Á *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni* er annars vegar gert ráð fyrir að niður falli 100 m.kr. tímabundið framlag til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni og hins vegar er lagt til að framlag lækki um 16,7 m.kr. vegna aðgerða til að draga úr ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 9,2 m.kr.

Ferðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Ferðamálastofa og 599 Ýmis ferðamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ferðamálastofa	429,2	455,7	430,6	-5,5	0,3
Ýmis ferðamál	265,4	396,5	246,7	-37,8	-7,0
Samtals	**694,6**	**852,2**	**677,3**	**-20,5**	**-2,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 205,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 81,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Munar þar mest um 26 m.kr. lækkun á framlögum til markaðs- og kynningarmála erlendis, 22 m.kr. lækkun á rekstrarframlögum Ferðamálastofu og 20 m.kr. lækkun á framlögum til markaðssóknar í

íslenskri ferðaþjónustu. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 91,5 m.kr. en þar vegur þyngst 89,3 m.kr. tímabundið framlag til markaðssetningar Íslands í Norður–Ameríku. Á hinn bóginn falla niður samtals 215,6 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Skýrist það af niðurfellingu á 87,6 m.kr. framlagi til markaðssetningar Íslands í Norður–Ameríku, 80 m.kr. framlagi til svæða sem urðu fyrir aflasamdrætti og 48 m.kr. framlagi vegna menningarsamninga við sveitarfélög.

501 Ferðamálastofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 430,6 m.kr. og jafngildir það 48 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum. Annars vegar er um að ræða 22 m.kr. lækkun á *1.01 Ferðamálastofa* og hins vegar 26 m.kr. lækkun á *1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis*. Því til viðbótar hafa fjárheimildir verið færðar á milli viðfangsefna með það að markmiði að fækka viðfangsefnum og einfalda framsetningu fjárlaga. Á viðfang *1.01 Ferðamálastofa* flytjast fjárheimildir sem áður voru á viðfangsefnunum *1.11 Ferðamálasamtök landshluta* og *1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir*. Á viðfang *1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis* flytjast fjárheimildir sem áður voru á viðfangsefnunum *1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis* og *1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar*. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 22,9 m.kr. Við undirbúnings fjárlagafrumvarpsins hefur verið til skoðunar aðkoma ríkisins að starfi markaðsstofa á landsvísu. Þeirri skoðun er ekki lokið en verður framhaldið í haust fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

599 Ýmis ferðamál. Gert er ráð fyrir að framlag fjárlagaliðarins verði 246,7 m.kr. og jafngildir það 160 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* er gert ráð fyrir 20 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna aðgerða til lækkunar ríkisútgjalda. Á *1.47 Markaðssetning Íslands í Norður–Ameríku* er annars vegar lagt til að veitt verði 89,3 m.kr. tímabundið framlag til markaðssetningar Íslands í Norður–Ameríku. Frá árinu 2000 hafa íslensk stjórnvöld í samvinnu við íslensk fyrirtæki staðið að kynningu á íslenskum vörum og þjónustu á mörkuðum í Norður–Ameríku undir merkjum Iceland Naturally en samningur um verkefnið var í byrjun árs 2009 framlengdur til ársins 2013. Í öðru lagi er lagt til að niður falli tímabundið 87,6 m.kr. framlag vegna verkefnisins fyrir árið 2009. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 13,7 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti* er gert ráð fyrir að 80 m.kr. tímabundið framlag falli niður. Á *1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis* er gert ráð fyrir að niður falli 48 m.kr. tímabundið framlag vegna menningarsamninga við sveitarfélög.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-599-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	68,0	20,0
Til markaðsstarfs og gestastofa	13,4	15,1
Samtals	**81,4**	**35,1**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun efnahags- og viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.534,4	2.572,8	2.383,3	-7	-6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	410,7	543,7	583,0	7	42
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**2.945,1**	**3.116,5**	**2.966,3**	**-5**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.332,2	1.224,3	-8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.784,3	1.742,0	-2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.116,5**	**2.966,3**	**-5**	-

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 3.066,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 100,4 m.kr. en þær nema 3,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.966,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.224,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.742 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis hækka samtals um 499,5 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem annars vegar eru flutt til ráðuneytisins og hins vegar verkefna sem flutt eru til annarra ráðuneyta.

Í frumvarpinu dragast útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins saman um 166 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 148,3 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi dragast aðrar útgjaldaskuldbindingar saman árinu 2010 um samtals 11,7 m.kr. Þar af lækka fjárheimildir verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með mörkuðum ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs um 28,2 m.kr. en á móti hækka framlög ríkissjóðs til annarra verkefna um 16,5 m.kr. Þá er gert ráð fyrir, í þriðja lagi, að 6 m.kr. af tímabundnum framlögum til ýmissa verkefna falli niður. Nettólækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 17,7 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 15,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 2.966,3 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.383,3 m.kr. og lækka um 189,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 142,3 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Lækkunin hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu nemur 5,5% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir að útgjaldaskuldbindingar í rekstri lækki um samtals 56,7 m.kr. Munar mest um 94,5 m.kr. lækkun hjá Fjármálaeftirlitinu vegna minni ríkistekjum af eftirlitsgjaldi sem fjármagnar útgjöld stofnunarinnar en á móti kemur að gert er ráð fyrir að framlag til Einkaleyfastofu hækki um 21,3 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur stofnunarinnar. Niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 6 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 15,5 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 39,3 m.kr. og verða 583 m.kr. en eru 543,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 6 m.kr. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í tilfærslum sem nema 45 m.kr. vegna hækkun á fjárheimild Flutningssjóðs olíuvara vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 0,3 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 13,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Eru það annars vegar þjónustusamningur við Neytendasamtökin, en kostnaður vegna hans er áætlaður 8,5 m.kr. á árinu 2009, og hins vegar er það samningur við Rannsóknarsetur Verslunarinnar, en kostnaður vegna þess samnings er áætlaður 5 m.kr. á þessu ári. Báðum þessum samningum hefur verið sagt upp frá og með árinu 2010 en ekki er gert ráð fyrir nýjum skuldbindandi samningum hjá ráðuneytinu á árinu 2010.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	224,3	221,4	208,8	-5,7	-6,9
Ýmis verkefni	78,8	80,3	75,9	-5,5	-3,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	3,0	-40,0	-
Samtals	**303,1**	**306,7**	**287,7**	**-6,2**	**-5,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 24,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 25,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 4,3 m.kr. Á hinn bóginn falla niður 3 m.kr. framlög vegna tímabundinna verkefna. Fjárheimild vegna Neytendasamtakanna á fjárlagalið *12-190-1.10* flyst yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á lið *06-190-1.28 Neytendasamtökin* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, en málefni neytenda flytjast frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Í frumvarpinu hefur framsetning á útgjöldum ráðuneyta verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins árs og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 208,8 m.kr. og jafngildir það 19,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum 2009. Skýrist sú lækkun af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum fjárlagaliðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 6,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlag til fjárlagaliðarins verði 75,9 m.kr. og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lækkun skýrist af eftirfarandi: Á *1.20 Rafræn viðskipti* er lögð til 2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda. Á *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* er annars vegar lögð til 2 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum en hins vegar fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um þarfagreiningu á umhverfi rafrænna viðskipta á Íslandi. Gert er ráð fyrir að 2 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um aðlögun íslensks

viðskiptaumhverfis að alþjóðlegum stöðlum og reglum sem veitt var í fjárlögum 2009 framlengist um eitt ár. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 0,6 m.kr.

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 3 m.kr. og jafngildir það 2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið og 431 Einkaleyfastofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	1.021,1	1.116,0	1.021,5	-8,5	0,0
Samkeppniseftirlitið	289,4	307,8	285,0	-7,4	-1,5
Einkaleyfastofan	232,5	183,1	184,5	0,8	-20,6
Samtals	**1.543,0**	**1.606,9**	**1.491,0**	**-7,2**	**-3,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 123,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 50,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Auk þess er gert ráð fyrir að aðrar útgjaldaskuldbindingar lækki um 70,4 m.kr. Þar vegur þyngst 94,5 m.kr. lækkun á fjárheimild Fjármálaeftirlitsins þar sem áætlað er að tekjur af eftirlitsgjaldinu lækki sem því nemur. Niður falla samtals 3 m.kr. framlög vegna tímabundinna verkefna. Fjárheimild Neytendastofu á *12-421* og Talsmanns neytenda á *12-425* flytjist yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á fjárlagalið *06-801 Neytendastofa* og *06-805 Talsmaður neytenda* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins þar sem málefni neytenda flytjast frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Eins og áður segir þá hefur framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir 1.021,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 94,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Útgjöld Fjármálaeftirlitsins eru fjármögnuð með eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu hans. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir ráð fyrir sérstökum aðhaldsaðgerðum til að draga úr rekstrarkostnaði stofnunarinnar s.s. með lækkun launa og annars kostnaðar.

411 Samkeppniseftirlitið. Gert er ráð fyrir 285 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 30,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 8 m.kr.

431 Einkaleyfastofa. Gert er ráð fyrir 184,5 m.kr. framlagi til stofnunarinnar og jafngildir það 1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 19,3 m.kr. lækkun vegna ráðstafana til að draga úr ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 21,3 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs stofnunarinnar en í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur hennar er gert ráð fyrir auknum tekjum sem því nemur. Í þriðja lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2009 til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins: Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi, greiðslur hjá ELS. Auk framangreindra breytinga á fjárheimildum er gert ráð fyrir að 3 m.kr. greiðsluframlag til faggildingarsviðs stofnunarinnar falli brott. Er það í samræmi við upphaflega áætlun um aukna fjármögnun sviðsins með ríkistekjum fyrir faggildingu, og kostnaðarumsögn um frumvarp sem varð að lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Hagáætlanir og hagtölur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Hagstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hagstofa Íslands	721,0	727,9	667,6	-8,3	-7,4
Samtals	**721,0**	**727,9**	**667,6**	**-8,3**	**-7,4**

Þessi málaflokkur er nýr í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Undir hann fellur Hagstofa Íslands, sem flyst frá forsætisráðuneyti yfir til efnahags- og viðskiptaráðuneytis í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Eins og fyrr segir hefur framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu verið aðlöguð vegna flutnings á þessum verkefnum og hafa útgjaldatölur reiknings liðins árs og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 72,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 9,4 m.kr.

501 Hagstofa Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa nýja fjárlagaliðar ráðuneytisins verði 667,6 m.kr. og er það 60,3 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun vegna verðlagsuppfærslu er 3,1 m.kr. og nemur lækkunin því 63,4 m.kr. að raungildi. Lögð er til 72,8 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um 10% lækkun rekstrarútgjalda. Á móti hækkar fjárveiting um 9,4 m.kr. vegna hækkunar tryggingagjalds á launaveltu.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Flutningssjóður olíuvara.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	378,0	475,0	520,0	9,5	37,6
Samtals	**378,0**	**475,0**	**520,0**	**9,5**	**37,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 45 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Skýrist sú hækkun af því að á fjárlagalið *12-811 Flutningssjóður* olíuvara er í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur gert ráð fyrir að tekjurnar hækki um 45 m.kr. Fjárheimild Flutningssjóðs olíuvara hækkar sem því nemur og verður 520 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.097,6	3.978,1	4.065,9	2	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.116,0	1.976,8	2.219,0	12	5
Stofnkostnaður og viðhald	655,9	676,9	511,2	-24	-22
Samtals	**6.869,5**	**6.631,8**	**6.796,1**	**2**	**-1**
Greitt úr ríkissjóði	-	4.296,4	3.858,6	-10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.335,4	2.937,5	26	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**6.631,8**	**6.796,1**	**2**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 8.896 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.100 m.kr. en þær nema 23,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 6.796 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.859 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.937 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, kafla 3.2, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu aukast útgjöld umhverfisráðuneytisins um rúmar 8 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 394 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 746 m.kr. Þar af eru 632 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 344 m.kr. Nettóhækkun vegna þessara breyttu útgjaldaskuldbindinga er því alls 8 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2010, sem eru áætlaðar 156 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.796 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.065,9 m.kr. og hækka um 87,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 314,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin

hjá umhverfisráðuneytinu nemur um 8% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 333,7 m.kr. en þar munar mest um 139,9 m.kr. flutnings rafmagnsöryggsimála undir Brunamálastofnun ríkisins, 80 m.kr. aukin umsvif Úrvinnslusjóðs og 51,7 kostnað vegna áformaðs flutnings Náttúrufræðistofnunar í nýtt húsnæði næsta haust. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 80,8 m.kr. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 149,4 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júní nk. samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 242,2 m.kr. og verða 2.219 m.kr. en eru 1.976,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Sett var markmið um 10% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 48,8 m.kr. Auk þess lækka tilfærsluútgjöld um 63,4 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Á móti hækka framlög um 347,9 m.kr. vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga. Munar þar mest um 370 m.kr. hækkun hjá Endurvinnslunni hf. og 25 m.kr. lækkun á lið skipulagsmál sveitarfélaga. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 6,5 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði gerðar á bótum tilfærslukerfa á næsta ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 511,2 m.kr. og er það 165,7 m.kr. lækkun milli ára. Þyngst vegur að niður fellur 200 m.kr. framlag til stuðnings fráveituframkvæmdum sveitarfélaga í samræmi við lög þar um. Framlög til uppbyggingar í Vatnajökulsþjóðgarði lækka um 30,7 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en framlög til ofanflóðamála hækka um 65 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur samningsskyldur við Skógræktarfélag Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins vegna samstarfssamnings um Hekluskóga. Samningurinn um Landgræðsluskóga kveður á um 35 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2013 en samningurinn um Hekluskóga kveður á um 50 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2016. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Í fjárlögum 2009 var fjárveiting til Hekluskóga lækkuð í 24,8 m.kr. vegna útgjaldaaðhalds og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 22,6 m.kr. framlagi og hefur fjárhæðum í töflunni verið breytt til samræmis við það. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,6% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Skógræktarfélag Íslands	A	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0
Hekluskógar	B	24,8	22,6	50,0	50,0	50,0
Samtals		**59,8**	**57,6**	**85,0**	**85,0**	**85,0**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 35 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 50 m.kr. Að lokum eru samningar sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum

C, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá umhverfisráðuneytinu. Samtals eru því 85 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	307,1	315,2	296,8	-5,8	-3,4
Ýmis verkefni	310,4	300,4	288,1	-4,1	-7,2
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	4,5	-10,0	-
Samtals	**617,5**	**620,6**	**589,4**	**-5,0**	**-4,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 47,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 48,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 10,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 10 m.kr. af framlögum til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 315,2 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og jafngildir það 26,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 21,2 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda, auk þess sem niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til innleiðingar á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals eru 7,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 300,4 m.kr.framlagi til þessa liðar og jafngildir það 21 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 5 m.kr. framlag á viðfangi *1.44 Skógræktarfélag Íslands* sem veitt var til tímabundins atvinnuátaks í fjárlögum 2009. Lögð er til samtals 26,5 m.kr. lækkun fjárveitinga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun. Lækkunin skiptist þannig milli viðfangsefna: *1.10 Fastanefndir* 0,7 m.kr., *1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum* 1,6 m.kr., *1.35 Umhverfisvöktun* 3,2 m.kr., *1.40 Alþjóðastofnanir* 2,6

m.kr., *1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF* 1,1 m.kr., *1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME* 1 m.kr., *1.44 Skógræktarfélag Íslands* 5,2 m.kr., *1.56 Vernd Breiðarfjarðar* 0,8 m.kr., *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál* 1,2 m.kr. og *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* 9,1 m.kr. Á móti er sótt um tvö ný framlög á viðfang *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis*. Annars vegar 7,5 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna formennsku Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins. Hins vegar 3 m.kr. fjárveitingu, þar af 1 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til gerðar kynningarefnis, til að styrkja rekstur upplýsingamiðstöðvar sem verður hluti af fyrirhuguðu menningar- og náttúrufræðisetri á Álftanesi. Markmið með rekstri stöðvarinnar er að samflétta kynningu á náttúru Álftaness og Skerjafjarðar og sögu Bessastaða og nýta hana til að efla umhverfisvæna og menningartengda ferðamálastarfsemi á Álftanesi og skapa með því ný atvinnutækifæri á svæðinu sbr. viljayfirlýsingu sem undirrituð var af umhverfisráðherra og menntamálaráðherra þann 8. apríl 2009. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 8,7 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir ráðstöfun framlaga á viðfangi *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:14-**190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis**		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	13,5	15,5
Frjáls félagasamtök	9,9	11,5
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9,3	9,2
Staðardagskrá 21	7,5	5,7
Umhverfisfræðsluráð	1,5	1,9
Byggingastaðlar	0,8	0,9
Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	2,0	0,0
Vistvæn innkaup	3,8	4,8
Ýmis umhverfisverkefni	5,2	0,0
Loftslagsbreytingar - ný verkefni	14,0	15,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5,0	5,0
Byggingastaðlar - úttekt	3,0	1,0
ICLAI ráðstefna	3,0	0,0
Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins.	0,0	7,5
Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi.	0,0	2,0
Gerð kynningarefnis fyrir upplýsingamiðstöð á Álftanesi.	0,0	1,0
Úttektir og hagræðing	0,0	2,0
Samtals	**78,5**	**83,0**

199 Ráðstöfunarfé. Lögð er til 0,5 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 231 Landgræðsla ríkisins; 241 Skógrækt ríkisins; 243 Hekluskógar; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	13,2	24,1	22,3	-7,5	68,9
Umhverfisstofnun	675,8	756,4	698,4	-7,7	3,3
Vatnajökulsþjóðgarður	284,7	352,3	323,8	-8,1	13,7
Landgræðsla ríkisins	600,2	601,7	592,4	-1,5	-1,3
Skógrækt ríkisins	286,8	272,1	255,9	-6,0	-10,8
Hekluskógar	45,6	24,8	22,6	-8,9	-50,4
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	237,5	200,0	0,0	-100,0	-100,0
Úrvinnslusjóður	754,1	530,0	591,5	11,6	-21,6
Endurvinnslan hf.	1.293,6	1.240,0	1.610,0	29,8	24,5
Samtals	**4.191,5**	**4.001,4**	**4.116,9**	**2,9**	**-1,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 71,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 197,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 487 m.kr. Mest munar um 370 m.kr. hækkun á tilfærsluframlagi til Endurvinnslunnar hf. sem fjármagnað er með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir og 80 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs sem fjármögnuð er með tekjum af úrvinnslugjaldi. Á hinn bóginn falla niður samtals 218 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Munar þar mest um að niður fellur 200 m.kr. árlegt framlag sem á umliðnum árum hefur verið veitt til stuðnings fráveituframkvæmdum sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 53/1995. Samkvæmt lögunum er árið 2009 síðasta árið sem þessa stuðnings nýtur við. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 22,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Lögð er til 2,1 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrist af hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nemur 0,3 m.kr.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 698,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 73,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.01 Umhverfisstofnun* eru helstu breytingar þær að lögð til 54,3 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Farið er fram á að tímabundið framlag vegna olíuleitar á Drekasvæðinu framlengist um eitt ár en lækki um 7,5 m.kr. og verði 5 m.kr. Loks er sótt um 6 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár vegna Náttúruverndaráætlunar 2009–2013 en áætlað er að friðlýsa 13 svæði á tímabilinu. Á viðfangi *1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* fellur niður 5,5 m.kr. tímabundið framlag vegna refaveiða sem veitt var í fjárlögum 2006 og vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda er lagt er til að endurgreiðslur vegna refaveiða verði lækkaðar um 12,4 m.kr. og felldar niður sem liður í markmiði ráðuneytisins. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 15,7 m.kr.

212 Vatnajökulsþjóðgarður. Gert er ráð fyrir 323,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Lögð er til 30,7 m.kr. lækkun stofnkostnaðarframlags vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,2 m.kr.

231 Landgræðsla ríkisins. Gert er ráð fyrir 592,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 27,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingarnar eru af tvennum toga. Annars vegar er farið fram á að tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 vegna hækkunar áburðaverðs framlengist um eitt ár, hækki um 26 m.kr. og verði 86 m.kr. Innkaupsverð á áburði hefur hækkað mikið vegna gengislækkunar íslensku krónunnar og hækkunar á erlendu innkaupsverði. Gert er ráð fyrir að þessi fjárheimild verði endurskoðuð á næsta ári með hliðsjón af þróun innkaupsverðs og geti þá lækkað reynist það verða hagstæðara. Hins vegar er lögð til 53,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Auk þess er lagt til að 15 m.kr. millifærsla af stofnkostnaði á viðhald sem gerð var tímabundið til eins árs í fjárlögum 2009 gangi til baka. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 18,4 m.kr.

241 Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir 255,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Lögð er til 23,2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um útgjaldalækkun. Gert er ráð fyrir að tekjur af samningi Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá, sem fjármagnaður er með framlagi af fjárlagalið *04-483* hjá sjávarútvegs- og

landbúnaðarráðuneyti, lækki um 2,4 m.kr. vegna útgjaldaaðhalds. Reiknað er með að gjöld stofnunarinnar lækki jafn mikið. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 7 m.kr.

243 Hekluskógar. Gert er ráð fyrir 22,6 m.kr. framlagi til liðarins sem er lækkun um 2,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs vegna útgjaldaaðhalds.

287 Úrvinnslusjóður. Lögð er til 61 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi er reiknað með 80 m.kr. hækkun tekna af gjaldinu og að þær verði samtals 610 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjunum verði veitt í formi fjárheimildar til sjóðsins að undanskildum 19 m.kr. sem verði haldið eftir í ríkissjóði vegna útgjaldaaðhalds. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrist af hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nemur 0,5 m.kr. Reiknað er með að á næsta ári muni sjóðurinn hafa 40 m.kr. sértekjur í formi vaxta af inneign hjá ríkissjóði og að tekjunum verði varið til að standa undir útgjöldum. Áætluð útgjöld Úrvinnslusjóðs á næsta ári eru um 830 m.kr. Það sem uppá vantar að tekjur standi undir gjöldum verður fjármagnað með uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins.

289 Endurvinnslan hf. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2010 muni þessi gjöld skila 1.610 m.kr. tekjum en það er 370 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga ársins í ár. Gert er ráð fyrir að tekjunum verði öllum veitt til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir sem lög nr. 52/1989 taka til, falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2010 jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi. Engu að síður var ákveðið að setja þetta mál fram með óbreyttu sniði í þessu fjárlagafrumvarpi vegna þess að í haust áformar umhverfisráðuneytið að leggja fram lagafrumvarp um framleiðendaábyrgð á endurvinnslu þessara umbúða. Það ræðst af framvindu þess máls hvort gera þurfi breytingar á fjárlagafrumvarpinu varðandi þessar tekjur og ráðstöfun þeirra.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	174,2	174,9	171,7	-1,8	-1,4
Skipulagsmál sveitarfélaga	216,1	117,7	88,4	-24,9	-59,1
Landmælingar Íslands	232,2	244,2	229,9	-5,9	-1,0
Brunamálastofnun ríkisins	135,3	142,8	277,6	94,4	105,2
Ofanflóðasjóður	145,0	144,9	210,0	44,9	44,8
Samtals	**902,8**	**824,5**	**977,6**	**18,6**	**8,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 133,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 46,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Fram koma nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 205 m.kr. Munar þar mest um 139,9 m.kr. hækkun vegna flutnings rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar og 65 m.kr. hækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs. Á móti kemur 25 m.kr. lækkun á framlagi vegna skipulagsmála sveitarfélaga. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

301 Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir 171,7 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Lögð er til 7 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 3,8 m.kr.

303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Á þennan lið er veitt fé til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 88,4 m.kr. fjárveitingu á liðinn og lækkar hún um 29,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af er 25 m.kr. lækkun á viðfang *1.11* vegna minni tekna af skipulagsgjaldi. Samkvæmt 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda, í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði. Áætlað er að á árinu 2010 verði heildartekjur af skipulagsgjaldi 160 m.kr. og að þar af falli 100 m.kr. til í sveitarfélögum sem annast sjálf sín skipulagsmál. Samkvæmt því þarf að yfirfæra 50 m.kr. úr Skipulagssjóði til þessara sveitarfélaga en það er 25 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 2009. Auk þess er lögð til 4,3 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfang *1.13* vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda.

310 Landmælingar Íslands. Gert er ráð fyrir 226,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Lögð er til 21 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 6,7 m.kr.

321 Brunamálastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir 277,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 125,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru aðallega af tvennum toga. Annars vegar er sótt er um 129,9 m.kr. fjárveitingu vegna yfirtöku stofnunarinnar á rafmagnsöryggismálum samkvæmt lögum nr. 29/2009, um færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Fjárheimild á lið *12-421 Neytendastofa* lækkar jafn mikið á móti og útgjöld ríkissjóðs aukast því ekki við þessa breytingu. Fjárhæð tillögunnar tekur mið af kostnaði Neytendastofu við málaflokkinn á árinu 2008 eftir að kostnaðurinn hefur verið uppfærður til verðlags fjárlaga 2009. Brunamálastofnun tekur við öllum kostnaði við eftirlit með öryggi raforkuvirkja og neysluveitna og reiknað er með að hún taki við helmingi af kostnaði við markaðseftirlit með rafföngum. Auk þess er lagt til að sértekjukrafa Brunamálastofnunar verði lækkuð um 10 m.kr. vegna falls í leigutekjum stofnunarinnar þar sem húsnæðið sem stofnun leigði áður út hýsir nú rafmagnsöryggisdeildina. Markaðir tekjustofnar vegna eftirlits með raforkuvirkjum og neysluveitum og rafföngum á markaði flytjast einnig til Brunamálastofnunar samhliða flutningi verkefnanna, og gert er ráð fyrir að þessar tekjur standi alfarið undir kostnaði við verkefnin. Í reglugerð sem umhverfisráðherra setti og tók gildi 31. júlí sl.er nánar kveðið á um skiptingu markaðseftirlits með rafföngum milli Brunamálastofnunar og Neytendastofu. Loks er hins vegar lögð er til 14,4 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 9,3 m.kr.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir 210 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins og er það 65,1 m.kr. hækkun ríkisframlags frá fjárlögum ársins í ár. Áætlað er að vaxtatekjur sjóðsins af inneign hjá ríkissjóði verði 390 m.kr. og er því reiknað með að fjárhagsleg framkvæmdageta sjóðsins á árinu 2010 verði um 600 m.kr. Í áætlunum sjóðsins er reiknað með framkvæmdum fyrir um 500 m.kr. á árinu 2011 og 2012 en 900 m.kr. á árinu 2013. Í ár er reiknað með að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarð í Bolungavík og upptökustoðvirki á Neskaupstað og að unnið verði að þeim framkvæmdum ásamt nokkrum smærri verkefnum á árunum 2010 og 2011. Á árinu 2012 er svo áformað að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarða á Ísafirði og Neskaupstað.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 412 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	320,3	351,2	383,5	9,2	19,7
Náttúrustofur	128,6	133,6	74,1	-44,5	-42,4
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	22,9	32,1	28,0	-12,8	22,3
Veðurstofa Íslands	685,9	668,4	626,6	-6,3	-8,6
Samtals	**1.157,7**	**1.185,3**	**1.112,2**	**-6,2**	**-3,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 103 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 101,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Munar þar mest um lækkun rekstrarframlaga til Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 54,7 m.kr. Þar má nefna að fyrirhugað er að framlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands hækki um 51,7 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði. Á hinn bóginn falla niður samtals 56,2 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Munar mest um niðurfellingar á framlögum til náttúrustofa sveitarfélaganna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 383,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 20,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar eru aðallega af tvennum toga. Sótt um 51,7 m.kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðs flutnings Náttúrufræðistofnunar í nýtt húsnæði sem nú er í byggingu í Urriðaholti, en stofnunin hefur gert samning til 25 ára um leigu þess. Upphaflega var gert ráð fyrir að stofnunin fengi húsnæðið afhent á árinu 2008 en vegna erfiðleika við fjármögnun hafa framkvæmdir tafist. Er nú miðað við að húsnæðið verði tilbúið til afhendingar 1. október 2010. Hækkunin skiptist í 36 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á húsbúnaði og kostnað við flutning og 15,7 m.kr. fjárveitingu vegna aukins leigukostnaðar í nýju húsnæði frá afhendingardegi. Á hinn bóginn er lögð til 31,6 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 12,2 m.kr.

403 Náttúrustofur. Gert er ráð fyrir 74,1 m.kr. fjárveitingu og jafngildir það 61,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum 2009. Skýrist það annars vegar af því að niður falla samtals 52,9 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið í fjárlögum 2009 en veitt var 6,4 m.kr. framlag til hverrar stofu nema hvað framlagið nam 14,4 m.kr. á Húsavík. Hins vegar er lögð til 8,9 m.kr. lækkun á fjárveitingu vegna aðhaldsmarkmiða. Lækkunin er 1 m.kr. á hverja stofu nema 1,9 m.kr. á Húsavík og 2 m.kr. í Bolungavík. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 2,3 m.kr.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 4,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 2 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna aukinna verkefna og umsvifa sem tengdust Alþjóða heimskautaárinu, mars 2007 – mars 2009, auk þess sem lögð er til 2,8 m.kr. lækkun fjárveitingar í tengslum við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 0,7 m.kr.

412 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 626,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 56,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og er af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lögð til 58,2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tímabundið framlag til kortlagningar flóða á Íslandi lækki um 0,8 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun og verði 20 m.kr. en falli síðan að fullu niður í fjárlögum 2011. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundið framlag til rannsókna fyrir undirbúning olíuleitar á Drekasvæðinu hækki um 2,5 m.kr. og verði 3 m.kr. Þessar rannsóknir eru hluti af sameiginlegu verkefni þriggja ráðuneyta undir forystu iðnaðarráðuneytis. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds á launaveltu sem samtals nema 14,7 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	13.552,0	12.160,0	13.270,0	9,1	-2,1
Spariskírteini	184,0	980,0	850,0	-13,3	362,0
Ríkisbréf	14.747,0	26.380,0	34.910,0	32,3	136,7
Ríkisvíxlar	784,0	5.700,0	4.140,0	-27,4	428,1
Önnur innlend lán	1.561,0	1.640,0	1.630,0	-0,6	4,4
Seðlabanki vegna veð- og daglána	0,0	31.350,0	7.430,0	-76,3	-
Eiginfjármögnun banka	0,0	5.250,0	23.650,0	350,5	-
Lán vinaþjóða	0,0	0,0	11.100,0	-	-
Annar vaxtakostnaður	4.213,0	2.730,0	1.790,0	-34,4	-57,5
Lántökukostnaður	454,0	750,0	800,0	6,7	76,2
Samtals	**35.495,0**	**86.940,0**	**99.570,0**	**14,5**	**180,5**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi tæpum 99,6 milljörðum króna á árinu 2010 og hækki um 12,6 milljarða króna frá fjárlögum 2009. Hækkanir milli ára skýrast fyrst og fremst af aukinni útgáfu ríkisverðbréfa og að línur hafa nú skýrst varðandi uppgjör mála eftir bankahrunið sl. haust.

Á árinu 2009 er nú reiknað með aukinni útgáfu ríkisbréfa og ríkisvíxla umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Markaðsaðstæður hafa verið ríkissjóði hagfeldar á árinu og hefur það gefið tilefni til að efla stöðu ríkissjóðs á innlánsreikningum í Seðlabanka í stað þess að draga á innistæður eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á móti aukinni útgáfu koma vaxtatekjur af hærri innistæðum. Á árinu 2010 er gert ráð fyrir að halla ríkissjóðs og afborgunum á gjalddaga, samtals um 228 milljörðum króna, verði mætt með annars vegar útgáfu ríkisbréfa og hins vegar með því að draga á innistæður í Seðlabanka. Vaxtagjöld ríkisverðbréfa hækka þannig um 7 milljarða frá fjárlögum 2009 og 6 milljarða frá endurmati fyrir 2009 en gert er ráð fyrir lítið eitt lægri vöxtum á árinu 2010 samfara spám um lægri verðbólgu og stýrivexti.

Við fjárlagagerð fyrir árið 2009 og vaxtaáætlun henni tengdri var margt ennþá óljóst varðandi útgáfu skuldabréfs sem gefið var út til Seðlabankans vegna yfirtöku ríkissjóðs á kröfum vegna veð- og daglána bankans, eiginfjármögnun fjármálastofnana og erlend lán til að styrkja gjaldeyrisvaraforða landsins.

Með samkomulagi sem gert var 12. janúar sl. og tók gildi 31. desember 2008 framseldi Seðlabanki Íslands til ríkissjóðs kröfur vegna veð- og daglána bankans. Umræddar kröfur voru tilkomnar vegna lánafyrirgreiðslu sem Seðlabankinn veitti fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk hans. Við fall bankanna kom í ljós að umtalsvert tap hafði orðið vegna þessara lánveitinga sem rýrði eigið fé Seðlabankans umfram það sem hann gat staðið undir. Tilgangur samkomulagsins var því að tryggja Seðlabanka viðunandi eiginfjárstöðu. Um var að ræða yfirtöku tryggingabréfa að fjárhæð 345 milljarða króna sem greitt var fyrir

með 270 milljarða króna skuldabréfi útgefnu af ríkissjóði. Skuldabréfið er verðtryggt, með einni afborgun í lok lánstíma eftir 5 ár og ber 2,5% vexti. Ákvæði eru í skuldabréfinu um að aðilum sé heimilt að óska eftir framlengingu, breytingu eða endurnýjun á umræddu skuldabréfi. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að ríkissjóður tæki yfir þessar kröfur var sú að ríkissjóður hefur rýmri heimildir til að umsýsla slíkar kröfur heldur en lög um Seðlabanka leyfa og því er ríkissjóður betur í stakk búinn til að verja hagsmuni sína sem kröfueigandi. Í vaxtaáætlun ársins 2010 er gert ráð fyrir vaxtagjöldum að fjárhæð 7,4 milljörðum króna vegna þessa en það er umtalsverð lækkun frá fjárlögum 2009 en þá höfðu áætlanir gert ráð fyrir óverðtryggðu skuldabréfi.

Í ágúst sl. var tilkynnt um fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings fyrir 137 milljarða króna en niðurstaða er ekki komin um fjárhæð endurfjármögnunar Nýja Landsbanka eða sparisjóðanna. Fjármögnun eiginfjárframlagsins fer fram með afhendingu ríkisskuldabréfa en gefinn var út nýr skuldabréfaflokkur að fjárhæð 300 milljarðar króna sérstaklega til þessa. Gjalddagi flokksins er eftir 9 ár og taka vextir mið af vaxtakjörum viðskiptareikninga innlánsstofnana í Seðlabanka. Vaxtagjöld 2010 eru áætluð 23,6 milljarðar króna vegna þessa skuldabréfaflokks en það er 18,4 milljörðum hærri fjárhæð en fjárlög 2009 gerðu ráð fyrir. Hækkunina má helst rekja til þess að endurfjármögnun bankanna fer nú fram með nýútgáfu ríkisskuldabréfa í stað þess að nota peningalegar eignir ríkissjóðs að stærstum hluta eins og þá var áformað. Vaxtatekjur af eignum koma því á móti vaxtagjöldum. Skilanefndum Glitnis og Kaupþings stendur til boða að eignast meirihluta í nýju bönkunum en frestur skilanefndanna til ákvörðunar er til loka september og loka október n.k. Ef af kaupunum verður muni hluti af ríkisskuldabréfunum verða afhentur til baka til ríkisins og vaxtagjöld ríkissjóðs lækka þá samsvarandi.

Við fjárlagagerð fyrir árið 2009 lágu engar ákvarðanir eða áætlanir fyrir um lán frá erlendum þjóðum til að styrkja gjaldeyrisvaraforða landsins. Nú liggur fyrir að Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, og Pólland hafa heitið ríkissjóði lánveitingum, samtals að jafnvirði tæplega 2,1 milljarði bandaríkjadala. Lán frá Noregi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru hins vegar veitt til Seðlabanka Íslands. Áætlanir gera ráð fyrir láni frá Rússlandi að jafnvirði 500 milljónum dala. Lán frá Færeyjum hefur þegar verið afgreitt en önnur lán verða greidd út í áföngum í tengslum við endurmat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagsáætluninni og er gert ráð fyrir greiðslum 2009 og 2010. Vaxtakostnaður þessara lána er áætlaður 11,1 milljarður króna á árinu 2010 en á móti koma vaxtatekjur af gjaldeyriseign. Ljóst er þó að vaxtajöfnuður ríkissjóðs vegna þessara lána verður neikvæður.

Þá hafa áætlanir um styrkingu krónunnar ekki gengið eftir sem hefur áhrif á vaxtakostnað erlendra lána. Meirihluti almennra erlendra lána ríkissjóðs er á föstum vöxtum. Vaxtakostnaður hækkar um rúman milljarð frá fjárlögum 2009 vegna þess.

Annar vaxtakostnaður lækkar um milljarð á milli ára. Hann samanstendur nú aðallega af stöðu inneigna Ofanflóðasjóðs, Fjarskiptasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Fram til þessa hefur Atvinnuleysistrygginga-

sjóður átt afgang hjá ríkissjóði af mörkuðum tekjum sínum af atvinnutryggingagjaldi og fengið reiknaða vexti af inneigninni en nú er fyrirséður mikill viðsnúningur á stöðu sjóðsins og skýrir það að mestu lækkunina frá fyrra ári.

Aðrir vextir breytast óverulega á milli fjárlaga 2009 og frumvarps 2010. Greiddir vextir eru áætlaðir 102,4 milljarðar á árinu 2010 sem 4,4 milljörðum hærri fjárhæð en endurskoðaðar áætlanir gera ráð fyrir vegna ársins 2009 og 25,8 milljörðum hærri fjárhæð en fjárlög 2009 áætluðu. Mest munar um hækkun vaxtakostnaðar ríkisverðbréfa en hann hækkar um 20 milljarða króna frá fjárlögum 2009 en um 11,8 milljarða frá endurmati 2009. Ástæða hækkunarinnar er aukin útgáfu ríkisverðbréfa, eins og fyrr er minnst á, en vaxtagreiðslur af ríkisbréfum eru árlegar.

Áætlað er að mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta verði 2,8 milljarðar króna á næsta ári sem kemur fram sem viðskiptahreyfing á þessum fjárlagalið.

Þess ber að geta að í framangreindum áætlunum er ekki gert ráð fyrir mati á áföllnum vöxtum vegna skuldbindinga í tengslum við svokallaða Icesave reikninga Landsbankans. Til athugunar er hvernig rétt er að fara með mat á hugsanlegum áhrifum þessa þáttar á fjármál ríkisins og kann að þurfa að endurskoða framsetninguna fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög, sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 28.294 m.kr. á árinu 2010 og rekstrargjöld 27.128 m.kr. Miðað við fjárlög 2009 hækka tekjurnar um 2.003 m.kr. en gjöldin um 1.604 m.kr. Frá ríkisreikningi 2008 hækka tekjur B-hlutans um 3.806 m.kr. og gjöld um 3.752 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 80 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það lækkun um 100 m.kr. frá fjárlögum en lækkun um 118 m.kr. frá reikningi 2008. Eins og í ár er ekki gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi frá A-hluta ríkissjóðs til B-hlutans á árinu 2010. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir 1.245 m.kr. hagnaði á B-hluta ríkisjóðs á næsta ári og hækkar hann um 298 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2009 en um 380 m.kr. frá reikningi 2008. Aukinn hagnað má rekja til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en áætlað er að hann hækki um 448 m.kr. á milli ára, en á móti er gert ráð fyrir lítilsháttar halla hjá Íslenskum orkurannsóknum og að hagnaður Happdrættis Háskóla Íslands dragist saman frá áætlun fjárlaga 2009.

Fjárfestingar eru áætlaðar 354 m.kr., þar af 330 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 29 m.kr. í áhættufjármunum. Sala varanlegra rekstrarfjármuna er áætluð 5 m.kr. Fjárfestingar minnka um 491 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2009 en um 295 m.kr. miðað við reikning 2008. Munar þar mestu að á þessu ári var gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárfestingum Happdrættis Háskóla Íslands, en ekki er gert ráð fyrir slíku á næsta ári.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2009 frekar en í ár.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2010 er áætluð 500 m.kr. en er 210 m.kr. í fjárlögum 2009. Á árinu 2008 nam arðgreiðslan 182,5 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2010 nemi það framlag 415 m.kr. sem er sama framlag og á yfirstandandi ári.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja verði 1.818 m.kr. í árslok 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Rekstrartekjur	26.291,6	28.294,0
Rekstrargjöld	-25.524,1	-27.128,6
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	180,0	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**947,5**	**1.245,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	0,0	0,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	**947,5**	**1.245,4**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	947,5	1.245,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	260,0	245,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-70,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	**1.137,5**	**1.490,4**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-320,0	-330,0
Áhættufjármunir	-528,5	-28,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	4,0	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-844,5**	**-353,5**
Tekin löng lán	0,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	0,0	0,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-210,0	-500,0
Annað	-415,0	-415,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-625,0**	**-915,0**
Breyting á handbæru fé	-332,0	221,9
Handbært fé í ársbyrjun	1.828,5	1.596,5
Handbært fé í árslok	1.496,5	1.818,4

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2010 verði 660 m.kr. hagnaður af rekstri happdrættisins en það er 240 m.kr. lakari afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009 en 131 m.kr. betri afkoma en samkvæmt reikningi ársins 2008. Tekjur og markaðshlutdeild happdrættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði. Tekjuþróun og markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð síðustu ár. Hins vegar hafa orðið töluverðar breytingar í umhverfinu á undanförnum misserum og því erfitt að spá fyrir um framtíðina. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að starfsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærri fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísinda-

rannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á lið *02-238 Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2010 skili rekstur happdrættisins 660 m.kr. hagnaði og eru 20% af þeirri fjárhæð 132 m.kr. Gert er ráð fyrir að 17 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi með sama hætti og gert var í fjárlögum 2009. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2010 verður því 115 m.kr. Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja ágóðanum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Gert er ráð fyrir að framlag til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands verði 415 m.kr. á árinu 2010 eða óbreytt frá fjárlögum 2009. Framlagið verður eingöngu fólgið í peningalegu framlagi þar sem lán vegna fyrri byggingaframkvæmda eru uppgreidd og því er ekki lengur um að ræða neinar greiðslur vaxta og afborgana. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 415 m.kr. á árinu 2010. Peningalegt framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2009 takmarkast við þá fjárhæð.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 23,3 milljarðar króna á næsta ári en það er tæplega 2,3 milljarða króna hækkun frá fjárlögum ársins 2009. Sala áfengis er miðuð við tekjuþróun ársins 2009 og er gert ráð fyrir 10,2% tekjuaukningu milli áranna 2009 og 2010. Gert er ráð fyrir 2,5% aukningu tekna af sölu tóbaks milli áranna 2009 og 2010. Rekstrargjöld ársins 2010 eru áætluð 22,7 milljarðar króna og hækka um 1,8 milljarða króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Mikil óvissa ríkir um launakostnað stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á heildarlaunagreiðslum á milli ára þótt reikna megi með hækkun lægstu launa. Hækkuninni verður mætt með betra skipulagi og hagræðingu í rekstri. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna fræðslu starfsmanna og öðrum starfsmannatengdum kostnaði. Eftirlaunaskuldbindingar vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 25 m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður hækki vegna aukinna umsvifa, sameiningu tveggja vínbúða, verðalagsbreytinga og gengisþróunar. Þá er reiknað með endurskipulagningu skrifstofuhúsnæðis að Stuðlahálsi 2. Dreifingar- og bifreiðakostnaður eykst vegna útboðs á flutningi áfengis og tóbaks utan höfuðborgarsvæðisins. Áætlað er að fjármunatekjur lækki milli ára og verði 10 m.kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir að verja 250 m.kr. til fjárfestinga í varanlegum

rekstrarfjármunum. Áætlað er að hagnaður verði 625,4 m.kr. og að handbært fé stofnunarinnar verði um 711 m.kr. í árslok. Loks er reiknað með arðgreiðslum til ríkissjóðs að upphæð 500 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 210 m.kr. á fjárlögum þessa árs.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar dragist saman á árinu 2010 og að ársveltan verði um 950 m.kr. í stað 1.050 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009. Þó er rétt að vekja athygli á því að búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði rekið með 40 m.kr. tapi á árinu. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og gerir ráð fyrir að fjárfesta 40 m.kr. í slíkum búnaði. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 70 m.kr. Gert er ráð fyrir að afla verkefna erlendis vegna samdráttar innanlands. Það verður gert í gegnum hlutafélög í samstarfi við aðra og er því gert ráð fyrir að fjárfesta 30 m.kr. í hlutafé í slíkum félögum. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé í ársbyrjun er áætlað um 105 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé verði um 65 m.kr. í árslok 2010.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2010 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta 90,5 milljarðar kr. samanborið við 161,4 milljarða kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og 156,5 milljarða kr. í ríkisreikningi 2008. Lækkunin frá fjárlögum 2009 er 70,9 milljarðar kr. eða um 44%. Lækkun fjármunatekna er mestur hjá Íbúðalánasjóði eða 87 milljarðar kr. en gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Lánasjóði íslenskra námsmanna hækki um 2,4 milljarða kr. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 82,7 milljarður kr. en eru rúmir 156 milljarðar kr. í fjárlögum 2009 og 146 milljarðar kr. í ríkisreikningi 2008. Lækkun frá fjárlögum 2009 er 73,3 milljarðar kr. eða 47%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru þannig töluvert lægri en í fjárlögum yfirstandandi árs, sem og í ríkisreikningi 2008. Lækkunin skýrist af því að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðbólga á árinu 2010 verði talsvert minni en reiknað var með á árinu 2009 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 5% milli áranna 2009 og 2010 en verðlagsforsendur fjárlaga 2009 miðuðust við 14,3% hækkun vísitölunnar milli áranna 2008 og 2009. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar á verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

Framlög í afskriftasjóð útlána verða tæpir 5,2 milljarðar kr., eða um 6,7% af áætluðum heildarútlánum á árinu 2010, en í fjárlögum yfirstandandi árs nemur framlagið 1,8% af áætluðum útlánum ársins. Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð 10,2 milljarðar kr. samanborið við 7,9 milljarða í fjárlögum 2009 og 6,8 milljarða í ríkisreikningi 2008. Munar þar mest um 9,2 milljarða kr. framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en framlag til sjóðsins hækkar um 2,2 milljarða kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til Íbúðalánasjóðs hækkar um 228 m.kr. og framlag til Byggðastofnunar lækkar um 130 m.kr. Aðrar rekstrartekjur næsta árs eru áætlaðar 245 m.kr. sem er lítilsháttar hækkun frá fjárlögum 2009. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 2.421,8 m.kr. sem er 88,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum

Áætlað er að C-hluta sjóðir verði reknir með um 10,7 milljarða kr. hagnaði á árinu 2010, samanborið við 7,8 milljarða hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2009 og 1,8 milljarða í ríkisreikningi 2008. Þyngst vegur 8,9 milljarða kr. hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem gengur til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður 1,8 milljarðar kr. Að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum

og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 17 milljarðar kr. á árinu 2010. Það er 22 milljarða kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 23 milljarða kr. hækkun miðað við reikning 2008.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði samtals 76,6 milljarðar kr. Það er rúmlega 112,2 milljarða kr., eða 59,4%, lægri lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2009. Lánveitingar Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 55,5 milljarðar kr. þar af 35 milljarðar til almennra íbúðalána og 20,5 milljarðar til leiguíbúða. Lækkun er áætluð á nýjum útlánum og lántökum sjóðsins samanborið við fyrri ár, en gert er ráð fyrir töluvert minni umsvifum á fasteignamarkaði. Í fjárlögum þessa árs var áætlað fyrir að Íbúðalánasjóður gæti keypt fasteignaveðlán af bönkum og öðrum fjármálastofnunum fyrir 100 milljarða kr. vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Mun minna varð úr þeim uppkaupum og ekki er gert ráð fyrir sérstakri lánsfjárheimild til þessa á árinu 2010. Að þessari 100 milljarða króna áætlun frátalinni er reiknað með að í heild lækki lánveitingar Íbúðalánasjóðs um 15,9 milljarða kr. en að lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 3,4 milljarða frá fjárlögum 2009. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 17,9 milljarðar. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2009 innheimti C-hluta sjóðir samtals 30,3 milljarða kr. í afborganir af veittum löngum lánum en það er 4,2 milljarða kr. lægri afborganir en áætlaðar eru á fjárlögum ársins í ár.

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar samtals 82,9 milljarðar kr. en það er lækkun um 89,8 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga 2009 og skýrist að mestu af því að Íbúðalánasjóður þurfti lítið að nýta af fyrrnefndri 100 milljarða króna sérstakri lánsfjárheimild. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar rúmir 47,7 milljarðar en eru 35,3 milljarðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2010 eru áætluð 10,3 milljarðar kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 16 milljarða kr. afföllum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. eiginfjárframlag eins og í fjárlögum 2009. Gangi framangreindar áætlanir eftir er gert ráð fyrir að handbært fé lánastofnana í C-hluta lækki um 2,9 milljarða kr. á árinu 2010 og verði um 52,2 milljarðar kr. í árslok.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Fjármunatekjur	161.420,5	90.524,7
Fjármagnsgjöld	-156.071,0	-82.707,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	-3.408,0	-5.168,8
Hreinar fjármunatekjur	**1.941,5**	**2.648,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	7.930,3	10.214,8
Aðrar rekstrartekjur	237,0	245,0
Önnur rekstrargjöld	-2.333,1	-2.421,8
Hagnaður (-tap)	**7.775,7**	**10.686,3**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	7.775,7	10.686,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	31.834,0	-36.959,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-597,0	43.285,0
Handbært fé frá rekstri	**39.012,7**	**17.012,3**
Veitt löng lán	-188.897,0	-76.638,0
Afborganir af veittum löngum lánum	34.495,0	30.305,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	109,0	-131,0
Áhættufjármunir, nettó	362,0	1.188,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-153.931,0**	**-45.276,0**
Tekin löng lán	172.674,0	82.877,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-35.297,0	-47.729,0
Annað, nettó	-15.495,0	-9.777,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**121.882,0**	**25.371,0**
Breyting á handbæru fé	6.963,7	-2.892,7
Handbært fé í ársbyrjun	45.272,2	55.080,9
Handbært fé í árslok	52.235,9	52.188,2

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2010 eru áætluð 17.908 m.kr. og aukast um 3.432 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2009 en um 6.846,4 m.kr. frá ríkisreikningi 2008. Hækkun lánveitinga milli áranna 2009 og 2010 er tæp 23,7% og munar mest um 14% fjölgun lánþega og hækkun á framfærslugrunni námsmanna. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins í samræmi við mat ríkisendurskoðunar á framlagsþörf. Framlag ríkissjóðs er 51% útlána eins og reiknað var með í fjárlögum 2009, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 9.185 m.kr. og hækkar um 2.200 m.kr. eða um 31,5% frá áætlun fjárlaga 2009. Af framlagi ríkissjóðs er áætlað að 350 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 304 m.kr. vegna rekstrar.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 8.684,2 m.kr., fjármagnsgjöld 4.898,6 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 3.459,8 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar jákvæðar um 325,8 m.kr. en voru neikvæðar um 690 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs og jákvæðar um 4.111,5 m.kr. í ríkisreikningi 2008. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins verði 8.876,8 m.kr. og hækki um 3.163,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og námu, að frádregnum afskriftareikningi, 101.458,3 m.kr. í árslok 2008.

Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvísitölu og bera 1% vexti frá námslokum. Í árslok 2008 nam bókfært eigið fé sjóðsins 52.621,8 m.kr. Þar sem núvirði útlána í árslok var 27.763 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra, var núvirði eigin fjár 24.859 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 5.400 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það 100 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2009. Áætlað er að verja 79 m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað að sjóðurinn taki 13.100 m.kr. í löng lán og greiði 5.928 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framagreindar forsendur lækkar handbært fé sjóðsins um 58,2 m.kr. á árinu og verður um 449,8 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðarlánasjóður

Útlán sjóðsins á árinu 2010 eru áætluð 55,5 milljarðar króna en eru 171,4 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur lækkunin milli ára rúmum 22%. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir 100 milljörðum króna til kaupa á fasteignaveðlánum fjármálastofnana í samræmi við ákvæði laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Samkvæmt lögunum er Íbúðarlánasjóði heimilað að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem teljast til hefðbundinna íbúðalána en slík heimild í lögum þykir nauðsynleg við endurskipulagningu rekstrar fjármálafyrirtækja og er til þess fallinn að liðka fyrir fjármögnun þeirra. Í þessu fjárlagafrumvarpi er hinsvegar ekki gert ráð fyrir slíkri heimild. Að þessari sérstöku viðbót frátalinni námu áætluð útlán sjóðsins í fjárlögum þessa árs 71,4 milljörðum króna og nemur lækkun frá henni til áætlunar fyrir næsta ár rúmum 22% Lántökur sjóðsins á næsta ári eru áætlaðar 65,8 milljarðar króna. Lántökur í fjárlögum þessa árs eru 159,7 milljarðar króna en þar af eru 100 milljarðar vegna fyrrnefndrar viðbótarheimildar vegna bankahrunsins síðastliðið haust.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi um 23,8 milljörðum króna en það er lækkun um 4,1 milljarða króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þá lækkun má rekja til

greiðsluerfiðleika lántakenda og samdráttar í innstreymi vegna frystingar á útlánum sjóðsins. Afborganir sjóðsins af teknum löngum lánum eru áætlaðar 38,1 milljarðar króna sem er hækkun um 9 milljarða króna frá fjárlögum 2009. Þá hækkun má rekja til aukins umfangs og verðlagshækkana.

Fjármunatekjur næsta árs eru áætlaðar 79,6 milljarðar króna en þær voru áætlaðar 153 milljarðar króna í fjárlögum 2009. Fjármagnsgjöld eru áætluð 76,5 milljarðar króna en þau voru áætluð 149,9 milljarðar króna í fjárlögum 2009 Lægri verðbólga skýrir að hluta til þessa lækkun. Í forsendum fjárlaga 2009 var reiknað með 14,3% verðbólgu en gert er ráð fyrir um 5% verðbólgu árið 2010.

Áætlað er að leggja 1 milljarð króna í afskriftasjóð útlána. Hreinar fjármunatekjur verða um 2,1 milljarðar króna og hagnaður ársins tæpur 1,8 milljarður króna.

Árið 2010 er áætlað að rekstrartekjur sjóðsins verði 210 m.kr. og er það um 9,9% aukning frá fjárlögum 2009. Rekstrargjöldin eru áætluð um 1.163 m.kr. sem er 10,6% hækkun frá árinu 2009. Hækkanir þessar skýrast nánast alfarið af almennum verðlagsbreytingum. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á starfsemi sjóðsins milli ára.

Breyting hefur verið gerð í áætlun sjóðsins við skiptingu einstakra liða annarra en útlán og afborgana. Nú er þeim skipt upp á einstök fjárlaganúmer eftir hlutfalli af heildarútlánum sjóðsins í stað þess fella hvern lið að þeirri starfsemi sem var líklegast að hann tilheyrði. Er þetta gert í ljósi þess að sjóðnum er ekki skipt upp í rekstri eftir fjárlaganúmerum heldur rekin sem ein óskipt heild. Af þessum sökum geta hlutföll milli einstakra liða verið nokkur önnur en fyrri ár og því ekki samanburðarhæf.

201 Íbúðarlánasjóður, húsbréfadeild. Fjármunatekjur húsbréfadeildar á árinu 2010 eru áætlaðar 16,3 milljarðar króna og fjármagnsgjöld 15,7 milljarðar. Framlag í afskriftarsjóð útlána eru 211 m.kr. og hreinar fjármunatekjur 430 m.kr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 43 m.kr., rekstrargjöldin 72 m.kr. og hagnaður ársins 401 m.kr. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 4,9 milljarðar króna og afborganir sjóðsins af útgefnum húsbréfum og endurfjármögnunarbréfum eru áætlaðar 7,8 milljarðar króna. Reiknað er með að handbært fé minnki um 2,3 milljarða króna og verði 9,2 milljarðar í árslok 2010.

205 Íbúðarlánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánflokka á næsta ári eru áætlaðar 20,5 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir umtalsverðri fækkun lána til leiguíbúða sem veitt eru með niðurgreiddum vöxtum. Gerir áætlunin ráð fyrir að á næsta ári verði veitt lán til allt að 150 íbúða samanborið við 400 íbúðir í fjárlögum 2009. Miðað er við að meðallán til þessara íbúða verði um 20 m.kr. og áætluð heildarútlán verði um 3 milljarðar króna. Til niðurgreiðslu vaxta vegna leiguíbúðanna eru ætlaðar 642 m.kr. Þá er gert ráð fyrr að lána allt að 10 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af

fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir 2,5 milljörðum króna í lán til byggingar þjónustumiðstöðva aldraðra, til bygginga og kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á félagslegum íbúðum, lána til einstaklinga með sérþarfir, lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og til vistheimila fyrir börn og unglinga. Loks er gert ráð fyrir að lána allt að 5 milljarða króna til skuldbreytinga á vanskilum og til að mæta minnkandi innstreymi vegna frystingar á þegar veittum lánum. Reiknað er með að lántökur deildarinnar verði rúmir 24 milljarðar króna og afborganir af teknum lánum 6,6 milljarðar. Miða við það er gert ráð fyrir að handbært fé deildarinnar hækki um 2 milljarða króna á árinu og verði um 9,8 milljarðar í árslok 2010.

211 Íbúðarlánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004 var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðsstaða er áætluð jákvæð um 625 m.kr. í árlok 2010 og er það 150 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2009.

215 Íbúðarlánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum vegna þeirra. Áætlað er að á árinu 2010 verði 198 m.kr. hagnaður af starfsemi sjóðanna. Reiknað er með að sjóðsstaða þeirra versni um 1,1 milljarða króna á árinu og verði tæpir 4,6 milljarðar í árslok 2010.

219 Íbúðarlánasjóður, almenn íbúðarlán. Áætlað er að á árinu 2010 muni fjármunatekjur vegna almennra íbúðalána nema um 40,4 milljörðum króna. Fjármagnsgjöld eru áætluð um 38,8 milljarðar króna. Áætlað er að leggja 522 m.kr. í afskriftasjóð útlána. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar um 1,7 milljarðar króna og hagnaður ársins 414 m.kr. Gert er ráð fyrir að á næsta ári nemi ný almenn íbúðalán 35 milljörðum króna. Lántökur eru áætlaðar um 41,7 milljarðar króna. Lækkun er áætluð á nýjum útlánum og lántökum sjóðsins samanborið við fyrra ár. Það má rekja til minni umsvifa á fasteignamarkaði en einnig til þess að ekki er gert ráð fyrir verulegum kaupum sjóðsins á íbúðalánum fjármálafyrirtækja líkt og gert var á árinu 2009. Í áætlunum er reiknað með svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði á árinu 2010 og á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að handbært fé deildarinnar aukist um tæpar 400 m.kr. og verði um 25,6 milljarðar króna í árslok 2010.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til 1,5 milljarð kr. til stofnunar sérstaks samlagssjóðs gegn því að sjóðnum tækist að útvega a.m.k. sömu fjárhæð frá öðrum fjárfestum. Á árinu 2008 var svo Frumtak stofnað þar sem Nýsköpunarsjóður skuldbatt sig til að greiða 1,5 milljarð króna og aðrir fjárfestar tæpa 2,6 milljarða. Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur sjóðsins verði 303 m.kr. á árinu 2010 og eru þær 85 m.kr. lægri frá fjárlögum 2009 en 77 m.kr. hærri en árið 2008. Ráðgert er að leggja 180 m.kr. í afskriftarsjóð. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 136 m.kr. en það er 14 m.kr. hærri kostnaður en árið 2008. Gert er ráð fyrir 19 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins en árið 2008 var tap sjóðsins 241 m.kr. en þá voru lagðar 342 m.kr. í afskriftasjóð. Gangi framangreint eftir verður handbært fé í árslok 2009 um 1,4 milljarðar króna.

371 Orkusjóður. Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, með það að markmiði að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu til að stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái 36,9 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af lið *11-371 Orkusjóður*. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 8,5 m.kr. standi undir rekstrarútgjöldum sjóðsins. Ekki er gert ráð fyrir útlánum úr sjóðnum á árinu 2010 en staða hans hefur veikst vegna aukinna lánveitinga og styrkúthlutana á árinu 2008. Áætlað er að handbært fé sjóðsins verði 80,1 m.kr. í árslok.

411 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði rekin með 46,9 m.kr. hagnaði á árinu 2010 en í fjárlögum 2009 var áætlaður 27,4 m.kr. hagnaður á rekstri stofnunarinnar en 528 m.kr. halli var á rekstrinum samkvæmt reikningi ársins 2008. Stærsti hluti af tekjum stofnunarinnar kemur af fjármagnstekjum en þær eru áætlaðar 1.900 m.kr. árið 2010. Á móti koma 1.300 m.kr. fjármagnsgjöld og 500 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það er um 17% af áætluðum nýjum útlánum stofnunarinnar á árinu. Árið 2008 voru 1.660 m.kr. settar á afskriftareikning sem varúðarframlag til að mæta fyrirsjáanlegum töpum á útlánastarfsemi. Gert er ráð fyrir 361,9 m.kr. framlagi úr ríkissjóði árið 2010 en það er 130,5 m.kr. minna framlag en í fjárlögum 2009.

Skýrist það af því að niður fellur 100 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2009 til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga vegna mótvægisaðgerða sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Af 361,9 m.kr. framlagi næsta árs er gert ráð fyrir að 153,8 m.kr. verði varið til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og lækkar framlagið um 112,8 m.kr. frá fjárlögum 2009, aðallega vegna niðurfellingar á áðurnefndu 100 m.kr. framlagi, og að 208,1 m.kr. verði varið til almenns rekstrar stofnunarinnar sem er lækkun um 17,7 m.kr. frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að veita 3.000 m.kr. í ný lán. Það er jafn mikið og í gildandi fjárlögum en 881 m.kr. lækkun frá árinu 2008. Áætlað er að innheimta 1.000 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 3.700 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gert er ráð fyrir að taka 4.000 m.kr. í nýjum lánum sem er 1.000 m.kr. hærri fjárhæð en er í gildandi fjárlögum. Skýrist það af endurfjármögnun skuldabréfaútgáfu stofnunarinnar frá 1998 sem kemur til greiðslu á miðju ári 2010. Gangi framangreint eftir er áætlað að handbært fé stofnunarinnar lækki um 1.153 m.kr. á árinu og verði 474 m.kr. í árslok 2010.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2009

Horfur eru á að á árinu 2009 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 472 milljarða króna en í fjárlögum ársins var hann áætlaður neikvæður um 133 milljarða króna. Aukning lánsfjárþarfar frá fjárlögum er 339 milljarðar króna og skýrist aðallega af eftirtöldum fimm tilefnum. Í fyrsta lagi, og það sem langsamlega mest munar um, er að horfið hefur verið frá því að eiginfjármagna fjármálakerfi landsins með þeim verðbréfum sem Seðlabankinn hafði sem tryggingu á móti veð- og daglánum bankans og ríkissjóður keypti af bankanum eftir hrun stóru bankanna þriggja síðastliðið haust. Þessar eignir hafa reynst verðminni en reiknað hafði verið með og fjarri því að duga til að endurfjármagna fjármálakerfið. Ríkissjóður greiðir því eiginfjárframlögin með ríkisskuldabréfum, og ætlað er að heildarfjárhæð þeirra verði um 300 milljarðar króna. Þegar þetta er ritað ríkir þó enn mikil óvissa um það hvernig bankarnir verða endanlega fjármagnaðir því skilanefndir Glitnis og Kaupþings, fyrir hönd kröfuhafa, eiga kost á að eignast mikinn meirihluta hlutafjár í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi. Ákveði kröfuhafarnir að nýta sér þann kost mun stór hluti af 137 milljarða króna eiginfjárframlagi ríkissjóðs til þessara tveggja banka ganga til baka. Ekki hefur enn verið gengið frá eiginfjármögnun NBI (Nýja Landsbankans). Í öðru lagi er áformað að selja hluta af tryggingabréfunum sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum fyrir um 65 milljarða króna. Í þriðja lagi er reiknað með að ríkissjóður endurláni Seðlabankanum það sem áætlað er að verði afgreitt af lánum Norðurlandanna og Póllands á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans, jafngildi um 75 milljarða króna. Í fjórða lagi er nú gert ráð fyrir að afborganir af veittum lánum ríkissjóðs verði rúmlega 6 milljörðum króna meiri en áætlað var og í fimmta lagi er áætlað að handbært fé frá rekstri verði 36 milljörðum króna minna en reiknað var með í fjárlögum þessa árs.

Á móti neikvæðum lánsfjárjöfnuði koma auknar lántökur og reiknað er með að langtímalántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2009 verði 610 milljarðar króna en það er 450 milljarða króna lántaka umfram áætlun fjárlaga. Munar mest um áðurnefnda 300 milljarða króna útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna bankakerfið og 75 milljarða erlenda lántöku til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Reiknað er með að ríkissjóður greiði 120 milljarða í afborganir af teknum lánum en það er 20 milljörðum meira en áætlað var í fjárlögum. Lántökur umfram afborganir verða þá 490 milljarðar króna. Samkvæmt því eykst handbært fé um 18 milljarða króna á árinu og staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands batnar sem því nemur.

Lántökur árið 2009. Eins og fyrr segir er gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2009 verði 610 milljarðar króna. Lánunum má í stórum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi 520 milljarða króna útgáfu ríkisskuldabréfa, þar af 300 milljarða til að endurfjármagna fjármálakerfi landsins, í öðru lagi jafngildi 75 milljarða króna lán frá Færeyjum, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Póllandi sem ríkissjóður tekur til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans og í þriðja lagi aðra erlenda lántöku að jafngildi 15 milljörðum króna. Lán Noregs og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann eru veitt Seðlabanka Íslands beint og teljast því ekki með lántökum ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 120 milljarða króna í afborganir af teknum lánum og samkvæmt því eru horfur á að nettó skuldaaukning ríkissjóðs verði 490 milljarðar króna en það er 430 milljarða króna frávik frá áætlun fjárlaga. Frávikið stafar að stærstum hluta af áðurnefndri 300 milljarða króna útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna fjármálakerfið, jafngildi 75 milljarða króna lántöku erlendis til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands, 20 milljarða króna afborgunum skulda umfram áætlun fjárlaga og fjármögnun á auknum rekstrarhalla ríkissjóðs.

Reiknað er með að í ár verði lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar samtals 93,6 milljarðar króna og að afborganir þessara aðila af teknum lánum verði 53 milljarðar. Nettólántökur þeirra verða samkvæmt því 40,6 milljarðar króna og lækka um 92 milljarða frá áætlun fjárlaga. Munar þar mest að lántökur Íbúðalánasjóðs eru 88 milljörðum króna minni en reiknað var með í fjárlögum auk þess sem reiknað er með að afborganir sjóðsins af teknum lánum verði 2,5 milljörðum króna umfram áætlun. Megin skýring á minni lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs er að mun minna varð af uppkaupum sjóðsins á íbúðalánum bankanna en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga en þá var lánsfjárheimild sjóðsins aukin um 100 milljarða króna til að fjármagna uppkaup á slíkum kröfum af fjármálastofnunum. Horfur eru á að heildarfjárfestingar Landsvirkjunar verði 5 milljörðum króna minni en áætlað var í fjárlögum og lántökur 1,2 milljörðum króna innan áætlunar og að sjóðsstaða fyrirtækisins batni um 4 milljarða króna frá fyrri áætlun. Vegna erfiðleika á lánamörkuðum er þó óvíst hverjar endanlegar lántökur verða og hugsanlegt er að þær flytjist að hluta til yfir á árið 2010.

Í heildina tekið er því reiknað með 490 milljarða króna hreinni lánsfjárþörf hjá A-hluta ríkissjóðs og 40,6 milljörðum hjá fyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og Landsvirkjun. Samtals eru það 530,6 milljarðar króna eða sem nemur 36% af vergri landsframleiðslu. Að frátöldum 300 milljarða króna ríkisskuldabréfum vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana og jafngildi 75 milljarða króna lánum til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans nemur hrein lánsfjárþörf 155,6 m.kr., eða 10,6% af vergri landsframleiðslu.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2010

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 544,8 milljörðum króna á árinu 2010. Afborganir af teknum

lánum eru áætlaðar 203,3 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf þessara aðila á næsta ári er því áætluð 341,5 milljarðar króna. Reiknað er með að ríkissjóður taki 450 milljarða króna að láni, þar af jafngildi 270 milljörðum til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, og greiði 135 milljarða í afborganir af teknum lánum.

Lántökur fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar eru áætlaðar samtals 94,8 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 68,3 milljarðar. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 26,5 milljarðar króna, eða um 14 milljörðum króna minni en horfur eru á að hún verði í ár. Munar þar mest um 12,6 milljarða króna minni nettólántökur Íbúðalánasjóðs og 1,4 milljarða króna minni nettólántökur Byggðastofnunar. Nánari grein er gerð fyrir lántökuáformun einstakra fyrirtækja og sjóða aftast í þessum kafla.

Á næsta ári er því reiknað með 315 milljarða króna hreinni lánsfjárþörf hjá A-hluta ríkissjóðs og 26,5 milljörðum hjá fyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og Landsvirkjun. Hrein lánsfjárþörf þessara aðila er því áætluð samtals 341,5 milljarðar króna eða sem nemur 21,9% af vergri landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf að frátöldum jafngildi 270 milljarða króna lánum til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans nemur 71,5 milljörðum króna eða sem svarar 4,6% af vergri landsframleiðslu.

	Horfur 2009			Frumvarp 2010		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**597,8**	**105,8**	**703,6**	**-**	**-**	**544,8**
Ríki	594,8	90,0	**684,8**	-	-	**519,8**
A-hluti	520,0	90,0	**610,0**	-	-	**450,0**
B- og C-hluti	74,8	0,0	**74,8**	-	-	**69,8**
Landsvirkjun	3,0	15,8	**18,8**	-	-	**25,0**
Afborganir	**123,0**	**50,0**	**173,0**	**-**	**-**	**203,3**
Ríki	121,9	31,1	**153,0**	-	-	**177,0**
A-hluti	90,0	30,0	**120,0**	-	-	**135,0**
B- og C-hluti	31,9	1,1	**33,0**	-	-	**42,0**
Landsvirkjun	1,1	18,9	**20,0**	-	-	**26,3**
Hrein lánsfjárþörf	**474,8**	**55,8**	**530,6**	**-**	**-**	**341,5**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**32,2%**	**3,8%**	**36,0%**	**-**	**-**	**21,9%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Áætlað er að á árinu 2010 verði tekjujöfnuður A-hluta ríkissjóðs neikvæður um 87,4 milljarða króna og horfur eru á að í ár verði hann neikvæður um 182,3 milljarða. Tekjujöfnuður batnar samkvæmt því um tæpa 95 milljarða króna milli ára og eru það veruleg umskipti til hins betra í afkomu. Áætlað er að á næsta ári verði handbært fé frá rekstri neikvætt um 94,8 milljarða króna samanborið við það að horfur eru á að í ár verði það neikvætt um 174,3 milljarða. Breyting milli áranna er 79,5 milljarðar króna til batnaðar. Þessar miklu hækkanir endurspegla áætlun um auknar tekjur ríkissjóðs á næsta ári

samfara lækkun útgjalda. Áætlað er að tekjurnar hækki um 61,3 milljarða króna á rekstrargrunni og gjöldin lækki um 33,6 milljarða. Á greiðslugrunni nemur tekjuhækkunin 53,4 milljörðum króna og gjaldalækkunin 26,2 milljörðum króna.

Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar næsta árs verði í heild neikvæðar um 263,4 milljarða króna samanborið við horfur um 297,6 milljarða króna neikvæða stöðu í ár og lækkar því nettóútstreymi um 34,2 milljarða króna. Breytingin skýrist í fyrsta lagi af því, að á næsta ári er reiknað með aðeins 1 milljarðs króna útstreymi vegna eiginfjárframlaga samanborið við 300 milljarða króna í ár. Á móti kemur, í öðru lagi, að reiknað er með að ríkissjóður veiti samtals 283,1 milljarða króna löng lán á næsta ári, þar af 270 milljarða til Seðlabanka Íslands, samanborið við 85 milljarða í ár, þar af 75 milljarða til Seðlabankans. Í þriðja lagi er reiknað með sölu verðbréfaeignar fyrir 65 milljarða króna í ár. Í fjórða lagi er reiknað með 20,5 milljarða króna afborgunum af veittum lánum á næsta ári en 22,4 milljörðum í ár og í fimmta lagi að á næsta ári er áætlað fyrir 0,2 milljarða króna tekjum af sölu hlutabréfa og eignarhluta.

Hreinn lánsfjárjöfnuður verður samkvæmt þessu neikvæður um 358,2 milljarða á árinu 2010. Á móti koma lántökur ríkissjóðs sem áætlað er að verði alls 450 milljarðar króna, eða 315 milljörðum umfram afborganir af teknum lánum. Gangi þetta eftir minnkar handbært fé um 43,2 milljarða króna á næsta ári og versnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

M.kr.	Horfur 2009	Frumvarp 2010
Handbært fé frá rekstri	**-174.329**	**-94.830**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt löng lán	-85.000	-283.100
Afborganir veittra lána	22.400	20.500
Hlutabréfakaup og eiginfjárframlög	-300.000	-1.000
Sala verðbréfaeignar	65.000	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0	200
Fjármunahreyfingar samtals	**-297.600**	**-263.400**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-471.929**	**-358.230**
Fjármögnun:		
Lán til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	75.000	270.000
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana	300.000	0
Önnur löng lán	235.000	180.000
Afborganir	-120.000	-135.000
Fjármögnun samtals	**490.000**	**315.000**
Breyting á handbæru fé	**18.071**	**-43.230**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri neikvætt um 174,3 milljarða króna en að á árinu 2010 verði það neikvætt um 94,8 milljarða króna. Breyting milli ára er 79,5 milljarðar og skýrist eins og áður hefur verið vikið að bæði af áætluðum vexti tekna og lækkun útgjalda.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir fyrir lánveitingum úr ríkissjóði til lengri tíma en eins árs, samtals 283,1 milljarð króna. Annars vegar er reiknað með að ríkissjóður endurláni Seðlabanka Íslands erlend lán að jafngildi allt að 270 milljörðum króna sem fyrirhugað er að tekin verði á næsta ári til að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Hins vegar að ríkissjóður veiti Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 13,1 milljarði króna lán. Reiknað er með að í ár verði lántökur sjóðsins 10 milljarðar króna.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 22,4 milljörðum króna en áætlað er að árið 2010 verði þær 20,5 milljarðar. Lækkun milli ára er 1,9 milljarða króna og munar þar mest um 6,1 milljarða króna afborganir í ár af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabanka Íslands síðastliðið haust. Ekki er gert ráð fyrir afborgunum af þessum bréfum á næsta ári og reiknað er með að ríkissjóður selji markaðshæf bréf úr þessu safni í ár. Á móti vegur til hækkunar 7,1 milljarðs króna afborgun frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar á næsta ári en afborgunin í ár er rúmar 400 m.kr. Þá verður afborgun Seðlabanka Íslands 2,8 milljörðum króna lægri á næsta ári. Þar er um að ræða lokagreiðslu af 32 milljarða króna láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá bankanum í skuldabréfum sem endurgreiðast á árunum 2007–2010. Kom 6,1 milljarður króna til endurgreiðslu árið 2007, 10,1 milljarður árið 2008, 9,3 milljarðar árið 2009 og 6,5 milljarðar króna árið 2010. Afborganir Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 800 m.kr. milli ára og eru áætlaðar rúmir 5,9 milljarðar króna á næsta ári. Aðrar smærri afborganir eru samtals um 1 milljarður króna.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla eiginfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Mjög miklar breytingar hafa orðið í þessum lið hvað varðar yfirstandandi ár frá áætlun fjárlaga. Við afgreiðslu fjárlaga í desember í fyrra var reiknað með að ríkið kynni að þurfa að leggja nýju bönkunum þremur til allt að 385 milljarða króna í nýtt hlutafé. Núna er áætlað að hlutafjárframlög ríkisins til fjármálakerfisins geti orðið um 300 milljarðar króna. Mikil óvissa ríkir þó enn um það hvert endanlegt fjárframlag ríkissjóðs verður því samkvæmt samkomulagi íslenskra stjórnvalda við skilanefndir Glitnis og Kaupþings eiga þær, að undangengnu samráði við kröfuhafa, kost á að eignast 95% hlut í Íslandsbanka og 87% í Nýja Kaupþingi.

Ákveði kröfuhafar að nýta þennan kost mun stór hluti eiginfjárframlags ríkisins ganga til baka. Enn er óvíst hvað ríkissjóður þarf að leggja NBI hf. (Nýja Landsbankanum) í nýtt hlutafé en hér er áætlað að það geti orðið um 140 milljarðar króna. Óvíst er þó hver niðurstaðan verður. Viðræður við skilanefnd bankans standa enn yfir og vonir standa til að þeim ljúki fljótlega. Hvað næsta ár varðar þá er í frumvarpinu áætlað fyrir 1 milljarði króna í hlutafjárkaup og eiginfjárframlög. Ber þar hæst 500 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og 300 m.kr. framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir helstu eiginfjárframlög og áform þar um í ár og á næsta ári.

M.kr.	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
NBI hf. (Nýi Landsbanki)	140.000,0	0,0
Nýi Kaupþing banki hf.	72.000,0	0,0
Íslandsbanki hf.	65.000,0	0,0
Sparisjóðir	20.000,0	0,0
Byggðastofnun	2.000,0	0,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	250,0	500,0
Vistorka hf.	100,0	0,0
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	235,0	300,0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	125,0	20,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	5,0	5,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	285,0	175,0
Samtals	**300.000,0**	**1.000,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í félögum. Eingöngu er gert ráð fyrir 200 m.kr. tekjum af sölu smærri eignarhluta.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 471,9 milljarða króna í ár og neikvæður um 358,2 milljarða króna á næsta ári. Breyting milli áranna er 113,7 milljarðar króna til batnaðar og skýrist af 79,5 milljarða króna hækkun á handbæru fé frá rekstri á móti 34,2 m.kr. minna útstreymi í gegnum fjármunahreyfingar.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 450 milljarða króna lántökum ríkissjóðs á árinu 2010 og í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð, eða jafngildi hennar í erlendri mynt, að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Áætlað er að þar af verði jafngildi 270 milljarða króna lán til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans og er þar um að ræða lán frá Danmörk, Svíþjóð, Finnlandi, Póllandi og Rússlandi. Lán Noregs og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tekin eru í sama skyni eru veitt Seðlabanka Íslands beint og teljast því ekki með lántökum ríkissjóðs.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2010 greiði ríkissjóður 135 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Miðað við það er áætlað að á næsta ári aukist skuldir ríkissjóðs um 315 milljarða króna.

6.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Taflan hér fyrir neðan gefur yfirlit yfir langtímaskuldir, kröfur og eignarhluti ríkissjóðs í árslok 2008 og áætlaðar stöður í árslok 2009 og 2010 á verðlagi í lok hvers árs, sbr. einnig nánari sundurliðun í töflu 8 um eignir og skuldir ríkissjóðs í fyrra hefti frumvarpsins. Samkvæmt ríkisreikningi 2008 námu skuldirnar rúmlega 930 milljörðum króna í árslok og áætlað er að þær verði 1.460 milljarðar króna í lok þessa árs og um 1.755 milljarðar króna í árslok 2010. Kröfur ríkissjóðs námu 549 milljörðum króna í árslok 2008 og áætlað er að þær nemi tæplega 560 milljörðum króna í lok þessa árs og 804 milljörðum króna í lok árs 2010. Er því reiknað með að hreinar lántökur aukist um 519 milljarða króna í ár og 49 milljarða á næsta ári.

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	Árslok 2008	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Skuldir ríkissjóðs	**931.324**	**1.460.500**	**1.754.600**
Spariskírteini	19.713	21.400	21.600
Ríkisbréf	216.011	354.800	391.000
Ríkisvíxlar	73.625	60.000	60.000
Skuldabréf vegna kaupa á lánakröfum Seðlabanka Íslands	270.005	292.400	300.300
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana	0	300.000	300.000
Aðrir innlendar langtímaskuldir	34.422	35.300	34.800
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	221.572	307.400	558.300
Aðrar erlendar langtímaskuldir	95.976	89.200	88.600
Kröfur ríkissjóðs	**549.002**	**559.200**	**803.900**
Yfirtekin tryggingabréf Seðlabanka Íslands	175.673	110.700	111.000
Veitt lán	82.275	79.900	70.600
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	213.964	297.000	548.200
Viðskiptareikningar, nettó	77.090	71.600	74.100
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**382.322**	**901.300**	**950.700**
Handbært fé, nettó	184.192	187.000	127.000
Hrein staða ríkissjóðs	**-198.130**	**-714.300**	**-823.700**
Hlutafé, eignarhlutir og stofnfé	197.755	503.000	503.000
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	**-375**	**-211.300**	**-320.700**

Með samkomulagi sem gert var í byrjun árs 2009 og tók gildi í árslok 2008 framseldi Seðlabanki Íslands til ríkissjóðs samtals 345 milljarða króna kröfur sem bankinn hafði tekið sem tryggingar fyrir veð- og daglánum sem hann hafði veitt fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk sitt sem seðlabanki. Við fall bankanna kom í ljós að umtalsvert tap hafði orðið á þessum lánveitingum sem rýrði eigið fé Seðlabankans umfram það sem bankinn gat staðið undir. Tilgangur samkomulagsins var að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu.

Með samkomulaginu keypti ríkissjóður tryggingabréfin og lét í staðinn 270 milljarða króna verðtryggt ríkisskuldabréf. Ástæða þess að ákveðið var að ríkissjóður yfirtæki kröfurnar er að ríkissjóður hefur rýmri heimildir til að umsýsla slíkar kröfur heldur en lög um Seðlabanka Íslands leyfa og því betur í stakk búinn til að verja hagsmuni sína sem kröfueigandi en Seðlabankinn. Áætlað er að ríkissjóði takist að innheimta um 95 milljarða af þessum tryggingabréfum. Ríkissjóður þurfti einnig á árinu 2008 að skuldfæra ríkisbréf sem lánuð höfðu verið gegn tryggingabréfum í tengslum við fyrirgreiðslu til aðalmiðlara ríkisverðbréfa til að auðvelda þeim að uppfylla kröfur um viðskiptavakt. Staða ríkisbréfa jókst vegna þessa á árinu 2008 um tæpa 98 milljarða króna en á móti komu tryggingabréf að fjárhæð tæplega 81 milljarður króna sem talið er að muni innheimtast. Koma því 176 milljarða króna eignir á móti 368 milljarða króna skuldum. Gert er ráð fyrir að selja af þessum eignum fyrir um 65 milljarða króna á árinu 2009.

Í ársbyrjun 2009 var tilkynnt um útgáfu ríkisbréfa fyrir um 145 milljarða króna til að endurfjármagna ríkisbréf og ríkisvíxla á gjalddaga fyrir um 100 milljarða kr. og áformað var að draga á innistæður í Seðlabanka til að fjármagna halla ársins. Markaðsaðstæður voru ríkissjóði hagfelldar og í ágúst hafði ríkissjóður náð takmarki sínu um útgáfur ársins. Í því ljósi hefur verið ákveðið að auka við útgáfur ríkisbréfa umfram tilkynnta ársáætlun og nýta þannig aðstæður á markaði til að viðhalda sjóðsstöðu ríkissjóðs í Seðlabanka. Á árinu 2010 eru á gjalddaga afborganir að fjárhæð 133 milljarðar króna, að langmestu leyti ríkisbréf, og áætlað er að handbært fé frá rekstri ríkissjóðs verði neikvætt um 95 milljarða króna. Fyrirhugað er að mæta afborgunum og halla með útgáfu ríkisverðbréfa og með því að draga á innistæður ríkissjóðs í Seðlabanka.

Nýlega var tilkynnt um fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings fyrir 137 milljarða króna en niðurstaða er ekki komin um fjárhæð endurfjármögnunar Nýja Landsbanka eða sparisjóðanna. Fjármögnun eiginfjárframlaganna fer fram með afhendingu ríkisskuldabréfa en í sumar var gefinn út nýr skuldabréfaflokkur að fjárhæð 300 milljarðar króna sérstaklega til þessa. Á móti þessari skuld kemur eignarhluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjunum. Skilanefndum Glitnis og Kaupþings stendur til boða að eignast meirihluta í nýju bönkunum en frestur skilanefndanna til ákvörðunar er til loka september og loka október n.k. Ef af kaupunum verður mun stór hluti af ríkisskuldabréfunum ganga til baka til ríkisins og lækka þá skuldir og eignir ríkissjóðs í þessum bönkum samsvarandi.

Eftir bankahrunið sl. haust ákváðu Norðurlandaþjóðirnar og Pólland að veita ríkissjóði lán í tengslum við og til stuðnings íslensku efnahagsáætluninni sem samið var um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í því skyni að koma á jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum og endurreisa atvinnulífið. Einnig er gert ráð fyrir láni frá Rússlandi. Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Noregs verða veitt Seðlabanka Íslands en önnur lán verða til ríkissjóðs. Lánin skiptast þannig að frá Færeyjum kemur að jafnvirði 50 milljóna Bandaríkjadala (mUSD), Danmörku 675 mUSD, Svíþjóð 700 mUSD, Finnlandi 450 mUSD, Póllandi 200 mUSD og Rússlandi 500 mUSD, samtals 2.575 mUSD að jafngildi

um 327 milljarðar króna. Þegar hefur verið gengið frá láni Færeyja að jafnvirði rúmlega 6 milljarða króna. Ákveðið hefur verið að lán Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands greiðist út í fjórum áföngum í tengslum við endurmat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagsáætluninni og það sama á við um lán Póllands sem greiða á út í þremur áföngum. Reikna má með að endurmat sjóðsins fari fram seinna í haust og næsta endurmat þremur til fjórum mánuðum seinna. Það er því gert ráð fyrir að einungis fyrsta greiðsla af lánum Norðurlandanna og Póllands fari fram á árinu 2009 en seinni greiðslurnar á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að lán Rússlands verði afgreitt á árinu 2010. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður nýti lánin til að fjármagna rekstur heldur verði þau endurlánuð til Seðlabanka sem hluti af gjaldeyrisvaraforða landsins. Eignir koma því að fullu að móti þessum skuldum.

Hrein staða ríkissjóðs er nú neikvæð eftir að hafa verið jákvæð á árunum 2006 og 2007. Hrein staða ríkissjóðs er skilgreind sem hreinar skuldir að viðbættu handbæru fé. Hrein staða ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var neikvæð um 11,3% í árslok 2008 og stefnir í að vera neikvæð um 46,4% í árslok 2009 og neikvæð um 51,8% í árslok 2010. Sé tekið tillit til eigna ríkissjóðs í fyrirtækjum, stofnunum og sameignar- og hlutafélögum ásamt erlendu stofnfé var staðan jákvæð, fjórða árið í röð, um 2,1% í árslok 2008. Áætlað er að staðan verði neikvæð um 12,3% í árslok 2009 og neikvæð um 19,6% í árslok 2010. Gert er ráð fyrir að skuldir tvöfaldist sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á milli áranna 2008 og 2010 en eignir tæplega það.

6.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Reiknað er með að í ár verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða samtals 93,6 milljarðar króna og áætlað er að þær verði 94,8 milljarðar árið 2010, eða 1,2 milljörðum króna hærri. Helstu breytingar eru 6,2 milljarða króna hækkun á lántökum Landsvirkjunar og 1 milljarðs króna hækkun hjá Byggðastofnun á móti 6 milljarða króna lækkun á lántökum Íbúðalánsjóðs.

Reiknað er með að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir samtals 53 milljarða króna í afborganir af teknum lánum og 68,3 milljarða árið 2010. Útlit er því fyrir að í ár hækki nettóskuldir þessara aðila um 40,6 milljarða króna og um 26,5 milljarða árið 2010, eða um samtals um rúma 67 milljarða króna á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 25 milljarða króna lántaka á árinu 2010 í samræmi við rekstrar-, fjárfestingar- og lausafjáráætlanir ársins. Áætlað er að fyrirtækið muni greiða 26 milljarða króna í afborganir af teknum lánum á næsta ári og greiða þannig niður skuldir um 1 milljarð króna. Frágangi vegna framkvæmda við

Kárahnjúkavirkjun lýkur í ár og áætlað er að á næsta ári nemi fjárfestingar félagsins um 3 milljörðum króna og að þar verði einkum um viðhaldsframkvæmdir að ræða. Gangi þessar áætlanir eftir er reiknað með að sjóðsstaða félagsins batni um 12 milljarða króna á árinu. Í áætlunum fyrirtækisins er reiknað með að flestum nýframkvæmdum verði slegið á frest eða skornar verulega niður. Óvissa ríkir um fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda við Búðarhálsvirkjun og eru þær ekki inni í þessari áætlun. Þá er gert ráð fyrir að undirbúningsrannsóknum vegna framkvæmda við álver á Bakka við Húsavík verði haldið í lágmarki og að djúpborunarverkefni verði frestað um sinn. Reiknað er með að rannsóknum og undirbúningsvinnu í neðanverðri Þjórsá verði haldið áfram en í lágmarki.

Íbúðalánasjóður. Sótt er um allt að 65,8 milljarða króna lánsfjárheimild til handa Íbúðalánasjóði á árinu 2010. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 41,7 milljarðar króna, sem er lækkun um 2,9 milljarða frá endurmetnum horfum fyrir árið í ár, og lántökur vegna leiguíbúða eru áætlaðar 24,1 milljarður króna, sem er lækkun um 3,2 milljarða miðað við endurmetnar horfur fyrir árið í ár. Afborganir sjóðsins af teknum lánum eru áætlaðar 38,1 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins á næsta ári því áætluð 27,7 milljarðar króna. Reiknað er með að í ár verði lántökur sjóðsins 71,8 milljarðar króna, afborganir af teknum lánum 31,5 milljarðar og að hrein lánsfjárþörf nemi því 40,3 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins lækkar samkvæmt því um 12,6 milljarða króna milli áranna 2009 og 2010. Lántökur lækka um 6 milljarða króna en afborganir af teknum lánum hækka um 6,6 milljarða.

Byggðastofnun. Farið er fram á 4 milljarða króna lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2010. Það er 1 milljarði króna hærri heimild en í fjárlögum þessa árs. Aukin lánsfjárþörf skýrist af endurfjármögnun á skuldabréfaútgáfu stofnunarinnar frá árinu 1998 sem kemur til greiðslu á miðju ári 2010. Lánveitingar á næsta ári eru áætlaðar 3 milljarðar króna og er það óbreytt fjárhæð miðað við gildandi fjárlög.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 64 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 15, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 12, til sölu lóða og jarða eru 8, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 14 og ýmsar heimildir eru 11. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 350 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um heimildir í þessum flokki má nefna heimildir 2.9-2.11 en þar eru áform uppi um að húsfélag Hvanneyrar kaupi tilteknar fasteignir í eigu ríkisins og muni síðan eiga og reka umræddar eignir og nýta þær í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands. Heimild 2.12 er til sölu á húseign ríkisins við Þingvallastræti 23 sem nýtt hefur verið af skólanum og að söluandvirðinu verði ráðstafað til nýbyggingar skólans. Heimild 2.13 er til sölu á íbúðarhúsnæði sem Vegagerðin hefur notað á Ísafirði og ekki er lengur þörf fyrir. Heimild 2.14 er til sölu á húsnæði ríkisins við Borgartún 5 og 7 þar sem ýmsar ríkisstofnanir eru til húsa. Heimild 2.15 er til sölu á afgreiðsluhúsi á Breiðadalsvíkurflugvelli sem ekki er þörf fyrir. Heimild 3.11 er til sölu á sendiherrabústað í Tokyo og að hluta andvirðisins verði ráðstafað til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði. Heimild 3.12 er til að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði sem nýtt hefur verið vegna þjónustu við fatlaða og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Heimildirnar eru flestar frá fyrri árum. Rétt er hins vegar að minnast á heimild 4.4., 4.7 og 4.8 sem eru til komnar vegna áhuga Landgræðslu ríkisins að selja tilteknar landspildur sem græddar hafa verið upp og ráðstafa andvirðinu til stofnunarinnar.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Tvær fyrstu heimildirnar eru óbreyttar frá fyrra ári en þriðja heimildin er ný. Heimildin varðar sölu á hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast á grundvelli hinna svokölluð neyðarlaga nr. 125/2008. Ekki er um beina heimild að ræða í þeim lögum til sölu á framangreindum hlutum og þykir því rétt að slík heimild sé fyrir hendi í fjárlögum.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.14 sem er til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn. Um er að ræða samhljóða heimild og var í fjáraukalögum 2008 en ekki náðist að nýta þá heimild á því ári.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Rétt er þó að nefna heimild 7.11 en þar er heimild fyrir kaupum á eignarhlutum eða til hlutafjáraukningar í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum vegna áforma í fjárlagafrumvarpinu:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða til ýmsar breytingar á tekjuskattskerfinu í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Lagðar verða til breytingar á lögunum í tengslum við breytingar á tekjuskattkerfinu í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Lagðar verða til breytingar á þessum lögum í tengslum við breytingar á tekjuskattkerfinu í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Lagðar verða til ýmsar breytingar á virðisauka-skattskerfinu í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 97/1978, um vörugjald. Lagðar verða til ýmsar breytingar á vörugjaldskerfinu í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lögð verður til hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lögð verður til hækkun á olíugjaldi og kílómetragjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lögð verður til hækkun á almennu og sérstöku bensíngjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 39/1998, um bifreiðagjald. Lögð verður á hækkun á bifreiðagjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 14/2004, um erfðafjárskatt. Lagðar verða til breytingar á erfðafjárskatti í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Lagðar verða til breytingar á tryggingagjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Ný lög um orku-, umhverfis- og auðlindagjald. Lagt verður fram frumvarp um upptöku á orku-, umhverfis- og auðlindagjaldi í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármála-eftirlitsins.

Lög nr. 132/1999, um vitamál. Lögð verður til breyting á lögunum um hækkun vitagjalds.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða til breytingar á ýmsum viðmiðunar-fjárhæðum laganna, einkum varðandi barnabætur og vaxtabætur, í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Lagðar verða til breytingar á lögunum með það að markmiði auka svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir og gera það kleift að sameina eða breyta stöðum stjórnenda.

Lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Lagt verður til að ákvæði IV. kafla laganna, er varða samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert, taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2012 í stað 1. janúar 2010.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð. Lögð verður til breyting á lögunum með það að markmiði að auðvelda hagræðingu og auka sparnað.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraða. Lagt verði til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða hækki um 11,5% og verði 8.400 kr.

Lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lagðar verða til breytingar á lögunum í samræmi við breytingar sem gerðar voru þann 22. júlí 2009 á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002.

Lög nr. 81/2003, um fjarskipti. Lögð verður til breyting á lögunum þar sem lögbundið jöfnunargjald verður lækkað úr 0,65% í 0,12% þar sem greiðslur til Símans vegna alþjónustukvaðar er lokið.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðrar rekstrartekjur ... 183
Afborganir lána ríkissjóðs ... 4
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 4
Afrekssjóður ÍSÍ ... 271
Afskriftir skattkrafna ... 177, 367
Alþingi ... 233
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT) ... 285
Alþjóðasamstarf ... 226, 234
Alþjóðastofnanir ... 279, 408
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 179, 323
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 396

Á

Ábyrgðargjald vegna launa ... 179
Ábyrgðasjóður launa ... 179, 186, 323
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 5, 420
Áfengisgjald ... 204

B

Bandalag íslenskra leikfélaga ... 269
Bandalag íslenskra skáta ... 270
Bankasýsla ríkisins ... 368, 370
Barnabætur ... 177, 366
Barnaverndarstofa ... 318
Bifreiðakostnaður ... 327
Bjargráðasjóður ... 293, 295
Blindrabókasafn Íslands ... 263, 265
Borgarholtsskóli ... 185
Bridgesamband Íslands ... 271
Brunamálastofnun ríkisins ... 182, 406, 414
Búnaðarsjóður ... 178, 293
Byggðaáætlun ... 396
Byggðastofnun ... 6, 396, 430, 441
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 291
Bændasamtök Íslands ... 294
Bændur græða landið ... 291
Bætur brotaþola ... 302
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 177, 328
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar ... 342

D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 344
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 330

E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 328
Eignarskattar ... 3, 202
Einkaleyfastofan ... 187
Embætti forseta Íslands ... 233, 239
Endurhæfingarsjóður ... 366
Endurskoðendaráð ... 372
Endurvinnslan hf. ... 182, 412

F

Fangelsisbyggingar ... 307
Fasteignaskrá Íslands ... 179, 186, 308
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 239
Fasteignir framhaldsskóla ... 254
Fasteignir ríkissjóðs ... 371
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 240
Ferðamálastofa ... 181, 397
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 333
Félagsmálaskóli alþýðu ... 324
Fiskistofa ... 178, 185, 287
Fiskræktarsjóður ... 179, 293
Fjármagnstekjuskattur ... 177, 367
Fjármálaeftirlitið ... 187, 219, 402
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 6
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 5
Fjársýsla ríkisins ... 230, 369
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 184
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 185
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 184
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 184
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 184
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 184
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 184
Flensborgarskóli ... 184
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta ... 181, 384
Flutningssjóður olíuvara ... 181, 404
Fornleifavernd ríkisins ... 263
Fóðursjóður ... 178, 295

Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 258
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð ... 185
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 185
Framhaldsskólinn á Laugum ... 185
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 185
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ ... 185
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 184
Framkvæmdasjóður aldraðra ... 179, 329
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 321
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 369
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands ... 183
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 293
Fræða- og þekkingarsetur ... 260
Fræðslumiðstöð Vestfjarða ... 260
FS-net, símenntunarstöðvar ... 259
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 259
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 178
Fæðingarorlof ... 180, 325
Fæðingarorlofssjóður ... 177

G

Garðávaxtasjóður ... 293
Geislavarnir ríkisins ... 186, 356
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum ... 179, 182
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra ... 179
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða ... 180
Glímusamband Íslands ... 271
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 292
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 292
Greiðslur vegna riðuveiki ... 293
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 292
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 321
Grænlandssjóður ... 272

H

Hafnarframkvæmdir ... 177, 383
Hafrannsóknastofnunin ... 289
Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 177
Hagstofa Íslands ... 404
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 292
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ... 4
Happdrætti Háskóla Íslands ... 5, 421
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 254
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 254

Háskólasjóður 251
Háskóli Íslands 183, 250
Háskólinn á Akureyri 183, 252
Háskólinn á Bifröst 252
Háskólinn í Reykjavík 253
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 268
Heilbrigðisstofnun Austurlands 353
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands 354
Heilbrigðisstofnun Suðurlands 354
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 354
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 352
Heilbrigðisstofnun Vesturlands 351
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 353
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi 352
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð 349, 353
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði 352
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki 352
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 349
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum 354
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 348
Heilsugæslustöðin Dalvík 349
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 349
Heilsugæslustöðin Lágmúla 348
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík 348
Heilsugæslustöðvar, almennt 346
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 344
Heimildir 9
Hekluskógar 412
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 356
Héraðs- og Austurlandsskógar 288
Héraðsdómstólar 301
Héraðsskjalasöfn 264
Hið íslenska bókmenntafélag 270
Hjúkrunarheimili, almennt 357
Hlaðgerðarkot 344
Hlein 344
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 183
Húsafriðunarnefnd 268
Húsafriðunarsjóður 268
Hæstiréttur 235, 301
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 268
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 178, 268
Höfundarréttargjöld 178, 268
Hönnunarmiðstöð Íslands 266
Hönnunarsafn Íslands 266

I

Iðnaðarmálagjald ... 181
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 391
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 185
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum ... 186
Inngangur ... 191
Innheimtukostnaður ... 362

Í

Íbúðalánasjóður ... 6
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta ... 241
Íslenskar orkurannsóknir ... 5, 423
Íslenski dansflokkurinn ... 267
Íslenskukennsla fyrir útlendinga ... 259
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 271
Íþróttasamband fatlaðra ... 271
Íþróttasjóður ... 271

J

Jafnréttisstofa ... 317
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 185, 295
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða ... 180, 365
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ... 393
Jöfnunarsjóður alþjónustu ... 181, 386
Jöfnunarsjóður sókna ... 189, 309
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 177, 189, 387

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 4
Keflavíkurflugvöllur ... 384
Kirkjugarðar ... 309
Kirkjumálasjóður ... 189, 309
Kosningar ... 300
Kristnisjóður ... 308
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 184
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 261, 268
Kvikmyndasafn Íslands ... 265
Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins ... 285
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar ... 268

L

Lagasafn ... 299
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 183, 252

Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar ... 291
Landgræðsla ríkisins ... 187, 411
Landhelgisgæsla Íslands ... 304
Landhelgissjóður Íslands ... 304
Landlæknir ... 355
Landmælingar Íslands ... 182, 414
Landspítali ... 186, 343
Landssamband KFUM og KFUK ... 270
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 6, 177, 261, 426
Lánaumsýsla ríkissjóðs ... 370
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 7
Leiguíbúðir ... 177, 316
Listaháskóli Íslands ... 253
Listahátíð í Reykjavík ... 268
Listamannalaun ... 189
Listasafn Einars Jónssonar ... 265
Listasafn Íslands ... 265
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 266
Listasjóðir ... 189, 268
Listir, framlög ... 268
Listskreytingasjóður ... 261
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 364
Lífeyristryggingar ... 177, 179, 327
Lyfjastofnun ... 180, 186, 356
Lýðheilsustöð ... 180, 189, 356, 445
Læknavaktin ... 348
Lögreglan ... 303

M

Markaðar tekjur ... 178
Markaðs- og kynningarmál erlendis ... 397
Markaðsgjald ... 178
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ... 397
Markáætlun á sviði vísinda og tækni ... 253
Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma ... 345
Matvælarannsóknir ... 290
Matvælasetur ... 285
Matvælastofnun ... 178, 185, 287
Málefni fatlaðra ... 318, 320, 357
Málefni fatlaðra, Austurlandi ... 320
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 320
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 320
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 319
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 320

Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 319
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 319
Málskostnaður í opinberum málum ... 301
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 267
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 183
Menntaskólinn á Akureyri ... 183
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 184
Menntaskólinn á Ísafirði ... 184
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 183
Menntaskólinn í Kópavogi ... 184
Menntaskólinn í Reykjavík ... 183
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 183
Menntaskólinn við Sund ... 183
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna ... 254
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu ... 347

N

Námsefnisgerð ... 259
Námsgagnastofnun ... 260
Námsmatsstofnun ... 183, 253
Námsskrárgerð ... 259
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 415
Náttúruminjasafn Íslands ... 265
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 410
Náttúrustofur ... 416
Neytendasamtökin ... 401
Neytendastofa ... 179, 186, 309, 414
Niðurgreiðslur á húshitun ... 393
Norðurlandsskógar ... 288
Norræn samvinna ... 270
Nýlistasafn ... 265
Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ... 393
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ... 392
Nýsköpunarsjóður ... 6, 430
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 6, 430

O

Ofanflóðasjóður ... 177, 182, 414
Olíugjald ... 180, 204
Opinber réttaraðstoð ... 301
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld ... 204
Orkusjóður ... 6, 394, 430
Orkustofnun ... 394

Ó

Óbyggðanefnd ... 240

P

Persónuvernd ... 300
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 187

R

Rafræn viðskipti ... 401
Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun ... 254
Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008 ... 234
Rannsóknamiðstöð Íslands ... 248, 254
Rannsóknanefnd flugslysa ... 385
Rannsóknanefnd sjóslysa ... 383
Rannsóknanefnd umferðarslysa ... 382
Rannsóknasjóður ... 291
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ... 291
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum ... 408
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar ... 291
Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar ... 291
Raunvísindastofnun Háskólans ... 251
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 368
Rekstrarreikningur ríkissjóðs ... 191
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 3
Reykjalundur, Mosfellsbæ ... 344
Reykjavíkurakademían ... 254
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora ... 248
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag ... 238
ríkisábyrgðir ... 7
Ríkisábyrgðir ... 367
Ríkisendurskoðun ... 235
Ríkiskaup ... 370
Ríkislögmaður ... 240
Ríkissaksóknari ... 302
Ríkissáttasemjari ... 317
Ríkisskattstjóri ... 186, 363
Ríkisstjórn ... 234
Ríkisstjórnarákvarðanir ... 372
Ríkisútvarpið ... 267
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn ... 342

S

Safnasjóður ... 265
Sala eigna ... 3, 9, 206
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 4
Sala varanlegra rekstrarfjármuna ... 420
Samkeppniseftirlitið ... 403
Samningar við sveitarfélög um menningarmál ... 269
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 269
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 342
Samtök iðnaðarins ... 181, 391
Sendiráð Íslands ... 277
Sérstakur saksóknari ... 302
Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008 ... 302
Sérstök uppbót lífeyrisþega ... 327
Siglingastofnun Íslands ... 181, 187, 383
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 185, 267
Símenntun og fjarkennsla ... 259
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ... 344
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 4
Sjóðstreymi ríkissjóðs ... 191
Sjóður til síldarrannsókna ... 289
Sjúklingatrygging ... 339
Sjúkraflutningar ... 346
Sjúkrahótel ... 344
Sjúkrahúsið á Akureyri ... 343
Sjúkratryggingar ... 177, 340
Sjúkratryggingar Íslands ... 340
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 362
Skattar á tekjur og hagnað ... 201
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 364
Skatttekjur ... 3, 194, 198
Skáksamband Íslands ... 271
Skákskóli Íslands ... 271
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 321
Skipulagsmál sveitarfélaga ... 182, 413
Skipulagsstofnun ... 413
Skjólskógar á Vestfjörðum ... 288
Skógrækt ríkisins ... 188, 411
Skógræktarfélag Íslands ... 408
Skólaíþróttir ... 271
Skriðuklaustur ... 270
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 291
Slysatryggingar ... 180, 342
Slysavarnaskóli sjómanna ... 378
Snorrastofa ... 270

Sóknargjöld 189, 309
Sólheimar í Grímsnesi 321
Sóltún, Reykjavík 330
Sprotasjóður 260
St. Jósefsspítali, Sólvangur 355
Staðlaráð 393
Starfsemi áhugaleikfélaga 268
Starfsendurhæfing 324
Stjórnartíðindi 299
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 251
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 416
Styrkir til ferja og sérleyfishafa 380
Styrkir til innanlandsflugs 380
Styrktarfélag vangefinna 320
Suðurlandsskógar 288
Sýslumaður Austurlands 306
Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins 305
Sýslumaður Norðurlands 306
Sýslumaður Suðurlands 306
Sýslumaður Suðurnesja 306
Sýslumaður Vestfjarða 306
Sýslumaður Vesturlands 306

T

Talsmaður neytenda 310, 402
Tannverndarsjóður 189
Tapaðar kröfur 367
Tapaðar kröfur og tjónabætur 367
Tekin löng lán ríkissjóðs 4
Tekjujöfnuður 3
Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga 201
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 183, 254
Tollstjórinn 186, 364
Tóbaksvarnir 189
Tónlist fyrir alla 268
Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík 267
Tryggingagjald 179, 181, 202
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 179, 322
Tryggingastofnun ríkisins 326
Tækjasjóður 183, 422
Tækniþróunarsjóður 392

U

Umboðsmaður Alþingis ... 235
Umboðsmaður barna ... 240
Umferðarstofa ... 180, 187, 382
Umhverfisstofnun ... 182, 187, 411
Umhverfisvöktun ... 408
Ungmennafélag Íslands ... 270

Ú

Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ... 409
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga ... 238
Úrvinnslusjóður ... 182, 412
Útflutningsráð Íslands ... 178, 280
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 371
Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni ... 270
Útlendingastofnun ... 302

V

Vaktstöð siglinga ... 383
Varnarmálastofnun ... 277
Vatnajökulsþjóðgarður ... 411
Vaxtabætur ... 177, 213, 366
Vaxtagjöld ríkissjóðs ... 3, 417
Veðurstofa Íslands ... 416
Veiðimálastofnun ... 290
Verðlagsstofa skiptaverðs ... 223, 287
Verðmiðlun landbúnaðarvara ... 178, 294
Verðtilfærslugjald á mjólk ... 295
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ... 185, 289
Verkmenntaskóli Austurlands ... 184
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 184
Vesturfarasetrið á Hofsósi ... 237
Vesturlandsskógar ... 288
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri ... 271
Vinnueftirlit ríkisins ... 179, 186, 317
Vinnumálastofnun ... 10, 322
Virðisaukaskattur ... 3, 203, 372
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu ... 372
Vistheimilið Bjarg ... 344
Vistvænir orkugjafar ... 395
Víkinganaust í Reykjanesbæ ... 266

Y

Yfirskattanefnd ... 362

Ý

Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis ... 397

Þ

Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011 ... 269
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 240
Þjóðkirkjan ... 308
Þjóðleikhúsið ... 267
Þjóðlendumál ... 372
Þjóðmenningarhúsið ... 264
Þjóðminjasafn Íslands ... 263
Þjóðskjalasafn Íslands ... 264
Þjóðskrá ... 186, 308
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta ... 321
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 279
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 279
Þungaskattur ... 180
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis ... 275

Æ

Æskulýðsmál ... 270
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi ... 270
Æskulýðsrannsóknir ... 270
Æskulýðsráð ríkisins ... 270

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt ... 329

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2010.

(Lögð fram af forsætisráðherra 5. október 2009.)

Inngangur.

Íslenskt efnahagslíf gengur nú í gegnum meiri erfiðleika en um langa hríð í kjölfar falls stærsta hluta fjármálakerfis landsins á sama tíma og alþjóðahagkerfið tekst á við dýpstu efnahagskreppu í sjö áratugi. Efnahagsstefnan mótast af þessum raunveruleika. Meginþættir efnahagsstefnunnar eru tveir. Í fyrsta lagi að koma Íslandi út úr dýpstu efnahagskreppu seinni ára eins fljótt og auðið er á forsendum norræns velferðarsamfélags. Þetta felur í sér að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið, ná þjóðarsátt um lykilmarkmið og viðamiklar efnahagsráðstafanir og sátt við nágrannalönd eftir hrun íslenska fjármálakerfisins. Annar lykilþáttur efnahagsstefnunnar er að koma í veg fyrir að slíkt áfall geti dunið yfir á nýjan leik. Til þess hefur ríkisstjórnin ekki aðeins lagt fram ábyrga áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára heldur einnig gjörbreytt umgjörð hagstjórnar til þess að tryggja betri samþættingu hinna ýmsu þátta hennar og styrkt stöðu Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. Á næstu mánuðum verður samþætting og samstarf þessara stofnana aukið enn frekar til þess að tryggja heildstætt eftirlit með fjármálastöðugleika. Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verður enn um sinn snar þáttur í efnahagsstefnu stjórnvalda og gert er ráð fyrir að svo verði fram á vormánuði 2011. Framkvæmd þessarar efnahagsstefnu er forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar, enda er hún mynduð um það verkefni að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Hagkerfið mun enn dragast saman.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir 8,4% samdrætti hagkerfisins í ár, sem er nokkru minni samdráttur en búist var við í fyrstu og nærri því sem algengast er í alþjóðlegum fjármálakreppum. Núverandi samdráttarskeið verður þó líklega það dýpsta og lengsta sem íslenskt hagkerfi hefur lent í frá því í kreppunni miklu. Þetta kemur ekki hvað síst fram í 17,4% samdrætti einkaneyslu og 45,5% samdrætti fjárfestingar árið 2009 samkvæmt forsendum fjárlaga. Samneyslan dregst saman um 3,4% á sama tíma. Því er gert ráð fyrir 20,3% samdrætti þjóðarútgjalda. Veikt gengi krónunnar virðist þó ætla að draga nokkuð úr þessum samdráttaráhrifum þar sem einkaneyslan beinist nú í auknum mæli að innlendri framleiðslu sem dregur verulega úr öllum innflutningi, alls um 30%. Þessu til viðbótar er spáð 1,4% samdrætti í magni útflutnings árið 2009. Ljóst er því að veikt gengi krónunnar með snarbættri samkeppnishæfni hagkerfisins auðveldar endurreisn hagkerfisins við núverandi aðstæður.

Árið 2010 er gert ráð fyrir 1,9% samdrætti en að hagvöxtur taki við sér eftir það og verði 2,8% árið 2011, 4,8% árið 2012 og 2,6% árið 2013 samkvæmt forsendum fjárlaga. Umskiptin í hagkerfinu munu ekki síst koma til vegna aukinnar fjárfestingar næstu árin – ekki síst í orkufrekum iðnaði.

Flest heimili landsins standa frammi fyrir umtalsverðum búsifjum og mörg eiga í verulegum erfiðleikum vegna hækkandi skulda, lækkandi eignaverðs, minnkandi ráðstöfunartekna og aukins atvinnuleysis.

Atvinnuleysi jókst hratt frá falli bankanna þar til það náði í hámarki í 9,1% í apríl. Atvinnuleysi minnkaði á ný yfir sumarmánuði og hefur haldist nokkuð stöðugt, þó nálægt hæstu gildum frá því mælingar hófust. Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi minnkað nokkuð undanfarna mánuði vegna árstíðabundinna þátta má búast við þónokkurri aukningu næstu missirin, en reynsla annarra þjóða í fjármálakreppum er sú að atvinnuleysi er áfram töluvert í nokkur ár eftir að bati verður ljós í hagkerfinu. Forsendur fjárlaga eru í samræmi við það, en þar er gert ráð fyrir 10,6% atvinnuleysi árið 2010, 9% árið 2011, 6,1% árið 2012 og að atvinnuleysi verði enn 5,4% árið 2013. Undir lok spátímans verður atvinnuleysi því enn nokkuð yfir sögulegu lágmarki en verulega minna en nú.

Eitt helsta viðfangsefni íslenskrar efnahagsstefnu er að koma í veg fyrir aukið langtíma-atvinnuleysi, en um helmingur allra atvinnulausra í ágúst höfðu verið án vinnu í sex mánuði eða lengur. Stjórnvöld eru staðráðin í því að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á til að stemma stigu við auknu atvinnuleysi. Að hluta verður gripið til sértækra ráðstafana sem miða að því að auka hlut vinnuaflsfrekra verkefna í tengslum við opinberar framkvæmdir auk þess sem stoðkerfi vinnumarkaðar verða efld eftir því sem kostur er. Það sem skiptir þó mestu máli er að hjól atvinnulífsins geti snúist hraðar þannig að atvinnusköpun geti aukist á nýjan leik.

Nýleg rannsókn Seðlabankans gefur auk þess til kynna að um 20% heimila standa frammi fyrir erfiðleikum við endurgreiðslu skulda. Eftir nærri 8% samdrátt í ráðstöfunartekjum á mann gera forsendur fjárlaga ráð fyrir enn frekari 10,4% samdrætti í ár og 11,4% samdrætti árið 2010. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun svo aukast á nýjan leik frá árinu 2012 samkvæmt forsendum fjárlaga. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann mun þá hafa dregist saman um nærri fjórðung og vera í árslok 2011 álíka mikill og árið 2001.

Stór hluti þessarar kjararýrnunar er til kominn vegna hárrar verðbólgu sem orsakast á undanförnum mánuðum fyrst og fremst af veikingu krónunnar. Aukinn stöðugleiki hagkerfisins með styrkum gjaldmiðli og lækkandi verðbólgu er forsenda þess að þróuninni verði snúið við. Samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og umsókn um inngöngu í Evrópusambandið er m.a. ætlað að vinna gegn þessari þróun og móta aðstæður til vaxandi kaupmáttar til framtíðar. Með upptöku evru í kjölfar inngöngu í ESB væri stöðugleiki gjaldmiðilsins tryggður og styrkari stoðum skotið undir stöðugt verðlag og þar með vaxandi kaupmátt.

Engu að síður er ljóst að einkaneyslan mun áfram dragast saman á næstu árum þó svo að vonir standi til þess að þær aðgerðir sem gripið verður til varðandi skuldavanda heimilanna geti létt undir með þeim sem þyngstu byrðirnar bera. Gert er ráð fyrir 17,4% samdrætti einkaneyslu árið 2009 og 6% samdrætti árið 2010 eftir 8% samdrátt árið 2008. Einkaneysla mun þá hafa dregist saman um nærri 30%.

Endurreisn bankakerfisins.

Hrun þriggja stærstu fjármálastofnana landsins í október 2008 er eitt stærsta áfall sem fjármálakerfi nokkurs ríkis hefur orðið fyrir. Í mars 2009 féllu svo þrjú fjármálafyrirtæki til viðbótar. Í fyrstu var lögð megináhersla á að viðhalda innlendri bankastarfsemi og greiðslukerfum. Eftir að þessir grundvallarþættir höfðu verið tryggðir var lögð aukin áhersla á að endurreisa vel starfhæft bankakerfi. Starfhæft fjármálakerfi er forsenda hagvaxtar í nútíma-hagkerfi.

Endanleg skil milli gömlu og nýju bankanna er ein forsenda þess að hægt sé að endurreisa íslenskt fjármálakerfi. Frá því í febrúar hefur verið unnið sleitulaust að viðræðum og síðar samningum við skilanefndir gömlu bankanna, fyrir hönd kröfuhafa þeirra, með það að mark-

miði að nýju bankarnir þrír og gjörvallt íslenska fjármálakerfið geti starfa og dafnað til framtíðar. Samningar hafa þegar náðst vegna Glitnis/Íslandsbanka og Kaupþings og hefur ríkissjóður veitt þeim eigið fé sem skýtur styrkum stoðum undir starfsemi þeirra. Í báðum tilfellum stendur skilanefndum fyrir hönd kröfuhafa til boða að eignast stærstan hluta hinna nýju banka, að öðrum kosti munu gömlu bankarnir hafa kauprétt á stærstum hluta hvors banka á næstu árum.

Ríkisstjórnin vonast til þess að samningar náist einnig vegna Landsbankans fyrri hluta október. Ríkissjóður hefur veitt Íslandsbanka og Kaupþingi nýtt eigið fé sem tryggir starfsemi þeirra til frambúðar og styrk til þess að takast á við erfiðar aðstæður í íslenska hagkerfinu næstu missirin. Landsbankanum verður komið á sambærilega traustan grundvöll á allranæstu vikum.

Ríkisstjórnin stefnir að því að bankakerfið verði enn að mestu leyti í eigu einkaaðila, hvort sem það verður við yfirtöku fyrrverandi kröfuhafa bankanna eða með einkavæðingu þeirra síðar. Ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár hyggst ríkissjóður þó enn um sinn eiga virkan hlut í fjármálakerfinu í gegnum Landsbankann. Slík aðferð var farin í Svíþjóð og Noregi í kjölfar fjármálakreppa fyrir tveimur áratugum. Eignarhlutir ríkissjóðs munu næstu árin vera í höndum Bankasýslunnar, sem sett hefur verið á fót að vel heppnaðri norskri fyrirmynd.

Hvort sem bankarnir verða í eigu einkaaðila eða ríkissjóðs er ljóst að þeir munu þurfa að breyta um starfsaðferðir. Tíma ofurlauna og kaupauka fyrir stjórnlausa áhættusækni er lokið. Íslenskir bankar þurfa fyrst og fremst að hugsa um hefðbundna bankastarfsemi og öllum ætti nú að vera ljós sú áhætta sem fylgir verulegri innlánasöfnun banka sem starfa eftir lögmálum fjárfestingabanka. Til þess að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig verður umgjörð Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins styrkt eins og fram kemur hér að aftan.

Sparisjóðir.

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að styðja við sparisjóði landsins, enda gegna sparisjóðir mikilvægu hlutverki á íslenskum fjármálamarkaði, ekki síst á landsbyggðinni. Til þess að bregðast við vandræðum sparisjóðanna í kjölfar hrunsins var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild í 2. gr. neyðarlaganna til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans í lok árs 2007. Gert er ráð fyrir þessari aðgerð í fjárlögum þessa árs. Á grundvelli þessara laga (og sérstakra reglna) sóttu átta sparisjóðir um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Fjárhagsstaða sparisjóða var í nokkrum tilvikum orðin það veik að eiginfjárframlag úr ríkissjóði eitt og sér dugði ekki til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra. Því var nauðsynlegt að fara í fjárhagslega heildarendurskipulagningu á efnahag þeirra. Eitt af þeim atriðum sem m.a. torveldaði þá vinnu var að ekki var heimild í lögum til að færa niður eldra stofnfé, en það var ekki mikill vilji kröfuhafa til að færa niður skuldir, hvað þá fjárfesta að greiða inn nýtt stofnfé, nema stofnfjáreigendur mundu axla ábyrgð á orðnum hlut og einnig leggja sitt af mörkum í endurskipulagningunni.

Með breyttum lögum um fjármálafyrirtæki frá því í sumar var kaflanum um sparisjóði breytt og er lagarammi sparisjóðanna nú betur skilgreindur og rekstrarformið skýrt svo þeir geti sinnt þeirri þjónustu sem hugmyndafræði sparisjóðanna gengur út á.

Í tilviki tveggja stóru sparisjóðanna þurfti einnig að semja við erlenda kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu. Forræði samninga var á hendi stjórnenda og stofnfjáreigenda enda viðræðurnar forsenda þess að sjóðirnir uppfylltu skilyrði ríkisins um eiginfjárframlag.

Samningaviðræðurnar fóru fram í sumar og nú liggur fyrir samkomulag sem bíður samþykkis stofnfjárfundar viðkomandi sparisjóða áður en nýtt stofnfé verður greitt inn.

Aðrar minni fjármálastofnanir urðu einnig fyrir skakkaföllum síðastliðið haust þegar stóru viðskiptabankarnir féllu. Við það eignaðist Seðlabanki kröfur á þessar fjármálastofnanir sem ríkissjóður tók yfir. Í fjármálaráðuneytinu hefur verið unnið með þessum fjármálafyrirtækjum að útfærslu fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra með það að markmiði að þau geti starfað áfram og staðið undir skuldbindingum sínum.

Þeir eignarhlutar sem ríkissjóður eignast í sparisjóðunum verða fluttir í Bankasýsluna og gert er ráð fyrir að ríkið dragi sig út úr rekstri þeirra þegar aukinn stöðugleiki kemst á í hagkerfinu.

Ríkissjóður hefur einnig gripið til aðgerða til þess að styðja við lífvænleg smærri fjármálafyrirtæki. Áfram verður unnið með þeim til þess að tryggja fjölbreytt fjármálakerfi, en stefnt er að því að flytja umsjón með slíkum málum að miklu leyti til Bankasýslunnar.

Umgjörð fjármálakerfisins.

Síðastliðið sumar voru lög um Bankasýsluna samþykkt og hefur hún þegar tekið til starfa. Hlutverk hennar verður að fara með eignarhlut ríkisins í þeim fjármálafyrirtækjum sem fallið hafa í skaut þess og að vinna að endurskipulagningu á íslenskum fjármálamarkaði.

Ríkisstjórnin telur einnig mikilvægt að styðja áfram við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið með það að markmiði að stofnanirnar geti sinnt eftirlitshlutverkum sínum af meiri krafti en áður. Yfirstjórn Seðlabankans hefur verið styrkt með ráðningu eins seðlabankastjóra og skipunar peningastefnunefndar með mjög frambærilegum innlendum og erlendum sérfræðingum. Nýr forstjóri og stjórn FME hafa tekið til starfa. Auk þess mun ríkisstjórnin enn grípa til aðgerða til þess að reyna að tryggja að samstarf stofnananna verði enn nánara en áður (sjá að aftan).

Á haustþingi verður einnig lagt fram frumvarp til styrkingar lagaumhverfi fjármálakerfisins. Þar er stefnt að því að styrkja ákvæði um ýmsar hegðunar- og hæfisreglur, t.d. varðandi lánveitingar með veði í eigin hlutabréfum, krosseignarhald, áhættustýringu, lán til tengdra aðila og stórar áhættuskuldbindingar, aukna möguleika til að fylgjast með eigendum virkra eignarhluta og hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Einnig mun íslensk löggjöf á þessu sviði áfram mótast af þróun í Evrópu.

Traust stjórn ríkisfjármála.

Í ljósi gríðarlegs samdráttar innlendrar eftirspurnar hefur ríkissjóður verið rekinn með verulegum halla á yfirstandandi ári í því skyni að draga úr áhrifum efnahagskreppunnar. Hins vegar er ljóst að slíkur hallarekstur er ósjálfbær til lengdar, ekki síst í ljósi hratt hækkandi skuldastöðu ríkissjóðs, en skuldirnar hafa vaxið úr 23,4% af landsframleiðslu árið 2007 í 95,1% í lok þessa árs. Gert er ráð fyrir því að skuldirnar verði komnar í 111% af landsframleiðslu í árslok 2010 og vaxi enn fram til ársins 2012. Á sama tíma hafa hreinar skuldir ríkissjóðs hækkað úr nærri 4% af landsframleiðslu í 60%. Skuldastaða ríkissjóðs er því há í sögulegu og alþjóðlegu tilliti en á engan hátt óyfirstíganleg.

Rétt er að benda á að erlendir fjárfestar eiga rúmlega helming allra útgefinna ríkisskuldabréfa. Hugsanlegt er að þeir fari að einhverju leyti með fjármuni úr landi við afnám gjaldeyrishafta. Því er mikilvægt að styrkja skulda- og lausafjárstýringu ríkissjóðs. Slíkt hefur þegar verið gert.

Ríkisstjórnin lagði því í sumar fram áætlun í ríkisfjármálum til ársins 2013 þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður skili afgangi á nýjan leik við lok þess tímabils. Líkt og kemur fram í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar eru þessar nauðsynlegu og víðtæku aðgerðir í ríkisfjármálum lykillinn að endurreisn íslensks efnahagslífs. Hins vegar verður ríkisfjármálum beitt til að „verja grunnvelferðarkerfið og auka kjarajöfnuð um leið og staðið er undir fjárhagsskuldbindingum ríkissjóðs og stutt eftir megni við baráttuna við atvinnuleysi og nýja sókn í atvinnulífi um allt land“.

Lykilatriði er að aukin skattheimta leggist frekar á þá sem betur eru í stakk búnir til að bera auknar byrðar en verði þó ekki til þess að draga úr möguleikum fólks til að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem framundan eru.

Stefna ríkisstjórnarinnar á þessu sviði hefur verið rædd ítarlega við aðila vinnumarkaðarins og kynnt með samþykkt stöðugleikasáttmálans síðastliðið vor. Ríkisstjórnin telur slíkt samráð eina forsendu þess að hagkerfið og þjóðfélagið allt geti unnið sig út úr þeim mikla vanda sem það stendur frammi fyrir nú og að árangur náist í ríkisfjármálum til framtíðar.

Fjárlagafrumvarpið sýnir og sannar vilja ríkisstjórnarinnar til þess að ná nauðsynlegum árangri í ríkisfjármálum, en þó á forsendum félagslegs réttlætis og jafnaðar.

Stefnt er að því að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, verði orðinn jákvæður á árinu 2011, að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði orðinn jákvæður á árinu 2013 og að til lengri tíma litið verði skuldsetning ríkissjóðs ekki meiri en svarar til 60% af vergri landsframleiðslu.

Til þess að hægt sé að taka heildstætt á fjármálum hins opinbera stefnir ríkisstjórnin á að setja aukinn kraft í viðræður við sveitarfélögin um fjármálareglur þeim til handa í kjölfar þess að umgjörð ríkisfjármála hefur verið styrkt. Einnig er stefnt að virkari samráðsvettvangi um efnahagsmál og mun hið nýja efnahags- og viðskiptaráðuneyti leiða þá vinnu.

Tímabundin gjaldeyrshöft afnumin.

Þau gjaldeyrishöft sem sett voru á fyrir árslok 2009 eru ill nauðsyn við núverandi aðstæður. Seðlabankinn hefur birt stefnu um slökun haftanna sem unnin var í samstarfi við viðskiptaráðuneytið og samþykkt af ríkisstjórnin nú í sumar. Stefnt er að því að opna fyrir innflæði fjármagns á næstu mánuðum og lina svo höftin í stigum án þess að gengisstöðugleika verði ógnað. Með samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur Seðlabanka Íslands opnast aðgangur að 2,1 milljarða dala láni frá sjóðnum til styrkingar gjaldeyrisforðanum auk 2,5 milljarða dala frá Norðurlöndunum og 200 milljóna dala frá Póllandi. Gengið hefur verið frá samningum þess efnis og verða lánin afhent í kjölfar hverrar endurskoðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda. Áður hafði verið gengið frá láni frá Færeyjum upp á 300 milljónir danskra króna.

Umgjörð efnahagsstjórnar.

Skortur á samstarfi og samráði hefur lengi verið íslenskri efnahagsstjórn fjötur um fót. Finnski sérfræðingurinn Kaarlo Jännäri benti sérstaklega á þetta vandamál í skýrslu sinni sem afhent var stjórnvöldum og birt í mars á þessu ári. Í samræmi við hans hugmyndir hefur ráðuneytum sem fara með efnahagsmál og fjármálamarkaði nú verið fækkað. Málefni Hagstofunnar og Seðlabankans hafa verið flutt yfir í nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nýja ráðuneytið hefur einnig verið styrkt með flutningi verkefna og starfsfólks af efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofu forsætisráðuneytisins

yfir í hið nýja ráðuneyti. Með þessari tilhögun er vonast eftir betri samþættingu efnahagsstjórnar landsins og bættu samráði þeirra aðila sem koma að eftirliti með fjármálamörkuðum.

Á næstu mánuðum verður tekin afstaða til þess hvort sameina eigi Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið á nýjan leik eða hvernig megi með öðrum hætti bæta samstarf þessara tveggja stofnana. Á síðustu mánuðum hefur samstarf og samskipti þeirra aukist verulega í gegnum nefndir um endurreisn fjármálakerfisins. Mikilvægt er að ekki verði slakað þar á og sá mikli árangur sem náðst hefur á undanförnum missirum verði vegvísir til framtíðar.

Auk þess hefur verið skipuð sérstök ráðherranefnd um efnahagsmál. Í henni eru forsætisráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Aðrir ráðherrar sitja fundi nefnrainnar í samræmi við umfjöllunarefni. Gert er ráð fyrir að ráðherranefndin fjalli meðal annars reglulega um atvinnumál og stöðu heimilanna.

Ráðherranefnd um efnahagsmál er ætlað að samræma stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og hafa eftirlit með framkvæmd efnahagsstefnunnar á einstökum sviðum. Meðal annarra verkefna er samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, framtíðarskipulag peningamála og samræming í fjármálum hins opinbera til lengri og skemmri tíma. Einnig mun hún verða stefnumótandi og hafa forustu um samskipti við aðila vinnumarkaðarins, uppbyggingu fjármálakerfisins og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi með tilliti til efnahagsmála.

Jákvæð teikn á lofti.

Hagkerfið hefur sýnt gríðarlega aðlögunarhæfni á því ári sem liðið er frá falli bankanna. Þrátt fyrir að veiking krónunnar hafi valdið mörgum fyrirtækjum og heimilum búsifjum þá bætir lágt raungengi samkeppnishæfi þjóðarbúsins svo um munar. Af því leiðir að vöruskipti hafa verið jákvæð frá því í september 2008 og þjónustujöfnuður var jákvæður á öðrum ársfjórðungi 2009, ekki síst vegna verulega aukinna tekna af erlendum ferðamönnum. Jákvæð teikn á lofti á erlendum mörkuðum hjálpar einnig verulega til við aðlögun hagkerfisins, en í byrjun sumars endurskoðaði Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hagvaxtarspá sína upp á við fyrir árin 2009–2010. Þetta var í fyrsta sinn í tvö ár sem OECD endurskoðaði spá sína upp á við. Aukin umsvif á alþjóðamörkuðum hafa snúið við verðlækkunum á helstu útflutningsafurðum Íslands frá hápunkti alþjóðlegu fjármálakreppunnar á fyrstu mánuðum ársins. Á sama tíma hefur áhættuálag á íslenskar fjáreignir lækkað hratt og skuldatryggingarálag á ríkissjóð er nú aðeins um þriðjungur þess sem það var í ársbyrjun. Allir þessir þættir, ásamt hraðlækkandi verðbólgu á síðustu mánuðum ársins, munu mynda undirstöður fyrir aukinn stöðugleika og hagvöxt til framtíðar.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Árni Johnsen,
Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Eyrún Sigþórsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson,
Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða með hliðsjón af mikilvægi þess að bæta stöðu heimila og fyrirtækja, endurheimta tiltrú á íslenskt efnahagslíf, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims:

Ríkisfjármál.

1. Sett verði hagræðingarkrafa á rekstur ríkisins þannig að 5% sparnaður verði í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi og 10% sparnaður verði á öðrum sviðum. Ekki verði um flatan niðurskurð að ræða. Forgangsraðað verði í samvinnu við hlutaðeigandi aðila á þann hátt að mikilvæg grundvallarþjónusta skerðist sem minnst. Miðað við fjárlög þessa árs mundi þetta leiða til sparnaðar í ríkisútgjöldum upp á 35–40 milljarða kr. Ekki verði skorin niður útgjöld til framkvæmda.
2. Kerfisbreyting verði gerð á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Hægt er að fara fleiri en eina leið í þessu sambandi en það yrði gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Afkomubati ríkissjóðs ræðst af því hvaða leið er farin en gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um að lágmarki 35 milljarða kr. við þessa aðgerð.
3. Umhverfi atvinnurekstrar verði bætt og hindrunum fyrir erlenda nýfjárfestingu rutt úr vegi. Áætlað er að allt að 5.000 störf geti skapast á næsta ári vegna þessa liðar og að bætt afkoma ríkissjóðs vegna þess verði um 15 milljarðar kr.

Hagstjórn.

1. Endurskoða skal sameiginlega áætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ljósi breyttra aðstæðna.
2. Gefin verði út skuldabréf til 4, 6 og 8 ára í evrum með álagi á þýska ríkisbréfavexti og þau boðin erlendum krónueigendum til kaups.
3. Gjaldeyrishöft verði afnumin og krónunni leyft að fljóta.
4. Sköpuð verði skilyrði fyrir því að vextir Seðlabanka Íslands lækki umtalsvert.
5. Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði sett í bið en lánum Norðurlandanna breytt í lánalínur.

Skuldavandi.

1. Leiðrétta verður of mikla skuldsetningu heimilanna í landinu. Mynda skal sérfræðingahóp sem fjalli um leiðir til þess. Hópurinn verði skipaður fulltrúum allra stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins.
2. Tekið verði sérstaklega á vanda verst stöddu heimilanna. Úrræðin þurfa að vera aðgengileg, fljótvirk og mannúðleg.
3. Stimpilgjöld verði afnumin til að auðvelda fólki að njóta bestu kjara við endurfjármögnun lána.

4. Settar verði verklagsreglur við endurskipulagningu skulda atvinnulífsins sem tryggja sanngirni og gagnsæi og þar með jafna meðferð skuldara. Tryggja þarf að hvatar til árangurs verði ekki slævðir. Haft verði að leiðarljósi að samkeppnisstöðu fyrirtækja verði ekki raskað.

Greinargerð.

Helsta verkefni íslenskra stjórnvalda er að endurvekja tiltrú á íslensku efnahagslífi. Undanfarið ár hefur ekki nýst sem skyldi til að leggja grunn að endurreisninni. Endurskoðun áætlunar stjórnvalda með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur dregist úr hófi, vextir hafa enn ekki lækkað nægjanlega og vandi heimila og fyrirtækja fer vaxandi. Við þessu verður að bregðast.

Ríkisfjármálin.

Sjálfstæðisflokkurinn telur það eitt af sínum meginhlutverkum að standa vörð um skattfé almennings. Ljóst er að umfang hins opinbera hefur aukist mjög undanfarinn áratug og er nú orðið of mikið. Það er svigrúm til að lækka útgjöldin umtalsvert, t.a.m. niður á sama stig og var á fyrri hluta áratugarins. Það verður að gera á vel ígrundaðan hátt og á lengri tíma en nú er áætlað. Vegna þess mikla tekjutaps sem ríkissjóður hefur orðið fyrir er ljóst að hallanum verður ekki eytt með hagræðingu einni saman. Efla verður skattstofna að nýju þannig að fjárlagagatinu verði lokað sem fyrst.

Hagræðingu og sparnaði í rekstri hins opinbera verður að ná þannig að mikilvæg þjónusta sé ekki skert meira en brýna nauðsyn ber til. Jafnframt er mikilvægt að ekki komi til flats niðurskurðar og að hagræðing verði unnin í nánu samstarfi við þá sem best til þekkja – starfsmenn og stjórnendur hlutaðeigandi málaflokks. Sem dæmi um ranga aðferðafræði eru aðferðir þær sem ríkisstjórnin vill nota við hagræðingu á Landspítalanum.

Í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins frá í júní síðastliðnum eru leiðir til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum raktar. Þær felast í hagræðingu og niðurskurði ríkisútgjalda og breikkun skattstofna. Flutningsmenn telja að endurheimta þurfi skattstofna en slíkt verður aðeins gert með því að koma hjólum efnahagslífsins af stað á ný. Skattahækkanir ofan í fyrirhugaðan niðurskurð draga mátt úr heimilum og fyrirtækjum og dýpka og lengja þá efnahagskreppu sem við nú upplifum. Slíkt verður aðeins til þess að íslenskt þjóðfélag festist í vítahring samdráttar og vonleysis.

Í nefndaráliti minni hluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (118. mál) er fjallað um áhrif niðurskurðar og skattahækkana á verga landsframleiðslu og atvinnu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæta þurfi afkomu ríkissjóðs um rúma 63 milljarða kr. á árinu 2010. Í nefndaráliti minni hlutans eru áhrif þess rakin. Landsframleiðsla mun lækka, atvinna minnka og þ.a.l. lækka beinir og óbeinir skattar og bætur hækka að öðru óbreyttu – eftirspurn og skattgrunnar dragast saman.

Lánsmatsfyrirtækið Moody's tók undir þessa gagnrýni með yfirlýsingu nýverið en þar segir: „Moody's á von á því að eftirspurn verði alllengi að taka við sér ekki síst þegar skattahækkanir og niðurskurður opinberra útgjalda bætast við mikla skuldsetningu heimilanna.“

Ljóst er að niðurskurður og hagræðing munu leiða til fækkunar starfa hjá hinu opinbera. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að það fólk sem missir atvinnu hjá ríkinu þarf að finna kröftum sínum farveg hjá einkafyrirtækjum. Skattahækkanir eru eingöngu til þess fallnar að hamla fjárfestingu og ráðningu nýrra starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Niðurskurður leiðir þá til fækkunar starfa hjá hinu opinbera og skattahækkun á einkafyrirtæki til þess að þeir sem

missa vinnu hjá ríkinu fá ekki störf í einkageiranum. Ekki má því beita þessum tveimur verkfærum á sama tíma við þær aðstæður sem nú ríkja.

Að framan er rakið hversu alvarlegar afleiðingar það mun hafa fyrir íslenskt efnahagslíf ef skattar verða hækkaðir þegar samdráttur er í efnahagslífinu og á sama tíma er ráðist í mikinn niðurskurð á útgjöldum hins opinbera. Flutningsmenn tillögunnar hafa því bent á aðrar leiðir til að auka tekjur ríkissjóðs. Bent hefur verið á þann möguleika að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóðakerfið í stað útgreiðslna eins og nú er. Tekjur ríkissjóðs aukast um á bilinu 30–40 milljarða kr. á ári við þessa aðgerð sem er um helmingur fyrirhugaðrar bættrar afkomu ríkissjóðs. Þessi kerfisbreyting leggur ekki þyngri byrðar á herðar launafólks og eftirlaunaþega, hvorki í nútíð né framtíð. Eins og flutningsmenn tillögunnar hafa bent á fylgir sá ágalli kerfisbreytingunni að þjóðhagslegur sparnaður mun minnka. Kostirnir yfirvega hins vegar gallana svo að ástæða er til að gaumgæfa leiðina vel. Einnig kemur til greina einfaldari útgáfa þessarar aðgerðar. Hún felst í að afnema núverandi frestun á skattlagningu séreignarsparnaðar en sú ráðstöfun ein mundi skila um 115 milljarða kr. eingreiðslu í ríkissjóð á næsta ári og um 13 milljörðum kr. á ári eftir það.

Önnur leið sem flutningsmenn vilja fara til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum er að stækka skattgrunna. Ríkisstjórnin hefur dregið lappirnar í atvinnumálum og hefur með háttalagi sínu valdið íslensku atvinnulífi stórskaða. Um það bera aðgerðir hennar vitni, nú síðast sú ákvörðun umhverfisráðherra að fella úr gildi þá ákvörðun að Suðvesturlína og Helguvík þurfi ekki að fara í sameiginlegt umhverfismat; neitun ríkisstjórnarinnar um að framlengja viljayfirlýsingu um atvinnuuppbyggingu á Bakka við Húsavík; áformum um nýja orku-, umhverfis- og auðlindaskatta; og engum vilja til samvinnu vegna erlendrar fjárfestingar í heilbrigðismálum. Þá hefur yfirlýsing stjórnarflokkanna um fyrningarleið í sjávarútvegi valdið mikilli óvissu í greininni og skaðað hana. Framangreindar ráðstafanir brjóta allar í bága við stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar.

Nýting náttúruauðlinda felur í sér val. Skynsamleg nýting auðlinda og verndun þeirra er kappsmál Sjálfstæðisflokksins. En sú vernd má þó ekki ganga svo langt að skynsamleg tækifæri séu slegin út af borðinu undir merkjum umhverfisverndar. Jafnvægi verður að ríkja milli verndar og auðlindanýtingar. Ef of strangar kröfur í þessum efnum vinna gegn framförum, draga úr bjartsýni og rýra efnahagshorfur þjóðarinnar geta þessar ákvarðanir hugsanlega unnið gegn skynsamlegri umhverfisstefnu í framtíðinni. Ef of nærri verður höggvið nú gætu þær aðstæður skapast að náttúru- og umhverfisvernd mæti afgangi í framtíðinni. Það ættu þeir að hafa í huga sem leggjast alfarið gegn orkunýtingu.

Með ýmsum orkutengdum verkefnum, verkefnum sem þegar hafa verið ákveðin og öðrum sem þykja heppileg fyrir einkaframkvæmd er í stöðugleikasáttmálanum áætlað að um 4.000 ný störf verði til beint og sennilega annað eins óbeint. Að áætla 5.000 ný störf eins og hér er gert með því að efnahagsumhverfi fyrir almennan rekstur verði bætt og hindrunum fyrir erlenda nýfjárfestingu rutt úr vegi telja flutningsmenn síst vera ofmat.

Það á að vera keppikefli stjórnvalda að gera almenningi kleift að fá hlutdeild í þeim ábata sem endurreisn efnahagslífsins mun hafa í för með sér. Til þess að það megi takast þarf að breyta reglum á hlutabréfamarkaði til að endurvekja tiltrú eins og rakið er í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins frá í júní. Því telja flutningsmenn tillögunnar að endurvekja eigi skattaafslátt til hlutabréfakaupa til að útvega atvinnulífinu rekstrar- og framkvæmdafé og til að endurvekja hlutabréfamarkað á Íslandi.

Undanfarna áratugi hefur þeirri meginreglu verið fylgt að heildarkvótar í fiskveiðum hafa byggt á svokallaðri aflareglu. Reglan byggist í grunnatriðum á að uppbygging fiskstofnanna

ráðist af því hve mikið er tekið af þeim. Þung rök hníga að því að vegna efnahagslegra aðstæðna nú beri að skoða kosti þess að auka tímabundið heildarkvóta í fiskveiðum. Það verður til þess að stofnarnir byggjast ekki jafn hratt upp og ella. En velferðaráhrifin af ráðstöfuninni eru slík að hún er réttlætanleg.

Flutningsmenn tillögunnar leggja þunga áherslu á að öll aukning heildarkvóta verði innan aflamarkskerfisins. Áætlað hefur verið að með því að stöðva ólympískar veiðar á makríl megi allt að tvöfalda aflaverðmæti hans. Við þessu verður að bregðast. Hámarka þarf arðsemi veiðanna fyrir þjóðarbúið.

Jafnframt er rétt að benda á þá óhagkvæmni sem hefur verið innleidd með ólympískum strandveiðum. Flutningsmenn telja að ríkisstjórnin eigi þegar í staða að hverfa frá áformum um fyrningu aflaheimilda til að eyða þeirri óvissu um framtíð þessarar mikilvægu atvinnugreinar.

Tillögur:

1. Sett verði hagræðingarkrafa á rekstur ríkisins þannig að 5% sparnaður verði í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi og 10% sparnaður verði á öðrum sviðum. Ekki verði um flatan niðurskurð að ræða. Forgangsraðað verði í samvinnu við hlutaðeigandi aðila á þann hátt að mikilvæg grundvallarþjónusta skerðist sem minnst. Miðað við fjárlög þessa árs mundi þetta leiða til sparnaðar í ríkisútgjöldum upp á 35–40 milljarða kr. Ekki verði skorin niður útgjöld til framkvæmda.
2. Kerfisbreyting verði gerð á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Hægt er að fara fleiri en eina leið í þessu sambandi en það yrði gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Afkomubati ríkissjóðs ræðst af því hvaða leið er farin en gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um að lágmarki 35 milljarða kr. við þessa aðgerð.
3. Umhverfi atvinnurekstrar verði bætt og hindrunum fyrir erlenda nýfjárfestingu rutt úr vegi. Áætlað er að allt að 5.000 störf geti skapast á næsta ári vegna þessa liðar og að bætt afkoma ríkissjóðs vegna þess verði um 15 milljarðar kr.

Bætt afkoma ríkissjóðs ef farið verður að þessum tillögum er um 85–90 milljarðar kr. á næsta ári. Tillögurnar ná markmiðum um bætta afkomu ríkissjóðs og vel það án skattahækkana. Tillögurnar draga að óverulegu leyti fjármuni út úr hagkerfinu og minnka þannig ekki að sama skapi eftirspurn og hagvöxt. Skattstofnar munu því jafna sig fyrr en ella og jafnvægi nást í fjármálum ríkisins. Auk þessa gæti náðst fram á bilinu 27–33 milljarða kr. sparnaður vegna minni vaxtakostnaðar í kjölfar endurskipulagningar gjaldeyrisvarasjóðs og lækkunar vaxta eins og rakið er hér að neðan. Aðgerðirnar miða að því að sækja fram fremur en leggjast í vörn.

Hagstjórn.

Ísland býr nú eitt vestrænna ríkja við gjaldeyrishöft. Erfitt er að mæla sóun á verðmætum vegna haftanna en ljóst er að hún er gríðarleg. Jafnframt er nær ómögulegt að koma böndum á spillingu og svindl sem þrífst í skjóli haftanna. Reynslan af haftabúskap eftirstríðsáranna var skelfileg og lífsnauðsynlegt er að Ísland feti ekki sama veg nú og gert var þá. Velferðartapið sem höftin leiða yfir Íslendinga er slíkt að leita verður allra leiða til að afnema þau strax. Þetta kennir sagan okkur.

Vandinn sem Íslendingar standa frammi fyrir er að mikið fjármagn – á bilinu 350–450 milljarðar kr. – bíður þess að komast úr landi. Ef þetta flæði er ekki heft myndast mikill þrýstingur á krónuna sem mundi að öllum líkindum leiða til mikils gengisfalls með tilheyrandi verðbólgu og ójafnvægi ef gjaldeyrishöftin yrðu afnumin án neinna hliðarráðstafana.

Eftir að krónan var sett á flot og Seðlabanka Íslands sett verðbólgumarkmið árið 2001 náðist nokkur stöðugleiki á gjaldmiðilinn. Verðbólga var nálægt markmiði og krónan virtist þjóna hlutverki sínu ágætlega. Eftir að útlánaþensla hófst í bankakerfinu, t.a.m. í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaði 2004, myndaðist hins vegar undirliggjandi þrýstingur á verðlag. Seðlabankinn gat tæpast mætt þessum þrýstingi með hefðbundnum peningamálaaðgerðum þar sem fyrirtæki og heimili viku sér undan aukinni vaxtabyrði með því að taka lán í erlendum myntum. Jafnframt er eðli verðtryggingar með þeim hætti að vaxtahækkanir Seðlabanka hafa lítil áhrif á kostnað við langtímalán þar sem vextir eru í megin atriðum fastir. Háir vextir Seðlabankans héldu krónunni sterkri, innflutningsverðlagi lágu og þar með verðbólgu. Við þessar aðstæður hófust vaxtamunarviðskipti með alvarlegum afleiðingum.

Í stórum dráttum fólust þessi vaxtamunarviðskipti í því að erlendir bankar hófu útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum sem síðan voru seld til erlendra fjárfesta. Íslensku bankarnir þjónuðu sem milliliður í þessum viðskiptum og skiptu vaxtamuninum sem ríkti milli erlendra gjaldmiðla og þess íslenska með erlendum útgefendum – um leið náðu bankarnir í fjármagn sem þeir síðan lánuðu til íslenskra fyrirtækja og heimila. Þessi iðja leiddi í sjálfu sér til þenslu – peningastefnan lenti í sjálfheldu. Lántaka í erlendri mynt stórjókst og neysla bar öll einkenni þess að heimilin væru haldin gengisglýju. Fyrirtæki og heimili trúðu því að gengið mundi ekki breytast eins og raun bar vitni sem leiddi til auðsáhrifa – meiri neyslu og fjárfestingar en raunhagkerfið gaf tilefni til.

Í aðdraganda hruns bankakerfisins féll krónan um 50% gagnvart erlendum myntum og eftir hrunið versnaði staðan enn frekar og gjaldmiðlakreppa skall á Íslandi af fullum þunga. Þetta leiddi til þess að sett voru á gjaldeyrishöft til að hefta útflæði erlends gjaldeyris sem safnast hafði upp í vaxtamunarviðskiptum. Stöðva þarf þetta útflæði með öðrum ráðum en höftum, t.a.m. með uppboðum, þar sem höft hafa í för með sér gríðarlegan eyðileggingarmátt eins og rakið er hér að framan.

Ein þeirra leiða sem minnkað gæti þrýsting á krónuna er að íslenska ríkið gefi út langtímaskuldabréf í evrum með vöxtum sem eru aðlaðandi fyrir erlendu fjárfestana og ásættanlegir fyrir ríkið. Þessi leið minnkar þrýsting á útflæði við afnám gjaldeyrishafta. Með styrkingu krónunnar í framtíðinni lækkar sú upphæð sem íslenska ríkið þyrfti að borga í krónum. Krónurnar sem ríkið fær á móti skuldabréfunum gæti það notað til að fjármagna ríkissjóðshalla og framkvæmdir ríkisfyrirtækja. Reynsla Ísraelsmanna snemma á áttunda áratugnum af þessari leið varðar hér veginn.

Áður en höftum er létt þarf raunhæf efnahagsáætlun að liggja fyrir. Þannig verður dregið úr þeirri hættu að innlendir aðilar skipti sparnaði sínum í erlenda mynt vegna vantrúar á íslenskt efnahagslíf. Tilvist haftanna ein og sér sendir út þau skilaboð að gjaldmiðilinn þjóni ekki hlutverki sínu og því mun afnám þeirra sennilega auka tiltrú á gjaldmiðilinn og auka gjaldeyrisstreymi til landsins sem í sjálfu sér styrkir krónuna. Þá verður að hafa í huga að höftin fæla frá erlenda fjárfesta en erlend fjárfesting er mikilvæg til að skapa auknar gjaldeyristekjur. Erlend fjárfesting styrkir gjaldmiðilinn og styrkir krónuna með öflugum og heilbrigðum hætti. Jafnframt skilar gjaldeyrir vegna vöruviðskipta sér þá betur til landsins. Allar tilraunir til að styrkja krónuna með gjaldeyrisinngripum eru dæmdar til að mistakast eins og reynsla annarra þjóða sýnir. Íslendingar hafa ekki efni á að eyða dýrmætum gjaldeyri til að fjármagna fjármagnsflótta.

Í kjölfar þess að krónum sem bíða þess að komast úr landi hefur verið breytt í langtímaskuldabréf minnkar þrýstingurinn á gjaldmiðilinn og svigrúm myndast til vaxtalækkana. Engin rök eru fyrir núverandi vaxtastigi önnur en viðnám við fjármagnsflótta. Gjaldeyris-

höftin nægja ekki ein og sér, til þess er lekinn of mikill. Leiðin til að lækka vexti og afnema gjaldeyrishöft er því sú að fram verði sett trúverðug stefna í efnahagsmálum, fjármálum hins opinbera verði komið í fastar skorður og að lokið verði við uppbyggingu fjármálakerfisins. Fyrr næst ekki sá trúverðugleiki sem stöðvar fjármagnsflótta. Mikilvægt er að þessi bréf séu stöðluð og passi inn í hefðbundin viðskiptakerfi til að seljanleiki þeirra á alþjóðlegum eftirmarkaði sé tryggður.

Með því að fara þessa leið minnkar þörfin fyrir gjaldeyrisvarasjóð og um leið þörfin fyrir lán frá AGS og Norðurlöndunum. Sennilega nægja lánin frá Norðurlöndunum, Færeyjum og Póllandi til að mynda gjaldeyrisvarasjóð eftir að þrýstingur á gengið hefur verið minnkaður. Öllu máli skiptir að sýna á trúverðugan hátt fram á að hægt verði að mæta stórum afborgunum af erlendum lánum ríkisins árið 2011. Til að halda vaxtakostnaði í lágmarki er hér lagt til að lán frá Norðurlöndunum verði á formi lánalína. Jafnframt verði lánin frá AGS ekki tekin nema þau bjóðist sem lánalínur.

Lánin frá AGS og Norðurlöndunum nema um 5,1 milljarði bandaríkjadala. Ætlun er að þau verði geymd í gjaldeyrisvarasjóði og beri þar vexti. Áætlað hefur verið að vaxtamunur verði um 2% á ári. Ef sú er raunin gæti hreinn vaxtakostnaður á ári numið um 102 milljónum bandaríkjadala eða um 12,5 milljörðum kr. á ári. Ef hins vegar væri hægt að takmarka þörfina eftir lánum við lán Norðurlandanna og að þau væru á formi lánalína með 0,5% álagi mætti lækka vaxtakostnaðinn í um 1,6 milljarða kr. á ári.

Íslenskt efnahagslíf hefur búið við afar háa stýrivexti í langan tíma og það hefur haft gríðarlega slæm áhrif. Háir vextir til langs tíma virka sem kyrkingaról fyrir atvinnulífið. Löngu er komið að endimörkum hvað vextina varðar. Því er hægfara lækkun vaxta ekki fær leið. Vextir verða að lækka strax og hratt.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hve mikil áhrif vaxtalækkunar verði á ríkissjóð, heimilin og fyrirtækin í landinu. Lánasýsla ríkisins mun að öllum líkindum bjóða út á bilinu 150–200 milljarða kr. á næsta ári. Hvert prósentustig þar mundi lækka vaxtakostnað um 1,5–2 milljarða kr. Víxlaútgáfa sem næmi um 50–70 milljörðum kr. mundi síðan leiða til 500–750 milljóna kr. sparnaðar fyrir hvert prósentustig í vaxtalækkun.

	Höfuðstóll	1% lækkun vaxta	8% lækkun vaxta
Lánasýsla útboð	150-200	1,5-2	12-16
Víxlaútgáfa	50-70	0,5-0,75	4-6
Samtals	200-270	2-2,75	16-22

Miðað við fjárþörf ríkissjóðs á næsta ári má þannig áætla að sparnaður ríkissjóðs við hverja prósentustigslækkun vaxta sé á bilinu 2–2,75 milljarðar kr. Því mundi 8 prósentustiga vaxtalækkun spara ríkissjóði á bilinu 16–22 milljarða kr. í vaxtakostnað á næsta ári.

Áhrifin á heimilin og fyrirtækin yrðu eins og gefur að skilja gríðarleg. Sem dæmi má nefna að yfirdráttarlán heimila og fyrirtækja nema nú tæplega 200 milljörðum kr. og eins prósentustigs vaxtalækkun mundi því spara um 2 milljarða kr. á ári í vaxtagreiðslur. Miðað við 8 prósentustiga lækkun vaxta mætti því búast við um 16 milljarða kr. lægri vaxtakostnaði vegna yfirdráttarlána í hagkerfinu.

Áhrif lækkunar vaxta hefði síðan jákvæð áhrif á hagkerfið í heild vegna lægri fjármagnskostnaðar fyrirtækja og mundi að öðru jöfnu leiða til aukinna umsvifa í hagkerfinu með auknum skatttekjum hins opinbera og fjölgun starfa.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að framgreindar aðgerðir þarf að framkvæma í réttri röð. Fyrst þarf að setja fram trúverðuga áætlun í ríkisfjármálum. Þá þarf að gefa út ríkisbréfin og létta þar með þrýstingi á gengi krónunnar. Lækka síðan vexti og að síðustu afnema gjaldeyrishöft.

Tillögur:

1. Endurskoða skal sameiginlega áætlun íslenskra stjórnvalda og AGS í ljósi breyttra aðstæðna.
2. Gefin verði út skuldabréf til 4, 6 og 8 ára í evrum með álagi á þýska ríkisbréfavexti og þau boðin erlendum krónueigendum til kaups.
3. Gjaldeyrishöft verði afnumin og krónunni leyft að fljóta.
4. Sköpuð verði skilyrði fyrir því að vextir Seðlabanka Íslands lækki umtalsvert.
5. Lán AGS verði sett í bið en lánum Norðurlandanna breytt í lánalínur.

Með því að setja fram trúverðuga áætlun sem byggist á framangreindum tillögum um aðgerðir efnahagsmálum er það staðföst trú flutningsmanna að hún muni heppnast.

Skuldavandinn.

Forsenda fyrir breiðri sátt í samfélaginu er að treysta að nýju stöðu heimilanna. Alvarleg skuldastaða íslenskra heimila krefst þess að við henni verði brugðist tafarlaust – algjör forsendubrestur hefur orðið og nauðsynlegt er að gripið verði til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir óþarfa gjaldþrot og eyða þeirri óvissu sem staða heimilanna er nú háð. Helstu orsakir vandans eru gengishrun krónunnar, atvinnuleysi, lækkun launa, verðbólga og háir vextir. Fyrirsjáanlega mun hluti heimila ekki geta risið undir þeim byrðum sem þau standa frammi fyrir í dag. Ekki getur talist sanngjarnt að skuldarinn verði einn látinn bera hallann af þessum forsendubresti.

Ef ekki verður gripið til aðgerða vegna vanda skuldsettra heimila dregst endurreisn efnahagslífsins enn á langinn, þar sem gjaldþrot, greiðsluerfiðleikar og atvinnuleysi ásamt vonleysi verður viðvarandi en ekki tímabundin staðreynd. Of mikil skuldsetning heimilanna hefur alvarlegar samfélagslegar afleiðingar. Vegna þessarar alvarlegu stöðu verða stjórnvöld að leggja til leiðir til að endurskipuleggja skuldir heimilanna og gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar. Ákvörðunin er pólitísk og snýst um að dreifa byrðum vegna efnahagshrunsins á annan hátt en nú er stefnt að. Mikilvægt er að stuðla að yfirvegaðri umræðu og ábyrgum lausnum með það að markmiði að skapa sem mesta sátt um aðgerðirnar.

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað koma að nokkru leiti til móts við greiðsluvanda heimilanna. Þær ganga hins vegar allt of skammt. Vandinn liggur í því að tillögurnar taka ekki nægjanlega á vanda of skuldsettra heimila þar sem algjör óvissa ríkir um hvort eða hve stór hluti lána þeirra verður að lokum afskrifaður. Það er mikilvægt markmið að tryggja að heimilin í landinu geti staðið undir greiðslubyrði lána sinna. Það dugar þó ekki eitt og sér ef afborganir leiða ekki til þess að höfuðstóll lánanna lækki. Afleiðing framangreindra vandamála leiðir til óvissu um stöðu heimilanna, heldur fasteignamarkaðinum í heljargreipum og deyfir hvatann til að standa í skilum. Nauðsynlegt er að vinda ofan af þessari stöðu.

Eftirfarandi meginatriði ætti að hafa í huga við lausn á skuldavanda heimilanna:

- Að viðhalda þeirri ríku hefð að fjölskyldur búi í eigin húsnæði.
- Að aðgerðir tryggi hag lántakenda ekki síður en lánveitenda.
- Að aðgerðir séu almennar.
- Að viðhalda greiðsluvilja m.a. með hvötum til uppgreiðslu skulda.
- Að tryggja að aðgerðir séu ekki vinnuletjandi.

- Að tryggja að aðgerðir leiði ekki til stórkostlegra skattahækkana.
- Aðgerðir þurfa að vera auðskiljanlegar og gagnsæjar.
- Að tryggja að aðgerðir leiði ekki til landflótta.
- Að koma í veg fyrir frekara hrun á fasteignamarkaði.

Undanfarna mánuði hafa komið fram fjölmargar tillögur til lausnar á skuldavanda heimilanna. Margar þeirra byggja á þeim meginmarkmiðum sem sett eru fram hér að ofan. Allar hugmyndir sem fram hafa komið hafa sína kosti og galla, allt frá flötum niðurskurði til sértækra aðgerða. Flutningsmenn telja, að skynsamasta leiðin til bæta stöðu heimilanna vegna of mikillar skuldsetningar sé að mynda þverpólitíska sátt um aðgerðir sem hafa ofangreind meginatriði að leiðarljósi. Skorað er á stjórnvöld að kalla að borðinu fulltrúa allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila með það að markmiði að finna viðunandi lausn sem kæmi til framkvæmda eigi síðar en um næstu áramót.

Ljóst er að þær aðgerðir sem gripið verður til leysa ekki að fullu þann vanda sem til staðar er. Hluti fjölskyldna mun engu að síður lenda í innheimtuaðgerðum og einhverjir verða gjaldþrota. Því verður jafnframt að endurskoða núverandi úrræði með það í huga að þau taki til breiðari hóps, séu mannúðlegri, einfaldari, skilvirkari og hraðvirkari. Í því tilliti er full ástæða til að horfa til tillagna ASÍ og Hagsmunasamtaka heimilanna. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða gjaldþrotalögin með það í huga að gera einstaklingum kleift að "byrja aftur" fyrr en núverandi löggjöf gerir ráð fyrir.

Í umræðu um stöðu fyrirtækjanna hefur sjónum verið beint í of miklum mæli að stærstu fyrirtækjum landsins og eignarhaldsfélögum. Það liggur fyrir að langflest störf eru hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og þessum fyrirtækjum hefur ekki verið sinnt nægjanlega vel af nýju bönkunum. Þessu verður tafarlaust að breyta.

Mikilvægt er að sett verði fram skýr og samræmd aðferðafræði hvernig standa skuli að endurskipulagningu fyrirtækjanna. Tryggja verður að allir sitji við sama borð, að ferlið sé gagnsætt og fyrirsjáanlegt og að hvatar til árangurs verði ekki slævðir. Haft verði að leiðarljósi að samkeppnisstaða verði ekki bjöguð og að eigendum og starfsfólki verði gert kleift að eignast fyrirtækin þegar skýrt fyrirfram skilgreindir áfangar nást, t.a.m. með áskriftarfyrirkomulagi (e. warrants). Þannig viðhelst verðmæti fyrirtækjanna sem felst í þekkingu og atorku starfsmanna og eigenda, tengslum og viðskiptavild. Jafnframt er hvötum sem leiða til árangurs þá viðhaldið. Þá ber að hafa í huga að nýsköpun krefst áhættufjármagns og mikilvægt er að liðka fyrir því að sá kraftur sem býr í fjármagni fari til atvinnu- og verðmætasköpunar.

Hvað varðar skuldavanda fyrirtækjanna er hraðvirkasta, ódýrasta og skynsamlegasta leiðin að útfæra lausnir innan bankanna. Það sparar bæði tíma og peninga. Stjórnvöld verða þó að leggja línurnar um hvers konar aðgerða á að grípa til að gæta jafnræðis við meðferð mála.

Tillögur:

1. Leiðrétta verður of mikla skuldsetningu heimilanna í landinu. Mynda skal sérfræðingahóp sem fjalli um leiðir til þess. Hópurinn verði skipaður fulltrúum allra stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins.
2. Tekið verði sérstaklega á vanda verst stöddu heimilanna. Úrræðin þurfa að vera aðgengileg, fljótvirk og mannúðleg.
3. Stimpilgjöld verði afnumin til að auðvelda fólki að njóta bestu kjara við endurfjármögnun lána.
4. Settar verði verklagsreglur við endurskipulagningu skulda atvinnulífsins sem tryggja sanngirni og gagnsæi og þar með jafna meðferð skuldara. Tryggja þarf að hvatar til

árangurs verði ekki slævðir. Haft verði að leiðarljósi að samkeppnisstöðu fyrirtækja verði ekki raskað.

Fylgiskjal.

Minnisblað vegna verklegra framkvæmda.
(16. júní 2009.)

Eftirfarandi minnispunktar eru settir saman til að reyna að varpa ljósi á þær verklegu framkvæmdir sem eru eða kunna að vera framundan á næstu árum. Ýmsar tölur í því samhengi eru áætlaðar og þarf að fara nánar í saumana á þeim.

Það er ekki að ástæðulausu að horft er til fjárfestinga þegar ræddar eru leiðir til að blása lífi í efnahagslífið. Ágætt er að líta til tveggja sjónarmiða sem eiga annars vegar við til skamms tíma og hins vegar til lengri tími. Til skamms tíma eru það öðru fremur störf á framkvæmdatíma sem eru undir – þegar fjárfestingar og framkvæmdir dragast saman fækkar mjög störfum einkum á vissum sviðum iðnaðar. Það kemur fram sem samdráttur í efnahagslífinu samstundis og er auðvitað erfiður. Mikill samdráttur í fjárfestingum er hins vegar enn alvarlegri þegar til lengri tíma er litið.

Fjárfesting er í eðli sínu ekkert annað en að fé er lagt til hliðar í formi sparnaðar (gegnum innlán, erlent lánsfé eða frá lífeyrissjóðum) og notað til fjárfestinga. Þeim er síðan ætlað að skapa aukna framleiðslugetu í framtíðinni og þar með aukna verðmætasköpun og betri lífskjör til lengri tíma litið. Án fjárfestinga er erfitt að viðhalda og auka framleiðslustig hagkerfisins (á því hangir neyslu og velferðastigið einnig). Ótal rannsóknir sýna skýrt samband milli fjárfestinga og sparnaðar og hagvaxtar hins vegar.

Af þessum sökum er mikilvægt að minna á mikilvægi þess að opna eins og kostur er á aðkomu erlendra fjárfesta að framkvæmdum á Íslandi en ekki síður að skapa skilyrði fyrir innlenda fjárfesta til að koma sínu fé í „góða vinnu“. Með því móti má reyna sporna gegn þeim alvarlega samdrætti sem þegar er hafinn til skamms tíma en einnig stuðla að aukinni framleiðslugetu og verðmætasköpun í framtíðinni.

Verklegum framkvæmdum er skipt í þrennt í minnisblaði þessu. Í fyrsta lagi framkvæmdir þar sem aflað hefur verið tilskilinna leyfa þó svo enn kunni að vera fyrir hendi óvissuþættir; í öðru lagi framkvæmdir sem hafa verið til skoðunar og unnt væri að hleypa af stað með einkaframkvæmd og loks orkutengdar framkvæmdir sem eru til umfjöllunar á ýmsum stigum í dag.

Til að setja hluti í samhengi er hér að neðan birt mynd sem sýnir yfirlit um fjárfestingar á liðnum árum og spá um fjárfestingar fram til 2011 á verðlagi hvers árs fyrir sig skv. þjóðhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir framkvæmdum við Helguvík og endurnýjun álversins í Straumsvík. Gert er ráð fyrir að þessar fjárfestingar muni bera uppi stóran hluta fjárfestingar atvinnuveganna á árunum 2010 og 2011.



Eins og sjá má er fallið í fjárfestingum mikið á spátímabilinu. Gert er ráð fyrir heildarfjárfestingu á árinu 2009 upp á liðlega 250 milljarða króna samanborið við um 350 milljarða 2008 og 400 milljarða þegar hæst lét 2006. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að fjárfestingar næsta árs verði 290 milljarðar króna og 340 milljarðar 2011.

Ef horft er á fjárfestingu fyrsta ársfjórðungs 2009 stefnir raunar í enn meiri samdrátt. Þannig var heildarfjárfesting fjórðungsins um 50 milljarðar króna samanborið við tæplega 80 milljarða á sama tímabili 2008. Vægi 1. ársfjórðungs í fjárfestingum ársins hefur verið um 22% s.l. ár og skv. því stefnir í um 220 milljarða króna fjárfestingu á þessu ári.

Framkvæmdir sem þegar liggja fyrir.

Hér ber helst að telja álver í Helguvík og tengdar framkvæmdir, endurnýjun álversins í Straumsvík og tengdar framkvæmdir og gagnaver Verne Holding. Þá eru settar hér inn fjárhæðir Vegagerðar skv. núgildandi vegaáætlun ásamt fjárfestingum Framkvæmdasýslu og Reykjavíkurborgar fyrir 2009.

Verkefni	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015-2020	Samtals	Ársverk	Varanleg störf
Búðarhálsvirkjun	1,0	8,0	15,0	6,0				30	650	
Endurbygging í Straumsvík	5,0	15,0	15,0	10,0				45	360	20
Verne holding	5,0	10,0	20,0					35	150	70
Helguvík	6,3	31,3	46,3	41,3	35,0	32,5	18,8	192,5	4.000	650
Tónlistarhús við Austurhöfn	3,8	3,8	3,8					11,4		
Orkuver HS/OR vegna Helguvíkur	10,0	25,0	30,0	30,0	30,0	25,0		150	4.000	
Framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar	5,0							5	85	
Framkvæmdasýsla	5,1							5,1	87	
Vegagerð almennt annað skv vegaáætlun	20,5	14,1	12,0	12,0	12,0	12,0		82,6	1.400	
Samtals	**61,7**	**107,2**	**142,1**	**99,3**	**77,0**	**69,5**	**18,8**	**575,4**	**10.732**	**740**
Ársverk á ári	962	1.672	2.216	1.548	1.201	1.084				

fjárfestingar milljarðar króna á verðlagi hvers árs

Búðarhálsvirkjun gæti allt eins fallið undir verkefni sem hentað gætu einkafjármögnun en er talin upp hér þar sem einnig hefur verið rætt um aðra kosti við fjármögnun hennar.

Á árunum 2010 og 2011 eru þessar fjárfestingar um 50% af áætluðum fjárfestingum atvinnuveganna skv. þjóðhagsspá. Það er svipað hlutfall og var á árunum 2005–2008 og því spurning hvort þetta sé raunhæft. Þá er nokkuð ljós að miklu skiptir um efnahagsþróun að þessi verkefni nái að ganga fram en enn er t.d. óljóst með stækkun Alcan sem og framgang stækkunar við Helguvík.

Orkutengd verkefni á teikniborðinu.

Hér að neðan gefur að líta helstu verkefni sem rædd hafa verið í þessu samhengi. Framkvæmdatími er settur fram skv. hugmyndum fjárfesta en líkt og komið hefur fram er hann í mörgum tilvikum óraunhæfur þar sem orka er ekki fyrir hendi í þessi verkefni nema að óverulegum hluta. Þá er rétt að taka fram að kostnaðaráætlun á orkuver er mjög gróft áætlaður í þessu samhengi enda óljóst hvaða kosti væri verið að ræða um.

Stærsti óvissuþáttur varðandi möguleg ný verkefni lýtur að mögulegri orkuöflun til þeirra. Ljóst er að tímarammi þar er mjög knappur miðað við þær hugmyndir sem væntanlegir fjárfestar hafa sett fram um æskilegan framkvæmdatíma.

Líkast til er lítið sem ekkert gert ráð fyrir þessum fjárfestingum í þjóðhagsspá en þó þarf að fá það staðfest. Fjárfestingar af þessari stærðargráðu, þó svo aðeins hluti þeirra næði fram að ganga, hefði því veruleg áhrif á hagstærðir á þessu tímabili. Áætluð landsframleiðsla skv. þjóðhagsspá er 1.450 milljarðar árið 2010 og 1.546 milljarðar árið 2011.

Verkefni	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Samtals	Árs-verk	Varan-leg störf	MW
Álver á Bakka		20,6	41,3	72,3	41,3	20,6	10,4	206	4.200	650	
Orkuver tengd Bakka	5,0	7,5	11,3	21,3	40,0	33,8	16,3	135	3.500		650
Gagnvaver II (á norðurlandi)		40,0	60,0	40,0				140	550	150	120
Gagnaver III (Suðvesturland)								0	175	30	20
BPI sólarkísill		10,0	10,0	10,0				30	600	150	50
Tomhawk		6,0	5,0	4,0	4,0			19	300	90	60
Framleiðsluaukning á Grundartanga								0		30	40
Koltrefjaverksmiðja (Norðurland vestra)		5,0	5,0					10	400	60	10
Pappírsverksmiðjia								0	100	40	18
Orkuver 200 MW		30,0	40,0	30,0				100	1.600		
Orkuver 200 MW		30,0	40,0	30,0				100	1.600		
Samtals	**5,0**	**149,1**	**212,5**	**207,5**	**85,3**	**54,4**	**26,6**	**740**	**13.025**	**1.200**	**968**
Ársverk á ári	78	1.894	2.699	2.635	1.083	691					

fjárfestingar milljarðar króna á verðlagi hvers árs

Fjárfestingar sem hægt væri að færa í einkaframkvæmd.

Hér er yfirlit yfir nokkrar fjárfestingar sem ræddar hafa verið í þessu samhengi. Heildarumfang þeirra er um 20 ma. króna á ári sem ætti að vera vel viðráðanleg stærð.

Verkefni	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015-2020	Samtals	Ársverk
Sjúkrahús	1,0	1,5	2,3	6,0	9,2	9,2	15,7	45	898
Hvalfjarðagöng	1,0	1,0	5,0	1,0				8	160
Vaðlaheiðargöng	0,0	5,0	2,0					7	140
Suðurlandsvegur I. Áfangi	1,0	2,0	2,0	2,0	2,0			9	180
Suðurlandsvegur II. Áfangi	0,3	1,5	1,5	1,5	1,5			6,25	125
Sundabraut I. Áfangi	0,0	1,0	3,5	3,5	3,5	3,5		15	300
Sundabraut II. Áfangi	0,0	0,0	1,0	4,0	4,0	4,0	6-18	13	260
Vesturlandsvegur tvöföldun á Kjalarnesi		2,0	2,0	2,0	2,0			8	160
Verkefni tilbúin í vegagerð á SV horni - skv. Gögnum frá Vegagerð	0,5	3,5	3,3	0,4				7,65	153
Samgöngumiðstöð	0,5	0,8						1,3	26
Þjónusturými fyrir aldraða	1,0	3,0	3,0	2,0				9	180
Samtals	**5,25**	**21,25**	**25,6**	**22,4**	**22,2**	**16,7**	**21,7**	**129**	**2.582**
Ársverk á ári	105	425	512	448	444	334			

fjárfestingar milljarðar króna á verðlagi hvers árs

Endanlegur kostnaður við Sundabraut árin 2015-2020 veltur á hvort valin verði eyjalausn eða jarðagangalausn

ATH! Búðarhálsvirkjun á heima í þeim flokki sem myndi henta fyrir einkafjármögnun, þar sem fjármögnun þess verkefnis er óklárað af hendi Landsvirkjunar.

Samantekt.

Á heildina litið gæti hér verið um að ræða fjárfestingaverkefni upp á 280–380 milljarða króna á ári næstu 3 árin. Það gefur þó auga leið að ekki er hægt að gera ráð fyrir að öll verkefnin verði að veruleika. Eins þarf að kafa dýpra í einstök verkefni til að fá nákvæmari mynd af umfangi þeirra.

Ljóst er að það mun hafa veruleg áhrif á efnahagsframvindu næstu ára, takist að koma einhverjum hluta þessara framkvæmda á legg. Yrði helmingur þeirra framkvæmda sem hér eru talin upp undir orkufrekum verkefnum og einkaframkvæmd að veruleika þýddi það viðbótar fjárfestingar upp á um 100 milljarða króna á ári að jafnaði næstu þrjú árin. Þetta nemur um 6–7% af áætlaðri landsframleiðslu hvers árs um sig á þessu tímabili.

Verkefni	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015-2020	Samtals	Ársverk
Verkefni sem þegar hafa verið ákveðin	61,7	107,2	142,1	99,3	77,0	69,5	18,8	575,4	10.732
Orkutengd verkefni	5,0	149,1	212,5	207,5	85,3	54,4	26,6	740,4	13.025
Verkefni heppileg fyrir einkafjármögnun	5,3	21,3	25,6	22,4	22,2	16,7	21,7	135,1	2.582
Samtals	**71,9**	**277,5**	**380,2**	**329,2**	**184,5**	**140,6**	**67,1**	**1.451**	
Ársverk á ári	1.145	3.990	5.427	4.632	2.728	2.109			

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að framkvæma nauðsynlegar afskriftir á lánum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja og nemi afskriftirnar að minnsta kosti 20% af höfuðstól láns. Skal þessum afskriftum vera lokið í síðasta lagi 1. desember 2009.

Greinargerð.

Nánast öll lán íslenskra heimila og fyrirtækja eru annaðhvort tengd verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla. Með hruni íslenska bankakerfisins, og í aðdraganda þess, varð forsendubrestur á lánamarkaði. Fall á gengi íslensku krónunnar og mikil verðbólga í kjölfarið varð til þess að höfuðstóll umræddra lána hækkaði úr takti við allt sem áður hefur þekkst. Atburðirnir voru ófyrirsjáanlegir og færa má fyrir því rök að þeir hafi leitt til forsendubrests. Á það skal og bent að lánastofnanirnar voru í aðstöðu til að hafa áhrif á verðlagsþróun í landinu með útlánastarfsemi sinni og aðgerðum sem höfðu áhrif á gengi krónunnar. Þessar athafnir fjármálastofnana höfðu áhrif á höfuðstól lána til hækkunar og sköpuðu ójafnvægi í getu lánveitenda og lántaka til að verja hagsmuni sína. Hinir ófyrirséðu atburðir, sem og aðgerðir lánveitenda, urðu þannig til þess að hækka höfuðstól lána óeðlilega mikið.

Ljóst er að fjármagn sem kom erlendis frá í gegnum íslensku bankana er tapað. Skuldabréf bankanna hafa gengið kaupum og sölu á undanförnum vikum og mánuðum, oft fyrir aðeins brot af upprunalegu virði. Gera má ráð fyrir að útlán bankanna hafi þegar verið afskrifuð að verulegu leyti við uppgjör á milli nýju og gömlu bankanna. Þegar ættu að liggja fyrir upplýsingar um verðmat á lánasöfnum Nýja Kaupþings og Íslandsbanka og fljótlega vegna Nýja Landsbankans. Ætla má að afskriftirnar á lánasöfnunum séu hlutfallslega einhverjar hinar mestu frá því í heimskreppunni á fjóra áratug tuttugustu aldar. Umfang afskrifta er slíkt að það gefur til kynna að búist sé við kerfishruni í íslensku efnahagslífi. Verði ekkert að gert mun hrina gjaldþrota hjá íslenskum fyrirtækjum og heimilum leiða til áframhaldandi hruns á eignaverði sem síðar leiðir til enn frekari afskrifta. Raunar er ætlað umfang af þeirri stærðargráðu að hætta er á að íslenskt efnahagslíf lendi í neikvæðri keðjuverkun sem geri þjóðinni ókleift að komast út úr efnahagsþrengingum um mjög langt skeið og valdi óbætanlegu tjóni til langframa.

Við þessar aðstæður eru það hagsmunir lánveitandans að afskrifa kröfur sínar að hluta til að koma í veg fyrir að lántakendur fari í þrot og þeim gert fært að standa undir afborgununum og greiða sem mest til baka. Slíkt er sérstaklega mikilvægt við aðstæður þar sem eignir eru illseljanlegar og hætta á algjöru eignaverðshruni er veruleg.

Nú er ljóst að íslenska hagkerfið stendur ekki undir þeim lánum sem til þess voru veitt. Auk þess er staðreynd að höfuðstóll lánanna hækkaði óeðlilega mikið. Því liggur fyrir að eðlilegast er að bregðast við með því að afskrifa að hluta lán til lántakenda og framkvæma afskriftina með hlutfallslega jafnri niðurfærslu á höfuðstól lánanna. Rétt er að leggja áherslu á það, að þessi leið leysir ekki vanda allra heimila og fyrirtækja, þar sem hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu á forsendubresti og aðgerð til að styðja við efnahagslífið almennt. Gera verður ráð fyrir því að samhliða sé gripið til sértækra aðgerða fyrir þá sem verst eru staddir.

Ríkisstjórnin kynnti nýlega tillögur um almenna lækkun greiðslubyrði fasteignalána heimilanna. Flutningsmenn virða þann vilja ríkisstjórnarinnar að vilja stuðla að tímabundinni almennri lækkun greiðslubyrði þessara lána, en telja alls óvíst hvort staðið verði við fyrirheit um mögulegar afskriftir í lok lánstímans. Tenging greiðslubyrði við greiðslujöfnunarvísitölu, eins og hugmynd ríkisstjórnarinnar gengur út frá, er einnig mjög varhugaverð þar sem byggt er á launaþróun og hagtölur sýna að launavísitala hefur hækkað langt umfram verðlagsvísitölu á undanförnum áratug. Markmið ríkisstjórnarinnar ætti að vera að losna við verðtrygginguna, ekki að skipta einu gölluðu mælitæki út fyrir annað. Vandamálið er enn til staðar, þ.e. allt of hár höfuðstóll lána og yfirveðsettar eignir. Einnig er enn óskýrt hvað gera skal fyrir fyrirtækin í landinu.

Í þessari tillögu er enn lagt til að byrjað verði að leiðrétta lánin með því að færa þau nokkurn veginn aftur að þeirri upphæð sem vísitölubundnu lánin stæðu í ef ekki hefðu komið til hinir ófyrirséðu atburðir sem leiddu til forsendubrests. Sams konar tillaga hefur áður verið lögð fram af sömu flutningsmönnum (49. mál 137. löggjafarþings).

Rökin eru eftirfarandi:

Sanngirni: Með því móti er sanngirni gætt gagnvart lántakendum og höfuðstóll lána þeirra færður aftur að þeirri upphæð sem lántakandi miðaði við þegar hann gerði áætlanir sínar. Slík aðferð er bæði sanngjarnari og framkvæmanlegri en sértækar aðgerðir enda umfang vandans slíkt að ekki eru aðstæður til að leggja mat á hvert tilfelli fyrir sig og úthluta afskriftum með þeim hætti. Að auki mun þessi leið koma í veg fyrir siðferðileg álitamál og mismunun.

Vandinn verður viðráðanlegri: Jöfn leiðrétting lána mun þó ekki nægja öllum en áhrifin verða þó til þess að gera vandann viðráðanlegri og sértækar aðgerðir framkvæmanlegri. Þá ber að hafa í huga að skuldaleiðrétting er vel til þess fallin að endurvekja virkni hagkerfisins, m.a. með því að halda uppi neyslu. Þannig héldust fleiri fyrirtæki í rekstri og færri yrðu atvinnulausir.

Hagkvæmni fyrir lánveitendur: Í ljósi þess að umfang vandans er risavaxið og hagkerfið í heild er verulega óstöðugt getur jöfn afskrift falið í sér hagkvæmni fyrir lánveitandann rétt eins og verið væri að færa niður lán til eins fyrirtækis. Jöfn leiðrétting er vænlegasta leiðin til að halda hagkerfinu gangandi og hámarka heimtur lánveitenda.

Fleiri geta staðið í skilum: Hafa ber hugfast að ekki er hægt að meta áætlaða afskrift upp á til að mynda 50% af verðmæti lánasafns á sama hátt og hefðbundinn afskriftareikning sem nemur 2%. Í því felst ekki aðeins stigsmunur heldur eðlismunur. Það að veita fyrir fram niðurfellingu á hluta skulda í eðlilegu árferði (t.d. þegar gert er ráð fyrir 2% afskriftum) felur í sér því sem næst hreinan viðbótarkostnað fyrir lánveitandann. Þegar hins vegar gert er ráð fyrir að verulegur hluti útlána tapist og umfang tapsins sé slíkt að það geti leitt til algjörs hruns í hagkerfinu sem umrætt lánasafn tilheyrir, geta afskriftir haft áhrif á getu fyrirtækja og heimila til að haldast í rekstri og standa í skilum. Erlendar rannsóknir á niðurfærslu skulda undirmálslána sýna að lækkun á höfuðstól að lágmarki 20% leiðir til þess að fleiri skuldarar standa í skilum.

Eykur greiðsluviljann: Enn ein rökin sem mæla með skuldaleiðréttingu er sú staðreynd að nú er óvenjuhátt hlutfall íslenskra heimila komið í þá stöðu að vera með neikvætt eigið fé, þ.e. að skulda meira en nemur verðmæti eigna heimilisins. Þetta hlutfall hefur hækkað hratt og mun enn hækka eftir því sem höfuðstóll lána vex og verðmæti eignanna, einkum fasteigna, lækkar. Við þessar aðstæður situr fólk fast á heimilum sínum og getur hvorki keypt né selt. Mikil hætta er á að greiðsluvilji skuldarans fari sífellt minnkandi og að frátöldum öllum persónulegu vandamálunum sem slík staða skapar er hún einkar óhagstæð fyrir hagþróun og getur leitt til stöðnunar sem smitar út frá sér um allt hagkerfið.

Verðlaunar ekki þá sem fóru óvarlega: Með hlutfallslega jafnri afskrift er ekki verið að verðlauna þá sem fóru óvarlega í góðærinu. Í raun er því öfugt farið þar sem umrædd lausn gerir ekki annað en að færa ástandið í það horf sem hefði verið ef hinir ófyrirséðu atburðir hefðu ekki orðið. Sértækar lausnir verðlauna hins vegar frekar þá óvarkáru og veita þeim meiri skuldaniðurfellingu ef lántakandanum tekst að sýna fram á lægri tekjur. Ef litið er til framtíðar geta sértækar aðgerðir einnig skapað mjög hættulegan öfugan hvata í hagkerfinu.

Jafnar hlut skuldara gagnvart kerfinu: Að lokum skal á það bent að við hrun fjármálakerfisins veittu íslensk stjórnvöld tryggingu fyrir öllum innstæðum í íslenskum bönkum. Umræddar innstæður voru notaðar til að standa undir stórum hluta þeirra útlána sem nú eru töpuð. Með því að verja stöðu innstæðueigenda án þess að koma til móts við skuldarana er ríkið í raun að mismuna þegnum sínum eftir því hvort viðkomandi lagði peninga sína inn í banka eða notaði þá til fasteignakaupa.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Alþingi getur ákveðið með þingsályktun að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram samkvæmt lögum þessum um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Einnig getur að lágmarki ⅓ hluti þingmanna krafist þess með þingsályktun að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.

Þá geta 10% kosningarbærra manna krafist með undirskrift sinni þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum um tiltekið málefni og skal skila undirskriftum til sérstakrar skrifstofu á vegum umboðsmanns Alþingis, hér eftir kölluð Lýðræðisstofa. Ábyrgðarmaður undirskriftasöfnunar skal tilkynna Lýðræðisstofu hvenær undirskriftasöfnun hefst og skila undirskriftum innan 90 daga til Lýðræðisstofu.

Lögin gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Lýðræðisstofa.

Umboðsmaður Alþingis fer með stjórn Lýðræðisstofu og er aðsetur stofunnar á skrifstofu umboðsmanns.

Umboðsmaður ræður sjálfur skrifstofustjóra til starfa á Lýðræðisstofu. Umboðsmanni er heimilt að ráða fleiri starfsmenn til að sinna auknum verkefnum stofunnar. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf hjá Lýðræðisstofu.

3. gr.

Kosningarréttur o.fl.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag nema um undirskriftasöfnun sé að ræða og skal þá miða við þann dag er undirskriftasöfnun hefst og er tilkynnt Lýðræðisstofu.

Lýðræðisstofa fer með hlutverk hæstaréttar samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands og landskjörstjórnar samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

4. gr.

Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lýðræðisstofa fer með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum og skal hún ákveða efni og orðalag þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur. Sama gildir um þjóðaratkvæðagreiðslur skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir eftirtaldir tveir svarmöguleikar: „Já“ eða „Nei“.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Lýðræðisstofa setur nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla.

Dómsmálaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té atkvæðisseðla, sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

5. gr.

Tímafrestir kjördags.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða þjóðaratkvæðagreiðslu krafist.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að lagafrumvarp er samþykkt.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um hana var samþykkt á Alþingi.

Ekki er heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða öðrum almennum kosningum.

6. gr.

Kjördagur.

Lýðræðisstofa skal ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. Lýðræðisstofa skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma fram að kosningunum. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

Lýðræðisstofa skal ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og auglýsir hana einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma.

7. gr.

Kynning.

Lýðræðisstofa skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni eða lagafrumvarpi sem borið er undir þjóðaratkvæði.

Lýðræðisstofa skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna senda öllum heimilum í landinu sérprentun frumvarps sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

8. gr.

Kjörstjórnir, kjördæmi o.fl.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar. Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Um framkvæmd að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og meðferð ágreiningsseðla fer samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, og eftir því sem við getur átt lögum um kosningar til Alþingis.

9. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu o.fl.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn Lýðræðisstofu eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um. Lýðræðisstofa notar sérstaka gerðabók um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lýðræðisstofa boðar til fundar með forseta Alþingis, forseta hæstaréttar, forsætisráðherra og eftir atvikum ábyrgðarmanni undirskriftasöfnunar, úrskurðar um gildi ágreiningsseðla og lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir landið í heild.

Lýðræðisstofa tilkynnir dómsmálaráðuneytinu um úrslit atkvæðagreiðslu og auglýsir úrslitin í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal dómsmálaráðuneytið auk þess kunngera um að lögin séu fallin úr gildi í sérstakri auglýsingu sem birtist í A-deild Stjórnartíðinda daginn eftir kjördag. Slíka auglýsingu skal viðkomandi ráðherra birta eigi síðar en viku síðar.

10. gr.

Samþykki tillögu.

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að vera fylgjandi henni.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar o.fl.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

12. gr.

Kærur, lögmæti atkvæðagreiðslu o.fl.

Kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðrar en refsikærur, skulu sendar Lýðræðisstofu eigi síðar en sjö dögum eftir að atkvæðagreiðslan fór fram.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að eigin frumkvæði að rannsaka lögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hvort kæra kemur fram, eða að beina rannsókn til embættis ríkislögreglustjóra.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Lýðræðisstofa ákveðið að hún fari aftur fram þar.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta þingi (117. mál 137. löggjafarþings) og er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af því að í janúar 2009 kom til stærstu og alvarlegustu mótmæla Íslandssögunnar fyrir utan Alþingishúsið er þúsundir landsmanna kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar. Engin lögmæt leið var til fyrir almenning til að koma ríkisstjórninni frá og krefjast kosninga og því brá fólk á það örþrifaráð að trufla störf þingsins. Ekki kom til óeirða eða blóðsúthellinga í þetta sinn, þökk sé yfirvegun og tillitssemi bæði lögreglu og mótmælenda en reynslan sýnir þó svo ekki verður um villst að mjótt getur verið á mununum. Þar sem stjórnskipanin gerir ekki ráð fyrir öðru en að forsætisráðherra hverju sinni sé sá eini sem getur rofið þing, þá er einboðið að slík staða sem kom upp í janúar getur hæglega komið upp á ný. Brýnt er því að til séu úrræði í íslenskri löggjöf sem geta fært þingrofsvaldið á fleiri hendur en eins manns.

Um árabil hefur verið uppi hávær krafa um aukna aðkomu almennings að mikilvægum ákvörðunum sem varða alla þjóðina, framtíð hennar og lífsafkomu um jafnvel áratugi. Slíkar ákvarðanir hafa hingað til verið algerlega í flokkspólitískum farvegi á Alþingi og taka jafnvel mið af sjónarmiðum fámennra en fjársterkra sérhagsmunahópa. Þróun í átt til veikara þingræðis gagnvart framkvæmdarvaldinu undanfarna tvo áratugi hefur einnig gert það að verkum að valdaframsal frá almenningi til þingsins á fjögurra ára fresti hefur að mati margra verið gróflega misnotað. Því er nauðsynlegt að til komi úrræði er veitt geti bæði löggjafarvaldinu og framkæmdarvaldinu meira aðhald en verið hefur. Horft hefur verið til þess m.a. að í Danmörku getur þriðjungur þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótt ekki hafi komið til þeirrar kröfu í danska þinginu virðast áhrifin vera þau að löggjöf almennt er síður umdeild. Meira tillit er tekið til andstæðra sjónarmiða um leið og reistar eru skorður við yfirgangi framkvæmdarvaldsins.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru sjálfsagður réttur almennings til meiri áhrifa um sín mál. Því er brýnt að umhverfi og utanumhald verði ekki á sömu flokkspólitísku nótum og almennar alþingiskosningar með sínum pólitísku kjörstjórnum og talningu samkvæmt kjördæmum. Stofnun Lýðræðisstofu sem lögð er til í frumvarpinu er mikilvægt skref í þá átt að færa þjóðaratkvæðagreiðslur og allt umhverfi þeirra, svo sem samningu spurningarinnar, kynningu á efninu og annað utanumhald, frá þeim flokkastjórnmálum sem hingað til hafa einkennt íslenska stjórnmálaumræðu. Í frumvarpinu er lagt til að Lýðræðisstofa hafi með höndum að kynna viðkomandi mál með hlutlausum hætti fyrir öllum landsmönnum. Stofunni yrði í því efni skylt að setja málið fram með einföldum og auðskildum hætti þar sem allir líklegir kostir þess og gallar eru tilgreindir sem og hugsanlegur fjárhagslegur tilkostnaður eða sparnaður fyrir fjárhag ríkisins og fyrir þjóðarbúið í heild.

Mikilvægt er að hafa í huga að mjög víða eru í gildi einhvers konar takmarkanir um hvaða mál raunhæft og eðlilegt er að útkljá í þjóðaratkvæðagreiðslum. Vel má hugsa sér að fjárlög og skattheimta hvers árs sem og ýmis önnur árleg löggjöf sem sett er árlega til viðhalds daglegum rekstri ríkisins verði undanskilin. Einnig er mikilvægt að almennum hegningarlögum sé ekki hægt að breyta með slíkri einfaldri atkvæðagreiðslu.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að hugmyndir Borgarahreyfingarinnar í vinnuhópi forsætisráðherra um persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing fengu ekki hljómgrunn í vinnuhópnum. Hreyfingin (áður Borgarahreyfingin) telur að frumvarp það um þjóðaratkvæðagreiðslur sem vinnuhópurinn skilaði forsætisráðherra sé algerlega óásættanlegt.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mikilvægari lýðræðinu en svo að þeim megi eingöngu beita fyrir atbeina þess pólitíska meiri hluta Alþingis sem situr hverju sinni eða forseta Íslands, líkt og verið hefur. Hreyfingin (áður Borgarahreyfingin) hefur því farið þá leið að endurbæta frumvarp vinnuhópsins þannig að það endurspegli kröfu almennings um aukið lýðræði. Kröfuna um að almenningur á Íslandi geti haft meira að segja um sín brýnustu hagsmunamál og mikilvægustu mál lands og þjóðar og geti gert það fyrir eigið frumkvæði og fyrir eigin atbeina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildissvið laganna. Þeim er ætlað að gilda um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Í greininni er lagt til að Alþingi geti samþykkt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig er lagt til að minni hluti þingmanna, að lágmarki ⅓ hluti kjörinna fulltrúa, geti krafist þess að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Þá er enn fremur lagt til að ákveðið hlutfall kosningarbærra manna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni. Loks er lagt til að gildissviðið nái einnig yfir þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni að bera tiltekin mál undir þjóðaratkvæði.

Í 1. mgr. er því lýst að Alþingi geti ákveðið með þingsályktun að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Slík ákvörðun byggist á almennum valdheimildum þingsins án þess að heimild fyrir henni þurfi að binda sérstaklega í almenn lög eða stjórnarskrá. Á hinn bóginn er óumdeilt að lögbinda verður reglur um tilhögun og framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu eins og almennt á við um framkvæmd allra kosninga hér á landi, en eitt meginmarkmið laganna stefnir einmitt að þessu. Hér er þá jafnframt tekið af skarið um að ekki þurfi að setja sérstök lög í hvert skipti sem ákveðið er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Þar sem lögunum er ætlað að hafa almennt gildi er ekki tekin nein efnisleg afstaða til þess í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins hvert er tilefni ákvörðunar um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram enda hefur Alþingi þar víðtækt svigrúm. Alþingi getur ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef sterk krafa kemur fram um það í þjóðfélaginu og fjöldi kjósenda mundi rita nafn sitt á undirskriftalista þar sem atkvæðagreiðslu yrði krafist. Telja flutningsmenn frumvarpsins að þrátt fyrir það sé nauðsynlegt að binda þá heimild í lög svo að almenningi sé sá möguleiki ljós. Þannig er lagt til í 2. mgr. 1. gr. að 10% kosningarbærra manna geti með undirskrift sinni farið fram á almenna þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðið málefni. Á kjörskrá eru um 185 þús. manns og er samkvæmt því nægilegt að 18.500 manns fari fram á þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni ef frumvarpið verður að lögum. Telja flutningsmenn að ef slíkur fjöldi næst sé í reynd mjög sterk undiralda í þjóðfélaginu sem nauðsynlegt er að bregðast við. Þannig muni þetta virka sem ákveðinn öryggisventill og veita löggjafanum nauðsynlegt aðhald.

Í 1. mgr. greinarinnar er vísað til þess að atkvæðagreiðsla geti hvort heldur farið fram um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Í ljósi svigrúms Alþingis til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ber að túlka hugtakið „málefni“ rúmt og gæti það t.d. átt við spurningu um hvort fella skuli tiltekin lög úr gildi eða hvort setja skuli lög um tiltekin málefni.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. getur aðeins orðið ráðgefandi en ekki bindandi fyrir handhafa ríkisvaldsins. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir því að hendur löggjafans eða annarra handhafa ríkisvalds verði bundnar vegna niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu umfram þau tilvik sem talin eru í henni sjálfri. Þótt niðurstaða atkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði ekki stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi felst í henni mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til. Þýðing niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar felst í því að hún hefur pólitískt skuldbindingargildi. Svari löggjafinn ekki því ákalli eða vilja þjóðarinnar sem kemur fram í atkvæðagreiðslunni reynir á pólitíska ábyrgð þjóðkjörinna fulltrúa sem þar sitja.

Í seinni málslið 1. mgr. er lagt til að minni hluti þingmanna, þ.e. lágmarki ⅓ hluti eða 21 þjóðkjörinn fulltrúi, geti ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um ákveðið málefni eða lagafrumvarp. Með þessu ákvæði telja flutningsmenn að verið sé að tryggja aukið lýðræði og að þingmenn, stjórnmálahreyfingar og -flokkar þurfi að vera í meiri tengslum við þjóðina og endurspegla betur vilja hennar en verið hefur. Þá telja flutningsmenn að þetta muni enn fremur leiða til þess að ef þingmenn fara eftir sannfæringu sinni, sbr. ákvæði 48. gr. stjórnarskrár, í tengslum við lagasetningu þá muni þeir síður fara fram með þingsályktun og krefjast þess að fá þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem auk þess er tryggt að þjóðin getur sjálf farið fram á, sbr. ákvæði 2. mgr.

Í 3. mgr. greinarinnar er markaður farvegur fyrir þær þjóðaratkvæðagreiðslur sem mælt er fyrir um í ákvæðum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um frávikningu forseta lýðveldisins, skv. 26. gr. skal leggja lagafrumvarp sem forseti hefur synjað staðfestingar undir þjóðaratkvæði og loks kemur fram í 2. mgr. 79. gr. að samþykki Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., skuli leggja það mál undir þjóðaratkvæði.

Eins og áður hefur komið fram hefur þjóðaratkvæðagreiðsla aldrei farið fram á grundvelli þessara stjórnarskrárákvæða, en jafnan hefur verið talið að setja þurfi sérstök lög um tilhögun slíkrar atkvæðagreiðslu. Skapist þær aðstæður sem fjallað er um í þessum ákvæðum liggur þá fyrir að verði frumvarp þetta að lögum hefur verið sett sú lagaumgjörð sem nauðsynleg er til að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að stofnuð verði Lýðræðisstofa og að umboðsmaður Alþingis fari með yfirstjórn hennar. Hún verði starfrækt á skrifstofu umboðsmanns Alþingis og að hann ráði einn fastan starfsmann, skrifstofustjóra. Auk þess verði umboðsmanni heimilt að ráða fleiri starfsmenn til að sinna auknum eða tímabundnum verkefnum stofnunarinnar.

Hugmyndin með stofnun Lýðræðisstofu er að tryggja að hlutleysis sé gætt við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. við kynningar á því málefni eða lagafrumvarpi sem samþykkt hefur verið að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um. Þá er mikilvægt að viðkomandi stofnun og sá sem henni stýrir njóti trausts almennings og telja flutningsmenn að það sé óumdeilt að umboðsmaður Alþingis njóti þess.

Með þessu er umboðsmanni Alþingis fengið aukið hlutverk sem flutningsmenn telja að geti mjög vel samræmst meginhlutverki hans sem felst m.a. í því að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins og gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Með þjóðar-

atkvæðagreiðslu samkvæmt frumvarpinu er í reynd verið að kalla eftir vilja þjóðarinnar í afstöðu til ákveðins málefnis eða lagafrumvarps.

Í 3. mgr. 14. gr. laga um umboðsmann Alþingis er tekið fram að ef kjörnum umboðsmanni eru falin sérstök tímabundin verkefni af hálfu Alþingis getur forsætisnefnd Alþingis að beiðni kjörins umboðsmanns samþykkt að setja annan mann til að sinna starfi umboðsmanns þann tíma eða samhliða kjörnum umboðsmanni. Telja flutningsmenn að rétt sé að fela umboðsmanni það sjálfum að skoða hvort hann mundi óska eftir að annar maður sé settur til starfans þar sem umboðsmaður mun geta falið skrifstofustjóra dagleg verkefni og almennt skipulag verkefna Lýðræðisstofu og því reyni í reynd á stjórn umboðsmanns yfir stofunni að takmörkuðu leyti og einungis tímabundið þegar kemur að framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar sjálfrar í samvinnu við yfirkjörstjórnir.

Við meðferð málsins á Alþingi er rétt að skoða sérstaklega hvort þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu kalli á breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis m.a. vegna þessa aukna hlutverks.

Flutningsmenn telja að þegar litið er til eðlis þeirra sérstöku verkefna sem Lýðræðisstofu er fengið samkvæmt frumvarpinu sé eðlilegt að ekki sé skylda að auglýsa starf skrifstofustjóra Lýðræðisstofu og annarra starfsmanna eins og almennt er skylt um störf hjá opinberum stofnunum. Enda getur verkefnin borið nokkuð brátt að og samkvæmt frumvarpinu eru tímafrestir fram að þjóðaratkvæðagreiðslu frekar stuttir og því eðlilegt að unnt sé að bregðast við þeim og kalla til hæft fólk á þessu sviði sem hefur t.d. reynslu af vinnu við hvers konar kjörstjórnir í kosningum, kynningarmálum o.fl. En það er hugsanlegt að rétt sé að gera kröfur um menntun og reynslu skrifstofustjóra. Þá telja flutningsmenn nauðsynlegt að Lýðræðisstofu verði tryggðir nægilegir fjármunir til þess að geta ráðið til sín fólk svo unnt verði að standa vel að undirbúningi og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um kosningarrétt o.fl. en með frumvarpinu er lagt til að almennt sé tekið mið af því að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingum. Þau lög gera síðan ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf.

Í samræmi við þetta er því lýst í greininni að reglur um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. séu þær sömu og eiga við í alþingiskosningum, sbr. lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Þó kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. að kjörskrár skuli miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og miðast það við sérreglu laga um framboð og kjör forseta Íslands. Þá er lagt til að ef um undirskriftasöfnun er að ræða sé miðað við sama dag og undirskriftasöfnun hefst og er tilkynnt Lýðræðisstofu.

Um kosningarrétt gilda einnig sömu skilyrði og eiga við í alþingiskosningum, sbr. einnig 33. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkan rétt hafa því allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en nánari reglur um það er að finna í 2. mgr. 1. gr. laganna um kosningar til Alþingis.

Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um í þjóðaratkvæðagreiðslu verða alla jafna þau sömu og almennt heyra undir verksvið Alþingis þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu við þann sem gildir í alþingiskosningum.

Um 4. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og lagt til að það verði hlutverk Lýðræðisstofu að sjá um framkvæmdina. Þá er lagt til að Lýðræðisstofa ákveði endanlegt efni og orðalag þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur hvort sem Alþingi hefur ákveðið með þingsályktun að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fari fram, minni hluti þingmanna hefur ákveðið það eða að lágmarki 10% kosningarbærra manna hafa farið fram á það með undirskrift sinni.

Gert er ráð fyrir því að í þingsályktun sé samþykkt efni og orðalag spurningar þeirrar sem Alþingi ályktar að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um en ekki er útilokað að hún verði ákveðin síðar og þá í sérstakri þingsályktun. Við framkvæmd þessarar greinar er því eðlilegt að Lýðræðisstofa fari almennt eftir vilja Alþingis ef hann er skýr, þ.e. varðandi efni og orðalag spurningarinnar, nema eitthvað sérstakt mæli því í mót.

Líklegt er að meira muni reyna á þetta hlutverk Lýðræðisstofu þegar þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið krafist með undirskriftum og enn fremur þegar þjóðaratkvæðagreiðslur skulu fara fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Mikilvægt er að vandað sé til verka við ákvörðun um orðalag og framsetningu og að endanleg ákvörðun sé falin hlutlausum aðila. Telja flutningsmenn að með því að fela starfann Lýðræðisstofu sem umboðsmaður Alþingis fer með yfirstjórn yfir sé tryggt að ekki vakni tortryggni um framsetningu sem kunni svo að hafa áhrif á afstöðu kjósenda.

Í erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þjóðaratkvæðagreiðslum og ráðleggingum um fyrirkomulag þeirra er jafnan mælt með því að til þess að fá fram skýra og afdráttarlausa niðurstöðu þurfi að setja fram skýra og óskilyrta spurningu þar sem valkostir um svar eru aðeins tveir. Í samræmi við það er ráðgert í 2. mgr. að meginreglan sé að á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli koma skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir tveir svarmöguleikar sem eru „Já“ eða „Nei“.

Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að Lýðræðisstofa kjósi að setja spurningu fram með öðrum hætti, þannig að valkostir séu fleiri en tveir og er gert ráð fyrir því í 3. mgr. Þar kemur jafnframt fram að unnt er að ákveða að hafa fleiri en eina spurningu í sömu atkvæðagreiðslu.

Þá er lagt til í 4. mgr. að Lýðræðisstofa setji nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla, þar sem fram kemur nákvæmari lýsing á uppsetningu texta sem kemur fram á seðlinum.

Loks er lagt til að dómsmálaráðuneytið láti yfirstjórnum í té atkvæðisseðla, sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og annist framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

Um 5. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um tímafresti fram að kjördegi frá því að ákvörðun eða krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir, fullnægjandi undirskriftum er skilað til Lýðræðisstofu eða atvik verða sem lýst er í viðeigandi stjórnarskrárákvæðum. Ekki er ráðgert að sömu reglur gildi um tímafresti í öllum tilvikum, m.a. vegna fyrirmæla stjórnarskrárinnar sjálfrar.

Í 1. mgr. er ráðgert að þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skuli fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða almennrar þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið krafist. Telja flutningsmenn að það sé nægur tími fyrir Lýðræðisstofu til að undirbúa framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og kynningu á málefninu með nægilega víðtækum hætti, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. og 3. mgr. er lýst tímafrestum um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 3. mgr. 11. gr. og 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram. Hér verður að líta til þess að í báðum þessum ákvæðum er áskilið að atkvæðagreiðslan fari fram innan ákveðins tíma. Í 3. mgr. 11. gr. segir berum orðum að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um hana var samþykkt á Alþingi og í 26. gr. segir að hún skuli fara fram svo fljótt sem kostur er frá því að forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar. Hvað síðarnefnda tilvikið varðar má líta til þess að ákveðinn lágmarkstími þarf að líða til undirbúnings fyrir atkvæðagreiðsluna sem áður segir en sá tími sem líður frá því að synjun forseta er kunngerð og þar til þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram nýtist til umræðu um viðkomandi lög og til kynningar á hinu umdeilda málefni sem kjósendur verða að taka afstöðu til. Ljóst er að skv. 3. mgr. 11. gr. eru tveir mánuðir sá hámarkstími sem má líða, en þess má vænta að atkvæðagreiðslan gæti farið fram fyrr. Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sbr. lög nr. 9/2004, er kjörskrárgerð miðuð við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Er það sami viðmiðunardagur og til skamms tíma gilti um kjörskrá í alþingiskosningum, en þetta tímamark var lengt í fimm vikur með lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, til að sömu upplýsingar gætu legið til grundvallar kjörskrárgerð og afmörkun nyrðra og syðra kjördæmis í Reykjavík, sem auglýsa ber fjórum vikum fyrir kjördag alþingiskosninga. Án breytinga á öðrum frestum samkvæmt þeim lögum eru þrjár vikur því almennt sá lágmarksfrestur sem þarf til að undirbúa almennar kosningar í landinu. Verður að ætla að það teldist uppfylla skilyrði 26. gr. um að atkvæðagreiðsla fari fram „svo fljótt sem kostur er“ en einnig er mikilvægt það tímamark að atkvæðagreiðsla dragist að jafnaði ekki lengur en tvo mánuði.

Ekki er mælt fyrir um tiltekna tímafresti hér varðandi atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar enda koma slíkir frestir ekki fram í stjórnarskránni sjálfri. Er því ekki tilefni til að binda sérstakar reglur í almenn lög um það efni en ákvörðun um kjördag í þeim tilvikum er á hendi Alþingis.

Í 4. mgr. er lagt til að ekki verði heimilt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum fara fram samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis. Telja flutningsmenn að það geti verið til þess fallið að draga úr vægi kosningarinnar og jafnvel gera hana óþarflega flókna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram sú meginregla að Lýðræðisstofa skuli ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. en jafnframt er mælt fyrir um sérstakar auglýsingar um atkvæðagreiðsluna, þ.e. einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi. Þá er tekið fram að spurningin sem borin er upp í atkvæðagreiðslunni skuli einnig birt formlega með þessum fyrirvara. Með þessu er reynt að tryggja að kjósendur fái ákveðinn lágmarkstíma til að meta hvaða afstöðu þeir taki til spurningarinnar eða eftir atvikum spurninganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Lýðræðisstofa skuli ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sett verði ákvæði um kynningu á málefni sem bera á undir þjóðaratkvæði skv. 1. gr. Slík kynning, þar á meðal útgáfa og dreifing viðeigandi kynningarefnis,

er vandmeðfarin og mikilvægt að þess sé gætt að kynna bæði rök með og á móti þeim málstað eða málefni sem kosið er um svo kjósandi geti tekið vel upplýsta ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Lagt er til að Lýðræðisstofa standi fyrir kynningunni og setji sér reglur um fyrirkomulag kynningarinnar. Hefur Lýðræðisstofa svigrúm í þeim efnum til að velja þær leiðir sem hún telur árangursríkastar til að ná þessu markmiði eða fela tilteknum aðila framkvæmd kynningarinnar. Mikilvægt er að sá tími sem líður frá því að þjóðaratkvæðagreiðsla er ákveðin og fram til kjördags verði nýttur mjög vel til kynningar. Ekki er lagt til að lögbundin verði heimild til að verja fjármunum til þeirra fylkinga eða samtaka sem kunna að myndast og takast á í aðdraganda að þjóðaratkvæðagreiðslum.

Í 2. mgr. er sérregla sett um kynningu þegar um ræðir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í ljósi þess að atkvæðagreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er gefst minni tími til almennrar kynningar en mikilvægast er að kynna efni hins umdeilda frumvarps, eða í raun réttri laganna sem þá hafa tekið gildi, fyrir kjósendum. Er því lagt til að Lýðræðisstofu verði falið að dreifa inn á öll heimili í landinu upplýsingariti sem hafi að geyma lögin sem forseti synjaði staðfestingar og kjósa skal um skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ber að gera svo fljótt sem verða má eftir að forseti hefur synjað staðfestingar og eigi síðar en viku fyrir fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Með þessu móti má ætla að kjósendur geti myndað sér hlutlæga skoðun og tekið afstöðu til málsins. Þá skal í slíku kynningarefni einnig vakin sérstök athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á heimasíðu Alþingis til þess að stuðla frekar að því að kjósendur geti kynnt sér málið og þau ágreiningsefni sem þar eru uppi.

Ekki er lagt til að lögbinda sérstakar reglur um kynningu í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu um frávikningu forseta skv. 3. mgr. 11. gr. eða um ákvörðun um breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 2. mgr. 79. gr. enda eru þau málefni að ýmsu leyti annars eðlis. Þótt ekki verði festar reglur um kynningu við þessar aðstæður hefur Alþingi að sjálfsögðu svigrúm til að hún fari fram, telji það þörf á og getur þá með sama hætti ákveðið að setja hana í sama farveg og á við um 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kjörstjórnir, kjördæmi o.fl. og er fyrirmyndin eins og í öðrum atriðum þessa frumvarps sótt til laga um kosningar til Alþingis og laga um framboð og kjör forseta Íslands. Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar og nota þær sömu gerðabækur og við alþingiskosningar. Þá er gert ráð fyrir að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skuli vera hinar sömu og í næstliðnum alþingiskosningum en þetta er gert til hagræðis.

Eins og í flestum öðrum atriðum er gengið út frá því að fylgt sé reglum sem gilda í alþingiskosningum varðandi talningu atkvæða en það þýðir að yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi hefur yfirumsjón með atkvæðatalningu. Er í frumvarpinu lagt til að sama skipan verði viðhöfð hér þótt einnig megi færa gild rök fyrir því að eðlilegt sé að breyta þeirri skipan og telja atkvæði á landsvísu bæði í forsetakosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Í 3. mgr. er ákvæði um að framkvæmd að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og meðferð ágreiningsseðla fari samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, og eftir því sem við getur átt lögum um kosningar til Alþingis.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um úrslit atkvæðagreiðslu og aðgerðir yfirkjörstjórna að lokinni talningu atkvæða. Er hér um sambærilegt ferli að ræða eins og á við í forsetakosningum, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að Lýðræðisstofa hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að Lýðræðisstofa skuli boða til fundar með forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar, forsætisráðherra og eftir atvikum ábyrgðarmanni undirskriftasöfnunar, þar sem Lýðræðisstofa úrskurðar um gildi ágreiningsseðla og lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir landið í heild. Boðun þessara aðila til fundarins er táknræn fyrir mikilvægi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og ljær fundinum ákveðinn virðuleika.

Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um skyldu Lýðræðisstofu til að tilkynna dómsmálaráðuneytinu um úrslit atkvæðagreiðslu sem og að auglýsa úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

Í 4. mgr. kemur fram sérregla um birtingu niðurstöðu atkvæðagreiðslu skv. 26. gr. í A-deild Stjórnartíðinda. Ljóst er að lagafrumvarp sem forseti neitar að undirrita skv. 26. gr. öðlast þó allt að einu gildi sem lög og glatar því ekki, nema það sé fellt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ætla verður að birting laga sem öðlast gildi við þessar aðstæður verði að fylgja þeim reglum sem fram koma í 27. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005. Verði frumvarpið eða í raun réttri lögin, því um þetta er orðalag 26. gr. óskýrt, samþykkt í atkvæðagreiðslunni þarf sú niðurstaða ekki frekari auglýsingar við en þeirrar sem getið er í 2. mgr. varðandi birtingu í Lögbirtingablaði. Verði lögin á hinn bóginn felld í atkvæðagreiðslunni falla þau úr gildi. Hér er því lagt til að dómsmálaráðuneytið birti sérstaka auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda strax næsta dag eftir kjördag þar sem tilkynnt er að lögin séu fallin úr gildi. Um lagaskil í einstökum tilvikum er ekki unnt að mæla nánar fyrir í almennum lögum enda geta þau horft afar mismunandi við eftir eðli og inntaki þeirra laga sem um er að ræða.

Um 10. gr.

Greinin mælir fyrir um þá almennu reglu að tillaga eða spurning sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þegar meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni svara henni játandi. Er reglunni ætlað að gilda bæði um atkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður að efna til skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og þær þjóðaratkvæðagreiðslur sem taldar eru í 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar, en reyndar er hún orðuð sérstaklega í fyrstnefnda ákvæðinu.

Þar sem einskis er getið í framangreindum stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi skilyrði um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall þeirra þurfi að samþykkja tillögu sem borin er fram verður byggt á þessari almennu reglu eins og tíðkast hefur í framkvæmd.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna almennar tilvísanir til laga um kosningar til Alþingis varðandi framkvæmd og tilhögun atkvæðagreiðslu á kjörfundi og utan kjörfundar o.fl. að svo miklu leyti sem við getur átt, sbr. einnig 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Um 12. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um hvernig fara beri með kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó eru undanskildar kærur um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað sem lýst er í XXV. kafla laganna um kosningar til Alþingis, en um þær fer eins og aðrar kærur um refsiverða háttsemi eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Kærur vegna framkvæmdar þjóðaratkvæðagreiðslu skulu sendar til Lýðræðisstofu innan sjö daga frá því að þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram. Ber Lýðræðisstofu þá að rannsaka málið og úrskurða um lögmæti atkvæðagreiðslunnar.

Þá er einnig lagt til að Lýðræðisstofa geti ákveðið að eigin frumkvæði að rannsaka lögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hvort kæra kemur fram, eða að beina rannsókn til embættis ríkislögreglustjóra.

Í 3. mgr. er lagt til að Lýðræðisstofa geti ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það getur komið til hvort heldur ef Lýðræðisstofa hefur tekið til meðferðar kæru og úrskurðað að atkvæðagreiðslan hafi verið ólögmæt eða ef stofan telur að aðrir verulegir ágallar hafi verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslitin. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Lýðræðisstofa ákveðið að hún fari aftur fram þar í stað þess að öll atkvæðagreiðslan verði endurtekin.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

6. Fyrirspurn [6. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um Náttúruminjasafn Íslands.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Eru gripir Náttúruminjasafns Íslands aðgengilegir og til sýnis?
2. Eru áætlanir um að byggja nýtt húsnæði yfir starfsemi safnsins?
3. Kemur til greina að finna safninu samastað í húsnæði sem fyrir er, svo sem í Þjóðmenningarhúsinu?

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Þráinn Bertelsson, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lánveitanda, sem veitir lántaka lán gegn veði í fasteign sem er ætluð til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda, er ekki heimilt að leita fullnustu fyrir kröfu sinni í öðrum verðmætum lántaka en veðinu nema krafa hafi orðið til vegna saknæmra athafna eða meintra brota lántaka á lánareglum. Krafa lánveitanda á lántaka skal falla niður ef andvirði veðsins sem fæst við nauðungarsölu nægir ekki til greiðslu hennar. Með lántaka er átt við einstakling. Með lánveitanda er átt við einstakling, lögaðila eða aðra aðila sem veita fasteignaveðlán í atvinnuskyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin taka til fasteignaveðlána sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í samræmi við samþykkt síðasta landsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er nú endurflutt. Við umfjöllun á síðasta þingi var gagnrýnt að frumvarpið væri of róttækt og að í lánaframkvæmd hefðu verið samþykkt úrræði sem auðvelduðu viðskipavinum lánastofnana að koma fasteignaveðlánum í skil. Samþykkt frumvarpsins mundi leiða til þess að skilyrði í lánaframkvæmd yrðu hert og aðgangur einstaklinga að lánsfé yrði þrengri en ella. Gildissvið frumvarpsins væri heldur ekki nægilega skýrt afmarkað og ákvæði um gildistöku fæli í sér íhlutun í samningafrelsið sem færi í bága við friðhelgi eignarréttar.

Staða margra íslenskra heimila hefur versnað til muna í kjölfar bankahrunsins sem haft hefur í för með sér hækkun skulda, rýrnun eigna, minni tekjur og skertan lánsfjáraðgang. Fasteignaveðlán vega almennt þyngst í skuldum heimilanna. Við núverandi aðstæður er hætta á að kröfuhafar sækist eftir auknum tryggingum eða geri fjárnám í óveðsettum eignum sem ekki getur talist sanngjarnt þar sem mörg heimili hefðu staðið við skuldbindingar sínar við eðlilegri kringumstæður. Rétt er að ýmis úrræði hafa verið lögfest sem veita skuldurum færi á að leysa úr greiðsluvanda sínum án þess að til gjaldþrotaskipta þurfi að koma.

Í frumvarpinu er lagt til að fasteignaveðlán geti ekki orðið grundvöllur aðfarar í öðrum eignum lántaka en þeim sem veðréttindin taka til en í því felst frávik frá þeirri meginreglu íslensks kröfuréttar að skuldari ábyrgist efndir fjárkröfu með öllum eignum sínum. Jafnframt á lántaki að vera laus undan persónulegri ábyrgð á greiðslu lánsins ef veðið hrekkur ekki til greiðslu þess. Ekki skiptir máli hvort veðsali er lántaki eða þriðji maður. Þar sem frumvarpið mælir fyrir um frávik frá umræddri meginreglu kröfuréttar er ekki um eiginlega afskrift að ræða sem leiðir til skattskyldu.

Lánveitendur geta verið viðskiptabankar, sparisjóðir, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita fasteignalán í atvinnuskyni, þ.m.t. byggingaraðilar. Með fasteignaveð-

láni er átt við veðlán sem veitt er með veði í fasteign sem ætluð er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Það skilyrði er sett að lántaki sé einstaklingur.

Frumvarpið tekur til lána sem veitt eru með hvers konar veði í fasteign ætlaðri til búsetu og óháð því hvernig andvirði lánsins er ráðstafað. Skilgreining sem vísar til ákvörðunar skipulags- og byggingaryfirvalda er hlutlægur mælikvarði. Ef reglan væri einskorðuð við eiginleg íbúðarlán þyrfti að færa sönnur á ráðstöfun láns auk þess sem beiting ákvæðisins hefði gildi gagnvart sumum veðlánahöfum en öðrum ekki. Skýrari tillögur um afmörkun á gildissviði frumvarpsins komu ekki fram á síðasta þingi.

Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um lausn á skuldavanda einstaklinga og má sem dæmi nefna þá að banna veðsetningu heimilisíbúða fyrir öðrum lánum en íbúðalánum og að banna aðför í heimilisíbúðum fyrir öðrum kröfum en íbúðalánum. Í þessu sambandi hefur verið vísað til fyrirmyndar í VIII. kafla jarðalaga, nr. 81/2004, sem varðar ættaróðul. Þá hafa sumir lagt áherslu á að sveitarfélög leiti í ríkari mæli eftir fjármögnun Íbúðalánasjóðs til kaupa á fasteignum mjög skuldsettra heimila með það að leiðarljósi að breyta þeim í félagslegt íbúðarhúsnæði og í framhaldi af því yrði viðkomandi fjölskyldu gefinn kostur á áframhaldandi búsetu.

Frumvarpið er eins og áður segir lagt fram til að styrkja stöðu skuldara sem hafa í kjölfar bankahrunsins orðið fyrir verulega neikvæðum áhrifum gengis og verðtryggingar. Telja verður að staða einstaklinga og heimila sé svo alvarleg um þessar mundir að til samfélagslegrar eyðileggingar horfi ef gamalgrónni reglu samningaréttarins um að samninga skuli halda (pacta sunt servanda) verður fylgt til hins ýtrasta.

Markmiðum frumvarpsins verður ekki náð nema það verði látið taka til samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og óháð því hvort lánastofnun lýtur eignarhaldi hins opinbera eða einkaaðila. Með hliðsjón af lögum nr. 125/2008, er tóku gildi 7. október sl., er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið sé í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrár þar sem stærstu lánastofnanirnar hafa verið á forræði ríkisins síðan bankahrunið varð auk þess sem umrædd lög heimila Íbúðalánasjóði að yfirtaka skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

Í lánaframkvæmd Íbúðalánasjóðs er ekki aðhafst frekar við innheimtu kröfu sem glatað hefur veðtryggingu nema sjóðurinn telji að krafa hafi orðið til vegna saknæmra athafna eða meintra brota á lánareglu, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 119/2003, um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu. Skuldarar fá þó ekki fyrirgreiðslu að nýju láni frá sjóðnum fyrr en kröfur sjóðsins á hendur þeim hafa verið greiddar eða þær afskrifaðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Frumvarpið gerir eins og áður segir ráð fyrir að krafa lánveitanda sem glatað hefur veðtryggingu við nauðungarsölu falli niður.

Til lengri tíma litið á frumvarpið að stuðla að vandaðri lánastarfsemi og hvetja til þess að lánveitingar taki mið af greiðslugetu lántaka.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um yfirlýsingu um fyrningu aflaheimilda.

Flm.: Illugi Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lýsa yfir því að horfið verði frá fyrirhugaðri fyrningu aflaheimilda sem getið er um í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á síðasta þingi (121. mál 137. löggjafarþings).

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sendi 3. júní sl. bréf til þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og óskaði eftir tilnefningu þeirra í starfshóp sem ætlað er að endurskoða fiskveiðilöggjöfina. Jafnframt hefur ýmsum hagsmunasamtökum í sjávarútvegi verið boðið að tilnefna fulltrúa í starfshópinn. Í bréfi ráðherra kemur fram að hópnum sé ætlað það hlutverk að láta „vinna nauðsynlegar greiningar og setji að því loknu fram valkosti um leiðir til úrbóta þannig að greininni séu sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, en jafnframt að sátt náist um stjórn fiskveiða“. Starfshópi þessum er ætlað að skila álitsgerð fyrir 1. nóvember nk. og á grundvelli tillagna hópsins mun ráðherra ákveða tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að hafa í huga að ein af forsendum þess að slíkt endurmat geti farið fram er að ekki sé fyrir fram búið að ákveða hver niðurstaðan skuli vera. Því er nauðsynlegt að ríkisstjórnin lýsi yfir því að horfið verði frá svokallaðri fyrningarleið í sjávarútvegi. Standi ákvörðun um fyrningu aflaheimilda óhögguð má ljóst vera að hverfandi líkur eru á því að hægt sé að ná sátt um stjórnkerfi fiskveiða.

Yfirlýsing um fyrningu aflaheimilda í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hefur nú þegar valdið umtalsverðum skaða í íslensku efnahagslíf. Mikil óvissa um framtíðarhorfur í sjávarútvegi hefur myndast þar sem sterk rök hníga að því að gangi áform ríkisstjórnarinnar eftir muni þau valda umfangsmiklum gjaldþrotum í sjávarútvegi. Fréttir berast af því að útgerðarfyrirtæki haldi að sér höndum, lánveitendur treysti sér ekki til að lána fyrirtækjunum vegna yfirvofandi gjaldþrots þeirra og hætta er á því að eigendur fyrirtækja í greininni reyni að taka eigið fé út úr rekstrinum.

Við þær erfiðu aðstæður sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er mikilvægt að sjávarútvegurinn hafi sem best rekstrarskilyrði. Þannig getur hann verið öflug viðspyrna í sókn þjóðarinnar í átt til betri lífskjara. Áform ríkisstjórnarinnar um fyrningu aflaheimilda ganga þvert gegn þeirri stefnu.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Eygló Harðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum sem nú fara fram á vegum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og stefnt er að því að ljúki á 15. aðildarríkjaþingi samningsins í Kaupmannahöfn í desember á þessu ári. Sérstaklega skal ríkisstjórnin tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar („íslenska ákvæðið“) haldi gildi sínu við samningsgerðina. Svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli „íslenska ákvæðisins“ verði viðurkennt.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 137. og 136. löggjafarþingi. Var hún afgreidd úr umhverfisnefnd á 136. þingi (6. apríl sl.) og lagði meiri hluti nefndarinnar þá til að málið yrði samþykkt að viðbættum nýjum málslið sem er nú lokamálsliður tillögugreinarinnar. Ekki náðist að afgreiða málið á undanförnum þingum og því er það endurflutt.

Á aðildarríkjaþingi rammasamnings um loftslagsbreytingar sem haldið var á Balí í Indónesíu 2007 var samþykktur svokallaður Balí-vegvísir en samkvæmt honum er ætlunin að ljúka gerð nýs alþjóðlegs samkomulags um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum á þingi samningsaðila í Kaupmannahöfn í desember 2009. Samkomulaginu er meðal annars ætlað að fjalla um frekari skuldbindingar ríkja sem tóku á sig tölusett markmið um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á árunum 2008–2012. Skuldbindingar þessar fólust í Kyoto-bókuninni sem samþykkt var árið 1997 en öðlaðist gildi árið 2005. Skuldbindingar Íslands samkvæmt bókuninni felast í því að útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi skuli ekki aukast meira en að hámarki um 10% á árunum 2008–2012 að meðaltali miðað við árið 1990. Einnig er í gildi íslenska ákvæðið svonefnda sem heimilar útstreymi allt 1,6 milljón tonna af gróðurhúsalofttegundinni CO_2 að meðaltali á ári á skuldbindingartímabilinu.

Ástæður þess að Íslandi er heimilt að auka útstreymið 2008–2012 og að það hefur að auki aðgang að útstreymisheimildum samkvæmt íslenska ákvæðinu eru nokkrar. Í fyrsta lagi var þegar árið 1990 lokið stórum áföngum við hitaveituvæðingu landsins. Landsmenn lögðu á sig verulegar byrðar í því skyni að losna við upphitun með jarðefnaeldsneyti áratugina á undan. Því hafði að verulegum hluta átt sér stað hér á landi umbreyting þar sem endurnýjanlegir orkugjafar komu í stað jarðefnaeldsneytis. Meginmarkmið með væntanlegu nýju alþjóðlegu samkomulagi um loftslagsmál er að önnur ríki grípi til sambærilegra aðgerða. Í öðru lagi er einnig ljóst að lítil hagkerfi hafa mun minni sveigjanleika en þau sem stærri eru til að bregð-

ast við auknum kröfum um samdrátt útstreymis. Evrópusambandið (ESB), sem fer með heildarkvóta fyrir aðildarríkin, hefur brugðist við þessu með því að úthluta útstreymismarkmiðum til einstakra aðildarríkja eftir getu þeirra og aðstæðum og má nefna að t.d. mun útstreymi á Spáni, Portúgal og Grikklandi aukast mun meira en á Íslandi á árunum 2008–2012 frá 1990. Sama mun gerast á næsta tímabili þar sem ESB hefur þegar ákveðið að einstök ríki geti aukið útstreymi til 2020 um allt að 20% frá árinu 2005. Einstök ríki hafa engan slíkan sveigjanleika. Í þriðja lagi geta einstök verkefni haft veruleg áhrif á útstreymi smárra ríkja og getur þannig eitt nýtt fyrirtæki aukið útstreymi landsins um tugi prósenta. Þannig geta skuldbindingar á vegum rammasamnings um loftslagsbreytingar haft veruleg áhrif á hagþróun í smáum ríkjum og komið í veg fyrir að þau geti byggt upp sitt hagkerfi eins og best samræmist getu þeirra og sérstöðu. Í raun hefðu slíkar skuldbindingar hlutfallslega meiri áhrif í smáum hagkerfum en annars staðar og gætu þýtt að byrðum væri skipt á óréttlátan hátt. Í fjórða lagi er alveg skýrt samkvæmt rammasamningnum um loftslagsbreytingar að ríkin hafa óskoraðan rétt yfir auðlindum sínum. Engar takmarkanir eru lagðar á heimildir ríkja þar sem er að finna jarðefnaeldsneyti til að nýta þær auðlindir. Eins og kunnugt er dæla Norðmenn upp olíu og jarðgasi sem aldrei fyrr og sama á við um önnur olíuríki sem tóku á sig skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Í fimmta lagi býr Ísland við þá sérstöðu að hér er að finna gnótt endurnýjanlegra orkulinda og það liggur fyrir að það er beinlínis hagfellt fyrir loftslagskerfi heimsins að auka nýtingu slíkra endurnýjanlegra orkulinda. Má auðveldlega sýna fram á að ef sú iðnframleiðsla sem hér fer fram og nýtir raforku úr vatnsafli og jarðvarma flyttist annað mundi útstreymi gróðurhúsalofttegunda í heiminum aukast og um leið neikvæð áhrif á loftslagið. Það hefði skotið algerlega skökku við ef Kyoto-bókunin hefði leitt til þess að leggja óraunhæfar kröfur á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á þeim stað í heiminum þar sem til er þekking, aðstaða og tæknileg geta til nýtingu þeirra og að auki stundaðar rannsóknir á þessu sviði og unnið að alþjóðlegri miðlun þekkingar og rannsóknaniðurstaðna. Rétt er að hafa í huga að framleiðsla áls þar sem jarðefnaeldsneyti er notað til orkugjafar veldur sex til átta sinnum meiri mengun en hlýst af framleiðslu áls þar sem hreinir endurnýjanlegir orkugjafar eru notaðir, eins og gert er hér á landi.

Öll þau rök sem hér hafa verið talin upp eru enn í fullu gildi og því er brýn nauðsyn til þess að ríkisstjórnin haldi þeim á lofti og fallist ekki á neina þá niðurstöðu í samningsferli á vegum rammasamnings um loftslagsbreytingar sem rýra möguleika þjóðarinnar til nýtingar auðlinda sinna. Þær má svo nýta eins og talið er samrýmast öðrum markmiðum á hverjum tíma hvort sem um er að ræða markmið í náttúruvernd eða efnahagsmálum. Einnig er rétt að minna á að það er nánast óhugsandi að ákvörðun aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 hafi einungis verið hugsuð til tímabilsins 2008–2012 og að heimildir sem í henni felast eigi síðan að falla niður. Ákvæðið mun hafa verið nýtt að stórum hluta í lok tímabilsins og það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að tryggja að það verði til áfram svo að íslenskt atvinnulíf búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og fyrirtæki í nálægum löndum. Það er líka hlutverk ríkisstjórnarinnar að tryggja að íslenska þjóðin geti á hverjum tíma notað auðlindirnar til að tryggja kröftuga uppbyggingu atvinnulífs og búa í haginn fyrir sig og afkomendur sína. Ekki mun af veita.

10. Frumvarp til fjáraukalaga [10. mál]

fyrir árið 2009.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2009, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**-13.768,7**	**-12.735,6**
Skattar á tekjur og hagnað	-2.476,0	4.085,0
Tryggingagjöld	930,6	458,4
Eignarskattar	-2.388,0	-2.302,0
Skattar á vörur og þjónustu	-10.379,6	-15.425,8
Aðrir skattar	544,3	448,8
Aðrar rekstrartekjur	23.389,5	23.085,8
Sala eigna	-5.249,9	-6.749,9
Fjárframlög	40,8	40,8
Tekjur alls	**4.411,7**	**3.641,1**
Æðsta stjórn ríkisins	-102,0	-102,0
Forsætisráðuneyti	-1.120,7	-1.120,7
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	661,6	661,6
Utanríkisráðuneyti	-1.001,6	-1.001,6
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	1.621,4	1.521,4
Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti	3.918,8	3.918,8
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.514,7	2.889,7
Heilbrigðiráðuneyti	-516,1	-516,1
Fjármálaráðuneyti	5.872,5	5.785,5
Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti	-3.122,7	-3.122,7
Iðnaðarráðuneyti	71,6	71,6
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	131,2	131,2
Umhverfisráðuneyti	859,4	859,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	17.105,0	21.395,0
Samtals	**26.893,1**	**31.371,1**
Tekjujöfnuður	**-22.481,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-22.481,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-4.492,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-467,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-188,0
Handbært fé frá rekstri	**-27.630,0**
Fjármunahreyfingar	
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands	-385.000,0
Eiginfjárframlög til bankakerfisins	385.000,0
Eiginfjárframlög til fjármálakerfisins og önnur eiginfjárframlög	-300.000,0
Veitt löng lán	-75.000,0
Afborganir veittra lána	6.400,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-200,0
Sala verðbréfaeignar	65.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-302.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-330.430,0**
Fjármögnun	
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálakerfisins	300.000,0
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	75.000,0
Önnur löng lán	75.000,0
Afborganir lána	-20.000,0
Fjármögnun samtals	**430.000,0**
Breyting á handbæru fé	**99.570,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

1. 1. töluliður orðist svo: Að taka lán allt að 660.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að10.000 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 85.000 m.kr.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.2 Seðlabanka Íslands jafngildi allt að 75.000 m.kr. í erlendri mynt.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 19.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 130.014 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 42.000 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 29.660 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 28.000 m.kr.

4. 4. töluliður fellur brott.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

Nýir liðir:

2.21 Að selja fasteignina Grænásveg 10, Keflavík.
2.22 Að selja fasteignina Hafnargötu 4a, Seyðisfirði.
2.23 Að selja fasteignina Skólastíg 7, Akureyri, og verja andvirðinu til uppbyggingar geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri.

3.20 Að selja eignarhluta ríkisins í Eyjaseli 2, Stokkseyri.
3.21 Að selja eignarhluta ríkisins í Eyrargötu 36, Eyrarbakka.

5.4 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

6.35 Að kaupa landspildur við Dimmuborgir við Mývatn.

7.21 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.22 Að breyta 563 m.kr. skuld RÚV ohf. við ríkissjóð í hlutafé.
7.23 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.600 m.kr.
7.24 Að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-1.082,0	-1.909,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.469,0	14.544,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**3.387,0**	**12.635,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-7.800,0	-10.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.965,0	1.878,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0	-28,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.937,0**	**1.850,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-2.476,0**	**4.085,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-4.296,8	-4.597,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.227,4	5.055,4
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**930,6**	**458,4**
	Tryggingagjöld	**930,6**	**458,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	300,0	283,4
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	8,9	-66,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**308,9**	**217,1**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	-1,0	2,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-2.387,0	-2.304,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**-2.388,0**	**-2.302,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-12.396,0	-16.488,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-1.032,0	-1.447,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	410,0	170,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-373,0	-335,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.041,8	1.042,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	233,1	233,7
5.1.2.1.33	Olíugjald	-568,2	-435,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	0,0	0,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	913,2	911,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	165,1	165,1
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	785,0	785,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	85,0	185,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-10.736,0**	**-15.213,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-33,0	-51,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-520,5	-221,3
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-2,0	-2,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	15,0	15,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	830,0	-20,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	25,0	25,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	41,9	41,9
	Neyslu- og leyfisgjöld	**356,4**	**-212,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-10.379,6**	**-15.425,8**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	120,0	120,0
6.1.15	Markaðsgjald	-40,6	-44,3
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**79,4**	**75,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6.2.1	Sektir á skatttekjur	156,0	156,0
	Aðrir skattar	**235,4**	**231,7**
	Skatttekjur, samtals	**-13.768,7**	**-12.735,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-200,0	-200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-600,0	-600,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-800,0**	**-800,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-120,0	-280,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	14.303,0	14.816,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	10.570,6	9.914,8
	Aðrar eignatekjur	**24.753,6**	**24.450,8**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.953,6**	**23.650,8**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	130,0	130,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-180,0	-180,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	25,9	25,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-358,4	-358,4
9.1.3.35	Ýmislegt	48,4	47,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	10,0	10,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-324,1**	**-325,0**
	Ýmsar tekjur	**-324,1**	**-325,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-150,0	-150,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-90,0	-90,0
	Sektir	**-240,0**	**-240,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**23.389,5**	**23.085,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-5.049,9	-6.549,9
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-100,0	-100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-5.149,9**	**-6.649,9**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	-100,0	-100,0
	Sala eigna, samtals	**-5.249,9**	**-6.749,9**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	2,8	2,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	10,0	10,0
	Rekstrarframlög	**12,8**	**12,8**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	28,0	28,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**40,8**	**40,8**
	Fjárframlög, samtals	**40,8**	**40,8**
	Heildartekjur samtals	**4.411,7**	**3.641,1**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	75,5
1.04 Alþjóðasamstarf	-22,0
1.06 Almennur rekstur	3,0
1.10 Rekstur fasteigna	10,9
Almennur rekstur samtals	67,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	3,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	23,1
Gjöld samtals	**93,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**91,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,0

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	-200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-200,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	15,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	-8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**-102,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-102,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Jafnréttissjóður	-10,0
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	-1,0
1.90 Ýmis verkefni	35,0
Almennur rekstur samtals	24,0
Gjöld samtals	**24,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	-54,7
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-218,9
Almennur rekstur samtals	-273,6
Gjöld samtals	**-273,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	1,3
Gjöld umfram tekjur	**-272,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-272,3

m.kr.

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna . . . . . -0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,6

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið . . . . . -113,3

Sértekjur:
Sértekjur 10,3

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-103,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -103,0

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn . . . . . -0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,5

01-255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins . . . . . -36,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald . . . . . -2,5

Gjöld samtals . . . . . **-39,1**

Sértekjur:
Sértekjur 3,6

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-35,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -35,5

m.kr.

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd . . . . . -1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,5

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

01-401 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Hagstofa Íslands . . . . . -801,3

Sértekjur:
Sértekjur 73,4

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-727,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -727,9

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum . . . . . -0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,7

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera . . . . . -0,7

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	-6,0
Gjöld samtals	**-6,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,7
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-1.120,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-1.120,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Almennur rekstur:
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -6,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,6

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands ..... -117,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -117,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri ..... -17,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,8

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Bifröst ..... -3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,5

m.kr.

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík . . . . . -21,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -21,7

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands . . . . . -6,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -6,7

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 92,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,5

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald . . . . . -5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.90 Háskólastarfsemi 34,7
1.91 Háskólar, óskipt 35,0
Almennur rekstur samtals 69,7

Gjöld samtals **69,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,7

m.kr.

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:
1.05 Fasteignir skóla . . . . . -23,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald . . . . . -10,0

Gjöld samtals . . . . . **-33,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -33,5

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík . . . . . -30,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands . . . . . -10,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ . . . . . -40,0
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum . . . . . -15,0
6.72 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð . . . . . -26,4
6.95 Tæki og búnaður, óskipt . . . . . -19,5
Stofnkostnaður samtals . . . . . -140,9

Gjöld samtals . . . . . **-140,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -140,9

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta . . . . . -29,9
1.15 Prófkostnaður . . . . . -10,0
1.17 Námsskrárgerð . . . . . -10,0
1.18 Námsefnisgerð . . . . . -49,9
1.28 Mat á skólastarfi . . . . . -5,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu . . . . . -35,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 48,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -91,8

Gjöld samtals . . . . . **-91,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-91,8

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	31,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,8

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	-5,0
1.12 Námskeið og ráðgjöf	-21,8
Almennur rekstur samtals	-26,8
Gjöld samtals	**-26,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-26,8

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	-12,0
1.34 Sprotasjóður	-10,0
Almennur rekstur samtals	-22,0
Gjöld samtals	**-22,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-22,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	315,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	315,0

m.kr.

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði . . . . . -50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -50,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðhaldsverkefni:
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins . . . . . -5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,0

02-904 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 111,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -10,3

Gjöld umfram tekjur **101,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,5

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins 36,1

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Gjöld samtals **38,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,6

Gjöld umfram tekjur **35,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

m.kr.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.82 Geymsluhúsnæði safna . . . . . -21,0
6.95 Menningarhús 30,0
6.96 Byggðasöfn . . . . . -2,8
Stofnkostnaður samtals 6,2

Gjöld samtals **6,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,2

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið 570,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 570,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis . . . . . -15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -15,0

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **661,6**
Greitt úr ríkissjóði **661,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	77,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**75,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,8

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Varnarmálastofnun	-50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-50,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	-10,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	-1.982,0
Gjöld samtals	**-1.992,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.992,0

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-10,0
1.11 Þróunaraðstoð	-10,0
Almennur rekstur samtals	-20,0
Gjöld samtals	**-20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-12,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	-8,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-40,0
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-40,0
Almennur rekstur samtals	-100,0
Gjöld samtals	**-100,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-100,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	218,9
1.73 Þróunarsjóður EFTA	860,0
Almennur rekstur samtals	1.078,9
Gjöld samtals	**1.078,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.078,9

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	-44,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-44,3
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-1.001,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-957,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-44,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir ..... -5,0
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins ..... -5,0
Almennur rekstur samtals ..... -10,0

Stofnkostnaður:
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum ..... -5,0

Gjöld samtals ..... **-15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -15,0

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa ..... -18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -18,0

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun ..... -17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,0

m.kr.

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir . . . . . -7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -7,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt . . . . . -14,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -14,6

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 312,0
Almennur rekstur samtals 405,0

Gjöld samtals **405,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 405,0

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 1.285,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.285,0

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -100,0
Viðskiptahreyfingar 100,0

04-853 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.91 Loðdýrafóður . . . . . -4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -4,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 1.621,4
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -68,6
Innheimt af ríkistekjum 1.590,0
Viðskiptahreyfingar 100,0

m.kr.

06 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti

06-101 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . . -6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -6,5

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá . . . . . -5,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,4

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 36,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,7

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur . . . . . -1,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,9

m.kr.

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum . . . . . -20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -20,0

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 80,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola . . . . . -14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -14,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd . . . . . -1,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,2

m.kr.

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri . . . . . -23,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -23,6

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins . . . . . -4,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -4,2

06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

Almennur rekstur:
1.01 Sérstakur saksóknari 235,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,3

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu . . . . . -57,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -57,1

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn . . . . . -38,2
1.20 Löggæsla . . . . . -686,5
Almennur rekstur samtals . . . . . -724,7

Gjöld samtals . . . . . **-724,7**

Sértekjur:
Sértekjur 724,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála . . . . . -20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -20,0

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður . . . . . -1,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,7

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands . . . . . -34,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -34,2

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 3.115,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.115,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík . . . . . -5,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,9

m.kr.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,4

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn . . . . . -3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,0

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,3

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal . . . . . -0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,5

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði . . . . . -0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,7

m.kr.

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík . . . . . -0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,5

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -5,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,9

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík . . . . . -0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,5

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,5

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -2,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2,7

m.kr.

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -9,0

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,3

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn . . . . . -3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,3

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -4,6

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði . . . . . -0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,7

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn . . . . . -0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,8

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,2

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,0

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla . . . . . -6,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -6,4

m.kr.

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ . . . . . -2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2,8

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði . . . . . -3,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,6

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi . . . . . -3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,3

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald húseigna . . . . . -8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -8,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins . . . . . -20,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -20,5

m.kr.

06-601 Fasteignaskrá Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignaskrá Íslands	592,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-76,0
Gjöld umfram tekjur	**516,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	516,6

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	-26,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-26,2

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	-20,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,2

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	-20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-114,7
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-0,8
Almennur rekstur samtals	-115,5
Gjöld samtals	**-115,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -115,5

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna . . . . . -27,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -27,0

06-801 Neytendastofa

Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa 230,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,5

Gjöld umfram tekjur **219,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,2
Innheimt af ríkistekjum 115,9

06-805 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:
1.01 Talsmaður neytenda 16,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,7

06 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.918,8**
Greitt úr ríkissjóði **3.286,3**
Innheimt af ríkistekjum **632,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmislegt	-55,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-55,0

07-205 Leiguíbúðir

Almennur rekstur:	
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,0
Viðskiptahreyfingar	-375,0

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Stofnkostnaður:	
6.27 Jaðar, Ólafsvík	85,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	-320,0
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	252,6
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	-17,6
Stofnkostnaður samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	-28,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-28,0

m.kr.

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. . . . . -18,0
1.90 Ýmis verkefni . . . . . -10,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -28,0

Gjöld samtals . . . . . **-28,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -28,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 24,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -24,2

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 13,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -13,4

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,9

Gjöld umfram tekjur 0,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,7

Gjöld umfram tekjur 0,0

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,1

Gjöld umfram tekjur 0,0

07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

Almennur rekstur:
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta . . . . . -22,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -22,0

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -45,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 45,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.11 Mæðra- og feðralaun . . . . . -30,0
1.15 Umönnunargreiðslur 127,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir 289,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar 10,0
1.41 Heimilisuppbót . . . . . -637,6
1.51 Frekari uppbætur . . . . . -315,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega 1.379,7
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa 120,0
Almennur rekstur samtals 943,1

Gjöld samtals **943,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 943,1

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Ellilífeyrir . . . . . -806,0
1.15 Örorkulífeyrir 192,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega . . . . . -3.207,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 87,0
1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega . . . . . -1.242,0
1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega . . . . . -996,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega . . . . . -170,0
1.31 Örorkustyrkur 15,0
1.35 Barnalífeyrir 100,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -6.027,0

Gjöld samtals . . . . . **-6.027,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2.270,4
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -3.756,6

m.kr.

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	56,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-56,6
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmislegt	-13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-13,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	-25,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-25,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	7.680,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	56,6
1.81 Vaxtatekjur	-10,0
Almennur rekstur samtals	7.726,6
Gjöld samtals	**7.726,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	100,0
Gjöld umfram tekjur	**7.826,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	7.826,6

m.kr.

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður . . . . . -70,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -70,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa . . . . . -6,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 40,0
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis . . . . . -21,0
Almennur rekstur samtals 13,0

Gjöld samtals **13,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.514,7**
Greitt úr ríkissjóði . . . . . **-1.057,3**
Innheimt af ríkistekjum **3.947,0**
Viðskiptahreyfingar . . . . . **-375,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	46,0
1.15 Lyf	-230,0
1.21 Hjálpartæki	-120,0
1.31 Þjálfun	-110,0
Almennur rekstur samtals	-414,0
Gjöld samtals	**-414,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-414,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	58,0
1.15 Bætur til framfærslu	110,0
Almennur rekstur samtals	168,0
Gjöld samtals	**168,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	-10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	9,0
1.90 Forvarnasjóður	-0,7
Almennur rekstur samtals	8,3
Gjöld samtals	**8,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,0
Innheimt af ríkistekjum	9,3

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	-1,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,6

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	-56,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	141,4
Gjöld samtals	**84,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,8

08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans

Stofnkostnaður:	
6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	-400,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-400,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	4,5
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	358,9
Almennur rekstur samtals	363,4
Gjöld samtals	**363,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 363,4

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana . . . . . -53,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -53,4

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur . . . . . -46,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -46,6

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu . . . . . -15,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -15,1

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 156,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -10,1

Gjöld umfram tekjur **146,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,1

m.kr.

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 106,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,6

Gjöld umfram tekjur 98,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,8

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 64,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,5

Gjöld umfram tekjur 61,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,8

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 98,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,4

Gjöld umfram tekjur 95,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,1

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 76,3

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**74,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,6

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	107,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,5
Gjöld umfram tekjur	**100,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,4

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Stofnkostnaður:	
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	-35,1
6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	-57,5
Stofnkostnaður samtals	-92,6
Gjöld samtals	**-92,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-92,6

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	-6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,0

m.kr.

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	96,3
1.11 Sjúkrasvið	253,9
1.21 Hjúkrunarrými	64,3
Almennur rekstur samtals	414,5
Gjöld samtals	**414,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,9
Gjöld umfram tekjur	**397,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	397,6

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-526,0
1.11 Sjúkrasvið	-254,4
1.21 Hjúkrunarrými	-64,3
Almennur rekstur samtals	-844,7
Gjöld samtals	**-844,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	40,5
Gjöld umfram tekjur	**-804,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-804,2

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-1,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,6

m.kr.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-3,2
1.11 Sjúkrasvið	-1,6
1.21 Hjúkrunarrými	-1,6
Almennur rekstur samtals	-6,4
Gjöld samtals	**-6,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,4

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-1,1
1.11 Sjúkrasvið	-0,3
1.21 Hjúkrunarrými	-0,2
Almennur rekstur samtals	-1,6
Gjöld samtals	**-1,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,6

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-1,6
1.11 Sjúkrasvið	-0,8
1.21 Hjúkrunarrými	-0,8
Almennur rekstur samtals	-3,2
Gjöld samtals	**-3,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,2

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	116,9

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	97,4
1.21 Hjúkrunarrými	228,0
Almennur rekstur samtals	442,3
Gjöld samtals	**442,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,6
Gjöld umfram tekjur	**427,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	427,7

08-746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-305,0
1.11 Sjúkrasvið	-473,5
1.21 Hjúkrunarrými	-633,3
Almennur rekstur samtals	-1.411,8
Gjöld samtals	**-1.411,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	92,2
Gjöld umfram tekjur	**-1.319,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.319,6

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	186,5
1.11 Sjúkrasvið	376,1
1.21 Hjúkrunarrými	405,3
Almennur rekstur samtals	967,9
Gjöld samtals	**967,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-77,6
Gjöld umfram tekjur	**890,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	890,3

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	89,9
1.11 Sjúkrasvið	122,6
1.21 Hjúkrunarrými	198,2
Almennur rekstur samtals	410,7
Gjöld samtals	**410,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,6
Gjöld umfram tekjur	**395,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	395,1

08-756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-275,7
1.11 Sjúkrasvið	-124,2
1.21 Hjúkrunarrými	-198,2
Almennur rekstur samtals	-598,1
Gjöld samtals	**-598,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	24,8
Gjöld umfram tekjur	**-573,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-573,3

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-4,2

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	-0,5
Almennur rekstur samtals	-4,7
Gjöld samtals	**-4,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,7

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-12,4
1.11 Sjúkrasvið	-2,7
1.21 Hjúkrunarrými	-2,1
Almennur rekstur samtals	-17,2
Gjöld samtals	**-17,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-17,2

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	-3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,1

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-20,7
1.11 Sjúkrasvið	-8,7
Almennur rekstur samtals	-29,4
Gjöld samtals	**-29,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-29,4

m.kr.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-7,0
1.11 Sjúkrasvið	-11,3
1.21 Hjúkrunarrými	-0,2
Almennur rekstur samtals	-18,5
Gjöld samtals	**-18,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-18,5

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	-6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,0

08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-516,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-525,4**
Innheimt af ríkistekjum	**9,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa 55,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,7

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -12,2
1.43 Tekjubókhaldskerfi 8,7
Almennur rekstur samtals . . . . . -3,5

Gjöld samtals . . . . . **-3,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,5

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -10,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -10,5

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík . . . . . -3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,8

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands . . . . . -0,8

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,8

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða . . . . . -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,4

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra . . . . . -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,4

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra . . . . . -1,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,2

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands . . . . . -0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,5

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,3

m.kr.

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness . . . . . -2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2,5

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins . . . . . -1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,5

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða . . . . . -66,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -66,3

09-393 Endurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Endurhæfingarsjóður . . . . . -125,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -125,0

m.kr.

09-402 Fasteignaskrá Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignaskrá Íslands . . . . . -597,1

Sértekjur:
Sértekjur 76,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-521,1**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -521,1

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins 115,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,1

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.983,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.896,0
Viðskiptahreyfingar 87,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 420,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 420,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 2.330,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.330,0

09-831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega

Almennur rekstur:
1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega . . . . . -590,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -590,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins . . . . . -1,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,2

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir 2.384,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.384,0

09-977 Bankasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Bankasýsla ríkisins 36,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,3

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti ..... -30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -30,0

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll ..... -86,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -86,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar ..... -20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -20,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.67 Þjóðlendumál ..... -20,0
1.68 Endurskoðendaráð 10,0
1.90 Ýmis verkefni 25,0
Almennur rekstur samtals 15,0

Gjöld samtals **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0
Innheimt af ríkistekjum 10,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **5.872,5**
Greitt úr ríkissjóði **6.362,9**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-577,4**
Viðskiptahreyfingar **87,0**

m.kr.

10 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti

10-101 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Fastanefndir ..... -0,2

Stofnkostnaður:
6.43 Græni trefillinn - stígagerð 200,0

Gjöld samtals **199,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 199,8

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -46,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -46,6

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:
1.21 Rannsóknir ..... -3,0

Stofnkostnaður:
6.10 Framkvæmdir ..... -3.700,0

Gjöld samtals ..... **-3.703,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -200,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -3.503,0

m.kr.

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa . . . . . -4,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -4,6

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa . . . . . -0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,7

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -10,6
1.11 Vaktstöð siglinga . . . . . -6,6
Almennur rekstur samtals . . . . . -17,2

Gjöld samtals . . . . . **-17,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -17,2

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,3

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa . . . . . -0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,8

m.kr.

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands . . . . . -9,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -9,4

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta . . . . . -100,0
1.11 Keflavíkurflugvöllur . . . . . -31,9
Almennur rekstur samtals . . . . . -131,9

Gjöld samtals . . . . . **-131,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -131,9

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa . . . . . -0,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,9

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 26,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,1

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu . . . . . -4,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -4,2

m.kr.

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:
6.41 Fjarskiptasjóður 6,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -60,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-54,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -54,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 643,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 643,0

10-811 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður . . . . . -10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -10,0

10 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . **-3.122,7**
Greitt úr ríkissjóði **409,6**
Innheimt af ríkistekjum . . . . . **-3.532,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,6

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands ..... -8,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,6

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 120,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 120,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 32,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð ..... -5,4
1.30 Alþjóðlegt samstarf ..... -5,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ..... -15,0
Almennur rekstur samtals ..... -25,4

Gjöld samtals ..... **-25,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -20,0
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -5,4

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun . . . . . -14,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -14,7

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs . . . . . -0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,8

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis . . . . . -19,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -19,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.22 Vistvænir orkugjafar . . . . . -15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -15,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun . . . . . -4,5
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni . . . . . -5,3
Almennur rekstur samtals . . . . . -9,8

Gjöld samtals . . . . . **-9,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-9,8

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	23,1
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	-4,0
Almennur rekstur samtals	19,1
Gjöld samtals	**19,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,1

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	-1,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,6

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**71,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-43,0**
Innheimt af ríkistekjum	**114,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 50,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,6

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál . . . . . -0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,6

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra . . . . . -0,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið . . . . . -332,0

Sértekjur:
Sértekjur 0,5

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-331,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,5
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -350,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið . . . . . -6,2

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -6,2

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa . . . . . -312,7

Sértekjur:
Sértekjur 11,5

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-301,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -80,2
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -221,0

12-425 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:
1.01 Talsmaður neytenda . . . . . -17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -17,0

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 14,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 14,3

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Hagstofa Íslands 796,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -73,4

Gjöld umfram tekjur **722,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 722,9

	m.kr.
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**131,2**
Greitt úr ríkissjóði	**687,9**
Innheimt af ríkistekjum	**-556,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	-3,0
1.35 Umhverfisvöktun	-2,3
1.40 Alþjóðastofnanir	-10,0
Almennur rekstur samtals	-15,3
Gjöld samtals	**-15,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,3

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	-7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,0

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	43,5

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	-45,0
Gjöld samtals	**-1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	-6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	-3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,5

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	-25,0
Sértekjur:	
Sértekjur	25,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	380,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	380,0

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál . . . . . -2,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,1

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands . . . . . -2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2,5

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 60,0

Sértekjur:
Sértekjur 8,8

Gjöld umfram tekjur **68,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 68,8

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 448,0

Sértekjur:
Sértekjur 20,0

Gjöld umfram tekjur **468,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 468,0

m.kr.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands . . . . . -4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -4,0

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -9,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **859,4**
Greitt úr ríkissjóði . . . . . **-55,3**
Innheimt af ríkistekjum **914,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	17.105,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21.395,0
Viðskiptahreyfingar	-4.290,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**17.105,0**
Greitt úr ríkissjóði	**21.395,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-4.290,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2009

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	-76,7
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	80,3
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	-1.059,6
	Samtals	**-1.056,0**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	-120,0
	Samtals	**-120,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	-5,0
	Samtals	**-5,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	-5,0
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	-7,1
	Samtals	**-12,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**-1.193,1**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	2.937,9
	03.1.2 Brunavarnir	68,8
	Samtals	**3.006,7**
03.2	Dómstólar	266,4
03.3	Fangelsi	-20,5
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	624,6
Löggæsla og öryggismál samtals		**3.877,2**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	-22,0
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	-261,2
	Samtals	**-261,2**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	308,7
	Samtals	**308,7**
04.5	Námsaðstoð	-50,0
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	-6,6
Fræðslumál samtals		**-31,1**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	-452,5
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	-132,9
	Samtals	**-585,4**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	-28,4
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	-110,0
	Samtals	**-138,4**
05.4	Lyf og hjálpartæki	-350,0
05.6	Önnur heilbrigðismál	419,7
Heilbrigðismál samtals		**-654,1**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	40,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	-5.890,9
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	7.826,6
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	517,0
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	2.450,0
	Samtals	**4.942,7**

		m.kr.
06.2	Velferðarmál	
	06.2.3 Málefni fatlaðra	-50,0
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	-6,0
	06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	-20,0
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	-76,0
	Samtals	**-152,0**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**4.790,7**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	40,0
	07.1.2 Skipulagsmál	-33,6
	Samtals	**6,4**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	380,0
	Samtals	**380,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**386,4**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	-1,3
	08.0.3 Fjölmiðlar	570,0
	08.0.4 Kirkjumál	-208,9
	08.0.5 Önnur menningarmál	-15,0
	Samtals	**344,8**
Menningarmál samtals		**344,8**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	-19,8
	09.2.3 Orkumál	-29,7
	Samtals	**-49,5**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**-49,5**

		m.kr.
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	-6,0
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	401,0
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	1.285,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	-19,6
	Samtals	**1.660,4**
10.2	Skógræktarmál	-3,5
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	-2,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	-28,0
	Samtals	**-30,0**
10.5	Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	-8,0
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**1.618,9**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	113,4
Iðnaðarmál samtals		**113,4**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	-3.749,6
	12.1.2 Umferðarmál	-5,3
	Samtals	**-3.754,9**
12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
	12.2.2 Sjósamgöngur	-17,5
	Samtals	**-17,5**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	-141,3
	Samtals	**-141,3**
12.7	Önnur samgöngumál	159,7
Samgöngumál samtals		**-3.754,0**

		m.kr.
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.2	Ferðaþjónusta	17,5
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	-428,7
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	-38,0
13.6	Önnur atvinnumál	2.374,2
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**1.925,0**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	17.103,8
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	643,0
	14.0.3 Önnur þjónusta	1.771,7
	Samtals	**19.518,5**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**19.518,5**
Heildargjöld samtals		**26.893,1**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2009

m.kr.

Rekstrargjöld	**1.838,7**
Laun	-1.219,2
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Fjármagnstekjuskattur	1.983,0
Önnur gjöld	272,5
Sértekjur	802,4
Fjármagnskostnaður	**17.105,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**8.322,7**
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.736,6
Vaxtabætur	2.330,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	1.681,4
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	943,1
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	643,0
Ríkisútvarpið	570,0
Barnabætur	420,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	315,0
Fæðingarorlofssjóður	-70,0
Afskriftir skattkrafna	0,0
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	-162,7
Sjúkratryggingar	-414,0
Lífeyristryggingar	-6.027,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	357,3
Viðhald	**-55,0**
Vegakerfi	0,0
Annað	-55,0
Stofnkostnaður	**-728,9**
Vegakerfi	-3.700,0
Háskólar og framhaldskólar	-109,3
Heilbrigðisstofnanir	-351,2
Flugvellir	0,0
Annað	3.431,6
Fjármagnstilfærslur	**410,6**
Hafnarframkvæmdir	0,0
Ofanflóðasjóður	450,0
Leiguíbúðir	0,0
Menningastofnanir	25,2
Annað	-64,6
Gjöld samtals	**26.893,1**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	-44,3
	Greitt úr ríkissjóði	-44,3
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	93,0
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	312,0
	Greitt úr ríkissjóði	405,0
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	1.285,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.285,0
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald árið 2009	129,8
	Fasteignamatsgjald árið 2009	255,0
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá árið 2009	7,2
	Greitt úr ríkissjóði	387,5
	Viðskiptahreyfing	4,5
06-801	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Neytendastofu árið 2009	42,9
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu árið 2009	62,5
	Greitt úr ríkissjóði	105,4
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0
	Greitt úr ríkissjóði	-28,0
07-827	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	-3.756,6
	Greitt úr ríkissjóði	-3.756,6

07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	283,4
	Greitt úr ríkissjóði	-25,0
	Viðskiptahreyfing	308,4
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	5.002,7
	Greitt úr ríkissjóði	7.826,6
	Viðskiptahreyfing	-2.823,9
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasj. sjálfst. starfandi einstakl. í atvinnutryggingargjaldi.	52,7
	Viðskiptahreyfing	52,7
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	-835,0
	Greitt úr ríkissjóði	-70,0
	Viðskiptahreyfing	-765,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	9,3
	Greitt úr ríkissjóði	9,3
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	-66,3
	Greitt úr ríkissjóði	-66,3
09-402	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald	-129,8
	Fasteignamatsgjald	-255,0
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	-7,2
	Greitt úr ríkissjóði	-392,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	-46,6
	Greitt úr ríkissjóði	-46,6

10-212	**Samgönguverkefni**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	233,7
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	-388,9
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkv. Vegagerðarinnar	-221,3
	Greitt úr ríkissjóði	-3.503,0
	Afborgun af framkvæmdaláni frá 1999	332,0
	Viðskiptahreyfing	2.794,5
10-251	**Umferðarstofa**	
	Greitt úr ríkissjóði	-4,6
	Viðskiptahreyfing	4,6
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	35,9
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	41,9
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Greitt úr ríkissjóði	-4,2
	Viðskiptahreyfing	4,2
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	120,0
	Greitt úr ríkissjóði	120,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	-5,4
	Greitt úr ríkissjóði	-5,4
12-421	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	-60,5
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu	-150,0
	Greitt úr ríkissjóði	-210,5
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	365,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	15,0
	Greitt úr ríkissjóði	380,0

14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Greitt úr ríkissjóði	-2,1
	Viðskiptahreyfing	2,1
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Brunamálastofnunar	17,6
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Brunamálastofnunar	87,5
	Greitt úr ríkissjóði	68,8
	Viðskiptahreyfing	36,3
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Greitt úr ríkissjóði	468,0
	Viðskiptahreyfing	-468,0
	Heildartekjur	**2.421,3**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**2.938,9**
	Mismunur	**-517,6**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-517,6**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	-100,0
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit árið 2009	129,1
06-801	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar árið 2009	10,5
09-402	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	-129,1
09-999	**Ýmislegt**	
	Eftirlitsgjald endurskoðendaráðs	10,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	-10,7
	Greitt úr ríkissjóði	-15,8
	Viðskiptahreyfing	5,1
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	-350,0
12-421	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	-10,5
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	-12,6
	Gjöld fyrir vörumerki	38,5
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	-7,7
	Greitt úr ríkissjóði	14,3
	Viðskiptahreyfing	3,9

Heildartekjur	**-432,5**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-441,5**
Mismunur	**9,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**9,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	-20,2
	Greitt úr ríkissjóði	-20,2
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	-115,5
	Greitt úr ríkissjóði	-115,5
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	-27,0
	Greitt úr ríkissjóði	-27,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	9,0
	Lögbundin framlög alls	**-153,7**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-153,7**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2009 í samræmi við endurmat á helstu forsendum fjárlaga og framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu. Tillögurnar í frumvarpinu taka einnig eftir atvikum mið af nýrri lagasetningu á árinu, óvissum og ófyrirséðum útgjöldum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Yfirstandandi erfiðleikar í efnahagslífinu hafa veruleg áhrif á gjaldahlið frumvarpsins og leiða til mikillar aukningar í vissum útgjöldum, s.s. vaxtakostnaði, útgjöldum vegna atvinnuleysis og ábyrgðar ríkissjóðs á tilteknum skuldum föllnu bankanna frá þeim tíma er þeir voru í eigu ríkisins. Á tekjuhlið gætir áhrifanna einkum í breyttri samsetningu tekna. Skatttekjur og tekjur af eignasölu dragast saman en vaxtatekjur aukast.

Í milljörðum króna	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	402,5	406,9	4,4
Gjöld	555,6	582,5	26,9
Tekjujöfnuður	**-153,1**	**-175,6**	**-22,5**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	15,0	9,9	-5,1
Handbært fé frá rekstri	**-138,1**	**-165,7**	**-27,6**
Fjármunahreyfingar	5,2	-297,6	-302,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-132,9**	**-463,3**	**-330,4**

Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2009. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 var áætlað að rúmlega 153 milljarða kr. halli yrði á rekstri ríkissjóðs á árinu. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð með hliðsjón af þjóðhagsspá sem fjármálaráðuneytið birti í byrjun október og í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka frá þeim tíma. Það endurmat felur í sér talsverðar breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Nú er talið að heildartekjur ríkissjóðs verði um 407 milljarðar kr., eða 4,4 milljörðum hærri en reiknað var með í fjárlögum, og að heildargjöld verði rúmir 582 milljarðar kr., eða 26,9 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Þótt útgjöld aukist verulega samkvæmt frumvarpinu þá er aukningin minni en í fjáraukalögum ársins 2008, sem nam 33,1 milljarði kr. Einnig má nefna að í fjáraukalögum ársins 2005 hækkuðu fjárheimildir um 21 milljarð kr., sem er meiri breyting en nú að teknu tilliti til verðlagshækk-

ana. Þannig er áætlað að tekjuafgangur verði neikvæður um 175,6 milljarða kr. en það er 22,5 milljörðum kr. lakari afkoma en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Nánar er fjallað um helstu breytingar á bæði tekju- og gjaldahliðinni og skýringar á þeim í sérstökum köflum hér á eftir.

Vakin er athygli á því að fjárheimilir sem sótt er um í þessu frumvarpi fara ekki að öllu leyti saman við áætlaða útgjaldaútkomu ársins eins og nánar er greint frá í umfjöllun um útgjaldahorfur fyrir yfirstandandi ár í fjárlagafrumvarpi 2010. Á rekstrargrunni er áætlað að heildargjöld ársins verði 6,6 milljörðum kr. umfram fjárheimildir sem hér er sótt um til viðbótar fjárlögum ársins. Skýrist það einkum af því að í mati á endanlegri útkomu ársins getur verið reiknað með umframgjöldum sem ekki eru gerðar tillögur um í frumvarpinu, t.d. útgjöldum sem byggja á afgangsheimildum fyrri ára s.s. samgönguframkvæmdir, eða að útgjöld sem heimiluð eru í fjárlögum frestist að einhverju leyti til komandi árs.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum, lánsfjármálum og sjóðstreymi ríkissjóðs miðað við fjárlög 2009 og þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2009. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2009 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum. Tekjuáætlun fjárlaga ársins 2009 var byggð á þjóðhagsspá sem unnin var í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í nóvember og desember 2008, þegar ljóst var orðið að miklir efnahagserfiðleikar væru framundan. Óvissa var jafnframt mikil, ekki síst um þróun gengis krónunnar og verðbólgu á árinu, og hversu mikið og hratt atvinna og tekjur myndu dragast saman.

Tekjuhorfur 2009. Samdráttur skatttekna ríkissjóðs stefnir í að verða meiri en reiknað var með í fjárlögum ársins. Heildartekjurnar verða þó um 4 milljörðum kr. meiri en í áætlun fjárlaga eða 407 milljarðar kr. og eiga miklar vaxtatekjur þar stærstan hlut að máli. Hagþróunin hefur á heildina litið verið nokkuð svipuð og reiknað var með en atvinnuleysi hefur verið talsvert meira. Fjárfesting hefur einnig dregist meira saman en spáð var og horfur eru á að samneysla dragist saman um 1,9% að raunvirði í stað þess að aukast um 2,9% eins og áætlað var í desember sl. Samdráttur einkaneyslu er hins vegar áætlaður 17,4% nú í stað 23,7% og færist meira yfir á árið 2010. Að öllu samanlögðu er áætlun um þjóðarútgjöld ársins lítillega lakari en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig helstu þjóðhagsforsendur hafa breyst.

Fyrstu ráðstafanir til að auka skatttekjur ríkissjóðs komu fram í desember 2008 og janúar 2009. Á sumarþingi voru sett lög nr. 60 og 70/2009 sem innleiddu frekari aðgerðir um

miðbik ársins til að styðja við markmið fjárlaga og áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem kynnt var í sérstakri skýrslu til Alþingis. Tekjuöflunaraðgerðir til viðbótar við þær sem gerð var grein fyrir í fjárlögum bæta afkomuna um alls 12 milljarða kr. Yfirlitstafla um helstu skattahækkunaraðgerðir á tímabilinu desember 2008 til september 2009 er birt á bls. 200 í fjárlagafrumvarpi ársins 2010. Reglum um gjalddaga skila á sköttum í ríkissjóð hefur einnig í nokkrum tilvikum verið breytt tímabundið á þessu ári, en slíkt hefur áhrif á tekjuáætlanir innan ársins og á innheimtar tekjur fyrir árið í heild á greiðslugrunni. Endurskoðuð tekjuáætlun ársins bendir til þess að þrátt fyrir viðbótaraðgerðir verði skatttekjur 13,8 milljörðum kr. eða 3,8% minni en reiknað var með í fjárlögum.

Hjöðnun verðbólgu hefur verið hæg eins og spáð hafði verið og raunsamdráttur tekna mikill. Gert er ráð fyrir að þróunin milli áranna 2008 og 2009 verði sú að beinir skattar dragist saman um 28% að raunvirði og óbeinir um 19,8%. Heildartekjur munu dragast saman um 22,9% að raunvirði milli ára gangi þessi áætlun um útkomu ársins 2009 eftir. Er það langmesti samdráttur ríkisteknanna á einu ári svo langt aftur sem nútíma þjóðhagsreikningar ná eða til 1945.

Framangreind endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga er byggð á upplýsingum um innheimtu tekna á fyrstu sjö til átta mánuðum ársins, efnahagshorfum til ársloka, upplýsingum um álagningu virðisaukaskatts og fleiri skatta það sem af er ári, niðurstöðu ríkisreiknings um tekjur ársins 2008 og fleiri gögnum.

	Fjárlög 2009 [1]	Áætlun 2009 [2]	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-23,7	-17,4	6,3
Samneysla	2,9	-1,9	-4,8
Fjárfesting	-32,2	-45,5	-13,3
Þjóðarútgjöld alls	-19,6	-20,3	-0,7
Útflutningur vöru og þjónustu	2,7	-1,4	-4,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-22,3	-30,0	-7,7
Verg landsframleiðsla	-9,6	-8,4	1,2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	6,6	-7,0	-13,6
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	-0,5	0,3	0,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-12,6	-10,4	2,2
Vísitala neysluverðs	13,8	11,9	-1,9
Gengisvísitala	16,1	34,2	18,1
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	5,7	8,6	2,9

[1] Þjóðhagsspá gerð í desember 2008.

[2] Þjóðhagsspá gerð í september 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Áætlun [1] 2009	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**364.332**	**350.564**	**-13.769**	**-3,8**
Skattar á tekjur og hagnað	132.923	130.447	-2.476	-1,9
Einstaklingar	103.313	106.700	3.387	3,3
Lögaðilar	22.100	14.300	-7.800	-35,3
Ótalið annars staðar	7.510	9.447	1.937	25,8
Tryggingagjöld	39.819	40.749	931	2,3
Eignarskattar	7.063	4.675	-2.388	-33,8
Skattar á vörur og þjónustu	180.947	170.567	-10.380	-5,7
Virðisaukaskattur	128.196	115.800	-12.396	-9,7
Aðrir skattar	3.581	4.125	544	15,2
II Aðrar rekstrartekjur	**30.413**	**53.803**	**23.390**	**76,9**
Arðgreiðslur	2.130	1.330	-800	-37,6
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	22.288	47.041	24.754	111,1
Neyslu- og leyfisgjöld	4.376	4.052	-324	-7,4
Annað	1.620	1.380	-240	-14,8
III Sala eigna	**6.300**	**1.050**	**-5.250**	**-83,3**
V Fjárframlög	**1.453**	**1.494**	**41**	**2,8**
Heildartekjur ríkissjóðs	**402.499**	**406.910**	**4.412**	**1,1**
Sjóðshreyfing	**398.624**	**402.265**	**3.641**	**0,9**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 2,5 milljörðum kr. minni en í áætlun fjárlaga og nemi 130,5 milljörðum kr. Nú er áætlað að tekjuskattur einstaklinga muni skila um 1 milljarði minna en áætlað var. Frávik innheimtutalna það sem af er ári er þó meira eða tæpir 5 milljarðar kr. en þær aðgerðir sem gripið var til á árinu munu leiða til þess að tekjuskatturinn rétti úr kútnum á síðasta þriðjungi ársins. Heimild var veitt til þess að taka út séreignarsparnað upp að einni milljón kr. á mann sem greiddur yrði út á 9 mánuðum. Tekjuskattur af þessum greiðslum fellur á seinni helming ársins og er áætlaður um 3,6 milljarðar kr. Brugðist var við fyrirsjáanlegu fráviki tekna frá fjárlögum með lögum nr. 70/2009 í júní sl. þar sem m.a. var lagður tímabundinn 8% viðbótarskattur á tekjur einstaklings yfir 700 þús. kr. á mánuði frá 1. júlí. Áætlað er að áhrif þeirrar aðgerðar séu um 2 milljarðar kr. Áhrif þessara aðgerða vega á móti vaxandi samdrætti tekjuskattsstofnsins, sem reiknað er með á síðustu mánuðum ársins. Áætlun um fjármagnstekjuskatt er hækkuð um 6,4 milljarða kr., í 22,7 milljarða. Stærstur hluti fjármagnsteknanna í ár eru vaxtatekjur og hafa vextir haldist mun lengur háir en reiknað var með í upphafi ársins. Þá hefur tímabundinn 5% hátekjuskattur á fjármagnstekjur yfir 250 þús.kr. hjá einstaklingi sem tók gildi 1. júlí áhrif til hækkunar sem áætluð eru 0,6 milljarðar. Þá stafar hluti hækkunarinnar af því að fjármagnstekjur ársins 2008 urðu meiri en áætlað hafði verið. Loks er sá fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður sjálfur greiðir nú talinn

verða 2 milljörðum meiri en í fjárlögum vegna meiri vaxtatekna og hækkunar skatthlutfallsins. Sá skattur færist einnig til gjalda á útgjaldahlið ríkissjóðs og hefur þetta því engin áhrif á afkomuna. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2009 af hagnaði ársins 2008 er lækkuð verulega vegna lakari horfa um skattskyldan hagnað á sl. ári en óvissa þar um er mikil. Álagning ríkisskattstjóra mun liggja fyrir síðla í október 2009. Þá verður í fyrsta sinn lagður á 15% skattur, eftir lækkun skatthlutfallsins úr 18% í 15% með lögum nr. 61/2008.

Tryggingagjöld. Í árferði atvinnuleysis og jafnvel nafnlaunalækkana hefur tryggingagjaldsstofninn, sem ekki innifelur bætur, dregist verulega saman. Reiknað er með að samdráttur hans verði um 10% að nafnvirði á árinu. Hækkun gjaldsins sem tók gildi á miðju ári gerir það að verkum að tekjur af tryggingagjaldi hækka lítið eitt að nafnvirði milli ára í stað þess að dragast saman og er áætlun fjárlaga hækkuð um 0,9 milljarða. Hækkun gjaldsins nam 1,56 prósentustigum fyrir atvinnutryggingargjald og 0,1 prósentustigi fyrir ábyrgðargjald launa. Gjaldið í heild hækkaði þannig úr 5,34% í 7,00%. Nú er spáð 40,7 milljarða tekjum af tryggingagjaldinu á árinu 2009.

Eignarskattar. Stimpilgjald og erfðafjárskattur eru stærsti hluti eignarskattanna. Stimpilgjaldið hefur fylgt umsvifum á fasteignamarkaði og í fjármálalífi og nam mest 2,7% af skatttekjum ríkissjóðs árið 2005. Ládeyða hefur ríkt á fasteignamarkaði frá haustinu 2008 og veltusamdráttur verið meiri en búist var við. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafði í júlí 2009 lækkað um 12,8% að nafnvirði frá hæsta gildi sínu í október 2007 og veltan á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur að jafnaði verið innan við fjórðungur þess sem hún var árin 2005–2007. Stimpilgjaldið hefur að sama skapi dregist saman og er áætlun fjárlaga nú lækkuð úr 5,3 í 2,9 milljarða. Áætlanir um erfðafjárskatt og aðra smærri eignarskatta eru óbreyttar frá fjárlögum. Þessar áætlanir fela í sér 44% raunsamdrátt eignarskatta milli áranna 2008 og 2009.

Skattar á vöru og þjónustu. Þessi flokkur skatttekna dróst saman um 27,3% að raunvirði í innheimtu á fyrstu átta mánuðum ársins. Mesti samdrátturinn virðist vera að baki þótt enn kunni þess að vera langt að bíða að velta nái fyrra stigi. Einkaneysla dróst saman um 20,4% að raunvirði á fyrri helmingi ársins og spáin fyrir árið í heild hljóðar nú upp á 17,4% samdrátt. Jafnvel þótt spáð hefði verið enn meiri samdrætti einkaneyslu í forsendum fjárlaga voru áætlanir um tekjur af virðisaukaskatti, vörugjöldum og fleiri óbeinum sköttum ekki jafn lágar og sú útkoma sem nú blasir við. Nú er spáð 20,2% raunsamdrætti þessara skatta í heild milli áranna 2008 og 2009. Áætlun um tekjur af sköttum á vöru og þjónustu er því lækkuð um 10,4 milljarða kr. eða 5,7% af áætlun fjárlaga. Þar af lækkar virðisaukaskattur um 12,4 milljarða og aðrir óbeinir skattar lækka flestir nokkuð en á móti kemur hækkun þeirra krónutölugjalda sem voru hækkuð í lok maí 2009. Þar var um að ræða helstu vörugjöld (á bensín, olíu, áfengi og tóbak) og bifreiðagjald. Áætlanir fjárlaga ársins 2009

um þau gjöld virðast ætla að standast og flestar vel það. Gjaldskrá kílómetragjalds var þó lækkuð um 20%, um leið og olíugjaldið var hækkað um tæp 11%, sem skýrir mikla lækkun áætlunar um kílómetragjaldið.

Virðisaukaskattur kemur að miklu leyti af innanlandsveltu en mun minna af innflutningi en í fyrra. Á fyrri helmingi ársins dróst velta í efra skattþrepinu saman um 32,1% að raunvirði en í neðra þrepinu um 7,8% og er þetta í heild meiri samdráttur en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga. Reglum um gjalddaga skattsins var breytt og greiðsludreifing á þrjá mánuði tekin upp, án vaxtakostnaðar frá maímánuði, og gildir fyrirkomulagið til ársloka. Margir nýta sér þessa heimild og munu um 2,6 milljarða greiðslur frestast fram í janúar 2010 vegna þess.

Hin ýmsu vörugjöld leggjast að lang mestu leyti á innfluttan varning, sem hefur hækkað mjög í verði. Veiking krónunnar á fyrstu sjö mánuðum ársins er um 48% og vöruinnflutningur hefur dregist saman um 50% á föstu gengi. Þetta endurspeglast í vörugjöldum af innflutningi og aðflutningsgjöldum (tollum) sem skila mun færri krónum í ríkissjóð en í fyrra. Nýskráningum bifreiða á fyrstu átta mánuðum ársins fækkaði um 80% milli ára sem er meiri fækkun en svartsýnustu spár gáfu til kynna haustið 2008. Vörugjöld af ökutækjum sem skiluðu ríkissjóði yfir 11 milljörðum í skatttekjur árið 2007 þegar mest var hafa aðeins skilað 1,4 milljarða tekjum á fyrstu átta mánuðum ársins 2009. Sölumagn bensíns á fyrstu átta mánuðum ársins er svipað og í fyrra eftir uppsveiflu sumarsins en er spáð að dragist saman frá haustinu. Olíusala hefur minnkað um 19% sem er meiri samdráttur en reiknað var með í upphafi árs. Aðeins hefur dregið lítillega úr sölumagni áfengis en tóbaks um 6% á fyrstu átta mánuðum ársins. Reiknað er með vaxandi samdrætti þessara skattstofna á næstu mánuðum.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur hækkar alls um rúma 23 milljarða kr. Hækkunina má rekja til vaxtatekna ríkissjóðs, bæði af veittum lánum, sem hækka úr 5,6 í 19,9 milljarða, og bankareikningum, sem hækka úr 11,9 í 22,5 milljarða. Innistæður hafa verið hærri en ráð var fyrir gert á innlánsreikningum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Við gerð fjárlaga 2009 miðuðust áætlanir við að nýta vaxtaberandi eignir ríkissjóðs til að endurfjármagna bankana en síðar var ákveðið að gefa út nýjan flokk ríkisskuldabréfa til þess. Ríkissjóður nýtur því áfram vaxtatekna af þessum eignum sínum. Arðtekjuáætlun ársins er lækkuð um 1,6 milljarða en hlutdeild í tekjum ríkisfyrirtækja (ÁTVR) hækkuð um 0,8 milljarða. Leigutekjur hækka um 0,8 milljarða, að mestu vegna hækkunar áætlunar um veiðigjald. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld lækka samtals um 0,3 milljarða. Í fjárlögum var áætlað að sala eigna skilaði ríkissjóði 6,3 milljörðum í tekjur, þar af sala þriggja sendiherrabústaða erlendis um 3 milljörðum, en áætlunin er nú lækkuð í 1,1 milljarð.

2 Gjöld A-hluta

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breyttar fjárheimildir til að mæta ófyrirséðum útgjöldum innan ársins, sem eru að stærstum hluta óviðráðanleg útgjöld í kjölfar efahagskreppunnar, og vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að sporna við versnandi afkomuhorfum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þannig er tekið mið af nýrri lagasetningu á sumarþinginu og öðrum aðhaldsáformum ríkisstjórnarinnar sem fram komu í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stuðla að ýmsum breytingum á verklagi til að treysta umgjörð fjárlagagerðarinnar og framkvæmd fjárlaga. Þær áherslur voru birtar í sérstökum kafla í framangreindri skýrslu til Alþingis. Þar á meðal voru umbætur varðandi fjáraukalögin en í skýrslunni segir: *Í samræmi við takmarkað hlutverk fjáraukalaga samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins verði þar ekki veitt framlög til nýrra verkefna, aukins umfangs eða rekstrarhalla stofnana umfram setta ramma.*

Frumvarpið ber breyttum vinnubrögðum skýr merki. Í frumvarpinu er almennt ekki um að ræða tillögur um ný verkefni eða aukið umfang, að undanskildum aðgerðum til að bregðast við afleiðingum efnahagsáfallsins. Í frumvarpinu eru ekki heldur fjárveitingar til stofnana eða verkefna sem starfrækt eru með rekstrarhalla, eins og mörg dæmi eru um í fjáraukalögum fyrri ára. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar stofnanir eru ekki eða hafa ekki verið að starfa innan þess fjárhagsramma sem fjárlög setja verði farið með slík mál í nýjan farveg. Þar verði byggt á vandlegri greiningu á rekstrarstöðu og ráðstöfunum sem stjórnendur hafa gripið til. Í framhaldi af því verður gerður samningur milli stofnunar og fagráðuneytis, með aðkomu fjármálaráðuneytis, um nauðsynlegar aðhaldsráðstafanir, úrbætur og aðlögun rekstrar að fjárheimildum á tilteknu tímabili. Samhliða geri fjármálaráðuneyti og fagráðuneyti samkomulag um hvernig uppsöfnuðum vanda verði mætt gangi samningurinn við stofnunina eftir. Í frumvarpinu eru ekki heldur miklar breytingar á útgjöldum vegna hækkana á verðlagi, launum eða gengi erlendra mynta þar sem fjárheimild á launa- og verðlagslið fjárlaga 2009 mun duga til að mæta því. Hins vegar eru breytingar af völdum annarra hagrænna forsendna þeim mun fyrirferðarmeiri í frumvarpinu, eins og t.d. vaxtagjöld og atvinnuleysisbætur.

Í stórum dráttum má skipta útgjaldabreytingum í frumvarpinu í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að nýjar og breyttar útgjaldaskuldbindingar, sem að stærstum hluta eiga rætur að rekja til nokkurra veigamikilla tilefna, auki útgjöld um 42,1 milljarð kr. Á móti vegur, í öðru lagi, um 6 milljarða kr. lækkun útgjalda vegna nokkurra málefna sem reynst hafa verið ofmetin í áætlun fjárlaga eða vegna verkefna sem ekki verður af. Loks ákvað ríkisstjórnin að gera ráðstafanir á árinu til að draga úr útgjöldum sem nemur um 9,2 milljörðum kr.

Vakin er athygli á að í þessu frumvarpi er fjallað um breytingar á fjárheimildum fremur en áætlaða útkomu ársins eins og gert er í kafla um útgjaldahorfur ársins 2009 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010. Útgjaldatölur ársins 2009 í frumvörpunum eru því ekki að öllu leyti þær sömu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr
Heildarbreyting frá fjárlögum 2009	**26.893**
Þar af:	
Vaxtagjöld	17.105
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.680
Útgjöld fjármögnuð með ríkistekjum	4.651
Ný flugvél fyrir Landhelgisgæsluna	3.115
Ríkisábyrgðir	2.384
Vaxtabætur	2.330
Þróunarsjóður EFTA	860
Húsaleigubætur sveitarfélaga	643
Ríkisúvarpið	630
Ýmis útgjöld í tengslum við efnahagsáfallið	585
Önnur mál	2.112
Auknar útgjaldaskuldbindingar:	**42.095**
Endurmetin fjárþörf lífeyristrygginga, nettó	-3.969
Kaup á nýjum sendiráðsbústöðum	-1.982
Breyttar horfur til lækkunar á útgjöldum:	**-5.951**
Aðhaldsaðgerðir til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum:	**-9.251**

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs árið 2009 verði auknar um 26,9 milljarða kr. Greiðsluheimildir ársins þurfa hins vegar að aukast heldur meira eða um 28,8 milljarða kr. sem stafar aðallega af því að áætlað er að greiddir vextir og greiddar lífeyrisskuldbindingar eru taldar verða nokkuð hærri en það sem gjaldfært verður á þessa tvo liði. Helsta tilefnið fyrir hækkun útgjalda á rekstrargrunni er að vaxtagjöld aukast verulega eða um rúmlega 17 milljarða kr. Þessa miklu hækkun má að stærstum hluta rekja til endurfjármögnunar bankanna, sem gert er ráð fyrir að verði fjármagnaðir með útgáfu nýrra ríkisskuldabréfa. Í fjárlögum var hins vegar miðað við að endurfjármögnunin yrði framkvæmd með ráðstöfunum á peningalegum eignum milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands. Í annan stað er áætlað að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs aukist um 7,7 milljarða kr. Við afgreiðslu fjárlaga var miðað við að atvinnuleysi yrði um 5,7% á árinu en nú gera áætlanir ráð fyrir að það verði um 8,6%. Samtals nema þessir tveir hagrænu og kerfislægu þættir því tæpum 25 milljörðum kr. af útgjaldaaukningunni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Heimildir[1] 2009	Breyt.frá fjárl. m.kr.	Breyt. frá fjárl. %
Rekstrargjöld	**208.952**	**210.790**	**1.839**	**0,9**
Laun	123.542	122.323	-1.219	-1,0
Lífeyrisskuldbindingar	5.166	5.166	0	0,0
Fjármagnstekjuskattur	2.285	4.268	1.983	86,8
Önnur gjöld	111.694	111.967	273	0,2
Sértekjur	-33.736	-32.933	802	-2,4
Fjármagnskostnaður	**86.940**	**104.045**	**17.105**	**19,7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**216.043**	**224.366**	**8.323**	**3,9**
Lífeyristryggingar	54.937	48.910	-6.027	-11,0
Sjúkratryggingar	25.130	24.716	-414	-1,6
Atvinnuleysistryggingasjóður	18.577	26.313	7.737	41,6
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.157	11.800	643	5,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.802	12.483	1.681	15,6
Fæðingarorlofssjóður	10.529	10.459	-70	-0,7
Barnabætur	10.100	10.520	420	4,2
Afskriftir skattkrafna	10.000	10.000	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.602	10.545	943	9,8
Vaxtabætur	7.770	10.100	2.330	30,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.985	7.300	315	4,5
Ríkisútvarpið	2.945	3.515	570	19,4
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.945	2.782	-163	-5,5
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	34.565	34.923	357	1,0
Viðhald	**8.909**	**8.854**	**-55**	**-0,6**
Vegakerfi	5.179	5.179	0	0,0
Annað	3.731	3.676	-55	-1,5
Stofnkostnaður	**28.832**	**28.103**	**-729**	**-2,5**
Vegakerfi	20.986	17.286	-3.700	-17,6
Háskólar og framhaldskólar	1.100	991	-109	-9,9
Heilbrigðisstofnanir	1.335	984	-351	-26,3
Flugvellir	258	258	0	0,0
Annað	5.154	8.585	3.432	66,6
Fjármagnstilfærslur	**5.965**	**6.375**	**411**	**6,9**
Ofanflóðasjóður	623	1.073	450	72,2
Leiguíbúðir	1.100	1.100	0	0,0
Hafnarframkvæmdir	472	472	0	0,0
Menningastofnanir	0	25	25	-
Annað	3.770	3.706	-65	-1,7
Gjöld samtals	**555.641**	**582.534**	**26.893**	**4,8**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Þá er óskað eftir auknum útgjaldaheimildum vegna fjárlagaliða sem fjármagnaðir eru með ríkistekjum. Þessir liðir hækka um rúma 4,6 milljarðar kr. frá fjárlögum ársins en hafa þó ekki áhrif á afkomu ársins þar sem tekjur koma á móti. Þar ber helst að nefna að fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði hækkar samkvæmt endurskoðaðri spá um tæpa 2 milljarða kr. en sama fjárhæð færist á tekjuhliðina. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánum. Af öðrum stórum liðum í þessum flokki má nefna að fjárheimild Fóðursjóðs er aukin um tæpa 1,3 milljarða kr. þar sem sjóðurinn hefur ekki verið lagður niður eins og til stóð að gera í áföngum. Fjárheimild vegna verðmiðlunar landbúnaðarvara er aukin samtals um rúmar 400 m.kr. vegna þess að ekki hefur orðið af áformum um að afnema verðmiðlunina og gjöldin sem fjármagna hana. Þá eru fjárheimildir Ofanflóðasjóðs auknar um 450 m.kr. til að auka framkvæmdir við snjóflóðavarnir en það er liður í aðgerðum í atvinnumálum. Fjárheimild vegna Endurvinnslunnar hf. hækkar um 380 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðum.

Gerð er tillaga um að vaxtabætur hækki um 2,3 milljarða kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um aðgerðir til stuðnings fyrir skuldsett heimili. Hækkunin er fjármögnuð með skatttekjum af útleystum séreignalífeyrissparnaði sem heimilað var tímabundið með sérstökum lögum sl. vor. Gert er ráð fyrir að 2,4 milljarðar kr. muni falla á ríkissjóð vegna ríkisábyrgða á skuldum á vegum föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands, sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands, sem síðar var sameinaður Kaupþingi banka og svo Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins á sínum tíma. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum vegur þungt að lagt er til að framlög í Landhelgissjóð verði aukin um rúma 3 milljarða kr. vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, sem afhent var sl. sumar. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða að hún yrði tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009. Hækkun tryggingagjalds sem samþykkt var á sumarþinginu hækkar launakostnað ríkisins um rúman 1 milljarð kr. á þessu ári. Framlag í Þróunarsjóð EFTA er hækkað um 860 m.kr. en með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES fyrir nokkrum árum var gert ráð fyrir sérstökum framlögum EFTA–ríkjanna þriggja. Framlögin eru ætluð til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Farið er fram á að fjárveiting til Ríkisútvarpsins ohf. hækki um 630 m.kr. til að styrkja rekstrarstöðu fyrirtækisins en auk þess var um 560 m.kr. af skuldum hlutafélagsins við ríkissjóð breytt í hlutafé fyrr á árinu þar sem eiginfjárstaða félagsins var uppurin. Óskað er eftir að fjárveitingar vegna húsaleigubóta sveitarfélaga verði auknar um rúmar 640 m.kr. vegna samkomulags sem ríki og sveitarfélög

gerðu í apríl 2008 um verulega hækkun bótanna og aukna þátttöku ríkisins í fjármögnun kerfisins. Bótagreiðslurnar hafa vaxið mjög hratt og verulega umfram það sem ráð var fyrir gert og stefnir í að viðbótarkostnaður við samkomulagið verði tvöfalt meiri en reiknað var með eða nálægt 1 milljarði kr. á ári. Óskað er jafnframt eftir um 600 m.kr. auknum fjárheimildum vegna ýmissa útgjalda tengdum bankahruninu og efnahagsáfallinu á þessu ári. Hér eru einkum um að ræða aukin útgjöld vegna embættis sérstaks saksóknara, opinberrar réttaraðstoðar vegna einstaklinga í greiðsluaðlögun og greiðslur fyrir aðkeypta sérfræðivinnu í tengslum við aðgerðir til endurreisnar efnahagslífsins.

Á móti auknum útgjaldaskuldbindingum kemur tæplega 4 milljarða kr. lækkun vegna endurmetinnar fjárþarfar lífeyristrygginga. Þar munar mest um að fjármagnstekjur bótaþega hafa verið vantaldar, sem lækkar greiðslur við uppgjör. Í öðru lagi eru ekki horfur á að verði af áformum um kaup á nýjum sendiráðsbústöðum fyrir alls um 2 milljarða kr. í stað eldri bústaða sem áætlað var að selja fyrir um 3 milljarða kr. Á móti lækkar tekjuhliðin sem nemur áætluðum tekjum af eignasölunni.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðhaldsráðstöfunum sem eiga að skila 9,3 milljarða kr. samdrætti í ríkisútgjöldum á seinni hluta ársins í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við versnandi afkomuhorfum ríkissjóðs á árinu. Ef fjármagnsgjöld og óreglulegir liðir eru undanskildir frá ársveltunni svarar þetta til 2,1% samdráttar til viðbótar við þau áform sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Unnið er að þeim aðgerðum í öllum ráðuneytum. Hér er fjallað heildstætt um aðhaldsaðgerðirnar en gerð er nánari grein fyrir þeim í köflum um málefni hvers ráðuneytis.

Markmið um bætta afkomu í rekstri ríkissjóðs og þar með um samdrátt í ríkisútgjöldum byggjast á samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Áætlunin miðar að því að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs og er megin tilgangur aðhaldsaðgerðanna að draga úr ójafnvægi í ríkisrekstrinum. Þegar leið fram á þetta ár varð ljóst að halli ríkissjóðs stefndi í að verða meiri en áætlað var í fjárlögum 2009. Við því var brugðist um mitt árið með sérstökum ráðstöfunum sem ætlað var að styrkja afkomu ríkissjóðs um 22 milljarða kr. Þar af námu ráðstafanir til að lækka útgjöld um 9,3 milljörðum kr, eins og áður segir. Markmið um viðbótalækkun rekstrarútgjalda á síðari helming yfirstandandi árs eru sett miðað við 2% aðhald af ársveltu hjá stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum, 1,6% hjá menntastofnunum sem annast kennslu og 1% hjá velferðarstofnunum en þá er eingöngu átt við stofnanir sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða. Miðað við að lækkunin þarf á nást fram á seinni helmingi ársins má segja að þessar prósentur verði í rauninni tvöfalt hærri. Ráðuneytum var þó gefið nokkurt svigrúm til að útfæra markmiðin fyrir þetta ár með öðrum hætti eftir aðstæðum t.d. með því að falla frá úthlutnum á ýmsum tilfærslustyrkjum eða hætta við kaup á búnaði eða við framkvæmdir sem ekki voru hafnar.

Í töflunni hér á eftir er sýnd hagræn skipting á aðhaldsaðgerðunum í samanburði við veltu fjárlaga þar sem vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna ofl. eru frátaldir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Rekstur	-1.789,5	198.873,6	-0,9%
Tilfærslur	-3.034,7	206.045,8	-1,5%
Viðhald og stofnkostnaður	-4.426,3	43.706,4	-10,1%
Samtals	**-9.250,5**	**448.625,8**	**-2,1%**

Aðhaldsaðgerðir í rekstri nema samtals 1.789,5 m.kr. sem er 0,9% lækkun frá fjárlögum 2009. Aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað geta þarfnast nokkurs aðdraganda og það getur tekið nokkurn tíma þar til áhrif þeirra koma fram. Því hefur verið lögð meiri áhersla á að ná fram viðbótarlækkun á rekstrarkostnaði á næsta ári en á þessu ári. Til að byrja með er gert ráð fyrir almennum ráðstöfunum til að lækka launakostnað, t.d. með fækkun yfirvinnutíma, og að dregið verði úr ferðakostnaði, aðkeyptri þjónustu ofl.

Í tilfærslum er ráðgert að lækka útgjöld um samtals 3.034,7 m.kr. sem er 1,5% lækkun frá fjárlögum 2009. Helstu aðhaldsaðgerðirnar eru í lífeyristryggingum þar sem tekjutenging bóta hefur verið aukin og á það að leiða til um 1.825 m.kr. lækkunar á útstreymi kerfanna eða sem samsvarar 1,8% lækkun frá fjárlögum 2009. Þessar breytingar miðast við að þær hafi ekki áhrif á tekjulægstu lífeyrisþegana. Við gildistöku breytinganna á tekjuskerðingum lífeyristrygginga 1. júlí sl. héldu um 40% af lífeyrisþegum óbreyttum greiðslum eða hækkuðu vegna tilkomu nýs frítekjumarks á ellilífeyrissjóðstekjur. Í sjúkratryggingum nema sparnaðaraðgerðir 440 m.kr. eða sem svarar til um 1,8% lækkunar frá fjárlögum 2009. Sparnaðaraðgerðirnar í sjúkratryggingum miða að því að lækka greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði og draga úr umfangi sérfræðilæknisþjónustu. Þá lækka framlög til þjóðkirkjusafnaða og annarra trúfélaga um 115 m.kr. eða sem svarar til 5,1% frá fjárlögum 2009 og þróunaraðstoð lækkar um 110 m.kr. eða um 4,8% frá fjárlögum 2009. Taflan hér á eftir sýnir lækkanir á helstu tilfærsluliðum.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærsluliðir	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Lífeyristryggingar	-1.825,0	64.539,0	-2,8%
Sjúkratryggingar	-440,0	25.129,6	-1,8%
Sóknargjöld	-115,5	2.273,0	-5,1%
Þróunaraðstoð	-110,0	2.279,1	-4,8%
Annað	-544,2	111.822,1	-0,5%
Samtals	**-3.034,7**	**206.042,8**	**-1,5%**

Gert er ráð fyrir að sparnaðaraðgerðir í viðhaldi og stofnkostnaði lækki útgjöld um samtals 4.426,3 m.kr. eða sem nemur 10,1% lækkun frá fjárlögum 2009. Meiri möguleikar eru á að draga úr slíkum útgjöldum með skemmri fyrirvara en t.d. rekstrarútgjöldum með því að hætta við eða fresta framkvæmdaáformum. Stærstur hluti af lækkun framlaga til viðhalds og stofnkostnaðar skýrist af 3.500 m.kr. lækkun á fyrri áformum um vegaframkvæmdir. Hjá heilbrigðisráðuneytinu er fallið frá eða dregið úr viðhaldi og stofnkostnaði sem nemur 493 m.kr. en þar af eru 400 m.kr. fjárheimild sem ætluð var til að hefja byggingu á nýju húsnæði fyrir Landsspítalann. Hjá æðstu stjórn ríkisins er fallið frá 200 m.kr. framkvæmdum á Alþingisreit. Þá er fallið frá eða dregið úr viðhaldi og stofnkostnaði sem nemur 185 m.kr. hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í töflunni hér á eftir er sýnd skipting á lækkun útgjalda vegna reksturs, tilfærslna, viðhalds og stofnkostnaðar eftir ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstur m.kr.	Tilfærslur m.kr.	Viðh. og stofnk. m.kr.	Samtals m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	-45,5	0,0	-200,0	-245,5
Forsætisráðuneyti	-7,6	-9,4	-6,0	-23,0
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-357,2	-194,1	-184,7	-736,0
Utanríkisráðuneyti	-81,0	-110,0	0,0	-191,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-84,0	-17,0	-5,0	-106,0
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-340,2	-216,7	-8,0	-564,9
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-130,0	-1.935,0	0,0	-2.065,0
Heilbrigðisráðuneyti	-250,5	-450,0	-492,6	-1.193,1
Fjármálaráðuneyti	-152,5	-20,0	-30,0	-202,5
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-196,7	-36,2	-3.500,0	-3.732,9
Iðnaðarráðuneyti	-68,8	-31,2	0,0	-100,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-25,5	-0,7	0,0	-26,2
Umhverfisráðuneyti	-50,0	-14,4	0,0	-64,4
Samtals	**-1.789,5**	**-3.034,7**	**-4.426,3**	**-9.250,5**

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 160 milljörðum kr. í 660 milljarða. Hér er þó ekki um að ræða hækkun á lántökuheimild frá fjárlögum heldur breytta framsetningu því gert er ráð fyrir að 4. tl., sem heimilar allt að 500 milljarða kr. lántöku, falli brott. Reiknað er með að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 610 milljarðar kr., þar af 520 milljarðar í íslenskum krónum en jafngildi 90 milljarða kr. í erlendri mynt. Af einstökum lántökutilefnum munar mest um

300 milljarða kr. útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna eigið fé nýju bankanna og annarra fjármálastofnana og jafngildi 75 milljarða kr. láns, sem reiknað er með að verði afgreidd í ár frá Norðurlöndum og Póllandi, til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Aðrar lántökur, til að mæta afborgunum og hallarekstri ríkissjóðs, eru áætlaðar samtals 235 milljarðar kr. Horfur eru á að ríkissjóður greiði 120 milljarða kr. í afborganir af teknum lánum. Samkvæmt því er reiknað með lántökur ríkissjóðs umfram afborganir verði 490 milljarðar kr..

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Sótt er um 75 milljarða kr. hækkun og heimild til að endurlána Seðlabanka Íslands jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til ríflega 90 milljarða kr. lækkun heimildar. Í fyrsta lagi er lögð til 1 milljarðs kr. lækkun á heimild Landsvirkjunar. Reiknað er með að lántökur fyrirtækisins í ár verði um 19 milljarðar kr., að fjárfest verði fyrir um 10 milljarða kr. og 20 milljarðar greiddir í afborganir af teknum lánum. Miðað við það er áætlað að sjóðstaða fyrirtækisins batni um 4 milljarða kr. á árinu. Vegna erfiðleika á lánamörkuðum ríkir þó enn óvissa um hverjar endanlegar lántökur verða og hugsanlegt er að þær flytjist að hluta yfir á næsta ár. Í öðru lagi er lögð til tæplega 88 milljarða kr. lækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána og í þriðja lagi ríflega 1,6 milljarðs kr. lækkun á heimild sjóðsins vegna leiguíbúða. Minni lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs stafar að langmestu leyti af því að mun minna hefur verið um uppkaup á íbúðalánum fjármálastofnana heldur en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga en þá voru lánaheimildir stofnunarinnar auknar um 100 milljarða kr. til að búa hana undir slík uppkaup í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Að endingu er rétt að vekja athygli á að ekki er gert ráð fyrir sérstöku heimildarákvæði í frumvarpinu um ábyrgð ríkissjóðs á lánum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem það hefur verið gert með sjálfstæðri lagasetningu.

4 Sjóðstreymi ríkissjóðs

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs. Vísað er til 2. gr. frumvarpsins.

Í milljónum króna	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**-138.096**	**-165.726**	**-27.630**
Fjármunahreyfingar:			
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands	385.000	0	-385.000
Eiginfjárframlög til bankakerfisins og önnur eiginfjárframlög	-386.000	-300.000	86.000
Veitt löng lán	-10.000	-85.000	-75.000
Afborganir veittra lána	16.000	22.400	6.400
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200	0	-200
Sala verðbréfaeignar	0	65.000	65.000
Fjármunahreyfingar samtals	**5.200**	**-297.600**	**-302.800**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-132.896**	**-463.326**	**-330.430**
Fjármögnun:			
Ríkisskuldabréf til að fjármagna eigið fé fjármálastofnana	0	300.000	300.000
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	0	75.000	75.000
Önnur löng lán	160.000	235.000	75.000
Afborganir af teknum lánum	-100.000	-120.000	-20.000
Fjármögnun samtals	**60.000**	**490.000**	**430.000**
Breyting á handbæru fé	**-72.896**	**26.674**	**99.570**

Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs fyrir árið í ár felur í sér miklar breytingar á fjármunahreyfingum og lánsfjárráðstöfunum frá fjárlögum. Útlit er fyrir að í ár verði hreinn lánsfjárjöfnuður neikvæður um 463 milljarða kr.. Í fjárlögum var áætlað að lánsfjárjöfnuður yrði neikvæður um 133 milljarða. Aukning lánsfjárþarfar frá fjárlögum nemur 330 milljörðum kr. og skýrist í stórum dráttum af eftirtöldum sex tilefnum. Í fyrsta lagi, og það sem langsamlega mest munar um, er að horfið hefur verið frá því að leggja fjármálakerfinu til nýtt eigið fé með eignum sem Seðlabankinn hafði sem tryggingu á móti veð- og daglánum bankans og ríkissjóður keypti af bankanum eftir hrun stóru bankanna þriggja síðastliðið haust. Þessi bréf hafa reynst verðminni en reiknað var með og hefðu ekki nægt til að fjármagna kerfið. Er því gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi nýju bönkunum til eigið fé í formi ríkisskuldabréfa. Áætlað er að í ár muni ríkissjóður leggja fram eigið fé til nýju bankanna þriggja og nokkurra annarra aðila fyrir um 300 milljarða kr.. Þegar þetta er ritað ríkir þó enn óvissa um það hvernig bankarnir verða endanlega fjármagnaðir því skilanefndir Glitnis og Kaupþings, fyrir hönd kröfuhafa, eiga kost á að eignast mikinn meirihluta hlutafjár í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi. Ákveði kröfuhafarnir að nýta sér þann kost mun stór hluti af 137 milljarða kr. eiginfjárframlagi ríkissjóðs til þessara tveggja banka ganga til baka.

Ekki hefur ennþá verið gengið frá eiginfjármögnun NBI (Nýja Landsbankans). Auk eiginfjárframlaga til nýju bankanna er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi sparisjóðum til 20 milljarða kr. í nýtt eigið fé, auki eigið fé Byggðastofnunar um 2 milljarða kr., taki þátt í hlutafjáraukningu Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. í samræmi við eignarhlut sinn fyrir 6,25 milljónir evra, jafngildi um 1,1 milljarðs kr., auk smærri framlaga til annarra aðila í samræmi við fyrri áform. Í öðru lagi er áformað að ríkissjóður endurláni Seðlabankanum það sem áætlað er að verði afgreitt af lánum Norðurlandanna og Póllands á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans, jafngildi um 75 milljarða kr.. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að afborganir af veittum lánum ríkissjóðs verði 6,4 milljörðum kr. meiri en áætlað var. Munar þar mest um rúmlega 6 milljarða kr. afborganir af yfirteknum veðlánakröfum Seðlabankans. Í fjórða lagi er ekki reiknað með neinni sölu hlutabréfa og eignarhluta í ár en í fjárlögum var áætlað fyrir 200 m.kr. sölutekjum. Í fimmta lagi er nú reiknað með að ríkissjóður selji hluta af tryggingabréfunum sem yfirtekin voru frá Seðlabankanum fyrir um 65 milljarða kr. og í sjötta lagi er útlit fyrir að handbært fé frá rekstri verði 27,6 milljörðum kr. minna en áætlað var í fjárlögum.

Á móti neikvæðum lánsfjárjöfnuði koma auknar lántökur. Reiknað er með að í ár nemi langtímalántökur ríkissjóðs 610 milljörðum kr. og afborganir af teknum lánum 120 milljörðum og að lántökur umfram afborganir verði 490 milljarðar kr.. Mest munar um 300 milljarða kr. útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna eigið fé fjármálastofnana og jafngildi 75 milljarða kr. lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Aðrar lántökur til langs tíma eru áætlaðar 235 milljarðar kr., eða 115 milljörðum umfram afborganir af teknum lánum. Gangi þessar áætlanir eftir eykst handbært fé ríkissjóðs um 26,7 milljarða kr. og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

5 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að fimm eru vegna sölu húsnæðis eða eignarhluta í húsnæði, ein er vegna sölu hlutabréfa, ein til að kaupa landspildu og fjórar sem falla undir flokkinn ýmsar heimildir.

Heimild 2.21 er vegna flutnings lögreglustjórans á Suðurnesjum úr núverandi húsnæði sínu í húsnæði sem áður var nýtt af Þjóðskrá vegna útgáfu vegabréfa.

Heimild 2.22 er til sölu á húsnæði lögreglunnar á Seyðisfirði en húsnæðið hefur verið lítið notað af lögreglunni vegna skipulagsbreytinga sem gerðar hafa verið á starfseminni.

Heimild 2.23 er vegna sölu á húsnæði sem notað hefur verið sem dagdeild geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri og er gert ráð fyrir að söluandvirðinu verði varið til uppbyggingar á geðdeild sjúkrahússins.

Heimildir 3.20 og 3.21 er vegna sölu á hlut ríkisins í heilsugæsluseljum á Stokkseyri og Eyrabakka sem fyrirhugað er að leggja niður.

Heimild 5.4 er til sölu á hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast á grundvelli hinna svokölluð neyðarlaga nr. 125/2008. Ekki er um beina heimild að ræða í þeim lögum til sölu á framangreindum hlutum og þykir því rétt að slík heimild sé fyrir hendi í fjáraukalögum.

Heimild 6.35 er til kaupa á landspildu við Dimmuborgir svo unnt sé að stækka bílastæðið á svæðinu.

Heimild 7.21 er til kaupa á eignarhlutum eða til hlutafjáraukningar í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.

Heimild 7.22 er til að breyta 563 m.kr. skuld RÚV ohf. við ríkissjóð í hlutafé í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar fyrr á árinu.

Heimild 7.23 er til aukningar á eigin fé Byggðastofnunar um allt að 2,6 milljarða kr.

Heimild 7.24 er til að auka hlutafé ríkissjóðs í hlutafélaginu Farice í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins lækki um 102 m.kr. Sótt er um 143,5 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 245,5 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 75,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 91 m.kr. vegna greiðslu biðlauna til þeirra 27 alþingmanna sem hættu á þingi í kjölfar alþingiskosninganna í apríl í vor. Greidd eru 6 mánaða biðlaun til 19 þingmanna, sem setið höfðu í tvö kjörtímabil eða lengur og 3 mánaða biðlaun til 8 þingmanna sem setið höfðu í eitt kjörtímabil. Greidd eru föst laun auk launatengdra gjalda. Í öðru lagi er sótt um 4,5 m.kr. framlag vegna fastra greiðslna og ferðakostnaðar þingmanna sem hætta. Auk biðlauna frá næstu mánaðarmótum greiðir Alþingi þingmönnum sem hættu í kjölfar alþingiskosninganna í vor laun og fastar kostnaðargreiðslur frá kosningadegi til loka kosningamánaðar. Í þriðja lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna lækkunar á launakostnaði þar sem aðstoðarmönnum alþingismanna, að frátöldum aðstoðarmönnum formanna stjórnarandstöðuflokka, var sagt upp störfum eftir alþingiskosningarnar í apríl í vor.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lögð er til 22 m.kr. lækkun fjárveitingar til alþjóðasamstarfs vegna lækkunar á ferðakostnaði. Tillagan byggist á ákvörðun ferðakostnaðarnefndar frá 27. febrúar sl. um að lækka dagpeningagreiðslur til starfsmanna ríkisins á ferðalögum erlendis um 10% frá 1. mars 2009.

1.06 Almennur rekstur. Farið er fram á að fjárveiting fjárlagaliðarins hækki um 3 m.kr. Annars vegar er farið fram á 6,5 m.kr. framlag til útgáfumála. Eftir hverjar alþingiskosningar þarf að endurskoða og endurútgefa margvíslegt kynningarefni, handbækur o.fl. Hins vegar er lagt til að framlag lækki um 3,5 m.kr. vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda.

1.10 Rekstur fasteigna. Farið er fram á 10,9 m.kr. framlag vegna kostnaðar við þrif og viðgerðir á skemmdum sem unnar voru á Alþingishúsinu í mótmælaaðgerðunum á Austurvelli síðastliðinn vetur.

5.20 Fasteignir. Farið er fram á 3 m.kr. framlag vegna útgjalda við breytingar og málun á skrifstofum alþingismanna og flutningi á aðstöðu fráfarandi og nýkjörinna þingmanna eftir alþingiskosningarnar í vor.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á að fjárveiting fjárlagaliðarins hækki um 20,6 m.kr. Annars vegar er sótt um 12,5 m.kr. fjárheimild vegna endurnýjunar á tölvubúnaði í kjölfar alþingiskosninganna í vor. Nauðsynlegt var talið að endurnýja allan tölvu- og tækjabúnað þingmanna, starfsmanna þingflokka og annars starfsfólks þingmanna eigi síðar en árið 2010. Þar sem svo mikil endurnýjun varð í hópi þingmanna við kosningarnar var talið heppilegt að flýta endurnýjuninni. Vegna breytinga á fyrirkomulagi tölvumála mun þessi endurnýjun leiða til lægri útgjalda á komandi árum. Hins vegar er farið fram á 8,1 m.kr. framlag til endurnýjunar tækja og öryggisbúnaðar í tengslum við mótmælaaðgerðirnar á Austurvelli og við Alþingishúsið síðastliðinn vetur.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 200 m.kr. þar sem fallið hefur verið frá framkvæmdaáformum í fjárlögum 2009 til að mæta markmiðum um samdrátt ríkisútgjalda. Eftir stendur 50 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til að standa undir kostnaði sem tengist undirbúningi framkvæmdanna einkum vegna fornleifa sem fundust á Alþingisreitnum.

301 Ríkisstjórn.

1.01 Ríkisstjórn. Sótt er um 15 m.kr. framlag til að mæta auknum launakostnaði vegna ríkisstjórnarskiptanna 1. febrúar og 10. maí 2009. Tvenn ríkisstjórnarskipti urðu á árinu. Ætla má að biðlaun og orlofsuppgjör ráðherra og aðstoðarmanna sem hurfu úr embættum nemi um 50 m.kr. Fyrir er á liðnum 242,9 m.kr. fjárheimild fjárlaga. Eftir úrskurð kjararáðs 27. desember 2008 um að laun ráðherra skyldu lækka um 14% frá 1. janúar 2009 er áætlað að launaútgjöld sem færast á liðinn lækki um 35 m.kr. á ársgrundvelli. Vantar því 15 m.kr. fjárheimild á liðinn til að mæta áðurnefndum kostnaði.

401 Hæstiréttur.

1.01 Hæstiréttur. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 8 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar útgjaldaáætlunar í kjölfar ákvörðunar kjararáðs um lækkun á launum hæstaréttardómara 10. mars 2009.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis lækki um 1.120,7 m.kr. Sótt er um 41 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 23 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 1.138,7 m.kr. fjárheimildir fluttar frá ráðuneytinu vegna verkefna sem flytjast frá því við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

190 Ýmis verkefni.

1.20 Jafnréttissjóður. Lagt er til að fallið verði frá 10 m.kr. fjárveitingu sem veitt var til verkefnisins í ár. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á 35 m.kr. fjárveitingu vegna útgjalda sem tengjast aðgerðum og verkefnum í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Á síðasta ári var 250 m.kr. fjárveiting í fjáraukalögum vegna kostnaðar við erlenda og innlenda ráðgjöf og nauðsynlegar aðgerðir ríkisins vegna neyðarástands á fjármálamarkaði í framhaldi af falli þriggja stærstu banka landsins. Í upphafi voru óvissuþættir margir um heildarkostnað og hversu víðtækra aðgerða væri þörf. Útlit er fyrir að kostnaður sem vistaður er hjá ráðuneytinu vegna þessa og til fellur á yfirstandandi ári verði 35 m.kr. hærri en áætlað var.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Farið er fram á 6 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna aukins húsnæðiskostnaðar, m.a. vegna viðbótar húsrýmis sem tekið hefur verið á leigu við Hverfisgötu til að hýsa starfsstöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi í samræmi við samkomulag stjórnvalda við sjóðinn.

231 Norræna ráðherranefndin.

1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis. Lagt er til að 53,4 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *03-101-1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki

farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til utanríkisráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar. Lagt er til að 218,9 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *03-401-1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins sbr. framangreint.

251 Þjóðmenningarhúsið.

1.01 Þjóðmenningarhúsið. Lagt er til að 103 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-904-1.01 Þjóðmenningarhúsið*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

255 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins.

1.01 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins. Lagt er til að 33 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-913-1.01 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

5.21 Viðhald. Lagt er til að 2,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-913-5.21 Viðhald*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins sbr. framangreint.

401 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Lagt er til að 727,9 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *12-501-1.01 Hagstofa Íslands*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
01-190-151 Undirb. að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	-1,0
01-201-101 Fasteignir forsætisráðuneytis	-1,0
01-241-101 Umboðsmaður barna	-0,6
01-253-101 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-0,5
01-261-101 Óbyggðanefnd	-1,5
01-271-101 Ríkislögmaður	-1,0
01-902-101 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-0,7
01-996-101 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	-0,7
01-996-651 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	-6,0
Samtals	**-13,0**

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 661,6 m.kr. Sótt er um 1.259,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 736 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 138,5 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Farið er fram á 3,8 m.kr. framlag vegna kostnaðar af völdum nýrnaveiki í alifiskum árið 2008. Þetta er í samræmi við 16. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknardeild fisksjúkdóma þar sem segir að kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöðvum, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna

sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Á árunum 2004–2006 komu upp nokkur nýrnaveikitilfelli í fiskeldisstöðvum. Af þeim sökum varð embætti dýralæknis fisksjúkdóma að setja þær stöðvar, reglum samkvæmt, í dreifingarbann. Í kjölfarið var gripið til umfangsmikilla rannsókna sem var liður í forvörnum og útrýmingu smitsins úr alifiskunum. Sambærileg mál komu upp árið 2005 og 2006 og voru veittar aukafjárveitingar vegna þeirra í fjáraukalögum 2006 og 2007.

234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Farið er fram á 92,5 m.kr. framlag í tengslum við hæstaréttardóm vegna greiðslu á launatengdum gjöldum úr sjóðnum. Greiðslan skiptist þannig að 86,7 m.kr. tilheyra Háskóla Íslands, 4,1 m.kr. Háskólanum á Akureyri og 1,7 m.kr. Kennaraháskóla Íslands.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.90 Háskólastarfsemi. Farið er fram á að 73 m.kr. hækkun fjárveitingar, en ríkisstjórnin samþykkti þann 14. apríl sl. tvær tillögur um sumarnám háskólanemenda. Annars vegar er um að ræða 68 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna samstarfs við Vinnumálastofnun um að kannaðar verði leiðir til að tryggja að sem flestir stúdentar sem eiga kost á lánshæfu sumarnámi skrái sig í það. Miðað er við að fjárveitingin skiptist með eftirfarandi hætti: 40 m.kr. til Háskóla Íslands, 10 m.kr. til Háskólans á Akureyri, 5 m.kr. til Háskólans í Reykjavík, 8 m.kr. til Háskólans á Bifröst og 5 m.kr. til Listaháskóla Íslands. Hins vegar er um að ræða 5 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs til að fjölga úrræðum fyrir atvinnulausa námsmenn.

1.91 Háskólar, óskipt. Farið er fram á 35 m.kr. framlag til RES Orkuskóla á Akureyri. Framlaginu er ætlað styrkja núverandi rekstrargrunn skólans. Með framlaginu fæst sama upphæð og fékkst á fjárlögum 2008 eða samtals 60 m.kr. en á fjárlögum 2009 var búið að veita 25 m.kr. til skólans.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Farið er fram á 48 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna kostnaðar við að innrita alla nemendur yngri en 18 ára í framhaldsskóla. Óvenju mikil aðsókn hefur verið í framhaldsskóla landsins. Í byrjun ágúst var ljóst að ríflega 100 nemendur yngri en 18 ára kæmust ekki inn í framhaldsskólana, þrátt fyrir ákvæði um fræðsluskyldu, nema gripið yrði til sérstakra aðgerða. Unnið hefur verið að því í mennta- menningarmálaráðuneytinu að skapa námsúrræði fyrir þessa nemendur. Niðurstaðan er sú að 48 m.kr. vanti upp á til að geta tryggt nemendunum viðunandi úrræði. Leitað hefur verið eftir samstarfi við nokkra framhaldsskóla og Námsflokka Reykjavíkur um að veita nemendum skólavist við hæfi.

368 Menntaskóli Borgarfjarðar.

1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar. Óskað er eftir 31,8 m.kr. framlagi vegna nemendafjölgunar í skólanum. Menntaskóli Borgarfjarðar hefur haft þá sérstöðu að hann er nýr og í vaxtaferli þ.e. það eru að bætast við árgangar án tilsvarandi fækkunar vegna nemenda sem ljúka námi. Við frágang fjárlaga 2009 og undirbúnings vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010 hefur láðst að taka tillit til þessa. Þannig er í forsendum ennþá gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda við skólann verði um 100 þegar rétt hefði átt að gera ráð fyrir að hann yrði um 150 árið 2009. Bráðabirgðatölur frá skólanum staðfesta að vaxtaferli skólans er í samræmi við fyrrgreint.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Óskað er eftir 315 m.kr. framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til að sjóðurinn fái allt að 660 m.kr. vegna námslána til sumarnámskeiða umfram það sem áætlað er fyrir í fjárlögum og heimila sjóðnum að auka lántölu um 650 m.kr. Eftirspurn eftir sumarnámi reyndist hins vegar minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og er því farið fram á 315 m.kr. fjárheimild vegna sumarlána sem svarar til 1.200 lánsþega. Samtals er áætlað að um 1.700 manns stundi sumarnám en í fjárlögum 2009 eru nú þegar fjárheimildir fyrir a.m.k. 500 lánsþegum vegna sumarnáms.

904 Þjóðmenningarhúsið.

1.01 Þjóðmenningarhúsið. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 103 m.kr. fjárheimild af *01-251-1.01 Þjóðmenningarhúsið* samanber umfjöllun um þann lið.

913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.

1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 33 m.kr. fjárheimild af *01-255-1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins* samanber umfjöllun um þann lið.

5.21 Viðhald. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 2,5 m.kr. fjárheimild af *01-255-5.21 Viðhald* samanber umfjöllun þar um.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.95 Menningarhús. Sótt er um 30 m.kr. fjárveitingu til að ljúka greiðslum á hlut ríkisins í uppbyggingu og endurbótum á Miðgarði í Skagafirði sem er eitt af þeim menningarhúsum sem ríkissjóður hefur tekið þátt í að byggja á landsbyggðinni.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið. Farið er fram á að fjárveiting til Ríkisútvarpsins ohf hækki um 630 m.kr. í ljósi þeirrar erfiðu rekstrarstöðu sem stofnunin er komin í. Er þá einnig litið til þess að áætlað er að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs af útvarpsgjaldi verði 3.575 m.kr. á árinu 2009 eða 630 m.kr. meiri en framlag til RÚV í fjárlögum 2009. RÚV hefur átt við mikinn rekstrarvanda að etja, að nokkrum hluta vegna fjármagnskostnaðar á lífeyrisskuldbindingar. Í byrjun árs 2009 var ljóst að eigið fé félagsins var uppurið. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að breyta 560 m.kr. af skuldum hlutafélagsins við ríkissjóð í hlutafé til að mæta því. Með þessum aðgerðum er áætlað að eigið fé í árslok 2009 muni verða jákvætt.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
02-101-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-6,6
02-201-101 Háskóli Íslands	-117,6
02-210-101 Háskólinn á Akureyri	-17,8
02-225-101 Háskólinn á Bifröst	-3,5
02-227-101 Háskólinn í Reykjavík	-21,7
02-228-101 Listaháskóli Íslands	-6,7
02-269-521 Viðhald	-5,0
02-299-190 Háskólastarfsemi	-38,3
02-316-105 Fasteignir skóla	-23,5
02-316-521 Viðhald	-10,0
02-318-601 Menntaskólinn í Reykjavík	-30,0
02-318-654 Fjölbrautaskóli Vesturlands	-10,0
02-318-660 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-40,0
02-318-663 Framhaldsskólinn á Laugum	-15,0
02-318-672 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	-26,4
02-318-695 Tæki og búnaður, óskipt	-19,5
02-319-111 Sameiginleg þjónusta	-29,9
02-319-115 Prófkostnaður	-10,0
02-319-117 Námsskrárgerð	-10,0
02-319-118 Námsefnisgerð	-49,9
02-319-128 Mat á skólastarfi	-5,0
02-319-141 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	-35,0
02-451-111 Símenntun og fjarkennsla	-5,0
02-451-112 Námskeið og ráðgjöf	-21,8
02-720-131 Sérstök fræðsluverkefni	-12,0
02-720-134 Sprotasjóður	-10,0
02-884-101 Jöfnun á námskostnaði	-50,0
02-902-521 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	-5,0
02-904-101 Þjóðmenningarhúsið	-1,5
02-913-101 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	-0,5
02-969-682 Geymsluhúsnæði safna	-21,0
02-969-696 Byggðasöfn	-2,8
02-971-110 Ríkisútvarpið	-60,0
02-999-198 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-15,0
Samtals	**-736,0**

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis lækki um 1.001,6 m.kr. Lögð er til 899,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna aukinna útgjaldaskuldbindinga en á móti falli niður 1.982 m.kr. fjárheimild vegna verkefna sem ekki eru horfur á að verði af á árinu þannig að útgjöld lækki um 1.082,9 m.kr., nettó, vegna þessara málefna. Því til viðbótar er lögð til 191 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 272,3 m.kr. fjárheimildir

fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 86,8 m.kr. hækkun fjárheimildar. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 53,4 m.kr. fjárheimild af *01-231-1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis* samanber umfjöllun um þann lið. Auk þess er óskað eftir 33,4 m.kr. vegna kostnaðar við vinnu erlendra ráðgjafa í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Um er að ræða aðkeypta ráðgjöf frá Hollandi og Bretlandi.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.

1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Óskað er eftir 50 m.kr. framlagi vegna þýðinga í kjölfar umsóknar um aðild að ESB. Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir að það þurfi að ráða 24 þýðendur og að umfang þýðinga sé um 30 til 50 þúsund blaðsíður.

300 Sendiráð Íslands.

6.21 Fasteignir. Lögð er til 1.982 m.kr. niðurfelling fjárheimildar þar sem áform um að selja fasteignir á vegum sendiráða erlendis hafa ekki gengið eftir eins og stefnt var að. Gert var ráð fyrir að selja sendiráðsbústaði í Washington, New York, Osló og London á þessu ári fyrir um 3 milljarða kr. og að aðrar fasteignir yrði keyptar fyrir tæpa 2 milljarða. Á móti er tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009 lækkuð sem nemur áformaðri eignasölu.

401 Alþjóðastofnanir.

1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 218,9 m.kr. fjárheimild af *01-231-1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* samanber umfjöllun um þann lið.

1.73 Þróunarsjóður EFTA. Óskað er eftir 860 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna greiðslu í þróunarsjóðinn. Með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti.

Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra aðildarríkja sem standa að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Löndin sem njóta góðs af þessum verkefnum eru þau sem gengið hafa í ESB frá 2004 auk Spánar, Portúgals og Grikklands. Í samningaviðræðum hefur Ísland ávallt lagt á það ríka áherslu að engin lagaleg skuldbinding standi til greiðslna af þessu tagi sem birtist í því að ávallt hefur verið samið til 5 ára í senn. Framlagið er í formi greiðslna vegna verkefna á vegum þróunarsjóðsins á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Töluverður tími hefur yfirleitt liðið frá því styrkhæf verkefni fara í umsóknarferli þar til þau eru afgreidd og greiðslur til sjóðsins vegna þeirra hefjast. Frá stofnun EES hefur Ísland greitt sem svarar til um það bil einni milljón evra á ári til þróunarsjóðsins. Gert er ráð fyrir að greiðslur ársins 2009 geti orðið um 950 m.kr. en 88,7 m.kr. fjárheimild er til staðar í fjárlögum 2009 þannig að fjárvöntunin er 860 m.kr. Er þá miðað við að meðalgengi evru verði 171 og að greiðslurnar verði um 5,5 milljónir evra á árinu en nokkur óvissa er um þá áætlun. Um er að ræða greiðslur sem falla til vegna verkefna sem tilheyra samningstímabilinu 2004 til 2009. Fjárheimild í fjárlögum hafði verið lækkuð mikið í ljósi þess að umtalsverðar afgangsheimildir höfðu safnast upp og verið fluttar milli ára. Nú þykir heppilegri framsetning að fjárlögin sýni betur útgjöldin eins og þau falla til á hverju ári fremur en að nýttar verði eldri fjárheimildir. Er því gert ráð fyrir að afgangsheimildirnar verði felldar niður í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2008. Gerð er tillaga um sambærilega hækkun fjárheimildarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til Útflutningsráðs lækki um 44,3 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
03-101-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-10,0
03-101-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,0
03-214-101 Varnarmálastofnun	-50,0
03-300-101 Sendiráð Íslands	-10,0
03-390-101 Almennur rekstur	-10,0
03-390-111 Þróunaraðstoð	-10,0
03-391-110 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-12,0
03-391-115 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	-8,0
03-391-130 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-40,0
03-391-190 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-40,0
Samtals	**-191,0**

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 1.621,4 m.kr. Sótt er um 1.727,4 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 106 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 8 m.kr. lækkun á framlagi til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Á síðari hluta ársins 2009 verður gætt ýtrasta aðhalds í hagsmunagæslu á erlendum vettvangi og einungis þeir fundir sóttir sem nauðsynlegir teljast vegna mikilla hagsmuna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna launamála lækki um 2 m.kr., kostnaður vegna hagsmunagæslu erlendis lækki um 3 m.kr. og almennt aðhald í rekstri leiði til 3 m.kr. lækkunar á útgjöldum aðalskrifstofu. Samtals nemur lækkunin því um 8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.01 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum. Lagt er til að 5 m.kr. framlag til liðarins falli niður, en tillagan er liður í áformum stjórnvalda um aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs árið 2009.

215 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Farið er fram á að fjárveiting liðarins lækki um 18 m.kr. Annars vegar er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag vegna kostnaðar við eftirlits með hvalveiðum. Eftirlitið snýr að því að fylgjast með veiðum á 100 hrefnum og 150 langreyðum yfir sumarmánuðina og fram á haustið þ.á.m. með eftirliti um borð í hvalveiðiskipum í samræmi við veiðikvóta sem gefnir voru út eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009. Hins vegar er lögð til 22 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Fiskistofa mun ná fram sparnaðinum á árinu m.a. með því að ráða ekki í störf sem losnað hafa en rekstraráætlun gerði ráð fyrir að þau yrðu endurmönnuð.

234 Matvælastofnun.

1.01 Matvælastofnun. Lögð er til 17 m.kr. lækkun á framlögum til stofnunarinnar. Tillagan er liður í áformum stjórnvalda um aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs árið 2009. Ráðningum í laus störf verður frestað þar til síðar í haust, gætt verður aðhalds í kaupum á sérfræðiþjónustu og er þá sérstaklega horft til tölvuþjónustu og þá verður ýtrasta aðhalds gætt á öðrum sviðum. Einungis verða sendir fulltrúar á fundi erlendis sem bráðnauðsynlegir teljast vegna mikilla hagsmuna á sviði matvælaframleiðslu.

401 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Hafrannsóknastofnunin. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 5 m.kr. Annars vegar er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag vegna ófyrirséðs kostnaðar í tengslum við loðnuleit og rannsóknir stofnunarinnar. Staðan varðandi loðnumælingar í byrjun ársins var sú að haustið 2007 tókst ekki að mæla eins árs loðnu og áætla veiðistofn á vertíðinni 2008/2009 þannig að ekki var hægt að leggja til upphafskvóta á vertíðinni. Ekki tókst heldur að ná mælingu af veiðistofninum svo unnt yrði að leggja til aflamark á vertíðinni þrátt fyrir verulegt úthald rannsóknaskipa. Mest höfðu mælst 385 þúsund tonn eða rétt undir því marki sem miðað er við. Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir 2009 var gert ráð fyrir 52. daga úthaldi rannsóknaskipa til loðnuleitar og -mælinga og ljóst var í febrúar að ekki væri unnt að halda úti nauðsynlegri vöktun á loðnumiðunum nema bæta við 17 dögum og fara fram á viðbótarframlag í fjáraukalögum þessa árs. Hins vegar er lögð til 25 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Hafrannsóknastofnunin mun draga úr úthaldi rannsóknaskipa á síðari hluta ársins um 15 daga frá rekstraráætlun með eftirfarandi hætti:

Loðnuleiðangur mun standa í 18 daga í stað 22, vorleiðangur var skorinn niður um 3 daga og stóð í 12 daga í stað 15 og rannsóknir á síld í Austurdjúpi og makrílleiðangur mun standa í 22 daga í stað 26 eins og fyrirhugað var. Þá er gert ráð fyrir að kvörðun tækjabúnaðar á rannsóknaskipunum sem áætlað var að tæki 10 daga verði gerð á 6 dögum.

811 Bændasamtök Íslands.

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt. Lögð er til 6,6 m.kr. lækkun fjárveitingar á endurmetnu verðlagi 2009 í samræmi við samning, dags. 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, þar sem nú er gert ráð fyrir að verðbólga milli ára verði lægri en reiknað var með í fjárveitingu fjárlaga 2009.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.

1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 93 m.kr. Í nóvember 2007 lagði þáverandi landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem lagt var til að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. yrði afnumið. Verðmiðlunargjald landbúnaðarvara hefur hingað til verið notað sem rekstrarstyrkir til afurðastöðva, til að jafna flutningskostnað framleiðenda og til að styrkja flutning hráefnis og mjólkurvara milli afurðastöðva og til fjarlægari staða þar sem ekki eru fyrir afurðastöðvar. Frumvarp um niðurfellingu verðmiðlunargjaldanna hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi og því þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af gjöldunum.

1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 312 m.kr. Í nóvember 2007 lagði þáverandi landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem lagt var til að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. yrði afnumið. Verðtilfærslugjald á mjólk hefur verið notað til að lækka verð tiltekinna afurða í heildsölu. Frumvarp um niðurfellingu verðtilfærslugjalda hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi og því þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af gjöldunum.

827 Fóðursjóður.

1.10 Fóðursjóður. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.285 m.kr. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að Fóðursjóður yrði lagður niður í áföngum á þremur árum. Fjárheimild liðarins var 615 m.kr. í fjárlögum 2007 en var lækkuð um 300 m.kr. árið 2008 og síðan aðrar 200 m.kr. í fjárlögum 2009. Fjárheimild Fóðursjóðs í fjárlögum 2009 er 115 m.kr. Í ljósi þess að ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar lagabreytingar á lögum um framleiðslu, sölu og verðlagningu búvara um niðurfellingu sjóðsins þarf að

hækka fjárheimild liðarins um 1.285 m.kr. á þessu ári en gert er ráð fyrir að tekjur Fóðursjóðs af innflutningsgjöldum af fóðri verði 1.400 m.kr. árið 2009.

853 Bjargráðasjóður.

1.10 Bjargráðasjóður. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til þessa nýja fjárlagaliðar ráðuneytisins. Með breyttum lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist á þennan fjárlagalið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Sambærilega tillögu um 10 m.kr. lækkun fjárheimildar er að finna undir lið *10-811-1.10* hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
04-190-132 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-5,0
04-190-133 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-5,0
04-411-101 Matvælarannsóknir	-7,0
04-811-111 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	-8,0
04-891-191 Loðdýrafóður	-4,0
Samtals	**-29,0**

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði aukin um 3.918,8 m.kr. Sótt er um 3.644,4 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 564,9 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 839,3 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki

fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Lagt er til að framlag liðarins verði aukið um 200 m.kr. til að standa undir útgjöldum vegna framkvæmdar kosninga til Alþingis á árinu 2009 sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Með lagabreytingu nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að í lögum um kosningar til Alþingis komi ríkissjóður í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir höfðu áður borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Breytt fyrirkomulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnir annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h.

190 Ýmis verkefni.

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 36,7 m.kr. Annars vegar er óskað er eftir 30,2 m.kr. fjárveitingu vegna lokauppgjörs vegna kostnaðar við sérstakan saksóknara í svokölluðu Baugsmáli sem lauk í fyrra. Fé var veitt til verkefnisins í fjáraukalögum 2006 og 2007. Lokauppgjörið nemur rúmum 30 m.kr. og ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum. Um er að ræða launagjöld vegna sérstaks saksóknara og löglærðs aðstoðarmanns hans, auk aðkeyptrar lögfræðiþjónustu. Samanlagður kostnaður þessi þrjú ár nemur þá 108 m.kr. Hins vegar er gerð tillaga um 6,5 m.kr. framlag til sérstaks ríkissaksóknara í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. júní sem hefur eftirlit með embætti sérstaks saksóknara og sinnir þeim skyldum sem ríkissaksóknara er falið að sinna gagnvart embættinu skv. lögum um meðferð sakamála.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar. Óskað er eftir 18,7 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna aukinna verkefna Héraðsdómstóla. Í lögum nr. 50/2009 um greiðsluaðlögun fasteignaverðkrafna er dómstólum falið nýtt verkefni, þar sem skuldari leitar greiðsluaðlögunar með beiðni til héraðsdómstóls. Héraðsdómari úrskurðar um beiðnina og skipar umsjónarmann, með svipuðum hætti og gilt hefur um nauðasamninga. Dómstólarnir áætla að vegna þessa þurfi að ráða tímabundið 4 löglærða aðstoðarmenn dómara auk tveggja lagaritara. Gert er ráð fyrir að ráðning sé til áramóta.

231 Málskostnaður í opinberu málum.

1.10 Málskostnaður í opinberum málum. Lögð er til 20 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Gert er ráð fyrir að viðmiðunargjaldskrá dómstólaráðs vegna þóknunar til lögmanna og réttargæslumanna verði lækkuð um 10–12% og að öllu öðru óbreyttu skilar það um 20 m.kr. lækkun útgjalda það sem eftir er ársins.

232 Opinber réttaraðstoð.

1.10 Opinber réttaraðstoð. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 80 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 50 m.kr. fjárheimild vegna lögfestingar á lögum nr. 24/2009 um greiðsluaðlögun. Um er að ræða greiðslur til lögmanna sem mæta eiga kostnaði við samningagerð við lánadrottna vegna þeirra einstaklinga sem sækja um greiðsluaðlögun. Þóknun lögmanna verður ákveðin af dómara. Hún verður ekki hærri en 200 þús.kr. á hvert mál en heildarmálafjöldi er mjög óviss. Miðað við reynslu af fjölda nauðasamninga hefur verið áætlað að um 200 mál á ári gætu fallið undir ákvæðin um greiðsluaðlögun. Í öðru lagi er farið fram á 30 m.kr. fjárheimild vegna laga um tímabundna aðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði sem tóku gildi þann 15. maí sl. Samkvæmt þeim getur dómari skipað tilteknum einstaklingum umsjónarmann til að leita greiðsluaðlögunar. Mikil óvissa er þó um heildarkostnað úrræðisins en hámarksþóknun miðast við 200 þús.kr. á hvert mál og ef 150 mál koma til sögunar í upphafi þá geta heildagjöldin orðið um 30 m.kr. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. aukaframlag vegna samnings ráðuneytisins við Ráðgjafastofu heimilanna. Samningurinn byggir á heimild í lögum nr. 24/2009 um greiðsluaðlögun en hlutverk Ráðgjafastofunnar er að aðstoða einstaklinga við gagnaöflun og undirbúning umsóknar um greiðsluaðlögun. Í fjórða lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Gerðar hafa verið breytingar á lögum sem miða að því að takamarka gjafsókn í öllum tilvikum við efnahag, auk þess að setja hámark á stuðning í einstökum málaflokkum.

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008.

1.01 Sérstakur saksóknari. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 235,3 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 140. m.kr. hækkun heimildar í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 27. mars sl. um tillögur um fjárveitingar til embættis sérstaks saksóknara í tengslum við fall bankanna. Miðað er við að starfsmenn verði allt að 16 í föstum stöðugildum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir 5 starfsmönnum. Að auki hefur saksóknarinn gert samning við norsk/franska saksóknarann Evu Joly um að aðstoða embættið. Áætlað er að útgjöld vegna hennar og starfsfólks á hennar vegum geti orðið um 50 m.kr. á árinu. Samtals eru gjöldin áætluð 190 m.kr. en í fjárlögum var gert ráð fyrir 50 m.kr. til embættisins. Í öðru lagi er óskað eftir 80 m.kr. hækkun heimildar í sam-

ræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 17. júlí sl. um sérstakt rannsóknarverkefni Markmið þess er að draga saman heildarlýsingu á atburðarás sem var undanfari bankahrunsins í október sl. byggða á gögnum og upplýsingum frá Rannsóknarnefnd Alþingis, gögnum frá Fjármálaeftirlitinu, skattyfirvöldum o.fl. Auk þess er gert ráð fyrir að rekja gögn á bak við bókhaldsfærslur bankanna marga mánuði aftur í tímann, þannig að tryggt sé að hugsanlega stórfelld athæfi aðila tengdum bönkunum komi til rannsóknar hjá embættinu. Í þriðja lagi er óskað eftir 15,3 m.kr. hækkun á heimild í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 19. júní sl. en gert er ráð fyrir að ráðnir verði 3 saksóknarar til embættisins til viðbótar við sérstaka saksóknarann. Jafnframt verða gerðar skipulagsbreytingar innan embættisins í samræmi við ráðgjöf Evu Joly. Áætluð viðbótargjöld ársins vegna þess nema 15,3 m.kr. en tvöföld sú fjárhæð á heilu rekstrarári.

312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Í kjölfar þess að öll öryggisgæsla á flugvellinum í Keflavík færist frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum til Keflavíkurflugvallar ohf. og tollgæslan færist til Tollstjórans falla niður allar sértekjur embættisins, en á móti kemur að launagjöld og önnur rekstrargjöld vegna þessara verkefna lækka samsvarandi. Samhliða þessum breytingum er gerð leiðrétting á tegundaskiptingu hjá embættinu sem verða til þess að fjárheimildir viðfangsefnisins *1.01 Yfirstjórn* hækka um 14,2 m.kr., en viðfangsefnið *1.20 Löggæsla* lækkar að sama skapi um 14,2 m.kr. Framlag úr ríkissjóði er óbreytt eftir sem áður.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Óskað er eftir 14,5 m.kr. heimild vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Nú í sumar kom ný Dash–8 flugvél í stað Fokkervélar sem var orðin meira en 30 ára gömul. Gerð er tillaga sem nemur viðbótarrekstrarkostnaði í hálft ár. Forsendur miðast jafnframt við að vélinni sé flogið um 600 klst. á heilu ári en það er lágmarksúthald til þess að flugmenn haldi fullum réttindum sínum. Í rekstrarkostnaði munar mest um auknar tryggingar og eldsneyti sem hækkar verulega frá fyrri flugvél.

396 Landhelgissjóður Íslands.

6.41 Landhelgissjóður Íslands. Óskað er eftir 3.115 m.kr. fjárveitingu til að ljúka kaupum á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Í samræmi við samning um smíði á nýrri eftirlitsflugvél var 70% kaupverðsins greitt í byrjun júlímánaðar að fjárhæð 22.562 þús. USD auk samningsbundinna varahlutabirgða og eftirlits. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða hún tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009.

601 Fasteignaskrá Íslands.

1.01 Fasteignaskrá Íslands. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 521,1 m.kr. fjárheimild af *09-402-1.01 Fasteignaskrá Íslands* hjá fjármálaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Lögð er til 20,2 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Kirkjumálasjóðs lækki um 20,2 m.kr. en með breytingu á lögum um lækkun sóknargjalda þá lækka jafnframt framlög til Kirkjumálasjóðs.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lögð er til 114,7 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Sóknargjalda til þjóðkirkjunnar lækki um 114,7 m.kr.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lögð er til 0,8 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Sóknargjalda annarra trúfélaga lækki um 0,8 m.kr.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Lögð er til 27 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Jöfnunarsjóðs sókna lækki um 27 m.kr. en með breytingu á lögum um lækkun sóknargjalda, þá lækka jafnframt framlög til Jöfnunarsjóðs sókna.

801 Neytendastofa.

1.01 Neytendastofa. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 225,4 m.kr. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 301,2 m.kr. fjárheimild af *12-421-101 Neytendastofa* hjá efnahags- og viðskiptaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið. Hins vegar er lögð til 75,8 m.kr. lækkun á fjárveitingu stofnunarinnar vegna flutnings rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 29/2009, um færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raflagna, flytjast þessi verkefni frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar að öðru leyti en því að hluti af markaðseftirliti með rafföngum verður áfram hjá Neytendastofu. Markaðir tekjustofnar vegna eftirlits með raforkuvirkjum og neysluveitum og helmingur af tekjum fyrir markaðseftirlit með rafföngum flytjast einnig til Brunamálastofnunar samhliða flutningi verkefnanna. Reiknað er með að á móti 75,8 m.kr. lækkun kostnaðar verði stofnunin af 105,1 m.kr. tekjum af þessum gjöldum. Greiðsluframlag ríkissjóðs hækkar á móti um 29,3 m.kr. til að brúa það bil.

805 Talsmaður neytenda.

1.01 Talsmaður neytenda. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 17 m.kr. fjárheimild af *12-425-101 Talsmaður neytenda* hjá efnahags- og viðskiptaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
06-101-101 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-6,5
06-106-101 Þjóðskrá	-5,4
06-201-101 Hæstiréttur	-1,9
06-210-101 Héraðsdómstólar	-17,2
06-235-110 Bætur brotaþola	-14,0
06-251-101 Persónuvernd	-1,2
06-303-101 Ríkislögreglustjóri	-23,6
06-305-101 Lögregluskóli ríkisins	-4,2
06-310-101 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-57,1
06-341-125 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-20,0
06-390-110 Ýmis löggæslukostnaður	-1,7
06-395-190 Landhelgisgæsla Íslands	-48,7
06-411-101 Sýslumaðurinn í Reykjavík	-5,9
06-412-120 Löggæsla	-3,4
06-413-101 Yfirstjórn	-3,0
06-414-120 Löggæsla	-3,3
06-415-101 Sýslumaðurinn í Búðardal	-0,5
06-416-101 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-0,7
06-417-101 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	-0,5
06-418-120 Löggæsla	-5,9
06-419-101 Sýslumaðurinn á Hólmavík	-0,5
06-420-120 Löggæsla	-3,5
06-421-120 Löggæsla	-2,7
06-422-101 Sýslumaðurinn á Siglufirði	-1,0
06-424-120 Löggæsla	-9,0
06-425-120 Löggæsla	-3,3
06-426-101 Yfirstjórn	-3,3
06-428-120 Löggæsla	-4,6
06-429-101 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-0,7
06-430-101 Yfirstjórn	-0,8
06-431-120 Löggæsla	-3,2
06-432-120 Löggæsla	-3,0
06-433-120 Löggæsla	-6,4
06-434-101 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	-2,8
06-436-101 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	-3,6
06-437-101 Sýslumaðurinn í Kópavogi	-3,3
06-491-501 Viðhald húseigna	-8,0
06-501-101 Fangelsismálastofnun ríkisins	-20,5
06-601-101 Fasteignaskrá Íslands	-4,5
06-701-101 Biskup Íslands	-26,2
06-733-111 Kirkjugarðar	-20,0
06-801-101 Neytendastofa	-6,3
06-805-101 Talsmaður neytenda	-0,3
Samtals	**-362,2**

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.514,7 m.kr. Sótt er um 4.579,7 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 2.065 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Lögð er til 55 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Verkefnum sem fyrirhuguð voru og tengjast aðgerðaráætlunum verður frestað.

205 Leiguíbúðir.

6.21 Leiguíbúðir. Óskað er eftir 375 m.kr. greiðsluheimild til að greiðan niður vexti lána sem veitt hafa verið til bygginga leiguíbúða. Frá árinu 1999 hefur Íbúðalánasjóður veitt verðtryggð lán til nýrra leiguíbúða gegn framlagi úr ríkissjóði til greiðslu á vaxtamunar almennra útlánsvaxta sjóðsins og 3,5% útlánsvaxta. Lán þessi hafa verið veitt í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra frá júlí 2001 og september 2005. Vegna verðbóta, þ.e. reiknaðs vaxtamunar á verðbætur, var skuld ríkissjóðs við Íbúðalánasjóð í árslok 2008 tæpar 208 m.kr. Á árinu er áætlað að greiðslur ríkisins vegna niðurgreiðslu vaxtamunar hækki um tæpar 167 m.kr. á árinu 2009. Til að greiða upp fyrri skuld sem hefur myndast og auknar greiðslur á árinu 2009, er óskað eftir 375 m.kr. greiðsluheimild. Almennt má segja að skuldin hafi myndast af tveimur megin ástæðum. Annars vegar hefur vaxtamunurinn verið nokkuð meiri en áætlað hefur verið í forsendum fjárlaga og hins vegar hefur framlag ríkissjóðs ekki verið verðbætt. Samhliða ört hækkandi verðbólgu hafa verðbætur á vexti aukist verulega.

505 Öldrunarstofnanir, almennt.

6.27 Jaðar, Ólafsvík. Lagt er til að millifærðar verði 85 m.kr. á viðfangsefnið til að fjármagna kostnað ríkissjóðs við byggingu heimilisins. Fjárhæðin verður millifærð af viðfangsefni *07-505-6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi.*

6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi. Lagt er til að fjárheimild lækki um 320 m.kr.

Annars vegar eru millifærðar verði 235 m.kr. af þessu viðfangsefni á *07-505-6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík*. Tillagan byggir á áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins um kostnað á árinu 2009. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 85 m.kr. af viðfangsefninu til að fjármagna kostnað ríkissjóðs við byggingu hjúkrunarheimilisins Jaðars, Snæfellsbæ, þ.e. að fjárveitingin verði færð á *07-505-6.27 Jaðar, Ólafsvík*.

6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík. Farið er fram á að fjárheimild hækki um 252,6 m.kr. Annars vegar er óskað eftir að millifærðar verði á viðfangsefnið 235 m.kr. af *07-505-6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi*. Hins vegar er óskað eftir að millifærðar verði á viðfangsefnið 17,6 m.kr. af *07-505-6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt.*

6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt. Lagt er til að millifærðar verði 17,6 m.kr.af viðfangsefninu til að fjármagna kostnað ríkissjóðs á *07-505-6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík*.

515 Framkvæmdasjóður aldraða.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækki um 28 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi til sjóðsins og með hliðsjón af niðurtöðu af skattálagningu ársins 2009. Heildargreiðslur í sjóðinn árið 2009 námu 1.340,1 m.kr en í fjárlögum nam fjárhæðin 1.368,1 m.kr.

700 Málefni fatlaðra.

1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. Lagt er til að fjárheimild lækki um 18 m.kr., en fjárveiting viðfangsefnisins hefur verið nýtt til að endurgreiða svæðisskrifstofum kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna.

1.90 Ýmis verkefni. Óskað er eftir því að 25 m.kr. verði millifærðar frá Landspítalanum, yfir á *07-700-1.90 Málefni fatlaðra, ýmis verkefni*. Tillagan er samhljóða millifærslu frá heilbrigðisráðuneyti og byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til framkvæmda á mismunandi tímum á árinu. Heils árs kostnaður vegna þjónustu við viðkomandi einstaklinga er 24,9 m.kr. á verðlagi ársins 2009. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2010.

Viðhaldskostnaður fasteigna svæðisskrifstofa er sinna málefnum fatlaðar, er færður frá Framkvæmasjóði fatlaðra yfir á fjárlagaliði 701-708 um Málefni fatlaðra. Til að mæta þessum auknu útgjöldum eru tekjur af innheimtri húsaleigu einnig fluttar til svæðisskrifstofanna. Í eftirfarandi töflu eru tilgreindar fjárhæðir sem færðar eru til skrifstofanna, en þar sem samsvarandi húsaleigutekjur koma á móti breytast fjárheimildir þeirra ekki.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	24,2
07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	13,4
07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	2,7
07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	0,9
07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	1,7
07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	2,1
Samtals	**45,0**

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.11 Mæðra- og feðralaun. Lagt er til að fjárheimildin lækki 30 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.15 Umönnunargreiðslur. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 127 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks. Viðbótarfjárþörfin skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar voru umönnunargreiðslur hækkaðar um 6% þann 1. janúar 2008 á meðan aðrar bætur skv. lögum um félagslega aðstoð hækkuðu um 3,5% en ekki var gert ráð fyrir þessu í forsendum fjárlaga. Hins vegar skýrist viðbótarfjárþörfin af um 14,5% fjölgun barna í umönnunarflokkum 1–3 milli áranna 2007 og 2008. Ekki var reiknað með slíkri fjölgun í forsendum fjárlaga 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu viðbótarfjárþörf.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Farið er fram á að fjárveiting hækki um 289 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 330 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tryggingastofnun er heimilt, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í tólf mánuði, eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í átján mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir viðurkennda greiningu eða meðferð á eða utan sjúkrastofnunar. Allt þetta ár hafa útgjöld til þessa bótaflokks aukist frá því sem áætlað var og byggist tillagan á endurskoðaðri spá um útgjöld árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu hækkun liðarins. Hins vegar er lögð til 41 m.kr. lækkun fjárveitingar. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris lækki um 41 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 10 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri viðbótarfjárþörf.

1.41 Heimilisuppbót. Lagt er til að fjárveiting lækki um 637,6 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 15,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri undir fjármálaráðuneytinu lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimildin lækki 580 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Miklar breytingar hafa verið gerðar á bótum Tryggingastofnunar á undanförnum árum. Talsverð óvissa hefur verið í mati á kostnaði á einstökum þáttum þessara breytinga. Því til viðbótar hefur komið í ljós að fjármagnstekjur hafa verið vantaldar og leiðir það til lækkunar í uppgjöri til bótaþega. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu lækkun fjárheimildar. Í þriðja lagi er óskað eftir 42,5 m.kr. hækkun heimildar vegna 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. á ári eða 350 m.kr. fyrir hálft ár sem svarar til 390 m.kr. hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Fjárheimild viðfangsefnisins Sérstök uppbót lækka á móti vegna hækkunar á tekjutryggingunni og heimilisuppbótinni. Í fjórða lagi er lagt til að fjárheimildin lækki um 115,5 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna heimilisuppbótar lækki um 115,5 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.51 Frekari uppbætur. Lagt er til að fjárveiting lækki um 315 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 300 m.kr. í samræmi við áætluð útgjöld ársins 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er lögð til sama lækkun liðarins. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 15 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna uppbóta lækki um 15 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega. Farið er fram á að fjárveiting hækki um 1.379,7 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 195,7 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri undir fjármálaráðuneytinu lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er óskað eftir 82,5 m.kr. lækkun vegna upptöku 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. ári eða 350 m.kr. fyrir hálft ár sem samsvarar til 390 m.kr. á hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimildin lækki um 971,5 m.kr. í samræmi við áætluð útgjöld ársins 2009. Útgjöld til þessa bótaflokks voru áætluð nokkuð meiri en raunin hefur orðið á. Annars vegar var gert ráð fyrir 1.242 m.kr. fjárheimild í sérstaka uppbót ellilífeyrisþega og hins vegar 996 m.kr. fyrir örorkulífeyrisþega. Fyrstu sex mánuði ársins voru útgjöld

vegna ellilífeyrisþega 300 m.kr. og örorkulífeyrisþega 270 m.kr. Tillagan gerir því ráð fyrir að til þessa bótaflokks verði varið 1.184 m.kr. Lagt er til að liðurinn lækki um sömu fjárhæð í frumvarpi 2010. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði á viðfangið 1.242 m.kr. fjárheimild af *07-827-1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega* sbr. skýringar hér að ofan. Í fimmta lagi er lagt til að millifærðar verði á viðfangið 996 m.kr. fjárheimild af *07-827-1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega* sbr. skýringar hér að ofan.
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa. Óskað er eftir því að 120 m.kr. verða millifærðar af viðfangsefni *08-206-121 Hjálpartæki* undir heilbrigðisráðuneytinu. Með millifærslunni er allur kostnaður sem tengist bifreiðastyrkjum færður undir félags- og tryggingaráðuneyti sem er í samræmi við gildandi lög og verkskiptingu á milli ráðuneyta.

827 Lífeyristryggingar.
1.11 Ellilífeyrir. Lagt er til að fjárheimild lækki um 806 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna ellilífeyris lækki um 806 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.
1.15 Örorkulífeyrir. Farið er fram á að fjárheimild hækki um 192 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 328 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokk. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er farið fram á að liðurinn hækki um sömu fjárhæð. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 136 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna örorkulífeyris lækki um 96 m.kr. og aldurstengd örorkuuppbót um 40 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimild lækki um 3.207 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 144 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri af lið fjármálaráðuneytis lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er óskað eftir 390 m.kr. hækkun heimildar vegna 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. ári eða 350 m.kr. fyrir hálft ár sem samsvarar til 390 m.kr. á hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Sérstök uppbót lækkar á móti vegna hækkunar á tekjutryggingunni og heimilisuppbótinni. Í þriðja lagi er lögð til 2.836 m.kr.lækkun fjárheimildar frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Fjölgun ellilífeyrisþega er minni en reiknað var með. Því til viðbótar hefur komið í ljós að fjármagnstekjur hafa verið vantaldar og leiðir það til lækkunar í uppgjöri til bótaþega. Í fjórða lagi er lagt til

að fjárheimild lækki um 905 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 905 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Farið er fram á að fjárheimild hækki um 87 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 326 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 239 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr.frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar örorkulífeyrisþega lækki um 239 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega. Lagt er til að 1.242 m.kr. fjárheimild þessa viðfangsefnis færist á nýtt viðfangsefni *825-1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega* enda eiga greiðslur samkvæmt þessum bótalið stoð í lögum um félagslega aðstoð.

1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega. Lagt er til að 996 m.kr. fjárheimild þessa viðfangsefnis færist á nýtt viðfangsefni *825-1.52 Sérstök uppbót örorkulífeyrisþega* enda eiga greiðslur samkvæmt þessum bótalið stoð í lögum um félagslega aðstoð.

1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 170 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 en tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.31 Örorkustyrkur. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins hækki um 15 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu viðbótarfjárþörf.

1.35 Barnalífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 100 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri viðbótarfjárþörf.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Farið er fram á að útgjaldaheimild vegna starfsemi Vinnumálastofnunar verði aukin um 56,6 m.kr. en að sértekjur hækki jafn mikið þannig að framlag greitt úr ríkissjóði verði óbreytt. Álag á stofnunina hefur aukist umtalsvert frá október 2008. Samhliða mjög hratt vaxandi atvinnuleysi lagði stofnunin áherslu á að greiða jafnan út atvinnuleysisbætur á réttum tíma. Til þess hefur á hinn bóginn þurft að fjölga störfum hjá stofnuninni um þriðjung. Útgjöldin eru fjármögnuð með fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum Atvinnuleysistryggingarsjóðs af tryggingagjaldi með þeim hætti að sjóðurinn greiðir stofnuninni aukið framlag fyrir umsýsluna samkvæmt þjónustusamningi.

981 Vinnumál.

1.90 Ýmislegt. Lagt er til að liðurinn lækki um 13 m.kr. vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Felld eru niður framlög sem greidd hafa verið aðilum vinnumarkaðarins og lækkuð útgjöld vegna þátttöku í erlendu vinnumálasamstarfi.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lögð er til 25 m.kr. lækkun gjaldaheimildar þar sem horfur eru á að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð verði 125 m.kr. en í fjárlögum var reiknað með 150 m.kr. vaxtakostnaði.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Farið er fram á 7.680 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er lagt til að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 8.000 m.kr. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2009 verði að jafnaði 8,6%, sem svarar til þess að um 14.400 manns verði að jafnaði án atvinnu á árinu þar sem reiknað er með að um 166.000 einstaklinga verði á vinnumarkaði árið 2009. Í forsendum fjárlaga var reiknað með 5,7% atvinnuleysi á árinu. Reikna má með að hvert prósentustig atvinnuleysis kosti u.þ.b. 2.900 m.kr. Hins vegar er lagt til að áætluð útgjöld atvinnuleysisbóta verði lækkuð um 320 m.kr. Til að mæta auknu atvinnuleysi var framboð á sumarnámi aukið. Áætlað er að fjöldi námsmanna í sumarnámi hafi aukist um 1.200 manns. Reiknað er með að flestir af þeim hefðu þegið atvinnuleysisbætur ef sumarnám hefði ekki staðið til boða. Forsendur fyrir þessum sparnaði hjá atvinnuleysistryggingasjóði eru að námsmenn séu að meðaltali með um 75% bótarétt og hefðu fengið grunnatvinnuleysisbætur í 2,25 mánuði.

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir að framlag af þessu viðfangsefni hækki um 56,6 m.kr. til að mæta skuldbindingum sjóðsins gagnvart Vinnumálastofnun. Samhliða hratt vaxandi atvinnuleysi hefur álagið aukist mikið á Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga og hefur þurft að fjölga starfsfólki. Gert er ráð fyrir að nettó gjöld vegna umsýslu atvinnuleysisbóta verði 133,6 m.kr. á árinu en í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir að greiddar væru 77 m.kr. samkvæmt þjónustusamningi.

1.81 Vaxtatekjur. Gert er ráð fyrir 90 m.kr. lækkun sértekna á þessu viðfangsefni þar sem áætlað er að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði verði lægri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Framlag af mörkuðum ríkistekjum sjóðsins hækkar sem því nemur.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að liðurinn lækki um 70 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gerð sú breyting á ákvæðum laga um Fæðingarorlofssjóð að hámarksgreiðsla úr sjóðnum miðast við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að

fjárhæð 437.500 kr. Mánaðarleg útgreiðsla til foreldris verður að hámarki kr. 350.000 eftir þessa breytingu. Reiknað er með að á árinu 2009 lækki útgjöld Fæðingarorlofssjóðs um 70 m.kr. vegna þessarar breytingar.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Farið er fram á 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til starfseminnar. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 8. maí 2009 gera tillögur um að efla starfsemi stofunnar með fjölgun starfsmanna og opnun nýrrar starfsstöðvar.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
07-700-190 Ýmis verkefni	-35,0
07-755-101 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	-22,0
07-999-144 Athvarf fyrir heimilislausa	-6,0
07-999-198 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	-21,0
Samtals	**-84,0**

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis lækki um 516,1 m.kr. á árinu 2009. Sótt er um 677 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 1.193,1 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lagt er til að fjárheimild lækniskostnaðar sjúkratrygginga hækki um 146 m.kr. vegna efnisgjalda klíníska sérfræðinga. Samkvæmt samningi sem gerður var við sérfræðilækna árið 2004 eiga Sjúkratryggingar Íslands að endurgreiða kostnað við efni og einnota áhöld vegna sjúkratryggðra sjúklinga sem fá þjónustu hjá sérfræðilæknum sem starfa samkvæmt samningi við stofnunina. Í fjárlögum ársins 2009 var gert ráð fyrir 237 m.kr. fjárheimild vegna efniskaupa. Raunkostnaður við efniskaup var 299 m.kr. árið 2008. Einingarverð sem efniskaup taka mið af hefur hækkað um 24,5% frá árinu 2008 og miðað við 3% magnaukningu milli ára er áætlað að útgjöld vegna efniskaupa verði 383 m.kr. eða 146 m.kr. umfram fjárheimildir.

1.15 Lyf. Lögð er til 230 m.kr. lækkun á fjárveitingu ársins 2009. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í ríkisfjármálum, en lækkun kostnaðar á að ná fram með breytingum á lyfjakostnaði almannatrygginga. Aðgerðirnar felast í endurskoðun almenns lyfjaverðs með annarsvegar fleiri áföngum í fjölgun viðmiðunarlanda (Finnland) og hinsvegar með því að greiðsluþátttaka vegna blóðþrýstingslyfja verður einskorðuð við ódýrasta lyf með sömu verkun. Lækkun kostnaðar vegna þess að greiðsluþátttaka miðast við ódýrasta lyf með sambærilega verkun er 100 m.kr. Lækkun kostnaðar vegna fjölgunar samanburðarlanda er 130 m.kr.

1.21 Hjálpartæki. Óskað er eftir því að 120 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefni *08-206-121 Hjálpartæki* á lið sjúkratrygginga undir heilbrigðisráðuneytinu á viðfangsefnið *07-825-1.55 Bifreiðakostnaður* á lið fyrir bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Með millifærslunni er allur kostnaður sem tengist bifreiðastyrkjum færður undir félags- og tryggingaráðuneyti sem er í samræmi við gildandi lög og verkskiptingu á milli ráðuneyta.

1.31 Þjálfun. Lagt er til að útgjöld til sjúkraþjálfunar lækki um 110 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að breyta reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í sjúkraþjálfun sem mun leiða til 110 m.kr. lækkunar útgjalda það sem eftir er ársins 2009.

208 Slysatryggingar.

1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar. Farið er fram á 58 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna bóta fyrir læknis- og sjúkrakostnað. Samkvæmt áætlun sem byggð er á raunkostnaði 2008 og stöðunni eftir fyrstu 6 mánuði ársins 2009 stefnir kostnaður ársins í 196 m.kr. og þar sem fjárveitingin er 138 m.kr. stefnir hallinn í 58 m.kr. Ástæða aukins kostnaðar er fyrst og fremst 9,6% hækkun almannatrygginga á árinu 2009 skv. lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og meiri ásókn í bætur fyrir læknis- og sjúkrakostnað.

1.15 Bætur til framfærslu. Farið er fram á 110 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna bóta til framfærslu. Samkvæmt áætlun sem byggð er á raunkostnaði 2008 og stöðunni eftir

fyrstu 6 mánuði ársins 2009 stefnir kostnaður ársins í 474 m.kr. og þar sem fjárveiting er 364 m.kr. stefnir hallinn í 110 m.kr. Ástæða aukins kostnaðar er fyrst og fremst 9,6% hækkun almannatrygginga á árinu 2009 skv. lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og meiri ásókn frá árinu 2008.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Óskað er eftir 9 m.kr. hækkun til leiðréttingar á lögbundnu framlagi ársins 2008 vegna tóbaksvarnagjaldi. Brúttósala tóbaks árið 2008 var 8.215 m.kr. og 0,9% lögbundið framlag af þeirri fjárhæð eru 74 m.kr. en í fjárlögum 2008 var framlagið 65 m.kr.

1.90 Forvarnasjóður. Óskað er eftir 9,3 m.kr. hækkun á fjárheimild. Áætlað er að tekjur Forvarnarsjóðs af áfengisgjaldi verði 9,3 m.kr. meiri en reiknað var með í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins hækki samsvarandi.

373 Landspítali.

1.01 Landspítali. Óskað er eftir að 25 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Landspítalanum yfir á fjárlagaliðinn *07-700 Málefni fatlaðra* hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til á mismunandi tímum á árinu. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2010.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir 141,4 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna kaup á nýju tölvusneiðmyndatæki, TS–tæki, á Landspítala í kjölfar bilana á eldri tækjum. Í febrúar 2009 voru kaupin boðin út og tilboð opnuð í apríl. Hagstæðasta tilboðið hljóðaði upp á 201,4 m.kr. og á að greiða 141,3 m.kr. á árinu 2009 og 60 m.kr. árið 2010. Landspítali átti tvö tölvusneiðmyndatæki sem tekin voru í notkun í Fossvogi 2003 og á Hringbraut 2004. Tækin gegna lykilhlutverki í bráðamyndgreiningarþjónustu spítalans, þ.e. í Fossvogi á slysadeild (einkum við fjöláverkasjúklinga) og á Hringbraut í tengslum við bráðamóttöku. Í febrúar 2009 biluðu bæði tæki spítalans á sama tíma og fór bráðþjónustan niður fyrir viðunandi öryggismörk og neyðarástand skapaðist. Erfiðlega gekk að fá varahluti í tækin, annað hafði verið bilað um hríð, en bæði tækin eru komin til ára sinna og tíðni rekstrartruflana og bilana vaxandi.

376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 400 m.kr. þar sem fallið hefur verið frá framkvæmdaáformum í fjárlögum 2009. Tillagan er sett fram til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á hækkun fjárheimildar um 4,5 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði vegna fjölda eininga umfram samning. Í þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytisins við félagið er miðað við að heildarfjöldi sérfræðieininga sé að hámarki 214.000 á ári. Heildareiningafjöldi á árinu 2008 var 229.220 sem er 15.220 einingar umfram hámark. Miðað við framreiknaðar vísitölur samnings er kostnaður vegna umfram eininga 4,5 m.kr. og er því farið fram á hækkun fjárheimildar um þá fjárhæð.

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum. Farið er fram á 358,9 m.kr. fjárveitingu á þessu viðfangsefni til að mæta kostnaði í tengslum við varnir gegn heimsfaraldri. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst yfir heimsfaraldri á inflúensu, svokallaðri svínainflúensu H1N1. Ríkisstjórnin samþykkti tillögur um að kaupa bóluefni gegn svínaflensuveirunni. Ákveðið hefur verið að kaupa 300 þúsund skammta af bóluefninu. Gert er ráð fyrir því að bólusetja þurfi hvern einstakling tvisvar til að ná góðri vörn. Viðbragðsáætlun sóttvarnarlæknis vegna svínainflúensunnar hljóðar upp á 531,3 m.kr. Áætlaður kostnaður við kaup á 300 þúsund skömmtum er um 380,1 m.kr. og er miðað við að 95,0 m.kr. af honum falli til á árinu 2010. Einnig er miðað við að keypt séu inflúensulyf fyrir 27,2 m.kr. Á árinu 2009 er því gert ráð fyrir að 436,3 m.kr. kostnaður falli til og þar af 312,3 m.kr. vegna kaupa á bóluefni og inflúensulyfjum. Eftir standa 124 m.kr., en fjárheimild á *08-399-1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum* er 47,4 m.kr. og því vantar 76,6 m.kr. vegna áætlunarinnar ef bóluefnið og inflúensulyfin er undanskilin. Gert er ráð fyrir að 36,6 m.kr. verði fjármagnaðar af *08-399-1.43* og 30 m.kr. af *08-500-1.10 Heilsugæslustöðvar almennt*. Tillagan sem hér er sett fram hljóðar því upp á 358,9 m.kr. Samtals er farið fram á 396,5 m.kr. í fjáraukalögum 2009 og fjárlögum 2010 til viðbúnaðar vegna svínainflúensunnar.

508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Lögð er til 15,1 m.kr. lækkun á fjárheimild vegna ofreiknaðra verðlagshækkana við 3. umræðu fjárlagafrumvarps 2009. Hér var um mistök að ræða því að fjárveitingin við 2. umræðu frumvarpsins var á endanlegu verðlagi ársins 2009.

700 Heilbrigðisstofnanir.

6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Lagt er til að fallið verði frá 35,1 m.kr. framlagi sem ætlað var til undirbúnings að fyrirhuguðum húsnæðisendurbótum á heilbrigðisstofnun Þingeyinga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum er lagt til að fallið verði frá 57,5 m.kr. framlagi sem ætlað var til endurbóta á heilbrigðisstofnun Suðurnesja, en umsjón fasteigna stofnunarinnar hefur verið færð frá ráðuneytinu til Fasteigna ríkissjóðs.

Um síðustu áramót stóð til að sameina St. Franciskusspítala, Heilsugæslustöðina Borgarnesi, Heilsugæslustöðina Ólafsvík, Heilsugæslustöðina Grundarfirði og Heilsugæslustöðina Búðardal undir einni stofnun þ.e. Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Jafnframt stóð til að sameina Heilsugæslustöðina Ólafsfirði, Heilsugæslustöðin Dalvík og Heilbrigðisstofnunina Siglufirði undir einni stofnun, þ.e. Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð. Að lokum stóð til að sameina Heilbrigðisstofnunina Blönduósi og Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki undir einni stofnun, þ.e. Heilbrigðisstofnunina Blönduósi og Sauðárkróki. Sameiningin þessara stofnana gekk ekki eftir á árinu og eru fjárheimildir þeirra því millifærðar á til baka á upprunalegu fjárlagaliðina. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar millifærslur.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
08-522-101 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	146,1
08-524-101 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	100,4
08-525-101 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	63,4
08-526-101 Heilsugæslustöðin Búðardal	95,1
08-551-101 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	74,6
08-552-101 Heilsugæslustöðin Dalvík	100,4
08-715-101 St. Franciskusspítala, Heilsugæslusvið	93,6
08-715-111 St. Franciskusspítala, Sjúkrasvið	243,8
08-715-121 St. Franciskusspítala, Hjúkrunarrými	61,8
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið	-146,1
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið	-93,6
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið	-100,4
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið	-63,4
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið	-95,1
08-716-111 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Sjúkrasvið	-243,8
08-716-121 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hjúkrunarrými	-61,8
08-745-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslusvið	112,4
08-745-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Sjúkrasvið	93,3
08-745-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Hjúkrunarrými	223,6
08-746-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Heilsugæslusvið	-178,0
08-746-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Heilsugæslusvið	-112,4
08-746-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Sjúkrasvið	-339,6
08-746-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Sjúkrasvið	-93,3
08-746-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Hjúkrunarrými	-372,7
08-746-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Hjúkrunarrými	-223,6
08-751-101 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilsugæslusvið	178,0
08-751-111 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Sjúkrasvið	339,6
08-751-121 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Hjúkrunarrými	372,7
08-755-101 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Heilsugæslusvið	86,7
08-755-111 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Sjúkrasvið	118,9
08-755-121 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Hjúkrunarrými	192,7
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið	-86,7
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið	-74,6
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið	-100,4
08-756-111 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Sjúkrasvið	-118,9
08-756-121 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Hjúkrunarrými	-192,7
Samtals	**0,0**

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
08-206-111 Lækniskostnaður	-100,0
08-301-101 Landlæknir	-10,0
08-305-190 Forvarnasjóður	-10,0
08-358-101 Sjúkrahúsið á Akureyri	-1,6
08-373-101 Landspítali	-15,6
08-373-101 Landspítali	-16,0
08-401-113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-53,4
08-460-111 Dvalarrými aldraðra, önnur	-46,6
08-524-101 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-1,6
08-525-101 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-1,6
08-711-111 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, Sjúkrasvið	-6,0
08-715-101 St. Franciskusspítala, Heilsugæslusvið	-1,1
08-715-111 St. Franciskusspítala, Sjúkrasvið	-0,5
08-721-101 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Heilsugæslusvið	-1,6
08-726-101 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilsugæslusvið	-3,2
08-726-111 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Sjúkrasvið	-1,6
08-726-121 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Hjúkrunarrými	-1,6
08-735-101 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Heilsugæslusvið	-1,1
08-735-111 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Sjúkrasvið	-0,3
08-735-121 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Hjúkrunarrými	-0,2
08-741-101 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Heilsugæslusvið	-1,6
08-741-111 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Sjúkrasvið	-0,8
08-741-121 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Hjúkrunarrými	-0,8
08-745-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslusvið	-1,6
08-755-101 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Heilsugæslusvið	-1,6
08-755-111 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Sjúkrasvið	-1,6
08-761-101 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslusvið	-4,2
08-761-111 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Sjúkrasvið	-0,5
08-777-101 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilsugæslusvið	-12,4
08-777-111 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Sjúkrasvið	-2,7
08-777-121 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Hjúkrunarrými	-2,1
08-781-111 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, Sjúkrasvið	-3,1
08-787-101 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsugæslusvið	-20,7
08-787-111 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sjúkrasvið	-6,0
08-787-111 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sjúkrasvið	-2,7
08-791-101 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilsugæslusvið	-7,0
08-791-111 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sjúkrasvið	-5,3
08-791-111 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sjúkrasvið	-6,0
08-791-121 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Hjúkrunarrými	-0,2
08-795-111 St. Jósefsspítali, Sólvangur	-6,0
Samtals	**-360,5**

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 5.872,5 m.kr. Sótt er um 6.596,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 202,5 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 521,1 m.kr. fjárheimildir fluttar frá ráðuneytinu vegna verkefna sem flytjast frá því við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði fjárveiting að upphæð 61,6 m.kr. til þess að fjármagna kaup á aðkeyptri þjónustu í tengslum við efnahagsástandið. Nokkur ráðuneytana hafa keypt og ráðið til sín innlenda og erlenda sérfræðinga undanfarna mánuði til aðstoðar við ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Um er að ræða kaup á þjónustu sem ekki var séð fyrir að fullu við gerð fjárlaga fyrir árið 2009. Hjá fjármálaráðuneytinu er það einkum á fjórum sviðum sem leitað hefur verið til aðkeyptra sérfræðinga. Í fyrsta lagi 8,8 m.kr. vegna samningaviðræðna við þau ríki sem gáfu vilyrði um lánalínur til Íslands. Í öðru lagi 26,6 m.kr. vegna samningaviðræðna og sérfræðiaðstoðar vegna Icesave skuldbindinga. Í þriðja lagi 12,3 m.kr. vegna samninga milli nýju og gömlu bankanna um yfirfærslu eigna og uppgjörs þeirra á milli. Í fjórða lagi 13,9 m.kr. vegna ráðgjafar á sviði bankamála og eignaumsýslu.

103 Fjársýsla ríkisins.

1.43 Tekjubókhaldskerfi. Óskað er eftir 8,7 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna fjölgunar gjalddaga á útvarpsgjaldi. Með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., er lagt til að gjalddögum á útvarpsgjaldi fjölgi úr einum í þrjá á ári hjá einstaklingum. Gert er ráð fyrir að gjalddagarnir hjá einstaklingum verði 1. ágúst, 1. október og 1. desember en 1. nóvember hjá lögaðilum. Markmiðið með þessari breytingu er að skapa fjárhagslegt hagræði fyrir einstaklinga með því að dreifa greiðslum yfir árið. Þessi breyting felur í sér aukinn innheimtukostnað og kostnaðarsamari framkvæmd. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um fyrrgreinda upphæð með auknum fjölda útsendra innheimtuseðla.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Lögð er til 66,3 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög.

393 Endurhæfingarsjóður.

1.11 Endurhæfingarsjóður. Lagt er til að 125 m.kr. framlag til Endurhæfingarsjóðs verði fellt niður vegna ársins 2009. Í Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, SSF, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er yfirlýsing um Starfsendurhæfingarsjóð. Þar kemur fram að lögfest verði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu á árinu 2009. Samkomulag er um að áætlað 125 m.kr. framlag til sjóðsins vegna 2009 verði fellt niður en verði 150 m.kr. á árinu 2010. Á grundvelli sáttmálans mun framlag ríkisins í sjóðinn hækka í 250 m.kr. 2011 og 350 m.kr. 2012. Lögfesta skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefjist 1. júlí 2010. Lögfesta skal að frá og með 1. júlí 2013 greiði ríkið 0,13% af tryggingagjaldsstofni til sjóðsins og verður þá framlag ríkisins að fullu komið til greiðslu. Áætla má að heildarframlegið geti nunið um 1 milljarði kr. miðað við launaveltu á þessu ári til viðbótar við 130 m.kr. sem ríkið greiðir af launum sinna starfsmanna. Áformað er að komið verði á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta jafn óðum árangur og framhald verkefnisins.

402 Fasteignaskrá Íslands.

1.01 Fasteignaskrá Íslands. Lagt er til að 521,1 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *06-601-1.01 Fasteignaskrá Íslands* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.

1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins. Óskað er eftir 115,1 m.kr. fjárheimild á þessum lið. Samkvæmt samkomulagi í tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga var felld niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna var innleidd í áföngum og var upphaflega gert ráð fyrir að þau gætu skilað sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Endurmetnar áætlanir hafa leitt í ljós að greiðslurnar eru verulega hærri, eða um 860 m.kr. árið 2007 og um 1.500

m.kr. árið 2008 fyrir fasteignir í þessari starfsemi. Hefur þá verið gert ráð fyrir hækkun vegna sjálfseignarstofnana sem reka hjúkrunarheimili og skóla en voru ekki í upphaflega matinu sem samkomulagið byggðist á. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að fallið yrði frá áformaðri hækkun álagningarprósentu fasteignagjaldanna úr 0,88% í 1,32% þar sem þau skila sveitarfélögunum um 140% meiri tekjum en samkomulagið gerði ráð fyrir. Sú breyting á lögunum kom ekki til framkvæmda. Er því fjárheimild vegna hækkunar álagningarprósentunnar í upphafi þessa árs færð í einu lagi á þennan lið og var gert ráð fyrir að henni yrði skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta. Framlagið í fjárlögum 2009 var sett á föstu verðlagi m.v. áætlun. Við endanlega útfærslu fjárheimilda til einstakra stofnana kom í ljós að liðurinn er vanáætlaður um 115,1 m.kr.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum sínum, arði og söluhagnaði hækki um 1.983 m.kr. á rekstrargrunni og 1.896 m.kr. á greiðslugrunni. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánum frá því sem áætlað var í fjárlögum. Skatturinn rennur óskertur til ríkissjóðs í formi tekna þannig að þetta hefur ekki áhrif á rekstrarafkomu ársins.

811 Barnabætur.

1.11 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta hækki um 420 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Barnabætur taka mið af fjölda barna, tekjum framteljenda og tilteknum viðmiðunarfjárhæðum. Endanlegar tölur um tekjur framteljenda á árinu 2008 liggja nú fyrir og eru megin ástæðurnar fyrir þörf fyrir aukna fjárveitingu þær að tekjuþróun á árinu 2008 varð lægri en reiknað var með við gerð fjárlaga og að skuldir heimilanna jukust mjög mikið vegna mikillar verðbólgu á síðustu mánuðum ársins.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Gerð er tillaga um 2.330 m.kr. aukafjárveitingu vegna vaxtabóta. Skýrist þetta annarsvegar af því að Alþingi ákvað að breyta vaxtabótum með lögum nr. 45/2009 sem hafði í för með sér útgjaldaauka sem nemur um 2.000 m.kr. Lögunum var breytt sem hluti af ráðstöfunum stjórnvalda til að bæta stöðu skuldsettra heimila. Lögin gilda eingöngu fyrir ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008. Meginástæður fyrir 330 m.kr. aukinni fjárveitingu skýrist hinsvegar af því að tekjuþróun á árinu 2008 varð með nokkuð öðrum hætti en reiknað var með við gerð fjárlaga og skuldir heimilanna jukust mjög mikið vegna mikillar verðbólgu á síðustu mánuðum ársins.

831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega.

1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega. Lagt er til að 590 m. kr. fjárheimild vegna uppbóta á eftirlaun lífeyrisþega verði felld niður. Lög um uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega hafa verið felld úr gildi. Á móti hækka fjárheimildir undir félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Þessi breyting veldur því að viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega lækka við útreikning á lífeyristryggingum og því hækka útgjöld þar um samsvarandi upphæð.

971 Ríkisábyrgðir.

6.01 Ríkisábyrgðir. Á árinu 2009 má gera ráð fyrir að 2.384 m.kr. muni falla á ríkissjóð vegna ábyrgða föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands sem síðar var sameinaður Kaupþing banka og svo Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs Landbúnaðarins á sínum tíma. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum. Það merkir að kröfuhafar verða fyrst að ganga að skuldara og sanna hans greiðslufall t.d. með gjaldþroti skuldara áður en hægt er að ganga að ríkissjóði. Frá því að bankarnir þrír féllu í október 2008 hefur ríkissjóður án skyldu greitt af þessum lánum eftir því sem þau féllu á gjalddaga. Í öllum tilvikum er um að ræða skuldir í íslenskum krónum við innlenda aðila utan eitt lán hjá Landsbanka Íslands sem er frá árinu 1996 að fjárhæð 30 milljónir bandaríkjadala. Það lán greiðist í einu lagi árið 2011. Ríkissjóður getur yfirtekið greiðsluskyldu samkvæmt upphaflegum afborgunarskilmálum og þarf því ekki, frekar en hann vill, að greiða upp lánin þegar hann innleysir ríkisábyrgðina.

977 Bankasýsla ríkisins.

1.01 Bankasýsla ríkisins. Óskað er eftir 36 m.kr. fjárheimild til reksturs á nýrri stofnu,n Bankasýslu ríkisins. Stofnuninni var komið á fót með lögum til að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Gert er ráð fyrir að helstu verkefni stofnunarinnar verði að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, setja með samningum fjármálastofnunum í eigu ríkisins viðmið í rekstri svo sem um arðsemi af eigin fé og almennar áherslur varðandi endurskipulagningu fjármálakerfisins. Stofnunin mun jafnframt hafa eftirlit með því að settum markmiðum verði náð innan fjármálafyrirtækjanna. Gert er ráð fyrir því að stofnunin starfi tímabundið og ekki lengur en í fimm ár. Þegar endurreisn fjármálakerfisins er lokið er gert ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður og að umsýsla eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum verði með hefðbundnum hætti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrír stjórnarmenn fari fyrir stofnuninni, hún hafi forstjóra og gert er ráð fyrir að þrír til fimm starfmenn verða þar til viðbótar.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti. Lagt er til að fjárheimild lækki um 30 m.kr. Á fjárlögum ársins 2009 er 333 m.kr. fjárveiting til þess að annast viðhald á húsnæði ríkisins á þeim svæðum sem urðu fyrir aflasamdrætti á árunum 2008 og 2009.

985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Lagt er til að dregið verði úr framlagi til fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 86 m.kr. Á fjárlögum 2009 er gert ráð fyrir 1.006 m.kr. framlagi til þess að koma eignum á svæðinu í söluhæft ástand, annast rekstur, viðhald og framkvæmdir á fasteignum og hreinsun svæðisins. Gert er ráð fyrir því að hægt verði á áformum um hreinsun svæðisins í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir.

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að fjárveitingar vegna sérstakra ákvarðana ríkisstjórnarinnar lækki um 20 m.kr. á þessu ári. Fjárveitingin nemur 200 m.kr. á fjárlögum.

999 Ýmislegt.

1.67 Þjóðlendumál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild lækki um 20 m.kr. þar sem lagt er til að slegið verði á frest frekari kröfugerðum til þjóðlendna á þessu ári og tveimur næstu árum. Hætt verði aðkeyptri þjónustu lögfræðinga og upplýsingaöflun frá Þjóðskjalasafni haldið í lágmarki.

1.68 Endurskoðendaráð. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárheimild til þess að kosta rekstur Endurskoðendaráðs. Samkvæmt nýlegum lögum á ráðið að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur. Samkvæmt lögunum skal sérhver endurskoðandi greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Á móti útgjaldaheimildinni koma því jafnháar tekjur af eftirlitsgjaldinu.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á 25 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er sótt um 29 m.kr. framlag vegna bókunar 6 í kjarasamningum ríkisins við aðildarfélög BHM, BSRB og KÍ. Í bókunin segir að aðilar séu sammála um að framlengja samkomulag frá 15. feb. 2007 um eflingu mannauðsmála hjá ríkinu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 22. júní 2006, sem gefin var í tengslum við niðurstöðu forsendunefndar ASÍ og SA, er til viðbótar við almennar ráðstafanir gert ráð fyrir sérstakri hækkun á framlagi til þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undirritað var samkomulag við stéttarfélög innan vébanda

BSRB, KÍ og BHM um hliðstæðan styrk til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu sem skipt verður á milli bandalaganna og verkefna. Við frágang fjárlaga fyrir árið 2009 láðist að gera ráð fyrir þessari bókun. Gert er ráð fyrir 11 m.kr. framlagi til BHM, 15 m.kr. til BSRB og 3 m.kr. til KÍ, samtals 29 m.kr. Hins vegar er gerð tillaga um að 4 m.kr. fjárveiting sem eftir stendur af sérstakri heimild fjármálaráðherra til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
09-101-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-5,9
09-103-101 Almennur rekstur	-12,2
09-201-101 Almennur rekstur	-10,5
09-202-101 Skattstofan í Reykjavík	-3,8
09-203-101 Skattstofa Vesturlands	-0,8
09-204-101 Skattstofa Vestfjarða	-0,4
09-205-101 Skattstofa Norðurlands vestra	-0,4
09-206-101 Skattstofa Norðurlands eystra	-1,2
09-207-101 Skattstofa Austurlands	-0,5
09-209-101 Skattstofa Vestmannaeyja	-0,3
09-211-101 Skattstofa Reykjaness	-2,5
09-214-101 Yfirskattanefnd	-1,0
09-215-101 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,5
09-901-101 Framkvæmdasýsla ríkisins	-1,2
09-980-101 Rekstur húsnæðis	-0,3
Samtals	**-42,5**

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis lækki um 3.122,7 m.kr. Sótt er um 610,2 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 3.732,9 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki

fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

190 Ýmis verkefni.

6.43 Græni trefillinn – stígagerð. Lögð er til 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu til liðarins. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í mars á þessu ári er gert ráð fyrir að lagðar verði 200 m.kr. til verkefnisins, Græni trefillinn – stígagerð ofl. í sveitarfélögum. Verkefnið er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og sveitarfélaga um allt land. Vísað er til þess að á gildandi fjárlögum eru þegar markaðar 200 m.kr. til stígagerðar í Reykjavík en að það þurfi að breyta ráðstöfunarheimildum með fjáraukalögum. Hér er því lagt til að Alþingi samþykki að millifærðar verði 200 m.kr. af framkvæmdalið Vegagerðarinnar *10-212-6.10* á þennan lið og að ráðuneytinu verði falið að gera þjónustusamning við Skógræktarfélag Íslands um verkefnið.

212 Samgönguverkefni.

6.10 Framkvæmdir. Farið er fram á 3.700 m.kr. lækkun fjárheimildar. Annars vegar er lögð til 3.500 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Hins vegar er farið fram á að millifærðar verði 200 m.kr. af liðnum á *10-190-6.43 Græni trefillinn – stígagerð* samanber umfjöllun hér að ofan.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Lögð er til 100 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin.

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin. Farið er fram á að útgjaldaheimildir stofnunarinnar verði hækkaðar um 31,2 m.kr. á grundvelli endurmetinnar tekjuáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Rekstur stofnunarinnar er alfarið fjármagnaður af mörkuðum ríkistekjum.

521 Fjarskiptasjóður.

6.41 Fjarskiptasjóður. Lögð er til 54 m.kr. lækkun fjárveitingar á þessum lið. Áætlað er að Fjarskiptasjóður muni hafa 54 m.kr. vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti af inneign sinni hjá ríkissjóði. Beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækkar sem því nemur.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Farið er fram á 643 m.kr. hækkun fjárheimildar. Þann 7. apríl 2008 var undirritað samkomulag milli fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um grunnbætur húsaleigubóta. Í samkomulaginu var einnig kveðið á um þátttöku ríkisins í fyrsta sinn í greiðslu sérstakra húsaleigubóta til viðbótar við grunnfjárhæðir húsaleigubóta. Í framhaldi af samkomulaginu var í fjárlagafrumvarpi 2009 veitt sérstakt 432 m.kr. viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 324 m.kr. í fjáraukalögum 2008. Bótagreiðslurnar hafa vaxið mjög hratt og verulega umfram það sem ráð var fyrir gert og stefnir í að viðbótarkostnaður við samkomulagið verði tvöfalt meiri en reiknað var með. Nú er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs vegna greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2009 þurfi að vera 496 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í samkomulaginu og verði samtals 928 m.kr. Í annan stað er lögð er til 147 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins þar sem viðbótarkostnaður við samkomulagið árið 2008 er metinn hærri en áður var reiknað með.

811 Bjargráðasjóður.

1.10 Bjargráðasjóður. Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild liðarins falli niður. Með breyttum lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist á lið *04-853-110* hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
10-101-101 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-8,0
10-190-111 Fastanefndir	-0,2
10-211-101 Almennur rekstur	-46,6
10-212-121 Rannsóknir	-3,0
10-251-101 Umferðarstofa	-4,6
10-281-101 Rannsóknanefnd umferðarslysa	-0,7
10-335-101 Almennur rekstur	-10,6
10-335-111 Vaktstöð siglinga	-6,6
10-336-101 Almennur rekstur	-0,3
10-381-101 Rannsóknanefnd sjóslysa	-0,8
10-471-101 Flugmálastjórn Íslands	-9,4
10-475-111 Keflavíkurflugvöllur	-31,9
10-481-101 Rannsóknanefnd flugslysa	-0,9
10-512-101 Póst- og fjarskiptastofnunin	-5,1
10-513-110 Jöfnunarsjóður alþjónustu	-4,2
Samtals	**-132,9**

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 71,6 m.kr. Sótt er um 171,6 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 100 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

245 Samtök iðnaðarins.

1.10 Samtök iðnaðarins. Lögð er til 120 m.kr. hækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af iðnaðarmálagjaldi. Tekjurnar renna til Samtaka iðnaðarins ef frá er talin 0,5% þóknun sem rennur í ríkissjóð vegna kostnaðar við innheimtu gjaldsins. Afkoma ríkissjóðs verður því óbreytt eftir sem áður.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lagt er til að veitt verði 32 m.kr. framlag til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Með lögum nr. 39/2009 var hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hækkað úr 14% í 20%. Auk þess er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að þeir sem fengið hafa vilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku laganna eigi þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað enda sé framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki hafin. Markmið þessara breytinga er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni. Sú styrking á samkeppnisstöðunni kæmi til viðbótar þeim áhrifum sem orðið hafa með veikingu íslensku krónunnar undanfarin tvö ár.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.19 Staðlaráð. Lögð er til 5,4 m.kr. lækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna framlag til Staðlaráðs.

501 Ferðamálastofa.

1.01 Ferðamálastofa. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. til markaðssóknar í ferðaþjónustu. Iðnaðarráðuneyti mun í samstarfi við Ferðamálastofu, Útflutningsráð og Reykjavíkurborg hrinda af stað markaðsátaki til eflingar ferðaþjónustunni hér á landi. Um er að ræða verkefni sem dreifast á meginmarkaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu í Bretlandi, á meginlandi Evrópu, í N–Ameríku og á Norðurlöndum. Markaðsátakið mun byggjast á samstarfsverkefnum með ferðaþjónustuaðilum og mun heildarframlag til átaksins verða 150 m.kr. Auk 25 m.kr. viðbótarframlagsins sem hér er lagt til að veitt verði er gert ráð fyrir að Ferðamálastofa, Útflutningsráð og Reykjavíkurborg leggi til 25 m.kr. og ferðaþjónustufyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu leggi til 100 m.kr. Samtals verði því 150 m.kr. veitt til verkefnisins á árinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
11-101-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,6
11-205-101 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	-8,6
11-299-130 Alþjóðlegt samstarf	-5,0
11-299-198 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	-15,0
11-301-101 Orkustofnun	-14,7
11-371-101 Rekstur Orkusjóðs	-0,8
11-373-111 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-19,0
11-399-122 Vistvænir orkugjafar	-15,0
11-411-110 Byggðastofnun	-4,5
11-411-111 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	-5,3
11-501-101 Ferðamálastofa	-1,9
11-501-105 Landkynningarskrifstofur erlendis	-4,0
11-599-198 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	-1,6
Samtals	**-100,0**

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags- og viðskiptaráðuneytis verði aukin um 131,2 m.kr. Lögð er til 252,3 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna útgjaldaskuldbindinga og því til viðbótar lögð til 26,2 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 409,7 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 55 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er lögð til 40 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna aukins kostnaðar í tengslum við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Kostnaður þessi er vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu lögfræðinga, þýðenda og erlenda aðila sem komið hafa að verkefnum ráðuneytisins vegna laganna. Hins vegar er óskað eftir 15 m.kr. framlagi vegna kostnaðar ráðuneytisins í tengslum við peningaþvættis-

verkefni. Um er að ræða vinnu að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirfylgni innleiðingarinnar. Ennfremur eftirfylgni úttektar FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fram fór árið 2006.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lögð er til 331,5 m.kr. lækkun fjárheimildar og verði 766 m.kr. í stað 1.116 m.kr.. Lækkunin er einkum komin til vegna hagnaðar ársins 2008 en álögð gjöld voru meiri en sem nemur rekstrargjöldum auk þess sem afgangur verður af aukafjárveitingu sem stofnunin fékk á liðnu ári. Kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna neyðarlaganna er áætlaður 256,5 m.kr. á árinu 2009. Um er að ræða kostnað vegna skilanefnda bankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgðastofnefnahagsreikninga bankanna, verðmatskostnaðar vegna aðkeyptra sérfræðinga auk annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Í fjáraukalögum 2008 fékk stofnunin sérstakt 549 m.kr. framlag vegna þessa en innifalið í því var kostnaður vegna verðmats bankanna að fjárhæð 238 m.kr. Gerðar hafa verið breytingar á lögum þannig að sá kostnaður verður greiddur af bönkunum sjálfum. Í fjárlögum var gert var ráð fyrir fjölgun starfsmanna og flutnings í nýtt húsnæði sem nú hefur verið fallið frá að sinni. Reiknað er með að útgjöld stofnunarinnar umfram sértekjur verði 941,2 m.kr. og að eftirlitsgjöld skili um 766 m.kr. Gert er ráð fyrir að 175,2 m.kr. mismunurinn þar á milli verði fjármagnaður með óráðstöfuðu eigið fé vegna rekstrarafgangs frá fyrri árum.

421 Neytendastofa.

1.01 Neytendastofa. Lagt er til að 301,2 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *06-801-101 Neytendastofa* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

425 Talsmaður neytenda.

1.01 Talsmaður neytenda. Lagt er til að 17 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *06-805-101 Talsmaður neytenda* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

431 Einkaleyfastofan.

1.01 Einkaleyfastofan. Farið er fram á að útgjaldaheimildir stofnunarinnar verði hækkaðar um 18,2 m.kr. á grundvelli endurmetinnar tekjuáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Rekstur stofnunarinnar er alfarið fjármagnaður af mörkuðum ríkistekjum.

501 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Farið er fram 733,9 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Annars vegar flytjast á liðinn vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins 727,9 m.kr. fjárheimild af *01-401-1.01 Hagstofa Íslands* samanber umfjöllun um þann lið. Hins vegar er sótt um 6 m.kr. framlag til breytinga á húsnæði vegna flutnings á verkefnum frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofunnar í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Gera þarf breytingar á efstu hæð til að fjölga skrifstofum og breyta aðgangi inn á jarðhæð þar sem takmarka þarf aðgengi frá því sem nú er vegna hagskýrslustarfsemi sem þangað flyst.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
12-101-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,4
12-190-190 Ýmis viðskipta- og bankamál	-0,6
12-199-110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1
12-411-101 Samkeppniseftirlitið	-6,2
12-431-101 Einkaleyfastofan	-3,9
12-501-101 Hagstofa Íslands	-11,0
Samtals	**-26,2**

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 859,4 m.kr. Sótt er um 923,8 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 64,4 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða

útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

212 Vatnajökulsþjóðgarður.

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður. Lagt er til að 45 m.kr. fjárveiting sem veitt var til stofnkostnaðarverkefna á liðnum verði millifærð á rekstrarviðfangsefni svo fjármagna megi rekstrarútgjöld miðað við áætlanir. Unnið er að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn og á meðan sú vinna er í gangi er ekki talið ráðlegt að ráðast í allar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru svo sem uppbyggingu landvarða- og upplýsingamiðstöðva og stígagerð. Hluti þeirra framkvæmda sem áætlað var að ráðast í frestast sem því nemur.

6.41 Framkvæmdir. Lagt er til að fjárheimild lækki um 45 m.kr. samanber umfjöllun hér að ofan á viðfanginu *1.01 Vatnajökulsþjóðgarður*.

287 Úrvinnslusjóður.

1.10 Úrvinnslusjóður. Áætlað er að Úrvinnslusjóður muni hafa 85 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af úrvinnslugjaldi en það er 25 m.kr. lækkun frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að gjaldaheimild sjóðsins lækki samsvarandi.

289 Endurvinnslan hf.

1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun. Lögð er til 380 m.kr. hækkun fjárheimildar á þennan lið. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir gerir ráð fyrir að tekjur þessa árs verði 380 m.kr. hærri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga.

321 Brunamálastofnun ríkisins.

1.01 Brunamálastofnun ríkisins. Farið er fram á 75,8 m.kr. hækkun á fjárheimild. Annars vegar er sótt um 75,8 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 29/2009, um færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, flytjast þessi verkefni frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar að öðru leyti en því að hluti af markaðseftirliti með rafföngum er áfram hjá Neytendastofu. Markaðir tekjustofnar vegna eftirlits með raforkuvirkjum og neysluveitum og rafföngum á markaði flytjast einnig til Brunamálastofnunar samhliða flutningi verkefnanna, og gert er ráð fyrir að þessar tekjur standi alfarið undir kostnaði við verkefnin. Hins vegar er lögð til 8,8 m.kr. lækkun á

sértekjukröfu stofnunarinnar vegna falls í húsaleigutekjum. Húsnæði sem stofnunin áður leigði út hýsir nú rafmagnsöryggisdeild stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnunin mæti tekjufalli ársins með lækkun tilkostnaðar.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Farið er fram á 468 m.kr. hækkun á fjárheimild. Annars vegar er sótt um 450 m.kr. fjárveitingu vegna aukinna framkvæmda við snjóflóðavarnir. Tillagan er hluti af aðgerðum í atvinnumálum sem ríkisstjórnin samþykkti í vor að unnið skyldi að. Í endurskoðaðri framkvæmdaáætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að hann þurfi á að halda 600 m.kr. framlagi í fjárlögum 2010, 500 m.kr. árið 2011, 500 m.kr. árið 2012 og 900 m.kr. árið 2013. Sjóðurinn býr að 700 m.kr. ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum og hefur 685 m.kr. gjaldaheimild í fjárlögum yfirstandandi árs þannig að með samþykkt þessarar tillögu hefur sjóðurinn 1.835 m.kr. til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að í ár verði 985 m.kr. varið til að standa við áfallnar verkskuldbindingar í Ólafsvík, Bíldudal, Bolungavík, Ísafirði, Fjallabyggð, Eyjafjarðasveit og Fjarðabyggð. Því til viðbótar er áformað að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarð í Bolungavík og upptökustoðvirki í Neskaupstað og að unnið verði að þeim framkvæmdum ásamt nokkrum smærri verkefnum á árunum 2010 og 2011. Á árinu 2012 er svo áætlað að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarða á Ísafirði og Neskaupstað. Hins vegar er lögð til 18 m.kr. hækkun fjárveitingar þar sem vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign hjá ríkissjóði verða lægri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Framlag af mörkuðum ríkistekjum sjóðsins hækkar sem því nemur.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
14-101-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,5
14-190-110 Fastanefndir	-3,0
14-190-135 Umhverfisvöktun	-2,3
14-190-140 Alþjóðastofnanir	-10,0
14-202-101 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,0
14-211-101 Umhverfisstofnun	-7,0
14-212-101 Vatnajökulsþjóðgarður	-1,5
14-231-101 Landgræðsla ríkisins	-6,0
14-241-101 Skógrækt ríkisins	-3,5
14-303-113 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-2,1
14-310-101 Landmælingar Íslands	-2,5
14-321-101 Brunamálastofnun ríkisins	-7,0
14-401-101 Náttúrufræðistofnun Íslands	-4,0
14-407-101 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-1,0
14-412-101 Almennur rekstur	-9,0
Samtals	**-64,4**

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 17.105 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2009 bendir til þess að gjaldfærðir vextir hækki um 17.105 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2009 og verði 104.045 m.kr. og að greiddir vextir hækki um 21.395 m.kr. og verði 97.965 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Breyting frá fjárlögum
Erlend lán	12.160	12.600	440
Spariskírteini	980	1.100	120
Ríkisbréf	26.380	26.200	-180
Ríkisvíxlar	5.700	6.800	1.100
Önnur innlend lán	1.640	1.600	-40
Seðlabanki vegna veð- og daglána	31.350	7.100	-24.250
Endurfjármögnun banka	5.250	44.200	38.950
Lán vinaþjóða	0	745	745
Annar vaxtakostnaður	2.730	2.900	170
Lántökukostnaður	750	800	50
Samtals	**86.940**	**104.045**	**17.105**

Við gerð fjárlaga 2009 ríkti enn mikil óvissa um ýmsa þætti varðandi afleiðingar bankahrunsins sl. haust. Þá var m.a. ráðgert að nýta eignir ríkissjóðs til kaupa á markaðsskuldabréfum til að leggja nýju bönkunum til sem eigið fé, ásamt því að gefa út skuldabréf. Síðar var ákveðið að ríkissjóður gæfi út nýjan flokk ríkisskuldabréfa að fjárhæð 300 milljarðar kr. sem notaður yrði sérstaklega til að endurfjármagna bankakerfið. Í ágúst sl. var tilkynnt um fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings fyrir 137 milljarða kr. en niðurstaða er ekki komin um fjárhæð endurfjármögnunar Nýja Landsbankans eða sparisjóðanna. Skilanefndum Glitnis og Kaupþings stendur til boða að eignast meirihluta í nýju bönkunum. Ef af kaupunum verður mun hluti af ríkisskuldabréfunum verða afhentur til baka til ríkisins og vaxtagjöld ríkissjóðs þar með lækka. Gjalddagi skuldabréfaflokksins er eftir 9 ár og taka vextir mið af vaxtakjörum viðskiptareikninga innlánsstofnana í Seðlabanka. Á fyrsta ári skuldabréfaflokksins eru reiknaðir vextir í 15 mánuði skv. skilmálum bréfsins en síðan ársvextir. Því er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður vegna þess lækki strax á næsta ári jafnhliða spám um lækkandi vexti. Á móti auknum vaxtakostnaði vegna útgáfunnar koma vaxtatekjur af eignum ríkissjóðs sem annars hefðu verið seldar.

Við fjárlagagerð 2009 ríkti einnig óvissa um skilmála skuldabréfs sem gefið var út til Seðlabanka Íslands vegna yfirtöku ríkissjóðs á kröfum vegna veð- og daglána bankans. Með samkomulagi sem gert var 12. janúar sl. og tók gildi 31. desember 2008 framseldi bankinn til ríkissjóðs kröfur sem tilkomnar voru vegna lánafyrirgreiðslu sem bankinn veitti fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk hans. Við fall bankanna kom í ljós að umtalsvert tap hafði orðið vegna þessara lánveitinga sem rýrði eigið fé bankans umfram það sem hann gat staðið undir. Tilgangur samkomulagsins var því að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu ásamt því sem ríkissjóður hefur rýmri heimildir til að umsýsla slíkar kröfur heldur en lög um Seðlabanka leyfa og þannig betur í stakk búinn til að verja hagsmuni sína sem kröfueigandi. Um var að ræða yfirtöku tryggingabréfa að fjárhæð 345 milljarða kr. sem greitt var fyrir með 270 milljarða kr. skuldabréfi. Skuldabréfið er verðtryggt, með einni afborgun í lok lánstíma eftir 5 ár og ber 2,5% vexti. Við fjárlagagerð 2009 hafði verið gert ráð fyrir óverðtryggðum vöxtum.

Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir vöxtum af lánum vinaþjóða sem veitt eru ríkissjóði í áföngum samhliða endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætluninni. Nú liggur fyrir að Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, og Pólland hafa heitið ríkissjóði lánveitingum, samtals að jafnvirði tæplega 2,1 milljarði bandaríkjadala. Lán frá Noregi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru hins vegar veitt til Seðlabanka Íslands. Áætlanir gera einnig ráð fyrir láni frá Rússlandi. Lán frá Færeyjum hefur þegar verið afgreitt. Á móti vaxtagjöldum vegna þessara lána koma vaxtatekjur af gjaldeyriseign sem færast á tekjuhlið ríkissjóð en þó er ljóst að vaxtajöfnuður verður neikvæður.

Á árinu 2009 er nú reiknað með aukinni útgáfu ríkisbréfa og ríkisvíxla umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Markaðsaðstæður hafa verið ríkissjóði hagfelldar á árinu og hefur það gefið tilefni til að efla stöðu ríkissjóðs á innlánsreikningum í Seðlabanka í stað þess að draga á innistæður eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á móti aukinni útgáfu koma vaxtatekjur af hærri innistæðum.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

Flm.: Ragnheiður E. Árnadóttir, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að skora á umhverfisráðherra að afturkalla þá ákvörðun að fela Skipulagsstofnun að úrskurða að nýju um hvort fram skuli fara sameiginlegt mat á Suðvesturlínu, tengdum virkjunum og öðrum framkvæmdum.

Greinargerð.

Umhverfisráðherra hefur nú fellt úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna Suðvesturlínu og öðrum tengdum framkvæmdum. Málinu hefur verið vísað aftur til Skipulagsstofnunar til efnislegrar meðferðar og úrlausnar.

Með þessari ákvörðun hefur verið gerð enn ein atlagan að stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, gengið hefur verið freklega á meðalhófsregluna, mikilvægri atvinnuuppbyggingu teflt í tvísýnu og unnið gegn áformum um mjög nauðsynlega atvinnusköpun, sem byggist á ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda í þágu atvinnuuppbyggingar í landinu. Það er því afar brýnt að þessi ákvörðun verði afturkölluð hið fyrsta og unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum við uppbyggingu stórframkvæmda á þessu sviði, sem fyrirheit voru gefin um af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins var sérstakur kafli um framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu. Þar segir orðrétt: „Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvem-

ber 2009. Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.“

Hér fer ekkert á milli mála. Ríkisstjórnin gaf ákveðin fyrirheit sem snúa meðal annars að framkvæmdum vegna álvera í Straumsvík og Helguvík. Forsenda þeirra framkvæmda er vitaskuld orkuöflunin og afhending orku til þeirrar atvinnustarfsemi sem unnið hefur verið að meðal annars í Helguvík. Að undanförnu hafa komið upp fjölmörg tilvik þar sem augljóslega er verið að vega að forsendum þessa samnings sem ríkisstjórnin gerði við launþega og atvinnulíf. Ákvörðun umhverfisráðherra er skýrt dæmi um þetta. Þannig skapast fullkomin óvissa um kjarasamninga með tilheyrandi afleiðingum fyrir aðrar efnahagsstærðir í landinu. Við bætist að ákvörðun ráðherrans er byggð á afar hæpnum lagalegum grunni. Samtök atvinnulífsins telja að úrskurður umhverfisráðherra sé ekki í samræmi við lög og virðist því vart geta haft nokkra þýðingu. Í áliti SA frá 1. október sl. segir orðrétt: „Þannig virðist blasa við að úrskurður umhverfisráðherra sé dæmi um stjórnsýslu sem ekki virðir tímamörk sem bundin eru í lögum. Ekkert í lögunum heimilar Skipulagsstofnun að taka upp álit sitt á mati á umhverfisáhrifum og sjálfsagt virðist að framkvæmdaaðilar haldi sínu striki óháð þessum úrskurði ráðherra sem er til þess fallinn að tefja, skapa óvissu og um leið spilla fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs. Það er óviðunandi að fyrirtæki sem undirbúa framkvæmdir, og fara í einu og öllu að lögum, skuli verða fyrir því að ráðherra skuli breyta skilyrðum eftir á og tefla þannig í tvísýnu öllum undirbúningi framkvæmda og valda með ákvörðunum sínum ómældum kostnaði.“

Ákvörðun um þessar framkvæmdir hefur lotið í einu og öllu þeim lögum og reglum sem um þær gilda. Skipulagsstofnun markaði málinu um mitt ár 2006 tiltekinn farveg sem framkvæmdaraðila var gert að fara eftir. Því máli lauk með áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álversins í Helguvík þann 4. október 2007. Þessari niðurstöðu var síðan vísað til umhverfisráðuneytisins, sem tók málið til efnislegrar ákvörðunar. Í ítarlegum úrskurði ráðuneytisins, sem birtur var 4. apríl sl., segir meðal annars:

„Svo að sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum geti komið til álita verða tengdar framkvæmdir að vera matsskyldar samkvæmt lögunum, en í sérhverju mati einstakra framkvæmda skal gera grein fyrir sammögnunaráhrifum þeirra með öðrum framkvæmdum. Með vísan til þessa og framanritaðs að öðru leyti verður eins og á stendur að telja að ákvörðun um sameiginlegt mat álversins og tengdra framkvæmda nú færi í bága við framangreindan kjarnaþátt meðalhófsreglunnar svo og sjónarmið um réttmætar væntingar framkvæmdaraðila. Í þessu sambandi skal þó áréttað að niðurstaða þessi felur ekki í sér afstöðu ráðuneytisins til þess hvort 2. mgr. 5. gr. kunni síðar að geta komið til álita vegna annarra matsskyldra framkvæmda álverinu í Helguvík tengdum.“

Af framansögðu er ljóst að úrskurður núverandi umhverfisráðherra brýtur í bága við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og sjónarmið um réttmætar væntingar framkvæmdaraðila. Þegar fyrrverandi umhverfisráðherra tók afstöðu til þess, hvort framkvæmdir í Helguvík skyldu sæta sameiginlegu mati (sbr. úrskurð dags. 4. apríl 2008), taldi hann að meðalhófsregla stjórnsýslulaga og sjónarmið um réttmætar væntingar framkvæmdaraðila stæðu því í vegi að hægt væri að beita 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og fara fram á sameiginlegt mat. Núverandi umhverfisráðherra fer þvert á þennan úrskurð sem framkvæmdaraðilar hafa hins vegar stuðst við í góðri trú.

Þetta er fullkomlega ámælisverð stjórnsýsla, sem hlýtur að hafa í för með sér beint fjárhagslegt tjón þeirra sem unnið hafa í góðri trú að uppbyggingu mannvirkja. Afleiðingin er

því sú að framkvæmdaraðilar og aðrir fjárfestar geta ekki tekið ákvarðanir í vissu um að framkvæmdarvaldið grípi ekki inn í með svo dæmalausum hætti sem nú hefur gerst.

Til viðbótar við þetta er einnig ljóst að ráðherra hefur þverbrotið allar reglur um fresti og farið þannig freklega á skjön við kærufresti í ákvæðum laga um umhverfisáhrif. Á þetta hafa Samtök atvinnulífsins meðal annars bent. Skv. 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er ráðherra skylt að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út í kærumáli sem varðar ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 5. gr. Samkvæmt framangreindu rann frestur ráðherra til að úrskurða í málinu því út 25. júní sl. Þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um annað úrskurðaði ráðherra í málinu 29. september sl., rúmum þremur mánuðum eftir að lögbundinn úrskurðarfrestur var útrunninn.

Hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Stjórnsýsla umhverfisráðherra er óskiljanleg. Úrskurðurinn er á svig við lög og reglur og afleiðingarnar af gjörðum ráðherrans eru alvarlegar fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu, jafnframt því að brjóta stöðugleikasáttmálann sem ríkisstjórnin er aðili að. Enn fremur veikir þetta fjármögnunarmöguleika íslenskra orkufyrirtækja og fælir frá mögulega fjárfesta sem ekki geta lengur treyst á samninga stjórnvalda.

Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að ríkisstjórnin hlýtur að láta það sig varða. Forusta ríkisstjórnarinnar hlýtur að knýja á um að umhverfisráðherra afturkalli ákvörðun sína. Þótt ekki væri nema vegna þeirrar ábyrgðar sem hún ber á því að stöðugleikasáttmálanum verði stefnt í frekari óvissu. Nóg er nú samt.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: þó skal hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli vera 4%.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkissjóður og stofnanir á vegum ríkisins, svo sem Íbúðalánasjóður og Seðlabanki Íslands, skulu ekki gefa út verðtryggð ríkisskuldabréf nema í undantekningartilfellum og skal þá rökstyðja opinberlega forsendur fyrir útgáfu þeirra.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Alþingi skal skipa 9 manna nefnd sem leggi mat á og móti tillögur um aðgerðaáætlun og nauðsynlegar lagabreytingar um frekara afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga. Nefndin meti langtíma- og skammtímaáhrif á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji fram áætlun um afnám verðtryggingar.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna: Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi lífeyrissjóða, Neytendasamtökunum, Hagsmunasamtökum heimilanna, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabankanum og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Viðskiptanefnd Alþingis skal tilnefna formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila skýrslu ásamt tillögum um aðgerðaáætlun og nauðsynlegar lagabreytingar til viðskiptanefndar fyrir 1. apríl 2010.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 137. löggjafarþingi (62. mál) en var ekki afgreitt úr viðskiptanefnd. Við meðferð efnahags- og skattanefndar á málinu bárust umsagnir frá Hagstofu Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóði, Hagsmunasamtökum heimilanna, Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu og VR. Síðar í greinargerð þessari verður vikið að umsögnum framangreindra.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi frá því hin svokölluðu Ólafslög voru sett árið 1979 og var henni ætlað að koma í veg fyrir að sparifé almennings brynni upp í verðbólgu sem tröllreið hinum vestræna heimi á áttunda og níunda áratugnum. Verðtrygging fjárskuldbindinga hefur verið gagnrýnd harkalega og bent á að ósanngjarnt sé að fjármálastofnanir krefjist verðtryggingar, breytilegra vaxta og veðs á einu og sama láninu og velti þannig allri áhættu við lánveitingu á skuldarann. Gallar verðtryggingarinnar komu sannarlega í ljós við það mikla verðbólguskot sem varð á síðasta ári við hrun íslensks efnahagslífs. Höfuðstóll verðtryggðra lána hækkaði á rúmu ári um 20–25%. Hækkun höfuðstóls bættist við hraðvaxandi atvinnuleysi, minnkandi kaupmátt, hækkandi vöruverð og lækkandi fasteignaverð og jók þannig mjög byrðar íslensks almennings.

Í hinum vestræna heimi þekkist ekki viðlíka tenging lána við vísitölu, og má einna helst finna svipaða stöðu í vanþróuðum ríkjum eins og Brasilíu, Chile og Ísrael. Í skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson vann fyrir Landssamtök lífeyrissjóða árið 2004 kom fram að verðtrygging er almennt ekki notuð við lánveitingar lánastofnana til heimila í ríkjum OECD. Í OECD-ríkjum hefur verðtryggingin einskorðast við ríkisskuldabréf og þekkist hún í átta ríkjum OECD: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa er langhæst hér á landi eða um 86%, en um 18% í Bretlandi, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar. Hér á landi hafa verið tekin skref til að draga úr verðtryggingu einkum á skuldbindingum til skemmri tíma. Var meðal annars gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en til þriggja ára og styttri útlán en til fimm ára. Áhrifin af þessum breytingum hafa verið lítil sem engin.

Í skýrslunni fyrir Landssamtök lífeyrissjóða segir: „Tæplega þrír fjórðu hlutar verðtryggðra útlána til einstaklinga bera fasta vexti sem skýrist einkum af því að húsnæðislán Íbúðalánasjóðs, sem bera fasta vexti, eru um 60% af verðtryggðum útlánum einstaklinga. Verðtryggð lán til fyrirtækja skiptast hins vegar nokkurn veginn jafnt á milli fastvaxtalána og lána sem bera breytilega vexti. Almennt er viðskiptavinum ekki frjálst að velja á milli fastra og breytilegra vaxta.“

Samningsstaða skuldara og lánardrottna er ekki jöfn og oft er lítið frelsi til samninga, eins og rakið er hér að framan. Rök á móti verðtryggingu eru einna helst þau að áhættu vegna veðskulda og lánasamninga er komið á skuldara. Skuldurum hefur reynst erfitt að gera fjár-

hagsáætlanir vegna þessarar sjálfvirku hækkunar á höfuðstól lána, jafnvel vegna þátta sem Íslendingar sjálfir hafa haft lítil sem engin áhrif á svo sem verðhækkanir erlendis á eldsneyti. Verðtryggingin dró einnig mjög úr áhrifum stýrivaxta sem eru helsta stýritæki Seðlabankans í baráttunni við verðbólguna. Má jafnvel halda því fram að það hafi verið andstætt hagsmunum lánastofnana að draga úr verðbólgu, einmitt vegna verðtryggingarinnar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að hámarkshækkun á vísitölu neysluverðs á ári verði 4%. Þar með er ábyrgðinni af því að halda verðbólgu í skefjum og áhættunni við lántökuna skipt á milli lánveitanda og lántaka. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður og ríkisstofnanir á vegum ríkisins gefi ekki út verðtryggð ríkisskuldabréf nema í undantekningartilfellum og þá skal rökstyðja það sérstaklega. Mikilvægt er að ríkisvaldið sjálft taki frumkvæði í að draga úr notkun verðtryggingar í íslensku samfélagi og því er þessi viðbót lögð til. Í algjörum undantekningartilfellum væri þeim það heimilt en þá yrði að gera grein fyrir forsendum fyrir útgáfu þeirra opinberlega. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að skipuð verði nefnd til að leita frekari leiða til að afnema sem fyrst verðtryggingu varanlega. Þingmenn Samfylkingarinnar undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur hafa áður lagt fram þingsályktunartillögu um að viðskiptaráðherra skipi nefnd til að leita leiða til að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga í áföngum. Nýmæli er að í stað þess að Alþingi feli viðskiptaráðherra að skipa nefnd, er nefndin skipuð af Alþingi. Viðskiptanefnd er falið að vinna frekar úr tillögum nefndarinnar og leggja fram nauðsynlegar lagabreytingar til að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga enn frekar en lagt er til í þessu frumvarpi. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin öðlist gildi við samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Skulu þau einnig eiga við um samninga sem hafa orðið til fyrir gildistöku þeirra.

Eins og getið er um í inngangi greinargerðarinnar bárust viðskiptanefnd umsagnir frá nokkrum aðilum við umfjöllun þess á 137. löggjafarþingi. Hagstofa Íslands, Íbúðalánasjóður og Fjármálaeftirlitið tóku ekki afstöðu til málsins. Umsagnir Hagsmunasamtaka heimilanna, Viðskiptaráðs Íslands og VR voru jákvæðar, en Landssamtök lífeyrissjóða lögðust eindregið gegn frumvarpinu í umsögn sinni.

Viðskiptaráð Íslands var tiltölulega jákvætt í umsögn sinni, en benti á að betur mætti reifa afleiðingar frumvarpsins fyrir stóra markaðsaðila, svo sem lífeyrissjóðina og Íbúðalánasjóð. Ráðið taldi því mikilvægt að stíga varlega til jarðar og nefnd líkt og lögð er til í 3. gr. frumvarpsins væri fyrsta skrefið í rétta átt til að draga úr verðbólgu og áhrifum hennar á fyrirtækin og heimilin í landinu.

VR fagnaði viðleitninni í frumvarpinu en taldi það ekki ganga nógu langt. Bentu þeir á að draga þyrfti úr vaxtavaxtaáhrifum verðtryggingar svo sem með því að takmarka hve oft verðbætur á lán og sparifé reiknast á ársgrundvelli. Vænlegast væri að hækkun/lækkun höfuðstóls yrði aðeins reiknað á 12 mánaða fresti. Í umsögninni var talið að betra gæti einnig verið að setja þak á leyfilega raunávöxtunarkröfu og að verðtryggðar fjárskuldbindingar bæru fasta vexti. VR taldi einnig vænlegra til árangurs að takmarka möguleika einkaaðila til útgáfu á verðtryggðum skuldabréfum, frekar en ríkissjóðs og ríkisstofnana. Um 3. gr. frumvarpsins benti VR á að æskilegt væri að setja tímatakmörk á starfstíma nefndarinnar og hvenær henni bæri að skila niðurstöðum og tillögum.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna var lögð áhersla á að samhliða þaki á hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli yrði einnig sett þak á nafnvexti verðtryggðra veðlána þar sem hætta væri á að lánveitendur mundu sækja sér tapaða ávöxtun í formi hækkaðra nafnvaxta. Samtökin lögðu einnig til að hámarkshækkunin yrði 4% 2009,2010 og 2011 en

færi síðan niður í 2,5% frá og með 2012. Með því yrðu send skýr skilaboð til lántakenda um 4% hámarkið yrði aðeins fyrsta skrefið í því að afnema verðtryggingu lána.

Helstu athugasemdir við frumvarpið komu frá Landssamtökum lífeyrissjóðanna. Þau bentu m.a. á að þeirra mati setur 4% þak á hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli skv. 2. gr. frumvarpsins markmið um langtímaraunávöxtun sjóðanna í uppnám ef verðbólga færi umfram nefnd 4% mörk. Auknar líkur yrðu á að skerða þyrfti lífeyrisgreiðslur ef svo færi. Jafnframt að skýra yrði hvort þakið ætti aðeins við lánasamninga frá því að frumvarpið tæki gildi eða öll verðtryggð skuldabréf. Vísuðu landssamtökin til þess að slík ráðstöfun gæti hugsanlega gengið gegn ákvæðum stjórnarskrár um verndun eignarréttar og sjónarmiðum um afturvirkni laga.

Þrátt fyrir margar áhugaverðar og góðar ábendingar frá umsagnaraðilum er frumvarpið flutt óbreytt frá 137. löggjafarþingi. Ekki gafst tækifæri til efnislegrar umfjöllunar um málið í viðskiptanefnd og því telja flutningsmenn eðlilegast að Alþingi fái tækifæri til að fjalla og ræða um tillögurnar í frumvarpinu og ábendingar umsagnaraðila í samhengi. Flutningsmenn geta hins vegar engan veginn tekið undir ábendingu Landssamtaka lífeyrissjóða um gildistökugrein frumvarpsins og að ákvæði í frumvarpinu gangi gegn ákvæðum stjórnarskrár um verndun eignarréttar. Með sömu rökum mætti telja að mikil verðbólga og háar verðbætur gangi á eignarrétt lántakenda og brjóti stjórnarskrá, þegar eignarhlutur þeirra minnkar vegna mikillar verðbólgu og hækkunar verðtryggðra lána.

Markmið frumvarpsins er að það séu sameiginlegir hagsmunir allra Íslendinga að það sé lág verðbólga í landinu. Þannig ættu hagsmunir lífeyrissjóðanna og ríkisvaldsins að fara saman með hagsmunum íslenskra heimila og fyrirtækja um að berjast gegn verðbólgu svo sem með því að draga úr fjárfestingum sínum þegar þannig stendur á.

Í grein í Fréttablaðinu eftir hagfræðinginn Michael Hudson segir: „Í gegnum söguna hafa skuldugar þjóðir oftast farið þá leið að losa sig við skuldirnar með hjálp verðbólgu, þ.e. borgað skuldirnar með „ódýrum peningum“. Ríkisstjórnir prenta peninga og viðhalda fjárlagahalla til þess að hækka verðlag og þannig er meira fjármagn í boði, en vöruframboð óbreytt. Þessi verðbólga og gengisfall minnka skuldabyrðina svo framarlega sem laun og aðrar tekjur hækka samhliða. Ísland hefur snúið þessari lausn á hvolf. Í stað þess að auðvelda hina hefðbundnu skuldaleiðréttingu hefur verið sköpuð paradís lánardrottna og hinni sígildu flóttaleið skuldsettra þjóða lokað. Þjóðin hefur fundið leið til að steypa sér í skuldir með hjálp verðbólgunnar, í stað þess að vinna sig úr þeim með henni. Með verðtryggingu skulda hefur Ísland komið upp einstöku kerfi fyrir banka og aðra lánardrottna sem stóreykur tekjur þeirra af lánastarfsemi, á kostnað launa og tekna af raunverulegri atvinnustarfsemi.“

Þessu frumvarpi er ætlað að leita leiða til að frelsa íslenskan almenning úr „paradís lánardrottna“ og létta byrðar skuldugra heimila og fyrirtækja á meðan leiðir út úr skuldafeninu er mörkuð.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Árni Johnsen,
Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson,
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson,
Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum til að auðvelda fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi:

a. setningu rammalöggjafar um fjárfestingar erlendra aðila,
b. gerð áætlunar um orkuafhendingu til a.m.k. fimm ára,
c. endurskoðun lagaákvæða um ferli mats á umhverfisáhrifum.

Vegna mikilvægis framangreindra aðgerða skulu þær hafa komið til framkvæmda eigi síðar en 15. nóvember næstkomandi.

Greinargerð.

Ljóst er að brýn þörf er fyrir atvinnuuppbyggingu og gjaldeyrisskapandi iðnað á Íslandi. Erlendir fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á því að koma að ýmsum verkefnum sem tengjast flest orkufrekum iðnaði en hann myndar eins og kunnugt er fjölda beinna og afleiddra starfa, m.a. hjá tækni- og þekkingarfyrirtækjum og einyrkjum. Erlendir fjárfestar reka sig hins vegar á ýmsa tálma í íslenskri stjórnsýslu sem hindra það að verkefnin komist af hugmyndastigi á framkvæmdastig. Þannig er ekki til rammalöggjöf um erlendar fjárfestingar, orkuafhending er óviss og mat á umhverfisáhrifum er tafsamt ferli og oft og tíðum tilviljanakennt. Brýnt er að taka á þessu sem fyrst til að liðka fyrir því að erlent fjármagn streymi til landsins til að byggja upp atvinnulífið til framtíðar og skapa þjóðinni auknar gjaldeyristekjur. Hlutverk stjórnvalda er að skapa þá umgjörð sem þarf til að hvetja erlenda fjárfesta til atvinnusköpunar en ekki að setja upp óþarfa hindranir sem letja erlenda fjárfestingu. Stjórnsýslan má ekki þvælast fyrir þegar kemur að uppbyggingu atvinnulífsins – það seinkar endurreisninni.

Rammalöggjöf um erlendar fjárfestingar.

Yfir 100 þjóðir bjóða innlendum og erlendum aðilum ívilnanir til að auka atvinnu, laða að þekkingu og nýja atvinnuvegi sem örva jafnframt nýsköpun og þróun í landinu. Nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur skilað tillögum um að smíðuð verði rammalöggjöf um ívilnanir hliðstætt því sem þekkist í öllum helstu samkeppnislöndum okkar. Slík löggjöf fæli í sér að fjárfestingarsamningar þyrftu ekki að fara fyrir Alþingi heldur væri hægt að útfæra einstök frávik í reglugerð. Það flýtir ferlinu til muna frá því sem nú er. Brýnt er að hraða setningu rammalöggjafar í þeim tilgangi að tækifærin gangi þjóðinni ekki úr greipum. Í því sambandi er mikilvægt að undanþiggja nýja erlenda fjárfestingu núgildandi gjaldeyrishöftum.

Undanþágur á virðisaukaskatti vegna innflutnings tölvubúnaðar fyrir gagnaver og staðfesting á að fyrirtækjaskattar verði ekki hækkaðir umfram tiltekin mörk eru nýleg en mikilvæg dæmi um atriði sem gætu skipt sköpum um árangur á þessu sviði. Þá má einnig nefna aðstoð og þátttöku við þjálfun íslenskra starfsmanna í nýjum atvinnugreinum svo og ívilnanir

tengdar rannsóknar- og þróunarkostnaði erlendra fyrirtækja sem kjósa að staðsetja sig hér á landi sem dæmi um mikilvægar ívilnanir.

Orkuafhending.

Mikill óvissuþáttur við ákvörðun fyrirtækja um að staðsetja sig á Íslandi er afhending orku. Ekki er í dag hægt með neinni vissu að tiltaka áætlaðar dagsetningar orkuafhendingar sem er algerlega óviðunandi fyrir fjárfesta. Það virðist með öllu óljóst hver stefna ríkisstjórnarinnar er í orkumálum. Mikilvægt er að fyrir liggi skýrar upplýsingar um það hvert framboð af orku sé fyrir þá erlendu fjárfesta sem hafa áhuga á að staðsetja sig hér á landi og að áætlaður afhendingartíma orkunnar liggi fyrir.

Þá er beintenging við orkuver án tengingar við Landsnet í einstökum tilfellum mjög afgerandi samkeppnisþáttur, sérstaklega þegar um ræðir minni fyrirtæki. Hvatt er til þess að gjaldskrá Landsnets fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki verði tekin til endurskoðunar, sbr. framkomnar tillögur þar um til nefndar um endurskoðun raforkulaga.

Umhverfismat.

Ferlið við umhverfismat virðist í einstökum tilfellum mun lengra og þokukenndara en víðast hvar annars staðar. Þetta hefur m.a. stuðlað að því að fjárfestar hafa horfið með gríðarlega mikilvæg atvinnutækifæri til annarra landa – Ísland hefur ekki verið vinsamlegt erlendum fjárfestum. Tímafrestir varðandi umhverfismat eru ekki í öllum tilvikum virtir af hálfu umhverfisráðuneytis og virðist í einhverjum tilvikum um pólitíska íhlutun að ræða. Sem dæmi má nefna að virkjanaáformum í neðri hluta Þjórsár er frestað vegna afskipta umhverfisráðherra af skipulagsmálum sveitarfélaga á svæðinu. Annað dæmi er tilviljanakennd ákvörðun um að mögulegt álver á Bakka og orkuver á Þeistareykjum skyldu fara í sameiginlegt umhverfismat en það seinkaði framkvæmdum og gæti hugsanlega leitt til þess að þær verði endanlega slegnar af. Einnig má nefna að ákvarðanir umhverfisráðherra um umhverfismat virðast ekki alltaf byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, líkt og nýlegt dæmi um Suðvesturlínu sannar.

Því er mikilvægt að ráðast í heildarendurskoðun á umhverfismatsferlinu í þeim tilgangi að gera það skilvirkara og gagnsærra. Þá ætti að skilgreina ákveðin landsvæði undir iðnaðarstarfsemi þar sem forskoðun á umhverfisáhrifum yrði unnin og jafnvel horft til þess að meta svæðin með tilliti til álags frá tilteknum atvinnugreinum. Slíkur undirbúningur gæti stytt umhverfismatsferlið um 50–70% eins og reynsla Kanadamanna sýnir. Þá þarf að endurskoða þá framkvæmd að Skipulagsstofnun túlki skipulags- og byggingarlög á þann hátt að rannsóknarborholur vegna orkurannsókna skuli tilgreina á aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði. Slíkar tilraunir fela ekki í sér varanlega röskun á umhverfinu og eiga því ekki erindi inn í hið flókna og tímafreka aðalskipulagsferli.

Niðurlag.

Stærsta verkefni stjórnvalda nú um stundir er að endurreisa íslenskan efnahag. Atvinnulífið byggjum við Íslendingar upp með því að treysta grunnstoðirnar og sækja fram, byggja upp í orkufrekum iðnaði, nýta auðlindir landsins, laða að erlenda fjárfesta og skapa eðlileg skilyrði fyrir rekstur og atvinnulíf. Það er hlutverk stjórnvalda að skapa þau skilyrði að atvinnulífið geti blómstrað en ekki að bregða fæti fyrir þau tækifæri sem í augsýn eru eins og oft virðist vera raunin.

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um almenningssamgöngur.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Atli Gíslason,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í lofti, á láði og legi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Enn fremur að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt, bæta skipulagningu þeirra og tryggja fjármögnun. Við skipulag almenningssamgangna skal hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og markmiðum stjórnvalda og alþjóðaskuldbindingum í umhverfismálum, m.a. í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

2. gr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með yfirstjórn almenningssamgangna samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun, skal landinu öllu skipt í þjónustusvæði almenningssamgangna. Jafnframt skal í áætluninni skilgreina þjónustuþörf og markmið fyrir hvert svæði er taki mið af markmiðum laga þessara skv. 1. gr., m.a. að því er varðar hlutdeild almenningssamgangna í heildarsamgöngum viðkomandi svæðis.

Ráðherra skipar samstarfsráð um almenningssamgöngur einstakra þjónustusvæða með þátttöku þeirra sveitarfélaga er hlut eiga að máli. Hlutverk samstarfsráðsins er að móta stefnu um fyrirkomulag almenningssamgangna á svæðinu og tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við samþykkta stefnumótun og markmið laga þessara.

4. gr.

Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, bera ábyrgð á að veitt sé almenningssamgönguþjónusta samkvæmt lögum þessum og í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar.

Ríkið ber ábyrgð á og skipuleggur almenningssamgöngur með flugvélum og ferjum samkvæmt ákvæðum laga um loftferðir og vegalaga. Enn fremur ber ríkið ábyrgð á fyrirkomulagi almenningssamgangna með bifreiðum samkvæmt sérleyfum í samræmi við ákvæði laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fyrirkomulagi almenningssamganga með bifreiðum innan sveitarfélags og milli sveitarfélaga samkvæmt einkaleyfum á grundvelli laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Í sveitarfélögum með meira en 10 þúsund íbúa er sveitarfélaginu skylt að skipuleggja almenningssamgöngur. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningssamgangna, t.d. með byggðasamlögum eða í sérstökum félögum, eða með samstarfssamningum sín í milli.

Við skipulagningu almenningssamganga skulu sveitarfélög hafa hliðsjón af markmiðum laga þessara, sem og eigin stefnumótun á sviði umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

5. gr.

Ríkið býður út flug- og ferjusamgöngur í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar og með heimild í lögum. Í samgönguáætlun skal enn fremur ákveða framlög ríkisins til almenningssamgangna með bifreiðum, þ.m.t. vegna starfsemi sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Framlög ríkisins til almenningssamgangna á vegum sveitarfélaga skulu m.a. taka til stofnframkvæmda og innviða, svo sem vegna forgangsakreina, umferðarstýringar og búnaðar, niðurgreiðslu opinberra gjalda eða beinna rekstrarstyrkja.

6. gr.

Rekstraraðila almenningssamgangna er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði af þjónustunni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 136. löggjafarþingi og var vísað til samgöngunefndar. Nefndinni bárust nokkrar umsagnir um málið og voru þær almennt jákvæðar. Frumvarpið í núverandi búningi er að mestu óbreytt en hefur þó að nokkru leyti tekið mið af ábendingum í þeim umsögnum.

Samgöngur eru af ýmsum toga og hverju samfélagi er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytta samgöngumáta, í lofti, láði og legi. Um leið og áhersla er lögð á góðar samgöngur þarf að draga svo sem kostur er úr neikvæðum áhrifum þeirra. Skipulagning og stjórn samgangna þarf að taka mið af markmiðum sjálfbærrar þróunar og búa þarf þannig um hnútana að við áætlanagerð í samgöngumálum sé umhverfisrask og mengun af völdum samgangna lágmörkuð. Samfara breytingum í samgönguháttum þarf auk þess að auka umferðaröryggi og aukin umhverfisvitund hvetur einnig til notkunar umhverfisvænna ökutækja. Hið sama gerir þróun eldsneytisverðs.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt ríka áherslu á eflingu almenningssamgangna, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarvettvangi. Undanfarin þing hefur til að mynda verið lagt til af hálfu þingmanna flokksins að ríkið komi til móts við rekstur almenningssamgangna með frekari lækkun og/eða niðurfellingu á virðisaukaskatti og olíugjaldi. Frumvarp þetta er þannig framhald af málatilbúnaði flokksins í málefnum almenningssamgangna.

Umhverfismál og þjóðhagsleg hagkvæmni.

Mikill akstur hefur óhjákvæmilega í för með sér marga neikvæða þætti, svo sem mikla auðlindanotkun í formi olíu og efnis til bílaframleiðslu, mikið land fer undir vegi og önnur samgöngumannvirki og samgöngurnar sjálfar leiða af sér mengun lofts, láðs og lagar. Þá getur val á samgöngumáta haft mikil áhrif á almenna lýðheilsu.

Aukinn hlutur almenningssamgangna er tvímælalaust mikilvægt skref til að ná almennum markmiðum um sjálfbæra þróun, bæta loftgæði og auka umferðaröryggi. Meðal helstu röksemda fyrir auknum hlut almenningssamgangna, ekki síst í þéttbýli, eru m.a.:

– mengun á hvern farþega í almenningsvagni er minni að meðaltali en á farþega í einkabíl, ekki síst ef vagnar eru knúnir með vistvænni orkugjöfum,
– kostnaður vegna umferðarmannvirkja er minni á hvern farþega í almenningsvagni en í einkabíl,

– almenningssamgöngur krefjast minna landrýmis undir umferðarmannvirki en einkabílar,
– umferðartafir eru óliklegri í borgarumhverfi sem býður upp á almenningssamgöngur sem raunhæfan ferðamáta,
– hærra hlutfall farþega í almenningsvögnum dregur úr tíðni umferðarslysa,
– góðar almenningssamgöngur stuðla að auknu „ferðafrelsi“ þeirra félagshópa sem ekki geta ekið einkabíl eða hafa hann ekki til umráða,
– framboð á góðri þjónustu almenningssamgangna gerir fólki kleift að hvíla sig á umferðartöfum og bílastæðavandræðum,
– aukin notkun almenningsvagna og bætt þjónusta opnar ný sóknarfæri við skipulagningu byggðar, hagkvæmari nýtingu lands og veitukerfa, þéttari og skjólbetri byggð og skapar grundvöll að fjölbreyttara mannlífi,
– borgarumhverfi sem styður almenningssamgöngur veitir venjulega göngu- og hjólreiðasamgöngum einnig brautargengi,
– borg sem stefnir að vistvænni og alþjóðlegri ímynd þarf óhjákvæmilega að efla almenningssamgöngur.

Efling almenningssamgangna er tvímælalaust þjóðhagslega hagkvæm. Rannsóknir hérlendis og erlendis sýna með óyggjandi hætti fram á hagkvæmni þeirra. Þær eru jafnframt mikilvægur liður í að mæta auknum kröfum um minni losun gróðurhúsalofttegunda og heilnæmara umhverfi. Því er brýnt að setja rammalöggjöf um almenningssamgöngur, en nú er engin slík löggjöf við lýði hér á landi. Í nágrannaríkjum okkar eru hins vegar í gildi lög um almenningssamgöngur sem fela opinberum aðilum að skipuleggja og tryggja öflugar almenningssamgöngur og að þær séu raunverulegur valkostur fólks í samgöngumálum. Í fylgiskjali er birt samantekt um stöðu mála í nokkrum nágrannaríkjum en hana er að finna í skýrslu starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í maí 2007 og skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra í júlí 2008.

Stefnumótun ríkisins.

Í samgönguáætlun segir m.a.: „Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.“ Enn fremur segir þar: „Auk öflugrar stefnumörkunar eru mörg einstök atriði sem þjóna sem stjórntæki í samgöngumálum. Sem dæmi má nefna umhverfisskatta, viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda í flutningum, veggjöld fyrir öll ökutæki, endurbyggingu bæja, bætta þjónustu í almenningssamgöngum, hvatningu til göngu- og hjólaferða, samnýtingu og sameign ökutækja, hraðatakmarkanir og hraðastýringu auk margs annars. Það eru augljóslega óteljandi verkefni framundan á sviði samgöngumála og skipulags á næstu áratugum.“ Loks segir einnig í samgönguáætlun: „Þá er einnig miðað við að endurskipuleggja almenningssamgöngur á landi og að þær nái til allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúa. Sérleyfi vegna þessara samgangna voru boðin út á árinu 2005 að mestu í óbreyttri mynd. Fyrir liggur að farþegum í almenningssamgöngum úti á landi hefur fjölgað lítillega á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að því að finna leiðir til þess að bæta þessa þjónustu og verður m.a. skoðað hvort taka megi upp aukið samstarf við sveitarfélögin í því skyni. Með bættu skipulagi almenningssamgangna á að nást enn frekar áðurnefnt markmið um ferðatíma og bætt aðgengi. Ef orkuverð heldur enn áfram að hækka má við því búast að á áætlunartímanum þurfi að leita sérstakra leiða til þess að efla þessa samgöngugrein. Almenningssamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa

samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.“

Í drögum að umhverfismati samgönguáætlunar er vikið að almenningssamgöngum með eftirfarandi hætti: „Samhliða því að auka afkastagetu samgöngumannvirkja er stefnt að auka hlutdeild almenningssamgangna í þéttbýli. Almenningssamgöngur hafa verið á hendi sveitarfélaga. Í SGÁ kemur m.a. fram að:

– Ríkissjóður hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.“

Hið opinbera hefur því með afgerandi hætti mótað þá stefnu að auka beri hlut almenningssamgangna og vinna þurfi að því að ríkið komi með beinum hætti að þeim málaflokki eins og öðrum samgöngumálum. Þeim ásetningi þarf að fylgja eftir með skýrri lagasetningu. Þessu lagafrumvarpi er ætlað að tryggja að svo verði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu laga um almenningssamgöngur er skilgreint í 1. gr. Þar er lögð áhersla á að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í lofti, á láði og legi. Sjálfbær þróun og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem Staðardagskrá 21 og almenn stefnumótun stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaganna, í umhverfismálum á að vera leiðarljós við skipulagningu almenningssamgangna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fari með yfirstjórn almenningssamgangna. Framkvæmd laganna verður á hendi þeirra stofnana sem við á samkvæmt lögum um loftferðir, vegalögum og lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Einstök sveitarfélög bera síðan ábyrgð á framkvæmd laganna í sínu umdæmi. Fyrir utan venjubundnar almenningssamgöngur með flugi, ferju eða bifreiðum, er ljóst að ferðaþjónusta fatlaðra sem og skólaakstur tilheyra almenningssamgöngum.

Um 3. gr.

Landinu öllu skal skipt í þjónustusvæði almenningssamgangna samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að þjónustusvæðin séu skilgreind í samgönguáætlun og þar sé einnig að finna markmið fyrir hvert svæði, m.a. að því er lýtur að þjónustuþörf. Þar skal miðað við markmið skv. 1. gr. frumvarpsins um að auka hlutdeild almenningssamgangna í heildarsamgöngum viðkomandi svæðis. Þá er hér lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipi samstarfsráð almenningssamgangna fyrir hvert svæði með þátttöku þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli í hverju tilviki. Þar sem sveitarfélög reka nú þegar almenningssamgöngur, ein eða með samstarfi sín í milli, er ekkert því til fyrirstöðu að þær nefndir, ráð eða stjórnir sem fara með þau mál nú, gegni hlutverki samstarfsráðs um almenningssamgöngur, enda taki starfsemi þeirra til a.m.k. eins þjónustusvæðis eins og það er skilgreint í samgönguáætlun. Hlutverk samstarfsráðsins er að móta stefnu fyrir sitt svæði og tryggja framgang hennar. Þannig munu samstarfsráðin m.a. koma að vinnu við samgönguáætlun.

Um 4. gr.

Í þessari grein er skýrt kveðið á um ábyrgð opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, til að skipuleggja almenningssamgöngur í samræmi við markmið laganna og stefnumótun samgönguáætlunar. Tekið er fram að ríkið beri ábyrgð á fyrirkomulagi við áætlunarflug og ferjur og einnig almenningssamgöngur með bifreiðum samkvæmt sérleyfum. Er þar til frekari útskýringar vísað til ákvæða vegalaga og laga um loftferðir og fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Sveitarfélög bera samkvæmt frumvarpinu ábyrgð á skipulagningu almenningssamgangna á landi samkvæmt ákvæðum laga um fólksflutninga og farmflutninga um einkaleyfi. Sérstaklega er kveðið á um skýra skyldu sveitarfélaga með fleiri en 10 þúsund íbúa til að skipuleggja almenningssamgöngur innan síns svæðis og hér um nýmæli að ræða. Flest ef ekki öll sveitarfélög af þessari stærð skipuleggja nú þegar almenningssamgöngur af einhverju tagi og raunar á það einnig við um allmörg minni sveitarfélög.

Kveðið er á um heimild sveitarfélaga til að stofna til byggðasamlaga eða annarra félaga um rekstur og skipulagningu almenningssamgangna eða að þau geri með sér samstarfssamninga í þessu skyni. Dæmi um slíkt er t.d. samningur Strætó bs. og Akraneskaupstaðar um strætóferðir milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins.

Þá er lögð áhersla á að við fyrirkomulag almenningssamgangna skuli sveitarfélög hafa hliðsjón af markmiðum laganna, alþjóðaskuldbindingum, svo sem Staðardagskrá 21, og eigin stefnumótun á sviði umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að ríkið bjóði út flug- og ferjusamgöngur í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar og á grundvelli heimilda í sérlögum. Hér er einnig að finna ákvæði um að í samgönguáætlun skuli kveða á um framlög ríkisins til fólksflutninga á landi, þ.m.t. vegna starfsemi sveitarfélaga. Ríkið styður ekki í dag við starfsemi almenningssamgangna sveitarfélaga, nema með endurgreiðslu af hluta af olíugjaldi og hefur sá stuðningur ríkisins minnkað með upptöku olíugjalds og niðurfellingu þungaskatts. Tekið er fram að framlög ríkisins séu til stofnframkvæmda og innviða, svo sem við forgangsakreinar, umferðarstýringar (m.a. getur hér verið um að ræða fjárfestingu í sérstökum umferðaljósabúnaði), til niðurgreiðslu opinberra gjalda, svo sem olíugjalds og virðisaukaskatts, eða til beinna rekstrarstyrkja. Hér er því um að ræða víðtæka heimild til að styðja við starfsemi almenningssamgangna sveitarfélaga, og er það í samræmi við það sem almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Kafli 4.1, Aðstæður einstakra Norðurlanda, úr skýrslu nefndar samgönguráðherra um almenningssamgöngur, júlí 2008. Birt á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera að lágmarki sá sem hér greinir:

a. þar sem íbúar eru innan við 1.000: 7 aðalmenn,
b. þar sem íbúar eru 1.000–4.999: 11 aðalmenn,
c. þar sem íbúar eru 5.000–24.999: 17 aðalmenn,
d. þar sem íbúar eru 25.000–49.999: 31 aðalmaður,
e. þar sem íbúar eru 50.000–99.999: 47 aðalmenn,
f. þar sem íbúar eru 100.000–199.999: 61 aðalmaður,
g. þar sem íbúar eru 200.000–399.999: 71 aðalmaður.

b. Í stað orðanna „í átta ár“ í 2. mgr. kemur: í tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið frumvarps þessa er að viðmið um fjölda sveitarstjórnarfulltrúa á Íslandi verði færð til samræmis við það sem þekkist í nágrannalöndunum. Ákvæði 12. gr. sveitarstjórnarlaga um *hámarksfjölda* kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum eiga sér hvergi hliðstæðu í Evrópu að því best er vitað. Til að mynda má benda á ákvæði í sænskum sveitarstjórnarlögum þar sem kveðið er á um *lágmarksfjölda* kjörinna fulltrúa í bæjar- og borgarstjórnum (sjá fylgiskjal). Ákvæði um lágmarksfjölda eru eins eða svipuð annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu (sjá vef Evrópuráðsins: www.coe.int).

Í janúar 1908 var bæjarfulltrúum í Reykjavík fjölgað í 15. Hundrað og einu ári síðar eru kjörnir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur enn 15 að tölu þótt fjöldi íbúa hafi fimmtánfaldast á heilli öld. Frá 1908 hefur landsframleiðsla á hvern íbúa einnig fimmtánfaldast og því má fullyrða að efnahagsleg umsvif í Reykjavík hafi a.m.k. 225-faldast á einni öld.

Frambjóðandi til borgarstjórnar í Reykjavík nú til dags þarf að fá um 7% atkvæða til að ná kjöri og eru engin fordæmi um jafnfáa kjörna fulltrúa og jafnháan lýðræðisþröskuld í ámóta fjölmennu sveitarfélagi í nágrannalöndum okkar. Samkvæmt lögum annars staðar á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar ættu borgarfulltrúar í Reykjavík því að vera 43–61 hið minnsta.

Hér er um að ræða lýðræðisskerðingu sem stríðir gegn anda Evrópusáttmálans, mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og Ríó-sáttmálans um Staðardagskrá 21 sem er heildaráætlun ríkja Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun samfélaga fram á 21. öldina í samráði við íbúana á hverjum stað og með þátttöku atvinnulífs og félagasamtaka. Þessi skerðing er alvarlegt mannréttindabrot. Hún er andstæð viðhorfum og venjum annars staðar á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar þar sem lýðræði er í hávegum haft, þar sem meginmark-

miðið er ekki að torvelda heldur auðvelda þátttöku borgaranna í ákvarðanatöku um eigin mál og mótun samfélagsins til framtíðar.

Nærri útilokað er fyrir einstaklinga og samtök utan hefðbundinna stjórnmálasamtaka að komast til áhrifa í sveitarstjórnum og ríkir því fákeppni í sveitarstjórnarmálum og fáveldi í stjórnunarháttum sveitarstjórna (oligarkí, einhvers staðar á milli einræðis og lýðræðis).

Í borgarstjórn Reykjavíkur og öðrum fámennum íslenskum sveitarstjórnum er fáveldið auk þess undirstrikað enn frekar með ranghugmyndinni um þörf á „starfhæfum meiri hluta“, sem veldur því að 8–9 borgarfulltrúar hlaða á sig völdum og vegtyllum á meðan minni hlutinn situr hjá verklítill.

Fjöldi aðalmanna í þessari tillögu er fenginn með því að miða við helmingsmun á ákvæðum í sænskum (hærri gildi) og norskum sveitarstjórnarlögum, sbr. myndina:

Lágmarksfjöldi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum í Noregi og Svíþjóð samkvæmt ákvæðum í þarlendum lögum um sveitarstjórnir og fylkisþing.



Frekari samanburður við nágrannalöndin leiðir eftirfarandi í ljós:

	Íbúar	Sveitarfélög	Sveitar-stjórnarmenn	Meðaltal
Ísland	300 þús.	98	648	6,6
Finnland	5,2 millj.	431	12.157	28,2
Danmörk	5,4 millj.	98	2.520	25,7
Noregur	4,6 millj.	431	13.000	30
Svíþjóð	8,9 millj.	290	12.762	44

Fjöldi sveitarstjórnarmanna í nokkrum einstökum sveitarfélögum á Norðurlöndum.

Ísland	**Íbúar**	**Sveitar-stjórnarmenn**
Reykjavík	119.547	15
Kópavogur	29.976	11
Hafnarfjörður	25.850	11
Akranes	6.609	9
Ísafjarðarbær	3.972	9
Akureyri	17.541	11
Fjarðabyggð	4.723	9
Fljótsdalshérað	3.695	11
Hornafjörður	2.112	7
Vestmannaeyjar	4.086	7
Árborg	7.922	9
Danmörk		
Læsö	1.993	9
Aarhus	303.318	31
Fredericia	49.690	21
Ringsted	32.442	21
Gladsaxe	63.233	25
Noregur		
Trondheim	169.000	85
Bergen	253.000	67
Stavanger	122.000	67
Utsia	215	15
Træna	480	11
Drammen	91.000	49
Larvik	23.000	35
Lillehammer	19.000	47
Narvik	18.000	41
Svíþjóð		
Jönköping	125.000	81
Vesterås	107.000	61
Trollhättan	55.000	61
Falkenberg	40.000	51
Finnland		
Oulu	137.000	67
Pori	76.000	59

Greinilegt er að miðað við nágrannalöndin er mikill lýðræðishalli hér á landi hvað varðar þátttöku og möguleika almennings til áhrifa í sveitarstjórnum og slíkar fámennisstjórnir sem hér hafa tíðkast eru einsdæmi. Vissulega má gefa sér að þetta fyrirkomulag sé einfaldlega barn síns tíma en með gjörbreyttu og stórlega auknu hlutverki sveitarstjórna sem stjórnsýslustigs verður að gera þá kröfu að almenningur og smærri samtök fái að hafa meiri áhrif á framgang mála.

Með fjölgun sveitarstjórnarmanna má einnig gera ráð fyrir að nefndir og ráð sveitarstjórna yrðu skipuð kjörnum fulltrúum en ekki varamönnum eða öðrum liðsmönnum þeirra flokka

sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Slíkt mundi gera allt ferlið við ákvarðanatöku markvissara og ábyrgð kjörinna fulltrúa yrði einnig skýrari. Eins má gera ráð fyrir að krafa um stærri og öflugri sveitarstjórnir mundi enn frekar ýta undir sjálfviljuga sameiningu sveitarfélaga sem nú eru 77 talsins þrátt fyrir umtalsverða fækkun á liðnum árum. Sveitarfélögin hafa öll sömu stöðu og sömu skyldum að gegna samkvæmt lögum þrátt fyrir að vera ólík og misjöfn að landfræðilegri stærð og íbúafjölda. Hlutverk sveitarfélaga hefur tekið breytingum síðustu ár og verkefnin aukist umtalsvert og þörfin fyrir öflugar sveitarstjórnir og aðkomu fleiri að þeim hefur því farið vaxandi.

Fylgiskjal.

1. mgr. 5. kafla í sænsku sveitarstjórnarlögunum er sem hér segir (óformleg þýðing).

5. kafli. Sveitarstjórnir	**5 kap. Fullmäktige**
Fjöldi fulltrúa og varafulltrúa	*Antalet ledamöter och ersättare*
1. mgr. Sveitarstjórnin ákveður fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Skal fjöldinn standa á oddatölu og fulltrúarnir ekki færri en – 31 í sveitarfélögum með 12.000 eða færri kosningabærum íbúum og í lénsþingum með 140.000 eða færri kosningabærum íbúum, – 41 í sveitarfélögum með yfir 12.000 og allt að 24.000 kosningabærum íbúum, – 51 í sveitarfélögum með yfir 24.000 og allt að 36.000 kosningabærum íbúum, og í lénsþingum með yfir 140.000 og allt að 200.000 kosningabærum íbúum, – 61 í sveitarfélögum með yfir 36.000 kosningabærum íbúum, og – 71 í lénsþingum með yfir 200.000 kosningabærum íbúum. – Í sveitarfélaginu Stokkhólmi og í lénsþingum með yfir 300.000 kosningabærum íbúum, skal fjöldi fulltrúa hinsvegar ekki vera færri en 101.	1 § Fullmäktige bestämmer hur många ledamöter som fullmäktige skall ha. Antalet skall bestämmas till ett udda tal och till minst – 31 i kommuner med 12 000 röstberättigade invånare eller därunder och i landsting med 140 000 röstberättigade invånare eller därunder, – 41 i kommuner med över 12 000 till och med 24 000 röstberättigade invånare, – 51 i kommuner med över 24 000 till och med 36 000 röstberättigade invånare och i landsting med över 140 000 till och med 200 000 röstberättigade invånare, – 61 i kommuner med över 36 000 röstberättigade invånare, och – 71 i landsting med över 200 000 röstberättigade invånare. – I Stockholms kommun och i landsting med över 300 000 röstberättigade invånare skall dock antalet ledamöter bestämmas till minst 101.

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

19. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og í bókun við þann samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, frá 15. nóvember 2000.
20. Fyrir háttsemi sem greinir í Evrópuráðssamningi um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005.

2. gr.

Í stað 69. gr. laganna kemur nýr kafli, er verður VII. kafli A, **Upptaka,** með átta nýjum greinum er orðast svo:

a. (69. gr.)

Gera má upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

Kostnaður sem tengist framkvæmd brots dregst ekki frá fjárhæð ávinnings.

b. (69. gr. a.)

Gera má upptæka með dómi:

1. Hluti sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til notkunar eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots.
2. Hluti sem hafa orðið til við brot.
3. Hluti sem með öðrum hætti tengjast framningu brots.

Í stað upptöku á hlutum skv. 1. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Nú er félagi slitið með dómi og má þá gera fjármuni, bækur, skjöl og aðrar eignir þess upptækar.

c. (69. gr. b.)

Gera má upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar:

1. brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og
2. það getur varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem núverandi eða fyrrverandi maki eða sambúðarmaki þess sem framið hefur brot hefur aflað nema:

1. verðmætanna hafi verið aflað meira en 5 árum áður en brotið var framið eða
2. viðkomandi hafi ekki verið í hjúskap eða sambúð á þeim tíma sem verðmætanna var aflað.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í. Sama gildir ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans rennur til viðkomandi. Upptaka er þó ekki heimil ef verðmætin hafa runnið til lögaðilans meira en 5 árum áður en brotið var framið.

Nú sýnir viðkomandi fram á að verðmætanna hafi verið aflað á lögmætan hátt og skulu þau þá ekki gerð upptæk.

Í stað upptöku á tilgreindum verðmætum skv. 1.–3. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

d. (69. gr. c.)

Nú hefur ávinningi af broti verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti og má þá gera þær eignir upptækar allt að matsvirði þess ávinnings sem blandað var við þær.

e. (69. gr. d.)

Upptaka skv. 69. gr. má fara fram hjá þeim sem notið hefur ávinnings af broti.

Upptaka skv. 1. og 2. mgr. 69. gr. a má fara fram hjá þeim sem framið hefur brot og þeim sem hann hefur unnið fyrir.

Tryggingarréttindi yfir hlutum sem sæta upptöku geta aðeins fallið brott samkvæmt ákvörðun dómstóls þegar rétthafi er grandsamur.

Hafi einhver þeirra sem nefndur er í 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningi eða hlut sem gera á upptækan má gera ávinninginn eða hlutinn upptækan hjá þriðja manni hafi hann vitað um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða sýnt af sér stórfellt gáleysi í því sambandi. Sama gildir þegar um gjöf er að ræða.

Upptöku verður ekki komið við hafi viðkomandi látist, nema um sé að ræða upptöku skv. 69. gr.

f. (69. gr. e.)

Hafi einhver beðið tjón við brot má í dómi ákveða að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi.

Hafi dómfelldi greitt skaðabætur til brotaþola í slíkum tilvikum, eftir uppkvaðningu dóms, skal lækka þá fjárhæð sem gerð er upptæk í sama hlutfalli.

g. (69. gr. f.)

Nú er krafist upptöku á ávinningi, hlutum, munum, verðmætum eða eignum annarra en sakbornings og skal þá beina þeirri kröfu að eigandanum eða handhafa réttindanna.

Nú er ekki vitað hver er eigandi eða handhafi réttindanna eða hann hefur ekki þekktan dvalarstað hér á landi og má dómstóll þá beita upptöku í máli gegn sakborningi.

Nú er ekki vitað hver hefur gerst brotlegur eða er handhafi réttindanna og má þá beita upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður.

Nú hefur verið lagt hald á verðmæti við rannsókn máls og ekki er vitað hver eigandi þeirra er og enginn gerir lögmætt tilkall til þeirra innan 5 ára og má þá gera þau upptæk.

h. (69. gr. g.)

Það sem gert er upptækt er eign ríkissjóðs nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Það á þó ekki við þegar andvirðið er nýtt til að greiða skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot, sbr. 69. gr. e.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að ákveða að því sem gert er upptækt sé skipt á milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja. Við slíka ákvörðun skal m.a. leggja til grundvallar þau útgjöld sem málið hefur leitt af sér í ríkjunum, hvort þar hafi orðið tjón vegna málsins og hvaðan upptækt verðmæti er runnið. Skipting samkvæmt þessari málsgrein má ekki leiða til þess að bótagreiðslur til tjónþola séu takmarkaðar.

3. gr.

Orðin „3. tölul.“ í lokamálslið 6. mgr. 82. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Upphafsmálsliður 1. mgr. 100. gr. a laganna orðast svo: Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.

5. gr.

Á eftir 175. gr. laganna kemur ný grein, 175. gr. a, er orðast svo:

Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar minnst 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar minnst 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.

6. gr.

227. gr. a laganna orðast svo:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi.
2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.

3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr.

Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónuskilríki.
2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.
3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

7. gr.

264. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. skal sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. gildir þá eftir því sem við á.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 12 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Sé brot skv. 1. mgr. framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almenn atriði.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Frumvarpið var lagt fram á 135., 136. og 137. löggjafarþingi en var ekki afgreitt. Það er nú lagt fram á ný með breyttu sniði þar sem tekið er mið af athugasemdum og breytingartillögum allsherjarnefndar frá síðastliðnum vetri, en nefndin lagði m.a. til að ákvæði frumvarpsins um refsinæmi beinnar fjármögnunar og opinberrar hvatningar til hryðjuverka yrðu felld brott, en þau var áður að finna í 4. og 5. gr. í fyrri frumvörpunum.

Við samningu frumvarpsins var leitað umsagnar embættis ríkissaksóknara og tekið tillit til athugasemda og ábendinga sem bárust frá embættinu við lokafrágang þess.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningaþvætti og mansal. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr heildstæður kafli um upptöku auk þess sem lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi.

Með frumvarpinu er með heildstæðum hætti leitast við að endurskoða gildandi ákvæði almennra hegningarlaga um framangreind efnisatriði með það í huga að fært sé í fyrsta lagi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samning) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, og í öðru lagi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um

aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005. Í því sambandi verður þó að gera þann fyrirvara að efni síðarnefnds samnings kann að kalla á aðrar lagabreytingar svo unnt verði að fullgilda hann. Hvað varðar endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um upptöku eigna hefur einnig verið tekið tillit til athugasemda í annarri matsskýrslu GRECO (Samtaka ríkja gegn spillingu, e. Group of States Against Corruption) frá 2. júlí 2004. Þá er með frumvarpinu komið til móts við þær athugasemdir varðandi gildandi löggjöf um peningaþvætti sem fram koma í skýrslu FATF (Financial Action Task Force) um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006.

Helstu efnisákvæði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Lagt er til í 2. gr. að lögfestur verði nýr kafli, VII. kafli A, um upptöku.
2. Með 4. gr. er lagt til að verknaðarlýsing hryðjuverka í 1. mgr. 100. gr. a verði gerð skýrari.
3. Með 5. gr. er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði, 175. gr. a, um skipulagða brotastarfsemi.
4. Með 6. gr. er lagt til að gerðar verði breytingar á 227. gr. a um mansal.
5. Með 7. gr. er lagt til að gerðar verði breytingar á 264. gr. um peningaþvætti.

Áður en fjallað er um einstakar frumvarpsgreinar er í II.–VI. kafla fjallað almennt um einstaka efnisþætti frumvarpsins. Í II. kafla er vikið að alþjóðlegri baráttu gegn skipulagðri brotastarfsemi sem horft var til við samningu frumvarpsins og lýst meginefni Palermó-samningsins. Í III. kafla er fjallað um Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali. Þessu næst er í IV. kafla vikið að þeim meginsjónarmiðum sem höfð voru í huga við endurskoðun ákvæða almennra hegningarlaga um upptöku eigna og við þá útfærslu sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Í V. kafla er fjallað um þær réttarpólitísku röksemdir sem liggja til grundvallar þeirri tillögu 5. gr. frumvarpsins að lögfest verði nýtt sérákvæði um skipulagða brotastarfsemi í almenn hegningarlög. Loks er í VI. kafla fjallað um hvort nauðsyn sé sérstakra lagabreytinga vegna innleiðingar á bókun við Palermó-samninginn um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

II. Alþjóðleg barátta gegn skipulagðri brotastarfsemi – Palermó-samningurinn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. nóvember 2000 og hefur verið nefndur Palermó-samningurinn. Einnig voru sama dag samþykktar á vettvangi allsherjarþingsins bókanir við samninginn, þar á meðal bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Palermó-samningurinn gekk í gildi 29. september 2003 en af hálfu íslenska ríkisins var hann undirritaður 13. desember 2000 ásamt framangreindri bókun við samninginn, en um hana verður nánar fjallað í VI. kafla athugasemdanna.

Með Palermó-samningnum er tekið skref fram á við í baráttunni gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi. Með tilkomu alþjóðavæðingar, framfara í upplýsingatækni, stóraukinna alþjóðaviðskipta, auðveldari samgangna og breyttrar landamæravörslu hefur starfsumhverfi skipulagðra brotasamtaka gjörbreyst. Hér má sem dæmi vekja athygli á því að 1. maí 2004 fjölgaði ríkjum Evrópusambandsins úr 15 í 25 og þann 1. janúar 2007 bættust tvö ríki við til viðbótar. Talið er líklegt að sú stækkun auki tækifæri skipulagðra brotasamtaka til að sækja sér nýja markaði og auðveldi þeim að skipuleggja brotastarfsemi sína. Stækkunin mun auðvelda viðskipti milli landa og draga úr ýmsum hömlum á starfsemi brotasamtaka, en löggæslu- og eftirlitsstofnanir einstakra ríkja eru áfram háðar landamærum. Brotasamtök hafa nýtt sér þessar breyttu landfræðilegu aðstæður og ógna nú þjóðum án tillits til landamæra.

Er engum vafa undirorpið að alvarleg brotastarfsemi á alþjóðlegum vettvangi er vaxandi vandamál í þjóðfélögum nútímans.

Eitt af því sem einkennir skipulagða brotastarfsemi er fagmennska, skipulagning og nær ótakmörkuð fjárráð. Fyrir vikið er hér um sífellt vaxandi og erfiðari mál að ræða. Ágóði af skipulagðri brotastarfsemi eykst jafnt og þétt og ógnar ríkisvaldi og samfélagi þar sem brotamennirnir festa illa fengið fé sitt í löglegri starfsemi (peningaþvætti) og bjóða heim hættunni á spillingu. Skipulögð brotastarfsemi er eins og fram er komið ekki bundin af landamærum einstakra ríkja og eykur það þörfina fyrir alþjóðasamstarf lögreglu. Jafnmikilvæg er samræming löggjafar á milli ríkja og pólitísk áhersla á upprætingu slíkra brota. Mismunandi framkvæmd löggæslu og ósamræmi milli landa er augljóslega til trafala, ekki síst í ljósi þess að brotamennirnir eru ekki háðir slíkum takmörkunum. Með samningnum eiga ríki að geta treyst hvort á annað við rannsókn, saksókn og refsingu brota sem framin eru af skipulögðum brotasamtökum þar sem annaðhvort brotin eða þeir sem þau fremja tengjast á einhvern hátt milli landa. Með tilkomu samningsins ætti skipulögðum brotasamtökum að vera gert erfiðara fyrir við starfsemi sína, t.d. með því að misnota glufur í löggjöf einstakra ríkja eða vandamál varðandi lögsögu ríkja.

Megintilgangur Palermó-samningsins er að stuðla að samvinnu á milli ríkja með það markmið í huga að berjast gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti en áður hefur tíðkast og efla þar með alþjóðlegt samstarf, sbr. 1. gr. samningsins.

Samningurinn hefur að telja 41 grein sem margar hverjar skiptast niður í fjölda undirliða. Í 2. gr. samningsins eru hin ýmsu hugtök sem fram koma í samningnum skilgreind, m.a. skipulögð brotasamtök, stórfelld brot, samhæfð samtök og frumbrot. Gildissvið samningsins er afmarkað í 3. gr. hans en samkvæmt henni gildir hann um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna þeirra brota sem lýst eru refsinæm skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samningsins og alvarlegra brota samkvæmt skilgreiningu 2. gr. enda sé brotið liður í fjölþjóðlegri brotastarfsemi þar sem skipulögð brotasamtök koma við sögu. Þá kemur fram í 2. mgr. 3. gr. að brot teljist vera liður í fjölþjóðlegri brotastarfsemi taki framkvæmd og afleiðingar þess til fleiri en eins ríkis. Í 4. gr. samningsins er fjallað um fullveldisvernd og í 5. gr. hans er þátttaka í starfsemi skipulagðra brotasamtaka lýst refsiverð. Í 6.–7. gr. er fjallað um peningaþvætti og í 8.–9. gr. er fjallað um spillingu og forvarnir. Ákvæði 10. gr. beinist að ábyrgð lögaðila og í 11. gr. er fjallað um skyldur ríkisins til saksóknar, dómsálagningar og til að koma við viðurlögum vegna þeirra verknaða sem lýstir eru refsiverðir samkvæmt samningnum.

Þá er í samningnum fjallað um upptöku og haldlagningu sem og alþjóðlega samvinnu í slíkum málum, sbr. 12.–14. gr. samningsins. Í 15. gr. er fjallað um lögsögureglur og í 16.–22. gr. er fjallað um framsal, sbr. 16. gr., flutning dæmdra manna, sbr. 17. gr., gagnkvæma dómsmálaaðstoð og rannsóknir, sbr. 18.–20. gr., flutning meðferðar sakamáls milli aðildarríkja, sbr. 21. gr., og atriði tengd skráningu í sakaskrá, sbr. 22. gr. Í 23. gr. er fjallað um skyldu aðildarríkja til að lýsa hindrun á framgangi réttvísinnar refsiverða. Í 24. og 25. gr. samningsins er fjallað um vitnavernd og aðstoð við brotaþola og vernd þeirra.

Í 26. og 27. gr. er fjallað um ráðstafanir til að efla samstarf við yfirvöld aðildarríkja sem framfylgja efnisákvæðum samningsins, sbr. 26. gr., og samvinnu milli ríkja varðandi brot þau sem samningurinn tekur til, sbr. 27. gr. samningsins. Í 28. gr. samningsins er fjallað um skyldur ríkja til að safna og miðla upplýsingum um eðli skipulagðrar brotastarfsemi. Þá er í 29. og 30. gr. samningsins vikið að nauðsyn þess að aðildarríki þrói og betrumbæti sértækar áætlanir um þjálfun þeirra starfsmanna sem framfylgja þeim lagaákvæðum sem samningurinn leiðir af sér, sbr. 29. gr., og komi á fót samstarfi milli aðildarríkja sem og við alþjóðastofnan-

ir og svæðisstofnanir til að berjast gegn skipulagðri, fjölþjóðlegri brotastarfsemi, sbr. 30. gr. samningsins. Þá er í 31. gr. samningsins fjallað um forvarnastarf í aðildarríkjunum til að koma í veg fyrir fjölþjóðlega, skipulagða brotastarfsemi.

Í 32.–41. gr. samningsins er svo að finna ýmis lokaákvæði.

Loks má geta þess að réttarfarsnefnd hefur farið yfir efni samningsins sem snertir réttarfar og telur það ekki gefa tilefni til breytinga á íslenskri réttarfarslöggjöf.

III. Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali og íslensk refsilög um mansal.

Árlega verða þúsundir einstaklinga, aðallega konur og börn, fórnarlömb mansals, ýmist í eigin heimalandi eða erlendis, og er markmiðið meðal annars hagnýting í kynferðislegum tilgangi. Bendir flest til þess að fjöldi fórnarlamba fari vaxandi. Aðgerðir gegn mansali hafa hlotið mikla athygli um heim allan og er ástæðan sú að mansal ógnar mannréttindum og grundvallargildum í lýðræðisþjóðfélögum. Aðgerðir til að berjast gegn þessari plágu er einn þáttur í baráttu Evrópuráðsins fyrir helstu markmiðum þess, mannréttindum og mannlegri reisn. Til að ná árangri í þessari baráttu verða aðgerðir að fela í sér þverfaglega aðkomu sem grundvallast á forvörnum, verndun mannréttinda fórnarlambanna og saksókn þeirra sem standa að mansali, en á sama tíma verður að leitast við að samræma viðeigandi ákvæði í landslögum ríkja og tryggja að þeim verði beitt með samstilltum og árangursríkum hætti.

Ríki heims hafa í auknum mæli beint sjónum sínum að baráttunni gegn mansali og hafa nokkrir alþjóðasamningar verið gerðir innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Má þar nefna alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum frá 1979, en sá samningur leggur þær skyldur á aðildarríki að vinna gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna. Var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu 18. júní 1985 og öðlaðist gildi mánuði síðar. Einnig má nefna bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fjallar um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám frá 25. maí 2000. Var bókunin undirrituð af Íslands hálfu 7. september 2000 og fullgilt 9. júlí 2001.

Á árinu 1991 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tilmæli nr. R(91)11 um hagnýtingu í kynferðislegum tilgangi, klám, vændi og mansal barna og ungmenna og var það fyrsti alþjóðlegi gerningurinn sem tók sérstaklega á þessum málum. Þá voru á árunum 2000 og 2001 samþykkt tilmæli ráðherranefndarinnar nr. R(2000)11 um aðgerðir gegn mansali vegna hagnýtingar í kynferðislegum tilgangi og tilmæli nefndarinnar R(2001)16 um verndun barna gegn hagnýtingu þeirra í kynferðislegum tilgangi. Þá má einnig nefna áðurnefnda bókun frá 15. nóvember 2000 til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, en um er að ræða bókun við Palermó-samninginn um fjölþjóðlega, skipulagða brotastarfsemi.

Sérstakt refsiákvæði um mansal var sett inn í almenn hegningarlög, sem 227. gr. a, með lögum nr. 40/2003. Refsing fyrir brot gegn ákvæðinu getur numið allt að átta ára fangelsi. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/2003 segir að með hliðsjón af alþjóðasamningum sé lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði í hegningarlög um refsinæmi mansals. Þótt sú háttsemi sem fjallað hafi verið um í frumvarpinu hafi þegar verið refsinæm segir í greinargerð að með frumvarpinu sé lögð sérstök áhersla á þessi brot og refsivernd gegn þeim aukin, en brotastarfsemin beinist gegn helgustu persónuréttindum, svo sem frjálsræði. Þá segir í frumvarpinu að við ákvörðun viðurlaga reyni á ýmis sjónarmið, og er það virt til refsiþyngingar ef brot beinist að barni eða ef brotastarfsemin er skipulögð. Þá sé brot refsivert án tillits til þess hvort fólk er flutt til landsins eða úr landi með

sama hætti og þegar starfsemin fari að öllu leyti fram hér á landi. Í þessu sambandi verði að gæta þess að brotastarfsemi tengd mansali sé alþjóðleg og virði ekki landamæri.

Á þríhliða fundi sem haldinn var í Genf 14. febrúar 2003, þar sem saman voru komnir háttsettir embættismenn Evrópuráðsins, Öryggis- og framfarastofnunar Evrópu (ÖSE) og Sameinuðu þjóðanna, var lýst yfir stuðningi við gerð sérstaks Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali. Sérfræðinganefnd, sem sett var á fót til að sinna þessu verkefni, samþykkti endanleg drög að samningnum í desember 2004 og var hann samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins 3. maí 2005. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 16. maí 2005 og var hann undirritaður af hálfu Íslands sama dag. Hinn 12. júní 2009 höfðu 25 ríki fullgilt samninginn.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali styðst að mörgu leyti við áðurnefnda bókun við Palermó-samninginn (Palermó-bókun), en er mun ítarlegri og gildir til að mynda bæði um mansal innan lands sem og fjölþjóðlegt mansal. Þá gildir samningurinn án tillits til þess hvort skipulögð brotasamtök standa að baki mansali eða ekki, en bókunin gildir hins vegar eingöngu um mansal sem á sér stað milli landa fyrir tilstilli skipulagðra brotasamtaka, sbr. meðal annars 4. gr. og 2. mgr. 1. gr. Palermó-bókunarinnar, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. og 2. gr. a Palermó-samningsins. Loks má nefna að allnokkur atriði er að finna í Evrópuráðssamningnum sem ekki er að finna í Palermó-bókuninni, til að mynda ákvæði um vitna- og upplýsingavernd og ákvæði um refsiábyrgð lögaðila.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginefni Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali, en sjónum verður einkum beint að þeim ákvæðum sem þýðingu hafa fyrir frumvarp þetta.

Í 1. gr. eru talin upp þau markmið sem stefnt er að með samningnum. Megináherslan er lögð á verndun réttinda fórnarlamba mansals og málshöfðun á hendur þeim sem eru ábyrgir fyrir þeim brotum. Fjallað er um gildissvið samningsins í 2. gr., en hann tekur bæði til mansals innan lands og fjölþjóðlegs mansals, óháð því hvort það tengist skipulagðri brotastarfsemi. Í 3. gr. er fjallað um bann við mismunun.

Í a-lið 4. gr. samningsins er að finna skilgreiningu á mansali, en til að berjast gegn mansali á alþjóðlegum vettvangi er undirstöðuatriði að notast sé við skilgreiningu á mansali sem alþjóðasamfélagið hefur náð samstöðu um. Umrædd skilgreining styðst að nær öllu leyti við skilgreininguna í a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar. Ákvæði 4. gr. er svohljóðandi samkvæmt frumtexta samningsins:

For the purposes of this Convention:

a. „Trafficking in human beings“ shall mean the recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of persons, by means of the threat or use of force or other forms of coercion, of abduction, of fraud, of deception, of the abuse of power or of a position of vulnerability or of the giving or receiving of payments or benefits to achieve the consent of a person having control over another person, for the purpose of exploitation. Exploitation shall include, at a minimum, the exploitation of the prostitution of others or other forms of sexual exploitation, forced labour or services, slavery or practices similar to slavery, servitude or the removal of organs;

b. The consent of a victim of „trafficking in human beings“ to the intended exploitation set forth in subparagraph (a) of this article shall be irrelevant where any of the means set forth in subparagraph (a) have been used;

c. The recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of a child for the purpose of exploitation shall be considered „trafficking in human beings“ even if this does not involve any of the means set forth in subparagraph (a) of this article;

d. „Child“ shall mean any person under eighteen years of age;

e. „Victim“ shall mean any natural person who is subject to trafficking in human beings as defined in this article.

Í skilgreiningunni felast þrír meginþættir; a) verknaður, þ.e. að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, b) aðferð, þ.e. með því hóta valdbeitingu, beita valdi eða annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum o.fl., og c) tilgangur, þ.e. að misnotkunin sé til hvers konar hagnýtingar (e. exploitation). Til að um mansal geti verið að ræða verða allir þessir þrír þættir að vera til staðar, en þegar um er að ræða börn skiptir ekki máli hvaða aðferð er beitt við mansalið, sbr. c-lið 4. gr. Efnislega er skilgreining 227. gr. a almennra hegningarlaga á mansali svipuð skilgreiningunni í samningnum. Með 6. gr. frumvarpsins er þó lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á gildandi mansalsákvæði hegningarlaga, og vísast að öðru leyti í því efni til sérstakra athugasemda við greinina.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um forvarnir gegn mansali. Fjallað er um aðgerðir til að draga úr eftirspurn í 6. gr. og um landamæraeftirlit í 7. gr. sem er að miklu leyti byggð á 11. gr. Palermó-bókunarinnar.

Ákvæði 8. gr., sem styðst við 12. gr. Palermó-bókunarinnar, fjallar um öryggi og skoðun skilríkja. Samkvæmt ákvæðinu er sú skylda lögð á herðar samningsaðilum að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja gæði ferða- eða persónuskilríkja og tryggja að þau séu traust og örugg í því skyni að erfitt sé að falsa þau eða breyta þeim, afrita þau eða gefa þau út ólöglega. Ferða- og persónuskilríki eru nauðsynleg tæki í tengslum við mansal, sérstaklega fjölþjóðlegt mansal. Samvinna milli samningsaðila við að ganga úr skugga um lögmæti og gildi slíkra skilríkja er þar af leiðandi nauðsynleg forvörn. Samkvæmt 9. gr., sem er byggð á 13. gr. Palermó-bókunarinnar, skal samningsaðili að beiðni annars samningsaðila, staðfesta innan hæfilegs frest, í samræmi við landslög sín, lögmæti og gildi ferða- og persónuskilríkja sem eru gefin út eða sögð hafa verið gefin út í umboði hans og grunur leikur á að séu notuð til mansals. Með þessu er átt við að sá aðili sem beiðni er beint til skuli ganga úr skugga um bæði formlegt og efnislegt lögmæti skilríkja. Skilríki sem notuð eru til mansals geta verið hrein fölsun frá grunni og þar af leiðandi ekki gefin út af þeim aðila sem beiðni er beint til. Skilríki geta einnig hafa verið gefin út af þeim aðila sem beiðni er beint til en síðan getur þeim verið breytt á síðari stigum til að falsa þau. Í slíkum tilfellum eru skilríkin formlega ólögmæt. Á hinn bóginn geta skilríki sem hvorki eru fölsuð né hefur verið breytt verið notuð við mansal. Má sem dæmi nefna gild og lögmæt skilríki sem eru notuð af öðrum en þeim sem þau tilheyra. Í slíkum tilvikum eru skilríkin efnislega ólögmæt.

Í III. kafla samningsins er að finna ákvæði sem fjalla um vernd og aðstoð við fórnarlömb mansals. Sum ákvæði kaflans eiga við um öll fórnarlömb (10., 11., 12., 15. og 16. gr.), en önnur eiga sérstaklega við um fórnarlömb sem dvelja ólöglega í viðtökuríkinu (13. og 14. gr.). Þá eiga sum ákvæði við um einstaklinga sem hafa ekki enn þá verið greindir sem fórnarlömb mansals en líkur benda til þess að svo sé (2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr. og 13. gr.).

Í 1. mgr. 12. gr. er fjallað um þá aðstoð sem samningsaðilum ber að veita fórnarlömbum mansals. Í 13. gr. er vikið að þeim fórnarlömbum mansals sem dvelja ólöglega í viðtökuríki eða sem dvelja þar löglega og hafa skammtímadvalarleyfi. Ákvæði 14. gr. samningsins fjallar um dvalarleyfi og 15. gr. um bætur og lagalega úrlausn, þar á meðal um rétt til lögfræði-

aðstoðar og gjafsóknar. Ákvæði 16. gr., sem er að hluta til byggt á 8. gr. Palermó-bókunarinnar, tekur bæði til sjálfviljugrar og þvingaðrar endurkomu fórnarlamba mansals. Áhersla er þó lögð á að slík endurkoma skuli helst vera með samþykki fórnarlambs.

Með 17. gr. er leitast við að koma í veg fyrir ójafnrétti á grundvelli kynferðis og leggja áherslu á þá staðreynd að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru konur aðalmarkhópurinn í tengslum við mansal. Í 18., 19. og 20. gr. er mælt fyrir um refsinæmi tiltekinna verknaða, en samræming löggjafar samningsaðila um þau atriði sem þar er fjallað um auðveldar aðgerðir gegn mansali. Með 18. gr. er leitast við að gera mansal að refsiverðu athæfi, en greinin er byggð á 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Rétt er að taka fram að fórnarlamb þarf ekki að hafa t.d. orðið fyrir misnotkun í kynferðislegum tilgangi til þess að um mansal sé að ræða. Sem fyrr greinir var sérstakt refsiákvæði um mansal sett inn í almenn hegningarlög, 227. gr. a, með lögum nr. 40/2003.

Samkvæmt 19. gr. skulu samningsaðilar íhuga að mæla fyrir um refsinæmi þess að nýta af ásettu ráði þá þjónustu sem mansal miðar að. Tilgangur þess er að draga úr eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem mansal miðar að, hvort sem það er í kynferðislegum tilgangi, ánauð, þrælahald eða brottnám líffæra. Sem dæmi má nefna að samkvæmt þessu ákvæði væri það refsivert fyrir eiganda fyrirtækis að hafa í vinnu verkamenn sem eru fórnarlömb mansals. Í slíku tilviki ætti 18. gr. ekki við um eigandann, heldur mundi brotið varða við 19. gr. Með sama hætti væri hægt að refsa kaupanda vændis sem er meðvitaður um að viðkomandi einstaklingur sé fórnarlamb mansals. Áhersla skal lögð á að skilyrði refsinæmis er að viðkomandi hafi framið brotið vísvitandi en slíkt gæti reynst ákæruvaldinu erfitt að sanna.

Í tengslum við þetta má nefna að í apríl sl. voru samþykktar á Alþingi breytingar á ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 54/2009. Samkvæmt lögunum er nú refsivert að greiða eða heita greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi. Liggja sektir eða fangelsi allt að einu ári við slíku broti, en ef um er að ræða einstakling undir 18 ára aldri er refsiramminn sektir og fangelsi allt að tveimur árum. Tilgangur 20. gr. samningsins er að litið verði á tiltekna verknaði sem tengjast ferða- eða persónuskilríkjum sem refsiverð brot þegar þeir eru framdir í tengslum við mansal. Slík skjöl, sem oft eru fölsuð, eru nauðsynleg verkfæri þegar um er að ræða mansal sem á sér stað milli landa. Í 6. gr. frumvarpsins eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga til að innleiðing þessa ákvæðis samningsins sé fullnægjandi.

Í 21. gr. er annars vegar fjallað um tilraun til brots og hins vegar aðstoð við brot eða hvatningu til þess. Sams konar ákvæði er einnig að finna í 2. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Í hegningarlögum er að finna ákvæði um þetta, sbr. 20. og 22. gr.

Ákvæði 22. gr. samningsins er í samræmi við þá ríkjandi stefnu að draga lögaðila til refsiábyrgðar. Með lögum nr. 74/2006, um breyting á almennum hegningarlögum, þágildandi lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001), var lögfest nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 19. gr. d, sem veitir almenna heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila fyrir brot á ákvæðum þeirra laga, þar á meðal ákvæði 227. gr. a um mansal.

Í 23. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum gegn 18.–22. gr. samningsins. Skulu samningsaðilar tryggja að viðurlögin séu áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Ákvæði 24. gr. leggur þær skyldur á herðar samningsaðilum að tryggja að tilteknar aðstæður hafi áhrif til þyngingar refsingar vegna brots gegn 18. gr. Í 70. gr. almennra hegningarlaga er að finna ákvæði um atriði sem hafa áhrif á refsihæð þegar hegning er tiltekin. Að öðru leyti vísast hér til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 25. gr. samningsins skal hver samningsaðili eftir atvikum gera nauðsynlegar breytingar á löggjöf og aðrar ráðstafanir til þess að hægt verði að taka tillit til erlendra refsidóma við ákvörðun refsingar. Í 2. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga segir: „Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.“ Er því ekki þörf á lagabreytingum vegna þessa ákvæðis samningsins.

Í 26. gr. samningsins er kveðið á um undanþágu frá refsingu. Samkvæmt henni skal fórnarlömbum ekki refsað fyrir aðild sína að ólöglegri starfsemi, enda hafi þau verið þvinguð til hennar. Hér má líta til 74. gr. almennra hegningarlaga.

Í V. kafla samningsins er fjallað um rannsókn, saksókn og um málsmeðferð. Í VI. kafla er fjallað um alþjóðlega samvinnu og samvinnu við borgaralegt samfélag. Þá er í VII. kafla fjallað um eftirlitskerfi. Í VIII. kafla er fjallað um tengsl samningsákvæðanna við alþjóðlega gerninga. Ákvæði 39. gr. fjallar um tengsl við Palermó-bókunina. Í 40. gr. er fjallað um tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

IV. Nýr kafli í almenn hegningarlög um upptöku.

Ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga um upptöku eigna hefur staðið óbreytt frá setningu laganna, að öðru leyti en því að síðari málsliður 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar var lögfestur með lögum nr. 10/1997. Endurskoðun á ákvæðunum er því orðin tímabær og er markmið frumvarpsins að gera ákvæðin skýrari og færa þau í nútímalegt horf til að um upptöku gildi skýrar og ótvíræðar reglur og unnt sé að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti. Þá er þörf á endurskoðun ákvæðanna til innleiðingar á 12. gr. Palermósamningsins og til að bregðast við athugasemdum í annarri matsskýrslu GRECO frá 2. júlí 2004. Er í þessu skyni lagt til að nýr heildstæður kafli um upptöku, VII. kafli A, verði settur í almenn hegningarlög og komi hann í stað núgildandi ákvæðis 69. gr.

Með 12. gr. Palermó-samningsins er samningsaðilum gert skylt að samþykkja ráðstafanir, að því marki sem frekast er unnt, til að gera upptækan ávinning af refsiverðri háttsemi, sem leiddur er af þeim brotum sem samningurinn tekur til, eða eign sem svarar til slíks ávinnings og eignir, búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð eru til notkunar við framningu brots sem samningurinn tekur til, sbr. 1. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af refsiverðu broti verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða að öllu leyti, skal vera unnt að gera hana upptæka í stað ávinningsins, sbr. 3. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af refsiverðu broti verið blandað saman við eignir, sem hefur verið aflað með lögmætum hætti, skal vera unnt að gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var við þær, sbr. 4. mgr. 12. gr. Þá skal vera unnt að gera upptækar tekjur og annan hagnað af ávinningi af refsiverðu broti, af eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í og af eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við, sbr. 5. mgr. 12. gr. samningsins.

Ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga þykir ekki fullnægjandi til innleiðingar á 3. og 4. mgr. 12. gr. samningsins og er brugðist við því með a- og d-lið 2. gr. frumvarpsins. Í fyrrgreindum tilmælum GRECO er meðal annars lagt til að íslenska ríkið rýmki gildissvið ákvæða um upptöku eigna og ávinnings af refsiverðum brotum og íhugi að endurskoða reglur um sönnunarbyrði í því skyni að auka skilvirkni upptöku í málum sem varða spillingu, einkum að því er varðar aðstæður þar sem ekki er hægt að koma við sakfellingu og þegar verðmæti er í vörslum þriðja manns. Með c- og g-lið 2. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við þessi tilmæli GRECO.

Við gerð þessa hluta frumvarpsins voru ákvæði danskra og norskra hegningarlaga um upptöku eigna og gögn sem standa þeim að baki könnuð vandlega, en gerðar voru veigamiklar breytingar á dönsku ákvæðunum með lögum nr. 411/1997 og á norsku ákvæðunum með lögum nr. 39/1999. Ákvæði frumvarpsins voru samin með hliðsjón af dönsku og norsku ákvæðunum og eiga sér flest hliðstæðu þar, en þess var þó gætt að laga ákvæðin að íslensku lagaumhverfi og gera ekki tillögur að breytingum á því sem gefist hefur vel í gildandi löggjöf.

Í nýja kaflanum er að finna ýmis nýmæli og má þar í fyrsta lagi nefna að lagt er til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku verðmæta hafi einstaklingur gerst sekur um alvarlegt brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og er við þær aðstæður hugsanlegt að gera upptæk verðmæti sem tilheyra öðrum en honum sjálfum, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er sérstaklega fjallað um upptöku hafi ávinningi verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti, sbr. d-lið 2. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er mælt fyrir um hjá hverjum upptaka getur farið fram, sbr. e-lið 2. gr. frumvarpsins, og í fjórða lagi er fjallað ítarlega um tengsl skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón af broti og upptöku verðmæta vegna sama brots, sbr. f-lið 2. gr. frumvarpsins. Þá er í fimmta lagi kveðið á um að hverjum beina á kröfu um upptöku og þá aðstöðu þegar sakborningur, eigandi eða handhafi réttinda sem gera á upptæk er óþekktur, sbr. g-lið 2. gr. frumvarpsins. Loks er í sjötta lagi mælt fyrir um heimild dómsmálaráðuneytis til að ákveða að því sem gert er upptækt skuli skipt milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja, sbr. h-lið 2. gr. frumvarpsins. Það nýmæli sem felst í c-lið 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma veigamestu breytinguna á gildandi löggjöf og verður því sérstaklega fjallað um álitaefni því tengd hér á eftir. Um önnur nýmæli vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Með c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og geti brotið varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum má gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi, nema hann sýni fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Við þessar aðstæður og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum má jafnframt gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi hefur einn eða með sínum nánustu ráðandi stöðu í, sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Er því gert ráð fyrir fráviki frá meginreglunni um sönnunarbyrði ákæruvaldsins við þessar aðstæður. Sambærilegt ákvæði er að finna í 76. gr. a dönsku hegningarlaganna og á það rætur að rekja til laga nr. 411/1997 sem sóttu að einhverju leyti fyrirmynd í skýrslu svokallaðrar upptökunefndar (n. Inndragningsudvalget) frá 17. september 1996 sem skipuð var af norska dómsmálaráðherranum og bar meðal annars að gera tillögur að breytingum á ákvæðum norskra hegningarlaga um upptöku eigna, sbr. NOU 1996:21. Í 68. gr. norsku hegningarlaganna er að finna ákvæði sem gerir ráð fyrir sams konar fráviki frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins hafi einstaklingur gerst sekur um eitt eða fleiri brot sem eru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum sem lúta að alvarleika brota.

Við setningu ákvæðis af þessu tagi í íslenska löggjöf verður að ganga úr skugga um að það samræmist ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Þá verður einnig að huga að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu sem einnig hefur verið lögfestur hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Kemur til skoðunar annars vegar hvort ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins, samrýmist 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6.

gr. mannréttindasáttmálans þar sem mælt er fyrir um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Hins vegar þarf að taka til athugunar hvort ákvæðið gangi nærri stjórnskipulegri eignarréttarvernd skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um friðhelgi eignarréttarins, sbr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Við setningu sambærilegra ákvæða í Danmörku og Noregi var fjallað um þessi álitaefni, einkum í Noregi, og komist að þeirri niðurstöðu að þau brytu ekki gegn ákvæðum innlendra laga og fyrrnefndum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001* reyndi á upptökuákvæði í breskum lögum þar sem vikið er frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins, en þarlend löggjöf gengur þó nokkuð lengra í þessum efnum en lagt er til í c-lið 2. gr. frumvarpsins. Álitaefnið var það hvort fyrirkomulag bresku laganna gengi lengra en heimilt væri skv. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Málsatvik voru þau að kærandi var sakfelldur fyrir innflutning fíkniefna og dæmdur til að sæta fangelsi í níu ár. Í sérstöku upptökumáli, sem höfðað var í kjölfarið, var ákveðið að hann skyldi sæta upptöku á ákveðinni fjárhæð og honum gerð vararefsing. Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans í síðara málinu þar sem hann hefði samkvæmt breskum lögum þurft að sýna fram á að þeirra fjármuna, sem krafist var upptöku á, hefði verið aflað með lögmætum hætti til að komast hjá upptöku þeirra. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki reyndi á 2. mgr. 6. gr. við þessar aðstæður þar sem kærandi hefði ekki verið „borinn sökum um refsiverða háttsemi“ þegar tekin var ákvörðun um upptöku fjármunanna. Markmið málsins hefði enda ekki verið að sakfella eða sýkna hann fyrir annað brot en hann hafði þegar verið sakfelldur fyrir. Taldi dómstóllinn þessa málsmeðferð vera hliðstæða ákvörðun dómstóls um fjárhæð sektar eða tímalengd fangelsis eftir að maður hefði verið sakfelldur.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið lagt til grundvallar að við túlkun 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar verði að horfa til þess að það ákvæði á rætur sínar að rekja til 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eins og fram kemur í lögskýringargögnum að baki stjórnarskrárákvæðinu. Að þessi virtu og með vísan til áðurnefnds dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001* hefur hér verið lagt til grundvallar að það frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins sem mælt er fyrir um í c-lið 2. gr. frumvarpsins brjóti ekki í bága við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar eða 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það fyrirkomulag á upptöku verðmæta sem lagt er til með c-lið 2. gr. frumvarpsins hefur enda ekki áhrif á þann rétt sem mönnum er tryggður með áðurnefndum ákvæðum, enda er sá er slík upptökukrafa beinist að við þær aðstæður ekki „borinn sökum“ um annað brot en hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir, eins og lagt er til grundvallar í framangreindum dómi Mannréttindadómstólsins.

Hvað varðar síðara álitaefnið er fyrir mælt í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir. Þrátt fyrir ákvæðið hefur eignarupptaka á grundvelli 69. gr. almennra hegningarlaga verið talin heimil og hefur ekki verið talið skipta máli að viðkomandi sé sviptur eignarrétti án þess að fá nokkrar bætur fyrir. Samkvæmt 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu verður eignarsvipting að eiga sér stoð í lögum og þjóna almannahagsmunum, auk þess sem hún verður að vera í samræmi við almennar meginreglur þjóðaréttar. Af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu verður ráðið að skerðing eignarréttar þurfi auk þess að fullnægja kröfum meðalhófsreglunnar, en í því felst að skerðingin má ekki raska því réttláta jafnvægi sem ríkja skal á milli almanna-

hagsmuna og verndar eignarréttar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir meðal annars að ríki hafi rétt til að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynlegt til að tryggja greiðslu skatta, annarra opinberra gjalda eða viðurlaga. Fjallað var um hvort ákvæði af því tagi sem c-liður 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma væri í samræmi við fyrrgreint ákvæði mannréttindasáttmálans við setningu sambærilegs ákvæðis í Noregi. Vísað var til þess að í undantekningartilvikum gæti komið til þess að hin rúma heimild til upptöku leiddi til þess að eignir, sem ekki hefði verið aflað með refsiverðri háttsemi, yrðu gerðar upptækar. Var þó talið að hagsmunir almennings af skilvirkum reglum um upptöku sem væru nauðsynlegar í baráttunni gegn brotastarfsemi í ágóðaskyni hefðu meira vægi en þessi möguleiki. Væri ákvæðið því í samræmi við meðalhófsregluna og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Í fyrrnefndu máli *Phillips gegn Bretlandi* frá 5. júlí 2001 reyndi á það fyrir Mannréttindadómstól Evrópu hvort heimild til upptöku samkvæmt ákvæði breskrar fíkniefnalöggjafar væri það víðtæk að hún bryti gegn umræddu ákvæði mannréttindasáttmálans um friðhelgi eignarréttar. Dómstóllinn vísaði til þess að ákvörðun um upptöku í þessu tilviki væri „viðurlög“ í skilningi 2. mgr. ákvæðisins og að aðildarríkjum væri heimilt að fullnægja þeim lögum sem það teldi nauðsynlegt til að tryggja greiðslu viðurlaga. Hins vegar yrði kröfum meðalhófsreglunnar að vera fullnægt. Í ljósi þess markmiðs upptökunnar að berjast gegn útbreiðslu fíkniefna og annarra atvika málsins var ekki talið að brotið hefði verið gegn meðalhófsreglunni í máli kæranda og að því væri ekki um að ræða brot gegn 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Að framangreindu virtu og í ljósi þess markmiðs c-liðar 2. gr. frumvarpsins að berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi er hér lagt til grundvallar að ákvæðið brjóti ekki gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, enda sé því í hverju tilviki beitt þannig að gætt sé meðalhófs að virtum atvikum máls.

Í 2. og 3. mgr. c-liðar 2. gr. frumvarpsins er lagt til að með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. sé heimilt að gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem núverandi eða fyrrverandi maki eða sambúðarmaki þess sem framið hefur brot hefur aflað eða þau verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur einn eða með sínum nánustu hefur ráðandi stöðu í eða ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans renna til viðkomandi. Frá þessum reglum er mælt fyrir um tiltekin frávik sem fram koma í 2. og 3. mgr. Í þessu sambandi ber að geta þess að af hálfu fræðimanna hefur ekki verið talið að rök standi til þess að líta svo á að í íslenskum rétti ráðist mörkin milli eignarnáms og eignarupptöku af því hvort eignarskerðing komi niður á mönnum sem eru á einhvern hátt viðriðnir refsiverð brot eða brotastarfsemi eða ekki. Skipti þar ekki máli þótt unnt sé að benda á að slík eignarupptaka komi mjög hart niður. Á þessum grundvelli er á því byggt í doktorsriti Gauks Jörundssonar *Um eignarnám* (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1969, bls. 153) að meginmáli skipti í þessu sambandi hvort eignarskerðingin geti talist liður í aðgerðum löggjafans til að koma fram refsingu fyrir brot „eða hindra, að þau séu framin“. Niðurstaða Gauks er sú að „eignarnámsákvæði stj.skr. [komi] því aðeins til álita, að telja megi, að verið sé að fara á svig við það undir því yfirskini, að verið sé að hindra afbrot eða refsa fyrir þau“. Í frumvarpi þessu er lagt til grundvallar að tilvitnuð sjónarmið endurspegli ríkjandi viðhorf um efni og inntak eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því sé ekki ástæða til að ætla að það fyrirkomulag sem lagt er til í 2. og 3. mgr. c-liðar 2. gr. frumvarpsins gangi nærri hinni stjórnskipulegu eignarréttarvernd með tilliti til efnis þessara ákvæða og þeirra markmiða sem að baki þeim búa um skipulega og skilvirka framkvæmd refsivörslu. Ekki verður séð að ákvæði 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu leiði til annarrar niðurstöðu.

V. Nýtt ákvæði um bann við skipulagðri brotastarfsemi.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Palermó-samningsins ber samningsaðilum að lögfesta í refsilöggjöf sinni ákvæði sem mælir fyrir um að þátttaka í starfsemi skipulagðra brotasamtaka sé refsinæm, enda sé um ásetning að ræða. Hugtakið skipulögð brotasamtök er skilgreint í a-lið 2. gr. samningsins, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem hugtak þetta er skilgreint í alþjóðasamningi. Þá viðleitni má rekja til þess að skortur á slíkri skilgreiningu gerði það nokkuð erfitt fyrir alþjóðasamfélagið að gera sér nægjanlega grein fyrir umfangi skipulagðrar brotastarfsemi þar sem mikill munur er á réttarfars- og refsilöggjöf á milli landa sem og kerfisbundnum afbrotaskráningaraðferðum lögreglu og ákæruvalds. Birtast sjónarmið þessi glögglega í markmiðslýsingu 1. gr. samningsins.

Af 5. gr. Palermó-samningsins verður að draga þá ályktun að til þess að fullnægja skuldbindingum samkvæmt þessu ákvæði sé það ekki viðhlítandi fyrir ríki að gera háttsemi þessa refsinæma á grundvelli tilraunarákvæða í landslögum. Í þessu sambandi verður þó að líta til þess að íslensk lög um tilraunaábyrgð, sbr. hið almenna ákvæði 20. gr. almennra hegningarlaga, ganga töluvert lengra en tíðkast í rétti flestra evrópskra ríkja, að Danmörku undanskilinni, við að heimila refsiábyrgð fyrir undirbúningsathafnir, jafnvel þótt fjarlægar séu frá framkvæmdarathöfn. Þannig kann það að sammælast um að fremja refsiverðan verknað að vera nægur grundvöllur refsiábyrgðar, einkum og sér í lagi þegar eitthvað liggur fyrir um hvernig framkvæma eigi verknaðinn eða hafist hefur verið handa um að útvega eitthvað til undirbúnings í tengslum við framkvæmdina, sbr. m.a. Hrd. 1948, bls. 1. Umrætt ákvæði virðist hins vegar ekki útiloka samkvæmt efni sínu að ríki geri þátttöku í skipulögðum brotasamtökum refsiverða með hlutdeildarákvæðum refsilaga. Ekki eru þó forsendur til að rýmka 22. gr. almennra hegningarlaga á þann veg að brot það sem hér um ræðir geti tekið til athafna þegar ekki er fyrir hendi ásetningur til hlutdeildar í ákveðnu broti.

Hafa verður í huga markmið þau er 5. gr. Palermó-samningsins byggist á, þ.e. að veita virka refsivernd gegn þessari alvarlegu brotastarfsemi, auk þess sem tryggja verður með ótvíræðum hætti að Ísland fullnægi þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem fullgilding samningsins hefur í för með sér. Í þessu sambandi má geta þess að við könnun danskra yfirvalda á efnisákvæðum sáttmálans komu upp efasemdir um að hlutdeildarákvæði dönsku hegningarlaganna (23. gr.) mundu teljast fullnægjandi með hliðsjón af innleiðingu á efnisákvæðum 1. mgr. 5. gr. samningsins. Hins vegar var það ekki talið útilokað en það álitaefni mundi koma til skoðunar við fullgildingu samningsins. Norðmenn hafa aftur á móti fullgilt samninginn og gerðu í því sambandi breytingar á hegningarlögum til þess að uppfylla þær skuldbindingar er felast í umræddri grein samningsins, sbr. lög nr. 78 frá 4. júlí 2003. Annars vegar er um að ræða refsihækkunarástæðu (60. gr. a) en hins vegar er um að ræða sjálfstætt brot sem er að finna í kafla um almannahættubrot (162. gr. c).

Eftir vandlega athugun af hálfu refsiréttarnefndar er í frumvarpi þessu lagt til grundvallar að rök standi til að stíga nú það skref að lögfesta sérstakt refsiákvæði í almenn hegningarlög um *bann við þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi.* Þær röksemdir sem hefur verið horft til í þessu sambandi eru einkum að það kunni eftir atvikum að vera vafamál hvort og þá að hvaða marki hin almennu tilraunar- og hlutdeildarákvæði 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga taki til þeirrar háttsemi sem skilgreind er í 5. gr. Palermó-samningsins. Í ljósi þeirrar áherslu á alþjóðavettvangi um að ríki standi saman í baráttunni við skipulagða brotastarfsemi, sem að framan er lýst, sé nauðsynlegt að hafið sé yfir allan vafa að íslensk refsilög hafi að geyma refsinæma lýsingu á þátttöku í slíkri starfsemi. Með þetta í huga er í 5. gr. þessa frumvarps lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 175. gr. a, sem geri

skipulagða brotastarfsemi refsiverða, eins og henni er þar nánar lýst. Sú útfærsla sem þar lítur dagsins ljós er annars vegar byggð á ákvæðum 2. og 5. gr. Palermó-samningsins, en einnig hefur verið horft til 162. gr. c norsku hegningarlaganna sem að framan var vísað til. Um nánari skýringar á inntaki ákvæðisins og einstökum efnisþáttum vísast til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

VI. Bókun við Palermó-samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, frá 15. nóvember 2000.

Með 6. gr. frumvarpsins er jafnframt stefnt að því að innleiða bókun frá 15. nóvember 2000 við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi sem fjallar um aðgerðir gegn mansali (Palermó-bókunin). Íslenska ríkið undirritaði bókunina 13. desember 2000 en hún tók gildi 25. desember 2003, sbr. 17. gr. hennar. Í 3. gr. bókunarinnar er meðal annars að finna skilgreiningu á verslun með fólk og er ákvæðið samhljóða 4. gr. framangreinds samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, að öðru leyti en því að síðarnefndur samningur hefur einnig að geyma skilgreiningu á hugtakinu fórnarlamb.

Með 1. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar er aðildarríkjum gert skylt að lýsa þá háttsemi sem lýst er í 3. gr. refsiverða þegar hún er framin af ásetningi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skulu tilraun, hlutdeild og skipulag eða stjórnun slíks verknaðar einnig vera refsiverð. Orðalag þess ákvæðis sem lagt er til í 6. gr. frumvarpsins dugir til innleiðingar á 1. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Þá eru ákvæði 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild fullnægjandi til innleiðingar á 2. mgr. 5. gr. bókunarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 6. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru heimildir til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur. Hér er um að ræða reglur um rýmkaða refsilögsögu.

Í 1. gr. frumvarpsins er annars vegar lögð til viðbót, sem verður 19. tölul. við 6. gr. almennra hegningarlaga, sem mælir fyrir um að það ákvæði taki einnig til brota sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama degi til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Með þessu er tryggt að íslensk lög fullnægi þeim kröfum um refsilögsögu sem mælt er fyrir um í 15. gr. Palermó-samningsins og 4. gr. áðurnefndrar bókunar við þann samning.

Hins vegar er lagt til að við 6. gr. almennra hegningarlaga bætist nýr 20. tölul. þannig að hin rýmkaða refsilögsaga taki einnig til brota sem falla undir Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005, sbr. áskilnað í 13. gr. samningsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýr heildstæður kafli, VII. kafli A, um upptöku, verði lögfestur í almenn hegningarlög.

Um a-lið (69. gr.).

Ákvæðið er efnislega sambærilegt 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. núgildandi laga, eins og greininni var breytt með 2. gr. laga nr. 10/1997. Þar er mælt fyrir um almenna heimild til upptöku ávinnings af broti, fjárhæðar sem svarar til hans í heild eða að hluta og muna sem keyptir

hafa verið fyrir ávinning eða komið hafa í stað hans. Dómara er veitt sérstök heimild til mats á umfangi ávinnings, en í framkvæmd getur reynst erfitt að færa fullar sönnur á fjárhæð hans. Lagt er til að heimild til upptöku nái einnig til muna sem komið hafa í stað ávinnings, enda getur ávinningi verið breytt í önnur verðmæti án þess að eiginleg kaup fari fram. Er þetta orðalag í betra samræmi við 3. mgr. 12. gr. Palermó-samningsins þar sem fram kemur að hafi ávinningi af refsiverðu broti verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða að öllu leyti, skuli vera unnt að gera hana upptæka í stað ávinningsins.

Með ávinningi er átt við þann hagnað sem maður hefur haft af broti. Sem dæmi má nefna ágóða af sölu ávana- og fíkniefna og verðmæti sem hefur verið stolið. Sparnaður sem brot hefur í för með sér getur einnig fallið undir ávinning, svo sem ef komist er hjá greiðslu launa eða leigu. Ætla má að algengast verði í framkvæmd að fjárhæð sem svarar til ávinnings sé gerð upptæk, þ.e. svokölluð jafnvirðisupptaka. Ástæða þess er sú að erfitt getur reynst að aðgreina þau verðmæti sem mynda eiginlegan ávinning af broti frá öðrum verðmætum í vörslum þess sem framið hefur brot. Skilyrði fyrir upptöku samkvæmt ákvæðinu er að framið hafi verið refsivert brot og getur upptaka farið fram þrátt fyrir að gerandinn sé ósakhæfur, sbr. 14.–16. gr. almennra hegningarlaga. Loks skal getið að eðli máls samkvæmt verður ekki fallist á kröfu um jafnvirðisupptöku á ávinningi af broti nema sýnt sé fram á að fjármunir til upptöku séu fyrir hendi, sbr. dóm Hæstaréttar frá 9. júní 2005 í máli nr. 72/2005.

Ýmis álitaefni geta vaknað við útreikning á fjárhæð ávinnings og má sem dæmi nefna hvort hugsanlegt sé að draga kostnað sem tengist broti frá ávinningi af því. Í 2. mgr. er tekið af skarið um að kostnaður sem tengist framkvæmd brots dragist ekki frá fjárhæð ávinnings. Að því leyti sem skilja má niðurstöðu Hæstaréttar frá 22. febrúar 2001 í máli nr. 312/2000 á þá leið að þar sé byggt á því að draga beri kaupverð fíkniefna frá söluverði þeirra er með 2. mgr. ótvírætt lagt til grundvallar að slíkur kostnaður dragist ekki frá fjárhæð ávinnings. Önnur dæmi um slíkan kostnað má nefna greiðslu til samverkamanns eða kostnað sem ólögmætt er að greiða, svo sem mútur. Er þetta í samræmi við 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til og 2. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem sérstaklega er tekið fram að kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptækis hagnaðar eða kostnað tengdan saknæmum brotum megi ekki telja til rekstrarkostnaðar eða til frádráttar skattskyldum tekjum.

Sé um að ræða skyld en aðskilin brot ber að reikna ávinning hvers brots fyrir sig og leggja hann saman, en ekki líta til heildarávinnings þannig að fjárhagslegt tap af tilteknu broti sé dregið frá ávinningi af öðru broti. Miða skal við að heimild til upptöku samkvæmt ákvæðinu nái bæði til beins og óbeins ávinnings af broti, en sem dæmi um óbeinan ávinning má nefna leigutekjur af verðmæti sem hefur verið stolið. Er slík túlkun í samræmi við 5. mgr. 12. gr. Palermó-samningsins þar sem gert er ráð fyrir að unnt sé að gera upptækar tekjur og annan hagnað af ávinningi af refsiverðu broti, af eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í og af eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við. Um útreikning ávinnings hafi skaðabótakrafa verið greidd vísast til athugasemda við f-lið 2. gr. frumvarpsins.

Um b-lið (69. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um upptöku hluta sem tengjast broti. Í fyrsta lagi er um að ræða hluti sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til notkunar eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots og má sem dæmi nefna vopn sem notuð hafa verið við líkamsárás eða rán og farartæki sem ætluð eru til innflutnings fíkniefna. Í öðru lagi er um að ræða hluti sem hafa orðið til við brot og má þar nefna myndir sem teljast barnaklám og falsaða peninga. Í þriðja lagi

er um að ræða hluti sem með öðrum hætti tengjast framningu brots. Vikið er að fyrstu tveimur flokkunum í 1. og 2. tölul. 69. gr. núgildandi laga, en með síðasta flokknum er leitast við að tryggja að heimild til upptöku nái til allra hluta sem tengjast framningu brots. Það getur verið álitaefni hvort sýnt hafi verið fram á nægileg tengsl milli hlutar, sem krafist er upptöku á, og refsiverðs brots og fellur það í hlut dómstóla að meta hvort sú sönnun hafi tekist.

Í 2. mgr. er tekið fram að í stað upptöku á þeim hlutum sem taldir eru upp í 1. mgr. megi gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta. Þetta er sams konar heimild og í 1. málsl. a-liðar 2. gr., en samkvæmt núgildandi lögum má aðeins gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis muna sem aflað hefur verið með broti eða muna sem keyptir eru fyrir ávinning. Hér er því lögð til rýmkun á heimild til jafnvirðisupptöku þannig að hún verði ætíð heimil þegar um er að ræða hluti sem tengjast framningu brots. Valfrjálst er hvort upptöku skv. 1. eða 2. mgr. er beitt og getur upptaka skv. 2. mgr. því bæði komið að gagni þegar gera mætti hlutinn upptækan og þegar það er ekki hægt.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að gera fjármuni, bækur, skjöl og aðrar eignir félags sem slitið er með dómi upptækar. Í 3. mgr. 69. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um skyldu til upptöku við þessar aðstæður, en rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðisins þar sem upp geta komið aðstæður þar sem upptaka þjónar ekki tilgangi.

Um c-lið (69. gr. b).

Með þessu ákvæði er lagt til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku verðmæta vegna alvarlegra brota sem eru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning. Ekki er gerð krafa um að sýnt sé fram á tengsl milli ákveðins brots og þess sem gert er upptækt og er hugsanlegt að gera verðmæti sem tilheyra öðrum en sakborningi upptæk. Gert er ráð fyrir að sönnunarbyrði sé snúið við þannig að viðkomandi verður að sýna fram á að verðmæti megi ekki rekja til brotastarfsemi. Tilgangur ákvæðisins er einkum að ná til einstaklinga sem hafa lifibrauð sitt eða verulegar tekjur af brotastarfsemi og má gera ráð fyrir að því verði aðallega beitt vegna innflutnings ávana- og fíkniefna, auðgunarbrota og annarrar skipulagðrar brotastarfsemi. Þá má ætla að því verði einkum beitt til upptöku reiðufjár, innstæðna á bankareikningum, verðbréfa og annarra fjármuna sem sá sem framið hefur brot getur ekki útskýrt hvernig hann hefur aflað. Þessi heimild er til viðbótar almennum upptökuheimildum sem gert er ráð fyrir í a- og b-lið 2. gr. og má beita henni samhliða þeim. Um almenn atriði og röksemdir fyrir lögfestingu þessa ákvæðis, m.a. að virtum ákvæðum stjórnarskrárinnar, vísast til umfjöllunarinnar í IV. kafla í almennum athugasemdum hér að framan.

Skilyrði til upptöku samkvæmt ákvæðinu er í fyrsta lagi að einstaklingur hafi framið brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning. Það er ekki nauðsynlegt að viðkomandi hafi í raun hagnast af brotinu, heldur nægir að hann hefði getað hagnast af því. Sé einstaklingur til dæmis sakfelldur fyrir stórfelldan innflutning fíkniefna en ekki fyrir sölu efnanna væri skilyrðið uppfyllt ef sala þeirra hefði getað haft í för með sér verulegan ávinning. Með sama hætti getur tilraun til brots verið grundvöllur upptöku samkvæmt ákvæðinu. Í öðru lagi er skilyrði að brotið geti varðað að minnsta kosti sex ára fangelsi. Rétt er að taka fram að brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, geta orðið grundvöllur upptöku samkvæmt ákvæðinu, enda segir í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, að brot gegn lögunum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Sem dæmi um beitingu ákvæðisins má nefna þá aðstöðu þegar einstaklingur sem hefur verið gripinn á flugvelli með fíkniefni í farangri sínum, sem ætluð eru til sölu, er sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Þótt enginn ávinningur hafi þannig hlotist af brotinu er ljóst

miðað við eðli þess og umfang að það var til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning. Við rannsókn ákæruvalds á eignastöðu og fjárhag viðkomandi kemur í ljós að hann á verulegar eignir og fjármuni sem ekki eru í samræmi við uppgefnar tekjur hans eða aðrar fjárhagslegar upplýsingar sem aflað hefur verið. Við slíkar aðstæður getur ákæruvaldið krafist upptöku á þessum verðmætum, þó svo að þau verði ekki rakin til þess brots sem viðkomandi hefur verið sakfelldur fyrir og nær slík krafa fram að ganga nema viðkomandi sýni fram á að verðmætanna hafi verið aflað með lögmætum hætti.

Með 2. og 3. mgr. er gerð undantekning frá þeirri meginreglu að verðmæti sem gerð eru upptæk skuli tilheyra þeim einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot. Þar er gert ráð fyrir að heimild til upptöku geti náð til verðmæta sem tilheyra núverandi eða fyrrverandi maka eða sambúðarmaka viðkomandi eða lögaðila sem hann tengist. Stefnir þessi heimild að því að tryggja skilvirkni reglnanna þannig að viðkomandi geti ekki komist hjá upptöku með því að skjóta verðmætum til þeirra sem honum tengjast.

Til að unnt sé að gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka þess sem framið hefur brot þarf ekki að sýna fram á að þau stafi frá hinum brotlega. Rökin fyrir þessu ákvæði eru að hafi einstaklingur, sem tengist með þessum hætti þeim sem gerst hefur sekur um brot, í vörslum sínum verðmæti sem ekki er unnt að sýna fram á hvernig var aflað séu líkur fyrir því að þau megi rekja til hins brotlega. Hins vegar má upptaka ekki fara fram ef verðmætanna hefur verið aflað meira en fimm árum áður en brotið var framið eða viðkomandi voru ekki í hjúskap eða sambúð á þeim tíma sem verðmætanna var aflað.

Heimild til upptöku verðmæta getur jafnframt náð til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur einn eða með sínum nánustu hefur ráðandi stöðu í og gildir hið sama ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans renna til viðkomandi. Við þessar aðstæður þarf að sýna fram á að viðkomandi hafi látið verðmætin renna til lögaðilans, en líkt og þegar um er að ræða verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka er upptaka ekki heimil ef þau hafa runnið til lögaðilans meira en fimm árum áður en brot var framið. Með hugtakinu „sínum nánustu“ er átt við þá sem undanþegnir eru vitnaskyldu skv. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Samkvæmt 4. mgr. ber eigandi þeirra verðmæta sem 1.–3. mgr. ná til sönnunarbyrði fyrir því að þeirra hafi verið aflað á lögmætan hátt og skulu þau þá ekki gerð upptæk. Meginreglan er því sú að allt sem viðkomandi getur ekki sýnt fram á að hafi verið aflað með lögmætum hætti má gera upptækt. Með vísan til orðalags ákvæðisins og þar sem um frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins er að ræða ber ekki að gera strangar kröfur til þess að viðkomandi sýni fram á þetta. Í sumum tilvikum kunna að liggja fyrir kvittanir eða skrifleg gögn, í öðrum tilvikum getur framburður vitna dugað og í enn öðrum tilfellum getur skýring ákærða verið nægilega trúverðug. Þá getur skattframtal viðkomandi þar sem fram koma upplýsingar um tekjur hans og eignir haft ákveðið vægi. Auk þess getur við matið skipt máli hvernig verðmætin hafa verið geymd, t.d. hvort reiðufé hefur verið falið eða fjárhæðir geymdar á erlendum bankareikningum.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um heimild til þess að gera upptæka fjárhæð sem svarar til verðmætis þeirra eigna sem greinir í 1.-3. mgr. í heild eða að hluta. Er um að ræða sambærilega heimild og í a-lið og 2. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins.

Um d-lið (69. gr. c).

Hér er lagt til nýmæli í því skyni að bregðast við þeirri aðstöðu þegar ávinningi af broti hefur verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti. Lagt er til að við þær aðstæður verði heimilað að gera þær eignir upptækar allt að matsvirði þess ávinn-

ings sem blandað var við þær. Hafi ávinningur til dæmis verið nýttur til endurbóta á húsnæði, svo sem með viðbyggingu, væri hægt að gera húsnæðið upptækt að matsvirði ávinningsins sem nýttur var. Með þessu er stefnt að því að innleiða 4. tölul. 12. gr. Palermó-samningsins og er markmið ákvæðisins að koma í veg fyrir að ávinningi af broti sé komið undan með því að blanda honum saman við aðrar eignir.

Um e-lið (69. gr. d).

Hér er mælt fyrir um hjá hverjum upptaka getur farið fram, en í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þetta. Samkvæmt 1. mgr. getur upptaka samkvæmt hinni nýju 69. gr., sbr. a-lið 2. gr. frumvarpsins, farið fram hjá þeim sem notið hefur ávinnings af broti. Í flestum tilvikum er um að ræða þann sem framið hefur brot eða átt hlutdeild í því. Einnig getur verið um að ræða þriðja mann, svo sem fyrirtæki sem sá sem framið hefur brotið starfar hjá og gæti upptaka þá farið fram hjá því. Það er hugsanlegt að upptaka fari fram hjá tveimur eða fleiri aðilum og að krafa um upptöku beinist óskipt að þeim. Sem dæmi má nefna að gera mætti kröfu um upptöku ávinnings óskipt hjá tveimur mönnum sem staðið hafa saman að innflutningi og sölu fíkniefna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að upptaka á hlutum eða samsvarandi fjárhæð samkvæmt nýjum ákvæðum, sem verða 1. og 2. mgr. 69. gr. a, sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins, geti farið fram hjá þeim sem framið hefur brot og þeim sem hann hefur unnið fyrir. Það er skilyrði að viðkomandi eigi hlutinn, en hafi hann til dæmis fengið hlutinn lánaðan eða leigðan getur upptaka varla farið fram nema lán- eða leigusalinn hafi átt hlutdeild í brotinu. Upptaka samkvæmt þessu ákvæði fer almennt fram hjá þeim sem fremur brot eða því fyrirtæki eða stofnun sem hann starfar hjá. Ekki er nægilegt til að upptaka geti farið fram hjá fyrirtæki eða stofnun að einstaklingur sem ber refsiábyrgð hafi starfað þar, heldur verður að meta hvort brotið hefur verið framið á vegum þess eða sem liður í starfsemi þess. Á grundvelli þessa ákvæðis væri t.d. hægt að gera upptæka bifreið sem tilheyrði fyrirtæki hefði starfsmaður þess notað hana við framningu brots í vinnu sinni.

Í 3. mgr. er tekið fram að tryggingarréttindi yfir hlutum sem sæta upptöku geti aðeins fallið brott samkvæmt ákvörðun dómstóls þegar rétthafi er grandsamur. Með þessu er tekið af skarið um hvenær tryggingarréttindi geta fallið á brott, en meginreglan er sú að upptaka hluta hefur ekki áhrif á slík réttindi.

Í 4. mgr. er að finna heimild til að gera ávinning eða hlut upptækan hjá þriðja manni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum hafi einhver þeirra sem nefndur er í 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningnum eða hlutnum. Með þessu ákvæði er leitast við að koma í veg fyrir að ávinningi eða hlutum, sem tengjast broti og geta sætt upptöku, sé komið undan þannig að upptaka geti ekki farið fram. Ákvæðið nær ekki aðeins til ráðstafana þeirra sem bera refsiábyrgð, heldur til allra þeirra sem upptaka getur farið fram hjá á hlutlægum grunni skv. 1. og 2. mgr. Getur ákvæðið því náð til tilvika þegar aðili gerir ráðstafanir varðandi ávinning eða hlut, en hvorki vissi né mátti vita að ávinningurinn eða hluturinn hefði tengsl við refsivert brot. Það er hins vegar skilyrði að sá sem upptaka fer fram hjá sé grandsamur um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í því sambandi. Ákvæðið nær einnig til ráðstafana sem varða takmörkuð réttindi yfir hlutum og til þess þegar um gjöf er að ræða.

Um f-lið (69. gr. e).

Í ákvæðinu er fjallað um tengsl skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot og upptöku verðmæta vegna sama brots. Segir þar að nýta megi andvirði þeirra verðmæta sem gerð hafa verið upptæk til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi. Heimildin nær til upptöku sam-

kvæmt öllum ákvæðum kaflans. Þegar upptaka fer fram samkvæmt ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins verða verðmætin ekki endilega rakin til ákveðins brots og því ekki um ákveðinn brotaþola að ræða. Hins vegar mundi nægja að viðkomandi sýndi fram á að hann hefði beðið tjón vegna þeirra brota sem eru grundvöllur upptöku samkvæmt ákvæðinu.

Hafi dómfelldi greitt skaðabætur áður en hann er dæmdur til að sæta upptöku skal lækka fjárhæð ávinnings hans til samræmis við það. Hafi sá sem beðið hefur tjón við brot fallið frá kröfu sinni, ekki gert kröfu um skaðabætur eða ekki er vitað hver hann er er ekki þörf á að líta til hugsanlegrar skaðabótakröfu við útreikning ávinnings. Hugsanlegt er að skaðabótakrafa sé hærri en ávinningur þess sem framið hefur brot og getur þá komið til þess að heildarandvirði þess sem gert er upptækt renni til brotaþola.

Í 2. mgr. er áréttað að hafi dómfelldi greitt skaðabætur til brotaþola, eftir uppkvaðningu dóms, þar sem ekki var litið til skaðabóta við ákvörðun fjárhæðar ávinnings, skuli lækka þá fjárhæð sem gerð er upptæk í sama hlutfalli. Sönnunarbyrði fyrir því að slík greiðsla hafi átti sér stað hvílir á dómfellda.

Vandamál geta komið upp ef um er að ræða marga brotaþola og tjón þeirra nemur hærri fjárhæð en andvirði þess sem gert hefur verið upptækt. Þarf þá að meta hvað á að koma í hlut hvers og eins í ljósi aðstæðna. Hafi upptaka farið fram án þess að skaðabótakrafa brotaþola hafi komið til álita má ætla að hann geti krafið íslenska ríkið um greiðslu kröfunnar að því marki sem andvirði hins upptæka nægir til greiðslu hennar.

Um g-lið (69. gr. f).

Í ákvæðinu er kveðið á um að hverjum beina á kröfu um upptöku á ávinningi, hlutum, munum, verðmætum eða eignum sem tilheyra öðrum en sakborningi og þá aðstöðu þegar sakborningur, eigandi eða handhafi réttinda sem gera á upptæk er óþekktur.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að beina eigi kröfu um upptöku á eignum sem tilheyra öðrum en sakborningi að eiganda eða handhafa réttindanna. Sú staða getur komið upp að ekki liggi fyrir hver eigandi eða handhafi réttinda sé eða hann eigi ekki þekktan dvalarstað hér á landi. Brugðist er við því í 2. mgr. með því að mæla fyrir um að þá megi dómstóll beita upptöku í máli gegn sakborningi. Einnig er hugsanlegt að til staðar séu ávinningur, hlutir, munir, verðmæti eða eignir sem rakin eru til brots en óvíst er hverjum tilheyra og hver sakborningur er. Við slíkar aðstæður er ekki unnt að beina kröfu um upptöku að neinum og til að upptaka geti farið fram er kveðið á um í 3. mgr. að beita megi upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður. Þá er tekið fram í 4. mgr. að hafi verið lagt hald á verðmæti vegna rannsóknar máls og ekki er vitað hver eigandi þeirra er megi gera þau upptæk hafi enginn gert lögmætt tilkall til þeirra innan fimm ára.

Um h-lið (69. gr. g).

Í 1. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að það sem gert er upptækt sé eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum eða ef andvirðið hefur verið nýtt til að greiða skaðabótakröfu brotaþola. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 2. mgr. er dómsmálaráðuneytinu heimilt að ákveða að því sem gert er upptækt sé skipt milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja og er kveðið á um til hvers ber að líta við slíka skiptingu. Þessi heimild er í samræmi við 14. gr. Palermó-samningsins þar sem mælt er fyrir um ráðstöfun samningsaðila á ávinningi eða eignum sem gerðar hafa verið upptækar. Verður að telja sanngjarnt og eðlilegt að ávinningur af brotum renni ekki óskipt til íslenska ríkisins hafi annað ríki beðið tjón vegna þeirra eða málið leitt af sér útgjöld þar, svo sem vegna rannsóknar. Heimild til skiptingar þess sem gert er upptækt milli ríkja er einnig

til þess fallin að efla alþjóðlega samvinnu við rannsókn sakamála. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 75. gr. norsku hegningarlaganna.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til smávægileg lagfæring á 82. gr. almennra hegningarlaga um fyrningu þar sem nauðsynlegt er að fella út tilvísun í þeirri grein verði frumvarpið að lögum.

Um 4. gr.

Með 1. gr. laga nr. 99/2002, um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), voru lögfest gildandi ákvæði 100. gr. a-c um hryðjuverk í hegningarlög. Með þeim ákvæðum voru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar á alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2002 er ítarlega fjallað um alþjóðlega samvinnu gegn hryðjuverkum og aðild Íslands að alþjóðasamningum á því sviði, um efni þeirra samninga sem lagabreytingarnar tóku til og um ákvæði íslenskrar löggjafar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi, þar á meðal um fjármögnun slíkrar starfsemi. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Eins og fram kemur í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2002 var við lögfestingu hryðjuverkaákvæðis 100. gr. a, sbr. a-lið 2. gr. laganna, horft að mestu leyti til lagafrumvarps danska dómsmálaráðuneytisins um sama efni. Tillögur þess frumvarps fólu í sér að verknaðurinn hryðjuverk var skilgreindur í refsilögum og látinn ná til alvarlegustu afbrota gegn hegningarlögum auk þess sem fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi var gerður sjálfstætt refsivert brot. Þá var lagt til að lögfest yrði heimild til að refsa lögaðila fyrir slík brot sem framin eru í starfsemi þeirra.

Á undanförnum árum hefur verknaðarlýsing hryðjuverks í upphafsmálslið 100. gr. a almennra hegningarlaga sætt nokkurri gagnrýni fyrir að vera of matskennd og óljós, m.a. af hálfu íslenskra fræðimanna. Þá er í áðurnefndri skýrslu FATF frá 13. október 2006, 101. mgr., sett fram sú athugasemd að lok ákvæðisins sem eru svohljóðandi: „þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega“, feli í sér of matskennda og óljósa lýsingu á hlutrænum efnisþáttum hryðjuverkabrotsins sem ekki sé áskilin samkvæmt áðurnefndum alþjóðasamningum um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Af hálfu FATF-nefndarinnar er lagt til að þetta skilyrði verið afnumið úr 100. gr. a, sjá 111. mgr. Einnig má hér benda á athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 25. apríl 2005 þar sem nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að í „100. gr. a laga nr. 99/2002, um breytingu á almennum hegningarlögum, [sé] að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum (sjá 2. og 21. gr. sáttmálans)“. Mælist nefndin til þess að Ísland „móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum“.

Á þessum grundvelli er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að tilvitnaður setningarliður í lokin á upphafsmálslið 100. gr. a hegningarlaga verði felldur brott. Verður enda að telja að sú viðbót sem hann felur í sér sé óþörf í ljósi annarra efnisþátta ákvæðisins. Þótt ekki verði hjá því komist að orða verknaðarlýsingu hryðjuverkabrotsins þannig að notaðir séu matskenndir efnisþættir verður að telja að þessi breyting feli í sér nauðsynlega einföldun á ákvæðinu og

geri það skýrara. Um nánari skýringar á verknaðarlýsingu 100. gr. a, sem eftir stendur, vísast að öðru leyti til athugasemda greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2002.

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 175. gr. a, sem geri það refsivert að taka þátt í *skipulagðri brotastarfsemi*. Um almenn atriði og röksemdir í þessu sambandi vísast til umfjöllunarinnar í II. kafla í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 1. mgr. er hinni refsinæmu háttsemi lýst. Í fyrsta lagi er áskilið að maður sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar *minnst fjögurra ára fangelsi*. Afmörkunin við að brot varði a.m.k. fjögurra ára fangelsi er byggð á skilgreiningu b-liðar 2. gr. Palermó-samningsins. Er þar áskilið, sbr. i-lið a-liðar 1. mgr. 5. gr. samningsins, að skipulögð brotastarfsemi taki til allra stórfelldra brota (e. serious crime) í merkingu samningsins, en samkvæmt áðurnefndum b-lið 2. gr. falla þar undir brot sem varða að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi. Ekki er áskilið samkvæmt ákvæðinu að um sé að ræða brot samkvæmt almennum hegningarlögum. Öll refsiverð brot, sem fullnægja þeirri kröfu að varða a.m.k. fjögurra ára fangelsi, geta orðið grundvöllur að verknaði sem er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Leiðir það einnig af orðalaginu í niðurlagi 1. mgr.: nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara *eða öðrum lögum*. Við nánari túlkun á hlutræna efnisskilyrðinu um *sammæli* manna verður að horfa til þess hvort maður hafi vitandi vits tekið þá ákvörðun að taka virkan þátt í starfsemi skipulagðra brotasamtaka með því að fremja verknað sem fullnægir framangreindum skilyrðum og framkvæmd verknaðarins er liður í starfsemi slíkra samtaka eins og þau eru skilgreind í 2. mgr.

Í 2. mgr. er hugtakið skipulögð brotasamtök skilgreint. Áskilið er að um sé að ræða félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar minnst fjögurra ára fangelsi eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað. Hér er byggt á skilgreiningu a-liðar 2. gr. Palermó-samningsins og einnig að sumu leyti 162. gr. c norsku hegningarlaganna. Það er því áskilið að tilvist og mótun félagsskaparins sé ekki tilviljunarkennd heldur sé um að ræða meðvitað samstarf á milli þriggja eða fleiri manna um skipulega framkvæmd refsiverðra verka sem fullnægja framangreindum skilyrðum eða að verulegur þáttur í starfseminni felist í því að fremja slíkan verknað. Þá verður framkvæmd refsiverðs verknaðar að vera beint eða óbeint í ávinningsskyni. Ekki er þar áskilið að ávinningurinn sé fjárhagslegur heldur getur hvers konar efnislegur ávinningur eftir atvikum fullnægt hlutrænum efnisskilyrðum ákvæðisins.

Um 6. gr.

Ákvæði 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um mansal var lögfest með lögum nr. 40/2003, en frumvarp þeirra laga var samið á vegum þáverandi refsiréttarnefndar. Við lýsingu brotsins var höfð hliðsjón af 3. gr. bókunar við Palermó-samninginn til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, en henni þó ekki fylgt út í hörgul. Skilgreiningin á mansalsbrotinu, sem fram kemur í 4. gr. Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali, er samhljóða 3. gr. fyrrgreindrar Palermó-bókunar. Ákvæði 4. gr. Evrópuráðssamningsins er rakið orðrétt í III. kafla hér að framan. Lagt er til í þessari frumvarpsgrein að texta 4. gr. verði fylgt með nákvæmari hætti. Er í þessu efni einkum litið til mansalsákvæðis 262. gr. a dönsku hegningarlaganna.

Um 1. málsl. 1. mgr.

Lagt er til að sögnin *að misnota* komi í stað orðalagsins *að notfæra sér* í ákvæðinu. Þá er hnykkt á því að um geti verið að ræða einn eða fleiri verknaði sem nánar er lýst í 1.–3. tölul. 1. mgr.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Hér þykir rétt að bæta inn sögninni *að afhenda,* einkum með hliðsjón af enska orðinu „transfer“. Þá þykir réttara að nota orðalagið „og við það er beitt eða hefur verið beitt“ í stað „sem beittur er eða hefur verið beittur“. Orðalagið þykir skýrara að því leyti að verið er m.a. að mæla refsivert sem mansal að útvega, flytja mann og beita við það ólögmætri nauðung, frelsissviptingu o.s.frv. Núverandi orðalag kann að verða túlkað þannig að maður sem t.d. einungis hýsir brotaþola, sem beittur hefur verið hótun af öðrum á fyrri stigum brotsins, og beitir við það t.d. hótun, teljist ekki hafa gerst sekur um mansal heldur einungis frelsissviptingu eða hótun. Mikilvægt er að atriði sem þessi orki ekki tvímælis þar sem alþekkt er að verkaskipting á sér stað við framningu mansals m.a. í því skyni að villa um fyrir lögreglu um raunveruleg atvik. Við þessa breytingartillögu hefur verið höfð hliðsjón af tilvitnuðu ákvæði dönsku hegningarlaganna um mansal þar sem umrætt atriði er orðað svo: „hvor der anvendes eller har været anvendt“.

Lagt er til að bætt verði inn í ákvæðið verknaðarlýsingunni „með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi“, og fellt út orðalagið „annarri ótilhlýðilegri aðferð“, sbr. „anden utilbørlig fremgangsmåde“ í dönsku hegningarlögunum, enda með öllu óljóst hvað þar er átt við. Þessari verknaðaraðferð er ekki lýst í núgildandi mansalsákvæði en er skýrlega lýst í 4. gr. a í Evrópuráðssamningnum.

Um 2. og 3. tölul. 1. mgr.

Ákvæði 2. tölul. er skipt upp og til verður 3. tölul. Jafnframt er lagt til að verknaðarlýsingin í 3. tölul. nái ekki einungis til þeirra sem láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni, heldur verði slík greiðsla refsiverð þegar hún er látin af hendi við þann sem ræður gerðum annars manns. Hér er litið til 4. gr. Evrópuráðssamningsins og 2. tölul. 2. mgr. 262. gr. a dönsku hegningarlaganna.

Um 2. mgr.

Greinin vísar til 3. tölul. í stað 2. tölul. áður.

Um 3. mgr.

Í ákvæðum 24. gr. Evrópuráðssamningsins er fjallað um refsiþyngingarástæður sem samningsaðilum ber að hafa í löggjöf sinni. Hér er lagt til grundvallar að einungis þurfi að lögfesta sérstaklega ákvæði sem varðar mansalsbrot gegn barni. Við ákvæðið bætist því ný málsgrein sem gerir ráð fyrir refsiþyngingarástæðu ef brot skv. 1. mgr. beinist gegn barni.

Um 4. mgr.

Við bætist ný málsgrein sem lýsir refsinæmi athafna sem tengjast ferða- eða persónuskilríkjum, sbr. ákvæði 20. gr. Evrópuráðssamningsins. Í gildandi refsilögum hér á landi eru ekki til staðar ákvæði sem gera þá háttsemi refsiverða sem lýst er í a-, b- og c-liðum greinarinnar og er efni hennar því tekið hér upp og talið rétt að hafa það í ákvæðinu um mansal.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. Palermó-samningsins leggur þá skyldu á herðar aðildarríkjum að gera peningaþvætti að refsinæmum verknaði. Er refsiábyrgð afmörkuð við ásetning. Ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997, er svohljóðandi í heild sinni: „Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sam-

kvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að fjórum árum.“

Framangreind lagabreyting frá árinu 1997 átti rætur sínar að rekja til fullgildingar Íslands á tveimur alþjóðasamningum, annars vegar samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 (fíkniefnasamningurinn) og hins vegar Evrópuráðssamningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 (þvættissamningurinn). Með tilvitnaðri 4. gr. laga nr. 10/1997 var þvættisbrot gert að sjálfstæðu broti svo unnt væri að fullnægja þeim áskilnaði sem fram kemur í 6. gr. þvættissamningsins. Þessi lagabreyting hafði það með öðrum orðum í för með sér að þvætti ávinnings af brotum var gert að sjálfstæðum refsiverðum verknaði, án tillits til þess um hvaða brotategund er að ræða. Með þessari hegningarlagabreytingu var 173. gr. b, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1993, felld út, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1997, en samkvæmt þeirri grein var einungis heimilt að refsa fyrir þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum.

Með 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar á gildandi ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti. Hér hefur að meginstefnu til verið horft til 6. gr. Palermó-samningsins og athugasemda FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006.

Í 1. mgr. er lagt til að almenn verknaðarlýsing peningaþvættis í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verði gerð skýrari og gildissvið hennar rýmkað. Í núgildandi ákvæði er þessu broti lýst með eftirfarandi hætti: „Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti.“ Í fyrsta lagi er lagt til að í stað lokamálsliðarins, sem vísar til verknaða sem á *sambærilegan hátt stuðla að því að tryggja öðrum ávinning af broti,* verði verknaðarlýsing peningaþvættis gerð skýrari með því að orða sérstaklega þær verknaðaraðferðir sem slíkt brot tekur til. Er þá höfð hliðsjón af 1. og 2. mgr. 6. gr. Palermó-samningsins. Í öðru lagi verði gildissvið peningaþvættisbrotsins skv. 1. mgr. 264. gr. rýmkað þannig að það taki ekki einungis til frumbrota á almennum hegningarlögum, heldur einnig til refsiverðra frumbrota á öðrum lögum sem fullnægja að öðru leyti hlutrænum og huglægum efnisskilyrðum ákvæðisins. Er að þessu leyti tekið tillit til athugasemda FATF-nefndarinnar í skýrslunni frá 13. október 2006, sjá 67. mgr.

Verði þessi frumvarpsgrein að lögum verður því óþarfi að orða sérstakar heimildir í sérrefsilögum til að refsa fyrir peningaþvætti, annaðhvort sjálfstætt eða með tilvísun til 264. gr. almennra hegningarlaga. Hvað varðar mat á hvort nægilega sé sýnt fram á að ávinningur stafi af frumbroti eða sé af lögmætum toga skal tekið fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til raska í engu þeirri túlkun á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga sem lögð er til grundvallar í *dómi Hæstaréttar frá 8. nóvember 2001 í máli nr. 200/2001.* Þar sagði í forsendum Hæstaréttar: „Í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaganna er áskilið að um ávinning sé að ræða af broti samkvæmt þeim lögum. Þegar litið er til eðlis og tilgangs ákvæðisins þykir hins vegar ekki verða gerð sú krafa, að fyrir liggi, hvaða brot sé nákvæmlega um að ræða. Verður að meta í ljósi atvika hverju sinni, hvort sýnt sé nægilega fram á að ávinningur sé ekki af lögmætum toga, heldur stafi hann frá broti á lögunum.“ Með rýmkun á gildissviði ákvæðisins er hér á því byggt að sömu sjónarmið skuli lögð til grundvallar þegar metið er hvort ávinningur stafi af broti samkvæmt öðrum refsilögum en almennum hegningarlögum.

Einnig er lögð áhersla á að með þessari frumvarpsgrein eru ekki gerðar breytingar á skilgreiningu hugtaksins *ávinningur* í merkingu 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Það hugtak tekur sem fyrr til allra tegunda eigna, hvort sem er fasteigna eða lausafjármuna, eða fjárverðmæta, áþreifanlegra eða óáþreifanlegra, auk skjala eða gagna sem teljast skilríki fyrir eignum eða fjárverðmætum. Að þessu leyti skal túlka inntak þessarar frumvarpsgreinar með hliðsjón af d- og e-liðum 2. gr., sbr. og 6. gr. Palermó-samningsins. Hér má einnig vísa til 64. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006.

Samkvæmt framangreindu gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir allt að sex ára fangelsi til handa þeim sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings. Peningaþvætti getur tekið á sig ýmsar myndir eins og glöggt sést af þessu orðalagi. Við túlkun einstakra verknaðarþátta verður sem fyrr að horfa til þess að peningaþvætti er í megindráttum hver sú starfsemi sem lýtur að því að fela uppruna og eiganda fjár sem er ávinningur af brotastarfsemi. Meginmarkmiðið með því að gera háttsemina refsiverða er að höggva að rótum afbrota með því að uppræta aðalhvata þeirra, þann ávinning sem af þeim kann að leiða, sbr. áðurnefndan *dóm Hæstaréttar frá 8. nóvember 2001 í máli nr. 200/2001.* Við nánari afmörkun á einstökum hugtökum í frumvarpsgreininni skal túlka þau samkvæmt orðanna hljóðan, til samræmis við framangreind markmið og með hliðsjón af 6. gr. Palermó-samningsins.

Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga varðar peningaþvætti allt að tveggja ára fangelsi, en allt að fjögurra ára fangelsi ef brot er ítrekað eða stórfellt. Í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006 eru gerðar athugasemdir við refsihámark gildandi ákvæðis. Er mælst til þess að gerðar verði breytingar á peningaþvættisákvæðinu þannig að refsihámarkið sé a.m.k. í samræmi við refsihámark sem almennt séð er lagt til grundvallar hér á landi þegar framið er auðgunarbrot, þ.e. allt að sex ára fangelsi. Í samræmi við tilmæli FATF-nefndarinnar er í frumvarpsgreininni lagt til að refsihámark vegna brots gegn 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verði allt að sex ára fangelsi. Þá er lagt til að um verði að ræða eitt almennt refsihámark, en ekki um tvískipta refsireglu þar sem sérstök refsihækkunarheimild verði til staðar vegna stórfelldra eða ítrekaðra brota eins og er í núgildandi ákvæði. Ekki er hins vegar hróflað við reglu 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um það að refsing geti orðið fangelsi allt að tólf árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að sá sem framið hefur frumbrot, og fremur *jafnframt* brot skv. 1. mgr. (peningaþvætti), skuli sæta sömu refsingu og þar greinir (sjálfsþvætti, e. self-laundering). Hér er horft til þeirra athugasemda sem fram koma í 71. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006. Þar sem framning frumbrots og síðar tilkomið sjálfsþvætti á ávinningi sem af því stafar verða þannig tvö sjálfstæð brot er í frumvarpsgreininni áréttað að 77. gr. almennra hegningarlaga um brotasamsteypu gildi eftir því sem við á.

Í núgildandi 3. mgr. 264. gr. er kveðið svo á að ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skuli mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist. Í 65. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar er að því vikið að ekki hafi komið fram skýringar á því hvað teljist „smávægilegur“ ávinningur í þessu sambandi. Í ákvæðinu sjálfu eða lögskýringargögnum sé ekki að finna neina hlutlæga viðmiðun í þessu sambandi. Vegna eðlis og alvarleika peningaþvættis, og í ljósi þess að með 1. mgr. hér að framan er lagt til að

refsihámark vegna þessa brots sé hækkað umtalsvert, er hér jafnframt lagt til að núgildandi 3. mgr. 264. gr. verði felld brott. Sömu röksemdir búa að baki þeirri tillögu að fella brott núgildandi síðari málslið 4. mgr. 264. gr. en þar er veitt heimild til að *láta refsingu falla niður* varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en fangelsi allt að einu ári.

Loks er efnislega ekki hróflað við núgildandi 4. mgr. 264. gr. um heimild til að refsa fyrir brot skv. 1. mgr. sem framið er af gáleysi. Þá er sérstaklega hnykkt á því að það taki til gáleysisbrots *skv. 1. mgr.*

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem snúa að upptöku eigna, hryðjuverkum, mansali og peningaþvætti. Tilgangurinn með frumvarpinu er að laga þessi ákvæði að alþjóðlegum skuldbindingum, annars vegar vegna fullgildingar samninga um alþjóðlega brotastarfsemi og hins vegar vegna tilmæla frá alþjóðlegum nefndum eins og nánar er greint frá í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þar á meðal er lagt til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku eigna en er í núgildandi lögum hafi einstaklingur gerst sekur um alvarleg brot sem fela í sér verulegan ávinning. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að segja fyrir um í hvaða mæli reyna kynni á það ákvæði þannig að upptæk verðmæti rynnu til ríkissjóðs.

Ekki er ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. laganna orðast svo: Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Jafnframt ná lögin til fæðubótarefna. Lögin taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.

b. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis.

3. gr.

Skilgreining á hugtakinu „matvæli“ í 4. gr. laganna fellur brott en jafnframt bætast við eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð:

1. Áhættugreining er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu.
2. Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.
3. Fæðubótarefni eru matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif.
4. Markaðssetning er að hafa umráð yfir matvælum með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
5. Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns,

sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.
6. Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum, og er ætlað til neyslu eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
8. Neytandi er sá sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.
9. Opinberir eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í samræmi við 6. og 22. gr.
10. Rekjanleiki er sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í eða í snertingu við matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.
11. Stjórnandi matvælafyrirtækis er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn.
12. Smásala er meðhöndlun og/eða vinnsla matvæla og geymsla þeirra á staðnum þar sem þau eru seld eða afhent neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum og dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumarkaðir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
a. A-liður orðast svo: frumframleiðslu.
b. Á eftir a-lið koma þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
   b. innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
   c. kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskildum kjötvinnslum sem starfræktar eru í smásöluverslunum,
   d. mjólkurstöðvum og eggjavinnslu.

5. gr.

Við IV. kafla laganna bætast þrjár nýjar greinar, 8. gr. a – 8. gr. c, svohljóðandi:

a. (8. gr. a.)

Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu örugg skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matvælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi af upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingar á merkimiða, eða öðrum upplýsingum sem neytendur hafa almennt aðgang að, þar sem fram kemur hvernig þeir geti forðast tiltekin matvæli eða tiltekinn matvælaflokk sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna. Við ákvörðun um hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og/eða skammtímaáhrifum og/eða langtímaáhrifum þessara matvæla á

heilsu þeirra sem neyta þeirra og einnig á næstu kynslóðir, í öðru lagi líklegum, uppsöfnuðum eituráhrifum og í þriðja lagi sérstöku næmi ákveðins hóps neytenda fyrir tilteknum matvælum ef matvælin eru ætluð þeim hópi.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu óhæf til neyslu skal hafa hliðsjón af því hvort matvælin séu óviðunandi til neyslu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða vegna mengunar eða vegna þess að þau eru rotin, spillt eða skemmd.

Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, og opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum skulu í störfum sínum tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Til að tryggja ýtrasta matvælaöryggi og vernda líf og heilsu manna og dýra skal ráðherra setja reglugerð þar sem að kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.

b. (8. gr. b.)

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

c. (8. gr. c.)

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem hann hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla og hann hefur ekki lengur beint forræði yfir þeim skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Ef varan er komin í hendur neytenda skal stjórnandinn upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Álíti stjórnandi matvælafyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekin matvæli, sem hann hefur markaðssett, geti verið heilsuspillandi skal hann þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu fyrir neytandann og jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi matvæla.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá viðkomandi opinberum eftirlitsaðila, sbr. 20. gr., og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta eða sauðfjár- og hrossarækt þurfa ekki starfsleyfi en þurfa að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst. Heimilt er að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum, sbr. ákvæði í 2.–4. mgr.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita opinberum eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en

gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að gefa út starfsleyfi til bráðabirgða þannig að matvælafyrirtæki gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni enda sé um smávægilegar athugasemdir opinbers eftirlitsaðila að ræða.

Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Þrátt fyrir skilgreiningu á matvælafyrirtæki í 4. gr. er ráðherra heimilt að undanskilja frá starfsleyfis- eða tilkynningarskyldu aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni en þeir skulu þó uppfylla önnur skilyrði þessara laga og stjórnvaldsreglna sem settar eru með heimild í þeim.

Í sérlögum er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja.

Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum eða lögum um eftirlit með fóðri fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

7. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við reglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni, byggt á meginreglum hættugreiningar, til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang starfseminnar og byggjast á reglum sem ráðherra ákveður í reglugerð. Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að starfsfólkinu sé veitt fræðsla. Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla. Ef opinberir aðilar annast námskeiðahald er heimilt að taka gjald sem nemur raunkostnaði við það.

8. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli eða fæðubótarefni sem innihalda lyf eða lyfjavirk efni sem falla undir ákvæði lyfjalaga.

9. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein sem verður 13. gr. a, svohljóðandi:

Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli, dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli. Einnig skulu stjórnendur geta tilgreint fyrirtæki sem þeir hafa afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar opinberum eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu matvæli vera merkt og auðkennd á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við framangreindar kröfur.

10. gr.

Heiti IV. kafla laganna verður: **Matvælaöryggi, framleiðsla, markaðssetning og rekjanleiki.**

11. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. a, svohljóðandi:

Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvælanna sem þeir neyta. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þ.m.t. lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd, sem og upplýsingum sem eru veittar um þau.

12. gr.

Heiti VII. kafla laganna verður: **Framkvæmd, neytendavernd og fræðslustarfsemi.**

13. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. 9. gr. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

14. gr.

Við 22. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama matvælafyrirtæki, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal ráðherra úrskurða hvor aðilinn skuli fara með opinbert eftirlit og veita leyfi skv. 20. gr.

Matvælaeftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat að beiðni ráðherra eða Matvælastofnunar.

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Matvælastofnun skal koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir

því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi matvælaeftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

15. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum opinbers eftirlitsaðila sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita honum upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hann ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við opinberan eftirlitsaðila, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir hann þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit matvælafyrirtækja, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu matvælaeftirliti.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur, sem hlotið hafa faggildingu á viðkomandi rannsóknar- eða prófunarsviði, skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Matvælaframleiðendum og dreifendum“ í 1. mgr. kemur: Matvælafyrirtækjum.
b. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim“ í 3. mgr. kemur: Heilbrigðisnefnd, aðilar sem hafa faggildingu og fara með tiltekin eftirlitsverkefni og matvælafyrirtæki.

17. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við matvælaeftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Opinber eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með matvælum þegar tiltekin starfsemi matvælafyrirtækis eða matvæli eru ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga

um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber matvælafyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Með sama hætti skulu sveitarfélögin gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld opinbers eftirlitsaðila vegna eftirlits sem hann felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 23. gr.

18. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Við lögin bætast þrjár nýjar greinar sem verða 27. gr. a – 27. gr. c, svohljóðandi:

a. (27. gr. a.)

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að matvælin séu heilsuspillandi eða óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum. Þegar nauðsyn krefur getur opinber eftirlitsaðili lagt fyrir stjórnanda matvælafyrirtækis að hann tilkynni honum, með hæfilegum fyrirvara, um flutning matvæla til landsins frá EES-ríkjum.

Viðtakandi búfjár- og sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu opinbers eftirlitsaðila.

b. (27. gr. b.)

Allur innflutningur búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðunar og sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða taka hana til annarra nota enda sé það talið öruggt.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Um innflutning sjávarafurða og lifandi sjávardýra vísast að öðru leyti til 22. og 23. gr. og 25.–27. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

c. (27. gr. c.)

Matvælafyrirtæki sem markaðssetja matvæli sem falla undir ákvæði 27. gr. a og 27. gr. b skulu starfrækja innra eftirlit og byggja á hættugreiningu, sbr. ákvæði 10. gr., til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

20. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaðaraðgerðir.

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 2. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun og sóttvarnalækni áður en til aðgerða er gripið.

21. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 28. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutaðeigandi opinberir eftirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna. Slíkar ráðstafanir opinbers eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er mat-

vælin sem um er að ræða, tegund matvæla, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fram fer skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upplýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri eftir atvikum.

22. gr.

29. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

Í stað 30. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, sem verða 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d, svohljóðandi:

a. (30. gr.)

Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum.

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án tilskilins leyfis eða hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu skv. 9. gr.

Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun matvæla, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvælin uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim. Þegar opinberir eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur opinber eftirlitsaðili jafnframt, til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, stjórnvaldsreglum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegt tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur opinber eftirlitsaðili afturkallað leyfi viðkomandi matvælafyrirtækis til reksturs skv. 9. gr., sbr. 20. gr.

b. (30. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur opinber eftirlitsaðili ákveðið matvælafyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er opinberum eftirlitsaðila

heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi opinberum eftirlitsaðila en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi matvælafyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar.

c. (30. gr. b.)

Opinberum eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim ná til.

Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur opinber eftirlitsaðili ákveðið að matvælafyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (30. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Matvælastofnun skal sjá um samhæfingu aðgerða samkvæmt lögum þessum þegar upp kemur bráð eða alvarleg matarsýking, matareitrun eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu þegar í stað tilkynna Matvælastofnun um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu jafnframt tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu og sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

e. (30. gr. d.)

Við meðferð mála skv. 30. gr., 30. gr. a, 30. gr. b og 30. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

24. gr.

30. gr. a laganna verður 30. gr. e.

25. gr.

Heiti XI. kafla laganna verður: **Varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið.**

26. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

27. gr.

Heiti XII. kafla laganna verður: **Viðurlög.**

28. gr.

Á undan 32. gr. laganna kemur ný grein sem verður 31. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu matvæla, hollustuhætti í matvælaiðnaði, rekjanleika matvæla og umbúða, merkingar matvæla, notkun fullyrðinga í merkingum matvæla, efnainnihald matvæla, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, neysluvatn, umbúðir og pökkun, erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra, tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla, matvælaeftirlit, innra eftirlit matvælafyrirtækja, um sölu framleiðanda af eigin framleiðslu beint til neytenda, um innflutning dýraafurða frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika og skipun ráðgefandi nefndar sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Einnig er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Þá er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 852/2004, frá 29. apríl 2004, um hollustuhætti í matvælaiðnaði, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá 29. apríl 2004, um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/ 2004, frá 29. apríl 2004, um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Ráðherra er jafnframt heimilt að innleiða með reglugerð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2004/41/EB frá 21. apríl 2004, um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvælaiðnað og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og

markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007.

29. gr.

Heiti XIII. kafla laganna verður: **Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.**

30. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta innleiðingu efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a og varða kjöt, mjólk og egg til 1. ágúst 2011. Sama gildir um hráar afurðir úr þessum matvælategundum og aðrar unnar afurðir úr mjólk.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

31. gr.

Við 4. gr. laganna bætist eftirfarandi skilgreining, í stafrófsröð: *Aukaafurðir úr dýrum:* Heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.

32. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði,
b. kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna,
c. hey og hálm,
d. hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,
e. hvers konar notaðan búnað til stangveiða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–e-lið, að fengnum meðmælum Matvælastofnunar, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sótthreinsast við tilbúning eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun. Ráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta stafað af varðandi heilbrigði dýra.

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

33. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.

34. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að skilgreina arfgerðir þeirra líflamba sem má ekki flytja yfir varnarlínur, þegar um er að ræða endurnýjun bústofns eftir niðurskurð vegna riðuveiki.

35. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein sem verður 29. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er ráðherra að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

III. KAFLI
Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

36. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögunum.

37. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal hafa sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa, en einnig er heimilt að ráða dýralækna og aðra eftirlitsmenn til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Skrifstofur Matvælastofnunar skulu vera í eftirfarandi umdæmum:

1. *Suðvesturumdæmi:* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. *Vesturumdæmi:* Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
3. *Norðvesturumdæmi:* Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.
4. *Norðausturumdæmi:* Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
5. *Austurumdæmi:* Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.
6. *Suðurumdæmi:* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Einnig ber þeim að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum. Þeir skulu annast eftirlit með velferð búfjár í samræmi við lög um búfjárhald. Þá ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Matvælastofnun getur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.

38. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Til að tryggja almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa

og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar.

Fyrir bakvaktaþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við Matvælastofnun, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.
3. Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.
4. Dalabyggð og Reykhólahreppur.
5. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
6. Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.
7. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.
8. Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
9. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.
10. Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
11. Sveitarfélagið Hornafjörður.
12. Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.
13. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

39. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

40. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal eftir þörfum ráða sérgreinadýralækna til að sinna verkefnum m.a. á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyfja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarna-

aðgerða. Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða.

41. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Viðkomandi starfsmönnum skulu boðin störf hjá Matvælastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi 1. nóvember 2013.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

42. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um slátrun og sláturafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

43. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrað er. Skoðunina skal framkvæma innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 klukkustunda fyrir slátrun. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal merkja allar sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu sláturleyfishafar greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með sláturafurðum og sláturdýrum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir sláturleyfishafa eða framleiðanda eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis sláturafurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber sláturleyfishafi eða framleiðandi, eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að sláturafurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna Landssamtökum sláturleyfishafa og Bændasamtökum Íslands efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri eftirlits fyrir heilt rekstrarár.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar slátrun er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna sláturleyfishafa með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa sláturleyfishafa með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á sláturdýrum og afurðum sem slátrað er með heimild í 4. mgr. 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma samkvæmt lögum þessum.

44. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um meðferð aukaafurða úr sláturdýrum sem skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

46. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um slátrun og sláturafurðir.**

V. KAFLI
Breytingar á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Skilgreining á „fiskafurðum“ í 1. mgr. orðast svo: *Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla og hafbeitar-, vatna- og eldisfiski.
b. Skilgreining á „sjávarafurðum“ í 1. mgr. orðast svo: *Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan.

c. Skilgreining á „neysluvatni“ í 2. mgr. orðast svo: *Neysluvatn:* Vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og er ætlað til neyslu, eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
d. Við 2. mgr. bætast eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum í viðeigandi stafrófsröð:
   1. *Smásala:* Meðhöndlun og/eða vinnsla sjávarafurða og geymsla þeirra á staðnum þar sem þær eru seldar eða afhentar neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum, dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumarkaðir.
   2. *Stjórnandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsreglum í fyrirtækjum sem annast meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða undir hans stjórn.

48. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um sjávarafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: lög og stjórnvaldsreglur.
b. Í stað orðanna „af íslenskum yfirvöldum“ í 2. mgr. kemur: í lögum og stjórnvaldsreglum.
c. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld heimila“ í 3. mgr. kemur: heimiluð eru í lögum og stjórnvaldsreglum.

50. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

51. gr.

Við 2. málsl. 11. gr. laganna bætist: og skulu merkingar að öðru leyti vera í samræmi við 13. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

   Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, önnur en vinnsluskip, aðgerðarþjónustur og kæli- og frystigeymslur, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

   Matvælastofnun veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á. Í vinnsluleyfum skal tilgreina þær vinnslugreinar sem þau ná til.

53. gr.

Í stað orðanna „Forsvarsmenn vinnslustöðva“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Stjórnendur vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva.

54. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum Matvælastofnunar sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita Matvælastofnun upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Matvælastofnun ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við stofnunina, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Matvælastofnun þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu matvælaeftirliti.

55. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Stjórnendum vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva er skylt að veita Matvælastofnun og þeim faggiltu aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit samkvæmt samningi við Matvælastofnun allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þ.m.t. aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Matvælastofnun og faggiltir aðilar fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

56. gr.

Orðin „eða fóðurs“ í 1. mgr. 20. gr. laganna falla brott.

57. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á lifandi fiski og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að fiskurinn eða afurðirnar séu heilsuspillandi eða óhæfar til neyslu.

Viðtakandi sjávarafurða og lifandi fisks skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu Matvælastofnunar.

58. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Allur innflutningur lifandi fisks og sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í mjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að slíkt skuli einnig eiga við um fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting rækju.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka hana til annarra nota eða eyða henni.

59. gr.

Orðin „eða að nýta hana í fiskimjöl“ í 4. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

60. gr.

28. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn á undan greininni.

61. gr.

2. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: M.a. skal ráðherra setja gjaldskrá fyrir útgáfu starfsleyfa og útgáfu vinnsluleyfa, staðfestinga og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og fyrir skráningu og móttöku umsókna.
b. 2. mgr. fellur brott.

63. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu framleiðendur greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlit til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,

c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit með sjávarafurðum, eldisafurðum og aukaafurðum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis afurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber framleiðandi eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits Matvælastofnunar og faggiltra aðila og skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna hlutaðeigandi hagsmunasamtökum efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

Innheimta má eftirlitsgjald með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á afurðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 16. gr.

64. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um sjávarafurðir.**

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

65. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs og gæði áburðar og sáðvöru.

66. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aukaafurðir úr dýrum* eru heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.

2. *Aukefni* eru efni, efnablöndur eða örverur önnur en fóðurefni eða forblöndur sem eru notaðar í fóður eða vatn í því skyni að:
   a. bæta eiginleika fóðurs eða dýraafurða eða
   b. bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra eða
   c. fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs eða
   d. koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum búfjárhalds eða bæta umhverfi dýra eða
   e. verjast hnislum og/eða vefsvipungum.
3. *Áhættugreining* er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu.
4. *Forblöndur* eru blöndur aukefna í fóðri eða blöndur eins eða fleiri aukefna í fóðri við fóðurefni eða vatn, sem notuð eru sem burðarefni, ekki ætluð til nota beint sem fóður.
5. *Fóður* er hvers konar efni eða vörur, einnig aukefni, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem ætluð eru til fóðrunar dýra. Til fóðurs teljast einnig vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.
6. *Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki* er fyrirtæki eða einstaklingur sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, áburðar og sáðvöru, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á slíkum vörum til notkunar á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. *Markaðssetning fóðurs* er að hafa umráð yfir fóðri með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða það til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
8. *Rekjanleiki fóðurs* er sá möguleiki að rekja feril fóðurs, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður og matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.
9. *Stjórnandi fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtækis* er einstaklingur og lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um fóður, áburð eða sáðvöru í fyrirtækjum undir þeirra stjórn.

67. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

68. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki skulu tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að skrá fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki sem ekki sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun, og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Heimilt er að skilyrða starfsleyfi. Ef einnig er kveðið á um starfsleyfisskyldu í lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði þessara laga skal Matvælastofnun gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli laganna.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma, enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita Matvælastofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Matvælastofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum eða vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi fóðurs eða framkvæmd fóðureftirlits.

69. gr.

Við lögin bætist ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á að tiltekið fóður, áburður eða sáðvara hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra skal Matvælastofnun upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu dýra eða manna. Slíkar ráðstafanir Matvælastofnunar skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang áhættunnar. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er fóður, áburð og sáðvöru sem um er að ræða, tegund vörunnar, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna eftirlits skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt fyrirtæki eða fleiri í senn eftir atvikum.

70. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að tryggja framkvæmd laga þessara setur ráðherra reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til og varða fóður, áburð og sáðvöru. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og óæskileg efni, umbúðir og pökkun, erfðabreytt fóður og merkingar þess, eftirlit Matvælastofnunar, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, frá 12. janúar 2005, um hollustuhætti í fóðuriðnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu

EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 138/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreinda reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

71. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skráningarskylda og starfsleyfi, eftirlit og reglugerðarheimild.**

72. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Reglur um fóður,** með tíu nýjum greinum, 7. gr. a – 7. gr. j, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

a. (7. gr. a.)

Óheimilt er að markaðssetja fóður sem ekki er öruggt eða gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Fóður telst ekki öruggt til fyrirhugaðrar notkunar ef það er álitið heilsuspillandi fyrir menn og dýr eða verður þess valdandi að dýraafurðir verða óhæfar til manneldis. Ef fóður, sem staðfest hefur verið að standist ekki kröfur um öryggi fóðurs, er hluti af framleiðslueiningu, lotu eða sendingu fóðurs í sama flokki eða með sömu einkenni skal gert ráð fyrir að ekkert fóður í þeirri framleiðslueiningu, lotu eða sendingu standist kröfurnar nema ítarlegt mat hafi leitt í ljós að engar vísbendingar séu um að afgangurinn af framleiðslueiningunni, lotunni eða sendingunni standist ekki kröfur um öryggi fóðurs.

b. (7. gr. b.)

Dýraprótein sem unnið er úr aukaafurðum úr dýrum má ekki nota í fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Einungis er heimilt að nota slík dýraprótein til að framleiða fóður fyrir loðdýr, gæludýr og önnur dýr sem ekki eru alin til manneldis, og þá aðeins ef efnasamsetning, framleiðsluaðferðir, geymsla, flutningur og aðrar sérkröfur vegna þessara aukaafurða eru í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra skal setja um slíkar afurðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýrapróteín sem unnið er úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir búfé og eldisfisk.

Þó er bannað að fóðra dýr á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um notkun á fóðri og áburði sem búinn er til úr aukaafurðum úr dýrum. Þar er ráðherra heimilt að flokka þessar afurðir í áhættuflokka allt eftir því hversu mikil hætta stafar af þeim varðandi útbreiðslu á smitsjúkdómum, sem og að banna notkun á einstökum flokkum ef slíkt reynist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

c. (7. gr. c.)

Fóðureftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu innleiða, koma á og viðhalda framleiðsluaðferðum sem byggjast á meginreglum um hættugreiningu.

d. (7. gr. d.)

Stjórnandi fóðurfyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

e. (7. gr. e.)

Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að fóður, sem hann hefur flutt inn, framleitt, tilreitt, unnið eða dreift, sé ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrætt fóður af markaðnum og tilkynna það Matvælastofnun. Í þessum tilvikum eða þar sem framleiðslueiningin, lotan eða vörusendingin stenst ekki kröfur um öryggi fóðurs skal farga fóðrinu nema Matvælastofnun fallist á aðra lausn. Stjórnandi skal upplýsa notendur fóðursins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að það var tekið af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem þeim hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem ber ábyrgð á smásölu eða dreifingarstarfsemi sem hefur ekki áhrif á umbúðir, merkingu, öryggi eða heilnæmi fóðursins, skal gera ráðstafanir, innan þeirra marka sem ráðast af viðkomandi starfsemi, til að taka vörur af markaðnum ef þær eru ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs og stuðla að öryggi fóðurs með því að veita þær upplýsingar sem þarf til að rekja feril tiltekins fóðurs í samvinnu við framleiðendur, vinnsluaðila og/eða Matvælastofnun.

Álíti stjórnandi fóðurfyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekið fóður, sem hann hefur markaðssett, standist ekki kröfur um öryggi fóðurs skal hann þegar í stað tilkynna það Matvælastofnun. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu vegna notkunar þessa fóðurs. Þeir skulu jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi fóðurs.

Þegar nauðsyn krefur getur Matvælastofnun lagt fyrir stjórnanda fóðurfyrirtækis að hann tilkynni henni, með hæfilegum fyrirvara, um flutning fóðurs til landsins frá EES-ríkjum.

f. (7. gr. f.)

Á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril fóðurs dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður. Stjórnandi fóðurfyrirtækis skal geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent því fóður og hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður. Einnig skal stjórnandi geta tilgreint fyrirtæki sem fóðurfyrirtækið hefur afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar Matvælastofnun að beiðni hennar. Þá skulu fóðurvörur vera merktar og auðkenndar á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við fyrrgreindar kröfur.

g. (7. gr. g.)

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum fóðurs en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa fóðurs.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðið og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir skv. 1. mgr. geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun áður en til slíkra aðgerða er gripið.

h. (7. gr. h.)

Fóðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við rannsóknir og greiningu á fóðri skulu tilkynna Matvælastofnun ef í fóðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

i. (7. gr. i.)

Allur innflutningur fóðurs frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem inniheldur dýraafurðir skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand fóðursins og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hún í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að fóðrið sé heilsuspillandi og verði þess valdandi að dýraafurðir verði óhæfar til manneldis skal eyða því. Heimilt er þó að endursenda fóðrið að fengnu leyfi yfirvalda í útflutningslandi eða taka það til annarra nota enda sé það talið öruggt. Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

j. (7. gr. j.)

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd fóðureftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum Matvælastofnunar sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hún ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við Matvælastofnun, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir stofnunin þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit fóðurfyrirtækja, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu fóðureftirliti.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur, sem hlotið hafa faggildingu á viðkomandi rannsóknar- eða prófunarsviði, skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

73. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlit með fóðri, áburði eða sáðvöru:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með vöru þegar tiltekin starfsemi eða vara fyrirtækis er ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis vara vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt

að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma samkvæmt þessum lögum.

74. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

75. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna er verður IV. kafli verður: **Eftirlitsgjald vegna fóðurs, áburðar og sáðvöru.**

76. gr.

Í stað 9. gr. laganna koma sex nýjar greinar sem verða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e, svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Matvælastofnun er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að fóður, áburður eða sáðvara sé heilsuspillandi fyrir menn og dýr og verði þess valdandi að matvæli af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis verða óhæf til manneldis. Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án tilskilins leyfis eða hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu skv. 4. gr.

Einnig er Matvælastofnun heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun fóðurs, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu fóðurs, áburðar eða sáðvöru og leggja hald á slíka vöru þegar rökstuddur grunur er um að varan uppfylli ekki ákvæði í vörulýsingu eða ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Þegar Matvælastofnun leggur hald á fóður, áburð eða sáðvöru er þeim heimil förgun vörunnar sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur Matvælastofnun jafnframt, til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur Matvælastofnun afturkallað leyfi viðkomandi fyrirtækis til reksturs skv. 4. gr.

b. (9. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Matvælastofnun ákveðið fyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir renna í ríkissjóð og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er Matvælastofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd

eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Matvælastofnun en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án dóms eða sáttar.

c. (9. gr. b.)

Matvælastofnun skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Einnig er Matvælastofnun heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná til.

Stjórnanda er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber honum endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur Matvælastofnun ákveðið að fyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (9. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir.

e. (9. gr. d.)

Við meðferð mála skv. 9. gr., 9. gr. a, 9. gr. b og 9. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

f. (9. gr. e.)

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð sakamála.

77. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna er verður V. kafli verður: **Þvingunarúrræði og refsiákvæði.**

VII. KAFLI
Staðfesting og gildistaka.

78. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 26. október 2007 nr. 133/2007, nr. 134/2007, nr. 135/2007, nr. 136/2007, nr. 137/2007 og nr. 138/2007.

79. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2009 að undanskildum II.–IV. kafla sem öðlast gildi 1. ágúst 2011. Þó tekur 43. gr. í IV. kafla laganna gildi 1. desember 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins (hér eftir skammstafað ESB) um matvæli og fóður inn í EES-samninginn.

Framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lagafrumvarp þetta kveður á um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna framangreindra breytinga á EES-samningnum og innleiðingar fyrrgreindrar EES-löggjafar um matvæli og fóður.

Frumvarp þetta er í samræmi við efnisákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið. Sama á við um ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill. Innflutningsbanni er viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, og er þá ekki síst höfð í huga langvarandi einangrun búfjárstofna okkar sem reynslan hefur sýnt að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem litlum skaða valda í öðrum löndum.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eftirfarandi:

a. Ákvörðun nr. 133/2007 sem varðar endurskoðun á þeim undanþágum sem Ísland hefur haft frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn, en þar er að finna þær ESB-gerðir sem taka til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Samþykkt þessarar ákvörðunar að því er varðar Ísland hefur í för með sér að Ísland mun framvegis framfylgja reglum ESB á þessu sviði að því er varðar búfjárafurðir til viðbótar við núverandi framkvæmd á reglunum er snerta sjávarafurðir. Þessum breytingum á EES-samningnum er ætlað að auka frelsi til innflutnings og útflutnings búfjárafurða á grundvelli heilbrigðiskrafna. Frumvarp þetta er í samræmi við efnisákvæði þessarar ákvörðunar nr. 133/2007 að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið.
b. Ákvarðanir nr. 134/2007 og nr. 137/2007 sem varða heildarendurskoðun á matvælalöggjöf ESB. Önnur varðar reglugerð (EB) nr. 178/2002/EB um matvælalöggjöf, fæðuöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Hin fjallar um reglugerðir EB og varðar opinbert eftirlit með matvælum og fóðri og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Tekið skal fram að þær EB-reglugerðir sem hér um ræðir koma í stað tilskipana sem þegar er að finna í EES-samningnum, að undanskildum nýjum skuldbindingum Íslands að því er varðar búfjárafurðir, en þær er þó einnig þegar að finna í EES-samningnum þar sem Noregur hefur ekki notið þeirra undantekninga sem íslensk stjórnvöld gera. Ýmsar veigamiklar breytingar felast hins vegar í nýrri og endurskoðaðri löggjöf ESB á þessu sviði sem innleiða þarf hér á landi og koma í framkvæmd við eftirlit með matvælum og fóðri.

c. Ákvarðanir nr. 135/2007 og nr. 136/2007 sem fjalla um aukaafurðir eða úrgang frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis. Frumvarp þetta er í samræmi við efnisákvæði þessarar ákvörðunar nr. 135/2007 að öðru leyti en því að innflutningsbann á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, alidýraáburði og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði helst skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Innflutningsbann er því ekki afnumið.
d. Ákvörðun nr. 138/2007 sem fjallar um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, um hollustuhætti í fóðuriðnaði, auk afleiddra gerða.

Í frumvarpinu eru grundvallaratriði sem varða gildissvið, skilgreiningar, matvælaöryggi, skipan opinbers eftirlits, ábyrgð matvælafyrirtækja, leyfisveitingar, gjaldtöku, valdsvið og þvingunarúrræði. Frekari framkvæmd byggist síðan á setningu reglugerða um fjölmörg efnismikil atriði sem óraunhæft er að setja öll í lagatexta en sem löggjafinn tekur afstöðu til með afgreiðslu frumvarpsins. Vísast hér t.d. til 28., 35., 45. og 70. gr. frumvarpsins þar sem ráðherra fær heimild til að innleiða reglugerðir (EB) nr. 178/2002, 852/2004, 853/2004, 854/2004 og 882/2004. Reglugerðir þessar verða innleiddar í samræmi við orðanna hljóðan og þar verður því ekkert fellt burt. Öll ákvæði þar varðandi opinbert eftirlit öðlast þar með gildi hér á landi. Það sama á við um gjaldskrárákvæði í þessum reglugerðum.

II. Undanþága Íslands frá kafla I í viðauka I við EES-samninginn – ákvörðun nr. 133/2007.

Í I. kafla í viðauka I við EES-samninginn er að finna þær EB-gerðir sem taka til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Þessar gerðir fjalla um kjöt og kjötafurðir, fisk og fiskafurðir, mjólk, egg og afurðir úr þeim, dýrasjúkdóma, verslun með lifandi dýr, flutning á sæði og erfðavísum milli ríkja og um hormóna. Af heilbrigðisástæðum, einkum í þágu sjúkdómavarna, var á sínum tíma samið um að Ísland hefði undanþágu frá upptöku allra gerða í þessum kafla. Síðar voru reglur varðandi fiskafurðir teknar yfir.

Framkvæmdastjórn ESB setti það sem skilyrði fyrir yfirtöku á nýju matvælalöggjöfinni og þátttöku í Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að fyrrgreind undanþága varðandi búfjárafurðir yrði endurskoðuð. Meginrökin fyrir þessu voru að ekki yrði lengur hægt að greina á milli búfjárafurða, sjávarafurða og annarra matvæla með sama hætti og áður, eftir að ný matvælalöggjöf ESB öðlast gildi, þar sem þær samræmdu reglur ná yfir matvælakeðjuna í heild sinni, án þess að skilja á milli einstakra tegunda matvæla. Með samþykkt ríkisstjórnarinnar var fallist á að hefja viðræður við ESB um endurskoðun á undanþágu Íslands og lauk þeim með endanlegu samkomulagi á sumarmánuðum 2007. Endurspeglar þessi ákvörðun niðurstöðu þess samkomulags.

Í ákvörðun nr. 133/2007 vegna endurskoðunar á undanþágu er gert ráð fyrir almennum aðlögunartíma, allt að 18 mánuðum frá gildistöku ákvörðunarinnar, til að innleiða gerðir er varða búfjárafurðir. Helstu atriði ákvörðunar 133/2007 og afleiðingar hennar eru eftirfarandi:

A. Frelsi til innflutnings búfjárafurða á að aukast samkvæmt ákvörðuninni. Búfjárafurðir eiga að fá sömu lagalegu stöðu hvað heilbrigðisreglur varðar og fiskur og fiskafurðir hafa haft. Hluti þeirra vörutegunda sem hefur verið óheimilt að flytja til landsins eða einungis er heimilt að flytja inn með sérstakri heimild á að heimila samkvæmt ákvörðuninni á grundvelli heilbrigðiskrafna EES-löggjafar. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verður Ísland hluti af innri markaði ESB hvað matvæli varðar, en ekki þriðja ríki eins og hingað til hefur verið. Ákvörðunin gerir ráð fyrir að settar verði upp landamærastöðvar vegna kjöt- og mjólkurvara eins og gert hefur verið með fisk vegna innflutnings frá ríkjum utan EES-svæðisins. Eins og áður

segir er frumvarp þetta í samræmi við efnisákvæði ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007, að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið.

B. Á Íslandi verður áfram heimilt að fóðra búfé með fiskimjöli þrátt fyrir gildandi bann þess efnis innan ESB.

C. Ísland getur áfram bannað innflutning á beina-, blóð- og kjötmjöli.

D. Ísland þarf að innleiða sérstakar reglur sem varða líflömb á bæjum þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu, en að öðru leyti heldur Ísland að mestu undanþágu sinni frá löggjöf ESB um dýraheilbrigði.

E. Ekki er gert ráð fyrir að reglur um dýravelferð verði teknar yfir, nema hvað varðar aðbúnað og aðferðir við slátrun dýra.

F. Ekki er vikið frá banni Íslands á innflutningi lifandi dýra þar sem enn eru talin standa rök til slíks banns á grundvelli heilbrigðisástæðna.

G. Breytingin hefur engin áhrif á það fyrirkomulag sem er við lýði á innflutningi búfjárafurða að því er varðar tolla.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB muni taka gildi hérlendis með samþykkt þessa frumvarps. Þannig verða sömu heilbrigðiskröfur gerðar til matvælaframleiðslu hérlendis og á EES-svæðinu. Þetta á jafnt við um búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk og egg, og sjávarafurðir. Jafnframt munu gilda sömu lagareglur um matvælaeftirlit með þessum afurðum hérlendis og á EES-svæðinu að öðru leyti en því að innflutningseftirlit með hráu kjöti og hráum eggjum frá EES-svæðinu verður eins og verið hefur. Þegar um er að ræða hrátt kjöt þarf að framvísa fullgildum heilbrigðisvottorðum og eftir atvikum framkvæma sýnatökur enda hefur áður verið aflað innflutningsleyfis. Slík leyfi eru nú nær eingöngu veitt fyrir frosið kjöt, og ekki er gert ráð fyrir breytingum þar á. Hvað varðar ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði helst innflutningsbann, og eftirlitsreglur, því óbreytt. Íslensk yfirvöld fá aðlögunartíma, allt að 18 mánuðum frá gildistöku ákvörðunarinnar, til að innleiða gerðir er varða búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga ýmis stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og breyta lagaframkvæmd. Unnið er að því að fá svokallaðar „viðbótartryggingar“ vegna salmonellu sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að takmarka má tiltekinn innflutning til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekinna matarsýkinga.

III. Reglugerð Evrópusambandsins um matvælalöggjöf, fæðuöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) – ákvörðun nr. 134/2007.

Ákvörðun nr. 134/2007 fjallar um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 auk afleiddra gerða. Undirbúningur reglugerðar (EB) nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, átti sér langan aðdraganda hjá ESB. Fyrst var gefin út svokölluð grænbók á árunum 1996–1997 og síðar hvítbók 1999. Þessi skjöl voru send til fjölmargra ríkja til umsagnar, m.a. Íslands. Reglugerðin tók gildi í febrúar 2002 innan ESB, en gildistöku tiltekinna ákvæða hennar var þó frestað fram til 1. janúar 2005.

Með reglugerðinni voru settar heildarreglur um fæðuöryggi frá frumframleiðslu til markaðssetningar matvæla og var einnig kveðið á um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu

(EFSA). EFSA er ætlað mikilvægt hlutverk, m.a. að gefa út vísindaleg álit og áhættumat um allt er varðar matvæli og heilbrigði dýra.

Með reglugerðinni er leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. Gildir reglugerðin á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og fóðurs. Lögð er áhersla á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum „frá hafi og haga til maga“. Skulu sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram. Þá er lögð mikil áhersla á skjót viðbrögð í alvarlegum tilfellum, en ESB hefur sætt gagnrýni fyrir seinagang þegar upp hafa komið atvik sem krafist hafa skjótra viðbragða. Með reglugerðinni er reynt að bregðast við því með ýmsu móti. Er m.a. gert ráð fyrir sérstökum neyðarráðstöfunum og almennri áætlun fyrir áfallastjórnun sem nær bæði til matvæla og fóðurs.

Reglugerðin gerir ráð fyrir að ráðstafanir sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin (ESB) samþykkja viðvíkjandi matvælum og fóðri skuli að jafnaði byggjast á áhættugreiningu.

Með reglugerðinni er kveðið á um stofnun EFSA. Stofnun þessi hefur nú starfað í fimm ár, safnað saman upplýsingum frá aðildarríkjunum, samræmt vinnu þeirra, framkvæmt áhættumat og gert tillögur til úrbóta þegar þess var þörf. Stofnunin er ráðgefandi og hefur hvorki löggjafar- né eftirlitshlutverk. Hins vegar er ljóst að bæði framkvæmdastjórn og aðildarríki ESB hafa leitað eftir áliti EFSA og tekið tillit til stofnunarinnar og þess starfs sem þar er unnið. Almennt er talið að stofnunin muni gegna lykilhlutverki á fæðuöryggissviðinu og starf hennar muni hafa mikil áhrif á lagasetningu, starfshætti sem varða eftirlit og einnig framleiðslu og markaðssetningu matvæla í framtíðinni. Ísland mun taka fullan þátt í starfi og stjórn stofnunarinnar. Kostnaðarhlutdeild Íslands í rekstri EFSA er áætlaður 73.592 evrur á ársgrundvelli.

Rétt er að geta þess að þær reglur sem hér um ræðir, svo og gildandi reglur EES-samningsins, gera ráð fyrir að unnt sé að grípa til neyðarráðstafana undir sérstökum kringumstæðum. Í reglugerð 178/2002/EB er fjallað um slíkar heimildir í 53. og 54. gr. Almenna reglan er að ef upp koma sjúkdómar eða annað hættuástand sem getur haft áhrif á heilsu manna eða dýra er ætlast til að viðkomandi ríki og/eða framkvæmdastjórn ESB grípi strax til viðeigandi varúðarráðstafana. Telji eitthvert ríki á EES-svæðinu að þessar ráðstafanir séu ekki nægilegar til að vernda heilsu manna og dýra getur það gripið til neyðarráðstafana, svo sem að stöðva innflutning á ákveðnum vörum. Skýrt skal tekið fram að við framkvæmd slíkra neyðarráðstafana er rík sönnunarbyrði lögð á viðkomandi ríki að rökstyðja nauðsyn framkvæmdarinnar og skal ákvörðunin byggð á áhættumati. Ef fullnægjandi vísindaleg gögn liggja ekki fyrir er í vissum tilvikum hægt að grípa til tímabundinna varúðarráðstafana, sbr. 7. gr. (varúðarregla), en slíkar ákvarðanir ber að endurskoða eins fljótt og unnt er.

IV. Löggjöf um opinbert eftirlit og um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla – ákvörðun nr. 137/2007.

Ákvörðunin kveður á um upptöku tveggja reglugerða um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og tveggja reglugerða um opinbert eftirlit með fóðri og matvælum. Með þessum reglugerðum var löggjöf ESB á þessu sviði samræmd og einfölduð því gerðirnar

koma í stað sautján eldri tilskipana sem felldar voru úr gildi. Löggjöfin tekur til fóðurframleiðslu og til allrar matvælaframleiðslu, þ.m.t. fisks og fiskafurða, og nær yfir matvælakeðjuna í heild frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla. Lögð er áhersla á að neytendum séu tryggð örugg matvæli, að matvælaframleiðendur og dreifingaraðilar beri ábyrgð á framleiðslu sinni, eftirlit opinberra aðila byggist á áhættumati, rekjanleiki fóðurs og matvæla sé tryggður og að öll stjórnsýsla sé gegnsæ.

Samkvæmt nýju löggjöfinni verður opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður því nú skal hafa eftirlit með öllum sem framleiða, flytja eða höndla með fóður. Þetta þýðir m.a. að allir bændur og öll flutningsfyrirtæki falla undir fóðureftirlit Matvælastofnunar, en það er breyting frá því sem nú er.

Nýja löggjöfin mun hafa lítil áhrif varðandi byggingar og búnað mjólkurstöðva, sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva því allar mjólkurstöðvar nema ein, langflest sauðfjársláturhús og mörg stórgripasláturhús hafa nú þegar útflutningsleyfi á ESB-markað og hafa því þurft að uppfylla ákvæði þessarar löggjafar hingað til. Áhrif löggjafarinnar verða hins vegar meiri fyrir opinbert eftirlit og verða þau t.d. mikil fyrir heilbrigðisskoðun á sláturafurðum þegar þau ákvæði verða komin að fullu til framkvæmda. Það mun hafa í för með sér meiri viðveru kjötskoðunarlækna eða menntaðs aðstoðarfólks og þar með meiri kostnað. Þannig þarf að auka heilbrigðisskoðun í alifuglasláturhúsum og bæta verulega menntun aðstoðarfólks við heilbrigðisskoðun í sauðfjársláturhúsum. Í viðbót við núverandi eftirlit Matvælastofnunar með salmonellu í alifugla- og svínakjöti þarf að koma á eftirliti með salmonellu í nautakjöti og eggjum svo að unnt verði að fá viðbótartryggingar vegna salmonellusmits í innfluttum vörum. Jafnframt þarf að auka aðskotaefnaeftirlit með alifuglakjöti og með eggjum. Það liggur ljóst fyrir að aukið eftirlit leiðir til aukins kostnaðar.

Ísland mun þurfa að gera eftirlitsáætlun til fleiri ára í senn (multi annual) fyrir allt opinbert eftirlit með fóðri og matvælum. Þetta er nýmæli hér á landi og mun hafa í för með sér aukinn kostnað. Áætlun þessi skal vera samræmd fyrir allt eftirlit í fæðukeðjunni frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla og skal hún einnig ná til fóðureftirlits.

Samkvæmt löggjöfinni má ekki vera hætta á hagsmunaárekstrum eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Margir héraðsdýralæknar sinna í dag bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu og því þarf að breyta lögum um dýralækna þannig að héraðsdýralæknar sinni aðeins eftirliti og ekki dýralæknaþjónustu.

Gert er ráð fyrir að síðar verði samið um að Ísland geti krafist viðbótartrygginga vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum þegar Ísland hefur sýnt fram á að það hafi aðgerðaáætlun þar að lútandi. Sérstök yfirlýsing frá íslenskum stjórnvöldum um þetta atriði fylgir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn.

Íslensk yfirvöld fá aðlögunartíma, allt að 18 mánuðum frá gildistöku ákvörðunarinnar, til að innleiða gerðir er varða búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga lög og stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og til þess að breyta lagaframkvæmd.

Helstu reglugerðir (EB) sem ákvörðun nr. 137/2005 fjallar um eru:

Reglugerð nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði.

Reglugerðin fjallar almennt um öll matvæli og er beint að matvælafyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja matvælaöryggi í allri matvælakeðjunni frá hafi og haga til maga. Fyrirtæki sem framleiða matvæli úr dýraafurðum verða jafnframt að fara eftir reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 882/2004 og þegar um dýraafurðir er að ræða jafnframt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 854/2004 sem fjallað er um hér síðar. Skýrt er tekið fram að innflutt matvæli verða að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 178/2002 og öðrum EB-gerðum vegna matvæla. Hér er átt við matvæli frá þriðju ríkjum, þ.e. ríkjum utan EES.

Gildissvið reglugerðarinnar er frá hafi og haga til maga nema á eftirfarandi sviðum þar sem ætlast er til að ríkin setji sér eigin reglur:

– Frumframleiðslu til eigin nota svo sem fiskur, villibráð, heimaslátrun, berjatínsla og grænmeti.
– Unnum afurðum úr frumframleiðslu til eigin nota.
– Sölu framleiðanda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda.

Reglugerð nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

Reglugerðin fjallar um heilbrigðisákvarðanir fyrir fyrirtæki sem framleiða matvæli af dýrauppruna; kjöt, fisk, mjólk og egg. Helsta markmið reglugerðarinnar er að setja ítarlegri reglur fyrir matvæli af dýrauppruna og er hún til fyllingar reglugerð (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði. Verið er að samþætta og einfalda reglur um framleiðslu matvæla sem nú er að finna í mörgum mismunandi gerðum.

Reglugerð nr. 854/2004 um sérstakar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

Reglugerðin snýr að yfirvöldum sem hafa eftirlit með framleiðendum matvæla af dýrauppruna. Eftirlit yfirvalda skal ná til allra mikilvægra þátta sem varða heilbrigði fólks og þar sem við á heilbrigði dýra og dýravelferð. Yfirvöld skulu framkvæma sérstakar skoðanir til að tryggja þessa þætti. Reglugerðin er til fyllingar reglugerð (EB) nr. 882/2004 sem fjallað er um hér á eftir.

Reglugerð nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.

Helsta gildissvið er opinbert eftirlit í ESB-löndum með fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð og sambærilegt eftirlit við innflutning til ESB frá þriðju ríkjum. Skoða verður ákvæði þessarar gerðar með hliðsjón af ákvæðum matvælareglugerðar (EB) nr. 178/2002, heilbrigðisreglugerða nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og reglugerðar (EB) nr. 183/2005 um fóðurheilbrigði.

V. Aukaafurðir úr matvælum – ákvarðanir nr. 135/2007 og 136/2007.

Ákvörðun nr. 135/2007 innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 auk afleiddra gerða. Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Animal by-products) er víðtæk og fjallar um reglur til verndar heilbrigði dýra og manna. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um söfnun, flutning, meðhöndlun, markaðssetningu, vinnslu og notkun eða förgun á úrgangi frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis (aukaafurðir). Jafnframt gilda reglurnar um úrgang sem fellur til við alþjóðlega flutningastarfsemi, sem og almennan eldhúsúrgang.

Þetta frumvarp er í samræmi við efnisákvæði ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007 að öðru leyti en því að innflutningsbann á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, alidýraáburði og rotmassa sem er blandaður aliýraáburði skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið.

Með setningu reglugerðar hér á landi um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum nr. 820/2007 voru margar af efnisreglum reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 innleiddar í íslenskt lagaumhverfi. Regluverkið í gerðinni er þó bæði mun víðtækara og ítarlegra en í reglugerð nr. 820/2007.

Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er einnig að finna ákvæði sem skylda alla sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum að halda skrá yfir sendingarnar. Mikinn fjölda viðskiptaskjala (heilbrigðisvottorða) er að finna í reglugerðinni og ljóst að skjalavinna fyrir hagsmunaaðila og hið opinbera mun aukast umtalsvert hér á landi við innleiðingu þessarar reglugerðar.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 verða íslensk yfirvöld skuldbundin til þess að farga úrgangi sem tilkominn er vegna riðu með brennslu. Jafnframt verður að álykta svo að yfirvöldum sé skylt að sjá til þess að slík aðstaða sé fyrir hendi, en svo er ekki hér á landi. Ákvörðun nr. 136/2007 fjallar jafnframt um afleiddar gerðir reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Íslensk yfirvöld fá aðlögunartíma, allt að 18 mánuðum frá gildistöku ákvörðunarinnar, til að innleiða gerðir er varða búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og til þess að breyta lagaframkvæmd. Efnisákvæði reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 um aukaafurðir vegna fisks og fóðurs öðlast gildi 1. desember 2009.

VI. Löggjöf um hollustuhætti í fóðuriðnaði – ákvörðun nr. 138/2007.

Ákvörðunin innleiðir í íslenska löggjöf reglugerð (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um hollustuhætti í fóðuriðnaði.

Reglugerðin fjallar um fóður og er beint að fóðurfyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja fóðuröryggi. Fóðuröryggi er grundvöllur matvælaöryggis en dýraheilbrigði hefur stóru hlutverki að gegna í hollustu matvæla. Fóðurfyrirtæki eru tilkynningarskyld til yfirvalda og sum þurfa á starfsleyfi að halda. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að tryggja rekjanleika fóðurs á öllum stigum. Reglugerðin nær til fóðurframleiðslu og eftir atvikum til markaðssetningar eða útflutnings fóðurs. Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Fóðurfyrirtækjum ber hins vegar að hafa kerfi innra eftirlits með sama hætti og matvælafyrirtæki.

VII. Efnislegar breytingar frá fyrri frumvörpum.

Frumvörp með sama heiti voru lögð fram á 135., 136. og 137. löggjafarþingi. Við framlagningu frumvarpsins á 136. löggjafarþingi voru gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frumvarpi. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Ákvæði frumvarpsins um fæðubótarefni hafa verið gerð skýrari þannig að fæðubótarefni sem innhalda lyf eða lyfjavirk efni er óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja.
- Í 2. gr. frumvarpsins er það áréttað að lög nr. 93/1995, um matvæli, taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.

- Hugtakinu „eftirlitsaðili“ er breytt í „opinber eftirlitsaðili“. Þetta er gert til aðgreiningar frá sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila (e. control body) sem er hugtak notað í reglugerðum ESB um faggiltan aðila sem fær úthlutað eftirlitsverkefnum af Matvælastofnun. Í sumum tilvikum er heitið „Matvælastofnun“ einnig notað í stað „eftirlitsaðili“ í þeim tilvikum þegar stofnunin fer ein með opinbert eftirlit.
- Ákvæði um starfsleyfisskyldu sauðfjár- og hrossaræktar eru felld út úr frumvarpinu, en þessar búgreinar þurfa þess í stað að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína.
- Skilgreining reglugerða EB um áhættugreiningu er tekin upp í frumvarpið.
- Í 6. og 68. gr. frumvarpsins er heimild til að gefa út eitt starfsleyfi enda þótt starfsleyfisskyldan byggist á fleiri en einum lögum.
- Í 14. gr. frumvarpsins er tekið á skörun á hlutverki opinberra eftirlitsaðila og einnig er lögð áhersla á að matvælaeftirlit skuli byggjast á áhættugreiningu og áhættumati. Ráðherra skal skipa ráðgefandi nefnd sem vinna skal að áhættumati á hlutlausan hátt. Sama á við um fóðureftirlit skv. c-lið 72. gr. frumvarpsins.
- Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskilinni slíkri starfsemi í smásöluverslun. Jafnframt er gert ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa sinnt eftirliti vegna framangreindrar starfsemi, nema þegar kjötvinnsla er tengd sláturhúsi, en þá er hún undir eftirliti Matvælastofnunar. Stofnunin hefur einnig eftirlit með mjólkurstöðvum vegna útflutnings.
- Í 14. gr. frumvarpsins eru tekin upp sams konar efnisákvæði og eru í 19. gr. laga nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna yfirumsjónarhlutverks Matvælastofnunar gagnvart heilbrigðisnefndum og starfa stofnunarinnar við samræmingu matvælaeftirlits.
- Í síðustu málsgrein a-liðar 5. gr. frumvarpsins er áréttað að stjórnandi matvælafyrirtækis og eftirlitsaðilar skulu í störfum sínum huga sérstaklega að því að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um sýnatökur og skilyrði markaðssetningar matvæla sem geta valdið matarsjúkdómum. Skyldur matvælafyrirtækja eru einnig áréttaðar í c-lið 19. gr.
- Í 15. gr. frumvarpsins hefur verið bætt við ákvæðið um faggilta aðila til samræmis við ákvæði 54. gr. þar sem fjallað er um eftirlit með sjávarafurðum. Vegna fóðureftirlits hefur sambærilegu ákvæði verið bætt við 72. gr. frumvarpsins.
- Í 15., 54. og 72. gr. hefur einnig verið sett inn ákvæði um að ráðherra geti ákveðið að vottað innra eftirlit matvæla- og fóðurfyrirtækja geti með tilteknum skilyrðum orðið þáttur í opinberu eftirliti.
- Gerðar eru breytingar á 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins um eftirlitsgjöld. Texti um lágmarksgjöld er felldur niður. Ákvæði 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um lágmarksgjöld mun þannig gilda um þessi gjöld.
- Þá er felld út úr 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins heimild eftirlitsaðila til að afturkalla starfsleyfi vegna vanskila eftirlitsgjalda. Jafnframt eru gerðar aðrar minni háttar breytingar á ákvæðinu til samræmis við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882 frá 2004.
- Í 17. gr. er það gert skýrara að sveitarfélög skulu gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits á grundvelli laga nr. 93 frá 1995 um matvæli og ákvæða reglugerðar (EB) nr. 882 frá 2004.
- Í 19. og 72. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á stjórnanda matvæla- og fóðurfyrirtækis að hann tilkynni opinberum eftirlitsaðila með hæfilegum fyrirvara um flutning matvæla

eða fóðurs til landsins frá EES-ríkjum ef brýna nauðsyn ber til þannig að opinber eftirlitsaðili geti skipulagt eftirlitið.
– Í 23. gr. frumvarpsins, sbr. breytingar á 30. gr. a, er kveðið á um að dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renni í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur.
– Í 41. gr. frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er ráðherra heimilt með reglugerð, að ákveða skiptingu og fjölda umdæma skv. 11. gr. laganna aðra en þar greinir í þeim tilgangi að unnt sé að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Fjöldi umdæma og svæðaskipting skv. 11. gr. skal þannig koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2013.
– Ráðherra er jafnframt heimilt skv. 41. gr frumvarpsins að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessu ákvæði fellur úr gildi 1. nóvember 2013.
– Í 33. gr. frumvarpsins er það sérstaklega tilgreint að ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55 frá 2003, um meðhöndlun úrgangs.
– Í 38. gr. er gert ráð fyrir því að dýralæknar sinni bakvakt utan venjulegs vinnutíma á landinu öllu. Vaktsvæðin eru þrettán.
– Í 68. gr. frumvarpsins segir að ef kveðið sé á um starfsleyfisskyldu í lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru skuli Matvælastofnun gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli laganna. Samsvarandi ákvæði er í lögum um matvæli, nr. 93/1995.
– Í h-lið 72. gr. frumvarpsins er fóðurfyrirtækjum og aðilum sem starfa við rannsóknir og greiningu á fóðri gert skylt að tilkynna Matvælastofnun ef í fóðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

Við framlagningu frumvarpsins á 137. löggjafarþingi voru gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frumvarpi. Helstu breytingar voru eftirfarandi:
– Frumvarp þetta er í samræmi við efnisákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið. Sama á við um alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill.
– 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 verður óbreytt efnislega. Matvælastofnun var heimilt að leyfa innflutning samkvæmt ákvæði eldra frumvarps. Ráðherra hefur þetta vald núna samkvæmt frumvarpinu og er 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 þannig breytt í fyrra horf.
– Í síðustu málsgrein a-liðar 5. gr. frumvarpsins er áréttað með skýrari hætti en áður að tryggja skuli matvælaöryggi og vernda skuli heilsu manna og dýra. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.
– 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er felld burtu en þar var ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða skiptingu og fjölda umdæma skv. 11. gr. laganna aðra en þar greinir í þeim tilgangi að unnt væri að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Matvælastofnun er gert að spara umtalsverða fjármuni í sínum rekstri og talið

hagkvæmt að að gera umræddar breytingar á skemmri tíma en eldra frumvarp gerði ráð fyrir.
- Gildistöku 43. gr. frumvarpsins sem fjallar um eftirlitskostnað vegna slátrunar er breytt, sbr. 79. gr frumvarpsins. Ákvæðið tekur gildi 1. september 2009 en þetta er annað tímamark en gildir um önnur ákvæði IV. kafla sem taka gildi 1. maí 2011. Ástæða þessa er sú að brýnt þykir, m.a. vegna tilmæla frá umboðsmanni Alþingis, að leiðrétta kjötskoðunargjald þannig að greiddur sé raunkostnaður af eftirliti með öllum tegundum búfjár.
- Skýrt er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra. Sama á við um fóður, sbr. 28. og 70. gr.
- Jafnframt er það áréttað að matvæli mega ekki innihalda lyf eða lyfjavirk efni með sama hætti og fæðubótarefni, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Við framlagningu þessa frumvarps er gerð ein efnisleg breyting frá fyrra frumvarpi sem lagt var fram á 137. löggjafarþingi. Í 32. gr. frumvarpsins um breytingu á 10. gr. laga nr. 25/1993 er bætt við textanum „hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir“. Innflutningsbann á hráum eggjum, ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum skv. a-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er því ekki afnumið eins og gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi.

VIII. Helstu efnisatriði frumvarpsins eftir köflum.

Í I. og VI. kafla frumvarpsins eru tekin upp ýmis mikilvæg ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í lög um matvæli, nr. 93/1995, og í lög um fóður, nr. 22/1994. Hér er um að ræða skilgreiningar hugtaka og ákvæði um öryggi matvæla og fóðurs, ábyrgð stjórnenda matvæla- og fóðurfyrirtækja, rekjanleika matvæla og fóðurs, varúðarreglur og upplýsingar til almennings. Í þessum köflum eru gjaldskrárákvæði vegna matvæla og fóðurs í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Nánar er fjallað um ákvæði frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda í VII. kafla þessara athugasemda. Jafnframt er gert ráð fyrir ákvæði um viðbrögð við matarsýkingum og matareitrunum. Gert er ráð fyrir ítarlegri reglugerðarheimild í frumvarpinu þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að innleiða helstu reglugerðir EB vegna matvæla- og fóðurlöggjafar auk breytingagerða.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum. Með þessari lagabreytingu er innflutningsbann vegna heilbrigðiskrafna flestra vara, þó ekki hrás kjöts og hrárra eggja, sem rekja má til afurða úr dýraríkinu fellt brott. Meginreglan verður sú að heimilt verður að flytja þessar vörur til landsins uppfylli varan skilyrði Evrópusambandsins um heilbrigðisvottun. Jafnframt er í þessum kafla ákvæði um smithættu vegna aukaafurða dýra sem ekki eru ætluð til manneldis. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að innflutningur á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, alidýraáburði og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði er óheimill. Ráðherra er jafnframt veitt heimild til þess að setja reglugerðir um flutning líflamba og innleiðing reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Í III. kafla er fjallað um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum. Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum EES gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar við opinbert eftirlit eftirlitsaðila, þar á meðal dýralækna. Frumvarpið gerir því ráð fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um aðskilnað opinbers eftirlits og faglegrar/klínískrar þjónustu dýralækna. Í tengslum við þessar breytingar verða verulegar breytingar á starfssvæðum héraðsdýralækna. Ný skipan kallar á breytingar á störfum héraðsdýralækna og endurspegla

ákvæði þessa kafla þessar breytingar. Í kaflanum er ákvæði til bráðbirgða sem fjallar um niðurlagningu starfa héraðsdýralækna.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum. Um er að ræða lagabreytingar vegna reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fóður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd. Lagabreytingarnar varða fresti vegna heilbrigðisskoðunar í sláturhúsum og gjaldskrárákvæði vegna eftirlits. Í IX. kafla þessara athugasemda er gerð sérstök grein fyrir ákvæðum frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru aðlöguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002 og 882/2004. Í samræmi við VI. kafla frumvarpsins eru efnisákvæði um fiskimjöl felld út úr lögunum enda munu lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, gilda um fiskimjöl, sbr. hér síðar.

Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti einnig gilt um aukaafurðir úr sjávarafurðum og eldisafurðum sem eru ætlaðar til manneldis.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru löguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002, 183/2005 og 882/2004. Það nýmæli er í þessum kafla frumvarpsins að fiskimjöl er nú skilgreint sem fóður þannig að lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og EES-löggjöf um fóður gildir um fiskimjöl. Núgildandi reglur um fiskimjöl er að finna í lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998.

Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti gilt um aukaafurðir úr dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimild ríkisstjórnarinnar til að staðfesta þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Umræddar ákvarðanir voru samþykktar af íslenskum stjórnvöldum með stjórnskipulegum fyrirvara vegna þeirra lagabreytinga sem ákvarðanirnar kalla á. Í VII. kafla frumvarpsins er einnig að finna gildistökuákvæði. Lögin munu taka gildi 1. desember 2009 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Hvað þessar matvælategundir varðar og afurðir úr kjöti, mjólk og eggjum taka lögin gildi eigi síðar en 1. ágúst 2011.

IX. Gjaldskrárákvæði laga nr. 93/1995, nr. 22/1994, nr. 96/1997 og nr. 55/1998.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir sambærilegu ákvæði í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og einnig í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Gjald er tekið vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit hjá matvæla- og fóðurfyrirtækjum og í sláturhúsum. Þessi fjögur ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/ 2004.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá fyrir eftirlitið sem byggist á eftirlitsgjöldum sem ekki eru hærri en raunkostnaður við eftirlitið. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin setji gjaldskrár fyrir matvælaeftirlit viðkomandi heilbrigðisnefndar sem byggist á gjaldtökuákvæði 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þetta er í samræmi við efnisákvæði 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) 882/2004. Í dag eru eftirlitsgjöld reiknuð með ýmsum hætti. Í tilviki eftirlits með sláturafurðum ákveður Alþingi með lögum þá krónutölu sem greiða skal fyrir eftirlit með hverju kílói innvegins kjöts í sláturhúsi.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir samræmdu ákvæði um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpinu er nánar tilgreint hvaða kostnaði tekjum af eftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir.

X. Eftirlitsaðilar með matvælum og fóðri.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, sbr. I. kafla frumvarpsins. Matvælastofnun hefur jafnframt eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, skv. IV. kafla frumvarpsins, og lögum nr. 55/1998, um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Matvælastofnun hefur auk eftirlits með matvælum eftirlit með fóðri samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Verkaskipting milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda í matvælaeftirliti er nú þannig að Matvælastofnun fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, eftirlit með sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast og eftirlit með sjávarafurðum og eldisfiski, allt að smásölu, jafnframt mjólkurbúum vegna útflutnings. Þá fer stofnunin með allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Heilbrigðisnefndir fara því með eftirlit með innlendum matvælavinnslum, þ.m.t. kjötvinnslum utan sláturhúsa og einnig mjólkurbúum, auk þess að hafa eftirlit með dreifingu og smásölu matvæla. Verkefni þessi eru skilgreind í 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Af þessu má sjá að kjötvinnslur eru ýmist undir eftirliti Matvælastofnunar eða heilbigðisnefndar og að mjólkurbú eru undir eftirliti beggja aðila.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einn og sami aðili fari með eftirlit með mjólkurbúum og eggjavinnslu og það sama gildi um kjötvinnslur og kjötpökkunarstöðvar, að undanskildum vinnslum sem eru í smásöluverslunum, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Fyrir kjötframleiðslu er þetta þá sama verkaskipting og gildir í dag fyrir sjávarafurðir. Er lagt til að þetta eftirlit verði í höndum Matvælastofnunar og er þá horft til þess að þessi fyrirtæki dreifa vöru um allt land og fá nú einnig heimild til að dreifa vörum til ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftirlit með annarri matvælavinnslu en vinnslu sjávar- og búfjárafurða verður þá undir eftirliti heilbrigðisnefnda ásamt frekari dreifingu og sölu matvæla, að undanskildu inn- og útflutningseftirliti sem Matvælastofnun fer áfram með. Vísast hér jafnframt til athugasemda um 4. gr. frumvarpsins sem er breyting á 6. gr. matvælalaga. Eftirlitsverkefni Matvælastofnunar verða þannig tilgreind í 6. gr. matvælalaga, en annað eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla annast heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skv. 22. gr. sömu laga. Þetta eftirlit heilbrigðisnefndanna er undir yfirumsjón Matvælastofnunar skv. 14. gr. frumvarpsins.

Fyrir liggur ítarlegt kostnaðarmat Matvælastofnunar vegna frumvarpsins þar sem farið er yfir kostnaðarþætti sem falla til vegna frumvarpsins.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skulu skv. 17. gr. frumvarpsins innheimta gjöld vegna matvælaeftirlits sem miðast við raunkostnað þess. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlits Matvælastofnunar en viðkomandi sveitarfélag setur gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefndar. Samkvæmt þessu munu eftirlitsþolar greiða raunkostnað vegna eftirlits og því ætti ekki að falla aukinn kostnaður á sveitarfélögin vegna breytinga á matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda.

Samkvæmt 15., 54. og 72. gr. frumvarpsins er opinberum eftirlitsaðilum heimilt að úthluta tilteknum aðilum sérverkefnum sem tengjast opinberu eftirliti. Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd mega úthluta sérverkefnum til tiltekins aðila ef hann hefur þá sérþekkingu, búnað og grunnvirki sem þarf til að annast þau verkefni sem honum hefur verið úthlutað. Slíkur aðili þarf að hafa yfir að ráða nægu starfsfólki með viðeigandi menntun og hæfi. Hann þarf að vera óhlutdrægur og engir hagsmunaárekstrar mega eiga sér stað að því er varðar framkvæmd þeirra verkefna sem honum hefur verið úthlutað. Eftirlitsaðilinn skal hafa fengið faggildingu í samræmi við Evrópustaðal. Nánar er fjallað um skilyrði framangreindrar úthlutunar verkefna til faggiltra aðila í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun nýti sér heimild sína til að úthluta verkefnum til aðila sem uppfylla skilyrði 5. gr. þannig að faggiltir aðilar geti áfram sinnt eftirliti með matvælum, t.d. í sjávarútvegi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginmarkmið matvælalöggjafar Evrópusambandsins er matvælaöryggi. Til að ná þessu markmiði er kveðið á um opinbert eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu matvæla. Jafnframt eru reglur um rekjanleika dýraafurða og annarra matvæla auk ákvæða um vernd neytenda matvæla. Yfirvöld geta einnig gripið til varúðar- og varnaraðgerða til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa matvæla. Lagt er til að síðari málsliður 1. gr. laganna sem breytt er með 1. gr. frumvarpsins endurspegli þessar áherslur löggjafarinnar og kveði á um innra eftirlit, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara og neytendavernd, auk heimildar til varnaraðgerða, enda mikilvæg úrræði til að ná markmiðum laganna.

Um 2. gr.

Orðalagi 1. mgr. 2. gr. laganna er breytt til samræmis við 3. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002. Síðasti málsliður 1. mgr. er þó óbreyttur frá núgildandi lögum. Í síðasta málslið 2. mgr. 2. gr. er skýrt kveðið á um að lögin gildi ekki um plöntur fyrir uppskeru og lifandi dýr nema þau séu meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis. Þetta er í samræmi við b–c-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Núgildandi lög um matvæli gilda ekki um fóður. Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að svo verði áfram enda þótt reglugerð (EB) nr. 178/2002 gildi bæði um matvæli og fóður. Fóðurlöggjöf reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er innleidd með breytingum á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að frumvarpið taki til fæðubótarefna. Núgildandi lög hafa ekki kveðið skýrt á um þetta, en fæðubótarefni teljast til matvæla samkvæmt EES-löggjöf. Í lögunum er það áréttað að lögin gilda um matvælaeftirlit um borð í skipum og loftförum sem staðsett eru hérlendis og í skipum á leið til landsins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakið matvæli er skilgreint upp á nýtt í samræmi við skilgreiningu reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Fæðubótarefni eru nú skilgreind sem matvæli. Skilgreining á hugtakinu áhættugreining er tekin upp í lögin enda notast við hugtakið í 14. gr. frumvarpsins sem breytir 22. gr. laga nr. 93/1995. Skilgreiningin er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002. Við innleiðingu þessarar reglugerðar, sbr. heimild í 28. gr. frumvarpsins, munu koma fram nánari skilgreiningar á þeim þáttum sem hugtakið áhættugreining nær yfir.

Í frumvarpinu er jafnframt skilgreining á því hvað séu fæðubótarefni. Um frekari skýringar á ákvæðum laganna um fæðubótarefni vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt þótti að skilgreina hugtakið „opinber eftirlitsaðili“ sérstaklega og „neysluvatn“, en það er skilgreint eins og í tilskipun (EB) nr. 98/83/EB. Aðrar skilgreiningar frumvarpsins eru samhljóða skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Ekki er talið að aðrar skilgreiningar í núverandi lögum stangist á við hugtök sem notuð eru í matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Um 4. gr.

Hér er a-lið gildandi ákvæðis 6. gr. laganna eins og hann er með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, skipt í tvo stafliði til einföldunar og glöggvunar í framkvæmd. Frumframleiðsla er skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Með frumframleiðslu í 4. gr. frumvarpsins er m.a. átt við framleiðslu matjurta og er þá átt við það ferli sem verður frá og með uppskeru og geymslu þar til kemur að pökkun og dreifingu. Pökkun og dreifing matjurta er því samkvæmt þessu háð eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Með frumframleiðslu eggja er átt við ferlið sem verður frá útungun dags gamalla alifugla og við eldi þeirra, svo og tínslu neyslueggja, þvott, flokkun, pökkun og geymslu eggja á framleiðslustað. Egg lúta því eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna þegar þau yfirgefa framleiðslustað. Varðandi aðrar búfjárafurðir felur hugtakið frumframleiðsla í sér mjöltun og eldi dýra til slátrunar, ásamt flutningi og öðru sem þetta varðar, áður en kemur til frekari vinnslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýjum efnisákvæðum vegna eftirlits með mjólkurstöðvum, kjötvinnslum, kjötpökkunarstöðvum og eggjavinnslu. Í dag er málum þannig háttað að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) veitir mjólkurstöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit með þeim, nema þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa leyfi til útflutnings, en þá fer MAST einnig með eftirlit með þeim fyrirtækjum. Varðandi kjötvinnslur fer Matvælastofnun með eftirlit með vinnslum sem tengdar eru sláturhúsum en HES fer með eftirlit með öðrum kjötvinnslum. Sú tilhögun er viðhöfð til að fyrirbyggja að tveir eftirlitsaðilar fari með eftirlit í sama fyrirtæki, en dýralæknar hjá MAST fara með eftirlit í sláturhúsum. Framangreind skipan mála gerir það að verkum að tveir eftirlitsaðilar hafa eftirlit með fyrirtækjum sem leyfi hafa til útflutnings. Þetta gerir það að verkum að misræmi getur orðið í framkvæmd eftirlits. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu skulu opinberir eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit með hluta kjötvinnsla og kjötpökkunarstöðva (e. cutting plants) sem setja ferskar kjötvörur á markað. MAST hefur opinbera eftirlitsdýralækna sem starfa á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar um allt land. Sama gildir ekki um heilbrigðiseftirlitið, en þar starfa dýralæknar við matvælaeftirlit á sumum eftirlitssvæðum, en ekki öðrum. Samkvæmt þessu gerir frumvarpið ráð fyrir að Matvælastofnun verði falið eftirlit með kjötvinnslum og kjöt-

pökkunarstöðvum, að undanskildum slíkum vinnslum tengdum smásöluverslun. Verkaskiptingin gagnvart HES yrði þá hin sama og gildir um sjávarafurðir samkvæmt núgildandi ákvæðum 6. gr. matvælalaga, nr. 93/1995. Til samræmis við þetta ætti sama fyrirkomulag að gilda um eftirlit með mjólkurstöðvum og vinnslu eggja. Í nýjum d-lið 6. gr. er jafnframt vísað til „eggjavinnslu“ til áréttingar því sem áður var sagt um frumframleiðslu eggja í a-lið hér að framan. Eggjavinnsla er söfnun, pökkun og vinnsla afurða úr eggjum, sbr. 10. þátt III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Vakin er athygli á að þau matvælafyrirtæki sem hér um ræðir dreifa vöru um allt land og eiga nú einnig að fá heimild til frjálsrar dreifingar matvæla á EES. Því er eðlilegt að samræma eftirlit með þessum fyrirtækjum með því að fela það einum aðila.

Um 5. gr.

Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný ákvæði, 8. gr. a, 8. gr. b og 8. gr. c, í samræmi við 17. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um a-lið (8. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir örugg matvæli. Matvæli sem ekki eru örugg skal ekki markaðssetja. Matvæli skulu ekki teljast örugg ef þau eru álitin heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. 2.–4. mgr. ákvæðisins gefur nánari leiðbeiningar um það hvað má telja örugg, heilsuspillandi eða óneysluhæf matvæli.

Rétt þykir að huga sérstaklega að markaðssetningu matvæla sem geta innihaldið örverur sem kunna að valda matarsjúkdómum. Er hér t.d. átt við kjötvörur sem gætu innihaldið örverur eins og salmonellu og kampýlóbakter. Íslensk matvælaframleiðsla stendur mjög vel hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja að t.d. alifuglar mengaðir þessum örverum berist ekki á markað. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007, um breytingu á EES-samningnum, kemur fram að Ísland muni sækja um svokallaðar viðbótartryggingar vegna salmonellu sem geri það að verkum að unnt verður að krefjast vottorða með vörum sem berast hingað frá EES. Ekki er hins vegar hægt að sækja um slíkar tryggingar vegna kampýlóbakter. Telja verður ákvæði 5. gr. frumvarpsins fullnægjandi ef til þess kemur að taka þurfi matvæli af markaði vegna hættu á heilsutjóni.

Í 9. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 178/2002 er vísað til 28. og 30. gr. Rómarsamningsins. Efnisákvæði 11. gr. EES-samningsins er samsvarandi 30. gr. Rómarsamningsins en í 11. gr. segir:

„11. gr. Sbr. 30. gr. Rs.

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.“

Í 13. gr. EES-samningsins segir jafnframt:

„13. gr. Sbr. 36. gr. Rs.

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.“

Samkvæmt 13. gr. EES-samningsins má leggja á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd þrátt fyrir að magntakmarkanir eða samsvarandi ráðstafanir á innflutningi séu almennt bann-

aðar skv. 11. gr. EES-samningsins. 9. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 178/2002 verður þannig að skýra í samræmi við þetta efnisákvæði. Við beitingu 13. gr. EES-samningsins verður að gæta ýmissa sjónarmiða. Þannig ber að huga að „meðalhófsreglunni“. Í henni felst að aðgerð verður að vera nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og að ekki skuli farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til með hliðsjón af þeim markmiðum.

Í ljósi framansagðs þykir eðlilegt að kveða skýrt á í frumvarpinu um skyldur bæði matvælafyrirtækja og eftirlitsaðila til að fyrirbyggja að vörur sem valdið geta matarsýkingum berist á markað. Því er lagt til að í 4. mgr. nýrrar 8. gr. a laganna komi eftirfarandi ákvæði: „Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, og opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum skulu í störfum sínum tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Til að tryggja ýtrasta matvælaöryggi og vernda líf og heilsu manna og dýra skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.“ Ákvæðið leggur þá skyldu á ráðherra að setja nánari ákvæði um markaðssetningu þessarar matvöru með það að markmiði að fyrirbyggja markaðssetningu matvæla sem ekki eru örugg vegna örvera sem valdið geta matarsjúkdómum. Samkvæmt ákvæðinu er hugtakið matarsjúkdómar samheiti yfir eitranir og sýkingar í fólki sem stafa af neyslu matvæla.

Um b-lið (8. gr. b).

Stjórnendur matvælafyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnanda ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu matvæla og til að tryggja að matvæli, sem hann afhendir, séu örugg. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi matvælafyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi matvæla. Stjórnandi hefur einnig skyldu skv. 8. gr. c til að afturkalla vöru af markaði og láta eftirlitsaðila vita ef hann hefur grun um að matvæli sem hann hefur framleitt, unnið eða dreift séu ekki í samræmi við öryggiskröfur matvæla.

Um c-lið (8. gr. c).

Í ákvæðinu er orðalag núverandi ákvæðis matvælalaga um ábyrgð framleiðenda matvæla lagað að reglugerð (EB) 178/2002 að því marki sem það er talið nauðsynlegt, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Talið er að núverandi orðalag ákvæðisins samræmist ákvæði reglugerðarinnar nokkuð vel, einnig að teknu tilliti til reglugerða EB sem settar hafa verið í kjölfar hennar svo sem reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sú almenna regla að matvælafyrirtæki skuli hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr. laganna, og sækja um slíkt leyfi áður en starfsemi hefst. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum ef eftirlitsaðili telur ástæðu til. Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórnanda beri að veita eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Þá er gert ráð fyrir að eftirlitsaðila sé heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

Í greininni er fjallað nánar um þá þætti sem skulu koma fram í starfsleyfi og um leið skilyrði sem sett eru vegna veitingar þeirra. Ákvæði frumvarpsins eru jafnframt talin ná yfir tilvik þar sem eftirlitsaðilar gefa starfsleyfi til skemmri tíma eða til bráðabirgða, t.d. þegar fyrirtæki er að hefja rekstur, en eftirlitsaðili metur það svo að ekki séu öll skilyrði uppfyllt til fulls. Engu síður sé mögulegt að leyfa fyrirtækinu að hefja rekstur þar sem það sem á vanti varði ekki matvælaöryggi, enda verði úr því bætt innan skamms tíma í samræmi við skilyrði í starfsleyfi. Að þeim tíma liðnum og þegar staðfest er að bætt hafi verið úr verði gefið út fullt starfsleyfi til lengri tíma.

Núverandi staða vegna búfjárafurða hefur verið sú að nautgripa-, svína- og alifuglarækt eru starfsleyfisskyldar greinar, en sauðfjár- og hrossarækt ekki. Lagt er til að þetta fyrirkomulag haldist óbreytt þannig að þeir aðilar sem stunda sauðfjár- og hrossarækt í atvinnuskyni til matvælaframleiðslu skuli ekki vera starfsleyfisskyldir. Þessar búgreinar skulu þó tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Þeir bændur sem sinna ræktun matjurta eru ekki starfsleyfisskyldir heldur þurfa einungis að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Ekki er talin ástæða til þess að krefjast starfsleyfis vegna þessarar ræktunar við núverandi aðstæður.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð undanskilið frá starfsleyfisskyldu tómstundabændur, þ.e. þá aðila sem ekki halda sauðfé, geitfé og hross í ágóðaskyni heldur sér til ánægju. Þeir verði þó eftir sem áður skyldir til að vera með sín dýr á skrá hjá viðkomandi búfjáreftirliti og lúta öllum öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem um einstaklingsmerkingar og fleiri atriði sem varða dýraheilbrigði og dýravernd og heilbrigði sláturdýra, kjósi þeir að senda dýr til slátrunar.

Loks er gert ráð fyrir að í sérlögum sé heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja. Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum eða lögum um eftirlit með fóðri fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

Um 7. gr.

Hugtakið „matvælafyrirtæki“ kemur í stað orðanna „Þeir sem framleiða matvæli og dreifa þeim“. Einnig er hér tekið upp ákvæði um innra eftirlit sambærilegt við það sem nú er í 15. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, þar sem gert er ráð fyrir að stjórnandi matvælafyrirtækis beri ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu og starfsemi matvælafyrirtækja og skal það byggt á meginreglum hættugreiningar þar sem innleidd löggjöf ESB kveður á um slíkt. Með því er átt við að matvælafyrirtæki greini hættuþætti og mikilvæga stýristaði í framleiðslu og við dreifingu matvæla. Þá er þar ákvæði um að matvælafyrirtækjum sé skylt að fara eftir reglum um almenna hollustuhætti en þar er einkum átt við reglugerðir (EB) nr. 852/2004 og 853/2004 sem heimilað er að innleiða með 28. gr. frumvarpsins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Fæðubótarefni geta innihaldið lyf eða lyfjavirk efni sem falla undir ákvæði lyfjalaga. Slík fæðubótarefni verður hins vegar óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja skv. 8. gr. frumvarpsins sem breytir 1. mgr. 11. gr. gildandi laga. Í Evrópulöggjöf teljast fæðubótarefni til matvæla. Samkvæmt þessu telst vara sem hefur verið markaðssett og kynnt sem fæðu-

bótarefni og inniheldur lyfjavirkt efni eða efnasamband ólöglegt fæðubótarefni. Samkvæmt lögunum verður það skýrt að ef fæðubótarefni innihalda lyf eða lyfjavirk efni á eftirlitsaðili að taka á málum á grundvelli matvælalaga. Samráð skal hafa við þá sem fara með eftirlit samkvæmt lyfjalögum. Þeir sem fara með matvælaeftirlit taka þá vöru af markaði ef varan inniheldur lyf eða lyfjavirkt efni eða ætla má að hún geti verið hættuleg til neyslu eða blekki neytendur varðandi eðli eða áhrif vörunnar, samkvæmt mati Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélagana, að höfðu samráði við Lyfjastofnun.

Um 9. gr.

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í matvælafyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi matvæla. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í 18. gr. um rekjanleika matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til matvælaframleiðslu eða matvælavinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Matvælafyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekin matvæli, dýr eða efni sem sett eru í matvæli til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram. Þá skulu stjórnendur matvælafyrirtækja einnig geta tilgreint hverjum þeir hafa afhent sínar framleiðsluvörur.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæðið kveður á um hagsmunavernd neytenda matvæla og er samsvarandi 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. 2. mgr. ákvæðisins er samsvarandi 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði bæði í höndum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og að leyfisveitandi verði sú stofnun sem fer með eftirlit með starfsemi viðkomandi matvælafyrirtækis. Um eftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og Matvælastofnunar gildir 22. gr. laga nr. 93/1995, sbr. 6. gr. sömu laga.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem heimilar ráðherra að ákveða hvaða opinber aðili skuli fara með eftirlit og veita starfsleyfi ef tveir aðilar hafa lögbundna eftirlitsskyldu í sama matvælafyrirtæki á grundvelli matvælalaga. Markmiðið er að tryggja að aðeins einn aðili fari með matvælaeftirlit í hverju fyrirtæki.

Opinbert matvælaeftirlit skal framkvæmt með viðeigandi aðferðum sem þróaðar hafa verið í þeim tilgangi, þ.m.t. kerfisbundinni vöktun og eftirliti, svo sem skoðunum, sannprófunum, úttektum og töku og prófun sýna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti rekstraraðila matvælafyrirtækja, samkvæmt eftirlitsáætlunum, byggðum á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum. Þá er í ákvæðinu nýmæli um að ráðherra eða Matvælastofnun geti leitað til ráðgefandi nefndar sem veita mundi þessum aðilum vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Efnisákvæði 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru efnislega samhljóða 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, hefur Matvælastofnun yfirumsjón með eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Eðlilegt þykir að skýrt sé hvað við er átt með hugtakinu yfirumsjón. Matvælastofnun skal þannig samræma allt matvælaeftirlit í landinu og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd matvælaeftirlits sem heilbrigðisnefndirnar skulu lúta.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum að framkvæma tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum og einnig að fela rannsóknastofum tiltekin verkefni við rannsóknir samkvæmt lögunum. Samkvæmt matvælalögum geta þetta verið verkefni á vegum Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda. Sambærilegt ákvæði varðandi eftirlit er í 16. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 54. gr. frumvarpsins, en breyta verður þessu ákvæði um hlutverk faggiltra skoðunarstofa samkvæmt lögunum til samræms við þau ákvæði sem um þær gilda í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004.

Í 5. mgr. kemur fram nýtt ákvæði um með hvaða hætti innra eftirlit matvælafyrirtækja getur verið þáttur í opinberu eftirliti. Ráðherra getur sett reglugerð á grundvelli ákvæðisins sem t.d. gæti falið í sér að dregið yrði úr tíðni opinbers eftirlits hjá matvælafyrirtækjum sem starfa eftir vottuðu gæðakerfi og hafa uppfyllt settar kröfur um innra eftirlit og hollustuhætti.

Í 6. mgr. ákvæðisins er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða að tilteknar rannsóknastofur verði svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur. Til að tryggja áreiðanlegar og sambærilegar rannsóknaniðurstöður hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa tilteknar rannsóknastofur innan Evrópu verið tilnefndar sem svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur og er ein slík útnefnd á hverju fagsviði til að bera ábyrgð á þróun aðferða og miðlun upplýsinga og tryggja að samræmi sé í niðurstöðum milli landa. Ætlast er til að innan hvers aðildarlands sé sett upp svipað kerfi, þ.e. ein tilvísunarrannsóknastofa í hverju landi sinni sama hlutverki á landsvísu og tilvísunarrannsóknastofa Evrópusambandsins (ESB) sinnir fyrir ESB. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru ákveðnar sérstaklega af ESB, en yfirvöld í hverju landi fyrir sig ákveða tilvísunarrannsóknastofur á landsvísu og tilkynna ESB. Hvort tveggja er birt með sérstökum ákvörðunum fyrir hvert rannsókna- eða prófunarsvið.

Um 16. gr.

24. gr. laga nr. 93/1995 er breytt í samræmi við hugtakið „matvælafyrirtæki“. Einnig er kveðið á um hvaða aðilar það eru sem hafa skyldu til að tilkynna Matvælastofnun um upplýsingar sem þeir gætu haft undir höndum og varða öryggi matvæla.

Um 17. gr.

Ákvæðið er í samræmi við meginreglur um gjaldtökuheimildir hér á landi og einnig 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Byggt er á því að eftirlitsgjöld miðist við raunkostnað við eftirlitið. Þetta er í samræmi við efnisákvæði a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Ákvæðið gildir um eftirlit sem framkvæmt er af Matvælastofnun og eins af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Í ákvæðinu er hugtakið opinber eftirlitsaðili notað en það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Um 1. mgr.

Í a–c-liðum 1. mgr. er fjallað um þá kostnaðarþætti sem eftirlitsgjaldið skal standa straum af. Stafliðirnir eru nær orðrétt þeir sömu og greinir í VI. viðauka við reglugerð nr. 882/2004 þar sem fjallað er um viðmiðanir sem taka skal tillit til við útreikning gjalda. Einnig má vísa til II. viðauka við reglugerðina þar sem fjallað er um viðmiðanir fyrir þjálfun starfsfólks sem gefur leiðbeiningar um hugtakið „þjálfun“ í b-lið. Hluti kostnaðar sem tilgreindur er í b-lið verður lagður á öll matvælafyrirtæki eftir hlutfallstölu.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um viðbótareftirlit umfram almennt og eðlilegt matvæla- eða heilbrigðiseftirlit. Hvað fellur undir „almennt og eðlilegt“ matvæla- eða heilbrigðiseftirlit fer eftir því hversu mikið eftirlit er talið nauðsynlegt á hverjum tíma í regluverki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og fyrirmælum eða leiðbeiningum Matvælastofnunar. Um það verður ekki fjölyrt hér enda fer það eftir óræðum breytum er einkum varða sjúkdómaástand og sjúkdómavarnir eða aðra starfsemi matvælafyrirtækja. Hér má vísa til V. bálks reglugerðar nr. 882/2004 þar sem fjallað er um eftirlitsáætlanir.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um kostnað við opinbert viðbótareftirlit. Í þeirri grein er sú skylda lögð á lögbært yfirvald að innheimta gjald fyrir viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfsemi hjá þeim matvælafyrirtækjum sem eru ábyrg fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða hjá matvælafyrirtæki sem á eða hefur vörurnar í sinni vörslu þegar viðbótareftirlitinu er sinnt. Í reglugerðinni er eðlileg eftirlitsstarfsemi talin sú venjubundna eftirlitsstarfsemi sem krafist er samkvæmt lögum, þ.e. innlendum lögum eða lögum Evrópusambandsins, og má hér vísa til fyrirmæla um innlendar eftirlitsáætlanir í V. bálki reglugerðarinnar. Opinbert viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfssemi skv. 28. gr. reglugerðarinnar felur í sér rannsóknarkostnað, m.a. töku og greiningu sýna, auk annars eftirlits sem krafist er til að kanna umfang vandamáls, til að sannprófa hvort gerðar hafi verið úrbætur eða til að finna og/eða færa sönnur á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Erfitt er að sjá hversu oft ástæða verður til að sinna viðbótareftirliti eða fella kostnað af því á matvælafyrirtæki.

Með fyrirmælum um viðbótareftirlit er tryggt að matvælafyrirtæki (framleiðandi, innflytjandi, dreifingaraðili eða sláturleyfishafi) sem smitefni hefur greinst hjá þarf sjálft að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst.

Fyrirkomulagið er til samræmis við þá ábyrgð sem Evrópusambandið leggur á matvælafyrirtæki vegna sjúkdómavarna. Má hér vísa t.d. til 4. þáttar reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að setja reglugerð og gjaldskrá til að útfæra nánar framkvæmd eftirlits og innheimtu fyrir það. Slík gjaldskrá mun gilda fyrir eftirlit Matvælastofnunar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja

sveitarstjórnir gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Samkvæmt þeirri grein bera sveitarfélögin ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og því óeðlilegt að ráðherra setji þeim gjaldskrá. Í 3. mgr. felst að sveitarstjórnir skulu nú setja heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit á grundvelli 25. gr. matvælalaga og viðeigandi ákvæða í reglugerð (EB) nr. 882/2004. Mælt er fyrir um eðlilegt samráð sem ráðherra ber að viðhafa við hlutaðeigandi hagsmunasamtök í matvælaiðnaði við gerð reglugerðar og gjaldskrár með heimild í frumvarpsgreininni.

Um 4. mgr.

Samkvæmt 4. mgr. skal ráðherra líta til ákveðinna sjónarmiða við gerð reglugerðar og gjaldskrár. Þessi sjónarmið eru tekin upp úr 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að ráðherra kjósi að taka sérstakt tillit til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu eða fyrirtækja sem líða fyrir landfræðilega einangrun eru hagsmunir annarra matvælafyrirtækja í samkeppnislegu tilliti tryggðir með a.m.k. tvennum hætti.

Í fyrsta lagi er eftirlitsgjaldið þjónustugjald sem felur í sér að óheimilt verði að fella halla vegna lægri tekna af eftirliti hjá sumum matvælafyrirtækjum á önnur matvælafyrirtæki. Fjármagn til þess að bæta Matvælastofnun tekjutap verði að koma með sérstökum greiðslum úr ríkissjóði eða af fjárlögum stofnunarinnar.

Í öðru lagi er í I. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 lagt bann við að innheimt séu lægri eftirlitsgjöld fyrir eftirlit með matvælaframleiðslu en þar greinir. Því getur aldrei komið til þess að eftirlitsgjöld verði felld niður.

Um 5. mgr.

Í 5. mgr. er kveðið á um hvenær skal greiða gjald vegna eftirlits. Matvælafyrirtæki skal greiða gjald vegna eftirlits þegar eftirlitsaðili leggur fram reikning vegna þess.

Um 6. mgr.

Í 6. mgr. er lagt til að heimilað verði að innheimta eftirlitsgjald með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Einnig er heimilað að innheimta dráttarvexti komi til vanefnda. Um núverandi fyrirkomulag greiðslna má vísa til 5. gr. reglugerðar nr. 336/2005 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

Um 7. mgr.

Í 7. mgr. er vísað til þess að efnisákvæði greinarinnar gildi eftir því sem við á um gjöld vegna eftirlits á landamærastöðvum.

Um 8. mgr.

Í 8. mgr. er vísað til þess að ákvæði 25. gr. skulu einnig gilda eftir því sem við á um eftirlit sem Matvælastofnun felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 15. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í 27. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, er kveðið á um heimild til innheimtu á nauðsynlegum rannsóknarkostnaði hjá framleiðanda eða dreifanda matvæla. Heimild til gjaldtöku þessa kostnaðar er nú í 17. gr. þessa frumvarps, nánar til tekið í 2. mgr. 25. gr. laga um matvæli og því ekki þörf á þessu ákvæði.

Um 19. gr.

Um a-lið (27. gr. a).

Ákvæðið er að mestu samhljóða 21. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og einnig er tekið mið af ákvæði 6. tölul. 3. gr. reglugerðar (EB) nr.

882/2004. Þó er 1. mgr. 21. gr. laga nr. 55/1998 felld brott úr ákvæðinu en þar sagði: „Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Matvælastofnun um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.“ Þetta ákvæði er ekki í samræmi við meginreglu EES-löggjafarinnar um frjálst flæði vöru innan svæðisins. Eftirlitsaðilum er þannig óheimilt að skylda innflytjanda til að tilkynna um komu allra sendinga. Eftirlitsaðilum er einungis heimilt að skoða umræddar afurðir í flutningi milli landa þegar um rökstuddan grun er að ræða um óörugg matvæli. Hins vegar er ákvæði í 6. tölul. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 sem heimilar EES-ríki sem tekur við vöru frá öðru ríki á svæðinu að gera kröfu um tilkynningu á komu matvæla til landsins ef nauðsyn krefur. Slík heimild kemur því fram í ákvæðinu og gæti verið beitt af hálfu opinbers eftirlitsaðila til að skipuleggja eftirlit með matvælum þar sem grunur er um eða ætla má að matvæli geti verið menguð. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við frumvarp til laga nr. 55/1998, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um b-lið (27. gr. b).

Ákvæðið fjallar um landamærastöðvar og innflutning frá löndum utan EES. Um athugasemdir við greinina vísast til 22., 25. og 26. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og greinargerðar með frumvarpi til þeirra laga, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um c-lið (27. gr. c).

Ákvæðið er sett inn til að ítreka skyldur þeirra aðila sem flytja til landsins matvæli frá EES og þriðju ríkjum. Eftirlitsaðilar geta á grundvelli ákvæðisins gert kröfu um að þessir aðilar hafi matvælaöryggi sérstaklega til hliðsjónar í sínu innra eftirliti. Í þessu felst m.a. að fyrrnefndir aðilar hlutist til um að sýni séu tekin til rannsókna áður en matvælum er dreift á markað þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að tryggja öryggi matvælanna.

Um 20. gr.

Í 1. mgr, er núgildandi ákvæði 28. gr. matvælalaga sem varðar viðbrögð við hættu á alvarlegu heilsutjóni vegna matvæla og þar sem engin vísindaleg óvissa ríkir, þ.e. þar sem orsakir og afleiðingar eru vel þekktar. Ákvæði greinarinnar varðar að öðru leyti lögfestingu á varúðarreglu sem hægt er að beita þegar vísindaleg óvissa ríkir.

Lagt er til að varúðarregla 7. gr. reglugerðar (EB) 178/2002 verði lögfest. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðarráðstafana án þess að fyrirliggjandi séu óyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er þó að slík áhrif séu möguleg. Í sumum tilvikum er vafi um heilsuspillandi áhrif matvæla en þó hætta á heilsutjóni vegna þeirra. Ákvæðið heimilar ráðherra að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir. Ákvæðið tilgreinir ekki heimilar ráðstafanir heldur er sagt að þær skuli vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma enda er um tímabundnar ákvarðanir að ræða. Ákvæði þetta þarf að túlka í samræmi við þá meginreglu matvælalöggjafar EB að markaðshindrandi aðgerðir eða aðgerðir sem leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða eru ekki leyfðar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Varúðarreglan byggist á því að við þessar sérstöku aðstæður, sem verða til þegar ekki er hægt að eyða vísindalegri óvissu en hætta er á að matvæli valdi heilsutjóni, geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega heilsufarsvá fyrir þjóðfélagsþegnana. Ráðherra skal hafa samráð við Matvælastofnun og sóttvarnalækni áður en hann grípur til aðgerða samkvæmt greininni.

Um 21. gr.

Lagt er til að lögfest verði í matvælalögum ákvæði í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 þar sem kveðið er á um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um eðli þeirrar áhættu sem er fyrir hendi. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar eftirlitsaðilum, Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna að upplýsa almenning um tiltekna hættu sem stafar af matvælum.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru ný ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglugerð þar sem fram koma nánari reglur um birtingu upplýsinga eða niðurstaðna eftirlits hjá matvælafyrirtækjum eða upplýsinga sem varða neytendur og falla undir 18. gr. a.

2. mgr. fjallar um niðurstöður eftirlits vegna atvika er falla undir 1. mgr. Komi upp tilvik við eftirlit þar sem rökstuddur grunur er um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna er heimilt að birta slíkar upplýsingar.

Í 3. mgr. er gert er ráð fyrir því að eftirlitsaðilum sé heimilt að birta tilteknar upplýsingar eða allar niðurstöður úr eftirliti þannig að neytendum séu ljósar niðurstöðurnar. Í 18. gr. a eru efnisreglur um neytendavernd og sviksamlegt athæfi. Nauðsynlegt getur reynst að upplýsa almenning um tiltekin tilvik til þess að vernda hagsmuni neytenda og því nauðsynlegt að settar séu reglur um slíkt.

Um 22. gr.

Í 29. gr. laga nr. 93/1995 segir að eftirlitsaðila sé heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Þetta efnisákvæði er nú 3. mgr. 30. gr.

Um 23. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sambærileg ákvæði um þvingunarúrræði og eru í lögum nr. 7/1998 þar sem þau ákvæði sem nú eru í matvælalögum veita Matvælastofnun ekki sömu heimildir og þau veittu Umhverfisstofnun áður en verkefni hennar við matvælaeftirlit voru flutt til Matvælastofnunar með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Einnig felst í ákvæðinu að verið er að samræma viðurlagaákvæðin ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem stefnt er að því að mynda grundvöll fyrir innleiðingu á með frumvarpi þessu.

Samkvæmt 30. gr. a skulu dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þetta fyrirkomulag vegna dagsekta sem heilbrigðisnefndir ákveða er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998.

Þá er í ákvæðinu það nýmæli að eftirlitsaðili getur ákveðið að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er jafnframt nýmæli að stjórnanda matvælafyrirtækis er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins. Þykir þetta eðlileg krafa þar sem um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða. Loks er gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti í tilteknum bráðatilvikum farið inn á verksvið heilbrigðisnefnda, sbr. 30. gr. c.

Samkvæmt 30. gr. d verður heimilt að vísa ákvörðunum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fer með úrskurðarvald vegna þessara ákvarðana. Til að gætt sé samræmis milli málsmeðferðar ákvarðana Matvæla-

stofnunar annars vegar og heilbrigðisnefnda hins vegar kveður frumvarpið á um sams konar meðferð á ákvörðunum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndanna í þessu tilliti. 31. gr. laga nr. 7/1998 kvað á um heimild til að vísa ákvörðunum heilbrigðisnefnda til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þau ákvæði gilda því ekki lengur vegna ákvarðana heilbrigðisnefndanna sem falla undir gildissvið matvælalaganna.

Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 26.–30. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 1997–98, 122. löggjafarþing, þskj. 197, 194. mál, og eldri laga um sama efni, svo og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004.

Um 24. og 25. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér mikla hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Er því talið nauðsynlegt að efla varnaðaráhrif laganna með því að leggja til þyngri viðurlög við brotum á þeim. Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp ákvæði um tiltekin viðurlög við brotum á lögunum og að um meðferð þeirra fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 33. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Orðalag 1. mgr. er lagað að þeim nýmælum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og afleiddum gerðum. Jafnframt eru tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerðir sem settar voru í kjölfar þeirrar reglugerðar, m.a. um hollustuhætti og eftirlit í matvælaiðnaði. Rétt þykir að hafa í lögunum tilvísanir í þessar megingerðir matvælalöggjafar Evrópusambandsins þannig að reglugerðarheimildir verði skýrar hvað þessar tilteknu gerðir varðar. Þessar tilvísanir eru í 2.–3. mgr. 31. gr. a.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fjallar um gildistöku en lögin taka gildi 1. desember 2009 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar er sérstakur aðlögunartími fyrir innleiðingu á efnisákvæðum um búfjárafurðir. Hvað þessar matvælategundir varðar, þ.e. kjöt, mjólk, egg og hráar afurðir úr þessum matvælategundum, var samið um 18 mánaða aðlögunartíma. Jafnframt gildir aðlögunartíminn um unnar vörur úr mjólk. Um skýringar á því hvenær aðlögunartímanum lýkur vísast til athugasemda við 79. gr.

Um 31. gr.

Við 4. gr. laganna bætist skilgreining vegna aukaafurða dýra, sbr. 13. gr. laganna.

Um 32. gr.

Fyrsta málsgrein laganna mun taka allnokkrum breytingum.

A-liður núgildandi 10. gr. er umskrifaður til samræmis við endurskoðun á undanþágunni sem Ísland hefur haft frá I. kafla I. viðauka EES-samningsins.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir einstökum breytingum sem felldar verða niður, sem og ástæðum þess að ekki er vikið frá núgildandi 10. gr. að öllu leyti.

Megingrundvöllur breytinganna er að nokkrar vörur sem rekja má til afurða úr dýraríkinu eru felldar brott, enda verður meginreglan sú að heimilt verði að flytja þessar vörur til landsins uppfylli þær evrópsk skilyrði um heilbrigðisvottun.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu helst innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum og er það ekki afnumið. Jafnframt heldur gildi sínu bann við innflutningi á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, alidýraáburði og rotmassa sem blandaður er alidýraáburði. Innflutningsbanni er viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, og er þá ekki síst höfð í huga langvarandi einangrun búfjárstofna okkar sem reynslan hefur sýnt að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem litlum skaða valda í öðrum löndum.

Jafnframt verður áfram óheimill innflutningur á kjötmjöli, beinamjöli og blóðmjöli. Ástæður þess eru að einstökum ríkjum er áfram heimilt að banna innflutning þessara vara samkvæmt undanþágum sem sérstaklega eru samþykktar fyrir Ísland með bókun við breytingu á I. viðauka EES-samningsins. Í a-lið er sérstaklega tilgreint að fitu sem til fellur við vinnslu á kjöt-, beina- og blóðmjöli er einnig óheimilt að flytja inn. Matvælastofnun hefur gætt þess að í mjólkurdufti sem flutt hefur verið inn sé fitufasinn eingöngu úr jurta- eða mjólkurfitu. Markmiðið er að koma í veg fyrir að duftið innihaldi fitu sem komi úr kjöt- og beinamjölsverksmiðjum því þá er hætta á að sú fita sé menguð af kúariðusmitefni.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 munu Íslendingar áfram verða undanþegnir þeim gerðum í I. viðauka sem varða lifandi dýr, fyrir utan fisk og fiskeldi, ásamt gerðum sem varða fósturvísa, eggfrumur og sæði úr dýrum.

Þótt EB-reglugerðirnar fjalli ekki um vörur óskyldar dýraríkinu þótti rétt að fella úr upptalningu greinarinnar hluti sem hafa lítið raunhæft gildi, svo sem stráteppi og strákörfur. Ákvæðin um bann við innflutningi reiðtygja og annars sem notað hefur verið við geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum, sem og búnað til stangveiða, halda þó gildi sínu.

Um einstakar vörur sem teknar eru út úr greininni munu eftirfarandi reglur gilda:

Fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð. Með nokkurri einföldun má segja að öllum afurðum af dýrum sem annaðhvort eru sjálfdauð eða grunur leikur á að geti verið sýkt skuli fargað, en falli þær undir a- eða b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar sem hlutar sláturdýra sem megi nota til manneldis eða dýra sem sýni engin merki um sjúkdóma megi nota sláturafurðirnar til vinnslu tæknilegra afurða, svo sem í fóður. Skilyrði er þó að við slíka vinnslu sé gætt viðurkenndra eftirlits- og vinnsluaðferða sem skilgreindar eru í reglugerðinni.

Dýrahár, ull, fiður, fjaðrir og dúnn. Innflutningur þessara afurða er heimill með tilteknum skilyrðum. Afurðirnar þurfa að vera af dýrum sem talin eru hæf til manneldis og hafa ekki sýnt nein einkenni sjúkdóms sem getur borist með þessum afurðum í menn eða önnur dýr.

Afurðirnar þurfa að vera þurrar og í tryggilega lokuðum umbúðum. Um skilyrði innflutnings vísast til VIII. kafla VIII. viðauka reglugerðar EB nr. 1774/2002.

Blóð og blóðafurðir. Um þær er fjallað í tveimur köflum reglugerðar EB nr. 1774/2002, annars vegar um hreinar slíkar vörur og hins vegar ef nota á þær í tæknilegum tilgangi, t.d. vegna lyfja. Um fyrri flokkinn gildir að innflutningur eftir að varan er unnin samkvæmt fyrir fram ákveðnu vinnsluferli er heimill. Innflutningur í tæknitilgangi er einnig heimill en þarf að hlíta mun strangara eftirliti og vinnslu.

Ógerilsneydd mjólk, vörur unnar úr henni. Svipaðar reglur munu gilda um þessar vörur og flest annað í þessum flokki, þ.e. innflutningur verður einungis leyfður að uppfylltum reglum um uppruna og heilbrigðisvottorð og undir eftirliti. Sérstaklega þarf að huga að salmonelluvörnum í þessu samhengi. Þó er íslenskum yfirvöldum heimilt skv. a-lið 10.8 gr. í IV. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 853/2004 að banna eða takmarka markaðssetningu hrámjólkur eða hrás rjóma.

Um 33. gr.

Í þessu lagaákvæði er það áréttað að aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem hræ dýra, sláturúrgangur og sláturafurðir, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Samkvæmt lögunum er það hlutverk Matvælastofnunar að sinna eftirliti með útbreiðslu smitefna sem leynst geta í aukaafurðum dýra og koma í veg fyrir smit slíkra efna. Ef aukaafurðir dýra teljast hins vegar til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55 frá 2003, um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun úrgangs eins og hann er skilgreindur í lögunum lýtur forræði umhverfisráðherra.

Í 2. mgr. er ákvæði sem kveður á um starfsleyfisskyldu tiltekinna stöðva sem vinna eða geyma aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Hér er um að ræða stöðvar fyrir milliefni, geymslustöðvar, vinnslustöðvar fyrir efni í 1. og 2. flokki, vinnslustöðvar fyrir líffituefni í 1. og 2. flokki, lífgasstöðvar og myltingarstöðvar og efni í 3. flokki, m.a. úrgang úr sjávar- og eldisafurðum. Ákvæðið byggist á III. kafla reglugerðar EB nr. 1774/2002, sbr. 10.–15. gr. reglugerðarinnar. Um skilgreiningar á umræddum vinnslu- og geymslustöðvum vísast til reglugerðarinnar. Þar sem ákvæði framangreindrar ESB-reglugerðar eru fyrst og fremst sett á grundvelli sjónarmiða um sjúkdómavarnir er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði í lögum nr. 25/1993. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að það gildi einnig um stöðvar sem vinna úrgang úr sjávar- og eldisafurðum. Matvælastofnun gefur út leyfi vegna starfsemi fyrrgreindra stöðva. Hafa verður í huga að reglur um eyðingu úrgangs sem á sér stað í brennslustöðvum lúta valdsviði umhverfisráðuneytisins og eftirliti Umhverfisstofnunar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um meðferð aukaafurða dýra, sbr. 29. gr. a, en þar er kveðið á um innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Um 34. gr.

Með samþykkt ákvörðunar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 samþykkti Ísland að innleiða sérstakar reglur sem varða flutning á líflömbum til þeirra bæja þar sem skorið hefur verið niður vegna riðuveiki og sem lokið hafa tveggja ára banni við fjárbúskap eftir niðurskurð. Í reglugerð ESB nr. 999/2001 um riðuveiki koma fram ákvæði sem lúta að þessum þætti varðandi arfgerðir kinda. Ísland fékk samþykktar undanþágur frá flestum þessara ákvæða ef undan eru skilin þau sem varða flutning líflamba sem bera áhættuarfgerðarþáttinn VRQ.

Kindur af þessari arfgerð eru taldar næmari fyrir riðusmiti en aðrar kindur. Með ákvæðinu verður ráðherra heimilt að banna flutning á líflömbum sem eru með VRQ-arfgerðarþáttinn. Á undanförnum árum hafa ekki verið teknir inn hrútar á sæðingastöðvar sem bera þessa arfgerð. Þetta mun þýða að rannsaka verður þau líflömb sem ætluð eru til sölu af líflambasvæðum til að tryggja að lömb af þessari arfgerð verði ekki flutt til umræddra bæja. Rannsóknir þessar er unnt að gera hérlendis.

Um 35. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ný grein bætist við lögin, sem verður 29. gr. a, þar sem ráðherra verði veitt heimild til að innleiða í heild sinni ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 sem fjallar um meðferð aukaafurða úr dýrum. Þar sem ákvæði fyrrgreindrar EES-reglugerðar eru fyrst og fremst sett á grundvelli sjónarmiða um sjúkdómavarnir er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði í lögum nr. 25/1993. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi m.a. um sláturhús en einnig um stöðvar sem vinna úrgang úr sjávar- og eldisafurðum.

Um 36. gr.

Ákvæðið fjallar um þá sem teljast dýralæknar samkvæmt íslenskum lögum. Samkvæmt núgildandi lögum mega þeir einir sem lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum kalla sig dýralækna.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki með skýrum hætti til erlendra dýralækna sem heimild hafa til að starfa hér í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um leyfi slíkra dýralækna hér á landi.

Um 37. gr.

Með lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, voru gerðar viðamiklar skipulagsbreytingar á dýralæknisumdæmum og þeim fækkað úr 31 í 14. Vegna stjórnsýslu- og samkeppnislaga var talið brýnt að skilja að, eins og aðstæður leyfðu, eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það var ekki talið samrýmast góðri stjórnsýslu að sami aðili gæfi út starfsleyfi og hefði jafnframt tekjur af þjónustu við hina leyfisskyldu starfsemi. Af þessum sökum var lögfest að héraðsdýralæknar í þremur stærstu umdæmunum, þ.e. í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum, sinntu eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum umdæmum gætu samhliða eftirlitsstörfum sinnt almennri dýralæknisþjónustu, þ.m.t. vaktþjónustu. Lagt er til með frumvarpi þessu að það skref sem tekið var árið 1998 verði stigið til fulls og umdæmum héraðsdýralækna fækkað úr 14 í 6, svo og að þessir héraðsdýralæknar sinni einvörðungu eftirlitsstörfum. Eftirlitsdýralæknar munu einnig starfa í þessum umdæmum og verða sumir ráðnir í fullt starf sem opinberir eftirlitsmenn, en einnig verður heimilt að ráða þá í hlutastarf sem opinbera eftirlitsaðila undir stjórn og á ábyrgð héraðsdýralækna.

Í kjölfar breytinga á I. viðauka EES-samningsins mun Ísland verða að innleiða í íslenska löggjöf reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Í reglugerðinni er kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til opinbers eftirlits með fóðri, matvörum, dýraheilbrigði og dýravelferð og samkvæmt reglugerðinni er aðildarríkjunum gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar milli þeirra og opinbers eftirlits, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði reglugerðarinnar eru í samræmi við reglur

stjórnsýsluréttar um vanhæfi. Samkvæmt núgildandi lögum sinna héraðsdýralæknar í öllum umdæmum nema í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Rangárvalla- og Árnessýslu opinberu eftirliti gagnvart bændum og afurðum þeirra, þ.m.t. eftirliti með aðbúnaði dýra, dýraheilbrigði og dýravernd. Jafnframt selja þessir héraðsdýralæknar bændum þjónustu sína sem almennir dýralæknar, en slíkt býður upp á möguleika á alls kyns hagsmunaárekstrum sem taka verður fyrir.

Samkeppnissjónarmið mæla jafnframt með því að skilja á milli opinbers eftirlits og almennrar dýralæknisþjónustu. Samkvæmt núgildandi skipulagi á verkefnum og umdæmum héraðsdýralækna eru þeir í mörgum tilfellum að bjóða sömu þjónustu og sjálfstætt starfandi dýralæknar. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi dýralækna þar sem héraðsdýralæknar fá samhliða þjónustugjöldum greidd laun frá hinu opinbera.

Kröfur um aðskilnað opinbers eftirlits og faglegrar/klínískrar þjónustu byggist þannig bæði á skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum, almennum vanhæfisreglum stjórnsýsluréttarins og samkeppnissjónarmiðum. Fjöldi og stærð umdæma var ákveðinn með eftirfarandi sjónarmið í huga:

a. Næg verkefni séu fyrir héraðsdýralækni í hverju umdæmi.
b. Verkefni þessi séu m.a. eftirlit með:
    1. Sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötpökkunarstöðvum.
    2. Mjólkur- og kjötframleiðslu.
    3. Svínabúum.
    4. Alifuglabúum.
    5. Fiskeldisstöðvum.
    6. Loðdýrabúum.
    7. Garnaveikibólusetningu.
    8. Sæðingastöðvum.
    9. Einangrunarstöðvum.
    10. Kjötmjölsverksmiðjum og myltingarstöðvum.

    Enn fremur annist héraðsdýralæknar lögboðna útflutningsskoðun hrossa og sinni dýraverndarmálum og framkvæmd sóttvarnaraðgerða vegna smitsjúkdóma.
c. Landfræðileg skipting milli umdæma sé eðlileg og hagkvæm og samgöngur góðar.
    1. *Suðvesturumdæmi.* Óbreytt umdæmi frá núgildandi fyrirkomulagi.
    2. *Vesturumdæmi.* Þar eru fjögur umdæmi felld saman í eitt. Landfræðileg mörk eru eðlileg og samgöngur góðar nema á Vestfjörðum. Í umdæminu er ekkert sláturhús, talsverður kúabúskapur og sauðfjárrækt, sæðingastöð, einangrunarstöð fyrir frjóegg og bólusett er við garnaveiki í sumum hlutum umdæmisins. Á Vestfjörðum er búskapur frekar dreifður. Þar er sjúkdómastaða góð (ekki riða og ekki garnaveiki) svo að eftirlitsverkefni eru ekki mikil. Verkefni eru fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna í umdæminu.
    3. *Norðvesturumdæmi.* Felld eru saman tvö umdæmi miðað við núgildandi fyrirkomulag. Landfræðilega er skiptingin eðlileg, samgöngur góðar. Skilin gagnvart Norðurlandsumdæmi eystra ættu að ráðast af því hvernig samgöngur eru bestar. Í umdæminu eru þrjú stór sauðfjársláturhús þar sem einnig er slátrað stórgripum. Sláturhúsin eru öll með útflutningsleyfi og krefjast stöðugrar viðveru eftirlitsdýralæknis í sauðfjársláturtíð og þegar stórgripum er slátrað. Kúabúskapur er allnokkur og mikill sauðfjár- og hrossabúskapur. Riðu- og garnaveikisvæði. Þörf er á héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.

4. *Norðausturumdæmi.* Tvö umdæmi eru felld saman í eitt miðað við núgildandi kerfi. Fjögur sláturhús, mikill kúabúskapur, sauðfjárrækt, svínarækt og alifuglarækt. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna. Landfræðileg skipting er eðlileg, umdæmið er stórt en samgöngur frekar góðar.
5. *Austurumdæmi.* Þrjú umdæmi felld saman í eitt. Landfræðilega er þetta stórt umdæmi, samgöngur allgóðar, tvö sláturhús, hreindýrakjötpökkunarstöð og ferjuhöfn. Riðu- og garnaveikisvæði. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna.
6. *Suðurumdæmi.* Óbreytt nema Skaftárhreppur fellur undir það. Landfræðilega fellur hann betur að Suðurumdæmi en að Austurumdæmi. Riðu- og garnaveikisvæði.

Sérstakt nýmæli er í frumvarpinu, að héraðsdýralæknar skuli hafa eftirlit með lyfjanotkun búfjár og annarra dýra. Í 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er tekið fram að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með ávísunum dýralyfja og ástæða þykir til að tilgreina sérstaklega þá starfsmenn Matvælastofnunar sem annast slíkt eftirlit. Jafnframt er vísað til laga um búfjárhald vegna starfa eftirlitsdýralækna á sviði dýravelferðar.

Um 38. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að skilið verði að fullu á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna annars vegar og almennrar klínískrar þjónustu dýralækna hins vegar. Því þarf að tryggja bakvaktir dýralækna vegna almennrar klínískrar þjónustu utan venjulegs vinnutíma á öllum vaktsvæðum. Eingöngu er gert ráð fyrir greiðslu fyrir bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma.

Um 39. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að störf héraðsdýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu verði lögð niður. Þetta á við um héraðsdýralæknana sem nú eru staðsettir í Borgarnesi, Stykkishólmi, Búðardal, á Ísafirði, Hvammstanga, Blönduósi, Húsavík, Egilsstöðum, Breiðdalsvík, Höfn og á Kirkjubæjarklaustri. Í stað þess koma stærri opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur og ákveður stofnunin staðsetningu héraðsdýralækna og annarra eftirlitsaðila sem þar verða ráðnir til opinberra eftirlitsstarfa og sóttvarna. Með þessari breytingu verður jafnframt nauðsynlegt að tryggja almenna dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum landsins með öðrum hætti en verið hefur. Markmiðið er að tryggja dýraeigendum um allt land nauðsynlega dýralæknaþjónustu og þar með, m.a. af dýraverndarástæðum, að veik og slösuð dýr fái rétta meðhöndlun eins fljótt og kostur er.

Ólíklegt er að dýralæknar fáist til starfa þar sem dýrafjöldi er takmarkaður og verkefni við lækningu dýra fremur fá. Til að ná markmiðum greinarinnar um að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu verður að stuðla að því að fyrir hendi verði nauðsynleg starfsaðstaða fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna á Snæfellsnesi, í Dalasýslu, á Vestfjörðum, í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum, í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum, í Norður- og Suður-Múlasýslum og í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Jafnframt þarf hið opinbera að greiða einhverja staðaruppbót og/eða kostnað við ferðir dýralækna á þessum stöðum. Að öðrum kosti er ekki tryggt að dýralæknaþjónustan verði nægileg til að tryggja heilbrigði og velferð dýra.

Þar sem samkvæmt framanrituðu er verið að gera verulegar breytingar á dýralæknakerfinu með því að fækka héraðsdýralæknum sem áður hafa annast þjónustu við dýraeigendur er talið nauðsynlegt að gefin verði út reglugerð um hvernig dýraeigendum í hinum dreifðu byggðum landsins verði tryggð dýralæknaþjónusta. Gert er ráð fyrir því að ráðherra skuli hafa samráð

við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

Um 40. gr.

Í núgildandi lögum kemur fram að ráða skuli sérmenntaða dýralækna, einn á hverju sérsviði sem tilgreind eru í lögunum. Í stað þess að tilgreina á hvaða sérsviði viðkomandi dýralæknar starfa er nú lagt til að Matvælastofnun ráði sérgreinadýralækna og hafi tækifæri til breytinga á verkaskiptingu milli þeirra. Starfsskyldur þeirra verða einnig samkvæmt þessum tillögum skilgreindar í starfslýsingum, en ekki í erindisbréfum eins og verið hefur.

Eftir sem áður verða ýmis sérsvið tilgreind í lögunum. Þar er t.d. átt við sérsvið eins og sóttvarnir, dýravelferð og dýralyf. Starf sóttvarnadýralæknis er afar mikilvægt og má líkja við starf lækna sem sinna sóttvörnum, nema hvað annað starfið varðar sóttvarnir vegna dýrasjúkdóma og hitt sjúkdóma í mönnum. Aðgerðir vegna fuglaflensu, sem eins og mál standa er fyrst og fremst dýrasjúkdómur, skýra betur en margt annað þörfina fyrir þessi störf. Þá eru dýravelferðarmál fjölmörg, geta varðað aðbúnað og velferð búfjár og reynast oft erfið úrlausnar. EES-löggjöf um dýralyf hefur verið innleidd hér á landi og nú er verið að taka inn í íslenska löggjöf nýjar EES-reglur sem varða skráningu á notkun dýralyfja í búfjárrækt, eftirlit með notkun þeirra og útskolun áður en kemur til slátrunar eða annarrar nýtingar afurða vegna matvælavinnslu. Ekki hefur verið unnt að sinna þessum málaflokki sem skyldi og nú bætast við aukin verkefni. Úrbætur eru því nauðsynlegar.

Um 41. gr.

Hér er um að ræða ákvæði til bráðabirgða. Vegna breytinga á umdæmum héraðsdýralækna er gert ráð fyrir að öll núverandi stöðugildi héraðsdýralækna við Matvælastofnun verði lögð niður en þau eru sextán í dag. Hins vegar er kveðið á um að starfsmönnunum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir því að sex dýralæknum verði boðin störf héraðsdýralækna í sex nýjum umdæmum en allt að tíu dýralæknum boðin störf eftirlitsdýralækna eða önnur störf hjá Matvælastofnun.

Ráðherra er heimilt að leyfa héraðsdýralækni að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknir til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að héraðsdýralæknum sé óheimilt, vegna hagsmunatengsla, að sinna almennri dýralæknaþjónustu í sínu umdæmi. Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir framangreindri heimild. Í fyrsta lagi er það skilyrði að heilbrigði eða velferð dýra sé stefnt í hættu. Í öðru lagi er skilyrðið að dýralæknir fást ekki til þess að starfa eingöngu við almennar dýralækningar á svæðinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að heimild ráðherra verði tímabundin þar til viðeigandi lausn fæst. Það gefur augaleið að heimild ráðherra tekur einungis til dreifðari byggða landsins. Gert er ráð fyrir því að þegar skipting umdæma verður að fullu komin til framkvæmda verði ekki þörf á þessu ákvæði þar sem opinberir eftirlitsdýralæknar verða starfandi í öllum sex umdæmum héraðsdýralækna og munu sem slíkir sinna almennri dýralæknisþjónustu á viðkomandi svæði ef ekki fæst sjálfstætt starfandi dýralæknir í umdæmið.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að lögin um matvæli, nr. 93/1995, gildi um efni laga nr. 96/1997. Í matvælalögum eru mikilvæg ákvæði sem gilda um öll matvæli, sbr. 2. gr. laga

um matvæli, og gilda þau eftir atvikum um lifandi dýr ef þau eru meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis.

Um 43. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 kveður á um heilbrigðisskoðun innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 stunda fyrir slátrun. Ákvæði um þetta er að finna í I. viðauka, I. þætti, II. kafla, B.1.b) lið reglugerðarinnar. Eldra ákvæði laga nr. 96/1997 kvað á um að slátrun skyldi fara fram innan 12 klukkustunda frá heilbrigðisskoðun og til slátrunar. Í eldra ákvæði var jafnframt kveðið á um undanþágu frá heilbrigðisskoðun ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem settar eru af Matvælastofnun. Þessi undanþága fellur brott en jafnframt er kveðið á um að Matvælastofnun geti sett nánari reglur um heilbrigðisskoðun sláturdýra sem geta falið í sér undanþágur frá framangreindum tímafresti. Að öðru leyti er 1. mgr. óbreytt.

2.–8. mgr. eru efnislega samhljóða 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þó er tveimur málsgreinum bætt við ákvæðið í lögum nr. 96/1997.

Annars vegar er bætt við málsgrein sem fjallar um eftirlit vegna slátrunar á býli. Með 6. mgr. er Matvælastofnun heimilað að taka eftirlitsgjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir vegna slátrunar sem framkvæmd er með heimild í 4. mgr. 5. gr. laganna, þ.e. slátrun eigenda lögbýla á eigin búfé til eigin neyslu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 17. gr. þessa frumvarps þar sem fram koma tillögur um efni gjaldtökuákvæðis fyrir eftirlit í 25. gr. laga nr. 93/1995. Hins vegar er bætt við einni málsgrein sem segir að miða skuli við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri heilbrigðiseftirlits fyrir heilt rekstrarár. Slíkt ákvæði er ekki að finna í matvælalögunum.

Í 79. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku þessa ákvæðis. Ákvæðið tekur gildi 1. desember 2009 en þetta er annað tímamark en gildir um önnur ákvæði IV. kafla sem taka gildi 1. ágúst 2011. Ástæða þessa er sú að brýnt þykir, meðal annars vegna tilmæla frá umboðsmanni Alþingis, að leiðrétta kjötskoðunargjald (sem tekið er fyrir heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum), þannig að greiddur sé raunkostnaður af eftirliti með öllum tegundum búfjár. Gjaldinu hefur ekki verið breytt í sjö ár og er nú vangreitt fyrir sumar búfjártegundir meðan oftekið er gjald af öðrum.

Um 44. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um brottfall 13. gr. laga nr. 96/1997. Með fyrirmælum 43. gr. frumvarpsins er lagagrein þessi gerð óþörf, enda er Matvælastofnun heimilað með því ákvæði að framkvæma sérstakt viðbótareftirlit.

Um 45. gr.

Hér er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð, m.a. um meðferð aukaafurða úr dýrum sem óhjákvæmilega munu falla til í sláturhúsum, og að hún verði í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

Um 46. gr.

Oft hefur komið til tals á undanförnum árum að heiti laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, sé óþarflega langt og stirt. Lagt er til að lögin verði þess í stað nefnd lög um

slátrun og sláturafurðir. Orðið slátrun er ekki skilgreint í lögum nr. 96/1997 en orðið er þó víða að finna í lögunum. Orðið myndar einnig orðstofna hugtaka sem skilgreind eru í 3. gr. laganna. Samkvæmt Íslenskri orðabók merkir sögnin að slátra að „lóga, aflífa“. Þá er tilgangur laganna, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða og að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi aðstæður, metnar og flokkaðar.

Þar sem umfjöllunarefni laganna snýr allt að aðgerðum tengdum slátrun og sláturafurðum þykir hið nýja heiti fela í sér fullnægjandi vísbendingu um efni þeirra.

Um 47. gr.

Í 3. gr. laga nr. 55/1998 er gildissvið þeirra skilgreint þannig að það nái yfir sjávarafurðir og hafbeitar-, vatna- og eldisfisk. Hafbeitar-, vatna- og eldisfiskur kemur hins vegar ekki fram í skilgreiningum og því falla þessar afurðir utan ákvæða í þessum lögum og öðrum lögum þar sem aðeins er vísað til sjávarafurða. Til að bæta úr þessu er hafbeitar-, vatna- og eldisfiski bætt inn í skilgreiningu á „fiskafurðum“, en þær falla undir skilgreiningu sjávarafurða. Þar með er í lögum þessum nægilegt að fjalla um sjávarafurðir þar sem skilgeining þeirra nær bæði yfir sjávarafla og fiskafurðir. Í samræmi við þetta má einnig einfalda heiti laganna í lög um sjávarafurðir.

Í samræmi við fóðurlöggjöf Evrópusambandsins er gerð sú breyting að fiskimjöl lúti íslenskri fóðurlöggjöf en falli ekki undir lög nr. 55/1998. Núverandi fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt af Eftirlitsstofnun EFTA sem telur eðlilegt að reglur EES um fóður gildi um fiskimjöl. Í því sambandi er mikilvægt að reglur EES um fóðureftirlit gildi um fiskimjöl. Í samræmi við þetta er skilgreiningu um sjávarafurðir breytt þannig að orðin „vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi“ falli brott úr skilgreiningunni. Á sama hátt breytist skilgreining laga nr. 22/1994 um fóður. Jafnframt eru greinar laga nr. 55/1998 um fóður og fiskimjöl felldar brott úr lögunum, sbr. grein þessa og 50.–52. gr. frumvarpsins.

Þá er í ákvæðinu jafnframt lagt til að breytt verði skilgreiningum á hugtökum í lögum nr. 55/1998 og bætt við nýjum skilgreiningum á hugtökum í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 sem fjallað er um í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu.

Um 48. gr.

Í ákvæðinu er tekið sérstaklega fram að lögin um matvæli, nr. 93/1995, gildi um efni laga nr. 55/1998. Í matvælalögum eru mikilvæg ákvæði sem gilda um öll matvæli, þar á meðal skv. 2. gr., og gilda þau eftir atvikum um lifandi dýr ef þau eru meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis.

Um 49. gr.

Með greininni er leitast við að aðlaga ákvæðið betur að reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, 852/2004, 853/2004, 854/2004 og 882/2004.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta er liður í því að fella brott ákvæði um fiskimjöl og fóður í lögum um sjávarafurðir, eins og lagt er til að lög nr. 55/1998 verði nefnd eftir gildistöku laganna, sbr. m.a. athugasemdir við 52. og 56. gr.

Um 51. gr.

Hér er verið að samræma ákvæði laganna að því er varðar merkingar umbúða ákvæðum í lögum nr. 93/1995, um matvæli, og með því tryggja að uppfylltar séu kröfur EES-samningsins um það efni. Lög um innleiðingu EES-löggjafar um umbúðir í matvælalögum hafa nú þegar verið sett, þ.e. lög nr. 29/2008, 326. mál 135. löggjafarþings.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu felst hluti af þeim breytingum sem gerðar eru með frumvarpi þessu á hlutverki faggiltra skoðunarstofa, sbr. 54. gr. frumvarpsins, svo og því að fella brott úr ákvæðum laga nr. 55/1998 öll ákvæði sem varða fiskimjöl og fóður. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að ákvæði fóðurlaga muni framvegis gilda um fiskimjöl og fóður úr fiskúrgangi.

Lagt er til að í 2. mgr. 14. gr. verði aðgerðarþjónustum og kæli- og frystigeymslum bætt í hóp þeirrar starfsemi sem skal hafa starfsleyfi. Þessi starfsemi þarf vinnsluleyfi samkvæmt núgildandi lögum en eiginleg vinnsla fer þó ekki fram. Í lögum nr. 55/1998 er gerður greinarmunur á vinnsluleyfi annars vegar og starfsleyfi hins vegar. Hingað til hafa einungis fiskiskip að undanskildum vinnsluskipum, svo og fiskmarkaðir, þurft starfsleyfi; öll önnur starfsemi hefur þurft vinnsluleyfi. Eðlismunur þessara leyfa felst í að til starfsleyfanna eru gerðar minni kröfur varðandi innra eftirlit. Þannig hafa starfsleyfishafar ekki þurft að gera hættugreiningu (HACCP-greiningu). Þar sem engin eiginleg vinnsla fer fram í frysti- og kæligeymslum er talið eðlilegt að gera einungis kröfu um starfsleyfi.

Þar sem slæging (aðgerð) fer fram um borð í fiskiskipum sem hafa starfsleyfi er talið eðlilegt að gera sömu kröfur til innra eftirlits aðila sem gerir sömu athöfn í landi. Ekki hefur verið litið á slægðan fisk sem unna afurð.

Sömuleiðis er lögð til svohljóðandi breyting á 3. mgr. 14. gr. Í stað setningarinnar „Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða“ komi setningin „Í vinnsluleyfum skal tilgreina þær vinnslugreinar sem þau ná til“. Breyting á orðalagi gerir kleift að einfalda númerakerfi vinnsluleyfa. Með þessu yrði hægt að tilgreina alla starfsemi sem fram fer í sama húsnæði (sömu skoðunareiningu) undir einu vinnsluleyfisnúmeri.

Um 53. gr.

Með greininni er verið að aðlaga ákvæði laganna betur að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002. Um skilgreiningu á stjórnanda vísast til 2. gr. laganna, sbr. og 47. gr. þessa frumvarps.

Um 54. gr.

Rétt þykir að breyta því hlutverki sem faggiltar skoðunarstofur hafa haft við eftirlit samkvæmt lögunum í samræmi við þau ákvæði sem um þær gilda í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004. Samkvæmt gildandi lögum er öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu til að annast framkvæmd eftirlits með starfsemi þeirra en Matvælastofnun hefur hins vegar haft yfirumsjón með starfi þeirra. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að lögbært stjórnvald, í þessu tilviki Matvælastofnun, geti falið faggiltum eftirlitsaðilum tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlitsins enda uppfylli þeir tiltekin skilyrði til þess. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji þessi skilyrði með reglugerð. Heimild til að framselja faggiltum eftirlitsaðilum vald til eftirlits er nokkuð þrengri í framangreindri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 en í gildandi lögum og því óhjákvæmilegt að gera þessar breytingar.

2. mgr. 16. gr. laganna skv. 54. gr. frumvarpsins er efnislega sambærileg gildandi 5. mgr. 16. gr. laganna. 3. mgr. 16. gr. laganna skv. 54. gr. frumvarpsins er efnislega sambærileg gildandi 6. mgr. 16. gr. laganna.

Um 55. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að skoðunarstofa geri samning við starfs- eða vinnsluleyfishafa. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Matvælastofnun geti falið faggiltum eftirlitsaðilum tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlitsins enda uppfylli þeir tiltekin skilyrði til þess. Af þessum sökum er lagt til í frumvarpinu að í stað orðanna „Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Matvælastofnun og samningsbundinni skoðunarstofu ...“ komi: „Stjórnendum vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva er skylt að veita Matvælastofnun og þeim faggiltu aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit samkvæmt samningi við Matvælastofnun ...“.

Um 56. gr.

Eins og áður hefur komið fram er í frumvarpinu miðað við að felld verði brott úr ákvæðum laga nr. 55/1998 öll ákvæði um fiskimjöl en gert ráð fyrir að fiskimjöl verði eftir gildistöku laganna skilgreint sem fóður en ekki sjávarafurð. Í 47. gr. frumvarpsins er skilgreiningu á sjávarafurðum breytt í samræmi við það og einnig skilgreiningu á fóðri, sbr. 66. gr. Eftir gildistöku laganna er gert ráð fyrir að lög nr. 22/1994 og stjórnvaldsreglur um fóður muni framvegis gilda um fiskimjöl og eru gerðar ráðstafanir til að tryggja það við breytingar á þessum kafla frumvarpsins, m.a. í 52. gr., sem fjallar um breytingar á lögum um sjávarafurðir.

Um 57. og 58. gr.

Ákvæði 57. gr. er að mestu samhljóða 21. gr. laganna. Þó er 1. mgr. felld brott úr ákvæðinu en þar sagði: „Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Matvælastofnun um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.“ Þetta ákvæði er ekki í samræmi við meginreglu EES-löggjafarinnar um frjálst flæði vöru innan svæðisins. Eftirlitsaðilum er þannig óheimilt að skylda innflytjanda til að tilkynna um komu sendinga. Eftirlitsaðilum er einungis heimilt að skoða umræddar afurðir í flutningi milli landa þegar um rökstuddan grun er að ræða um óörugg matvæli.

Ákvæði 58. gr. fjallar um landamærastöðvar og innflutning frá löndum utan EES og er ákvæðið að mestu sambærilegt við 22. gr. gildandi laga.

Að öðru leyti er vakin athygli á að ákvæðin eru að mestu samhljóða ákvæði 19. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að sambærileg ákvæði verði lögfest í matvælalögum, nr. 93/1995. Þá er gert ráð fyrir að í i-lið 72. gr. (7. gr. i) verði lögfest sambærilegt ákvæði og 58. gr. í lögum nr. 22/1994, um fóður, áburð og sáðvöru, sem varðar innflutning fóðurs sem inniheldur dýraafurðir.

Að öðru leyti vísast um efni ákvæðanna til frumvarps til laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um 59. gr.

Hér eiga við sömu athugasemdir og fram koma við 56. gr.

Um 60. gr.

Lagt er til að fellt verði brott sérákvæði um gjöld fyrir landamæraeftirlit með afurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem nú eru í 28. gr. laganna. Í stað þess er gert ráð fyrir þeim gjöldum í almennu gjaldtökuákvæði fyrir eftirlit samkvæmt lögunum og að ráðherra setji um það gjaldskrá, sbr. nýtt ákvæði sem lagt er til að lögfest verði í 31. gr. a, sbr. 63. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna segir „Fái skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Matvælastofnun heimilt að svipta það veiðileyfi.“ Lagt er til að þetta ákvæði falli brott. Fiskistofa veitir skipum veiðileyfi og ekki er eðlilegt að önnur stofnun svipti skipin þeim leyfum.

Um 62. gr.

Ákvæðið hefur að geyma nánari útfærslu á gjaldtökuheimildum fyrir tiltekna þjónustu Matvælastofnunar og einnig fyrir eftirlit með framkvæmd laganna.

Áréttað er að ráðherra skuli með gjaldskrá setja ákvæði um gjaldtöku fyrir útgáfu vottorða, vinnsluleyfa og starfsleyfa, svo og móttöku og skráningu umsókna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir efnislega sambærilegu ákvæði í 26. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og 8. gr. a laga nr. 22/1994. Slíkt ákvæði er í 31. gr. laga nr. 55/1998.

Um 63. gr.

Hér er lagt til að nýtt ákvæði bætist við lögin, þ.e. að í nýrri grein, 31. gr. a, verði lögfest sambærilegt ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirlit og gert er ráð fyrir að lögfest verði í 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 17. gr. þessa frumvarps.

Um 64. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á heiti laga nr. 55/1998 til að gera ákvæði laganna auðveldari í framkvæmd en sömu ástæður eru fyrir breytingunni og gerð hefur verið grein fyrir í athugasemd við 46. gr. um ástæður fyrir tillögu að breytingu á lögum nr. 96/1997 þar sem eldra heitið hefur þótt óþarflega langt og stirt í framkvæmd. Einnig má vísa til athugasemda við 47. gr. frumvarpsins.

Um 65. gr.

Lagt er til að 1. gr. laganna verði breytt þannig að tilgangur laganna sé í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins. Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi: „Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs og gæði áburðar og sáðvöru.“

Um 66. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakið fóður er skilgreint upp á nýtt í samræmi við skilgreiningu reglugerðar nr. 178/2002. Fiskimjöl er samkvæmt því skilgreint sem fóður enda segir í skilgreiningunni: „Til fóðurs teljast einnig vörur unnar úr fiski og fiskúrgangi.“ Skilgreining á hugtakinu áhættugreining er tekin upp í lögin enda notast við hugtakið í c-lið 72. gr. frumvarpsins (7. gr. c). Skilgreiningin er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002. Við innleiðingu þessarar reglugerðar, sbr. heimild

í 70. gr. frumvarpsins, munu koma fram nánari skilgreiningar á þeim þáttum sem hugtakið áhættugreining nær yfir. Skilgreining á aukefni er í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 1831/2003 og 183/2005. Aukaafurðir dýra eru skilgreindar í ákvæðinu. Skilgreiningin er byggð á skilgreiningu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002. Skilgreiningin er víðtæk og er henni ætlað að ná yfir aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til eða eru ekki hæfar til manneldis. Aðrar skilgreiningar í þessari grein frumvarpsins eru samhljóða skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 138/2005 og 178/2002. Ekki er talið að aðrar skilgreiningar í gildandi lögum um þetta efni stangist á við hugtök sem notuð eru í matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Um 67. gr.

Ákvæðið fellir brott 2. mgr. 3. gr. gildandi laga en samkvæmt greininni skipaði landbúnaðarráðherra tvær nefndir, annars vegar fóðurnefnd og hins vegar sáðvöru- og áburðarnefnd, til fjögurra ára í senn sem höfðu það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum. Þar sem þessar nefndir hafa ekki verið starfandi um nokkurn tíma og þar sem EES-löggjöf gildir um fóður, áburð og sáðvöru er ekki talinn tilgangur með áframhaldandi starfi slíkra nefnda.

Um 68. gr.

Ákvæðið kveður á um tilkynningarskylda starfsemi og hvaða fyrirtæki þurfa starfsleyfi. Meginreglan er sú að fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki þurfa að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar. Þessi fyrirtæki þurfa að sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um. Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun. Þessi ákvæði eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins eftir því sem við á. Ef gefa skal út starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði laga um eftirlit með fóðri, áburði eða sáðvöru er Matvælastofnun heimilt samkvæmt þessu ákvæði að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

Um 69. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 21. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um eðli hættu sem er fyrir hendi. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar eftirlitsaðila að upplýsa almenning um tiltekna hættu sem stafar af fóðri.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru ný ákvæði sem kveða á um birtingu upplýsinga eða niðurstaðna vegna eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ákvæðin eru sambærileg við 2. og 3. mgr. nýrrar 28. gr. a laga nr. 93/1995 í 21. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglugerðarheimild til að kveða nánar á um framleiðslu og markaðssetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, umbúðir og pökkun, erfðabreytt fóður og merkingar þess, eftirlit eftirlitsaðila, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika. M.a. er

heimild til að útfæra efnisákvæði um hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika í reglugerð í samræmi við efnisákvæði IV. kafla reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Orðalag ákvæðisins er öðru leyti lagað að þeim nýmælum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Einnig er tekið mið af því að í kjölfar reglugerðarinnar verða settar ítarlegar reglur, m.a. um hollustuhætti í fóðuriðnaði. Rétt þykir þó að hafa í lögunum tilvísanir í megingerðir fóðurlöggjafar Evrópusambandsins þannig að reglugerðarheimildir verði skýrar hvað þessar tilteknu gerðir varðar. Þessar tilvísanir eru í 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 71. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli með tíu nýjum ákvæðum, 7. gr. a – 7. gr. j.

Um a-lið (7. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir öruggt fóður. Fóður sem ekki er öruggt skal ekki markaðssetja. Fóður skal ekki teljast öruggt ef það er álitið heilsuspillandi fyrir menn og dýr.

Um b-lið (7. gr. b).

Ákvæðið er í samræmi við reglur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002. Reglugerðin heimilar í undantekningartilvikum notkun aukaafurða dýra í dýrafóður. Ákvæðið tekur til tiltekinna unninna aukaafurða dýra svo sem fiskimjöls svo dæmi sé tekið. Skv. 2. mgr. er heimilt að nota fiskimjöl sem fóður fyrir búfé og eldisfisk. Þetta orðalag tryggir að auk jórturdýra verði heimilt að nota fiskimjöl í fóður fyrir t.d. svín og alifugla.

Um c-lið (7. gr. c).

Opinbert fóðureftirlit skal fara fram með viðeigandi aðferðum sem þróaðar hafa verið í þeim tilgangi, þ.m.t. kerfisbundinni vöktun og eftirliti, svo sem skoðunum, sannprófunum, úttektum og töku og prófun sýna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti rekstraraðila fóðurfyrirtækja, samkvæmt eftirlitsáætlunum, byggðum á greiningu á áhættu og mikilvægum stýristöðum. Þá er í ákvæðinu nýmæli um að ráðherra eða Matvælastofnun geti leitað til ráðgefandi nefndar sem veita mundi þessum aðilum vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Í 3. málsl. ákvæðisins er fjallað um skyldu stjórnenda fóðurfyrirtækja, þ.m.t. að þeir beri ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu og starfsemi fóðurfyrirtækja og skal það byggt á meginreglum hættugreiningar, en með því er átt við að fóðurfyrirtæki greini hættuþætti og mikilvæga stýristaði.

Um d-lið (7. gr. d).

Stjórnendur fóðurfyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnendum ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu fóðurs og til að tryggja að fóður, sem hann afhendir, sé öruggt. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi fóðurfyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi fóðurs.

Um e-lið (7. gr. e).

Ákvæðið er að mestu sambærilegt að efni við 8. gr. c sem lagt er til að verði lögfest í lögum um matvæli og kveðið er á um í 5. gr. þessa frumvarps. Um athugasemdir vísast til

athugasemda við 5. gr. frumvarpsins. Um síðustu málsgrein 7. gr. e vísast til athugasemda við 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um efnisákvæði 27. gr. a í lögum nr. 93/1995.

Um f-lið (7. gr. f).

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril fóðurs eins og matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í fóðurfyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi fóðurs. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 sem þar kemur fram í 18. gr. um rekjanleika fóðurs, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til fóðurframleiðslu eða vinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Fóðurfyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekið fóður eða efni sem sett eru í fóður til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram. Einnig skal stjórnandi geta tilgreint fyrirtæki sem fóðurfyrirtækið hefur afhent vörur sínar.

Um g-lið (7. gr. g).

Lagt er til að varúðarregla 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 verði lögfest eins og gert var í 18. gr. þessa frumvarps um matvæli. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðarráðstafana án þess að fyrirliggjandi séu óyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er þó að slík áhrif séu möguleg. Í sumum tilvikum er vafi um heilsuspillandi áhrif fóðurs en þó hætta á heilsutjóni vegna þeirra. Ákvæðið heimilar ráðherra að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir í slíkum tilvikum. Ákvæðið tilgreinir ekki heimilar ráðstafanir heldur er kveðið á um að þær skuli vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma enda er um tímabundnar ákvarðanir að ræða. Ákvæði þetta þarf að túlka í samræmi við þá meginreglu matvælalöggjafar EB að markaðshindrandi aðgerðir eða aðgerðir sem leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða eru ekki leyfðar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Varúðarreglan byggist á því að við þessar sérstöku aðstæður sem verða til þegar ekki er hægt að eyða vísindalegri óvissu en hætta er á að fóður valdi heilsutjóni geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega heilsufarsvá fyrir þjóðfélagsþegnana.

Um h-lið (7. gr. h).

Á liðnum árum hafa komið upp tilfelli þar sem reglubundið eftirlit með eldi kjúklinga og svína hefur leitt í ljós að þeir voru orðnir mengaðir af salmonellu. Að lokinni faraldsfræðilegri rannsókn á uppruna sýkinganna hefur verið hægt að útiloka aðra möguleika en þann að mengunin hafi komið með fóðri. Við nánari athuganir hefur komið í ljós að sama tegund af salmonellu hafði greinst í fóðurverksmiðju sem seldi kjúklingabúinu fóðrið, en hvorki verksmiðjan eða rannsóknastofan taldi sig þurfa að tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila um þessar niðurstöður þar sem ákvæði í 3. mgr. 24. gr. í lögum um matvæli, nr. 93/1995, næði aðeins til matvæla en ekki til fóðurs. Rétt er að taka fram að rannsóknir á fóðri til að sannreyna að fóðrið hafi valdið sýkingum í kjúklingum og svínum er mjög erfið. Það er helst með faraldsfræðilegum niðurstöðum sem hægt er að leiða sterkar líkur að því að svo hafi verið. Með ákvæðinu er tryggt samræmi hvað varðar tilkynningarskyldu þegar sjúkdómsvaldandi örverur greinast í matvælum og fóðri.

Um i-lið (7. gr. i).

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 19. gr. frumvarpsins sem bætir nýju ákvæði við matvælalögin, 27. gr. b. Á sama hátt og gildir um búfjár- og sjávarafurðir frá ríkjum utan EES ber að fara með fóður og fóðurvörur, sem innihalda dýraafurðir, um landamærastöðvar enda er fóðrið innflutt frá ríkjum utan EES.

Um j-lið (7. gr. j).

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 15. gr. frumvarpsins sem bætir nýju ákvæði við 23. gr. matvælalaga. Hér er verið að innleiða sambærileg ákvæði fyrir fóður og gilda munu um matvæli á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Vísast því til athugasemda um 15. gr. frumvarpsins.

Um 73. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði í lögum nr. 22/1994 sambærilegt ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirlit og gert er ráð fyrir að verði lögfest m.a. í 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 17. gr. þessa frumvarps.

Um 74. gr.

Ákvæðið varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða, staðfestinga eða afgreiðslu umsókna. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 26. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

Um 75. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 76. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sambærileg ákvæði um þvingunarúrræði og eru í lögum nr. 7/1998. Þannig verða þvingunarúrræði vegna fóðureftirlits þau sömu og þvingunarúrræði vegna matvælaeftirlits, sbr. lög um matvæli. Einnig felst í ákvæðinu að verið er að samræma viðurlagaákvæðin ákvæðum um viðurlög í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem stefnt er að því að mynda grundvöll fyrir innleiðingu á með frumvarpi þessu. Þá er það nýmæli að lagt er til að eftirlitsaðili geti ákveðið að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er jafnframt nýmæli að stjórnanda fyrirtækis er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins. Þykir þetta eðlileg krafa þar sem um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða.

Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 26.–30. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál.

Þá er lagt til að lögfest verði sambærilegt ákvæði og í 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér mikla hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Er því talið nauðsynlegt að efla varnaðaráhrif laganna með því að leggja til þyngri viðurlög við brotum á þeim. Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp ákvæði um tiltekin viðurlög við brotum á lögunum og að um meðferð þeirra fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Jafnframt er með þessu ákvæði leitast við að samræma ákvæði laganna þeim ákvæðum um viðurlög sem fram koma í EB-

reglugerðum sem verið er að leggja grundvöll að innleiðingu á með frumvarpi þessu, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 77. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 78. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild Alþingis fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar á þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Sameiginlega EES-nefndin tók umræddar ákvarðanir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Eðlilegt þykir að hafa sérstakt ákvæði í frumvarpinu sem kveður á um samþykki Alþingis hvað þessar ákvarðanir varðar.

Um 79. gr.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar og taldar eru upp í 78. gr. frumvarpsins lúta að ákvæðum 1. tölul. 103. gr. EES-samningsins. Í 1. tölul. segir: „Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt. Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.“

Tilteknar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar heimila íslenskum yfirvöldum að fresta innleiðingu á tilteknum efnisákvæðum ákvarðananna. Þannig fela ákvarðanir nr. 133, 135, 136 og 137 í sér sérstakt 18 mánaða aðlögunartímabil sem nota á m.a. til að innleiða efnisákvæði sem varða búfjárafurðir. Ákvörðun nr. 134/2007 sem varðar innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 eða önnur þau ákvæði sem falla ekki undir 18 mánaða aðlögunartímann taka gildi þegar stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt efni sínu áttu þessi ákvæði að taka gildi 27. október 2007. Þar sem það tímamark er liðið þarf að skoða síðasta málslið 1. tölul. 103. gr. EES-samningsins en þar segir: „Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.“

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. desember 2009 sem þýðir að efnisákvæði sem ekki lúta aðlögunarfresti taka þá gildi. Ef stjórnskipulegum fyrirvara verður aflétt þá tekur 18 mánaða aðlögunartíminn að líða frá 1. febrúar 2010 að telja, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Þannig lýkur 18 mánaða aðlögunartímanum 1. ágúst 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í október 2007 heimilaði ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki Alþingis staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðauka og bókunum við EES-samninginn. Frumvarp þetta byggist að mestu á þeirri samþykkt. Með frumvarpinu er verið að taka inn í íslenska löggjöf gerðir Evrópusambandsins um matvæli og fóður að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er ekki afnumið og sama á við um alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur verður sem fyrr óheimill. Frumvarpið gerir ráð fyrir að með samþykkt þess muni matvælalöggjöf ESB taka gildi hérlendis. Þannig verði sömu heilbrigðiskröfur gerðar til matvælaframleiðslu hérlendis og á EES-svæðinu. Þetta á jafnt við um búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk og egg sem sjávarafurðir. Jafnframt munu að mestu gilda sömu lagareglur um matvælaeftirlit með þessum afurðum hérlendis og á EES-svæðinu.

Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að störf héraðsdýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu verði lögð niður en í þeirra stað komi stærri opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur. Í frumvarpinu er kveðið á um að starfsmönnunum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við undirbúning þessa frumvarps unnu Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið kostnaðaráætlun um ný og breytt verkefni á þessu sviði. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er komið í veg fyrir hagsmunaárekstra eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Flestir héraðsdýralæknar sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu við framleiðendur. Samkvæmt frumvarpinu verður að aðskilja þá starfsemi, en það kallar á breytingar á umdæmisskrifstofum Matvælastofnunar. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að umdæmisskrifstofur verði sex talsins, en þær eru nú 14. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri þeirra falli að fullu á Matvælastofnun en stofnunin greiðir nú hlut í 11 skrifstofum af 14. Einnig er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknar verði starfsmenn Matvælastofnunar sem sinni eingöngu opinberum eftirlitsstörfum. Því verða héraðsdýralæknar að hætta einkarekstri. Ekki er gert ráð fyrir að dýralæknum sem starfa fyrir stofnunina fækki við þessar breytingar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Ísland þurfi að sækja um viðbótartryggingu vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum (svo sem kjöti og eggjum). Til að geta gert það þarf að sýna fram á að salmonella sé fátíð í umræddum afurðum á Íslandi og til þess þarf stofnunin að fá samþykkta eftirlitsáætlun og gera umfangsmiklar rannsóknir, byggðar á sýnatökum. Jafnframt er gert ráð fyrir gerð gæðahandbókar, vinnu við eftirlits- og sýnatökuáætlanir og gerð innri úttektar á starfsemi Matvælastofnunar, Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og skoðunarstofa. Í þriðja lagi er nú gert ráð fyrir að taka inn í íslenska löggjöf reglur er varða aðskotaefni og lyfjaleifar. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir aukinni vinnu við Evrópugerðir og löggjöf

við fund fastanefnda og vinnuhópa ESB um fæðukeðjuna og dýraheilbrigði, fund með EFTA og tíðari eftirlitsferðir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til Íslands. Þá er reiknað með kostnaði vegna breytinga og reksturs á tölvuskráningarkerfi auk þátttökugjalds að Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

Í tengslum við kostnaðarþætti frumvarpsins voru í fjáraukalögum 2008 veittar 28,4 m.kr. til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og 62,5 m.kr. í fjárlögum 2009. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld Matvælastofnunar muni aukast um allt að 12,2 m.kr. árið 2010 vegna þeirra kostnaðarliða sem snúa að þessu frumvarpi og verði 66,7 m.kr. Við þá fjárhæð bætist 70 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna kostnaðar við upptöku Íslands á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Samtals er því áætlað að útgjöld Matvælastofnunar vegna þessara lagabreytinga verði um 136,7 m.kr. á ári þegar þær eru að fullu komnar fram. Auk þess má gera ráð fyrir að Ísland þurfi árlega að greiða 73.592 evrur í þátttökugjald að Matvælaöryggisstofnun en það gera um 13 m.kr. m.v. að skráð gengi evru sé 177 kr. eins og þar var þann 25. maí 2009.

18. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [18. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal, Höskuldur Þórhallsson,
Eygló Harðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 131., 132., 135. og 136. löggjafarþingi. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a. var lögð til sambærileg breyting. Í ljósi þess að umræða um þetta málefni hefur aukist, ekki síst í tengslum við umræður um stjórnlagaþing, er frumvarpið flutt enn að nýju.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin að baki slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Núna er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og á flokksþingi í mars 2007 var samþykkt ályktun í tengslum við umfjöllun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds þar sem segir að styrkja þurfi stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldinu og að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku og verði gert kleift að setjast aftur á þing, ljúki þeir ráðherradómi. Á flokksþingi í janúar sl. var enn fremur samþykkt ályktun þar sem segir að styrkja þurfi faglega stöðu nefnda og sérfræðiaðstoð við þingið og með því að styrkja stöðu þingflokka og þingmanna svo að þeir geti leitað sér óháðrar sérfræðiaðstoðar, auk þess sem ályktað var um að þingmenn segðu af sér þingmennsku væru þeir valdir til að gegna ráðherraembætti.

Um málið hefur skapast þverpólitísk sátt meðal ungra stjórnmálamanna sem samþykktu eftirfarandi ályktun um þrískiptingu ríkisvaldsins á Þingi unga fólksins árið 2007: „ÞUF telur nauðsynlegt að skýr skil séu á milli hinna þriggja greina ríkisvaldsins. Til að styrkja stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi er rétt að styrkja nefndasvið Alþingis og Þing unga fólksins telur að enginn skuli gegna þingmennsku og embætti ráðherra á sama tíma. Þing unga fólksins ítrekar að ráðherrar og forstjórar ríkisstofnana bera ábyrgð á ráðuneytum þeim og stofnunum sem þeir eru í forsvari fyrir. Það á ekki að líðast að ráðuneyti og ríkisstofnanir geti farið fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög kveða á um en þeim ber að fylgja rétt eins og öðrum lögum sem Alþingi setur.“

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Guðmundur Steingrímsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Illugi Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Magnús Orri Schram, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að hafa forgöngu um að gerð verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu þannig að unnt sé að taka vel á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem ferðast um hálendið án þess að ganga of nærri því.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi felur í sér að unnin verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendi Íslands undir forustu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Við vinnslu áætlunarinnar skal hafa samráð við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Íslands, aðra hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni eftir því sem við á, Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins og Skipulagsstofnun. Einnig er nauðsynlegt að leita til sérfræðinga, svo sem í ferðamálafræðum, við undirbúning og vinnslu áætlunarinnar. Rétt er að setja það markmið að ljúka gerð landnýtingaráætlunarinnar fyrir árslok 2015.

Fjölgun ferðamanna.

Ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað mikið síðustu áratugi. Þrátt fyrir efnahagsþrengingar á alþjóðavettvangi hefur heildarfjöldi ferðamanna staðið í stað það sem af er ári og jafnvel er um smávægilega aukningu að ræða. Síðustu fimm árin, 2003–2008, hefur erlendum ferðamönnum sem hingað koma fjölgað um 9,8% á ári. Um 502.000 erlendir ferðamenn sóttu landið heim árið 2008. Við þessa tölu bætast allir þeir Íslendingar sem ferðast um eigið land. Miðað við hlutfallslega aukningu síðasta áratug má vænta þess að yfir ein milljón erlendra ferðamanna sæki landið heim árið 2016 eða fljótlega upp úr því. Jafnframt má gera ráð fyrir að þeim íslensku ferðamönnum sem kjósa að ferðast innan lands muni fjölga mjög næstu missirin. Til að hægt sé að taka á móti auknum fjölda ferðamanna án þess að skemma viðkvæma náttúru eða upplifun ferðamannanna er grundvallaratriði að vinna landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku, sérstaklega á miðhálendinu.

Náttúran ímynd Íslands.

Sem ferðamannaland er Ísland kynnt á grundvelli hreinnar óspilltrar náttúru þar sem saman fer sérstætt og fjölbreytilegt landslag og ósnortin víðerni. Náttúran hefur um langan aldur verið helsta aðdráttarafl íslenskrar ferðaþjónustu og hafa mýmörg atvinnutækifæri skapast við afþreyingu sem tengist útivist og náttúruupplifun. Ísland er kynnt með þessum hætti í þeirri trú að markaðurinn fyrir hreina, upprunalega og villta náttúru sé stór og að sérstaða landsins liggi í henni. Kannanir Ferðamálastofu meðal erlenda ferðamanna sýna glögglega að vel hefur tekist til en 76% erlendra ferðamanna koma til að upplifa náttúruna (Ferðamálastofa 2006). Hálendið skipar þar mikilvægan sess en samkvæmt könnun Ferðamálastofu frá árinu 2008 fara um 26% erlendra ferðamanna í Landmannalaugar, vinsælustu náttúruperlu

hálendisins. Ferðaþjónusta sem byggir rekstrargrundvöll sinn að einhverju eða verulegu leyti á hálendinu er starfrækt víða á landinu og er hálendið þannig mikilvæg auðlind fyrir ferðaþjónustuna og órjúfanlegur hluti af aðdráttarafli margra svæða. Í svæðisskipulagi miðhálendisins kemur fram að megináhersla eigi að vera á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum í nánd við aðalfjallvegi. Þó virðist sem margir hafi komist upp með að byggja skála og aðra aðstöðu utan við allar reglur og skipulag og því hefur uppbygging aðstöðu á hálendinu í mörgum tilfellum verið handahófskennd.

Upplifun ferðamanna.

Til að forðast óafturkræfar breytingar á bæði náttúru og upplifun ferðamanna er brýnt að mótuð verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu. Slík áætlun þarf að taka mið af niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamennsku, annars vegar með hliðsjón af upplifun ferðamanna og hins vegar af umhverfinu. Á grundvelli slíkrar áætlunar er unnt að setja raunhæf markmið um að svæðið nýtist sem best til sem fjölbreytilegastrar útivistar og ferðamennsku án þess að gengið sé á auðlindina. Nauðsynlegt er að meta og kortleggja hvers konar og hversu mikla ferðamennsku er æskilegt að byggja upp á hálendinu og hvar á að byggja hana upp. Hvaða áhrif hefur t.d. fjölgun ferðamanna á umhverfið, hvar þarf að byggja upp aðstöðu fyrir gesti og hvers konar uppbygging er æskileg? Einnig er brýnt að kanna hvort vöxtur ferðamennsku á víðernunum er einhverjum takmörkunum háður og hvenær fjöldi ferðamanna er slíkur að umhverfið verði fyrir óviðunandi breytingum eða ferðamenn verði fyrir vonbrigðum með heimsókn sína þar sem þolmörkum er þegar náð – og þeir hætti þannig að koma og velji að fara annað. Með öðrum orðum, hvenær hætta ferðamenn sjálfir að njóta náttúrunnar vegna þeirrar ferðamennsku sem þar hefur byggst upp og vegna of mikils fjölda annarra ferðamanna? Samtök ferðaþjónustunnar hafa rætt framangreind mál og 25. febrúar 2007 ályktaði stjórn samtakanna gegn uppbyggðum vegi yfir Kjöl þar sem slík framkvæmd mundi gjörbreyta upplifun ferðamanna. Í ályktuninni segir að stjórnin leggist gegn þeim tillögum sem kynntar hafa verið um uppbyggðan veg yfir Kjöl og tilgreindar eru nokkrar ástæður, svo sem „Vegur af þeirri gerð sem hér er rætt um sviptir hálendið sérkennum sínum og þeirri öræfastemningu sem ferðamenn sækjast eftir. Hálendi landsins hefur mikið gildi fyrir þjóðina og með því að leggja uppbyggða samgönguæð í gegnum eitt helsta hálendissvæðið er verið að spilla verulega þeirri upplifun sem menn sækjast eftir.“

Víðernin.

Sérstaða Íslands felst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er. Stórir hlutar þess eru enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem flestar aðrar vestrænar þjóðir hafa ekki og geta aldrei öðlast. Íslendingar hafa tækifæri til að vernda þessa sérstöðu. Á Íslandi er hægt að taka frá stór ósnortin víðerni, náttúrulegar heildir, og varðveita víðernin þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirra, geti leitað þar lífsfyllingar og þekkingar. Ósnortin víðerni eru í hugum margra tákn fyrir einfaldleika, kyrrð og ró sem veitir þeim ferðalöngum sem þangað fara ákveðna lífsfyllingu, en það er einkum fámennið og fjarvera hins manngerða sem gerir ferðalög um víðernin áhugaverð. Hér er á ferðinni ákveðin mótsögn. Hún felst í því að aðdráttarafl víðerna byggir á ímyndinni um ósnortna náttúru en á móti kemur að ferðamennirnir breyta víðernunum með komu sinni. Á fjölsóttum ferðamannastöðum krefst ferðamennska ákveðinna innviða, en með þeim er í raun búið að „spilla“ víðernunum. Auknir innviðir leiða síðan til aukins fjölda ferðamanna sem aftur kallar

á frekari uppbyggingu innviða. Því getur verið erfitt að viðhalda eiginleikum víðernanna. Nauðsynlegt er að skipuleggja ferðamennsku á þann hátt að hún grafi ekki undan tilvist sinni. Ferðamennska umfram ákveðin mörk getur haft mjög neikvæð áhrif í för með sér og oft hefur verið sagt að ferðamennska sé versti óvinur sjálfrar sín. Hin neikvæðu áhrif geta gert það að verkum að svæði missa aðdráttarafl sitt og hvergi er þetta brothættara en einmitt á hálendinu þar sem náttúran er viðkvæm og gert er út á ímynd hins „óspillta“. Ósnortið víðerni er skilgreint svo í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd: „Landsvæði sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“

Engar rannsóknir eru til um ástand íslenskra víðerna en augljóst er að mjög hefur verið þrengt að þeim síðastliðinn áratug. Í Háskóla Íslands hefur verið lagður grunnur að kortlagningu ósnortinna víðerna m.t.t. fyrrgreindra laga og með tiltækum gögnum frá Landmælingum Íslands. Fyrstu niðurstöður þeirrar kortlagningar sýna að 42% landsins flokkast til ósnortinna víðerna, og þá er ekki tekið tillit til raflína Landsnets nema að litlu leyti þar sem slík gögn eru ekki aðgengileg. Samkvæmt þessari flokkun eru ósnortin víðerni án jökla innan við 31% landsins. Það er því mjög brýnt að huga vel að þessum landsvæðum og meta hvernig við viljum sjá þau í framtíðinni.

Íslensk víðerni sem eru a.m.k. 25 km^2 að stærð (ljósgrænt). Svæði > 50km^2 (grænt) og svæði > 100 km^2 (dökkgræn).[1]



[1] Rannveig Ólafsdóttir, 2008: Íslensk víðerni: hrein ímynd eða ímyndun? Þróun aðferða við mat og kortlagningu ósnortinna víðerna í LUK. Í: Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.): Rannsóknir í félagsvísindum IX, Viðskipta- og hagfræðideild. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 469–481.

Undirbúningsvinna.

Afla þarf gagna til að unnt sé að vinna landnýtingaráætlun. Undirbúningur að slíkri gagnaöflun hefur farið fram. Tækniþróunarsjóður veitti árið 2007 styrk til forverkefnis til að undirbúa rannsókn sem hafði það markmið að leggja fram landnýtingaráætlun á suðurhluta hálendis Íslands. Verkefnið vann Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands ásamt Rögnvaldi Ólafssyni, dósent í eðlisfræði og forstöðumanni Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, og Rannveigu Ólafsdóttur, dósent í ferðamálafræðum Háskóla Íslands og sérfræðingi við Rannsóknamiðstöð ferðamála. Í samantekt á vef Rannís kemur eftirfarandi fram um niðurstöður verkefnisins:

„Niðurstaða forverkefnisins er því að í aðalverkefninu verði hafður sá háttur á að lagt verður mat á áhrif ferðamennsku með því að finna þolmörk (félagsleg og umhverfisleg) helstu ferðamannastaða á suðurhluta hálendisins. Einnig verður safnað upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum, bæði í héraði og á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er að fá fram hvernig hagstæðast er að nýta hvert svæði á hálendinu fyrir ferðamennsku þannig að nýtingin henti umhverfinu sem best og þeirri ferðamennsku sem svæðinu hentar sem og markmiðum þeirra sem reka þar ferðaþjónustu. Fundnir verða markhópar fyrir hvert svæði sem henta eðli og umhverfi þess. Sem dæmi má nefna að á einu svæði gæti verið stefnt að þjónustu fyrir göngufólk, á öðru fyrir hestaferðir og á enn öðru fyrir jeppafólk og þá sem ferðast á vélsleðum.“

Í verkefninu á, í samráði við ferðaþjónustuna, að meta niðurstöðurnar til að leggja fram áætlun að landnýtingu fyrir ferðamennsku á hálendinu sem hefur það að meginmarkmiði að svæðið nýtist sem best til sem fjölbreytilegastrar útivistar og ferðamennsku án þess að gengið sé á auðlindina sem verið er að selja. Það verður í fyrsta lagi gert með því að taka mið af mismunandi forsendum þeirra markhópa sem höfða má til og ferðaþjónustan vill ná til og í öðru lagi með því að taka tillit til þess hvers konar ferðamennsku náttúrulegt og manngert umhverfi þolir. Á þennan hátt verður unnt að tryggja að landið nýtist áfram sem auðlind fyrir atvinnugreinina ferðaþjónustu og halda þeirri markaðslegri sérstöðu sem landið býr yfir. Ef það er ekki gert er hætta á að landið missi smám saman sérstöðu sína og glati til annarra landa þeim markhópi sem sækir í ævintýri í sérstæðri náttúru og á víðernum. Verkefni þetta hefur einungis fengið forverkefnisstyrk frá Rannís en umsóknum til aðalverkefnis hefur verið hafnað. Ferðamálastofa og Vegagerðin hafa hins vegar styrkt hluta verkefnisins á Kili.

Tekjuöflun.

Þótt tekjuöflun sé ekki innihald þingsályktunartillögu þessarar tengist hún landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku því það kostar fjármuni að skipuleggja og byggja upp innviði til að taka á móti vaxandi fjölda ferðamanna án þess að ganga um of á landið. Nefna má í þessu sambandi að nú eru sjö salerni á Hakinu í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í ár og næsta ár verður 14 bætt við þannig að salernin á Hakinu verða orðin 20 að tveimur árum liðnum. Svo mörg þurfa þau að vera til að anna sívaxandi fjölda ferðamanna en dæmi eru um að 1.800 manns hafi verið á Hakinu á sama tíma, sérlega þegar skemmtiferðaskip eru í Reykjavíkurhöfn. Skattgreiðendur standa straum af kostnaði vegna þessa nú. Svara þarf spurningum eins og hver á að standa undir kostnaði við skipulagningu, áætlanagerð og uppbyggingu svo sem göngustíga, útsýnispalla, upplýsingaskilta og salerna? Hver á að greiða uppbyggingu innan þjóðgarða og annarra vinsælla ferðamannastaða? Nokkrar leiðir hafa verið til umræðu í þessu sambandi. Þær eru að leggja lögbundið gjald á fyrirtæki í ferðaþjónustu, innheimta aðgangseyri af ferðamönnum á einstökum svæðum, leggja gistináttagjald á hverja gistinótt, nýta hluta

veggjaldsins (4% veggjalds gæfi um 500 millj. kr.), eða lögbinda gjald sem yrði tekið af ferðamönnum og innheimt við brottför úr landi (400 kr. á hvern ferðamann gæfu um 400 millj. kr.). Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gefið til kynna að á næstunni verði unnið að því að svara framangreindri spurningu um tekjuöflun, en þar segir: „Kannaður verði grundvöllur þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem renni til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsóttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðaþjónustu.“

Ályktun SAF um landnýtingaráætlun fyrir ferðaþjónustuna.

Þingsályktunartillaga þessi er í anda ályktunar sem Samtök ferðaþjónustunnar samþykktu á aðalfundi sínum í mars 2007 en þar segir: „Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 29. mars 2007 skorar á stjórnvöld að vinna landnýtingaráætlun með þarfir ferðaþjónustunnar í huga á sama hátt og fyrirliggjandi tillaga á Alþingi gerir varðandi nýtingaráætlun og verndaráætlun fyrir auðlindir landsins bæði til lands og sjávar. Nýting náttúruauðlinda til ferðaþjónustu er mikilvæg og þarf að kortleggja til að hægt sé að undirbúa fjárfestingu í innviðum og markaðsstarfi.“

Rétt er að geta þess að nú er beðið niðurstaðna 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Sú áætlun er mjög mikilvæg en markmið hennar er að meta og forgangsraða á faglegan og hlutlægan hátt vernd og nýtingu íslenskrar náttúru gagnvart virkjunarkostum fallvatna og háhitasvæða.

Landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku er ekki síður mikilvæg og má benda á að gjaldeyristekjur Íslands árið 2008 skiptust þannig að 29,7% voru af stóriðju, 26,3% af sjávarafurðum og 16,9% af erlendum ferðamönnum. Talið er að velta innan ferðaþjónustunnar árið 2008 hafi verið 180 milljarðar kr., þ.e. 110 milljarðar kr. í gjaldeyristekjur og 70 milljarða kr. innlend velta. Árið 2006 var sambærileg heildartala 135 milljarðar kr.


MIÐHÁLENDI ÍSLANDS
Svæðisskipulag 2015
Tengsl mannvirkjabelta
við helstu landnotkunarþætti
Skýringar
NÁTTÚRUVERÐMÆTI SVÆÐI
ALMENN VERÐMÆTI SVÆÐI
MANNVIRKJABELTI
JARÐMIÐSTÖÐVAR
HÁLENDISMIÐSTÖÐVAR
SKÁLAR
AÐALFLUTNINGSLEIÐIR
FJALLVEGIR
NÚVERANDI HÁSPENNULÍNUR
FYRIRHUGAÐAR HÁSPENNULÍNUR
STOFNVEGIR
TENGIVEGIR
MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
Landnotkunarkort nr. 6
Vatnajökull
Hofsjökull
Langjökull
Myrdals-jökull
Kjölur
Sprengisandur
Gríms-vötn
Askja
Dyngjujökull
Trölladyngja
Ódáðahraun
Mývatn
Akureyri
Reykjavík
Vestmannaeyjar
Hekla
Þórisvatn
Kerlingarfjöll
Hveravellir
Kárahnjúkar
Snæfell
Eyjabakkar
Brúarjökull
Öskjuvatn
Kverkfjöll
Skaftafell
Grímsvötn
Lónsöræfi
Hofsjökull
Höfn
Egilsstaðir
Seyðisfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Djúpivogur
Jökulsá á Fjöllum
Jökulsá á Brú
Lagarfljót
Fellabær
Egilsstaðir
Hallormsstaður
Vopnafjörður
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Húsavík
Laugar
Mývatn
Akureyri
Varmahlíð
Sauðárkrókur
Skagaströnd
Blönduós
Hvammstangi
Hólmavík
Borgarnes
Akranes
Reykjavík
Hveragerði
Selfoss
Þorlákshöfn
Stokkseyri
Eyrarbakki
Hella
Hvolsvöllur
Vík
Kirkjubæjarklaustur
Skaftafell
Jökulsárlón
Höfn
mkv. 1 : 1 000 000
0 5 10 15 30 40 50 km

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Vigdís Hauksdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi (430. mál) og 136. löggjafarþingi (45. mál).

Á undanförnum árum hefur mikil umræða skapast um transfitusýrur sem finnast í ýmsum matvælum. Neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu, sem þó er vel þekktur áhættuvaldur fyrir slíka sjúkdóma. Þannig valda þær hækkun á LDL-kólesteróli (slæmu kólesteróli) og lækkun á HDL-kólesteróli (því góða). Að auki eykur neysla hertrar fitu/transfitusýra hættu á offitu og sykursýki 2. Líkur á hjarta- og æðasjúkdómum eru taldar aukast um 25% ef neytt er 5 g af hertri fitu á dag. Auðvelt að fá margfalt það magn eingöngu í einni máltíð.

Transfitusýrur myndast þegar olía er hert en hörð fita er notuð til að matvæli fái ákveðna eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir, svo sem aukið geymsluþol. Einkum er um að ræða matvörur þar sem bökunarsmjörlíki eða djúpsteikingarfeiti sem inniheldur herta fitu er notað við framleiðslu. Þær vörur sem mögulega innihalda transfitusýrur eru t.d. smjörlíki, steikingarfeiti, kökur og kex auk franskra kartaflna. Þá inniheldur djúpsteiktur skyndibitamatur, örbylgjupopp, snakk og sælgæti í mörgum tilvikum umtalsvert magn transfitusýra. Frá náttúrunnar hendi má svo finna transfitusýrur t.d. í rjóma og smjöri. Dæmi eru um að hert fita geti verið allt að 60% af heildarfitumagni í matvöru.

Steen Stender, yfirlæknir á Gentofte Hospital í Danmörku, hefur rannsakað magn transfitusýra í völdum fæðuflokkum, skyndibita, kexi, kökum og örbylgjupoppi, en þar kemur í ljós að Ísland er í 8. sæti á lista 24 þjóða sem rannsóknin náði til. Magnið sem kemur fram í töflunni hér á eftir er meðaltalsmagn í þessum fæðuflokkum og miðast við 100 g:

Ungverjaland	42 g
Tékkland	41 g
Pólland	39 g
Búlgaría	38 g
Bandaríkin	36 g
Kanada	36 g
Perú	36 g
Ísland	35 g
Rúmenía	30 g
Suður Afríka	29 g
Frakkland	25 g

Þýskaland	25 g
Portúgal	24 g
Spánn	24 g
Bretland	24 g
Holland	23 g
Rússland	23 g
Austurríki	22 g
Ítalía	21 g
Noregur	16 g
Svíþjóð	14 g
Finnland	10 g
Sviss	5 g
Danmörk	0,4 g

Það vekur óneitanlega athygli að Ísland skuli raða sér á bekk með Austur-Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum í þessum efnum og tróna á toppnum þegar Norðurlandaþjóðirnar eru skoðaðar. Steen Stender fullyrðir jafnframt út frá rannsóknum sínum að transfitusýrur séu ágætar í skóáburð og koppafeiti en eigi ekkert erindi í matvæli sem ætluð eru til manneldis.

Samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er æskilegt að neysla transfitusýra fari ekki yfir 2 g á dag. Rannsóknir á neysluháttum Íslendinga gefa til kynna að neysla á transfitusýrum sé hér nokkuð hærri en þau mörk og hærri en sambærilegar neyslutölur hjá mörgum öðrum Evrópuþjóðum. Neysla á transfitusýrum hefur minnkað um tæplega þriðjung á sl. tveimur áratugum. Vegur þar þyngst minni smjörlíkisneysla og það að samsetningu smjörlíkis hefur verið breytt. Enn sem komið er skipa Íslendingar sér þó á bekk með þeim sem neyta mestrar hertrar fitu eða um 3,5 g sem er tæplega tvöföld sú neysla sem mælt er með.

Hérlendis er ekki skylda að merkja matvöru með næringargildismerkingu. Engar reglur eru í gildi um leyfilegt magn hertrar fitu í matvælum og engar reglur eru til um merkingar matvöru varðandi magn þessarar fitu. Neytendum er því ekki gefinn kostur á að forðast transfitusýrur þó að vilji sé fyrir hendi.

Danir settu árið 2003 reglur sem kveða á um að það feitmeti sem reglurnar ná til megi ekki innihalda meira en tvö grömm af transfitusýrum per hundrað grömm af fitu. Þessar reglur ná þó ekki til transfitusýra sem eru í vörunni frá náttúrunnar hendi. Evrópusambandið samþykkti reglurnar í upphafi en eftir kæru frá tveimur matvælaframleiðendum, sem töldu þær hindra frítt flæði matvöru innan sambandsins, gerði það athugasemd og óskaði eftir að Danir felldu reglurnar niður þar sem þær kynnu að hindra frítt flæði matvöru innan ESB. Danir neituðu og voru tilbúnir að fara með málið fyrir Evrópudómstólinn en sambandið féll frá málaferlum á hendur Dönum því að sýnt þótti að Danir væru með þessu að sporna við hugsanlegu heilsutjóni þegna sinna af völdum óæskilegs mataræðis, sem felst í neyslu transfitusýra, og að sú niðurstaða byggist á viðurkenndum vísindarannsóknum. Með því hefur Evrópusambandið tekið afstöðu til þess að það beri að lágmarka transfitusýrur í matvælum ekki eingöngu í Danmörku heldur á öllu Evrópusambandssvæðinu.

Danmörk er því fyrsta landið í heiminum til að setja takmarkandi reglur um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum og gilda þær einnig um innflutt matvæli. Brot á reglunum geta kostað tveggja ára fangelsi. Reynsla Dana sjálfra af þessum reglum er sú að enn er mikið magn matvæla flutt inn frá löndum sem ekki hafa sett sér reglur um hámark transfitusýra en

í mörgum tilvikum hafa matvælaframleiðendur breytt framleiðsluháttum sínum til að koma til móts við hinar nýju reglur.

Bandaríkjamenn hafa valið þá leið að setja reglugerð um merkingar á matvælum þannig að hlutfall transfitusýra/hertrar fitu komi skýrt og greinilega fram á umbúðum og síðan er neytendum gert að velja hvort þeir neyta matvælanna eða ekki. Talið er að innleiðing slíkra reglna sé tímafrek og hún kosti eftirlitskerfið mjög mikið auk þess sem innleiðing og upplýsing til alls almennings taki langan tíma og sé erfið í framkvæmd. Þess utan er hægara sagt en gert að afla upplýsinga um innihald matvöru, rýna þarf í innihaldslýsingar og þekkja mismunandi heiti hertrar fitu til að eiga möguleika á að forðast hinar hættulegu transfitusýrur. Best væri þó ef neytendur veldu olíur og mjúka fitu í stað hinnar hertu. Þá benda rannsóknir til þess að lýsisneysla vinni gegn neikvæðum afleiðingum af neyslu transfitusýra. Bandarísku reglurnar ná þó ekki til veitingastaða þar sem maturinn er ekki í umbúðum en heilbrigðisnefnd New York borgar hefur frá júlí 2007 bannað notkun transfitusýra á veitingastöðum.

Með þingsályktunartillögu þessari er því beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja reglur, sambærilegar þeim dönsku, enda má ætla að fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á transfitusýrum.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Atli Gíslason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Eygló Harðardóttir,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

2. og 3. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fella brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Eftir stendur fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 136. löggjafarþingi. Málið var þá til meðferðar hjá allsherjarnefnd og var afgreitt 30. mars sl. Nefndin mælti með því að frumvarpið yrði samþykkt með þeirri breytingu að lögin tækju gildi 1. september 2009. Málið komst ekki til 2. umræðu og var endurflutt á 137. löggjafarþingi, en komst ekki til 2. umræðu þá heldur.

Þá var frumvarp sama efnis lagt fram á 135. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Málið var sent til nokkurs fjölda umsagnaraðila og bárust alls níu umsagnir. Fimm umsagnaraðilar lýstu yfir stuðningi við efni frumvarpsins; Alþjóðahús, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaathvarfið og Rauði kross Íslands. Félag íslenskra stórkaupmanna, Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið tóku ekki afstöðu og Viðskiptaráð gerði ekki athugasemdir.

Á 133. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um heildarendurskoðun laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, sem gerði ráð fyrir breyttri skilgreiningu veitingastaða. Frumvarpið varð að lögum nr. 85/2007 og samkvæmt þeim var felldur niður flokkurinn „næturklúbbar“ sem samkvæmt eldri lögum gerði ráð fyrir að legðu aðaláherslu á „áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni“. Með 4. gr. núgildandi laga eru svokallaðir „umfangsmiklir áfengisveitingastaðir“ allir settir í einn og sama flokkinn. Á slíkum stöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru, með þeirri undantekningu þó að ef jákvæðar umsagnir fást frá umsagnaraðilum skv. 10. gr. laganna þá geti leyfisveitandi heimilað nektardans í rekstrarleyfi ef þess er óskað.

Nokkrar umræður urðu um undanþáguákvæðið við 2. umræðu um frumvarpið og var upplýst að fulltrúar sveitarfélaganna, sem komu fyrir samgöngunefnd, hefðu viljað fá staðfestan þann skilning sinn að nóg væri að einn umsagnaraðili legðist gegn því að nektardans yrði heimilaður í rekstrarleyfi veitingastaðar til þess að synja mætti um leyfið. Sá skilningur er eðlilegur enda um undanþágu frá meginreglu að ræða og því réttast að skýra hana þröngt. Frá þeim tíma hefur ríkt nokkur óvissa um rekstrarleyfi þriggja veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu, Goldfinger í Kópavogi og Óðals og Vegas í Reykjavík. Höfðu staðirnir óskað eftir heimild til að bjóða upp á nektardans í endurnýjuðum rekstrarleyfum sínum. Mál Goldfingers í Kópavogi kom fyrst til kasta leyfisveitanda, sem er sýslumaðurinn í Kópavogi. Lögreglu-

stjórinn á höfuðborgarsvæðinu er lögboðinn umsagnaraðili um rekstrarleyfi veitingastaða og lagðist hann gegn því að leyfið yrði veitt með ýmsum rökum sem lesa má í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Á grundvelli umsagnar lögreglustjórans synjaði sýslumaðurinn í Kópavogi Goldfinger því um leyfið. Sú stjórnvaldsákvörðun var kærð til dómsmálaráðherra sem felldi úrskurð í málinu 15. maí 2008 og er sá úrskurður fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins eru umsagnir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem á endanum urðu tvær, sagðar hafa verið haldnar verulegum efnisannmörkum, sem leiddi til ógildingar ákvörðunar sýslumannsins í Kópavogi. Þá beindi ráðuneytið því til sýslumannsins að hann leitaði eftir nýrri umsögn lögreglustjórans áður en hann tæki veitingu umræddsleyfis til meðferðar á ný. Málinu lyktaði með því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út nýja umsögn þar sem í ljósi úrskurðar dómsmálaráðuneytisins þótti ekki fært annað en að mæla með því að leyfið yrði veitt.

Á sama tíma hafði borgarráð Reykjavíkurborgar til umfjöllunar endurnýjuð leyfi fyrir veitingastaðina Óðal og Vegas þar sem báðir staðirnir óskuðu eftir að fá heimild til að bjóða upp á nektardans. Ráðið hafði áður samþykkt að mæla ekki með því að slík leyfi yrðu veitt. Þegar úrskurður dómsmálaráðuneytisins lá fyrir þótti borgarráði hins vegar ekki fært annað en að veita jákvæða umsögn og gerði það á fundi sínum 28. ágúst 2008 með svohljóðandi bókun:

„Nýlegur úrskurður dómsmálaráðuneytisins varðandi nektardans á veitingastaðnum Goldfinger í Kópavogi vekur áleitnar spurningar um hvort 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/ 2007, sem kveður á um bann við slíkri starfsemi, sé gagnslítil. Í borgarstjórn ríkir þverpólitísk samstaða um að vinna beri gegn klámvæðingu því skorar borgarráð á Alþingi Íslendinga að breyta lögum þannig að sem fyrst fáist skýrar lagaheimildir til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða.“

Eins og málsmeðferð og samfélagsumræðan um þau rekstrarleyfi sem nú hefur verið sótt um gefur til kynna þá ríkir mikil óvissa um túlkun 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007. Nauðsynlegt er að vilji löggjafans sé skýr í þessum efnum sem öðrum og því er lagt til að undanþáguákvæði 4. gr. verði fellt brott. Eftir mun þá standa fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úrskurður dómsmálaráðuneytis frá 15. maí 2008 vegna kæru á synjun sýslumanns um rekstrarleyfi. Birt á vef dómsmálaráðuneytis.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson, Illugi Gunnarsson, Ólöf Nordal, Kristján Þór Júlíusson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Pétur H. Blöndal, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum, til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 136. löggjafarþingi (363. mál).

Mikil umræða hefur átt sér stað um svokallaða skilaskyldu á ferskum matvörum. Skilaskyldan felur í sér að kjósi verslunareigandi svo, getur hann sér að kostnaðarlausu krafist þess að framleiðandi taki til baka framleiðsluvörur sem eru að nálgast síðasta söludag. Þetta á við um íslenskar matvörur en ekki þær erlendu.

Margir íslenskir matvælaframleiðendur telja að þetta fyrirkomulag skapi mikla skekkju í samkeppnisumhverfinu. Innlendir framleiðendur þurfi að bera kostnað af þeirri rýrnun sem hlýst af því að vöru er skilað en sá sem flytur inn matvörur geti komið ábyrgðinni og kostnaðinum af sér yfir á herðar kaupmannsins. Þetta fyrirkomulag leiði síðan til þess að það skapist hvatning fyrir seljanda vörunnar að halda fremur fram þeirri vöru sem ekki er með skilaskyldu, til þess að tryggja að kostnaðurinn af rýrnun falli ekki á hann.

Þau sjónarmið hafa á hinn bóginn heyrst af hálfu seljenda að í skilaskyldu felist trygging fyrir því að ekki verði óeðlileg birgðasöfnun í verslun, með tilheyrandi kostnaði og rýrnun sem að lokum falli á neytendur í hærra vöruverði. Þess ber þó að geta að margir birgjar sjá sjálfir um að fylla á í búðunum og stýra magni, að minnsta kosti að mestu leyti.

Mjög mikilvægt er að um þessi mál gildi sanngjarnar leikreglur sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi hinnar gríðarlegu samþjöppunar í matvöruverslun sem hefur orðið hér á landi, þar sem tvær verslunarkeðjur ráða drýgstum hluta markaðarins.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Guðbjartur Hannesson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Ólína Þorvarðardóttir,
Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Sérstaklega verði hugað að möguleikum á aukinni raforkuvinnslu á Vestfjörðum, svo sem með byggingu Hvalárvirkjunar og stækkun Mjólkárvirkjunar, auk annarra virkjunarkosta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 137. löggjafarþingi (119. mál) en komst þá ekki á dagskrá og er því endurflutt.

Mjög mikið vantar á að afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum sé viðunandi. Þetta afleita ástand stendur atvinnulífi fyrir þrifum, skapar mikinn kostnað, veldur óþægindum í heimilisrekstri og daglegu lífi fólks og er þrándur í götu þess að unnt sé að byggja upp ný atvinnutækifæri á Vestfjörðum. Þess vegna er afar brýnt að úr þessu verði bætt.

Ekki er eftir neinu að bíða. Hið slæma ástand er staðreynd. Gögn liggja fyrir um hvaða kostir eru í boði til úrbóta. Það er þess vegna komið að því að móta tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, tryggja fjármögnun til verksins og að hrinda því í framkvæmd.

Nú liggur fyrir skýrsla frá Landsneti um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslan kom út í mars sl. og er aðgengileg á vef Landsnets undir útgefið efni. Hún lýsir ástandinu og dregur fram þá kosti sem eru til staðar til þess að koma slæmu ástandi í viðunandi horf. Jafnframt er lagt mat á stöðu mála á Vestfjörðum og þar segir: „Áreiðanleiki afhendingar frá flutningskerfi Landsnets er lægstur á Vestfjörðum. Meginástæða þess er einföld tenging Vestfjarða við flutningskerfið, frá Hrútatungu til Mjólkár. Línurnar sem um ræðir eru Glerárskógalína 1 (GL1), Geiradalslína 1 (GD1) og Mjólkárlína 1 (MJ1). Þessu til viðbótar eru truflanir á 66 kV flutningslínum Landsnets á Vestfjörðum.“

Þá er í skýrslunni enn fremur lagt mat á þann samfélagslega kostnað sem liggur í þeirri bágu stöðu mála sem ríkir varðandi afhendingaröryggi raforkunnar á Vestfjörðum. Um það er meðal annars sagt í skýrslunni: „Meginhluti kostnaðar sem straumleysi veldur liggur í þeim samfélagslega kostnaði sem fylgir straumleysi. Meðaltal samfélagslegs kostnaðar vegna straumleysis árin 2002–2008, að teknu tilliti til keyrslu varaafls, á Vestfjörðum er 84 m.kr./ári. Meðalkostnaður Landsnets, vegna tapaðs flutnings og keyrslu varaafls, er hins vegar ekki nema10,4 m.kr./ári miðað við sama tímabil.“

Í skýrslunni eru dregnir saman helstu kostir sem kunna að vera til staðar til þess að ráða bót á hinu slaka afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum. Þar er helst nefnt:

1. Endurbæta varaafl með ýmsum hætti.
2. Styrking flutningskerfisins með tvöföldun Vesturlínu frá Hrútatungu til Mjólkár og styrkingu á núverandi Vesturlínu.

3. Uppbygging orkuframleiðslu með virkjunum á Vestfjörðum. Er þar einkum nefnd gerð Hvalárvirkjunar, stækkun Mjólkárvirkjunar og ýmsir aðrir virkjunarmöguleikar svo sem Hestfjarðarvirkjun í Ísafjarðardjúpi.

Séu þessir kostir skoðaðir, er ljóst að virkjun á Vestfjörðum er besta leiðin til þess að tryggja afhendingaröryggi á raforku, er ígildi tvöfaldrar raforkutengingar inn á svæðið og styrkir forsendur til frekari atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum. Endurbætur á varaafli yrði aldrei fullnægjandi leið fyrir Vestfirðinga og þjónaði síst af öllu framtíðarhagsmunum svæðisins. Tvöföldun Vesturlínu er verulega kostnaðarsöm, skilar Landsneti ekki viðbótartekjum, samfélaginu ekki verulegum ábata og er ekki arðsöm, hvorki fyrir Landsnet né þjóðhagslega.

Á vegum Orkubús Vestfjarða hafa farið fram miklar athuganir á hugsanlegum virkjunarkostum á Vestfjörðum. Hefur þegar verið lagt í allmikinn kostnað við þessa vinnu og dregnar saman talsverðar upplýsingar sem að gagni koma. Hins vegar þarf að vinna að frekari rannsóknum og má ekki mikinn tíma missa við það verkefni. Fyrirtækið VesturVerk ehf. hefur aflað sér virkjunarheimilda vegna mögulegrar Hvalárvirkjunar en framvinda málsins mun ráðast mjög af viðbrögðum stjórnvalda.

Hvalárvirkjun er eini nýi virkjunarkostur Vestfjarða eins og nú standa sakir sem gæti bætt raforkuöryggi Vestfjarða og hægt væri að hefja framkvæmdir við strax án ágreinings um vatnsréttindi, land eða annað það er að slíkri framkvæmd snýr. Hvalárvirkjun er hins vegar ekki arðbær framkvæmd nema tengigjald virkjunarinnar verði að fullu fellt niður. Jafnvel án tengigjalds er virkjunin þó áfram dýr og við undirbúning hennar hefur því verið gert ráð fyrir hækkandi orkuverði í framtíðinni. Ætlunin er að kosta miklu til við gerð hennar þannig að hún verði umhverfisvæn og er ráðgert að hún verði meira og minna neðanjarðar.

Lykillinn að því að unnt sé að ráðast í gerð Hvalárvirkjunar er því að fellt verði niður tengigjald vegna hennar. Hafa Ísafjarðarbær, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Orkubú Vestfjarða sent sameiginlega áskorun til ríkisstjórnarinnar um að tengigjöld vegna Hvalárvirkjunar verði greidd úr ríkissjóði, sjá fylgiskjal III.

Þá hafa Fjórðungssamband Vestfirðinga (bréf dagsett 16. apríl) og Ísafjarðarbær (bréf dagsett 3. apríl) sent nefnd um endurskoðun raforkulaga erindi þess efnis að tillit verði tekið til aðstæðna á Vestfjörðum þegar raforkulög verða endurskoðuð svo að fella megi niður tengigjald virkjunarinnar. Áætlað tengigjald virkjunarinnar er á bilinu 2,3–3,3 milljarðar kr. samkvæmt skýrslu Landsnets.

Hér er því mikið í húfi og ljóst að með aðkomu ríkisins væri hægt að stuðla að byggingu Hvalárvirkjunar og leysa með farsælum hætti eitt brýnasta hagsmunamál Vestfirðinga nú um stundir. Eins og á hefur verið bent hér að framan verður kostnaður við flutningsmannvirki, þ.e. gerð flutningslínu frá Hvalárvirkjun inn á helsta orkunotkunarsvæðið á Vestfjörðum, ekki borinn uppi að fullu af sölu rafmagnsins. Þar þyrfti að koma til fjármagn frá ríkisvaldinu eða niðurfelling tengigjalds. Á móti verður þó að benda á að aðrir kostir sem hafa verið skoðaðir fela einnig í sér kostnað sem ríkisvaldið mun bera.

Þessi mál hafa verið tekin upp á Alþingi, meðal annars að frumkvæði fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu (399. mál 136. löggjafarþings). Í umræðum um málið kom fram ríkur vilji þáverandi iðnaðarráðherra Össurar Skarphéðinssonar að leggja uppbyggingu á Hvalárvirkjun lið. Í umræðunni sem fram fór 18. mars sagði ráðherra: „Að því er snýr beint að aðkomu ríkisins að Hvalárvirkjun þá hef ég sagt, og ég ítreka það hér, að ég tel að það komi til álita að styðja sérstaklega við gerð virkjunarinnar að því marki sem lög og fjárhagur ríkisins heimila. En ástæðan fyrir þessu er í reynd þau rök sem komu fram hjá hv. þingmanni [þ.e Einari K. Guðfinnssyni] í framsögu hans fyrir fyrirspurninni. Hún er sú að í Hvalárvirkjun

felst bæði ábati fyrir Landsnet, sem meta má á 500 millj. kr., og sömuleiðis samfélagslegur ábati, sem er metinn á yfir 2 milljarða kr., og það verður auðvitað að bera saman aðra kosti sem eru í þessari stöðu. Af því dreg ég þá ályktun að sá skynsamlegi kostur hljóti að koma til greina að Hvalárvirkjun njóti að minnsta kosti góðs af þeim ábata sem mundi fylgja henni sjálfri. Þá verður í þessum vangaveltum að hafa það í huga að framleiðsla og sala á raforku er samkeppnisstarfsemi þannig að það setur því ákveðnar skorður hversu langt er hægt að ganga í beinum stuðningi við virkjunina.

Ég hef áður sagt að það þurfi að skoða hvað lög heimila á þessu sviði og það er þannig að svigrúmið til þess að taka tillit til þessa samfélagslega ábata er að mínu mati ekki nægilega vítt. Það þrengir þessa möguleika. Í þeirri endurskoðun sem stendur yfir á raforkulögum tel ég að sérstaklega þurfi að skoða þetta atriði. Ég tel sem sagt að þegar menn standa andspænis þeim möguleika að búa til orku með þessum hætti og spara samfélaginu þannig upphæð þá verði það að vera kleift. En það eru mjög þröngar skorður sem slíkum áformum eru settar samkvæmt núgildandi lögum.“

Síðar í umræðunni sagði ráðherra enn fremur: „Ég tel að það yrði mikið heillaspor ef tækist að koma málum svo fyrir að unnt væri að ráðast í þessa framkvæmd. Ég tel að það yrði heillaspor fyrir Vestfirðina og það skiptir líka máli fyrir ríkisstjórnina að geta tryggt að allir íbúar landsins búi við sambærilegt stig hvað varðar orkuöryggi. Mér hefur oft fundist sem menn skilji ekki að afhending orku og flutningur á orku er partur af samfélagsgerðinni og þegar við erum að tala um grunnþættina eigum við líka að beina sjónum okkar að þessum þætti.“

Af þessu má sjá að ríkur pólitískur vilji er til þess að taka á þessum málum. Til þess að hrinda verkinu í framkvæmd þarf hins vegar að móta skýra stefnu, tímasetja verkefnið og hrinda því í framkvæmd. Þess vegna er þingsályktunartillagan flutt.

Mjög eindregin ósk hefur komið fram frá heimamönnum á Vestfjörðum um að tafarlaust verði bætt úr raforkuafhendingaröryggi á Vestfjörðum. Um það bera vitni ályktanir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga (14. janúar 2009) og samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar (2. apríl 2009) sem samþykkt var að tillögu oddvita allra flokka sem í bæjarstjórninni sitja. Þessar samþykktir fylgja með í fylgiskjali I og II. Það er því ljóst að um þessi mál er órofa og þverpólitísk samstaða heima fyrir og að það nýtur víðtæks skilnings. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu að hafist verði handa við að setja upp tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum nú tafarlaust.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um orkuöryggi á Vestfjörðum (14. janúar 2009). Sjá þskj. 159 (119. mál 137. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009, bls. 443–444.
II. Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um skýrslu Landsnets um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum (2. apríl 2009). Sjá þskj. 159 (119. mál 137. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009, bls. 444–445.
III. Áskorun til ríkisstjórnar Íslands varðandi virkjun Hvalár í Ófeigsfirði frá Ísafjarðarbæ, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Orkubúi Vestfjarða (21. apríl 2009). Sjá þskj. 159 (119. mál 137. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009, bls. 445.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um stöðu minni hluthafa.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásbjörn Óttarsson,
Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir,
Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd sérfróðra manna sem móti tillögur er hafi það að markmiði að styrkja stöðu minni hluthafa (minnihlutavernd). Nefndin skili áliti sínu fyrir árslok.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 136. löggjafarþingi, en komst þá ekki á dagskrá og síðar á 137. löggjafarþingi, en var þá eigi afgreidd og er nú endurflutt.

Hrun bankakerfisins á haustdögum 2008 og þeir erfiðleikar sem sigldu í kjölfarið hafa meðal annars beint sjónum manna að stöðu minni hluthafa. Ljóst er að mjög margir einstaklingar hafa tapað gríðarlega miklum fjármunum vegna þrots bankanna og erfiðleika fyrirtækja. Áætlað er að um 47 þúsund einstaklingar hafi tapað nær 130 milljörðum kr. á einni viku vegna hlutafjáreignar í bönkum sem nú er verðlaus. Til viðbótar töpuðu um 1.400 lögaðilar nær 920 milljörðum kr. af sömu ástæðum og á bak við þau félög eru vitaskuld einstaklingar, smáir sem stærri hluthafar, sem þarna hafa tapað svo gríðarlegum fjármunum. Alls er talið að tap hlutabréfaeigenda vegna hruns bankanna þriggja, miðað við gengið eins og það var 26. september, hafi numið ríflega eitt þúsund milljörðum króna. Athyglisvert er að í hópi þeirra sem töpuðu umtalsverðu fé voru 11 þúsund einstaklingar 65 ára og eldri sem töpuðu að meðaltali um 3 millj. kr., eða alls 30 milljörðum kr. Nánari skiptingu þessa má sjá á meðfylgjandi fylgiskjali I. Þá er ástæða til að árétta að þetta tap nær eingöngu til bankanna þriggja. Er þá ótalið tap sem hefur orðið vegna lækkunar markaðsvirðis ýmissa annarra fyrirtækja sem rekja má til bankahrunsins og þeirra verðlækkana sem orðið hafa á hlutabréfum. Þá höfðu þessar eignir lækkað umtalsvert árið fyrir hrun. Þær tölur eru ekki handbærar hér en fullyrða má að einstaklingar hafi tapað mjög umtalsverðu fé vegna þeirrar þróunar.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir lagt hluta sparnaðar síns í hlutafé í fyrirtækjum sem á sínum tíma styrkti atvinnulífið og gaf fjölda fólks tækifæri á góðri ávöxtun. Augljóst er að hér er um að ræða fólk með lágar jafnt sem háar tekjur og tap þess því umtalsvert. Segja má að fjárfesting í hlutafé hafi verið orðinn þáttur í fjölþættara sparnaðarformi með líkum hætti og þekkst hefur lengi, víða um lönd. Sú breyting varð á síðustu árin að æ fleiri einstaklingar lögðu fjármuni til hlutafjárkaupa og urðu þannig beinir þátttakendur í eignarhaldi fyrirtækja, án þess að nægjanlega hafi verið hugað að stöðu þeirra og hagsmunum.

Ýmsir urðu til þess að vekja máls á því að staða minni hluthafa hafi alls ekki verið sem skyldi og örðugt væri fyrir þá að gæta hagsmuna sinna í jafn ríkum mæli og æskilegt hefði verið. Má þar nefna Vilhjálm Bjarnason viðskiptafræðing sem beitti meðal annars rétti sínum sem hluthafi til þess að vekja máls á þessum þáttum á hluthafa- og aðalfundum félaga án þess að það fengi nægjanlega athygli. Nú í kjölfar bankahrunsins hafa þessi mál hins vegar notið miklu meiri athygli af augljósum ástæðum.

Á umliðnum árum voru gerðar ýmsar breytingar á lagaumhverfinu til þess að bæta hlut minni hluthafa. Ljóst er þó að alls ekki var nægjanlega langt gengið. Það hafa dæmin sannað nú undangengna mánuði.

Fréttir hafa borist af stórfelldum lánveitingum til stærri hluthafa og gífurlegri áhættutöku. Slíkar aðgerðir, ef sannar reynast, koma fyrst og fremst niður á hag smærri hluthafa þó að á endanum bitni þær á þjóðinni allri. Mikilvægt er því af þessum ástæðum sérstaklega að huga að breytingum á lögum og reglum til að tryggja betur hagsmuni hinna minni hluthafa.

Á Alþingi voru lögð fram þingmál, þar með talið lagafrumvörp, sem höfðu þann yfirlýsta tilgang að bæta hlut þeirra tugþúsunda Íslendinga sem fjárfestu í atvinnulífinu. Í þessu sambandi skal minnt á lagafrumvörp sem flutt voru fyrst á 130. þingi og síðar án þess að fá afgreiðslu. Er hér átt við lagafrumvarp um verðbréfaviðskipti, þskj. 34, 34. mál 131. löggjafarþings, sjá fylgiskjal II, og frumvarp til laga um hlutafélög, með síðari breytingum, þskj. 36. mál 131. löggjafarþings, sjá fylgiskjal III. Flutningsmenn voru þingmenn úr öllum þingflokkum og er því ljóst að á Alþingi hefur ríkt mikill og þverpólitískur vilji til þess að vinna að þessum þáttum, í þágu almennings og atvinnulífs.

Mikilvægt er að nú verði sérstaklega hugað að þessum málum og þess freistað að læra af þeirri bitru reynslu sem við höfum orðið fyrir og er þingsályktunartillaga þessi flutt með það að markmiði.

Til þess að ná sem bestum árangri er skynsamlegt að setja á laggirnar starfshóp sérfróðra einstaklinga sem fari nákvæmlega yfir þessi mál, beri saman þær reglur sem hér gilda og lúta að stöðu minni hluthafa, beri þær saman við þær reglur sem gilda í nágrannalöndum okkar og leggi til breytingar til að styrkja stöðu minni hluthafa, auðvelda aðkomu þeirra að ýmsum ákvörðunum sem teknar eru af hálfu hlutafélaga og efli gagnsæi. Slík vinna ætti að hafa það að markmiði að bæta hlut einstakra hluthafa og byggja upp traust einstaklinga á því að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Þetta er afar brýnt vegna þess að ætla má að tiltrú margra á því að festa fé sitt í atvinnurekstri hafi beðið mikinn hnekki og muni stuðla að því að almenningur verði ófúsari en áður að leggja fram fjármagn til atvinnurekstrar, sem getur tafið þá bráðnauðsynlegu uppbyggingu atvinnulífs sem þarf að verða hið allra fyrsta hér á landi. Af þessum ástæðum er nefndinni sem vísað er til í tillögugreininni markaður skammur tími til þess að ljúka verkefni sínu.

Fylgiskjal I.

Tap hlutabréfaeigenda vegna hruns bankanna þriggja miðað við gengið 26. sept. sl.

Gengi: Kþ 750 / LB 23,05 / GI 15,7

Tap	65 ára og eldri			64 ára og yngri			Lögaðilar			Samtals		
	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð
		Milljónir króna			Milljónir króna			Milljónir króna			Milljónir króna	
0-1 mkr	6.970	1.920	0,3	28.837	5.867	0,2	713	182	0,3	36.520	7.969	0,2
1-3 mkr	2.212	3.937	1,8	4.354	7.465	1,7	195	349	1,8	6.761	11.751	1,7
3-6 mkr	979	4.105	4,2	1.419	5.960	4,2	87	371	4,3	2.485	10.436	4,2
6-10 mkr	442	3.397	7,7	616	4.728	7,7	62	486	7,8	1.120	8.610	7,7
10-20 mkr	279	3.867	13,9	423	5.838	13,8	86	1.208	14,0	788	10.912	13,8
20-50 mkr	132	4.088	31,0	189	5.599	29,6	65	2.028	31,2	386	11.714	30,3
yfir 50 mkr	60	8.703	145,1	120	63.770	531,4	200	913.093	4.565,5	380	985.566	2.593,6
Samtals	**11.074**	**30.016**	**2,7**	**35.958**	**99.227**	**2,8**	**1.408**	**917.716**	**651,8**	**48.440**	**1.046.960**	**21,6**

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Sjá þskj. 34 (34. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 580–581.

III. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Sjá þskj. 36 (36. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 583–584.

25. Fyrirspurn [25. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um þýðingu á spurningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Beitti ráðherra sér fyrir því að spurningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands yrðu þýddar á íslensku?

26. Fyrirspurn [26. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um sameiningu háskóla.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til sameiningar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík?

27. Fyrirspurn [27. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingar á EES-efni.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hversu mikið er óþýtt af EES-efni og hvað tekur langan tíma að þýða það?
2. Ber þýðingu ekki að vera lokið áður en Ísland gengur í Evrópusambandið, ef til þess kemur?
3. Hver ber kostnað af þessum þýðingum og hvað er áætlað að hann verði mikill?

Skriflegt svar óskast.

28. Fyrirspurn [28. mál]

til utanríkisráðherra um ESB-þýðingar.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hvað er gert ráð fyrir að þýðingar á efni sem tengist mati framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á hæfi Íslands til að sækja um aðild að ESB séu umfangsmiklar?
2. Hve mikið mundu þessar þýðingar kosta?
3. Hversu tímafrekt yrði að þýða efnið?
4. Er framkvæmdastjórnin reiðubúin að leggja íslenskum stjórnvöldum til stuðning vegna þýðinga í tengslum við ESB-aðild?

Skriflegt svar óskast.

29. Fyrirspurn [29. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hefur verið gerð nákvæm áætlun um kostnað við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu?
2. Ef ekki, hvenær mun sundurliðuð áætlun liggja fyrir?
3. Hversu mikill kostnaður hefur þegar fallið til vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpinu?

Skriflegt svar óskast.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til iðnaðarráðherra um málefni Sementsverksmiðjunnar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver varð niðurstaðan af athugun iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra á málefnum Sementsverksmiðjunnar?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að tryggja rekstrargrundvöll verksmiðjunnar?

31. Fyrirspurn [31. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um strandveiðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var afli svokallaðra strandveiðibáta í sumar, í allt og skipt eftir veiðisvæðum?
2. Hve margir bátar voru skráðir til þessara veiða í sumar, skipt eftir veiðisvæðum?
3. Hversu margir þeirra lönduðu afla á umræddu tímabili?
4. Hversu marga daga var afla landað af strandveiðibátum, skipt eftir veiðisvæðum?
5. Hve miklum afla lönduðu strandveiðibátar í tíu stærstu löndunarhöfnunum og hve mikill hluti var það af lönduðum heildarbolfiskafla í umræddum höfnum á síðasta fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum löndunarhöfnum.
6. Hve mikill hluti aflans fór til vinnslu í þeim höfnum sem landað var?

Skriflegt svar óskast.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til heilbrigðisráðherra um vistunarmat og aðstæður alzheimer-sjúklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gerðar verði breytingar á forsendum vistunarmats fyrir aldraða til þess að taka tillit til aðstæðna alzheimer-sjúklinga og annarra með skylda sjúkdóma?

33. Fyrirspurn [33. mál]

til forsætisráðherra um starfsráðningar í ráðuneytum.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hversu margir hafa verið ráðnir til starfa í ráðuneytum, án auglýsingar, frá og með síðustu áramótum? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

34. Fyrirspurn [34. mál]

til forsætisráðherra um störf án staðsetningar.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hversu mörg „störf án staðsetningar“ hafa verið auglýst af hálfu hins opinbera frá og með síðustu áramótum?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til fjármálaráðherra um fækkun opinberra starfa.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hvað má ætla að opinberum störfum fækki mikið á landsbyggðinni á næsta ári miðað við forsendur fjárlagafrumvarps?
2. Hvað má ætla að opinberum störfum fækki mikið á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári miðað við forsendur fjárlagafrumvarps?

36. Fyrirspurn [36. mál]

til fjármálaráðherra um aðsetur embættis ríkisskattstjóra.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því, ef áætlaðar breytingar á skattumdæmum ganga eftir, að aðsetur embættis ríkisskattstjóra verði á landsbyggðinni, t.d. á Akureyri?

37. Fyrirspurn [37. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um gengistryggð bílalán.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hvað líður störfum starfshóps sem átti að fjalla um vanda einstaklinga sem hafa tekið gengistryggð bílalán?

38. Fyrirspurn [38. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um nýja samgöngumiðstöð í Reykjavík.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ný samgöngumiðstöð rísi hið fyrsta á núverandi svæði Reykjavíkurflugvallar? Ef svo er, hvenær má vænta þess að byggingu miðstöðvarinnar verði lokið?

39. Fyrirspurn [39. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um ókeypis skólamáltíðir.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hefur ráðherra hug á því að beita sér fyrir ókeypis máltíðum í grunnskólum landsins, í samvinnu við sveitarfélög, í ljósi fjárhagserfiðleika margra fjölskyldna?

40. Fyrirspurn [40. mál]

til heilbrigðisráðherra um notkun lyfsins Tysabri.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

1. Hve margir MS-sjúklingar hafa fengið lyfið Tysabri?
2. Hve margir hafa sótt um að fá lyfið?
3. Hvernig stendur á því að lyfið er ekki notað sem lyf nr. 1 þótt sýnt hafi verið fram á virkni þess sem fyrirbyggjandi lyfs?
4. Hver er kostnaður við notkun Tysabri samanborið við interferon-lyf sem nú eru notuð?
5. Er það sökum kostnaðar sem lyfið er ekki meira notað? Ef svo er, hver er kostnaðarmunurinn þegar með er talinn kostnaður vegna MS-sjúklinga sem eru háðir sjúkrastofnunum?
6. Er það ekki markmið að sjúklingar fái aðgang að besta mögulega lyfi?

Skriflegt svar óskast.

41. Fyrirspurn [41. mál]

til fjármálaráðherra um gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er verðtryggingarjöfnuður skulda og eigna nýju bankanna? Ekki er óskað sundurliðunar eftir bönkum.
2. Eru líkur á að nýju bankarnir hagnist á verðbólgu ef verðtryggðar eignir eru miklar í hlutfalli við verðtryggðar skuldir?
3. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma megi í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings vegna verðbólgu?
4. Hver er gjaldeyrisjöfnuður nýju bankanna? Ekki er óskað sundurliðunar eftir bönkum.
5. Hver eru áhrif veikingar og styrkingar krónunnar á hag nýju bankanna miðað við gjaldeyrisjöfnuð þeirra?
6. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings af veikari krónu?

Skriflegt svar óskast.

42. Fyrirspurn [42. mál]

til forsætisráðherra um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir eru aðstoðarmenn ráðherra?
2. Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis eru ráðnir tímabundið, hver eru verkefni þeirra, var viðkomandi starf auglýst og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?

Skriflegt svar óskast.

43. Fyrirspurn [43. mál]

til umhverfisráðherra um Skógrækt ríkisins.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra standa vörð um sjálfstæði Skógræktar ríkisins og tryggja að höfuðstöðvar stofnunarinnar verði áfram á Egilsstöðum?

44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár.

Flm.: Þuríður Backman, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Tryggvadóttir, Davíð Stefánsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Björn Valur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts. Friðlýsingin taki til Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár í Bárðardal, að þverám meðtöldum, og verði hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum fljótsins þar óheimil, svo og mannvirkjagerð. Skal friðun svæðisins stuðla að varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu, landbúnaðar og hefðbundinna nytja. Sérstaklega skal hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Skjálfandafljóts geti tengst fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga um friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts var lögð fram á 136. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. Tillagan er nú endurflutt og löguð að nokkrum athugasemdum sem fram komu í umsögnum og þá helst að heimila smávirkjanir og heimarafstöðvar í lækjum og þverám Skjálfandafljóts neðan Mjóadalsár. Með friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts væri verið að takmarka afkomumöguleika fólks á svæðinu verulega.

Frá Vatnajökli norðvestanverðum rennur Skjálfandafljót. Fljótið á uppruna sinn í Vonarskarði, rennur norður Sprengisand og fellur til sjávar í Skjálfanda. Skjálfandafljót er 175 km langt og rennur um stórbrotið og fjölbreytt landslag á leið sinni til sjávar. Náttúrufegurð fljótsins, umhverfis og vatnasvæðis er einstök.

Þó svo að fljótið sé jökulfljót er vatnið í því ekki eingöngu jökulvatn þar sem lindarvatn rennur í það í Ódáðahrauni, m.a. úr Suðurá og Svartá, og gengur því nokkuð af fiski upp í fljótið. Goðafoss, einn af þekktustu og jafnframt tilkomumestu og fegurstu fossum landsins, er í fljótinu. Í fornum ritum segir að Þorgeir Ljósvetningagoði að hafa kastað heiðnum skurðgoðum sínum í fossinn við kristnitöku Íslendinga árið 1000.

Skjálfandafljót á þó einnig fleiri náin tengsl við sögu þjóðarinnar því nokkrum kílómetrum fyrir neðan Goðafoss kvíslast fljótið og umvefur Þingey sem er gegnt Fellsskógi. Talið er að Þingey sé forn þingstaður héraðsins frá árinu 963 og er þar að finna fornar minjar. Af eynni draga Þingeyjarsýslur og Þingeyjarsveit nafn sitt.

Allt frá upptökum til sjávar eru fjölmörg svæði og náttúrufyrirbæri í fljótinu og vatnasviði þess á náttúruminjaskrá sem hafa mikið náttúruverndargildi, m.a. Tungnafellsjökull og Nýidalur, Laufrönd og Neðribotnar, Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargarfoss, Goðafoss, Þingey og nyrst votlendi á Sandi og Sílalæk með stórkostlega fjölbreyttu fuglalífi.

Ferðaþjónusta í Þingeyjarsýslum er í örum vexti og er Goðafoss meðal vinsælla áfangastaða ferðamanna enda einungis steinsnar frá þjóðveginum. Einnig hafa verið farnar ferðir út í Þingey og uppi hafa verið hugmyndir um að gera eyna aðgengilegri fyrir ferðafólk. Þá eru vinsælar gönguleiðir meðfram fljótinu þar sem ferðamenn geta notið hinnar einstöku náttúrufegurðar.

Skjálfandafljót rann til sjávar við Ógöngufjall vestast í Skjálfandaflóa en ósinn var færður til austurs til að auðvelda sauðfjárrekstur út í Náttfaravíkur. Á fáum árum hafði ósinn færst hratt austur eftir landinu og var óttast að hann gæti endað í eða við ósa Laxár. Ósinn var fluttur aftur til fyrra horfs á þessu ári og er það vilji allra sem að því stóðu að halda honum þar.

Hér er gert að tillögu að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi frumvarp til laga þess efnis að fljótið og allt vatnasvið þess ofan Mjóadalsár verði friðlýst með lögum. Með hliðsjón af flokkunarkerfi hinna alþjóðlegu náttúruverndarsamtaka IUCN er lagt til að svæðið geti fallið að V. friðlýsingarflokki. Nánari skilgreining þessa verndarstigs er á þessa leið: „Landsvæði, ásamt strönd eða sjó eftir því sem við á, þar sem samskipti manns og náttúru í gegnum tíðina hafa gert svæðið sérstætt, fagurfræðilega, vistfræðilega og/eða menningarlega, og gjarnan með mjög fjölbreyttu lífríki. Varðveisla þessara hefðbundnu samskipta í heild sinni er nauðsynleg fyrir verndun, viðhald og þróun slíks svæðis.“

Vinna við annan áfanga að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur staðið yfir um nokkurn tíma og er áætlað að nefndin skili skýrslu nú í vetur. Í nokkrum umsögnum kom fram að rétt væri að bíða eftir tillögum nefndarinnar. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að virkjanaáform hafa verið um svæðið og ráðagerðir hafðar uppi um virkjun á ýmsum stöðum í fljótinu og því þykir flutningsmönnum mikilvægt að styrkja heildarmynd í verndun hálendisins norðan Vatnajökuls, nær eina óraskaða svæðis landsins.

Ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar í tengslum við frekari verndun Skjálfandafljóts sem og svæðisins sem fljótið rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og hafa fjölmargir lýst yfir vilja til að friða fljótið.

Fyrir skemmstu var stofnaður áhugahópur um friðlýsingu Skjálfandafljóts. Markmið hópsins er „að vinna að friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts, stuðla að friðun og varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundinna nytja,“ eins og segir á kynningarvef samtakanna. Áhugahópur um verndun Skjálfandafljóts leggur áherslu á verndun sjálfs fljótsins í Bárðardal, verndun byggðar og menningar á svæðinu. Heimarafstöðvar í bæjarlækjum og þverám hafa fram til þessa hvorki skaðað ásjónu lands né vatnabúskap fljótsins en tryggt búsetu og landbúnað bæði í Bárðardal og Kaldakinn. Áhugi almennings á því að nýta náttúruauðlindir landsins til annars en virkjana hefur vaxið ár frá ári og bera ályktanir ferðaþjónustuaðila þess glöggt merki.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta nú reyna á yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að Skjálfandafljóti verði ekki raskað á nokkurn hátt.

Friðun Skjálfandafljóts verður stórt skref í átt að fullnægjandi árangri á sviði náttúruverndar en þó einungis eitt af fjölmörgum nauðsynlegum skrefum. Því þarf að tryggja frekari

framfarir í þessum málaflokki. Ber að geta þess að áður hafa verið fluttar hér á Alþingi tillögur svipaðs efnis um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, um verndun Þjórsár og friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði.

Með tillögunni var eftirfarandi fylgiskjal: Þingey, um þinghald að fornu, birt á heimasíðu Fornleifastofnunar Íslands, *instarch.is*.

45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Flm.: Atli Gíslason, Þuríður Backman, Lilja Mósesdóttir, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

1. mgr. 194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 136. og 135. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um kynferðisbrot og er 1. mgr. 194. gr. svohljóðandi: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“ Eins og sjá má er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 194. gr. að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs eins og rækilega er fjallað um í þessari greinargerð. Í samanburði við önnur lagaákvæði er varða friðhelgi einkalífs, svo sem húsbrot og aðgengi að gögnum, sést að kynfrelsi nýtur ófullnægjandi réttarverndar. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir en þegar kemur að broti gegn kynfrelsi skiptir verknaðaraðferðin meira máli en samþykki. Mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um frið-

helgi einkalífs. Frumvarpi þessu sem er endurflutt frá 135. löggjafarþingi er ætlað að leiðrétta þessa mismunun.

1. Inngangur.

Friðhelgi einkalífs er safnheiti ýmissa mannréttinda sem varin eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Friðhelgin nær yfir heimili, fjölskyldu og persónulega hagi manns, og umfram allt það að hver maður hefur rétt til lífs og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, sem eru mikilvægustu einkalífsréttindin.

Ef þarfir manna eru hafðar að leiðarljósi þegar fjallað er um réttinn til lífs, þá felst hann ekki aðeins í réttinum til að vera ekki tekinn af lífi. Rétturinn til lífs þarf einnig að samræmast sjálfsvirðingu manna, rétti til frelsis, mannhelgi og að þurfa ekki að þola ólögmætar þvinganir.

Í friðhelgi einkalífs felst bæði friðhelgi gagnvart hinu opinbera og friðhelgi milli einstaklinga innbyrðis. Með öðrum orðum: allir menn hafa rétt til þess að njóta verndar gegn afskiptum hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalda. Í öðru lagi ber yfirvöldum skylda til að setja lög eða gera aðrar ráðstafanir til að vernda einkalíf borgaranna.

Þrátt fyrir að mannréttindin sem talin eru í mannréttindasáttmála Evrópu séu að meginstefnu réttindi sem vernda einstaklinginn fyrir óþarfa afskiptum og þvingunum af hálfu ríkisins, þá er þess krafist af ríkinu að það tryggi að mannréttindi verði virk í reynd. Hér skiptir mestu máli að ríkið og stofnanir þess verða að vernda borgarana hvern fyrir öðrum með því að setja lög og gera aðrar ráðstafanir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í dæmaskyni má nefna að í máli gegn Hollandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var deiluefnið að ekki var hægt að ákæra mann fyrir kynferðislega misnotkun á andlega fatlaðri stúlku þar sem hollensk refsilög höfðu ekkert ákvæði sem þessi háttsemi gæti fallið undir. Niðurstaða dómsins var sú að athafna ríkisins væri þörf til þess að gera vernd réttinda skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans virka. Í öðru lagi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem búlgarska ríkið var ekki talið hafa staðið með fullnægjandi hætti að lögreglurannsókn og meðferð nauðgunarmáls og þar með ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um að gera mannréttindin virk í raun.

Friðhelgi einkalífsins má rjúfa ef það er nauðsynlegt í lýðræðisríki. Það þarf að vera mjög brýn samfélagsleg þörf til þess að hið opinbera eða einstaklingar megi skerða þessi réttindi. Skv. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum hægt að takmarka þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. greinarinnar. Þannig er heimilt að gera líkamsleit og líkamsrannsókn, leit í húsakynnum eða munum ef fyrir liggur samþykki viðkomandi, dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild. Það á einnig við um rannsókn á póstsendingum og öðrum fjarskiptum og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manna. Minna má á að lagaákvæði sem takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé ekki svo ber að túlka þau einstaklingi í hag, því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum. Að sama skapi verður samþykki fyrir skerðingu að vera upplýst og ótvírætt.

2. Skilgreining kynfrelsis.

Kynfrelsi tengist réttinum til frelsis, mannhelgi og réttinum til að ráða yfir eigin líkama. Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi, svo sem nauðgun, sifjaspellum, kynferðisofbeldi gagnvart börnum, klámi og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum eða annars staðar. Þessi brot

eiga það sameiginlegt að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og þær valda skaða.

Í bók sinni „Unwanted Sex: The Culture Of Intimidation And The Failure Of Law“ leggur Stephen Schulhofer, lagaprófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, áherslu á að refsiákvæði um nauðganir ættu að snúast um hugmyndina um kynfrelsi einstaklingsins. Shulhofer skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, þ.e. „réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er“, eins og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, þýðir það í kandídatsritgerð sinni „Nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar“. Schulhofer telur að kynferðislegt sjálfræði eða kynfrelsi eigi að vera grundvallarhugtak í lagasetningu um kynferðisofbeldi og að brotið sé gegn kynfrelsi þegar gerandinn sýnir kynferðislega hegðun án þess að tryggja að hann hafi til þess fullgilt samþykki hjá þeim sem hegðunin beinist að.

Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfstjórnar brotinn á bak aftur. Eins og staðan er núna er áherslan fyrst og fremst lögð á verknaðaraðferð í stað þess að leggja áherslu á verndarhagsmunina og samþykkið. Á þessum skilgreiningum byggist nauðgunarhugtak frumvarpsins. Þar sem yfirgnæfandi hluti gerenda í nauðgunarmálum eru karlar og konur í flestum tilvikum þolendur, þá telst nauðgun til kynbundins ofbeldis og fjallað um hana sem slíkt á þessum vettvangi.

3. Samanburður á ýmsum lagaákvæðum sem vernda friðhelgi einkalífs.

1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var orðuð þannig til 4. apríl 2007: „Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

1. mgr. 194. gr. hljóðar nú svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Samkvæmt orðalagi beggja ákvæðanna skiptir verknaðaraðferðin meira máli en verndarhagsmunirnir og samþykkið. Við rannsóknir nauðgunarmála hefur mikil áhersla jafnframt verið lögð á líkamlegt ofbeldi og líkamlega áverka en rannsókn á andlegum áverkum gefinn lítill gaumur eins og síðar verður vikið að. Orðalag 194. gr. almennra hegningarlaga samrýmist alls ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs. Út frá þeirri hugsun má fullyrða að í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum án samþykkis felist ofbeldi í sjálfu sér.

Í nauðgunarmáli þarf ásetningur geranda að ná til allra efnisþátta nauðgunarákvæðisins og þess virðist krafist að gerandinn hafi gert sér grein fyrir því að verknaðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotaþola. Í málum þar sem engir líkamlegir áverkar sjást snýst því sönnunin oft um það hvort gerandi hafi gert sér grein fyrir því hvort þolandi var samþykkur samræðinu eða ekki. Hér á eftir verður til samanburðar gerð grein fyrir ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga sem vernda friðhelgi einkalífs.

228. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá

varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.“

Þessi hegningarlagagrein veitir upplýsingum um einkamál í bréfum, skjölum, dagbókum og öðrum slíkum gögnum réttarvernd. Verndarhagsmunirnir eru eðlilega minni en þegar líkami og sálarlíf einstaklings eiga í hlut. Í orðalaginu hnýsast felst að spyrja, forvitnast og snuðra og ákvæðið gerir ráð fyrir að beitt sé brögðum. Hér er ekki notað orðalagið „hver sem með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung hnýsist í bréf“. Nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga veitir líkömum og sálarlífi kvenna mun minni réttarvernd.

231. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.“

Um þetta hegningarlagaákvæði gildir hið sama og um 228. gr. almennra hegningarlaga Verndarhagsmunirnir eru minni og alls ekki jafnströng skilyrði um verknaðaraðferð og 194. gr. laganna kveður á um. Hér er beinlínis höfðað til þess að samþykki þurfi til sem er í fullu samræmi við grunnhugsun 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Sé gerður samanburður á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga um manndráp og líkamsmeiðingar annars vegar og ákvæðum XXII. kafla þeirra um kynferðisbrot hins vegar kemur fram veigamikill munur á verknaðarlýsingum og refsinæmi þessara ofbeldisbrota. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Hér skiptir engu máli hvernig manndráp er framið. Líknarmorð eru einnig refsiverð. Í líkamsárásarmálum skipta afleiðingarnar einnig mestu máli varðandi sönnun en ekki verknaðaraðferðin. Þær eru refsiverðar jafnt í manndráps- sem líkamsárásarmálum, sama hvernig að ofbeldinu var staðið. Og í þessum brotaflokkum er einnig refsað fyrir afleiðingar sem stafa af gáleysi gerandans. Afleiðingarnar, líkið eða líkamstjónið, ráða sönnun finnist gerandinn. Í nauðgunarmálum, brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, er höfuðáherslan aftur á móti lögð á verknaðaraðferðina, að ofbeldi hafi verið beitt, hótunum og annars konar ólögmætri nauðung. Ef ekki tekst að sanna að verknaðurinn hafi verið framinn samkvæmt þessari verknaðarlýsingu er ofbeldismanninum ekki refsað, jafnvel þótt allar tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar samkvæmt læknisfræðilegum skilgreiningum hafi verið staðfestar og fullkomin sönnun samkvæmt sönnunarreglum í opinberum málum sé fram komin um að nauðgun hafi verið framin, eins og ítarlega er rakið síðar í greinargerð þessari. Reyndar er það svo að réttarvörslukerfið gefur þessum afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum. Sú staðreynd er einn meginhvati þess að þetta frumvarp er flutt. Þessi mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs.

Með hliðsjón af framanrituðu og þeim verndarhagsmunum líkama og sálarlífs sem eru í húfi er í frumvarpi þessu lagt til að nauðgunarákvæði hegningarlaga verði breytt. Þessi breyting á greininni og orðalag samræmist nútímamannréttindahugsun. Það gerir núgildandi nauðgunarákvæði hegningarlaga ekki. Nauðgun er þekkt og skilgreint hugtak, samanber skilgreiningar hér að framan, sem ekki mun vefjast fyrir dómstólum að taka afstöðu til út frá heildarmati á hverju broti. Gildir hér sama og um önnur þekkt hugtök úr almennum hegning-

arlögum, svo sem skjalafals, almannahættu, manndráp, líkamsárás, ærumeiðingar, þjófnað, gripdeild, skilasvik og gertæki, svo nokkur dæmi séu nefnd.

4. Afleiðingar nauðgana.

4.1 Inngangur.

Í mars 2005 lýsti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi og þá sérstaklega vegna kynferðisofbeldis. Aðallega var kvartað yfir hve ákært er í fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kæra sem berast. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem áhyggjur af þessu tagi eru orðaðar varðandi íslenskt réttarkerfi.

„Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble?“ Þessa athugasemd gerði finnskur sérfræðingur mannréttindanefndarinnar.

Skýringarnar sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fékk frá sendinefnd Íslands voru að sönnunarerfiðleikar þessara brota væri aðalhindrunin og ástæða þess hve mörg mál eru felld niður hjá lögreglu og ákæruvaldi. Það er staðreynd að í dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum hafa líkamlegir áverkar og líkamlegt ofbeldi mjög mikla þýðingu varðandi sönnun um ásetning. Ef hvorki vitni né ytri ummerki eru til staðar verður að byggja niðurstöðu á öðrum gögnum, svo sem trúverðugleika vitna og á andlegum afleiðingum. Andlegar afleiðingar eru mun meiri, alvarlegri og varanlegri en hinar líkamlegu. Það eru beinlínis líkur á því að nauðgun hafi verið framin ef fyrir liggur að áliti sérfræðinga að þolandi hafi orðið fyrir slíku áfalli við kynmök og þau andlegu einkenni sem talin eru upp hér á eftir eru til staðar.

4.2 Líkamlegir áverkar.

Í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989 kemur fram að 48% kvenna veittu enga mótspyrnu við nauðguninni, en í 26% tilvika var mótspyrnan aðallega fólgin í því að reyna að verja sig og mótmæla verknaðinum. Aðeins fjórðungur kvenna veitti virka líkamlega mótspyrnu.

Frá því er greint í skýrslunni að rúmur helmingur kvenna hlaut nánast enga líkamlega áverka og hjá um þriðjungi var um minni háttar sýnilega áverka að ræða, svo sem marbletti, rispur og þrota á húð. Umtalsverðir líkamlegir áverkar voru aðeins í um 10% tilvika. Alvarlegustu áverkarnir voru marblettir á útlimum, brjóstkassa og mjöðmum, áverkar í andliti, sprungnar varir og blæðingar úr tannholdi.

4.3 Nauðgunarárásin.

„Öll viðbrögð kvenna við nauðgun eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og þau miða að því að reyna að hafa einhverja stjórn á eigin lífi.“

Í lýsingum kvenna af nauðgun eru margir þættir sameiginlegir. Í fyrsta lagi kemur nauðgunin þeim ávallt á óvart. Gerendur eru yfirleitt karlar sem þær þekkja, ýmist fjölskyldumeðlimur, vinur eða kunningi. Í aðeins 15% af þeim málum sem bárust til Stígamóta árið 2006 var gerandinn ókunnugur. Karlar sem ætla að nauðga bera það ekki með sér, hvorki í útliti né hegðun. Flestar nauðganir eiga sér stað á heimilum. Yfirleitt er atburðarásin sú að venjulegar og hversdagslegar aðstæður breytast skyndilega í nauðgunarárás. Nauðgarinn hefur oftar en ekki skipulagt árásina fyrir fram, og nær undantekningarlaust þegar um hópnauðgun

er að ræða. Þegar konur átta sig á aðstæðum kenna þær sjálfum sér oft um að hafa ekki séð aðstæðurnar fyrir og brugðist rétt við.

Það er einstaklingsbundið hvernig konur bregðast við árásinni. Margar frjósa af skelfingu og meta aðstæður þannig að besta leiðin sé að reyna að komast sem minnst skaddaðar frá árásinni. Aðrar berjast á móti. En það fyrsta sem þær gera ef þær hafa meðvitund til þess, er að reyna að átta sig á því hvernig þær geta sloppið sem best frá ofbeldinu, bæði líkamlega og andlega.

4.4 Sálrænar afleiðingar.

4.4.1 Fyrstu viðbrögð.

Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningaskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar líkt því sem einstaklingar verða fyrir við stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hann lifir eða deyr. Þessum áföllum fylgja oft mjög sterk viðbrögð sem kallast áfallastreituröskun. Almennt getur slík lífsreynsla leitt til viðvarandi ástands.

Það er einnig persónubundið hvernig konum gengur að takast á við afleiðingar nauðgana og hvernig þær leitast við að ná aftur stjórn á lífi sínu. Meðferðarúrræði eru þekkt en ríkið tryggir ekki endurhæfingu með greiðslu kostnaðar og endurhæfingarlífeyri.

Fyrstu viðbrögð þolenda nauðgana einkennast oft af doða, tómleika og óraunveruleikatilfinningu, brengluðu tímaskyni, spennu og öðrum áfallseinkennum. Erfitt er fyrir þolendur að átta sig á hvað hafi gerst í raun og veru og frásögn þeirra af atburðinum er oftar en ekki samhengislaus. Algengt er að þessi eðlilegu viðbrögð við ofbeldinu séu fyrir dómi notuð sönnunarlega gegn þolandanum. Líkamleg viðbrögð, svo sem skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði, uppköst og svimi, eru mjög oft áberandi og geta valdið hræðslu og óöryggi. Eirðarleysi, grátköst og ótti sömuleiðis. Þessi fyrstu viðbrögð vara mörg hver oftast stutt. Á þessum tíma geta tilfinningaviðbrögð verið frekar lítil og ekki í samræmi við aðstæður. Mörgum finnst þetta undarlegt og jafnvel óeðlilegt. Varast ber að draga miklar ályktanir út frá því vegna þess að doðinn er tímabundin vörn gegn hugsunum og tilfinningum tengdum nauðguninni. Eitt er víst að þær tímabundnu afleiðingar sem hér hefur verið lýst koma ekki fram í kjölfar sjálfviljugra kynmaka.

4.4.2 Langtímaafleiðingar.

Skömm er langalgengasta afleiðingin og er einkennandi fyrir 85% þolenda kynferðisofbeldis samkvæmt ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2006. Það útskýrir ef til vill hvers vegna kært er í svo fáum nauðgunarmálum. Til samanburðar er reiði afleiðing í aðeins um 55% tilvika. Það kann að koma á óvart. Einkennandi fyrir þolendur er að kenna sjálfum sér um og varpa ábyrgðinni ekki á gerandann. Léleg sjálfsmynd, sektarkennd og depurð eru mjög algengar afleiðingar og koma fram í rúmlega 70% tilvika.

Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langvarandi og endurspeglast í því að þolandanum finnst hann ekki hafa neina stjórn á eigin lífi og tilveru, en þetta getur einnig verið viðbrögð við reiði sem beinist inn á við. Þunglyndi og depurð leiða oft til kvíða, svefntruflana og einangrunar. Einnig er hætta á sjálfsvígstilraunum.

Erfiðleikar í kynlífi og svokallaðar svipmyndir eru einnig mjög algeng einkenni og koma fram í yfir 51% tilvika. Svipmyndir eru myndir og upplifanir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega upp kollinum án fyrirvara og valda miklu hugarangri.

Aðrar algengar afleiðingar eru ótti og tilfinningalegur doði sem lýsir sér stundum þannig að konur deyfa allar tilfinningar um þennan atburð til þess að komast af. Í mörgum tilvika koma fram alvarleg hegðunarvandamál, einbeitingarskortur og sjálfssköðun, til dæmis er þekkt að konur skeri sig m.a. á handleggjum og fái átröskun sem hægt er að rekja til andlegs áfalls í kjölfar nauðgunar.

Þessi einkenni segja þó ekki alla söguna. Afleiðingarnar eru öllu alvarlegri til langs tíma litið. Sumir þolendur þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar alla þeirra tilveru og fjölskyldna þeirra til frambúðar. Stöðug spenna getur fylgt í kjölfarið og ef ekkert er að gert gefur sig eitthvað, líkamlegt eða andlegt. Fram hefur komið í viðtölum við sérfræðinga að 60–70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda til að mynda í neyslu fíkniefna og afbrotum, eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Komi þessar varanlegu afleiðingar fram er einsýnt að um nauðgun hafi verið að ræða. Hér verður einnig að halda því til haga að afleiðingar kynferðisofbeldis eru stærsta heilbrigðisvandamál heimsins sem snýr að konum.

Í athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur komið fram að það sé áhyggjuefni hve ákært er í fáum nauðgunarmálum hér á landi en í frumvarpinu eins og það var lagt fram á 135. löggjafarþingi (þskj. 630, 420. mál) var umfjöllun um það og gerður samanburður m.a. einstökum brotum, þ.e. með tilliti til fjölda brota og réttarverndar brotaþola og hugsanlegrar skýringar á því og vísast til umfjöllunar þar. Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram á fyrra þingi. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu og reynslan sýnir að vændi eykst þá einnig.

5. Lokaorð.

Verulegar breytingar hafa orðið á afstöðu manna hér á landi til mannréttinda og þýðingar þeirra og vægis sem grundvallarréttarheimildar. Fyrstu merki þessara breytinga má rekja til ýmissa dóma Hæstaréttar uppkveðinna á níunda áratug síðustu aldar, sbr. meðal annars Hrd. 1988:1532 sem áður er getið. Íslenskir fræðimenn á sviði lögfræði, einkum Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson, höfðu áður rutt brautina með fræðaskrifum. Í kjölfarið var mannréttindasáttmáli Evrópu innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 62/1994 og umtalsverðar breytingar gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995. Af mannréttindaákvæðum leiðir að allan vafa ber að túlka mannréttindum og einstaklingum í hag. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru meðal dýrmætustu réttinda hvers einstaklings. Þar trónir efst rétturinn til lífsins en síðan til líkama og sálarlífs, þar með talið kynfrelsið. Þessi réttindi verða ýmist alls ekki skert eða aðeins skert að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Orðalag áður gildandi og núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot endurspeglar ekki þessa réttarþróun. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í þessum málaflokki eins og tölulegar staðreyndir staðfesta. Af 103 tilkynningum til lögreglu árið 2003 um brot gegn 194. gr., 195. gr. og 196. gr. almennra hegningarlaga leiddu aðeins fimm til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um réttarvernd kynfrelsis en orðalag ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot skýrir ekki eitt og sér þessar dapurlegu staðreyndir. Einnig má draga þá ályktun að karllæg hugsun sé ráðandi í málaflokknum og að ekki sé tekið mið af reynsluheimi kvenna, einkum þolenda. Sama gildir um verndarhagsmunina og afstöðu til samþykkis og andlegra afleiðinga, sbr. einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn Búlgaríu.

Setja má stór spurningarmerki við rannsóknir, sönnunarmat og sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum. Eins og staðan er nú er ákæruvaldinu gert að sanna það að samþykki til kynmaka hafi ekki verið fyrir hendi. Ella virðist gerandi ekki verða ákærður eða sakfelldur, jafnvel þótt andlegir áverkar séu til staðar sem að mati sérfræðinga eru afleiðingar nauðgunar. Það fær illa samrýmst 71. gr. stjórnarskrárinnar að unnt sé refsilaust að skerða kynfrelsi þegar upplýst samþykki til kynmaka er ekki fyrir hendi. Ástæða er til að árétta að tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar eru augljósar og þekktar og einatt alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiri háttar líkamsmeiðinga. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótun um ofbeldi. Kynmök án samþykkis fela í sér ofbeldi. Það blasir einnig við, eins og rökstutt er hér að framan, að líkamar manna og sálarlíf njóta minni réttarverndar en til að mynda bréf og híbýli manna. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir.

Með frumvarpi þessu um breytingu á 194. gr. almennra hegningarlaga er lagt til að réttarvörslukerfið taki upp allt aðra hugsun og nálgun í kynferðisbrotamálum, að réttarvernd kynfrelsis verði lagalega tryggð. Það verður einnig að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í málum sem varða brot gegn kynfrelsi og leggja megináherslu á verndarhagsmuni, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar og samþykki, allt í samræmi við grunnhugsun mannréttindaákvæða um friðhelgi einkalífs. Ríkinu og stofnunum þess ber að tryggja að þessi brýnu einkalífsmannréttindi verði virk í reynd. Réttarvernd kynfrelsis er ekki tryggð núna og þær breytingar sem gerðar voru á 194. gr. almennra hegningarlaga á síðasta þingi breyta litlu um þau grundvallarsjónarmið sem hér hafa verið reifuð. Í frumvarpinu felast einnig skýr skilaboð til réttarvörslukerfisins um að taka nauðgunarmál sömu tökum og önnur ofbeldisbrot, eins og manndráp og líkamsárásir. Horfa þarf fyrst og síðast til afleiðinga nauðgunar þótt auðvitað þurfi að fara fram heildstæð rannsókn og mat á öllum þáttum brotsins eins og gildir þegar manndráp og líkamsárásir eiga í hlut. Hér er sjónum réttarvörslukerfisins beint að sönnunargögnum sem það hefur vanrækt að afla í nauðgunarmálum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að slakað sé á meginreglum opinbers réttarfars um sönnun, enda engin þörf á því til að ná fram sakfellingum ef réttra aðferða er gætt við rannsókn lögreglu og öflun sönnunargagna. Frumvarpið sýnir einnig þann vilja löggjafarvaldsins að dómstólar þyngi refsingar fyrir kynferðislegt ofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö. Dómstólar virðast vera tregir til að nýta núgildandi refsiramma. Um þann þátt málsins er vísað til úttekta Blaðsins fimmtudaginn 4. október og föstudaginn 5. október 2007.

Þess skal að lokum getið að síðastliðið sumar var send kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu yfir málsmeðferð lögreglu, ríkissaksóknara og dómsmálayfirvalda í nauðgunarmáli. Í því máli reynir á allar þær röksemdir og sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, en kæran lýtur þó fyrst og fremst að því að mannréttindi kvenna hvað varðar kynfrelsi þeirra og friðhelgi einkalífs eru ekki virk í reynd. Að óbreyttum lögum og réttarframkvæmd má allt eins búast við því að áfellisdómur verði kveðinn upp gegn íslenska ríkinu, sbr. einnig áðurnefnt fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn búlgarska ríkinu.

Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram á fyrra þingi. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu.

Greinargerð þessi byggist á fræðigreininni „Réttarvernd kynfrelsis“ eftir Atla Gíslason og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur sem birtist í afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, Guðrúnarbók, sem gefin var út í Reykjavík í júní 2006.

46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar eða heimilað slíkt innan Evrópska efnahagssvæðisins getur hann ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar á því svæði.

2. gr.

Lög þessi, sem snerta innleiðingu á 1. mgr. 7. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki, sbr. nú tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem lagt var fram af viðskiptaráðherra á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt efnislega óbreytt, er lögð til sú breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, að tæming réttinda eða réttindaþurrð skv. 2. mgr. 6. gr. laganna (e. exhaustion of rights, d. konsumption) verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Eldri vörumerkjalög, nr. 47/1968, höfðu ekki að geyma ákvæði um tæmingu réttinda heldur var aðeins umfjöllun um hana í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna. Við endurskoðun vörumerkjalaganna árið 1997 var ákvæði um tæmingu réttinda innleitt, sbr. núgildandi 2. mgr. 6. gr. Við endurskoðun laganna var m.a. höfð hliðsjón af fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki sem leyst var af hólmi hjá Evrópusambandinu 27. nóvember 2008 með nýrri samfelldri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki.

Í núgildandi ákvæði er ekki tekið fram með skýrum hætti að um alþjóðlega tæmingu sé að ræða. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laganna, er hins vegar áréttað að tæming réttinda í íslenskum vörumerkjarétti hafi verið talin ná til heimsins alls.

Ákvæði vörumerkjalaga um tæmingu réttinda hefur því verið túlkað á þann veg að hér á landi gildi alþjóðleg tæming. Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07, *L'Oréal Norge AS og L'Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS,* samræmist sú túlkun ekki ákvæði tilskipunarinnar eins og dómstóllinn túlkar það. Er því þörf breytinga á lagaákvæðinu.

Tæming vörumerkjaréttar.

Tæming vörumerkjaréttar byggist á þeim rétti sem vörumerkjarétthafi fær með skráningu vörumerkis skv. 4. gr. laganna, þ.e. að banna öðrum notkun á vörumerki sínu í atvinnustarfsemi.

Á tæmingu réttinda reynir þegar vara eða þjónusta sem nýtur vörumerkjaréttar er sett á markað, ýmist af rétthafa sjálfum eða með hans samþykki. Við markaðssetningu vöru eða þjónustu missir rétthafinn ákveðin réttindi yfir vörunni sem slíkri þótt hann haldi réttinum til vörumerkisins. Eigi markaðssetning sér stað án atbeina hans glatar hann ekki réttindum yfir þeirri vöru eða þjónustu sem um ræðir.

Reglur um tæmingu vörumerkjaréttar koma iðulega til umfjöllunar í tengslum við samhliða innflutning (e. parallel import) og er þessi hlið vörumerkjaréttarins því nátengd samkeppnisrétti. Með samhliða innflutningi er átt við það að vara eða þjónusta sé flutt inn til lands, þar sem vörumerki er verndað, án atbeina rétthafa þess.

Í réttarframkvæmd er iðulega fjallað um tvö afbrigði tæmingar, alþjóðlega og svæðisbundna. Hugtakið landsbundin tæming er einnig þekkt en síður notað en þau fyrrnefndu.

Víðtækasta hugtakið er alþjóðleg tæming. Eftir markaðssetningu með atbeina rétthafa getur vara eða þjónusta farið í frjálsu flæði um heim allan og getur rétthafi ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu hennar.

Svæðisbundin tæming er þrengra hugtak og varðar þá stöðu þegar vara hefur verið markaðssett innan ákveðins svæðis, af rétthafa sjálfum eða með hans samþykki, t.d. innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Vörur eða þjónusta, sem sett hefur verið á markað, getur eftirleiðis farið í frjálsu flæði innan þess svæðis en rétthafi getur á hinn bóginn stöðvað m.a. útflutning þeirra til landa utan svæðisins, sem og innflutning til svæðisins á þeim vörum sem hann hefur markaðssett utan þess.

Landsbundin tæming er eðlislík svæðisbundinni tæmingu en varðar tæmingu innan eins lands.

Afnám alþjóðlegrar tæmingar hefur einkum einkaréttarleg áhrif. Hlutverk vörumerkja er að vera tæki í markaðssetningu og með innleiðingu svæðisbundinnar tæmingar fá rétthafar vörumerkja auknar heimildir til þess að stjórna markaðssetningu og koma í veg fyrir notkun sem fer í bága við vörumerkjarétt þeirra, t.d. samhliða innflutning. Alþjóðleg tæming réttinda hefur á hinn bóginn verið talin stuðla meira að frjálsri samkeppni og viðskiptafrelsi. Getur því svæðisbundin tæming haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir neytendur, t.d. mismunandi verð og aðgengi að vöru á mörkuðum.

EES-samningurinn og túlkun á 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/104/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki.

Í 1. mgr. 2. gr. bókunar nr. 28 með EES-samningnum kemur fram að samningsaðilar skuli sjá til þess að tæming hugverkaréttar sé í samræmi við lög Evrópusambandsins að svo miklu leyti sem ráðstafanir þess eða réttarkerfi taki til tæmingar. Um túlkun ákvæðisins fari samkvæmt viðurkenndum skilningi í viðkomandi úrskurðum Evrópudómstólsins sem kveðnir hafa verið upp fyrir undirritun samningsins (1992), þó með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni.

Kveðið er á um tæmingu réttinda í 1. mgr. 7. gr. vörumerkjatilskipunarinnar. Reynt hefur á túlkun ákvæðisins í tveimur málum, annars vegar máli EFTA-dómstólsins nr. E-2/97 *Mag Instrument Inc. gegn California Trading Company Norway* [1997] (Maglite-málinu) og hins vegar í dómi Evrópudómstólsins í máli nr. C-355/96 *Silhouette International Schmied gegn Hartlauer Handelsgesellschaft* [1998] ECR I-4799 (Silhouette-málinu). EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt orðalagi 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar gætu aðildarríki EFTA valið hvort kveðið væri á um svæðisbundna eða alþjóðlega tæmingu í landslögum. Evrópudómstóllinn komst hins vegar að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að á Evrópska efnahags-

svæðinu gilti svæðisbundin tæming. Í kjölfar þessara ólíku niðurstaðna skapaðist réttaróvissa innan EFTA-ríkjanna, sem var til lykta leidd í máli EFTA-dómstólsins hinn 8. júlí 2008 í framangreindum sameinuðum málum nr. E-9/07 og E-10/07, *L'Oréal Norge AS og L'Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS.* Niðurstaðan í því máli er sú að 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/104/EBE skuli túlka á þann veg að svæðisbundin tæming gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Núverandi ákvæði 2. mgr. 6. gr. vörumerkjalaga fer samkvæmt þessu í bága við ákvæði 1. mgr. 7. gr. vörumerkjatilskipunar 89/104/EBE og er því nauðsynlegt að taka til endurskoðunar orðalag ákvæðisins þannig að það samræmist ákvæði tilskipunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á núgildandi lögum um vörumerki að tæming réttinda vörumerkis verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

47. Fyrirspurn [47. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Til hvaða aðgerða hyggjast ráðuneytið og Jafnréttisstofa grípa á næstu dögum og vikum í því skyni að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, sbr. þingsályktun á 136. löggjafarþingi (30. mál)?

48. Fyrirspurn [48. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir og áætlanagerð í ferðaþjónustu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Stendur til að efla rannsóknir og áætlanagerð í ferðaþjónustu í ljósi vaxandi ferðamannafjölda á landinu á síðustu árum?

49. Fyrirspurn [49. mál]

til umhverfisráðherra um kortlagningu vega og slóða á hálendinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hve mikið hefur verið kortlagt af vegum og slóðum á hálendinu og hve mikið er eftir af þeirri vinnu?
2. Hvaða ferli tekur við þegar kortlagningu er lokið og hvað er áætlað að það taki langan tíma að skýra hvaða vegir og slóðar eiga að vera opnir og fyrir hvaða notkun?
3. Munu útivistarhópar sem leggja stund á ferðalög um hálendið koma að framangreindu ferli?
4. Telur ráðherra að eðlilegt samráð hafi verið haft við útivistarhópa í þessu sambandi?

Skriflegt svar óskast.

50. Fyrirspurn [50. mál]

til utanríkisráðherra um mögulega aðild að fríverslunarbandalagi Norður-Ameríku og Mexíkó.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hefur bein aðild eða aukaaðild að fríverslunarbandalagi Norður-Ameríku og Mexíkó (NAFTA) verið könnuð í ráðuneytinu?
2. Ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar könnunar?
3. Ef svo er ekki, hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að kanna möguleika Íslands á slíkri aðild?

51. Fyrirspurn [51. mál]

til utanríkisráðherra um gæslu hagsmuna Íslands í Norðurhöfum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Með hvaða hætti vinnur ráðuneytið að gæslu hagsmuna Íslands nyrst á Atlantshafi og á siglingaleiðum um Norður-Íshaf?
2. Hvert er mat ráðherra á mikilvægi hagsmuna Íslands á þessum slóðum?

52. Fyrirspurn [52. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um eftirlit og björgunarstörf á Norður-Atlantshafi.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvernig er eftirliti og björgunarstörfum á Norður-Atlantshafi, og samstarfi við aðrar þjóðir eins og Grænlendinga, Færeyinga og Norðmenn, háttað?
2. Er unnið að áætlun um aukið eftirlit og björgunarstörf í ráðuneytinu í kjölfar opnunar siglingaleiða norðaustur og norðvestur um Íshaf?
3. Er Landhelgisgæslan í stakk búin að taka við auknum verkefnum sem opnun siglingaleiðanna fylgir?

53. Fyrirspurn [53. mál]

til fjármálaráðherra um ávinning við sameiningu ríkisstofnana.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hver er fjárhagslegur og faglegur ávinningur af sameiningu ríkisstofnana sl. 5 ár? Hvernig er ávinningurinn metinn og hver hefur hann verið í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

54. Fyrirspurn [54. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostnað við framkvæmd nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er kostnaður við að koma nýjum lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla til framkvæmda? Svar óskast sundurliðað eftir skólastigum.
2. Hver er kostnaður ráðuneytisins við reglugerðasmíð í tengslum við lögin?
3. Telur ráðherra koma til greina að fresta framkvæmd laganna um einhver ár vegna efnahagsástandsins?

Skriflegt svar óskast.

55. Fyrirspurn [55. mál]

til fjármálaráðherra um útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

1. Hversu margir hafa nýtt sér heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt lögum nr. 13/2009 sem tóku gildi 14. mars sl.?
2. Hversu hátt hlutfall þeirra sem eiga inneign í séreignarsparnaði hefur nýtt sér heimildina?
3. Hver er heildarupphæð útgreiðslu lífeyrissjóða vegna heimildarinnar?
4. Telur ráðherra koma til greina að heimildin til útgreiðslu standi lengur en til 1. október 2010?

56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. H-liður 1. mgr. fellur brott.
b. K-liður 1. mgr. orðast svo: Aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 3. gr. laganna:

a. Fyrirsögn orðskýringarinnar orðast svo: *Aðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.*
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: skattaráðgjöf.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Auk þeirra tilvika sem nefnd eru í III. kafla, um auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann, er tilkynningarskyldum aðila ávallt skylt að gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar aðstæður eru í eðli sínu þannig að aukin hætta er, samkvæmt áhættumati, á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Skal þá, við stofnun samningssambands eða áður en millifærsla er framkvæmd, aflað viðbótargagna um viðskiptamann og þess krafist að fyrsta færsla verði framkvæmd í nafni viðkomandi viðskiptamanns og af reikningi er hann hefur sjálfur stofnað til í starfandi fjármálafyrirtæki.

4. gr.

Fyrri málsliður a-liðar 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Lögaðilar sem falla undir a-lið 1. mgr. 2. gr., líftryggingafélög og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Í stað orðanna „g–i-lið 1. mgr. 2. gr.“ í síðari málslið 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: g-lið 1. mgr. 2. gr. og þeir sem nefndir eru í k-lið sömu málsgreinar þegar þeir veita þjónustu skv. f-lið 6. tölul. 3. gr.

6. gr.

Við 2. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stundi einstaklingur sérfræðistörf, sem launamaður, hjá tilkynningarskyldum aðila skulu skyldur þær sem greinin kveður á um eiga við um hinn tilkynningarskylda aðila en ekki um viðkomandi launamann.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu sjá til þess að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér skriflegar innri reglur sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 23. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: sérstakar reglur um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með tilkomu laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, voru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005.

Á vorþingi 2008 var lögum nr. 64/2006 breytt, sbr. lög nr. 77/2008. Breytingarnar tóku mið af athugasemdum sem hinn alþjóðlegi framkvæmdahópur FATF (e. Financial Action Task Force (on Measures against Money Laundering and Terrorist Financing)) gerði við íslenskt regluverk á þessu sviði í úttekt sinni árið 2006. Ísland hefur verið aðili að FATF frá árinu 1991 og er því skuldbundið til að samræma löggjöf sína og starfsreglur að tillögum FATF.

Skömmu eftir að frumvarp það er varð að lögum nr. 77/2008 hafði verið samþykkt sem lög af Alþingi, vorið 2008, bárust íslenskum stjórnvöldum athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA (e. EFTA Surveillance Authority), vegna atriða er varða innleiðingu tilskipunar

Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB með lögum nr. 64/2006. Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við þessar athugasemdir ESA.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að h-liður 1. mgr. 2. gr. laganna verði felldur brott, en þar er kveðið á um að undir lögin falli aðrir einstaklingar og lögaðilar, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar, þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum eða þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekkum aðilum, sbr. h-lið, sbr. einnig f-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Með tillögunni er komið til móts við athugasemd ESA sem er tvíþætt. Annars vegar sneri athugasemdin að því að skv. a-lið 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar þá gildir hún um skattaráðgjafa almennt (e. tax advisors) en ekki einungis um skattaráðgjafa í framangreindum tilvikum. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að eins og málum er nú háttað hérlendis þá nýtur starfsheitið skattaráðgjafi (e. tax advisor) ekki lögverndar. Þrátt fyrir framangreint, þ.e. að skattaráðgjafar séu ekki til hér á landi sem lögvarin stétt, er þó ekki óalgengt að lögfræðingar og endurskoðendur, sem sérhæft hafa sig í skattarétti, veiti slíka ráðgjöf. Skattaráðgjöf getur t.d. hugsanlega verið veitt af aðilum á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. k-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. einnig skilgreiningu í 3. gr. laganna en í frumvarpinu er, í 2. gr., gerð tillaga um breytingar á 6. tölul. 3. gr. laganna sem tekur mið af þeim möguleika.

Hins vegar sneri athugasemd ESA að því að lögin nái ekki til þeirra sem í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar eru kallaðir „löggiltir bókarar“ (e. external accountants). Hægt væri að sjá fyrir sér að þeim sem lokið hafa viðskiptafræðinámi af reikningsskilasviði eða hafa starfsreynslu á sviði reikningsskila mætti jafna til þeirra sem falla undir enska hugtakið „external accountants“. Í Noregi er t.d. hægt að sækja um til Fjármálaeftirlitsins (Kredittilsynet) að fá viðurkenningu sem „external accountant“. Til að fá slíka viðurkenningu þarf viðkomandi að hafa lokið BA-prófi í viðskiptafræðum ásamt því að hafa tveggja ára starfsreynslu á reikningsskilasviði. Starfsheitið „external accountants“ er ekki til hér á landi sem lögverndað starfsheiti. Það nær t.d. ekki til þeirra sem fengið hafa leyfi til að kalla sig „viðurkennda bókara“ skv. 43. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994.

Að framansögðu má sjá að hvorki skattaráðgjafar né „external accountants“ eru til hér á landi sem lögvarðar stéttir. Ekki þykir því ástæða til að fella þessa aðila undir gildissvið laganna og er því í frumvarpi þessu gert að tillögu að h-liður 1. mgr. 2. gr. laganna verði felldur brott.

Samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í 2. gr. þessa frumvarps þykir rétt, í b-lið 1. gr. frumvarpsins, að gera tillögu um breytt orðalag um þá sem falla undir gildissvið laganna og til þessa hafa verið kallaðir *þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.* Efnisleg breyting er engin heldur þykir óþarft að tvítaka orðið „þjónusta“ þar sem að segja má að um sé að ræða klifun í íslensku máli, þ.e. endurtekningu þessa orðs. Tillagan gerir ráð fyrir því að eftirleiðis verði stuðst við orðalagið *aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.*

Um 2. gr.

Samhliða tillögu frumvarpsins um að fella niður h-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. þessa frumvarps, þykir rétt að gera tillögu um nýjan staflið, f-lið, í orðskýringunni *þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu* í 6. tölul. 3. gr. laganna. Með því að gerð er tillaga um að einstaklingur eða lögaðili, sem veitir þjónustu á sviði skattaráðgjafar, gegn gjaldi falli undir orðskýringuna þykir tryggt að þeir sem, gegn gjaldi, veita skattaráðgjöf, falli undir gildissvið laganna. Nánar vísast um þetta atriði til þess sem hér að framan segir um 1. gr. frumvarpsins.

Þá er lögð til sú breyting á 6. tölul. 3. gr. laganna að eftirleiðis verði stuðst við orðalagið *aðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu* í stað orðalagsins *þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.* Ekki er um efnislega breytingu að ræða og vísast til þess sem um þetta atriði segir í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í athugasemdum sínum bendir Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) á að skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar skuli tilkynningarskyldir aðilar gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar aðstæður eru í eðli sínu þannig að aukin hætta er, samkvæmt áhættumati, á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Stofnunin bendir á að þrátt fyrir ákvæði III. kafla laganna vanti í lögin almennt ákvæði sem geri kröfu um að ávallt skuli gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar aðstæður eru með framangreindum hætti. Í III. kafla laganna er kveðið á um að ætíð skuli gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar um er að ræða fjarsölu (e. distance selling), í millibankaviðskiptum (e. correspondent banking), þegar um er að ræða einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla (e. politically exposed persons) eða í millibankaviðskiptum við lánastofnun án raunverulegrar starfsemi (e. shell banks).

Þar sem 7. gr. núgildandi laga ber yfirskriftina „áhættumat“ þykir eðlilegast, til að komið verði til móts við athugasemd ESA að þessu leyti, að gera tillögu um að hinni almennu kröfu um framangreint verði bætt við 7. gr. laganna sem nýrri málsgrein.

Um 4. gr.

Með breytingu sem gerð var á 15. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2008, var horfið frá því fyrirkomulagi að heimila tilkynningarskyldum aðilum undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Þess í stað er nú heimilt að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika um tiltekna viðskiptamenn. Breytingin var gerð til samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB, frá 26. október 2005.

Þeirri breytingu sem nú er lögð til á greininni er ætlað að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar heimili einfaldaða könnun áreiðanleika þegar viðskiptavinur er lánastofnun eða fjármálafyrirtæki. Með því að vísað sé í b-lið 1. mgr. 2. gr. laganna sé þess ekki gætt að lífeyrissjóðir séu hvorki skilgreindir sem lánastofnanir né fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Þar af leiði að tilkynningarskyldum aðila sé ekki heimilt að beita lífeyrissjóði einfaldaðri áreiðanleikakönnun.

Um 5. gr.

Í athugasemdum sínum bendir Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) á að 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2005/60/EB, sem innleidd er með 3. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006, nái ekki til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala. Tilskipunin heimili því ekki þessum aðilum undanþágu frá skyldunni sem þeir hafa skv. 1. mgr. 17. gr. laganna en í síðari málslið 3. mgr. 17. gr. laganna kemur fram að 1. mgr. gildi ekki um upplýsingar sem m.a. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar öðlast þegar þeir veita lögmanni sérfræðiráðgjöf fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls. Með því að vísað sé til i-liðar 1. mgr. 2. gr. laganna séu áðurnefndir aðilar undanþegnir skyldunni skv. 1. mgr. 17. gr. Sú breyting sem hér er lögð til, þ.e. að fella niður tilvísun í i-lið 1. mgr. 2. gr., miðar að því að koma til móts við athugasemd ESA. Tilskipunin heimilar hins vegar að 1. mgr. 17. gr. laganna gildi ekki um upplýsingar sem endurskoðendur öðlast þegar þeir veita lögmanni sérfræðiráðgjöf fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls og því er áfram, í síðari málslið 3. mgr. 17. gr. vísað til g-liðar 1. mgr. 2. gr. laganna um endurskoðendur.

Samhliða þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. þessa frumvarps þar sem gerð er tillaga um að nýjum f-lið verði bætt við orðskýringuna *þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu* vegna skattaráðgjafar er jafnframt lögð til sú breyting að í síðari málslið 3. mgr. 17. gr. verði vísað til hins nýja f-liðar 6. tölul. 3. gr. laganna. Tillagan gerir ráð fyrir að aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu þurfi ekki, í þeim tilvikum þegar þeir veita skattaráðgjöf, að veita upplýsingar samkvæmt tilkynningarskyldunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. laganna ef um er að ræða upplýsingar sem þessir aðilar hafa öðlast þegar þeir veita lögmanni sérfræðiráðgjöf fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls. Breytingartillagan tengist jafnframt þeirri tillögu að fella niður h-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. þessa frumvarps. Nánar vísast því einnig til þess sem segir um 1. gr. í frumvarpi þessu.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 23. gr. laganna þar sem komið er til móts við þá athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að ekki sé innleiddur í lög áskilnaður tilskipunarinnar þess efnis að stundi einstaklingur sérfræðistörf, sem launamaður hjá tilkynningarskyldum aðila, skuli skyldur þær sem kveðið er á um í 23. gr. laganna eiga við um hinn tilkynningarskylda aðila en ekki um viðkomandi launamann. Tilkynningarskyldur aðili er skilgreindur í 5. tölul. 3. gr. laganna.

Um 7. gr.

Breytingin sem lögð er til á 3. mgr. 24. gr. laganna tekur mið af athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að tilskipunin (2005/60/EB) heimili ekki að skriflegar innri reglur útibúa og dótturfélaga lána- og fjármálastofnana, í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, séu „eins sambærilegar því sem reglur og lög viðkomandi ríkis heimila“. Reglurnar skulu sambærilegar þeim sem lög hér á landi áskilja enda megi ella skilja það svo að ef reglur viðkomandi ríkis eru ekki eins strangar og hérlendis séu minni kröfur gerðar til útibúa og dótturfélaga en til lána- og fjármálastofnana að þessu leyti. Með því að gerð er tillaga um að fellt verði niður orðalagið „eða eins sambærilegar reglur og lög viðkomandi ríkis heimila“ í 3. mgr. 24. gr. laganna er komið til móts við þessa athugasemd ESA. Hafa þarf í huga að aðlaga getur þurft innri reglur útibúa og dótturfélaga að lögum viðkomandi ríkis ef þau fara ekki saman við lög hér á landi. Sú breyting sem hér er lögð til mundi ekki takmarka slíka aðlögun þar sem greinin gefur slíkt svigrúm með því að áfram er vísað til þess að aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skuli sjá til þess að útibú þeirra og dótturfélög í

ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér skriflegar innri reglur sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 23. gr.

Um 8. gr.

Í fyrsta lagi er í 8. gr. gerð tillaga um að felld verði brott heimild viðskiptaráðherra til að setja í reglugerð frekari ákvæði um undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika skv. 15. gr. laganna, sbr. 1. tölul. 28. gr. laganna. Með tilkomu 11. gr. laga nr. 77/2008 breyttist 15. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006. Breytingin fól það í sér að felld var niður heimild til að veita undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika en þess í stað heimilað að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika um tiltekna viðskiptamenn. Samhliða var bætt við nýrri grein um tilvik þar sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, sbr. 12. gr. laga nr. 77/2008. Þar sem ekki er lengur heimild í lögunum til að veita undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika en þess í stað heimilað að í tilteknum tilvikum megi beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika um tiltekna viðskiptamenn þykir eðlilegt að gera tillögu um að 1. tölul. 28. gr. laganna falli brott.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að ráðherra verði heimilað að setja í reglugerð sérstakar reglur um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um. Þrátt fyrir bann við upplýsingagjöf, sbr. 20. gr. laganna og reglugerðarheimildina í 5. tölul. 28. gr. laganna, þykir tillaga sú sem hér er lögð til vera nauðsynleg þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur fundið að því að ekki sé litið til ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar í þessu sambandi. Ákvæðinu er því einkum ætlað að líta til 29. gr. tilskipunarinnar, þ.e. að hafi framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um hafi ráðherra heimild til að innleiða ákvörðunina með setningu reglugerðar. Rétt er að taka fram að fulltrúi íslenskra stjórnvalda á sæti í nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem fjallar um málefni tengd aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka en nefnd þessi tekur þær ákvarðanir sem hér um ræðir.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði, en lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Markmið þessa frumvarps er að koma til móts við athugasemdir sem íslenskum stjórnvöldum bárust, vorið 2008, frá Eftirlitsstofnun EFTA og ESA vegna atriða er varða innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB með lögum nr. 64/2006.

Helstu athugasemdir ESA, sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við, eru í fyrsta lagi þær að tilkynningarskyldir aðilar geri auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar aðstæður eru í eðli sínu þannig að aukin hætta sé, samkvæmt áhættumati, á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Í öðru lagi gerði ESA athugasemd að tilskipunin heimili ekki tilkynningarskyldum aðila að undanþiggja lífeyrissjóði könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn enda séu þeir þar hvorki skilgreindir sem lánastofnanir né fjármálafyrirtæki. Í þriðja lagi gerði ESA athugasemd við að ekki væri innleiddur í lögin áskilnaður tilskipunarinnar þess efnis að stundi einstaklingur sérfræðistörf, sem launamaður hjá tilkynningarskyldum aðila, þá skuli skyldur þær sem kveðið er á um í 23. gr. núgildandi laga eiga við um hinn tilkynningarskylda aðila en ekki um viðkomandi launamann. Í fjórða lagi taldi ESA að 29. gr. tilskipunarinnar væri ekki innleidd í lögin, þ.e. að hafi framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögin mæla fyrir um en með frumvarpinu er ráðherra gefin heimild til að innleiða slíkar ákvarðanir með setningu reglugerðar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð: *Reikiþjónusta:* Símtalsþjónusta, SMS-þjónusta, MMS-þjónusta og önnur gagnaflutningsþjónusta í farsímaneti sem á upphaf hjá viðskiptavini í farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af viðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,65%“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: 0,10%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „reikisímtal“ í 1. mgr. kemur: reikiþjónustu.
b. Í stað orðsins „reiki“ í inngangsmálslið 2. mgr. kemur: reikiþjónustu.
c. Á eftir orðinu „Hámarksverð“ í c-lið 2. mgr. kemur: í heild- og smásölu.
d. Við 2. mgr. bætast fjórir stafliðir, svohljóðandi:
   i. Reglur um tímamælingar og gjaldfærslur reikisímtala.
   j. Gjaldtöku fyrir móttöku talhólfsskilaboða í reikiþjónustu.

k. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar upplýsingar um verð og annað tengt gagnaflutningsþjónustu í reiki.
l. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns og veita þeim kost á að velja efstu mörk fyrir slíka þjónustu yfir ákveðið tímabil.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækkun jöfnunargjaldsprósentu skv. 2. gr. gildir afturvirkt frá 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hjá samgönguráðuneytinu hefur verið unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun.

Tilgangur frumvarps þessa er annars vegar að lækka álagningarprósentu (gjaldhlutfall) jöfnunargjalds í jöfnunarsjóð alþjónustu og hins vegar að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21/EB (hér eftir nýja reikireglugerðin).

II. Lækkun álagningarprósentu jöfnunargjalds.

Með lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, var m.a. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og þjónustu innleidd í íslenskan rétt. Alþjónustu má skilgreina sem afmarkaða þætti fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra, sbr. 1. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007. Allir landsmenn eiga rétt á alþjónustu, sbr. 1. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga og 6. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007.

Í samræmi við ákvæði 20. gr. fjarskiptalaga ákveður Póst- og fjarskiptastofnun hvort og þá hvaða fyrirtæki skuli veita alþjónustu. Útnefning alþjónustuveitanda er tímabundin. Póst- og fjarskiptastofnun hefur útnefnt Símann hf. sem veitanda alþjónustu, fyrst samkvæmt rekstrarleyfi félagsins frá 30. júlí 1998. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 5. apríl 2005 voru alþjónustukvaðir á félagið að stofni til framlengdar til 31. desember 2007. Voru þessar skyldur síðan endurnýjaðar með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007, en þá voru Síminn hf., Já upplýsingaveitur og Míla hf. útnefnd með skyldu til þess að veita alþjónustu í fjarskiptum á starfssvæði sínu. Þessu til viðbótar telst neyðarsímsvörun til alþjónustu og hefur Neyðarlínan verið útnefnd með skyldur í þessum efnum.

Telji fjarskiptafyrirtæki, þ.m.t. Neyðarlínan, að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá stafsemi sem um ræðir. Við útreikninga á kostnaði við alþjónustu skal m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna með hliðsjón af greiningu kostnaðar við að veita þjónustuna. Samkvæmt lögum skal rekstrarþáttur alþjónustu vera aðskilinn öðrum rekstri í bókhaldi alþjónustuveitanda, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga og 12. gr. reglugerðar um al-

þjónustu. Endurgjaldið er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar og að jafnaði fyrir eitt ár í senn. Telji Póst- og fjarskiptastofnun eða veitandi alþjónustu að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega getur hvort um sig krafist endurskoðunar á framlaginu og gildistíma þess, sbr. 5. mgr. 21. gr. laganna.

Endurgjald vegna alþjónustu er greitt úr jöfnunarsjóði alþjónustu, sbr. 1. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga. Sjóðurinn er samkvæmt ákvæðinu í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar, en fjárhagur hans er aðskilinn frá fjárhag stofnunarinnar. Sjóðurinn er fjármagnaður með gjaldi sem lagt er á öll starfandi fjarskiptafyrirtæki á landinu.

Lengst af var það einungis Neyðarlínan ohf. sem sótti um framlag úr jöfnunarsjóði vegna skyldu félagsins til að veita aðgang að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala. Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála 10. október 2007, nr. 1/2007, var Símanum ákvarðað framlag úr jöfnunarsjóði vegna hluta af kostnaði fyrirtækisins við uppbyggingu á gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu um landið allt á árunum 2001–2005, samtals 163.233.277 kr. Til að mæta þessari útgjaldaaukningu úr jöfnunarsjóði var álagningarprósenta jöfnunargjalds hækkuð úr 0,12% í 0,65%, sjá nánar athugasemdir við frumvarp sem varð að lögum nr. 143/2007, um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

Síminn hefur hins vegar ekki sótt um frekari framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu, né annarra alþjónustuskyldna sem hvíla á fyrirtækinu. Það sama gildir um Mílu ehf. og Já upplýsingaveitur ehf., en skyldum fyrirtækjanna að því er viðkemur alþjónustu er lýst í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007. Af þeim sökum er nauðsynlegt að lækka núverandi álagningarprósentu þannig að álagt jöfnunargjald á fjarskiptafyrirtæki landsins standi einungis undir þeirri þjónustu sem Neyðarlínunni ohf. er skylt að veita undir merkjum alþjónustu og fyrirtækið hefur sótt um að fá framlög fyrir undanfarin ár.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 12/2009 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2009 að upphæð 33.371.618 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem fallið hafa á sjóðinn á þessu ári og koma að óbreyttu til með að gera næstu ár. Í skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um jöfnunarsjóð fyrir árið 2008 má sjá stöðu sjóðsins um síðustu áramót.

Lækkun prósentunnar þýðir að álögur á fjarskiptafyrirtæki landsins vegna jöfnunargjalds munu lækka um sem nemur 163 millj. kr. sem er það framlag sem Símanum var ákvarðað með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 1/2007.

Í samræmi við 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga lagði Póst- og fjarskiptastofnun til, sbr. bréf til samgönguráðuneytisins, dags. 23. júlí 2009, að álagningarprósenta jöfnunargjalds fyrir árið 2009, sem kemur til innheimtu árið 2010, verði lækkuð úr 0,65% í 0,10%. Forsenda prósentuhlutfallsins er sú greining stofnunarinnar að bókfærð velta á fjarskiptamarkaðinum verði a.m.k. 35 milljarðar kr. Til samanburðar var álagningarstofn rekstargjalds á árinu 2008 tæpir 40 milljarðar kr., sjá nánar fylgiskjal I.

Samkvæmt framangreindu er lagt til í frumvarpi þessu, í samræmi við tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar, að álagningarprósenta jöfnunargjalds verði ákveðin 0,10% fyrir árið 2009. Prósentutala þessi er miðuð við að áætluð velta gjaldskyldra aðila á árinu 2009 verði a.m.k. 35 milljarðar kr. Ef frumvarpið verður að lögum verða heildartekjur jöfnunarsjóðs á árinu 2010 í kringum 35 millj. kr.

Álagning og innheimta jöfnunargjalds fer að öðru leyti eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

III. Ný reglugerð um reikiþjónustu á EES-svæðinu.

Um mitt ár 2007 tók gildi í Evrópu reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB (hér eftir reikireglugerðin). Með reikireglugerðinni voru settar skýrar reglur á þessu sviði með það að markmiði að sameiginlegri nálgun væri beitt innan EES til að tryggja að notendur almennra farsímaneta borgi ekki óhófleg verð fyrir reikisímtöl innan EES. Tilgangur reikireglugerðarinnar er m.a. að ná fram öflugri neytendavernd og um leið tryggja samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og að smásöluverð fyrir reikiþjónustu innan EES endurspegli á sanngjarnan hátt undirliggjandi kostnað sem felst í að veita þessa þjónustu. Gildissvið reikireglugerðarinnar er að mestu leyti takmarkað við hefðbundin reikisímtöl, þ.e. upphaf og lúkningu símtala, í farsímanetum og þætti sem tengjast þeim, t.d. hámarksmínútugjald (í heild- og smásölu), Evrópugjaldskrá, gagnsæi gjalda, viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir við myntbreytingar, upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og skyldur fjarskiptafyrirtækja til að verða við beiðnum reikiviðskiptavina um skipti milli reikigjaldskráa.

Með 3. gr. laga nr. 118/2008, um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, var reikireglugerðin innleidd í íslenskan rétt í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og þannig séð til þess að fjarskiptafyrirtæki hér á landi uppfylli skilyrði hennar. Var reikireglugerðin innleidd með þeim hætti að eldra ákvæði 35. gr., er kvað á um samninga fjarskiptafyrirtækja um innanlandsreiki, var fellt brott í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Í stað eldra ákvæðis 35. gr. kom nýtt ákvæði er kveður á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að sjá til þess að heild- og smásöluverð fyrir reikisímtöl í farsímanetum innan EES-svæðisins verði ekki hærra en það hámarksverð sem er í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu hverju sinni. Í 2. mgr. 35. gr. er síðan að finna reglugerðarheimild til að innleiða reikireglugerðina en samkvæmt ákvæðinu skal samgönguráðherra setja reglugerð um reiki í almennum farsímanetum. Í ákvæðinu er talið upp í a–h-lið hvaða þættir reikiþjónustu það eru sem reglugerð ráðherra gildir um. Hins vegar er þar ekki um tæmandi talningu að ræða, sbr. skammstöfunina „m.a.“. Framangreind lög voru samþykkt á Alþingi 11. september 2008 en reikireglugerðin var innleidd formlega hér á landi með reglugerð nr. 1046/2008 28. október 2008.

Í kjölfar endurskoðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á framkvæmd reikireglugerðarinnar, í samræmi við 11. gr. reglugerðarinnar, var það niðurstaðan að til að ná betur fram markmiðum reikreglugerðarinnar, þ.e. að efla neytendavernd og tryggja samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, væri að nauðsynlegt að framlengja gildistíma reikireglugerðarinnar og víkka út gildissvið hennar með því að setja reglur um aðrar reikiþjónustur í farsímanetum en einungis hefðbundin símtöl.

Eftir töluverða undirbúningsvinnu og hefðbundið samráðsferli hjá Evrópusambandinu var 18. júní 2009 samþykkt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21/EB (hér eftir nýja reikireglugerðin). Með reglugerð þessari, sem hér er lagt til að verði innleidd í íslenskan rétt, er gildistími reikireglugerðarinnar framlengdur um tvö ár eða til 30. júní 2012. Þá er gildissvið reikireglugerðarinnar víkkað út svo hún nái yfir fleiri reikiþjónustur í farsímanetum auk hefðbundinna símtala. Þannig er til að mynda bætt við ákvæðum sem gilda um SMS-, MMS- og gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum og fleiri reglur settar um upplýsingaskyldu þjónustuveitenda, einkum þegar kemur að SMS- og gagnaflutningsþjónustu í reiki. Aðrar helstu breytingar eða nýjungar sem nýja reikireglugerðin kveður á um eru m.a.:

– Þak fyrir heildsölugjald fyrir reikisímtöl skv. 3. gr. er lækkað.
– Þak fyrir smásölugjald fyrir reikisímtöl skv. 4. gr. er lækkað.
– Þjónustuveitendum verður óheimilt að gjaldfæra viðskiptavini fyrir móttekin talhólfsskilaboð í reiki.
– Tímamæling þjónustuveitenda á gjaldfærslu reikisímtala skal vera í sekúndum.
– Þak er sett á heildsölugjöld fyrir SMS í reiki.
– Sérstök Evrópugjaldskrá fyrir SMS skal vera í boði.
– Þak er sett á smásölugjöld fyrir SMS.
– Óheimilt er að gjaldfæra reikiviðskiptavini fyrir móttekin SMS.
– Upplýsingaskylda þjónustuveitenda um gagnsæi smásölugjalda skv. 6. gr. er látið ná til SMS-, MMS- og gagnaflutningsþjónustu í reiki, eins og við á.
– Sérstakar reglur eru settar um gagnsæi smásölugjalda fyrir gagnaflutningsþjónustu til að efla neytendavernd.
– Þak er sett á heildsölugjald fyrir gagnaflutningsþjónustu með reiki í farsímanetum.

Ekki er sett sérstakt þak eða hámarksverð á smásölugjöld fyrir gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum þar sem framkvæmdastjórn ESB mat það svo eftir endurskoðun á reikireglugerðinni að nægileg samkeppni ríkti á smásölumarkaði fyrir þessa þjónustu. Er það einkum vegna þess að notendur hafa aðra valmöguleika en farsímanet til að fá aðgang að gagnaflutningsþjónustu. Til að mynda hafa notendur víða aðgang að þráðlausum aðgangsnetum að internetinu. Af þessum sökum þykir ótímabært að setja hömlur eða reglur um gjöld fyrir þessa þjónustu á smásölustigi. Hins vegar er ljóst að tenging símtækis/búnaðar við gagnaflutningsþjónustu í reiki verður ávallt að vera með fyrirframsamþykki viðkomandi notanda hverju sinni. Á því ekki að vera neinn gagnaflutningur í reiki, þar á meðal hugbúnaðaruppfærslur og niðurhal netpósts, án fyrirframsamþykkis eða beiðni hlutaðeigandi notanda, nema því aðeins ef viðkomandi hefur gefið til kynna að hann óski ekki eftir slíkri vernd. Þjónustuveitendum er því ekki heimilt að gjaldfæra reikiviðskiptavini sína fyrir gagnaflutningsþjónustu sem nýja reikireglugerðin gildir um nema viðskiptavinurinn hafi áður samþykkt skilmála þjónustunnar.

Þrátt fyrir að nýja reikireglugerðin kveði ekki á um hámarksgjöld fyrir gagnaflutningsþjónustu í reiki á smásölustigi eru settar ýmsar reglur til að bæta gagnsæi smásölugjalda fyrir þessa þjónustu. Markmið þessara nýju gagnsæisreglna um gagnaflutningsþjónustu er að reikiviðskiptavinir verði sem best upplýstir um þau gjöld og skilmála sem gilda fyrir þá persónulega þegar þeir nota gagnaflutningsþjónustu í reiki. Er þannig komið í veg fyrir að notendur fái óvænt svimandi háa reikninga (e. *bill shock*) með því að gera þjónustuveitendum skylt að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum vegna þessarar þjónustu.

Þar sem framangreind reikireglugerð Evrópusambandsins er hluti af EES-samningnum, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX viðauka EES-samningsins nr. 143/2007 frá 26. október 2007, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IX. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, leiða skuldbindingar samkvæmt samningnum til þess að nauðsynlegt er að innleiða reglugerðina í íslensk lög.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innleidd verði í heild sinni reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009, um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21/EB, með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 35. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21/EB er gildissvið reikireglugerðarinnar víkkað út svo að hún nái yfir fleiri reikiþjónustur í farsímanetum auk hefðbundinna símtala. Með þessum breytingum gildir reikireglugerð EB nú jafnframt um SMS-, MMS- og gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum. Af þessari ástæðu þykir nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á orðalagi 1. mgr. 35. gr. laganna og er því lagt til að í stað orðsins „reikisímtal“ í ákvæðinu komi orðið „reikiþjónustu“.

Um b-lið.

Til að skýrt sé að reglugerð ráðherra gildir um allar þær þjónustur sem reikireglugerðin gildir um og farsímaþjónustuveitendur veita í reiki þykir rétt að skýra betur orðalag 2. mgr. 35. gr. þar sem segir að samgönguráðherra setji „reglugerð um reiki“. Er því lagt til að í stað orðsins „reiki“ komi orðið „reikiþjónusta“.

Um c-lið.

Með nýju reikireglugerðinni eru settar reglur um hámarksverð fyrir SMS-, MMS- og gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum. Þrátt fyrir að þessir þættir séu nú þegar taldir upp í núgildandi c-lið ákvæðisins þykir nauðsynlegt að gera betur grein fyrir forsendum fyrir því hámarksverði sem þar er getið um, þ.e. heimildin til að setja hámarksverð gildir fyrir bæði heildsölu- og smásölustig. Af þessari ástæðu er lagt til að á eftir orðinu „Hámarksverð“ í c-lið 2. mgr. 35. gr. bætist við orðin „í heild- og smásölu“.

Um d-lið.

Til að fylgja eftir þeim breytingum og nýjungum sem nýja reikireglugerðin kveður á um og tryggja rétta innleiðingu á nýju reikireglugerðinni er lagt til að fjórum nýjum stafliðum verði bætt við ákvæði 2. mgr. 35. gr.

I-liður:

Fram til þessa hafa fjarskiptafélög beitt mismunandi aðferðum við tímamælingu á gjaldfærslu símtala, hvort sem um er að ræða innanlands- eða reikisímtöl. Þegar símtal hefst er fyrst tekið upphafsgjald og um leið er einnig gjaldfært fyrir lágmarkslengd. Þegar lágmarkstíminn er liðinn er gjaldfært fyrir hvert byrjað tímabil. Tímabil lágmarkslengdar og tímabils er táknað í gjaldskrá með tveimur tölum með deilistriki á milli, sbr. 60/10, 60/30 og 60/60. Til dæmis þýðir tímamælingin 60/10 að lágmarkslengdin miðast við 60 sekúndur og síðan er gjaldfært fyrir hverjar byrjaðar 10 sekúndur eftir það. Notandi sem talar í 62 sekúndur greiðir þannig upphafsgjald, lágmarkslengd 60 sekúndur og 10 sekúndur þar til viðbótar þótt hann hafi einungis notað 2 sekúndur af þessum 10.

Samkvæmt nýju reikireglugerðinni er þjónustuveitendum aðeins heimilt að gjaldfæra reikiviðskiptavini sína fyrir hverja notaða sekúndu. Til að vega upp á móti þessari breytingu er þjónustuveitendum heimilt að leggja á reikisímtöl ákveðið upphafsgjald sem má þó ekki vera hærra en gjald fyrir 30 sekúndna reikisímtal. Þetta upphafsgjald má hins vegar aðeins leggja á hringd reikisímtöl en ekki móttekin reikisímtöl. Með hliðsjón af framangreindu og til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi fyrir framangreindri reglu er lagt til að

nýjum staflið, i-lið, verði bætt við ákvæði 2. mgr. 35. gr., svohljóðandi: Reglur um tímamælingar og gjaldfærslur reikisímtala.

J-liður:

Hingað til hefur þetta verið svo að farsímanotandi hér á landi sem hefur kveikt á talhólfsþjónustu tengdri símanúmeri sínu hefur þurft að greiða reikisímtal til Íslands þegar símtal fer í talhólf á meðan viðkomandi er í útlöndum. Að auki hefur sá sem hringir og er framvísað í talhólf þurft að greiða innanlandssímtal. Margir notendur hafa verið óánægðir með að þurfa að greiða fyrir símtöl sem enda í talhólfum þeirra þar sem þeir hafa ekki sjálfir stjórn á lengd skilaboðanna. Fram til þessa hafa þjónustuveitendur hér á landi þó reynt að upplýsa viðskiptavini sína um hversu kostnaðarsamt það getur verið að nota talhólf í útlöndum og því mælst til þess að þeir sem ekki kæra sig um að greiða fyrir móttekin talhólfsskilaboð slökkvi á talhólfinu með þeir eru erlendis.

Samkvæmt nýju reikireglugerðinni verður hér breyting á, en þó ekki fyrr en 1. júlí 2010. Frá og með þeim tíma verður þjónustuveitendum óheimilt að gjaldfæra reikiviðskiptavini sína fyrir móttöku talhólfsskilaboða. Þykir þetta nauðsynleg neytendavernd þar sem reikiviðskiptavinir sem móttaka símtöl sem enda í talhólfum þeirra hafa ekki sjálfir stjórn á lengd slíkra skilaboða. Með hliðsjón af framangreindu og til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi fyrir framangreindri reglu er lagt til að nýjum staflið, j-lið, verði bætt við ákvæði 2. mgr. 35. gr., svohljóðandi: Gjaldtöku fyrir móttöku talhólfsskilaboða í reikiþjónustu.

K-liður:

Með nýju reikireglugerðinni eru settar ýmsar reglur til að bæta gagnsæi smásölugjalda fyrir gagnaflutningsþjónustu í reiki. Þannig kveður nýja reikireglugerðin m.a. á um að þjónustuveitendur skuli upplýsa viðskiptavini sína um þá áhættu sem getur fylgt sjálfvirkri tengingu búnaðar við gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum og hvernig hægt er á auðveldan hátt að slökkva á slíkum sjálfvirkum tengingum. Þá er jafnframt kveðið á um skyldu þjónustuveitenda til að senda reikiviðskiptavinum sínum sjálfvirk skilaboð, í hvert sinn sem viðkomandi kemur í annað ríki og reynir þar að tengjast gagnaflutningsþjónustu, þar sem honum er tilkynnt um að tenging við reikiþjónustu sé komin á. Í sömu skilaboðum skulu veittar persónubundnar upplýsingar um gjaldskrár sem viðkomandi viðskiptavini standa til boða. Þessar upplýsingar eiga þjónustuveitendur að senda í farsíma viðkomandi eða annan búnað sem tengist farsímaneti með reiki honum að kostnaðarlausu og á máta sem best hæfir til að tryggja auðvelda móttöku og skilning.

Með hliðsjón af framangreindu og til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir nýjum reglum um gagnsæi smásölugjalda fyrir gagnaflutningsþjónustu er lagt til að nýjum staflið, k-lið, verði bætt við ákvæði 2. mgr. 35. gr., svohljóðandi: Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar upplýsingar um verð og annað tengt gagnaflutningsþjónustu í reiki.

L-liður:

Auk nýrra reglna um gagnsæi smásölugjalda kveður nýja reikireglugerðin jafnframt á um skyldu þjónustuveitenda til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift, þeim að kostaðarlausu, að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns yfir ákveðið tímabil. Þá skulu þjónustuveitendur jafnframt gefa reikiviðskiptavinum sínum kost á að setja mörk á það verð eða magn sem þeir geta notað fyrir gagnaflutningsþjónustu í reiki yfir ákveðið tímabil. Verður þessi þjónusta að standa reikiviðskiptavinum á EES-svæðinu til boða 1. mars 2010 í síðasta lagi. Til að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir framangreindri reglu er lagt til að nýjum staflið, l-lið, verði bætt við ákvæði 2. mgr. 35. gr. og orðist hann svo:

Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns og veita þeim kost á velja efstu mörk fyrir slíka þjónustu yfir ákveðið tímabil.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að álagningarprósenta jöfnunargjalds gildi afturvirkt þannig að við álagningu skattyfirvalda á árinu 2010 verði stuðst við hina nýju prósentu þegar kemur að álagningu jöfnunargjalds vegna ársins 2009. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að ekki er gert ráð fyrir að í jöfnunarsjóð komi tekjur umfram þau framlög sem Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir að fenginni umsókn. Um ívilnandi aðgerð er að ræða í þágu greiðanda jöfnunargjalds þannig að ekki mun reyna á ákvæði 72. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal I.

Álagningarprósenta Jöfnunarsjóðs alþjónustu árið 2010 vegna tekna á árinu 2009.

Forsendur.

Stofn til rekstrargjalds á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008 er 39.593.852.643 kr.
Stofn til jöfnunargjalds er sá sami og er til rekstrargjalds vegna tekna á árinu 2008.
Umsókn Neyðarlínunnar fyrir árið 2009 er 33.371.618 kr.
Skuld jöfnunarsjóðs við Póst- og fjarskiptastofnun er 6.894.872 kr.

Álagning (stofn í þús. kr.)

Stofn / %	35000000	37000000	39000000	40000000	42000000	44000000
0,05%	17500	18500	19500	20000	21000	22000
0,06%	21000	22200	23400	24000	25200	26400
0,07%	24500	25900	27300	28000	29400	30800
0,08%	28000	29600	31200	32000	33600	35200
0,09%	31500	33300	35100	36000	37800	39600
0,10%	35000	37000	39000	40000	42000	44000
0,11%	38500	40700	42900	44000	46200	48400
0,12%	42000	44400	46800	48000	50400	52800

Niðurstaða **0,10%**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að jöfnunarsjóðsgjald skv. 22. gr. núgildandi laga verði lækkað úr 0,65% í 0,1%. Við það er áætlað að álögur á fjarskiptafyrirtæki muni nema eftir breytingu um 35 m.kr. og mun því fjárheimild Jöfnunarsjóðs alþjónustu lækka til samræmis. Endurgjald vegna alþjónustu er greitt úr Jöfnunarsjóði alþjónustu en sjóðurinn er fjármagnaður með gjaldi sem lagt er á öll fjarskiptafyrirtæki á landinu. Alþjónustu má skilgreina sem afmarkaða þætti fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Lengst af var það einungis Neyðarlínan ohf. sem sótti um framlag úr sjóðnum vegna skyldu félagsins til að veita aðgang að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala. Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, þann 10. október 2007 nr. 1/2007, var tilteknu fjarskiptafyrirtæki ákvarðað framlag úr sjóðnum vegna hluta af kostnaði fyrirtækisins við uppbyggingu á ákveðinni gagnaflutningsþjónustu um landið allt á árunum 2001–2005 sem nam rúmum 163 m.kr. Til að mæta þeirri útgjaldaaukningu var álagningarhlutfall jöfnunargjalds hækkað úr 0,12% í 0,65%. Þar sem ekki hefur verið sótt um frekari framlög úr sjóðnum vegna þessarar tilteknu þjónustu er talið nauðsynlegt að lækka álagningarhlutfallið í 0,1% þannig að álagt jöfnunargjald á fjarskiptafyrirtæki landsins standi einungis undir þeirri þjónustu sem Neyðarlínunni ohf. er skylt að veita undir merkjum alþjónustu.

Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að innleidd verði ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 um breytingar á reglugerð 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins. Með breytingunni er sett þak á ýmis gjöld fjarskiptafyrirtækja til notenda vegna alþjóðlegs reikis en það er farsímaþjónusta sem notendur farsíma nýta sér þegar þeir eru staddir utan þess ríkis sem fjarskiptafyrirtæki sem þeir eiga viðskipti við starfar í.

Í fjárlögum 2009 var fjárheimild Jöfnunarsjóðs alþjónustu um 208 m.kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækki um 173 m.kr. og verði 35 m.kr. frá og með árinu 2010. Tekjur og gjöld ríkissjóðs munu lækka samsvarandi, eða um 173 m.kr., þar sem um markaðar ríkistekjur er að ræða.

58. Frumvarp til landflutningalaga. [58. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um allan vöruflutning með ökutæki á landi án tillits til þess hvort greitt er fyrir flutninginn eða ekki enda annist flytjandi flutning.

Lögin gilda um vöruflutning með einu ökutæki, með samtengdum ökutækjum og með vagni eða í gámi þegar vagn eða gámur hefur verið festur við ökutæki, hvort sem slíkur vagn eða gámur er, við fermingu og/eða affermingu, tengdur við ökutæki eða ekki. Auk þess gilda lögin um lausan vagn eða gám sem tímabundið hefur verið aftengdur ökutæki meðan á vöruflutningi stendur.

Lögin gilda um réttarsamband flytjanda, sendanda og móttakanda vörunnar. Auk þess gilda þau um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda, sé eigandi hvorki sendandi né móttakandi vörunnar.

Óheimilt er, nema annað sé tekið fram í lögunum, að víkja frá ákvæðum þeirra.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

1. *Flytjandi:* Sá sem með samningi tekur að sér vöruflutning með ökutæki fyrir annan, eiganda, sendanda og/eða móttakanda vörunnar, hvort sem hann ekur ökutækinu sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.
2. *Vöruflutningur:* Allir vöruflutningar á Íslandi með ökutækjum, vögnum og gámum, hvort sem flutt er fyrir einn aðila eða fleiri í einu og hvort sem flutt er innan sama bæjarfélags eða milli landshluta.
3. *Gámur:* Gámur hvort sem er lokaður eða opinn, fleti eða hvers kyns sambærileg flutningseining sem notuð er til að halda vörum saman.
4. *Vagn:* Hvers konar eftirvagn og tengitæki sem hönnuð eru til að vera dregin af ökutæki en ganga ekki fyrir eigin vélarafli.
5. *Ökutæki:* Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori, þ.m.t., en þó ekki tæmandi, bifreið, bifhjól, dráttarvél og vinnuvél, hvort sem tækið er vélknúið eða ekki.
6. *Fjölþáttaflutningur:* Vöruflutningur þar sem sami farmflytjandi tekur að sér flutninginn með fleiri en einni flutningsaðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar.

3. gr.

Sé vagn, gámur og/eða ökutæki flutt hluta leiðar á skipi, án þess að vera jafnframt losað, gilda þessi lög um allan flutninginn.

Þurfi að skipta um vagn, gám og/eða ökutæki á leiðinni, eða áður en varan er komin á ákvörðunarstað, telst samt vera um einn flutning að ræða sem fellur undir lög þessi.

4. gr.

Lög þessi gilda einnig um starfsmenn, umboðsmenn og undirverktaka flytjanda, sendanda, móttakanda og eiganda vöru.

5. gr.

Lög þessi gilda ekki um póstflutninga sem falla undir lög um póstþjónustu.

Við flutning póstsendinga er flytjandi einungis ábyrgur gagnvart hlutaðeigandi póstþjónustu í samræmi við þær reglur sem aðilar hafa samið sérstaklega um að skuli gilda um flutninginn eða lög um póstþjónustu hafi ekki verið samið um slíkar reglur. Flytjandi ber ekki ábyrgð á flutningnum gagnvart sendanda, móttakanda og/eða eiganda póstsendingar.

6. gr.

Þegar eigandi ökutækis er jafnframt flytjandi vöru skulu lög þessi ganga framar umferðarlögum um ábyrgð á tjóni sem kann að verða á vörunni.

II. KAFLI
Flutningssamningar.

7. gr.

Fyrir sérhverja vörusendingu skal sendandi, sé ekki um annað samið, útfylla fylgibréf á þar til gert eyðublað sem flytjandi útvegar.

Í stað fylgibréfs skv. 1. mgr. er sendanda heimilt, með samþykki flytjanda, að senda flytjanda með rafrænum hætti, eða á annan þann hátt sem flytjandi fer fram á, þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. Í slíkum tilvikum ber flytjanda að varðveita upplýsingar um flutninginn á þann hátt sem hann kýs, þ.m.t. á rafrænu formi.

Ef heimildar skv. 2. mgr. er neytt skal flytjandi afhenda sendanda kvittun sem gerir kleift að bera kennsl á vöruna og hefur að geyma þær upplýsingar sem varðveittar eru um flutninginn. Slík kvittun má vera á rafrænu formi.

8. gr.

Fylgibréf eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. er sönnun fyrir gerð flutningssamnings, skilmála hans og móttöku flytjanda á vörunni eins og henni er þar lýst nema annað sannist eða um annað sé samið.

Í fylgibréfi skv. 1. mgr. skulu a.m.k. vera eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimilisfang sendanda.
2. Nafn og heimilisfang móttakanda.
3. Dagsetning á móttöku flytjanda á vörunni.
4. Fjöldi pakka, tilgreining vöru, pökkun, mál og vigt.
5. Merking um meðferð og meðhöndlun vöru.
6. Greiðsluskilmálar.
7. Kröfuupphæðir sem innheimta á hjá móttakanda sé um slíkt að ræða.
8. Tilgreining á verðmæti vörunnar ef sérstakar ástæður eru til.
9. Sérstök og skýr tilgreining ef flytja á vöruna við ákveðið hitastig eða ef meðhöndla á vöruna á einhvern sérstakan eða gætilegan hátt.
10. Sérstök tilgreining á því hvort um hættulega vöru er að ræða og nánari lýsing á eðli vörunnar ef um slíkt er að ræða.

9. gr.

Sendanda og flytjanda er heimilt að bæta í fylgibréfið eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. öðrum upplýsingum sem þeir telja nauðsynlegar vegna flutnings vörunnar. Flytjanda er jafnframt heimilt að bæta við nánari reglum um framkvæmd flutningsins.

10. gr.

Flytjandi staðfestir móttöku vörunnar með undirskrift sinni á fylgibréfið. Undirritun hans má vera prentuð eða stimpluð.

Sé heimildar 2. mgr. 7. gr. neytt staðfestir flytjandi móttöku vörunnar með kvittun skv. 3. mgr. 7. gr.

11. gr.

Þótt fylgibréf sé ekki gefið út, heimild 2. mgr. 7. gr. á ekki við eða fylgibréf eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. hefur glatast eða er ekki þess efnis sem mælt er fyrir um í lögum þessum er flutningssamningur engu að síður gildur og háður ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI
Móttaka, flutningur og afhending vöru og flutningsgjald.

12. gr.

Sendanda ber að merkja vöruna greinilega með nafni, heimilisfangi og síma móttakanda, svo og með öðrum nauðsynlegum upplýsingum, áður en hún er afhent flytjanda.

13. gr.

Flytjanda ber að hafa þau lögbundnu leyfi sem krafist er vegna flutningsstarfseminnar, eftir því sem við á. Flytjanda ber jafnframt að sjá til þess með eðlilegri árvekni að ökutæki, vagn og gámur sé í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu vöru og ber með eðlilegri árvekni að ferma, flytja, annast um og afferma vörur sem hann flytur.

14. gr.

Flutningur samkvæmt lögum þessum er talinn hefjast er flytjandi tekur við vöru til flutnings og lýkur við afhendingu hennar til móttakanda eða skv. 16. gr.

15. gr.

Við móttöku vöru skal flytjandi kanna hvort upplýsingar í fylgibréfi eða upplýsingar sem honum eru sendar skv. 2. mgr. 7. gr. eru réttar, eftir því sem séð verður. Flytjanda er heimilt að setja þá fyrirvara við upplýsingarnar sem hann telur nauðsynlega.

Hafi flytjandi ekki færi á að kanna hvort upplýsingar eru réttar er honum heimilt að geta um það í fylgibréfinu eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. og undanskilja sig með því þeirri skyldu sem mælt er fyrir um í þessari grein.

16. gr.

Flytjandi skal afhenda vöruna á ákvörðunarstað til þess aðila sem skráður er móttakandi í fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. nema sendandi og flytjandi hafi samið um annað.

Ef móttakandi er ekki við því búinn að veita vöru viðtöku eða neitar að taka við vöru, móttakandi er ókunnur eða finnst ekki eða ómögulegt er að afhenda vöruna af öðrum orsökum, skal flytjandi koma vörunni í örugga geymslu á kostnað og áhættu sendanda og lýkur flutningnum við það, nema um annað sé samið. Flytjandi skal þá tilkynna sendanda um geymslu vörunnar og leita fyrirmæla hans um frekari meðferð hennar. Flytjanda er heimilt að krefja sendanda bæði um þann kostnað sem til fellur meðan beðið er eftir fyrirmælum frá sendanda og kostnað við að framfylgja þeim.

Komi til þess að endursenda þurfi vöru til sendanda ber honum að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. vegna upphaflegs flutnings, sem og allan þann kostnað sem til fellur við endursendingu vörunnar.

Hafi flytjandi ekki innan fjórtán almanaksdaga, frá því að tilkynning skv. 2. mgr. er send af stað til sendanda með sannanlegum hætti, fengið fyrirmæli frá honum um meðferð vörunnar er flytjanda heimilt:

a. að selja svo mikið af vörunni sem þarf til lúkningar á kröfum sem á henni hvíla, á hvern þann hátt sem hann telur að sé hagstæðastur hverju sinni, án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til sendanda, móttakanda og eiganda vörunnar, eða
b. að farga allri vörunni eða hluta hennar á kostnað og áhættu sendanda enda sé sendanda tilkynnt skriflega með hæfilegum fyrirvara um þessa ráðstöfun flytjanda á vörunni, eða
c. að koma allri vörunni eða því sem ekki er selt skv. a-lið eða sem ekki er fargað skv. b-lið í örugga geymslu á kostnað og áhættu sendanda enda sé sendanda tilkynnt skriflega um þessa ráðstöfun flytjanda á vörunni.

17. gr.

Þegar vara er komin á ákvörðunarstað getur móttakandi krafist afhendingar vörunnar gegn greiðslu þeirrar upphæðar sem innheimta skal samkvæmt fylgibréfinu eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. auk annarra gjalda sem hvíla á vörunni enda uppfylli hann öll þau skilyrði sem greinir í flutningssamningi.

Flytjanda er heimilt að krefjast þess af móttakanda að hann sanni á sér deili áður en varan er afhent en að öðrum kosti er flytjanda heimilt að neita afhendingu án þess að baka sér skaðabótaskyldu. Í slíku tilviki skulu ákvæði 2. og 3. mgr. 16. gr. gilda eftir því sem við á.

Verði ágreiningur um upphæð og gjöld sem móttakanda ber að greiða skv. 1. mgr. er flytjanda heimilt að neita að afhenda vöruna nema gegn tryggingu sem flytjandi metur fullnægjandi.

18. gr.

Hafi ekki verið samið um fjárhæð flutningsgjalds skal greiða það gjald sem fram kemur í gjaldskrá flytjanda en sé ekki um slíka gjaldskrá að ræða það gjald sem almennt var notað þegar flytjandi tók við vörunni.

Hafi verið flutt meira vörumagn en fylgibréf eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. getur um skal greiða flutningsgjald fyrir það sem umfram er í samræmi við 1. mgr.

IV. KAFLI
Ábyrgð flytjanda.

19. gr.

Skemmist vara eða glatist meðan á flutningi stendur ber flytjanda að bæta tjón sem af því hlýst nema hann sanni að hvorki hann né maður sem hann ber ábyrgð á eigi sök á tjóninu.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum óeðlilegra tafa í flutningi nema hann sanni að hann eða menn sem hann ber ábyrgð á hafi viðhaft þær aðgerðir við flutninginn sem sanngjarnt getur talist eða að ógerlegt hafi verið að framkvæma slíkar aðgerðir.

20. gr.

Skaðabætur skv. 19. gr. skal ákveða eftir verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi að viðbættum flutningsgjöldum.

Liggi verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi ekki fyrir skulu bætur ákveðnar eftir verðmæti slíkrar vöru á þeim stað og tíma þar sem og þegar afhending fer fram en sé ekki um slík verðmæti að ræða þá markaðsverði og sé hvorugu þessu til að dreifa þá venjulegu verði fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum. Sönnunarbyrði um verðmæti vöru hvílir á þeim sem bóta krefst.

Lækka má skaðabætur sem flytjanda ber að greiða eða fella þær alveg niður ef hann sannar að eigandi, sendandi eða móttakandi vörunnar eða einhver sem þeir bera ábyrgð á hafa verið valdir eða samvaldir að tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. verður flytjanda aldrei gert að greiða hærri skaðabætur en sem nemur 12,5 SDR fyrir hvert kíló vöru sem skemmist eða glatast eða sem nemur fjárhæð flutningsgjalds sé um að ræða óeðlilegar tafir á afhendingu vöru og bótakrefjandi sannar að hann hafi orðið fyrir beinu fjártjóni vegna þeirra.

Flytjandi getur ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmarkanir skv. 1. mgr. ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst að tjón mundi sennilega hljótast af.

Með SDR er átt við sérstök dráttarréttindi eins og þau eru skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gengisskráningu Seðlabanka Íslands á þeim við sölu. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við uppgjörsdag en dómsuppsögudag ef málinu verður ekki lokið utan réttar.

22. gr.

Heimilt er að semja um hærri hámarksbætur en nefndar eru í 21. gr.

Auk þess er heimilt að semja um aðrar hámarksbætur en nefndar eru í 21. gr. sé um að ræða fjölþáttaflutning. Slíkar hámarksbætur geta þó aldrei verið lægri en þær hámarksbætur sem mælt er fyrir um í siglingalögum eða loftferðalögum, eftir því sem við á, enda er heimild þessi bundin því skilyrði að sömu hámarksbætur gildi meðan á fjölþáttaflutningi stendur.

Hafi sendandi gefið upp í fylgibréfi hærra verðmæti vöru en kveðið er á um í 21. gr. og greitt flutningsgjald í samræmi við það skal það verð lagt til grundvallar um mörk ábyrgðar flytjanda ef það leiðir til hærri bóta en hámarksbóta skv. 21. gr.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla koma ekki í veg fyrir að flytjandi geri fyrirvara í fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. um undanþágu ábyrgðar:

a. á flutningi á lifandi dýrum, eða
b. á flutningi á vöru sem búið er að hlaða í gám þegar gámur er afhentur flytjanda til flutnings, eða
c. á fermingu og/eða affermingu ökutækis, vagns eða gáms þegar sendandi, móttakandi eða eigandi vöru sjá um fermingu og/eða affermingu ökutækis, vagns eða gáms.

V. KAFLI
Ábyrgð sendanda.

24. gr.

Sendandi ber ábyrgð á að upplýsingar sem tilgreindar eru í fylgibréfi eða upplýsingar skv. 2. mgr. 7. gr. og merkingar vöru séu réttar. Hann er ábyrgur fyrir kostnaði og tjóni sem hlýst af því að upplýsingarnar eru rangar, ónákvæmar, ógreinilegar eða að öðru leyti ófullkomnar.

25. gr.

Sendanda ber að sjá til þess að ástand, frágangur og pökkun vörunnar sé með þeim hætti að hún þoli umsaminn flutning og að flytjandi geti auðveldlega og örugglega fermt hana um borð í ökutæki, vagn eða gám, flutt hana og affermt.

Sendanda ber að skýra sérstaklega frá því og merkja vöruna ef hún þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar.

Sendandi er ábyrgur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem vörusending hans veldur á ökutæki, vagni, gámi, mönnum, efni eða annarri vöru vegna þess að umbúðir eru lélegar eða ófullnægjandi. Þetta gildir þó ekki ef framangreint ástand umbúðanna er sýnilegt eða flytjanda er kunnugt um það og hann tekur við vörunni án fyrirvara um ástand umbúða.

26. gr.

Sendandi skal sjá um og ber ábyrgð á að vara sem hefur í för með sér bruna- eða sprenghættu eða er að öðru leyti hættuleg ökutæki, vagni, gámi, öðrum vörum og/eða mönnum, svo og sýrur eða önnur fljótandi efni sem skemmt geta út frá sér, sé merkt samkvæmt gildandi reglum um flutning á hættulegum varningi og sé í fullnægjandi umbúðum.

Áður en hættuleg vara skv. 1. mgr. er afhent til flutnings skal sendandi gefa nákvæmar upplýsingar um í hverju hættan er fólgin og hvaða varúðarráðstafanir verði að viðhafa við flutning hennar. Sendanda er einnig skylt að veita þá fræðslu um vöruna sem nauðsynleg er til að varna tjóni.

Nú hefur vara sem um getur í 1. mgr. verið afhent til flutnings án þess að sendandi hafi upplýst flytjanda um þessa eiginleika hennar og er flytjanda þá heimilt, án þess að baka sér skaðabótaskyldu, að skilja vöruna eftir þar sem hann er staddur og gera hana óskaðlega eða eyðileggja með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni en þess skal ávallt gætt að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.

Aðgerðir sem flytjanda er heimilt að grípa til samkvæmt ákvæði þessu fara fram á kostnað og ábyrgð sendanda.

VI. KAFLI
Ábyrgð móttakanda.

27. gr.

Móttakandi skal taka við vöru á ákvörðunarstað eins fljótt og verða má og eigi síðar en þremur dögum eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar.

Með móttöku vöru skuldbindur móttakandi sig til að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr., nema um annað sé samið.

Ákvæði 2. mgr. eiga þó ekki við ef móttakandi hefur sannanlega óskað eftir því við sendanda og flytjanda að vara sé ekki flutt til hans með þeim greiðsluskilmálum að móttakandi

eigi að greiða flutningsgjald eða aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr.

Komi til þess að vara sé samt sem áður send og afhent móttakanda þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal sendandi greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr.

Um móttöku, afhendingu og flutning vörunnar skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum III. kafla.

28. gr.

Flytjandi hefur haldsrétt í vörunni þar til greitt hefur verið flutningsgjald og kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr., sem og aðrar kröfur og annar kostnaður sem af flutningi stafa.

Flytjanda er heimilt að selja svo mikið af vörunni sem þarf til lúkningar kröfum sem á henni hvíla á þann hátt sem hann kýs án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til sendanda, móttakanda eða eiganda hennar. Haldsréttur skv. 1. mgr. nær jafnframt til alls kostnaðar við slíka sölu, þ.m.t. kostnaðar við fermingu, affermingu og geymslu meðan á sölumeðferð stendur.

29. gr.

Þegar móttakandi tekur við vöru án fyrirvara skal litið svo á að varan hafi verið afhent óskemmd og í samræmi við lýsingu í fylgibréfi, þar til annað sannast.

30. gr.

Móttakandi skal tilkynna flytjanda um tjón á vörunni jafnskjótt og þess verður vart og í síðasta lagi þremur dögum eftir móttöku vörunnar. Að öðrum kosti telst varan hafa verið afhent í því ástandi sem lýst er í fylgibréfi, kvittun skv. 3. mgr. 7. gr. eða annarri móttökukvittun ef ekki eru færðar sannanir gegn því.

Ef um töf er að ræða skal tilkynning hafa borist flytjanda í síðasta lagi fjórtán dögum frá því afhenda átti vöruna enda skal gengið út frá því að um óeðlilegan drátt hafi verið að ræða hafi vara ekki verið afhent innan þess tíma.

Tilkynning samkvæmt þessari grein skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti innan þeirra tímafresta sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Kröfur sem rísa kunna í tengslum við flutning á grundvelli laga þessara fyrnast á einu ári frá því að móttakandi kvittar fyrir móttöku vörunnar eða á einu ári og tveimur mánuðum frá því að vara var afhent til flutnings sé ekki um kvittun móttakanda að ræða.

Samningar sem mæla fyrir um að kröfur sem rísa á grundvelli laganna skuli ekki fyrnast eða að þeim skuli fylgja lengri eða styttri fyrningarfrestur en mælt er fyrir um í ákvæði þessu eru ógildir.

32. gr.

Ákvæðum laga þessara skal beita hvort heldur krafa byggist á samningi eða ábyrgð utan samninga.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningur sem hefst en er ólokið fyrir gildistöku laga þessara skal fara eftir ákvæðum laga nr. 24/1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var af þáverandi samgönguráðherra með skipunarbréfi dags. 30. október 2006. Í starfshópnum sátu Svanhvít Axelsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, Einar Baldvin Axelsson hrl. sem fulltrúi flytjenda og Lárus Óskarsson sem fulltrúi kaupenda þjónustunnar, báðir skipaðir af Samtökum verslunar og þjónustu.

Megintilgangur frumvarpsins er að laga reglur um landflutninga að því rekstrarumhverfi sem greinin býr við núna og þeim breytingum sem orðið hafa á því sviði.

II.

Gildandi lög um landflutninga eru lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Lögin hafa að geyma reglur um efni flutningssamnings og ábyrgð flytjanda, sendanda og móttakanda. Áður en lög þessi tóku gildi voru ekki fyrir hendi lög eða reglur hér á landi um flutningssamninga og ábyrgð viðkomandi aðila við vöruflutninga á landi.

Í frumvarpi til gildandi laga kemur fram að þau séu byggð á grundvelli tillagna frá Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, og Félagi íslenskra stórkaupmanna, sem aftur eru byggðar á reglum um flutningssamninga og flutningsábyrgð annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt var norsk og dönsk löggjöf höfð til hliðsjónar við samningu laganna sem og sérstakar aðstæður hér á landi.

Í kjölfar setningar laga nr. 24/1982 samþykkti Landvari sérstakar reglur um gírókröfuþjónustu Landvara og skilmála um flutning í vöruflutningum á landi og var reglum þessu ætlað að vera til fyllingar lögunum.

Segja má að aðdraganda að þessari endurskoðun laganna sé að rekja til stofnunar flutningssviðs Samtaka verslunar og þjónustu, SVÞ, í ársbyrjun 2006. Eftir að aðildarfélög Landvara bættust í hóp aðildarfélaga flutningasviðsins síðar á því ári var ákveðið að kanna hvort þörf væri á því að endurskoða reglur og skilmála Landvara.

Niðurstaða þeirrar könnunar var að betra væri gera breytingar á lögum nr. 24/1982 og hafa þannig samræmdar reglur um flutninga á landi í stað þess að setja sérstaka flutningsskilmála sem semja þyrfti um að giltu í viðkomandi flutningi hverju sinni. Var talið að slíkt myndi auka hættu á að hér á landi væru í gildi margir og mismunandi skilmálar í landflutningum.

Þau atriði í gildandi lögum sem einkum var talið að þyrfti að endurskoða eru eftirfarandi:

- gildissvið laganna væri ekki nægilega skýrt,
- taka þyrfti af allan vafa um hvort lögin væru frávíkjanleg,
- óljóst væri hvort lögin gengju framar umferðarlögum,
- gildissvið laganna vegna innanbæjarflutninga,
- heimild skorti til þess að gefa út rafræn fylgibréf,

– ábyrgðarreglur væru ekki nægilega skýrar og í mörgum tilfellum of flóknar,
– reglur vantaði um tilkynningu tjóna og afleiðingar þess ef ekki er tilkynnt um tjón,
– skýrari og betri úrræði vantaði fyrir flytjanda þegar honum væri ókleift að afhenda vöru.

III.

Eins og fram hefur komið skipaði þáverandi samgönguráðherra starfshóp sem ætlað var að endurskoða lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Var starfshópnum jafnframt falið að vinna tillögur að frumvarpi og hafa við það hliðsjón af því rekstrarumhverfi sem landflutningar búa við núna og þeim breytingum sem hafa orðið á því sviði frá því lögin tóku gildi. Auk þess hafði starfshópurinn til hliðsjónar framangreind atriði sem talið var að þyrftu endurskoðunar. Frumvarp þetta er afraksturinn af vinnu starfshópsins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu breytingum og nýmælum frumvarpsins frá gildandi lögum, nr. 24/1982.

Heiti laganna.

Lagt er til að heiti laganna verði „landflutningalög“. Breyting þessi er til einföldunar og er í samræmi við önnur lög á sviði flutningaréttar eins og „siglingalög“ og „loftferðalög“.

Gildissvið.

Allnokkrar breytingar frá gildandi lögum eru lagðar til í frumvarpinu. Eftirfarandi eru helstu nýmæli:

– Lagt er til að lögin gildi um allan vöruflutning með ökutæki á landi og gildi því bæði um vörusendingar sem fluttar eru milli bæjarfélaga og innan sama bæjarfélags í stað þess að vera takmarkað við flutninga milli landshluta eða byggðarlaga eins og gildandi lög.
– Lögin gildi án tillit til þess hvort greitt er fyrir flutninginn eða ekki enda annist flytjandi flutning og er með því komið í veg fyrir að hægt sé að komast fram hjá lögunum með því að bjóða upp á ókeypis flutning.
– Lögin gildi um flutning með samtengdum ökutækjum og gámum.
– Lögin gildi einnig um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda en í gildandi lögum segir ekkert um réttarstöðu eiganda vöru sem verður fyrir tjóni sem flytjandi á sök á.
– Lögin gildi ekki um póstflutninga sem falla undir lög um póstþjónustu.
– Lögin gildi framar umferðarlögum um ábyrgð á tjóni á vörum þegar eigandi ökutækis er jafnframt flytjandi vöru.
– Lögin verði ófrávíkjanleg nema annað sé tekið sérstaklega fram í einstökum ákvæðum þerra.

Þá er lagt til það nýmæli að ýmis hugtök sem koma fram eru skýrð.

Flutningssamningar.

Áfram er gert ráð fyrir fylgibréfi sem innihaldi tilteknar upplýsingar og er ekki um veigamiklar efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Frumvarpið inniheldur nokkur nýmæli er varða flutningssamninginn og atriði honum tengd og eru þau helstu eftirfarandi:

– Fjallað er um sönnunargildi fylgibréfs og er gert ráð fyrir að hægt sé að víkja frá ákvæðinu.
– Fellt er út ákvæði gildandi laga um hverju megi bæta við fylgibréf enda þykir rétt að veita mönnum val um það.

– Undirritun á fylgibréfi getur verið prentuð eða stimpluð.
– Fylgibréf getur verið rafrænt.
– Viðmið um hvernig meta á hvort flytjandi hafi vanefnt flutningssamning.
– Flytjandi skal hafa þau lögbundnu leyfi sem krafist er til þess að geta innt af hendi flutninginn, eftir því sem við á.
– Fellt er út að flytjandi þurfi að rökstyðja fyrirvara sem honum er heimilt að setja í fylgibréf.
– Ákvæði um ráðstöfunarrétt sendanda vöru er ítarlegra og það skýrt hvenær sá réttur fellur niður.
– Breytingar á möguleikum flytjanda til að ljúka flutningi ef ekki er hægt að afhenda vöruna.
– Flytjanda er gefinn kostur á að losna við vöru með sölu og fá kröfur sínar greiddar ef sendandi sinni ekki áskorun flytjanda eða farga henni á kostnað sendanda.

Ábyrgð flytjanda.

Ein meginbreytingin sem lögð er til með frumvarpinu snýr að ábyrgðarreglum. Að mati starfshópsins eru gildandi reglur allt of strangar, sérstaklega þar sem lagt er til að lögin séu ófrávíkjanleg.

Af þeim sökum er lagt til að ábyrgðarregla frumvarpsins verði sakarlíkindaregla. Í þeirri reglu felst að sönnunarbyrðin hvílir á flytjanda sem þýðir að hann ber ábyrgð á farmtjóni nema hann geti sannað að rekja megi tjónið til atvika sem hvorki hann né menn sem hann ber ábyrgð á eiga á sök á.

Fjárhæð skaðabóta.

Í frumvarpinu er að finna breytingar er varða fjárhæð bóta og miða þær að því að gera reglurnar ítarlegri svo auðveldara sé að ákvarða bætur þegar vara skemmist eða glatast. Er lagt til að miða eigi bætur við verðmæti vörunnar eins og það kemur fram á vörureikningi að viðbættum flutningsgjöldum.

Takmörkun bótafjárhæðar.

Önnur veruleg breyting sem lögð er til með frumvarpinu er um takmörkunarfjárhæð bóta. Breytingin er nauðsynleg þar sem erfitt að reikna út takmörkunarfjárhæðina samkvæmt gildandi lögum þar sem sú vísitala vöru og þjónustu sem miða á við er ekki lengur í gildi.

Starfshópurinn leggur til að tekið verði mið af þeirri venju í flutningarétti að miða takmörkunarfjárhæð við SDR. Þá leggur starfshópurinn til að takmörkunarfjárhæðin verði 12,5 SDR fyrir hvert kíló vöru. Er það mat starfshópsins að með þessari tillögu sé ekki gengið of langt í breytingu á fjárhæðinni miðað við gildandi lög og ekki heldur vikið mikið frá þeim reglum sem gilda í þeim ríkjum sem við berum okkur mest saman við. Nánar er fjallað um þetta í athugasemdum við 21. gr.

Lagt er til að lögin verði frávíkjanleg hvað bótafjárhæð varðar þó þannig að einungis sé hægt að semja um hærri bætur en samkvæmt takmörkunarfjárhæð.

Undanþágur frá ábyrgð.

Lagðar eru til breytingar frá gildandi lögum á ákvæðum um undanþágur frá ábyrgð og eru þær reglur byggðar á sömu sjónarmiðum og eru að finna í sjórétti og koma fram í siglinga-

lögum. Undanþágur snúa að flutningi á lifandi dýrum, flutningi á vörum sem búið er að hlaða í gám og þegar lestun eða losun er framkvæmd af aðila sem ekki er á vegum flytjanda.

Ábyrgð.

Í frumvarpinu er skýrar kveðið á um skyldu sendanda varðandi frágang og pökkun vörunnar og tilkynningu um meðferð hennar ef þörf er á einhverri sérstakri meðferð umfram almennar vörur enda stendur það sendanda næst að gæta að þessum atriðum. Þá hefur frumvarpið að geyma ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum og skyldum sendanda og úrræði flytjanda hvað það varðar.

Lagðar eru til skýrari reglur um móttöku vöru og lagt til að móttakandi fái þriggja daga frest til þess að taka við vöru.

Þá er nýmæli í frumvarpinu um hvað skuli gera ef móttakandi hefur sannanlega óskað eftir því bæði við sendanda og flytjanda að varan sé ekki flutt til hans með þeim greiðsluskilmálum að hann eigi að greiða flutningsgjaldið og aðrar kröfur. Er með þessu ákvæði verið að leysa ákveðið vandamál sem upp hefur komið undanfarin ár með auknum landflutningum.

Þá er lagt til að flytjandi hafi haldsrétt í vörunni í stað þess að hann hafi handveð. Þykir það eðlilegra réttarúrræði enda eru vörurnar í vörslum flytjanda. Þá er ítarlega mælt fyrir um hvernig flytjandi getur nýtt sér haldsrétt sinn með því að selja vöru upp í kröfur sínar.

Ýmis ákvæði.

Lagt er til að ekki sé heimilt að semja um lengri eða styttri frest en mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Þá er nýmæli að kveða á um að ákvæðum frumvarpsins skuli beita hvort sem krafa byggist á samningi eða ábyrgð utan samninga og er því ætlað að tryggja að ekki sé hægt að komast fram hjá lögunum á neinn hátt með því að byggja bótakröfu á t.d. almennum skaðabótareglum.

Samandregið má segja að helstu breytingar og nýmæli í frumvarpinu séu eftirfarandi:

– Nýtt lagaheiti.
– Víðara og betur afmarkað gildissvið.
– Gildir um flutning hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki.
– Gildir um gámaflutninga.
– Gildir um eiganda vöru.
– Ófrávíkjanlegt nema annað sé tekið fram.
– Orðskýringar.
– Gildir ekki um póstflutninga.
– Gengur framar umferðarlögum um ábyrgð á tjóni á vöru.
– Sönnunargildi fylgibréfs.
– Rafrænt fylgibréf.
– Undirritun getur verið prentuð eða stimpluð.
– Skyldur flytjanda vegna flutnings sem viðmið við ákvörðun um vanefndir.
– Fellt út að flytjandi þurfi að rökstyðja fyrirvara í fylgibréfi.
– Rannsóknarskylda flytjanda getur fallið niður.
– Möguleikar flytjanda til að ljúka flutningi ef ekki er hægt að afhenda vöru.
– Ný ábyrgðarregla – sakarlíkindareglan.
– Heimild til að lækka eða fella niður bætur.
– Bótafjárhæð – almennt á að miða við verðmæti vöru í vörureikningi.

– Ný takmörkunarfjárhæð – 12,5 SDR.
– Hægt að víkja frá takmörkunarfjárhæðum – til hækkunar og þegar samið er um fjölþátta-flutning.
– Undanþága frá ábyrgð – ákveðin tilvik.
– Ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum, skyldur sendanda og úrræði flytjanda.
– Ítarlegri reglur um móttöku vöru og fresti til þess.
– Úrræði ef vara er ekki móttekin.
– Réttur móttakanda til að losna undan skyldu til greiðslu flutningsgjalda í ákveðnu tilviki þrátt fyrir að taka við vörum.
– Réttur flytjanda til að selja vöru upp í kröfur.
– Ekki heimilt að semja um annan fyrningartíma.
– Gildir hvort sem krafa byggist á samningi eða ábyrgð utan samninga.

Þá er um breytingu að ræða á uppsetningu frumvarpsins og er því skipt upp í sjö kafla í stað sex eins og gildandi lögum. III. kafli er nýjung og er settur í frumvarpið til þess að hafa það skýrara og aðgengilegra.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gildissvið auk þess sem þar er að finna skýringar ýmissa hugtaka.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögin gildi um allan vöruflutning með ökutæki á landi. Með því er gerð sú breyting frá gildandi lögum að ákvæði frumvarpsins eiga bæði við um vörusendingar sem fluttar eru milli bæjarfélaga og innan sama bæjarfélags. Frumvarpið er þar af leiðandi ekki takmarkað við flutninga milli landshluta eða byggðarlaga eins og gildandi lög en í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kemur fram að lögunum sé fyrst og fremst ætlað að gilda um þá skipulagsbundnu vöruflutninga sem fara fram á milli landshluta eða byggðarlaga, en ekki um vörusendingar innan sama bæjarfélags eða kaupstaðar.

Þessi breyting er nauðsynleg í ljósi þeirra gríðarlegu vöruflutninga sem eiga sér stað innan sama bæjarfélags, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, á degi hverjum. Er með öllu óásættanlegt að um slíka flutninga gildi engin lög þegar kemur að ábyrgð og skyldum flytjanda, sendanda og móttakanda.

Auk þess er í greininni ekki lengur gert að skilyrði eins og í gildandi lögum að vöruflytjandi annist að jafnaði flutning fyrir fleiri en einn aðila í sömu ferð. Það verður að teljast óeðlilegt þar sem fyrir hendi getur verið sú staða að um flytjanda sé að ræða sem aðeins tekur að sér að flytja fyrir eitt fyrirtæki hvert á landi sem er. Er engin ástæða til þess að einhverjar aðrar reglur gildi um slíka aðila en þá sem að jafnaði flytja fyrir fleiri í sömu ferð.

Í 1. mgr. er einnig lagt til að ákvæði frumvarpsins gildi án tillit til þess hvort greitt er fyrir flutninginn eða ekki enda annist flytjandi flutning. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi lögum sem taka aðeins til flutnings gegn gjaldi. Með þessu er slegið föstu að þegar einhver tekur að sér flutning með samningi, sem getur verið munnlegur eða skriflegur, þá gildi lögin án tillit til þess hvort greitt er sérstaklega fyrir flutninginn eða greiðslan er innifalin í öðru gjaldi. Þannig er ekki hægt að komast fram hjá ákvæðunum með því að bjóða upp á ókeypis flutning.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvæði frumvarpsins gildi um flutning með samtengdum ökutækjum og gámum. Tekið er fram að þótt vagnar og gámar séu ekki tengdir við ökutæki meðan lestun og losun á sér stað en verði það síðar eða hafi verið það þá gildi ákvæðin. Þessi breyting er fyrst og fremst gerð í ljósi breytinga á flutningsmáta frá því gildandi lög voru sett en nú er mikið um að vörur séu fluttar í gámum.

Einnig er nýmæli að finna í 3. mgr. þar sem lagt er til að ákvæðið gildi einnig um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda. Í gildandi lögum segir ekkert um réttarstöðu eiganda vöru sem verður fyrir tjóni sem flytjandi á sök á. Eigandi vörunnar getur af þeim sökum krafið flytjanda um bætur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar og fengið tjón sitt bætt að fullu í stað þess að þurfa að sæta t.d. takmörkun á bótafjárhæð og stuttum fyrningarfresti sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og gildir fyrir sendanda og móttakanda. Telja verður að slík niðurstaða sé óeðlileg og geti leitt til þess að reynt verði að fara á svig við ákvæði frumvarpsins. Þykir af þeim sökum rétt að leggja til að ákvæðið gildi um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda þannig að eigandinn sitji við sama borð og sendandi og móttakandi.

Þá er í 4. mgr. lagt til það nýmæli að kveða á um að lögin séu almennt ófrávíkjanleg. Ekkert slíkt ákvæði er í gildandi lögum og kann því að vera óvissa um hvort gildandi lög séu frávíkjanleg. Það verður að telja miður þar sem lögin ná tæpast tilgangi sínum ef flytjanda er heimilt að undanþiggja sig ábyrgð þeirri sem mælt er fyrir um þar. Þykir því nauðsynlegt að skýrt sé mælt fyrir um það að lögin séu ófrávíkjanleg nema annað sé tekið sérstaklega fram í einstökum ákvæðum þeirra.

Um 2. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að skýra einstök hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu og er því ætlað að auðvelda skýringar á ákvæðum þess. Samsvarandi orðskýringar er ekki að finna í gildandi lögum og hefur t.d. verið fundið að því að ekki sé í þeim skilgreining á hvað sé „vara“.

Rétt þykir að benda á skilgreiningu á hugtakinu „völuflutningur“, en samkvæmt henni er um að ræða alla völuflutninga á Íslandi með ökutæki, vögnum og gámum. Með því er frumvarpið takmarkað við flutninga á Íslandi. Þá má einnig benda á að hugtakið „ökutæki“ er einnig skilgreint en sú skilgreining er meira og minna byggð á skilgreiningu hugtaksins í umferðarlögunum. Auk þess er að finna í skilgreiningu á „gámi“.

Um 3. gr.

Ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum um að ekki skiptir máli um réttarsamband aðila á meðan varan er í umsjá flytjanda hvers konar bifreið eða tæki tengd við bifreiðina flytjandinn notar eða hvort skipta þarf um flutningstæki á leiðinni á ákvörðunarstað.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt 5. gr. gildandi laga og er ekki um efnislegar breytingar að ræða. Ákvæðið er þó gert skýrara í frumvarpinu en það er í gildandi lögum og lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að tilteknum aðilum sé heimilt að bera fyrir sig sömu ábyrgðartakmörkun og flytjandi, eins og gert er í siglinga- og loftferðalögum. Það er ekki skýrt í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er tekið fram að lögin gildi ekki um póstflutninga sem eiga undir lög um póstþjónustu. Með ákvæðinu er mælt fyrir um að þegar um er að ræða póstsendingar með ökutækjum stofnast ekki til beins samningssambands milli þess sem senda vill póst (eiganda sendingarinnar) og flytjanda, heldur er samningssambandið milli póstþjónustufyrirtækisins og flytjandans. Það samningssamband er síðan jafnframt undanþegið ákvæðum laganna með fyrirmælum 2. mgr., um að réttarsamband þeirra ákvarðist af þeim reglum sem þeir semja um, þ.e. samningi þeirra. Það er sem sagt samningsfrelsi hvað varðar ábyrgð flytjanda á póstsendingum. Þó er gert ráð fyrir að lög um póstþjónustu gildi um ábyrgðina, sé samningum ekki fyrir að fara.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er ekki að finna hliðstætt ákvæði í gildandi lögum.

Hvorki í gildandi lögunum né athugasemdum í frumvarpinu sem varð að þeim lögum er fjallað um hvort lögin, og þá sérstaklega ákvæði þeirra um ábyrgð flytjanda, gangi framar ákvæðum umferðarlaga um bótaskyldu, ef slík staða kemur upp.

Samkvæmt 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skal skráður eða skráningarskyldur eigandi eða umráðamaður vélknúins ökutækis bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Hér er um hlutlæga bótaábyrgð að ræða án nokkurra undantekninga. Ábyrgð þessi er ótakmörkuð. Hún fyrnist á fjórum árum skv. 99. gr. umferðarlaga. Skylt er að kaupa vátryggingu fyrir þessari ábyrgð skv. 91. gr. umferðarlaga.

Miðað við þetta er ljóst að ákvæði gildandi laga um ábyrgð á farmi og þetta ákvæði umferðarlaga geta skarast í vissum tilfellum, því ábyrgð samkvæmt umferðarlögum getur náð til tjóns á farmi sem rekja má til notkunar bifreiðarinnar. Þetta getur leitt til þess að sú staða komi upp að bótakrefjandi hafi val um að krefja eiganda vöruflutningabifreiðar, sem tekið hefur að sér að flytja vöru fyrir hann gegn gjaldi, um bætur vegna tjóns á farmi eftir ákvæðum laga um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi eða umferðarlögum.

Þetta skiptir máli, þar sem gildandi lög hafa meðal annars að geyma sérreglur um ábyrgð, takmörkun ábyrgðar og mun styttri fyrningarfrest heldur en mælt er fyrir um í umferðarlögum. Ef bótakrefjandi kýs að byggja á umferðarlögum getur það leitt til þess að hann fái allt tjón sitt bætt með því að krefja vátryggingafélag bifreiðarinnar um bæturnar í stað þess að krefja flytjanda sjálfan og þarf þá ekki að sæta takmörkun á ábyrgð. Auk þess er óeðlilegt að mismunandi fyrningarreglur gildi um kröfur sem þessar.

Rétt er að leggja áherslu á að þessi staða getur bara komið upp í þeim tilvikum þegar eigandi vöruflutningabifreiðar annast að jafnaði flutning fyrir fleiri í einni ferð gegn gjaldi og hann kemur fram sem flytjandi gagnvart sendanda og móttakanda, þ.e. þegar eigandi bifreiðarinnar flytur vörur í atvinnuskyni.

Til þess að gæta jafnræðis og tryggja að allir sitji við sama borð þegar kemur að því að bæta tjón í landflutningum var það niðurstaða starfshópsins að mæla fyrir um það með skýrum hætti í frumvarpinu að ákvæði samkvæmt því gangi framar umferðarlögum. Með því yrði tryggt að sömu reglur gildi alltaf um ábyrgð á farmtjóni.

Um II. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um flutningssamninga en áfram er gert ráð fyrir fylgibréfi sem meginheimild slíks samnings.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að fyrir hverja vörusendingu skuli útfylla þar til gert fylgibréf. Ákvæði þetta er samhljóða 1. málsl. 6. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til nýmæli sem snýr að rafrænum fylgibréfum, þ.e. að þær upplýsingar sem koma eiga fram í fylgibréfi sé einnig hægt að senda til flytjanda með rafrænum hætti, eða á annan þann hátt sem flytjandi kýs. Flytjanda ber þá að varðveita þær upplýsingar, t.d. rafrænt, og er í 3. mgr. kveðið á um að þá beri flytjanda að afhenda sendanda kvittun fyrir móttöku sem getur verið rafræn, t.d. með tölvupósti. Þykir ákvæði sem þetta nauðsynlegt í ljósi breyttra aðstæðna og aukningar í rafrænni þjónustu og afgreiðslu ýmiss konar.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um sönnunargildi fylgibréfs eða kvittunar sem mælt er fyrir um í 7. gr. og er það nýmæli. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að víkja frá ákvæðum frumvarpsins um efni fylgibréfsins.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um það sem koma skal fram í fylgibréfi og er ekki um veigamiklar breytingar frá gildandi lögum að ræða hvað það varðar. Bætt er við tveimur nýjum atriðum í upptalningu á því sem fram á að koma í fylgibréfi, það er í lok 9. tölul. og í 10. tölul. Önnur atriði eru óbreytt. Rétt þykir að taka fram að sömu upplýsingar þarf að senda ef nýtt er heimild 7. gr. um að senda upplýsingar rafrænt eða með öðrum hætti.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að bæta megi frekari upplýsingum í fylgibréf og er ákvæðið sambærilegt 3. mgr. 6. gr. gildandi laga. Ekki þykir ástæða til að taka fram hvaða upplýsingar það eru heldur rétt að veita mönnum val um það.

Um 10. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um staðfestingu flytjanda á móttöku vörunnar með undirritun á fylgibréf og er það samhljóða 4. mgr. 6. gr. gildandi laga. Í ljósi breyttra aðstæðna og með hliðsjón af tillögu 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins um rafræn fylgibréf er lagt til það nýmæli að undirritun geti verið prentuð eða stimpluð.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um réttarstöðuna ef fylgibréf er ekki gefið út, er ekki þess efnis sem áskilið er eða það hefur glatast. Ákvæðið er samhljóða 7. gr. gildandi laga um að flutningssamningur telst eigi að síður gildur og fer eftir ákvæðum frumvarpsins.

Um III. kafla.

Kafli þessi hefur að geyma ákvæði um móttöku, flutning og afhendingu vöru auk ákvæða um flutningsgjald.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 5. mgr. 6. gr. gildandi laga um hvernig sendanda ber að merkja vöruna. Þó er lögð til sú viðbót að þetta eigi að gera áður en vara er afhent til flutnings.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli um tilteknar skyldur flytjanda. Þar er kveðið á um umönnunarskyldu flytjanda en engin slík ákvæði eru í gildandi lögum þegar kemur að flutningnum, eins og t.d. er í 26. og 51. gr. siglingalaga. Nauðsynlegt þykir að setja einhver viðmið um þetta, einkum ef til þess kemur að meta þurfi hvort flytjandi hafi vanefnt flutningssamning. Með þessu ákvæði er ekki lögð skilyrðislaus skylda á flytjanda heldur ber honum að sýna eðlilega árvekni þegar kemur að því að undirbúa ökutæki og framkvæma flutning. Hann verður með öðrum orðum að hegða sér eins og almennt má krefjast af góðum flytjanda við sömu aðstæður. Þessi skylda hvílir á flytjanda meðan á flutningi stendur. Flytjandi verður hins vegar í öllum tilvikum að hafa lögbundin leyfi til þess að geta innt af hendi flutninginn, eftir því sem við á en um slík leyfi er fjallað í öðrum lögum, svo sem lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Um 14. gr.

Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og er í 4. gr. gildandi laga um upphaf og enda flutnings. Engar efnislegar breytingar eru gerðar um að flutningur hefst þegar flytjandi tekur við vöru og lýkur þegar varan ef afhent en bætt er við tilvísun til 16. gr., sem snýr að úrræðum flytjanda ef hann getur ekki afhent vöruna.

Um 15. gr.

Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á því að flytjandi kanni hvort upplýsingar í fylgibréfi, sem sendandi lætur hann fá, séu í samræmi við viðkomandi vöru. Þessi rannsóknarskylda felur í sér könnun á hvort merking vörunnar, fjöldi eininga og ástand umbúða sé í samræmi við það sem skráð er í fylgibréf. Auk þess er ekki heldur ástæða til að leggja til breytingar á því að flytjandi geti gert athugasemd og gert fyrirvara við þessar upplýsingar ef hann telur þær ekki í samræmi við vöruna, t.d. að ekki sé um 10 kassa að ræða heldur 9.

Hins vegar er lögð til sú breyting að flytjandi þurfi ekki að rökstyðja fyrirvarann eins og er í gildandi lögum enda engar leiðbeiningar þar að finna um hvernig það skuli gert. Er enda aðeins talað um að flytjandi geri athugasemd ef hann telji ástæðu til í athugasemd um 9. gr. í frumvarpi til laganna án þess að tekið sé fram að sá fyrirvari þurfi að vera rökstuddur.

Af þeim sökum er lagt til að þessi áskilnaður um rökstuðning verði felldur brott enda ekki í samræmi við framkvæmd. Hvernig á flytjandi t.d. að rökstyðja að pokar séu rifnir með öðru en að skrá „pokar rifnir“ á fylgibréf?

Lagt er til í 2. mgr. að bætt verði við að ef flytjandi hefur ekki færi á að kanna þessar upplýsingar þá sé honum heimilt að geta um það í fylgibréfinu og með því fellur rannsóknarskylda hans niður. Þetta þýðir að rannsókn hans er takmörkuð við það sem hann getur séð enda getur hann t.d. ekki séð hvort í kassa séu 10 einingar af vöru ef kassinn er lokaður. Í því tilviki er hann ekki skuldbundinn til að ganga úr skugga um fjölda eininga, t.d. með því að opna kassa eða aðrar lokaðar umbúðir, og má setja fyrirvara um það í fylgibréfið og losna með því undan rannsóknarskyldunni.

Þessar breytingartillögur eru í raun í samræmi við það sem kemur fram í athugasemd um 9. gr. í frumvarpi til gildandi laga en þar segir að ekki sé ætlast til að flytjandi rannsaki innihald vörusendingar heldur einungis að hann beri sjáanlegt ástand sendingarinnar og merkingar saman við fylgibréf og upplýsingar í því. Í stað þess að hafa þetta í athugasemdum með frumvarpi þykir er rétt að kveða á um þetta í frumvarpinu.

Um 16. gr.

Í ákvæði þessu er einkum fjallað um möguleika flytjanda á því að ljúka flutningnum með afhendingu vörunnar til móttakanda. Ákvæði þetta er að mestu leyti nýmæli en á sér að hluta til samsvörun í 13. og 14. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er fjallað um þá skyldu flytjanda að afhenda réttum móttakanda vörunnar. Þessarar skyldu er ekki getið með beinum hætti í gildandi lögum og þótt hún sé til staðar, eðli málsins samkvæmt, þykir eðlilegra að kveða á um það með skýrum hætti í frumvarpinu.

Það úrræði sem flytjandi hefur ef honum tekst ekki að uppfylla þessa skyldu sína felst í því að koma vörunni í geymslu á kostnað og áhættu sendanda og leita fyrirmæla hans um frekari meðferð vörunnar. Kveðið er á um þetta í 2. mgr.

Eðlilegt þykir að flytjandi eigi þess kost að leita eftir fyrirmælum frá sendanda vörunnar þegar er ástatt eins og segir í 2. mgr. enda hefur sendandi í raun og veru umráðaréttinn yfir vörunni á meðan á flutningi stendur. Hann getur því einn gefið flytjanda ný fyrirmæli um afhendingu vörunnar.

Þá er í 3. mgr. fjallað um úrræði flytjanda ef hann fær ekki fyrirmæli frá sendanda um meðferð vörunnar. Miðað er við ákveðinn tímafrest og að honum loknum getur flytjandi beitt þeim úrræðum sem þar er kveðið á um í a–c-lið og hefur flytjandi val um hvaða leið hann velur hverju sinni.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta fjallar um rétt móttakanda til að fá vöruna afhenta. Í 1. mgr. er ekki að finna efnisbreytingu frá 12. gr. gildandi laga um rétt móttakanda til að krefjast afhendingar á ákvörðunarstað. Þó er bætt við að móttakandi verði að uppfylla öll flutningsskilyrði auk þess að greiða allar kröfur sem á vörunni hvíla. Þetta ákvæði tengist svokölluðum „gíróreglum“ en þær fela í sér möguleika sendanda til að láta flytjanda innheimta fyrir sig andvirði vörunnar áður en varan er afhent móttakanda. Er gert ráð fyrir því í 7. tölul. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ekki þótti rétt að setja frekari reglur um þetta í frumvarpið og því er það undir viðkomandi flytjanda eða flutningssviði SVÞ að búa til skilmála fyrir þessa þjónustu.

2. og 3. mgr. frumvarpsins eru nýmæli. Sá réttur flytjanda sem þar er lagður til þykir nauðsynlegur til þess að hann geti komið í veg fyrir að hann brjóti samning sinn við sendanda varðandi afhendingu á vörunni. Er mjög mikilvægt fyrir flytjanda að hafa þennan rétt þar sem móttakandi þarf ekki að framvísa neinu skjali í skiptum fyrir vöruna eins og þarf þegar vara er flutt samkvæmt farmskírteini.

Um 18. gr.

Í ákvæði þessu sem fjallar um fjárhæð flutningsgjalds ef ekki hefur verið samið um það en um þetta er fjallað í 15. gr. gildandi laga. Í stað þess að miða eigi við gjald sem almennt var notað er lagt til að miðað sé við gjaldskrá flytjanda enda er við það miðað í framkvæmd. Sé gjaldskrá hins vegar ekki til staðar þá skuli miða við gjald sem aðrir greiða flytjanda á þessum tíma.

Um IV. kafla.

Kafli þessi fjallar um ábyrgð flytjanda og er hér að finna mestu breytingarnar frá gildandi lögum sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Ábyrgð flytjanda er tvenns konar, annars vegar ábyrgð á meðferð vöru og hins vegar svokölluð umönnunarábyrgð eða ábyrgð vegna tjóns sem hlýst af völdum dráttar við flutning vöru.

Staða fyrir gildistöku laga nr. 24/1884.

Fyrir gildistöku laga nr. 24/1982 voru bótareglur umferðarlaga einu skaðabótaákvæðin sem tóku til tjóns á farmi í bifreið. Þrátt fyrir að þær reglur feli í sér víðtæka ábyrgð áttu þær oft ekki við þegar leysa þurfti úr ágreiningi um bótaskyldu vegna farmtjóns í landflutningum. Þar sem ekki var fyrir að fara settum lögum varð að skera úr slíkum ágreiningi eftir almennum reglum kröfuréttar eða með lögjöfnun frá ábyrgðarákvæðum siglinga- eða loftferðalaga. Það sem hér kom til skoðunar var hvort flytjandi bar aðeins ábyrgð eftir sakarlíkindareglunni eða reglunni um vinnuveitandaábyrgð eða hvort víðtækari reglur kæmu til greina. Þá var það einnig álitamál hvort farmflytjanda var heimilt að áskilja sér að vera undanþeginn bótarétti.

Hér á landi sem og annars staðar hafa um langt skeið gilt þær reglur að farmflytjandi er bótaskyldur vegna tjóns á farmi nema hann sanni að hvorki hann eða neinn sem hann ber ábyrgð á eigi sök á tjóninu, þ.e. sakarlíkindareglan, sbr. siglingalög og eldri loftferðalög. Fyrir setningu laga nr. 24/1982 beitti Hæstiréttur þessari meginreglu um ábyrgð eiganda bifreiðar vegna skemmda sem urðu á farmi í flutningi gegn gjaldi (HRD 1981:35).

Staða eftir gildistöku laga nr. 24/1984.

Með setningu laga nr. 24/1982 var horfið frá sakarlíkindareglunni og í 16. og 17. gr. kveðið á um hlutlæga ábyrgð með nánar tilgreindum undantekningum. Samkvæmt gildandi lögum er flytjandi bótaskyldur vegna farmtjóns sem verður á meðan á flutningi stendur nema sýnt sé fram á að tjónið sé að rekja til ástæðna sem eru tæmandi taldar í lögunum. Sama reglan gildir hvort sem um ábyrgð á meðferð farms er að ræða eða umönnunarábyrgð.

Breytingartillögur frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá þeirri ábyrgðarreglu laganna að ábyrgðin sé hlutlæg með nánar tilgreindum undantekningum og þessi í stað tekin upp sakarlíkindaregla sem að einhverju leyti er mildari ábyrgðarregla.

Samkvæmt gildandi reglum ber flytjandi t.d. ábyrgð á tjóni sem rakið verður til sakar óviðkomandi þriðja aðila, t.d. ökumanna annarra ökutækja eða þjófa, og tjóni sem hlýst af tilviljun eins og bruna og umferðarslysi, einnig ef tjónið er að rekja til bilunar eða galla í ökutækinu sem notað er til að flytja vöruna, jafnvel þótt bilun eða galli verði ekki rakinn til mannlegra mistaka eða yfirsjónar.

Að mati starfshópsins eru gildandi reglur of strangar, einkum þegar tekið er tillit til þess að lagt er til í frumvarpinu að það verði ófrávíkjanlegt. Flytjanda er þá ekki heimilt að undanskilja sig ábyrgð með skilmálum heldur ber hann ábyrgð á farmtjóni nema hann geti sannað að rekja megi tjónið til atvika sem hvorki hann né aðilar sem hann ber ábyrgð á eigi sök á. Með tillögu þessari er fylgt reglum sjóréttar og verður að telja það eðlilegt þar sem stór hluti af flutningum sem áður fóru fram með strandferðaskipum er nú með bifreiðum. Auk þess er mikill hluti af þeim vörum sem fluttar eru með bifreiðum fyrst fluttar sjóleiðina hingað til lands eða sjóleiðina úr landi. Þykir eðlilegt að sama ábyrgðarregla gildi á meðan á öllum flutningnum stendur.

Þá eru lagðar til breytingar á reglum um hámarksfjárhæð bóta og er nánar gerð grein fyrir þeim í skýringum við 21. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um ábyrgð farmflytjanda á tjóni vegna skemmda á vöru eða ef hún glatast og er, eins og að framan er rakið, lögð til sú breyting að í gildi verði sakarlíkindaregla og er sönnunarbyrðin hjá flytjanda um að hann eigi ekki sök á tjóninu.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um ábyrgð á tjóni sem rekja má til tafa og er um sömu ábyrgðarregluna að ræða, þ.e. sakarlíkindaregluna. Flytjandi ber því ábyrgð á tjóni vegna óeðlilegra tafa nema hann sanni að hann eða menn sem hann ber ábyrgð á hafi gert allt sem sanngjarnt er að þeir gerðu til að koma í veg fyrir töfina eða að ómögulegt hafi verið að koma í veg fyrir hana. Sönnunarbyrðin um það er hjá flytjanda. Rétt er að skilgreina „óeðlilegar tafir“ í samræmi við 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins, þ.e. að 14 dagar teljast óeðlileg töf.

Um 20. gr.

Hér er lögð til sú breyting að ákvörðun um skaðabætur miðist við verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi að viðbættum flutningsgjöldum í stað þess að bótaákvörðun miðist af verðgildi vöru eins og segir í 18. gr. gildandi laga. Hins vegar er lagt til að fellt sé úr gildi að annar kostnaður sé bættur enda er slíkur kostnaður ekki skilgreindur í 18. gr. gildandi laga og leiðir það aðeins til deilna á milli aðila. Með þeim breytingum sem lagðar eru til eru reglurnar gerðar einfaldari og auðveldara er að ákveða bætur þegar vara skemmist eða eyðileggst með öllu.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig bætur skuli ákveðnar ef verðmæti verður ekki fundið með vörureikningi og einnig að sönnunarbyrðin fyrir fjárhæð kröfu sé hjá þeim sem setur hana fram eins og almennt er í skaðabótarétti.

Þá er lagt til í 3. mgr. að bætur megi lækka eða fella niður í tilvikum þegar flytjandi sannar að tjónið eða tafir sé að rekja til yfirsjónar eða vanrækslu eiganda vöru, sendanda eða móttakanda.

Um 21. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum gildandi laga er varða takmörkunarfjárhæðir bóta. Þar er fyrst að nefna að lagt er til að fjárhæðin miðist við SDR í stað þess að taka mið af tiltekinni vísitölu. Er þessi breyting til einföldunar auk þess sem gætt er samræmis þar sem í flutningarétti er venja að miða takmörkunarfjárhæðir við SDR og tryggja með því verðgildi fjárhæða í tímanna rás. Auk þess er óþarflega erfitt að reikna út takmörkunarfjárhæð samkvæmt gildandi lögum þar sem umrædd vísitala vöru og þjónustu er ekki lengur í gildi.

Vegna þessarar tillögu er í 3. mgr. að finna skýringu á SDR og við hvaða gengi á að miða þegar tjón er gert upp. Þessi grein er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir óþarfa deilur þegar kemur að uppgjöri bóta, en slíkt hefur átt sér stað við uppgjör tjónamála samkvæmt siglingalögum sökum skorts á skýrum ákvæðum um þetta.

Í athugasemdum við 19. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um takmörkunarfjárhæð bóta kemur fram að fjárhæðin sé ákveðin, m.a. með hliðsjón af ábyrgð í loftflutningum. Slík takmörkun ábyrgðar er sögð nauðsynleg og algeng. Þá segir í almennum athugasemdum við frumvarpið til gildandi laga að samsvarandi lög á Norðurlöndunum hafi verið höfð til hliðsjónar við samningu laganna. Jafnframt hafi verið höfð til hliðsjónar norsk og dönsk lög sem jöfnum höndum fjalla um landflutninga innan lands og milli landa. Loks hafi verið leitast við að fella lögin að sérstökum aðstæðum hér á landi þar sem þess var þörf. Annað kemur ekki fram um ábyrgðartakmörkun gildandi laga.

Lagt er til í frumvarpinu að takmörkunarfjárhæð í landflutningum verði 12,5 SDR fyrir hvert kíló vöru.

Var við þá ákvörðun einkum litið til eftirfarandi. Samkvæmt loftferðalögum er ábyrgð vegna tjóns á farmi takmörkuð við 17 SDR á hvert kíló. Í siglingalögum er miðað við 2 SDR og í alþjóðasamningi á sviði landflutningaréttar, CMR The Convention on the Contract for the International Carriage of Goods by Road 1956, er fjárhæðin 8,33 SDR. Þá skoðaði starfshópurinn takmörkunarfjárhæðir í innanlandsflutningum í löndum sem við berum okkur saman við og kom í ljós að reglur eru mismunandi og í sumum tilvikum eru engar almennar reglur heldur er byggt á skilmálum.

Starfshópnum þótti óþarfi að hafa takmörkunarfjárhæð eins lága og í siglingalögum enda fæli það í sér allt of miklar breytingar frá gildandi lögum. Starfshópnum þótti einnig 8,33 SDR fela í sér of mikla breytingu en hins vegar 17 SDR of hátt. Var því ákveðið að fara milliveginn milli ákvæða loftferðalaga og CMR-samningsins og leggja til takmörkunarfjárhæðina 12,5 SDR.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um hvenær flytjandi missir rétt til að takmarka ábyrgð sína. Er gert ráð fyrir að það sé í undantekningartilvikum og þá einungis þegar hann sjálfur hefur valdið tjóninu af ásetningi eða því gáleysi sem lýst er í ákvæðinu. Ákvæði þetta er að miklu leyti sambærilegt 19. gr. gildandi laga nema að hér er lagt til það viðbótarskilyrði að flytjandi hafi verið ljósar afleiðingar gerða sinna. Er orðalag þetta fengið úr reglum um sjóflutninga.

Rétt er að taka fram að reglan leiðir m.a. til þess að aðgerðir eða aðgerðaleysi þeirra sem vinna í þágu flytjanda, t.d. ökumaður eða þeir sem sjá um lestun og losun ökutækis, getur ekki komið í veg fyrir að flytjandi takmarki ábyrgð sína þar sem reglan er takmörkuð við athafnir flytjanda sjálfs.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að hægt sé að víkja frá ákvæðum frumvarpsins og semja um hærri takmörkunarfjárhæð en greinir í 21. gr.

Sérstaklega er fjallað um heimild til frávika vegna fjölþáttaflutninga og er það til að gæta samræmis á meðan á flutningnum stendur. Sem dæmi má nefna útflutning á fiskafurðum þar sem flytjandi sækir vöruna til framleiðanda, flytur landleiðina til Reykjavíkur þar sem vörunni er lestað um borð í skip og flutt til Evrópu. Flutningurinn er allur framkvæmdur af sama flytjanda og því þykir eðlilegt að hann hafi möguleika á að semja sérstaklega um að sömu ábyrgðarreglur gildi alla leið.

Í 3. mgr. er ákvæði sem er samhljóða og í 20. gr. gildandi laga, að miða skuli við verðmæti vöru. Sú heimild er áfram háð því skilyrði að verðmætis sé getið í fylgibréfi og að flutningsgjaldið taki mið af því. Þykir eðlilegt að hafa slíka reglur áfram og er þá einkum verið að horfa til verðmætrar vöru sem e.t.v. vegur ekki mikið og því verður bótatakmörkun 21. gr. sérstaklega ósanngjörn. Áfram er lagt til að þessar bætur verði þó aldrei lægri en hámarksbætur 21. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er við það höfð hliðsjón af sömu sjónarmiðum og er að finna í sjórétti og koma fram í siglingalögum um sams konar flutning.

Í fyrsta lagi er lagt til að flytjandi geti gert fyrirvara um ábyrgð á flutningi á lifandi dýrum.

Í öðru lagi er lagt til að flytjandi geti gert fyrirvara um flutning á vöru sem búið er að hlaða í gám þegar gámurinn er afhentur flytjanda til flutnings og hann veit þar af leiðandi

ekki í hvaða ástandi varan er í þegar hann tekur við gáminum til flutnings. Er eðlilegt að flytjandi geti í slíku tilfelli gert fyrirvara um ábyrgð sína á vörunni.

Í þriðja lagi er lagt til að flytjanda sé heimilt að gera fyrirvara um ábyrgð á lestun og/eða losun þegar sendandi og/eða móttakandi sjá um lestun og/eða losun. Það er eðlilegt í ljós þess að þessi verk eru þá framkvæmd af aðilum sem eru ekki á vegum flytjanda og hann mundi ekki bera ábyrgð á eftir almennum reglum um húsbóndaábyrgð.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ábyrgð sendanda á upplýsingum í fylgibréfi og frágangi og pökkun vörunnar. Eru lögð til skýrari ákvæði um skyldur sendanda varðandi frágang og pökkun vörunnar. Einnig hvað varðar tilkynningar um meðferð hennar ef þörf er á einhverri sérstakri meðferð umfram almennar vörur enda stendur það sendanda næst að gæta að þessum atriðum. Þá hefur frumvarpið að geyma ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum og skyldum sendanda og úrræði flytjanda hvað það varðar.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga. Þar er kveðið á um ábyrgð sendanda á því að upplýsingar um vöruna í fylgibréfi og merkingar vöru séu réttar Sama gildir að sjálfsögðu um upplýsingar sem eru sendar á rafrænan hátt skv. 7. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Ákvæði þetta er að verulegu leyti nýmæli en hefur auk þess að geyma ákvæði samhljóða 22. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er fjallað um ábyrgð sendanda á því að varan sé í því ástandi og þannig frá vörunni gengið að hún þoli þann flutning sem hún á fyrir höndum, sem og fermingu og affermingu. 2. mgr. kveður á um að sendanda beri að skýra sérstaklega frá því ef þörf er á einhverri sérstakri meðferð umfram almennar vörur og eftir atvikum að merkja vöruna til samræmis. Þykir eðlilegt að ábyrgð á þessu sé hjá sendanda enda standa þessi atriði honum nær og að hann beri hallann af því að ganga ekki nægilega vel frá vörunni og/eða skýra frá því ef það þarf að beita einhverjum öðrum aðferðum en almennt er gert við vörslu og meðferð vörunnar meðan á flutningi stendur.

Í 3. mgr. er að finna sambærilega reglu og er í 22. gr. gildandi laga um ábyrgð sendanda gagnvart flytjanda á tjóni sem verður vegna vörusendinga hans þegar ákvæða 1. og 2. mgr. er ekki gætt. Rétt er að taka fram að þetta ákvæði á ekki við um tjón á vörunni sjálfri sem rekja má til ófullnægjandi umbúða.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um flutning á vörum sem geta haft hættu í för með sér í flutningi. Um slíkt eru ákvæði í 23. og 24. gr. gildandi laga. Hér er í sjálfu sér ekki um efnisbreytingar að ræða heldur er lagt til ítarlegra ákvæði hvað varðar hættueiginleika vörunnar, skyldur sendanda og úrræði flytjanda hvað slíkan flutning varðar.

Í 1. mgr., sem er að mestu efnislega samhljóða 23. gr., er lagt til að sendandi skuli sjá um og bera ábyrgð á að hættulegar vörur séu merktar samkvæmt gildandi reglum um flutning á hættulegum varningi og séu í fullnægjandi umbúðum, eftir því sem við á og gildir á hverjum tíma.

Með 2. mgr. er lagt til nýmæli um upplýsingaskyldu sendanda gagnvart flytjanda þegar varan er afhent til flutnings. Verður að telja eðlilegt að slík skylda sé fyrir hendi hjá sendanda svo unnt sé að flytja vörurnar með fullnægjandi hætti og gæta fyllsta öryggis.

3. mgr. er samhljóða 24. gr. gildandi laga og er þar fjallað um úrræði flytjanda í þeim tilvikum sem sendandi hefur ekki upplýst um hættulega eiginleika vörunnar og/eða annað sem tengist flutningi á slíkum vörum.

Þá er lagt til það nýmæli í 4. mgr. að aðgerðir sem grípa þarf til skv. 3. mgr. fari fram á kostnað á ábyrgð sendanda og þykir það eðlilegt þar sem grípa þarf til ráðstafana 3. mgr. vegna brota sendanda á skyldum sínum skv. 1. og 2. mgr.

Um VI. kafla.

Kafli þessi hefur að geyma reglur um ábyrgð móttakanda vörunnar.

Um 27. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um það hvenær móttakandi skuli taka við vörunni. Í gildandi lögum segir að það skuli gert eins fljótt og verða má án þess að það sé skýrt nokkuð frekar. Það er því frekar óskýrt innan hvaða tímamarka móttakandi skuli sækja vöruna og er því lagt til það nýmæli í 1. mgr. að móttakandi hafi þriggja daga frest til að taka við vöru. Að öðrum kosti geti flytjandi gripið til þeirra úrræða sem honum er veitt í 16. gr. frumvarpsins enda segir í 5. mgr. að ákvæði III. kafla gildi um móttöku vöru.

Í 2. mgr. er að finna samsvarandi ákvæði og er í 2. málsl. 25. gr. gildandi laga um að móttakandi skuldbindi sig með móttöku vörunnar til að greiða flutningsgjaldið og önnur tengd gjöld. Það nýmæli er þó lagt til að aðilar geti samið um annað og er hér því lögð til heimild til frávika frá ákvæðum frumvarpsins.

3. og 4. mgr. frumvarpsins eru nýmæli. Er þar kveðið á um að ákvæði 2. mgr. eigi ekki við ef móttakandi hefur með sannanlegum hætti óskað eftir því við bæði sendanda og flytjanda, áður en viðkomandi vara er móttekin af flytjanda til flutnings, að vara sé ekki flutt til móttakanda með þeim greiðsluskilmálum að móttakandi eigi að greiða flutningsgjald eða aðrar kröfur sem á vöru hvíla samkvæmt fylgibréfi eða kvittun. Kjósi flytjandi hins vegar að flytja vöruna til móttakanda með þeim skilmálum sendanda að móttakandi eigi að greiða það sem á vöru hvílir og varan er afhent móttakanda, þrátt fyrir ósk hans um að svo sé ekki gert, er móttakandi ekki skuldbundinn til þess að greiða þessar kröfur þótt hann hafi tekið við vörunni.

Í slíku tilviki hvílir greiðsluskyldan á sendanda, enda er það hann sem ákveður greiðsluskilmála skv. 6. tölul. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins þrátt fyrir ósk móttakanda um annað. Er eðlilegt að sendandi geti ekki skuldbundið móttakanda með þessum hætti ef móttakandi getur sannað að hann hafi óskað eftir því við sendanda og flytjanda að vara sé ekki flutt og afhent honum með þeim skilmálum að hann eigi að greiða umræddar kröfur. Þetta á ekki að hafa nein áhrif á flytjanda þar sem hann fær með þessu ákvæði lögbundinn rétt til þess að krefja sendanda um umrædd gjöld í stað móttakanda.

Um 28. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að flytjandi eigi haldsrétt í vörum þar til flutningsgjald og annað sem tengist flutningum hefur verið greitt. Ákvæðið er að mestu samhljóða 26. gr. gildandi laga nema lagt er til það nýmæli að flytjandi eigi haldsrétt í vörunni í stað handveðs. Er sú breyting einkum grundvölluð á því að flytjandi hefur haldsrétt í þeim vörum sem eru

í hans vörslum og þykir því óþarfi að kveða á um að hann hafi einnig handveð enda er haldsréttur grundvöllur nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu kröfu. Að öðru leyti er ákvæðið gert skýrara og mælt með skýrum hætti fyrir um rétt flytjanda til að selja vörur upp í kröfur sínar.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um með hvaða hætti flytjandi getur selt vörur og er það ekki skilyrði að vara sé seld samkvæmt lögum um nauðungarsölu heldur er flytjanda heimilt að selja hana á hvern þann hátt sem hann telur hagstæðast hverju sinni. Með því er verið að flýta þessu úrræði flytjanda og gefa honum kost á að fá sem best verð fyrir vöruna.

Um 29. gr.

Ákvæði þetta, sem er efnislega samhljóða 27. gr. gildandi, laga kveður á um að ef varan er móttekin án fyrirvara teljist hún afhent óskemmd og í samræmi við lýsingu í fylgibréfi.

Eins og í gildandi lögum er það á ábyrgð móttakanda að kanna ástand vörunnar við móttöku hennar. Þó er áfram gert ráð fyrir að þrátt fyrir að fyrirvari hafi ekki verið gerður sé unnt að færa sönnur fyrir að varan hafi orðið fyrir tjóni í flutningi sem flytjandi ber ábyrgð á.

Um 30. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um réttaráhrif þess ef ekki er tilkynnt um tjón. Í gildandi lögum eru ákvæði um þetta í 28. gr. en þar er gert ráð fyrir að tilkynnt sé „án tafar“ þess að nánar sé skýrt hvað átt er við með því. Til að bæta úr því er í frumvarpinu lagt til að tilkynna verði um tjón a.m.k. þremur dögum eftir móttöku vörunnar. Í 2. mgr. er lagt til nýmæli er varðar kvartanir vegna tafa á afhendingu. Lagt er til að móttakandi kvarti innan fjórtán daga frá því að afhenda átti vöruna. Er jafnframt gert ráð fyrir að slíkur afhendingardráttur skoðist alltaf sem óeðlilegur og veiti þar með móttakanda rétt til að krefja flytjanda um bætur vegna tjóns sem þessi dráttur á afhendingu hefur í för með sér.

Þá er lagt til í 3. mgr. að tilkynning skuli vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Tilkynning markar upphaf tímafrestanna og því mikilvægt að það liggi fyrir með skýrum hætti hvenær tilkynnt var. Um það hvenær tilkynning telst komin fram fer eftir almennum reglum kröfuréttar og er miðað við að tilkynning hafi verið send af stað en hún þarf ekki að vera komin til vitundar flytjandans enda gert ráð fyrir að móttakandi hafi í höndum sönnun þess að hafa sent tilkynninguna, sbr. áskilnað um að tilkynningin hafi verið send með sannanlegum hætti og er vísað til reglna kröfuréttar um það með hvaða hætti það verður gert.

Um VII. kafla.

Í kafla þessum eru ýmis ákvæði sem ekki eiga undir aðra kafla frumvarpsins, svo sem um fyrningu krafna og gildistöku.

Um 31. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um fyrningu krafna sem rísa í tengslum við flutning á grundvelli frumvarpsins og er fyrningarfresturinn eitt ár frá nánar tilgreindum upphafsdegi að telja. Ekki er um efnisbreytingu á ræða á fyrningarreglum 29. gr. gildandi laga. Hins vegar er ástæða til þess að árétta í 2. mgr. að ekki sé heimilt að semja um lengri eða styttri fyrningarfrest en mælt er fyrir um í 1. mgr.

Um 32. gr.

Hér er um nýmæli að ræða sem á að tryggja að ekki sé hægt að komast fram hjá ákvæðum frumvarpsins á neinn hátt með því að byggja bótakröfu á t.d. almennum skaðabótareglum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í reglum um sjóflutninga.

Um 33. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist gildi 1. janúar 2010 og samhliða falli lög nr. 24/1982 úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um lagaskil. Þar sem í frumvarpinu eru ýmis nýmæli, þar á meðal ný ábyrgðarregla og nýtt viðmið um takmörkun bótafjárhæðar, er það mat starfshópsins að nauðsynlegt sé að hafa skýrt ákvæði um lagaskilin til að koma í veg fyrir síðari ágreining. Er við það miðað að allur flutningur sem hefst í gildistíð eldri laga, þ.e. fyrir 1. janúar 2010, fari eftir lögum nr. 24/1982. Um allan flutning sem hefst frá og með 1. janúar 2010 fer eftir ákvæðum frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til landflutningalaga.

Megintilgangur frumvarpsins er að laga reglur um landflutninga að því rekstrarumhverfi sem greinin býr við í dag og breytingum sem orðið hafa á því sviði. Um er að ræða breytingar sem snúa að ýmsum skilyrðum starfsgreinarinnar, svo sem varðandi vöruflutninga, rafræna flutningssamninga, frágang sendenda á vöru o.fl.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður því ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

59. Frumvarp til laga [59. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: *Frístundafiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem frístundafiskiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem í atvinnuskyni er leigt út til frístundaveiða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: mennta- og menningarmálaráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. mgr. kemur: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., d-lið 4. mgr. 8. gr., 1. málsl. 1. mgr. 13. gr., 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og í stað sama orðs í 5. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr., 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Frístundafiskiskip.

Sá sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strand- eða úthafssiglinga eða handhafi annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands hefur rétt til að annast stjórn frístundafiskiskips, enda hafi hann jafnframt fengið fullnægjandi kennslu á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess, fjarskiptatæki, siglingakort og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Sá sem gerir út frístundafiskiskip ber fulla ábyrgð á að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fullnægjandi réttindi á frístundafiskiskip og hafi auk þess fengið fullnægjandi kennslu á skipin áður en lagt er úr höfn og séu hæfir til þess að annast stjórn skipanna á öruggan hátt, með tilliti til öryggis mannslífa, eigna og umhverfis. Skal hann jafnframt vera í stöðugu fjarskiptasambandi við stjórnendur skipanna eftir að þeim er lagt úr höfn.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð, m.a. um kennslu á skipin og þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar kennslu og þeirra er sjá um að veita hana. Jafnframt skal ráðherra setja nánari reglur um stærð frístundafiskiskipa, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til frístundafiskiskipa, stjórnenda skipanna og þeirra er gera skipin út og fjarskiptasamband á milli þeirra og stjórnenda skipanna.

6. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 17. gr. laganna kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

7. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal greiða gjald vegna kostnaðar sem til fellur vegna próftöku samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneyti í samvinnu við Siglingastofnun Íslands og hagsmunaaðila. Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi áhafna frístundafiskiskipa. Frumvarp þetta var lagt fram á 135. löggjafarþingi 2007–2008 og 136. löggjafarþingi 2008–2009 en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er efnislega óbreytt frá því áður að því undanskildu að bráðabirgðaákvæði er var í frumvarpinu og var lagt fram á 135. löggjafarþingi er ekki í frumvarpi þessu.

Starfsemi frístundafiskiskipa má rekja til ársins 2005. Á þeim tíma var ekki að finna heildstæða löggjöf um starfsemina, en í ljósi eðlis hennar, þar sem skip eru leigð ferðamönnum til sjóstangveiða, var litið svo á að starfsemin sem slík væri atvinnustarfsemi. Í ljósi þess voru gerðar kröfur til skipanna eins og um fiskiskip af sömu stærð væri að ræða. Hins vegar var litið svo á að áhöfnin lyti sömu lögmálum og áhöfn skemmtibáta þar sem um frístundaiðju væri að ræða og því þyrfti engin tilskilin réttindi til þess að stjórna frístundafiskiskipi.

Frístundafiskiskip eru ekki sérstaklega skilgreind í lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, er tóku gildi 1. janúar 2008. Lögin höfðu til að mynda að geyma þau nýmæli að tilteknar kröfur voru gerðar til stjórnenda skemmtibáta. Í lögunum eru ýmsar tegundir skipa sérstaklega skilgreindar og eru skilgreiningar skipanna háðar því hvernig þau eru skráð í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Í ljósi þess að frístundafiskiskip er skráð sem slíkt í skipaskrána rúmast það ekki innan skilgreiningarhugtaka fiskiskipa og skemmtibáta og fellur því undir flokkinn önnur skip.

Í byrjun árs 2008 skipaði samgönguráðherra starfshóp um heildarendurskoðun laga og reglugerða um frístundafiskiskip. Í skipunarbréfi til starfshópsins kom fram að markmiðið með vinnunni væri að einfalda reglugerðaumhverfi og stjórnsýslu frístundafiskiskipa og þar með að minnka skriffinnsku en um leið að treysta öryggi sæfarenda.

Í starfshópinn voru skipuð Ólafur Páll Vignisson frá samgönguráðuneyti, formaður, Heiðar Kristinsson frá Siglingastofnun Íslands, Hrefna Gísladóttir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Finnur Jónsson frá Sumarbyggð hf. og Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti ehf.

Starfshópurinn er enn að störfum en ákvað í byrjun vinnu sinnar að fara yfir lög og reglur er lytu að hæfniskröfum stjórnenda frístundafiskiskipa. Í ljósi skilgreininga laganna má draga þá ályktun að frístundafiskiskip falla undir hugtakið önnur skip. Af þeim sökum verður að horfa til krafna um áhafnir slíkra skipa þannig að hægt sé að heimfæra þær kröfur yfir á áhafnir frístundafiskiskipa. Ljóst má vera að skemmtibátaskírteini á aðeins við um skemmtibáta eins og þeir eru skilgreindir í lögunum. Þær kröfur sem gerðar eru til annarra skipa eiga einungis við um þá sem starfa um borð í slíkum skipum. Ekki er því tekin afstaða til áhafnar á öðrum skipum þegar um frístundaiðju er að ræða líkt og í tilviki frístundafiskiskipa.

Í ljósi framangreinds lagði starfshópurinn til að frístundafiskiskip yrðu sérstaklega skilgreind í lögunum auk þess sem gerðar væru ákveðnar kröfur um hæfi þeirra er mundu stjórna skipunum. Jafnframt lagði hópurinn til að ráðherra væri veitt heimild til þess að setja reglugerð um frístundafiskiskip til nánari útfærslu á fyrirmælum laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frístundafiskiskip hafa ekki verið skilgreind í lögum áður. Lagt er til að skilgreiningin taki mið af skráningu í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands í samræmi við aðrar skilgreiningar laganna. Í því sambandi er það gert að skilgreiningarhugtaki að skipið sé ætlað til útleigu í frístundaveiði svo að það lúti þeim reglum er um þau skip gilda.

Um 2.–4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strandeða úthafssiglinga hafi rétt til þess að stjórna frístundafiskiskipi. Hér er um að ræða lágmarkskröfur sem uppfylla þarf svo heimilt sé að stjórna þessum skipum.

Í ljósi þess að frístundafiskiskip eru sérsmíðuð og stjórnkerfi skipanna er einfalt, auk þess sem með lögum þessum er gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit með skipunum á sjó, um takmarkað farsvið þeirra og fleira, er talið forsvaranlegt út frá öryggi að þær lágmarkskröfur sem gerðar verða til stjórnenda skipanna verði með þeim hætti sem lagt er til, enda fái stjórnendur skipanna fullnægjandi kennslu á skipin, allan búnað þeirra og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Í 2. mgr. er það áréttað að þeir sem gera út frístundafiskiskip beri ábyrgð á því að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipin og séu hæfir til þess að stjórna skipunum. Ber því þeim sem gerir út frístundafiskiskip að sjá til þess að stjórnendur hafi annars vegar fullnægjandi réttindi en jafnframt að sjá til þess að viðkomandi fái kennslu á skipin. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að útgerðarmaður muni sjá til þess að öllum kröfum til kennslu og náms sé fullnægt. Af þeim sökum ber útgerðarmaður ábyrgð á því að stjórnendur skipanna séu hæfir til þess að stjórna skipunum á öruggan hátt áður en lagt er úr höfn, enda telji hann að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu. Hins vegar ber skipstjórinn eftir sem áður ábyrgð sem slíkur í samræmi við ákvæði siglingalaga og ákvæði þessara laga.

Í 3. mgr. er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra til þess að setja nánari fyrirmæli um skipin. Í því sambandi skal ráðherra útfæra hvað teljist vera fullnægjandi kennsla á hverjum tíma, en í því sambandi getur kennsla ekki talist fullnægjandi nema hún uppfylli þær kröfur sem lög og reglugerð setja. Kennsla getur því t.a.m. ekki talist fullnægjandi nema námið og námsefnið sé samþykkt af Siglingastofnun Íslands og kennslan sé undir eftirliti stofnunarinnar eða annarra er hún tilnefnir.

Einnig ber ráðherra að setja nánari reglur um stærð, afl og farsvið skipanna, öryggiskröfur og fjarskiptasamband líkt og áskilið er í ákvæðinu, en líkt og fram kemur í 3. mgr. er ekki um tæmandi upptalningu að ræða sem ráðherra ber að setja reglur um.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að

kostnaður sem hlýst vegna próftöku samkvæmt lögunum, skuli greiddur af þeim sem skipuleggja og sjá um próf og próftöku.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Markmið frumvarpsins er að auka öryggi sjófarenda, einkum þeirra sem stjórna svokölluðum frístundafiskiskipum, og um leið að skýra þær kröfur sem gerðar eru til stjórnenda skipanna. Í því sambandi er lagt til að stjórnendur þeirra þurfi að minnsta kosti að hafa sams konar réttindi og stjórnendur skemmtibáta. Gert er ráð fyrir að kostnaði sem til fellur vegna próftöku hjá Siglingastofnun Íslands verði mætt með gjaldtöku.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld Siglingastofnunar Íslands aukist um allt að 1 m.kr. en að þeim útgjöldum verði mætt með þjónustugjöldum sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs.

60. Fyrirspurn [60. mál]

til fjármálaráðherra um fjölda starfa hjá ríkinu.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hver hefur verið fjöldi starfa hjá ríkinu, þ.e. þar sem Fjársýsla ríkisins er launagreiðandi, ár hvert frá 2005 í hverju skattumdæmi fyrir sig, sundurliðað í:

a. störf innan menntakerfis,
b. störf í löggæslu,
c. störf innan heilbrigðiskerfis,
d. störf við stjórnsýslu, og
e. önnur störf?

Skriflegt svar óskast.

61. Fyrirspurn [61. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um frestun á nauðungarsölum fasteigna.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hversu mörgum nauðungarsölum fasteigna (hvort heldur um er að ræða byrjun uppboðs, framhald uppboðs eða lokasölu fasteigna) hefur til þessa verið frestað fram yfir 31. október 2009 hjá sýslumannsembættum landsins á grundvelli 3. gr. laga nr. 23/2009?

Skriflegt svar óskast.

62. Fyrirspurn [62. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um beiðnir um heimild til greiðsluaðlögunar.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hversu margar beiðnir um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, sbr. lög nr. 24/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?
2. Hversu margar beiðnir um heimild til tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. lög nr. 50/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?

Skriflegt svar óskast.

63. Fyrirspurn [63. mál]

til heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hvenær er að vænta niðurstöðu vinnuhóps heilbrigðisráðherra um siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngumæðrun?

64. Fyrirspurn [64. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvert er mat ráðherra á því hve stór gjaldeyrisvarasjóður Íslands þarf að vera árlega, næstu tíu árin?
2. Hvernig er þörf fyrir stærð gjaldeyrisvarasjóðs á Íslandi reiknuð út og ákveðin?
3. Hverjar eru forsendur fyrir uppbyggingu sjóðsins?
4. Hvernig er ætlunin að verja gjaldeyrisvarasjóðnum?
5. Hver eru rökin fyrir því að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn eins og stefnt er að, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga ýmissa fræðimanna sem telja það ekki hafa tilgang að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð ef fyrir fram sé ákveðið að ekki megi eyða honum?
6. Hver verður árlegur kostnaður Íslands umfram tekjur af því að halda úti gjaldeyrisvarasjóði sem að stórum hluta er tekinn að láni erlendis?
7. Hefur reglum um notkun gjaldeyrisvarasjóðs verið breytt eftir að tekin var ákvörðun um að stækka hann?

Skriflegt svar óskast.

65. Fyrirspurn [65. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um merkingu kvikmynda áhorfendum til aðvörunar.

Frá Guðrúnu Erlingsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að setja í lög ákvæði um að skylt sé að merkja ofbeldisfullar kvikmyndir áhorfendum til aðvörunar, sérstaklega kvikmyndir sem innihalda kynferðislegt ofbeldi? Á hverju byggir ráðherra afstöðu sína?

66. Fyrirspurn [66. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að tengja kvóta við byggðir.

Frá Guðrúnu Erlingsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina við endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu að tengja hluta kvótans við tilteknar sjávarbyggðir þannig að fiskvinnslufyrirtæki gætu keypt kvóta án framsalsheimildar til nýtingar í heimabyggð?

67. Fyrirspurn [67. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmdir við Landeyjahöfn (Bakkafjöruhöfn).

Frá Guðrúnu Erlingsdóttur.

1. Hyggst ráðherra tryggja nægt fé til að ljúka framkvæmdum við Landeyjahöfn (Bakkafjöruhöfn) þannig að siglingar Herjólfs geti hafist þaðan í júlí 2010?
2. Hvaða hugmyndir eru uppi um almenningssamgöngur á landi til Reykjavíkur frá Landeyjahöfn?

Skriflegt svar óskast.

68. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr. orðast svo: hafa búsetu innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi sem hefur leyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna starfsemi sína til Ferðamálastofu og leggja fram viðeigandi gögn um starfsemi sína. Ferðamálastofa metur hvort starfsemi leyfishafa sé í samræmi við ákvæði laga sem um slíka starfsemi gilda. Ferðamálastofa skal halda skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa um starfsemi og birta hana með aðgengilegum hætti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirliggjandi gagna og er heimilt að leita umsagnar endurskoðanda.
c. Í stað orðanna „endurskoðaðan ársreikning“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ársreikning áritaðan samkvæmt lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.
d. Í stað orðanna „að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: og er heimilt að óska eftir umsögn endurskoðanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 28. desember 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu, að höfðu samráði við fulltrúa Ferðamálastofu og Samtaka ferðaþjónustunnar. Tilgangur breytinganna er að auka skilvirkni innan stjórnsýslunnar, einfalda málsmeðferð og lækka kostnað fyrir leyfishafa. Breytingarnar lúta annars vegar að innleiðingu tilskipunar 2006/123/EB um þjónustuviðskipti og þeim kröfum sem hún gerir m.a. til leyfisveitinga. Hins vegar lúta breytingarnar að málsmeðferð Ferðamálastofu við mat á fjárhæð tryggingar og framlagningu gagna. Eftir sem áður er tryggt að fyrir liggi nauðsynlegar upplýsingar fyrir yfirvöld til þess að hafa eftirlit með að tryggingar ferðaskrifstofa vegna sölu alferða séu í samræmi við lög og tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.

Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti er lagt fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi og eru þær breytingar sem hér eru lagðar til í tengslum við það frumvarp. Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og þjónustuviðtakendur eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu í formi lægra verðs og betri gæða. Ákvæði tilskipunarinnar gera kröfu um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi eins og kostur er en einföldun ferla kemur sér ekki einungis vel fyrir þjónustuveitendur heldur er til þess fallin að minnka álag og útgjöld stjórnvalda. Í 44. gr. tilskipunar 2006/123/EB um þjónustuviðskipti er lögð sú skylda á aðildarríki að hafa samræmt öll lög og reglugerðir er lúta að þjónustuviðskiptum við ákvæði tilskipunarinnar fyrir 28. desember 2009. Er því gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að ákvæði 1. gr. taki einnig gildi sama dag.

Í frumvarpinu er lagt til að búsetuskilyrði a-liðar 2. mgr. 9. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, verði breytt á þann veg að þeir sem óska eftir ferðaskipuleggjenda- eða ferðaskrifstofuleyfi geti einnig haft búsetu annars staðar á EES-svæðinu. Nauðsynlegt er að áfram verði gert að skilyrði fyrir rekstri ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda innan lands að viðkomandi þurfi að afla sér leyfis Ferðamálastofu. Slíkt er til þess fallið að tryggja gæði þjónustunnar ásamt því að veita neytendum nægjanlegt öryggi. Í þessu felst jafnframt að viðkomandi ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa þarf að leggja fram tryggingar hérlendis, nema hann sýni fram á með fullnægjandi hætti að þær tryggingar sem hann hefur lagt fram í öðru EES-ríki fullnægi skilyrðum íslensku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 9. gr. núgildandi laga.

Í a-lið er lagt til að búsetuskilyrði laganna verði fellt brott og er það í samræmi við efni frumvarps til laga um þjónustuviðskipti sem byggist á tilskipun 2006/123/EB, en þar er gert ráð fyrir allar hindranir á frjálsum þjónustuviðskiptum verði afnumdar fyrir 28. desember

2009. Lagt er til að búsetuskilyrði takmarkist ekki eingöngu við Ísland heldur að umsækjandi um leyfi hafi búsetu innan EES-svæðisins.

Í b-lið er lagt til að ferðaskrifstofur eða ferðaskipuleggjendur sem þegar hafa leyfi á EES-svæðinu þurfi ekki að sækja um slíkt leyfi aftur hjá Ferðamálastofu. Hins vegar er lögð sú skylda á þá aðila að þeir tilkynni starfsemi sína til Ferðamálastofu og sýni fram á að þeir uppfylli skilyrði laganna um veitingu leyfa. Lög um alferðir byggja á tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka. Ástæða þess að lög um alferðir eru nefndar sérstaklega hér er sú að ákvæði þeirra laga hafa það m.a. að markmiði að tryggja hagsmuni neytenda. Telja verður að með því að Ferðamálastofa gangi úr skugga um að ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur á EES-svæðinu sem hyggjast stunda þjónustustarfsemi hér á landi uppfylli að minnsta kosti þær kröfur sem gerðar eru til alferða sé öryggi neytenda tryggt með fullnægjandi hætti.

Um 2. gr.

Ákvæði núgildandi laga fjallar um mat á upphæð tryggingarfjárhæðar vegna alferða.

Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 18. gr. að áritun samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga dugi í stað endurskoðaðs ársreiknings. Sú breyting stuðlar bæði að einfaldari og ódýrari framkvæmd. Samkvæmt orðasafni Ríkisendurskoðunar felur áritun endurskoðanda (audit report) í sér eftirfarandi: Áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns er yfirlýsing hans um reikningsskil. Slíkar áritanir eru annaðhvort án fyrirvara, það er þegar endurskoðandi telur að ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag stofnunar eða fyrirtækis, eða með fyrirvara, það er þegar hann hefur fyrirvara um einhver atriði sem snerta þessa þætti og lesandi þarf að taka tillit til. Með þessu er ætlað að létta undir með smærri rekstraraðilum enda gera núgildandi lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ekki kröfu um að minni rekstraraðilar leggi fram endurskoðaða ársreikninga.

Vert er að ítreka að það er eftir sem áður á ábyrgð ferðaskrifstofa að senda þau gögn sem lögin kveða á um og að þau séu í samræmi við lög um ársreikninga.

Í greininni er lagt til að Ferðamálastofu verði ekki lengur skylt heldur heimilt að leita umsagnar endurskoðanda samkvæmt lokamálsliðum 2. og 3. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Ætlunin er að lögin öðlist gildi í upphafi þings þar sem í október eru ferðaskrifstofur að senda gögn inn til Ferðamálastofu og vilji er til þess að sú ívilnandi ákvörðun að áritun ársreiknings dugi til framlagningar taki gildi hið fyrsta. Í frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti er lagt til að lögin öðlist gildi 28. desember 2009 í samræmi við 44. gr. tilskipunar 2006/124/EB um þjónustuviðskipti. Þess vegna er lagt til að gildistaka 1. gr. þessa frumvarps taki mið af þeirri dagsetningu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

Markmið frumvarpsins er að auka skilvirkni innan stjórnsýslunnar, einfalda málsmeðferð og lækka kostnað fyrir leyfishafa. Annars vegar felur frumvarpið í sér innleiðingu á tilskipun 2006/123/EB um þjónustuviðskipti en markmið hennar er að fjarlægja ýmsar lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og þjónustuviðtakendur eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Hins vegar felur frumvarpið í sér breytingar er snúa að málsmeðferð Ferðamálastofu við mat á fjárhæð tryggingar og framlagningu gagna. Þannig er lögð til sú breyting á 3. mgr. 18. gr. að áritun samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga dugi í stað endurskoðaðs ársreiknings. Sú breyting á að skila einfaldari og ódýrari framkvæmd fyrir leyfishafa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

69. Frumvarp til laga [69. mál]

um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

2. gr.
Einstaklingar og heimili.

Í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga skal fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Heimilt er eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið.

3. gr.

Fyrirtæki.

Kröfueigendur skulu setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Skulu reglurnar vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavini þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal staðfesta reglur sem aðilar sem fara með eftirlitsskylda starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, setja sér og hafa eftirlit með því að þeir framfylgi reglunum.

Reglur skv. 1. mgr. skulu meðal annars taka til eftirtalinna atriða:

1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara, þar sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs sjóðstreymis fyrirtækja og tekjumöguleika einstaklinga.
3. Mats á skuldara, stjórnendum og eigendum fyrirtækja.
4. Skilyrða sem sett kunna að verða fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.
7. Samkeppnissjónarmiða.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

4. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til verðtryggðra lána sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi. Skal greiðslujöfnun beitt á öll slík lán nema lánþegi hafi sérstaklega óskað þess að vera undanþeginn greiðslujöfnun. Skilmálabreyting á lánasamningi vegna greiðslujöfnunar skal vera lánþega að kostnaðarlausu.

5. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. laganna skal endurgreiðsla skuldar einstaklinga á jöfnunarreikningi, eftir að upprunalegum lánstíma lýkur, aldrei standa lengur en þrjú ár vegna lánasamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara. Skuld sem stendur eftir á jöfnunarreikningi í lok þriggja ára frá lokum upprunalegs lánstíma skal gefin lánþega eftir og afmáð úr veðmálabókum.

III. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

6. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Íbúðalánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að setja á fót opinbert hlutafélag sem hafi að markmiði fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð. Íbúðalánasjóði er heimilt að leggja hinu nýja félagi til fé og eignir gegn eignarhlutdeild í félaginu eða gegn greiðslu í skuldabréfum sem hið nýja félag gefur út.

Félaginu er heimilt að gefa út hvers konar skuldabréf til að fjármagna útlán Íbúðalánasjóðs og annarra aðila á markaði. Félagið skal miða við að lánstími og lánakjör tekinna og fjármagnaðra lána standist sem næst á, að teknu tilliti til vaxtaálags sem nauðsynlegt er til að mæta rekstrarkostnaði og væntum útlánatöpum félagsins. Félagið skal á hverjum tíma bjóða öllum samstarfsaðilum fyrirgreiðslu á sömu kjörum. Félagið setur reglur um hámarksveðsetningu og hámarkshlutdeild fjármálafyrirtækja og Íbúðalánasjóðs í áhættu vegna fjármagnaðra og endurfjármagnaðra lána.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um starfsumgjörð og starfshætti félagsins.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að semja við einstaklinga um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa, þ.m.t. fjármálafyrirtækja, í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Þá er Íbúðalánasjóði heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur í samræmi við ákvæði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, og ákvæði laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að fresta greiðslum tímabundið í heild eða að hluta, t.d. þannig að lánþegi greiði eingöngu vexti og verðbætur vegna vaxta. Þá er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að fresta hluta greiðslunnar með þeim hætti að færa hluta eftirstöðva á jöfnunarreikning, sbr. lög nr. 63/1985, og ákveða að endurgreiðsla lánsins fylgi greiðslumarki sem miðist við þann hluta eftirstöðvanna sem ekki var færður á jöfnunarreikning.
b. 1. málsl. 6. mgr. orðast svo: Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, að heild eða hluta, svo sem vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika.
c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að ákveða að ákvæði laga um greiðslujöfnun, sbr. lög nr. 63/1985, með áorðnum breytingum, taki einnig til lána sem veitt hafa verið til sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, enda sé tryggt að greiðslujöfnun hafi bein áhrif á leigufjárhæðir eða búseturéttargreiðslur.

IV. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fall krónunnar og yfirtaka ríkisins á helstu viðskiptabönkum á Íslandi í október 2008 olli í senn falli á virði eigna og hækkun skulda.

Grundvöllur setningar neyðarlaganna svonefndu 7. október 2008 var yfirvofandi hrun fjármálakerfisins. Hrun fjármálakerfisins leiddi beint og óbeint til mikils eignatjóns hjá einstak-

lingum og fyrirtækjum, beint þar sem fjármálagerningar útgefnir af fjármálafyrirtækjum urðu verðlausir eða verðlitlir, óbeint þar sem fjölmörg fjárfestingarfyrirtæki sem höfðu átt stóran eignarhlut í fjármálafyrirtækjum urðu gjaldþrota auk þess sem einstaklingar og ýmis önnur fyrirtæki höfðu safnað eignarhlut í sömu fjármála- og fjárfestingarfyrirtækjum.

Stór hluti af íbúðalánum heimila, eða um 30%, voru einnig gengistryggð. Fall krónunnar hefur því í mörgum tilvikum leitt til skuldsetningar umfram verðmæti trygginga. Aukin verðbólga í kjölfar falls krónunnar hefur einnig þyngt skuldabyrði þeirra heimila sem skulda verðtryggð íbúðalán. Þá hefur verð íbúðarhúsnæðis lækkað um 10–15% að nafnvirði á undanförnum missirum. Kaupmáttur hefur lækkað um 10–15% að jafnaði í kjölfar hrunsins og atvinnuleysi hefur aukist í 8–9%. Búist er við að kaupmáttur muni halda áfram að minnka og gæti hann í heild minnkað um rösk 20% á samdráttarskeiðinu.

Fjármálahrunið leiddi til gjaldeyriskreppu þar sem aðdragandi hrunsins var í raun skortur á erlendu lausafé fjármálakerfisins, þ.m.t. Seðlabankans. Í gjaldeyriskreppunni hækkaði verð erlendra gjaldmiðla um rösk 100% og hefur haldist í meginatriðum óbreytt frá hruninu. Mikil skuldsetning innlendra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum gerði það að verkum að skuldir fyrirtækja hækkuðu mjög mikið og eiginfjárstaða þeirra rýrnaði. Samkvæmt mati Hagstofunnar var eiginfjárstaða fyrirtækja, annarra en fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja, um 37% í árslok 2007. Um 75% af skuldum þessara fyrirtækja voru erlend lán og af því leiðir að bein áhrif veikingar krónunnar á efnahag þessara fyrirtækja lækka eiginfjárhlutfallið um 47%. Auk þessa hefur eiginfjárstaða fyrirtækjanna versnað vegna lækkandi eignaverðs almennt, svo sem á fasteignum og öðru.

Engar forsendur eru fyrir því að ætla að staða fyrirtækja og heimila fari í fyrra horf því þær aðstæður sem uppi voru á árunum 2005–2007 voru og eru óraunhæfar til lengri tíma. Erlendir vextir, aðgengi að fjármagni, gengi krónunnar, innlend eftirspurn og eignaverð var óeðlilegt og slíkar aðstæður munu tæpast skapast á ný. Gengi krónunnar kann að vísu að styrkjast eitthvað á næstu árum en ólíklegt er að það nái sömu hæðum og á árunum 2005–2007.

Mikilvægur þáttur neyðarlaganna var að heimila Fjármálaeftirlitinu að setja á stofn nýja banka á grunni banka sem höfðu komist í þrot. Þá var ríkissjóði heimilað að leggja slíkum bönkum til eigið fé. Fjármálaeftirlitið fór þá leið að stofna nýja banka á grunni stóru bankanna þriggja og færa til þeirra innlendar innlánaskuldbindingar þrotabankanna og virkar innlendar eignir, þ.m.t. útlán gömlu bankanna. Jafnframt setti Fjármálaeftirlitið af stað matsferli á vegum alþjóðlega viðurkenndra aðila til að meta virði þeirra eigna sem færðar voru frá þrotabönkunum til að tryggja að ekki væru teknar út úr þrotabönkunum eignir nema greiðsla kæmi fyrir þær.

Matsferlinu lauk með niðurstöðu í apríl síðastliðnum og síðan hafa átt sér stað viðræður milli kröfuhafa og ríkissjóðs um matið og með hvaða hætti greiðsla kæmi fyrir mismun virðis eigna skulda sem fluttar voru til nýju bankanna. Þessum viðræðum er nú lokið í tilviki Íslandsbanka og Nýja Kaupþings, en enn standa yfir viðræður um mál Landsbankans.

Niðurstaða í matsferlinu þýðir að komið er samkomulag um mat á virði eigna bankanna. Það mat er gert af bestu manna yfirsýn auk þess sem hagsmunaaðilar hafa tekist á um það. Matið felur m.a. í sér mat á raunverulegu virði þeirra útlána sem bankarnir nýju hafa yfirtekið. Það byggist annars vegar á skoðun á öllum stærri lánum og úrtaki minni lána, þar sem lagt hefur verið mat á greiðslugetu skuldara og virði þeirra trygginga sem fyrir lánum eru. Það mat hlýtur að verða sá grundvöllur sem nýju bankarnir munu standa á í meðferð útlánamála á næstu missirum.

Meginverkefni nýju bankanna á næstu mánuðum verður að leiða þessi skuldamál til lykta gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Við það þarf að taka mið af þeim varúðarfærslum eða niðurfærslum sem gerðar hafa verið við flutning útlána til nýju bankanna. Mikilvægt er að þetta gerist sem hraðast til þess að koma í veg fyrir að skuldavandi heimila og fyrirtækja vindi ekki enn frekar upp á sig. Þá er mikilvægt að færa niður skuldir að því sem raunhæft hefur verið talið í mati á efnahag nýju bankanna. Engum tilgangi þjónar að halda áfram innheimtu á grundvelli formlegra krafna sem í raun eru tapaðar. Slíkt mundi jafnframt setja heimili og fyrirtæki í skuldafjötra og hefta endurreisn efnahagslífsins. Eftirgjöf eða skuldbreytingar á lánum heimila og fyrirtækja er því í raun lokahnykkurinn á því skuldaaðlögunarferli sem hófst með setningu neyðarlaganna í október.

Reynsla frá öðrum löndum sem gengið hafa í gegnum fjármálakreppur sýnir að aðgerðir til að létta undir með einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum eru nauðsynlegur þáttur heildstæðrar viðbragðsáætlunar. Brýnt er að samræmi sé á milli uppbyggingar bankakerfis og aðgerða til að aðstoða heimili og fyrirtæki, en slæm reynsla er af því að móta slíkar aðgerðir án nægilegs tillits til áhrifa einnar á aðra. Nú er rétti tíminn til að grípa til aðgerða þar sem endurreisn stóru bankanna er nánast lokið. Jafnframt sýnir reynsla annarra þjóða að mikilvægt er að slíkar samræmingaraðgerðir dragist ekki úr hófi heldur virki fljótt og leggi af mörkum til viðsnúnings í efnahagslífi almennt. Skynsamlegast er talið að taka á vandanum með skuldbreytingum og skuldaeftirgjöf fremur en halda einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum í spennitreyju skulda. Slíkt dregur úr neyslu og fjárfestingum og hamlar hagvexti. Reynslan sýnir einnig að því skilvirkar sem gengið er til verks í því efni því fyrr geta hjól atvinnulífsins farið að snúast á ný.

Jafnframt er mikilvægt að hreinsa efnahagsreikninga fjármálastofnana og færa eignir þeirra til raunsæs mats. Þeirri vinnu er nú að ljúka fyrir nýju bankana þrjá sem reistir voru á rústum stórum bankanna þriggja. Það skapar grundvöll fyrir aðgerðir þeirra til að taka á skuldavanda einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Vinnan við mat á eignum, sérstaklega útlánum, hefur jafnframt leitt til þess að bankarnir hafa nú betri yfirsýn yfir stöðu viðskiptamanna og þarfir þeirra.

Einstaklingar, heimili og fyrirtæki eru í flestum tilvikum þolendur í því umróti sem nú er í efnahagslífinu. Hugsanlega er hægt að segja að allir þessir aðilar hefðu átt að fara varlegar í skuldsetningu, notkun erlends lánsfjár og fjárfestingum. Líta verður hins vegar til þess að þessar ákvarðanir voru teknar við aðrar efnahagsaðstæður og aðrar væntingar en nú eru og ávallt er auðvelt að vera vitur eftir á.

Mikilvægt er að átta sig á því að stór hluti íslenskra fyrirtækja er í miklum skuldavanda. Óhugsandi er að beita alfarið við úrlausn þessara mála hefðbundnum þrotaaðferðum sem felast í fjárnámi, nauðasamningum, og gjaldþrotameðferð. Slíkt yrði allt of tímafrekt og mundi stífla dómskerfi landsins. Jafnframt mundi slíkt í mjög mörgum tilvikum ekki vera hagfelldasta leiðin fyrir kröfueigendur, bæði einkaaðila og fjármálafyrirtæki, þar sem víst má telja að mikil verðmæti mundu glatast við beitingu þessara úrræða. Í mörgum tilvikum eru verðmæti þau sem bundin eru í íslenskum fyrirtækjum fólgin í þekkingu og tengslum eigenda þeirra og stjórnenda og þau mundu glatast hyrfu þeir frá borði. Þá er hætta á að þrotameðferð mundi í mörgum tilvikum setja viðskiptasambönd við erlenda og innlenda samstarfsaðila og birgja í uppnám og rýra þannig vermæti fyrirtækjanna.

Þessi staða kallar því á annað verklag en hefðbundin þrotameðferð. Raunhæfasta leiðin er að heimila kröfueigendum, fjármálafyrirtækjum og almennum kröfuhöfum, m.a. að gefa eftir kröfur ef ljóst er að gjaldþol eða tryggingar eru ekki til staðar til að inna af hendi

endurgreiðslur af þeim og önnur úrræði duga ekki, svo sem skuldbreyting. Hér væri að sjálfsögðu um tímabundna ráðstöfun að ræða sem miðaðist við að leysa þann vanda sem myndaðist í kjölfar efnahagshrunsins. Svo að þessi leið skili árangri þarf að tryggja að niðurfellingar skulda eða skuldbreytingar sem fela í sér tilhliðranir í vaxtakjörum myndi ekki skattstofn hjá lántökum, enda er efnislega verið að fella niður skuldir sem ekki er gjaldþol fyrir eða tryggingar og mundu því hvort sem er sjaldnast hafa myndað skattstofn hefðu þær verið felldar niður samkvæmt hefðbundinni fullnustumeðferð.

Afar mikilvægt er af tveimur ástæðum að eftirgjöf krafna, ef til þeirra kemur, séu byggðar á mati á hverju tilviki fyrir sig. Annars vegar vegna þess að varúðarfærslur þær sem gerðar hafa verið við mati á þeim útlánum sem flutt hafa verið til nýju bankanna voru gerðar þannig og sami háttur hefur verið á hjá öðrum kröfueigendum. Flöt eftirgjöf skulda mundi grafa undan efnahag nýju bankanna þar sem staða skuldara þeirra er mjög mismunandi. Mikilvæg forsenda í samkomulagi stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að ekki verði frekari byrðar lagðar á ríkissjóð vegna endurskipulagningar fjármálakerfisins. Þá er mikilvægt að forsenda niðurfellingar skulda sé sú að gjaldþol sé ekki til staðar svo að ekki sé um að skattskyldan örlætisgjörning að ræða. Ólíklegt er að felldar verði niður skuldir þar sem gjaldþol eða tryggingar eru til staðar, þó ætíð verði að horfa til samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða. Það frumvarp sem hér er lagt til mun ekki leiða til þess að endurfjármögnun skuldaniðurfærslna muni rjúfa þessa áætlun, enda niðurfærslan að mestu verið fjármögnuð með niðurfærslu eigna við færslu þeirra úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju.

Nauðsynlegt er að vinnubrögð kröfueigenda við skuldbreytingar og hugsanlega eftirgjöf krafna séu hafin yfir allan vafa. Treysta þarf sem kostur er innri eftirlitskerfi fjármálafyrirtækja, svo sem innri endurskoðun og embætti umboðsmanns skuldara sem nú eru til staðar í öllum nýju bönkunum þremur. Þá þarf Fjármálaeftirlitið einnig að koma að og leggja mat á vinnureglur eftirlitsskyldra aðila, auk þess sem það fylgist með meðferð einstakra mála.

Tilgangur frumvarpsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna skýra stefnuyfirlýsingu frá Alþingi og stjórnvöldum um að kröfuhafar skuli leita samninga við skuldara um endurskipulagningu og leita sameiginlega lausna á fjárhagslegum vanda einstaklinga, heimila og fyrirtækja, með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Frumvarpið er efnislega tvískipt. Annars vegar almennur tímabundinn rammi um þá sértæku skuldaaðlögum sem þarf að eiga sér stað í samningum skuldara og kröfuhafa vegna hinna breyttu og erfiðu aðstæðna. Hins vegar nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum til að þær breytingar nái fram að ganga, svo sem lögum um húsnæðismál. Þá er með frumvarpinu gerð breyting á lögum um greiðslujöfnun sem samkomulag hefur náðst um við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði sem almenna aðgerð til að létta greiðslubyrði og tryggja að greiðslujöfnun leiði aðeins til takmarkaðrar lengingar lánstíma.

A. Almennur rammi um utanréttarsamninga.

Frumvarpinu er ætlað að festa í lög sértækar reglur sem er ætlað að vera hvati að því að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs með endurskipulagningu fjárhags fyrirtækja og einstaklinga. Frumvarpið gerir kröfuhöfum kleift að færa fjárskuldbindingar einstaklinga, fyrirtækja og heimila niður til raunvirðis, án þess að niðurfellingin teljist til skattskylds eignaauka hjá skuldara. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir flatri eða almennri niðurfellingu skulda. Þó opnar frumvarpið á möguleika fyrir eftirlitsskylda aðila, einkum lánastofnanir, að lækka höfuð-

stól krafna við afnám gengis- eða verðtryggingar þeirra ef slík eftirgjöf byggist á mati á núvirði skuldar fyrir og eftir lánskjarabreytingu og breytingunni er ekki ætlað að rýra virði skuldarinnar. Meginreglan er þó sú að tekið skuli á vanda hvers skuldara fyrir sig, hvort sem um er að ræða einstakling eða fyrirtæki.

Frumvarpið tekur til allra kröfuhafa sem skulu setja sér reglur um framkvæmd niðurfellingarinnar og birta þar sem þær eru öllum aðgengilegar. Það stæðist vart jafnræðisreglur ef gera ætti upp á milli skuldara eftir því hvar skuldir þeirra lægju. Aðilar sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins skulu setja sér reglur sem eftirlitið samþykkir. Þetta þýðir að framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar verður að mestu leyti í höndum starfsmanna eftirlitsskyldra aðila, þ.e. starfsmanna fjármálastofnana. Það er mat stjórnvalda að skynsamlegt sé að nýta mannafla og þá þekkingu sem er til staðar í fjármálakerfinu við þessa framkvæmd í stað þess að koma á fót nýrri ríkisstofnun til að annast framkvæmdina. Umgjörðin verður svo að tryggja að framkvæmdin sé sanngjörn og byggð á jafnræðissjónarmiðum.

Tryggt þarf að vera að eftirgjöf skulda sem sannanlega eru glataðar myndi ekki skattstofn hjá þeim sem hennar nýtur. Þótt þetta mat verði sett í hendur kröfuhafa þarf jafnframt að tryggja að þeim verði ekki algjörlega í sjálfsvald sett hvernig það mat fer fram. Þá er nauðsynlegt að skilmálabreytingar lána, svo sem afnám gengis- eða verðtryggingar, sem hafa í för með sér lækkun uppreiknaðs höfuðstóls, leiði ekki til skattskyldu ef slík ráðstöfun byggist á mati á núvirði skuldar fyrir og eftir breytinguna og henni er ekki ætlað að rýra virði skuldarinnar. Náið samráð hefur verið haft við fjármálaráðuneytið og skattyfirvöld við vinnslu þessa frumvarps með það fyrir augum að tryggja að markmið frumvarpsins náist. Í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, er þegar að finna ákvæði um skattalega meðferð eftirgjafar skulda bæði hjá einstaklingum og rekstraraðilum sem er nánar útfærð í reglugerð nr. 534/2009 að því er varðar einstaklinga. Ekki verður annað séð en að sá lagarammi og nánari útfærsla í reglugerð sé í algjörum takti við þær tillögur sem í frumvarpinu felast. Áfram verður unnið að því með skattyfirvöldum og öðrum aðilum er málið varðar að tryggja eins hnökralausa framkvæmd og mögulegt er til að ná fram markmiðum frumvarpsins.

Skattyfirvöld geta ávallt kallað eftir gögnum til að ganga úr skugga um að rétt hafi verið að málum staðið, bæði hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum kröfuhöfum. Nauðsynlegt er að samkeppnissjónarmið séu virt við framkvæmd á eftirgjöf eða niðurfellingu skulda. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að fjármálastofnanir, fyrirtæki og sjóðir vinni samkvæmt staðfestum reglum. Fjármálaeftirlitið getur alltaf kallað eftir skýrslum um einstök mál eða fjölda mála sem stofnanir eða fyrirtæki sem undir það heyra hafa afgreitt.

Frumvarpinu er því fyrst og fremst ætlað að koma til móts við vanda skuldara og á þann hátt horfa til hagsmuna heildarinnar. Breyting á lánasamningum á ekki að hafa í för með sér að neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja sé breytt í jákvæða þegar ráðist er í endurskipulagningu. Á hinn bóginn er ljóst að með niðurfellingunni er ætlunin að fyrirtæki, og/eða einstaklingar eftir atvikum, styrki efnahag sinn til lengri tíma litið, þannig að breytingar á lánssamningum eru forsenda þess að neikvæð eiginfjárstaða breytist í jákvæða þegar fram líða stundir.

B. Nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum.

Lög um greiðslujöfnun: Samkomulag hefur náðst við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði um að þak verði sett á lengingu verðtryggðra lána sem eru greiðslujöfnuð. Nauðsynlegt er að lögfesta það. Þá er áformað að greiðslujöfnun nái sjálfkrafa til verðtryggðra íbúðalána

nema lánþegar óski þess sérstakalega að svo verði ekki. Þessi ákvæði eiga við lán veitt fyrir gildistöku laganna.

Lög um húsnæðismál: Þær sérstöku aðstæður sem nú eru kalla á aukinn sveigjanleika Íbúðalánasjóðs til að bregðast við skuldavanda heimila. Veita þarf sjóðnum heimild til þátttöku í samningu við aðra kröfuhafa um skuldaaðlögun, heimild til að fresta greiðslum í því sambandi og loks að gefa eftir skuldir sem hluta af samkomulagi kröfuhafa, að skilyrðum uppfylltum. Þá þarf að styrkja heimildir til sjóðsins til ýmissa annarra óvenjulegra úrræðna vegna greiðsluvandans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er almenn stefnuyfirlýsing Alþingis og stjórnvalda um markmið og hvernig tekist skuli á við þann mikla skuldavanda sem einstaklingar, heimili og fyrirtæki eiga við að etja eftir banka- og gjaldeyrishrunið í október 2008. Mikilvægt er að endurskipulagningin geti gengið hratt og vel fyrir sig. Lögin taka til allra kröfueigenda og skuldara. Heimili eru tilgreind sérstaklega í greininni, en við ákvörðun um aðlögun skulda er heimilt að líta á veðsetningu fasteigna, bifreiða og skuldsetningu fjölskyldumeðlima sem eina heild og taka afstöðu til endurskipulagningar á þeim grunni. Markmiðið er að sem flestir geti haldið áfram starfsemi án þess að einstaklingar og fyrirtæki fari í gjaldþrot og selja þurfi húsnæði ofan af fjölskyldum vegna þeirra erfiðleika sem yfir þjóðina hafa gengið.

Með hugtakinu „heimili“ er átt við að hagsmunir þeirra sem reka saman heimili – eru í reynd í sameiginlegu fjárfélagi – skuli leystir í einu lagi. Það er mikilvægt frá sjónarmiði einstaklinganna og hagsmuna samfélagsins að horft sé á hagsmuni heimilisfólks, hjóna, sambúðarfólks og fjölskyldna í samhengi og þeir afgreiddir samhliða vegna þeirrar fjárhagslegu heildar sem fjölskyldur eru. Við mat á því hvaða einstaklingar er verið að horfa til þegar hugtakið heimili er notað ber fyrst og fremst, eðli málsins samkvæmt, að horfa til fjölskyldna og meðlima hennar. Bæði í lögum um lögheimili, nr. 21/1990, og í greinargerð með lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, er að finna ágætar viðmiðanir sem kröfuhafar geta stuðst við við mat á því hvaða einstaklinga eigi að skoða sem eina heild. Til dæmis segir í lögum um lögheimili:

„Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.“

Þeir sem eiga sameiginlega bækistöð og sameiginlegra hagsmuna að gæta við að standa undir velferð þeirra sem þar búa mega álítast ein heild í skilningi laga þessara. Alla jafna verður að telja að skilgreiningin ætti ekki að vefjast fyrir þeim sem ætlað er að leysa úr skuldamálum. Meginatriðið er að við lausn mála sé það markmiðið að halda fjölskyldum saman og ekki þurfi að koma til þess að fjölskyldur verði sviptar heimilum sínum með nauðungarsölu nema öll önnur úrræði hafi verið skoðuð.

Markmiðið með fjárhagslegri endurskipulagningu á málefnum einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja er að koma á jafnvægi eigna og skulda. Í tilvikum fyrirtækja er átt við fyrirtæki þar sem sjóðstreymi eða núverandi eignir geta gert þau lífvænleg til lengri tíma litið ef gerðar verða breytingar á lánasamningum. Má ætla að eignarhalds- og fjárfestingarfélög, sem hvorki

hafa sjóðstreymi né eignir, muni almennt ekki eiga þess kost að fá niðurfelldar skuldir þar sem fyrirsjáanlegt sjóðstreymi þeirra er takmarkað og eignir ekki til staðar.

Um 2. gr.

Greinin tekur aðeins til einstaklinga. Hér eru lagðar til meginreglur um hvert eigi að vera viðmið samningsaðila þegar breytingar eru gerðar á eldri lánasamningum svo ná megi þeim markmiðum sem greinin kveður á um. Markmiðið er að skuldir verði aðlagaðar eignum og greiðslugetu. Við mat á greiðslugetu er eðlilegt að horft sé til tekna undanfarið ár og framtíðarmöguleika. Við mat á virði eigna er eðlilegt að litið sé til markaðsverðs, þar sem það hefur myndast, eða opinbers mats á eignum sem standa til tryggingar, eins og til dæmis fasteignamats eða mats á bifreiðum ef slík möt eru til. Forsenda þess að niðurfærsla höfuðstóls skuldar og vaxta sé raunhæf og sanngjörn er að lántaki geti greitt af þeirri fjárhæð. Ef lántaki getur til dæmis ekki greitt af nýjum höfuðstól skuldar, sem tekur mið af virði eigna, er líklegt að forsendur lántaka séu brostnar og leita verði annarra lausna, eins og til dæmis sölu eigna.

Heimild til að binda lánssamning við vísitölu launa er ekki að finna í lögum um vexti, nr. 38/2001. Hér er lagt til að þessi heimild verði veitt í þeim tilvikum þegar eldri lánssamningi einstaklinga og heimila er breytt og hann aðlagaður greiðslugetu. Tillagan er í samræmi við þá hugsun að miða breytingar á lánssamningi við greiðslugetu einstaklings og heimila, sem ræðst fyrst og fremst af launatekjum, enda má ætla að sú vísitala fylgi greiðslugetu betur en vísitala neysluverðs, eða gengisvísitalan.

Um 3. gr.

Mikilvægt er að kröfueigendur viðhafi samræmd vinnubrögð og hlutlægni í ákvörðunum sínum um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda og skulu þeir því setja sér sérstakar reglur þar um.

Má ætla að eftirlitsskyldir aðilar muni jafnvel hafa með sér samstarf um setningu slíkra reglna, til að tryggja samræmi. Gæta skal þó að samkeppnissjónarmiðum en Samkeppniseftirlitið getur veitt undanþágu frá samkeppnisreglum til þess að tryggja skilvirka og samræmda framkvæmd svo ná megi fram markmiðum laganna, enda sé hagsmunum þeim sem samkeppnislögum er ætlað að vernda ekki raskað.

Er því gert ráð fyrir að sett verði sem skilyrði fyrir því að slíkar ákvarðanir leiði ekki til skattskyldu og veiti heimild til frádráttar frá tekjum, að kröfueigendur setji sérstakar reglur þar um. Reglurnar skulu vera aðgengilegar öllum lántökum og öðrum viðskiptavinum kröfueigenda, meðal annars á heimasíðum eða í bæklingum á starfsstöðvum þeirra.

Með kröfueigendum er í lögunum átt við þá aðila sem í tengslum við atvinnurekstur sinn gerast lánveitendur og áskilja sér vexti vegna lánveitinga, hvort sem það telst til aðalstarfsemi viðkomandi atvinnureksturs, líkt og hjá fjármálafyrirtækjum, eða eingöngu að hluta, líkt og hjá öðrum atvinnufyrirtækjum sem veita viðskiptavinum sínum lengri eða skemmri greiðslufresti vegna afhendingar á vörum eða þjónustu og áskilja sér vexti vegna slíkra lánveitinga. Gera má ráð fyrir að kröfueigendur sem lögin taka til séu í langflestum tilvikum fjármálafyrirtæki eða aðrir leyfisskyldir aðilar. Til þess að tryggja samræmi og hlutlæga meðferð við slíka ákvörðunartöku er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur sem aðilar, sem fara með eftirlitsskylda starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, setja sér. Tekur það því til reglna sem meðal annars viðskiptabankar og sparisjóðir, lánastofnanir, rafeyrisfyrirtæki, vátryggingafélög og lífeyrissjóðir setja, en ætla má að lögin muni í framkvæmd fyrst og fremst taka til fyrrgreindra aðila. Aðrir kröfu-

eigendur skulu einnig setja sér reglur vilji þeir fullnægja skilyrðum 2. gr., en munu þó ekki heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Má ætla að það muni í framkvæmd eingöngu taka til kröfueigenda þar sem lánveitingar eru umtalsverðar og kröfueigendur hafa nokkrar vaxtatekjur af slíkri hliðarstarfsemi við annan atvinnurekstur sinn.

Hugtakið lánssamningur í lögunum skal skilgreint rúmt þannig að það taki allra samninga sem leiða af sér fjárskuldbindingu, þ.m.t. skuldbindingar vegna útgáfu verðbréfa og afleiðusamninga.

Til að tryggja hlutlæga meðferð og koma í veg fyrir geðþóttaákvarðanir skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því að þeir aðilar sem fara með eftirlitsskylda starfsemi framfylgi þeim reglum sem settar hafa verið um ákvarðanir er lúta að skuldbreytingum og breytingum á skilmálum lánssamninga, sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda. Getur Fjármálaeftirlitið kallað eftir öllum gögnum um ákvarðanir þar að lútandi og jafnframt óskað eftir því að fá að sitja fundi hjá eftirlitsskyldum aðilum þar sem slíkar ákvarðanir eru teknar. Þá getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir því að eftirlitsskyldir aðilar haldi utan um og sendi með reglubundnum hætti skýrslur þar sem fram komi yfirlit yfir þau mál sem afgreidd hafa verið á grundvelli reglnanna. Verði Fjármálaeftirlitið þess áskynja að brotalöm sé á framkvæmd eftirlitsskyldra aðila eða að reglum hafi ekki verið framfylgt skal Fjármálaeftirlitið tilkynna það ríkisskattstjóra eða öðrum skattyfirvöldum, jafnframt því sem Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu sína á reglum, ef sakir eru miklar og ekki hefur verið sinnt fyrirmælum um úrbætur. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tryggja að við framkvæmd reglnanna sé ekki gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti stefnt í hættu vegna ákvarðana um skilmála- og skuldbreytingar.

Í 3. mgr. eru tilgreind nokkur atriði sem reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skulu taka til, en ekki er þar um tæmandi talningu að ræða.

Líkt og fram kemur í markmiðssetningu laganna er ein meginforsenda endurreisnar íslensks efnahagslífs að jafnvægi myndist á milli eigna og skulda. Því er kveðið á um það að í reglunum skuli taka tillit til eigna- og skuldastöðu lántaka, en ekki er ætlast til þess að eftirgjöf skulda leiði til jákvæðrar eiginfjármyndunar hjá lántaka. Er það skilyrði því í raun sett fyrir skilmálabreytingum lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda, að ekki séu til nægar eignir eða tryggingar fyrir skuldum lántakenda og að breyttum eða endurnýjuðum lánssamningum eigi rekstraraðilar sér lífsvon.

Þá skal einnig taka tillit til greiðslugetu lántaka og þannig lagt mat á rekstrargrundvöll með hlutlægum hætti, þ.e. fyrirsjáanlegs sjóðstreymis hjá fyrirtækjum og tekjumöguleikum hjá einstaklingum, og þess gætt að skuldastaða sé með þeim hætti að lántakar sjái sér fært að greiða af lánum með fyrirsjáanlegu sjóðstreymi, hvort sem er úr rekstri eða af launatekjum.

Einnig skal kveðið á um mat á hæfi lántakenda, stjórnenda og eigenda fyrirtækja til að efna samninga um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum lánssamninga, en óumflýjanlegt er að taka tillit til þess við mat á greiðsluhæfi fyrirtækja hvort eigendur og stjórnendur þeirra njóti trausts og trúnaðar hjá kröfueigendum. Verður þar óhjákvæmilega að einhverju leyti um huglægt mat kröfueigenda að ræða, en meðal þeirra atriða sem taka má tillit til eru til dæmis samstarfsvilji lántaka, upplýsingagjöf af hans hálfu og hvort lántaki hafi út frá fyrri samskiptum sínum við kröfueigendur sýnt í verki að hann njóti trausts og trúnaðar hjá kröfueiganda og að ætla megi að hann muni ná þeim markmiðum sem skulda- og skilmálabreytingar munu kveða á um. Hér vegur viðskiptasagan þungt. Hafa verður þó í huga að markmið

laganna er að koma sem flestum einstaklingum og lífvænlegum fyrirtækjum í gegnum þá efnahagslegu erfiðleika sem við er að etja.

Þá er kveðið á um að setja skuli í reglur skilyrði sem kunna að vera sett fyrir skuldbreytingum og breytingum á skilmálum lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda. Sem dæmi þar um má nefna skilyrði eins og að takmörk skuli sett á launagreiðslur til stjórnenda og eigendur fyrirtækja og aðila tengdra þeim, hömlur á arðgreiðslum og bann við samruna og sölu eigna, nema með sérstöku samþykki kröfueigenda. Einnig má gera ráð fyrir skilyrðum um framlagningu nauðsynlegra gagna um efnahag og rekstur lántaka, gagna sem eru eftir atvikum staðfest eða könnuð af endurskoðendum, þegar um fyrirtæki er að ræða, og gagna um efnahag og greiðslugetu þar sem um einstaklinga er að ræða.

Jafnframt skal litið til þess hvort krafa kröfueiganda sé réttmæt og hversu skýr hún sé. Ef lántaki hefur réttmæta kröfu um niðurfellingu að hluta eða öllu leyti þar sem krafa kröfueiganda sé ekki réttmæt eða lögvarin skal kveðið á heimild til niðurfellingar vegna þessa, enda fylgi ítarlegur rökstuðningur fyrir þeirri málsástæðu lántaka.

Þá skal einnig gætt samræmis við ákvörðunartöku um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum er leiða til eftirgjafar skulda, eftir því sem unnt er. Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð, líkt og hjá mörgum eignarhalds- og fjárfestingarfélögum, sem eingöngu hafa fjárfest í verðbréfum sem nú eru að öllu eða verulegu leyti orðin verðlaus, verður þannig ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum lántaka. Allar ákvarðanir um skuld- og skilmálabreytingar skulu einnig fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli hjá kröfueigendum og skal bókað sérstaklega um allar ákvarðanir og þær varðveittar hjá kröfueiganda. Þannig skal hjá eftirlitsskyldum aðilum almennt miðað við að ákvarðanir um skuld- og skilmálabreytingar fari eftir sama eða sambærilegu ferli og þegar ákvörðun er tekin um lánveitingar.

Þá skal einnig gætt að samkeppnissjónarmiðum við ákvörðun kröfueigenda og meðal annars taka mið af samkeppnislögum og áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.

Um 4. gr.

Breytingin sem hér er gerð felur í sér að greiðslujöfnun verður beitt á öll verðtryggð lán sem eru með fasteignaveði nema skuldari óski þess sérstaklega að vera undanþeginn greiðslujöfnun. Tilgangur þessa er að forða því að skuldurum nýtist ekki greiðslujöfnunin vegna skorts á upplýsingum um hana.

Um 5. gr.

Samkomulag hefur orðið við helstu fjármálafyrirtæki um að sett verði þak á þá lengingu lána sem orðið getur vegna beitingar greiðslujöfnunar við þrjú ár. Lánþegar mundu þannig lengst greiða af lánum sínum í þrjú ár eftir að upphaflegum lánstíma lýkur. Þetta er gert til að koma til móts við ótta skuldara um að greiðslujöfnun muni leiða til óhóflegrar lengingar lánstíma lána. Það er mat fjármálafyrirtækja að ólíklegt sé að eitthvað standi eftir af lánum í lok lánstímans þrátt fyrir greiðslujöfnun að gefnum varfærnum forsendum um þróun kaupmáttar og atvinnustigs. Tilgangur þessarar breytingar er að tryggja að öllum lánþegum verðtryggðra fasteignaveðlána bjóðist þessi kostur óháð því hvaða aðili veitti lánin eða á þau nú.

Um 6. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður fái heimild til að endurfjármagna íbúðalán lánastofnana og annarra lánveitenda á íbúðalánamarkaði. Allt frá innkomu bankanna á íbúðalánamarkað árið 2004 hefur skortur á langtímafjármögnun staðið íbúðalánamarkaðnum fyrir þrifum og ýtt undir óstöðugleika í framboði á íbúðalánum. Með breytingunni er lagður grunnur að húsbankakerfi að danskri fyrirmynd, auk þess sem gert er ráð fyrir að hið nýja félag gæti boðið nýjar lausnir í lánveitingum, svo sem með útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka.

Um 7. gr.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem frumvarpið vísar til er nauðsynlegt að rýmka heimildir Íbúðalánasjóðs til að taka þátt í frjálsum samningum fjármálafyrirtækja við lánþega sem kunna, að skilyrðum uppfylltum, að leiða til eftirgjafar skulda á næstu árum. Heimildir Íbúðalánasjóðs til eftirgjafar krafna vegna lána til einstaklinga hafa til þessa verið bundnar við nauðungarsölur eða þegar veð láns hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum. Loks er nauðsynlegt að fram komi að Íbúðalánasjóður hefur heimild til afskrifta veðlána þegar slíkar afskriftir leiða af beitingu ákvæða laga um greiðslujöfnun og greiðsluaðlögun.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að fjölga úrræðum Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluvanda. Því er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fresta greiðslum af veðlánum að hluta eða öllu leyti tímabundið þegar um greiðsluvanda er að ræða. Þá er lagt til að Íbúðalánasjóður fái heimild til sveigjanlegrar greiðslujöfnunar sem felst í því að lækka greiðslu af höfuðstól lána með því að færa hluta höfuðstólsins inn á jöfnunarreikning. Hér er í raun um annað form lánalengingar að ræða. Þetta úrræði getur nýst þegar orðið hefur og fyrir liggur varanleg lækkun á greiðslugetu skuldara. Tilgangur aðgerðarinnar væri að færa greiðslur af láni skuldara að nýrri og lægri greiðslugetu. Þegar fram líða stundir geta skapast hagstæðari skilyrði fyrir skuldara til að hagræða sinni íbúðareign eða kaupmáttur vaxið sem gerir skuldara kleift að rísa undir greiðslubyrði lánsins.

Þá er hnykkt á að sjóðurinn hefur heimild til að fresta greiðslu af lánum vegna leiguíbúða í heild eða að hluta en Íbúðalánasjóður hafði áður fengið heimild til að fresta greiðslum af þessum lánum ef um greiðsluvanda var að ræða.

Íbúðalánasjóður hefur á undanförnum áratugum veitt margs konar aðilum lán til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, þar á meðal sveitarfélögum, félögum í eigu þeirra og húsnæðissamvinnufélögum. Vextir og afborganir af lánum Íbúðalánasjóðs eru stór þáttur í rekstri þessara aðila og mynda í mörgum tilvikum meginstofn í leigugreiðslum eða afnotagjöldum leigjenda íbúðanna. Nauðsynlegt kann að vera að bregðast við aðsteðjandi greiðsluvanda viðskiptavina þessara aðila með lækkun leigu eða afnotagreiðslna. Slík lækkun veldur greiðslu- og fjárhagsvanda hjá viðkomandi aðila. Til að mæta því kann að vera kostur að ákvæði laga um greiðslujöfnun nái til þessara lána Íbúðalánasjóðs. Hér er stjórn sjóðsins veitt heimild til að verða við óskum þessara aðila um greiðslujöfnun þessara lána. Skilyrði fyrir afgreiðslu slíkrar umsóknar er að áhrif greiðslujöfnunar komi fram bæði til lækkunar og hækkunar leigu eftir atvikum. Slík ákvörðun yrði byggð á mati stjórnar sjóðsins á greiðsluvanda viðkomandi aðila og viðskiptamanna þess og fjárhagsstöðu viðkomandi félags. Rétt er að taka fram að ákvæði laga um greiðslujöfnun um hámarkslengingu láns vegna greiðslujöfnunar lána einstaklinga eiga ekki við um þessi lán.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Markmið þessa frumvarps er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að betra jafnvægi komist á skulda- og eignastöðu, greiðslugetu og fjárskuldbindingu einstaklinga, heimila og fyrirtækja.

Þær ráðstafanir sem lagðar eru til í frumvarpinu eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar til almennar aðgerðir til að laga greiðslubyrði íbúðalána að launaþróun og atvinnustigi með breytingum á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Lagt er til að greiðslujöfnun verði beitt á öll verðtryggð lán opinberra lánastofnana, lífeyrissjóða og fjármálastofnana sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi, nema lánþegi óski þess sérstaklega að vera undanþeginn greiðslujöfnun. Sú breyting felur einnig í sér að standi eftir skuld á jöfnunarreikningi þegar upprunalegum lánstíma lýkur skuli endurgreiðsla hennar ekki vara lengur en í þrjú ár þannig að sú skuld sem þá kynni að vera ógreidd verði afskrifuð. Í öðru lagi eru lagðar til sértækar aðgerðir um skuldaaðlögun einstaklinga, heimila og fyrirtækja sem miða að því að skuldir verði lagaðar að greiðslugetu og eignastöðu. Samkvæmt frumvarpinu ber lánveitendum að setja sér samræmdar verklagsreglur vegna þessa, sem Fjármálaeftirlitið staðfestir og birtar verða opinberlega. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, á þá leið að Íbúðalánasjóði verði heimilt, að fengnu samþykki félags- og tryggingamálaráðherra, að setja á fót opinbert hlutafélag sem hafi að markmiði fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð. Slíkt félag væri í reynd eins konar heildsölubanki fyrir aðrar fjármálastofnanir á sviði fasteignaveðlána.

Upptaka á almennri greiðslujöfnun á íbúðalánum felur í sér að næsta afborgun eftir gildistöku laganna miðast við vísitölu til greiðslujöfnunar, sem er launavísitala vegin með atvinnustigi, í stað vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem hefur talsvert hærra gildi miðað við upphafstímann 1. janúar 2008. Sökum þess má telja að sú aðgerð geti haft í för með sér að afborganir almennra fasteignalána lækki um allt að 20%. Það mun að sama skapi hafa áhrif á fjárinnstreymi til lánveitenda. Áhrifanna mun mest gæta hjá Íbúðalánasjóði þar sem öll útlán eru verðtryggð fasteignalán en það er mat sjóðsins að fjárinnstreymi muni lækka um 10% til að byrja með. Þegar hefur verið hugað að aðgerðum til að mæta þessum áhrifum. Í fyrsta lagi er í skoðun að minnka fjárbindingu sjóðsins, sem er í raun hluti af breyttum áherslum í áhættustýringu og í öðru lagi verður efnt til aukinnar skuldabréfaútgáfu. Almennt leiðir aukin skuldabréfaútgáfa til hærra vaxtastigs en þar sem talið er að sú útgáfa verði af stærðargráðunni um 5 milljarðar kr. eru þau áhrif þó talin verða óveruleg. Hjá öðrum lánveitendum verðtryggðra íbúðalána eins og bönkum og lífeyrissjóðum er fjárinnstreymi vegna slíkra lána aðeins hluti af heildarsjóðstreymi þeirra og mun það því hafa lítil áhrif á sjóðstöðu. Þessir aðilar telja ekki nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa. Færa má rök fyrir

því að með lækkun afborgana sé verið að auka verðmæti lánasafna, þar sem líklegra sé að lánþegar standi í skilum og útlán endurheimtist.

Með aðgerðum vegna almennrar greiðslujöfnunar gætu lánveitendur þurft að afskrifa skuld á jöfnunarreikningi þremur árum eftir að upprunalegum lánstíma lýkur. Samkvæmt mati Íbúðalánasjóðs og fjármálastofnana um áhrif þessara breytinga er talið að afskriftir skulda verði að óverulegu leyti meiri en ella hefði orðið miðað við eðlilega þróun kaupmáttar og að afskriftir rúmist innan þeirra varúðarframlaga sem gerð hafa verið í efnahag þessara aðila. Ekki hafa þó verið settir fram beinir tölulegir útreikningar um þessa niðurstöðu. Útreikningar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) benda hins vegar til þess að aðgerðir til almennrar greiðslujöfnunar muni leiða til afskrifta skulda á jöfnunarreikningi og einnig lækka núvirta eignastöðu sjóðsins. Hins vegar telur sjóðurinn þó að þessi áhrif á stöðu hans séu ekki veruleg og að ekki þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa. Þess má geta að af íbúðalánum lífeyrissjóðanna sem nema alls um 150 milljörðum kr. er hluti LSR 60 milljarðar kr. Ljóst er að með því að takmarka greiðslu skuldar á jöfnunarreikningi við 3 ár umfram upphaflegan lánstíma er verið að færa áhættu frá einstaklingum og heimilum yfir á lánveitendur. Helsti áhættuþátturinn er kaupmáttur en þróun hans þarf að vera umtalsvert lakari en eðlilegt getur talist næstu 30–40 árin svo að afskriftir lánveitenda hafi áhrif á efnahag þeirra. Ólíklegt er að sú verði raunin þar sem kaupmáttur hefur þegar rýrnað umtalsvert síðustu missirin. Áhættan er þó fyrir hendi og liggur fjárhagsleg ábyrgð þeirra aðgerða sem boðaðar eru í frumvarpinu hjá lánveitendum. Á móti kemur að með aðgerðunum mun greiðsluvilji einstaklinga og heimila aukast en það mun væntanlega leiða til minni afskrifta en ella.

Ljóst er að með almennri greiðslujöfnun íbúðalána verður kostnaður lántakans meiri þar sem höfuðstóll greiðist hægar niður og vaxtakostnaður því meiri. Reikna má með að hluti lántakenda með verðtryggð íbúðalán óski eftir undanþágu á greiðslujöfnun. Ljóst má þó vera að í einhverjum tilvikum munu afborganir lána lækka hjá einstaklingum og heimilum sem ekki þurfa á því að halda til að standa í skilum. Því gæti einnig komið til álita að haga fyrirkomulaginu þannig að óska þyrfti eftir almennri greiðslujöfnun, þ.e. hver og einn legði mat á þessa leið í ljósi aðstæðna sinna og tæki ákvörðun í samræmi við það.

Í frumvarpinu eru í öðru lagi lagðar til sértækar aðgerðir um skuldaaðlögun einstaklinga, heimila og fyrirtækja sem hægt er að grípa til ef almenn greiðslujöfnun dugir ekki. Gert er ráð fyrir að Samtök fjármálafyrirtækja, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarsjóða sinna, geri með sér samkomulag um verklagsreglur um slíka sértæka skuldaaðlögun. Með þessum aðgerðum er ætlunin að færa skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi aðila en þær ná til allra lánasamninga sem leiða af sér fjárskuldbindingu (t.d. íbúðalán, verð- og gengistryggð lán, bifreiðalán, verðbréfa- og afleiðusamningar). Með sértækri skuldaaðlögun er ætlunin að ná fram fjárhagslegri endurskipulagningu með skilvirkum og skjótum hætti á málefnum einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja, þ.e. með sölu eigna og eftirgjöf krafna án aðkomu dómstóla og skráningar á vanskilaskrá. Breyting á lánasamningum á þó ekki að hafa í för með sér að neikvæðri eiginfjárstöðu lántakenda sé breytt í jákvæða. Mat lánveitenda er að kostnaður vegna sértækrar skuldaaðlögunar rúmist innan þeirra varúðarfærslna sem þeir hafa gert í sínu bókhaldi og er ekki gert ráð fyrir að aðgerðirnar hafi í för með sér meiri afskriftir en annars hefðu orðið. Sameiginlegar verklagsreglur ættu að tryggja aukið jafnræði, gegnsæi og flýta fyrir úrlausn lántakenda sem eru í vandræðum. Með sértækri skuldaaðlögun eiga efnahagsreikningar lántakenda og lánveitenda fyrr að ná jafnvægi og þar með flýta fyrir endurreisn íslensks efna-

hagslífs. Samkvæmt mati fjármálafyrirtækja er áætlað að alls 5.000 einstaklingar þurfi á sértækri skuldaaðlögun að halda.

Frumvarpið nær ekki aðeins til beinna aðgerða í þágu lántakenda vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, heldur eru einnig lagðar til breytingar á lögum sem hafa í för með sér að Íbúðalánasjóði verði heimilt, að fengnu samþykki félags- og tryggingamálaráðherra, að setja á fót opinbert hlutafélag sem hafi að markmiði fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð. Hér er um nýtt fjármálafyrirtæki að ræða sem setja þarf fram í D-hluta ríkisreiknings og sem einnig felur í sér að gera þarf breytingar á framsetningu fjárreiðna Íbúðalánasjóðs í C-hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2010. Markmiðið með stofnun þessa nýja fjármálafyrirtækis er að bjóða fjármálafyrirtækjum fjármögnun íbúðalána, þ.e. að stofnunin muni afla fjármagns með útgáfu skuldabréfa og endurlána Íbúðalánasjóði og öðrum aðilum á markaði sem lána til almennra íbúðakaupa. Ef af þessu verður mun Íbúðalánasjóður leggja nýja félaginu til fé og eignir gegn hlutafé. Óljóst er hvaða upphæðir hér er um að ræða og í frumvarpinu eru engin mörk sett fram um fjárframlög. Einnig er óljóst hver umsvif félagsins gætu orðið á lánamarkaðnum og hver áhætta Íbúðalánasjóðs kynni að verða vegna starfsemi þess. Þótt það sé ekki tilgreint sérstaklega í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skuldabréfaútgáfa félagsins verði án ríkisábyrgðar. Þar sem eignarhluti félagsins verður í höndum ríkisins, a.m.k. í fyrstu, kynni það þó að hafa áhrif á ríkissjóð og Íbúðalánasjóð ef afföll yrðu á eignum félagsins, t.d. vegna óstöðugs fjármálamarkaðar.

Óvissa er um hversu mikil umsýsla verður hjá skattyfirvöldum vegna eftirlits á hvort rétt sé staðið að niðurfellingum skulda eða skuldbreytinga. Sama á við um hugsanlegt eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði frumvarpsins munu þó ekki beint leiða til meiri afskrifta krafna næstu missirin en ætla mætti að annars hefðu orðið. Á hinn bóginn má ætla að frumvarpið muni leiða til lægri kostnaðar fyrir hið opinbera þar sem ætla má að endurheimtur verði meiri en ella hefði orðið og afskriftir þar með minni. Þar með verði hægt að fella niður kröfur eða breyta þeim án þess að leita þurfi til dómstóla þannig að álag á dómskerfið aukist þá ekki eins mikið og annars hefði orðið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að almenn greiðslujöfnun og sértæk skuldaaðlögun muni hafa í för með sér bein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hins vegar er óljóst hvaða áhrif skuldbindingar í tengslum við stofnun nýs félags til að sjá um fjármögnun íbúðalána muni hafa á Íbúðalánasjóð og þar með ríkissjóð. Þá er á þessu stigi ekki hægt að segja fyrir um hugsanlegan aukinn rekstrarkostnað vegna eftirlits með framkvæmd laganna og á móti áhrif til lækkunar á kostnaði við dómskerfið.

70. Frumvarp til laga [70. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „skriflegt og dagsett umboð“ í 2. mgr. 81. gr. laganna kemur: skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

2. gr.

Í stað orðanna „gerir skriflega kröfu“ í 86. gr. laganna kemur: gerir skriflega eða rafræna kröfu.

3. gr.

Á eftir 88. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 88. gr. a – 88. gr. e, svohljóðandi:

a. (88. gr. a.)

Í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund.

Hafi félag sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ákveðið að allir hluthafar geti greitt atkvæði á hluthafafundum rafrænt, sbr. 80. gr. a, getur hluthafafundur ákveðið að boða skuli til hluthafafundar, þó ekki aðalfundar, minnst tveimur vikum fyrir fund, enda sé hann boðaður almennt á Evrópska efnahagssvæðinu eða tilkynningar þar að lútandi sendar skráðum hluthöfum á grundvelli hlutaskrár. Ákvörðun skal tekin með þeim meiri hluta sem þarf til að breyta félagssamþykktum og skal hún ekki gilda lengur en til næsta aðalfundar.

Ekki þarf að fara eftir ákvæðum um lágmarksfrest í 1. og 2. mgr. ef boðað er til eins eða fleiri framhaldshluthafafunda í þargreindum félögum vegna skorts á ályktunarhæfi á fundinum sem fyrst var boðað til. Slíkt er þó háð því að fyrsti fundurinn hafi verið boðaður lögum samkvæmt og ekkert nýtt atriði hafi verið sett á dagskrá. Þurfa a.m.k. tíu dagar að líða milli síðasta fundarboðs og dagsetningar hluthafafundar.

b. (88. gr. b.)

Auk hugsanlegra frekari krafna skráningarríkis félags sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði um tilkynningu á fundarboði eða birtingu þess skal félag gefa út fundarboð skv. 88. gr. a með þeim hætti að tryggður sé skjótur aðgangur að því á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki má kveða á um að einungis megi nota miðla sem starfræktir eru í einu ríki.

Ekki er skylt að beita 1. mgr. varðandi notkun miðils um þargreint félag sem hefur nöfn og heimilisföng hluthafa skráð í hlutaskrá, enda sé því skylt að senda hverjum skráðum hluthafa fundarboð.

Hvort heldur fylgt er 1. eða 2. mgr. skal ekki innheimta kostnað sérstaklega fyrir útgáfu fundarboðs.

c. (88. gr. c.)

Í fundarboði skv. 88. gr. a í félagi sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal a.m.k. greina:

1. Fundarstað, sbr. 83. gr., fundartíma, sbr. 1. mgr. 84. gr. og 85. gr., og drög að dagskrá, sbr. 84. gr. og 3. mgr. 88. gr.
2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. M.a. skal upplýsa um:
   a. Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, sbr. 86. og 89. gr., og leggja fram ályktunartillögur sé slíkt unnt eftir útgáfu fundarboðs, sbr. 88. gr., svo og spyrja spurninga, sbr. 5. mgr. 80. gr. a, auk frests til að nýta þennan rétt. Í fundarboði nægir að greina einungis frá fresti ef þar er vitnað í nánari upplýsingar um réttinn á vef félags.
   b. Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eftir atvikum eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félag sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns.
   c. Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á, sbr. 80. gr. a og 82. gr.
3. Hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta skv. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 88. gr. d.
4. Veffang þar sem finna má upplýsingar skv. 88. gr. d.

d. (88. gr. d.)

Félag sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal samfellt í 21 dag fyrir hluthafafund og auk þess fundardaginn veita hluthöfum sínum a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi á vef félagsins:

1. Fundarboð skv. 88. gr. a.
2. Heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, sundurliðað eftir flokkum ef við á.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
4. Ályktunartillögu eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærri stofnun í félaginu að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
5. Eftir atvikum eyðublöð sem umboðsmaður skal nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu nema þau séu send hverjum hluthafa.

Þar sem ekki er af tæknilegum ástæðum unnt að setja eyðublöð skv. 5. tölul. 1. mgr. á vef félags skv. 1. mgr. skal það greina frá því á vef sínum hvernig nálgast megi eyðublöðin í pappírsformi. Í þeim tilvikum skal félagið senda eyðublöðin í pósti hverjum þeim hluthafa er þess óskar, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Sé fundarboð vegna hluthafafundar í félagi skv. 1. mgr. gefið út síðar en þremur vikum fyrir fund, sbr. 88. gr. a, skal stytta frest sem því nemur.

Innan fimmtán daga frá hluthafafundi í félagi skv. 1. mgr. skal birta úrslit kosninga á fundinum á vef félagsins nema það hafi ákveðið að veita ítarlegri upplýsingar um atkvæðagreiðslur.

e. (88. gr. e.)
Fjármálaeftirlitið getur undanþegið rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða ákvæðum 88. gr. a – 88. gr. d.

II. KAFLI
Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „skriflegt og dagsett umboð“ í 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

5. gr.

Í stað orðanna „gerir skriflega kröfu“ í 61. gr. laganna kemur: gerir skriflega eða rafræna kröfu.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

6. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (e. Directive 2007/36/EC of the European Parliament and of the Council of 11 July 2007 on the exercise of certain rights of shareholders in listed companies). Tilskipunin er hluti EES-samningsins, tekin upp í hann með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (EES-viðbætir við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, 15. árgangur, hefti 52 (21.8.2008), bls. 31).

Í tilskipuninni eru settar vissar ESB-reglur (EES-reglur) um að auka réttindi og áhrif hluthafa í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (stundum nefnd markaðsskráð félög eða skráð félög þótt ekki sé um skráningu félaganna sem slíkra að ræða á markaðinum og þótt félög séu almennt skráð í félagaskrám, einkum hlutafélagaskrá). Undanskilja má verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Leitast er við að skapa jafnræði með hluthöfum, einkum innlendum og erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu þar. Kveðið er í því skyni á um nægilega upplýsingagjöf tímanlega (innan tiltekins frests) fyrir slíka fundi. Aðalreglan varðandi fundarboð er 21 dagur lágmark en lágmarksfrestur samkvæmt lögum um hlutafélög er nú ein vika (hámark fjórar vikur).

Frumvarpinu er ætlað að ná til hlutafélaga, sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem eru mjög fá hér á landi, sbr. athugasemdir við e-lið 3. gr. Reglan um lágmarksfrest til boðunar hluthafafunda er helsta breytingin frá núgildandi lögum samkvæmt frumvarpinu. Ákvæði tilskipunarinnar verða almennt ekki látin ná til

annarra hlutafélaga eða einkahlutafélaga enda geyma þau um sumt íþyngjandi ákvæði. Kveðið er á um hvaða ákvæði skuli vera í fundarboði um málsmeðferð o.fl., rétt til að koma með tillögur um dagskrármál og ályktunartillögur, skilyrði fyrir þátttöku í hluthafafundi og atkvæðagreiðslu þar, þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti, rétt til að leggja þar fram fyrirspurnir, atkvæðagreiðslu fyrir milligöngu umboðsaðila, skipun umboðsaðila og tilkynningu á honum til félags, bréflega atkvæðagreiðslu, afnám hindrana í vegi skilvirks atkvæðisréttar og kynningu á vef félagsins fyrir og eftir hluthafafund, m.a. um skjöl og tillögur fyrir fundinn, og úrslit atkvæðagreiðslu eftir fundinn.

Þess skal getið að með lögum nr. 89/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, sem rekja má til starfa viðskiptalífsnefndar, voru sett viss ákvæði sem eru í tilskipuninni nú. Þannig eru nú þegar í lögum ýmis ákvæði um rafræna hluthafafundi. Ýmsar breytingar þarf þó að gera á lögum um hlutafélög vegna tilskipunarinnar. Svipuð ákvæði voru þá sett um einkahlutafélög, þ.e. með lögum nr. 93/2006, um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Lagðar eru til lítils háttar breytingar á lögunum um einkahlutafélög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 81. gr. laga um hlutafélög er m.a. tekið fram að umboðsmaður skuli leggja fram skriflegt umboð. Með hliðsjón af 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/36/EB er lagt til að bætt verði við að umboð megi vera rafrænt. Þessi breyting snertir ekki aðeins hlutafélög, sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, heldur hlutafélög almennt. Samsvarandi breyting er lögð til á lögum um einkahlutafélög, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 86. gr. laga um hlutafélög er fjallað um rétt hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Lagt er til í greininni að í stað orðanna „gerir skriflega kröfu“ komi orðin „gerir skriflega eða rafræna kröfu“, sbr. 3. undirgr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2007/36/EB. Gert er ráð fyrir að þessi breyting snerti ekki aðeins hlutafélög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, heldur hlutafélög almennt. Samsvarandi breyting er lögð til á lögum um einkahlutafélög, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að á eftir 88. gr. laga um hlutafélög, sem fjallar um boðun til hluthafafunda, komi fimm nýjar greinar, 88. gr. a – 88. gr. e. Er aðallega um að ræða innleiðingu á 5. gr. tilskipunar 2007/36/EB. Breytingar samkvæmt þessari grein frumvarpsins snerta aðeins hlutafélög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en ekki hlutafélög almennt.

Aðalbreytingin felst í 88. gr. a þar sem lágmarksfrestur til að boða til hluthafafunda er lengdur úr einni viku í þrjár vikur að aðalreglu til. Undantekningar felast í því að unnt er að boða til rafrænna hluthafafunda með tveggja vikna fyrirvara minnst og til framhaldshluthafafunda með tíu daga fyrirvara. Í 88. gr. b er fjallað um birtingu fundarboðs eða sendingu tilkynninga á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 88. gr. c kemur fram hvað skuli greina í fundar-

boði. Í 88. gr. d er kveðið á um hvaða upplýsingar eigi að veita á vef félags fyrir og eftir hluthafafund. Í 88. gr. e er heimild til handa Fjármálaeftirlitinu að undanþiggja rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða ákvæðum 88. gr. a – 88. gr. d.

Um a-lið (88. gr. a).

Í 1. mgr. 88. gr. a, sem byggð er á 1. undirgr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/36/EB, er kveðið á um að í hlutafélögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skuli lágmarksfrestur til boðunar hluthafafundar vera minnst þrjár vikur.

Samkvæmt sömu ákvæðum tilskipunarinnar má þó undanskilja félög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði frá þessum fresti ef um yfirtöku er að ræða. Ekki hafa þó verið sett í íslensk lög sérákvæði um yfirtöku að þessu leyti þannig að almenn ákvæði laga um hlutafélög gilda þar, þ.e. þriggja vikna fresturinn.

Í 2. mgr. 88. gr. a, sem byggð er á 2. undirgr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er gert ráð fyrir undantekningu frá þriggja vikna lágmarksfresti til boðunar hluthafafundar. Má samkvæmt ákvæðinu boða til rafræns hluthafafundar, þó ekki aðalfundar, með minnst tveggja vikna fyrirvara enda sé hann boðaður almennt á Evrópska efnahagssvæðinu eða tilkynningar þar að lútandi á grundvelli hlutaskrár í félaginu sendar skráðum hluthöfum.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. er ætlað að gefa hluthöfum, einkum erlendum hluthöfum, færi á að gæta betur hagsmuna sinna og skapa þeim betri möguleika til að taka þátt í hluthafafundi og greiða þar atkvæði.

Í 3. mgr. 88. gr. a, sem byggð er á 3. undirgr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er önnur undantekning frá aðalreglunni um þriggja vikna lágmarksfrest við boðun hluthafafunda í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Er í málsgreininni kveðið á um að ekki þurfi að fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. um þriggja og tveggja vikna lágmarksfrest ef um boðun framhaldshluthafafunda er að ræða. Þó skal lágmarksfrestur ekki vera styttri en tíu dagar.

Um b-lið (88. gr. b).

Ákvæði 1. mgr. 88. gr. b byggjast á 1. undirgr. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/36/EB. Í málsgreininni er fjallað um tilkynningu á fundarboði eða birtingu þess af hálfu félaga sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Er félaginu skylt að nota trausta miðla til að tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki má kveða á um að einungis megi nota miðla sem starfræktir eru í einu ríki þar eð það væri ekki í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gæta verður þessa m.a. við gerð samþykkta.

Í 2. mgr., sem innleiðir 2. undirgr. 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er gert ráð fyrir undanþágu frá 1. mgr. varðandi miðlun upplýsinga um fund enda sé viðkomandi félagi skylt að senda hverjum skráðum hluthafa fundarboð.

Í 3. mgr., sem innleiðir 3. undirgr. 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, segir að ekki skuli innheimta kostnað sérstaklega fyrir útgáfu fundarboðs skv. 1.–2. mgr. Greiðir slíkt fyrir dreifingu upplýsinga um fundinn.

Um c-lið (88. gr. c).

Í 88. gr. c, sem byggð er á 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/36/EB, er kveðið á um það hvað skrá skuli í fundarboð vegna hluthafafundar félags sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í 1. tölul. skal greina frá fundarstað, fundartíma og drögum að dagskrá.

Skv. 2. tölul. skal greina frá reglum um þátttöku í hluthafafundi og atkvæðagreiðslu þar, m.a. um rétt hluthafa til að setja mál á dagskrá fundarins, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga. Þá er þar vikið að reglum um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns. Varðandi a-lið 2. tölul. má geta þess að í lögum um hlutafélög eru nú almenn ákvæði um upplýsingagjöf á hluthafafundum, m.a. á grundvelli spurninga í opinberum hlutafélögum (91. gr.), skriflegar fyrirspurnir í opinberum hlutafélögum (4. mgr. 80. gr.) og rafrænar fyrirspurnir (5. mgr. 80. gr. a). Varðandi b-lið 2. tölul. má benda á að í 81. gr. laganna um hlutafélög eru almenn ákvæði um umboðsmenn hluthafa. sbr. 1. gr. frumvarpsins um skriflegt og rafrænt umboð.

Í 3. tölul. segir að greina skuli frá því hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta skjala, ályktunartillagna og athugasemda við drög að einstökum dagskrárliðum.

Skv. 4. tölul. skal greina frá veffangi þar sem finna má upplýsingar fyrir og eftir hluthafafund í félaginu.

Í 88. gr. c er vísað í þær greinar laga um hlutafélög sem geyma ákvæði varðandi efni greinarinnar.

Um d-lið (88. gr. d).

Í 88. gr. d, sem byggist aðallega á 5. gr. tilskipunar 2007/36/EB, er greint frá þeim upplýsingum sem skylt er að veita upplýsingar um á vef félags sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, fyrir hluthafafund og jafnframt eftir hann.

Í 1. mgr., sem byggist á 1. undirgr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er upptalning á því sem skylt er að birta á vef félagsins, þ.e. fundarboð, heildarfjölda hluthafa og atkvæða, skjöl, ályktunartillögur eða athugasemdir við drög að einstökum dagskrárliðum og sérstök eyðublöð.

Í 2. mgr., sem byggist á 2. undirgr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er fjallað um eyðublöð í pappírsformi ef ekki er unnt af tæknilegum ástæðum að setja sérstök eyðublöð á vef félagsins.

Í 3. mgr., sem byggist á 3. undirgr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, er fjallað um styttingu frests skv. 88. gr. a (tvær vikur eða tíu dagar í stað þriggja vikna sem er aðalreglan).

Í 4. mgr., sem byggð er á 2. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, er kveðið á um að birta skuli úrslit kosninga á hluthafafundi á vef félagsins innan fimmtán daga eftir fundinn nema ákveðið sé af hálfu félagsins að veita ítarlegri upplýsingar um atkvæðagreiðslur. Eigi er skylt að upplýsa hvernig tilteknir hluthafar greiddu atkvæði.

Um e-lið (88. gr. e).

Á grundvelli 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/36/EB er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til þess, væntanlega með setningu reglna, að undanþiggja rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sem kynnu að hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, ákvæðum 88. gr. a – 88. gr. d.

Hinn 19. júní 2009 voru tólf hlutafélög skráð á aðallista í Kauphöll Íslands en þrjú á Markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Ekkert rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs var skráð. Einkahlutafélög og samvinnufélög eru ekki skráð. Undantekningarákvæði greinarinnar um rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sem hér er nýtt ef Fjármálaeftirlitið telur rétt, byggist á undanþáguheimild í 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Um 4. og 5. gr.

Hér er að finna sams konar ákvæði um einkahlutafélög og í 1. og 2. gr. frumvarpsins viðvíkjandi hlutafélögum.

Um 6. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeirri EB-tilskipun (EES-tilskipun) sem ætlunin er að innleiða með frumvarpi þessu en hún geymir ákvæði um réttindi hluthafa í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/36/EB

frá 11. júlí 2007

um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 21. maí 2003, sem ber yfirskriftina „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu – Áætlun um þróun“, benti framkvæmdastjórnin á að rétt væri að gera ráðstafanir um ný sérsniðin framtaksverkefni til að auka réttindi hluthafa í skráðum félögum og að brýn þörf væri á að leysa vandamál varðandi atkvæðagreiðslu yfir landamæri.

2) Í ályktun sinni frá 21. apríl 2004 ([3]), lýsti Evrópuþingið yfir stuðningi sínum við fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að efla réttindi hluthafa, einkum með því að útvíkka reglur um gagnsæi, atkvæðisrétt með umboði, möguleikann á að taka þátt í aðalfundum með rafrænum hætti og tryggja að unnt sé að nýta atkvæðisrétt yfir landamæri.

3) Handhöfum hlutabréfa með atkvæðisrétti skal heimilt að nýta sér þessi réttindi því þau eru innifalin í verðinu sem greiða verður við kaup á bréfunum. Enn fremur er skilvirkt eftirlit hluthafa forsenda fyrir góðum stjórnarháttum fyrirtækja og því ber að greiða fyrir því og hvetja til þess. Til að svo megi verða er því er nauðsynlegt að samþykkja ráðstafanir til þess að samræma lög aðildarríkjanna. Hindranir, sem koma í veg fyrir að hluthafar greiði atkvæði, s.s. þegar nýting atkvæðisréttar fellur undir kvöð um bann við viðskiptum með hlutabréf í tiltekinn tíma fyrir aðalfund, skal afnema. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á gildandi löggjöf Bandalagsins um hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu eða um hlutdeildarskírteini sem eru keypt eða þeim ráðstafað í slíkum fyrirtækjum.

4) Núverandi löggjöf Bandalagsins er ekki fullnægjandi til að ná þessu markmiði. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([4]), er aðallega fjallað um þær upplýsingar sem útgefendur verða að veita markaðinum en ekki um það hvernig staðið skuli að

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 42.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2007 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. júní 2007.
([3]) Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 714.
([4]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

sjálfri atkvæðagreiðslu hluthafa. Enn fremur er með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([5]), lögð sú kvöð á útgefendur að tilteknar upplýsingar og skjöl, sem skipta máli, liggi frammi á aðalfundi en slíkar upplýsingar og skjöl skulu vera tiltæk í heimaríki útgefandans. Því ber að fastsetja lágmarkskröfur í því skyni að vernda fjárfesta og stuðla að því að hluthafar geti nýtt sér réttindin sem fylgja hlutabréfum með atkvæðisrétti á greiðan og skilvirkan hátt. Hvað önnur réttindi en atkvæðisrétt varðar er aðildarríkjunum heimilt að láta beitingu þessara lágmarksstaðla einnig taka til hlutabréfa án atkvæðisréttar ef slíkar kröfur gilda ekki þegar um þau.

5) Umtalsverður hluti hlutabréfa í skráðum félögum er í eigu hluthafa sem ekki eru með fasta búsetu í því aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu sína. Hluthafar sem eru með fasta búsetu erlendis skulu geta nýtt sér réttindi sín í tengslum við aðalfund jafn auðveldlega og hluthafar sem eru með fasta búsetu í aðildarríkinu þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Til þess þarf að afnema núverandi hindranir á aðgangi þeirra hluthafa, sem hafa fasta búsetu erlendis, að upplýsingum sem skipta máli fyrir aðalfundinn og nýtingu atkvæðisréttar án þess að þeir séu sjálfir viðstaddir aðalfundinn. Þeir hluthafar með fasta búsetu, sem eru ekki eða geta ekki verið viðstaddir aðalfund, skulu einnig njóta góðs af afnámi þessara hindrana.

6) Hluthafar skulu geta greitt atkvæði á upplýstan hátt á eða fyrir aðalfund óháð því hvar þeir hafa fasta búsetu. Allir hluthafar skulu hafa nægilegan tíma til að skoða þau gögn sem á að leggja fram á aðalfundi og ákveða hvernig þeir vilja nýta atkvæðisrétt sinn. Í því skyni skal tilkynna aðalfund með nægum fyrirvara og hluthöfum látnar í té allar þær upplýsingar sem á að leggja fram á aðalfundinum. Nýta skal þá möguleika sem nútímatækni býður upp á svo að hægt sé að nálgast upplýsingar þegar í stað. Í þessari tilskipun er gert ráð fyrir að öll skráð félög hafi þegar vefsetur.

7) Meginreglan skal vera sú að hluthöfum gefist kostur á að setja mál á dagskrá aðalfundar og leggja fram drög að ályktunum fyrir dagskrárliði. Með fyrirvara um mismunandi tímaramma og aðferðir sem nú er stuðst við í Bandalaginu skal nýting þessara réttinda falla undir tvær grundvallarreglur, þ.e. að engin viðmiðunarmörk, sem krafa er gerð um vegna nýtingar þessara réttinda, skuli vera meira en 5% af hlutafé félagsins og að allir hluthafar skuli ávallt fá lokagerð dagskrárinnar með nægum fyrirvara til þess að undirbúa sig fyrir umræður og atkvæðagreiðslu fyrir hvern dagskrárlið.

8) Meginreglan skal vera sú að hverjum hluthafa gefist kostur á að leggja fram spurningar sem varða liði á dagskrá aðalfundar og fá svör við þeim en aðildarríkjunum er látið eftir að ákvarða reglur um hvernig og hvenær spurningar skulu lagðar fram og þeim svarað.

9) Engar lagalegar hindranir skulu koma í veg fyrir að félög geti boðið hluthöfum sínum að taka þátt í aðalfundi með rafrænum hætti. Atkvæðagreiðsla án þess að viðkomandi sé sjálfur á aðalfundi, hvort sem það er bréflega eða með rafrænum hætti, skal ekki vera háð öðrum takmörkunum en þeim sem nauðsynlegar eru til að sannprófa auðkenni og öryggi rafrænna samskipta. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki reglur sem miða að því að tryggja að úrslit atkvæðagreiðslu endurspegli fyrirætlanir hluthafa undir öllum kringumstæðum, þ.m.t. reglur um aðstæður þar sem nýjar kringumstæður myndast eða koma í ljós eftir að hluthafi hefur greitt atkvæði bréflega eða með rafrænum hætti.

10) Góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast þess að atkvæðagreiðsla með umboði (e. proxy) gangi vel og greiðlega fyrir sig. Því ber að afnema núverandi takmarkanir og hindranir sem gera atkvæðagreiðslu með umboði flókna og kostnaðarsama. En góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast einnig fullnægjandi verndarráðstafana gegn hugsanlegri misnotkun á atkvæðagreiðslu með umboði. Umboðshafa skal því skylt að fylgja öllum fyrirmælum sem hann kann að hafa fengið frá hluthafa og aðildarríkjum skal gert kleift að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umboðshafi gæti ekki hagsmuna annarra en hluthafa, óháð því hvaða ástæður hafa leitt til hagsmunaárekstrana. Ráðstafanir gegn hugsanlegri misnotkun geta m.a. falist í fyrirkomulagi sem aðildarríkin kunna að koma á fót til þess að hafa eftirlit með starfsemi þeirra einstaklinga sem á virkan hátt safna umboðum eða sem í reynd hafa safnað meira en tilteknum fjölda umboða, einkum til að tryggja fullnægjandi áreiðanleika og gegnsæi. Hluthafar skulu hafa ótakmark-

([5]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

aðan rétt samkvæmt þessari tilskipun til þess að tilnefna slíka einstaklinga sem umboðshafa til þess að sækja aðalfund og greiða atkvæði í þeirra nafni. Þessi tilskipun hefur þó á engan hátt áhrif á reglur eða viðurlög sem aðildarríkin kunna að setja vegna slíkra einstaklinga þar sem atkvæði hefur verið greitt með sviksamlegri notkun á þeim umboðum sem hefur verið safnað. Enn fremur skuldbindur þessi tilskipun ekki á nokkurn hátt félög til að sannreyna að umboðshafar greiði atkvæði í samræmi við fyrirmæli hluthafa, sem hafa tilnefnt þá, um atkvæðagreiðslu.

11) Með þátttöku fjármálamilliliða er árangur af atkvæðagreiðslu samkvæmt fyrirmælum að miklu leyti kominn undir því hve skilvirk keðja milliliðanna er þar eð fjárfestar geta oft ekki nýtt sér atkvæðisréttinn, sem fylgir hlutabréfum þeirra, án samstarfs við alla milliliði í keðjunni sem hugsanlega hafa ekki efnahagslegra hagsmuna að gæta í hlutabréfunum. Til þess að auðvelda fjárfesti að nýta sér atkvæðisrétt sinn yfir landamæri er því mikilvægt að milliliðir liðki fyrir nýtingu atkvæðisréttar. Framkvæmdastjórnin skal taka þetta til frekari meðferðar með tilmælum í því skyni að tryggja að fjárfestar hafi aðgang að skilvirkri kosningaþjónustu og að atkvæðisréttur sé nýttur í samræmi við fyrirmæli þessara fjárfesta.

12) Ef tímasetning á upplýsingum til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar sem og til almennings um þau atkvæði, sem greidd eru fyrir aðalfund með rafrænum hætti eða bréflega, skiptir miklu máli vegna stjórnarhátta fyrirtækja, geta aðildarríkin fastsett hana.

13) Ganga skal frá úrslitum atkvæðagreiðslu með aðferðum sem endurspegla áform hluthafa með atkvæðagreiðslunni og skulu þau birt eftir aðalfund a.m.k. á vefsetri félagsins.

14) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að gera hluthöfum kleift að nýta réttindi sín með skilvirkum hætti alls staðar í Bandalaginu, á grundvelli núverandi löggjafar Bandalagsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

15) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([6]), eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru fastsettar kröfur í tengslum við nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa sem fylgja atkvæðisrétti í tengslum við aðalfund félaga sem hafa skráða skrifstofu í aðildarríki en hlutabréf þeirra eru skráð á skipulegan markað sem er staðsettur í eða starfræktur í aðildarríki.

2. Aðildarríki sem bært er til að setja reglur um málefni sem falla undir þessa tilskipun skal vera það aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu og tilvísanir til „gildandi laga“ eru tilvísanir til laga þess aðildarríkis.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita eftirfarandi gerðum félaga undanþágu frá þessari tilskipun:

a) fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([7]),

b) fyrirtækjum sem einungis hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjár sem almenningur hefur lagt fram, starfa á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu en sækjast ekki eftir að ná lagalegum eða stjórnunarlegum yfirráðum yfir útgefendum undirliggjandi fjárfestinga sinna, að því tilskildu að lögbær yfirvöld hafi veitt þessum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu starfsleyfi, og þau heyri undir eftirlit þeirra og að þau annist vörsluþjónustu sem er jafngild þeirri sem um getur fyrir vörslufyrirtæki í tilskipun 85/611/EBE,

c) samvinnufélögum.

([6]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([8]),

b) „hluthafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum,

c) „umboð“: heimild frá hluthafa til einstaklings eða lögaðila til þess að nýta sér einhver eða öll réttindi þessa hluthafa á aðalfundi í hans nafni.

3. gr.

Frekari ráðstafanir á landsvísu

Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til þess að auðvelda hluthöfum að nýta sér þau réttindi sem um getur í þessari tilskipun.

II. KAFLI

AÐALFUNDIR HLUTHAFA

4. gr.

Jöfn meðferð hluthafa

Félagið skal tryggja jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu að því er varðar þátttöku og nýtingu atkvæðisréttar á aðalfundi.

5. gr.

Upplýsingar fyrir aðalfund

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 11. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ([9]), skulu aðildarríkin sjá til þess að félag boði til aðalfundar á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en á 21. degi fyrir fundardag.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um það, ef félag gefur öllum hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði með rafrænum hætti, að aðalfundur hluthafa geti ákveðið að félagið boði til aðalfundar, sem er ekki árlegur aðalfundur, á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en 14 dögum fyrir fundinn. Þessi ákvörðun skal tekin með a.m.k. tveimur þriðju hlutum þeirra atkvæða sem fylgja hlutabréfunum eða skráðu eigin fé, sem farið er með atkvæði fyrir, og skal hún eigi gilda lengur en fram að næsta árlega aðalfundi.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita lágmarkstímanum, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, fyrir aðra eða síðari boðun til aðalfundar þegar það er gert vegna þess að tilskilinn meirihluti fékkst ekki fyrir fundinn sem fyrst var boðað til, að því tilskildu að farið hafi verið að þessari grein í fyrsta fundarboðinu og að ekkert nýtt mál sé sett á dagskrá og að minnsta kosti tíu dagar líði milli lokaboðunar og dagsetningu aðalfundar.

2. Með fyrirvara um frekari kröfur um tilkynningu eða birtingu, sem þar til bært aðildarríki mælir fyrir um, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr., skal gerð sú krafa að félagið gefi út fundarboðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á þann hátt að tryggður sé greiður aðgangur að því án mismununar. Aðildarríkið skal krefjast þess að félagið noti miðla sem unnt er að treysta með góðu móti að dreifi upplýsingum á skilvirkan hátt til almennings í Bandalaginu. Aðildarríkið má ekki gera það að skilyrði að einungis verði notaðir miðlar sem eru reknir af aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna í fyrirliggjandi hluthafaskrá, að því tilskildu að félagið sé skuldbundið til þess að senda fundarboð til allra skráðra hluthafa sinna.

Í hvorugu tilvikinu er félaginu heimilt að krefja um greiðslu sérstaks kostnaðar fyrir að senda út fundarboð með tilskildum hætti.

3. Í fundarboðinu, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. vera eftirfarandi:

a) nákvæmar upplýsingar um fundartíma og fundarstað og fyrirhuguð dagskrá aðalfundar,

b) skýr og greinargóð lýsing á þeim reglum sem hluthafar verða að fylgja til þess að fá að taka þátt í fundinum og greiða atkvæði á aðalfundi. Þetta tekur til upplýsinga um:

   i. réttindi hluthafa samkvæmt 6. gr., að því marki sem hægt er að nýta þessi réttindi eftir að fundarboð hefur verið sent, og samkvæmt 9. gr. svo og þá fresti sem gefnir eru til að nýta þessi réttindi. Fundarboðunin getur takmarkast við það að kveða einungis á um fresti sem veittir eru til að nýta þessi réttindi,

([8]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

að því tilskildu að í henni sé greint frá því að nánari upplýsingar um þessi réttindi sé að finna á vefsetri félagsins,

ii. tilhögun atkvæðagreiðslu með umboði, einkum um eyðublöð sem á að nota við atkvæðagreiðslu með umboði og hvernig félagið er í stakk búið til að taka á móti rafrænum tilkynningum um tilnefningu á umboðshöfum og

iii. ef við á, hvernig staðið skuli að bréflegri eða rafrænni atkvæðagreiðslu,

c) ef við á, tilgreining á skráningardegi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., og útskýring á því að einungis þeir sem eru hluthafar á þeim degi skuli hafa rétt til þess að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði,

d) tilgreining á því hvar og hvernig hægt er að fá allan, óstyttan texta skjala og draga að ályktunum sem um getur í c- og d-lið í 4. mgr.,

e) tilgreining á veffangi vefsetursins þar sem upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr., verða tiltækar.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að félagið geri hluthöfum sínum, á samfelldu tímabili sem hefst eigi síðar en á 21. degi fyrir aðalfundardag, að meðtöldum aðalfundardegi, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á vefsetri sínu:

a) fundarboðið, sem um getur í 1. mgr.,

b) heildarfjölda hlutabréfa og atkvæða á þeim degi sem boðað er til fundar (þ.m.t. sérstakar heildartölur fyrir hvern flokk hlutabréfa þar sem hlutafjáreign félagsins er skipt í tvo eða fleiri flokka hlutabréfa),

c) skjölin sem leggja á fram á aðalfundi,

d) drög að ályktun eða, ef ekki er lagt til að samþykkja ályktun, athugasemd frá þar til bærum aðila innan félagsins, sem tilnefna skal samkvæmt gildandi lögum fyrir hvern lið á fyrirhugaðri dagskrá aðalfundar. Auk þess skal setja drög að ályktunum frá hluthöfum á vefsetrið eins fljótt og auðið er eftir að félagið hefur fengið þau,

e) ef við á, eyðublöð sem nota á til að greiða atkvæði með umboði og til að greiða atkvæði bréflega nema þessi eyðublöð séu send beint til hvers hluthafa.

Ef ekki er unnt að sækja eyðublöðin, sem um getur í e-lið, á Netið af tæknilegum ástæðum skal félagið greina frá því á vefsetri sínu hvernig hægt er að fá eyðublöðin á pappír. Í því tilviki er félaginu skylt að póstsenda eyðublöðin endurgjaldslaust til hvers hluthafa sem þess óskar.

Ef, samkvæmt 4. mgr. 9. gr. eða 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2004/25/EB, eða annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, boðað er til aðalfundar eigi síðar en 21 degi fyrir fund, skal fresturinn sem tilgreindur er í þessari grein, styttur í samræmi við það.

6. gr.

Réttur til setja mál á dagskrá aðalfundar og til að leggja fram drög að ályktunum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega:

a) hafi rétt til þess að setja mál á dagskrá aðalfundar, að því tilskildu að hverju slíku máli fylgi rökstuðningur eða drög að ályktun til samþykktar á aðalfundinum og

b) hafi rétt til að leggja fram drög að ályktunum vegna mála sem eru felld eða verða felld inn í dagskrá aðalfundar.

Aðildarríkin geta kveðið á um að einungis sé unnt að nýta réttindin, sem um getur í a-lið, í tengslum við árlegan aðalfund, að því tilskildu að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega, hafi rétt til að boða til aðalfundar eða gera kröfu um að félagið boði til aðalfundar, sem er ekki árlegur aðalfundur, með dagskrá sem tekur a.m.k. til allra þeirra mála sem þessir hluthafar óska eftir að fjallað verði um.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þessi réttindi séu nýtt skriflega (send með pósti eða rafrænt).

2. Ef einhver þeirra réttinda sem eru tilgreind í 1. mgr. eru með fyrirvara um að viðkomandi hluthafi eða hluthafar eigi lágmarkshlut í félaginu skal þetta lágmark ekki fara yfir 5% af hlutafé.

3. Hvert aðildarríki skal kveða á um einn frest, með tilliti til tiltekins dagafjölda fyrir aðalfund eða fundarboð, þar sem hluthöfum er heimilt að nýta sér réttinn sem um getur í a-lið 1. mgr. Á sama hátt getur hvert aðildarríki kveðið á um frest vegna nýtingar á réttinum sem um getur í b-lið 1. mgr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess, ef nýting réttarins, sem um getur í a-lið 1. mgr., hefur í för með sér breytingu á dagskrá aðalfundar sem þegar hefur verið tilkynnt hluthöfum, að félagið skuli gera endurskoðaða dagskrá tiltæka á sama hátt og fyrri dagskrá fyrir gildandi skráningardag, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., eða ef enginn skráningardagur gildir, með nægum fyrirvara fyrir dagsetningu aðalfundar

þannig að aðrir hluthafar geti tilnefnt umboðshafa, eða eftir atvikum, greitt atkvæði bréflega.

7. gr.

Kröfur vegna þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði í tengslum við hvaða hlutabréf sín sem er séu ekki með fyrirvara um kröfur um að hlutabréfum hans sé komið fyrir í vörslu, þau séu flutt til eða skráð á neinn annan einstakling eða lögaðila fyrir aðalfund og

b) að réttindi hluthafa til að selja eða flytja á annan hátt hlutabréf sín á tímabilinu frá skráningardegi, eins og hann er skilgreindur í 2. mgr., til aðalfundar, sem þessi dagur á við um, séu ekki háð neinum takmörkunum sem gilda ekki um þau á öðrum tíma.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði með tilliti til hlutabréfa sinna skuli ákvarðast með tilliti til hlutabréfanna í eigu þess hluthafa á tilteknum degi fyrir aðalfund (skráningardegi).

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart þeim félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna á grundvelli fyrirliggjandi hluthafaskrár á þeim degi er aðalfundur fer fram.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að einn skráningardagur gildi um öll félög. Þó getur aðildarríki kveðið á um einn skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út handhafahlutabréf og annan skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út skráð hlutabréf, að því tilskildu að einn skráningardagur gildi um hvert félag sem hefur gefið út báðar gerðir hlutabréfa. Skráningardagurinn skal vera innan 30 daga tímabils fyrir aðalfundinn sem hann gildir um. Við framkvæmd á þessu ákvæði og 1. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki tryggja það að minnst átta dagar líði milli síðasta heimilaðs dags fyrir boðun til aðalfundar og skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með. Við þær kringumstæður sem lýst er í þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr. geta aðildarríkin þó gert kröfu um að minnst sex dagar líði frá síðustu heimiluðu dagsetningu fyrir aðra aðalfundarboðun og síðari boðanir til skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með.

4. Ekki er hægt að gera aðrar kröfur um sönnun um stöðu sem hluthafi nema þær sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um auðkenni hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

8. gr.

Þátttaka í aðalfundi með rafrænum hætti

1. Aðildarríkin skulu heimila félögum að bjóða hluthöfum sínum hvers kyns leiðir til rafrænnar þátttöku í aðalfundi, einkum eina eða allar eftirfarandi leiða til þátttöku, þ.e.:

a) rauntímaútsending frá aðalfundi,

b) rauntímasamskipti í báðar áttir sem gera hluthöfum kleift að ávarpa aðalfund úr fjarlægð,

c) fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, hvort heldur er fyrir eða meðan á aðalfundi stendur, án þess að þurfa að tilnefna umboðshafa sem sækir fundinn í eigin persónu.

2. Einungis er heimilt að binda notkun rafrænna miðla, sem gera hluthöfum kleift að taka þátt í aðalfundi, við kröfur og skilyrði, sem eru nauðsynleg til að tryggja auðkenningu hluthafa og öryggi rafrænna samskipta, og aðeins að því marki sem það er í réttu hlutfalli við þessi markmið.

Þetta er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar ferli ákvarðanatöku innan félagsins vegna innleiðingar eða framkvæmdar á hvers kyns rafrænum þátttökuleiðum.

9. gr.

Réttur til að leggja fram spurningar

1. Hver hluthafi skal eiga rétt á að leggja fram spurningar varðandi mál á dagskrá aðalfundar. Félagið skal svara þeim spurningum sem hluthafar beina til þess.

2. Rétturinn til að leggja fram spurningar og skyldan til að svara þeim eru með fyrirvara um aðgerðir sem aðildarríkin kunna að grípa til eða gefa félögum kost á að gera til þess að tryggja auðkenningu á hluthöfum, gott fyrirkomulag aðalfunda og undirbúning þeirra svo og verndun trúnaðarupplýsinga og viðskiptahagsmuna félaga. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa félögum að veita eitt heildarsvar við spurningum varðandi sama efni.

Aðildarríkin geta kveðið á um að svar teljist hafa verið veitt ef viðkomandi upplýsingar eru aðgengilegar á vefsetri félagsins í formi spurninga og svara.

10. gr.

Atkvæðagreiðsla með umboði

1. Hver hluthafi skal eiga rétt til þess að tilnefna hvaða einstakling eða lögaðila sem er sem umboðshafa til þess að mæta og greiða atkvæði á aðalfundi í sínu nafni. Umboðshafi skal hafa sömu réttindi til að taka til máls og leggja fram spurningar á aðalfundi og hluthafinn sem hann er í forsvari fyrir.

Að frátalinni þeirri kröfu að umboðshafi hafi gerhæfi skulu aðildarríkin afnema öll lagaákvæði sem takmarka eða heimila fyrirtækjum að takmarka möguleika einstaklinga til að vera tilnefndir sem umboðshafar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka tilnefningu umboðshafa við einn fund eða þá fundi sem kunna að verða haldnir á tilteknu tímabili.

Með fyrirvara um 5. mgr. 13. gr. er aðildarríkjunum heimilt að takmarka þann fjölda einstaklinga sem hluthafar geta tilnefnt sem umboðshafa í tengslum við einn tiltekinn aðalfund. Eigi hluthafi hins vegar hlutabréf í félagi, sem eru á fleiri en einum verðbréfareikningi, kemur slík takmörkun ekki í veg fyrir að hluthafi geti tilnefnt sérstakan umboðshafa fyrir hlutabréf á hverjum verðbréfareikningi í tengslum við einn tiltekinn aðalfund. Þetta hefur ekki áhrif á ákvæði í gildandi lögum sem banna að atkvæði séu greidd með mismunandi hætti fyrir hlutabréf sem eru í eigu eins og sama hluthafa.

3. Fyrir utan þær takmarkanir, sem skýrt eru heimilaðar í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríkin ekki takmarka eða leyfa félögum að takmarka nýtingu á réttindum hluthafa fyrir milligöngu umboðshafa í neinum öðrum tilgangi en þeim að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli umboðshafa og þess hluthafa sem umboðshafa er skylt að gæta hagsmuna fyrir og þá skal aðildarríki ekki gera aðrar kröfur en eftirfarandi:

a) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að umboðshafi láti í té sérstakar upplýsingar sem kunna að skipta máli til að hluthafi geti metið hugsanlega hættu á því að umboðshafi kunni að gæta annarra hagsmuna en hagsmuna hluthafans,

b) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka að hluthafi nýti sér réttindi sín fyrir milligöngu umboðshafa án sérstakra fyrirmæla um atkvæðagreiðslu fyrir hverja ályktun sem umboðshafi á að greiða atkvæði um fyrir hönd hluthafans,

c) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka framsal á umboði til annars aðila, en þetta á ekki að koma í veg fyrir að umboðshafi, sem er lögaðili, nýti sér þau réttindi sem honum hefur verið falið fyrir milligöngu einhvers úr félagsstjórn eða framkvæmdastjórn eða einhvers starfsmanna sinna.

Hagsmunaárekstrar í skilningi þessarar málsgreinar geta einkum orðið þegar umboðshafi:

i. er ráðandi hluthafi í félaginu eða er önnur eining undir yfirráðum slíks hluthafa,

ii. á sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn í félaginu eða er ráðandi hluthafi eða undireining eins og um getur í i. lið,

iii. er starfsmaður eða endurskoðandi félagsins eða fyrir ráðandi hluthafa eða undireining eins og um getur í i. lið,

iv. er tengdur fjölskylduböndum einstaklingi sem um getur í i. iii. lið.

4. Umboðshafinn skal greiða atkvæði í samræmi við fyrirmælin frá hluthafanum sem tilnefnir hann.

Aðildarríkjum er heimilt að gera kröfu um að umboðshafar haldi skrá yfir fyrirmæli um atkvæðagreiðslu í tiltekinn lágmarkstíma og að þeir staðfesti, sé þess krafist, að fyrirmælunum um atkvæðagreiðslu hafa verið hlýtt.

5. Sem umboðsaðila er aðila heimilt að fara með umboð fleiri en eins hluthafa án þess að það takmarki fjölda þeirra hluthafa sem hann er í forsvari fyrir. Ef umboðshafi fer með umboð fyrir marga hluthafa skulu gildandi lög gera honum kleift að greiða atkvæði á annan hátt fyrir tiltekinn hluthafa en hann greiðir fyrir annan hluthafa.

11. gr.

Formsatriði vegna tilnefningar á umboðshafa og tilkynningar þar að lútandi

1. Aðildarríkin skulu heimila hluthöfum að tilnefna umboðshafa með rafrænum hætti. Auk þess skulu aðildarríkin heimila félögum að samþykkja tilkynningu um tilnefningu með rafrænum hætti og tryggja að hvert félag bjóði hluthöfum sínum a.m.k. eina skilvirka aðferð til að tilkynna með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hægt að tilnefna umboðshafa, og tilkynna félaginu um tilnefningu þeirra, nema skriflega. Að undanskilinni þessari formlegu grundvallarkröfu má tilnefning umboðshafa, tilkynning um tilnefningu til félagsins og útgáfa fyrirmæla til umboðshafa um atkvæðagreiðslu, ef um þau er að ræða, aðeins vera háð þeim formkröfum, sem nauðsynlegar eru til að tryggja

auðkenningu hluthafa og umboðshafa, eða til að tryggja möguleika á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við þessi markmið.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um afturköllun á tilnefningu umboðshafa.

12. gr.

Bréfleg atkvæðagreiðsla

Aðildarríkin skulu heimila félögum að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega fyrir aðalfund. Bréfleg atkvæðagreiðsla má aðeins vera háð þeim kröfum og takmörkunum sem eru nauðsynlegar til að tryggja auðkenningu hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

13. gr.

Afnám tiltekinna hindrana á skilvirkri nýtingu atkvæðisréttar

1. Þessi grein á við þegar einstaklingur eða lögaðili, sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum, kemur fram í viðskiptum fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila (umbjóðanda).

2. Ef í gildandi lögum eru gerðar kröfur um opinbera birtingu sem forsendu þess að hluthafi, sem um getur í 1. mgr., geti nýtt sér atkvæðisrétt sinn, skulu slíkar kröfur ekki vera umfram það að taka saman skrá sem veitir félaginu upplýsingar um auðkenni hvers umbjóðanda og fjölda þeirra atkvæða sem hafa verið greidd fyrir hans hönd.

3. Ef í gildandi lögum eru gerðar formlegar kröfur um leyfi hluthafa, sem um getur í 1. mgr., til að nýta atkvæðisrétt, eða fyrirmæli um atkvæðagreiðslu, skulu slíkar formlegar kröfur ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja auðkenningu á umbjóðandanum eða möguleikann á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og skulu þær vera í réttu hlutfalli við þau markmið.

4. Hluthafa, sem um getur í 1. mgr., skal heimilt að greiða atkvæði sem fylgja sumum hlutabréfum öðruvísi en fyrir önnur hlutabréf.

5. Ef gildandi lög takmarka fjölda aðila, sem hluthafa er heimilt að tilnefna sem umboðshafa, í samræmi við 2. mgr. 10. gr., skal slík takmörkun ekki koma í veg fyrir að hluthafi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, veiti hverjum umbjóðanda sínum umboð eða þeim þriðja aðila sem umbjóðandi hans tilnefnir.

14. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu

1. Fyrir hverja ályktun skal félagið greina a.m.k. frá fjölda hlutabréfa, sem greitt hafa gild atkvæði, hlutfall hlutafjár sem liggur að baki þessum atkvæðum, heildarfjölda gildra atkvæða svo og fjölda atkvæða sem greidd hafa verið með og á móti hverri ályktun og, þar sem við á, fjölda þeirra sem sátu hjá.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um eða heimila félögum að kveða á um, fari enginn hluthafi fram á að gerð sé full grein fyrir atkvæðagreiðslu, að nægilegt sé að greina frá úrslitum atkvæðagreiðslu að því marki sem þörf er á til að tryggja að meirihluti náist fyrir hverri ályktun.

2. Innan þess tíma sem tiltekinn er í gildandi lögum, sem skal ekki vera umfram 15 daga frá aðalfundi, skal félagið birta á vefsetri sínu úrslit atkvæðagreiðslu sem fengin eru í samræmi við 1. mgr.

3. Þessi grein er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar tilskilin formsatriði til þess að ályktun geti talist gild eða varðandi það að lögleg úrslit atkvæðagreiðslu kunni að verða vefengd síðar.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. ágúst 2009 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skulu þau aðildarríki þar sem 1. júlí 2006 voru í gildi innlend ákvæði, sem takmarka eða banna tilnefningu umboðshafa í því tilviki sem um getur í ii. lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 10. gr., samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 3. mgr. 10. gr. að því er varðar slíka takmörkun eða bann eigi síðar en 3. ágúst 2012.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda þeirra daga sem tilgreindir eru í 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. og allar síðari breytingar sem framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. júlí 2007 .

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	M. LOBO ANTUNES
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 138/1994, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum (réttindi hluthafa).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36(EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Felur það einkum í sér breytingar á lögum um hlutafélög hvað snertir frest til að boða til hluthafafundar, hvaða gögn skuli undirbúa fyrir fund og hvernig birta skuli upplýsingar á vef félaga eftir viðkomandi fund.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Stjórnin skal gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Í hlutaskrána skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

3. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

4. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

6. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna bætist: og hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 153. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „(2. mgr. 70. gr.)“ kemur: samantekt um samstæðutengsl o.fl. (4. mgr. 84. gr.).
b. Í stað orðanna „4. mgr. 84. gr.“ kemur: 5. mgr. 84. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 1. mgr. 39. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

9. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

III. KAFLI
Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er endurflutt miðað við stöðu þess eftir meðferð í nefnd á 137. löggjafarþingi, sbr. nefndarálit á þskj. 193, eru með sérstöku tilliti til nýlegra atburða lagðar til breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Snerta tillögurnar eignarhald, kynjahlutfall, þ.e. í stjórnum, meðal framkvæmdastjóra og starfsfólks, og starfandi stjórnarformenn. Bráðabirgðaákvæði fyrra frumvarps eiga ekki við.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur til breytinga á lögum um hlutafélög og í II. kafla þrengri tillögur til breytinga á lögum um einkahlutafélög. Í III. kafla er gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið kunni einnig að leggja til breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, varðandi upplýsingar um eignarhald, einkum hvað snertir stærri einkahlutafélög.

Nánari upplýsingar um einstök efnisatriði eru sem hér segir:

Eignarhald.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum. Að undanförnu hefur íslenskt viðskiptalíf m.a. verið gagnrýnt fyrir skort á gagnsæi um þessi atriði. Gildandi reglur laga um hlutafélög og einkahlutafélög gera ráð fyrir því að haldin sé hlutaskrá sem geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra, sbr. 4. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Engu síður þykir rétt að styrkja þessi ákvæði í lögunum um hlutafélög með því að leggja berum orðum þá skyldu á stjórnina að sjá til þess að

hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt.

Upplýsingar um hluthafa í hlutafélögum og hlutafjáreign hvers þeirra og atkvæðisrétt nægja þó ekki einar sér til að tryggja gagnsæi með viðunandi hætti. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að auk þessara upplýsinga skuli geta allra þeirra samstæðutengsla sem félagið er í. Þá er áréttað að upplýsingaskylda félagsstjórnar nái einnig til þess að upplýsa um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra. Með þessum breytingum á lögum verður gagnsæi um eignarhald og meðferð hluta meira en verið hefur. Auk þess miðar frumvarpið að því að auka rétt hluthafanna til þess að fá upplýsingar frá stjórn um eignarhald, atkvæðisrétt og samstæðutengsl annarra hluthafa.

Enn fremur þykir rétt að sú skylda hvíli á félagsstjórn í hlutafélögum að gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu, auk þess sem sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem félagið er í. Hér er annars vegar komið til móts við hluthafana sjálfa með því að leggja auknar skyldur á herðar stjórn félags um að veita þessar upplýsingar og hins vegar er stjórnvöldum auðveldaður aðgangur að þessum upplýsingum.

Kynjahlutföll.

Lagt er til að í ákvæðum laganna um hlutafélög og laganna um einkahlutafélög um stjórnir verði tekið fram að gætt skuli að kynjahlutföllum og að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Þá er lagt til að í ákvæðum laganna um framkvæmdastjóra verði tekið fram að sömuleiðis skuli gætt að kynjahlutföllum við ráðningu þeirra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, skulu atvinnurekendur vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og á vinnumarkaði almennt. Fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, er auk þess skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna. Jafnréttisstofa getur framfylgt þessari skyldu fyrirtækja og stofnana skv. 2. mgr. 18. gr. með því að mæla fyrir um úrbætur og, ef það dugar ekki, lagt á hlutaðeigandi aðila dagsektir, sbr. 3.–9. mgr. sömu greinar. Jafnréttisstofa getur jafnframt lagt á fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, að greiða dagsektir ef hlutaðeigandi sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart stofnuninni, sbr. 5. mgr. 18. gr.

Með frumvarpi þessu er ríkari upplýsingaskylda lögð á herðar hlutafélögum og einkahlutafélögum um kynjahlutföll í stjórnum og meðal framkvæmdastjóra, svo og starfsmanna almennt, en gildandi lög gera ráð fyrir. Nýlegar niðurstöður rannsókna sýna að hlutfall kvenna í stjórnum og æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja á Íslandi er enn mun lægra en karla. Sjá t.d. Hagtíðindi Hagstofu Íslands nr. 2009:1 (Konur og karlar í áhrifastöðum 2008) og afrakstur verkefnisins Jafnréttiskennitalan sem Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst hefur unnið að síðastliðin ár með stuðningi ýmissa aðila (sjá m.a. Birting upplýsinga um stöðu kvenna í 120 stærstu fyrirtækjunum á Íslandi árið 2008).

Markmið frumvarpsins er að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum. Rétt þótti við meðferð málsins á 136. löggjafarþingi að takmarka upplýsingaskyldu um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins við félög með tilteknum lágmarksstarfsmannafjölda. Utanumhald grundvallarupplýsinga af þessu tagi um starfsemi hvers félags um sig er fyrirhafnarlítið og með einföldum hætti má tryggja virkt eftirlit með því að upplýsingarnar skili sér til hlutafélagaskrár. Um aðgang að upplýsingum hjá hlutafélagaskrá fer samkvæmt reglum sem fjármálaráðherra setur, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 2. mgr. 121. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Starfandi stjórnarformenn.

Ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn byggist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004 (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Íslenskt viðskiptaumhverfi (Reykjavík, nefndarálit, september 2004)).

Í nefndinni áttu sæti Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, hdl. og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Starfsmenn nefndarinnar voru Áslaug Árnadóttir lögfræðingur og Hreinn Hrafnkelsson, stjórnmála- og viðskiptafræðingur. Þá starfaði Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, með nefndinni.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni m.a. ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Meiri hluti nefndarinnar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Skilaði einn nefndarmaður, Þórdís Sigurðardóttir, séráliti, taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög. Í frumvarp viðskiptaráðuneytisins til laga á grundvelli tillagna nefndarinnar var ákvæðið um starfandi stjórnarformenn þó ekki tekið upp, sbr. breytingu á lögunum um hlutafélög með lögum nr. 89/2006. Rétt þykir að gera það nú, sbr. nánar athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Um 1. gr.

Um a-lið. Bæði hluthöfum og stjórnvöldum er mikilvægt að hlutaskrá geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Af þessum sökum þykir rétt að árétta í þessari grein um hlutafélög að stjórnin skuli gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma og leggja þá skyldu berum orðum á stjórnina. Ber stjórn að taka þessa skyldu sína alvarlega. Brot á þessu ákvæði kunna að varða refsingu skv. 2. tölul. 153. gr. laganna um hlutafélög.

Um b-lið. Í þessum lið er mælt svo fyrir að í hlutaskrána skuli færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og þar skuli jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hluta-

félagið er í. Í 4. mgr. greinarinnar er þess m.a. getið að í hlutaskrá skuli vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og að tekið skuli fram um hlutafjáreign hvers hluthafa. Til frekara öryggis er hér lagt til að upplýsingar um atkvæðisrétt skuli einnig liggja fyrir. Meiri hluti hlutafjáreignar fer oftast saman við meiri hluta atkvæða í hlutafélagi en svo þarf þó ekki að vera, t.d. ef hlutnum fylgir misjafn atkvæðisréttur, sbr. 1. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga. Einnig getur verið að sumir hlutir séu án atkvæðisréttar og þarf þá að geta um það svo að ljóst sé hverjir fari með atkvæðisréttinn. Með hugtakinu samstæðutengsl er átt við öll þau tengsl milli hlutafélags og annars hlutafélags eða einkahlutafélags sem nægja til að fyrstnefnda félagið teljist móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag, sbr. 2. gr. laganna. Áréttað skal að brot á fyrirmælunum kunna að varða refsingu skv. 2. tölul. 153. gr. laganna um hlutafélög.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 63. gr. laganna um hlutafélög er kveðið á um að í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn og að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Opinbert hlutafélag er félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Lagt er til að tveimur nýjum málsliðum verði bætt við ákvæði málsgreinarinnar er mæli fyrir um að einnig skuli gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga en opinberra hlutafélaga og að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar um kynjahlutföll samkvæmt ákvæðinu verði uppfærðar eftir því sem tilefni er til og að þær verði tilgreindar í tilkynningum hlutaðeigandi félags sem því er þegar skylt að senda til hlutafélagaskrár samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Vanræksla á skyldum samkvæmt lögum um hlutafélög getur m.a. varðað sektum, sbr. 156. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir að breytingar á félagssamþykktum og öðru því sem tilkynnt hefur verið til hlutafélagaskrár samkvæmt lögunum, þ.m.t. breytingar á skipan stjórna, skuli tilkynntar innan mánaðar, sbr. 149. gr. Upplýsingagjöf um kynjahlutföll í stjórnum er því í reynd þegar lögbundin með vissum hætti. Þá skal áréttað að 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gildir um öll hlutafélög í atvinnurekstri, svo og 2.–9. mgr. 18. gr. um slík félög sem eru í atvinnurekstri þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Nýjungin, sem felst í frumvarpi þessu, er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að hlutafélögum verði framvegis skylt að upplýsa um með vissum hætti um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega skuli upplýst um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra sem geta verið fleiri en einn.

Um 3. gr.

Lagt er til í greininni að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 65. gr. laganna um hlutafélög er kveði á um að gætt skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal þeirra. Stjórn hlutafélags skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félagsins. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 70. gr. laganna um hlutafélög er kveðið á um kosningu formanns félagsstjórnar. Þá er þar jafnframt kveðið á um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því. Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við aftast í málsgreinina þar sem kveðið verði á um að stjórnarformanni félags skuli óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns félagsstjórnar. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir undantekningu frá meginreglunni að því er varðar einstök verkefni sem félagsstjórn felur stjórnarformanni að vinna fyrir stjórnina.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna enda sjá þeir m.a. um að stýra fundum stjórnar og boða til stjórnarfunda, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Eins og kemur fram hér að framan leggur 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Nokkuð er hins vegar um það hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið að orka nokkuð tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum, sem hafa starfandi stjórnarformann, er oft nokkuð skýr verkaskipting á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Það er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann er þá í raun að stjórna eftirliti með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Svipað ákvæði er að finna í 51. gr. danskra hlutafélagalaga en þar á ákvæðið aðeins við um stjórnarformenn í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (markaðsfélögum). Þá er tillagan í samræmi við það viðhorf sem er ríkjandi víða um lönd að ekki sé talið æskilegt að æðstu stjórnendur félaga séu jafnframt stjórnarformenn þeirra. Má nefna sem dæmi að í breskum verklagsreglum (Combined Code, regla A.2.1 og A.2.2) er kveðið á um að sami aðili skuli ekki vera stjórnarformaður og æðsti stjórnandi fyrirtækis. Þá skal stjórnarformaður félags einnig uppfylla þau skilyrði varðandi óháða stjórnarmenn sem eru m.a. þau að hann má ekki hafa verið starfsmaður félags eða samstæðu þess síðastliðin fimm ár. Sérstaklega er tekið fram að aðili, sem verið hefur æðsti stjórnandi félags, eigi ekki að verða stjórnarformaður í félaginu að því loknu nema í undantekningartilvikum. Skal stjórn þá útskýra sérstaklega ástæður þess.

Um 5. gr.

Með þessari grein um breytingu á 84. gr. laga um hlutafélög er stefnt að því að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti í hlutafélögum. Hér er sú skylda lögð á félagsstjórn að gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og um rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Þá skulu sambærilegar upplýsingar liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru lagðar til viðbætur við 91. gr. laga um hlutafélög en þar er fjallað um rétt til upplýsinga. Tilgangurinn með tilvitnuðu lagaákvæði er sá að tryggja einstökum hluthöfum aukna möguleika á því að kynna sér málefni félagsins. Ástæða þykir til að styrkja þennan rétt með því að skylda stjórn til að veita upplýsingar um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

Um 7. gr.

Grein þessi geymir breytingar á refsiákvæðum í lögunum um hlutafélög.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Um 8. gr.

Lagt er til að tveimur nýjum málsliðum verði bætt við 1. mgr. 39. gr. laganna um einkahlutafélög er mæli fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga og að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar um kynjahlutföll samkvæmt ákvæðinu verði uppfærðar eftir því sem tilefni er til og að þær verði tilgreindar í tilkynningum hlutaðeigandi félags sem því er þegar skylt að senda til hlutafélagaskrár samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Vanræksla á skyldum samkvæmt lögum um einkahlutafélög getur m.a. varðað sektum, sbr. 130. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir að breytingar á félagssamþykktum og öðru því sem tilkynnt hefur verið til hlutafélagaskrár samkvæmt lögunum, þ.m.t. breytingar á skipan stjórna, skuli tilkynntar innan mánaðar, sbr. 123. gr. Upplýsingagjöf um kynjahlutföll í stjórnum er því í reynd þegar lögbundin með vissum hætti. Þá skal áréttað að 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gildir um öll einkahlutafélög í atvinnurekstri, svo og 2.–9. mgr. 18. gr. um slík félög sem eru í atvinnurekstri þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Nýjungin, sem felst í frumvarpi þessu, er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að hlutafélögum verði framvegis skylt að upplýsa um með vissum hætti um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega skuli upplýst um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra sem geta verið fleiri en einn.

Um 9. gr.

Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 41. gr. laganna um einkahlutafélög er kveði á um að gætt skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal þeirra. Stjórn einkahlutafélags getur ráðið einn til þrjá framkvæmdastjóra. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í III. kafla er mælt fyrir um gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum svo og vissum einkahlutafélögum og stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum þessara félaga.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

72. Fyrirspurn [72. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um þjónustu á landsbyggðinni.

Frá Guðrúnu Erlingsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja þjónustu sem fellur undir verkefnasvið löggæslu, sýslumanna og dómstóla á landsbyggðinni í ljósi þeirra niðurskurðar- og sameiningartillagna sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010?

Skriflegt svar óskast.

73. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja. Markmið ráðgjafarstofunnar verði að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis verið lögð fram á Alþingi, á 136. löggjafarþingi (459. mál) og 137. löggjafarþingi (116. mál). Á 137. þingi var hún rædd í efnahags- og skattanefnd en varð ekki útrædd. Nefndinni bárust tólf umsagnir um málið sem voru flestar mjög jákvæðar og studdu langflestir umsagnaraðilar að tillagan næði fram að ganga. Nánar verður vikið að afstöðu þeirra síðar í greinargerð þessari.

Óveður ríkir nú í íslensku og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Gjaldþrot Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa orsakað geysilega erfiðleika hjá íslenska ríkinu og í atvinnulífinu. Ljóst má vera að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða hætta rekstri á næstu missirum. Árið 2008 urðu 748 fyrirtæki gjaldþrota og er gert ráð fyrir mikilli fjölgun gjaldþrota og greiðsluerfiðleika fyrirtækja á næstunni. Fyrirtækjum sem lent hafa í greiðsluþroti hefur fjölgað um tæplega 50% á milli áranna 2008 og 2009. Á sama tíma hefur gjaldþrotum fjölgað um tæplega 30%. Creditinfo spáði í byrjun árs 2009 að u.þ.b. 3.500 fyrirtæki færu í greiðsluþrot á árinu og var sú spá byggð á áhættumati félagsins (CIP-áhættumati). Vandinn er því gríðarlegur.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst fyrir þessi fyrirtæki ef atvinnulífið á að eiga sér viðreisnar von og hægt sé að forða almenningi frá fjöldaatvinnuleysi og félagslegum afleiðingum þess.

Ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum mundi gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimili. Hún mundi aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um hvort halda ætti rekstri áfram eður ei. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, og á við hvort sem stormar geisa í efnahagslífinu eða þegar vel gengur. Evrópusambandið setti fram þess háttar hugmyndir í verkefninu *Restructuring, Bankruptcy and a Fresh Start* árið 2002. Ef samfélög telja það þess virði að einstaklingar hefji rekstur fyrirtækja, þá þarf að vera til stuðningskerfi til að takast á við rekstrarörðugleika og gjaldþrot fyrirtækja. Dæmi um stuðning landa við fyrirtæki í rekstrarörðugleikum er *Schuldenhelpline*, sem er hjálparsími og vefsíða fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki í Þýskalandi, *Entreprise Prévention* í Frakklandi og *Startvækst* vefsíðan í Danmörku. Þannig er mest áhersla lögð á að aðstoða einstaklinga (einyrkja) og lítil fyrirtæki, þar sem meiri líkur eru á að stærri fyrirtæki geti nálgast nauðsynlega aðstoð og þekkingu til að vinna sig út úr rekstrarörðugleikum eða hætta rekstri.

Mikilvægt er að ráðgjafarstofa starfi náið með öðru stuðningskerfi við atvinnulífið og með dómskerfinu. Tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem

þegar styður markvisst við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofan mundi leiða samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðasjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikunum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun. Stjórnendum yrði kennt hver viðvörunarmerkin væru, utanaðkomandi ráðgjöf gæti komið að eins fljótt og hægt er, og skýrar upplýsingar yrðu aðgengilegar um leiðir út úr erfiðleikum, svo sem um endurskipulagningu rekstrar, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Nauðsynlegt er að bjóða upp á þjónustuna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, og mundi stuðningsnet Nýsköpunarmiðstöðvar um land allt henta vel.

Í umsögn Byggðastofnunar segir: „Byggðastofnun telur að ráðgjöf af því tagi sem stofunni [ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum] er ætlað að veita sé nauðsynleg við núverandi aðstæður. Byggðastofnun hefur mikla reynslu af stuðningi við atvinnufyrirtæki og hjá stofnuninni er sérstakt fyrirtækjasvið, þar sem mikil reynsla er við fjárhagslega endurskipulagningu hjá fyrirtækjum í rekstrarvanda. Stofnunin vill einnig benda á að um allt land eru starfandi atvinnuþróunarfélög, sem einnig hafa mikla reynslu á þessu sviði.“

Einkar athyglisverð var einnig ábending ríkisskattstjóra: „Ríkisskattstjóri bendir á að ef vel tekst til eru vissar líkur á því að minna yrði um að skattgreiðslur fyrirtækja töpuðust vegna þrotameðferðar. Þannig gæti meðferð af því tagi sem flutningsmenn þingsályktunarinnar leggja til, dregið úr ýmissi óreglu sem einkenna fyrirtæki sem komin eru í greiðsluerfiðleika.“

Fáir hafa meiri innsýn inn í fjárhagsstöðu fyrirtækja en Creditinfo. Í umsögn þess um tillöguna lýsir fyrirtækið yfir stuðningi sínum við hana og telur fulla þörf á að koma henni til framkvæmda. Þar segir m.a.: „Mikilvægt er að koma fyrirtækjum, sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti, fljótt til hjálpar. Vandi slíkra fyrirtækja getur vaxið hratt á tiltölulega skömmum tíma og rekstri sem hefði mátt bjarga verður ekki bjargað ef of seint er gripið í taumana.“ Þá er áréttað mikilvægi þess að fyrirtæki séu upplýst um hvenær þau geti leitað til ráðgjafarstofunnar og hvaða hjálp þau geti fengið þar, en Creditinfo býðst til að veita aðstoð sína til að auðvelda slíkt, án sérstaks endurgjalds. Creditinfo fjallar jafnframt um mikilvægi þess að hafa gagnsæi í samskiptum kröfuhafa og skuldara og hugsanlegt hlutverk ráðgjafarstofu sem milliliðar í því samhengi, til þess að allt sé uppi á borðum og kröfuhafar þurfi ekki að óttast undanskot eigna umbjóðenda ráðgjafarstofu eða að kröfuhöfum verði mismunað með einhverjum hætti.

Þá kom ábending frá Creditinfo um rýmkun á heimildum varðandi afskriftir krafna, m.a. vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sölu á vöru/þjónustu. Skattyfirvöld hafa gert kröfu um árangurslaust fjárnám eða gjaldþrot áður en afskrift kröfu er heimiluð, en Creditinfo leggur til að slíkt verði heimilað á grundvelli yfirlýsingar ráðgjafastofunnar, svo framarlega sem virðisaukaskattur sé greiddur af kröfunni ef hún fæst greidd síðar.

Samfélagslegar afleiðingar af gjaldþroti fyrirtækja eru margvíslegar. Eigendur geta misst allt sitt, starfsmenn missa atvinnuna og lánardrottnar tapa fjármunum. Álag á starfsmenn og eigendur getur verið geysilega mikið og jafnvel leitt til varanlegs heilsuskaða. Því skiptir miklu að ríkið grípi strax til aðgerða til að lágmarka skaðann bæði fyrir einstaklinga og samfélagið, enda ætti stuðningskerfi fyrirtækja í greiðsluörðugleikum að vera jafnmikilvægur þáttur í að byggja og viðhalda stöðugu atvinnulífi og sá stuðningur sem veittur er fyrirtækjum í upphafi rekstrar. Í þeim tilgangi er þessi tillaga nú flutt í þriðja skipti.

74. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur og framkvæmdir á vegum Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „78,20 kr.“ kemur: 156,50 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ kemur: 4.900 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að hækka vitagjald í samræmi við verðlagsbreytingar og þróun gengis frá því að gjaldið var hækkað með lögum nr. 142/2002. Þá var ákveðið að vitagjald skyldi vera 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips og lágmarksgjald 3.500 kr.

Með frumvarpinu er lagt til að vitagjald verði 156,50 kr. á hvert brúttótonn, sem er 100% hækkun í samræmi við þróun gengisbreytinga og hækkun neysluverðsvísitölu, og að lágmarksgjald hækki í 4.900 kr. Frá ársbyrjun 2002 til febrúar 2009 hefur neysluverðsvísitalan hækkað um 39% og evra um 100%.

Erlend skip greiða nú um 85% af vitagjaldi og mun hækkunin því að mestu varða þau en lágmarksgjaldið smábátaflotann.

Jafnframt er lagt að 6. gr. laganna verði breytt á þann veg að vitagjaldið megi ekki einungis nota í verkefni skv. 2. gr. laganna heldur til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands og framkvæmdir á hennar vegum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að hækka vitagjald en með hækkuninni er meðal annars tekið tillit til þróunar verðlags og gengis frá því að gjaldið var hækkað með lögum nr. 142/2002. Gert er ráð fyrir að vitagjaldið verði nú 156,5 kr. á hvert brúttótonn skips í stað 78,2 kr. og þá er lagt til að lágmarksgjald samkvæmt lögunum verði 4.900 kr. í stað 3.500

kr. Gert er ráð fyrir að tekjur af vitagjaldi hækki um 145 m.kr. við þessar breytingar. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að gjaldaheimild vitagjaldsins verði víkkuð og hún notuð til að standa straum af rekstri og framkvæmdum á vegum Siglingastofnunar Íslands í stað þess að standa einungis straum af verkefnum skv. 2. gr. núgildandi laga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Fjárheimildir Siglingastofnunar til útgjaldaskuldbindinga verða óbreyttar eftir sem áður. Hins vegar er gert ráð fyrir að með hækkun vitagjaldsins muni ríkistekjur af gjaldinu aukast um 145 m.kr. og verða 290 m.kr. á árinu 2010. Fjármögnun Siglingastofnunar mun þá breytast að því leyti að gert er ráð fyrir að á móti lækki beint ríkisframlag um sömu fjárhæð. Breytingin mun þannig ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 hefur verið gert ráð fyrir þessum breytingum.

75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

5. og 6. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 3. gr. a, og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjur Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands aflar sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með innheimtu þjónustugjalda sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna lögmæltra verkefna á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. útgáfu starfsleyfa og atvinnuskírteina og veitingu undanþágna til starfa á skipum.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna.
4. Með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði.
5. Með gjaldtöku sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands skal greina kostnað allra verkefna, hvort sem fjármögnun byggist á sértekjum eða framlögum úr ríkissjóði. Kostnaðargreining tekur til alls kostnaðar.

Gjöld skv. 1.–3. tölul. skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem samgönguráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Til sérlaga skv. 1. tölul. teljast lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, lög um skipamælingar, nr. 146/2002, lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, lög um köfun, nr. 31/1996, lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, lög um siglingavernd, nr. 50/2004, hafnalög, nr. 61/2003, lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, og lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007. Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis,

starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu siglinga, auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda tekur mið af kostnaði sem hlýst af eftirliti og þjónustu í hverju tilviki.

Gjöld skv. 4. tölul. skulu ákvörðuð í viðmiðunargjaldskrá sem Siglingastofnun setur. Þann hluta starfsemi Siglingastofnunar Íslands sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Siglingastofnun Íslands. Frumvarpinu er ætlað að gera lagaákvæði um gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hefur heimild til að taka gjald. Þau nýmæli sem í frumvarpinu felast eru eftirfarandi:

Í 4. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. er kveðið á um að Siglingastofnun geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði og skv. 4. efnismgr. er tekið fram að þau gjöld skuli ákvörðuð í viðmiðunargjaldskrá sem Siglingastofnun setur og þar verði m.a. kveðið á um taxta á útseldri vinnu stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sú gjaldskrá taki mið af markaðsverði þjónustunnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greina skuli kostnað allra verkefna og á allur kostnaður vegna þessarar sérhæfðu þjónustu að vera fjárhagslega aðskilinn frá lögmæltum verkefnum stofnunarinnar. Verkefni þau sem hér um ræðir eru fyrst og fremst innlend og erlend verkefni hafnasviðs Siglingastofnunar. Hafnasvið sinnir einkum lögboðnum verkefnum er lúta að rannsóknum og áætlanagerð, svo og umsjón og eftirlit með þeim hafnargerðum og sjóvörnum sem ríkissjóður veitir fjármuni til. Auk þess sinnir hafnasviðið verkefnum innan lands sem ekki eru lögbundin en sérhæfð á sviði hafnagerðar. Þannig nýtir Siglingastofnun þá sérþekkingu sem hún hefur í hafnagerð í þágu þeirra aðila sem á þurfa að halda. Slík verkefni eru m.a. botnrannsóknir, dýptarmælingar, keyrsla sérhæfðra ölduforrita og hönnun hafnarmannvirkja. Á undanförnum árum hefur aukist að leitað hafi verið til Siglingastofnunar með að taka að sér verkefni erlendis. Þau verkefni sem nú eru í gangi eru: þátttaka í hönnun nýrrar hafnar á vesturströnd Ástralíu sem byggja á vegna útflutnings á járngrýti, ráðgjöf til olíufyrirtækis í Mið-Austurlöndum, verkefni fyrir danskan verktaka sem byggir höfn á austurströnd Sri Lanka og forhönnun á brimvarnargarði á Kólaskaga í Rússlandi. Siglingastofnun hefur leitast við að nýta innlenda ráðgjafa til aðstoðar í þessum verkefnum.

Áður hefur stofnunin m.a. tekið þátt í byggingu brimvarnargarðs í Sirevaag í Jæren í Suður-Noregi og hönnun brimvarna fyrir móttökustöð fyrir jarðgas frá Snöhvit-svæðinu sem Statoil byggði við Hammerfest í Norður-Noregi.

Í 2. efnismgr. 2. gr. er kveðið á um að stofnunin skuli greina allan kostnað allra verkefna, hvort sem fjármögnun byggist á sértekjum eða framlögum úr ríkissjóði. Þetta er nýmæli í lögum um Siglingastofnun, en ákvæðið er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur í stofnuninni í mörg ár.

Í ýmsum sérlögum er kveðið á um gjaldtöku fyrir þjónustu Siglingastofnunar. Í 3. efnismgr. 2. gr. eru taldir upp þeir kostnaðarliðir sem gjöldunum er ætlað að standa undir. Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur margsinnis verið bent á óskýrar gjaldtökuheimildir,

m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir, og er þessari breytingu ætlað að bæta þar úr.

Í 5. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. er kveðið á um gjaldtöku sem byggist á heimild í sérlögum og er ætlað að standa undir rekstri og framkvæmdum á vegum Siglingastofnunar Íslands. Um er að ræða gjöld sem lögð eru á án þess að sérgreint endurgjald komi á móti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að gera lagaákvæði um gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hefur heimild til að taka gjald og hvaða kostnaðarliði hægt er að leggja til grundvallar hverju sinni. Er í því sambandi tekið tillit til álits umboðsmanns Alþingis sem hefur bent á óskýrar gjaldtökuheimildir gildandi laga þar sem meðal annars sé óljóst hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr því. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að Siglingastofnun geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði. Miðað er við að þau gjöld skuli ákvörðuð í viðmiðunargjaldskrá sem Siglingastofnun setur og taki mið af markaðsverði þjónustunnar. Verkefni þau sem hér um ræðir eru fyrst og fremst innlend og erlend verkefni hafnasviðs Siglingastofnunar, svo sem botnrannsóknir, dýptarmælingar, keyrsla sérhæfðra ölduforrita og hönnun hafnarmannvirkja. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur kostnaður vegna þessarar sérhæfðu þjónustu verði fjárhagslega aðskilinn frá lögmæltum verkefnum stofnunarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna skuldbindinga sjóðsins sem stafa af lánum hans frá

breska og hollenska ríkinu samkvæmt samningum dags. 5. júní 2009 og viðaukasamningum 19. október sama ár til að standa straum af lágmarksgreiðslum, sbr. 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Þessi heimild takmarkast ekki af öðrum ákvæðum laganna. Ábyrgðin, sem í samræmi við lánasamningana gengur í gildi 5. júní 2016, ræðst einvörðungu af ákvæðum samninganna.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lagaleg staða.

Ekkert í lögum þessum felur í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.

Fáist síðar úr því skorið, fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, og sú úrlausn er í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurð Evrópudómstólsins, að á íslenska ríkinu hafi ekki hvílt skylda af þeim toga sem nefnd er í 1. mgr., eða að á öðru aðildarríki EES-samningsins hafi ekki hvílt slík skylda í sambærilegu máli, skal fjármálaráðherra efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna, og eftir atvikum einnig Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins, um það hvaða áhrif slík úrlausn kunni að hafa á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins samkvæmt þeim.

3. gr.

3. og 4. gr. laganna falla brott.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Til að fylgjast með og meta forsendur fyrir endurskoðun á lánasamningunum, sbr. endurskoðunarákvæði þeirra, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri í síðasta lagi fyrir 5. júní 2015 IV. greinar úttekt á stöðu þjóðarbúsins, einkum með tilliti til skuldastöðu og skuldaþols. Að auki verði í úttektinni lagt mat á þær breytingar sem orðið hafa miðað við mat sjóðsins frá 19. nóvember 2008.

Við mat á forsendum til endurskoðunar á samningunum skal einnig tekið tillit til stöðu í þjóðarbúskapnum og ríkisfjármálum á hverjum tíma og mats á horfum í þeim efnum þar sem m.a. verði sérstaklega litið til gjaldeyrismála, gengisþróunar og viðskiptajafnaðar, hagvaxtar og breytinga á landsframleiðslu svo og þróunar fólksfjölda og atvinnuþátttöku.

Ákvörðun um að óska eftir viðræðum um breytingar á lánasamningunum samkvæmt endurskoðunarákvæðum þeirra skal tekin með samþykki Alþingis. Meta skal hvort óska skuli endurskoðunar eigi síðar en 5. október 2015 og skal niðurstaða þess mats lögð fyrir Alþingi fyrir lok þess árs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Þegar stóru viðskiptabankarnir þrír féllu í byrjun október 2008 voru umtalsverðar fjárhæðir á innlánsreikningum Landsbanka Íslands hf. í útibúum hans í Bretlandi og Hollandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Þessir fjármunir voru innlánseigendum ótiltækir frá og með 6. október 2008 en daginn eftir, 7. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið yfir stjórn Landsbankans á grundvelli svokallaðra neyðarlaga, þ.e. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Við þessar aðstæður reis ágreiningur á milli Íslands annars vegar og Bretlands og Hollands hins vegar um hvort íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi en sú lágmarkstrygging nam þá 20.887 evrum fyrir hvern innstæðueiganda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi.

Með samþykkt þingsályktunartillögu 5. desember 2008 var ríkisstjórninni falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli sameiginlegra viðmiða sem samþykkt voru á milli Íslands, Bretlands og Hollands fyrir tilstilli Evrópusambandsins (ESB) í Brussel 14. nóvember 2008. Þessi sameiginlegu viðmið hafa verið nefnd Brussel-viðmið og í þeim fólst að: (1) aðilar viðurkenndu þá lagalegu stöðu að tilskipun um innstæðutryggingar gilti á Íslandi með sama hætti og hún gilti í aðildarríkjum Evrópusambandsins; (2) þessi viðurkenning mundi greiða fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og í samningum við Ísland skyldi taka tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland væri í og nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gerðu Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt; (3) stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins tækju áframhaldandi þátt í samningsferlinu sem færi fram í samráði við þær.

Að loknum samningaviðræðum var 5. júní 2009 ritað undir tvo lánasamninga á milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (hér eftir nefndur *tryggingarsjóðurinn* nema annað sé tekið fram) og íslenska ríkisins annars vegar og breska og hollenska ríkisins hins vegar. Auk þess var gerður sérstakur uppgjörssamningur milli íslenska og breska tryggingarsjóðsins. Með þessum lánasamningum átti að leiða Icesave-málið til lykta. Þessir samningar öðluðust gildi ef samþykkt yrðu lög á Alþingi fyrir lok sumarþings 2009 þar sem fjármálaráðherra væri fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að veita tryggingarsjóðnum ábyrgð á efndum lánasamninganna. Lagafrumvarp þessa efnis var lagt fram á Alþingi 30. júní sl. en því var verulega breytt í meðförum Alþingis, sbr. sérstaklega 1.–4. gr. laga nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Af tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 96/2009 leiddi að Alþingi samþykkti heimild ráðherra til að veita ríkisábyrgð en með ýmsum fyrirvörum í formi forsendna fyrir veitingu ríkisábyrgðar og efnahagslegra og lagalegra viðmiða. Til þess að ríkisábyrgðin gengi í gildi varð að kynna breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrirvarana og þau urðu fallast á þá, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Í kjölfar lagasetningarinnar ræddu aðilar lánasamninganna saman og fljótlega kom fram að bresk og hollensk stjórnvöld væru ekki reiðubúin til að fallast á fyrirvara Alþingis að öllu leyti. Að loknum viðræðum aðila lánasamninganna varð niðurstaðan sú að gera viðaukasamninga og með þeim hætti samrýma að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrir-

vara sem koma fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Það er mat ríkisstjórnarinnar að meginefni fyrirvaranna hafi náð fram að ganga. Litið er svo á að lengra verði ekki komist og nauðsynlegt sé að ljúka málinu. Hinir endanlegu samningar eru að mati ríkisstjórnarinnar viðunandi lausn á einni erfiðustu milliríkjadeilu Íslands á lýðveldistímanum. Til þess að lánasamningarnir taki gildi, eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum, er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 96/2009. Verði þessar lagabreytingar ekki gerðar fyrir 30. nóvember næstkomandi geta bresk og hollensk stjórnvöld rift samningunum.

Viðaukasamningarnir frá 19. október 2009 eru í reynd þrír samningar, í fyrsta lagi samningur hollenska ríkisins annars vegar og tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins hins vegar (*hollenski viðaukasamningurinn*), í öðru lagi samningur breska ríkisins annars vegar og tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins hins vegar (*breski viðaukasamningurinn*) og í þriðja lagi samningur Tryggingarsjóðs breskra innstæðueigenda og íslenska tryggingarsjóðsins en sá samningur breytir uppgjörssamningi þessara aðila frá 5. júní síðastliðnum. Samkvæmt framangreindum þremur samningum breytist réttarstaða tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum með sama hætti, þ.e. þær breytingar sem verða á lánasamningunum frá 5. júní 2009 eru efnislega samhljóða.

Þetta frumvarp er lagt fram í því skyni að samræma efni lánasamninganna, eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum, þeim lögum sem gilda eiga um heimild fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð vegna lána sem tryggingarsjóðurinn hefur tekið hjá breskum og hollenskum yfirvöldum. Þetta tryggir að ríkisábyrgðin verði óskilyrt og þess gerist ekki þörf að túlka ákvæði samninganna með hliðsjón af þeim lögum sem heimila fjármálaráðherra að veita tryggingarsjóðnum ríkisábyrgð. Samkvæmt þessu eiga samningarnir að marka alfarið réttarstöðu aðila á grundvelli enskra laga. Orðalag 1. gr. frumvarpsins tekur af tvímæli um þetta.

Þungamiðjan í almennum athugasemdum frumvarps þessa er að skýra hvaða munur er á ákvæðum gildandi laga nr. 96/2009 og ákvæðum lánasamninganna eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum. Þessu viðfangsefni verða gerð skil með umfjöllun um eftirfarandi atriði:

1. Gildistíma ríkisábyrgðar.
2. Viðurkenningu á fyrirvörum og tengsl fyrirvara við ríkisábyrgð.
3. Forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðar.
4. Efnahagsleg viðmið.
5. Lagalegt viðmið um hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar.
6. Lagalegt viðmið um úthlutun eigna við uppgjör Landsbanka Íslands hf. eða þrotabús hans.

Þegar fjallað hefur verið um framangreint verða ýmis álitaefni reifuð nánar. Í lokin verður gerð grein fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins en áður en lengra er haldið þykir nauðsynlegt að fjalla nánar um bakgrunn málsins.

2. Bakgrunnur málsins.

2.1 Forsagan.

Innlánastarfsemi Landsbanka Íslands hf. var í Bretlandi og Hollandi rekin í formi útibúa en ekki dótturfélaga. Um þessa starfsemi giltu því ákvæði laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en þau lög eru byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi. Í samræmi við 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga

nr. 98/1999 nær greiðsluskylda Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, og þ.m.t. ábyrgð hans á greiðslufalli, til útibúa íslenskra banka á Evrópska efnahagssvæðinu. Fljótlega eftir fall Landsbankans varð ljóst að eignir tryggingarsjóðsins næmu eingöngu broti af þeirri fjárhæð sem mögulega gæti fallið á hann vegna lágmarkstryggingar innstæðueigenda Icesave-reikninganna. Með hliðsjón af þessu m.a. sneru stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi sér til íslenskra stjórnvalda í því skyni að kanna með hvaða hætti þau hygðust tryggja að sjóðurinn stæði við þær skuldbindingar sem í tilskipuninni fælust.

Hinn 11. október 2008 var af hálfu hollenskra stjórnvalda annars vegar og íslenskra stjórnvalda og íslenska tryggingarsjóðsins hins vegar ritað undir skjal um sameiginlegan skilning aðila þess efnis að íslenska tryggingarsjóðnum yrði veitt lán með ríkisábyrgð til að bæta hverjum og einum hollenskum innstæðueiganda innstæður að hámarksfjárhæð 20.887 evrur. Lánið frá hollenska ríkinu til tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins átti að vera til 10 ára, með 6,7% vöxtum og þriggja ára afborgunarleysistímabili. Fram kom af hálfu íslenskra stjórnvalda þann sama dag að viðræður við Breta hefðu gengið vel og von væri á samkomulagi við þá einnig fljótlega. Viðræður íslenskra og breskra embættismanna 23. og 24. október 2008 skiluðu hins vegar ekki árangri.

Þegar hér var komið sögu var ljóst að það væri mat breskra og hollenskra yfirvalda að íslenska ríkið þyrfti að standa að baki tryggingarsjóðnum vegna lágmarkstrygginga innstæðueigenda en íslensk stjórnvöld töldu á hinn bóginn að íslenska ríkinu bæri ekki að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem tryggingarsjóðurinn gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Afstaða íslenskra stjórnvalda byggðist aðallega á því að slík skylda væri ekki fyrir hendi þar sem fjármálakerfi landsins hefði hrunið nánast að fullu. Á meðan þessi ágreiningur var enn óleystur tóku bresk og hollensk stjórnvöld þá ákvörðun að lofa almennum innstæðueigendum Icesave-reikninganna endurgreiðslu sinna innstæðna. Bresk yfirvöld greiða slíkar innstæður út að fullu en hollensk stjórnvöld greiða hverjum innstæðueiganda að hámarki 100 þúsund evrur.

Um þetta leyti var Evrópusambandinu falið, af hálfu viðsemjenda Íslands, að gerast milligönguaðili í málinu. Á þessu stigi málsins var lögð á það áhersla af hálfu íslenskra stjórnvalda að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól en þessu var hafnað af viðsemjendunum. Afstaða þeirra byggðist ekki síst á því að talið var varhugavert að gefa með einhverjum hætti til kynna að vafi kynni að leika á um það innlánstryggingakerfi sem lægi til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu þar sem ótvírætt gildi tilskipunarinnar væri forsenda þess að innstæðueigendur treystu bönkum fyrir sparifé sínu. Réttaróvissa kynni að valda ófyrirséðum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.

Ástandið á Íslandi í nóvember 2008 var að flestra mati alvarlegt, m.a. vegna skorts á gjaldeyri. Talið var að umsókn Íslands um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 3. nóvember 2008 yrði ekki tekin fyrir í stjórn sjóðsins á meðan ágreiningur væri uppi um Icesave-málið. Önnur ríki voru þá ekki tilbúin að lána íslenska ríkinu nema samstarfi yrði komið á milli íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nokkrum dögum eftir samþykkt Brusselviðmiðanna var ritað undir samstarfsyfirlýsingu íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en áður, þ.e. 15. nóvember 2009, hafði m.a. eftirfarandi málsliðum verið bætt við 9. lið viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins: „Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að

efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar.“

Eftir að ályktun Alþingis var samþykkt 5. desember 2008, um að veita stjórnvöldum heimild til að leiða m.a. Icesave-málið til lykta, hófst ferli sem lauk með samningum 5. júní 2009. Um þetta ferli vísast nánar til almennra athugasemda sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 96/2009 og gagna sem tengjast undirbúningi og gerð Icesave-lánasamninganna, sbr. skjöl sem eru aðgengileg á vefsíðunni www.island.is.

2.2 Meginefni Icesave-lánasamninganna frá 5. júní 2009.

Í megindráttum fólst í lánasamningunum að íslenski tryggingarsjóðurinn fengi lán hjá breskum og hollenskum yfirvöldum að fjárhæð allt að 2,35 milljarðar punda, annars vegar, og 1,3 milljarðar evra, hins vegar, sem skyldi endurgreiðast á 15 árum. Tryggingarsjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, tók lánin en ríkissjóður tókst á hendur ábyrgð á endurgreiðslum höfuðstóls og vaxta. Á tímabilinu 5. júní 2016 til 5. júní 2024 skyldi greitt af lánunum með 32 jöfnum afborgunum en lánin skyldu bera 5,55% fasta ársvexti frá og með 1. janúar 2009. Gegn þessum lánum átti tryggingarsjóðurinn að fá kröfu hvers innstæðueiganda á hendur búi Landsbanka Íslands framselda en að höfuðstólsverðmæti gat einstök krafa numið í mesta lagi lágmarkstryggingunni eða 20.887 evrum. Samkvæmt ákvæðum lánasamninganna var hvorki tryggingarsjóðnum né íslenska ríkinu skylt að greiða afborganir af lánunum á fyrstu sjö árum lánstímans en hins vegar átti tryggingarsjóðurinn að greiða niður lánin af þeim fjármunum sem hann fengi af kröfum sínum á hendur búi Landsbanka Íslands hf. Þessum fjármunum tryggingarsjóðsins, sem hann fengi við úthlutun eigna Landsbanka Íslands hf., átti að skipta á milli hollenska og breska sjóðsins að tiltölu, þ.e. um 2/3 fjármunanna áttu að fara í að greiða niður breska lánið og 1/3 þeirra í að greiða niður hollenska lánið.

Við samningsgerðina 5. júní sl. var óumdeilt að kröfur íslenska tryggingarsjóðsins, Breta og Hollendinga væru forgangskröfur í búi Landsbanka Íslands hf. og að þær ættu rætur sínar að rekja til krafna hvers innstæðueiganda á hendur bankanum. Í sérstökum uppgjörssamningi milli Tryggingarsjóðs breskra innstæðueigenda og íslenska tryggingarsjóðsins var tekið fram að ef einn aðili fengi meira úthlutað til sín en næmi hlutfallslegum rétti hans til innstæðunnar í heild, af hvaða ástæðum sem það væri, þá skyldu aðilar eigi að síður skipta fjármunum á milli sín að tiltölu (pro rata). Mælt var fyrir um svipaða skipan í hollenska lánasamningnum. Af þessu leiddi að sama hvernig færi með útgreiðslur úr búi Landsbanka Íslands til þessara þriggja aðila skyldi sú regla gilda að hverri útgreiðslu úr búinu yrði skipt eftir hlutfallslegu vægi krafna aðila í heild, þ.e. að íslenski tryggingarsjóðurinn fengi um 52% af þeim útgreiðslum sem bærust til aðilanna en hinir tveir aðilarnir fengju samanlagt 48%. Þetta mætti skýra nánar með eftirfarandi dæmi: Heildarútgreiðsla úr búi Landsbankans til aðilanna þriggja nemur 1.000 milljörðum íslenskra króna. Óháð því hvernig slitastjórn bankans ákveður að greiða eigi þessa fjármuni út úr búinu fær íslenski tryggingarsjóðurinn samtals 520 milljarða króna til að greiða niður skuldina samkvæmt lánasamningunum.

Á meðan frumvarp það, sem varð að lögum nr. 96/2009, var enn til meðferðar á Alþingi var sá skilningur sem þarna birtist við úthlutun eigna úr búi Landsbanka Íslands hf. gagnrýndur á opinberum vettvangi, m.a. af hæstaréttarlögmönnunum Ragnari H. Hall og Herði Felix Harðarsyni og Eiríki Tómassyni lagaprófessor. Þeir töldu að íslenska tryggingarsjóðnum bæri að fá fyrstu 20.887 evrurnar úr búinu þar sem krafa hvers innstæðueiganda væri ein krafa og tryggingarsjóðurinn íslenski hefði því öðlast réttarstöðu innstæðueigandans hvað varðar útgreiðslu á fyrstu 20.887 evrum búsins. Þessar röksemdir mætti skýra nánar með

sambærilegu dæmi og nefnt er hér að framan: Heildarútgreiðsla úr búi Landsbankans til aðilanna þriggja nemur 1.000 milljörðum íslenskra króna og þar af nemur höfuðstólsverðmæti samanlagðra krafna íslenska tryggingarsjóðsins 700 milljörðum króna. Þar sem fyrstu 700 milljarðarnir úr búi bankans rynnu til íslenska tryggingarsjóðsins færu þeir fjármunir í að greiða niður lán sjóðsins við Breta og Hollendinga.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar frá 15. ágúst sl. þá töldu ýmsir lögfræðingar að ákvæði lánasamninganna um þetta atriði styddust við grundvallarreglur íslensks gjaldþrotaréttar og því rýrðu þau ekki að neinu leyti rétt íslenska tryggingarsjóðsins þegar kæmi að úthlutun úr búi Landsbankans. Einnig voru þau rök sett fram að önnur niðurstaða bryti að öllum líkindum í bága við EES-samninginn, sbr. t.d. álit prófessors Pierre Mathijsen, dags. 28. júlí 2009, og álit Andra Árnasonar, hrl., og Helgu Melkorku Óttarsdóttur, hdl., dags. 10. ágúst 2009, en þessi álit eru aðgengileg á vefsíðunni www.island.is.

Ekki þykir ástæða til að gera efni samninganna frekari skil hér og vísast til nánari umfjöllunar um þá í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 96/2009, nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, dags. 15. ágúst 2009, og gögnum sem er að finna á www.island.is.

2.3 Umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um veitingu ríkisábyrgðar.

Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. var lagt fram á Alþingi í lok júní síðastliðins. Frumvarpinu fylgdu ítarlegar skýringar um forsögu málsins og ástæður þess að íslenska ríkið ætti að gangast undir ábyrgð þessa. Þótt forræði málsins væri hjá fjárlaganefnd Alþingis fjölluðu utanríkismálanefnd og efnahags- og skattanefnd einnig ítarlega um málið og skiluðu þær fjárlaganefnd álitum sínum í lok júlí. Þessi álit voru birt með nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar. Jafnhliða fór fram umfangsmikil vinna á vegum fjárlaganefndar við að semja fyrirvara við samþykkt ríkisábyrgðar á efndum Icesave-samninganna. Meiri hluti fjárlaganefndar skilaði ítarlegu nefndaráliti um málið 15. ágúst sl. og gerði viðamiklar breytingar á frumvarpinu. Á milli annarrar og þriðju umræðu voru gerðar enn frekari breytingar á frumvarpinu en það varð að lokum að lögum nr. 96/2009 frá 2. september 2009.

2.4 Kynning á fyrirvörum Alþingis og viðræður aðila.

Í samræmi við ákvæði laganna voru breskum og hollenskum stjórnvöldum kynntir þeir fyrirvarar sem Alþingi hefði samþykkt. Sú kynning fór fram með óformlegum hætti í samtölum og á fundum í Haag, London og Reykjavík, en jafnframt sendi forsætisráðherra starfsbræðrum sínum í löndunum tveimur bréf þar sem afstaða Alþingis var útskýrð og óskað eftir fundi æðstu stjórnvalda ef á þyrfti að halda. Þá átti utanríkisráðherra fundi með starfsbræðrum sínum í New York og fjármálaráðherra með sínum starfsbræðrum í Istanbúl. Fljótlega kom fram sú afstaða breskra og hollenskra stjórnvalda að réttast væri að gera sérstaka viðaukasamninga sem fælu í sér samþykki við fyrirvörum Alþingis og breytingar á fyrirliggjandi lánasamningum. Þannig mætti tryggja að lánasamningarnir stæðu sjálfstætt og um þá giltu að öllu leyti ensk lög eins og ráð var fyrir gert í lánasamningunum frá 5. júní 2009. Fulltrúar Íslands í þessum viðræðum gerðu fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir þessari afstöðu breskra og hollenskra stjórnvalda um miðjan september síðastliðinn.

Þótt Bretar og Hollendingar væru reiðubúnir að fallast á fyrirvara Alþingis að verulegu leyti varð ljóst að einhver atriði stæðu út af. Enn fremur töldu fulltrúar þessara ríkja nauðsynlegt að réttarstaða aðila yrði að vera mjög skýr þannig að ekki yrði ósamræmi milli laga nr. 96/2009 og lánasamninganna. Niðurstaðan varð sú að gera viðaukasamninga við fyrri lánasamninga þar sem tekið yrði tillit til fyrirvara samkvæmt lögum nr. 96/2009 að því marki sem aðilar náðu samkomulagi um. Af þessu leiðir að leggja þarf fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 96/2009 til að tryggja þetta samræmi.

2.5 Hvaða kostir koma til greina við að samræma lögin og viðaukasamningana?

Nokkrar leiðir og aðferðir koma til greina þegar samræma á efni viðaukasamninganna þeim lögum sem gilda eiga um veitingu ríkisábyrgðarinnar. Með hliðsjón af efni viðaukasamninganna komu aðallega tvær leiðir til greina. Annars vegar væri mögulegt að breyta einstökum ákvæðum laga nr. 96/2009 þannig að samræmi yrði á milli þeirra og samninganna. Með þessari leið mundi uppbygging laganna haldast óbreytt en á móti kæmi að grípa þyrfti til þónokkurra breytinga á einstökum ákvæðum og yrðu þær breytingar óhjákvæmilega flóknar, m.a. með tilliti til mismunandi útfærslna á greiðsluhámarki hvers árs skv. 3. gr. laga nr. 96/2009 og ákvæðum viðaukasamninganna. Hins vegar væri mögulegt að nema 1.–4. gr. laga nr. 96/2009 úr gildi og færa ráðherra nýja heimild til að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins samkvæmt lánasamningunum 5. júní 2009, eins og þeim var breytt með viðaukasamningum dags. 19. október 2009. Þessi leið þykir tryggja samræmi með skýrum hætti en á móti kemur að uppbygging laga nr. 96/2009 þarf að taka róttækum breytingum sé þessi leið valin. Aðrar leiðir, sem hefðu í för með sér að fyrirvarar 1.–4. gr. laga nr. 96/2009 yrðu í reynd óvirkir, kæmu einnig til greina, svo sem að setja viðaukaákvæði við lög nr. 96/2009 eða sérstök viðaukalög.

Eftir að hafa metið og vegið þessar leiðir var talið skynsamlegast og skýrast að leggja til í frumvarpi þessu að 1.–4. gr. gildandi laga nr. 96/2009 yrðu felldar úr gildi. Í stað þeirra greina er lagt til að bætt verði við nýju heimildarákvæði fyrir fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð vegna skuldbindinga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt lánasamningunum, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessu felst að fyrirvarar við ríkisábyrgðina verða ekki í lögum nr. 96/2009 heldur mun meginefni þeirra koma fram í lánasamningunum frá 5. júní 2009 eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum.

Samhliða þessu er lagt til að bætt verði við nýrri 2. gr. þar sem sá skilningur er áréttaður að ekkert í lögunum feli í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Ef tilteknir úrlausnaraðilar fallast á þann skilning að á íslenska ríkinu, eða EES-aðildarríki í sambærilegu máli, hafi ekki hvílt þessi skylda skal fjármálaráðherra efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins falla 3. og 4. gr. gildandi laga úr gildi en í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 5. gr. laganna um endurskoðun lánasamninganna verði styrkt, sbr. athugasemd við þá grein sem skýrir hana nánar.

3. Mismunur á ákvæðum viðaukasamninga og ákvæðum laga nr. 96/2009.

3.1 Gildistími ríkisábyrgðar.

Lánasamningarnir frá 5. júní 2009 voru til 15 ára og áttu því að vera að fullu efndir 5. júní 2024. Greiðsla afborgana og vaxta átti að hefjast 5. júní 2016 en fram að því bar íslenska tryggingarsjóðnum að greiða niður lánin eftir því sem hann fengi úthlutað úr búi Landsbanka

Íslands hf. Ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins yrði samkvæmt þessu virk 5. júní 2016 og með því væri íslenska ríkinu skylt að tryggja greiðslur á afborgunum og vöxtum á hverjum ársfjórðungi þar til lánin væru að fullu greidd 5. júní 2024.

Samkvæmt gildandi 3. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 takmarkast ríkisábyrgðin við hámark á greiðslum úr ríkissjóði og á greiðsluskyldan aldrei að vera hærri en hámark ríkisábyrgðar, sbr. 1. málsl. 5. mgr. sömu greinar. Af 2. málsl. 5. mgr. 3. gr. laganna leiðir að aðilar lánasamninganna skulu hefja tímanlega viðræður ef á einhverjum tíma stefnir í að lánsfjárhæðir ásamt vöxtum verði ekki greiddar í lok lánstímans vegna hámarksgreiðslna úr ríkissjóði. Því er lýst yfir í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. laganna að ábyrgðin gildi til 5. júní 2024.

Skiptar skoðanir hafa verið um hvort eftirstöðvar lánanna falli að öllu leyti niður ef sú staða kæmi upp í lok lánstímans að lánasamningarnir hafi ekki verið að fullu efndir vegna framangreindra fyrirmæla í lögum nr. 96/2009. Sumir hafa viljað túlka fyrirmælin á þann veg en aðrir að þau kvæðu eingöngu á um viðræður um framhald málsins.

Af hálfu breskra og hollenskra stjórnvalda kom fram að óviðunandi væri að lánin mundu hugsanlega falla niður árið 2024 á grundvelli ákvæða laga nr. 96/2009. Að þeirra mati varð að breyta þessu ef samningar ættu að vera í gildi á milli aðila. Í þessu samhengi var vísað til venju í alþjóðlegum lánasamningum, ekki síst þeim sem fullvalda ríki eiga aðild að.

Lánstíminn getur orðið til 5. júní 2024 ef greiðslur afborgana og vaxta eru innan þess árlega greiðsluhámarks sem getið er í samningunum. Komi sú staða upp að afborganir og vextir fari sameiginlega upp fyrir greiðsluhámarkið hækkar höfuðstóll lánanna en greiðslubyrði hvers árs verður lægri fyrir vikið. Ávallt skal þó greiða árlega vexti, þ.e. vaxtagreiðslur mynda eins konar gólf til mótvægis við greiðsluhámarkið. Þessi greiðsluferill er í megindráttum í samræmi við 3.–5. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 en hins vegar er orðið óumdeilt að eftirstöðvar lánanna munu aldrei falla niður jafnvel þótt greiðsluhámarkið leiði til þess að afborganir séu ekki að fullu greiddar.

Í því skyni að létta greiðslubyrði hvers árs eða af öðrum ástæðum getur tryggingarsjóðurinn eða íslenska ríkið hvenær sem er valið einhliða að framlengja lánstímann til 5. júní 2030. Verði það gert munu sömu samningsákvæði gilda um greiðsluhámark og greiðslulágmark hvers árs. Séu lánin ekki að fullu gerð upp 5. júní 2030 getur tryggingarsjóðurinn eða íslenska ríkið framlengt þau um fimm ár í senn.

Framangreindur munur á ákvæðum gildandi laga nr. 96/2009 og ákvæðum viðaukasamninganna þýðir í hnotskurn að lánstíminn helst óbreyttur ef forsendur um efnahagslega framvindu á Íslandi standast en ella mun lánstíminn lengjast til ársins 2030 og eftir atvikum um fimm ár í senn eftir það tímamark. Af ákvæðum viðaukasamninganna leiðir að eftirstöðvar lánanna, sem hugsanlega myndast vegna greiðsluhámarksins, falla aldrei niður. Þetta gerir að verkum að breyta þarf lögum nr. 96/2009 í því skyni að samræma efni þeirra og ákvæða lánasamninganna eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum.

3.2 Viðurkenning á fyrirvörum og tengsl fyrirvara við ríkisábyrgð.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009 er það skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá. Enn fremur er tekið fram að lánveitendur samkvæmt lánasamningum frá 5. júní 2009 þurfa að viðurkenna að skuldbindingar tryggingarsjóðsins séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgð samkvæmt lögunum. Eins og þegar hefur komið fram voru breskum og hollenskum stjórnvöldum kynntir fyrirvarar laga nr. 96/2009 en þau hafa ekki fallist á þá alla. Af ákvæðum viðaukasamninganna leiðir því að

ósamræmi verður á milli þeirra og 2. mgr. 1. gr. laganna og því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr gildi.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009 er m.a. tekið fram að ríkisábyrgðin afmarkist af fyrirvörum sem koma fram í lögunum og þeir séu óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar. Þar sem markmiðið með gerð viðaukasamninganna er að þeir, ásamt eldri lánasamningum, standi sem sjálfstæð heimild um réttarstöðu aðila samninganna, er lagt til að þetta ákvæði falli úr gildi.

Þegar framangreint er metið ber að líta til þess að meginefni fyrirvaranna kemur nú fram í samningunum sjálfum í stað þess að vera í íslenskum lögum. Þýðing þess að framangreind ákvæði verði felld brott er því takmörkuð.

3.3 Forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðar.

Forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðar eru taldar upp í þremur töluliðum í 2. gr. laga nr. 96/2009. Í viðaukasamningunum er að fullu leyti komið til móts við 2.–3. tölul. 2. gr. laga nr. 96/2009, sbr. gr. 3.3.3 og 3.3.4 í bresku og hollensku viðaukasamningunum. Með þessum ákvæðum viðaukasamninganna er hafið yfir vafa að friðhelgisréttindi íslenska ríkisins séu að fullu tryggð sem og yfirráð landsins yfir náttúruauðlindum þess, þ.m.t. réttur handhafa íslensks ríkisvalds til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.

Hvað varðar 1. tölul. 2. gr. laga nr. 96/2009 er tekið fram í viðaukasamningunum að lánasamningarnir hafi verið gerðir með hliðsjón af Brussel-viðmiðunum en ekki að viðmiðunum verði beitt við túlkun á samningunum. Jafnframt er tekið fram í viðaukasamningunum að samningarnir verði endurskoðaðir í samræmi við eldri ákvæði þeirra. Ástæðan fyrir þessu fráviki frá 1. tölul. 2. gr. er sú að ensk lög gilda um samningana og Brussel-viðmiðin voru ekki talin nægilega skýr til að hægt væri beita þeim við að túlka lánasamningana í heild.

Talið er að einhliða réttur tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins til að framlengja lánin og upptaka árlegs greiðsluhámarks þeim til handa tryggi nægjanlega fjárhagslega stöðu íslenska ríkisins svo að það geti endurreist fjármála- og efnahagskerfi sitt. Af því leiðir að lánasamningarnir samrýmast Brussel-viðmiðunum enn betur en áður og draga úr líkum á að endurskoða þurfi samningana vegna mögulegrar bágrar fjárhagsstöðu íslenska ríkisins á lánstímanum.

3.4 Efnahagsleg viðmið.

Með 3. gr. laga nr. 96/2009 voru í fimm málsgreinum sett viðmið sem marka veitingu ríkisábyrgðarinnar tiltekna efnahagslega umgjörð. Þær málsgreinar sem mestu máli skipta eru 3.–5. mgr. en í þeim er mælt fyrir um árlegt hámark á greiðslum úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðarinnar. Eins og áður segir getur þetta greiðsluhámark leitt til þess að samningarnir verði ekki að fullu gerðir upp í lok lánstímans 5. júní 2024. Þessu hefur verið breytt í viðaukasamningunum þannig að lánin munu ávallt framlengjast ef enn verða eftirstöðvar í lok lánstímans sökum greiðsluhámarksins. Jafnframt er gert ráð fyrir því í viðaukasamningunum að árlegir vextir af höfuðstól lánanna séu ávallt greiddir þrátt fyrir greiðsluhámarkið en viðsemjendur íslenska ríkisins vísuðu þar til grundvallarreglu í lánasamningum á milli ríkja. Það var skoðun viðsemjenda ríkisins og tryggingarsjóðsins að ekki kæmi til álita að vextir yrðu áfram ógreiddir eftir 5. júní 2016. Talið er líklegt að vaxtagreiðslur haldist innan greiðsluhámarksins. Með hliðsjón af framangreindum þáttum varð niðurstaðan sú að vextir yrðu frá og með 5. júní 2016 ávallt greiddir á ársfjórðungsfresti. Að öðru leyti eru viðmið í viðaukasamningunum sambærileg þeim sem koma fram í 3.–5. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009.

Í eftirfarandi töflu koma fram þau atriði sem felast í 3.–5. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 annars vegar og hins vegar þau atriði sem koma fram í viðaukasamningunum:

Samanburður á greiðsluhámarki milli laga og viðaukasamninga.

Atriði í 3.–5. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009.	Atriði í viðaukasamningunum.
Árlegt hámark er á greiðslum úr ríkissjóði.	Árlegt hámark er á greiðslu afborgana en ávallt þarf að greiða vexti.
Greiðsluhámarkið miðast samtals við 6% af samanlagðri hagvaxtaraukningu á Íslandi frá 2008 til greiðsluárs á tímabilinu 2017–2023. Þetta greiðsluhámark er samtals 3% árin 2016 og 2024.	Samkvæmt hollenska viðaukasamningnum var verg landsframleiðsla Íslands árið 2008 11,495 milljarðar evra og samkvæmt breska viðaukasamningnum var verg landsframleiðsla Íslands árið 2008 9,194 milljarðar punda. Aukning á vergri landsframleiðslu landsins tekur mið af þessum tölum og miðast greiðsluhámarkið samtals við 6% af samanlagðri hagvaxtaraukningu á Íslandi frá 2008 til greiðsluárs á tímabilinu 2017–2023. Þetta greiðsluhámark er samtals 3% árið 2016 en gildir ekki á því ári samninganna þar sem reiknað er með að lánin verði að fullu endurgreidd, þ.e. árið 2024, árið 2030 eða eftir atvikum síðar.
Vöxtur á vergri landsframleiðslu skal mældur í pundum vegna samningsins við Bretland og í evrum vegna samningsins við Holland. Miða skal við meðalgengi miðgengis Seðlabanka Íslands á pundi og evru gagnvart krónu á ársgrundvelli og mati á vergri landsframleiðslu samkvæmt skilgreiningu Eurostat.	Þegar meta á verga landsframleiðslu Íslands frá og með árinu 2016 skal líta til nýjasta mats á henni fyrir viðeigandi almanaksár samkvæmt riti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um horfur í efnahagsmálum heimsins. Vöxtur á vergri landsframleiðslu Íslands skal mældur í evrum og pundum á meðalgengi íslensku krónunnar samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands eins og það hefur verið á því tímabili sem liðið hefur frá tveimur mismunandi en aðliggjandi útreikningsdögum greiðsluþaks. Útreikningsdagur greiðsluþaks er sá dagur sem er tíu virkum dögum fyrir gjalddaga. Þetta þýðir með öðrum orðum að meðalgengið talið í evrum og pundum ræðst af þróun þess á hverjum ársfjórðungi. Aðilar skulu semja um viðmiðunargengi ef Seðlabanki Íslands af einhverjum ástæðum birtir ekki daglega gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.
Ef greiðsluhámarkið leiðir til þess að samningarnir séu ekki að fullu efndir í lok lánstímans er umdeilt hvort eftirstöðvar lánanna falli niður.	Ef greiðsluhámarkið leiðir til að þess að eftirstöðvar séu enn til staðar í lok lánstíma þá framlengist lánstíminn sjálfkrafa.

Eins og framangreind upptalning gefur til kynna felst meginmunurinn á efnahagslegu viðmiðunum í 3.–5. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 annars vegar og á viðmiðunum í viðaukasamningunum hins vegar í því að í þeim síðarnefndu er skýrt kveðið á um að höfuðstóll lánanna getur aldrei fallið niður og gólf er á greiðslum, þ.e. ávallt verður að greiða vexti. Af viðauka-

samningunum leiðir að sá hluti hverrar afborgunar sem er ógreiddur vegna greiðsluhámarksins bætist við höfuðstólinn.

Útfærsla á því hvernig verg landsframleiðsla Íslands er reiknuð og með hvaða hætti finna skuli út hagvaxtaraukningu, mælda í evrum og pundum, felur ekki í sér grundvallarmun en miðast við að auðveldara verði að átta sig á hvort greiðsluhámarkið verður virkt á hverjum ársfjórðungi. Af þessum sökum eru ákvæði í viðaukasamningunum um að þetta skuli liggja skýrt fyrir tíu dögum fyrir gjalddaga og reikna beri þakið miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir. Hafi þær forsendur verið rangar verða þær leiðréttar við næsta gjalddaga.

Hvað varðar útreikninga á vergri landsframleiðslu Íslands liggur fyrir að Hagstofa Íslands reiknar út verga landsframleiðslu á grundvelli skilgreininga frá Eurostat. Seðlabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og aðrir aðilar sem spá fyrir um hagvöxt á Íslandi byggja þær spár á gildum sem Hagstofan reiknar út. Samkvæmt þessu er munurinn á 4. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 og útfærslunni í viðaukasamningnum lítill þar sem spár um framvindu hagvaxtar byggjast á skilgreiningum Eurostat. Niðurstaðan varð að miða við spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um áætlaða verga landsframleiðslu landsins.

Eins og gert er ráð fyrir í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 96/2009 skal samkvæmt viðaukasamningunum áætla verga landsframleiðslu Íslands miðað við meðalgengi íslensku krónunnar á tilteknu tímabili. Ólíkt lögunum, sem gera ráð fyrir að þetta sé gert á ársgrundvelli, er í viðaukasamningunum miðað við að þetta verði gert á ársfjórðungsfresti, þ.e. meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart evru eða pundi skal fundið út eins og það var á því tímabili sem var á milli tveggja mismunandi en aðliggjandi útreikningsdaga greiðsluþaks. Þetta tímabil spannar því þann dag sem var fyrir útreikningsdag greiðsluþaks til þess dags sem kemur á undan næsta útreikningsdegi greiðsluþaks.

3.5 Lagalegt viðmið um hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009 er ríkisábyrgðin bundin þeim fyrirvara að fram fari viðræður milli Íslands og viðsemjenda þess ef úr því hafi fengist skorið, fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, að íslenska ríkið eða önnur aðildarríki EES-samningsins hafi ekki borið ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar, þar á meðal við kerfishrun á fjármálamarkaði. Í 3. mgr. 4. gr. laganna er mælt fyrir um að fari slíkar viðræður ekki fram eða leiði þær ekki til niðurstöðu geti Alþingi takmarkað ríkisábyrgð samkvæmt lögunum í eðlilegu samræmi við tilefnið.

Í hnotskurn má segja að réttaráhrif ákvæðisins séu bundin við að þar til bær úrlausnaraðili komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgð af þessu tagi hvíli ekki á herðum aðildarríkja EES-samningsins samkvæmt tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar við sambærilegar aðstæður og sköpuðust á Íslandi í október 2008.

Bresk og hollensk stjórnvöld töldu þetta ákvæði skapa réttaróvissu um skuldbindingargildi lánasamninganna frá 5. júní 2009 og við það yrði ekki unað. Á hinn bóginn var ákvæðið áréttað Alþingis á að úr því hafi ekki fengist skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila hvort íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslur vegna lágmarkstrygginga innstæðueigenda í útibúum íslensks einkabanka í öðru aðildarríki EES-samningsins. Þar sem aðilar komu sér saman um að lánasamningarnir, eins og þeim var breytt með viðaukasamningunum, mundu ráða réttarstöðu aðila er lagt til í frumvarpinu að 1. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009 verði felld brott.

Samhliða framlagningu þessa frumvarps er stefnt að því að gefin verði út sameiginleg yfirlýsing fjármálaráðherra ríkjanna þriggja þess efnis meðal annars að þótt íslenska ríkið ítreki bindandi ábyrgð sína gagnvart þeim skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda að greiða innstæðueigendum Icesave í Bretlandi og Hollandi tryggingu viðurkenni það ekki að fyrir hendi hafi verið lagaleg skuldbinding frá öndverðu um að veita þann stuðning. Jafnframt verður í yfirlýsingunni mælt fyrir um viðræður milli aðila að beiðni einhvers þeirra og eftir atvikum viðbrögð við breyttum aðstæðum.

Fyrir utan þessa yfirlýsingu er lagt til í 1. mgr. 2. gr. frumvarps þessa að Alþingi árétti að heimild til veitingar ríkisábyrgðar feli ekki í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er jafnframt lagt til að fjármálaráðherra sé skylt að efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna, og eftir atvikum einnig Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins, um það hvaða áhrif það hefði á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins samkvæmt þeim ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að á íslenska ríkinu hafi ekki hvílt ábyrgð eða ef annað aðildarríki EES-samningsins hefði ekki borið slíka ábyrgð í sambærilegu máli. Svo að ákvæðið verði virkt verður niðurstaða um þetta atriði að byggjast á úrlausn þar til bærs aðila sem verður að vera í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurð Evrópudómstólsins.

Af framangreindum heimildum leiðir að lagaleg skuldbinding íslenska ríkisins mun haldast óbreytt samkvæmt lánasamningunum, jafnvel þótt síðar yrði komist að þeirri niðurstöðu í dómsmáli að sú skuldbinding hafi ekki verið fyrir hendi í upphafi. Hins vegar felst í þessum yfirlýsingum að íslenska ríkið mun eiga ríka kröfu til að fá stöðu sína sem ábyrgðaraðila endurskoðaða og að um hana verði fjallað á pólitískum vettvangi.

3.6 Lagalegt viðmið um úthlutun eigna við uppgjör Landsbanka Íslands hf. eða þrotabús hans.

Af 2. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009 leiðir að tryggingarsjóðnum beri að láta á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu. Miðað er við að þær réttarreglur sem skeri úr þessu séu þær sem í gildi voru 5. júní 2009, þ.m.t. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Verði niðurstaðan sú að krafa tryggingarsjóðsins gangi framar við úthlutun skulu teknar upp viðræður við aðila lánasamninganna um það hvernig farið skuli með eignir úr búi Landsbanka Íslands hf. og áhrif þess á samningana og skuldbindingu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í 3. mgr. 4. gr. laganna er mælt fyrir um að fari slíkar viðræður ekki fram eða leiði þær ekki til niðurstöðu geti Alþingi takmarkað ríkisábyrgð samkvæmt lögunum í eðlilegu samræmi við tilefnið.

Samkvæmt ákvæðum viðaukasamninganna gera viðsemjendur tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins sér grein fyrir að tryggingarsjóðurinn láti væntanlega á þetta atriði reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðila. Fallist slitastjórn Landsbankans á kröfu tryggingarsjóðsins um þetta atriði, og þeirri ákvörðun er ekki skotið til dómstóla, fela slíkar málalyktir í sér að ákvæði lánasamninganna taka breytingum í samræmi við það. Af c-lið gr. 3.5.2 hollenska viðaukasamningsins leiðir m.a. að ef íslenskir dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að íslenski tryggingarsjóðurinn njóti slíkrar réttarstöðu, eða eftir atvikum að viðsemjendur tryggingarsjóðsins njóti slíkrar réttarstöðu vegna þeirra hluta kröfunnar, skulu ákvæði um hlutfallslegar jafnar greiðslur úr búi Landsbanka Íslands hf. taka breytingum í samræmi við

það. Sambærileg regla á að gilda í uppgjörssamningi breska tryggingarsjóðsins og þess íslenska, sbr. e-lið gr. 2.1 í viðaukasamningi sjóðanna. Svo að þessi ákvæði verði virk má niðurstaða íslenskra dómstóla um þetta atriði ekki vera í ósamræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Þegar litið er til framangreinds er vikið frá 2. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009 með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er sá möguleiki ekki útilokaður að viðsemjendur íslenska tryggingarsjóðsins eigi rýmri rétt til úthlutunar en sjóðurinn. Í öðru lagi má niðurstaða íslenskra dómstóla um þetta atriði ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins ef ákvæðið á að víkja ákvæðum lánasamninganna frá 5. júní 2009 til hliðar. Í þriðja lagi felur samningsákvæðið í sér að tiltekin niðurstaða dómstóla mun sjálfkrafa valda því að samningarnir breytist en lögin gerðu ráð fyrir að áður en til þess kæmi færu fram viðræður og síðan tæki Alþingi ákvörðun um lækkun ríkisábyrgðar.

Litlar líkur eru taldar á því að fyrsti möguleikinn sé raunhæfur miðað við þau íslensku lög sem giltu 5. júní 2009, þ.e. ólíklegt er talið að viðsemjendur íslenska tryggingarsjóðsins eigi rýmri rétt til úthlutunar en tryggingarsjóðurinn miðað við þær reglur sem giltu 5. júní 2009. Hvað varðar annað skilyrðið töldu viðsemjendur íslenska tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins að alþjóðlegur dómstóll þyrfti að kveða á um þetta atriði til þess að niðurstaða íslensks dómstóls mundi leiða til breytinga á ákvæðum lánasamninganna frá 5. júní 2009. Með hliðsjón af lögfræðiálitum sem íslensk stjórnvöld hafa aflað sér, sbr. álit prófessors Pierre Mathijsen, dags. 28. júlí 2009, og álit Andra Árnasonar, hrl., og Helgu Melkorku Óttarsdóttur, hdl., dags. 10. ágúst 2009, var talið eðlilegt að alþjóðlegur dómstóll skæri úr um hvaða vægi reglur Evrópuréttar hefðu að þessu leyti. Þetta varð því niðurstaða samninganna um þetta atriði.

Þegar meta á síðastnefndu niðurstöðu samninganna er ljóst að ekki er hægt að tryggja að íslenskir dómstólar fallist á þá kröfu að vísa máli af þessu tagi til EFTA-dómstólsins. Þetta stafar af sjálfstæði íslenskra dómstóla samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar sem og af ákvæðum laga nr. 21/1994, um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Í ljósi þess að færð hafa verið rök fyrir því í álitsgerðum innlendra og erlendra sérfræðinga á sviði Evrópuréttar að ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið geti skipt máli við úrlausn þess atriðis verður að telja afar sennilegt að íslenskir dómstólar vísi málinu til EFTA-dómstólsins í samræmi við 1. gr. laga nr. 21/1994. Geri þeir það hins vegar ekki munu ákvæði lánasamninganna frá 5. júní 2009 um þetta atriði standa óhögguð jafnvel þótt íslenskir dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að íslenski tryggingarsjóðurinn hefði hinn sérstaka forgang við úthlutun eigna úr búi Landsbankans.

Þar sem samið verður milli íslenska ríkisins og tryggingarsjóðsins um að sjóðurinn muni láta á þennan sérstaka forgangsrétt reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum þykir ekki ástæða til að hafa sérstakt ákvæði um það í lagafrumvarpi þessu. Ákvæði þess efnis í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009 fellur því úr gildi verði frumvarp þetta að lögum.

4. Mat á efni frumvarpsins í heild og einstökum þáttum þess.

Í VI.–VIII. kafla áðurnefnds nefndarálits meiri hluta fjárlaganefndar, dags. 15. ágúst, var fjallað um lögfræðileg, efnahagsleg og pólitísk álitaefni er tengdust Icesave-málinu. Við mat á efni þessa frumvarps ber að líta til þessara kafla nefndarálitsins um réttlætingu þess að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins vegna lágmarkstryggingar á innstæðum í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Eigi að síður er ástæða til að fjalla hér nánar um þessi atriði.

4.1 Lagaleg álitaefni.

Icesave-lánasamningarnir, eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum, gera að verkum að friðhelgisréttindi íslenska ríkisins eru í fullu samræmi við fyrirvara þess efnis í lögum nr. 96/2009 ásamt því að réttur handhafa íslensk ríkisvalds til að kveða á um skipulag nýtingar á náttúruauðlindum og skipan eignarhalds á þeim er einnig tryggður. Að öðru leyti felst í ákvæðum viðaukasamninganna að komið er til móts við þá lagalegu fyrirvara sem kveðið er á um í lögum nr. 96/2009. Frá þessu eru þó frávik eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Rétt þykir að greina þessi frávik aðeins nánar og meta þau.

Með hliðsjón af möguleikum tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins til að framlengja lánstímann einhliða, sem og möguleikum þeirra til að hagnýta sér greiðsluhámark hvers árs, dregur væntanlega úr þörf fyrir endurskoðun lánasamninganna ásamt því að ákvæði samninganna eru í meira samræmi en áður við Brussel-viðmiðin. Verulega er því komið til móts við 1. tölul. 2. gr. laga nr. 96/2009 í viðaukasamningunum.

Fyrir liggur að ágreiningur um skyldu íslenska ríkisins til að ábyrgjast lágmarkstryggingar innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og í Hollandi hefur ekki verið til lykta leiddur fyrir þar til bærum úrlausnaraðila. Ástæður þessa hafa nú þegar verið raktar í athugasemdum þessum en fjallað er nánar um þær í áðurnefndu nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, dags. 15. ágúst 2009. Í frumvarpi þessu er lagt til að áréttað verði að heimild til veitingar ríkisábyrgðar feli ekki í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Komist tilteknir úrlausnaraðilar að þeirri niðurstöðu að lagaskilningur íslenskra stjórnvalda hafi verið réttur, eða eftir atvikum annars aðildarríkis EES í sambærilegu máli, skal þess freistað að fá samningsaðila til að ræða hvaða áhrif það hafi á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins. Einnig er stefnt að því að fjármálaráðherrar Íslands, Hollands og Bretlands riti undir sameiginlega yfirlýsingu þar sem fram kemur m.a. að íslenska ríkið veiti þessa ábyrgð þótt það hafi ekki viðurkennt að því hafi borið lagaleg skylda til þess. Þessi niðurstaða málsins er talin viðunandi þar sem afar örðugt er að semja um þetta atriði svo að skuldbindandi sé og samhliða áskilja sér einhliða rétt til að endurskoða málið í heild ef síðar kemur í ljós að grunnskyldan var aldrei fyrir hendi. Það verður einfaldlega ekki bæði haldið og sleppt í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir því í viðaukasamningunum að íslenski tryggingarsjóðurinn muni láta á það reyna hvort kröfur sjóðsins við úthlutun eigna bús Landsbanka Íslands hf. hafi sérstakan forgang umfram kröfur annarra aðila vegna sömu innstæðu. Samkvæmt viðaukasamningunum má úrlausn íslenskra dómstóla um þetta atriði ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins ef samningsákvæði um hlutfallslega jafna skiptingu hverrar kröfu eigi að taka breytingum. Verði komist að þeirri niðurstöðu að lagaskilningur um sérstakan forgang krafna tryggingarsjóðsins sé réttur munu ákvæði samninganna um hlutfallslega skiptingu einstakra krafna breytast sjálfkrafa. Slíkt er til hagsbóta fyrir íslenska tryggingarsjóðinn og íslenska ríkið miðað við þau réttaráhrif sem nú eru bundin slíkri niðurstöðu skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009.

4.2 Efnahagsleg álitaefni.

Þung og mikil skuldsetning opinberra aðila sem og einkaaðila er alvarlegt vandamál um þessar mundir í íslensku efnahagslífi. Rekstur margra fyrirtækja er einnig erfiður vegna skorts á getu þeirra að endurfjármagna sig. Telja má að skortur á lánsfjármagni og áhættufjármagni sé nú á margan hátt enn alvarlegra vandamál fyrir íslenskt efnahagslíf en of mikil

skuldsetning. Í því skyni m.a. að leysa þetta úrlausnarefni er talið nauðsynlegt að auka gjaldeyrisforða landsins svo að hægt verði að draga úr gjaldeyrishöftum og skapa forsendur fyrir lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Með því móti aukast líkur á að hjól atvinnulífsins fari að snúast hraðar.

Þrátt fyrir breytta Icesave-lánasamninga er ljóst að fáum er gleðiefni að standa undir þeim byrðum sem þeir valda fjárhag íslenska ríkisins. Sá kostur að hafna þeim kemur til greina á grundvelli ýmissa raka en á hinn bóginn er ljóst að slík afstaða er til þess fallin að tefja þær efnahagsaðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar til að stöðva samdrátt og örva atvinnulífið. Á meðan engin gjaldeyrislán berast til Íslands verður erfiðara að stöðva efnahagslegan vítahring sem getur fylgt djúpum gjaldeyris- og fjármálakreppum.

Grundvallarhugmyndin að baki 3. gr. laga nr. 96/2009 er að hamla gegn því að greiðslubyrði vegna Icesave-lánasamninganna verði íslenska ríkinu ofviða. Með breyttum lánasamningum hefur verið tekið ríkulegt tillit til þessa. Tryggingarsjóðnum og íslenska ríkinu er gert kleift að lengja lánstímann einhliða og greiðsluhámark hvers árs getur komið að góðum notum á meðan íslenskt efnahagslíf er enn að ná sér á strik. Sé litið til þessa verður að telja að hinir föstu 5,55% ársvextir lánasamninganna séu hóflegir.

Á meðan frumvarp til laga nr. 96/2009 var enn til meðferðar á Alþingi lögðu fjármálaráðuneytið, Seðlabanki Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mat á efnahagsleg áhrif Icesave-lánasamninganna frá 5. júní 2009. Hagfræðistofnun var nokkuð gagnrýnin á hvernig fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn mátu getu íslenska ríkisins til að endurgreiða lánasamningana en þó komust allir þessir aðilar að þeirri niðurstöðu að líklegast gæti ríkissjóður staðið skil á lánasamningunum.

Þegar litið er til framangreinds verður að teljast afar líklegt að ákvæði Icesave-lánasamninganna, eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningunum, veiti íslensku efnahagslífi fullnægjandi skjól svo að hægt sé að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi landsins. Af samningunum leiðir því að íslenska ríkið mun að öllu forfallalausu geta staðið við þá án þess að þeir íþyngi íslensku samfélagi um of eftir að ríkisábyrgðin verður virk 5. júní 2016.

4.3 Pólitísk álitaefni.

Sú stefna hefur verið mörkuð að starfa með öðrum ríkjum í því skyni að koma íslensku efnahagslífi á kjölinn. Önnur ríki setja þau skilyrði fyrir lánveitingum til Íslands að aðstoðin falli að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í ljós hefur komið að frekari lán verða ekki veitt til íslenska ríkisins nema Icesave-málið verði leyst. Þetta hefur verið staða mála alveg frá því í nóvember 2008 og skýrir að verulegu leyti erfiða samningsstöðu íslenska ríkisins við lausn Icesave-málsins.

Þegar tekin er afstaða til þessa frumvarps verður að líta til þeirra kosta sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir um efnahagslega og pólitíska framtíð þess. Sé því hafnað að samþykkja þetta frumvarp er ljóst að Icesave-deilan verður áfram óleyst. Fram að þessu hefur það þýtt ófullnægjandi lánafyrirgreiðslur Íslands og það skapar viðvarandi efnahagsleg vandkvæði. Óvissan sem fylgir því að hafa þetta mál óleyst dregur jafnframt úr möguleikum atvinnulífsins á að afla sér sjálft lánsfjármagns eða áhættufjármagns. Það veldur svo aftur aukinni hættu á samdrætti í efnahagslífinu.

Pólitísk staða Íslands á alþjóðavettvangi verður að teljast veik miðað við þá samstöðu sem hefur myndast um að veita ekki lán til landsins nema Icesave-málið verði leyst. Sú staða er því óbreytt frá því að Alþingi hafði til meðferðar frumvarp það sem varð lögum nr. 96/2009. Eins og rakið er í áliti meiri hluta fjárlaganefndar, dags. 15. ágúst sl., takast á tvö sjónarmið

í þessu máli, þ.e. að hafna ríkisábyrgð eða fallast á hana. Ein rök fyrir því að hafna ríkisábyrgð eru að óska eftir betri samningum. Slík rök fela í sér tvenns konar áhættu, annars vegar að Ísland einangrist og hins vegar að betri niðurstöðu verði ekki náð.

Að breyttu breytanda á þetta við um afstöðu til þessa frumvarps þar sem ljóst er að erfitt verður úr þessu að fá hagstæðari samninga um lausn deilunnar en þá sem liggja nú fyrir. Vissulega kemur til álita að hafna alfarið að leysa málið og vísa viðsemjendum íslenska ríkisins á dómstóla. Það er hins vegar mat þessarar ríkisstjórnar að slíkt hafi mun alvarlegri pólitískar og efnahagslegar afleiðingar fyrir Ísland en að ljúka málinu með þeim hætti sem lagt er til að verði gert með þessu frumvarpi.

Það er mat ríkisstjórnarinnar að meginefni þeirra fyrirvara sem komu fram í lögum nr. 96/2009 sé virt í fyrirliggjandi viðaukasamningum við lánasamningana frá 5. júní 2009. Nauðsynlegt er að leiða þetta mál til lykta og hefur með viðaukasamningunum tekist að treysta stöðu íslenska ríkisins umtalsvert í samanburði við lánasamningana frá því í júní síðastliðnum. Hinn pólitíski og efnahagslegi ávinningur af því að ljúka málinu með þessum hætti er mun meiri en þau atriði sem upp á vantar til að fullt samræmi sé á milli ákvæða viðaukasamninganna og 1.–4. gr. gildandi laga nr. 96/2009.

4.4 Heildarmat.

Fáum getur blandast hugur um að þetta mál hefur reynst íslensku samfélagi afar þungt í skauti, bæði innan lands og gagnvart öðrum ríkjum. Meginástæða þess er sú að heildarfjárskuldbinding íslenska ríkisins hefur fyrst og fremst skapast vegna starfsemi íslensks viðskiptabanka í einkaeigu á erlendri grundu og brúttófjárhæð skuldbindingarinnar nemur um það bil helmingi af áætlaðri vergri landsframleiðslu Íslands árið 2009. Einnig skiptir hér máli að færð hafa verið fram haldbær lagarök þess efnis að þessi skylda hvíli ekki á íslenska ríkinu auk þess sem úrlausn þar til bærs úrlausnaraðila liggur ekki fyrir um hana. Að sama skapi er ljóst að ef fallist yrði á lagarök Íslendinga mundi réttarstaðan sem kæmi upp vera óviðunandi að mati allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að Íslandi undanskildu. Slíkt skapar fyrir fram verulega erfiðleika við að afla málstað Íslands fylgis á erlendum vettvangi. Þrátt fyrir málefnalega lagaóvissu er brýnt af efnahagslegum og pólitískum ástæðum að ljúka Icesave-málinu. Alþingi verður að taka afstöðu til þess hvort viðaukasamningarnir og frumvarp þetta feli í sér viðunandi lausn málsins.

Það er ljóst að öll ríki sem boðist hafa til að lána íslenska ríkinu, að undanskildum Færeyjum, hafa í reynd tengt lánsloforð sín við afgreiðslu Icesave-málsins. Þessi lán annarra ríkja verða eingöngu veitt ef samstarf íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heldur áfram. Af þessu leiðir að lánafyrirgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og einstakra ríkja við Ísland á sér ekki stað nema lausn finnist á Icesave-málinu.

Það er mat núverandi ríkisstjórnar að forsenda fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs byggist á samstarfsáætlun íslenskra yfirvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hugsanlega kann að vera nauðsynlegt að endurskoða þá áætlun en það breytir því ekki að allar slíkar samstarfsáætlanir sigla í strand ef ekki tekst að leysa Icesave-málið. Að mati ríkisstjórnarinnar yrðu afleiðingar þess alvarlegar fyrir íslenskt efnahagslíf. Talið er að frumvarp þetta sé til þess fallið að leysa erfiðustu milliríkjadeilu Íslands á síðari tímum með viðunandi hætti. Þessi lausn felur í sér að mikilvægustu þættir fyrirvara laga nr. 96/2009 hafa verið lagðir til grundvallar við endanlegar lyktir málsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að í stað gildandi 1. gr. laga nr. 96/2009 komi ný grein sem heimili fjármálaráðherra að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna lána sjóðsins á grundvelli framanrakinna lánasamninga, dags. 5. júní 2009, eins og þeim hefur verið breytt með viðaukasamningum, dags. 19. október 2009. Verði frumvarpið í heild sinni að lögum mun þetta ákvæði þýða að fjármálaráðherra hafi heimild til að veita ríkisábyrgð sem nær til höfuðstóls lánanna og vaxta án þess að íslensk lög takmarki þá heimild við ákveðna fyrirvara, þ.e. íslensk lög munu ekki einhliða ákvarða réttarstöðu aðila lánasamninganna heldur munu samningarnir skera úr um réttarstöðuna. Þetta á sem sagt að tryggja að ráðherra öðlist ótvíræðar heimildir að íslenskum lögum til að veita ábyrgðina og hann muni nýta þær í því skyni að virkja ákvæði samninganna.

Um 2. gr.

Eins og komið hefur fram í almennu athugasemdunum er afar örðugt að gera hvort tveggja í senn, semja um lausn Icesave-málsins og halda jafnframt til haga lagalegri óvissu um skyldu íslenska ríkisins til að standa að baki íslenska tryggingarsjóðnum. Þrátt fyrir það er lagt til að í fyrri málsgrein 2. gr. komi fram að ekkert í lögunum feli í sér viðurkenningu á því að á íslenska ríkinu hafi hvílt skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Með þessari yfirlýsingu er ætlunin að undirstrika að íslensk stjórnvöld hafi hvorki viðurkennt þessa lagalegu skyldu né heldur hafi þau fengið að koma ágreiningsefni þessu fyrir hlutlausan úrskurðaraðila.

Lagt er til að í 2. mgr. verði kveðið á um að fáist síðar úr því skorið, fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, og sú úrlausn er í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurð Evrópudómstólsins, að íslenska ríkið hafi ekki haft skyldu af þeim toga sem nefnd er í 1. mgr., eða annað aðildarríki EES-samningsins hafi ekki haft slíka skyldu í sambærilegu máli, skuli fjármálaráðherra efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna, og eftir atvikum einnig Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins, um það hvaða áhrif slík úrlausn kunni að hafa á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins samkvæmt þeim.

Í ljósi þess að það getur ekki verið úrlausn hvaða aðila sem er sem hafa á þau áhrif að fjármálaráðherra sé skylt að efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna er tekið fram í 2. mgr. að úrlausn þar til bærs aðila verði að vera í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurð Evrópudómstólsins. Ástæða þess að Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins eru nefndar í 2. mgr. er sú að þessir aðilar komu að gerð Brussel-viðmiðanna haustið 2008 og komi í ljós að íslenska ríkinu hafi aldrei lögum samkvæmt borið skylda að gangast undir þessa ábyrgð má ætla að þeir hafi brugðist skyldum sínum. Því væri rétt við þessar aðstæður að þeir kæmu aftur að málinu í því skyni að finna á því eðlilega og sanngjarna lausn.

Þegar 2. gr. er virt í heild sinni á hún ekki að hafa önnur réttaráhrif en þau að við tilteknar aðstæður skuli fjármálaráðherra efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna og eftir atvikum Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins. Það er talið nauðsynlegt að binda svona um hnútana þar sem lánasamningarnir eiga að ráða alfarið réttarstöðu aðila þeirra.

Um 3. gr.

Eins og rakið hefur verið í almennu athugasemdunum þykir nauðsynlegt að fella úr gildi 3.–4. gr. laga nr. 96/2009 í því skyni að tryggja samræmi milli íslenskra laga og endurskoðaðra lánasamninga. Fyrir þessu hafa verið færð ítarleg rök. Ekki þykir ástæða til að nema fyrstu tvær málsgreinar 3. gr. að öllu leyti úr gildi og er lagt til að þær verði að mestu leyti færðar í 5. gr. laganna sem fjallar um endurskoðun lánasamninganna.

Um 4. gr.

Fram kemur í gr. 3.6 viðaukasamninganna að ákvæði 5.–8. gr. varði eingöngu lögskipti á Íslandi og hafi ekki áhrif á efni lánasamninganna. Þrátt fyrir þetta ákvæði er ljóst að uppistaðan í fyrstu tveimur málsgreinum 3. gr. laga nr. 96/2009 varðar fyrst og fremst endurskoðun samninganna. Af þessum sökum er lagt til að fyrstu tvær málsgreinar 3. gr. verði að fyrstu tveimur málsgreinum 5. gr. fyrir utan orðalagsbreytingar sem lúta aðallega að gildandi 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Í þeim málslið er mælt fyrir um að ríkisábyrgð samkvæmt lögunum sé grundvölluð á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka þannig að Íslandi verði gert kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Þessi málsliður vísar með óbeinum hætti til Brussel-viðmiðanna og þeirra fyrirvara sem 1.–4. gr. laga nr. 96/2009 kveða á um en eins og áður segir hefur verið tekin afstaða til Brussel-viðmiðanna og fyrirvaranna með gerð viðaukasamninganna. Jafnframt er lagt til að 2. málsl. 5. gr. laga nr. 96/2009 falli brott en hann vísar til forsendna ríkisábyrgðarinnar og viðmiða samkvæmt lögunum.

Um skýringu á 5. gr. svo breyttri vísast til eftirfarandi ummæla í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar frá 15. ágúst 2009 um fyrstu tvær málsgreinar 3. gr. laga nr. 96/2009:

„Í endurskoðunarákvæðum samninganna er vísað til IV. greinar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, samkvæmt samkomulagi um samþykktir sjóðsins frá 1945, með síðari breytingum, sem viðmiðs fyrir ósk um endurskoðun. Að mati meiri hlutans er nauðsynlegt að kveða nánar á um með hvaða hætti skuli óskað eftir slíkri úttekt og innan hvaða tímamarka. Meiri hlutinn leggur áherslu á nokkur atriði sem líta beri til við mat á forsendum til endurskoðunar á samningunum. Því er í 2. mgr. greinarinnar kveðið á um að tillit sé tekið til stöðu í þjóðarbúskapnum og ríkisfjármálum á hverjum tíma og mats á horfum í þeim efnum þar sem sérstaklega sé litið til gjaldeyrismála, gengisþróunar og viðskiptajafnaðar, hagvaxtar og breytinga á landsframleiðslu, svo og þróunar fólksfjölda og atvinnuþátttöku. Það er mat meiri hlutans að þessi atriði hafi beina tilvísun í Brussel-viðmiðin og séu þar af leiðandi þess eðlis að ætlast megi til þess af viðsemjendum að þau séu lögð til grundvallar í þessu samhengi.

Ríkisábyrgðin grundvallast á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka og hafa því eftirfarandi viðmið verið sett til að unnt sé að leggja mat á greiðslugetu þjóðarbúsins á hverju ári. Er þá miðað við að ekki sé farið fram úr einhverju af eftirfarandi hlutföllum:

1. hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu fer yfir 240%,
2. hlutfall erlendra skulda opinberra aðila af skatttekjum fer yfir 250%,
3. hlutfall erlendra afborgana og vaxta af útflutningstekjum fer yfir 150%.

Þannig er gert ráð fyrir að viðræður verði teknar upp um lánasamningana verði skuldaþol þjóðarbúsins og ríkissjóðs ósjálfbært. Ef farið er fram úr einhverjum þessara þriggja mælikvarða skulu teknar upp viðræður milli aðila skv. 5. gr.“

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Óopinber þýðing – Enski textinn gildir

VIÐAUKASAMNINGUR

við lánssamning frá 5. júní 2009

milli

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

og

Íslands

og

umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins

Dagsettur 19. október 2009

VIÐAUKASAMNINGUR ÞESSI, DAGSETTUR 19. OKTÓBER 2009, ER GERÐUR MILLI:

(1) **TRYGGINGARSJÓÐS INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA Á ÍSLANDI,** sem er sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt íslenskum lögum (**„Tryggingarsjóðs innstæðueigenda“**),

(2) **ÍSLANDS** („íslenska ríkisins“) og

(3) **UMBOÐSMANNA BRESKA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS.**

BAKGRUNNUR

(A) Samningsaðilar eru aðilar að upprunalega lánssamningnum.

(B) Sá fyrirvari var gerður gagnvart því að upprunalegi lánssamningurinn öðlaðist gildi að Alþingi hefði samþykkt að íslenska ríkið tæki á sig ábyrgð samkvæmt upprunalega lánssamningnum og samþykkt hver þau lög önnur eða heimildir sem þyrfti til að tryggja að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins samkvæmt upprunalega lánssamningnum væru lögmætar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar.

(C) Alþingi hefur með lögunum um ríkisábyrgð (e. Authorising Act) samþykkt þá ábyrgð sem íslenska ríkið tekur á sig samkvæmt upprunalega lánssamningnum, þó með tilteknum skilyrðum og takmörkunum. Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hafa fengið í hendur enska þýðingu á lögunum um ríkisábyrgð, þ.m.t. á þessum skilyrðum og takmörkunum.

(D) Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hafa hug á að samþykkja og skýra nánar sum af þeim skilyrðum og takmörkunum, sem er að finna í lögunum um ríkisábyrgð, samkvæmt og að því marki sem sérstaklega er tekið fram í þessum samningi og hafa samningsaðilar hug á að breyta í þessu skyni upprunalega lánssamningnum eins og fram kemur í þessum samningi.

SAMKOMULAG HEFUR NÁÐST UM EFTIRFARANDI:

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

„Lög um ríkisábyrgð“ (e. Authorising Act): lög nr. 96/2009 varðandi heimild til að gefa út ríkisábyrgð, eins og þau voru samþykkt af Alþingi Íslendinga 28. ágúst 2009.

„Gildistökudagur“: sá dagur sem um getur í mgr. 2.1 (*Gildistökudagur*).

„Breyttur lánssamningur“: upprunalegi lánssamningurinn eins og honum er breytt með þessum samningi.

„Upprunalegur lánssamningur“: lánssamningurinn sem gerður var milli samningsaðilanna 5. júní 2009.

1.2 Skilgreiningar á hugtökum felldar inn í samninginn

1.2.1 Hugtök sem skilgreind eru í upprunalega lánssamningnum hafa sömu merkingu í þessum samningi nema annað sé tekið fram.

1.2.2 Málsgrein. 1.3 (*Skýringar*) upprunalega lánssamningsins gildir í þessum samningi eins og hún væri hluti af honum.

1.3 Tilgreining

Samningsaðilarnir tilgreina þennan samning sem fjármálaskjal.

2 GILDISTÖKUDAGUR

2.1 Gildistökudagur

Gildistökudagur er sá dagur þegar:

2.1.1 þeim aðgerðum, sem um getur í mgr. 3.1 undir 3. mgr. (*Gildistaka*) í upprunalega lánssamningnum, öðrum en þeim sem um getur í b-lið í mgr. 3.1 undir 3. mgr. í upprunalega lánssamningnum, hefur verið lokið,

2.1.2 Tryggingarsjóður innstæðueigenda og íslenska ríkið hafa afhent umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins, á því formi og með þeim efnistökum sem þeir telja fullnægjandi, eftirfarandi skjöl (á ensku eða, ef þau eru ekki á ensku, skal þeim fylgja löggilt þýðing á ensku):

(a) frumrit þessa samnings, dagsett og undirritað með viðeigandi hætti af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins,

(b) samþykkt stjórnar eða aðra viðeigandi heimild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda til að framkvæma fyrir sitt leyti þennan samning og uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt honum og

(c) afrit af lögunum sem um getur í a-lið í mgr. 2.1.3.

2.1.3 Íslenska ríkið mun:

(a) strax og raunhæft reynist eftir dagsetningu þessa samnings leggja fyrir Alþingi frumvarp þar sem kveðið er á um að íslenska ríkið fái heimild, án skilyrða og fyrirvara, til að taka á sig ábyrgð samkvæmt breyttum lánssamningi og um hverja þá heimild aðra sem þarf til að tryggja að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins samkvæmt fjármálaskjölunum séu lögmætar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar og

(b) afhenda umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins afrit af lögunum ásamt löggiltri þýðingu á ensku um leið og lögin sem byggjast á frumvarpinu öðlast gildi.

2.2 Gildistaka breytts lánssamnings

Á gildistökudegi:

2.2.1 öðlast breytingar á upprunalega lánssamningnum, sem tilgreindar eru í 3. mgr. (*Samþykki og breytingar*), gildi og

2.2.2 öðlast breyttur lánssamningur gildi.

2.3 Frestur (e. long stop date)

Ef aðgerðunum, sem um getur í mgr. 2.1 (*Gildistökudagur*), hefur ekki verið lokið hinn 30. nóvember 2009 er umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins heimilt að rifta þessum samningi með því að senda Tryggingarsjóði innstæðueigenda tilkynningu um það og afrit til íslenska ríkisins.

3 SAMÞYKKI OG BREYTINGAR

3.1 Vísanir

Nema annað sé tekið fram teljast vísanir í þessari málsgrein (3. mgr.):

3.1.1 til málsgreina (e. paragraph and subparagraphs) vera vísanir til viðeigandi málsgreina í upprunalega lánssamningnum og

3.1.2 til greina (e. Articles) vera vísanir til greina í lögunum um ríkisábyrgð.

3.2 1. gr. laganna

3.2.1 Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins samþykkja skilyrðin og takmarkanirnar sem fram koma í hinum ýmsu greinum laganna um ríkisábyrgð að því marki sem slíkt er skýrt tekið fram í staðfestingunum og breytingunum sem fram koma í þessari málgrein (3. mgr.) og íslenska ríkið og Tryggingarsjóður innstæðueigenda fallast á slíkt samþykki og fyrrnefndar staðfestingar og breytingar.

3.2.2 Upprunalegi samningurinn og hin fjármálaskjölin og túlkun þeirra haldast óbreytt, nema þeim sé breytt með skýrum hætti í þessum samningi.

3.3 2. gr. laganna

3.3.1 Samningsaðilar staðfesta að samið hafi verið um hinn breytta lánssamning í samræmi við „hin umsömdu viðmið“ frá 14. nóvember 2008, sem Ísland, Evrópusam-

bandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess stóðu að og sem var ætlað að gilda í samningaviðræðum aðila.

3.3.2 Samningsaðilar staðfesta að heimilt sé að endurskoða breytta lánssamninginn eins og fram kemur í 16. mgr. (*Breyttar aðstæður*) í breytta lánssamningnum.

3.3.3 Samningsaðilar staðfesta að þótt fallið sé frá friðhelgisréttindum í 18. mgr. (*Fallið frá friðhelgisréttindum*) í breytta lánssamningnum nái það ekki til þeirra eigna íslenska ríkisins sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum, eigna íslenska ríkisins á Íslandi sem það þarf nauðsynlega á að halda til að starfrækja hlutverk sitt sem fullvalda ríki eða eigna Seðlabanka Íslands.

3.3.4 Samningsaðilar staðfesta að ekkert í upprunalega lánssamningnum eða breytta lánssamningnum sé til þess fallið að svipta Ísland yfirráðum eða hafi þau áhrif að svipta Ísland yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum eða rétti sínum til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.

3.4 3. gr. laganna

3.4.1 Ákvæðum mgr. 1.1 (*Skilgreiningar*) er breytt sem hér segir:

(a) Svohljóðandi nýrri skilgreiningu er skotið inn á eftir skilgreiningunni á „samningsaðilum“:

„„Afborgunardagur“:

(a) sérhver dagur þegar þrír, sex eða níu mánuðir eru liðnir frá sjöunda ársdegi (e. anniversary date) samningsins eða sérhver síðari ársdagur samningsins og

(b) sérhver ársdagur eftir sjöunda ársdag samningsins,

(þannig að fyrsti afborgunardagur verði þremur mánuðum eftir sjöunda ársdag samningsins).“

(b) Í skilgreiningunni á „afborgun“ komi orðin „með fyrirvara um hvers kyns aðlögun sem krafist er samkvæmt 4. mgr. (*Endurgreiðsla*)“ í stað orðanna „með fyrirvara um mgr. 4.4.3,“.

3.4.2 Ákvæðum 4. mgr. (*Endurgreiðsla*) er breytt sem hér segir:

(a) Mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*) er felld brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„4.3 Afborgunaráætlun

4.3.1 Eftir sjöunda ársdag samningsins skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda byrja að endurgreiða það sem þá stendur eftir af höfuðstóli lánsins í þrjátíu og tveimur afborgunum á ársfjórðungsfresti, sbr. þó önnur ákvæði þessarar málsgreinar (4. mgr.) (*Endurgreiðsla*).

4.3.2 Tryggingarsjóður innstæðueigenda greiðir afborgun á hverjum afborgunardegi, sbr. þó mgr. 4.3a *(Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu)*.“

(b) Svohljóðandi fjórum nýjum málsgreinum er skotið inn á eftir mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*):

„4.3a Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu

4.3a.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.3a) hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

„Heildargreiðslubyrði“: að því er varðar sérhvert almanaksár, samtala:

(a) afborgana sem greiddar hafa verið eða greiða ber samkvæmt mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*) og

(b) vaxta sem greiddir hafa verið eða greiða ber samkvæmt mgr. 5.2.2 undir mgr. 5.2 (*Vaxtagreiðslur*),

í hverju tilviki á því almanaksári.

„Útreikningsdagur greiðsluþaks“: dagurinn sem er tíu virkum dögum fyrir afborgunardag.

„Greiðsluþak“: að því er varðar hvert almanaksár eftir árið 2015, sú fjárhæð sem nemur fjórum prósentum (eða tveimur prósentum að því er varðar árið 2016) af þeirri fjárhæð sem íslenskt jafngildi vergrar landsframleiðslu á því almanaksári er hærra en jafngildi vergrar landsframleiðslu Íslands í sterlingspundum fyrir árið 2008, sem samningsaðilar hafa ákveðið að skuli vera 9.194.000.000 sterlingspunda.

„Verg landsframleiðsla á Íslandi“: nýjasta mat á vergri landsframleiðslu á Íslandi fyrir viðkomandi almanaksár á hverjum útreikningsdegi greiðsluþaks, birt í nýjustu samantekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagshorfum í heiminum (e. World Economic Outlook).

„Jafngildi vergrar landsframleiðslu á Íslandi“: á útreikningsdegi greiðsluþaks og að því er varðar verga landsframleiðslu á Íslandi, fjárhæð þessarar vergu landframleiðslu á Íslandi (gefin upp í íslenskum krónum), umbreytt í sterlingspund á meðalgengi eins og það er birt af Seðlabanka Íslands (eða, birti Seðlabanki Íslands ekki slíka gengisskráningu, daggengi frá aðila sem íslenska ríkið og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins koma sér saman um á sanngjarnan hátt) á tímabilinu sem lýkur daginn fyrir viðkomandi útreikningsdag greiðsluþaks og hefst á næsta útreikningsdegi greiðsluþaks á undan.

4.3a.2 Þessi málsgrein (mgr. 4.3a) gildir ef heildargreiðslubyrði af því sem hefur verið greitt eða greiða ber á því almanaksári hefur farið eða mun fara yfir greiðsluþakið fyrir það almanaksár á útreikningsdegi greiðsluþaks að því er varðar afborgun (þ.m.t., til að taka af allan vafa, afborgun sem hefur hækkað samkvæmt mgr. 4.3a.4).

4.3a.3 Ef þessi málsgrein (mgr. 4.3a) á við um afborgun getur Tryggingarsjóður innstæðueigenda tilkynna það umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins eigi síðar en á fimmta virka degi eftir viðkomandi útreikningsdag greiðsluþaks og mun sú afborgun þá verða lækkuð þannig að mgr. 4.3a.2

eigi ekki lengur við um þá afborgun eða, ef lækka þarf afborgunina í þessu skyni niður í neikvæða tölu, niður í núll.

4.3a.4 Sú fjárhæð sem afborgun lækkar um samkvæmt mgr. 4.3a.3 leggst við næstu afborgun.

4.3a.5 Ekkert í þessari málsgrein (mgr. 4.3a) skal hafa áhrif á, eða verða fyrir áhrifum af, greiðslu sem reidd er af hendi eða sem krafist er að reidd sé af hendi samkvæmt mgr. 4.2 (*Endurgreiðsla með fjármagni úr Landsbankanum*).

4.3b Möguleiki Íslands á framlengingu

4.3b.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.3b) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Gildistökudagur framlengingar“: dagurinn þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynning um framlengingu var lögð fram eða annar dagur sem samningsaðilar koma sér saman um skriflega.

„Tilkynning um framlengingu“: tilkynningin sem um getur í mgr. 4.3b.2.

4.3b.2 Tryggingarsjóður innstæðueigenda getur hvenær sem er kosið að framlengja, með skriflegri tilkynningu til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins, afborgunaráætlunina sem fram kemur í mgr. 4.3.1 undir mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*).

4.3b.3 Leggi Tryggingarsjóður innstæðueigenda fram tilkynningu um framlengingu gildir eftirfarandi:

(a) ef gildistökudagur framlengingar rennur upp fyrir fyrsta afborgunardag skal lesa tilvísunina „þrjátíu og tveimur“ í skilgreiningunni á „afborgun“ í mgr. 1.1 (*Skilgreiningar*) og í mgr. 4.3.1 undir mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*) sem „fimmtíu og sex“ og

(b) ef gildistökudagur framlengingar rennur upp á fyrsta afborgunardegi eða síðar:

(i) skal lesa tilvísunina „þrjátíu og tveimur“ í mgr. 4.3.1 undir mgr. 4.3 (*Afborgunaráætlun*) sem „fimmtíu og sex“ og

(ii) skal lesa skilgreininguna á afborgun þannig að afborganir sem falla í gjalddaga eftir gildistökudag framlengingar skuli vera heildarhöfuðstóll lánsins strax eftir gildistökudag framlengingarinnar, deilt með fjölda afborgunardaga sem ber upp eftir gildistökudag framlengingar, þannig að heildarfjöldi afborgunardaga verði fimmtíu og sex alls.

4.3b.4 Ef ógreiddur höfuðstóll er útistandandi á láninu 5. júní 2024 á grundvelli mgr. 4.3a (*Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu*) skal litið svo á að Tryggingarsjóður innstæðueigenda hafi lagt fram tilkynningu um framlengingu með gildistökudaginn 5. júní 2024, nema Tryggingarsjóðurinn hafi tilkynnt um framlengingu fyrir þann dag.

4.3c Endurgreiðsla ógreidds höfuðstóls eftir 5. júní 2030

4.3c.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.3c) merkir **„ógreiddur höfuðstóll“** hverja þá fjárhæð höfuðstóls lánsins sem ekki hefur verið endurgreidd 5. júní 2030 eða fyrr á grundvelli mgr. 4.3a (*Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu*).

4.3c.2 Ef „ógreiddur höfuðstóll“ er útistandandi eftir 5. júní 2030 skal, nema samningsaðilar komist að skriflegu samkomulagi um annað, greiða hann með tuttugu jöfnum ársfjórðungslegum afborgunum til viðbótar á fimm ára tímabili sem bætist við og skal mgr. 4.3a (*Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu*) gilda áfram á því tímabili þannig að unnt sé að takmarka fjárhæð slíkrar afborgunar.

4.3c.3 Ef „ógreiddur höfuðstóll“ er útistandandi í lok fimm ára tímabilsins, sem um getur í mgr. 4.3c.2, skulu ákvæði þessarar málsgreinar (mgr. 4.3c) gilda að breyttu breytanda um endurgreiðslu hans.

4.3d Tilkynningar

Íslenska ríkinu er einnig heimilt að gefa út, fyrir hönd Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, hverja þá tilkynningu sem Tryggingarsjóðnum er heimilt að gefa út samkvæmt þessari málsgrein (4. mgr.).

(c) í b-lið mgr. 4.2.2 falla niður orðin „fyrst inn á elsta hlutann“ og orðinu „hlutfallslega“ er skotið inn á eftir orðunum „hana skal nýta til að greiða“.“

3.5 4. gr. laganna

Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins staðfesta að þeim sé kunnugt um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda kunni að leita úrskurðar til þar til bærra úrskurðaraðila um að kröfur hans á hendur búi Landsbankans gangi framar öðrum kröfum vegna sömu innlána.

3.6 5., 6., 7. og 8. gr. laganna

Samningsaðilar staðfesta að 5., 6., 7. og 8. gr. laganna varði innri málefni íslenska ríkisins og eigi ekki að hafa áhrif á upprunalega lánssamninginn eða breytta lánssamninginn.

4 SKILMÁLAR FELLDIR INN Í SAMNINGINN

Ákvæði mgr. 1.2 (*Hagur þriðju aðila*), 13 (*Allur samningurinn, breytingar*), 14 (*Tilkynningar*), 15 (*Önnur ákvæði*), 17 (*Gildandi lög og lögsaga*) og 18 (*Fallið frá friðhelgisréttindum*) gilda um þennan samning eins og þau væru hluti af honum og skal þannig líta á allar vísanir í þessum málsgreinum til „þessa samnings“ sem vísanir til þessa samnings.

VIÐAUKASAMNING ÞENNAN GERÐU, ÞANN DAG SEM SEGIR Í UPPHAFI VIÐAUKASAMNINGS ÞESSA:

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

Nafn: Áslaug Árnadóttir

Starfsheiti: stjórnarformaður Trygggingarstjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Íslenska ríkið

Nafn: Guðmundur Árnason

Starfsheiti: ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytinu

Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins

Nafn: Gary Roberts

Starfsheiti: f.h. breska fjármálaráðherrans

Fylgiskjal II.

Óopinber þýðing – Enski textinn gildir

VIÐAUKASAMNINGUR

við lánssamning frá 5. júní 2009

milli

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

og

Íslands

og

Hollands

Dagsettur19. október 2009

VIÐAUKASAMNINGUR ÞESSI, DAGSETTUR 19. OKTÓBER 2009, ER GERÐUR MILLI:

(1) **TRYGGINGARSJÓÐS INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA Á ÍSLANDI**, sem er sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt íslenskum lögum **(„Tryggingarsjóður innstæðueigenda“)**,

(2) **ÍSLANDS** („íslenska ríkisins“) og

(3) **HOLLANDS** („hollenska ríkisins“).

BAKGRUNNUR:

(A) Samningsaðilar eru aðilar að upprunalega lánssamningnum.

(B) Sá fyrirvari var gerður gagnvart því að upprunalegi lánssamningurinn öðlaðist gildi að Alþingi hefði samþykkt að íslenska ríkið tæki á sig ábyrgð samkvæmt upprunalega lánssamningnum og samþykkt hver þau lög önnur eða heimildir sem þyrfti til að tryggja að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins samkvæmt upprunalega lánssamningnum væru lögmætar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar.

(C) Alþingi hefur með lögunum um ríkisábyrgð (e. Authorising Act) samþykkt þá ábyrgð sem íslenska ríkið tekur á sig samkvæmt upprunalega lánssamningnum, þó með tilteknum skilyrðum og takmörkunum. Hollenska ríkið hefur fengið í hendur enska þýðingu á lögunum um ríkisábyrgð, þ.m.t. á þessum skilyrðum og takmörkunum.

(D) Hollenska ríkið hefur hug á að samþykkja og skýra nánar sum af þeim skilyrðum og takmörkunum, sem er að finna í lögunum um ríkisábyrgð, samkvæmt og að því marki sem sérstaklega er tekið fram í þessum samningi og með fyrirvara um þá og hafa samningsaðilar hug á að breyta í þessu skyni upprunalega lánssamningnum eins og fram kemur í þessum samningi.

SAMKOMULAG HEFUR NÁÐST UM EFTIRFARANDI:

1 SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

„Lög um ríkisábyrgð“ (e. Authorising Act): lög nr. 96/2009 um heimild til að gefa út ríkisábyrgð, eins og þau voru samþykkt af Alþingi Íslendinga 28. ágúst 2009.

„**Gildistökudagur“**: sá dagur sem um getur í mgr. 2.1 *(Gildistökudagur)*.

„Breyttur lánssamningur“: upprunalegi lánssamningurinn eins og honum er breytt með þessum samningi.

„Upprunalegur lánssamningur“: lánssamningurinn sem gerður var milli samningsaðilanna 5. júní 2009.

1.2 Skilgreiningar á hugtökum felldar inn í samninginn

1.2.1 Hugtök sem skilgreind eru í upprunalega lánssamningnum hafa sömu merkingu í þessum samningi nema annað sé tekið fram.

1.2.2 Mgr. 1.3 *(Skýringar)* upprunalega lánssamningsins gildir í þessum samningi eins og hún væri hluti af honum.

1.3 Tilgreining

Samningsaðilarnir tilgreina þennan samning sem fjármálaskjal.

2 GILDISTÖKUDAGUR

2.1 Gildistökudagur

2.1.1 Gildistökudagur er sá dagur þegar:

(a) þeim aðgerðum, sem um getur í mgr. 3.1.1 undir 3. mgr. *(Gildistaka)* í upprunalega lánssamningnum, öðrum en þeim sem um getur í b-lið í mgr. 3.1.1 undir 3. mgr. *(Gildistaka)* í upprunalega lánssamningnum, hefur verið lokið,

(b) Tryggingarsjóður innstæðueigenda og íslenska ríkið hafa afhent hollenska ríkinu, á því formi og með þeim efnistökum sem það telur fullnægjandi, eftirfarandi skjöl (á ensku eða, ef þau eru ekki á ensku, skal þeim fylgja löggilt þýðing á ensku):

(i) frumrit þessa samnings, dagsett og undirritað með viðeigandi hætti af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins,

(ii) samþykkt stjórnar eða aðra viðeigandi heimild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda til að framkvæma fyrir sitt leyti þennan samning og uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt honum og

(iii) afrit af lögunum sem um getur í mgr. 2.1.2.

2.1.2 Íslenska ríkið mun:

(a) strax og raunhæft reynist eftir dagsetningu þessa samnings leggja fyrir Alþingi frumvarp þar sem kveðið er á um að íslenska ríkið fái heimild án skilyrða og fyrirvara til að taka á sig ábyrgð samkvæmt breyttum lánssamningi og um hverja þá heimild aðra sem þarf til að tryggja að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og íslenska ríkisins samkvæmt fjármálaskjölunum séu lögmætar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar og

(b) afhenda hollenska ríkinu afrit af lögunum ásamt löggiltri þýðingu á ensku um leið og lögin sem byggjast á frumvarpinu öðlast gildi.

2.2 Gildistaka breytts lánssamnings

Á gildistökudegi:

2.2.1 öðlast breytingar á upprunalega lánssamningnum, sem tilgreindar eru í 3. mgr. *(Samþykki og breytingar)*, gildi og

2.2.2 öðlast breyttur lánssamningur gildi.

2.3. Frestur (e. long stop date)

Ef aðgerðunum, sem um getur í mgr. 0.1 *(Gildistökudagur)*, hefur ekki verið lokið hinn 30. nóvember 2009, er hollenska ríkinu heimilt að rifta þessum samningi með því að senda Tryggingarsjóði innstæðueigenda tilkynningu um það og afrit til íslenska ríkisins.

3 SAMÞYKKI OG BREYTINGAR

3.1 Vísanir

Nema annað sé tekið fram teljast vísanir í þessari málsgrein (mgr. 3):

3.1.1 til málsgreina (e. paragraph and subparagraphs) vera vísanir til viðeigandi málsgreina í upprunalega lánssamningnum og

3.1.2 til greina (e. Articles) vera vísanir til greina í lögunum um ríkisábyrgð.

3.2 1. gr. laganna

3.2.1 Hollenska ríkið samþykkir skilyrðin og takmarkanirnar sem fram koma í hinum ýmsu greinum laganna um ríkisábyrgð að því marki sem slíkt er skýrt tekið fram í staðfestingunum og breytingunum sem fram koma í þessari málgrein (mgr. 3) og íslenska ríkið og Tryggingarsjóður innstæðueigenda fallast á slíkt samþykki og fyrrnefndar staðfestingar og breytingar.

3.2.2 Upprunalegi samningurinn og hin fjármálaskjölin og túlkun þeirra haldast óbreytt, nema þeim sé breytt með skýrum hætti í þessum samningi.

3.3 2. gr. laganna

3.3.1 Samningsaðilar staðfesta að samið hafi verið um hinn breytta lánssamning í samræmi við „hin umsömdu viðmið“ frá 14. nóvember 2008, sem Ísland, Evrópusambandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess stóðu að og sem var ætlað að gilda í samningaviðræðum aðila.

3.3.2 Samningsaðilar staðfesta að heimilt sé að endurskoða breytta lánssamninginn eins og fram kemur í 15. mgr. *(Breyttar aðstæður)* í breytta lánssamningnum.

3.3.3 Samningsaðilar staðfesta að þótt fallið sé frá friðhelgisréttindum í 16.3. mgr. *(Fallið frá friðhelgisréttindum)* í breytta lánssamningnum nái það ekki til þeirra eigna íslenska ríkisins sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum, eigna íslenska ríkisins á Íslandi sem það þarf nauðsynlega á að halda til að starfrækja hlutverk sitt sem fullvalda ríki eða eigna Seðlabanka Íslands.

3.3.4 Samningsaðilar staðfesta að ekkert í upprunalega lánssamningnum eða breytta lánssamningnum sé til þess fallið að svipta Ísland yfirráðum eða hafi þau áhrif að svipta Ísland yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum eða rétti sínum til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.

3.4 3. gr. laganna

3.4.1 Ákvæðum mgr. 1.1 *(Skilgreiningar)* er breytt sem hér segir:

(a) Svohljóðandi nýrri skilgreiningu er skotið inn á eftir skilgreiningunni á „samningsaðilum“:

„Afborgunardagur“:

(a) sérhver dagur þegar þrír, sex eða níu mánuðir eru liðnir frá sjöunda ársdegi (e. anniversary date) samningsins eða sérhver síðari ársdagur samningsins og

(b) sérhver ársdagur eftir sjöunda ársdag samningsins,

(þannig að fyrsti afborgunardagur verði þremur mánuðum eftir sjöunda ársdag samningsins).

(b) Í skilgreiningunni á „afborgun“:

(i) komi orðin „með fyrirvara um hvers kyns aðlögun sem krafist er samkvæmt 4. mgr. (Afborgun)“ í stað orðanna „með fyrirvara um mgr. 4.3.3. undir mgr. 4.3 (Valfrjáls innborgun)“ og

(ii) komi orðin „þrjátíu og tveimur“ í stað tölunnar „32“.

3.4.2 Ákvæðum 4. mgr. *(Endurgreiðsla)* er breytt sem hér segir:

(a) Mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)* er felld brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

4.2 Afborgunaráætlun

4.2.1 Eftir sjöunda ársdag samningsins skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda byrja að endurgreiða það sem þá stendur eftir af höfuðstóli lánsins í þrjátíu og tveimur afborgunum á ársfjórðungsfresti, sbr. þó önnur ákvæði þessarar málsgreinar (4. mgr.).

4.2.2 Tryggingarsjóður innstæðueigenda greiðir afborgun á hverjum afborgunardegi, sbr. þó mgr. 4.2a *(Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu)*.

(b) Svohljóðandi fjórum nýjum málsgreinum er skotið inn á eftir mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)*:

4.2a Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu

4.2a.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.2a) hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

„Heildargreiðslubyrði“: að því er varðar sérhvert almanaksár, samtala:

(a) afborgana sem greiddar hafa verið eða greiða ber samkvæmt mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)* og

(b) vaxta sem greiddir hafa verið eða greiða ber samkvæmt mgr. 5.2.2 undir mgr. 5.2 *(Vaxtagreiðslur)*,

í hverju tilviki á því almanaksári.

„Útreikningsdagur greiðsluþaks“: dagurinn sem er tíu virkum dögum fyrir afborgunardag.

„Greiðsluþak“: að því er varðar hvert almanaksár eftir árið 2015, sú fjárhæð sem nemur tveimur prósentum (eða einu prósenti að því er varðar árið 2016) af þeirri fjárhæð sem íslenskt jafngildi vergrar landsframleiðslu á því almanaksári er hærra en jafngildi vergrar landsframleiðslu Íslands í evrum fyrir árið 2008, sem samningsaðilar hafa ákveðið að skuli vera 11.495.000.000 evrur.

„Verg landsframleiðsla á Íslandi“: nýjasta mat á vergri landsframleiðslu á Íslandi fyrir viðkomandi almanaksár á hverjum útreikningsdegi greiðsluþaks, birt í nýjustu samantekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagshorfum í heiminum (e. World Economic Outlook).

„Jafngildi vergrar landsframleiðslu á Íslandi“: á útreikningsdegi greiðsluþaks og að því er varðar verga landsframleiðslu á Íslandi, fjárhæð þessarar vergu landframleiðslu á Íslandi (gefin upp í íslenskum krónum), umbreytt í evrur á meðalgengi eins og það er birt af Seðlabanka Íslands (eða, birti Seðlabanki Íslands ekki slíka gengisskráningu, daggengi frá aðila sem íslenska ríkið og hollenska ríkið koma sér saman um á sanngjarnan hátt) á tímabilinu sem lýkur daginn fyrir viðkomandi útreikningsdag greiðsluþaks og hefst á næsta útreikningsdegi greiðsluþaks á undan.

4.2a.2 Þessi málsgrein (mgr. 4.2a) gildir ef heildargreiðslubyrði af því sem hefur verið greitt eða greiða ber á því almanaksári hefur farið eða mun fara yfir greiðsluþakið fyrir það almanaksár á útreikningsdegi greiðsluþaks að því er varðar afborgun (þ.m.t., til að taka af allan vafa, afborgun sem hefur hækkað samkvæmt mgr. 4.2a.4).

4.2a.3 Ef þessi málsgrein (mgr. 4.2a) á við um afborgun getur Tryggingarsjóður innstæðueigenda tilkynnt það hollenska ríkinu eigi síðar en á fimmta virka degi eftir viðkomandi útreikningsdag greiðsluþaks og mun sú afborgun þá verða lækkuð þannig að mgr. 4.2a.2 eigi ekki lengur við um þá afborgun eða, ef lækka þarf afborgunina í þessu skyni niður í neikvæða tölu, niður í núll.

4.2a.4 Sú fjárhæð, sem afborgun lækkar um samkvæmt mgr. 4.2a.3, leggst við næstu afborgun.

4.2a.5 Ekkert í þessari málsgrein (mgr. 4.2a) skal hafa áhrif á, eða verða fyrir áhrifum af, greiðslu sem reidd er af hendi eða sem krafist er að reidd sé af hendi samkvæmt mgr. 4.1 *(Endurgreiðsla með fjármagni úr Landsbankanum)*.

4.2b Möguleiki Íslands á framlengingu

4.2b.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.2b) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***„Gildistökudagur framlengingar“*:** dagurinn þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynning um framlengingu var lögð fram eða annar dagur sem samningsaðilar koma sér saman um skriflega.

„Tilkynning um framlengingu“: tilkynningin sem um getur í mgr. 4.2b.2.

4.2b.2 Tryggingarsjóður innstæðueigenda getur hvenær sem er kosið að framlengja, með skriflegri tilkynningu til hollenska ríkisins, afborgunaráætlunina sem fram kemur í mgr. 4.2.1 undir mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)*.

4.2b.3 Leggi Tryggingarsjóður innstæðueigenda fram tilkynningu um framlengingu gildir eftirfarandi:

(a) ef gildistökudagur framlengingar rennur upp fyrir fyrsta afborgunardag skal lesa tilvísunina „þrjátíu og tveimur“ í skilgreiningunni á „afborgun“ í mgr. 1.1 *(Skilgreiningar)* og í mgr. 4.2.1 undir mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)* sem „fimmtíu og sex“ og

(b) ef gildistökudagur framlengingar rennur upp á fyrsta afborgunardegi eða síðar:

(i) skal lesa tilvísunina „þrjátíu og tveimur“ í mgr. 4.2.1 undir mgr. 4.2 *(Afborgunaráætlun)* sem „fimmtíu og sex“ og

(ii) skal lesa skilgreininguna á afborgun þannig að afborganir sem falla í gjalddaga eftir gildistökudag framlengingar skuli vera heildarhöfuðstóll lánsins strax eftir gildistökudag framlengingarinnar, deilt með fjölda afborgunardaga sem ber upp eftir gildistökudag framlengingar, þannig að heildarfjöldi afborgunardaga verði fimmtíu og sex alls.

4.2b.4 Ef ógreiddur höfuðstóll er útistandandi á láninu 5. júní 2024 á grundvelli mgr. 4.2a *(Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu)* skal litið svo á að Tryggingarsjóður innstæðueigenda hafi lagt fram tilkynningu um framlengingu með gildistökudaginn 5. júní 2024, nema Tryggingarsjóðurinn hafi tilkynnt um framlengingu fyrir þann dag.

4.2c Endurgreiðsla ógreidds höfuðstóls eftir 5. júní 2030

4.2c.1 Í þessari málsgrein (mgr. 4.2c) merkir **„ógreiddur höfuðstóll“** hverja þá fjárhæð höfuðstóls lánsins sem ekki hefur verið endurgreidd 5. júní 2030 eða fyrr á grundvelli mgr. 4.2a *(Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu)*.

4.2c.2 Ef „ógreiddur höfuðstóll“ er útistandandi eftir 5. júní 2030 skal, nema samningsaðilar komist að skriflegu samkomulagi um annað, greiða hann með tuttugu ársfjórðungslegum afborgunum til viðbótar á fimm ára tímabili sem bætist við og skal mgr. 4.2a *(Þak á greiðslu höfuðstóls með vísun til uppsafnaðs vaxtar vergrar landsframleiðslu)* gilda áfram á því tímabili þannig að unnt sé að takmarka fjárhæð slíkrar afborgunar.

4.2c.3 Ef „ógreiddur höfuðstóll“ er útistandandi í lok fimm ára tímabilsins, sem um getur í mgr. 4.2c.2, skulu ákvæði þessarar málsgreinar (mgr. 4.2c) gilda að breyttu breytanda um endurgreiðslu hans.

4.2d Tilkynningar

Íslenska ríkinu er einnig heimilt að gefa út fyrir hönd Tryggingarsjóðs innstæðueigenda hverja þá tilkynningu sem Tryggingarsjóðnum er heimilt að gefa út samkvæmt þessari málsgrein (4. mgr.).

3.5 4. gr. laganna

3.5.1 Hollenska ríkið staðfestir að því sé kunnugt um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda kunni að leita úrskurðar þar til bærra úrskurðaraðila um að kröfur hans á hendur búi Landsbankans gangi framar öðrum kröfum vegna sömu innstæðu.

3.5.2 Ákvæðum mgr. 3.1.2 undir mgr. 3 *(Gildistaka)* er breytt sem hér segir:

(a) Á eftir orðunum „eins fljótt og því verður við komið“ í ii. lið b-liðar bætist við „nema iii. liður hér á eftir gildi“.

(b) Orðið „og“ í lok ii. liðar í b. lið falli brott.

(c) Svohljóðandi nýjum iii. lið er skotið inn í b-lið á eftir ii. lið:

(iii) (A) ef íslenskur dómstóll gefur út endanlegan úrskurð, sem ekki er hægt að áfrýja, þar sem 1) ákveðið er að krafa, í heild eða að hluta, sem framseld hefur verið Tryggingarsjóði innstæðueigenda, eða réttindi sem Seðlabanki Hollands heldur eftir, eftir því sem við á, skuli ganga framar öðrum kröfum vegna sömu innstæðu við úthlutun úr búi Landsbankans og 2) að það sé ekki í andstöðu við ráðgefandi álit sem hefur verið aflað frá EFTA-dómstólnum um slíka forgangsstöðu eða

(B) ef slitastjórn Landsbankans ákveður að krafa, í heild eða að hluta, sem framseld hefur verið Tryggingarsjóði innstæðueigenda, eða réttindi sem Seðlabanki Hollands heldur eftir, eftir því sem við á, skuli ganga framar öðrum kröfum vegna sömu innstæðu við úthlutun úr búi Landsbankans og enginn innlánseigandi eða lánardrottinn hefur borið brigður á slíkan úrskurð fyrir íslenskum dómstóli og það hefur ekki verið látið hjá líða vegna breytingar, sem gerð hefur verið á íslenskum lögum eftir 5. júní 2009 og gerir erfiðara um vik eða útilokar að unnt sé að vefengja úrskurðinn,

þá gildir skuldbindingin, sem lýst er í mgr. (ii) að framan að því er varðar Tryggingarsjóð innstæðueigenda eða Seðlabanka Hollands, eftir því sem við á, ekki nema forgangsstaðan sé til komin vegna breytingar sem gerð er á íslenskum lögum eftir 5. júní 2009, og

3.6 5., 6., 7. og 8. gr. laganna

Samningsaðilar staðfesta að 5., 6., 7. og 8. gr. laganna varði innri málefni íslenska ríkisins og eigi ekki að hafa áhrif á upprunalega lánssamninginn eða breytta lánssamninginn.

4 SKILMÁLAR FELLDIR INN Í SAMNINGINN

Ákvæði mgr. 1.2 *(Hagur þriðju aðila)*, 12 *(Breytingar)*, 13 *(Tilkynningar)*, 14 *(Önnur ákvæði)* og mgr. 16 *(Gildandi lög og lögsaga)* gilda um þennan samning eins og þau væru hluti af honum og skal þannig líta á allar vísanir í þessum málsgreinum til „þessa samnings“ sem vísanir til þessa samnings.

VIÐAUKASAMNING ÞENNAN GERÐU, ÞANN DAG SEM SEGIR Í UPPHAFI VIÐAUKASAMNINGS ÞESSA:

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

Nafn: Áslaug Árnadóttir

Starfsheiti: stjórnarformaður Trygggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Íslenska ríkið

Nafn: Guðmundur Árnason

Starfsheiti: ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytinu

Hollenska ríkið

Fjármálaráðherra

fyrir hans hönd

Nafn: Johan C. Barnard

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur til Alþingis um breytingar á lögum nr. 96/2009, sem sett voru á sl. sumarþingi og fela í sér heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til þess að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Vísað er til umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis með því frumvarpi um fyrri áform og málavexti. Við afgreiðslu málsins á Alþingi voru gerðar breytingar á frumvarpinu á þá leið að í lögunum var veitt heimild til ríkisábyrgðar á lánunum en settir ákveðnir fyrirvarar um forsendur fyrir ríkisábyrgðinni og um efnahagsleg og lagaleg viðmið. Af helstu breytingum sem gerðar voru á fyrra frumvarpinu og hafa áhrif á fjárhagsskuldbindinguna má í fyrsta lagi nefna það skilyrði að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við svonefnd Brussel-viðmið, þ.m.t. um forsendur fyrir endurskoðun samninganna, og að fullveldi ríkisins tryggi friðhelgi frá aðför að eignum þess og óskoruð yfirráð á náttúruauðlindum landsins. Í öðru lagi var í lögunum sett hámark á árlega greiðslubyrði ríkissjóðs vegna lánanna. Hámarkið miðast við 4% af vexti vergrar landsframleiðslu mælt í pundum vegna lánasamnings við breska ríkið og 2% af vexti vergrar landsframleiðslu mælt í evrum vegna lánasamnings

við hollenska ríkið. Vöxtur á vergri landsframleiðslu Íslands skal mældur frá 2008 til greiðsluárs á tímabilinu 2017–2023. Samkvæmt lögunum eru hlutföllin helmingi lægri árin 2016 og 2024. Í þriðja lagi gera lögin ráð fyrir að hafi lánin ásamt vöxtum ekki verið greidd að fullu í lok lánstímans, þ.e. árið 2024, þá taki aðilar upp viðræður um framhald málsins. Í fjórða lagi var gerður fyrirvari um lagalega stöðu málsins þar sem ekki hafi fengist leyst úr því álitaefni hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar þegar kerfishrun verður á fjármálamarkaði. Loks má nefna að í lögunum var sett skilyrði um að fram fari viðræður milli aðila um áhrif þess á lánasamningana ef niðurstaða dómstóla verður að kröfur tryggingarsjóðsins gangi við úthlutun eigna Landsbankans framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu.

Í kjölfar þessarar lagasetningar um ríkisábyrgðina hafa staðið yfir viðræður íslenskra stjórnvalda og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta við bresk og hollensk stjórnvöld. Niðurstaða þeirra viðræðna felur í sér að fallist er á meginefni skilyrðanna sem Alþingi setti en þó ekki að öllu leyti á sama hátt. Nýtt samkomulag gerir ráð fyrir að gerðir verði viðaukasamningar við lánasamningana frá 5. júní sl. þar sem tekið verði tillit til þeirra viðmiða og fyrirvara sem leiða af lögunum um ríkisábyrgðina. Varðandi þak á árlegar greiðslur miðað við hagvöxt er þó gengið út frá þeirri útfærslu að ávallt verði greiddir vextir, sem líta má á sem eins konar gólf í greiðslunum, en að afborganir sem kunna falla umfram hámarkið bætist þá við höfuðstólinn. Útreikningar benda til að vaxtaþátturinn muni haldast innan greiðsluhámarksins. Auk þess er gert ráð fyrir að viðaukasamningarnir feli í sér að engin tímamörk verði á ríkisábyrgðinni þannig að lánin framlengist ef þau eru ekki að fullu greidd upp árið 2024. Tryggingarsjóðnum verður heimilt að framlengja lánstímann til 2030 með sömu ákvæðum um hámark og lágmark árlegra greiðslna ef t.d. ástæða þykir til að lækka árlega greiðslubyrði einhvern tímann á tímabilinu. Í annan stað er lagt fram nýtt frumvarp til breytingar á lögunum um ríkisábyrgðina til að samræma þau breyttum efnisákvæðum viðaukasamninganna. Í þessu frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er því lagt til að þau ákvæði um efnahagsleg og lagaleg viðmið sem sett verða inn í viðauka við lánasamningana við Breta og Hollendinga verði felld út úr lögunum um ríkisábyrgðina. Þá er í frumvarpinu lagt til að í lögin verði tekin upp ákvæði um óskoraða ríkisábyrgð á samningunum með þeim breyttu skilyrðum sem felast í viðaukasamningunum og að í lögunum felist engin viðurkenning á því að Íslandi hafi borið lagaleg skylda til að ábyrgjast lágmarkstryggingu innstæðna í útibúum LÍ í Bretlandi og Hollandi. Þar með þurfi aðilar að taka upp viðræður um áhrif á samninga ef dómstólar komist að niðurstöðu um að íslenska ríkið hafi ekki borið þá skyldu.

Með framangreindum breytingum á lögunum er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á heildarskuldbindingum tryggingarsjóðsins eða ríkisábyrgðinni. Vegna efnahagslegu fyrirvaranna sem settir voru við afgreiðslu upphaflega frumvarpsins um hámark á greiðslubyrði miðað við vöxt vergrar landsframleiðslu má gera ráð fyrir því að greiðslur vaxta og höfuðstóls á fyrri helmingi greiðslutímabilsins verði heldur lægri en reiknað var með í fyrri umsögn en að þær gætu orðið þyngri í lok tímabilsins. Þetta ræðst af þróun vaxtar vergrar landsframleiðslu og gengisþróun á tímabilinu. Það sem ekki greiðist á fyrri helmingi tímabilsins færist aftur fyrir þannig að um nokkurs konar greiðslujöfnun er að ræða. Ef greiðslur frestast vegna þessa hámarks má telja líkur á að vaxtakostnaður verði meiri en ella þar sem vaxtaberandi höfuðstóll verður þá tekinn lengur að láni. Nýjustu spár um endurheimtur af eignum Landsbankans gera á hinn bóginn ráð fyrir að þær geti orðið allt að 90%. Í fyrri umsögn var miðað við að endurheimtuhlutfallið yrði 75%. Ef þetta gengur eftir lækkar heildarskuldbinding gagnvart samkomulaginu og ábyrgð ríkissjóðs þar með frá því sem áður

hafði verið gert ráð fyrir. Sem fyrr er mikil óvissa um efnahagshorfur til svo langs tíma og þar með um endanlega útkomu skuldbindinga samkvæmt samningunum og hvernig þær falla til í tíma. Vöxtur vergrar landsframleiðslu, gengisþróun og endurheimtur af eignum Landsbankans eru þó þau atriði sem hafa mest áhrif á hversu mikil heildarbyrði þjóðarbúsins verður að lokum. Í meðfylgjandi töflu samkvæmt útreikningum sem Seðlabanki Íslands hefur gert kemur fram staða skulda vegna Icesave lánasamninganna við lok ársins 2015 miðað við mismunandi forsendur um endurheimtur.

Endurheimtur	***75%***	***89%***	***94%***
Skuld í millj. evra	778,2	561,3	483,9
Skuld í millj. punda	1.376,1	992,7	855,8
Skuld í milljörðum kr.	351,3	253,4	218,5
Núvirði við lok 2009	240,7	173,6	149,7

Í fyrri umsögn var miðað við lauslegra mat fjármálaráðuneytis þar sem gengið var út frá 415 milljarða kr. skuldbindingu miðað við 75% endurheimtur. Mat Seðlabankans gerir ráð fyrir um 351 milljarða kr. skuldbindingu miðað við sömu endurheimtur en nú eru taldar meiri líkur á að þær verði nálægt 90%, eins og áður segir, og er áætlað að skuldbindingin sem standa þyrfti skil á mundi þá nema um 253 milljörðum kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ofangreindar forsendur ganga eftir má því gera ráð fyrir að heildarskuldbinding ríkissjóðs verði umtalsvert minni en gert var ráð fyrir í fyrri umsögn þegar frumvarp um þetta mál var lagt fram í sumar. Að lokum er vakin athygli á því að í þeirri kostnaðarumsögn var gert ráð fyrir að árlegar greiðslur úr ríkissjóði sem svara til afborgana og vaxta hjá tryggingarsjóðnum yrðu færðar í einu lagi til gjalda á útgjaldahlið ríkissjóðs þegar þær kæmu til greiðslu frá og með árinu 2016. Nú er til nánari skoðunar með hvaða hætti eigi að færa áhrif skuldbindingarinnar, þar með talið uppsöfnun vaxta, í fjárlögum og ríkisreikningi þar til greiðslur hefjast og kann niðurstaðan að verða að mat á henni færist til gjalda í rekstrarreikningi og að afkoma verði þar með lakari en ella.

77. Frumvarp til laga [77. mál]

um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Erlingsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ólína Þorvarðardóttir,
Magnús Orri Schram, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Lög um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, sbr. lög nr. 61/1978, um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er sveitarfélagi heimilt að kveða á um að orlofsnefnd skuli starfa til 1. maí 2010 enda sé rekstrarfé í sjóðum nefndarinnar. Sé enn rekstrarfé í sjóðum orlofsnefndar þegar hún lýkur störfum rennur það til þess sveitarfélags sem lagði fé í sjóðinn.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að fella úr gildi lög um orlof húsmæðra en þó er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að sveitarfélag geti heimilað orlofsnefnd að starfa áfram til 1. maí nk. sé rekstrarfé í sjóðum nefndarinnar. Með þessari heimild er orlofsnefndum gert kleift að standa fyrir þeim orlofsferðum sem þegar hafa verið skipulagðar. Sé enn til fé í sjóðum orlofsnefndar þegar hún lýkur störfum rennur það til baka til þess sveitarfélags sem lagði það fram. Hinn 1. maí 2010 er þó ætlast til að lögin falli að fullu úr gildi enda er í þeim gert ráð fyrir að greitt sé til orlofsnefnda fyrir 15. maí ár hvert.

Orlof húsmæðra.

Orlof húsmæðra á sér langa forsögu og kom fyrsta ríkisstyrkta húsmæðraorlofið til framkvæmda árið 1958 þegar sérstök fjárveiting var samþykkt vegna orlofs og sumardvalar húsmæðra frá barnmörgum heimilum. Þá hafði þegar verið talað fyrir slíku orlofi síðan 1944 en orlof fyrir almenna launþega hafði verið lögfest ári fyrr. Árið 1960 voru lögfest lög um orlof húsmæðra, nr. 45/1960. Ný heildarlög voru svo sett árið 1972 í kjölfar endurskoðunar og þeim hefur verið lítillega breytt tvisvar, síðast árið 1978.

Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum orlofsréttindi líkt og launþegum. Lögin gerðu því ráð fyrir því að ríkissjóður og sveitarfélög veittu fé til orlofsnefnda sem skipulegðu orlof húsmæðra. Rétt til orlofsins á sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Í athugasemdum við frumvarp til laga um orlof húsmæðra segir enn fremur: „Þar sem húsmæður fá engin laun fyrir störf sín, m.a. við að ala upp næstu kynslóð, væri það verðug viðurkenning af hálfu þjóðfélagsins, að í fjárlögum væru ætlaðar a.m.k. kr. 100,00 á ári fyrir hverja húsmóður í landinu, í því skyni að gefa nokkrum hluta þeirra kost á orlofi og hvíld frá störfum.“

Lögin voru sett á þeim tíma þegar barnauppeldi og heimilishald var að mestu í höndum kvenna og stór hluti þeirra starfaði einungis á heimilum án þess að til kæmu launagreiðslur. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og margt áunnist í jafnréttisbaráttu, barnauppeldi er nú sameiginlega á ábyrgða beggja foreldra, konur vinna úti við nánast til jafns við karlmenn og eru í meiri hluta þeirra nemenda sem stunda nám við háskóla landsins. Á þeim heimilum þar sem einungis annað foreldri vinnur utan heimilis eru allt eins líkur á því að feðurnir kjósi að sinna börnum og búi og mæðurnar.

Jafnrétti kynjanna.

Verið hefur til skoðunar í lengri tíma að leggja niður orlof húsmæðra m.a. með þeim rökum að um tímaskekkju væri að ræða enda hafa lögin verið mjög umdeild frá jafnréttissjónarmiði. Árið 1999 taldi Dröfn Farestveit, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík, að að því mundi koma að orlofið yrði lagt af og sagði: „Það er ennþá full þörf á orlofinu. Ég gæti ímyndað mér að innan tíu ára yrði tímabært að breyta þessu vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna.“ Á síðustu 10 árum hafa miklar breytingar orðið í átt til jafnréttis og jafnræðis og mikilvægt að haldið sé áfram að skapa samfélag og lagaumhverfi sem hefur í hávegum jafnan rétt og stöðu karla og kvenna, hvort sem það er á vinnumarkaði eða utan hans.

Ekki má þó gera lítið úr þeirri réttarbót sem lögin voru á sínum tíma enda höfðu húsmæður þá jafnan lítið milli handanna, þær fengu lítil eða engin laun eða greiðslur fyrir heimilishald, heimili voru oft barnmörg og vinnan við húsrekstur ströng. Margt hefur breyst til batnaðar á síðustu áratugum og foreldrar sem kjósa að vera heima í stað þess að starfa úti á almennum vinnumarkaði eiga lögbundinn rétt á ýmsum greiðslum. Vert er einnig að hafa í huga að orlof húsmæðra stendur jafnt þeim konum til boða sem starfa heima við eða á almennum vinnumarkaði og því er um að ræða niðurgreiðslur orlofs fyrir ákveðinn hóp samfélagsins, þ.e. konur sem veita eða veitt hafa heimili forstöðu en ekki körlum sem eru í sömu stöðu. Vegna breytinga á vinnumarkaði og stöðu kvenna má ætla að stór hluti þeirra sem þegið hafa húsmæðraorlof undanfarinn áratug eigi lögbundinn rétt til orlofs.

Ekki liggur fyrir úrskurður Jafnréttisstofu eða dómstóla á því hvort lög um orlof húsmæðra standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Engin kæra hefur borist til Jafnréttisstofu um málið en í kjölfar fyrirspurnar Vestmannaeyjabæjar árið 2007 svaraði Jafnréttisstofa því til að hún teldi líkur á að lög um orlof húsmæðra teljist brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stofan áréttaði þó jafnframt að það sé Alþingis að afnema hin umræddu lög.

Upphafsorð 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hljóða svo: „Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.“ Í ákvæðinu eru taldar upp nokkrar leiðir til að ná fram markmiði laganna, m.a. að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins auk þess að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná fram markmiði laganna er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Löggjafinn gerir því ráð fyrir að sum úrræði sem gripið er til nýtist konum fremur en körlum. Með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar er þó augljóst að slíkum úrræðum verður eingöngu beitt þegar nauðsyn krefur og til að rétta hlut kvenna þar sem á hefur hallað. Verður ekki séð að lög um orlof húsmæðra uppfylli þetta skilyrði enda fá húsfeður og eða ekklar ekki notið til jafns við konur þess orlofs sem lögin kveða á um. Ljóst má því telja að lög um orlof hús-

mæðra brjóta gegn lögum um jafna stöðu karla og kvenna og grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar.

Sjálfsstjórnarréttur sveitarfélaga.

Árið 2006 var gerður samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga þar sem m.a. er lögð rík áhersla á að sjálfsstjórnarréttur sveitarfélaga sé virtur og löggjöf og reglugerð sé með þeim hætti að sveitarfélög hafi svigrúm til að haga verkefnum sínum og athöfnum með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum og viðhorfum. Á síðustu árum hafa mörg verkefni verið færð frá ríkisvaldi til sveitarfélaganna til að efla sveitarstjórnarstigið og gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýrari og einfaldari. Þá hefur einnig verið haft uppi það sjónarmið að sveitarfélög séu færari en ríkið um að meta hvar þörf sé á fjármagni í félagsleg verkefni.

Fram til 1972 hvíldi greiðsluskylda fyrir orlof húsmæðra á ríkissjóði, þótt gert væri ráð fyrir framlögum bæjar- og hreppsfélaga. Árið 1972 komu ný heildarlög þar sem kveðið var á um að ríkissjóður skyldi greiða árlega upphæð sem svaraði til minnst 100 kr. á hverja húsmóður í landinu og sveitarfélög skyldu greiða minnst 50% á móti því framlagi ríkissjóðs. Með lögum nr. 61/1978 var sú breyting gerð að sveitarfélögum einum bar að greiða til orlofs húsmæðra sem nemur 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins. Þessi upphæð tekur vísitölubreytingum og var fjárhæð framlagsins fyrir árið 2009 82,21 kr. á íbúa. Í lok árs 2008 voru íbúar sveitarfélaga landsins samkvæmt Hagstofu alls 319.756. Sé miðað við þessa tölu við útreikninga framlagsins nema útgjöld sveitarfélaga landsins til orlofsnefnda vegna húsmæðraorlofs á þessu ári í heildina 26.287.141 kr. Fjárframlög til orlofs húsmæðra koma nú einungis frá sveitarfélögum. Í þeim erfiðu efnahagsaðstæðum sem ríkja, þar sem sveitarfélögin leita allra leiða til þess að hagræða og nýta skattpeninga þegnanna sem best, er ekki boðlegt að ríkið skyldi þau til þess að nota það takmarkaða fjármagn sem þau hafa til þess að mismuna íbúunum á grunni kynferðis.

Vilji sveitarfélag styrkja einstaklinga til orlofs er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að það sé gert á jafnréttisgrundvelli með tilliti til félagslegra viðmiða. Afnám laganna gefur sveitarfélögum meira svigrúm til að veita fé í þau verkefni sem eru brýnust.

Mikill vilji virðist vera hjá sveitarfélögum landsins til að afnema lögin, t.d. samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja á kvenréttindadaginn 19. júní 2008 ályktun þess efnis að skorað yrði á Alþingi að afnema lög um orlof húsmæðra. Í ályktuninni segir enn fremur: „Lög um að orlofsnefndir skipuleggi orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjái um rekstur orlofsheimila á kostnað bæjarins þykja tímaskekkja. Bæjarstjórn Vestmannaeyja telur gildandi lög um húsmæðraorlof ekki vera í anda jafnréttis enda taka þau einungis til kvenna.“ Haft er eftir bæjarstjóranum á Akureyri í svæðisfréttum Ríkisútvarpsins í júní sl. að orlofið væri barn síns tíma og það ætti að leggja niður. Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. maí sl. var svo tekið fyrir bréf Hveragerðisbæjar þar sem komið var á framfæri beiðni þess efnis að stjórn sambandsins beitti sér fyrir því að lögin yrðu felld úr gildi annars vegar vegna þess að þau væru úreld og hins vegar með hliðsjón af því efnahagslega umhverfi sem ríkir í þjóðfélaginu. Samþykkt stjórnar sambandsins vegna málsins hljóðar svo: „Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir sjónarmið bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar og felur framkvæmdastjóra að koma þeim tilmælum til samgönguráðherra að lög nr. 53/1972 um orlof húsmæðra verði felld úr gildi sem fyrst.“

Samantekt.

Alþingi setti fyrst lög um orlof húsmæðra árið 1960 og gildandi lög eru frá 1972. Lögin eru sett í þeim anda sem ríkti þá og miðast við þjóðfélag þess tíma. Sem betur fer hefur ýmislegt breyst til batnaðar, margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttu og ljóst má vera að lögin eru í andstöðu við jafnréttissjónarmið. Það er því skylda Alþingis að afnema þau strax.

Ekki má gera lítið úr þeim félagslegu áhrifum sem orlofsferðir húsmæðra hafa haft fyrir þær konur sem þær hafa farið. Verði lögin afnumin geta orlofsnefndirnar haldið áfram að skipuleggja ferðir kjósi þær svo. Aðkoma sveitarfélaganna yrði valkvæð og það sem mestu máli skiptir, íbúum væri ekki mismunað á grundvelli kynferðis.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til fjármálaráðherra um lán hjá fjármálastofnunum Evrópusambandsins.

Frá Önnu Margréti Guðjónsdóttur.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvort mögulegt er að fá lán hjá fjármálastofnunum Evrópusambandsins, svo sem Fjárfestingarbanka Evrópu, þegar formlegri stöðu aðildarviðræðuríkis gagnvart sambandinu er náð og ef svo er, hvaða kostir og kjör bjóðast á slíku láni?
2. Ef þetta hefur ekki verið kannað, hyggst ráðherra láta gera það?

Skriflegt svar óskast.

79. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um þjónustu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

Flm.: Guðrún Erlingsdóttir, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Eygló Harðardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa vinnuhóp sem kanni möguleika á aukinni þjónustu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja með tilkomu Landeyjahafnar, í því skyni að nýta betur þekkingu starfsmanna, húsnæði og tækjakost stofnunarinnar með samstarfi við önnur sjúkrahús.

Greinargerð.

Með tilkomu Landeyjahafnar, sem áætlað er að taka í notkun í júlí 2010, og þeirra samgöngubóta sem henni fylgja er mögulegt að efla og stækka þjónustusvæði Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

Með tillögu þessari er því lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa vinnuhóp sem kanni sóknarmöguleika stofnunarinnar til þess að nýta betur þekkingu starfsmanna, húsnæði og tækjakost með samstarf við önnur sjúkrahús á landinu í huga.

Með slíkri samvinnu væri unnt að tryggja betur öryggi heimamanna og þá grunnþjónustu sem nauðsynleg er vegna landfræðilegrar sérstöðu Vestmannaeyja. Auk þess gæfust möguleikar á aukinni þjónustu við íbúa nágrannasveitarfélaganna og aðra landsmenn í samstarfi við önnur sjúkrahús.

Síðustu ár hefur orðið ákveðin þróun í átt að sérhæfingu í heilbrigðisþjónustunni þar sem einstök sjúkrahús hafa sérhæft sig á ákveðnum sviðum og er kjörið að skoða einnig Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja í því samhengi.

Flutningsmenn telja könnun á sóknarmöguleikum Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja mjög brýna, sérstaklega á tímum niðurskurðar og hagræðingar, þegar nauðsynlegt er að leita allra leiða til þess að ná fram hagkvæmni og sparnaði, sem og að nýta betur húsnæði, tæki og þá víðtæku þekkingu sem starfsfólk býr yfir. Því telja flutningsmenn nauðsynlegt að vinna við þessa könnun hefjist nú þegar svo að unnt verði að nýta niðurstöðuna til aukinnar þjónustu og hagræðingar sem allra fyrst.

80. Svar [31. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um strandveiðar.

1. *Hver var afli svokallaðra strandveiðibáta í sumar, í allt og skipt eftir veiðisvæðum?*
2. *Hve margir bátar voru skráðir til þessara veiða í sumar, skipt eftir veiðisvæðum?*
3. *Hversu margir þeirra lönduðu afla á umræddu tímabili?*
4. *Hversu marga daga var afla landað af strandveiðibátum, skipt eftir veiðisvæðum?*

Í eftirfarandi töflu eru umbeðnar upplýsingar, sundurliðaðar eftir veiðisvæðum og samtals af öllum svæðum:

	Svæði A	**Svæði B**	**Svæði C**	**Svæði D**	**Öll svæði**
Fjöldi veiðileyfa	199	102	124	170	**595**
Fjöldi báta með afla	191	94	115	154	**554**
Fjöldi löndunardaga	32	51	55	52	**57**
Þorskur	1.519.760	591.344	954.543	386.668	**3.452.314**
Ýsa	136	8.771	11.952	595	**21.455**
Ufsi	74.946	132.714	130.379	236.302	**574.342**
Lýsa	121	69	105	12.999	**13.294**
Gullkarfi	2.432	9.922	2.857	24.563	**39.774**
Langa	49		0	1.715	**1.764**
Keila	19	16	48	1.253	**1.336**
Steinbítur	24	183	933	73	**1.214**

	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Öll svæði
Hlíri		12	13		**26**
Skötuselur				2	**2**
Lúða	3		24	147	**174**
Makríll	61		39	513	**613**
Geirnyt		13		23	**35**
Litlikarfi			5	9	**14**
Djúpkarfi			38		**38**
Stóri bramafiskur				43	**43**
Afli samtals	**1.597.551**	**743.044**	**1.100.936**	**664.905**	**4.106.437**

5. *Hve miklum afla lönduðu strandveiðibátar í tíu stærstu löndunarhöfnunum og hve mikill hluti var það af lönduðum heildarbolfiskafla í umræddum höfnum á síðasta fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum löndunarhöfnum.*

Eftirfarandi tafla sýnir 10 stærstu löndunarhafnirnar í heildarafla (magn í kg):

Höfn	Strandveiðar	Heild	Hlutfall
Reykjavík	74.113	62.221.722	0,1%
Grindavík	88.347	34.683.563	0,3%
Vestmannaeyjar	38.450	20.296.368	0,2%
Rif	195.247	16.599.733	1,2%
Hafnarfjörður	70.266	15.871.011	0,4%
Sandgerði	168.685	15.068.433	1,1%
Þorlákshöfn	2.827	13.634.605	0,0%
Ólafsvík	186.692	13.346.529	1,4%
Neskaupstaður	62.418	11.783.006	0,5%
Ísafjörður	87.553	11.255.481	0,8%

Eftirfarandi tafla sýnir þær 10 hafnir þar sem mestu magni var landað af afla veiddum af strandveiðibátum (magn í kg):

Höfn	Strandveiðar	Heild	Hlutfall
Bolungarvík	219.027	10.229.519	2,1%
Grímsey	207.551	3.079.297	6,7%
Patreksfjörður	195.808	5.262.961	3,7%
Rif	195.247	16.599.733	1,2%
Ólafsvík	186.692	13.346.529	1,4%
Dalvík	176.972	8.590.792	2,1%
Húsavík	168.788	3.478.347	4,9%
Sandgerði	168.685	15.068.433	1,1%
Siglufjörður	157.670	8.967.639	1,8%
Stöðvarfjörður	157.475	2.845.670	5,5%

Eftirfarandi tafla sýnir þær 10 hafnir þar sem hlutfall afla strandveiðibáta var hæst, sem hlutfall af heildarafla lönduðum í höfninni (magn í kg):

Höfn	Strandveiðar	Heild	Hlutfall
Skarðsstöð	2.670	2.670	100,0%
Breiðdalsvík	68.604	76.678	89,5%
Mjóifjörður	3.171	8.231	38,5%
Brjánslækur	23.305	62.246	37,4%
Norðurfjörður	18.937	62.355	30,4%
Bakkafjörður	154.599	660.112	23,4%
Raufarhöfn	101.140	876.070	11,5%
Kópasker	41.034	368.818	11,1%
Borgarfjörður eystri	56.128	567.515	9,9%
Vopnafjörður	51.487	558.062	9,2%

6. *Hve mikill hluti aflans fór til vinnslu í þeim höfnum sem landað var?*

Upplýsingar hvað varðar þennan lið liggja ekki fyrir að svo stöddu. Gert er ráð fyrir, á grundvelli úrvinnslu gagna úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR), að upplýsingar þessar liggi fyrir undir lok nóvember nk.

81. Fyrirspurn [80. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um forvarnir og viðbrögð við kynbundu ofbeldi.

Frá Davíð Stefánssyni.

1. Hversu miklum fjármunum er varið árlega í annars vegar forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og hins vegar viðbrögð við afleiðingum kynbundins ofbeldis?
2. Hvaða skilgreiningar notar ráðuneytið til að afmarka annars vegar forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og hins vegar viðbrögð við afleiðingum þess?

Skriflegt svar óskast.

82. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sérstakur frádráttur nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

2. gr.

Við 1. mgr. B-liðar 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf lögaðila sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

3. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 15.000.000 kr.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að skattaðili eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef skattaðili kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

4. gr.

Við 4. mgr. 112. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá álögðum tekjuskatti lögaðila sem falla undir 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skal draga fjárhæð sem ákvörðuð er skv. 11. gr. þeirra laga áður en greiðsluskylda samkvæmt þessari málsgrein er ákvörðuð. Sé engin eða lægri greiðsluskylda fyrir hendi skal greiða frádráttinn út að hluta eða öllu leyti. Reglur um skuldajöfnun skattfrádráttar á móti opinberum gjöldum eða vörslusköttum til ríkissjóðs, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekjuársins 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að nýsköpunarfyrirtækjum verði veittur stuðningur í formi frádráttar frá tekjuskatti í hlutfalli við útlagðan kostnað við rannsóknir og þróun og hins vegar að skattaðilum verði heimilaður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum sem viðurkennd hafa verið af Rannís. Skilyrði hlutabréfafrádráttar er m.a. að um kaup á nýju hlutafé sé að ræða sem gangi beint til aukningar á eigin fé nýsköpunarfyrirtækis. Almenn hlutabréfaviðskipti falla þannig ekki undir lögin. Leiða má að því líkur að frádráttur sem þessi verði til þess að efla rannsóknar- og þróunarstarf innan nýsköpunarfyrirtækja.

Nánari ákvæði um skilyrði sem nýsköpunarfyrirtæki skal uppfylla til að frádráttur komi til álita er að finna í sérstökum lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki en frumvarp þess efnis er lagt fram samhliða frumvarpi þessu.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni beinan kostnað ríkissjóðs af umræddri ríkisaðstoð við nýsköpunarfyrirtæki, en hann er í raun þríþættur samkvæmt tillögum frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er tillaga um beinan stuðning í formi skattfrádráttar við nýsköpunarfyrirtækið sjálft. Sé tekið mið af reynslu Norðmanna og reynslu Tækniþróunarsjóðs er ekki óvarlegt að ætla að fjöldi samþykktra nýsköpunarverkefna gæti orðið á bilinu 100–150 á ári og meðalstærð verkefnis verði 30–40 millj. kr. Miðað við þær forsendur næmi stuðningurinn 450–750 millj. kr. á ári, væntanlega eitthvað lægri fjárhæð fyrsta árið, en næði hámarki á þriðja ári.

Í öðru lagi er lagt til að einstaklingum verði veittur skattafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum sem gefin eru út af nýsköpunarfyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti varið allt að 300 þús. kr. árlega til hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum, sem myndi frádrátt frá tekjuskattsstofni þeirra og er sú fjárhæð tvöföld hjá hjónum. Sé við það miðað að 1.000 einstaklingar og sami fjöldi hjóna fjárfesti samkvæmt hámarksfjárhæð í slíkum bréfum, eða samtals um 900 millj. kr., lækkar tekjuskattur þessara aðila um 200–250 millj. kr. og tekjur ríkissjóðs samsvarandi. Jafnframt lækka tekjur sveitarfélaga í formi útsvars um liðlega 100 millj. kr. Miðað við framangreindar forsendur nemur stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki í þessu formi því um 300–350 millj. kr. Til fróðleiks má nefna að tekjuskattsfrádráttur vegna almenna hlutabréfaafsláttarins, sem hér var við lýði á tímabilinu 1991–2003, varð hæstur samtals 2.660 millj. kr. á árinu 1997, og náði til liðlega 17.500 framteljenda.

Í þriðja lagi er einnig lagt til að lögaðilar fái heimild til skattafsláttar vegna kaupa á hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja. Í frumvarpinu er miðað við að lögaðilar geti fjárfest fyrir allt að 15 millj. kr. árlega í slíkum bréfum sem samhliða veiti þeim rétt til frádráttar frá tekjuskattsstofni. Sé gengið út frá þeim forsendum að 250 lögaðilar nýti sér þennan rétt árlega, þ.e. kaupi hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum fyrir 3,5–4 milljarða kr., gæti það lækkað tekjuskattsgreiðslur þeirra um nálægt 500 millj. kr. á ári.

Þegar allt er lagt saman gæti ríkisaðstoð í formi þeirra skattaívilnana sem að framan er lýst numið 1.200–1.500 millj. kr., auk þess sem stuðningur sveitarfélaga í formi lægra útsvars næmi liðlega 100 millj. kr. Þá er ótalinn sá stuðningur sem fram kæmi sem aukið hlutafé til viðkomandi nýsköpunarfyrirtækja frá einstaklingum og fyrirtækjum í stað lánsfjár verði frumvarp þetta að lögum, en áhrif þess munu fyrst koma fram við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011. Hafa ber þó í huga að þær fjárhæðir sem hér hafa verið nefndar eru mikilli óvissu háðar og er þeim fyrst og fremst ætlað að gefa lauslega hugmynd um möguleg áhrif af tillögum frumvarpsins.

Hér að framan hefur einungis verið horft til þeirra útgjalda sem opinberir aðilar kunna að verða fyrir með beinum hætti verði frumvarpið að lögum. Markmið stjórnvalda með slíkum stuðningi er vitaskuld að stuðla að verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap með sköpun nýrra atvinnutækifæra og fjölgun starfa sem ella hefðu ekki orðið til. Sú verðmætasköpun mun án efa leiða til aukinna skatttekna, bæði beinna og óbeinna, til allrar framtíðar, sem búast má við að geri gott betur en að vega upp beinan kostnað af þeirri ríkisaðstoð sem efnt kann að vera til í þessu sambandi. Hver nettóáhrifin verða til lengri tíma litið á afkomu ríkissjóðs, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls er útilokað að meta í fjárhæðum á þessu stigi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu er tekið skýrt fram að fjárhæð sú sem ákvörðuð er til frádráttar skv. 11. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skuli ekki teljast til skattskyldra tekna viðkomandi.

Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til að mönnum verði heimilað að draga frá skattskyldum tekjum kaup á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum, þ.e. að kaupverð hlutabréfanna gangi beint til hækkunar á eigin fé félagsins.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjum verðmæti keyptra hlutabréfa, en þó með ákveðnu hámarki sem er 300.000 kr. fyrir einstaklinga og fyrir hjón 600.000 kr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri haldi skrá yfir þau félög sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís, sbr. lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Í 4. mgr. er fjallað nánar um skilyrði frádráttar. Meðal annars er skilyrði fyrir frádrætti að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Verði bréfin seld innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa að viðbættu álagi. Kaupi maður hins vegar bréf innan ársins fyrir sömu fjárhæð skal þó ekki tekjufæra frádráttinn.

Í 5. og 6. mgr. er tekið fram að ekki sé heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. Að auki kemur fram að frádráttur heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr. tekjuskattslaga.

Í 7. mgr. er að finna heimild til að setja reglugerð um ýmsa þætti viðkomandi frádrættinum almennt. Ýmis vandamál er varða skattalega framkvæmd kunna að koma upp þegar breytingar verða á högum manna frá frádráttarári til söluárs. Meðal annars breytingar á hjúskaparstöðu, andlát, heimilisfesti o.s.frv. Er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra verði heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd á þessu ákvæði.

Um 3. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til að frá rekstrartekjum verði heimilað að draga kaup á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum, þ.e. að kaupverð hlutabréfanna gangi beint til hækkunar á eigin fé félagsins.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjum verðmæti keyptra hlutabréfa, en þó með ákveðnu hámarki sem er 15.000.000 kr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri haldi skrá yfir þau félög sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís, sbr. lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, þ.m.t. sjóði þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf í staðfestum nýsköpunarfyrirtækjum.

Í 4. mgr. er fjallað nánar um skilyrði frádráttar. Meðal annars er skilyrði fyrir frádrætti að eignarhald á hlutabréfunum vari yfir þrenn áramót og að árlega sé gerð grein fyrir eignarhaldi þeirra. Verði bréfin seld innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa, að viðbættu álagi. Kaupi skattaðili hins vegar bréf innan ársins fyrir sömu fjárhæð skal þó ekki tekjufæra frádráttinn.

Í 5. og 6. mgr. er tekið fram að ekki sé heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. Að auki kemur fram að frádráttur heimilast frá tekjum skv. B-lið 7. gr. tekjuskattslaga.

Í 7. mgr. er að finna heimild til að setja reglugerð um ýmsa þætti viðkomandi frádrættinum almennt.

Um 4. gr.

Ákvæðið fjallar um fyrirkomulag á meðferð sérstaks frádráttar skv. 11. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti sé hann fyrir hendi en ef skattalegt tap er af rekstri nýsköpunarfyrirtækisins er frádrátturinn greiddur út, að hluta eða öllu leyti þegar álagning opinberra gjalda lögaðila fer fram, að teknu tilliti til skuldajöfnunar.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt á þá leið að skattaðilum verði heimilaður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í hlutafjáraukningu nýsköpunarfyrirtækja. Viðkomandi hlutafélög þurfa að hafa fengið staðfestingu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís, sem nýsköpunarfyrirtæki í samræmi við lög um slík fyrirtæki.

Frumvarpið er lagt fram samhliða öðru frumvarpi til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Vísað er til umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um það frumvarp þar sem fjallað er um þessi áform og hugsanleg áhrif þeirra á afkomu ríkissjóðs.

83. Frumvarp til laga [82. mál]

um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessara laga er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til viðurkenndra nýsköpunarfyrirtækja, þó ekki til eftirtalinna aðila:

1. Háskóla, opinberra stofnana (náttúrustofa, sjálfseignarstofnana o.fl.) né opinberra hlutafélaga.
2. Fyrirtækja sem ekki uppfylla skilyrði II. kafla.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aukning hlutafjár:* Hækkun hlutafjár í skilningi V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

2. *Framlag til nýsköpunar:* Útlagður kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.
3. *Hlutabréfakaup:* Kaup á hlutabréfum til aukningar á hlutafé fyrirtækisins, sbr. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
4. *Nýsköpun:* Starfsemi sem leiðir til nýrrar og endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferlis og markaðslegs ávinnings.
5. *Nýsköpunarfyrirtæki:* Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem vinna að nýsköpun.
6. *Opinber hlutafélög:* Hlutafélög eða einkahlutafélög sem eru beint eða óbeint í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á vegum þeirra.
7. *Rannís:* Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.
8. *Rannsóknar- og þróunarkostnaður:* Beinn kostnaður, svo sem vegna sérhæfðra starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og aðfanga.
9. *Rannsóknir:* Tilraunir eða fræðileg vinna sem innt er af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á undirstöðum fyrirbæra og atburða.
10. *Skattaðili:* Aðili sem er skattskyldur skv. I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og á rétt á frádrætti skv. 30. og 31. gr. sömu laga.
11. *Skattafsláttur:* Frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 30. og 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
12. *Skattfrádráttur:* Frádráttur frá álögðum tekjuskatti, eða endurgreiðsla samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.
13. *Verkferlar:* Skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstöðu til starfsins.
14. *Viðskiptaáætlun:* Greinargerð um viðskiptahugmynd fyrirtækis, starfsemi þess og möguleika.
15. *Þróun:* Kerfisbundin vinna byggð á fyrirliggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu og miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki.

II. KAFLI
Umsóknarferli.

4. gr.
Umsóknir til Rannís.

Umsóknir samkvæmt lögum þessum skulu sendar Rannís á þar til gerðu eyðublaði eða með öðrum sambærilegum hætti.

Lögaðili sem óskar eftir staðfestingu Rannís á að teljast nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum skal senda umsókn þess efnis til Rannís í síðasta lagi 1. september ár hvert. Tilgreina skal hvort sótt er um staðfestingu vegna skattfrádráttar, sbr. 5. gr., eða hlutafjáraukningar, sbr. 6. gr. Sami lögaðili getur sótt um hvort tveggja.

5. gr.
Staðfesting vegna skattfrádráttar.

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 20 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og

3. að verkferlar séu vel skilgreindir, starfsmenn hafi þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstaða sé til starfsins.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn.

6. gr.

Staðfesting vegna hlutafjáraukningar.

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningum lögaðilans undanfarin tvö af þremur árum næst á undan umsóknarári hafi numið meira en 1,5% af rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða varið hafi verið a.m.k. 40 millj. kr. til rannsókna og þróunar á ári undanfarin tvö ár, og
2. að verkferlar séu vel skilgreindir, þ.e. skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstaða sé til starfsins, og
3. að hluthafafundur hafi tekið ákvörðun um aukningu hlutafjár skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn.

Hafi rannsóknar- og þróunarkostnaður ekki verið sérgreindur í ársreikningi skal umsækjandi gera ítarlega grein fyrir honum með öðrum sannanlegum hætti.

7. gr.

Samstarfsverkefni.

Ef um er að ræða samstarfsverkefni fleiri en eins umsækjanda skal hver um sig hafa hlotið staðfestingu Rannís, sbr. 5. og/eða 6. gr.

8. gr.

Málsmeðferð.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar taka ákvörðun um hvort lögaðili hljóti staðfestingu skv. 5. eða 6. gr. og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna til embættis ríkisskattstjóra um lögaðila sem uppfyllt hafa annars vegar skilyrði 5. gr. og hins vegar 6. gr.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir lögaðila sem hlotið hafa staðfestingu Rannís og skal hún vera öllum aðgengileg.

Um meðferð umsókna hjá Rannís fer eftir lögum þessum og öðrum lögum sem um stofnunina gilda.

Ákvarðanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Gildistími staðfestingar.

Staðfesting Rannís skv. 5. og/eða 6. gr. skal miðast við umsóknarár og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1.

apríl. Rannís skal taka umsókn um framlengingu til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá móttöku hennar. Fallist Rannís á framlengingu gildir staðfestingin fyrir það ár.

III. KAFLI
Framkvæmd.

10. gr.
Skattfrádráttur.

Nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á tekjuárinu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 15 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. skilyrði reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skal vera 50.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hámark kostnaðar samtals vera 75.000.000 kr. Sé um að ræða samstarfsverkefni, sbr. 7. gr., skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli nýsköpunarfyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. X. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Kostnaður vegna rannsókna og þróunar sem fæst endurgreiddur við sölu heimilast ekki til útreiknings á frádrætti samkvæmt ákvæði þessu.

Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um skiptingu og meðferð óbeins kostnaðar, þ.m.t. um fyrningu, fjármagnskostnað og launakostnað, sem til fellur vegna rannsókna- og þróunarverkefna í þessu sambandi.

11. gr.
Greiðsla skattfrádráttar.

Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Við ákvörðun á skattalegu tapi í þessu sambandi skal einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem það hlýtur staðfestingu skv. 5. gr.

12. gr.
Opinberar styrkveitingar og útseldar rannsóknir.

Hafi lögaðili hlotið styrk frá opinberum aðila til sama nýsköpunarverkefnis og umsókn um skattfrádrátt skv. 5. gr. tekur til getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr. að viðbættri styrkfjárhæð aldrei orðið hærri en 70% af hámarkskostnaði við verkefnið.

13. gr.

Kostnaður á umsóknarári.

Á því rekstrarári sem nýsköpunarfyrirtæki fær staðfestingu Rannís á að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt skal heimilt að telja til rannsóknar- og þróunarkostnaðar í skilningi laganna þau útgjöld sem beint tengjast viðkomandi verkefni og lagt hefur verið í á árinu. Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís telst ekki með í þessu sambandi.

14. gr.

Skattafsláttur vegna hlutafjáraukningar.

Skattaðili sem kaupir hlutabréf í nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur staðfestingu Rannís skv. 6. gr., getur dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum á tekjuárinu innan þeirra marka sem um getur í 3. tölul. 1. mgr. B-liðar 30. gr. og 12. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sama gildir um nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 1. málsl., í sömu félagaformum heimilisföstum innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir því sem við á sem hlotið hefur viðurkenningu sambærilegrar stofnunar og Rannís.

Skattafsláttur skv. 1. mgr. er bundinn því skilyrði að um hlutafjáraukningu sé að ræða í viðkomandi nýsköpunarfyrirtæki, sbr. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

15. gr.

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hafi lögaðili, sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. og/eða 6. gr., jafnframt notið annars opinbers stuðnings til sama rannsóknar- og þróunarverkefnis getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr., að viðbættri annarri ríkisaðstoð, aldrei orðið hærri en leyfilegt hámarkshlutfall af styrkhæfum kostnaði vegna viðkomandi verkefnis eftir því sem nánar er kveðið á um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til verkefna á sviði nýsköpunar eða rannsókna og þróunar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Lögin skulu koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur sem miða að því að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja, en bætt umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja er eitt af stefnumálum ríkisstjórnarinnar. Verði frumvarpið að lögum má vænta þess að hagfelldari skattaleg skilyrði

hérlendis geti leitt til þess að störfum í rannsóknum og þróun innan íslenskra fyrirtækja fjölgi umtalsvert. Þeirri skipan sem komið yrði á er ætlað að vera hvati fyrir nýsköpun og þróun í bæði nýjum og rótgrónum fyrirtækjum.

Þeir lögaðilar einir teljast falla undir ákvæði frumvarpsins um stuðning við nýsköpun sem hlotið hafa staðfestingu Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) þar sem sérfræðingar meta umsóknir þeirra um hvort ákveðin verkefni falli undir skilgreiningu frumvarpsins á nýsköpunarfyrirtæki. Skattframkvæmd mun verða í höndum embættis ríkisskattstjóra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tveimur leiðum til að styðja við nýsköpun í íslensku atvinnulífi sem báðar stefna að sama marki en með ólíkri framkvæmd og útfærslu.

Í fyrsta lagi er lagður til skattfrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna þeirra aðila sem stunda skattskyldan atvinnurekstur á Íslandi og hafa fengið rannsóknar- og þróunarverkefni viðurkennd af Rannís. Lagt er til að nýsköpunarfyrirtæki sem ráðast í verkefni sem hafa að geyma nýja þekkingu, þjónustu, vöru eða tækni sem eflir samkeppnisstöðu þeirra fái sérstakan frádrátt frá álögðum tekjuskatti sínum. Þessi sérstaki frádráttur reiknast sem ákveðið hlutfall, eða 15%, af raunverulegum rannsóknar- og þróunarkostnaði óháð færslu hans í bókhaldi, þ.e. hvort sem hann er gjaldfærður strax þegar hann fellur til eða eignfærður og gjaldfærður síðar. Réttur þessi stendur öllum fyrirtækjum til boða sem fengið hafa staðfestingu hjá Rannís og verður kostnaður vegna rannsókna og þróunar að nema að lágmarki 20 millj. kr. á ári til að réttur skapist. Hámark styrkhæfs kostnaðar er 50 millj. kr. á ári, eða 75 millj. kr. ef um aðkeypta þjónustu er að ræða. Það þýðir að styrkur hvers fyrirtækis getur orðið á bilinu 3–11 millj. kr. á ári.

Hvatar skattalegs eðlis í þágu nýsköpunarfyrirtækja hafa verið við lýði í mörg ár í nágrannaríkjum Íslands. Árið 1996 var stuðningur í þessu formi virkur hjá 12 ríkjum innan OECD, en árið 2008 voru ríkin orðin 21. Noregur er eitt þeirra og þar hefur sá árangur sem hlotist hefur af þessu fyrirkomulagi verið endurskoðaður reglulega með tilliti til mikilvægis skattafsláttar við fjármögnun vísinda og tækni. Umfang kostnaðar vegna heildarstuðnings við rannsóknir og þróun er breytilegur milli ríkja, og er frá því að vera um 0,01% af vergri landsframleiðslu í Noregi til að vera 0,15% í Kanada.

Norðmenn hafa á síðustu árum byggt upp kerfi skattfrádráttar vegna útlagðs kostnaðar við rannsóknar- og þróunarverkefni og hefur m.a. verið horft til þess við samningu frumvarpsins. Regluverk Norðmanna hefur verið í gildi frá árinu 2002 og markmið þess er að stuðla að auknum rannsóknum og þróun hjá norskum fyrirtækjum. Þar í landi þarf að uppfylla ýmis skilyrði til að eiga rétt á frádrættinum og hefur verið horft til þeirra skilyrða m.a. hvað varðar hámark og afmörkun kostnaðar, að kostnaður falli til innan rekstrarársins og kostnaður sem fallið hefur til á fyrri stigum komi ekki til álita. Þá hefur verið tekið mið af ýmsu varðandi umsóknarferlið, t.d. varðandi tímafresti. Í Noregi eru reglur um hámark tiltekinna kostnaðarliða og að öðru leyti hvernig skuli reikna út óbeinan kostnað. Lagt er til að höfð verði hliðsjón af þeim reglum varðandi meðferð óbeins kostnaðar og að fjármálaráðherra skuli setja reglugerð þar um.

Gert er ráð fyrir því að skattyfirvöld meti réttmæti kostnaðarliða svo sem almennt gildir um rekstrarkostnað og sjái um ákvörðun hins sérstaka frádráttar frá skatti við álagningu opinberra gjalda.

Í öðru lagi er um að ræða frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna og lögaðila í nýsköpunarfyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að frádrátturinn muni hvetja menn og lögaðila til slíkra fjárfestinga og um leið aukist eigið fé nýsköpunarfyrirtækja, enda er miðað við að um viðskipti með nýtt hlutafé sé að ræða. Gera má ráð fyrir að aukning eigin fjár leiði

til þess að nýsköpunarfyrirtækjum bjóðist betri möguleikar á lánsfjármörkuðum. Fjárfestar öðlast þannig heimild til frádráttar frá skattskyldum tekjum vegna kaupa á hlutabréfum í viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum sem ætti að virkja hvetjandi og auka áhuga þar á.

Verði frumvarp þetta að lögum er nauðsynlegt að samhliða verði gerðar breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Með frumvarpinu er kveðið á um tiltekið form ríkisaðstoðar við nýsköpunarfyrirtæki og ber því með vísan til 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um áformaða ríkisaðstoð. Samhliða framlagningu þessa frumvarps á Alþingi hefur ESA verið formlega tilkynnt um frumvarpið. Í samræmi við málsmeðferðarreglur ESA er ekki unnt að hefja veitingu ríkisaðstoðarinnar fyrr en ESA hefur staðfest að hún sé lögmæt og innan þess ramma sem ríkisstyrkjareglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kveða á um. Um reglur þær sem gilda um ríkisaðstoð til nýsköpunarfyrirtækja vísast nánar til umfjöllunar um 15. gr. frumvarpsins.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni beinan kostnað ríkissjóðs af umræddri ríkisaðstoð við nýsköpunarfyrirtæki, en hann er í raun þríþættur samkvæmt tillögum frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er tillaga um beinan stuðning í formi skattfrádráttar við nýsköpunarfyrirtækið sjálft. Sé tekið mið af reynslu Norðmanna og reynslu Tækniþróunarsjóðs er ekki óvarlegt að ætla að fjöldi samþykktra nýsköpunarverkefna gæti orðið á bilinu 100–150 á ári og meðalstærð verkefnis verði 30–40 millj. kr. Miðað við þær forsendur næmi stuðningurinn 450–750 millj. kr. á ári, væntanlega eitthvað lægri fjárhæð fyrsta árið, en næði hámarki á þriðja ári.

Í öðru lagi er lagt til að einstaklingum verði veittur skattafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum sem gefin eru út af nýsköpunarfyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti varið allt að 300 þús. kr. árlega til hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum, sem myndi frádrátt frá tekjuskattsstofni þeirra og er sú fjárhæð tvöföld hjá hjónum. Sé við það miðað að 1.000 einstaklingar og sami fjöldi hjóna fjárfesti samkvæmt hámarksfjárhæð í slíkum bréfum, eða samtals um 900 millj. kr., lækkar tekjuskattur þessara aðila um 200–250 millj. kr. og tekjur ríkissjóðs samsvarandi. Jafnframt lækka tekjur sveitarfélaga í formi útsvars um liðlega 100 millj. kr. Miðað við framangreindar forsendur nemur stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki í þessu formi því um 300–350 millj. kr. Til fróðleiks má nefna að tekjuskattsfrádráttur vegna almenna hlutabréfaafsláttarins, sem hér var við lýði á tímabilinu 1991–2003, varð hæstur samtals 2.660 millj. kr. á árinu 1997, og náði til liðlega 17.500 framteljenda.

Í þriðja lagi er einnig lagt til að lögaðilar fái heimild til skattafsláttar vegna kaupa á hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja. Í frumvarpinu er miðað við að lögaðilar geti fjárfest fyrir allt að 15 millj. kr. árlega í slíkum bréfum sem samhliða veiti þeim rétt til frádráttar frá tekjuskattsstofni. Sé gengið út frá þeim forsendum að 250 lögaðilar nýti sér þennan rétt árlega, þ.e. kaupi hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum fyrir 3,5–4 milljarða kr. gæti það lækkað tekjuskattsgreiðslur þeirra um nálægt 500 millj. kr. á ári.

Þegar allt er lagt saman gæti ríkisaðstoð í formi þeirra skattaívilnana sem að framan er lýst numið 1.200–1.500 millj. kr., auk þess sem stuðningur sveitarfélaga í formi lægra útsvars næmi liðlega 100 millj. kr. Þá er ótalinn sá stuðningur sem fram kæmi sem aukið hlutafé til viðkomandi nýsköpunarfyrirtækja frá einstaklingum og fyrirtækjum í stað lánsfjár verði frumvarp þetta að lögum, en áhrif þess munu fyrst koma fram við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011. Hafa ber þó í huga að þær fjárhæðir sem hér hafa verið nefndar eru mikilli óvissu háðar og er þeim fyrst og fremst ætlað að gefa lauslega hugmynd um möguleg áhrif af tillögum frumvarpsins.

Hér að framan hefur einungis verið horft til þeirra útgjalda sem opinberir aðilar kunna að verða fyrir með beinum hætti verði frumvarpið að lögum. Markmið stjórnvalda með slíkum stuðningi er vitaskuld að stuðla að verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap með sköpun nýrra atvinnutækifæra og fjölgun starfa sem ella hefðu ekki orðið til. Sú verðmætasköpun mun án efa leiða til aukinna skatttekna, bæði beinna og óbeinna, til allrar framtíðar, sem búast má við að geri gott betur en að vega upp beinan kostnað af þeirri ríkisaðstoð sem efnt kann að vera til í þessu sambandi. Hver nettóáhrifin verða til lengri tíma litið á afkomu ríkissjóðs, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls er útilokað að meta í fjárhæðum á þessu stigi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið tilgreinir markmið laganna en með þessum sérlögum er stefnt að eflingu fyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun. Til að ná markmiðum laganna er í fyrsta lagi gert ráð fyrir sérstökum skattfrádrætti til handa viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum sem hlutfalli af beinum kostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni. Í öðru lagi að hvetja til fjárfestinga manna og lögaðila í hlutafjáraukningu í slíkum fyrirtækjum með því að heimila frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingarinnar. Fyrirmyndin að skattfrádrætti er helst fengin frá svokölluðu SkatteFUNN-kerfi Norðmanna sem verið hefur við lýði í Noregi frá árinu 2002.

Um 2. gr.

Ákvæðið tilgreinir gildissvið laganna en það tekur til viðurkenndra nýsköpunarfyrirtækja sem öðlast hafa staðfestingu frá Rannís. Lögunum er ekki ætlað að taka til opinberra stofnana, háskóla eða opinberra hlutafélaga. Þannig falla t.a.m. rannsóknastofnanir eins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem er opinber rannsóknastofnun, og Matís, sem er opinbert hlutafélag, auk háskólanna, ekki undir lögin þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé á sviði nýsköpunar.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér skýringar á þeim orðum og hugtökum sem finna má í lögunum.

Um 4. gr.

Umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum þurfa að berast til Rannís fyrir 1. september á því tekjuári sem næst fer á undan álagningarári svo unnt sé að taka tillit til skattalegs hagræðis við álagningu. Gert er ráð fyrir rafrænu umsóknarferli. Lögaðila er heimilt að sækja um viðurkenningu á því að flokkast undir nýsköpunarfyrirtæki annaðhvort skv. 5. og/eða 6. gr. laganna. Með staðfestingu Rannís öðlast fyrirtækið rétt til skattfrádráttar í samræmi við skipan þá sem lagt er upp með í frumvarpi þessu og ákvæði tekjuskattslaga en frumvarp um breytingu á síðargreindu lögunum er lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

Um tvenns konar umsóknir verður að ræða. Annars vegar um staðfestingu sem leitt getur til hins sérstaka frádráttar frá skatti, sbr. 10. og 11. gr., og hins vegar staðfestingu á því að uppfyllt séu skilyrði fyrir því að þeir sem kaupa hlutabréf í viðkomandi félagi geti af þeim sökum átt rétt á frádrætti frá skattskyldum tekjum sínum, sbr. 14. gr.

Gert er ráð fyrir því að umsóknir geti borist allt árið um kring en sækja þurfi um fyrir 1. september til að öðlast rétt vegna þess sama rekstrar- eða tekjuárs. Á upphafsári má því gera ráð fyrir því að umsóknir berist Rannís allt frá gildistöku laganna til 1. september 2010.

Framkvæmd umsókna og matsferli skv. II. kafla laganna verður í höndum Rannís.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði þessi fjalla um þau skilyrði sem leggja skal til grundvallar mati á þeim forsendum sem settar eru til þess að umsækjendur geti hlotið staðfestingu Rannís sem nýsköpunarfyrirtæki. Ljóst er að við mat á umsóknum þarf að taka mið af jafnt hlutlægum sem huglægum atriðum varðandi það hvort fyrirhugað verkefni feli í sér nýsköpun eða hvort um er að ræða rekstur sem snýst um að afrita eða búa til vörur eða þjónustu sem aðrir hafa hannað. Rannís hefur mikla þekkingu og reynslu af slíku mati.

Í 5. gr. frumvarpsins er m.a. miðað við að fyrirtæki verji eða sýni fram á að varið verði a.m.k. 20 millj. kr. til rannsóknar og þróunar á ári til þess að uppfylla skilyrði fyrir skattfrádrætti enda þykja ekki forsendur til að styrkja með þessum hætti verkefni af minna umfangi.

Til þess að uppfylla skilyrði um að frádráttur vegna hlutabréfakaupa komi til álita þurfa fyrirtæki að verja meira en 1,5% af veltu eða að lágmarki 40 millj. kr. til rannsókna og þróunar. Talið er að fyrirtæki sem uppfylla síðari skilyrðin, sé litið til tveggja af undanfarandi þremur árum, hafi nægilega þróaða innviði til að fá staðfestingu skv. 6. gr.

Þegar staðfesting Rannís liggur fyrir gefast möguleikar eftir atvikum á skattfrádrætti viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis og/eða þeirra manna og lögaðila sem fjárfest hafa beint í nýju hlutafé í þeim. Frádráttur nýsköpunarfyrirtækja kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti eða til útgreiðslu ef ekki er um tekjuskatt að ræða. Frádrátt vegna hlutabréfakaupa fá þeir aðilar sem fjárfesta í viðurkenndu nýsköpunarfyrirtæki en kaup á slíkum hlutabréfum þurfa að fela í sér aukningu á hlutafé félagsins. Að öðrum kosti kemur frádráttur ekki til álita. Tekið skal fram að fyrirtæki sem uppfyllir skilyrði 6. gr. uppfyllir þegar af þeirri ástæðu skilyrði 5. gr. en ekki öfugt.

Sjá nánari umfjöllun um fyrirkomulag frádráttar og útgreiðslu í athugasemdum við 10. og 11. gr.

Um 7. gr.

Séu nýsköpunarverkefni unnin í samstarfi fleiri en eins aðila þarf hver aðili um sig að hafa hlotið staðfestingu Rannís til að frádráttur samkvæmt lögunum komi til álita og uppfylla þau skilyrði sem sett eru í þeim efnum.

Um 8. gr.

Ákvæðið fjallar um málsmeðferð hjá Rannís við mat á umsóknum og afgreiðslu þeirra. Um stofnunina, sem er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið, gilda sérlög ásamt ákvæðum stjórnsýslulaga. Gert er ráð fyrir því að ákvörðun Rannís verði endanleg á stjórnsýslustigi. Ákvarðanir Rannís um hvaða fyrirtæki hljóta viðurkenningu sem nýsköpunarfyrirtæki eru því ekki kæranlegar til ráðuneytisins. Málsmeðferð Rannís tekur mið af því verklagi sem systurstofnun hennar, Norsk Forskningsråd, hefur þróað vegna SkatteFUNN.

Um 9. gr.

Staðfesting Rannís á fyrsta ári gildir fyrir það tekjuár. Sá lögaðili sem vill njóta áframhaldandi réttinda verður að endurnýja umsókn sína og sýna fram á áframhaldandi starfsemi í nýsköpun, þ.e. senda Rannís gögn og upplýsingar til mats á stöðu sinni eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Reynist umsókn ófullnægjandi kemur ekki til áframhaldandi staðfestingar og réttur samkvæmt lögunum fellur niður. Mikilvægt er að svo fljótt sem við verður komið liggi fyrir

hvort nýsköpunarfyrirtæki og þeir sem hyggjast fjárfesta í þeim eigi rétt á frádrætti og eru því framangreind tímamörk sett.

Um 10. gr.

Nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt, á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti miðað við þann rannsóknar- og þróunarkostnað sem lagt hefur verið í vegna viðkomandi nýsköpunarverkefnis, að hámarki 50 millj. kr., sem gildir fyrir hvert verkefni um sig óháð því hvort það er unnið af fleiri en einu nýsköpunarfyrirtæki. Sé jafnframt um að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðilum getur hámark heildarkostnaðar þó numið 75 millj. kr. Frádráttur getur orðið allt að 15 hundraðshlutum af rannsóknar- og þróunarkostnaði eftir atvikum, á bilinu 3.000.000–11.250.000 kr. Framangreindar fjárhæðir kostnaðar gilda í heild fyrir hvert verkefni og skiptist heildarfjárhæðin eftir atvikum í hlutfalli við þátttökufjölda viðurkenndra aðila í kostnaði við samstarfsverkefnið.

Hinn sérstaki frádráttur dregst frá álögðum tekjuskatti og hefur engin áhrif á meðferð raunverulegs kostnaðar sem eftir atvikum kemur að fullu til frádráttar sem rekstrarkostnaður strax eða á síðari stigum. Sé ekki um álagðan tekjuskatt að ræða greiðist frádrátturinn út skv. 11. gr. Sé um samstarfsverkefni að ræða skiptist frádráttur hlutfallslega miðað við útlagðan kostnað við verkefnið. Sá kostnaður sem myndar andlag sérstaks frádráttar þarf að uppfylla almenn skilyrði fyrir frádráttarbærni í skattalegum skilningi, svo sem um tengsl kostnaðar við viðkomandi verkefni. Þá þarf að halda sérstaklega utan um þennan rannsóknar- og þróunarkostnað og gera grein fyrir honum á þann veg sem ríkisskattstjóri ákveður. Gert er ráð fyrir að sú kostnaðargreinargerð sem lögð verði fram með skattframtali verði árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður sem fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapi frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færist slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda og telst eftir atvikum með kostnaði til ákvörðunar frádráttar hjá honum. Þá hafa þau fyrirtæki sem vinna að nýsköpunarverkefnum oft og tíðum jafnframt með höndum annan rekstur eins og sölu á fyrri framleiðslu, ekki síst ef þau eru orðin rótgróin. Þannig fellur til kostnaður sem er sameiginlegur með fleiri en einum rekstrarþætti eða verkefni, t.d. stjórnunar- og fjármagnskostnaður. Þá eru fasteignir, tæki og tól nýtt bæði til nýsköpunar og almenns rekstrar. Heimfærsla slíks kostnaðar getur verið erfið og matskennd. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem skýrt verður nánar hvernig með kostnaðinn skuli fara að þessu leyti en almennt gilda ákvæði tekjuskattslaga um ákvörðun frádráttarbærs rekstrarkostnaðar við ákvörðun á andlagi sérstaks frádráttar.

Um 11. gr.

Ákvæðið fjallar um meðferð frádráttar skv. 10. gr. Almennt er gert ráð fyrir að fjárhæðin/útreiknaður frádráttur dragist frá álögðum tekjuskatti nýsköpunarfyrirtækis við álagningu opinberra gjalda lögaðila og getur lækkun álagðs tekjuskatts orðið á bilinu 3.000.000–11.250.000 kr. Sé álagður tekjuskattur aftur á móti lægri en frádrátturinn verði mismunurinn greiddur út. Þegar staðan er sú að skattalegt tap er af rekstri nýsköpunarfyrirtækis kemur eðli málsins samkvæmt ekki til lækkunar á tekjuskatti og því ekki mikill ávinningur af frádrættinum öfugt við það sem gerist hjá þeim fyrirtækjum sem skila skattalegum hagnaði. Því er gert ráð fyrir að sé fyrirtæki ekki gert að greiða tekjuskatt vegna skattalegs taps verði frá-

dráttur skv. 10. gr. greiddur út. Ekki er gert ráð fyrir að tekið sé tillit til rekstrartaps sem fallið hefur til áður en fyrirtæki hefur hlotið staðfestingu Rannís samkvæmt lögunum.

	Fyrirtæki 1	**Fyrirtæki 2**	**Fyrirtæki 3**
Kostnaður við rannsóknir og þróun	20.000.000 kr.	20.000.000 kr.	20.000.000 kr.
Álagður tekjuskattur	1.500.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
Skattfrádráttur skv. 10. gr.	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Tekjuskattur til greiðslu	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Útgreiddur frádráttur	1.500.000 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.

Í framangreindri töflu eru tekin þrjú dæmi um útreikning skattfrádráttar, þar sem rannsóknar- og þróunarkostnaður er 20.000.000 kr. Í öllum tilvikum er heildarskattfrádráttur samtals 3.000.000 kr., en það veltur hins vegar á því hversu hár álagður tekjuskattur er hvort hluti frádráttarins er greiddur út.

Um 12. gr.

Með ákvæði þessu er tekið tillit til þess hvort nýsköpunarfyrirtæki hefur hlotið styrk frá opinberum aðila til sama nýsköpunarverkefnis og hinn sérstaki frádráttur reiknast vegna. Við þær aðstæður þykir rétt að takmarka upp að vissu marki frádrátt skv. 10. gr. og eftir atvikum útgreiðslu skv. 11. gr. þannig að samanlagt geti styrkur og frádráttur aldrei orðið hærri en 70% af kostnaði vegna verkefnisins. Jafnframt þykir rétt að taka af öll tvímæli um að kostnaður, sem fellur til við rannsóknar- eða þróunarverkefni sem unnin eru fyrir annars reikning eða seld eru út, er ekki samtímis andlag frádráttar frá skatti.

Um 13. gr.

Með þessu ákvæði er heimilað að telja með rannsóknar- og þróunarkostnað til ákvörðunar á frádrætti, skv. 10. gr., þrátt fyrir að lagt hafi verið í kostnaðinn áður en staðfesting Rannís á að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt, enda hafi hann fallið til á því tekjuári sem staðfesting er veitt. Kostnaður sem fellur til fyrir þann tíma eða á fyrri árum skal ekki meðtalinn. Sama gildir um kostnað sem varðar umsóknina sjálfa, svo sem við gerð viðskiptaáætlana og slíkt.

Um 14. gr.

Ákvæðið vísar til heimilda sem settar verði í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, samhliða lögfestingu þessa frumvarps. Um er að ræða heimild til handa mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003 og lögaðilum sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laganna, til að draga frá skattskyldum tekjum kaupverð hlutabréfa í þeim nýsköpunarfyrirtækjum sem fengið hafa staðfestingu Rannís á að skilyrði þar að lútandi séu uppfyllt. Sama gildir um nýsköpunarfyrirtæki í sömu félagaformum heimilisföstum innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir því sem við á.

Frádráttur vegna slíkra hlutabréfakaupa er bundinn því grundvallarskilyrði að kaupin eigi sér stað beint í hækkun hlutafjár í viðkomandi félagi þannig að aukning á eigin fé nýsköpunarfyrirtækis eigi sér stað í reynd. Þannig verður ekki um að ræða frádrátt vegna kaupa á hlutabréfum þar sem hönd selur hendi heldur einungis ef um kaup á nýju hlutafé er að ræða.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er kveðið á um meginregluna um bann við ríkisaðstoð. Nánar tiltekið er ákvæðið svohljóðandi: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Það ríkisaðstoðarkerfi sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu fellur undir framangreinda málsgrein þar sem það gengur út á að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, þ.e. nýsköpunarfyrirtækjum. Þarf því að fella frumvarpið undir einhverjar af þeim undanþágum eða réttlætingarástæðum sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Kemur þar fyrst og fremst til álita c-liður 3. mgr. 61. gr. sem kveður á um að „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða“ sé samrýmanleg EES-samningnum „enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett leiðbeinandi reglur, frá febrúar 2007, um ríkisaðstoð til rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna (State aid for research and development and innovation). Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur tekið upp þær reglur og eru þær til leiðbeiningar um það hvaða ríkisaðstoð sé heimil til fyrirtækja sem starfa að nýsköpun eða rannsóknum og þróun. Hámark leyfilegrar aðstoðar fer í hverju tilviki bæði eftir stærð fyrirtækis og eðli verkefnis.

Með vísan til framangreinds er í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins kveðið á um að heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum takmarkist af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Sams konar ákvæði er að finna í öðrum lögum sem innleiða ríkisaðstoðarkerfi, sbr. t.d. 11. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er lögð til sú regla að hafi lögaðili, sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. eða 6. gr., jafnframt notið annars opinbers stuðnings til sama rannsóknar- og þróunarverkefnis geti frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr., að viðbættri annarri ríkisaðstoð, aldrei orðið hærri en leyfilegt hámarkshlutfall af skilgreindum kostnaði vegna viðkomandi verkefnis. Er sú regla í samræmi við ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins um að taka beri tillit til ríkisaðstoðar sem berst sama fyrirtæki frá ólíkum áttum.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að fjármálaráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringar.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Með frumvarpi þessu eru settar fram tillögur sem hafa það að markmiði að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf og stuðla þannig að aukinni atvinnusköpun á því sviði. Annars vegar er ætlunin að veita slíkum fyrirtækjum skattfrádrátt vegna kostnaðar sem til fellur vegna nýsköpunarverkefna og hins vegar að veita frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga einstaklinga og lögaðila í fyrirtækjunum. Þeir aðilar sem óska eftir að fá fyrirtæki sín skráð sem nýsköpunarfyrirtæki þurfa samkvæmt frumvarpinu að sækja sérstaklega um það til Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís. Hægt verði að sækja annars vegar um skattafslátt og hins vegar um hlutafjáraukningu. Sama fyrirtæki getur sótt um hvort tveggja. Rannís veitir síðan staðfestingu á nýsköpunarfyrirtækinu í skilningi laganna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Vegna skattafsláttar þarf hugmynd að nýsköpunarverkefni að vera vel skilgreind, aðstaða og starfsmenn með þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum að vera til staðar og auk þess verður að verja a.m.k. 20 m.kr. til verkefnisins á 12 mánaða tímabili. Vegna hlutafjáraukningar þarf rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningi undanfarin tvö af þremur árum að hafa numið meira en 1,5% af veltu eða að varið hafi verið a.m.k. 40 m.kr. til rannsókna og þróunar á ári undanfarin tvö ár.

Í frumvarpinu er lagt til að fyrirtæki sem hlotið hafa staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki geti fengið 15% frádrátt frá álögðum tekjuskatti miðað við útlagðan kostnað vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna. Hámark kostnaðar verði 50 m.kr. á rekstrarári en geti þó orðið 75 m.kr. ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila. Ef um er að ræða samstarfsverkefni tveggja eða fleiri aðila gildi sama hámark fyrir verkefnið í heild. Skattfrádráttur kemur til lækkunar álögðum gjöldum en sé álagður tekjuskattur lægri eða tekjuskattur ekki álagður verði frádrátturinn greiddur út. Lækkun álagðs tekjuskatts eða útgreiddur styrkur gæti samkvæmt þessu verið á bilinu 3–11,3 m.kr. fyrir nýsköpunarverkefni. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem girða fyrir að þessar ívilnanir að viðbættum öðrum opinberum styrkjum til slíkra verkefna geti orðið hærri en 70% af heildarkostnaði.

Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu er umtalsverð óvissa um hversu mörg fyrirtæki munu óska eftir og fá staðfestingu Rannís sem nýsköpunarfyrirtæki og því afar erfitt að segja fyrir um hvaða áhrif lagasetningin kynni að hafa á afkomu ríkisins, hvort sem er til skemmri eða lengri tíma litið. Einungis er hægt að setja fram lauslega áætlun miðað við gefnar forsendur til þess að gefa til kynna hugsanlega stærðargráðu. Þannig eru í athugasemdum með frumvarpinu settar fram forsendur um að um gæti verið að ræða verkefni á bilinu 100–150 talsins og að meðalfjárhæð þeirra gæti verið á bilinu 30–40 m.kr. Miðað við þessar forsendur gæti skattafsláttur slíkra fyrirtækja orðið á bilinu 450–750 m.kr. á ári þegar lögin væru að fullu komin til framkvæmda en þó væntanlega lægri fyrstu eitt til tvö árin. Þótt fyrirkomulag stuðningsins verði í mynd bæði skattfrádráttar og útgreiðslna í gegnum skattkerfið má telja líklegt út frá reikningshaldslegum viðmiðum og ákvæðum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að þessir styrkir verði gjaldfærðir í rekstrarreikningi ríkisins, þ.e. á útgjaldahlið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skattfrádráttur nýsköpunarfyrirtækja geti komið til fram-

kvæmda vegna tekjuársins 2010 og hefði það því fyrst áhrif á útgjöld ríkissjóðs við álagningu árið 2011.

Frumvarpið felur einnig í sér að einstaklingar og fyrirtæki sem fjárfesta í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum á tekjuárinu innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum um tekjuskatt. Í frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi um breytingu á lögum um tekjuskatt er lagt til að einstaklingum sem ekki tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum verðmæti keyptra hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum umfram seld bréf í sams konar félögum. Frádrátturinn verði þó aldrei hærri en 300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum á ári. Lögaðilum og þeim sem tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi verði á svipaðan hátt heimilt að draga frá tekjuskattsstofni sínum kaup á hlutabréfum sem nemi allt að 15 m.kr.

Mikil óvissa er um fjölda þeirra sem kynnu að vilja fjárfesta í slíkum fyrirtækjum og nýta sér þennan frádrátt. Ef gengið út frá þeirri forsendu að 1.000 einstaklingar og sami fjöldi hjóna nýti sér hámarksfrádrátt, eða sem svarar til 900 m.kr., gæti skattafslátturinn orðið ríflega 200 m.kr. á ári miðað við núverandi tekjuskattshlutfall. Auk þess mundu útsvarstekjur sveitarfélaga þá lækka um liðlega 100 m.kr. Að sama skapi má áætla lauslega að skattafsláttur til lögaðila gæti orðið um 550 m.kr. árlega ef gengið er út frá þeirri forsendu að 250 lögaðilar nýti sér heimildina að fullu. Væntanlega verður litið á slíkan afslátt vegna hlutabréfakaupa sem hluta af skattlagningunni, þ.e. sem lið í ákvörðun tekjuskattsstofnsins líkt og gert var vegna almenna hlutabréfaafsláttarins sem gilti á árunum 1991–2003. Sá afsláttur mundi þá færast til frádráttar á tekjuhlið ríkissjóðs. Áhrif af því kæmu fram við álagningu skatta árið 2011 vegna tekna ársins 2010.

Miðað við þessar gefnu forsendur mundu útgjöld ríkissjóðs hækka um 450–750 m.kr. en tekjur lækka um 750 m.kr. og afkoma ríkissjóðs þar með verða lakari sem nemur um 1.200–1.500 m.kr. á ári þegar einungis er litið til þessara beinu áhrifa. Þetta mundi þá svara til heildarstuðnings ríkisins til nýsköpunarfyrirtækja í þessari mynd en því til viðbótar eru beinir styrkir og hlutafjárframlög sem veitt eru úr ýmsum opinberum sjóðum. Tilgangurinn með frumvarpinu er hins vegar að örva nýsköpun, fjölga störfum og stuðla að verðmætaaukningu í efnahagslífinu. Það mun skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs þegar fram í sækir, sem gæti orðið mun meiri en nemur tilkostnaðinum ef vel tekst til við að byggja upp nýsköpunarstarf og þróa nýja starfsemi sem nær fótfestu til langframa. Við þær óvissu aðstæður í efnahagsmálum sem nú ríkja er þó með engu móti hægt að setja fram töluleg viðmið í því sambandi.

Gera má ráð fyrir að einhver umsýslukostnaður kunni að hljótast af umsýslu og framkvæmd laganna hjá Rannís og ríkisskattstjóra en áætlað er að það muni rúmast innan fjárheimilda viðkomandi ráðuneyta í fjárlögum.

84. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Í stað ártalsins „2010“ í 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII og í ákvæði til bráðabirgða VIII, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 156/2008, kemur: 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um meðferð sakamála var gert ráð fyrir að 1. janúar 2009 tæki til starfa nýtt embætti héraðssaksóknara. Í kostnaðarmati því sem fylgdi frumvarpinu (þskj. 252, 233. mál 135. löggjafarþings) kom fram að yrði embætti héraðssaksóknara komið á fót leiddi það til um 62 millj. kr. hækkunar rekstrarkostnaðar á þessu sviði dómsmálaráðuneytisins. Þá var einnig gert ráð fyrir að við stofnun embættisins félli til tímabundinn stofnkostnaður sem næmi um 10 millj. kr. vegna kaupa á húsgögnum og tækjum. Kostnaðarumsögnin miðaðist því við 72 millj. kr. viðbótarútgjöld á ársgrundvelli. Með lögum nr. 156/2008 var ákveðið að fresta því fram til 1. janúar 2010 að setja embætti héraðssaksóknara á stofn. Var sú breyting liður í sparnaðaraðgerðum dómsmálaráðuneytisins vegna fjárlagaársins 2009. Nú er ljóst að vegna enn frekari sparnaðaraðgerða ráðuneytisins vegna komandi fjárlagaárs verður enn á ný að fresta því að embætti héraðssaksóknara verði sett á stofn.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laga um meðferð sakamála um embætti héraðssaksóknara komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012. Fyrir þann tíma skuli dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara embættisins og skipa í þau, svo og hefja undirbúning að því að embættisskrifstofan taki til starfa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnun sérstaks embættis héraðssaksóknara verði frestað fram til 1. janúar 2011. Gert hafði verið ráð fyrir að embættið tæki til starfa árið 2009 og 35,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins árið 2009 í frumvarpi til fjárlaga. Árlegur kostnaður var metinn á 62 m.kr., auk 10 m.kr. stofnkostnaðar. Vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem gripið var til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009 var þessum áformum frestað. Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnun embættisins verði aftur frestað um eitt ár. Verði frumvarpið

óbreytt að lögum munu framangreind útgjöld ekki falla til á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

85. Svar [27. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um þýðingar á EES-efni.

1. *Hversu mikið er óþýtt af EES-efni og hvað tekur langan tíma að þýða það?*

Óþýtt efni vegna EES-samningsins er um þessar mundir um 1,7 ársverk fyrir Þýðingamiðstöðina í núverandi stærð. Þetta er núverandi staða en þess ber að geta að stöðugt bætist við nýtt efni.

2. *Ber þýðingu ekki að vera lokið áður en Ísland gengur í Evrópusambandið, ef til þess kemur?*

Utanríkisráðuneytið miðar verkáætlun Þýðingamiðstöðvarinnar við að þýðingum verði lokið í árslok 2012 og hefur litið svo á að ekki verði hjá því komist að ljúka umræddum þýðingum áður en til aðildar getur komið.

3. *Hver ber kostnað af þessum þýðingum og hvað er áætlað að hann verði mikill*

Kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna þýðinga á EES-efni er 185,7 millj. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2009. Gert er ráð fyrir að framlög vegna EES-þýðinga verði sambærileg á næstu árum en hafa ber þó í huga að nokkur óvissa er um hvert þýðingamagnið verður næstu árin og því erfitt að segja til um hver kostnaður verður. Rétt er að hafa í huga að þessi kostnaður færist til Evrópusambandsins ef til aðildar Íslands kemur.

86. Fyrirspurn [84. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um háskóla- og fræðasetur utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Önnu Margréti Guðjónsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra standa vörð um háskóla- og fræðasetur utan höfuðborgarsvæðisins á komandi árum?

Skriflegt svar óskast.

87. Fyrirspurn [85. mál]

til utanríkisráðherra um undirbúning aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hvað líður undirbúningi samningsmarkmiða fyrir Íslands hönd vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið?
2. Hvað líður skipun samninganefndar Íslands vegna viðræðnanna?

88. Fyrirspurn [86. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um úrbætur í fangelsismálum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvað líður úrbótum stjórnvalda í fangelsismálum?

89. Fyrirspurn [87. mál]

til heilbrigðisráðherra um smádýr.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Eru að nema hér land ný smádýr sem hafa áhrif á heilsu manna?
2. Ef svo er, hvernig verður heilbrigðisþjónustan búin undir það og hvernig verður almenningur upplýstur?

Skriflegt svar óskast.

90. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Davíð Stefánsson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Valur Gíslason,
Guðmundur Steingrímsson, Lilja Mósesdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir,
Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist eigi síðar en þegar þing kemur saman á vorþingi 2010.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi (580. mál).

57. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“

Þingfundum hefur verið sjónvarpað um dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabil. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu meðan engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu, en um leið og auglýstur dagskrártími hefst er lokað fyrir útsendingu frá Alþingi. Reynt er að senda þann hluta fundanna sem ekki náðist í beinni útsendingu út síðar, oftast snemma morguns daginn eftir. Þá hefur þingfundum einnig verið sjónvarpað beint um Sjónvarp Símans, Digital-Ísland og fleiri gagnaveitur, en þær teljast þó ekki opnar almenningi, enda bundnar við einkafyrirtæki sem selja aðgang í gegnum áskrift. Nú er einnig hægt að fylgjast með beinum útsendingum þingfunda á netinu. Það er því fátíðara en áður að almenningur geri sér ferð á þingpalla til að hlýða á það sem fram fer á þingfundi. Slíkt gerist þó jafnan ef á dagskrá eru mikil hitamál sem einstakir hópar í samfélaginu láta sig miklu skipta.

Þessi fjölbreytta miðlun þjónar þó í reynd einungis takmörkuðum hópi. Ekki eru allir tengdir við netið með kraftmiklum tengingum og ekki hafa allir aðgang að breiðbandi eða öðrum gagnaveitum á ljósleiðaraneti. Þetta á sérstaklega við í dreifðari byggðum, þannig að segja mætti að hér halli á landsbyggðina þegar kemur að aðgengi að löggjafarvaldinu. Vitað er að margt eldra fólk sem dvelst heima nýtir sér síður aðgang að netinu. Þá er enn fjöldi fólks sem stundar vinnu vítt og breitt um landið annars staðar en við tölvuskjá, en gæti fylgst með útsendingum af þingfundum á hefðbundinni útvarpsrás.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með því sem þar fer fram. Auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi en sjónvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt. Það er því mat flutningsmanna að beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsögð þjónusta í nútímalegu lýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í anda þess sem segir í stjórnarskránni um að fundir Alþingis skuli haldnir „í heyranda hljóði“.

91. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá undirritun samnings.

2. gr.

4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu álversins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. maí sl. tóku gildi lög nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík. Á grundvelli þeirra laga var 7. ágúst sl. undirritaður fjárfestingarsamningur á milli ríkisstjórnar Íslands, Century Aluminum Company og Norðuráls Helguvík ehf. um byggingu og rekstur álvers í Helguvík.

Í samræmi við málsmeðferðarreglur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ríkisaðstoð hafði fjárfestingarsamningurinn, sem og lög nr. 51/2009, verið tilkynntur ESA og óskað eftir staðfestingu ESA á að samningurinn og lögin væru í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð (byggðaaðstoð). Í samræmi við umræddar málsmeðferðarreglur var samningurinn ekki undirritaður fyrr en jákvæð niðurstaða ESA lá fyrir en ákvörðun ESA þess efnis barst íslenskum stjórnvöldum 23. júlí 2009 (ákvörðun ESA nr. 344/09/COL).

Í ákvörðun ESA frá 23. júlí 2009, þar sem sú ríkisaðstoð sem felst í fjárfestingarsamningnum er heimiluð, gerði ESA athugasemdir við tvö atriði samningsins. Kalla þessi tvö atriði á lagabreytingar þær sem eru lagðar til með frumvarpi þessu.

Hið fyrra atriði snýr að gildistíma samningsins. Í lögum nr. 51/2009 kemur fram að samningurinn skuli eigi gilda skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu. Að mati ESA er ekki unnt að heimila veitingu ríkisaðstoðarinnar lengur en til 20 ára og ber þar að miða við dagsetningu undirritunar samningsins en ekki þegar framleiðsla hefst.

Hin síðari athugasemd ESA snýr að frávikum frá reglum um stimpilgjald. Í lögum nr. 51/2009 er að finna ívilnandi reglur fyrir Norðurál Helguvík ehf. um greiðslu stimpilgjalds bæði hvað varðar byggingu og rekstur álversins sem og endurfjármögnun. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að umræddu ákvæði um stimpilgjöld verði breytt til samræmis við athugasemdir ESA á þann veg að heimild til frávika er þrengd þannig að frávik frá stimpilgjöldum verði afmörkuð eingöngu við skjöl sem eru gefin út í beinum tengslum við byggingu álversins en ekki rekstur þess, auk þess sem ákvæðið nær ekki til endurfjármögnunar.

Samþykki ESA á þeirri ríkisaðstoð sem hinn undirritaði fjárfestingarsamningur kveður á um er háð þeim breytingum á lögum nr. 51/2009 sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að gildistími samningins verði 20 ár og miðist við undirritun hans en sé ekki frá því að framleiðsla hefst í álverinu. Nánar er vísað til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að frávik Norðuráls Helguvíkur ehf. frá greiðslu stimpilgjalda, sbr. ákvæði laga nr. 51/2009, verði þrengd þannig að frávik frá stimpilgjöldum verði afmörkuð við skjöl sem gefin eru út í beinum tengslum við byggingu álversins í Helguvík en ekki rekstur þess í framtíðinni, þ.m.t. endurfjármögnun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Markmið frumvarpsins er að gera tvær breytingar á núgildandi lögum vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Annars vegar er um að ræða athugasemd er snýr að gildistíma samningsins en að mati ESA er ekki unnt að heimila veitingu ríkisaðstoðarinnar lengur en til 20 ára og skal þá miðast við undirritun samningsins en ekki þegar framleiðsla hefst. Hins vegar er það athugasemd er snýr að frávikum varðandi stimpilgjald en lagt er til að heimild til frávika skuli þrengd að því leyti að frávik frá stimpilgjöldum verði afmörkuð eingöngu við skjöl sem eru gefin út í beinum tengslum við byggingu álversins en ekki rekstur þess auk þess sem ákvæðið nær ekki til endurfjármögnunar. Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar hafi áhrif á það mat sem unnið var á sínum tíma og lá til grundvallar þegar frumvarp núgildandi laga var lagt fram en þar var fjárhagslegt umfang skattalegra ívilnana frumvarpsins metið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

92. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. janúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. janúar 2010.

Tímabil sem nauðungarsölu er frestað skv. 1. mgr. skal undanskilið þeim fresti sem um ræðir í 2. mgr. 27. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Með lögum nr. 23/2009 var ákveðið að fresta skyldi að ósk gerðarþola nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Var úrræðinu meðal annars ætlað að auka svigrúm skuldara sem lenda í greiðsluerfiðleikum til að leita úrræða og til að endurskipuleggja fjármál sín og hugsanlega komast þannig hjá því að eignir þeirra væru seldar nauðungarsölu. Var um að ræða sérstakt úrræði vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem ríkja í efnahagslífi þjóðarinnar og þeirrar auknu hættu á greiðsluerfiðleikum sem fjölskyldur og einstaklingar standa frammi fyrir, m.a. vegna vaxandi atvinnuleysis.

Áhrifa af yfirstandandi efnahagsþrengingum virðist mest hafa gætt á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess. Við undirbúning lagafrumvarps þessa var því leitað eftir upplýsingum frá embættum sýslumannsins í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Keflavík um fjölda þeirra nauðungarsala sem frestað hefur verið á grundvelli laga nr. 23/2009. Samkvæmt upplýsingum embættanna hefur samtals verið frestað sölu 783 fasteigna á grundvelli laga nr. 23/2009, þ.e. 395 fasteigna hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík, 151 fasteignar hjá embætti sýslumannsins í Keflavík, 149 fasteigna hjá embætti sýslumannsins í Hafnarfirði og 88 fasteigna hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Þá upplýstu fyrrgreind embætti að framhaldi uppboðs (lokasölu) hafi verið frestað á samtals 146 fasteignum, en meðferð annarra nauðungarsölubeiðna mun vera skemur á veg komin.

Jafnframt hafa borist upplýsingar um að einungis hafi lítill hluti þeirra sem frestur laganna tekur til hafa nýtt sér það ráðrúm sem veitt var með lögunum til þess að koma fjármálum sínum í viðunandi horf. Má sem dæmi nefna að hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík hafa einungis 18 nauðungarsölubeiðnir verið afturkallaðar, en þar hefur sölu 395 fasteigna verið

frestað á grundvelli laga nr. 23/2009. Hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi hafa einungis átta nauðungarsölubeiðnir verið afturkallaðar, en þar hefur sölu 88 fasteigna verið frestað á grundvelli laganna.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að ekki verði um frekari almenna frestun að ræða á nauðungarsölu fasteigna. Hins vegar er lagt til að frá gildistöku laga þessara beri sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. janúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. laga nr. 90/1991 við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skuli sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. janúar 2010. Í þessu felst að fasteignir verða ekki seldar nauðungarsölu fyrr en í fyrsta lagi 1. febrúar 2010, hafi gerðarþoli óskað eftir því. Í því sambandi er þó rétt að árétta að slík beiðni verður að koma frá gerðarþolum sameiginlega, séu þeir tveir eða fleiri. Er ekki talin þörf á að leggja til frekari frestun þar sem sá tími sem meðferð nauðungarsölubeiðna hjá embættum sýslumanna tekur mun gefa skuldurum nægt ráðrúm til þess að leita þeirra úrræða sem í boði eru og sem boðuð hafa verið vegna skuldavanda heimilanna.

Skilyrði fyrir frestinum er sem fyrr að um sé að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og gerðarþoli eigi þar lögheimili og haldi þar heimili. Þá skal einnig áréttað að í frumvarpinu felst einungis heimild til þess að óska eftir því að framhaldi uppboðs á fasteign verði frestað fram yfir 31. janúar 2010 og er því ekki lengur til staðar sú heimild sem veitt var með lögum nr. 23/2009 um að kröfur í eigu ríkisins, ríkisstofnunar eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins skyldu ekki bera dráttarvexti heldur þá vexti sem krafan hefði borið hefði ekki komið til vanskila á henni meðan á frestun samkvæmt lögum nr. 23/2009 stóð yfir. Á sú regla því ekki lengur við óski gerðarþoli eftir frestun nauðungarsölu samkvæmt frumvarpi þessu.

Ekki er gert ráð fyrir að um frekari frestun verði að ræða á nauðungarsölum eftir 1. febrúar 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumanni beri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. janúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. laganna á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sama gildir um ráðstöfun slíkrar fasteignar sem þegar hefur verið ákveðin við byrjun uppboðs eða framhald þess

eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt. Í þessu felst að fasteignir sem uppfylla ofangreind skilyrði verða ekki seldar á nauðungarsölu fyrr en í fyrsta lagi 1. febrúar 2010, hafi gerðarþoli óskað eftir því.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

93. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Atli Gíslason,
Lilja Mósesdóttir, Davíð Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Orkustofnun í samráði við Umhverfisstofnun taka saman yfirlit um þær virkjanir vatnsafls og jarðvarma sem ráðgert er að framleiði orku fyrir 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, 360 þúsund tonna álverksmiðju á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík.

Ráðherra leggi skýrslu um málið fyrir Alþingi eigi síðar en 15. desember 2009.

Greinargerð.

Fátt krefst meiri orku en álframleiðsla sem tekur nú til sín 12.434 gígawattstundir af raforku á ári (11.549 MW í afli). Nú þegar verja Íslendingar um 80% af framleiddri orku hérlendis til stóriðju, þar af langmestu eða 72,7 % til álframleiðslu. Engin þjóð mun verja svo háu hlutfalli framleiddrar orku til orkufreks iðnaðar. En þar á ekki að staldra við ef marka má fyrirliggjandi hugmyndir, heldur eru nú þegar á teikniborðinu þrjár stórframkvæmdir í álverksmiðjum, samtals með 760 þúsund tonna ársframleiðslu. Um er að ræða 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, álverksmiðju af sömu stærð á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna viðbót við álbræðsluna í Straumsvík.

Athygli vekur að mikil óvissa ríkir um orkuöflun til þessara framkvæmda. Fyrir skemmstu birtist í vefritinu Smugan ítarleg grein eftir Sigmund Einarsson jarðfræðing undir heitinu „Hinar miklu orkulindir Íslands. Getum við virkjað endalaust?“ og er hún birt í heild sem fylgiskjal með þessari tillögu. Þar segir m.a.: „Miðað við forsendur höfundar hreinsar bygging 360 þús. tonna álvers í Helguvík upp alla fyrirliggjandi og væntanlega virkjunarkosti á Suðvesturlandi og að auki alla mögulega orku frá virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Álver á Bakka hreinsar á sama hátt upp alla virkjunarkosti á öllum háhitasvæðum á Norðurlandi. Þessi niðurstaða fæst með því að víkja öllum umhverfissjónarmiðum til hliðar.“

Niðurlag greinar Sigmundar hljóðar svo:

„Álver í Helguvík og á Bakka myndu soga til sín nær alla orkuna frá orkulindum á Suður-, Suðvestur- og Norðausturlandi, ekki bara frá jarðvarmavirkjunum heldur einnig frá vatnsaflsvirkjunum. Þar með er farin nánast öll hagkvæmasta orkan í landinu. Utan miðhálendisins væri þá eftir einn sæmilega stór orkukostur sem er Skatastaðavirkjun í Skagafirði. Vissulega eru virkjunarkostirnir fleiri en þeir eru allir minni og hafa ekki verið taldir sérlega hagkvæmir sem sést af því að þeir hafa ekki verið virkjaðir fyrir stóriðju. Það merkir líklega að þeir séu óhagkvæmir en gætu verið fullgóðir fyrir okkur, pöpulinn.

Því miður er það svo að stóri sannleikurinn um hinar miklu orkulindir Íslands er tómt plat. Þetta eru skýjaborgir sem byggðar eru á raupi óábyrgra manna sem ógerlegt er að vita hvort eða hvað hugsa. Það er fráleitt að æða út í framkvæmdir við álver eins og gert er í Helguvík og halda að það „reddist einhvern veginn“ þegar fyrirsjáanlegt er að það reddast ekki.“

Brýnt er að Alþingi fái hið fyrsta skilmerkilega greinargerð um þetta efni frá helstu fagstofnunum ríkisins sem fjalla um orkumál og umhverfisvernd. Tillagan gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra feli Orkustofnun og Umhverfisstofnun í sameiningu að taka saman slíkt yfirlit og leggi síðan fram skýrslu um málið eigi síðar en 15. desember 2009.

Losun gróðurhúsalofts frá þeirri álframleiðslu sem hér um ræðir mundi nema um 1.200 þúsund tonnum CO_2-ígilda á ári á sama tíma og verkefni Íslendinga, eins og alþjóðasamfélagsins alls, er að draga fyrir árið 2020 og síðar í ríkum mæli úr þeirri mengun sem er að gjörbreyta loftslagsskilyrðum á jörðinni, ekki síst á norðurslóðum. Við þetta bætast hin margvíslegu óafturkræfu umhverfisáhrif sem fylgja virkjunum, hvort sem virkjað er vatnsafl eða jarðvarmi.

Efnahagslegu þættirnir eru ekki síður umhugsunarverðir. Löngum hefur þótt óráðlegt að setja öll egg í sömu körfu, en það gera Íslendingar með því að nýta lungann úr orkulindum landsins, vatnsafli og jarðvarma, til álframleiðslu. Með tilliti til gífurlegrar fjárfestingar í slíkri stóriðju og tilkostnaðar við þau störf sem til falla er hér einnig veðjað á rangan hest.

Í Fréttablaðinu 3. október 2009 birtist viðtal við Finnboga Jónsson, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, undir fyrirsögninni „Segir stóriðjustörfin þau dýrustu í heimi.“ Finnbogi telur alltof mikið einblínt á stóriðju sem lausn við atvinnuleysi í kreppunni og rökstyður það m.a. með eftirfarandi: „Aðstæður til að taka lán erlendis hafa gjörbreyst hér á landi og það þýðir að við verðum að nota þá fjármuni sem við á annað borð fáum að láni eins skynsamlega og mögulegt er. Við búum við mikið atvinnuleysi, sem er breyting frá því sem áður var og þurfum að leggja áherslu á fjárfestingar sem skapa ný störf og sem mestar gjaldeyristekjur fyrir hverja krónu sem við notum til fjárfestinga. Stóriðjan, eða ný álver, er ekki kostur í stöðunni.“ Hann segir starf í nýsköpunarfyrirtækjum eins og tölvufyrirtækinu CCP eða Marorku, sem bæði hafi mikla vaxtarmöguleika, kosta 25 til 30 millj. kr. Hvert starf í stóriðju kosti hins vegar að minnsta kosti 1.000 millj. kr. Jafnframt skapi nýsköpunarstörfin jafnvel enn frekar afleidd störf en stóriðja.

Allir þessir þættir og margir aðrir hér ónefndir kalla á endurskoðun fyrirliggjandi áforma um orkufreka stóriðju hérlendis. Til að fá sem fyrst skýrt yfirlit um orkuöflunarþáttinn er þessi tillaga flutt.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hinar miklu orkulindir Íslands eftir Sigmund Einarsson jarðfræðing, birt 1. október 2009 á vefritinu Smugan, *smugan.is*.

94. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um reglubundna opna borgarafundi.

Flm.: Davíð Stefánsson, Lilja Mósesdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Birgitta Jónsdóttir, Þór Saari, Magnús Orri Schram, Ólína Þorvarðardóttir,
Björn Valur Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Ögmundur Jónasson,
Björgvin G. Sigurðsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að skipa starfshóp til að móta umgjörð um opna og reglubundna borgarafundi þar sem alþingismenn og almennir borgarar skiptast á skoðunum. Starfshópurinn meti, að viðhöfðu samráði við grasrótarsamtök og félagasamtök, kosti og galla þess að hið opinbera eigi beina aðkomu að slíkum fundum, skoði leiðir til að tryggja öllum landsmönnum aðgang að fundunum með beinum útsendingum í útvarpi og á netinu, meti leiðir til heppilegrar fjármögnunar og finni þessu beina samtali þings og þjóðar eðlilegan og hlutlausan farveg. Ráðherra leggi skýrslu og tillögur um efnið fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2010.

Greinargerð.

Tillögu þessari er ætlað að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að mynda starfshóp sem kanni hvaða leiðir eru færar til að koma á reglubundnum opnum borgarafundum í samstarfi við grasrótarsamtök og meta hvort þörf er á lagasetningu um slíka fundi. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skili Alþingi skýrslu um efnið og tillögum að aðgerðum eða lagabreytingum eigi síðar en 1. febrúar 2010.

Sérstök áhersla er lögð á að borgarafundirnir séu reglubundnir og almennir en ekki bundnir við sérstök málefni eða tilefni, enda færi þar fram fjölbreytilegt samtal á milli tveggja hópa, þeirra fáu sem eru handhafar valdsins og þeirra fjölmörgu sem eru það ekki. Samkvæmt 48. gr. stjórnarskrár eru þingmenn eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við reglur frá kjósendum sínum og því er ekki ætlunin að skylda þá til að sitja slíka fundi. Með því að hið opinbera komi að framtakinu væri hins vegar ýtt undir að líta mætti á slíka fundi sem sjálfsagðan þátt í starfi þingmanna.

Til að hér á landi þrífist málefnaleg og uppbyggileg umræða um stjórnmál og samfélag þarf a.m.k. tvennt: Að stjórnmálamenn leggi sig fram um að vera í góðum tengslum við hug kjósenda hverju sinni og að almenningur láti sjálfur til sín taka með beinni þátttöku. Á báðar þessar hliðar hefur skort, einkum fyrir efnahagshrunið, enda vöknuðu þar ýmsir upp við vondan draum. Reglubundnir opnir borgarafundir, með föstum dagsetningum í samhengi við starfsáætlun Alþingis, mundu skapa nýtt en nauðsynlegt aðhald, bæði fyrir stjórnmálamenn og almenning.

Flestir stjórnmálamenn sinna starfi sínu með ágætum, mæta á hvers kyns fundi, gera grein fyrir störfum sínum og hlusta á hugmyndir almennra borgara og félagsmanna í ýmsum hagsmunasamtökum. Fundir af þessu tagi, stundum um afmörkuð málefni, eru iðulega haldnir af stjórnmálaflokkunum og þar með á þeirra forsendum. Meðal annars vegna smæðar samfélagsins er aðgengi almennings að kjörnum fulltrúum sínum með ágætum hér á landi. En lengi má gott bæta og markmiðið með þingsályktunartillögur þessari er að kanna möguleikann á því að skapa vettvang þar sem allir mæta jafnir til leiks, bæði kjörnir fulltrúar og almenningur; vettvang þar sem fram fer hreinskiptið samtal um málefni líðandi stundar.

Vantraust almennings í garð stjórnmálamanna er ein af mörgum þungbærum afleiðingum efnahagshrunsins sem dundi yfir þjóðina í október 2008. Í kjölfar þess spruttu upp fjölmörg grasrótarsamtök sem kröfðust lýðræðisumbóta og kölluðu eftir beinni ábyrgð stjórnmálamanna. Opnir borgarafundir, sem voru m.a. haldnir í Iðnó og Háskólabíói, kölluðu fram annars konar samtal en áður hafði farið fram. Fundirnir voru hnitmiðaðir, beinskeyttir og vel sóttir, og ýmsar upplýsingar komu þar fram í dagsljósið sem ella hefðu ekki gert það.

Í umræðu um þrískiptingu ríkisvaldsins hefur oftar en ekki verið bent á fjölmiðla sem fjórða valdhafann, enda eigi þeir með gagnrýnni og vandaðri umræðu að geta upplýst almenning og með því verið mótvægi við aðra valdhafa. Því miður olli efnahagshrunið einnig miklu vantrausti í garð fjölmiðlanna, og þannig mætti halda því fram að almennur borgari sem vill uppfræðast og taka þátt í lýðræðislegri umræðu eigi í fá hús að venda þegar hann treystir hvorki fjölmiðlum né stjórnmálamönnum. Þessi vandi yrði að sjálfsögðu ekki leystur að fullu með reglubundnum opnum borgarafundum, en það væri þó skref í rétta átt ef horfst yrði í augu við þennan vanda með því að samþykkja tillögu þessa.

Þrátt fyrir gott aðgengi að efni þingsins horfa fæstir á útsendingar af þingfundum alla daga. Fjölmiðlar stýra því að miklu leyti hvað almenningur er upplýstur um en með opnum borgarafundum skapast nýr samráðs- og samræðugrundvöllur þar sem allir geta komið með sitt að borðinu. Fundir af þessu tagi eru vissulega ekki nýir af nálinni en efnahagshrunið og afleiðingar þess hafa att mönnum í meira mæli til að nýta þetta form fyrir lýðræðislega og beinskeytta umræðu.

Lögð er áhersla á að skoðuð verði ýmis afmörkuð atriði og í lok þessarar greinargerðar eru nokkur þeirra talin upp. Til að mynda er gert ráð fyrir að reynslan af slíkum fundum hér á landi og erlendis verði metin og einnig þörfin á því að setja umgjörð um og skapa reglu um slíka fundi með tilliti til lýðræðisumbóta og borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda Íslendinga allra. Vegna þessa þarf aukinheldur að huga að því hvernig hægt sé að tryggja aðgang landsmanna allra, t.d. með útsendingu fundanna í útvarpi, sjónvarpi og á neti. Vegna eðlis opinna borgarafunda og þeirrar tengingar sem þeir hafa gjarnan við grasrótarsamtök ýmiss konar er lögð áhersla á að skoða kosti þess að fela óháðum aðila yfirumsjón með framkvæmd fundanna, þó með blessun opinberra aðila (t.d. mannréttindaráðuneytis) og í fullu samráði við þá. Aðkoma opinbers aðila mundi gefa fundaröðinni nauðsynlegt vægi gagnvart stjórnmálamönnunum, en tengingin við grasrótina yrði þó til þess að fundirnir yrðu í raun hlutlaus vettvangur en ekki eiginlegt framtak af hálfu hins opinbera.

Lagt er til að starfshópurinn skoði sérstaklega fjármögnunarhlið verkefnisins. Bæði má færa rök fyrir því að hið opinbera standi straum af öllum kostnaði við fundaröð af þessu tagi og að hið opinbera eigi alls ekki að leggja fé til framtaks af þessum toga. Þetta þarf að meta frá öllum hliðum.

Markmiðið með þingsályktunartillögunni er að hið opinbera taki þátt í að breikka samtalsgrundvöll þings og þjóðar. Það er auðvelt fyrir kjörna fulltrúa að hunsa óreglubundna fundi grasrótarsamtaka, en ef fundaröð af þeirri gerð sem hér er lögð til hefur hlotið hálfgildings blessun mannréttindaráðuneytis fær hún efalítið meira vægi.

Því er beint til starfshópsins að hann taki eftirfarandi atriði sérstaklega til skoðunar:

1. Hvort hlutlaus samtök geti fengið umboð frá opinberum aðila (t.d. mannréttindaráðuneyti) til að reka opna borgarafundi.
2. Hvort hið opinbera taki þátt í fjármögnun verkefnisins:
   a. að fullu leyti,
   b. að hluta,

c. taki ekki þátt í fjármögnun,
d. taki óbeint þátt, t.d. með því að útvega húsnæði, annast útsendingu á fundum (RÚV) eða með því að vista og geyma gögn sem tengjast efni fundanna (sbr. 6. lið).

3. Að í pallborði verði sitjandi ráðherrar og formenn eða varaformenn allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi, auk þess sem aðrir kjörnir fulltrúar fái boð á fundina.
4. Að í upphafi hvers þings séu settir niður fastir fundartímar, einu sinni í mánuði, að höfðu samráði við forseta Alþingis, enda verði fundirnir óformlegur hluti af starfsáætlun Alþingis og störfum kjörinna fulltrúa.
5. Að tiltekinn fjöldi borgarafunda ár hvert fari fram á landsbyggðinni.
6. Að allir opnir borgarafundir verði sendir út í útvarpi og á netinu, þeir varðveittir í tölvutæku formi og gerðir aðgengilegir á heimasíðu mannréttindaráðuneytis og/eða Alþingis.

95. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson,
Höskuldur Þórhallsson, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þjóðgarðurinn er að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 136. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Um þjóðgarðinn á Þingvöllum gilda sérstök lög, nr. 47/2004. Markmið þeirra er að varðveita ásýnd þjóðgarðsins sem friðlýsts helgistaðar þjóðarinnar. Lögin fela Þingvallanefnd að annast málefni þjóðgarðsins. Forsætisráðuneytið fer með yfirstjórn mála sem varða þjóðgarðinn, þ.m.t. úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

Frá stofnun þjóðgarðsins hefur land innan hans verið leigt undir sumarhús. Hinn 1. júlí 2008 tóku gildi lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Til þess að taka af allan vafa um að land innan þjóðgarðsins falli ekki undir gildissvið laga nr. 75/2008 er talið rétt að kveða sérstaklega á um það í lögum um þjóðgarðinn.

96. Fyrirspurn [94. mál]

til forsætisráðherra um opinn aðgang að gögnum opinberra stofnana.

Frá Davíð Stefánssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að öll gögn opinberra stofnana sem ekki varða brýna hagsmuni eða þjóðaröryggi verði gerð aðgengileg?
2. Hefur ráðherra kynnt sér þá framsæknu hugmyndafræði sem áhugafólk um opinn aðgang að gögnum aðhyllist og þá möguleika til nýsköpunar sem felast í nýtingu slíkra gagna?

Skriflegt svar óskast.

97. Fyrirspurn [95. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um gerð samninga um flutning dæmdra manna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafa verið gerðir samningar við önnur ríki á grundvelli samnings Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna til heimalands síns?
2. Stendur til að gera slíka samninga á næstunni og ef svo er, hvenær?

98. Fyrirspurn [96. mál]

til forsætisráðherra um skipun nefndar um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvað líður skipun nefndar sem fjalla á um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 58/2008, en samkvæmt ákvæðinu átti nefndin að skila tillögum sínum fyrir 1. júní 2009?

99. Fyrirspurn [97. mál]

til umhverfisráðherra um staðfestingu aðalskipulags Flóahrepps.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hvað líður afgreiðslu ráðherra á staðfestingu aðalskipulags Flóahrepps?
2. Hvernig telur ráðherra meðferð málsins hjá ráðuneytinu samræmast góðum stjórnsýsluháttum?

100. Fyrirspurn [98. mál]

til umhverfisráðherra um staðfestingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hvað líður afgreiðslu ráðherra á staðfestingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps?
2. Hvernig telur ráðherra meðferð málsins hjá ráðuneytinu samræmast góðum stjórnsýsluháttum?

101. Fyrirspurn [99. mál]

til forsætisráðherra um samskipti ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hefur ríkisstjórnin mótmælt töfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands? Ef svo er, með hvaða hætti og eru til skrifleg gögn sem staðfesta þau mótmæli?
2. Hvenær lá ljóst fyrir að afgreiðsla Icesave-málsins væri ein af forsendum þess að efnahagsáætlunin fyrir Ísland yrði endurskoðuð?

Skriflegt svar óskast.

102. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristrúnu Heimisdóttur og Yngva Örn Kristinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Benedikt Stefánsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Örn Hauksson frá fjármálaráðuneyti, Þorvarð Tjörva Ólafsson frá Seðlabankanum, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Harald Flosa Tryggvason frá Lýsingu hf., Hermann Björnsson og Brynhildi Georgsdóttur frá Nýja Kaupþingi banka hf., Atla Örn Jónsson frá Byr sparisjóði, Önnu Bjarneyju Sigurðardóttur frá NBI hf., Unu Steinsdóttur frá Íslandsbanka hf., Ástu H. Bragadóttur og Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Ástu S. Helgadóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Marinó G. Njálsson, Friðrik Friðriksson og Andreu Ólafsdóttur frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Ingvar Rögnvaldsson og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Friðgeir Sigurðsson frá PricewaterhouseCoopers og Árna Huldar Sveinbjörnsson og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu. Þá bárust umsagnir frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Samkeppniseftirlitinu, Friðgeiri Sigurðssyni frá PricewaterhouseCoopers, ASÍ, Samtökum fjármálafyrirtækja, ríkisskattstjóra, Fjármálaeftirlitinu og talsmanni neytenda.

Markmið frumvarpsins er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Til að ná þessu fram eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar sem lúta að almennum aðgerðum fyrir einstaklinga, í öðru lagi breytingar sem skapa eiga lagaramma um sértækar aðgerðir og í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Lögunum til fyllingar hefur verið unnið að gerð samkomulags við aðila sem veita íbúðalán um greiðslujöfnun gengistryggðra lána og samkomulags við aðila sem veita bílalán um greiðslujöfnun slíkra lána, hvort sem þau eru gengistryggð eða verðtryggð. Nánari grein verður gerð fyrir ákvæðum frumvarpsins hér á eftir ásamt þeim álitaefnum sem þau varða.

Endurskipulagning skulda einstaklinga, heimila og fyrirtækja er eitt mikilvægasta verkefnið sem við blasir í íslensku samfélagi. Greiðslu- og skuldavandi heimila er margþættur og flókinn og krefst blandaðra aðgerða. Þar þarf margt að vinna saman að því að forða fólki úr greiðsluerfiðleikum, tryggja húsnæðisöryggi, lina höggið af tekjufalli, t.d. vegna atvinnumissis, og koma hreyfingu á húsnæðismarkað.

Frumvarpinu er ætlað að vera hluti af heildstæðum ramma um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Lögð er til almenn aðgerð greiðslujöfnunar allra verðtryggðra fasteignalána einstaklinga. Þá er frumvarpinu einnig ætlað að marka lögmæta umgjörð um tímabundna aðgerð, svonefnda sértæka skuldaaðlögun fyrir einstaklinga og heimili í verulegum greiðsluvanda annars vegar og fyrirtæki hins vegar. Aðgerðin felur í sér heimildir til eftirgjafar skulda þar sem fyrir liggur að kröfur eru tapaðar. Sértæk skuldaaðlögun er aðgerð

ætluð þeim sem eru í greiðsluvanda til að greiða úr fjármálaerfiðleikum þeirra í stað þess að til opinberra úrræða þurfi að koma, svo sem greiðsluaðlögunar eða gjaldþrotaskipta. Samtök fjármálafyrirtækja fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, Landssamband lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóður hafa starfað saman að mótun samkomulags um tímabundnar verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun og hafa drög að því verið kynnt nefndinni.

Það skal tekið fram að nefndin hefur haft mjög skamman tíma til að fjalla um frumvarpið og leita lausna á þeim álitaefnum sem óneitanlega hafa komið upp. Frumvarpinu var vísað til nefndar að kvöldi 19. október. Við afgreiðslu málsins þremur dögum síðar hafði nefndin fundað stíft um málið. Þegar er búið að kynna úrræðin og væntingar fólks standa til þess að þau taki gildi um næstu mánaðamót. Nefndin vill ekki standa í vegi fyrir því.

Þótt nefndin styðji þær réttarbætur sem í frumvarpinu eru boðaðar áréttar hún jafnframt að áfram þurfi að huga að ýmsum atriðum frumvarpsins og að rík þörf sé á að meta árangurinn eftir því sem fram vindur. Í þessum anda, og til að hægt sé að beita úrræðum frumvarpsins frá og með næstu mánaðamótum, leggur nefndin því til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt því skuli ráðherra þegar við gildistöku laganna skipa starfshóp sem meti árangur af setningu laganna og álitaefni sem upp koma við framkvæmdina til að tryggja að úrræði samkvæmt lögunum séu virk. Auk þess verði hópnum falið að skoða sérstaklega afmörkuð atriði sem rakin verða hér á eftir þar sem við á. Nefndin leggur áherslu á að starfshópurinn verði skipaður þverpólitískt auk þess sem hann skuli skipaður sérfræðingum og fulltrúum hagsmunaaðila. Þá telur nefndin mikilvægt að fá reglulega upplýsingar um það hjá starfshópnum hvernig vöktun laganna og mati á þeim miðar áfram sem og vinnu að sérstökum verkefnum sem hópnum verða falin. Verði breytingartillögur nefndarinnar samþykktar áréttar nefndin að þar með felur löggjafinn framkvæmdarvaldinu það afmarkaða verkefni að vinna að tillögum eftir tilmælum ákvæðisins og leggja þær fyrir Alþingi.

Almennar aðgerðir.

Þær almennu aðgerðir sem lagðar eru til eru þess eðlis að öll verðtryggð lán einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi verða greiðslujöfnuð nema lánþegi óski annars. Við greiðslujöfnun eru lánin tengd greiðslujöfnunarvísitölu sem er samsett af launavísitölu og vegin af atvinnustigi. Mismunur greiðslubyrði frá upphaflegum kjörum leggst á greiðslujöfnunarreikning. Skuld á jöfnunarreikningi telst hluti af höfuðstól lánsins og um hana gilda því sömu kjör og um ræðir í lánssamningi. Greiðslumark lána sem tekin voru fyrir 1. janúar 2008 miðast við þann dag en annars lántökudaginn. Greiðslumark framreiknast með greiðslujöfnunarvísitölu meðan skuld er á jöfnunarreikningi. Þetta hefur því í för með sér að greiðslubyrði lánanna lækkar en leiðir til lengri tíma til hærri vaxtakostnaðar fyrir lántakanda. Lagt er til að hámarkslenging láns vegna greiðslujöfnunar verði þrjú ár, séu eftirstöðvar á greiðslujöfnunarreikningi eftir það afskrifast þær fjárhæðir.

Nefndinni voru kynnt ýmis sjónarmið varðandi greiðslujöfnun. M.a. var gagnrýnt nokkuð að úrræðið yrði almennt og beitt á öll lán án samþykktar skuldara enda hefði það í för með sér að kostnaður vegna láns ykist og lánstíminn lengdist hugsanlega. Einnig voru hafðar uppi efasemdir um lögfræðilegt réttmæti slíkra aðgerða þar sem skilmálum lána væri breytt með lögum því að það væri andstætt grundvallarreglum um samningsfrelsi. Þá hafi greiðslujöfnun staðið einstaklingum til boða í tæpt ár en fáir nýtt sér hana.

Þetta stangast á við viðhorf þeirra sem telja nauðsynlegt að um almennar aðgerðir sé að ræða svo engum vafa sé undirorpið að þær standi öllum til boða. Með því að gefa fólki tæki-

færi til að segja sig auðveldlega frá úrræðinu væri jafnframt tryggt að enginn yrði af því að nýta sér það vegna skorts á upplýsingum. Þrátt fyrir að lögin kveði á um að greiðslujöfnun standi öllum til boða virðist nokkuð hafa borið á því að lánveitendur hafi misskilið lög um greiðslujöfnun og í einhverjum tilvikum hafi gengið erfiðlega að fá beiðni um greiðslujöfnun samþykkta. Auk þess sé eytt nokkurri óvissu sem fólst í úrræðinu með því að kveða á um hámarkslengingu lána.

Nefndin áréttar að um er að ræða félagslegt velferðarúrræði sem nauðsynlegt er að nýtist þeim sem þurfa mest á því að halda. Til að úrræðið nái markmiði sínu er því nauðsynlegt að það sé almennt þótt augljóslega orki slík ráðstöfun tvímælis. Nefndin telur hins vegar ljóst að löggjafinn geti við sérstakar aðstæður og ef nauðsyn krefur sett lagareglur á borð við þessar sem grípa inn í þegar gerða samninga fólks, svo lengi sem hlutlægra sjónarmiða sé gætt og ekki sé gengið lengra en þörf er á. Með því að gera fólki afar auðvelt að segja sig frá greiðslujöfnun er jafnframt um lágmarksinngrip í samninga manna að ræða sem auðvelt er að leiðrétta. Tryggja þarf að upplýsingagjöf um greiðslujöfnun verði stóraukin umsvifalaust og gerð markvissari þannig að einstaklingar geti leitað upplýsinga um möguleg áhrif hennar á lán, lánstíma, vaxtakostnað og heildarendurgreiðslu láns. Tryggt verði að einstaklingar geti með einföldum hætti sagt sig frá greiðslujöfnun, t.d. á vefsíðum bankanna, í heimabanka eða símleiðis.

Þinglýsingar.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að veðhafi á síðari veðrétti gæti borið það fyrir sig að hann hafi tapað rétti við greiðslujöfnun láns á fyrri veðrétti enda væru eftirstöðvar þess hærri og lánstími lengri en upphaflegir skilmálar gerðu ráð fyrir. Nefndin kynnti sér málið og áréttar að þinglýsing býr ekki til réttindi heldur felur í sér opinbera skráningu réttinda. Með frumvarpinu er sett sú meginregla að lán eru greiðslujöfnuð nema fólk óski sérstaklega eftir því að svo sé ekki. Því geti aðilar á síðari veðréttum ekki haft lögmætar væntingar til þess að lán á fyrra veðrétti hafi ekki verið greiðslujafnað. Nefndin bendir í því sambandi á að lögveð koma t.d. ekki fram á þinglýsingarvottorðum en njóta samt veðréttinda samkvæmt lögum þar um. Nefndin telur því ekki þörf á breytingum en felur starfshópnum m.a að skoða þetta afmarkaða álitaefni nánar.

Greiðslujöfnun gengistryggðra lána og greiðslujöfnun bílalána.

Líkt og að framan greinir er í frumvarpinu lagt til að öll verðtryggð fasteignaveðlán verði greiðslujöfnuð. Að auki hafa verið kynntar aðgerðir sem miða að því að létta greiðslubyrði gengistryggðra fasteignaveðlána og gengistryggðra og verðtryggðra bílalána. Þessar aðgerðir eru ekki gerðar með lagabreytingum heldur byggjast á samkomulagi við hlutaðeigandi aðila. Greiðslujöfnun þessara lána er því ekki sjálfkrafa heldur þurfa skuldarar að sækja sérstaklega um hana. Nefndin hefur kynnt sér drög að samkomulögunum.

Samkomulag um beitingu greiðslujöfnunar með þaki á lengingu lánstíma fyrir verðtryggð og gengistryggð fasteignaveðlán einstaklinga nær til allra lána einstaklinga með veði í fasteign, bæði verðtryggðra og gengistryggðra. Ákvæði samkomulagsins um gengistryggð lán eru hliðstæð ákvæðum frumvarpsins um verðtryggð lán að öðru leyti en því að grunnviðmið fyrir greiðslumark miðast við 2. maí 2008 í stað 1. janúar 2008 fyrir verðtryggð lán. Áformað er að samningsaðilar verði fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og skilanefndir fjármálafyrirtækja, félags- og tryggingamálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra.

Greiðslujöfnun lána einstaklinga til bifreiðakaupa byggist á drögum að samkomulagi við eignarleigur og tryggingafélög sem veitt hafa slík lán. Samkomulagið nær til lána sem veitt voru fyrir 1. október 2008, hvort sem þau eru verðtryggð eða gengistryggð, og kveður á um að þau njóti greiðslujöfnunar ef lánþegar óska þess og ætla megi að greiðslujöfnun stuðli að því að leysa greiðsluerfiðleika lántakanda. Samkomulagið nær til lána/samninga þar sem samningsaðilar eru einungis tveir, einstaklingur og lánveitandi. Greiðslumark lána tekinna fyrir 31. maí 2008 miðast við greiðslu í maí, annars er miðað við lántökudaginn. Greiðslumark framreiknast með greiðslujöfnunarvísitölu meðan skuld er á jöfnunarreikningi. Með hliðstæðum hætti og lýst er að framan um íbúðalán er sett hámark á lengingu lánstíma við þrjú ár. Verði eftirstöðvar af láninu í lok þess tíma á lántaki þess kost að létta veði af bifreiðinni með greiðslu eftirstöðva og eignast hana eða afsala bifreiðinni til lánveitanda án frekari kvaða.

Sértækar aðgerðir.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um sértækar aðgerðir, sértæka skuldaaðlögun, til handa einstaklingum og heimilum dugi almennar aðgerðir ekki til. Ákvæðinu er ætlað að setja meginreglur um viðmið um eftirgjöf skulda og breytingar á skilmálum lánasamninga þegar almenn úrræði duga ekki. Viðmiðin skal nota í samningum kröfuhafa og skuldara og skal það vera markmið slíkra samninga að skuldir séu lagaðar að eignum og greiðslugetu.

Ákvæðið er almennt orðað en því til fyllingar geta eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði mótað samræmdar verklagsreglur um skuldaðlögun með samkomulagi sín á milli. Nefndinni hafa verið kynnt drög að slíku samkomulagi og áréttar nefndin mikilvægi þess að settar verði samræmdar reglur svo jafnræðis og sanngirni sé gætt. Nefndin telur þó eðlilegt að þrátt fyrir að um heimild sé að ræða verði settar nokkrar vísireglur um það á hvaða atriðum skuli taka í slíku samkomulagi og leggur því til breytingar þess efnis.

Reglur um sértækar aðgerðir fyrir fyrirtæki eru lagðar til í 3. gr. frumvarpsins og er þar kveðið á um að kröfueigendur skuli setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana. Reglur sem aðilar sem fara með eftirlitsskylda starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, setja skal Fjármálaeftirlitið staðfesta og samkvæmt ákvæðinu hafa eftirlit með.

Nefndin áréttar að ákvæði I. kafla fela ekki í sér sjálfstæðan rétt til eftirgjafar skulda heldur verði hvert tilvik metið fyrir sig.

Samkeppnisréttarleg álitaefni.

Í 2. gr. er ekki tekið á samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum sem varða samráð samkeppnisaðila við setningu reglnanna. Nefndin fékk Samkeppniseftirlitið á sinn fund sem lýsti áhyggjum af því að ákvæðið væri óskýrt og án afmarkana og í því gæti falist heimild til handa fjármálafyrirtækjum um samráð sem veikt gæti framkvæmd samkeppnislaga og skaðað neytendur til lengri tíma. Nefndin telur mikilvægt að skýr rammi sé settur um það samráð sem fara eigi fram á grundvelli ákvæðisins en áréttar að í tillögum nefndarinnar eru settar vísireglur sem m.a. taka til afmarkaðra atriða. Slíkt auki skýrleika ákvæðisins.

Nefndin leggur því ekki til breytingar hvað þetta varðar en felur starfshópi ráðherra að skoða m.a. samkeppnisréttarleg álitaefni sem tengjast frumvarpinu í heild og meta hvort frekari breytinga sé þörf.

Eftirlit.

Nefndin fjallaði ítarlega um eftirlit með framkvæmd 2. og 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegu eftirliti með ákvæðunum er hægt að skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi að reglur þær sem fjármálafyrirtæki setja sér séu í samræmi við gildandi reglur og verklag við mat á varúðarfærslum til afskriftar útlánum. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að verklag við frjálsa samninga skv. 2. og 3. gr. veiki ekki fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækja. Eftirlitið á ekki við um aðra kröfuhafa, enda er þar ekki nauðsyn á opinberu eftirliti. Samningar aðila eru alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra. Í öðru lagi þarf að tryggja gagnsæi og sanngjarna meðferð skuldara við úrlausn þeirra mála skv. 2. og 3. gr. Í athugasemdum við frumvarpið var gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hefði þar hlutverk. Álitamál er hvort nægilega vel er um þetta eftirlit búið og hvort það samræmist lögbundnu hlutverki Fjármálaeftirlitsins. Í þriðja lagi er síðan skattaþátturinn, þ.e. að tryggja að eftirgefnar skuldir séu í raun tapaðar kröfur. Reglur sem kröfuhafar skulu setja sér skv. 2. og 3. gr. eru mikilvægar í þessu skyni. Ljóst er að þetta eftirlit hlýtur að vera á verksviði skattyfirvalda sem hafa til þess lögfestar heimildir. Nefndin telur ekki þörf á að gera athugasemdir við fyrsta og síðasta þátt eftirlitsins en tók annan þáttinn til sérstakrar skoðunar.

Mikilvægt er að tryggja gagnsæi og sanngjarna meðferð skuldara við úrlausn mála þeirra, að jafnræðis- og sanngirnissjónarmið ráði við beitingu sértækrar skuldaaðlögunar og framkvæmdin sé samræmd. Þar sem um er að ræða bankaupplýsingar einstaklinga og lögaðila er þó ekki hægt að setja reglur um algjört gagnsæi hvað beitinguna varðar og því nauðsynlegt að ríkt og skipulagt eftirlit sé haft með framkvæmd eftirlitsskyldra aðila á ákvæðum 2. og 3. gr.

Nefndin hefur kynnt sér ýmis sjónarmið hvað þetta varðar og ýmsum hugmyndum hefur verið velt upp um hver skuli fara með þetta eftirlitshlutverk. Nefndinni hefur til að mynda verið bent á umboðsmenn viðskiptavina innan bankanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Neytendastofu og Fjármálaeftirlitið. Nefndin telur nauðsynlegt að eftirlitið sé ekki einvörðungu í höndum bankanna sjálfra heldur einnig hlutlauss aðila utan veggja fjármálastofnana. Ljóst er að heillavænlegt skref var stigið með því að efla hlutverk umboðsmanns viðskiptavina innan bankanna sjálfra og mikilvægt að styrkja stoðir þess enn frekar. Hér ber að hafa í huga að slíkir umboðsmenn eru ekki til staðar í öllum fjármálafyrirtækjum auk þess sem ekki er hægt að ætlast til að umboðsmenn skuldara innan bankanna sjálfra hafi eftirlit með framkvæmd reglnanna þvert á stofnanir. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna nýtur mikils trausts í samfélaginu og var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að hún gæti hugsanlega verið einhvers konar milliliður í kæruferli vegna framkvæmdar sértækrar skuldaaðlögunar. Nefndin áréttar mikilvægi þess að ráðgjafarstofan haldi hlutleysi sínu, enda er hún oft milliliður milli skuldara og kröfuhafa í samningaumleitunum, og telur því rétt að halda stofunni utan við þessi atriði og varðveita hlutleysi hennar og hið víðtæka traust sem til hennar er borið. Eftirlitshlutverkið gæti fallið ágætlega að lögbundnu hlutverki Neytendastofu. Þar er þó eingöngu tekið á málum einstaklinga auk þess sem ekki hefur myndast sérþekking á starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálagerningum.

Fjármálaeftirlitinu er skv. 3. gr. gert að staðfesta reglur eftirlitsskyldra aðila og hafa eftirlit með framfylgd þeirra. Í athugasemdum við greinina kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti kallað eftir gögnum um ákvarðanir og jafnframt setið fundi þar sem ákvarðanir eru teknar. Vandséð er að það hlutverk samræmist því eftirliti sem hafa þarf með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Fjármálaeftirlitið skoðar ekki mál einstakra viðskiptavina eftirlitsskyldra

aðila og slík útfærsla á hlutverki þess gæti skarast á við almennt eftirlitshlutverk stofnunarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til ákvæði um skipun faglegrar eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar skal efnahags- og viðskiptaráðherra skipa faglega nefnd til að sinna eftirliti með framkvæmd eftirlitsskyldra aðila á ákvæðum I. kafla. Við skipan nefndarinnar er rétt að gæta þess að nefndarmenn hafi trausta þekkingu á fjármálum og starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá telur nefndin nauðsynlegt að miðað verði við hæfisskilyrði 6. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, eftir því sem við á. Hlutverk eftirlitsnefndarinnar verður að hluta til sambærilegt því hlutverki sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað samkvæmt frumvarpinu. Líkt og fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar skal eftirlitsnefndin kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar starfi eftir ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. Hafa verður í huga að ekki hvílir sama skylda á eftirlitsskyldum aðilum að setja reglur um sértækar aðgerðir gagnvart einstaklingum og heimilum líkt og hvílir á þeim vegna fyrirtækja. Komi eftirlitsskyldir aðilar sér saman um verklagsreglur er það hlutverk nefndarinnar að kanna og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra reglna. Enn fremur er það hlutverk nefndarinnar að veita aðhald svo að ákvarðanir séu ekki byggðar á geðþótta heldur reynt að tryggja hlutlæga og sanngjarna meðferð á grundvelli jafnræðis og að eftirlitsskyldir aðilar hafi í hvívetna fylgt vönduðum viðskiptaháttum, sbr. 18. gr. í drögum að samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun sem Samtök fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða hafa komið sér saman um. Þetta eftirlitshlutverk hvílir á nefndinni jafnvel þótt ekki hafi verið settar samræmdar verklagsreglur. Nefndin áréttar að valdsvið eftirlitsnefndarinnar skal einungis ná til eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en ekki allra kröfueigenda. Væri nefndinni ætlað víðtækara eftirlitshlutverk væri langt seilst inn á frjálsræði samningsaðila. Nefndin áréttar að eftirlitsnefndinni er fyrst og fremst ætlað eftirlitshlutverk með framangreindum ákvæðum laganna. Einstaklingar leita því ekki til hennar með umkvörtunarefni sín.

Það er álit nefndarinnar að til að tryggja hagkvæmni og góð samskipti milli eftirlitsnefndarinnar og eftirlitsskyldra aðila skuli eftirlitsnefndin eiga samstarf við umboðsmann viðskiptamanna innan fjármálafyrirtækjanna. Með því telur nefndin að sú þekking sem til staðar er innan fjármálafyrirtækisins nýtist í störfum eftirlitsnefndarinnar. Mikilvægt er að tryggja eftirlitsnefndinni aðgang að öllum þeim gögnum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. svo hún geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Ekki er þó gengið eins langt og í frumvarpinu sem veitir Fjármálaeftirlitinu heimild til að sitja á fundum þar sem ákvarðanir á grundvelli fyrrgreindra ákvæða geta verið teknar. Samkvæmt fyrrgreindum drögum að samkomulagi Samtaka fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóðs og Landssamtaka lífeyrissjóða munu viðskiptabankar og sparisjóðir varðveita gögn og halda skrá um hvort fallist sé á beiðni um skuldaaðlögun, með upplýstu samþykki skuldara. Mikilvægt er að eftirlitsnefndin hafi aðgang að þessum gögnum og fjármálafyrirtæki geti ekki borið fyrir sig ákvæði um bankaleynd, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Eftirlitsnefndin mun því geta kallað eftir þessum gögnum. Aftur á móti skulu nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar bundnir þagnarskyldu um þau gögn og upplýsingar sem nefndin fær vitneskju um. Svo að eftirlitshlutverkið geti verið virkt skal eftirlitsnefndin samt sem áður gera grein fyrir því í áliti til ráðherra eða Fjármálaeftirlitsins, eftir því sem við á, ef hún verður vör við brotalöm í framkvæmd aðgerða um sértæka skuldaaðlögun. Þá skal eftirlits-

nefndin tryggja í slíku áliti að ekki sé hægt að varpa ljósi á hvaða viðskiptavinur eigi í hlut. Telji eftirlitsnefndin að þær verklagsreglur sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 3. gr. séu brotnar skal hún tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt í áliti sínu og veita því þau gögn sem hún hefur aflað við rannsókn málsins. Það er þá hlutverk Fjármálaeftirlitsins að kalla eftir úrbótum og sé þeim ekki sinnt metur það hvort það afturkalli staðfestingu á reglunum. Enn fremur skal Fjármálaeftirlitið tilkynna slík brot til ríkisskattstjóra eða annarra skattyfirvalda. Jafnframt skal eftirlitsnefndin tilkynna til Fjármálaeftirlitsins vakni grunur hjá henni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti.

Nefndin telur að með stofnun eftirlitsnefndar sé komið á virku eftirliti með framkvæmd laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim og komist hjá því að víkka um of hlutverk Fjármálaeftirlitsins. Aftur á móti er það álit nefndarinnar að mikilvægt sé að sterkur eftirlitsaðili, líkt og Fjármálaeftirlitið, sinni því hlutverki að staðfesta reglur settar á grundvelli 2. mgr. 3. gr. og geti afturkallað slíkar reglur, verði þeim ekki fylgt eftir í reynd, og vísað málinu áfram. Með þessu móti telur nefndin að gott samspil verði til milli eftirlitsnefndarinnar og Fjármálaeftirlitsins og útkoman sé virkt eftirlit þar sem ákveðin úrræði eru til staðar fyrir eftirlitsaðila, sé ekki farið að reglum settum með stoð í 2. mgr. 3. gr. Þá telur nefndin mikilvægt, þar sem um svo sérstaka löggjöf er að ræða, að upplýsingar um framgang hennar verði kynntar fyrir Alþingi.

Viðskiptamenn fjármálafyrirtækja geta ávallt leitað með ágreiningsefni er varða starfshætti og aðgerðir fjármálafyrirtækis til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, samanber samþykktir fyrir úrskurðarnefndina. Þar undir falla ágreiningsefni sem leiða af ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum.

Nefndin áréttar að hlutverk eftirlitsnefndarinnar á ekki að skarast við hlutverk úrskurðarnefndarinnar þar sem hin fyrrnefnda skal gæta að framkvæmd laganna en úrskurðarnefndin tekur á málefnum einstakra viðskiptamanna.

Umboðsmaður skuldara.

Á fundum nefndarinnar var hreyft þeim sjónarmiðum að skoða þyrfti stofnun umboðsmanns skuldara. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en þörf á embætti af þessu tagi er rík. Í fréttatilkynningu viðskiptaráðuneytis frá 5. maí sl. kemur fram sú skoðun viðskiptaráðherra að rannsaka þurfi „hvaða aðferðum bankarnir eru að beita við að taka á vanda fyrirtækja, samræma þær aðgerðir og gera þær gagnsærri og skoða hvort þörf er á miðlægum umboðsmanni skuldara.“ Orð ráðherra eiga hér við fyrirtæki en augljóslega eiga sömu sjónarmið við um einstaklinga og jafnvel ríkari enda eru þeir oft í mun veikari samningsstöðu gagnvart fjármálafyrirtækjum sem hafa mikla sérfræðiþekkingu á fjármálum. Tilgangurinn með embætti umboðsmanns skuldara gæti verið sá að koma á fót embætti óháðs aðila sem gætti hags, réttinda og þarfa skuldara. Þá gætu skuldarar leitað til hans með umkvörtunarefni og fengið álit á þeim. Til greina gæti komið að slíkur umboðsmaður mundi starfa jafnt fyrir einstaklinga sem fyrirtæki. Mikilvægt er að slíkt embætti fengi lagastoð svo ekki léki vafi á réttaráhrifum álita umboðsmannsins. Nefndin telur að þar með væri hægt að fela embættinu víðtækara hlutverk við hagsmunagæslu skuldara en gert er ráð fyrir í samþykktum úrskurðarnefndar. Nefndin leggur því til að starfshópi ráðherra verði m.a. falið að skoða stofnun embættis umboðsmanns skuldara bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Skattskylda af eftirgjöf skulda.

Í athugasemdum við frumvarpið er lögð áhersla á að niðurfellingar skulda eða skilmálabreytingar sem gerðar yrðu á grundvelli laganna myndi ekki skattstofn. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði sem taka á þessu atriði og í athugasemdum kemur fram að samráð hafi verið haft við fjármálaráðuneyti og skattyfirvöld og talið nægjanlegt að styðjast við gildandi ákvæði í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, um skattalega meðferð eftirgjafar skulda bæði hjá einstaklingum og rekstraraðilum sem eru svo nánar útfærð í reglugerð nr. 534/2009 að því er varðar einstaklinga.

Nefndin varð vör við það á fundum sínum að nokkurrar óvissu gætti enn um þetta atriði enda er það gert að skilyrði fyrir undanþágu frá skattskyldu í 3. gr. reglugerðarinnar að gerðar hafi verið ítrekaðar árangurslausar innheimtutilraunir, þar með talið árangurslaust fjárnám, eða allar eignir skuldara eru metnar yfirveðsettar og fullvíst talið að skuldari og eftir atvikum maki séu ófær til greiðslu.

Tilgangur hinna sértæku aðgerða sem lagðar eru til í frumvarpinu er að grípa inn í ferlið áður en kemur til árangurslauss fjárnáms eða annarra íþyngjandi og samfélagslega kostnaðarsamra aðgerða. Þá er ljóst að verði eftirgjöf skulda skattlögð er gengið þvert á markmið laganna og telur nefndin því nauðsynlegt að við lög um tekjuskatt verði bætt bráðabirgðaákvæði sem kveður skýrt á um að samningar sem gerðir verða á grundvelli laganna á árunum 2009–2011 myndi ekki skattstofn hjá einstaklingum.

Hvað varðar eftirgjöf til fyrirtækja er um mun flóknara mál að ræða. Líklegt er að tekjufærsla sem kemur til vegna eftirgjafar skulda komi einungis á móti tapi fyrirtækisins og því verði ekki um eiginlegar skattgreiðslur að ræða. Reglur um skattleysi gætu enn fremur skapað fyrirtæki forskot á samkeppnisaðila með því að gera honum kleift að færa tap sitt áfram og nýta það á móti hagnaði síðar meir. Þrátt fyrir að í undantekningartilvikum geti komið til skattgreiðslna leggur nefndin ekki til breytingar hvað þetta varðar og vísar til þess að nokkurt tímasvigrúm er til lagabreytinga reynist þeirra þörf. Nefndin vísar því til efnahags- og skattanefndar að skoða þennan þátt enda heyrir það undir málefnasvið nefndarinnar.

Breytingar á lögum um húsnæðismál.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál. Í kaflanum eru ákvæði sem ætlað er að rýmka heimildir til eftirgjafar skulda einstaklinga við Íbúðalánasjóð svo þær nái til eftirgjafar á grundvelli samræmdra aðgerða kröfuhafa. Þá er þar ákvæði sem fjölgar úrræðum sjóðsins vegna greiðsluvanda. Lögð er til heimild til að fresta greiðslum lántakanda sem einnig nái til lána vegna leiguíbúða auk þess sem lagt er til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að greiðslujafna lán sem veitt hafa verið til sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum með því skilyrði að greiðslujöfnun hafi bein áhrif á leigufjárhæð eða búseturéttargreiðslur. Nefndin ræddi þessi skilyrði sérstaklega og þá hvort hægt yrði að meta þessi áhrif á leiguverð. Í svörum Íbúðalánasjóðs kom fram að hann teldi sig eiga hægt með þetta þegar um félög á vegum sveitarfélaga og búsetafélög væri að ræða enda hægt að skoða þróun á leiguverði hjá þeim. Nefndin telur að stjórn sjóðsins hafi heimildir til að hafa eftirlit með leiguverði skv. 31. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur. Í 28. gr. reglugerðarinnar er fjallað um hvernig ákveða skuli leigufjárhæðir. Nefndin telur þó rétt að breyta c-lið 8. gr. þannig að fram komi með afgerandi hætti að tilgangur ákvæðisins sé að hafa bein áhrif á leigufjárhæðir og búseturéttargreiðslur. Nefndin leggur jafnframt til að bætt verði við heimild til veitingar skuldbreytingarláns til félaga og félagasamtaka, þ.e. láns til skuldbreytingar á vanskilum

þeirra. Að undanförnu hefur reynt nokkuð á þetta þar sem félög hafa verið komin í talsverðan vanda með uppsöfnuð vanskil þegar leitað hefur verið til Íbúðalánasjóðs um aðstoð og því er talið nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður hafi heimild til að skuldbreyta vanskilum hjá félögum með sama hætti og hjá einstaklingum.

Opinbert hlutafélag.

Auk þeirra ákvæða sem gerð hefur verið grein fyrir er í III. kafla frumvarpsins ákvæði, 6. gr., sem ætlað er að setja grundvöll fyrir stofnun opinbers hlutafélags sem sjái um fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð. Nefndin vill ekki draga úr mikilvægi þess að skoðaðar verði leiðir og lausnir við fjármögnun af þessu tagi en telur ákvæðið þó nokkuð óskýrt og skýringum í athugasemdum ábótavant. Þá telur nefndin að huga þurfi betur að stefnumörkun hvað þetta atriði varðar og leggur til ákvæði til bráðabirgða um að ráðherra verði falið að meta hvaða leiðir eru færar og ákjósanlegar til að mæta skorti á langtímafjármögnun á íbúðalánamarkaði og tryggja fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð. Jafnframt falli 6. gr. brott úr frumvarpinu.

Önnur atriði.

Auk þeirra breytinga sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan leggur nefndin til að gildistími I. og II. kafla frumvarpsins verði takmarkaður þannig að ákvæðin gildi einungis til loka árs 2011. Telur nefndin eðlilegt að ákvæðin séu tímabundin enda er um að ræða úrræði sem koma til vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Þá leggur nefndin til að starfshópur skoði hvort takmarka eigi gildissvið annarra kafla með sama hætti.

Jafnframt leggur nefndin til smávægilegar breytingar til lagfæringar á texta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal, Guðmundur Steingrímsson, Unnur Brá Konráðsdóttir og Davíð Stefánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 22. okt. 2009.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Unnur Brá Konráðsdóttir, með fyrirvara.	Guðbjartur Hannesson.
Magnús Orri Schram.	Lilja Rafney Guðmundsdóttir.	Davíð Stefánsson, með fyrirvara.

103. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Verklagsreglur sem settar eru skv. 1. mgr. skulu m.a. taka til eftirtalinna atriða:
   1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
   2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til eðlilegrar framfærslu.
   3. Mats á aðstæðum skuldara, m.a. fjölskyldugerð, húsnæði og sérstökum aðstæðum.
   4. Skilyrða sem kunna að verða sett fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga.
   5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
   6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.
2. Við 3. gr. Orðin „og hafa eftirlit með því að þeir framfylgi reglunum“ í 2. mgr. falli brott.
3. Á eftir 3. gr. komi nýr kafli, II. kafli, **Eftirlit með sértækum aðgerðum,** með tveimur nýjum greinum, 4. og 5. gr., svohljóðandi:
   a. (4. gr.)

Eftirlitsnefnd.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar faglega nefnd sem hefur eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, sbr. I. kafla. Í nefndina skal skipa þrjá menn, hagfræðing, endurskoðanda og einstakling sem uppfyllir skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann vera formaður nefndarinnar. Eftirlitshlutverk nefndarinnar nær eingöngu til eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti ber kostnað af störfum nefndarinnar og skal hún heyra undir ráðherra. Enn fremur skal ráðuneytið leggja eftirlitsnefndinni til sérstakan starfsmann sem undirbýr fundi hennar og útvegar og vinnur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir störf nefndarinnar.

Ráðherra setur í samráði við hagsmunaaðila reglugerð um störf eftirlitsnefndar.

   b. (5. gr.)

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd skv. 4. gr. skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem kunna að verða settar á grundvelli 2. gr. og reglum skv. 2. mgr. 3. gr. Nefndin skal enn fremur fylgjast með því að við framkvæmd sértækra aðgerða sé gætt sanngirni og jafnræðis milli skuldara.

Nefndin skal hafa samstarf við umboðsmann sem starfar í þágu viðskiptavina viðkomandi fjármálafyrirtækis ef hann er fyrir hendi.

Nefndin getur kallað eftir gögnum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli I. kafla. Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn eða aðgang að fundum. Nefndin skal bundin þagnarskyldu um gögn og upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt.

Telji nefndin að samræmdum reglum skv. 2. gr. og reglum á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sé ekki fylgt eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt skal hún greina ráðherra frá því í sérstöku áliti. Varði meint brot reglur á grundvelli 2. mgr. 3. gr. skal nefndin jafnframt skila áliti sínu til Fjármálaeftirlitsins. Nefndin skal þó gæta þagnarskyldu við gerð álita og gæta þess að ekki séu gefnar upplýsingar sem varpa ljósi á hvaða viðskiptavinur eigi í hlut.

Vakni grunur hjá nefndinni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti skal hún tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin skal skila skýrslu til ráðherra um framkvæmd á ákvæðum I. kafla fyrir 1. mars 2010 sem ráðherra kynnir fyrir Alþingi. Ráðherra getur enn fremur óskað eftir skýrslu frá nefndinni eftir þann tíma, sem hann skal jafnframt kynna fyrir Alþingi.

4. Við 4. gr. Í stað orðanna „verðtryggðra lána“ í 1. efnismálsl. komi: verðtryggðra lána einstaklinga.
5. 6. gr. falli brott.
6. Við 8. gr.
   a. Við bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að veita lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, sem og lánþegum eldri leiguíbúðalána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, lán til skuldbreytingar á vanskilum til allt að 30 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum.
   b. Í stað orðanna „enda sé tryggt“ í c-lið komi: enda sé tilgangur heimildarinnar.
7. Á eftir 8. gr. komi nýr kafli, V. kafli, **Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,** með einni nýrri grein, 10. gr., svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kröfueigendum er heimilt að gera samninga við einstaklinga um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum lánssamninga þeirra, sem eftir atvikum kunna að leiða til eftirgjafar skulda, án þess að slíkir samningar leiði til skattskyldu fyrir aðila skv. 7. gr.

Skilyrði er þó að ákvarðanir um slíka samninga við einstaklinga taki mið af því hvort til eru eignir eða tryggingar upp í skuldina og að þær séu teknar á grundvelli reglna um nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða skv. 2. gr. laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Enn fremur er kröfueigendum heimilt að lækka höfuðstól gengis- og verðtryggðra skulda einstaklinga í tengslum við afnám gengis- eða verðtryggingar höfuðstóls ef slík eftirgjöf byggist á mati á núvirði skuldar fyrir og eftir lánskjarabreytingu og breytingunni er ekki ætlað að rýra virði skuldarinnar. Slíkar lækkanir geta verið samræmdar eftir tegundum lánssamninga.

Kröfueigendum er heimilt að draga fjárhæð eftirgefinnar skuldar, sbr. 1. mgr., frá tekjum sínum, sbr. 3. tölul. 31. gr., enda liggi fyrir að krafan tengist beint atvinnurekstri þeirra. Kröfueiganda er skylt að varðveita öll gögn sem voru forsendur eftirgjafarinnar þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ákvæðið gildir um ákvarðanir sem teknar eru á árunum 2009–2011 og uppfylla skilyrði 1.–3. mgr.

8. Við 9. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: I. og II. kafli falla brott 31. desember 2011.
9. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
      Ráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa starfshóp með fulltrúum allra þingflokka, sérfræðingum og fulltrúum hagsmunaaðila. Hópurinn skal meta árangurinn af framkvæmd laganna og skoða álitaefni sem upp koma við framkvæmdina, sem og álitaefni tengd þinglýsingum og stöðu síðari veðhafa, samkeppnisréttarleg álitaefni sem tengjast lögunum og þörf á takmörkun á gildistíma laganna.
      Þá skal starfshópurinn skoða stofnun nýs embættis umboðsmanns skuldara sem m.a. skuli gæta hags og réttinda skuldara, beita sér fyrir því að áhrif laga þessara séu í samræmi við markmið þeirra, vinna að því að tryggja jafnræði, sanngirni og gagnsæi í samskiptum og samningum fjármálafyrirtækja við skuldara og taka við og meðhöndla ábendingar og mál um misbeitingu laganna.
      Starfshópurinn skal skila ráðherra fyrstu tillögum sínum og drögum að lagabreytingum eftir því sem efni standa til en þó eigi síðar en 1. mars 2010 og síðan eftir þörfum. Ráðherra skal að því búnu leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögunum.
   b. (II.)
      Ráðherra skal leita leiða til að mæta skorti á langtímafjármögnun á íbúðalánamarkaði og tryggja fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð.
      Ráðherra skal leggja frumvarp þess efnis fyrir Alþingi.

104. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Héraðsdómur er dómstóll á fyrsta dómstigi og er hann einn fyrir landið allt.

Dómstólaráð ákveður hvar héraðsdómur hefur fastar starfsstöðvar og hvernig landinu er skipt í þinghár. Auglýsing um þetta skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Dómstjóri héraðsdóms á sæti í dómstólaráði, en auk hans skulu tveir kjörnir þar til setu af héraðsdómurum úr þeirra röðum, einn skal kjörinn af Lögmannafélagi Íslands úr hópi starfandi hæstaréttarlögmanna og loks skipar ráðherra einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari.
b. Orðin „sem sæti á í dómstólaráði“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

3. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdóms, þar á meðal að gera tillögur til dómsmálaráðherra um fjárveitingar til hans.
2. Að ákveða hvar starfsstöðvar héraðsdóms eru á landinu og hversu margir dómarar og aðrir starfsmenn starfi við hverja þeirra, auk þess að setja almennar reglur um flutning dómara milli starfsstöðva.
3. Að ráða aðra starfsmenn en dómara til héraðsdóms og fara með öll málefni sem þá varða.
4. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra starfsmanna héraðsdóms.
5. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdóm, en dómstólaráð getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.
6. Að taka saman upplýsingar um fjölda mála og afgreiðslu þeirra og gefa eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé skilvirkni og hraða við meðferð dómsmála.
7. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdóms vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
8. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdóms í tengslum við atriði sem undir dómstólaráð heyra.
9. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdóms eða löggjöf sem þau varða.

Dómstólaráð skipar ráðinu framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri dómstólaráðs eftir ákvörðun og í umboði þess, þar á meðal fjárreiðum héraðsdóms og málefnum starfsmanna.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi héraðsdóms.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Dómstólaráð ákveður við hvaða starfsstöð héraðsdóms dómari hefur skrifstofu. Sú ákvörðun getur hvort heldur gilt um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um við hvaða starfsstöð dómari verður áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar ákveðið er við hvaða starfsstöð hann hefur skrifstofu.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt við sömu starfsstöð, enda standi ákvæði 4. mgr. því ekki í vegi.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýja starfsstöð gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsstöð sinni vegna varanlegra breytinga á starfsemi við hana.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Héraðsdómarar kjósa dómstjóra og varadómstjóra úr sínum röðum til fimm ára í senn. Segi dómstjóri eða varadómstjóri því starfi lausu eða láti hann af dómaraembætti skal nýr maður kjörinn til starfans til loka kjörtímabils þess sem af því hefur látið.

Auk þess að gegna dómstörfum fer dómstjóri með stjórn héraðsdóms að því er varðar meðferð og rekstur dómsmála og ber ábyrgð á henni. Þar á meðal skiptir hann verkum milli dómara og annarra starfsmanna héraðsdóms, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum, en heimilt er dómstjóra að fela dómara á starfsstöð, þar sem dómstjóri hefur ekki skrifstofu, að vinna þessi verk í umboði hans. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra skv. 28.–30. gr. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu héraðsdóms og er í fyrirsvari fyrir hann með þeirri takmörkun sem leiðir af 8. tölul. 1. mgr. 14. gr.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Aðstoðarmaður skal ráðinn til fimm ára og er heimilt að endurnýja þá ráðningu einu sinni. Að öðru leyti gilda um hann almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Dómstjóri ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyrirmæli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 4. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. 3. og 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
d. 2. og. 3. málsl. 5. mgr. falla brott.
e. 2. málsl. 6. mgr. fellur brott.

8. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Fullnægi enginn dómari við héraðsdóm sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Dómsmálaráðherra skipar þá setudómara til að fara með málið.

9. gr.

Orðin „sérstakar annir krefji og“ í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Héraðsdómur skal hafa fastan þingstað í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómstólaráðs. Um þetta skal birt auglýsing með sama hætti og segir í 2. mgr. 2. gr.

b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

Í stað orðsins „héraðsdómstóla“ í 1. málsl. 22. gr. laganna kemur: héraðsdóm.

12. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Héraðsdómur.**

13. gr.

Orðin „fyrir héraðsdómi Reykjavíkur“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum:*
   a. A-liður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: þeir fimm dómarar við Hæstarétt sem hafa átt þar lengst sæti, dómstjóri héraðsdóms og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi annarra hæstaréttardómara og síðan lagakennara við háskóla, hæstaréttarlögmanna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í Hæstarétti. Varamaður dómstjóra héraðsdóms er varadómstjóri, en að honum frágengnum sá héraðsdómari sem lengst hefur gegnt því embætti. Lagadeild Háskóla Íslands kýs varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti.
   b. Í stað orðanna „viðkomandi héraðsdómara“ í 2. málsl. 22. gr. laganna kemur: héraðsdóms.
2. *Þinglýsingalög, nr. 39/1978, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: héraðsdóm, en það skal gert á starfsstöð héraðsdóms í umdæmi þinglýsingarstjóra.
3. *Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum:* Orðið „Reykjavíkur“ í 2. og 3. málsl. 3. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.
4. *Lög um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum:* 4. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Að því leyti sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdóms skal þeim beint til starfsstöðvar hans í umdæmi þess sýslumanns sem fer með viðkomandi aðfarargerð, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

5. *Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, með síðari breytingum:* 3. gr. laganna orðast svo:

   Að því leyti sem fyrirmæli laga þessara heimila að ágreiningur um gerð verði borinn undir héraðsdóm, án þess að um mál sé að ræða til staðfestingar á gerðinni, skal ágreiningi beint til starfsstöðvar héraðsdóms í umdæmi þess sýslumanns sem fer með gerðina.
6. *Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum:* Orðið „Reykjavíkur“ í 1. málsl. 50. gr. og 1. mgr. 64. gr. laganna fellur brott.
7. *Lög um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum:*
   a. Inngangsmálsliður 1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo: Kröfu um opinber skipti skal beint skriflega til starfsstöðvar héraðsdóms í umdæmi þess sýslumanns sem skiptin eiga undir.
   b. 1. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

      Krafa um opinber skipti skal vera skrifleg og skal henni beint til héraðsdóms í þeirri þinghá þar sem aðilarnir eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili, nema þeir semji um annað.
   c. 1. mgr. 117. gr. laganna orðast svo:

      Ef krafist er opinberra skipta til slita á skrásettu félagi skal beiðni um þau beint til héraðsdóms í þeirri þinghá þar sem félagið á varnarþing. Sé félag óskrásett skal beiðninni beint til héraðsdóms í þeirri þinghá þar sem félagið hefur aðalstöðvar. Ráðist þinghá ekki með þessum hætti skal krafist skipta í þinghá þar sem formaður félagsstjórnar á heimilisvarnarþing, en sé formaður enginn, þá í þinghá þar sem sá sem krefst skiptanna á heimilisvarnarþing.
   d. Í stað orðanna „þeim héraðsdómstól sem hefur lögsögu“ í 2. málsl. 2. mgr. 119. gr. laganna kemur: starfsstöð héraðsdóms.
   e. Í stað orðanna „þess héraðsdómstóls“ í 1. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: starfsstöðvar héraðsdóms.
   f. Í stað orðanna „þess héraðsdómstóls“ í 1. málsl. 1. mgr. 122. gr. laganna kemur: þeirrar starfsstöðvar héraðsdóms.
   g. Í stað orðanna „þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu“ í 1. málsl. 1. mgr. 123. gr. laganna kemur: starfsstöðvar héraðsdóms.
   h. Eftirfarandi breytingar verða á 124. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „þeim héraðsdómstól“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: þeirri starfsstöð héraðsdóms.
      b. Í stað orðanna „þeim héraðsdómstól sem kvað“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: þeirri starfsstöð héraðsdóms þar sem kveðið var.
8. *Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „héraðsdómstóls í því umdæmi“ í 1. mgr. kemur: héraðsdóms í þeirri þinghá.
      b. 2. mgr. orðast svo:

         Ef samtímis er beiðst heimildar til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafist gjaldþrotaskipta hjá einum manni eða fleirum og firma eða félagi, sbr. 1. mgr. 5. gr., og varnarþing þeirra er ekki það sama, má setja fram kröfu eða beiðni fyrir héraðsdómi í þinghá þar sem einhver þeirra á varnarþing.

c. 3. mgr. orðast svo:
Ef beiðni eða krafa kemur fram í þinghá þar sem ekki verður farið með hana skal héraðsdómari beina henni til meðferðar í réttri þinghá, en sá dagur sem beiðni eða krafa barst fyrst héraðsdómi telst frestdagur án tillits til þessa.
d. 4. mgr. orðast svo:
Farið verður með beiðni eða kröfu í þeirri þinghá þar sem hún kom réttilega fram þótt skuldari flytji lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr þinghánni áður en endanleg afstaða er tekin til beiðninnar eða kröfunnar.
e. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Beiðnum eða kröfum skuldarans eða annarra varðandi heimild til greiðslustöðvunar skal beint til héraðsdóms í þeirri þinghá þar sem heimildin var veitt í byrjun þótt skuldarinn hafi flutt lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr þinghánni eftir að heimildin var veitt.

b. Í stað orðsins „héraðsdómstóla“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: héraðsdóm.
c. Á eftir orðinu „héraðsdóms“ í 1. málsl. 1. mgr. 169. gr. laganna kemur: í þinghánni.
d. Í stað orðanna „þess héraðsdómstóls“ í 1. málsl. 1. mgr. 171. gr. laganna kemur: héraðsdóms í þeirri þinghá.
e. Í stað orðanna „þeim héraðsdómstól“ í 2. málsl. 1. mgr. 172. gr. laganna kemur: þeirri starfsstöð héraðsdóms.

9. *Lög um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum:*
a. 4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Að því leyti sem málefni samkvæmt þessum lögum koma til kasta héraðsdóms skal þeim beint til starfsstöðvar hans í umdæmi sýslumannsins sem fer með nauðungarsöluna.
b. 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Við héraðsdóm skal halda skrá um þau mál sem hann fær til meðferðar eftir ákvæðum þessara laga.

10. *Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum:*
a. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Í héraði eiga mál samkvæmt lögum þessum undir héraðsdóm.
b. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Dómsformaður stýrir þó dómi, kveður einn upp úrskurði um annað en frávísun máls, gefur út kvaðningar og tilkynningar, heldur þing til uppkvaðningar dóms, annast gerð og staðfestingu dómgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.
c. Í stað orðanna „hvern héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. og 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: héraðsdóm.
d. Í stað orðanna „hlutaðeigandi dómstóls“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: héraðsdóms.
e. Í stað orðanna „fyrir öðrum dómi“ í 2. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: fyrir dómara við aðra starfsstöð héraðsdóms.
f. 4. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.
g. Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „fyrir öðrum dómi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: við aðra starfsstöð héraðsdóms.
b. Í stað orðsins „dómi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: starfsstöð héraðsdóms.
h. 1. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:
Ef gagnaöflun á að fara fram hér á landi við aðra starfsstöð héraðsdóms en þar sem mál er rekið sendir dómari í málinu hlutaðeigandi starfsstöð skriflegt erindi

ásamt beiðni aðila, frumritum eða myndritum nauðsynlegra gagna og endurritum úr þingbók.

i. Í stað orðanna „öðrum dómi“ í 1. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 75. gr. laganna kemur: dómi þar sem mál er ekki rekið.

j. Fyrirsögn XI. kafla laganna verður: **Öflun sönnunargagna fyrir dómi á öðrum stað en þar sem mál er rekið.**

k. Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef stefndi á skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað hér á landi skal stefnufrestur vera ein vika.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Orðin „án tillits til ákvæða 2.–4. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.

l. Í stað orðanna „sama eða hliðsettan dómstól“ í 1. málsl. 2. mgr. 116. gr. laganna kemur: héraðsdóm.

m. Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Aðili sem æskir málsmeðferðar eftir reglum þessa kafla skal afhenda dómstjóra héraðsdóms stefnu ásamt skriflegri beiðni um útgáfu hennar og þeim málsgögnum sem geta stutt beiðnina. Í stefnu skal höfð eyða til þess að dómari geti skráð þar stað og stund til þingfestingar og stefnufrest og skal tekið fram í texta hennar að dómstjóri hafi fallist á beiðni um að málið sæti flýtimeðferð. Í beiðni skal rökstutt ítarlega hvernig megi telja skilyrðum 1. mgr. fullnægt.

b. Í stað orðsins „dómari“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: dómstjóri.

c. Í stað orðanna „forstöðumaður dómstóls“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: dómstjóri.

n. Eftirfarandi breytingar verða á 138. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess dóms þar sem dómur gekk eða stefna var áritуð“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: héraðsdóms.

b. Orðin „eða berst röngum dómi“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

o. Í stað orðanna „öðrum dómi“ í e-lið 1. mgr. 143. gr. laganna kemur: dómi á öðrum stað en þar sem mál er rekið.

p. Orðin „fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu“ í a-lið 1. mgr. 155. gr. laganna falla brott.

q. Í stað orðanna „héraðsdómstólsins, þar sem leyst var úr máli“ í 3. mgr. 156. gr. laganna kemur: héraðsdóms.

11. *Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, með síðari breytingum*: Í stað orðanna „þann héraðsdóm sem kvað upp útivistardóminn“ í 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: héraðsdóm þar sem útivistardómurinn var kveðinn upp.

12. *Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „viðkomandi héraðsdóms“ í 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. a laganna kemur: héraðsdóms á varnarþingi fasteignarinnar.

13. *Lög um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „viðkomandi héraðsdómstóls“ í 9. gr. laganna kemur: héraðsdóms.

14. *Sóttvarnalög, nr. 19/1997, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „því umdæmi“ í 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: þeirri þinghá.

15. *Lögræðislög, nr. 71/1997, með síðari breytingum:*
    a. Í stað orðanna „sama dómstóli“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: héraðsdómi.
    b. Í stað orðanna „héraðsdóm Reykjavíkur“ í 3. málsl. 9. gr. laganna kemur: héraðsdóm í Reykjavík.
    c. Í stað orðanna „viðkomandi dómstóls“ í 1. málsl. 3. mgr. 30. gr. laganna kemur: héraðsdóms.
    d. Í stað orðanna „viðkomandi dómstóli“ í 1. málsl. 6. mgr. 31. gr. laganna kemur: héraðsdómi.
16. *Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „því umdæmi“ í 1. málsl. 3. mgr. 101. gr. laganna kemur: þeirri þinghá.
17. *Barnalög, nr. 76/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „héraðsdómi Reykjavíkur“ í 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: héraðsdómi í Reykjavík.
18. *Lög um Evrópufélög, nr. 26/2004, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „því umdæmi“ í 1. málsl. 14. gr. laganna kemur: þeirri þinghá.
19. *Lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006:* Í stað orðanna „því umdæmi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þeirri þinghá.
20. *Lög um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006:* Í stað orðanna „því umdæmi“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: þeirri þinghá.
21. *Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum:*
    a. Í stað orðanna „hina reglulegu héraðsdómstóla“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: héraðsdóm.
    b. Í stað orðanna „hvern héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: héraðsdóm.
    c. Í stað orðanna „hlutaðeigandi dómstóls“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: héraðsdóms.
    d. 49. gr. laganna orðast svo:
       Kröfu um rannsóknaraðgerð sem atbeina dómara þarf til skal beint til héraðsdóms. Heimilt er lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots að bera kröfu sína upp við héraðsdómara á starfsstöð héraðsdóms í umdæmi lögreglustjórans. Eins skal farið að þegar ágreiningur skv. 2. mgr. 102. gr. er borinn undir dómara.
    e. Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:
       a. Orðin „hafi þau öll verið framin í umdæmi sama héraðsdómstóls“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
       b. 3. mgr. orðast svo:
          Höfða má mál í hvaða þinghá sem er á landinu ef brot var framið á íslensku skipi eða í loftfari utan þingháa, svo og ef brot var framið erlendis og mál um það sætir lögsögu íslenskra dómstóla.
    f. 51. gr. laganna orðast svo:
       Ef ríkissaksóknari, héraðssaksóknari eða lögreglustjóri ber undir dóm mál sem sætir afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla skal það gert í þinghá í því umdæmi þar sem hann hefur starfsstöð eða sá sem málið varðar á heimilisvarnarþing. Sé slíkt mál borið undir dóm af öðrum skal það gert í þinghá þar sem hann á sjálfur heimilisvarnarþing en sé það ekki fyrir hendi, þá í hvaða þinghá sem er á landinu.
    g. Í stað orðanna „fyrir öðrum dómi“ í 2. málsl. 1. mgr. 112. gr. laganna kemur: fyrir dómara við aðra starfsstöð héraðsdóms.
    h. 4. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.

i. Eftirfarandi breytingar verða á 138. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „fyrir öðrum dómi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: við aðra starfsstöð héraðsdóms.
   b. Í stað orðsins „dómi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: starfsstöð héraðsdóms.

j. 1. mgr. 139. gr. laganna orðast svo:
   Ef gagnaöflun á að fara fram hér á landi við aðra starfsstöð héraðsdóms en þar sem mál er rekið sendir dómari í málinu hlutaðeigandi starfsstöð skriflegt erindi ásamt beiðni aðila, frumritum eða myndritum nauðsynlegra gagna og endurritum úr þingbók.

k. Í stað orðanna „öðrum dómi“ í 1. málsl. 2. mgr. 140. gr. laganna kemur: dómi þar sem mál er ekki rekið.

l. Fyrirsögn XXI. kafla laganna verður: **Öflun sönnunargagna fyrir dómi á öðrum stað en þar sem mál er rekið.**

m. Eftirfarandi breytingar verða á 150. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „þess dómstóls þar sem máli var lokið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: héraðsdóms.
   b. Í stað orðanna „hlutaðeigandi dómstóli“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: héraðsdómi.

n. A-liður 1. mgr. 152. gr. laganna orðast svo: í hvaða þinghá málið verður rekið fyrir héraðsdómi.

o. Í stað orðanna „sama dómstóli“ í 1. mgr. 169. gr. laganna kemur: héraðsdómi.

p. Í stað orðanna „sama dómstóli“ í 1. málsl. 3. mgr. 175. gr. laganna kemur: héraðsdómi í sömu þinghá.

q. Í stað orðanna „viðeigandi héraðsdóms“ í 2. málsl. 2. mgr. 178. gr. laganna kemur: héraðsdóms í viðeigandi þinghá.

r. Orðin „dómstól og“ í 1. málsl. 2. mgr. 183. gr. laganna falla brott.

s. Í stað orðanna „sama eða hliðsettan dómstól“ í 1. málsl. 2. mgr. 186. gr. laganna kemur: héraðsdóm.

t. Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „þess dómstóls þar sem útivistardómur gekk“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: héraðsdóms.
   b. Orðin „hún berst röngum dómstóli“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

u. Í stað orðanna „öðrum dómi“ í q-lið 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: dómi á öðrum stað en þar sem mál er rekið.

v. Orðin „fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr því“ í a-lið 2. mgr. 201. gr. laganna falla brott.

w. Í stað orðanna „héraðsdómstóllinn, þar sem leyst var úr máli“ í 1. mgr. 202. gr. laganna kemur: héraðsdómur.

22. *Lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009:*
Í stað orðanna „héraðsdómstóls í því umdæmi“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: héraðsdóms í þeirri þinghá.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir fyrirmæli 14. gr. taka lög þessi þegar gildi á þann hátt að dómstólaráð getur fyrir 1. janúar 2010 tekið þær ákvarðanir sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla, sbr. 1. og 10. gr. þessara laga, þótt þær komi ekki til framkvæmda fyrr en nefndan dag. Þá skal fyrir þann tíma kjósa dómstjóra og varadómstjóra héraðsdóms og skipa

framkvæmdastjóra dómstólaráðs, sem taka til starfa 1. janúar 2010, svo og tilnefna og skipa menn til að taka sæti í dómstólaráði frá þeim degi.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómstólaráð eftir gildistöku laga þessara skal einn aðalmaður ásamt varamanni skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og síðan koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verður skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið er hverjir veljast þar til starfa. Ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. 13. gr. laga um dómstóla um bann við skipun sama aðalmanns í dómstólaráði oftar en tvisvar samfleytt skulu ekki girða fyrir að aðalmenn, sem skipaðir verða nú til eins árs eða tveggja ára, verði skipaðir tvívegis á ný til að eiga þar sæti eftir að sá skipunartími er á enda eða að aðalmaður, sem átt hefur sæti í dómstólaráði þrjú ár eða skemur við gildistöku laga þessara, verði skipaður tvisvar samfleytt eftir það. Við gildistöku laga þessara tekur héraðsdómur skv. 1. mgr. 2. gr. laga um dómstóla, sbr. 1. mgr. 1. gr. þessara laga, við öllum eignum og skuldbindingum héraðsdómstólanna átta. Frá sama tíma verða stöður dómstjóra skv. 16. gr. laga um dómstóla lagðar niður og störf starfsmanna dómstólanna flutt yfir til héraðsdóms.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðherra. Frumvarpið á þann aðdraganda að dómstólaráð gerði vorið 2009 tillögur til ráðherra í tengslum við ráðagerðir um sparnað í rekstri héraðsdómstóla, þar sem því var meðal annars hreyft að draga mætti talsvert úr kostnaði af þeim með því að sameina þá, en halda þó starfsemi þeirra áfram eftir þörfum utan höfuðborgarsvæðisins á sérstökum starfsstöðvum. Með þessu mundi kostnaður minnka vegna yfirstjórnar og húsnæðis auk tækjabúnaðar og mannahalds, þótt dómurum yrði ekki fækkað. Um leið mætti stuðla að því að starfskraftar dómara nýttust betur með því að þeir yrðu ekki hver um sig bundnir við tiltekinn dómstól, heldur gætu þeir starfað við héraðsdóm hvar sem er á landinu og yrði þannig betur fært að mæta álagi á einstökum stöðum þegar þörf krefði. Á þennan hátt yrði einnig búið í haginn til að mæta auknu álagi á héraðsdómstóla, sem reiknað hefur verið með vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, en vænta mætti að síður yrði þá þörf á að fjölga héraðsdómurum í bráð af þeim sökum. Á grundvelli þessara tillagna hefur frumvarpið verið samið og hefur í þeim efnum verið haft samráð við dómstólaráð.

Sú meginástæða að baki frumvarpinu sem að framan greinir veldur því að gera verður tillögur um margvíslegar breytingar á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, og þá ekki aðeins á 2. gr. þeirra, þar sem nú er mælt fyrir um tilvist átta héraðsdómstóla, sem hver fer með dómsvald á fyrsta stigi í nánar tilgreindu umdæmi. Samhliða breytingu á því ákvæði þarf öðru fremur að endurskoða reglur um stjórn héraðsdóms, sem eftir frumvarpinu yrði einn fyrir landið allt, annars vegar varðandi dómstjóra og hins vegar dómstólaráð. Í frumvarpinu felst sú ráðagerð að dómstjóri, sem yrði einn ásamt föstum varadómstjóra, færi eins og núverandi stjórnendur héraðsdómstólanna átta, sem bera sama starfsheiti, með faglega yfirstjórn sameinaðs héraðsdóms og stýrði þar verkum við meðferð og rekstur dómsmála, sem hann bæri ábyrgð á. Dómstólaráð, sem skipað yrði nokkuð á annan veg en eftir gildandi reglum, færi á hinn bóginn með yfirstjórn alls, sem varði stjórnsýslu, fjármál og málefni annarra starfsmanna við héraðsdóm en dómaranna. Verkaskipting þessi er að nokkru leyti við lýði eftir núverandi reglum, en þó með þeim hætti að hver héraðsdómstóll hefur haft sjálfstæðan rekstur með viðeigandi starfsemi og stjórnsýslu undir yfirstjórn dómstjórans á hverjum stað, en dómstólaráð hefur haft með höndum að deila út til þeirra fé, sem þeim er veitt í einu lagi með

fjárlögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um dómstóla. Með þeirri meginbreytingu sem felst í frumvarpinu gefst tækifæri til að skerpa á þessari verkaskiptingu og afnema þátttöku og stjórn dómstjóra á þessum þætti í starfsemi héraðsdóms, en þess í stað leggja áherslu á hlutverk dómstjóra sem faglegs stjórnanda dómsins. Þessar hugmyndir eru ekki nýjar, enda var við undirbúning frumvarps sem varð að lögum um dómstóla hugað rækilega að þeim kosti að hafa aðeins einn héraðsdómstól fyrir allt landið og skipta verkum milli dómstjóra og dómstólaráðs í meginatriðum á þann hátt sem hér er lagt til. Á þeim tíma fékkst á hinn bóginn ekki nægur hljómgrunnur fyrir slíkum breytingum. Undanfarinn áratug hefur fengist góð reynsla af þeirri skipan sem lögin leiddu af sér, meðal annars með starfsemi dómstólaráðs og þeirri tilhögun að héraðsdómarar eru ekki skipaðir til starfa við tiltekinn dómstól, heldur ákveður dómstólaráð við hvaða dómstól hver dómari hefur fast sæti. Á vissan hátt má líta svo á að gildandi reglur hafi orðið áfangi í þróun sem nú er lagt til að lokið verði með sameiningu héraðsdómstóla í eina stofnun. Ljóst er að með því að stíga þetta skref til fulls fengist talsverður sparnaður í rekstri og hagræðing, auk þess sem meiri festa yrði í faglegum þætti starfseminnar.

Flest ákvæði frumvarpsins, sem miða að breytingum á lögum um dómstóla, snúa að þeim atriðum sem að framan er getið. Frá þessu er sú undantekning helst að í 6. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingar á reglum 17. gr. laganna um störf löglærðra aðstoðarmanna við héraðsdóm. Eins og málum er nú háttað geta þeir ekki í eigin nafni gegnt dómstörfum, en í reynd hafa þeir leyst af hendi margvísleg verk af þeim meiði í nafni og undir umsjón dómstjóra eða einstakra héraðsdómara. Á sínum tíma komu stöður aðstoðarmanna í stað dómarafulltrúa, sem gátu sinnt tilteknum dómstörfum í eigin nafni, en með setningu laga um dómstóla var stefnt að því að breyta eðli starfa þessara lögfræðinga við héraðsdómstólana þannig að þeir yrðu dómurum fremur til hjálpar en að þeir fengjust sjálfstætt við verk. Nú er rúmur áratugur liðinn frá því að breyttar reglur um þetta tóku gildi, en í reynd hafa þær ekki komið að fullu til framkvæmda eins og ætlast var til. Ætla má að ýmislegt búi þar að baki, en öðru fremur virðast fjárhagslegar ástæður hafa valdið því að fjöldi aðstoðarmanna hefur ekki náð þeirri tölu að raunhæft yrði að koma að fullu á þeirri tilhögun, sem stefnt var að í byrjun. Á undanförnum árum hefur því í auknum mæli verið hreyft á vettvangi héraðsdómstóla að hverfa ætti frá þessu og veita aðstoðarmönnum heimildir til takmarkaðra starfa í eigin nafni, en á ábyrgð og undir umsjón dómstjóra. Tillaga um þetta var meðal annars flutt á Alþingi í frumvarpi um breyting á lögum um dómstóla, sem þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra flutti á 133. löggjafarþingi 2006–2007 (496. mál), en það frumvarp varð ekki útrætt. Í tillögum dómstólaráðs til ráðherra, sem urðu kveikjan að þessu frumvarpi, var meðal annars bent á að breyting af þessum toga gæti aukið nokkuð afköst við héraðsdómstólana án þess að til þyrfti að koma fjölgun starfsmanna. Ekki verður annað séð en að sú ábending eigi rétt á sér og er því lagt til með 6. gr. frumvarpsins að aðstoðarmenn fái heimildir til dómstarfa í sama mæli og dómarafulltrúar höfðu síðustu árin fyrir gildistöku laga um dómstóla.

Auk þeirra atriða sem rætt er um að framan leiða tillögur um nýja skipan héraðsdóms til þess að breyta verður fjölmörgum ákvæðum í öðrum lögum þeim til samræmis. Tillögur um það efni er að finna í 15. gr. frumvarpsins. Þær snúa að mestu leyti að ákvæðum annarra laga þar sem rætt er á einn eða annan hátt um héraðsdómstóla í tilteknu umdæmi, en slíkt ætti ekki lengur við ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að finna viðamestu breytinguna sem felst í frumvarpinu. Þar er nánar tiltekið mælt svo fyrir í 1. mgr. að héraðsdómur sé dómstóll á fyrsta dómstigi og sé hann einn fyrir landið allt. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu hafa verið skýrðar að framan í almennum athugasemdum, en með þessu yrði horfið frá þeirri skipan, sem nú gildir, að héraðsdómstólar séu átta og hafi hver um sig landfræðilega afmarkað umdæmi. Ítrekað skal að með þessu yrði ekki horfið frá því að héraðsdómur hefði starfsstöðvar á ýmsum stöðum á landinu, þar sem dómarar hefðu fastan vinnustað og yrðu eftir atvikum búsettir. Skv. 2. mgr. þessarar greinar kæmi í hlut dómstólaráðs að ákveða hvar þessar starfsstöðvar yrðu, auk þess að mæla fyrir um skiptingu landsins í þinghár, en um þetta yrði birt auglýsing í Stjórnartíðindum. Um skiptingu landsins í þinghár eru nú fyrirmæli í 2. mgr. 2. gr. laganna þar sem boðið er að umdæmi hvers dómstóls sé ein þinghá, en frá því megi þó víkja samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra í reglugerð sem setja skuli að fenginni umsögn viðkomandi dómstóls og dómstólaráðs. Eðlilegt þykir að breyta þessu á þann veg að dómstólaráð taki ákvörðun um skiptingu landsins í þinghár samhliða því að mæla fyrir um hvar starfsstöðvar héraðsdóms yrðu.

Um 2. gr.

Í 13. gr. laga um dómstóla eru ákvæði sem aðallega varða skipan dómstólaráðs, en skv. 1. mgr. þeirrar greinar eiga þar sæti fimm menn, sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra ásamt jafn mörgum varamönnum til fimm ára í senn. Af þeim eru tveir kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir eru kjörnir af dómstjórum úr þeirra hópi og einn er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Þá eru í 2. mgr. reglur um hvernig brugðist verður við ef héraðsdómari eða dómstjóri, sem á sæti í dómstólaráði, lætur af embætti sínu eða starfi eða fær lausn frá sæti sínu þar. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að einn dómstjóri verði kjörinn til að veita héraðsdómi forstöðu og verður vegna þeirrar breytingar að mæla fyrir um nýja skipan dómstólaráðs. Með a-lið 2. gr. frumvarpsins er af þessum sökum gert ráð fyrir því að í stað tveggja dómstjóra, sem kjörnir eru til starfa þar, eigi dómstjórinn sjálfkrafa sæti í dómstólaráði, en hitt sætið, sem losni með þessu, verði skipað þannig að Lögmannafélag Íslands tilnefni í það starfandi hæstaréttarlögmann. Með b-lið greinarinnar er mælt fyrir um brottfall orða í 2. mgr. 13. gr. laganna sem snúa að þeirri aðstöðu að dómstjóri, sem á sæti í dómstólaráði, láti af því starfi, en ummæli í ákvæðinu, sem þetta varða, yrðu óþörf ef frumvarpið yrði að lögum, enda ætti dómstjórinn sem fyrr segir ávallt sæti sjálfkrafa í dómstólaráði í skjóli stöðu sinnar.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk dómstólaráðs. Eins og getið var í almennum athugasemdum hér að framan er gengið út frá því í frumvarpinu að dómstólaráð fái viðameira hlutverk en nú er mælt fyrir um í 14. gr. laganna með því að í hlut ráðsins kæmi auk núverandi verkefna að fara á sína ábyrgð með allar fjárreiður sameinaðs héraðsdóms ásamt starfsmannahaldi við þá að frátöldu því sem varðar dómara við dómstólinn. Með þessu yrði úr sögunni hlutverk dómstjóra í þessum efnum, en skv. 5. mgr. 16. gr. laganna sinna þeir bæði fjárreiðum og starfsmannamálum við einstaka héraðsdómstóla ásamt því að gegna þar dómstörfum og stýra starfseminni við meðferð og rekstur dómsmála. Um ástæðurnar fyrir þessari breyttu verkaskiptingu milli dómstólaráðs og dómstjóra vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru í níu töluliðum talin upp viðfangsefni dómstólaráðs. Að mestu leyti er sú talning sama efnis og í gildandi ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga um dómstóla, en um tvennt er þó öðru fremur munur. Annars vegar er lagt til með 1. tölul. þessa ákvæðis að dómstólaráð fari á sína ábyrgð með fjárreiður héraðsdóms, þar á meðal að gera tillögur um fjárveitingar til hans, en eftir núgildandi reglu gerir dómstólaráð tillögur um sameiginlega fjárveitingu til allra héraðsdómstólanna átta og skiptir síðan veittu fé milli þeirra. Hins vegar eru þau nýmæli í 3. tölul. að dómstólaráð ráði til héraðsdóms aðra starfsmenn en dómara og fari með öll málefni sem þá varða, en eins og fyrr var getið er þetta verkefni nú í höndum dómstjóranna við einstaka dómstóla. Auk þessara atriða má benda á að í 2. tölul. er áréttað að dómstólaráð ákveði hvar héraðsdómur hafi fastar starfsstöðvar, en eins og nú kæmi í hlut þess að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hverja starfsstöð og setja reglur um flutning dómara milli þeirra. Að öðru leyti svarar efni þessarar málsgreinar til núgildandi 1. mgr. 14. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að mælt verði fyrir um stöðu framkvæmdastjóra dómstólaráðs, en sú staða hefur nú verið til um árabil án þess að kveðið sé á um hana í lögum. Í ljósi þess að lagt er til með frumvarpinu að færa talsvert út hlutverk dómstólaráðs þykir rétt að setja reglur um þetta efni, en þær taka mið af framkvæmd á þessu sviði.

Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar svarar efnislega til núgildandi 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla.

Um 4. gr.

Í 15. gr. laga um dómstóla eru ákvæði um hvernig héraðsdómarar raðast til sæta við héraðsdómstólana átta, en um þetta fer eftir ákvörðun dómstólaráðs, sem lýtur jöfnum höndum að fjölda dómara á hverjum stað og hvaða dómarar skipi þau sæti, auk þess sem dómstólaráð getur mælt fyrir um að allt að þrír dómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Með frumvarpinu er sem fyrr segir stefnt að því að héraðsdómur verði einn, en hafi nokkrar fastar starfsstöðvar. Sú breyting veldur því að endurskoða þarf fyrirmæli 15. gr., svo sem gert er með þessari grein frumvarpsins. Í meginatriðum er hér gengið út frá því að reglur um þetta verði hliðstæðar þeim sem nú gilda. Þannig er hér í 1. mgr. ráðgert að dómstólaráð ákveði við hvaða starfsstöð héraðsdóms einstakir dómarar eigi að hafa skrifstofu, en sú ákvörðun geti hvort heldur gilt um tiltekinn eða ótilgreindan tíma. Jafnframt þessu er lagt til að felld verði niður fyrrnefnd heimild til að til að hafa tiltekinn fjölda dómara án fasts sætis, enda yrði hún óþörf með hliðsjón af því að eftir frumvarpinu gætu héraðsdómarar starfað hvar sem er á landinu án tillits til þess hvar þeir hefðu skrifstofu. Að þessu frátöldu eru ákvæði 4. gr. efnislega þau sömu og nú koma fram í 15. gr. laga um dómstóla, en þó með nokkurri einföldun, sem leiðir af breyttri skipan héraðsdómstólanna.

Um 5. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um val dómstjóra sem forstöðumanns héraðsdóms og hlutverk hans. Ákvæði þetta felur í sér nokkra einföldun frá gildandi reglum, sem taka til skipunar dómstjóra við þá átta héraðsdómstóla sem nú starfa. Í 1. mgr. er lagt til að dómstjóri verði líkt og nú kosinn af héraðsdómurum úr þeirra röðum til fimm ára í senn og að auki varadómstjóri, en eftir núverandi reglum er heimilt að kjósa slíkan staðgengil dómstjóra við þá dómstóla þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti. Sú meginbreyting felst í 1. mgr. að kosningu dómstjóra er ætlað að ráða niðurstöðu um val á honum og er ekki ráðgert að hann verði sérstaklega skipaður til starfans, en eftir 1. mgr. 16. gr. laga um dómstóla skipar ráð-

herra dómstjóra að undangengnu kjöri og er ekki bundinn af niðurstöðu þess. Þessi breyting þykir eðlileg með tilliti til sjálfstæðis dómstóla og þeirrar tilhögunar að dómstjóri yrði eftir frumvarpinu einn fyrir héraðsdóm, kosinn úr röðum 38 dómara. Er þá jafnframt horft til þess að forseti Hæstaréttar er kjörinn af dómurum réttarins og er hann ekki skipaður af öðrum til að gegna því starfi, en að þessu leyti felur frumvarpið í sér tillögu um að sams konar regla gildi um dómstjóra héraðsdóms. Regla 1. mgr., sem hér um ræðir, gerir óþörf fyrirmæli sem nú eru í 2., 3. og 4. mgr. 16. gr. laga um dómstóla og taka til staðgengils dómstjóra, kjör nýs dómstjóra ef héraðsdómari, sem gegnir starfinu, flyst til annars dómstóls, og brottvikningu dómstjóra úr því starfi.

Ákvæði 2. mgr. um verkefni dómstjóra eru hliðstæð gildandi reglum í 5. mgr. 16. gr. laga um dómstóla ef frá er talið að í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um stjórn hans á fjármálum héraðsdómstóls eða starfsmannahaldi, sem lagt er til eins og fyrr greinir að heyri undir dómstólaráð. Í 2. mgr. er með þessari breytingu lögð áhersla á faglega stjórn dómstjórans á starfsemi héraðsdóms, þar á meðal varðandi ákvörðun um verkaskiptingu héraðsdómara og úthlutun verkefna, en í þessu sambandi má vekja athygli á því að lagt er til að dómstjóra verði heimilt að fela dómara við starfsstöð, þar sem dómstjórinn á ekki sjálfur sæti, að úthluta verkefnum til dómaranna sem þar starfa.

Um 6. gr.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við frumvarpið er með þessari grein lagt til að teknar verði upp rýmri heimildir um starfssvið aðstoðarmanna héraðsdómara en nú gilda skv. 17. gr. laga um dómstóla með því að aðstoðarmönnum verði veitt vald til að gegna í takmörkuðum mæli dómstörfum í eigin nafni, en í umboði og á ábyrgð dómstjóra og undir boðvaldi hans. Ástæðunum að baki þessari tillögu hefur þegar verið lýst, en með henni yrðu starfsheimildir aðstoðarmanna að þessu leyti færðar í sama horf og gilti um dómarafulltrúa eftir lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, eins og þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995. Varðandi þessa grein er að öðru leyti rétt að vekja athygli á því að ráðgert er að aðstoðarmenn verði ráðnir til fimm ára í senn og yrði aðeins heimilt að endurnýja þá ráðningu eitt sinn. Um þetta er regla frumvarpsins áþekk fyrirmælum í 2. málsl. 17. gr. laga um dómstóla um að ráðning aðstoðarmanns sé tímabundin og ekki lengur en til fimm ára við sama dómstól.

Um 7. gr.

Í þessari grein er lagt til að ýmis fyrirmæli í 18. gr. laga um dómstóla falli niður og er það að mestu gert til að laga þá grein að öðrum ákvæðum frumvarpsins. Þannig er í a-lið 7. gr. frumvarpsins ráðgert að niður falli seinni málsliður 1. mgr. 18. gr., þar sem dómstólaráði er ætlað að setja leiðbeiningarreglur handa dómstjórum um úthlutun mála, en slíkar reglur yrðu óþarfar eftir að héraðsdómur væri orðinn einn og færu að auki á svig við þá verkaskiptingu milli dómstjóra og dómstólaráðs, sem frumvarpið miðar að. Í b- og e-lið er lagt til að niður falli ákvæði í 3. og 6. mgr. 18. gr., sem snúa að því hvernig dómari verði fenginn frá einum héraðsdómstóli til að fara með mál fyrir öðrum, en við sameiningu dómstólanna í einn yrði regla um þetta óþörf. Loks er í c- og d-lið mælt fyrir um brotthvarf reglna í 4. og 5. mgr. 18. gr. um heimild héraðsdómara til að skjóta ákvörðunum dómstjóra varðandi úthlutun mála til dómstólaráðs sem kærustigs, en vegna þess markmiðs frumvarpsins að skerpa á verkaskiptingu milli ráðsins og dómstjóra þykir sú kæruleið ekki lengur eiga við.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 19. gr. laga um dómstóla eru fyrirmæli um hvernig brugðist verði við ef allir dómarar við héraðsdómstól reynast vanhæfir til að fara með tiltekið dómsmál, en í slíku tilviki kveður dómstjóri við dómstólinn upp úrskurð um að dómarar þar víki allir sæti og beinir því til dómstólaráðs að fenginn verði dómari við annan héraðsdómstól til að fara með málið. Séu allir dómarar við aðra dómstóla jafnframt vanhæfir til að fara með málið lætur dómstólaráð frá sér fara rökstutt álit um það og skipar dómsmálaráðherra að því fengnu setudómara til verksins. Með sameiningu héraðsdómstólanna í einn gætu þessar reglur ekki lengur átt við og er því lagt til með 8. gr. frumvarpsins að þessu ferli verði breytt á þann hátt að ráðherra skipi setudómara ef dómstjóri kveður upp úrskurð um að allir dómarar við héraðsdóm séu vanhæfir til að fara með mál.

Um 9. gr.

Í 20. gr. laga um dómstóla er mælt fyrir um setningu manns til að gegna embætti héraðsdómara tímabundið ef dómari fær leyfi frá störfum eða hefur af öðrum sökum forföll. Skv. 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. er slík setning háð þeim skilyrðum að dómstólaráð mæli með því að hún verði gerð og sérstakar annir við dómstólinn krefji, en um það atriði hefur dómsmálaráðherra mat. Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að síðastnefndur áskilnaður verði felldur niður. Í því sambandi er tekið tillit til þess að dómstólaráði er skv. 3. gr. frumvarpsins ætlað að fara með fjárreiður héraðsdóms á sína ábyrgð, en þáttur í því hlýtur meðal annars að vera að meta hverju sinni hvort stofna eigi til kostnaðar af setningu staðgengils fyrir héraðsdómara, sem fær leyfi frá störfum eða forfallast. Jafnframt er það í samræmi við þá stefnu að auka sjálfstæði dómstóla að takmarka að þessu leyti afskipti framkvæmdarvaldsins af starfsemi þeirra.

Um 10. gr.

Með þessari grein eru lagðar til tvær breytingar á 21. gr. laga um dómstóla. Annars vegar er í a-lið ráðgert að dómstólaráð taki ákvörðun um fasta þingstaði héraðsdóms í einstökum þinghám, en eftir gildandi reglum ákveður dómsmálaráðherra þetta í reglugerð að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði 1. gr. frumvarpsins um breytingar á 2. gr. laga um dómstóla, sem fela eins og áður segir meðal annars í sér að dómstólaráð taki ákvörðun um skiptingu landsins í þinghár. Hins vegar er í b-lið lagt til að niður falli ákvæði síðari málsliðar 2. mgr. 21. gr. laganna, þar sem héraðsdómara er heimilað að heyja þing utan umdæmis dómstólsins sem hann starfar við, en með sameiningu héraðsdómstólanna í einn yrði sú regla óþörf.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lögð til minni háttar breyting á 22. gr. laga um dómstóla sem leiðir af því að héraðsdómur yrði einn samkvæmt frumvarpinu og niður falla heiti dómstóla sem tengjast umdæmi þeirra.

Um 12. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir þeirri breytingu á fyrirsögn III. kafla laga um dómstóla að rætt verði þar um héraðsdóm í eintölu í stað þess að kenna kaflann við þær stofnanir í fleirtölu eins og nú er gert. Þetta stafar af þeirri breyttu skipan sem um ræðir í 1. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lögð til minni háttar breyting á 30. gr. laga um dómstóla sem leiðir af því að héraðsdómur yrði einn samkvæmt frumvarpinu og niður falla heiti dómstóla sem tengjast umdæmi þeirra.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laga ef frumvarp þetta nær fram að ganga, en við það er miðað að það gerist 1. janúar 2010 að öðru leyti en því sem kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um breytingar á 22 öðrum lögum en lögunum um dómstóla og snúa þær í sumum tilvikum að nokkrum fjölda ákvæða í einstökum lögum. Að mestu helgast þessar tillögur af breytingum sem stefnt er að með frumvarpinu um að aðeins verði til einn héraðsdómur í stað átta, að ekki verði lengur til dómstólar sem kenndir eru við tiltekin umdæmi eða hafi lögsögu á landfræðilega afmörkuðu svæði og að aðeins verði einn dómstjóri við héraðsdóm. Ekki þykir ástæða til að skýra þessar tillögur frekar í einstökum atriðum að öðru leyti en því að vekja verður sérstaka athygli á a- og b-lið k-liðar 10. tölul. þar sem ráðgerðar eru breytingar á reglum 91. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem snúa að því með hvaða lágmarksfyrirvara birta þurfi stefnu í slíku máli áður en það verður þingfest. Nánar tiltekið er nú mælt svo fyrir í 1. mgr. þeirrar lagagreinar að stefnufrestur sé þrír sólarhringar ef stefndi í málinu á heimili í þeirri þinghá þar sem mál verður þingfest eða í þinghá sem hefur sama þingstað, en tekið er síðan fram að í þessu tilliti skoðist umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur og Héraðsdóms Reykjaness sem ein þinghá væri. Skv. 2. mgr. sömu lagagreinar er stefnufrestur að öðrum kosti ein vika ef stefndi á heimili hér á landi. Með því að frumvarpið miðar að því að fyrrnefndir tveir héraðsdómstólar verði ekki lengur til er ljóst að sérreglan um stefnufrest fyrir þeim gæti ekki staðið óbreytt. Sá kostur er vissulega fyrir hendi að breyta 1. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála á þann hátt að talin verði upp þau sveitarfélög sem nú eiga undir héraðsdómstólana í Reykjavík og á Reykjanesi og láta sérregluna um það landsvæði haldast. Þegar á hinn bóginn er litið til þess að þinghám hefur fækkað mjög undanfarin ár og svæðin innan þeirra að sama skapi stækkað þykja sérstök rök ekki standa til þess að gera mun á stefnufresti eftir því hvort stefndi búi í þinghánni, þar sem mál verður þingfest, eða í annarri þinghá. Því er lagt til með þeim ákvæðum frumvarpsins sem hér um ræðir að stefnufrestur verði í öllum tilvikum ein vika ef stefndi er búsettur hér á landi og gildi þá einu í hvaða þinghá hann eigi heimili.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gerð tillaga um ákvæði til bráðabirgða í tveimur málsgreinum. Í þeirri fyrri er kveðið á um frávik frá fyrirmælum um gildistöku í 14. gr. frumvarpsins með því að dómstólaráði verði þegar heimilt að taka ákvarðanir um þau atriði sem mælt er fyrir um í 1. og 10. gr. frumvarpsins, þótt ekki sé runninn upp sá dagur sem tiltekinn er í 14. gr. Auk þess verði heimilt fyrir þann tíma að kjósa dómstjóra og varadómstjóra fyrir héraðsdóm, skipa framkvæmdastjóra fyrir dómstólaráð og tilnefna og skipa menn til að taka sæti í dómstólaráði, en í öllum tilvikum kæmu ákvarðanir, kjör, tilnefningar og skipanir ekki til framkvæmda fyrr en lagabreytingar samkvæmt frumvarpinu tækju gildi. Í síðari málsgrein ákvæðisins eru síðan sérreglur um skipun dómstólaráðs í fyrsta skipti eftir reglum frumvarpsins,

en þær eiga sér fyrirmynd í bráðabirgðaákvæði sem á sínum tíma var sett um sama efni í 2. mgr. 38. gr. laga um dómstóla. Þá er kveðið á um að hinn sameinaði héraðsdómur taki við öllum eignum og skuldbindingum héraðsdómstólanna og að störf allra starfsmanna flytjist yfir til héraðsdóms. Jafnframt er tekið fram að stöður dómstjóra við dómstólana átta verði lagðar niður enda verður einungis um eina stöðu dómstjóra að ræða verði frumvarpið að lögum. Embætti dómara verður ekki lagt niður en gert er ráð fyrir að dómstólaráð muni tilkynna dómurum um við hvaða starfsstöð héraðsdóms dómari muni hafa skrifstofu í samræmi við 15. gr. dómstólalaga, sbr. 4. gr. frumvarps þessa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að héraðsdómstólarnir átta verði sameinaðir í einn dómstól fyrir landið allt. Dómstólaráð skal ákveða hvar héraðsdómur hefur fastar starfsstöðvar og hvernig landinu er skipt í þinghár. Dómstjóri, sem verður einn ásamt föstum varadómstjóra, skal fara með faglega yfirstjórn héraðsdóms og skipta verkum milli dómara og annarra starfsmanna héraðsdóms. Gert er ráð fyrir að löglærðir aðstoðarmenn dómara fái heimildir til dómstarfa í sama mæli og dómarafulltrúar höfðu áður.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að megintilgangur þess sé að draga úr kostnaði við rekstur héraðsdómstóla. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að sameining héraðsdómstólanna í einn dómstól gefi möguleika á að ná fram margvíslegri hagræðingu í rekstri, svo sem vegna yfirstjórnar, húsnæðis, tækja og mannafla. Við sameiningu opnast möguleiki á að nýta betur starfskrafta dómara þannig að þeir verði ekki bundnir við einn tiltekinn dómstól heldur geti starfað við héraðsdóm hvar sem er á landinu. Rekstrarkostnaður héraðsdómstóla á árinu 2008 var tæpur 1 milljarður króna.

Héraðsdómstólar hafa lengi verið fjárhagslega sameinaðir í fjárlögum og ríkisreikningi og hefur frumvarpið því engin áhrif þar á. Lögfesting frumvarpsins leiðir ekki til beins sparnaðar í rekstri héraðsdómstóla, heldur gerir það auðveldara að hagræða í starfseminni og draga þar með úr kostnaði.

105. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Frumvarp sama efnis var til umfjöllunar og hlaut afgreiðslu frá viðskiptanefnd á síðustu tveimur löggjafarþingum (16. mál 137. þings og 415. mál 136. þings). Þá bárust nefndinni umsagnir auk þess sem gestir komu á fund nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 2. mgr. 6. gr. laga um vörumerki í þá veru að tæming réttinda vörumerkis verði bundin við EES-svæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar. Reglan um tæmingu vörumerkjaréttar varðar rétt eiganda merkis til að stjórna frekar markaðssetningu á grundvelli einkaréttar síns. Sé vara, auðkennd tilteknu vörumerki, komin á markað fyrir atbeina eða með samþykki eiganda þess getur hann ekki haft frekari áhrif á markaðssetningu hennar (t.d. sölu, leigu, inn- eða útflutning). Gengið hefur verið út frá því í íslenskum vörumerkjarétti að tæming næði til alls heimsins en það er ekki tekið með skýrum hætti fram í gildandi lögum. Tæming vörumerkjaréttar byggist á rétti vörumerkjahafa skv. 4. gr. laga um vörumerki, þ.e. að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins og vörumerki hans eða lík því.

Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07, LOréal Norge AS og LOréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS, samræmist alþjóðleg tæming vörumerkjaréttinda ekki ákvæði vörumerkjatilskipunar 89/104/EB eins og dómstóllinn túlkar það, en tilskipunin er hluti EES-samningsins. Þarf því að breyta lagaákvæðinu og er með frumvarpinu lögð til lágmarksbreyting á 2. mgr. 6. gr. laganna svo að hún samræmist dóminum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lilja Mósesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. okt. 2009.

Magnús Orri Schram, varaform., frsm.	Davíð Stefánsson.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Eygló Harðardóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

106. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Í athugasemdum við frumvarpið segir orðrétt:

„Í réttarframkvæmd er iðulega fjallað um tvö afbrigði tæmingar, alþjóðlega og svæðisbundna. Hugtakið landsbundin tæming er einnig þekkt en síður notað en þau fyrrnefndu.

Víðtækasta hugtakið er alþjóðleg tæming. Eftir markaðssetningu með atbeina rétthafa getur vara eða þjónusta farið í frjálsu flæði um heim allan og getur rétthafi ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu hennar.

Svæðisbundin tæming er þrengra hugtak og varðar þá stöðu þegar vara hefur verið markaðssett innan ákveðins svæðis, af rétthafa sjálfum eða með hans samþykki, t.d. innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Vörur eða þjónusta, sem sett hefur verið á markað, getur eftirleiðis farið í frjálsu flæði innan þess svæðis en rétthafi getur á hinn bóginn stöðvað m.a. útflutning þeirra til landa utan svæðisins, sem og innflutning til svæðisins á þeim vörum sem hann hefur markaðssett utan þess.“

Verði frumvarpið að lögum mun samkeppni minnka sem leiðir af sér aukna fákeppni og hærra vöruverð. Um þetta voru umsagnaraðilar sammála. Ástæða þeirrar breytingar sem kveðið er á um í frumvarpinu er sú að Íslendingar eru nauðbeygðir af Evrópudómstólnum að fara þá leið sem frumvarpið mælir fyrir um þrátt fyrir að það sé óumdeilt að það fari gegn hagsmunum neytenda í landinu. Það er augljóst að Íslendingar hafa ekki verið nægjanlega á varðbergi þegar tilskipanir Evrópusambandsins hafa verið innleiddar og er Icesave-málið skýrt dæmi um það, en mörg önnur dæmi mætti nefna.

Markaðurinn á Íslandi er mjög lítill miðað við önnur lönd og er mikilvægt að hann sé sem opnastur og allt verði gert til að viðhalda hér samkeppni og koma í veg fyrir fákeppni. Þetta mál gengur þvert á þau markmið og er löngu kominn tími til að spyrna við fótum.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 22. okt. 2009.

Guðlaugur Þór Þórðarson. Ragnheiður E. Árnadóttir.

107. Fyrirspurn [101. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjármögnun endurbóta á Suðurlandsvegi.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hvað líður fjármögnun ríkissjóðs á endurbótum á Suðurlandsvegi, annars vegar á kaflanum „Hólmsá – Hveragerði“ og hins vegar á kaflanum „Hveragerði – austur fyrir Selfoss“?

108. Frumvarp til laga [102. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Á framboðslista skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og nemur tölu þingsæta í kjördæminu en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Efstu sæti listans skulu skipuð frambjóðendum sem boðnir eru fram til persónukjörs og skal tala þeirra vera jöfn tölu þingsæta í kjördæminu. Þessi hluti listans nefnist persónukjörshluti. Nöfn á neðri hluta listans skulu boðin fram í tilgreindri röð og nefnist sá hluti raðaður hluti listans. Ekki er skylt að bjóða fram á raðaða hluta listans en sé það gert mega nöfn á honum vera allt að því jafnmörg og á persónukjörshluta hans.

2. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Auk yfirlýsingar skv. 1. mgr. skal framboðslista fylgja yfirlýsing um það hverjir frambjóðenda eru boðnir fram til persónukjörs og hverjir skulu vera á röðuðum hluta listans, sbr. 31. gr. Jafnframt skal tilgreina röð þeirra síðarnefndu á þessum hluta listans.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „frambjóðendur í aðalsætum“ í 2. málsl. 39. gr. laganna kemur: frambjóðendur til persónukjörs, sbr. 31. gr.

5. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal hluta um það í hvaða röð frambjóðendur hvers lista sem boðnir eru fram til persónukjörs, sbr. 2. mgr. 32. gr., raðast á listann. Það skal gert með því að tölusetja nöfn þeirra eftir stafrófsröð og hluta síðan um það hver skuli vera efstur á listanum. Aðrir frambjóðendur raðast í stafrófsröð frá þeim efsta þar til byrjað er aftur á stafrófinu ef þörf krefur.

6. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna koma sex nýir málsliðir er orðast svo: Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram. Síðan skal rita nöfn þeirra frambjóðenda sem boðnir eru fram til persónukjörs og í þeirri röð sem kveðið er á um í 3. mgr. 43. gr. Að lokum skal tilgreina nöfn frambjóðenda á raðaða hluta listans skv. 2. mgr. 32. gr. ef við á. Í auglýsingu skal skýrlega aðgreina frambjóðendur sem boðnir eru fram til persónukjörs frá þeim sem skipa raðaðan hluta listans. Jafnframt skal tilgreina röðunartölur þeirra sem skipa raðaða hluta listans og skal fyrsta talan vera næst á eftir tölu nafna á persónukjörshlutanum. Enn fremur skal tilgreina stöðu frambjóðenda eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

7. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera þannig: Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða alþingiskosningar í tilteknu kjördæmi, dagsetningu þeirra og ártal. Jafnframt skal birta stuttar leiðbeiningar til kjósenda um kosningarathöfn þeirra skv. 82. gr.

Prenta skal framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** … (nafn stjórnmálasamtakanna). Fyrir framan listabókstaf skal vera ferningur. Listar skulu aðgreindir með feitum langstrikum.

Niður undan nafni stjórnmálasamtaka skulu vera nöfn þeirra frambjóðenda sem boðnir eru fram til persónukjörs í þeirri röð sem kveðið er á um í 3. mgr. 43. gr. og skal vera ferningur

framan við nafn hvers frambjóðanda. Á eftir þeim skal tilgreina nöfn frambjóðenda á röðuðum hluta listans ef honum er til að dreifa og skal skýrlega aðgreina á milli þessara tveggja hópa frambjóðenda listans. Nöfn á raðaða hlutanum skulu vera í þeirri röð sem þau voru boðin fram og skal jafnframt tilgreina röðunartölur fyrir framan nöfn þeirra og skal fyrsta talan koma næst á eftir tölu nafna á persónukjörshlutanum. Enn fremur skal tilgreina stöðu frambjóðenda eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

8. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 63. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að auki er kjósanda sem ekki er fær um að árita kjörseðil heimilt að hafa með sér aðstoðarmann sem hann velur sjálfur.

9. gr.

2. og 3. mgr. 82. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi setur jafnframt tölustafinn 1 í ferninginn framan við nafn þess frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill helst að nái kjöri, töluna 2 í ferninginn fyrir framan það nafn frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill að komi næstur til álita, töluna 3 í ferninginn fyrir framan það nafn þess frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill því næst að nái kjöri o.s.frv. Kjósanda er í sjálfsvald sett hve mörgum af frambjóðendum listans til persónukjörs hann raðar.

Merki kjósandi einungis við listabókstaf en færi engar tölur í ferninga fyrir framan nöfn frambjóðenda listans til persónukjörs er atkvæðið engu að síður gilt en hann telst þá ekki taka afstöðu til þess í hvaða röð þeir skipa sæti listans. Setji kjósandi önnur merki við nöfn þeirra en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 110. gr.

10. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi má ekki merkja við nema einn listabókstaf.

11. gr.

Á eftir 1. málsl. 86. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að auki er kjósanda sem ekki er fær um að árita kjörseðil heimilt að hafa með sér aðstoðarmann sem hann velur sjálfur.

12. gr.

Orðin „eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum“ í c-lið 100. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

1. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Atkvæði skal jafnframt ekki metið ógilt þótt strikað hafi verið yfir nafn eins eða fleiri frambjóðenda á kjörseðli.
2. Í stað orðanna „enda séu ekki aðrir gallar á“ í 2. mgr. kemur: enda sé ekki merkt við nöfn á fleiri en einum lista og ekki séu aðrir gallar á.

14. gr.

2. málsl. 1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo: Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja saman persónuleg atkvæði frambjóðanda til persónukjörs í samræmi við 110. gr. að fyrirmælum landskjörstjórnar.

15. gr.

Við 1. málsl. 106. gr. laganna bætist: til framboðslistanna og frambjóðenda þeirra samkvæmt úrslitum persónukjörs.

16. gr.

110. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Persónukjör.

Frambjóðendur hvers lista til persónukjörs taka sæti á listanum með eftirfarandi hætti:

1. *Persónuleg atkvæði:* Einungis atkvæði þeirra kjósenda sem taka þátt í persónukjöri, sbr. 2. mgr. 82. gr., koma til álita við talningu vegna persónukjörs. Þessi atkvæði nefnast persónuleg atkvæði.
2. *Talnaröð rofin:* Aðgætt skal hvort talnaröð kjósanda á frambjóðendum til persónukjörs sé samfella tölustafanna 1, 2, 3 o.s.frv. Eftirfarandi gildir ef talnaröðin er rofin eða aðrir gallar reynast á henni:
   a. Hafi verið merkt við aðra frambjóðendur en þá sem eru boðnir fram til persónukjörs á listanum skal horfa fram hjá slíkum merkingum. Gildir það jafnt um merkingar við nöfn á neðri hluta listans, raðaða hlutanum, sem og nöfn á öðrum listum.
   b. Horft skal fram hjá merkingu með krossi við frambjóðanda svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með að tölu frambjóðenda á persónukjörshluta listans. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda á persónukjörshluta listans með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1.
   c. Sé eyða í talnaröðun frambjóðenda til persónukjörs innan lista skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni. Þetta á einnig við ef eyðan verður til vegna atvika skv. a-lið.
   d. Sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum. Það telst ekki tvítekning á tölustaf ef annar þeirra er settur við nafn frambjóðanda sem ekki er til persónukjörs á listanum, sbr. a-lið.
   e. Ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–d-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi til persónukjörs telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur til persónulegra atkvæða.
3. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut listans með þeim hætti að deila tölu persónulegra atkvæða listans með einum að viðbættri tölu þingsæta er komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 107. og 108. gr.
4. *Flokkun kjörseðla:* Persónuleg atkvæði listans skulu flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi. Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 5. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans.
5. *Röðun í efstu sæti á persónukjörshluta listans:* Raðað skal í efstu sæti listans með eftirgreindum hætti að því marki sem unnt er:

a. Sé hæsta atkvæðagildi frambjóðanda jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans skal frambjóðandanum raðað í efsta lausa sæti, í byrjun í fyrsta sæti.
b. Sé atkvæðagildi annarra frambjóðenda einnig jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans skal þeim raðað í efstu lausu sæti í réttri röð miðað við atkvæðagildi.
c. Ákvarða skal færsluhlutfall atkvæða hvers þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið í sæti skv. a- og b-lið og fæst það með því að deila þeim hluta atkvæðagildis frambjóðandans sem er umfram sætishlut með fullu atkvæðagildi hans.
d. Endurmeta skal atkvæðagildi hvers frambjóðanda á viðkomandi seðlum með því að margfalda fyrra atkvæðagildi með færsluhlutfallinu.
e. Atkvæðin skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda á persónukjörshluta listans sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum, sé það að finna, að teknu tilliti til 2. og 8. tölul.

6. *Röðun í neðstu sæti á persónukjörshluta listans:* Komi að því að enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 5. tölul., skal finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 4. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti á persónukjörshluta listans, í upphafi í neðsta sæti þess hluta listans. Kjörseðlar þessa frambjóðanda skulu síðan færðir til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu á þeim sama lista og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 8. tölul.
7. *Lokaröðun í sæti á persónukjörshluta listans:* Raða skal eftir ákvæðum 5. og 6. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til raðað hefur verið öllum frambjóðendum á persónukjörshluta listans. Röðun skv. 5. tölul. hefur ávallt forgang.
8. *Uppfærsla nafna og valtalna:* Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið raðað í sæti samkvæmt ákvæðum 5. eða 6. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum persónulegum atkvæðum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem koma á eftir þeim frambjóðanda sem um ræðir. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Tæmist talnaröð kjósanda á kjörseðli við beitingu 5. eða 6. tölul. kemur atkvæðið ekki lengur til álita og skal lagt til hliðar.
9. *Hlutkesti:* Nú eru einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar og skal þá hluta um þær.

Frambjóðendur á hinum raðaða hluta listans taka sæti á listanum á eftir frambjóðendum til persónukjörs í þeirri röð sem þeir voru boðnir fram skv. 2. mgr. 32. gr.

Þeim þingsætum sem framboðslisti hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 107. og 108. gr. skal ráðstafað til frambjóðenda listans í samræmi við niðurstöður persónukjörs í þeirri röð sem fram kemur í 1. og 2. mgr. Sama gildir um sæti varamanna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er lagt til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Frumvörp þessi voru flutt á nýliðnu sumarþingi, 137. löggjafarþingi, og eru nú endurflutt efnislega óbreytt en með

örfáum tæknilegum lagfæringum. Almennar athugasemdir við frumvörpin tvö eru samhljóða og jafnframt athugasemdir við einstakar greinar þeirra með frávikum sem nauðsynleg eru vegna efnisins. Athugasemdirnar hafa tekið nokkrum breytingum frá fyrri gerð þeirra. Er það að nokkru gert með tilliti til umsagna sem bárust allsherjarnefnd Alþingis í sumar um frumvarpið um persónukjör við sveitarstjórnarkosningar. Af umsögnum að dæma er ljóst að nokkuð skiptar skoðanir eru um málið hjá umsagnaraðilum. Svo virðist þó sem afstaða manna ráðist í fyrsta lagi af því hvort þeir telji yfir höfuð rétt eða skynsamlegt að taka upp persónukjör í kosningum hér á landi. Má ætla að slík afstaða manna skýri neikvæða afstöðu til frumvarpsins í einhverjum tilvikum. Sé það á hinn bóginn afstaða manna að rétt sé og skynsamlegt að auka raunverulegt vald kjósenda við val á frambjóðendum í kosningum með persónukjöri þá er sú aðferð við persónukjör sem hér er lögð til raunhæf í þeim efnum. Á hinn bóginn er ljóst að þessi leið er ekki með öllu gallalaus frekar en aðrar þekktar aðferðir við persónukjör. Sú niðurstaða um val á aðferð við persónukjör sem sett er fram í þessum frumvörpum byggist hins vegar á ítarlegri skoðun og greiningu á mismunandi aðferðum við persónukjör og kostum þeirra og göllum eins og nánar er lýst síðar í athugasemdum þessum. Var það niðurstaðan við samningu frumvarpanna að sú aðferð sem hér er lögð til hefði færri galla og fleiri kosti en aðrar aðferðir sem til álita komu þegar litið var til þess markmiðs að ná fram raunverulegu persónukjöri í kosningum.

Skoðað var og lagt mat á það hvort þær umsagnir sem bárust allsherjarnefnd um málið eða þær athugasemdir sem settar hafa verið fram í opinberri umræðu gæfu tilefni til efnislegra breytinga á frumvörpunum. Var það niðurstaða þeirrar athugunar að svo væri ekki enda verður ekki séð hvaða aðrar aðferðir við persónukjör eða breytingar á þeirri aðferð sem lögð er til gætu verið til þess fallnar að ná aukinni samstöðu um frumvörpin. Þannig lúta hinar efnislegu athugasemdir sem gerðar eru í raun flestar að kostum og göllum þess almennt að persónukjör sé tekið upp og eiga því við óháð því hvaða kerfi persónukjörs er til umræðu. Umræddar athugasemdir lúta þannig að grundvallarspurningu málsins, þ.e. hvort menn vilja aukið persónukjör í kosningum hér á landi eða ekki. Þetta er sú spurning sem Alþingi þarf að svara. Sé svarið játandi bíður frumvarpið upp á raunhæfa aðferð í þeim efnum, aðferð sem fullyrða má að nái betur en aðrar þekktar aðferðir við persónukjör að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur þess lista sem þeir kjósa skuli ná kjöri og hverjir skuli vera varamenn þeirra. Aðrar aðferðir geta þó vissulega komið til álita og má þar t.d. nefna þær aðferðir sem notaðar eru við persónukjör á Norðurlöndunum og lýst er í athugasemdum þessum.

Meðal gagnrýnisradda sem heyrst hafa og fram koma í umsögnum er að það fyrirkomulag persónukjörs sem lagt er til í frumvörpunum tryggi ekki jafna stöðu kynjanna í kosningum, nema það sé beinlínis byggt inn í úthlutunarkerfið. Þegar gagnrýni af þessu tagi er sett fram verður að hafa í huga að ekkert kosningakerfi tryggir það fyrir fram að kynin fái jafna útkomu að fengnum niðurstöðum kosninga. Jöfnuður kynja við skipun sæta verður ekki tryggður nema með því að víkja niðurstöðum persónukjörsins til hliðar við úthlutun sæta að því marki sem til þyrfti til að tryggja jafna stöðu kynjanna. Gildandi kosningakerfi hérlendis tryggir ekki heldur kynjajöfnuð með neinum hætti. Hefur það verið á ábyrgð flokkanna sjálfra að tryggja jafna stöðu kynjanna á framboðslistum sínum. Þeirri jafnréttiskröfu hafa sumir flokkar svarað en aðrir síður. Í nýju fyrirkomulagi persónukjörs mun þessi jafnréttiskrafa sem fyrr standa upp á stjórnmálaflokkana, þ.e. að þeir tryggi sem jafnast hlutfall karla og kvenna á persónukjörshluta framboðslista sinna. Ekki er ástæða til að ætla annað en að kjósendur muni með atkvæði sínu kalla konur til áhrifa í stjórnmálum til jafns við karla fái

þeir tækifæri til þess. Þetta hefur reynsla annarra landa staðfest, svo sem Norðurlandanna þar sem staða kvenna í stjórnmálum er einna sterkust, en þar hefur persónukjör verið viðhaft í töluverðum mæli á undanförnum árum. Þetta sýndi sig einnig bersýnilega í kosningum til héraðsþinga í Skotlandi árið 2007 þar sem beitt var forgangsröðunaraðferð í fyrsta sinn. Konur náðu kjöri í sama hlutfalli og þær voru í á framboðslistunum. Það verður því á ábyrgð flokkanna, eins og áður, að sjá til þess að hlutfall kvenna og karla sé jafnt á framboðslistum. Verði þeir við þeirri jafnréttiskröfu er ekki ástæða til að ætla annað en að konur muni ná kjöri í sama mæli og karlar í beinu persónukjöri þegar í næstu sveitarstjórnarkosningum nái þessar breytingar fram að ganga.

Athugasemdir við frumvörpin hafa einnig lotið að því að með aðferðinni sem lögð er til sé ekki unnt að tryggja hlut minni byggðarlaga, t.d. í sveitarstjórnarkosningum þar sem stórir þéttbýliskjarnar hafa yfirburði. Sama getur átt við um kosningar í einstökum kjördæmum í þingkosningum. Þessi athugasemd virðist hins vegar í grundvallaratriðum byggð á misskilningi því uppgjörsaðferðin sem lögð er til í frumvarpinu byggist einmitt á hlutfallskosningu en ekki á meirihlutakosningu eins og viðhöfð hefur verið í prófkjörum. Taka má dæmi um sveitarfélag eða kjördæmi sem samanstendur af þremur byggðum, einu stóru þéttbýlissvæði þar sem rúmlega helmingur íbúanna býr en fjórðungur búi í hvorri hinna tveggja byggðanna. Gerum ráð fyrir að kjósendur tiltekins stjórnmálaflokks standi þétt að baki sínum frambjóðendum sem skiptast milli byggðanna í eðlilegum hlutföllum. Ef efnt væri til prófkjörs hjá þessum lista gæti svo farið að allir efstu menn listans kæmu frá eða væru fulltrúar hinnar stóru byggðar. Í því fyrirkomulagi persónukjörs sem lagt er til í frumvarpinu er slík niðurstaða afar ólíkleg. Þvert á móti er líklegt að fulltrúaskiptingin milli byggðarlaganna samkvæmt forgangsröðunarkerfi yrði í réttu hlutfalli við kjósendatölu þeirra. Ef kjósendur einnar byggðarinnar hafna aftur á móti „sínum frambjóðendum“ endurspeglast það að sjálfsögðu í útkomunni. Varla er þá við persónukjörskerfið að sakast þar sem niðurstaða persónukjörsins endurspeglar þá ekki annað en að kjósendur viðkomandi byggðar treysta öðrum frambjóðendum en sínum eigin betur til að fara með sín mál.

Þriðja athugasemdin sem fram hefur komið og vert er að nefna lýtur að því að það persónukjörskerfi sem lagt er til í frumvarpinu torveldi sameiginleg framboð tveggja eða fleiri flokka þar sem ekki sé hægt að ákveða fyrir fram með röðun á lista hvernig kjörnir fulltrúar muni skiptast á milli aðildarflokkanna. Þessi athugasemd er rétt enda er ekki hægt að tryggja sæti fyrir fram í neinu kerfi persónukjörs. Flokkar sem hyggja á sameiginlegt framboð geta á hinn bóginn séð til þess að fulltrúar þeirra taki sæti á persónukjörshluta listans í gefnum hlutföllum. Það er síðan kjósendanna að taka afstöðu til þeirra í persónukjörinu. Almennt verður þó að telja líklegt að kjósendur sem styðja flokk sem stendur að framboðinu velji fremur frambjóðendur þess flokks en aðra. Þannig má ætla að líklegasta niðurstaða persónukjörs að hætti forgangsröðunar mundi endurspegla innbyrðis styrk þeirra stjórnmálaflokka sem standa að framboðinu. Það hlýtur að teljast lýðræðisleg niðurstaða fremur en galli á persónukjörskerfinu. Loks hefur það verið gagnrýnt að persónukjörskerfið geri það að verkum að það sé óljóst fyrir kosningar hver sé oddviti flokks eða framboðslista. Við gagnrýni af þessu tagi verður að benda á að það getur vart verið hlutverk kosningakerfis að kveða upp úr um slíka forustu. Ekkert í frumvörpunum kemur í veg fyrir að flokkarnir velji sér oddvita og tefli honum fram sem slíkum. Ekkert kemur heldur í veg fyrir að flokkarnir komi skýrum skilaboðum á framfæri við kjósendur sína um það hverja þeir telji að eigi að skipa efstu sæti listans. Þessi málefni eru einfaldlega innanbúðarmálefni hvers stjórnmálaflokks sem tekur þátt í kosningum. Hið endanlega vald um það hverjir nái kjöri í kosningunum er hins vegar

fært frá flokknum sjálfum til kjósenda hans, þ.m.t. að velja þann eða þá frambjóðendur sem njóta mests stuðnings en slíkt er eins og áður segir markmið persónukjörs.

Persónukjörskerfið sem lagt er til byggist á óröðuðum framboðslistum og forgangsröðun af hálfu kjósanda á frambjóðendum til persónukjörs á þeim lista sem hann kýs. Athöfn kjósandans er einföld og auðskilin og byggist á talnaröðun frambjóðenda með sama hætti og tíðkast í prófkjörum og möguleg er samkvæmt núgildandi kosningafyrirkomulagi. Hugsunin að baki talnaröðuninni er hins vegar frábrugðin og endurspeglast í uppgjörsaðferðinni sem lýst er með ítarlegum hætti síðar í þessum athugasemdum.

Athöfn kjósandans felst í því sem hingað til að merkja við þann listabókstaf sem hann kýs. Auk þess setur hann tölustafinn 1 fyrir framan nafn þess frambjóðanda á listanum sem hann vill helst að nái kjöri, 2 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann leggur áherslu á að nái kjöri ef annars vegar sá sem hann valdi að fyrsta vali nær ekki kjöri eða hins vegar ef sá sem hann valdi að fyrsta vali nær kjöri en með fleiri atkvæðum en þarf til að tryggja honum sæti á þingi eða í sveitarstjórn. Kjósandi setur síðan tölustafinn 3 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi því næst til álita o.s.frv.

Fullyrða má að engin þekkt aðferð við persónukjör nái með eins afgerandi hætti og sú forgangsröðunaraðferð sem hér er lögð til að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur þess lista sem þeir kjósa skuli ná kjöri og hverjir skuli vera varamenn þeirra. Með uppgjörsaðferðinni er leitast við að tryggja að sérhvert atkvæði hafi einhver áhrif í persónukjörinu.

Undirstrika ber að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvörpunum er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfi hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og teljast atkvæði þeirra listanum að fullu til tekna við úthlutun þingsæta og sveitarstjórnarfulltrúa til listans. Persónukjörið hefur því einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau sæti sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi eða sveitarstjórn samkvæmt niðurstöðu kosninganna.

Upptaka persónukjörs í kosningum hér á landi er meðal forgangsverkefna í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ein þeirra lýðræðisumbóta sem hún telur nauðsynlegt að beita sér fyrir ásamt setningu laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Markmið persónukjörs er efling lýðræðis. Með persónukjöri eru áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar fá umboð til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum aukin um leið og dregið er úr áhrifum flokkanna. Má í því samhengi segja að persónukjör dragi úr möguleikum flokkanna til þess að stýra því hvaða fulltrúar þeirra nái kjöri í kosningum. Eftir stendur þó að það er flokkanna að ákveða hvaða einstaklinga þeir bjóða fram til persónukjörs og hvaða aðferðum þeir beita við val á þeim hópi og geta þeir því þrátt fyrir persónukjör haft umtalsverð áhrif á það hvaða einstaklingar nái kjöri fyrir þeirra hönd.

Við mótun og samningu frumvarpanna sem lögð voru fram á 137. löggjafarþingi var myndaður sérstakur samráðshópur stjórnvalda, utanaðkomandi sérfræðinga, fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í samráðshópnum sátu: Valgerður Bjarnadóttir, fyrir hönd Samfylkingarinnar, Birgir Ármannsson, fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, Árni Þór Sigurðsson, fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Vigdís Hauksdóttir, fyrir hönd Framsóknarflokksins, Þór Saari, fyrir hönd Borgarahreyfingarinnar, Magnús Karel Hannesson og Guðjón Bragason, fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur, Pawel Bartoszek stærðfræðingur, Þorkell Helgason stærðfræðingur, sem falin var yfirumsjón með gerð

frumvarpanna, Bryndís Helgadóttir og Hjalti Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Ágúst Geir Ágústsson frá forsætisráðuneytinu sem stýrði vinnu hópsins. Auk þessara aðila tóku varamenn sæti á fundum samráðshópsins. Þá var málið kynnt í þingflokkum, fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og í lýðræðishópi sambandsins.

Saga persónukjörs á Íslandi.

Til fróðleiks skal gerð nokkur grein fyrir því hvernig breytingar á kosningalöggjöfinni hafa þróast frá upphafi 20. aldar að því er varðar möguleika kjósandans á að hafa bein áhrif á uppstillingu á lista með atkvæði sínu. Með lögum nr. 19/1913, um breytingu á lögum nr. 39/1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, var í fyrsta skipti kveðið á um útstrikanir og að kjósandi gæti breytt númeraröð frambjóðenda á kjörseðli. Sama fyrirkomulag var tekið upp í lög nr. 28/1915 varðandi landskjör, sem fór svo fram árið 1916. Þá voru sex þingmenn kosnir með hlutfallskosningu og jafnmargir til vara. Heimastjórnarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna. Vegna breytinga sem kjósendur gerðu á lista þeirra færðist Guðmundur Björnsson úr 2. sæti í 3. sæti en Guðjón Guðlaugsson færðist úr 3. sæti í 2. sæti. Breytingar urðu líka á röð varamanna og Bríet Bjarnhéðinsdóttir færðist úr 4. sæti, fyrsta varamannssæti, í 5. sætið. Hannes Hafstein, sem var efstur á lista heimastjórnarmanna, sótti ekki þingfundi frá 1918 en fyrsti varamaður, Sigurjón Friðjónsson, kom í hans stað, en ekki Bríet. Þetta er fyrra dæmið um að útstrikanir hafi breytt röð og í raun fellt frambjóðanda úr þingsæti. Hefði röðin verið óbreytt frá uppstillingu hefði Bríet orðið fyrst kvenna til að setjast á þing. Síðara dæmið er frá 1946 þegar útstrikanir sem gerðar voru á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík höfðu þau áhrif að Björn Ólafsson sem var í 5. sæti færðist niður í 6. sæti en Bjarni Benediktsson færðist úr 6. sæti upp í 5. sæti. Talið er að Björn hafi verið strikaður út á 1.000–1.500 kjörseðlum, en alls fékk Sjálfstæðisflokkurinn 11.580 atkvæði. Bjarni varð uppbótarþingmaður, en Björn náði ekki kjöri.

Á árabilinu 1959–1987 voru ákvæði kosningalaga slík að möguleiki kjósenda til að hafa áhrif á röðun lista var lítill. Í alþingiskosningunum 2003 voru komnar til framkvæmda breytingar samkvæmt lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sem höfðu í för með sér að áhrif af útstrikunum og öðrum breytingum á röð frambjóðenda jukust. Þetta aukna vald kjósenda birtist ekki í kosningunum 2003 en það gerðist í kosningunum 2007. Í tveimur kjördæmum færðist þá sinn hvor frambjóðandinn niður um eitt sæti vegna slíkra breytinga, en þeir hlutu þó báðir kosningu til Alþingis. Sama sagan endurtók sig í kosningunum 2009 en þá voru gerðar fleiri breytingar á kjörseðlum en áður, svo vitað sé, en kosningaskýrslur allt fram til síðustu aldamóta veita ekki tæmandi upplýsingar um breytingar á listum. Um þetta má lesa á vefsíðu landskjörstjórnar þar sem skýrt er frá úrslitunum og útreikningi á þeim í smáatriðum.

Hvaða breytingar hafa verið gerðar listum við sveitarstjórnarkosningar hefur ekki verið kannað með skipulegum hætti enda ekki hægt um vik þar sem kosningaskýrslur segja fátt. Efalaust eru allmörg dæmi um breytingar sem fært hafa menn til á listum, jafnvel þannig að einhverjir hafi misst sæti í sveitarstjórnum af þeim sökum.

Lagaákvæði um breytingar á listum hafa verið hliðstæð í þing- og sveitarstjórnarkosningum en breytingin sem varð á lögunum um þingkosningar árið 2000 náði ekki til sveitarstjórnarkosninga og því eru möguleikar kjósenda til breytinga á framboðslistum við síðarnefndu kosningarnar mjög litlir að óbreyttum lögum.

Meginefni frumvarpanna.

Með umræddum tveimur frumvörpum er lagt til að kjósendum verði gefið fullt vald að velja þau þingmannsefni og sveitarstjórnarfulltrúa sem þeir vilja helst að nái kjöri af þeim lista sem þeir veita atkvæða sitt. Listar frambjóðenda til persónukjörs eru því boðnir fram óraðaðir og þeim stillt upp í stafrófsröð en hlutað um efsta mann.

Þeirri aðferð sem lagt er til að tekin verði upp hefur ekki verið beitt hérlendis áður. Aðferðin nefnist *Single Transferable Vote* (STV) á ensku. Aðferðin er hér nefnd forgangsröðunaraðferð á íslensku og vísar heitið til þeirrar athafnar kjósandans að forgangsraða frambjóðendum þess lista sem hann kýs með númeraröðun. Þetta heiti hefur sama keim og annað enskt heiti sem gjarnan er notað um þessa og hliðstæðar aðferðir, *Preference Voting*. Það er mikilvægur eiginleiki aðferðarinnar að vannýtt atkvæði eru færð milli frambjóðenda í samræmi við forgangsröðun kjósendanna.

Grunnurinn í forgangsröðunaraðferðinni er að kjósandinn velur sér lista og raðar síðan frambjóðendum sem eru í persónukjöri á listanum í talnaröð, jafnmörgum og hann kýs að raða. Kjósandinn raðar frambjóðendum með tölustöfunum 1, 2, 3 o.s.frv. Athöfn kjósandans er því hin sama og tíðkast hefur í prófkjörum, svo og við breytingar á atkvæðaseðlum bæði í þing- og sveitarstjórnarkosningum, nema hvað útstrikanir eru úr sögunni. Túlkunin á merkingunum er þó ekki sú sama. Í prófkjörunum er verið að kjósa menn í einstök sæti á listanum. Í þing- og sveitarstjórnarkosningum hafa tölurnar, sætisnúmerin, á hinn bóginn lengst af verið ávísun á stig eða atkvæðabrot sem samanlagt hafa gert út um stöðu frambjóðendanna. Líta má á talnaröðina í forgangsröðunaraðferðinni líkum augum og í prófkjörsaðferðinni, að það sé verið að raða í sæti. En í báðum aðferðum er nær lagi að líta svo á að verið sé að raða frambjóðendum í forgangsröð. Nái t.d. frambjóðandi merktur í 1. sæti í hinni almennu prófkjörsaðferð ekki kjöri í það sæti er vilji kjósandans túlkaður þannig að hann vilji þá til vara að hann skipi fyrsta lausa sætið þar fyrir neðan. Sama er upp á teningnum í aðferðinni sem hér er lögð til. Talan 1 við mann á lista merkir að kjósandinn leggi mest kapp á að sá frambjóðandi nái kjöri, síðan setur hann töluna 2 við þann frambjóðanda sem hann leggur því næst áherslu á að nái kjöri o.s.frv. Forgangsröðunin endurspeglar óskir kjósandans um það hverjir eigi að skipa sæti listans og í hvaða röð.

Það er hið talnalega uppgjör í forgangsröðunaraðferðinni sem er frábrugðið því sem tíðkast hefur í prófkjörstalningu. Uppgjörið er þannig útfært að lesið er í vilja kjósenda til hins ýtrasta. Lendi kjósandinn í minni hluta þannig að sá frambjóðandi, sem hann lagði mesta áherslu á, nær ekki kjöri er litið á aðrar óskir kjósandans um skipan í sæti listans. Hafi kjósandinn raðað öllum frambjóðendum í forgangsröð (sem þó er ólíklegt að margir geri) hefur atkvæðið (nær) alltaf einhver áhrif. Sama gerist ef kjósandinn styður mann sem nýtur mikils fylgis. Hann er ekki að kasta atkvæði sínu á glæ þótt hann taki þátt í kjöri manns sem er hvort sem er talinn eiga öruggt fylgi fyrir sæti. Einmitt þetta er galli á ýmsum öðrum aðferðum við persónukjör, t.d. aðferðum þar sem kjósandinn fær aðeins einn kross til að merkja við þann frambjóðanda sem hann leggur mesta áherslu á að nái kjöri. Hættan er þá sú að of fáir hirði um að velja vinsæla, óumdeilda frambjóðendur en ákveði fremur að verja sínum verðmæta krossi á einhvern þeirra frambjóðenda sem taldir eru standa tæpt. Vinsælu frambjóðendurnir geta þá að lokum setið uppi atkvæðarýrir, öndvert við það sem flestir vildu. Forgangsröðunaraðferðin sér við þessu. Fái vinsæll frambjóðandi fleiri atkvæði en hann þarf til að ná kjöri er horft til þess hvaða aðra frambjóðendur kjósendur hans vildu styðja. Kúfurinn, umframatkvæðin, eru þá færð til þessara hinna í réttum hlutföllum. Aftur er markmiðið að fara að vilja kjósenda eins og frekast er kostur.

Uppgjörið fer þannig fram að fyrst er ákvarðaður svokallaður sætishlutur sem er lágmark atkvæða sem þarf til að ná einu af þingsætum tiltekins kjördæmislista eða einu sæti listans í sveitarstjórn. Þá er fyrst aðgætt hvort einhverjir frambjóðendur hafa náð þessum sætishlut eða meiru að fyrsta vali kjósenda listans og er þeim þá strax úthlutað sætum á listanum. Þau atkvæði sem þessir frambjóðendur hafa hlotið umfram sætishlutinn eru færð með tilgreindum hætti til þeirra frambjóðenda sem nefndir eru sem annað val viðkomandi kjósenda. Þegar að því kemur að enginn þeirra frambjóðenda, sem hafa ekki enn hlotið sæti, hefur náð fullum sætishlut er sá frambjóðandi sem fær fæst atkvæði að fyrsta vali, að teknu tilliti til fyrrgreindra „færðra“ atkvæða, færður í aftasta sæti hins óraðaða lista. Atkvæði kjósenda hans eru engu síður gaumgæfð og seðlarnir færðir til þeirra frambjóðenda sem þeir völdu að öðru vali og nú aðgætt á ný hvort einhver hafi við þetta náð upp í sætishlut o.s.frv. Segja má að raðað sé til skiptis á listann að ofan og hins vegar neðan frá.

Enda þótt athöfn kjósenda, þ.e. röðun frambjóðenda með tölustöfum, sé einföld og auðskilin er uppgjörsaðferðin flóknari. Stafar það af því mikilsverða markmiði aðferðarinnar að persónukjörið nái að endurspegla vilja kjósenda eins vel og mögulegt er en fullyrða má eins og áður segir að engin önnur sæmilega einföld aðferð við persónukjör nái því markmiði jafnvel og sú aðferð sem hér er lögð til. Þótt uppgjörsaðferðin kunni að þykja flókin í einstökum smáatriðum er hún rökrétt og ætti þar með að vera vel skiljanleg öllum að grunni til.

Aðalfyrirmynd að þessari aðferð, forgangsröðun, er að finna á Írlandi en þar hefur kerfið verið nota alfarið í kosningum í rúma átta áratugi. Fyrirkomulag Íra er notað allvíða í hinum engilsaxneska heimi. Hugmyndin á rætur að rekja til Bretlands á öndverðri nítjándu öld, en var líka uppgötvuð af Dananum Carl Andræ um miðja þá öld og beitt í kosningum þar.

Ekki hefur mikið verið ritað um forgangsröðunaraðferðina hér á landi. Fyrsta ítarlega lýsingin, svo vitað sé, er grein eftir Baldur Símonarson í Alþýðublaðinu 6. nóvember 1968 undir heitinu „Persónulegar hlutfallskosningar“. Nokkrum árum síðar, eða 1976, birtist í tímaritinu Stefni, 27. árg., 5.–6. tbl., grein eftir Jón Steinar Gunnlaugsson, „Innleiðum persónukjör“, þar sem hann lýsir forgangsröðunaraðferðinni í smáatriðum undir heitinu persónukjör með valkostum. Tilefnið er að samvinnunefnd ungliðasamtaka þriggja stjórnmálaflokka, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna og Sambands ungra sjálfstæðismanna, skilaði sameiginlegri álitsgerð um „kjördæmaskipan og kosningarréttarmálefni“ sem birt er í sama hefti tímaritsins. Er þar lagt til að tekin verði upp umrædd aðferð, sú sem hér er nefnd forgangsröðunaraðferð. Þingsæti verði sjö í hverju kjördæmi og innan hvers þeirra verði sætum úthlutað með aðferðinni í sinni upprunanlegu írsku mynd, þ.e. kjósendur séu ekki bundnir af flokkslistum heldur velji þeir einstaklinga þvert á flokka ef þeir svo kjósa. Í riti Björns S. Stefánssonar „Lýðræði með raðvali og sjóðvali“, sem út kom 2003, er víða vikið að forgangsröðunaraðferðinni. Enn fremur má benda á pistil á vefsíðu landskjörstjórnar, undir heitinu „Um persónukjör“.

Hvers vegna aðferð forgangsröðunar?

Unnt er að útfæra persónukjör með margvíslegum hætti og við gerð frumvarpanna tveggja voru vissulega margar leiðir íhugaðar. Valið var hins vegar smám saman þrengt þar til að lokum var staðnæmst við forgangsröðunaraðferðina. Þetta ákvörðunarferli má sjá í hnotskurn á eftirfarandi ákvörðunartré. Til þess að tréð sé sæmilega læsilegt er því tvískipt.


Persónukjör
Óraðaðir listar
Röðunartölur
Krossa-merkingar
Forraðaðir listar
• Einn kross takmarkar mjög val kjósenda.
– Getur bitnað á vinsælum frambjóðendum.
• Margir krossar fela í sér að atkvæðið skiptist jafnt á þá frambjóðendur sem krossað er við.
– Kemur í veg fyrir að kjósendur geti gert upp á milli frambjóðenda með skýrum hætti.
• Hvert á vægi forröðunarinnar að vera?
– Eigi kjósendur að fá eitthvað að segja verður vægi kjósenda að vera mikið. Það er tæknilega erfitt í útfærslu.
• Sé röðin aðeins hugsuð til leiðbeiningar munu kjósendur samt halda að þeir hafi einhver áhrif með krossi við listann.


Röðunartölur
Forgangsröðun
(STV, írska leiðin)
Prófkjörsreglan
Stigagjöf
(Borda-reglan)
• Fangar vilja kjósenda best!
• Atkvæði fara ekki forgörðum.
– Óhætt að greiða vinsælum manni atkvæði.
– Líka þeim sem illa stendur.
• Athöfn kjósandans sú sama og í prófkjörsaðferðinni; er kjósendum því kunn.
– En sneiðir hjá vanköntum hennar.
• Felur í raun í sér meirihlutakosningu í persónukjöri, þ.e. meiri hluti kjósenda lista getur, ef samstiga, ráðið niðurstöðu um röðun í öll sæti listans.
• Atkvæði minni hluta kjósenda lista verða áhrifalaus eða áhrifalítil.
• Aðferðin líkleg til að hygla miðlungsframbjóðendum.
• Býður fremur upp á kosningabrall en margar aðrar aðferðir.
• Kann að hygla meðalmönnum um of!

Íhugað var jafnframt hvort ganga ætti lengra og heimila kjósendum að forgangsraða án tillits til lista, þ.e. að velja frambjóðendur af fleiri en einum lista. Álitamál er hins vegar hvort slíkt fyrirkomulag við þingkosningar rúmist innan ramma stjórnarskrárinnar að henni óbreyttri. A.m.k. yrði að reikna listum atkvæði í samræmi við fjölda og vægi þeirra frambjóðenda sem kjósendur velja af hverjum lista og úthluta listunum sæti í samræmi við það. Á hinn bóginn virðist stjórnarskrá ekki setja því neinar skorður að við sveitarstjórnarkosningar megi velja þvert á lista, jafnvel velja persónur en ekki lista.

Sums staðar er gengið enn lengra en þetta, t.d. á Írlandi. Frambjóðendur standa þá ekki á listum heldur bjóða sig fram sem einstaklingar. Víðast hvar er frambjóðendunum þó heimilt, ef ekki skylt, að gera grein fyrir flokkstengslum sínum á kjörseðlinum. Segja má að fyrirkomulag einmenningskjördæma falli undir þessa gerð persónukjörs. Einnig eru dæmi um fjölmenningskjördæmi með persónukjöri af þessu tagi. Slíkt fyrirkomulag rúmast þó ótvírætt ekki innan óbreyttrar stjórnarskrár hér á landi.

Aðferð forgangsröðunar (STV) er að sjálfsögðu ekki gallalaus fremur en aðrar aðferðir við uppgjör á röðunaróskum kjósenda. Það verður aldrei á allt kosið í þessum efnum, sbr. fræga ómöguleikasetningu Kenneth J. Arrows. Þannig hefur forgangsröðunaraðferðin þann ágalla að frambjóðandi kann að missa af sæti við að fá aukið fylgi, en á þennan ágalla er réttilega bent í einni af umsögnum sem bárust allsherjarnefnd Alþingis um frumvarpið um persónukjör við sveitarstjórnarkosningar við meðferð nefndarinnar á málinu á 137. löggjafarþingi. Umræddur ágalli er á fjölmörgum kosningaaðferðum. T.d. eru núgildandi lög um kosningar til Alþingis með þessum meinbugum. Í fylgiskjali VII er nánar fjallað um þetta fyrirbæri. Það er niðurstaða þeirra umfjöllunar að líkurnar á því að á þetta geti reynt séu afar litlar.

Fróðlegt er að bera saman fyrirkomulag það sem lagt er til í þessum frumvörpum og því frumvarpi sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi um persónukjör í kosningum til Alþingis, sjá þingskjal 622. Meginmunurinn er tvenns konar:

– Frumvarpið á vetrarþinginu var valkvætt: Framboðslistar máttu velja hvort þeir buðu fram óraðaða lista til persónukjörs eða raðaða lista eins og verið hefur. Þetta helgaðist m.a. af því að ætlunin var að láta lögin taka gildi fyrir alþingiskosningarnar þá um vorið, en ætla mátti að sum framboð væru þegar búin að marka sér stefnu í framboðsmálum og því orðið of seint að bjóða fram óraðaða lista.
– Samkvæmt þessu eldra frumvarpi átti að gera röðun kjósenda upp með prófkjörsaðferðinni. Rökin fyrir því voru aftur þau að stíga sem styst skref. Prófkjörsaðferðin, kosning í sæti, væri mörgum kjósendum kunnugleg og því skrefið sem stigið væri styttra en með t.d. forgangsröðunaraðferðinni. Sem fyrr eiga þessi rök mun síður við nú.

Hvers vegna persónukjör?

Stjórnmálaflokkar gegna lykilhlutverki í frjálsum og þróuðum lýðræðisríkjum samtímans. Þeir eru almennt taldir vera óhjákvæmilegur hluti lýðræðisfyrirkomulags. Án stjórnmálaflokka væru litlar líkur á því að val kjósenda gæti mótað skýra leiðsögn um það hver stjórnin og stjórnarstefnan ætti að vera, hvort sem er á Alþingi eða í sveitarstjórnum. Auk þess eru stjórnmálaflokkar einn helsti vettvangurinn fyrir stjórnmálaþátttöku almennings, m.a. við þjálfun í pólitísku starfi.

Flest kosningakerfi eru mótuð af stjórnmálaflokkum og miðast að einhverju leyti við hagsmuni þeirra. Gróflega má flokka kosningakerfi í tvennt, annars vegar meirihlutakerfi og hins vegar hlutfallskerfi. Meirihlutakerfi tryggja einatt einum flokki meiri hluta á fulltrúa-

samkundum, jafnvel þótt hann styðjist ekki við hreinan meiri hluta atkvæða. Þannig á kosningakerfið að stuðla að styrkri stjórn en á móti kemur að vilji kjósenda endurspeglast ekki til fullnustu. Hlutfallskerfi miða hins vegar að því að skapa sem besta samsvörun á milli atkvæðahlutfalls og fulltrúafjölda á löggjafarsamkomum ríkja eða í sveitarstjórnum. Hlutfallskerfi leiða oft til þess að engin ein stjórnmálasamtök hljóta meiri hluta fulltrúa sem þýðir að stjórnir geta verið minnihlutastjórnir, samsteypustjórnir eða hvort tveggja.

Þessi einfalda skipting kosningakerfa gerir ekki nauðsynlega ráð fyrir að persónukjör gegni umtalsverðu hlutverki. Jafnvel í einmenningskjördæmum sem byggjast á einföldum meiri hluta eru stjórnmálaflokkarnir í reynd ráðandi og frambjóðandi sem ekki hlýtur stuðning einhvers af helstu flokkunum (sem eru oftast tveir í slíkum kerfum) á litla sem enga möguleika á kjöri. Í hlutfallskosningum þar sem hreinar listakosningar eru viðhafðar er valdið einnig einatt alfarið hjá flokkunum því þeir bæði velja fólk inn á listana og stýra í hvaða röð það kemur til álita við úthlutun sæta.

Persónukjör er það kallað þegar kjósendur geta valið milli einstakra frambjóðenda í almennum kosningum hvort sem er á einum lista eða án tillits til lista. Til eru ýmsar útgáfur af því eins og nánari grein er gerð fyrir hér að neðan. Persónukjör er jafn gamalt hugmyndum um hlutfallskosningar, sem fyrst voru þróaðar á fyrri hluta nítjándu aldar en náðu þó ekki verulegri útbreiðslu fyrr en á tuttugustu öld. Sú útgáfa hlutfallskosninga sem helst hefur verið uppi í hinum enskumælandi heimi (þar sem meirihlutakerfi eru annars ríkjandi) nefnist forgangsröðunaraðferð (skammstafað á ensku STV) og tvinnar þar saman persónukjör og flokksval með þeim hætti að kjósendur geta valið frambjóðendur frá mismunandi flokkum á sama kjörseðli. Þessi aðferð er í þingkosningum viðhöfð á Írlandi, Möltu og til öldungadeildar ástralska þingsins, enn fremur á Norður-Írlandi og í vissum kosningum í Skotlandi. Á meginlandi Evrópu hafa hlutfallskosningar meira byggst á hreinum flokkslistum þar sem röðun flokkanna hefur víðast hvar verið ráðandi, sums staðar að vísu í bland við annars konar fyrirkomulag (t.d. í Þýskalandi þar sem hver kjósandi hefur tvö atkvæði þar sem annað er greitt frambjóðanda í einmenningskjördæmi og hitt landslista).

Líta má á persónukjör sem hluta af því aðhaldi sem stjórnmálaflokkar eiga að þurfa að búa við. Hér takast að vísu á tvenns konar sjónarmið. Annað er það að stjórnmálaflokkar séu frjáls félagasamtök og eigi sem slíkir rétt á að haga innri málefnum sínum á þann hátt sem félagar þeirra ákveða með aðferðum innanflokkslýðræðis. Hitt sjónarmiðið er það að stjórnmálaflokkar skipi helstu valdastöður samfélagsins og innri málefni þeirra geti þess vegna ekki verið einkamál þeirra. Þeir þurfi víðtækara aðhald en það sem fæst með einum krossi í kosningum á nokkurra ára fresti.

Aðhald að stjórnmálaflokkum getur verið margs konar utan kosninganna sjálfra. Hluta þess er að finna í almennri þjóðfélagsumræðu á þingi, í fjölmiðlum og mannamótum. Þá má þetta aðhald finna í reglum um starfsemi þeirra og eftirliti með fjármálum. Skipting valdsins milli ólíkra stjórnsýslustiga veitir flokkunum aðhald og almennt er vaxandi tilhneiging í lýðræðisríkjum til að nýta aðferðir beins lýðræðis, svo sem þjóðaratkvæði og almennar atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum, sem aðhaldstæki. Einnig má líta á aukinn áhuga á persónukjöri í ýmsum löndum sem viðleitni til að kjósendur flokkanna fái meira um það að segja hvaða fólk velst til fulltrúahlutverka fyrir þá.

Þótt flokkar séu enn þá mikilvægustu þátttökustofnanir lýðræðisríkja hafa þeir átt í vaxandi vandræðum víðast hvar með að laða til sín félaga. Ísland er hér að vísu nokkur undantekning þar sem um 30% kjósenda 2007 gáfu sig upp í könnun sem félaga í stjórnmálaflokki og tölurnar sem flokkarnir sjálfir gáfu upp um svipað leyti voru enn hærri. Hins vegar hefur

þeirri skoðun verið hreyft að félagatölur íslensku flokkanna séu í raun ekki sambærilegar við tölur margra erlendra flokka vegna þess að flokksaðild á Íslandi tengist þátttöku í víðtækum prófkjörum hér á landi og gerir litlar kröfur til félaga um starf eða greiðslu félagsgjalda.

Annað veikleikamerki hefðbundinnar stjórnmálaþátttöku í mörgum nálægum ríkjum er dvínandi kosningaþátttaka. Lítil kosningaþátttaka veikir lýðræðislegt lögmæti kjörinna fulltrúa og er almennt talin óæskileg þar sem áhersla er lögð á að niðurstöður kosninga endurspegli óskir sem flestra kjósenda. Dvínandi kosningaþátttaka er hins vegar ekki endilega merki um minni pólitíska virkni almennings því á sama tíma hefur þátttaka víða aukist í ýmsum öðrum þátttökuformum bæði í nærsamfélaginu og á landsvísu. Pólitískur áhugi hefur heldur ekki minnkað, enda þótt aðdráttarafl hefðbundinnar stjórnmálaþátttöku hafi dvínað samanborið við margháttaða annars konar þátttöku. Við dvínandi kosningaþátttöku hefur víða verið brugðist með því að leggja vaxandi áherslu á önnur þátttökuform en einnig með aðgerðum til að draga kjósendur að kjörborðinu, þar á meðal persónukjöri.

Á Íslandi hefur kosningaþátttaka verið fremur mikil þótt hún hafi látið nokkuð á sjá í sveitarstjórnarkosningunum 2006 og alþingiskosningum 2007. Hún jókst hins vegar lítillega í þingkosningunum 2009 en ef til vill ekki eins mikið og vænta mátti eftir mikinn ólguvetur í íslenskum stjórnmálum. Kannanir benda til að ýmsar af meginstofnunum íslenska fulltrúalýðræðisins, þar á meðal Alþingi, njóti nú minna trausts en nokkru sinni fyrr meðal almennings. Hugmyndin um að auka persónukjör tengist almennum sjónarmiðum um aðhald kjósenda með stjórnmálaflokkunum en um leið að auka traust á fulltrúasamkundunum. Hins vegar er jafnframt mikilvægt að það veiki ekki flokkana svo mjög að dragi verulega úr getu þeirra að gegna lýðræðislegum hlutverkum sínum.

Enda þótt vald kjósenda til að breyta röðun á listum hafi við þingkosningar verið aukið allverulega með nýjum lögum um kosningar til Alþingis frá árinu 2000 hafa prófkjör verið meginleið kjósenda til að hafa áhrif á val og röðun á framboðslistum. Í raun má líta svo á að sú tillaga sem hér er á ferðinni um persónukjör, forgangsröðunin, gangi út á að breyta fyrirkomulaginu við persónukjör fremur en að verið sé að innleiða slíkt fyrirkomulag í fyrsta sinn. Kjósendur fá ný tæki til að hafa áhrif á val á frambjóðendum auk þeirra sem prófkjörin hafa veitt þeim. Persónukjör hefur hins vegar ýmsa kosti fram yfir prófkjör, þar á meðal að í persónukjöri er hægt að tryggja að engir hafa áhrif á samsetningu lista aðrir en þeir sem kjósa listann sem er ekki hægt að tryggja í prófkjörum. Að auki tekur aldrei nema lítill hluti kjósenda þátt í prófkjörum enda vilja margir ekki gefa með þeim hætti upp hvaða flokk þeir styðja. En með persónukjöri af því tagi sem lagt er til í frumvörpunum er öllum gefinn kostur á því að velja sér frambjóðendur af þeim lista sem þeir kjósa við leynilegar kosningar.

Sú aðferð sem notuð hefur verið í prófkjörum íslensku flokkanna er í rauninni meirihlutakosning þar sem sami meiri hluti gæti ráðið allri röð listans. Aðferðin sem hér er lögð til við persónukjör, forgangsröðunaraðferðin, er hins vegar hlutfallsaðferð og tryggir minni hlutanum sinn skerf við úthlutun sæta. Þetta er veigamikill munur á aðferðunum, sbr. dæmi í fylgiskjali II.

Persónukjör í nálægum ríkjum.

Finnski stjórnmálafræðingurinn Lauri Karvonen skiptir kosningakerfum í sex flokka eftir því hve miklu hlutverki persónukjör gegnir. Segja má að sterkustu útgáfu persónukjörs sé að finna þar sem atkvæði geta skipst á einstaklinga frá ólíkum flokkum (svo sem í írska kerfinu með forgangsröðunaraðferðinni). Í öðru lagi eru til kerfi sem tengja saman flokkslista og sterka útgáfu persónukjörs með þeim hætti að allir fulltrúar eru kosnir persónukosningu. Í

þriðja lagi má finna veika útgáfu persónukjörs þar sem flokksgefin röð á lista eða hliðstæð atriði takmarka áhrif persónukjörs. Fleiri tegundir kosningakerfa tíðkast, svo sem kerfi lokaðra flokkslista (þar sem enginn möguleiki er gefinn á persónukjöri eða ákvæðin um persónukjör svo veik að þau hafa ekki áhrif í reynd), kerfi byggð á einmenningskjördæmum og loks blönduð kerfi.

Þessa greiningu má nota til að flokka kosningakerfi ríkja við þjóðþingskosningar með eftirfarandi hætti og er þá aðeins horft til almennrar deildar eða neðri deildar þar sem þing eru deildaskipt:

A. *Val þvert á lista:* Írland, Japan fram til 1995, Malta, Mauritius og Vanuatu.
B. *Sterk útgáfa persónukjörs:* Chile, Eistland, Finnland, Grikkland, Ítalía til 1993, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Pólland, San Marinó og Sviss.
C. *Veik útgáfa persónukjörs:* Austurríki, Belgía, Danmörk, Holland, Slóvenía, Svíþjóð frá 1998, Tékkland.
D. *Lokaðir flokkslistar:* Argentína, Benin, Bólivía til 1996, Búlgaría, Ekvador, Gínea, Grænhöfðaeyjar, Ísland, Ísrael, Kosta Ríka, Namibía, Noregur, Portúgal, Sao Tome og Principe, Spánn, Svíþjóð til 1994 og Úrúgvæ.
E. *Kerfi með einmenningskjördæmum:* Ástralía, Bahamaeyjar, Bandaríkin, Barbados, Belize, Botswana, Bretland, Dominica, Frakkland, Grenada, Jamaica, Kanada, Mongólía, Nýja-Sjáland fram til 1998, St. Kitts og Nevis, St. Lucia, St. Vincent og Grenadineeyjar, Trinidad og Tobago og Vestari Samóaeyjar.
F. *Blönduð kerfi:* Andorra, Bólivía (frá 1996), Ítalía frá 1994, Japan frá 1995, Litháen, Malí, Nýja-Sjáland frá 1998, Suður-Kórea, Ungverjaland, Þýskaland.

(*Heimild:* L. Karvonen. „Preferential Voting: Incidence and Effects“, International Political Science Review (2004), 25:2, 207–8.)

Íslenska alþingiskosningakerfið lendir eftir lagabreytingarnar árið 2000 á milli C- og D-flokks. Þær sömu breytingar rötuðu ekki inn í lög um kosningar til sveitarstjórna og falla þær kosningar því nánast undir D-flokk.

Persónukjör þar sem flokkslistar eru um leið í boði er fyrst og fremst evrópskt fyrirbæri, þótt slíkt fyrirkomulag finnist einnig í Chile. Á Norðurlöndunum er Finnland dæmi um ríki með sterka útgáfu persónukjörs, Danmörk og Svíþjóð með veika útgáfu en Noregur (nema í sveitarstjórnarkosningum) og, eins og fyrr segir, einnig Ísland eru dæmi um ríki með lokaða flokkslista.

Verður nú gerð nánari grein fyrir fyrirkomulagi persónukjörs við þingkosningar á Norðurlöndunum og á Írlandi auk héraðsstjórnarkosninga í Skotlandi.

Finnland.

Kosningakerfið í Finnlandi er dæmi um listakosningu þar sem lögð er áhersla á persónukjör. Gildir þetta jafnt um þingkosningar sem sveitarstjórnarkosningar, enda ein lög um þessar kosningar. Á finnska Ríkisþinginu sitja 200 fulltrúar sem kosnir eru hlutfallskosningum í 14 fjölmenningskjördæmum og einu einmenningskjördæmi (Álandseyjum). Stjórnmálaflokkar sem og kjördæmasamtök kjósenda geta tilnefnt frambjóðendur. Hámarksfjöldi frambjóðenda hvers flokks og kosningabandalags er jafn tölu þingsæta kjördæmisins. Kjósendur velja einn frambjóðanda af lista flokks sem jafnframt gildir sem flokksatkvæði við talningu.

Þingsætum í hverju kjördæmi eða í sveitarfélagi er fyrst skipt milli flokka eftir samtölu þeirra atkvæða sem frambjóðendur hvers flokks fá. Úthlutun sæta milli frambjóðenda innan

hvers flokks eða kosningabandalags hvort sem er í kjördæmi eða í sveitarstjórn byggist á persónulegum atkvæðum þeirra og ræðst úthlutunarröðin af því.

Sú staðreynd að kjósendur velja einstaka frambjóðendur frekar en flokkslista þýðir að þeir geta látið í ljós óánægju sína með stefnu eða forustu flokksins í kosningum með því að velja frambjóðendur sem tjá slíka óánægju. Það þýðir að enginn frambjóðenda flokks getur verið fyllilega öruggur um sitt sæti og í vissum mæli stuðlar það að samkeppni á milli frambjóðenda sama flokks í kosningum samhliða hefðbundinni samkeppni á milli flokka. Hins vegar getur það einnig gerst samkvæmt finnska kerfinu að atkvæði dreifist mjög ójafnt á milli frambjóðenda flokks, sem þýðir að einhverjir þeirra sem kosningu hljóta hafa mörg umframatkvæði á sama tíma og aðrir komast inn á tiltölulega fáum atkvæðum.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð fór fram talsverð umræða um að auka möguleikana á persónukjöri á tíunda áratugnum. Þessi umræða leiddi til þess að kosningakerfinu í þingkosningum, svo og öðrum kosningum, var breytt á árinu 1998. Markmið Svía var að auka áhrif kjósenda á hverjir skyldu vera fulltrúar þeirra og styrkja tengslin á milli kjósenda og þingmanna. Höfð var hliðsjón af reynslu Dana við breytingarnar.

Á kjörseðlum í Svíþjóð eru frambjóðendur skráðir í röð sem er ákveðin af þeim flokki eða samtökum sem standa að framboðinu eins og hér á landi. En einnig er á kjörseðlum reitur við nafn hvers frambjóðanda sem kjósendur geta merkt kross við. Einungis má setja kross við nafn eins frambjóðanda og aðrar breytingar á listanum (svo sem útstrikanir eða að bæta við nöfnum) eru ekki leyfðar. Með því að merkja við nafn frambjóðanda gefa kjósendur til kynna sérstakan stuðning sinn við hann. Ekki er skylda að merkja við neinn.

Til að persónuatkvæði greidd tilteknum frambjóðanda geti haft áhrif á úthlutun þingsæta þurfa þau að nema að minnsta kosti 8% af atkvæðum flokksins í viðkomandi kjördæmi. Við sveitarstjórnarkosningar og kosningar til landsþinga er hlutfallið lægra eða 5% (en þó með 50 atkvæða þröskuldi). Til umræðu er að lækka hlutfallið við þingkosningar í það sama en ákvæði um allar kosningar eru í einum og sama lagabálki.

Sætum er fyrst úthlutað til þeirra frambjóðenda sem komast yfir þessi mörk og er farið eftir tölu persónuatkvæða. Þeim sætum sem eftir eru er úthlutað eftir hinni gefnu röð frambjóðenda á listunum sjálfum.

Í kosningunum til Ríkisþingsins 1998 nýttu 30% kjósenda sér persónukjörið og 25% þeirra sem náðu kjöri voru kosnir persónukosningu. Í kosningunum 2002 dró nokkuð úr áhuga á persónukjöri því þá nýttu 26% sér möguleikann en sem fyrr voru 25% kosnir persónukosningu. Árið 2006 dró enn úr persónukjöri, þegar 22% kjósenda notfærðu sér þennan möguleika og rúm 16% þingmanna voru kosnir persónukosningu. Þessar tölur ýkja samt nokkuð bein áhrif persónukjörsins því margir þeirra sem kosnir voru persónukosningu hefðu hvort eð er verið kosnir af lista þó að persónukjörið hefði ekki komið til. Á móti er ekki ólíklegt að flokkarnir hafi líka aðlagað sig óskum kjósenda með því að stilla þannig upp að kjósendur hefðu minni ástæðu til breytinga en ella. Árið 1998 komu inn tólf þingmenn í gegnum persónukjörið sem ella hefðu ekki komist inn, tíu árið 2002 en aðeins sex árið 2006.

Persónukjörið hefur þannig ekki að öllu leyti staðið undir þeim væntingum sem lagt var upp með og um þessar mundir er það nokkuð rætt í Svíþjóð hvernig bregðast megi við því. Fram hafa komið hugmyndir um að lækka þröskuldinn við þingkosningar úr 8% í 5% eins og fyrr segir eða jafnvel afnema hann með öllu. Þar með væri uppstillingin á listunum aðeins til upplýsingar en hefði engin áhrif við sjálfa talninguna. Jafnframt hefur verið rætt um að

gefa kjósendum færi á að velja fleiri en eitt nafn af listunum. Rétt er þó að nefna að einnig hafa komið fram hugmyndir um að hverfa frá persónukjöri af þessu tagi.

Danmörk.

Danskir kjósendur velja sér lista með krossi eins og hér. En að auki geta þeir krossað við einn frambjóðanda á þeim lista sem þeir hafa kosið. Nefnist það að greiða persónulegt atkvæði. Þeir geta líka sleppt því og kallast atkvæðið þá flokksatkvæði. Áhrif þessara krossa kjósandans eru afar mismunandi allt eftir því hvaða framboðsleið listinn hefur valið.

Kjördæmi eru allstór, með 10–21 kjördæmissæti hvert, en boðið er fram í svokölluðum „opstillingskredse“, sem geta verið heil sveitarfélög, hverfi í Stór-Kaupmannahöfn eða á landsbyggðinni samsafn sveitarfélaga. Kalla má þetta nærkjördæmi. Að nokkru leyti má líkja nærkjördæmunum við einmenningskjördæmi þar sem tala þeirra innan hvers (yfir)kjördæmis er ámóta þingsætatölu kjördæmisins. Frambjóðendum er stillt upp í einstökum nærkjördæmum, einu eða fleirum eða í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis, allt að vali þeirra sem að framboðunum standa.

Valkostir framboða um uppstillingu á lista eru í meginatriðum eftirfarandi:

– *Hliðstæð röðun:* Frambjóðendum nærkjördæmisins er raðað í stafrófsröð. Þó má stilla upp einum manni efst á lista í hverju einstöku nærkjördæmi, en ekki endilega þeim sama í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis. Flokksatkvæðin dreifast á alla frambjóðendur nærkjördæmisins í hlutfalli við persónulegu atkvæðin og bætast þannig við þau. (Þetta þýðir í reynd að persónulegu atkvæðin ein ráða útkomunni.) Þeir ná kjöri í sæti viðkomandi flokks sem hafa hlotið flest persónulegu atkvæðanna í kjördæminu. Segja má að þetta fyrirkomulag sé jafngilt því sem nefnt er óraðaður listi í þessum frumvörpum. Eina frávikið er sá „áróður á kjörstað“ sem felst í því að hampa einum frambjóðanda sérstaklega í hverju nærkjördæmi.
– *Kjördæmisuppstilling:* Viðkomandi flokkur setur einn af frambjóðendum kjördæmis efst á lista í nærkjördæmi, í einu eða fleirum samtímis. Öllum öðrum frambjóðendum flokksins í sama (yfir)kjördæmi er síðan raðað í stafrófsröð á framboðslista hvers nærkjördæmis þess. Frambjóðandinn, sem er hampað efst á listanum, fær öll hreinu flokksatkvæðin í nærkjördæminu. Krossafjöldinn í heild, þessi flokksatkvæði auk persónulegu atkvæðanna, ræður því hverjir ná kjöri.
– *Flokksuppstilling:* Þá stillir flokkurinn upp lista fyrir allt kjördæmið og það í sinni óskaröð. Þó má sem fyrr taka einn í hverju nærkjördæmi út úr og setja í efsta sæti. Kjósendur mega sem fyrr merkja við einn frambjóðanda. Fái einhverjir þeirra nægilegar slíkar persónumerkingar sem duga fyrir einu af sætum flokksins á grundvelli svokallaðs Droopshlutar (sjá skilgreiningu síðar) teljast þeir kosnir óháð því hvar þeim er ella raðað á listann. Afgangurinn af frambjóðendunum fer inn á grundvelli flokksröðunarinnar. Ekki fer sérstökum sögum af örlögum þess sem er efstur á listanum. Hann er væntanlega nokkuð hólpinn með sæti, ef ekki á grundvelli þess að ná sætishlutnum þá sem forustumaður í listaröðinni.

Hiklaust má segja að fyrsta leiðin sé sú sem kemst næst hreinu persónukjöri, en síðan eykst vægi flokksröðunarinnar. Kjósendur hafa væntanlega samt meiri áhrif á val þingmannsefna jafnvel undir þriðja kostinum, flokksuppstillingu, en þeir hafa samkvæmt gildandi kosningalögum íslenskum.

Fyrst völdu nær öll framboð flokksuppstillingu við kosningar til Þjóðþingsins en nú orðið velja langflest hliðstæðu röðunina, óraðaða lista. Þátttaka kjósenda í vali á frambjóðendum hefur farið vaxandi en allt frá um 1990 hefur um helmingur þeirra nýtt sér þennan rétt.

Við sveitarstjórnarkosningar í Danmörku er í meginatriðum sama gerð persónukjörs og við þingskosningar en lögin þar um eru aðskilin.

Noregur.

Við kosningar til norska Stórþingsins er persónukjör með nánast sama hætti og var í kosningalögum hér á landi á árabilinu 1987–2000 og gilda enn um kosningar til sveitarstjórna hér á landi. Listar eru boðnir fram raðaðir en þeim má breyta með umröðun og útstrikunum. Uppgjörsaðferðin er sú sama og í prófkjörum hér á landi, þ.e. litið er svo á að kosið sé í sæti. Það þarf því samstilltan meiri hluta kjósenda til að breyting verði á hinni framboðnu röð. Vald kjósenda til breytinga er því fremur í orði en á borði.

Öðru máli gegnir við sveitarstjórnarkosningar. Þar gildir allt annað fyrirkomulag og eru þó lög um kosningar allar í sama lagabálki. Við sveitarstjórnarkosningar eru listar áfram boðnir fram raðaðir en á þeim þurfa að vera að lágmarki sjö frambjóðendur og að hámarki jafnmargir þeim fjölda sem situr í sveitarstjórn að viðbættum allt að sex frambjóðendum.

Kjósendur geta krossað við þann eða þá frambjóðendur á þeim lista sem þeir kjósa og veitt þeim á þann hátt persónulegt atkvæði sitt. Engar hömlur eru á því hve marga frambjóðendur á listanum má krossa við. Útstrikanir eru ekki leyfðar. Hin gefna röðun á listunum hefur í sjálfu sér engin áhrif á uppgjörið, talninguna. Á hinn bóginn geta flokkar eða hópar sem bjóða fram ákveðið að gefa efstu frambjóðendum á viðkomandi lista atkvæðaálag til að styrkja kjör þeirra. Þetta atkvæðaálag getur numið allt að 25% af atkvæðum listans. Ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 11–23 þá má gefa allt að fjórum frambjóðendum slíkt álag, ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 25–53 geta allt að sex frambjóðendur fengið álag og ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 55 eða fleiri geta allt að 10 frambjóðendur notið atkvæðaálagsins. Nöfn þeirra frambjóðenda sem fá atkvæðaálag eru feitletruð á kjörseðlinum.

Að auki geta kjósendur veitt frambjóðendum á öðrum listum persónuleg atkvæði með því að rita nöfn þeirra neðst á atkvæðaseðilinn. Hafa verður í huga að kjörseðlar í Noregi eru með þeim sérstæða hætti að hver þeirra tilgreinir aðeins frambjóðendur eins flokks. Kjósandinn verður því fyrst að velja sér kjörseðil eftir því hvaða flokk hann vill styðja. Vilji hann bæta við nöfnum af öðrum listum hefur hann ekki beinan aðgang að þeim og þarf því að nálgast nöfn þeirra með öðrum hætti. Heimilt er að veita allt að fjórðungi fulltrúafjölda í sveitarstjórn persónuleg atkvæði af öðrum listum með þessum hætti. Að sama skapi skerðist atkvæði þess lista sem kosinn er í hlutfalli af fjölda í sveitarstjórn og færist yfir á aðra lista, þ.e. ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 13 þá færist 1/13 úr atkvæði yfir á viðkomandi lista fyrir hvert nafn sem ritað er.

Röð frambjóðenda ræðst síðan af fjölda samanlagðra persónuatkvæða og atkvæðaálags ef því er að skipta.

Írland.

Kosningakerfi írska lýðveldisins er forgangsröðunarkerfi, *Single Transferable Vote (STV)*. Þar og annars staðar í engilsaxneskum löndum þar sem kerfinu er beitt hefur það tvíþættan tilgang. Annars vegar er það persónukjörsaðferð og það í ríkari mæli en lagt er til með þessum frumvörpum þar sem kjósendur fá ekki einungis að raða frambjóðendum eins flokks heldur geta raðað að vild saman frambjóðendum ólíkra flokka. Hins vegar er kerfið hugsað

sem hlutfallskosningakerfi og leiðir til þess að nokkuð gott samræmi er á milli atkvæðahlutfalls og skiptingu þingsæta í hverju kjördæmi milli flokka. Þó er erfitt að fullyrða þetta þar sem fylgi flokka er í raun aldrei mælt í hinum írsku kosningum. Kjósendur raða frambjóðendum en merkja aldrei við lista. Lesa verður alla umfjöllun um hina írsku fyrirmynd með þennan tvíþætta tilgang hennar í huga.

Þar sem kosið er meirihlutakosningum í einmenningskjördæmum fellur einatt mikill fjöldi atkvæða niður dauður í þeim skilningi að engin sæti fást fyrir þau. Írska leiðin er öndverðan við þetta. Í Bretlandi, þar sem kosið er með einföldum meiri hluta í einmenningskjördæmum, er oftast vísað til írska kerfisins þegar rætt er um að taka upp hlutfallskosningar. Víða þar sem hvatt er til forgangsröðunaraðferðarinnar er það gert til að brjótast út úr meirihlutakosningu, einmenningskjördæmum og þar með tveggja flokka kerfi.

Því verður að halda því vel til haga að með þeirri breytingu sem lögð er til með þessum frumvörpum er einungis verið að nýta forgangsröðunaraðferðina sem persónukjörsaðferð, til úthlutunar fulltrúasæta eða þingsæta milli frambjóðenda innan flokks en ekki sem aðferð til að skipta þingsætum hlutfallslega milli flokka. Þessum tveimur þáttum er haldið skýrt aðgreindum í gildandi kosningalögum og verður svo áfram enda þótt þessi frumvörp verði að lögum.

Á kjörseðli á Írlandi er frambjóðendum raðað í stafrófsröð þar sem fram kemur fyrir hvaða flokk þeir bjóða sig fram. Kjósendur mega raða öllum frambjóðendum í forgangsröð en það nægir að skrifa „1“ við nafn eins frambjóðanda til að atkvæðið sé gilt. Aðferð þessari er lýst nánar annars staðar í þessum athugasemdum, enda var mjög sótt í smiðju Íra við samningu þessara frumvarpa.

Írska kosningakerfið er umdeilt en hefur samt staðist tvær tilraunir til að fá það afnumið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gagnrýnin beinist þó að jafnaði ekki að forgangsröðunaraðferðinni sem slíkri heldur fremur að því að hlutfallskosningar séu til baga og að *Westminster*-kerfið, einmenningskjördæmi og tveggja flokka kerfi, sé betra. Þjóðaratkvæðagreiðslurnar á Írlandi um afnám kerfisins snerust því fyrst og fremst um það hvort taka ætti aftur upp það fyrirkomulag. Forgangsröðunaraðferðin við persónukjör er þó, líkt og allar aðferðir við persónukjör, gagnrýnt fyrir að ýta undir persónustjórnmál auk þess sem niðurstöður þess á landsvísu geta hyglað stórum flokkum, og sé því ekki nógu gott sem hlutfallskosningakerfi. Það stafar m.a. af því að ekki er raunhæft að ætla kjósendum að raða nema takmörkuðum fjölda frambjóðenda þannig að röðunin hafi merkingu. Á Írlandi eru kjördæmi með á bilinu 3–5 þingsæti. Ef 6 flokkar keppa um 5 þingsæti og bjóða að meðaltali fram 4 frambjóðendur þýðir það að kjósendur geta raðað 24 frambjóðendum. Fáir raða þó svo mörgum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpanna verður fjöldi frambjóðenda hvers lista í persónukjöri jafn tölu sæta í viðkomandi kjördæmi eða sveitarstjórn sem leiðir til þess að vandinn sem hlýst af of breiðu vali kjósanda yrði minni hér á landi en á Írlandi.

Írar nota forgangsröðunarkerfið alfarið við kosningar hvort sem það er til þjóðþings, til Evrópuþingsins, við sveitarstjórnarkosningar eða forsetakosningar enda er einn heildarlagabálkur um kosningar þar í landi. Raunverulegt dæmi um úrslit á Írlandi er að finna í fylgiskjali III.

Skotland.

Forgangsröðunarkerfi, STV, var beitt í eins konar héraðsstjórnarkosningum í Skotlandi árið 2007. Kosið var til 32 héraðsstjórna sem hver um sig er kosin í nokkrum kjördæmum þriggja eða fjögurra manna. Alls voru kosnir 1.222 fulltrúar.

Þetta er í fyrsta sinn sem STV-aðferðin hefur verið notuð í almennum kosningum í Stóra-Bretlandi. Áður höfðu Skotar kosið til héraðsstjórna í eins konar einmenningskosningum eins og venjan er á Bretlandseyjum. Álitaefni við breytinguna var hvort taka ætti upp hlutfallskosningar, en eins og víða í hinum engilsaxnesku ríkjum er STV lagt að jöfnu við hlutfallskosningar. Umræðan um kosti og galla hlutfallskosninga skiptir ekki máli í því samhengi sem hér um ræðir. Á hinn bóginn má fræðast um reynslu Skota af forgangsröðunaraðferðinni sem slíkri eins og hún birtist í fyrrnefndum kosningum. Í því skyni verður tæpt á nokkrum atriðum úr ítarlegri skýrslu, *Local authority elections in Scotland,* sem kom út fyrir ári. Sjá http://www.electoral-reform.org.uk/downloads/Scottishlocalgovernmentreport.pdf. Jafnframt eru heimildir sóttar í erindi eftir Michael Marsh við Trinity College í Dyflinni.

Fyrirkomulagið í þessu skoska kosningakerfi er svipað og í hinni stóru fyrirmynd, kerfinu á Írlandi. Einstaklingar eru í framboði, ekki flokkar, en tilgreint er á kjörseðlunum hvaða flokkur býður þá fram. Kjósendur mega raða frambjóðendum, einum eða fleiri óháð því hvaða flokki þeir tilheyra.

Meðal niðurstaðna, m.a. úr könnunum sem gerðar voru eftir kosningarnar, má nefna eftirfarandi:

- Tveir þriðju hlutar kjósenda áttu í ekki vandræðum með að kjósa samkvæmt kerfinu. Aðeins tíundi hluti kjósenda taldi það „mjög erfitt“.
- Meiri hluti kjósenda taldi sig aðeins hafa óljósa hugmynd um það hvernig sætum væri úthlutað. Sama svar fékkst reyndar einnig þegar spurt var um skilning fólks á fyrra kerfi!
- Kjósendur höfðu úr 3–11 frambjóðendum að velja, að meðaltali úr sjö. Þeir röðuðu að meðaltali 2,5 þeirra. Lítil dreifing var frá þessu meðaltali, með öðrum orðum röðuðu kjósendur vart fleiri þótt úr meira væri að moða. Talsverð fylgni var milli fjölda þeirra sem raðað var og skilnings kjósenda á kerfinu; því meiri skilningur á kerfinu þeim mun fleiri var raðað.
- 40% einskorðuðu val sitt við menn eins flokks, önnur 40% völdu menn frá tveimur flokkum, en 20% tíndu til frambjóðendur frá þremur eða fleiri flokkum.
- Konur voru einungis rúmur fimmtungur frambjóðenda. Kynjaskipting kjörinna fulltrúa var því sem næst sú sama. Það var því fullt samræmi milli framboðs á konum og kjöri þeirra. Í kosningunum næst á undan voru hlutfallslega fleiri konur í framboði en þeim vegnaði ekki eins vel og nú.
- Athyglisvert er að mun meira samhengi var á milli úrslitanna og óska kjósenda undir hinu nýja STV-fyrirkomulagi en hinu fyrra. Í kosningunum 2003 sem voru meirihlutakosning náðu 52% þeirra frambjóðenda sem krossað var við kjöri. Í kosningunum 2007 hlutu 74% þeirra sem kjósendur völdu að fyrsta vali sæti.
- 40% þeirra sem kosnir voru náðu þegar kjöri í fyrstu atrennu talningarinnar, þ.e. vegna þess að þeir áttu atkvæði að fyrsta vali sem nægði fyrir sætishlut (sjá skilgreiningu síðar). Afgangurinn, 60%, náði kjöri vegna tilfærslu atkvæða.
- Veruleg aukning varð á ógildum atkvæðum. Þau voru fá í kosningunum 2003 eða 0,75% en fóru í 1,85% 2007. Að hluta er því um kennt að kjósendur hafi ekki áttað sig á breyttri aðferð. En á hitt er ekki síður bent að kosningarnar voru tvíþættar þar sem samtímis var kosið til skoska þingsins og þá með allt öðru kerfi sem kann að hafa ruglað kjósendur í rýminu. Athyglisvert er að fleiri atkvæði voru ógild í þingkosningunum en í héraðsstjórnarkosningunum eða allt að því helmingi fleiri hlutfallslega og var þó þingkosningakerfið kunnuglegt kjósendum.

Áhrif persónukjörs.

Áhrif persónukjörs ráðast mikið af því hvers konar útgáfa persónukjörs er viðhöfð. Fyrirliggjandi þekking bendir til að áhrifin séu ekki augljós eða auðveldlega fyrirsjáanleg, en erfitt er að rannsaka þau vegna þess hve fjölbreyttar aðferðirnar við persónukjör eru.

Líklegt má telja að persónukjör hafi einhver áhrif á flokkseiningu og flokksaga í stjórnmálaflokkum og rannsóknir styðja þá niðurstöðu. Þar sem kjósendur velja milli frambjóðenda fyrir sama flokk í kosningum verður samkeppni milli frambjóðendanna innbyrðis á sama tíma og þeir eiga í samkeppni við aðra flokka. Þar sem persónukjör er ekki viðhaft eiga stjórnmálaflokkar auðveldara um vik að beita einstaka fulltrúa flokksaga. Ef kjósendur raða á hinn bóginn listunum gætu einstakir frambjóðendur haft hag af að vekja á sér athygli með því að skapa sér sérstöðu sem drægi athygli kjósenda að þeim umfram aðra frambjóðendur flokksins – til dæmis ef flokkurinn stæði í óvinsælum aðgerðum. Á hinn bóginn má segja að þessi áhrif hafi þegar komið fram á Íslandi með tilkomu prófkjaranna eftir 1970 sem hafa svipuð áhrif eins og persónukjör hvað þetta varðar. Persónukjör í prófkjörum á Íslandi hefur ekki leitt til þess að samloðun í atkvæðagreiðslum á þingi sé markvert minni en annars staðar á Norðurlöndum.

Rannsóknir benda einnig til þess að flóknara geti verið að halda utan um fjármál stjórnmálastarfsemi þar sem persónukjör er viðhaft en annars staðar. Þar sem einstaklingar gegna miklu hlutverki í kosningum eru fjármálin flóknari og reglur ítarlegri en þar sem flokkslistar eru ráðandi. Nauðsynlegt kann því að reynast að laga reglur um fjármál stjórnmálastarfsemi að þeirri staðreynd að einstaklingar af sama lista eru í innbyrðis samkeppni verði frumvörpin að lögum. Á Íslandi hafa nýlega verið settar reglur um fjármál stjórnmálastarfsemi sem í fyrsta sinn reyndi á í kosningum 2009. Fyrir liggur að endurskoða á þessar reglur í ljósi reynslunnar. Eðlilegt er að sú endurskoðun taki mið af þeim breytingum sem kunna að verða á möguleikum kjósenda til persónukjörs.

Umdeilt er hvaða áhrif persónukjör hefur á kynjahlutföll í stjórnmálum. Persónukjör gerir hugmyndina um fléttulista örðugra í framkvæmd og ef persónukjör fer fram af óröðuðum listum eru fléttulistar í raun útilokaðir þótt stjórnmálaflokkarnir geti auðveldlega gætt þess að tala frambjóðenda til persónukjörs af hvoru kyn sé jöfn eða sem jöfnust. Þrátt fyrir að persónukjör sé viðhaft í nokkrum mæli í þingkosningum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð eru þessi ríki meðal þeirra sem hafa hvað hæst hlutfall kvenna á þingi. Því hefur engu að síður verið haldið fram að kjósendur taki miðaldra karlframbjóðendur fram yfir kvenframbjóðendur í persónukjöri og því geti aðferðin haft neikvæðar afleiðingar fyrir jöfnuð í kynjahlutföllum meðal kjörinna fulltrúa. Í nýrri rannsóknum er þetta þó dregið verulega í efa. Ef tekið er tillit til áhrifa annarra þátta, svo sem um fjölda frambjóðenda af hvoru kyni og einkum hvar frambjóðendur eru á röðuðum flokkslista ef um slíkt er að ræða, þá gætir ekki áhrifa kyns. Það má samkvæmt þessu kenna flokkunum sjálfum um ef kynjahlutföll eru óhagstæð konum. Þá benda rannsóknir á Íslandi til þess að í prófkjörum gangi konum ekki verr en körlum sé tekið tillit til þess í hvaða sæti þær bjóða sig fram í prófkjörunum.

Hlutur kvenna við óbundnar sveitarstjórnarkosningar hér á landi, sem er hreint persónukjör, er ekki miklu lakari en hlutur kvenna við hlutbundnar listakosningar. Í kosningunum 2006 voru 93 fulltrúar kjörnir persónukjöri við óbundnar kosningar og þar af 31 kona eða 33%. Kjörnir fulltrúar í hlutbundnum listakosningum voru 436 og þar af 158 konur eða 36%. Munurinn er vart marktækur. Af þessu tölum sést að sú persónukjörsaðferð sem viðhöfð hefur verið um langa tíð í hluta íslenskra sveitarfélaga er konum ekki óhagstæðari en listakosning.

Eins og fyrr segir tóku Skotar upp STV eða forgangsröðunaraðferð við héraðsstjórnarkosningar árið 2007. Við héraðsstjórnarkosningar árið 2003 voru konur 28% frambjóðenda og hlutfall kvenna af héraðsstjórnarmönnum var 22% eftir þær kosningar en við STV-kosningarnar þar 2007 voru konur 22,5% frambjóðenda en þær náðu kjöri í sama hlutfalli og karlar og eru nú tæp 22% héraðsstjórnarmanna. Kosningakerfisbreytingin hafði því engin áhrif á hlut kvenna í skoskum héraðsstjórnum. Þó er athyglisvert að þeim konum sem voru yfirhöfuð í framboði vegnaði betur undir STV-aðferðinni enn þeirri fyrri. Þetta undirstrikar aftur að meginatriðið er að konur gefi kost á sér til framboðs; kjósendur sjá síðan til að þær nái kjöri!

Síðast en ekki síst er það allmikið rætt í rannsóknum hvort persónukjör hygli sitjandi fulltrúum eða öfugt að þær stuðli að hraðari endurnýjun þinga en annars konar kosningafyrirkomulag. Ekkert einfalt samband er milli persónukjörs sem slíks og endurnýjunar. Sitjandi fulltrúar hafa alls staðar verulegt forskot fram yfir frambjóðendur sem ekki sitja á þingi eða í sveitarstjórnum. Ástæðan er einkum sú að þeir eru að öðru jöfnu þekktari og eiga auðveldara með að útvega fjármagn og ná athygli kjósenda en óþekktari frambjóðendur.

Útfærsla persónukjörs.

Almennt er æskilegt að fyrirkomulag kosninga sé einfalt. Kosningakerfi eru hins vegar af mörgum ástæðum oft flókin. Ein af ástæðunum er að fullkomið kosningakerfi, sem endurspeglar vilja kjósenda algerlega, er ekki til, sbr. það sem fyrr segir um ómöguleikasetningu Kenneth J. Arrows og fleira af þeim toga. Auk þess eru fleiri þættir sem taka þarf tillit til við mótun kosningakerfa, þar á meðal vægi staðbundinna hagsmuna og þjóðfélagshópa, líkur á að hægt sé að mynda starfhæfa forustusveit og að kjósendur geti tekið afstöðu til einstaklinga.

Verði fyrirkomulag kosninga of flókið er hætt við því að það geti fælt kjósendur frá að kjósa og stuðlað að því að þeir geri atkvæði sín ógild í ríkari mæli en ella. Hátt flækjustig vinnur einkum gegn áhrifum kjósenda sem búa við rýrari kjör, til dæmis vegna minni menntunar, eða tilheyra minnihlutahópum eins og innflytjendum. Hins vegar er nauðsynlegt að gera greinarmun á flækjustiginu eins og það horfir við kjósendum annars vegar og varðandi talningu og uppgjör atkvæða hins vegar.

Einfaldasta kosningaaðferðin er sú að kjósendur setji einn kross við einn frambjóðanda eða einn flokk. Slík aðferð er notuð í aðferð einfalds meiri hluta í einmenningskjördæmum (t.d. Bretland) og þar sem lokaðir flokkslistar eru í boði. Eins er einn kross allt sem til þarf í Finnlandi þar sem merkt er við einn frambjóðanda eins lista. Eigi hins vegar að ná fleiri markmiðum, svo sem auknu eða fullkomnara persónukjöri, þarf hins vegar að útfæra kosningarathöfnina frekar. Það má gera með útstrikunum, notkun margra krossa eða með númeraröð.

Sú aðferð að kjósendur númeri frambjóðendur eins og lagt er til í frumvörpunum og notuð hefur verið í prófkjörum á Íslandi gegnir meginhlutverki í hinni írskættuðu forgangsröðunaraðferð. Í þeirri útgáfu sem hér er lögð til er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að kjósendur láti hjá líða að taka þátt í persónukjörinu með því að merkja einungis við lista. Atkvæðið gildir engu síður sem stuðningur við listann og þá röðun sem verður ofan á hjá öðrum kjósendum flokksins; þeim sem taka þátt í persónukjörinu. Kjósandi getur á hinn bóginn merkt með tölustaf við einungis einn af frambjóðendum listans eða fleiri, allt að því jafnmarga og eru í framboði til persónukjörs. Samkvæmt frumvörpunum er lögð á það áhersla að svo fremi sem vilji kjósanda sé skýr og túlkanlegur verði forgangsröðun hans í persónukjörinu talin

gild. Þá ber einnig að hafa í huga að þótt forgangsröðun kjósanda sé ógild af einhverjum ástæðum þá leiðir það ekki til þess að atkvæðið sem greitt er listanum sé ógilt ef vilji kjósanda í þeim efnum er skýr.

Kosningarathöfn af þessu tagi ætti ekki að gera meiri kröfur til kjósenda en þekkist í ýmsum nálægum löndum enda þekkt hér bæði úr prófkjörum og við umröðun á atkvæðaseðlum í núgildandi kosningafyrirkomulagi jafnt til Alþingis sem sveitarstjórna. Vel er þekkt úr kosningafræðum að kjósendur geta komið óskum sínum skilmerkilega til skila á kjörseðli án þess að þekkja vel til þeirra reglna sem gilda um úthlutun sæta. Reynsla Íslendinga í því efni er reyndar nærtækt dæmi, því kosningakerfi hér hafa oft stuðst við flóknar úthlutunaraðferðir, sem ætla má að afar fáir kjósendur hafi haft góða innsýn í. Þá má benda á nýlega reynslu Skota af upptöku forgangsröðunaraðferðar eins og fyrr segir.

Annað atriði í útfærslu persónukjörs er hvort byggja eigi á fyrirframröðun flokks eða ekki. Fyrirframröðun hefur til dæmis vægi í núgildandi ákvæðum um persónukjör á Norðurlöndunum öllum utan Finnlands. Flokkar raða aftur á móti ekki upp í Finnlandi eða á Írlandi og þurfa heldur ekki að gera það í Danmörku svo dæmi séu tekin. Vandasamt er að búa til persónukjörsaðferð þar sem rökrétt samband er á milli raðar flokks og vals kjósenda. Þannig virðist t.d. 8%-reglan í Svíþjóð (að 8% kjósenda geti flutt frambjóðanda fram fyrir listaröð flokksins) nokkuð handahófskennd og sama má segja um núgildandi ákvæði íslenskra kosningareglna. Að því leyti má segja að betra sé að stilla upp óröðuðum lista þar sem hlutkesti ræður hvar stafrófsröð frambjóðenda byrjar. Sá ókostur er samt á þessari aðferð að hún kann að hygla þeim sem fyrir tilviljun lenda ofarlega á lista og einkum þeim sem lendir efst.

Hugsanlegt væri að leyfa framboðslistum að velja milli þess hvort þeir bjóða fram óraðaða eða raðaða lista. Þetta var lagt til í því frumvarpi um persónukjör við alþingiskosningar sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi. Var þá sótt í fyrirmynd Dana. Líklegt virðist að þróunin yrði á sömu leið og í Danmörku að flest framboð muni velja óraðaða lista með tímanum. Helsti ókosturinn við hugmyndina um að eftirláta flokkunum að ákveða þetta er hins vegar sá að það flækir framsetningu á kjörseðli umtalsvert og getur gert kosninguna flóknari fyrir kjósendur og þar með aukið líkur á ógildingu atkvæða.

Ýmsar breytingar á kosningalögum.

Með frumvörpum þessum er fyrst og fremst lagt til að innleitt verði persónukjör innan lista með forgangsröðunaraðferð. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á lögum en nauðsyn krefur enda þótt brýn þörf sé á heildarendurskoðun laga um kosningar.

Við gerð frumvarpa þessara var í þessu samhengi sérstaklega gaumgæfð framkvæmd á utankjörfundarkosningu samhliða persónukjöri. Hérlendis er mjög rúmur tími til utankjörfundaratkvæðagreiðslu og hefst hún löngu áður en framboðslistar liggja fyrir. Er ekki vitað um slíkt fyrirkomulag annars staðar, a.m.k. kunnu kosningaeftirlitsmenn ÖSE, sem komu hingað vegna alþingiskosninganna 2009, ekki nein dæmi þess. Kjósendum utan kjörfundar er því örðugt að raða frambjóðendum þegar þeir liggja sumpart ekki fyrir. En þetta hefur verið vandamál frá upphafi listakosninga hérlendis. Lagfæring á þessu bíður heildarendurskoðunar kosningalaga. Að nauðsyn þess er vikið í umsögn ÖSE um kosningarnar vorið 2009.

Tvennu er þó talið brýnt að breyta strax við innleiðingu persónukjörs.

Annars vegar er lagt til að breyta kröfum um fjölda frambjóðenda á framboðslistum í alþingiskosningum. Með breytingum á lögum um kosningar til Alþingis 1991 var gert að skyldu að bjóða ávallt fram lista með fullri tölu aðal- og varamanna. Nú er ætlunin að skipta framboðslista í tvo hluta, persónukjörshluta og raðaðan hluta. Þá þykir ekki ástæða til að

þvinga framboð til að fylla neðri hlutann, raðaða hlutann, heldur leyfa þeim að ráða fjöldanum á þeim hluta listans, enda hefur það engin áhrif á sjálft persónukjörið. Þetta er þá óbreytt það fyrirkomulag sem nú er í lögum um kosningar til sveitarstjórna og yrði með samþykkt þess frumvarps tekið upp við þingkosningar líka. Þessi breyting er strangt til tekið ekki nauðsynleg til að persónukjör það sem lagt er til geti farið fram en ætti að auðvelda framboðum að laga sig að hinu nýja kerfi.

Hins vegar er brýnt að breyta reglum um kosningaþátttöku blindra og annarra sem ófærir eru um að útfylla kjörseðil hjálparlaust. Samkvæmt gildandi lögum um alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar hefur óskum blindra og sjónskertra verið mætt á þann veg að útbúin eru sérstök blindraspjöld og höfð á borði í kjörklefanum, þannig að þeir sem kunna Brailleblindraletrið geta sjálfir og einir síns liðs merkt við þann listabókstaf sem þeir vilja greiða atkvæði sitt. Þeim er að sjálfsögðu frjálst að biðja um aðstoð alveg eins og aðrir sem vegna sjóndepurðar, lömunar eða annarrar fötlunar eiga erfitt með að kjósa. Blindir hafa þó ekki getað nýtt sér rétt sinn til útstrikana eða breytinga á röð með framangreindu spjaldi. Komi persónukjör til skjalanna með þeim hætti sem lagt er til með frumvörpunum er enn brýnna en ella að allir, þ.m.t. blindir, geti nýtt sér kosningarrétt sinn að fullu. Vissulega helst það óbreytt að kjósandi getur látið við það sitja að greiða tilteknum lista atkvæði sitt með því að krossa framan við listabókstafinn. Hins vegar er mikilvægt að blindir eigi þess líka kost að raða frambjóðendum til persónukjörs. Ekki verður með góðu móti unnt að útbúa blindraspjaldið á þann hátt að blindur kjósandi geti skrifað tölustafi í ferninga fyrir framan nöfn frambjóðenda í persónuvalinu. Í frumvörpunum er komið til móts við þarfir þessa hóps með því að kjósendur í þessari stöðu geti haft með sér aðstoðarmann að eigin vali auk þeirrar aðstoðar sem veitt er á kjörstað af hálfu kjörstjóra.

Til þess að tryggja að aðstoðarmaður kjósandans beiti ekki óeðlilegum áhrifum eða þrýstingi á kjósandann er talið nauðsynlegt að kjörstjóri sé nálægur þegar kjörseðillinn er fylltur út svo að tryggt sé að engin þvingun eða þrýstingur eigi sér stað og að atkvæðið endurspegli sannanlega vilja kjósandans. Mjög mikilvægt er að tiltrú manna á kosningarathöfninni haldist og að atkvæðið, sem kjósandinn greiðir, sé sjálfstæð ákvörðun hans.

Þá er lagt til að fatlaður kjósandi geti einnig kvatt til aðstoðarmann að eigin vali þegar hann greiðir atkvæði utan kjörfundar. Í þessum tilvikum þykir einnig nauðsynlegt að kjörstjóri sé viðstaddur, ef kjósandinn kveður annan mann sér til aðstoðar.

Breytingin sem lögð er til í frumvörpunum er í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt. Áður en hægt verður að fullgilda þann samning þarf að breyta kosningalögum til samræmis við ákvæðið í 29. gr. samningsins þar sem segir að aðildarríkin skuli tryggja fötluðum stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra, meðal annars með því að fatlaðir kjósendur geti látið vilja sinn óþvingað í ljós. Ákvæði frumvarpanna ættu að uppfylla þetta ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú meginefnisbreyting frá gildandi lögum að kveðið er á um persónukjör á frambjóðendum á efstu sætum lista jafnmörgum og svarar til þingsæta kjördæmisins, en þau eru mismörg. Við kosningarnar 2007 voru þau 9–12 talsins. Boðið skal fram í önnur sæti listans, þ.e. þau sem neðar er raðað, með hefðbundnum röðuðum hætti. Þingmenn verða aldrei kjörnir úr þeim sætum og aðeins í þeim tilvikum að listi fái meira en helming sæta

kjördæmisins hljóta einhverjir af þessum frambjóðendum á hinum raðaða hluta listans kjörbréf sem varamenn við upphaflega úthlutun. Meginástæða þessarar tvískiptingar framboðslista er að gera kjósendum viðráðanlegra að taka þátt í persónukjöri, þ.e. að raða frambjóðendum.

Þá er með breyttu orðalagi áréttað það ákvæði gildandi laga að tala frambjóðenda geti verið breytileg eða allt frá því að engir séu boðnir fram í hin röðuðu sæti til þess að þau séu fullmönnuð. Nýjum framboðum getur reynst örðugt að manna öll sæti. Uppskiptingin í sæti til persónukjörs og röðuð sæti sem kunna að teljast annars flokks í einhverjum skilningi kann að reynast enn örðugri. Þeim síðarnefndu má þá sleppa að einhverju eða öllu leyti.

Um 2. gr.

Breytinguna sem lögð er til í ákvæðinu leiðir beint af ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lagaákvæði það sem lagt er til að brott falli fjallar um hvað gera skuli þegar listar eru of langir. Þetta er úrelt og óþarft ákvæði í gildandi lögum. Séð er við þessum vanda 41. gr. laganna. Þykir því ástæðulaust að yfirfæra ákvæðið á hið nýja fyrirkomulag persónukjörs sem lagt er til í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Lögð er til óveruleg orðalagsbreyting í 39. gr. laganna til að taka af vafa um að ef ekki eru tilgreindir umboðsmenn lista skuli allir frambjóðendur til persónukjörs teljast vera réttir umboðsmenn hans gagnvart yfirkjörstjórn.

Um 5. gr.

Ákveða þarf röð þeirra á listum sem boðnir eru fram til persónukjörs með hlutlausum hætti. Hér er lagt til að yfirkjörstjórn stilli nöfnum frambjóðenda upp í stafrófsröð. Til þess að gæta jafnræðis skal þá hlutað um það hver skuli vera efstur á hverjum lista.

Um 6. gr.

Kveðið er á um hvernig listar skuli auglýstir, þ.m.t. að hinir tveir hópar frambjóðenda skuli vel aðgreindir, þ.e. þeir sem stillt er upp til röðunar og hinir sem eru boðnir fram í fastri gefinni röð.

Um 7. gr.

Tekið er upp það nýmæli að hafa upplýsingar um kosninguna og stuttar leiðbeiningar til kjósenda um kosningarathöfn þeirra efst á kjörseðli. Jafnframt er það nýmæli að kjósendum sé auðveldað að raða nöfnum frambjóðenda með því að hafa til þess sérstakan ferning framan við hvert nafn á listanum. Þá er mælt fyrir um að fram komi á kjörseðlinum sætistala þeirra sem skipa hinn raðaða hluta listans. Þetta er gert til að skerpa enn muninn á persónukjörshluta og röðuðum hluta listans. Að öðru leyti felur ákvæðið í sér sömu fyrirmæli um birtingu á nöfnum frambjóðenda á kjörseðlum og kveðið er á um varðandi auglýsingu, sbr. það sem segir um 6. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Lagt er til að blindir og aðrir fatlaðir megi hafa með sér persónulegan aðstoðarmann í kjörklefann, sbr. einnig umfjöllun í almennum athugasemdum.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um það hvernig kjósandi tekur þátt í persónukjöri samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Er það gert með því að kjósandi merkir með tölustöfum, 1, 2, 3 o.s.frv., við frambjóðendur listans til persónukjörs og má hann tölusetja jafn marga þessara frambjóðenda og hann kýs. Þessi kosningarathöfn er þekkt bæði úr gildandi kosningalögum jafnt til Alþingis sem sveitarstjórna auk þess að vera meginreglan í prófkjörum hérlendis. Merking tölusetningarinnar er þó nýmæli. Röðunin lýsir því í hvaða forgangsröð kjósandinn vill að atkvæði hans nýtist í persónukjörinu. Tölustafinn 1 skal kjósandinn setja framan við nafn þess sem hann vill helst að nái kjöri, ef kostur er í 1. sæti en ef ekki það þá það sæti sem er næst laust. Töluna 2 setur hann við þann sem hann vill að komi næstur til álita, o.s.frv. Brýnt er, verði frumvarpið að lögum, að kjósendum sé rækilega kynnt hver kosningarathöfn þeirra skal vera og hvaða merking felst í henni.

Tekið er af skarið með það að þeir kjósendur sem ekki taka þátt í röðun frambjóðenda teljast ekki taka afstöðu til þess í hvaða röð frambjóðendur listans til persónukjörs skipa sæti hans. Með því eru þeir í raun að afsala sér möguleikum til áhrifa í þeim efnum til þeirra sem þátt taka í persónukjörinu. Brýnt er að kjósendur verði hvattir til að nýta sér lýðræðislegan rétt sinn til röðunar verði frumvarpið samþykkt.

Þá er kveðið á um það að útstrikun hafi ekki merkingu og ógildi ekki kjörseðil. Útstrikanir eiga ekki við í því persónukjörsfyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu.

Um 10. gr.

Ákvæði um að ekki megi merkja við nema einn lista er við haldið. Kjörseðill verður ógildur sé þetta ekki virt. Á hinn bóginn er lagt til að farið verði mildari höndum um merkingar við frambjóðendur á öðrum listum sem hæglega geta orðið fyrir mistök. Lagt er til í 16. gr. frumvarpsins að slíkar merkingar hafi engin áhrif og geri því atkvæði ekki ógilt. Með breytingum á 110. gr. laganna í þeirri grein frumvarpsins er gengið frá því að horft sé fram hjá þessum ómarktæku röðunartölum. Á hinn bóginn getur slík merking orðið til þess að fyrirrætlun kjósandans um röðun frambjóðenda nái ekki að öllu leyti fram að ganga. Slíkar merkingar ber því að forðast en ekki er ástæða til þess að ógilda atkvæði af þessum sökum enda sé vilji kjósanda til þess hvaða lista hann kýs skýr.

Um 11. gr.

Lagt er til að blindir og aðrir fatlaðir megi hafa með sér sinn eigin aðstoðarmann í kjörklefann, sbr. einnig umfjöllun í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 12. gr.

Lagt er til að kjörseðill verði ekki ógildur þótt merkt hafi verið með röðunartölu við nöfn á öðrum listum en þeim sem kjósandi hefur kosið. Af 16. gr. frumvarpsins leiðir jafnframt að það veldur ekki ógildingu kjörseðils ef merkt er við frambjóðendur á hinum raðaða hluta listans.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til tvær efnisbreytingar. Annars vegar er tekið af skarið með það að útstrikun er merkingarlaus og ógildir ekki atkvæði.

Hin breytingin er afleiðing af breytingunni sem lögð er til í 12. gr. frumvarpsins. Nýmælið er niðurlagið: „… enda sé ekki merkt við nöfn á fleiri en einum lista og ekki séu aðrir gallar á.“ Merkingar við nöfn ein sér duga þó því aðeins til að ákvarða hvaða lista kjósandinn hugðist kjósa að tölusetningin einskorðist við einn lista.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er orðalag 105. gr. laganna um talningu á atkvæðum frambjóðenda aðlagað þeirri framkvæmd sem þróast hefur um að landskjörstjórn mæli fyrir um og leggi til hugbúnað til að telja persónuleg atkvæði frambjóðenda. Þetta verður enn brýnna þegar listar eru óraðaðir. Felur ákvæðið því ekki í sér efnisbreytingu frá núverandi lagaframkvæmd.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er hnykkt á því að það er landskjörstjórn sem úthlutar frambjóðendum þingsæti samkvæmt ákvæðum 110. gr. laganna.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að 110. gr. laganna sem fjallar um röðun frambjóðenda og úthlutun þingsæta listanna í kjölfarið verði tekin upp í heild. Í ákvæðinu er mælt fyrir um framkvæmd hinnar sérstöku uppgjörsaðferðar sem er kjarninn í forgangsröðunaraðferðinni við persónukjör sem lögð er til í frumvarpi þessu.

Ferli þess að raða frambjóðendum til persónukjörs er lýst í níu töluliðum. 1.–4. tölul. eru inngangs- og skilgreiningarliðir. Sjálf röðunin fer fram í skrefum sem lýst er í 5.–7. tölul. 8. tölul. er um tæknileg atriði. 9. tölul. er hefðbundið ákvæði um hlutkesti reynist viðmiðunartölur jafnstórar.

Í 1. tölul. er ítrekað að einungis atkvæði þeirra sem taka þátt í persónukjörinu koma til álita við röðun frambjóðenda í persónukjörssæti og nefnast þessi atkvæði *persónuleg atkvæði*.

Í 2. tölul. er mælt fyrir um það í fimm stafliðum hvernig farið skuli með ef *talnaröð er rofin* eða aðrir gallar reynast á henni. Hafi verið merkt við aðra frambjóðendur en þá sem eru boðnir fram til persónukjörs á listanum skal skv. a-lið horfa fram hjá slíkum merkingum. Gildir það jafnt um merkingar við nöfn á neðri hluta listans, raðaða hlutanum, sem og nöfn á öðrum listum. Samkvæmt b-lið skal horft fram hjá merkingu með krossi við frambjóðanda svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með að tölu frambjóðenda á persónukjörshluta listans. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda á persónukjörshluta listans með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1. Í c-lið er kveðið á um það að sé eyða í talnaröðun frambjóðenda til persónukjörs innan lista skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni. Þetta á einnig við ef eyðan verður til vegna atvika skv. a-lið. Í d-lið kemur fram að sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum. Það telst þó ekki tvítekning á tölustaf ef annar þeirra er settur við nafn frambjóðanda sem ekki er til persónukjörs á listanum, sbr. a-lið. Í e-lið kemur fram að ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–d-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi til persónukjörs telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur til persónulegra atkvæða.

Í 3. tölul. er svonefndur *sætishlutur* skilgreindur. Sætishlutur segir til um það atkvæðamagn sem frambjóðandi þarf að ná til að ná kjöri. Við útreikning á sætishlut er beitt svonefndri Droops-aðferð en hún er kennd við nítjándu aldar Englendinginn *Henry Richmond Droop*. Hugsunin að baki sætishlut Droops er sú að aldrei geti fleiri frambjóðendur komist í senn yfir þennan þröskuld en svarar til tölu þingsæta. Er Droops-hlutur minnsta stærðin sem hefur þennan eiginleika. Víða þar sem aðferðinni er beitt, t.d. á Írlandi, er lagt kapp á að sætishluturinn sé heiltala. Þá er tölunni 1 bætt við hlutinn eins og honum er hér lýst og broti síðan sleppt. Slík áhersla á heiltölugildi á rætur að rekja til handtalningar. Gert er ráð fyrir því að talningin verði með rafrænum hætti, verði frumvarpið að lögum. Eru því ekki rök fyrir þessari heiltölugerð sætishlutarins.

Í 4. tölul. er *flokkun kjörseðla* lýst og skulu persónuleg atkvæði listans flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi. Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 5. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans. Er þá verið að vísa til þess frambjóðanda sem er að fyrsta vali í viðkomandi bunka. Halda þarf jafnframt utan um gildi annarra frambjóðenda sem komu við sögu á seðlum bunkans, sbr. síðar.

Í 5. tölul. er kveðið á um *röðun í efstu sæti á persónukjörshluta listans*. Raðað skal í efstu sætin þeim sem hafa atkvæðagildi jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans. Þau atkvæði sem þá eru umfram sætishlut skulu færð til frambjóðenda að næsta vali. Við færslu atkvæða er horft til allra atkvæða í bunka þess frambjóðanda sem nú hefur verið raðað. En vega verður atkvæðin með svokölluðu *færsluhlutfalli*. Það má skýra með einföldu dæmi. Segjum að sætishlutur sé 2.000 atkvæði og atkvæðagildi þess bunka sem verið er að færa úr sé 3.000. Þá reiknast færsluhlutfallið sem (3.000–2.000)/3000 = 1/3. Teljarinn er kúfurinn, eða sá hluti atkvæðagildis bunkans sem er umfram sætishlutinn. Nefnarinn er atkvæðagildið óskert.

Að færsluhlutfalli reiknuðu skal færa viðkomandi kjörseðla í þann bunka sem svarar til annars vals, eða þess sem nú er orðið annað val, á kjörseðlinum, eftir að atkvæðagildi frambjóðenda á honum hefur verið margfaldað með færsluhlutfallinu.

Heildarsumma atkvæða, eða réttara sagt atkvæðagilda, breytist ekki við færsluna, sem er lykilatriði í forgangsröðunaraðferðinni, atkvæðagildi hvorki glatast né verða til, þau haldast óbreytt við talninguna, enda hafi kjósendur hirt um að raða nægilega mörgum. Taka má eftirfarandi dæmi:

1. mynd sýnir dæmi um atkvæðabunka fjögurra frambjóðenda sem hér heita Anna, Bjarni, Dóra, Einar og Fjóla. Hæð súlnanna á að samsvara atkvæðagildi þeirra. Lárétta línan sýnir stærð sætishlutarins í þessu dæmi.



Atkvæðagildi Önnu og Bjarna eru yfir sætishlutnum. Anna hreppir efsta sætið á listanum en Bjarni annað sætið. Á 2. mynd er búið að færa umframatkvæði þeirra til þeirra sem voru að öðru vali á kjörseðlum þessara frambjóðenda.



Færðu atkvæðin hafa skipst ójafnt á milli hinna frambjóðendanna og því nær enginn þeirra sætishlut þrátt fyrir tilfærsluna. Eftir færsluna er ekki lengur gerður greinarmunur á uppruna atkvæða þeirra frambjóðenda sem eftir sitja, sjá 3. mynd.



Í 6. tölul. er kveðið á um *röðun í neðstu sæti á persónukjörshluta listans*. Þegar enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn skal samkvæmt töluliðnum finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið (jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 4. tölul.). Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti á persónukjörshluta listans, í upphafi í neðsta sæti þessa hluta listans. Kjörseðlar frambjóðandans skulu síðan færðir til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu á þeim sama lista og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 8. tölul. Þarf þá ekki að skerða atkvæðagildin á undan færslunni eins og í 5. tölul. enda er færsluhlutfallið nú jafnt einum heilum. Þetta má skýra ef haldið er áfram með framangreint dæmi.

Á 4. mynd er komið að því að leita að þeim frambjóðanda sem hefur rýrasta atkvæðagildið í sýnidæminu. Kjörseðlar hans eru þá allir færðir til hinna tveggja í réttum hlutföllum miðað við 2. val kjósenda.



Í 7. tölul. er kveðið á um *lokaröðun í sæti á persónukjörshluta listans* en samkvæmt töluliðnum skal raða eftir ákvæðum 5. og 6. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til raðað hefur verið öllum frambjóðendum á persónukjörshluta listans. Röðun skv. 5. tölul. hefur ávallt forgang. Frambjóðendum er þannig raðað ýmist í efsta lausa sæti listans, skv. 5. tölul., eða neðan frá, skv. 6. tölul. Það er eiginleiki þessarar aðferðar að þeir sem raðast í þingsæti listans ná allir kjöri á grundvelli fulls sætishlutar, þ.e. samkvæmt ákvæðum 5. tölul., enda hafi kjósendur hirt um að raða nægilega mörgum frambjóðendum.

Mynd 5 sýnir lokaskrefið í sýnidæminu. Nýr atkvæðakúfur er færður á þann eina sem eftir er.



Í 8. tölul. er kveðið á um *uppfærslu nafna og valtalna*: Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið raðað í sæti samkvæmt ákvæðum 5. eða 6. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum persónulegum atkvæðum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem á eftir koma. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Við þetta getur talnaröð kjósanda tæmst og kemur atkvæðið þá ekki lengur til álita. Þetta gerist áður en atkvæði er fært.

Í 9. tölul. er kveðið á um hlutkesti þegar einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar eru jafnstórar.

2. mgr. skýrir sig sjálf. Þeir frambjóðendur sem eru boðnir fram raðaðir, ef einhverjir, skipa neðstu sæti listans og í þeirri röð óbreyttri sem þeir eru boðnir fram í.

Í næstsíðustu málsgrein er áréttað að þeim þingsætum sem framboðslisti hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 107. og 108. gr. laganna skuli ráðstafað til frambjóðenda listans í samræmi við niðurstöður persónukjörs í þeirri röð sem fram kemur í 1. og 2. mgr. Sama gildir um sæti varamanna.

Um 17. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að lögin, verði frumvarpið samþykkt, öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Hugmynd að kjörseðli.

Meðfylgjandi mynd sýnir hugmynd að kjörseðli samkvæmt ákvæðum þessara frumvarpa.

Kjörseðill við sveitarstjórnarkosningar í Rangárþingi 15. maí 980

Kjósandi skal merkja með krossi í reitinn framan við bókstaf þess lista sem hann greiðir atkvæði sitt.
Kjósandi getur forgangsraðað frambjóðendum á efri hluta þess lista sem hann greiðir atkvæði
með því að rita í reitinn framan við nöfn frambjóðenda tölustafi frá 1 og upp í 7.
Ekki er nauðsynlegt að forgangsraða öllum frambjóðendum.
Ekki má gera aðrar breytingar á kjörseðlinum.

☐ C Listi	☐ N Listi áhugamanna um samfélagsmál	☐ Q Listi ....
....	Hjörtur Hámundarson	....
....	Njáll Þorgeirsson	....
....	Skarphéðinn Njálsson	....
... .	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	....
....	Grímur Njálsson	....
....	Gunnar Hámundarson	....
....	Hallgerður Höskuldsdóttir	....
	8 Grani Gunnarsson	
	9 Kári Sölmundarson	
	10 Þorgerður Njálsdóttir	
	11 Þráinn Sigfússon	
	12 Sigmundur Lambason	
	13 Ketill Sigfússon	
	14 Mörður Valgarðsson	

Fylgiskjal II.

Dæmi til samanburðar á prófkjörs- og forgangsröðunaraðferðinni.

Með eftirfarandi dæmi er sýnt í hnotskurn hver er munurinn á prófkjörs- og forgangsröðunaraðferðinni. Í dæminu er horft til eins framboðslista og er gert ráð fyrir að listinn hreppi tvö sæti. Það eru fjórir frambjóðendur sem keppa um sætin, þau Anna, Bjarni, Dóra og Einar. Kjósendur listans skiptast í tvær öndverðar fylkingar og raða sínum frambjóðendum en líta ekki við hinum. Annar hópurinn, Sólarfylkingin, er heldur fjölmennari; nær rúmum helmingi atkvæða en þó minna en 2/3; sjá 1. mynd. Kjósendur Sólarfylkingarinnar styðja þau Önnu og Bjarna með þeim hætti að raða Önnu að fyrsta vali og Bjarna að öðru vali, en hirða ekki um að raða hinum tveimur með neinum hætti. Þessu er öfugt varið hjá hinum hópnum, Gráu hreyfingunni, þar sem allir raða Dóru að fyrsta vali og Einari að öðru vali.

Prófkjörsaðferð og forgangsröðun við persónukjör
1. mynd



Ef persónukjörið er gert upp með prófkjörsaðferðinni fær Sólarfylkingin bæði aðalsætin handa þeim Önnu og Bjarna. Gráa hreyfingin fær aftur á móti bæði varamannasætin.

Uppgjör með aðferð forgangsröðunar hefst á því að reikna verður sætishlutinn sem er 1/(1+2)=1/3 atkvæða; sjá 2. mynd. Báðir frambjóðendurnir sem fá atkvæði að fyrsta vali, Anna og Dóra, komast yfir sætishlut og fá aðalmannasætin, 1. og 2. sætið.

Bjarni hefur engin atkvæði að fyrsta vali en fær sendan kúf frá Önnu, sem verður ígildi fyrsta vals hjá honum. Sama gerist hjá Dóru og Einari. En sendingin til Bjarna er stærri en sú sem Einar fær. Bjarni hlýtur því 3. sætið en Einar 4. sætið.

Prófkjörsaðferð og forgangsröðun við persónukjör
2. mynd



Þetta einfalda dæmi endurspeglar muninn á prófkjörsaðferðinni og forgangsröðun:

Prófkjörsaðferðin er meirihlutaregla. Sú fylking kjósenda sem fær flest atkvæði ræður öllu um sætaskipan.

Forgangsröðunaraðferðin er hlutfallsregla. Fylkingar kjósenda fá sæti eins og í hlutfallskosningum. Nánar tiltekið eins og ef úthlutað væri með reglu d´Hondt enda er samræmi með þeirri reglu og skilgreiningu Droops á sætishlut (sem lögð er til grundvallar í frumvörpunum).

Fylgiskjal III.

Dæmi um úthlutun sæta með forgangsröðun á Írlandi.

Kosningar til borgarstjórnar (Town Council) í Tullamore á Írlandi 2004.

Fulltrúar í sveitarstjórn: 9 Gild atkvæði: 4.665

Kjósendur á kjörskrá: 8.480 Sætishlutur: 467

	Frambjóðandi	Listi	1. lota	Umfram-atkvæði Bucley færð 2. lota	Umfram-atkvæði McKeigue færð 3. lota	O'Shea út leik og atkv. færð 4. lota	Badrian út leik og atkv. færð 5. lota	Doheny út leik og atkv. færð 6. lota	Walsh út leik og atkv. færð 7. lota	Umfram-atkvæði Flanagan færð 8. lota	Fox út leik og atkv. færð 9. lota	Foxl út leik og atkv. færð 10. lota	Digan út leik og atkv. færð 11. lota	Umfram-atkvæði Dooley færð 12. lota	Starling út leik og atkv. færð 13. lota
1.	Molly Buckley	IND		***-185***											
			652	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**
2.	Tommy McKeigue	FG			***-120***										
			587	**587**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**
3.	John Flanagan	FF		*19*	*11*	*5*	*5*	*6*	*7*	***-6***					
			420	**439**	**450**	**455**	**460**	**466**	**473**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**	**467**
4.	Richard Egan	FG		*19*	*23*	*2*	*12*	*40*	*7*		*7*				
			358	**377**	**400**	**402**	**414**	**454**	**461**	**461**	**468**	**468**	**468**	**468**	**468**
5.	Sinead Dooley	FF		*16*	*6*	*6*	*8*	*9*	*9*	*1*	*40*	*16*	*85*	***-78***	
			349	**365**	**371**	**377**	**385**	**394**	**403**	**404**	**444**	**460**	**545**	**467**	**467**
6.	Paddy Rowland	FF		*12*	*9*	*9*	*3*	*4*	*8*		*22*	*12*	*34*	*37*	
			319	**331**	**340**	**349**	**352**	**356**	**364**	**364**	**386**	**398**	**432**	**469**	**469**
7.	Sean O'Brien2	LB		*15*	*11*	*23*	*7*	*6*	*12*		*7*	*24*	*20*	*4*	*84*
			282	**297**	**308**	**331**	**338**	**344**	**356**	**356**	**363**	**387**	**407**	**411**	**495**
8.	Joe Coughlan	IND		*20*	*3*	*6*	*7*		*28*	*1*	*5*	*8*	*6*	*2*	*17*
			347	**367**	**370**	**376**	**383**	**383**	**411**	**412**	**417**	**425**	**431**	**433**	**450**
9.	Lar Byrne	LB		*15*	*8*	*18*	*10*	*5*	*12*		*6*	*5*	*27*	*4*	*59*
			195	**210**	**218**	**236**	**246**	**251**	**263**	**263**	**269**	**274**	**301**	**305**	**364**
	Breda Flynn	PD		*13*	*7*	*2*	*7*	*10*	*4*		*5*	*16*	*18*	*6*	*26*
			195	208	215	217	224	234	238	238	243	259	277	283	309
	Anne Starling	LB		*11*	*6*	*10*	*10*	*3*	*6*	*1*	*10*	*20*	*9*	*5*	***-253***
			162	173	179	189	199	202	208	209	219	239	248	253	
	Brian Digan	FF		*10*	*5*	*2*	*1*	*1*	*4*	*1*	*15*	*11*	***-229***		
			179	189	194	196	197	198	202	203	218	229			
	Michael Foxl	FG		*9*	*15*		*4*	*19*	*4*	*1*	*3*	***-176***			
			121	130	145	145	149	168	172	173	176				
	Paschal Fox	FF		*4*	*3*		*1*			*1*	***-136***				
			127	131	134	134	135	135	135	136					
	Seamus Walsh2	SF		*2*	*3*	*4*	*8*		***-127***						
			110	112	115	119	127	127							
	Kevin Doheny	FG		*7*	*7*	*1*	*5*	***-107***							
			87	94	101	102	107								
	Alison Badrian	GP		*10*	*1*	*1*	***-99***								
			87	97	98	99									
	Henry O'Shea	LB		*3*	*2*	***-93***									
			88	91	93										
	Ófæranleg atkvæði					*4*	*11*	*4*	*26*	*45*	*16*	*64*	*30*	*20*	*67*
						4	15	19	45		61	125	155	175	242
	Samtals gild atkvæði		**4.665**	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665	4.665

Við hvern frambjóðanda í töflunni eru sýndar tvær talnalínur. Sú neðri sýnir tölu atkvæða að fyrsta vali, fyrst í upphafi úthlutunarinnar en síðan að teknu tilliti til tilfærslu atkvæða, en færðu atkvæðagildin er sýnd í efri línunni.

Dæmið er víðfeðmara en líklegt er að orðið geti hér á landi verði frumvörpin að lögum. Hér er 18 frambjóðendum raðað á grundvelli 9 sæta. Það samsvarar því að listi í þing- eða sveitarstjórnarkosningum þar sem alls ætti að kjósa 18 aðalmenn fengi 9 aðalmenn kjörna.

Athyglisvert er hvað Írar eru duglegir að raða sem sést af því hve tiltölulega fá atkvæði reynast ófæranleg.

Fylgiskjal IV.

Tilraunakosning í Rangárþingi á dögum Njálssögu.

Vísað er til sýnishorns af kjörseðli í fylgiskjali I. Starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga tóku þátt í tilraunakosningu með þessum kjörseðli sem sýnishorni. Hver og einn fékk að nota fleiri en einn kjörseðil. Leiðbeiningar voru vísvitandi hafðar mjög í hófi umfram þær sem fram koma á kjörseðlinum sjálfum. Nokkrir þátttakendur gerðu kjörseðil ógildan eða vafasaman; sumpart vísvitandi! Eftirfarandi er listi yfir vafaatkvæði. Grænn litur á röðunarreitum sýnir gilda röðun, rauður litur merki sem horft er fram hjá.

Vafaatkvæði við tilraunakosningar í Rangárþingi 15. maí 980							Listaatkvæði	Úrskurður um gildi röðunar	Skýring
Hjörtur	Njáll	Skarphéðinn	Bergþóra	Gunnar	Grímur	Hallgerður			
			1		3	4	Gilt	Einungis 1. val nothæft	Töluna 2 vantar
	1		2	8	4	6	Gilt	Einungis 1. og 2. val nothæft	Töluna 3 vantar
1	2	7	3	6	3		Gilt	Einungis 1. og 2. val nothæft	Talan 3 tvítekin
8	1	2	3	4	6	7	Gilt	1.–4. val nothæft	Töluna 5 vantar
0	1	2	3	4	5	6	Gilt	1.–6. val nothæft	Litið fram hjá tölunni 0
1	2	4	2	3	5	6	Gilt	Einungis 1. val nothæft	Talan 2 tvítekin
	2		1			4	Gilt	Einungis 1. og 2. val nothæft	Töluna 3 vantar
1	X	2					Gilt	1. og 2. val nothæft	Ekki hirt um X-ið
1	3	2		3			Gilt	Einungis 1. og 2. val nothæft	Talan 3 tvítekin
	3	1		2		5	Gilt	1.–3. val nothæft	Töluna 4 vantar
4	6	5	3	1	8	2	Gilt	1.–6. val nothæft	Töluna 7 vantar
1	2	3	7	4	6	6	Gilt	1.–4. val nothæft	Töluna 5 vantar
6	4	1	2	3	5	1	Gilt	Ónothæf röðun	Talan 1 tvítekin
	3					2	Gilt	Ónothæf röðun	Töluna 1 vantar
X	2	4	3	5	6	7	Gilt	Ónothæf röðun	Töluna 1 vantar, X-ið dugar ekki
			X				Gilt	Ónothæf röðun	Töluna 1 vantar, X-ið ekki talið duga
	1	2		5	4	3	Ógilt	Röðun í lagi, en ógildur seðill	Ógildur seðill, kveðskapur á seðli

Yfirkjörstjórn í þessu forna sveitarfélagi hefur orðið á í messunni varðandi næstsíðasta atkvæðið í töflunni, merkt með gulu! Skv. 2. málsl. b-liðar 2. tölul. í 12. gr. frumvarpsins skal meta krossinn, X, sem merkingu með tölunni „1“ í þessu tilviki. Í eftirfarandi uppgjöri eru þessi mistök ekki leiðrétt. Að öðru leyti voru greidd 143 gild persónukjörsatkvæði í kosningunni og féllu atkvæði á eftirfarandi hátt:

Alls greidd atkvæði í persónukjöri	148
Ógild atkvæði	5
Gild atkvæði í persónukjöri	143
Sæti samkvæmt listakjöri	4
Sætishlutur = persónukjörsatkvæði / (1 + sæti) = 143/5	28,6

Í töflu 1 er yfirlit um forgangsröðun og færslu umframatkvæða.

Tafla 2 sýnir niðurstöðu talningar samkvæmt hefðbundinni íslenskri prófkjörstalningaraðferð.

Útreikningarnir eru gerðir með forriti frá British Columbia, en þar hefur lengi staðið til að taka forgangsröðun almennt upp, sem hefur þó ekki orðið enn.[1]

Tafla 1.

	1. lota	Umfram-atkv. Hall-gerðar	2. lota	Grímur úr leik	3. lota	Njáll úr leik	4. lota	Umfram-atkv. Berg-þóru	5. lota	Umfram-atkv. Hjartar	6. lota	**Röð**
Frambjóðandi:	1. sæti	Færð atkvæði	Atkv. eftir færslu	Færð atkvæði	Atkv. eftir færslu	Færð atkvæði	Atkvæði eftir færslu	Færð atkvæði	Atkv. eftir færslu	Færð atkvæði	Atkv. eftir færslu	
Hjörtur Hámundarson	27	0,48	27,48	1,00	28,48	1,00	29,48	0,52	29,99	-1,39	28,60	**3.**
Njáll Þorgeirsson	18		18,00		18,00	-18,00						**6.**
Skarphéðinn Njálsson	22	0,79	22,79		22,79	3,00	25,79	0,19	25,98	1,00	26,98	**5.**
Bergþóra Skarphéðinsdóttir	19	2,54	21,54		21,54	9,00	30,54	-1,94	28,60		28,60	**2.**
Grímur Njálsson	4	1,11	5,11	-5,11								**7.**
Gunnar Hámundarson	19	0,32	19,32	4,11	23,43	5,00	28,43	0,60	29,03	0,12	29,15	**4.**
Hallgerður Höskuldsdóttir	**34**	-5,40	28,60		28,60		28,60		28,60		28,60	**1.**
Ófæranleg atkvæði		0,16	0,16		0,16		0,16	0,63	0,79	0,28	1,07	
Samtals	143	0,00	143,00	0,00	143,00	0,00	143,00	0,00	143,00	0,00	143,00	

Tafla 2.

Frambjóðandi:	1. sæti	2. sæti	1.–2.	3. sæti	1.–3.	4. sæti	1.–4.	5. sæti	1.–5.	6. sæti	1.–6.	7. sæti	1.–7.	Röð
Hjörtur Hámundarson	27	8	35	17	52	10	62	11	73	7	80			**6.**
Njáll Þorgeirsson	18	21	39	14	53	13	66	10	76					**5.**
Skarphéðinn Njálsson	22	19	41	21	**62**									**3.**
Bergþóra Skarphéðinsdóttir	19	32	**51**											**2.**
Grímur Njálsson	4	15	19	15	34	18	52	11	63	14	77	13	90	**7.**
Gunnar Hámundarson	19	20	39	21	60	16	**76**							**4.**
Hallgerður Höskuldsdóttir	**34**													**1.**

[1] Það er ígrundunarefni með hvaða nákvæmni skuli reikna hverja stærð í útreikningum sem þessum, þ.e. með hve mörgum aukastöfum. Víða er mælt fyrir um slíka nákvæmni í lögum. T.d. er það gert í Skotlandi og var ráðgert í British Columbia. Á Írlandi er gengið það langt að ávallt er unnið með heil atkvæði. Það á sér rætur í handútreikningum og á ekki við þegar atkvæði eru talin með rafrænum hætti. Á hitt er að líta að það verður að vera unnt að sjá á útgefnum kosningaskýrslum hvenær stærðir eru taldar jafnar. Eigi slíkar skýrslur því ekki að vera með breytilegum aukastafafjölda verður að mæla fyrir um tiltekna nákvæmni. Séu aukastafir fáir getur það haft þær afleiðingar að ójafnar stærðir séu óþarflega oft taldar jafnar og því gripið til hlutkestis að ósekju. Verði talið rétt að mæla fyrir um nákvæmni við útreikning og birtingu talna er skynsamlegt að láta það ná til allra greina í úthlutunarkafla kosningalaga, ekki aðeins til persónukjörshlutans. Að þessu ætti að huga við heildarendurskoðun laga um kosningar.

Fylgiskjal V.

Flæðirit af forgangsröðunaraðferðinni.

Til nánari skýringar á forgangsröðunaraðferðinni, sbr. 12. gr. frumvarpsins, má lýsa henni með eftirfarandi flæðiriti:



Fylgiskjal VI.

Forgangsröðun við forsetakosningar.

Með frumvörpum þessum er lagt til að tekin verði upp aðferð forgangsröðunar við persónukjör við kosningar til Alþingis og við sveitarstjórnarkosningar. Þriðja tegund almennra kosninga hérlendis er kjör forseta Íslands. Það er vissulega persónukjör en aðferðin sem beitt er er meirihlutakosning. Sá frambjóðandi sem flest fær atkvæði nær kjöri hvort sem hann fær hreinan meiri hluta atkvæða eða ekki. Hér getur forgangsröðun komið til álita. Með henni næst í einum kosningum að tryggja meirihlutastuðning við þann frambjóðanda sem að lokum verður fyrir valinu. Þetta er líka sýnt hér vegna þess að beiting forgangsröðunar í þessu tilviki varpar ljósi á eiginleika aðferðarinnar. Strax skal þó tekið fram að aðferðin sem beita skal við forsetakosningar, einföld meirihlutakosning, er njörvuð niður í stjórnarskrá. Þar af leiðandi verður forgangsröðunaraðferðin ekki tekin upp í forsetakosningum með lagabreytingu einni saman.

Inngangur.

Ákvæði um kjör forseta Íslands er að finna í 5. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, en þar segir:

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna og mest 3.000. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt þessu fyrirkomulagi, einfaldri meirihlutakosningu[2] hafa, eins og fram kemur í 1.–3. töflu, þrír af forsetum lýðveldisins ekki verið kosnir með meiri hluta atkvæða að baki sér þegar þeir voru kosnir í fyrsta sinn. Sá fyrsti, Sveinn Björnsson, var þingkjörinn en einungis Kristján Eldjárn var þjóðkjörinn af meiri hluta kjósenda.

1. tafla.	*Forsetakosningar 1952.*		
Kjósendur á kjörskrá	85.877		
Frambjóðandi	Gild atkvæði	Hlutfall af gildum atkvæðum	Hlutfall af kjósendum á kjörskrá
Ásgeir Ásgeirsson	32.924	48,26%	38,34%
Bjarni Jónsson	31.045	45,50%	36,15%
Gísli Sveinsson	4.255	6,24%	4,95%
Samtals	68.224	100,00%	79,44%

[2] Þetta er það hugtak sem oftast virðist notað hérlendis um það þegar sá nær kjöri sem flest fær atkvæði. Hugtakið er þó ekki heppilegt.

2. tafla.	*Forsetakosningar 1980.*		
Kjósendur á kjörskrá	143.196		
Frambjóðandi	Gild atkvæði	Hlutfall af gildum atkvæðum	Hlutfall af kjósendum á kjörskrá
Albert Guðmundsson	25.599	19,84%	17,88%
Guðlaugur Þorvaldsson	41.700	32,31%	29,12%
Pétur J. Thorsteinsson	18.139	14,06%	12,67%
Vigdís Finnbogadóttir	43.611	33,79%	30,46%
Samtals	129.049	100,00%	90,12%

3. tafla.	*Forsetakosningar 1996.*		
Kjósendur á kjörskrá	194.705		
Frambjóðandi	Gild atkvæði	Hlutfall af gildum atkvæðum	Hlutfall af kjósendum á kjörskrá
Ástþór Magnússon Wium	4.422	2,68%	2,27%
Guðrún Agnarsdóttir	43.578	26,37%	22,38%
Ólafur Ragnar Grímsson	68.370	41,38%	35,11%
Pétur Kr. Hafstein	48.863	29,57%	25,10%
Samtals	165.233	100,00%	84,86%

Forgangsröðun.

Einföld meirihlutakosning er sú aðferð sem víðast er notuð við kjör þjóðhöfðingja. Það þykir þó bagalegt að þjóðhöfðinginn njóti ekki ótvírætt stuðnings meiri hluta þeirra sem taka þátt í kosningum. Mjög víða er leyst úr þessum vanda með því að hafa kosninguna í tveimur umferðum. Sú fyrri er þá til þess að vinsa úr þá tvo frambjóðendur sem mest fylgi hafa, og síðan er kosið á milli þeirra tveggja í seinni umferðinni. Þá vinnur sá sem fleiri fær atkvæðin, og þar með hreinan meiri hluta gildra atkvæða.[3]

Vandkvæðin við tvíþættar kosningar eru þó augljós, svo sem þessi:

- Kostnaður við að halda tvennar kosningar.
- Áhugaleysi almennings á þátttöku í báðum umferðunum. Sé t.d. talið ljóst að enginn muni ná kjöri í þeirri fyrri og rakið hverjir nái að vera í kjöri í þeirri seinni, kunna kjósendur að bíða seinni umferðarinnar.

---

[3] Fyrirkomulagið er þó með ýmsum hætti: Í Costa Rica er ein umferð látin duga ef sá sem flest atkvæði fær nær 40% atkvæða. Í Argentínu er markið sett við 45% eða 40% enda sé þá a.m.k. 10% forskot á þann næsta. Svipað á við í Ekvador. Í Sierra Leone eru kröfurnar meiri. Þar er ávallt efnt til annarrar umferðar nema einn frambjóðenda fái a.m.k. 55% atkvæða í þeirri fyrri. Meginreglan er samt sú að efnt er til tveggja umferða, og þá milli hinna tveggja efstu, nema einhver frambjóðandi fái yfir 50% fylgi í fyrri umferðinni.

– Flokkadrættir og möguleg hrossakaup frambjóðenda eftir fyrri umferð kosninga, þar sem hinir tveir efstu kunna að biðla með ómálefnalegum hætti til stuðningsmanna þeirra sem eru úr leik.

Af þessum sökum er víða það fyrirkomulag eða að því stefnt að báðar kosningarnar eru sameinaðar í eina. Írar hafa frá því að lýðveldi þeirra var sett stjórnarskrá árið 1937 haft slíkt kerfi.

Fyrirkomulagið byggist í öllum tilvikum á forgangsröðun, þ.e. að kjósendur raða frambjóðendum með raðtölunum 1., 2., 3. o.s.frv.[4] Fyrsta skref í uppgjöri kosninganna er ávallt það að aðgæta hvort einhver frambjóðandi hafi hlotið meira en helming atkvæða að fyrsta vali. Ef svo er nær sá kjöri. Ef ekki þarf að horfa á annað val kjósenda. Í þeim efnum eru fleiri en einn kostur. Einn er sá að líkja alfarið eftir tvíþættum kosningum. Þá er augum einvörðungu beint að þeim tveimur frambjóðendum sem fá flest atkvæði að 1. vali. Aðgætt er hvert er 2. val þeirra kjósenda sem settu útilokaða frambjóðendur í 1. val. Hafi nú annar hinna útvöldu náð meirihlutafylgi er málinu lokið. Ekki er þó víst að svo sé þar sem hópur kjósenda kann að hafa sett bæði 1. og 2. val sitt á hina útskúfuðu í ríkum mæli. Þá kemur til álita að láta samt staðar numið og lýsa þann af þeim útvöldu, sem flest fá atkvæðin að 1. og 2. vali, hinn rétt kjörna. En þá hefur hann ekki endilega meirihlutafylgi sér að baki. Vilji menn tryggja að svo sé þarf að huga að 3. vali þeirra sem studdu hina útstrikuðu o.s.frv. einmitt eins og gert er í forgangsröðunaraðferðinni sem lögð er til í þessum frumvörpum.

Fái enginn frambjóðandi hreinan meiri hluta atkvæða að 1. vali er samkvæmt forgangsröðunaraðferðinni sá frambjóðandinn sem fæst fékk atkvæði að 1. vali dæmdur úr leik og atkvæði hans að 2. vali færð til hinna frambjóðendanna. Sé enn enginn frambjóðandi með meiri hluta atkvæða (að þeim færðu meðtöldum) er aftur sá sem minnst fylgi hefur strikaður út og atkvæði hans færð. Þá flækist málið að vísu vegna þess að hafi hann fengið færð atkvæði frá þeim sem fyrst var strikaður út, þá þarf að gæta að 3. vali viðkomandi kjósenda og færa þau. Þessu er haldið áfram þar til yfir lýkur.

Skýringardæmi.

Einfalt skýringardæmi má sjá í 4. töflu, en þar eru 4 frambjóðendur, A, B, C og D, og 100 kjósendur. Reikna má út að 4 frambjóðendum má raða á 24 mismunandi vegu. Í dæminu hafa þessir 100 kjósendur ekki svo fjölbreyttar skoðanir, heldur raða þeir einvörðungu á 4 mismunandi vegu og skiptast atkvæðin 100 á þessa fjóra möguleika. Þessi takmarkaða fjölbreytni nægir til að skýra málið.

4. tafla.	*Skýringardæmi.*			
Atkvæði	31	29	25	15
1. val	*A*	*B*	*C*	*D*
2. val	*B*	*C*	*B*	*C*
3. val	*C*	*D*	*D*	*A*
4. val	*D*	*A*	*A*	*B*

[4] Stundum er látið nægja að kjósendur nefni þá tvo efstu. Svo er t.d. gert í borgarstjórakosningum í London.

Enginn frambjóðandi nær hreinum meiri hluta að 1. vali. Væri 1. val ígildi einfaldrar meirihlutakosningar (þar sem kjósendur krossa við frambjóðanda) yrði *A* fyrir valinu, en aðeins með 31% fylgi.[5] Gerum nú dæmið fyrst upp með eftirlíkingu af tveggja umferða kosningu. Þá eru það *A* og *B* sem slagurinn stendur um, en *C* og *D* eru úr sögunni.

5. tafla.	*Skýringardæmið í líkingu tvíþættrar kosningar.*			
Atkvæði	31	29	25	15
1. val	*A*	*B*		
2. val	*B*		*B*	
3. val				*A*
4. val		*A*	*A*	*B*

Í 5. töflu er búið að strika *C* og *D* út. Þá fær *A* 15 atkvæði *D* að 3. vali, eða alls 31+15=46 atkvæði, en *B* fær 25 atkvæði *C* að 2. vali og því alls 29+25=54 atkvæði. Það er þá *B* sem nær kjöri.

6. tafla.	*Skýringardæmið gert upp samkvæmt forgangsröðunaraðferð.*			
Eftir 1. útstrikun				
Atkvæði	31	29	25	15
1. val	*A*	*B*	*C*	
2. val	*B*	*C*	*B*	*C*
3. val	*C*			*A*
4. val		*A*	*A*	*B*
Eftir 2. útstrikun				
Atkvæði	31	29	25	15
1. val	*A*		*C*	
2. val		*C*		*C*
3. val	*C*			*A*
4. val		*A*	*A*	

Í 6. töflu er dæmið gert upp samkvæmt hinni eiginlegu forgangsröðunaraðferð. Þá þarf fyrst að dæma úr leik þann frambjóðanda sem fæst atkvæði fékk að 1. vali. Það er frambjóðandi *D*. Kjósendur hans að 1. vali vilja *C* að 2. vali. Niðurstaðan er í efri hluta töflunnar. Frambjóðandi *C* er nú kominn með 25+15=40 atkvæði. Þá er *B* orðinn sá frambjóðandi sem

---

[5] Þó verður að hafa fyrirvara um þessa fullyrðingu. Kjósendur haga sér alltaf að einhverju leyti eftir fyrirkomulaginu. Eins er víst að kjósendur frambjóðanda D yrðu færri við einfalda meirihlutakosningu en sem svarar til niðurstöðu þessa 1. vals þar sem D væri fyrir fram ekki talinn líklegur til að sigra. Ef atkvæði eru færanleg geta kjósendur D „leyft“ sér þann munað að velja hann að 1. vali, þar sem þeir eiga þess kost að gera upp á milli hinna þriggja með því að velja þá að 2.–4. vali.

lakast er staddur með óbreytt 29 atkvæði að efsta gilda vali og er hann þá strikaður út. Neðri hluti 5. töflu sýnir því ástandið þegar aðeins þeir tveir efstu eru eftir: *A* og *C*. Af þeim tveimur er *C* kominn með 29+25+15=69 atkvæði, en *A* er aðeins með sín atkvæði að 1. vali, 31 atkvæði. Því er það *C* sem nú nær kjöri.

Forsetakosningar á Írlandi.

Raunhæf dæmi um notkun á forgangsröðunaraðferð er að finna úr forsetakosningum á Írlandi. Þar hafa kosningar farið fram 12 sinnum en í 9 þeirra voru einungis einn eða tveir frambjóðendur þannig að ekki reyndi á framsal atkvæða í þeim. Í hinum þremur voru þrír eða fleiri frambjóðendur og reyndi ávallt á það fyrirkomulag að færa til atkvæði þess frambjóðanda sem fæst fékk atkvæði að 1. vali þar eð enginn einn náði meiri hluta atkvæða að 1. vali. Kosningaúrslitum er lýst í 7.–9. töflu, en þar er nafn sigurvegarans í hverju tilviki feitletrað.

7. tafla.	*Forsetakosningar á Írlandi 1945.*		
Frambjóðandi	Atkvæði að 1. vali	Færð atkvæði	Atkvæði í 2. talningu
Sean T O'Kelly	537.965	27.200	565.165
Sean Mac Eoin	335.539	117.886	453.425
Patrick McCartan	212.834	-212.834	0
Óframseld atkvæði*		67.748	67.748
Samtals	1.086.338	0	1.086.338

* Svokölluð óframseld atkvæði koma til af því að umtaldir kjósendur (McCartans) hafa ekki hirt um að geta 2. eða 3. vals síns.

Athyglisvert er hvað margir kjósendur McCartans velja Mac Eoin að 2. vali, sem dugar þó ekki til að breyta röðinni frá 1. vali. Ef fyrirkomulagið hefði byggst á hefðbundinni einfaldri meirihlutakosningu er eins líklegt að flestir þessara kjósenda McCartans hefðu kosið Mac Eoin.

8. tafla.	*Forsetakosningar á Írlandi 1990.*		
Frambjóðandi	Atkvæði að 1. vali	Færð atkvæði	Atkvæði í 2. talningu
Austin Currie	267.902	-267.902	0
Brian Lenihan	694.484	36.789	731.273
Mary Robinson	612.265	205.565	817.830
Óframseld atkvæði		25.548	25.548
Samtals	1.574.651	0	1.574.651

Hér nær Mary Robinson kjöri út á færðu atkvæðin frá Austin Currie. Jafnframt er greinilegt að Currie og Robinson höfða mjög til sömu kjósenda (sem væntanlega væri enn augljósara ef fyrir lægju upplýsingar um annað val kjósenda þeirrar síðarnefndu). Því er eins líklegt að hún hefði einnig náð kjöri í einföldu meirihlutafyrirkomulagi, þar sem kjósendur Currie hefðu strax í upphafi veðjað á Mary Robinson frekar en að láta atkvæði sín falla dauð

niður. En þessir kjósendur hefðu þá ekki haft tækifæri til að láta sína raunverulegu skoðun koma fram. Það geta þeir í fyrirkomulagi forgangsröðunar án þess að glata möguleikanum á því að hafa áhrif á valið milli hinna tveggja sterkustu.

9. tafla.	*Forsetakosningar á Írlandi 1997.*		
Frambjóðandi	Atkvæði að 1. vali	Færð atkvæði	Atkvæði í 2. talningu
Mary Banotti	372.002	125.514	497.516
Mary McAleese	574.424	131.835	706.259
Derek Nally	59.529	-59.529	0
Adi Roche	88.423	-88.423	0
Dana Rosemary Scallon	175.458	-175.458	0
Óframseld atkvæði		66.061	66.061
Samtals	1.269.836	0	1.269.836

Í kosningunum 1997 voru fimm frambjóðendur. Þá mætti halda að dæma þyrfti þrjá frambjóðendur úr leik og þá aðeins einn í einu; þar með þyrfti að telja saman atkvæðin þrisvar sinnum. En svo er ekki; taka má þessa þrjá saman í heilu lagi.

Eins og fram hefur komið er það aðeins í írsku forsetakosningunum 1990 sem atkvæðafærsluaðferðin breytir þeirri niðurstöðu sem fæst úr 1. lotu talningarinnar.

Fylgiskjal VII.

Fræðilegir annmarkar á kosningakerfum.

Með frumvörpum þessum er lagt til að beitt verði aðferð við uppgjör á röðun kjósenda á frambjóðendum sem hér er nefnd forgangsröðunaraðferð en skammstöfuð á ensku sem *STV*. Viðfangsefnið er að túlka röðun einstakra kjósenda á frambjóðendum yfir í niðurstöðu, þ.e. röð þeirra allra. Fjöldamargar aðferðir í þessu skyni eru þekktar. Forgangsröðunarreglan er aðeins ein þeirra. Í gildandi kosningalögum er beitt afbrigði af svokallaðri *Borda*-reglu í þessu skyni. Meirihlutaregla sú sem algengust er í uppgjöri prófkjöra er þriðja dæmið. Allar aðferðir í þessu skyni hafa kosti og galla enda er til fræg setning eftir nóbelsverðlaunahafann Kenneth J. Arrow sem segir efnislega að ekki verði á allt kosið í þessum efnum.[6] Arrow stillir upp nokkrum kröfum sem telja má eðlilegt að gera til úthlutunarreglna af þessu tagi. Ein af þeim er krafa um að reglurnar séu *einhalla*, þ.e. að frambjóðandi geti aldrei tapað á því að fá aukið fylgi.

Það eru á hinn bóginn stærðfræðileg sannindi sem ekki verða umflúin. Allar aðferðir brjóta með einum eða öðrum hætti í bága við kröfur Arrows. Það er því óhjákvæmilegt að

---

6 Kenneth J. Arrow, „Social choice and individual values“, John Wiley, New York, 1951. Björn S. Stefánsson fjallar um setningu Arrows í bók sinni „Lýðræði með raðvali og sjóðvali“, Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003.

taka vissa áhættu þegar aðferð er valin. T.d. er til stærðfræðileg sönnun á því að ekki sé í senn unnt að tryggja jöfnuð á milli flokka á landsvísu og um leið að kjördæmi fái þá tölu þingsæta sem krafist er nema með einni og aðeins einni aðferð ef uppfylla skal kröfur sem eru af líkum toga og kröfur Arrows enda þótt viðfangsefnið sé annað. Vandinn við þessa einu aðferð er sá að hún er flókin og varla talin nothæf af þeim sökum – enda þótt hún sé stærðfræðilega einföld og auðskilin! Þrátt fyrir þetta eru mörg kosningakerfi sem búa við ágalla af þessum sökum, t.d. á þau sem notuð eru við þingkosningar á öllum Norðurlöndunum nema í Finnlandi þar sem ekki er krafist jafnaðar milli flokka.[7]

Einn af vanköntunum við forgangsröðunarferðina (STV) er sá að hún uppfyllir ekki kröfuna um að vera ætíð *einhalla*, þ.e. að í vissum tilvikum getur frambjóðandi tapað á því að fá aukið fylgi.[8] Dæmi um slíkt mætti sjá í eftirfarandi töflu. Gert er ráð fyrir þremur frambjóðendum, Ara, Báru og Davíð, sem keppa um eitt sæti (t.d. í forsetakosningum).

1. tafla.		*Skýringardæmi.*	
Atkvæði	10	9	8
1. val	*Ari*	*Bára*	*Davíð*
2. val		*Davíð*	*Ari*

Atkvæðin eru alls 37 að tölu og þarf því 14 atkvæði til að ná meiri hluta og þar með kjöri. Til einföldunar er gert ráð fyrir að þeir sem velja Ara að fyrsta vali hirði ekki um að geta annars vals síns. Að lokinni fyrstu talningu er Davíð strikaður út þar sem hann hefur fæst atkvæði að fyrsta vali og atkvæðin hans átta síðan færð yfir á Ara sem nær við það kjöri enda þá kominn með 18 atkvæði.

Ímyndum okkur nú að Ara hefði tekist að sannfæra tvo stuðningsmenn Báru um að kjósa sig í staðinn. Þá hefðu úrslitin verið skv. 2. töflu:

2. tafla.		*Skýringardæmi.*	
Atkvæði	12	7	8
1. val	*Ari*	*Bára*	*Davíð*
2. val		*Davíð*	*Ari*

Við þessa breytingu fær Bára nú fæst atkvæði að fyrsta vali og hún er því úr leik eftir fyrstu umferð. Við það fær Davíð atkvæði hennar, sem eru sjö talsins, og þar með sigrar Davíð Ara með 15 atkvæðum gegn 12 og nær kjöri. Viðbótarfylgi Ara virðist því hafa orðið honum að falli sem kann eðlilega að þykja undarlegt.

Vekja má athygli á því að þetta dæmi er ekki einskorðað við forgangsröðunarregluna sem slíka. Dæmið gæti allt eins átt við kosningar sem þar sem kosið er í tveimur umferðum og sú seinni snýst um val milli tveggja efstu manna úr þeirri fyrri. Slíkt fyrirkomulag er algengt og þekkist í Frakklandi og víðar í hinum rómanska heimi.

---

[7] Frekari fróðleik um þetta má finna á vefsíðu landskjörstjórnar, www.landskjor.is. Sjá þar kafla í úttektinni „Greining á úthlutun þingsæta við alþingiskosningarnar 10. maí 2003“.

[8] Jón Ragnar Stefánsson vekur athygli á þessu í umsögn til allsherjarnefndar Alþingis, dags. 29. ágúst 2009; sjá http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=137&malnr=149&dbnr=739&nefnd=a.

Það að forgangsröðunaraðferðin er ekki einhalla er vitanlega ókostur við aðferðina en þó má leiða að því líkum að hann sé ekki jafnalvarlegur og ætla mætti. Nefna má ýmis rök og dæmi í þessu sambandi.

- Það að STV-aðferðin er ekki einhalla virðist almennt ekki vera nefnt meðal galla við kosningakerfið í umræðunni á Írlandi.[9]
- Formaður eins konar landskjörstjórnar á Norður-Írlandi segir í tímaritsgrein árið 1995: „… reynslan af notkun STV í Norður-Írlandi sl. 22 ár í margvíslegum kosningum, stórum og smáum, gefur enga vísbendingu um að reynt hafi á skortinn á einhalla í raunveruleikanum.“[10]
- Tölfræðileg tilraun með hugsanlega innleiðingu STV í Stóra-Bretlandi bendir til þess „að einu sinni á öld [komi] vandi vegna skorts á einhalla í ljós“.[11]
- Það er nánast ómögulegt að misnota ágallann, skort á einhalla, með því að hvetja kjósendur til að kjósa öðru vísi en samviskan býður.

Fara má nokkrum orðum um síðasta atriðið á framangreindum lista. Í flestum kosningakerfum geta kjósendur náð raunverulegum vilja sínum betur fram með öðrum hætti en þeim að kjósa eftir eigin sannfæringu. Þetta er kallað að kjósa *stratekískt* á erlendum málum. Eitt frægasta dæmið hérlendis er frá kosningunum 1956 viðvíkjandi svokölluðu „hræðslubandalagi“. Í þeirri aðferð sem notuð er í prófkjörum hérlendis þarf það alls ekki að þjóna hagsmunum kjósanda best að setja þann frambjóðanda sem hann heldur mest upp á í fyrsta sæti. Flestir frambjóðendur í slíkum kosningum gefa út hvaða sæti þeir sækjast eftir og í einhverjum tilfellum geta frambjóðendur jafnvel grætt á því að tilgreina hvaða aðra frambjóðendur æskilegt sé að kjósendur þeirra kjósi.

Frægt dæmi utan lands um slíka misnotkun á kosningalögum er úr kosningum árið 2005 til Sambandsþingsins í Þýskalandi þar sem fara þurfti fram uppkosning í einu kjördæmi og kjósendur CDU gátu aukið þingstyrk flokksins með því að halda að sér höndum. Þetta er dæmi um afleiðingar þess að þetta þýska kerfi er ekki einhalla; nokkuð sem hefur þó ekkert með forgangsröðunarregluna að gera. Þarna var kjósendum meðvitað ráðlagt að leika á kerfið. Afleiðingin var að þýski stjórnlagadómstóllinn dæmdi það svo að fyrirkomulagið bryti í bága við stjórnarskrána; ekki endilega vegna þess að það væri ekki einhalla heldur vegna þess að unnt var að nýta sér ágallann.[12]

Nýlega hefur verið sannað að það er reiknifræðilega mjög erfitt vandamál að búa fyrir fram til leikfléttu (strategíu) til að nýta sér margumræddan ágalla forgangsröðunaraðferðarinnar.[13] Raunar er það svo að jafnvel þótt skoðanir allra kjósenda lægju fullkomlega ljósar fyrir áður en gengið væri til kosninga væri nánast ómögulegt að reikna út hvort frambjóðendurnir ættu að hvetja stuðningsmenn sína til að kjósa með úthugsuðum hætti (strategískt). Þetta þýðir að ekki er raunveruleg hætta á að hópur kjósenda, jafnvel þótt hann væri vel skipulagður og agaður, gæti misnotað forgangsröðunarkerfið með óeðlilegum hætti.

Önnur afleiðing þessa er að reiknifræðilega er erfitt að finna dæmi um hvernig aukið fylgi hefði getað skaðað frambjóðanda, jafnvel þegar úrslit liggja fyrir. Af þeim ástæðum er ekki

---

9 Sjá t.d. http://www.tcd.ie/Political_Science/staff/michael_gallagher/IrishElectSys.php.

10 Patrick Bradley, „STV and Monotonicity – Revisited“, *Representation* (1995) 33:48–50.

11 Crispin Allard, „Lack of Monotonicity: A Hands-On Assessment“, *Representation* (1995) 33:46–47.

12 Sjá vefsíðu landskjörstjórnar, www.landskjör.is, sjá frásögnina „Stjórnlagadómstóll Þýskalands segir lög um kosningar til Sambandsþingsins brjóta í bág við stjórnarskrá“.

13 John J. Bartholdi III og James B. Orlin: „Single Transferable Vote Resists Strategic Voting“, *Social Choice and Welfare* (1991) 8:341–354.

líklegt að umræða um þennan ókost kerfisins yrði hávær enda munu þau tilfelli þar sem reynt hefur á hann líklegast vera afar sjaldgæf og þá verulega langsótt og byggjast á flóknum útreikningum og tilfærslum atkvæða, nema um sé að ræða einföld tilbúin dæmi.

Hér hefur verið rætt um ágalla á forgangsröðunaraðferðinni sem verða aldrei allir umflúnir við uppgjör á röðunartölum kjósenda eins og fyrr segir. Því má spyrja hvort ekki sé skynsamlegra að þrengja valmöguleika kjósenda og leyfa þeim að merkja einvörðungu með krossum við einn eða fleiri frambjóðendur en raða þeim ekki.[14] Sú aðferð hefur kosti og galla eins og öll mannanna verk í kosningafræðum sem ekki er tóm til að fara út í hér. Alla vega væri vald kjósenda þrengt mjög með því að falla frá röðun.

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að tekið verði upp persónukjör í kosningum til Alþingis. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi sem miðar að sama marki um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Samkvæmt frumvarpinu skulu efstu sæti framboðslista í kosningum til Alþingis skipuð frambjóðendum sem boðnir eru fram til persónukjörs og skal tala þeirra vera jöfn tölu þingsæta í kjördæminu. Þessi hluti listans nefnist persónukjörshluti og skal yfirkjörstjórn hluta til um röð frambjóðenda á listanum. Neðri hluta listans skipa frambjóðendur sem boðnir eru fram með hefðbundnum röðuðum hætti. Kjósandi skal merkja við listabókstaf þess framboðs sem hann vill kjósa og getur auk þess raðað frambjóðendum í persónukjörshluta listans í sæti eftir því sem hann vill.

Ætla má að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs komi fram í auknum kostnaði við talningu atkvæða. Árið 2006 var gerð breyting á kosningalögunum sem kvað á um að ríkissjóður skyldi framvegis greiða kostnað sem sveitarsjóðir höfðu fram til þess borið. Þar er um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að ríkissjóður greiðir sveitarstjórnum ákveðna fjárhæð fyrir hvern mann á kjörskrá og ákveðna fjárhæð fyrir hvern kjörstað en sveitarstjórnir annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þar á meðal að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu og þess háttar. Við alþingiskosningar í vor nam þessi þáttur í kostnaði ríkissjóðs við kosningarnar tæplega 160 m.kr.

Verði frumvarpið að lögum er talið nauðsynlegt að láta semja tölvuforrit til nota við talningu atkvæða til þess að finna út hvaða frambjóðendur til persónukjörs hafa náð kosningu og í hvaða röð. Áætlað er að stofnkostnaður við gerð slíks forrits til varanlegra nota geti

---

[14] Þetta var tillaga Vilmundar Gylfasonar í frumvarpi sem hann lagði fram veturinn 1982–83; sjá http://www.althingi.is/altext/105/s/pdf/0348.pdf. Hugmyndin var liður í því að leyfa um leið val þvert á lista. Í því skyni kann að vera nauðsynlegt að hverfa frá röðun og viðhafa einvörðungu jafnréttháar krossamerkingar. Enn skal vísað á umfjöllun um þennan vanda á vefsíðunni www.landskjör.is, sjá pistilinn „Um persónukjör“.

verið um 5 m.kr. Gert er ráð fyrir að forritið muni bæði nýtast við talningu atkvæða í alþingiskosningum og sveitarstjórnarkosningum. Aukinn kostnaður við atkvæðatalninguna hverju sinni ræðst fyrst og fremst af því í hve miklum mæli kjósendur koma til með að raða frambjóðendum sem í boði eru til persónukjörs því sérstaklega þarf að meðhöndla þá kjörseðla sem kjósandi hefur raðað frambjóðendum á. Ekki er þó talið að um verulegan kostnaðarauka verði að ræða. Í nýliðnum alþingiskosningum var um 15% atkvæðaseðla breytt með útstrikun eða breytingu á nafnaröð. Oftast var gerð ein breyting á seðli og er áætlað að sérstakur kostnaður við talningu þeirra hafi verið um 1,2 m.kr. Kostnaður við talningu atkvæðaseðla sem kjósendur hafa raðað frambjóðendum á eykst þó ekki í réttu hlutfalli við fjölda merkinga sem færðar hafa verið inn á seðil. Má sem dæmi nefna að ef 50% kjósenda, um 100 þúsund manns, taka þátt í persónukjöri með því að merkja við frambjóðendur og hver þeirra raðar að meðaltali þremur frambjóðendum í sæti, þá er ætlað að sérstakur kostnaður við talningu þessara atkvæða geti orðið um 6 m.kr., eða um 5 m.kr. hærri en kostnaður við breytta seðla var í vor. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði óveruleg.

109. Frumvarp til laga [103. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Einnig skal fylgja framboðslista yfirlýsing um það hverjir frambjóðenda eru boðnir fram til persónukjörs og hverjir skulu vera á röðuðum hluta listans, sbr. 31. gr. Jafnframt skal tilgreina röð þeirra síðarnefndu á þessum hluta listans.

2. gr.

Í stað orðanna „frambjóðendur í aðalsætum“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: frambjóðendur til persónukjörs, sbr. 1. mgr. 26. gr.

3. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Á framboðslista skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Efstu sæti listans skulu skipuð frambjóðendum sem boðnir eru fram til persónukjörs og skal tala þeirra vera jöfn tölu aðalmanna. Þessi hluti listans nefnist persónukjörshluti. Nöfn á neðri hluta listans skulu boðin fram í tilgreindri röð og nefnist sá hluti raðaður hluti listans. Ekki er skylt að bjóða fram á raðaða hluta listans en sé það gert mega nöfn á honum vera allt að því jafnmörg og á persónukjörshluta hans.

4. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Yfirkjörstjórn skal hluta um það í hvaða röð frambjóðendur hvers lista sem boðnir eru fram til persónukjörs, sbr. 1. mgr. 26. gr., raðast á listann. Það skal gert með því að tölusetja nöfn þeirra eftir stafrófsröð og hluta síðan um það hver skuli vera efstur á listanum. Aðrir frambjóðendur raðast í stafrófsröð frá þeim efsta þar til byrjað er aftur á stafrófinu ef þörf krefur.

5. gr.

2. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða samtök hann er borinn fram. Síðan skal rita nöfn þeirra frambjóðenda sem boðnir eru fram til persónukjörs og í þeirri röð sem kveðið er á um í 3. mgr. 31. gr. Að lokum skal tilgreina nöfn frambjóðenda á raðaða hluta listans skv. 1. mgr. 26. gr. ef við á. Í auglýsingu skal skýrlega aðgreina frambjóðendur sem boðnir eru fram til persónukjörs frá þeim sem skipa raðaðan hluta listans. Jafnframt skal tilgreina röðunartölur þeirra sem skipa raðaða hluta listans og skal fyrsta talan vera næst á eftir tölu nafna á persónukjörshlutanum. Enn fremur skal tilgreina stöðu frambjóðenda eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

6. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Kjörseðla skal fullgera þannig: Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða kosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal. Jafnframt skal birta stuttar leiðbeiningar til kjósenda um kosningarathöfn þeirra skv. 58. gr.

Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** … (nafn stjórnmálasamtakanna). Fyrir framan listabókstaf skal vera ferningur. Listar skulu aðgreindir með feitum langstrikum.

Niður undan nafni stjórnmálasamtaka skulu vera nöfn þeirra frambjóðenda sem boðnir eru fram til persónukjörs í þeirri röð sem kveðið er á um í 3. mgr. 31. gr. og skal vera ferningur framan við nafn hvers frambjóðanda. Á eftir þeim skal tilgreina nöfn frambjóðenda á röðuðum hluta listans ef honum er til að dreifa og skal skýrlega aðgreina á milli þessara tveggja hópa frambjóðenda listans. Nöfn á raðaða hlutanum skulu vera í þeirri röð sem þau voru boðin fram og skal jafnframt tilgreina röðunartölur fyrir framan nöfn þeirra og skal fyrsta talan koma næst á eftir tölu nafna á persónukjörshlutanum. Enn fremur skal tilgreina stöðu frambjóðenda eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

7. gr.

2. og 3. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi setur jafnframt tölustafinn 1 í ferninginn framan við nafn þess frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill helst að nái kjöri, töluna 2 í ferninginn fyrir framan það nafn frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill að komi næstur til álita, töluna 3 í ferninginn fyrir framan það nafn þess frambjóðanda listans til persónukjörs sem hann vill því

næst að nái kjöri o.s.frv. Kjósanda er í sjálfsvald sett hve mörgum af frambjóðendum listans til persónukjörs hann raðar.

Merki kjósandi einungis við listabókstaf en færi engar tölur í ferninga fyrir framan nöfn frambjóðenda listans til persónukjörs er atkvæðið engu að síður gilt en hann telst þá ekki taka afstöðu til þess í hvaða röð þeir skipa sæti listans. Setji kjósandi önnur merki við nöfn þeirra en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 86. gr.

8. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi má ekki merkja við nema einn listabókstaf.

9. gr.

Á eftir 1. málsl. 63. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að auki er kjósanda sem ekki er fær um að árita kjörseðil heimilt að hafa með sér aðstoðarmann sem hann velur sjálfur.

10. gr.

Orðin „eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum“ í c-lið 78. gr. laganna falla brott.

11. gr.

2. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Lista í kjördæmi telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda sé ekki merkt við nöfn á fleiri en einum lista og ekki séu aðrir gallar á. Atkvæði skal ekki metið ógilt þótt strikað hafi verið yfir nafn eins eða fleiri frambjóðenda á kjörseðli.

12. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Við bundnar hlutfallskosningar taka frambjóðendur hvers lista til persónukjörs sæti á listanum með eftirfarandi hætti:

1. *Persónuleg atkvæði:* Einungis atkvæði þeirra kjósenda sem taka þátt í persónukjöri, sbr. 2. mgr. 58. gr., koma til álita við talningu vegna persónukjörs. Þessi atkvæði nefnast persónuleg atkvæði.
2. *Talnaröð rofin:* Aðgætt skal hvort talnaröð kjósanda á frambjóðendum til persónukjörs sé samfella tölustafanna 1, 2, 3 o.s.frv. Eftirfarandi gildir ef talnaröðin er rofin eða aðrir gallar reynast á henni:
   a. Hafi verið merkt við aðra frambjóðendur en þá sem eru boðnir fram til persónukjörs á listanum skal horfa fram hjá slíkum merkingum. Gildir það jafnt um merkingar við nöfn á neðri hluta listans, raðaða hlutanum, sem og nöfn á öðrum listum.
   b. Horft skal fram hjá merkingu með krossi við frambjóðanda svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með að tölu frambjóðenda á persónukjörshluta listans. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda á persónukjörshluta listans með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1.

c. Sé eyða í talnaröðun frambjóðenda til persónukjörs innan lista skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni. Þetta á einnig við ef eyðan verður til vegna atvika skv. a-lið.
d. Sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum. Það telst ekki tvítekning á tölustaf ef annar þeirra er settur við nafn frambjóðanda sem ekki er til persónukjörs á listanum, sbr. a-lið.
e. Ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–d-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi til persónukjörs telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur til persónulegra atkvæða.

3. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut listans með þeim hætti að deila tölu persónulegra atkvæða listans með einum að viðbættri tölu sæta er komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 85. gr.
4. *Flokkun kjörseðla:* Persónuleg atkvæði listans skulu flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi. Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 5. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans.
5. *Röðun í efstu sæti á persónukjörshluta listans:* Raðað skal í efstu sæti listans með eftirgreindum hætti að því marki sem unnt er:
a. Sé hæsta atkvæðagildi frambjóðanda jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans skal frambjóðandanum raðað í efsta lausa sæti, í byrjun í fyrsta sæti.
b. Sé atkvæðagildi annarra frambjóðenda einnig jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans skal þeim raðað í efstu lausu sæti á eftir fyrsta manni í réttri röð miðað við atkvæðagildi.
c. Ákvarða skal færsluhlutfall atkvæða hvers þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið í sæti skv. a- og b-lið og fæst það með því að deila þeim hluta atkvæðagildis frambjóðandans sem er umfram sætishlut með fullu atkvæðagildi hans.
d. Endurmeta skal atkvæðagildi hvers frambjóðanda á viðkomandi seðlum með því að margfalda fyrra atkvæðagildi með færsluhlutfallinu.
e. Atkvæðin skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda á persónukjörshluta listans sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum, sé það að finna, að teknu tilliti til 2. og 8. tölul.
6. *Röðun í neðstu sæti á persónukjörshluta listans:* Komi að því að enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 5. tölul., skal finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 4. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti á persónukjörshluta listans, í upphafi í neðsta sæti þess hluta listans. Kjörseðlar þessa frambjóðanda skulu síðan færðir til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu á þeim sama lista og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 8. tölul.
7. *Lokaröðun í sæti á persónukjörshluta listans:* Raða skal eftir ákvæðum 5. og 6. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til raðað hefur verið öllum frambjóðendum á persónukjörshluta listans. Röðun skv. 5. tölul. hefur ávallt forgang.
8. *Uppfærsla nafna og valtalna:* Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið raðað í sæti samkvæmt ákvæðum 5. eða 6. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum persónulegum atkvæðum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunar-

tölur þeirra frambjóðenda sem koma á eftir þeim frambjóðanda sem um ræðir. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Tæmist talnaröð kjósanda á kjörseðli við beitingu 5. eða 6. tölul. kemur atkvæðið ekki lengur til álita og skal lagt til hliðar.

9. *Hlutkesti:* Nú eru einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar og skal þá hluta um þær.

Frambjóðendur á hinum raðaða hluta listans taka sæti á listanum á eftir frambjóðendum til persónukjörs í þeirri röð sem þeir voru boðnir fram skv. 1. mgr. 26. gr.

Þeim sætum sem framboðslisti hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 85. gr. skal ráðstafað til frambjóðenda listans í samræmi við niðurstöður persónukjörs í þeirri röð sem fram kemur í 1. og 2. mgr. Sama gildir um sæti varamanna.

Sé listi sjálfkjörinn, sbr. 29. gr., skulu þeir sem boðnir eru fram á persónukjörshluta listans skipa sæti aðalmanna en þeir sem boðnir eru fram á raðaða hluta hans skipa sæti varamanna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er lagt til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Frumvörp þessi voru flutt á nýliðnu sumarþingi, 137. löggjafarþingi, og eru nú endurflutt efnislega óbreytt en með örfáum tæknilegum lagfæringum. Almennar athugasemdir við frumvörpin tvö eru samhljóða og jafnframt athugasemdir við einstakar greinar þeirra með frávikum sem nauðsynleg eru vegna efnisins.Athugasemdirnar hafa tekið nokkrum breytingum frá fyrri gerð þeirra. Er það að nokkru gert með tilliti til umsagna sem bárust allsherjarnefnd Alþingis í sumar um frumvarpið um persónukjör við sveitarstjórnarkosningar. Af umsögnum að dæma er ljóst að nokkuð skiptar skoðanir eru um málið hjá umsagnaraðilum. Svo virðist þó sem afstaða manna ráðist í fyrsta lagi af því hvort þeir telji yfir höfuð rétt eða skynsamlegt að taka upp persónukjör í kosningum hér á landi. Má ætla að slík afstaða manna skýri neikvæða afstöðu til frumvarpsins í einhverjum tilvikum. Sé það á hinn bóginn afstaða manna að rétt sé og skynsamlegt að auka raunverulegt vald kjósenda við val á frambjóðendum í kosningum með persónukjöri þá er sú aðferð við persónukjör sem hér er lögð til raunhæf í þeim efnum. Á hinn bóginn er ljóst að þessi leið er ekki með öllu gallalaus frekar en aðrar þekktar aðferðir við persónukjör. Sú niðurstaða um val á aðferð við persónukjör sem sett er fram í þessum frumvörpum byggist hins vegar á ítarlegri skoðun og greiningu á mismunandi aðferðum við persónukjör og kostum þeirra og göllum eins og nánar er lýst síðar í athugasemdum þessum. Var það niðurstaðan við samningu frumvarpanna að sú aðferð sem hér er lögð til hefði færri galla og fleiri kosti en aðrar aðferðir sem til álita komu þegar litið var til þess markmiðs að ná fram raunverulegu persónukjöri í kosningum.

Skoðað var og lagt mat á það hvort þær umsagnir sem bárust allsherjarnefnd um málið eða þær athugasemdir sem settar hafa verið fram í opinberri umræðu gæfu tilefni til efnislegra breytinga á frumvörpunum. Var það niðurstaða þeirrar athugunar að svo væri ekki enda verður ekki séð hvaða aðrar aðferðir við persónukjör eða breytingar á þeirri aðferð sem lögð er til gætu verið til þess fallnar að ná aukinni samstöðu um frumvörpin. Þannig lúta hinar efnislegu athugasemdir sem gerðar eru í raun flestar að kostum og göllum þess almennt að

persónukjör sé tekið upp og eiga því við óháð því hvaða kerfi persónukjörs er til umræðu. Umræddar athugasemdir lúta þannig að grundvallarspurningu málsins, þ.e. hvort menn vilja aukið persónukjör í kosningum hér á landi eða ekki. Þetta er sú spurning sem Alþingi þarf að svara. Sé svarið játandi bíður frumvarpið upp á raunhæfa aðferð í þeim efnum, aðferð sem fullyrða má að nái betur en aðrar þekktar aðferðir við persónukjör að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur þess lista sem þeir kjósa skuli ná kjöri og hverjir skuli vera varamenn þeirra. Aðrar aðferðir geta þó vissulega komið til álita og má þar t.d. nefna þær aðferðir sem notaðar eru við persónukjör á Norðurlöndunum og lýst er í athugasemdum þessum.

Meðal gagnrýnisradda sem heyrst hafa og fram koma í umsögnum er að það fyrirkomulag persónukjörs sem lagt er til í frumvörpunum tryggi ekki jafna stöðu kynjanna í kosningum, nema það sé beinlínis byggt inn í úthlutunarkerfið. Þegar gagnrýni af þessu tagi er sett fram verður að hafa í huga að ekkert kosningakerfi tryggir það fyrir fram að kynin fái jafna útkomu að fengnum niðurstöðum kosninga. Jöfnuður kynja við skipun sæta verður ekki tryggður nema með því að víkja niðurstöðum persónukjörsins til hliðar við úthlutun sæta að því marki sem til þyrfti til að tryggja jafna stöðu kynjanna. Gildandi kosningakerfi hérlendis tryggir ekki heldur kynjajöfnuð með neinum hætti. Hefur það verið á ábyrgð flokkanna sjálfra að tryggja jafna stöðu kynjanna á framboðslistum sínum. Þeirri jafnréttiskröfu hafa sumir flokkar svarað en aðrir síður. Í nýju fyrirkomulagi persónukjörs mun þessi jafnréttiskrafa sem fyrr standa upp á stjórnmálaflokkana, þ.e. að þeir tryggi sem jafnast hlutfall karla og kvenna á persónukjörshluta framboðslista sinna. Ekki er ástæða til að ætla annað en að kjósendur muni með atkvæði sínu kalla konur til áhrifa í stjórnmálum til jafns við karla fái þeir tækifæri til þess. Þetta hefur reynsla annarra landa staðfest, svo sem Norðurlandanna þar sem staða kvenna í stjórnmálum er einna sterkust, en þar hefur persónukjör verið viðhaft í töluverðum mæli á undanförnum árum. Þetta sýndi sig einnig bersýnilega í kosningum til héraðsþinga í Skotlandi árið 2007 þar sem beitt var forgangsröðunaraðferð í fyrsta sinn. Konur náðu kjöri í sama hlutfalli og þær voru í á framboðslistunum. Það verður því á ábyrgð flokkanna, eins og áður, að sjá til þess að hlutfall kvenna og karla sé jafnt á framboðslistum. Verði þeir við þeirri jafnréttiskröfu er ekki ástæða til að ætla annað en að konur muni ná kjöri í sama mæli og karlar í beinu persónukjöri þegar í næstu sveitarstjórnarkosningum nái þessar breytingar fram að ganga.

Athugasemdir við frumvörpin hafa einnig lotið að því að með aðferðinni sem lögð er til sé ekki unnt að tryggja hlut minni byggðarlaga, t.d. í sveitarstjórnarkosningum þar sem stórir þéttbýliskjarnar hafa yfirburði. Sama getur átt við um kosningar í einstökum kjördæmum í þingkosningum. Þessi athugasemd virðist hins vegar í grundvallaratriðum byggð á misskilningi því uppgjörsaðferðin sem lögð er til í frumvarpinu byggist einmitt á hlutfallskosningu en ekki á meirihlutakosningu eins og viðhöfð hefur verið í prófkjörum. Taka má dæmi um sveitarfélag eða kjördæmi sem samanstendur af þremur byggðum, einu stóru þéttbýlissvæði þar sem rúmlega helmingur íbúanna býr en fjórðungur búi í hvorri hinna tveggja byggðanna. Gerum ráð fyrir að kjósendur tiltekins stjórnmálaflokks standi þétt að baki sínum frambjóðendum sem skiptast milli byggðanna í eðlilegum hlutföllum. Ef efnt væri til prófkjörs hjá þessum lista gæti svo farið að allir efstu menn listans kæmu frá eða væru fulltrúar hinnar stóru byggðar. Í því fyrirkomulagi persónukjörs sem lagt er til í frumvarpinu er slík niðurstaða afar ólíkleg. Þvert á móti er líklegt að fulltrúaskiptingin milli byggðarlaganna samkvæmt forgangsröðunarkerfi yrði í réttu hlutfalli við kjósendatölu þeirra. Ef kjósendur einnar byggðarinnar hafna aftur á móti „sínum frambjóðendum“ endurspeglast það að sjálfsögðu

í útkomunni. Varla er þá við persónukjörskerfið að sakast þar sem niðurstaða persónukjörsins endurspeglar þá ekki annað en að kjósendur viðkomandi byggðar treysta öðrum frambjóðendum en sínum eigin betur til að fara með sín mál.

Þriðja athugasemdin sem fram hefur komið og vert er að nefna lýtur að því að það persónukjörskerfi sem lagt er til í frumvarpinu torveldi sameiginleg framboð tveggja eða fleiri flokka þar sem ekki sé hægt að ákveða fyrir fram með röðun á lista hvernig kjörnir fulltrúar muni skiptast á milli aðildarflokkanna. Þessi athugasemd er rétt enda er ekki hægt að tryggja sæti fyrir fram í neinu kerfi persónukjörs. Flokkar sem hyggja á sameiginlegt framboð geta á hinn bóginn séð til þess að fulltrúar þeirra taki sæti á persónukjörshluta listans í gefnum hlutföllum. Það er síðan kjósendanna að taka afstöðu til þeirra í persónukjörinu. Almennt verður þó að telja líklegt að kjósendur sem styðja flokk sem stendur að framboðinu velji fremur frambjóðendur þess flokks en aðra. Þannig má ætla að líklegasta niðurstaða persónukjörs að hætti forgangsröðunar mundi endurspegla innbyrðis styrk þeirra stjórnmálaflokka sem standa að framboðinu. Það hlýtur að teljast lýðræðisleg niðurstaða fremur en galli á persónukjörskerfinu. Loks hefur það verið gagnrýnt að persónukjörskerfið geri það að verkum að það sé óljóst fyrir kosningar hver sé oddviti flokks eða framboðslista. Við gagnrýni af þessu tagi verður að benda á að það getur vart verið hlutverk kosningakerfis að kveða upp úr um slíka forustu. Ekkert í frumvörpunum kemur í veg fyrir að flokkarnir velji sér oddvita og tefli honum fram sem slíkum. Ekkert kemur heldur í veg fyrir að flokkarnir komi skýrum skilaboðum á framfæri við kjósendur sína um það hverja þeir telji að eigi að skipa efstu sæti listans. Þessi málefni eru einfaldlega innanbúðarmálefni hvers stjórnmálaflokks sem tekur þátt í kosningum. Hið endanlega vald um það hverjir nái kjöri í kosningunum er hins vegar fært frá flokknum sjálfum til kjósenda hans, þ.m.t. að velja þann eða þá frambjóðendur sem njóta mests stuðnings en slíkt er eins og áður segir markmið persónukjörs.

Persónukjörskerfið sem lagt er til byggist á óröðuðum framboðslistum og forgangsröðun af hálfu kjósanda á frambjóðendum til persónukjörs á þeim lista sem hann kýs. Athöfn kjósandans er einföld og auðskilin og byggist á talnaröðun frambjóðenda með sama hætti og tíðkast í prófkjörum og möguleg er samkvæmt núgildandi kosningafyrirkomulagi. Hugsunin að baki talnaröðuninni er hins vegar frábrugðin og endurspeglast í uppgjörsaðferðinni sem lýst er með ítarlegum hætti síðar í þessum athugasemdum.

Athöfn kjósandans felst í því sem hingað til að merkja við þann listabókstaf sem hann kýs. Auk þess setur hann tölustafinn 1 fyrir framan nafn þess frambjóðanda á listanum sem hann vill helst að nái kjöri, 2 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann leggur áherslu á að nái kjöri ef annars vegar sá sem hann valdi að fyrsta vali nær ekki kjöri eða hins vegar ef sá sem hann valdi að fyrsta vali nær kjöri en með fleiri atkvæðum en þarf til að tryggja honum sæti á þingi eða í sveitarstjórn. Kjósandi setur síðan tölustafinn 3 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi því næst til álita o.s.frv.

Fullyrða má að engin þekkt aðferð við persónukjör nái með eins afgerandi hætti og sú forgangsröðunaraðferð sem hér er lögð til að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur þess lista sem þeir kjósa skuli ná kjöri og hverjir skuli vera varamenn þeirra. Með uppgjörsaðferðinni er leitast við að tryggja að sérhvert atkvæði hafi einhver áhrif í persónukjörinu.

Undirstrika ber að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvörpunum er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfi hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og teljast atkvæði þeirra listanum að fullu til tekna við úthlutun þingsæta og sveitarstjórnarfulltrúa til listans. Persónukjörið hefur því einungis áhrif

á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau sæti sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi eða sveitarstjórn samkvæmt niðurstöðu kosninganna.

Upptaka persónukjörs í kosningum hér á landi er meðal forgangsverkefna í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ein þeirra lýðræðisumbóta sem hún telur nauðsynlegt að beita sér fyrir ásamt setningu laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Markmið persónukjörs er efling lýðræðis. Með persónukjöri eru áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar fá umboð til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum aukin um leið og dregið er úr áhrifum flokkanna. Má í því samhengi segja að persónukjör dragi úr möguleikum flokkanna til þess að stýra því hvaða fulltrúar þeirra nái kjöri í kosningum. Eftir stendur þó að það er flokkanna að ákveða hvaða einstaklinga þeir bjóða fram til persónukjörs og hvaða aðferðum þeir beita við val á þeim hópi og geta þeir því þrátt fyrir persónukjör haft umtalsverð áhrif á það hvaða einstaklingar nái kjöri fyrir þeirra hönd.

Við mótun og samningu frumvarpanna sem lögð voru fram á 137. löggjafarþingi var myndaður sérstakur samráðshópur stjórnvalda, utanaðkomandi sérfræðinga, fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í samráðshópnum sátu: Valgerður Bjarnadóttir, fyrir hönd Samfylkingarinnar, Birgir Ármannsson, fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, Árni Þór Sigurðsson, fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Vigdís Hauksdóttir, fyrir hönd Framsóknarflokksins, Þór Saari, fyrir hönd Borgarahreyfingarinnar, Magnús Karel Hannesson og Guðjón Bragason, fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur, Pawel Bartoszek stærðfræðingur, Þorkell Helgason stærðfræðingur, sem falin var yfirumsjón með gerð frumvarpanna, Bryndís Helgadóttir og Hjalti Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Ágúst Geir Ágústsson frá forsætisráðuneytinu sem stýrði vinnu hópsins. Auk þessara aðila tóku varamenn sæti á fundum samráðshópsins. Þá var málið kynnt í þingflokkum, fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og í lýðræðishópi sambandsins.

Saga persónukjörs á Íslandi.

Til fróðleiks skal gerð nokkur grein fyrir því hvernig breytingar á kosningalöggjöfinni hafa þróast frá upphafi 20. aldar að því er varðar möguleika kjósandans á að hafa bein áhrif á uppstillingu á lista með atkvæði sínu. Með lögum nr. 19/1913, um breytingu á lögum nr. 39/1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, var í fyrsta skipti kveðið á um útstrikanir og að kjósandi gæti breytt númeraröð frambjóðenda á kjörseðli. Sama fyrirkomulag var tekið upp í lög nr. 28/1915 varðandi landskjör, sem fór svo fram árið 1916. Þá voru sex þingmenn kosnir með hlutfallskosningu og jafnmargir til vara. Heimastjórnarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna. Vegna breytinga sem kjósendur gerðu á lista þeirra færðist Guðmundur Björnsson úr 2. sæti í 3. sæti en Guðjón Guðlaugsson færðist úr 3. sæti í 2. sæti. Breytingar urðu líka á röð varamanna og Bríet Bjarnhéðinsdóttir færðist úr 4. sæti, fyrsta varamannssæti, í 5. sætið. Hannes Hafstein, sem var efstur á lista heimastjórnarmanna, sótti ekki þingfundi frá 1918 en fyrsti varamaður, Sigurjón Friðjónsson, kom í hans stað, en ekki Bríet. Þetta er fyrra dæmið um að útstrikanir hafi breytt röð og í raun fellt frambjóðanda úr þingsæti. Hefði röðin verið óbreytt frá uppstillingu hefði Bríet orðið fyrst kvenna til að setjast á þing. Síðara dæmið er frá 1946 þegar útstrikanir sem gerðar voru á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík höfðu þau áhrif að Björn Ólafsson sem var í 5. sæti færðist niður í 6. sæti en Bjarni Benediktsson færðist úr 6. sæti upp í 5. sæti. Talið er að

Björn hafi verið strikaður út á 1.000–1.500 kjörseðlum, en alls fékk Sjálfstæðisflokkurinn 11.580 atkvæði. Bjarni varð uppbótarþingmaður, en Björn náði ekki kjöri.

Á árabilinu 1959–1987 voru ákvæði kosningalaga slík að möguleiki kjósenda til að hafa áhrif á röðun lista var lítill. Í alþingiskosningunum 2003 voru komnar til framkvæmda breytingar samkvæmt lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sem höfðu í för með sér að áhrif af útstrikunum og öðrum breytingum á röð frambjóðenda jukust. Þetta aukna vald kjósenda birtist ekki í kosningunum 2003 en það gerðist í kosningunum 2007. Í tveimur kjördæmum færðist þá sinn hvor frambjóðandinn niður um eitt sæti vegna slíkra breytinga, en þeir hlutu þó báðir kosningu til Alþingis. Sama sagan endurtók sig í kosningunum 2009 en þá voru gerðar fleiri breytingar á kjörseðlum en áður, svo vitað sé, en kosningaskýrslur allt fram til síðustu aldamóta veita ekki tæmandi upplýsingar um breytingar á listum. Um þetta má lesa á vefsíðu landskjörstjórnar þar sem skýrt er frá úrslitunum og útreikningi á þeim í smáatriðum.

Hvaða breytingar hafa verið gerðar listum við sveitarstjórnarkosningar hefur ekki verið kannað með skipulegum hætti enda ekki hægt um vik þar sem kosningaskýrslur segja fátt. Efalaust eru allmörg dæmi um breytingar sem fært hafa menn til á listum, jafnvel þannig að einhverjir hafi misst sæti í sveitarstjórnum af þeim sökum.

Lagaákvæði um breytingar á listum hafa verið hliðstæð í þing- og sveitarstjórnarkosningum en breytingin sem varð á lögunum um þingkosningar árið 2000 náði ekki til sveitarstjórnarkosninga og því eru möguleikar kjósenda til breytinga á framboðslistum við síðarnefndu kosningarnar mjög litlir að óbreyttum lögum.

Meginefni frumvarpanna.

Með umræddum tveimur frumvörpum er lagt til að kjósendum verði gefið fullt vald að velja þau þingmannsefni og sveitarstjórnarfulltrúa sem þeir vilja helst að nái kjöri af þeim lista sem þeir veita atkvæða sitt. Listar frambjóðenda til persónukjörs eru því boðnir fram óraðaðir og þeim stillt upp í stafrófsröð en hlutað um efsta mann.

Þeirri aðferð sem lagt er til að tekin verði upp hefur ekki verið beitt hérlendis áður. Aðferðin nefnist *Single Transferable Vote* (STV) á ensku. Aðferðin er hér nefnd forgangsröðunaraðferð á íslensku og vísar heitið til þeirrar athafnar kjósandans að forgangsraða frambjóðendum þess lista sem hann kýs með númeraröðun. Þetta heiti hefur sama keim og annað enskt heiti sem gjarnan er notað um þessa og hliðstæðar aðferðir, *Preference Voting*. Það er mikilvægur eiginleiki aðferðarinnar að vannýtt atkvæði eru færð milli frambjóðenda í samræmi við forgangsröðun kjósendanna.

Grunnurinn í forgangsröðunaraðferðinni er að kjósandinn velur sér lista og raðar síðan frambjóðendum sem eru í persónukjöri á listanum í talnaröð, jafnmörgum og hann kýs að raða. Kjósandinn raðar frambjóðendum með tölustöfunum 1, 2, 3 o.s.frv. Athöfn kjósandans er því hin sama og tíðkast hefur í prófkjörum, svo og við breytingar á atkvæðaseðlum bæði í þing- og sveitarstjórnarkosningum, nema hvað útstrikanir eru úr sögunni. Túlkunin á merkingunum er þó ekki sú sama. Í prófkjörunum er verið að kjósa menn í einstök sæti á listanum. Í þing- og sveitarstjórnarkosningum hafa tölurnar, sætisnúmerin, á hinn bóginn lengst af verið ávísun á stig eða atkvæðabrot sem samanlagt hafa gert út um stöðu frambjóðendanna. Líta má á talnaröðina í forgangsröðunaraðferðinni líkum augum og í prófkjörsaðferðinni, að það sé verið að raða í sæti. En í báðum aðferðum er nær lagi að líta svo á að verið sé að raða frambjóðendum í forgangsröð. Nái t.d. frambjóðandi merktur í 1. sæti í hinni almennu prófkjörsaðferð ekki kjöri í það sæti er vilji kjósandans túlkaður þannig að hann vilji þá til vara

að hann skipi fyrsta lausa sætið þar fyrir neðan. Sama er upp á teningnum í aðferðinni sem hér er lögð til. Talan 1 við mann á lista merkir að kjósandinn leggi mest kapp á að sá frambjóðandi nái kjöri, síðan setur hann töluna 2 við þann frambjóðanda sem hann leggur því næst áherslu á að nái kjöri o.s.frv. Forgangsröðunin endurspeglar óskir kjósandans um það hverjir eigi að skipa sæti listans og í hvaða röð.

Það er hið talnalega uppgjör í forgangsröðunaraðferðinni sem er frábrugðið því sem tíðkast hefur í prófkjörstalningu. Uppgjörið er þannig útfært að lesið er í vilja kjósenda til hins ýtrasta. Lendi kjósandinn í minni hluta þannig að sá frambjóðandi, sem hann lagði mesta áherslu á, nær ekki kjöri er litið á aðrar óskir kjósandans um skipan í sæti listans. Hafi kjósandinn raðað öllum frambjóðendum í forgangsröð (sem þó er ólíklegt að margir geri) hefur atkvæðið (nær) alltaf einhver áhrif. Sama gerist ef kjósandinn styður mann sem nýtur mikils fylgis. Hann er ekki að kasta atkvæði sínu á glæ þótt hann taki þátt í kjöri manns sem er hvort sem er talinn eiga öruggt fylgi fyrir sæti. Einmitt þetta er galli á ýmsum öðrum aðferðum við persónukjör, t.d. aðferðum þar sem kjósandinn fær aðeins einn kross til að merkja við þann frambjóðanda sem hann leggur mesta áherslu á að nái kjöri. Hættan er þá sú að of fáir hirði um að velja vinsæla, óumdeilda frambjóðendur en ákveði fremur að verja sínum verðmæta krossi á einhvern þeirra frambjóðenda sem taldir eru standa tæpt. Vinsælu frambjóðendurnir geta þá að lokum setið uppi atkvæðarýrir, öndvert við það sem flestir vildu. Forgangsröðunaraðferðin sér við þessu. Fái vinsæll frambjóðandi fleiri atkvæði en hann þarf til að ná kjöri er horft til þess hvaða aðra frambjóðendur kjósendur hans vildu styðja. Kúfurinn, umframatkvæðin, eru þá færð til þessara hinna í réttum hlutföllum. Aftur er markmiðið að fara að vilja kjósenda eins og frekast er kostur.

Uppgjörið fer þannig fram að fyrst er ákvarðaður svokallaður sætishlutur sem er lágmark atkvæða sem þarf til að ná einu af þingsætum tiltekins kjördæmislista eða einu sæti listans í sveitarstjórn. Þá er fyrst aðgætt hvort einhverjir frambjóðendur hafa náð þessum sætishlut eða meiru að fyrsta vali kjósenda listans og er þeim þá strax úthlutað sætum á listanum. Þau atkvæði sem þessir frambjóðendur hafa hlotið umfram sætishlutinn eru færð með tilgreindum hætti til þeirra frambjóðenda sem nefndir eru sem annað val viðkomandi kjósenda. Þegar að því kemur að enginn þeirra frambjóðenda, sem hafa ekki enn hlotið sæti, hefur náð fullum sætishlut er sá frambjóðandi sem fær fæst atkvæði að fyrsta vali, að teknu tilliti til fyrrgreindra „færðra“ atkvæða, færður í aftasta sæti hins óraðaða lista. Atkvæði kjósenda hans eru engu síður gaumgæfð og seðlarnir færðir til þeirra frambjóðenda sem þeir völdu að öðru vali og nú aðgætt á ný hvort einhver hafi við þetta náð upp í sætishlut o.s.frv. Segja má að raðað sé til skiptis á listann að ofan og hins vegar neðan frá.

Enda þótt athöfn kjósenda, þ.e. röðun frambjóðenda með tölustöfum, sé einföld og auðskilin er uppgjörsaðferðin flóknari. Stafar það af því mikilsverða markmiði aðferðarinnar að persónukjörið nái að endurspegla vilja kjósenda eins vel og mögulegt er en fullyrða má eins og áður segir að engin önnur sæmilega einföld aðferð við persónukjör nái því markmiði jafnvel og sú aðferð sem hér er lögð til. Þótt uppgjörsaðferðin kunni að þykja flókin í einstökum smáatriðum er hún rökrétt og ætti þar með að vera vel skiljanleg öllum að grunni til.

Aðalfyrirmynd að þessari aðferð, forgangsröðun, er að finna á Írlandi en þar hefur kerfið verið nota alfarið í kosningum í rúma átta áratugi. Fyrirkomulag Íra er notað allvíða í hinum engilsaxneska heimi. Hugmyndin á rætur að rekja til Bretlands á öndverðri nítjándu öld, en var líka uppgötvuð af Dananum Carl Andræ um miðja þá öld og beitt í kosningum þar.

Ekki hefur mikið verið ritað um forgangsröðunaraðferðina hér á landi. Fyrsta ítarlega lýsingin, svo vitað sé, er grein eftir Baldur Símonarson í Alþýðublaðinu 6. nóvember 1968

undir heitinu „Persónulegar hlutfallskosningar“. Nokkrum árum síðar, eða 1976, birtist í tímaritinu Stefni, 27. árg., 5.–6. tbl., grein eftir Jón Steinar Gunnlaugsson, „Innleiðum persónukjör“, þar sem hann lýsir forgangsröðunaraðferðinni í smáatriðum undir heitinu persónukjör með valkostum. Tilefnið er að samvinnunefnd ungliðasamtaka þriggja stjórnmálaflokka, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna og Sambands ungra sjálfstæðismanna, skilaði sameiginlegri álitsgerð um „kjördæmaskipan og kosningarréttarmálefni“ sem birt er í sama hefti tímaritsins. Er þar lagt til að tekin verði upp umrædd aðferð, sú sem hér er nefnd forgangsröðunaraðferð. Þingsæti verði sjö í hverju kjördæmi og innan hvers þeirra verði sætum úthlutað með aðferðinni í sinni upprunanlegu írsku mynd, þ.e. kjósendur séu ekki bundnir af flokkslistum heldur velji þeir einstaklinga þvert á flokka ef þeir svo kjósa. Í riti Björns S. Stefánssonar „Lýðræði með raðvali og sjóðvali“, sem út kom 2003, er víða vikið að forgangsröðunaraðferðinni. Enn fremur má benda á pistil á vefsíðu landskjörstjórnar, undir heitinu „Um persónukjör“.

Hvers vegna aðferð forgangsröðunar?

Unnt er að útfæra persónukjör með margvíslegum hætti og við gerð frumvarpanna tveggja voru vissulega margar leiðir íhugaðar. Valið var hins vegar smám saman þrengt þar til að lokum var staðnæmst við forgangsröðunaraðferðina. Þetta ákvörðunarferli má sjá í hnotskurn á eftirfarandi ákvörðunartré. Til þess að tréð sé sæmilega læsilegt er því tvískipt.


Persónukjör
Óraðaðir listar
Röðunartölur
Krossa-merkingar
• Einn kross takmarkar mjög val kjósenda.
– Getur bitnað á vinsælum frambjóðendum.
• Margir krossar fela í sér að atkvæðið skiptist jafnt á þá frambjóðendur sem krossað er við.
– Kemur í veg fyrir að kjósendur geti gert upp á milli frambjóðenda með skýrum hætti.
Forraðaðir listar
• Hvert á vægi forröðunarinnar að vera?
– Eigi kjósendur að fá eitthvað að segja verður vægi kjósenda að vera mikið. Það er tæknilega erfitt í útfærslu.
• Sé röðin aðeins hugsuð til leiðbeiningar munu kjósendur samt halda að þeir hafi einhver áhrif með krossi við listann.


Röðunartölur
Forgangsröðun
(STV, írska leiðin)
• Fangar vilja kjósenda best!
• Atkvæði fara ekki forgörðum.
– Óhætt að greiða vinsælum manni atkvæði.
– Líka þeim sem illa stendur.
• Athöfn kjósandans sú sama og í prófkjörsaðferðinni; er kjósendum því kunn.
– En sneiðir hjá vanköntum hennar.
Prófkjörsreglan
• Felur í raun í sér meirihlutakosningu í persónukjöri, þ.e. meiri hluti kjósenda lista getur, ef samstiga, ráðið niðurstöðu um röðun í öll sæti listans.
• Atkvæði minni hluta kjósenda lista verða áhrifalaus eða áhrifalítil.
• Aðferðin líkleg til að hygla miðlungsframbjóðendum.
Stigagjöf
(Borda-reglan)
• Býður fremur upp á kosningabrall en margar aðrar aðferðir.
• Kann að hygla meðalmönnum um of!

Íhugað var jafnframt hvort ganga ætti lengra og heimila kjósendum að forgangsraða án tillits til lista, þ.e. að velja frambjóðendur af fleiri en einum lista. Álitamál er hins vegar hvort slíkt fyrirkomulag við þingkosningar rúmist innan ramma stjórnarskrárinnar að henni óbreyttri. A.m.k. yrði að reikna listum atkvæði í samræmi við fjölda og vægi þeirra frambjóðenda sem kjósendur velja af hverjum lista og úthluta listunum sæti í samræmi við það. Á hinn bóginn virðist stjórnarskrá ekki setja því neinar skorður að við sveitarstjórnarkosningar megi velja þvert á lista, jafnvel velja persónur en ekki lista.

Sums staðar er gengið enn lengra en þetta, t.d. á Írlandi. Frambjóðendur standa þá ekki á listum heldur bjóða sig fram sem einstaklingar. Víðast hvar er frambjóðendunum þó heimilt, ef ekki skylt, að gera grein fyrir flokkstengslum sínum á kjörseðlinum. Segja má að fyrirkomulag einmenningskjördæma falli undir þessa gerð persónukjörs. Einnig eru dæmi um fjölmenningskjördæmi með persónukjöri af þessu tagi. Slíkt fyrirkomulag rúmast þó ótvírætt ekki innan óbreyttrar stjórnarskrár hér á landi.

Aðferð forgangsröðunar (STV) er að sjálfsögðu ekki gallalaus fremur en aðrar aðferðir við uppgjör á röðunaróskum kjósenda. Það verður aldrei á allt kosið í þessum efnum, sbr. fræga ómöguleikasetningu Kenneth J. Arrows. Þannig hefur forgangsröðunaraðferðin þann ágalla að frambjóðandi kann að missa af sæti við að fá aukið fylgi, en á þennan ágalla er réttilega bent í einni af umsögnum sem bárust allsherjarnefnd Alþingis um frumvarpið um persónukjör við sveitarstjórnarkosningar við meðferð nefndarinnar á málinu á 137. löggjafarþingi. Umræddur ágalli er á fjölmörgum kosningaaðferðum. T.d. eru núgildandi lög um kosningar til Alþingis með þessum meinbugum. Í fylgiskjali VII er nánar fjallað um þetta fyrirbæri. Það er niðurstaða þeirra umfjöllunar að líkurnar á því að á þetta geti reynt séu afar litlar.

Fróðlegt er að bera saman fyrirkomulag það sem lagt er til í þessum frumvörpum og því frumvarpi sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi um persónukjör í kosningum til Alþingis, sjá þingskjal 622. Meginmunurinn er tvenns konar:

– Frumvarpið á vetrarþinginu var valkvætt: Framboðslistar máttu velja hvort þeir buðu fram óraðaða lista til persónukjörs eða raðaða lista eins og verið hefur. Þetta helgaðist m.a. af því að ætlunin var að láta lögin taka gildi fyrir alþingiskosningarnar þá um vorið, en ætla mátti að sum framboð væru þegar búin að marka sér stefnu í framboðsmálum og því orðið of seint að bjóða fram óraðaða lista.
– Samkvæmt þessu eldra frumvarpi átti að gera röðun kjósenda upp með prófkjörsaðferðinni. Rökin fyrir því voru aftur þau að stíga sem styst skref. Prófkjörsaðferðin, kosning í sæti, væri mörgum kjósendum kunnugleg og því skrefið sem stigið væri styttra en með t.d. forgangsröðunaraðferðinni. Sem fyrr eiga þessi rök mun síður við nú.

Hvers vegna persónukjör?

Stjórnmálaflokkar gegna lykilhlutverki í frjálsum og þróuðum lýðræðisríkjum samtímans. Þeir eru almennt taldir vera óhjákvæmilegur hluti lýðræðisfyrirkomulags. Án stjórnmálaflokka væru litlar líkur á því að val kjósenda gæti mótað skýra leiðsögn um það hver stjórnin og stjórnarstefnan ætti að vera, hvort sem er á Alþingi eða í sveitarstjórnum. Auk þess eru stjórnmálaflokkar einn helsti vettvangurinn fyrir stjórnmálaþátttöku almennings, m.a. við þjálfun í pólitísku starfi.

Flest kosningakerfi eru mótuð af stjórnmálaflokkum og miðast að einhverju leyti við hagsmuni þeirra. Gróflega má flokka kosningakerfi í tvennt, annars vegar meirihlutakerfi og hins vegar hlutfallskerfi. Meirihlutakerfi tryggja einatt einum flokki meiri hluta á fulltrúasam-

kundum, jafnvel þótt hann styðjist ekki við hreinan meiri hluta atkvæða. Þannig á kosningakerfið að stuðla að styrkri stjórn en á móti kemur að vilji kjósenda endurspeglast ekki til fullnustu. Hlutfallskerfi miða hins vegar að því að skapa sem besta samsvörun á milli atkvæðahlutfalls og fulltrúafjölda á löggjafarsamkomum ríkja eða í sveitarstjórnum. Hlutfallskerfi leiða oft til þess að engin ein stjórnmálasamtök hljóta meiri hluta fulltrúa sem þýðir að stjórnir geta verið minnihlutastjórnir, samsteypustjórnir eða hvort tveggja.

Þessi einfalda skipting kosningakerfa gerir ekki nauðsynlega ráð fyrir að persónukjör gegni umtalsverðu hlutverki. Jafnvel í einmenningskjördæmum sem byggjast á einföldum meiri hluta eru stjórnmálaflokkarnir í reynd ráðandi og frambjóðandi sem ekki hlýtur stuðning einhvers af helstu flokkunum (sem eru oftast tveir í slíkum kerfum) á litla sem enga möguleika á kjöri. Í hlutfallskosningum þar sem hreinar listakosningar eru viðhafðar er valdið einnig einatt alfarið hjá flokkunum því þeir bæði velja fólk inn á listana og stýra í hvaða röð það kemur til álita við úthlutun sæta.

Persónukjör er það kallað þegar kjósendur geta valið milli einstakra frambjóðenda í almennum kosningum hvort sem er á einum lista eða án tillits til lista. Til eru ýmsar útgáfur af því eins og nánari grein er gerð fyrir hér að neðan. Persónukjör er jafn gamalt hugmyndum um hlutfallskosningar, sem fyrst voru þróaðar á fyrri hluta nítjándu aldar en náðu þó ekki verulegri útbreiðslu fyrr en á tuttugustu öld. Sú útgáfa hlutfallskosninga sem helst hefur verið uppi í hinum enskumælandi heimi (þar sem meirihlutakerfi eru annars ríkjandi) nefnist forgangsröðunaraðferð (skammstafað á ensku STV) og tvinnar þar saman persónukjör og flokksval með þeim hætti að kjósendur geta valið frambjóðendur frá mismunandi flokkum á sama kjörseðli. Þessi aðferð er í þingkosningum viðhöfð á Írlandi, Möltu og til öldungadeildar ástralska þingsins, enn fremur á Norður-Írlandi og í vissum kosningum í Skotlandi. Á meginlandi Evrópu hafa hlutfallskosningar meira byggst á hreinum flokkslistum þar sem röðun flokkanna hefur víðast hvar verið ráðandi, sums staðar að vísu í bland við annars konar fyrirkomulag (t.d. í Þýskalandi þar sem hver kjósandi hefur tvö atkvæði þar sem annað er greitt frambjóðanda í einmenningskjördæmi og hitt landslista).

Líta má á persónukjör sem hluta af því aðhaldi sem stjórnmálaflokkar eiga að þurfa að búa við. Hér takast að vísu á tvenns konar sjónarmið. Annað er það að stjórnmálaflokkar séu frjáls félagasamtök og eigi sem slíkir rétt á að haga innri málefnum sínum á þann hátt sem félagar þeirra ákveða með aðferðum innanflokkslýðræðis. Hitt sjónarmiðið er það að stjórnmálaflokkar skipi helstu valdastöður samfélagsins og innri málefni þeirra geti þess vegna ekki verið einkamál þeirra. Þeir þurfi víðtækara aðhald en það sem fæst með einum krossi í kosningum á nokkurra ára fresti.

Aðhald að stjórnmálaflokkum getur verið margs konar utan kosninganna sjálfra. Hluta þess er að finna í almennri þjóðfélagsumræðu á þingi, í fjölmiðlum og mannamótum. Þá má þetta aðhald finna í reglum um starfsemi þeirra og eftirliti með fjármálum. Skipting valdsins milli ólíkra stjórnsýslustiga veitir flokkunum aðhald og almennt er vaxandi tilhneiging í lýðræðisríkjum til að nýta aðferðir beins lýðræðis, svo sem þjóðaratkvæði og almennar atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum, sem aðhaldstæki. Einnig má líta á aukinn áhuga á persónukjöri í ýmsum löndum sem viðleitni til að kjósendur flokkanna fái meira um það að segja hvaða fólk velst til fulltrúahlutverka fyrir þá.

Þótt flokkar séu enn þá mikilvægustu þátttökustofnanir lýðræðisríkja hafa þeir átt í vaxandi vandræðum víðast hvar með að laða til sín félaga. Ísland er hér að vísu nokkur undantekning þar sem um 30% kjósenda 2007 gáfu sig upp í könnun sem félaga í stjórnmálaflokki og tölurnar sem flokkarnir sjálfir gáfu upp um svipað leyti voru enn hærri. Hins vegar hefur

þeirri skoðun verið hreyft að félagatölur íslensku flokkanna séu í raun ekki sambærilegar við tölur margra erlendra flokka vegna þess að flokksaðild á Íslandi tengist þátttöku í víðtækum prófkjörum hér á landi og gerir litlar kröfur til félaga um starf eða greiðslu félagsgjalda.

Annað veikleikamerki hefðbundinnar stjórnmálaþátttöku í mörgum nálægum ríkjum er dvínandi kosningaþátttaka. Lítil kosningaþátttaka veikir lýðræðislegt lögmæti kjörinna fulltrúa og er almennt talin óæskileg þar sem áhersla er lögð á að niðurstöður kosninga endurspegli óskir sem flestra kjósenda. Dvínandi kosningaþátttaka er hins vegar ekki endilega merki um minni pólitíska virkni almennings því á sama tíma hefur þátttaka víða aukist í ýmsum öðrum þátttökuformum bæði í nærsamfélaginu og á landsvísu. Pólitískur áhugi hefur heldur ekki minnkað, enda þótt aðdráttarafl hefðbundinnar stjórnmálaþátttöku hafi dvínað samanborið við margháttaða annars konar þátttöku. Við dvínandi kosningaþátttöku hefur víða verið brugðist með því að leggja vaxandi áherslu á önnur þátttökuform en einnig með aðgerðum til að draga kjósendur að kjörborðinu, þar á meðal persónukjöri.

Á Íslandi hefur kosningaþátttaka verið fremur mikil þótt hún hafi látið nokkuð á sjá í sveitarstjórnarkosningunum 2006 og alþingiskosningum 2007. Hún jókst hins vegar lítillega í þingkosningunum 2009 en ef til vill ekki eins mikið og vænta mátti eftir mikinn ólguvetur í íslenskum stjórnmálum. Kannanir benda til að ýmsar af meginstofnunum íslenska fulltrúalýðræðisins, þar á meðal Alþingi, njóti nú minna trausts en nokkru sinni fyrr meðal almennings. Hugmyndin um að auka persónukjör tengist almennum sjónarmiðum um aðhald kjósenda með stjórnmálaflokkunum en um leið að auka traust á fulltrúasamkundunum. Hins vegar er jafnframt mikilvægt að það veiki ekki flokkana svo mjög að dragi verulega úr getu þeirra að gegna lýðræðislegum hlutverkum sínum.

Enda þótt vald kjósenda til að breyta röðun á listum hafi við þingkosningar verið aukið allverulega með nýjum lögum um kosningar til Alþingis frá árinu 2000 hafa prófkjör verið meginleið kjósenda til að hafa áhrif á val og röðun á framboðslistum. Í raun má líta svo á að sú tillaga sem hér er á ferðinni um persónukjör, forgangsröðunin, gangi út á að breyta fyrirkomulaginu við persónukjör fremur en að verið sé að innleiða slíkt fyrirkomulag í fyrsta sinn. Kjósendur fá ný tæki til að hafa áhrif á val á frambjóðendum auk þeirra sem prófkjörin hafa veitt þeim. Persónukjör hefur hins vegar ýmsa kosti fram yfir prófkjör, þar á meðal að í persónukjöri er hægt að tryggja að engir hafa áhrif á samsetningu lista aðrir en þeir sem kjósa listann sem er ekki hægt að tryggja í prófkjörum. Að auki tekur aldrei nema lítill hluti kjósenda þátt í prófkjörum enda vilja margir ekki gefa með þeim hætti upp hvaða flokk þeir styðja. En með persónukjöri af því tagi sem lagt er til í frumvörpunum er öllum gefinn kostur á því að velja sér frambjóðendur af þeim lista sem þeir kjósa við leynilegar kosningar.

Sú aðferð sem notuð hefur verið í prófkjörum íslensku flokkanna er í rauninni meirihlutakosning þar sem sami meiri hluti gæti ráðið allri röð listans. Aðferðin sem hér er lögð til við persónukjör, forgangsröðunaraðferðin, er hins vegar hlutfallsaðferð og tryggir minni hlutanum sinn skerf við úthlutun sæta. Þetta er veigamikill munur á aðferðunum, sbr. dæmi í fylgiskjali II.

Persónukjör í nálægum ríkjum.

Finnski stjórnmálafræðingurinn Lauri Karvonen skiptir kosningakerfum í sex flokka eftir því hve miklu hlutverki persónukjör gegnir. Segja má að sterkustu útgáfu persónukjörs sé að finna þar sem atkvæði geta skipst á einstaklinga frá ólíkum flokkum (svo sem í írska kerfinu með forgangsröðunaraðferðinni). Í öðru lagi eru til kerfi sem tengja saman flokkslista og sterka útgáfu persónukjörs með þeim hætti að allir fulltrúar eru kosnir persónukosningu. Í

þriðja lagi má finna veika útgáfu persónukjörs þar sem flokksgefin röð á lista eða hliðstæð atriði takmarka áhrif persónukjörs. Fleiri tegundir kosningakerfa tíðkast, svo sem kerfi lokaðra flokkslista (þar sem enginn möguleiki er gefinn á persónukjöri eða ákvæðin um persónukjör svo veik að þau hafa ekki áhrif í reynd), kerfi byggð á einmenningskjördæmum og loks blönduð kerfi.

Þessa greiningu má nota til að flokka kosningakerfi ríkja við þjóðþingskosningar með eftirfarandi hætti og er þá aðeins horft til almennrar deildar eða neðri deildar þar sem þing eru deildaskipt:

A. *Val þvert á lista:* Írland, Japan fram til 1995, Malta, Mauritius og Vanuatu.
B. *Sterk útgáfa persónukjörs:* Chile, Eistland, Finnland, Grikkland, Ítalía til 1993, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Pólland, San Marinó og Sviss.
C. *Veik útgáfa persónukjörs:* Austurríki, Belgía, Danmörk, Holland, Slóvenía, Svíþjóð frá 1998, Tékkland.
D. *Lokaðir flokkslistar:* Argentína, Benin, Bólivía til 1996, Búlgaría, Ekvador, Gínea, Grænhöfðaeyjar, Ísland, Ísrael, Kosta Ríka, Namibía, Noregur, Portúgal, Sao Tome og Principe, Spánn, Svíþjóð til 1994 og Úrúgvæ.
E. *Kerfi með einmenningskjördæmum:* Ástralía, Bahamaeyjar, Bandaríkin, Barbados, Belize, Botswana, Bretland, Dominica, Frakkland, Grenada, Jamaica, Kanada, Mongólía, Nýja-Sjáland fram til 1998, St. Kitts og Nevis, St. Lucia, St. Vincent og Grenadineeyjar, Trinidad og Tobago og Vestari Samóaeyjar.
F. *Blönduð kerfi:* Andorra, Bólivía (frá 1996), Ítalía frá 1994, Japan frá 1995, Litháen, Malí, Nýja-Sjáland frá 1998, Suður-Kórea, Ungverjaland, Þýskaland.

(*Heimild:* L. Karvonen. „Preferential Voting: Incidence and Effects“, International Political Science Review (2004), 25:2, 207–8.)

Íslenska alþingiskosningakerfið lendir eftir lagabreytingarnar árið 2000 á milli C- og D-flokks. Þær sömu breytingar rötuðu ekki inn í lög um kosningar til sveitarstjórna og falla þær kosningar því nánast undir D-flokk.

Persónukjör þar sem flokkslistar eru um leið í boði er fyrst og fremst evrópskt fyrirbæri, þótt slíkt fyrirkomulag finnist einnig í Chile. Á Norðurlöndunum er Finnland dæmi um ríki með sterka útgáfu persónukjörs, Danmörk og Svíþjóð með veika útgáfu en Noregur (nema í sveitarstjórnarkosningum) og, eins og fyrr segir, einnig Ísland eru dæmi um ríki með lokaða flokkslista.

Verður nú gerð nánari grein fyrir fyrirkomulagi persónukjörs við þingkosningar á Norðurlöndunum og á Írlandi auk héraðsstjórnarkosninga í Skotlandi.

Finnland.

Kosningakerfið í Finnlandi er dæmi um listakosningu þar sem lögð er áhersla á persónukjör. Gildir þetta jafnt um þingkosningar sem sveitarstjórnarkosningar, enda ein lög um þessar kosningar. Á finnska Ríkisþinginu sitja 200 fulltrúar sem kosnir eru hlutfallskosningum í 14 fjölmenningskjördæmum og einu einmenningskjördæmi (Álandseyjum). Stjórnmálaflokkar sem og kjördæmasamtök kjósenda geta tilnefnt frambjóðendur. Hámarksfjöldi frambjóðenda hvers flokks og kosningabandalags er jafn tölu þingsæta kjördæmisins. Kjósendur velja einn frambjóðanda af lista flokks sem jafnframt gildir sem flokksatkvæði við talningu.

Þingsætum í hverju kjördæmi eða í sveitarfélagi er fyrst skipt milli flokka eftir samtölu þeirra atkvæða sem frambjóðendur hvers flokks fá. Úthlutun sæta milli frambjóðenda innan

hvers flokks eða kosningabandalags hvort sem er í kjördæmi eða í sveitarstjórn byggist á persónulegum atkvæðum þeirra og ræðst úthlutunarröðin af því.

Sú staðreynd að kjósendur velja einstaka frambjóðendur frekar en flokkslista þýðir að þeir geta látið í ljós óánægju sína með stefnu eða forustu flokksins í kosningum með því að velja frambjóðendur sem tjá slíka óánægju. Það þýðir að enginn frambjóðenda flokks getur verið fyllilega öruggur um sitt sæti og í vissum mæli stuðlar það að samkeppni á milli frambjóðenda sama flokks í kosningum samhliða hefðbundinni samkeppni á milli flokka. Hins vegar getur það einnig gerst samkvæmt finnska kerfinu að atkvæði dreifist mjög ójafnt á milli frambjóðenda flokks, sem þýðir að einhverjir þeirra sem kosningu hljóta hafa mörg umframatkvæði á sama tíma og aðrir komast inn á tiltölulega fáum atkvæðum.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð fór fram talsverð umræða um að auka möguleikana á persónukjöri á tíunda áratugnum. Þessi umræða leiddi til þess að kosningakerfinu í þingkosningum, svo og öðrum kosningum, var breytt á árinu 1998. Markmið Svía var að auka áhrif kjósenda á hverjir skyldu vera fulltrúar þeirra og styrkja tengslin á milli kjósenda og þingmanna. Höfð var hliðsjón af reynslu Dana við breytingarnar.

Á kjörseðlum í Svíþjóð eru frambjóðendur skráðir í röð sem er ákveðin af þeim flokki eða samtökum sem standa að framboðinu eins og hér á landi. En einnig er á kjörseðlum reitur við nafn hvers frambjóðanda sem kjósendur geta merkt kross við. Einungis má setja kross við nafn eins frambjóðanda og aðrar breytingar á listanum (svo sem útstrikanir eða að bæta við nöfnum) eru ekki leyfðar. Með því að merkja við nafn frambjóðanda gefa kjósendur til kynna sérstakan stuðning sinn við hann. Ekki er skylda að merkja við neinn.

Til að persónuatkvæði greidd tilteknum frambjóðanda geti haft áhrif á úthlutun þingsæta þurfa þau að nema að minnsta kosti 8% af atkvæðum flokksins í viðkomandi kjördæmi. Við sveitarstjórnarkosningar og kosningar til landsþinga er hlutfallið lægra eða 5% (en þó með 50 atkvæða þröskuldi). Til umræðu er að lækka hlutfallið við þingkosningar í það sama en ákvæði um allar kosningar eru í einum og sama lagabálki.

Sætum er fyrst úthlutað til þeirra frambjóðenda sem komast yfir þessi mörk og er farið eftir tölu persónuatkvæða. Þeim sætum sem eftir eru er úthlutað eftir hinni gefnu röð frambjóðenda á listunum sjálfum.

Í kosningunum til Ríkisþingsins 1998 nýttu 30% kjósenda sér persónukjörið og 25% þeirra sem náðu kjöri voru kosnir persónukosningu. Í kosningunum 2002 dró nokkuð úr áhuga á persónukjöri því þá nýttu 26% sér möguleikann en sem fyrr voru 25% kosnir persónukosningu. Árið 2006 dró enn úr persónukjöri, þegar 22% kjósenda notfærðu sér þennan möguleika og rúm 16% þingmanna voru kosnir persónukosningu. Þessar tölur ýkja samt nokkuð bein áhrif persónukjörsins því margir þeirra sem kosnir voru persónukosningu hefðu hvort eð er verið kosnir af lista þó að persónukjörið hefði ekki komið til. Á móti er ekki ólíklegt að flokkarnir hafi líka aðlagað sig óskum kjósenda með því að stilla þannig upp að kjósendur hefðu minni ástæðu til breytinga en ella. Árið 1998 komu inn tólf þingmenn í gegnum persónukjörið sem ella hefðu ekki komist inn, tíu árið 2002 en aðeins sex árið 2006.

Persónukjörið hefur þannig ekki að öllu leyti staðið undir þeim væntingum sem lagt var upp með og um þessar mundir er það nokkuð rætt í Svíþjóð hvernig bregðast megi við því. Fram hafa komið hugmyndir um að lækka þröskuldinn við þingkosningar úr 8% í 5% eins og fyrr segir eða jafnvel afnema hann með öllu. Þar með væri uppstillingin á listunum aðeins til upplýsingar en hefði engin áhrif við sjálfa talninguna. Jafnframt hefur verið rætt um að

gefa kjósendum færi á að velja fleiri en eitt nafn af listunum. Rétt er þó að nefna að einnig hafa komið fram hugmyndir um að hverfa frá persónukjöri af þessu tagi.

Danmörk.

Danskir kjósendur velja sér lista með krossi eins og hér. En að auki geta þeir krossað við einn frambjóðanda á þeim lista sem þeir hafa kosið. Nefnist það að greiða persónulegt atkvæði. Þeir geta líka sleppt því og kallast atkvæðið þá flokksatkvæði. Áhrif þessara krossa kjósandans eru afar mismunandi allt eftir því hvaða framboðsleið listinn hefur valið.

Kjördæmi eru allstór, með 10–21 kjördæmissæti hvert, en boðið er fram í svokölluðum „opstillingskredse“, sem geta verið heil sveitarfélög, hverfi í Stór-Kaupmannahöfn eða á landsbyggðinni samsafn sveitarfélaga. Kalla má þetta nærkjördæmi. Að nokkru leyti má líkja nærkjördæmunum við einmenningskjördæmi þar sem tala þeirra innan hvers (yfir)kjördæmis er ámóta þingsætatölu kjördæmisins. Frambjóðendum er stillt upp í einstökum nærkjördæmum, einu eða fleirum eða í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis, allt að vali þeirra sem að framboðunum standa.

Valkostir framboða um uppstillingu á lista eru í meginatriðum eftirfarandi:

– *Hliðstæð röðun:* Frambjóðendum nærkjördæmisins er raðað í stafrófsröð. Þó má stilla upp einum manni efst á lista í hverju einstöku nærkjördæmi, en ekki endilega þeim sama í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis. Flokksatkvæðin dreifast á alla frambjóðendur nærkjördæmisins í hlutfalli við persónulegu atkvæðin og bætast þannig við þau. (Þetta þýðir í reynd að persónulegu atkvæðin ein ráða útkomunni.) Þeir ná kjöri í sæti viðkomandi flokks sem hafa hlotið flest persónulegu atkvæðanna í kjördæminu. Segja má að þetta fyrirkomulag sé jafngilt því sem nefnt er óraðaður listi í þessum frumvörpum. Eina frávikið er sá „áróður á kjörstað“ sem felst í því að hampa einum frambjóðanda sérstaklega í hverju nærkjördæmi.
– *Kjördæmisuppstilling:* Viðkomandi flokkur setur einn af frambjóðendum kjördæmis efst á lista í nærkjördæmi, í einu eða fleirum samtímis. Öllum öðrum frambjóðendum flokksins í sama (yfir)kjördæmi er síðan raðað í stafrófsröð á framboðslista hvers nærkjördæmis þess. Frambjóðandinn, sem er hampað efst á listanum, fær öll hreinu flokksatkvæðin í nærkjördæminu. Krossafjöldinn í heild, þessi flokksatkvæði auk persónulegu atkvæðanna, ræður því hverjir ná kjöri.
– *Flokksuppstilling:* Þá stillir flokkurinn upp lista fyrir allt kjördæmið og það í sinni óskaröð. Þó má sem fyrr taka einn í hverju nærkjördæmi út úr og setja í efsta sæti. Kjósendur mega sem fyrr merkja við einn frambjóðanda. Fái einhverjir þeirra nægilegar slíkar persónumerkingar sem duga fyrir einu af sætum flokksins á grundvelli svokallaðs Droopshlutar (sjá skilgreiningu síðar) teljast þeir kosnir óháð því hvar þeim er ella raðað á listann. Afgangurinn af frambjóðendunum fer inn á grundvelli flokksröðunarinnar. Ekki fer sérstökum sögum af örlögum þess sem er efstur á listanum. Hann er væntanlega nokkuð hólpinn með sæti, ef ekki á grundvelli þess að ná sætishlutnum þá sem forustumaður í listaröðinni.

Hiklaust má segja að fyrsta leiðin sé sú sem kemst næst hreinu persónukjöri, en síðan eykst vægi flokksröðunarinnar. Kjósendur hafa væntanlega samt meiri áhrif á val þingmannsefna jafnvel undir þriðja kostinum, flokksuppstillingu, en þeir hafa samkvæmt gildandi kosningalögum íslenskum.

Fyrst völdu nær öll framboð flokksuppstillingu við kosningar til Þjóðþingsins en nú orðið velja langflest hliðstæðu röðunina, óraðaða lista. Þátttaka kjósenda í vali á frambjóðendum hefur farið vaxandi en allt frá um 1990 hefur um helmingur þeirra nýtt sér þennan rétt.

Við sveitarstjórnarkosningar í Danmörku er í meginatriðum sama gerð persónukjörs og við þingskosningar en lögin þar um eru aðskilin.

Noregur.

Við kosningar til norska Stórþingsins er persónukjör með nánast sama hætti og var í kosningalögum hér á landi á árabilinu 1987–2000 og gilda enn um kosningar til sveitarstjórna hér á landi. Listar eru boðnir fram raðaðir en þeim má breyta með umröðun og útstrikunum. Uppgjörsaðferðin er sú sama og í prófkjörum hér á landi, þ.e. litið er svo á að kosið sé í sæti. Það þarf því samstilltan meiri hluta kjósenda til að breyting verði á hinni framboðnu röð. Vald kjósenda til breytinga er því fremur í orði en á borði.

Öðru máli gegnir við sveitarstjórnarkosningar. Þar gildir allt annað fyrirkomulag og eru þó lög um kosningar allar í sama lagabálki. Við sveitarstjórnarkosningar eru listar áfram boðnir fram raðaðir en á þeim þurfa að vera að lágmarki sjö frambjóðendur og að hámarki jafnmargir þeim fjölda sem situr í sveitarstjórn að viðbættum allt að sex frambjóðendum.

Kjósendur geta krossað við þann eða þá frambjóðendur á þeim lista sem þeir kjósa og veitt þeim á þann hátt persónulegt atkvæði sitt. Engar hömlur eru á því hve marga frambjóðendur á listanum má krossa við. Útstrikanir eru ekki leyfðar. Hin gefna röðun á listunum hefur í sjálfu sér engin áhrif á uppgjörið, talninguna. Á hinn bóginn geta flokkar eða hópar sem bjóða fram ákveðið að gefa efstu frambjóðendum á viðkomandi lista atkvæðaálag til að styrkja kjör þeirra. Þetta atkvæðaálag getur numið allt að 25% af atkvæðum listans. Ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 11–23 þá má gefa allt að fjórum frambjóðendum slíkt álag, ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 25–53 geta allt að sex frambjóðendur fengið álag og ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 55 eða fleiri geta allt að 10 frambjóðendur notið atkvæðaálagsins. Nöfn þeirra frambjóðenda sem fá atkvæðaálag eru feitletruð á kjörseðlinum.

Að auki geta kjósendur veitt frambjóðendum á öðrum listum persónuleg atkvæði með því að rita nöfn þeirra neðst á atkvæðaseðilinn. Hafa verður í huga að kjörseðlar í Noregi eru með þeim sérstæða hætti að hver þeirra tilgreinir aðeins frambjóðendur eins flokks. Kjósandinn verður því fyrst að velja sér kjörseðil eftir því hvaða flokk hann vill styðja. Vilji hann bæta við nöfnum af öðrum listum hefur hann ekki beinan aðgang að þeim og þarf því að nálgast nöfn þeirra með öðrum hætti. Heimilt er að veita allt að fjórðungi fulltrúafjölda í sveitarstjórn persónuleg atkvæði af öðrum listum með þessum hætti. Að sama skapi skerðist atkvæði þess lista sem kosinn er í hlutfalli af fjölda í sveitarstjórn og færist yfir á aðra lista, þ.e. ef fulltrúar í sveitarstjórn eru 13 þá færist 1/13 úr atkvæði yfir á viðkomandi lista fyrir hvert nafn sem ritað er.

Röð frambjóðenda ræðst síðan af fjölda samanlagðra persónuatkvæða og atkvæðaálags ef því er að skipta.

Írland.

Kosningakerfi írska lýðveldisins er forgangsröðunarkerfi, *Single Transferable Vote (STV)*. Þar og annars staðar í engilsaxneskum löndum þar sem kerfinu er beitt hefur það tvíþættan tilgang. Annars vegar er það persónukjörsaðferð og það í ríkari mæli en lagt er til með þessum frumvörpum þar sem kjósendur fá ekki einungis að raða frambjóðendum eins flokks heldur geta raðað að vild saman frambjóðendum ólíkra flokka. Hins vegar er kerfið hugsað

sem hlutfallskosningakerfi og leiðir til þess að nokkuð gott samræmi er á milli atkvæðahlutfalls og skiptingu þingsæta í hverju kjördæmi milli flokka. Þó er erfitt að fullyrða þetta þar sem fylgi flokka er í raun aldrei mælt í hinum írsku kosningum. Kjósendur raða frambjóðendum en merkja aldrei við lista. Lesa verður alla umfjöllun um hina írsku fyrirmynd með þennan tvíþætta tilgang hennar í huga.

Þar sem kosið er meirihlutakosningum í einmenningskjördæmum fellur einatt mikill fjöldi atkvæða niður dauður í þeim skilningi að engin sæti fást fyrir þau. Írska leiðin er öndverðan við þetta. Í Bretlandi, þar sem kosið er með einföldum meiri hluta í einmenningskjördæmum, er oftast vísað til írska kerfisins þegar rætt er um að taka upp hlutfallskosningar. Víða þar sem hvatt er til forgangsröðunaraðferðarinnar er það gert til að brjótast út úr meirihlutakosningu, einmenningskjördæmum og þar með tveggja flokka kerfi.

Því verður að halda því vel til haga að með þeirri breytingu sem lögð er til með þessum frumvörpum er einungis verið að nýta forgangsröðunaraðferðina sem persónukjörsaðferð, til úthlutunar fulltrúasæta eða þingsæta milli frambjóðenda innan flokks en ekki sem aðferð til að skipta þingsætum hlutfallslega milli flokka. Þessum tveimur þáttum er haldið skýrt aðgreindum í gildandi kosningalögum og verður svo áfram enda þótt þessi frumvörp verði að lögum.

Á kjörseðli á Írlandi er frambjóðendum raðað í stafrófsröð þar sem fram kemur fyrir hvaða flokk þeir bjóða sig fram. Kjósendur mega raða öllum frambjóðendum í forgangsröð en það nægir að skrifa „1“ við nafn eins frambjóðanda til að atkvæðið sé gilt. Aðferð þessari er lýst nánar annars staðar í þessum athugasemdum, enda var mjög sótt í smiðju Íra við samningu þessara frumvarpa.

Írska kosningakerfið er umdeilt en hefur samt staðist tvær tilraunir til að fá það afnumið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gagnrýnin beinist þó að jafnaði ekki að forgangsröðunaraðferðinni sem slíkri heldur fremur að því að hlutfallskosningar séu til baga og að *Westminster*-kerfið, einmenningskjördæmi og tveggja flokka kerfi, sé betra. Þjóðaratkvæðagreiðslurnar á Írlandi um afnám kerfisins snerust því fyrst og fremst um það hvort taka ætti aftur upp það fyrirkomulag. Forgangsröðunaraðferðin við persónukjör er þó, líkt og allar aðferðir við persónukjör, gagnrýnt fyrir að ýta undir persónustjórnmál auk þess sem niðurstöður þess á landsvísu geta hyglað stórum flokkum, og sé því ekki nógu gott sem hlutfallskosningakerfi. Það stafar m.a. af því að ekki er raunhæft að ætla kjósendum að raða nema takmörkuðum fjölda frambjóðenda þannig að röðunin hafi merkingu. Á Írlandi eru kjördæmi með á bilinu 3–5 þingsæti. Ef 6 flokkar keppa um 5 þingsæti og bjóða að meðaltali fram 4 frambjóðendur þýðir það að kjósendur geta raðað 24 frambjóðendum. Fáir raða þó svo mörgum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpanna verður fjöldi frambjóðenda hvers lista í persónukjöri jafn tölu sæta í viðkomandi kjördæmi eða sveitarstjórn sem leiðir til þess að vandinn sem hlýst af of breiðu vali kjósanda yrði minni hér á landi en á Írlandi.

Írar nota forgangsröðunarkerfið alfarið við kosningar hvort sem það er til þjóðþings, til Evrópuþingsins, við sveitarstjórnarkosningar eða forsetakosningar enda er einn heildarlagabálkur um kosningar þar í landi. Raunverulegt dæmi um úrslit á Írlandi er að finna í fylgiskjali III.

Skotland.

Forgangsröðunarkerfi, STV, var beitt í eins konar héraðsstjórnarkosningum í Skotlandi árið 2007. Kosið var til 32 héraðsstjórna sem hver um sig er kosin í nokkrum kjördæmum þriggja eða fjögurra manna. Alls voru kosnir 1.222 fulltrúar.

Þetta er í fyrsta sinn sem STV-aðferðin hefur verið notuð í almennum kosningum í Stóra-Bretlandi. Áður höfðu Skotar kosið til héraðsstjórna í eins konar einmenningskosningum eins og venjan er á Bretlandseyjum. Álitaefni við breytinguna var hvort taka ætti upp hlutfallskosningar, en eins og víða í hinum engilsaxnesku ríkjum er STV lagt að jöfnu við hlutfallskosningar. Umræðan um kosti og galla hlutfallskosninga skiptir ekki máli í því samhengi sem hér um ræðir. Á hinn bóginn má fræðast um reynslu Skota af forgangsröðunaraðferðinni sem slíkri eins og hún birtist í fyrrnefndum kosningum. Í því skyni verður tæpt á nokkrum atriðum úr ítarlegri skýrslu, *Local authority elections in Scotland,* sem kom út fyrir ári. Sjá http://www.electoral-reform.org.uk/downloads/Scottishlocalgovernmentreport.pdf. Jafnframt eru heimildir sóttar í erindi eftir Michael Marsh við Trinity College í Dyflinni.

Fyrirkomulagið í þessu skoska kosningakerfi er svipað og í hinni stóru fyrirmynd, kerfinu á Írlandi. Einstaklingar eru í framboði, ekki flokkar, en tilgreint er á kjörseðlunum hvaða flokkur býður þá fram. Kjósendur mega raða frambjóðendum, einum eða fleiri óháð því hvaða flokki þeir tilheyra.

Meðal niðurstaðna, m.a. úr könnunum sem gerðar voru eftir kosningarnar, má nefna eftirfarandi:

- Tveir þriðju hlutar kjósenda áttu í ekki vandræðum með að kjósa samkvæmt kerfinu. Aðeins tíundi hluti kjósenda taldi það „mjög erfitt“.
- Meiri hluti kjósenda taldi sig aðeins hafa óljósa hugmynd um það hvernig sætum væri úthlutað. Sama svar fékkst reyndar einnig þegar spurt var um skilning fólks á fyrra kerfi!
- Kjósendur höfðu úr 3–11 frambjóðendum að velja, að meðaltali úr sjö. Þeir röðuðu að meðaltali 2,5 þeirra. Lítil dreifing var frá þessu meðaltali, með öðrum orðum röðuðu kjósendur vart fleiri þótt úr meira væri að moða. Talsverð fylgni var milli fjölda þeirra sem raðað var og skilnings kjósenda á kerfinu; því meiri skilningur á kerfinu þeim mun fleiri var raðað.
- 40% einskorðuðu val sitt við menn eins flokks, önnur 40% völdu menn frá tveimur flokkum, en 20% tíndu til frambjóðendur frá þremur eða fleiri flokkum.
- Konur voru einungis rúmur fimmtungur frambjóðenda. Kynjaskipting kjörinna fulltrúa var því sem næst sú sama. Það var því fullt samræmi milli framboðs á konum og kjöri þeirra. Í kosningunum næst á undan voru hlutfallslega fleiri konur í framboði en þeim vegnaði ekki eins vel og nú.
- Athyglisvert er að mun meira samhengi var á milli úrslitanna og óska kjósenda undir hinu nýja STV-fyrirkomulagi en hinu fyrra. Í kosningunum 2003 sem voru meirihlutakosning náðu 52% þeirra frambjóðenda sem krossað var við kjöri. Í kosningunum 2007 hlutu 74% þeirra sem kjósendur völdu að fyrsta vali sæti.
- 40% þeirra sem kosnir voru náðu þegar kjöri í fyrstu atrennu talningarinnar, þ.e. vegna þess að þeir áttu atkvæði að fyrsta vali sem nægði fyrir sætishlut (sjá skilgreiningu síðar). Afgangurinn, 60%, náði kjöri vegna tilfærslu atkvæða.
- Veruleg aukning varð á ógildum atkvæðum. Þau voru fá í kosningunum 2003 eða 0,75% en fóru í 1,85% 2007. Að hluta er því um kennt að kjósendur hafi ekki áttað sig á breyttri aðferð. En á hitt er ekki síður bent að kosningarnar voru tvíþættar þar sem samtímis var kosið til skoska þingsins og þá með allt öðru kerfi sem kann að hafa ruglað kjósendur í rýminu. Athyglisvert er að fleiri atkvæði voru ógild í þingkosningunum en í héraðsstjórnarkosningunum eða allt að því helmingi fleiri hlutfallslega og var þó þingkosningakerfið kunnuglegt kjósendum.

Áhrif persónukjörs.

Áhrif persónukjörs ráðast mikið af því hvers konar útgáfa persónukjörs er viðhöfð. Fyrirliggjandi þekking bendir til að áhrifin séu ekki augljós eða auðveldlega fyrirsjáanleg, en erfitt er að rannsaka þau vegna þess hve fjölbreyttar aðferðirnar við persónukjör eru.

Líklegt má telja að persónukjör hafi einhver áhrif á flokkseiningu og flokksaga í stjórnmálaflokkum og rannsóknir styðja þá niðurstöðu. Þar sem kjósendur velja milli frambjóðenda fyrir sama flokk í kosningum verður samkeppni milli frambjóðendanna innbyrðis á sama tíma og þeir eiga í samkeppni við aðra flokka. Þar sem persónukjör er ekki viðhaft eiga stjórnmálaflokkar auðveldara um vik að beita einstaka fulltrúa flokksaga. Ef kjósendur raða á hinn bóginn listunum gætu einstakir frambjóðendur haft hag af að vekja á sér athygli með því að skapa sér sérstöðu sem drægi athygli kjósenda að þeim umfram aðra frambjóðendur flokksins – til dæmis ef flokkurinn stæði í óvinsælum aðgerðum. Á hinn bóginn má segja að þessi áhrif hafi þegar komið fram á Íslandi með tilkomu prófkjaranna eftir 1970 sem hafa svipuð áhrif eins og persónukjör hvað þetta varðar. Persónukjör í prófkjörum á Íslandi hefur ekki leitt til þess að samloðun í atkvæðagreiðslum á þingi sé markvert minni en annars staðar á Norðurlöndum.

Rannsóknir benda einnig til þess að flóknara geti verið að halda utan um fjármál stjórnmálastarfsemi þar sem persónukjör er viðhaft en annars staðar. Þar sem einstaklingar gegna miklu hlutverki í kosningum eru fjármálin flóknari og reglur ítarlegri en þar sem flokkslistar eru ráðandi. Nauðsynlegt kann því að reynast að laga reglur um fjármál stjórnmálastarfsemi að þeirri staðreynd að einstaklingar af sama lista eru í innbyrðis samkeppni verði frumvörpin að lögum. Á Íslandi hafa nýlega verið settar reglur um fjármál stjórnmálastarfsemi sem í fyrsta sinn reyndi á í kosningum 2009. Fyrir liggur að endurskoða á þessar reglur í ljósi reynslunnar. Eðlilegt er að sú endurskoðun taki mið af þeim breytingum sem kunna að verða á möguleikum kjósenda til persónukjörs.

Umdeilt er hvaða áhrif persónukjör hefur á kynjahlutföll í stjórnmálum. Persónukjör gerir hugmyndina um fléttulista örðugra í framkvæmd og ef persónukjör fer fram af óröðuðum listum eru fléttulistar í raun útilokaðir þótt stjórnmálaflokkarnir geti auðveldlega gætt þess að tala frambjóðenda til persónukjörs af hvoru kyn sé jöfn eða sem jöfnust. Þrátt fyrir að persónukjör sé viðhaft í nokkrum mæli í þingkosningum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð eru þessi ríki meðal þeirra sem hafa hvað hæst hlutfall kvenna á þingi. Því hefur engu að síður verið haldið fram að kjósendur taki miðaldra karlframbjóðendur fram yfir kvenframbjóðendur í persónukjöri og því geti aðferðin haft neikvæðar afleiðingar fyrir jöfnuð í kynjahlutföllum meðal kjörinna fulltrúa. Í nýrri rannsóknum er þetta þó dregið verulega í efa. Ef tekið er tillit til áhrifa annarra þátta, svo sem um fjölda frambjóðenda af hvoru kyni og einkum hvar frambjóðendur eru á röðuðum flokkslista ef um slíkt er að ræða, þá gætir ekki áhrifa kyns. Það má samkvæmt þessu kenna flokkunum sjálfum um ef kynjahlutföll eru óhagstæð konum. Þá benda rannsóknir á Íslandi til þess að í prófkjörum gangi konum ekki verr en körlum sé tekið tillit til þess í hvaða sæti þær bjóða sig fram í prófkjörunum.

Hlutur kvenna við óbundnar sveitarstjórnarkosningar hér á landi, sem er hreint persónukjör, er ekki miklu lakari en hlutur kvenna við hlutbundnar listakosningar. Í kosningunum 2006 voru 93 fulltrúar kjörnir persónukjöri við óbundnar kosningar og þar af 31 kona eða 33%. Kjörnir fulltrúar í hlutbundnum listakosningum voru 436 og þar af 158 konur eða 36%. Munurinn er vart marktækur. Af þessu tölum sést að sú persónukjörsaðferð sem viðhöfð hefur verið um langa tíð í hluta íslenskra sveitarfélaga er konum ekki óhagstæðari en listakosning.

Eins og fyrr segir tóku Skotar upp STV eða forgangsröðunaraðferð við héraðsstjórnarkosningar árið 2007. Við héraðsstjórnarkosningar árið 2003 voru konur 28% frambjóðenda og hlutfall kvenna af héraðsstjórnarmönnum var 22% eftir þær kosningar en við STV-kosningarnar þar 2007 voru konur 22,5% frambjóðenda en þær náðu kjöri í sama hlutfalli og karlar og eru nú tæp 22% héraðsstjórnarmanna. Kosningakerfisbreytingin hafði því engin áhrif á hlut kvenna í skoskum héraðsstjórnum. Þó er athyglisvert að þeim konum sem voru yfirhöfuð í framboði vegnaði betur undir STV-aðferðinni enn þeirri fyrri. Þetta undirstrikar aftur að meginatriðið er að konur gefi kost á sér til framboðs; kjósendur sjá síðan til að þær nái kjöri!

Síðast en ekki síst er það allmikið rætt í rannsóknum hvort persónukjör hygli sitjandi fulltrúum eða öfugt að þær stuðli að hraðari endurnýjun þinga en annars konar kosningafyrirkomulag. Ekkert einfalt samband er milli persónukjörs sem slíks og endurnýjunar. Sitjandi fulltrúar hafa alls staðar verulegt forskot fram yfir frambjóðendur sem ekki sitja á þingi eða í sveitarstjórnum. Ástæðan er einkum sú að þeir eru að öðru jöfnu þekktari og eiga auðveldara með að útvega fjármagn og ná athygli kjósenda en óþekktari frambjóðendur.

Útfærsla persónukjörs.

Almennt er æskilegt að fyrirkomulag kosninga sé einfalt. Kosningakerfi eru hins vegar af mörgum ástæðum oft flókin. Ein af ástæðunum er að fullkomið kosningakerfi, sem endurspeglar vilja kjósenda algerlega, er ekki til, sbr. það sem fyrr segir um ómöguleikasetningu Kenneth J. Arrows og fleira af þeim toga. Auk þess eru fleiri þættir sem taka þarf tillit til við mótun kosningakerfa, þar á meðal vægi staðbundinna hagsmuna og þjóðfélagshópa, líkur á að hægt sé að mynda starfhæfa forustusveit og að kjósendur geti tekið afstöðu til einstaklinga.

Verði fyrirkomulag kosninga of flókið er hætt við því að það geti fælt kjósendur frá að kjósa og stuðlað að því að þeir geri atkvæði sín ógild í ríkari mæli en ella. Hátt flækjustig vinnur einkum gegn áhrifum kjósenda sem búa við rýrari kjör, til dæmis vegna minni menntunar, eða tilheyra minnihlutahópum eins og innflytjendum. Hins vegar er nauðsynlegt að gera greinarmun á flækjustiginu eins og það horfir við kjósendum annars vegar og varðandi talningu og uppgjör atkvæða hins vegar.

Einfaldasta kosningaaðferðin er sú að kjósendur setji einn kross við einn frambjóðanda eða einn flokk. Slík aðferð er notuð í aðferð einfalds meiri hluta í einmenningskjördæmum (t.d. Bretland) og þar sem lokaðir flokkslistar eru í boði. Eins er einn kross allt sem til þarf í Finnlandi þar sem merkt er við einn frambjóðanda eins lista. Eigi hins vegar að ná fleiri markmiðum, svo sem auknu eða fullkomnara persónukjöri, þarf hins vegar að útfæra kosningarathöfnina frekar. Það má gera með útstrikunum, notkun margra krossa eða með númeraröð.

Sú aðferð að kjósendur númeri frambjóðendur eins og lagt er til í frumvörpunum og notuð hefur verið í prófkjörum á Íslandi gegnir meginhlutverki í hinni írskættuðu forgangsröðunaraðferð. Í þeirri útgáfu sem hér er lögð til er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að kjósendur láti hjá líða að taka þátt í persónukjörinu með því að merkja einungis við lista. Atkvæðið gildir engu síður sem stuðningur við listann og þá röðun sem verður ofan á hjá öðrum kjósendum flokksins; þeim sem taka þátt í persónukjörinu. Kjósandi getur á hinn bóginn merkt með tölustaf við einungis einn af frambjóðendum listans eða fleiri, allt að því jafnmarga og eru í framboði til persónukjörs. Samkvæmt frumvörpunum er lögð á það áhersla að svo fremi sem vilji kjósanda sé skýr og túlkanlegur verði forgangsröðun hans í persónukjörinu talin

gild. Þá ber einnig að hafa í huga að þótt forgangsröðun kjósanda sé ógild af einhverjum ástæðum þá leiðir það ekki til þess að atkvæðið sem greitt er listanum sé ógilt ef vilji kjósanda í þeim efnum er skýr.

Kosningarathöfn af þessu tagi ætti ekki að gera meiri kröfur til kjósenda en þekkist í ýmsum nálægum löndum enda þekkt hér bæði úr prófkjörum og við umröðun á atkvæðaseðlum í núgildandi kosningafyrirkomulagi jafnt til Alþingis sem sveitarstjórna. Vel er þekkt úr kosningafræðum að kjósendur geta komið óskum sínum skilmerkilega til skila á kjörseðli án þess að þekkja vel til þeirra reglna sem gilda um úthlutun sæta. Reynsla Íslendinga í því efni er reyndar nærtækt dæmi, því kosningakerfi hér hafa oft stuðst við flóknar úthlutunaraðferðir, sem ætla má að afar fáir kjósendur hafi haft góða innsýn í. Þá má benda á nýlega reynslu Skota af upptöku forgangsröðunaraðferðar eins og fyrr segir.

Annað atriði í útfærslu persónukjörs er hvort byggja eigi á fyrirframröðun flokks eða ekki. Fyrirframröðun hefur til dæmis vægi í núgildandi ákvæðum um persónukjör á Norðurlöndunum öllum utan Finnlands. Flokkar raða aftur á móti ekki upp í Finnlandi eða á Írlandi og þurfa heldur ekki að gera það í Danmörku svo dæmi séu tekin. Vandasamt er að búa til persónukjörsaðferð þar sem rökrétt samband er á milli raðar flokks og vals kjósenda. Þannig virðist t.d. 8%-reglan í Svíþjóð (að 8% kjósenda geti flutt frambjóðanda fram fyrir listaröð flokksins) nokkuð handahófskennd og sama má segja um núgildandi ákvæði íslenskra kosningareglna. Að því leyti má segja að betra sé að stilla upp óröðuðum lista þar sem hlutkesti ræður hvar stafrófsröð frambjóðenda byrjar. Sá ókostur er samt á þessari aðferð að hún kann að hygla þeim sem fyrir tilviljun lenda ofarlega á lista og einkum þeim sem lendir efst.

Hugsanlegt væri að leyfa framboðslistum að velja milli þess hvort þeir bjóða fram óraðaða eða raðaða lista. Þetta var lagt til í því frumvarpi um persónukjör við alþingiskosningar sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi. Var þá sótt í fyrirmynd Dana. Líklegt virðist að þróunin yrði á sömu leið og í Danmörku að flest framboð muni velja óraðaða lista með tímanum. Helsti ókosturinn við hugmyndina um að eftirláta flokkunum að ákveða þetta er hins vegar sá að það flækir framsetningu á kjörseðli umtalsvert og getur gert kosninguna flóknari fyrir kjósendur og þar með aukið líkur á ógildingu atkvæða.

Ýmsar breytingar á kosningalögum.

Með frumvörpum þessum er fyrst og fremst lagt til að innleitt verði persónukjör innan lista með forgangsröðunaraðferð. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á lögum en nauðsyn krefur enda þótt brýn þörf sé á heildarendurskoðun laga um kosningar.

Við gerð frumvarpa þessara var í þessu samhengi sérstaklega gaumgæfð framkvæmd á utankjörfundarkosningu samhliða persónukjöri. Hérlendis er mjög rúmur tími til utankjörfundaratkvæðagreiðslu og hefst hún löngu áður en framboðslistar liggja fyrir. Er ekki vitað um slíkt fyrirkomulag annars staðar, a.m.k. kunnu kosningaeftirlitsmenn ÖSE, sem komu hingað vegna alþingiskosninganna 2009, ekki nein dæmi þess. Kjósendum utan kjörfundar er því örðugt að raða frambjóðendum þegar þeir liggja sumpart ekki fyrir. En þetta hefur verið vandamál frá upphafi listakosninga hérlendis. Lagfæring á þessu bíður heildarendurskoðunar kosningalaga. Að nauðsyn þess er vikið í umsögn ÖSE um kosningarnar vorið 2009.

Tvennu er þó talið brýnt að breyta strax við innleiðingu persónukjörs.

Annars vegar er lagt til að breyta kröfum um fjölda frambjóðenda á framboðslistum í alþingiskosningum. Með breytingum á lögum um kosningar til Alþingis 1991 var gert að skyldu að bjóða ávallt fram lista með fullri tölu aðal- og varamanna. Nú er ætlunin að skipta framboðslista í tvo hluta, persónukjörshluta og raðaðan hluta. Þá þykir ekki ástæða til að

þvinga framboð til að fylla neðri hlutann, raðaða hlutann, heldur leyfa þeim að ráða fjöldanum á þeim hluta listans, enda hefur það engin áhrif á sjálft persónukjörið. Þetta er þá óbreytt það fyrirkomulag sem nú er í lögum um kosningar til sveitarstjórna og yrði með samþykkt þess frumvarps tekið upp við þingkosningar líka. Þessi breyting er strangt til tekið ekki nauðsynleg til að persónukjör það sem lagt er til geti farið fram en ætti að auðvelda framboðum að laga sig að hinu nýja kerfi.

Hins vegar er brýnt að breyta reglum um kosningaþátttöku blindra og annarra sem ófærir eru um að útfylla kjörseðil hjálparlaust. Samkvæmt gildandi lögum um alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar hefur óskum blindra og sjónskertra verið mætt á þann veg að útbúin eru sérstök blindraspjöld og höfð á borði í kjörklefanum, þannig að þeir sem kunna Brailleblindraletrið geta sjálfir og einir síns liðs merkt við þann listabókstaf sem þeir vilja greiða atkvæði sitt. Þeim er að sjálfsögðu frjálst að biðja um aðstoð alveg eins og aðrir sem vegna sjóndepurðar, lömunar eða annarrar fötlunar eiga erfitt með að kjósa. Blindir hafa þó ekki getað nýtt sér rétt sinn til útstrikana eða breytinga á röð með framangreindu spjaldi. Komi persónukjör til skjalanna með þeim hætti sem lagt er til með frumvörpunum er enn brýnna en ella að allir, þ.m.t. blindir, geti nýtt sér kosningarrétt sinn að fullu. Vissulega helst það óbreytt að kjósandi getur látið við það sitja að greiða tilteknum lista atkvæði sitt með því að krossa framan við listabókstafinn. Hins vegar er mikilvægt að blindir eigi þess líka kost að raða frambjóðendum til persónukjörs. Ekki verður með góðu móti unnt að útbúa blindraspjaldið á þann hátt að blindur kjósandi geti skrifað tölustafi í ferninga fyrir framan nöfn frambjóðenda í persónuvalinu. Í frumvörpunum er komið til móts við þarfir þessa hóps með því að kjósendur í þessari stöðu geti haft með sér aðstoðarmann að eigin vali auk þeirrar aðstoðar sem veitt er á kjörstað af hálfu kjörstjóra.

Til þess að tryggja að aðstoðarmaður kjósandans beiti ekki óeðlilegum áhrifum eða þrýstingi á kjósandann er talið nauðsynlegt að kjörstjóri sé nálægur þegar kjörseðillinn er fylltur út svo að tryggt sé að engin þvingun eða þrýstingur eigi sér stað og að atkvæðið endurspegli sannanlega vilja kjósandans. Mjög mikilvægt er að tiltrú manna á kosningarathöfninni haldist og að atkvæðið, sem kjósandinn greiðir, sé sjálfstæð ákvörðun hans.

Þá er lagt til að fatlaður kjósandi geti einnig kvatt til aðstoðarmann að eigin vali þegar hann greiðir atkvæði utan kjörfundar. Í þessum tilvikum þykir einnig nauðsynlegt að kjörstjóri sé viðstaddur, ef kjósandinn kveður annan mann sér til aðstoðar.

Breytingin sem lögð er til í frumvörpunum er í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt. Áður en hægt verður að fullgilda þann samning þarf að breyta kosningalögum til samræmis við ákvæðið í 29. gr. samningsins þar sem segir að aðildarríkin skuli tryggja fötluðum stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra, meðal annars með því að fatlaðir kjósendur geti látið vilja sinn óþvingað í ljós. Ákvæði frumvarpanna ættu að uppfylla þetta ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þá breytingu sem lögð er til í ákvæðinu leiðir beint af þeirri meginbreytingu sem kemur fram í 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lögð er til óveruleg orðalagsbreyting í 23. gr. laganna til að taka af vafa um að ef ekki eru tilgreindir umboðsmenn lista skuli allir frambjóðendur til persónukjörs teljast vera réttir umboðsmenn hans gagnvart yfirkjörstjórn.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú meginefnisbreyting frá gildandi lögum að kveðið er á um persónukjör á frambjóðendum á efstu sætum lista jafnmörgum og svarar til fulltrúatölu í sveitarstjórnum en þar sitja allt frá 5 til 15 fulltrúar. Boðið skal fram í önnur sæti listans, þ.e. þau sem neðar er raðað, með hefðbundnum röðuðum hætti. Aðalfulltrúar verða aldrei kjörnir úr þeim sætum og aðeins í þeim tilvikum að listi fái meira en helming sæta sveitarstjórnar hljóta einhverjir af þessum frambjóðendum á hinum raðaða hluta listans kjörbréf sem varamenn við upphaflega úthlutun. Meginástæða þessarar tvískiptingar framboðslista er að gera kjósendum viðráðanlegra að taka þátt í persónukjöri, þ.e. að raða frambjóðendum.

Þá er með breyttu orðalagi áréttað það ákvæði gildandi laga að tala frambjóðenda geti verið breytileg eða allt frá því að engir séu boðnir fram í hin röðuðu sæti til þess að þau séu fullmönnuð. Nýjum framboðum getur reynst örðugt að manna öll sæti. Uppskiptingin í sæti til persónukjörs og röðuð sæti, sem kunna að teljast annars flokks í einhverjum skilningi, kann að reynast enn örðugri. Þeim síðarnefndu má þá sleppa að einhverju eða öllu leyti.

Að lokum er óbeint lagt til að brott falli málsliður um hvað gera skuli þegar listar eru of langir. Þetta er úrelt og óþarft ákvæði í gildandi lögum. Séð er við þessum vanda í 24. gr. laganna. Þykir því ástæðulaust að yfirfæra ákvæðið á hið nýja fyrirkomulag persónukjörs sem lagt er til í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Ákveða þarf röð þeirra manna sem boðnir eru fram til persónukjörs með hlutlausum hætti. Hér er lagt til að yfirkjörstjórn stilli nöfnum frambjóðenda upp í stafrófsröð. Til þess að gæta jafnræðis skal þá hlutað um það hver skuli vera efstur á hverjum lista.

Um 5. gr.

Kveðið er á um hvernig listar skuli auglýstir, þ.m.t. að hinir tveir hópar frambjóðenda skuli vel aðgreindir, þ.e. þeir sem stillt er upp til röðunar og hinir sem eru boðnir fram í fastri gefinni röð.

Um 6. gr.

Tekið er upp það nýmæli að hafa upplýsingar um kosninguna og stuttar leiðbeiningar til kjósenda um kosningarathöfn þeirra efst á kjörseðli. Jafnframt er það nýmæli að kjósendum sé auðveldað að raða nöfnum frambjóðenda með því að hafa til þess sérstakan ferning framan við hvert nafn á listanum. Þá er mælt fyrir um að fram komi á kjörseðlinum sætistala þeirra sem skipa hinn raðaða hluta listans. Þetta er gert til að skerpa enn muninn á persónukjörshluta og röðuðum hluta listans. Að öðru leyti felur ákvæðið í sér sömu fyrirmæli um birtingu á nöfnum frambjóðenda á kjörseðlum og kveðið er á um varðandi auglýsingu, sbr. það sem segir um 5. gr. frumvarpsins. Orðalag er samræmt við lög um kosningar til Alþingis, þ.m.t. að ferningur skuli vera framan við bókstaf framboðslista.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um það hvernig kjósandi tekur þátt í persónukjöri samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Er það gert með því að kjósandi merkir með tölustöfum, 1, 2, 3 o.s.frv., við frambjóðendur listans til persónukjörs og má hann tölusetja jafn marga þessara frambjóðenda og hann kýs. Þessi kosningarathöfn er þekkt bæði úr gildandi kosningalögum jafnt til Alþingis sem sveitarstjórna auk þess að vera meginreglan í prófkjörum hérlendis. Merking tölusetningarinnar er þó nýmæli. Röðunin lýsir því í hvaða forgangsröð kjósandinn vill að atkvæði hans nýtist í persónukjörinu. Tölustafinn 1 skal kjósandinn setja framan við nafn þess sem hann vill helst að nái kjöri, ef kostur er í 1. sæti en ef ekki það þá það sæti sem er næst laust. Töluna 2 setur hann við þann sem hann vill að komi næstur til álita, o.s.frv. Brýnt er, verði frumvarpið að lögum, að kjósendum sé rækilega kynnt hver kosningarathöfn þeirra skal vera og hvaða merking felst í henni.

Tekið er af skarið með það að þeir kjósendur sem ekki taka þátt í röðun frambjóðenda teljast ekki taka afstöðu til þess í hvaða röð frambjóðendur listans til persónukjörs skipa sæti hans. Með því eru þeir í raun að afsala sér möguleikum til áhrifa í þeim efnum til þeirra sem þátt taka í persónukjörinu. Brýnt er að kjósendur verði hvattir til að nýta sér lýðræðislegan rétt sinn til röðunar verði frumvarpið samþykkt.

Þá er kveðið á um það að útstrikun hafi ekki merkingu og ógildi ekki kjörseðil. Útstrikanir eiga ekki við í því persónukjörsfyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu.

Um 8. gr.

Ákvæði um að ekki megi merkja við nema einn lista er við haldið. Kjörseðill verður ógildur sé þetta ekki virt. Á hinn bóginn er lagt til að farið verði mildari höndum um merkingar við frambjóðendur á öðrum listum sem hæglega geta orðið fyrir mistök. Lagt er til í 12. gr. frumvarpsins að slíkar merkingar hafi engin áhrif og geri því atkvæði ekki ógilt. Með breytingum á 86. gr. laganna í þeirri grein frumvarpsins er gengið frá því að horft sé fram hjá þessum ómarktæku röðunartölum. Á hinn bóginn getur slík merking orðið til þess að fyrirætlun kjósandans um röðun frambjóðenda nái ekki að öllu leyti fram að ganga. Slíkar merkingar ber því að forðast en ekki er ástæða til þess að ógilda atkvæði af þessum sökum enda sé vilji kjósanda til þess hvaða lista hann kýs skýr.

Um 9. gr.

Lagt er til að blindir og aðrir fatlaðir megi hafa með sér sinn eigin aðstoðarmann í kjörklefann, sbr. einnig umfjöllun í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 10. gr.

Lagt er til að kjörseðill verði ekki ógildur þótt merkt hafi verið með röðunartölu við nöfn á öðrum listum en þeim sem kjósandi hefur kosið. Af 12. gr. frumvarpsins leiðir jafnframt að það veldur ekki ógildingu kjörseðils ef merkt er við frambjóðendur á hinum raðaða hluta listans.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til tvær efnisbreytingar. Annars vegar er tekið af skarið með það að útstrikun er merkingarlaus og ógildir ekki atkvæði.

Hin breytingin er afleiðing af breytingunni sem lögð er til í 10. gr. frumvarpsins. Nýmælið er niðurlagið: „enda sé ekki merkt við nöfn á fleiri en einum lista og ekki séu aðrir gallar á.“

Merkingar við nöfn ein sér duga þó því aðeins til að ákvarða hvaða lista kjósandinn hugðist kjósa að tölusetningin einskorðist við einn lista.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að 86. gr. laganna sem fjallar um röðun frambjóðenda og úthlutun sæta í sveitarstjórn til listanna í kjölfarið verði tekin upp í heild sinni. Í ákvæðinu er mælt fyrir um framkvæmd hinnar sérstöku uppgjörsaðferðar sem er kjarninn í forgangsröðunaraðferðinni við persónukjör sem lögð er til í frumvarpi þessu.

Ferli þess að raða frambjóðendum til persónukjörs er lýst í níu töluliðum. 1.–4. tölul. eru inngangs- og skilgreiningarliðir. Sjálf röðunin fer fram í skrefum sem lýst er í 5.–7. tölul. 8. tölul. er um tæknileg atriði. 9. tölul. er hefðbundið ákvæði um hlutkesti reynist viðmiðunartölur jafnstórar.

Í 1. tölul. er ítrekað að einungis atkvæði þeirra sem taka þátt í persónukjörinu koma til álita við röðun frambjóðenda í persónukjörssæti og nefnast þessi atkvæði *persónuleg atkvæði.*

Í 2. tölul. er mælt fyrir um það í fimm stafliðum hvernig farið skuli með ef *talnaröð er rofin* eða aðrir gallar reynast á henni. Hafi verið merkt við aðra frambjóðendur en þá sem eru boðnir fram til persónukjörs á listanum skal skv. a-lið horfa fram hjá slíkum merkingum. Gildir það jafnt um merkingar við nöfn á neðri hluta listans, raðaða hlutanum, sem og nöfn á öðrum listum. Samkvæmt b-lið skal horft fram hjá merkingu með krossi við frambjóðanda svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með að tölu frambjóðenda á persónukjörshluta listans. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda á persónukjörshluta listans með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1. Í c-lið er kveðið á um það að sé eyða í talnaröðun frambjóðenda til persónukjörs innan lista skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni. Þetta á einnig við ef eyðan verður til vegna atvika skv. a-lið. Í d-lið kemur fram að sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum. Það telst þó ekki tvítekning á tölustaf ef annar þeirra er settur við nafn frambjóðanda sem ekki er til persónukjörs á listanum, sbr. a-lið. Í e-lið kemur fram að ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–d-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi til persónukjörs telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur til persónulegra atkvæða.

Í 3. tölul. er svonefndur *sætishlutur* skilgreindur. Sætishlutur segir til um það atkvæðamagn sem frambjóðandi þarf að ná til að ná kjöri. Við útreikning á sætishlut er beitt svonefndri Droops-aðferð en hún er kennd við nítjándu aldar Englendinginn *Henry Richmond Droop*. Hugsunin að baki sætishlut Droops er sú að aldrei geti fleiri frambjóðendur komist í senn yfir þennan þröskuld en svarar til tölu þeirra sæta sem úthluta skal. Er Droops-hlutur minnsta stærðin sem hefur þennan eiginleika. Víða þar sem aðferðinni er beitt, t.d. á Írlandi, er lagt kapp á að sætishluturinn sé heiltala. Þá er tölunni 1 bætt við hlutinn eins og honum er hér lýst og broti síðan sleppt. Slík áhersla á heiltölugildi á rætur að rekja til handtalningar. Gert er ráð fyrir því að talningin verði með rafrænum hætti, verði frumvarpið að lögum. Eru því ekki rök fyrir þessari heiltölugerð sætishlutarins.

Í 4. tölul. er *flokkun kjörseðla* lýst og skulu persónuleg atkvæði listans flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi. Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 5. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er

átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans. Er þá verið að vísa til þess frambjóðanda sem er að fyrsta vali í viðkomandi bunka. En halda þarf jafnframt utan um gildi annarra frambjóðenda sem komu við sögu á seðlum bunkans, sbr. síðar.

Í 5. tölul. er kveðið á um *röðun í efstu sæti á persónukjörshluta listans*. Raðað skal í efstu sætin þeim sem hafa atkvæðagildi jafnt eða hærra en nemur sætishlut listans. Þau atkvæði sem þá eru umfram sætishlut skulu færð til frambjóðenda að næsta vali. Við færslu atkvæða er horft til allra atkvæða í bunka þess frambjóðanda sem nú hefur verið raðað. En vega verður atkvæðin með svokölluðu *færsluhlutfalli*. Það má skýra með einföldu dæmi. Segjum að sætishlutur sé 2.000 atkvæði og atkvæðagildi þess bunka sem verið er að færa úr sé 3.000. Þá reiknast færsluhlutfallið sem (3.000–2.000)/3000 = 1/3. Teljarinn er kúfurinn, eða sá hluti atkvæðagildis bunkans sem er umfram sætishlutinn. Nefnarinn er atkvæðagildið óskert.

Að færsluhlutfalli reiknuðu skal færa viðkomandi kjörseðla í þann bunka sem svarar til annars vals, eða þess sem nú er orðið annað val, á kjörseðlinum, eftir að atkvæðagildi frambjóðenda á honum hefur verið margfaldað með færsluhlutfallinu.

Heildarsumma atkvæða, eða réttara sagt atkvæðagilda, breytist ekki við færsluna, sem er lykilatriði í forgangsröðunaraðferðinni, atkvæðagildi hvorki glatast né verða til, þau haldast óbreytt við talninguna enda hafi kjósendur hirt um að raða nægilega mörgum. Taka má eftirfarandi dæmi:

1. mynd sýnir dæmi um atkvæðabunka fjögurra frambjóðenda sem hér heita Anna, Bjarni, Dóra, Einar og Fjóla. Hæð súlnanna á að samsvara atkvæðagildi þeirra. Lárétta línan sýnir stærð sætishlutarins í þessu dæmi.



Atkvæðagildi Önnu og Bjarna eru yfir sætishlutnum. Anna hreppir efsta sætið á listanum en Bjarni annað sætið. Á 2. mynd er búið að færa umframatkvæði þeirra til þeirra sem voru að öðru vali á kjörseðlum þessara frambjóðanda.



Færðu atkvæðin hafa skipst ójafnt á milli hinna frambjóðendanna og því nær enginn þeirra sætishlut þrátt fyrir tilfærsluna. Eftir færsluna er ekki lengur gerður greinarmunur á uppruna atkvæða þeirra frambjóðenda sem eftir sitja, sjá 3. mynd.



Í 6. tölul. er kveðið á um *röðun í neðstu sæti á persónukjörshluta listans*. Þegar enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn skal samkvæmt töluliðnum finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið (jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 4. tölul.). Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti á persónukjörshluta listans, í upphafi í neðsta sæti þessa hluta listans. Kjörseðlar frambjóðandans skulu síðan færðir til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum

kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu á þeim sama lista og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 8. tölul. Þarf þá ekki að skerða atkvæðagildin á undan færslunni eins og í 5. tölul. enda er færsluhlutfallið nú jafnt einum heilum. Þetta má skýra ef haldið er áfram með framangreint dæmi.

Á 4. mynd er komið að því að leita að þeim frambjóðanda sem hefur rýrasta atkvæðagildið í sýnidæminu. Kjörseðlar hans eru þá allir færðir til hinna tveggja í réttum hlutföllum miðað við 2. val kjósenda.

Skýringardæmi
4. mynd



Í 7. tölul. er kveðið á um *lokaröðun í sæti á persónukjörshluta listans* en samkvæmt töluliðnum skal raða eftir ákvæðum 5. og 6. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til raðað hefur verið öllum frambjóðendum á persónukjörshluta listans. Röðun skv. 5. tölul. hefur ávallt forgang. Frambjóðendum er þannig raðað ýmist í efsta lausa sæti listans, skv. 5. tölul., eða neðan frá, skv. 6. tölul. Það er eiginleiki þessarar aðferðar að þeir sem raðast í þau sæti sem listi hlýtur ná að lokum allir kjöri á grundvelli fulls sætishlutar, þ.e. samkvæmt ákvæðum 5. tölul. enda hafi kjósendur hirt um að raða nægilega mörgum frambjóðendum.

Mynd 5 sýnir lokaskrefið í sýnidæminu. Nýr atkvæðakúfur er færður á þann eina sem eftir er.



Í 8. tölul. er kveðið á um *uppfærslu nafna og valtalna*: Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið raðað í sæti samkvæmt ákvæðum 5. eða 6. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum persónulegum atkvæðum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem á eftir koma. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Við þetta getur talnaröð kjósanda tæmst og kemur atkvæðið þá ekki lengur til álita. Þetta gerist áður en atkvæði er fært.

Í 9. tölul. er kveðið á um hlutkesti þegar einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar eru jafnstórar.

2. mgr. skýrir sig sjálf. Þeir frambjóðendur sem eru boðnir fram raðaðir, ef einhverjir, skipa neðstu sæti listans og í þeirri röð óbreyttri sem þeir eru boðnir fram í.

Í næstsíðustu málsgrein er áréttað að þeim sætum sem framboðslisti hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 85. gr. laganna skuli ráðstafað til frambjóðenda listans í samræmi við niðurstöður persónukjörs í þeirri röð sem fram kemur í 1. og 2. mgr. Sama gildir um sæti varamanna.

Í lokamálsgreininni er fjallað um það hvað gera skuli ef aðeins einn listi er í kjöri. Ekki er talin ástæða til þess að efna þá til kosninga í þeim eina tilgangi að raða mönnum innbyrðis í sætin í sveitarstjórn.

Um 13. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að lögin, verði frumvarpið samþykkt, öðlist þegar gildi.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hugmynd að kjörseðli við sveitarstjórnarkosningar í Rangárþingi 15. maí 980.
II. Dæmi til samanburðar á prófkjörs- og forgangsröðunaraðferðinni.

III. Dæmi um úthlutun sæta með forgangsröðun á Írlandi.
IV. Tilraunakosning í Rangárþingi á dögum Njálssögu.
V. Flæðirit af forgangsröðunaraðferðinni.
VI. Forgangsröðun við forsetakosningar.
VII. Fræðilegir annmarkar á kosningakerfum.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 108, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum, bls. 1039–1055. hér að framan.

Fylgiskjal VIII.

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna á sveitarfélög.

Dómsmálaráðuneyti hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið kostnaðaráhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna á sveitarfélög. Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Undirstrika ber að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og telst atkvæðið listanum til tekna óskipt við úthlutun sæta til listans í réttu hlutfalli við úrslit kosninganna. Persónukjörið hefur því einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau þingsæti sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi samkvæmt niðurstöðu kosninganna.

Verði frumvarpið að lögum mun kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin einkum felast í hærri launakostnaði til yfirkjörstjórna og starfsmanna við talningu og innslátt atkvæða í persónukjöri, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Sá kostnaðarauki getur m.a. ráðist af fjölda kjörseðla þar sem kjósendur nýta sér rétt til persónukjörs, skipulagi á talningarstað o.m.fl. Við gerð kostnaðarumsagnar er gengið út frá þeirri forsendu að kostnaðarauki ráðist einkum af fjölda persónuatkvæða og er miðað við að kostnaður við hvern slíkan kjörseðil verði um 80 kr. Kjósendur á öllu landinu eru um 200 þúsund. Ef miðað er við að um 90% kjósenda taki þátt í persónukjöri verður kostnaðarauki um 14,5 m.kr. Ef hlutfallið verður lægra, eða um 60%, verður kostnaðaraukinn um 9,5 m.kr. Hreinn kostnaðarauki sveitarfélaga verður þó eitthvað lægri af þeirri ástæðu að taka verður tillit til þess kostnaðar sem hlýst nú þegar af talningu breyttra atkvæða sem má áætla að sé um 1 m.kr.

Sveitarfélögin munu þurfa að hafa til afnota tölvuforrit til að reikna úthlutun sæta aðal- og varamanna í sveitarstjórn. Gert er ráð fyrir að tölvuforrit sem útbúið verður vegna alþingiskosninga verði aðgengilegt fyrir allar kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar, þannig að ekki verði um neinn stofnkostnað að ræða fyrir sveitarfélögin vegna þessa. Þá er ráðgert að kynna þurfi fyrir kjörstjórnum og kjósendum þær breytingar sem felast í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga muni eiga samstarf um það verkefni. Kostnaður vegna þessa fyrir sveitarfélögin er áætlaður u.þ.b. 500 þús. kr.

Alls má áætla samkvæmt framansögðu að heildarkostnaðarauki sveitarfélaga, verði frumvarpið að lögum, verði á bilinu 9 til 14 milljónir króna á ári.

Fylgiskjal IX.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að tekið verið upp persónukjör í kosningum til sveitarstjórna. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi sem miðar að sama marki um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Samkvæmt frumvarpinu skulu efstu sæti framboðslista í kosningum til sveitarstjórnar skipuð frambjóðendum sem boðnir eru fram til persónukjörs og skal tala þeirra vera jöfn tölu aðalmanna. Þessi hluti listans nefnist persónukjörshluti og skal yfirkjörstjórn hluta til um röð frambjóðenda á listanum. Neðri hluta listans skipa frambjóðendur sem boðnir eru fram með hefðbundnum röðuðum hætti. Ekki verður skylt að bjóða fram á raðaða hlutann en sé það gert mega nöfn á honum vera allt að því jafnmörg og á persónukjörshluta listans. Kjósandi skal merkja við listabókstaf þess framboðs sem hann vill kjósa og getur auk þess raðað frambjóðendum í persónukjörshluta listans í sæti eftir því sem hann vill.

Sveitarsjóðir greiða megnið af kostnaði við sveitarstjórnarkosningar. Í kosningunum árið 2006 nam þessi kostnaður sveitarfélaga rúmlega 100 m.kr. Ríkissjóður greiðir auk þess kostnað við nokkra tiltekna þætti og í kosningunum árið 2006 nam þessi kostnaður ríkissjóðs tæplega 16 m.kr.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs og ætla má að áhrif þess á kostnað sveitarsjóða verði ekki veruleg og geti hlaupið á nokkrum milljónum króna. Vísast í því sambandi til kostnaðarumsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.

110. Fyrirspurn [104. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvernig sér ráðherra fyrir sér að Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri verði efld á næstu árum?

111. Fyrirspurn [105. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um Ferðasjóð ÍSÍ.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Af hvaða ástæðum á að skera niður Ferðasjóð ÍSÍ?

112. Fyrirspurn [106. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um umönnunarbætur.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvaða rök mæla með því að skera niður umönnunarbætur hjá foreldrum fatlaðra barna?

113. Fyrirspurn [107. mál]

til samöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kennsluflug.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Er fyrirhugað að færa kennsluflug frá Reykjavíkurflugvelli?

114. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen, Ragnheiður E. Árnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Erlingsdóttir, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Eygló Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margrét Tryggvadóttir, Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2010.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (38. mál) og 133. löggjafarþingi (46. mál). Með henni er lagt til að Alþingi feli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggi fyrir 1. desember 2009.

Þegar Ölfusá var brúuð við Selfoss myndaðist strax byggð sunnan árinnar og þar er meginíbúðarbyggðin nú auk þess sem aðalatvinnustarfsemin hefur verið sunnan árinnar. Þó hefur alla tíð verið nokkur íbúðarbyggð norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra Selfossi búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið norðan árinnar í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem starfrækt eru á svæðinu. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Hellisskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum.

Nú hefur um alllangt skeið legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú yrði byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og þar með yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni þar sem umferð gangandi vegfarenda hefur aukist og mun aukast verulega á næstu árum.

115. Fyrirspurn [109. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvernig ætlar ráðherra að tryggja að Framkvæmdasjóður fatlaðra geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum?

116. Fyrirspurn [110. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmdir á Vestfjarðavegi.

Frá Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur.

1. Fyrir hversu mikla fjármuni hafa verkefni verið boðin út eða framkvæmd á Vestfjarðavegi (60) á tímabilinu 2007–2010?
2. Hvað var áætlað að framkvæma fyrir háa fjárhæð á umræddu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

117. Fyrirspurn [111. mál]

til iðnaðarráðherra um ferðamálaáætlun.

Frá Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur.

Fer fram á vegum ráðuneytisins endurskoðun á gildandi ferðamálaáætlun, í samræmi við áætlanir þar um, og ef svo er ekki, hvenær er gert ráð fyrir að sú vinna hefjist?

Skriflegt svar óskast.

118. Frumvarp til laga [112. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslur.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Alþingi getur ákveðið með þingsályktun að almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram samkvæmt lögum þessum um tiltekið málefni eða lagafrumvarp og er niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu ráðgefandi.

Lögin gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

3. gr.

Í þingsályktun skv. 1. mgr. 1. gr. skal Alþingi, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, jafnframt ákveða orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari: „Já“ eða „Nei“.

Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveður orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra setur nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla.

4. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan tveggja mánaða eftir að krafa Alþingis er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar eða forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri.

5. gr.

Alþingi skal ákveða kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. laga þessara og 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar innan þeirra tímamarka sem greinir í 4. gr. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi

einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

6. gr.

Alþingi skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Forsætisnefnd Alþingis skal setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningar.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar senda öllum heimilum í landinu sérprentun laganna sem forseti synjaði staðfestingar. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

7. gr.

Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

8. gr.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

9. gr.

Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla. Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála. Ekki skal meta atkvæði ógilt nema um það megi villast hvernig kjósandi greiðir atkvæði.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla úrskurðar hún um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og tilkynnir dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu þar um.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda daginn eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

11. gr.

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni að fylgja tillögunni.

12. gr.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

13. gr.

Kjósandi getur sent kæru um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðra en refsikærur, til landskjörstjórnar eigi síðar en sjö dögum frá því að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Landskjörstjórn veitir Alþingi umsögn um atkvæðagreiðsluna. Umsögn skal veitt óháð því hvort kæra hafi borist skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn landskjörstjórnar getur Alþingi ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Alþingi ákveðið að hún fari aftur fram þar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Frumvarpið er lagt fram af forsætisráðherra en það var unnið í samráði við fulltrúa allra þingflokka. Frumvarpið er nú endurflutt frá 137. löggjafarþingi og er það efnislega óbreytt að öðru leyti en því að tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda sem settar voru fram í umsögnum um frumvarpið til allsherjarnefndar Alþingis annars vegar frá landskjörstjórn og hins vegar frá Skúla Guðmundssyni, skrifstofustjóra hjá Þjóðskrá.

Markmið frumvarpsins er að kveða með almennum lögum á um framkvæmd og tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem um er að ræða þjóðaratkvæðagreiðslur sem skylt er að halda samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar eða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður að efna til með samþykkt þingsályktunartillögu. Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið sett fyrr hér á landi þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir slíkri atkvæðagreiðslu í nokkrum tilvikum í stjórnarskrá lýðveldisins, nr. 33/1944. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur þó ekki farið fram hér á landi á lýðveldistíma. Ekki hefur verið deilt um að þörf sé á setningu sérstakrar löggjafar um þjóðaratkvæðagreiðslur. Má í því sambandi líta til þess að framkvæmd allra kosninga hér á landi er lögbundin, sbr. lög nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingum, lög nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, og lög nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Sumarið 2004 hófst undirbúningur að lagasetningu um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að forseti synjaði lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Var sérstökum starfshópi falið að undirbúa frumvarp til laga um

þjóðaratkvæðagreiðslur. Hann lagði til að þar yrði höfð hliðsjón af lögum um framboð og kjör forseta Íslands, sem gera ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf. Var þar m.a. horft til fordæmis varðandi setningu laga nr. 17/1944, um tilhögun atkvæðagreiðslu um stjórnarskrána, sem fór fram sumarið 1944 og einnig voru höfð til hliðsjónar lög sem sett hafa verið um þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku. Ekki varð þó af því að frumvarp um efnið yrði lagt fram þar sem Alþingi felldi úr gildi hin umdeildu lög.

Þess má geta að þegar frumvarp þetta er lagt fram hefur utanríkisráðherra nýverið lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er jafnframt ráðgert að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um mögulegan aðildarsamning að loknum samningaviðræðum við sambandið.

Þar sem nauðsynlegt er að setja lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar og ekki hefur áður verið sett löggjöf um efnið er eðlilegt að þetta tilefni verði nýtt til þess að setja almenn lög sem tekur til allra atkvæðagreiðslna af þeim toga án tillits til þess hvort tilefnið er sérstök ákvörðun Alþingis eða atvik sem lýst er í stjórnarskránni.

Við gerð frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af tillögum fyrrgreinds starfshóps um þjóðaratkvæðagreiðslur og einnig frumvarpi til laga um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar sem unnið var á vegum stjórnarskrárnefndar sem forsætisráðherra skipaði árið 2005. Var það frumvarp samið vorið 2007 samhliða frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni en hvorugt var þó lagt fram á Alþingi. Einnig hefur verið litið til ákvæða norskra laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB nr. 42 frá 24. júní 1994 (n. *Lov om folkeavstemning om EU)* og ákvæða 12. kafla dönsku kosningalaganna nr. 704 frá 27. júní 2004 (d. *Folketingsvalgloven),* en sá kafli fjallar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram á grundvelli ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar. Þá hefur verið höfð hliðsjón af leiðbeinandi reglum sem Feneyjanefnd Evrópuráðsins gaf út í júlí árið 2001, viðmiðum Feneyjanefndarinnar (e. *Code of Good Practice on Referendums)* frá mars 2007 og ályktun ráðgjafarþings Evrópuráðsins um þjóðaratkvæðagreiðslur nr. 1704 (2005) frá 29. apríl 2005. Einnig hefur verið leitað fanga í fjölþjóðlegum rannsóknum um þjóðaratkvæðagreiðslur, einkum skýrslunni *Direct Democracy: The International IDEA Handbook,* sem gefin er út af óháðri alþjóðlegri stofnun um lýðræði og kosningar, *Insititute for Democracy and Electoral Assistance.*

Áður en rakin verða efnisatriði frumvarpsins verður lýst nokkrum meginsjónarmiðum um markmið þjóðaratkvæðagreiðslna, löggjöf og framkvæmd á Norðurlöndum, yfirliti yfir þjóðaratkvæðagreiðslur sem haldnar hafa verið hér á landi og ákvæðum stjórnarskrárinnar sem gera ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Verður í þeirri umfjöllun einkum stuðst við skýrslu starfshópsins um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar frá 2004.

2. Almenn sjónarmið um markmið og tilefni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Íslensk stjórnskipun byggist á fulltrúalýðræði sem gerir ráð fyrir því að fulltrúum kjörnum af þjóðinni sé veitt umboð til þess að setja lög og taka mikilvægar ákvarðanir sem varða almannahag. Markmið þjóðaratkvæðagreiðslu er að veita hinum almenna borgara kost á að taka milliliðalaust þátt í ákvörðunartöku um lagasetningu eða eftir atvikum um tiltekin málefni í stað þess að ákvörðun sé tekin af þjóðkjörnum fulltrúum eins og almennt á við þar sem fulltrúalýðræði ríkir.

Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur er að finna í stjórnarskrám meiri hluta Evrópuþjóða. Í sumum ríkjum eru þjóðaratkvæðagreiðslur ekki viðhafðar, t.d. í Þýskalandi, og í öðrum

ríkjum eru þær einungis við ákveðin tilefni, sem varnagli við fulltrúalýðræðið. Í enn öðrum ríkjum er löng hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og þær haldnar reglulega, jafnvel oft á ári, eins og dæmi má sjá um í Sviss. Tilefni og tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna er með margvíslegum hætti. Stundum er ákveðið í stjórnarskrá að slík atkvæðagreiðsla skuli fara fram við tilteknar aðstæður, en annars er eingöngu um heimild að ræða, t.d. þannig að ákveðnum aðilum, ákveðnum fjölda þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda er áskilinn réttur til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp eða ákveðin önnur málefni. Breytilegt er hvaða kröfur eru gerðar til afls atkvæða og kosningaþátttöku. Stundum eru sett skilyrði um lágmarksþátttöku eða að lágmarkshlutfall kjósenda þurfi til að samþykkja eða fella úr gildi tiltekin lög eða lagafrumvarp. Ef um staðfest lög er að ræða, sem borin eru undir þjóðaratkvæði, er gildistöku þeirra oftast frestað þangað til þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram en stundum taka þau þó gildi en falla svo niður ef kjósendur fella þau eða þau ná ekki tilskildum meiri hluta. Í þessum tilvikum byggist þátttakan á beinum fyrirmælum í stjórnarskrá. Þá hagar svo til í öðrum tilvikum að einstök lög koma ekki til framkvæmda eða öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í sumum stjórnarskrám eru sérstök fyrirmæli um að ákvörðun um aðild ríkis að millirríkjasamningi sem felur í sér framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana skuli borin undir þjóðaratkvæði og má í þessu sambandi benda á dönsku stjórnarskrána frá 1953. Þar er einnig mælt fyrir um skyldu til þess að bera undir þjóðina allar breytingar sem gerðar eru á stjórnarskrá.

Í nokkrum stjórnarskrám, einkum frá seinni hluta 20. aldar, er mælt fyrir um að tiltekinn fjöldi kjósenda geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tiltekið málefni eða lög. Þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði kjósenda hefur verið tíðkuð í Sviss frá því árið 1891 þegar slíkt ákvæði var fyrst tekið upp í stjórnarskrá. Samkvæmt núgildandi reglum geta 100 þúsund kjósendur þar í landi kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um að breyta skuli stjórnarskránni. Einnig má nefna að í stjórnarskrá Ítalíu er kveðið á um að 500 þúsund kjósendur geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi löggjafar eða annarra ákvarðana löggjafarvaldsins.

Í mörgum stjórnarskrám eru ákvæði um að þjóðþing geti ákveðið að halda ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur og að setja skuli lög um framkvæmd þeirra og má sjá dæmi þess í sænsku og finnsku stjórnarskránum. Þá hefur færst vöxt á undanförnum áratugum í ríkjum Evrópu að ríkisstjórnir eða þjóðþing ákveði að bera tiltekin mikilvæg málefni undir þjóðaratkvæði án þess að bein ákvæði séu um slíkt í stjórnarskrá eða lögum. Dæmi um slíkt má sjá í Noregi, þar sem engin ákvæði eru um þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskránni sem sett var árið 1814. Spurning um aðild Noregs að Evrópusambandinu hefur tvisvar sinnum verið borin undir þjóðina, árið 1972 og 1994, og voru sérstök lög sett um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í báðum tilvikum. Einnig má nefna dæmi um þjóðaratkvæðagreiðslur sem stjórnvöld í nokkrum Evrópuríkjum ákváðu að efna til um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins, t.d. á Spáni og í Frakklandi árið 2005.

Þegar dregið er saman hvaða þættir eru breytilegir varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur frá einu ríki til annars má einkum benda á eftirfarandi atriði:

– Í fyrsta lagi er misjafnt hvort ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu byggist á ákvæði í stjórnarskrá eða hún fer fram samkvæmt ákvörðun þjóðþings eða ríkisstjórnar eftir því sem tilefni er talið vakna.
– Í öðru lagi er því misjafnt farið, hvort niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna um tiltekin málefni séu lagalega bindandi eða ráðgefandi.

– Í þriðja lagi getur verið breytilegt, hverjir það eru sem hafa heimild til að vísa máli til þjóðaratkvæðis.
– Í fjórða lagi getur verið breytilegt hvort sett séu skilyrði um tiltekna lágmarksþátttöku eða atkvæðavægi fyrir því að úrslit atkvæðagreiðslunnar séu bindandi.

Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir því hvernig þessum atriðum er háttað í löggjöf og framkvæmd annarra Norðurlandaríkja þar sem talsvert meiri reynsla er af þjóðaratkvæðagreiðslum en hér á landi.

3. Löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur og framkvæmd á Norðurlöndum.

Í ljósi þess nána skyldleika sem íslensk stjórnskipun hefur við stjórnskipulag annars staðar á Norðurlöndum verður hér gefið stutt yfirlit yfir löggjöf annarra norrænna ríkja um þjóðaratkvæðagreiðslur og hver framkvæmdin hefur verið í þessum ríkjum.

Danmörk.

Í dönsku stjórnarskránni (d. *Grundloven)* frá 1953 er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslur í 20., 29., 42. og 88. gr.

Í 1. mgr. 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að ef frumvarp til laga hefur verið samþykkt af danska þjóðþinginu geti þriðjungur þingmanna krafist þess innan tiltekins frests að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um hið samþykkta frumvarp. Skv. 6. mgr. sömu greinar eru þó ákveðin lög undanþegin heimild þessari, svo sem fjárlög og ýmis lög um skatta. Skv. 5. mgr. greinarinnar skal við þjóðaratkvæðagreiðslu greiða atkvæði með eða á móti lagafrumvarpinu. Til að hafna frumvarpinu þarf meiri hluti í atkvæðagreiðslunni, þó aldrei færri en 30% kosningarbærra manna, að hafa greitt atkvæði gegn frumvarpinu.

Í 88. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að breytingar á stjórnarskránni sem samþykktar hafa verið af danska þjóðþinginu skuli bornar undir þjóðaratkvæði. Er þess krafist að meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, þó aldrei færri en 40% kosningarbærra manna, samþykki stjórnarskrárbreytinguna. Að öðrum kosti nær hún ekki fram að ganga. Fyrir breytingarnar sem gerðar voru á stjórnarskránni 1953 var áskilið að a.m.k. 45% kosningarbærra manna samþykkti breytingu á stjórnarskrá.

Í 20. gr. stjórnarskrárinnar er svo kveðið á um að ef lagafrumvarp felur í sér valdframsal til fjölþjóðlegra stofnana á grundvelli alþjóðasamnings þurfi frumvarpið að hljóta samþykki 5/6 hluta þingmanna. Hljóti frumvarp ekki slíkan stuðning, en nýtur engu síður stuðnings meiri hluta þingmanna, er hægt að bera það undir þjóðaratkvæði í samræmi við reglur 42. gr. stjórnarskrárinnar.

Að síðustu er í 29. gr. dönsku stjórnarskrárinnar gert ráð fyrir því að heimilt sé að breyta ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaaldur með almennum lögum, þó að því tilskildu að ákvörðunin sé borin undir þjóðaratkvæði í samræmi við reglur 42. gr. stjórnarskrárinnar.

Auk fyrrgreindra ákvæða er í dönsku kosningalögunum (d. *Folketingsvalgloven)* nr. 704 frá 27. júní 2004 að finna almenn ákvæði um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Frá árinu 1953 til dagsins í dag hafa farið fram fjórar þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku á grundvelli 20. gr. stjórnarskrárinnar um framsal ríkisvalds. Árið 1972 var kosið um aðild Danmerkur að Evrópusambandinu, árið 1992 var kosið um Maastrichtsamninginn, árið 1998 var kosið um Amsterdamsáttmálann og árið 2000 um aðild Danmerkur að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Þá hafa á sama tíma átt sér stað fjórar atkvæðagreiðslur um kosningaaldurinn á grundvelli 29. gr. stjórnarskrárinnar (árin 1961, 1969, 1971 og 1978). Einu sinni hefur komið til þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 42. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. þegar

þriðjungur þingmanna krefst þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um frumvarp til laga, en það var árið 1963 þegar kosið var um jarðalög í Danmörku. Að auki hafa farið fram nokkrar þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku, án þess þó að það hafi verið á grundvelli fyrrgreindra ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar.

Noregur.

Í norsku stjórnarskránni (n. *Grunnloven)* frá 1814 eru engin ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Hins vegar hefur ekkert verið talið því til fyrirstöðu í norskri stjórnskipun að meiri hluti þingmanna ákveði að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu, sem er ráðgefandi um tiltekið málefni. Hafa nokkrar slíkar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur átt sér stað. Árið 1905 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandsslitin við Svíþjóð og stofnun konungsdæmis, árin 1919 og 1926 fóru fram þjóðaratkvæðagreiðslur um áfengisbann og afléttingu þess og á árunum 1972 og 1994 fóru fram þjóðaratkvæðagreiðslur um aðild Noregs að Evrópusambandinu. Í ljósi þess að stjórnarskráin mælir ekki fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur eða áhrif þeirra hefur ekki verið talið að úrslit slíkrar atkvæðagreiðslu um tiltekið málefni geti verið stjórnskipulega bindandi fyrir handhafa ríkisvalds, án þess að komi til breytinga á norsku stjórnarskránni. Slíkt yrði þannig talið fela í sér framsal valds í andstöðu við stjórnarskrá.

Af þessum ástæðum hafa niðurstöður fyrrgreindra atkvæðagreiðslna sem fram fóru í Noregi verið ráðgefandi en ekki bindandi. Síðasttöldu fjórar atkvæðagreiðslurnar, þ.e. árin 1919, 1926, 1972 og 1994, fóru fram á grundvelli sérlaga sem voru sett í tilefni þeirra. Í þeim var að finna ákvæði um hverjir væru atkvæðisbærir, hvenær kosningarnar skyldu fara fram og fleira. Hvorki voru gerðar kröfur um tiltekna lágmarksþátttöku né aukinn meiri hluta til þess að niðurstaða teldist gild.

Svíþjóð.

Í sænsku stjórnarskránni frá 1974 (s. *regeringsformen)* er gert ráð fyrir tvenns konar þjóðaratkvæðagreiðslum. Annars vegar er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 15. gr. 8. kafla að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram í tengslum við breytingar á stjórnarskránni. Hins vegar er unnt skv. 4. gr. 8. kafla að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni. Jafnframt mælir stjórnarskráin fyrir um að setja skuli lög um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Um báðar tegundir þessara þjóðaratkvæðagreiðslna hafa verið sett almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslur (s. *folkomröstningslag)* nr. 1979:369 þar sem kveðið er á um ýmis almenn atriði, svo sem kosningarrétt og framkvæmd kosninganna.

Sex ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið haldnar í Svíþjóð á árunum 1922–2003. Árið 1922 var kosið um áfengisbann, árið 1955 um innleiðingu hægri umferðar, árið 1957 um lífeyrismál, árið 1980 um kjarnorkumál, árið 1994 um aðild að Evrópusambandinu og árið 2003 um upptöku evrunnar.

Finnland.

Í 53. gr. finnsku stjórnarskrárinnar frá 1999 er mælt fyrir um heimild til að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni. Er gert ráð fyrir því að ákvörðun um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu sé tekin í formi laga. Líkt og í sænskri stjórnskipan er niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ráðgefandi og heimildin til að grípa til þjóðaratkvæðagreiðslu er valkvæð og háð vilja þingsins. Samkvæmt finnsku stjórnarskránni skal setja sérstök lög um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hverju sinni.

Tvær ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið haldnar í Finnlandi. Á árinu 1931 var kosið um áfengisbann en árið 1994 um inngöngu Finnlands í Evrópusambandið. Ekki voru sett skilyrði um aukinn meiri hluta atkvæða eða lágmarksþátttöku í þessum atkvæðagreiðslum.

4. Sögulegt yfirlit yfir þjóðaratkvæðagreiðslur hér á landi.

Á fyrri hluta 20. aldar var fimm sinnum efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi vegna fyrirmæla í stjórnlögum eða til þess að kanna afstöðu þjóðarinnar til einstakra málefna með ráðgefandi niðurstöðu.

Árið 1905 var á Alþingi samþykkt ályktun þar sem skorað var á stjórnarráðið að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um hvort lögleiða skyldi bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Fór atkvæðagreiðslan fram samhliða þingkosningum 1908 og var samþykkt í hlutföllunum 60% með en 40% á móti. 71,5% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Árið 1915 var samþykkt á Alþingi ályktun um að fram færi atkvæðagreiðsla allra kosningarbærra manna í landinu um hvort lögbjóða skyldi skylduvinnu allra heilbrigðra karlmanna á aldrinum 17–25 ára í allt að þriggja mánaða tíma í eitt skipti. Atkvæðagreiðslan fór fram samhliða næstu alþingiskosningum árið 1916 og var tillagan felld með miklum meiri hluta. 80,2% voru andvíg en 7,2% samþykk. 49% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Í 2. mgr. 21. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 12/1915, var kveðið á um að ef Alþingi samþykkti breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur skyldi leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Sú þjóðaratkvæðagreiðsla fór síðan fram 1918 og samþykktu 90,9% dansk-íslensku sambandslögin en 7,3% voru þeim andvíg. 43,8% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þar sem ekki voru gerðar sérstakar kröfur um kosningaþátttöku eða atkvæðamagn. Þó er vert að geta þess að í 18. gr. dansk íslensku sambandslaganna, nr. 39/1918, var fjallað um möguleg sambandsslit eftir árið 1940. Þar sagði svo orðrétt í 2. mgr.: „Nú er nýr samningur ekki gerður innan 3 ára frá því að krafan kom fram, og getur þá Ríkisþingið eða Alþingi hvort fyrir sig samþykkt, að samningur sá sem fellst í þessum lögum, sé úr gildi felldur. Til þess að ályktun þessi sé gild, verða a.m.k. 2/3 þingmanna annaðhvort í hvorri deild Ríkisþingsins eða í sameinuðu Alþingi að hafa greitt atkvæði með henni, og hún síðan vera samþykkt við atkvæðagreiðslu kjósenda þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við almennar kosningar til löggjafarþings landsins. Ef kemur í ljós við slíka atkvæðagreiðslu, að 3/4 atkvæðisbærra kjósenda a.m.k. hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og a.m.k. 3/4 greiddra atkvæða verið með samningsslitum, þá er samningurinn fallinn úr gildi.“

Árið 1933 var samþykkt ályktun í sameinuðu Alþingi þar sem ríkisstjórninni var falið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám áfengisbanns og fór sú atkvæðagreiðsla fram samhliða alþingiskosningum. Var afnám áfengisbanns samþykkt með 57,7%, en 42,3% greiddu atkvæði á móti. 45,3% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis 18. gr. dansk-íslensku sambandslaganna frá 1918 samþykkti Alþingi árið 1944 ályktun þess efnis að fallinn væri niður dansk-íslenski sambandslagasamningurinn frá 1918. Í þingsályktuninni var kveðið á um það að ályktunina skyldi leggja undir atkvæði allra alþingiskjósenda til samþykktar eða synjunar. Samhliða sambandsslitum var kosið um hina nýju lýðveldisstjórnarskrá. Í 81. gr. hennar var mælt svo fyrir: „Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri

hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.“ Atkvæðagreiðslan var því tvíþætt og hvorutveggja, þ.e. sambandsslitin og hin nýja stjórnarskrá samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. 97,4% samþykktu sambandsslit en 0,5% voru á móti. 95% samþykktu lögin en 1,5% voru á móti. 98,4% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

5. Ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Á lýðveldistíma hefur sem áður segir aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi. Þó gerir stjórnarskráin ráð fyrir slíkum atkvæðagreiðslum í þremur tilvikum, auk 81. gr. hennar sem áður var nefnd og batt gildistöku hennar því skilyrði að hún yrði fyrst samþykkt af meiri hluta allra kosningarbærra manna í landinu.

Í fyrsta lagi skal nefnt ákvæði 3. mgr. 11. gr. þar sem segir:

„Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.“

Í öðru lagi er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu í 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem er svohljóðandi:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.“

Þriðja tilvikið er í 2. mgr. 79. gr. þar sem kveðið er á um breytingu á kirkjuskipan ríkisins, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.“

Sumarið 2004 reyndi í fyrsta skipti á að forseti lýðveldisins synjaði lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar, en það voru lög nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, sem vörðuðu eignarhald á fjölmiðlum. Af þeim sökum ákvað ríkisstjórnin að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu þá sem vísað er til í 26. gr. stjórnarskrárinnar og skipaði starfshóp til að undirbúa lagasetningu um efnið sem áður var nefndur. Ekki kom þó til þess að frumvarp yrði lagt fram þar sem Alþingi felldi hin umdeildu lög úr gildi í júlí sama ár með lögum nr. 107/2004.

Ljóst er að samkvæmt stjórnarskránni er niðurstaða atkvæðagreiðslu sem efnt er til á grundvelli framangreindra stjórnarskrárákvæða bindandi fyrir löggjafann og ber honum því að fara eftir þeirri niðurstöðu sem verður í atkvæðagreiðslunni.

6. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

6.1. Almennar reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að setja almenna umgjörð um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Í niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna á framkvæmd þjóðaratkvæða-

greiðslna er mælt með því að ríki setji almennar reglur um framkvæmd þeirra og tilhögun frekar en að sett séu sérstök lög um þau efni í hvert skipti þegar ákveðið er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Það tryggir gagnsæi að hafa fyrir fram settar reglur um framkvæmdina og dregur úr tortryggni á því að málefnið sem slíkt hafi bein áhrif á hvernig reglur eru settar um atkvæðagreiðsluna.

Eins og fram hefur komið er lögunum ætlað að gilda um framkvæmd og tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu án tillits til þess hvert er tilefni hennar. Þar sem sérreglur geta átt við í nokkrum atriðum um þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskránni, svo sem um tímafresti o.fl., koma slíkar reglur fram í frumvarpinu eftir því sem við á og verða nánar útskýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

6.2. Byggt er á reglum um forsetakosningar og kosningar til Alþingis.

Lagt er til að löggjöf um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu taki eftir því sem við á mið af því kosningakerfi sem þegar er til staðar í landinu. Þessu ráða hagkvæmnissjónarmið en auk þess dregur það úr hættu á mistökum og hugsanlegum ágreiningi að notast við kerfi þar sem löng reynsla hefur skapast um framkvæmdina.

Frumvarpið byggist þannig í meginatriðum á sömu skipan og kemur fram í lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sem gera aftur ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar, að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf. Hér er m.a. litið til fordæmis sem sett var í framkvæmd síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu um sambandsslitin við Danmörku og hina nýju lýðveldisstjórnarskrá árið 1944 og lýst var að framan. Af því tilefni voru sett sérstök lög, nr. 17/1944, um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

Til hliðsjónar má benda á að lagaákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku og Svíþjóð byggjast einnig á því að fylgt sé ákvæðum laganna um kosningar til þjóðþings. Í sérstökum lögum sem sett voru í Noregi um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu var einnig byggt á almennum reglum um kosningar til Stórþingsins.

Í frumvarpinu er því vísað almennum orðum til ákvæða laga um kosningar til Alþingis sem skulu þá gilda um kjörskrár, kjörstjórnir, kosningaathöfnina sjálfa, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað nema sérreglur séu settar um annað.

6.3. Ráðgefandi eða bindandi niðurstaða atkvæðagreiðslu.

Ljóst er þegar stjórnarskráin mælir fyrir um að mál skuli borin undir þjóðina leiðir beint af ákvæðum hennar að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er bindandi. Sem áður segir eru engin ákvæði um það í stjórnarskránni að Alþingi geti ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni eða hver yrðu áhrif niðurstöðu slíkrar atkvæðagreiðslu. Því er Alþingi í sjálfsvald sett hvort það ákveður að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram og getur samþykkt ályktun þess efnis eftir venjulegum reglum. Á hinn bóginn er ljóst að niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu getur ekki orðið lagalega bindandi fyrir handhafa ríkisvaldsins, enda gerir stjórnarskráin ekki ráð fyrir því að hendur löggjafans eða annarra handhafa ríkisvalds verði bundnar af slíkum atkvæðagreiðslum. Til þess að niðurstaðan bindi hendur löggjafans þyrfti að koma til breyting á stjórnarskránni. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu getur því aðeins orðið ráðgefandi en engu síður eru hún mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til. Hér er þó mikilvægt að greina á milli lagalegs og pólitísks skuldbindingargildis. Jafnframt er eðlilegt að taka skýrt

fram í lögum að slík atkvæðagreiðsla sé ráðgefandi til að taka fyrir fram af öll tvímæli í þessum efnum.

Vert er að minna á að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt ákvörðun Alþingis fór þrisvar sinnum fram á fyrri hluta 20. aldar, árið 1905 (áfengisbann), 1915 (þegnskylduvinna) og 1933 (afnám áfengisbanns). Í öllum tilvikum var farið eftir niðurstöðunni.

Sú þróun hefur orðið í Evrópuríkjum á seinni hluta 20. aldar að bæta í auknum mæli inn ákvæðum í stjórnarskrár um að skylt sé að þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram við tilteknar aðstæður eða um tiltekin málefni og jafnframt að niðurstaða hennar skuli vera bindandi. Um tilefni og viðfangsefni atkvæðagreiðslunnar gilda þó misjafnar reglur og einnig hver getur átt frumkvæði að henni. Sem dæmi má nefna að tiltekinn hluti þingmanna getur ákveðið að vísa umdeildu lagafrumvarpi í atkvæði þjóðarinnar eða að tiltekinn fjöldi eða hlutfall kjósenda getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tiltekin lög.

Þess má geta að á 136. löggjafarþingi vorið 2009 lögðu þingmenn fjögurra stjórnmálaflokka á Alþingi fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Þar var m.a. lagt til að Alþingi skyldi láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varðaði almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefðust þess. Var jafnframt gert ráð fyrir að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar yrði bindandi þegar hún fjallaði um gildi tiltekinna laga. Frumvarpið varð ekki útrætt, en æskilegt er að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði farið gaumgæfilega yfir þá valkosti sem eru uppi til að bæta ákvæðum inn í stjórnarskrána um þjóðaratkvæðagreiðslur með bindandi niðurstöðum.

6.4. Sjónarmið um þátttökuskilyrði eða önnur skilyrði þess að niðurstaða teljist gild.

Í fyrrgreindum stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu eru engin skilyrði sett um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall kjósenda þurfi að samþykkja tillögu sem borin er fram. Skiptar skoðanir hafa komið fram um hvort eða að hvaða marki almenna löggjafanum sé heimilt að setja frekari skilyrði en stjórnarskráin sjálf tilgreinir til þess að tillaga sem borin er fram í atkvæðagreiðslunni teljist samþykkt eða hvort almenna reglan um að meiri hluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu. Eru sjónarmið um þetta m.a. ítarlega rakin í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar frá 2004 um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Mat hans var að rík efnisleg rök stæðu til þess að þjóðaratkvæðagreiðslur skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skyldu sæta hóflegum skilyrðum með tilliti til þátttöku eða ákveðins hlutfalls atkvæða sem þyrfti til að fella lög úr gildi. Þá var tekið fram að því hóflegri sem takmörkunin væri þeim mun líklegra væri að hún fengi staðist.

Því má halda fram að ef ákvörðun um að fella lög sem Alþingi hefur samþykkt úr gildi ræðst af þjóðaratkvæðagreiðslu sem aðeins lítill minni hluti þjóðarinnar hefur tekið þátt í sé ólýðræðisleg. Á hinn bóginn er ljóst að allir borgarar hafa jafnan kost á því að taka þátt í atkvæðagreiðslunni og hafa val um hvort þeir nýta sér þann rétt. Þá er almenna reglan í öllum öðrum kosningum, svo sem til þings og sveitarstjórna, að meiri hluti atkvæða ráði niðurstöðu og hefur aldrei komið til álita t.d. að binda niðurstöður kosninga til Alþingis skilyrði um lágmarkskosningaþátttöku.

Í 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar er reyndar tekið fram að forseti verði leystur frá embætti ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu. Sterk rök hníga að því að þar sem annars er ekki getið í stjórnarskránni gildi þessi almenna regla um að meiri hluti atkvæða skuli ráða niðurstöðu. Þessu til stuðnings má einkum benda á tvennt. Í fyrsta lagi ber að líta til þess í 81. gr. stjórnarskrárinnar, sem batt gildistöku hennar því skilyrði að hún yrði borin undir þjóðaratkvæði, var sérstakt skilyrði um að meiri hluti allra kosningar-

bærra manna í landinu þyrfti að samþykkja hana. Engin slík skilyrði er að finna í stjórnarskrárákvæðum sem sett voru á sama tíma, þ.e. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. Í öðru lagi má hafa í huga að í þjóðaratkvæðagreiðslum sem fóru fram á fyrri hluta 20. aldar var ávallt byggt á þeirri reglu að meiri hluti atkvæða réð niðurstöðu enda engar sérreglur um annað. Þannig var engra skilyrða um þátttöku eða afl atkvæða getið í stjórnarskipunarlögum, nr. 12/1915, varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur sem fór fram árið 1918. Var kosningaþátttaka aðeins 43,8% en 90,9% þeirra sem kusu samþykktu sambandslögin. Af þessu verður að ályktа að löggjafinn hafi ekki heimild til að þrengja skilyrði um þjóðaratkvæðagreiðslur sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Í frumvarpinu er því byggt á meginreglunni um að meiri hluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu án tillits til kosningaþátttöku eða hlutfalls atkvæða af fjölda atkvæðisbærra manna.

Um svigrúm löggjafans til að setja skilyrði varðandi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni gegnir öðru máli en því eru engar skorður settar í stjórnarskrá frekar en öðru sem lýtur að slíkum atkvæðagreiðslum. Þannig væri t.d. mögulegt að setja fyrirframskilyrði um tiltekna lágmarksþátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi ákveður að efna til eða skilyrði þess efnis að a.m.k. 25% eða 30% kjósenda á kjörskrá þurfi að samþykkja eða svara játandi þeirri spurningu sem borin er fram til þess að tillaga teljist samþykkt. Helstu röksemdir gegn þessu fyrirkomulagi eru þó að atkvæðagreiðslan er aðeins ráðgefandi en ekki bindandi og því breytir það engu fyrir lagaleg áhrif niðurstöðunnar hvort slík skilyrði eru sett. Einnig eru vandséð rök fyrir því að strangari reglur ættu að gilda í þessum efnum þegar niðurstaðan er ráðgefandi. Er því ekki farin sú leið í frumvarpinu að mæla fyrir um að Alþingi geti ákveðið að setja slík skilyrði í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þess má geta að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur sem fóru fram í Noregi 1972 og 1994 um aðild að Evrópusambandinu voru haldnar á grundvelli sérlaga sem voru sett í kjölfar ákvörðunar þjóðþingsins um að þær færu fram. Í þeim lögum voru hvorki gerðar kröfur um tiltekna lágmarksþátttöku né aukinn meiri hluta kjósenda til að tillagan teldist samþykkt.

6.5. Tilhögun og framsetning spurningar sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þegar litið er til alþjóðlegra rannsókna og ráðgefandi skýrslna alþjóðlegra nefnda um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sést að sérstök áhersla er lögð á að spurningin sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu sé skýr og óskilyrt og að þar séu aðeins gefnir tveir svarkostir, „já“ eða „nei“. Reynsla annarra ríkja sýnir að flóknari spurningar þar sem svarkostir eru fleiri eða spurning er sett fram með skilyrðum skapar hættu á ágreiningi um túlkun niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og hvernig eigi að fara eftir henni.

Frumvarpið gerir því ráð fyrir þeirri meginreglu í 3. gr. að skýrlega komi fram spurning á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslu og settir séu fram tveir valkostir um svör þar sem svara ber játandi eða neitandi. Að sjálfsögðu á kjósandi þess einnig kost sem endranær að skila auðum kjörseðli. Þótt þetta sé meginreglan er þó gert ráð fyrir því að Alþingi geti ákveðið að víkja frá þessu skilyrði þegar um ræðir ráðgefandi atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Miklu máli getur skipt hvernig spurningin sem lögð er fyrir kjósendur er orðuð. Því er mikilvægt að skýrt liggi fyrir hver ákveður spurninguna sem kemur fram á kjörseðli og að hlutlaus aðili komi að því. Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir því að Alþingi ákveði hvaða spurning verði borin fram en jafnframt að leitað sé umsagnar landskjörstjórnar um efnið. Þá er gengið út frá því að spurningin verði formlega kynnt kjósendum með a.m.k. mánaðar fyrirvara áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

6.6. Hverjir eru atkvæðisbærir.

Eins og áður hefur verið lýst er gengið út frá því að reglur um atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu séu þær sömu og eiga við í forsetakosningum og þar með í alþingiskosningum. Í dönskum, norskum og sænskum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur er einnig miðað við að sömu reglur gildi um atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu og í almennum þingkosningum. Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um í þjóðaratkvæðagreiðslu eru að jafnaði málefni sem falla undir verksvið þjóðþinganna þykir eðlilegt að miða við sömu reglur um kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reglan um kosningarrétt við kosningar til Alþingis kemur fram í 33. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að slíkan rétt hafi allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Í 2. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er nánar tilgreint að íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og átt lögheimili hér á landi hefur einnig kosningarrétt, annars vegar í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, og einnig eftir þann tíma enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum sem lýst er í 2. gr. laganna.

6.7. Um kynningu á málefni sem borið er undir þjóðina.

Mikilvægt eða að kjósendur eigi kost á því að kynna sér vel það málefni sem kosið er um í þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi ákveður að efna til skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Er það forsenda þess að kjósandi geti tekið upplýsta afstöðu til spurningarinnar sem borin er fram. Í sumum ríkjum hafa verið settar ítarlegar reglur um það hvernig standa beri að kynningu á málefni sem kosið er um í þjóðaratkvæðagreiðslu. Markmið þeirra er að stuðla sem mest að því að jafnvægis sé gætt í opinberri umfjöllun og að fylgjendur bæði þeirra sem eru með og á móti spurningunni sem borin er fram skuli njóta jafnra möguleika á að koma sjónarmiðum sínum fram, eftir því sem kostur er.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um það í 1. mgr. 6. gr. að víðtæk kynning skuli fram á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði og að Alþingi skuli standa fyrir henni. Er Alþingi veitt svigrúm til að ákveða hvaða tilhögun skuli höfð á því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafsgrein frumvarpsins er mælt fyrir um gildissvið laganna. Þeim er ætlað að gilda um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, jafnt þegar Alþingi ákveður að efna til hennar og þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni að bera tiltekin mál undir þjóðaratkvæði.

Í 1. mgr. er því lýst að Alþingi geti ákveðið með þingsályktun að almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Slík ákvörðun byggist á almennum valdheimildum þingsins án þess að heimild fyrir henni þurfi að binda sérstaklega í almenn lög eða stjórnarskrá. Á hinn bóginn er óumdeilt að lögbinda verður reglur um tilhögun og framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu eins og almennt á við um framkvæmd allra kosninga hér á landi, en það er einmitt eitt meginmarkmið laganna. Hér er þá jafnframt tekið af skarið um að ekki þurfi að setja sérstök lög í hvert skipti sem ákveðið er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Þar sem lögunum er ætla að hafa almennt gildi er ekki tekin nein efnisleg afstaða til þess í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins hvert er tilefni ákvörðunar um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram enda hefur Alþingi þar víðtækt svigrúm. Hefur almenni löggjafinn tæpast heimild til

þess að setja þinginu beinar skorður í þeim efnum, t.d. að banna að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um tiltekin mál að öðru leyti en því sem hægt yrði að leiða beint af stjórnarskránni. Ekki verður almenna löggjafanum heldur talið heimilt að leggja þær skyldur á Alþingi að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli ávallt fara fram um tiltekið málefni. Slíkar skyldur er á hinn bóginn hægt að mæla fyrir um í stjórnarskrá, sbr. stjórnarskrárákvæði þau sem vísað er til í 2. mgr. greinarinnar.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum hefur utanríkisráðherra lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er jafnframt ráðgert að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um mögulegan aðildarsamning að loknum samningaviðræðum við sambandið. Tilefni þess að Alþingi ákveður að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu getur annars verið af margvíslegum toga. Þannig gæti þingið t.d. ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef sterk krafa kæmi fram um það í þjóðfélaginu og fjöldi kjósenda ritaði nafn sitt á undirskriftalista þar sem atkvæðagreiðslu yrði krafist.

Í 1. mgr. greinarinnar er vísað til þess að atkvæðagreiðsla geti hvort heldur farið fram um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Í ljósi svigrúms Alþingis til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ber að túlka hugtakið „málefni“ rúmt og gæti það t.d. átt við varðandi spurningu um hvort fella skuli tiltekin lög úr gildi eða hvort setja skuli lög um tiltekin málefni.

Mikilvægt er þó að hafa í huga, eins og kemur fram í niðurlagi ákvæðisins. að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. getur aðeins orðið ráðgefandi en ekki bindandi fyrir handhafa ríkisvaldsins. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir því að hendur löggjafans eða annarra handhafa ríkisvalds verði bundnar vegna niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu umfram þau tilvik sem talin eru í henni sjálfri. Til þess að niðurstaðan bindi hendur löggjafans þyrfti að koma til breyting á stjórnarskránni og eins og rakið var í almennum athugasemdum er æskilegt að kanna kosti þess að bæta slíkum ákvæðum í stjórnarskrána við endurskoðun hennar sem stefnt hefur verið að um langt árabil. Þótt niðurstaða atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði ekki stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi felst í henni mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til. Þýðing niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar felst í því að hún hefur pólitískt skuldbindingargildi. Svari löggjafinn ekki því ákalli eða vilja þjóðarinnar sem kemur fram í atkvæðagreiðslunni reynir á pólitíska ábyrgð þjóðkjörinna fulltrúa sem þar sitja.

Í 2. mgr. greinarinnar er markaður farvegur fyrir þær þjóðaratkvæðagreiðslur sem mælt er fyrir um í ákvæðum stjórnarskrárinnar. Skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um frávikningu forseta lýðveldisins, skv. 26. gr. skal leggja lagafrumvarp sem forseti hefur synjað staðfestingar undir þjóðaratkvæði og loks kemur fram í 2. mgr. 79. gr. að samþykki Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr. skuli leggja það mál undir þjóðaratkvæði.

Eins og áður hefur komið fram hefur þjóðaratkvæðagreiðsla aldrei farið fram á grundvelli þessara stjórnarskrárákvæða, en jafnan hefur verið talið að setja þurfi sérstök lög um tilhögun slíkrar atkvæðagreiðslu. Verði frumvarp þetta að lögum hefur verið sett sú lagaumgjörð sem nauðsynleg er til að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram skapist þær aðstæður sem fjallað er um í þessum ákvæðum.

Um 2. gr.

Eins og lýst hefur verið stefnir frumvarpið að því að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands, lögum nr. 36/1945, með síðari breyt-

ingum. Þau lög gera síðan ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf. Var þessi háttur hafður á þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fór síðast fram árið 1944, sbr. sérstök lög, nr. 17/1944, sem sett voru af því tilefni.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að mörk kjördæma skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum. Er ákvæðið samhljóða ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Af ákvæðinu leiðir að ákvörðun landskjörstjórnar um mörk Reykjavíkurkjördæmanna fyrir síðustu alþingiskosningar muni gilda um mörk Reykjavíkurkjördæma í þjóðaratkvæðagreiðslum sem Alþingi ákveður að efna til. Litið er svo á að þetta eigi líka við um ákvörðun landskjörstjórnar um mörk skv. 2. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Í samræmi við þetta er því lýst í 2. gr. frumvarpsins að reglur um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. séu þær sömu og eiga við í alþingiskosningum, sbr. lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Þó kemur fram í 2. málsl. 2. gr. að kjörskrár skuli þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Var sérreglu af sama toga bætt inn í 1. gr. laganna um kjör forseta Íslands með lögum nr. 9/2004, en væri miðað við reglu kosningalaga að þessu leyti væri tíminn fimm vikur. Gilda sömu rök hér og í forsetakosningum að ekki er þörf á að svo langur tími líði. Hér er því lagt til að viðmiðunardagur kjörskrár verði styttur í þrjár vikur fyrir kosningar.

Um kosningarrétt gilda einnig sömu skilyrði og eiga við í alþingiskosningum, sbr. einnig 33. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkan rétt hafa því allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en nánari reglur um það er að finna í 2. mgr. 1. gr. laganna. Ljóst er að skilyrði kosningarréttar eru nokkuð þrengri en í kosningum til sveitarstjórna, nr. 5/1998, en skv. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga enn fremur kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um í þjóðaratkvæðagreiðslu verða alla jafna þau sömu og almennt heyra undir verksvið Alþingis þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu við þann rétt sem gildir í alþingiskosningum.

Loks er vert að taka fram að þótt tilgreint sé bæði í 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar að frumvarp eða mál skuli borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu þykja engar efnislegar ástæður vera til að setja atkvæðisbærni manna að þessu leyti önnur skilyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu en gilda mundi við alþingiskosningar. Í því sambandi má einnig benda á að sambærilegt skilyrði var að finna í 81. gr. stjórnarskrárinnar þegar þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstjórnarskrána fór fram árið 1944. Það var þó ekki því til fyrirstöðu að í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 17/1944, um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands, voru settar sérreglur um heimildir íslenskra ríkisborgara sem dvöldu erlendis til að neyta atkvæðisréttar síns hjá sendiherra eða ræðismanni Íslands á þeim stað. Er hér einnig miðað við að um rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni eigi að gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis, sbr. 59. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er stefnt að því að setja skýrar reglur um spurningu á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslunni og frágang seðilsins. Í 1. mgr. er því slegið föstu að Alþingi skuli ákveða orðalag og framsetningu spurningarinnar sem borin er upp í atkvæðagreiðslunni. Mikilvægt er að vandað sé til ákvörðunar um það hvernig spurningin er orðuð svo ekki vakni tortryggni um að framsetning hennar kunni að hafa áhrif afstöðu kjósenda. Því er ráðgert að landskjörstjórn gefi umsögn sína um spurninguna sem hlutlaus aðili áður en Alþingi samþykkir endanlegt orðalag. Gert er ráð fyrir því að spurningin sé samþykkt í sömu þingsályktun og þeirri sem Alþingi ályktar að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram, en ekki er útilokað að hún verði ákveðin síðar og þá í sérstakri þingsályktun.

Í erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þjóðaratkvæðagreiðslum og ráðleggingum um fyrirkomulag þeirra er jafnan mælt með því að til þess að fá fram skýra og afdráttarlausa niðurstöðu þurfi að setja fram skýra og óskilyrta spurningu þar sem valkostir um svar eru aðeins tveir. Í samræmi við það er ráðgert í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins að meginreglan sé að á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli koma skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir tveir svarmöguleikar sem eru „já“ eða „nei“.

Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að Alþingi kjósi að setja spurningu fram með öðrum hætti, þannig að valkostir séu fleiri en tveir, og er svigrúm til þess í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þar kemur jafnframt fram að unnt er að ákveða að hafa fleiri en eina spurningu í sömu atkvæðagreiðslu.

Þar sem fyrir liggur hvaða málefni eru borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu sem efnt er til á grundvelli ákvæða 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveði orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í þeim tilvikum samhliða þeim undirbúningi sem fer fram fyrir atkvæðagreiðsluna að öðru leyti.

Loks er lagt til í 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins að dómsmála- og mannréttindaráðherra setji nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla, þar sem fram kemur nákvæmari lýsing á uppsetningu texta á seðlinum.

Um 4. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um tímafresti sem settir eru áður en þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram frá því ákvörðun um hana liggur fyrir eða atvik verða sem lýst er í viðeigandi stjórnarskrárákvæðum. Ekki er ráðgert að sömu reglur gildi um tímafresti í öllum tilvikum, m.a. vegna fyrirmæla stjórnarskrárinnar sjálfar.

Í 1. mgr. er ráðgert að þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skuli fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að Alþingi samþykkir þingsályktun um hana. Er hér lagður til ákveðinn lágmarkstími vegna þess undirbúnings sem þarf að fara fram fyrir atkvæðagreiðsluna, einkum að nægur tími gefist til að kynna málefnið með víðtækum hætti, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þá er ráðgert að ekki líði meira en eitt ár frá ákvörðun Alþingis þar til atkvæðagreiðslan fer fram. Alþingi mundi væntanlega ákveða kjördag, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, í sjálfri þingsályktuninni um að atkvæðagreiðsla skuli fara fram, þótt ekki sé það fortakslaust.

Í 2. mgr. er lýst tímafrestum um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 3. mgr. 11. gr. og 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram. Hér verður að líta til þess að í báðum þessum ákvæðum er áskilið að atkvæðagreiðslan fari fram innan ákveðins tíma. Í 3. mgr. 11. gr. segir berum orðum að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um

hana var samþykkt á Alþingi og í 26. gr. segir að hún skuli fara fram svo fljótt sem kostur er frá því að forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar. Hvað síðarnefnda tilvikið varðar má líta til þess að ákveðinn lágmarkstími þarf að líða til undirbúnings fyrir atkvæðagreiðsluna, sem áður segir, en sá tími sem líður frá því að synjun forseta er kunngerð og þar til þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram nýtist til umræðu um viðkomandi lög og til kynningar á hinu umdeilda málefni sem kjósendur verða að taka afstöðu til. Ljóst er að skv. 3. mgr. 11. gr. eru tveir mánuðir sá hámarkstími sem má líða, en þess má vænta að atkvæðagreiðslan gæti farið fram fyrr. Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sbr. lög nr. 9/2004, er kjörskrárgerð miðuð við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Er það sami viðmiðunardagur og til skamms tíma gilti um kjörskrá í alþingiskosningum, en þetta tímamark var lengt í fimm vikur með lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, til að sömu upplýsingar gætu legið til grundvallar kjörskrárgerð og afmörkun nyrðra og syðra kjördæmis í Reykjavík, sem auglýsa ber fjórum vikum fyrir kjördag alþingiskosninga. Án breytinga á öðrum frestum samkvæmt þeim lögum eru þrjár vikur því almennt sá lágmarksfrestur sem þarf til að undirbúa almennar kosningar í landinu. Verður að ætla að það teldist uppfylla skilyrði 26. gr. um að atkvæðagreiðsla fari fram „svo fljótt sem kostur er“ en jafnt gildir einnig það tímamark varðandi 26. gr. að atkvæðagreiðsla dragist að jafnaði ekki lengur en tvo mánuði.

Ekki er mælt fyrir um tiltekna tímafresti hér varðandi atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. enda koma slíkir frestir ekki fram í stjórnarskránni sjálfri. Er því ekki tilefni til að binda sérstakar reglur í almenn lög um það efni en ákvörðun um kjördag í þeim tilvikum er á hendi Alþingis.

Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um að þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt lögum þessum geti farið fram samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri. Eru ýmis hagkvæmnisrök fyrir því að reglulegar kosningar verði nýttar í þessu skyni og eykur það jafnframt líkur á betri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Eðli málsins samkvæmt er þó ólíklegt að þetta geti alltaf átt við og færi þjóðaratkvæðagreiðsla um frávikningu forseta skv. 3. mgr. 11. gr. augljóslega ekki fram á sama tíma og forsetakosningar.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram sú meginregla að Alþingi skuli ákveða kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu en jafnframt er mælt fyrir um sérstakar auglýsingar um atkvæðagreiðsluna. Sú undantekning er gerð varðandi ákvörðun um kjördag að þegar um er að ræða atkvæðagreiðslu skv. 26. gr. skuli dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveða kjördag. Röksemdir fyrir þessu eru að þegar forseti hefur synjað lagafrumvarpi staðfestingar þarf að ákveða kjördag þannig að atkvæðagreiðsla fari fram svo fljótt sem kostur er, en jafnframt er frumvarpið farið úr höndum Alþingis. Mun dómsmála- og mannréttindaráðuneytið þá þegar hefja undirbúning atkvæðagreiðslunnar og er best til þess fallið að meta hvenær hún getur fyrst farið fram.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um þá almennu reglu að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skuli auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Þá er tekið fram að spurningin sem borin er upp í atkvæðagreiðslunni skuli einnig birt formlega með þessum fyrirvara. Með þessu er reynt að tryggja að kjósendur fái ákveðinn lágmarkstíma til að meta hvaða afstöðu þeir taki til spurningarinnar eða eftir atvikum spurninganna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sett verði ákvæði um kynningu á málefni sem bera á undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Slík kynning, þar á meðal útgáfa og dreifing viðeigandi kynningarefnis, er vandmeðfarin og mikilvægt að þess sé gætt að kynna bæði rök með og á móti þeim málstað eða málefni sem kosið er um svo kjósandi geti tekið vel upplýsta ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Lagt er til að Alþingi standi að forminu til fyrir kynningunni en forsætisnefnd þingsins er síðan ætlað að setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningarinnar. Hefur nefndin svigrúm í þeim efnum til að velja þær leiðir sem hún telur árangursríkastar til að ná þessu markmiði eða fela tilteknum aðila framkvæmd kynningarinnar. Þá er ljóst að a.m.k. þrír mánuðir verða að líða skv. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins frá því að ákveðið er að þjóðaratkvæðagreiðsla er ákveðin fram til kjördags, en þann tíma ber að nýta til kynningar. Ekki er lagt til að lögbundin verði heimild til að verja fjármunum til þeirra fylkinga eða samtaka sem kunna að myndast og takast á í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í 2. mgr. er sérregla sett um kynningu þegar um ræðir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í ljósi þess að atkvæðagreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er gefst minni tími til almennrar kynningar en mikilvægast er að kynna efni hins umdeilda frumvarps, eða í raun réttri laganna sem þá hafa tekið gildi, fyrir kjósendum. Er því lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu verði falið að dreifa inn á öll heimili í landinu upplýsingariti sem hafi að geyma lögin sem forseti synjaði staðfestingar og kjósa skal um skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ber að gera svo fljótt sem verða má eftir að forseti hefur synjað staðfestingar og eigi síðar en viku fyrir fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Með þessu móti má ætla að kjósendur geti myndað sér hlutlæga skoðun og tekið afstöðu til málsins. Þá skal í slíku kynningarefni einnig vakin sérstök athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis til þess að stuðla frekar að því að kjósendur geti kynnt sér málið og þau ágreiningsefni sem þar eru uppi.

Ekki er lagt til að lögbinda sérstakar reglur um kynningu í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu um frávikningu forseta skv. 3. mgr. 11. gr. eða um ákvörðun um breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 2. mgr. 79. gr. enda eru þau málefni að ýmsu leyti annars eðlis. Þótt ekki verði festar reglur um kynningu við þessar aðstæður hefur Alþingi að sjálfsögðu svigrúm til að hún fari fram, telji það þörf á, og getur þá með sama hætti ákveðið að setja hana í sama farveg og á við um 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hér er annars vegar lagt til í 1. mgr. að undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn séu hinar sömu og við alþingiskosningar og hins vegar í 2. mgr. að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Greinin sækir beina fyrirmynd til 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, en eins og áður hefur komið er stefnt að því að hafa sama hátt á í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og á við um forsetakosningar. Þegar vísað er til þess að mörk kjördæma verði hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum er átt við að ákvörðun landskjörstjórnar um mörk Reykjavíkurkjördæmanna fyrir síðustu alþingiskosningar muni gilda um mörk Reykjavíkurkjördæma í næstu þjóðaratkvæðagreiðslu hverju sinni.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 1. og 2. málsl. 5. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 9. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Eins og í flestum öðrum atriðum er gengið út frá því að fylgt sé reglum sem gilda í alþingiskosningum varðandi talningu atkvæða, en það þýðir að yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi hefur yfirumsjón með atkvæðatalningu. Er hér hafður sami háttur og þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fór síðast fram árið 1944 um lýðveldisstjórnarskrána og sambandsslitin við Danmörku, sbr. lög nr. 17/1944, sem sett voru af því tilefni. Við meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 17/1944 var m.a. tekin sérstök afstaða til þess að talning atkvæða skyldi eiga sér stað í hverju kjördæmi eins og í þingkosningum, þannig að atkvæðum yrði safnað saman í hverju einstöku kjördæmi og talin þar en ekki á öllu landinu í heild (Alþt. 1944, B-deild, dálkur 912). Er í frumvarpinu lagt til að sama skipan verði viðhöfð hér þótt einnig megi færa gild rök fyrir því að eðlilegt sé að breyta þeirri skipan og telja atkvæði á landsvísu bæði í forsetakosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis verður kjörseðill ekki að ágreiningsseðli nema umboðsmaður framboðslista dragi í efa úrskurð yfirkjörstjórnar um gildi atkvæðisins. Þar sem slíkum umboðsmönnum verður ekki til að dreifa við þjóðaratkvæðagreiðslu er í frumvarpinu mælt fyrir um að landskjörstjórn skipi umboðsmenn sem hafi það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála með sama hætti og umboðsmenn framboðslista samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um aðgerðir yfirkjörstjórna að lokinni talningu atkvæða. Er hér um sambærilegt ferli að ræða eins og á við í forsetakosningum, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur hér með höndum þau störf sem hæstiréttur hefur í forsetakosningum.

Þá er í 2. mgr. greinarinnar mælt fyrir um skyldu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins til þess að auglýsa úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Í 3. mgr. kemur fram sérregla um birtingu niðurstöðu atkvæðagreiðslu skv. 26. gr. í A-deild Stjórnartíðinda. Ljóst er að lagafrumvarp sem forseti neitar að undirrita skv. 26. gr. öðlast þó allt að einu gildi sem lög og glatar því ekki, nema það sé fellt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ætla verður að birting laga sem öðlast gildi við þessar aðstæður verði að fylgja þeim reglum sem fram koma í 27. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005. Verði frumvarpið, eða í raun réttri lögin, því um þetta er orðalag 26. gr. óskýrt, samþykkt í atkvæðagreiðslunni þarf sú niðurstaða ekki frekari auglýsingar við en þeirrar sem getið er í 2. mgr. varðandi birtingu í Lögbirtingablaði. Verði lögin á hinn bóginn felld í atkvæðagreiðslunni falla þau úr gildi. Hér er því lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið birti sérstaka auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda strax næsta dag eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir þar sem tilkynnt er að lögin séu fallin úr gildi. Um lagaskil í einstökum tilvikum er ekki unnt að mæla nánar fyrir um í almennum lögum enda geta þau horft afar mismunandi við eftir eðli og inntaki þeirra laga sem um er að ræða.

Um 11. gr.

Greinin mælir fyrir um þá almennu reglu að tillaga eða spurning sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þegar meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni samþykkir tillöguna sem borin er fram eða svarar spurningu játandi. Er reglunni ætlað að gilda bæði um atkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður að efna til skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og þeirra þjóðaratkvæðagreiðslna sem taldar eru í 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar, en reyndar er hún orðuð sérstaklega í fyrstnefnda ákvæðinu.

Þar sem einskis er getið í framangreindum stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi skilyrði um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall þeirra þurfi að samþykkja tillögu sem borin er fram verður byggt á þeirri almennu reglu sem tíðkast hefur. Um nánari sjónarmið um þetta er vísað til almennra athugasemda að framan.

Um 12. gr.

Í greininni er að finna almennar tilvísanir til laga um kosningar til Alþingis varðandi framkvæmd og tilhögun atkvæðagreiðslunnar að svo miklu leyti sem við getur átt, sbr. einnig 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um hvernig fara beri með kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó eru undanskildar kærur um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað sem lýst er í XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis, en um þær fer eins og aðrar kærur um refsiverða háttsemi eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Ekki er hægt að beita hér hliðstæðum reglum og eiga við um forsetakjör þar sem hæstiréttur úrskurðar um hvort reglur um framkvæmd kjörsins hafi verið brotnar. Þess í stað er lagt til að slíkar kærur verði sendar til landskjörstjórnar innan sjö daga frá því að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um að landskjörstjórn skuli veita Alþingi umsögn um atkvæðagreiðsluna og að slík umsögn skuli veitt óháð því hvort kæra hafi borist skv. 1. mgr. Í 2. mgr. er lagt til að Alþingi geti ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það getur komið til hvort heldur ef landskjörstjórn hefur tekið til meðferðar kæru og úrskurðað að atkvæðagreiðslan hafi verið ólögmæt eða ef Alþingi telur að aðrir verulegir ágallar hafi verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslitin. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Alþingi ákveðið að hún fari aftur fram þar í stað þess að öll atkvæðagreiðslan verði endurtekin.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að sett verði almenn lög um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, bæði þegar Alþingi ákveður að efna til hennar og eins þegar skylt er samkvæmt stjórnarskrá að bera tiltekin mál undir þjóðaratkvæði. Efnisskipan frumvarpsins er í meginatriðum eins og í lögum um framboð og kjör forseta Íslands, og er gert ráð fyrir að um atkvæðagreiðsluna sjálfa og undirbúning hennar fari í flestu samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur ekki farið fram hér á landi á lýðveldistíma, en ætla má að kostnaður ríkissjóðs við slíka kosningu gæti orðið ámóta og við alþingiskosningar, eða um 160 m.kr. Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið sett hér á landi og með frumvarpinu er leitast við að setja almenna lagaumgjörð um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Verður ekki séð að samþykkt þess hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs við slíkar kosningar miðað við núverandi lagaumhverfi. Undantekning þar frá gæti verið ákvæði 4. gr. um fortakslausa heimild til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri sem getur lækkað kostnað við þjóðaratkvæðagreiðslu verulega. Ekkert er þó í gildandi lögum sem bannar þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða þessum kosningum. Á móti gætu ákvæði 6. gr. um skyldu til að kynna málefni sem bera á undir þjóðaratkvæði leitt til einhvers kostnaðarauka. Gróft áætlað gæti slíkur kostnaður numið 50 m.kr. hverju sinni. Tæpast er þó hægt að ætla að sá kostnaður muni að öllu leyti leiða af ákvæðum frumvarpsins því fastlega má gera ráð fyrir að mál sem setja ætti í þjóðaratkvæðagreiðslu að óbreyttum lögum yrði vel kynnt, þótt ekki sé það lögboðið. Verður því ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á kostnað ríkissjóðs frá því sem annars hefði orðið.

119. Frumvarp til laga [69. mál]

um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

(Eftir 2. umr., 23. okt.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

2. gr.

Einstaklingar og heimili.

Í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga skal fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Heimilt er eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið.

Verklagsreglur sem settar eru skv. 1. mgr. skulu m.a. taka til eftirtalinna atriða:

1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til eðlilegrar framfærslu.
3. Mats á aðstæðum skuldara, m.a. fjölskyldugerð, húsnæði og sérstökum aðstæðum.
4. Skilyrða sem kunna að verða sett fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.

3. gr.

Fyrirtæki.

Kröfueigendur skulu setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Skulu reglurnar vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavini þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal staðfesta reglur sem aðilar sem fara með eftirlitsskylda starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, setja sér.

Reglur skv. 1. mgr. skulu m.a. taka til eftirtalinna atriða:

1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs sjóðstreymis fyrirtækja og tekjumöguleika einstaklinga.
3. Mats á skuldara, stjórnendum og eigendum fyrirtækja.
4. Skilyrða sem sett kunna að verða fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.
7. Samkeppnissjónarmiða.

II. KAFLI

Eftirlit með sértækum aðgerðum.

4. gr.

Eftirlitsnefnd.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar faglega nefnd sem hefur eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, sbr. I. kafla. Í nefndina skal skipa þrjá menn, hagfræðing, endurskoðanda og einstakling sem uppfyllir skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann vera formaður nefndarinnar. Eftirlitshlutverk nefndarinnar nær eingöngu til eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti ber kostnað af störfum nefndarinnar og skal hún heyra undir ráðherra. Enn fremur skal ráðuneytið leggja eftirlitsnefndinni til sérstakan starfsmann

sem undirbýr fundi hennar og útvegar og vinnur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir störf nefndarinnar.

Ráðherra setur í samráði við hagsmunaaðila reglugerð um störf eftirlitsnefndar.

5. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd skv. 4. gr. skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem kunna að verða settar á grundvelli 2. gr. og reglum skv. 2. mgr. 3. gr. Nefndin skal enn fremur fylgjast með því að við framkvæmd sértækra aðgerða sé gætt sanngirni og jafnræðis milli skuldara.

Nefndin skal hafa samstarf við umboðsmann sem starfar í þágu viðskiptavina viðkomandi fjármálafyrirtækis ef hann er fyrir hendi.

Nefndin getur kallað eftir gögnum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli I. kafla. Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn eða aðgang að fundum. Nefndin skal bundin þagnarskyldu um gögn og upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt.

Telji nefndin að samræmdum reglum skv. 2. gr. og reglum á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sé ekki fylgt eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt skal hún greina ráðherra frá því í sérstöku áliti. Varði meint brot reglur á grundvelli 2. mgr. 3. gr. skal nefndin jafnframt skila áliti sínu til Fjármálaeftirlitsins. Nefndin skal þó gæta þagnarskyldu við gerð álita og gæta þess að ekki séu gefnar upplýsingar sem varpa ljósi á hvaða viðskiptavinur eigi í hlut.

Vakni grunur hjá nefndinni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti skal hún tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin skal skila skýrslu til ráðherra um framkvæmd á ákvæðum I. kafla fyrir 1. mars 2010 sem ráðherra kynnir fyrir Alþingi. Ráðherra getur enn fremur óskað eftir skýrslu frá nefndinni eftir þann tíma, sem hann skal jafnframt kynna fyrir Alþingi.

III. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

6. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi. Skal greiðslujöfnun beitt á öll slík lán nema lánþegi hafi sérstaklega óskað þess að vera undanþeginn greiðslujöfnun. Skilmálabreyting á lánasamningi vegna greiðslujöfnunar skal vera lánþega að kostnaðarlausu.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. laganna skal endurgreiðsla skuldar einstaklinga á jöfnunarreikningi, eftir að upprunalegum lánstíma lýkur, aldrei standa lengur en þrjú ár vegna lánasamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara. Skuld sem stendur eftir á jöfnunarreikningi í lok þriggja ára frá lokum upprunalegs lánstíma skal gefin lánþega eftir og afmáð úr veðmálabókum.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að semja við einstaklinga um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa, þ.m.t. fjármálafyrirtækja, í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Þá er Íbúðalánasjóði heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur í samræmi við ákvæði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, og ákvæði laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að veita lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, sem og lánþegum eldri leiguíbúðalána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, lán til skuldbreytingar á vanskilum til allt að 30 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að fresta greiðslum tímabundið í heild eða að hluta, t.d. þannig að lánþegi greiði eingöngu vexti og verðbætur vegna vaxta. Þá er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að fresta hluta greiðslunnar með þeim hætti að færa hluta eftirstöðva á jöfnunarreikning, sbr. lög nr. 63/1985, og ákveða að endurgreiðsla lánsins fylgi greiðslumarki sem miðist við þann hluta eftirstöðvanna sem ekki var færður á jöfnunarreikning.
c. 1. málsl. 6. mgr. orðast svo: Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, að heild eða hluta, svo sem vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika.
d. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að ákveða að ákvæði laga um greiðslujöfnun, sbr. lög nr. 63/1985, með áorðnum breytingum, taki einnig til lána sem veitt hafa verið til sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, enda sé tilgangur heimildarinnar að greiðslujöfnun hafi bein áhrif á leigufjárhæðir eða búseturéttargreiðslur.

V. KAFLI
Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. I. og II. kafli falla brott 31. desember 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Ráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa starfshóp með fulltrúum allra þingflokka, sérfræðingum og fulltrúum hagsmunaaðila. Hópurinn skal meta árangurinn af framkvæmd laganna og skoða álitaefni sem upp koma við framkvæmdina, sem og álitaefni tengd þing-

lýsingum og stöðu síðari veðhafa, samkeppnisréttarleg álitaefni sem tengjast lögunum og þörf á takmörkun á gildistíma laganna.

Þá skal starfshópurinn skoða stofnun nýs embættis umboðsmanns skuldara sem m.a. skuli gæta hags og réttinda skuldara, beita sér fyrir því að áhrif laga þessara séu í samræmi við markmið þeirra, vinna að því að tryggja jafnræði, sanngirni og gagnsæi í samskiptum og samningum fjármálafyrirtækja við skuldara og taka við og meðhöndla ábendingar og mál um misbeitingu laganna.

Starfshópurinn skal skila ráðherra fyrstu tillögum sínum og drögum að lagabreytingum eftir því sem efni standa til en þó eigi síðar en 1. mars 2010 og síðan eftir þörfum. Ráðherra skal að því búnu leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögunum.

II.

Ráðherra skal leita leiða til að mæta skorti á langtímafjármögnun á íbúðalánamarkaði og tryggja fjármögnun og endurfjármögnun íbúðalána fyrir fjármálafyrirtæki og Íbúðalánasjóð.

Ráðherra skal leggja frumvarp þess efnis fyrir Alþingi.

120. Fyrirspurn [113. mál]

til iðnaðarráðherra um endurskoðun raforkulaga.

Frá Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir endurskoðun á ákvæði 8. mgr. 12. gr. laga nr. 65/2003 á þann hátt að tekið verði til skoðunar að heimila afnám tengigjalds við sértækar aðstæður og þá sem aðgerð í úrlausn á bættu raforkuöryggi?

Skriflegt svar óskast.

121. Lög [69. mál]

um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

(Afgreidd frá Alþingi 23. október 2009.)

Samhljóða þskj. 119.

122. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason,
Guðbjartur Hannesson, Guðmundur Steingrímsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skilgreina Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, m.a. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis. Skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárframlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum. Þetta verði gert í tengslum við þá heildarstefnumótun sem fram undan er af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í málefnum háskóla landsins og sem liður í því að:

– marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og
– leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið hefur þar sem umsvif háskólastarfsemi hafa aukist ört í landinu undanfarin ár. Við mótun mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best það atgervi og þær stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta.

Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins.

Á Vestfjörðum hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsóknaumhverfi með Háskólasetri Vestfjarða, Rannsókna- og fræðasetrum Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Vestfjarðaakademíunni, Fræðslumiðstöð Vestfjarða (sem lagði grunn að háskólastarfi á Vestfjörðum fyrir tilkomu Háskólaseturs), útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði, Matís (áður Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) og fleiri aðilum.

Atvinnufyrirtæki og sveitarfélög í fjórðungnum sameinuðust fyrir fjórum árum um stofnun Háskólaseturs Vestfjarða ásamt háskólunum í landinu, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og fleirum. Háskólasetrið hefur nú byggt upp námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Á sama tíma hefur Hafrannsóknastofnunin á Ísafirði verið að gera merkilegar veiðarfærarannsóknir í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð og Hraðfrystihúsið Gunnvör og Matís hafa verið með þorskeldistilraunir, auk þess sem ný rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Náttúrustofa Vestfjarða og Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands hafa sinnt umhverfis-, snjóflóða- og dýralífsrannsóknum, svo að nokkuð sé nefnt.

Nú, þegar ákveðið hefur verið að skerpa stefnumótun íslenska háskólastigsins, liggur beinast við að byggja á þeim grunni sem þegar er til orðinn. Þannig væri eðlilegast að miða rannsókna- og fræðastarf á Vestfjörðum við málefni hafsins og strandsvæða almennt. Slík

skilgreining mundi efla rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og þau atvinnufyrirtæki sem nú þegar sinna rannsóknum og þróunarstarfi.

Vestfirðir eru náttúruleg rannsóknastofa á sviði sjávarlíffræði, fiskeldisrannsókna, veiðarfærarannsókna, sjávarvistkerfa og stranda, hafstrauma og annarra umhverfisþátta sem tengjast hafinu. Rannsókna- og fræðasetur þau sem fyrir eru hafa góð tök á innbyrðis samstarfi sem og samstarfi við atvinnufyrirtæki í nágrenninu. Má þar nefna vélsmiðjur, rafmagnsverkstæði, sjávarútvegsfyrirtæki (t.d. þorskeldisrannsóknir Hraðfrystihússins Gunnvarar) og hátækniframleiðslu (3X-technology). Þetta þróunar- og rannsóknastarf mætti efla enn frekar og nýta í þágu háskólastigsins og atvinnulífsins á Vestfjörðum.

Í sóknaráætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga sem samþykkt var á síðasta þingi þess er lögð áhersla á aukinn stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávartengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu. Enn fremur að rekstrargrundvöllur og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða verði tryggt til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.d. í meistaranámi. Þá er skorað á stjórnvöld að tryggja áfram fjármögnun til rannsóknastarfs á Vestfjörðum.

Í þessu sambandi má einnig minna á að í gildandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði er meðal annars litið til nálægðarinnar við auðlindir sjávarútvegsins, fiskimiðin, og lagt til að rannsóknamiðstöð í þorskeldi verði á Vestfjörðum. Sömuleiðis verði atferlis- og veiðarfærarannsóknir starfræktar í samvinnu rannsóknastofnana á Vestfjörðum.

Þingsályktunartillaga þessi er þannig í góðu samræmi við áður fram komna stefnumótun sveitarfélaga og atvinnulífs.

Í nágrannalöndum okkar er að finna dæmi þess hvernig öflugar háskóla- og rannsóknastofnanir hafa orðið til á grundvelli skilgreiningar sérstöðu af því tagi sem hér er lögð til. Má til dæmis nefna háskólann í Tromsö, sem hefur skilgreint sig á alþjóðavísu sem miðstöð rannsókna og kennslu í málefnum haf- og strandsvæða á norðurslóð, m.a. varðandi lífríki sjávar, veiðar, vistkerfi, loftslag, vatna- og sjávarlíffræði, lífsskilyrði sjávardýra, fæðuval og fæðuframboð, auðlindastjórnun og umhverfishagfræði svo að nokkuð sé nefnt.

123. Svar [28. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um ESB-þýðingar.

1. *Hvað er gert ráð fyrir að þýðingar á efni sem tengist mati framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á hæfi Íslands til að sækja um aðild að ESB séu umfangsmiklar?*

Spurningar og svör vegna aðildarumsóknar Íslands nema 8.872 blaðsíðum alls. Þar af eru spurningar og bein svör við þeim um 2.400 blaðsíður en viðaukar eru 6.472 blaðsíður. Megnið af fylgigögnunum er til á íslensku en hluti þeirra er efni sérstaklega samið vegna aðildarumsóknarinnar á ensku. Fljótt á litið gæti þurft að þýða um 500 síður af fylgigögnunum.

2. *Hve mikið mundu þessar þýðingar kosta?*

Verð á þýðingum á almennum markaði hefur undanfarið reynst vera að jafnaði um 30 kr. á orðið. Samkvæmt því mundi þýðing á umræddu efni á almennum markaði kosta um 54,2

millj. kr. með virðisaukaskatti. Þá er ekki metin til verðs sú vinna sem fælist í yfirferð þýðinganna í ráðuneytum og stofnunum.

3. *Hversu tímafrekt yrði að þýða efnið?*
Ætla má að um sé að ræða um tólf mánaða vinnu fyrir sex þýðendur.

4. *Er framkvæmdastjórnin reiðubúin að leggja íslenskum stjórnvöldum til stuðning vegna þýðinga í tengslum við ESB-aðild?*
Ekki er gert ráð fyrir fjárstuðningi frá Evrópusambandinu vegna kostnaðar sem til fellur á þessu stigi aðildarferlisins. Hugsanlegt er að hægt verði að sækja í sjóði Evrópusambandsins sem ætlaðir eru til stuðnings og styrkingar stjórnkerfi umsóknarríkja á næstu stigum, til að efla þýðingar á löggjöf Evrópusambandsins. Komi til aðildar Íslands verður íslenska eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins og allur þýðingakostnaður færist á Evrópusambandið. Þar með mundi kostnaður íslenskra stjórnvalda af EES-þýðingum einnig falla niður.

124. Svar [29. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um kostnað við umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hefur verið gerð nákvæm áætlun um kostnað við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu?*
Kostnaðarmat liggur fyrir í þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (fskj. IV, þskj. 249, 38. mál 137. löggjafarþings). Vegna þess hve margir þættir voru óljósir á þeim tíma er kostnaðarmatið fremur almennt.

2. *Ef ekki, hvenær mun sundurliðuð áætlun liggja fyrir?*
Enn ríkir nokkur óvissa um kostnaðarþætti aðildarumsóknarinnar en samhliða því að skipulag næstu skrefa í ferlinu skýrast verður hægt að áætla kostnað af meiri nákvæmni. Ekki liggur á þessari stundu fyrir hvenær slík áætlun verður tilbúin.

3. *Hversu mikill kostnaður hefur þegar fallið til vegna aðildarumsóknarinnar?*
Ráðuneytið hefur óskað eftir 50 millj. kr. fjárheimild í fjáraukalögum 2009 vegna kostnaðar við þýðingar og hefur nú þegar fallið töluverður kostnaður á þann lið vegna aðkeyptra þýðinga og við undirbúning stækkunar Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins á næsta ári. Ráðuneytið hefur varið um 2,7 millj. kr. til aðkeyptra þýðinga, auk þess sem um 1 millj. kr. kostnaður hefur fallið til vegna undirbúnings á ráðningu þýðenda við Þýðingamiðstöð. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna tæknibúnaðar nemi um 18 millj. kr. á þessu ári.

Hvað varðar annan kostnað sem fallið hefur til vegna aðildarumsóknarinnar skal þess getið að ráðuneytið hefur gert ráð fyrir að fjármagna aðildarumsóknina að hluta með því að færa starfskrafta ráðuneytisins frá öðrum verkefnum til þessa verkefnis. Það er vandkvæðum bundið að meta nákvæmlega kostnaðinn sem þessu fylgir en ætla má að kostnaðarauki fyrir

ráðuneytið verði óverulegur. Þessu til viðbótar er áætlaður ferðakostnaður vegna umsóknarinnar það sem af er þessu ári um 2,3 millj. kr.

4. Er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpinu?

Eins og fyrr greinir hefur ráðuneytið óskað eftir 50 millj. kr. heimild í fjáraukalögum 2009 vegna kostnaðar við þýðingar í tengslum við aðildarumsóknina. Þá hefur ráðuneytið í fjárlagafrumvarpi ársins 2010 óskað eftir 180 millj. kr. fjárheimild til þriggja ára til eflingar Þýðingamiðstöðvarinnar. Einnig hefur verið óskað eftir 250 millj. kr. fjárheimild í fjárlagafrumvarpi 2010 vegna annars kostnaðar við aðildarumsóknina og er þar af áætlaður 50 millj. kr. kostnaður vegna annarra ráðuneyta. Óskað hefur verið eftir 150 millj. kr. kostnaði á árinu 2011 og er gert ráð fyrir að allt að 50 millj. kr. þar af renni til annarra ráðuneyta. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaðurinn verði meiri en þessu nemur, en mögulegt er að sækja um styrki úr sjóðum Evrópusambandsins til stuðnings undirbúningi aðildarferlis, sem koma þá á móti þeim kostnaði. Ekki liggur enn fyrir hver kostnaðarþátttaka Evrópusambandsins gæti orðið.

125. Svar [60. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur um fjölda starfa hjá ríkinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið fjöldi starfa hjá ríkinu, þ.e. þar sem Fjársýsla ríkisins er launagreiðandi, ár hvert frá 2005 í hverju skattumdæmi fyrir sig, sundurliðað í:

a. störf innan menntakerfis,
b. störf í löggæslu,
c. störf innan heilbrigðiskerfis,
d. störf við stjórnsýslu, og
e. önnur störf?

Í október árið 2005 voru 16.000 stöðugildi hjá ríkinu og í september í ár var fjöldi stöðugilda hjá ríkinu 17.700. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda starfa hjá ríkinu á tímabilinu 2005–2009, sundurliðað í störf innan heilbrigðiskerfis, í löggæslu, innan menntakerfis, við stjórnsýslu og önnur störf.

Á árinu 2006 færði stærsti hluti heilbrigðisstofnana launaafgreiðslu sína yfir til ríkisins, eða sem samsvarar um 1.500 stöðugildum. Þessarar breytingar verður fyrst vart á því ári en þá fjölgar störfum í heilbrigðiskerfinu í öllum skattumdæmum landsins.

Breytingar voru gerðar á lögreglulögum, nr. 90/1996, árið 2006 og var lögregluumdæmum þá fækkað í 15. Þessi breyting hefur áhrif á fjölda stöðugilda innan löggæslunnar sem og í öðrum störfum.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkinu eftir skattumdæmum, október 2005–2008, september 2009.

	2005	2006	2007	2008	2009
Austurlandsumdæmi	**218**	**459**	**487**	**460**	**458**
Störf innan heilbrigðiskerfis		232	247	258	260
Störf í löggæslu	22	27	27	25	20
Störf innan menntakerfis	69	72	81	89	90
Önnur störf	127	128	132	88	88
Norðurlandsumdæmi eystra	**561**	**714**	**1.178**	**1.207**	**1.166**
Störf innan heilbrigðiskerfis	9	164	647	650	623
Störf í löggæslu	49	42	43	46	49
Störf innan menntakerfis	430	433	413	432	416
Önnur störf	73	75	75	79	78
Norðurlandsumdæmi vestra	**133**	**309**	**319**	**324**	**316**
Störf innan heilbrigðiskerfis		169	173	171	167
Störf í löggæslu	16	17	16	17	17
Störf innan menntakerfis	94	92	95	104	97
Önnur störf	23	31	35	32	35
Reykjanesumdæmi	**1.370**	**1.735**	**1.722**	**1.509**	**1.558**
Störf innan heilbrigðiskerfis	184	369	373	390	395
Störf í löggæslu	98	105	232	223	92
Störf innan menntakerfis	364	387	397	404	428
Önnur störf	724	874	720	492	643
Reykjavíkurumdæmi	**12.846**	**13.013**	**13.201**	**13.048**	**12.525**
Störf innan heilbrigðiskerfis	4.120	4.390	4.472	4.442	4.250
Störf í löggæslu	446	461	555	514	497
Störf innan menntakerfis	2.025	1.997	2.173	1.960	1.897
Önnur störf	5.775	5.688	5.523	5.628	5.370
Störf við stjórnsýslu	480	477	478	504	511
Suðurlandsumdæmi	**321**	**491**	**516**	**511**	**518**
Störf innan heilbrigðiskerfis	27	189	199	242	238
Störf í löggæslu	39	38	36	37	35
Störf innan menntakerfis	86	89	96	94	96
Óflokkað	169	175	185	138	149
Vestfjarðaumdæmi	**152**	**322**	**329**	**346**	**334**
Störf innan heilbrigðiskerfis	28	204	204	212	209
Störf í löggæslu	22	22	24	26	22
Störf innan menntakerfis	37	33	32	35	29
Önnur störf	65	63	69	73	74
Vestmannaeyjaumdæmi	**54**	**125**	**130**	**133**	**125**
Störf innan heilbrigðiskerfis		72	76	77	73
Störf í löggæslu	13	12	10	10	9
Störf innan menntakerfis	25	25	29	30	29
Önnur störf	16	16	15	16	14
Vesturlandsumdæmi	**401**	**560**	**665**	**705**	**701**
Störf innan heilbrigðiskerfis	31	124	203	204	238
Störf í löggæslu	34	29	37	30	26
Störf innan menntakerfis	218	217	233	242	229
Önnur störf	118	190	192	229	208
Samtals	**16.057**	**17.728**	**18.547**	**18.243**	**17.701**

126. Svar [61. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur um frestun á nauðungarsölum fasteigna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörgum nauðungarsölum fasteigna (hvort heldur um er að ræða byrjun uppboðs, framhald uppboðs eða lokasölu fasteigna) hefur til þessa verið frestað fram yfir 31. október 2009 hjá sýslumannsembættum landsins á grundvelli 3. gr. laga nr. 23/2009?

Alls hefur 1.056 nauðungarsölum verið frestað fram yfir 31. október 2009 hjá sýslumannsembættunum tuttugu og fjórum, sbr. eftirfarandi töflu:

Embætti		**Embætti**	
Akranes	23	Ísafjörður	9
Akureyri	35	Keflavík	154
Blönduós	15	Kópavogur	88
Bolungarvík	5	Patreksfjörður	5
Borgarnes	13	Reykjavík	402
Búðardalur	3	Sauðárkrókur	4
Eskifjörður	14	Selfoss	38
Hafnarfjörður	149	Seyðisfjörður	14
Hólmavík	4	Siglufjörður	7
Húsavík	13	Stykkishólmur	11
Hvolsvöllur	23	Vestmannaeyjar	8
Höfn	16	Vík	3

127. Svar [62. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur um beiðnir um heimild til greiðsluaðlögunar.

1. *Hversu margar beiðnir um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, sbr. lög nr. 24/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?*

Alls hafa 318 beiðnir um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar borist héraðsdómstólunum, þar af eru 77 óafgreiddar. Af þeim beiðnum sem lokið er við að afgreiða hafa 215 verið samþykktar og 14 verið hafnað. Þá hafa 5 beiðnir verið afturkallaðar.

Sjá eftirfarandi töflu og skiptingu eftir dómstólum en allar tölur eru miðaðar við 15. október 2009.

Beiðnir um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar til og með 15. október 2009.

	Fjöldi beiðna	Samþykkt	Hafnað	Aftur-kallað	Óafgreitt
Héraðsdómur Reykjavíkur	144	101	9	5	29
Héraðsdómur Vesturlands	11	9	2		
Héraðsdómur Vestfjarða	6	6			
Héraðsdómur Norðurlands vestra	2	2			
Héraðsdómur Norðurlands eystra	16	14			2
Héraðsdómur Austurlands	8	8			
Héraðsdómur Suðurlands	19	14			5
Héraðsdómur Reykjaness	112	61	3	7	41
Samtals	**318**	**215**	**14**	**12**	**77**

2. *Hversu margar beiðnir um heimild til tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. lög nr. 50/2009, hafa verið teknar fyrir hjá héraðsdómstólum landsins? Hversu margar slíkar beiðnir hafa verið samþykktar og hversu mörgum hafnað?*

Alls hafa 78 beiðnir borist héraðsdómstólunum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, þar af eru 29 óafgreiddar. Af þeim beiðnum sem lokið er við að afgreiða hafa 42 verið samþykktar, engri hafnað en 7 beiðnir hafa verið afturkallaðar.

Sjá eftirfarandi töflu og skiptingu eftir dómstólum en allar tölur eru miðaðar við 15. október 2009.

Beiðnir um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna til og með 15. október 2009.

	Fjöldi beiðna	Samþykkt	Hafnað	Afturkallað	Óafgreitt
Héraðsdómur Reykjavíkur	41	24		4	13
Héraðsdómur Vesturlands	2	2			
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1			
Héraðsdómur Norðurlands vestra	0				
Héraðsdómur Norðurlands eystra	1			1	2
Héraðsdómur Austurlands	0				
Héraðsdómur Suðurlands	7	5			2
Héraðsdómur Reykjaness	26	10		2	14
Samtals	**78**	**42**	**0**	**7**	**29**

128. Frumvarp til laga [115. mál]

um eftirlit með þjónustu og hlutum sem hafa hernaðarlega þýðingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Markmið.

Með lögum þessum eru settar reglur um:

a. eftirlit með hlutum, þjónustu og fjárfestingum sem hafa hernaðarlega þýðingu, í þeim tilgangi að viðhalda friði og öryggi, til varnar gegn hryðjuverkum og til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi,
b. örugga vörslu og geymslu gagna um hluti, þjónustu og fjárfestingar sem hafa hernaðarlega þýðingu,
c. viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði gegn brotum á lögum þessum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún fer fram innan íslenskrar lögsögu.

Nú leggja lög tiltekinn málaflokk til viðkomandi fagráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu að utanríkisráðuneytið veiti leyfi eða setji reglur samkvæmt lögum þessum, enda sé haft samráð um útgáfu leyfisins eða setningu reglnanna við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess eftir atvikum. Lögreglustjóri veitir þó leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðili* er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
2. *Almenn útflutnings-, innflutnings-, þjónustu- eða fjárfestingaleyfi* eru leyfi sem eru veitt án þess að einstakir útflutnings-, innflutnings-, þjónustu- eða fjárfestingagerningar séu tilgreindir. Þau eru ýmist veitt einum aðila eða fleiri og eru bundin við viðskipti við aðila í tilgreindum ríkjum.
3. *Hergögn* eru vopn og skotfæri sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.
4. *Hlutur* tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni. Hergögn eru meðtalin.

5. *Hlutur með tvíþætt notagildi* er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem má bæði nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar.
6. *Miðlun* er milliganga við samningsgerð um kaup, sölu eða útvegun hluta eða þjónustu þar sem milligöngumaðurinn gerir hvorki löggerninga varðandi viðskiptin í eigin nafni né í nafni samningsaðilanna. Miðlun á m.a. við um viðskipti sem eiga sér stað milli aðila í erlendum ríkjum.
7. *Útflutningur* tekur til útflutnings og umflutnings, þ.m.t. endurútflutnings, í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til þess að láta af hendi hugbúnað og tækni með rafrænum miðlum, með faxi eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.
8. *Þjónusta* tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar, með eða án endurgjalds.

4. gr.

Leyfisskyldur inn- og útflutningur.

Enginn má flytja út hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi nema með leyfi ráðherra, sbr. þó 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. Listar yfir slík hergögn og hluti skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Listarnir skulu uppfærðir til samræmis við skyldur og skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að útflutningsleyfi þurfi fyrir búnaði sem nota mætti til bælingar innan lands í öðrum ríkjum.

Auk þess sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. er óheimilt að flytja út, án leyfis ráðherra, hluti sem útflytjanda er kunnugt um, hann má ætla eða ráðuneytið tilkynnir honum að séu eða kunni að vera ætlaðir, í heild eða að hluta, til notkunar í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands og að útflutningurinn brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða ógni varnar- eða öryggishagsmunum þess eða bandalagsríkja. Hið sama á við um hluti sem ráðuneytið tilkynnir útflytjanda að séu eða kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi fyrir innflutningi eða viðkomu hluta hérlendis sem geta nýst, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

5. gr.

Leyfisskyld þjónusta og leyfisskyldar fjárfestingar.

Enginn má stunda þjónustuviðskipti í tengslum við útflutning hluta skv. 4. gr. nema með leyfi ráðherra, enda hafi verið settar um þau nánari reglur.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til miðlunar með hluti skv. 4. gr. óháð því hvort um útflutning er að ræða eða ekki.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til fjárfestinga erlendis í starfsemi sem tengist þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstri, viðhaldi, geymslu, greiningu, auðkenningu, útbreiðslu, öflun, söfnun, notkun, útvegun, eignarhaldi, flutningi, miðlun eða viðskiptum með hluti skv. 4. gr. ef viðkomandi ríki er ekki aðili að alþjóðasamstarfi um útflutningseftirlit sem ráðherra metur fullnægjandi.

6. gr.

Leyfisskilyrði.

Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu innflutnings-, útflutnings- og þjónustuleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og framlagningu vottorða um lokanotanda og/eða lokanot hluta og þjónustu.

Ráðherra getur breytt leyfisskilyrðum eftir að leyfi hefur verið gefið út eða afturkallað leyfi hvenær sem er, til bráðabirgða eða fyrir fullt og allt, ef:

a. forsendur fyrir útgáfu leyfis eru brostnar,
b. leyfishafi hefur ekki farið eftir settum leyfisskilyrðum eða
c. brýna nauðsyn ber til

og skal þá leyfishafi skila leyfinu tafarlaust til ráðuneytisins.

Nú hefur almennt innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- eða fjárfestingaleyfi verið gefið út en leyfishafa verður kunnugt um eða hann má ætla, vegna síðari atburða eða af öðrum ástæðum, að útflutningurinn, innflutningurinn, þjónustan eða fjárfestingin brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og er honum þá óheimilt að nota leyfið.

Aðili máls getur ávallt óskað eftir því að ákvörðun ráðherra um leyfisskilyrði, breytingu leyfisskilyrða, afturköllun eða synjun leyfis verði endurupptekin í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Varsla hluta og bókhaldsgagna.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tryggja örugga vörslu þeirra. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu geyma ítarlegar upplýsingar og gögn um útflutning, innflutning, eignarhald, birgðahald, sölu, miðlun, útvegun og flutning þeirra, eftir því sem við á, í að minnsta kosti tíu ár. Gögnin skulu m.a. ná til:

a. lýsingar á hlutum, þjónustu og/eða fjárfestingum,
b. magns,
c. nafns og heimilisfangs viðtakanda, ef við á,
d. lokanotanda og/eða lokanota hluta og þjónustu, ef um þau er vitað.

Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Útflytjendur hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að framfylgja lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Skal ráðuneytið miðla upplýsingum til ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ráðuneytið, og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir, getur m.a. krafist:
a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem snertir framkvæmd laga þessara,
b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
c. afrita og þýðinga á efni skv. a-lið,
d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

Ef ekki er orðið við kröfu ráðuneytisins samkvæmt þessari grein getur það ákveðið að sá eða þeir sem krafan beinist að greiði dagsektir þar til orðið er við henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. á dag. Ákvarðanir ráðuneytisins um dagsektir eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tilkynna ráðuneytinu um útflutning, innflutning og birgðahald samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Nú er útflytjanda, innflytjanda, þjónustuaðila eða fjárfesti kunnugt um eða hann má ætla að hlutur sem hann vill flytja út eða inn, stunda þjónustuviðskipti með eða fjárfesta í tengslum við, sbr. 5. gr., sé eða kunni að vera ætlaður til nota, í heild eða að hluta, í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands og skal hann þá tilkynna ráðuneytinu þar um, sem tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt, eftir því sem við á. Hið sama á við um hluti sem honum er kunnugt um eða hann má ætla að kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra getur sett reglur um að tilkynna skuli flugskeytaskot innan íslenskrar lofthelgi.

10. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn ráðuneytisins og þeir aðilar sem það tilnefnir skv. 8. gr. skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um samkvæmt þessum lögum og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þagnarskyldan gildir ekki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er:
a. til þess að ná markmiðum laganna, m.a. í tengslum við lögreglurannsókn og saksókn máls,
b. milli þeirra aðila sem annast framkvæmd laganna, þar á meðal skjalavörslu,
c. vegna samráðs eða samvinnu við aðra eftirlits- og samstarfsaðila hérlendis sem erlendis.

11. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við lög þessi.

Óheimilt er að efna samninga eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við lög þessi og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku laganna eða viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

12. gr.
Undanþáguheimild.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni sem sett er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði bannsins.

Þegar tekin er ákvörðun um undanþágu samkvæmt þessari grein skal m.a. taka tillit til skyldna og skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

13. gr.
Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. 7. gr. um vörslu hluta og gagna,
b. 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum:

a. 4. gr. um bann við inn- eða útflutningi án leyfis,
b. 5. gr. um bann við þjónustuviðskiptum, miðlun eða fjárfestingum án leyfis,
c. 1. mgr. 6. gr. um leyfisskilyrði.

Hafi brot, sem vísað er til í 2. mgr., verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

14. gr.
Nánari reglur o.fl.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt:

a. að setja nánari reglur þar að lútandi,
b. að láta birta erlendan frumtexta lista yfir hluti skv. 4. gr. í B-deild Stjórnartíðinda,
c. að fella niður gjald fyrir útgáfu útflutningsleyfis, sbr. 50. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þegar hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir tímabundið til eða frá landinu til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er nú lagt fram í þriðja sinn, lítið breytt, en það var ekki afgreitt þegar það var lagt fram á 135. og 136. löggjafarþingi.

Núverandi eftirlit með útflutningi sem hefur hernaðarlega þýðingu er byggt á lögum um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988. Eftirlit þetta er viðhaft vegna alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði sem miða að því að hefta sölu hefðbundinna vopna, gjöreyðingarvopna og hættulegra hluta. Nauðsynlegt er að takmarka dreifingu þeirra til ákveðinna staða, hópa eða einstaklinga til þess að forðast að þau nýtist til hryðjuverka eða annarrar ólögmætrar starfsemi. Auk öryggissjónarmiða þarf að huga að mannréttinda- og mannúðarsjónarmiðum þegar ákvörðun er tekin um að hefta útbreiðslu hættulegra hluta.

Lög um útflutningsleyfi frá 1988 hafa ekki að geyma nægar heimildir til þess að Ísland geti tekið fullan þátt í alþjóðasamstarfi sem hefur það að markmiði að hefta útbreiðslu þjónustu og hluta sem hafa hernaðarlega þýðingu. Löggjöf sumra ríkja, t.d. Japans, banna að fjárfest sé í greinum, svo sem koltrefjaiðnaði, í löndum sem ekki eru þátttakendur í slíku samstarfi. Markmiðið með framlagningu frumvarpsins er m.a. að aðilar frá ríkjum með slíka löggjöf geti fjárfest á Íslandi.

Alþjóðleg samvinna um útflutningseftirlit hefur aukist verulega á undanförnum árum. Með frumvarpi þessu eru gildandi reglur um eftirlit með hlutum og þjónustu sem hafa hernaðarlega þýðingu hertar og útvíkkaðar. Einnig eru settar reglur um eftirlit með hernaðarlega mikilvægri þjónustu og fjárfestingum. Í frumvarpinu eru heimildarákvæði um setningu reglna um örugga vörslu og gagnafærslu þjónustu og hluta sem undir frumvarpið heyra.

Meðal alþjóðaskuldbindinga Íslands varðandi útflutningseftirlit má nefna fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamninginn frá 3. september 1992, skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að svonefndum Ástralíuhópi (efna- og lífefnavopn), Eftirlitskerfinu með flugskeytatækni (Missile Technology Control Regime – MTCR), Öryggisátakinu gegn útbreiðslu gereyðingarvopna (Proliferation Security Initiative – PSI) og Haag-atferlisreglunum gegn útbreiðslu skotflauga (Hague Code of Conduct Against Ballistic Missile Proliferation – HCOC).

Ísland hefur nýlega gerst aðili að Kjarnbirgjahópnum (Nuclear Suppliers Group – NSG) og hefur sótt um aðild að Wassenaar-fyrirkomulaginu (Wassenaar Arrangement – WA) um takmarkanir á sölu hergagna. Þetta alþjóðasamstarf snýst um að stuðla að alþjóðafriði og öryggi með virku útflutningseftirliti. Aðild Íslands að þessu samstarfi er forsenda fyrir þátttöku erlendra fjárfesta, t.d. frá Japan, í koltrefjaiðnaði á Íslandi.

Með alþjóðasamstarfi, eins og því sem felst í Ástralíuhópnum, MTCR, PSI og HCOC, sammælast þátttökuríkin um samræmdar aðgerðir sem þeim er ætlað að koma í framkvæmd innan lögsögu sinnar án þess að formlegir alþjóðasamningar séu gerðir þar um.

Fyrirmæli öryggisráðsins binda öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Dæmi er ályktun nr. 1540 frá 28. apríl 2004 sem fjallar um gereyðingarvopn. Þar segir m.a. að ríki skuli hafa virkt eftirlit með útflutningi á kjarna-, efna- og lífefnavopnum og burðarkerfum þeirra, svo og flutningi, umskipun og fjármögnun. Einnig skal kveðið á um viðurlög gegn brotum á út-

flutningslöggjöfinni. Lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, mynda ramma fyrir innleiðingu fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hér á landi.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur m.a. verið tekið tillit til reglna í nágrannalöndunum, þar á meðal á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu. Innan Evrópska efnahagssvæðisins gildir reglan um frjálst flæði vöru og þjónustu. Samræmdar reglur minnka hættuna á umflutningi ólöglegrar vöru frá EES-ríkjum um íslenskt yfirráðasvæði.

Frumvarp þetta miðar að því að fyrirkomulag eftirlits sé eins hagkvæmt og kostur er og að þekking samstarfsríkja verði nýtt eftir atvikum. Virkt útflutningseftirlit er til þess fallið að styrkja stöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja, einkum þeirra sem stunda útflutning á hlutum sem hafa svokallað tvíþætt notagildi, þ.e. nýtast bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi. Þeim verður auðveldara um vik að flytja inn vissa hátæknivöru í eigin framleiðslu ef betur er tryggt að hún verði ekki endurútflutt til landa sem eru á bannlistum annarra ríkja. Mikilvægt er að fyrirtækin geti treyst því að útflutningur brjóti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar, enda getur slíkt haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir þau og fyrir stjórnvöld.

Í gildandi lögum er ekki almenn heimild til að leyfisskylda þjónustu í tengslum við hergagnaviðskipti. Samkvæmt vopnalögum þarf leyfi lögreglustjóra til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda, en þeir vöruflokkar ná aðeins yfir brot af þeim hlutum sem falla undir efni þessa frumvarps. Samkvæmt loftferðalögum þarf leyfi samgönguráðherra til að flytja hergögn í loftförum, en þar eru hergögn skilgreind sem skotvopn og skotfæri. Í þessu frumvarpi er lögð til almenn heimild til þess að leyfisskylda vissa þjónustu í tengslum við hergögn, einkum miðlunarstarfsemi, enda nauðsynlegt til þess að tryggja virkar takmarkanir á viðskiptum með vopn erlendis, m.a. vegna fyrrnefndra alþjóðaskuldbindinga og öryggishagsmuna.

Ákvörðun um útflutningsleyfi fyrir hergögnum og skyldri vöru fer fram í þremur meginskrefum. Fyrst fer fram tæknilegt mat á vörunni, þ.e. hvort hún sé á gildandi lista yfir hluti sem ekki má flytja út eða aðeins má flytja út að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það mat getur kallað á ýmsa sérfræðiþekkingu, t.d. varðandi vöruna sjálfa, notkunarmöguleika hennar, mismunandi heiti sem kunna að vera notuð yfir hana, dreifingu o.s.frv. Næst fer fram áhættumat, þ.e. hvert er móttökuríkið, eru t.d. stríðsátök á svæðinu og hver er hinn endanlegi notandi? Skoða þarf hvort samstarfsríki hefur bannað hliðstæðan útflutning til viðkomandi aðila, en þá ber að öllu jöfnu að hafna útgáfu útflutningsleyfis. Varðandi þessi tvö fyrstu skref geta íslensk stjórnvöld reitt sig á alþjóðlega samvinnu ef á þarf að halda. Síðasta skrefið er hin pólitíska ákvörðun um hvort heimila eigi útflutninginn, þ.e. ef hann er ekki beinlínis bannaður samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Í þessu efni fylgja nágrannaríkin ekki alltaf samræmdri stefnu, jafnvel t.d. innan Evrópusambandsins.

Núverandi eftirlit með hergagnaútflutningi og vöru með tvíþætt notagildi er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi er það í höndum utanríkisráðuneytisins að veita útflutningsleyfi samkvæmt samnefndum lögum þar um. Í öðru lagi er það hlutverk tollstjóra að hafa eftirlit með útflutningi og umflutningi samkvæmt tollalögum. Í þriðja lagi hafa lögregluyfirvöld eftirlit með brotum á útflutningslöggjöfinni. Einnig koma önnur ráðuneyti að eftirliti með útflutningi á hættulegum hlutum, t.d. umhverfisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, á grundvelli laga sem undir þau heyra. Ef frumvarp þetta verður samþykkt verður engin grundvallarbreyting á þessu fyrirkomulagi. Stjórnvöld þurfa áfram að vinna saman til þess að tryggja nauðsynlega samhæfingu.

Rétt er að taka fram að þótt samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fjalli m.a. um frjáls vöruviðskipti er sérstaklega tekið fram í honum að ekkert í samningnum hindri samn-

ingsaðila í að gera ráðstafanir sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri, hergögn o.fl. Sameiginlegar reglur Evrópusambandsins um eftirlit með útflutningi hergagna eru ekki hluti af EES-samningnum, en engu síður getur verið æskilegt að innleiða hliðstæðar reglur í því skyni að tryggja samræmi í löggjöf ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta frumvarp var tilkynnt aðildarríkjum EES-samningsins á grundvelli ákvæða tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna, sbr. reglugerð um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu nr. 733/2000.

Gjöld fyrir útflutningsleyfi fara eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir markmiðssetningu frumvarpsins í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Lög þessi taka til allra aðila innan íslenskrar lögsögu og íslenskra aðila erlendis, hvar sem þeir eru staddir.

Utanríkisráðherra fer með mál er varða útflutningsverslun skv. 11. tölul. 12. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007, sem er sett á grundvelli samnefndra laga nr. 73/1969. Hins vegar er kveðið á um leyfisskyldan útflutning í nokkrum lögum sem heyra undir aðra ráðherra, t.d. vopnalögum, nr. 16/1998,[1] lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum, nr. 51/1981, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, svo að dæmi séu tekin.

Með þessu frumvarpi er lagt til að utanríkisráðuneytið geti veitt útflutningsleyfi fyrir öll hergögn og hluti með tvíþætt notagildi, en í þeim örfáu tilvikum þegar slíkur útflutningur kann að falla einnig undir önnur lög verði haft samráð við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun áður en nánari reglur eru settar til þess að tryggja samræmi í framkvæmd. Dæmi um slíka nánari útfærslu er samræming við 78. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, sem kveður á um að hergögn, þ.m.t. skotvopn og skotfæri, megi ekki flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra.

Í frumvarpi þessu er þó lagt til að lögreglustjóri veiti áfram leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti. Skv. 1. mgr. 6. gr. vopnalaga má enginn flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra og þykir eðlilegt að sá háttur verði áfram hafður á varðandi útflutning vopna sem falla undir gildissvið vopnalaga. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögreglustjóri muni hafa samráð við utanríkisráðuneytið þegar um varanlegan útflutning vopna er að ræða. Tímabundinn útflutningur vopna, t.d. til iðkunar skotfimi og til notkunar við veiðar erlendis, er áfram háður leyfi lögreglustjóra án þess að samráð við utanríkisráðuneytið þurfi að koma til.

---

[1] Eitt til tvö varanleg útflutningsleyfi munu hafa verið gefin út árlega samkvæmt vopnalögum undanfarin ár.

Um 3. gr.

„Herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher“ er þýðing á enska orðinu „paramilitary“.

„Útflutningur“ á jafnframt við um munnlegan flutning tækni í gegnum síma ef tæknina er að finna í skjali þar sem viðeigandi hluti þess er lesinn í síma eða honum lýst í síma á þann hátt að útkoman sé sú sama. Ekki er stefnt að því að leyfisbinda tímabundinn útflutning heldur aðeins varanlegan. Um þetta yrði nánar kveðið á í reglugerð.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði verða birtir listar yfir leyfisskyldar vörur. Þeir geta þó aldrei orðið tæmandi. Samkvæmt alþjóðareglum verður að gera ráð fyrir heildarákvæði (svonefndu „catch-all“ ákvæði) til þess að tryggja að reglurnar nái til allra þeirra hluta sem til er ætlast. Ákvæði þetta útilokar ekki að ráðherra veiti þeim fyrirtækjum sem uppfylla sett skilyrði, t.d. um innra eftirlit, almennt útflutningsleyfi, þ.e. ekki þurfi að sækja um leyfi fyrir hverri sendingu.

Við útfærslu þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að mestallur útflutningur til helstu viðskiptalanda og samstarfsríkja, þ.m.t. aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins, verði undanþeginn útflutningsleyfum.

Gert er ráð fyrir heimild til að kveða á um að leyfi þurfi til innflutnings eða viðkomu hérlendis á hlutum sem tengjast gereyðingarvopnum, sbr. til hliðsjónar 3. gr. reglugerðar um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi gereyðingarvopn nr. 123/2009.

Til glöggvunar á því hvernig listarnir munu líta út eru í fylgiskjölum I–III kaflafyrirsagnir lista yfir hergögn og hluti með tvíþætt notagildi og listi yfir búnað sem nota mætti til bælingar innan lands í öðrum ríkjum.[2]

Um 5. gr.

Í gildandi lögum um útflutningsleyfi er ekki fjallað um þjónustu. Með þessu ákvæði er lagt til að heimilt verði að leyfisbinda þjónustu í tengslum við útflutning eða miðlun þeirra hluta sem heyra undir frumvarpið. Slíkt er nauðsynlegt af öryggisástæðum og er þáttur í baráttu ríkja gegn útbreiðslu vígbúnaðar, mannréttindabrotum og alþjóðlegum afbrota- og hryðjuverkasamtökum. Einnig þarf að vera hægt að takmarka yfirfærslu tækniþekkingar í hernaðarlegum tilgangi með ýmiss konar þjónustusamningum.

Þess skal getið að ákvæði 1. mgr. 5. gr. verða ekki virk fyrr en ráðherra hefur sett reglur um framkvæmd þeirra.

Í þessari grein er lögð til heimild til að kveða á um að leyfi þurfi fyrir íslenskum fjárfestingum erlendis sem tengjast hergögnum eða hlutum með tvíþætt notagildi í tilteknum ríkjum. Slíkt ákvæði er m.a. nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að komist sé fram hjá öðrum ákvæðum frumvarpsins með því að flytja starfsemi úr landi. Ekki þarf þó að takmarka fjárfestingar í ríkjum sem Ísland á í samstarfi við um útflutningseftirlit, svo sem aðildarríkjum Ástralíuhópsins og Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni.

Um 6. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til að binda útflutningsleyfi nauðsynlegum skilyrðum og er þetta ákvæði fyrst og fremst sett í öryggisskyni til að tryggja að útflutningur fari fram í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

---

[2] Þýðing úr ensku á „equipment which might be used for internal repression“.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði heimilar að settar séu reglur um varðveislu gagna og örugga vörslu á hlutum sem undir frumvarpið heyra. Hið fyrra er til þess að tryggja raunhæft eftirlit og tryggja stjórnvöldum nauðsynlega yfirsýn yfir viðkomandi starfsemi. Hið síðara er af öryggisástæðum, til þess að hindra aðgang óviðkomandi aðila. Þegar eru í lögum vissar skyldur á þessu sviði, en engin heildarákvæði ná yfir allar þær vörur og þjónustu sem frumvarpið tekur til. Heimildin er því til frekari uppfyllingar á gildandi reglum og yrði henni aðeins beitt að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og þá í samráði við önnur viðkomandi stjórnvöld til þess að forðast tvítekningu.

Um 8. gr.

Margir aðilar koma að útflutningi, t.d. framleiðendur, umboðsmenn og farmflytjendur. Til þess að hægt sé að gera hættumat áður en útflutningsleyfi er veitt er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um samninga sem útflutningi tengjast, þ.m.t. um aðila að þeim og efnisákvæði þeirra. Því eru lagðar til heimildir fyrir ráðherra til að krefja útflytjendur og þjónustuaðila um nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast leyfisskyldum útflutningi, svo og annað sem skiptir máli við framkvæmd laganna. Einnig er talið nauðsynlegt að mæla fyrir um að upplýsingum samkvæmt þessu ákvæði verði miðlað til ríkislögreglustjóra, eftir því sem við á. Mikilvægt er að tryggja aðgang ríkislögreglustjóra að upplýsingum og aðkomu hans að eftirliti er varðar innri öryggismál ríkisins og alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Til þess að unnt sé að framfylgja virku útflutningseftirliti verður að vera hægt að fylgja því eftir með tryggilegum hætti. Því er lögð til heimild til þess að leggja dagsektir á þá aðila sem standa að útflutningi á leyfisskyldum hlutum eða þjónustu samkvæmt lögunum og ekki sinna upplýsingaskyldu sinni. Brot á þessu ákvæði varða stjórnsýsluviðurlögum, en ekki refsingum, þ.e. sektum eða fangelsi.

Um 9. gr.

Til þess að tryggja betur framkvæmd laganna er lagt til að heimilt verði að kveða á um tilkynningarskyldu um innflutning á hlutum sem undir þau heyra. Að svo miklu leyti sem önnur lög kveða á um slíkt yrði upplýsingunum safnað frá stjórnvöldum, til þess að forðast tvítekningu.

Með þessari grein er m.a. kveðið á um tilkynningarskyldu til stjórnvalda ef grunur leikur á að þjónusta, fjárfesting eða hlutur, sem er á vegum viðkomandi, sé eða kunni að vera ætlaður í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands.

Heimild til að kveða á um tilkynningarskyldu vegna flugskeytaskota er sett vegna alþjóðlegra skuldbindinga, en hefur einnig þýðingu fyrir flugöryggi.

Um 10. gr.

Með þessu ákvæði er áréttað að eftirlitsaðilar verði að gæta fyllstu þagmælsku um atriði sem þeir komast að í starfi og leynt eiga að fara, sérstaklega ef um viðskiptaleyndarmál er að ræða. Með viðskiptaleynd er átt við leynd yfir upplýsingum sem, væru þær látnar af hendi, mundu grafa undan viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur. Um viðurlög við brotum á þagnarskyldu gilda ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga.

Um 11. gr.

Útflytjandi getur aldrei borið fyrir sig t.d. samning sem hann hefur þegar gert þegar sótt er um útflutningsleyfi. Vanefndir leiða ekki til bótaskyldu.

Um 12. gr.

Þótt tiltekinn útflutningur hafi verið bannaður getur verið rétt og skylt að veita undanþágur frá slíku banni, vegna alþjóðlegra skuldbindinga eða af öðrum ástæðum. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda um framkvæmdina en þau tryggja jafna málsmeðferð gagnvart öllum leyfisumsækjendum.

Um 13. gr.

Lagt er til að refsiramminn verði rýmkaður og verði í stað fjögurra ára sex ár fyrir stórfelld brot, enda geta brot á lögunum haft ríkar afleiðingar fyrir öryggishagsmuni landsins og annarra þjóða.

Um 14. gr.

Ráðherra er hér heimilað að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, fyrst og fremst til að innleiða alþjóðlegar skuldbindingar á sviði þeirra.

Gert er ráð fyrir að gerðir séu listar yfir leyfisskyldan útflutning skv. 1. mgr. 4. gr. til þess að auðvelda bæði útflytjendum og stjórnvöldum framkvæmd laganna. Í framkvæmd er líklegast að listarnir verði samhljóða þeim sem Evrópusambandsríkin nota, enda heppilegast bæði fyrir útflytjendur og stjórnvöld að sömu reglur gildi vegna reglna um frjálsan flutning vöru innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fylgiskjölum I–III eru tilgreindar kaflafyrirsagnir þeirra eða efni.

Samkvæmt lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, fer birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla fram í Stjórnartíðindum eða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Heimilt er að innleiða reglur á erlendri tungu að vissum skilyrðum uppfylltum. Nýlegt dæmi um löggjöf á þessu sviði eru lög nr. 170/2006, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem heimila birtingu EES-gerða í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á og ákveðinn var með lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, að listarnir verði eingöngu birtir sem erlendur frumtexti í B-deild Stjórnartíðinda, enda mjög sérhæfðir og varða fáa aðila.

Lagt er til að utanríkisráðherra verði heimilt að fella niður gjald fyrir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs þegar það á við. Erlendur liðsafli sem dvelst hér á landi nýtur skattfrelsis með ákveðnum skilyrðum, sbr. t.d. lög um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007. Hins vegar geta komið upp önnur tilvik þar sem sambærileg undanþága er nauðsynleg og eðlileg, svo sem þegar hergögn eða aðrir hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir til landsins tímabundið til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hergögn.

Kaflafyrirsagnir lista:

1. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er minni en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd (0,5 tommu hlaupvídd) eða minni og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
2. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er meiri en 20 mm, önnur vopn og vopnabúnaður með meiri en 12,7 mm (0,5 tommu hlaupvídd), vörpur og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
3. Skotfæri og kveikistillingarbúnaður og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
4. Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengibúnaður og sprengihleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sérstaklega hannað til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
5. Skotstýribúnaður og tengdur vöktunar- og viðvörunarbúnaður og tengd kerfi, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sérstaklega hannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
6. Landfarartæki og íhlutir.
7. Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, „efni til að bæla niður óeirðir“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og smíðaefni.
8. „Orkurík efni (energetic materials)“ og skyld efni.
9. Herskip, sérstakur búnaður fyrir sjóher og fylgihlutir og íhlutir, sérhannaðir til nota í hernaði.
10. „Loftfar“, „loftför sem eru léttari en andrúmsloft (lighter than air vehicles)“, ómönnuð loftför, flughreyflar og búnaður í loftför, tengdur búnaður og íhlutir sérhannaðir eða sem breytt hefur verið til nota í hernaði.
11. Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins (EU Common Military List), sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir í hann.
12. Vopnakerfi sem nota háhraðahreyfiorku og tengdur búnaður og sérhannaðir íhlutir í þau.
13. Brynvarinn búnaður og hlífðarbúnaður og hlífðarhlutir og íhlutir.
14. Sérhæfður búnaður til herþjálfunar eða til að herma eftir aðstæðum í hernaði, hermar sem eru sérhannaðir til þjálfunar í notkun allra skotvopna eða vopna skv. 1. eða 2. tölul. þessa lista og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir fyrir hann.
15. Myndatöku- og myndvinnslubúnaður og búnaður til gagnaðgerða, sérhannaður til nota í hernaði og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
16. Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur sem hægt er að þekkja af samsetningu smíðaefnis, lögun eða virkni þegar þær eru notaðar í hlutum sem lúta útflutningseftirliti og sem eru sérhannaðar fyrir allar vörur sem eru tilgreindar í liðum 1, 4, 6, 9, 10, 12 eða 19.
17. Ýmiss konar búnaður, smíðaefni og gagnasöfn og sérhannaðir íhlutir þeirra.
18. Búnaður til framleiðslu á hlutum sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.
19. Vopn sem nota stefnuvirka orku (directed energy weapons (DEW)) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön og sérhannaðir íhlutir í þau.

20. Lághitabúnaður og ofurleiðarabúnaður og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir þeirra.
21. „Hugbúnaður“.
22. „Tækni“.

Fylgiskjal II.

Hlutir sem hafa tvíþætt notagildi.

Kaflafyrirsagnir lista:

0. Kjarnaefni, aðstaða, tæki.
1. Efni, kemísk efni, sýklar og eiturefni.
2. Vinnsla efna.
3. Rafeindabúnaður.
4. Tölvubúnaður.
5. Fjarskipti og upplýsingaöryggi.
6. Nemar og leysibúnaður.
7. Leiðsögu- og flugbúnaður.
8. Siglingabúnaður.
9. Knúningskerfi, geimbúnaður o.fl.

Fylgiskjal III.

Búnaður sem nota mætti til bælingar innan lands í öðrum ríkjum.

Listinn nær ekki yfir hluti sem hafa verið sérhannaðir eða eru sérstaklega breyttir til hernaðarnota:

1. Skotheldir hjálmar, óeirðahjálmar, óeirðaskildir og skotheldir skildir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
2. Sérhannaður tækjabúnaður til fingrafararannsókna.
3. Aflstýrð leitarljós.
4. Skotheldar vinnuvélar.
5. Veiðihnífar.
6. Sérhannaður búnaður til framleiðslu haglabyssna.
7. Búnaður til þess að handhlaða vopn.
8. Búnaður til að hlera samskipti.
9. Hálfleiðaraljósskynjarar.
10. Myndskerpupípur.
11. Sjónaukasigti fyrir vopn.
12. Vopn með óriffluðu hlaupi og tilheyrandi skotföng, önnur en þau sem eru sérhönnuð til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:
    - merkjabyssum,
    - loftbyssum og byssum með skothylkjum sem eru gerðar til iðnaðarnota eða til þess að deyfa dýr á mannúðlegan hátt.

13. Hermar fyrir þjálfun í meðferð skotvopna ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra og aukahlutum.
14. Sprengjur og handsprengjur, aðrar en þær sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
15. Líkamshlífar, aðrar en þær sem eru framleiddar eftir hernaðarstöðlum eða tæknilýsingum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
16. Ökutæki til sérstakra nota með drifi á öllum hjólum, sem unnt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn, ásamt straumlínulagaðri hlíf fyrir slík ökutæki.
17. Vatnsbyssur, ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra.
18. Ökutæki búin vatnsbyssum.
19. Ökutæki, sem eru sérhönnuð eða er sérstaklega breytt til þess að unnt sé að rafmagna þau í því skyni að hrekja árásarmenn brott, ásamt íhlutum þeirra sem eru sérhannaðir eða sérstaklega breytt í þeim tilgangi.
20. Hljóðtæknilegur búnaður, sem viðkomandi framleiðandi eða birgir lýsir sem nothæfum til þess að stöðva óeirðir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
21. Fótleggjafjötrar, keðjur til að hlekkja saman menn, fótjárn og rafstuðsbelti, sérhönnuð til þess að halda aftur af mönnum, að undanskildum:
    – handjárnum að hámarksheildarmáli, að keðju meðtalinni, sem er 240 mm eða minna þegar þau eru læst.
22. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að beita efni sem gerir menn óvirka (t.d. táragasi eða piparúða), ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
23. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að gefa rafstuð (t.d. rafstuðskylfur, rafstuðsskildir, deyfingarbyssur og rafstuðspílubyssur), ásamt íhlutum hans sem eru sérhannaðir eða er sérstaklega breytt í fyrrnefndum tilgangi.
24. Rafeindabúnaður, sem getur fundið leynd sprengiefni, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans, að undanskildum:
    – sjónvarps- eða röntgeneftirlitsbúnaði.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem hafa hernaðarlega þýðingu.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að setja reglur um utanríkisviðskipti með vörur og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu fyrir öryggi landsins og til þess að viðhalda alþjóðafriði og alþjóðaöryggi. Jafnframt hefur frumvarpið í för með sér að settar verða reglur um eftirlit og gagnafærslu um slík viðskipti og viðurlög gegn ólögmætum viðskiptum með slíkar vörur og þjónustu. Í frumvarpinu verður einnig lögð til sú almenna heimild til að

leyfisskylda viss utanríkisviðskipti með vörur og þjónustu sem getur nýst í hernaðarlegum tilgangi eða til hryðjuverka.

Eftirlit með útflutningi hergagna og skyldra hluta er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi er slíkt eftirlit á vegum utanríkisráðuneytisins sem veitir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um útflutningsleyfi. Í öðru lagi annast tollayfirvöld landamæravörslu. Í þriðja lagi er það lögreglan og lögregluyfirvöld sem sjá um eftirlit.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagaramma viðkomandi ráðuneytis. Matið er byggt á þeim fyrirvara að lagafrumvarp þetta muni ekki leiða til frekari aukningar á núverandi eftirlitsskyldu.

129. Frumvarp til laga [116. mál]

um heilbrigðisstarfsmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.

Um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda lög þessi, lög um réttindi sjúklinga, lög um landlækni, lög um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
2. *Löggilt heilbrigðisstétt:* Heilbrigðisstétt sem öðlast hefur löggildingu samkvæmt sérlögum sem í gildi voru við gildistöku laga þessara og reglugerðum sem settar voru með stoð í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, og samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga þessara.
3. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
4. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
5. *Sjúklingur:* Notandi heilbrigðisþjónustu.
6. *Meðferð:* Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

II. KAFLI
Löggiltar heilbrigðisstéttir.

3. gr.
Tilgreining löggiltra heilbrigðisstétta.

Löggiltar heilbrigðisstéttir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Áfengis- og vímuvarnaráðgjafar.
2. Félagsráðgjafar.
3. Fótaaðgerðafræðingar.
4. Geislafræðingar.
5. Hjúkrunarfræðingar.
6. Hnykkjar (kírópraktorar).
7. Iðjuþjálfar.
8. Lífeindafræðingar.
9. Ljósmæður.
10. Lyfjafræðingar.
11. Lyfjatæknar.
12. Læknar.
13. Læknaritarar.
14. Matartæknar.
15. Matvælafræðingar.
16. Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu.
17. Næringarfræðingar.
18. Næringarráðgjafar.
19. Næringarrekstrarfræðingar.
20. Osteópatar.
21. Sálfræðingar.
22. Sjóntækjafræðingar.
23. Sjúkraflutningamenn.
24. Sjúkraliðar.
25. Sjúkranuddarar.
26. Sjúkraþjálfarar.
27. Stoðtækjafræðingar.
28. Talmeinafræðingar.
29. Tannfræðingar.
30. Tannlæknar.
31. Tannsmiðir.
32. Tanntæknar.
33. Þroskaþjálfar.

4. gr.
Réttur til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar skv. 3. gr. og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi, setja reglugerðir um skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að nota heiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Þar skal m.a. kveðið á um það nám sem krafist er til að hljóta starfsleyfi og starfsþjálfun sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um nám. Heimilt er að kveða á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun þess í reglugerð.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig um staðfestingu starfsleyfa og gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

Kveðið skal á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til umsækjenda frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um gögn sem leggja ber fram, svo sem um nám og fyrirhuguð störf hér á landi, áður en umsókn er tekin til meðferðar. Hafi ekki verið sýnt fram á að nám uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um viðkomandi heilbrigðisstétt er heimilt að setja í reglugerð skilyrði um að umsækjandi frá þeim ríkjum gangist undir hæfnispróf sem sýni fram á að hann búi yfir kunnáttu sem krafist er af heilbrigðisstarfsmönnum í viðkomandi heilbrigðisstétt. Auk þess er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf eftir því sem við á hverju sinni, enda sé slík kunnátta talin nauðsynleg í starfi og þá einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga.

Ekki skal veita umsækjanda starfsleyfi ef fyrir hendi eru skilyrði til sviptingar starfsleyfis samkvæmt lögum um landlækni.

Heimilt er að taka gjald fyrir hæfnispróf sem lagt er fyrir umsækjanda um starfsleyfi. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd hæfnisprófs.

6. gr.

Veiting starfsleyfis.

Landlæknir veitir umsækjendum leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem slíkir hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 29. gr.

Landlækni er heimilt að veita umsækjendum frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis er kæranleg til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

7. gr.

Réttur til að kalla sig sérfræðing.

Rétt til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis.

Ráðherra getur kveðið á um löggildingu sérfræðigreina innan löggiltrar heilbrigðisstéttar með reglugerð, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi. Við löggildingu nýrra sérfræðigreina skal einkum litið til hagsmuna sjúklinga.

Í reglugerð um veitingu sérfræðileyfis skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Miðað skal við að lokið hafi verið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um það sérfræðinám sem krafist er til að hljóta sérfræðileyfi og um starfsþjálfun, sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um sérfræðinám.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

9. gr.

Veiting sérfræðileyfis.

Landlæknir veitir umsækjendum leyfi til að kalla sig sérfræðinga innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem slíkir hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 29. gr.

Synjun landlæknis um veitingu sérfræðileyfis er kæranleg til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

10. gr.

Óheimil notkun starfsheitis.

Þeim sem ekki hefur fengið til þess leyfi landlæknis er óheimilt að nota löggilt starfsheiti eða starfa sem slíkur. Honum er jafnframt óheimilt að veita sjúklingi meðferð sem fellur undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar, gefa læknisfræðilegar eða aðrar faglegar ráðleggingar eða afhenda lyf sem einungis er heimilt að selja í lyfjabúðum.

11. gr.

Tímabundið starfsleyfi.

Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. 2/3 hlutum fullgilds náms í tiltekinni grein heilbrigðisfræða tímabundið starfsleyfi til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu enda uppfylli viðkomandi önnur skilyrði laga þessara.

Landlækni er heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent nám eða próf, sem er viðurkennt samkvæmt samningum sbr. 29. gr. en uppfyllir ekki kröfur hér á landi.

Landlækni er enn fremur heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent próf eða nám frá ríki þar sem ekki er í gildi samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina.

Handhafi tímabundins starfsleyfis skal starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða.

Víkja má frá ákvæði 4. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.
Nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis skal setja með reglugerð.

12. gr.
Svipting og endurveiting starfsleyfis.

Um sviptingu og afsal starfsleyfis, takmörkun starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis fer samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.
Faglegar kröfur.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.
Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.
Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.
Heilbrigðisstarfsmaður skal virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns ef ætla má að hann sé hæfari til að veita honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.
Ráðherra er heimilt að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna í reglugerð.

14. gr.
Undanþága frá starfsskyldu.

Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda sé tryggt að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

15. gr.
Áfengi og vímuefni.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að starfa undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
Heilbrigðisstofnunum er heimilt að höfðu samráði við landlækni að setja reglur um bann við notkun heilbrigðisstarfsmanna á áfengi eða öðrum vímuefnum tiltekinn tíma áður en vinna þeirra hefst.

16. gr.
Aðstoðarmenn og nemar.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sjá til þess að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.
Ráðherra getur, að fenginni umsögn landlæknis, sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

17. gr.

Trúnaður og þagnarskylda.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir heilbrigðisstarfsmann undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

18. gr.

Upplýsinga- og vitnaskylda.

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar, m.a. vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni.

Heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar er skylt að veita ráðuneyti nauðsynlegar upplýsingar vegna meðferðar og úrlausnar stjórnsýslumála. Ákvæði 17. gr. um trúnaðar- og þagnarskyldu takmarka ekki upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt ákvæði þessu.

Heilbrigðisstarfsmaður verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til samstarfs og upplýsingagjafar til barnaverndaryfirvalda fer samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

19. gr.

Vottorð, álitsgerðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur.

Heilbrigðisstarfsmönnum ber að gæta varkárni, nákvæmni og óhlutdrægni við útgáfu vottorða, álitsgerða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna og votta það eitt er þeir vita sönnur á og er nauðsynlegt í hverju tilviki.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari reglur um útgáfu vottorða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna.

20. gr.

Um lyfjaávísanir og lyfjakaup.

Um lyfjaávísanir heilbrigðisstarfsmanna og heimild til kaupa í heildsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns fer samkvæmt lyfjalögum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

21. gr.
Sjúkraskrár.

Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir sjúklingi meðferð skal færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

22. gr.
Skylda til að veita hjálp.

Heilbrigðisstarfsmanni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlegu aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, í samræmi við menntun sína og þjálfun, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

23. gr.
Hófsemi.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess við veitingu heilbrigðisþjónustu og framkvæmd starfa sinna að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir sem standa straum af kostnaði vegna hennar verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.

24. gr.
Kynning og auglýsingar.

Við kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, svo sem bann við ákveðinni aðferð við kynningu eða auglýsingar.

25. gr.
Um sjúklingatryggingar.

Heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa sjálfstætt og fyrirtækjum sem veita heilbrigðisþjónustu er skylt að hafa vátryggingu sem uppfyllir skilyrði laga um sjúklingatryggingu og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.
Aldursmörk.

Heilbrigðisstarfsmanni samkvæmt lögum þessum er óheimilt að reka eigin starfsstofu eftir að hann nær 70 ára aldri. Landlækni er þó heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi, að framlengja leyfi til tveggja ára í senn, þó aldrei oftar en þrisvar.

27. gr.
Um meðferðar- eða rannsóknaraðferðir o.fl.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð:

a. að tilgreindum rannsóknar- eða meðferðaraðferðum skuli aðeins beitt af heilbrigðisstarfsmönnum eða nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum,
b. að tiltekinni meðferðar- eða rannsóknaraðferð skuli aðeins beitt af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi landlæknis,
c. bann við notkun tiltekinna meðferðar- og rannsóknaraðferða.

Reglugerðir um takmarkanir skv. 1. mgr. skulu byggðar á hagsmunum sjúklinga og skulu þær settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn fagfélags viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar.

28. gr.
Refsingar.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Með brot gegn lögum þessum skal farið samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

29. gr.
Alþjóðlegir samningar.

Landlækni er heimilt að gefa út leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar á grundvelli gagnkvæms samnings við önnur ríki um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast starfsleyfi á grundvelli alþjóðlegra samninga með reglugerð.

30. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.
Brottfall laga.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög, með síðari breytingum:

1. Læknalög, nr. 53/1988.
2. Lög um tannlækningar, nr. 38/1985.
3. Hjúkrunarlög, nr. 8/1974.
4. Lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990.
5. Lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977.
6. Ljósmæðralög, nr. 67/1984.
7. Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.
8. Lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980.
9. Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.
10. Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984.
11. Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976.
12. Lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.
13. Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985.
14. Lög um sálfræðinga, nr. 40/1976.
15. Lög um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000.

33. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðsins „læknalaga“ í 3. mgr. 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, kemur: laga um heilbrigðisstarfsmenn.
2. Í stað orðanna „skv. 19. gr. læknalaga“ í d-lið 4. mgr. 27. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, kemur: skv. 18. gr. laga um landlækni.
3. Í stað orðsins „læknalaga“ í 5. gr. laga um græðara, nr. 34/2005, kemur: laga um heilbrigðisstarfsmenn.
4. Orðið „læknalögum“ í 3. mgr. 7. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, fellur brott.
5. Í stað orðanna „lög um lyfjafræðinga“ í 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. og orðanna „V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978“ í 2. mgr. 22. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, kemur: lög um heilbrigðisstarfsmenn; og: lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á 137. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Heilbrigðisráðuneytið hefur farið yfir frumvarpið m.a. með tilliti til umsagna sem bárust heilbrigðisnefnd Alþingis. Efnisbreytingar frá fyrra frumvarpi eru mjög litlar og felast einkum í því að gert er ráð fyrir að tannsmiðir bætist í hóp heilbrigðisstétta, sett eru skýrari ákvæði um veitingu starfsleyfa til umsækjenda frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, lagt er til að áfram verði heimilt að veita nemum tímabundið starfsleyfi ef nauðsyn krefur og ákvæði fyrra frumvarps um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu er gert skýrara og kveðið á um heimild til að banna tilteknar aðferðir með reglugerð.

Um alllangt skeið hefur verið unnið að því í heilbrigðisráðuneytinu að semja rammalöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn og hefur ráðuneytið þrisvar sinnum sent drög að frumvarpi til umsagnar, síðast í desember 2008, en þá voru drög að frumvarpi m.a. send til fagfélaga heilbrigðisstétta, Lyfjastofnunar, landlæknisembættisins, menntastofnana og heilbrigðisstofnana og bárust alls 25 umsagnir.

Löggiltar heilbrigðisstéttir eru nú 33 talsins. Sérlög gilda um 14 heilbrigðisstéttir en 19 stéttir hafa verið löggiltar með reglugerðum, sem settar eru með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Gildandi laga- og reglugerðaákvæði um heilbrigðisstéttir eru að ýmsu leyti úrelt og gætir talsverðs ósamræmis, t.d. varðandi það hvaða heilbrigðisstéttir geta starfað sjálfstætt og hverjar starfa á ábyrgð annarrar heilbrigðisstéttar, hvaða heilbrigðisstéttir mega hafa aðstoðarmenn og hverjar ekki, hvaða heilbrigðisstéttir þurfa að halda skýrslur um störf sín og hverjar ekki.

Megintilgangurinn með rammalöggjöf um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn, tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur til heilbrigðisstarfsmanna. Ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn eru gerð markvissari og hnitmiðaðri en áður, felldar brott ónauð-

synlegar takmarkanir á starfssviði heilbrigðisstétta og þau færð til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar. Verði frumvarpið að lögum verða nýjar heilbrigðisstéttir framvegis ekki löggiltar nema með breytingu á lögunum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerðum kveðið á um ýmis atriði sem eru þess eðlis að betur fer á að þau séu ákveðin í stjórnvaldsfyrirmælum. Má m.a. nefna:

a. Hvaða skilyrði um nám og eftir atvikum starfsreynslu þarf að uppfylla til að eiga rétt á leyfi til að starfa innan viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar og kalla sig starfsheiti stéttarinnar.
b. Starfssvið heilbrigðisstétta og afmörkun þess.
c. Hvaða reglur gildi um hverja heilbrigðisstétt varðandi viðhaldsmenntun, umsagnaraðila um veitingu starfsleyfis o.fl.
d. Skilyrði fyrir löggildingu sérfræðigreina og veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing.

Við gerð slíkra reglugerða er gert ráð fyrir að haft verði samráð við aðila eins og landlækni, fagfélög, menntastofnanir og eftir atvikum aðra sem málið kann að varða.

Frumvarp þetta byggist að stofni til á ákvæðum læknalaga, nr. 53/1988, eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar, enda er tilvísun til læknalaga í flestum lögum og reglugerðum um heilbrigðisstéttir. Ýmis ákvæði læknalaga gilda því almennt um heilbrigðisstarfsmenn og má því segja að þau séu að vissu marki grundvallarlög um heilbrigðisstéttir. Við undirbúning frumvarps þessa hefur einnig verið höfð hliðsjón af sambærilegum norskum lögum.

Með lögum um landlækni voru stigin skref til samræmingar og ákvæði flutt úr læknalögum. Með lögum nr. 12/2008, um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, sem gengu í gildi 1. apríl sama ár, var útgáfa starfsleyfa flutt frá heilbrigðisráðuneyti til landlæknis. Helstu rökin fyrir flutningi starfsleyfa heilbrigðisstétta voru þau að um er að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima á verksviði stofnunar en ráðuneytis. Þá felst aukið réttaröryggi í því að umsækjendur um starfsleyfi geta kært niðurstöðu landlæknis til ráðuneytisins.

Helstu breytingar og nýmæli sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Ein samræmd rammalög um heilbrigðisstarfsmenn í stað 13 sérlaga og laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.
2. Heimild til að löggilda nýjar heilbrigðisstéttir með reglugerð fellur brott.
3. Starfssvið heilbrigðisstétta verði ákveðið á grundvelli þekkingar og hæfni með tilliti til hagsmuna sjúklinga og úrelt ákvæði um takmarkanir á starfsréttindum felld brott.
4. Kveðið á um að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar við á.
5. Undirstrikað að óheimilt sé að starfa undir áhrifum áfengis eða vímuefna og heilbrigðisstofnunum heimilað að setja reglur um bann við notkun áfengis og vímuefna í tiltekinn tíma áður en vinna hefst.
6. Heilbrigðisstarfsmenn skulu sjá til þess að aðstoðarmenn þeirra hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að sinna störfum sem þeir fela þeim.
7. Kveðið er á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli gæta þess að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.
8. Í stað núgildandi ákvæða um auglýsingar kemur ákvæði um þær kröfur sem gera skal til kynningar heilbrigðisþjónustu og auglýsingar og heimild til takmörkunar í reglugerð.

9. Ákvæði um hámarksaldur þeirra sem heimilt er að reka eigin starfsstofu er lækkaður úr 75 í 70 ár. Heimild landlæknis til að framlengja leyfi er takmarkað við 76 ára aldur.
10. Ráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð að tilgreindri meðferð sé aðeins beitt af heilbrigðisstarfsmönnum, nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum eða þeim sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi landlæknis. Jafnframt verði heimilt að banna tiltekna meðferð. Reglugerðir um slíkar takmarkanir skulu settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn viðkomandi fagfélags.

Ákvæði gildandi laga og reglugerða um heilbrigðisstéttir.

Heilbrigðisstéttir sem um gilda sérlög eru 14 talsins. Þessar heilbrigðisstéttir eru:

1. *Læknar*. Um lækna gilda læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingum. Samkvæmt læknalögum hefur sá einn rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækni sem uppfyllir skilyrði laganna fyrir læknaleyfi, sbr. 1. gr. laganna, og er öðrum óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. 6. gr. laganna. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um skyldur, sbr. III. kafla þeirra. Þar kemur og fram að læknar geta við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Aðstoðarmenn starfa á ábyrgð læknа nema önnur lög bjóði annað, sbr. 7. gr. laganna. Um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa gildir reglugerð nr. 305/1997, með síðari breytingum.
2. *Tannlæknar*. Um tannlækna gilda lög um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum. Skv. 1. gr. laganna hafa eingöngu þeir sem uppfylla skilyrði laganna um leyfi heimild til að stunda tannlækningar og kalla sig tannlækni. Verksvið tannlækna skv. 6. gr. laganna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum. Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk, sbr. 8. gr. laganna, og starfar það ávallt undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknisins, sbr. 9. gr. Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar, sbr. 2. mgr. 9. gr. laganna. Tannlæknar skulu færa sjúkraskrá yfir sjúklinga sem þeir annast, sbr. 14. gr. laganna. Um sérfræðileyfi tannlækna gildir reglugerð nr. 545/2007. Um ávísanir tannlækna á lyf gildir reglugerð nr. 1077/2006.
3. *Hjúkrunarfræðingar*. Um hjúkrunarfræðinga gilda hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum. Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hafa þeir sem fengið hafa leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Ekki má ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum, sbr. 4. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun gildir reglugerð nr. 124/2003.
4. *Félagsráðgjafar*. Um félagsráðgjafa gilda lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn sem hefur til þess leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. laganna. Í 7. gr. laganna er tekið fram að félagsráðgjafar bera ábyrgð á starfi sínu. Um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf gildir reglugerð nr. 555/1999.
5. *Iðjuþjálfar*. Um iðjuþjálfa gilda lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977. Rétt til að starfa sem iðjuþjálfi og kalla sig iðjuþjálfa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Iðjuþjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu, sbr. 4. gr. laganna. Iðjuþjálfi má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 5. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til hvers konar

iðjuþjálfastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. Iðjuþjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. laganna.

6. *Ljósmæður*. Um ljósmæður gilda ljósmæðralög, nr. 67/1984, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hefur sá einn sem hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Ljósmæður annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Þær starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd, sbr. 4. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. laganna.
7. *Lyfjafræðingar*. Um lyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa handa lyfjafræðingum gildir reglugerð nr. 449/1978.
8. *Aðstoðarlyfjafræðingar*. Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi, sbr. 4. gr. laganna. Háskóli Íslands býður ekki lengur upp á nám sem lýkur með aðstoðarlyfjafræðingsprófi.
9. *Lífeindafræðingar*. Um lífeindafræðinga gilda lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum, en heilbrigðisstéttin hét áður meinatæknar. Rétt til að starfa sem lífeindafræðingur og kalla sig lífeindafræðing hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða sem lífeindafræðing aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa í lífeindafræði gildir reglugerð nr. 232/2007.
10. *Sálfræðingar*. Um sálfræðinga gilda lög um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig sálfræðing hefur sá einn sem hlotið hefur til þess leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti sem er til þess fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar, sbr. 1. gr. laganna. Um sérfræðileyfi sálfræðinga gildir reglugerð nr. 158/1990.
11. *Sjóntækjafræðingar*. Um sjóntækjafræðinga gilda lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Sjóntækjafræðingar mæla sjón og fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur). Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögunum, sbr. 6. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð nr. 1043/2004, um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga hjá tilgreindum hópum.
12. *Sjúkraliðar*. Um sjúkraliða gilda lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum. Rétt til að starfa sem sjúkraliði og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til sjúkraliðastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 3. gr. laganna. Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Þó getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart öðrum sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu enda hafi hjúkrunarfræðingur ekki fengist til starfa. Slík skipan má þó ekki standa lengur en í eitt ár, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða, nr. 897/2001.
13. *Sjúkraþjálfarar*. Um sjúkraþjálfara gilda lög nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum. Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn

sem hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu, sbr. 4. gr. laganna. Sjúkraþjálfari má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 5. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. laganna. Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð, nr. 145/2003, um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun.

14. *Þroskaþjálfar.* Um þroskaþjálfa gilda lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978. Rétt til að starfa sem þroskaþjálfi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn sem hefur fengið leyfi landlæknis, sbr. 1. gr. laganna. Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra, sbr. 3. gr. laganna og óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfa, nr. 215/1987.
15. *Tannsmiðir.* Tannsmíði er löggilt iðngrein og um tannsmiði gilda lög um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000, reglugerð nr. 904/2000, um starfsréttindi tannsmiða, og reglur nr. 937/2000, um takmörkun á starfsréttindum tannsmiða. Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Um aðrar löggiltar heilbrigðisstéttir gilda reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Lögin leystu af hólmi eldri lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971. Samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta hafa þeir einir rétt til að nota starfsheiti sem fellur undir lögin sem fengið hafa starfsleyfi landlæknis, sbr. 3. gr. laganna. Þær stéttir sem fallið geta undir lögin starfa við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Þær starfa ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði, sbr. 4. gr. laganna. Lögin gera ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til þeirra starfa sem undir lögin heyra aðra en þá sem hlotið hafa starfsleyfi landlæknis, sbr. 5. gr. laganna.

Á grundvelli laganna um starfsheiti og starfsheiti heilbrigðisstétta (og eldri laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir) hafa verið settar reglugerðir um 19 heilbrigðisstéttir. Flestar þessara reglugerða voru settar á árunum 1986–1991. Síðan varð langt hlé á því að nýjar heilbrigðisstéttir væru löggiltar. Á árinu 2005 og 2006 voru tvær nýjar heilbrigðisstéttir löggiltar, þ.e. osteópatar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar, og árið 2007 fengu stoðtækjafræðingar löggildingu. Frá árinu 1991 hafa því einvörðungu þrjár nýjar heilbrigðisstéttir verið löggiltar.

Heilbrigðisstéttir löggiltar með sérstökum reglugerðum eru:

1. *Lyfjatæknar.* Um lyfjatækna gildir reglugerð um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna, nr. 199/1983. Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til lyfjatæknistarfa aðra en þá sem hafa starfsréttindi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
2. *Geislafræðingar.* Um geislafræðinga gildir reglugerð um geislafræðinga, nr. 185/2001. Geislafræðingur framkvæmir geislarannsóknir, geislameðferð og aðrar rannsóknir á fólki með myndgerðartækni samkvæmt fyrirmælum og í samráði við lækni, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til geislafræðingsstarfa aðra en geislafræðinga og

röntgenhjúkrunarfræðinga, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar og ákvæði til bráðabirgða. Geislafræðingar hétu áður röntgentæknar.

3. *Sjúkraflutningamenn.* Um sjúkraflutningamenn gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna, nr. 504/1986. Sjúkraflutningamenn stunda skipulagða sjúkraflutninga. Þeir starfa á eigin ábyrgð, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
4. *Næringarfræðingar.* Um næringarfræðinga gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarfræðinga, nr. 50/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarfræðingar starfa að næringarfræði við heilbrigðisstofnanir, kennslu-, rannsókna- og matvælastofnanir og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
5. *Næringarráðgjafar.* Um næringarráðgjafa gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarráðgjafa, nr. 51/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarráðgjafarstarfa að næringarráðgjöf á heilbrigðisstofnunum, kennslu-, rannsókna-, matvælastofnunum og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
6. *Læknaritarar.* Um læknaritara gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara, nr. 161/1987. Starfsvettvangur læknaritara er á heilbrigðisstofnunum og stofnunum hins opinbera er fara með stjórnunarmál á heilbrigðissviði. Þeir annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum er varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, samkvæmt nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu og ábyrgð þeirra, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
7. *Sjúkranuddarar.* Um sjúkranuddara gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara, nr. 204/1987. Starfsvettvangur sjúkranuddara er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með sjúkranuddi er átt við nudd í lækningaskyni samkvæmt tilvísun og á ábyrgð læknis, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Öðrum en sjúkranuddurum er óheimilt að starfa sem sjúkranuddarar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Sjúkranuddara er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
8. *Matvælafræðingar.* Um matvælafræðinga gildir reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, nr. 432/1987. Matvælafræðingar skulu starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli og aðrar neysluvörur. Starfssvið matvælafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum heilbrigðisstétta og matvælastofnunum. Matvælafræðingar starfa á eigin ábyrgð, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
9. *Talmeinafræðingar.* Um talmeinafræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga, nr. 618/1987. Starfssvið talmeinafræðinga er við greiningu, meðhöndlun og rannsóknir talmeina. Starfsvettvangur talmeinafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, í skólum og eigin stofum. Þeir starfa á eigin ábyrgð en þó eingöngu samkvæmt tilvísun og í samráði við lækni sé um að ræða meðferð í lækninga-, rannsókna- eða endurhæfingarskyni, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Talmeinafræðingi er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem talmeinafræðinga aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar. Talmeinafræðingi er skylt að halda skýrslur um þá er leita til hans í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar.
10. *Tannfræðingar.* Um tannfræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tannfræðinga, nr. 638/1987. Starfsvettvangur tannfræðinga er á heilbrigðisstofnunum, tannlæknastofum og uppeldis- og kennslustofnunum. Tannfræðingar starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna. Tannfræðingar starfa að fræðslu, ráðgjöf, skipulagningu og

framkvæmd tannverndar. Auk þess starfa tannfræðingar að þeim verklegu störfum sem tannlæknar fela þeim og þeir hafa hlotið menntun til, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Tannfræðingi er skylt að halda sjúkraskýrslu um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

11. *Matartæknar.* Um matartækna gildir reglugerð um matartækna, nr. 27/1989. Matartæknar annast matreiðslu í heilbrigðisstofnunum undir stjórn og á ábyrgð matarfræðinga (nú næringarrekstrarfræðinga), sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til matartæknistarfa aðra en þá sem hlotið hafa starfsréttindi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
12. *Hnykkjar.* Um hnykkja gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hnykkja, nr. 60/1990. Starfsvettvangur hnykkis er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með hnykkingum er átt við meðferð á stoðkerfi líkamans. Ekki má hnykkir taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Hnykki er heimilt að hafa sér til aðstoðar starfsfólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð hans, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Hnykki er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
13. *Tanntæknar.* Tanntæknar hétu áður aðstoðarmenn tannlækna, sbr. reglugerð um menntun, réttindi og skyldur aðstoðarmanna tannlækna, nr. 258/1990. Þessi reglugerð var felld úr gildi með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tanntækna, nr. 259/1998. Með hinni nýju reglugerð er heiti stéttarinnar breytt í tanntækna. Starfsvettvangur tanntækna er á tannlæknastofum, heilbrigðisstofnunum, uppeldis- og fræðslustofnunum. Þeir annast móttöku sjúklinga, aðstoða tannlækna við klínísk störf, sjá um hreinsun áhalda og tækja, annast bókanir og bókhald vegna sjúklinga og tannverndarstörf. Þeir starfa samkvæmt fyrirmælum tannlækna og undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem tanntækna aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
14. *Fótaaðgerðafræðingar.* Um fótaaðgerðafræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga, nr. 184/1991. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að starfsvettvangur fótaaðgerðafræðinga er á heilbrigðisstofnunum og á eigin stofum. Þar er fótaaðgerð skilgreind sem meðhöndlun fótameina, t.d. að fjarlægja harða húð og líkþorn, klippa og hreinsa neglur, þynna óeðlilegar þykkar neglur, sérsmíða spangir á niðurgrónar neglur og veita fræðslu og faglega ráðgjöf. Þar kemur og fram að fótaaðgerðafræðingar mega ekki án samráðs við lækni taka til meðferðar einstakling með augljós sjúkdómseinkenni, svo sem sýkingu í fótum, sykursýki, hjarta-, blóð- eða æðasjúkdóma. Fótaaðgerðafræðingi er heimilt að hafa starfsfólk sér til aðstoðar við annað en meðhöndlun fótameina og fræðslu og skal það ávallt starfa á ábyrgð hans, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Fótaaðgerðafræðingum er skylt að halda dagbækur um þá sem leita til þeirra og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
15. *Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu.* Um náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur náttúrufræðinga, sem starfa á sérhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana, nr. 272/1991. Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu starfa á sérhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana. Þeir sjá um þjónustu- og/eða grunnrannsóknir á sínu sérsviði, annast úrvinnslu gagna, fræðslu og þjálfun, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða í störf náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.

16. *Næringarrekstrarfræðingar.* Um næringarrekstrarfræðinga gildir nú reglugerð nr. 873/2006, um menntun, réttindi og skyldur næringarrekstrarfræðinga á heilbrigðisstofnunum, sem felldi úr gildi reglugerð um menntun réttindi og skyldur matarfræðinga, nr. 372/1993. Starfssvið næringarrekstrarfræðinga er stjórnun og rekstur stóreldhúsa á heilbrigðisstofnunum. Næringarrekstrarfræðingar veita næringarráðgjöf til hópa fólks, hanna matseðla út frá næringarráðleggingum og annast verklega kennslu nema í næringarrekstrarfræði og matartækni skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem næringarrekstrarfræðing á heilbrigðisstofnanir aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
17. *Áfengis- og vímuefnaráðgjafar.* Áfengis- og vímuefnaráðgjafar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa, nr. 974/2006. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar stunda ráðgjöf á sviði áfengismála á ábyrgð lækna eða annarra háskólamenntaðra starfsmanna sem fagráð telur hæfa og eru í starfi sínu háðir eftirliti landlæknis, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
18. *Osteópatar.* Osteópatar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur osteópata, nr. 229/2005. Starfsvettvangur osteópata er á heilbrigðisstofnunum og á eigin stofum. Starfssvið osteópata er meðhöndlun á stoðkerfi líkamans. Osteópati má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni skv. 4. gr. reglugerðarinnar.
19. *Stoðtækjafræðingar.* Stoðtækjafræðingar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur stoðtækjafræðinga, nr. 460/2007. Starf stoðtækjafræðinga felst í smíði, ábyrgð á smíði, viðhaldi og eftirliti stoðtækja. Með stoðtæki er átt við „vélrænan og/eða tæknilegan búnað, sem er liður í meðferð sjúkdóma eða aðlögunar útlima og sem festir eru eða settir á eða við líkama og limi svo sem: 1) gervilim sem koma skal algjörlega eða að hluta í stað útlims, 2) spelkur eða umbúðir sem koma eiga í staðinn fyrir eða laga skerta getu líkamshluta“. Óheimilt er að ráða sem stoðtækjafræðing annan en þann sem hefur starfsleyfi skv. 2. gr. Stoðtækjafræðingar starfa á eigin ábyrgð en eru í starfi sínu háðir faglegu eftirliti landlæknis. Stoðtækjafræðingi er heimilt að ráða aðstoðarfólk, enda starfi það undir handleiðslu og á ábyrgð hans, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Um útgáfu starfsleyfa til ríkisborgara á Evrópska efnahagssvæðinu gildir reglugerð nr. 244/1994, um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lýst meginmarkmiði laganna, þ.e. að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga.

Í 2. mgr. er gildissvið laganna afmarkað þannig að það taki til réttinda og skyldna löggiltra heilbrigðisstétta og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni eftir því sem við á. Um skyldur framangreindra aðila er að öðru leyti vísað til laga um réttindi sjúklinga, laga um landlækni, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru skilgreind hugtökin heilbrigðisstarfsmaður, löggilt heilbrigðisstétt, heilbrigðisstofnun, heilbrigðisþjónusta, sjúklingur og meðferð.

Með *heilbrigðisstarfsmanni* er átt við einstakling sem starfar sem heilbrigðisstarfsmaður og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar samkvæmt

gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu í 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Með *löggiltri heilbrigðisstétt* er átt við stétt sem fengið hefur löggildingu með sérlögum eða reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, eða samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Með heilbrigðisstofnun er átt við stofnun, þ.m.t. fyrirtæki eða starfsstofu þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Skilgreining á heilbrigðisstofnun er samhljóða skilgreiningu í 8. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Með *heilbrigðisþjónustu* er átt við hvers kyns heilsugæslu, lækningar, hjúkrun, almenna og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, sjúkraflutninga, hjálpartækjaþjónustu og þjónustu heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma eða endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu sama hugtaks í 1. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Sjúklingur er skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustu í samræmi við skilgreiningu á sjúklingi í 2. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Með hugtakinu sjúklingur í lögum þessum og lögum um réttindi sjúklinga er því átt við einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, þegar hann notar heilbrigðisþjónustu.

Hugtakið *meðferð* er skilgreint sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í 2. gr. laga um réttindi sjúklinga að öðru leyti en því að hér hefur hugtakið heilbrigðisþjónusta verið tekið upp í skilgreininguna í samræmi við ný lög um heilbrigðisþjónustu. Ber samkvæmt þessu að horfa til skilgreiningar á hugtakinu heilbrigðisþjónusta þegar hugtakið meðferð er túlkað samkvæmt lögunum.

Um 3. gr.

Í greininni eru taldar upp þær 32 heilbrigðisstéttir sem þegar hafa fengið löggildingu.

Þá er tannsmíðum bætt við upptalningu löggiltra heilbrigðisstétta. Tannsmíði er nú löggilt iðngrein og heyrir undir iðnaðarráðuneytið, sbr. lög um starfsréttindi tannsmiða nr. 109/2000. Í framhaldi af ósk Tannsmiðafélags Íslands og að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands o.fl. aðila var ákveðið að leggja til að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt.

Starfsheitið „aðstoðarlyfjafræðingur“ er fellt brott úr upptalningu um tilgreiningu heilbrigðisstétta, enda er ekki lengur boðið upp á þetta nám hjá lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Þeir sem fengið hafa starfsleyfi sem aðstoðarlyfjafræðingar halda rétti sínum til að nota starfsheitið og starfa sem slíkir, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Með brottfalli laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, sbr. 32. gr. frumvarps þessa, fellur niður heimild ráðherra til að löggilda nýja heilbrigðisstétt með reglugerð. Ný heilbrigðisstétt verður þá einungis löggilt með lagabreytingu þar sem heiti hinnar nýju heilbrigðisstéttar yrði bætt við upptalningu 3. gr. á löggiltum heilbrigðisstéttum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði hverrar stéttar er lögin taka til, að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður innan löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að setja skuli, með reglugerðum, skýr fyrirmæli um skilyrði sem uppfylla þarf til að mega kalla sig starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi, m.a. um það hvaða náms og eftir atvikum starfsþjálfunar er krafist til að hljóta starfsleyfi í viðkomandi grein á Íslandi. Jafnframt skal kveðið á um hvenær leitað skuli umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um hvort umsækjandi um starfsleyfi hér á landi uppfylli þau námsskilyrði sem sett eru í viðkomandi grein heilbrigðisfræða. Gert er ráð fyrir að umsagnaraðilar verði einkum viðkomandi menntastofnun, fagfélag eða sérfræðiráð. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að kveða á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun þess með reglugerð. Við afmörkun starfssviðs skal lögð áhersla á að hver stétt skuli sinna þeim störfum sem hún hefur þekkingu og hæfni til og getur starfssvið tveggja eða fleiri heilbrigðisstétta því eftir atvikum skarast. Starfssvið hverrar stéttar verði ákveðið á grundvelli menntunar og hæfni og með tilliti til öryggis sjúklinga. Við setningu þessara reglugerða skal gæta skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Fríverslunarsamtökum Evrópu eða með öðrum alþjóðasamningum.

Þá skal í reglugerð kveðið á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa til umsækjenda frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina. Gert er ráð fyrir að þar verði ákvæði um vottorð sem ber að leggja fram m.a. um nám og um fyrirhuguð störf hér á landi, svo sem frá væntanlegum vinnuveitendum, áður en umsókn er tekin til meðferðar. Þá er gert ráð fyrir heimild til að ákveða í reglugerð að umsækjandi um starfsleyfi sanni kunnáttu sína í greininni með því að gangast undir hæfnispróf. Jafnframt verði heimilt að setja með reglugerð skilyrði um íslenskukunnáttu og þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf, enda sé slík kunnátta nauðsynleg í starfinu, einkum vegna öryggis sjúklinga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að starfsleyfi skuli ekki veitt ef skilyrði sviptingar starfsleyfis, samkvæmt lögum um landlækni, eru fyrir hendi.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að taka gjald af umsækjendum vegna kostnaðar við hæfnispróf.

Um 6. gr.

Veiting starfsleyfa heilbrigðisstétta var flutt frá heilbrigðisráðherra til landlæknis með lögum nr. 12/2008, um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis. Hér er því ekki um að ræða efnisbreytingu. Í greininni er kveðið á um að landlæknir veiti heilbrigðisstarfsmönnum leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem slíkir hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða.

Í 2. mgr. er áréttað að landlækni sé heimilt að veita umsækjendum frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í 3. mgr. er undirstrikað að synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis sé kæranleg til ráðherra samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að rétt til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hafi einungis þeir sem fengið hafa til þess leyfi landlæknis.

Um 8. gr.

Það færist sífellt í vöxt að ýmsar starfsstéttir, þar á meðal heilbrigðisstéttir, afli sér framhaldsmenntunar og sérþekkingar á fagsviði sínu víða um lönd. Auknar sérþarfir með vaxandi fólksfjölda, nýjungar í vísindum og tækni, breytt þjóðfélagssýn o.fl. ýta undir slíka þróun. Má þar nefna starfsstéttir eins og lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, sálfræðinga og félagsráðgjafa. Í 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um að ráðherra geti, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun, ákveðið með reglugerð hvort löggilda skuli sérfræðigrein innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og þá hvaða sérfræðigreinar. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal einkum litið til hagsmuna sjúklinga við ákvörðun um hvort löggilda eigi nýja sérfræðigrein. Hagsmunir sjúklinga eru einkum fólgnir í því að staðfest sé að heilbrigðisstarfsmenn sem þeir leita til hafi nauðsynlega þekkingu og hæfni á tilteknu sérsviði. Með þessu ákvæði er undirstrikað að það eru hagsmunir sjúklinga sem skulu vera ráðandi fremur en hagsmunir stéttarinnar af því að fá að kalla sig sérfræðing.

Í reglugerð um sérfræðileyfi skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að mega kalla sig sérfræðing og í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila. Hér er lagt til að miðað verði við að umsækjendur um sérfræðileyfi hafi lokið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Mikilvægt er að reglugerðir um skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfa hafi að geyma skýrar reglur um námskröfur, kröfur til starfsþjálfunar og reynslu og aðrar kröfur sem taldar eru nauðsynlegar til þess að einstaklingur megi kallað sig sérfræðing. Einnig er mikilvægt að kveðið verði á um samanburð náms sem ekki hefur áður verið viðurkennt við þær námskröfur sem gerðar eru og náms sem viðurkennt hefur verið.

Í 2. mgr. er kveðið á um að gætt skuli skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig samkvæmt alþjóðasamningum.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að landlæknir veiti umsækjendum leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar að uppfylltum skilyrðum laganna, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og á grundvelli skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir samkvæmt alþjóðasamningum, sbr. 29. gr.

Í 2. mgr. er hnykkt á því að synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis sé kæranleg til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi kalla sig löggiltu starfsheiti heilbrigðisstéttar eða starfa sem slíkur nema hann hafi fengið til þess leyfi landlæknis. Með sama hætti má heilbrigðisstarfsmaður í einni löggiltri heilbrigðisstétt ekki kalla sig starfsheiti annarrar löggiltrar heilbrigðisstéttar eða kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur, nema hafa til þess leyfi landlæknis. Við túlkun á því hvenær heilbrigðisstarfsmaður starfar sem slíkur og hvenær hann fer inn á lögverndað starfssvið annarrar heilbrigðisstéttar verður að líta til þess að víða er veruleg skörun á starfssviði heilbrigðisstétta og mörkin ekki alltaf skýr. Við mat á því hvort heilbrigðisstarfsmaður hefur farið inn á lögverndað starfssvið annarrar stéttar skal litið til hagsmuna sjúklinga af því að heilbrigðisstarfsmaður hafi nauð-

synlega faglega þekkingu og hæfni til viðkomandi starfa, fremur en hagsmuna heilbrigðisstéttar af því að útiloka aðrar heilbrigðisstéttir frá því að sinna tilteknum störfum.

Einungis þeim sem fengið hefur leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar er heimilt nota starfsheiti stéttarinnar. Einungis þeim sem fengið hafa slíkt leyfi er heimilt að taka sjúklinga til meðferðar, vinna önnur störf sem heyra undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar, gefa sjúklingum læknisfræðilegar eða faglegar ráðleggingar og afhenda sjúklingum lyf sem einungis er heimilt að selja í lyfjabúðum, í samræmi við ákvæði lyfjalaga.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að landlækni verði heimilt að veita þeim sem lokið hafa 2/3 hlutum náms í tiltekinni sérgrein heilbrigðisfræða tímabundið starfsleyfi, ef nauðsyn krefur. Ákvæði um tímabundið starfsleyfi læknanema og læknakandídata er nú í 4. gr. læknalaga. Við nánari athugun þótti ekki fært að fella brott þessa heimild, en henni hefur verið beitt þegar læknanemar eða læknakandídatar hafa gegnt afleysingastörfum á heilsugæslustöðvum í dreifbýli og þurfa að geta gefið út lyfjaávísanir. Þótt heimildin sé ekki takmörkuð við læknanema og læknakandídata samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að henni verði einungis beitt í öðrum tilvikum ef brýna nauðsyn ber til.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að landlæknir geti gefið út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanns með erlent nám eða próf sem er viðurkennt samkvæmt alþjóðasamningum, en uppfyllir ekki þær kröfur um nám sem gerðar eru hér á landi til að nota starfsheiti viðkomandi heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Þar er heimilt að krefjast þess að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, svo sem að námstími sé a.m.k. einu ári styttri en hér á landi eða að námið sé að inntaki verulega frábrugðið inntaki náms hér á landi og að starfsgreinin sé lögvernduð, að umsækjandi um starfsleyfi ljúki allt að þriggja ára aðlögunartíma eða taki hæfnispróf. Til að umsækjandi geti starfað á aðlögunartíma þarf hann tímabundið starfsleyfi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að landlæknir geti gefið út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með próf eða nám frá ríki utan hins Evrópska efnahagssvæðis eða frá Sviss þegar enginn samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina gildir. Slík heimild greiðir fyrir því að heilbrigðisstarfsmenn frá fyrrgreindum ríkjum fái tækifæri til að starfa undir stjórn og eftirliti löggilts heilbrigðisstarfsmanns þyki ekki fært að gefa út varanlegt starfsleyfi, t.d. vegna þess að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður uppfyllir ekki að fullu kröfur um nám og hefur ekki nauðsynlega kunnáttu í íslensku. Að loknum slíkum reynslutíma gæti hann síðan sótt um varanlegt starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í 4. mgr. er kveðið á um að handhafi tímabundins starfsleyfis skuli starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða. Þetta ákvæði er byggt á 2. mgr. 4. gr. læknalaga.

Samkvæmt 5. mgr. er landlækni heimilt að vikja frá ákvæðum 4. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Hliðstætt ákvæði er nú að finna í 3. mgr. 4. gr. læknalaga.

Um 12. gr.

Hér er vísað til ákvæða laga um landlækni varðandi sviptingu og afsal starfsleyfis, takmörkun starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.

Um 13. gr.

Ákvæðið fjallar um faglegar kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisstarfsmanna.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er efnislega í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. læknalaga og sambærileg ákvæði sérlaga og reglugerða sem gilda um aðrar heilbrigðisstéttir. Þá er áréttað ákvæði 17. gr. laga um réttindi sjúklinga um að heilbrigðisstarfsmaður skuli koma fram við sjúkling af virðingu.

Samkvæmt 3. mgr. ber heilbrigðisstarfsmaður, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita. Lög um réttindi sjúklinga gilda að öðru leyti um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns ef ætla má að hann sé faglega hæfari til að veita honum viðeigandi þjónustu. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í læknalögum eða lögum um aðrar heilbrigðisstéttir. Þótt telja verði að þessi skylda hvíli á heilbrigðisstéttum þykir ástæða til að árétta þessa skyldu í lögum. Heilbrigðisstarfsmaður sem virti ekki faglegar takmarkanir sínar eða léti undir höfuð leggjast að vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar það ætti við, gæti þurft að sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ráðherra til að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna með reglugerð.

Um 14. gr.

Ákvæðið er byggt á ákvæði 8. gr. læknalaga. Samkvæmt því er heimild til að skorast undan störfum háð því að heilbrigðisstarfsmaður hafi tryggt að sjúklingurinn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu annars staðar.

Um 15. gr.

Ótvírætt má telja að samkvæmt eðli máls og ákvæðum gildandi laga, m.a. laga um landlækni, sé heilbrigðisstarfsmanni óheimilt að starfa undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Rétt þykir þó að kveða skýrt á um þetta í lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Í 2. mgr. felst það nýmæli að heilbrigðisstofnunum verði heimilt, að höfðu samráði við landlækni, að setja reglur um bann við notkun heilbrigðisstarfsmanna á áfengi eða öðrum vímuefnum tiltekinn tíma áður en vinna þeirra hefst.

Um 16. gr.

Í greininni er undirstrikað að heilbrigðisstarfsmaður skuli sjá til þess að aðstoðarmenn og nemar sem starfa undir hans stjórn hafi nægilega hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að geta innt af hendi þau störf sem hann felur þeim.

Sambærilegt ákvæði hefur um alllangt skeið verið í læknalögum, sbr. 7. gr., og ýmsum sérlögum og reglugerðum um löggiltar heilbrigðisstéttir. Þá eru ákvæði í gildandi lögum eða reglugerðum um að tannlæknar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, talmeinafræðingar, hnykkjar og fótaaðgerðafræðingar geti notið aðstoðar annarra heilbrigðisstarfsmanna og/eða annarra starfsmanna við störf sín. Hér er ákvæðið víkkað og látið ná til allra heilbrigðisstarfsmanna

sem eftir atvikum geta haft aðstoðarmann. Þá er gert ráð fyrir að auk heilbrigðisstarfsmanna geti aðrir starfsmenn svo og nemar verið heilbrigðisstarfsmanni til aðstoðar, enda hafi hann gengið úr skugga um að aðstoðarmaðurinn eða neminn sé fær um að vinna verkið undir hans eftirliti og stjórn.

Í 2. mgr. segir að ráðherra geti, að fenginni umsögn landlæknis, sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 17. gr.

Ákvæðið er byggt á 12. og 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 og 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988. 15. gr. læknalaga gildir einnig um aðra heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt tilvísun í læknalög í sérlögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta. Hér er orðalagi ákvæðis læknalaga breytt þannig að það eigi við um alla sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar hvort sem þeir tilheyra löggiltri heilbrigðisstétt eða ekki. Hér er því ekki um að ræða neinar efnisbreytingar.

Eins og fram kemur í frumvarpinu gildir þagnarskylda nema lög bjóði annað eða rökstudd ástæða sé til að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar. Dæmi um slík ákvæði er t.d. í IV. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Þar er fjallað um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum og er m.a. fjallað sérstaklega um tilkynningarskyldu lækna, ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sálfræðinga. Jafnframt kemur fram í fyrrgreindum kafla að tilkynningarskylda samkvæmt ákvæðinu gangi framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Loks er áréttað að um þagnarskyldu gildi jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er vísað til ákvæða laga um landlækni um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar, m.a. vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrslna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sömu aðilum sé skylt að veita ráðuneytinu nauðsynlegar upplýsingar við meðferð og úrlausn stjórnsýslumála. Hér er um að ræða nýmæli í lögum. Þótt telja verði að slík upplýsingaskylda sé fyrir hendi þykir ástæða til að árétta hana sérstaklega í lögum.

Í 3. mgr. er fjallað um vitnaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og er ákvæðið samhljóða 4. mgr. 15. gr. læknalaga að öðru leyti en því að í stað orðsins læknir kemur heilbrigðisstarfsmaður. Ákvæði 4. mgr. 15. gr. læknalaga gildir einnig um aðra heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt tilvísun í læknalög í sérlögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. læknalaga en rýmkað til að ná til allra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á. Ekki þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess að hvers konar gögn á sviði heilbrigðisþjónustunnar séu skýr og greinargóð og að ekki þurfi að velkjast í vafa um innihald þeirra og merkingu.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um skyldu til að láta í té vottorð um sjúkling vegna viðskipta hans við hið opinbera og er efnislega samhljóða 12. gr. læknalaga.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra til útgáfu reglugerðar þar sem setja megi nánari fyrirmæli um útgáfu vottorða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna. Slík reglugerðarheimild er nú í 2. mgr. 11. gr. læknalaga, sjá reglur nr. 586/1991.

Um 20. gr.

Hér er vísað til ákvæða lyfjalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim um heimild til kaupa í heildsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.

Um 21. gr.

Hér er hnykkt á skyldu heilbrigðisstarfsmanns til að færa sjúkraskrá, en að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um sjúkraskrár og stjórnvaldsákvæða samkvæmt þeim.

Um 22. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en samkvæmt almennri tilvísun í flestum sérlögum um heilbrigðisstéttir og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta gildir sama um aðrar heilbrigðisstéttir eftir því sem við á. Hér er því lagt til að ákvæði 13. gr. læknalaga verði umorðað þannig að það taki til allra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á með tilliti til menntunar og þjálfunar hvers og eins. Heilbrigðisstarfsmanni ber samkvæmt ákvæðinu að veita fyrstu nauðsynlega aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdómseða slysatilfellum nema alvarleg forföll hamli.

Um 23. gr.

Hér er að finna nýmæli. Í ákvæðinu felst almenn hvatning og ábending til heilbrigðisstarfsmanna um að gæta hófs í hvívetna, velja ódýrari lyf og kostnaðarminni meðferð þegar þess er kostur, senda sjúklinga ekki í fleiri rannsóknir en þörf krefur og sóa hvorki eigin tíma né sjúklingsins að óþörfu. Hér er því um að ræða stefnumarkandi ákvæði þar sem brýnt er fyrir heilbrigðisstarfsmönnum að þeim beri fyrir sitt leyti að stuðla að sparsemi og nýtni innan heilbrigðisþjónustunnar og sjúkratryggingakerfisins og draga með því móti úr óhóflegum kostnaði og óeðlilegri þenslu.

Um 24. gr.

Samkvæmt 17. gr. læknalaga er lækni einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Svipað ákvæði er að finna í 11. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985. Ákvæði 17. gr. læknalaga gildir um flestar aðrar heilbrigðisstéttir samkvæmt tilvísun í lögum eða reglugerðum um viðkomandi heilbrigðisstéttir. Hér er um að ræða mun þrengri heimildir til auglýsinga á starfsemi heilbrigðisstarfsmanna en annars staðar tíðkast. Lagt er til að heimila almenna kynningu og auglýsingar á starfsemi, enda sé gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni. Þetta ákvæði er byggt á ákvæði norskra laga um heilbrigðisstéttir. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar og banna ákveðnar kynningar- og auglýsingaraðferðir.

Um 25. gr.

Hér er áréttuð skylda heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu utan ríkisstofnana til að hafa vátryggingu samkvæmt ákvæðum laga um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.

Um 26. gr.

Samkvæmt 26. gr. læknalaga er læknum óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Hér lagt til að aldursmörkin verði færð niður í 70 ár og ákvæðið rýmkað þannig að það taki til allra heilbrigðisstarfsmanna sem reka eigin starfsstofu. Opinberir starfsmenn hætta að jafnaði störfum þegar þeir verða sjötugir og þykir rétt að miða við þá almennu reglu. Þá er lagt til að í stað ákvæðis 2. málsl. 26. gr. læknalaga um að landlæknir geti veitt undanþágu frá 75 ára aldurshámarki til eins árs í senn komi heimild til að framlengja leyfi heilbrigðisstarfsmanns til að reka eigin starfsstofu um tvö ár í senn, þó aldrei oftar en þrisvar. Heilbrigðisstarfsmanni væri þá í reynd óheimilt að reka eigin starfsstofu eftir 76 ára aldur.

Um 27. gr.

Nauðsynlegt þykir að unnt verði að binda heimildir til að beita ákveðnum meðferðar- eða rannsóknaraðferðum við tiltekna heilbrigðisstarfsmenn eða heilbrigðisstéttir og leggja bann við tilteknum meðferðum með reglugerð, enda sé það talið mikilvægt til að vernda hagsmuni sjúklinga. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að nánar tilgreindum rannsóknar- eða meðferðaraðferðum skuli eingöngu beitt af heilbrigðisstarfsmönnum eða nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum eða sérfræðingum og að tilteknar meðferðar- eða rannsóknaraðferðir skuli aðeins notaðar af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi landlæknis. Þá getur ráðherra lagt bann við notkun tiltekinnar meðferðar- eða rannsóknaraðferðar. Reglugerðir skv. 1. mgr. skulu settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn viðkomandi fagfélags.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Er lagt til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum, en sami refsirammi gildir m.a. um brot á lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Um 29. gr.

Á grundvelli gagnkvæmra samninga, m.a. við Evrópusambandið, er landlækni heimilt að gefa út starfsleyfi á grundvelli viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005, og á grundvelli stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Enn fremur er landlækni heimilt að staðfesta starfsleyfi á grundvelli Norðurlandasamnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir.

Hér er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði til að öðlast starfsleyfi á grundvelli alþjóðlegra samninga. Þar yrði m.a. kveðið á um skilyrði til þess að fá starfsleyfi á grundvelli náms í viðkomandi grein utan Íslands og um samanburð slíks náms við þær námskröfur sem gerðar eru hér. Við setningu þessara reglugerða skal gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu og Fríverslunarsamningi Evrópu eða með öðrum alþjóðasamningum. Í þeim reglu-

gerðum skal jafnframt kveða á um málsmeðferð þar sem gerð er grein fyrir kæruleiðum, málshraða, rökstuðningi þegar um synjanir er að ræða og fleiru, eftir því sem við á.

Um 30. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild fyrir ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 31. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Hér eru talin upp þau lög um heilbrigðisstéttir sem falla brott við gildistöku laga þessara.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum sem hafa að geyma tilvísun til læknalaga og laga um lyfjafræðinga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Með breytingu á námi lyfjafræðinga úr cand.pharm.-gráðu í BS-gráðu og meistaragráðu hjá lyfjafræðideild Háskóla Íslands verður ekki boðið upp á nám sem lýkur með aðstoðarlyfjafræðingsprófi. Hér er gert ráð fyrir að þau starfsleyfi sem gefin hafa verið út haldi gildi sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði rammalöggjöf um réttindi og skyldur heilbrigðisstétta. Löggiltar heilbrigðisstéttir eru nú 33 talsins og gilda sérlög um 13 þeirra en 20 stéttir hafa verið löggiltar með reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Þau lög sem hér eru til umfjöllunar taka við af gildandi lögum og reglugerðum á þessu sviði án þess að breytingar verði á stjórnsýslulegri umgjörð við mat og úrskurði. Verði frumvarpið að lögum verða nýjar heilbrigðisstéttir framvegis ekki löggiltar nema með breytingu á lögunum. Megintilgangurinn með rammalöggjöfinni er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn, gera þau markvissari og hnitmiðaðri en áður og færa þau til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfsvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

130. Fyrirspurn [117. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um úrbætur í fangelsismálum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hefur ráðuneytið kannað hvort nýta mætti fangelsið sem Bandaríkjaher rak á Keflavíkurflugvelli til úrbóta í fangelsismálum?
2. Hefur fangelsinu verið viðhaldið?
3. Hvað eru margir fangaklefar í fangelsinu?

131. Fyrirspurn [118. mál]

til utanríkisráðherra um lán og styrki frá Evrópusambandinu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Fær Ísland styrki frá Evrópusambandinu sem umsóknarríki og ef svo er, hversu háir eru þeir?
2. Veitir Evrópusambandið lán til ríkja sem eru umsóknarríki?
3. Veitir Evrópusambandið fjármagn til „já“-hreyfinga umsóknarríkja og ef svo er, hversu mikið?

132. Fyrirspurn [119. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kostnað við skilanefndir banka.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hver er áfallinn kostnaður við skilanefndir Kaupþings, Íslandsbanka og Landsbanka, sundurliðað eftir:

a. launum og öðrum fríðindum hverrar skilanefndar,
b. innlendum sérfræðikostnaði,
c. erlendum sérfræðikostnaði?

Skriflegt svar óskast.

133. Fyrirspurn [120. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um endurreisn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að endurreisa Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta?
2. Ef svo er, telur ráðherra að ríkisábyrgð sé á sjóðnum?
3. Hvernig á að tryggja hagsmuni þjóðarinnar í einkareknu bankakerfi svo að ekki þurfi að koma til ríkisábyrgðar vegna tryggingarsjóðsins í framtíðinni?

134. Fyrirspurn [121. mál]

til iðnaðarráðherra um hagnýtingu orku sjávarfalla.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hefur ráðherra gert ráðstafanir til þess að láta rannsaka á hvern hátt megi hagnýta orku sjávarfalla til styrktar þjóðarbúinu í framtíðinni?
2. Hefur Hvammsfjörður verið skoðaður sérstaklega í þessu sambandi?

135. Fyrirspurn [122. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um lánssamninga í erlendri mynt.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér skilmála lánssamninga í erlendri mynt með tilliti til orðalags og túlkunar á höfuðstól skuldar, sérstaklega í tilvikum þar sem skýrt er kveðið á um að skuldari viðurkenni að skulda fjármálastofnun jafnvirði tiltekinnar krónutölu íslenskrar í tilgreindum myntum og hlutföllum?
2. Hver er afstaða ráðherra til slíkra lánssamninga, sérstaklega að teknu tilliti til 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, og athugasemda við téðar greinar?
3. Hversu margar lánastofnanir byggðu lánssamninga í erlendri mynt á því orðalagi sem tilgreint er í 1. tölul.? Óskað er upplýsinga um heildartölu hjá lánastofnunum og áætlað heildarnafnvirði lánssamninganna, en ekki hvaða lánastofnanir veittu lánin né upphæðir hjá einstökum stofnunum.
4. Hvað er áætlað að það mundi kosta bankakerfið ef lánssamningar, þar sem segir að skuldari viðurkenni að skulda fjármálastofnun jafnvirði tiltekinnar krónutölu íslenskrar

í tilgreindum myntum og hlutföllum, reyndust ólöglegir og höfuðstóll skuldar stæði því í upphaflegri krónutölu að frádregnu því sem greitt hefur verið af höfuðstól til dagsins í dag?
5. Hefur við frágang og uppgjör á milli nýju og gömlu bankanna verið tekið tillit til þess bókfærða mismunar sem kann að vera á virði erlendra lánssamninga reynist téðir samningar ólöglegir?
6. Hefur erlendum kröfuhöfum verið kynnt sú lagalega óvissa sem ríkir um verðmæti skuldbindinga sem gefnar voru út í erlendri mynt eða bundnar dagsgengi erlendrar myntar?

136. Fyrirspurn [123. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um áhrif fyrningar aflaheimilda.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er heildarupphæð skulda íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja við innlendar bankastofnanir?
2. Hvað er áætlað að stór hluti þessara lána sé tryggður með veðum í aflaheimildum?
3. Hvaða áhrif má ætla að fyrning aflaheimilda hefði á verðmæti viðkomandi lánasafna og eiginfjárstöðu innlendra bankastofnana?

137. Fyrirspurn [124. mál]

til umhverfisráðherra um förgun og endurvinnslu sorps.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hversu mikið fellur til árlega af flokkuðu sorpi, hvað er gert við það og hvernig er förgun þess og/eða endurvinnslu nákvæmlega varið? Svar óskast um eftirfarandi flokka úrgangs: bylgjupappi – fyrirtæki, bylgjupappi – heimili, pappír og umbúðir úr sléttum pappa (svo sem mjólkurfernur og aðrar matarumbúðir), filmuplast – fyrirtæki, föt og klæði, garðaúrgangur, gras, grófur úrgangur, heyrúlluplast, hjólbarðar, húsbúnaður, jarðvegur, kertaafgangar, kjötvinnslu- og sláturúrgangur, kælitæki, ljósaperur, lyf, málmar, net, kaðlar, troll, plastumbúðir – fyrirtæki, plastumbúðir – heimili, raftæki, rafhlöður, sjónvörp og skjáir, skilagjaldsskyldar umbúðir, skrifstofupappír, hvítur afskurður, skór, spilliefni, steinefni, stór raftæki, timbur, trjágreinar, trúnaðargögn og tölvur.

Skriflegt svar óskast.

138. Fyrirspurn [125. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um flutning verkefna til sýslumannsins á Patreksfirði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvers vegna voru verkefni við umsýslu með meðlagsgreiðslum á landinu í heild ekki flutt til sýslumannsins á Patreksfirði eins og fyrirheit voru gefin um í skýrslu svokallaðrar Vestfjarðanefndar?

139. Fyrirspurn [126. mál]

til fjármálaráðherra um starfsemi skattstofa á landsbyggðinni.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hefur verið ákveðið eða eru uppi áform um að leggja niður skattstofur á landsbyggðinni? Ef svo er, hverjar?
2. Eru áform um að auka verkefni skattstofa á landsbyggðinni, til dæmis með því að færa til þeirra umsýslu og framkvæmd einstakra málaflokka á sviði skattamála?

140. Fyrirspurn [127. mál]

til umhverfisráðherra um styrki til framkvæmda í fráveitumálum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða sveitarfélög hafa fengið styrki til framkvæmda í fráveitumálum, sbr. lög nr. 53/1995, og hversu háir hafa þeir verið reiknað á núgildandi verðlagi? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hverjar hafa verið árlegar heildargreiðslur vegna þessara styrkja, reiknað á núgildandi verðlagi?
3. Hversu stórum hluta af heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda nemur þessi upphæð í hverju tilviki fyrir sig?
4. Liggja fyrir í ráðuneytinu umsóknir frá sveitarfélögum um styrki til fráveituframkvæmda sem eru óafgreiddar eða hefur verið hafnað vegna ónógra fjárveitinga? Ef svo er, um hvaða sveitarfélög er að ræða og hver er áætlaður kostnaður við fráveituframkvæmdir á þeirra vegum?
5. Hefur verið gerð úttekt á því hvar fráveitumál eru enn í óviðunandi ástandi og hver kostnaður er við úrbætur? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.

6. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhald verði á styrkveitingum til fráveituframkvæmda eða að heimilaðar verði endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna þessara framkvæmda?

Skriflegt svar óskast.

141. Fyrirspurn [128. mál]

til fjármálaráðherra um lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Verður frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins lagt fram á þessu þingi? Telur ráðherra mikilvægt að gera breytingar á þeim lögum og hverjar þá?

142. Fyrirspurn [129. mál]

til fjármálaráðherra um fjölda starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hversu margir starfsmenn eru hjá ríki og sveitarfélögum, sundurliðað? Hver hefur þróunin verið sl. 10 ár?

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [130. mál]

til fjármálaráðherra um veittar áminningar og skipun tilsjónarmanna.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu margar áminningar hafa sl. 5 ár verið veittar embættismönnum, forstöðumönnum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum ríkisins?

2. Hversu margar stofnanir ríkisins hafa fengið skipaða tilsjónarmenn með rekstri eða annarri starfsemi sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

144. Fyrirspurn [131. mál]

til utanríkisráðherra um útgöngu fulltrúa Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra réttlætanlegt að fulltrúi Íslands gangi út á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna undir ræðu leiðtoga annarra þjóðríkja vegna orða þeirra og stefnu í tilteknum málum?

145. Fyrirspurn [132. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um íslenskt sjónvarpsefni og kvikmyndagerð.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hver hefur verið árleg þróun í framleiðslu íslensks sjónvarpsefnis frá árinu 2005, mælt í mínútum?
2. Hver hefur verið árleg þróun framlaga til kvikmynda, sjónvarpsmynda og heimildamynda frá árinu 2005 og hversu margar myndir hafa verið gerðar á þessum tíma?
3. Hversu mörg störf hafa fallið árlega undir kvikmyndagerðarlistina hér á landi frá árinu 2005?

Skriflegt svar óskast.

146. Fyrirspurn [133. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um framhaldsdeild fjölbrautaskóla á Patreksfirði.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hver er reynslan af rekstri framhaldsdeildar Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði og hversu hátt hlutfall barna á sunnanverðum Vestfjörðum nýtir sér framhaldsdeildina?

147. Fyrirspurn [134. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um þróun framlaga til menningarmála.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hver er niðurstaða skýrslu sem gerð var á síðasta ári fyrir ráðuneytið um þróun framlaga til menningarmála?

148. Fyrirspurn [135. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um menningarsamninga á landsbyggðinni.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu mörg verkefni falla og hafa fallið frá upphafi undir svonefnda menningarsamninga á landsbyggðinni?
2. Hversu mörg störf, bein og óbein, hafa skapast vegna sömu samninga?

149. Fyrirspurn [136. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um þjónustusamning við Ríkisútvarpið ohf.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hefur Ríkisútvarpið ohf. uppfyllt kröfur sem gerðar voru í þjónustusamningi ráðuneytisins við félagið og hefur verið farið yfir samninginn?

150. Fyrirspurn [137. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kynningu á breyttu fyrirkomulagi í 10. bekk.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hefur ráðuneytið staðið að því að kynna foreldrum og skólastofnunum á grunn- og framhaldsskólastigi breytt fyrirkomulag í 10. bekk, m.a. vegna samræmdra prófa samkvæmt lögum um grunnskóla?

151. Fyrirspurn [138. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kennarastarfið.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað telur ráðherra að þurfi til svo að kennarastarfið verði eftirsóknarvert í góðæri jafnt sem kreppu?

152. Fyrirspurn [139. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um uppbyggingu dreifnáms og fjarnáms.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi uppbyggingu dreifnáms og fjarnáms?
2. Hvaða áhrif mun væntanlegur niðurskurður í fjárlögum fyrir árið 2010 hafa á þróun og uppbyggingu dreifnáms og fjarnáms?

153. Fyrirspurn [140. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um nema í dreifnámi, fjarnámi og staðnámi.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er fjöldi fjarnema annars vegar og dreifnema hins vegar? Hver er aldursdreifing þeirra, kyn og búseta?
2. Hver er áætlaður kostnaður á námseiningu hjá staðnemum, dreifnemum og fjarnemum, eftir skólastigum og námsleiðum?

3. Eru greiðslur til skóla fyrir nemendagildi mismunandi eftir því hvort um er að ræða staðnema, dreifnema eða fjarnema?

Skriflegt svar óskast.

154. Fyrirspurn [141. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu rannsóknarnefnda samgönguslysa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að færa starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa frá Stykkishólmi í tengslum við boðaðar hugmyndir um sameiningu rannsóknarnefndar umferðarslysa, rannsóknarnefndar flugslysa og rannsóknarnefndar sjóslysa?
2. Kemur til greina að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði utan höfuðborgarsvæðisins?

155. Svar [111. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur um ferðamálaáætlun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Fer fram á vegum ráðuneytisins endurskoðun á gildandi ferðamálaáætlun, í samræmi við áætlanir þar um, og ef svo er ekki, hvenær er gert ráð fyrir að sú vinna hefjist?

Þingsályktun um ferðamál sem Alþingi samþykkti á vordögum 2005 er fyrir tímabilið 2006–2015 og því enn í fullu gildi en Ferðamálastofa fer með framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, ferðamálaáætlunar, eins og segir í lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

Ýmsu af því sem sett er fram í ferðamálaáætlun hefur þegar verið hrint í framkvæmd. Nægir þar að nefna einföldun leyfisveitinga til fyrirtækja í ferðaþjónustu, aukna samræmingu landkynningar og virka þátttöku stjórnvalda í nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu.

Ferðamálaáætlun er ein þeirra opinberu áætlana sem ríkisstjórnin hyggst samþætta í samræmda sóknaráætlun fyrir Ísland, ásamt samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda. Að auki er stefnt að því að flétta inn í sóknaráætlun áætlanir í mennta- og menningarmálum, umhverfismálum, vísindum, tækni og nýsköpun og áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Ferðamálaáætlun er nú til skoðunar, m.a. í fyrrgreindu ljósi. Við þá vinnu nýtast t.d. tillögur starfshóps samgönguráðuneytis um endurskoðun ferðamálaáætlunar frá árinu 2007,

greining iðnaðarráðuneytis á aðkomu stjórnvalda að skipulagi og fjármögnun ferðaþjónustu[1] sem fram fór á árinu 2008, einnig ferðaþjónustureikningar Hagstofunnar frá síðari hluta árs 2008[2] og niðurstöður ferðavenjukönnunar Hagstofunnar sem væntanlegar eru um miðjan nóvember 2009.

Iðnaðarráðuneytið vinnur nú að því að renna stoðum undir frekari öflun talnagagna í samstarfi við Hagstofuna enda eru þær lykilatriði í allri áætlanagerð. Einnig leitar iðnaðarráðuneytið nú leiða, í samstarfi við fleiri ráðuneyti og hagsmunaaðila, til að fjármagna verndun og viðhald ferðamannastaða til frambúðar í stað takmarkaðra fjármuna sem hingað til hefur verið veitt í þennan mikilvæga málaflokk. Er það gert í þeirri vissu að þrátt fyrir fleiri stoðir og fjölmargar nýjungar verði íslensk náttúra áfram meginauðlind ferðaþjónustunnar.

Við ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar um flutning málefna ferðaþjónustunnar til iðnaðarráðuneytis 1. janúar 2008 breyttist stjórnsýslulegt umhverfi greinarinnar og formlegt samstarf stofnana iðnaðarráðuneytis um framgang atvinnugreinarinnar hófst. Þannig hefur ferðaþjónustan fengið stóran skerf af byggðaáætlun til nýsköpunar í greininni auk þess sem Ferðamálastofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands tóku upp samstarf um fræðslu fyrir klasa á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, undir heitinu *Gáttir,* og matartengdrar ferðaþjónustu undir heitinu *Krásir,* sem og á sviði gæða- og vottunarmála. Öll þessi verkefni eru vel á veg komin og munu verða höfð til hliðsjónar við gerð nýrrar ferðamálaáætlunar.

Iðnaðarráðuneytið, með Ferðamálastofu sem undirstofnun sína, mun einbeita sér að því að efla innviði greinarinnar: stefnumótun, umsjón með leyfisveitingum og gæðaeftirliti, verndun og uppbyggingu fjölsóttra ferðamannastaða, stuðning við nýsköpun og atvinnuþróun, móttöku ferðamanna og upplýsingamiðlun.

Utanríkisráðherra mun á næstu dögum mæla fyrir frumvarpi á Alþingi um stofnun Íslandsstofu. Verði frumvarpið að lögum mun utanríkisráðuneytið – sendiráðin og Íslandsstofa – fara með framkvæmd kynningar- og markaðsmála ferðaþjónustunnar og fleiri útflutningsgreina á erlendum vettvangi. Með þessu er stefnt að auknum samlegðaráhrifum, samræmdum skilaboðum og stórsparnaði í rekstri sem mun skila sér í auknu verkefnafé. Atvinnugreinin sjálf hefur um árabil kallað eftir þessum breytingum og sjálfsagt að stjórnvöld komi til móts við þær óskir.

Öll þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru þýðingarmikil fyrir framsýna ferðamálaáætlun sem ætlað er að endurspegla áherslur ríkisvaldsins í þessari mikilvægu atvinnugrein[3] og í samhengi við aðra uppbyggingu innviða og atvinnulífs hér á landi.

---

[1] Skýrslan *Tillögur nefndar iðnaðarráðherra um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun ferðaþjónustu* er á vef iðnaðarráðuneytis.

[2] *Ferðaþjónustureikningar 2000–2006* frá Hagstofu Íslands, október 2008, eru á vef iðnaðarráðuneytis.

[3] Sjá *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*, tölfræðibækling Ferðamálastofu, október 2009, sem er á vef iðnaðarráðuneytis.

156. Svar [40. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur um notkun lyfsins Tysabri.

1. *Hve margir MS-sjúklingar hafa fengið lyfið Tysabri?*

Á LSH hafa samtals 53 MS-sjúklingar fengið lyfið Tysabri. Einn hefur hætt í meðferðinni vegna mótefnamyndunar og þrír vegna óþols. Því fá 49 sjúklingar Tysabri-meðferð á Landspítala núna. Á FSA hafa fjórir MS-sjúklingar fengið lyfið.

2. *Hve margir hafa sótt um að fá lyfið?*

Sótt hefur verið um meðferð fyrir 56 sjúklinga á LSH, fjórir hafa hætt í meðferð og ekki er búið að afgreiða þrjár umsóknir. Á FSA hefur verið sótt um meðferð með Tysabri fyrir fjóra MS-sjúklinga og þeir allir fengið lyfið.

3. *Hvernig stendur á því að lyfið er ekki notað sem lyf nr. 1 þótt sýnt hafi verið fram á virkni þess sem fyrirbyggjandi lyfs?*

Engar samanburðarrannsóknir hafa verið gerðar á Tysabri og eldri lyfjum sem fyrirbyggjandi meðferð við MS-sjúkdómnum. Ekki er komin eins mikil reynsla á lyfið og eldri lyf við MS-sjúkdómnum þótt það virðist lofa góðu. Það neikvæða við Tysabri eru nokkur tilvik af lífshættulegri heilabólgu sem m.a. seinkaði skráningu lyfsins og leiddi til þess að farið er mjög varlega í að beita því. Einnig er um mjög dýra meðferð að ræða og því eðlilegt að fara varlega þar til meiri reynsla er komin af lyfinu. Þess skal getið að hlutfallslega nota mun fleiri sjúklingar lyfið Tysabri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Lyfið hentar ekki öllum MS-sjúklingum. Við val á sjúklingum er fylgt klínískum leiðbeiningum sem samdar voru af sérfræðingum Landspítalans í taugalækningum með hliðsjón af sambærilegum leiðbeiningum í nágrannalöndunum og samþykktar af yfirstjórn spítalans. Ekki er skipt um lyf hjá þeim sjúklingum sem hafa góða reynslu af eldri ónæmisörvandi lyfjum, þ.e. glatíramer-asetat-lyfinu Copaxone og beta-interferón-lyfjunum Avonex, Rebif og Betaferon.

4. *Hver er kostnaður við notkun Tysabri samanborið við interferon-lyf sem nú eru notuð?*

Kostnaður vegna ársmeðferðar hvers einstaklings með ónæmisörvandi lyfjum við MS-sjúkdómnum er eftirfarandi:

- Tysabri: 4.560.447 kr.
- Avonex: 2.538.504 kr.
- Rebif: 3.158.454 kr.
- Betaferon: 2.165.399 kr.
- Copaxone: 2.048.401 kr.

5. *Er það sökum kostnaðar sem lyfið er ekki meira notað? Ef svo er, hver er kostnaðarmunurinn þegar með er talinn kostnaður vegna MS-sjúklinga sem eru háðir sjúkrastofnunum?*

Sjá svar við 3. lið fyrirspurnarinnar. Þó skal tekið fram að kostnaður hefur ekki verið afgerandi þáttur við val á milli lyfjaflokka, þ.e. hvort notuð eru nýju lyfin eða þau eldri sem meiri reynsla er komin á við MS-sjúkdómnum.

6. Er það ekki markmið að sjúklingar fái aðgang að besta mögulega lyfi?

Markmiðið er að sjúklingar fái aðgang að bestu og hagkvæmustu meðferð en eins og fram kemur í svari við 3. lið er Tysabri ekki alltaf besta lyfið fyrir alla MS-sjúklinga.

157. Fyrirspurn [142. mál]

til umhverfisráðherra um snjóflóðavarnir í Tröllagili.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hvers vegna hefur framkvæmdum við snjóflóðavarnir í Tröllagili í Norðfirði verið frestað til ársins 2013?
2. Hyggst ráðherra endurskoða þessa ákvörðun?

158. Fyrirspurn [143. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um ferðasjóð Íþróttasambands Íslands.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hvernig skiptist úthlutun ferðasjóðs Íþróttasambands Íslands eftir kjördæmum á árinu 2008?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að efla ferðasjóð Íþróttasambands Íslands í framtíðinni?

159. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Umsagnir bárust um málið frá Neytendasamtökunum, Alþýðusambandi Íslands, Íbúðalánasjóði, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sýslumanninum á Höfn, tollstjóranum í Reykjavík, sýslumanninum í Reykjavík, sýslumanninum á Selfossi, Samtökum fjármálafyrirtækja, Sýslumannafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild sýslumanns til að verða við ósk gerðarþola um að fresta nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði verði framlengd fram yfir 31. janúar 2010. Með lögum

nr. 23/2009, er breyttu m.a. ákvæðum laga um nauðungarsölu, var ákveðið að fresta skyldi að ósk gerðarþola nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Sá frestur er liðinn og því komið að lokasölu í nokkrum tilvikum. Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að fresturinn væri hugsanlega ekki nægilega langur fyrir fólk sem er í greiðsluvandræðum til þess að endurskipuleggja fjármál sín með þeim úrræðum sem í boði eru, svo sem greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Nefndin telur því rétt að leggja til að fyrirhugaður frestur verði framlengdur til 28. febrúar 2010. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir frekari frestun á nauðungarsölum eftir þennan tíma. Vill nefndin af því tilefni taka fram að hún telur ekki rétt að útiloka þann möguleika heldur telur eðlilegt að það mál verði skoðað sérstaklega í ljósi reynslunnar og þá hvort nauðsyn krefji.

Nefndin telur rétt að taka fram að sömu skilyrði gilda varðandi þessa frestun og fyrr, þ.e. að gerðarþoli eða gerðarþolar þurfa sjálfir að óska eftir framlengdum fresti og húsnæðið sem um ræðir þarf að vera íbúðarhúsnæði samkvæmt nánari skilgreiningu.

Loks telur nefndin rétt að taka fram að niður er fallin sú sérregla að kröfur í eigu ríkisins, ríkisstofnunar eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins skuli ekki bera dráttarvexti heldur einungis þá vexti sem krafa hefði borið ef ekki hefði komið til vanskila á henni. Þessi sérregla gilti fram til 1. nóvember sl. og munu þessar kröfur því bera lögbundna dráttarvexti frá sama tíma.

Nefndin leggur til smávægilega lagfæringu á frumvarpinu þar sem ekki er ætlunin að fresta byrjun uppboðs heldur framhaldi uppboðs og/eða ráðstöfun á almennum markaði til fullnustu kröfu skv. 6. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „31. janúar 2010“ tvívegis í 1. efnismgr. 1. gr. komi: 28. febrúar 2010.
2. Í stað orðanna „við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði“ í 2. málsl. 1. efnismgr. 1. gr. komi: við framhald uppboðs eða á almennum markaði.

Ásmundur Einar Daðason og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þór Saari sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 3. nóv. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason.	Róbert Marshall.
Valgerður Bjarnadóttir.	Birgir Ármannsson.	Þráinn Bertelsson.

Vigdís Hauksdóttir.

160. Fyrirspurn [144. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Hornafjarðarflugvöll.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Er unnið að því að Hornafjarðarflugvöllur fái aftur löggildingu sem millilandaflugvöllur með áherslu á ferjuflug og einkaflug og ef svo er, hver er staða þeirrar vinnu?

161. Fyrirspurn [145. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um flugsamgöngur til Vestmannaeyja.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Eru uppi áform um breytingar á aðkomu ríkisins að flugsamgöngum til Vestmannaeyja vegna tilkomu Landeyjahafnar?

162. Fyrirspurn [146. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um stofnun framhaldsskóla í Rangárþingi.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hver er staða undirbúnings að stofnun framhaldsskóla í Rangárþingi?

163. Fyrirspurn [147. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um stofnun framhaldsskóla í Grindavík.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hver er staða undirbúnings að stofnun framhaldsskóla í Grindavík?

164. Fyrirspurn [148. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um raforku til garðyrkjubænda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig miðar áætlunum um sérstakan garðyrkjutaxta á raforku til framleiðenda grænmetis?
2. Stendur til að skilgreina garðyrkjubændur sem stórnotendur á raforku til að jafna stöðu þeirra á við aðra stórnotendur raforku og leiðrétta verð á raforku til þeirra?
3. Liggur fyrir hve háa upphæð það sparar þjóðarbúinu að framleiða allt árið grænmeti til innanlandsneyslu í stað þess að flytja það inn?

165. Fyrirspurn [149. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sjóvarnir við Vík.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við eflingu sjóvarna við byggðina í Vík í Mýrdal vegna sjávarflóða og landbrots?
2. Hvaða leiðir hafa verið kannaðir til að mæta þeim kostnaði?

166. Fyrirspurn [150. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um meint brot á gjaldeyrisreglum.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Hver er heildarupphæð þeirra viðskipta sem eru til skoðunar hjá Seðlabankanum þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn gjaldeyrisreglum?
2. Hversu margir einstaklingar annars vegar og lögaðilar hins vegar eru til skoðunar og hver er hlutur hvors hóps um sig í heildarviðskiptunum?
3. Hver er samsetning lögaðila eftir atvinnustarfsemi?
4. Yfir hvaða tímabil nær skoðun Seðlabankans á meintum brotum?

Skriflegt svar óskast.

167. Fyrirspurn [151. mál]

til umhverfisráðherra um eyðingu refs.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ríkið veiti aukið fé til eyðingar refs í samstarfi við sveitarfélögin?

168. Frumvarp til laga [152. mál]

um stjórnlagaþing.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipan.

1. gr.
Hlutverk.

Forseti Íslands skal boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

2. gr.
Skipan og starfstími.

Stjórnlagaþing skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þeir skulu kosnir persónukosningu.

Þingið skal koma saman eigi síðar en 17. júní 2010 og ljúka störfum 17. febrúar 2011 en getur ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrr.

Þingið skal koma þrisvar sinnum saman á starfstíma sínum á eftirfarandi tímabilum:

1. Frá 17. júní til 15. júlí 2010.
2. Frá 4. október til 5. nóvember 2010.
3. Frá 10. janúar til 17. febrúar 2011.

Á milli samkomutímabila þingsins skulu starfa nefndir þær sem þingið kýs skv. 16. og 17. gr.

Alþingi er heimilt með ályktun að verða við beiðni þingsins um að framlengja starfstíma þess um allt að þrjá mánuði.

3. gr.
Viðfangsefni.

Stjórnlagaþing skal sérstaklega taka til umfjöllunar eftirfarandi þætti:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.
4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.

5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings.

Stjórnlagaþing getur ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er í 1. mgr.

II. KAFLI
Kosning til stjórnlagaþings.

4. gr.
Kjördagur.

Kosning til stjórnlagaþings skal fara fram samhliða kosningum til sveitarstjórna vorið 2010. Skal kosningin vera leynileg.

5. gr.
Kosningarréttur.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings hafa allir sem eiga kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

6. gr.
Kjörgengi.

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru þeir menn sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar eru þó ekki kjörgengir.

7. gr.
Auglýsing um kosninguna.

Landskjörstjórn skal auglýsa kosningu til stjórnlagaþings í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði eigi síðar en átta vikum fyrir kjördag.

8. gr.
Framboð.

Framboðum til kosningar til stjórnlagaþings skal skila í hendur landskjörstjórnar ekki síðar en sex vikum fyrir kjördag.

Með framboði skal fylgja samþykki frambjóðanda og nöfn minnst 30 og mest 50 meðmælenda sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Þá skal vera meðfylgjandi skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Landskjörstjórn skal útbúa sérstakt eyðublað í þessu skyni. Nöfn meðmælenda, staða þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir skulu birt ásamt nöfnum frambjóðenda í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði.

Hverjum kosningarbærum manni er einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda.

Landskjörstjórn skal innan þriggja daga frá því að framboði er skilað tilkynna frambjóðanda hvort ágallar séu á framboðinu eða lista yfir meðmælendur. Skal frambjóðanda veittur tveggja daga frestur til að bæta úr ágöllum.

Náist ekki tilskilinn fjöldi frambjóðenda þegar framboðsfrestur rennur út skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur.

9. gr.

Kynning á frambjóðendum og kosningu.

Landskjörstjórn skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur þar sem einnig komi fram hverjir eru meðmælendur þeirra. Skal kynningarefni dreift til allra kjósenda. Einnig skal kynningarefni birt á vefsíðu landskjörstjórnar.

Ákvæði laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra gilda um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

Dreifa skal til allra kjósenda afriti af kjörseðli, auðkenndum sem kynningarseðill, ásamt skýringum á því hvernig kosning fer fram. Kynningarseðillinn skal jafnframt birtur á vefsíðu landskjörstjórnar ásamt skýringum. Kynningarseðilinn má kjósandi hafa með sér í kjörklefa.

10. gr.

Gerð og prentun kjörseðla.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna sem síðan annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nafn, stöðu og sveitarfélag frambjóðenda til stjórnlagaþings í stafrófsröð en fyrsta nafn á kjörseðli skal valið af handahófi. Skal ferningur vera fyrir framan nafn hvers frambjóðanda. Efst á kjörseðli skulu koma fram leiðbeiningar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, sbr. reglur 11. gr. laga þessara.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi setur tölustafinn 1 í reit í ferning fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill helst að nái kjöri, töluna 2 í ferninginn fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita, töluna 3 í ferninginn fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita o.s.frv.

Kjósanda er í sjálfsvald sett hversu mörgum frambjóðendum er forgangsraðað með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. en skal þó að lágmarki raða átta frambjóðendum. Atkvæði telst þó gilt þótt færri frambjóðendur séu valdir.

Útstrikun á nafni hefur enga merkingu.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal eigi hefjast fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Í atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal nota sömu kjörseðla og lýst er í 10. gr. en þeir skulu þó vera í öðrum lit. Gildir ákvæði 11. gr. öðru leyti um atkvæðagreiðsluna.

13. gr.

Framkvæmd kosningar og talning atkvæða.

Um kosningarathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, meðferð og talningu atkvæða fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Landskjörstjórn ákveður verkaskiptingu milli sín og annarra kjörstjórna, svo og milli kjörstjórna innbyrðis.

14. gr.

Úrslit, útgáfa kjörbréfa og úrskurðir í ágreiningsmálum.

Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla skal hún úthluta sætum á stjórnlagaþingi. Í því skyni skal hún raða frambjóðendum með eftirfarandi hætti:

1. *Talnaröð rofin:* Aðgætt skal hvort talnaröð kjósanda á frambjóðendum sé samfella tölustafanna 1, 2, 3 o.s.frv. Eftirfarandi gildir ef talnaröðin er rofin eða aðrir gallar reynast á henni:
   a. Horft skal fram hjá merkingu með krossi svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með 25. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1.
   b. Sé eyða í talnaröðun frambjóðenda skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni.
   c. Sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum.
   d. Ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–c-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur gilt.
2. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut listans með þeim hætti að deila tölu gildra atkvæða með 26.
3. *Flokkun kjörseðla:* Atkvæði skulu flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi.

   Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 4. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans.
4. *Röðun í efstu sæti:* Frambjóðendum skal raðað í sæti með eftirgreindum hætti að því marki sem unnt er:
   a. Sé hæsta atkvæðagildi frambjóðanda jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal frambjóðandanum raðað í efsta lausa sæti, í byrjun í fyrsta sæti.
   b. Sé atkvæðagildi annarra frambjóðenda einnig jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal þeim raðað í efstu lausu sæti í réttri röð miðað við atkvæðagildi.
   c. Ákvarða skal færsluhlutfall atkvæða hvers þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið í sæti samkvæmt a- og b-lið og fæst það með því að deila þeim hluta atkvæðagildis frambjóðandans sem er umfram sætishlut með fullu atkvæðagildi hans.
   d. Endurmeta skal atkvæðagildi hvers frambjóðanda á viðkomandi seðlum með því að margfalda fyrra atkvæðagildi með færsluhlutfallinu.
   e. Atkvæðin skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum sé það að finna, að teknu tilliti til 1. og 7. tölul.
5. *Röðun í neðstu sæti:* Komi að því að enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 4. tölul., skal finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 3. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti, í upphafi í sæti með raðtölu sem er jöfn fjölda frambjóðenda til stjórnlagaþings. Atkvæði þessa frambjóðanda skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 7. tölul.

6. *Lok röðunar:* Beita skal ákvæðum 4. og 5. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til öllum frambjóðendum til stjórnlagaþings hefur verið raðað. Ákvæði 4. tölul. hefur ávallt forgang.
7. *Uppfærsla nafna og valtalna:* Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið skipað í sæti samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum kjörseðlum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem koma á eftir þeim frambjóðanda sem um ræðir. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Tæmist talnaröð kjósanda á kjörseðli við beitingu 4. eða 5. tölul. kemur atkvæðið ekki lengur til álita og skal lagt til hliðar.
8. *Hlutkesti:* Nú eru einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar og skal þá hluta um þær.

Nú skal þeim úthlutað sætum á stjórnlagaþingi sem eru í efstu 25 sætum miðað við framangreinda röðun.

Hafi frambjóðendur af öðru kyninu fengið úthlutað færri en 10 sætum eða sem nemur tveimur fimmtu allra þingsæta skal úthluta sætum til þeirra frambjóðenda af því kyni sem næstir eru í röðinni, sé þá að finna, þangað til að hlutfall þeirra nemur að minnsta kosti tveimur fimmtu allra fulltrúa, þó aldrei þannig að heildarfjöldi þingfulltrúa fari yfir 31.

Að lokinni talningu og úthlutun sæta boðar landskjörstjórn frambjóðendur til stjórnlagaþings eða umboðsmenn þeirra til fundar þar sem hún úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosningarinnar til stjórnlagaþingsins og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi, sbr. 5. mgr.

Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings og sker þá landskjörstjórn úr með meiri hluta atkvæða landskjörstjórnarmanna.

15. gr.

Staðfest eftirrit af úrslitum.

Staðfest eftirrit af úrslitum kosningar til stjórnlagaþings sendir landskjörstjórn forseta Alþingis, forsætisráðherra og forseta Hæstaréttar.

III. KAFLI
Skipulag og starfshættir stjórnlagaþings.

16. gr.

Forseti og forsætisnefnd.

Forseti Íslands setur stjórnlagaþing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og víkur forseti Íslands svo af stjórnlagaþingi.

Forseti stjórnlagaþings stýrir kjöri varaforseta og þriggja formanna starfsnefnda úr hópi þingfulltrúa á fyrsta fundi stjórnlagaþings.

Forseti, varaforseti og formenn starfsnefnda skipa forsætisnefnd stjórnlagaþings.

Forseti stjórnlagaþings er formaður forsætisnefndar. Hann ber ábyrgð á rekstri stjórnlagaþings og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

Forsætisnefnd hefur yfirumsjón með skipulagi þingsins og gerir starfsáætlun um samkomutíma þess, svo og um skipulag á störfum starfsnefnda, sbr. 17. gr.

17. gr.

Starfsnefndir.

Auk forsætisnefndar skulu þrjár starfsnefndir starfa á vegum þingsins:

1. Nefnd um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið.
2. Nefnd um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hlutverk forseta lýðveldisins.
3. Nefnd um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Nefndirnar skal kjósa á öðrum fundi stjórnlagaþings eftir að það kemur saman. Skal þingið kjósa tvo þingfulltrúa til setu í hverri nefnd auk formanns nefndarinnar.

Sama þingfulltrúa má ekki kjósa til setu í fleiri en einni nefnd.

Nefndirnar starfa á milli samkomutímabila þingsins. Allir þingfulltrúar eiga seturétt á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndir geta ákveðið að halda fundi sína í heyranda hljóða og opna öllum eftir því sem húsrúm leyfir.

18. gr.

Þingfundir og fundarsköp.

Stjórnlagaþing starfar í einni málstofu.

Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði og eru öllum opnir eftir því sem húsrúm leyfir.

Forseti þingsins stýrir þingfundum. Um fundarsköp skulu settar nánari reglur í starfsreglum þingsins.

19. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa þingsins.

Stjórnlagaþingsfulltrúar eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum eða öðrum.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi skulu á samkomutímabilum þingsins njóta launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna og skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Forseti stjórnlagaþings nýtur samsvarandi launa og forseti Alþingis.

Þingfulltrúar í nefndum þingsins njóta launa allan starfstíma þingsins og nefndarformenn njóta samsvarandi launa og formenn fastanefnda Alþingis.

Stjórnlagaþing skal njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar og XI. kafla almennra hegningarlaga.

20. gr.

Kynning og þátttaka almennings.

Á vegum stjórnlagaþings skal setja upp vefsíðu þar sem birt verði kynningarefni um stjórnarskrána og störf þingsins, erindi sem þinginu berast, útsending þingfunda, þingskjöl sem varða meðferð tillagna og frumvarp til stjórnarskipunarlaga o.fl.

Stjórnlagaþing skal auglýsa með víðtækum hætti eftir tillögum frá almenningi, hagsmunasamtökum eða öðrum sem kunna að vilja koma tillögum sínum og öðrum erindum á framfæri við þingið.

Tillögur og erindi sem þinginu berast skulu sendar viðeigandi starfsnefnd til meðferðar.

21. gr.

Skrifstofa og sérfræðiaðstoð.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings skal hafa eftirlit með því að kostnaður við þingið rúmist innan ramma fjárlaga. Ákvarðanir nefndarinnar um útgjöld við þingið sjálft, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar, skulu teknar í samráði við forsætisráðuneytið.

Forsætisnefnd skal ráða starfsmenn þingsins, þar á meðal skrifstofustjóra, og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun hennar. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Forsætisnefnd skal ráða sérfræðinga til þess að starfa með nefndum þingsins.

Forsætisnefnd staðfestir kostnaðarreikninga frá nefndum vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem hún telur nauðsynlegt. Kostnaður við stjórnlagaþing skal greiddur úr ríkissjóði.

22. gr.

Starfsaðstaða.

Forsætisráðuneytið skal sjá stjórnlagaþingi fyrir starfsaðstöðu.

IV. KAFLI

Undirbúningur og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

23. gr.

Ákvörðun um viðfangsefni nefnda þingsins.

Á fyrsta samkomutímabili þingsins skal rætt um viðfangsefni og verkaskiptingu nefnda, með sérstöku tilliti til 3. gr.

Í lok tímabilsins skal þingið samþykkja verksvið og verkáætlun nefnda sem þeim verði falið að vinna eftir þar til þingið kemur næst saman.

24. gr.

Málsmeðferð í nefndum þingsins.

Nefndir geta á öllum stigum á starfstíma þingsins óskað skriflegra umsagna frá aðilum utan þings. Á sama hátt geta allir komið skriflegum athugasemdum sínum að eigin frumkvæði á framfæri við nefnd. Þá getur nefndin samþykkt að taka við gestum og hlýða á mál þeirra.

Nánari reglur um meðferð erinda og umsagna sem berast nefndum skulu settar í starfsreglum þingsins.

25. gr.

Umræður um niðurstöður nefnda þingsins.

Á öðru samkomutímabili þingsins skulu niðurstöður og tillögur nefnda þingsins kynntar af nefndarformönnum.

Í starfsreglum þingsins skal nánar kveðið á um meðferð og umræður um tillögur nefnda þingsins.

Við lok tímabilsins skal forsætisnefnd falið að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

26. gr.

Undirbúningur og meðferð frumvarps.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal undirbúið af forsætisnefnd þingsins og sérfræðingum sem unnið hafa með nefndum þess.

Forseti þingsins leggur fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga á fyrsta degi þriðja samkomutímabils þingsins.

Frágangur frumvarpsins skal fylgja þeim reglum sem gilda um lagafrumvörp í ákvæðum laga um þingsköp Alþingis.

Frumvarpið skal rætt við tvær umræður. Við fyrri umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þegar þeirri umræðu er lokið gengur það til síðari umræðu og forsætisnefndar.

Starfsnefndir þingsins skulu senda umsögn sína til forsætisnefndar eftir fyrri umræðu um frumvarpið.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en eftir útbýtingu álits forsætisnefndar. Skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær en auk forsætisnefndar hefur sérhver þingfulltrúi rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið. Þegar umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur við þær og loks frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Séu engar breytingartillögur má þó bera frumvarpið upp í heild.

Um meðferð frumvarpsins fer að öðru leyti eftir starfsreglum þingsins.

27. gr.

Frumvarp sent Alþingi.

Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal það sent Alþingi til meðferðar.

Verði frumvarp ekki samþykkt skal stjórnlagaþing engu síður senda það Alþingi ásamt breytingartillögum sem fram komu við meðferð þess.

28. gr.

Starfsreglur.

Forsætisráðherra setur stjórnlagaþingi starfsreglur.

Stjórnlagaþing getur ákveðið að leggja til breytingar á starfsreglunum og skulu þær staðfestar af forsætisráðherra.

29. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku þessara laga skal forsætisráðherra skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og skal nefndin ráða framkvæmdastjóra. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Alþingi.

Nefndin skal semja drög að starfsreglum fyrir þingið sem forsætisráðherra gefur út fyrir 15. apríl 2010.

Nefndin skal undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Þá skal hún hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagaþings.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót stjórnlagaþing sem falið verði að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins. Frumvarpið er lagt fram af forsætisráðherra en það var unnið í samráði við fulltrúa allra þingflokka. Frumvarpið var lagt fram á 137. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Forsaga frumvarpsins er sú að á síðasta löggjafarþingi lögðu þingmenn Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem meðal annars var lagt til að stjórnlagaþing yrði sett á fót með þjóðkjörnum fulltrúum. Ráðgert var að nýtt ákvæði um stundarsakir bættist við stjórnarskrána þar sem mælt var fyrir um stofnun þingsins, hvernig háttað yrði reglum um kjör fulltrúa á þingið og jafnframt að það skyldi semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Loks var lagt til í frumvarpinu að samráð skyldi vera milli stjórnlagaþings og Alþingis, áður en frumvarp stjórnlagaþings til nýrrar stjórnarskrár yrði lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu og skyldi þjóðin þá kjósa um nýja stjórnarskrá með bindandi niðurstöðu. Með frumvarpinu fylgdu drög að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing. Þar var lagt til að settar yrðu nánari reglur um kosningar til þingsins, hlutverk þess og skipan, starfshætti og skipulag og samráð við Alþingi.

Frumvarpið til stjórnarskipunarlaga varð ekki útrætt. Þar sem ekki varð af þeim stjórnarskrárbreytingum sem þar voru ráðgerðar um stofnun stjórnlagaþingsins og að frumvarp þess yrði lagt undir þjóðaratkvæði með bindandi niðurstöðu, er lagt til í frumvarpi þessu að stjórnlagaþingið verði ráðgefandi enda skortir heimild í stjórnarskrána um annað. Að öðru leyti byggist frumvarpið í meginatriðum á þeim hugmyndum sem fram komu í fyrrgreindum drögum að lögum um stjórnlagaþing, eftir því sem við getur átt. Eru almennar athugasemdir frumvarpsins hér á eftir um sögu íslensku stjórnarskrárinnar, hugtakið stjórnlagaþing og ástæður að baki tillögu um stjórnlagaþing einnig í meginatriðum þær sömu og fram komu í frumvarpinu sem var lagt fram á síðasta löggjafarþingi.

Til þess að draga úr kostnaði er nú lagt til að umfang stjórnlagaþingsins verði nokkuð minna en áður var stefnt að og starfstími þess styttri. Eins er ráðgert að starf þingsins verði vandlega undirbúið áður en það tekur til starfa svo starfstími þess nýtist sem best og skilvirkni í vinnu við gerð frumvarpsins verði sem mest.

Veigamesta efnislega breytingin frá fyrri tillögum felst þó í því að frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem stjórnlagaþingi er ætlað að samþykkja verður nú sent Alþingi til áframhaldandi meðferðar og hefur Alþingi eins og endranær endanlegt ákvörðunarvald um þær breytingar sem samþykktar verða á stjórnarskrá. Verður þá í kjölfarið að rjúfa þing skv. 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og láta fara fram almennar kosningar. Samþykki Alþingi frumvarpið óbreytt að því loknu teljast stjórnarskrárbreytingarnar samþykktar. Í því sambandi kemur til álita að fresta þinginu og þar með kosningu til þess fram til ársins 2011 þannig að störf stjórnlagaþingsins og umfjöllun Alþingis í kjölfarið á frumvarpi til nýrra stjórnarskipunarlaga fari betur saman við kosningar til Alþingis sem ætla má að verði vorið 2013. Er rétt að Alþingi taki afstöðu til þessa við umfjöllun sína um frumvarpið.

Þótt niðurstaðan sem stjórnlagaþing samþykkir sé ráðgefandi fyrir Alþingi en ekki bindandi er vafalaust að frumvarp þess til laga um stjórnarskrárbreytingar hlýtur að hafa veigamikla pólitíska þýðingu, einkum ef ríkt samstaða næst um samþykkt frumvarpsins.

2. Saga íslensku stjórnarskrárinnar.

Uppbygging og kaflaskipan lýðveldisstjórnarskrárinnar frá 1944 eru í meginatriðum sambærileg fyrstu stjórnarskrá íslenska ríkisins um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 sem var sett einhliða af Kristjáni níunda Danakonungi. Ástæður þess að fyrsta íslenska stjórnarskráin var sett með einhliða ákvörðun konungs án samþykkis Alþingis má rekja til togstreitu á milli Íslendinga og dönsku ríkisstjórnarinnar um stjórnskipulega stöðu íslenska ríkisins gagnvart Danmörku sem þá hafði staðið í áratugi. Barátta Íslendinga fyrir sjálfstæði fór vaxandi upp úr 1830 samhliða því sem kröfur um afnám einveldis í Danmörku og öðrum Evrópuríkjum jukust. Hugmyndir um þjóðfrelsi og lýðræði og stofnun stéttaþinga í Danmörku kyntu undir kröfum um endurreisn Alþingis og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og var Alþingi endurreist sem ráðgefandi þing árið 1843 en kom fyrst saman árið 1845.

Eftir að einveldi var afnumið í Danmörku árið 1848 efndi Friðrik sjöundi Danakonungur til sérstaks stjórnarlagaþings sem var falið að semja stjórnlög fyrir danska ríkið. Helstu fyrirmyndir sem stuðst var við í þeim efnum voru norsku grundvallarlögin sem samþykkt höfðu verið á Eiðsvöllum 1814 og stjórnarskrá Belgíu frá 1830. Afrakstur danska stjórnlagaþingsins varð ný grundvallarlög fyrir danska ríkið (d. *Danmarks Riges Grundlove)* sem samþykkt voru 5. júní 1849.

Óvissa var hins vegar uppi um stöðu Íslands innan danska konungsríkisins og höfnuðu Íslendingar því að dönsku grundvallarlögin væru gild stjórnlög fyrir Ísland, enda væri Ísland ekki hluti danska ríkisins. Á Þjóðfundinum sem efnt var til í Reykjavík 5. júlí 1851 lagði danska stjórnin fram frumvarp til laga um stöðu Íslands í danska ríkinu og ríkisþingkosningar sem mætti harðri mótstöðu, enda stefndi það að algerri innlimun Íslands í danska ríkið. Í 1. gr. frumvarpsins var vísað til þess að dönsku grundvallarlögin frá 1849 skyldu vera gild á Íslandi, nema í þeim atriðum sem sérreglur væru um í frumvarpinu. Var frumvarpið sent til nefndar sem kjörin var af þinginu undir forustu Jóns Sigurðssonar og skilaði meiri hluti hennar ítarlegu áliti og tillögum um víðtækar breytingar á því varðandi sambandið milli Íslands og Danmerkur sem gengu þvert á þær tillögur sem komu fram í stjórnarfrumvarpinu.

Ný stjórnarfrumvörp voru lögð fyrir Alþingi 1867, 1869 og 1871 en ekki gekk enn saman með Íslendingum og dönsku stjórninni. Var meginásteytingarsteinninn sem fyrr sambandið milli ríkjanna tveggja. Voru frumvörpin nær samhljóða þágildandi ákvæðum nýrra grundvallarlaga Danmerkur frá 1866 sem höfðu breyst lítillega frá samþykkt grundvallarlaganna frá 1849.

Á þinginu 1873 freistaði Alþingi þess, í kjölfar Þingvallafundar, að samþykkja nýtt stjórnarskrárfrumvarp og óskaði þess að konungur veitti því lagagildi ekki síðar en á árinu 1874, en á því ári var stefnt að því að halda þjóðhátíð í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. Til vara var þó sú krafa gerð að féllist konungur ekki á þessar tillögur skyldi hann setja Íslendingum stjórnarskrá. Viðbrögð konungs við þessu voru að setja Íslendingum stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, án þess að hún hefði verið samþykkt af Alþingi. Var þar ekki farið að tillögum Íslendinga hvað varðaði sambandið milli ríkjanna. Byggðist stjórnarskráin á skilgreiningu laga um hina stjórnskipulegu stöðu Íslands í danska ríkinu, svokallaðra stöðulaga, sem sett höfðu verið árið 1871 þvert á vilja Íslendinga, enda mæltu þau fyrir um að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum. Var stjórnarskráin í öllum meginatriðum samhljóða dönsku grundvallarlögunum sem þá giltu, frá 1866, þótt ýmislegt í athugasemdum og tillögum Alþingis frá 1867, 1869 og 1871 virðist hafa haft áhrif á útfærslu hennar í endanlegri gerð.

Sá mikilvægi áfangi náðist með stjórnarskránni 1874 að Alþingi Íslendinga fékk löggjafarvald þótt takmarkað væri við íslensk sérmál. Þá skyldi framkvæmdarvaldið vera hjá konungi en hann láta ráðherra Íslandsmála framkvæma það vald en sá ráðherra sat jafnframt í ríkisstjórn Dana. Æðsta framkvæmdarvald innan lands skyldi hins vegar vera í höndum landshöfðingja, sem skipaður væri af konungi, en starfaði á ábyrgð ráðherrans. Frá árinu 1881 urðu stjórnarskrármálefni margsinnis borin upp á Alþingi sem í meginatriðum endurspeglaði viðleitni íslenskra stjórnmálamanna til að knýja á um aukin réttindi Íslendinga gagnvart danska ríkinu og breytta skilgreiningu á stöðu Íslands en þó einkum að framkvæmdarvaldið flyttist inn í landið og ráðherra bæri ábyrgð gagnvart þinginu.

Breytingar á stjórnarskránni náðust þó aðeins fram tvisvar. Árið 1903 voru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna heimastjórnar á Íslandi og inn komu ákvæði um ráðherra. Árið 1915 var breytt ýmsum ákvæðum um ráðherra, m.a. að fjölga mætti ráðherrum. Konur fengu kosningarrétt og kosningarréttur karla og kvenna var gerður almennur.

Árið 1919 voru gerðar þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddi af fullveldi Íslands og árið 1920 var samþykkt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9/1920. Þessar breytingar vörðuðu meðal annars stjórnskipun ríkisins, konungsvaldið, ráðherra og ríkisstjórn. Íslenska ríkið fékk utanríkismál í sínar hendur. Ákvæði um eftirlaun embættismanna var innleitt á ný. Alþingi skyldi koma saman hvert ár. Fallið var frá tímaáætlun um rýmkun kosningarréttar og kosningaaldur festur við 25 ár. Heimilað var að innleiða hlutfallskosningar í Reykjavík og að fjölga þingmönnum með lögum. Innleitt var sérstakt ákvæði um að útlendingar gætu ekki fengið ríkisborgararétt á Íslandi nema með lögum og að heimildum útlendinga til að eiga fasteignarréttindi hér á landi skyldi skipað með lögum. Ýmsar smávægilegri breytingar voru einnig gerðar þetta ár.

Umræður um breytingar á stjórnarskrá á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar snerust einkum um fækkun ráðherra og þinghald annað hvert ár. Í upphafi fjórða áratugarins var hins vegar kosningakerfið komið á dagskrá og það átti eftir að móta mjög allar umræður um breytingar á stjórnarskrá það sem eftir lifði aldarinnar.

Tvisvar voru gerðar breytingar á stjórnarskránni frá 1920 áður en lýðveldisstjórnarskráin 1944 tók við. Meiri hluti fékkst fyrir stjórnarskrárbreytingu einnig árið 1927 en sú breyting hlaut ekki staðfestingu hjá nýju þingi eftir kosningar. Árið 1934 voru m.a. gerðar þær breytingar að kjördæmaskipunin var fest í stjórnarskrá, þingmönnum var fjölgað, jöfnunarsæti voru tekin upp en landskjör afnumið, kosningarréttur lækkaður í 21 ár, ákvæði um að sveitarstyrkþegar skyldu ekki njóta kosningarréttar var afnumið og fjárlög skyldu lögð fyrir sameinað þing.

Árið 1942 var kosningafyrirkomulagi breytt og síðar á árinu var samþykkt frávik frá ákvæðum stjórnarskrárinnar um stjórnarskrárbreytingu sem gerði landsmönnum kleift að samþykkja breytingar á stjórnarskránni vegna sambandsslitanna við Dani í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt dansk-íslensku sambandslögunum frá 1918 gátu hvort heldur sem er danska þingið eða Alþingi krafist endurskoðunar sambands ríkjanna eftir árslok 1940. Væri nýr samningur ekki gerður innan þriggja ára gæti hvor aðili um sig krafist þess að hann skyldi úr gildi felldur. Slík ákvörðun krafðist ⅔ hluta atkvæða í hvorri deild danska þingsins eða í sameinuðu Alþingi og ¾ hluta kjósenda staðfestu síðan þá ákvörðun í atkvæðagreiðslu sem að minnsta kosti ¾ hlutar kjósenda tækju þátt í. Ljóst var að eftir því sem nær dró þessu tímamarki jókst stuðningur við að slíta sambandinu við Dani. Í upphafi árs 1940 skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og hafði hún lokið verki sínu

um mitt ár. Ekki varð þó af því að frumvarpið væri lagt fram á Alþingi. Í millitíðinni hafði Danmörk verið hertekin af Þjóðverjum og í kjölfar þess ályktaði Alþingi um yfirtöku Íslendinga á meðferð konungsvalds, utanríkismála og landhelgisgæslu, 10. apríl 1940. Mánuði síðar var Ísland hernumið af Bretum.

Árið 1941 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi þrjár þingsályktunartillögur þar sem lýst var yfir í fyrsta lagi að Ísland hefði öðlast rétt til sambandsslita og jafnframt vilja Alþingis til sambandsslita við Danmörku, í öðru lagi að Alþingi mundi kjósa ríkisstjóra til eins árs í senn til að fara með æðsta vald í málefnum ríkisins og loks í þriðja lagi að Alþingi stefndi á lýðveldisstofnun jafnskjótt og sambandinu við Danmörku yrði formlega slitið.

Í maí 1942 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Í nefndina voru kosnir tveir fulltrúar frá bæði Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki en einn frá Alþýðuflokki. Enginn fulltrúi Sósíalistaflokksins var kosinn í nefndina. Virðist ætlun þingsins hafa verið að hraða viðskilnaðinum við Dani og ekki nauðsynlega bíða þess að sá frestur sem tilskilinn var í sambandslögunum væri útrunninn. Upp úr miðjum júlímánuði hafði nefndin gengið frá uppkasti að nýrri stjórnarskrá. Þessi áform mættu nokkurri andstöðu innan lands en meiru skipti þó að Bretar og Bandaríkjamenn voru þeim andsnúnir. Voru þau því lögð á hilluna í bili.

Í september 1942 var samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaga sem heimilaði að breyta stjórnarskránni með afbrigðilegum hætti, þ.e. með samþykkt eins þings og meiri hluta kosningarbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þó er óheimilt“ eins og segir í stjórnskipunarlögunum „að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.“

Jafnframt var samþykkt þingsályktunartillaga um fjölgun í stjórnarskrárnefndinni í átta og höfðu þá allir stjórnmálaflokkar tvo fulltrúa í henni. Nefndin skilaði áliti sínu og frumvarpi að stjórnarskrá til forsætisráðherra í apríl 1943 en lagði til að gildistaka yrði miðuð við 17. júní 1944 enda væri þá fullnægt þeim tímafresti sem gefinn var í sambandslögunum frá 1918. Samstaða var í nefndinni um önnur atriði en heiti forseta (ríkisforseti eða forseti lýðveldisins) og val á forseta (þingkjörinn eða þjóðkjörinn). Meiri hluti nefndarinnar hallaðist að heitinu forseti lýðveldisins og að hann skyldi þingkjörinn. Vilji nefndarmeirihlutans varð þó ekki ofan á hvað þessi atriði varðar. Heiti embættis forseta er forseti Íslands (þótt forseti lýðveldisins komi einnig fyrir í stjórnarskrá) og á endanum varð ofan á að hafa forsetann þjóðkjörinn eftir að sú hugmynd hafði fengið frekar dræmar undirtektir hjá almenningi að forsetinn yrði þingkjörinn. Í þinginu var deilt um ýmis fleiri atriði málsins, meðal annars hvort forseti ætti að hafa frestandi synjunarvald við lagasetningu (eins og forsætisráðherra utanþingsstjórnarinnar, Björn Þórðarson, lagði til) eða málskotsrétt til þjóðarinnar eins og varð niðurstaðan.

Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem ríkti við afgreiðslu stjórnarskrárinnar 1944 var að hún náði einungis til mjög afmarkaðra þátta stjórnskipunarinnar. Um þetta segir í áliti milliþinganefndarinnar sem undirbjó frumvarpið:

Samkvæmt endursamþykkt þingsályktunartillögunnar um skipun milliþinganefndarinnar í stjórnarskrármálinu, er gerð var hinn 8. sept. 1942, skilar nefndin með þessu stjórnarskrár-

frumvarpi og greinargerð fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að „undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt“. Má ætla að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenska ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi, frá konungdæmi til lýðveldis o.s.frv.

Þær breytingar sem gerðar voru á stjórnskipuninni 1944 voru í samræmi við þetta fyrst og fremst að felld voru út ákvæði um konung og innleidd ákvæði um forseta. Hlutverk forseta í stjórnskipun landsins var að flestu leyti mjög sambærilegt við hlutverk konungs áður. Þó voru gerðar vissar breytingar á þessum ákvæðum hér og þar – t.d. voru meiri takmarkanir á synjunarvaldi forseta en áður höfðu verið á neitunarvaldi konungs og eins voru sérstök ákvæði um frávikningu forseta. Að öðru leyti stóð stjórnarskráin óbreytt.

3. Vinna við endurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar.

Stjórnarskrárnefndin starfaði, eins og fram kemur í áliti hennar, áfram að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Árið 1945 ákvað Alþingi að skipa 12 manna nefnd til ráðgjafar eldri nefndinni og tveimur árum síðar var samþykkt þingsályktunartillaga um skipan nýrrar sjö manna nefndar til að endurskoða stjórnarskrá þar sem starfsemi hinnar fyrri hafði lognast út af.

Framan af virðist það einkum hafa háð starfi nefndarinnar að stjórnmálaflokkarnir höfðu ekki mótað sér afstöðu í þeim málum sem nefndin átti að fjalla um. Þannig sagði Steingrímur Steinþórsson forsætisráðherra í svari við fyrirspurn um störf nefndarinnar á þingi 1952 að fljótlega hafi það komið í ljós að „fulltrúar hinna pólitísku flokka, sem sæti áttu í nefndinni, höfðu ekki neinar till. fram að bera, vegna þess að þeir, sem sendu þá í nefndina, höfðu ekki gert sér ljóst, hvernig þeir stæðu í málinu. … Það hefur verið í samráði við ríkisstjórn, að störf þessarar nefndar hafa legið niðri nú alllangan tíma.“

Önnur fyrirspurn kom fram á Alþingi árið 1955 um hvað liði störfum stjórnarskrárnefndarinnar. Í svari sínu sagði Ólafur Thors forsætisráðherra meðal annars:

Um störf stjórnarskrárnefndarinnar, er skipuð var 14. nóv. 1947 samkv. þáltill. frá 14. maí 1947 , er það að segja, að í henni var lengi leitað samkomulags um málið. Hinn 18. nóv. 1952 var svo enn haldinn fundur í þessari stjórnarskrárnefnd. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, afhenti þá nm. þar ákveðnar tillögur um efni nýrrar stjórnarskrár frá þeim Bjarna Benediktssyni, Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein. Skýrði Bjarni Benediktsson síðan opinberlega frá þessum tillögum, og er sú frásögn birt í Morgunblaðinu 22.–24. jan. 1953. Tillögurnar voru nokkuð ræddar á nefndum fundi 18. nóv., og lýkur fundargerðinni þannig: „Að lokum var ákveðið að nefndarmenn létu formann vita, þegar þeir væru búnir að kynna sér tillögur þremenninganna og taka afstöðu til þeirra, og skyldi þá kallaður saman fundur að nýju.“

Tillögur þær sem Bjarni Benediktsson lagði fram í nóvember 1952 gerði hann síðar að umræðuefni á Varðarfundi í ræðu sem birtist í Morgunblaðinu 22.–24. janúar 1953. Tillögurnar voru í tuttugu liðum og vörðuðu völd forseta, varaforseta, afnám landsdóms, reglur um stjórnarmyndun, aukafjárveitingar, kosningaaðferð, hæstarétt, ákæruvaldið, mannréttindi, sveitarfélög, aðferðir við að breyta stjórnarskrá og ýmislegt fleira. Ekki verður vart mikilla ummerkja um störf nefndarinnar eftir 1953. Framsóknarmenn héldu því fram í deilum um

stjórnarskrárbreytingar 1959 að þótt nefndin hefði ekki starfað héldi hún samt umboði sínu. Í Ríkishandbók Íslands árið 1965 er einnig litið svo á að nefndin sé enn þá til. Gögn hafa hins vegar ekki fundist um störf hennar á þessum tíma.

Þótt stjórnarskrárnefndin frá 1947 næði ekki að skila áliti hefur þó hugmyndin um þá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem fyrirheit voru gefin um 1944 reglulega komið til tals á Alþingi. Stór hluti þingsályktunartillagna sem snerta stjórnarskrármálefni hefur snúist um þetta.

Árið 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um myndun stjórnarskrárnefndar til að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og var sjö manna nefnd kosin af Alþingi til að sinna því verki. Þessi nefnd skilaði miklu starfi fram til 1983 og hún skilaði af sér skýrslum um málið en ekki náðist í henni full samstaða um endanlegar tillögur. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra lagði hins vegar fram stjórnarskrárfrumvarp 1983 í sínu nafni sem byggðist á störfum nefndarinnar. Í frumvarpinu var tekið á mörgum þeirra atriða sem fjallað hafði verið um áratuginn á undan.

Sum þeirra atriða sem var að finna í stjórnarskrárfrumvarpinu 1983 hafa komist í framkvæmd, fyrir tilstilli almennra laga eða í þeim stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru 1984, 1991 og 1995. Alþingi afgreiddi hins vegar ekki stjórnarskrárfrumvarpið í heild sinni og mörg þeirra atriða sem þar var að finna eru utan við stjórnarskrá.

Stjórnarskrárnefndir störfuðu áfram eftir kosningarnar 1983, 1987 og 1991 eftir því sem næst verður komist. Engin gögn eru þó á Þjóðskjalasafni um störf þeirra eftir 1987. Í athugasemdum og framsöguræðum sem voru undanfari stjórnarskrárbreytingarinnar 1991 kemur fram að frumvarpið var samið af nefnd formanna þingflokkanna að beiðni forseta Alþingis og ekkert kemur fram um að stjórnarskrárnefnd hafi komið þar við sögu. Hins vegar segir í greinargerð með frumvarpinu um mannréttindakaflann 1994–95:

Í apríl 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Með ályktun Alþingis 17. júní 1994 í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi var samþykkt að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun alls VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Við endurskoðunina skyldi höfð hliðsjón af áðurgreindum tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994 en einnig skyldi fjalla um önnur ákvæði kaflans, svo sem um skipan skattamála, ríkisborgararétt og stöðu sveitarfélaga. Á síðara stigi var enn fremur ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæðin um trúfrelsi í VI. kafla.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir, er í mörgum atriðum sambærilegt við tillögur stjórnarskrárnefndar að því er varðar mannréttindaákvæðin. Þó hafa þær sætt nokkrum breytingum frá upprunalegri mynd því að formenn þingflokka ákváðu síðla sl. sumar að taka þær til frekari athugunar og fengu til liðs við sig virta lögfræðinga og sérfræðinga á sviði mannréttinda og stjórnskipunar. Tillögurnar hafa enn tekið nokkrum breytingum eftir viðræður formanna þingflokka um málið og umræður í þingflokkum að undanförnu.

Um undirbúning að stjórnarskrárbreytingu 1999 segir í frumvarpi:

Hinn 8. september 1997 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum þingflokka að undangengnu samráði við formenn allra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. ... Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann hefur lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

Nefndin lagði til að formenn stjórnmálaflokkanna legðu sameiginlega fram frumvarp um breytingu á ákvæðum stjórnarskrár um alþingiskosningar og gekk það eftir.

Í ársbyrjun 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Fulltrúar allra flokka áttu sæti í nefndinni og var Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfaði hópur sérfræðinga undir forustu Eiríks Tómassonar prófessors. Samkvæmt skipunarbréfi skyldi endurskoðunin „einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla“. Í upphafi nefndarstarfsins lýsti formaður nefndarinnar því yfir að engir hlutar stjórnarskrárinnar væru fyrir fram undanskildir. Nefndin skilaði af sér áfangaskýrslu í febrúar 2007 og frumvarpi til breytinga á 79. gr. stjskr. Var markmiðið meðal annars að nefndin gæti unnið áfram í kjölfar þingkosninga vorið 2007 og hægt yrði að bera nýja stjórnarskrá upp á Alþingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu um mitt næsta kjörtímabil. Frumvarp stjórnarskrárnefndar var hins vegar aldrei lagt fram og nefndin kom ekki saman eftir kosningarnar vorið 2007.

Þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem fara átti fram eftir að lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944 hefur því aldrei lokið. Einstakar breytingar hafa hins vegar verið gerðar. Sumar þeirra hafa verið mjög afmarkaðar, eins og breyting á kosningaaldri árið 1968 en aðrar víðtækari, eins og breytingar á starfsháttum Alþingis og fleira 1991 og endurskoðaður mannréttindakafli 1995.

Þeir kaflar stjórnarskrárinnar sem hafa verið endurskoðaðir rækilega eru III. kafli um þingkosningar, IV. kafli um störf Alþingis og VII. kafli um mannréttindi. Öðrum köflum hefur minna verið breytt. Þannig hefur I. kafla aldrei verið breytt, II. kafla breytt í nokkrum atriðum árið 1991, mest til að taka mið af afnámi deildaskiptingar Alþingis, V. kafla um dómsvaldið hefur nær ekkert verið breytt en ein af þremur greinum VI. kafla um kirkju og trúfrelsi var endurskoðuð 1995.

4. Um hugtakið stjórnlagaþing og hlutverk þess.

Hugtakið stjórnlagaþing er ekki fastmótað en eins og nafnið gefur til kynna hefur slíkt þing það hlutverk að semja ný stjórnlög eða reglur um stjórnskipun ríkis eða breyta þeim sem fyrir eru og þar sitja venjulega þjóðkjörnir fulltrúar, oftast af þjóðþingum. Slík þing hafa verið haldin víða um heim á ýmsum tímum sögunnar og marka gjarnan upphaf að stofnun nýrra ríkja eða nýjum stjórnarháttum í ríki í kjölfar stríðsátaka, byltinga eða niðurbrots í þjóðfélagsskipan og stjórnlagakreppu sem myndast hefur í kjölfarið.

Markmið stjórnlagaþings er að undirstrika þær stoðir hvers lýðræðisþjóðfélags að allt vald spretti frá þjóðinni og því skuli stjórnlög sett af fulltrúum fólksins. Þessum þjóðkjörnu fulltrúum er falið að setja þær grundvallarreglur sem gilda um æðstu stjórn og skipulag ríkisins, uppsprettu ríkisvalds, verkefni handhafa ríkisvaldsins, verkaskiptingu þeirra og valdmörk. Hugmyndir þessar birtust m.a. í ritum heimspekinganna John Locke (1632–1704) um uppsprettu ríkisvaldsins og Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) um samfélagssáttmála (Du Contrat social), svo og kenningum fleiri stjórnmálaheimspekinga 17. og 18. aldar sem byggjast á því að ríkisvald réttlætist af samkomulagi borgaranna um að fela yfirvöldum tiltekin afmörkuð verkefni en jafnframt að ríkisvaldinu skuli sett ákveðin mörk sem þau megi ekki fara út fyrir. Ákvörðun um gerð slíks sáttmála er þannig í höndum þjóðarinnar því þjóðin sjálf er stjórnarskrárgjafinn.

5. Nokkur dæmi um stjórnlagaþing og afrakstur þeirra.

Þegar einveldi konunga var aflagt í Evrópuríkjum á 18. og 19. öld og ríki tóku upp lýðræðislega stjórnarhætti voru ýmis dæmi þess að stjórnlagaþing væru sett á fót til að semja

stjórnarskrár ríkisins. Eitt frægasta þingið af þeim toga var sett í Fíladelfíu í Bandaríkjunum sumarið 1787 með 55 fulltrúum allra fylkja Bandaríkjanna sem lýst höfðu yfir sjálfstæði sínu árið 1776. Varð afrakstur þingsins stjórnarskrá Bandaríkjanna sem var samþykkt sama ár og er enn í gildi en margir viðaukar hafa síðar verið gerðir við hana. Eins má nefna samþykkt norsku stjórnarskrárinnar sem fram fór á þjóðfundi sem haldinn var á Eiðsvöllum í Noregi 17. maí 1814. Loks má árétta að fyrstu dönsku grundvallarlögin frá 5. júní 1849 voru samþykkt af sérstöku stjórnlagaþingi sem sett var á fót árið áður.

Segja má að Þjóðfundurinn sem fram fór í Reykjavík 5. júlí 1851 hafi verið ígildi stjórnlagaþings hér á landi. Markmið hans var að samþykkja ný stjórnskipunarlög fyrir Ísland en Íslendingar höfðu hafnað því að dönsku grundvallarlögin frá 1849 væru bindandi fyrir Ísland. Á Þjóðfundinum lagði danska stjórnin fram frumvarp til laga um stöðu Íslands í danska ríkinu og ríkisþingkosningar, sem mætti algerri mótstöðu fundarmanna, enda stefndi það að beinni innlimun Íslands í danska ríkið. Sem kunnugt er lauk fundinum með orðum Jóns Sigurðssonar sem þjóðkjörnir fulltrúar fundarins tóku undir: „Vér mótmælum allir“ en þá var fundi slitið af fulltrúa konungs á þinginu. Meira en tveir áratugir liðu frá þessu þar til Íslendingum var sett stjórnarskrá, en þá var hún einhliða sett af Danakonungi árið 1874 eins og áður er getið og án samþykkis þjóðkjörinna fulltrúa á Alþingi.

Frá 20. öldinni má finna allmörg dæmi um stjórnlagaþing sem samþykktu nýjar stjórnarskrár, t.d. í Þýskalandi eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og varð afrakstur þess þýska stjórnarskráin frá 1949 sem er enn í gildi. Þá má nefna stjórnlagaþing Nýfundnalands frá 1946. Í síðarnefnda tilvikinu var kosið beint til þingsins en slík tilhögun virðist vera sjaldgæfari. Nýjasta dæmið sem finna má frá Evrópuríki var ráðgefandi stjórnlagaþing sem sett var á fót í Austurríki árið 2003. Það starfaði í tvö ár en tillögur þess um breytingar á austurrísku stjórnarskránni, sem er að stofni til frá 1920, hafa ekki náð fram að ganga. Algengt virðist að stjórnlagaþing séu sett á fót í sambandsríkjum þar sem lögð er áhersla á að öll ríki eða fylki eigi fulltrúa og markmið nýrra stjórnlaga er m.a. að skilgreina valdmörk á milli valds fylkjanna og sambandsvaldsins. Í öllum fyrrgreindum tilvikum var um sambandsríki að ræða. Í kjölfar afnáms kynþáttaaðskilnaðar í Suður-Afríku og falls stjórnar hvíta minni hlutans var sett á fót stjórnlagaþing sem skyldi semja og afgreiða nýja stjórnarskrá og ljúka því starfi á 18 mánuðum, fram til vors 1996. Stjórnlagaþingið samanstóð af báðum deildum suður-afríska þingsins en hafði sér til ráðgjafar nefnd sjö óháðra sérfræðinga.

Í Sviss er komin rík hefð á að stjórnlagaþing endurskoði stjórnarskrár kantónanna. Þannig hafa níu kantónur af 22 sett á fót stjórnlagaþing frá árinu 1980 til þess að endurskoða stjórnarskrá sína. Sú síðasta er Genf, þar sem kosið var til slíks þings haustið 2008. Hinar kantónurnar hafa flestar endurskoðað sínar stjórnarskrár á sama tímabili en þá með hefðbundnari hætti. Endurskoðun með þessum hætti er gjarnan hleypt af stað með samþykkt stjórnskipunarlaga í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tilgangurinn er yfirleitt sá að færa texta sem á uppruna á 19. öld nær nútímanum og taka í slíku grundvallarskjali á vandamálum samtímans. Fjöldi þingmanna á stjórnlagaþingi kantónanna hefur verið á bilinu 60–200. Sá tími sem stjórnlagaþingin hafa fengið til umráða er 3,5–9,5 ár. Í flestum tilvikum er niðurstaðan borin beint undir þjóðaratkvæði en þó er gert ráð fyrir því varðandi stjórnlagaþing Genfar að niðurstaðan fari til löggjafarþingsins til afgreiðslu. Oftast hefur verið kosið til þinganna með listakosningu og hefðbundnir stjórnmálaflokkar hafi yfirleitt átt flesta fulltrúa.

Um skipulag og starfshætti stjórnlagaþinga og niðurstöður þeirra hafa gilt mjög fjölbreyttar reglur eftir því hvaða ríki á í hlut. Þannig eru ólíkar reglur um hvernig er háttað vali fulltrúa á stjórnlagaþing. Aðalreglan er að fulltrúar á stjórnlagaþingi séu þjóðkjörnir, t.d. sem

þingmenn á þjóðþingum, en ekki sé kjörið beint á stjórnlagaþingið eins. Auk þess veljast þangað fulltrúar ríkja eða fylkja þegar um sambandsríki er að ræða. Þá er ekki einhlítt hver eru bindandi áhrif samþykkta stjórnlagaþings og jafnframt er misjafnt hvort niðurstaða stjórnlagaþinga um nýja stjórnarskrá er borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eitt eiga flest stjórnlagaþing þó sameiginlegt. Þau eru ekki varanlegar stofnanir en hlutverk þeirra takmarkast við að setja stjórnlög eða stjórnarskrá í eitt skipti og er oft markaður til þess ákveðinn tími. Þaðan í frá er venjulegt gert ráð fyrir því í stjórnarskránni að unnt sé að breyta ákvæðum hennar eftir sérstökum reglum um samþykkt þjóðþings og eftir atvikum einnig með þjóðaratkvæðagreiðslu.

6. Tillögur um stjórnlagaþing á Íslandi.

Hugmyndin um stjórnlagaþing hér á landi er ekki ný af nálinni. Við undirbúning lýðveldisstofnunarinnar kom til umræðu á Alþingi að kalla saman stjórnlagaþing. Var því hreyft snemma árið 1941 af Jónasi Jónassyni alþingismanni að eðlilegt væri að saman yrði kvaddur sérstakur Þjóðfundur til ákvörðunar um lýðveldisstofnun hér á landi en með þessu var einnig skírskotað til Þjóðfundarins árið 1851. Þjóðfundarhugmyndin var mjög rækilega rædd, einkum sumarið 1942 þegar þingmenn og ríkisstjórn ræddu ýmsa kosti um hvernig stofnun lýðveldisins yrði best tryggð. Ekki varð þó af þessu, m.a. vegna ótta um að málið gæti valdið töfum. Þá voru aðstæður með þeim hætti að rétt þótti að bíða með heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og áður var rakið. Þess í stað var ákveðið að leggja frumvarp til nýrrar stjórnarskrár í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frá lýðveldisstofnun hefur frumvarp um stjórnlagaþing þrisvar sinnum verið lagt fram. Fyrst af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948 og svo aftur af Jóhönnu Sigurðardóttur, núverandi forsætisráðherra, árið 1995. Á síðasta löggjafarþingi lagði Siv Friðleifsdóttir, ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins, fram frumvarp um stjórnlagaþing og eins og lýst var í inngangi hér að framan var einnig lagt fram á síðasta löggjafarþingi frumvarp þingmanna fjögurra stjórnmálaflokka um stofnun stjórnlagaþings, sem er helsta fyrirmynd þessa frumvarps.

Ástæður þess að hugmyndir um stjórnlagaþing hafa verið endurvaktar má einkum rekja til víðtækrar þjóðfélagsumræðu um nauðsyn þess að endurskoða grundvöll íslenska stjórnkerfisins í kjölfar bankahrunsins sl. haust og þeirra áfalla sem íslenska efnahagskerfið hefur orðið fyrir. Kröfur hafa komið fram um að endurskoðaðar verði ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi, þar á meðal þær sem lúta að skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdþátta, hvernig er háttað reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti með starfi stjórnvalda og um möguleika þjóðarinnar á því að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þeirri umræðu hefur sjónum verið beint að stjórnarskrá lýðveldisins, setningarhætti hennar og þeirri staðreynd að raunveruleg lýðræðisleg umræða hefur aldrei farið fram hér á landi um það hvernig beri að haga þessum málum á Alþingi Íslendinga. Enn er byggt á því skipulagi sem var við lýði í konungsríkinu Íslandi árið 1874 sem Danakonungur ákvað, skipulagi sem endurspeglar engan veginn þann raunveruleika sem nú er í íslenskum stjórnmálum.

Í ljósi þess að stjórnmálaflokkunum hefur ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á núgildandi stjórnarskrá, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, er lagt til að stofnað verði til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum sem verði falið þetta mikilvæga verkefni.

7. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

7.1. Afmarkað hlutverk og starfsemi stjórnlagaþings.

Í frumvarpinu er ráðgert að stjórnlagaþing hafi tímabundið og afmarkað hlutverk sem er að endurskoða og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Með þessu er brugðist við þeirri aðstöðu að ekki hefur tekist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir undanfarna áratugi og yfirlýsingar nær allra stjórnmálaflokka um að breytinga sé þörf, að ljúka þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem stefnt var að árið 1944 og lýst var að framan.

Í frumvarpinu er ráðgert að stjórnlagaþing taki m.a. sérstaklega til skoðunar efnisatriði sem staðið hafa nær óbreytt allt frá setningu stjórnarskrárinnar 1874 og falla einkum undir I. kafla hennar um nokkur grunnhugtök íslensks stjórnskipulags, II. kafla um framkvæmdarvaldið og tengsl þess við löggjafarvaldið og V. kafla um dómsvaldið. Þingið getur þó jafnframt tekið til endurskoðunar hvaðeina annað sem það kýs eða lagt til að bætt verði við stjórnarskrána nýjum ákvæðum og köflum sem ekki hafa staðið þar til þessa.

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að setning stjórnlagaþings verði framvegis hin venjulega aðferð til þess að endurskoða stjórnarskrá. Þinginu er markaður tími til þess að ljúka störfum sínum í átta mánuði, frá 17. júní 2010 til 17. febrúar 2011, en Alþingi getur framlengt starfstímann um allt að þrjá mánuði. Tillögum þingsins er ætlað að vera ráðgefandi fyrir Alþingi og skal frumvarp sem stjórnlagaþing samþykkir sent Alþingi til meðferðar.

7.2. Þjóðkjörnir fulltrúar og persónukjör.

Í tillögum frumvarpsins endurspeglast það markmið með setningu stjórnlagaþings að þjóðkjörnir fulltrúar íslensku þjóðarinnar setji stjórnlög ríkisins og þar með er undirstrikað að allt ríkisvald spretti frá þjóðinni. Þessum þjóðkjörnu fulltrúum er falið að setja þær grundvallarreglur sem gilda um æðstu stjórn og skipulag ríkisins, uppsprettu ríkisvalds, verkefni handhafa ríkisvaldsins, verkaskiptingu þeirra og valdmörk. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fulltrúar á stjórnlagaþingi verði kosnir persónukosningu og gerðar eru tillögur um ítarlegar reglur varðandi framkvæmd persónukjörsins sem miði að því að endurspegla vilja kjósenda eins vel og unnt er, þar sem jafnframt verði stuðlað að jöfnu hlutfalli kynjanna eins og kostur er í hópi þingfulltrúanna.

Þá eru í frumvarpinu sérreglur um kjörgengi fulltrúa á þingið, en ráðgert er að sömu skilyrði gildi um það og varðandi kjörgengi til Alþingis, með þeirri undantekningu þó að forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar séu ekki kjörgengir. Með þessu er stefnt að því tryggja að þingið vinni sjálfstætt að tillögum sínum gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds og án beinnar aðkomu fulltrúa þessara handhafa. Ástæða þess að efnt er til stjórnlagaþingsins sem starfar þannig við hlið Alþingis er einmitt að skapa nýjan vettvang fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar í ákveðinni fjarlægð frá stjórnmálaflokkum og fulltrúum þeirra á Alþingi.

7.3. Samkomutímabil og störf nefnda.

Til þess að nýta starfstíma og skilvirkni þingsins sem best og draga úr kostnaði er nánar afmarkið í frumvarpinu á hvaða tímabilum þingið kemur saman og heldur fundi og mælt er fyrir um störf nefnda þingsins þess á milli. Lagt er til að á starfstíma þingsins séu þrjú starfstímabil; það fyrsta verði nýtt til að kjósa nefndir þingsins og skipuleggja störf þeirra og verkáætlun fyrir þingið, annað tímabilið verði nýtt til að ræða framkomnar tillögur nefnda og þriðja tímabilið til þess að taka til meðferðar og samþykkja frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Forseti stjórnlagaþings sem kjörinn er á fyrsta fundi þess er æðsti embættismaður þingsins og fer hann jafnframt fyrir forsætisnefnd þess. Þá ber hann ábyrgð á rekstri stjórnlagaþings og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

Er forsætisnefnd og þremur starfsnefndum sem kjörnar eru af þinginu í upphafi starfstímans falið lykilhlutverk í starfsemi þess og stjórnun og mótun tillagna. Nefndunum þremur er samkvæmt frumvarpinu falið að fjalla um tiltekna þætti en verksvið þeirra er þó ekki einskorðað við þá enda orðað með almennum hætti. Stjórnlagaþinginu sjálfu er ætlað, í upphafi starfa þingsins, að afmarka nánar þau verkefni sem nefndunum er ætlað að vinna að. Ráðgert er að þingið ráði sérfræðinga til þess að vinna með nefndum við gerð tillagna og ritun frumvarps. Samhæfing á verkefnum nefndanna þriggja á sér síðan stað í forsætisnefnd, þar sem frumvarpið verður unnið í endanlegri gerð áður en forseti þingsins leggur það fram til meðferðar og samþykktar á síðasta samkomutímabili þingsins.

7.4. Kynning á starfsemi og þátttaka almennings.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks stjórnlagaþings að vera vettvangur þjóðkjörinna fulltrúa með það afmarkaða verkefni að endurskoða stjórnlög ríkisins er ráðgert í frumvarpinu að starfsemi þess verði kynnt með víðtækum hætti í samfélaginu, bæði fyrir og eftir kosningu á þingið. Það er forsenda þess að hægt verði að stuðla að skoðanaskiptum og virkja áhuga í samfélaginu á því sem fram fer á þinginu og kalla megi eftir framlagi almennings inn í starfið.

Þannig skal stjórnlagaþing markvisst lýsa eftir tillögum og erindum frá einstaklingum, hagsmunasamtökum, félögum og öðrum og taka þau til meðferðar og umræðu. Starfsnefndir þingsins gegna hér einnig miklu hlutverki þar sem þeim er ætlað að fara yfir öll erindi, kalla eftir umsögnum frá þeim og taka við gestum. Eins hafa allir þingfulltrúar seturétt á fundum nefndanna með málfrelsi og tillögurétt auk þess sem þær geta ákveðið að fundir þeirra verði opnir almenningi.

Loks kemur fram í frumvarpinu að þingfundir skuli fara fram í heyranda hljóði og opnir öllum.

7.5. Ítarlegur undirbúningur til að nýta sem best starfstíma þingsins.

Stjórnlagaþingi er markaður fremur stuttur tími, eða átta mánuðir, til þess að ljúka störfum sínum með möguleika á framlengingu í allt að þrjá mánuði ef Alþingi ákveður svo. Til þess að þingið geti snúið sér strax að kjarna viðfangsefnis síns þegar það kemur saman, þ.e. að efnislegri skoðun stjórnarskrárinnar, er afar mikilvægt að undirbúa störf þingsins vel.

Til þess að ná því markmiði er lagt til að sérstakt bráðabirgðaákvæði verði í frumvarpinu þar sem mælt er fyrir um að forsætisráðherra skuli skipa undirbúningsnefnd til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og að nefndin skuli ráða framkvæmdastjóra. Nefndinni er ætlað að taka til starfa við gildistöku laganna. Meðal mikilvægustu verkefna nefndarinnar er að semja drög að starfsreglum fyrir þingið sem forsætisráðherra skal svo gefa út fyrir 15. apríl 2010. Eins er mikilvægt að nefndinni er ætlað að setja af stað víðtæka kynningu á starfsemi stjórnlagaþingsins og fyrirhuguðu verkefni þess, m.a. að setja upp vefsíðu, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna. Með víðtækri kynningu á stjórnlagaþinginu verður einnig stuðlað að því að fleiri bjóði sig fram til þingsins.

Með þessari tilhögun á undirbúningi aukast einnig líkur á því að skilvirkni í störfum stjórnlagaþingsins aukist og tími þess til að vinna að hinu vandasama verkefni verði sem best nýttur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafsgrein frumvarpsins er ráðgert að forseti Íslands boði til stjórnlagaþings. Greinina ber að skýra í samhengi við ákvæði stjórnarskrárinnar varðandi athafnir forseta, einkum 13. og 19. gr. þannig að þær verða almennt ekki virkar nema ráðherra veiti þeim atbeina sinn. Því skal forsætisráðherra eiga atbeina að því ásamt forseta að boða til þingsins og skal hann bera upp fyrir forseta tillögu um að þingið verði kvatt saman í síðasta lagi 17. júní 2010. Eftir því sem við á má hafa 22. gr. stjórnarskrárinnar til hliðsjónar um tilhögun á boðun til stjórnlagaþingsins, en þar er mælt fyrir um að forseti stefni saman Alþingi. Í 1. gr. er ekki gert ráð fyrir öðru hlutverki forseta Íslands en að setja stjórnlagaþing og stýra kjöri forseta þingsins. Þaðan í frá tekur forseti stjórnlagaþingsins við stjórn þess, eins og nánar er lýst í 16. gr. frumvarpsins.

Í greininni er tekið fram að stjórnlagaþing skuli endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Með þessu er þó ekki tekin afstaða til þess hvort um er að ræða endurskoðun í heild eða að hluta, en eins og lýst er í 3. gr. skal þingið þó einkum taka ákveðna þætti stjórnarskrárinnar til umfjöllunar. Þá er gert ráð fyrir því að á þinginu verði lagt fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga þar sem fram komi tillögur til breytinga á stjórnarskránni, sbr. ákvæði IV. kafla frumvarpsins.

Eins og lýst var í almennum athugasemdum kemur fram í 1. gr. að stjórnlagaþinginu er ætlað að vera ráðgefandi. Ókleift er að óbreyttri stjórnarskrá að veita stjórnlagaþingi lagasetningarvald með bindandi niðurstöðu en slíkt vald er eingöngu á hendi Alþingis skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Af sömu ástæðu getur stjórnlagaþing ekki heldur skuldbundið Alþingi með niðurstöðu sinni til þess að breyta stjórnarskránni. Verður frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem stjórnlagaþing samþykkir því sent Alþingi til áframhaldandi meðferðar og hefur Alþingi eins og endranær endanlegt ákvörðunarvald um þær breytingar sem samþykktar verða á stjórnarskrá. Verður þá í kjölfarið að rjúfa þing skv. 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og láta fara fram almennar kosningar. Samþykki Alþingi frumvarpið óbreytt að því loknu teljast stjórnarskrárbreytingarnar samþykktar. Eins og áður var rakið er vafalaust að tillögur stjórnlagaþingsins um breytingar á stjórnarskrá hafa mikilvæga pólitíska þýðingu. Verður að ætla líklegt að Alþingi muni fara eftir þeim í meginatriðum, enda er það markmið frumvarpsins að stuðla að slíkum breytingum með aðkomu þjóðkjörinna fulltrúa sem eru sérstaklega valdir til þessa verkefnis.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um fjölda þjóðkjörinna og atkvæðisbærra fulltrúa á stjórnlagaþingi en ýmsar skoðanir eru uppi um hvaða fjöldi telst eðlilegur. Eftir því sem fulltrúar eru fleiri er líklegra að breiðari eða fjölbreyttari hópur manna sitji á þinginu en jafnframt geta störf þess þó orðið þyngri í vöfum. Á Þjóðfundinum 1851 sátu 37 þjóðkjörnir fulltrúar og sex konungskjörnir. Hér er lagt til að minnst 25 og mest 31 fulltrúi sitji á þinginu. Í nýlegum svissneskum fyrirmyndum hafa fulltrúar verið á bilinu 60 til 200 talsins og á austurríska stjórnlagaþinginu sem efnt var til árið 2003 voru fulltrúar 71. Lagt er til að þingið verði skipað 25–31 fulltrúa en með því ætti að nást nokkur breiður hópur fulltrúa þjóðarinnar auk þess sem halda má kostnaði í skefjum.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi skulu vera þjóðkjörnir og kjörnir persónukjöri. Með þessu er undirstrikað að þeim er ætlað að hafa beint umboð frá þjóðinni. Með því að fulltrúar eru persónukjörnir er einnig stefnt að því að þeir séu ekki fulltrúar stjórnmálaflokka heldur bjóði

sig fram sem einstaklingar. Þó verður vitaskuld ekki hægt að útiloka að frambjóðendur tengi framboð sitt ákveðnum stjórnmálastefnum eða njóti yfirlýsts stuðnings tiltekinna stjórnmálaflokka.

Í 2.–4. mgr. greinarinnar er fjallað um starfstíma og nokkur meginatriði um starfsfyrirkomulag þingsins. Þannig er þinginu markaður fremur stuttur starfstími og situr ekki allan þann tíma allt við störf. Auk þess getur þingið sjálft ákveðið að ljúka störfum eins og fram kemur í niðurlagsorðum 2. mgr. Að baki þessari tilhögun liggja bæði sjónarmið um að halda kostnaði við starf þingsins niðri en einnig að ná fram meiri skilvirkni í störfum þess. Til álita gæti komið að stytta starfstíma þingsins enn frekar í þessu skyni. Þá kemur einnig til álita eins og áður segir að fresta þinginu og þar með kosningu til þess fram til ársins 2011 þannig að störf þingsins og umfjöllun Alþingis í kjölfarið á frumvarpi til nýrra stjórnarskipunarlaga fari saman við kosningar til Alþingis sem ætla má að verði vorið 2013. Er rétt að Alþingi taki afstöðu til þessara atriða sem annarra við umfjöllun sína um frumvarpið.

Þannig er lagt til í 3. mgr. að þingið allt starfi á þremur nánar tilgreindum tímabilum sem getið er í ákvæðinu og að starfið fari í meginatriðum fram í ákveðnum skrefum sem er nánar lýst í IV. kafla frumvarpsins. Þar kemur fram að fyrsta tímabilið skuli nýtt til að kjósa nefndir þingsins og skipuleggja störf þeirra og verkáætlun, annað tímabilið verði nýtt til að ræða framkomnar tillögur starfsnefnda og þriðja tímabilið til þess að taka til meðferðar og samþykkja frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Á milli funda þingsins gegna forsætisnefnd þess og þrjár starfsnefndir þingsins sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr. frumvarpsins veigamiklu hlutverki við að vinna að tillögum þess auk þess sem þeim er ætlað að fjalla um tillögur og erindi sem þinginu berast og kallað er eftir frá almenningi eða félagasamtökum skv. 20. gr. frumvarpsins, eins og nánar verður rakið í skýringum við þessi ákvæði.

Sá varnagli er sleginn í 5. mgr. að vanti enn upp á þann tíma sem þarf til að ljúka viðfangsefni stjórnlagaþingsins þegar komið er nærri starfslokum þess, geti það óskað eftir því við Alþingi að það framlengi starfstíma þess um allt að þrjá mánuði. Hefur stjórnlagaþingið þá svigrúm til þess að ákveða hvernig það hyggst skipuleggja störf sín þann tíma sem er umfram fyrir fram ákveðinn starfstíma í 3. mgr.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins eru taldir þeir þættir sem stjórnlagaþingi er einkum ætlað að taka til umfjöllunar. Er hér m.a. litið til þeirra hluta stjórnarskrárinnar sem standa lítt breyttir allt frá árinu 1874. Í 1. tölul. 1. mgr. er vísað til atriða sem nú er fjallað um í I. kafla stjórnarskrárinnar en þar eru tvær fyrstu greinar stjórnarskrárinnar sem lúta að lýðveldisskipan og þrískiptingu ríkisvaldsins. Álitaefni er hvort ekki sé rétt að festa skýrum stöfum í inngangskaflann önnur mikilvæg atriði sem eru hornsteinar íslenskrar stjórnskipunar, t.d. að allt vald sé sprottið frá þjóðinni og hver séu markmið að baki ríkisvaldi, um lýðræðisfyrirkomulagið, skyldu til að tryggja mannréttindi og réttarríki, yfirráðasvæði íslenska ríkisins og nokkur einkenni íslensku þjóðarinnar á borð við íslenskt tungumál og annan menningararf og að vernda beri verðmæti þjóðarinnar sem fólgin eru í náttúruauðlindum. Í flestum nýrri stjórnarskrám Evrópuríkja er að finna inngangskafla þar sem undirstöðum ríkis og þjóðar og slíkum grunnhugtökum er lýst þótt framsetning og efni slíkra ákvæða sé afar breytilegt á milli ríkja. Var það meðal verkefna stjórnarskrárnefndarinnar sem skipuð var árið 2005 að endurskoða I. kafla stjórnarskrárinnar að þessu leyti.

Í 2. og 3. tölul. 1. mgr. er vísað til atriða sem fjallað er um í II. kafla stjórnarskrárinnar sem er einn veigamesti kafli hennar. Ákvæði kaflans fjalla að mestu um framkvæmdarvaldið og tengsl þess við löggjafarvaldið, svo og hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins sem annars handhafa framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Litlar breytingar voru gerðar á þessum ákvæðum við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar eins og lýst var í almennum athugasemdum að framan en voru þær helstar að felld voru út ákvæði um konung og innleidd ákvæði um forseta. Hlutverk forseta í stjórnskipun landsins var þannig að flestu leyti mjög sambærilegt við hlutverk konungs áður, með nokkrum undantekningum þó.

Eitt helsta verkefni stjórnarskrárnefndarinnar sem skipuð var árið 2005 var að endurskoða II. kafla en engin ákveðin tillaga koma fram um efnið í starfi nefndarinnar. Orðalag ákvæða kaflans er óskýrt um margt og lýsir ekki nægilega hver er verkaskipting á milli forseta og ríkisstjórnar við meðferð framkvæmdarvalds. Þá þyrfti að skýra hlutverk og vald ríkisstjórnar, stöðu starfsstjórna, þingrofsréttinn og hvernig standa beri að stjórnarmyndun en um þetta skortir annaðhvort ákvæði í stjórnarskrána nú eða óvissa er um hvernig beri að túlka þau sem fyrir eru. Þá er vert að huga að stjórnarskrárákvæðum um samskipti Íslands við önnur ríki og þátttöku ríkisins í samvinnu innan alþjóðastofnana. Í stjórnarskránni nú er eitt ákvæði í 21. gr. um að forseti geri samninga við önnur ríki, en stjórnarskráin er að öðru leyti þögul um slíkt samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir og hvernig beri að tryggja áhrif Alþingis í utanríkismálum þótt áhrif alþjóðasamninga á íslenskt réttarkerfi og samfélag séu afar mikil.

Við endurskoðun þeirra atriða sem lýst er í 2. og 3. tölul. 1. mgr. þarf væntanlega að taka afstöðu til ýmissa grundvallarspurninga um valdmörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar má nefna álitaefni um hvort skilja eigi með öllu á milli þessara tveggja valdþátta og jafnvel kjósa framkvæmdarvaldið beint eða hvort styrkja eigi það að fyrirkomulag sem nú er við lýði, einkum með því að festa þingræðisregluna skýrum stöfum í stjórnarskrá, en fram til þessa hefur þingræðið byggst á stjórnskipunarvenju. Þótt þingræði sé þannig við lýði þarf að huga að úrræðum til að raunveruleg völd Alþingis, sem æðsta handhafa ríkisvalds, séu nægilega tryggð. Þannig þyrfti að huga að skilvirkari úrræðum til að hafa eftirlit með ríkisstjórn og veita henni nauðsynlegt aðhald. Til álita getur því komið að veita minni hluta þingmanna skilgreind stjórnskipuleg úrræði við ákveðnar aðstæður, til dæmis með því að geta lagt umdeild mál í dóm þjóðarinnar. Eins er vert að huga að því hvort tryggja beri mikilvægustu eftirlitsstofnun á vegum Alþingis, umboðsmanni Alþingis, ákveðinn sess í stjórnarskránni og bæta við skýrari heimildum en nú eru til þess að þingið skipi rannsóknarnefndir til að rannsaka tiltekin mál.

Í 4. tölul. 1. mgr. er lagt til að meðal umfjöllunarefna stjórnlagaþings verði atriði sem lúta að sjálfstæði dómstóla og eftirliti þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds. Sjálfstæðir dómstólar eru hornsteinn réttarríkisins. Því ber að tryggja eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvaldsins, einkum að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar séu virt. Hefur V. kafla stjórnarskrárinnar um dómstóla lítið sem ekkert verið breytt frá árinu 1874 og eru ákvæði hans afar fábreytt. Þar er t.d. ekki nefnt að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll landsins. Auk þess þarf að líta til mikilvægra þátta í störfum dómstóla, t.d. hvort rétt sé að kveða skýrum orðum á um vald þeirra til að víkja til hliðar lögum sem stríða gegn stjórnarskránni en það vald er nú talið venjuhelgað. Þá hefur töluvert verið rætt um skipun dómara, einkum hæstaréttardómara, og leiðir til að tryggja að hún verði sem faglegust. Þá er rétt að huga að því hvort tryggja beri sjálfstæði ákæruvaldsins í landinu með skýrum hætti í stjórnarskránni, en slík ákvæði má víða finna í nýrri stjórnarskrám Evrópuríkja.

Síðustu tveir töluliðir 1. mgr. lúta að málum tengdum kosningum, kjördæmaskipan og þátttöku almennings í lýðræði. Æskilegt er að stjórnlagaþingið kanni leiðir til þess að gera lýðræðisumbætur í þá átt að auka lýðræði. Þar er m.a. vert að kanna kosti um það hvernig megi jafna atkvæðisrétt landsmanna í þingkosningum. Hér er einnig mikilvægt að fjalla um hvernig megi setja reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrána. Í stjórnarskrárnefndinni sem starfaði frá 2005 til 2007 var allmikið rætt um þetta atriði og taldi nefndin vert að rýmka möguleika á því að halda þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni. Hér má einkum benda á tillögur nefndarinnar um að allar stjórnarskrárbreytingar verði bornar undir þjóðaratkvæði í ljósi þess að þjóðin sjálf sé stjórnarskrárgjafinn.

Ýmsar leiðir koma einnig til álita um hvort og þá hvernig megi skjóta lögum frá Alþingi til þjóðarinnar og hver eigi að geta framkallað slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem forseti lýðveldisins, eins og nú er, tiltekinn hluti þingmanna eða jafnvel tiltekinn hluti kjósenda. Þá er vert að kanna möguleika á því að tiltekinn hluti kjósenda á kjörskrá, t.d. 10% eða 20%, geti fengið því framgengt að mál séu tekin til afgreiðslu á Alþingi eða jafnvel að um þau eða önnur mikilvæg málefni sé kosið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillaga af þessum toga, þ.e. um þjóðaratkvæðagreiðslu að þjóðarfrumkvæði, kom fram í frumvarpinu til stjórnarskipunarlaga sem þingmenn Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins lögðu fram á síðasta löggjafarþingi og lýst var í almennum athugasemdum að framan en frumvarpið varð ekki útrætt.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um að stjórnlagaþing getur ákveðið að taka til umfjöllunar og gera tillögur um fleiri atriði en talin eru í 1. mgr. ef það svo kýs.

Um 4. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að kosning til stjórnlagaþings skuli fara fram samhliða kosningum til sveitarstjórna vorið 2010. Fyrir liggur að kosningar til sveitarstjórna fara fram laugardaginn 29. maí 2010. Þó kemur til álita eins og áður er fram komið að fresta þinginu og þar með kosningu til þess fram til ársins 2011 þannig að störf þingsins og umfjöllun Alþingis í kjölfarið á frumvarpi til nýrra stjórnarskipunarlaga fari saman við kosningar til Alþingis sem ætla má að verði vorið 2013. Er rétt að Alþingi taki afstöðu til þessa við umfjöllun sína um frumvarpið.

Markmið þessarar tilhögunar er einkum að tryggja að kosningaþátttaka verði góð. Það er mikilvægt til þess að umboð stjórnlagaþingsins til þess að vinna að tillögum um stjórnarskrárbreytingar verði skýrt. Þá sparar það ríkinu talsverð útgjöld að láta kosningar til sveitarstjórna og stjórnlagaþings fara fram samhliða í stað þess að halda sérstaka kosningu til stjórnlagaþingsins síðar á árinu 2010.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að kosningarrétt til stjórnlagaþings hafi allir sem eiga kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um á vettvangi stjórnlagaþings verða alla jafna þau sömu og almennt heyra undir verksvið Alþingis þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu við þann sem gildir í alþingiskosningum.

Samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar hafa slíkan rétt allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en nánari reglur um það er að finna í 2. mgr. 1. gr. laganna um kosningar til Alþingis.

Ljóst er að skilyrði kosningarréttar til stjórnlagaþings eru nokkru þrengri en í kosningum til sveitarstjórna, nr. 5/1998, en skv. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga enn fremur kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

Af þessari ástæðu verður að hafa í huga að kjörskrá vegna kosningar til stjórnlagaþings er ekki sú sama og kjörskráin sem gildir í kosningum til sveitarstjórnar.

Um 6. gr.

Í greininni er lýst kjörgengi fulltrúa á þingið. Lagt er til að sömu skilyrði gildi um það og varðandi kjörgengi til Alþingis, sbr. 34. gr. stjórnarskrárinnar, með þeirri undantekningu þó að forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar séu ekki kjörgengir. Með því að starfandi stjórnmálamenn sitji ekki á stjórnlagaþinginu er stefnt að því tryggja betur sjálfstæði stjórnlagaþingsins gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds.

Um 7. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldur landskjörstjórnar til að auglýsa kosningu til stjórnlagaþings í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði eigi síðar en 8 vikum fyrir kjördag. Hér er um formbundna auglýsingu að ræða, enda liggur þegar fyrir og með nokkuð löngum fyrirvara hver kjördagurinn verður, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Efni greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Vert er að hafa í huga að ítarleg kynning á fyrirhugaðri kosningu mun hefjast strax í upphafi ársins 2010 þegar undirbúningsnefnd, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið, hefur tekið til starfa. Svigrúm til þess að frambjóðendur undirbúi framboð sitt, afli meðmælenda o.fl. er því nokkuð.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um það hvernig beri að standa að framboðum til stjórnlagaþings og um tímafresti í þeim efnum. Hér er um ýmis nýmæli að ræða í ljósi þess að þessi aðferð, þ.e. hreint persónukjör án listaframboða í almennum kosningum á landsvísu, hefur ekki verið reynd hér á landi fyrr. Markmið ákvæðisins er að reyna að tryggja eins og unnt er að vandað verði til framboða án þess þó að skilyrði, t.d. um fjölda meðmælenda, verði svo ströng eða viðurhlutamikil að það reynist almennum borgurum illmögulegt að uppfylla þau eða hafi fælandi áhrif á að menn bjóði sig fram.

Í 1. mgr. kemur fram að frambjóðendur skuli skila framboðum sínum til kosningar á stjórnlagaþing ekki síðar en sex vikum fyrir kjördag. Hér verður að gera ráð fyrir nokkuð rúmum tíma, bæði til þess að unnt sé að standa að kynningu á frambjóðendum á vegum landskjörstjórnar, eins og lýst er í 9. gr. frumvarpsins, og einnig að hægt sé að framlengja frestinn ef ekki koma fram nægilega mörg framboð, sbr. 5. mgr. hér á eftir.

Sérstaða framboða til stjórnlagaþings kemur einkum fram í 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt ákvæðinu skulu fylgja hverju framboði samþykki frambjóðanda og nöfn minnst 30 og mest 50 meðmælenda sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Þá er ráðgert að framboði skuli fylgja skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum á eyðublaði sem landskjörstjórn skal útbúa sérstaklega. Nöfn meðmælenda, staða þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir skulu birt ásamt nöfnum frambjóðenda í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði. Með þessari tilhögun á að afla með-

mælenda er stefnt að því að gera ekki kröfu um of marga meðmælendur, sem frambjóðendum gæti reynst örðugt að útvega, en á sama tíma að meðmælendur gefi opinberlega til kynna að þeir styðji frambjóðanda til framboðsins. Þetta þýðir að sá hópur manna sem stendur að baki frambjóðandanum getur endurspeglað þau sjónarmið eða skoðanir sem frambjóðandinn stendur fyrir og lýst þannig í verki stuðningi sínum. Við þessi skilyrði er ólíklegt að menn mæli með frambjóðanda án þess að íhuga vel hvort þeir telji hann vel fallinn til þess verkefnis að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar og þannig verður stuðlað að vandaðri framboðum.

Til að undirstrika stuðning meðmælenda við frambjóðanda er lagt til að yfirlýsing þeirra um meðmæli við hann fylgi með framboðinu og jafnframt að tveir vottar séu að réttri undirskrift. Eftir það verða nöfn meðmælenda birt samhliða nafni frambjóðandans á kynningarefni um frambjóðendur. Fjöldi meðmælenda skal vera á bilinu 30 til 50. Er frambjóðanda hér veitt nokkurt svigrúm til þess að afla meðmælenda. Er jafnframt hagkvæmt að geta gert ráð fyrir því að séu meðmælendur nokkuð umfram 30 talsins eru minni líkur á að frambjóðandi þurfi að nýta sér frest til að bæta úr ágöllum á framboðinu skv. 4. mgr. greinarinnar. Til þess að votta undirskrift meðmælenda skal fylgja staðfesting tveggja votta.

Í 3. mgr. er tekið fram að hverjum kosningarbærum manni verði einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda. Þar sem nægilegt er að meðmælendur með hverjum frambjóðanda séu að lágmarki 30 ætti ekki að vera örðugt að ná þessu marki. Rökin að baki eru þau að þannig verði undirstrikað mikilvægi þess að um persónukjör er að ræða þar sem einstaklingar bjóða sig fram á eigin forsendum þótt vitanlega verði ekki unnt að sporna við því að frambjóðandi boði stefnu ákveðins stjórnmálaflokks eða tiltekins hóps manna. Með því að hver kosningarbær maður geti aðeins mælt með einum frambjóðanda er þó tryggt að sami hópur meðmælenda standi ekki að framboði á hópi frambjóðenda, þannig að kosningin fái á sig yfirbragð listakosningar. Vert er að taka fram að þessi regla á ekki við um votta, sem getið er í 2. mgr., og því getur sami vottur staðfest yfirlýsingu fleiri en eins meðmælanda.

Í 4. mgr. er lagt til að landskjörstjórn skuli tilkynna frambjóðanda innan þriggja daga frá því að framboði er skilað hvort ágallar séu á framboðinu eða lista yfir meðmælendur. Hér gæti t.d. komið til álita hvort nafn sama meðmælanda fylgir tveimur eða fleiri frambjóðendum sem væri andstætt 3. mgr. eins og lýst var að framan. Ber þá að gera öllum þeim frambjóðendum sem eiga í hlut viðvart um þennan ágalla. Þykir tveggja daga frestur nægilegur til að gera úrbætur sem landskjörstjórn bendir á á framboði eða meðmælendalista. Hafa má í huga að ef fjöldi meðmælenda er hvort eð er yfir 30 hefur frambjóðandi valkost um hvort hann endurbætir lista yfir meðmælendur eða lætur sitja við þá 30 eða fleiri sem eftir standa þótt einn meðmælandi falli af listanum.

Sá varnagli er sleginn í 5. mgr. greinarinnar að náist ekki tilskilinn fjöldi frambjóðenda og varamanna þeirra, alls 62 frambjóðendur, skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur.

Um 9. gr.

Mikilvægt er að þjóðin öll verði hvött til að kynna sér hverjir frambjóðendur til stjórnlagaþings eru með góðum fyrirvara og kynningarefni sé gert aðgengilegt öllum. Af þeirri ástæðu er ráðgert í 1. mgr. þessarar greinar að hlutlausum aðila, landskjörstjórn, verði falið að útbúa kynningarefni um alla frambjóðendur þar sem einnig komi fram hverjir eru meðmælendur þeirra og slíku kynningarefni dreift til allra kjósenda. Einnig skal kynningarefni, upplýsingar um frambjóðendur og jafnvel efni frá þeim eða tenging við heimasíður sem þeir

kunna að setja upp birt á vefsíðu landskjörstjórnar. Eðlilegt þykir að ákveðin takmörk séu sett á það hversu mikið frambjóðendum er heimilt að þiggja af styrkjum og framlögum frá öðrum og er því lagt til í 2. mgr. greinarinnar að ákvæði laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra gildi um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

Þar sem persónukjör er nýnæmi hér á landi og aðferðir við að forgangsraða frambjóðendum án fjöldatakmörkunar kunna að reynast flóknar fyrir kjósendur, t.d. að leggja á minnið í hvaða röð þeir vilja raða frambjóðendum, er lagt til að landskjörstjórn sendi kjörseðil, auðkenndan sem kynningarseðil, til allra kjósenda. Þannig getur kjósandi gert upp hug sinn áður enn hann fer í kjörklefa og verið búinn að fylla út kynningareintak af kjörseðli, sem hann getur haft með sér í kjörklefann. Með þessu verður einnig stuðlað að því að kosningin gangi greiðar.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið annist gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna sem síðan annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna eins og venja stendur til með kjörseðla í alþingiskosningum. Þarfnast fyrri málsgrein ákvæðisins ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er síðan lýst uppsetningu texta á kjörseðli og frágangi hans þar sem koma skal fram nafn, staða og sveitarfélag frambjóðenda. Lagt er til að fyrsta nafn á kjörseðli skuli valið af handahófi en þetta er gert til að tryggja jafna möguleika frambjóðenda á að vera efstir í röðinni án tillits til þess hvar þeir standa í stafrófsröð. Þá er mikilvægt að leiðbeiningar komi fram á kjörseðlinum um það hvernig atkvæðagreiðslan sjálf fer fram, sbr. 11. gr., enda reynir hér í fyrsta skipti á nýja aðferð við kosningar sem fólgin er í persónukjöri og röðun frambjóðenda á kjörseðlinum.

Um 11. gr.

Í greininni er lýst þeirri aðferð sem kjósandi skal viðhafa þegar persónukjörið fer fram. Samkvæmt þessu skal kjósa með þeim hætti að kjósandi forgangsraðar frambjóðendum; tölustafinn 1 setur hann í reit framan við þann frambjóðanda sem hann vill helst að nái kjöri, síðan 2, 3 og 4 við þá frambjóðendur sem hann vill að komi næst á eftir og svo koll af kolli.

Kjósandi getur forgangsraðað með þessum hætti eins mörgum frambjóðendum og hann vill án tiltekins hámarks, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Mikilvægt er hins vegar að skv. 3. mgr. skal kjósandi að lágmarki raða átta frambjóðendum í 1. til 8. sæti. Markmið með þessu er að tryggja að ákveðin dreifing verði í atkvæðum á milli frambjóðenda, þ.e. að kjósendur láti ekki sitja við að velja einn eða tvo frambjóðendur sem hugsanlega gæti haft þær afleiðingar að óeðlilegt hátt hlutfall atkvæða safnist á örfáa frambjóðendur. Skylda til þess að raða a.m.k. átta frambjóðendum er líkleg til að hvetja kjósendur til að kynna sér betur upplýsingar um þá frambjóðendur sem ekki eru sérstaklega þekktir í samfélaginu af fyrri störfum sínum, t.d. stjórnmálaþátttöku. Er fjöldi sem miðar við átta frambjóðendur einnig viðráðanlegur og hægt er að ætlast til að kjósendur ákveði að kynna sér og velja átta úr þeim fjölda frambjóðenda sem fram er kominn, í stað þess að þeir einskorði val sitt við þá sem þeir kannast við af fyrri afspurn.

Á hinn bóginn yrði of langt gengið til að skerða lýðræðislegt frelsi kjósenda að telja ógild þau atkvæði þar sem færri frambjóðendur eru valdir. Á slíkum kjörseðli er óumdeilanlega lýst með skýrum hætti vilja kjósenda til að velja viðkomandi frambjóðendur og einnig

hugsanlega þeirri afstöðu að þeir vilji ekki ljá öðrum atkvæði sitt. Af þessari ástæðu er lagt til í niðurlagi 11. gr. að atkvæði teljist gilt þótt færri frambjóðendur en átta séu valdir.

Loks er tekið af skarið um það í 3. mgr. 11. gr. að útstrikun á nafni frambjóðenda hefur enga þýðingu á þann veg að t.d. þannig dragist atkvæði frá viðkomandi frambjóðanda.

Um 12. gr.

Hér er lýst utankjörfundaratkvæðagreiðslu og tímafrestum varðandi kosningu til stjórnlagaþings. Nægilegt þykir að miða hér við þriggja vikna tímabil fram til kjördags, þar sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar stendur. Hér er einnig litið til þess að kjörseðillinn með nöfnum frambjóðenda verði tilbúinn þegar atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst og verði nýttur í þeirri atkvæðagreiðslu, sbr. einnig 2. mgr. Þó er gert ráð fyrir að hann verði í öðrum lit en kjörseðlar sem notaðir eru á kjördag.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd kosningar, talningu atkvæða og störf kjörstjórna. Er hér að öllu leyti vísað til þeirra reglna sem gilda um framkvæmdina eftir lögum um kosningar til Alþingis og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að í persónukjöri til stjórnlagaþings verði beitt svonefndri forgangsröðunaraðferð (e. *Single Transferable Vote*). Aðferðin er í öllum grundvallaratriðum sú sama og lögð er til í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og sömuleiðis í frumvarpi til laga um kosningar til sveitarstjórna sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og er um nánari útskýringar á aðferðinni vísað til athugasemda með þeim frumvörpum.

Ferli þess að raða frambjóðendum til stjórnlagaþings í sæti samkvæmt úrslitum persónukjörsins er lýst í átta töluliðum. 1.–3. tölul. eru inngangs- og skilgreiningarliðir. Sjálf röðunin fer fram í skrefum sem lýst er í 4.–6. tölul. 7. tölul. er um tæknileg atriði. 8. tölul. er hefðbundið ákvæði um hlutkesti reynist viðmiðunartölur jafnstórar.

1. Í 1. tölul. er mælt fyrir um það í fjórum stafliðum hvernig farið skuli með ef *talnaröð er rofin* eða aðrir gallar reynast á henni. Skv. a-lið skal horft fram hjá merkingu með krossi eða öðrum hætti en tölumerkingum við frambjóðanda, svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með 25. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda á persónukjörshluta listans með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1. Í b-lið er kveðið á um það að sé eyða í talnaröðun frambjóðenda til persónukjörs innan lista skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni. Þetta á einnig við ef eyðan verður til vegna atvika skv. a-lið. Í c-lið kemur fram að sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum. Í d-lið kemur fram að ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–c-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur gilt.
2. Í 2. tölul. er svonefndur sætishlutur skilgreindur. Sætishlutur segir til um það atkvæðamagn sem frambjóðandi þarf að ná til að ná kjöri. Við útreikning á sætishlut er beitt svonefndri Droops-aðferð en hún er kennd við nítjándu aldar Englendinginn *Henry Richmond Droop*. Hugsunin að baki sætishlut Droops er sú að aldrei geti fleiri frambjóðendur komist í senn yfir þennan þröskuld en svarar til tölu þingsæta. Er Droopshlutur minnsta stærðin sem hefur þennan eiginleika. Víða þar sem aðferðinni er beitt,

t.d. á Írlandi, er lagt kapp á að sætishluturinn sé heiltala. Þá er tölunni 1 bætt við hlutinn eins og honum er hér lýst og broti síðan sleppt. Slík áhersla á heiltölugildi á rætur að rekja til handtalningar. Gert er ráð fyrir því að vinna við talninguna verði með rafrænum hætti verði frumvarpið að lögum. Eru því ekki rök fyrir þessari heiltölugerð sætishlutarins.

3. Í 3. tölul. er *flokkun kjörseðla* lýst og skulu atkvæði flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá tóman bunka í upphafi. Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 4. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans. Er þá vísað til þess frambjóðanda sem er að fyrsta vali í viðkomandi bunka. En halda þarf jafnframt utan um gildi annarra frambjóðenda sem komu við sögu á seðlum bunkans, sjá síðar.
4. Í 4. tölul. er kveðið á um *röðun í efstu sæti*. Raðað skal í efstu sætin þeim frambjóðendum sem hafa atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en nemur sætishlut. Þau atkvæði sem þá eru umfram sætishlut skulu færð til frambjóðenda að næsta vali. Við færslu atkvæða er horft til allra atkvæða í bunka þess frambjóðanda sem nú hefur verið raðað. En vega verður atkvæðin með svokölluðu *færsluhlutfalli*. Það má skýra með einföldu dæmi. Segjum að sætishlutur sé 2.000 atkvæði og atkvæðagildi þess bunka sem fært er úr sé 3.000. Þá reiknast færsluhlutfallið sem (3.000 - 2.000)/3000 = ⅓ . Teljarinn er kúfurinn, eða sá hluti atkvæðagildis bunkans sem er umfram sætishlutinn. Nefnarinn er atkvæðagildið óskert. Að færsluhlutfalli reiknuðu skal færa viðkomandi kjörseðla í þann bunka sem svarar til annars vals, eða þess sem nú er orðið annað val, á kjörseðlinum eftir að atkvæðagildi frambjóðenda á honum hefur verið margfaldað með færsluhlutfallinu.
5. Í 5. tölul. er kveðið á um röðun *í neðstu sæti*. Þegar enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 4. tölul., skal samkvæmt töluliðnum finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 3. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti, í upphafi í sæti með raðtölu sem er jöfn fjölda frambjóðenda til stjórnlagaþings. Kjörseðlar frambjóðandans skulu síðan færðir til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 7. tölul. Þarf þá ekki að skerða atkvæðagildin fyrir færsluna og er færsluhlutfallið nú jafnt einum heilum.
6. Í 6. tölul. er kveðið á um *lok röðunar* en samkvæmt töluliðnum skal raða eftir ákvæðum 4. og 5. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til raðað hefur verið öllum frambjóðendum. Röðun skv. 4. tölul. hefur ávallt forgang. Frambjóðendum er þannig raðað ýmist í efsta lausa sæti listans, skv. 4. tölul., eða neðan frá, skv. 5. tölul. Þó skal röðun samkvæmt þeim fyrri ávallt hafa forgang.
7. Í 7. tölul. er kveðið á um *uppfærslu nafna og valtalna*. Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið raðað í sæti samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum kjörseðlum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem á eftir koma. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Við þetta getur talnaröð kjósanda tæmst og kemur atkvæðið þá ekki lengur til álita.
8. Í 8. tölul. er kveðið á um hlutkesti þegar einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar eru jafnstórar.

Ákvæði 2. mgr. skýrir sig sjálft. Þeim frambjóðendum sem ná kjöri í 25 efstu sætin samkvæmt ákvæðinu skal úthlutað sætum á stjórnlagaþinginu. Þetta svarar til þess að verið sé að kjósa um þingsæti í 25 manna kjördæmi samkvæmt írsku forgangsröðunaraðferðinni.

Ákvæði 3. mgr. miðar að því að tryggja að hlutfall karla og kvenna á stjórnlagaþinginu verði innan markanna 40–60%. Séu kynjahlutföll innan þessara marka að lokinni úthlutun þingsæta til þeirra frambjóðenda sem lenda í 25 efstu sætunum er úthlutun þingsæta lokið. Fái annað kynið hins vegar minna en 40% þingsæta skal bæta við allt að 6 sætum að því marki sem þarf til að rétta hlutföllin við. Eru þá teknir inn frambjóðendur af fámennara kyninu sem næstir koma á röðunarlistanum, þ.e.a.s. þeir næstir koma á eftir þeim 25 sem þegar hefur verið úthlutað sæti. Eftirfarandi tafla sýnir hve mörgum þyrfti að bæta við miðað við ólíka kynjadreifingu í fyrstu 25 þingsætunum:

Kyn A	Kyn B	Kyn B, viðbót	Hlutfall kyns B
15	10	0	40,0%
16	9	2	40,7%
17	8	4	41,4%
18	7	5	40,0%
19	6	6	38,7%

Með þessu móti tekst að tryggja að kynjahlutföllin verði innan markanna 40%–60%, svo lengi sem a.m.k. 7 karlar eða 7 konur verði meðal efstu 25 frambjóðendanna í persónukjörinu.

Um 15. gr.

Í greininni kemur fram að landskjörstjórn skuli senda staðfest eftirrit af úrslitum kosninga til stjórnlagaþings til forseta Alþingis, forsætisráðherra og forseta Hæstaréttar, en efni hennar þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um fyrstu skref í störfum stjórnlagaþings þegar það kemur saman og lýsir jafnframt hlutverki forseta þingsins og forsætisnefndar. Skv. 1. mgr. skal forseti Íslands setja stjórnlagaþing með þeim aðdraganda sem lýst var í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins. Hann skal jafnframt á fyrsta fundi stýra kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa og víkur forseti Íslands síðan af stjórnlagaþingi.

Forseti stjórnlagaþings er æðsti embættismaður þess. Hann tekur við stjórn fyrsta þingfundar eftir að hann hefur verið kjörinn og eins og kemur fram í 2. mgr. stýrir hann kjöri varaforseta og þriggja nefndarformanna úr hópi þingfulltrúa á fyrsta fundi stjórnlagaþings. Þegar liggur fyrir hver verða viðfangsefni þriggja starfsnefnda þingsins, sbr. 17. gr. Nefndirnar þrjár og formenn þeirra munu gegna lykilhlutverki í störfum stjórnlagaþingsins og við mótun tillagna um endurskoðun á stjórnarskránni. Forseti, varaforseti og formenn starfsnefnda þingsins mynda síðan forsætisnefnd þingsins.

Í 4. og 5. mgr. er nánar lýst hlutverki forseta og forsætisnefndar. Þannig segir í 4. mgr. að forseti stjórnlagaþings sé formaður nefndarinnar. Jafnframt ber hann ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þessu. Gegnir forseti að mörgu leyti hliðstæðu hlutverki og forseti Alþingis. Forsætisnefndin sem hann stýrir hefur síðan yfirumsjón með skipulagi

þingsins og gerir nánari starfsáætlun um samkomutíma þess og skipulag á störfum starfsnefnda. Þar sem formenn starfsnefndanna þriggja sitja ásamt forseta í nefndinni er hún vettvangur til þess að samræma og samhæfa störf nefnda, móta stefnu um störf þingsins og hafa yfirsýn yfir stöðu mála í þinginu, auk þess að taka ákvarðanir í öllum helstu málum sem koma upp og lúta að störfum þingsins.

Um 17. gr.

Þessi grein lýtur að verksviði og starfsháttum þriggja starfsnefnda sem starfa á vegum stjórnlagaþings, en í 16. gr. frumvarpsins er fjallað um kjör formanna nefndanna. Skv. 1. mgr. eru starfsnefndir þingsins þrjár og er hverri þeirri ætlað að fjalla um ákveðna þætti endurskoðunarinnar. Fyrsta nefndin fjallar um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið, önnur nefndin um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hlutverk forseta lýðveldisins og hin þriðja um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Í ljósi þess að stjórnlagaþing hefur fremur stuttan starfstíma er hér ráðgert að undirbúa sem best störf þess, svo sem varðandi skipulag og helstu verkefni nefnda, svo að þingið megi strax á fyrsta samkomutímabili snúa sér að viðfangsefni sínu. Er hér þó aðeins mælt fyrir um skiptingu málefna í þrjú meginsvið sem nefndunum er falið að vinna með sem eru þó almennt orðuð og rúma mjög fjölbreytta efnisþætti. Í meginatriðum vísa viðfangsefni nefndanna þó til þeirra þátta sem stjórnlagaþing skal sérstaklega taka til umfjöllunar og lýst er í sex töluliðum í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er vísað til athugasemda að framan um það ákvæði um nánari lýsingu þessara efnisþátta.

Þannig er gert ráð fyrir að fyrsta starfsnefndin um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið mundi einkum fjalla um þá þætti sem getið er í 1. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, önnur nefndin um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds mundi fjalla um 2. og 3. tölul. sömu greinar og þriðja nefndin um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur um 5. og 6. tölul. sömu greinar. Þessir efnisþættir og yfirskrift á viðfangsefnum nefnda veita þeim víðtækt svigrúm til þess að fella undir verksvið sitt endurskoðun allra þátta stjórnarskrárinnar, en eins og fram kemur í 2. mgr. 3. gr. eru viðfangsefni þingsins ekki einvörðungu bundin við þessa þætti.

Mikilvægt er að störf nefnda hefjist sem fyrst á fyrsta samkomutímabili þingsins og er mælt fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar að kjósa skuli fulltrúa í nefndina á öðrum fundi þingsins. Þá skal þingið kjósa tvo þingfulltrúa til setu í hverri nefnd auk formanns nefndarinnar, sem þegar hefur verið kjörinn á fyrsta fundi skv. 2. mgr. 16. gr.

Mikilvægt er að dreifa lykilstörfum þingsins, á borð við setu í starfsnefndum, á sem flesta fulltrúa þingsins auk þess sem stöðugt vinnuálag er á nefndarmönnum á öllum starfstíma þingsins. Af þeirri ástæðu er lagt til í 3. mgr. að ekki megi kjósa sama þingfulltrúa til setu í fleiri en einni nefnd.

Í 4. gr. kemur fram að nefndunum er ætla að starfa á milli samkomutímabila þingsins en allir þingfulltrúar eiga þó seturétt á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétti. Ljóst er að mesta efnislega vinnan mun fram í nefndunum á milli samkomutímabila þingsins. Þeim er ætlað að taka við og fjalla um erindi og tillögur sem þeim berast frá almenningi, félagasamtökum eða öðrum, afla annarra gagna, ræða og móta tillögur um breytingar hver á sínu sviði og er ætlast til að hver nefnd njóti aðstoðar sérfræðinga við sína vinnu. Mikilvægt er að nefndir geta haldið fundi sína í heyranda hljóði og opna öllum. Er eðlilegt að nefndir nýti sér þetta á milli venjulegra vinnufunda, t.d. þegar til umfjöllunar eru mál sem mörg erindi til stjórnlagaþingsins fjalla um.

Um 18. gr.

Í greininni er lýst nokkrum meginatriðum sem varða þingfundi og fundarsköp stjórnlagaþings. Á samkomutímabilum þingsins er stjórnlagaþinginu ætlað að starfa í einni málstofu eins og lýst er í 1. mgr. en á milli þessara tímabila fer vinna þingsins fram í starfsnefndum eins og áður hefur verið lýst.

Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði og eru öllum opnir eftir því sem húsrými leyfir eins og fram kemur í 2. mgr. greinarinnar.

Í lokamálsgrein greinarinnar kemur fram að forseti þingsins stýri þingfundum og að nánari reglur um fundarsköp skuli settar í starfsreglum þingsins. Eins og fram kemur í 28. gr. frumvarpsins er ráðgert að forsætisráðherra hafi þegar sett starfsreglur þingsins þegar kosið er til þess, þar á meðal um fundarsköp þess. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið er það meðal fyrstu verkefna undirbúningsnefndar stjórnlagaþings að semja drög að starfsreglum. Ætla má að reglur um fundarsköp taki að nokkru leyti mið af reglum um fundarsköp Alþingis eftir því sem við getur átt.

Um 19. gr.

Í greininni er lýst reglum sem varða réttindi og skyldur þingfulltrúa. Skv. 1. mgr. skulu stjórnlagaþingsfulltrúar eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum eða öðrum. Er hér sótt fyrirmynd til 48. gr. stjórnarskrárinnar sem er með samsvarandi reglu varðandi alþingismenn. Mikilvægt er að árétta þetta hvað varðar fulltrúa á stjórnlagaþingi og af þessu er einnig ljóst að þeir verða ekki bundnir af neinum fyrirmælum, t.d. frá meðmælendum með framboðum þeirra.

Í 2. mgr. kemur fram að fulltrúar á stjórnlagaþingi skuli njóta launa án orlofs þá daga sem stjórnlagaþing situr, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og er hér miðað við samsvarandi kjör og gilda um þingfararkaup alþingismanna. Þá kemur fram að forseti stjórnlagaþings skuli njóta samsvarandi launa og forseti Alþingis. Ljóst er að starf forseta er fullt starf sem stendur allan starfstíma þingsins, enda starfar forsætisnefndin sem hann stýrir, eins og aðrar nefndir þingsins, á milli þeirra tímabila sem þingið allt fundar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að þingfulltrúar í nefndum þingsins njóta launa allan starfstíma þingsins og nefndarformenn njóta samsvarandi launa og formenn fastanefnda Alþingis. Þá kemur fram í 4. mgr. að stjórnlagaþing skuli njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar en samkvæmt því er stjórnlagaþing friðheilagt og má enginn raska friði þess eða frelsi. Gilda ákvæði XI. kafla almennra hegningarlaga um brot sem fela í sér rof á þessari friðhelgi, en í ákvæðum þess kafla er lögð refsing við brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

Um 20. gr.

Mikilvægt er að tryggja að hlutverk og starfsemi stjórnlagaþingsins verði kynnt með víðtækum hætti í þjóðfélaginu. Markmið stjórnlagaþings er að skapa nýjan og breiðan vettvang fyrir opna umræðu um stjórnlög ríkisins og hlutverk æðstu stofnana þess, og einnig að skapa vakningu og skoðanaskipti í samfélaginu um hvernig þeim málum verið best skipað. Þannig verður best náð fram beinum áhrifum þjóðarinnar á mótun stjórnlaga fyrir milligöngu þeirra þjóðkjörnu fulltrúa sem eru kjörnir sérstaklega á þingið til að vinna þetta verkefni.

Efnisatriði greinarinnar eru þríþætt. Í fyrsta lagi er ráðgert í 1. mgr. að á vegum stjórnlagaþings skuli starfrækt vefsíða þar sem birt verði kynningarefni um stjórnarskrána og störf þingsins, erindi sem þinginu berast, útsending þingfunda, þingskjöl sem varða meðferð til-

lagna og frumvarp til stjórnarskipunarlaga o.fl. Með þessu móti geta allir kynnt sér ítarlega hvernig vinnu vindur fram við mótun tillagna og meðferð frumvarpsins varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar og einnig hvaða tillögur og erindi hafa borist þinginu.

Í öðru lagi er lagt til í 2. mgr. að stjórnlagaþingið sjálft hafi frumkvæði að því að virkja almenning, félög og hagsmunasamtök og aðra til þess að skila inn tillögum og taka þátt í umræðum um málefni sem þingið vinnur með. Þannig skal þingið auglýsa eftir slíkum tillögum og öðrum erindum sem almenningur kann að vilja koma á framfæri.

Loks er í þriðja lagi lagt til að meðferð tillagna og erinda sem þinginu berast sé fundinn ákveðinn farvegur til þess að þau fái viðeigandi umfjöllun og er því lagt til að þeim verði vísað til viðeigandi starfsnefnda þingsins. Verður ákvörðun um það hvert erindum er vísað væntanlega í höndum forsætisnefndar. Með þessu er reynt að stuðla að því að þau sjónarmið sem þjóðin vill koma á framfæri við þingið komi þar til skoðunar og afstaða tekin til þeirra.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um ýmis atriði sem lúta að stjórnun stjórnlagaþings og kostnaðarþætti. Í 1. mgr. er áréttað að eins og á við um aðrar stofnanir á vegum ríkisins ber stjórnlagaþingi að halda sig innan fjárlaga og ber forsætisnefnd þingsins að hafa eftirlit með því. Þar sem þingið mundi vera í flokki stofnana sem tilheyra forsætisráðuneyti í fjárlagalegu tilliti er lagt til að ákveðið samráð eigi sér stað við ráðuneytið þegar stofnað er til útgjalda, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar.

Í 2. mgr. kemur fram að meðal verkefna forsætisnefndar er að ráða starfsmenn þingsins, þar á meðal skrifstofustjóra, og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun hennar. Einnig er tekið af skarið um að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins og að laun þeirri greiðist úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. að með nefndum þingsins starfi sérfræðingar sem forsætisnefnd ræður til starfa. Þeir munu gegna mikilvægu hlutverki í ráðgjöf og vinnu með starfsnefndunum, afla gagna og gera tillögur að texta stjórnarskrárbreytinga sem fram koma í frumvarpinu sem lagt verður fram. Má ætla að hver starfsnefnd mundi ráða 1–2 sérfræðinga til að vinna að þessum málum hvern á sínu sviði og á vettvangi forsætisnefndar mundu sérfræðingar sem unnið hafa með nefndum samræma vinnu sína og einkum vinna sameiginlega að gerð frumvarps.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er nánar fjallað um kostnað sem stofnast til vegna starfa þingsins en kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Skal forsætisnefnd staðfesta alla kostnaðarreikninga frá nefndum vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem hún telur nauðsynlegt. Er miðað við að gætt verði ýtrasta aðhalds í öllum rekstri þingsins þannig að kostnaði við þingið sé haldið í lágmarki.

Um 22. gr.

Samkvæmt þessari grein skal forsætisráðuneytið sjá stjórnlagaþingi fyrir starfsaðstöðu. Mikilvægt er að ákveðið sé með góðum fyrirvara hvar starfsaðstaða þingsins verður og að slík aðstaða verði tilbúin þegar þingið kemur saman á fyrsta fundi. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið er það eitt af verkefnum undirbúningsnefndar sem forsætisráðherra skipar við gildistöku laganna að útvega húsnæðisaðstöðu. Er miðað við að leitað verði sem hagstæðastra kosta í þeim efnum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 23. gr.

Samkvæmt greininni skal stjórnlagaþing á fyrsta samkomutímabili þingsins ræða og taka ákvörðun um viðfangsefni og verkaskiptingu nefnda, með sérstöku tilliti til 3. gr., sbr. athugasemdir við þá grein hér að framan. Skal þingið í lok tímabilsins samþykkja verksvið og verkáætlun nefnda sem þeim verði falið að vinna eftir þar til þingið kemur næst saman.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um málsmeðferð í nefndum þingsins en samkvæmt ákvæðinu geta nefndirnar á öllum stigum á starfstíma þingsins óskað skriflegra umsagna frá aðilum utan þings. Á sama hátt geta allir komið skriflegum athugasemdum sínum að eigin frumkvæði á framfæri við nefnd. Þá getur nefndin samþykkt að taka við gestum og hlýða á mál þeirra. Skal nánar kveðið á um meðferð erinda og umsagna sem berast nefndum í starfsreglum þingsins, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Samkvæmt greininni skulu niðurstöður og tillögur nefnda þingsins kynntar á öðru samkomutímabili þingsins af hálfu nefndarformanna. Er gert ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um meðferð og umræður um tillögur nefndanna í starfsreglum þingsins, sbr. 28. gr.

Þá skal þingið, samkvæmt greininni, við lok annars tímabilsins fela forsætisnefnd að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um undirbúning og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga en samkvæmt ákvæðinu skal frumvarpið undirbúið af forsætisnefnd þingsins í samstarfi við sérfræðinga sem unnið hafa með nefndum þess. Skal forseti þingsins leggja frumvarpið fram á þinginu á fyrsta degi þriðja samkomutímabils þingsins.

Er mælt fyrir um að við frágang frumvarpsins skuli fylgja þeim reglum sem gilda um lagafrumvörp í ákvæðum laga um þingsköp Alþingis.

Lagt er til að frumvarpið verði rætt við tvær umræður á þinginu. Í fyrri umræðu skal frumvarpið rætt í heild sinni en að þeirri umræðu lokinni skal það ganga til síðari umræðu og forsætisnefndar. Mælt er fyrir um að við meðferð forsætisnefndar á frumvarpinu milli umræðna skuli starfsnefndir þingsins senda umsögn sína um frumvarpið til forsætisnefndar eftir fyrri umræðu um frumvarpið.

Síðari umræða um frumvarpið fer eigi fram fyrr en eftir útbýtingu álits forsætisnefndar. Skal þá ræða frumvarpsgreinar og breytingartillögur við þær. Áréttað er að auk forsætisnefndar hafi sérhver þingfulltrúi rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið. Þegar síðari umræðu er lokið gengur frumvarpið til atkvæðagreiðslu í þinginu og skal greiða atkvæði um hverja frumvarpsgrein og breytingartillögur við þær og loks frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Séu engar breytingartillögur má þó bera frumvarpið upp í heild.

Loks er lagt til að um meðferð frumvarpsins fari að öðru leyti eftir starfsreglum þingsins, sbr. 28. gr.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórnlagaþing skuli eftir samþykkt frumvarpsins senda það til Alþingis til meðferðar. Sé frumvarpið hins vegar ekki samþykkt skal engu að síður senda

það Alþingi ásamt breytingartillögum sem fram komu við meðferð þess. Er það síðan undir ákvörðun Alþingis komið hvaða meðferð frumvarpið fær, þ.e. hvort frumvarpið verði lagt fram sem lagafrumvarp til stjórnarskipunarlaga á Alþingi og þá hvort það verði lagt fram óbreytt eða með breytingum. Í þessu sambandi má þó ætla að stjórnmálalegt vægi frumvarpsins gagnvart Alþingi verði meira eftir því sem breiðari samstaða næst um frumvarpið meðal þjóðkjörinna fulltrúa stjórnlagaþingsins.

Um 28. gr.

Í greininni er lagt til að forsætisráðherra setji stjórnlagaþinginu starfsreglur. Er í því skyni lagt til í ákvæði til bráðabirgða að forsætisráðherra skipi þegar við gildistöku laganna þriggja manna nefnd sem hafi m.a. það hlutverk að leggja drög að starfsreglunum. Miðar þetta að því að öll formleg umgjörð þingsins verði tilbúin þegar þingið kemur saman á fyrsta samkomutímabili sínu skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins en ella má ætla að verulegur tími þingsins færi í þetta verkefni í upphafi þingstarfa.

Stjórnlagaþingið mun hins vegar eftir að það hefur tekið til starfa hafa heimildir til að leggja til breytingar á starfsreglunum að því leyti sem þingið telur það nauðsynlegt og skulu slíkar breytingar staðfestar af forsætisráðherra.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin, verði þau samþykkt, öðlist þegar gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að við gildistöku laganna skuli forsætisráðherra skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og skal nefndin ráða framkvæmdastjóra. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Alþingi. Skal nefndin semja drög að starfsreglum fyrir þingið sem forsætisráðherra gefur út fyrir 15. apríl 2010 verði frumvarpið samþykkt.

Þá skal nefndin jafnframt undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæðisaðstöðu og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Loks skal nefndin hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagaþings.

Miðar ákvæðið að því eins og áður segir að öll formleg umgjörð stjórnlagaþings sé fullbúin þegar þingið kemur saman þannig að það geti þá þegar snúið sér að viðfangsefni sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórnlagaþing.

Samkvæmt frumvarpinu skal forseti Íslands boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Stjórnlagaþing skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa sem kjósa skal samhliða kosningum til sveitarstjórna vorið 2010. Þingið skal koma saman eigi síðar en 17. júní 2010 og ljúka störfum 17. febrúar 2011. Þingið

getur þó sjálft ákveðið að ljúka störfum fyrr og eins er Alþingi heimilt að verða við beiðni stjórnlagaþings um að framlengja starfstíma þess um allt að þrjá mánuði. Stjórnlagaþing skal koma þrisvar sinnum saman á starfstíma sínum, fjórar til sex vikur í senn, samtals í u.þ.b. 15 vikur. Þingið kýs fimm manna forsætisnefnd og þrjár þriggja manna starfsnefndir sem starfa á milli samkomutíma þess.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings skal hafa eftirlit með því að kostnaður við þingið rúmist innan ramma fjárlaga. Ákvarðanir nefndarinnar um útgjöld vegna þingsins sjálfs, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar, skulu teknar í samráði við forsætisráðuneyti. Forsætisnefnd skal ráða starfsmenn þingsins og ákveða verksvið þeirra og ráðningarkjör. Jafnframt skal forsætisnefnd ráða sérfræðinga til þess að starfa með nefndum þingsins og staðfesta kostnaðarreikninga frá nefndum vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem hún telur nauðsynlegt. Forsætisráðuneyti skal sjá stjórnlagaþingi fyrir starfsaðstöðu og forsætisráðherra setur þinginu starfsreglur. Við gildistöku laganna skal forsætisráðherra skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og skal nefndin ráða sér framkvæmdastjóra.

Kostnaði við stjórnlagaþing má í stórum dráttum skipta í rekstrarkostnað, húsnæðiskostnað og stofnkostnað. Til rekstrarkostnaðar teljast laun þingfulltrúa og starfsfólks, ferða-, húsnæðis- og dvalarkostnaður þingfulltrúa sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, aðkeypt sérfræðiaðstoð fyrir nefndir þingsins og ýmis annar rekstrarkostnaður. Undir húsnæðiskostnað fellur húsaleiga, rafmagn, hiti, ræsting og önnur húsumsjón. Til stofnkostnaðar telst standsetning á húsnæði, kaup og uppsetning á innréttingum, húsgögnum og öðrum húsbúnaði fyrir þingfulltrúa, starfsfólk og gesti, símakerfi, tölvur og annar tæknibúnaður.

Erfitt er að meta kostnað við stjórnlagaþing með nákvæmni. Fyrir utan óvissu um endanlegan fjölda þingfulltrúa og tímalengd þinghalds er óvissa um margt annað sem hefur áhrif á kostnað. Gildir það um nánari tilhögun og fyrirkomulag á þinghaldinu sjálfu, aðbúnað allan og umgjörð, starfsmannafjölda, aðkeypta sérfræðiaðstoð, húsnæðismál og annað sem áhrif hefur á kostnað við þinghaldið og starfrækslu þingsins. Samkvæmt frumvarpinu skulu fulltrúar á stjórnlagaþingi njóta samsvarandi launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna. Þingfulltrúar í nefndum þingsins njóta launa allan starfstíma þingsins en aðrir þingfulltrúar taka einungis laun á samkomutímabilum þingsins. Um aðra kostnaðarliði verður að gefa sér forsendur. Fjármálaráðuneytið miðar við að þingfulltrúar verði 25, starfsmenn þingsins verði 10 og að þinginu verði séð fyrir 1.000 fermetra húsnæði. Ráðuneytið áætlar að ýmis rekstrarkostnaður þingsins fyrir utan húsnæðiskostnað verði 20% af launakostnaði. Annar ófyrirséður kostnaður er áætlaður 5%.

Heildarkostnaður við stjórnlagaþing mun talsvert ráðast af því hversu langt þinghaldið verður. Þingfulltrúar og starfsfólk verða á launum þann tíma. Þó er gert ráð fyrir að starfsmenn þingsins verði 2 mánuðum lengur á launaskrá og að þeir hefji störf áður en þingið kemur saman, auk þess sem gera má ráð fyrir einhverri frágangsvinnu að þinghaldi loknu. Eins er í þessari áætlun gert ráð fyrir að stjórnlagaþinginu verði tryggt húsnæði tveimur mánuðum umfram starfstíma þess. Miðað við það sem hér hefur verið rakið áætlar fjármálaráðuneytið að mánaðarlegur rekstrarkostnaður stjórnlagaþings geti orðið nálægt 30 m.kr. með húsnæðiskostnaði og stofnkostnaður 38 m.kr. Samkvæmt því yrði heildarkostnaður við 8 mánaða þinghald 312 m.kr. og heildarkostnaður við 11 mánaða þinghald 392 m.kr. Til viðbótar kostnaði við þinghaldið sjálft, undirbúning þess og rekstur má ætla að kostnaður landskjörstjórnar við að útbúa og dreifa kynningarefni um frambjóðendur og kosningarnar ásamt kostnaði ríkissjóðs við kosningu fulltrúa á stjórnlagaþingið samhliða sveitarstjórnarkosning-

um geti orðið um 50 m.kr. Eftirfarandi tafla gefur nánari yfirlit yfir áætlaðan kostnað. Árétta skal að um er að ræða grófa áætlun miðað við gefnar forsendur og að enn er eftir að taka ákvarðanir og útfæra nánar margt sem getur haft áhrif á kostnað þingsins, svo sem húsnæðismál, starfsmannafjölda og aðkeypta sérfræðiþjónustu.

Kostnaðaráætlun vegna stjórnlagaþings.

m.kr.

	Kostn. pr. mánuð	Heildarkostnaður: Starfstími í 8 mánuði	Starfstími í 11 mánuði
Launagjöld þingfulltrúa	11,8	94,7	122,2
Launagjöld starfsfólks	6,1	60,5	78,7
Ýmis rekstrarkostnaður, 20% af launakostnaði	3,6	31,0	40,2
Ferða- og dvalarkostnaður fulltrúa sem búa utan höfuðborgarsvæðisins	1,0	8,2	10,5
Sérfræðiaðstoð og annar kostnaður við nefndir þingsins	4,1	32,8	45,1
Húsnæðiskostnaður	2,2	22,0	28,6
Vinnustöðvar þingfulltrúa og starfsfólks, uppsetning og búnaður		18,0	18,0
Ýmis sameiginlegur búnaður, innréttingar og uppsetning		20,0	20,0
Annað ófyrirséð, 5%	1,9	14,9	18,7
Undirbúningsnefnd stjórnlagaþings og framkvæmdastjóri	0,8	10,2	10,2
Kostnaður við undirbúning og rekstur stjórnlagaþings	31,5	312,3	392,0
Kynning og kjör fulltrúa á stjórnlagaþing samhliða sveitarstjórnarkosningum		50,0	50,0
Heildarkostnaður		362,3	442,0

169. Fyrirspurn [153. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um húsnæðislán.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Um hve háa fjárhæð voru húsnæðislán gömlu bankanna afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?
2. Hvað má gera ráð fyrir að ríkisbankarnir og Íbúðalánasjóður gjaldfæri háar afskriftir vegna niðurfærslu húsnæðislána til einstaklinga?
3. Hversu háar verða beinar afskriftir annars vegar og óbeinar afskriftir hins vegar?
4. Hvaða reglur gilda um hámark afskrifta hjá einstaklingum og hjónum eða sambýlisfólki og hverjar verða væntanlegar viðmiðunarfjárhæðir?
5. Hversu háar fjárhæðir verða væntanlega færðar á biðreikning (greiðslujöfnunarreikning) og hve stór hluti þeirrar fjárhæðar afskrifaður?
6. Má gera ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að hækka eiginfjárframlag sitt til bankanna og Íbúðalánasjóðs vegna fyrrgreindra afskrifta og ef svo er, hve mikið?

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [154. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um jarðgöng á Íslandi og Evrópustaðla.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða jarðgöng hér á landi uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um öryggi vegganga nr. 2004/54?
2. Ef einhver jarðgöng uppfylla ekki Evrópustaðla, hvers vegna er það og til hvaða aðgerða verður gripið?

171. Fyrirspurn [155. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Evrópustaðla um malbik.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hefur ráðherra kannað hvort hér á landi séu uppfylltir Evrópustaðlar um malbik?
2. Ef svo er ekki, hvers vegna?

172. Fyrirspurn [156. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um EuroRap-verkefnið.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er staðan á EuroRap-verkefninu á Íslandi?
2. Hefur verkefnið leitt til endurbóta og aðgerða til að auka umferðaröryggi?
3. Hvert verður framhaldið á verkefninu?

173. Fyrirspurn [157. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vegi sem uppfylla staðla Evrópusambandsins.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvaða vegir hér á landi uppfylla staðla Evrópusambandsins samkvæmt TERN (Trans European Road Network)?
2. Stendur til að fjölga slíkum vegum?

174. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. nóv.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 28. febrúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 28. febrúar 2010.

Tímabil sem nauðungarsölu er frestað skv. 1. mgr. skal undanskilið þeim fresti sem um ræðir í 2. mgr. 27. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

175. Frumvarp til laga [158. mál]

um Íslandsstofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

2. gr.

Hlutverk.

Stofnuð er Íslandsstofa. Hlutverk hennar er:

a. að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands,
b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu,
c. að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi,
d. að upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál,
e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

3. gr.
Stjórn.

Stjórn Íslandsstofu skipuleggur og ákveður verkefni stofunnar. Stjórnina skipa níu menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmann eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn án tilnefningar. Skal sá vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun Íslandsstofu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans. Stjórnin skal, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, skipa sérstakar verkefnastjórnir um áherslur í markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustunnar erlendis og fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi. Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert.

4. gr.
Rekstur.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Íslandsstofu og ræður starfsfólk. Íslandsstofa hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og er undanþegin tekjuskatti. Stjórn Íslandsstofu ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra aðila sem leita eftir þjónustu Íslandsstofu.

5. gr.
Tekjur.

Tekjur Íslandsstofu eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Framlög í fjárlögum.
3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
4. Þjónustusamningar við stofnanir og samtök.
5. Sérstök framlög og aðrar tekjur. Íslandsstofu ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til verkefna af þeim toga.

6. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Íslandsstofu, að kveða nánar á um starfsemi Íslandsstofu í reglugerð.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, með síðari breytingum.

8. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „Útflutningsráðs Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum, kemur: Íslandsstofu.
2. Í stað orðsins „Útflutningsráði“ í 1. mgr. 12. gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001, með síðari breytingum, kemur: Íslandsstofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara tekur Íslandsstofa við öllum réttindum og skyldum Útflutningsráðs Íslands, eignum þess og skuldum.

II.

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 5. gr. niður frá og með 1. janúar 2013, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2013 vegna gjaldstofns ársins 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er sett á laggirnar ný stofnun, Íslandsstofa („Promote Iceland“), á grunni Útflutningsráðs Íslands. Því verða núgildandi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, felld úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Leiðir það m.a. til þess að samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda, sem kveðið er á um í 1. gr. laganna, leggst af, en gert er ráð fyrir að atvinnulífið og stjórnvöld eigi áfram með sér náið samráð með öðrum hætti, sbr. athugasemdir við 3. gr. Breytingin hefur hins vegar ekki áhrif á núverandi fjárveitingar til þeirra verkefna sem með lögunum munu heyra undir Íslandsstofu, þ.e. fjárveitingar til Útflutningsráðs og til markaðs- og kynningarstarfs Ferðamálastofu. Þá er ekki gert ráð fyrir að hið breytta fyrirkomulag hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þvert á móti er verið að mæta kröfum um bætt samstarf, skýrari stefnu og aðgerðir til að efla og standa vörð um ímynd og orðspor Íslands með því að hagræða og nýta betur þá fjármuni sem nú er varið til markaðs- og kynningarstarfa erlendis.

Verkefni Íslandsstofu verða viðameiri en verkefni Útflutningsráðs eru nú. Í fyrsta lagi er Íslandsstofu ætlað að setja skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu og þekkingariðnaði koma til samstarfs við hið opinbera um að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Í öðru lagi verður markaðs- og kynningardeild Ferðamálastofu rekin innan vébanda Íslandsstofu sem mun fá það lögbundna hlutverk með þessu frumvarpi að laða til landsins erlenda ferðamenn. Til að sinna verkefnum sínum skal Íslandsstofa byggja starf sitt á bestu fáanlegu fagþekkingu á sviði útflutningsaðstoðar og ferða- og ímyndarmála, þannig að samstarf hins opinbera og einkaaðila lúti ávallt faglegri stefnumótun og starfsaðferðum til langs tíma í þessum veigamikla málaflokki.

Hugmyndin um samstarf á sviði útflutningsþjónustu og um samræmingu ímyndar- og kynningarmála er ekki ný af nálinni. Til dæmis má nefna að árið 2003 undirrituðu Útflutningsráð Íslands og utanríkisráðuneytið samstarfssamning sem hefur gefið góða raun. Meginmarkmið þess samnings var að skýra verkaskiptingu, forðast tvíverknað og auka samstarf hvað varðar þjónustu við íslensk útflutningsfyrirtæki. Samstarf Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins við kynningu á íslenskri menningu erlendis og menningartengdri atvinnustarfsemi fyrir erlendan markað hefur vaxið þessu samhliða. Þá skipaði forsætisráðherra

nefnd í nóvember 2007 til þess að gera tillögur um hvernig styrkja mætti ímynd og orðspor Íslands. Rauði þráðurinn í niðurstöðum nefndarinnar, sem skilaði tillögum í mars 2008, var að styrkja þyrfti og samhæfa ímyndar- og kynningarmál þjóðarinnar. Í skýrslunni var m.a. lagt til að komið yrði á fót vettvangi sem gefið yrði nafnið „Promote Iceland“. Með honum yrði núverandi fyrirkomulag einfaldað, gert skilvirkara og heildstæð sýn fengist yfir það kynningarstarf á erlendri grundu sem fer fram af hálfu hins opinbera. Í skýrslunni var lagt til að hlutverk „Promote Iceland“ yrði að fylgjast með ímynd Íslands og þróun hennar, miðla samræmdum skilaboðum og upplýsingum til uppbyggingar á sterkri og jákvæðri ímynd, bregðast við neikvæðri umfjöllun sem snertir íslenska hagsmuni og samræma aðgerðir er varða ímyndarmál. Þá var í skýrslunni lagt til að starfsemin yrði nátengd sendiskrifstofum Íslands og að skrifstofur Ferðamálastofu erlendis yrðu lagðar niður og starfsemi þeirra færð til „Promote Iceland“. Í skýrslunni var ekki tekin afstaða til þess hvar í stjórnkerfinu vettvangurinn skyldi vistaður, né hvort stofnsett yrði ný stofnun eða einhverjum þeirra aðila sem nú fást við verkefni sem tengjast orðspori og landkynningarmálum falin umsjón starfsins.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við hugmyndir um aukið samstarf opinberra aðila og atvinnulífsins, markvissari nýtingu fjármuna, aukna samhæfingu og öflugri þjónustu. Við undirbúning frumvarpsins fór fram náið samráð ráðuneyta iðnaðar- og utanríkismála, með aðkomu Ferðamálastofu og Útflutningsráðs Íslands, auk samráðs við forsætisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efling utanríkisviðskipta og aukin gjaldeyrisöflun hér á landi ýtir undir hagvöxt og velmegun. Mikilvægt er að hvetja erlenda aðila til að nýta sér mannauð og staðarkosti lands og þjóðar með fjárfestingum og starfsemi á Íslandi. Aukinn útflutningur og erlendar fjárfestingar hér á landi skapa þannig nauðsynlegan vöxt gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið og eru veigamikill þáttur í aukinni framleiðni, atvinnu og almennri velferð. Ljóst er að neikvæð umræða um Ísland og íslensk málefni getur haft skaðleg áhrif á sölu íslenskrar vöru, þjónustu og þekkingar erlendis, sem og á fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi og á komu erlendra ferðamanna hingað til lands. Með stofnun Íslandsstofu verða útflutningsþjónusta, landkynningar- og markaðsstarf ferðamála og ímyndar- og orðsporsmál Íslands á einum stað í stjórnkerfinu. Með því er ætlunin að ná fram samræmdri langtímastefnu, auknum árangri og rekstrarlegu hagræði.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um stofnun og hlutverk Íslandsstofu. Í fyrsta lagi verður Íslandsstofa samstarfsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila þar sem mótuð verður samræmd stefna um uppbyggingu ímyndar og orðspors Íslands, en jákvæð ímynd styrkir útflutningsstarfsemi og laðar að erlenda ferðamenn og fjárfesta. Íslandsstofu er jafnframt ætlað að hrinda stefnunni í framkvæmd og samræma, eftir því sem kostur er, starfsemi þeirra sem koma að alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi.

Í öðru lagi mun Íslandsstofa veita fyrirtækjum alhliða faglega aðstoð, fræðslu og ráðgjöf við að kynna og selja vörur, þjónustu og þekkingu á erlendum mörkuðum. Góð reynsla er komin á þessar áherslur hjá forvera Íslandsstofu, Útflutningsráði, og verða þær áfram grundvöllur starfseminnar. Íslandsstofa skal byggja starfsemi sína á bestu fáanlegu fagþekkingu á sviði útflutningsaðstoðar, ferða- og ímyndarmála. Þjónusta Íslandsstofu stendur öllum

íslenskum fyrirtækjum til boða og er þeim opin þátttaka í verkefnum hennar. Kynning á íslenskri menningu erlendis og viðskipti með menningartengdar afurðir erlendis geta fundið sér farveg innan Íslandsstofu, en þessi þáttur er fyrirferðarmikill í starfsemi sendiskrifstofa Íslands erlendis og mikilvægur fyrir ímynd og orðspor þjóðarinnar. Umtalsverð samlegðaráhrif geta þannig verið á milli útflutningsþjónustu, kynningar á Íslandi sem áfangastað ferðamanna og menningarkynningar.

Í þriðja lagi er Íslandsstofu ætlað það hlutverk að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdri og stefnumiðaðri kynningu á Íslandi sem áfangastað. Hér er um að ræða núverandi markaðs- og kynningarstarf Ferðamálastofu gagnvart erlendum mörkuðum, en rekstur þess mun flytjast í heild yfir til Íslandsstofu. Hingað til hefur því starfi verið sinnt bæði af Ferðamálastofu í Reykjavík og af skrifstofum hennar erlendis (í Frankfurt, Kaupmannahöfn og New York). Ákveðið hefur verið að loka skrifstofum Ferðamálastofu í Frankfurt og Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir að hluta þeirra verkefna verði sinnt af sendiráðum Íslands í viðkomandi ríkjum sem taki að sér hlutverk markaðsskrifstofa ferðamála.

Í fjórða lagi skal Íslandsstofa laða til landsins erlenda fjárfestingu. Er þetta í samræmi við núverandi hlutverk fjárfestingarstofu sem rekin hefur verið innan Útflutningsráðs Íslands samkvæmt samningi viðskiptaráðuneytisins (síðar iðnaðarráðuneytisins) og Útflutningsráðs frá 8. desember 2004 um verkefni og rekstur fjárfestingarstofu. Frumvarpið hefur engin áhrif á gildi þess samnings.

Í fimmta lagi skal Íslandsstofa styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis, enda er íslenskur menningararfur og íslensk menning grunnstoð ímyndar og orðspors Íslands. Góð reynsla hefur fengist af samstarfi opinberra stofnana og verkefna sem sinna kynningu á íslenskri menningu erlendis. Þannig er t.a.m. Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) til húsa hjá Útflutningsráði Íslands og nást margvísleg samlegðaráhrif af samstarfi ÚTÓN við Útflutningsráð, utanríkisráðuneytið og Ferðamálastofu. Eins hefur reynslan af samkomulagi utanríkisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um samstarf á sviði menningarmála, sem undirritað var í febrúar 2007, verið góð. Samstarfið mun halda áfram með stofnun Íslandsstofu. Gert er ráð fyrir að annað opinbert starf að menningarkynningu erlendis verði rekið innan vébanda eða í samstarfi við Íslandsstofu eftir því sem við á.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um stjórnarfyrirkomulag og hlutverk stjórnar Íslandsstofu. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn eftir tilnefningu frá forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn stjórnarmann án tilnefningar sem jafnframt skal vera formaður stjórnar. Stjórnin endurspeglar þannig hið breiða samstarf sem er um Íslandsstofu. Náin tengsl atvinnulífs og Íslandsstofu eru undirstrikuð með því að fulltrúar atvinnulífs hafa meiri hluta í stjórninni en formaður er skipaður af ráðherra. Gert er ráð fyrir því að stjórninni sé heimilt, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að skipa sérstakar verkefnastjórnir til að móta áherslur einstakra málaflokka, t.a.m. hvað varðar kynningu og markaðsstarf ferðamála erlendis og fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Með því skal tryggt að stefna og verkefni Íslandsstofu í einstökum málaflokkum taki mið af áherslum hlutaðeigandi hagsmunaaðila á hverjum tíma. Með þessum hætti er náið samráð hins opinbera og atvinnulífsins tryggt. Verkefnastjórnir starfa í umboði stjórnar Íslandsstofu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um rekstur Íslandsstofu, sjálfstæði fjárhags og reikningshalds, ásamt heimild til gjaldtöku fyrir útselda þjónustu og setningu gjaldskrár í því sambandi. Er þetta sambærilegt fyrirkomulag og hefur gilt um Útflutningsráð hingað til.

Um 5. gr.

Höfuðtekjustofn Íslandsstofu verður markaðsgjald eins og það er skilgreint í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Þá er gert ráð fyrir framlagi af fjárlögum til starfseminnar, þóknun fyrir veitta þjónustu, tekjum af þjónustusamningum og sérstökum óskilgreindum tekjum og framlögum. Gert er ráð fyrir að fjárveitingum til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis, sem eru á fjárlagalið ráðuneytis ferðamála, verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um. Í 2. mgr. er kveðið á um óbreytt fyrirkomulag fjármögnunar fjárfestingarstofu, sbr. 8. gr. samnings milli viðskiptaráðuneytisins og Útflutningsráðs frá desember 2004. Áfram skulu veitt 14% af markaðsgjaldi til verkefna í samstarfi við aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta.

Um 6. gr.

Ákvæðið er í samræmi við núverandi reglugerðarheimild í lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

Um 7. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, með síðari breytingum, enda gerir frumvarpið ráð fyrir að Íslandsstofa yfirtaki öll réttindi og allar skuldbindingar Útflutningsráðs Íslands. Ekki er gert ráð fyrir samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda í lögum um Íslandsstofu, en náið samráð mun áfram eiga sér stað í annarri mynd. Aðalfundur Íslandsstofu verður vettvangur samráðs atvinnulífs og stjórnvalda um málefni hennar. Þá helst núgildandi fyrirkomulag um tilnefningu stjórnar óbreytt, þar sem atvinnulífið tilnefnir meiri hluta stjórnarmanna. Auk þess felur hlutverk verkefnastjórna í sér að fulltrúar atvinnulífsins eigi þar sæti, sbr. athugasemdir við 3. gr.

Um 8. gr.

Vegna yfirtöku Íslandsstofu á réttindum og skuldbindingum Útflutningsráðs eru í þessu ákvæði gerðar breytingar á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, og kvikmyndalögum, nr. 137/2001. Ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða, aðrar en þær sem leiðir af þessu frumvarpi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu felst að með stofnun Íslandsstofu er Útflutningsráð Íslands lagt niður. Íslandsstofa mun við gildistöku laga þessara yfirtaka rekstur á grunni Útflutningsráðs og tekur þá yfir öll réttindi og allar skuldbindingar Útflutningsráðs, eignir þess og skuldir.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Um er að ræða áframhald á núgildandi sólarlagsákvæði um markaðsgjald, sem finna má í lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002. Gjaldið fellur sem áður úr gildi 1. janúar 2013 verði annað ekki ákveðið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Íslandsstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný stofnun, Íslandsstofa, á grunni Útflutningsráðs Íslands. Því er einnig lagt til með frumvarpinu að lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002 verði felld úr gildi. Verkefni Íslandsstofu verða m.a. að setja ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands og að sinna markaðs- og kynningarmálum sem heyra undir Ferðamálastofu. Ákveðið hefur verið að skrifstofum Ferðamálastofu í Frankfurt og Kaupmannahöfn verði lokað á árinu 2009 og að þeir fjármunir sem við það sparast verði nýttir í kynningar- og markaðsverkefni sem stýrt verði frá Íslandi, auk þess sem sendiráð Íslands muni taka að sér hlutverk markaðsskrifstofa ferðamála í viðkomandi ríkjum. Í heild er áætlað að verkefni Íslandsstofu muni aukast miðað við núverandi umsvif. Stjórn Íslandsstofu mun skipuleggja og ákveða verkefni stofnunarinnar. Stjórnin verður skipuð níu manns en utanríkisráðherra skipar fimm eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmann eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu menntamálaráðherra og einn stjórnarmann án tilnefningar. Áætlað er að verkefni og fjárheimildir færist frá Útflutningsráði og einnig mun Íslandsstofa fá til ráðstöfunar fyrir sín verkefni hluta af fjárheimildum til ferðamála er tilheyra iðnaðarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fjárveiting til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um. Einnig mun Íslandsstofa yfirtaka verkefnið Iceland Naturally en ekki liggur fyrir hvort það verði með þjónustusamningi eða með öðrum hætti. Þá liggur ekki fyrir áætlun um hvaða fjárheimildir muni nákvæmlega falla undir þau verkefni sem munu vera á ábyrgð Íslandsstofu og er því ekki hægt að segja til um hver umsvif Íslandsstofu verða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð þar sem að einungis er um að ræða breytta notkun og tilfærslur á fjárheimildum.

176. Fyrirspurn [159. mál]

til forsætisráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar um ríkislaun.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Er komin til framkvæmda sú stefna ríkisstjórnarinnar að engin ríkislaun skuli vera hærri en laun forsætisráðherra? Ef ekki, hvenær er ráðgert að svo verði?
2. Eru hlunnindi forsætisráðherra, t.d. bílstjóri, aðstoðarmaður og lífeyrisréttindi, talin til launa í þessu sambandi og ef svo er, hve há eru þá launin?
3. Eru einhver fyrirtæki eða stofnanir undanþegin stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli?

177. Fyrirspurn [160. mál]

til utanríkisráðherra um sendiherra Bandaríkjanna.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hefur nýr sendiherra Bandaríkjanna hér á landi tekið til starfa?
2. Ef ekki, telur ráðherra það geta verið vegna uppákomu í tengslum við veitingu fálkaorðu?
3. Hvaða þýðingu hefur það ef Bandaríkin hafa ekki starfandi sendiherra hér?

178. Fyrirspurn [161. mál]

til fjármálaráðherra um sérstakt fjárframlag til sparisjóða.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu margir sparisjóðir hafa fengið fjárframlag úr ríkissjóði í samræmi við lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og hvenær voru slík framlög þá innt af hendi?
2. Liggja fyrir beiðnir eða áform um slíkt framlag til sparisjóða?
3. Hversu háar fjárhæðir er um að ræða?

179. Fyrirspurn [162. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um ólöglegt niðurhal hugverka.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hefur ráðherra látið kanna umfang ólöglegs niðurhals hugverka? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra láta kanna það?

180. Svar [49. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um kortlagningu vega og slóða á hálendinu.

1. *Hve mikið hefur verið kortlagt af vegum og slóðum á hálendinu og hve mikið er eftir af þeirri vinnu?*

Nú hafa um 7.000 km af vegum og slóðum á miðhálendi Íslands verið GPS-mældir, innan svokallaðrar miðhálendislínu. Þar af hefur Vegagerðin mælt um 3.600 km og Landmælingar Íslands um 3.400 km. Ráðuneytið telur, að fengnu áliti Landmælinga Íslands, að búið sé að mæla mjög stóran hluta vega og slóða á hálendinu í samræmi við það átaksverkefni sem ráðist var í árið 2007 og miðaði að kortlagningu vega á hálendinu. Nú er því lokið sérstöku átaki Landmælinga sem unnið var í samvinnu við Ferðaklúbbinn 4x4 við mælingar vega á hálendinu. Umhverfisráðuneytið telur að hægt sé að halda áfram þeirri vinnu sem hófst á síðasta ári, þ.e. að ákvarða í samvinnu við sveitarfélögin hvaða vegir og slóðar eiga að vera opnir og hverjum þarf að loka. Í því vinnuferli hafa sveitarfélögin jafnframt tækifæri til að koma að upplýsingum um vegi eða slóða sem ekki hafa verið mældir ef um slíkt er að ræða.

2. *Hvaða ferli tekur við þegar kortlagningu er lokið og hvað er áætlað að það taki langan tíma að skýra hvaða vegir og slóðar eiga að vera opnir og fyrir hvaða notkun?*

Áfram verður unnið að því í samvinnu við sveitarfélög sem eiga lögsögu innan hálendislínunnar að ákvarða hvaða vegir eiga að vera opnir og hverjir ekki. Fyrir sveitarfélögin sem fara með skipulagsmálin getur þetta orðið mikil vinna, sér í lagi hjá mjög víðfemum sveitarfélögum, auk þess sem algengt er að margir komi að þessari vinnu. Hjá þeim sveitarfélögum sem liggja að Vatnajökulsþjóðgarði er unnið að verkefninu að hluta til í samvinnu við þá aðila sem vinna að gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Samráðsferli við hagsmunaaðila er einnig hluti af vinnuferlinu. Í ljósi reynslunnar sem komin er af vinnunni má reikna með að um eitt ár taki að ljúka þessu ferli.

3. *Munu útivistarhópar sem leggja stund á ferðalög um hálendið koma að framangreindu ferli?*

Útivistarhópar, sem og aðrir hagsmunahópar, koma að framangreindu ferli. SAMÚT, Samtök útivistarfélaga, hafa til að mynda tilnefnt fulltrúa sem gefst kostur á að sitja komandi fundi með sveitarfélögunum þar sem umræðuefnið er verkefnið og tillögur um leyfilega vegi og slóða. Á þann hátt geta samtök útivistarfélaga komið sínum áherslum á framfæri við viðkomandi sveitarfélög. Þá hafa sveitarfélögin haft samráð við útivistarsamtök, sem og aðra hagsmunahópa, við vinnslu tillagna sinna. Í þeirri vinnu sem nú fer fram við gerð verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs er fjallað um vegi og slóða en í svæðisráði þjóðgarðsins situr einnig fulltrúi SAMÚT. Á þessum vettvangi hefur SAMÚT komið sínum áherslum á framfæri og m.a. lagt fram kort með slóðum sem jeppamenn hafa safnað. Slóðavinum hefur einnig verið boðið að leggja fram ferla af vélhjólaleiðum. Sveitarfélög hafa haldið opna kynningarfundi þar sem öllum gefst kostur á að koma sínum áherslum á framfæri. Fyrri umhverfisráðherrar hafa rætt við fulltrúa útivistarsamtaka, m.a. Slóðavina, þar sem þessi samtök hafa kynnt þeim sína hagsmuni. Fulltrúar hagsmunahópa, svo sem vélhjólamanna, Ferðaklúbbsins 4x4 og SAMÚT, hafa að auki kynnt sín sjónarmið á fundum með starfsmönnum ráðuneytisins. Starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafa einnig kynnt starfsemi ráðuneytisins á

vettvangi fræðslu- og samráðshóps Umhverfisstofnunar þar sem mjög breiður hópur hagsmunaaðila á fulltrúa. Nýlega var haldið Umhverfisþing þar sem töluverð umræða var um þessi mál og þar kynnti sérfræðingur umhverfisráðuneytis m.a. aðgerðir ráðuneytisins gegn utanvegaakstri.

4. Telur ráðherra að eðlilegt samráð hafi verið haft við útivistarhópa í þessu sambandi?

Í upphafi vinnunnar lagði ráðuneytið á það áherslu við sveitarfélögin að þau hefðu víðtækt samráð við sem flesta hagsmunahópa. Sveitarfélögin eru mjög sammála þeirri nálgun enda nánast útilokað að vinna slíkar tillögur án aðkomu hagsmunahópa. Eitt sveitarfélag hefur endanlega lokið við tillögur sínar og hélt það opinn fund með breiðum hópi hagsmunaaðila og telur ráðuneytið að þar hafi vel verið staðið að málum. Auk þessa fékk SAMÚT tillögurnar til skoðunar.

Önnur sveitarfélög eru að vinna að sínum tillögum í samráði við útivistarsamtök og breiðan hóp hagsmunaaðila. Vinna nefndar um skilgreiningu vega og slóða hefur verið í mótun og án efa er hægt að læra af þeirri vinnu sem fram hefur farið. Samráð og góð samskipti eru nauðsynleg til að sem mest sátt skapist um málið og mikilvægt er að allir leggi sitt af mörkum til að sameiginleg og góð niðurstaða fáist. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga í því samráðsferli að útivist á Íslandi hefur ýmsar hliðar og taka þarf tillit til mismunandi hagsmuna við þessa vinnu. Má í því sambandi nefna ferðir gönguhópa um landið, umferð á hestum og umferð á farartækjum. Ljóst er að þessir hagsmunir fara ekki alltaf saman og taka þarf tillit til þess þegar ákvörðun er tekin um það hvaða vegir eða slóðar verði í framtíðinni opnir fyrir umferð farartækja. Lög og reglur eru nauðsynlegar en umhverfisvitund og virðing ferðamanna fyrir náttúrunni þarf að aukast til að hægt sé að ná tökum á því vandamáli sem því miður er til staðar. Ljót för í landinu sjást því miður of víða og það virðist fara vaxandi að vélknúnum ökutækjum, sérstaklega vélhjólum, sé ekið utan vega í skjóli þess að eftirlit með reglum um bann við utanvegaakstri er erfitt á mörgum stöðum fjarri mannabyggð. Slíkt virðingarleysi er óþolandi og þarf að berjast gegn því með öllum tiltækum ráðum. Vitundarvakning þarf að eiga sér stað hjá mörgum ökumönnum miðað við þær upplýsingar sem við fáum um landskemmdir af völdum vélknúinna ökutækja.

181. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Eygló Harðardóttir, Atli Gíslason, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Ásbjörn Óttarsson.

1. gr.

Við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarorlofs í níu mánuði.

2. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarstyrks í níu mánuði.

3. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig skulu, þrátt fyrir 1. mgr., einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur öðlast rétt til fæðingarstyrks í níu mánuði.

4. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rétt til foreldraorlofs í 26 vikur skulu eiga einstæðar mæður sem ala barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi taka til barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur eftir 1. janúar 2010.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um þá breytingu að einstæðar mæður sem eignast barn sem getið er við tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn skuli öðlast rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er kveðið á um rétt foreldra til sjálfstæðs þriggja mánaða fæðingarorlofs og sameiginlegs réttar til annarra þriggja mánaða sem þeir deila á milli sín. Getur barn því notið umönnunar foreldris í allt að níu mánuði samkvæmt lögunum. Í tilfellum þeirra barna sem eiga, í lagalegum skilningi, eitt foreldri njóta þau hins vegar einungis sex mánaða umönnunar foreldris síns. Með þeirri breytingu sem frumvarpið mælir fyrir um er verið að jafna rétt barna til samvista við foreldri og koma í veg fyrir að börn njóti mismikillar umönnunar eftir fjölskyldugerð.

Í lögum nr. 130/1999, um ættleiðingar, var lögfest sú undantekningarregla að einhleypir einstaklingar gætu ættleitt barn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er vert að geta þess að þeir sem óska eftir að taka barn í varanlegt fóstur þurfa ekki að vera í hjónabandi eða sambúð, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Með lögum nr. 54/2008, um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum, var einhleypum konum veitt heimild til að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi. Í sömu lögum var kveðið á um breytingu á barnalögum þess efnis að barn einhleyprar konu sem getið er við tæknifrjóvgun verði ekki feðrað. Hefur löggjafinn með setningu fyrrgreindra laga viðurkennt einstæða foreldra sem ákveðið fjölskylduform og að barn geti einungis átt eitt foreldri. Er það því grundvallaratriði að löggjafinn tryggi jafnrétti barna óháð fjölskylduformi þeirra og veiti þessum foreldrum rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Í 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 95/2000 er að finna reglu í þessum anda þar sem barni er tryggð umönnun foreldris hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu þess. Má hér sjá að barn sem á jafnframt einungis eitt skilgreint foreldri að lögum nýtur umönnunar þess í níu mánuði. Frumvarp þetta mælir fyrir um jafnræði ungbarna til að njóta samvista við foreldri án tillits til fjölskylduforms. Verði það að

lögum er um að ræða mikla réttarbót þeim til handa sem verður að teljast sjálfsögð þar sem löggjafinn hefur þegar viðurkennt að börn geti átt eitt foreldri í lagalegum skilningi.

Flutningsmenn frumvarpsins eru meðvitaðir um að til eru fleiri tilvik þar sem börn fá einungis notið samvista við annað foreldrið á fyrstu 18 mánuðum lífsins jafnvel þótt lagalega séu til staðar tveir foreldrar. Ekki er tekið á slíkum tilvikum í þessu frumvarpi enda eru þau margslungin og flókin og þarfnast ítarlegrar skoðunar við. Því er hins vegar beint til félagsmálanefndar Alþingis að nefndin taki þá hlið mála sérstaklega til athugunar í framhaldinu. Skoða þarf hvernig væri unnt að taka á slíkum undantekningartilfellum svo að hvort tveggja í senn sé ætíð tryggt, óskoraður réttur allra barna til samveru við báða foreldra sína, þ.e. þeirra barna sem lagalega eiga tvo foreldra, sem og réttur allra barna til alls níu mánaða samveru við foreldri á fyrstu 18 mánuðum lífsins.

182. Lög [90. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. nóvember 2009.)

Samhljóða þskj. 6.

183. Fyrirspurn [164. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ráðstöfun tekna af VS-afla.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

Hvað eru tekjur af svokölluðum VS-afla miklar á þessu ári og hvernig hefur þeim verið ráðstafað til einstakra verkefna?

184. Frumvarp til laga [165. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir orðunum „þær jarðir“ í 3. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: þar á meðal eyðijarðir.

2. gr.

Við f-lið 50. gr. laganna bætist: 1. mgr. 33. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eftir ábendingu Fiskistofu og Landssambands veiðifélaga.

Eigi er langt síðan lax- og silungsveiðilög, nr. 61 14. júní 2006, öðluðust gildi. Hin nýju lög voru lengi í smíðum og þykja hið ágætasta lagaverk. Með frumvarpi þessu er engu að síður ætlun að gera á þeim minni háttar réttingu. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

Vegna þess hversu efni frumvarpsins er einfalt og sjálfsagt hefur ekki þótt ástæða til þess að leita umsagna við það á stjórnsýslustigi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við skýringu á þessari frumvarpsgrein verður ekki komist hjá því að rekja forsendur þess hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn í veiðifélagi og um leið helstu ákvæði laga sem tengjast hugtökunum jörð og lögbýli í því samhengi.

A. Atkvæðisréttur í veiðifélagi fram til gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Í 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, er landareign skilgreind svo í merkingu laganna, að þar sé átt við land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Í XIII. kafla laganna voru almenn ákvæði um veiði í vötnum og var hún að meginstefnu bundin við landareignir.

Þessi kafli vatnalaganna var felldur úr gildi með fyrstu lögunum um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932. Í IX. kafla þeirra laga var fjallað um veiðifélög. Í 2. mgr. 59. gr. laganna sagði, að kveðja skyldi til fundar ábúendur allra jarða á fyrirhuguðu félagssvæði, ef stofna ætti félag við vatn eða vötn, sem veiði væri í. Um atkvæðisrétt á slíkum fundi sagði í 2. mgr. 60. gr., að hann hefðu allir þeir, sem til fundar skyldi boða skv. 59. gr. Í næstu lögum um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941, voru sams konar ákvæði í 2. mgr. 60. gr. og 2. mgr. 61. gr. Enn sagði í 2. mgr. 65. gr. næstu laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957, að kveðja skyldi ábúendur jarða til fundar um stofnun veiðifélags. Í 2. mgr. 66. gr. var svo kveðið á, að á slíkum fundi og öðrum færi þannig um atkvæðisrétt, að ábúandi hvers lögbýlis, sem metið væri til verðs í gildandi fasteignamati, skyldi hafa eitt atkvæði. Ef maður byggi á fleiri en einni jörð, hefði hann eitt atkvæði. Hið sama gilti um eigendur eyðijarða. Væru ábúendur lögbýlis og eigendur eyðijarðar fleiri en einn, skyldu þeir gera með sér skriflegan samning um það, hver færi með atkvæðisrétt jarðarinnar.

Í 2. mgr. 48. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, var samhljóða ákvæði um atkvæðisrétt á fundum í veiðifélagi með einni breytingu, sem gerð hafði verið með lögum nr. 38/1970, er tóku gildi 27. maí 1970, um breytingu á lögum nr. 53/1957, en meginmál breytingalaganna var fellt inn í síðargreindu lögin og þau gefin út sem lög nr. 76/1970. Breytingin fólst í því, að atkvæðisréttur ábúanda skyldi miðast við lögbýli, „sem metið [væri] til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara.“ Í greinargerð með frumvarpi til breyt-

ingalaganna var þetta ákvæði skýrt svo, að það væri sett til að girða fyrir, að lögbýlum væri skipt í þeim tilgangi að afla atkvæðisréttar í veiðifélögum (Alþt. A-deild 1969, bls. 1669). Áfram sagði í lögunum að væri jörð í eyði skyldi eigandi hennar hafa eitt atkvæði.

B. Ákvæði gildandi lax- og silungsveiðilaga, nr. 61/2006, um atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Í 1. mgr. 40. gr. hinna nýju lax- og silungsveiðilaga segir að á félagssvæði veiðifélags fylgi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laganna. Hið sama gildi um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Síðan segir að með jörð sé hér átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976. Í orðum ákvæðisins er því ekki vikið sérstaklega að atkvæðisrétti eyðijarða eins og í eldri lögum. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur helst fram að eðlilegt þyki að miða við þetta tímamark „í ljósi þess að þá hafði lögbýlaskipan landsins tekið á sig nokkuð endanlega mynd.“ Hvergi segir að tilgangur frumvarpsins sé að þrengja eða fella niður atkvæðisrétt eyðijarða. (132. löggjþ. 2005–2006, þskj. 891, 607. mál.)

Hugtakið lögbýli var ekki skilgreint í jarðalögum, nr. 65/1976. Um skilning á því verður að leita til 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976. Efnislega er þar kveðið á um að í lögunum nefnist jörð eða lögbýli hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignarmati, með tilgreind og ákveðin merki, nauðsynlegan húsakost og landrými eða aðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Þá sagði í sömu lagagrein að jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, teljist eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin, teljist hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Með jarðaskýrslu fyrir fardagaárið 1958–1959 hóf Landnám ríkisins árlega útgáfu á jarðaskýrslu fyrir allt landið á grundvelli skýrslna frá hreppstjórum. Þegar ábúðarlög, nr. 64/1976, og jarðalög, nr 65/1976, gengu í gildi, 31. maí 1976, var í gildi jarðaskrá fyrir fardagaárið 1975–76 (fardagar voru 3. júní 1976).

Vegna þess hversu örðugt er um vik að afla heimilda um hvort eyðijörð hafi verið ráðstafað „til annarra nota“, við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, hafa veiðifélög við ákvörðun atkvæðisréttar samkvæmt hinum nýju lögum, stuðst í framkvæmd við jarðaskrá Landnáms ríkisins fyrir fardagaárið 1975–76. Þá hefur þýðingu að við færslur í jarðaskrána, á næstliðnum árum, hafði Landnám ríkisins m.a. byggt á 1. gr. ábúðarlaga, nr. 36/1961, þar sem kveðið var á um að eyðijarðir féllu úr tölu lögbýla eða jarða hefðu þær ekki verið byggðar í 25 ár eða lengur. Með þessu hafa eigendur fjölda eyðijarða, sem fallið höfðu úr jarðaskránni, misst atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Með setningu laga nr. 61/2006 var ekki ætlunin að gera grundvallarbreytingu á fyrirkomulagi atkvæðisréttar í veiðifélögum að því er varðar eyðijarðir. Tilgangur þessa frumvarps að færa þetta atriði til fyrri vegar með því að gera tillögu um að kveðið verði að nýju sérstaklega á um að atkvæðisréttur fylgi eyðibýlum.

C. Um ákvörðun atkvæðisréttar verði frumvarpið að lögum.

Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir því að orðunum „þar á meðal eyðijarðir“ verði skeytt inn í 3. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna, á eftir orðunum „þær jarðir“. Við þetta kveður lagatextinn skýrlega á um að atkvæðisréttur fylgi jörðum, þar á meðal eyðijörðum, sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976.

Við úrlausn um hvort jörð, þar á meðal eyðijörð, teljist hafa verið „lögbýli“ við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976, ber, eins og áður er um getið, að hafa hliðsjón af skýringu á hug-

takinu „lögbýli“ í 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, sem öðluðust gildi sama dag og eldri jarðalög.

Verði frumvarpið að lögum munu eyðijarðir sem í framkvæmd hafa misst atkvæðisrétt samkvæmt framansögðu öðlast þann rétt með skýrum hætti að nýju.

Um 2. gr.

Með þessari frumvarpsgrein er stefnt að því að mæla fyrir um að sú háttsemi að hefja framkvæmd í veiðivatni án þess að leyfi hafi verið aflað skv. 1. mgr. 33. gr. laganna sé refsiverð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að eigendum eyðijarða verði tryggður atkvæðisréttur á fundum veiðifélaga og hins vegar er gert ráð fyrir að sú háttsemi að hefja framkvæmd í veiðivatni án þess að leyfi hafi verið aflað, skv. 1. mgr. 33. gr. laganna, sé refsiverð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

185. Frumvarp til laga [166. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir orðunum „sbr. þó 4. gr. a“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: og 3. mgr. 13. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 3. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn sæðis á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta sæðið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða

Matvælastofnun (yfirdýralæknir) telur smitsjúkdómahættu af sæðinu af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið og eyða sæðinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svín voru haldin hér á landi frá landnámstíð fram til um 1600 að því er talið er. Nú á ræktun alisvína sér meira en 80 ára samfellda sögu. Á þeim tíma hafa ýmsar pestir valdið vanhöldum og búsifjum. Sú reynsla kennir að smitsjúkdómavarnir eru svínaræktinni afar mikilvægar, m.a. við innflutning dýra og erfðaefnis. (Um sögu svínaræktar fram til 1969 má vísa til Árbókar landbúnaðarins 1970, bls. 77–78.)

Um leið og þessi sannindi eru viðurkennd verður að athuga að erfðaframfarir eru hraðstígar í svínarækt og að bændum er hagsmunamál að öðlast greiðan aðgang að ákjósanlegu erfðaefni.

Um innflutning á svínum og erfðaefni þeirra fer nú eftir lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra. Þeim lögum hefur í tvígang verið breytt hvað varðar innflutning svína og erfðaefnis þeirra. Það eru breytingalög nr. 153/2002 og nr. 141/2007. Markmið þessara laga hefur verið að stytta einangrunarferli og auðvelda erfðaframfarir.

Með 13. gr. laga um innflutning dýra, með áorðnum breytingum, er ráðherra heimilt að leyfa innflutning svína og erfðaefnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Innflutt erfðaefni svína má hins vegar ekki flytja úr einangrunarstöð. Svín sem vaxið hafa af innfluttu erfðaefni í einangrunarstöð má flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og að því tilskildu að þau séu flutt á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu fagráðs í greininni.

Með lögum nr. 141/2007 voru gerðar minni háttar breytingar á þeim ákvæðum laga um innflutning dýra sem varða innflutning svína, m.a. með leiðréttingu á hugtökum laganna. Við þinglega meðferð frumvarps til laganna kannaði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sérstaklega tilhögun á innflutningi svína og erfðaefnis þeirra í tilefni af ósk svínabænda sem komu fyrir nefndina. Sérstaklega urðu nokkrar umræður um hvort rétt gæti verið að breyta lögum þannig að heimilað yrði að flytja ýmist ferskt eða frosið svínasæði beint inn á bú hér á landi.

Í áliti nefndarinnar, dags. 10. desember 2007, var beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann skipaði „starfshóp sérfræðinga til að gera tillögur um leiðir til að efla og auka hagkvæmni í svínarækt, m.a. með tilliti til hugsanlegs innflutnings á erfðaefni, með það að leiðarljósi að búgreinin verði arðbær og samkeppnisfær við aðrar greinar og matvælaöryggi og sjúkdómavarnir séu nægilega tryggð“ (þskj. 480, 204. mál 135. löggjafarþings).

Hinn 15. apríl 2008 skipaði ráðherra nefnd þriggja manna til starfans. Þeir voru Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og sérfræðingur í veirufræði á Keldum, og Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, nú sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun. Nefndinni var m.a. falið að íhuga þær athugasemdir og tillögur sem fram höfðu komið um innflutning svína, kanna aðstæður og fyrirkomulag sjúkdómavarna á einangrunarstöð og skilgreina þau skilyrði sem rétt væri að setja kæmi til beins innflutnings á svínasæði. Nefndin hélt fjölmarga fundi, leitaði sjónarmiða víða og fór í kynnisferð til Noregs þar sem nefndarmenn kynntu sér einangrunar- og sæðingarstöð Nor-

svin í Hamri auk þess sem þeir funduðu með sérfræðingum rannsóknastöðvar dýrasjúkdóma í Ósló. Nefndin skilaði ráðherra skýrslu hinn 3. apríl 2009.

Nefndin telur að ekki sé ásættanleg áhætta að heimila innflutning á fersku svínasæði frá einangrunarstöð í Noregi beint til kynbóta á býlum hér á landi. Um ítarleg rök fyrir þessari niðurstöðu verður hér vísað til skýrslu nefndarinnar sem er m.a. aðgengileg hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Matvælastofnun.

Nefndin gerir tvær tillögur um mögulegar aðferðir við innflutning á svínasæði.

Tillaga nr. 1 felur í sér að heimild verði veitt fyrir innflutningi á fersku svínasæði frá Norsvin í Noregi sem fari eingöngu til notkunar á sérstöku einangrunarbúi (einangrunarstöð) sem rekið verði af Svínaræktarfélagi Íslands, eða öðrum þar til bærum aðila. Sú tillaga felur í sér að ekki þarf að breyta lögum enda yrði framkvæmdin, rétt eins og nú, innan heimilda 13. gr. laga um innflutning dýra.

Tillaga nr. 2 felur í sér að heimild verði veitt fyrir innflutningi á frosnu svínasæði frá Norsvin í Noregi, sem geti farið beint inn á svínabú hér á landi, að loknum ákveðnum einangrunartíma. Fyrir slíkum innflutningi verði hverju sinni veitt sérstakt leyfi bundið skilyrðum um athugun á heilbrigðisástandi. Nauðsynleg heilbrigðisvottorð verði gefin út við töku sæðisins og önnur heilbrigðisvottorð gefin út að loknum einangrunartíma þegar staðfest hefur verið að engin viðsjárverð breyting hafi orðið á heilbrigðisástandi galtanna í Norsvin-stöðinni eða almennt í Noregi.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar svo fara megi að síðari tillögu sérfræðinganefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Af 4. mgr. 2. gr. laganna má ráða að almennt er ráðherra falið að taka ákvörðun um innflutning dýra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Frá því er einungis brugðið um gæludýr og erfðaefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 4. gr. a og 5. gr. laganna.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fullnaðarákvörðunarvald um innflutning á djúpfrystu svínasæði verði flutt til yfirdýralæknis. Ákvörðunum yfirdýralæknis má skjóta til úrskurðar ráðherra verði frumvarpið að lögum. Það er til samræmis við meginregluna um trygga kæruleið í stigskiptri stjórnsýslu.

Um 2. gr.

Verði frumvarpið að lögum mun Matvælastofnun (yfirdýralæknir) hafa heimild skv. 3. mgr. 13. gr. laganna til að leyfa innflutning á djúpfrystu svínasæði beint inn á bú hér á landi að uppfylltum tilteknum málefnalegum skilyrðum.

Í 8. gr. laganna er mælt fyrir um heilbrigðisskilyrði við val á erfðaefni til innflutnings. Þar er m.a. kveðið á um að sæði verði aðeins flutt inn frá viðurkenndri kynbótastöð þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati yfirdýralæknis. Að virtri framangreindri sérfræðingaskýrslu má t.d. ætla að bú Norsvin að Hamri í Noregi geti fallið hér undir.

Þess verður krafist að sæði verði geymt í tryggri einangrun hér á landi meðan beðið er staðfestingar á óbreyttu heilbrigðisástandi svína á kynbótastöð og útflutningslandi. Þá kann að þykja sjálfsagt að binda heimild til innflutnings við þau bú ein sem uppfylla skilyrði reglugerðar um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum. Rétt er að taka fram að ekki er

í frumvarpsgreininni gert ráð fyrir að sérstakar hömlur verði lagðar á starfsemi svínabúa sem flytja inn erfðaefni með þessum hætti.

Hér er aðeins fjallað um innflutning á djúpfrystu svínasæði. Um innflutning á svínum eða öðru erfðaefni mun fara eftir öðrum ákvæðum laganna, sbr. einkum 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fullnaðarákvörðunarvald um innflutning á djúpfrystu svínasæði verði flutt frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti yfir til Matvælastofnunar (yfirdýralæknis). Jafnframt mun stofnunin hafa heimild til að leyfa innflutning á djúpfrystu svínasæði til svínabúa hér á landi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

186. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundar Einar Daðason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera víðtæka úttekt á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum, sem verði liður í því að renna stoðum undir sjálfbæra þróun íslensks samfélags. Teymi erlendra og innlendra sérfræðinga úr ólíkum áttum og af mismunandi fagsviðum verði fengið til að gera úttektina og skal það:

a. leggja heildstætt mat á kosti og galla íslensku krónunnar sem framtíðargjaldmiðils landsins og útlista þá þætti hagstjórnar og regluverks sem þá þurfa að vera fyrir hendi;
b. gera rannsókn á því með hvaða hætti íslenska krónan hefur gagnast eða íþyngt þjóðarbúinu við að vinna sig út úr yfirstandandi kreppu og hagsveiflum fyrri tíðar og til samanburðar rekja reynslu annarra sambærilegra hagkerfa sem hafa lent í harkalegri kreppu en eru hluti af stærra myntsvæði, svo sem evru;
c. leggja heildstætt mat á kosti og galla upptöku annarrar myntar fyrir íslenskt hagkerfi til lengri og skemmri tíma, svo sem evru, bandaríkjadals, norskrar eða sænskrar krónu.

Greinargerð.

Mikilvægt er að fram fari ítarleg og vönduð greining á þeim kostum sem Íslendingum bjóðast í gjaldmiðilsmálum. Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að helstu möguleikar verði raktir og útlistaðir kostir og gallar hvers möguleika fyrir sig.

Mikilvægt er m.a. að huga að tvennu: Í fyrsta lagi hvaða fyrirkomulag er heppilegast til að tryggja stöðugleika. Reynslan kennir að lítill gjaldmiðill getur hæglega orðið leiksoppur á fjármálamörkuðum og út á hann gert í leit að hagnaði. Spyrja þarf hver sé reynslan af smáum gjaldmiðlum og hvaða ráð dugi best til að verja þá. Umræða um gjaldmiðilsmál virðist í allt of ríkum mæli einkennast af fyrir fram gefnum niðurstöðum og afstöðu hlutaðeigandi til framtíðar Íslands innan eða utan Evrópusambandsins. Meintar ástæður hruns gjaldmiðilsins í kjölfar bankakreppunnar vekja upp spurningar um hvort stundum sé verið að hengja bakara fyrir smið: hvort gjaldmiðillinn sé látinn gjalda fyrir slæma fjármála- og efnahagsstjórn, dómgreindarleysi og jafnvel ónægt eftirlit. Í annan stað þarf að huga að kostum og göllum krónunnar við erfiðar aðstæður í efnahagslífinu. Enda þótt Ísland yrði hluti af stærra myntsvæði yrðu Íslendingar ekki þar með lausir við efnahagsþrengingar í framtíðinni. Þá vaknar sú spurning hvaða fyrirkomulag í gjaldmiðilsmálum hentar best við slíkar aðstæður, og hvaða hagstjórnartæki þurfa að vera til staðar.

Fáir deila um það að hrun gjaldmiðilsins á sér tvær hliðar. Annars vegar verða öll aðföng til landsins dýrari og kaupmáttur þjóðarinnar rýrnar. Hin hliðin á þeirri krónu er svo sú að kjaraskerðingin gengur yfir allt samfélagið en bitnar ekki einvörðungu á hluta þess. Kjaraskerðingin en annað orðalag fyrir kaupmáttarrýrnun sem gagnast útflutningsfyrirtækjum. Þau fá meira í sinn hlut í krónum talið á erlendum mörkuðum fyrir minni launakostnað innan lands. Ætla mætti að stöðugri gjaldmiðill hefði leitt til stóraukins atvinnuleysis hérlendis.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að farið verði í saumana á þessum þætti og gerð fagleg og ítarleg úttekt á því með hvaða hætti íslenska krónan gagnast þjóðarbúinu og samfélaginu við að vinna sig út úr kreppuástandi. Í úttektinni skal hafa til samanburðar nokkur vel valin svæði þar sem evra er gjaldmiðill og aðrir stórir gjaldmiðlar á svæðum þar sem miklir erfiðleikar hafa steðjað að. Fara þarf í saumana á því með hvaða hætti gjaldmiðlarnir hafa hjálpað þeim samfélögum að vinna bug á efnahagserfiðleikum og þá einnig hvernig ósveigjanleikinn hefur komið þeim í koll til samanburðar við það sem á sér stað á Íslandi.

Þá er mikilvægt að greina ítarlega kosti Íslands til upptöku annars gjaldmiðils. Því hefur ítrekað verið haldið fram í opinberri umræðu að eina leið Íslands til að verða hluti af stærra myntsvæði sem hentaði íslensku hagkerfi væri að ganga í Evrópusambandið. Ýmsir álitsgjafar hafa verið á öðru máli og bent á aðrar leiðir sem færar eru, ef á annað borð er talið heillavænlegt að skipta um gjaldmiðil til frambúðar. Í stað þess að einungis sé slegið fram einni leið í þessum efnum – inngöngu í ESB – þá er mikilvægt að bæði þingheimur og allur almenningur sé vel upplýstur um þær mismunandi leiðir sem mögulegar eru, kosti þeirra og galla. Því er mikilvægt að fram fari fagleg og fjölþætt úttekt á þeim kostum sem í stöðunni eru.

Vanda verður valið á rannsóknarteyminu sem vinnur úttektina. Fagfólk þarf að koma að úr mörgum áttum með mismunandi bakgrunn ólíkra fagsviða til að tryggja víðsýni og trúverðugleika á viðfangsefnið.

Ef stefnan til framtíðar er á sjálfbærni og sjálfbæra þróun íslensks samfélags þá hljóta allar tillögur í gjaldmiðilsmálum að vera hugsaðar út frá þeim grunni og útgangspunkti. Þær einsleitu hagfræðikenningar sem haft hafa yfirhöndina undanfarin missiri og byggst hafa á grunni taumlausrar græðgi og fjármagnsflutninga í þágu alþjóðlegrar spákaupmennsku verða

nú að mæta öðrum gildum og annarri framtíðarsýn. Trúverðug sýn í gjaldmiðilsmálum sem öðrum stórum samfélagsmálum verður að byggjast á fjölbreyttum sjónarhornum og grænum áherslum sjálfbærni og jafnaðar jafnt sem takmarkinu um atvinnu fyrir alla. Eðlilegt er að leita til erlends fagfólks jafnt sem innlendra aðila til að vinna slíka úttekt þar eð hætt er við að annars sé of mikil hliðsjón höfð af hagsmunaátökum líðandi stundar hér innan lands.

Eins og sjá má af fylgiskjölum hefur ýmislegt verið ritað um gjaldeyrismál hérlendis og eru greinarnar sem hér birtast einungis brotabrot af því feikimikla efni sem fyrir hendi er. Að auki skal bent á fróðlega skýrslu Hagfræðistofnunar Íslands frá febrúar 2007, *Kostir og gallar upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi*.

Í þeirri þvögu ólíkra sjónarmiða sem uppi eru um málið er úrslitaatriði að kostir og gallar séu metnir á faglegan og yfirvegaðan hátt og að vönduð ítarleg úttekt liggi fyrir gerð af bæði innlendum og alþjóðlegum fagaðilum með fjölbreyttan bakgrunn. Slíkt er lykillinn að upplýstri ákvörðun þings og þjóðar í svo afdrifaríku máli.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Á að kasta krónunni? – Vandaða umræðu í stað gleðipillu, eftir Kára Arnór Kárason. Birt á vefritinu Smugan 24. mars 2009.
II. Einhliða upptaka er lausn á gjaldeyrisvanda, eftir Ársæl Valfells og Heiðar Má Guðjónsson. Morgunblaðið 8. janúar 2009.
III. Tökum upp Bandaríkjadal, eftir Þórlind Kjartansson. Fréttablaðið 8. apríl 2009.
IV. Upptöku norsku krónunnar strax, eftir Ragnar Þórisson. Morgunblaðið 6. september 2009.
V. Gæti danska krónan verið svarið? eftir Bergþór Konráðsson. Morgunblaðið 21. ágúst 2008.

187. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um réttarbætur fyrir transfólk.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Birgitta Jónsdóttir, Ögmundur Jónasson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur að úrbótum á stöðu transfólks (transgender) á Íslandi. Nefndin verði skipuð fulltrúum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis, hagsmunasamtaka transfólks og Amnesty International. Nefndin kanni lagalega og félagslega stöðu transfólks á Íslandi og geri tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til að hvers kyns misrétti gagnvart transfólki hverfi hér á landi og full mannréttindi þess verði tryggð. Tillögur nefndarinnar liggi fyrir eigi síðar en 1. apríl 2010.

Greinargerð.

Réttarstaða transfólks á Íslandi er bæði veik og óljós. Engin sérstök lög gilda um málefni transfólks hérlendis og margt vantar upp á til að lagalegt jafnræði og full mannréttindi séu tryggð. Þannig er m.a. ýmislegt óljóst þegar kemur að meðhöndlun transfólks innan heilbrigðisgeirans og umboð og réttarstaða þegar kemur að læknisfræðilegri meðferð eru óskýr. Þá er og ýmislegt óljóst þegar kemur að óskoruðum rétti transgender einstaklinga til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og kyns í þjóðskrá. Einstaklingur sem lifir í nýju kynhlutverki getur ekki fengið nafni sínu breytt nema hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni, jafnvel þótt einungis hluti transfólks gangist undir slíka aðgerð.

Í áliti umboðsmanns Alþingis sem snertir réttarstöðu transfólks, í máli nr 4919/2007 dags. 27. apríl 2009, segir m.a.:

„Umboðsmaður taldi ljóst að skortur á lagafyrirmælum um það hvort og að uppfylltum hvaða skilyrðum þessir einstaklingar gætu óskað breytingar á opinberri skráningu nafns og eftir atvikum kyns gæti haft veruleg áhrif á aðstæður þeirra og einkalíf í merkingu 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.“

Að mati umboðsmanns Alþingis er réttur einstaklinga til auðkennis, sjálfsímyndar og nafns varinn af ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Umboðsmaður taldi í þessu samhengi tilefni til að vekja athygli dóms- og kirkjumálaráðherra og Alþingis á nauðsyn þess að tekin yrði afstaða til þess hvort þörf væri á að setja skýrari reglur um rétt transfólks til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og eftir atvikum kyns í Þjóðskrá. Umboðsmaður vakti einnig athygli heilbrigðisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og Alþingis á nauðsyn þess að lagt yrði mat á „… hvort mæla skuli með skýrum hætti fyrir í lögum um þær reglur sem eigi að gilda um möguleika einstaklinga með kynskiptahneigð til að gangast undir kynskiptiaðgerð og þá um málsmeðferð og skyldur stjórnvalda í því sambandi sem og þau réttaráhrif sem læknisfræðileg greining á kynskiptahneigð og kynskiptiaðgerðin sem slík kynni að hafa í för með sér fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.“

Það er mat flutningsmanna að nauðsynlegt sé að tryggja transfólki full mannréttindi og skýra réttarstöðu á öllum sviðum. Til að móta framsækna löggjöf í þessum efnum hérlendis er m.a. hægt að sækja fyrirmyndir til hins besta sem finnst í löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum og í Hollandi og betrumbæta það sem þar vantar upp á. Mikilvægt er að réttarbætur til handa transfólki séu gerðar með heildstæða löggjöf í huga sem taki á skýran og óyggjandi hátt á málefnum transfólks á Íslandi. Bein aðkoma fulltrúa hagsmunasamtaka transfólks að slíkri vinnu sem og alþjóðlegra mannréttindasamtaka sem hafa látið sig málið varða er nauðsynleg. Takmarkið hlýtur að vera að íslensk löggjöf verði í alla staði til fyrirmyndar þegar kemur að mannréttindum og jafnræði allra þegna samfélagsins, þ.m.t. transfólks.

Með tillögunni var eftirfarandi fylgiskjal: Álit umboðsmanns Alþingis: Mannréttindi. Friðhelgi einkalífs. Einstaklingar með kynskiptahneigð. Synjun á nafnbreytingu. Meinbugir á lögum. Frumkvæðisathugun. (Mál nr. 4919/2007.) Birt á vefsíðu umboðsmanns Alþingis.

188. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um opin gögn og rafrænan aðgang að þeim.

Flm.: Davíð Stefánsson, Atli Gíslason, Ásbjörn Óttarsson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Valur Gíslason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum. Markmiðið með frumvarpinu verði að gera sem stærstan hluta gagna og gagnasafna stjórnsýslunnar opinn almenningi með upplýsingatækninni.

Greinargerð.

Meginreglan um aðgang almennings að gögnum hins opinbera hefur verið við lýði allt frá árinu 1996 þegar hún var lögfest. Á sama tíma hófst vinna stjórnvalda við upplýsingasamfélagið svokallaða en eitt af markmiðum þess var að upplýsingatækninni yrði beitt til að opna ríkiskerfið, draga úr kostnaði og bæta þjónustu þess við landsmenn. Frá þeim tíma hefur átt sér stað mikil þróun í söfnun gagna og möguleikum til upplýsingamiðlunar og telja flutningsmenn tillögu þessarar því rökrétt að stíga næsta skref, þ.e. að aðgangur að sem stærstum hluta gagna stjórnsýslunnar verði opinn og aðgengilegur á vefnum.

Markmiðið með tillögu þessari er að gagnasöfn og stærstur hluti gagna, á öllum þeim formum sem upplýsingar eru varðveittar innan stjórnsýslunnar, verði opnaður almenningi, þegar ríkari hagsmunir á borð við persónuvernd eða öryggissjónarmið eiga ekki við, enda séu gögnin í raun eign allrar þjóðarinnar, kostuð af henni og unnin í hennar þágu. Þannig gæti hver stofnun t.d. útbúið sérstakt gagnatorg á heimasíðu sinni þar sem hvers konar upplýsingar og gögn verði gerð aðgengileg.

Með hindrunarlausu aðgengi að gögnum og með því að tengja saman gögn úr ólíkum áttum má oft gera uppgötvanir eða setja með litlum tilkostnaði saman lausnir sem engan óraði fyrir við gerð gagnanna. Þetta gildir um nánast allar gerðir gagna: hagtölur, vísitölur, tilraunaniðurstöður, greiningarupplýsingar ríkisstofnana, upplýsingar um fyrirtæki, landupplýsingar, orðabókarupplýsingar, flugáætlanir og aðrar ferðaáætlanir, upptökur í hljóði og mynd, textasöfn og svo mætti áfram telja.

Þróun upplýsingaréttar.

Alþingi hefur alloft fjallað um hvaða reglur eigi að gilda um upplýsingarétt almennings og upplýsingaskyldu stjórnvalda og í fyrsta sinn á árunum 1969–70 vegna erlendra áhrifa. Þá höfðu fjölmörg ríki fest meginregluna um upplýsingarétt almennings í lög. Svíar urðu fyrstir til þess árið 1766 í prentfrelsistilskipun sem síðar var tekin upp í stjórnarskrá árið 1949. Í Danmörku og Noregi voru reglur þessa efnis teknar í lög árið 1970. Það var því engin tilviljun að 9. apríl sama ár lögðu fjórir þingmenn í fyrsta skipti fram á Alþingi þingsályktunartillögu um upplýsingaskyldu stjórnvalda (þskj. 512 á 90. löggjafarþingi).

Þingsályktunin var endurflutt tvisvar sinnum og loks samþykkt sem ályktun frá Alþingi þann 19. maí 1972. Nokkur stjórnarfrumvörp um efnið voru lögð fram en náðu ekki fram að ganga. Það var svo ekki fyrr en 24 árum síðar, þ.e. árið 1996, sem upplýsingalögin voru sett.

Í upplýsingalögunum er kveðið á um rétt almennings til að óska eftir aðgangi að upplýsingum og er rétturinn ekki bundinn skilyrði um búsetu eða ríkisborgararétt. Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að gögnum sé skrifleg og komi jafnframt fram á eyðublaði sem það leggur til. Ekki er gerð krafa um að sá sem óskar aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum hafi tengsl við hlutaðeigandi mál eða hafi að öðru leyti sérstakra hagsmuna að gæta. Fyrir liggur að ekki er unnt að nýta sér þennan rétt nema hafa vitneskju um gögnin og geta tilgreint þau gögn sem viðkomandi óskar eftir að kynna sér, svo að stjórnvald geti tekið afstöðu til umsóknarinnar.

Hinn 6. febrúar 2001 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að móta almenna stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett yrðu lög um endurgjald fyrir notkun opinberra upplýsinga sem byggðust á þeirri meginreglu að verðlagning tæki mið af frjálsu aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Voru rökin m.a. þau að allir, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, nytu þess ávinnings sem opinberar upplýsingar hafa að geyma samfélaginu til heilla. Nefndin lagði áherslu á að opinberar upplýsingar yrðu skilgreindar sem eign almennings og ekki væri tekið sérstakt gjald á grundvelli laga um höfundarétt af upplýsingum sem háðar eru höfundarétti ríkis og sveitarfélaga. Þá lagði nefndin til að stefnt yrði að því að koma sem mestum opinberum upplýsingum í rafræna gagnabanka á netinu með fullkomnum lýsigögnum til þess að auðvelda aðgengi að þeim.

Falinn fjársjóður.

Með setningu laga nr. 161/2006 var lögfestur nýr kafli í upplýsingalögin sem fjallaði um endurnot opinberra upplýsinga. Með endurnotum er átt við að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Endurnotin gilda um fyrirliggjandi upplýsingar sem eru í vörslum stjórnvalda en ætíð þarf að uppfylla þau skilyrði að endurnotin brjóti ekki í bága við lög, þ.m.t. ákvæði hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns. Þá er kveðið á um að ætíð skuli geta uppruna upplýsinganna og þess hver beri ábyrgð á vinnslu þeirra þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar. Ákvæði kaflans um endurnot gilda t.d. ekki um rannsóknastofnanir.

Í áliti allsherjarnefndar um frumvarpið segir að á fundum nefndarinnar hafi komið fram að markmið frumvarpsins væri að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og stuðla þannig að hagvexti og atvinnusköpun en miklir hagnýtingarmöguleikar geta verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda.

Fjölmörg rök hníga að því að rétt sé að veita greiðan aðgang að opinberum gögnum. Má m.a. nefna eftirfarandi rök:

- Gögnunum hefur yfirleitt verið safnað fyrir opinbert fé og því eðlilegt að almenningur hafi rafrænan aðgang að þeim.
- Opið aðgengi að gögnum veitir aukið aðhald að starfsemi ráðuneyta, stofnana, opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja, og sveitarfélaga.
- Upplýsingaréttur almennings gildir án tillits til þess í hvaða formi umbeðnar upplýsingar eru. Aðgengi að þeim takmarkast í reynd við vitneskjuna um hvaða gögn eru til en nútímaupplýsingatækni veitir hinsvegar mun betri möguleika en áður til að koma upplýsingum á framfæri.

– Vel skiljanlegar og aðgengilegar upplýsingar eru mikils virði, bæði í efnahagslegum og félagslegum skilningi. Í opnu aðgengi felast mikil ónýtt tækifæri til nýsköpunar og nýrra uppgötvana og er því þjóðhagslega hagkvæmt.
– Það stuðlar að auknu trausti á stjórnsýslunni að opna aðgang að sem flestum gögnum þar sem leynd er alltaf til þess fallin að valda tortryggni.

Því opnari sem gögn eru, þeim mun fjölbreyttari verða notkunarmöguleikar þeirra. Almenna reglan ætti því að vera að aðgengi að gögnum og gagnasöfnum í eigu opinberra aðila sé opið og þannig um hnútana búið að aðgangurinn sé auðveldur Að auki er lögð áhersla á að ef víkja eigi frá meginreglunni og heimila ekki aðgang að tilteknum gögnum þurfi raunverulegur rökstuðningur að koma til. Rétt er að gæta þess að í sumum tilfellum geta aðrir ríkari hagsmunir, svo sem almannahagsmunir, öryggissjónarmið eða einkahagsmunir, takmarkað aðgang að gögnum.

Alþjóðleg skilgreining hefur verið sett fram á „opnum gögnum“ og tekur hún m.a. á formi gagnanna, endurnýtingarrétti og endurnýtingarmöguleikum, gjaldtöku og hlutleysi gagnanna, m.a. með tilliti til tæknilausna. Á vefnum www.opingogn.net liggja fyrir drög að íslenskri þýðingu á þessari skilgreiningu.

Í opinberum gögnum getur falist fjársjóður og með opnara aðgengi að þeim gætu leyst úr læðingi fjölmörg tækifæri fyrir vísinda- og skólasamfélagið til nýsköpunar og atvinnulífs sem líklega eru að mestu ófyrirséð í dag.

Áhersluþættir.

Flutningsmenn leggja til að forsætisráðherra lýsi því yfir hið fyrsta að öll gögn í umsjá opinberra aðila verði hér eftir opin og aðgengileg almenningi án hindrana, nema brýnar ástæður séu til annars, og leggi fram frumvarp sem rýmki aðgang að þessu leyti. Þannig verði áherslan á upplýsingaskyldu stjórnvalda fremur en upplýsingarétt almennings eins og gildandi lög gera fremur ráð fyrir.

Með því að festa hugmyndafræði opinna gagna í lög er komist hjá því að vilji ríkisstjórna á hverjum tíma ráði því hvaða gögn eru aðgengileg almenningi. Jafnframt er lagt til að endurskoðað verði og skilgreint nánar hvaða ástæður teljist nægilegar til að hindra aðgang með tilliti til persónuverndar, almannahagsmuna, öryggissjónarmiða og annarra ríkari hagsmuna. Þannig fari fram endurskoðun á því hagsmunamati sem liggur til grundvallar gildandi lögum sem getur m.a. falist í því að skoða sérstaklega hvort unnt sé að opna t.d. aðgang að gögnum rannsóknastofnana atvinnuveganna, svo sem Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matís, Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna. Undantekningar frá opnu aðgengi skulu vera vel rökstuddar og ekki hindra aðgang meira en nauðsynlegt er.

Flutningsmenn telja enn fremur nauðsynlegt að allar stofnanir hins opinbera birti þegar í stað málaskrár sínar og skrár yfir þau gögn og gagnasöfn sem þær ráða yfir og geri gögnin aðgengileg á því formi sem þau eru nú. Jafnframt að gagnasöfn sem ekki er opinn aðgangur að verði skráð, tilgreind efnistök þeirra, ástæður fyrir hindrunum á aðgengi og hvort/hvenær þeim hindrunum verði aflétt. Til lengri tíma skal leitast við að gera gögnin aðgengileg á stöðluðu, tölvutæku formi sem tekur tillit til allra þátta sem kveðið er á um í skilgreiningu opinna gagna.

Með því að samþykkja þingsályktunartillögu þessa er stigið næsta skref í því að opna enn frekar en áður aðgang almennings að gögnum. Þannig verði gögnin aðgengileg almenningi,

fjölmiðlum, félögum, vísindamönnum, skólafólki, grasrótarhópum, fyrirtækjum og öðrum sem vilja og geta nýtt sér þessi gögn sjálfum sér og samfélaginu öllu til hagsbóta.

189. Frumvarp til laga [170. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum.

Nú verður starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu og skerðist þá ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

Ef starfsmaður sem 1. mgr. tekur til deyr af völdum tjónsatburðar skulu bætur sem greiðast þeim er misst hafa framfæranda ekki skerðast vegna meðábyrgðar hins látna, nema hann hafi átt þátt í dauða sínum af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til tjónsatvika sem verða eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Staða starfsmanna í skaðabótaréttarlegu tilliti hefur breyst nokkuð á síðustu áratugum. Almennt má segja að þær breytingar hafi falist í því að takmarka ábyrgð þeirra á því tjóni sem þeir hafa valdið í starfi sínu. Breytingar þessar voru staðfestar með gildistöku skaðabótalaga, en í 23. gr. þeirra eru mikilvægar reglur sem lúta að skaðabótaábyrgð starfsmanna. Annars vegar lúta þessar reglur að því að skaðabótaábyrgð starfsmanns, sem valdið hefur tjóni í starfi og vinnuveitandi hans ber einnig ábyrgð á, sætir takmörkunum. Hins vegar að því að skaðabótaábyrgð starfsmanns, sem valdið hefur vinnuveitanda sínum tjóni í starfi sínu, sætir takmörkunum.

Í fyrrnefndu tilvikunum hefur meginreglan verið sú að starfsmaður sem valdið hefur tjóni í starfi sínu með saknæmum og ólögmætum hætti, og þar með bakað vinnuveitanda sínum skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð (húsbóndaábyrgð), hefur einnig borið sjálfur fulla ábyrgð á tjóninu. Þótt finna megi ýmis dæmi úr dómaframkvæmd hérlendis þar sem tjónþoli lætur reyna á þessa skaðabótaábyrgð starfsmannsins eru þau fá og tengjast fyrst og fremst tilvikum þar sem greiðslugeta vinnuveitandans er vafasöm eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Má sem dæmi um þetta nefna dóma Hæstaréttar í Hrd. 1985, bls. 1137, og Hrd. 1998, bls. 3664. Aukin útbreiðsla frjálsra ábyrgðartrygginga í atvinnurekstri hér á landi hefur treyst þessa þróun, þar sem raunverulegur greiðandi skaðabótanna er vátryggingafélag það sem veitti vinnuveitanda ábyrgðartrygginguna. Í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga er mælt fyrir um takmörkun á ábyrgð starfsmanns á þeirri skaðabótaábyrgð sem hann sjálfur ber ásamt vinnuveitanda sínum samkvæmt reglunni um vinnuveitanda-

ábyrgð. Þar segir að skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola megi skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til sakar starfsmannsins, stöðu hans og atvika að öðru leyti. Í þessari reglu felst að dómstólar geta á grundvelli sanngirnissjónarmiða takmarkað eða fellt niður skaðabótaábyrgð sem starfsmaðurinn ber persónulega gagnvart tjónþola. Hafi starfsmaðurinn greitt tjónþola skaðabætur, t.d. vegna þess að tjónþolinn hefur beint kröfu sinni þar um að honum, er starfsmanni heimilt að krefja vinnuveitanda sinn um það sem hann hefur greitt. Í því tilviki ræðst endurkröfuréttur starfsmannsins af sams konar sanngirnismati og áður er getið. Þótt ekki sé unnt að draga um þetta ályktanir af dómaframkvæmd verður að ætla að niðurstaða þess sanngirnismats yrði oftast á þann veg að skaðabótaábyrgð starfsmannsins yrði að minnsta kosti látin sæta takmörkunum.

Í 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga er að finna reglu sem á að veita starfsmanni, sem valdið hefur tjóni er vinnuveitandi ber einnig skaðabótaábyrgð á samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð, sams konar vernd gegn endurkröfu af hálfu vinnuveitandans. Vinnuveitandi getur með öðrum orðum ekki krafið starfsmann um þær bætur sem vinnuveitandinn hefur greitt til tjónþola, nema að því marki sem sanngjarnt væri að starfsmaðurinn yrði látinn bera slíka ábyrgð með hliðsjón af sök hans, stöðu og öðrum atvikum.

Í síðarnefndu tilvikunum mælir 3. mgr. 23. gr. skaðabótalaga fyrir um takmarkanir á rétti vinnuveitanda til þess að krefja starfsmann sinn um skaðabætur vegna tjóns sem starfsmaðurinn hefur valdið honum í starfi. Það tjón getur verið margs konar, t.d. munatjón sem starfsmaður veldur, skemmdir á tækjum, vörulager, tjón vegna vanefnda á samningum sem starfsmaður á að sjá um að efna o.fl. Vinnuveitandi getur ekki krafið starfsmanninn um skaðabætur vegna þessa tjóns, nema sanngirnismat sem fram fer eins og lýst er að framan, leiði til þeirrar niðurstöðu.

Af framangreindu má sjá að skaðabótaábyrgð starfsmanns vegna tjóns, sem hann veldur í starfi sínu, sætir verulegum takmörkunum skv. 23. gr. skaðabótalaga. Þess ber svo enn að geta að ákvæði 3. mgr. 19. gr. laganna styrkir enn stöðu starfsmannsins að þessu leyti. Þar segir að ef starfsmaður hefur valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til sé starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Þegar tekið er tillit til útbreiðslu slíkra vátrygginga í atvinnurekstri á Íslandi má ljóst vera að þessi regla hefur mikla hagnýta þýðingu. Í henni felst meðal annars að ef starfsmaður veldur tjónsatburði af almennu gáleysi og samstarfsmaður hans verður fyrir líkamstjóni vegna tjónsatburðar, þá verður starfsmaðurinn ekki látinn sæta skaðabótaábyrgð nema hann hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það að hann olli tjónsatburði af almennu gáleysi fellir skaðabótaábyrgð á vinnuveitanda hans og þar með kemur til greiðslu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitandans.

2. Staða starfsmanns sem verður sjálfur fyrir líkamstjóni í starfi sínu.

Niðurstaða umfjöllunarinnar að framan er sú að starfsmaður, sem veldur því við framkvæmd starfa síns að samstarfsmaður hans verður fyrir líkamstjóni, sætir samkvæmt framansögðu ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu nema hann hafi valdið tjónsatburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það er vinnuveitandinn sem ber skaðabótaábyrgðina á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þessi staða miðar við að vinnuveitandi hans hafi haft ábyrgðartryggingu, eins og flestir gera sem stunda atvinnurekstur. Ef vinnuveitandinn hefur ekki slíka ábyrgðartryggingu ber starfsmaður sá er tjóni olli aðeins skaðabótaábyrgð að því marki sem það telst sanngjarnt með hliðsjón af sök hans, stöðu og öðrum atvikum.

Þótt framangreindar reglur og sú þróun sem þær staðfesta hafi létt af starfsmanni þeirri áhættu sem hann ber á því að verða skaðabótaskyldur á tjóni, sem hann veldur við framkvæmd starfa síns í þágu vinnuveitanda, er starfsmaður þó enn berskjaldaður ef hann verður sjálfur fyrir líkamstjóni í starfi sem hann kann að bera einhverja ábyrgð á sjálfur. Réttarþróun á Íslandi hefur ekki gengið í þá átt að létta þessari áhættu af starfsmanni. Er hennar þó brýn þörf, því að starfsmaður sem verður fyrir líkamstjóni sem hefur varanlegar afleiðingar, t.d. umtalsverða starfsorkuskerðingu til frambúðar fyrir hann, er illa í stakk búinn til að bera sjálfur ábyrgð á tjóni sínu þannig að bætur til hans verði lækkaðar. Meginregla sú, sem í gildi er, miðar við að starfsmaður sem er meðábyrgur fyrir tjóni sínu þurfi að sæta skerðingu á skaðabótarétti til samræmis við meðábyrgðina. Enginn áskilnaður er um að það þurfi að vera sanngjarnt að starfsmaðurinn beri slíka ábyrgð, eða að hann þurfi að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning, heldur nægir almennt gáleysi. Nýleg dæmi úr dómaframkvæmd, valin af handahófi, þar sem starfsmaður hefur með almennu gáleysi orðið meðábyrgur fyrir líkamstjóni sínu, sem haft hefur varanlegar afleiðingar, er að finna í Hrd. 2005, bls. 708, Hrd. 15. febrúar 2007, mál nr. 370/2006, og Hrd. 14. febrúar 2008, mál nr. 252/2007. Er árlega dæmt í nokkrum fjölda mála þar sem niðurstaðan er á þennan veg. Sem fyrr segir er þessi meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum þeim oft afar þungbær, einkum í þeim tilvikum þegar slysið hefur í för með sér umtalsverðar varanlegar afleiðingar t.d. verulega starfsorkuskerðingu.

3. Meðábyrgð í líkamstjónum sætir oft sérstakri meðferð í lögum.

Í ýmsum tilvikum hefur löggjafinn talið rök fyrir því að láta þann, sem verður fyrir líkamstjóni, sem hann er að einhverju leyti meðvaldur að, ekki bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann hafi sýnt af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi. Má sem dæmi nefna 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði verður sá sem hlýtur líkamstjón vegna notkunar skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ekki látinn bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann hafi verið meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sama regla gildir ef tjónþolinn deyr, þá þurfa þeir sem rétt eiga til bóta vegna missis framfæranda ekki að sæta skerðingu á bótarétti sínum, nema hinn látni hafi verið meðvaldur að slysinu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sama regla gildir, reyndar samkvæmt vátryggingarskilmálum um slysatryggingu ökumanns, um ökumann sem slasast vegna notkunar eigin ökutækis eða ef hann slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Einnig má nefna að skv. 6. gr. laga um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, er sjúklingur sem verður fyrir líkamstjóni og á bótarétt samkvæmt lögunum ekki látinn bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann sé meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Loks skal þess getið að staða sjómanna, sem verða fyrir líkamstjóni þegar þeir eru staddir um borð í skipi eða vinna í beinum tengslum við rekstur þess, er betri en annarra launþega að því er snertir meðábyrgð þeirra í vinnuslysum. Segir í niðurlagi 1. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, að lækka megi fébætur vegna lífs- eða líkamstjóns eða láta þær niður falla ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð „sýndi vítavert kæruleysi“ sem leiddi til slyssins eða tjónsins. Í þessu felst a.m.k. að sjómaður sem er meðvaldur að tjóni sínu, einungis af almennu gáleysi, verður ekki látinn vera meðábyrgur fyrir því. Er reyndar ekki ljóst hve mikið gáleysi hans þarf að vera til að teljast „vítavert kæruleysi“ en það hlýtur að þurfa að vera mikið, e.t.v. jaðra við ásetning.

4. Ábyrgð vinnuveitanda á vinnuumhverfi og framkvæmd starfs.

Íslensk löggjöf miðar við að það sé vinnuveitandi sem ábyrgð ber á því að ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem lúta að vinnustaðnum og vinnuumhverfi í víðasta skilningi, þar með talið reglur sem lúta að öryggi starfsmanna, séu í heiðri hafðar. Hér er einkum um að ræða lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Um störf um borð í skipum gilda lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim og um störf um borð í loftförum gilda loftferðalög, nr. 60/1998, og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim.

Þá fela lög og reglur á sviði vinnuréttar í sér að það er vinnuveitandinn sem ræður skipulagi og framkvæmd starfa innan fyrirtækis hans. Um það hefur starfsmaður lítið að segja, enda er hann undir boðvaldi vinnuveitanda síns og óhlýðni við boð og bönn vinnuveitanda, m.a. fyrirmæli um framkvæmd starfans, getur talist vanefnd á ráðningarsamningi af hálfu starfsmannsins og heimilað vinnuveitanda hans að grípa til úrræða gegn starfsmanni.

Þær lagaskyldur sem á starfsmanni hvíla og lúta að vinnuumhverfi hans er einkum að finna í 24.–28. gr. áðurnefndra laga nr. 46/1980. Þar er mælt fyrir um að starfsmönnum sé skylt að taka þátt í samstarfi sem miðar að auknu öryggi, betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað. Þeir skulu einnig stuðla að því að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi, m.a. að því er varðar öryggi, og stuðla að því að ráðstöfunum sem ætlað er að auka öryggi sé framfylgt. Þá er starfsmanni sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur sjálfur ekki bætt úr, skylt að tilkynna það umsvifalaust öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða vinnuveitanda. Á starfsmanni sem fjarlægir öryggishlífar eða þess háttar vegna viðgerða eða niðursetningar á tæki eða vél hvílir skylda til að koma þessum öryggisbúnaði í samt lag aftur eða gera jafngildar ráðstafanir.

Samantekið má ljóst vera að þótt starfsmenn séu ekki undanþegnir því að leggja sitt af mörkum til þess að tryggja öryggi, aðbúnað og góða hollustuhætti á vinnustað, þá hvílir meginábyrgðin á öruggu vinnuumhvefi á vinnuveitanda þeirra, sem auk þess ræður því hvernig starfsmaðurinn á að framkvæma starfann.

5. Staðan í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk.

Réttur starfsmanna til bóta vegna vinnuslysa í Danmörku ræðst af ákvæðum laga um atvinnuslysatryggingar (lov om arbejdsskadesikring nr. 422 af 10. juni 2003) sem tóku gildi 1. janúar 2004. Þessi lög mæla fyrir um ríkan rétt launþega til bóta fyrir líkamstjón, sem þeir verða fyrir í starfi sínu. Í 14. gr. þeirra er ákvæði um meðábyrgð tjónþolans (starfsmannsins), en skilyrði meðábyrgðar er að starfsmaðurinn hafi verið meðvaldur af tjóni sínu af ásetningi eða með ólögmætri háttsemi („forsætlig eller ved retsstridig handling eller undladelse fremkaldt eller væsentlig bidraget til arbejdsskadens indtræden“). Af skýringum á þessu ákvæði verður ráðið að almennt gáleysi starfsmanns dugir ekki til þess að hann verði látinn bera meðábyrgð á líkamstjóni sínu (sjá Friis & Behn, Arbejdsskadesikringsloven, kommentarudgave ved Mikael Kielberg, 2004, bls. 392).

Noregur.

Í Noregi gilda um rétt starfsmanna til bóta vegna vinnuslysa lög um atvinnuslysatryggingar (lov om yrkeskadeforsikring nr. 65 frá 16. júní 1989). Fjárhæðir bóta samkvæmt þeim lögum eru ákveðnar eftir reglum skaðabótalaga, sbr. 13. gr. þeirra. Í 14. gr. er ákvæði um

meðábyrgð starfsmanns sem átt hefur þátt í að tjónsatburður varð. Þar er kveðið á um að til slíkrar meðábyrgðar komi aðeins ef starfsmaðurinn hefur orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. „Erstatningen kan settes ned eller falle bort dersom arbeidstakeren forsettlig eller grovt uaktsom har medvirket til skaden. Dette skal likevel ikke innskrenke etterlattes rett til erstatning. Skadeerstatningsloven § 5-1 gjelder tilsvarende så langt den passer.“

Svíþjóð.

Í 6. kafla gr. 1 í sænsku skaðabótalögunum (skadeståndslagen nr. 207/1972) er ákvæði sem kveður á um þá almennu reglu, að til skerðingar á skaðabótarétti vegna líkamstjóns komi ekki, nema tjónþoli hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. „Skadestånd med anledning av personskada kan jämkas, om den skadelidande själv uppsåtligen eller genom grov vårdslöshet har medverkat till skadan.“

6. Tillögur í frumvarpinu.

Í ljósi framanritaðs má fullyrða að það er tímabært að leggja til að gerð verði breyting á lögum sem ætlað er að treysta stöðu starfsmanna sem lenda í líkamstjóni í starfi sínu, sem að einhverju leyti verði rakið til háttsemi þeirra sjálfra. Tillaga um slíka breytingu er í samræmi við réttarþróun undanfarna áratugi á reglum sem snerta skaðabótaábyrgð starfsmanns. Tillagan er einnig í samræmi við ýmsar mikilvægar reglur um rétt til óskertra bóta fyrir líkamstjón, nema þegar tjóni er valdið af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Loks er tillagan í góðu samræmi við gildandi reglur á þessu sviði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Er því lagt til að sett verði regla, sem felur í sér viðbót við 23. gr. skaðabótalaga, og mælir fyrir um að ef starfsmaður verður fyrir líkamstjóni í starfi skuli hann eiga rétt til fullra bóta fyrir tjón sitt, samkvæmt skaðabótalögum, nema hann hafi verið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þegar svo háttar til þarf að meta hve stórkostlegt gáleysið er og ákvarða skerðingu bóta í samræmi við það. Í því felst að jafnvel stórkostlegt gáleysi veldur ekki niðurfellingu bótaréttar starfsmannsins, heldur getur það valdið skerðingu hans. Lagt er til að sama regla gildi ef starfsmaður deyr vegna tjónsatviks, þ.e. þeir sem eiga rétt til bóta vegna missis framfæranda þurfa ekki að sæta skerðingu á þeim rétti, nema hinn látni hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og rakið hefur verið er lagt til í þessari grein að því aðeins komi til skerðingar á rétti starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns, sem hann hefur orðið fyrir í starfi sínu, að hann hafi verið meðvaldur að tjóninu með háttsemi sem talin verður stórkostlegt gáleysi eða ásetningur. Í þeim tilvikum er unnt að skerða rétt starfsmannsins til skaðabóta, eða fella hann niður í alvarlegri tilvikum.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði almenn regla um meðábyrgð starfsmanns, sem verður fyrir líkamstjóni, eins og lýst hefur verið.

Í þessari málsgrein er notað orðið starfsmaður. Ástæða þess er sú að í langflestum tilvikum er um að ræða starfsmenn (launþega) sem slasast í starfi sínu. Á hinn bóginn er ljóst að reglan um vinnuveitandaábyrgð er rýmri en svo að hún taki eingöngu til starfsmanna í venjulegri merkingu þess orðs. Er litið svo á að reglan taki einnig til þeirra sem sinna viðvikum fyrir aðra, með svipuðum hætti og starfsmenn gera eða mundu gera, en teljast þó ekki starfs-

menn, eru t.d. ekki launaðir. Talið hefur verið eðlilegt að reglan um vinnuveitandaábyrgð tæki einnig til slíkra manna og þeir nytu verndar hennar. Er eðlilegt að árétta að þeirri tillögu sem gerð er í þessari málsgrein er einnig ætlað að taka til meðábyrgðar manna í þessari stöðu. Þess vegna er ekki rétt að skýra orðið starfsmaður samkvæmt orðanna hljóðan, heldur ber að leggja í það rýmri skilning, allt í samræmi við þróun reglunnar um vinnuveitandaábyrgð á hverjum tíma.

Með sama hætti er vakin athygli á því að þótt notuð séu orðin „í starfi“ þá hefur reglunni um vinnuveitandaábyrgð verið beitt í fleiri tilvikum en þeim þar sem starfsmaðurinn er beinlínis í starfi sínu. Má t.d. nefna að undir regluna féllu líkamstjón þar sem starfsmaður væri að boði vinnuveitanda síns að erindast utan vinnutíma, eða hann væri að vinna í þágu annars vinnuveitanda samkvæmt samkomulagi við upphaflegan vinnuveitanda. Reglan um vinnuveitandaábyrgð hefur verið skýrð með sveigjanlegum hætti í þessu sambandi og yrði að gera það með sama hætti um þá reglu sem hér er gerð tillaga um.

Með orðinu líkamstjón er, eins og ella í skaðabótalögum, átt við bæði meiðsl á líkama, t.d. beinbrot eða aðrar ákomur, og andlegt (geðrænt) tjón, svo og tilvik þar sem starfsmaður deyr.

Meðábyrgð starfsmanns yrði reist á eigin sök hans. Með orðinu sök er átt við saknæmi og ólögmæti. Saknæmi skiptist í gáleysi og ásetning. Eigin sök þarf samkvæmt þeirri tillögu sem gerð er að felast í stórkostlegu gáleysi hið minnsta. Það er löng hefð fyrir því að greina að almennt og stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og vátryggingarétti. Dómar þar sem tekist hefur verið á við það álitaefni á síðustu árum skipta mörgum tugum. Það felst því ekkert nýmæli sem ætti að valda vandræðum í réttarframkvæmd í þeim tillögum sem hér eru gerðar.

Sú tillaga, sem gerð er í þessari málsgrein, er ekki einskorðuð við líkamstjón starfsmanns, sem hann krefur vinnuveitanda sinn um skaðabætur fyrir. Vissulega yrði þó sú oftast raunin, þ.e. um væri að ræða slys í starfi hjá vinnuveitanda sem vinnuveitandi bæri ábyrgð á. Það er samt ekki ástæða til að takmarka gildissvið frumvarpsins við þessi tilvik. Ástæða þess er sú að í ýmsum starfsgreinum þurfa starfsmenn að vinna utan eiginlegs vinnustaðar síns, t.d. á öðrum vinnustað eða í húsnæði sem aðrir eiga. Ef starfsmenn verða fyrir slysi í starfi sínu utan vinnustaðar og kunna af þeim ástæðum að eiga skaðabótarétt á hendur öðrum en vinnuveitanda sínum yrði ósanngjarnt ef þeir nytu ekki sömu verndar. Sem dæmi þessu til skýringar má nefna dóm Hæstaréttar frá 22. mars 2007 í málinu nr. 485/2006. Þar var um að ræða slys á starfsmanni sem ók gosdrykkjum og öðrum drykkjarvörum í verslanir fyrir vinnuveitanda sinn, sem framleiddi þessar vörur. Starfsmaðurinn þurfti að fara í margar verslanir þar sem aðstæður voru mismunandi. Hann slasaðist nokkuð í starfi sínu þegar hann féll niður stiga í einni verslun sem hann flutti vörur í. Stiginn og aðstæður við hann fullnægðu ekki reglum byggingarlöggjafar og var þessi vanbúnaður talinn orsök slyssins. Starfsmaðurinn átti samt ekki skaðabótarétt á hendur vinnuveitanda sínum, þar sem vinnuveitandinn var ekki talinn bera ábyrgð á þessum aðstæðum. Ef starfsmaður hefði beint kröfum að verslunareigandanum hefði hann hugsanlega fengið bætur. Í því tilviki væri ósanngjarnt ef hann gæti ekki borið fyrir sig þá reglu sem hér er gerð tillaga um, sem mundi takmarka hugsanlega meðábyrgð hans. Af þessum ástæðum er reglan ekki bundin við tilvik þar sem skaðabótakröfu vegna slysa í starfi er beint gegn vinnuveitanda.

Í 2. mgr. er lagt til að reglan gildi líka ef starfsmaður deyr af völdum tjónsatburðar. Verði reglan lögfest þyrftu þeir sem misst hafa framfæranda (maki, sambúðarmaki, börn), sbr. 12.–14. gr. skaðabótalaga, ekki að sæta skerðingu á bótarétti ef hinn látni hefur verið meðvaldur að tjóni sínu með háttsemi sem aðeins yrði talin almennt gáleysi. Verði reglan lögfest tæki hún bæði til bóta vegna hæfilegs útfararkostnaðar og til þeirra bóta sem mælt er fyrir

um í 13. og 14. gr. skaðabótalaga. Eru ekki síður rök fyrir reglunni í slíkum tilvikum, þar sem eftirlifandi maki og börn hins látna standa yfirleitt höllum fæti fjárhagslega þegar fyrirvinnan fellur frá. Kemur skerðing bóta af þeim sökum oft illa niður á þeim.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi strax við birtingu. Þeim er ætlað að taka til líkamstjóns sem verður eftir gildistökuna, þ.e. þegar tjónsatburðurinn sjálfur verður eftir gildistökuna. Ekki er unnt að miða við það tímamark þegar tjónið kemur fram eða er metið, slíkt væri ótækt m.a. með tilliti til vátrygginga sem vinnuveitendur taka.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við ákvæði í skaðabótalög um að ef starfsmaður verði fyrir líkamstjóni í starfi skuli hann eiga rétt til fullra bóta fyrir tjón sitt samkvæmt lögunum nema hann hafi verið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þeir sem eiga rétt til bóta vegna missis framfæranda sem deyr vegna slíks tjónsatviks þurfa jafnframt ekki að sæta skerðingu á rétti sínum, nema hinn látni hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bætur úr hendi vinnuveitanda til starfsmanns sem verður fyrir tjóni skerðist því ekki nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis starfsmannsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

190. Frumvarp til laga [171. mál]

um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreining á norrænni handtökuskipun.

Norræn handtökuskipun er ákvörðun sem tekin er í norrænu ríki um að biðja annað norrænt ríki um að handtaka og afhenda eftirlýstan mann vegna meðferðar á sakamáli sem getur

varðað fangelsisrefsingu eða annars konar frjálsræðissviptingu í ríkinu sem hefur gefið handtökuskipunina út eða til fullnustu á fangelsisrefsingu eða annarri ákvörðun um frjálsræðissviptingu.

2. gr.

Form og innihald norrænnar handtökuskipunar.

Handtökuskipun skal vera rituð á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar sem fram koma á eyðublaði fyrir norræna handtökuskipun:

a. persónuauðkenni og ríkisfang eftirlýsts manns,
b. nafn, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang þess sem hefur gefið handtökuskipunina út,
c. hvort fyrir liggi endanlegur dómur, handtökuskipun eða önnur ákvörðun sem hefur sömu réttaráhrif,
d. tegund afbrots ásamt upplýsingum um hvar og hvenær það var framið og hver var þáttur eftirlýsts manns í því,
e. um dæmda refsingu eða refsiramma sem gildir um afbrotið í því ríki sem gaf handtökuskipunina út,
f. aðrar afleiðingar afbrotsins eftir því sem unnt er.

Evrópsk handtökuskipun sem gefin er út af norrænu ríki í samræmi við rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 13. júní 2002 um evrópska handtökuskipun og málsmeðferð um afhendingu milli aðildarríkjanna telst einnig norræn handtökuskipun.

Nú er eftirlýstur maður skráður í Schengen-upplýsingakerfið og skal slík skráning teljast norræn handtökuskipun ef skráningin hefur að geyma þær upplýsingar sem fram koma í 1. mgr.

3. gr.

Tengsl við lög um meðferð sakamála.

Þegar annað er ekki tekið fram í þessum lögum gilda ákvæði laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

II. KAFLI

Skilyrði afhendingar samkvæmt norrænni handtökuskipun.

4. gr.

Skylda til að afhenda eftirlýstan mann.

Skylt er að afhenda mann sem eftirlýstur er í norrænni handtökuskipun nema fyrir hendi séu synjunarástæður skv. 5. eða 6. gr.

Nú er handtökuskipunin gefin út vegna fleiri refsiverðra verknaða en eins og skal þá afhenda eftirlýstan mann þótt skilyrði fyrir afhendingu séu einungis varðandi einn af verknuðunum. Ef skyldubundin synjunarástæða skv. 5. gr. er fyrir hendi varðandi einn eða fleiri af verknuðunum skal setja það skilyrði fyrir afhendingu að eftirlýstur maður sæti ekki málsmeðferð vegna viðkomandi verknaða. Ef valkvæð synjunarástæða skv. 6. gr. er fyrir hendi er heimilt að setja slíkt skilyrði.

5. gr.

Skyldubundnar synjunarástæður.

Eftirlýstur maður verður ekki afhentur þegar:

a. veitt hefur verið sakaruppgjöf hér á landi vegna sama verknaðar,
b. hann getur ekki sökum aldurs borið refsiábyrgð hér á landi vegna verknaðarins,
c. hann hefur verið dæmdur fyrir sama verknað hér á landi með endanlegum dómi og refsingin hefur þegar verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana,
d. hér á landi liggur fyrir endanlegur dómur þar sem beitt hefur verið öryggisráðstöfunum gagnvart honum vegna sama verknaðar og þeim hefur þegar verið aflétt, verið er að framkvæma þær eða ekki lengur unnt að framkvæma þær,
e. hér á landi liggur fyrir endanleg viðurlagaákvörðun vegna sama verknaðar sem þegar hefur verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana,
f. mál gegn honum vegna sama verknaðar hefur verið afgreitt með ákærufrestun hér á landi nema forsendur séu til að taka mál upp að nýju, eða
g. ríkissaksóknari hefur upplýsingar um að honum hafi verið refsað fyrir sama verknað með endanlegum dómi í ríki sem er þátttakandi í Schengen-samstarfinu eða önnur endanleg ákvörðun í slíku ríki kemur í veg fyrir frekari málsmeðferð vegna sama verknaðar og slík ákvörðun hefur verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana.

6. gr.

Valkvæðar synjunarástæður.

Heimilt er að synja beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni þegar:

a. rannsókn vegna sama verknaðar er í gangi hér á landi og hún beinist að hinum eftirlýsta,
b. verknaðurinn er framinn að hluta eða að öllu leyti á íslensku yfirráðasvæði eða í íslenskri refsilögsögu og er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum,
c. ríkissaksóknari hefur vitneskju um að í ríki sem ekki er þátttakandi í Schengen-samstarfinu hafi honum verið refsað fyrir sama verknað með endanlegum dómi, refsingin hefur þegar verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða hún er fallin niður samkvæmt lögum viðkomandi ríkis, eða
d. handtökuskipunin varðar fullnustu refsivistar samkvæmt dómi og sá sem er eftirlýstur er búsettur eða dvelst á Íslandi eða er íslenskur ríkisborgari og íslensk stjórnvöld skuldbinda sig til að fullnusta refsingu dómsins eða ákvörðun um frjálsræðissviptingu samkvæmt honum.

7. gr.

Skilyrt afhending.

Þegar handtökuskipun varðar afhendingu eftirlýsts manns vegna málsmeðferðar og hann er búsettur hér á landi eða íslenskur ríkisborgari er heimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu að viðkomandi verði sendur aftur hingað til lands til að afplána hugsanlega refsingu.

8. gr.

Skilyrði fyrir afhendingu. Sérreglan.

Setja skal það sem skilyrði fyrir afhendingu eftirlýsts manns að hann verði ekki framseldur eða afhentur til ríkis utan Norðurlanda vegna verknaðar sem framinn er fyrir afhendinguna nema:

a. hann samþykki það sjálfur,
b. hann hafi ekki yfirgefið landið sem hann var afhentur, enda hafi hann átt þess kost í 45 daga,
c. hann hafi sjálfviljugur farið aftur til landsins sem hann var afhentur eftir að hafa yfirgefið það, eða
d. dómsmálaráðuneytið samþykki framsalið eða afhendinguna.

Heimilt er að hefja málsmeðferð gegn manni sem afhentur er frá Íslandi eða fullnusta refsingu gagnvart honum vegna verknaðar sem framinn er fyrir afhendingu nema:

a. fyrir hendi séu skyldubundnar synjunarástæður skv. 5. gr., eða
b. verknaðurinn sé framinn að hluta eða að öllu leyti á íslensku yfirráðasvæði eða í íslenskri refsilögsögu, hann sé ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum og ríkissaksóknari ekki veitt samþykki fyrir málsmeðferð eða fullnustunni.

III. KAFLI

Málsmeðferð vegna norrænar handtökuskipunar.

9. gr.

Framsending til ríkissaksóknara.

Handtökuskipun frá öðru norrænu ríki skal send til ríkissaksóknara. Nú berst handtökuskipun til annars stjórnvalds hér á landi og skal það þá strax framsenda hana til ríkissaksóknara og tilkynna þeim sem gaf handtökuskipunina út um framsendinguna.

10. gr.

Handtaka, gæsluvarðhald og beiting annarra þvingunarráðstafana.

Ríkissaksóknari skal þegar gera ráðstafanir til að eftirlýstur maður verði handtekinn, nema ljóst sé að synja beri um afhendingu skv. 5. gr. eða að hennar verði synjað skv. 6. gr. Við handtöku skal eftirlýstur maður upplýstur um handtökuskipunina, um hugsanlega málsmeðferð vegna annarra verknaða, um þýðingu samþykkis fyrir afhendingu og hann spurður hvort hann samþykki afhendingu. Jafnframt skal honum skipaður verjandi.

Nú er eftirlýstur maður ekki afhentur í beinu framhaldi af handtöku og skal þá gera kröfu um að hann sæti gæsluvarðhaldi. Við mat á beiðni um gæsluvarðhald skal dómur leggja til grundvallar upplýsingar í handtökuskipuninni nema þær séu augljóslega rangar. Þegar fallist er á beiðni um gæsluvarðhald skal því ekki markaður lengri tími en tvær vikur, sem heimilt er að framlengja um sama tíma í hvert sinn. Þessi tímamörk gilda ekki þegar fyrir liggja fleiri ósamrýmanlegar handtökuskipanir eða framsalsbeiðnir eða viðkomandi hefur verið framseldur hingað til lands frá ríki utan Norðurlanda. Beita má vægari þvingunarráðstöfunum þegar þær teljast fullnægjandi til að koma í veg fyrir að eftirlýstur maður strjúki. Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Hæstaréttar er einn sólarhringur.

11. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

Nú nýtur eftirlýstur maður forréttinda eða friðhelgi varðandi málsmeðferð eða fullnustu refsingar hér á landi og skal ríkissaksóknari þá strax senda viðkomandi stjórnvöldum beiðni um að afnema forréttindin eða friðhelgina.

12. gr.

Afhending á eftirlýstum manni sem áður hefur verið afhentur eða framseldur til Íslands.

Nú hefur eftirlýstur maður verið afhentur hingað til lands á grundvelli norrænnar handtökuskipunar og er þá heimilt að afhenda hann áfram til annars norræns ríkis á grundvelli norrænnar handtökuskipunar vegna refsiverðs verknaðar sem framinn var fyrir afhendingu hingað.

Nú hefur eftirlýstur maður verið framseldur hingað til lands frá ríki utan Norðurlanda og skal viðkomandi þá ekki afhentur ef það gengur gegn skilyrðum framsals hingað. Í slíkum tilvikum skal senda beiðni til viðkomandi ríkis og óska eftir samþykki til afhendingar.

13. gr.

Ákvörðun um afhendingu.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni.

Nú samþykkir eftirlýstur maður afhendingu og skal ríkissaksóknari þá strax og í síðasta lagi innan þriggja sólarhringa frá því að samþykki var gefið taka ákvörðun um hvort skilyrði séu fyrir afhendingu. Eftirlýstur maður getur einnig samþykkt málsmeðferð vegna annarra refsiverðra verknaða sem framdir voru fyrir afhendingu. Samþykki skal vera skriflegt og gefið eftir að viðkomandi hefur verið upplýstur um þýðingu samþykkis. Unnt er að afturkalla samþykki. Samþykki um málsmeðferð vegna annarra refsiverðra verknaða verður einungis afturkallað að samþykki um afhendingu sé afturkallað.

Nú vill ríkissaksóknari afhenda eftirlýstan mann í samræmi við beiðni í handtökuskipun en hann samþykkir ekki afhendingu eða dregur samþykki til baka fyrir afhendingu og skal málið þá lagt fyrir héraðsdóm. Með úrskurði ákveður héraðsdómur hvort skilyrði séu til afhendingar. Ef unnt er skal fjallað um það atriði í sama þinghaldi og þegar fjallað er um beiðni um gæsluvarðhald. Þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar nema þær séu augljóslega rangar. Heimilt er að kæra úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Ef dómur úrskurðar að skilyrði séu til afhendingar ákveður ríkissaksóknari innan þriggja sólarhringa hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu. Ef unnt er skal ákvörðun um afhendingu á eftirlýstum manni í þessum tilvikum tekin innan 30 daga frá handtöku.

Frestir skv. 2. og 3. mgr. byrja ekki að líða fyrr en ríkissaksóknari hefur móttekið fullnægjandi upplýsingar til að taka ákvörðun. Nú nýtur eftirlýstur maður forréttinda eða friðhelgi hér á landi vegna þess verknaðar sem tilgreindur er í handtökuskipuninni og byrjar frestur í slíkum tilvikum ekki að líða fyrr en forréttindin eða friðhelgin hafa verið afnumin. Nú eiga ákvæði 2. mgr. 12. gr. við og byrja frestir þá ekki að líða fyrr en viðkomandi ríki hefur veitt samþykki sitt.

Ef ekki reynist í sérstökum tilvikum unnt að taka ákvörðun í máli innan tilgreindra fresta skal ríkissaksóknari strax skýra þeim sem gaf handtökuskipun út frá því.

Ákvörðun ríkissaksóknara um afhendingu á eftirlýstum manni er endanleg.

Nú liggur ákvörðun um afhendingu fyrir og skal ríkissaksóknari þá þegar tilkynna það til þess aðila sem gaf handtökuskipunina út.

Ráðherra getur sett reglur um upplýsingagjöf til eftirlýsts manns og samþykki.

14. gr.

Ákvörðun um afhendingu þegar beiðnum lýstur saman.

Nú liggja fleiri en ein norræn handtökuskipun fyrir varðandi sama einstakling og ákveður ríkissaksóknari þá við hvaða beiðni verður orðið.

Þegar framsalsbeiðni frá ríki utan Norðurlanda liggur fyrir til viðbótar við eina eða fleiri norrænar handtökuskipanir ákveður dómsmála- og mannréttindaráðuneytið við hvaða beiðni verður orðið.

Við mat á því við hvaða handtökuskipun eða framsalsbeiðni skuli orðið skal taka tillit til grófleika afbrots, hvar það var framið, hvenær handtökuskipanirnar voru gefnar út og hvort þær eru gefnar út vegna málsmeðferðar eða til fullnustu refsingar.

15. gr.

Frestur til afhendingar.

Þegar endanleg ákvörðun um afhendingu liggur fyrir skal afhenda eftirlýstan mann eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi fimm sólarhringum eftir að ákvörðunin um afhendingu var tekin. Nú er ekki unnt vegna sérstakra aðstæðna að afhenda eftirlýstan mann innan framangreindra tímamarka og skal ríkissaksóknari þá strax semja um nýjan frest við þann sem gaf handtökuskipunina út.

Heimilt er að fresta afhendingu vegna mjög mikilvægra mannúðarástæðna.

16. gr.

Frestur og tímabundin afhending.

Heimilt er að fresta afhendingu eftirlýsts manns vegna máls hér á landi gegn honum vegna annars refsiverðs verknaðar eða vegna fullnustu refsingar vegna annars afbrots.

Í stað þess að fresta afhendingu er heimilt að afhenda eftirlýstan mann tímabundið samkvæmt skilyrðum sem samið er um í skriflegu samkomulagi milli ríkissaksóknara og þess sem gaf handtökuskipunina út.

IV. KAFLI
Afhending til Íslands.

17. gr.

Útgáfa norrænnar handtökuskipunar.

Ríkissaksóknari getur gefið út handtökuskipun sem send er til annars norræns ríkis vegna meðferðar máls gegn eftirlýstum manni þegar grunur leikur á að hann hafi framið refsiverðan verknað sem getur varðað fangelsisrefsingu. Sama gildir um fullnustu refsingar þegar fyrir liggur endanlegur dómur sem felur í sér fangelsisrefsingu eða aðra frjálsræðissviptingu.

Efni og form handtökuskipunar skal vera í samræmi við 2. gr. og skal hún send til þess stjórnvalds sem samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis er bært til að taka á móti handtökuskipun.

18. gr.

Frádráttur gæsluvarðhalds við fullnustu refsingar.

Nú er eftirlýstur maður sendur hingað til lands vegna fullnustu á refsingu hér á landi og skal þá draga frá refsingunni þann tíma sem hann var sviptur frjálsræði vegna meðferðar beiðninnar um afhendingu í því ríki sem tók á móti handtökuskipuninni. Sama gildir þegar eftirlýstur maður er afhentur vegna málsmeðferðar verði hann dæmdur í fangelsisrefsingu hér á landi vegna þess verknaðar sem tilgreindur er í handtökuskipuninni.

19. gr.

Málsmeðferð vegna annars refsiverðs verknaðar.

Sækja má þann til saka sem fluttur er hingað til lands fyrir önnur afbrot en þau sem hann er afhentur vegna, framin fyrir afhendinguna, nema:

a. í því ríki sem afhenti viðkomandi eigi við þau atriði er greinir í a–f-lið 5. gr. eða fyrir liggi upplýsingar um atriði er greinir í g-lið 5. gr., eða
b. verknaðurinn sé að hluta eða í heild framinn á landsvæði þess ríkis sem afhenti viðkomandi eða á stað sem jafna má til þess og verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt löggjöf þess ríkis nema það ríki samþykki málsmeðferðina.

Þrátt fyrir að ákvæði í b-lið 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt að sækja þann til saka sem afhentur er hingað til lands vegna afbrota sem framin eru fyrir afhendinguna þegar:

a. hann hefur ekki yfirgefið landið, enda hafi hann getað gert það í 45 daga, eða
b. hann hefur komið sjálfviljugur til baka til landsins eftir að hafa yfirgefið það, eða
c. hann hefur fyrir eða eftir afhendinguna samþykkt málsmeðferð vegna annarra verknaða.

20. gr.

Framsal einstaklings sem afhentur er hingað til lands frá öðru norrænu ríki.

Einungis er heimilt að framselja mann, sem afhentur hefur verið hingað til lands, til þriðja ríkis að:

a. sá sem er eftirlýstur samþykki það,
b. sá sem er eftirlýstur hafi ekki yfirgefið landið, enda hafi hann getað gert það í 45 daga,
c. sá sem er eftirlýstur hafi komið sjálfviljugur til baka til landsins eftir að hafa yfirgefið það, eða
d. ríkið sem afhenti eftirlýstan mann hingað til lands samþykki frekara framsal.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið tekur ákvörðun um frekara framsal til ríkis utan Norðurlanda samkvæmt ákvæðum í almennum lögum um framsal sakamanna.

V. KAFLI

Önnur ákvæði í sambandi við afhendingu.

21. gr.

Haldlagning og afhending muna.

Ríkissaksóknari skal láta leggja hald á mun og afhenda hann þegar munurinn telst hafa þýðingu sem sönnunargagn í málinu sem tilgreint er í handtökuskipuninni eða er ágóði af refsiverða verknaðinum. Sama gildir þegar eftirlýstur maður er látinn eða horfinn.

Ríkissaksóknari getur látið halda muninum, sbr. 1. mgr., eða afhent hann tímabundið þegar það telst hafa þýðingu vegna sönnunar í tengslum við mál sem rekið er hér á landi.

Afhending hefur ekki áhrif á gildandi réttindi varðandi muninn. Heimilt er að setja skilyrði fyrir afhendingu ef það er nauðsynlegt til að verja slík réttindi.

22. gr.
Gegnumflutningur.

Heimilt er að flytja mann sem Danmörk, Finnland, Noregur eða Svíþjóð afhendir til eins af þessum ríkjum um íslenskt yfirráðasvæði án sérstaks samþykkis.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

23. gr.
Gildistaka.

Ráðherra ákveður hvenær lög þessi öðlast gildi gagnvart hverju ríki sem um getur í 1. gr. Við gildistöku laga þessara falla brott lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

24. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. 6. gr. laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, orðast svo:
   Nú er maður fluttur samkvæmt ákvæðum 5. gr. til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar til að afplána fangelsisrefsingu og skal þá, eftir því sem við á, farið eftir ákvæðum 8. gr. laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum:
   a. 3. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:
      Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er þó heimilt að veita ef fyrir hendi eru skilyrði laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).
   b. 2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.
   c. 3. málsl. 4. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 15/2000, orðast svo: Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir ekki heldur fyrra skilyrði 1. málsl.
   d. 4. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Fyrsti málsliður gildir ekki varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er beiðni um framsal sakamanns til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar móttekin fyrir gildistöku laga þessara og fer þá um meðferð hennar samkvæmt lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Frumvarp þetta er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Í frumvarpi þessu eru ný ákvæði um framsal (afhendingu) sakamanna vegna málsmeðferðar og til fullnustu refsingar á milli norrænu ríkjanna og er þeim ætlað að leysa af hólmi

lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962. Í frumvarpinu er lagt til einfaldara og skilvirkara fyrirkomulag um afhendingu sakamanna á milli norrænu ríkjanna en samkvæmt gildandi lögum. Ákvæði frumvarpsins byggjast á samningi um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun) sem undirritaður var 15. desember 2005 (hér eftir nefndur samningurinn).

Gildandi fyrirkomulag um framsal sakamanna á milli Norðurlandanna byggist á samræmdri löggjöf. Nú dvelst maður hér á landi sem í öðru norrænu ríki er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað og getur þá það ríki sent framsalsbeiðni til dómsmálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun um framsal. Beiðnin getur bæði verið vegna meðferðar máls eða fullnustu refsingar. Í reynd er unnt að synja um framsal án þess að gefa upp sérstakar ástæður fyrir því.

Samningurinn byggist á því að núverandi valkvæða framsalskerfið milli Norðurlandanna verði aflagt og tekið verði upp fyrirkomulag um afhendingu manna sem byggt er á gagnkvæmri viðurkenningu á ákvörðunum dómsmálayfirvalda viðkomandi ríkja. Hugtakinu „framsal“ er skipt út fyrir „afhendingu“ til að leggja áherslu á kerfisbreytinguna. Sambærileg breyting var gerð með rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 13. júní 2002 um evrópska handtökuskipun og málsmeðferð um afhendingu milli aðildarríkjanna (2002/584/RIA). Rammaákvörðunin notar enska orðið „surrender“ í staðinn fyrir „extradition“. Norræni samningurinn byggist á rammaákvörðuninni. Nánar verður gerð grein fyrir rammaákvörðuninni í II. kafla þessara athugasemda.

Afhendingarfyrirkomulagið er í fjórum grundvallaratriðum frábrugðið framsalsfyrirkomulaginu. Í fyrsta lagi kemur norræn handtökuskipun í stað venjubundinnar framsalsbeiðni. Í öðru lagi ber ríki sem tekur á móti norrænni handtökuskipun að handtaka og afhenda eftirlýstan mann því ríki sem gaf beiðnina út nema til staðar séu nánar tilgreindar synjunarástæður. Í þriðja lagi er dómsmálaráðuneytunum ekki blandað í málsmeðferðina. Í samningnum er miðað við að ákæruvaldið eða önnur stjórnvöld sem tilnefnd eru skuli gefa handtökuskipun út, taka á móti og fjalla um hana og taka ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu eða ekki. Mál vegna afhendingar manns á grundvelli handtökuskipunar skal því aðeins lagt fyrir dómstól að eftirlýstur maður samþykki ekki afhendingu. Í fjórða lagi gilda stuttir frestir fyrir málsmeðferð og afhendingu á manni sem er eftirlýstur í norrænni handtökuskipun.

Sú málsmeðferð sem frumvarpið byggist á felur í sér verulega einföldun frá því fyrirkomulagi sem nú gildir varðandi framsal sakamanna milli Norðurlandanna. Afhendingarfyrirkomulagið á að vera árangursríkara tæki í baráttu gegn afbrotum.

Þörfin fyrir nýtt fyrirkomulag um framsal byggist m.a. á því að í auknum mæli eiga afbrot sér ekki landamæri og eru skipulögð. Árangursrík barátta gegn afbrotum á svæði þar sem frjáls för ríkir gerir þá kröfu að eitt ríki setji ekki upp hindranir vegna rannsóknar eða málsmeðferðar í sakamálum.

Í 4. kafla samningsins eru ákvæði um sérstakar reglur um afhendingu til og frá Íslandi. Þar eru ákvæði um að þrengja megi gildissvið samningsins eins og það er skýrt í 2. gr. hans þegar um er að ræða afhendingu milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar að því leyti að synja megi um afhendingu nema eftirlýstur maður hafi síðastliðin tvö ár fyrir framningu refsiverðs verknaðar verið búsettur í landinu sem gaf handtökuskipunina út eða verknaðurinn eða sambærilegur verknaður varði þyngri refsingu en 4 ára fangelsi. Þá megi synja um afhendingu á íslenskum ríkisborgurum vegna stjórnmálabrota og ríkisborgurum annarra ríkja vegna stjórnmálaafbrota nema verknaðurinn eða sambæri-

legur verknaður sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða 1., 2. eða 3. gr. Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum nái yfir hann. Ákvæði frumvarpsins gera ekki ráð fyrir að heimilt verði að synja um afhendingu á eftirlýstum manni þó að þessar aðstæður séu til staðar og er gert ráð fyrir að við fullgildingu samningsins verði því lýst yfir að íslensk stjórnvöld muni ekki beita takmörkunum á afhendingu á eftirlýstum mönnum samkvæmt þessum ákvæðum samningsins.

II. Um bakgrunn samningsins.

Eins og áður er fram komið byggist samningurinn á rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 13. júní 2002 um evrópska handtökuskipun og málsmeðferð um afhendingu milli aðildarríkjanna (2002/584/RIA). Rammaákvörðunin hefur frá 1. janúar 2004 komið í stað eldri samninga um framsal sakamanna milli aðildarríkjanna. Samningur Evrópuráðsins um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 ásamt bókunum er grundvallarsamningur á þessu sviði. Schengen-samningurinn frá 19. júní 1990 bætir og einfaldar beitingu samningsins. Í rammaákvörðuninni er kynnt til sögunnar kerfisbreyting varðandi afhendingu sakamanna milli ríkja sem kemur í stað hefðbundins framsalsfyrirkomulags. Rammaákvörðunin byggist á gagnkvæmri viðurkenningu og trausti ríkja á réttarkerfum hvers annars. Með ákvörðuninni er sett á laggirnar einfaldara og árangursríkara fyrirkomulag varðandi afhendingu á sakamönnum á milli landa en hefðbundið framsalsfyrirkomulag. Að hluta eða öllu leyti er fallið frá hefðbundnum ástæðum fyrir að synja framsals, s.s. banni við framsali eigin ríkisborgara og kröfu um að verknaður skuli einnig vera refsiverður í ríki sem beðið er um framsal. Til að gera kerfið árangursríkara byggist rammaákvörðunin á annarri málsmeðferð en í venjubundnum framsalsmálum. Þetta nýja kerfi virðist t.d. sækja fyrirmyndir í gildandi fyrirkomulag á Norðurlöndum í framsalsmálum varðandi bein samskipti milli dómstóla ríkjanna og ákæruvaldshafa. Dómsmálaráðuneyti ríkjanna taka ekki lengur ákvarðanir um afhendingu sakamanna og eru ákvarðanir því ekki teknar af pólitísku stjórnvaldi. Meginreglan er að aðildarríkin skuldbinda sig til að framfylgja handtökuskipun. Rammaákvörðunin hefur leitt til þess að afhendingum manna milli ríkja Evrópusambandsins vegna refsiverðra verknaða hefur fjölgað og ganga greiðar en áður.

Danmörk, Finnland og Svíþjóð hafa verið aðilar að evrópsku handtökuskipuninni frá árinu 2002. Af þeirri ástæðu ákváðu dómsmálaráðherrar Norðurlanda á fundi sínum á Svalbarða 25. júní 2002 að endurskoða gildandi framsalsfyrirkomulag á milli Norðurlanda. Markmiðið með endurskoðuninni var að norræna framsalsfyrirkomulagið yrði eftir endurskoðun á öllum sviðum að minnsta kosti jafnvíðtækt og árangursríkt og evrópska handtökuskipunin. Samningurinn var síðan samþykktur á fundi dómsmálaráðherra Norðurlandanna í Skagen 21. júní 2005 og undirritaður í Kaupmannahöfn 15. desember 2005. Á nokkrum sviðum leggur samningurinn víðtækari skyldur á samningsaðila en evrópska handtökuskipunin í þeim tilgangi að gera málsmeðferð vegna afhendingar árangursríkari. Má þar til nefna að krafan um tvöfalt refsinæmi er aflögð, sem þýðir að ríki sem tekur á móti norrænni handtökuskipun getur ekki neitað afhendingu á þeirri forsendu að verknaðurinn sem tilgreindur er í beiðninni sé ekki refsiverður í viðkomandi ríki, ekki er lengur gerð krafa um að verknaður varði tilgreindri lágmarksrefsingu, ekki er gerður greinarmunur á eigin ríkisborgurum og erlendum, valfrjálsar synjunarástæður eru færri, styttri frestir til ákvörðunar og afhendingar og í ríkari mæli er hægt að sækja þann sem er afhentur til saka fyrir önnur afbrot framin fyrir afhendingu.

III. Um innihald samningsins.

Samningurinn er í fimm köflum. Í fyrsta kafla er fjallað um almennar meginreglur, í öðrum kafla um málsmeðferð við afhendingu, í þriðja kafla um réttaráhrif afhendingar, í fjórða kafla um sérreglur um afhendingu til og frá Íslandi og í fimmta kafla eru almenn ákvæði og lokaákvæði.

Í formála samningsins segir að það sé sameiginlegt markmið Norðurlanda að taka upp þjálli löggjöf á þessu sviði og innleiða fyrirkomulag byggt á norrænni handtökuskipun í stað núverandi framsalsfyrirkomulags. Samningurinn byggist á meginreglum um frelsi, lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum og hvílir á því mikla trausti sem ríkir á milli Norðurlanda.

Í fyrstu grein er skilgreining á norrænni handtökuskipun og þar kemur fram skyldan til að afhenda eftirlýstan mann. Norræn handtökuskipun er ákvörðun stjórnvalds í réttarkerfinu sem tekin er í norrænu ríki í þeim tilgangi að annað ríki handtaki og afhendi ríkinu sem gaf handtökuskipunina út eftirlýstan mann vegna málsmeðferðar eða til fullnustu fangelsisrefsingar.

Í annarri grein er fjallað um gildissvið samningsins. Unnt er að gefa norræna handtökuskipun út vegna afbrota sem geta varðað frjálsræðissviptingu eða til að fullnusta slíka refsingu.

Í þriðju grein er fjallað um dómsmálayfirvöld, miðlægt stjórnvald og skilgreiningu á þriðja ríki.

Í fjórðu grein eru tilgreindar þrjár skyldubundnar ástæður sem leiða til þess að synja beri um framkvæmd norrænnar handtökuskipunar. Þessar ástæður eru að veitt hafi verið sakaruppgjöf vegna verknaðarins í ríkinu sem á að framkvæma handtökuskipunina, að eftirlýstur maður hafi þegar verið dæmdur fyrir sama verknað í ríkinu sem á að framkvæma handtökuskipunina eða hann geti ekki sætt refsiábyrgð vegna ungs aldurs.

Í fimmtu grein eru tilgreindar fimm valkvæðar synjunarástæður. Þær eru í fyrsta lagi að málsmeðferð sé þegar í gangi vegna þess verknaðar sem handtökuskipunin fjallar um í ríkinu sem beðið er um afhendingu, í öðru lagi að verknaðurinn sé að hluta eða í heild framinn á landsvæði þess ríkis sem beðið er um afhendingu og að hann teljist ekki afbrot samkvæmt löggjöf þess ríkis, í þriðja lagi að eftirlýstur maður hafi þegar verið dæmdur fyrir verknaðinn í þriðja ríki og refsingin hafi þegar verið fullnustuð, verið sé að fullnusta hana eða hún sé ekki lengur fullnustuhæf, í fjórða lagi að viðkomandi stjórnvöld hafi ákveðið að hefja ekki saksókn vegna verknaðarins eða hætt við saksókn sem hafin var eða viðkomandi einstaklingur hafi hlotið endanlegan dóm í öðru norrænu ríki vegna sömu háttsemi og í fimmta lagi að þegar beðið er um afhendingu vegna fullnustu refsingar og sá eftirlýsti er ríkisborgari eða búsettur á landinu sé unnt að synja um afhendingu gegn því að fullnusta refsinguna.

Í sjöttu grein eru ákvæði um að þegar beðið er um afhendingu vegna málsmeðferðar og sá eftirlýsti er ríkisborgari þess ríkis sem beðið er um afhendingu megi setja það skilyrði fyrir afhendingu að viðkomandi verði fluttur til baka að lokinni málsmeðferð til fullnustu refsingarinnar í því ríki sem afhenti viðkomandi.

Í sjöundu grein eru ákvæði um form og innihald norrænnar handtökuskipunar. Í fylgiskjali með samningnum er formið með þeim upplýsingum sem þar eiga að koma fram.

Í áttundu grein eru ákvæði um sendingu á norrænni handtökuskipun og eftirlýsingu þegar dvalarstaður viðkomandi er ekki þekktur.

Í níundu grein eru ákvæði um réttindi þess sem er eftirlýstur. Þegar hann er handtekinn skal honum kynnt norræna handtökuskipunin, innihald hennar og möguleikinn á því að samþykkja afhendingu. Viðkomandi á einnig kröfu á aðstoð verjanda og túlks í samræmi við löggjöf viðkomandi lands.

Í tíundu grein er fjallað um gæsluvarðhaldsvist meðan beðið er ákvörðunar um afhendingu þess eftirlýsta. Gæsluvarðhaldi og öðrum þvingunarúrræðum er unnt að beita í samræmi við löggjöf þess lands sem beðið er um afhendingu.

Í elleftu grein er fjallað um samþykki fyrir afhendingu og samþykki til málsmeðferðar fyrir aðra refsiverða verknaði sem framdir voru fyrir afhendingu (sérreglan).

Í tólftu grein eru ákvæði um að eftirlýstur maður eigi rétt á því að tjá sig um norrænu handtökuskipunina samþykki hann ekki afhendingu.

Í þrettándu grein eru ákvæði um að ríkið sem fær handtökuskipun geti fengið viðbótarupplýsingar frá ríkinu sem gaf hana út án tafar en virða beri tímafresti samningsins til ákvörðunartöku um afhendingu.

Í fjórtándu grein eru ákvæði um fresti og málsmeðferð í tengslum við ákvörðun um afhendingu á eftirlýstum manni samkvæmt norrænni handtökuskipun.

Í fimmtándu grein eru leiðbeiningar um hvernig taka eigi ákvörðun þegar fleiri ríki en eitt óska eftir að eftirlýstur maður verði afhentur eða framseldur.

Í sextándu grein eru sérreglur um það þegar eftirlýstur maður nýtur forréttinda eða friðhelgi í ríkinu sem beðið er um afhendingu.

Í sautjándu grein eru ákvæði um það að þegar eftirlýstur maður er afhentur eða framseldur til ríkis sem gaf handtökuskipunina út frá aðildarríki Evrópusambandsins eða þriðja ríki verði að virða skilyrði um bann við að hann verða afhentur eða framseldur áfram, en ríkinu beri að leita eftir samþykki til afhendingar.

Í átjándu grein eru ákvæði um að stjórnvald sem beðið er um afhendingu tilkynni því stjórnvaldi sem gaf handtökuskipunina út hvort henni verði framfylgt.

Í nítjándu grein eru ákvæði um fresti til að afhenda eftirlýstan mann eftir að endanleg ákvörðun um afhendingu hefur verið tekin.

Í tuttugustu grein eru ákvæði um frestun afhendingar eða tímabundna afhendingu á eftirlýstum manni þegar viðkomandi sætir málsmeðferð í ríkinu sem beðið er um afhendingu eða afplánar þar refsingu.

Í tuttugustu og fyrstu grein er ákvæði um að ekki sé nauðsynlegt að sækja um leyfi fyrir gegnumflutningi vegna afhendingar á eftirlýstum manni milli annarra Norðurlanda.

Í tuttugustu og annarri grein eru reglur um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar sem eftirlýstur maður sætti vegna beiðni um afhendingu.

Í tuttugustu og þriðju grein eru reglur um málsmeðferð vegna annarra afbrota en þess sem er grundvöllur afhendingar og sem framin voru fyrir afhendingu (sérreglan).

Í tuttugustu og fjórðu grein er ákvæði um afhendingu eða framsal áfram til þriðja ríkis.

Í tuttugustu og fimmtu grein eru ákvæði um afhendingu muna sem lagt hefur verið hald á hjá eftirlýstum manni.

Í tuttugustu og sjöttu grein eru frekari takmarkanir en greinir í 2. gr. samningsins á afhendingu eigin ríkisborgara til og frá Íslandi. Synja má um afhendingu nema eftirlýstur maður hafi síðastliðin tvö ár fyrir framningu refsiverðs verknaðar verið búsettur í landinu sem gaf handtökuskipunina út eða verknaðurinn eða sambærilegur verknaður varði þyngri refsingu en 4 ára fangelsi.

Í tuttugustu og sjöundu grein eru frekari takmarkanir en greinir í 2. gr. samningsins á afhendingu til og frá Íslandi vegna stjórnmálaafbrota. Synja má um afhendingu á íslenskum ríkisborgara vegna stjórnmálaafbrota og á erlendum ríkisborgara vegna sömu brota nema verknaðurinn sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða 1., 2. eða 3. gr. Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum nái yfir hann.

Í tuttugustu og áttundu grein er fjallað um tengsl samningsins við aðra löggerninga.

Í tuttugustu og níundu grein eru ákvæði um undirritun og gildistöku. Ríki getur gerst aðili að samningnum með undirritun með eða án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að öll Norðurlöndin hafa samþykkt að vera bundin af samningnum. Hann öðlast þó fyrst gildi varðandi Grænland og Færeyjar þremur mánuðum eftir að danska dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytum hinna ríkjanna að samningurinn skuli gilda að því er varðar Grænland og/eða Færeyjar. Einstök ríki geta ákveðið að vera bundin af samningnum áður en öll ríkin hafa ákveðið að vera bundin af honum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er skilgreining á norrænni handtökuskipun og svarar hún til 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. samningsins. Norræn handtökuskipun er ákvörðun sem tekin er í norrænu ríki í þeim tilgangi að annað norrænt ríki handtaki eftirlýstan mann vegna málsmeðferðar eða fullnustu fangelsisrefsingar og afhendi hann til annars norræns ríkis sem um það hefur beðið.

Heimilt er að gefa handtökuskipun út varði verknaður fangelsisrefsingu eða til fullnustu á slíkri refsingu. Það að verknaður varði fangelsisrefsingu þýðir að brot á viðeigandi refsiákvæði geti varðað fangelsisrefsingu en það hefur ekkert með mat á því að gera hvort líkur séu á því að verknaðurinn leiði til skilorðsbundinnar eða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar verði viðkomandi sakfelldur. Ef hingað berst handtökuskipun þar sem verknaður varðar eingöngu sektarrefsingu í ríkinu sem gaf hana út verður henni hafnað. Ef handtökuskipun er gefin út vegna fleiri refsiverðra verknaða en eins er nægilegt að einungis einn verknaður uppfylli skilyrðið um að varða fangelsisrefsingu, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 2. gr. samningsins.

Það er málefni hvers einstaks ríkis að ákveða hvaða stjórnvöld séu bær til að gefa út handtökuskipun. Við fullgildingu samningsins skulu ríkin skýra frá því hvaða stjórnvöld þetta eru. Í frumvarpinu er lagt til að það verði ríkissaksóknari sem hafi það hlutverk að gefa út norræna handtökuskipun hér á landi.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru tilgreind þau atriði sem skulu koma fram í norrænni handtökuskipun og svara til ákvæða 7. gr. samningsins og 2. mgr. 9. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Í upphafi 1. mgr. kemur fram á hvaða tungumálum beiðnin skuli vera. Auk þess skal hún innihalda þær upplýsingar er greinir í a–f-lið og sem fram koma í formi fyrir norræna handtökuskipun en formið er fylgiskjal með samningnum. Þetta form á það stjórnvald sem bært er til að gefa handtökuskipunina út að fylla út. Þótt allar upplýsingar séu ekki tilgreindar leiðir það ekki til þess að synja beri um framkvæmd skipunarinnar. Ef handtökuskipunin inniheldur ekki allar tilgreindar upplýsingar ber ríkinu sem fær handtökuskipunina að hafa samband við ríkið sem gaf hana út og biðja um þær upplýsingar sem á skortir. Þeir tímafrestir sem eru í samningnum byrja fyrst að líða þegar móttökuríkið hefur fengið viðbótarupplýsingarnar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að evrópsk handtökuskipun sem norrænt ríki hefur gefið út teljist einnig norræn handtökuskipun. Það hefur þá þýðingu að ekki er bæði nauðsynlegt að gefa út norræna og evrópska handtökuskipun þegar dvalarstaður eftirlýsts manns er ekki þekktur.

Í 3. mgr. eru ákvæði um að skráning í Schengen-upplýsingakerfi teljist norræn handtökuskipun þegar skráningin inniheldur þær upplýsingar sem fram koma í 1. mgr. Slík skráning kemur helst til greina þegar dvalarstaður eftirlýsts manns er ekki þekktur.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákvæði um að þegar ekki sé annað tekið fram gildi ákvæði laga um meðferð sakamála eftir því sem við á og er í samræmi við 3. mgr. 10. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962. Í frumvarpinu eru einstök frávik frá lögum um meðferð sakamála. Þau mikilvægustu eru að lagt er til að kærufrestur vegna úrskurðar um gæsluvarðhald í tengslum við meðferð beiðni um afhendingu, sbr. 10. gr. frumvarpsins, og úrskurðar um hvort skilyrði laganna um afhendingu séu til staðar, sbr. 13. gr. frumvarpsins, verði einn sólarhringur.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að skylt sé að afhenda mann sem eftirlýstur er í norrænni handtökuskipun og að einungis sé heimilt að synja um afhendingu á honum ef skyldubundnar eða valkvæðar synjunarástæður séu til staðar samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. frumvarpsins og er þetta ákvæði í samræmi við 3. mgr. 1. gr. samningsins.

Ákvæði greinarinnar byggist á meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu og felur bæði í sér skyldu til að handtaka eftirlýstan mann og afhenda hann til annars norræns ríkis. Í gildandi löggjöf um framsal á milli Norðurlandanna er meginreglan gagnstæð, það er háð mati íslenskra stjórnvalda að ákveða hvort orðið verði við beiðni um framsal eða ekki, sbr. 1. gr. laganna um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem taka á því þegar handtökuskipunin tekur til fleiri refsiverðra verknaða en eins. Í slíkum tilvikum skal orðið við beiðninni ef skilyrði laganna eru til staðar varðandi einn verknað. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samningsins, sbr. og 3. mgr. 3. gr. laganna um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962. Þegar til staðar er skyldubundin synjunarástæða fyrir einn eða fleiri af verknuðunum segir í ákvæðinu að afhending skuli bundin því skilyrði að eftirlýstur maður skuli ekki sæta málsmeðferð vegna viðkomandi verknaðar og að heimilt sé að setja slíkt skilyrði ef valkvæð synjunarástæða er til staðar.

Um 5. gr.

Í greininni eru ákvæði um það hvenær synja beri um afhendingu á manni sem er eftirlýstur í norrænni handtökuskipun. Þegar aðstæður eru þær er greinir í a–g-lið er ekki heimilt að afhenda eftirlýstan mann. Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum 4. gr. og að hluta til á 3. og 4. mgr. 5. gr. samningsins.

Í a-lið er ákvæði um að synja beri um afhendingu ef sakaruppgjöf hefur verið veitt vegna sama verknaðar hér á landi. Forsenda ákvæðisins er að íslensk stjórnvöld hafi verið bær til að ákveða að málið sætti meðferð hér á landi í samræmi við íslensk lög. Í umfjöllun um c–g-liði hér síðar er skýrt út hvað átt er við þegar talað er um „sama verknað“.

Í b-lið kemur fram að synja beri um framkvæmd handtökuskipunar ef eftirlýstur maður getur ekki vegna aldurs borið refsiábyrgð vegna verknaðarins hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 4. gr. samningsins. Alls staðar á Norðurlöndum er sakhæfisaldur 15 ár og hefur ákvæðið því litla raunhæfa þýðingu.

Í c–g-lið eru ákvæði um að synja beri um framkvæmd handtökuskipunar í þeim tilvikum að málsmeðferð væri í andstöðu við bann við endurtekna málsmeðferð – ne bis in idem – eins og það ákvæði er sett fram og túlkað í 54. gr. Schengen-samningsins.

Þegar meta á hvort synja beri um afhendingu á eftirlýstum manni á þeirri forsendu að um endurtekna málsmeðferð sé að ræða þarf að vera til staðar beiðni um afhendingu til málsmeðferðar eða fullnustu refsingar vegna „sama verknaðar“. Með þessu er ekki átt við að refsiákvæðin í báðum löndunum þurfi að vera með sambærilegu orðalagi. Það er hinn raunverulegi verknaður sem skiptir höfuðmáli þegar skilgreint er hvort um sama verknað er að ræða en ekki lögfræðileg skilgreining hans.

Í 4. gr. 7. viðauka við samning Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og 7. tölul. 14. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru ákvæði um bann við endurtekinni málsmeðferð. Þessi ákvæði gilda einungis innan eins og sama ríkis og verður því ekki beitt í málum þar sem höfðað er nýtt sakamál í öðru ríki en þar sem dómur var kveðinn upp.

Í c-lið er fjallað um skyldu til að synja um afhendingu þegar dæmt hefur verið um sama verknað hér á landi með endanlegum dómi. Bæði dómar um sakfellingu og sýknu hindra afhendingu. Þegar um sakfellingu er að ræða og refsing dæmd er þess þó krafist að refsingin hafi verið fullnustuð, verið sé að fullnusta hana eða ekki sé lengur unnt að fullnusta hana. Þegar talað er um að verið sé að fullnusta refsingu er bæði átt við að verið sé að undirbúa fullnustu með nauðsynlegri undirbúningsvinnu, svo sem boðun dómþola í afplánun og að afplánun sé hafin. Hafi dómþoli ekki hafið afplánun vegna þess að hann sé að koma sér undan henni, t.d. með því að vera í felum eða á flótta, verður afhendingu ekki hafnað á grundvelli þessa ákvæðis.

Í d-lið er ákvæði um að synja beri um afhendingu á eftirlýstum manni þegar hér á landi liggur fyrir endanlegur dómur þar sem beitt hefur verið öryggisráðstöfunum vegna verknaðarins og þeim hefur þegar verið aflétt, verið sé að framkvæma þær eða ekki sé lengur unnt að framkvæma þær.

Í e-lið er ákvæði um að synja beri um afhendingu ef endanleg viðurlagaákvörðun vegna verknaðarins hefur þegar verið fullnustuð, verið sé að fullnusta hana eða ekki sé lengur unnt að fullnusta hana. Ef eftirlýstur maður kemur sér undan því að greiða sekt samkvæmt viðurlagaákvörðuninni verður afhendingar ekki synjað á grundvelli þessa ákvæðis. Sé gjalddagi sektar ekki kominn ber að synja um afhendingu.

Í f-lið er ákvæði um að synja beri um afhendingu ef máli hefur lokið með ákærufrestun. Almennt kemur ákærufrestun í veg fyrir frekari málsmeðferð vegna sama verknaðar og eftirlýstur maður skal því ekki heldur í þessu tilviki afhentur til annars norræns ríkis. Liggi fyrir atvik sem leiða til þess að unnt sé að taka málsmeðferð upp hér á landi á ný ber einnig að afhenda hann til annars norræns ríkis. Samsvarandi ákvæði er í 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Það að máli hafi lokið með ákærufrestun er ekki skyldubundin synjunarástæða í samningnum. Þar er ákærufrestun valkvæð synjunarástæða, sbr. 4. mgr. 5. gr. Ástæða þess að lagt er til að ákærufrestun verði skyldubundin synjunarástæða hér á landi er að hér er um af-

greiðslu sakamáls að ræða sem staðfestir sekt viðkomandi og um er að ræða refsiréttarlega afgreiðslu máls sem er endanleg standist viðkomandi skilorð.

Í g-lið er fjallað um þá stöðu þegar eftirlýstum manni hefur verið refsað með endanlegum dómi eða annarri endanlegri ákvörðun sem kemur í veg fyrir frekari málsmeðferð í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Í slíkum tilvikum kemur 54. gr. Schengen-samningsins í veg fyrir frekari málsmeðferð vegna verknaðarins hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og því er ekki heimilt að afhenda viðkomandi einstakling. Eins og varðandi íslenska dóma er það skilyrði að refsingunni hafi verið fullnægt, verið væri að fullnusta hana eða það væri ekki lengur heimilt.

Sú staða getur verið uppi að ríkissaksóknari hafi ekki upplýsingar um að fyrir liggi dómur eða önnur ákvörðun sem komi í veg fyrir frekari málsmeðferð í öðru ríki. Í ákvæðinu segir því að einungis beri að hafna beiðni um afhendingu þegar ríkissaksóknari hafi slíkar upplýsingar. Það hvílir engin rannsóknarskylda á ríkissaksóknara í þessum tilvikum. Aftur á móti ber að kanna málið þegar upplýsingar benda til að svo sé, svo sem þegar eftirlýstur maður veitir upplýsingar um málið. Í slíkum tilvikum bera að fresta afhendingu þar til málið hefur verið kannað og hugsanlega staðfest að eftirlýstum manni hafi verið refsað fyrir viðkomandi verknað með endanlegum hætti.

Þegar það er augljóst að synja beri um afhendingu manns samkvæmt norrænni handtökuskipun er ekki gert ráð fyrir að eftirlýstur maður verði handtekinn.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um það í hvaða tilvikum er heimilt að synja um afhendingu á eftirlýstum manni. Þegar aðstæður eru þær er greinir í a–d-lið er heimilt að hafna afhendingu. Það hvílir engin skylda á stjórnvöldum að synja um afhendingu á þessum forsendum, heldur metur ríkissaksóknari það í hverju einstöku tilviki þegar þessi atvik eru til staðar hvort hafna beri afhendingu samkvæmt eftirlýsingu í handtökubeiðni.

Í a-lið er fjallað um það tilvik þegar rannsókn er hafin hér á landi, sem beinist að eftirlýsta manninum vegna sama verknaðar og greinir í handtökuskipuninni. Vísað er til athugasemda við 5. gr. um hvað átt er við með sama verknaði. Í samningnum eru engar leiðbeiningar um það hvað miða eigi við þegar sagt er að verknaður sæti rannsókn. Miðað er við að það teljist nægilegt að rannsókn sé hafin og hún á einn eða annan hátt beinist að eftirlýsta manninum. Með orðalaginu að rannsókn beinist að eftirlýstum manni felst ekki að það sé skilyrði að sá eftirlýsti sé grunaður eða kærður í málinu þótt það væri oftast raunin. Það er nægjanlegt að rannsókn í orði eða verki eða á annan hátt beinist að hinum eftirlýsta. Það getur oft verið álitamál hvort málsmeðferð eigi að fara fram hér á landi eða öðru norrænu ríki þegar málið tengist fleiri ríkjum. Hvort synja beri um afhendingu á eftirlýstum manni af þessum ástæðum byggist á ýmsum atvikum, svo sem hversu langt rannsóknin er komin, hvar meginhluta sönnunargagna er að finna, hvar vitni eru stödd o.s.frv. Ef rannsókn vegna verknaðarins sem tilgreind er í handtökuskipuninni er langt komin væri það út frá fjárhagssjónarmiðum og með hliðsjón af hraðri málsmeðferð óheppilegt ef skylt væri að afhenda eftirlýstan mann. Þetta á enn frekar við ef sá eftirlýsti er einn af fleirum sem er meðal grunaðra vegna verknaðarins sem tilgreindur er í handtökuskipuninni eða ef verknaðurinn er hluti af stærra máli. Í slíkum tilvikum væri líklegt að íslensk stjórnvöld væru betur í stakk búin til að fylgja málinu eftir en ríkið sem biður um afhendingu. Ríkissaksóknari verður m.a. að skoða og meta þessi atriði þegar hann ákveður hvort orðið verði við handtökubeiðni eða ekki.

Í b-lið er fjallað um það tilvik þegar verknaðurinn er að hluta eða öllu leyti framinn á íslensku yfirráðasvæði eða í íslenskri refsilögsögu. Í slíkum tilvikum er heimilt að hafna afhendingu ef verknaðurinn er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. samningsins.

Í c-lið er fjallað um það tilvik þegar til staðar er endanlegur dómur vegna sama verknaðar í ríki sem ekki tekur þátt í Schengen-samstarfinu, en um slík tilvik er fjallað í 3. mgr. 5. gr. samningsins. Hvorki Schengen-samningurinn né mannréttindasáttmálar taka á því hvort heimilt sé að endurtaka málsmeðferð í slíkum tilvikum. Hvort taka eigi málsmeðferð upp í slíkum tilvikum er háð ýmsum atvikum, m.a. alvarleika og eðli afbrotsins, hvort málsmeðferðin hafi verið fullnægjandi og hversu þung refsing hafi verið dæmd þegar um sakfellingu var að ræða. Í slíkum tilvikum verður að telja eðlilegt að stjórnvöld í því ríki sem gaf handtökuskipunina út meti þessi atriði. Það getur þó komið til þess að íslensk stjórnvöld hafni beiðni um afhendingu í þessum tilvikum, t.d. vegna þess að viðkomandi hafi verið hér á landi um lengri tíma og ljóst virðist að viðkomandi hafi áður afplánað viðeigandi refsingu vegna verknaðarins.

Í d-lið er fjallað um það þegar handtökuskipun varðar fullnustu refsingar samkvæmt dómi og eftirlýstur maður er búsettur eða dvelst hér á landi eða er íslenskur ríkisborgari. Í slíkum tilvikum er lagt til að heimilt verði að hafna afhendingu gegn því að fullnusta refsinguna hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 5. mgr. 5. gr. samningsins. Þegar afhendingu er hafnað á þessum forsendum skal með framhald málsins fara eftir lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að setja það skilyrði fyrir afhendingu vegna málsmeðferðar, þegar eftirlýstur maður er búsettur hér á landi eða íslenskur ríkisborgari, að hann verði sendur aftur hingað til lands til að afplána hugsanlega refsingu. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 6. gr. samningsins og byggjast á sömu sjónarmiðum og í d-lið 6. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um það hvaða heimildir ríkið sem fær mann afhentan frá Íslandi hefur til málsmeðferðar eða fullnustu refsingar gegn honum eða til afhendingar eða framsals á honum til ríkis utan Norðurlanda vegna verknaðar sem framinn var fyrir afhendinguna frá Íslandi.

Það leiðir af 1. mgr. að viðkomandi einstaklingur verður ekki framseldur áfram eða afhentur til ríkis utan Norðurlanda nema eitt af skilyrðunum sem tilgreind eru í a–d-lið 1. gr. séu til staðar.

Í 2. mgr. er fjallað um hvaða heimildir það norræna ríki sem eftirlýstur maður er fluttur til hefur til að hefja málsmeðferð vegna verknaðar sem framinn var fyrir afhendinguna. Meginreglan er að slík málsmeðferð er heimil. Þegar skyldubundin synjunarástæða er til staðar skal málsmeðferð þó ekki eiga sér stað, sbr. a-lið 2. mgr. Skv. b-lið gildir það sama ef verknaðurinn var að hluta eða heild framinn hér á landi og hann er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum. Í slíkum tilvikum er málsmeðferð þó heimil ef ríkissaksóknari heimilar hana.

Um heimildir Íslands til að framselja þann sem hefur verið afhentur hingað til lands áfram til þriðja ríkis og til málsmeðferðar hér á landi vegna verknaðar sem framinn var fyrir afhendinguna er fjallað í 19. og 20. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að ríkissaksóknari verði það stjórnvald hér á landi sem er bært til að taka á móti norrænni handtökuskipun og ef slík beiðni berst til annars stjórnvalds skuli það strax framsenda beiðnina til ríkissaksóknara og tilkynna þeim sem gaf handtökuskipunina út um framsendinguna. Skv. 8. gr. samningsins skal senda handtökuskipun beint til þar til bærs stjórnvalds í ríkinu þar sem eftirlýstur maður dvelst og ákveður hvert aðildarríki hvaða stjórnvald þetta er.

Um 10. gr.

Í greininni eru sérákvæði um beitingu þvingunarráðstafana í afhendingarmálum.

Í 1. málsl. 1. mgr. er fjallað um skyldu til að handtaka eftirlýstan mann og skyldu til að fjalla strax um málið, sbr. 9. og 1. mgr. 14. gr. samningsins. Í fyrirvaranum um að ljóst sé að synja beri um afhendingu skv. 5. gr. eða hennar verði synjað skv. 6. gr. felst að ekki ber að handtaka eftirlýstan mann þegar á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í handtökuskipun ef ljóst er að til staðar sé skyldubundin synjunarástæða eða þegar ríkissaksóknari telur líklegt að henni verði hafnað á grundvelli valkvæðrar synjunarástæðu skv. 6. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna að viðkomandi hafi þegar verið dæmdur fyrir verknaðinn og er að afplána refsingu vegna hans, hann var ekki sakhæfur vegna aldurs þegar verknaðurinn var framinn eða að í gangi sé hér á landi meðferð máls gegn viðkomandi manni vegna verknaðarins og ríkissaksóknari meti það svo að réttast sé að málið fái áframhaldandi meðferð hér á landi.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. skal við handtöku upplýsa þann sem er eftirlýstur um handtökuskipunina, sbr. 1. mgr. 9. gr. samningsins. Þetta er jafnframt áréttting á ákvæðum 1. mgr. 93. gr. laga um meðferð sakamála. Þá skal gera honum grein fyrir hugsanlegri málsmeðferð vegna annarra afbrota, um þýðingu þess að samþykkja málsmeðferð og hann spurður hvort hann samþykki afhendingu, sbr. 11. gr. samningsins.

Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. skal skipa eftirlýstum manni verjanda. Um slíka skipun fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Í 2. mgr. er fjallað um gæsluvarðhald. Þegar eftirlýstur maður er ekki afhentur í beinu framhaldi af handtöku er gert ráð fyrir að hann verði að jafnaði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í samræmi við meginregluna um gagnkvæma viðurkenningu skal dómur í sinni ákvörðun um gæsluvarðhald leggja þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun til grundvallar nema þær séu augljóslega rangar. Sama gildir nú skv. 1. mgr. 12. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962. Þetta þýðir að ekki er gert ráð fyrir að dómstólar staðreyni raunverulegar eða lagalegar forsendur sem handtökuskipunin byggist á. Til að flýta málsmeðferð er lagt til að kærufrestur á úrskurði um gæsluvarðhald til Hæstaréttar verði einn sólarhringur í stað þriggja samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Í þessari málsgrein er lagt til að gæsluvarðhaldi verði ekki markaður lengri tími en tvær vikur, sem þó verði heimilt að framlengja um tvær vikur í hvert sinn teljist það nauðsynlegt. Þegar til staðar eru ósamrýmanlegar framsalsbeiðnir er ekki hægt að segja til um það hvort unnt sé að afgreiða málið innan þeirra tímamarka er greinir í 13. gr. frumvarpsins. Sama gildir þegar viðkomandi hefur verið framseldur hingað til lands frá þriðja ríki

og leita þarf samþykkis frá því ríki fyrir afhendingu. Í slíkum tilvikum eru ekki forsendur til að hafa ákveðna stutta hámarkslengd á tímamörkum gæsluvarðhalds, heldur gilda þá um það almennar reglur laga um meðferð sakamála eða laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Um 11. gr.

Þegar eftirlýstur maður nýtur forréttinda eða friðhelgi fyrir málsmeðferð vegna viðkomandi verknaðar er ekki unnt að afhenda hann nema forréttindin eða friðhelgin séu upphafin. Þegar íslensk stjórnvöld eru til þess bær að upphefja friðhelgina ber ríkissaksóknara þegar að senda viðkomandi stjórnvöldum beiðni um að upphefja friðhelgina. Verði forréttindin eða friðhelgin upphafin sætir handtökuskipunin í framhaldi af því meðferð samkvæmt almennum reglum frumvarpsins.

Þegar erlend stjórnvöld eru bær til að upphefja forréttindin eða friðhelgina er það hlutverk þess stjórnvalds sem gaf handtökuskipunina út að fara þess á leit að þau verið upphafin. Í slíkum tilvikum ber ríkissaksóknara að upplýsa það stjórnvald sem gaf handtökuskipunina út um að ekki sé unnt að verða við henni fyrr en forréttindum eða friðhelginni hafi verið aflétt.

Frestir til að taka ákvörðun um afhendingu byrja ekki að líða í þessum tilvikum fyrr en forréttindunum eða friðhelginni hefur verið aflétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Ákvæði greinarinnar byggist á 16. gr. samningsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein er fjallað um þá stöðu þegar eftirlýstur maður hefur verið afhentur eða framseldur til Íslands frá öðru ríki. Í slíkum tilvikum geta verið takmarkanir á heimildum til að afhenda viðkomandi einstakling vegna refsiverðra verknaða sem framdir voru fyrir afhendinguna.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að afhenda eftirlýstan mann sem afhentur hefur verið hingað til lands á grundvelli norrænnar handtökuskipunar áfram til annars norræns ríkis vegna refsiverðs verknaðar sem framinn var fyrir afhendinguna.

Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar maður hefur verið framseldur hingað til lands frá ríki utan Norðurlanda. Í slíkum tilvikum kunna að vera takmarkanir á heimildum til að afhenda viðkomandi einstakling til annars norræns ríkis. Í 17. gr. samningsins er á því byggt að slíkar takmarkanir beri að virða og því sé ekki heimilt að afhenda viðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi stjórnvalds í ríkinu sem framseldi eftirlýstan mann hingað til lands. Í síðari málslið 2. mgr. segir að í slíkum tilvikum skuli senda beiðni til viðkomandi ríkis til að óska eftir samþykki til afhendingar. Það fer eftir almennum reglum um samskipti við viðkomandi ríki hvaða stjórnvald hér á landi er bært til að senda beiðni um heimild til afhendingar á eftirlýstum manni.

Frestir í 13. gr. frumvarpsins byrja fyrst að líða þegar samþykki liggur fyrir.

Um heimildir íslenskra stjórnvalda til að framselja mann, sem afhentur hefur verið hingað til lands á grundvelli norrænnar handtökuskipunar, áfram til ríkis utan Norðurlanda er fjallað í 20. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til það verði ríkissaksóknari sem taki ákvörðun hér á landi um afhendingu samkvæmt norrænni handtökuskipun. Í slíkri ákvörðun felst m.a. að

ákveða hvort setja þurfi einhver skilyrði fyrir afhendingu eða hvort fresta eigi afhendingu skv. 16. gr. frumvarpsins vegna málsmeðferðar eða fullnustu refsingar hér á landi.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það að þegar eftirlýstur maður samþykkir afhendingu skuli ríkissaksóknari þá þegar og í síðasta lagi innan þriggja sólarhringa taka ákvörðun um hvort skilyrði fyrir afhendingu séu til staðar. Í samræmi við ákvæði 10. gr. frumvarpsins skal eftirlýstur maður við handtöku upplýstur um möguleika á því að samþykkja afhendingu. Til að slíkt samþykki sé gilt eru hér ákvæði um að það skuli vera skriflegt og að viðkomandi hafi verið upplýstur um þýðingu samþykkis. Unnt er að afturkalla samþykki og er heimilt að gera það hvenær sem er áður en afhending á sér stað. Það er ekki skilyrði að afturköllun sé formbundin. Þá eru í málsgreininni ákvæði um að eftirlýstur maður geti samþykkt málsmeðferð vegna annarra refsiverðra verknaða sem framdir voru fyrir afhendingu. Þetta samþykki þarf einnig að vera skriflegt og gefið eftir að viðkomandi hefur verið upplýstur um gildi samþykkisins. Unnt er að afturkalla slíkt samþykki en þó einungis þegar samþykki fyrir afhendingu er afturkallað. Þegar eftirlýstur maður samþykkir afhendingu en ekki málsmeðferð vegna annarra verknaða sem framdir voru fyrir afhendingu tekur ríkissaksóknari ákvörðun um hvort hann skuli afhentur. Í slíkum tilvikum þarf ekki að leggja málið fyrir dómstól til ákvörðunar um hvort skilyrði afhendingar séu til staðar.

Í 3. mgr. eru ákvæði um það þegar ríkissaksóknari telur að afhenda eigi eftirlýstan mann í samræmi við beiðni í handtökuskipun en hann samþykkir ekki afhendingu eða dregur samþykki til baka. Í slíkum tilvikum ber að leggja mál fyrir dóm sem kveður upp úrskurð um hvort skilyrði til afhendingar séu til staðar. Í greininni segir að ef unnt er skuli það gert í sama þinghaldi og fjallar um beiðni um gæsluvarðhald. Ástæðulaust á að vera að halda tvö þinghöld þar sem upplýsingar í handtökuskipuninni er forsenda fyrir ákvörðun í báðum tilvikum. Dómstól ber að leggja þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun til grundvallar nema þær séu augljóslega rangar. Úrskurð er heimilt að kæra til Hæstaréttar í samræmi við almennar reglur um kæru í sakamálum að öðru leyti en því að lagt er til að kærufrestur verði einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Telji dómstóll að skilyrði til afhendingar séu til staðar tekur ríkissaksóknari ákvörðun um afhendingu innan þriggja sólarhringa frá því að endanleg niðurstaða dómstóls lá fyrir. Í slíkum tilvikum verður afhendingar því einungis synjað að til staðar sé valkvæð synjunarástæða eða ósamræmanleg handtökuskipun frá öðru norrænu ríki. Til viðbótar er einnig það tilvik að til staðar sé framsalsbeiðni frá ríki utan Norðurlanda, en í slíkum tilvikum tekur dómsmálaráðuneytið ákvörðun um afhendingu eða framsal. Í lok málsgreinarinnar er ákvæði um að ef unnt er skuli ákvörðun um afhendingu tekin innan 30 daga frá handtöku í þeim tilvikum þegar leggja þarf málið fyrir dóm og er það í samræmi við 3. mgr. 14. gr. samningsins.

Í 4. mgr. eru ákvæði um upphafstíma þeirra fresta sem um ræðir í 2. og 3. mgr. og þar kemur fram að þeir byrja ekki að líða fyrr en ríkissaksóknari hefur fengið fullnægjandi upplýsingar til að taka ákvörðun. Þetta ákvæði þýðir m.a. að þegar héraðsdómur telur skilyrði til afhendingar vera til staðar og eftirlýstur maður kærir ekki þá ákvörðun byrjar frestur ekki að líða fyrr en kærufrestur til Hæstaréttar er liðinn.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að þegar ekki er í sérstöku tilvikum hægt að taka ákvörðun um afhendingu innan tilgreindra fresta skuli ríkissaksóknari strax skýra þeim sem gaf handtökuskipun út frá því. Þetta á helst við þegar aflétta þarf forréttindum eða friðhelgi eða leita samþykkis frá þriðja ríki fyrir afhendingu, sbr. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. eru ákvæði um að ákvörðun ríkissaksóknara um afhendingu á eftirlýstum manni sé endanleg. Það þýðir að hún verður ekki kærð til annars stjórnvalds.

Í 7. mgr. eru ákvæði um að þegar ákvörðun um afhendingu liggur fyrir skuli ríkissaksóknari þegar tilkynna það til þess aðila sem gaf handtökuskipunina út.

Í 8. mgr. eru ákvæði um að dómsmálaráðherra geti sett reglur um upplýsingagjöf til eftirlýsts manns og samþykki. Setning slíkra reglna á að tryggja betri málsmeðferð og réttaröryggi eftirlýstra manna.

Um 14. gr.

Í greininni eru ákvæði um málsmeðferð þegar beiðnum um afhendingu eða framsal lýstur saman og svara þau til ákvæða 15. gr. samningsins.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik þegar fleiri en ein norræn handtökuskipun liggur fyrir. Í slíkum tilvikum skal ríkissaksóknari taka ákvörðun um við hvaða beiðni verði orðið.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það þegar framsalsbeiðni frá ríki utan Norðurlanda liggur fyrir til viðbótar við eina eða fleiri norrænar handtökuskipanir. Í slíkum tilvikum tekur dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákvörðun um við hvaða beiðni skuli orðið. Í slíkum tilvikum ber ríkissaksóknara, áður en málið er sent ráðuneytinu til ákvörðunar, að kanna hvort skilyrði til afhendingar séu til staðar, m.a. kanna hvort eftirlýstur maður samþykki afhendingu og ef ekki að leggja fyrir dómstól að meta hvort skilyrði afhendingar séu til staðar. Jafnframt ber ríkissaksóknara að meta hvort hann telji að beita eigi valkvæðum synjunarástæðum. Meðferð framsalsbeiðninnar er í þessum tilvikum í samræmi við almennar reglur samkvæmt lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

Í 3. mgr. eru síðan ákvæði um það á hvaða atriði skuli leggja áherslu þegar metið er við hvaða beiðni skuli orðið og eru ákvæðin í samræmi við 1. mgr. 15. gr. samningsins. Þau atriði sem talin eru upp í málsgreininni eru ekki tæmandi. Samningurinn hefur engin áhrif á skyldur Íslands samkvæmt samþykktum um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, sbr. lög nr. 43 19. maí 2001. Þegar ósamrýmanlegar beiðnir liggja fyrir frá norrænu ríki eða Alþjóðlega sakamáladómstólnum ber að verða við beiðninni frá Alþjóðlega sakamáladómstólnum.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að afhenda skuli eftirlýstan mann eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um afhendingu liggur fyrir og í síðasta lagi innan fimm sólarhringa frá ákvörðun og ef það er ekki hægt skuli semja við þann sem gaf handtökuskipunina út um nýjan frest.

Í 2. mgr. eru ákvæði um heimild til að fresta afhendingu vegna mjög mikilvægra mannúðarástæðna. Miðað er við að hér sé um þrönga undantekningarreglu að ræða sem fyrst og fremst tekur til þess að afhending geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir líf eða heilsu eftirlýsts manns. Aðrar persónulegar aðstæður geta einnig komið til álita, svo sem aldur, fjölskyldustaða o.fl., sem þó geta einungis frestað afhendingu í mjög sérstökum tilvikum. Tillit til eftirlýsts manns ber að meta á móti hagsmunum þess ríkis sem gaf handtökuskipunina út að fá eftirlýstan mann. Í slíkum tilvikum getur komið til álita hversu langt sé um liðið frá verknaði sem handtökuskipun fjallar um. Sama gildir um tegund og alvarleika afbrots. Þegar afhendingu er frestað á þessum grundvelli ber að framkvæma hana um leið og aðstæður til frestunar eru ekki lengur til staðar.

Ákvæði greinarinnar byggjast á 19. gr. samningsins.

Um 16. gr.

Í greininni eru ákvæði um frestun á afhendingu eftirlýsts manns eða um tímabundna afhendingu hans í þeim tilvikum að hann sæti málsmeðferð eða afpláni refsingu hér á landi.

Þessi atriði koma fyrst til athugunar þegar ákveðið hefur verið að afhenda eftirlýstan mann. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 20. gr. samningsins og fjalla um sömu atriði og nú greinir í 6. gr. laganna um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, en eru breytt frá því ákvæði að því leyti að nú er ekki lengur bannað að afhenda eftirlýstan mann í þessum tilvikum. Eins og um önnur atriði er varða framkvæmd afhendingar samkvæmt frumvarpi þessu er það ríkissaksóknari sem ákveður hvort afhendingu skuli frestað eða hvort eftirlýstur maður skuli afhentur tímabundið.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að heimilt sé að fresta afhendingu eftirlýsts manns vegna máls hér á landi gegn honum vegna annars refsiverðs verknaðar eða fullnustu refsingar vegna annars afbrots. Í þessum tilvikum er ekki heimilt að synja um afhendingu af þessum ástæðum heldur einungis að fresta henni. Þegar málsmeðferð eða afplánun er lokið ber að afhenda eftirlýsta manninn.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að í stað þess að fresta afhendingu sé heimilt við framangreindar aðstæður að afhenda eftirlýstan mann tímabundið. Um skilyrðin fyrir slíkri afhendingu, þar á meðal um hvenær viðkomandi skuli fluttur til baka, skal samið skriflega á milli ríkissaksóknara og þess stjórnvalds sem gaf handtökuskipunina út.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til að það verði ríkissaksóknari sem gefi út norræna handtökuskipun fyrir hönd íslenskra stjórnvalda sem send verði til viðkomandi stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum og skal slík beiðni að efni og formi vera í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í þessari grein er fjallað um það að þegar maður sætir gæsluvarðhaldi í öðru norrænu ríki vegna norrænnar handtökuskipunar sem gefin er út hér á landi skuli það koma til frádráttar afplánun þegar viðkomandi er sendur hingað til lands vegna fullnustu refsingar. Sama gildir þegar viðkomandi er afhentur vegna málsmeðferðar og hann er dæmdur í fangelsisrefsingu hér á landi vegna verknaðarins sem tilgreindur er í handtökuskipuninni. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði 22. gr. samningsins.

Um 19. gr.

Í þessari grein er fjallað um það í hvaða tilvikum er heimilt að sækja þann, sem afhentur er hingað til lands, til saka hér á landi fyrir önnur afbrot en þau sem hann er afhentur vegna og framin voru fyrir afhendinguna. Ákvæði greinarinnar svara til ákvæða 23. gr. samningsins.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að slík málsmeðferð er heimil. Undantekningarnar eru í fyrsta lagi að í því ríki sem afhenti viðkomandi séu skyldubundnar synjunarástæður til staðar vegna viðkomandi verknaðar, sbr. ákvæði 5. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi að þegar verknaðurinn sem um ræðir var að hluta eða heild framinn á landsvæði þess ríkis sem afhenti viðkomandi og hann er ekki refsiverður samkvæmt lögum viðkomandi ríkis er krafist samþykkis frá því ríki fyrir málsmeðferð hér á landi, nema þegar ákvæði a–c-liðar 2. mgr. eigi við.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um það hvenær heimilt er að framselja mann, sem afhentur hefur verið hingað til lands, til þriðja ríkis. Meginreglan er að annaðhvort þurfi viðkomandi sjálfur eða það ríki sem afhenti hann að samþykkja framsalið. Í a–d-lið 1. mgr. eru nánari ákvæði um það í hvaða tilvikum framsal til þriðja ríkis er heimilt og eru ákvæðin í samræmi við ákvæði 24. gr. samningsins.

Í 2. mgr. segir að það sé dómsmálaráðuneytið sem taki ákvörðun um framsal á manni til þriðja ríkis, sem afhentur hafi verið hingað til lands frá öðru norrænu ríki, samkvæmt ákvæðum í almennum lögum um framsal sakamanna. Ákvörðun um afhendingu til annars norræns ríkis á manni sem afhentur hefur verið hingað frá norrænu ríki er tekin af ríkissaksóknara í samræmi við ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í greininni eru ákvæði um haldlagningu og afhendingu á mun í tengslum við norræna handtökuskipun sem talinn er hafa þýðingu sem sönnunargagn í málinu eða er ávinningur af þeim refsiverða verknaði sem greinir í handtökuskipuninni. Ákvæði greinarinnar byggjast á 25. gr. samningsins.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að ríkissaksóknari skuli láta leggja hald á mun sem telst hafa þýðingu sem sönnunargagn í málinu sem tilgreint er í handtökuskipuninni eða er ágóði af þeim refsiverða verknaði. Þessi skylda tekur einungis til þess munar sem ríkissaksóknara er kunnugt um vegna meðferðar málsins. Í ákvæðinu felst engin frumkvæðis- eða rannsóknarskylda vegna afhendingarmála. Skylda um afhendingu er einnig til staðar þótt eftirlýstur maður sé horfinn eða látinn.

Í 2. mgr. er ákvæði um að í stað þess að afhenda mun sé unnt að afhenda hann tímabundið þegar hann telst hafa þýðingu sem sönnunargagn í sakamáli hér á landi og í 3. mgr. eru ákvæði um að afhending hafi ekki áhrif gagnvart réttindum þriðja manns varðandi muninn og að unnt sé að setja skilyrði fyrir afhendingu til að verja slík réttindi.

Ákvæði þessarar greina gilda einungis þegar lagt er hald á mun í tengslum við útgefna handtökuskipun sem unnt er að verða við samkvæmt ákvæðum í frumvarpi þessu.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um það að þegar verið er að afhenda eftirlýstan mann milli annarra Norðurlanda samkvæmt norrænni handtökuskipun sé heimilt án sérstaks samþykkis að flytja hann um íslenskt yfirráðasvæði.

Um 23. gr.

Í þessari grein er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðherra ákveði hvenær lögin öðlist gildi gagnvart hverju aðildarríki samningsins um sig. Að því er stefnt að það fyrirkomulag um afhendingu á eftirlýstum mönnum milli Norðurlanda sem frumvarp þetta fjallar um öðlist gildi á sama tíma í öllum löndunum. Af þeirri ástæðu er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða hvenær ákvæði frumvarpsins öðlast gildi. Sams konar gildistökuákvæði var í lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Um 24. gr.

Í 1. tölul. er lögð til breyting á 6. gr. laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963, sem felur í sér að í stað tilvísunar í lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, verði vísað til ákvæða í 8. gr. þessa frumvarps þegar maður er fluttur til framangreindra ríkja til áframhaldandi afplánunar varðandi skilyrði þess að hann verði framseldur til þriðja ríkis utan Norðurlanda.

Í 2. tölul. eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984. Í a-lið er einungis verið að breyta tilvísun sem nú er til ákvæða laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, til ákvæða í frumvarpi þessu. Í b-lið er lagt til að 2. mgr. 21. gr. laganna falli brott. Um það efnisatriði er þar greinir er fjallað í 22. gr. þessa frumvarps. Í c-lið er lögð til sú breyting á 4. mgr. 22. gr. laganna að bann við réttaraðstoð vegna stjórnmálaafbrota sem ekki eru refsiverð samkvæmt íslenskum lögum verði fellt brott. Í 23. gr. laganna er fjallað um meðferð á beiðni um að maður sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi samkvæmt dómi vegna refsiverðs verknaðar skuli sendur til annars ríkis til yfirheyrslu sem vitni eða til samprófunar. Í 3. mgr. greinarinnar er ákvæði um að ekki sé heimilt að verða við beiðni ef verknaðurinn sem hún fjallar um eða sambærilegur verknaður er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða getur ekki orðið grundvöllur framsals skv. 5.–7. gr. laganna. Í d-lið er lagt til að þetta skilyrði gildi ekki um beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að berist beiðni um framsal fyrir gildistöku laganna fari um meðferð þeirrar beiðni samkvæmt lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

Í frumvarpi þessu eru settar fram nýjar reglur um framsal sakamanna vegna málsmeðferðar og til fullnustu refsingar á milli norrænu ríkjanna sem ætlað er að leysa af hólmi lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Lagt er til einfaldara og skilvirkara fyrirkomulag um afhendingu sakamanna á milli norrænu ríkjanna en samkvæmt gildandi lögum. Fyrirkomulagið byggist á gagnkvæmri viðurkenningu á ákvörðunum dómsmálayfirvalda viðkomandi ríkja.

Afhendingarfyrirkomulagið er í fjórum grundvallaratriðum frábrugðið núverandi framsalsfyrirkomulagi. Í fyrsta lagi kemur norræn handtökuskipun í stað venjubundinnar framsalsbeiðni. Í öðru lagi ber ríki sem tekur á móti norrænni handtökuskipun að handtaka og afhenda eftirlýstan mann til þess ríkis sem gaf beiðnina út nema til staðar séu nánar tilgreindar

synjunarástæður. Í þriðja lagi er dómsmálaráðuneytunum ekki blandað í málsmeðferðina. Ákæruvald eða önnur stjórnvöld sem tilnefnd eru skulu gefa út handtökuskipun, taka á móti henni og fjalla um hana sem og að taka ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu. Mál verður aðeins lagt fyrir dómstól samþykki hinn eftirlýsti ekki afhendingu. Í fjórða lagi eru allir málsmeðferðarfrestir styttir. Frumvarpið byggist á samningi um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

191. Fyrirspurn [172. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um vinnustaði fatlaðra og launakjör.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hversu margir vinnustaðir fatlaðra hafa verið fluttir úr umsjá svæðisskrifstofa málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar síðan það var ákveðið með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006?
2. Ef tilflutningnum er ekki enn lokið, hvenær er þá áætlað að honum ljúki og hvað hefur valdið töfum á málinu?
3. Hvað hafa margir vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun frá maí 2006 um laun og réttindi fatlaðra starfsmanna? Hvaða vinnustaðir greiða starfsmönnum laun í samræmi við ákvæði þeirra?
4. Hafa sumir vinnustaðir ekki enn lokið slíkum samningum og ef svo er, hvað veldur því? Hvernig er launum og réttindum fatlaðra starfsmanna háttað á þeim stöðum sem hafa ekki enn gert kjarasamninga?
5. Hefur ráðuneytið beitt áhrifum sínum til að þau mikilvægu réttindi sem felast í kjarasamningunum nái til allra vinnustaða fatlaðra?

Skriflegt svar óskast.

192. Fyrirspurn [173. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Hvað kostar starfsemi Neyðarmóttöku vegna nauðgunar? Á að ganga lengra í sparnaðaraðgerðum á Neyðarmóttökunni en gert hefur verið á undanförnum árum?

2. Er hætt við að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar við áfallastreituröskun eða aðrar geðraskanir í kjölfar nauðgunar geti aukist ef starfsemi Neyðarmóttökunnar er skert?
3. Hvers eðlis er starfsemi Neyðarmóttökunnar? Er þeirri hugmyndafræði sem lá að baki Neyðarmóttökunni við stofnun hennar enn þá fylgt af hálfu heilbrigðisyfirvalda? Er t.d. viðurkennt í verki að komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar eru allt annars eðlis en aðrar komur á bráðadeild og því þarf annars konar þjónustu sem krefst mikillar nærgætni og tíma?
4. Er starfsumhverfi Neyðarmóttökunnar fyrst og fremst hugsað út frá hagsmunum brotaþola þess glæps sem nauðgun er og að brotaþoli fái bestu mögulega þjónustu?
5. Hvernig ætla heilbrigðisyfirvöld að tryggja að reyndir læknar framkvæmi skoðun á brotaþola, sem getur skipt sköpum við meðferð máls vegna nauðgunar fyrir dómi? Er rétt að fyrirhugað sé að breyta fyrirkomulagi læknisþjónustu Neyðarmóttökunnar?
6. Hvernig hefur starfsemi Neyðarmóttökunnar reynst í samanburði við svipuð úrræði annars staðar á Norðurlöndunum? Hve margir leita til Neyðarmóttökunnar og hver er kostnaðurinn samanborið við Norðurlöndin?
7. Hefur Neyðarmóttakan hlutverki að gegna í baráttunni við mansal og vændi? Ef svo er, í hverju felst það hlutverk?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir að stór samráðsfundur um málefni Neyðarmóttökunnar, sem skrifað var m.a. um í frétt í Morgunblaðinu 15. september sl., verði haldinn?

Skriflegt svar óskast.

193. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. tölul. 4. mgr. orðast svo: Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
b. 2. málsl. 6. mgr. orðast svo: Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tölul. 4. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.
c. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 3. mgr. kemur: 15%.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.
c. Í stað 1. og 2. málsl. 8. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.
d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.
c. 6. mgr. orðast svo:
Tefjist skip frá veiðum í fimm mánuði samfellt vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.
d. 7. mgr. orðast svo:
Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2010 að undanskildum ákvæðum c-liðar 2. gr. um línuívilnun sem taka gildi 1. mars 2010, ákvæðum 3. gr. sem taka gildi 1. september 2010 og ákvæði til bráðabirgða I sem tekur gildi 15. febrúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar, auk aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, allt að 2.000 lestir af skötusel hvort fiskveiðiár. Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa

sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip gegn greiðslu gjalds allt að 5 lestum í senn. Fiskistofa annast úthlutun aflaheimildanna. Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessari grein eru ekki framseljanlegar og eru veiðar á skötusel á grundvelli þessara aflaheimilda óheimilar á svæðinu á milli línu réttvísandi suður úr Krísuvíkurbergsvita 63°49´8 N og 22°04´2 V og línu réttvísandi suðaustur úr Hvítingum (grp. 18) 64°23´9 N og 14°28´0 V. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skötusels er 120 kr. hvert kg og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Tekjur af aflaheimildum skulu renna í ríkissjóð og skal þeim ráðstafað á þann veg að 40% þeirra renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs og 60% renni í byggðaáætlun með það að markmiði að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

II.

Frá og með fiskveiðiárinu 2010/2011 skal skipta leyfilegum heildarafla í karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund í upphafi fiskveiðiársins 2010/2011 vera hin sama og hún hefði að óbreyttum lögum orðið í karfa.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 15. gr. laganna skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2009/2010 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna, sbr. a-lið 2. gr. laga þessara, er á fiskveiðiárinu 2009/2010 einungis heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og felur í sér nokkrar breytingar á löggjöf er varðar stjórn fiskveiða. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun þeirra laga er lúta að fiskveiðistjórnun og hefur verið sett á laggirnar sérstök nefnd sem að því vinnur og í sitja fulltrúar stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila. Auk þess eru í stjórnarsáttmálanum tilgreind atriði sem ríkisstjórnin telur til brýnna aðgerða á þessu sviði og tekur frumvarp þetta m.a. til nokkurra þeirra þátta. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu þessu eru:

1. Heimilað verði að stunda veiðar í atvinnuskyni á sama tímabili og frístundaveiðar eru stundaðar.
2. Dregið úr heimild til að flytja aflamark milli fiskveiðiára úr 33% í 15%.
3. Línuívilnun aukin.
4. Heimild til að kveða á um vinnsluskyldu á uppsjávarfiski.
5. Svokölluð veiðiskylda aukin en í því sambandi tekið tillit til veiða utan lögsögu úr stofnum sem ekki teljast til deilistofna.
6. Heimild til flutnings aflamarks frá skipi takmörkuð.
7. Bráðabirgðaákvæði er lýtur að veiðistjórnun á skötusel og gjaldtöku fyrir úthlutun aflamarks.
8. Skipting leyfilegs heildarafla í karfa.

Með frumvarpinu eru heimildir útgerða sem stunda frístundaveiðar, og þurfa að eiga aflaheimildir, rýmkaðar þannig að þeim skipum sem einnig hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni verði eftirleiðis heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda frístundaveiðar og veiðar í atvinnuskyni. Frá upphafi kvótakerfisins hefur verið að finna ákvæði í lögum sem heimilar að ákveðið hlutfall aflaheimilda sé flutt á milli fiskveiðiára. Á síðasta ári var heimild þessi hækkuð úr 20% í 33% af aflamarki hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars og síldar. Á þeim tíma bentu útgerðarmenn m.a. á mikilvægi þess að geta flutt ýsu á milli fiskveiðiára þar sem líklegt væri að aflaheimildir í ýsu mundu dragast saman. Nú er lagt til að heimild til flutnings aflaheimilda milli ára verði lækkuð í 15%. Það er talið nægilegt til að ná markmiðum um hagkvæma nýtingu fiskistofna og til að hafa nauðsynlegan sveigjanleika í kerfinu, enda er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að hækka hlutfallið verði það talið stuðla að betri nýtingu tegundar. Lagt er til að svokölluð veiðiskylda verði aukin þannig að miðað verði við að 50% af aflamarki skips sé nýtt með veiðum þess á hverju fiskveiðiári í stað þess að láta duga að það sé gert annað hvert ár eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Auk þess er veiðiskyldan látin ná til aflamarks sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári.

Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að flytja frá skipi meira en sem nemur 50% úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið nema þegar breyting hefur orðið á skipakosti útgerðar eða skip hefur horfið úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns. Framkvæmdin hefur í einhverjum tilvikum verið sú að aflamark hefur verið flutt til skips í þeim tilgangi að auka svigrúmið til að flytja úthlutað aflamark frá skipi. Til að stuðla að því að aflaheimildir séu nýttar til veiða er lagt til að einungis verði heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað, í þorskígildum talið. Enn fremur er lagt til að framvegis verði að koma til varanleg breyting á skipakosti til að breyting á skipakosti leiði til aukinnar flutningsheimildar aflamarks. Með varanlegri breytingu á skipakosti er átt við þau tilvik þegar útgerð selur skip sitt, útgerð kaupir til sín skip og gerir út og þegar skip er tekið af skipaskrá.

Með frumvarpi þessu er enn fremur lögð til breyting á ákvæði laganna sem snýr að línuívilnun, þ.e. þeirri reglu að afli sem veiddur er á línu reiknast ekki, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að fullu til aflamarks hlutaðeigandi báts. Samkvæmt núgildandi lögum nær línuívilnun einungis til afla sem veiðist á línu sem beitt hefur verið í landi en í frumvarpi þessu er lagt til að sé lína stokkuð upp í landi taki ívilnunarregla einnig til þess afla sem á hana veiðist. Þó er gert ráð fyrir að sé lína beitt í landi verði ívilnunin meiri en þegar línan er stokkuð upp og byggist það á því að beiting línu í landi skapar þar fleiri störf.

Að lokum er gert ráð fyrir að sett verði í lög ákvæði sem heimilar ráðherra að skylda útgerðir skipa er stunda veiðar á uppsjávarfiski til að vinna hluta aflans. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt, með reglugerð, að kveða á um vinnsluskyldu makríls, síldar, norsk-íslenskrar síldar, loðnu og kolmunna þegar fyrir liggur að viðkomandi tegund er hæf til vinnslu. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja betur að hámarksverðmæti fáist við nýtingu þeirra stofna þannig að fiskur fari ekki til bræðslu þegar hann er vel hæfur til manneldis.

Í ljósi þess að útbreiðsla skötusels hefur breyst verulega frá því að aflaheimildum var úthlutað á grundvelli veiðireynslu og skötuselur hefur í auknum mæli verið að veiðast sem meðafli hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra boðað að breytingar verði gerðar á lögum í því skyni að auka aðgengi útgerðarmanna að aflaheimildum í skötusel. Með vísan til þessa er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem heimilar ráðherra á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 sérstaka ráðstöfun á allt að 2.000 lestum af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni. Gert er ráð fyrir að útgerðum

skipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni verði heimilað að sækja um að fá hluta af þeim aflaheimildum gegn greiðslu gjalds sem rennur í ríkissjóð. Tekjur af aflaheimildum verði ráðstafað á þann veg að 40% þeirra renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs og 60% renni í byggðaáætlun með það að markmiði að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Með þessu móti er verið að gera útgerðum betur kleift að fá aflaheimildir í skötusel enda verði þær einungis nýttar með veiðum hlutaðeigandi skips.

Þá eru bráðabirgðaákvæði sem varða skiptingu úthlutunar karfaaflaheimilda í gullkarfa og djúpkarfa og ákvæði sem kveður á um að úthlutað aflamark í úthafsrækju leiði ekki til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum, en samhljóða ákvæði hefur verið í gildi síðastliðin fjögur fiskveiðiár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er svonefndum frístundaveiðiskipum heimilað að stunda almennar veiðar í atvinnuskyni á sama fiskveiðiári og frístundaveiðar. Það er skilyrði að skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og tilkynni Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok hvers tímabils sem skipi er haldið til veiða í atvinnuskyni. Því eru afnumin ákvæði laga er lúta að takmörkunum hvað þetta varðar. Í samræmi við þetta eru það einungis útgerðir skipa sem stunda frístundaveiðar eingöngu sem undanþegnar eru ákvæðum laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sem lúta að gerð samnings útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.

Um 2. gr.

Fjórar breytingar eru gerðar á 11. gr. laganna. Í a-lið er svokallaður geymsluréttur minnkaður þannig að framvegis verður heimilt að flytja allt að 15% af aflamarki hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars og síldar á milli ára í stað 33% sem heimilt var að flytja af fiskveiðiárinu 2008/2009 yfir á fiskveiðiárið 2009/2010.

Í b-lið er lagt til að ráðherra hafi heimild til að víkja frá hlutfalli aflamarks sem heimilt er að flytja á milli fiskveiðiára þannig að það verði hækkað þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Hér er vísað til mikilvægis þess að hægt sé að rýmka þessa heimild þegar staðan er þannig að takmarkaður leyfilegur heildarafli í tiltekinni tegund hefur þau áhrif að ekki er mögulegt að fullnýta aflaheimildir í annarri tegund líkt og átti sér stað á fiskveiðiárinu 2007/2008 með ýsu.

Í c-lið er lögð til breyting á ákvæðum laganna sem lúta að línuívilnun. Gert er ráð fyrir að línuívilnun í þorski, ýsu og steinbít hjá bátum sem nota landbeitta línu verði aukin úr 16% í 20% umfram þann afla sem reiknast til aflamarks. Þá er gert ráð fyrir að sé lína stokkuð upp í landi verði línuívilnun einnig látin ná til þess afla sem á hana veiðist og megi landa 15% umfram þann afla sem reiknast til aflamarks í sömu tegundum. Afnumið er það skilyrði að bátar verði að koma til sömu hafnar til löndunar og haldið var til veiða frá.

Í d-lið er kveðið á um heimild ráðherra til að skylda útgerðir skipa sem stunda veiðar á uppsjávarfiski til að vinna allt að 70% aflans til manneldis. Miðað er við að ráðherra geti á ákveðnu tímabili kveðið á um vinnsluskyldu tiltekinnar tegundar og ber honum að taka mið af ástandi fisksins á hverjum tíma með það að markmiði að hámarka verðmæti aflans. Aflanum skal landað til vinnslu eða hann unninn um borð í vinnsluskipi.

Um 3. gr.

Fjórar breytingar eru gerðar á 15. gr. laganna. Í a-lið er að finna ákvæði sem kveður á um að fiskiskipum beri á hverju fiskveiðiári að veiða sem nemur 50% af úthlutuðu aflamarki sínu í þorskígildum talið og auk þess aflamark sem flutt hefur verið á milli fiskveiðiára, ella fellur aflahlutdeild skips niður.

B-liður. Samkvæmt núgildandi lögum lækkar svokölluð veiðiskylda um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Veiðistofnar sem veiðast innan og utan íslensku lögsögunnar, deilistofnar, falla undir veiðiskyldu og veiðar á þeim, hvort sem er innan eða utan lögsögunnar, telja því til veiða samanlagðs aflamarks skips skv. 1. málsl. 5. mgr. 15. gr. Breytingin skv. b-lið felur í sér að reglan um lækkun viðmiðunarhlutfalls aflamarks sem gildir um veiðar utan lögsögu, í tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á, er jafnframt látin taka til þeirra tegunda sem ekki teljast til deilistofna og samið hefur verið um. Er þetta gert til að koma til móts við útgerðir skipa sem stunda veiðar utan lögsögu verulegan hluta ársins og eiga þar með erfiðara með að uppfylla skilyrði um veiðar.

C-liður. Núgildandi lög gera ráð fyrir að tafir frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan sama fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana leiði til þess að afli þess fiskveiðiárs hafi ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar skv. 5. mgr. 15. gr. laganna. Gerð er sú breyting á þessu ákvæði að framvegis gildi sama regla þegar skip hefur tafist frá veiðum í fimm mánuði samfellt, þannig að mánuðum er fækkað um einn og tímabilið getur spannað tvö fiskveiðiár.

D-liður. Útgerðir hafa getað aukið heimild sína til flutnings aflamarks frá skipi með því að flytja til sín aðrar tegundir og með þeim hætti flutt frá sér meira en 50% af upphaflegu aflamarki skips. Nú er gerð sú breyting á heimild til flutnings aflamarks að heimildin er takmörkuð við 50% þess aflamarks sem skipi er úthlutað þannig að óheimilt er að flytja af skipi meira en helming aflamarks í þeim tegundum sem skipi var úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar í þorskígildum talið. Eftir sem áður er heimilt að flytja frá skipi allt aflamark sem flutt hefur verið til þess.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er ráðherra veitt sérstök heimild til að ráðstafa gegn greiðslu tilteknum aflaheimildum í skötusel á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011. Útgerðir skipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni eiga þess kost að fá aflamark í skötusel. Veiðar samkvæmt heimildum þessum eru ekki leyfðar á upphaflegri veiðislóð skötusels á svæði við Suðurland.

Hvert skip getur að hámarki fengið 5 lestir af skötusel hverju sinni. Unnt er að sækja um minna magn. Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur reglur um framkvæmd ákvæðisins, svo sem um úthlutun aflaheimilda og frekara fyrirkomulag veiðanna, en tryggja þarf að fyrir liggi hvort veiðar séu stundaðar á skötusel sem úthlutað er samkvæmt ákvæði þessu eða skötusel sem úthlutað hefur verið á grundvelli aflahlutdeildar.

Verð á aflaheimildum er 120 kr. hvert kg sem er í samræmi við meðaltalsverð á aflamarki í skötusel síðustu 18 mánaða fyrir upphaf fiskveiðiársins 2009/2010. Greiðsla fyrir aflaheim-

ildir skal innt af hendi fyrir úthlutun aflamarks. Er við það miðað að tekjur þessar renni í ríkissjóð. Þá er gert ráð fyrir að ríkissjóður útdeili þessum tekjum, annars vegar í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, sbr. lið 04-417-1.10 á fjárlögum 2009 (40%) og hins vegar í byggðaáætlun, sbr. lið 11-401-1.10 á fjárlögum 2009, þar sem markmiðið er að með styrkjum verði stuðlað að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Allt frá upphafi kvótakerfisins árið 1984 hefur úthlutun aflaheimilda í karfa tekið til tveggja tegunda karfa, þ.e. djúpkarfa og gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin hefur í nokkur ár lagt til í ráðgjöf sinni að aflamarki í gullkarfa og djúpkarfa verði úthlutað aðskildu. Þann 14. nóvember 2008 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur um reglur við framkvæmd skiptingar á heildaraflamarki fyrir gull- og djúpkarfa. Var hópurinn skipaður fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Lagt er til að hvert skip fái sömu aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa og aflahlutdeild þess hefði verið í karfa. Yrði þannig aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa hin sama. Er hér lagt til að tillögu nefndarinnar verði fylgt. Hópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi, dags. 12. desember 2008. Ákvæði þessa efnis var lagt fram á síðasta þingi og er nú lagt fram á ný óbreytt.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Verið er að takmarka heimild til flutnings aflamarks frá yfirstandandi fiskveiðiári yfir á það næsta. Í ljósi aðstæðna er talið mikilvægt að stuðla að því að aflamark þessa árs verði veitt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að svonefndum frístundafiskiskipum verði heimilað að stunda almennar veiðar í atvinnuskyni á sama tímabili og frístundaveiðar. Þá er gert ráð fyrir að heimild til að flytja aflamark milli fiskveiðiára verði lækkuð úr 33% í 15% þar sem reynslan sýnir, að mati sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, að það sé nægilegt til að ná markmiðum um hagkvæma nýtingu fiskistofna og sveigjanleika í kerfinu. Lagt er til að reglur um línuívilnun verði rýmkaðar að því leyti að afli sem veiddur er á línu reiknist ekki, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að fullu til aflamarks hlutaðeigandi báts. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt með reglugerð að kveða á um vinnsluskyldu makríls, síldar, norsk-íslenskrar síldar, loðnu og kolmunna þegar fyrir liggur að viðkomandi tegund er hæf til vinnslu. Einnig er lagt til að miðað verði við að 50% af aflamarki skips sé nýtt með veiðum þess á hverju fiskveiðiári í stað annars hvers ár samkvæmt núgildandi lögum.

Í ákvæði til bráðabirgða er meðal annars lagt til að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Lagt er til að gjaldið verði 120 kr. á hvert úthlutað kíló aflamarks í skötusel sem er það sama og meðalverð sem tilkynnt hefur verið Fiskistofu við millifærslu á aflamarki í skötusel síðustu 18 mánuði. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa annist innheimtu og skulu tekjur af gjöldunum renna í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði veitt framlag til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs sem svari til 40% af tekjunum og að Byggðaáætlun fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Markmiðið með þessari ráðstöfun er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni aukast um allt að 240 m.kr. fyrir hvort fiskveiðiárið 2009/2010 og 2010/2011 vegna innheimtu gjalda við ráðstöfun á allt að 2.000 lestum af skötusel. Ekki liggur fyrir áætlun um hvernig tekjurnar gætu fallið til miðað við almanaksár. Verði veitt framlög til framangreindra verkefna sem nemur öllum áætluðum tekjum munu útgjöld ríkissjóðs samkvæmt þessari áætlun aukast um allt að 240 m.kr. vegna hvors fiskveiðiársins eða samtals um 480 m.kr. á u.þ.b. tveggja ára tímabili. Afkoma ríkissjóðs væri óbreytt eftir sem áður. Þá er gert ráð fyrir að gera þurfi einhverjar breytingar á hugbúnaði Fiskistofu sem áætlað er að geti kostað um 1 m.kr. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður muni rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar.

194. Svar [33. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um starfsráðningar í ráðuneytum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir hafa verið ráðnir til starfa í ráðuneytum, án auglýsingar, frá og með síðustu áramótum? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Með hliðsjón af efni fyrirspurnarinnar er bent á að samkvæmt reglum nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, eru tilteknar heimildir til að ráða starfsmenn tímabundið í þjónustu ríkisins án auglýsingar, m.a. vegna afleysinga.

Svar við fyrirspurninni er eftirfarandi, sundurliðað eftir ráðuneytum.

Forsætisráðuneytið	5
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið	5
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	5
Fjármálaráðuneytið	10
Heilbrigðisráðuneytið	0
Iðnaðarráðuneytið	4
Menntamálaráðuneytið	4
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	2
Umhverfisráðuneyti	0
Utanríkisráðuneytið	2
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	1

Nánari upplýsingar um tímabundnar ráðningar í ráðuneytum má finna í svari við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar, 42. mál.

195. Svar [42. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar.

1. *Hversu margir eru aðstoðarmenn ráðherra?*
   Ráðherrar hafa einn aðstoðarmann hver og samtals eru þeir 12.

2. *Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis eru ráðnir tímabundið, hver eru verkefni þeirra, var viðkomandi starf auglýst og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?*
   Með hliðsjón af efni fyrirspurnarinnar er bent á að samkvæmt reglum nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, eru tilteknar heimildir til ráða starfsmenn tímabundið í þjónustu ríkisins án auglýsingar, m.a. vegna afleysinga.
   Jafnframt skal upplýst að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að tillögu forsætisráðherra, að skipa nefnd til að endurskoða núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands og til þess að fjalla sérstaklega um framtíðarfyrirkomulag varðandi ráðningar innan Stjórnarráðsins. Nefndinni er m.a. falið að fjalla um innra skipulag ráðuneyta innan Stjórnarráðsins og starfsheiti starfsmanna; um pólitíska aðstoðarmenn ráðherra, m.a. um stöðu pólitískra aðstoðarmanna innan ráðuneytis, ráðningu þeirra, starfslok og fjölda þeirra; um auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera og frávik frá þeirri skyldu, m.a. vegna tímabundinna aðstæðna, og loks um heimildir til tilflutnings embættismanna og annarra starfsmanna innan Stjórnarráðsins, m.a. um málsmeðferð og formkröfur laganna og mögulega flutningsskyldu. Gert er ráð fyrir því að við endurskoðunina verði m.a. litið til lagareglna sem um þetta gilda annars staðar á Norðurlöndunum og víðar eftir atvikum.
   Svör við fyrirspurninni eru eftirfarandi sundurliðuð eftir ráðuneytum:

Forsætisráðuneytið.
Tveir starfsmenn hafa nú tímabundna ráðningu í forsætisráðuneytinu. Annars vegar er um að ræða starf upplýsingafulltrúa ráðuneytisins sem ráðið var í tímabundið 18. ágúst sl. Hins vegar var laganemi ráðinn tímabundið 1. september sl. í 30% í starf ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Störfin voru ekki auglýst.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið.
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur frá áramótum ráðið fimm starfsmenn tímabundið. Tveir starfsmenn, báðir lögfræðingar, voru ráðnir í eitt ár, annar frá febrúar sl. og hinn frá miðjum júní sl. Þrír voru ráðnir sem sumarstarfsmenn, laganemar og lögfræðingur, og þar af var ráðning eins framlengd til ársloka. Störfin voru ekki auglýst.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
Lögfræðingur var ráðinn í félags- og tryggingamálaráðuneytið án auglýsingar 2. júní sl. á velferðarsviði og fékk áframhald á ráðningu á jafnréttis- og vinnumálasviði. Bókasafns-

fræðingur var ráðinn án auglýsingar 1. september sl. í verkefni á sviði skjalavörslu í ráðuneytinu. Sérfræðingur fluttist frá forsætisráðuneytinu án auglýsingar 20. apríl sl. til að sinna verkefnum vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Lögfræðingur var ráðinn án auglýsingar 16. júlí sl. til að sinna lögfræðilegri ráðgjöf ásamt ákveðnum verkefnum sem skrifstofustjóri stjórnsýslu- og stefnumótunarsviðs sinnti áður hjá ráðuneytinu (en sá sem gegndi því starfi fluttist til forsætisráðuneytis fyrr á árinu.) Lögfræðingur var ráðinn án auglýsingar 1. júlí sl. í verkefni sem lúta að sameiningu stofnana og skuldavanda heimilanna.

Fjármálaráðuneytið.

Alls eru sex starfsmenn í ráðuneytinu ráðnir tímabundið. Sérfræðingur var ráðinn 1. ágúst sl. til að sinna tímabundum verkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Ráðningarsamningur hans er til 31. janúar 2010. Sérfræðingur var ráðinn 9. mars sl. til að sinna verkefnum á sviði banka- og fjármálamarkaða. Ráðningarsamningur hans er til 30. nóvember nk. Sérfræðingur var ráðinn 16. júlí sl. sem upplýsingafulltrúi ráðuneytisins og til að sinna vefstjórn að hluta. Ráðningarsamningur hans er til 31. desember nk. Sérfræðingur var ráðinn á starfsmannaskrifstofu 1. janúar sl., upphaflega sem starfsmaður jafnréttisnefndar en eftir að þeim störfum lauk hefur viðkomandi sinnt öllum helstu verkefnum skrifstofunnar. Ráðningarsamningurinn gildir til 31. desember nk. Lögfræðingur var ráðinn á tekju- og skattaskrifstofu 11. júní sl. Ráðningarsamningurinn gildir til 10. júní 2010. Sérfræðingur var ráðinn sem ráðgjafi ráðherra 12. febrúar sl. og sinnir aðallega verkefnum er varða málefni fjármálastofnana. Ráðningarsamningurinn gildir til 31. desember nk. Störfin voru ekki auglýst.

Heilbrigðisráðuneytið.

Enginn starfsmaður er ráðinn tímabundið í heilbrigðisráðuneytinu.

Iðnaðarráðuneytið.

Hjá iðnaðarráðuneytinu starfa nú tveir starfsmenn sem hafa verið ráðnir tímabundið. Lögfræðingur á skrifstofu nýsköpunar og þróunar var ráðinn í tímabundið starf frá 1. maí sl., eftir auglýsingu. Tímabundin ráðning lögfræðings á skrifstofu orkumála, frá 1. maí sl., var framlengd eftir að ráðningartíma lauk í lok ágúst vegna aukinna verkefna í framhaldi af aðildarumsókn til Evrópusambandsins. Starfið var ekki auglýst.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Alls hafa fjórir starfsmenn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu tímabundna ráðningu og eru allir í 100% starfi. Verkefni þeirra eru eftirfarandi: Starfsmaður var ráðinn 1. júní sl. sem verkefnastjóri samstarfsverkefnis mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, Lýðheilsustöðvar og nemendafélaga framhaldsskóla um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum. Starfsmaður var ráðinn 1. júní sl. sem ráðgjafi ráðherra í menntamálum. Starfsmaður var ráðinn 1. ágúst sl. til þess að vinna að innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Starfsmaður var ráðinn 1. september sl. sem verkefnastjóri aðgerða í málefnum nýbúa í framhaldsskólum. Ekkert fyrrgreindra starfa var auglýst.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Starfsmaður var ráðinn í afleysingar vegna fæðingarorlofs starfsmanns til að gegna starfi lögfræðings fjarskiptamála. Ráðningartími er frá 1. ágúst 2009 til 1. ágúst 2010. Starfsmaður

var ráðinn til 1. desember nk. í tímabundið verkefni vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandsumsóknar Íslands. Þessi störf voru ekki auglýst.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Starfsmaður var verkefnaráðinn án auglýsingar í tvo til þrjá mánuði í haust sem ráðgjafi við skoðun á lögum og reglum um fiskveiðistjórnun.

Umhverfisráðuneyti.

Enginn starfsmaður er ráðinn tímabundið í umhverfisráðuneytinu.

Utanríkisráðuneytið.

Fimm starfsnemar eru tímabundið ráðnir í utanríkisráðuneytinu, tveir á aðalskrifstofu ráðuneytisins, tveir í sendiráðinu í Brussel og einn í þýðingamiðstöð ráðuneytisins. Starfsnemastöðurnar á aðalskrifstofu og í þýðingamiðstöð byggjast á samningi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri um að taka á móti starfsnemum frá þessum háskólum. Störfin voru því auglýst innan háskólanna. Ráðið var í stöðurnar á aðalskrifstofu frá 1. júní sl., annars vegar til 31. desember nk. og hins vegar til 31. ágúst sl. Starfsnemi við þýðingamiðstöðina var ráðinn frá 1. júlí 2008 til 31. október nk. Starfsnemastöðurnar í Brussel voru auglýstar 15. mars sl. og ráðið í þær frá 1. júlí til 31. desember nk. Tveir háskólamenntaðir starfsmenn starfa við Evrópumál. Annar þeirra var ráðinn á grundvelli auglýsingar sem birt var 16. desember 2007, hann hóf störf 1. janúar 2008 og verður til 31. desember nk. Hinn starfsmaðurinn er í afleysingum til næstu áramóta og var ráðinn án auglýsingar. Einn ritari starfar tímabundið á skrifstofu upplýsingamála. Starfið var auglýst í ágúst 2008 og ráðið í það frá og með 1. september sama ár. Einn starfsmaður starfar tímabundið í skjalasafni. Starfið var ekki auglýst. Ráðið var í stöðuna frá og með 1. september sl.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Einn starfsmaður efnahags- og viðskiptaráðuneytisins er ráðinn tímabundið og starfar hann sem lögfræðingur í ráðuneytinu. Starfið var ekki auglýst og ráðið var í stöðuna 1. janúar sl.

196. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um upplýsingar í ökuskírteini um vilja til líffæragjafar.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðbjartur Hannesson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Valgerður Bjarnadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja með reglugerð um ökuskírteini að á þeim séu upplýsingar um vilja til líffæragjafar.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var áður lögð fram á 132. og 133. löggjafarþingi en fékkst þá ekki rædd.

Mikilvægi líffæragjafa er óumdeilt. Þær bjarga lífi margra og geta aukið lífsgæði líffæraþega til muna. Hér á landi, sem annars staðar, er þörfin fyrir gjafalíffæri mun meiri en framboðið og því mjög áríðandi að fjölga líffæragjöfum.

Það er þess vegna nauðsynlegt að upplýsingar um vilja til líffæragjafa verði sem aðgengilegastar. Vandfundin er heppilegri leið en að notast við upplýsingar á ökuskírteini viðkomandi til að gera þann vilja ljósan. Í Bandaríkjunum hefur sú leið verið farin og í sumum löndum er þessar upplýsingar að finna á sjúkratryggingaskírteini.

Í dag geta einstaklingar skráð afstöðu sína til líffæragjafar á þar til gerð kort eða í svokallaða lífsskrá hjá landlæknisembættinu. Fáir hafa hins vegar nýtt sér þessa kosti og því brýnt að leitað verði nýrra leiða í þessum efnum.

Það er afar mikilvægt að allir séu hvattir til að íhuga hvort þeir vilji gefa líffæri. Með því að áskilja slíka skráningu á ökuskírteini þarf fólk að gera upp við sig hvort það hefur áhuga á að gefa líffæri. Það má leiða líkur að því að allt of fáir velti þessu fyrir sér.

Ættingjar hafna líffæragjöf í 40% tilvika.

Í 2. gr. laga um brottnám líffæra, nr. 16/1991, kemur fram að liggi fyrir samþykki einstaklings megi, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Enn fremur segir m.a. að liggi slíkt samþykki ekki fyrir sé heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Í niðurstöðum athugunar á líffæragjöfum á Íslandi í 10 ár, frá 1992–2002, kom m.a. fram að þegar leitað var samþykkis ættingja fyrir líffæragjöf var erindinu neitað í um 40% tilvika.

Landlæknir hefur sagt að dregið hafi úr því að fólk leyfi að líffæri séu tekin úr ættingjum og lítur það alvarlegum augum. Það getur verið afar erfitt fyrir ættingja þess látna að ákveða á þessari sorgarstundu hvort líffæri viðkomandi verða gefin, m.a. vegna þess að málin hafa ekkert verið rædd á meðan hinn látni var á lífi. Það hlýtur því að vera heppilegra að fleiri ákveði sjálfir hvort þeir vilji gefa líffæri, enda sé það í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Ekki afturvirk breyting.

Í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur m.a. fram að ráðherra setji reglur um efni og form ökuskírteina. Í 47. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997, með áorðnum breytingum, segir að ökuskírteini skuli vera af EES-gerð í samræmi við ákvæði I. viðauka. Í reglugerðinni og viðaukum hennar kemur fram að viðbótarupplýsingar geti verið í ökuskírteini, t.d. innlendar tákntölur sem eingöngu gildi innan viðkomandi lands.

Flutningsmenn telja að æskilegt sé að vilji Alþingis komi fram í þessu mikilvæga máli og ályktí því með beinum hætti að þessar nauðsynlegu upplýsingar eigi að koma fram á ökuskírteinum.

Flutningsmenn telja að áskilnaður um afstöðu til líffæragjafar í ökuskírteini eigi ekki að virka aftur í tímann um útgefin ökuskírteini heldur eigi einungis við þau ökuskírteini sem gefin yrðu út eftir að breytingar á áðurnefndri reglugerð hefðu verið gerðar. Verði tillaga þessi samþykkt og reglugerð um ökuskírteini breytt í samræmi við hana yrði þó hvenær sem er unnt að breyta skráningu um líffæragjöf á ökuskírteini.

Flutningsmönnum þykir einnig rétt að framkvæmd skráningar í líffæraskrá verði endurskoðuð og þannig vakin meiri athygli en gert er í dag á þessum möguleika.

197. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson, Ásbjörn Óttarsson, Árni Johnsen, Kristján Þór Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að hefja stefnumótun um gerð samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Verði að því stefnt að fjölga gerð slíkra samninga til þess að efla traust og skapa hagfelld skilyrði fyrir beina erlenda fjárfestingu hér á landi sem og fjárfestingu íslenskra aðila erlendis. Gerð slíkra samninga stuðlar jafnframt að aukinni milliríkjaverslun og veitir fjárfestum aukna vernd. Sérstaklega verði að því stefnt að gera samninga af þessu tagi við þau ríki þar sem Íslendingar hafa mestu viðskiptahagsmunina.

Greinargerð.

Hinn 12. ágúst sl. lagði fyrsti flutningsmaður þessa máls eftirfarandi fyrirspurn fyrir utanríkisráðherra á Alþingi (123. mál 137. löggjafarþings):

1. Hversu margir samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru í gildi?
2. Er í undirbúningi að vinna að gerð fleiri slíkra samninga og ef svo er, við hvaða lönd?

Þessar spurningar voru lagðar fram að gefnu tilefni. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga hafa verið að ryðja sér til rúms í samskiptum þjóða. Er þeim ætlað að tryggja vernd fjárfestinga og stuðla með því að fjárfestingu á milli landa og greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum. Við Íslendingar höfum á hinn bóginn gert mjög fáa slíka samninga. Núverandi aðstæður gera það mjög knýjandi að settur verði mikill kraftur í gerð slíkra samninga. Lærdómurinn sem við getum líka dregið af samskiptum við aðrar þjóðir, jafnvel svokallaðar vinaþjóðir, sýnir okkur að fullt tilefni er til að leggja sérstaka rækt við þessi mál.

Traust og trúverðugleiki.

Í fyrsta lagi er ljóst að mjög brýnt er að laða erlenda fjárfesta hingað til lands. Sárlega vantar aukið fjármagn hingað. Leiðin til þess er meðal annars sú að fá erlenda fjárfesta til þess að leggja fram fjármagn til atvinnuuppbyggingar, með lánsfé og beinni hlutafjárþátttöku. Þá er hvað brýnasta verkefni okkar Íslendinga nú að byggja upp atvinnulífið og skapa ný störf sem þörfin kallar hvarvetna á.

Á hinn bóginn er augljóst að trúverðugleiki okkar víða erlendis hefur beðið hnekki. Hrun fjármálakerfisins og tap margra erlendra fjárfesta og kröfuhafa hefur meðal annars stuðlað að því að erlendir fjárfestar halda að sér höndum og eru ekki viljugir til þess að fjárfesta hérlendis. Þá hafa umdeildar og lítt hugsaðar aðgerðir stjórnvalda nú upp á síðkastið, svo sem í skattamálum, rýrt enn trúverðugleika okkar út á við og hamlað því að erlendir fjárfestar vildu lána hingað fé, hvað þá að taka þátt í atvinnuuppbyggingu með beinum hætti. Með öðrum orðum, það er óumdeilt að síðan fjármálakerfi landsins hrundi hefur traust gagnvart

Íslandi laskast. Ákvarðanir um hvar skuli fjárfest byggjast ekki einvörðungu á arðsemi fjárfestingarinnar heldur einnig á því hversu trúverðugt og traust ástandið er í því landi þar sem fjárfesta á. Við núverandi aðstæður er á brattann að sækja fyrir Ísland og því mikilvægt að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að efla traust og trúverðugleika landsins og komi þannig til móts við erlenda fjárfesta.

Það er þekkt frá öðrum ríkjum sem vilja laða til sín erlenda fjárfestingu að þau gera það með því að skapa traust og trúverðugleika. Einn liður í því gæti verið að gera samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Sem dæmi má nefna ríkin sem urðu til við skiptingu Tékkóslóvakíu, Tékkland og Slóvakíu. Hluti af áætlun ríkisstjórna þeirra landa til að laða að erlenda fjárfestingu var að ráðast í gerð eins margra samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga og mögulegt var. Þótt því sé ekki saman að líkja, ástandinu í þeim löndum og núverandi ástandi á Íslandi, er engu síður ljóst að áreiðanleiki og álit þjóðarinnar hefur beðið hnekki. Mikilvægt er að stjórnvöld sæki fram og endurveki traust á Íslandi erlendis, slíkt gerist ekki af sjálfu sér, stjórnvöld verða að grípa til aðgerða sem sýna að alvara fylgi máli þegar talað er um að efla erlenda fjárfestingu hérlendis.

Að vernda eignir Íslendinga erlendis.

Hin hlið þessa máls er einnig afar mikilvæg, þ.e að vernda fjárfestingar íslenskra aðila erlendis. Íslendingar eiga umtalsverða fjármuni bundna í erlendum fjárfestingum af margs konar toga. Enn eru í bókum okkar bókfærðar umtalsverðar eignir Íslendinga erlendis, á móti þeim skuldum sem á bak við þær eignir standa í flestum tilvikum. Samkvæmt nýjasta yfirliti Seðlabanka Íslands má sjá að heildareignir okkar í útlöndum nemi um 8.400 milljörðum ísl. kr. Hér er þó ekki allt sem sýnist. Á bak við þessar tölur eru eignir sem eru margar hverjar lítils virði. Hafa hrunið í verði, eru í slitameðferð, gjaldþrotaskiptum og sæta nauðasamningum svo að dæmi séu tekin. Engu síður gefa þær til kynna að um mikla hagsmuni sé að ræða fyrir okkur að leikreglurnar séu þannig að þessar eignir njóti eðlilegrar verndar og ekki sé hægt með óeðlilegum hætti að ráðast að þeim eða rýra verðmætið. Athyglisvert er að velta því fyrir sér hvort samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga hefðu leitt til sambærilegs verðfalls á þessum eignum og raun varð á.

Hvað eru samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga?

Áður en lengra er haldið er eðlilegt að varpa nokkru ljósi á það sem við köllum samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga (e. Bilateral Investment Treaties). Í sem skemmstu máli má segja að hér sé um að ræða tiltölulega nýtt fyrirbrigði sem rekja má aftur til ársins 1959 þegar fyrsti samningurinn af þessu tagi leit dagsins ljós. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru í dag u.þ.b. 2.500 og flest vestræn ríki eru með tugi slíkra samninga í gildi. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru tvíhliða samningar þar sem þau ríki sem í hlut eiga leitast við að skapa hagstæðar aðstæður fyrir fjárfestingar af hálfu fjárfesta annars ríkis á landsvæði hins ríkisins. Slíkum samningum er ætlað að hvetja til fjárfestinga milli þeirra ríkja sem í hlut eiga og tryggja vernd fjárfestinga og stuðla þannig að auknum viðskiptum milli ríkjanna. Ástæður þess að ríki gera slíka samninga eru m.a. til að tryggja aukna vernd fjárfestinga þegna sinna erlendis, og til að laða að erlenda fjárfestingu með því að veita erlendum fjárfestum aukna vernd.

Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga kveða á um að fjárfestingar fjárfesta hvors ríkis um sig skuli njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins ríkisins og að ekki verði gripið til neinna óréttmætra aðgerða sem varða fjárfestingar fjárfesta hins ríkisins í landinu.

Slíkir samningar fela jafnframt í sér að ekki megi taka fjárfestingar fjárfesta eignarnámi, þjóðnýta þær eða gera ráðstafanir gagnvart þeim er hafa sömu áhrif og eignarnám eða þjóðnýting. Komi til slíkra aðgerða skal slíkt aðeins gert samkvæmt tilhlýðilegri lagalegri málsmeðferð og gegn skilagóðum, nægilegum og skilvirkum bótum. Auk þess er í slíkum samningum yfirleitt mælt fyrir um að ríki skuli tryggja að fjárfestar hins ríkisins geti yfirfært fjárfestingar sínar og ágóða, sem bundinn er á landsvæði fyrrnefnda ríkisins, án tafar og án nokkurra hafta, þ.m.t. gjaldeyrishafta.

Deilur milli ríkja getur hvor samningsaðili lagt fyrir gerðardóm sex mánuðum eftir að samningaviðræður um úrlausn deilu hefjast, og er slíkur gerðardómur þá skipaður sérstaklega í slíkum tilvikum. Sé um að ræða deilu milli fjárfestis og ríkis getur fjárfestirinn lagt hana fyrir Alþjóðastofnunina um lausn fjárfestingardeilna eða fyrir sérstakan gerðardóm. Í báðum tilvikum fengist endanleg lausn sem væri bindandi fyrir þau ríki, og fjárfesta þeirra eftir atvikum. En þess má geta að Ísland hefur frá 1966 verið aðili að Washington-sáttmálanum um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja sem öðlaðist gildi hérlendis 14. október 1966 (C-13/1966), en sáttmálinn er ein af forsendum þeirrar þróunar sem hefur orðið á þessu sviði.

Hvað hefði gerst í Bretlandi?

Áhugavert er að velta því fyrir sér hvort samningar af þessum toga hefðu einhverju breytt í þeim erfiðu og sársaukafullu deilum sem við höfum staðið í upp á síðkastið, meðal annars út af Icesave-innlánunum. Svarið er örugglega ekki einhlítt. En óhætt er þó að fullyrða að staða okkar hefði án efa orðið mun sterkari með slíkan samning í farteskinu. Ástæða þess að við gerðum ekki slíka samninga við Bretland eða önnur ríki sem okkur eru mikilvægust í viðskiptum er hins vegar sennilega sú að samskiptin hafa verið góð, ekki hefur hlaupið snurða á þráðinn frá tímum landhelgisdeilnanna, þessi ríki eru vestræn lýðræðis- og réttarríki, við eigum samskipti við þau á grundvelli annarra samninga, svo sem EES-samningsins, og því hefur án efa ekki verið talin þörf á sérstökum samningi um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Nú er öldin hins vegar önnur og ljóst af samskiptum okkar við þessi ríki sum hver að fullt tilefni er fyrir okkur að hyggja að slíkum samningum, meðal annars til þess að tryggja og vernda eignir íslenskra aðila erlendis, jafnframt því að laða hingað til lands erlent fjármagn.

Ef samningur um gagnkvæma vernd fjárfestinga hefði gilt á milli Íslands og Bretlands hefði verið til augljós og óumdeildur vettvangur til að láta reyna á réttmæti þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögunum með þeim hætti sem gert var. Slíkir samningar skapa þannig úrræði fyrir þau ríki sem standa að gagnkvæmum samningi um vernd fjárfestinga til að leysa úr deilum sín á milli. Jafnframt verður til möguleiki fyrir fjárfesta sem eru með beinar fjárfestingar í öðru hvoru samningsríkinu til beinnar málshöfðunar gagnvart því ríki þar sem fjárfesting er til staðar. Þeir fjárfestar sem höfðu ráðist í beinar fjárfestingar í Bretlandi hefðu því einnig getað farið með mál gegn breska ríkinu fyrir alþjóðlegan gerðardóm, en slík mál eru að öllu jöfnu leyst fyrir alþjóðlegum gerðardómi fyrir tilstuðlan Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna í Washington DC (ICSID).

Yrði niðurstaðan sú að um óréttmæta beitingu hryðjuverkalaganna hefði verið að ræða væri aðstaðan önnur. Þá væri komin upp sú staða að það væri Ísland og íslenskir fjárfestar sem hefðu ótvíræða möguleika á að krefjast bóta frá breskum yfirvöldum, í stað þess að bresk stjórnvöld komist upp með það að þvinga íslensku þjóðina til nauðungarsamninga án

dóms og laga. Það hlýtur því að vera grundvallarspurning af hverju slíkur samningur við Bretland var ekki í gildi. Leitast var við að svara þeirri spurningu hér að framan.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra vék að þessu atriði í svari sínu við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa máls. Orðrétt sagði ráðherra: „Ég vil síðan í lokin segja að undir ræðu minni hef ég aðeins verið að þenkja um hugmynd hv. þingmanns um að ef í gildi væri slíkur samningur milli okkar og Bretlands. Ég hygg að það sé alveg rétt að við hefðum átt tök á því að skjóta þeirri ákvörðun sem breska ríkisstjórnin tók í október sl. til slíks gerðardóms. Það hefði væntanlega styrkt stöðu okkar töluvert í því stríði sem háð var um þann tiltekna hluta þeirrar deilu.“

Þetta er athyglisvert sjónarmið sem er í samræmi við þá hugsun sem meðal annars býr að baki þeirri þingsályktunartillögu sem hér er flutt.

Bretar hafa gert marga samninga, Íslendingar fáa.

Athyglisvert er að Bretland hefur gert hvað flesta slíka samninga af ríkjum heims og er með yfir 100 slíka samninga í gildi við hin ýmsu ríki, þó ekki Ísland. Er ekki ólíklegt að þetta eigi að nokkru rætur sínar að rekja til reynslu Breta af fjárfestingum víða um heim og þýðingu þess að fjárfestar geti notið eðlilegrar verndar við viðsjárverðar aðstæður.

Samkvæmt upplýsingum úr svari utanríkisráðherra á Alþingi við fyrrgreindri fyrirspurn hefur Ísland gert samtals ellefu samninga af þessu tagi, þ.e. við Chile, Egyptaland, Indland, Suður-Kóreu, Kína, Lettland, Líbanon, Litháen, Mexíkó, Víetnam og Singapúr, en Singapúrsamningurinn er reyndar hluti af fjárfestingarsamningi EFTA og Singapúr. Samningarnir við Egyptaland og Líbanon bíða fullgildingar en fyrrgreindir samningar ná allir til gagnkvæmrar verndar fjárfestinga. Reyndar er frammistaða Íslands í gerð slíkra samninga ekki ofarlega á lista þegar fjöldi slíkra samninga er skoðaður á heimsvísu. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna er Ísland í 119.–123. sæti af 174 þjóðum sem gert hafa slíka samninga. Þau lönd sem eru með Íslandi í flokki í þessum efnum og hafa gert u.þ.b. jafnmarga samninga og Ísland eru Burkína Fasó, Trínidad og Tóbagó, Zaír og Zambía.

Fátt nýtt að gerast.

Því miður er svo að sjá sem fátt nýtt sé að gerast í þessum málum á vettvangi utanríkisráðuneytisins. Í svari ráðherra í fyrrgreindri umræðu segir hann meðal annars:

„Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvort það sé í undirbúningi að vinna að gerð fleiri slíkra samninga og ef svo er, við hvaða lönd. Frá því er skemmst að segja að rituð hafa verið drög að fjárfestingarsamningi við Úganda. Ísland og Albanía annars vegar og hins vegar Ísland og Tyrkland hafa líka skipst á skriflegum tillögum að texta fjárfestingarsamnings og er til skoðunar að hefja formlegar samningaviðræður við þau ríki. Ég hef sjálfur átt fund með utanríkisráðherra Úkraínu um gerð slíks samnings í framtíðinni og hafa gengið textar á milli Íslands og Úkraínu um það. Þær viðræður fóru hins vegar í biðstöðu þegar ákveðið var af hálfu EFTA-ríkjanna að hefja fríverslunarviðræður við Úkraínu.

Það eru ekki sem stendur í gangi formleg samskipti við önnur ríki um gerð fjárfestingarsamnings. Hins vegar hafa átt sér stað á undanförnum árum og missirum óformlegar þreifingar á milli Íslands og ýmissa ríkja sem kunna að leiða til þess að gerður verði slíkur samningur. Menn geta svo velt því fyrir sér hvenær sprettur þörf á slíkum tvíhliða fjárfestingarsamningum. Hún ræðst yfirleitt af því hversu viðtæk ákvæði eru um fjárfestingar og vernd þeirra í fríverslunarsamningum sem við eigum við viðkomandi ríki, þ.e. ef slíkum

samningum er til að dreifa. Yfirleitt er það svo að ef fríverslunarsamningurinn nær bæði til stofnfjárfestinga og fjárfestingarverndar hafa menn ekki talið þörf á sérstökum fjárfestingarsamningum. Ef þessir tveir þættir eru hins vegar ekki tryggðir í þeim fríverslunarsamningum sem við höfum við ríki er hægt að bregðast við því með því að gera slíka fjárfestingarsamninga eins og hv. þingmaður ræddi áðan.“

Þessar upplýsingar sýna að ekki er margt að gerast á þessu sviði hér á landi. Þeir samningar sem gerðir hafa verið af þessu tagi og áform eru um snerta ekki samskipti okkar við þau ríki þar sem við eigum mest viðskipti. Svar ráðherra gefur til kynna að Ísland hafi hingað til treyst að mestu leyti á að fríverslunarsamningar á vegum EFTA skapi nægjanlega hagfelld skilyrði fyrir beinni erlendri fjárfestingu hérlendis og veiti beinum fjárfestingum íslenskra aðila erlendis þá réttarvernd sem nauðsynleg er. Það var ekki raunin eins og beiting Breta á hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi sannar. Bretar, sem hingað til hafa talist til vinaþjóða Íslendinga, settu Ísland á lista með illræmdum hryðjuverkasamtökum og ríkjum sem veita slíkum samtökum stuðning. Jafnframt er ljóst að ákvæðum um fjárfestingar og vernd fjárfestinga er ekki til að dreifa í öllum þeim fríverslunarsamningum sem gerðir hafa verið á vegum EFTA og kom slíkt ákvæði ekki inn fyrr en nú í seinni tíð. Þar að auki er inntak þeirra ákvæða ekki efnislega sambærilegt því að hafa sérstakan samning um gagnkvæma vernd fjárfestinga, sérstaklega með tilliti til úrlausnar hugsanlegra ágreiningsmála.

Reynsla síðustu missira sýnir að nú er fullt tilefni til þess að gangskör verði gerð að því að hefja viðræður við þau ríki þar sem viðskiptahagsmunir Íslands eru hvað mestir og að stefnt verði að því að gera samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga við þau ríki. Í húfi geta verið gríðarlegir þjóðarhagsmunir eins og hrikaleg dæmi frá Bretlandi sanna. Þá geta þessir samningar verið ein mikilvæg forsenda þess að okkur takist að laða hingað erlent fjármagn, sem þörfin kallar á. Augljóst virðist því að nú verði gerð gangskör að því að marka stefnu sem hefur það í för með sér að fjölga gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga í samræmi við það sem lýst er í þessu þingmáli.

198. Svar [67. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Erlingsdóttur um framkvæmdir við Landeyjahöfn (Bakkafjöruhöfn).

1. *Hyggst ráðherra tryggja nægt fé til að ljúka framkvæmdum við Landeyjahöfn (Bakkafjöruhöfn) þannig að siglingar Herjólfs geti hafist þaðan í júlí 2010?*

Áætlanir gera ráð fyrir að Landeyjahöfn kosti um 3,5 milljarða kr. Fjárveiting til og með árinu 2009 er 1.935 millj. kr. og hefur hún verið tryggð að fullu.

Í fjárlagafrumvarpi 2010 eru verkinu tryggðar 770 millj. kr. Ætlunin er að bjóða út nú á næstunni þrjá verkþætti, þ.e. smíði þjónustuhúss, smíði ekjubrúar og dýpkun hafnar og innsiglingar, þegar þau tilboð liggja fyrir verður ljóst hversu mikið fé vantar til að klára það sem þarf til þess að siglingar geti hafist í júlí á næsta ári og verður það þá verkefni samgönguyfirvalda að tryggja fé til að þessi áform gangi eftir.

2. *Hvaða hugmyndir eru uppi um almenningssamgöngur á landi til Reykjavíkur frá Landeyjahöfn?*

Almenningssamgöngur munu verða þarna á milli en ekki er lokið útfærslu á þeim, t.d. hvað varðar ferðafjölda.

199. Fyrirspurn [177. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingarvinnu.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

1. Hvernig er þýðingarvinnu á vegum ráðuneytisins háttað?
2. Er hún að einhverju leyti unnin annars staðar á landinu en á höfuðborgarsvæðinu?
3. Er gert ráð fyrir að störfum við þýðingar á vegum ráðuneytisins fjölgi og ef svo er, hvar er reiknað með að þau verði?

200. Fyrirspurn [178. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við atvinnulaus ungmenni.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

Hefur verið gripið til aðgerða til að styðja atvinnulaus ungmenni markvisst til náms í framhaldsskóla? Ef ekki, hefur verið íhugað að fara í slíkar aðgerðir, hugsanlega í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið?

201. Fyrirspurn [179. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stuðning við atvinnulaus ungmenni.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

Hefur verið gripið til aðgerða til að styðja atvinnulaus ungmenni markvisst til sjálfshjálpar með viðeigandi ráðgjöf? Ef ekki, hefur verið íhugað að fara í slíkar aðgerðir, hugsanlega í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið?

202. Fyrirspurn [180. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Landeyjahöfn.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hvenær mun ferðaáætlun og gjaldskrá fyrir ferðir Herjólfs í Landeyjahöfn liggja fyrir?
2. Hvernig verður háttað almenningssamgöngum milli Landeyjahafnar og Reykjavíkur og hver verður aðkoma ríkisins að fjármögnun þeirra?
3. Verður rekstur ferjunnar á nýrri siglingaleið, Vestmannaeyjar–Landeyjahöfn, boðinn út?

Skriflegt svar óskast.

203. Skýrsla [181. mál]

Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. Inngangur.

Á árinu 2008 var unnið af kappi að því að undirbúa áætlun um formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni, en þeir tóku við stjórnvölnum í byrjun árs 2009. Yfirskrift áætlunarinnar er *Norrænn áttaviti* með skírskotun til þess að Norðurlönd geti áfram vísað veginn við úrlausnir ýmissa viðfangsefna sem heimsbyggðin stendur andspænis. Undirþemu áætlunarinnar eru *Aflvaki Norðurlanda, Styrkur Norðurlanda, Svar Norðurlanda við loftslagsvanda* og *Hnattvædd Norðurlönd.* Með þessi þemu að leiðarljósi voru þau verkefni undirbúin sem ráðherrarnir hugðust hafa frumkvæði að á formennskuári. Nýsköpun og rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga, umhverfismál og nýjar orkulausnir voru þar í fyrirrúmi. Meðal viðfangsefna sem áætlunin tekur til eru rannsókn á og ráðstefna um foreldraorlof, gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshaf, kynnisferð fyrir norrænt æskufólk um Vatnajökulsþjóðgarð, úttekt á fiskveiðistjórnunarkerfum Norðurlanda, sjálfbærar orkulausnir fyrir bifreiðar og skip, leit að aðferðum til að binda koltvísýring og málþing um menntun og aðlögun nýbúa. Á sviði menntamála er lögð megináhersla á að styrkja norrænt háskólakerfi í heild sinni, efla rannsóknarstarfsemi og þekkingarmiðlun háskóla til atvinnulífs svo og samspil listgreina og hefðbundinna háskólagreina. Á menningarsviði er leitast við að efla skapandi hugsun, frumkvöðlamenningu og nýsköpun, svo og list án landamæra þar sem fatlaðir hafi jöfn tækifæri til að nýta listræna hæfileika sína. Þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, kynnti formennskuáætlunina og helstu áherslumál Íslendinga á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 27.–29. október 2008.

Samkvæmt Punkaharju-yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna frá 2007 á að vera forgangsverkefni í norrænu samstarfi að styrkja Norðurlönd inn á við og út á við í því nýja al-

þjóðlega umhverfi sem skapast hefur með örri hnattvæðingu. Þegar sama ár var brugðist við þessum tilmælum með því að breyta og skerpa áherslur í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og setja svonefnd hnattvæðingarmál í forgang. Viðbrögð við Punkaharju-yfirlýsingunni mótuðu einnig norrænt samstarf á árinu 2008. Meðal þess sem vóg þungt var undirbúningur að nýrri áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála. Hún var kynnt á hnattvæðingarþingi við Bláa lónið 26. febrúar 2009 og er eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í á norrænum vettvangi. Grunnfjármögnun hennar af opinberu fé frá löndunum og Norrænu ráðherranefndinni nemur um 9,6 milljörðum íslenskra króna. Miklar vonir eru bundnar við að hún efli til muna norrænar rannsóknir og nýsköpun á umræddum sviðum.

Í öllum norrænu ríkjunum er mönnum í mun að ásættanleg niðurstaða náist um nýjan loftslagssamning á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009. Því var á árinu höfð markviss samvinna um undirbúning ráðstefnunnar.

Norðurlönd verða ekki með sameiginlegan skála á heimssýningunni í Sjanghæ 2010, en þess í stað verður staðið sameiginlega að fjölmörgum viðburðum sem snúa að loftslagsmálum, matvælaöryggi, ferðamálum, norrænum landslagsarkitektúr og fleiru. Í þessu samstarfi er fylgt þeirri grunnhugsun í hnattvæðingarátakinu að Norðurlönd kynni sig í öðrum heimshlutum sem eitt framsækið vísinda- og nýsköpunarsvæði þar sem gildi á borð við lýðræði, jafnrétti, félagslegan auð og hreina náttúru eru í fyrirrúmi.

Í upphafi árs 2008 tók til starfa nýr vettvangur um aðgerðir til að afnema laga- og stjórnsýsluhindranir fyrir frjálsa för borgara milli norrænu ríkjanna. Starfsemin beinist jafnframt að hindrunum sem snúa að fyrirtækjum og atvinnulífi. Mikilvægur þáttur í störfum þessa vettvangs, sem skipaður er fulltrúum frá öllum löndunum, er að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til sem afleiðing af nýjum lagasetningum og reglugerðum eða reglugerðasetningum eða innleiðingum á gerðum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Evrópusambandsins (ESB). Forsenda árangurs er samstarfsvilji ráðherra og embættismanna.

Norrænu ríkin hafa átt með sér formlegt samstarf í meira en hálfa öld. Ávinningur af því langvinna og farsæla samstarfi er augljós á nánast öllum sviðum norræns þjóðlífs. Hann er hins vegar orðinn svo eðlilegur þáttur í daglegu lífi Norðurlandabúa að fáir leiða að því hugann hvernig hann er til kominn. Því voru niðurstöður skoðanakönnunar, sem gerð var í september 2008 um þekkingu norrænna þjóða á samstarfinu og um hvað fólk vill að samstarfið snúist, bæði gagnlegar og áhugaverðar. Þar kom fram að þrír af hverjum fjórum Norðurlandabúum þekkja störf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og rúmur þriðjungur aðspurðra taldi starfsemina hafa áhrif á daglegt líf sitt. Einungis sex af hundraði töldu hins vegar að norrænt samstarf hefði mikil áhrif á daglegt líf sitt. Þrír fjórðu töldu mikilvægast að eiga norrænt samstarf um umhverfismál og aðgerðir til að hamla gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Íslendingar skildu sig nokkuð frá hinum þjóðunum þegar kom að því að meta mikilvægi norræns samstarfs, því rúmlega 80% þeirra töldu mikilvægasta þáttinn vera að eiga kost á því að stunda nám og vísindastörf á Norðurlöndum. Tveir þriðju aðspurðra töldu mikilvægt að norrænu ríkin kynntu sig sameiginlega á alþjóðavettvangi til að stuðla að auknum hagvexti á Norðurlöndum.

Niðurstöður þessarar könnunar ættu að vera leiðarljós fyrir þá sem sinna samstarfinu og áminning um að beina því inn á þær brautir, sem gagnast Norðurlandabúum mest, svo og að bæta eftir megni upplýsingamiðlun til almennings.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Nýjar hnattvæðingaráherslur í norrænu samstarfi á grundvelli Punkaharju-yfirlýsingarinnar frá 2007 voru ofarlega á baugi í umræðum forsætisráðherranna á árinu. Þeir lýstu ánægju með það starf sem ráðherranefndin hafði hrundið af stað og lögðu áherslu á að eftirfylgni þyrfti að vera skilvirk og forgangsröðun markviss. Þeir lýstu sérstaklega yfir stuðningi við áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála, enda snýr meginefni hennar að loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009, en forsætisráðherrarnir hafa sagt það eitt brýnasta viðfangsefni samtímans að sporna gegn loftslagsbreytingum. Á fundi forsætisráðherranna í tengslum við Norðurlandaráðsþing í lok október, þegar fjálmálakreppan var skollin á, var sú afstaða þeirra skýr, að efnahagsörðugleikar mættu ekki verða til þess að dregið yrði úr aðgerðum til að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifum.

Meðal þess sem forsætisráðherrarnir ákváðu með Punkaharju-yfirlýsingunni var að halda árlega hnattvæðingarþing til skiptis í löndunum, og var efnt til þess fyrsta 8.–9. apríl í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð. Yfirskrift þess var *Samkeppnishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi* og snerust umræður um hvernig Norðurlönd gætu viðhaldið sterkri samkeppnisstöðu samhliða því að þau stæðu vörð um velferðarkerfið og væru í fremstu röð á sviði loftslagsmála. Í ávarpi þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, á þinginu kom fram, að samkeppnisstaða Norðurlanda væri vissulega sterk, en forskot landanna færi minnkandi. Við því þyrfti að bregðast með því að efla framleiðni og samkeppnisfærni, og einbeita sér sérstaklega að þeim sviðum þar sem norrænu ríkin stæðu tiltölulega sterk. Þá sagði hann að vinna þyrfti ötullega að því að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum, hvort heldur væri fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Mannauður Norðurlanda og það ríkidæmi sem fælist í samfélagsgerðinni væri mikið og um þau verðmæti yrði að standa vörð. Auk þess væri mikilvægt að laða sérhæft starfsfólk til Norðurlanda. Að tillögu forsætisráðherra Íslands var ákveðið að halda næsta hnattvæðingarþing á Íslandi, við Bláa Lónið 26.–27. febrúar 2009, og fjalla þar um fjármálakreppuna og loftslagsmál.

Á Norðurlandaráðsþingi, sem haldið var í Helsinki, gáfu forsætisráðherrarnir og stjórnarleiðtogar Færeyja, Grænlands og Álandseyja út yfirlýsingu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum undir yfirskriftinni *Norðurlönd fremst í flokki í sjálfbærri þróun.* Þar kom fram að aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri þróun og vinna gegn loftslagsbreytingum væru meðal mikilvægustu viðfangsefna Norðurlandabúa. Ráðherrarnir kváðu raunhæfa sjálfbæra þróun byggjast á lýðræðislegum forsendum, grundvallarhugmyndum um réttarríkið og gildum á borð við frelsi, jafnrétti og jafnræði. Forsendu þessa kváðu þeir vera sjálfbæran hagvöxt, samstöðu, heilbrigði og hreint umhverfi.

Forsætisráðherrarnir ræddu einnig alþjóðlegu fjármálakreppuna og þá sérstaklega þá alvarlegu stöðu sem blasti við á Íslandi eftir bankahrunið. Í yfirlýsingu sem þeir gáfu út kom m.a. fram að skipuð yrði norræn nefnd embættismanna til að fylgja eftir framkvæmd þeirrar áætlunar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði gert til að koma á stöðugleika í íslensku efnahagslífi, auk þess sem henni var falið að samræma aðgerðir til að aðstoða Íslendinga.

Á fundum forsætisráðherranna var auk ofangreindra málefna rætt um stöðu mála á vettvangi Evrópusamstarfsins og á alþjóðavettvangi. Þá áttu ráðherrarnir að venju fundi með stjórnarleiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda marka meginstefnu fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar ásamt samstarfsráðherrunum sem móta stefnuna í hinu daglega samstarfi. Samkvæmt Helsingfors-samningnum er hlutverk samstarfsráðherranna (MR-SAM) að beita sér fyrir því að auka norrænt samstarf, að samræma störf á hinum ýmsu samstarfssviðum, að sjá til þess að framlögum til norræns samstarfs sé skipað í forgangsröð og að taka ákvarðanir um skipulagsatriði sem snerta fleiri en eitt samstarfssvið. Einnig taka þeir ákvarðanir um málefni sem fagráðherrar vísa til þeirra, eða hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf, en 10 fagráðherranefndir eru að störfum auk nefndar samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherrarnir semja endanlegar tillögur og taka ákvörðun um fjárhagsáætlun fyrir norrænt samstarf, þeir bera ábyrgð á upplýsingarstarfsemi ráðherranefndarinnar og taka ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvarðanir um sameiginlega upplýsingastarfsemi ráðsins og ráðherranefndarinnar.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) er samstarfsráðherrunum til aðstoðar. Hún sér um að samræma norræn verkefni og undirbýr fundi ráðherranna. Nefndin gegnir jafnframt hlutverki stjórnarnefndar fyrir aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Undir samstarfsráðherrana heyra enn fremur ýmis þverfagleg verkefni svo sem áætlun um sjálfbæra þróun, norðurskautssamstarfið, afnám stjórnsýsluhindrana, málefni barna og ungmenna, aðgengismál fatlaðra og samstarf við grannlönd og grannsvæði. Auk þess heyrir alþjóðlegt samstarf undir samstarfsráðherra sem verður æ umfangsmeira með aukinni áherslu á sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við tækifærum og áskorunum hnattvæðingar.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárhagsrammi norrænu fjárlaganna 2008 var samtals 910,362 milljónir danskra króna. Eftir sumarfund forsætisráðherranna í Finnlandi 2007 var hnattvæðingin komin ofarlega á dagskrá í samstarfinu. Vegna viðbragða við hnattvæðingu voru fjárlögin hækkuð um 35 milljónir frá árinu áður og var sú hækkun einungis fyrir þetta eina ár. Til að fylgja eftir óskum og markmiðum forsætisráðherranna voru 60 milljónir danskra króna til ráðstöfunar fyrir samstarfsráðherrana á fjárlögum fyrir árið 2008. Sú ákvörðun forsætisráðherranna að beina norrænu samstarfi inn á nýjar brautir í þeim tilgangi að nýta í sameiningu tækifæri og bregðast við áskorunum hnattvæðingar, hefur þegar sett ráðherranefndinni nýja dagskrá. Á komandi árum mun hnattvæðing og málefni sem henni tengjast hafa forgang í samstarfinu.

Fyrir utan afmörkuð verkefni vegna hnattvæðingar lögðu samstarfsráðherrarnir áherslu á nokkur meginsvið í fjárlögunum 2008. Líkt og mörg undanfarin ár verður samstarf um rannsóknir og nýsköpun áfram í forgangi til að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda, en rannsóknarverkefni með sameiginlegri norrænni fjármögnun hafa tekist vel. Þá var lögð áhersla á að leita sameiginlegra lausna á ýmsum viðfangsefnum sem norræna velferðarkerfið stendur frammi fyrir auk þess sem samstarf á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála hafði forgang. Sem fyrr var samstarfið á menningarsviði annað stærsta aðgerðasvið ráðherranefndarinnar en fyrirkomulag þess var endurskipulagt árið 2007 til að auka skilvirkni. Aðrir áhersluþættir sem birtast í fjárlögunum 2008 voru samstarf á sviði jafnréttismála, aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum, samstarf um að koma á framfæri nýrri norrænni matargerðarlist og aukið samstarf við nágrannalöndin í Norður-Evrópu og við Eystrasalt.

Norrænn áttaviti.

Undirbúningur fyrir formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni einkenndi starfsemina á árinu, en hann hófst snemma árs og fór fram í samstarfi allra ráðuneyta sem taka

þátt í norrænu samstarfi. Samræmd verkefnaáætlun var síðan kynnt á Norðurlandaráðsþingi í lok október undir fyrirsögninni Norrænn áttaviti. Í henni er skírskotað til hnattvæðingaráherslunnar og að Norðurlönd geti í sameiningu vísað veginn við að taka á úrlausnarefnum sem óhjákvæmilega kalla á alþjóðlega samvinnu.

Áætlunin skiptist í fjögur meginþemu:

– *Norrænn aflvaki* vísar til þess að ný þekking, nýsköpun, aðlögunarhæfni og frumkvæði mun styrkja samkeppnisstöðu Norðurlanda.
– *Styrkur Norðurlanda* felst í sameiginlegu gildismati, lýðræði, jafnrétti og samábyrgð á velferð og heilsu, auk almenns skilnings á því að menntun og vísindi eru grundvöllur framfara, svo og skapandi framtak einstaklinga, fyrirtækja og samfélagshópa.
– *Svar Norðurlanda* við loftslagsvanda snýst annars vegar um að fyrirbyggja og draga úr umfangi loftslagsbreytinga og hins vegar að því að aðlagast þeim sem best í atvinnulífi og við nýtingu auðlinda.
– *Hnattvædd Norðurlönd* vísar til þess að norrænt samstarf tekur mið af alþjóðasamfélaginu og þeim tækifærum sem felast í hnattvæddum heimi.

Innan hvers þema eru skilgreind verkefni og viðburðir sem spanna öll samstarfssviðin eða rúmlega 60 talsins og ætla Íslendingar að eiga frumkvæði að meira en helmingi þeirra. Af formennskuverkefnum Íslendinga má nefna gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið, samanburðarrannsókn á viðhorfum æskufólks á Norðurlöndum til íþrótta-, félags- og tómstundastarfa, samanburðarrannsókn á þátttöku norrænna karla og kvenna í stjórnmálum og stjórnum, þróun og þýðingu á hugbúnaði fyrir netið til að reikna út eyðslu og verð á ólíkum orkugjöfum fyrir hinar ýmsu tegundir bifreiða, kynnisferð fyrir norrænt æskufólk um Vatnajökulsþjóðgarð og norrænt málþing um hugmyndafræðina að baki verkefninu *Skólahreysti*. Með þessu er fátt eitt upp talið en nánari upplýsingar og fréttir af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni eru á vefslóðinni www.norden2009.is

Starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Á árinu var unnið að endurskoðun á leiðbeinandi reglum um samstarf fagráðherranefnda við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, en gildistími þeirra var 2006–2008. Með þeim reglum var á sínum tíma brotið blað í samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæðin, horfið var frá því sem kalla mætti þróunaraðstoð, en þess í stað tekið upp samstarf á jafnræðisgrundvelli. Nýjar reglur um samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland fyrir tímabilið 2009–2013, sem byggja á sömu meginreglum um jafnræði samstarfsaðila, voru samþykktar á fundi samstarfsráðherranna í september og kynntar á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október. Í sama anda var unnið að nýrri mannaskiptaáætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem einnig nær yfir tímabilið 2009–2013, en slíkar áætlanir hafa verið ein áhrifaríkasta leið ráðherranefndarinnar til að efla samskipti við grannríkin. Enn fremur er í gildi áætlun um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta sem nær til Norðvestur-Rússlands, en mannaskipti er snar þáttur í henni. Þá var áfram unnið eftir áætlun ráðherranefndarinnar um stuðning við frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu, en þar er ekki krafist fjármögnunar frá samstarfsaðilum.

Stuðningur ráðherranefndarinnar við European Humanities University, landflótta hvítrússnesks háskóla með starfsemi í Vilníus í Litháen, tók nýja stefnu á árinu þegar stofnaður var styrktarsjóður til að fjármagna rekstur hans með aðsetur á ráðherranefndarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Margir styrktaraðilar, þeirra á meðal ESB, láta fé renna til sjóðsins og hefur það eflt og styrkt starfsemi skólans til muna. Verkefnið um EHU telst eitt af stjörnuverkefn-

um ráðherranefndarinnar á árinu og hefur það nú þegar breytt lífi fjölmargra ungmenna í Hvíta-Rússlandi. Fjallað er nánar um EHU í kafla um grannsvæðasamstarf.

Hnattvæðingaráherslan.

Sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við áhrifum hnattvæðingar voru mjög í forgrunni á árinu. Alls voru 14 svokölluð hnattvæðingarverkefni í vinnslu en vegna þeirra voru eyrnamerktar 60 milljónir danskra króna á norrænu fjárlögunum. Um mitt ár gaf framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar skýrslu um framvindu þeirra á fundi forsætisráðherranna sem haldinn var í Svíþjóð. Sameiginleg áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála var umfangsmest og fjárfrekust. Ötullega var unnið að undirbúningi hennar í góðri samvinnu rannsóknaráða og nýsköpunarmiðstöðva og lá hún fyrir, samþykkt af mennta- og vísindaráðherrunum, um áramótin. Áætlunin er fyrir tímabilið 2009 til 2013 og er gert ráð fyrir að opinber kostnaður vegna hennar nemi 480,8 milljónum sænskra króna. Hún verður fjármögnuð með framlögum frá ráðherranefndinni, frá löndunum, auk norrænu stofnananna NordForsk, Nordisk InnovationsCenter og Nordisk Energiforskning.

Orkusýningin *Energiexpo* varð að veruleika þegar ráðstefnan og sýningin *Nordic Climate Solutions* var haldin í Kaupmannahöfn 25. nóvember en þar var ný tækni og sjálfbær orkunotkun í brennidepli.

Fyrsta norræna hnattvæðingarþingið var haldið í Riksgränsen 8.–9. apríl og á haustmánuðum hófst undirbúningur að því næsta sem haldið var í Bláa Lóninu á Íslandi 26.–27. febrúar 2009.

Ekki náðist sátt við Norðurlandaráð um að stofna til nýsköpunarverðlauna.

Gränshindersforum, sérstakur vettvangur sem hefur það hlutverk að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum, hélt fimm fundi á árinu og einbeitti sér sérstaklega að nokkrum afmörkuðum sviðum. Um 20 úrlausnarefni voru tekin til nákvæmrar skoðunar og 9 tillögum til úrbóta var beint til ráðherra í löndunum sem báru ábyrgð á tilteknum málaflokkum.

Ráðherrar atvinnu-, orku- og byggðamála ákváðu á fundi sínum í lok september að fara í sameiginlegt átak um að kynna norræna nýsköpun í Asíu. Ætlunin er að taka upp og efla samstarf þeirra norrænu nýsköpunarmiðstöðva sem eru nú þegar í álfunni og að þau lönd sem eru ekki með slíkar stöðvar geti tengst starfinu gegnum sendiráð sín.

Unnið var að undirbúningi fyrir framlag Norðurlanda til nýrrar samningagerðar um loftslagsmál 2009, en það verður með tvennum hætti. Annars vegar verður settur á laggirnar norrænn COP15-hópur sem mun standa fyrir ráðstefnum og öðrum viðburðum og senda að auki frá sér skýrslur og tillögur sem eru til þess fallnar að greiða fyrir alþjóðlegum samningum í loftslagsmálum. Hins vegar er um að ræða nokkur upplýsingaverkefni sem eiga að sýna hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á Norðurskautið. Góður skriður var einnig á öðrum verkefnum, svo sem undirbúningi að samnorrænum viðburði á heimssýningunni í Sjanghæ 2010, samræmingu á norræna raforkumarkaðnum til að gera orkuframboð tryggara og skilvirkara og eflingu á norrænu rannsókna- og nýsköpunarumhverfi í samræmi við áætlunina NORIA (Nordic Research and Innovation Area), en markmið hennar er að styrkja samkeppnisfærni Norðurlanda með því að búa til opinn og sameiginlegan markað fyrir rannsóknir og nýsköpun.[1]

[1]Sjá: http://www.norden.org/is/samstarfssvith/hnattvaething

Norræni þróunarsjóðurinn

Á árinu voru málefni Norræna þróunarsjóðsins (Nordic Development Fund) til skoðunar hjá samstarfsráðherrunum. Sjóðurinn, sem var stofnaður 1988, veitir hagstæð lán til fátækustu ríkja heims. Danir ákváðu 2005 að hætta að greiða í sjóðinn og stóð lengi til að leggja hann niður. Hins vegar mun endurgreiðslum til sjóðsins ekki að fullu lokið fyrr en 2045. Vegna þessa var gerð úttekt á því hvaða leiðir væru ákjósanlegastar til að ráðstafa þeim miklu fjármunum sem koma til endurgreiðslu á næstu áratugum. Niðurstaðan varð sú að halda rekstri sjóðsins áfram þar til fé hans er uppurið og að hlutverk hans og umboð verði endurskilgreint þannig að endurgreiðslur verði nýttar sem gjafafé til að aðstoða fátækustu ríki heims, meðal annars til að bregðast við loftslagsbreytingum og finna sjálfbærar orkulausnir. Sjá nánar um Norræna þróunarsjóðinn í 17. kafla.

Áætlunin um sjálfbæra þróun 2009–2012.

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun er eitt þeirra verkefna sem formlega heyrir undir samstarfsráðherrana, þó svo að framkvæmdin sjálf sé á ábyrgð og verksviði fagráðherranefnda. Áætlunin er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherranna frá 1998. Á árinu var unnið að nýrri áætlun sem á að gilda á tímabilinu 2009–2012. Hún hefur skýrt afmörkuð markmið með áherslu á fjögur meginstef:

– Loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku.
– Sjálfbæra neyslu og framleiðslu.
– Framtíð norræna velferðarkerfisins.
– Þátttöku borgaranna og Staðardagskrá 21.

Enn fremur tekur áætlunin mið af hnattvæðingarvinnunni og eftirfylgni við hana svo og verndun Eystrasaltsins. Áætlunin var kynnt á þingi Norðurlandaráðs og afgreidd endanlega á fundi samstarfsráðherranna í desember. Að frumkvæði Svía sendu forsætisráðherrarnir einnig frá sér nýja yfirlýsingu um sjálfbæra þróun eftir fund þeirra í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október 2008.

Norðurskautssamstarf 2009–2011

Ný og endurskoðuð Norðurskautsáætlun fyrir árin 2009–2010 var samþykkt á árinu. Löndin hafa verið sammála um að Norðurskautsráðið sé vettvangur þar sem norrænt samstarf um norðurslóðamál eigi að fara fram og hafa þeir norrænu fjármunir sem ætlaðir eru í samstarf á norðurskautinu að mjög miklu leyti runnið til verkefna sem ráðið hefur átt frumkvæði að. Fulltrúar landanna í ráðinu sitja jafnframt í sérfræðingahópi Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins og meta þær umsóknir sem berast í Norðurskautsáætlunina um fjárframlög til ýmissa verkefna sem varða þennan heimshluta. Samkvæmt nýrri áætlun verða áherslur með svipuðum hætti og verið hefur:

– Loftslagsbreytingar og efnamengun á Norðurskautinu.
– Stuðningur við eftirfylgni og útbreiðslu á norrænum rannsóknarniðurstöðum um Norðurskautið.
– Framhald á alþjóðlegu samstarfi sem hófst með Alþjóðlega heimskautaárinu.

Fjárhagsrammi Norðurskautsáætlunarinnar hefur undanfarin ár verið u.þ.b. 8,3 milljónir danskra króna en verkefni á vegum hinna ýmsu ráðherranefnda styðja einnig við starf Norrænu ráðherranefndarinnar á Norðurskautssvæðinu.

Norræna velferðarstofnunin – ný stofnun á félags- og heilbrigðissviði.

Á vettvangi félags- og heilbrigðisráðherranna var unnið að því að endurskipuleggja og einfalda samstarfið til þess að gera það skilvirkara. Af hálfu embættismannanefndar um félags- og heilbrigðismál var einkum skoðað hvort fækka mætti í hópi þeirra stofnana og fastanefnda sem ráðherrarnir hafa haft á sínum snærum. Nefndin kynnti ráðherrunum tillögu sína á fundi í byrjun júní og var samþykkt að hrinda henni í framkvæmd. Tillagan gerði ráð fyrir að Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH), Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS), Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD) og Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) yrðu allar lagðar niður. Eftir munu standa tvær stofnanir á félags- og heilbrigðissviði. Norræni lýðheilsuskólinn í Gautaborg mun starfa áfram og ný stofnun með útibúum í Finnlandi og Danmörku, *Norræna velferðarstofnunin* (Nordiska välfärdscentret) með höfuðstöðvar í Stokkhólmi, var sett á laggirnar. Hún hóf starfsemi 1. janúar 2009.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á samráð við Norðurlandaráð á flestum sviðum og sérstaklega að því er varðar gerð fjárhagsáætlunar fyrir norrænt samstarf. Venju samkvæmt voru á árinu haldnir nokkrir fundir um fjárhagsáætlunina og var af hálfu ráðherranefndarinnar leitast við að koma til móts við flestar breytingartillögur Norðurlandaráðs. Báðir aðilar voru sammála um að veita hnattvæðingarverkefnunum forgang, en að auki lagði ráðið áherslu á að veita lýðræðisuppbyggingu og eflingu Norðlægu víddarinnar á Eystrasaltssvæðinu forgang sem og að auka fjárveitingu til Menningarsjóðsins og Nordjobb. Ráðherranefndin fór að óskum ráðsins að meginefni til og voru fjármunir færðir milli fjárlagaliða. Þá má nefna að á tilteknum fjárlagaliðum voru 3 milljónir danskra króna eyrnamerktar baráttunni gegn mansali. Venju samkvæmt beindi Norðurlandaráð ályktunum sínum til Norrænu ráðherranefndarinnar og til ríkisstjórna Norðurlanda. Skrifstofa ráðherranefndarinnar ásamt formennskulandinu afla svara frá löndunum og setja saman í eina skýrslu sem send var ráðinu um mitt ár. Árið 2008 voru ályktanir Norðurlandaráðs 30 talsins, af þeim voru 15 frá árinu 2007 en hinar 15 voru frá fyrri árum. Auk þess berast bæði formennskulandi og skrifstofu ráðherranefndarinnar fjölmargar fyrirspurnir frá ráðinu sem svara þarf innan tilskilins tíma. Samstarfsráðherra leggur áherslu á að eiga eins gott samstarf og unnt er við Íslandsdeild Norðurlandaráðs og nefndir ráðsins.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda funduðu í apríl og í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Þeir áttu einnig reglubundinn fund með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna (NB8) í september. Árlegur fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda var haldinn í Helsinki í október. Þá áttu ráðherrarnir að venju með sér samráðsfund í New York í tengslum við setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í september. Áralöng hefð er fyrir óformlegum fundi ráðherranna með utanríkisráðherrum Afríkuríkja og var hann haldinn í Gaborone í mars.

Á fundi utanríkisráðherranna í Stokkhólmi 18. apríl voru ræddar leiðir til að dýpka samstarf norrænu þjóðanna og samhæfa fjölþætt samstarfsverkefni á alþjóðavettvangi sem ýmist eru unnin sameiginlega eða í samstarfi tveggja eða fleiri ríkja á norrænum vettvangi, stundum meðal NATO-ríkja og innan ESB eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Norðmenn, Finnar og Svíar eiga með sér þríhliða samstarf um öryggismál á landamærum norðursvæða,

Íslendingar eru í tvíhliða samstarfi við Dani og Norðmenn um öryggismál á Norður-Atlantshafi og Finnar og Svíar eru í PfP-samstarfi NATO. Öll norrænu ríkin starfa á einn eða annan hátt saman að friðargæslu. Fjallað var um aukið samstarf til að auka virkni á vettvangi er varðar sameiginlegar æfingar friðargæsluliða og aðstoð við óbreytta borgara á hættusvæðum. Þá voru rædd öryggismál á norðurslóðum þar sem Norðurlönd hafa á undanförnum árum haft stóraukið samráð.

Norrænu ríkin koma sameiginlega að nokkrum svæðisbundnum samtökum; Norðurlandaráði, Eystrasaltsráði, Barentsráði og Norðurskautsráði. Mikilvægt var talið að Norðurlandaþjóðir væru alls staðar í lykilhlutverki í þessum samtökum og að frumkvæði kæmi frá þeim. Nokkuð löng reynsla er komin á þetta margháttaða norræna samstarf og var talið að tækifæri gæfist til að samhæfa það og bæta í samræmi við eðli verkefna hverju sinni. Svíar sem formennskuþjóð tóku að sér að gera heildstætt yfirlit yfir norræn samstarfsverkefni víða um heim sem komi til umfjöllunar á síðari fundum ráðherranna.

Ráðherrarnir ákváðu á aukafundi í Lúxemborg í júní að ganga frá umboði til að setja á stofn vinnuhóp undir leiðsögn Thorvalds Stoltenbergs, fyrrum utanríkisráðherra Noregs, sem hefði það hlutverk að setja fram tillögur um leiðir til þess að efla og dýpka norræna samvinnu í öryggis- og varnarmálum næstu 10–20 ár. Var Stoltenberg falið að skila skýrslu til ráðherranna fyrir árslok 2008. Núverandi samstarf Norðurlanda á þessum sviðum alþjóðlegra skuldbindinga var lagt til grundvallar fyrir störf vinnuhópsins. Tilgangurinn var að hvetja til umræðu um öryggis- og varnarmál í ljósi breyttra aðstæðna í norðanverðri Evrópu og íhuga hvernig opna megi fyrir endurnýjað og framsækið norrænt samstarf. Vinnuhópurinn er sjálfur ábyrgur fyrir niðurstöðum sínum og tillögum og bindur ekki hendur utanríkisráðherranna. Ráðherrarnir ræddu málið frekar á fundi sínum í Helsinki í október og kynntu á fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Á aukafundi ráðherranna í Kaupmannahöfn í desember var ákveðið að skýrsla Stoltenbergs yrði lögð fyrir ráðherrafund í febrúar 2009 og hún þá jafnframt gerð opinber. Niðurstöður yrðu síðan kynntar undir formennsku Íslendinga á fundi utanríkisráðherranna í Reykjavík í júní 2009.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var rætt reglulega á fundum ráðherranna og var forgangsmál allra utanríkisráðuneyta sem sameiginlegt framboð sem undirstrikaði norræna samstöðu á alþjóðavettvangi.

Norðlæga víddin var einnig á dagskrá ráðherranna og ný tenging ESB við hana með Ísland, Noreg og Rússland sem samningsaðila. Norðlæga víddin leggur áherslu á samgöngur, hafnarmál, flutninga og heilbrigðis- og menningarmál. Hún styrkir enn frekar gott samstarf við Rússa í öllum fyrrnefndum svæðastofnunum þar sem norrænu ríkin starfa náið saman. ESB hefur sýnt norðurslóðum aukinn áhuga, einkum fyrir tilstuðlan Finna og Svía, og er að móta afstöðu til uppbyggingar á svæðinu. Var talið nauðsynlegt að Íslendingar og Norðmenn kæmu einnig að þeirri vinnu.

Málefni Norðurskautsráðsins hafa verið ofarlega á baugi á fundum utanríkisráðherranna, en ráðið er lykilstofnun á norðurslóðum. Það hefur fram til þessa verið ópólitískur samstarfsvettvangur, en ljóst er að pólitískt hlutverk þess verður meira vegna breyttra aðstæðna. Fjarlægari þjóðir, t.d. Indverjar, Kínverjar og Suður-Kóreumenn, hafa sýnt áhuga á því að fá áheyrnaraðild að ráðinu. Ákveðin skörun er á milli Norðurskautsráðsins og annarra svæðastofnana og geta Norðurlönd samræmt starfsemina. Aðgangur að auðlindum Norðurskautssvæðisins verður greiðari með opnun nýrra siglingaleiða og eru norrænu ríkin sammála um að styrkja samstarf í ráðinu til að tryggja að nýting auðlinda verði sjálfbær og vistvæn.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) var haldinn í Eistlandi í september. Þar var m.a. fjallað um mótun Eystrasaltsstefnu ESB sem er í svokölluðu stofnanaferli. Eystrasaltsríkin og norrænu ESB-ríkin hafa beitt sér fyrir því að að málefni Norður-Evrópu verði sýnilegri í starfsemi ESB en hingað til. Stefnan verður væntanlega mörkuð í upphafi formennskutíma Svía um mitt ár 2009. Ráðherrar lögðu áherslu á að þetta verkefni ESB ætti ekki að hafa slæm áhrif á annars frábært starf svæðastofnana fram til þessa, einkum Norðlægu víddarinnar og Eystrasaltsráðsins, og jákvæða þátttöku Rússa. Litið er á þetta sem innri markmið ESB.

5. Menningarsamstarf.

Norræna ráðherranefndin í menningarmálum (MR-K) hélt tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Svíþjóð þar sem ráðherrar ræddu við starfsfélaga sína frá Eystrasaltsríkjunum um þátttöku þeirra í norræna dvalar- og gistiverkefninu. Þá var einnig rætt um áhugaverð og góð fordæmi um velheppnuð verkefni sem stuðla að barnamenningu. Á fundinum var einnig tekin ákvörðun um hvar mætti spara til að mæta fjárþörf vegna gildandi hnattvæðingarstefnu. Ákveðið var að ekki yrði um flatan niðurskurð að ræða heldur skyldi frekar draga úr eða fella niður fjárveitingar til ýmissa mála, eins og t.d. stuðnings til íþróttasambanda Vestur-Norðurlanda og til viðhalds á Norræna húsinu í Reykjavík og Norðurlandahúsinu í Færeyjum. Með þessu móti var hægt að tryggja fjárveitingar til þeirra málaflokka sem ráðherrarnir hafa verið sammála um að efla, eins og Norrænu menningargáttina.

Í ljósi þess að forsætisráðherrarnir lögðu í hnattvæðingarstefnu sinni litla sem enga áherslu á menningarmál var ákveðið að láta skrifa skýrslu um þýðingu og hlutverk menningar og lista í því hnattvæðingarferli sem sett hefur verið af stað, m.a. með því að beina sjónum að Norðurlöndum á alþjóðavettvangi sem skapandi menningarsvæði. Var skýrslan samþykkt á síðari fundi ráðherranna sem fram fór 29. október í Helsinki og ákveðið að kynna hana fyrir forsætisráðherrum. Í skýrslunni er annars vegar lögð áhersla á menningu, atvinnulíf og upplifunargeirann og hins vegar á menningarlega fjölbreytni og samræður ólíkra menningarhópa. Fram kemur að Norðurlönd eru meðal þeirra fremstu í heiminum sem framleiða vandað efni fyrir börn og ungt fólk, hvort heldur er í bókmenntum, kvikmyndum, tónlist eða sjónvarpsefni og eru jafnframt framarlega í hönnun og byggingarlist. Til að gera enn betur þurfi fleiri að koma hér að, m.a. norrænar stofnanir, en einnig norræna iðnaðar- og atvinnumálaráðherranefndin og KreaNord sem vinni sameiginlega fyrir ráðherranefndirnar. Meðal verkefna sem lagt er til að ráðist verði í á norrænum vettvangi er hönnunarsýning á heimssýningunni (EXPO) í Shanghæ árið 2010, bókamessa í París árið 2011 og kynning á norrænum kvikmyndum á alþjóðlegum hátíðum. Á októberfundinum lagði menntamálaráðherra fram formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009. Skýrslan ber heitið *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga* og er sameiginleg áætlun á sviði vísinda, menningar og mennta.

Nokkrar nefndir störfuðu á árinu:

- Nefnd um endurskoðun á framkvæmdaáætlun norræns menningarsamstarfs árin 2007–2010.
- Nefnd sem gera á tillögur um hvað gert verði við fjölmörg grafíklistaverk sem listamenn skildu eftir sig í Sveaborg í Finnlandi þegar norræna myndlistarmiðstöðin var lögð niður.
- Nefnd um sameiginlega tilveru og menningarlega fjölbreytni.
- Nefnd um samstarf atvinnulífs og menningar.

– Nefnd um norræna nálgun sem hefur það verkefni að setja fram tillögur um norrænt-rússneskt menningarsamstarf og fylgja eftir menningarverkefnum, m.a. í samstarfi við svæðisbundin samtök ásamt tvíhliða og fjölþjóða menningarsamvinnu.
– KreaNord, sameiginleg nefnd menningarmálaráðherranna og iðnaðarráðherranna um skapandi atvinnugreinar.

Þrátt fyrir að samvinna Norðurlanda í menningarmálum sé fyrirferðarmest hjá ráðherranefndinni er einnig ágætt samstarf milli ráðuneyta menningarmála í þeim málaflokkum sem norræna samstarfið tekur ekki yfir, svo sem á sviði höfundaréttar, fjölmiðla, íþrótta og menningararfs. Í samstarfi Vestur-Norðurlanda, samkvæmt samningi um mennta-, menningar- og vísindamál, var unnið að undirbúningi að hönnunarsýningu í Norræna húsinu í Reykjavík árið 2009 með þátttöku allra þjóðanna. Á norrænum vettvangi hefur einnig verið unnið að því að ná fram betri yfirsýn yfir æskulýðsrannsóknir.

Norræna barna- og æskulýðsnefndin.

Norræna barna- og æskulýðsnefndin (Nordbuk) hefur það hlutverk að stuðla að bættum lífskjörum barna og ungmenna og auknum áhrifum þeirra á umhverfi sitt og þjóðfélagið almennt. Samkvæmt áætlun ráðherranefndarinnar 2006–2009 hefur verið lögð áhersla á þverfaglegt samstarf á ýmsum sviðum. Nefndin hefur sóst eftir frekari þátttöku í starfi hinna ýmsu fagsviða, því þar sem fjallað er um málefni af þýðingu fyrir börn og unglinga er aðkoma ungs fólks mikilvæg. Þetta hefur verið gert þannig að nefndin hefur skipað starfshópa sem hafa fjallað um sömu málefni og samstarfsráðherrarnir. Til þess þarf þátttöku ungs fólks og getur *Nordbuk* í samvinnu við æskulýðssamtök landanna virkjað ungt fólk í slík verkefni. Helstu leiðir eru annars vegar stuðningur við æskulýðssamtök í löndunum og við verkefni æskulýðssamtaka og hins vegar eigin starfsemi. Í framkvæmdaáætlun fyrir árin 2006–2009 koma fram helstu markmið. Þau eru helst: að styðja við barna- og æskulýðssamtök og norrænt samstarf barna og ungmenna; styðja þróun og kynna nýjar leiðir til þátttöku barna og ungmenna í lýðræðisstarfi; margbreytileiki meðal þeirra sem hljóta styrki; bæta þekkingu barna og ungmenna á mannréttindum og lýðræði; auka samráð og samræmingu í öðru alþjóðlegu barna- og æskulýðssamstarfi; bæta þekkingu á börnum og ungmennum og miðla henni.

Verkefni sem unnið var að á árinu 2008 og áfram verða á dagskrá eru:

– Vefsíða fyrir börn og ungmenni, en samstarf hefur náðst við danska ríkisútvarpið um að sinna verkefninu. Vefsíðan mun miðla fræðsluefni um menningu Norðurlanda.
– Lifandi bókasafn (Menneskebibliotek) er verkefni sem farið hefur sigurför um heiminn, en það á enn mikið erindi við umheiminn.
– Undirbúningur rannsóknarinnar *Ungt fólk* sem gerð verður á Norðurlöndum á árinu 2009 undir formennsku Íslendinga.

Norræna menningarstofnunin á Álandseyjum.

Menningardagskrá norrænu menningarstofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ) á ári hverju er ætíð fjölbreytt. Á árinu voru viðburðir sem tengdust tónlist, leikhúsi, bókmenntum og barnamenningu. Mánaðarlegar fyrirlestraraðir, *Norrænar raddir,* eru fastir liðir í starfinu og njóta talsverðrar hylli meðal eyjaskeggja. Einnig er efnt til menningarhádegisfunda með listamönnum nokkrum sinnum yfir vetrartímann. Ýmis námskeið eru í boði hjá stofnuninni og hafa þau notið mikilla vinsælda. Gefin er út vegleg dagskrá fyrir allt árið og er hún vel kynnt meðal almennings. NIPÅ hefur fasta samstarfsaðila og á gott samstarf við stofnanir og félög

vegna þeirra verkefna sem í boði eru hverju sinni. Mikil ánægja var með þemaverkefnið *Mord i Norden,* en til Álandseyja komu norrænir glæpasagnarithöfundar til að kynna og lesa upp úr bókum sínum. Frá Íslandi kom Yrsa Sigurðardóttir. Einnig var leikritið *Hellisbúinn* sýnt. Aðrir viðburðir voru m.a. stefnumót við unga norræna myndlistarmenn, tónleikar með ungu fólki frá Álandseyjum, baltneskir músíkdagar og norræn sagnakvöld. NIPÅ hefur nú fengið góða aðstöðu í hjarta Maríuhafnar, við hlið hins nýja óperuhúss, og er það ætlun stofnunarinnar að styrkja enn frekar stöðu sína í samfélaginu og vera áfram sýnileg. Formaður stjórnar NIPÅ til ársloka 2008 var Guðrún Ögmundsdóttir.

Norræna menningargáttin.

Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord) hóf starfsemi árið 2007. Hún hefur umsjón með ferða- og dvalarstyrkjum annars vegar og lista- og menningarstyrkjum hins vegar. Signý Ormarsdóttir hefur setið í stjórn Menningargáttarinnar frá febrúar 2008, en Bergljót Jónsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Starfsmaður á Íslandi er Þuríður Helga Kristjánsdóttir og hefur hún aðsetur í Norræna húsinu. Væntingar standa til þess að Menningargáttin verði með tímanum öflug norræn stofnun með sterku alþjóðlegu tengslaneti.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur er nú formaður dómnefndar um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og er fulltrúi Íslands ásamt Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni rithöfundi. Starf dómnefndar er tvíþætt; annars vegar felst það í því að velja á hverju ári þau tvö verk sem tilnefnd eru af Íslands hálfu til verðlaunanna og hins vegar í því að lesa tilnefnd verk frá öllum löndum og velja verðlaunaverkið.

Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn er mikilvægur sjóður sem menningarmálaráðherrar Norðurlanda veita fé til. Tilgangur hans er að styrkja menningarsamstarfið með því að veita styrki til ákveðinna verkefna á Norðurlöndum og til norrænna verkefna í öðrum löndum. Fulltrúar Íslands árið 2008 voru Rannveig Guðmundsdóttir, fv. þingmaður og Stefán Baldursson óperustjóri. Á árinu bárust alls 774 umsóknir til sjóðsins, þar af hlutu 272 styrk og úthlutað var rúmlega 27 milljónum danskra króna. Íslendingar mega mjög vel við una, því rúmlega helmingur íslensku umsækjendanna fengu styrk (21 af 38 umsóknum). Í hlut Íslands komu rúmlega 35 milljónir íslenskra króna. Þá tengist Ísland mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur. Af þeim 272 verkefnum sem hlutu styrk voru 58 viðburðir haldnir á Íslandi að hluta eða að öllu leyti og Íslendingar tóku þátt í 147 verkefnum.

Sjóðstjórnin á sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Annað hvert ár er veruleg styrkupphæð veitt til norrænnar safnasýningar, sem fer á milli landanna og hefur söfnum gefist kostur á að sækja um fjármagn til þess að koma upp sýningum að frjálsu vali en með norrænni tengingu. Fyrsta sýningin var opnuð 2005 og hét Kongóspor – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlönd í Kongó. Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til í söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norrænna manna í Kongó og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd. Næsta sýning, sem enn er á sýningarferðalagi heitir Bjartar nætur – dimmir dagar og fjallar um áhrif bjartra nótta og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrota, sem búa norðan heimskautsbaugs. Norræna stórsýningin, sem opnuð verður á þessu ári, hefur á sér alþjóðlegra yfirbragð en ofangreindar sýningar og er

það í takt við yfirlýsta stefnu í norrænni samvinnu að taka mið af vaxandi alþjóðavæðingu. Þessi sýning er um loftslag, list og tækni og ber heitið Impact – list á tímum loftslagsbreytinga. Verður hún opnuð í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í árslok 2009. Stjórn menningarsjóðsins hefur ákveðið að framvegis muni þessar stóru norrænu sýningar ekki einskorðast við söfnin eða myndlistina heldur ná til annarra listgreina. Þannig verður næst veittur verulegur styrkur til viðburðar innan sviðslista. Þá hefur stjórn sjóðsins lagt áherslu á að efla þátttöku og aðild nýbúa og innflytjenda að menningarviðburðum og er starfandi nefnd á vegum sjóðsins, skipuð listamönnum og nýbúum, sem halda mun ráðstefnu og hvetja til menningarviðburða „nýrra“ Norðurlandabúa og vekja athygli þeirra á Norræna menningarsjóðnum. Sjóðurinn hefur jafnfram tekið þátt í ráðstefnum í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld á Norðurlöndum um efnið Menning og heilsa og styrkt rannsóknir og kannanir á skilningi ungmenna á öðrum norrænum tungumálum. Á árinu var einnig gerð úttekt á starfsemi sjóðsins undanfarin ár sem birtist í skýrslunni Nordiska kulturfonden – En utvärdering och omvärldsanalys 2008. Kemur þar fram að starfsemi sjóðsins sé skilvirk og í samræmi við yfirlýst markmið. Nánari upplýsingar og fréttir af starfi Norræna menningarsjóðsins eru á heimasíðunni: www.nordiskkulturfond.org

Íslenskar umsóknir sem hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum árið 2008:

- *Listabókasöfn – aðgangur að menningararfinum.* Ráðstefna starfsmanna listabókasafna á Norðurlöndum, haldin á Þjóðminjasafninu í Reykjavík.
- *Mannamyndir Sigurjóns Ólafssonar.* Afmælissýning í tilefni aldarafmælis Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, haldin í Nationalhistorisk Museum í Frederiksborg í Danmörku.
- *Staðfuglar – farfuglar.* Listasýning 30 norrænna myndlistarmanna haldin á Akureyri og um Eyjafjörð. Efni og hugmyndir listaverkanna byggja á þemanu farfuglar, innflytjendur, útflytjendur.
- *Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF).* Áhersla á norræna kvenleikstjóra og kvikmyndir þeirra.
- *Ráðstefna tónlistarbókasafna norrænu listaháskólanna.* Haldin í Reykjavík á vegum Listaháskóla Íslands með þátttöku frá öllum norrænu ríkjunum og Juilliard listaháskólanum í New York.
- *Norrænir kvennasagnfræðingar.* Ráðstefna á vegum Kvennasögusafns Íslands með um 150 þátttakendum frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og víðar.
- *Hið norræna og hið þjóðlega.* Styrkur til útgáfu rits um áhrif íslenskra miðaldabókmennta á menningu og stjórnmál Norðurlanda á 19. öld. Tólf höfundar frá Norðurlöndum og fleiri Evrópulöndum.
- *Stafræn miðlun menningararfsins.* Ráðstefna á vegum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands með þátttöku hvaðanæva af Norðurlöndum.
- *Hornahátíðin 2008.* Ráðstefna norrænna hornleikara, haldin í Hafnarfirði á vegum Félags íslenskra hornleikara með þátttöku hátt í hundrað hljóðfæraleikara.
- *Norræn goðafræði í þúsund ára kristni.* Kennslubók gefin út af Norræna félaginu á Íslandi á þremur tungumálum: skandinavísku, finnsku og ensku.
- *Bráðið vatn.* Myndlistarsýning 10 norrænna myndlistarkvenna, þar af fimm íslenskra, haldin á Akureyri. Farandsýning, sem einnig verður sýnd í Danmörku, Grænlandi, Berlín og New York.
- *Þjóðlagaakademía – íslensk þjóðlög.* Námskeið og ráðstefna um íslensk þjóðlög fyrir norræna tónlistarnemendur. Haldin á Siglufirði á vegum Þjóðlagasetursins.

– *Þýðing menningar.* Alþjóðleg ráðstefna um menningar- og tungumálasamskipti ólíkra menningarheima, haldin á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
– *Náttúra – manngert umhverfi.* Vinnustofa í myndlist, innblásin af náttúrunni annars vegar og manngerðu umhverfi hins vegar, fyrir norræna táninga á aldrinum 13–16 ára. Skipuleggjendur: Myndlistaskólinn í Reykjavík í samvinnu við danska og finnska myndlistarskóla. Vinnan fór fram í Listasetrinu á Eiðum í samvinnu við þá stofnun.
– *Orgelsumar í Hallgrímskirkju.* Orgelhátíð á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju með þátttöku 9 organista frá Norðurlöndum.
– *Norrænt bókband.* Bókbandssýning yfir eitt hundrað bókbindara frá Norðurlöndum. Allir binda þeir inn sömu ljóðabókina með 90 ljóðum eftir norræn ljóðskáld, myndskreytta af norrænum myndlistarmönnum. Sýningin er farandsýning sem opnuð verður í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.
– *Víkingaráðstefna á Íslandi.* Alþjóðleg ráðstefna fornleifafræðinga, sagnfræðinga, málvísindamanna, bókmenntafræðinga og vísindamanna úr fleiri greinum, sem fjalla um víkingatímann í fyrirlestrum og á umræðufundum. Skipuleggjendur eru Háskóli Íslands, Þjóðminjasafnið, Stofnun Árna Magnússonar o.fl.
– *List án landamæra.* Listahátíð fatlaðra haldin í samstarfi við fjölmörg félög og samtök og með þátttöku fatlaðra listamanna frá Norðurlöndum. Viðburðir verða í Reykjavík, Borgarnesi, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.
– *Blúshátíð í Reykjavík.* Tónlistarhátíð norrænna blústónlistarmanna sem m.a. mynda nýtt norrænt blúsband, Nordic All Star Blues Band.
– *Hugmyndabanki um norræna/íslenska menningu.* Röð málþinga um menningarrannsóknir á Norðurlöndum, menningararf og breytt menningarviðhorf í ljósi alþjóðavæðingar. Fyrirlesarar frá öllum norrænu ríkjunum. Umsjón hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
– *Draumar 2009.* Leiklistarhátíð daufdumbra haldin á vegum leikhópsins Draumasmiðjunnar í Reykjavík með þátttöku leikhópa daufdumbra frá Norðurlöndum og víðar.

Um aðra sjóði og starfsemi á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum vísast til skýrslna fyrri ára.

6. Jafnréttismál.

Samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs ber yfirskriftina *Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi.* Í henni eru tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess er lögð áhersla á umfjöllun um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

Jafnréttisráðherrafundur.

Fundur jafnréttisráðherra (MR-JÄM) var haldinn 28. maí í Kuressaare í Eistlandi. Daginn áður var haldinn fundur með jafnréttisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa átt farsælt samstarf á sviði jafnréttismála í áratug. Þessum áfanga var fagnað á fundinum.

Baráttan gegn vændi, mansali, ofbeldi gegn konum og vinna að jafnrétti á vinnumarkaði og á heimilinu voru meginviðfangsefni ráðherrafundarins. Samþykkt var að halda samstarfi á þessum sviðum áfram með áherslu á baráttu gegn mansali. Fjallað var um aðgerðaáætlanir gegn mansali í löndunum. Gerð var grein fyrir undirbúningi að heildstæðri áætlun um að-

gerðir á Íslandi til að koma á betra skipulagi. Sérstök áhersla var lögð á skipulagða og örugga endurkomu fórnarlamba mansals til heimalands síns. Framundan er að meta árangur þeirra mansalsverkefna sem eru í gangi. Einróma niðurstaða fundarins var að aðgerðir í hverju landi fyrir sig dugi ekki til að ná utan um vandann heldur sé samstarf milli landa grundvallaratriði.

Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs var einnig í brennidepli og þá sérstaklega aðgerðir til að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði. Fæðingarorlofið á Íslandi og víðtæk þátttaka íslenskra karla í umönnun ungra barna var miðpunktur umræðna. Eystrasaltsríkin hafa nýlega ýmist endurbætt löggjöf um fæðingarorlof eða sett nýja. Víða á Norðurlöndum eru aðgerðir í undirbúningi til að freista þess að fá fleiri karla til að taka fæðingarorlof.

Jafnrétti liður í hnattvæðingarferli.

Norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu á fundi sínum í Punkaharju árið 2007 að hnattvæðingarferlið yrði meginviðfangsefni norræns samstarfs á næstu árum. Á fundi jafnréttisráðherranna í maí var einhugur um nauðsyn þess að jafnrétti yrði hluti af hnattvæðingarumræðunni. Vændi og mansal, jafnrétti á vinnumarkaði, nýsköpun og margbreytileiki og loftslagsbreytingar eru mikilvæg jafnréttismál á tímum örrar hnattvæðingar.

Jafnrétti og loftslagsmál

Á jafnréttisráðherrafundinum var undir forystu Dana fjallað sérstaklega um jafnrétti og loftslagsmál. Loftslagsbreytingar hafa ólík áhrif á konur og karla. Það sama á við um þá þætti sem hafa áhrif á loftslagsbreytingar. Konur menga t.d. minna og nota meira almenningssamgöngur. Á fundinum var lögð áhersla á að konur taki jafnan þátt í stefnumörkun og ákvörðunum um loftslagsmál. Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin í Kaupmannahöfn í árslok 2009. Ákveðið var að undirbúa og koma á umræðu um samhengi jafnréttis- og loftslagsmála.

Rannsóknarverkefni og ráðstefnur

Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnuninni (NIKK) var falið að stýrarannsókn á kyni og völdum í stjórnmálum og atvinnulífi á Norðurlöndum.Viðfangsefnið er að safna upplýsingum um hlut og áhrif kvenna og karla við ákvarðanatöku í stjórnmálum og atvinnulífi í norrænu ríkjunum fimm og sjálfsstjórnarsvæðunum þremur. Jafnframt að gera úttekt á því hvaða aðgerðir hafi skilað mestum árangri við að jafna hlut kynja í stjórnmálum og atvinnulífi. Lokið var við rannsóknarverkefnið *Vændi á Norðurlöndum*. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu í Stokkhólmi 16.–17. október (Prostitution i Norden – forskningsrapport, Tema-Nord ANP).

- Á 52. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu jafnréttisráðherrarnir fyrir fundi um ofbeldi gegn konum undir heitinu *Men's violence against women, honour-related violence and oppression and measures to combat trafficking in human beeings for sexual purposes.*
- Ráðstefna um samstarf Norðvestur-Rússlands, Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda um aðgerðir gegn mansali var haldinn í Pétursborg í apríl. Rætt var um hvernig koma megi í veg fyrir mansal til kynlífsþrælkunar.
- Í samræmi við ákvörðun ráðherrafunda um framhald á samstarfi jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var haldin ráðstefna í apríl í Tallinn til að undirbúa nýjan samstarfssamning landanna undir heitinu *Sharing a common goal.*

– Ráðstefnan *Ungdomars sexuella hälsa ur ett genusperspectiv* var haldin í Stokkhólmi í nóvember. Fjallað var um kynlífsfræðslu í löndunum og kynnt verkefni sem fjalla um kynheilsu ungs fólks.
– Á ráðstefnu í Pétursborg í desember var fjallað um jafnrétti og vinnumarkað undir heitinu *Gender equality in the labour market.* Íslenska fæðingarorlofskerfið var kynnt á ráðstefnunni og niðurstöður rannsókna á áhrifum þess.
– Þvinguð hjónabönd voru viðfangsefni norrænnar ráðstefnu í Ósló í desember. Rætt var um aðgerðir landanna til að koma í veg fyrir slík hjónabönd og til hvað ráða megi að grípa til að aðstoða einstaklinga sem verða fyrir slíkum þvingunum.

7. Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneyta um löggjöf byggir að meginstefnu til á samstarfsáætlun annars vegar og hins vegar á formennskuáætlunum landanna. Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-LAG) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti fer samstarfið fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, fjallað um sameiginleg hagsmunamál og nýja eða áformaða löggjöf og veittir styrkir til norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitaefni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggir vinnuhópa sem fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í henni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast á Norðurlöndum. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða að „norrænu notagildi“. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir að ná víðtækri samræmingu á löggjöf. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmdri löggjöf, t.d. vegna ólíks siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 2. september í Ystad í Svíþjóð. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Rætt var hvernig herða mætti baráttu gegn barnaklámi, skipulagðri brotastarfsemi sem og refsingar fyrir kynferðisbrot. Aukin lögreglusamvinna var einnig á dagskrá og sátu ríkislögreglustjórar fundinn.

Einnig var starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna að störfum og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Enginn ráðherrafundur var haldinn árið 2008 en starfshópurinn hélt einn fund á árinu í Eistlandi.

Málefni flóttamanna og útlendinga.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna og innflytjenda. Nefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990 og fundar tvisvar á ári. Annars vegar í júní, en sá fundur er jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norrænna

ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna, og svo í nóvember. Á árinu 2008 var fyrri fundurinn haldinn í Sønderborg í Danmörku og sá síðari í Ósló í Noregi. Í fyrstu var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma. Fer þar einnig fram upplýsingamiðlun milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með því að miðla skýrslum sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu og þar með atriði er varða framkvæmd svonefnds Dyflinnar-samstarfs um málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. Undir nefndinni starfa vinnuhópar um nokkur þessara mála.

Björgunarsamstarf.

Norrænt samstarf um björgunarsamstarf (NORDRED) miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Íslendingar hafa undanfarin ár tekið þátt í þessu samstarfi en það byggir á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa norrænu ríkjanna og stýrir hún samstarfinu. Sjá heimasíðuna www.nordred.org.

8. Menntun og rannsóknir.

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Á vegum ráðherranefndarinnar starfa auk þess þrjár ráðgjafarnefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefnda starfa vinnuhópar að tímabundnum verkefnum. Vorið 2008 var skipaður starfshópur til að fjalla um rannsóknir (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål).

Samstarf um skólamál.

Verksvið ráðgjafarnefndar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nefndin á að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og tekur hún til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf.

Á árinu lagði ráðgjafarnefnd um skólamál m.a. áherslu á samkeppnishæfni, viðbrögð við loftslagsbreytingum, frumkvöðlastarfsemi og samhæfingu milli norrænu ríkjanna. Áhersla var lögð á að þróa aðferðir til að styrkja stöðu landanna í harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Á formennskuári Svía var lögð áhersla á heildstæða skólastefnu allt frá leikskóla til fullorðinsfræðslu. Athygli var beint að leiðum til draga úr brottfalli á ýmsum skólastigum og að taka á vandamálum nemenda með lestrarerfiðleika og annarra sem standa höllum fæti félagslega og eiga í erfiðleikum með að nýta sér skólakerfið.

Á síðastliðnum þremur árum hefur nefndin einbeitt sér að því að skoða lestrarfærni grunnskólanema. Í því skyni var stofnaður vinnuhópur sem m.a. hélt málstofu með helstu sérfræðingum Norðurlanda í lestrarmálum og fyrir stuttu kom út skýrsla um málstofuna og niðurstöður hennar. Einnig kom út skýrsla sem unnin var fyrir nefndina þar sem m.a. brýnum samstarfsverkefnum á sviði lestrarkennslu er forgangsraðað.

Haldið var upp á 20 ára afmæli Nordplus-áætlunarinnar á árinu. Þá var haldið áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi og starfsmenntun.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun. Hún á að efla norrænt samstarf um æðri menntun, m.a. með greiningum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla.

Haldið var upp á 20 ára afmæli Nordplus-áætlunarinnar á árinu. Hún er mikilvægasta verkfæri stjórnarnefndarinnar til að auka og efla samstarf norrænna háskóla með nemenda- og kennaraskiptum.

Ákveðið var að halda áfram með norrænu meistaranámsáætlunina (Nordic Master). Auglýst er eftir umsóknum vorið 2009.

Niðurstöður úr samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum voru gefnar út og kynntar fyrir helstu hagsmunaaðilum á árinu (*Komparativt studie af de nordiske læreruddannelser*).

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) hefur yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL) og fjallar um áherslur samstarfsnetsins og forgangsröðun verkefna þess. Að lokinni úttekt á störfum samstarfsnetsins var ákveðið að koma á ákveðnum breytingum til að skerpa á áherslum, fækka viðfangsefnum og vinna meira út frá þemum, markmiðum og aðferðum. Jafnframt var ákveðið að breyta til í stjórnskipun netsins og fela nýrri stofnun, Vox í Noregi, aðalumsýslu í starfinu og jafnframt skipta um nokkra tengiliði í löndunum. Sjálfstjórnarsvæðunum verður gert kleift að efla þátttöku sína í NVL með auknum framlögum.

Jafnframt þessu verður lögð áhersla á að efla tengsl NVL og Nordplusáætlunarinnar þannig að upplýsingaflæði um einstök verkefni verði meira, meiri skírskotun verði á milli NVL og Nordplus og þar með meiri samlegðaráhrif.

Norrænt málasamstarf.

Norræna málasamstarfið var endurskoðað á árinu. Um langt skeið hefur ríkt nokkur óvissa um tilhögun samstarfsins, m.a. vegna þess að viðhorfið er nokkuð ólíkt eftir löndunum og líta sum á það sem menningarmál en önnur sem menntamál. Menntamálaráðherrum var umhugað um að auka norrænan málskilning en á vettvangi menningarmála var meiri áhersla

á að skoða málsögulegan, málfræðilegan og menningarlegan samanburð. Þá var töluverður áhugi á samstarfi um máltæknileg atriði í tölvusamskiptum. Norræna málaráðið hefur haft umsjón með málaflokknum en haft tilhneigingu til að líta fremur til fræðilegs samstarfs. Stjórnmálaleg áhersla á að bæta norrænan málskilning hefur því ekki verið sem skyldi. Þó hefur verið þróttmikið samstarf um námskeið fyrir kennara í norrænum tungumálum, m.a. með tímabundinni dvöl við norrænar fastastofnanir á Hanaholmen, Lysebu og Voksenåsen sem sinna þessu hlutverki. Niðurstaða endurskoðunarinnar var að færa allt málasamstarf undir ráðherranefnd menntamála og leggja megináherslu á að bæta málskilning á einhverju hinna þriggja skandinavísku mála. Ákveðið var að færa framkvæmd málsins undir ábyrgð ráðgjafanefndarinnar um norræna skólasamstarfið (NSS). Jafnframt var gamla málaráðið lagt niður, en í stað þess skipuð sérstök ráðgjafarnefnd um málasamstarfið (Expertgruppen for det nordiske sprogsamarbejde (ENS)) er fylgjast skal með málasamstarfinu með heildstæðari hætti en málaráðið gerði áður. Tók hún til starfa í ársbyrjun 2009 undir formennsku Guðrúnar Kvaran prófessors.

Vísindasamstarf.

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu ráðherranefndarinnar, en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk, sem unnið er eftir 2006–2009, skilgreinir stofnunin framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er áhersla á að byggja samstarfið á innri styrk Norðurlanda og þjóðfélagsgildum og vinna í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar telja mikilvæg. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja sem best áherslusvið landanna til að skapa samlegðaráhrif. Við mat á samstarfsverkefnum er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af samfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsæknustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Efnt er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar norræn öndvegissetur (Nordic Centers of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

– Matvæli, næring og heilsa.
– Velferðarsamfélagið.
– Hnattrænar breytingar.
– Læknisfræðileg sameindalíffræði.
– Hug- og félagsvísindi.

Starfræktir eru norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra á sviði sameindalíffræði, barnasálfræði og norrænna samanburðar-

málvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli norrænu ríkjanna og við umheiminn á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

Stærsta verkefnið í hnattvæðingaráætlun forsætisráðherranna er samnorræn rannsókna- og nýsköpunaráætlun (Topforskningsinitiativet) á sviði umhverfis-, loftlags- og orkumála. Starfshópur var skipaður til að vinna að framgangi áætlunarinnar (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål) undir formennsku Svía. Á árinu náðist samkomulag um eðli og umfang áætlunarinnar og var skipuð stjórn fyrir hana. Í henni á hvert land þrjá fulltrúa og eru fulltrúar Íslands Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar og stjórnar Rannsóknasjóðs, Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, og Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins. NordForsk, NICe og NEF munu í sameiningu sjá um rekstur áætlunarinnar.

9. Vinnumarkaður og vinnuvernd.

Í formennskuáætlun Svía fyrir vinnumála- og vinnuverndarsviðið var lögð áhersla á að virkja fólk til atvinnuþátttöku. Settar voru fram tillögur að nokkrum verkefnum í þessu skyni með áherslu á gæði menntunar til að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Einnig að auðvelda ungu fólki og innflytjendum að fá starf við hæfi. Í þessu augnamiði var skipulögð ráðstefna um nánara samstarf velferðarstofnana og vinnumálastofnana.

Áhrif breyttrar aldurssamsetningar þjóða á þróun á norrænum og evrópskum vinnumarkaði var annað stef í formennskuáætlun Svía. Þetta hefur verið áhyggjuefni stjórnvalda í nokkrum landanna sem sjá fram á skort á vinnuafli á næstu árum. Lögð var mikil vinna í að undirbúa ráðstefnu um þetta mál sem haldin var í tengslum við fund norrænna vinnumálaráðherra (MR-A) í október. Þar kom fram að einkum er horft til þriggja leiða: Nýta betur það vinnuafl sem er fyrir hendi, hækka lífeyrisaldur og hvetja starfsmenn til að vera lengur á vinnumarkaði og leita eftir erlendu vinnuafli. Þess má geta að af hálfu íslensku fulltrúanna var bætt við fjórða kostinum sem felst í aukinni áherslu á jafnrétti kynja og fæðingar- og foreldraorlof sem hækkar fæðingartíðni.

Á fundi ráðherranna í kjölfar ráðstefnunnar var skipst á skoðunum um niðurstöður hennar. Danski ráðherrann sagði það hafa úrslitaþýðingu fyrir framtíð velferðarkerfisins að virkja fleiri á vinnumarkaðnum. Þar af leiðandi væri lögð áhersla á að virkja hópa sem þar standa höllum fæti, aðgerðir til að draga úr veikindaforföllum og hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku með breytingum á skattalögum. Finnski ráðherrann lýsti skipan lífeyriskerfisins sem virkar letjandi á þá sem þegar þiggja lífeyri að leita aftur út á vinnumarkað, enda þótt aldur og heilsa leyfi. Af hálfu Íslands var bent á áhrif af lögum um fæðingar- og foreldraorlof, aðgerðir í þágu þeirra sem eru óvirkir á vinnumarkaði og leiðir til að auðvelda innflytjendum þátttöku í atvinnulífi. Norðmenn hafa skipulagt ráðningar á erlendu vinnuafli sem hafa breytt aldurssamsetningu. Svíar hafa gripið til margvíslegra aðgerða, m.a. lækkað tekjuskatt og gert það einfaldara og ódýrara að ráða nýja starfsmenn.

Áhrif og viðbrögð við hnattvæðingu atvinnu- og efnahagslífs er forgangsverkefni hjá Norrænu ráðherranefndinni. Á ráðherrafundinum voru þau mál til umræðu. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar gaf skýrslu um störf í þessum málaflokkum. Þar bar hæst áhersla á samstarf um hágæðarannsóknir sem í fyrsta áfanga beinist að loftslags-, umhverfis- og orkumálum. Í öðrum áfanga hnattvæðingarferilsins verður kröftum beint að heilbrigðis- og velferðarmálum. Enn fremur er áætlað að ráðast í verkefni sem miða að því að bæta menntun yngra sem eldra fólks. Í umræðum um þetta efni var vakin athygli á gildi sveigjanleika í

atvinnulífinu þar sem jafnframt væri gætt að félagslegu öryggi. Þetta væri mikilvægt atriði í viðbrögðum við hnattvæðingu og efnahagskreppu. Í þessu sambandi var bent á yfirlýsingu sem samþykkt var á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sumarið 2008 um réttláta hnattvæðingu og félagslegt öryggi. Ráðherrarnir skiptust á fundinum á upplýsingum um framvindu mála á sviði vinnu- og vinnuumhverfismála í ESB. Endurskoðun á svonefndri vinnutímatilskipun og tilskipun um útsenda starfsmenn bar á góma. Enn fremur kom fram að sænska ríkisstjórnin muni beita sér fyrir rannsókn á áhrifum af svonefndum Laval-dómi Evrópudómstólsins í Lúxemborg um samskiptareglur á sænskum vinnumarkaði. Ráðherrarnir fjölluðu einnig um nýja norræna samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála. Nánari grein er gerð fyrir áætluninni hér á eftir. Ákveðið var að næsti fundur norrænu vinnumálaráðherranna yrði haldinn á Íslandi í nóvember 2009.

Embættismannanefnd um vinnumál og vinnuvernd

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt tvo fundi á árinu. Eitt af meginviðfangsefnum hennar var endurskoðun á samstarfsáætlun um vinnu- og vinnuverndarmál 2005–2008. Nefndin samþykkti að fela undirnefnd endurskoðunina og var ákveðið að Svíar myndu leiða starfið. Undirnefndin lagði til að gildistími nýrrar áætlunar yrði lengdur um eitt ár þannig að hún gildi fyrir samstarfið á árunum 2009–2012. Við endurskoðun var tekið mið af áherslu forsætisráðherranna á hnattvæðingu og afleiðingum hennar. Þetta kemur meðal annars fram í yfirskrift áætlunarinnar: *Hnattvæðing í brennidepli og brýn viðfangsefni vegna breytinga á aldurssamsetningu.* Samkomulag varð um að draga fram í áætluninni stöðu þeirra sem eru utangarðs eða standa höllum fæti á vinnumarkaði. Merki um þetta er aukin áhersla á endurmenntun og þjálfun og samstarf vinnumiðlunar og velferðarstofnana. Þörf á aukinni samvinnu í stofnunum utan Norðurlanda endurspeglast í áætluninni. Áhersla verður lögð á að varðveita norrænu samfélagsgerðina, einkum á vettvangi ESB. Einnig kemur fram stuðningur við áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu. Vinnumálaráðherrarnir samþykktu áætlunina sumarið 2008.

Um miðjan níunda áratug síðustu aldar var stofnað til Nordjobb-verkefnisins. Það byrjaði sem tilraunaverkefni eftir ábendingar svonefnds Gyllenhammarhóps Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmiðið hefur verið að gefa ungu fólki tækifæri til að ráða sig í sumarvinnu í öðru norrænu landi. Á þann hátt er leitast við að auka kynni og tungumálafærni ungs fólk á Norðurlöndum og stuðla að samstarfi sem á endanum bætir samkeppnistöðu og eykur framleiðni og verðmætasköpun. Að mörgu leyti hefur verkefnið heppnast vel. Hins vegar hefur gætt vaxandi óánægju í norrænu embættismannanefndinni um vinnu og vinnuverndarmál og árangur ekki þótt vera í samræmi við fjárveitingar. Nefndin lét því gera úttekt á framkvæmd verkefnisins. Þegar hún lá fyrir kom í ljós að verkefnið hafði skilað góðum árangri á árinu. Nefndin mælti því með að Norræna ráðherranefndin héldi áfram enn um sinn að styrkja verkefnið. Þess skal getið að rúmlega 700 norræn ungmenni njóta árlega góðs af verkefninu (sjá Atvinnuskipti ungs fólks).

Upplýsingamiðlun um norræn vinnuverndar- og vinnumál var töluvert til umfjöllunar í embættismannanefndinni á árinu. Samtals hefur verið varið um 1,4 milljónum danskra króna árlega í þetta verkefni. Stór hluti af fjármagninu hefur farið í að kosta útgáfu tímaritanna *Arbeidsliv i Norden* og *Nordic Labour Journal.* Þrjú tölublöð komu út af því fyrrnefnda á árinu en eitt af því síðarnefnda. Nefndin lagði til að þeim fjármunum sem nú er varið til að kosta pappírsútgáfu þessara rita verði í staðinn varið til að kosta rafræna miðlun með nýjum

upplýsingum um norræn vinnu- og vinnuverndarmál. Ákveðið var að taka upp rafrænt fréttabréf sem kemur út mánaðarlega.

Auk framangreinds fjallar nefndin um umsóknir um styrki til verkefna á sviði vinnu- og vinnuverndarmála, þ.e. þær umsóknir sem falla ekki innan starfssviðs undirnefnda hennar. Embættismannanefndin fer yfir skýrslur ríkjanna um stöðu og framvindu í atvinnu- og efnahagsmálum og undirbýr ráðherrafundi.

Nefnd um vinnurétt.

Nefnd um vinnurétt á Norðurlöndum (NAU) hélt fundi í apríl og september. Að venju var farið yfir stöðuna á vinnumarkaði hvers ríkis sem og frumvörp og lagabreytingar á þessu sviði. Meðal annars kom fram að enn væri þörf fyrir fleira fólk á vinnumarkaði ríkjanna og því hefðu verið gerðar ýmsar ráðstafanir í því skyni að halda fólki sem lengst í vinnu. Ísland var þó ekki þar á meðal en fram kom að þar hefði eftirspurn eftir vinnuafli dregist örlítið saman. Jafnframt kom fram að atvinnuleysi færi enn minnkandi í löndunum að Íslandi undanskildu þar sem atvinnuleysi hefði aukist hægt og rólega og þar væri því minni þörf en áður fyrir þátttöku fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði enda hefði hægt á streymi þess til landsins. Á fundunum var líkt og alla jafna rætt um innleiðingu á sameiginlegum evrópskum reglum sem og stiklað á stóru varðandi réttaráhrif dóma sem fallið hafa hjá Evrópudómstólnum og Mannréttindadómstóli Evrópu. Enn fremur var rætt um þau mál á hendur ríkjunum á sviði vinnuréttar sem fyrrnefndir aðilar hafa fengið til meðferðar án þess að niðurstaða í þeim lægi fyrir. Nefndin fór einnig yfir valin mál sem höfðu verið til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og í embættismannanefnd sem starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu um framkvæmd löggjafar einstakra ríkja á sviði vinnuréttar.

Norræna vinnumarkaðsnefndin

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni hennar á árinu tóku mið af markmiðum sem sett voru í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnu- og vinnuverndarmála 2005–2008. Þar er lögð áhersla á að leita leiða til að tryggja fulla atvinnu og vinnuafl í norrænu ríkjunum. Undir formennsku Svía var m.a. lögð áhersla á atvinnu og samkeppnishæfni. Nefndin átti aðild að og lagði fjármuni til tveggja málþinga á árinu. Hið fyrra fjallaði um samræmi milli samþykkta og tilmæla Alþjóðavinnumálastofnunar innar og Evrópulöggjafar á sviði félags- og vinnumála. Seinni ráðstefnan var um viðbrögð við breyttri aldurssamsetningu norrænu þjóðanna og áhrif þess á framvindu á vinnumarkaði.

Norræna vinnumarkaðsnefndin lagði eftirfarandi verkefnum til fjármuni á árinu:

- Samantekt á flutningi fólks í atvinnuskyni milli landanna.
- Andstæður í atvinnulífi á Norðurlöndum.
- Greining á framtíðarþörf fyrir vinnuafl á norrænum vinnumarkaði.
- Kostir við að auðvelda hreyfihömluðum þátttöku í atvinnulífi.
- Ólíkar leiðir á Norðurlöndum við að brúa bilið milli skóla og vinnu.
- Athugun á þörf tiltekinna atvinnugreina fyrir starfsfólk frá öðrum Norðurlöndum.
- Hreyfanleiki vinnuafls milli norrænu ríkjanna.
- Ráðning einstaklinga með háskólapróf frá löndum utan EES.

Á árinu var lokið við skýrslu um áhrif hnattvæðingar á norræna vinnumarkaðinn. Einnig kom út skýrsla um norrænt atvinnuleysistryggingamót árið 2007 og skýrsla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.

Norrænn starfshópur um þörf á starfskröftum og ráðningar milli landa.

Norrænn starfshópur lauk á árinu því verkefni að áætla þörf fyrir vinnuafl í einstökum atvinnugreinum. Hópnum var einnig falið að fjalla um ráðningar á starfsfólki milli landanna. Markmiðið er að leita leiða til að bæta upplýsingamiðlun um mannaflsþörf og auðvelda flutning starfsmanna milli landa.

Hópurinn leggur til að upplýsingamiðlun til atvinnurekenda verði efld. Einnig þarf að bæta samstarf vinnumálastofnana sem er forsenda þess að fjölga ráðningum á milli norrænu ríkjanna.

Mat á vinnuaflsþörf byggist á eftirfarandi þáttum:

– Úttekt á aðferðum sem notaðar eru á Norðurlöndum við mat á þörf fyrir vinnuafl í einstökum atvinnugreinum.
– Samantekt á því hvernig upplýsingum um þetta efni er dreift milli landanna.
– Úttekt á því hvernig upplýsingar eru hagnýttar af vinnumiðlun og atvinnuleitendum til að leita uppi laus störf á Norðurlöndum.

Lokaskýrsla starfshópsins var kynnt vinnumarkaðsnefndinni vorið 2009.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Nordjobb er umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála. Það byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli landanna. Lengst af hafa norrænu félögin haft umsjón með verkefninu. Á árinu 2008 komu 120 ungmenni til starfa á Íslandi en 83 ungmenni fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál.

Starfshópi er falið að fjalla um og miðla upplýsingum um norræn vinnu- og vinnuverndarmál (NIAL). Hann hélt tvo fundi á árinu. Gefin voru út þrjú tölublöð af *Arbejdsliv i Norden* og eitt af *Nordic Labour Journal.*

Í fyrsta tölublaði *Arbejdsliv i Norden* var fjallað um áhrif hnattvæðingar á vinnumarkað. Annað tölublaðið var helgað aðgerðum til að koma á samræmdri velferðarþjónustu. Í því þriðja var tekið fyrir hvernig Norðurlönd séu búin undir að takast á við efnahagsvandann. Meginumfjöllunarefni í *Nordic Labour Journal* var hvernig virkja mætti óvirka þátttakendur í atvinnulífinu.

Starfshópurinn vann á árinu að því að undirbúa rafræna útgáfu um vinnumál á vegum ráðherranefndarinnar eins og áður er getið.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Nefndin hélt tvo fundi á árinu, í mars og í september. Samráðsfundir vinnueftirlita og vinnuverndarhópa sem fjalla um sértæk málefni hafa verið ákveðin kjölfesta í norrænu vinnuverndarsamstarfi. Nýjar reglur ráðherranefndarinnar um endurgreiðslu ferðakostnaðar sem tóku gildi á árinu settu strik í reikninginn og urðu tilefni skoðanaskipta. Þá varð töluverð umræða um hvernig nefndin myndi í starfi sínu mæta hnattvæðingaráherslum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í ljósi þessa skilgreindi nefndin kjarnaverkefni sín fyrir árið sem:

– Innflytjendur, vinnuumhverfi og vinnukjör.
– Þýðing vinnuumhverfis og aðgerðir á vinnustað til að tryggja að fólk geti snúið aftur til vinnu eftir veikindi.
– Vinnuumhverfi, heilsa og efnahagur.
– Þróun vinnueftirlitsaðgerða.

Nefndin lagði áherslu á að þótt þessir þættir mótuðu starfsárið 2008 þá hefðu þessi stef skýra tilvísun í stefnu ráðherranefndarinnar fyrir 2009–2012. Teknar voru fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum. Af 18 umsóknum bárust þrjár um samstarfsverkefni frá Íslandi. Ákveðið var að samþykkja 11 umsóknir en sjö var vísað frá. Tvær íslenskar umsóknir voru samþykktar. Önnur þeirra lýtur að samanburði á vinnuverndarlöggjöf á Norðurlöndum og framkvæmd þeirra en hin fjallar um bætta skráningu vinnuslysa á Norðurlöndum og hvernig megi gera hana samanburðarhæfa milli landa. Þá var einnig ákveðið að nefndin beitti sér fyrir verkefni um tölfræði banaslysa við vinnu á Norðurlöndum sem Íslendingar taki að sér að leiða. Á vegum nefndarinnar var unnið að rannsóknarverkefni um öryggishegðun á byggingarvinnustöðum. Nefna má að eitt af því sem hefur áunnist með verkefninu er spurningaskrá sem nota má við mat á öryggishegðun við lokaprófun. Einnig var lokið við þýðingu bókar um þetta efni og er gert ráð fyrir að hún komi út á íslensku snemma árs 2009.[2] Þá hófst þátttaka í verkefni sem kallað er *Novo* og er um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuvernd.

Norræna vinnueftirlitsráðstefnan 2008.

Norræna vinnueftirlitsráðstefnan var haldin í Reykjavík 2.–4. júní 2008. Hún var mjög vel sótt en 79 gestir, stjórnendur, sérfræðingar og eftirlitsmenn þessara stofnana í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Íslandi sátu ráðstefnuna, auk þátttakanda frá norska olíueftirlitinu. Ráðstefnur sem þessar eru haldnar annað hvert ár, til skiptis í löndunum, og var því haldin hér á landi síðast árið 1998. Á þeim gefst einstakt tækifæri til að miðla reynslu og þekkingu milli Norðurlanda og mynda tengslanet sem styrkir og samhæfir vinnuverndarstarf. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var *Áhrif hnattvæðingar og brýn viðfangsefni í vinnuvernd*. Þetta málefni var mjög tímabært í ljósi mikillar fjölgunar erlendra starfsmanna í norrænu ríkjunum á undanförnum árum en einnig með hliðsjón af aukinni þekkingarmiðlun um vinnuvernd og flutningi starfa til þriðja heimsins.

Fulltrúar allra norrænu vinnueftirlitanna fluttu alls 11 erindi en auk þess flutti einn danskur gestafyrirlesari og fjórir íslenskir fyrirlesarar erindi. Fjórir vinnustaðir voru heimsóttir, þ.e. byggingafyrirtækið ÍAV, HB Grandi, Hrafnista í Reykjavík og Landspítalaeldhúsið, til að kynnast vinnuumhverfi og aðstæðum erlendra starfsmanna á Íslandi. Í kjölfarið skiptust þátttakendur í vinnuhópa þar sem fjallað var um stöðuna og afmörkuð viðfangsefni í þessum starfsgreinum í löndunum. Öll erindi og niðurstöður hópvinnu hafa verið gefin út í ráðstefnubók sem er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins.[3]

Norrænir samráðsfundir um vinnuvernd.

Fulltrúar Íslands sátu sjö samráðsfundi um vinnuvernd á árinu. Fundað var um eftirfarandi málasvið:

– *Erlendir starfsmenn og félagsleg undirboð í Ósló 5.–6. ágúst.*
  Farið var yfir stöðu mála og hvernig löndin hefðu brugðist við auknum fjölda erlendra starfsmanna. Mesta athygli vakti nýtt fyrirkomulag í Noregi en þar hefur Arbeidstilsynet eftirlit með flestum þeim þáttum sem snúa að aðbúnaði og öryggi erlendra starfsmanna fyrir utan hefðbundna vinnuverndarþætti, svo sem ráðningarsamninga, kaup og kjör og vinnubúðir eða aðra dvalarstaði sem atvinnurekandi útvegar. Einnig var mikil áhersla

[2] Sjá: http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/byggt_a_oryggi_net.pdf
[3] Sjá: http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/ files/skyrslur/nam2008.pdf

lögð á eftirlit með vinnutíma. Lögum hafði verið breytt svo unnt var að stöðva starfsemi fyrirtækja sem ekki voru með þessa þætti í lagi.

– *Eftirlit með sálfélagslegum þáttum í vinnuumhverfi í Ósló 13.–14. maí.*
Fjallað var um ólíkar aðferðir við eftirlit með sálfélagslegu vinnuumhverfi og átaksverkefni sem löndin hafa unnið að. Bornar voru saman bækur og reynsla reifuð en öll löndin leggja nú ríka áherslu á að hafa þennan þátt með í eftirlitinu þótt nálgunin sé ólík. Fram fór áhugaverð umræða og upplýsingamiðlun sem kemur að gagni hérlendis í þróun aðferða. Norðmenn eru mjög öflugir í sínu eftirliti með sálfélagslegum aðbúnaði og hafa töluvert fleiri starfsmenn sem sinna þessum málaflokki. Þetta árið höfðu eftirlitin ákveðið að skoða verslanir sem heita sama nafni og eru starfandi í öllum löndunum, en vinnustaðirnir eiga að vera svipaðir, bæði umbúnaður og innra starf. Afar áhugaverð niðurstaða og umræður voru um verkefnið og kom m.a. fram að löndin hafa misöflugt bakland í eftirliti á vinnustöðum þegar kemur að sálfélagslegum aðbúnaði.
– *Vinnuaðstæður og álag á hreyfi- og stoðkerfið í Reykjavík 14.–15. ágúst.*
Sérfræðingar vinnueftirlita á sviði „ergónómíu“ stóðu fyrir vinnustofu sem haldin var á NES-ráðstefnunni í Reykjavík 11.–13. ágúst. Þar voru kynntar aðferðir til að meta líkamlegt álag í vinnu. Einnig fengu þátttakendur að prófa aðferðina sjálfir og þótti vel til takast. Að ráðstefnu lokinni var haldinn samráðsfundur norrænu eftirlitsstofnananna um notkun mismunandi matstækja í vinnustaðaeftirliti. Einnig var lögð áhersla á sérstök átök fyrir valdar starfsgreinar í löndunum. Þessi hópur heldur áfram að miðla reynslu og er að undirbúa vinnustofu fyrir næstu NES-ráðstefnu 2009 og IEA-ráðstefnu í Peking 2009.
– *Samráðsfundur um efnafræðileg málefni á vinnustöðum í Reykjavík 16.–17. september.*
Auk þátttakenda frá norrænu vinnueftirlitunum sat fulltrúi frá Umhverfisstofnun hluta fundarins. Aðallega var fjallað um innleiðingu efnareglugerðar ESB (REACH) og áhrif hennar á reglugerðarverk vinnueftirlita. Umhverfisstofnanir landanna setja rammareglur en síðan þurfa vinnueftirlitin að setja reglur eða breyta reglum með hliðsjón af REACH. Ekki er í öllum tilvikum ljóst hvort til dæmis einstök lönd geti verið með strangari reglur en fram kemur í REACH. Fjallað var um lagalega stöðu reglna um mengunarmörk í löndunum og hvað væri nýtt eða á döfinni í þeim málaflokki. Næsti fundur er áætlaður í Finnlandi 2011.
– *Samráðsfundur um byggingarmál í Stokkhólmi 14.–15. október.*
Einkum var fjallað um mál er varða tilskipun ESB nr. 92/57 um byggingarvinnustaði. Enn fremur um nokkrar aðrar tengdar reglugerðir, leiðbeiningar, aðferðir og stöðu vinnuverndar í byggingariðnaði á Norðurlöndum. Meðal annars var upplýst um helstu breytingar og nýjungar sem gerðar hafa verið eða eru fyrirhugaðar í reglugerðum og eftirliti í hverju landi. Rætt var um árangur af ólíkum aðferðum og m.a. fjallað um áhættumat og vinnustaðakort.
– *Vinnutímamál í Ósló 28. október.*
Kynntar voru niðurstöður norrænna rannsókna um áhrif vaktavinnu og yfirvinnu á líðan og heilsu starfsfólks og áhrif þess á fjölskyldu- og vinnustað. Fulltrúar kynntu hvernig vinnustaðaeftirliti er varðar vinnutíma er háttað. Reglugerðir landanna hvað varðar vinnutíma eru áþekkar, en þau hafa lagt mismikla áherslu á að skoða vinnutíma í vinnustaðaeftirliti sínu.

– *Norrænn samráðsfundur um markaðseftirlit í Noregi 3.–4. desember.*
Fjallað var um samvinnu milli landanna um staðla og markaðseftirlit á ólíkum sviðum vinnuverndar, svo sem byggingavara, persónuhlífa, véla/tæknilegs búnaðar og þrýstibúnaðar. Farið var yfir fimm átaksverkefni sem lúta að markaðseftirliti sem ákveðið hafði verið að hrinda úr vör. Vinnueftirlitið á Íslandi tók þátt í verkefni um markaðseftirlit með lausum álstigum. Átakið fór þannig fram að vinnueftirlitið í hverju landi heimsótti innflutningsfyrirtæki, verslanir og leigufyrirtæki og kannaði hvort sú vara sem var til sölu eða leigu uppfyllti kröfur sem settar eru fram í stöðlum.

Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar

Almennt hefur starf Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) gengið vel. Fjármál stofnunarinnar hafa verið til athugunar á árinu vegna halla sem kominn var á reksturinn. Hann mátti rekja til þess að á árinu 2006 varð kostnaður vegna ráðningar á nýjum framkvæmdastjóra meiri en áætlaður var svo og kostnaður vegna námskeiða í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Reksturinn er nú kominn í jafnvægi. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði á árinu. Tilraun með svokallað NAM-NIVA samstarf var gerð á NAM-fundi (Nordisk Arbejdsmiljömöte) í Ósló í ágúst og þóttist takast sérlega vel. Gert er ráð fyrir að endurtaka slíkt haustið 2009 og vera þá aftur með eitt meðalstórt námskeið samtvinnað við NAM-fund. Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið þeirra er fyrst og fremst að vera stefnumótandi um almennt efni námskeiða og umfang þeirra. Áfram var lögð áhersla á að NIVA-námskeið nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda sem og þeirra sem vinna við vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og hjá vinnueftirlitsstofnunum. Áfram er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika hjá NIVA þannig að setja megi upp námskeið á sviði vinnuverndar með stuttum fyrirvara. Samtímis er verið að efla samstarf við aðrar norrænar menntastofnanir. Þannig hafa farið fram viðræður um samvinnu við Norræna lýðheilsuháskólann. Nánari upplýsingar um NIVA eru á heimasíðunni www.niva.org

Samráðsnefnd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um ESB-mál á sviði vinnumála og vinnuverndar.

Verkefni norrænnar samráðsnefndar um Evrópusambandsmálefni á svið vinnuverndar var útvíkkað á árinu 2004 og látið taka til Eystrasaltslanda og Póllands. Frá þeim tíma hafa fulltrúar þeirra ríkja tekið virkan þátt í störfum hennar. Nefndin er vettvangur fyrir skoðanaskipti um vinnuvernd og vinnumarkaðsmál sem til umfjöllunar eru hjá ráðherraráði ESB og til að samræma sjónarmið Norðurlanda til þeirra. Nefndin hélt tvo fundi á árinu og var annar þeirra í Brussel og með þátttöku fulltrúa ESB. Á þeim fundi var farið yfir þau vinnuverndarmál sem eru til umfjöllunar á vettvangi ESB.

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál.

Undir ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál starfa tvær embættismannanefndir, önnur um byggðamál (EK-Regional) og hin um atvinnu- og orkumál (EK-Næring og Energi). Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði orku og atvinnumála, er oftast fundað aðskilið um málaflokkana og byggist umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra málaflokka (EK-NER) en tveir fundir voru haldnir þar sem fjallað var um atvinnu- og orkumál

(EK-NE). Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig. Fundur í ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál (MRNER) var haldinn í Svíþjóð í september.

Árið 2007 var byrjað að skilgreina svokölluð hnattvæðingarverkefni. Þau eru flest á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála og lúta einkum að þætti nýsköpunar og fræðslu í þeim málaflokkum. Stór hluti þeirra heyrir undir ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), sérstaklega embættismannanefnd um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Eftirtalin verkefni falla undir ábyrgðarsvið nefndanna og bera þær ýmist fulla ábyrgð á þeim eða að hluta:

1. Öndvegisrannsóknir
2. Könnun á möguleikum þess að setja á fót starf norrænna nýsköpunarfulltrúa í Asíu
3. Norræn nýsköpunarverðlaun
4. EnergiExpo (sýning og vefsíða)
5. Expo 2010 í Shanghæ (sýning)
6. Norrænn hnattvæðingarvettvangur
7. Samvinna við samningagerð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda eftir 2012
8. Vettvangur um stjórnsýsluhindranir

Þessi nýju verkefni hafa breytt þeim áherslum sem embættismannanefndir hafa starfað eftir og reynt talsvert á þverfaglegt samráð, sem var eitt af markmiðum þessara verkefna. Allnokkur tími fór í að móta tillögur EK-NER vegna formennsku Íslendinga á árinu 2009.

Atvinnumál

Hnattvæðingarverkefni á sviði atvinnumála settu svip á starfsemi embættismannanefndarinnar. Verkefnin eru komin mislangt á veg, sum í framkvæmd, önnur á undirbúningsstigi.

- Vinnuhópur var að störfum sem hafði það hlutverk að fjalla um möguleika þess að löndin hefðu sameiginlega nýsköpunarfulltrúa í Asíu. Hópurinn tók saman upplýsingar um þá nýsköpunarstarfsemi sem nú þegar fer fram í Asíu af hálfu norrænu ríkjanna og setti saman tillögur um verkefnabundinn stuðning við norræn fyrirtæki sem hyggjast sækja inn á Asíumarkað. Hópurinn skilaði skýrslu með niðurstöðum um mitt ár 2008.
- Annar vinnuhópur hafði það verkefni að móta tillögur að norrænum nýsköpunarverðlaunum. Hann lagði til að verðlauna skyldi nýja tækni, nýja framleiðslu, nýja ferla eða nýtt skipulag á eftirtöldum þremur sviðum:
  1. orku-, umhverfis- og loftslagsmála,
  2. heilsu, þ.m.t. erfðatækni, líftækni og lyfjaþróun,
  3. þjónustu.

  Lagt var til að verðlaunin yrðu í formi listaverks. Atvinnumálaráðherrarnir fjölluðu um þessa tillögu á fundi sínum í Umeå og samþykktu að efna til þessara verðlauna og að þau yrðu fyrst veitt á Íslandi árið 2009. Af því varð þó ekki þar sem tillagan var felld á þingi Norðurlandaráðs.
- Um mitt ár var enn einu hnattvæðingarverkefni ýtt úr vör en þá hóf vinnuhópur um skapandi greinar (KreaNord) störf. Hann er skipaður fulltrúum allra landanna og hefur það hlutverk að stuðla að samvinnu á sviði skapandi greina og efla sókn á þessu sviði. Með hópnum starfar fjölmennur bakhópur í hverju landi með fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka.
- Norrænu ríkin munu hvert um sig taka þátt í heimssýningunni í Shanghai árið 2010. Þema að þessu sinni verður Betri borgir – Betra líf. Ákveðið var að löndin stæðu saman

að sameiginlegum viðburði til viðbótar við eigin landkynningar. Undirbúningur hófst á árinu.

Samhliða hnattvæðingarvinnu var öðrum verkefnum sinnt, bæði langtímaverkefnum, s.s. afnámi stjórnsýsluhindrana á atvinnulíf og smærri verkefnum. Þá hefur um nokkurt skeið farið fram vinna af hálfu nefndarinnar sem felst í því að kortleggja og meta aðstæður áhættufjárfesta. Meðal annars voru uppi hugmyndir um að stofnaður yrði norrænn áhættufjármagnssjóður. Þessi vinna hélt áfram í tengslum við skýrslu sem finnskur prófessor, Marku Maula, skrifaði fyrir ráðherranefndina. Síðla árs tóku Finnar að sér að leiða þetta starf. Hugmyndin um norrænan áhættufjármagnssjóð hefur ekki hlotið hljómgrunn og eru ekki uppi áform um frekari vinnu á því sviði.

Á árinu var tekið upp samstarf á sviði ferðaþjónustu. Fulltrúar ferðamálastofnana hittust á vinnufundi og ræddu mögulega samstarfsfleti. Einkum er horft til samvinnu á sviði nýsköpunar og vöruþróunar. Fleiri vinnufundir og ráðstefnur voru undirbúnar um þessi mál og er almenn ánægja með tilraunir til samvinnu á þessu sviði.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk InnovationsCenter, NICe) vinnur að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi sem grundvölluð er á þekkingu og færni. Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Ósló og eru starfsmenn 17. Velta var rúmlega 95 milljónir NOK á árinu, 79 milljónir frá Norrænu ráðherranefndinni og 16 milljónir var sjálfsaflafé, u.þ.b. helmingurinn kom frá umsýslu ESB-styrkja. Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur að því að koma á virkum innri markaði á Norðurlöndum þar sem ekkert kemur í veg fyrir frjálsan flutning hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða. Að þessu er unnið með tengslamyndun, upplýsingaöflun, upplýsingamiðlun og fjárstuðningi við samstarfsverkefni. NICe er því í lykilstöðu við uppbyggingu á þekkingu vegna stefnumótunar í nýsköpun. NICe er á hverjum tíma með nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári. Í árslok 2008 voru áherslusviðin þessi:

- Skapandi atvinnugreinar.
- Umhverfistækni.
- Norræn míkró- og nanótækni, MINT-2.
- Markfæði.
- Nýr norrænn matur.
- Nýsköpun í byggingariðnaði.
- Nýsköpun í ferðaþjónustu.

Tvö verkefni eru rekin á vegum miðstöðvarinnar um stefnumótun í nýsköpun. Þau fjalla um neytendastýrða nýsköpun annars vegar og svæðisbundna nýsköpun hins vegar. NICe annast umsýslu Evrópuverkefna um matvælaöryggi innan SafeFoodEra-áætlunarinnar. MINT-2 er hluti af Evrópuverkefninu MNT ERA-Net (Micro- and nanotechnology). Miðstöðin styrkir forverkefni, kallað InnoTools, sem rannsakar aðgerðir og stjórntæki til að örva nýsköpun í fyrirtækjum.

Á árinu var gerð rannsókn á vegum NICe á umfangi og eðli stjórnsýsluhindrana, og leitast við að skilgreina hvar væri vænlegast að ráðast í að samræma reglugerðir og staðla til að greiða fyrir viðskiptum milli norrænu ríkjanna. Niðurstöður sýndu að með einföldum aðgerðum væri hægt að ná verulegum árangri hjá þjónustugreinum. Heilbrigðisþjónustan og stöðlun þjónustu voru rannsökuð nánar og gefnar voru út lokaskýrslur þar sem bent var á einstök atriði sem samræma mætti til að bæta þjónustu við alla Norðurlandabúa.

Skilyrði fyrir þátttöku NICe í verkefnum er að fulltrúar a.m.k. þriggja norrænna ríkja eigi aðild að þeim og að þau skipti máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs. Enn fremur er hvatt til þess að fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum og vesturhluta Rússlands taki þátt í verkefnunum. NICe leggur vaxandi áherslu á þátttöku fyrirtækja í þeim verkefnum sem styrkt eru. Miðstöðin styður nú við um það bil 120 verkefni og samstarfsnet með þátttakendur frá öllum sviðum atvinnulífsins. Íslendingar taka þátt í verkefnum á öllum áherslusviðum og eru virkir í 60–70% af samstarfsverkefnunum sem styrkt eru af NICe. Þegar Íslendingar eiga ekki fulltrúa í verkefninu er ævinlega leitast við að tryggja að niðurstöður hvers verkefnis skili sér til tengiliða í íslensku samfélagi.

Til að ná til fyrirtækja og hvetja þau til þátttöku í nýsköpunarverkefnum hefur NICe kynnt starfsemi sína í fjölmiðlum. Í febrúar 2009 fylgdi kynningarblað um NICe með Morgunblaðinu á sama tíma og forsætisráðherrar Norðurlanda funduðu í Bláa Lóninu. Sams konar blaðaukar fylgdu með stærstu dagblöðum Norðurlanda í nóvember og desember 2008. Á árinu fór fram undirbúningur að norrænum öndvegisrannsóknum á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála (Toppforskning). Stofnanir ráðherranefndarinnar á sviðum orku, rannsókna og nýsköpunar, Nordisk Energiforskning, NordForsk og Nordisk InnovationsCenter skipuleggja saman þetta umfangsmikla verkefni og deila með sér verkum. NICe mun stýra tveimur af sex áherslusviðum átaksins. Starfsmenn NICe tóku þátt í fjölmörgum fundum og ráðstefnum þar sem starfsemin var kynnt. Allt útgefið efni NICe má nálgast á heimasíðu miðstöðvarinnar www.nordicinnovation.net. Heimsóknir á heimasíðuna endurspegla mikinn áhuga á starfsemi miðstöðvarinnar en þær voru ríflega 65.000 á árinu.

Orkumál.

Samstarf um orkumál byggist á framkvæmdaáætlun fyrir 2006–2009. Áhersla er lögð á orkumarkað, sjálfbær orkukerfi og norræn orkumál í alþjóðlegu samhengi. Í samræmi við þessar áherslur hafa starfað 4 vinnuhópar sem fjalla um raforkumarkað, orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og orkuöflun í dreifbýlum svæðum. Íslendingar hafa tekið þátt í síðastnefnda hópnum en þar er lögð áhersla á að finna sjálfbærar orkulausnir fyrir dreifbýl svæði utan nettengingar, einkum á Grænlandi, í Færeyjum og Norður-Noregi. Á þessum vettvangi hefur einnig verið lögð áhersla á að ná samstarfi við nágranna í vestri, þ.e. í Austur-Kanada og Hjaltlandseyjum, en þar hefur komið fram mikill áhugi á samstarfi. Í desember var haldin ráðstefna í Reykjavík þar sem fjallað var um orkunotkun í samgöngum á dreifbýlum svæðum. Ráðstefnan var haldin á vegum vinnuhóps um orkunotkun dreifbýlla svæða, með styrk frá NORA (Nordisk Atlantsamarbejde). Erindin sem flutt voru á ráðstefnunni eru á heimasíðu NORA, www.nora.fo. Ísland tók einnig þátt í afmörkuðu verkefni á vegum vinnuhóps um endurnýjanlega orkugjafa.

Á árinu hófst vinna við endurskoðun samstarfsáætlunar um orkumál fyrir árin 2010–2013. Helstu nýmæli snúa að orkunýtingu í samgöngum, auk þátta sem fram að þessu hafa verið ofarlega á baugi í samstarfinu.

Hnattvæðingarverkefni settu mikinn svip á vinnu embættismannanefndarinnar um orkumál:

– *Energi-expo.*
  Undir verkefnið fellur annars vegar uppsetning vefsíðu um orkulausnir á Norðurlöndum og hins vegar aðkoma norrænu ríkjanna að ráðstefnunni *Nordic Climate Solution.* Á vefsíðunni verða kynntar orkulausnir og ný orkutækni á Norðurlöndum. Vefsíðan er á ensku og verður kynnt undir nafninu *Nordic Energy Soulutions.* Íslendingar tóku virkan

þátt í efnisöflun fyrir vefsíðuna. Hún var formlega opnuð á hnattvæðingarþingi norrænu forsætisráðherranna á Íslandi í febrúar 2009.

– *Nordic Climate Solution.*
Ráðstefnan *Nordic Climate Solution* var haldin í Kaupmannahöfn í október, á þeim tíma sem hvað mest gekk á í íslensku efnahagslífi. Má kenna því um dræma þátttöku frá Íslandi. Þátttakendur voru um 1000, flestir frá Norðurlöndum en einnig víðs vegar að úr heiminum. Haldin verður ráðstefna undir sömu formerkjum í september 2009 og verður unnið að því að tryggja þátttöku Íslendinga.
– *Hágæðarannsóknir.*
Í samstarfi við embættismannanefnd um menntun og vísindi (EK-U) hefur verið unnið að því að skilgreina verkefni undir hatti hágæðarannsókna. Skilgreind hafa verið 7 verkefni. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í undirbúningsvinnunni og á næstunni verða skipaðir stýrihópar um hvert verkefni með fulltrúum allra landa. Reiknað er með að verkefnin verði komin á fullt skrið síðsumars 2009.

Á fundi ráðherranna í Helsingfors árið 2007 var raforkuhópnum falið að útfæra tillögu að sameiginlegum kerfisstjóra (TSO). Skýrsla um efnið var lögð fyrir ráðherrana í Umeå og var niðurstaða þeirra að leggjast gegn tillögunni. Enn er þó lögð áhersla á að auka samræmingu á norræna raforkumarkaðnum og var hópnum falið að kanna hvort og þá hvaða lög og reglur í löndunum gætu verið hindrun í frekari samræmingu á markaðnum og hvernig ná mætti enn frekari samræmingu og samvinnu. Niðurstöður skal kynna á ráðherrafundi 2009. Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka enn hlut endurnýjanlegra orkugjafa og að norrænu ríkin mörkuðu sér sameiginlega stefnu og markmið í loftslagsmálum og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Norrænar orkurannsóknir.

Norrænar orkurannsóknir (Nordisk energiforskning – NEF) gegna stóru hlutverki í samstarfi á sviði orkumála. Fjármögnun kemur að mestu leyti beint frá löndunum en einnig af norrænum fjárlögum. Hlutverk NEF er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun í orkumálum, með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Sérlega er horft til þess að efla samvinnu norrænna sérfræðinga og vísindamanna og auka tengsl við iðnaðinn. Nú eru 16 rannsóknar- og þróunarverkefni unnin með styrk frá NEF. Þá styrkir NEF einnig sjö verkefni á sviði stefnumótunar í orkumálum.

Sérfræðingar á skrifstofu NEF hafa einnig verið starfsmenn tveggja vinnuhópa embættismannanefndarinnar og styrkt þannig tengsl stofnunarinnar við vinnuhópa og embættismannanefndina. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag.

Í núgildandi fjögurra ára áætlun hefur sérlega verið horft til endurnýjanlegrar orku, orkuhagkvæmni, nýtingu vetnis sem orkubera, orkumarkaða og áhrifa loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu. Íslendingar eru í forsvari fyrir tveimur verkefnum, annað er á sviði áhrifa loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu undir stjórn Árna Snorrasonar, forstjóra Veðurstofu Íslands, og hitt um nýtingu vetnis undir stjórn Hannesar Jónssonar, prófessors við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

NEF hefur stutt meira en 300 doktorsnema á undanförnum 20 árum og eru íslenskir verkfræðingar þar fjölmennastir. Þeir starfa víða, hér á landi sem erlendis, hjá fyrirtækjum, stofnunum og háskólum. Einn þeirra er Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, sem hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008. Hann stofnaði fyrirtæki sitt á grundvelli doktorsverkefnis síns sem styrkt var af NEF.

Byggðamál.

Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gilti fyrir árin 2005 til 2008 svo og formennskuáætlun Svía. Aðalatriði hennar um byggðamál voru:

- Ný norræn samstarfsáætlun um byggðamál 2009–2012.
- Skapa forsendur fyrir og styðja þann þróunarkraft sem er á landsbyggðinni.
- Stuðla að netsamstarfi milli svæða og fyrirtækja til að styrkja svæðisbundna samkeppnishæfni.
- Draga úr landamærahindrunum og gera samkomulag um vinnslu tölfræði á landamærasvæðum.
- Bætt aðgengi m.a. með stækkun vinnusóknarsvæða og aukinni útbreiðslu fjarskiptatækni.

Að venju voru nokkrar nefndir starfandi um einstök mál á vegum embættismannanefndarinnar. Ber þar fyrst að nefna nefnd sem vann að nýrri samstarfsáætlun um byggðamál. Eftir að ráðherrarnir höfðu samþykkt áætlunina voru settar á laggir fjórar nefndir til að framfylgja henni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem fyrirferðarmestir voru í starfsemi EK-Regional á árinu.

Norræn samstarfsáætlun í byggðamálum 2009–2012.

Svíar leiddu vinnu við nýja samstarfsáætlun í byggðamálum sem gildir 2009–2012. Hún var samþykkt á ráðherrafundi í september. Í henni eru lagðar línur um forgangsverkefni á næstu árum. Sú sýn sem samstarfsáætlunin byggir á er þessi: Norræn samvinna á að vera kröftug í þróun nýrrar og skarpari byggðastefnu. Kjarni hennar er að takast á við þær áskoranir sem hnattvæðingin hefur í för með sér í nánu samstarfi ólíkra stjórnsýslustiga og geira með það að markmiði að styrkja þróunarmöguleika Norðurlanda á sjálfbæran hátt hvort heldur er heima fyrir, í svæðasamstarfi eða alþjóðlegu samstarfi. Áætlunin byggir á því sem nefnt hefur verið þriðja kynslóð byggðastefnu.

Fyrsta kynslóðin hafi snúist um að jafna mismun, önnur um vöxt og sú þriðja sem nú sé ríkjandi byggist á að öll svæði og staðbundin samfélög séu virkjuð og fléttuð inn í evrópska og hnattræna hagkerfið. Þannig verði getan til nýsköpunar og vaxtar styrkt á besta mögulegan hátt. Lögð er áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio. Lögð eru til þrjú aðgerðasvið á starfstímanum:

1. Miðlun reynslu og uppbygging þekkingar.
2. Hnattvæðing og samstarf yfir landamæri.
3. Þriðju kynslóðar byggðastefna.

Svæðasamstarf.

Svæðisbundið samstarf fer fram á átta svæðum á Norðurlöndum. Á árinu var stefna fyrir svæðasamstarf fyrir tímabilið 2009–2012 samþykkt. Markmið hennar er m.a. að stuðla að því að nýta þá möguleika sem eru til staðar og ryðja úr vegi hindrunum sem stafa af því að landamæri liggja um svæði sem að öðru leyti eru starfhæf heild. Á árinu var þeirri stefnu, sem unnið hefur verið eftir síðan 2006 varðandi fjármögnun svæðasamstarfs yfir landamæri, að fullu hrint í framkvæmd. Það leiddi til þess að landamærasvæði sem notið hafa stuðnings á liðnum árum misstu stuðninginn en önnur komu inn í staðinn. Er sá sveigjanleiki að nást sem að var stefnt. Þessar breytingar hafa ekki nein áhrif á fjárframlög til NORA sem fær sérstakar fjárveitingar af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til byggðamála. Svæðasamstarf yfir landamæri fær sem fyrr stærstan skerf þess fjár sem EK-Regional ráðstafar. Þó

ekki sé um háar fjárhæðir að ræða í einstökum tilvikum skipta þær miklu og eru oft forsenda miklu hærri fjárframlaga, til dæmis frá ESB.

Starfsnefndir.

Sem jafnan áður voru nokkrar tímabundnar starfsnefndir að störfum á vegum EK-Regional. Í lok ársins voru settar á laggir fjórar starfsnefndir sem hafa það hlutverk að hrinda í framkvæmd hinni nýju samstarfsáætlun um byggðamál. Vegna þeirrar stöðu sem uppi er hafa Íslendingar ekki treyst sér til að taka þátt í starfi nefndanna. Nefnd sem gerði úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu, sem er samstarfsverkefni með EK-NE/N og unnið í samstarfi við Nordregio og NICe, lauk störfum á árinu. Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum. Þessu verkefni á að ljúka í 2009. Nefnd um markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum lauk sömuleiðis störfum.

Norræna Atlantsnefndin (NORA).

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Hún er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Íslendingar eiga þrjá fulltrúa af 12 í stjórn NORA, en iðnaðarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og hún kemur næst í hlut Íslendinga árið 2010.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að því að efla atvinnulíf og byggðir með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana. Málaflokkar verkefnastyrkja eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum, en einnig á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað um 2,6 millj. d.kr. til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í níu þeirra. Í desember var úthlutað tæpum 3,3 millj. d.kr. til 18 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 13 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð, alla jafna um 70–90%. Á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Hjá NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarf við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada. Í október fór framkvæmdastjórn NORA í heimsókn til Kanada og lagði drög að formlegum samskiptum við ýmsa aðila þar. Talsvert var unnið að kynningu á starfseminni á árinu, m.a. opnuð ný heimasíða og gefið út fréttabréf, einnig var gefin út bók til kynningar á NORA-svæðinu. Þá tók NORA þátt í ýmsum ráðstefnum og stóð fyrir ráðstefnum, m.a. um málefni sem varða siglingar skemmtiferðaskipa, um umhverfis- og orkumál o.fl.

Nordregio.

Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hlutverk hennar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála, auk þess að byggja upp og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana á Norðurlöndum.

Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í Eystrasaltsríkjunum, hefur aukist á undanförnum árum. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarsvæði. Á árinu stóð Nordregio fyrir einni ráðstefnu og 17 námskeiðum en minna fjármagn var lagt í þessa starfsemi en oft áður. Starfsfólk Nordregio hélt hins vegar yfir 100 erindi á ráðstefnum og fundum. Stofnunin gefur út tímaritið *Journal of Nordregio* sem sækja má á vefsíðu Nordregio, www.nordregio.se. Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu *Bifröst* og *European Journal of Spatial Development* sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og svæðaþróun.

11. Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundir.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda (MR-S) funduðu tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var í janúar og fjölluðu ráðherrarnir þar um inflúensuheimsfaraldur. Ákveðið var að hætta við áform um að reisa sameiginlega bóluefnisverksmiðju vegna skorts á tæknikunnáttu. Ráðherrar voru hins vegar sammála um að þörf væri á frekara samstarfi um áætlanir gegn inflúensufaraldri. Ákveðið var að halda vinnustofu um bóluefni og yrði hún liður í því að styrkja norrænt samstarf um aðgerðir til varnar inflúensufaraldri. Í hóp sem stýrt var af Íslandi var rætt um möguleika á auknu samstarfi hvað varðar markaðsleyfi fyrir lyf. Fulltrúi Íslands gerði grein fyrir tilraunaverkefni um málið, sem Svíþjóð og Ísland vinna að.

Á fundi í júní fjölluðu ráðherrarnir um hnattvæðingu og samtakamátt Norðurlanda í því að styrkja stöðu sína og velferð, m.a. með því að opna markað og aflétta ýmsum landamæra- og viðskiptahindrunum. Vakin var athygli á nýjum umræðuvettvangi á vegum Norðurlandaráðs um tækifæri og ógnir sem steðja að norrænu velferðarkerfi vegna aukinnar hnattvæðingar. Í umræðu um tæknilegar landamæra- og markaðshindranir var minnst á hið metnaðarfulla verkefni *Norðurlönd án landamæra* og var opnuð ný norræn vefgátt um almannatryggingar í tengslum við það. Markmiðið með gáttinni er að einfalda frjálsa för á Norðurlöndum og er hún ætluð þeim sem flytja, starfa eða nema í öðru norrænu ríki en sínu heimalandi. Að auki ræddu ráðherrar um samstarf og stefnumörkun í áfengismálum, gæðaþróun með árangursríkri upplýsinga- og samskiptatækni, hvernig stuðla megi að bættri heilsu og samstarfi í lyfjamálum og var á fundinum undirrituð viljayfirlýsing um aukið samstarf Íslendinga og Svía í lyfjaverðlagsmálum. Samþykkt var að þann 1. janúar 2009 tæki til starfa ný norræn stofnun, Norræna velferðarstofnunin (NVC), sem hefði aðsetur í Stokkhólmi. Hlutverk hennar er að efla framþróun í félags- og velferðarmálum á Norðurlöndum. Stofnunin verður til við samruna Norrænu samstarfsstofnunarinnar um málefni fatlaðra (NSH), Norrænu þróunaráætlunarinnar um félagslega þjónustu (NOPUS), Norrænu menntunarmiðstöðvarinnar fyrir þá sem starfa með daufblindu (NUD) og Norrænu stofnunarinnar um áfengis- og fíkniefnarannsóknir.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2008 voru veitt Danuta Wasserman, prófessor í sálarfræði og sjálfsvígsfræðum við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð. Hún fékk verðlaunin fyrir árangursríkt og fyrirbyggjandi starf gegn geðsjúkdómum, sérstaklega hvað varðar dapurlegustu fylgikvilla þeirra eins og sjálfsvíg.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála fundaði fjórum sinnum á árinu. Á fundi í mars var m.a. fjallað um formennskuáætlun Svía, samstarf og stefnumörkun í áfengismálum, gæðaþróun með árangursríkri upplýsinga- og samskiptatækni á Norður-

löndum og heimasíðu um málefnið, norrænt samstarf og hnattvæðingu og greint var frá fundum norræns vinnuhóps um heilbrigðisviðbúnað. Norðmenn drógu til baka tillögu sína um 5% niðurskurð innan stofnana og verkefna samstarfssviðs félags- og heilbrigðismála fyrir árið 2009. Á fundum embættismannanefndarinnar í október og nóvember var fjallað um forgangsmál Íslendinga á formennskuári sínu 2009, en að auki var rætt um hnattvæðingu, áfengismál, stofnsetningu nýju Norrænu velferðarstofnunarinnar (NVC), breytt rekstrarform Norrænu tannlækningastofnunarinnar (NIOM), stjórnsýsluhindranir og þverfaglegt samstarf og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland.

Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað.

Árleg ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað var haldin á Íslandi í september. Umræðuefni var heilbrigðisöryggi í Norður-Atlantshafi og Barentshafi, norræn samvinna um neyðarástand í fjarlægum löndum sem snertir Norðurlandabúa og alþjóðasamstarf um neyðarástand.

Undirbúningur fyrir heimsfaraldur inflúensu var áhersluatriði í formennskuáætlun Svía. Liður í þeirri vinnu var að halda fund vinnuhópa um efnið í Sigtuna í Svíþjóð. Sóttvarnalæknir var fulltrúi heilbrigðisráðuneytis í þeirri vinnu og var þar í fyrsta lagi rætt um veirulyf gegn inflúensu þar sem Íslendingar óskuðu eftir því að kannað yrði hvort Norðurlönd gætu komið sér saman um hvaða lyf skyldu flokkast sem nauðsynjalyf og hvort möguleiki væri á norrænni samvinnu við að halda úti sameiginlegum birgðalager. Í öðru lagi voru ræddar almennar sóttvarnaráðstafanir og nauðsyn þess að Norðurlönd hefðu sömu sýn á lokun skóla og samkomubanni í heimsfaraldri og mun Ísland hafa forgöngu um það mál. Í þriðja lagi voru rædd landamæramál og afstaða til útlendinga á Norðurlöndum og til Norðurlandabúa í öðrum löndum.

Norræni lýðheilsuháskólinn.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er í Gautaborg og starfar samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Síðustu áratugi hefur skólinn lagt megináherslu á rannsóknir og nám til meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræði. Það hlutverk hefur í raun ekki breyst en uppbygging á námi í lýðheilsufræði sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í öllum norrænu ríkjunum hefur gefið NHV möguleika á að skoða hvaða hlutverki skólinn getur helst gegnt fyrir Norðurlöndin sem heild. Því lagði NHV á árinu áherslu á að taka að sér ný verkefni varðandi þekkingu og þróun í lýðheilsufræðum og bjóða upp á nám, samstarfsverkefni og rannsóknir sem hagkvæmast er fyrir löndin að hafa samstarf um. Aukin áhersla var lögð á rannsóknir og kennslu á þeim sviðum sem Norræna ráðherranefndin hefur viljað beina sjónum sérstaklega að, s.s. geðheilbrigði, heilsueflingu, sóttvarnir, heilsu innflytjenda og flóttamanna og aðgengi fyrir alla. Þessar nýju áherslur og mikið framboð á styttri og lengri námskeiðum og námsleiðum hefur haft í för með sér mikla fjölgun nemenda með ýmis konar menntun, þótt flestir eigi að baki nám á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda. Skólinn hélt áfram samstarfi við Eystrasaltsríkin og veitti ráðgjöf við uppbyggingu náms í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

Norræna tannlækningastofnunin.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) fjallar um og rannsakar gæði og öryggi efna sem notuð eru við tannlækningar og veitir upplýsingar til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings á Norðurlöndum. Stofnunin kemur oft fram fyrir hönd allra norrænu ríkjanna eins og við vinnu á alþjóðlegum ISO-stöðlum fyrir tannlækningaefni. Starfsemi stofnunarinn-

ar hefur verið með hefðbundnu hætti hvað varðar rannsóknir og upplýsingastarfsemi. Vísindamenn NIOM hafa skrifað yfirlitsgreinar um tannfyllingarefni í fagtímarit í öllum löndunum og haldið fyrirlestra á ráðstefnum. Einnig hefur norræni gagnagrunnurinn um innihald og efnasamsetningu tannfyllingarefna og annarra þeirra efna sem notuð eru við tannlækningar (Nordisk Databas för Dentala Biomaterialer) verið aukinn og endurbættur og er hann aðgengilegur á heimasíðu NIOM (www.niom.no). Samvinna tannlæknaskóla á Norðurlöndum og NIOM hefur aukist um efnisfræðirannsóknir, enda hefur enginn einn skóli burði til að sérhæfa sig á þessu sviði.

Framtíðarrekstur NIOM hefur verið til skoðunar í langan tíma. Um nokkurt skeið hafa legið fyrir tillögur um breytt rekstrarform, þar sem NIOM yrði líklegast rekið sem hlutafélag í meirihlutaeigu Háskólans í Ósló. Ekki liggur fyrir hvernig aðkoma hinna landanna yrði að stjórn NIOM við þessa breytingu.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) hefur undanfarin ár haft það sem markmið að efla og þróa þverfaglegt samstarf á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Árið 2008 einkenndist af þeim breytingum sem framundan eru á norrænu samstarfi þar sem NAD mun starfa undir Norræna velferðarráðinu (NVC).

Á stjórnarfundum á árinu var farið yfir styrkumsóknir sem borist höfðu til nefndarinnar. Þá var farið yfir stöðu verkefna sem þegar hafa hlotið styrki og önnur málefni er varða málaflokkinn. Á árinu voru gefin út tvö þemahefti NAD, 51. hefti um krár, veitingahús og áfengisvenjur ungs fólks á Norðurlöndum og 52. hefti um áfengisneyslu aldraðra. Tvær íslenskar greinar eru í fyrra heftinu. Nefndin er í samstarfi við ritið NAT og fréttasíðuna Nosam.net. Tvisvar á ári birtast fréttapistlar frá Íslandi í NAT og fréttir á Nosam.net þegar tilefni þykir.

Nefndin stendur reglulega fyrir ráðstefnum, vísindadögum og vinnustofum fyrir fagfólk. Meðal viðfangsefna á vísindadögum í apríl var áfengisneysla eldri borgara og hvernig skilja megi áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks. Rannsókn hefur staðið yfir um áhrif þess að lækka áfengisgjald. Haldin var ráðstefna um skamma íhlutun heilbrigðis- og velferðarþjónustu til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og var í framhaldi af því gefið út þemahefti NAT nr. 6/2008 um innleiðingu og reynslu þessarar aðferðar. Þá hefur NAD tekið virkan þátt í Evrópuverkefni um eftirlit og skráningu markaðssetningar áfengis. Unnið er að því að viðhalda tengslaneti norrænna vísindamanna um rannsóknir á sviði áfengis- og vímuvarna.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra.

Meginverkefni Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra (NSH) er að stuðla að því að norræn markmið um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu nái fram að ganga. Einnig hefur NSH fylgt eftir fjölmörgum verkefnum sem snúa að hjálpartækjum. Lögð hefur verið aukin áhersla á þróun og nýsköpun og miðlun upplýsinga og þekkingar. *Nordically,* ný vefgátt um velferðarmál, hefur fengið góðar viðtökur og er vilji til þess að styrkja hana enn frekar.

Notendasamráð og þátttaka er hornsteinn í allri starfsemi NSH. Þetta hefur gerst með þátttöku notenda í skilgreindum verkefnum auk þess sem þeir koma að samstarfi í gegnum samráðsvettvang samtaka fatlaðra á Norðurlöndum (HNR). Formlegu rannsóknarsamráði hefur einnig verið komið á laggirnar á vettvangi NSH.

Á árinu lagði NSH eins og áður áherslu á starf á grannsvæðum Norðurlanda. Starfrækt voru verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen auk Kaliningrad.

NSH hefur í auknum mæli miðað starfsemina við pólitískar áherslur á sviði heilbrigðis- og félagsmála ásamt alþjóðlegu samstarfi. Starfið á árinu einkenndist af því að verið var að undirbúa innlimun Norrænu hjálpartækjamiðstöðvarinnar (NUH) í NSH og stofnun Norrænu velferðarstofnunarinnar (NVC). NSH jók samstarf sitt við NAD, NUD og NOPUS um sameiningu þessara stofnana undir formerkjum Norrænu velferðarstofnunarinnar NVC. NSH annaðist undirbúning stofnunarinnar og var síðan formlega lögð niður í árslok.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu.

Markmiðið með starfsemi menntamiðstöðvarinnar á sviði daufblindu (NUD) er að vinna að framgangi og þróun norræns samstarfs á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega menntun starfsfólks á þessu sviði. NUD sinnir hlutverki sínu annars vegar með því að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti á norrænum og alþjóðlegum vettvangi og hins vegar með því að miðla þekkingu, til dæmis með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin.

Meginmarkmið Norrænu heilbrigðistölfræðinefndarinnar (NOMESKO) er að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar og skrá og afmarka einstaka þætti til þess að upplýsingar verði sem sambærilegastar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af *Health Statistics in the Nordic Countries* en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar (www.nom-nos.dk). Ársskýrsla NOMESKO er þar einnig, ásamt frekari gögnum til úrvinnslu. Viðbætir árbókarinnar 2008 fjallar um heilsu aldraðra á Norðurlöndum.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á vegum NOMESKO á árinu voru athugun á mannafla og fjármagni innan heilbrigðisþjónustunnar, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, lyfjanotkunarupplýsingar, gæðamat á flokkun aðgerða, kostnaðargreiningar og fleira. Áfram var unnið í samstarfi við Eystrasaltsríkin um útgáfumál og námskeiðshaldi.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni en hún er viðurkennd sem samstarfsstofnun af Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, WHO.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála

Meginverkefni hagskýrslunefndar á sviði félagsmála (NOSOSKO) er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál. Þá fylgist nefndin með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinnur að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Meðal helstu mála, sem fjallað var um á fundum nefndarinnar, má nefna breytingar á skipulagi norrænna stofnana og afleiðingarnar fyrir NOSOSKO, nýtt útlit og nútímavæðingu á heimasíðu nefndarinnar, upplýsingar um ESSPROS, breytingar á framsetningu og innihaldi tölulegra upplýsinga um félags- og tryggingamál í aðildarlöndunum, verkefnið um norræna velferðarríkið og vinnu ESB og Norðurlanda með upplýsingar um öryrkja og aðra er standa höllum fæti í lífsbaráttunni.

Undir lok ársins var gefin út skýrsla um lífeyristryggingakerfin á Norðurlöndum. Því miður vantar þar upplýsingar um íslenska lífeyristryggingakerfið og væri æskilegt að ráðist yrði sem fyrst í úttekt og samanburð á því og kerfum hinna þjóðanna. Athygli vekur að þrátt fyrir mikla fjölgun aldraða á Norðurlöndum þá fjölgar öldruðum enn meir í nokkrum gömlum ESB-löndum. Málefni aldraða verða því áfram í brennidepli velferðarumræðu.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu.

Samstarfsmiðstöðin (NOPUS) er norrænn samstarfsvettvangur og miðstöð fyrir þróun hugmynda og reynslu ásamt því að bjóða upp á sí- og endurmenntun á sviði félagslegrar þjónustu. Starfsemin hefur einkum beinst að starfsfólki sem starfar við stjórnun eða gegnir lykilhlutverkum við þróun félagsþjónustu í löndunum eða grannsvæðum.

Á árinu skilgreindi stjórn NOPUS þau verkefni sem Norðurlönd stæðu andspænis á félagssviði. Var þá horft til hnattvæðingar og þeirra áhrifa sem hún kynni að hafa á birtingarform félagslegra verkefna. Sérstaklega var rætt um verkefni á sviði innflytjendamála, geðþjónustu, þjónustu við börn og unglinga og vinnumála. NOPUS stóð í september fyrir ráðstefnu um þessi efni undir fyrirsögninni *Hvaða áhrif og áskoranir hefur alheimsvæðingin á hinn félagslega veruleika?* Önnur verkefni sem NOPUS stóð fyrir á árinu sneru meðal annars að því að þróa sameiginlega vefgátt þeirra stofnana sem sameinuðust undir merkjum NVC auk þess að styrkja innra net þeirra. NOPUS lagði einnig áherslu á að undirbúa og bjóða upp á málþing um geðheilsu innflytjenda og meðferð og samskipti fólks með fötlun í Norðvestur-Rússlandi. Starfsemi NOPUS var lögð undir starfsemi NVC 1. janúar 2009.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.

Markmið hópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Hann á jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar og meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði Norðurlandasamningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í löndunum. Þá fylgist hann með vandamálum sem tengjast landamærahindrunum á Norðurlöndum og leggur til lausnir.

Nauðsynlegt þótti að endurskoða ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar, m.a. vegna yfirvofandi breytinga á EES-reglugerðum um almannatryggingar auk þess sem þörf var á að skýra frekar og bæta samstarf stjórnvalda. Starfshópi var falið að semja drög að nýjum samningi og hófst vinnan í nóvember. Stefnt er að því að drög að nýjum samningi liggi fyrir um mitt ár 2009. Þá var norrænn vefur um almannatryggingar (www.nordsoc.is) með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem vinna eða flytja milli norrænu ríkjanna opnaður í júní. Lokið var við norrænan bækling um almannatryggingar við flutning og er hann aðgengilegur á norræna almannatryggingavefnum.

Norðurlandasamningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú til 22 faghópa en Ísland er aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu ríkjanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Umræðu var haldið áfram um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB á starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á þau réttindi. Ísland gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða stöðu og réttindi heilbrigðisstétta á Íslandi.

12. Efnahags- og fjármál.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-FINANS) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Svíþjóð í júní en sá seinni í Helsinki í október í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Auk hefðbundinna umræðna um efnahagsmál, skattamál og mál tengd ESB og EES var samstarf ríkjanna í málefnum svokallaðra skattaparadísa enn í brennidepli og á seinni fundinum voru undirritaðir upplýsingaskiptasamningar við Ermarsundseyjarnar Jersey og Guernsey. Jeffrey Owens, yfirmaður málefna skattaparadísa hjá OECD, kom á þann fund og lýsti því að stofnunin teldi samstarf Norðurlanda á þessu sviði vera öðrum fyrirmynd og í samræmi við aukna áherslu á málefni skattaskjóla hjá alþjóðasamfélaginu. Á árinu ræddu ráðherrarnir meðal annars fyrirkomulag við fjárlagagerð og ákváðu að stofna til norræns tímarits um stjórn efnahagsmála. Á seinni ráðherrafundinum voru afleiðingar bankahrunsins á Íslandi ráðherrunum ofarlega í huga. Á þeim fundi var ákveðið að stofna til sérstakrar embættismannanefndar um málefni Íslands.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

Embættismannanefndin (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar.

Nefndina skipa embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölþætt. Meginviðfangsefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Eftirtaldir vinnuhópar voru að störfum:

1. *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp).*
   Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og er skipuð embættismönnum úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna (Ekonomiska utsikter i Norden). Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.
2. *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen).*
   Vinnuhópurinn starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hans eru almenn skoðana-

skipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var meðal annars unnið að verkefnum sem snúa að efnahagsáhrifum loftslagsbreytinga og stjórnvaldsaðgerðum til að stemma stigu við þeim.

3. *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.*
Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Haldinn var einn fundur á árinu þar sem fjallað var um skattþrep í virðisaukaskatti, umhverfisskatta, skattastefnu, samræmdan tekjuskattstofn lögaðila á vettvangi ESB (CCCTB), skattastyrki (tax expenditure) og aðferðir við tekjuáætlanir.
4. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).*
Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri hennar undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru tveir fundir í nefndinni á árinu og var m.a. fjallað um niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna til vinnustaðarins; ræddar og samþykktar tillögur starfsmannastjóra um að helstu áhersluverkefni í ljósi könnunarinnar yrðu aukning þverfaglegra verkefna og einstaklingsbundin starfsþróun því tengd; ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og launaákvarðanir nýráðinna forstöðumanna norrænna stofnana.
5. *Norræn starfsmannaskipti (Nordisk tjenestemandsudveksling).*
Markmiðið með starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu, en Norræna ráðherranefndin hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í hinum norrænu ríkjunum. Á árinu var hlutdeild Íslendinga 8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar ársins voru níu og hlutu þeir styrki allt frá einum til tíu mánaða dvalar auk ferðakostnaðar. Fimm fóru til Danmerkur, tveir til Noregs og tveir til Svíþjóðar.
6. *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.*
Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum í ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD-samstarfið.
7. *Stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki.*
Í hópnum sitja fulltrúar allra norrænu ríkjanna, Grænlands og Færeyja. Fimm formlegir vinnufundir voru á árinu auk þess sem fulltrúar hans sátu undirbúningsfundi með fulltrú-

um frá Bermuda og Cayman. Undirritaður var tvíhliða upplýsingaskiptasamningur milli Norðurlanda og Guernsey og Jersey á ráðherrafundi í Helsinki í október.

8. *Norræna skattrannsóknaráðið.*
Markmið ráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefna ársins var haldin í Stokkhólmi í október og var umfjöllunarefnið skattlagning sem ekki hefur að markmiði að afla tekna í ríkissjóð, þ.e. önnur markmið skattlagningar en bein tekjuöflun, t.d. umhverfisskattar.

9. *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.*
Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattaskrifstofum funda árlega til að ræða málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og fór fundurinn fram í ágúst. Tilgangur hans er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Á árinu 2005 hófst endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins og lauk hennni snemma á árinu. Ný bókun við norræna tvísköttunarsamninginn var undirrituð í Helsinki 4. apríl og breytingar samkvæmt henni komu til framkvæmda 1. janúar 2009. Með bókun eru gerðar breytingar á reglum sem gilda um skattlagningu arðs, söluhagnað hlutabréfa, lífeyri og endurgjald af vinnu um borð í flugvélum.

10. *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda.*
Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Þá er fjallað um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisrekstur og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna.

11. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).*
Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta sitja starfsmenn frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar fundi hennar. Farið var yfir fjárlagafrumvarp ráðherranefndarinnar á fundi í Stokkhólmi í júní. Farið var yfir nokkrar breytingar til viðbótar við þá þróunarvinnu sem farið hefur fram í fjárlagavinnu og framsetningu fjárlaga ráðherranefndarinnar undanfarin ár. Þá var farið yfir uppsöfnun í sjóði ráðherranefndarinnar og meðferð fjárins. Nefndin lagði til að allt aukafé sem safnast upp greiðist til baka svo ekki hækki útgjaldarammi ráðherranefndarinnar.

12. *Norræna embættisnefndin fyrir Ísland.*
Á fundi norrænu fjármálaráðherranna í Helsinki þann 28. október var ákveðið að stofna nefnd með fulltrúum fjármálaráðherra einstakra ríkja til þess að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandaþjóða við að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

1. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).*
   Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
2. *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar*
   Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, Norræna-baltneska fjármálanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee), er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, Norræna-baltneska fulltrúanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee Alternates), er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð embættismönnum frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð hjá ýmsum alþjóðastofnunum, eins og fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þeir halda að jafnaði einn fund á ári.

13. Umhverfismál.

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-MILJÖ) byggir á framkvæmdaáætlunum sem endurskoðaðar eru á fjögurra ára fresti. Í þeim er kveðið á um pólitískar áherslur heima fyrir á Norðurlöndum en ekki síður og í vaxandi mæli er fjallað um þá þætti umhverfismála sem efst eru á baugi í alþjóðasamfélaginu.[4]

Vegna þeirrar alvarlegu áhrifa sem talið er að hlýnun jarðar muni hafa á norðurskautssvæðin ákváðu umhverfisráðherrarnir að setja fram sérstaka stefnu um málefni Norðurskautsins samhliða sjálfri framkvæmdaáætluninni. Markmiðið með þeirri stefnu er að leita leiða

[4]Sjá framkvæmdaáætlunin 2005–2008: http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2004796.pdf

til að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda á norðurslóð og draga úr mengun frá hættulegum efnum.[5]

Auk þeirrar forgangsröðunar sem fram kemur í umhverfisáætluninni fjalla ráðherrarnir um ýmis önnur mál sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi eða á Norðurlöndum. Norræn áætlun um sjálfbæra þróun svo og áherslur þess lands sem gegnir formennsku á hverjum tíma hafa einnig áhrif á umræðuna og það starf sem fram fer á umhverfissviði.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar, undirbúa ráðherrafundi og fylgja eftir verkefnum sem ráðherranefndin felur þeim.

Gildistími þeirrar umhverfisáætlunar sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár rann út í árslok. Því var á árinu unnið að nýrri áætlun til næstu fjögurra ára, þ.e. 2009–2012, og mótaðist starfið nokkuð af því.

Loftslagsmál voru ofarlega á baugi á fundum umhverfisráðherranna á árinu og lögðu þeir ríka áherslu á að norrænu ríkin væru samstíga og reyndu að leggja fram sameiginlegar tillögur um tilgreind mál í því skyni að greiða fyrir í samningaviðræðum um nýjan alþjóðlegan loftslagssáttmála. Málefni hafsins voru einnig ofarlega á baugi og á sumarfundi ráðherranna var þemaumræða um hafið og nýtingu og stjórnun auðlinda þess.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn hefur verið opinbert umhverfismerki Norðurlanda síðan 1989. Oft er litið á merkið sem eitt af flaggskipum norræns samstarfs þar sem það hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægt og áreiðanlegt umhverfismerki. Á árinu fór fram úttekt og mat á merkinu og lagðar voru fram tillögur um hvernig mætti styrkja það. Þar sem Íslendingar gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009 kom það í þeirra hlut að fylgja tillögunum eftir. Á liðnum árum hefur vörum merktum Svaninum fjölgað á Íslandi og nokkur fyrirtæki fengið leyfi til að merkja með því vörur sínar eða þjónustu.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO í 17. kafla).

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun.

Sameiginlega stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun má rekja til yfirlýsingar sem forsætisráðherrarnir sendu frá sér í nóvember 1998. Í kjölfarið var nefnd embættismanna falið að móta áætlun um sjálfbæra þróun. Ytri rammi hennar nær til ársins 2020 en meginmarkmið eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti án þess að hróflað sé við langtímamarkmiðum. Lögð er áhersla á samþættingu þriggja meginhugtaka í sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfismál, efnahagsmál og félagsmál. Á gildandi tímabili sem nær til ársloka 2008 eru eftirtalin þverfagleg svið í brennidepli: Sjálfbær neysla og framleiðsla, félagsmál, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla.[6]

Ríkisstjórnir á Norðurlöndum bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim áherslum sem eru í brennidepli á hverju tímabili. Fagráðherranefndir á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar

---

[5]Sjá stefnu um málefni Norðurskautsins: http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2006788.pdf

[6]Sjá stefnu um sjálfbæra þróun: http://www.norden.org/pub/ovrigt/baeredygtig/sk/ANP2004781.pdf

móta starf sitt með hliðsjón af áætluninni um sjálfbæra þróun. Umhverfissviðið gegnir mikilvægu hlutverki við að fylgja stefnunni eftir og mótast starf vinnuhópa nokkuð af því.

Í árslok endurnýjuðu forsætisráðherrarnir yfirlýsingu sína um sjálfbær Norðurlönd. Nefnd embættismanna vann að því að móta nýjar áherslur fyrir tímabilið 2009–2012. Ákveðið var að leggja mun meiri áherslu á hinn félagslega þátt sjálfbærrar þróunar.

Vinnuhópar.

Á vegum ráðherranefndarinnar starfa fimm vinnuhópar sem í eiga sæti sérfræðingar frá umhverfisráðuneytunum eða stofnunum þeirra. Auk þeirra hafa verið starfandi fimm þverfaglegir vinnuhópar. Þeir gegna mikilvægu hlutverki við að fylgja eftir markmiðum umhverfisáætlunarinnar.

Starf hópanna felst í því að taka saman faglega þekkingu og móta tillögur um aðgerðir hver á sínu fagsviði. Niðurstöðum þeirra og tillögum er m.a. miðlað í skýrslum og á ráðstefnum og málþingum og nýtast þær vel við stefnumótun í löndunum svo og sem sameiginlegt framlag í samningaviðræðum á alþjóðavettvangi. Í starfi vinnuhópanna er einnig miðlað mikilvægri þekkingu á umhverfismálum innan Norðurlanda, fjallað er um faglegt innihald ESB-gerða, framkvæmd þeirra, mótaðar tillögur og skipst á upplýsingum um aðferðir við innleiðingu ESB-gerða. Líta má á þessa þætti sem hluta af hinu ósýnilega starfi sem fram fer á norrænum vettvangi sem nýtist mjög vel ekki síst fyrir Ísland sem hefur fámenna stjórnsýslu.

Í nýrri umhverfisáætlun fyrir tímabilið 2009–2012 varð nokkur breyting á markmiðum. Það hafði m.a. í för með sér að nokkrar breytingar urðu á vinnuhópunum og var þeim fækkað til muna. Hér á eftir verða tíundað helstu viðfangsefni þeirra hópa sem störfuðu eftir þeirri áætlun sem gilti til ársloka 2008.

Í árslok ákváðu umhverfisráðherrarnir að setja á laggirnar svokallaðan COP15-hóp sem hefur tímabundið erindisbréf til ársloka 2009 en meginverkefni hópsins er að undirbúa sameiginlegar tillögur og málflutning Norðurlanda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Vinnuhópur um umhverfi hafs og lofts.

Helstu verkefni hópsins eru annars vegar að stuðla að aukinni þekkingu á loftmengun og tengslum milli loftmengunar og loftslagsbreytinga og hins vegar að fjalla um efni sem skaða umhverfi hafsins svo og að fylgja eftir tilmælum norrænu umhverfisráðherranna um að móta sameiginlegar tillögur um stefnu ESB í málefnum hafsins. Þá hefur hópurinn einnig unnið að tillögum um innleiðingu rammatilskipunar ESB um vatn.

Meðal þeirra alþjóðlegra samninga sem starf hópsins tengist má nefna samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, LRTAP), samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic), OSPAR, vinnuhóp Norðurskautsráðsins um málefni hafsins, AMAP, (Arctic Monitoring and Assessment Programme) svo og Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni.

Jörundur Svavarsson, prófessor við Háskóla Íslands, stýrði tveimur verkefnum hópsins sem fjölluðu um þrávirk lífræn efni á hafssvæðunum í kringum Ísland, Færeyjar og Noreg og syðri hluta Eystrasaltssvæðisins.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar leysa tveir nýir hópar verkefni vinnuhópsins af hólmi, annars vegar vinnuhópur um vistkerfi hafsins og hins vegar um loftslagsmál og loftgæði.

Vinnuhópur um efni og efnavörur

Meginstarf hópsins er vinna við hina nýju löggjöf ESB um efni og efnavörur (REACH) og hefur hann frá upphafi sett fram margar tillögur bæði um fagleg atriði og á síðari stigum um innleiðingu löggjafarinnar og túlkun tiltekinna atriða. Hópurinn hefur byggt upp gagnagrunna, t.d. um áhættumat og áhrif tiltekinna efna, framleiðslu þeirra og útbreiðslu. Þeir koma að miklum notum, ekki einungis á Norðurlöndum heldur einnig á vettvangi ESB og OECD. Þá hefur hópurinn unnið að verkefnum er tengjast Montreal-bókuninni um efni sem eyða ósonlaginu og setti m.a. fram tillögur um hvernig flýta megi fyrir því að notkun vetnisklórflúorkolefnis (HCFC) verði hætt, bæði í iðnríkjum og þróunarríkjum. Handbók fyrir tollayfirvöld um hvernig bæta megi árangur við eftirlit með ósoneyðandi efnum vakti mikinn áhuga framkvæmdastjórnar ESB og er ljóst að hún mun auðvelda til muna endurskoðun á löggjöf ESB um ósoneyðandi efni.[7]

Efni sem meðhöndluð eru með nanótækni koma reglulega á markað og eru m.a. notuð í lækningaskyni og iðnaði. Þróun í nanótækni er mjög ör og lítið vitað um áhrif efnanna á heilsu manna, dýra og plantna. Vinna við að greina áhættu sem hugsanlega stafar af notkun þessara efna er nýtt áherslusvið í starfi hópsins.

Vinnuhópur um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Hópurinn gegnir lykilhlutverki í norrænu samstarfi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vernd náttúru og menningarminja. Samstarfið byggist á þeim sameiginlegu viðfangsefnum sem norrænu ríkin standa frammi fyrir á þessu sviði og miðar m.a. að því að móta sameiginlegar tillögur til 10. aðildarríkjaþings Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem fram fer árið 2010.

Starf vinnuhópsins beindist á árinu m.a. að verkefnum sem tengjast markmiði Sameinuðu þjóðanna um að stöðva hnignun og tap á líffræðilegri fjölbreytni. Á árinu gaf hópurinn út skýrslu um stöðu líffræðilegrar fjölbreytni á Norðurlöndum.[8] Eitt verkefna fjallaði um ástand sjófuglastofna á Vestur-Norðurlöndum og sýndu niðurstöður þess að hrun stofnanna á þessum slóðum má m.a. rekja til loftslagsbreytinga. Í árslok ákváðu umhverfisráðherrarnir að fylgja niðurstöðum sjófuglaverkefnisins eftir með aðgerðaáætlun. Að tillögu Íslendinga var Skotum boðið að vera með í því verkefni. Þá var unnið að verkefni um líffræðilega fjölbreytni með sveitarfélögum á Norðurlöndum með það að markmiði að efla stefnumótun og þátttöku þeirra í verkefnum er lúta að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Af Íslands hálfu tók Akureyrarbær þátt í því verkefni.

Útilíf og almannaréttur eru einnig snar þáttur í starfi hópsins. Á árinu lauk nokkrum verkefnum sem tengjast börnum og unglingum, m.a. var efnt til ráðstefnu um útikennslu. Þá var einnig unnið að verkefni um samspilið milli útilífs og andlegrar heilsu.

Samkvæmt nýrri umhverfisáætlun fær hópurinn ný verkefni sem tengjast vistkerfum og vistkerfisnálgun og verður hér eftir nefndur vinnuhópurinn um vistkerfi á landi.

---

[7]Handbókin er á vefslóðinni: http://norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2008:701

[8]Skýrslan er á vefslóðinni: http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/uk/TN2009509.pdf

Vinnuhópur um vörur og úrgang.

Tveir þættir voru ráðandi í starfi hópsins á árinu, annars vegar sjálfbær framleiðsla og hins vegar endurvinnsla úrgangs. Markmiðið með starfinu er m.a. að móta tillögur á vettvangi ESB með það fyrir augum að tryggja að tekið sé tillit til áherslna og í sumum tilvikum sérstakra aðstæðna á Norðurlöndum við mótun ESB-gerða. Á árinu hefur hópurinn til dæmis unnið að tillögum varðandi tilskipun ESB um raftækja- og rafeindaúrgang. Miða þær m.a. að því að draga úr notkun skaðlegra efna við framleiðslu raftækja og að móta tillögur um söfnun og meðhöndlun raftækja og raftækjaúrgangs.

Á vegum hópsins hafa verið gefin út upplýsingahefti þar sem settar eru fram leiðbeiningar um bestu fáanlegu tækni í framleiðslu á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Á árinu voru t.d. gefin út upplýsingahefti fyrir fiskeldi og um meðferð úrgangs í fiskibátum. Á árinu var einnig gefin út skýrsla með yfirliti yfir öll upplýsingahefti hópsins um bestu fáanlegu tækni.[9]

Starf að umhverfismálum í litlum og dreifbýlum samfélögum er mikilvægur þáttur í starfi hópsins. Í slíkum samfélögum eru fjarlægðir oft miklar og loftslag kaldara en almennt á Norðurlöndum og því henta ekki alltaf hefðbundnar lausnir. Verkefni á þessum sviðum beinast að því að styrkja og þróa vinnu að *Staðardagskrá 21,* umhverfisstjórnun, meðferð úrgangs og bestu fáanlegu tækni á köldum svæðum.

Einn þáttur í starfi hópsins er að þróa og innleiða umhverfisstjórnunarkerfi í 60–90 litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi, í Færeyjum og á Álandseyjum. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þessu verkefni svo og starfinu í litlum og dreifbýlum samfélögum og hefur það nýst afar vel. Þá var á árinu lokið verkefni um verklag og meðhöndlun úrgangs sem fellur til í skipasmíðastöðvum.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar flytjast verkefni hópsins um sjálfbæra framleiðslu til nýs vinnuhóps um sjálfbæra neyslu og framleiðslu en umfjöllun um úrgangsmál verður eftir í sjálfstæðum hópi um þau málefni eingöngu.

Vinnuhópur um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Meginverkefni hópsins er að þróa aðferðir um vöktun og samræmingu á vöktun á lífríkinu á Norðurlöndum. Hópurinn hefur þá sérstöðu að öll verkefni hans eru unnin í samvinnu við einn eða fleiri vinnuhópa á umhverfissviðinu enda eru viðfangsefni hópsins þess eðlis að þau krefjast faglegrar samvinnu um þá þætti sem unnið er að hverju sinni.

Eitt af stærstu verkefnum hópsins er vöktun á líffræðilegri fjölbreytni. Á því sviði er þörf fyrir aukna þekkingu á stöðu og þróun bæði í löndunum og á alþjóðavettvangi og mikil eftirspurn er eftir sameiginlegum vöktunaraðferðum. Hópurinn hefur því unnið að verkefnum á þessu sviði m.a. með hliðsjón af því markmiði sem þjóðir heims hafa sett sér um að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni á árinu 2010. Hafa verkefnin beinst að lífríkinu í hafi, í vötnum og á landi.

Hópurinn hefur um árabil unnið að verkefnum sem tengjast rammatilskipun ESB um vatn og á því sviði er enn verk að vinna. Starfið á árinu fólst m.a. í að þróa aðferðir og vöktun og að kortleggja búsvæði og tegundir í hafinu og kanna samlegðaráhrif við búsvæða- og haftilskipanir ESB.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar verður verksvið vinnuhópsins um umhverfisvöktun og meðferð gagna samþætt starfinu í hverjum vinnuhópi fyrir sig og var hópurinn sem slíkur því lagður niður frá og með 1. janúar 2009.

---

[9]Skýrslan er á vefslóðinni: http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/uk/ANP2008702.pdf

Þverfaglegir vinnuhópar.
Vinnuhópur um loftslagsmál.

Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá umhverfis- og orkugeiranum og á samstarfið rætur að rekja til ársins 1993. Allt frá árinu 1996 hefur starf hópsins beinst að Kyoto-bókuninni, einkum að fylgja eftir hugmyndinni um að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir sameiginlega framkvæmd hennar (Testing Ground for Joint Implementation).

Á árinu 2004 fólu ráðherrar umhverfis- og orkumála hópnum að hefja vinnu við viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir (Emission Trading System) og þær alþjóðlegu viðræður sem þá voru að hefjast um nýjan loftslagssamning sem ætlunin er að öðlist gildi eftir 2012.

Hópurinn var lagður niður frá og með 1. janúar 2009 og nýr hópur um loftslag og loftgæði settur á laggirnar.

Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál.

Vinnuhópurinn er þverfaglegur hópur milli umhverfis- og fjármálasviðs og eiga fulltrúar frá umhverfis- og fjármálaráðuneytum landanna sæti í honum. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að fjalla um hvernig nýta má hagræn stjórntæki í þágu umhverfisins.

Á árinu var byrjað á verkefni sem tengist losun koltvísýrings frá bifreiðum. Markmiðið er að fá yfirsýn yfir skatta og önnur gjöld sem lögð eru á bifreiðar og meta hvaða breytingar unnt er að gera til að draga úr mengun og orkunotkun. Jafnframt að greina hvaða hagræn stjórntæki megi nota til að draga úr koltvísýringslosun og auðvelda löndunum að ná markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Hópurinn gefur reglulega út skýrslu um hagræn stjórntæki á Norðurlöndum. Vinna við næstu skýrslu hófst á árinu og verður meginefni hennar samanburður á löggjöf á sviði umhverfis- og orkumála. Í skýrslunni verður m.a. reynt að greina kosti þess og galla að leysa sama umhverfismál með ólíkum stjórntækjum.

Þá má nefna verkefni um hagrænt gildi þess að auka orkunýtni í byggingariðnaðinum á Norðurlöndum og verkefni um hina hagrænu þætti loftslagsvandans.

Vinnuhópur um fiskveiðar og umhverfismál.

Meginmarkmið vinnuhópsins er at styrkja samþættingu umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi, stuðla að vernd lífríkis hafsins og tryggja að sjónarmið sjálfbærrar þróunar séu höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og fiskeldi.

Hópurinn tók þátt í að skipuleggja stóra ráðstefnu um loftslagsbreytingar og fiskveiðistjórnun. Niðurstöður hennar voru kynntar á fundi norrænu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherranna á fundi þeirra í júní. Þá efndi hópurinn til ráðstefnu um fiskveiðar smábáta og eldsneytisverð.

Á vegum hópsins hefur verið unnið að nokkrum verkefnum um áhrif fiskveiða á lífríki sjávarbotnsins. Þá vann hópurinn að skýrslu um vöxt þorsks í Norður-Atlantshafi síðustu 100 árin í því skyni að fá betri mynd af hvernig meta megi áhrif loftslags á vöxt, framleiðni og stjórnun á nýtingu þorskstofnsins. Markmiðið er finna svör við því hvernig nota megi slíka greiningu aftur í tímann í nútíma fiskveiðistjórnun og í framtíðinni svo og til að skapa tengsl milli grunnrannsókna í norrænum háskólum og hagnýtingu hafrannsóknastofnana á Norðurlöndum á niðurstöðum þeirra.

Vinnuhópurinn var lagður niður við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar 1. janúar 2009 en stefnt er að því halda samstarfi þessara tveggja sviða áfram með því að vinna að afmörkuðum tímabundnum verkefnum um ýmis mál sem tengjast fiskveiðum og umhverfismálum.

Vinnuhópur um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Vinnuhópurinn er þverfaglegur með fulltrúum frá umhverfissviði, landbúnaði og skógrækt. Markmiðið er að samtvinna umhverfissjónarmið í landbúnaði og skógrækt. Á árinu gaf hópurinn út skýrslu undir yfirskriftinni: *Miljøstrategier i jord- og skovbrug – Et tværsektorielt samarbejde mellem miljø og jord- og skovbrug 1995–2008.* Skýrslan er samantekt á starfi hópsins og niðurstöðum hans á þessu tímabili en árið 2008 var síðasta starfsár hópsins í þeirri mynd sem verið hefur.

Eitt stærsta verkefni hópsins á árinu fjallaði um þýðingu skógræktar fyrir vistkerfi og landslag og byggðarlög. Guðmundur Halldórsson rannsóknastjóri hjá Landgræðslu ríkisins stýrði verkefninu. Því lauk með skýrslu þar sem varpað er ljósi á mikilvægi skóga fyrir umhverfi og efnahagslíf á Norðurlöndum og sýnt fram á hvaða áhrif skógareyðing síðustu tveggja alda hefur haft á líffræðilega fjölbreytni, landslag, byggðaþróun og heilsu Norðurlandabúa. Undirstrikað er mikilvægi þess að nýting skóga sé skipulögð bæði með lífsskilyrði fólks og umhverfissjónarmið í huga.[10]

Þá vann hópurinn að verkefnum sem tengjast framleiðslu lífmassa sem orkugjafa, þýðingu útivistar fyrir heilsu og velferð fólks og efnt var til málstofu um Landslagssáttmála Evrópu. Við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar 1. janúar 2009 var vinnuhópurinn lagður niður, en stefnt er að því að halda samstarfi þessara tveggja sviða áfram með því að vinna að afmörkuðum tímabundnum verkefnum um ýmis mál sem tengjast landbúnaði, skógrækt og umhverfismálum.

Vinnuhópur um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Hópurinn er þverfaglegur samstarfsvettvangur þar sem saman starfa fulltrúar umhverfis-, neytenda- og atvinnumála. Meginmarkmið er að leita leiða til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Til að ná þeim markmiðum er mikilvægt að hið opinbera og atvinnulífið leggi meiri áherslu á nýja tækni og nýsköpun og stuðli þannig að umhverfisvænni framleiðslu, bættri meðferð úrgangs og endurnýtingu. Jafnframt er mikilvægt að atvinnulífið geti skapað arð og tryggt vöxt. Starfið í hópnum felst í því að sameina þessi sjónarmið og hagsmuni.

Hópurinn hefur unnið mjög mikilvægt starf við að þróa viðmið fyrir vistvæn innkaup hins opinbera og lagði fram ákveðnar tillögur þar að lútandi á vettvangi ESB. Þær tillögur náðu fram að ganga og eru því hluti af þeim viðmiðum sem ESB setur í þeim efnum.

Í september efndi hópurinn til stórrar alþjóðlegrar ráðstefnu um umhverfistækni í tengslum við Copenmind-ráðstefnuna í Kaupmannahöfn. Skýrsla um ráðstefnuna verður gefin út á árinu 2009. Þá efndi hópurinn til ráðstefnu um umhverfistækni og nýsköpun.[11]

Vinnuhópurinn verður á vegum umhverfissviðs frá og með gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar og fulltrúum frá neytenda- og atvinnumálasviði er boðið og þeir hvattir til að taka þátt í starfinu. Hópurinn mun framvegis starfa undir heitinu *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu.*

Norræna erfðaauðlindaráðið.

Ráðið er vettvangur fyrir stefnumótandi umræðu um erfðaauðlindir Norðurlanda. Það stóð m.a. fyrir kynningu á samvinnu Norðurlanda um erfðaauðlindir á 9. aðildarríkjaþingi Samn-

---

[10]Sjá skýrsluna AFFORNORD: http://norden.org/pub/miljo/jordogskov/sk/TN2008562.pdf

[11]Frásögn af þeirri ráðstefnu er á vefslóðinni: http://www.norden.org/pub/ovrigt/ovrigt/is/20081008.pdf

ings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni undir yfirskriftinni: *Regional Cooperation on Genetic Resources in Support of Global Processes – a Nordic Approach.* Á fundinum var m.a. fjallað um viðleitni Norðurlanda til að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, fjallað var um norrænt samstarf um skógrækt og kynnt hin nýja norræna stofnun NordGen (www.nordgen.org) svo og alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða (Svalbard Global Seed Vault.)[12]

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar og með hliðsjón af stofnun NordGen mun erfðaauðlindaráðið starfa í náinni samvinnu við þá stofnun í framtíðinni.

Tímabundið starf að loftslagsmálum.

Norrænu umhverfisráðherrarnir ákváðu í árslok 2007 að setja hinn svokallaða COP15-hóp á laggirnar. Í honum eiga sæti norrænir sérfræðingar í loftslagsmálum, sumir þeirra eru fulltrúar landanna í samningaviðræðunum um nýjan alþjóðlegan loftslagssamning. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að vinna að sameiginlegum tillögum Norðurlanda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í Kaupmannahöfn í desember 2009. Starf hópsins byggist á skýrslu Harald Dovlands *Possible activities to support negotiations on a post-2012 climate regime.*[13]

Hópurinn vinnur að því að varpa ljósi á ýmsa þætti sem geta nýst í umræðum um lausn loftslagsvandans, s.s. hlutverk skóga, aðlögun að loftslagsbreytingum, fjármögnun aðgerða í þróunarlöndum og lagaleg atriði er varða væntanlegan Kaupmannahafnarsamning. Hópurinn starfar í nánu samráði við samninganefndir landanna. Erindisbréf hópsins rennur út í árslok 2009.

14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt.

Starf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS) er unnið á vegum einnar embættismannanefndar (EK-FJLS) og er skipt í deildir.

Í formennskuáætlun Svía var lögð áhersla á loftslagsbreytingar og var sjónum beint að lífrænu eldsneyti, nýjum ræktunarmöguleikum, áhrifum loftslagsbreytinga á fiskveiðar, eflingu rannsókna og nýtingu erfðaauðlinda. Annað áherslumál var samkeppnishæfni og smáfyrirtæki. Tækifærum landsbyggðarinnar var haldið á lofti, sérstaklega í ferðamannaþjónustu, og var áhersla lögð á bættan afrakstur strandveiða. Vatnabúskapur, betri heilsa með betri næringu og hreyfingu, dýravernd og verkefnið Ny Nordisk Mat voru jafnframt forgangsmál.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í júní og í tengslum við hann voru ráðstefnur og fundir. Þar var m.a. rætt um rekjanleika og umhverfismerkingar á afurðum sem unnar eru úr fiski sem veiddur er á sjálfbæran hátt. Þá var lögð fram yfirlýsing ráðherranna um sjálfbæra nýtingu sela, þar sem lýst var áhyggjum af fyrirhuguðu banni ESB við viðskiptum með selskinn og hvatt til þess að ESB gætti jafnvægis í verndun og nýtingu selastofna. Einnig var lögð fram yfirlýsing um dýravernd og dýrasjúkdóma. Töluvert var fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á frumframleiðslugreinar og matvælaframleiðslu og var á árinu lagt í vinnu við að hleypa af stokkunum viðamiklu verkefni um það málefni.

Fyrri hluti árs fór í að vinna nýja verkáætlun fyrir MR-FJLS fyrir 2009–2012 og var hún samþykkt á sumarfundi ráðherra í júní. Í henni er lögð áhersla á ákveðin viðfangsefni sem

---

[12]Sjá: http://www.regjeringen.no/en/dep/lmd/campain/svalbard-global-seed-vault.html?id=462220
[13]Sjá: http://www.norden.org/miljoe/cop15/cop15_pdf/Rapport%20av%20H.%20Dovland.pdf

nefndin telur að vinna beri að næstu fjögur árin. Formennskuáætlun landanna skal taka mið af áætluninni og vera stuðningur við hana.

Sjávarútvegsmál.

Á árinu var innra starf sjávarútvegsdeildarinnar endurskipulagt og einfaldað og undirnefndum fækkað í eina. Af áhersluatriðum má nefna að á sumarfundi ráðherranna var undirrituð ályktun um rétt landanna til sjálfbærrar nýtingar selastofna. Fjallað var um tengsl loftslagsbreytinga og auðlindanýtingar við tvö tækifæri. Alþjóðleg ráðstefna var haldin í Bergen undir yfirskriftinni *Fisheries Management and Climate Change in the Northeast Atlantic Ocean and the Baltic Sea.* Einnig stóð deildin fyrir umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga á strandveiðar í Eystrasalti. Af málefnum sem deildin hélt á lofti var baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum, sem hefur verið ofarlega á baugi í svæðisbundnum fiskveiðistofnunum sem og FAO síðastliðin ár.

Landbúnaður.

Á árinu hóf *Nordgen-Nordisk Genresurscenter* starfsemi en miðstöðin sameinar Norræna genabankann fyrir nytjaplöntur (NGB), Norræna genabankann fyrir búpening (NGH) og Norrænu frænefndina í skógrækt (NFPR) í eina stofnun. Eru miklar vonir bundnar við starfsemi Nordgen sem hefur verið eitt af merkustu samstarfsverkefnum ráðherranefndarinnar síðan Norræni genabankinn fyrir nytjaplöntur var settur á laggirnar í ársbyrjun 1979. Nordgen mun gegna lykilhlutverki í þróun margvíslegra samstarfsverkefna innan FJSL, og ekki síður í tengslum við alþjóðlega samvinnu á sviði erfðaauðlinda, t.d. hjá FAO þar sem mikill hagur er af norrænu samstarfi.

Haldið var áfram með verkefnið *Ny Nordisk Mat* sem miðar að því að markaðsetja norrænar matarhefðir með sérstakri skírskotun til þess hráefnis sem er í löndunum. Hefur verkefnið hlotið mikla athygli og tengir saman mörg svið svo sem erfðaefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu yfir í markaðsfærslu.

Matvælamál.

Starfið hjá matvæladeild ráðherranefndarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Svíar lögðu m.a. áherslu á dýravernd og velferð dýra í formennskuáætlun sinni og efndu til ráðstefnu í Stokkhólmi um það efni. Embættismannanefndin um matvælamál kom saman til tveggja reglulegra funda, auk þess sem flestir fulltrúar hennar sátu sumarfund matvælaráðherra Norðurlanda í Svíþjóð. Undirnefndir embættismannanefndarinnar störfuðu að skilgreindum verkefnum og eins verkefnahópar á þeirra vegum.

Skógrækt.

Í formennskuáætlun Svía var kveðið á um ráðstefnu norrænna skógarmálaráðherra þar sem mótuð yrði samnorræn afstaða til brýnna mála sem snertu skóga og skógrækt á Norðurlöndum. Starf skógræktardeildar ráðherranefndarinnar beindist því mjög að undirbúningi ráðstefnunnar, einkum hjá Svíum og Íslendingum. Ráðstefnan fór fram á Selfossi þann 19. ágúst 2008. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt sænska landbúnaðarráðherranum Eskil Erlandsson, buðu til ráðstefnunnar. Í samræmi við formennskuáætlun Svía var ákveðið að beina sjónum einkum að hlutverki skógarins í því að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum og hlut-

verki hans í því að tryggja hreint neysluvatn, auk leiða til að samræma kröfur um samkeppnishæfa skógrækt.

Ráðstefnuna sátu flestir hinna norrænu ráðherra og embættismenn sem ábyrgð bera á málefnum skóga og skógræktar í löndunum, ásamt fagfólki og helstu sérfræðingum á þessu sviði. Í ráðstefnulok samþykktu ráðherrarnir *Selfossyfirlýsinguna um samkeppnishæfa skógrækt á Norðurlöndunum.* Í henni er lögð áhersla á:

- mikilvægi heilbrigðra skóga sem uppsprettu hráefnis, annarra umhverfisgæða, útivistar, fjölbreytts lífríkis og forsendu fyrir samkeppnishæfni skógræktar á Norðurlöndum,
- að tryggja sjálfbæra líforkuframleiðslu úr skógarafurðum,
- aukna ræktun nýrra skóga til fjölþættra nota, ekki síst til þess að binda kolefni og draga úr loftslagsbreytingum,
- að vernda grunnvatn og aðgang að vatni,
- að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika og efla trjákynbætur sem aðlögun að loftslagsbreytingum,
- að styðja eflingu verndarskógræktar, gegn rofi og uppblæstri,
- að auka samstarf og miðlun reynslu milli skógræktenda á Norðurlöndum,
- að efla rannsóknir í skógrækt.

Selfossyfirlýsingin mun án efa hafa víðtæk áhrif á stefnumörkun allra norrænu ríkjanna á komandi árum. Í ársbyrjun 2009 skipaði Norræna ráðherranefndin starfshóp sem ætlað er að koma með tillögur um hvernig þeirri sameiginlegu stefnu sem fram kemur í yfirlýsingum skógarmálaráðherranna verði best fylgt eftir. Íslendingar fara með formennsku í hópnum.

15. Grannsvæðasamstarf.

Eystrasaltssamstarf.

Á Eystrasaltssvæðinu leggur Norræna ráðherranefndin megináherslu á samstarf við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland, en hefur jafnframt á síðustu árum byggt upp nánara samstarf við Pólland. Þá eru Þjóðverjar í vaxandi mæli aðilar að ýmsum samstarfsverkefnum. Ráðherranefndin hefur lýst yfir vilja til samstarfs um vel skilgreind verkefni sem falla undir Eystrasaltsstefnu ESB, sérstaklega á sviði rannsókna, nýsköpunar, orkusamstarfs, málefna innri markaðar, landbúnaðar, skógræktar og fiskveiða.

Samstarfsráðherrarnir samþykktu í nóvember ný stefnumið fyrir samstarf við Eistland, Lettland og Litháen eftir samráð við stjórnvöld í löndunum og kynningu á Norðurlandaráðsþingi í október. Forgangsmál eru:

1. menntun, rannsóknir og nýsköpun,
2. atvinnulíf, klasasamstarf og skapandi iðngreinar,
3. umhverfis-, loftslags- og orkumál,
4. verkefni velferðarsamfélagsins vegna vandamála handan landamæra, svo sem baráttan gegn mansali og útbreiðslu eyðni, og efling lögreglusamstarfs og ákæruvalds,
5. samstarf landamærasvæða til að styrkja sameiginleg gildi svo sem lýðræði, góða stjórnsýslu, jafnrétti, tjáningarfrelsi og umburðarlyndi, hvort heldur er í samstarfi við Eystrasaltsríkin eða önnur grannríki þar með talið Hvíta-Rússland.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna staðfestu þessi stefnumið á fundi sínum í Pärnu þann 10. september.

Vinnuhópar mótuðu á árinu sameiginlegar mannaskiptaáætlanir fyrir Eystrasaltsríkin og Norðurlönd sem ná til embættismanna, atvinnulífs og menningarstarfs. Þeim var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2009 eftir að ráðherranefndir og Norðurlandaráð höfðu samþykkt þær.

Utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna hafa einnig lýst yfir stuðningi við þessar áætlanir og staðfest eindrægnar óskir um að byggja enn frekar upp samstarf við Norðurlönd.

Dæmi um nánara samstarf með auknu pólitísku vægi í Eystrasaltsríkjunum eru nýjar áætlanir um rannsóknarsamstarf. Framhald verður á samstarfi á sviði mennta og rannsókna sem miðar að því að styðja við fimmta frelsið um þekkingarmiðlun. Jafnframt verður NordPlus-áætlunin þróuð áfram.

Ráðherrar atvinnumála lögðu á árinu áherslu á aðild Eystrasaltsríkjanna að fleiri verkefnum sem tengjast atvinnuuppbyggingu og klasastarfsemi, hér með talið verkefnið *Inno-net Baltic Sea Region* og hnattvæðingarverkefni um skapandi iðngreinar. Samstarf á sviði orkumála var einnig í brennidepli og verður því haldið áfram á árinu 2009.

Samstarf við Norðvestur-Rússland.

Samstarf við Norðvestur-Rússland miðar að því að byggja upp tengslanet og efna til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Rússar hafa ítrekað lýst yfir ánægju með samstarfið. Ný stefnumið fyrir samstarf við Norðvestur-Rússland á tímabilinu 2009–2013 voru samþykkt af samstarfsráðherrunum í nóvember.

Forgangsverkefni eru:

1. menntun, rannsóknir og nýsköpun, hér með talið skapandi iðngreinar,
2. umhverfisvernd, loftslagsmál og orkusamstarf,
3. verkefni sem skapa grundvöll fyrir efnahagssamstarf og viðskipti,
4. samstarfsverkefni innan Norðlægu víddarinnar,
5. lýðræðisuppbygging og samfélagsþróun með samstarfi um stjórnsýslu og góða stjórnsýsluhætti, þingmannasamstarfi, samstarfi um fjölmiðlun og blaðamennsku svo og samstarfi frjálsra félagasamtaka.

Á árinu lögðu menningarmálaráðherrarnir sitt af mörkum til að koma á samstarfsverkefnum innan Norðlægu víddar ESB. Á grundvelli skýrslu frá stefnumótunarhópi var á fundi utanríkisráðherra ríkja innan Norðlægu víddarinnar í Pétursborg í október ákveðið að stefna að samstarfi á menningarsviði. Tillögur þar að lútandi verða lagðar fyrir næsta utanríkisráðherrafund haustið 2009.

Norræna ráðherranefndin hefur átt aðild að fjölmörgum verkefnum innan Norðlægu víddarinnar á sviði lýðheilsu og félagsmála, t.d. sem tengjast baráttu gegn mansali og útbreiðslu eyðni. Meðal annars var haldin ráðstefna í Pétursborg í apríl um aðgerðir gegn mansali sem skapaði grundvöll fyrir frekari samstarfi Norðurlanda, Eystrarsaltsríkjanna og Rússlands um málið. Stuðningur ráðherranefndarinnar til samstarfs frjálsra félagasamtaka á Eystrasaltssvæðinu hefur einnig mikla þýðingu. Alls hafa 22 verkefni með samstarfsaðilum í Norðvestur-Rússlandi fengið styrk frá árinu 2006.

Innan ramma áætlunar um þekkingarsköpun og tengslanet hefur verið lögð áhersla á þýðingarmikil málefni eins og samstarf um aðgerðir gegn spillingu, einkarétt á hugverkum og höfundaréttarmál, baráttu gegn mansali, betri orkunýtingu, menntun og rannsóknir. Á árinu 2009 er þess vænst að samstarfið verði byggt enn frekar upp, s.s. á milli sveitarfélaga. Á sviði menntunar og rannsókna voru á árinu undirbúnar samstarfsáætlanir og fundað um efni þeirra. Upplýsingaskrifstofur ráðherranefndarinnar í Pétursborg og Kaliningrad gegna mikilvægu hlutverki í þessu samstarfi.

Starfsemi ráðherranefndarinnar í Hvíta-Rússlandi.

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar hvað varðar Hvíta-Rússland hafa að markmiði að styrkja lýðræðisuppbyggingu í landinu.

Ráðherranefndin hefur síðan 2005, í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB, veitt hvít-rússneska háskólanum European Humanities University (EHU) fjárstyrk. Um eitt þúsund háskólanemar frá Hvíta-Rússlandi stunda nám við skólann sem er með aðsetur í Vilnius. Þeir fá menntun í hugvísindum og samfélagsfræðum og byggir námið á akademísku frelsi og lýðræðislegum vinnubrögðum. Samstarfsráðherrar Norðurlanda ákváðu í júní að setja á laggir styrktarsjóð fyrir háskólann til að tryggja rekstrargrundvöllinn þar til unnt verður að flytja hana til Hvíta-Rússlands. Sjóðnum er stýrt af skrifstofu ráðherranefndarinnar og alþjóðlegri stjórn skólans. Ráðherranefndin styrkir að auki í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB vel á fjórða tug hvítrússneskra háskólanema í Úkraínu, sem ekki hafa átt þess kost að ljúka námi í heimalandi sínu vegna stjórnmálaskoðana sinna.

Ráðherranefndin hefur með áætlun fyrir frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu styrkt 25 verkefni með aðild félaga í Hvíta-Rússlandi. Þá má geta þess að ráðherranefndin styrkti á árinu óháðu hvítrússnesku sjónvarpsstöðina Belsat sem starfar í Póllandi.

Samstarf við grannsvæði í vestri.

Norræna ráðherranefndin hefur á undanförnum árum leitast við að byggja upp samstarf við granna í vestri, sérstaklega í strandfylkjum Kanada. Fé til þess starfs var eyrnamerkt á fjárlögum 2009 og verður væntanlega einnig á árinu 2010. Dæmi um samstarf til vesturs er frumkvæði norrænu félagsmálaráðherranna að samstarfi innan Norðlægu víddarinnar á sviði félags- og heilbrigðismála með áherslu á frumbyggja og dreifðar byggðir. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) byggði á árinu upp samstarf við Kanada á sviði umhverfistækni og nanotækni.

Ráðherrar menntamála og rannsókna hafa síðan 2006 lagt sitt af mörkum til að byggja upp alþjóðasamstarf um rannsóknir og menntun á norðurskautssvæðunum með aðild allra ríkja á norðurslóð. Viðræður um tilhögun þess héldu áfram á árinu. Þá var efnt til samstarfs á sviði umhverfismála og fiskveiða.

Norræna Atlantsnefndin.

Norræna Atlantsnefndin (NORA) er sú stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar sem mest kveður að í samstarfi við granna í vestri. Allir helstu samstarfsaðilar eru frá svæðum við Atlantshaf, einnig í grannríkjum Vestur-Norðurlanda. Nefndin hefur skilgreint þrjú svið þar sem lögð er áhersla á nýsköpun í atvinnulífi, og eru þau a) auðlindir hafsins b) orkumál c) ferðaþjónusta.

Haustið 2008 fór stjórn NORA og starfsmenn skrifstofu í ferð til Kanada til að kanna grundvöll fyrir samstarfsverkefni.[14] Stjórnin komst að þeirri niðurstöðu að mikill áhugi væri í strandhéruðum Kanada fyrir skýrt afmörkuðum samstarfsverkefnum, hins vegar væri ekki sami áhugi á samstarfi hjá stjórnvöldum í Ottawa.

Samstarf á norðurslóð.

Ný samstarfsáætlun um málefni norðurslóða á árunum 2009–2011 var samþykkt á árinu. Hún vísar veginn við skipulag og framkvæmd samstarfsverkefna á vegum ráðherranefndar-

[14]Skýrsla um ferðina er á vefslóðinni http://www.nora.fo/index.php?pid=193&cid=100

innar á norðurslóð og á að: a) stuðla að því að bæta lífsgæði íbúa og vistfræðilegar og efnahagslegar forsendur fyrir áframhaldandi byggð á heimskautasvæðunum b) stuðla að aukinni þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóð og aðgerðum gegn þeim, svo og mengun af völdum eiturefna og þungmálma c) stuðla að og styrkja félagslega og menningarlega framþróun meðal íbúa d) stuðla að verndun viðkvæmrar náttúru á norðurslóð, náttúrugæða og líffræðilegs fjölbreytileika og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðinda í þessum heimshluta.

Norræna ráðherranefndin stóð í september fyrir norðurslóðaráðstefnu í Ilulissat á Grænlandi undir yfirskriftinni *Common Concern for the Arctic.* Markmið var að miðla þekkingu til ESB og annarra alþjóðlegra aðila um þann vanda sem steðjar að norðurskautssvæðunum og efla hlutdeild þeirra til lausna. Fyrir ráðstefnuna lét ráðherranefndin gera skýrslu um gildandi og fyrirhuguð stefnumið ESB og aðgerðir á norðurslóð. Ráðstefnuna sóttu 120 háttsettir gestir, þeirra á meðal ráðherrar, fulltrúar í framkvæmdastjórn ESB og sendiherrar. Gestir voru frá ESB-ríkjum, Kanada, Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína og Kóreu. Þá sátu fulltrúar frumbyggja, fræðaheims og norrænu ríkisstjórnanna ráðstefnuna. Í kjölfar ráðstefnunnar birti framkvæmdastjórn ESB 49 tillögur um aðgerðir á norðurslóð og stefnumótun í málefnum norðurskautssvæða. Þá leitaði framkvæmdastjórnin eftir því við ráðherranefndina að skilgreind yrðu samstarfssvið um málefni norðurslóða. Meðal annars eru áform um að fylgja áðurnefndri ráðstefnu eftir með annarri í Brussel haustið 2009 undir formennsku Íslendinga, formennsku Svía í ESB og formennsku Dana í Norðurskautsráðinu.

Samstarf við önnur svæðasamtök.

Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsráðið (CBSS) hafa með sér náið samráð í verkefnum á sviði lýðheilsu og velferðar innan Norðlægu víddarinnar. Ráðherranefndin hefur að auki lagt sitt af mörkum til EuroFacultyverkefnis Eystrasaltsráðsins í Pskov og mun á komandi árum fylgjast með framvindu þess.

Samstarf ráðherranefndarinnar og Barentsráðsins (BEAC) fer að hluta til fram í afmörkuðum verkefnum og að hluta til sem samráð um starfsemi á Barentshafssvæðinu. Verið er að skilgreina ný samstarfsverkefni og er vænst að gott samráð verði haft við nýja skrifstofu Barentsráðsins í Kirkenes í Noregi.

Unnið er með Norðurskautsráðinu innan ramma samstarfsáætlunar um málefni norðurskautssvæðanna, þar sem veittir eru styrkir til fjölmargra verkefna með áherslu á frumbyggja eins og áður hefur komið fram.

Norræna ráðherranefndin hefur þróað frekar samstarf við ESB varðandi styrktarsjóð fyrir útlagaháskólann EHU í Vilníus og haft náið samráð við framkvæmdastjórn sambandsins um málið. Annað samstarf við ESB tengist BEN-EAST-verkefninu um samstarf landamærasvæða sem lauk á árinu og BSR-verkefninu um nýsköpun sem lýkur að öllum líkindum á árinu 2009. Að auki hefur samstarfi um málefni norðurslóða verið eflt til mikilla muna, svo og samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Ráðherranefndin hefur einnig lagt sitt af mörkum við uppbyggingu upplýsingakerfis um verkefni innan Norðlægu víddarinnar, þar sem gert hefur verið grein fyrir 171 verkefni á vegum nefndarinnar á árunum 2007–2008. Heildarkostnaður við þau verkefni nemur 370 millj. evra, þar með talin framlög þriðja aðila.

Samstarf hefur verið aukið við Visegrad-löndin á árinu, sérstaklega í tengslum við verkefni sem tengjast lýðræðisuppbyggingu í Hvíta-Rússlandi. Þá hefur ráðherranefndin samstarf við Helcom um verndun Eystrasaltsins.

Ráðherranefndin hefur átt frumkvæði að verkefnum á vegum Baltic Development Forum (BDF) og fjármagnaði ásamt Norræna fjárfestingarbankanum gerð stöðuskýrslu um Eystrasaltssvæðið sem nýtast mun til frekari uppbyggingar á svæðinu.

16. Norrænar stofnanir á Íslandi.

Norræna húsið.

Árið 2008 var merkisár í sögu Norræna hússins, þann 18. ágúst voru liðin 40 ár frá vígslu þess. Þessum tímamótum voru gerð skil með veglegri afmælisdagskrá.

Nokkrar áherslubreytingar hafa orðið á starfsemi hússins. Norræna ráðherranefndin vill leggja meiri áherslu á hnattvæðingu undir yfirskriftinni *Norden i verden – Verden i Norden.* Ráðherranefndin valdi Norræna húsið fyrir hönd allra landanna til að kynna og koma á framfæri *Nýrri norrænni matargerð* og hófst kynningarátakið á vormisseri 2009.

Aðsókn að Norræna húsinu hefur sjaldan verið meiri en á árinu 2008, u.þ.b. 58.000 gestir heimsóttu húsið.

Tónleikar.

Á árinu voru að vanda haldnir margir tónleikar. Margir þeirra voru á vegum aðila sem leigðu aðstöðu í húsinu, bæði innlendir og erlendir. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu s.s. *Hádegistónleikar Háskóla Íslands, 15:15 tónleikaröðin, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Suzuki tónlistarskólinn, Söngskóli Sigurðar Demetz, Söngskólinn Domus Vox, Listaháskóli Íslands, Wagner samtökin* o.fl. Nýárstónleikar RÚV með tónlistarmönnunum *Agli Ólafssyni* og *Valgeiri Guðjónssyni* voru teknir upp í húsinu. *Iceland Airwaves* tónlistarhátíðin var haldin annað árið í röð með áherslu á norræna tónlistamenn. Í febrúar voru *Myrkir músíkdagar* að hluta til haldnir í húsinu. *Norrænir hausttónar á haustjafndægrum* var yfirskrift tónleika sem Kammerhópurinn Camerarctica hélt í september.

Nokkrir norrænir tónlistarmenn héldu tónleika á árinu og kvað þar mest að Norðmönnum. Í mars héldu fjórir ungir tónlistanemar, Finlir, frá Svíþjóð tónleika.

Í apríl var haldin fjölbreytileg tónlistarsyrpa og voru meðal gesta listamenn frá Danmörku, *Duo Resonante.* Frá Svíþjóð komu listamenn og fluttu dagskrá í tali og tónum um sænska ljóðskáldið *Tomas Tranströmer.* Í júní heimsótti norski barna- og unglingakórinn *Skarvebarna & Småfant* Norræna húsið og seinna í mánuðinum komu 30 norskir þjóðdansarar sem dönsuðu við undirleik harðangursfiðlu. Norski píanóleikarinn *Öystein Skar* hélt tónleika og lék sígilda, nútíma- og sérsamda tónlist. Íslensk/norska sópransöngkonan *Steinunn Soffía Skjenstad* og norski gítarleikarinn *Kåre Solmund Sætrevik Nystadbakk* héldu tónleika á Menningarnótt Reykjavíkur.

Í ágúst kom finnski kórinn *Porin Laulajat* í heimsókn og í sama mánuði kom *Thórshavnar Stórband* frá Færeyjum og hélt tónleika í húsinu á Jazzhátíð í Reykjavík. Í september héldu *Guðbjörg R. Tryggvadóttir* sópransöngkona og danski píanóleikarinn *Elsebeth Brodersen* tónleika.

Sýningar.

Fjölbreytileiki var mikill á sýningum í anddyri og í sýningarsal í kjallara hússins og voru þær vel sóttar.

Sýningarsalur í kjallara hússins.

Árið hófst með danssýningu íslenska dansflokksins *Dari Dari Dance Company* sem sýndi frumsamið verk. Ljósmyndasýningin *Af jörðu ertu komin* eftir íslenska ljósmyndarann *Rebekku Guðleifsdóttur* var opnuð í janúar og í mars var opnuð sýningin *Norrænar hugrenningar frá Mexíkó* á verkum dönsku textíllistakonunnar *Trine Ellitsgaard* sem búsett er í Mexíkó. Í apríl var haldin samkeppni um útfærslu á sumarskála við Norræna húsið og var efnt til sýningar á tillögunum. Á sama tíma var sýning á framtíðarskipulagi um Vatnsmýrina.

Í maí opnaði sýningin *List án landamæra* og sem fyrr er það gleðin og fjölbreytileikinn sem þar er hafður að leiðarljósi. Aðalsýning ársins *Dimensions on Wood – Hugmyndir í við* var haldin í tilefni 40 ára afmælis hússins og stóð í þrjá mánuði. Þetta var stór og viðamikil sýning sem sýndi hvað viðurinn skipaði stórt hlutverk í byggingarlist Alvar Aaltos. Sýningin *Sequences 2008 – Real Time Art Festival* var haldin í október, þar sýndu íslenskir listamenn fjölbreytileg verk. Í nóvember var haldin glæsileg norsk hönnunarsýning á prjónuðum kvenfatnaði. Sýnendur voru tveir hönnuðir sem reka hönnunarfyrirtækið *DUODU* í Þrándheimi. Sýningin var mjög vel sótt og vakti mikla athygli. Í tengslum við sýninguna hélt *Halldór Gíslason,* arkitekt og deildarforseti hönnunardeildar Listaháskólans í Ósló, fyrirlestur um norska hönnun. Sýning var haldin í samvinnu við norska sendiráðið. Síðasta sýning ársins var málverkasýning sænsku listakonunnar *Ebbu Hammarskiöld.*

Anddyri.

Í byrjun janúar var opnuð ljósmyndasýningin *Fegurð Islam – íslömsk húsagerðalist* eftir sænsk-pakistanska ljósmyndarann Linnea Sellersjö. Í febrúar var ljósmyndasýningin *Where the Baltic Sea and People Meet* sett upp í sambandi við ferðaráðstefnu sem haldin var á vegum sendiráðs Lettlands í Ósló. Ljósmyndir eftir *Rebekku Guðleifsdóttur* af Norræna húsinu voru í anddyri hússins nær allt árið. Yfir sumarmánuðina var sýning á ljósmyndum frá Færeyjum, *Þorp – það sem augað ekki sér* eftir ljósmyndara úr ljósmyndafélaginu Fókus.

40 ára afmæli Norræna hússins.

Þann 24. ágúst voru liðin fjörtíu ár frá vígslu Norræna hússins. Þess var minnst með fjölbreytilegri vikulangri dagskrá þar sem m.a. hverjum áratug voru gerð ítarleg skil. Hver áratugur hafði sitt þema sem túlkað var af þekktustu listamönnum þjóðarinnar í formi tónlistar, fyrirlestra og bókmennta. Flestir fjölmiðlar gerðu hátíðinni góð skil, m.a. RÚV sem gerði tvo þætti um sögu Norræna hússins sem sendir voru út um sumarið.

Í tengslum við afmælið og sýninguna voru haldnir nokkrir fyrirlestrar um *Alvar Aalto* og verk hans:

1. *Ásdís Ólafsdóttir* hélt fyrirlestur *Frá náttúru til byggingar: Maison Louis Carré sem dæmi um notkun viðar hjá Alvar Aalto.*
2. *Guja Dögg* hélt fyrirlestur sem hún nefndi *Alvar Aalto og Studio Grana: arkitektúr í samspili staðar, náttúru og efnisvals.* Haldin var listasmiðja fyrir börn í tengslum við sýninguna.
3. *Pétur Ármannsson* hélt fyrirlestur um Alvar Aalto og Ísland.
4. Að auki var haldin þriðja alþjóðlega Alvar Aalto-ráðstefnan um nútíma byggingarlist í samvinnu við Jyväskylä-háskólann og Alvar Aaltoakademíuna í Helsinki.

Ráðstefnur og málþing.

Margar fjölbreytilegar ráðstefnur og málþing voru haldin á árinu, og má m.a. nefna áðurnefnda ferðakynningu *Where the Baltic Sea and The People Meet.*

Ny nordisk mat / Food and Fun: kynning á *Nýrri norrænni matargerð* var haldin í febrúar. Þar voru saman komnir fjölmargir norrænir matreiðslumenn til að kynna nýja norræna matargerðarlist. Íslenskir og norrænir matvælaframleiðendur kynntu vörur sínar í sýningarsölum hússins.

Í apríl og maí var haldin röð 9 fyrirlestra ásamt sýningum og umræðum um þemað *Byggingalist í brennidepli – Mannlíf í miðborg.* Fyrirlestrarnir voru í samvinnu við *Listaháskóla Íslands, CIA.IS* og *Listasafn Reykjavíkur.* Þátttakendur komu víðsvegar að, m.a. frá Norðurlöndum og öðrum Evrópulöndum. Í maí var efnt til dagskrár í samvinnu við *NFBO – Norræna félagið gegn illri meðferð á börnum* – sem hélt norrænt málþing í Reykjavík. Dagskráin byggði m.a. á fyrirlestrum sænska rithöfundarins *Lisbeth Pipping* og bók hennar: *Að alast upp með seinfærri móður.* Unglingum var boðið að koma og hlusta á hana. *Lisbeth Pipping* hélt líka fyrirlestur fyrir fagfólk. Sýnd var kvikmyndin *Veðramót* eftir *Guðnýju Halldórsdóttur.* Á seinni degi dagskrárinnar voru pallborðsumræður.

Umhverfisdagar voru haldnir í Norræna húsinu í september. *Framtíðarlandið, Náttúran.is* og *Landvernd* kynntu starfsemi sína, umhverfissinninn Fred Goldberg hélt fyrirlestur og málþing var haldið um þemað *Hvernig myndum við umhverfisvæn samfélög?* Hluti *Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík* var haldinn í Norræna húsinu annað árið í röð. 25 erlendar kvikmyndir voru sýndar, haldnir voru fyrirlestrar, leikstjórar kynntu myndir sínar og námskeið voru fyrir kvikmyndagerðarfólk. Mikil aðsókn var að hátíðinni.

Aðrir viðburðir.

Háskóli Íslands er fastur viðskiptavinur Norræna hússins og heldur marga af sínum fyrirlestrum í húsinu.

Kulturkontakt Nord, lista- og menningardeild ásamt stjórn hélt fundi í húsinu.

Sendinefnd frá Norrænu ráðherranefndinni í Pétursborg heimsótti húsið og kynnti sér starfsemi þess.

Norræna húsið hefur um árabil átt samstarf við Reykjavíkurborg um tvo fasta viðburði: *Safnanótt og Menningarnótt.* Dagskrá *Safnanætur* fauk út í veður og vind þegar eitt af verstu óveðrum Íslandssögunnar gekk yfir landið. Menningarnótt var hins vegar haldin við góð veðurskilyrði á afmæli Reykjavíkurborgar í ágúst með fjölbreyttri dagskrá þar sem norrænir og íslenskir listamenn komu fram.

Franskur leik- og gjörningahópur *Parques Majeures* hélt sýningu á nýstárlegri hreyfimyndalist í júlí.

Kvikmyndin *Firekeepers* sem fjallar um samíska menningu var sýnd í júní.

Í nóvember var haldin tveggja daga kynning á Suður-Grænlandi í samstarfi við *Destination South Greenland* á Grænlandi og *Flugfélag Íslands.*

Annað árið í röð hélt *Stúdentaleikhúsið* sýningar sínar í kjallara hússins.

Fyrir tveim árum tók Norræna húsið upp þá nýbreytni að hafa svokallað lifandi jóladagatal á aðventunni. Á hverjum degi koma fram þekktir listamenn: leikarar, tónlistarfólk, rithöfundar o.fl. Stefnt er að því að þetta verði fastur liður í starfssemi hússins.

Norrænu sendiráðin.

Náið og gott samstarf er á milli norrænu sendiráðanna í Reykjavík og Norræna hússins. Flest þeirra fagna þjóðhátíðardögum sínum í húsinu og nokkur þeirra hafa stutt viðburði í húsinu. Áður hefur verið minnst á norska hönnunarsýningu sem norska sendiráðið styrkti. Sendiráðið stóð líka að tveim fyrirlestrum, annars vegar í samstarfi við *Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands* um *Henrik Ibsen* og fjallaði sá fyrirlestur um *Helgihald og hátíðir* í tíu leikritum skáldsins. Hinn fyrirlesturinn var um norska skáldið *Henrik Wergeland* í tengslum við tveggja alda afmæli hans. Danska sendiráðið stóð fyrir kynningu á háskólum í Danmörku. Finnsk/sænska ljóðskáldið og rithöfundurinn *Lars Huldén* las úr verkum sínum í boði finnska sendiráðsins. Sænska sendiráðið stóð að venju fyrir *Luciuhátíð* 13. desember.

Bókasafn.

Bókasafnið var aðili að alþjóðlegu barnabókmenntahátíðinni *Mýri* sem haldin var 19.–23. september og að þessu sinni helguð draugum í barnabókum, bæði í máli og myndum og bar hátíðin titilinn *Draugar úti í mýri.* Margir athyglisverðir höfundar, innlendir og erlendir, tóku þátt í hátíðinni. Safnið tók þátt í ráðstefnu *ARLIS/norden (Art Library Section)* í byrjun júní.

Norræna bókasafnsvikan var dagana 10.–16. nóvember og stóð bókasafnið fyrir dagskrá ásamt Norræna félaginu. Þemað var *Ást á norðrinu.* Lesið var fyrir leikskólabörn og grunnskólanemendur og auk þess var dagskrá þar sem texti, sem sérstaklega var saminn fyrir vikuna, var lesinn á fimm norrænum málum.

Danski rithöfundurinn og heiðursverðlaunahafinn *Vagn Lundbye* kynnti verk sitt *Det Nordiske Testamente* í dagskrá í sal Norræna hússins.

Norræna eldfjallasetrið.

Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NORDVULK er hluti af Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Unnið er að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarð-, jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið NORDVULK er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 35 ár hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NORDVULK, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum hafa enn fremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknaverkefni orðið til. NORDVULK miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði jafnhliða upplýsingum og ráðgjöf um fræðslu til almennings.

Hjá Norræna eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, á eðli jarðhitavökva, á gosefnum eldfjalla og jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta rannsóknir á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög

Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundrað milljónum ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun. Ein meginástæða jarðfræðilegrar sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstakt tækifæri gefst því hér á landi til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um 2–3 kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til komin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í jarðskorpu og möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við ólíkar umhverfisaðstæður. Neðansjávargos og gos undir jöklum verða, auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu annarra norrænna ríkja. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa á Norðurlöndum.

Á hverju ári auglýsir NORDVULK fimm stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til 12 mánaða í senn. Þær eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdoktorum frá Norðurlöndum og fá þeir tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni í samstarfi við rannsóknahóp stofnunarinnar. Umsækjendur um þessar stöður eru valdir af norrænni verkefnanefnd sem skipuð er jarðvísindamönnum frá öllum norrænu ríkjunum. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Hún er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, og sá sem gegnir henni er jafnan frá öðru norrænu ríki en Íslandi. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun Háskólans tengdur NORDVULK sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu. Umsjón Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar er nú í höndum Rikke Pedersen sem tók á árinu við því starfi af Freysteini Sigmundssyni.

Norræna eldfjallasetrið er þekkt meðal vísindamanna um allan heim sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings og framhaldsskólanema á eldfjallarannsóknum stofnunarinnar. Þetta lýsir sér t.d. í fjölmörgum heimsóknum norrænna framhaldsskólanema í skipulögðum ferðum til Íslands. NORDVULK veitir þeim kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins, auk rannsókna á eldfjallasetrinu. Þá má nefna að fimm greinar eftir starfsmenn NORDVULK birtust í tímaritum fyrir almenning á árinu.

Úttekt.

Norræna ráðherranefndin og Háskóli Íslands stóðu fyrir ytri úttekt á starfsemi Norræna eldfjallasetursins á árinu í tengslum við frekari samningsgerð um starfsemina. Alþjóðleg úttektarnefnd fékk það hlutverk að meta vísindalega starfsemi, niðurstöður rannsókna og birtingu þeirra, styrkþegastöður og sumarskóla. Nefndinni var einnig falið að meta árangur af samþættri starfsemi Norræna eldfjallasetursins og jarðvísinda við Háskóla Íslands á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því að þessar einingar í sameiningu mynduðu Jarðvísindastofnun Háskólans. Þá var nefndinni falið að meta áhrif af starfsemi NORDVULK á norrænt samstarf í eldfjallafræði. Úttektarnefndin skilaði jákvæðri skýrslu um starfsemi NORDVULK, með tillögum og niðurstöðum um áframhaldandi starf. Hún var lögð til grundvallar að nýjum fjögurra ára samningi milli Háskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndarinnar um starfsemi NORDVULK sem gerður var síðla árs 2008. Í honum er gert ráð fyrir að starfsemin verði

með svipuðum hætti og 2004–2008 og ráðgert að fjárframlög til starfseminnar frá ráðherranefndinni á næstu árum verði svipuð og á árinu 2008.

Rannsóknaniðurstöður.

Gæði rannsóknastarfsemi NORDVULK má meta út frá birtingum rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum. Á árinu birtust 17 greinar í slíkum tímaritum eftir vísindamenn Norræna eldfjallasetursins og 16 greinar eru í vinnslu. Þessi árangur er langt umfram það sem kveðið var á um í samningi við Norrænu ráðherranefndina um starfsemi eldfjallasetursins. Þá voru rannsóknaniðurstöður kynntar með 63 framlögum á íslenskum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum sem einnig er með mesta móti.

Vísindaráðstefnur.

Starfsmenn Norræna eldfjallasetursins tóku þátt í að undirbúa og skipuleggja tvær stórar jarðvísindaráðstefnur á árinu. Alþjóðlegt þing eldfjallafræðinga (General Assembly of the International Association of Volcanology and Chemistry of the Earth's Interior) var haldið í Reykjavík 17.–24. ágúst. Þá komu saman um 900 eldfjallafræðingar og jarðvísindamenn víðs vegar að úr heiminum. Einnig tóku starfsmenn þátt í undirbúningi fyrir 33. alheimsþing jarðvísindamanna (33rd International Geological Congress) sem fram fór í Ósló 6.–14. ágúst. Það var stærsta jarðvísindaráðstefna sem haldin hefur verið á Norðurlöndum, með um 6000 þátttakendum. Þá hafði einn af yngri vísindamönnum NORDVULK, Anders Schomaker, umsjón með jarðfræðiferð danska jarðfræðafélagsins til Íslands ásamt Dr. Paul Martin Holm við Háskólann í Kaupmannahöfn.

17. Norrænar lánastofnanir.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Árið 2008 reyndi mjög á alþjóðlegan fjármálamarkað sem og aðildarlönd Norræna fjárfestingarbankans (NIB). Á síðustu mánuðum ársins mögnuðust erfiðleikarnir með samsvarandi áhrifum á efnahag þeirra landa þar sem umsvif bankans eru hvað mest, þ.e. á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum. Nam tap bankans á árinu 281 milljón evrum eða sem samsvarar 48 milljörðum króna. Við þessar aðstæður var mikil ásókn í lán bankans, sem gerði það að verkum að lánaumsvif bankans jukust til muna. Þetta ástand endurspeglaðist einnig í lánskjörum og mikilli aukningu hreinna vaxtatekna samanborið við árið 2007.

Fjárhagsleg afkoma.[15]

Hreinar tekjur bankans af kjarnastarfsemi[16] námu um 189 milljónum evra (32 milljörðum kr.), sem er mikil hækkun frá árinu áður. Á árinu lentu hins vegar nokkrir lántakendur í erfiðleikum og varð bankinn í fyrsta sinn um árabil að afskrifa lán af þessum sökum, auk þess sem umtalsvert tap varð á skuldabréfaviðskiptum bankans. Að mestu leyti er um bókfært tap að ræða en reiknað er með að hluti þess endurheimtist. Í þessari fjárhæð eru m.a. útistandandi kröfur á hinn gjaldþrota banka Lehman Brothers Inc. sem og kröfur á íslenska viðskiptabanka sem nú starfa undir stjórn skilanefnda. Mikil óvissa er hvort eða hversu mikið af þessum kröfum endurheimtist. Áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi hafa þó sýnu mest áhrif á afkomu

[15] Gengi krónu miðast við stöðu hennar gagnvart evru í árslok 2008.

[16] Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi er skilgreint sem hagnadur an tillits til mats a framvirkum samningum, markadsvirdi eignasafns, metinna utlanatapa eda endurmats a tessum tattum.

bankans á árinu. Varúðarafskriftir útlána bankans í heild námu 79 milljónum evra (13 milljörðum kr.). Af þessari fjárhæð má rekja tap vegna íslenskra lántakenda hjá bankanum sem nemur 64 milljónum evra (11 milljörðum kr.), þar af íslenskra banka sem nemur 54,5 milljónum evra (9,3 milljörðum kr.). Útistandandi lán hjá íslenskum viðskiptavinum í heild námu 729 milljónum evra (124,6 milljörðum kr.) við lok ársins 2008.

LYKILSTÆRÐIR

(í millj. evra nema annað sé tekið fram)	**2008**	**2007**	**2006**
Hreinar vaxtatekjur	212	187	179
Hagnaður/tap af fjármálastarfsemi	-387	-90	-14
Varúðarafskriftir lána	79	-	-
Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi	189	161	154
Hagnaður	-281	69	137
Eigið fé	1.730	2.037	2.021
Heildareignir	22.620	19.973	17.988
Eiginfjárhlutfall (Eigið fé/heildar eignir) %)	7,6	10,2	11,2

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ársins var um 23 milljarðar evra (3.931 milljarður kr.), sem er aukning um 3 milljarða evra frá árinu áður. Útistandandi lán bankans árið 2008 jukust um 6,3% frá árinu 2007 eða í um 13 milljarða evra (2.222 milljarða kr.). Lánasafn bankans telst vera afar gott, en bankinn nýtur þess einnig að vera metinn í hæsta gæðaflokki af helstu alþjóðlegu matsfyrirtækjunum.

Lánastarfsemi.

Útlán NIB jukust umtalsvert á árinu vegna aukinnar eftirspurnar. Útgreidd lán námu 2.486 milljónum evra (425 milljörðum kr.) samanborið við 2.390 milljónir evra árið 2007 (408 milljarða kr.). Umsamin lán námu 2.707 milljónum evra (463 milljörðum kr.) samanborið við 2.214 milljónir evra (378 milljarða kr.) á árinu áður. Heildarútlánasafn bankans í árslok nam 13.079 milljónum evra (2.235 milljörðum kr.). Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ársins 2008 var 22,6 milljarðar evra (3.863 milljarðar kr.) en voru 20 milljarðar evra (3.418 milljarðar kr.) í árslok 2007. Á árinu fengu eigendur bankans greiddar samtals 50 milljónir evra (8,5 milljarða kr.) í arð af hagnaði ársins 2007.

Á árinu 2008 voru í heild veitt 53 lán eða fjórum færri en árið 2007. Þar af voru 40 lán til Norðurlanda og Eystrasaltsríkja en 13 ný lán voru veitt til annarra landa. Umsamin lán til aðildarlanda námu í heild um 2.027 milljónum evra (346 milljörðum kr.) en árið 2007 var þessi fjárhæð 1.810 milljónir evra (309 milljarðar kr.).

Skipting lána eftir aðildarþjóðum.



Ekkert lán var veitt til Íslands á árinu 2008 og er það í fyrsta sinn sem það gerist frá stofnun bankans. Í ársbyrjun var þegar farið að bera á erfiðleikum og neikvæðri umfjöllun um stöðu íslensku bankanna og efnahagsmála á Íslandi almennt, auk þess sem gengi krónunnar féll umtalsvert þegar líða tók á marsmánuð. Þetta hafði þau áhrif að NIB hélt nokkuð að sér höndum með nýjar lánveitingar til Íslands. Fyrir fall bankanna í byrjun október biðu nokkur lán til íslenskra lántakenda afgreiðslu, en óvissa ríkir enn um afgreiðslu þeirra og nýrra lánveitinga. Útlán til Íslands nema um 7% af heildarlánasafni bankans.

Lán utan aðildarlandanna námu í heild um 680 milljónum evra (116 milljörðum kr.) eða um fjórðungi heildarútlána bankans. Stærstu lántökusvæðin voru Asía og Austur-Evrópa. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera og eiga þau það einnig sameiginlegt að fela í sér tengingu við norræn fyrirtæki og birgja. Hins vegar hefur aukinn hluti útlána á undanförnum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæddra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig til pappírsiðnaðar. Á árinu voru tvö lán veitt til margvíslegra verkefna í Kína á sviði umhverfismála, umhverfisvænnar orkuframleiðslu á Indlandi og Filippseyjum og samgangna í Póllandi svo dæmi séu tekin.

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna, en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Ný umhverfisstefna bankans var kynnt í samræmi við fyrri ákvörðun bankastjórnar. Lánað var til þriggja verkefna sem metið var að hefðu umtalsverð umhverfisáhrif (A-verkefni) og grundvölluð voru á nýju áreiðanleikamati sem bankinn starfar eftir. Verkefni sem falla í þennan flokk eru jafnan kynnt opinberlega í um tvo mánuði áður en tekin er ákvörðun um lánveitingu, einkum þeir þættir sem lúta að umhverfisáhrifum.

Skipting lána eftir atvinnugreinum.



Í samræmi við áherslur bankans, samþykkti stjórn hans tvo nýja lánaramma, sem farið var af stað með í febrúar. Annars vegar er um að ræða lánaramma fyrir umhverfisumbætur í Eystrasalti (BASE – The Baltic Sea Environment Finance Facility) sem hefur til ráðstöfunar 500 milljónir evra (85 milljarða kr.). Áætlunin snýst um að endurheimta lífríki Eystrasaltsins samkvæmt umhverfisáætlun til ársins 2021. Hins vegar er um að ræða verkefni sem snúa að loftslagsbreytingum (CLEERE – Climate Change, Energy Efficiency and Renewable Energy Facility). Í þessum ramma er 1 milljarður evra (170 milljarðar kr.) til ráðstöfunar, en úr honum eru fjármögnuð verkefni svo sem á sviði endurnýtanlegrar orku (vatnsorku, vindorku, lífrænni orkuframleiðslu, jarðhita og sólarorku), bættrar orkunýtingar auk verkefna sem lúta að hreinni aðferðum við framleiðslu sem draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í árslok hafði bankinn samþykkt lán að heildarfjárhæð 47 milljónir evra (8 milljarðar kr.) í tengslum við BASE áætlunina og 548 milljónir evra (94 milljarðar kr.) samkvæmt CLEERE ramma-áætluninni.

Á árinu lagði bankinn aukna áherslu á lánveitingar til rannsókna og þróunar. Í þessu skyni voru veitt lán til verkefna sem miðuðu að því að auka hagkvæmni framleiðsluferla og þróun nýrra afurða. Enn fremur fjárfesti bankinn, í tengslum við lán til þróunarverkefna, í svokölluðum mezzanine-sjóði sem getur orðið að hlutafé við vissar aðstæður eða að láni sem greitt er upp.

Skuldabréfaútgáfa og fjármálastjórnun.

Á árinu gaf bankinn út 59 flokka skuldabréfa í 13 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 4.681 milljónir evra (800 milljarðar kr.). Mikil eftirspurn var eftir útgáfu bankans sem fylgt var eftir með góðum árangri á eftirmarkaði. Útgáfukostnaður jókst hins vegar verulega eftir því sem leið á árið. Eins og áður var Bandaríkjadalur mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans en þrisvar á árinu voru gefin út alþjóðleg skuldabréf í Bandaríkjadal samtals að fjárhæð 3.250 milljónir evra (555 milljarðar kr.). Til viðbótar áttu sér stað á árinu 40 smærri útgáfur.

FJÁRMÁLASTARFSEMI.

(Tölur í evrum nema annað sé tekið fram)	**2008**	**2007**	**2006**
Ný útgáfa skuldabréfa	4.681	4.288	2.689
Fjöldi lánasamninga	59	69	66
Fjöldi lánamynta	13	10	11
Skjalfestar skuldir í árslok	17.549	15.023	13.622
Hrein lausafjárstaða í árslok	3.638	4.039	3.224

Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum jókst fjármögnunarkostnaður hjá NIB á síðari hluta ársins líkt og hjá alþjóðlegum fjármálastofnunum. Aðgangur bankans að markaði var engu að síður góður. Þessar aðstæður gerðu mjög ríkar kröfur til stjórnunar á lausafé bankans. Á árinu jók NIB lausafjárstöðu sína í formi reiðufjár verulega í því skyni að styrkja lausafé sitt almennt til langs tíma. Í árslok nam hrein lausafjárstaða bankans 3.638 milljónum evra (622 milljörðum kr.).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (Nordic Environment Finance Corporation – NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu árið 1990. NEFCO hefur aðsetur í Helsinki. Stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra norrænu ríkjanna, einum frá hverju.

Meginmarkmiðið með stofnun NEFCO er að vinna að hagkvæmum umhverfisverkefnum á grannsvæðum Norðurlanda. Á fyrstu starfsárunum var megináhersla lögð á verkefni í Eystrasaltsríkjunum en eftir inngöngu þeirra í ESB hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni í öðrum löndum á svæðinu eins og t.d. í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Hvíta-Rússlandi. Á árinu var undirrituð yfirlýsing um samstarf milli NEFCO og ríkisstjórnar Úkraínu.

Stuðningur NEFCO við verkefni er annað hvort í formi lána eða hlutafjár, ýmist í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum á starfssvæði félagsins. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu, Norðurskautsráðinu og innan hinnar norðlægu víddar ESB. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu sem er í eigu Íslendinga, en bankinn lánar nánast eingöngu til verkefna sem tengjast umhverfismálum, t.d. til endurnýjunar á tækjum til húshitunar og bættrar orkunýtni. Skilyrði fyrir fjármögnun frá NEFCO er að minnst einn norrænn samstarfsaðili taki þátt í verkefninu. Öll verkefni sem NEFCO fjármagnar verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi umhverfismál og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim.

Útreikningar sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Verkefni sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna beinast einkum að því að innleiða umhverfisvænni tækni, bæta mengunarvarnir og hreinsa frárennsli, bæta meðferð úrgangs og að veita ráðgjöf á sviði umhverfismála. Orkumál eru einnig mikilvægur liður í starfinu og er þar megináhersla lögð á hreinni og endurnýjanlega orku og betri orkunýtni. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO. Í Eistlandi og víðar hefur NEFCO tekið þátt í að byggja vindmyllur. Í

Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og lífmassi tekinn upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt marga skóla, barnaheimili og sjúkrahús í Norvestur-Rússlandi og víðar til að bæta orkunýtni sína. Öll eiga þau þátt í því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Á árinu hefur verið unnið að tilraunaverkefni í samvinnu við yfirvöld umhverfismála í Kína með það fyrir augum að nota þá hugmyndafræði sem NEFCO byggir á til verkefna þar í landi. Samstarf við Kínverja getur haft talsverða þýðingu fyrir Norðurskautssvæðin sem eru viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.

Stofnfé NEFCO er um 113 milljónir evrur. Um þessar mundir er unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum á vegum félagsins og voru 64 ný verkefni samþykkt á árinu. Þau snúa m.a. að endurnýjanlegri orku, betra nýtingarhlutfalli orku, sjálfbærum landbúnaði og endurvinnslu úrgangs ásamt hreinsun á frárennslisvatni.

Ársuppgjör NEFCO sýnir ágætan árangur þrátt fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna og skýrsla sjóðsins um umhverfismál sýnir að fjárfestingar bera ávöxt. Sem dæmi má nefna að NEFCO hefur tekið þátt í að fjármagna hreinsistöðvar fyrir frárennslisvatn í ýmsum borgum í Rússlandi. Með hreinsistöðvunum dró úr losun fosfórs í Eystrasalt um tæplega eitt þúsund tonn. Minnkun koltvísýrings í þeim verkefnum sem NEFCO tók þátt í að fjármagna á árinu nam tæplega 1,5 milljónum tonna en þessi tala samsvarar um 90% losun koltvísýrings frá umferð ökutækja á Íslandi árið 2006.

Á árinu var stofnaður kolefnissjóður, NEFCO Carbon Fund. Hann dró til sín mun meira fjármagn en gert hafði verið ráð fyrir og átti 77 milljónir evra í árslok 2008. Sjóðurinn veitir fjárfestum, sem bundnir eru af Kyotobókuninni, tækifæri til að kaupa sér losunarheimildir með því að fjárfesta í verkefnum sem uppfylla kröfur bókunarinnar um betri orkunýtingu og áherslu á endurnýjanlega orku þannig að lokaniðurstaðan verði minni heildarlosun.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (Nordiska miljöutvekclingsfonden – NMF) var stofnaður af Norrænu ráðherranefndinni og umhverfisráðherrum Norðurlanda árið 1996. Stofnfé sjóðsins nemur um 60 milljónum evra. Lán eru í formi mjúkrar fjármögnunar, þ.e. lán eru veitt á hagstæðari vöxtum en almennt gilda á markaði. Tilgangur sjóðsins er að styrkja arðsemisforsendur mikilvægra umhverfisverkefna með því að veita hagstæð lán til að þróa hreinni tækni og stuðla að orkusparnaði. Skilyrt er að tæknilausnir byggist á bestu fáanlegri tækni. Sjóðurinn fjármagnar verkefni í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) var settur á stofn árið 1982. Hann hefur aðsetur í Helsinki. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) á Norðurlöndum með því að veita lán annars vegar til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi erlendis og hins vegar til útflutnings skilgreindra verkefna. Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð og fleira. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um niðurstöður verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn hefur síðan 1982 afgreitt rúmlega 4100 umsóknir um lán og að meðaltali eru 210 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr því nú yfir miklum upplýsingabanka í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit og þannig leggja grunn að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landsvæði. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Á starfstímabilinu 2008–2010 mun NOPEF lána til verkefna í löndum utan ESB og EES. Markmiðið er að umsóknir fyrir árin 2008/2009/2010 verði 120/135/150, þar af er gert ráð fyrir að a.m.k. 35/40/45 verkefnum ljúki á sama tíma. Sjóðurinn leggur nú áherslu á að styðja við verkefni í Austur-Evrópu, Kína auk Norður- og Suður-Ameríku. Sérstök áhersla verður á verkefni í Norðvestur-Rússlandi og útflutning á verkefnum þangað, auk hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna sem sýnt þykir að hafi sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir. Verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu verða lánshæf til ársloka 2010, samkvæmt undanþágu.

Starfsemi.

Markmið á árinu voru að fá 120 umsóknir, veita 80 lán og ljúka 36 verkefnum. Umsóknir voru 203 (voru 214 árið 2007) og af þeim hlutu 119 jákvæða afgreiðslu. Gera má ráð fyrir að um 48 þeirra verði að veruleika ef marka má meðaltal verkefna undanfarinna ára, sem er um 40%. Lokið var við 131 verkefni á árinu og af þeim töldust 49 hafa orðið að veruleika.

NOPEF reynir að viðhalda jafnvægi í afgreiðslu lána milli norrænu ríkjanna m.t.t. skiptingar fjárframlaga (Nordiska fördelingsnyckel NFD). Skipting umsókna á milli landa var (NFD í sviga): Danmörk 33% (22,7%), Finland 15% (17,9%), Ísland 1% (1,3%), Noregur 16% (26,6%) og Svíþjóð 35% (35,5%).

Umsóknir skiptust þannig á milli verkefnalanda: Rússland 27% Asía 40%, Evrópa 21% og önnur landsvæði 12%. Kína var vinsælasta landið, rétt á undan Rússlandi, en 17 lán voru veitt til verkefna í Norðvestur-Rússlandi.

Umsóknarfyrirtæki skiptust þannig að 72% þeirra voru með færri en 50 starfsmenn og 80% með innan við 100 starfsmenn.

Heildarupphæð lánsloforða árið 2008 var (2007 í sviga) 3,69 milljónir € (4,22). Lán sem breytt var í styrk numu 2,73 milljónum € (2,24) og lánsloforð sem ekki voru fulnýtt og runnu aftur til sjóðsins námu 1,16 milljónum € (1,2). Meðalupphæð lána var 31.809 € samanborið við 31.966 € árið 2007.

Í september var haldin kynningarfundur um starfsemi NOPEF í samvinnu við Útflutningsráð þar sem svæðisstjórinn fyrir Ísland kynnti starfsemi sjóðsins.

Norræni þróunarsjóðurinn.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsinki og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni. Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til af-

markaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj evra. Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Tvö viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt á láninu fyrir samtals 2,55 milljónir SDR.

Frá upphafi hefur Norræni þróunarsjóðurinn veitt lán að fjárhæð 912 milljónir evra til 163 verkefna á vegum hins opinbera. 54 þessara verkefna voru útistandandi í lok ársins. Fjöldi verkefna með einkaðilum frá stofnun eru 27 og eru 10 þeirra útistandandi.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarða ísl.kr.) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjár hefur farið til Afríkuríkja, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 Bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 Bandaríkjadalir/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 Bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá honum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu ár við tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. Sjóðurinn tekur fullan þátt í að létta lánabyrðar skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra.

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og getur hann nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu:

1. beint til fjárfestingarverkefna,
2. með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka,
3. með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum.

Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra fyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hags-

munum eru u.þ.b. 17 millj. SDR. Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Frá 2005 hefur stjórn NDF unnið kerfisbundið að því að skoða ýmsar leiðir til að leggja niður sjóðinn. Margar úttektir og greiningar hafa verið gerðar til að ná fram sjónarmiðum á því hvernig best mætti standa að því og möguleikum á hagkvæmri stjórnsýslu og notkun á fjármagni. Lykilatriði hefur verið hvernig verja skuli endurgreiðslum á þeim lánum sem NDF hefur veitt lántökulöndunum. Áætlað er að það fjármagn verði um einn milljarður evra á 35 ára tímabili. Þegar vorið 2007 ákvað stjórnin að vinna áfram með tillögu þess efnis að beina fjármagninu til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum. Það hefur verið ljóst að hvað sem öðru liði yrði NDF að haldast sem lögaðili svo komist yrði hjá því að semja upp á nýtt um alla lánasamninga og til að tryggja framkvæmdina á þeim verkefnum sem enn eru í gangi auk endurgreiðslu lánanna. Með hliðsjón af þessu er talið hagkvæmt að NDF haldi áfram starfsemi sinni þar til annað verður ákveðið. Niðurstaða sjóðsstjórnar var að leggja til við Norrænu ráðherranefndina að nota endurgreiðslur til sjóðsins til að fjármagna verkefni sem stuðla að fyrirbyggjandi og uppbyggjandi verkefnum í þróunarríkjunum sem miða að því að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Á þennan hátt munu Norðurlönd, í gegnum NDF, geta nýtt sérþekkingu sína í umhverfismálum til að koma þeim ríkjum til aðstoðar þar sem þörfin er mest. Lagt er til að verkefnastarfsemi NDF verði fjármögnuð með gjafafé til tækniaðstoðar við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og nýsköpunar. Ef ekkert nýtt fjármagn verður veitt í sjóðinn mun stofnfé hans rýrna en í framhaldinu má taka afstöðu til hvort endanlega eigi að leggja sjóðinn niður.

Norræna ráðherranefndin hefur samþykkt tillögu stjórnar NDF sem jafnframt mun setja fram tillögur að breyttum starfsreglum sjóðsins. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru tólf.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Sjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlensks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sjö lán, eitt til Færeyja og sex til Grænlands, samtals að upphæð 28,45 millj. d.kr.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2008/2009 120,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 105,4 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári. Í ársreikningnum fyrir árið 2008 er hagnaðurinn rúmlega 125 þús. d.kr., sem er styrkur sjóðsins til NORA árið 2008.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland. Nánari upplýsingar eru á vefslóðinni www.vestnorden.is.

204. Fyrirspurn [182. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um togararall.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Liggja fyrir niðurstöður faghóps, sem skipaður var á haustdögum 2007, um endurskoðun á svokölluðu togararalli? Ef svo er, hverjar eru helstu tillögur hans?
2. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi togararallsins í framhaldi af endurskoðun þess – og með hliðsjón af sérstökum fjárveitingum sem ætlað var að auka gæði þessara rannsókna?

205. Fyrirspurn [183. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um lágmarksbirgðir dýralyfja.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvaða reglur gilda um lágmarksbirgðir af lyfjum og bóluefni vegna dýrasjúkdóma?

206. Fyrirspurn [184. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um sparnað af fyrirhuguðum breytingum á héraðsdómstólum, sýslumannsembættum og lögreglu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hversu miklir fjármunir munu sparast við boðaðar breytingar varðandi:

a. héraðsdómstólana,
b. sýslumannsembættin,
c. lögreglu?

Skriflegt svar óskast.

207. Fyrirspurn [185. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um héraðsdómara og rekstur dómstóla.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Var leitað álits héraðsdómara á landsbyggðinni við gerð tillagna um breytingar á héraðsdómstólunum?
2. Hefur verið leitað eftir tillögum frá héraðsdómurum um sparnað í rekstri dómstólanna?

208. Fyrirspurn [186. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um dómstólaráð.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða skýringar eru að baki síauknum kostnaði við rekstur dómstólaráðs?
2. Telur ráðherra kostnaðinn eðlilegan, t.d. í samanburði við kostnað héraðsdómstólanna?
3. Þiggja fulltrúar í dómstólaráði laun fyrir annað en setu í ráðinu?
4. Hvaða þjónustukaup eru á bak við áætlaðan 20.012.710 kr. kostnað ráðsins fyrir árið 2009?
5. Hvað skýrir áætlaðan 3.370.000 kr. ferðakostnað ráðsins fyrir árið 2009?

Skriflegt svar óskast.

209. Fyrirspurn [187. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um verkefni héraðsdómstóla.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Telur ráðherra mögulegt að færa verkefni til héraðsdómstóla utan höfuðborgarsvæðisins? Ef svo er, þá hvaða verkefni?

210. Fyrirspurn [188. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um fækkun héraðsdómstóla.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Ef héraðsdómstólum verður fækkað, verður þá áfram gert ráð fyrir þinghaldi á þeim stöðum þar sem þeir verða aflagðir? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við það?
2. Verði af fækkun héraðsdómstóla, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir endurgreiðslu á kostnaði til þeirra sem þurfa að sækja þjónustu dómstólanna um langan veg, svo sem ferðakostnaði, uppihaldi og þess háttar?

211. Fyrirspurn [189. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um kostnað við meðdómendur.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hve margir sérfróðir meðdómendur eru á bak við áætlaðan 39.867.330 kr. rekstrarkostnað héraðsdómstólanna og um hvers konar sérfræðiþekkingu er hér að ræða?

Skriflegt svar óskast.

212. Fyrirspurn [190. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um álag á dómara héraðsdómstóla.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvernig er álag á dómara héraðsdómstóla reiknað út og hvað telur ráðherra að skýri eftirfarandi mun á álagi árin 2002–2008 (samkvæmt formúlu dómstólaráðs):

Héraðsdómur Vesturlands 95,04 á dómara,
Héraðsdómur Suðurlands 92,2 á dómara,
Héraðsdómur Norðurlands vestra 87,6 á dómara,
Héraðsdómur Austurlands 84,7 á dómara,
Héraðsdómur Reykjaness 76,3 á dómara,

Héraðsdómur Vestfjarða 73,4 á dómara,
Héraðsdómur Reykjavíkur 70,5 á dómara,
Héraðsdómur Norðurlands eystra 66 á dómara?

Skriflegt svar óskast.

213. Fyrirspurn [191. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um íbúðalán í eigu Seðlabankans.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hve mikið á Seðlabanki Íslands af íbúðalánum í krónum talið?
2. Hversu mörg lán eru að baki þessari upphæð?
3. Hvert er bókfært verð þessara lána í bókum bankans?
4. Hvaða banki eða bankar settu húsnæðislán sín að veði í bankanum?

Skriflegt svar óskast.

214. Fyrirspurn [192. mál]

til fjármálaráðherra um eigendur banka.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hverjir eru eigendur íslensku bankanna, Kaupþings, Landsbanka og Íslandsbanka?

Skriflegt svar óskast.

215. Svar [87. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um smádýr.

1. *Eru að nema hér land ný smádýr sem hafa áhrif á heilsu manna?*

Af nýjum pöddum sem numið hafa land á Íslandi síðustu áratugi hefur umræða einkum snúist að undanförnu um skógarmítil (Ixodes ricinus). Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands fannst skógarmítill fyrst hér á landi á farfugli 1967. Á síðari árum hefur hann fundist af og til, einkum hin síðari ár, og telur stofnunin að hann sé að öllum líkindum orðinn landlægur, enda hefur útbreiðslusvæði hans færst norður á bóginn með hlýnandi loftslagi. Þar sem skógarmítill berst með farfuglum er ekki ólíklegt að hann hafi borist til landsins af og til í aldir, en ekki fest rætur hér.

Skógarmítill er blóðsuga sem leggst á spendýr og fugla. Hann heldur sig í gróðri, einkum á skógarbotni, og krækir sig fastan í blóðgjafann. Lífshættir hans á Íslandi eru lítt kannaðir, en fullorðnir mítlar eru 0,5–1,1 cm að lengd, en ungviðin miklu smærri. Skógarmítillinn getur verið varasamur því að sums staðar í heiminum getur hann borið alvarlega sýkla í menn, t.d. bakteríuna Borrelia burgdorferi og veirusjúkdóm. Það er háð því hvort skógarmítlarnir eru sýktir eða ekki, en það ræðst af því hvort sum spendýr sem hann nærist á, t.d. dádýr, beri sýklana. Í nágrannalöndum okkar finnast sýktir skógarmítlar helst á austurströnd Svíþjóðar og í öðrum ríkjum sem eiga strönd að Eystrasalti. Ekki er vitað til að þeir skógarmítlar sem fundist hafa hér á landi séu sýktir.

Bakterían Borrelia burgdorferi veldur bakteríusýki (borrelíósu eða Lyme-sjúkdómi) í mönnum eftir bit skógarmítils, þegar hann nærist á blóði. Eftir bit sem leiðir til sýkingar myndast húðroði sem dreifir sér í hring út frá bitinu. Smám saman geta þróast einkenni frá miðtaugakerfi og liðum. Þá geta skógarmítlar borið veirur sem valda heilabólgu. Veirusjúkdóminn er helst að finna í skerjagarðinum í Stokkhólmi, Finnlandi, Eystrasaltslöndunum, Austurríki og Rússlandi.

Þess skal og getið að lundamítill eða lundalús (Ceratixodes uriae) sem er ein tegund mítils af Ixodes-ætt, hefur verið rannsökuð hér á landi í Vestmannaeyjum og verið þekkt þar og víðar um land til áratuga, en ekki hefur tekist að sýna fram á að hann beri sjúkdómsvalda.

2. *Ef svo er, hvernig verður heilbrigðisþjónustan búin undir það og hvernig verður almenningur upplýstur?*

Læknum er kunnugt um Lyme-sjúkdóminn og er nauðsynlegt að taka tillit til hans í mismunagreiningu á sjúkdómum sem geta gefið hliðstæð einkenni. Skógarmítilsbit leynir sér oftast ekki og húðsýking sem kemur í kjölfar bits er mjög einkennandi. Lið- og miðtaugakerfiseinkenni geta verið ógreinileg, einkum ef bit hefur farið fram hjá sjúklingi. Til eru mótefnamælingar sem staðfesta sjúkdóminn.

Bakteríusýkingin er læknanleg með sýklalyfjum.

Til er bóluefni gegn veirusjúkdómnum. Bóluefnið er notað þar sem sjúkdómurinn er landlægur.

Borrelíósan eða Lyme-sjúkdómur er skráningarskyldur sjúkdómur á Íslandi og hefur verið það undanfarin tíu ár. Skráningarskyldan þjónar þeim tilgangi að finna sjúkdóminn hér á landi og kortleggja hugsanlega útbreiðslu hans.

Tekið skal fram að fylgst hefur verið með þessum sjúkdómi undanfarin tuttugu ár hér á landi, enda margir læknar menntaðir á þeim stöðum í heiminum þar sem sjúkdómurinn er algengur.

Samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítalans hafa á undanförnum tæpum fjórum árum verið send 255 blóðsýni og 38 sýni frá mænuvökva til rannsókna. Tvö sýnanna frá blóði bentu ákveðið til Lyme-sjúkdóms, en fjögur þeirra bentu til gamallar sýkingar. Eitt sýni frá mænuvökva var jákvætt fyrir Lyme-sjúkdómi. Ekkert þessara tilfella hefur verið skráð með uppruna hér á landi. Því má segja að grannt sé fylgst með sjúkdómum sem skógarmítlar gætu borið hér á landi.

Þar sem skógarmítill er landlægur er fólk vant því að leita að honum á líkama sínum eftir dvöl í skógi eða graslendi. Ef hann er tekinn af húðinni innan við sólarhring eftir að hann nær að festa sig er hann talinn hættulaus þar sem bakterían sem veldur Lyme-sjúkdómi í mönnum kemst ekki í blóðrás hýsilsins nema mítillinn sjúgi blóð mjög lengi. Hér á landi er fólk ekki vant þessari pöddu sem nú virðist orðin landlæg hér og því full ástæða til að fræða almenning um lífsferil skógarmítils og hvernig forðast má skaða af hans völdum. Ráðherra mun fela sóttvarnalækni það verkefni.

216. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Þór Saari, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra að kanna leiðir til að lækka rafmagnskostnað garðyrkjubænda, sérstaklega dreifingarkostnað. Ráðherrarnir skili tillögum um leiðir fyrir árslok.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að skapa garðyrkjunni viðunandi starfsumhverfi og tryggja þannig viðvarandi vöxt í greininni.

Það liggur fyrir að dregið hefur jafnt og þétt úr raforkunotkun garðyrkjubænda frá því að niðurgreiðsla á dreifingarkostnaði rafmagns til garðyrkjunnar var skert um 30% í byrjun árs. Fram kom í Bændablaðinu 10. september sl. að samdráttur í raforkunotkun garðyrkjubænda nemi 8,6% og var hann mestur í maí þegar notkunin dróst saman um fjórðung og stefnir í að heildarsamdráttur verði um 10% á þessu ári. Í bréfi til alþingismanna frá Sambandi garðyrkjubænda, dags. 29. september sl., kemur fram að tómataframleiðslan hefur minnkað um 17% á árinu. Rafmagnskostnaður er stærsti útgjaldaliður garðyrkjunnar og kemur þessi skerðing því illa niður á bændum. Markaður er fyrir aukna framleiðslu en vegna hækkaðs raforkuverðs eru fáir sem leggja í slíkar fjárfestingar við þessar aðstæður. Leitað hefur verið

leiða til að takmarka rafmagnskostnað á annan hátt svo sem með sparneytnari perum eða öðrum þess háttar ráðstöfunum en ekkert er fast í hendi í þeim efnum. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að koma til móts við þarfir garðyrkjubænda og stöðva þann samdrátt í greininni sem fyrrgreind skerðing hefur orsakað.

Forsaga málsins er sú að árið 2005 gerði Samband garðyrkjubænda samkomulag við ríkið um 95% niðurgreiðslu á kostnaði við dreifingu rafmagns (sbr. fskj. III) vegna breytinga á lögum um raforku. Fyrirséð var að lagasetningin mundi leiða til 30% hækkunar á rafmagnskostnaði garðyrkjubænda. Kostnaður ríkisins af þessum niðurgreiðslum jókst úr 100 millj. kr. í 210 millj. kr. á árunum 2005–2009. Fyrir því eru tvær ástæður helstar að mati Sambands garðyrkjubænda, annars vegar jókst rafmagnsnotkun bænda sem nam um 32 millj. kr. en 77 millj. kr. stöfuðu af gjaldskrárhækkunum raforkufyrirtækja sem eru í eigu ríkisins. Að sama skapi jókst rafmagnsnotkun á árunum 2002–2007 í garðyrkju um tæp 115%.

Í kjölfar áðurnefndra breytinga á raforkulögum varð einnig sú breyting að raforkukostnaður fyrirtækja á svæðum sem skilgreind eru sem dreifbýli hefur aukist verulega umfram kostnað fyrirtækja í þéttbýli (sbr. fskj. I og II). Það er athyglisvert að í 2. gr. skipulagslaga, nr. 73/1997, er þéttbýli skilgreint sem þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns. Hins vegar er heimilt samkvæmt reglugerð að hafa dreifbýlisgjaldskrá á svæðum sem hafa færri íbúa en 200. Það skiptir því miklu fyrir garðyrkjustöðvar hvort þær eru skilgreindar í þéttbýli eða dreifbýli. Flestar garðyrkjustöðvar nota rafmagn sem jafngildir notkun margra íbúa á þéttbýlisstað í magni og í raun eru aðeins fjórar garðyrkjustöðvar sem lenda undir 200 íbúamarkinu sé litið til rafmagnsnotkunarinnar sem slíkrar (sbr. fskj. II). Með þessari þingsályktunartillögu er iðnaðarráðherra hvattur til að láta endurskoða reglugerðir og gjaldskrár með það að leiðarljósi að eyða framangreindri mismunun á grundvelli staðsetningar og byggja frekar á notkunarviðmiðum. Þannig verði leitað leiða til að minnka dreifingarkostnað á rafmagni til stórnotenda eins og garðyrkjustöðva án þess að til beinna niðurgreiðslna af hálfu ríkisins þurfi að koma.

Að öðrum kosti er nauðsynlegt að ákvörðunin um að skerða niðurgreiðsluhlutfall dreifingarkostnaðar rafmagns til garðyrkju frá því í desember 2008 verði endurskoðuð og að 30% skerðing á framlagi ríkisins verði leiðrétt þannig að garðyrkjan njóti sama niðurgreiðsluhlutfalls og áður en til skerðingarinnar kom. Eins og rakið er hér á undan hefur samdráttur orðið í greininni í fyrsta skipti í kjölfar þessarar skerðingar þrátt fyrir að sóknarfæri séu á markaði og má rekja það beint til hækkunar á raforkuverði. Hér er á ferðinni vaxandi atvinnugrein í landbúnaði sem veltir 2,5 milljörðum kr. árlega (sé miðað við heildsöluverð) og skapar fjölda fólks atvinnu. Þar að auki má benda á hollustu innlendrar framleiðslu og þau jákvæðu áhrif sem neysla á fersku grænmeti allt árið um kring hefur á lýðheilsu. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld bregðist við þessari neikvæðu þróun sem fyrst.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Þróun raforkunotkunar gróðurhúsa og raforkuverðs, samantekt unnin af Jóni Vilhjálmssyni, rafmagnsverkfræðingi, verkfræðistofunni Eflu.
II. Rafmagn til garðyrkju, samantekt birt á vefsíðu Bændasamtaka Íslands, *bondi.is*.
III. Samkomulag um raforkudreifingu til gróðurhúsalýsingar milli landbúnaðarráðuneytis, RARIK og Sambands garðyrkjubænda.
IV. Verðmyndun á raforku til garðyrkjubænda. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, skýrsla nr. C09:07, ágúst 2009.

217. Fyrirspurn [194. mál]

til fjármálaráðherra um notkun á frjálsum og opnum hugbúnaði hjá A-hluta ríkissjóðs.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hver voru útgjöld ríkissjóðs til hugbúnaðarkaupa árin 2006, 2007 og 2008? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsmíðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar? Hvernig skiptust þessar fjárhæðir milli ráðuneyta?
2. Hve háum fjárhæðum var varið árin 2006, 2007 og 2008 til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar? Hvernig skiptust þessar fjárhæðir milli innlendra og erlendra aðila?
3. Hver er stefna ráðuneytanna hvers fyrir sig varðandi það að nota frjálsan og opinn hugbúnað í stað þess að endurnýja notendaleyfi sem greiða þarf fyrir?
4. Telur ráðherra að ríkissjóður geti sparað útgjöld með notkun á frjálsum og opnum hugbúnaði? Ef svo er, óskast lagt fram mat á þeim fjárhæðum sem talið er að spara megi árlega.

Skriflegt svar óskast.

218. Svar [64. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands.

1. *Hvert er mat ráðherra á því hve stór gjaldeyrisvarasjóður Íslands þarf að vera árlega, næstu tíu árin?*

Ekki eru gerðar áætlanir um árlega stærð gjaldeyrisforða Seðlabankans. Hugmyndir um æskilega stærð hans taka mið af því hlutverki sem forðanum er ætlað að gegna í hverju tilviki. Hann er eitt þeirra tækja sem Seðlabankinn getur beitt til þess að „stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd,“ sbr. 4. gr. laga um Seðlabankann frá 2001. Aðrir þættir sem hafa áhrif á æskilega stærð sjóðsins eru: umgjörð peningastefnu (t.d. hvort rekin er fastgengisstefna eða láta gengið fljóta), aðgangur að fjármálamörkuðum, umfang utanríkisviðskipta, skuldir ríkissjóðs og skammtímaskuldir hins opinbera og einkageirans. Ekkert einhlítt reiknilíkan hefur verið þróað til að meta hagkvæmustu forðastærð. Jafnan byggist matið að nokkru leyti á huglægum þáttum sem breytast með aðstæðum hverju sinni. Gjaldeyrisforði er einnig afgangsstærð í stjórn peningamála svo ekki er alltaf mögulegt að stýra stærð hans nákvæmlega til skemmri tíma.

2. *Hvernig er þörf fyrir stærð gjaldeyrisvarasjóðs á Íslandi reiknuð út og ákveðin?*

Í núgildandi reglum Seðlabankans um varðveirslu og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs segir: „Ákvörðun um stærð gjaldeyrisforða Seðlabankans tekur mið af umgjörð peningastefnunnar og því að gjaldeyrisviðskipti eru frjáls og fjármagnshreyfingar að og frá landinu óhindraðar. Hafa ber hliðsjón af erlendri skammtímastöðu þjóðarbúsins en gjaldeyrisforðinn skal þó að jafnaði ekki vera minni en sem svarar jafnvirði þriggja mánaða vöruinnflutnings samkvæmt nánari ákvörðun bankastjórnar.“

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er þörfin fyrir aukinn forða fyrst og fremst metin með hliðsjón af greiðslujafnaðaráætlun þar sem m.a. er tekið tilliti til krónueigna erlendra aðila sem nú eru frystar vegna gjaldeyrishafta. Staða erlendra aðila var metin 680 milljarðar kr. um sl. áramót en er talin vera rúmlega 500 milljarðar kr. í dag. Framgangur áætlunar um afnám haftanna hefur áhrif á þörf Seðlabankans fyrir gjaldeyrisforða næstu missirin.

Öðrum eignum í gjaldeyrisvarasjóði er ætlað að mæta erlendum skuldbindingum ríkissjóðs og tekur stærð og ráðstöfun þess hluta sjóðsins mið af því hlutverki.

3. *Hverjar eru forsendur fyrir uppbyggingu sjóðsins?*

Forsendur þess að hægt sé að byggja upp gjaldeyrisforða miðað við ofangreindar þarfir eru lán frá AGS og tvíhliða lán frá Norðurlöndum og Pólverjum. Einnig er hugsanlegt að tekin verði lán á erlendum lánsfjármarkaði strax á næsta ári ef aðstæður leyfa. Aukið innstreymi fjármagns inn í íslenskt efnahagslíf í kjölfar batnandi viðskiptajafnaðar skapar einnig aðstæður fyrir Seðlabankann til gjaldeyriskaupa á innlendum gjaldeyrismarkaði.

4. *Hvernig er ætlunin að verja gjaldeyrisvarasjóðnum?*

Mikil óvissa ríkir um hugsanlegan fjárflótta þegar gjaldeyrishöft verða afnumin í áföngum. Stór forði dregur úr getu spákaupmanna til þess að veikja gengi krónunnar í von um skammtímahagnað. Tilurð hans veit á getu til að bregðast við slíku og eykur verulega áhættu þeirra sem reyna að grafa undan gengisstöðugleika sér til fjárhagslegs ábata. Stækkun forðans verður fyrst og fremst notuð til að stuðla að stöðugu gengi íslensku krónunnar uns jafnvægi næst í þjóðarbúskapnum og krónan nýtur meira trausts.

5. *Hver eru rökin fyrir því að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn eins og stefnt er að, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga ýmissa fræðimanna sem telja það ekki hafa tilgang að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð ef fyrir fram sé ákveðið að ekki megi eyða honum?*

Þörf þjóða fyrir gjaldeyrisforða hefur lengi verið þrætuepli fræðimanna. Í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er tekið mið af þörf fyrir forða í ljósi áætlana um afnám hafta, greiðslu erlendra skulda og þess að aðgangur Íslands að erlendum fjármálamörkuðum er takmarkaður um þessar mundir. Æskilegt er að jafnvægi komist á án þess að það þurfi að nota forðann í of miklum mæli vegna þess kostnaðar og áhættu sem notkun hans hefur í för með sér. Þá er hann til reiðu til að mæta þörf ríkissjóðs fyrir gjaldeyri. Sé forðinn notaður í takmörkuðum mæli til að styðja við gengið meðan það er lágt, þarf að stefna að því að kaupa gjaldeyrinn til baka þegar gengið verður orðið hærra á komandi árum.

6. *Hver verður árlegur kostnaður Íslands umfram tekjur af því að halda úti gjaldeyrisvarasjóði sem að stórum hluta er tekinn að láni erlendis?*

Áætlaður kostnaður vegna forðahalds er samkvæmt efnhagsáætlun ríkissjórnarinnar og AGS metinn um 1,5% á ári. Kostnaður við forðahaldið minnkar hlutfallslega eftir því sem minna er notað af þeim lánum (tvíhliða og AGS) sem okkur standa til boða. Aðeins eru greiddir vextir af þeirri fjárhæð sem tekin er að láni og ekki er áskilið að nota lánin að fullu.

7. *Hefur reglum um notkun gjaldeyrisvarasjóðs verið breytt eftir að tekin var ákvörðun um að stækka hann?*

Reglur um notkun gjaldeyrisforða hafa ekki breyst svo neinu nemur undanfarin ár. Nú stendur hins vegar yfir heildarendurskoðun á umgjörð forðahaldsins. Stefnt er að því að ljúka henni fyrir áramót.

219. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til ársloka 2010 er óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir voru upp á árinu 2009 til hækkunar. Málsgrein þessi gildir ekki um forseta Íslands.

Við ákvörðun launa nýrra aðila sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs skal gætt samræmis við 1. mgr. ákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt af mikilvægustu verkefnum í efnahagsmálum næstu missiri er á sviði ríkisfjármála. Víðtækra aðgerða er þörf til að mæta miklu tekjufalli ríkissjóðs vegna efnahagshrunsins og mikilla skulda af þess völdum. Meginmarkmið frumvarps þessa er að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2010 til að mæta stórfelldum tekjusamdrætti ríkissjóðs vegna efnahagskreppunnar.

Frumvarpið mælir í fyrsta lagi fyrir um framlengingu þess að óheimilt sé að hækka laun þeirra sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs, nú til ársloka 2010. Því verði óheimilt, til ársloka 2010, að endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir voru upp á árinu 2009, þ.m.t. um launalækkanir alþingismanna, ráðherra og annarra sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs, til hækkunar. Kjarasamningar verða almennt lausir 30. nóvember 2010. Ekki er ljóst hvernig aðstæður þróast og er því ekki gert ráð fyrir að binda kjararáð lengur en til ársloka 2010. Ráðstöfun þessari er því ætlað að gilda tímabundið og að því búnu geti kjararáð að nýju fellt úrskurð um þá sem heyra undir úrskurðarvald þess að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau verða á þeim tíma. Heimilt yrði að endurskoða úrskurðina til

lækkunar, til dæmis ef í ljós kæmi að viðmiðunarhópar lækkuðu enn meira en sem nemur úrskurðum ráðsins. Kveðið er á um að þetta taki ekki til forseta Íslands. Helgast það af ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur af ríkisfé til forseta á kjörtímabili hans.

Í öðru lagi mælir frumvarpið fyrir um að við ákvörðun launa nýrra aðila sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs skuli gætt samræmis eins og kveðið er á um í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II. Kjararáð skuli við ákvörðun launa þessara aðila gæta samræmis við þá launalækkun sem ákvörðuð var til handa alþingismönnum, ráðherrum og öðrum sem heyra undir úrskurðarvald ráðsins. Tilgangurinn er að þeir sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega mest að jafnaði. Kjararáði er eftirlátið svigrúm til að útfæra þá ákvörðun. Hér er m.a. átt við ákvörðun launa skv. 2. mgr. 1. gr. laganna og hugsanlega nýrra forstöðumanna sem geta komið til við sameiningar stofnana ríkisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að óheimilt verði að endurskoða úrskurði kjararáðs, sem kveðnir voru upp á árinu 2009, til hækkunar til ársloka 2010. Með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð í desember 2008 var kjararáði gert að kveða upp nýjan úrskurð um 5–15% lækkun launakjara alþingismanna og ráðherra fyrir árslok 2008 og að úrskurðurinn taki gildi frá 1. janúar 2009. Óheimilt var að endurskoða úrskurðinn til hækkunar á árinu 2009. Með breytingu á lögunum var einnig mælt fyrir um að kjararáð endurskoðaði launakjör annarra er undir ráðið heyra til samræmis, þó ekki forseta Íslands. Með frumvarpi þessu er verið að lengja um eitt ár þann tíma sem lækkun launa samkvæmt úrskurði ráðsins skuli standa. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að við ákvörðun um launakjör nýrra aðila sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs skuli gætt samræmis við þá launalækkun sem ákvörðuð hefur verið til annarra sem heyra undir ráðið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 er ekki gert ráð fyrir neinum hækkunum á launakjörum ríkisstarfsmanna umfram þá hækkun lægstu launa sem samið var um í lok júní sl.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því gert ráð fyrir að launaútgjöld ríkissjóðs verði í samræmi við forsendur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

220. Fyrirspurn [196. mál]

til forsætisráðherra um sérverkefni fyrir ráðuneyti frá 1. febrúar 2009.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Við hvaða ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklinga hefur verið samið um að sinna sérverkefnum fyrir ráðuneytin frá 1. febrúar 2009?
2. Hver voru tilefnin og hversu háar hafa greiðslur verið til hvers og eins?
3. Ef verkefnin standa enn, hvað má þá ætla að heildarkostnaður við þau verði?
4. Voru verkefnin boðin út?
5. Hefur sami aðili í einhverjum tilvikum sinnt tveimur eða fleiri sérverkefnum fyrir ráðuneytin?

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

221. Frumvarp til laga [197. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Flm.: Helgi Hjörvar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Við XXVII. kafla laganna bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði XX. kafla um tímamörk og fresti til riftunar ráðstafana þrotamanns skal á tímabilinu frá 6. október 2008 til 31. desember 2011 miða tímamörk og fresti riftunar ráðstafana þrotamanns við fjögur ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta löggjafarþingi (31. mál). Markmið frumvarpsins er að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts. Hér er lagt til að þetta verði framkvæmt á þann hátt að rýmka tímafresti riftunar ráðstafana þrotamanna tímabundið.

Heimildir laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um riftun ráðstafana þrotamanna er að finna í XX. kafla laganna. Reglur þessar heimila að hnekkja tilteknum ráðstöfunum þrotamanns eða ráðstöfunum tiltekins eðlis sem hann eða aðrir, svo sem kröfuhafar, hafa viðhaft áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Það er markmið gjaldþrotalaga að veita kröfuhöfum í þrotabú jafnan rétt til greiðslna við úthlutun úr því og koma í veg fyrir ólögmætt

undanskot eigna. Hlutverk riftunarreglna er að tryggja enn frekar að markmið laganna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun náist. Það getur verið freistandi fyrir skuldara sem sér fram á þrot að reyna að búa í haginn fyrir sig með því t.d. að skjóta undan eignum til nákominna eða greiða þeim kröfuhöfum sem hann sér hag í að greiða. Þá geta einstakir lánardrottnar sett skuldurum afarkosti við slíkar aðstæður, jafnvel um óeðlilegar ráðstafanir. Riftunarreglurnar eru nauðsynleg heimild fyrir þrotabúið til að ónýta með afturvirkum hætti slíkar ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa og draga fleiri eignir undir skiptin.

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru í íslensku samfélagi er ljóst að þau tímamörk og frestir sem lögin gera ráð fyrir til að ónýta afturvirkar ráðstafanir þrotamanns sem falla undir lögin eru tiltölulega stuttir og ekki hugsaðir út frá þeim aðstæðum sem við er að glíma nú. Það er fyrirséð að málafjöldi verði gríðarlegur og álag á stofnunum sem koma að þessu ferli á efalaust eftir að stigmagnast á næstu missirum með þeim afleiðingum að kerfið hefur ekki undan og mun lengri tíma tekur að ljúka málum. Eins er ljóst að fjölmargir hafa gripið til ráðstafana í kjölfar bankahrunsins sem flokkast geta sem málamyndagerningar og undanskot eigna og getur það ekki liðist að þeir aðilar verði látnir komast upp með slíkt. Til að koma í veg fyrir háttsemi af þessu tagi er lagt til í frumvarpi þessu að tímamörk og frestir riftunar ráðstafana þrotamanna skuli miðast við fjögur ár fyrir frestdag.

222. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Orðin „eða smásöluaðilar“ í 3. málsl. 42. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lagt til að felldur verði brott sá hluti ákvæðis 3. málsl. 42. gr. lyfjalaga er lýtur að afsláttum á smásölustigi lyfja.

Þessum hluta 42. gr. laganna hefur í þrígang verið frestað, fyrst til 1. janúar 2009 með lögum nr. 120/2008, næst til 1. apríl 2009 með lögum nr. 146/2008 og loks til 1. janúar 2010 með lögum nr. 28/2009. Þá var í undirbúningi nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja og ráðgert að það kæmi til framkvæmda á árinu 2009. Talið var mikilvægt að afnám afslátta af lyfjum í smásölu héldist í hendur við innleiðingu nýs greiðsluþátttökukerfis.

Nú er óljóst hvort og þá hvenær nýtt greiðsluþátttökukerfi verður að veruleika. Jafnframt hefur greiðslufyrirkomulagi lyfja verið breytt til lækkunar lyfjakostnaðar Sjúkratrygginga á undanförnum mánuðum vegna samræmdra aðgerða til lækkunar opinberra útgjalda. Í því ljósi þykir rétt að sjúklingar geti áfram, eins og verið hefur, notið afsláttar við kaup á lyfjum í smásölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði lyfjalaga um að smásöluaðilum beri að selja lyf á sama verði á öllum sölustöðum sínum og skuli tilkynna lyfjagreiðslunefnd ef selja á lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverði verði felld niður, en þau áttu að taka gildi 1. janúar 2010.

Með frumvarpinu er verið að tryggja að einstaklingar geti áfram notið afsláttar af lyfjakaupum í smásölu.

Verði frumvarpið að lögum verður núverandi fyrirkomulag óbreytt og verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

223. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo: Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2011 að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skal Sjúkratryggingastofnun annast alla samningsgerð um kaup á heilbrigðisþjónustu. Lögin tóku gildi 1. október 2008 en gert var ráð fyrir að ákvæði IV. kafla laganna um samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert kæmi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009 og ákvæði um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili eigi síðar en 1. janúar 2010. Heilbrigðisráðuneytið hefur gert fjölda þjónustusamninga um heilbrigðisþjónustu við ýmsa aðila, svo sem líknarfélög, sjálfseignarstofnanir og einkaaðila, og hefur flutningur þeirra til Sjúkratrygginga Íslands tekið mun meiri tíma en ætlað var. Nauðsynlegt þykir því að fresta gildistöku ákvæðis um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili um eitt ár. Hér er því lagt til að í stað 1. janúar 2010 komi 1. janúar 2011, en ákvæðið verði að öðru leyti óbreytt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð samninga um heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisráðuneytið hefur séð um og gert við heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög flytjist til Sjúkratrygginga Íslands eigi síðar en 1. janúar 2011 í stað 1. janúar 2010 þar sem lengri tíma hefur þurft til að færa þessi verkefni milli aðila en ráð var fyrir gert.

Gerð þjónustusamninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur haft með höndum vegna heilbrigðisþjónustu á vegum einstaklinga, fyrirtækja og sjálfseignarstofnana var færð til Sjúkratrygginga Íslands 1. júlí 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

224. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu tólf svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Eftirtalin svæði og tegundir lífvera verði á náttúruverndaráætlun 2009–2013:

I. Plöntusvæði.

a. Snæfjallaströnd – Kaldalón.
b. Eyjólfsstaðaskógur.
c. Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.
d. Gerpissvæðið.
e. Steinadalur í Suðursveit (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

II. Dýrasvæði.

a. Undirhlíðar í Nesjum.
b. Tjarnir á Innri-Hálsum í Berufirði.
c. Hvannstóð undir Reynisfjalli.

III. Vistgerðir á hálendinu.

Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar, rústamýravist og breiskjuhraunavist. Verndun þeirra verði m.a. tryggð með því að friðlýsa eftirtalin svæði:

a. Orravatnsrústir,
b. stærra friðland í Þjórsárverum,
c. svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti (sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

IV. Jarðfræðisvæði.

Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

V. Tegundir plantna og dýra.

Friðlýstar verði:

a. 24 tegundir háplantna,
b. 45 tegundir mosa,
c. 90 tegundir fléttna,
d. þrjár tegundir hryggleysingja: tröllasmiður, tjarnarklukka og brekkubobbi.

Svæði sem eru á fyrstu náttúruverndaráætlun og unnið verður með áfram.

Áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun. Staða í undirbúningi friðlýsingar þessara svæða er mjög misjöfn, en reynt verður að friðlýsa sem flest á tímabilinu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 er nú lögð fram í þriðja sinn en sambærilegar tillögur voru lagðar fram á 136. og 137. löggjafarþingi án þess að það næðist að ljúka umfjöllun um tillögurnar. Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar á tillögunni í samræmi við áfanga sem náðst hafa í friðlýsingum svæða sem voru tilgreind í fyrri tillögum. Fjalllendi við Hoffell hefur verið fellt út úr áætluninni þar sem friðlýsingu svæðisins og sameiningu við Vatnajökulsþjóðgarðs er lokið. Meðal annarra breytinga er minnkun á verndarsvæði brekkubobba í undirhlíðum Reynisfjalls, eftir nánari skoðun á dreifingu hans og viðræður við fulltrúa í sveitarstjórn Mýrdalshrepps um tillöguna. Ljóst er talið að með náinni samvinnu við sérfræðinga um hryggleysingja og verndun brekkubobbans er hægt að standa þannig að gangagerð á svæðinu að náttúruverndargildi þess rýrni ekki verulega. Eftir viðræður við landeigendur að Egilsstöðum I og fulltrúa Fljótsdalshéraðs um Egilsstaðaskóg og svæði til náttúruverndar í sveitarfélaginu var ákveðið að breyta ekki mörkum svæða í sveitarfélaginu heldur að ræða tillögurnar og aðra friðlýsingarkosti í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar.

Tillaga þessi hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, en þar er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í náttúruverndaráætlun skulu, í samræmi við 66. gr. laga um náttúruvernd, vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til þess að friðlýsa. Í lögunum er kveðið á um að náttúruverndaráætlun skuli taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana hér á landi, m.a. með tilliti til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt búsvæða, nýtingar mannsins á náttúrunni og

ósnortinna víðerna. Miða skal við að svæði á náttúruverndaráætlun hafi að geyma sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu, séu óvenjutegundarík eða viðkvæm fyrir raski ellegar séu nauðsynleg til viðhalds sterkum stofnum mikilvægra tegunda. Jafnframt skal þess gætt að svæðin hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags-, eða menningarlegt gildi, séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla, hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi eða séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Tilgangurinn með vinnslu náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða sem tryggi verndun lífríkis og jarðminja sem þarfnast verndar. Í því felst m.a. að setja fram áætlun um friðlýsingar til fimm ára í senn sem lögð er fyrir Alþingi í samræmi við ákvæði 65. og 66. gr. laga um náttúruvernd. Sú náttúruverndaráætlun sem hér er kynnt er önnur áætlunin sem unnin er frá gildistöku endurskoðaðra laga um náttúruvernd árið 1999 og nær til fimm ára tímabils frá 2009–2013. Gildistími og framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunar var 2004–2008 og búið er að friðlýsa þrjú svæði, þ.e. Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarð og Vatnshornsskóg, og friðlýsing Álftaness og Skerjafjarðasvæðisins er hafin með friðlýsingu Gálgahrauns og strandsvæða innan Garðabæjar. Verndun búsvæða fugla í Heimaey og úteyjum Vestmannaeyja er á lokastigi. Vinna og undirbúningur við friðlýsingu þriggja svæða er vel á veg kominn. Vinna við fjögur svæði á fyrri áætlun, þ.e. Öxarfjörð, Látraströnd – Náttfaravíkur, Skeiðarársand og Geysi, auk svæða á Reykjanesskaganum, hefur hins vegar verið í biðstöðu. Nánar er fjallað um þessi svæði síðar í greinargerðinni.

Hér er fjallað um áherslur í náttúruvernd, einkum hvað varðar friðlýsingar tegunda, búsvæða og vistgerða, hér á landi og stefnu í náttúruvernd á alþjóðlegum vettvangi. Þá verður gerð grein fyrir stöðu og framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunarinnar, undirbúningi og vinnslu nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir tímabilið 2009–2013, tillögum um verndun tólf svæða og forsendum fyrir vali þessara svæða, auk tillagna um friðlýsingu fjölda tegunda plantna og dýra. Í viðauka fylgja jafnframt ítarlegri upplýsingar um hvert svæði fyrir sig og þær tegundir og vistgerðir sem áætlað er að vinna með við framkvæmd náttúruverndaráætlunar næstu fimm árin.

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp í júlí 2007 til þess að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2009–2013. Starfshópinn skipuðu forstjórar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, þau Jón Gunnar Ottósson og Ellý Katrín Guðmundsdóttir, síðar tók Kristín Linda Árnadóttir hennar sæti, og Sigurður Ármann Þráinsson, umhverfisráðuneytinu, sem var formaður starfshópsins. Auk þeirra störfuðu Snorri Baldursson og María Harðardóttir, starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, og Guðríður Þorvarðardóttir og Hjalti J. Guðmundsson, starfsmenn Umhverfisstofnunar, með samráðshópnum. Í skipunarbréfi hópsins segir: „Við gerð áætlunarinnar verði lögð áhersla á að bæta framkvæmd og eftirlit með þegar friðlýstum svæðum, friðlýsingu á miðhálendi Íslands, svo sem Þjórsárvera og jaðarsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs, auk ákveðinna viðkvæmra svæða og náttúrufyrirbæra í hafinu umhverfis Ísland.“ Við gerð áætlunarinnar skyldi starfshópurinn taka mið af fenginni reynslu af gildandi náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Á umhverfisþingi í október árið 2007 var undirbúningur áætlunarinnar kynntur og farið yfir hugmyndir og áherslur sem ætlunin var að leggja til grundvallar við vinnslu hennar. Gerð var grein fyrir því að áhersla yrði lögð á friðlýsingu tegunda háplantna, fléttna og mosa sem teljast vera í hættu og eru á endurskoðuðum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og á friðun plöntusvæða sem mikilvæg eru til styrkingar tegundafriðlýsingum, m.a. í þeim tilgangi að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum, bæði samnings um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins um vernd villtra dýra og plantna og lífsvæða í Evrópu og myndun nets

verndarsvæða til verndunar tegundum og vistgerðum. Á umhverfisþingi kom jafnframt fram að áhersla yrði lögð á friðun hafsvæða og tegunda í hafinu sem teljast vera í hættu, svo sem steinkórals (*Lophelia pertusa*) og annarra kóraltegunda, stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og mat á útbreiðslu og friðlýsingu sérstæðra og sjaldgæfra vistgerða á hálendinu, jaðarsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs og mikilvægra eða sérstæðra jarðmyndana sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Á þinginu komu fram ábendingar þingfulltrúa um að við undirbúning náttúruverndaráætlunar væri mikilvægt að huga að eftirfarandi svæðum: Langasjó, Jökulsá á Fjöllum, Torfajökulssvæðinu, Brennisteinsfjöllum, Grændal, Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsárverum (m.t.t. stækkunar), Hofsjökli, Kverká, og að sérstaklega þurfi að huga að landslagi og votlendissvæðum.

Starfshópurinn ásamt starfsmönnum framangreindra stofnana hafa haft veg og vanda af því að vinna tillögur að náttúruverndaráætluninni. Þessi vinna hefur tekið lengri tíma en áætlað var og hefur leitt til þess að ekki var svigrúm til þess að fara með tillögur að áætluninni í almennt kynningar- og athugasemdaferli, eins og kynnt hafði verið m.a. á umhverfisþingi í október 2007. Áætlunin er byggð á sömu hugmyndafræði og aðferðafræði og notuð var við undirbúning fyrstu áætlunarinnar, þ.e. skipulegri greiningu á tiltækum upplýsingum í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um tegundir, vistgerðir og jarðfræði landsins í þeim tilgangi að þróa áfram net verndarsvæða sem tryggi verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins og annarra náttúruminja. Stuðst hefur verið við þau gögn sem unnin voru við undirbúning fyrri náttúruverndaráætlunar, svo sem tillögur Umhverfisstofnunar sem kynntar voru árið 2003 og tvær skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2002, annars vegar *Verndun tegunda og svæða* sem tekur til lífríkis og vistgerða og hins vegar *Verndun jarðminja á Íslandi* sem unnin var í samvinnu við Umhverfisstofnun. Áherslur í vali svæða eru hins vegar aðrar. Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 var áhersla lögð á tegundir fugla sem eru í hættu auk nokkurra plöntusvæða. Nú er meginhersla lögð á tegundir lífvera, bæði plantna og dýra, í hættu, friðun ákveðinna svæða þar sem þær tegundir sem eru í mestri hættu finnast og fágætar og verðmætar vistgerðir á hálendinu.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands við undirbúning áætlunarinnar hefur verið að fara kerfisbundið yfir og meta upplýsingar í gagnagrunnum stofnunarinnar og aðrar aðgengilegar upplýsingar um tegundir, vistgerðir, jarðmyndanir og önnur náttúrufyrirbæri og leggja mat á verndargildi þeirra í náttúru Íslands. Sérstaklega eru hafðar í huga sjaldgæfar tegundir, tegundir á válista og ábyrgðartegundir og tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga. Í samræmi við markmið samningsins um líffræðilega fjölbeytni, evrópsku áætlunina um plöntuvernd og evrópsku áætlunina um verndun hryggleysingja er áhersla lögð á verndun plantna og búsvæði þeirra sem og nokkrar tegundir dýra og vistgerða sem eru sjaldgæfar og teljast vera í sérstakri hættu. Eldri tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um friðlýsingu plöntutegunda voru endurskoðaðar og endurmetnar í ljósi betri og meiri upplýsinga um magn og dreifingu þeirra hér á landi.

Umfangsmesta verkefni Umhverfisstofnunar við undirbúning þessarar náttúruverndaráætlunar tengist framkvæmd gildandi áætlunar og samantekt upplýsinga um framgang og stöðu hennar í þeim tilgangi að meta reynsluna og taka mið af henni við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt þurfti að taka saman upplýsingar um ástand friðlýstra svæða og vinna tillögur um hvernig best megi bæta framkvæmd og eftirlit með þegar friðlýstum svæðum. Jafnframt vann Umhverfisstofnun greiningu á hugsanlegum hagsmunaárekstrum á þeim svæðum sem

komu helst til greina í nýja náttúruverndaráætlun og teknar voru saman upplýsingar um landeigendur á svæðunum og til hvaða sveitarfélaga þau heyrðu.

Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er lagt til að næstu fimm árin verði unnið að friðlýsingu tólf svæða á landinu og að 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 tegundir fléttna, þrjár tegundir hryggleysingja og tvær vistgerðir verði friðlýstar í þeim tilgangi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að halda áfram uppbyggingu nets verndarsvæða sem tryggi verndun tegunda, vistgerða og vistkerfa sem eru í hættu og þarfnast verndar. Jafnframt er lagt til að framkvæmd fyrri náttúruverndaráætlunar verði haldið áfram. Þessar áherslur eru í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd um vinnslu náttúruverndaráætlunar, sbr. 66. gr. laganna. Jafnframt er verið að vinna að framkvæmd stefnu og markmiða samningsins um líffræðilega fjölbreytni um að stöðva eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni árið 2010 á landi og 2012 í höfunum og mynda net verndarsvæða í þeim tilgangi.

Markmið og hlutverk náttúruverndaráætlunar.

Markmiðið með undirbúningi náttúruverndaráætlunar til fimm ára í senn er að móta stefnu í náttúruvernd og friðlýsingum mikilvægra náttúruminja. Um leið verður verndun náttúru Íslands markvissari, markaðar eru skýrar áherslur fyrir val svæða til friðunar og við undirbúning hennar er m.a. tekið mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og áherslum og skuldbindingum sem þeim fylgja, m.a. um að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða sem tryggi verndun líffræðilegrar fjölbreytni, auk þess sem tekið er mið af stefnumótun og straumum í náttúruvernd á alþjóðlegum vettvangi. Einn mikilvægasti þátturinn í vinnslu og samþykkt náttúruverndaráætlunar er sú kynning og umfjöllum um áætlunina og tillögur hennar sem fram fer á Alþingi.

Með náttúruverndaráætlun 2004–2008 var stigið fyrsta skipulega skrefið í þá átt að koma upp neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunnum um náttúru landsins og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra. Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er haldið áfram við uppbyggingu nets verndarsvæða, en nú með höfuðáherslu á plöntur og plöntusvæði auk þess sem áhersla er lögð á sjaldgæfar vistgerðir á hálendinu og nokkrar tegundir hryggleysingja sem hafa mjög takmarkaða útbreiðslu á landinu. Þetta er í fullu samræmi við áherslur í alþjóðlegu náttúruverndarstarfi undanfarið. Aðildarríki samningsins um líffræðilega fjölbreytni hafa samþykkt viðamikla stefnu um verndun plantna í heiminum þar sem hvatt er til þess að ríkin setji sér stefnu í verndun plantna í samræmi við 2010 markmiðin um að stöðva rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni og í samræmi við þúsaldarmarkmiðin. Í samningnum er lögð rík áhersla á hversu mikilvægur þáttur í verndun náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni felst í uppbyggingu nets verndarsvæða. Það miðar að verndun tegunda, erfðabreytileika þeirra, vistgerða og vistkerfa, enda hafa verið samþykkt skýr töluleg markmið um verndun vistkerfa einstakra ríkja, svæða og heimsins í heild, bæði á þurrlendi og í höfunum.

Á vettvangi Bernarsamningsins hefur jafnframt verið samþykkt evrópsk áætlun um plöntuvernd fyrir 2008–2014 þar sem aðildarríki samningsins skuldbinda sig til þess að vinna að verndun plöntutegunda sem falla undir samninginn og taldar eru í hættu. Í áætluninni eru töluleg markmið um verndun tegunda og mikilvægra svæða. Hluti af þessari áætlun er að tryggja verndun búsvæða viðkomandi plantna og byggjast tillögur að nýrri náttúruverndaráætlun m.a. á þessum ákvæðum. Einnig hefur sambærileg evrópsk áætlun um verndun hryggleysingja verið samþykkt á vettvangi samningsins.

Á grundvelli samþykkta þessara samninga og skuldbindinga Íslands gagnvart þeim hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið að því undanfarin ár að safna kerfisbundið upplýsingum um sjaldgæfar plöntutegundir og hefur m.a. kortlagt og lagt mat á útbreiðslu og magn plöntutegunda sem eru á válistum. Í kjölfarið var gefin út skýrsla um þessar rannsóknir, *Vöktun válistaplantna 2002–2006*. Nýverið var svo válisti stofnunarinnar fyrir plöntur endurmetinn á grundvelli nýrri og betri vitneskju og breytt í kjölfarið. Þær tillögur sem settar eru fram í nýrri náttúruverndaráætlun byggjast að verulegu leyti á þessari vinnu sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands. Loks ber að nefna í þessu samhengi nýútgefið *Íslenskt plöntutal. Blómplöntur og byrkningar* þar sem stofnunin birtir skrá yfir 489 íslenskar og ílendar framandi tegundir háplantna, en þar af eru 439 tegundir taldar til hinnar villtu íslensku flóru.

Friðlýst svæði.

Fjöldi svæða sem friðlýst hafa verið á grundvelli laga um náttúruvernd og með sérlögum til náttúruverndar á landinu er nú 100 og er flatarmál þeirra um 21.000 km^2, sem samsvarar tæplega 20% af flatarmáli Íslands. Eyjar og strand- og sjávarsvæði eru 26 talsins, samtals um 900 km^2, 24 svæði eru í þéttbýli, samtals um 9 km^2, og flest eða 51 eru utan þéttbýlis og ná yfir tæpa 20.000 km^2. Frá því að náttúruverndaráætlun 2004–2008 var samþykkt á Alþingi árið 2003 hefur friðlýstum svæðum fjölgað um tólf. Vatnajökulsþjóðgarður var formlega stofnaður með reglugerð í júní 2008, en við það fækkaði friðlýstum svæðum um eitt svæði þar sem bæði Skaftafellsþjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sameinuðust honum. Auk hans eru tvö þessara nýju svæða á náttúruverndaráætlun 2004–2008, en það eru Guðlaugstungur – Álfgeirstungur sem friðlýstar voru árið 2005 og Vatnshornsskógur sem friðlýstur var árið 2009. Friðlýsing svæðisins Álftanes – Skerjafjörður er hafin með friðlýsingu Gálgahrauns og fjörusvæða í Garðabæ. Sex fólkvangar hafa verið friðlýstir á tímabilinu: Hraun í Öxnadal, Krossanesborgir, Einkunnir, Hvaleyrarlón, Hleinar og Stekkjahraun, þrjú náttúruvætti, þ.e. Arnarnesstrýtur í Eyjafirði, Litluborgir og Kaldárhraun, og friðland við Vífilsstaðavatn. Þá var Surtseyjarfriðland stækkað árið 2006 í tengslum við tilnefningu eyjarinnar á heimsminjalista UNESCO og nær friðlandið nú yfir eyjuna, hafsvæðið og hafsbotninn umhverfis eyjuna, alls um 330 km^2. Samtals eru þetta tæplega 8.800 km^2, en þar af eru um 8.250 km^2 innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Friðlýst svæði skiptast þannig eftir friðlýsingarflokkum (Þingvallaþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður eru flokkaðir sem þjóðgarðar þótt þeir séu friðlýstir með sérlögum):

	Fjöldi	Stærð í ha
Þjóðgarðar	3	1.346.690
Sérlög	2	427.415
Náttúruvætti	36	13.156
Friðlönd	38	267.271
Fólkvangar	19	42.177
Búsvæði	2	2.172

Auk friðlýstra svæða hefur 31 plöntutegund verið friðlýst, sbr. auglýsingu nr. 184/1978, en síðan þá hefur aðeins ein breyting verið gerð á friðlýsingum plantna, þ.e. með friðlýsingu kúluskíts, þrátt fyrir stóraukna þekkingu á flóru landsins. Jafnframt eru allir dropsteinar í hellum landsins friðlýstir, en til þeirra teljast allar slíkar myndanir í hellum hvort sem þær

hanga úr lofti eða standa á gólfi eða veggjum hellanna, sbr. auglýsingu nr. 120/1974. Bannað er að brjóta eða skemma á annan hátt umræddar myndanir.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um náttúrufar friðlýstra svæða þrátt fyrir að tveir þriðju hlutar þeirra hafi verið friðlýstir í yfir 20 ár. Það er því ákveðnum vandkvæðum háð að leggja vísindalegt mat á gildi þeirra fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins og kerfisbundna uppbyggingu á neti verndarsvæða í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Mikilvægt er að hægt verði að bæta úr þessum þekkingarskorti í tengslum við undirbúning náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2014–2018.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, friðlýsing tólf svæða og forsendur.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013 er unnin út frá vísindalegum gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og er byggð á faglegu mati á því hvaða þættir í náttúru Íslands teljast verndarþurfi. Áætlunin miðar fyrst og fremst að því að styrkja verndun ákveðinna tegunda plantna og dýra sem taldar eru í útrýmingarhættu og áframhaldandi uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða á landinu. Eins og að framan greinir hófst skipuleg uppbygging nets verndarsvæða með fyrri áætlun en þá var megináherslan á fuglaverndarsvæði en jafnframt voru tvö mikilvæg plöntusvæði á áætluninni, sem ekki náðist að friðlýsa á gildistíma hennar. Í þessari áætlun er aðaláhersla hins vegar lögð á sjaldgæfar plöntutegundir og tegundir í hættu og áfram verður haldið með uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða með áherslu á svæði sem skipta máli fyrir verndun plantna og búsvæði þeirra.

Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er lagt til að friðlýst verði tólf svæði á gildistíma áætlunarinnar og eru það:

- Snæfjallaströnd – Kaldalón.
- Eyjólfsstaðaskógur.
- Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.
- Gerpissvæðið.
- Orravatnsrústir.
- Þjórsárver (stækkun verndarsvæðis).
- Þrjú svæði við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs, sem verði sameinuð honum, þ.e. svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti, Steinadalur í Suðursveit og Langisjór og nágrenni.
- Þrjú verndarsvæði fyrir smádýr/hryggleysingja: Undirhlíðar í Nesjum, hvannstóð undir Reynisfjalli og tjarnasvæði á Innri-Hálsum í Berufirði.

Friðlýsing plöntusvæða.

Í gildandi náttúruverndaráætlun 2004–2008 eru tvö svæði tilgreind sem plöntusvæði en hvorugt þeirra hefur verið friðlýst. Í þessari náttúruverndaráætlun er lagt til að unnið verði að friðlýsingu sex annarra plöntusvæða til viðbótar. Þessi svæði eiga það sameiginlegt að þar vex fjöldi sjaldgæfra háplantna og fléttna sem hafa fáa fundarstaði og í nokkrum tilvikum er um einn eða mjög fáa fundarstaði viðkomandi tegundar að ræða. Snæfjallaströnd – Kaldalón er mikilvægt svæði fyrir sjaldgæfar háplöntur, svo sem dílaburkna, stóraburkna, fjöllaufung, þúsundblaðarós, fjallabláklukku, skollaber og sandmunablóm.

Skógarsvæðin Eyjólfsstaðaskógur og Egilsstaðaskógur eru merkilegust fyrir fjölda sjaldgæfra fléttna sem þrífast sem ásætur á birki þessara svæða. Alls finnast um 25 tegundir sjaldgæfra fléttutegunda á þessum tveimur svæðum og nokkrar þeirra eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Auk þess þrífast þarna sjaldgæfar tegundir háplantna eins og ferlaufungur,

sjöstjarna og laugamaðra. Á Egilsstaðaklettum er einnig að finna óvenjumikla fjölbreytni fléttna og þar er m.a. annar tveggja fundarstaða tveggja fléttutegunda á landinu.

Á Gerpissvæðinu er sérstætt gróðurfar, en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir eins og fjöllaufungur, lensutungljurt, sóldögg, álftalaukur, mýraberjalyng, bjöllulilja, sifjarsóley o.fl. Svæðið er vinsælt til útivistar.

Tillaga um friðlýsingu Steinadals í Suðursveit sem hluta af stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs er fyrst og fremst tilkomin vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna en svæðið er jafnframt merkilegt vegna stórbrotins landslags og hrikalegs gljúfurs.

Markmið friðlýsingar þessara svæða er að treysta friðun þessara sjaldgæfu tegunda og styðja við friðlýsingar einstakra plöntutegunda.

Friðlýsing vistgerða.

Lagt er til að tvær vistgerðir á hálendi Íslands verði verndaðar, þ.e. *breiskjuhraunavist* og *rústamýravist*, annars vegar með því að friðlýsa þessar tvær vistgerðir með vísun til 53. gr. laga um náttúruvernd og hins vegar með friðun lykilsvæða þeirra. Alls er um að ræða fjögur svæði þar sem framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á umræddum vistgerðum yrðu bannaðar og eru þrjú þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum svæðin til að ná tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða.

Breiskjuhraunavist hefur ekki verið lýst utan Íslands og óvíst er hvort hana sé að finna annars staðar. Hér hefur hún einungis fundist á miðhálendi landsins, ofarlega í vestari álmu Skaftáreldahrauns og er þar útbreidd og áberandi. Lagt er til að verndarstaða vistgerðarinnar innan núverandi marka Vatnajökulsþjóðgarðs verði styrkt og verndarsvæðið stækkað nokkuð, en mikið er um breiskjuhraunavist í þeim hluta þjóðgarðsins sem tilheyrði áður friðlandi umhverfis Lakagíga.

Tillaga er gerð um að friðlöndin í Þjórsárverum og Guðlaugstungum verði stækkuð til þess að auka friðun rústamýravistar. Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins. Lagt er til að sambærileg ákvæði verði sett inn í friðlýsingu Guðlaugstungna, þ.e. bann við röskun vistgerða. Mörk friðlands í Guðlaugstungum ná yfir stóran hluta af rústamýrum á því svæði en að svo stöddu eru hér ekki lagðar til breytingar á þeim mörkum. Þegar lokið verður við að kortleggja vistgerðir á hálendi Íslands kann að vera tilefni til að endurskoða mörk friðlandsins.

Lagt er til að Orravatnsrústir verði friðaðar en þar er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til að um 90 km^2 svæði umhverfis Orravatnsrústir verði friðað. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar austan Jökulsár eystri yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.

Nánari grein er gerð fyrir þessum vistgerðum, *breiskjuhraunavist* og *rústamýravist*, í viðauka þar sem fjallað er um útbreiðslu þeirra, einkenni og verndargildi.

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga um náttúruvernd er heimilt að friðlýsa vistgerðir almennt á landsvísu, auk svæðisbundinna friðlýsinga eins og hér er lagt til. Slík friðun vist-

gerða væri sambærileg við friðun tegunda plantna og dýra. Unnið verður að reglugerð eða auglýsingu með ákvæðum um almenna verndun *breiskjuhraunavistar* og *rústamýravistar* á hálendi Íslands.

Jarðfræðisvæði.

Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veiðivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.

Tegundafriðun – plöntur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að tegundir sjaldgæfra plantna sem tilgreindar eru á nýendurskoðuðum válista stofnunarinnar verði friðlýstar. Ráðuneytið telur mikilvægt, í ljósi stöðu þessara tegunda hér á landi og í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga og áherslna um plöntuverndun, rétt að friðlýsa þessar tegundir, en um er að ræða 25 háplöntur, 45 mosa og 90 fléttutegundir. Til stuðnings tegundaverndun er síðan lagt til að unnið verði að friðlýsingu mikilvægra plöntusvæða eins og að framan er getið. Með því styrkist friðun fjölda tegunda plantna, ekki aðeins ákveðinna lykiltegunda sem mikilvægastar eru á viðkomandi svæðum heldur jafnframt fjölda annarra tegunda með takmarkaða útbreiðslu og þekju. Þessi friðun byggist á þeirri vinnu sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið að vinna m.a. til þess að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

Aðeins ein plöntutegund, þörungurinn kúluskítur, hefur verið friðlýst á Íslandi í um 30 ár, en með auglýsingu nr. 184/1978 var 31 tegund háplantna friðlýst. Í reglugerð eða auglýsingu um friðun nýrra tegunda verða nánar útfærðar reglur um verndun þeirra. Náttúrufræðistofnun hefur vaktað þessar plöntur og vaxtarstaði þeirra ásamt öðrum plöntutegundum sem eru á válista sem stofnunin hefur tekið saman og verður áfram unnið að slíkri vöktun eftir friðlýsingu þeirra í samvinnu við náttúrustofur. Skoða þarf síðan hugsanlega svæðaverndun til að styrkja tegundafriðun við vinnslu Náttúruverndaráætlunar 2014–2018.

Tegundafriðun – hryggleysingjar.

Hér er í fyrsta skipti lagt til að dýrategundir verði friðaðar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nú eru tegundir fugla og spendýra friðaðar allt árið eða hluta af árinu með lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og hagamýs eru friðaðar utan húss samkvæmt sömu lögum. Hér er lagt til að tvær tegundir skordýra verði friðlýstar, en það eru tröllasmiður og tjarnarklukka, og ein tegund lindýrs, þ.e. snigillinn brekkubobbi. Allar þessar tegundir hafa takmarkaða útbreiðslu á suðurhluta landsins og eru sjaldgæfar. Það er því talin ástæða til þess að friða tegundirnar og vernda búsvæði þeirra með því að friðlýsa búsvæði tjarnarklukku í tjörnum á Innri-Hálsum í Berufirði, búsvæði tröllasmiðs í Undirhlíðum í Nesjum og búsvæði brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli.

Framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013.

Undirbúningur friðlýsinga er í höndum Umhverfisstofnunar sem ber að gera drög að friðlýsingu og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga

að gæta, sbr. 58. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Með drögum að friðlýsingu er m.a. átt við afmörkun viðkomandi svæða nákvæmar en gert er í náttúruverndaráætlun og nánari skilgreiningu markmiða og skilmála friðlýsingarinnar og tillögur um reglur svæðisins.

Til þess að tryggja sem best samræmi á þessu stigi við grunnvinnu við upplýsingar um náttúrufar á svæðunum munu Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands vinna og fjalla sameiginlega um afmörkun og verndun landsvæða og um friðlýsingarskilmála sem fullnægi markmiðum og tilgangi friðlýsingarinnar. Reynslan sýnir að það er afar mikilvægt að markmið friðlýsingar, afmörkun svæðis og friðlýsingarskilmálar sem fela í sér kvaðir eða takmarkanir á athöfnum manna séu alveg skýr þegar rætt er við landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Við undirbúning náttúruverndaráætlunar 2009–2013 var áhersla þess vegna lögð á þessi atriði eins og fram kemur í svæðalýsingum í viðauka.

Vinna við friðlýsingu svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2009–2013 mun krefjast samvinnu og samráðs við landeigendur, sveitarstjórnir og ýmsa aðra hagsmunaaðila. Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar verður lögð áhersla á kynningu og samráð eins snemma í ferlinu og hægt er og að þeir sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Þessari aðferðafræði er ætlað að stuðla að aðkomu hagsmunaaðila snemma í friðlýsingarferlinu og auka þannig líkur á að sátt náist um friðlýsingu, sem er grunnurinn að því að friðlýsingin nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við samráðsáætlun fyrir hvert og eitt svæði sem kynnt verður fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum til að tryggja sátt um málsmeðferð og að allir aðilar hafi góðan skilning á ferlinu.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands munu ræða við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila um drög að friðlýsingum eftir því sem við á og óska eftir ábendingum og sjónarmiðum þeirra. Á grunni athugasemda og viðræðna verða friðlýsingarákvæði ákveðin. Drög að friðlýsingu verða síðan kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Náist samkomulag um friðlýsingu svæðis við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta er málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar. Ef samkomulag næst ekki um friðlýsingu skal skv. 1. mgr. 59. gr. laga um náttúruvernd vísa málinu til meðferðar umhverfisráðherra sem ber að gæta þeirrar málsmeðferðar sem lýst er í 59. gr. laganna.

Umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa þegar hafið undirbúning og skipulagningu samráðs við landeigendur. Búið er að gera yfirlit yfir hvaða hagsmunir og aðstæður á hverju svæði fyrir sig eru líklegar til þess að krefjast sérstakrar úrlausnar og vekja upp spurningar þegar að samráði um friðlýsingu kemur. Þá er búið að gera drög að áætlun um það hvernig unnið verður að samráði og friðlýsingum næstu fjögur árin.

Framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunarinnar hefur verið með töluvert öðrum hætti en ráð var fyrir gert, eins og ítarlega er gerð grein fyrir hér á eftir. Aðeins hefur tekist að friðlýsa þrjú svæði og hluta af því fjórða af þeim fjórtán svæðum sem eru á áætluninni, þótt vinna við fjölmörg önnur svæði sé langt komin. Á hinn bóginn hafa nokkur önnur svæði verið friðlýst að frumkvæði sveitarfélaga og mikil vinna verið lögð í hið stóra verkefni að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Þessi reynsla sýnir að vinna þarf markvissar að þeirri stefnumörkun sem sett er fram í þingsályktunartillögum um náttúruverndaráætlun, en einnig að nauðsynlegt er að skoða framkvæmdina reglulega út frá viðræðum við landeigendur og sveitarfélög og hugsanlegum breyttum forsendum. Hvað slíkt varðar má nefna að væntanlega munu koma fram tillögur um friðlýsingar sem munu byggjast á væntanlegum niðurstöðum rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða.

Umhverfisráðherra bryddaði upp á þeirri nýjung á 136. löggjafarþingi að flytja Alþingi skýrslu um umhverfismál sem ætlunin er að gera árlega hér eftir. Þar verður greint frá framkvæmd náttúruverndaráætlunar þannig að þingið fái upplýsingar um hvernig gengur að fylgja þingsályktunartillögunni eftir.

Mikilvægt er að náttúruverndaráætlun hvíli á skýrum faglegum grunni hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mat á verndargildi hennar. Fyrir fyrstu náttúruverndaráætlun var lagður góður aðferðafræðilegur grunnur sem er enn í gildi. Þó liggur fyrir að þekking á náttúrunni eykst og mat á verndargildi þróast eins og er t.d. raunin hvað varðar mat á verndargildi háhitasvæða í rammaáætlun. Náttúruverndaráætlun verður að taka mið af þessu á hverjum tíma og greina frá breytingum á viðmiðum og þekkingargrunni. Framkvæmd náttúruverndaráætlunar og friðlýsing einstakra svæða er svo háð ýmsum þáttum, svo sem vilja heimamanna og landeigenda á hverjum stað, skipulagsáætlunum sveitarfélaga og hvaða kvaðir fylgja friðlýsingum, sem getur verið mjög mismunandi eftir svæðum. Ákveðinn sveigjanleiki verður að vera í framkvæmd friðlýsinga, en ekki má hvika frá þeirri grunnhugsun í náttúruverndaráætlun að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati.

Eitt af því sem þarf að huga að í tengslum við friðlýsingu er vöktun og eftirlit á viðkomandi svæðum. Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir eftirliti og landvörslu á flestum svæðum, en landvarsla fer þó að langmestu leyti fram á nokkrum svæðum þar sem umferð ferðamanna er mikil. Öðrum svæðum er lítið eða jafnvel ekkert sinnt. Umhverfisstofnun hefur í tvö sumur skipulagt svæðislandvörslu fyrir landið allt þar sem lögð er áhersla á að öll friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar séu vöktuð. Hefur þessi nýbreytni gefist vel.

Ekki er gert ráð fyrir neinni tiltekinni friðlýsingu í hafinu á tímabilinu. Svæðafriðun í hafi er tiltölulega ný af nálinni og hefur hér á landi verið beitt við friðun á tveimur hverastrýtum í Eyjafirði á grundvelli laga um náttúruvernd og við lokun sjávarútvegsráðherra á fimm kórallasvæðum fyrir veiðum. Einnig hafa nokkur strandsvæði og eyjar verið friðlýst, svo sem Surtsey og Breiðafjörður (samkvæmt sérstökum lögum). Umfangsmiklu samvinnuverkefni, Botndýr á Íslandsmiðum (BioIce), sem umhverfisráðuneytið setti á laggirnar árið 1992 og miðar að því að skrásetja og kortleggja tegundir botnlægra hryggleysingja innan íslenskrar efnahagslögsögu, lýkur formlega árið 2009. Verkefnið hefur aukið verulega þekkingu manna á lífverum og vistkerfi hafsbotnsins. Í stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni, sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 2008, er að finna ákvæði um að áfram verði unnið að friðun svæða í hafi, auk tillagna nefndar um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Ljóst er að umræða um friðun svæða í hafinu er mikil og vaxandi innan alþjóðasamninga um umhverfisvernd og fiskveiðistjórn.

Náttúruverndaráætlun 2014–2018.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal umhverfisráðherra leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Undirbúningur og vinna við nýja náttúruverndaráætlun þarf að vera stöðugt í gangi og í stöðugri þróun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun samhliða framkvæmd náttúruverndaráætlunar, m.a. í ljósi nýrra rannsókna og upplýsinga um náttúru landsins. Einnig þarf að gera ítarlega athugun á náttúrufari þegar friðlýstra svæða, en eins og komið hefur fram hér á undan hafa takmarkaðar athuganir farið fram á þeim. Fara þarf skipulega yfir þessi svæði og leggja mat á náttúrufar og gildi þeirra og þýðingu í neti verndarsvæða til verndunar líffræðilegri fjölbreytni og náttúru landsins, m.a. út frá tegundum, búsvæðum, vistgerðum og vistkerfum sem og jarðfræði, landslagi og menningu og fyrir útivist. Þetta þarf að gera skipulega og beita viðurkenndum

aðferðum eins og skortgreiningu (Gap Analysis), sbr. þau vinnubrögð sem mótuð hafa verið á vettvangi samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Fyrsta kastið mætti framkvæma slíka greiningu á grundvelli fyrirliggjandi gagna í gagnagrunnum án þess að leggja út í umfangsmiklar rannsóknir á svæðunum sjálfum. Óhjákvæmilegt væri samt sem áður að einhverjar rannsóknir fylgdu í kjölfar frumgreiningar þeirra takmörkuðu upplýsinga sem fyrir hendi eru um þessi svæði. Mikilvægt er að hefja þessa vinnu sem fyrst, m.a. með hliðsjón af 2010 og 2012 markmiðunum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og myndun nets verndarsvæða á landi og í sjó, einnig með aðild að náttúruverndarneti Evrópu, *Emerald Network*, að leiðarljósi, en vinna við það er hafin hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Miðað við áherslur í þessum fyrstu tveimur náttúruverndaráætlunum er ljóst að leggja þarf áherslu á þá þætti sem hingað til hafa orðið út undan í undirbúningi áætlananna og við friðlýsingar hingað til. Friðlýsingum í hafi hefur lítið verið sinnt þrátt fyrir 2012 markmiðin og þrátt fyrir að skýrar vísbendingar um að stór svæði í hafinu umhverfis landið hafi látið á sjá og gengið hafi verið á ákveðin búsvæði og vistkerfi í hafinu. Þá er mikilvægt að leggja mat á mikilvægi háhitasvæða fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og vinna að friðlýsingu mikilvægustu háhitasvæða landsins sem fyrst og jafnvel strax í kjölfar þess að niðurstöður liggja fyrir úr athugunum Náttúrufræðistofnunar Íslands í tengslum við undirbúning að öðrum áfanga rammaáætlunar og eigi síðar en við lok á því verkefni haustið 2009. Í tillögum að náttúruverndaráætlun 2009–2013 er farið inn á nýja braut með tillögum um friðun vistgerða á hálendinu. Eðlilegt er að huga að framhaldi á því með því að skoða fleiri vistgerðir á hálendinu og skilgreina og afmarka vistgerðir á láglendi. Slík vinna er mjög mikilvæg fyrir markvissar ákvarðanir er varða náttúruvernd og ekki síður fyrir alla aðra landnýtingu. Tryggja þarf stofnunum ráðuneytisins á þessu sviði fjármagn til þess að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir tímabilið 2014–2018 samhliða framkvæmd þessarar áætlunar. Jafnframt þurfa bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun að vera fjárhagslega í stakk búnar til þess að vinna að framkvæmd þessarar áætlunar með fullnægjandi hætti.

Framkvæmd og staða náttúruverndaráætlunar 2004–2008.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 var ákveðið að vinna aðallega að þremur stórum verkefnum í náttúruvernd á tímabilinu þótt þar sé einnig að finna tillögur að friðlýsingum sem ekki tengjast þessum verkefnum, t.d. friðun tveggja plöntusvæða og jarðminja. Alls var stefnt að því að friðlýsa 13 svæði á gildistíma áætlunarinnar og stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Meginverkefni áætlunarinnar voru:

1. Að koma upp heildstæðu neti friðaðra fuglasvæða sem hafa verndargildi á alþjóðavísu.
2. Stækkun tveggja þjóðgarða.
3. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýsing svæða sem munu tengjast honum.

Umhverfisstofnun hefur haft með höndum framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og annast undirbúning að friðlýsingu svæðanna enda ber stofnuninni, sbr. 58. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, að gera drög að friðlýsingu og leggja þau fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Með drögum að friðlýsingu er m.a. átt við nákvæmari afmörkun svæðanna en í áætluninni og að skilmálar friðlýsingarinnar séu settir fram. Hluti þeirrar vinnu krefst samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, einkum afmörkun búsvæða tegunda, vistgerða og vistkerfa og ákvörðun um takmarkandi friðlýsingarákvæði á hverju svæði fyrir sig.

Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að kynning og samráð fari fram eins snemma í ferlinu og hægt er og að þeir aðilar sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Stofnunin hefur því í upphafi friðlýsingarferlis boðað til kynningarfunda með landeigendum, sveitarstjórnum, umhverfisráðuneyti og öðrum hagsmunaaðilum til þess að kynna markmið og hugmyndir um friðlýsingu viðkomandi svæðis. Með þessu móti hefur stofnunin viljað stuðla að umræðu um tillögurnar og auka líkur á að sátt náist um friðlýsingu, en það er m.a. grunnurinn að því að friðlýsing nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Á grunni athugasemda og viðræðna hefur stofnunin síðan mótað drög að friðlýsingu. Drög að friðlýsingu hafa síðan verið kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Náist samkomulag milli Umhverfisstofnunar og þessara aðila sendir stofnunin tillögu að friðlýsingu til umhverfisráðuneytisins til frekari ákvörðunar. Samþykki ráðuneytið tillöguna er gengið frá friðlýsingu að fengnu áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Vinna við náttúruverndaráætlun 2004–2008 fór vel af stað. Umhverfisstofnun setti í upphafi fram verkferla sem unnið skyldi eftir við friðlýsingu þeirra svæða sem falla undir náttúruverndaráætlun. Var verkinu skipt upp í þrjá meginverkþætti. Fyrsta stigið var forkönnun, sem var að mestu lokið á árinu 2005, síðan grunngagnaöflun og að lokum þriðja stigið sem felst í gerð samninga við landeigendur og sveitarstjórn og frágangi friðlýsinga. Á forkönnunarstiginu var m.a. kannað eignarhald og helstu landnytjar þar sem stuðst var við gögn Fasteignamats ríkisins og viðkomandi sýslumannsembætta. Annað stig var grunngagnaöflun þar sem m.a. var haft samband við landeigendur og sveitarstjórnir með það í huga að kanna afstöðu þeirra. Í samstarfi við sveitarstjórnir eða náttúrustofur voru haldnir kynningarfundir heima í héraði þar sem mættu fulltrúar ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar til þess að kynna áform um friðlýsingu og í sumum tilfellum fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands til að fjalla um náttúru viðkomandi svæðis. Lokastigið er að ganga frá yfirlýsingu landeigenda og sveitarstjórnar um samkomulag varðandi friðlýsingarskilmála þar sem fram koma reglur sem á svæðinu gilda og hnitsett og kortlögð mörk. Að lokum er tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingu send ráðherra til ákvörðunar.

Búið er að friða Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarð, Vatnshornsskóg og þann hluta af Álftanes- og Skerjafjarðarsvæðinu sem er innan sveitarstjórnarmarka Garðabæjar. Vinna við friðlýsingu nokkurra annarra svæða á náttúruverndaráætlun 2004–2008 er langt komin. Að mati Umhverfisstofnunar væri unnt að ljúka friðlýsingu flestra svæðanna fyrir árslok 2013. Áhersla er nú lögð á að ljúka við friðlýsingu þeirra svæða sem lengst eru komin í ferlinu með það að markmiði að eitt til tvö svæði til viðbótar verði friðlýst fyrir árslok 2009.

Í upphafi framkvæmdar áætlunarinnar lá fyrir að umhverfisráðuneytið mundi samhliða vinnu við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa umsjón með þremur svæðum sem tengdust stækkun þjóðgarða, þ.e. þeirra sem kennd eru við Öxarfjörð, Jökulsárgljúfur og Skeiðarársand. Undirbúningur að friðlýsingu Geysis í Haukadal hefur verið í biðstöðu þar sem umhverfisráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa átt í viðræðum við landeigendur um kaup ríkisins á þeim hluta svæðisins sem er í einkaeign.

Hér verður gerð grein fyrir stöðunni í framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og hvað gert hefur verið til þess að vinna að friðlýsingu hvers svæðis fyrir sig.

A. Svæði sem hafa verið friðlýst.

Guðlaugstungur – Álfgeirstungur.

Eina hálendissvæðið á náttúruverndaráætlun var friðlýst, sbr. auglýsingu nr. 1150/2005. Mikill áhugi var hjá sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps að friðlýsa svæðið. Þar eru mikilvæg varp- og beitilönd heiðagæsar og ein stærstu og fjölbreyttustu rústasvæði utan Þjórsárvera. Svæðið er einnig sérstætt fyrir víðáttumikil heiðalönd og gróskumikið votlendi á hálendi. Friðlýsingarskilmálarnir taka til verndunar dýralífs og gróðurfars og er t.d. óheimilt að fara um varplönd heiðagæsa á varptíma. Að tillögu heimamanna var friðlýst stærra svæði en fyrirhugað var og liggja suðurmörk svæðisins um jaðar Hofsjökuls.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður á Alþingi með setningu samnefndra laga nr. 60/2007 og reglugerð nr. 608/2008 sem undirrituð var við formlega athöfn 7. júní 2008. Þjóðgarðurinn nær yfir um 13.490 km^2 svæði, eða um 13% af flatarmáli landsins, og er þar með stærsti þjóðgarður Evrópu. Landsvæði þjóðgarðsins er einstakt á heimsvísu. Þar er að finna síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni á svæðinu er óvenjumikil og innan væntanlegra þjóðgarðsmarka er að finna afar sjaldgæfar landslagsheildir, m.a. ósnortin víðerni.

Við stofnun náði Vatnajökulsþjóðgarður til þjóðgarðsins í Skaftafelli, svo og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, alls Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans, að vestan, norðan, austan og sunnan. Meðal þeirra eru Tungnafellsjökull, Vonarskarð, Hágönguhraun og Veiðivatnahraun, vestan Vatnajökuls, og Vesturöræfi, Snæfell, Eyjabakkar og hluti Hrauna, norðan Vatnajökuls. Land í Vatnajökulsþjóðgarði verður að mestu í eigu ríkisins, en einnig eru nokkur landsvæði í einkaeigu hluti af þjóðgarðinum.

Sumarið 2009 var þjóðgarðurinn stækkaður verulega þegar fjalllendi Hoffells í Hornafirði og stórum hluta Ódáðahrauns norðan Vatnajökuls var bætt við þjóðgarðinn, samtals ríflega 1.900 km^2. Gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður muni stækka frekar á næstu missirum og árum.

Vatnshornsskógur.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að skógurinn í Vatnshornshlíð í Skorradal, alls um 2 km^2 að stærð, verði friðlýstur. Svæðið sem er í Skorradalshreppi er á náttúruminjaskrá (svæði 238) vegna lítt snortins birkiskógar með hávöxnum trjám og gróskumiklum botngróðri en nýverið fannst ný fléttutegund, þ.e. birkikræða, í skóginum. Jörðin Vatnshorn er í eigu sveitarfélagsins og Skógræktar ríkisins og var gengið frá friðlýsingu Vatnshornsskógar í lok janúar 2009, sbr. auglýsingu nr. 164/2009.

Álftanes – Skerjafjörður.

Sá hluti þessa svæðis sem fellur innan marka Garðabæjar hefur verið friðlýstur með tveimur friðlýsingum, annars vegar friðlýsingu hluta Gálgahrauns, alls 108 ha, sem friðlands og hins vegar strand- og sjávarsvæðis, um 428 ha, til verndunar búsvæða. Snemma á friðlýsingarferlinu kom fram ósk Garðbæinga um að friðlýsa mun stærri hluta Gálgahrauns en lagt var til í náttúruverndaráætlun. Tillaga Garðbæinga er í samræmi við gildandi aðalskipulag Garðabæjar um að friðlýsa Búrfell og hraun þess allt frá eldstöðinni til sjávar sem náttúruvætti.

B. Svæði sem gert er ráð fyrir að verði friðlýst á næstu missirum.

Vestmannaeyjar.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að vernda flestar úteyjar Vestmannaeyja ásamt tveggja kílómetra svæði umhverfis eyjarnar og á Heimaey er lagt til að verndunin nái til Ystakletts og Heimakletts. Svæðið er alls um 20 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vestmannaeyjum. Unnið hefur verið að friðlýsingu þess frá árinu 2005 í samstarfi við Vestmannaeyjabæ, Náttúrustofu Suðurlands, setur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum og Náttúrufræðistofnun Íslands. Heimamenn stofnuðu sérstaka umsjónarnefnd með verkefninu sem hefur ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar fundað með hagsmunaaðilum og nytjaréttarhöfum. Heimamenn hafa lagt til að verndarsvæðum á Heimaey verði fjölgað, m.a. að allar úteyjarnar verði innan verndarsvæðisins. Drög að auglýsingu voru kynnt fyrir heimamönnum á árinu 2006 og samkomulag um tillögu að friðlýsingu svæðisins liggur fyrir. Umhverfisstofnun sendi umhverfisráðuneytinu tillögu að friðlýsingu svæðisins sumarið 2009 og er vonast til þess að á næstu vikum eða mánuðum náist samkomulag um friðlýsingu svæðisins.

Álftanes – Skerjafjörður.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að fjara og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð, alls um 37 km^2, verði verndað. Svæðið er innan marka Garðabæjar, sveitarfélagsins Álftaness, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness og eru landeigendur fjölmargir einstaklingar, sveitarfélög og ríkið. Núverandi landnotkun er fjölbreytt, m.a. landbúnaður, æðarrækt, útivist, fiskveiðar, þaratekja, siglingar og hafnir. Haldnir hafa verið borgarafundir og ráðstefna um tillögu að verndun svæðisins. Haft hefur verið samráð við formenn umhverfisnefnda sveitarfélagana, en það var m.a. að frumkvæði sveitarfélagsins Álftaness að haldin var ráðstefna um verndun Skerjafjarðar þar sem náttúrufræðingar og sérfræðingar á sviði skipulagsmála, útivistar og mengunarhættu fluttu erindi. Unnið hefur verið með Náttúrufræðistofnun Íslands að kortlagningu viðkvæmustu svæðanna með tilliti til fuglalífs, sérstaklega margæsar og rauðbrystings. Komið hefur í ljós skýr vilji hjá nokkrum sveitarfélögum til að vinna að friðlýsingu svæðisins en ekki hefur náðst að vinna að friðlýsingu svæðisins í heild. Óskað hefur verið eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna til friðlýsingar, friðlýsingarskilmála og hvernig viðkomandi sveitarfélag vill halda áfram með verkefnið. Nú er unnið að friðlýsingu svæðisins í áföngum þar sem ljóst er að áhugi fyrir friðlýsingu er mismunandi hjá sveitarfélögunum og að erfitt hefur reynst að fá svo mörg sveitarfélög til að koma að friðlýsingunni í einu. Samráð hefur verið haft við Náttúrufræðistofnun Íslands um þessar hugmyndir. Gerð hafa verið drög að auglýsingu um friðlýsingu þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til smábátahafna og bryggjuhverfa í sveitarfélögunum. Hér að framan var gerð grein fyrir því að gengið hefur verið frá friðlýsingu tveggja svæða í Garðabæ og einu í Hafnarfirði sem tengist þessu svæði. Vinna við undirbúnig friðlýsingar landsvæða innan sveitarfélagsins Álftaness er langt komin og gæti klárast í upphafi árs 2010.

Látrabjarg – Rauðasandur.

Svæðið er um 486 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð og eru fjölmargir eigendur að svæðinu bæði einstaklingar og hið opinbera. Núverandi landnotkun er landbúnaður sem er þó minni en áður og byggð dreifðari og ferðaþjónusta. Rekin hefur verið ferðaþjónusta í Breiðavík yfir sumartímann, safn er á Hnjóti, en svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sérstaklega vegna þess hversu aðgengilegt bjargið er. Nokkur eggjataka hefur verið stunduð í bjarginu og fiskveiðar með ströndinni. Haldnir hafa verið kynningarfundir

fyrir landeigendur og aðra heimamenn á Patreksfirði og einnig í Reykjavík. Fundað hefur verið sérstaklega með sveitarstjórn, sem hefur áhuga á friðlýsingu, en taldi rétt að bíða þess að aðalskipulag sveitarfélagsins yrði tilbúið. Skiptar skoðanir eru á friðlýsingarhugmyndinni hjá landeigendum. Fyrirhugaður er fundur með sveitarstjórn Vesturbyggðar og einnig með stjórn landeigendafélagsins á Látrum. Heimsækja þarf landeigendur og kanna hug þeirra, hvers og eins. Umhverfisstofnun telur rétt að unnið verði að friðlýsingu svæðisins í áföngum og að byrjað verði á því svæði sem er í opinberri eigu, eins og Bæjarbjarg, og þar sem vilji sveitarstjórnar er til staðar ætti að vera unnt að friðlýsa fyrir árslok 2010.

Geysir í Haukadal.

Eins og fram hefur komið hefur Umhverfisstofnun ekki hafið friðlýsingarferlið á Geysissvæðinu þar sem ákveðið var í samráði við umhverfisráðuneytið að bíða eftir kaupum ríkisins á því. Talið er að eignarhald ríkisins á svæðinu einfaldi mjög og greiði fyrir friðlýsingu í þessu tilviki.

C. Svæði sem áætlað er að friðlýsa fyrir árslok 2013.

Álftanes – Akrar – Löngufjörur.

Svæðið er um 460 km^2 að stærð og er innan sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Kynning var haldin á tillögum um friðlýsingu svæðisins á borgarafundi í Lindartungu. Aflað hefur verið upplýsinga hjá Fasteignamati ríkisins og embætti sýslumanns um eignarhald, en landeigendur eru fjölmargir. Unnin hafa verið drög að auglýsingu friðlýsingarskilmála og hafa einstaka landeigendur lýst áhuga á friðun. Áætlað er að hitta landeigendur og kanna frekar hug þeirra til friðlýsingar en ljóst er að vinna við friðlýsingu er tímafrek vegna fjölda jarða og landeigenda. Áfram verður unnið að friðlýsingu svæðisins sem hefur alþjóðlegt verndargildi vegna afar fjölbreytts fuglalífs og sem mikilvægur viðkomustaður farfugla.

Austara-Eylendið.

Svæðið, sem er um 47 km^2, er hluti af víðfeðmustu flæðilöndum á landinu og tilheyrir sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Fjölmargir eigendur eru að landinu sem er að mestu í einkaeigu. Núverandi landnotkun er aðallega landbúnaður með hefðbundinni beit og veiði. Í samráði við Náttúrustofu Norðurlands vestra hafa verið haldnir almennir kynningarfundir með heimamönnum um friðlýsingu svæðisins. Vorið 2008 var á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra haldin ráðstefnan „Náttúra Skagafjarðar“ þar sem kynntar voru hugmyndir um friðlýsingu svæðisins auk fjölmargra erinda um sérstöðu Skagafjarðar. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum við tillögu að friðlýsingu Austara-Eylendisins, en engar hafa borist, hvorki Náttúrustofunni né Umhverfisstofnun. Undanfarin sumur hefur Umhverfisstofnun staðið fyrir landvörslu á svæðinu í samvinnu við Náttúrustofu Norðurlands vestra. Áfram verður unnið að friðlýsingu svæðisins. Forsendur verndar á svæðinu eru fjölbreytt fuglalíf, sjaldgæfar fuglategundir og votlendi.

Látraströnd – Náttfaravíkur.

Svæðið sem áætlað er að verði verndað er um 604 km^2 að stærð og tilheyrir Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit. Um er að ræða eyðibyggð þar sem helstu nytjar á svæðinu eru beit, ferðaþjónusta og útivist. Ákveðið var að forgangsraða vinnu við friðlýsingu vesturhluta svæðisins, þ.e. jarða í Grýtubakkahreppi, enda margar þeirra í eigu hreppsins. Haldnir voru

borgarafundir á Grenivík þar sem tillögur um friðlýsingu voru kynntar. Landeigendum hafa verið sendar tillögur að reglum og mörkum hins friðlýsta svæðis. Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hafði áhuga á friðlýsingu svæðisins en vegna þjóðlendukrafna hafnaði Grýtubakkahreppur frekari vinnu við friðlýsingu Gjögurskagans meðan á vinnu við þjóðlendukröfuna stæði. Þar sem niðurstaða liggur fyrir í þjóðlendumálinu hefur að nýju verið óskað eftir samstarfi við Grýtubakkahrepp um friðlýsingu svæðisins. Í kjölfarið kom í ljós að afstaða sveitarfélagsins er óbreytt, en talið er mikilvægt að halda áfram vinnu við friðlýsingu svæðisins eða hluta þess.

Njarðvík – Loðmundarfjörður.

Unnið hefur verið að því að allur Borgarfjarðarhreppur, alls um 468 km^2, verði verndaður, en svæðið er í eigu fjölmargra einstaklinga og hins opinbera. Núverandi landnotkun er hefðbundinn landbúnaður, ferðaþjónusta, fiskveiðar og útivist. Umhverfisstofnun tók þátt í borgarafundum um skipulag sveitarfélagsins og tillögu að friðlýsingu. Einnig hefur verið fundað sérstaklega um náttúruverndaráætlun. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt útbreiðslu lykiltegunda plantna, sem flestar eru á válista. Hugmyndum um friðlýsingu var í fyrstu tekið vel og töldu heimamenn sig sjá sóknarfæri m.a. í sölu landbúnaðarafurða sem merktar væru friðlýstu svæði og lögðu sumir m.a. til að svæðið yrði gert að þjóðgarði þar sem stundaður væri landbúnaður í anda sjálfbærrar þróunar líkt og finna má víða í Evrópu. Nokkuð virðist hafa dregið úr áhuga á friðlýsingu svæðisins, en benda má á að svæðið er mjög stórt og landeigendur margir.

D. Svæði þar sem ekki er talið að friðlýsing nái fram að ganga að svo stöddu.

Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg.

Það svæði sem lagt er til að vernda yst á Reykjanesskaga er um 113 km^2 að stærð og er innan marka sveitarfélaganna Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Núverandi landnotkun er m.a. orkuframleiðsla og er hluti svæðisins eitt af þeim svæðum sem metið er á vegum rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Fundað hefur verið með sveitarstjórnum á svæðinu og óskað eftir fundi með fulltrúum Orkuveitu Suðurnesja, en engin viðbrögð hafa borist frá þeim. Umhverfisstofnun telur að bíða eigi niðurstöðu II. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða og í framhaldinu verði tekin ákvörðun um hvort halda eigi áfram vinnu við friðlýsingu svæðisins. Rétt er að árétta að undanþegið tillögu að friðlýsingu var iðnaðarsvæðið á utanverðu nesinu.

Sérstaða svæðisins er mikil bæði út frá jarðmyndunum og lífríki. Þar kemur Mið-Atlantshafshryggurinn, sem klýfur Atlantshafið í tvær úthafsplötur, á land og hvergi annars staðar eru eins glögg merki um jarðhræringar í jarðskorpunni. Þar eru mismunandi gerðir eldstöðva, svo sem dyngjur og gígaraðir, ásamt því að á utanverðum skaganum er þekkt jarðhitasvæði.

Skeiðarársandur, Jökulsárgljúfur og Öxarfjörður.

Í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umhverfisráðuneytið tekið upp viðræður við landeigendur að Skeiðarársandi og svæðum við Jökulsárgljúfur og Öxarfjörð til þess að kanna vilja og afstöðu þeirra til þess að Skeiðarársandur innan Austur-Skaftafellssýslu og svæði meðfram Jökulsá á Fjöllum verði friðlýst sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Þrátt fyrir ítrekaðar viðræður við landeigendur hefur ekki reynst áhugi á því hjá þeim að svæðið verði friðlýsti sem hluti þjóðgarðsins. Tenging þjóðgarðsins til sjávar er að mati ráðuneytisins mjög mikilvæg til þess að skapa heildstæða friðun þeirra náttúruminja sem tengjast

samspili elds og íss og landslagsheildum sem mótaðar eru af því. Þótt búið sé að stofna Vatnajökulsþjóðgarð eru enn í gangi viðræður við landeigendur í nágrenni garðsins um að mikilvægum náttúruminjum verði bætt við þjóðgarðinn.

Kostnaðarmat.

Metinn hefur verið kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013 fyrir þau svæði sem náttúruverndaráætlun tekur til. Mat á kostnaði skiptist í tvo þætti, í fyrsta lagi friðlýsingarferlið og stofnkostnað svæða, þ.e. gerð verndaráætlunar, deiliskipulags, fræðsluefnis og stíga, eftir því sem við á á hverju svæði, og í öðru lagi rekstrarkostnað svæða á ársgrundvelli eftir að friðlýsing hefur tekið gildi. Kostnaður við friðlýsingu er mismunandi eftir svæðum og er tekið tillit til þess við matið eins og fram kemur í töflu hér á eftir.

Ár	2010	2011	2012	2013	Alls	Uppsafnað
Fjöldi svæða friðlýst árlega	3	3	3	3	**12**	
Friðlýsing og stofnkostnaður	8,0	11,0	18,0	19,0	**56,0**	**56,0**
Rekstrarkostnaður á ári	2,0	4,0	5,5	7,5	**19,0**	**19,0**
Aukin fjárveiting á ári	10,0	15,0	23,5	26,5	**75,0**	**75,0**

Heildarkostnaður við náttúruverndaráætlunina á tímabilinu er áætlaður um 75 millj. kr. Þar af er stofnkostnaður 56 millj. kr. en heildarrekstrarkostnaður er 19 millj. kr. Eykst hann á tímabilinu eftir því sem friðlýstum svæðum fjölgar. Þannig verður varanlegur árlegur rekstrarkostnaður alls 7,5 millj. kr. á ári þegar friðlýsingum samkvæmt áætluninni er að fullu lokið á árinu 2013. Sá fyrirvari er gerður á mati á kostnaði náttúruverndaráætlunar 2009–2013 að í kjölfar friðlýsingar má reikna með að frekari uppbyggingar sé þörf á einhverju þessara svæða m.t.t. aðgengis, þjónustu og frekari landvörslu. Í þeim tilfellum munu verða lagðar fram fjárlagabeiðnir þar að lútandi.

Viðauki.

Hér er gerð grein fyrir friðlýsingartillögum fyrir náttúruverndaráætlun 2009–2013 sem unnar eru á grunni tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. skýrslu stofnunarinnar *Verndun svæða, vistgerða og tegunda* (nr. 08-008). Fjallað er um svæði sem lagt er til að verði vernduð vegna mikilvægis þeirra sem búsvæða sjaldgæfra tegunda plantna og smádýra með takmarkaða útbreiðslu og einnig svæði sem ná til vistgerða á miðhálendi Íslands sem taldar eru verndarþurfi. Gerð er grein fyrir markmiðum friðlýsinganna og forsendum fyrir verndun svæðanna og leiðbeinandi tillaga að afmörkun þeirra sýnd á kortum. Auk þess er birtur listi yfir tegundir plantna og smádýra sem verða friðlýstar sérstaklega á næstunni. Allar tillögurnar gera ráð fyrir friðlýsingu skv. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lögbundnu samráðsferli við landeigendur og sveitarstjórnir.

I. Plöntusvæði.

a. Snæfjallaströnd – Kaldalón.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 165,4 km^2 (16.540 ha) að stærð og tilheyrir sveitarfélögunum Ísafjarðarbæ og Strandabyggð. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil, gróðurfar er sérstætt með háu hlutfalli sjaldgæfra plöntutegunda. Svæðið er að stórum hluta á náttúruminjaskrá (svæði 324) fyrir fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum og vegna þess að þar er fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæða margra fágætra plöntutegunda, þar á meðal nokkurra tegunda á válista. Með búsvæðavernd tegundanna er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðisins, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.

Mörk: Snæfjallaströnd, frá Súrnadal með strönd að Seleyri við Kaldalón. Þaðan um Háafellshjalla í tind Háafells og þaðan í Jökulholt. Þaðan í Öldugilsvatn, þá í Snæfjöll og til sjávar um Súrnadal.

Mikilvægustu svæði: Norðurhlíðar Háafells og dalurinn inn af Kaldalóni, suðvesturhlíðar Dalsfjalls frá Innri-Skarðsá að Bæjahlíð, ásamt Unaðsdal, suðvesturhlíðar Snæfjalla frá Drangsvík að Sátuvík.

Svæðislýsing: Fjalllendi með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Landslag er fjölbreytt og mikilfenglegt og Drangajökull setur svip sinn á svæðið. Gróðurfar er fjölbreytt og sérstætt því þarna er að finna óvenjuhátt hlutfall sjaldgæfra plöntutegunda.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður og útivist.

Ógnir: Engar alvarlegar.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekkert er því til fyrirstöðu að beit búfénaðar verði áfram í svipaðri mynd og nú er. Koma þarf í veg fyrir að ágengar, framandi plöntutegundir verði fluttar inn á svæðið og forðast ber rask á landinu á þeim stöðum sem eru mikilvægastir fyrir plöntutegundirnar sem hér eru til umfjöllunar.

Forsendur friðlýsingar: Sérstætt gróðurfar með háu hlutfalli sjaldgæfra tegunda eins og þúsundblaðarósar (*Athyrium distentifolium*), fjöllaufungs (*Athyrium filix-femina*), skollakambs (*Blechnum spicant*), mánajurtar (*Botrychium boreale*), lensutungljurtar (*Botrychium lanceolatum*), fjallabláklukku (*Campanula uniflora*), keldustarar (*Carex paupercula*), dúnhulstrastarar (*Carex pilulifera*), skollaberja (*Cornus suecica*), sóldaggar (*Drosera rotundifolia*), dílaburkna (*Dryopteris expansa*), stóraburkna (*Dryopteris filix-mas*), sandmunablóms (*Myosotis stricta*), grájurtar (*Omalotheca sylvatica*), ferlaufungs (*Paris quadrifolia*) og broddkrækils (*Sagina subulata*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Hrísastör	*Carex adelostoma*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af nokkrum fundarstöðum
Hlíðaburkni	*Cryptogramma crispa*	Háplanta	Mjög sjaldgæf	VU	Annar af tveimur fundarstöðum
Línarfi	*Stellaria borealis*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Fjórir af 12 fundarstöðum

b. Eyjólfsstaðaskógur og nærliggjandi skóglendi.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 3,3 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda mikilvægt búsvæði fyrir margar sjaldgæfar tegundir ásætufléttna. Með verndun tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.



Svæðislýsing: Eyjólfsstaðaskógur er hluti af víðáttumiklu birkiskóglendi í fjallshlíð og nær hann upp í um 250 m hæð. Í skóginn hefur verið plantað barrtrjám og hluti skógarins er skipulagður sem sumarhúsabyggð. Fjölbreytni fléttutegunda er mikil í skóginum. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Núverandi landnotkun: Hluti skógarins er skilgreindur sem frístundabyggð samkvæmt aðalskipulagi. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði. Plantað hefur verið erlendum trjátegundum í hluta skógarins.

Ógnir: Stækkandi frístundabyggð og útbreiðsla framandi trjátegunda.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekki verði settar á skipulag frekari fyrirætlanir en nú þegar eru um frístundabyggð eða aðra mannvirkjagerð eða jarðrask á svæðinu. Sá hluti skógarins sem ekki er tekinn frá fyrir frístundabyggð ætti að fá að vaxa villtur og þróast eftir eigin lögmálum. Koma ætti í veg fyrir frekari skógrækt barrtrjáa á svæðinu.

Forsendur friðlýsingar: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af 12 fundarstöðum
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
	Japewia subaurifera	Flétta	Mjög sjaldgæf		Einn af fjórum fundarstöðum
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af 14 fundarstöðum
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Flétta	Mjög sjaldgæf	CR	Einn af þremur fundarstöðum
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af 10 fundarstöðum
Næfurskóf	*Platismatia glauca*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af 10 fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta	Mjög sjaldgæf	EN	Einn af sjö fundarstöðum

c. Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettar.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 24,7 km^2 að stærð, eða um 2.470 ha, og tilheyrir sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna. Einnig nær tillagan til Egilsstaðakletta þar sem tegundafjölbreytni fléttna er óvenjumikil. Svæðið tilheyrir að hluta svæði nr. 611 á náttúruminjaskrá, þ.e. austanverðum Eyvindarárdal og Eyvindarárgili, sem er á skrá vegna fagurs gljúfurs, vatnsmikillar bergvatnsár, skóglendis og jökulgarða. Einnig sem útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.



Markmið friðlýsingarinnar: Verndun afar mikilvægs búsvæðis fyrir margar sjaldgæfar fléttutegundir og nokkrar tegundir háplantna. Um er að ræða náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskóg þar sem gróðurfar er mjög fjölbreytt og einnig kletta við Lagarfljót þar sem óvenjumargar fléttutegundir vaxa á litlu svæði. Með verndun tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.

Mörk: Miðhúsaskógur, Selskógur, Egilsstaðaskógur og Dalhúsaskógur. Að norðan eru mörk dregin austur með Miðhúsaá upp undir Brúnagil. Austurmörk miðast við 500 m hæðarlínu á Gagnheiði suður að Valagili. Niður með Valagilsá, yfir Eyvindará og upp með Köldukvísl upp í 300 m hæð. Að vestan fylgja mörkin útbreiðslumörkum birkisins, vestur fyrir Innri- og Ytri-Vatnshæðir, að Krossásum og í byrjunarpunkt. Við Egilsstaðakletta eru mörkin dregin utan um klettana.

Svæðislýsing: Víðáttumikið og uppvaxandi birkiskóglendi austan Egilsstaða og inn með Eyvindarárdal. Skógurinn er að miklum hluta gamall og sjálfsáður og er hann meðal stærstu skóga á landinu þar sem trén ná allt að 10 m hæð. Lítið hefur verið plantað af erlendum trjá-

tegundum. Á láglendi er skógurinn ósamfelldur þar sem skóglausum mýrum hefur verið breytt með framræslu og túnrækt en þéttastur er hann á Egilsstaðahálsi. Í Egilsstaðaskógi er stærsta útbreiðslusvæði villtrar blæaspar á landinu og þar er hún einnig hæst, eða um 8 m. Í skóginum vex einnig reyniviður og gulvíðir. Gróðurfar er sérstætt og þar vaxa sjaldgæfar plöntutegundir, m.a. mikill fjöldi fléttutegunda. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Egilsstaðaklettar eru við Lagarfljót og á þeim vaxa óvenjumargar fléttutegundir á litlu svæði.

Núverandi landnotkun: Útivist og landbúnaður.

Ógnir: Frístundabyggð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Skógurinn fái að vaxa villtur og þróast eftir eigin lögmálum. Ekki skal hirða um hann eins og um nytjaskóg væri að ræða því dauðir trjádrumbar geta verið mikilvæg búsvæði fyrir ákveðnar tegundir. Óheimilt verði að flytja inn á svæðið framandi tegundir og beit bönnuð. Ekki verði settar á skipulag frekari fyrirætlanir en nú þegar eru um frístundabyggð eða aðra mannvirkjagerð á svæðinu.

Forsendur friðlýsingar: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en einnig má finna nokkrar þyrpingar af villtri blæsöp í skóginum. Í skóginum vaxa nokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir, t.d. ferlaufungur (*Paris quadrifolia*), sjöstjarna (*Trientalis europaea*) og laugamaðra (*Galium uliginosum*). Á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið, einnig nokkrar tegundir sem aðeins hafa fundist í skóginum en eru lítt þekktar á Íslandi og því ekki hægt að fullyrða hvort séu sjaldgæfar, eins og bleikörðu (*Biatora albohyalina*), *Lepraria elobata*, *Ochrolechia arborea* og *Pertusaria leioplaca*. Á Egilsstaðaklettum er tegundafjölbreytni fléttna afar mikil og þar hefur fundist 141 tegund, m.a. er þar annar tveggja fundarstaða vætlukorpu (*Dermatocarpon deminuens*) og hreisturkorpu (*Dermatocarpon leptophyllodes*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Blæösp	*Populus tremula*	Háplanta	Mjög sjaldgæf	VU	Einn af sex fundarstöðum
	Arthonia mediella	Flétta	Mjög sjaldgæf		Eini fundarstaðurinn
Fauskprjónar	*Chaenotheca furfuracea*	Flétta	Mjög sjaldgæf		Einn af fjórum fundarstöðum
Vætlukorpa	*Dermatocarpon deminuens*	Flétta	Mjög sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Hreisturkorpa	*Dermatocarpon leptophyllodes*	Flétta	Mjög sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Skrámuklúka	*Japewia subaurifera*	Flétta	Mjög sjaldgæf		Einn af þremur fundarstöðum
	Lecanora cenisia	Flétta	Mjög sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Grábleðla	*Lobothallia alphoplaca*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af 10 fundarstöðum
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af 14 fundarstöðum
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Flétta	Sjaldgæf		Tveir af 10 fundarstöðum
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Flétta	Mjög sjaldgæf	CR	Einn af þremur fundarstöðum
Svarðskjóða	*Thrombium epigaeum*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af níu fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta	Mjög sjaldgæf	EN	Einn af sjö fundarstöðum

d. Gerpissvæðið.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 157 km^2 að stærð, eða 15.664 ha, og er í Fjarðabyggð. Það tilheyrir svæði nr. 650 á náttúruminjaskrá sem er í skránni vegna afar

fagurs og fjölbreytilegs fjalllendis með líparítinnskotum. Þar er einnig fögur strandlengja og svæðið er austasti hluti Íslands.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis nokkurra sjaldgæfra háplöntutegunda á svæði sem býr yfir sérstæðu gróðurfari sem einkennist af snjódældagróðri. Með því að tryggja búsvæðavernd tegundanna er stuðlað að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópska stefnumótum um plöntuvernd 2008 –2014.



Mörk: Svæðið markast af línu sem dregin er frá Hellisfjarðarnesi í Grænafell og Grákoll eftir hæstu brúnum í Víkurheiði og til sjávar við Flesjar vestan við Karlsskála og er austan þeirrar línu.

Svæðislýsing: Eyðibyggð á austasta hluta landsins. Svæðið einkennist af fjölbreyttu landslagi með fjöllum, grösugum dölum með bröttum hlíðum, víkum og fjörðum. Gróðurfar er sérstætt með snjódældagróðri og þar vaxa allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir. Svæðið er vinsælt til útivistar og um það liggja áhugaverðar gönguleiðir.

Mikilvægustu svæði: Sandfell milli Viðfjarðar og Sandvíkur, Sandvík, Skammidalur í Viðfirði, Vöðlavík, Víkurvatn og norðurhlíðar Hellisfjarðar frá Götuhjalla að Háa-Járnskara.

Núverandi landnotkun: Beitiland og útivist.

Ógnir: Notkun framandi og ágengra plöntutegunda ógnar svæðinu, t.d. hefur alaskalúpínu verið sáð/plantað í Víkurskarði og Vöðlavík. Uppbygging frístundahúsa á eyðijörðum er óskipulögð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekkert er því til fyrirstöðu að beit búfénaðar verði áfram í svipaðri mynd og nú er. Koma þarf í veg fyrir að ágengar, framandi plöntutegundir verði fluttar inn á svæðið og uppræta ætti þær sem fyrir eru. Forðast ber allt rask á landinu á þeim stöðum sem eru mikilvægust fyrir plöntutegundirnar sem hér eru til umfjöllunar.

Forsendur fyrir friðlýsingu: Sérstætt gróðurfar en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir eins og fjöllaufungur (*Athyrium filix-femina*), lensutungljurt (*Botrychium lanceolata*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*), hagastör (*Carex pulicaris*), sóldögg (*Drosera rotundifolia*), álftalaukur (*Isoetes echinospora*), mýraberjalyng (*Oxycoccus microcarpus*), bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*), sifjarsóley (*Ranunculus auricomus*) og bergsteinbrjótur (*Saxifraga paniculata*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Skógelfting	*Equisetum sylvaticum*	Háplanta	Mjög sjaldgæf	VU	Einn af þremur fundarstöðum, sá eini á Austurlandi
Stinnasef	*Juncus squarrosus*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Tveir af tíu fundarstöðum

e. Steinadalur.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 51 km^2 að stærð, eða um 5.106 ha, og er staðsett í sveitarfélaginu Hornafirði. Það tilheyrir svæði 633 á náttúruminjaskrá sem er á skránni m.a. vegna stórbrotins landslags, hrikalegs gljúfurs og kjarrlendis.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun mikilvægs búsvæðis fyrir margar sjaldgæfar fléttutegundir með takmarkaða útbreiðslu og nokkrar tegundir háplantna. Með verndun tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópska stefnumótum um plöntuvernd 2008–2014. Lagt er til að svæðið verði sameinað Vatnajökulsþjóðgarði.

Mörk: Staðarfjall um fjallsbrúnir að Nautastigsgili. Niður með gilinu, með brekkurótum suður fyrir Grenishvammshrygg, yfir Köldukvísl í Steinadal og í Prestsstól í Steinafjalli. Um fjallsbrúnir í Kvennaskálatind, Bæjartind, Þverártind og að jökulrönd. Með mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs að Staðarfjalli.

Mikilvægustu svæði: Steinadalur og norðausturbrekkur Staðarfjalls.

Svæðislýsing: Dalir og fjalllendi, með skógum, graslendi og lítt grónu bersvæði.

Núverandi landnotkun: Frístundabyggð, beit, útivist.

Ógnir: Trjárækt þar sem töluvert hefur verið plantað af innfluttum trjám. Lúpína er á svæðinu og gæti breitt úr sér. Frístundabyggð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Birkiskógurinn ætti að fá að vaxa villtur og fá að þróast eftir eigin lögmálum. Ekki skal hirða um hann eins og um nytjaskóg væri að ræða því dauðir trjádrumbar geta verið mikilvæg búsvæði fyrir ákveðnar lífverur. Stöðva ætti innflutning framandi tegunda inn á svæðið. Ekki ætti að skipuleggja landnotkun á svæðinu sem felur í sér jarðrask. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefðbundinni nýtingu landsins í þágu landbúnaðar verði haldið áfram, þ.e. til beitar búfénaðar.

Forsendur fyrir friðlýsingu: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Birkið er sérstakt, vex vel og virðist spretta betur en birki frá öðrum skógum sem prófað var í tilraun Skógræktar ríkisins (Aðalsteinn Sigurgeirsson, munnl. uppl.). Einnig má finna nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir á svæðinu eins og fjöllaufung (*Athyrium filix-femina*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*) og stóraburkna (*Dryopteris filixmas*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Klettaburkni	*Asplenium viride*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af átta fundarstöðum
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af nokkrum fundarstöðum
Flathyrna	*Evernia prunastri*	Flétta	Mjög sjaldgæf	CR	Eini fundarstaðurinn
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Elgshyrna	*Pseudevernia furfuracea*	Flétta	Mjög sjaldgæf	CR	Einn af fjórum fundarstöðum
Ljósaskegg	*Usnea subfloridana*	Flétta	Mjög sjaldgæf	VU	Einn af tveimur fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta	Mjög sjaldgæf	EN	Einn af fjórum fundarstöðum

II. Dýrasvæði.

a. Undirhlíðar í Nesjum. Búsvæði tröllasmiðs.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 20 km^2, eða sem svarar 19.980 ha, að stærð í sveitarfélaginu Hornafirði. Hluti svæðisins skarast á við svæði 628 á náttúruminjaskrá sem er Laxárdalur, með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötnum og talsverðu fuglalífi. Einnig kemur það inn á svæði 653 sem er fjalllendið utan Skarðsdals sem er á skránni vegna fagurs fjalllendis með margvíslegum bergtegundum.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis fyrir stærstu bjöllutegund landsins, íslenskan tröllasmið, *Carabus problematicus islandicus,* sem er staðbundinn í brekkurótum fjalla frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarð. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum eins og hann hefur gert um aldir. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Mörk: Brekkurætur fjalla frá austanverðum Hoffellsdal suður fyrir Rustanöf, að meðtöldum Laxárdal.

Fundarstaðir: Tröllasmiðir hafa aðeins fundist í Nesjum á Suðausturlandi. Flestir hafa fundist nálægt brekkurótum fjallanna allt frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarð. Ekki er um það kunnugt hvort hann sé að finna fjær fjöllunum. Hann heldur sig í þurrlendinu, þ.e gras- og mólendi, og leitar gjarnan skjóls undir steinum undir brekkunum.

Forsendur friðlýsingar: Tröllasmiður er stærsta bjöllutegund sem finnst á Íslandi og um leið eitt stærsta skordýrið. Hann er talinn hafa lifað í landinu frá fornu fari og er það rökstutt með rannsóknarniðurstöðum Lindroths (1968) sem bar íslensk eintök saman við eintök frá nágrannalöndum. Í ljós kom að íslenski tröllasmiðurinn er það frábrugðinn að hann verðskuldaði að vera skilgreindur sem sérstök undirtegund (*C. p. islandicus*). Talið er að það taki aldir fyrir undirtegund að myndast. Tröllasmiður er mjög staðbundinn og því viðkvæmur fyrir raski á heimkynnunum.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður.
Ógnir: Jarðrask, t.d. efnistaka og túnrækt.
Nauðsynlegar aðgerðir: Tryggja þarf að sem minnst rask verði á því umhverfi sem tröllasmiður lifir í við brekkurætur fjallanna. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefðbundinni nýtingu landsins í þágu landbúnaðar verði haldið áfram, þ.e. til beitar búfénaðar. Hins vegar ber að forðast allt rask á landinu, svo sem efnistöku og túnrækt.
Annað: Tröllasmiður er heimafólki kunnur og hefur gengið undir heitinu tordýflamóðir. Ekki er vitað hversu gamalt það heiti er en elstu menn í sveitinni ólust upp við það. Tordýfill er staðbundið heiti á járnsmið (*Nebria rufescens*) sem er náinn ættingi og áþekkur að sköpulagi en miklu minni. Það skýrir tilvísunina til móður.

b. Tjarnir á Innri-Hálsum. Búsvæði tjarnarklukku.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 1 km^2, eða 146 ha, að stærð og er staðsett í Djúpavogshreppi. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.
Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis tjarnarklukku *Agabus uliginosus* sem er ein fárra tegunda vatnabjallna sem er að finna hér á landi og hefur aðeins fundist í tjörnum á Innri-Hálsum ofan Djúpavogs. Tjarnirnar búa yfir afar fjölskrúðugu smádýralífi og þar finnast nokkrar aðrar tegundir vatnabjallna. Svæðið hefur mikið rannsóknargildi. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.
Mörk: Útmörk svæðisins eru dregin um 120 m hæðarlínu utan um Innri-Hálsa.
Svæðislýsing: Innri-Hálsar eru austan Búlandsdals ofan við Djúpavog og ná upp í um 160 m hæð. Á hálsinum er fjöldi smátjarna af ýmsu tagi sem iða af lífi. Sumar eru mjög gróðurríkar en minni gróður í öðrum.
Forsendur friðlýsingar: Tjarnir á Berufjarðarhálsi eru eina þekkta búsvæði tjarnarklukku *Agabus uliginosus* hér á landi en tegundin er ein fárra tegunda vatnabjallna sem er að finna hér á landi. Hún er góður fulltrúi fyrir íslensk skordýr sem ala mestan sinn aldur í vatni. Hún er fágæt og staðbundin á áhugaverðum stað og lifir í tjörnum sem verðskulda nánari rannsóknir. Aðrar tegundir vatnabjallna sem finnast á svæðinu í ríkum mæli eru brunnklukka *Agabus bipustulatus*, fjallaklukka *Colymbetes dolabratus* og lækjaklukka *Hydroporus nigrita*.

Núverandi landnotkun: Sauðfjárbeit.
Ógnir: Engar yfirvofandi.
Nauðsynlegar aðgerðir: Eftir heldur yfirborðskennda skoðun 1990 virðast smátjarnirnar á Berufjarðarhálsi gefa ástæðu til frekari rannsókna. Ekki er kunnugt um aðsteðjandi ógnanir við tjarnasvæðið uppi á Berufjarðarhálsi enda ekki auðvelt að nýta það á annan hátt en til sauðfjárbeitar. Hins vegar er æskilegt að draga fram mikilvægi svæðisins fyrir fágæta tegund sem og aðra ættingja hennar.

Annað: Tilvist tjarnarklukku var staðfest árið 1935 þegar skordýrasafnaranum Geir Gígja var vísað á staðinn þar sem heimamenn höfðu orðið varir við óvenjulitlar brunnklukkur í Tjörn á Berufjarðarhálsi. Lék þá grunur á að tegundin hefði borist þangað skömmu áður (Larsson & Gígja, 1959). Engin rök eru fyrir þeirri tilgátu. Hálfdán Björnsson, Kvískerjum, kom á staðinn í september 1970 og fann bjöllurnar á sínum stað. Hann kom þangað aftur í júní 1990 ásamt Erling Ólafssyni og fundu þeir tjarnarklukkur í allnokkrum tjörnum á svæðinu. Þrátt fyrir að bjöllurnar hafist vel við á hálsinum hefur þeirra ekki orðið vart annars staðar á landinu til þessa.

c. Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 3 km^2, eða um 301 ha, að stærð og er staðsett í Mýrdalshreppi. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis fyrir brekkubobba *Cepaea hortensis* sem er sjaldgæfur landhryggleysingi hér á landi sem hefur líklega verið hér þegar á landnámsöld og e.t.v. fyrr. Búsvæði hans er einnig mikilvægt fyrir aðra hryggleysingja og fyrir hagamúsina, heimsins stærstu skógarmús, sem er friðuð samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Mörk: Að vestan miðast mörk við neðstu klettabrún en að norðan liggja þau með Króktorfuhaus og niður eftir klettabeltinu að göngustíg á láglendinu, þaðan til suðurs meðfram hvannstóðinu að landamerkjum lands sveitarfélagsins við Þórshafnarklakk og áfram með þeim landamerkjum upp í neðsu klettabrún.



Fundarstaðir og mikilvægasta svæðið: Brekkubobbi hefur fundist með vissu á nokkrum stöðum syðst á landinu, frá Drangshlíð undir Eyjafjöllum og austur að Höfðabrekku í Mýrdal. Einnig hefur hann fundist í Heimaey. Þrír aðrir staðir hafa verið tilteknir á SV- og SA-landi en þar hafa brekkubobbar ekki fundist síðan svo ólíklegt má telja að þeir lifi þar lengur ef þeir hafa þá nokkurn tímann átt þar fastan samastað. Töluvert finnst af brekkubobbum í ríkulegum gróðri uppi undir klettum við bæinn Drangshlíð. Að lokum er töluvert um brekkubobba í hvannstóðum og á aðliggjandi klettum við rætur Reynisfjalls, við byggðina í Vík, og er lagt til að það svæði verði nú friðlýst. Ekki er vel kunnugt um fjölda þeirra á öðrum fundarstöðum.

Forsendur friðlýsingar: Brekkubobbi er góður fulltrúi fyrir fágæta landhryggleysingja hér á landi. Brekkubobbi er staðbundinn á landinu en töluvert er um hann þar sem hann finnst. Hann er stór og vel sýnilegur fólki og vekur aðdáun fyrir fallegt randaskraut. Búsvæði hans er einnig mikilvægt fyrir aðra hryggleysingja. Bæði er þar fjölbreytt smádýralíf og fjöldi smádýranna mikill.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (1772) má lesa lýsingar sem benda til þess að þeir félagar hafi fengið pata af brekkubobbum á ferðalögum sínum um landið. Því er mögulegt að tegundin hafi verið hér viðloðandi allt aftur til landnámsaldar. Hún getur jafnvel hafa borist til landsins fyrr með fuglum, en um það er ekki vitað.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður og garðrækt í nágrenni við svæðið.

Ógnir: Engar yfirvofandi. Ólíklegt er talið að gangagerð og vegarlagning gegnum Reynisfjall hafi áhrif á verndun brekkubobba og friðlýsingu búsvæða hans verði ýtrustu varfærni gætt og skipulagi framkvæmda hagað þannig að lágmarksröskun verði á búsvæðinu.

Nauðsynlegar aðgerðir: Rétt er að benda á mikilvægi hvannstóða í Vík í Mýrdal fyrir velferð brekkubobba. Ríkulegur gróðurinn, verndunin sem hann veitir sem felustaður og það að viðhalda raka er afgerandi fyrir brekkubobbann. Bobbar af þessu tagi eru eftirsóttir af fuglum, ekki síst þröstum, og eru felustaðirnir í hvönninni brekkubobbanum því mikils virði. Því skal lögð áhersla á að hvannstóðin undir Reynisfjalli fái að dafna óskert.

III. Vistgerðir á hálendinu.

Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar:

a. Rústamýravist.
   Verndun hennar verði m.a. tryggð með því að:
   – stækka friðlönd í Þjórsárverum,
   – friða Orravatnsrústir.
b. Beiskjuhraunavist.
   Verndun hennar verði m.a. tryggð með því að:
   – svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti verði friðuð sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

a. Rústamýravist.

Lagt er til að rústamýravist á hálendi Íslands verði vernduð. Um er að ræða vel gróin votlendi til fjalla samsett úr mörgum ólíkum gróðursamfélögum. Vistgerðin er vel afmörkuð og staðbundin. Rústamýravist er að finna innan marka friðlandanna í Þjórsárverum og Guðlaugstungum og einnig innan nokkurra svæða á náttúruminjaskrá.

Markmið með friðlýsingunni: Verndun staðbundinnar vistgerðar á hálendinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenjufjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar. Í 4. gr. Bernarsamningsins eru ákvæði um verndun búsvæða. Þar er m.a. kveðið á um að tryggja skuli verndun búsvæða þeirra tegunda sem nefndar eru í 1. og 2. viðauka samningsins, svo og þeirra vistgerða sem eru í hættu. Aðildarþjóðunum er jafnframt falið að forðast eða draga eins og kostur er að skerða slík svæði. Verndunin er einnig liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Útbreiðsla: Rústamýravist er bundin við miðhálendið í yfir 450–500 m hæð á svæðum þar sem loftslag er kalt, úrkoma lítil, grunnvatnsstaða há og jarðvegur þykkur og að meiri hluta lífrænn. Hún er útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði og síðan umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjórsárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatnsrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum norðvestan jökulsins. Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Víðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjórsárverum og í Guðlaugstungum.

Lýsing á vistgerð: Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalinsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyfst hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Á þeim er oft mikill fléttugróður. Háplöntuflóra í rústamýrum er fjölbreytt og spannar allt frá þurrlendisgróðri yfir í votlendisgróður. Gróska og hæð gróðurs er breytileg.

Jarðvegur: Jarðvegur í rústamýrum er þykkur, að mestu leyti lífræn jörð en áfoksjörð kemur fyrir allvíða. Sífreri er algengur í jörðu. Magn kolefnis í jarðvegi er breytilegt en að jafnaði mikið en sýrustig lágt miðað við aðrar vistgerðir.

Plöntur: Ríkjandi tegundir eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða rústir, tjarnir, mýrar eða flóa. Þekjumiklar háplöntutegundir eru grávíðir, hálmgresi, stinnastör, grasvíðir, klóelfting, kornsúra, klófífa og hengistör. Algengustu mosategundir eru *Sanionia uncinata*, *Warnstorfia sarmentosa*, *Sphagnum teres*, *Straminergon stramineum* og *Warnstorfia exannulata*.

Sjaldgæfar plöntutegundir á landsvísu eru mosinn heiðahnubbi *Didymodon asperifolius* og fléttan *Biatora helvola*.

Fuglar: Varp mófugla er mjög þétt (41,4 pör/km^2) í rústamýravist en tegundir fremur fáar. Lóuþræll og heiðlóa eru einkennistegundir. Þúfutittlingur er einnig mjög áberandi og hvergi eins algengur á hálendinu (12,1 par/km^2) og í rústamýravist. Andfuglar eru einnig áberandi, einkum heiðagæsir og eru rústamýrar landsins meðal mikilvægustu varpsvæða þessarar tegundar á landinu og þar með í heiminum. Álftir eru líka algengar, sem og hávella og kjói.

Smádýr: Smádýralíf er lýsandi fyrir aðstæður í rústamýravist og einkennist af votlendistegundum þótt tegundir sem lifa að öllu jöfnu í þurrara umhverfi og aðrar sem alast upp í tjörnum auki á fjölbreytileikann. Tvívængjan mókryppa *Megaselia sordida* er afgerandi algengust, einkum í virkum rústamýrum. Tvívængjan *Themira dampfi,* sem elst m.a. upp í gæsaskít, er sömuleiðis algeng. Aðeins ein bjöllutegund telst algeng, þ.e. mýruxi *Atheta graminicola*. Hélukeppur *Otiorhynchus nodosus* lifir á þurrum og raklendum rústakollum og gullsmiður *Amara quenseli* þar sem rof er í kollana. Fjallaklukka *Colymbetes dolabratus* er í tjörnunum. Sníkjuvespur eru fágætar nema *Aclastus gracilis* sem verpir í eggjapoka köngulóa. Vorflugan tjarnahulstra *Limnephilus picturatus* elst upp í tjörnunum. Köngulóafána er fáskrúðug.

Núverandi landnotkun: Beitilönd, orkuvinnslusvæði, útivist.

Ógnir: Rústum fer fækkandi hér á landi, einkum vegna loftslagsbreytinga. Einnig eru hugmyndir um virkjanir sem ógnað geta tilvist sumra rústamýra landsins.

Nauðsynlegar aðgerðir: Framkvæmdir sem raskað geta rústamýrum eða ógnað tilvist þeirra, m.a. mannvirkjagerð og jarðrask, skulu ekki heimilar.

Forsendur friðlýsingar: Útbreiðsla rústamýravistar takmarkast við loftslagsleg mörk hennar og geta litlar breytingar í umhverfi haft verulegar afleiðingar á tilvist hennar. Rústamýrum fer fækkandi hér á landi, m.a. vegna loftslagsbreytinga. Í rústamýravist er fjölbreytileiki gróðursamfélaga og tegundafjölbreytni plantna óvenjumikil miðað við aðrar vistgerðir sem skoðaðar hafa verið á hálendinu. Þá er vistgerðin afar mikilvæg til viðhalds varpstofni heiðagæsar sem sækir í að verpa á svæðum þar sem rústamýrar eru. Rústamýravist hefur alþjóðlegt verndargildi. Hún hefur einnig hátt vísinda- og fræðslugildi og þolir illa rask af ýmsu tagi.

Friðun svæða: Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir *rústamýravist* á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð.

Þjórsárver.

Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km^2, eða um 115.160 ha. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kveða á um stækkun friðlandsins. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.



Orravatnsrústir.

Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km^2 svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.



b. Breiskjuhraunavist.

Lagt er til að breiskjuhraunavist á hálendi Íslands verði vernduð. Um er að ræða mjög sjaldgæfa og fremur staðbundna vistgerð sem mótast af fágætum aðstæðum þar sem undirstaðan er víðast hvar afar hrjúft, ungt hraun, með hryggjum og gjótum. Áfok er lítið en úrkoma mikil. Breiskjuhraunavist er að finna í Skaftáreldahrauni, að hluta til við Laka innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Markmið með friðlýsingunni: Verndun staðbundinnar og afar sjaldgæfrar vistgerðar á hálendinu í einu stærsta hrauni sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni. Vistgerðin þykir afar sérstæð og fjölbreytt miðað við þekktar vistgerðir á hálendinu. Verndun breiskjuhraunavistar er liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Útbreiðsla: Í rannsóknum hefur breiskjuhraunavist enn sem komið er aðeins fundist á hálendi Suðurlands á afréttum Skaftártungu og Síðumanna, þar sem hún þekur stór svæði í Skaftáreldahrauni. Þessari vistgerð hefur ekki verið lýst annars staðar en hér á landi.

Lýsing á vistgerð: Allvel grónar hallalitlar hraunbreiður, einkum á svæðum með ríkulegri úrkomu. Gróður er mjög lágvaxinn (<5 cm) og einkennist af breiskjufléttum (*Stereocaulon*) og mosunum melagambra (*Racomitrium ericoides*) og hraungambra (*R. lanuginosum*) en háplöntur vaxa á stangli. Á snjóléttum stöðum í vistgerðinni, svo sem á gígum, bungum og rindum, er hraungambri ráðandi en þar sem snjór liggur lengur tekur fyrst við melagambri en síðan hélumosi, sem verður ráðandi í lægðum. Breiskjufléttur eru yfirleitt mjög áberandi og mynda víða töluverða þekju. Víðast hvar er hraunið úfið en sums staðar eru sléttar hraunhellur. Yfirborð er yfirleitt stöðugt. Í hrauninu er mikill breytileiki þar sem hryggir, kollar, rindar, drangar, dýrli, traðir, rásir, gjótur, glufur og smáhellar skapa fjölbreytileika. Þar finnast einnig melablettir, vikurhólar og vikurskellur. Háplöntuflóra er fremur fábreytt en mosa- og fléttutegundir hlutfallslega margar.

Jarðvegur: Klapparjörð er ráðandi jarðvegsgerð en nokkuð er einnig af sandjörð. Jarðvegur er þunnur, kolefnisinnihald fremur lágt og sýrustig í meðallagi miðað við aðrar vistgerðir.

Plöntur: Af lágplöntum eru melagambri, hraungambri, hélumosi og breiskjufléttur ríkjandi. Af háplöntum er grasvíðir með langmesta þekju en einnig eru lotsveifgras, kornsúra og snæsteinbrjótur algengar. Tófugras hefur ekki mikla þekju en er hins vegar mjög einkennandi fyrir vistgerðina. Algengar mosategundir eru margar, þeirra á meðal eru *Racomitrium ericoides*, *Anthelia juratzkana*, *Lophozia sudetica*, *Lophozia ventricosa*, *Gymnomitrion concinnatum*, *Racomitrium lanuginosum*, *Dicranoweisia crispula* og *Sanionia uncinata*.

Algengustu fléttutegundir eru *Stereocaulon arcticum*, *Porpidia flavicunda*, *Lecanora polytropa*, *Stereocaulon vesuvianum*, *Cladonia borealis*, *Ochrolechia frigida*, *Rhizocarpon geographicum*, *Solorina bispora* og *Baeomyces rufus*.

Sjaldgæfar plöntutegundir á landsvísu eru mosarnir brúnkólfur *Gymnomitrion apiculatum*, rindagletta *Marsupella adusta*, fjallagambri *Racomitrium microcarpon*, fjallasigð *Sanionia georgico-uncinata* og mjallmosi *Sauteria alpina* og flétturnar *Euopsis pulvinata*, *Polyblastia terrestris*, *Pronectria solorinae*, *Raciborskiomyces peltigericola* og *Rhizocarpon parvum*.

Fuglar: Fuglalíf er fremur fábreytt. Mófuglar eru mest áberandi, aðallega heiðlóa og sendlingur. Snjótittlingur er algengastur og er þéttleiki hans meiri en skráður hefur verið í öðrum vistgerðum hér á landi.

Smádýr: Smádýralíf er afar sérstætt og fjölbreytt. Skán sem einkennir gróðurfar í gjótunum skapar undirstöðu þessarar sérstöku fánu. Sveppamý (ættin *Mycetophilidae*) er algjörlega ríkjandi en lirfur þess nærast á sveppum í skáninni. Þar er í fararbroddi tegundin *Exechia frigida* sem hvergi annars staðar finnst í viðlíka fjölda og í þessari vistgerð. Aðrar tegundir eru einnig algengar, t.d. *Allodia embla* og *Mycomya islandica*. Tvívængjan mókryppa (*Megaselia sordida*) er einkar algeng, einnig er heiðakryppa (*Megaselia clara*) áberandi, en hún er annars frekar fágæt á landinu og hvergi eins áberandi og þarna. Þriðja krypputegundin, *Megaselia humeralis*, er mjög sjaldgæf á landsvísu en töluvert er af henni í breiskjuhraunum. Af mjög algengum tvívængjum ber að nefna *Spilogona megastoma*, *S. alpica*, *Delia echinata*, *Zaphne frontata*, *Scathophaga furcata* og *Coenosia pumila*. Nokkrar bjöllutegundir eru áberandi, t.d. járnsmiður (*Nebria rufescens*), hélukeppur (*Otiorhynchus nodosus*), víðiglytta (*Phratora polaris*) og dreyruxi (*Acidota crenata*). Nokkrar tegundir æðvængja eru algengar, þ.e. sníkjuvespurnar *Plectiscidea hyperborea*, *Barycnemis bellator*, *Nodisplata diffinis* og *Aclastus gracilis*. Köngulóafánan er lýsandi fyrir raklendar aðstæður. Kembuló (*Collinsia holmgreni*) er algengust og freraló (*Hilaira frigida*) fylgir fast á eftir. Langleggur (*Mitopus morio*) er algengur.

Smádýr, sem eru sjaldgæf á landsvísu, eru tvívængjurnar *Megaselia humeralis*, *Pegomya ichterina* og *Graphomya maculata*.

Núverandi landnotkun: Afréttur, útivist. Vistgerðin er að stórum hluta til innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ógnir: Vistgerðin er viðkvæm fyrir öllu jarðraski.

Nauðsynlegar aðgerðir: Framkvæmdir sem raskað geta breiskjuhraunavist, m.a. mannvirkjagerð og jarðrask, skulu ekki heimilar. Eðlilegt er að mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs verði breytt þannig að hann nái til vistgerðarinnar í Skaftártungum og á Síðuafrétti.

Forsendur friðlýsingar: Útbreiðsla breiskjuhraunavistar er afar takmörkuð því hún er sjaldgæf og mjög staðbundin. Vistgerðin er sérstök, bæði ásýndar og að samsetningu. Til að mynda er gróðurfar svæðisins mjög ólíkt gróðurfari annars staðar. Þar er að finna margar algengar tegundir mosa og fléttna en einnig nokkrar sjaldgæfar tegundir. Smádýralíf er afar

sérstætt og fjölbreytt. Vistgerðin er lítt snortin, samfelld og víðáttumikil. Hún hefur mikið útivistar-, fræðslu- og vísindagildi. Vistgerðin sem er hluti af Skaftáreldahrauni hefur mikið verndargildi á Íslandi og sennilega einnig á heimsvísu.

Friðun svæða: Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir *breiskjuhraunavist* á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar vistgerðarinnar fortakslaust bannaðar. *Breiskjuhraunavist* hefur ekki verið lýst utan Íslands og óvíst er hvort hana sé að finna annars staðar. Hér hefur hún einungis fundist á miðhálendinu, ofarlega í vestari kvísl Skaftáreldahrauns, og er þar útbreidd og áberandi. Til að ná tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæðis *breiskjuhraunavistar* þarf að breyta mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs og stækka hann út í Skaftáreldahraun.



Skaftáreldahraun.

Styrkja á verndarstöðu vistgerðarinnar innan núverandi marka Vatnajökulsþjóðgarðs en mikið er af *breiskjuhraunavist* í þeim hluta garðsins sem tilheyrði áður friðlandi umhverfis Lakagíga. Gert er ráð fyrir að breyta mörkum þjóðgarðsins lítillega til að ná utan um drjúgan hluta útbreiðslusvæðis vistgerðarinnar.

IV. Jarðfræðisvæði.

Langisjór og Tungnaárfjöll, sameinuð Vatnajökulsþjóðgarði.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er 404 km^2 að flatarmáli (40.400 ha) og tilheyrir Skaftárhreppi. Það liggur í þeim hluta austurgosbeltisins þar sem eldvirkni einkennist af mjög löngum gossprungum, bæði gígaröðum frá nútíma og móbergshryggjum frá síðasta hlýskeiði ísaldar.

Eitt helsta sérkenni eldvirkni í austurgosbeltinu eru langar og beinar gossprungur suðvestur af Vatnajökli. Margar eru tuga kílómetra langar og þær lengstu meira en 60 km. Gígaraðir frá sögulegum tíma njóta nú þegar nokkurrar verndar. Lakagígar (frá árunum 1783–1784) eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs og syðsti hluti Veiðivatnagíga (frá 1477) og Vatnaalda (frá því um 870) nær suður fyrir Tungnaá, inn í Friðland að Fjallabaki. Veiðivatnagígar norðan Tungnaár og Vatnaöldur að hálfu eru á náttúruminjaskrá (svæði 707) og um fjórðungur Eldgjársprungunnar (frá því um 940) er einnig á skránni (svæði 706). Móbergshryggir sem eru hliðstæðar gosmyndanir frá ísöld njóta aðeins mjög takmarkaðrar verndar. Snjóöldufjallgarður, Grænifjallgarður og suðurhluti Kattarhryggjar eru innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Til að styrkja verndun þessarar jarðfræðilegu heildar er lagt til að móbergshryggirnir, Grænifjallgarður og Fögrufjöll, auk hryggjanna vestan við Langasjó sem ekki bera sérstakt nafn verði í framtíðinni innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þessir hryggir, ásamt Kattarhrygg og

Snjóöldufjallgarði, sem liggja sinn hvorum megin Tungnaár, eru mestu móbergshryggir landsins og jarðmyndanir af þessu tagi er ekki að finna annars staðar á jörðinni. Þá er norðausturhluti Eldgjár innan svæðisins. Á austasta hluta þess er Langisjór, eitt stærsta ósnortna stöðuvatnið á hálendi landsins (25 km^2), rómaður fyrir náttúrufegurð.

Alþjóðlegt jarðfræðiheiti móbergshryggja er íslenska orðið „tindar“. Svæðið suðvestur af Vatnajökli, Tungnaárfjöll og nágrenni, er einkennissvæði „tinda“.

Markmið friðlýsingarinnar: Að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir sem hafa búið til og mótað afar sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Með friðlýsingunni er stuðlað að verndun alþjóðlega mikilvægra jarðminja. Verndun svæðisins er einnig í samræmi við landslagssáttmála Evrópu sem leggur áherslu á að náttúrulegt landslag sé mikilvægur hluti þjóðararfleifðar hvers lands, en einnig sameiginleg arfleifð Evrópu. Þá er verndun vistgerða liður í að stöðva skerðingu líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.



Mörk: Austurmörk svæðisins fylgja mörkum friðlandsins við Lakagíga. Frá suðurenda friðlandsins til suðvesturs að veginum um Fjallabaksleið nyrðri um 1 km austan við Eldgjá. Síðan með veginum til norðvesturs að vegamótum í Faxasund. Þaðan um hápunkt Breiðbaks og í Vatnajökul.

Svæðislýsing: Landslag á svæðinu einkennist af löngum fjallahryggjum sem liggja frá suðvestri til norðausturs. Sums staðar eru fjallahlíðar grænar af mosagróðri en að stærstum hluta er landið brúnt og svart yfir að líta. Brúnn litur fjallanna á rætur að rekja til móbergs en svarti liturinn sem einkennir neðri hluta fjallanna, dalbotna og nánast allt flatlendi, stafar af svörtum vikri sem féll yfir svæðið í Veiðivatnagosi árið 1477. Rennandi vatn er takmarkað nema með jaðri Vatnajökuls og austan til á svæðinu fellur Skaftá um breiða aura ofan til en neðar um þröngan farveg á hraunasvæði. Í lægð milli móbergshryggja er Langisjór og frá honum fellur Útfall til Skaftár.

Víðáttumestu vistgerðirnar á svæðinu eru sanda- og vikravist og melavistir sem eru útbreiddastar milli Langasjós og Tungnaár og austan Skaftár sunnan við Lyngfellsgíga. Einnig eru stór svæði með breiskjuhraunavist sem er eingöngu í Skaftáreldahrauni austan Skaftár. Allstór svæði eru með eyravist með Skaftá, mosamóavist í Fögrufjöllum og á landi næst byggðinni og svo melagambravist sem einkum finnst í norðanverðum Fögrufjöllum, neðanverðum Grænafjallgarði og víðar. Í öllum þessum vistgerðum er jarðvegur kolefnisrýr en sýrustig hátt sem er einkennandi fyrir ung vistkerfi. Tegundafjölbreytileiki gróðurs er lítill hvað háplöntur varðar en mosaflóra er víða fjölbreytt. Sérstæðasta vistgerðin er breiskjuhraunavist sem er sjaldgæf og staðbundin.

Núverandi landnotkun: Ferðamennska, ferðaþjónusta og landbúnaður.

Ógnir: Virkjunaráform.

Forsendur friðlýsingar: Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli á ísöld, einkenna svæðið. Ríkjandi berggerð í hryggjunum er móberg og þursaberg ásamt bólstrabergi. Hryggirnir eru myndaðir í mörgum eldgosum og hafa gosefnin iðulega lagst yfir efni úr eldri gosum. Stefna hryggjanna er nær alltaf hin sama (N40–42°A). Yngstu hryggirnir eru mest áberandi, t.d. Grænifjallgarður og Fögrufjöll. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert en hún er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma, um 60 km, auk þess sem hún hverfur undir áraura í norðaustri og Mýrdalsjökul í suðvestri. Móbergshryggirnir eru ísaldarásýnd hinna löngu gossprungna sem einkum eru áberandi á svæðinu milli Tungnaár og Þórisvatns, svo sem Veiðivatnasprungan og Vatnaöldur. Austan við svæðið eru svo Lakagígar. Engin megineldstöð er á svæðinu og allar gosmyndanir úr basalti. Þessar löngu gossprungur tengjast stóru megineldstöðvunum suðvestan við svæðið (t.d. Torfajökli og Mýrdalsjökli) og norðaustan þess (t.d. Bárðarbungu og Grímsvötnum).

Norðaustan við Langasjó falla vesturkvíslar Skaftár undan Tungnaárjökli og þaðan suðvestur með Fögrufjöllum að austan. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á farvegi Skaftár á svæðinu milli Fögrufjalla og Lakagíga vegna mikils aurburðar í Skaftárhlaupum. Aurburður Skaftárhlaupa veldur því að nyrsti hluti Eldgjársprungunnar hverfur smám saman ásamt hraunum frá Lakagígum. Hér fer fram einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.

Stöðuvatnið Langisjór liggur í löngum dal milli tveggja móbergshryggja. Vatnið er um 20 km langt og víðast um 1–2 km breitt. Vatnið og umhverfi þess er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá gosinu í Veiðivötnum árið 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum.

Innan svæðisins eru sérstæðar vistgerðir, sanda- og vikravist og breiskjuhraunavist, en sú síðarnefnda hefur hátt verndargildi á Íslandi og sennilega einnig á heimsvísu. Vistgerðin er lítt snortin, samfelld og víðáttumikil. Hún hefur hátt útivistar-, fræðslu- og vísindagildi.

V. Tegundalistar yfir plöntutegundir.

Háplöntur.

Háplöntur sem þarfnast verndar: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði.

Ein af forsendum verndar er sú að tegund sé á válista. Válistaflokkun íslenskra háplantna hefur nýlega verið endurskoðuð samkvæmt nýjum skilgreiningum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna frá árinu 2001 (IUCN 2001). Notaðar eru skammstafanir sem lýsa stöðu viðkomandi tegundar á válista, svokallaðir hættuflokkar:

- **ER:** Útdauð í náttúrunni, *regionally extinct*
- **CR:** Í bráðri hættu, *critically endangered*
- **EN:** Í hættu, *endangered*
- **VU:** Í yfirvofandi hættu, *vulnerable*
- **DD:** Upplýsingar ófullnægjandi, *data deficient*
- **NT:** Í nokkurri hættu, *near threatened*
- **LC:** Metin en ekki í hættu, *low concern*
- **NA:** Uppfyllir ekki forsendur mats, *not applicable*

				Forsendur verndar		
Tegund	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Fundarstaðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
Ljósalyng	*Andromeda polifolia*	Sjaldg.	VU	4	Rakir móar og súrar mýrarþúfur, A-land	
Ginhafri	*Arrhenatherum elatius*	Mjög sjaldg.	VU	1	Graslendi, S-land	Slæðingur utan aðalútbreiðslu-svæðis
Keilutungljurt	*Botrychium minganense*	Líkl. sjaldg.	DD	>5	Sendinn jarðvegur eða frjóar grasbrekkur. Allnokkrir staðir víða um land	Líklega nokkuð víða
Hrísastör	*Carex adelostoma, sérstök deilitegund*	Sjaldg.	VU	>5	Þéttgrónir hrísmóar og þýft hálfdeigt mýrlendi, N- og NV-land	
Vorstör	*Carex caryophyllea*	Mjög sjaldg.	EN	1	Grasbrekka, SV-land	
Safastör	*Carex diandra*	Takmörkuð útbr.	VU	>5	Mýrar og flóar, V-, S- og SA-land	
Gljástör	*Carex pallescens*	Mjög sjaldg.	VU	2	Þurrar grasbrekkur, S- og V-land	
Skógelfting	*Equisetum sylvaticum*	Sjaldg.	VU	3	Móar og kjarr, Vestfirðir og A-land	
Sandlæðingur	*Glaux maritima*	Sjaldg.	VU	>5	Sjávarfitjar, V- og N-land	
Flæðalófótur	*Hippuris tetraphylla*	Sjaldg.	VU	>5	Sjóflæðatjarnir, N-land og Vestfirðir	
Stinnasef	*Juncus squarrosus*	Sjaldg.	VU	>5	Hálfdeigja, A-land og Vestfirðir	
Rauðkollur	*Knautia arvensis*	Sjaldg.	VU	>5	Gras- og blómlendi, dreift um landið,	Líklega gamall slæðingur
Munkahetta	*Lychnis flos-cuculi*	Takmörkuð útbr.	VU	>5	Deiglendi, mýrar, S-land	Slæðingur utan S-lands
Naðurtunga	*Ophioglossum azoricum*	Sjaldg.	VU	>5	Vex við jarðhita	
Flóajurt	*Persicaria maculosa*	Sjaldg.	VU	>5	Við jarðhita á S- og SV-landi	
Blæösp	*Populus tremula*	Sjaldg.	VU	>5	Móar og kjarrlendi, N- og A-land	
Maríulykill	*Primula stricta*	Sjaldg.	VU	>5	Rök leirflög, á N-landi	
Lónajurt	*Ruppia maritima*	Nokkuð sjaldg.	VU	>5	Nokkrir staðir, ísaltar tjarnir og sjávarlón, víða um land	
Fjallkrækill	*Sagina caespitosa*	Sjaldg.	VU	>5	Fjallamelar, víða um land	
Blátoppa	*Sesleria albicans*	Sjaldg.	VU	>5	Gras og lyngmóar, SV- og SA-land	
Rauðberjalyng	*Vaccinium vitisidaea*	Sjaldg.	VU	>5	Lyngmóar, birkiskógur, A-, SV- og NA-land	
Hagabrúða	*Valeriana sambucifolia*	Sjaldg.	DD	>5	Deigt blóm- og kjarrlendi, S-land	Útbreiðsla illa þekkt
Laugadepla	*Veronica anagallis-aquatica*	Sjaldg.	VU	>5	Við jarðhita á S- og V-landi	Horfin við Kleifarvatn
Giljaflækja	*Vicia sepium*	Sjaldg.	VU	>5	Blóm- og graslendi, S-land	Slæðingur utan aðalútbreiðslu-svæðis

Mosar.

Mosar sem þarfnast verndar og lagt er til að verði friðlýstir skv. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði.

Ein af forsendum verndar er sú að tegund sé á válista. Válistaflokkun íslenskra mosa byggist á skilgreiningum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna frá árinu 1994 (IUCN 1994, sjá einnig Náttúrufræðistofnun Íslands 1996 og 2000a). Notaðar eru skammstafanir sem lýsa stöðu viðkomandi tegundar á válista, svokallaðir hættuflokkar:

- **EW:** Útdauð í náttúrunni, *extinct in the wild*
- **CR:** Í bráðri hættu, *critically endangered*
- **EN:** Í hættu, *endangered*
- **VU:** Í yfirvofandi hættu, *vulnerable*
- **LR:** Í nokkurri hættu, *lower risk*

1. cd: Háðar verndun, *conservation dependent*
2. nt: Ekki háðar verndun, *near threatened*
3. lc: Aðrar tegundir, *least concern*

– **DD:** Upplýsingar ófullnægjandi, *data deficient*
– **NE:** Ekki metin, *not evaluated*

				Forsendur verndar			
Tegund	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Evr. válisti**	**Fundar-staðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
Dvergrandi	*Atrichum tenellum*	Mjög sjaldg.	CR		2	Jarðhiti	Virðist horfinn á öðrum staðnum
Laugarandi	*Atrichum angustatum*	Mjög sjaldg.	VU		5	Jarðhiti	
Smáhnokki	*Bryum nitidulum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Berangur til fjalla	
Ylhnokki	*Bryum sauteri*	Mjög sjaldg.	CR		3	Jarðhiti	
Dverghnokki	*Bryum vermigerum*	Mjög sjaldg.	EN		1	Berangur til fjalla	
Fjóluhnokki	*Bryum violaceum*	Mjög sjaldg.	EN		3	Jarðhiti	
Bakkabroddur	*Cirriphyllum crassinervium*	Mjög sjaldg.	VU		1	Klettar við læk	Bar ekki íslenskt nafn
Fauskabrúskur	*Dicranum tauricum*	Mjög sjaldg.	EN		1	Dauðar birkileifar	
Klettavendill	*Ditrichum zonatum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Klettar við læk	
Keldulufsa	*Drepanocladus sordidus*	Mjög sjaldg.			1	Mýrlendi	Nefndur *D. sendtneri*
Hæruklukka	*Encalypta brevipes*	Mjög sjaldg.	EN	X	4	Hraun og klettar	Horfinn á einum stað
Laugaseti	*Entosthodon attenuatus*	Sjaldg.	LR		>5	Jarðhiti	Virðist horfinn á einum staðnum
Hveraseti	*Entosthodon obtusus*	Mjög sjaldg.	CR		2	Jarðhiti	Líklega horfinn á öðrum staðnum
Dægurmosi	*Ephemerum serratum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Þornaður tjarnarbotn	
Hellafjöður	*Fissidens gracilifolius*	Mjög sjaldg.	EN		1	Hellisskúti	
Lækjafjöður	*Fissidens pusillus*	Mjög sjaldg.	VU		2	Volgir lækir	Horfinn á öðrum staðnum
Hnyðrumosi	*Glyphomitrium daviesii*	Mjög sjaldg.	LR	X	4	Steinar við sjó	
Veggjaskeggi	*Grimmia plagiopodia*	Mjög sjaldg.	VU	X	3	Steypa og sandsteinn	

Fléttur.

Fléttur sem þarfnast verndar: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði. Skammstafanir sem lýsa hættuflokkum í válista eru útskýrðar hér að framan.

				Forsendur verndar		
Tegund[1]	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Fundar-staðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
	Acarospora badiofusca	Mjög sjaldg.		1	Miðhálendi	
Birkikræða	*Alectoria sarmentosa var. sarmentosa*			1	Birkiskógur, V-land	Fannst 2004
Hraufugláma	*Amygdalaria panaeola*	Mjög sjaldg.		3	Hálendi S-lands, á móbergi	
Setríla	*Arthonia glebosa*	Sjaldg.		9	Hálendi, á sethjöllum	Fimm fundarstaðir horfnir undir Hálslón
	Arthonia gelidae	Sjaldg.		2	Miðhálendi, A-land	Sníkill á skeljaskóf
	Arthonia intexta	Mjög sjaldg.		1	A-land	Sníkill á *Lecidella asema*
	Arthonia mediella	Mjög sjaldg.		1	Birkiskógur, A-land	
	Baeomyces carneus	Sjaldg.		2	Jarðvegur, A- og NA-land	
Törgudoppa	*Buellia adjuncta*	Sjaldg.		4	Vestfjarðarkjálki	Sníkill á lundatörgu
	Buellia badia	Mjög sjaldg.		2	N- og S-land	
Rindadoppa	*Buellia concinna*	Mjög sjaldg.		2	Klettar, N-land	
	Buellia jugorum	Sjaldg.		2	Steinar, N- og S-land	
Steindoppa	*Buellia stellulata*	Sjaldg.		4	Steinar, A- og N-land	
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Sjaldg.	VU	>5	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gálgaskegg	*Bryoria pseudofuscescens*	Mjög sjaldg.	CR	1	Hraundrangur, SV-land	

Tegund[1]	Tegundarheiti	Algengi	Válisti	Fundar-staðir	Mikilvægustu svæði	Athugasemdir
Kvistaskegg	*Bryoria simplicior*	Mjög sjaldg.	CR	3	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land	
	Caloplaca arenaria	Mjög sjaldg.		2	Klettar, A-land	
Birkimerla	*Caloplaca borealis*	Mjög sjaldg.	VU	4	Birkistofnar og greinar, Vestfirðir, V- og A-land	
	Caloplaca festivella	Mjög sjaldg.		3	Á móbergi eða basalti, hálendi S-lands	Greining ekki örugg
	Caloplaca lobulata	Mjög sjaldg.		1	Reyniviður, N-land	
Hellisprjónar	*Chaenotheca cinerea*	Mjög sjaldg.		1	N-land	
Fauskprjónar	*Chaenotheca furfuracea*	Sjaldg.		4	Birki og fauskar, N- og A-land	
	Cladonia conista	Sjaldg.	DD	>5	Jarðvegur, Vestfirðir, N- og A-land	
Ljósálfabikar	*Cladonia cryptochlorophaea*	Mjög sjaldg.	LR	3	Móajarðvegur, N- og SA-land	
Rauðbroddar	*Cladonia macilenta*	Mjög sjaldg.	EN	4	Móajarðvegur, V-land	
Hreisturbikar	*Cladonia squamosa*	Sjaldg.	LR	>5	Móajarðvegur, V-land og Vestfirðir	
Seltulauf	*Cladonia strepsilis*	Mjög sjaldg.	EN	4	Móajarðvegur, Austfirðir	Finnast líklega víðar á A-landi
Raufarbikar	*Cladonia sulphurina*	Mjög sjaldg.	EN	2	Móajarðvegur, Vestfirðir	
Hrukkuslembra	*Collema furfuraceum*	Mjög sjaldg.	EN	3	Utan í klettum, S-land	Finnst líklega víðar syðst á landinu
Gróparslembra	*Collema polycarpon*	Mjög sjaldg.		1	Á klettum nálægt jarðhita-gufum, hálendi A-lands	
Víkurslembra	*Collema subflaccidum*	Mjög sjaldg.	EN	3	Utan í klettum, S-land	
Klettakræða	*Cornicularia normoerica*	Sjaldg.	LR	>5	Klettar, A-land	Aðeins á Austurlandi, allvíða þar
Vætukorpa	*Dermatocarpon bachmannii*	Sjaldg.		4	Votir klettar, V- og A-land	
Vætlukorpa	*Dermatocarpon deminuens*	Sjaldg.		2	Votir klettar, V- og A-land	
Hreisturkorpa	*Dermatocarpon leptophyllodes*	Sjaldg.		2	Votir klettar, A-land	
Brúnkorpa	*Dermatocarpon meiophyllizum*	Mjög sjaldg.		1	Votir klettar, A-land	
Strimlaflaga	*Endocarpon pulvinatum*	Mjög sjaldg.		2	Klettar við vatn eða nálægt jarðhitagufum, A-land	
	Endococcus perpusillus	Mjög sjaldg.		4	Á steinum, hálendi og Surtsey	Sníkill á flikrum (*Rhizocarpon* spp.)
Flathyrna	*Evernia prunastri*	Mjög sjaldg.	CR	1	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Móaþemba	*Hypogymnia austerodes*	Mjög sjaldg.		1	Móar, N-land	
Skógarþemba	*Hypogymnia farinacea*	Mjög sjaldg.	CR	2	Birkistofnar og greinar, A- og N-land	
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Sjaldg.	LR	>5	Birki og móajarðvegur, A-land	
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Sjaldg.	LR	>5	Birki og móajarðvegur, A-land	
Prikþemba	*Hypogymnia vittata*	Sjaldg.		3	Jarðvegur og birki, A-land	
Skrámuklúka	*Japewia subaurifera*	Sjaldg.		3	Birki, Vestfirðir og A-land	
	Lecanora cenisia	Sjaldg.		2	Klettar, A- og N-land	
	Leciophysma finmarckicum	Sjaldg.	LR	>5	Móajarðvegur, hálendi	Horfinn á einum stað
	Lempholemma isidioides	Sjaldg.	DD	3	Klappir, V- og N-land	
Gígnæfra	*Lobaria scrobiculata*	Mjög sjaldg.	CR	1	Grasbrekkur, V-land	
Hraunnæfra	*Lobaria virens*	Mjög sjaldg.	CR	1	Hraun, hálendi, S-land	
Grábleðla	*Lobothallia alphoplaca*	Sjaldg.	VU	>5	Klettar við ár og læki, A-land	Válisti 1, ranglega nefnd *Physcia phaea*
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Sjaldg.	EN	>5	Birkistofnar og greinar, NA- og A-lands	Nokkuð víða við Mývatn og á Fljótsdalshéraði
	Melanelia sorediata	Mjög sjaldg.		1	Klettar, V-land	
	Melanelia subaurifera	Sjaldg.	DD	4	Klettar, Vestfirðir og V-land	Getur líka vaxið á trjám
Dvergdimbill	*Multiclavula coryneoides*	Mjög sjaldg.	EN	2	Skurðbakki, A- og N-land	

Tegund[1]	Tegundarheiti	Algengi	Válisti	Fundar-staðir	Mikilvægustu svæði	Athugasemdir
Brókarhverfa	*Nephroma bellum*	Mjög sjaldg.	CR	1	Birkistofnar og greinar, V-land	
Loðhverfa	*Nephroma resupinatum*	Sjaldg.		3	Birki og reynir, Vestfirðir, A- og N-land	
	Opegrapha pulvinata	Sjaldg.		3	Klettar, A-land	Sníkill á korpum (*Dermatocarpon* spp.)
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Sjaldg.	LR	>5	Birkistofnar og greinar, A-land	
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Mjög sjaldg.	CR	3	Birkistofnar og greinar, A- og N-land	
Kylfuskán	*Pertusaria dactylina*	Mjög sjaldg.	EN	1	Móajarðvegur, N-land	E.t.v. víðar í fjöllum N-lands
Bóluskán	*Pertusaria glomerata*	Mjög sjaldg.		2	Jarðvegur, N- og S-land	
Strípamóra	*Phaeophyscia constipata*	Mjög sjaldg.	CR	4	Hraundrangar, NA-land	
Klappamóra	*Phaeophyscia endococcina*	Sjaldg.	DD	>5	Klettar, Miðhálendið, N- og A-land.	Líklega nokkuð algeng um norðan- og austanvert landið
Dökkamóra	*Phaeophysica nigricans*	Mjög sjaldg.	DD	1	Trjástofnar, SV-land	
	Phaeorrhiza nimbosa	Sjaldg.	EN	>5	Rök moldarflög, NA- og A-land	Víðar en fyrst var ætlað
Hraufustubbar	*Pilophorus cereolus*	Sjaldg.	VU	>5	Móbergsklettar, S- og V-land	
Næfurskóf	*Platismatia glauca*	Sjaldg.	VU	>5	Birkistofnar og greinar, A-land	
	Protothelenella corrosa	Mjög sjaldg.		2	Á klettum, hálendi og V-land	
Elgshyrna	*Pseudevernia furfuracea*	Mjög sjaldg.	CR	4	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gulrenda	*Pseudocyphellaria crocata*	Mjög sjaldg.	CR	2	Utan í klettum S- og V-lands	
	Raciborskiomyces peltigericola	Mjög sjaldg.		2	Í mólendi á hálendi	Sníkill á engjaskófum (*Peltigera* spp.)
Bjargstrý	*Ramalina siliquosa*	Mjög sjaldg.	VU	5	Sjávarhamrar, V-land og Vestfirðir	Nefnd bjargskegg í válista 1 frá 1996
	Rhymbocarpus neglectus	Mjög sjaldg.		1	Í gljúfri, S-land	
Vikurhvomsa	*Sarcosagium campestre*	Mjög sjaldg.	EN	1	Rakur vikurjarðvegur á hálendi	
Áttgróagrýta	*Solorina octospora*	Mjög sjaldg.	EN	3	Móajarðvegur, N-, NA- og A-land	
Dílabreyskja	*Stereocaulon paschale*	Sjaldg.		5	Móajarðvegur til fjalla	
Hraufubreyskja	*Stereocaulo uliginosum*	Mjög sjaldg.	VU	4	Lyng- eða grasmóar, NA-land	Flokkunarfræðilegra rannsókna þörf
Búldubreyskja	*Stereocaulon vanoyei*	Frekar sjaldg.	DD	>5	Hraun, S- og SV-land	Flokkunarfræðilegra rannsókna þörf
	Stigmidium stygnospilum	Sjaldg.		3	Klettar, S- og V-land	Sníkill á korpum (*Dermatocarpon* spp.)
Svarðskjóða	*Thrombium epigaeum*	Sjaldg.	EN	>5	Nýgræður, N- og A-land	
Krypplugrös	*Tuckermanopsis chlorophylla*	Sjaldg.		>5	Birkistofnar og greinar, V-, N-, A- og SA-land	
Músanafli	*Umbilicara hirsuta*	Mjög sjaldg.	EN	4	Klettar, N- og V-land	
Fjölbleðlanafli	*Umbilicaria polyphylla*	Mjög sjaldg.	VU	4	Klettar, Vestfirðir	
Leðurnafli	*Umbilicaria rigida*	Mjög sjaldg.	EN	1	Háfjallaklettar, hálendi	
Hamranafli	*Umbilicaria vellea*	Mjög sjaldg.	EN	3	Klettaveggir, Vestfirðir og N-land	
Jöklanafli	*Umbilicaria virginis*	Mjög sjaldg.	EN	1	Háfjallaklettar á jökulskerjum SA-lands	
Ljósaskegg	*Usnea subfloridana*	Mjög sjaldg.	VU	2	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gullinvarp	*Vulpicid pinastri*	Mjög sjaldg.	EN	4	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land	
Reyniglæða	*Xanthoria polycarpa*	Mjög sjaldg.	LR	2	Reynir og birki í görðum, V-land	

[1]Sumar fléttutegundir hafa ekki fengið íslenskt nafn.

225. Fyrirspurn [201. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um málefni hælisleitenda á Íslandi.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Hvað hefur verið gert og hvað verður fleira gert í málefnum hælisleitenda eftir að nefnd ráðherra um þau efni skilaði í sumar skýrslu með fjölda tillagna til úrbóta? Hafa einhverjar af tillögunum verið teknar til greina?
2. Er tryggt að þegar Ísland endursendir hælisleitendur til Grikklands á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins sé tekið strax á móti þeim af grískum stjórnvöldum, þeim fengin skilríki og mál þeirra sett í farveg í gríska stjórnkerfinu? Hafa grísk stjórnvöld staðið við skyldur sínar þegar Ísland endursendir hælisleitendur til Grikklands? Hafa íslensk stjórnvöld fylgst með því að það sé gert?
3. Hefur ráðuneytið fylgst með nýlegri þróun mála í Grikklandi varðandi hælisleitendur, svo sem afnámi áfrýjunarnefndar fyrir hælisleitendur 20. júlí sl.? Hefur verið tekið tillit til þessarar þróunar við vinnslu úrskurða eftir að ráðuneytið gerði skýrslu um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi í júní sl.?
4. Er tekið mið af upprunalandi hælisleitanda, svo sem Írak eða Afganistan, þegar ákveðið er hvort umsókn um hæli verði tekin til efnismeðferðar hér á landi? Ef ekki, telur ráðherra að þetta væri hægt að gera, sérstaklega ef endursenda á til landa á borð við Grikkland þar sem innan við 1% hælisleitenda fær hæli á fyrsta stjórnsýslustigi?
5. Hafa íslensk stjórnvöld skoðun á þróun Schengen-samstarfsins og þá sérstaklega framtíð Dyflinnarreglugerðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

226. Fyrirspurn [202. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um ein hjúskaparlög.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

Hvað líður setningu hjúskaparlaga sem gilda fyrir alla, óháð kynhneigð?

227. Fyrirspurn [203. mál]

til fjármálaráðherra um fjármögnun verkefna af hálfu lífeyrissjóða.

Frá Ólöfu Nordal.

Hvaða verkefni eru á forgangslista ríkisstjórnarinnar hvað varðar fjármögnun af hálfu lífeyrissjóða? Hvernig eru þau verkefni valin og hvaða mat er lagt til grundvallar við forgangsröðunina?

Skriflegt svar óskast.

228. Fyrirspurn [204. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hvernig hefur gengið að ná markmiðum fjögurra ára aðgerðaáætlunar til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi 13. júní 2007?
2. Hversu oft hefur samráðshópur um aðgerðaáætlunina komið saman og hvenær var síðasti fundur?

229. Fyrirspurn [205. mál]

til umhverfisráðherra um veiðar á ref og mink.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hafa verið árleg fjárframlög ríkisins til veiða á ref og mink frá árinu 2005? Svar óskast sundurliðað eftir árum á núgildandi verðlagi.
2. Hve mikið hefur verið innheimt af virðisaukaskatti á sama tíma vegna veiða á ref og mink? Svar óskast sundurliðað eftir árum á núgildandi verðlagi.
3. Hver eru markmiðin með kostnaðarþátttöku ríkisins við veiðar á ref og mink og hvernig verður unnið að þeim?

Skriflegt svar óskast.

230. Fyrirspurn [206. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um fjárveitingar til fangelsismála.

Frá Ólöfu Nordal.

Hver hefur þróun fjárveitinga til fangelsismála verið á liðnum árum? Sundurliðun óskast frá árinu 2000.

Skriflegt svar óskast.

231. Fyrirspurn [207. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um lögreglurétt.

Frá Ólöfu Nordal.

Hefur ráðherra látið fara fram athugun á kostum þess að koma á fót lögreglurétti til að greiða úr minni háttar brotum?

232. Fyrirspurn [208. mál]

til fjármálaráðherra um Danice-verkefnið.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hver er staðan á Danice-verkefninu?
2. Hverjar eru forsendur þess að verkefnið gangi upp fjárhagslega?
3. Hversu mikið þarf umferð um sæstrengi að aukast til að fjárfestingin borgi sig?
4. Hver er ávöxtunarkrafan við þessa fjárfestingu?
5. Hvaða afleiðingar gætu tafir á lagningu strengsins haft á uppbyggingu gagnavera?

Skriflegt svar óskast.

233. Fyrirspurn [209. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um nýframkvæmdir í samgöngumálum í Reykjavík.

Frá Ólöfu Nordal.

Hver er heildarfjárfesting ríkisins í nýframkvæmdum í samgöngumálum í Reykjavík árið 2009? Um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?

Skriflegt svar óskast.

234. Fyrirspurn [210. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um nýframkvæmdir í vegagerð og starfsemi verktaka.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að það hafi á starfsemi verktaka ef ekki reynist unnt að bjóða út frekari nýframkvæmdir í vegagerð árið 2010, sbr. ummæli vegamálastjóra?
2. Er til áætlun um að bregðast við þessu með opinberum framkvæmdum sem yrðu fjármagnaðar af lífeyrissjóðum? Ef svo er, hvaða framkvæmdir eru það?

235. Fyrirspurn [211. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hver er þörfin á dvalar- og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða? Er fyrirsjáanlegur skortur á slíkum rýmum? Óskað er eftir sundurgreiningu miðað við dvalarrými annars vegar og hjúkrunarrými hins vegar.
2. Hefur ráðuneytið kannað kosti þess að nýta húsnæði sem nú stendur autt og ónotað til hagsbóta fyrir aldraða?

Skriflegt svar óskast.

236. Fyrirspurn [212. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um félagsleg áhrif kreppunnar á börn og unglinga.

Frá Ólöfu Nordal.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að fylgst sé með félagslegum áhrifum kreppunnar á börn og unglinga?

237. Fyrirspurn [213. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka.

Frá Ólöfu Nordal.

Hver er skoðun ráðherra á því að Fjármálaeftirlit og Seðlabanki verði sameinuð?

238. Fyrirspurn [214. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um samkeppni á fyrirtækjamarkaði.

Frá Ólöfu Nordal.

Hvernig telur ráðherra að unnt sé að tryggja samkeppni á fyrirtækjamarkaði nú þegar fjöldi fyrirtækja er á forræði ríkisins?

239. Fyrirspurn [215. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um upptöku evru.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Er hafin vinna í ráðuneytinu við að meta kosti og galla á upptöku evru, í ljósi umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hvaða áhrif hefði upptaka evru á lán með verðtryggingu?
3. Hvaða áhrif hefði upptaka evru á stöðu Íbúðalánasjóðs og lánasafn hans?
4. Hvernig þyrfti peningastefnan að vera ef taka á upp evru sem gjaldmiðil?

Skriflegt svar óskast.

240. Fyrirspurn [216. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um uppbyggingu fiskeldis.

Frá Ólöfu Nordal.

Hver er skoðun ráðherra á uppbyggingu fiskeldis, sér í lagi þorskeldis, á Íslandi? Hyggst ráðherra beita sér fyrir framgangi greinarinnar?

241. Fyrirspurn [217. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um samgönguframkvæmdir vegna uppbyggingar í Vatnsmýri.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hvaða samgönguframkvæmdir þarf að ráðast í vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar háskólasjúkrahúss og annarrar uppbyggingar í Vatnsmýri?
2. Hver er áætlaður kostnaður við þær?

Skriflegt svar óskast.

242. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

3I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

31. gr.

Eftirfarandi 3breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Orðin „svo og dótturfélög sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum þeirra“ í 1. tölul. falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „230.000.000 kr.“ og „460.000.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 300.000.000 kr.; og 600.000.000 kr.
c. 3. tölul. orðast svo: Félög sem upp eru talin í 2. tölul. og eru undir þar tilgreindum stærðarmörkum svo og sparisjóðir og skráð útibú erlendra félaga og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sbr. lög nr. 33/1999.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sjóðstreymi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 28. gr.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi ársreikningur verið endurskoðaður skal ársreikningurinn og áritun endurskoðanda mynda eina heild.

Hafi annar en endurskoðandi samið ársreikninginn, sbr. 35. gr. laga um bókhald, skal undirritun hans og dagsetning vera hluti ársreikningsins.

Ársreikningurinn skal lagður fram í samræmi við samþykktir félagsins en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings og samstæðureiknings á dönsku eða ensku. Skal gera grein fyrir ástæðunni í skýrslu stjórnar.
b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna. Þá skal einnig litið til þeirra gjaldmiðla sem mestu varða við fjármögnun félagsins og varðveislu fjármuna þess.

Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félög sem eru undanþegin því að kjósa endurskoðanda, sbr. 1. mgr. 98. gr., hafa heimild til að falla frá því að semja yfirlit um sjóðstreymi.

6. gr.

3. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um a.m.k. tíu hluthafa og hundraðshluta hlutafjár þeirra sem eiga stærstan eignarhlut í félaginu í lok ársins. Við útreikning þennan telst samstæða einn

aðili. Ef atkvæðahlutdeild er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra tíu hluthafa sem fara með stærstu atkvæðahlutdeild í félaginu í lok ársins. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega.

7. gr.

Á eftir 66. gr. b laganna kemur ný grein, 66. gr. c, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Góðir stjórnarhættir.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum. Í yfirlýsingunni skal koma fram eftirfarandi:

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi, t.d. á vefsetri félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu. Víki félagið frá hluta reglnanna eða hafi það ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá ástæðum þess.
2. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfis félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.
3. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

Sama gildir um samstæðureikningsskilin.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 68. gr. laganna:

a. Orðin „á reikningsskiladegi“ falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „230.000.000 kr.“ og „460.000.000 kr.“ kemur: 300.000.000 kr.; og 600.000.000 kr.

9. gr.

Á eftir 3. mgr. 94. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar um er að ræða félag sem er með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en gefur út verðbréf sín sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með því hvort ársreikningur sem saminn er samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis er hliðstæður ákvæðum þessara laga. Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd þessa eftirlits.

10. gr.

1. mgr. 95. gr. laganna orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru félög sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild skv. 92. gr. Þau skulu greiða árlegt umsýslu- og eftirlitsgjald sem nemur 100.000 kr. á hvert móðurfélag og 50.000 kr. á hvert dótturfélag innan samstæðu þess. Hafi dótturfélag skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., skal gjaldið fyrir það vera 100.000 kr. og 50.000 kr. fyrir dótturfélög þess og fellur þá gjaldskylda móðurfélagsins vegna þeirra félaga niður.

11. gr.

Í stað orðanna „endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn“ í 1. og 2. mgr. 96. gr. laganna kemur: endurskoðunarfyrirtæki.

12. gr.

2. mgr. 97. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 96. gr. er félögum, sem ekki fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, ekki skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sbr. þó 3.–5. mgr., til að endurskoða ársreikninga sína:

1. eignir nema 200.000.000 kr.,
2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.,
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð er skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

b. Í stað orðanna „skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda“ í 2. og 4. mgr. kemur: falla ekki undir 1. mgr.

c. 3. mgr. orðast svo:

Félög sem ekki leggja hömlur á viðskipti með eignarhluta falla ekki undir 1. mgr.

d. 5. mgr. orðast svo:

Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi félags sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda skv. 1. mgr., geta á fundi krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.

e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. nær þó ekki til móðurfélags ef því er skylt að semja samstæðureikning skv. 1. mgr. 68. gr.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmönnum“ í 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanna“ og „eða skoðunarmaður“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða skoðunarmanns“ og „eða skoðunarmaður“ í 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 4. mgr. falla brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða skoðunarmaður er ekki valinn“ í 1. mgr. kemur: er ekki kosinn.
b. Í stað orðsins „laganna“ í 1. mgr. kemur: laga um endurskoðendur.

c. Orðin „eða skoðunarmann“ í 1. mgr. falla á brott.
d. Orðin „eða skoðunarmanns“ og „eða skoðunarmaður“ í 3. mgr. falla brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 2. og 3. mgr. falla brott.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 5. mgr. falla brott.
e. Í stað orðanna „lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju“ í 5. mgr. kemur: lögum og félagssamþykktum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ og „og skoðunarmönnum“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og skoðunarmönnum“ og „eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:
   Áritun endurskoðenda skal a.m.k. innihalda:
   1. inngang þar sem fram kemur hvaða ársreikning er verið að endurskoða og hvaða reikningsskilareglum hefur verið beitt við samningu ársreiknings,
   2. lýsingu á umfangi endurskoðunar þar sem fram koma a.m.k. þær endurskoðunarreglur sem notaðar voru,
   3. álit endurskoðenda um hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort ársreikningurinn uppfyllir lögboðnar kröfur; áritunin skal vera án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða ef þeir geta ekki gefið álit skal gerð grein fyrir því,
   4. tilvísun til mála sem endurskoðendur vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,
   5. álit um það hvort skýrsla stjórnar hefur að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.
   Endurskoðendur skulu skrifa undir og dagsetja áritunina.

20. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 105. gr. laganna falla brott.

21. gr.

106. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 107. gr. laganna:

a. Orðin „og skoðunarmenn“ í 1. og 3. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.

23. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. Orðin „ásamt áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtöku fyrir aðgang að gögnum hjá ársreikningaskrá.

25. gr.

Orðin „með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 1. mgr. 111. gr. laganna falla brott.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 116. gr. laganna:

a. Orðin „á reikningsskiladegi“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „575.000.000 kr.“ og „1.150.000.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 700.000.000 kr.; og 1.400.000.000 kr.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu stærðarmörk gilda um rekstrarreikning samstæðureiknings.

27. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 2. mgr. 117. gr. laganna kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

28. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur skipað fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna vera tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, einn tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tveir nefndarmanna eru skipaðir af ráðherra og skal annar þeirra tengjast kennslu í reikningshaldi á háskólastigi. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ falla brott.
b. Í stað orðsins „laganna“ í 1. tölul. kemur: laga um endurskoðendur.
c. Í stað orðanna „góða endurskoðunarvenju“ í 2. tölul. kemur: lög um endurskoðendur.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Enn fremur gerast aðrir þeir sekir um refsiverð brot gegn lögum þessum sem aðstoða við samningu ársreiknings og gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

30. gr.

Í stað ártalsins „2004“ í 2. mgr. 127. gr. laganna kemur: 2009.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „og 2004/109/EB“ kemur: 2004/109/EB, 2006/43/EB og 2006/46/EB.
b. Við greinina bætist: svo og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.

32. gr.

4. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Fjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.

33. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 6. gr. laganna falla brott.

34. gr.

Orðin „endurskoðenda, skoðunarmanna“ í 4. tölul. 11. gr. laganna falla brott.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins“ í 1. mgr. kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.
b. Orðin „endurskoðenda og skoðunarmanna“ í c- og d-lið 2. mgr. falla brott.

36. gr.

Orðin „endurskoðenda og skoðunarmanna“ í 1. mgr. 35. gr. laganna falla brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „endurskoðendum og skoðunarmönnum þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar“ í 1. mgr. kemur: og, þegar við á, þeim sem málið varðar, þar á meðal endurskoðanda hafi hann verið kosinn.
b. Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. falla brott.

38. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. 61. gr. c laganna falla brott.

39. gr.

Orðin „Endurskoðaðir og samþykktir“ í 6. tölul. 62. gr. a laganna falla brott.

40. gr.

Í stað orðanna „endurskoðendur og skoðunarmenn“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: og endurskoðandi hafi hann verið kosinn, svo og skoðunarmaður.

41. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmönnum“ í c-lið 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: öðrum þeim sem semja ársreikning.

42. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 77. gr. laganna kemur: aðrir þeir sem semja ársreikning.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

43. gr.

Í stað orðanna „kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna og kjörtímabil þeirra“ í 6. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: svo og kjörtímabil þeirra.

44. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þessa reikninga“ í a-lið kemur: ef hún hefur verið samin.
b. Orðin „eða skoðunarmanna“ í c-lið falla brott og við liðinn bætist: hafi þeir verið kosnir.

46. gr.

Í stað orðanna „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 2. málsl. 1. mgr. 59. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

47. gr.

Orðin „endurskoðandi, skoðunarmaður“ í 2. mgr. 62. gr. laganna falla brott.

48. gr.

Í stað orðanna „skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

49. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 72. gr. laganna falla brott.

50. gr.

Orðin „endurskoðaðir og samþykktir“ í 3. tölul. 1. mgr. 82. gr. laganna falla brott.

51. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. 83. gr. laganna falla brott.

52. gr.

Orðin „og skoðunarmenn“ í 8. tölul. 95. gr. laganna falla brott.

53. gr.

Orðin „eða skoðunarmaður“ og „eða skoðunarmenn“ í 1. mgr. 97. gr. laganna falla brott.

54. gr.

Orðin „endurskoðenda eða skoðunarmanna“ og „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 5. mgr. 102. gr. falla brott.

55. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 1. mgr. 108. gr. laganna kemur: aðrir þeir sem semja ársreikning.

56. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmönnum“ í c-lið 1. mgr. 110. gr. laganna kemur: öðrum þeim sem semja ársreikning.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Orðin „svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr. og stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 42. gr.

58. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 126. gr. laganna kemur: aðrir þeir sem semja ársreikning.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

59. gr.

Orðin „svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 6. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

60. gr.

Orðin „og endurskoðendur“ í 4. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

61. gr.

Við a-lið 2. mgr. 33. gr. laganna bætist: ef hún hefur verið samin.

62. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006“ í 1. mgr. 79. gr. a laganna kemur: skv. 1. mgr. 96. gr., sbr. þó 98. gr. laga nr. 3/2006.

63. gr.

Í stað orðanna „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 2. málsl. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

64. gr.

Orðin „endurskoðandi, skoðunarmaður“ í 2. mgr. 87. gr. laganna falla brott.

65. gr.

Í stað orðanna „skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

66. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 97. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Orðin „endurskoðaðir og samþykktir“ í 4. tölul. 1. mgr. 107. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. 108. gr. laganna falla brott.

69. gr.

Í stað orðanna „og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax“ í 5. mgr. 127. gr. laganna kemur: er ekki kosin strax; og orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í lok sömu málsgreinar falla brott.

70. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 1. mgr. 134. gr. laganna kemur: aðrir þeir sem semja ársreikning.

71. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmönnum“ í c-lið 1. mgr. 136. gr. laganna kemur: öðrum þeim sem semja ársreikning.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 148. gr. laganna:

a. Orðin „svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga, ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér“ í 3. tölul. 3. mgr. falla brott.

73. gr.

Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 1. mgr. 152. gr. laganna kemur: aðrir þeir sem semja ársreikning.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

74. gr.

Í stað orðanna „(eða endurskoðunarfélaga) eða skoðunarmanna“ í h-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða endurskoðunarfyrirtækja.

75. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

76. gr.

Orðin „eða skoðunarmanni“ í 1. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn“ í 1. málsl. kemur: eða endurskoðunarfyrirtæki.
b. Orðin „eða skoðunarmanns“ í 3. málsl. falla brott.

78. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 31. gr. laganna falla brott.

79. gr.

Orðið „skoðunarmönnum“ í 1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „endurskoðendur og skoðunarmenn“ í 1. mgr. kemur: og endurskoðendur.
b. Orðin „eða skoðunarmönnum“ í 3. mgr. falla brott.

81. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanna“ í 6. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 3. tölul. 3. mgr. falla brott.

82. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 39. gr. laganna falla brott.

83. gr.

Orðið „skoðunarmenn“ í 42. gr. laganna fellur brott.

84. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög.

85. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

86. gr.

Í stað orðanna „stjórnarmanna, varastjórnarmanna, skoðunarmanna og endurskoðenda“ í 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: stjórnarmanna og varastjórnarmanna.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög.

87. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. tölul. 17. gr. laganna falla brott.

88. gr.

Orðið „skoðunarmanni“ í 25. gr. laganna fellur brott.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög.

89. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Orðið „skoðunarmanni“ í 26. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

91. gr.

Í stað orðsins „endurskoðanda“ í 6. tölul. 61. gr. laganna kemur: skoðunarmanns.

92. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Skoðunarmaður, sem kjörinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, skal staðreyna og staðfesta að sameiginlegum kostnaði sé skipt í samræmi við ákvæði laga þessara.

Sé þess krafist af minnst 1/5 hluta félagsmanna á félagsfundi, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, skal kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki ef ekki er um það getið í samþykktum félagsins.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

93. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn stofnunarinnar skal velja endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að endurskoða árs-

reikning stofnunarinnar. Ráðherra skal tilnefna trúnaðarmann til að yfirfara einstök málefni starfseminnar.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa.
94. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Félagasamtök sem standa að rekstri söfnunarkassanna skulu sameiginlega tilnefna endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að endurskoða ársreikning sem saminn skal um starfsemi söfnunarkassanna. Ráðherra skal tilnefna trúnaðarmann til að yfirfara einstök málefni starfseminnar. Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent ráðherra.

XII. KAFLI
Gildistaka.
95. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laga þessara gildir um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2010 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008–2009 en var ekki afgreitt úr efnahags- og skattanefnd fyrir þinglok. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju lítillega breytt með hliðsjón af þeim athugasemdum sem efnahags- og skattanefnd bárust frá hagsmunaaðilum.

Frumvarpið skiptist í tólf kafla. Megintillögur þess eru breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á 135. löggjafarþingi. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til leiðir af því að breyta gildandi lögum sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Þá verður í framhaldi af því að fylgja þeirri breytingu eftir með breytingum á löggjöf í félagarétti, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga. Í frumvarpinu til breytinga á lögum um ársreikninga er lagt til að fallið verði frá endurskoðunarskyldu minni félaga eins og þau eru skilgreind 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Er það í samræmi við heimild í 2. mgr. 51. gr. fjórðu tilskipunar Evrópusambandsins, um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, til að falla frá endurskoðunarkröfu minni félaga. Til þess að slík niðurfelling verði að veruleika verður að fella ýmis ákvæði úr öðrum félagaréttarlögum, t.d. lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, sem skylda þau til að tiltaka í samþykktum sínum val á endurskoðanda eða skoðunarmanni og framlagningar endurskoðaðra ársreikninga á aðalfundi. Þeim félögum sem fara yfir tilgreind stærðarmörk í tvö samfelld reikningsár verður skylt til að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Enda þótt endurskoðunarskyldunni verði aflétt af litlum félögum verður eftir sem áður svo að félög munu leita eftir aðstoð annaðhvort endurskoðenda eða annarra manna sem hafa þá kunnáttu í reikningsskilum og hafa atvinnu af að bjóða þessum fyrirtækjum þjónustu sína ef þau hafa ekki í starfsliði sínu slíka kunnáttumenn í reikningsskilum.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga eru þrenns konar: Breytingar sem leiðir af lögum um endurskoðendur, breytingar

til skýringar á starfrækslugjaldmiðli og breytingar vegna innleiðingar ákvæða Evróputilskipana auk lagfæringa á nokkrum greinum laganna.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á 135. löggjafarþingi. Í því frumvarpi var boðað frumvarp til frekari breytinga á lögum um ársreikninga. Töluverðar breytingar voru gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Lögin taka til endurskoðenda og starfa þeirra sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögunum. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina.

Í núgildandi lögum er þess krafist að félög sem semja skulu ársreikninga í samræmi við þessi lög, þ.e. félög með takmarkaða ábyrgð félagsaðila, sem fara yfir tilgreind stærðarmörk 98. gr. laganna, kjósi sér endurskoðendur, einn eða fleiri, eða endurskoðunarfyrirtæki á félagsfundi. Félög sem eru undir þeim mörkum skulu kjósa sér annaðhvort endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður er án endurskoðunarréttinda og skal samkvæmt ákvæðum laganna hafa þá kunnáttu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er talin nauðsynleg til rækslu starfans. Við setningu laganna 1994 var talið eðlilegt, þar sem um var að ræða opinbera birtingu ársreikninga til almennings, að ársreikningar væru sem kalla mætti uppáskrifaðir af þriðja aðila sem væri utanaðkomandi aðili. Endurskoðendur og skoðunarmenn eru því oftast nefndir saman í lagaákvæðunum þegar fjallað er um aðkomu þeirra að reikningsskilum félaga. Það má orða það svo að störf þeirra hafa verið gerð jafngild í núgildandi lögum varðandi vinnu þeirra við samningu ársreikninga minni félaga sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda. Með breytingu laga um endurskoðendur sem byggist á áttundu félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins eru lagðar ríkari kröfur á endurskoðendur, menntun þeirra og ábyrgð og er því engan veginn hægt að leggja að jöfnu starf og stöðu endurskoðanda og skoðunarmanns. Þar af leiðandi verður að breyta núverandi lögum sem leggja störf þeirra að jöfnu.

Orðið skoðunarmaður kemur víða fram í lögum og reglugerðum. Orðið kemur ekki alltaf fram með sömu merkingu. Í átta lögum kemur það fram í tengslum við matsmenn verðmæta en í þrettán lögum kemur það fram í tengslum við reikningsskil og ársreikninga. Skoðunarmenn eru skilgreindir í 32. gr. laga um bókhald sem „menn sem hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfsins“. Lagt er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um bókhald að færa þessi skilyrði í 35. gr. þeirra laga.

Þeir sem taka að sér að semja ársreikninga skulu staðfesta þá vinnu sem þeir inna af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst sú undirskrift hluti hans. Er það ekki síst með tilliti til hagsmuna félagsmanna að mega vita það að þeir sem veljast til slíkra starfa fyrir félagið eigi að hafa til að bera lágmarkskunnáttu í reikningsskilum. Meginhluti félaga sem semja ber ársreikninga samkvæmt lögum um ársreikninga eru þó eins manns einkahlutafélög þar sem engir aðrir en eigendur koma að allri fjárhagslegri ákvörðunartöku. Engu síður verða flestir þessara aðila að kaupa þessa þjónustu þó ekki sé nema vegna framtalsskila og framlagningar ársreiknings hjá ársreikningaskrá. Vinna þeirra telst þó ekki vera endurskoðun þar sem hún er skilgreind í lögum um endurskoðendur sem „óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda...“.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að til félaga sem ekki verða skyld til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við 98. gr. laganna eru gerðar sömu kröfur til trúverðugleika

rekstrar- og efnahagsreikninga og ábyrgð stjórna þeirra er hin sama á ársreikningnum án tillits til þess hver semur ársreikninginn.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna um sem fjallar um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Það er ekki um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu en í ljósi reynslu sem komin er á veitingu þessarar heimildar er lagt til að ákvæðið verði gert skýrara.

Í skýrslu nefndar til fjármálaráðherra sem vann að samningu frumvarps til laga á árinu 2001 um að heimila félögum að uppfylltum tilgreindum skilyrðum að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli kemur fram að það geti aukið áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum og búi til umhverfi sem gerir fjölþjóðlegum fyrirtækjum kleift að hafa meginstarfsstöð hérlendis. Það mundi því auðvelda erlendum félögum að stofna dótturfélög eða útibú hér á landi og íslenskum félögum að stofna dótturfélög erlendis þegar þau geta bókað viðskipti sín í sama gjaldmiðli. Með því að opna fyrir það að heimila félögum að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli sé verið að koma á móts við íslensk félög sem eru í samkeppni á alþjóðlegum markaði bæði um sölu framleiðslu sinnar og um erlent fjármagn. Einnig kemur fram það álit nefndarinnar að fyrst og fremst yrði að líta til þess að viðskipti félags tengdist erlendu viðskiptaumhverfi, tekjuöflun félagsins byggðist á erlendum gjaldmiðli sem upprunafjárhæð og sýndi þannig veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil. Óljós greinarmunur er gerður í lagasetningunni á því hvort verið væri að veita móðurfélaginu heimildina eða reikningsskilum samstæðunnar. Reynslan sýnir að það eru ekki viðskipti milli eða innan samstæðu sem ráða úrslitum um hvort félag fái heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðlum heldur tengsl félags við erlenda gjaldmiðla í viðskiptum sínum. Lagt er því til að upptalning þessara fjögurra töluliða í 8. gr. verði felld brott en í staðinn komi nánari skilgreining á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðlega reikningsskilastaðalsins nr. 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla.

Í staðlinum er mælt fyrir um það hvernig skuli bóka viðskipti í erlendum gjaldmiðli og umreikning rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu erlends rekstrar sem talinn er með í reikningsskilum samstæðunnar, enn fremur hvernig skuli umreikna reikningsskil úr starfrækslugjaldmiðli yfir í framsetningargjaldmiðil.

Staðallinn mælir aftur á móti alls ekki fyrir um að ákvarða skuli starfrækslugjaldmiðil fyrir samstæðuna sem slíka og hugtakið „starfrækslugjaldmiðill samstæðu“ er þar ekki að finna. Við samningu samstæðureiknings þegar í samstæðunni eru félög, þ.e. móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum starfandi víðs vegar um heim, sem hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla eðli málsins samkvæmt, verður að yfirfæra ársreikninga þeirra í einn og sama gjaldmiðilinn í reikningsskilum samstæðunnar. Komi fleiri en einn gjaldmiðill til álita er sá gjaldmiðill valinn sem gefur bestu mynd af samstæðunni sem heild, en algengast er að samstæðureikningur sé saminn í starfrækslugjaldmiðli móðurfélags.

Ef félag vill kynna og birta reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli er það kallað framsetningargjaldmiðill. Verður félagið að umreikna eða þýða reikningsskilin yfir í þann gjaldmiðil eftir reglum staðalsins. Það er ágreiningslaust að öll félög hafa heimild til að umreikna ársreikning sem saminn er í samræmi við bókhaldsfærslur rekstrareiningarinnar í starfrækslugjaldmiðli yfir í annan gjaldmiðil, framsetningargjaldmiðil, til að kynna niðurstöðu rekstrarárangurs félagsins á öðrum viðskiptamörkuðum. Munurinn er sá að allar fjárhæðir eru metnar og mældar í starfrækslugjaldmiðlinum sem síðan eru yfirfærðar í framsetningargjaldmiðilinn án þess að verða endurmetnar og endurmældar í þeim gjaldmiðli.

Samkvæmt staðlinum skal miða starfrækslugjaldmiðilinn við það efnahagsumhverfi sem félag starfar í og mest áhrif hefur á söluverð vöru og þjónustu. Einkum skal litið til gjaldmiðilsins sem ákvarðar söluverð vöru og þjónustu fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglugerða og mest áhrif hefur á rekstrarkostnað félags og fjármögnun þess. Líta verður því til starfsumhverfis sem fyrirtækið starfar og hrærist í og hvaða kröfur skuli gera til tengsla félags við erlent viðskiptaumhverfi.

Í staðlinum kemur fram að félagið hafi ekki frjálst val um ákvörðun á starfrækslugjaldmiðli og skuli ákvarða þann gjaldmiðil eftir þeim reglum sem settar eru fram í 9.–14. gr. staðalsins. Meginefni þeirrar skilgreiningar er að starfrækslugjaldmiðill „er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfis sem rekstrareiningin starfar í“.

Því getur verið álitamál hvort félag uppfylli þau skilyrði sem þar eru talin til að taka einn gjaldmiðil fram yfir annan gjaldmiðil, þ.m.t. gjaldmiðil heimaríkis félagsins. Það er því litið svo á að félög leiti heimildar til að færa bókhald sitt og semja í framhaldi af því ársreikning í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Það sé gert án tillits til þess hvort félaginu beri eða það hafi heimild til að semja ársreikning sinn og/eða samstæðureikning samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Benda má á að ársreikningaskrá hefur á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar skv. 94. gr. laganna með félögum sem beita reglum alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna skyldu til að taka afstöðu til ákvarðana félaga á túlkun og framkvæmd staðlanna. Það er því eðlilegt að félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiti til ársreikningaskrár fyrir fram um ákvörðun um starfrækslugjaldmiðil, þannig að ekki þurfi að hafna eða gera athugasemd við framlagða ársreikninga á skipulegum verðbréfamarkaði ef eftirlitsaðilinn, þ.e. ársreikningaskrá, er ósammála ákvörðun félagsins. Telja verður því að öllum félögum beri að leita heimildar ársreikningaskrár til að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu. Heimild ársreikningaskrár tekur því fyrst og fremst til færslumiðils í bókhaldi viðkomandi félags og samningu ársreiknings.

Í þriðja lagi er lagt til að koma til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Reglugerðin leggur fram skilmála sem reikningsskilareglur þriðju ríkjanna þurfa að uppfylla til að vera jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem Evrópusambandið samþykkir. Stefna Evrópusambandsins er að komið verði á alþjóðlegum reikningsskilareglum fyrir félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum þess. Þar til það gerist er stefnan að nema brott kostnaðarsamar afstemmingar milli reikningsskilareglna Evrópusambandsins og helstu viðskiptalanda þess. Reikningsskilareglur þriðju ríkjanna er hægt að leggja að jöfnu við alþjóðlegar reikningsskilareglur sem Evrópusambandið samþykkir ef ársreikningur félags er saminn eftir viðurkenndum reikningsskilareglum þriðja ríkisins, þannig að það gerir fjárfestum kleift að komast að sambærilegri fjárhagslegri stöðu þess sem semur ársreikninginn.

Auk þess eru aðrar minni háttar breytingar, svo sem að viðmiðunarfjárhæðir í lögunum eru hækkaðar þar sem þeim hefur ekki verið breytt síðan árið 2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að fella brott ákvæði um að undir 1. tölul. falli dótturfélög félaga sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði. Með lögum nr. 171/2007, um breyting á lögum

um ársreikninga, var afnumin skylda dótturfélaga skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og skráðu móðurfélagi. Með þessari breytingu falla þá dótturfélög þessara félaga undir 2.–4. tölul. þessarar greinar eftir stærð þeirra.

Í b-lið eru fjárhæðir um skiptingu minni félaga og stærri félaga hækkaðar en þessum fjárhæðum hefur ekki við breytt síðan árið 2000.

Í c-lið er um orðalagsbreytingu að ræða til að gera ákvæðið skýrara, þ.e. að undir það falla félög sem upp eru talin í 2. tölul. og eru undir þargreindum stærðarmörkum.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að vísað verði til nýrrar málsgreinar 28. gr. sem kveður á um undanþágu minni félaga til að semja sjóðstreymisyfirlit.

Í b-lið er lagt til að ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. um áritun ársreiknings verði fært í 3. og 4. mgr. greinarinnar.

Í c-lið er lagt til að ákvæði 3. mgr., sbr. 3. og 4. málsl. 1. mgr., verði umorðað og því skipt í þrjár málsgreinar og eru í 3. mgr. ákvæði um áritun endurskoðanda enda sé hann kosinn í samræmi við lögin eða samþykktir félagsins. Í 4. mgr. eru ákvæði um undirritun þess sem hefur verið ráðinn eða valinn til að semja ársreikning félagsins sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda. Teljast þessar áritanir og staðfestingar sem hluti ársreiknings sem skal fylgja honum. Í 5. mgr. eru niðurlagsákvæði gildandi 3. mgr. um framlagningu ársreiknings fyrir aðalfund.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að það verði almenn heimild félaga þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá helst þegar um erlenda eignaraðild eða stjórnaraðild er að ræða, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

Með b-lið greinarinnar er lagt til að lokamálsliður 2. mgr., sem veitti aðeins félögum sem heimild hafa til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku, verði felldur brott.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að umorða skuli 8. gr. laganna sem fjallar um skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Lagt er til að upptalning umsóknarskilyrða í núgildandi 8. gr. verði felld brott en í staðinn komi nánari skýring á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðareikningsskilastaðals IAS 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að þeim félögum sem ekki verður skylt að kjósa endurskoðanda til að endurskoða ársreikning sinn verði heimilað að falla frá skyldunni að semja sjóðstreymisyfirlit. Oft eru þetta smá fyrirtæki þar sem þýðing sjóðstreymisyfirlits er nánast engin.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að gagnsæi eignarhalds og atkvæðisréttar hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum verði aukið með því að upplýsa um a.m.k. 10 stærstu hluthafa og hundraðshluta hlutafjár, en ekki einungis eignarhluti yfir 10%.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði 7. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti félaga sem eru með verðbréf sína skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 8. gr.

Í a-lið er lagt til að orðin „á reikningsskiladegi“ verði felld brott þar sem viðmiðunin miðast við lok reikningsárs.

Í b-lið er lagt til að viðmiðunarfjárhæðirnar verði hækkaðar eins og er lagt til í b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 94. gr. laganna nýrri málsgrein um eftirlit ársreikningaskrár með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Nær hún til eftirlits með ársreikningum í þriðjaheimsríkjum sem kunna að vilja skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Er þetta ákvæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að tekinn verði af vafi um töku umsýslu- og eftirlitsgjalds fyrir hvert félag sem hefur skráð verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði og dótturfélög þess.

Um 11. og 12. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott ákvæði um skoðunarmenn, sbr. skýringar í inngangi almennra athugasemda.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að 98. gr. verði umorðuð.

Í 96. gr. laganna kemur fram aðalreglan að félagsaðilar kjósi sér á félagsfundi endurskoðanda. Í gildandi 98. gr. er kveðið á um það að félög sem fara yfir tilgreind stærðarmörk skuli kjósa sér endurskoðanda. Þetta hefur verið túlkað svo að önnur félög undir stærðarmörkunum verði þess í stað að kjósa sér skoðunarmann sem uppfylli tilgreinda kunnáttu sem skilgreind er í 2. mgr. 97. gr. laganna. Nú er lagt til að skilgreiningin verði aðeins í lögum um bókhald.

Nú er lagt til að með umorðaðri 98. gr. verði heimiluð undanþága frá skyldu 96. gr. fyrir félög sem eru undir tilgreindum stærðarmörkum til að kjósa sér endurskoðanda. Ábyrgðin er eftir sem áður hjá stjórn og framkvæmdastjóra félags að ársreikningur sé saminn í samræmi við lög og reglugerðir. Leiti þessi félög eftir aðstoð við samningu ársreiknings skulu þeir aðilar sem taka að sér það verk staðfesta vinnu sína við samningu ársreikningsins með undirritun sinni. Er þá litið til réttar félagsmanna til að fá að vita hver samdi ársreikninginn. Einnig geta þessi félög leitað til endurskoðanda til að endurskoða ársreikninginn og árita hann.

Í b- og c-lið er umorðun á skyldu félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, leggja ekki hömlur á viðskipti með hlutabréf sín eða samvinnufélög með B-deild stofnsjóðs til að kjósa endurskoðanda án tillits til stærðarmarkanna.

Í d-lið eru umorðuð réttindi 20% félagsmanna félaga sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda til að krefjast þess á fundi að kosinn verði endurskoðandi.

Í e-lið, sem er ný 6. mgr., er ákvæði um skyldu móðurfélags til að kjósa sér endurskoðanda ef því ber skylda til að semja samstæðureikning skv. 1. mgr. 68. gr. laganna. Endurskoðandinn yrði þá jafnframt endurskoðandi samstæðunnar.

Um 14.–18. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem stefna að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og ná tilgreind ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að í stað 2. og 3. mgr. 104. gr. laganna komi 1. mgr. 106. gr. núgildandi laga, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Hér eru lögð til breyting sem stefnir að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og nær tilgreint ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. mgr. 106. gr. núgildandi laga verði 2. mgr. 104. gr. laganna, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á lögunum sem stefna að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og ná tilgreind ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 23. gr.

Lagt er til að 108. gr. laganna falli brott en þagnarskylduákvæði endurskoðenda er í lögum um endurskoðendur og þagnarskylda skoðunarmanna í lögum um bókhald.

Um 24. og 25. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott ákvæði um áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þar sem í 3. gr. laganna er talið upp hvað fylgja skuli ársreikningi.

Í b-lið 24. gr. er lagt til að í nýjum 2. málsl. 109. gr. laganna verði ráðherra heimilað að setja með reglugerð ákvæði um gjaldtöku fyrir aðgang að ársreikningum. Núna er tekið gjald af hverri blaðsíðu í samræmi við lög um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrirhugað er að selja aðgang að ársreikningum á netinu og verður því að athuga annað fyrirkomulag á gjaldheimtunni.

Um 26. gr.

Í a-lið er lagt til að orðin „á reikningsskiladegi“ verði felld brott þar sem viðmiðunin miðast við lok reikningsárs.

Í b-lið er lagt til að viðmiðunarfjárhæðirnar verði hækkaðar. Enn fremur eiga viðmiðunarmörkin einnig að ná til samstæðureikninga.

Um 27. gr.

Leiðrétt er röng tilvísun í lögunum til 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. í stað 2. tölul. sem leiðir af lögum nr. 45/2005, um breytingu á lögum á ársreikninga, þar sem framsetning á ákvæðum 1. gr. var breytt.

Um 28. gr.

Hér er lögð til breyting á skipun reikningsskilaráðs. Reikningsskilaráði var komið á fót með lögum nr. 95/1991. Eftir að lögum um ársreikninga var breytt með lögum nr. 45/2005 og skráðum félögum skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þótti hlutverki reikningsskilaráðs vera lokið og ekki endurskipað í það þegar skipunartími nefndarmanna rann út. Lagt er til að skyldu ráðherra til að skipa í ráðið verði breytt í heimild þannig að grípa megi til þess ef ástæða þykir til að endurvekja ráðið. Á grundvelli breytinga á skipan mála á atvinnumarkaðinum er lagt til, ef til þess kemur að ráðið verður skipað að nýju, að það skipi fulltrúar endurskoðenda eins og verið hefur, fulltrúar Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins og einn skipaður af ráðherra, sem tengist kennslu í reikningsskilum við einn af þremur háskólum landsins, og einn án tilnefningar.

Um 29. gr.

Í a-, b- og c-lið er lagt til að ákvæði greinarinnar breytist þannig að 1. mgr. nái aðeins til endurskoðenda.

Í d-lið er lagt til að ný 2. mgr. greinarinnar nái yfir athafnir og athafnaleysi annarra manna en endurskoðenda, þ.m.t. skoðunarmanna, sem aðstoða við samningu ársreikninga og hjálpa til við að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félags.

Um 30. gr.

Viðmiðunarmörkum í lögunum er breytt með frumvarpi þessu og verða til nýjar grunnfjárhæðir sem ráðherra er heimilt að breyta til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru miðað við 31. desember 2009.

Um 31. gr.

Hér er bætt við tilvísun til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Um 32.–42. gr.

II. kafli er um breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög. Lagt er til skyldu ákvæði um það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga og fer þá eftir stærð og ákvörðun félagsins hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki.

Um 43.–58. gr.

III. kafli er um breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Lagt er til skyldu ákvæði um það að að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða árs-

reikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga og fer þá eftir ákvörðun félagsins ef það hefur ekki skyldu til að kjósa endurskoðanda hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki.

Um 59.–73. gr.

IV. kafli er um breytingar á lögum nr. 138/1994, um hlutafélög. Lagt er til skylduákvæði um það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga og fer þá eftir ákvörðun félagsins ef það hefur ekki skyldu til að kjósa endurskoðanda hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki.

Um 74.–84. gr.

V. kafli er um breytingar á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um skyldu til að kjósa skoðunarmenn. Það leiðir til þess að fulltrúaráð verður að kjósa án tillits til stærðar félagsins endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því að engir formlegir eigendur eru að stofnfé félagsins.

Um 85. og 86. gr.

VI. kafli er um breytingar á lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög. Lagt er til skylduákvæði um það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga.

Um 87. og 88. gr.

VII. kafli er um breytingar á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um skoðunarmenn. Það leiðir til þess að kjósa skal án tillits til stærðar félags endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því hversu sérhæfð þessi félög eru.

Um 89. og 90. gr.

VIII. kafli er um breytingar á lögum nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um skoðunarmenn. Það leiðir til þess að kjósa skal án tillits til stærðar félags endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því hversu sérhæfð þessi félög eru.

Um 91. og 92. gr.

IX. kafli er um breytingar á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi lög eru sett árið 1994 áður en lög nr. 145/1994, um bókhald, voru samþykkt. Með þeim lögum var gerður greinarmunur á endurskoðanda sem lögvernduðu heiti og skoðunarmanni. Í 6. tölul. 61. gr. laganna er orðið endurskoðandi notað í merkingunni skoðunarmaður og er lagt til í 91. gr. frumvarpsins að breyta því í skoðunarmann til samræmis við viðtekna venju. Í 92. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. og 2. mgr. 73. gr. laganna varðandi skoðunarmann og kjör endurskoðanda og hlutfallið fært í 20% til samræmis við samsvarandi ákvæði í lögum um bókhald.

Um 93. gr.

X. kafli er um breytingu á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands. Lögð er til breyting á 1.–3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna sem fjallar um val á endurskoðanda og skoðunarmanni. Þessi lög eru sett árið 1992 áður en lög nr. 145/1994, um bókhald, voru samþykkt. Með þeim lögum var gerður greinarmunur á endurskoðanda sem lögvernduðu heiti og skoðunarmanni. Þessi málsgrein fjallar um að ársreikningur stofnunarinnar skuli endurskoðaður af tveimur skoðunarmönnum, öðrum tilnefndum af ráðherra en hinum völdum af stjórn og skal hann vera löggiltur. Lagt er til að þessu verði þannig breytt að stjórn stofnunarinnar skuli velja endurskoðanda til að endurskoða ársreikninginn en ráðherra skal tilnefna trúnaðarmann fyrir sig sem hafi svipað hlutverk og skoðunarmenn sem sveitarstjórn kýs til að yfirfara ársreikning sinn auk þess að athuga einstök fjárhagsleg málefni.

Um 94. gr.

XI. kafli er um breytingu á lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa. Lögð er til breyting á 2. mgr. 2. gr. laganna sem fjallar um val á tveimur endurskoðendum, öðrum tilnefndum af félagasamtökunum og hinum af ráðherra. Hlutverkaskipting þeirra er ekki skýr í lögunum og er því lagt til að þessu verði breytt þannig að félagasamtökin sem standa að rekstrinum skuli velja endurskoðanda til að endurskoða ársreikninginn en ráðherra tilnefni trúnaðarmann fyrir sig sem hafi svipað hlutverk og skoðunarmenn sem sveitarstjórn kýs til að yfirfara ársreikninginn auk þess að athuga einstök fjárhagsleg málefni.

Um 95. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði sem þarfnast ekki nánari skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta núverandi lögum þannig að leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Þá verður í framhaldi af því að fylgja þeirri breytingu eftir með breytingum á löggjöf í félagarétti, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga. Önnur breyting í frumvarpinu er til skýringar á starfrækslugjaldmiðli sbr. 8. gr. laganna sem fjallar um þau skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Í þriðja lagi er lagt til að komi til framkvæmda hér á landi ákveðnir þættir tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

243. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. A laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta bókhaldsbókanna á dönsku eða ensku.
b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. kemur: sbr. 2. mgr. 7. gr.
c. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa félög skv. 1. gr. heimild til að varðveita gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði.
b. Í stað orðanna „tölvubúnaði“ og „tölvutækan“ í 3. mgr. kemur: rafrænum útbúnaði; og: rafrænan.

3. gr.

Við 3. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

4. gr.

32. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Endurskoðun ársreikninga.

Félagsmenn sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða í félagi, sem ber að semja ársreikninga samkvæmt þessum kafla, geta á félagsfundi krafist þess, ef ekki er um það getið í samþykktum félagsins, að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki. Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um starf endurskoðanda sem kosinn er skv. 1. málsl.

Uppfylli endurskoðandi ekki lengur skilyrði til starfans skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr endurskoðandi eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

5. gr.

Orðin „og skoðunarmenn“ í 33. gr. laganna falla brott.

6. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Ef endurskoðandi telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun endurskoðanda telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi félagsins þar sem fjallað er um ársreikninga. Honum er óheimilt að gefa einstökum félagsmönnum eða öðrum upplýsingar um hag félags umfram það sem fram kemur í ársreikningi.

7. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem taka að sér að semja ársreikninga fyrir félög skv. 1. gr. sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda í samræmi við lög eða samþykktir félagsins skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og reikningsskilum sem, með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins, telst nauðsynleg til rækslu starfans. Þeir skulu staðfesta þá vinnu sem þeir inna af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst undirskriftin hluti ársreiknings.

Ef kosinn er trúnaðarmaður, einn eða fleiri, úr hópi félagsmanna, í samræmi við samþykktir félagsins, skal hann staðfesta að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

Aðilum skv. 1. og 2. mgr. er óheimilt að gefa einstökum félagsmönnum eða öðrum upplýsingar um hag félags umfram það sem fram kemur í ársreikningi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Orðin „námskeið og“ í 3. mgr. falla brott.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal skipa þriggja manna prófnefnd sem heldur próf fyrir þá sem sækja um viðurkenningu sem bókari. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Í reglugerð sem ráðherra setur skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau. Kostnaður vegna prófa, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Við ákvörðun á fjárhæð þess skal við það miðað að það sé eigi hærra en kostnaður.

9. gr

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008–2009 en var ekki afgreitt úr efnahags- og skattanefnd fyrir þinglok. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju lítillega breytt með hliðsjón af þeim athugasemdum sem efnahags- og skattanefnd bárust frá hagsmunaaðilum.

Frumvarpið er flutt samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga. Lög um bókhald hafa að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu og bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga fyrir önnur félög en þau sem falla undir lög um ársreikninga, en það eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög, auk tiltekinna sameignarfélaga og samlaga.

Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaganna til að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem tóku gildi um síðustu áramót. Töluverðar breytingar voru gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Lögin taka til endurskoðenda og starfa þeirra sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögunum. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga er lagt til að falla frá endurskoðunarskyldu minni félaga eins og þau eru skilgreind í 98. gr. laga um ársreikninga, sbr. 11. frumvarps til breytinga á þeim lögum. Er það í samræmi við heimild í 2. mgr. 51. gr. í fjórðu tilskipun Evrópusambandsins, um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, til að falla frá endurskoðunarkröfu minni félaga.

Í lögum um bókhald er kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna ekki gerð að skyldu hjá þeim félögum sem semja ber ársreikninga sína samkvæmt III. kafla laganna eins og er með félög með takmarkaða ábyrgð félagsaðila sem semja ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga. Undir III. kafla bókhaldslaga falla margvísleg félög, sjóðir og stofnanir sem stofnsett eru og starfrækt um ýmis áhuga- og hagsmunamál félagsmanna. Mörg þessara félaga, sjóða og stofnana hafa með höndum fjármuni og velta milljónum króna árlega. Þau þurfa að gera félagsmönnum sínum og öðrum grein fyrir öflun og ráðstöfun þeirra. Telja verður eðlilegt að hagsmunir félagsmanna í slíkum félagsskap séu tryggðir með bókhaldsskyldu og samningu ársreiknings. Þessum félögum er í sjálfsvald sett að kjósa sér endurskoðanda samkvæmt samþykktum sínum eða að kröfu a.m.k. 20% félagsmanna á fundi félagsins. Yfirleitt er í samþykktum þessara félaga, sjóða og stofnana ákvæði um að kjósa skuli endurskoðanda eða skoðunarmann ársreikninga sem er þá aðkeypt þjónusta bókhaldsfróðra manna eða að kosnir eru skoðunarmenn úr hópi félagsmanna, þ.e. félagskjörnir skoðunarmenn. Félagskjörinn skoðunarmaður er í reynd trúnaðarmaður félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Ekki er gerð krafa til sérstakrar bókhaldskunnáttu hjá þeim og er hægt að fela þeim hvert það hlutverk sem félagsaðilar og samþykktir segja þeim bæði varðandi yfirferð reikningsuppgjörsins og önnur sértæk atriði er varða rekstur félagsins. Engin breyting er lögð til á þessu.

Orðið skoðunarmaður kemur víða fyrir í lögum og reglugerðum en hefur ekki alltaf sömu merkingu. Í átta lögum er það notað í tengslum við matsmenn verðmæta en í 13 lögum í tengslum við reikningsskil og ársreikninga. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, eru tveir skoðunarmenn kosnir af sveitarstjórn „sem skulu yfirfara ársreikning sveitarfélagsins“ auk þess að athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Jafnframt er sveitarfélaginu skylt að ráða „löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu“. Í lögum um sértryggð hlutabréf, nr. 11/2008, er hugtakið

„sjálfstæður skoðunarmaður“ notað um þann sem hefur eftirlit með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum og staðfestir Fjármálaeftirlitið skipan hans.

Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 35. gr. laganna að gerð verði sú krafa til þeirra sem taka að sér að semja ársreikning að þeir staðfesti þá vinnu sem þeir inna af hendi með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og teljist sú undirskrift hluti reikningsins. Er það ekki síst með tilliti til hagsmuna félagsmanna að tryggja, með fulltingi laga, að þeir sem veljast til slíkra starfa fyrir félagið hafi til að bera lágmarkskunnáttu í reikningsskilum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfsins. Þó skal tekið fram að vinna þeirra telst ekki vera endurskoðun þar sem hún er skilgreind í lögum um endurskoðendur sem „óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda …“.

Vaxandi tilhneiging félaga til að hafa texta ársreiknings á ensku kemur einkum af því að um erlenda eignaraðild og/eða stjórnaraðild er að ræða. Því skapast aukakostnaður hjá þeim sem þurfa að láta þýða texta ársreiknings á íslensku aðeins vegna þess að hann ber að birta opinberlega með framlagningu hjá ársreikningaskrá.

Því eru lagðar til breytingar á ákvæðinu um texta bókhaldsbóka og ársreikninga Þegar heimilað var á árinu 2002 að félög gætu fært bókhald og samið ársreikninga í erlendum gjaldmiðli var jafnframt þeim félögum einum heimilað að víkja frá því að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á íslensku. Texti mátti vera á dönsku eða ensku, auk þess sem þau máttu hafa bókhaldsgögn sín erlendis vegna færslu bókhaldsins í allt að sex mánuði. Þó var skylt að flytja gögnin heim fyrr ef eftirlitsaðilar krefðust aðgangs að þeim. Reynslan sýnir að fjöldi félaga hefur ársreikninga sína á ensku þrátt fyrir að vera með reikningsskilin í íslenskum krónum og er ekkert samband á milli þess að færa bókhaldið í erlendum eða innlendum gjaldmiðli og texta bókhaldsins eða varðandi færslu bókhalds hérlendis eða erlendis. Er því lagt til í þessu frumvarpi að það verði gert að almennri heimild að texti bókhaldsbóka og ársreikninga og staðsetning bókhaldsgagna geti verið erlendis í allt að sex mánuði en ekki bundin færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli. Benda má á að rafrænt bókhald er að verða algengara og er þá alltaf óheftur aðgangur að bókhaldsgögnum án tillits til hvar í heiminum bókhald er vistað. Þó er gert að skilyrði að eðlilegar forsendur séu fyrir þessum frávikum, t.d. að um erlenda eignaraðild sé að ræða eða stjórnaraðild erlendra manna þegar textinn er ekki á íslensku.

Þá eru lagðar til breytingar á 43. gr. laganna varðandi námskeið fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra hlutist aðeins til um að próf verði haldin reglulega en námskeiðin verði á vegum skóla sem vilja bjóða upp á slíkt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að heimilað verði að hafa texta bókhaldsbóka á dönsku eða ensku þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, einkum ef um erlenda eignar- eða stjórnaraðild er að ræða.

Í b-lið er leiðrétt tilvísun til laga um ársreikninga sem breyttist vegna endurútgáfu laganna.

Í c-lið er lagt til að fella brott 2. málsl. 2. mgr. þar sem lagt er til að heimild til að skrá bókhald á ensku og dönsku verði almenn, sbr. a-lið

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt er til að öll félög fái heimild til að varðveita bókhaldsgögn vegna færslu bókhalds þeirra erlendis í allt að sex mánuði án tillits til þess hvort bókhaldið sé fært í íslenskum gjaldmiðli eða erlendum.

Í b- og c-lið er um samræmingu á orðanotkun að ræða. Hugtakið „rafrænn“ hefur rutt brott orðum á borð við „tölubúnaður“ og „tölvutækur“.

Um 3. gr.

Lagt er til að heimilt verði að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, einkum ef um erlenda eignar- eða stjórnaraðild er að ræða,

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 32. gr. laganna þannig að í 1. mgr. verði fjallað um endurskoðun reikningsskila hjá þeim aðilum sem ekki falla undir ákvæði laga um ársreikninga. Lagt er til að gildandi ákvæði um að félagsmenn sem fara með tuttugu prósent atkvæða í þeim félögum, sjóðum og stofnunum sem falla undir 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna geti krafist þess á fundi að kosinn verði endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki verði nú látið ná til allra félaga sem falla undir 1. gr. Þá er ákvæði um skoðunarmann fellt úr greininni, sbr. athugasemdir um 7. gr. frumvarpsins. Enn fremur er 4. mgr. núverandi greinar orðin 2. málsl. 1. mgr. samkvæmt frumvarpinu.

Þar sem 2. mgr. greinarinnar, um skoðunarmenn, er felld brott samkvæmt frumvarpinu verður núgildandi 3. mgr. 32. gr. laganna að 2. mgr. greinarinnar.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðin „og skoðunarmenn“ í 33. gr. laganna verði felld brott.

Um 6. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður efnisákvæði 1. mgr. 34. gr. um félagskjörna skoðunarmenn að 2. mgr. 35. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins. Núverandi 2. mgr. 34. gr. verður 1. mgr. og ákvæði núverandi 35. gr. verður 3. mgr. 34. gr.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um þá aðila sem taka að sér að semja ársreikninga fyrir félög, aðra en endurskoðendur. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er hér um að ræða menn sem hafa þá bókhalds- og reikningsskilakunnáttu sem nauðsynleg er til að geta fært bókhald og samið ársreikninga hjá aðilum sem ekki er skyldir til að ráða endurskoðendur svo að félög sem ekki eru skyld til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við lög eða samþykktir sem félögin setja sér, geti snúið sér til aðila sem hafa þessa þekkingu. Er fyrst og fremst litið til þeirra sem hafa atvinnu af slíkri þjónustu við fyrirtæki. Einnig getur þessi vinna verið unnin innan félaganna og fyrirtækjanna sjálfra, jafnvel af stjórnarmanni eða eiganda. Þegar svo er er ætlast til þess að viðkomandi staðfesti þá vinnu sem hann hefur innt af hendi og skili því til hins almenna félagsmanns með framlagningu ársreiknings á félagsfundi, eða birtingu hans hjá ársreikningaskrá ef um skilaskylt félag er að ræða. Ábyrgð reikningsskila hvílir alltaf á stjórn félags og breytir þetta ákvæði í engu ábyrgð hennar, þótt endurskoðandi áriti ársreikning eða annar aðili staðfesti með undirritun vinnu sína.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði sem nú er að finna í 1. mgr. 34. gr. laganna um hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna. Þeir eru fulltrúar félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins og eiga að gæta hagsmuna þeirra. Ekki er gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu en þessir skoðunarmenn þurfa að fullvissa sig um að eignir þær og skuldir sem eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi og farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar varðandi tekjuöflun og kostnað. Einnig má fela þessum skoðunarmönnum hvert það hlutverk sem félagsaðilar og samþykktir segja þeim varðandi önnur sértæk atriði er varða rekstur félagsins.

Í 3. mgr. eru samsvarandi ákvæði um þagnarskyldu aðila og skv. 1. og 2. mgr.

Um 8. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Annars vegar að heimilt verði að fara í próf án þess að hafa sótt námskeið hafi menn unnið við bókhald í mörg ár og hins vegar að heimila fleiri skólum að bjóða upp á námskeið sem gefi möguleika á að taka próf til viðurkenningar sem prófnefnd á vegum ráðherra hlutast til um að sé haldið reglulega.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 2010 en fyrir félög sem hafa annað reikningsár en almanaksárið taki lögin gildi við upphaf næsta reikningsárs eftir 1. janúar 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaganna til að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna er snúa að prófagjöldum fyrir þá einstaklinga sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar að því leyti að ekki verði lengur innheimt bæði námskeiða- og prófagjöld heldur verði eingöngu innheimt prófagjöld vegna þess kostnaðar sem hlýst af framkvæmd prófsins. Breyting þessi gerir annars vegar ráð fyrir því að viðkomandi einstaklingi verði heimilt að fara í próf án þess að sækja námskeið, hafi sá hinn sami unnið við bókhald í mörg ár, og hins vegar verði fleiri skólum heimilt að bjóða upp á námskeið sem gefi möguleika á að taka próf til viðurkenningar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

244. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um aðgang fjárlaganefndar að upplýsingakerfum ríkisins.

Frá fjárlaganefnd.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að sjá til þess að fjárlaganefnd verði veittur beinn skoðunaraðgangur að þeim bókhalds- og upplýsingakerfum ríkisins sem vistuð eru hjá Fjársýslu ríkisins.

Greinargerð.

Í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, segir:

„Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins, er fást við efnahagsmál, skylt að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála.“

Á undanförnum árum hafa bókhalds- og upplýsingakerfi ríkisins verið endurnýjuð til að mæta aukinni þörf fyrir upplýsingar sem eru m.a. nauðsynlegar til að unnt sé að taka upplýstar ákvarðanir. Alþingi hefur hingað til einungis haft óbeinan aðgang að þessum upplýsingum í gegnum ráðuneyti og stofnanir en það fyrirkomulag hefur ekki reynst nægjanlega vel. Nauðsynlegt er að fjárlaganefnd hafi skoðunaraðgang að þeim kerfum sem geyma upplýsingarnar til að alþingismenn geti undirbúið sig og sett sig betur inn í fjárhagsleg málefni ríkisins við vinnslu þeirra. Með þeim hætti er unnt að auka gæði fjárlagavinnunnar. Ljóst er að það samræmist ekki nútímavinnubrögðum að Alþingi þurfi að bíða og sé háð því að framkvæmdarvaldið veiti þær upplýsingar sem unnt er að sækja beint í upplýsingakerfin. Þær upplýsingar sem Alþingi mun nálgast úr upplýsingakerfinu yrðu nýttar til fjárhagslegra greininga og til að afla nánari upplýsinga og skýringa hjá þeim sem bera ábyrgð á notkun fjárveitinganna. Með þessum hætti yrði aðkoma þingsins að fjárhagsmálefnum ríkisins styrkt verulega. Gert er ráð fyrir að starfsmenn hafi aðgang í þágu nefndarinnar.

245. Fyrirspurn [221. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vopnaleit á flugvöllum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvaða einstaklingar, innlendir og erlendir, eru undanþegnir vopnaleit á flugvöllunum í Keflavík, Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum?
2. Hvaða rök eru fyrir þeim undanþágum í hverju tilviki fyrir sig?
3. Hver eru viðbrögð vopnaleitarmanna ef einstaklingur, sem ekki hefur undanþágu frá vopnaleit, neitar að gangast undir vopnaleit?

246. Fyrirspurn [222. mál]

til forsætisráðherra um sérverkefni fyrir forsetaembættið á núverandi kjörtímabili.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Við hvaða ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklinga hefur forsetaembættið samið um að sinna sérverkefnum fyrir sig frá síðasta endurkjöri forseta Íslands 28. júní 2008?
2. Hver voru tilefnin og hversu háar hafa greiðslur verið til hvers og eins?
3. Ef verkefnin standa enn, hvað má þá ætla að heildarkostnaður við þau verði?
4. Voru verkefnin boðin út?
5. Hefur sami aðili í einhverjum tilvikum sinnt tveimur eða fleiri sérverkefnum fyrir embættið?
6. Hefur einhver þessara aðila, eða annað ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklingur, unnið að verkefnum sem forseti Íslands eða forsetaembættið hefur tengst, en fengið greiðslur fyrir frá öðrum? Ef svo er:
   a. hvaða einstaklinga eða ráðgjafarfyrirtæki er um að ræða,
   b. hver voru tilefnin,
   c. hver var greiðandi verkefnanna,
   d. á hvaða tíma voru verkin unnin?
7. Hvaða verklagsreglur eru í gildi hjá forsetaembættinu um samskipti og aðstoð við fyrirtæki og athafnamenn?

Skriflegt svar óskast.

247. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra, Áslaugu Árnadóttur, formann stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis, Helga Áss Grétarsson, sérfræðing hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, Indriða H. Þorlákssson, aðstoðarmann fjármálaráðherra, Pál Þórhallsson, deildarstjóra í forsætisráðuneyti, Benedikt Bogason héraðsdómara, Eirík Tómasson, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, Björgu Thorarensen, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, Ragnhildi Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, Sigrúnu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og

fjárfesta, Jón Guðna Ómarsson, stjórnarmann hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Eirík Elís Þorláksson lögfræðing, Herdísi Hallmarsdóttur frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Lárentsínus Kristjánsson, formann skilanefndar Landsbanka Íslands hf., Einar Jónsson frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Halldór Backman frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf., Kristin Bjarnason frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Ásgeir Daníelsson, hagfræðing Seðlabanka Íslands, Daníel Svavarsson, hagfræðing Seðlabanka Íslands, Ragnhildi Helgadóttur, prófessor í lagadeild Háskólans í Reykjavík, Stefán Má Stefánsson, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, og Eirík Svavarsson, Agnar Helgason og Sigurð Hannesson, fulltrúa Indefence-hópsins. Þá tók Nigel Ward lögfræðingur þátt í símafundi.

Að lokinni 1. umræðu á Alþingi var frumvarpinu vísað til fjárlaganefndar sem hafði með höndum forræði málsins. Fjárlaganefnd fól efnahags- og skattanefnd að meta tiltekna þætti málsins. Álit nefndarinnar eru birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

I. Markmið.

Markmið frumvarpsins er að veita fjármálaráðherra heimild, fyrir hönd ríkissjóðs, til að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna skuldbindinga sjóðsins sem stafa af lánum hans frá breska og hollenska ríkinu samkvæmt samningum, dagsettum 5. júní 2009, og viðaukasamningum 19. október 2009. Lánin eru til að standa straum af lágmarksgreiðslum, sbr. 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Ríkisábyrgðin, sem gengur í gildi 5. júní 2016, verður nú betur í samræmi við efni lánasamninganna.

II. Viðaukasamningarnir og endurskoðunarákvæði.

Þar sem bresk og hollensk stjórnvöld voru ekki reiðubúin að fallast á fyrirvara Alþingis að öllu leyti ákvað ríkisstjórnin að undangengnum viðræðum að gera þrjá viðaukasamninga og samrýma að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrirvara sem koma fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009 og leggja þá fyrir Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu. Til að þeir taki gildi er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 96/2009. Samningurinn milli íslenska tryggingarsjóðsins og tryggingarsjóðs breskra innstæðueigenda breytir samhliða uppgjörssamningi þessara aðila frá 5. júní sl.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er endurskoðunarákvæði samninganna styrkt þar sem meta skal stöðu þjóðarbúsins í síðasta lagi 5. júní 2015 og þá einkum með tilliti til skuldastöðu og skuldaþols. Þar skal sérstaklega líta til gjaldeyrismála, gengisþróunar og viðskiptajafnaðar, hagvaxtar og breytinga á landsframleiðslu, svo og þróunar fólksfjölda og atvinnuþátttöku. Að undangengnu þessu mati ákveður Alþingi hvort óska skuli endurskoðunar á samningunum.

III. Breytingar frá lögum nr. 96/2009.

Samkvæmt 1.–4. gr. laga nr. 96/2009 samþykkti Alþingi að heimila fjármálaráðherra að veita ríkisábyrgð, en með ýmsum fyrirvörum og efnahagslegum og lagalegum viðmiðum. Forsenda ríkisábyrgðarinnar var sú samkvæmt lögunum að kynna varð breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrirvarana og þau urðu að fallast á þá, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Fljótlega kom í ljós að hollensk og bresk stjórnvöld voru ekki reiðubúin til að fallast á alla fyrirvara Alþingis óbreytta. Að loknum viðræðum aðila lánasamninganna varð niðurstaðan

sú að gera viðaukasamninga og með þeim hætti samrýma að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrirvara sem koma fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Það er álit meiri hluta fjárlaganefndar að meginefni fyrirvaranna hafi náð fram að ganga og rétt sé að ljúka málinu með þessum hætti. Fallist var á kröfu viðsemjenda íslenska ríkisins um að ríkisábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins væri óskilyrt.

Af framangreindu leiðir að skuldbindingin og þær reglur sem gilda í lögskiptum aðila eru nú skýrari en áður. Viðaukasamningarnir þrír eru fjármálaskjöl og hafa því sama gildi og lánasamningarnir sjálfir. Réttarstaða íslenska ríkisins ræðst því ekki eingöngu af lánasamningunum heldur einnig af þeim skjölum sem skilgreind hafa verið sem fjármálaskjöl.

IV. Brussel-viðmið og alþjóðleg ábyrgð.

Í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 96/2009 segir „að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið sem samþykkt voru 14. nóvember 2008 á milli Íslands, Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkja, þannig að tekið verði tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Í þessu felst m.a. að samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra.“

Þessi viðmið hafa verið nefnd Brussel-viðmið og í þeim felst að: (1) aðilar viðurkenndu þá lagalegu stöðu að tilskipun um innstæðutryggingar gilti á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins; (2) þessi viðurkenning mundi greiða fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og í samningum við Ísland skyldi taka tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland væri í og nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gerðu Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt; (3) stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins tækju áframhaldandi þátt í samningsferlinu sem færi fram í samráði við þær.

Gagnrýnt var að Brussel-viðmiðin hafi ekki verið höfð nægilega til hliðsjónar við samningsgerðina. Á þessu var tekið af hálfu samningsaðila í viðaukasamningunum. Samkvæmt þeim getur íslenska ríkið takmarkað endurgreiðslur afborgana frá og með 5. júní 2016 ef hagvaxtaraukning í landinu, talið í pundum eða evrum, verður minni en gert er ráð fyrir. Íslenska ríkið getur einnig framlengt lánasamningana einhliða og þannig dregið úr heildargreiðslubyrði hvers árs. Þetta var talið tryggja möguleika íslenska ríkisins, ásamt sjö ára afborgunarleysistímabili, til að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

V. Lagaleg álitaefni.

Í 2. gr. frumvarpsins segir: „Ekkert í lögum þessum felur í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.“ Með þessum hætti er lögð rík áhersla á að lagaleg skylda til að greiða innstæðutryggingarnar hafi ekki verið viðurkennd og ítrekað að ekki hefur náðst samkomulag um að koma ágreiningsefninu fyrir hlutlausan dómstól.

Réttaráhrif 2. gr. eru m.a. þau að fjármálaráðherra skal efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna og eftir atvikum Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins um hvaða áhrif ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurður Evrópu-

dómstólsins hafa. Þessir aðilar eru tilgreindir þar sem þeir komu að gerð Brussel-viðmiðanna haustið 2008.

VI. Gengisáhætta.

Myntsamsetning eigna Landsbanka Íslands hf. er með þeim hætti að verulegur hluti eigna er í breskum pundum, evrum og bandaríkjadölum en einungis lítill hluti í íslenskum krónum. Kröfur á hendur bankanum í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur eftir skráðu sölugengi Seðlabanka Íslands 22. apríl 2009 í samræmi við 3. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 44/2009. Sú fjárhæð breytist ekki frá þeim degi undir meðferð búsins og er því grundvöllur úthlutunar úr því til viðkomandi kröfuhafa, óháð því hvenær slík úthlutun fer fram. Slitastjórn bankans hefur ekki lagt fram kröfuskrá skv. 119. gr. gjaldþrotalaga og endanleg afstaða liggur ekki fyrir, sbr. ákvæði 120. gr. sömu laga. Gjaldeyrisáhætta bankans er fólgin í því að eignir hans eru að langmestu leyti í erlendri mynt en kröfur á hendur bankanum hafa verið umreiknaðar í íslenskar krónur.

Ef gengi íslensku krónunnar veikist gagnvart erlendri mynt mun eignahliðin hækka í íslenskum krónum en skuldahliðin standa óbreytt og heimtur aukast í krónum mælt. Frá sjónarhóli kröfuhafa sem á kröfu í erlendri mynt þýðir þetta að heimtur hans verða lægri fjárhæð reiknað yfir í þá mynt sem kröfunni var lýst í. Hið gagnstæða mun gerast ef krónan styrkist á móti erlendri mynt.

VII. Yfirlýsing fjármálaráðherra landanna þriggja.

Þrátt fyrir að sameiginleg yfirlýsing fjármálaráðherra Íslands, Hollands og Bretlands hafi ekki lagalegt gildi hefur hún á hinn bóginn mikið pólitískt vægi og sýnir afstöðu aðila til ýmissa álitaefna á þeim tíma sem ritað var undir viðaukasamningana og frumvarp lagt fram á Alþingi um breytingu á lögum nr. 96/2009. Mikilvægustu efnisatriði yfirlýsingarinnar eru eftirfarandi:

- Um leið og íslenska ríkið gengst undir ábyrgð vegna skuldbindinga tryggingarsjóðsins gagnvart breska og hollenska ríkinu er tekið fram að það viðurkenni ekki að því hafi borið lagaskylda til að veita þá ábyrgð.
- Aðilar eru tilbúnir til að ræða málefni lánasamninganna á næstu árum ef aðstæður krefjast þess og vinna saman að því að útvega aðstoð við að endurheimta sem mest af eignum Landsbankans.

Lagalega og pólitískt skiptir hér mestu máli að viðsemjendur íslenska ríkisins viðurkenna berum orðum að íslenska ríkið gangist undir ábyrgðina að öllu leyti án þess að hafa viðurkennt að því hafi borið skylda til þess. Fram kemur vilji til að ræða málefni lánasamninganna, þ.e. heitið er samstarfi í anda góðrar trúar um að leiða öll álitaefni þeim tengd farsællega til lykta. Fram kemur stuðningur aðila við endurreisn Íslands í samræmi við efnahagsáætlun landsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

VIII. Umfjöllun um úthlutun eigna úr búi Landsbankans.

Með samningunum frá 5. júní 2009 var í sérstökum uppgjörssamningi milli Tryggingarsjóðs breskra innstæðueigenda og íslenska tryggingarsjóðsins tekið fram að ef einn aðili fengi meira úthlutað til sín en næmi hlutfallslegum rétti hans til innstæðunnar í heild samkvæmt ákvörðun slitastjórnar, af hvaða ástæðum sem það væri, þá skyldu aðilar eigi að síður skipta fjármunum hlutfallslega jafnt. Mælt var fyrir um svipaða skipan í hollenska lánasamningnum. Þetta fyrirkomulag átti að halda í lögskiptum aðila, sama hvernig úthlutað væri

og óháð niðurstöðu dómstóla um þetta atriði. Ástæðu þessarar skipunar má m.a. rekja til þess að fyrir undirritun lánasamninganna í júní höfðu viðsemjendur tryggingarsjóðsins íslenska og íslenska ríkisins umráð krafna hvers innstæðueiganda og höfðu í hendi sér hvernig framsali þeirra yrði háttað. Fyrir undirritun samninganna var það einnig sameiginlegur skilningur aðila að tryggingarsjóðirnir nytu jafnræðis við útgreiðslu krafna úr búi Landsbankans. Í almennum athugasemdum við fyrirliggjandi lagafrumvarp er greint nánar hvernig tekið er á fyrirvara um röðun forgangskrafna. Til að hann verði virkur og breyti réttarstöðu aðila, hugsanlega íslenska ríkinu og tryggingarsjóðnum til hagsbóta, þarf eftirfarandi að gerast: Íslenskir dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að íslenski tryggingarsjóðurinn njóti við úthlutun eigna úr búi Landsbankans sérstaks hagræðis við að hafa með höndum þann hluta kröfu hverrar innstæðu sem nemur allt að fyrstu 20.887 evrunum og sú niðurstaða er ekki í ósamræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Talið er líklegt að íslenskir dómstólar vísi þessum ágreiningi til EFTA-dómstólsins, sbr. kafla 3.6 í athugasemdum við frumvarpið. Þetta mat byggist m.a. á álitsgerðum innlendra og erlendra sérfræðinga um að EES-réttur skipti máli við úrlausn þessa atriðis. Taki EFTA-dómstóllinn ekki efnislega á málinu, t.d. vísi því frá, mundi hagfelld niðurstaða íslenskra dómstóla breyta samningunum. Taki dómstóllinn efnislega afstöðu og álitið er íslenska tryggingarsjóðnum óhagfellt, en niðurstaða íslenskra dómstóla hagfelld, breytast ákvæði lánasamninganna ekki varðandi þetta atriði. Það sama gerist ef þessu yrði öfugt farið.

Rétt er að hafa í huga að valdið til að taka efnislega ákvörðun um þetta atriði fyrir dómi er hjá íslenskum dómstólum og geta þeir lögum samkvæmt komist að annarri niðurstöðu en ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Þó má benda á að niðurstaða íslenskra dómstóla er að jafnaði í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Því má segja að komist EFTA-dómstóllinn að efnislegri niðurstöðu muni sú niðurstaða líklegast ráða því hvort breytingar verði á samningunum. Það haggar því ekki að bæði EFTA-dómstóllinn og íslenskir dómstólar hafa óbreytta stöðu að lögum, þ.e. þeir eru sjálfstæðir í störfum sínum. Ákvæði viðaukasamninganna tiltaka eingöngu að þessir dómstólar þurfa með ráðgefandi áliti annars vegar og dómi hins vegar að taka tiltekna afstöðu til ágreiningsefnisins svo að samningsákvæðin um skiptingu eigna Landsbankans breytist.

IX. Efnahagslegir fyrirvarar og skuldastaða.

Í tveimur tilfellum víkja samningarnir sem nú liggja fyrir frá ákvæðum um greiðsluhámark sem Alþingi samþykkti í ágúst sl. Í fyrsta lagi er kveðið á um að alltaf skuli greiða áfallna vexti. Í öðru lagi gerir samningurinn ráð fyrir að haldið verði áfram að greiða af lánunum miðað við regluna um greiðsluhámark þar til lánin eru að fullu greidd. Að beiðni fjárlaganefndar Alþingis lagði Seðlabanki Íslands fram minnisblað, dagsett 14. nóvember sl., þar sem m.a. er lagt mat á greiðsluferilinn miðað við 50%, 75% og 90% endurheimtur úr búi Landsbanka Íslands hf. Þar kemur í ljós að aðeins við 50% eða minni endurheimtur og forsendur í síðustu þjóðhagspá bankans um hægari styrkingu krónunnar og minni aukningu hagvaxtar hafa viðbótarákvæðin áhrif á greiðsluferilinn. Sömuleiðis mætti búast við, miðað við sömu forsendur, að lánin yrðu ekki greidd upp að fullu fyrr en árið 2026 í stað 2024. Verði endurheimtur 75% eða meiri, eins og spáð hefur verið, hefur ákvæði um að greiða að lágmarki vexti engin áhrif á efnahagslegu fyrirvarana í samningunum og munu vaxtagreiðslurnar ávallt rúmast innan þeirra.

Eins og áður hefur komið fram tók efnahags- og skattanefnd Alþingis efnahagslegan þátt samninganna fyrir, sbr. fylgiskjöl með áliti þessu. Það er mat meiri hluta fjárlaganefndar að

fengnu áliti Seðlabankans og efnahags- og skattanefndar að ekki sé hætta á greiðsluþroti þjóðarbúsins en greiðslugeta þess ráðist af viðskiptajöfnuði og endurfjármögnun erlendra skulda.

X. Um 6. og 7. gr., eftirlit og fleira.

Sá misskilningur hefur komið fram að ákvæði 6. og 7. gr. gildandi laga um eftirlit Alþingis og skilmála ríkisábyrgðar gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta falli brott í nýju frumvarpi. Svo er ekki. Öll ákvæðin sem varða Ísland sérstaklega og tengjast ekki beint samningunum verða áfram í gildi þrátt fyrir breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Niðurstaða.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 16. nóv. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Oddný G. Harðardóttir.
Þuríður Backman.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Ólafur Þór Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ásgeir Daníelsson og Daníel Svavarsson frá Seðlabanka Íslands, Kristin Bjarnason, Halldór Helga Backman og Herdísi Hallmarsdóttur frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. og Lárentsínus Kristjánsson og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf.

Efnahags- og skattanefnd barst 4. nóvember sl. beiðni formanns fjárlaganefndar um umsögn í framangreindu máli. Þar var þess farið á leit að nefndin tæki til skoðunar tilgreinda þætti málsins sem eru þeir sömu og nefndin var innt álits á við afgreiðslu laga nr. 96/2009 en þó að teknu tilliti til breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi.

Við umrædda lagasetningu taldi meiri hluti efnahags- og skattanefndar að íslenska ríkið ætti fárra annarra kosta völ en að takast Icesave-ábyrgð á hendur þar sem lausn deilunnar væri forsenda fyrir efnahagslegri endurreisn. Meiri hlutinn lagði jafnframt til að fjárlaga-

nefnd tæki til skoðunar hvort ástæða væri til að gera fyrirvara um þjóðhagsþróun, þ.e. ef þróunin yrði á þann veg að ríkinu yrði ekki fært að standa undir ábyrgðinni. Þeir efnahagslegu fyrirvarar sem fjárlaganefnd lagði til koma fram í 3. gr. laganna og er þeim ætlað að tryggja að greiðslubyrðin verði ríkinu ekki ofviða.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að hinir erlendu viðsemjendur hafi að verulegu leyti fallist á fyrirvara Alþingis með gerð sérstaks viðauka við samningana og að leiðin sem valin hafi verið til að samræma lögin að þeirri endurskoðun hafi falið í sér að gera hefði þurft róttækar breytingar á uppbyggingu laganna. Er í frumvarpinu m.a. gert ráð fyrir að umrædd 3. gr. laganna verði felld brott. Efnahags- og skattanefnd beindi aðallega umfjöllun sinni að þeim þætti málsins.

Fyrsti minni hluti er enn þeirrar skoðunar að lausn Icesave-deilunnar sé forsenda fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs.

Álit Seðlabanka Íslands frá 9. nóvember 2009.

Frumvarpið felur í sér að hámark greiðslubyrði íslenska ríkisins sem gert var ráð fyrir í lögum nr. 96/2009 taki ekki til vaxtagreiðslna og að greiðslutími framlengist sjálfkrafa leiði hámarkið til þess að eftirstöðvar verði enn til staðar í lok lánstíma, 5. júní 2024. Nefndin ræddi hvaða áhrif það gæti haft á skuldaþol íslenska ríkisins og endurgreiðsluferlið að undanþiggja vaxtagreiðslur greiðsluhámarki og fékk í þessu skyni álit hagfræðisviðs og alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands sem dagsett er 9. nóvember 2009 (sjá fylgiskjal). Þar kemur fram, að gefnum mismunandi forsendum um endurheimtur af eignum gamla Landsbankans, þ.e. 50%, 75% eða 90%, að aðeins í því tilviki að endurheimtur verði með lægsta móti geti vaxtagreiðslur af lánunum orðið hærri en greiðsluhámarkið sem þá hefur í för með sér samsvarandi lengingu lánstíma sem bankinn áætlar tvö ár eða til ársins 2026.

Fulltrúar Seðlabankans tóku fram á fundi með nefndinni að áætlanir bankans byggðust á þróun í efnahags- og peningamálum sem gerð hefði verið grein fyrir í nýjasta nóvemberriti Peningamála. Breytingar sem fram kæmu í þeim áætlunum, miðað við þær sem bankinn byggði á í minnisblaði frá 15. júlí sl. í tengslum við afgreiðslu laga nr. 96/2009 frá 137. löggjafarþingi, væru innan skekkjumarka. Frávik frá fyrri spá fælust í því að bankinn reikni með að meðalhagvöxtur á greiðslutímabilinu verði 2,2% í stað 2,5% og að raungengi haldist 2,5% lægra en ráð var fyrir gert. Fulltrúar bankans bentu á að samdráttur í kjölfar fjármálahrunsins væri minni en búist hafi verið við.

Í áliti Seðlabankans er lagt mat á núvirði Icesave-skuldbindinganna miðað við tilteknar endurheimtur (tafla 1). Er áætlað að núvirði hreinna skuldbindinga sé 20% af VLF ársins 2009 miðað við 75% endurheimtur. Gefin er mynd af heildarskuldum hins opinbera bæði með og án Icesave-skuldanna (mynd 4) og kemur fram að skuldahlutfallið með Icesave fari nærri 140% af VLF á árinu 2010. Aðferðin sem notuð er almennt við mat á skuldabyrði vegna ríkisábyrgðar felst í því að áætla þann kostnað sem líkur eru á að falli á ríkissjóð vegna viðkomandi skuldar. Sýndur er samanburður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á skuldum hins opinbera við nokkur ríki (tafla 2) og á hann að gefa til kynna hve miklar viðbótarskuldir ríkin hafa tekið á sig í kjölfar fjármálakreppunnar. Sérstök athygli er vakin á því að íslenska ríkið standi vel að því er varðar framtíðarskipan lífeyrismála.

Gerð er grein fyrir erlendum eignum og skuldum íslenska þjóðarbúsins í umræddu áliti Seðlabankans (tafla 3). Þar kemur fram að eðlilegt sé við mat á framtíðarhorfum að líta framhjá skuldum og eignum gömlu bankanna. Sé það gert sé hrein staða þjóðarbúsins við útlönd áætluð –40% (í stað –400%), skuldir um 3.300 milljarðar kr. (í stað 14.300 milljarða kr.) og

eignir um 2.700 milljarðar kr. (í stað 8.400 milljarða kr.). Miðað við forsendur sem fram koma í minnisblaðinu frá 15. júlí hefur skuldatalan hækkað sem skýrist öðrum þræði af því að skuldir einkaaðila voru þar vantaldar. Ef skuld vegna Icesave er meðtalin, þ.e. 700 milljarðar kr., megi reikna með að erlendar skuldir standi í 4.000 milljörðum kr. Seðlabankinn telur að teknu tilliti til Icesave og lána sem íslenska ríkinu og Seðlabanka Íslands bjóðist, að skuldahlutfall þjóðarbúsins brúttó geti numið um 300% af VLF ársins 2009. Hrein staða nemi á bilinu –54 til –71% af VLF sem fulltrúar bankans benda á að sé betri staða en á árunum fyrir hrun.

Seðlabankinn birtir í áliti sínu spá um þróun tekna og gjalda hins opinbera og ríkissjóðs árin 2009–2012 og byggist hún á áætlun fjármálaráðuneytisins (myndir 5 og 6). Telur bankinn að með ábyrgri hagstjórn og afgangi af undirliggjandi viðskiptajöfnuði gefist færi á að greiða niður erlendar skuldir (tafla 4). Fulltrúar Seðlabankans tóku fram að þessi viðskiptajöfnuður mundi fyrst og fremst stafa af samdrætti í innflutningi. Spurðir um hagvaxtarforsendur töldu þeir þær ekki óvarlega áætlaðar og bentu á að ýmis tækifæri til gjaldeyrisöflunar gætu skapast eftir því sem hagkerfið jafnaði sig frá hruni. Um mitt ár 2010 væri því spáð að hagkerfið fari inn á braut hagvaxtar.

Fulltrúar Seðlabankans bentu að Ísland væri ekki á leið í greiðsluþrot þrátt fyrir að erlend skuldastaða væri áhyggjuefni. Í venjulegu árferði þurfi ríki jafnan að endurfjármagna stóran hluta skulda sinna. Dæmi eru þess að vanþróuð ríki með lágt skuldahlutfall hafi farið í greiðsluþrot vegna takmarkaðs aðgangs að lánsfé og í því ljósi skipti miklu máli að stjórnmálamenn beittu sér fyrir trúverðugri efnahagsstefnu. Finna má í áliti Seðlabankans yfirlit yfir áætlaða greiðslubyrði erlendra skulda ríkissjóðs og Seðlabankans (mynd 8) og endurgreiðsluferil erlendra langtímalána ríkissjóðs Íslands og Seðlabanka Íslands (tafla 5).

Gengisáhætta vegna Icesave.

Nefndin ræddi áhyggjur af því að fjárhæðir innlánskrafna sem íslenski tryggingarsjóðurinn leysir til sín á grundvelli Icesave-samninganna verði umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi 22. apríl sl., sbr. lög nr. 44/2009. Fulltrúar slitastjórnar og skilanefndar gamla bankans komu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir tilurð umræddra laga og stöðu eignasafnsins. Fram kom í máli gesta að meginreglan í gjaldþrotarétti sé sú að við skipti sé unnið í mynt heimalandsins. Hefði krafan ekki verið fest í íslenskum krónum í apríl hefði grundvallaratriðum í gjaldþrotarétti verið kollvarpað og um leið verið að víkja frá evrópskum reglum sem gilda um slit fjármálafyrirtækja. Efnahags- og skattanefnd hefur borist afrit af bréfi slitastjórna gömlu bankanna þriggja til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins (dagsettu 12. nóvember sl.) þar sem lagt er til að tekinn verði af allur vafi um heimild til úthlutunar í erlendri mynt.

Alþingi, 16. nóv. 2009.

Helgi Hjörvar,
Magnús Orri Schram,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Með áliti 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar var fylgiskjal: Minnisblað frá Seðlabankanum um Icesave-skuldbindingar og erlenda skuldastöðu, 9. nóvember 2009.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Á fundum efnahags- og skattanefndar voru rædd ýmis álitamál, svo sem geta þjóðarbúsins og hins opinbera til að greiða af skuldum næstu 15 árin. Fram kemur í minnisblaði Seðlabanka Íslands sem rætt var á fundi nefndarinnar að mikil skuldabyrði hins opinbera hér á landi á næstu árum sé áhyggjuefni (bls. 3). Gert er ráð fyrir að hlutfall skulda hins opinbera af vergri landsframleiðslu (VLF) verði 125% á árinu 2009. Þetta hlutfall má ekki vera hærra en 60% vilji Íslendingar uppfylla Maastricht-skilyrðin og gerast aðilar að evrópska myntsamstarfinu. Aðeins eitt þróað hagkerfið er með hærra skuldahlutfall hins opinbera en það er Japan. Lítill hagvöxtur í Japan undanfarna tvo áratugi hefur að hluta verið rakinn til mikillar skuldsetningar hins opinbera. Það eru því líkur á því að mikil skuldsetning hins opinbera hér á landi muni draga úr hagvexti á næstu árum. Vaxi hagkerfið ekki hraðar en sem nemur vexti skuldanna er skuldsetning þjóðarbúsins ekki lengur sjálfbær. Ósjálfbærni skulda mun óhjákvæmilega leiða til greiðslufalls, en þá þurfa íslensk stjórnvöld að biðja kröfuhafa um hagstæðari endurfjármögnun á skuldum hins opinbera, þ.e. með lægri vöxtum og lengingu lánstímans. Í þessu felst mikil áhætta því að erfitt er geta sér til um viðbrögð kröfuhafa við slíkri beiðni.

Mikil óvissa ríkir varðandi endurheimtur á eignasafni Landsbanka Íslands og því er vandkvæðum bundið að áætla hver raunveruleg skuldbinding vegna Icesave verður. Ef miðað er við 90% endurheimtur, þá verður núvirt hrein skuldbinding vegna Icesave um 14% af VLF á þessu ári en hlutfallið fer í 30% ef gert er ráð fyrir 50% endurheimtum.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um skuldaþol íslenska þjóðarbúsins er hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af VLF áætlað 310% fyrir árið 2009. Við útreikning á hlutfallinu gjaldfærir sjóðurinn heildarupphæð Icesave-lánasamninganna og nemur upphæðin um 49% af VLF eða um 721 milljarði kr. sem kemur til viðbótar annarri skuldsetningu opinberra aðila og einkaaðila. Þess má geta að AGS notar alþjóðlega staðla við mat á skuldbindingum og miðar alltaf við heildarskuldsetningu þjóðarbús við erlenda aðila sem hlutfall af VLF. Í nóvember 2008 mat AGS að 240% skuldahlutfall væri „augljóslega óviðráðanlegt“ (clearly unsustainable). Ári síðar telur sjóðurinn að 310% hlutfall sé viðráðanlegt. Þessi mótsögn í mati sjóðsins er athyglisverð í ljósi þess að íslenska ríkið gæti ekki ábyrgst lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu ef skuldaþolsmörkin frá því í nóvember 2008 héldu og væru enn 240%. Það er ekki hægt að útskýra þessa stefnu-

breytingu AGS nema með þeim hætti að Bretar og Hollendingar hafi beitt pólitískum þrýstingi í stjórn AGS til að tryggja að íslenska ríkið taki á sig Icesave-skuldbindingarnar.

Skuldahlutfall sem er langt yfir eðlilegum þolmörkum þýðir rýrari lífskjör því að draga þarf úr neyslu innan lands, ella mun ekki takast að tryggja nægilegan afgang á vöruskiptajöfnuði. Rýrnandi lífskjör almennings munu auka hættuna á landflótta. AGS gerir ráð fyrir að afgangurinn á vöruskiptajöfnuði verði á bilinu 123–172 milljarðar kr. á ári fram til ársins 2014 en þess má geta að vöruskiptajöfnuðurinn fyrstu átta mánuði þessa árs nam ekki nema 44,7 milljörðum kr. Þjóðarbúið mun ekki standa undir skuldsetningu sem nemur í ár um 310% af VLF nema þessi afgangur gangi eftir og hægt verði að endurfjármagna erlendar skuldir.

Í júní sl. var samið um 5,55% vexti í Icesave-lánasamningunum sem eru mun hærri vextir en breska ríkið þarf að greiða af útgefnum ríkisskuldabréfum. Auk þess var upphæð forgangskrafna í Landsbanka Íslands fryst í krónum talið hinn 22. apríl 2009, þannig að vextir og gengishagnaður verða ekki lengur forgangskröfur. Þetta þýðir að krafa innlánstryggingarsjóðsins á hendur Landsbanka Íslands ber hvorki vexti, verðbætur né gengishagnað vegna hækkunar erlendra mynta í 5–7 ár. Hins vegar greiðir innlánstryggingarsjóður 5,55% vexti af lánum sem eru í evrum og pundum eða gengistryggð. Vaxtastigið er með öðrum orðum í litlu samræmi við annars vegar skuldsetningu íslenska þjóðarbúsins í kjölfar bankahruns og hins vegar kröfu innlánstryggingarsjóðsins á hendur Landsbanka Íslands.

Við sjáum ástæðu til að vekja athygli á mikilli skuldsetningu þjóðarbúsins og hins opinbera í ljósi þess að draga þarf verulega úr einkaneyslu og samneyslu á næstu árum til að þjóðin geti staðið undir greiðslubyrðinni.

Alþingi, 15. nóv. 2009.

Lilja Mósesdóttir,
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Efnahags- og skattanefnd hefur verið beðin um að fjalla um þá þætti málsins sem heyra undir hana, þ.m.t. getu þjóðarbúsins til að standa undir skuldbindingum og greiðslum tengdum Icesave með tilliti til tekna ríkisins, gjaldeyris- og útflutningstekna o.fl., svo sem mati á áhrifum sem samningurinn kemur til með að hafa á lánshæfismat, gengi og aðrar lykilefnahagsstærðir íslenska þjóðarbúsins sem og þær þjóðhagsforsendur sem fyrir liggja.

Á fundum efnahags- og skattanefndar voru ekki rædd ýmis álitamál varðandi greiðslugetu

þjóðarbúsins, efnahagslegar forsendur Icesave-samkomulagsins og óvissuþættir sem upp gætu komið. Formaður nefndarinnar hafnaði því einnig að skoðaðar væru nýjustu tölur sem sýna fram á að erlendar skuldir ríkissjóðs eru hugsanlega orðnar óviðráðanlegar.

Ljóst er að skuldsetning þjóðarbúsins erlendis er komin langt umfram það sem gerist hjá mjög skuldugum þjóðum heims og miklar líkur á að þjóðarbúið komist í greiðsluþrot haldi ekki þær forsendur sem stjórnvöld gefa sér varðandi endurheimtuhlutfall á eignum Landsbanka Íslands, hagvöxt á Íslandi, gengi krónunnar, mannfjölda og verðlag í Bretlandi og á evrusvæðinu.

Greiðslur af Icesave-lánunum eru í erlendum myntum (evrum og pundum) og þarf að afla þess gjaldeyris með afgangi af útflutningstekjum. Tölur Seðlabankans sýna hins vegar að halli á vöru- og þjónustujöfnuði hefur verið neikvæður 12 af síðustu 19 árum. Afgangur hefur mest verið 22 milljarðar kr. árið 1994 og fyrir þau sjö ár á tímabilinu 1990–2008 þegar ekki var halli á viðskiptunum var afgangurinn samanlagt um 76 milljarðar kr. Samanlagður halli á vöru- og þjónustujöfnuði frá árinu 2000 er 632 milljarðar kr. eða 70 milljarðar kr. að meðaltali á ári. Umsögn Seðlabankans frá í sumar gerir hins vegar ráð fyrir 163 milljarða kr. afgangi af viðskiptum við útlönd á hverju ári að meðaltali næstu 10 árin. Nýjustu spár Seðlabankans gera einnig ráð fyrir að útflutningstekjur verði um helmingur vergrar landsframleiðslu, hlutfall sem er algerlega óraunhæft og hefur þetta hlutfall hæst náð um 33% af VLF þegar best var.

Í ljósi þróunar á viðskiptum við útlönd undanfarna áratugi og þeirrar staðreyndar að Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og getur því ekki hindrað flæði vöru og þjónustu virðist spá Seðlabankans einfaldlega vera algerlega óraunhæf, svo óraunhæf að hún virðist jaðra við skáldskap.

Skoða þarf skuldastöðuna með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi. Málið er ekki hvort ríkið geti staðið undir skuldbindingum sínum – heldur hvort þjóðin geti það. Ríkið getur staðið í skilum með því einfaldlega að taka þessa upphæð af þjóðinni í formi hærri skatta eða/og skertrar velferðarþjónustu. Málið snýst um efnahag Íslands á meðan á greiðslum stendur en hugsanlegt er að farið verði svo djúpt í skattlagningu að upp úr því verður seint komist. Fólk og fyrirtæki eru hreyfanleg og mörg þeirra munu flýja land ef of langt verður gengið í skattheimtu og skerðingu lífskjara til að standa í skilum á erlendum lánum þjóðarbúsins. Afar lítið af auði landsins er bundið við landið nema e.t.v. landbúnaðurinn, stóriðjan og hluti af fiskveiðunum.

Hvað varðar mat á eignum Landsbankans þá hefur enginn fengið að sjá hverjar þessar eignir eru fyrir utan skilanefnd bankans. Gert er ráð fyrir að 75% eignanna í eignasafninu gangi upp í skuldina vegna Icesave-reikninganna. Við venjubundin gjaldþrot telst gott ef endurheimtur á eignum eru um 20% en endurheimtur um 30% telst mjög gott.

Í skýrslu finnska fjármálaeftirlitsins frá árinu 2003 kom fram að í finnsku bankakreppunni hefðu eignir finnsku bankanna verið ofmetnar og skuldirnar vanmetnar í a.m.k. ár eftir að bankarnir lentu í erfiðleikum við upphaf fjármálakreppunnar á tíunda áratug síðustu aldar. Miðað við þá reynslu má telja líklegt að eignir Landsbanka Íslands séu enn ofmetnar og skuldir vanmetnar en ekki hefur enn fengist uppgefið hversu stór hluti af eignum Landsbankans er veðsettur. Ofmat á eignum Landsbankans mun þýða að minna endurheimtist af þeim á næstu árum, þannig að höfuðstóll Icesave-lána verður hærri eftir sjö ár en nú er gert ráð fyrir. Þess má geta að íslenskir ráðamenn hafa haldið því á lofti að AGS hafi á sínum tíma lagt blessun sína á matið á eignum Landsbankans, það hefur hins vegar verið staðfest af hálfu fulltrúa AGS á Íslandi að það hefur aldrei verið gert.

Í ljósi þess að með samþykkt Icesave-samninganna verður skuldabyrði þjóðarbúsins á mörkum þess að vera viðráðanleg, og er jafnvel nú þegar orðin óviðráðanleg, og að lítið eða ekkert má út af bregða til að þjóðin lendi í greiðsluþroti, telur 3. minni hluti sig ekki geta mælt með að Alþingi samþykki nýja útgáfu af ríkisábyrgð á Icesave-samningunum. Það eru einfaldlega of miklar líkur á að þjóðin geti ekki staðið undir skuldum á næstu árum.

Þessu frumvarpi fylgir mikil óvissa um greiðslugetu ríkissjóðs sem og greiðslugetu þjóðarbúsins í heild og það er einfaldlega mjög varasamt að rýmka þá fyrirvara sem Alþingi samþykkti við ríkisábyrgðina nú í sumar.

Þriðji minni hluti leyfir sér að gagnrýna harðlega afgreiðslu stjórnarmeirihlutans og telur það lýsa fádæma þjónkun við framkvæmdarvaldið að þingnefnd skuli afgreiða svona veigamiklar breytingar á frumvarpi sem Alþingi sjálft er nýlega búið að samþykkja umyrðalaust og ber aðkoma efnahags- og skattanefndar að málinu einkenni sýndarmennsku í stað vandaðrar úttektar á þeim efnisatriðum málsins sem nefndin átti að fjalla um. Það er einfaldlega hneyksli að ekki skuli hafa verið skoðað að fá úttekt á framlögðum gögnum frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu og ábyrgðarlaust af hálfu stjórnarmeirihlutans að afgreiða málið með þessum hætti.

Alþingi, 15. nóv. 2009.

Þór Saari.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

1. Forsaga.

Stuttu eftir að ríkisbankarnir voru einkavæddir óx framboð á ódýru fjármagni á alþjóðamörkuðum mjög. Rekja má þetta aukna framboð til mikils sparnaðar í nýmarkaðsríkjunum, sérstaklega Kína, Rússlandi og Miðausturlöndum. Jafnframt urðu fjárfestar almennt áhættusæknari en áhættusækni helst oftast í hendur við mikið framboð á ódýru fjármagni. Í þessu umhverfi uxu íslensku bankarnir þrír með ógnarhraða, skiluðu miklum hagnaði og fengu fljótlega hæsta lánshæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum. Íslenska ríkið fékk á sama hátt hæstu einkunn enda nánast skuldlaust, skattar hóflegir og útlitið bjart. Þetta háa mat á ríki og bönkum gerði bönkunum kleift að taka að láni gríðarlega fjármuni í hlutfalli við landsframleiðslu Íslands eða um 40 millj. kr. á hvern íbúa. Á sama tíma olli peningastefna Seðlabanka Íslands miklu innstreymi erlends gjaldeyris, sem styrkti gengi krónunnar, hvatti til neyslu og olli þenslu, þetta voru svokölluð jöklabréf.

Með örfáum undantekningum virtust lánveitendur bankanna, stjórnendur þeirra, endurskoðendur, hagfræðingar, matsfyrirtæki, fjármálaeftirlit, löggjafinn, stjórnmálamenn og fjölmiðlar ekki hafa haft miklar áhyggjur af þessum mikla vexti fyrr en í byrjun árs 2006 þegar efasemdaraddir hófu að heyrast um hið íslenska „bankamódel“. Þetta mikla lánsfé var notað til útlána til skuldsettra yfirtaka og kaupa á fyrirtækjum um alla Evrópu og snertu íslenskt atvinnulíf lítið sem ekkert að því er virðist. Það á einnig við um fé sem lagt var inn á Icesave-reikninga Landsbankans og hefur sennilega aldrei runnið til fjárfestinga á Íslandi. Það ætti að vera rannsóknarinnar virði að kortleggja þessa fjármagnsstrauma sem og fjármagnsstrauma vegna fyrrgreindra jöklabréfa, sem virðast hafa runnið til innlendrar neyslu. Krosseignarhald á milli fyrirtækja, raðeignarhald og lánveitingar til stærstu eigenda og starfsmanna mögnuðu upp áhættu og ójafnvægi í fjármálakerfinu, gerði það óstöðugt og viðkvæmt fyrir áföllum.

Þegar vart varð við lausafjárskort í byrjun árs 2006 og sérstaklega eftir fall vogunarsjóða Bear Stearns sumarið 2007 varð snautt um fjármagn og bankarnir stóðu frammi fyrir lausafjárskorti. Landsbankinn og Kaupþing leystu að hluta vanda sinn með því að opna innlánsreikninga víða um Evrópu. Landsbankinn var stórtækari og hóf umfangsmikla móttöku innlána í Bretlandi og í Hollandi undir nafninu Icesave. Bætti sú ráðstöfun stöðu hans umfram Kaupþing og Glitni. Lánsmatsfyrirtækin verðlaunuðu þessa ráðstöfun Landsbankans með hærra lánshæfismati en hinir bankarnir tveir fengu og markaðurinn með lægra skuldatryggingarálagi (CDS-álagi). Í ágúst 2008 voru reikningar í Hollandi yfir 100 þúsund talsins eftir að aðeins þrír mánuðir höfðu liðið frá því hafið var að taka við innlánum og reikningarnir voru yfir 300 þúsund í Bretlandi eftir tæplega tveggja ára starfsemi þar.

Við fall bankans Lehman Brothers 15. september 2008 greip mikil óvissa um sig í fjármálakerfi heimsins og áhrifin komu víða fram. M.a. féllu lánalínur til íslensku bankanna meira og minna niður. Glitnir leitaði til Seðlabanka Íslands um neyðarlán sem neitaði en lagði þess í stað til yfirtöku á 75% hlutafjár. Þetta leiddi til keðjuverkunar sem á endanum varð til þess að ríkið þurfti að taka yfir bankann þrjá á grundvelli neyðarlaganna svokölluðu sem samþykkt voru af Alþingi 6. október, sjá lög nr. 125/2008. Tveimur dögum síðar var Landsbankinn yfirtekinn. Mikill vilji var til að standa vörð um Kaupþing sem m.a. endurspeglaðist í því að lán að upphæð 500 milljón evrur voru veitt til bankans gegn veði í hlutafé FIH bankans danska. Óvarleg ummæli breskra ráðherra og óskiljanleg beiting breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum ollu áhlaupi á alla íslensku bankana erlendis, kippti grunninum undan Kaupþingi og dótturfyrirtækjum og tilraunir til að bjarga félaginu urðu að engu.

Í kjölfar falls íslensku bankanna varð staða þeirra sem lagt höfðu fé inn á innlánsreikninga í útibúum Landsbankans í Hollandi og í Bretlandi óljós. Tryggingarsjóður innlána, sem starfaði á Íslandi sem sjálfseignarstofnun í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins, réð einungis yfir fé sem dugði fyrir um 3% af innlánum í þessum löndum. Samkvæmt reglum áttu innlánsstofnanir að greiða 0,15% af innlánum í lok hvers árs þar til 1% af innlánum yrði náð. Þannig réð kerfið við áfall sem næmi því að um einn banki af hverjum 100 lenti í vandræðum á sjö ára fresti. Innstæðutryggingakerfið réð hins vegar ekki við kerfishrun eins og varð á Íslandi enda ekki hannað til þess. Veik staða innlánstryggingarsjóðsins stafaði af þeim gífurlega vexti sem verið hafði á innlánum og eins því að 85% af fjármálakerfinu á Íslandi hrundi. Er óhætt að fullyrða að slíkt hrun í öðru landi EES hefði gert innlánstryggingakerfi viðkomandi lands óstarfhæft. Óttast var þessi veila í innlánstryggingakerfinu kæmi í ljós og að van-

trú sparifjáreigenda mundi breiðast út og valda áhlaupi á banka í Evrópu ef ekkert yrði að gert.

Þrátt fyrir að tilskipun Evrópusambandsins gerði ráð fyrir að innlánsstofnanir stæðu alfarið straum af kostnaði við innlánstryggingakerfið sáu bresk og hollensk yfirvöld sig knúin til að taka einhliða ákvörðun um að skattgreiðendur landanna greiddu það sem á vantaði að tryggingarsjóðurinn og eignir Landsbankans dygðu fyrir greiðslu innlánanna vegna ótta við áhlaup. Greiddu þau sum innlán að fullu en önnur að hluta eftir eðli innstæðueigenda. Gerðu bresk og hollensk yfirvöld svo kröfu um að íslensk stjórnvöld og skattgreiðendur stæðu straum af því sem vantaði á að innlánstryggingarsjóðurinn gæti tryggt það sem honum bar samkvæmt tilskipuninni, 20.778 evrur á hverjum reikningi. Greiddu stjórnvöld í löndunum trygginguna út til innstæðueigendanna og buðu að ríkissjóðir landanna mundu lána íslenska ríkinu fjárhæðina sem þau töldu að því bæri að greiða. Íslensk stjórnvöld féllust ekki á að þeim bæri að greiða þessar skuldbindingar en sögðust mundu standa við allar skuldbindingar Íslands. Að lokum voru þau neydd til að samþykkja að semja um þessar skuldbindingar og skyldi í þeim samningum tekið tillit til svokallaðra Brussel-viðmiða. Staðan á gjaldeyrismarkaði var þannig að ekki var unnt að flytja til landsins innstæður útflytjenda um alla Evrópu og innflytjendur þurftu að staðgreiða vörur áður en þær fóru úr höfn. Voru vandkvæði að afla gjaldeyris fyrir nauðsynlegum innflutningi eins og olíum og lyfjum. Öll lánafyrirgreiðsla var sömuleiðis lokuð. Var samþykkt þingsályktun á Alþingi um að ganga til samninga 5. desember 2008.

Brussel-viðmiðin frá 14. nóvember 2008 gengu út á að tekið skyldi tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gerðu Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins gæti upphæðin sem fellur á íslenska skattgreiðendur samkvæmt samningnum orðið allt að 516 milljarðar króna að núvirði (miðað við 5,55% ávöxtunarkröfu) miðað við að eignir Landsbankans nægi til að greiða 60% af innstæðum Landsbankans. Ljóst er að skuldbindingin mun hafa afdrifarík áhrif á fjármál hins opinbera í framtíðinni og lífskjör á Íslandi almennt ef fram heldur sem horfir.

Frásögnin hér að framan er í hnotskurn forsaga þess vandamáls sem Íslendingar standa nú frammi fyrir.

2. Frumvarpið.

Í 2. mgr. 1.gr. laga nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., segir: „Það er skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá.“ Þrátt fyrir þessi ótvíræðu lagafyrirmæli hafa íslensk stjórnvöld tekið upp viðræður við bresk og hollensk stjórnvöld um breytingar á fyrirvörum laganna án þess að fyrir liggi formlega að bresk og hollensk stjórnvöld hafi ekki fallist á skilyrði laganna. Þetta er verulega ámælisvert og lítilsvirðing við Alþingi og landslög.

Ekki liggur fyrir hvað rak ríkisstjórnina til þess að ganga enn og aftur til nauðasamninga við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi. Í nýjustu áætlun AGS segir að norræn stjórnvöld hafi neitað að veita lán til Íslands nema íslensk stjórnvöld væru búin að semja við Breta og Hollendinga. Þar sem Ísland var mjög háð því að fá þessa fyrirgreiðslu má halda því fram að norræn stjórnvöld hafi neytt íslensk stjórnvöld til að ganga til þeirra nauðasamninga sem

fyrir liggja í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Hin undarlega yfirlýsing fjármálaráðherra Bretlands og Hollands um að nú megi AGS halda starfi sínu áfram er ekki í samræmi við þessi orð í nýjustu áætlun AGS. Mikilvægt er að fá á hreint hvaða þjóðir eða samtök þjóða höfðu forgöngu um að þrýsta á íslensk stjórnvöld til þess að ganga til þessara nauðasamninga sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag. Sérstaklega þegar haft er í huga að fyrirvarar Alþingis í lögum nr. 96/2009 voru sanngjarnir og lýstu fullum vilja Íslands til að taka þátt í þeim mikla kostnaði sem Bretar og Hollendingar ákváðu einhliða að fara út í til að viðhalda trausti á bankakerfi landa sinna og dylja veilur í innlánstryggingakerfi Evrópusambandsins. Fyrirvarar Alþingis gengu eingöngu út á að tryggja íslenska þjóð fyrir mögulegum áföllum sem leitt gætu til þess að hún gæti ekki staðið undir þessum geigvænlegu skuldbindingum.

3. Breytingar á efnahagslegum fyrirvörum.

Í 3. gr. laga nr. 96/2009 er kveðið á um að hámarksafborgun af skuldbindingum vegna Icesave-lánanna verði 6% af hagvexti hvers árs að því gefnu að landsframleiðsla ársins 2016 verði hærri en ársins 2009 mælt í pundum eða evrum. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkisábyrgðin falli niður árið 2024. Þessir fyrirvarar hafa nú verið aftengdir og þar með eru efnahagslegir fyrirvarar að engu orðnir.

Veigamestu efnahagslegu breytingarnar eru tvær:

– Ríkisábyrgðin er ekki takmörkuð í tíma.
– Ætíð skal greiða 5,55% vexti af skuldbindingunni árlega frá 2016 án tillits til efnahagslegrar stöðu Íslands á hverjum tíma.

Í nefndinni var rædd sú nýja staða sem í ljós hefur komið að forgangskröfur á skilanefnd Landsbanka Íslands voru frystar í krónutölu miðað við 22. apríl sl. samkvæmt lögum nr. 44/2009 og vextir á þær eða gengishagnaður verða eftirstæðar kröfur. Nefndin fjallaði ekki um þetta atriði þrátt fyrir að minni hlutinn kallaði eftir umfjöllun né féllst meiri hlutinn á að beðið yrði eftir niðurstöðu úr skoðun forsætisráðherra sem hann tilkynnti Alþingi 5. nóvember sl. að væri í gangi. Hér á eftir verður reynt að skoða þetta vandamál en með nokkuð fátæklegum verkfærum, þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar né gafst tími til að kryfja málið til mergjar.

3.1 Vaxtagreiðsla.

Í nýjum Icesave-samningum er kveðið á um að ávallt skuli greiða vexti af höfuðstóli lánanna en að höfuðstólsgreiðsla sé takmörkuð við 6% af hagvexti. Ef forsendur um hagvöxt bresta verða lánin framlengd allt þar til að þau eru að fullu greidd. Vaxtagreiðslan miðað við 300 milljarða kr. höfuðstól verður því 16,5 milljarðar kr. árlega ef ekkert er greitt af höfuðstólnum. Þetta ber með sér mikla hættu ef illa gengur með hagvöxtinn í framtíðinni. Mikilvægt er að hafa reynslu Japana frá áttunda og níunda áratug síðustu aldar í huga. Eftir kreppuna þar tók við langvarandi stöðnunarskeið, m.a. vegna mikillar skuldabyrði. Hagvöxtur var lítill sem enginn og efnahagslífinu hnignaði. Ef svipuð staða kæmi upp hér á landi í framtíðinni, sem er alls ekki óhugsandi ef núverandi atvinnu- og skattastefna er höfð í huga, gæti aftenging efnahagsfyrirvarans leitt miklar efnahagslegar hörmungar yfir Ísland í framtíðinni.

Vextir.

Þess var getið þegar samningarnir voru undirritaðir 5. júní 2009 að vextir á skuldabréf sem innlánstryggingarsjóður tók hjá breskum og hollenskum yfirvöldum bæru svokallaða

CIRR (Commercial Interest Reference Rates) vexti OECD auk 1,25% álags. CIRR-vextir eru lágmarksvaxtakjör sem ríki geta veitt einkafyrirtækjum vegna útflutnings án þess að litið sé á það sem samkeppnishindrun, Þessir vextir eru eðlilegir þegar horft er til þess að það var einkafyrirtæki, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, sem var skuldari. Það virtist líka vera hugljómun að ríkisábyrgðin tæki við árið 2016. Þangað til væri tryggingarsjóðurinn ábyrgur.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: Lánasamningarnir frá 5. júní 2009 voru til 15 ára og áttu því að vera að fullu efndir 5. júní 2024. Greiðsla afborgana og vaxta átti að hefjast 5. júní 2016 en fram að því bar íslenska tryggingarsjóðnum að greiða niður lánin eftir því sem hann fengi úthlutað úr búi Landsbanka Íslands hf. Ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins yrði samkvæmt þessu virk 5. júní 2016 og með því væri íslenska ríkinu skylt að tryggja greiðslur á afborgunum og vöxtum á hverjum ársfjórðungi þar til lánin væru að fullu greidd 5. júní 2024.

Þetta er mjög alvarlegur misskilningur. Ef 100 millj. kr. krafa tapast t.d. í febrúar 2011 þá lækkar eign Landsbankans um 100 millj. kr. og hann greiðir sem því nemur minna til tryggingarsjóðs og íslenska ríkið þarf að greiða meira. Þess vegna er ríkisábyrgð allan tímann frá því að lögin eru samþykkt. Ríkisábyrgðin er virk allan tímann því ríkissjóður ábyrgðist stöðuna 2016. Þessi misskilningur samningsaðila endurspeglast í allt of háum vöxtum. Hér er í reynd ríkisábyrgð á láni á milli ríkisstjórna og vextir á slík lán eru miklu lægri enda þarf ekki að gæta að samkeppni á milli einkafyrirtækja eins og CIRR-vöxtum er ætlað að verja. Bresku og hollensku ríkisstjórnirnar greiða um 3,8% vexti á lántökur sínar til svipaðs tíma. Þær eru því að „græða“ á þessum nauðungarsamningi, eða um 1,75% á hverju ári.

Mjög mikill vafi leikur á því hvort íslenska ríkinu beri að greiða þessa kröfu og er fjallað um það annars staðar. Í ljósi þessa vafa hefðu vextir átt að vera mjög lágir, jafnvel bara til málamynda, t.d. 0,1%. Ekki virðist hafa verið bent á það.

Öll áhætta af samningnum, hversu mikið greiðist af eignum Landsbankans, hversu mikil verðbólga verður í pundi eða evru, hversu mikill hagvöxtur verður á Íslandi, fellur á íslenska ríkið. Engin trygging er fyrir því að það geti staðið við þessa skuldbindingu og landið getur lent í þeirri geigvænlegu stöðu að geta ekki greitt og þurfa í þeirri stöðu að leita á náðir Breta og Hollendinga.

Raunvextir.

Þegar til lengri tíma er litið eru það raunvextir, sem skipta máli. Það eru vextir umfram verðbólgu, þ.e. hækkun verðlags. Langtímareynsla af verðbólgu í Bretlandi eða evrulöndunum gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni um að verðbólga í þessum löndum muni hjálpa til við að greiða þessa ofurvexti. Frá upptöku evrunnar árið 1999 hefur verið um 2% verðbólga í þeirri mynt. Síðustu mánuði hefur verið nokkur verðhjöðnun. Verðbólga í pundinu hefur löngum verið nokkuð minni eða um 1–2% nema síðustu fjögur ár en nú stefnir aftur í mikla lækkun verðbólgu, jafnvel verðhjöðnun. Þetta gefur til kynna að 5,55% vextir muni gefa lánveitandanum umtalsverða raunvexti, 2–3%.

Gildi vaxta.

Ekki er ljóst hvaða upphæð fellur í skaut ríkisstjórnar Íslands að taka yfir og ábyrgjast 5. júní 2016. Það er sterklega háð endurgreiðslum af eignum Landsbankans en ekki síður er það háð gengi krónunnar þegar úthlutun forgangskrafna á sér stað. Þær eru föst krónutala eins og vikið verður að hér á eftir. Þess vegna liggur ekki fyrir hvort einungis verði greiddir vextir

(ef þeir eru hærri en 6% af vexti landsframleiðslu frá 2008 til greiðsluárs). Í slíkri stöðu væri mjög ólíklegt að það tækist að fá lán annars staðar til að greiða niður þessi lán og ekki auðvelt að sjá hvernig afla eigi gjaldeyris til að greiða vextina. Þannig yrðu lánin framlengd ítrekað jafnvel í 50–100 ár. Þá fara vextirnir, 5,55%, að skipta verulegu máli, sérstaklega þó þeir raunvextir sem þeir mynda. Í töflunni hér á eftir er sýnt fram á áhrif vaxtanna (raunvaxtanna) á raunverulegar greiðslur af lánunum. Gengið er út frá því að verðbólga í evru og pundi verði 2% og 1% og niðurstaðan borin saman við 3,8% vexti ofan á pund en það eru markaðsvextir á 10 ára ríkisskuldabréfum, sem Bretar fjármagna sig með um þessar mundir (sjá m.a. Bloomberg.com). Vextir á evru-ríkisskuldabréfum Hollendinga eru lítið eitt lægri. Til samanburðar eru teknir vextir sem eru 3% lægri og er það hugsað sem ríkisábyrgðargjald en einnig mætti skoða 0,5% raunvexti, sem eðlilegt er að sett yrðu sem efri mörk fyrir ríkisábyrgðinni.

Verðmæti 100 milljarða láns með raunvöxtum.

Nafn-vextir	Verð-bólga í £ og €	Raun-vextir	Lánstími			
			15 ár	30 ár	50 ár	100 ár
5,55%	2,00%	3,48%	167	279	553	3.061
3,80%	2,00%	1,76%	130	169	240	575
2,55%	2,00%	0,54%	108	118	131	171
5,55%	1,00%	4,50%	194	375	905	8.198
3,90%	1,00%	2,87%	153	234	412	1.696
2,55%	1,00%	1,53%	126	158	214	459
		0,50%	108	116	128	165

Eðlilegt verður að teljast að íslenska ríkið taki ríkisábyrgðargjald því það ábyrgist lánasamning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og breskra og hollenskra stjórnvalda. Ríkisábyrgðagjald er yfirleitt um 0,25% á ári en þá er alltaf um tiltölulega góða skuldara að ræða, t.d. Landsvirkjun. Hér er um fyrir fram lélegan skuldara að ræða sem á fyrirsjáanlega ekki nema 3% upp í kröfur. Þess vegna er ekki óeðlilegt að ríkisábyrgðagjald verði 3% í þessu tilviki og virkir vextir því 2,55% sem eru miklu sanngjarnari miðað við eðli máls. Eins mætti hafa ákvæði um að raunvextir, mældir í pundum eða evrum verði ekki hærri en 0,5%. Bretar ættu að kannast við það því verðtryggð lán eru nokkuð algeng hjá breska ríkinu. Þar sem lánið er orðið endalaust er þetta mjög sanngjörn krafa. 4. minni hluti leggur til að slíkar hugmyndir verði skoðaðar.

Krónutölufrystingin: Með lögum nr. 44/2009, sem tóku gildi 22. apríl sl., eru allar kröfur í bú Landsbanka Íslands frystar í krónutölu miðað við gengi þann dag, áfallna vexti og annan kostnað. Vextir eftir þann dag sem og gengishækkun krafna verða eftirstæðar kröfur og munu aldrei fást greiddar. Icesave-kröfurnar, sem fengu forgang með neyðarlögunum vega þyngst í vægi krafna. Það eru kröfur tryggingarsjóðs og breskra og hollenskra yfirvalda sem og annarra. Þar sem megineign Landsbankans er í erlendri mynt (80–85%) verður geta hans til að standa við þessa krónutölu mjög háð gengi erlendra mynta. Eftir nokkra hækkun gengis í maí og júní „batnaði“ staða hans til að standa við forgangskröfur, sem fastar eru í krónutölu, umtalsvert og gat hann því staðið við 90% af kröfunum 30. júní sl. Þar sem pundið hefur fallið nokkuð en evran styrkst mun hann sennilega geta staðið við svipað hlutfall um þessar

mundir. Þessi staða er sterklega háð gengi erlendra mynta en einnig til lengri tíma háð verðlagsþróun hér á landi því þessi forgangskrafa rýrnar að sjálfsögðu í verðbólgu og verðbólga hækkar gengi erlendra mynta að öðru óbreyttu. Öll er þessi staða svo háð því hvenær hægt verður að gera upp forgangskröfur en á þeim degi ætti Landsbankinn að selja allar eignir sínar ef hann hefði hagsmuni stærsta kröfuhafans, tryggingarsjóðs, að leiðarljósi því hann mun ólíklega ná þeim 5,55% vöxtum umfram evru og pund, sem tryggingarsjóðurinn þarf að greiða. Á töflu hér á eftir er tilraun gerð til þess að meta áhrif gengis á getu Landsbankans til að greiða Icesave-forgangskröfurnar en auðvitað þyrfti að skoða það miklu nánar. Hinu megin er svo tryggingarsjóður, sem er með allar skuldir gengistryggðar, en stærsta eignin, forgangskrafan á Landsbankann, er fryst sem krónutala.

		Landsbankinn					Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta Ríkissjóður					
Gengis-vísitala e. 3 ár	Hækkun /lækkun	Eign	Forg.kr.	Hlutf.	Alm. kr.	Hlutf.	Eign	Skuld 2012	Nettó-skuld + vextir	Vextir 2017	Afb. 2017	Alls
150	53%	738	1.319	56%	2.336	0%	420	620	243	14	30	44
170	35%	836	1.319	63%	2.336	0%	476	703	276	15	34	50
190	21%	935	1.319	71%	2.336	0%	531	785	308	17	39	56
210	10%	1.033	1.319	78%	2.336	0%	587	868	341	19	43	61
230	0%	1.131	1.319	86%	2.336	0%	643	951	373	21	47	67
250	-8%	1.230	1.319	93%	2.336	0%	699	1.033	406	23	51	73
270	-15%	1.328	1.319	100%	2.336	0%	750	1.116	444	25	56	80
290	-21%	1.427	1.319	100%	2.336	5%	750	1.199	545	30	68	98
310	-26%	1.525	1.319	100%	2.336	9%	750	1.281	645	36	81	116
330	-30%	1.623	1.319	100%	2.337	13%	750	1.364	746	41	93	135
Neyðarlögin halda ekki og forgangskröfur breytast í almennar kröfur.												
230		1.131	0	31%	3.656	31%	232	951	873	48	109	158

Forsenda:
Uppgjör fari fram 100% eftir 3 ár að loknum málaferlum. Allar eignir verði seldar á þeim tíma með 5% meðalafföllum.
Gert er ráð fyrir að eignir Landsbankans hækki og lækki alveg í takt við gengisvísitölu. Ekki er gert ráð fyrir ávöxtun.
Gert er ráð fyrir að krónutölukrafa tryggingarsjóðs hafi verið 750 milljarðar kr.

3.2. Óendanleg ríkisábyrgð.

Í efnahagslegu fyrirvörunum er gert ráð fyrir að ef hagvaxtarreglan leiðir af einhverjum orsökum til þess að eitthvað stendur eftir af höfuðstóli árið 2024 verða lánin framlengd allt þar til þau hafa verið greidd upp. Vísbendingin sem er falin í því að lán hafi verið framlengd eftir 2024 er að hagvaxtarforsendur hafi brostið. Ef svo fer verður íslenskt efnahagslíf fast í vítahring stöðnunar og versnandi lífskjara og ekki er tekið mið af Brussel-viðmiðunum. Óásættanlegt er að setja enn auknar byrðar á Íslendinga við slíkar aðstæður. Á þessu atriði tók efnahagslegi fyrirvarinn sem aftengdur var.

4. Niðurlag.

Að lokum hlýtur 4. minni hluti efnahags- og skattanefndar að benda á lagalega óvissu um hvort yfirleitt beri að greiða umfram getu Tryggingarsjóðs innlánseigenda og fjárfesta. Fjórði

minni hluti setur því fyrirvara við lagalega skyldu Íslendinga til að greiða innlánstryggingar umfram þær eignir sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta býr yfir.

Alþingi, 16. nóv. 2009.

Birkir Jón Jónsson,
Pétur Blöndal,
Ásbjörn Óttarsson.

248. Fyrirspurn [223. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um námslán til skólagjalda á háskólastigi.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Telur ráðherra eðlilegt að ríkissjóður borgi í raun meira með hverjum nemanda í einkareknum háskóla heldur en opinberum, með því að námslán til skólagjalda eru niðurgreidd um helming af ríkinu?
2. Ef svo er ekki, hyggst ráðherra þá gera eitthvað í málinu?

249. Fyrirspurn [224. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um námslán fyrir skólagjöldum í erlendum háskólum.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Mega íslenskir námsmenn sem stunda eða hyggja á grunn- og framhaldsnám erlendis búast við að sett verði þak eða aðrar takmarkanir á námslán til greiðslu skólagjalda erlendis, sbr. gildandi reglur LÍN þar sem segir að frá og með skólaárinu 2010–2011 verði „sjálfsfjármögnun lánþega allt að 30% af lánshæfum skólagjöldum“?
2. Ef svo verður, hefur ráðherra skoðun á því hvernig slíkt yrði gert? Eiga sömu reglur að gilda um grunn- og framhaldsnám og íslenska og erlenda skóla?
3. Hvenær mega námsmenn búast við að reglur um skólagjaldalán liggi fyrir, en nú eru umsóknarfrestir fyrir nám erlendis sumir hverjir liðnir og margir framundan?

250. Fyrirspurn [225. mál]

til heilbrigðisráðherra um breyttar endurgreiðslur lyfjakostnaðar.

Frá Ólafi Þór Gunnarssyni.

1. Hversu miklir fjármunir hafa sparast við þær breytingar sem gerðar hafa verið á endurgreiðslum lyfjakostnaðar á árinu 2009 miðað við 2008?
2. Hversu mikið er gert ráð fyrir að sparist árið 2010 miðað við 2008?
3. Eru áform uppi um að breyta niðurgreiðslum fleiri lyfja eða lyfjaflokka?
4. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá sjúklingum eða sjúklingahópum vegna þessara breytinga og þá í hve miklum mæli?
5. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá heilbrigðisstarfsmönnum vegna breytinganna og þá frá hvaða hópum heilbrigðisstarfsmanna og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.

251. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. tölul. og 3. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr., 1. málsl. 2. mgr. 10. gr., 2. og 3. málsl. 3. mgr. 18. gr., 4. málsl. 1. mgr. 27. gr., tvívegis í 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. og 2. málsl. 6. tölul. 37. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. og orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðanna „skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

3. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. 58. gr. laganna og orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. sömu greinar kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

4. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur ríkisskattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins. Úrskurður ríkisskattstjóra skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

5. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 60. gr. laganna og orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. sömu greinar kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

6. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóra“ í 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. og orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. 64. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra; og: Ríkisskattstjóri.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
c. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg í samræmi við ákvæði 99. gr. laganna og er úrskurður ríkisskattstjóra endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 6. mgr. og 3. málsl. 7. mgr. A-liðar og 1. málsl. 12. mgr. og 2. málsl. 13. mgr. B-liðar kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað 3. og 4. málsl. 8. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.
c. Í stað 4. og 5. málsl. 12. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 3. málsl. 1. tölul. og 2. málsl. 7. tölul. 73. gr. og í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 78. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Landið er eitt skattumdæmi og skal starfsstöðvum skipað niður samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn. Engan má skipa í það embætti nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:

1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Sé íslenskur ríkisborgari.
4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

12. gr.

86. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ráða umboðsmenn til að sinna afmörkuðum verkefnum vegna skattframkvæmdar.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

14. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 88. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

15. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna orðast svo: **Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri o.fl.**

16. gr.

89. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanni hans“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

b. Í stað orðsins „skattstjóra“ og orðanna „skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
c. Í stað orðsins „skattstjóra“ og orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanni hans“ í 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðanna „afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu“ í 6. mgr. kemur: honum sé afhent skýrsla.

19. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. 93. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur.

21. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1.–4. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóri“ hvarvetna í 1.–3. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr.,1. og 2. málsl. 4. mgr. og í 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal innan tveggja mánaða að jafnaði kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun álagningar og senda hann í ábyrgðarbréfi, almennri póstsendingu eða rafrænt til skattaðila eða þess sem framtalsskyldan hvílir á.
c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið álagningu á skattaðila skal hann; og orðin „í umdæminu“ í sama málslið falla brott.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 3., 4. og 5. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
c. Orðin „ríkisskattstjóra og“ í 5. málsl. 1. mgr. falla brott.
d. Í stað orðanna „skulu skattstjórar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: skal ríkisskattstjóri; og orðin „í umdæminu“ í sama málslið falla brott.
e. Orðin „í hverju sveitarfélagi“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

f. Í stað orðanna „Skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanns hans“ og orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. og orðsins „skattstjóri“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
c. Í stað 4.–6. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurðir ríkisskattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi, almennri póstsendingu eða rafrænt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
d. Orðin „ríkisskattstjóra og“ í 7. málsl. 1. mgr. falla brott.
e. 2. mgr. orðast svo:
   Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af ríkisskattstjóra eða þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa til þess sérstaka heimild.
f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kærur til ríkisskattstjóra.*

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ kemur: ríkisskattstjóra.
b. Á eftir orðinu „yfirskattanefnd“ kemur: þó ekki ákvörðunum skv. 65. gr.

26. gr.

101. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Ríkisskattstjóri skal í því skyni setja framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Ríkisskattstjóri skal enn fremur birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu.

Ríkisskattstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni leiðrétt álagningu á skattaðila ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra var byggð á. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

27. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Skatteftirlit tekur til hvers konar könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðil-

um, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu manna og lögaðila.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á.
b. Orðin „og 5. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
d. Orðin „skattstjórum og“ í 3. mgr. falla brott.
e. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra“ í 6. mgr. kemur: sbr. 96. og 97. gr.

29. gr.

105. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

1. málsl. 1. mgr. 106. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar.

31. gr.

Orðið „skattstjórum“ í 107. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 108. gr. laganna og í stað „skattstjóra“ í 4. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. sömu greinar kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

33. gr.

Í stað orðanna „Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 117. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

34. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 5. mgr. 119. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „Ríkisskattstjóra“ í 120. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

35. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins.

36. gr.

123. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og þrisvar í 2. málsl. 3. mgr. og í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 3. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra samkvæmt ákvæði þessu skal vera endanleg úrlausn málsins á staðgreiðsluári.
c. 4. mgr. fellur brott.

38. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. og 3. málsl. 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og 1. og 2. málsl. 4. mgr. 12. gr., 1. og 3. málsl. 2. mgr. 14. gr. og 2. málsl. og fyrirsögn 21. gr. laganna og í stað orðsins „skattstjóri“ í 4. málsl. 4. mgr. 11. gr., 5. málsl. 2. mgr. 20. gr. og 1. málsl. 21. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

39. gr.

21. gr. a laganna fellur brott.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðið „skattstjórum“ í 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn sem hann felur.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

    Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum. Skatteftirlit tekur til hvers konar könnunar á réttmæti staðgreiðsluskila og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um staðgreiðsluskyldu, stofn og afdrátt staðgreiðslu.
b. Í stað orðanna „skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 5. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri vísar til hans, sbr. 6. mgr. 96. gr.
c. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt“ í 3. mgr. falla brott.

43. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 4. mgr. 28. gr. og 1. málsl. 4. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 4. mgr. og 6. mgr. 28. gr. og orðsins „skattstjórar“ í 33. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið ákvörðun og álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., skal hann útbúa skrá um þessa álögðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.

b. Í stað orðanna „Að móttekinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða“ í 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal ákveða.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Orðið „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „skattstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

47. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr., 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „Skattstjórar“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. og orðsins „Skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., 3. og 4. málsl. 5. mgr. 9. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri.

48. gr.

3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
c. Í stað orðanna „og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaráðherra felur tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri fer með.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 5. mgr. 2. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. og 4. mgr. og orðsins „skattstjóra“ í 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. A laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélagið er heimilisfast“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

54. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 4. mgr. 6. gr., 2. málsl. 7. mgr. 16. gr., 3. mgr., 1. og 4. málsl. 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 24. gr., 2. málsl. 5. mgr. 25. gr., 3. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 2. mgr., 3. málsl. 3. mgr. og 4. málsl. 4. mgr. 26. gr., 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 29. gr., 1. málsl. 1. mgr. 33. gr., 1. málsl. 3. mgr. 35. gr. og 4. málsl. 1. mgr. 42. gr. og orðsins „skattyfirvöldum“ í 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 4. mgr. 6. gr., 1. mgr., 2., 4. og 5. málsl. 2. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr., 3. og 4. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 25. gr., tvívegis í 1. málsl. og 2. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og tvívegis í 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. og í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ábyrgðarbréfi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: almennri póstsendingu eða rafrænt.
b. 3. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. Orðin „skattstjóri eða“ í 6. mgr. falla brott.

56. gr.

Á eftir orðinu „ábyrgðarbréfi“ í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: almennri póstsendingu eða rafrænt.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1.–3. mgr. falla brott.
b. Orðin „skattstjóri eða“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjórum“ í 3. málsl. 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
d. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra“ í 5. mgr. falla brott.

59. gr.

45. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu“ í 1. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri skal.
b. Orðin „í umdæminu“ í 1. málsl. falla brott.
c. Í stað orðanna „Skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri.

61. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar, skattrannsóknarstjóri ríkisins, ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 47. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

62. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. og orðsins „skattstjóri“ í 4. og 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
b. 7. mgr. fellur brott.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.
b. Í stað orðanna „Þeir skulu“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Hann skal.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „Skattstjórum“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

66. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri úrskurðar um.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „skattstjóra og“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Viðkomandi sveitarfélagi er eftir atvikum heimilt að kæra úrskurði ríkisskattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

68. gr.

Orðin „skattstjóra eða“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Hafi sveitarfélag kært úrskurð ríkisskattstjóra.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðið „skattstjóra“ tvívegis í 2. mgr. fellur brott.
d. Orðin „frá skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

70. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ tvívegis í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nefndin skal tilkynna skattaðila og umboðsmanni hans um þá ákvörðun.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hafa legið fyrir skattstjóra“ í 1. málsl. kemur: lágu fyrir.
b. 5. málsl. fellur brott.

73. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gefa út“ kemur: birta á vefsíðu sinni.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Birting úrskurða.*

74. gr.

Orðin „samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra“ í 1. málsl. 18. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

75. gr.

Í stað orðsins „Skattstjórum“ í 3. mgr. 79. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

76. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

77. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

78. gr.

Í stað orðsins „skattstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 3. mgr. 21. gr. og 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. og orðsins „skattstjórar“ í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. og 31. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

80. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi skattstjóra“ í 7. mgr. 24. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

81. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri semur skrá um álagt útsvar í hverju sveitarfélagi að lokinni álagningu.

82. gr.

Orðin „eða ábendingu skattstjóra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

83. gr.

10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins og yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

84. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 3. mgr. 1. gr., 2.–4. mgr. 9. gr., 1. málsl. 2. mgr. og tvívegis í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr., 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. og 1. málsl. 1. mgr., 2. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 6. mgr. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 13. gr., 1. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 6. mgr. 17. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

85. gr.

5. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „skattstjórum“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „geta skattstjóri og ríkisskattstjóri krafist“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: er ríkisskattstjóra heimilt að krefjast.
c. Í stað orðanna „hafa þessir aðilar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hefur ríkisskattstjóri.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit.
b. 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans skv. 1. mgr. svo og 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri vísar til hans skv. 1. mgr. svo og 6. mgr. 96. gr.
d. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt“ í 3. mgr. falla brott.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

90. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanns hans“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Orðin „á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
d. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. tölul. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XVI. KAFLI

Breyting á áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum.

92. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum.

93. gr.

Orðin „skattstjóra eða“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

94. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjórar leggja“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri leggur.
b. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 5. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

95. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóra“ í 1. málsl. 9. mgr. 7. gr. a laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

96. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

b. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. og 3. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjórar“ í 2. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. 3. málsl. fellur brott.

98. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 10. gr. a og orðsins „Skattstjóri“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: Ríkisskattstjóri.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kæru skal beint til tollstjóra eða til ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattstjóri“ í 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra.

XX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra í sínu skattumdæmi“ í 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

101. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra í sínu umdæmi“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

102. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1.–3. málsl. 9. gr., þrisvar í 1. málsl. og 2. málsl. 1. mgr. og 2.–4. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

103. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

XXI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

104. gr.

3. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

XXII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja.

105. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXIII. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

106. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. tölul. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar leggja“ í 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri leggur.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

108. gr.

Í stað orðanna „viðkomandi skattstjóra“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. og orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

110. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. mgr. 59. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

111. gr.

Í stað orðanna „lagðir á af skattstjóranum í Reykjavík“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: lagðir á af ríkisskattstjóra.

112. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins.

113. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ríkisskattstjóri skal taka við öllum óloknum málum skattstjóra á hvaða stigi sem þau kunna að standa þegar lög þessi öðlast gildi. Þannig skal ríkisskattstjóri taka við öllum ólokn-

um kærum, erindum, fyrirspurnum og öðrum þeim málum þar sem skattstjóri hefur ekki lokið málsmeðferð samkvæmt þeim lögum sem honum er falin framkvæmd á. Ákvæði um réttindi og skyldur þar sem vísað er til fyrri ákvarðana skattstjóra skulu halda gildi sínu þrátt fyrir að ríkisskattstjóri komi í þeirra stað.

II.

Stöður skattstjóra skv. 85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eru lagðar niður frá og með 1. janúar 2010 og skal þeim sem gegna embætti skattstjóra boðið starf hjá embætti ríkisskattstjóra. Um biðlaunarétt gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frá og með 1. janúar 2010 skulu störf starfsmanna skattstjóra færast til embættis ríkisskattstjóra. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af vinnu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði 6. júlí 2009. Hópurinn fékk það meginhlutverk að gera tillögur um leiðir til að lækka kostnað við rekstur skattkerfisins þar sem megináherslan yrði lögð á að sameina og fækka skattstofum án þess að það bitnaði á afköstum skattyfirvalda og þjónustu við skattgreiðendur.

Frumvarp þetta er samið af fjármálaráðuneytinu í framhaldi af störfum starfshópsins en hann skipuðu: ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri rekstrarskrifstofu fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóri ásamt tveimur skattstjórum.

Meginniðurstöður starfshópsins voru þessar:

Núverandi skattframkvæmd er sinnt af embætti ríkisskattstjóra og níu skattstofum. Skattstofurnar eru á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum, Hellu, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Reykjavík. Tvær skattstofur eru nokkuð stórar í samanburði við aðrar ríkisstofnanir, ein er millistór og sex skattstofur eru litlar. Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um rekstrarveltu og ársverk í umræddum stofnunum:

Stofnun/liður	Fjárlög 2009	Ársverk
09201-Ríkisskattstjóri	1.205,4	92
09202-Skattstofan í Reykjavík	436,7	65
09203-Skattstofa Vesturlands	93,1	16
09204-Skattstofa Vestfjarða	42,0	7
09205-Skattstofa Norðurlands vestra	49,1	7
09206-Skattstofa Norðurlands eystra	134,0	21
09207-Skattstofa Austurlands	59,8	11
09208-Skattstofa Suðurlands	69,6	16
09209-Skattstofa Vestmannaeyja	30,2	4
09211-Skattstofa Reykjaness	287,5	48
	2.407,4	**287**

Kostirnir við núverandi fyrirkomulag eru m.a. þeir að með landfræðilegri dreifingu skattstofa myndast ákveðin nærþjónusta við lögaðila og einstaklinga. Auk þess skapar starfsemin

störf á landsbyggðinni og mikla staðarþekkingu er að finna á skattstofum. Ókostirnir við slíkt skipulag eru hins vegar skortur á sérhæfingu, ójafnvægi í starfsmannafjölda miðað við skattgreiðendur, óhagkvæmar rekstrareiningar með litlum skattstofum, það að mönnun í stöður fyrir háskólamenntað starfsfólk á fámennum atvinnusvæðum hefur reynst vandkvæðum bundin og mikill kostnaður af mörgum starfseiningum.

Miklar breytingar hafa orðið á íslenska skattkerfinu sem og starfsemi og hlutverki skattyfirvalda. Þróun í upplýsingatækni hefur gjörbylt vinnulagi og afköstum í skattframkvæmdinni og bætt gæði hennar til muna. Fyrrgreindar breytingar hafa leitt til þess að staðsetning skattstofa í kringum landið skiptir minna máli nú en áður.

Við endurskipulagningu skattumdæma og breytta verkaskiptingu eru þrjú markmið lögð til grundvallar:

– að lækka kostnað við rekstur skattkerfisins í heild þannig að hann rúmist innan fjárheimilda sem koma til með að skerðast á næstu árum,
– að fækka óhagkvæmum rekstrareiningum, en efla enn frekar þær einingar sem eftir standa,
– að tryggja áframhaldandi árangur og skilvirkni skattyfirvalda.

Til þess að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þarf að ráðast í varanlegan niðurskurð í rekstri ríkisstofnana og verkefna. Stofnanir skattkerfisins þurfa í þessu sambandi að skera niður um tæpar 140 millj. kr. á næsta ári og viðbúið að niðurskurður á árinu 2011 verði annar eins. Breytt verkaskipting og sameining skattstofa þarf að taka mið af fyrirliggjandi áætlunum um lækkun útgjalda. Til þess að svo megi verða þarf að endurmeta starfsmannaþörf, beita þeim úrræðum sem skilgreind hafa verið til þess að lækka rekstrarkostnað, byggja á breyttri verkaskiptingu í starfsemi skattkerfisins, svo sem með því að taka upp sameiginlega símsvörun fyrir skattstofur og ríkisskattstjóra, dreifa álagningarvinnu milli starfsstöðva, sem og þjónustuveri ríkisskattstjóra, endurskoða vinnubrögð og setja nýja verkferla í tengslum við fyrirframgert framtal, einfalda kæruafgreiðslu og auka vélrænar keyrslur og vinnslur sem byggjast á samræmdum grunni.

Í frumvarpinu er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins verði áfram rekin en í breyttri mynd og það tryggt að hlutfallslegt vægi starfseminnar á landsbyggðinni minnki ekki. Skattstofur, sem þó eru ekki sjálfstæðar stofnanir, verði áfram reknar í hverjum landshluta um sig, á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Auk þess mun ein skattstofa sinna því svæði sem til þessa hefur verið þjónustað af skattstofunum í Reykjavík og á Reykjanesi. Ljóst þykir að sameina þurfi skattstofur Reykjavíkur og Reykjaness í eina skattstofu en með breyttum verkefnum á árinu 2010. Margt mælir með að skattstofa verði rekin í Hafnarfirði, enda er aðalskrifstofa ríkisskattstjóra í Reykjavík. Þannig verði embætti ríkisskattstjóra rekið með fimm útstöðvum, þar af fjórum á landsbyggðinni, sem kallist skattstofur og stýrt verði af forstöðumönnum, en jafnframt verður verkefnum dreift víðar með fjarvinnslu þar sem því verður við komið.

Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra verði sameinuð undir stjórn ríkisskattstjóra. Starfshópurinn sem fyrr var getið um hefur í störfum sínum gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri reki starfsstöðvar í öllum landshlutum, skattstofur, sem sinni almennt og eftir því sem aðstæður krefja þeirri þjónustu og verkefnum sem skattkerfinu er á hverjum tíma ætlað að annast. Má í þessu sambandi hafa hliðsjón af því að staðsetning ein og sér á landsbyggðinni eða innan landshluta, þegar í hlut eiga þjónustustofnanir ríkisins, hefur almennt ekki verið talin hafa í för með sér lækkað þjónustustig við þá sem erindi hafa

átt við viðkomandi stofnun. Samfara því að landið verði eitt skattumdæmi verði störf endurskilgreind og verkefni sameinuð frá því sem verið hefur í samræmi við breytt skipulag. Úrlausn verkefna í rafrænu starfsumhverfi er almennt óháð staðsetningu starfsmanna, þannig að tilflutningi og úthlutun verkefna á landsvísu má haga eftir álagi hverju sinni. Gildandi umdæmaskipting hefur og staðið í vegi sameiningar og æskilegrar sérhæfingar við úrlausn og magnafgreiðslu sams konar verkefna, en slíkt vinnulag er ein meginforsenda þess að unnt verði að ná rekstrarhagræðingu. Þannig hefur verið talið miðað við heildarumsvif í almennum rekstri að óhagkvæmt sé að starfrækja samtímis svo sem nú er átta eða níu staðbundnar deildir, svo sem í virðisaukaskatti, eða sama fjölda deilda er hafa með höndum álagningu einstaklingsframtala. Sé litið til baka hefur verið svo um flest samkynja verkefni skattkerfisins að þeim er sinnt af níu aðgreindum stofnunum. Skipting landsins upp í sjálfstæð skattumdæmi hefur einnig haft í för með sér óþarfa flækjustig og flóknar málsmeðferðarreglur þegar skattaðilar hafa t.d. kosið að eiga heimili í einu skattumdæmi og reka eða skrá einkahlutafélag í öðru. Staðsetning þessi er oftar en ekki viðhöfð með skattasniðgöngu að markmiði fremur en að rekstrarleg sjónarmið búi að baki. Jafnframt því að landið verði eitt skattumdæmi á einu stjórnsýslustigi er lagt til að veittur verði sjálfstæður kæruréttur vegna þeirra ákvarðana skattstjóra í tilteknum málaflokkum sem áður voru kæranlegar til ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds. Út á við er því um eitt stjórnvald að ræða þar sem starfsmenn eru bærir til að taka ákvarðanir í þeim málaflokkum sem þeim hefur verið falið að sinna – óháð staðsetningu þeirra á landsvísu eða búsetu skattaðilans.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2008, um að álagning, eftirlit og önnur skattumsýsla lögaðila með tekjur og eignir umfram tiltekin stærðarmörk skyldi heyra undir Reykjavíkurumdæmi, verði felldar brott. Í upphafi átti skattumsýsla stórfyrirtækja að taka gildi í byrjun árs 2009. Vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í þjóðfélaginu haustið 2008 þótti þó rétt að fresta gildistökunni um eitt ár og var það gert með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 173/2008. Nú er ljóst að ekki eru lengur fyrir hendi þær aðstæður sem skattumsýsla stórfyrirtækja byggist á og gerir frumvarpið því ráð fyrir því að felld verði brott þau ákvæði er sett voru með lögum nr. 38/2008.

Reikna má með einhverri fækkun starfsmanna eftir sameiningu en að sú fækkun starfsmanna verði fyrst og fremst með þeim hætti að ekki verði ráðið í störf þeirra sem láta af störfum sökum aldurs eða af öðrum orsökum. Áhersla er lögð á að áfram verði gætt jafnvægis í skipulagi og dreifingu starfa milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar og að breytingar þær er frumvarp þetta felur í sér leiði ekki til lakari þjónustu. Í öðru lagi er lögð á það áhersla að breytingarnar leiði ekki til einhliða uppsagna þeirra starfsmanna sem nú starfa á skattstofum landsins og að þannig verði þau störf áfram tryggð svo sem kostur er á meðan skipulagsbreytingarnar ganga yfir. Óhjákvæmilegt er að skipulag starfseminnar þróist í tímans rás og að skipulaginu verði þannig háttað að saman fari góð nýting fjármagns og skilvirk skattframkvæmd. Með bættum samgöngum og auknum rafrænum samskiptum við skattgreiðendur þykir koma til greina að leggja einhverjar einingar niður á næstu árum eftir því sem aðstæður skapast.

Á síðustu árum hafa skattkerfi Norðurlanda eitt af öðru tekið skref til sameiningar til að mæta vaxandi kröfum um sem mesta hagræðingu og skilvirkni jafnframt því að viðhalda sem hæstu þjónustustigi við skattgreiðendur.

Með frumvarpi þessu og endurskipulagningu á verkaskiptingu í skattkerfinu er stefnt að aukinni skilvirkni og hagkvæmni við skattframkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins er sú breyting að í stað níu skattstjóra og ríkisskattstjóra verði þessi embætti sameinuð í eitt embætti, þ.e. embætti ríkisskattstjóra. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fella niður tilvísanir til embættis skattstjóra og setja hið sameinaða embætti í þess stað. Þarfnast þessar breytingar ekki frekari skýringa en fram koma í almennum athugasemdum. Í þeim tilvikum sem gera þarf efnisbreytingar sem leiðir af þessari skipulagsbreytingu, þ.e. um eitt stjórnvald verður að ræða, er vísað til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar.

Um 4. gr., c-lið 7. gr., b- og c-lið 8. gr. og b-lið 37. gr.

Í gildandi rétti eru ákvarðanir skattstjóra samkvæmt þessum afmörkuðu atriðum sem um er fjallað í þessum ákvæðum kæranlegar til ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds. Þær ákvarðanir sem hér um ræðir hafa þannig ekki verið kæranlegar til yfirskattanefndar. Verði frumvarp þetta að lögum leiðir það til þess að einungis verður um að ræða eitt stjórnsýslustig, þ.e. ríkisskattstjóra. Úrskurðir ríkisskattstjóra verða því endanlegir að því er varðar þessar ákvarðanir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds.

Um 7. gr.

Almenna reglan er sú að beiðnir um ívilnanir berist með skattframtölum. Sæta þær því almennri álagningarmeðferð og skattaðila er heimilt að kæra þá ákvörðun í almennum kærufresti eftir álagningu. Ríkisskattstjóri hefur sett reglur um ákvörðun ívilnunar með tilliti til samræmingar milli skattstjóra. Með skipulagsbreytingum þykir rétt, og þar sem ákvörðun um ívilnun er ekki kæranleg til yfirskattanefndar, að fjármálaráðherra setji nánari skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt ákvæðinu.

Um 10. gr.

Við skipulagsbreytingar samkvæmt frumvarpinu falla niður núgildandi umdæmi skattstjóra. Verða skattumdæmin sameinuð í eitt umdæmi og stjórnsýslustig. Staðbundin valdmörk falla þannig niður og ákvarðanir verða teknar óháð búsetu gjaldanda. Starfsemi hins sameinaða ríkisskattstjóraembættis verður skipað niður á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir því að starfsstöðvar beri eftir sem áður heitið skattstofa þótt hlutverk þeirra breytist og þær verði ekki lengur sjálfstæðar stofnanir í fyrri mynd.

Um 12. gr., 26. gr. og a-lið 58. gr.

Lagt er til að ákvæði 86. gr. tekjuskattslaga um umboðsmenn skattstjóra verði fellt brott, enda er ákvæðið óþarft þar sem ríkisskattstjóra mun verða heimilt að ráða umboðsmenn til að sinna afmörkuðum verkefnum vegna skattframkvæmdar, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Með skipulagsbreytingu samkvæmt frumvarpinu fellur niður hið víðtæka leiðbeiningar- og samræmingarhlutverk ríkisskattstjóra gagnvart skattstjórum og er því lagt til að 2. og 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga falli niður.

Ákvæði 4. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga verður efnislega óbreytt.

Í a-lið 58. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. mgr. 39. gr. laga um virðisaukaskatt verði felld brott, en þar var kveðið á um heimild ríkisskattstjóra til að breyta ákvörðun skattstjóra um virðisaukaskatt og gera aðila skatt að nýju. Vegna skipulagsbreytinga hefur hið sameinaða embætti skattstjóra og ríkisskattstjóra komið í stað skattstjóra og ákvæðið því óþarft. Er því

lagt til að málsgreinin falli brott en um beiðnir gjaldanda um endurupptöku virðisaukaskatts að liðnum kærufrestum gildi ákvæði tekjuskattslaga, sbr. 5. mgr. 49. gr. laga um virðisaukaskatt.

Um 13. gr.

Ákvæði um skipun ríkisskattstjóra og ráðningu vararíkisskattstjóra verða samkvæmt frumvarpinu í 85. gr. tekjuskattslaga og er því ákvæðið fellt brott að því er það varðar.

Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóra verði heimilt að ráða umboðsmenn til að sinna tímabundið afmörkuðum verkefnum ef efni standa til.

Um 16. gr.

Í núgildandi 89. gr. tekjuskattslaga eru ákvæði um skattlagningarstað manna og lögaðila. Við þá breytingu að landið allt verður eitt skattumdæmi er ákvæðið óþarft enda falla niður staðbundin valdmörk. Eftir sem áður mun álagning útsvars sem miðast við búsetu ákvarðast samkvæmt lögheimili gjaldanda í samræmi við lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Um 39. gr., 59. gr., b-lið 63. gr. og 85. gr.

Ákvæði þessi, auk 16. gr. frumvarpsins að því er varðar 5. mgr. 89. gr. tekjuskattslaga, varða öll lagabreytingar, þar sem felld eru brott ákvæði sem varða fyrirhugaða skattumsýslu stórfyrirtækja þar sem ekki eru lengur fyrir hendi þær aðstæður sem kölluðu á það fyrirkomulag. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringar.

Um 22. gr.

Sú efnisbreyting sem lögð er til samkvæmt þessu ákvæði er að hverfa frá fortakslausri skyldu til að senda úrskurði um endurákvörðun álagningar í ábyrgðarbréfi og þess í stað verði þeir að jafnaði sendir í almennum pósti eða rafrænt. Er þetta í takt við þær breytingar sem orðið hafa á því umhverfi og starfsháttum sem stjórnsýslan byggist á í dag þar sem rafræn samskipti verða æ algengari.

Um 25. gr.

Í núgildandi 65. gr. tekjuskattslaga er ekki gert ráð fyrir að ákvörðun um ívilnun sé kæranleg til yfirskattanefndar. Sú efnisbreyting sem hér er lögð til byggist á því að svo verði áfram, sbr. umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins.

Um 27. og 42. gr.

Ákvæði þessi fjalla um eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en miðað við mikilvægi þessa þáttar í skattframkvæmd þykir rétt að því sé skipað sérstaklega niður með þessum hætti í lögunum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki frekari skýringar.

Um 36. gr.

Um er að ræða ákvæði frá eldri tíð sem gengið hefur sitt skeið á enda og er því með öllu óþarft.

Um 73. gr.

Í núgildandi ákvæði 14. gr. laga nr. 30/1992 er yfirskattanefnd gert skylt að gefa út úrskurði sína á prenti. Nú þegar eru valdir úrskurðir nefndarinnar birtir á vefsíðu hennar. Gera

má ráð fyrir því að þeir sem ríkustu hagsmuni hafa af því að kynna sér úrskurðina hafi lagað sig að þessu birtingarformi. Er því lagt til að valdir úrskurðir skuli einungis birtir á vefsíðu nefndarinnar og hefðbundin útgáfa þeirra lögð af.

Um 113. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

Með fumvarpi þessu er lagt til að skattumdæmum verði fækkað og þau sameinuð, auk þess sem verkaskiptingu milli ríkisskattstjóra og skattstofa er breytt. Markmiðið er að auka hagkvæmni og ná fram lækkun kostnaðar í rekstri skattkerfisins án þess að það bitni á þjónustu og afköstum skattyfirvalda. Lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Í tillögum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að á höfuðborgarsvæðinu muni ein skattstofa sinna því svæði sem til þessa hefur verið þjónustað af skattstofunum í Reykjavík og á Reykjanesi. Reiknað er með að skattstofa verði áfram rekin í Hafnarfirði, enda er aðalskrifstofa ríkisskattstjóra í Reykjavík. Áformað er að reknar verði skattstofur á Vesturlandi/Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi undir yfirstjórn ríkisskattstjóra. Þannig verði embætti ríkisskattstjóra rekið með fimm útstöðvum, þar af fjórum á landsbyggðinni, sem kallist skattstofur og stýrt verði af forstöðumönnum, en jafnframt verður verkefnum dreift víðar með fjarvinnslu þar sem því verður við komið. Núverandi skattframkvæmd er sinnt af embætti ríkisskattstjóra og níu skattstofum og eru því hugmyndir um að fækka starfsstöðvum um fjórar samtals.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2008, um að álagning, eftirlit og önnur skattumsýsla lögaðila með tekjur og eignir umfram tiltekin stærðarmörk skyldi heyra undir Reykjavíkurumdæmi, verði felldar brott. Skattumsýsla stórfyrirtækja átti að taka gildi í byrjun árs 2009, en var frestað um eitt ár vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í þjóðfélaginu síðastliðið haust. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir að einungis verði eitt stjórnsýslustig og úrskurðir ríkisskattstjóra því endanlegir að því er varðar þær ákvarðanir sem hægt hefur verið að áfrýja frá skattstjórum til ríkisskattstjóra. Hér er átt við ákvarðanir sem ekki hafa verið kæranlegar til yfirskattanefndar. Í frumvarpi þessu eru hins vegar ekki gerðar breytingar á hlutverki yfirskattanefndar.

Með markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum þarf að ráðast í varanlegan niðurskurð í rekstri ríkisstofnana og verkefna. Stofnunum skattkerfisins er gert að hagræða í rekstri um tæpar 140 m.kr. á næsta ári. Þessum markmiðum verður meðal annars náð með almennum launalækkunum eins og annars staðar í ríkiskerfinu, takmörkunum á yfirvinnu, uppsögn bílasamninga og lækkun ferðakostnaðar. Í sameinaðri stofnun verður auk þess að endurmeta starfsmannaþörf en áætlanir gera ráð fyrir að fækkun starfsmanna verði fyrst og fremst með þeim hætti að ekki verði ráðið í störf þeirra sem láta af störfum sökum aldurs. Meðalaldur

á skattstofum er nokkuð hár og er því gert ráð fyrir að fækkun starfsfólks verði þar af leiðandi nokkuð hröð. Auk þessa verði byggt á breyttri verkaskiptingu í starfsemi, svo sem með því að taka upp sameiginlega símsvörun fyrir skattstofur og ríkisskattstjóra, dreifa álagningarvinnu milli starfsstöðva, sem og þjónustuveri ríkisskattstjóra, endurskoða vinnubrögð og setja í gang nýja verkferla í tengslum við fyrirframgert framtal, einfalda kæruafgreiðslu og auka vélrænar keyrslur og vinnslur sem byggjast á samræmdum grunni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að markmið fjárlagafrumvarps 2010 um hagræðingu í rekstri skattkerfisins náist þannig að útgjöld ríkissjóðs lækki um 140 m.kr. á ári.

252. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Orðin „ásetningi eða“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008. Í ákvæðinu er fjallað um starfsábyrgðartryggingar og sú skylda lögð á endurskoðendur að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögunum. Var ákvæði um skylduvátryggingu vegna tjóns sem leiðir af ásetningi nýmæli í lögum nr. 79/2008.

Eftir gildistöku laganna hefur komið í ljós að vátryggingafélög hafa ekki getað boðið endurskoðendum starfsábyrgðartryggingar vegna tjóns sem leitt getur af ásetningsbrotum. Hafa endurskoðendur því ekki getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur. Því er lagt til að felld verði niður skylda endurskoðenda til að hafa starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns af völdum ásetningsbrota. Áfram stendur skylda þeirra til að taka starfsábyrgðartryggingu vegna gáleysisbrota og er það í samræmi við ákvæði um starfsábyrgðartryggingar annarra stétta, t.d. lögmanna, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn. Í Noregi hefur verið gerð krafa um að endurskoðendur leggi fram, auk starfsábyrgðartryggingar sem nær til gáleysis, bankaábyrgð vegna hugsanlegs tjóns af ásetningsbrotum. Norðmenn hyggjast nú afnema þá skyldu og munu starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda í Noregi ekki ná til tjóna sem valdið er af ásetningi.

Þrátt fyrir að lagt sé til að endurskoðendum verði ekki skylt að taka starfsábyrgðartryggingu vegna tjóns sem hlotist hefur af ásetningsbrotum bera endurskoðendur eftir sem áður ábyrgð á tjóni sem þeir eða starfsmenn þeirra valda af ásetningi eða gáleysi, sbr. 27. gr. laga um endurskoðendur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Með frumvarpinu er lagt til að lögð verði niður skylda endurskoðenda til að hafa starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns af völdum ásetningsbrota.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

253. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Álagningarstofnar eftirlitsgjalds eftirlitsskylds aðila skv. 1.–9. og 11. tölul. 1. mgr. 5. gr., þó ekki þeirra er greiða skulu fast gjald, eru efnahags- eða rekstrarliðir samkvæmt ársreikningi eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast er álagningarstofn eftirlitsgjalds hins sameinaða aðila samanlagðir efnahags- eða rekstrarliðir þessara aðila samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir næstliðið ár.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi vegna fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota efnahags- eða rekstrarliði samkvæmt honum sem álagningarstofn. Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila. Þegar um er að ræða nýtt vátryggingafélag sem tekið hefur að öllu leyti við vátryggingarstofni eldra félags skal álagningarstofn vera bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi eldra félagsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,0176%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,0159%.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,353% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0175% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,91% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Kauphallir skulu greiða 0,69% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00982% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 790.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.270.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.220.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.130.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.780.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0036% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
13. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálafyrirtæki, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, greiðir 4.000.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila eru eftirfarandi:

1. Vegna viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja og vátryggingafélaga 1.000.000 kr.
2. Vegna verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og verðbréfamiðstöðva 500.000 kr.
3. Vegna annarra eftirlitsskyldra aðila 100.000 kr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast gjalds fyrir afgreiðslu og skráningu sértækrar staðfestingar og mats sem leiðir af starfsemi stofnunarinnar en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirliti. Gjöld fyrir þessa þjónustu skulu tilgreind í gjaldskrá.

b. 2. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:

Gjaldskrá fyrir eftirlit skv. 1. mgr., afgreiðslu umsókna skv. 2. mgr. og þjónustu skv. 3. mgr. skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, segir:

„Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal efnahags- og viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2009 er 766 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 1.022 millj. kr. árið 2010 og nemur áætluð hækkun á milli ára 255 millj. kr. eða um 33%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2009 er 954 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2010 nemur 1.111 millj. kr. sem er hækkun um 157 millj. kr. eða tæp 17%.

Umrót í rekstrarumhverfi Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009 í kjölfar falls þriggja stærstu viðskiptabankanna í október 2008 leiddi til þess að nauðsynlegt var að endurskoða rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2009. Upphaflega áætlað rekstrarumfang var dregið saman og nauðsynlegt reyndist síðar að lækka áætlaðar tekjur af eftirlitsgjaldi enn frekar vegna ófyrirséðs samdráttar í álagningarstofnum eftirlitsgjaldsins. Þessar breytingar leiða til framangreinds misræmis í hlutfallshækkun áætlaðra gjalda og áætlaðra tekna stofnunarinnar milli áranna 2009 og 2010.

Verulegar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins og á næstu missirum verður starfsemi stofnunarinnar löguð að nýjum aðstæðum. Óhjákvæmilegt er hins vegar talið að styrkja starfsemi Fjármálaeftirlitsins strax á árinu 2010. Ljóst er að starfsemi nýju viðskiptabankanna, annarra fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða þarf styrkara eftirlitsaðhald með beinum eftirlitsheimsóknum í ríkari mæli en verið hefur. Þá er nauðsynlegt að vinna að margvíslegum rannsóknum í tengslum við bankahrunið næstu missiri. Einnig liggur fyrir að útgjöld við ákveðna þætti í rekstri stofnunarinnar, svo sem skipulag gagnagrunna og upplýsingavinnslu, hafa verið vanmetin.

Í fylgiskjali I, skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2010, er að finna sundurliðun einstakra kostnaðarliða. Til frekari glöggvunar er hér gerð grein fyrir helstu kostnaðarliðum í rekstri Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt áætlun fyrir árið 2010:

Launakostnaður.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 803,5 millj. kr. árið 2010 samanborið við 706,1 millj. kr. samkvæmt áætlun 2009. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 97,4 millj. kr. eða 13,8%. Viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 10,8 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 12,1 millj. kr. árið 2009.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði.

Samtals er kostnaður vegna húsaleigu og reksturs á húsnæði áætlaður 50,0 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 42,0 millj. kr. á árinu 2009 sem er 19% hækkun og skýrist að stórum hluta af hækkun vegna vísitölutengingar húsaleigu. Stefnt er að flutningi stofnunar-

innar í nýtt og hentugra húsnæði á seinni hluta árs 2010. Áætlunin gerir þó aðeins ráð fyrir óverulegri hækkun á húsaleigu við flutning í nýtt húsnæði.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála verði 101,5 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 87,2 millj. kr. árið 2009, sem er 16,4% hækkun. Hækkunin stafar fyrst og fremst af hækkunum á vélbúnaði, notendahugbúnaði og rekstrarvörum, fjölgun starfsmanna og gengisbreytingum.

Ferðakostnaður erlendis.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis verði 33,0 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 30 millj. kr. árið 2009, sem er 10% hækkun. Gert er ráð fyrir fækkun ferða en veiking krónunnar vegur lækkunaráhrif á þennan lið upp. Fækkun ferða stafar af samdrætti í eftirliti erlendis í kjölfar breyttra aðstæðna hjá íslenskum viðskiptabönkum en hins vegar er gert ráð fyrir að þátttaka í samstarfi eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu verði með svipuðu sniði og áður.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.110,9 millj. kr. á árinu 2010 samanborið við 953,7 millj. kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2009 sem er 16,5% hækkun milli ára.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald verði 1.021,5 millj. kr. árið 2010 og byggist skipting þess milli flokka eftirlitsskyldra aðila á mati sem grundvallast á tímaskráningu Fjármálaeftirlitsins. Tekið er mið af gildandi skiptingu gjaldsins í frumvarpinu og lagt til að mismunandi álagningarhlutföll gildi fyrir viðskiptabanka annars vegar og hins vegar sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum lágmarksgjöldum/fastagjöldum á eftirlitsskylda aðila aðra en lífeyrissjóði. Í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða eru lagðar til breytingar á þrepaskiptum fastagjöldum lífeyrissjóða en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina.

Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir eftirlitsgjaldi í formi 1.500 þús. kr. fastagjalds á einstaka erlenda vörsluaðila séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta ákvæði er nýmæli. Tveir erlendir aðilar hafa þegar fengið slíka staðfestingu en þeir bera hins vegar ekkert eftirlitsgjald samkvæmt gildandi lögum vegna þessarar starfsemi sinnar hér á landi sem fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum sem fengið hafa sams konar staðfestingu ber að gera vegna almennrar starfsemi sinnar. Ekki var gert ráð fyrir tekjum af framangreindu í fyrirliggjandi rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lagt verði eftirlitsgjald í formi 500 þús. kr. fastagjalds á einstaklinga og lögaðila sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu og skráningarskyldir eru hjá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á þessu stigi liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda þeirra aðila sem verða skráningarskyldir samkvæmt framangreindu en mögulega gæti verið um tvo aðila að ræða. Ekki var gert ráð fyrir tekjum af þessari starfsemi í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010.

Með frumvarpi þessu eru birt sem fylgiskjöl gögn sem tilheyra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010. Þau eru eftirfarandi:

I. Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2010, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

II. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila „Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010“.

Í þessum gögnum er að finna nánari sundurgreiningu á einstökum kostnaðarliðum, umfram það sem að framan greinir, auk margvíslegra upplýsinga er varða verkefni og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og varpa nánara ljósi á rekstrartölurnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er vísað til þess að álagningarstofnar sem notaðir eru við útreikning á álögðu eftirlitsgjaldi séu ársreikningar eftirlitsskyldra aðila fyrir næstliðið ár. Þetta er rétt að svo miklu leyti sem það nær. Lagt er til að ákvæðið verði gert skýrara og vísað bæði til efnahags- og rekstrarliða í ársreikningi, svo og tiltekið að ársreikningur sem viðmiðun eigi ekki við um þá aðila sem greiða fast gjald.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á högum eins af stóru vátryggingafélögunum er nauðsynlegt að taka á þeim tilvikum hvernig leggja skuli eftirlitsgjald á aðila sem tekið hefur við vátryggingarstofnum annars vátryggingafélags.

Um 2. gr.

Breytingar skv. 1. mgr. á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu. Þannig er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, kauphalla, verðbréfamiðstöðva, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs hækki, álagningarhlutfall vátryggingafélaga lækki og álagningarhlutföll vátryggingamiðlara haldist óbreytt.

Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða sem eru eins og áður í fimm þrepum og er lægsta þrepið samkvæmt frumvarpinu nú 790.000 kr. en það hæsta 4.780.000 kr. Breytingar frá gildandi ákvæði eru miðaðar við að hlutur fastagjaldanna verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða.

Ákvæði 6. mgr. 1. gr. gildandi laga hefur verið flutt í 13. tölul. 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagt verði eftirlitsgjald á einstaklinga og lögaðila sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu sem er skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald samkvæmt málsgreininni verði í formi fastagjalds.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að lagt verði eftirlitsgjald á erlenda vörsluaðila séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis samkvæmt reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ákvæðinu er ætlað að ná til aðila sem veita þessa þjónustu hér á landi en greiða annars ekkert eftirlitsgjald sem fjármálafyrirtækjum, líftryggingafélögum og lífeyrissjóðum sem veita sams konar fjármálaþjónustu ber annars

að gera vegna almennrar starfsemi sinnar samkvæmt frumvarpinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirlitsgjald samkvæmt málsgreininni verði í formi fastagjalds.

Í gildandi lögum er í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. að finna ákvæði um hver skuli vera álagning á þau fjármálafyrirtæki sem sett voru haustið 2008 undir stjórn skilanefnda. Þótt ekki sé gerð tillaga um það hér að breyta framkvæmd álagningar má vekja athygli á því hvort með sanngirni sé hægt að ætlast til að aðrir eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við þær sérgreindu rannsóknir sem beinast að tildrögum þess að þessi fyrirtæki lentu í hremmingum. Í frumvarpinu er hins vegar aðeins gert ráð fyrir því að ákvæði um álagningu eftirlitsgjalds á þessa aðila sé haft í sérstakri málsgrein.

Að öðru leyti en greint er frá hér á undan eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á 5. gr. laganna.

Um 3. gr.

Samkvæmt tímaskráningarkerfi Fjármálaeftirlitsins undanfarin þrjú ár hafa allt að 5% af heildartíma stofnunarinnar farið í afgreiðslu umsókna um starfsleyfi. Fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir því að heimildir þess til að láta umsækjendur um starfsleyfi bera kostnað við afgreiðslu umsóknar, frekar en að hann jafnist út á aðra, verði gerðar skýrari. Með tilliti til umfangs við afgreiðslu umsókna er í frumvarpinu lagt til að umsækjendum sé skipt upp í þrjá flokka.

Enn fremur er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gert aðilum reikning fyrir sértæka þjónustu sem aðilar óska eftir samkvæmt gjaldskrá. Samkvæmt tímaskráningarkerfi stofnunarinnar hefur umfang slíkrar þjónustu á síðustu árum numið frá hálfu og að einu prósenti.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaeftirlitið:

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2010, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(6. júlí 2009.)

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2010. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Mikil og snögg umskipti á íslenskum fjármálamarkaði í byrjun október á sl. ári, fall stærstu banka þjóðarinnar og umfangsmikil og flókin vinna við endurreisn nær alls bankakerfisins hér á landi frá síðasta hausti hefur leitt til mikils umróts í starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins síðustu mánuðina. Enn er ófyrirséð hvenær þeirri vinnu lýkur. Rekstraráætlun

stofnunarinnar fyrir árið 2008 fór úr skorðum af framangreindum ástæðum og áætlun fyrir líðandi ár var skorin umtalsvert niður seint á síðasta ári og löguð að því sem þá voru taldar nýjar aðstæður í rekstrinum. Ófyrirséð þróun hefur svo enn orðið í rekstrarumhverfi stofnunarinnar á líðandi ári sem aukið hefur rekstarkostnaðinn og rýrt áætlaðar tekjur á árinu umfram það sem gert var ráð fyrir við enduráætlunina. Þessar aðstæður og áframhaldandi breytingar í starfsemi og starfsumhverfi nær allra íslenskra fjármálafyrirtækja gera það að verkum að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 verður væntanlega háð töluvert meiri óvissu en áður eða allt frá því að stofnunin tók til starfa í ársbyrjun 1999.

Starfsálag hjá FME jókst gífurlega í kjölfar bankahrunsins



Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2010. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni þann 4. júní sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2010. Samráðsnefndin skilaði athugasemdum við drögin að rekstraráætluninni til Fjármálaeftirlitsins þann 16. júní sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um álit nefndarinnar á stjórnarfundi þann 2. júlí sl. og staðfesti meðfylgjandi rekstraráætlun. Það hefur verið tilkynnt samráðsnefnd og er gert ráð fyrir að nefndin, sem nú hefur verið skipuð að nýju, skili Fjármálaeftirlitinu endanlegu áliti sínu við rekstraráætlunina bráðlega, og verður það þá sent ráðuneytinu.

Auk forsendna fyrir rekstraráætlun ársins 2010 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds á því ári er í skýrslu þessari að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2009, sem var skorin verulega niður í nóvember sl. í kjölfar falls stærstu viðskiptabankanna. Athygli er vakin á að í áætlun fyrir árið 2010 er horft allt að 18 mánuði fram í tímann varðandi umsvif í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Skýrslunni fylgja tvær töflur þar sem gerð er grein fyrir áætluðu rekstrarumfangi næsta árs (2010) og endurskoðaðri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 1) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2010 (tafla 2). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008.

Tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2008 námu 912,7 m.kr. Ýmsar tekjur námu 11,2 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 43,0 m.kr. Sérstakt framlag ríkisins nam 549 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.075,2 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam 440,6 m.kr. Meðtalin í framangreindum fjárhæðum eru tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu, samtals 5.9 m.kr. Eignir í árslok 2008 námu samtals 771,0 m.kr. og skuldir 242,6 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 528,3 m.kr.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 var endurskoðuð tvisvar. Í fyrra sinn í júní 2008 í tengslum við gerð áætlunar fyrir árið 2009 en þá var fallið frá fyrirhuguðum flutningi í nýtt húsnæði á árinu 2008 og felldir út úr áætluninni liðir tengdir flutningunum, samtals 42.9 m.kr. Gerð er grein fyrir þessum breytingum í skýrslu til viðskiptaráðherra um rekstraráætlun stofnunarinnar 2009, dags. 3. júlí 2008. Síðari endurskoðun rekstraráætlunar ársins 2008 var í nóvember 2008, í kjölfar ráðstafana á fjármálamarkaði á grundvelli l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Við þá breytingu var launaliður áætlunarinnar fyrir árið 2008 lækkaður um 32,8 m.kr. Gerð var grein fyrir þessum breytingum í skýrslu til viðskiptaráðherra, dags. 26. nóvember 2008.

Samkvæmt fjáraukalögum fyrir árið 2008, sem samþykkt voru á Alþingi þann 22. desember 2008, er framlag til Fjármálaeftirlitsins 549 m.kr. Tengist það auknum kostnaði stofnunarinnar vegna ráðstafana á grundvelli l. nr. 125/2008. Helstu þættir þessa kostnaðar eru vegna skilanefnda viðskiptabanka, sem skipaðar voru af Fjármálaeftirlitinu, endurskoðunar- og verðmatskostnaður vegna gerðar stofnefnahags-reikninga nýju viðskiptabankanna og ýmis önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta tengd endurreisn fjármálakerfisins. Hvað varðar kostnað vegna skilanefnda þá er það vilji stjórnar Fjármálaeftirlitsins að endurheimta hann frá gömlu viðskiptabönkunum. Ljóst er nú að heildarkostnaður vegna framangreinds, sem að stærstum hluta fellur undir liðinn "aðkeypt sérfræðiþjónusta" í ársreikningi Fjármálaeftirlitsins, varð töluvert lægri fjárhæð á árinu 2008 en gert var ráð fyrir í fjáraukalögunum eða alls 310,6 m.kr. Alls 238,4 m.kr. af þessu sérstaka ríkisframlagi var því ekki ráðstafað á árinu.

Í yfirliti 1 hér á eftir eru sýndar helstu tölur úr rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 ásamt breytingum sem tvisvar voru gerðar á áætluninni og nefndar hafa verið hér að framan. Þá sýnir yfirlitið einnig rauntölur ársins skv. ársreikningi stofnunarinnar fyrir 2008. Sérstakur dálkur er svo í yfirlitinu sem sýnir endanlegar rekstrar- og efnahagstölur ársins eftir að sérstaka ríkisframlagið hefur verið dregið út og á sama hátt kostnaður því tengdur. Fjárhæðir í þessum dálki (dálkur 5) eru síðan í yfirlitinu bornar saman við rekstraráætlun, annars vegar við upphaflega áætlun og loks við fjárhæðir úr síðari útgáfu áætlunarinnar í nóvember 2008.

Eins og sjá má á yfirlitinu skýrist stærsta frávik í gjaldahlið rauntalna í rekstri Fjármálaeftirlitsins árið 2008 af verulega lægri launakostnaði en áætlað var eða um 128 m.kr. Frávikið má fyrst og fremst rekja til þess að áætlanir um nýráðningar riðluðust við bankahrunið auk þess sem launaleiðréttingar sem höfðu verið í áætlun gengu ekki eftir. Kostnaður við tölvu- og upplýsingatæknimál er hins vegar helsta ástæðan fyrir því að önnur gjöld alls fóru að lokum nokkuð fram úr áætlun á árinu eða um 16 m.kr. Á tekjuhlið er hins vegar helsta frávikið 33 m.kr. hærri vaxtatekjur en áætlað var.

Yfirlit 1.

	1	2	3	4	5	6	7
Rekstraráætlun FME vegna 2008 m.kr.	**Upphafleg áætlun** (júní 2007)	**Endursk. áætlun** (júní 2008)	**Endursk. áætlun** (nóv. 2008)	**Rauntölur 2008**	**Rauntölur 2008 án ríkisframlags og sérstaks kostn. vegna bankahruns**	**Frávik raunt. í dálki 5 frá upphafl. áætlun í dálki 1**	**Frávik raunt. í dálki 5 frá endursk. áætlun í dálki 3**
Tekjur:							
Eftirlitsgjald	915,0	915,0	915,0	912,7	912,7	-2,3	-2,3
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	5,9	5,9	-0,1	-0,1
Aðrar tekjur	0,5	0,5	0,5	5,3	5,3	4,8	4,8
Vaxtatekjur nettó	10,0	10,0	10,0	43,0	43,0	33,0	33,0
Tekjur samt.	931,5	931,5	931,5	966,9	966,9	35,4	35,4
Ríkisframlag				549,0			
Gjöld:							
Launakostnaður	691,1	692,1	658,3	530,4	530,4	-160,7	-127,9
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	5,9	5,9	-0,1	-0,1
Önnur gjöld samt.	255,0	212,2	212,2	538,9	228,3	-26,7	16,1
Gjöld samt.	952,2	910,3	876,5	1075,2	764,6	-187,6	-111,9
Tekjuafgangur	-20,7	21,2	55,0	440,6	202,3	223,0	147,3
Yfirfært frá fyrra ári	50,7	87,7	87,7	87,7	87,7	37,0	0
Eigið fé í árslok	30,0	108,9	142,7	528,3	289,9	259,9	147,2
Þ.a. sérstakur varasjóður	30,0	45,7	45,7	38,3			

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

Um rekstur og efnahag Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2009.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 var send viðskiptaráðherra með bréfi, dags. 3. júlí 2008. Eftir ráðstafanir á fjármálamarkaði í október 2008 á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., var talið að töluverðar breytingar yrðu í starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009 og tekjur og rekstrarumfang stofnunarinnar yrðu minni en gert var ráð fyrir í fyrirliggjandi rekstraráætlun. Var áætlunin því endurskoðuð og hætt við fyrirhugaða fjölgun starfsmanna á árinu og fallið frá áætlun um flutning í nýtt húsnæði. Ennfremur þótti fyrirsjáanlegt að utanlandsferðum á vegum eftirlitsins myndi fækka og fallið var frá fyrirhugaðri þátttöku í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO). Ný rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 með þessum breytingum var send viðskiptaráðherra með bréfi, dags. 26. nóvember 2008. Á yfirliti 2 hér á eftir má sjá helstu breytingar framangreindrar endurskoðunar á rekstraráætluninni og samanburð við upphaflega áætlun. Þess ber að geta að við meðferð rekstraráætlunarinnar í viðskiptanefnd Alþingis var ákveðið að bæta 13 m.kr. við áætlaðan launalið áætlunarinnar og þ.m.t. áætlað eftirlitsgjald og hefur þessi breyting verið færð í tölur endurskoðuðu áætlunarinnar ásamt breytingu á liðnum „yfirfært frá fyrra ári“ sem hefur áhrif til lækkunar á áætluðu eftirlitsgjaldi um sömu fjárhæð.

Eins og fram er komið hér að framan í umfjöllun um rekstur ársins 2008 bættust ýmis ný úrlausnarefni á síðasta hausti við reglubundin verkefni Fjármálaeftirlitsins, á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl. Hins vegar var ekki gerlegt að koma að áætluðum kostnaðar- og tekjuliðum vegna þessara verkefna í rekstraráætlunum stofnunarinnar. Nú liggur fyrir að 238,4 m.kr. af sérstakri 549 m.kr. fjárveitingu vegna framangreinds samkvæmt fjáraukalögum fyrir árið 2008 var ekki ráðstafað á árinu og flyst fjárhæðin því yfir á árið 2009 sem hluti af tekjuafgangi stofnunarinnar á árinu. Gert er ráð fyrir að þessum fjármunum ásamt 18,5 m.kr. væntanlegu aukaframlagi úr ríkissjóði verði ráðstafað á árinu 2009 til verkefna á grundvelli nefndra laga.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2010 hefur síðan enn reynst nauðsynlegt að endurskoða áætlun fyrir líðandi ár. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að breyting hefur orðið á fjárhæð vegna yfirfærslu frá fyrra ári, þar sem uppgjör ársins liggur nú fyrir, sbr. það sem tilgreint hefur verið hér að framan. Auk þess er nú búist við nokkrum afföllum af álögðum eftirlitsgjöldum á árinu eins og rakið verður hér á eftir.

Alls voru lagðar á 830 m.kr. á eftirlitsskylda aðila í ársbyrjun 2009 samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Óvissa er um fulla innheimtu þessarar fjárhæðar. Tvær meginástæður valda því.

Í fyrsta lagi er álagning eftirlitsgjalds á nýju viðskiptabankana þrjá byggð á upplýsingum um heildareignir í drögum að stofnefnahagsreikningum bankanna, en endanlegir efnahagsreikningar lágu þá ekki fyrir. Ýmsar breytingar hafa síðar verið gerðar á þessum drögum að stofnefnahagsreikningum, einkum til lækkunar. Álagt eftirlitsgjald verður því væntanlega að endurreikna, þegar endanlegir stofnefnahagsreikningar liggja fyrir. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þegar þessi skýrsla er gerð, má áætla að lækkun álagningar eftirlitsgjalds á viðskiptabankana geti numið um 46 m.kr. af framangreindum ástæðum.

Í öðru lagi hefur Fjármálaeftirlitið, eftir að álagning eftirlitsgjaldsins fór fram, í byrjun janúar sl. gripið til ráðstafana gagnvart fleiri lánastofnunum á grundvelli laga nr. 125/2008. Þær ráðstafanir, umbreytingar á lánamarkaði, og rekstrarleg óvissa nokkurra annarra fyrirtækja, sem greiða eiga eftirlitsgjald, gera það að verkum að nokkur óvissa er um fulla innheimtu eftirlitsgjalda þessara aðila. Fjármálaeftirlitið áætlar nú að um 18 m.kr. rýrnun verði í innheimtu álagðra eftirlitsgjalda á árinu 2009 frá þessum aðilum. Samtals er því nú áætlað að innheimt eftirlitsgjöld á árinu 2009 verði um 64 m.kr. lægri en álagning í ársbyrjun 2009 gerði ráð fyrir.

Yfirlit 2.

Rekstraráætlun FME vegna 2009 m.kr.	Rekstraráætlun (júní 2008)	Endursk. áætlun (nóv. 2008)	Endursk. áætlun (júní 2009)	Frávik frá upphafl. áætlun (júní 2008)
Tekjur				
Eftirlitsgjald	1.116,0	825,7	766,0	-350,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	0
Aðrar tekjur	1,0	0,5	0,5	-0,5
Vaxtatekjur nettó	12,0	12,0	12,0	0
	1.135,0	**844,2**	**784,5**	**-350,5**
Gjöld				
Launakostnaður	900,9	704,8	706,1	-194,8
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	0
Önnur gjöld samt.	291,3	230,4	247,6	-43,7
	1.198,2	**941,2**	**959,7**	**-238,5**
Tekjuafgangur	**-63,2**	**-97,0**	**-175,2**	**-112,0**
Yfirfært frá fyrra ári	109,0	142,7	289,9	180,9
Eigið fé í árslok	**45,7**	**45,7**	**114,7**	**69,0**

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2010

Ljóst er að verulegar breytingar hafa orðið í starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins síðustu mánuði og á næstu misserum verður starfsemi stofnunarinnar mótuð að nýjum aðstæðum. Við þá endurmótun er óhjákvæmilegt að taka mið af reynslu síðustu ára og fyrirliggjandi ráðgjöf sérfræðinga, sem stjórnvöld fengu til aðstoðar eftir bankahrunið. Fram er komið að rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2009 var lækkuð umtalsvert eftir bankahrunið og fallið frá fyrirhugaðri fjölgun starfsmanna. Óhjákvæmilegt hefur hins vegar reynst að fjölga starfsfólki tímabundið, fyrst og fremst vegna margháttaðrar rannsóknarvinnu tengdri fyrri starfsemi gömlu bankanna. Frá október 2008 hefur Fjármálaeftirlitið hafið rannsókn á 51 máli tengdum meintum brotum einstaklinga og fjármálafyrirtækja. Gera verður ráð fyrir að þessi vinna teygi sig yfir á árið 2010. Því til viðbótar liggur þegar fyrir að ákveðnir þættir í rekstri stofnunarinnar, s.s. skipulag gagnagrunna og upplýsingavinnsla, hafa verið vanmetnir. Þá er þegar ljóst að starfsemi nýju viðskiptabankanna, annarra fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða þarf styrkara eftirlitsaðhald með beinum eftirlitsheimsóknum en verið hefur. Að öllu samanlögðu er því óhjákvæmilegt að taka upp aftur í rekstraráætlun fyrir árið 2010 áætlun um styrkingu eftirlitsins og í raun nokkuð umfram það sem horfið var frá á líðandi ári.

Launakostnaður

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármáleftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir 13 nýjum stöðugildum á árinu 2010. Þar af eru 7 ný stöðugildi á lánasviði, 3 á lífeyris- og verðbréfasjóðasviði og 3 á stoðsviði. Áætlað er að fjöldi stöðugilda í árslok 2009 verði 64,4 og 77,4 í lok árs 2010. Gert er ráð fyrir að aukning á árinu 2010 reiknist frá byrjun ársins. Fjölgun starfsmanna er tímabundin vegna umfangs rannsóknarverkefna á árinu 2009 og 2010. Til lengri tíma litið er óvissa um umfang starfseminnar og starfsmannaþörf.

Í töflu 1 kemur fram að laun og launatengd gjöld eru áætluð 803,5 m.kr. árið 2010 samanborið við 706,1 m.kr. samkvæmt áætlun 2009. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 97,4 m.kr. eða 13,8%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af fjölgun starfsmanna, en að óverulegu leyti vegna samningsbundinna launabreytinga.

Viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 10,8 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 12,1 m.kr. árið 2009.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði

Húsaleiga í núverandi húsnæði byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlunin nú gerir ráð fyrir að leiga á 2. hæð hússins fáist framlengd á óbreyttum kjörum frá ársbyrjun 2010 en flutt verði í nýtt húsnæði af svipaðri stærð og það húsnæði sem stofnunin hefur nú yfir að ráða á seinni hluta árs 2010. Húsrýmisáætlun stofnunarinnar verður uppfærð í framhaldi af gerð rekstraráætlunarinnar. Stefnt er að því að frágangur og gæði nýs húsnæðis verði í samræmi við fyrirliggjandi húslýsingu stofnunarinnar og húsnæði því leigt fullbúið. Stærsti hluti hækkunar leigukostnaðar frá líðandi ári er áætluð verðlagshækkun vegna tengingar húsaleigu við neysluvísitölu en gert er ráð fyrir óverulegri hækkun á grunnleiguverði frá gildandi leigusamningum. Óvissa hvað varðar leigukjör tengist þó hugsanlegum virðisaukaskatti á leiguverð í nýju húsnæði en slíkur skattur leggst ekki á leiguverð í núverandi húsnæði stofnunarinnar. Margir leigusalar eru með húsnæði sitt virðisaukaskattskráð en stofnunin getur ekki nýtt slíkt fyrirkomulag til endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Gerð hefur verið grein fyrir húsnæðismálum stofnunarinnar í gögnum með rekstraráætlun stofnunarinnar sl. ár, auk þess sem bréfaskipti hafa átt sér stað við viðskiptaráðuneytið vegna þessara mála, en frá því á árinu 2007 hefur í rekstraráætlunum verið gert ráð fyrir flutningi í stærra og hentugra húsnæði. Vegna fjölgunar starfsmanna var húsnæðið orðið of lítið og ýmis aðstaða ófullnægjandi. Ríkiskaup auglýstu á árinu 2007 eftir húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið án árangurs og var húsnæðisleitinni haldið áfram með aðstoð Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2008. Samningar náðust þá hins vegar ekki í leiguviðræðum um húsnæðiskost sem þótti áhugaverður. Við niðurskurð rekstraráætlunar Fjármálaeftirlitsins fyrir líðandi ár, sem gerður var í kjölfar bankahrunsins í október sl., var fallið frá áætlun um flutning stofnunarinnar á árinu 2009 en skömmu áður hafði tekist að útvega viðbótarhúsnæði á 2. hæð hússins sem leysir brýnasta húsnæðisvandann út líðandi ár.

Samtals er kostnaður vegna þessara liða áætlaður 50,0 m.kr. samanborið við 42,0 m.kr. á árinu 2009 sem er 19% hækkun.

Rekstur tölvubúnaðar

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 14,3 m.kr., eða um 16,4%, úr 87,2 m.kr. áætlun fyrir árið 2009 í 101,5 m.kr. á árinu 2010. Hækkunin stafar fyrst og fremst af hækkunum á vélbúnaði, notendahugbúnaði og rekstrarvörum, fjölgun starfsmanna og gengisbreytingum.

Ferðakostnaður erlendis

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 10% milli ára og verði 33,0 m.kr. Gert er ráð fyrir 132 ferðum á næsta ári á móti rúmum 150 árið 2009. Mikil veiking krónunnar vegur þyngst í aukningu þessa liðar og vegur upp lækkun vegna fækkunar ferða. Fækkun ferða stafar af samdrætti í eftirliti erlendis í kjölfar falls stærstu viðskiptabankanna. Þátttaka í samstarfi eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu verður hins vegar með svipuðu sniði og verið hefur.

Þátttökugjöld vegna erlends samstarfs

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Samstarfið tengist fyrst og fremst eftirgreindum nefndum:

- Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (e. *Committee of European Securities Regulators – CESR*) 4,5 m.kr.
- Alþjóðasamtök vátryggingaeftirlita (e. *International Association of Insurance Supervisors – IAIS*) 2,9 m.kr.
- Samstarfsnefnd Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita (e. *Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors – CEIOPS*) 2,6 m.kr.
- Samstarfsnefnd evrópskra bankaeftirlita (e. *Committee of European Banking Supervisiors – CEBS*) 1,5 m.kr.

Heildarþátttökugjöld samkvæmt þessum lið eru 12,0 m.kr. Á árinu 2009 var sambærilegur kostnaður samtals 7,4 m.kr. og nemur hækkunin 62,2%. Ástæður fyrir hækkuninni eru fyrst og fremst óhagstæð gengisþróun.

Kostnaður vegna flutninga/eignakaupa

Stór hluti húsbúnaðar stofnunarinnar verður orðinn 10 ára gamall á árinu 2010. Í upphaflegri áætlun fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir endurnýjun þessa búnaðar í tengslum við fyrirhugaða flutninga og vísað í endurnýjunarþörf samkvæmt mati verkfræðistofu. Nú er hins vegar stefnt að því að nýta sem mest af þessum húsbúnaði í nýju húsnæði. Eigi að síður er nokkur endurnýjun óhjákvæmileg auk viðbótar þar sem húsbúnaður vegna fjölgunar starfsmanna frá miðju ári 2008 var að mestu tekinn á leigu með því viðbótarhúsnæði sem leigt var frá sama tíma. Er því áætlaður kostnaður á árinu 2010 vegna endurnýjunar húsbúnaðar samkvæmt framangreindu, nýs símabúnaðar og fleiri þátta sem tengdir eru húsnæðisbreytingum alls 29 m.kr. Einnig er þar innifalinn 2,5 m.kr. kostnaður vegna húsnæðisöflunar og flutninga á árinu 2010.

Annar kostnaður

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 81,9 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 74,5 m.kr. fyrir árið 2009 og nemur hækkunin 7,4 m.kr. eða 10%. Að hluta til stafar hækkunin milli ára á þessum kostnaðarliðum samtals af áhrifum af fjölgun starfsmanna. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3,5% af launum og launatengdum gjöldum. Stærsti liðurinn sem fellur undir framangreint viðmið er endurmenntunar- og skólakostaður, 11 m.kr., en þar getur einnig bæst við ferða- og dvalarkostnaður tengdur þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum erlendis. Fjöldi slíkra ferða er ekki áætlaður en ákvarðanir um þær takmarkast af framangreindu viðmiði.

Rekstrarkostnaður samtals

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.110,9 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 953,7 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2009 eða 16,5% hækkun milli ára.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðum á reikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjur nettó, 12 m.kr., eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 1 m.kr. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, til að innheimta sérstaklega útlagðan kostnað vegna umframeftirlits eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna ákveðinna aðila.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2010

Tekjuáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 skal byggð á álagningarstofnum úr ársreikningum eftirlitsskyldra aðila fyrir árið 2008 samkvæmt því sem nánar er tilgreint um álagningarstofna í 5. gr. laga nr. 99/1999. Ársreikningar nýju viðskiptabankanna þriggja fyrir árið 2008 liggja hins vegar ekki fyrir þegar þessi áætlun er gerð auk þess sem óvissa er um áframhaldandi rekstur nokkurra smærri eftirlitsskyldra aðila. Álagningarstofn viðskiptabankanna samtals í tekjuáætluninni er því áætluð stærð og frávik frá áætlun gætu orðið meiri en áður af framangreindum ástæðum.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þannig skal hliðsjón höfð af tímaskiptingunni á tilgreindu tímabili samhliða mati á þróun þessarar skiptingar fyrir líðandi ár og næsta fjárhagsár.

Í töflu 2 sem er fylgiskjal með skýrslunni er sýnd tillaga (áætlun) Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2010 milli flokka eftirlitsskyldra aðila, sem gerð er með hliðsjón af framangreindu lagaákvæði. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg skipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2009, álagningarstofnar vegna áætlaðs eftirlitsgjalds á árinu 2010, áætluð álagningarhlutföll á árinu 2010 og upplýsingar um lágmarks- og fastagjöld.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins er tengd málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Þessi skráning verður þó ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjölmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (e. cross-sectoral) og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Sama á við um verkefni í innri starfsemi eftirlitsins.

Með breytingu á lögum nr. 99/1999 sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 var gerð sú breyting að greint var á milli viðskiptabanka og annarra lánastofnana í álagningu eftirlitsgjalds með mismunandi álagningarhlutföllum. Fjármálaeftirlitið hafði í rekstraráætlun sinni fyrir árið 2008 lagt fram tillögu um sama álagningarhlutfall fyrir allar lánastofnanir byggða á tímaskráningu, samanber einnig gildandi lög á þeim tíma. Þessu var hins vegar breytt við afgreiðslu viðkomandi frumvarps frá viðskiptanefnd, samkvæmt tilmælum frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Forsendur fyrir þessari skiptingu álagningarhlutfalls á lánastofnanir eru því ekki komnar frá Fjármálaeftirlitinu og skiptingin ekki studd niðurstöðum úr tímaskráningu stofnunarinnar. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009, þann 3. júlí 2008, var lagt til að þessu yrði aftur breytt þannig að allar lánastofnanir bæru sama álagningarhlutfall. Þessu var þó aftur breytt til fyrra horfs í samræmi við tillögur samtaka fjármálafyrirtækja við meðferð enduráætlunar rekstraráætlunarinnar í viðskiptanefnd Alþingis í desember 2008 eftir að upphaf-

leg tekjuáætlun stofnunarinnar hafði raskast mjög vegna bakahrunsins. Tekjuáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 hefur því í raun takmarkaðri tengingu við tímaskráningu stofnunarinnar en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun stofnunarinnar vegna ársins.

Í tillögum að álagningu eftirlitsgjalds á árinu 2010, sem nú eru lagðar fram, er aftur reynt að færa skiptingu eftirlitsgjalds meira til samræmis við tímaskráningu stofnunarinnar þó þannig að enn eru ekki sömu álagningarhlutföll á viðskiptabanka og aðrar lánastofnanir.

Þá er í tillögunum gert ráð fyrir óbreyttri skiptingu heildarálagningar eftirlitsgjaldsins á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, þannig að útgefendur hlutabréfa beri 70% heildarálagningarinnar og útgefendur skuldabréfa beri 30%. Tekið er mið af þessari skiptingu í tillögu um þrepaskiptingu fastagjalda, sbr. eftirfarandi töflu:

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi		**Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi**	
Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.	Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.
0–4.999	300	0–999	100
5.000–24.999	800	1.000–4.499	150
25.000–99.999	2.400	5.000–9.999	350
100.000–499.999	4.400	10.000–49.999	600
500.000 og yfir	6.300	50.000–199.999	850
		200.000 og yfir	1.000

Þá leggur Fjármálaeftirlitið nú til breytingar á fastagjöldum lífeyrissjóða en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Gjöld þessi verði því:

Fastagjald 790.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.270.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.220.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.130.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 4.780.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 1.021,5 m.kr. samanborið við 766,0 m.kr. áætlað innheimt eftirlitsgjald á árinu 2009 sem er 33,4 % hækkun milli ára.

Rekstraráætlun FME.
(6. júlí 2009.)

Tafla 1.

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2009		Endursk. áætlun 2009		Áætlun vegna 2010		Breyting %
Rekstrarkostnaður:	**1**		**2**		**3**		**D2 til D3**
Laun og launatengd gjöld	**688.000**		**688.000**		**784.307**		**14,0%**
Íþrótta- og gististyrkur	**6.000**		**6.000**		**8.400**		**40,0%**
Stjórnarlaun	**10.800**		**12.140**		**10.800**		**-11,0%**
Laun og launatengd gjöld samtals	***704.800***		***706.140***		***803.507***		**13,8%**
Starfsmannaþj., kaffi, fundir	**5.500**		**5.500**		**6.000**		**9,1%**
Endurm.kostnaður og skólakostnaður	**8.500**		**8.500**		**11.000**		**29,4%**
Húsaleiga, húsfélag	**40.000**		**40.000**		**48.500**		**21,3%**
Rafmagn, hiti,	**2.000**		**2.000**		**1.500**		**-25,0%**
Símakostnaður	**7.500**		**7.500**		**8.000**		**6,7%**
Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	**6.000**		**6.000**		**5.000**		**-16,7%**
Bækur og ritföng	**5.000**		**5.000**		**5.500**		**10,0%**
Póstkostnaður	**800**		**800**		**800**		**0,0%**
Rekstur tölvub.,sérfr.þj. v. og eignk. v. tölvumála	**70.000**		**87.200**		**101.500**		**16,4%**
Sérfræðikostnaður	**10.000**		**10.000**		**10.000**		**0,0%**
Málskostnaður	**6.000**		**6.000**		**6.000**		**0,0%**
Stjórnunar og árangursmæling	**1.500**		**1.500**		**1.500**		**0,0%**
Ferðakostnaður erlendis	**30.000**		**30.000**		**33.000**		**10,0%**
Ferðakostnaður innanlands	**3.200**		**3.200**		**4.000**		**25,0%**
Þátttökugj. vegna erl. samstarfs	**7.400**		**7.400**		**12.000**		**62,2%**
Kostnaður vegna funda hér á landi	**1.200**		**1.200**		**1.800**		**50,0%**
Eignakaup	**5.000**		**5.000**		**26.500**		**430,0%**
Öryggisgæsla	**2.500**		**2.500**		**2.500**		**0,0%**
Ræsting, ræstingarvörur	**6.500**		**6.500**		**7.000**		**7,7%**
Styrkur til starfsmannafélags	**1.300**		**1.300**		**1.800**		**38,5%**
Kostnaður vegna flutninga	**1.500**		**1.500**		**2.500**		**66,7%**
Ýmis gjöld og þjónusta	**9.000**		**9.000**		**11.000**		**22,2%**
Önnur gjöld samtals	***230.400***		***247.600***		***307.400***		**24,2%**
Gjöld alls án úrskurðarnefnda	**935.200**		**953.740**		**1.110.907**		**16,5%**
Tekjur							
Álagt eftirlisgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	**825.697**		**766.000**		**1.021.547**		**33,4%**
Vaxtatekjur netto	**12.000**		**12.000**		**12.000**		**0,0%**
Aðrar tekjur	**500**		**500**		**1.000**		**100,0%**
Tekjur alls án úrskurðarnefnda	**838.197**		**778.500**		**1.034.547**		**32,9%**
Úrskurðarnefndir							
Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	**6.000**		**6.000**		**6.000**		
Tekjur úrskurðarnefnda	**6.000**		**6.000**		**6.000**		
Tekjuafgangur	**-97.003**		**-175.240**		**-76.360**		
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	**142.703**		**289.900**		**114.660**		
Eigið fé í árslok	**45.700**		**114.660**		**38.300**		
- þar af sérstakur varasjóður	***45.700***		***38.300***		***38.300***		
- þar af annað eigið fé	***0***		***76.360***		***0***		

Aætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2010 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 2

Miðað er við álagningarþörf 1.021.547 þús.kr. skv. drögum að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2010

Í þús. kr.	Tilvís. í 5. gr.laga nr. 99/ 1999	Álagn-ingar-stofn *)	Hlutfl. skipting eftirlitsgjalds milli flokka eftirlitsk.aðila skv. álagn. 2009	Álagningar-stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2008 [1]	Áætluð lám.- og fasta-gjöld 2010	Gildandi lám.- og fasta-gjöld 2009	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2010	Gildandi álagningar-hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2010 [3]	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2010
Lánastofnanir	*tölul. 1. samtals*		*45,14*	*3.265.795.509*					*580.591*	*56,83*
Viðskiptabankar	*1.a*	e	34,85	2.403.234.736	600	600	0,01760	0,00774	422.969	41,40
"Gömlu" viðskiptabankarnir [2]	*1.b*	f	1,45		4.000	4.000			20.000	1,96
Sparisjóðir	*1.b*	e	5,48	421.194.513	600	600	0,01590	0,00686	67.444	6,60
Lánafyrirtæki	*1.b*	e	3,37	441.366.260	600	600	0,01590	0,00686	70.177	6,87
Vátryggingafélög	*2*	i	*17,33*	42.016.202	600	600	0,35300	0,38100	148.317	*14,52*
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	0,24	0	300	300	0,21500	0,02150	1.800	0,18
Verðbréfafyrirtæki	*4*	e	1,77		600	600	0,14700	0,06100	13.943	1,36
Verðbréfamiðlanir	*5*	e	0,17	180.750	350	350	0,14700	0,06100	1.050	0,10
Rekstrarfélög	*6*	e	6,31	254.870.430	600	600	0,01750	0,00740	45.208	4,43
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	0,36	418.928	350	350	0,91000	0,84000	3.812	0,37
Kauphallir	*8*	t	0,62	916.853	350	350	0,69000	0,61000	6.326	0,62
Lífeyrissjóðir	*9*	el	18,22	1.598.727.102	790/4.780	700/4.210	0,00982	0,00891	156.995	15,37
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*10*	f	0,04		300	300	300	300	300	0,03
Íbúðalánasjóður	*11*	e	2,34	726.519.246	600	600	0,00360	0,00320	26.155	2,56
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. og öryggissjóðir skv. l um innstæðutryggingar	*12*	f	0,07		300	300	300	300	600	0,06
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	0,36		1.500	1500	1.500	1500	0	0,00
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	6,75		[4]		Óbr. fastagj.		33.450	3,27
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 95/2008		f	0,29		600		600		3.000	0,29
Samtals			100,0						**1.021.547**	100,0

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=bókfærð iðgjöld; f=fastagjald*

1) Álagningarstofn viðskiptabankanna samtals er hér áætlaður fjárhæð þar sem reikningar nýju bankanna liggja enn ekki fyrir. Fjármálafyrirtæki sem ekki er gert ráð fyrir að starfi á næsta ári eru ekki meðtalin í stofnunum. (SPRON, Sp. Mýras. Sparisjb. Straumur Frjálsi fjárfb., nb.is, SPRON verðbr.)

2) Áætlað er hér að Landsb., Kaupþing, Glitnir, Straumur, Sparisjóðab. greiði fastagjald. 2010.

3) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

4) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2010.

Fylgiskjal II.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila:

Umsögn um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010.

Meðfylgjandi eru athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við greinargerð um áætlað rekstrarumfang FME árið 2010 sem kynnt var nefndinni í júní.

Fjárhagsáætlun 2010:

1. Í rekstraráætlun fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir 15,7% hækkun launakostnaðar milli ára eða 110,6 milljónir kr. Um er að ræða kostnað vegna ráðningar 13 nýrra starfsmanna á árinu 2010. Á fundi samráðsnefndar með FME kom fram að þessi aukning skýrðist af rannsóknarvinnu tengdri bankahruninu og að gert sé ráð fyrir að draga muni úr starfsmannaþörf aftur þegar sér fyrir endann á þeirri vinnu á næstu árum.
2. Eðlilegt er að eftirlitsskyldir aðilar standi straum af kostnaði við rekstur FME í samræmi við eftirlit með starfsemi þeirra. Á sama hátt er eðlilegt að kostnaður vegna rannsóknar á bankahruninu og málum því tengdu greiðist af gömlu bönkunum eða ríkissjóði beint. Í ljósi þess að fyrirhuguð fjölgun starfsmanna snýr að slíkri rannsóknarvinnu liggur þannig beint við að sá viðbótarkostnaður komi úr sérstöku ríkisframlagi, og það sé svo mál ríkisins og gömlu bankanna hvort um endurkröfu þeirra á milli verði að ræða. Þá er nauðsynlegt að FME greini sem best milli kostnaðar af hefðbundinni eftirlitsstarfsemi og kostnaðar sem stafar af bankahruninu.
3. Laun fyrir sérfræðistörf hafa lækkað í fjármálageira eins og öðrum atvinnugreinum eftir hrunið. FME ætti því að geta náð hagstæðari launasamningum en gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi rekstraráætlun m.t.t. þeirrar launaþróunar sem á sér stað á fjármálamarkaði þessi misserin. Þau áföll sem dundu yfir síðastliðið haust sýna mikilvægi þess að FME hafi yfir að ráða sem mestri sérþekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Í þeim efnum hefur samráðsnefnd ávallt lagt áherslu á lögbundna heimild FME til að ráða tímabundið sérfræðinga til að sinna ákveðnum málum. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur sú leið verið mikið notuð í framhaldi af hruninu, en var lítið sem ekkert notuð fram að því. Horfa mætti til þeirrar lausnar til að brúa það bil sem FME telur að nú þurfi að gera tímabundið, og halda þá einnig sérstaklega utanum þann kostnað. Þá má velta því upp hvort fara mætti þá leið sem þekkist hjá sumum af evrópsku fjármálaeftirlitunum, þar sem utanaðkomandi sérfræðingar hafa með höndum úttektir á starfsstöðvum og sambærilega vinnu en fastráðnir starfsmenn eru meira í að hafa heildaryfirsýn yfir málefni fjármálamarkaðar og huga að kerfislegri áhættu.
4. Fram kemur í skýrslunni að FME sé að leita að nýju húsnæði sem það geri ráð fyrir að flytja í seinni hluta árs 2010, og að gert sé ráð fyrir óverulegri hækkun á grunnleiguverði frá gildandi leigusamningum. Einnig kemur fram að óvissa sé um leigukjör hvað það varðar að margir leigusalar séu með húsnæði sitt virðisaukaskattsskráð, sem FME geti ekki nýtt sér. Leiguverð á atvinnuhúsnæði hefur lækkað mikið á skömmum tíma og því má gera ráð fyrir að FME standi til boða gott húsnæði á hagstæðari kjörum en nú er. Þá er framboð á atvinnuhúsnæði það mikið að erfitt er að sjá að óvissa eigi að þurfa að vera um leigukjör í tengslum við virðisaukaskatt.

Skipting eftirlitsgjalds

5. Hvað skiptingu eftirlitsgjaldsins varðar hefur samráðsnefnd ávallt lagt áherslu á að tímaskipting vinnu FME eigi að vera grundvöllur skiptingar heildarkostnaðar. Að mati samráðsnefndar er það hið eðlilega viðmið og mikilvægt að FME leggi sig fram um að halda sem nákvæmasta tímaskráningu til að byggja þá skiptingu á. Í gegnum árin hefur verið miðað við meðal tímaskiptingu síðastliðinna þriggja ára en vera má að næstu 2–3 árin geti verið eðlilegra að horfa til skemmra tímabils í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á fjármálaumhverfinu öllu. Rétt er að ítreka mikilvægi þess sem fram kemur hér að framan, þ.e. að eftirlitsskyldir aðilar í dag séu að greiða fyrir þá starfsemi FME sem lýtur að almennu fjármálaeftirliti, en ekki fyrir rannsóknir tengdum bankahruninu. Til viðbótar við almennt viðhorf til skiptingar eftirlitsgjaldsins, vilja einstakir fulltrúar eftirlitsskyldra aðila í samráðsnefnd koma eftirfarandi á framfæri:

Athugasemd frá fulltrúa sparisjóða:

Fulltrúi sparisjóða gerir athugasemd við að eftirlitsgjald starfandi sparisjóða nær fjórfaldist frá 2008.

Athugasemd frá fulltrúa lífeyrissjóða:

Fulltrúi lífeyrissjóða vill koma þeirri athugasemd á framfæri að samkvæmt framlögðu yfirliti um skiptingu eftirlitsgjalds og skráðra vinnutíma hjá FME kemur fram að skráðir vinnutímar vegna lífeyrissjóða hafi numið að meðaltali s.l. þrjú ár 10–11%, en hlutfall álagningargjalds á árinu 2009 sé áætlað 18.2% og 15.4% á árinu 2010. Þarna sé um augljóst misræmi að ræða sem þurfi að taka til endurskoðunar.

Athugasemd frá fulltrúa viðskiptabanka:

Fulltrúi viðskiptabanka vill koma þeirri athugasemd á framfæri að fjármálamarkaðurinn hefur tekið á sig mun einfaldari mynd en verið hefur. Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að umfang og starfsemi FME taki mið af núverandi stærð fjármálamarkaðarins. Mikilvægt er að álagning eftirlitsgjalds á ólíka hópa eftirlitsskyldra aðila fari fram í takt við áætlað vinnuframlag við eftirlit með hverjum hópi og tekið sé mið af tímaskiptingu sem grunni við skiptingu eftirlitsgjalds.

Athugasemd frá fulltrúa annarra eftirlitsskyldra aðila:

Fulltrúi annarra eftirlitsskyldra aðila gerir athugasemd við að hlutdeild Kauphallarinnar og Verðbréfaskráningar Íslands, þ.e. hlutfallsskipting milli flokka eftirlitsskyldra aðila m.v. álagningu 2009, hefur aukist milli ára (KÍ 0,61% í 0,70%, VS 0,84% í 0,92%) meðan eftirlitsgjaldið á aðra aðila (fyrir utan lánastofnanir og ÍLS) hefur lækkað. Umfang í rekstri Kauphallarinnar hefur minnkað verulega og er þessi hækkun 25% á sjálfu gjaldinu. Ekki er að finna í skýrslunni sérstök rök fyrir þessari hækkun, t.d. að eftirlitið með Kauphöllinni og Verðbréfaskráningunni sé meira eftir bankahrun. Fulltrúi annarra eftirlitsskyldra aðila telur svo ekki vera.

Reykjavík 16. júní 2009,
f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,
Guðjón Rúnarsson.

Umsögn um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010.

Meðfylgjandi eru athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við greinargerð um áætlað rekstrarumfang FME árið 2010. Samráðsnefndin fundaði með fulltrúum FME í júní 2009 um drög að áætluninni. Ráðherra skipaði í samráðsnefndina á ný í júlí og hafa núverandi nefndarmenn farið yfir skýrslu FME til ráðherra sem dagsett er 6. júlí 2009.

Fjárhagsáætlun 2010

Í rekstraráætlun fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir 14% hækkun launakostnaðar milli ára eða 96,3 milljónir kr. Um er að ræða kostnað vegna ráðningar 13 nýrra starfsmanna á árinu 2010. Á fundi samráðsnefndar með FME kom fram að þessi aukning skýrðist af rannsóknarvinnu tengdri bankahruninu og að gert sé ráð fyrir að draga muni úr starfsmannaþörf aftur þegar sér fyrir endann á þeirri vinnu á næstu árum.

Eðlilegt er að eftirlitsskyldir aðilar standi straum af kostnaði við rekstur FME í samræmi við eftirlit með starfsemi þeirra. Á sama hátt er eðlilegt að kostnaður vegna rannsóknar á bankahruninu og málum því tengdu greiðist af gömlu bönkunum eða ríkissjóði beint. Í ljósi þess að fyrirhuguð fjölgun starfsmanna snýr að slíkri rannsóknarvinnu liggur beint við að sá viðbótarkostnaður verði greiddur af sérstöku ríkisframlagi og/eða með gjaldtöku af gömlu bönkunum.. Þá er nauðsynlegt að FME greini sem best milli kostnaðar af hefðbundinni eftirlitsstarfsemi og kostnaðar sem stafar af bankahruninu.

Mikilvægt er að launaþróun hjá FME sé í eðlilegu samhengi við almenna þróun í fjármálageiranum, hvort heldur til hækkunar eða lækkunar. Þau áföll sem dundu yfir síðastliðið haust sýna mikilvægi þess að FME hafi yfir að ráða góðri sérþekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Í þeim efnum hefur samráðsnefnd ávallt lagt áherslu á lögbundna heimild FME til að ráða tímabundið sérfræðinga til að sinna ákveðnum málum. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur sú leið verið mikið notuð í framhaldi af hruninu, en var lítið sem ekkert notuð fram að því.

Fram kemur í skýrslunni að FME leitar að nýju húsnæði og að stefnt sé á að flytja á árinu 2010. Í áætlun FME er reiknað með óverulegri hækkun á leiguverði frá gildandi leigusamningum. Framboð á atvinnuhúsnæði er all nokkuð og því ætti FME að eiga kost á að finna hentugt húsnæði á góðum kjörum. En þar sem húsnæðiskostnaður vegur all nokkuð í rekstri FME verður samráðsnefndin að leggja áherslu á að vandað verði til við val á húsnæði og rík áhersla lögð á að ná góðum leigukjörum, líkt og FME hefur gert í leit sinni til þessa sbr. lýsingu í áætluninni.

Skipting eftirlitsgjalds

Hvað skiptingu eftirlitsgjaldsins varðar hefur samráðsnefnd ávallt lagt áherslu á að tímaskipting vinnu FME eigi að vera grundvöllur skiptingar heildarkostnaðar. Að mati samráðsnefndar er það

hið eðlilega viðmið og mikilvægt að FME leggi sig fram um að halda sem nákvæmasta tímaskráningu til að byggja þá skiptingu á. Í gegnum árin hefur verið miðað við meðal tímaskiptingu síðastliðinna þriggja ára en vera má að næstu 2-3 árin geti verið eðlilegra að horfa til skemmra tímabils í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á fjármálaumhverfinu öllu.

Rétt er að ítreka mikilvægi þess sem fram kemur hér að framan, þ.e. að eftirlitsskyldir aðilar í dag séu að greiða fyrir þá starfsemi FME sem lýtur að almennu fjármálaeftirliti, en ekki fyrir rannsóknir tengdum bankahruninu.

Reykjavík 15. ágúst 2009,
f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,

Stefán Árni Auðólfsson.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að kveða á um gjöld á eftirlitsskyldar fjármálastofnanir. Ár hvert skulu Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skila efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldi skal ráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, kauphalla, verðbréfamiðstöðva, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs hækki. Þá er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll vátryggingafélaga lækki og álagningarhlutföll vátryggingamiðlara haldist óbreytt. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald á árinu 2009 verði samtals 766 m.kr. en 1.022 m.kr. árið 2010 og nemur áætluð hækkun á milli ára um 256 m.kr. eða 33%. Gert er ráð fyrir hækkun á rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins sem felst fyrst og fremst í auknum launakostnaði en gert er ráð fyrir að sá kostnaður hækki um 97,4 m.kr. eða um 13,4% vegna 13 nýrra stöðugilda á árinu 2010 og er þá gert ráð fyrir að stöðugildi stofnunarinnar verði orðin um 77. Það er mat efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að efla þurfi starfsemi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins með því að veita starfsemi nýju viðskiptabankanna, annarra fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða eftirlitsaðhald í ríkari mæli en verið hefur.

Rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með eftirlitsgjaldi sem lagt er á eftirlitsskylda aðila og færist á tekjuhlið ríkissjóðs. Stofnunin fékk þó sérstakt 549 m.kr. framlag í fjáraukalögum 2008 til að mæta ýmsum kostnaði sem leiddi af bankahruninu sl. haust. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu ríkisútgjöld lækka um 94,5 m.kr. frá fjárlögum 2009 en afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður. Gert hefur verið ráð fyrir þessum breytingum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010.

254. Frumvarp til laga [229. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Gildissvið. Starfshættir.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um vátryggingastarfsemi. Starfsemi sem fellur undir lög þessi er leyfisskyld. Með vátryggingastarfsemi í lögum þessum er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar mega reka vátryggingastarfsemi hér á landi:

1. Hlutafélög sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr.
2. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi í heimaríki, sbr. 66. og 67. gr.
3. Evrópufélög samkvæmt lögum nr. 26/2004 sem hlotið hafa starfsleyfi í aðildarríki, sbr. 66. og 67. gr.
4. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi, sbr. 73. gr.

Um vátryggingafélög skv. 1. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um hlutafélög og um Evrópufélög skv. 3. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um Evrópufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara. Bundin frum- eða endurtryggingafélög skulu vera hlutafélög.

Félög sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingastarfsemi mega reka þessa starfsemi í lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og önnur félög og uppfylli ákvæði II. kafla. Sama gildir um erlend vátryggingafélög sem leyfi fá til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi.

3. gr.
Afmörkun við aðra starfsemi.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingastarfsemi.

Lögin gilda ekki um endurtryggingastarfsemi sem er í höndum opinbers aðila, eða tryggð til fulls af opinberum aðila, þegar starfsemin, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingarvernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg eða illfáanleg.

4. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður þegar móðurfélagið er vátryggingafélag. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um félagasamstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingafélag og vátryggingafélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Við mat á því hvort um yfirráð í félagi sé að ræða skal leggja saman réttindi móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga.

5. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að vátryggingaráhætta sem hér er, sbr. 10. gr., sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins eða starfsleyfi eftirlitsstjórnvalds í öðru aðildarríki.

Endurtryggja má frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga. Ákvæði 1. og 2. málsl. eiga ekki við um endurtryggingar á endurtryggingaráhættu.

Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr.

6. gr.

Vátryggingastarfsemi og hliðarstarfsemi skv. 13. gr. sem vátryggingafélögum er heimilt að stunda skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Vátryggingafélög skulu rekin á heilbrigðan og traustan hátt.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur það gefið fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið. Sé ekki farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins getur það beitt viðurlögum skv. XIII. kafla eða gripið til þeirra úrræða sem lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimila.

7. gr.

Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingastarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingastarfsemi eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingastarfsemi sé rekin.

II. KAFLI
Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi.

8. gr.

Skilgreining hugtaka.

Með starfsstöð vátryggingafélags er í lögum þessum átt við:

1. Aðalstöðvar félagsins samkvæmt samþykktum þess.
2. Útibú.
3. Skrifstofu undir stjórn starfsliðs erlends vátryggingafélags.
4. Aðsetur einstaklings með umboð erlends vátryggingafélags til að starfa á vegum þess.

Þegar erlent vátryggingafélag starfar hér á landi eins og segir í 3. eða 4. tölul. 1. mgr. skal litið svo á að félagið hafi hér starfsemi sem jafngildir útibúi og skal félagið uppfylla þau

skilyrði IX. kafla sem að slíkri starfsemi lúta. Sama gildir um starfsemi innlendra vátryggingafélaga erlendis, sbr. X. kafla.

9. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
2. *Aðildarríki þar sem þjónusta er veitt:* Aðildarríki þar sem vátryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki vátryggir áhættu sem þar er, sbr. 10. gr., án þess að hafa þar starfsstöð.
3. *Blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki, sem ekki er vátryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfélag er vátryggingafélag.
4. *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:* Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.
5. *Bundið endurtryggingafélag* (e. *captive reinsurance undertaking):* Endurtryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna endurtryggingafélagið á aðild að.
6. *Bundið frumtryggingafélag* (e. *captive insurance undertaking):* Vátryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að frumtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna frumtryggingafélagið á aðild að.
7. *Dótturfélag:* Félag sem móðurfélag hefur yfirráð yfir; dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins.
8. *Eftirlitsstjórnvald:* Sá aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi, hér á landi Fjármálaeftirlitið.
9. *Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki þar sem meginstarfsemin er að eiga hluti í dótturfyrirtækjum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög.
10. *Endurtryggingastarfsemi:* Starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's merkir endurtryggingastarfsemi einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd's, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hvorugt eru aðilar að samtökum vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's hafa látið frá sér.
11. *Félag með sérstakan tilgang* (e. *special purpose vehicle):* Félag, hvert svo sem félagaformið er, annað en starfandi vátryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá vátryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með einhverju öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem

keypt hafa skuldabréfin eða tekið þátt í fjármögnun víkur fyrir endurtryggingaskuldbindingum félagsins.

12. *Félagasamstæða:* Móður- og dótturfélag eða dótturfélög í sameiningu.
13. *Fjármálasamsteypa:* Samstæða félaga, eða félög sem hafa með sér náin tengsl, þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni og a.m.k. einn aðili innan samstæðunnar starfar á vátryggingasviði og annar aðili starfar á fjármálasviði og þar sem umsvif á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð umsvif á vátryggingasviði annars vegar og hins vegar samsvarandi umsvif á fjármálasviði eru hvor um sig talin mikilvæg samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Fari enginn eftirlitsskyldur aðili fyrir samstæðunni, en starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á fjármála- eða vátryggingasviði samkvæmt skilgreiningu í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, telst samstæðan vera fjármálasamsteypa. Sérhverja undirsamstæðu sem uppfyllir skilyrði upphafsmálsliðar orðskýringarinnar skal líta á sem fjármálasamsteypu.
14. *Frumtryggingastarfsemi:* Sú starfsemi að vátryggja vátryggingaráhættu neytenda.
15. *Gistiríki:* Aðildarríki þar sem vátryggingafélag með aðalstöðvar í öðru aðildarríki hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar.
16. *Heimaríki:* Aðildarríki þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eða annars eftirlitsskylds aðila eru og starfsleyfi er gefið út.
17. *Hlutdeildarfélag:* Félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi.
18. *Líftrygging:* Starfsemi á sviði frumtrygginga í líftryggingum, slysatryggingum og sjúkratryggingum (persónutryggingum).
19. *Móðurfélag:* Félag sem hefur yfirráð í öðru félagi.
20. *Náin tengsl:* Tengsl vátryggingafélags við
    a. önnur félög í félagasamstæðu sem vátryggingafélagið tilheyrir,
    b. þá sem eiga virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    c. þá sem eiga virkan eignarhlut í móðurfélagi vátryggingafélags, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    d. félög sem vátryggingafélagið á virkan eignarhlut í, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    e. félög sem vátryggingafélagið á hlut í og sem félagasamstæða, sem vátryggingafélagið tilheyrir, á virkan eignarhlut í, þó þannig að samanlögð hlutdeild þeirra nemi minnst 20%,
    f. einstaklinga eða félög sem eru varanlega tengd sömu persónunni með yfirráðatengslum.
21. *Neytandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem nýtur vátryggingarverndar eða á sérstakra hagsmuna að gæta vegna frumtrygginga.
22. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
23. *Stóráhætta:* Greinaflokkar vátrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega. Greinaflokkar skv. 1. mgr. 21. gr. nr. 4, 5, 6, 7, 11, 12, 14 og 15 teljast stóráhætta. Einnig teljast skaðatryggingar stórfyrirtækja í greinaflokkum nr. 3, 8, 9, 10, 13 og 16 til stóráhættu.

24. *Stórfyrirtæki:* Þau fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða:
    a. að niðurstöðutala efnahagsreiknings sé að lágmarki sem nemur 6,2 milljónum evra,
    b. að ársvelta sé að lágmarki sem nemur 12,8 milljónum evra og
    c. að ársverk á reikningsárinu séu a.m.k. 250.

    Sé fyrirtæki hluti félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings. Fjármálaeftirlitið getur heimilað að litið sé á starfsgreinasamtök, sameiginleg verkefni eða fyrirtæki sem tímabundið mynda hóp sem eitt fyrirtæki.
25. *Takmörkuð endurtrygging* (e. *finite reinsurance):* Endurtrygging þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta sem leiðir af yfirfærslu verulegrar vátryggingaráhættu er tengist bæði vátryggingaratburði og tímasetningu yfirfærslu vátryggingaráhættunnar, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. öðru hvoru eftirfarandi atriða:
    a. skýru og efnislegu mati á tímavirði fjárhæða (e. *time value of money*),
    b. samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, jafnvægi í fjárhagslegri reynslu aðila við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem að er stefnt.
26. *Vátryggingafélag:* Félag sem stundar leyfisskylda starfsemi á sviði frumtrygginga, hvort heldur skaða- eða líftrygginga, og endurtryggingafélag, nema ljóst sé að ákvæði eigi aðeins við um starfsemi á sviði frumtrygginga.
27. *Vátryggingasölumaður:* Starfsmaður sem starfar á vegum og á ábyrgð vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags.
28. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Með óbeinni hlutdeild er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari með virkan eignarhlut í skilningi laganna. Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman ráði yfir eða nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:
    a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
    b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
    c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
    d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
29. *Yfirráð:*
    a. að félag (móðurfélag) ráði yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
    b. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda, eða

c. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
d. eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meiri hluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila, eða
e. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi ráðandi stöðu í því, eða
f. hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag, sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi þess.

30. *Þriðja ríki:* Ríki sem ekki er aðildarríki eins og það er skilgreint í þessari grein.

Fjárhæðir í evrum samkvæmt þessum lögum umreiknast í starfrækslugjaldmiðil vátryggingafélags miðað við sölugengi evru gagnvart umræddum gjaldmiðli í lok dags 31. október næstliðins árs.

10. gr.

Í lögum þessum er ríkið þar sem frumvátryggingaráhætta er:

a. *í eignatryggingum:* ríkið þar sem hin vátryggða eign er þegar mannvirki eru vátryggð eða mannvirki ásamt lausafé er vátryggt í sama vátryggingarsamningi,
b. *í ökutækjatryggingum:* ríkið þar sem ökutæki er skráð,
c. *í ferðatryggingum:* ríkið þar sem vátryggingartaki keypti vátrygginguna enda sé gildistími hennar eigi lengri en fjórir mánuðir,
d. *í öðrum skaðatryggingum:* ríkið þar sem vátryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, þegar um lögaðila er að ræða, það aðildarríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingarsamningnum sem gerður er,
e. *í persónutryggingum:* ríkið þar sem skuldbindingin komst á, þ.e. þar sem vátryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, þegar um lögaðila er að ræða, það ríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingarsamningnum sem gerður er (starfsemin fer fram).

11. gr.

Mörk við aðra starfsemi.

Vátryggingafélag má ekki reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi nema annað leiði af ákvæðum 13. gr.

Vátryggingafélag telst reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi ef félagið hefur yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru vátryggingafélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi. Þegar um félagasamstæðu er að ræða eða vátryggingafélög í beinum eða óbeinum rekstrarlegum tengslum við önnur félög og móðurfélagið er ekki vátryggingafélag skal í þessu sambandi litið á vátryggingafélögin sem eitt félag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er vátryggingafélagi heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, enda sé starfsemin háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila.

Vátryggingafélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar. Því er óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur vátryggingafélags.

12. gr.

Líftryggingastarfsemi má ekki reka með annarri frumtryggingastarfsemi. Þó má veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

13. gr.

Vátryggingafélagi er heimilt að reka eftirfarandi hliðarstarfsemi:

1. Umboð fyrir vátryggingafélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að reisa, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma samkvæmt reglum sem stjórn setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir.
3. Að kaupa og selja skuldabréf og aðra fjármálagerninga og lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Ákvæði þetta tekur ekki til fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem fjárfest er í til ávöxtunar á fjármunum félagsins.
4. Tjónsuppgjör og tjónavarnastarfsemi.
5. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir vátryggingastarfsemi.
6. Aðra umsýslu í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi.

Starfsemi skv. 5. tölul. 1. mgr. er háð leyfi Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 5. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

III. KAFLI
Stofnun vátryggingafélags.

14. gr.

Stofnun vátryggingafélags.

Að öðru leyti en greinir í þessum kafla gilda ákvæði II. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, um stofnun vátryggingafélags.

15. gr.

Stofnsamningur.

Í stofnsamningi vátryggingafélags skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn og heimilisföng stofnenda.
2. Hve mikið skuli greiða fyrir hvern hlut í félaginu.
3. Frestir sem kunna að vera veittir til áskriftar að hlutum og til greiðslu þeirra.
4. Reglur um innborgun hlutafjár.
5. Ákvarðanir um að stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda eða hlunninda í félaginu.
6. Ákvarðanir um að gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefði í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
7. Ákvarðanir um að félagið taki við verðmætum sem ekki er greitt fyrir með hlutum í félaginu.
8. Hvenær halda skuli stofnfund og hvernig til hans skuli boðað nema það leiði af ákvæðum hlutafélagalaga að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
9. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og, ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu hlutafé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 16. gr. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru og máli skipta til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er félagið hyggst taka við.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingastarfsemi eða vátryggingastofn annars vátryggingafélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu vátryggingastofns hafi verið gerð og umfjöllun Fjármálaeftirlitsins liggi fyrir, sbr. XI. kafla.

Skjöl, sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi, skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Allir samningar um atriði, sem fjallað er um í stofnsamningi en voru ekki samþykkt við gerð hans, eru ógildir gagnvart félaginu.

16. gr.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti, enda liggi fyrir matsgerð sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Telji Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmætið eða nýrrar matsgerðar.

17. gr.

Auk þeirra ákvæða sem lög um hlutafélög gera ráð fyrir um samþykktir hlutafélags skulu eftirtalin atriði koma fram í samþykktum vátryggingafélags:

1. Í hvaða mynt bókhald félagsins skuli fært, sbr. 55. gr., og reikningsár.
2. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
3. Úthlutun arðs og ágóðahluta.
4. Hvernig ráðstafa megi eignum félagsins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit.

IV. KAFLI
Starfsleyfi.

18. gr.

Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Vátryggingafélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríki við mat á umsókn um starfsleyfi vátryggingafélags sem er:

a. dótturfélag fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
b. dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða
c. undir yfirráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélagi í öðru aðildarríki.

Samráð skv. 2. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 43. gr. og 3. mgr. 54. gr.

Samráð skv. 2. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

19. gr.
Umsókn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og skal send Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings. Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

1. Heiti félagsins og félagsform.
2. Staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók.
3. Skrá yfir stofnendur og hlutafé og staðfesting á því að það sé innborgað, hverjir eigi virkan eignarhlut í félaginu og hve mikinn og greinargerð um önnur náin tengsl sem félagið er í.
4. Drög að samþykktum til staðfestingar.
5. Greinaflokkar vátrygginga eða vátryggingagreinar sem sótt er um leyfi fyrir, sbr. 21. og 22. gr., og 23. gr. ef um fyrirhugaða endurtryggingastarfsemi er að ræða.
6. Ef við á, skrá um hliðarstarfsemi sem félagið hyggst reka, sbr. 13. gr.
7. Sérstök áætlun um starfsemina, sbr. 25. gr.
8. Staðfesting þess að félagið uppfylli ákvæði 34. gr. um lágmarksfjárhæðir.
9. Reiknigrundvöllur iðgjalda, iðgjaldasjóðs, ágóðaúthlutunar, endurkaupa og gjaldfrjálsra líftrygginga, reglur um upplýsingar sem líftryggingartaka ber að veita samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, og hliðstæð gögn eftir því sem við á um heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli þegar sótt er um starfsleyfi skv. 22. gr.
10. Vátryggingaskilmálar lögboðinna vátrygginga og upplýsingar um þær tegundir persónutrygginga sem félagið hyggst bjóða.
11. Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í öðrum aðildarríkjum.

Við mat á umsókn um starfsleyfi í persónutryggingum skal þess gætt að reiknigrundvöllur sé tryggur en sanngjarn í garð líftryggingartaka og rétthafa. Sama gildir um reglur um ágóðahlutdeild og skiptingu hagnaðar og skulu reglur þar um vera skýrar og nákvæmar. Vaxtaforsendur iðgjalda og iðgjaldaskuldar, svo og kostnaðar- og öryggisálag, skulu ákveðnar með varfærnissjónarmið í huga. Iðgjöld nýtrygginga skulu vera nægileg til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar án þess að sérstök aukning eigin fjár reynist nauðsynleg.

Ákvæði greinar þessarar eiga við um umsókn um starfsleyfi félags með sérstakan tilgang, umsókn um starfsleyfi í endurtryggingum og umsókn um starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum, eftir því sem við getur átt.

20. gr.
Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang.

Félag með sérstakan tilgang getur starfað hér á landi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 19. gr., enda uppfylli slíkt félag skilyrði í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Í reglum Fjármálaeftirlitsins skulu skilyrði koma fram um eftirfarandi:

1. Gildissvið starfsleyfis.
2. Lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum.
3. Hæfi þeirra sem reka félag með sérstakan tilgang.
4. Kröfur um hæfi hluthafa eða virkra eigenda.
5. Stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu.

6. Reikningsskil, varfærni og tölulegar upplýsingar.
7. Gjaldþol.

Telji Fjármálaeftirlitið ástæðu til að setja frekari skilyrði fyrir starfsemi félagsins skulu þau koma fram í starfsleyfi.

21. gr.

Starfsleyfi í skaðatryggingum.

Starfsleyfi í frumtryggingum öðrum en líftryggingum (skaðatryggingum) er bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Slysatryggingar (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar):
   a. bætur með föstum fjárhæðum,
   b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   d. slys á farþegum.
2. Sjúkratryggingar (veikindi, heilsutjón):
   a. bætur með föstum fjárhæðum,
   b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
3. Húftryggingar ökutækja. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
   a. vélknúnum ökutækjum á landi öðrum en járnbrautum,
   b. ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum.
4. Járnbrautatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á járnbrautarvögnum.
5. Húftryggingar loftfara. Eignatjón, þ.m.t. altjón á loftförum.
6. Húftryggingar skipa og báta. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
   a. sjóskipum,
   b. vatnabátum,
   c. fljóta- og síkjabátum.
7. Flutningatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á vörum og farangri í flutningi án tillits til hvernig flutt er.
8. Eignatryggingar (bruni og náttúruöfl). Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki vegna:
   a. elds,
   b. sprengingar,
   c. óveðurs,
   d. náttúruafla annarra en óveðurs,
   e. kjarnorku,
   f. landsigs.
9. Aðrar eignatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki og ekki talið í 8. flokki, þ.m.t. vegna hagls, frosts og atburða svo sem þjófnaðar o.fl.
10. Ábyrgðartryggingar ökutækja. Ábyrgð vegna notkunar ökutækja, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
11. Ábyrgðartryggingar loftfara. Ábyrgð vegna notkunar loftfara, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
12. Ábyrgðartryggingar skipa og báta. Ábyrgð vegna notkunar á sjó, vötnum, fljótum og síkjum, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
13. Almennar ábyrgðartryggingar. Hvers konar ábyrgð önnur en skv. 10., 11. og 12. flokki.

14. Greiðsluvátryggingar:
    a. almenn gjaldþrot,
    b. útflutningslán,
    c. afborgunarskilmálar,
    d. veð,
    e. landbúnaðarlán.
15. Efndavátryggingar:
    a. beinar efndir,
    b. óbeinar efndir.
16. Fjárhagslegar vátryggingar (fjárhagslegt tap):
    a. atvinnuleysi,
    b. tekjutap (almennt),
    c. óveður,
    d. ábatamissir,
    e. viðvarandi útgjöld vegna almenns kostnaðar,
    f. ófyrirsjáanleg viðskiptaútgjöld,
    g. tap á markaðsverði,
    h. tap á leigu eða hliðstæðum tekjum,
    i. annað óbeint tap á viðskiptum,
    j. fjárhagslegt tap, annað en í viðskiptum,
    k. aðrar tegundir fjárhagslegs taps.
17. Réttaraðstoðartryggingar. Réttaraðstoð og kostnaður við málarekstur.
18. Ferðamannaaðstoð. Aðstoð til handa þeim sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi fjarri heimili sínu eða föstu aðsetri.

Áhættu sem innifalin er í tilteknum greinaflokki má ekki innifela í öðrum greinaflokki nema í tilvikum er segir í 3. mgr.

Veita má starfsleyfi sameiginlega fyrir eftirtalda greinaflokka skaðatrygginga, sbr. 1. mgr.:

1. Slysa- og sjúkratryggingar skv. 1. og 2. tölul.
2. Ökutækja- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 3., 7. og 10. tölul.
3. Sjó- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 4., 6., 7. og 12. tölul.
4. Flug- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 5., 7. og 11. tölul.
5. Eignatryggingar skv. 8. og 9. tölul.
6. Ábyrgðartryggingar skv. 10., 11., 12. og 13. tölul.
7. Greiðslu- og efndavátryggingar skv. 14. og 15. tölul.
8. Frumtryggingar skv. 1.–18. tölul.

Vátryggingafélag sem fær starfsleyfi í greinaflokkum frumtrygginga skv. 1. og 2. mgr. (aðaláhætta) má innifela hliðargrein (aukaáhættu) án sérstaks leyfis þegar:

1. Aukaáhættan er í tengslum við aðaláhættu.
2. Aukaáhættan tengist þeim verðmætum sem vátryggð eru sem aðaláhætta.
3. Aukaáhættan er vátryggð samkvæmt vátryggingarsamningi um aðaláhættu.

Þó er ekki heimilt að telja áhættu í greinaflokkum skv. 14., 15. og 17. tölul. 1. mgr. sem hliðargrein í öðrum greinaflokkum að því undanskildu að telja má áhættu í greinaflokki skv. 17. tölul. sem hliðargrein í greinaflokki skv. 18. tölul. þegar skilyrði 1. tölul. eru uppfyllt og aðaláhættan tengist einvörðungu aðstoð sem veitt er einstaklingum sem lenda í erfiðleikum

á ferðalagi að heiman eða fjarri föstu aðsetri. Greinaflokkur skv. 17. tölul. má einnig vera hliðargrein þegar áhættan eða ágreiningurinn tengist notkun skipa og báta.

Kveða skal á um hvernig tryggja skuli hagsmuni vátryggingartaka í ágreiningsmáli við vátryggingafélagið sjálft í reglugerð um réttaraðstoðarvátryggingar.

22. gr.

Starfsleyfi í persónutryggingum.

Starfsleyfi í líftryggingum og heilsutryggingum, auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga, afmarkast við tiltekna greinaflokka frumtrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu:
   a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri,
   b. greiðslur við andlát,
   c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr,
   d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda,
   e. lífeyrisgreiðslur,
   f. viðbótargreiðslur við líkamstjón, þar á meðal við starfsorkumissi,
   g. viðbótargreiðslur við andlát vegna slyss,
   h. viðbótargreiðslur við örorku vegna slyss eða sjúkdóms.
2. Hjóna- og barnalíftryggingar:
   a. líftryggingar tengdar giftingu eða staðfestri samvist,
   b. líftryggingar barna tengdar fæðingu.
3. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu:
   a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri,
   b. greiðslur við andlát,
   c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr,
   d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda,
   e. lífeyrisgreiðslur.
4. Varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar.
5. Aðrar líftryggingar með innifalda áhættu á grundvelli ævilengdar.

23. gr.

Starfsleyfi í endurtryggingum.

Starfsleyfi í endurtryggingum, sbr. ákvæði 19. gr., er veitt vegna starfsemi í endurtryggingum skaðatrygginga, endurtryggingum persónutrygginga eða hvers konar endurtryggingum samkvæmt umsókn.

24. gr.

Starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum.

Hyggist aðili hefja starfsemi hér á landi í takmörkuðum endurtryggingum, sbr. ákvæði 19. gr., setur Fjármálaeftirlitið reglur um þá starfsemi. Í þeim reglum skulu vera ákvæði um:

1. Lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum.
2. Traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu.
3. Kröfur um reikningsskil, varfærni og tölulegar upplýsingar.
4. Vátryggingaskuld sé fullnægjandi, áreiðanleg og hlutlæg.

5. Eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.
6. Gjaldþol og lágmarksgjaldþol vegna starfseminnar.

25. gr.

Áætlun um starfsemi vátryggingafélags.

Í áætlun um fyrirhugaða starfsemi, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingarvernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu án endurtryggingar í hverjum greinaflokki vátrygginga.
2. Eignir sem eiga að vera til staðar í félaginu til þess að kröfur um lágmarksfjárhæðir skv. 34. gr. séu uppfylltar.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu bókhaldsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst standa við skuldbindingar sínar og uppfylla gjaldþolskröfur fyrstu þrjú heilu reikningsárin.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluvátryggingum skv. 14. tölul. 1. mgr. 21. gr. skal auk gagna skv. 1. mgr. gerð sérstök grein fyrir því eftir hvaða reglum óuppgerðar skuldbindingar félagsins vegna vátryggingarsamninga í greiðsluvátryggingum, vátryggingaskuldin, skuli metnar og þeim eignum sem ætlað er að mæta þeim.

26. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá vátryggingastarfsemi sem félagið má reka.

Veita má starfsleyfi fyrir einstaka greinaflokka frumtrygginga skv. 21. eða 22. gr. eða einstakar vátryggingagreinar innan þeirra, eða fyrir greinaflokka sameiginlega skv. 2. mgr. 21. gr. Starfsleyfi veitt í tilteknum greinaflokki frumtrygginga gildir einnig fyrir hliðargreinar í öðrum flokki ef skilyrði skv. 3. mgr. 21. gr. eru uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi vátryggingafélaga opinberlega.

Sé til umfjöllunar umsókn dótturfélags sem beint eða óbeint er í eigu aðila með aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins getur Fjármálaeftirlitið tekið sér lengri frest en tiltekinn er í 1. mgr. áður en umsögn er veitt.

27. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Telji Fjármálaeftirlitið að á skorti hæfi stjórnar eða framkvæmdastjóra til að reka félagið eða að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur þess svo að viðhlítandi sé, eða hafi störf þeirra verið með þeim hætti að ætla megi að svo verði ekki, má synja um starfsleyfi. Sama gildir teljist eigendur virkra eignarhluta í félaginu ekki geta tryggt á viðhlítandi hátt heilbrigðan

og traustan rekstur. Ef félag er í nánum tengslum við aðra skal einungis veita starfsleyfi ef þau tengsl hindra ekki eftirlit með starfsemi félagsins. Ef löggjöf þriðja ríkis gildir um þá aðila sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við og hindrar eftirlit með starfsemi félagsins skal synja um starfsleyfi, svo og ef líklegt er að vandkvæði við framkvæmd þeirrar löggjafar geri eftirlit torvelt. Ef raunverulegar aðalstöðvar félagsins eru ekki hér á landi skal synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

28. gr.

Nýir greinaflokkar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn eins og við á skv. 19.–23. gr. og sem nauðsynleg eru til að það geti metið umsóknina.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og lágmarksfjárhæðir að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Fjármálaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

Breytingar á samþykktum vátryggingafélags ber að senda Fjármálaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við þær breytingar ber félaginu innan tveggja mánaða að senda því dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið.

29. gr.

Höfuðstöðvar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 26. gr. skal hafa höfuðstöðvar hér á landi.

30. gr.

Vátryggingafélagaskrá.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega skrá, vátryggingafélagaskrá, um öll félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Einnig skal skrá og birta upplýsingar um útibú sem hér hafa starfsleyfi og um þá sem veita hér þjónustu án starfsstöðvar.

Starfsleyfi og leyfi fyrir nýrri starfsemi skulu þegar í stað skráð í vátryggingafélagaskrá. Ákvörðun um að taka upp nýjar greinar vátrygginga eða að breyta starfsemi í verulegum atriðum öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð í vátryggingafélagaskrá.

Í vátryggingafélagaskrá skal skrá eftirfarandi eftir því sem við getur átt:

1. Dagsetningu stofnsamnings, stofnfundargerðar og samþykkta.
2. Heiti, félagsform og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
3. Starfssvið og tilgang.
4. Dagsetningu starfsleyfis og skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félag hefur leyfi til að reka og um hliðarstarfsemi, sbr. 13. gr.
5. Skráð og innborgað hlutafé og eigið hlutafé. Nöfn þeirra sem eiga virkan eignarhlut í félaginu og hve mikill hann er.
6. Stjórn og varastjórn, endurskoðendur og tryggingastærðfræðinga.

7. Nöfn þeirra er skuldbinda mega félag.
8. Heiti og heimilisfang starfsstöðvar erlends vátryggingafélags, sbr. 8. gr., sem hér hefur útibú eða veitir þjónustu og nafn og aðsetur fulltrúa þess hér á landi sem skuldbindur félagið og kemur fram fyrir þess hönd, svo og, þegar við á, þann sem hefur með höndum tjónsuppgjör í ábyrgðartryggingum ökutækja.
9. Dagsetningu yfirfærslu/yfirtöku vátryggingastofna ásamt skrá yfir vátryggingagreinar sem yfirfærðar/yfirteknar eru.
10. Dagsetningu skipunar skilastjórnar og hverjir skipa skilastjórn og dagsetningu afturköllunar starfsleyfis, dagsetningu slita félags og dagsetningu þess þegar félag er máð úr vátryggingafélagaskrá.

Allar breytingar varðandi atriði sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skulu, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, tilkynntar til skrárinnar ásamt gögnum er sanni samþykkt þeirra og lögmæti. Tilkynning skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi.

Ef tilkynningar til vátryggingafélagaskrár fullnægja ekki fyrirmælum laga eða samþykkta félags, eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum eða samþykktum félags, skal synja um skráningu. Tilkynna skal skriflega um synjun og um ástæður hennar.

Uppfærð vátryggingafélagaskrá skal vera aðgengileg á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma. Þar skal, auk þeirra vátryggingafélaga sem fengið hafa heimild til vátryggingastarfsemi hér á landi, birta upplýsingar um útibú og vátryggingafélög aðildarríkja sem hér veita þjónustu. Að auki skal birta í skránni upplýsingar um yfirfærslu og yfirtöku vátryggingastofna.

V. KAFLI
Fjárhagsgrundvöllur.

31. gr.
Gjaldþol.

Eftirtaldar fjárhæðir mynda grunn útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélags:

1. Innborgað hlutafé að frádregnum eigin hlutabréfum félagsins.
2. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins eða eru skilgreindir sem útjöfnunarsjóðir og óráðstöfuð ágóðaskuld líftryggingafélags.
3. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og ráðgerðum arðgreiðslum.
4. Forgangshlutafé og víkjandi lán sem bindandi samkomulag er um að víki fyrir öllum skuldbindingum sem ekki eru víkjandi og að ekki komi til endurgreiðslu fyrr en þær skuldbindingar hafa verið gerðar upp við gjaldþrot eða slit vátryggingafélags. Víkjandi lán skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Lánið skal vera innborgað og skuldfært í bókum félagsins.
   b. Upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal vátryggingafélagið leggja áætlun fyrir Fjármálaeftirlitið til samþykktar er sýni fram á fullnægjandi gjaldþol félagsins á gjalddaga nema eftirstöðvar lánsins hafi farið minnkandi sem hlutfall af gjaldþoli félagsins á minnst fimm ára tímabili fyrir umsaminn gjalddaga. Sæki vátryggingafélagið um að flýta endurgreiðslu slíkra lána getur Fjármálaeftirlitið heimilað það að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark.
   c. Lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með a.m.k. fimm ára uppsagnarfresti, nema þau séu ekki lengur talin til gjaldþols félagsins eða endurgreiðslur fyrir

gjalddaga séu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins. Verður vátryggingafélagið þá að óska eftir slíku samþykki að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag og tilgreina áætlað gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðslu. Því aðeins skal heimila endurgreiðslu að gjaldþol vátryggingafélagsins fari ekki niður fyrir lágmarksgjaldþol.

d. Lánssamningurinn má ekki fela í sér ákvæði sem gera ráð fyrir endurgreiðslu fyrr en á gjalddaga, nema vátryggingafélaginu verði slitið.
e. Samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf til að breyta lánssamningum.

Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra. Þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma og heildarfjárhæð forgangshlutafjár ekki fara yfir 25% samanlagt.

5. Skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf, svo sem forgangshlutafé sem ekki fellur undir 4. tölul., ef samningarnir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Ekki má endurgreiða bréfin að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
   b. Samið er um að vátryggingafélagið megi fresta greiðslu á vöxtum.
   c. Kröfur á hendur vátryggingafélaginu samkvæmt þessum tölulið víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi.
   d. Skjalfest er við útgáfu skuldabréfanna að eftirstöðvar og ógreidda vexti megi nota til að mæta tapi þannig að vátryggingafélagi sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.
   e. Aðeins skal telja með innborgaðar fjárhæðir.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið og fjárhæð skv. 4. tölul. mega samanlagt ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
6. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
7. Duldir sjóðir vegna vanmats eigna, enda séu þeir af varanlegum toga.
8. Allt að 50% áætlaðs framtíðarhagnaðar af frumtryggingum eða endurtryggingum líftrygginga. Framtíðarhagnað skal þá áætla með því að margfalda árlegan hagnað, eða lægri tölu, með stuðli sem svarar til gildistíma líftryggingarinnar sem eftir er í árum talið, þó ekki með hærri stuðli en 6. Með árlegum hagnaði er átt við meðaltal hagnaðar af líftryggingarekstri samkvæmt rekstrarreikningi fimm undangengin ár í viðkomandi greinum líftrygginga. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 25% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
9. Hluti iðgjaldaskuldar í frumtryggingum eða endurtryggingum líftrygginga með eða án Zillmer-aðferðar. Þegar Zillmer-aðferð er ekki beitt eða henni er beitt og kostnaðarálag vegna öflunar líftrygginga er lægra en álagið sem fólgið er í iðgjöldum vegna öflunar líftryggingarinnar má reikna til gjaldþols mismuninn á iðgjaldaskuld án Zillmer-aðferðar eða iðgjaldaskuld með Zillmer-aðferð að hluta og iðgjaldaskuld þar sem reiknað er samkvæmt Zillmer-aðferð með öflunarkostnaði að fullu eins og í reiknigrundvelli iðgjalda. Fjárhæðin sem færð er til gjaldþols samkvæmt þessum tölulið má þó aldrei vera hærri en 3,5% af mismun líftryggingarfjárhæða og iðgjaldaskuldar samanlagt vegna líftryggingarsamninga þar sem unnt er að beita Zillmer-aðferð. Frá þessum mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.

10. Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur, þar á meðal óefnislegar eignir. Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. M.a. skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.
11. Lækkun tjónaskuldar sem stafar af núvirðingu hennar. Þó þarf ekki að draga frá gjaldþoli lækkun vegna núvirðingar tjóna í slysa- og sjúkratryggingum, né heldur vegna lífeyrisgreiðslna í öðrum greinaflokkum.
12. a. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem vátryggingafélag á í vátryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði.
    b. Liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. þessarar málsgreinar og vátryggingafélag á í krafti hlutdeildar í félögum sem getið er í a-lið hér á undan.

Gjaldþol vátryggingafélags er reiknað með því að leggja saman fjárhæðir skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. og draga frá fjárhæðir skv. 10.–12. tölul. 1. mgr. Fjárhæðir skv. 6.–9. tölul. 1. mgr. má leggja við framangreindar fjárhæðir hafi Fjármálaeftirlitið fallist á rökstudda ósk vátryggingafélags um það. Fjárhæðir skv. 8. tölul. 1. mgr. mega ekki vera hluti af fjárhæðum skv. 7. tölul. 1. mgr. og þurfa að vera rökstuddar með skýrslu tryggingastærðfræðings þar sem gerð er grein fyrir líkindum á því að slíkur hagnaður komi fram. Ef horfur eru á að gjaldþol verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.–12. tölul. 1. mgr. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á framantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum. Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar um frádrátt liða skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr.

Vátryggingafélögum er heimilt að nota þær aðferðir við mat á eiginfjárgrunni sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum í stað þess að draga liði skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr. frá gjaldþoli skv. 2. mgr. Heimilt er að beita samstæðuuppgjörsaðferð (e. *consolidated method*) telji Fjármálaeftirlitið að áhættustýring og innra eftirlit á samstæðugrundvelli sé fullnægjandi. Vátryggingafélög sem annaðhvort eru hluti af vátryggingasamstæðu eða fjármálasamsteypu og falla undir viðbótareftirlit þurfa ekki að draga frá liði skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr. skv. 2. mgr. Hyggist vátryggingafélag breyta um aðferð við mat á gjaldþolsliðum skal það tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og gera sérstaka grein fyrir breytingunni í ársreikningi.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags er gjaldþol þess skv. 2. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir eru taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga sem eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagað gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóða-

samningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fjármálasamsteypur. Um útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skulu gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

32. gr.

Lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélags.

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst þeirri fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi útreikningi og nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 34. gr.:

1. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli iðgjalda skal nota þá fjárhæð sem hærri er af bókfærðum iðgjöldum og iðgjöldum ársins samkvæmt rekstrarreikningi. Byggt skal á iðgjöldum að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum, en án frádráttar á hlut endurtryggjanda. Hækka skal iðgjöld í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 21. gr. um 50%. Sama á við um iðgjöld í endurtryggingum þessara greinaflokka.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 50 milljónum evra og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 4. mgr. 34. gr. Leggja skal saman 18% af fyrri hlutanum og 16% af því sem umfram er. Niðurstaða þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi, en þó aldrei með lægri tölu en 0,5. Við útreikning á eigin tjónum er endurtryggingafélagi heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að draga frá kröfur á félög með sérstakan tilgang.
2. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli tjóna skal byggt á meðalfjárhæð tjóna ársins síðustu þrjú reikningsár, að frádregnum yfirteknum fjármunum og réttindum sem félagið öðlast, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Áður en meðaltal er reiknað skal hækka tjón í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 21. gr. um 50%. Sama á við um tjón í endurtryggingum þessara greinaflokka.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 35 milljónum evra og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 4. mgr. 34. gr. Leggja skal saman 26% af fyrri hlutanum og 23% af því sem umfram er. Útkoma þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi en þó aldrei með lægri tölu en 0,5. Við útreikning á eigin tjónum er endurtryggingafélagi heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að draga frá kröfur á félög með sérstakan tilgang.

Í útreikningum skv. 1. mgr. skal miða við meðaltal sjö síðustu reikningsára í stað þriggja reki félagið aðallega starfsemi í frum- eða endurtryggingum óveðurs-, hagl- eða frostskaðatrygginga eða greiðsluvátrygginga.

Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins getur vátryggingafélag dreift iðgjöldum, tjónum, breytingum á tjónaskuld og yfirteknum réttindum á milli ára með tölfræðilegum aðferðum. Ef lágmarksgjaldþol reynist vera lægra en á næstliðnu reikningsári skal það ekki lækka meira hlutfallslega en sem nemur hlutfallslegri lækkun eigin tjónaskuldar milli sömu ára.

Í frum- eða endurtryggingum sjúkratrygginga sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli skal miða við 6% eða 5,33% bókfærðra iðgjalda í stað 18% eða 16% þegar reiknað er á grundvelli iðgjalda, og 8,67% eða 7,67% meðaltjónsfjárhæðar á síðustu þremur árum í stað 26% eða 33% þegar reiknað er á grundvelli tjóna og frumtryggingin eða endurtryggð frumtryggingaráhætta fullnægir öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Iðgjöld eru reiknuð samkvæmt tryggingastærðfræðilegum aðferðum.
2. Vátryggingaskuldin tekur m.a. mið af hækkandi aldri.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 13. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

33. gr.

Lágmarksgjaldþol líftryggingafélags.

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst samanlögðum fjárhæðum skv. 1.–6. tölul. hér á eftir, en samtala þessi nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 34. gr.:

1. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga án fjárfestingaráhættu skv. 1. tölul. 22. gr. er samtala þeirra fjárhæða sem koma út úr a-, b- og c-lið hér á eftir:
   a. Reikna skal 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum samkvæmt reiknigrundvelli án frádráttar á hlut endurtryggjenda, en að viðbættri líftryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga líftrygginga. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli líftryggingaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingaskuldar eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,85.
   b. Reikna skal 0,3% af samanlögðum þeim hluta líftryggingarfjárhæða vegna dánaráhættu sem líftryggingafélagið ber áhættu af gagnvart hinum líftryggðu í lok reikningsárs án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingarfjárhæða að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingarfjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,5. Sé um að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar með gildistíma í þrjú ár eða skemur skal stuðullinn í 1. málsl. vera 0,1% í stað 0,3% og 0,15% sé gildistími lengri en þrjú ár en mest fimm ár.
   c. Beita skal aðferð 32. gr. til þess að reikna gjaldþolskröfu vegna viðbótartrygginga sem falla undir f–h-lið 1. tölul. 22. gr.
2. Hlutdeild hjóna- og barnalíftrygginga skv. 2. tölul. 22. gr. er reiknuð eins og í 1. tölul. þessarar málsgreinar.
3. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga með fjárfestingaráhættu skv. 3. tölul. 22. gr. er samtala fjárhæða samkvæmt eftirfarandi:
   a. Ef líftryggingafélagið ber fjárfestingaráhættu skal reikna 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum skv. a-lið 1. tölul.
   b. Ef kostnaðarhluti iðgjalda er bundinn til að minnsta kosti fimm ára án þess að líftryggingafélagið beri fjárfestingaráhættu skal reikna 1% af líftryggingaskuldinni skv. a-lið 1. tölul.
   c. Ef líftryggingafélagið ber ekki fjárfestingaráhættu og kostnaðarhluti iðgjalda er ekki bundinn til að minnsta kosti fimm ára skal reikna 25% af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði við rekstur þeirrar starfsemi á síðasta reikningsári.
   d. Vegna dánaráhættu skal reikna hlutfall líftryggingarfjárhæða skv. b-lið 1. tölul.

4. Hlutdeild varanlegra heilsutrygginga án uppsagnarréttar skv. 4. tölul. 22. gr. er samtala tveggja liða sem ákvarðast annars vegar af vátryggingaskuldinni, sbr. a-lið 1. tölul., og hins vegar af lágmarksgjaldþoli eins og það er reiknað skv. 32. gr. Þó má falla frá kröfu 2. tölul. 4. mgr. þeirrar greinar þegar um hópvátryggingar er að ræða.
5. Hlutdeild annarra líftrygginga skv. 5. tölul. 22. gr. í lágmarksgjaldþoli skal ákveðin með reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.
6. Hlutdeild slysa- og sjúkratrygginga skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. 21. gr. skal ákvörðuð skv. 32. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 13. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 32. og 33. gr. skal lágmarksgjaldþol vátryggingafélags aldrei vera lægra en 3 milljónir evra. Stundi vátryggingafélagið eingöngu starfsemi skv. 1.–9. eða 16.–18. tölul. 1. mgr. 21. gr. má lágmarksgjaldþol ekki vera lægra en 2 milljónir evra.

Fyrir bundin endurtryggingafélög skal fjárhæð skv. 1. mgr. nema 1 milljón evra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal lágmarksgjaldþol vátryggingafélags sem stundar starfsemi í frumtryggingum og endurtryggingum vera 3 milljónir evra sé eitt af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

1. Hlutur endurtrygginga í iðgjöldum ársins sé minnst 10% af heildariðgjöldum ársins.
2. Iðgjöld ársins í endurtryggingum nemi minnst 50 milljónum evra.
3. Hlutur vátryggingaskuldar vegna endurtrygginga nemi minnst 10% af heildarvátryggingaskuld.

Fjárhæðir skv. 1.–3. mgr. skulu taka breytingum 31. desember ár hvert í samræmi við breytingar frá 20. mars ár hvert á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum EES frá gildinu 111,2. Fjárhæðir skulu þó ekki breytast nemi hækkunin frá síðustu breytingu lægra hlutfalli en 5%.

Að minnsta kosti þriðjungur lágmarksgjaldþols, þó ekki lægri fjárhæð en segir í 1. mgr., skal myndaður af gjaldþolsliðum skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 31. gr. Einnig er heimilt að telja þar gjaldþolsliði skv. 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Við stofnun vátryggingafélags og meðan félag starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 25. eða 86. gr., skal tilskilið lágmarksgjaldþol reiknað á grundvelli áætlunarinnar og endurskoðunar hennar ef forsendur hennar breytast.

35. gr.

Útjöfnunarsjóður vegna greiðsluvátrygginga, hvort sem er frum- eða endurtrygginga, svarar til þeirrar fjárhæðar sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum í tjónareynslu félagsins frá ári til árs svo og vegna óvissu um endanlegar bótafjárhæðir samanborið við mat þeirra við ákvörðun tjónaskuldarinnar hverju sinni. Óheimilt er að ráðstafa arði úr útjöfnunarsjóði.

Þegar bókfærð iðgjöld af frum- eða endurtryggingum í greiðsluvátryggingum nema meira en 4% af bókfærðum iðgjöldum félags samanlagt eða 2,5 milljónum evra eða meira, skal árlega gjaldfæra framlag til myndunar útjöfnunarsjóðs í þessum greinaflokki. Gjaldfærslan skal á hverju reikningsári nema 75% af rekstrarniðurstöðu þessara trygginga, þó aldrei meira en nemur 12% af bókfærðum iðgjöldum í greininni. Framlög skulu falla niður nemi útjöfnunarsjóður 150% bókfærðra iðgjalda eins og þau hafa hæst verið á einu ári á síðasta fimm ára tímabili.

36. gr.

Vátryggingaskuld.

Vátryggingaskuld skal metin þannig að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingarsamninga. Í reglugerð um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga skulu sett nánari ákvæði um mat vátryggingaskuldar.

Vátryggingafélag skal, auk þess að uppfylla á hverjum tíma gjaldþolsskilyrði samkvæmt lögum þessum, sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld. Eignirnar skulu valdar með tilliti til öryggis, ávöxtunar og markaðsaðstæðna og skal félagið tryggja fjölbreytni og dreifingu eignanna. Skal í hverju tilviki fyrir sig meta þá áhættu sem felst í þeim eignum sem ætlað er að mæta vátryggingaskuld og sérstaklega með tilliti til dreifingar þannig að vægi einstakra tegunda og eignaliða verði takmarkað. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og takmarka fjárhæðir til jöfnunar vátryggingaskuld í samræmi við það.

Vátryggingaskuld í hlut endurtryggjenda skal byggjast á kröfum á endurtryggjendur aðildarríkis sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við lög þessi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fenginni umsókn vátryggingafélags að veita undanþágu frá þessu skilyrði og setja reglur sem tilgreina í hvaða tilvikum sú undanþága er veitt.

Sé eftir því leitað skal líftryggingafélag veita upplýsingar um grunn og aðferðir við útreikning líftryggingaskuldar, m.a. ágóðajöfnunarskuldar.

Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um þær tegundir eigna sem telja má til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði frumtryggingafélags, samsetningu þeirra og vægi.

37. gr.

Frumtryggingafélag skal velja eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði með tilliti til gengisáhættu þannig að dregið sé úr vægi hennar svo sem kostur er. Því er heimilt að ávaxta eignir á móti allt að 20% vátryggingaskuldbindinga, sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í öðrum gjaldmiðli.

Endurtryggingafélag skal sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði, sem valdar eru með hliðsjón af eftirfarandi reglum:

1. Eignirnar skulu valdar með hliðsjón af rekstri endurtryggingafélagsins, einkum er varðar eðli, fjárhæð og tímalengd áætlaðra tjónagreiðslna, og skulu tryggja nægilegt magn, gjaldfærni, öryggi, gæði, arðsemi og jöfnun fjárfestinga félagsins.
2. Endurtryggingafélagið skal tryggja að eignir séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar sem gerir því kleift að bregðast með viðunandi hætti við breytingum á efnahagslegum aðstæðum, einkum þróun á fjármála- og fasteignamörkuðum og meiri háttar hamförum. Félagið skal meta áhrif óeðlilegra aðstæðna á markaði á eignir þess og dreifa eignum með það að markmiði að draga úr slíkum áhrifum.
3. Fjárfesting í eignum sem ekki eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði verður ávallt að vera innan varfærnismarka.
4. Fjárfesting í afleiðusamningum skal vera möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaráhættu eða stuðlað að hagkvæmri stýringu vátryggingastofns. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eignunum sem liggja til grundvallar, og fella inn í matið á eignum félagsins. Félagið skal einnig forðast að taka mikla áhættu gagnvart einum mótaðila og annarri afleiddri starfsemi.

5. Eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að ekki verði treyst óþarflega mikið á einhverja eina eign, útgefanda eða samstæðu félaga og áhætta safnist ekki fyrir í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum sem gefnar eru út af sama útgefanda, eða útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að áhætta safnist fyrir í of miklum mæli hjá félaginu.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um skilyrði þess að kröfur á félög með sérstakan tilgang geti talist sem eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.

Vátryggingafélagi skal frjálst að ávaxta eignir sem ekki er þörf til jöfnunar vátryggingaskuld að teknu tilliti til varfærnissjónarmiða og að uppfylltum skilyrðum um fullnægjandi gjaldþol félagsins.

Stundi vátryggingafélag bæði frumtrygginga- og endurtryggingastarfsemi og uppfylli það eitt af skilyrðum 3. mgr. 34. gr. skulu ákvæði 2. mgr. gilda varðandi eignir til jöfnunar vátryggingaskuld í endutryggingastarfsemi. Halda skal þeim eignum aðskildum frá eignum til jöfnunar vátryggingaskuld í frumtryggingum og er óheimilt að færa eignir á milli.

38. gr.

Stjórn vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, skal sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út vátryggingaskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um að aðili með sérfræðikunnáttu á því sviði verði ráðinn að vátryggingafélagi telji það slíka þekkingu ekki í nægilegum mæli fyrir hendi hjá félaginu.

39. gr.

Líftryggingafélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, eða sérfræðings með sambærilega þekkingu, sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingafélag sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags skal reikna út vátryggingaskuld (líftryggingaskuld) félagsins. Hann skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga. Sama gildir um sjúkra- og heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að líftryggingafélag, sem hann starfar fyrir, fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing líftryggingafélags um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með iðgjaldagrundvelli, líftryggingaskuld og fjárhagsstöðu líftryggingafélags.

40. gr.

Vátryggingafélag skal á hverjum tíma hafa yfirsýn yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði. Við gerð fjárfestingarstefnu og mótun innra eftirlits og áhættustýringar skal fylgja ákvæðum 36. og 37. gr. Upplýsingar um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld skulu ársfjórðungslega sendar Fjármálaeftirlitinu og á öðrum tíma ef Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að upplýsingar vátryggingafélags um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld séu að jafnaði sendar því árlega ef gjaldþol félagsins er verulega umfram lágmarksgjaldþol og starfsemi félagsins er takmörkuð við sérhæfða vátryggingastarfsemi.

VI. KAFLI
Virkur eignarhlutur. Hlutabréf. Lánveitingar.

41. gr.

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans.

Í skriflegri tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi vátryggingafélag.
8. Reynslu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.

42. gr.

Staðfesting Fjármálaeftirlitsins.

Eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku tilkynningar skv. 41. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 2. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu dögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu daga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. málsl. þessarar

málsgreinar, bætist bið eftir upplýsingunum við þann dagafjölda, þó ekki umfram tuttugu virka daga.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 2. mgr. 41. gr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. 41. gr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis.

43. gr.

Viðmið.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags. Við mat á hæfi viðkomandi skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem kemur til með að veita vátryggingafélaginu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu bolmagni þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, einkum með tilliti til þess reksturs sem vátryggingafélagið hefur með höndum.
4. Hvort eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
5. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í.
6. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindra eðlilegt eftirlit.
7. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi vátryggingafélags.
8. Hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
9. Refsingum sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti opinberri rannsókn.

44. gr.

Mat og tilkynning Fjármálaeftirlitsins.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið

skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, að eignarhaldið sé falið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða að hann tilnefni einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í stjórn. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Setji Fjármálaeftirlitið skilyrði fyrir því að sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut megi fara með eignarhlutinn og þau koma fram í tilkynningu til hans, skal hann staðfesta að hann muni uppfylla skilyrði þess.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 41.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er vátryggingafélag eða fjármálafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessa eignarhlutar, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 18. gr., áður en niðurstaða þess er kunngerð.

45. gr.

Tilkynning aðila ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 41. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 42.–44. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

46. gr.

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður

atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal frestur inn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

47. gr.

Hömlur á meðferð hlutar á meðan tímafrestur stendur.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart vátryggingafélaginu sem um ræðir fyrr en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins, sbr. 44. gr., liggur fyrir. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins.

48. gr.

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að vátryggingafélagið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjáraukningar.

49. gr.

Tilkynning vátryggingafélags um aðilaskipti.

Þegar hlutafjáreign í vátryggingafélagi fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 41. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

50. gr.

Upplýsingaskylda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessari grein. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal vátryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

51. gr.

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því að mati Fjármálaeftirlitsins hver sé, eða verði, raunverulegur eigandi virks eignarhluta, skal það tilkynna viðkomandi aðila og vátryggingafélaginu að það telji viðkomandi aðila ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

52. gr.

Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Sé aðila sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins getur það gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi vátryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 43. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila sé til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi vátryggingafélagi verði hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

53. gr.

Hlutabréf. Lánveitingar.

Vátryggingafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% eigin hlutafjár. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem vátryggingafélag á sjálft.

Vátryggingafélagi er óheimilt að veita lán sem tryggð eru með veði í hlutabréfum eða skuldabréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun hlutafjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina og gildir ákvæði 16. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í vátryggingafélagi skulu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins.

VII. KAFLI
Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.

54. gr.

Stjórn.

Í vátryggingafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, skal stjórn kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Kjósa skal jafnmarga varamenn. Stjórnin hefur almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila. Stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi

og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því. Fjármálaeftirlitið getur sett almennar reglur um fyrirkomulag innra eftirlits í vátryggingafélögum.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, eða í öðru aðildarríki, vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta að opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum enda sé meiri hluti stjórnarmanna búsettur hér á landi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem vátryggingafélagið stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi í fyrri störfum sínum sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Þá mega stjórnarmenn ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða aðila tengdra því né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður vátryggingafélags, samkvæmt heimild Fjármálaeftirlitsins, tekið sæti í stjórn annars vátryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða dóttur- eða hlutdeildarfélag vátryggingafélagsins eða félag sem er dótturfélag eða hlutdeildarfélag félags með yfirráð í vátryggingafélaginu. Heimildir til stjórnarsetu skv. 1. málsl. skulu háðar því að stjórnarsetan skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur vátryggingafélags.

Stjórnarformanni í vátryggingafélagi er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Stjórnin boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar sem halda skal í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Fjármálaeftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Fái stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þóknun eða aðrar tekjur af vátryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi skal Fjármálaeftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og vátryggingafélag öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

Stjórn vátryggingafélags skal setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

55. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár vátryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu vátryggingafélags og skal gerður í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur og settar alþjóðlegar reikningsskilareglur.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvað felst í fyrirvaranum.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á afgreiðslustað vátryggingafélags eftir samþykkt hans á aðalfundi.

Ef ársreikningur vátryggingafélags er ekki í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur getur Fjármálaeftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi og skal félaginu þá settur hæfilegur frestur. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega meginniðurstöður ársreiknings.

Heimilt er að kveða nánar á um form og innihald ársreiknings og um samstæðureikningsskil í reglugerð.

56. gr.

Endurskoðun og reikningsskil.

Ársreikningur vátryggingafélags skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur í samræmi við samþykktir félags. Sé vátryggingafélagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 13. gr. getur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður vátryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki oftar en fimm ár í röð.

57. gr.

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við vitneskju um:

a. líkleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
b. málefni sem kunna að hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
c. athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

58. gr.

Vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal innan 10 daga frá undirritun og innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning félagsins. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um þau gögn sem fylgja eiga ársreikningi um starfsemina og nauðsynleg eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti í samræmi við lög þessi.

59. gr.

Reki vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, útibú eða veiti þjónustu erlendis skal það láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar um iðgjaldamagn, tjónakostnað og umboðslaun án frádráttar á hlut endurtryggjenda með skiptingu á einstök ríki og starfsemi þar sem útibú er rekið og þar sem þjónusta er veitt. Einnig skal skipting gerð eftir greinaflokkum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Upplýsingar þessar um starfsemi í aðildarríkjum skulu árlega sendar hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum gistiríkja.

Fjármálaeftirlitið skal afla hliðstæðra upplýsinga um starfsemi erlendra vátryggingafélaga aðildarríkja hérlendis frá eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja.

60. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol, þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingaskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

61. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim er reka starfsemi sem háð er ákvæðum laga þessara og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar

í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

62. gr.

Fjármálaeftirlitið skal árlega kanna gjaldþol og lágmarksgjaldþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreikninga fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina. Einnig skal kanna aðlagað gjaldþol og lágmarksgjaldþol vátryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélags, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og til dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga til að afla nauðsynlegra gagna hafi vátryggingafélagið sjálft ekki staðið Fjármálaeftirlitinu skil á þeim. Viðkomandi fyrirtæki skal þegar verða við beiðni um slík gögn. Einu gildir hvort eignaraðild er bein eða óbein. Gögnin má sannreyna með athugun á staðnum, hjá vátryggingafélaginu sjálfu eða öðrum félögum í sömu félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli niðurstöðu könnunar sinnar lækkað gjaldþolsliði frá mati vátryggingafélags, einkum þegar markaðsverð þeirra hefur lækkað eða er óvissu undirorpið. Einnig má draga úr áhrifum endurtrygginga við útreikning lágmarksgjaldþols skv. 32. og 33. gr. hafi orðið veruleg breyting á endurtryggingarvernd frá því tímabili sem útreikningur lágmarksgjaldþols miðast við, eða ef óveruleg vátryggingaráhætta er flutt til endurtryggjenda. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 31.–34. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt. Að teknu tilliti til 32.–34. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gera kröfu um hærra lágmarksgjaldþol í sérstökum tilvikum þegar það telur að hagsmunum vátryggingartaka sé stefnt í hættu vegna versnandi fjárhagsstöðu félagsins eða eigenda að virkum eignarhlut í því. Hafi Fjármálaeftirlitið athugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XII. kafla við.

Fjármálaeftirlitið leggur árlega mat á vátryggingaskuld vátryggingafélaga, þar á meðal hvort tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi og að skilyrðum um það sem lagt er fram til jöfnunar vátryggingaskuldinni sé fullnægt, sbr. 36. og 37. gr. Vátryggingafélög skulu í gögnum til Fjármálaeftirlitsins með ársreikningi gera grein fyrir því hvernig vátryggingaskuldin er ákveðin og hvaða eignir eru tilgreindar til að mæta henni. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um mat á vátryggingaskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi, auk ársreiknings.

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum vátryggingafélags við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum vátryggingafélags við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Sérstaklega skal fylgjast með lánum, ábyrgðum og liðum utan efnahagsreiknings, efnahagsliðum sem myndað geta hluta af gjaldþoli, fjárfestingum, endurtryggingaviðskiptum og samningum um kostnaðarskiptingu.

Vátryggingafélög skulu hafa til staðar viðeigandi áhættustýringarferla, innra eftirlitskerfi sem felur í sér áreiðanlega upplýsingagjöf og bókhaldsferla til að greina, mæla og stýra viðskiptum í samræmi við 3. mgr. Árlega skulu vátryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti og þá ferla og kerfi sem í notkun eru eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Færi vátryggingafélag bókhald sitt í erlendri mynt skal það senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fjárhagsleg atriði, sbr. 58. gr., umreiknaðar í innlenda mynt.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við vátryggingafélag, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með vátryggingafélaginu.

63. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Fjármálaeftirlitið getur og sett almennar reglur um tilhögun innra eftirlits í fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir eftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar.

64. gr.

Fjármálaeftirlitið skal, eftir því sem kostur er, fylgjast með vátryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög sem hér gilda og góða viðskiptahætti. Telji Fjármálaeftirlitið að svo sé ekki skal það gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin. Skylt er að senda Fjármálaeftirlitinu skilmála lögboðinna vátrygginga, svo og breytingar á þeim áður en þeir eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld, sem í boði eru hér á landi, séu í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Fullnægjandi gögn um reiknigrundvöll líftrygginga og heilsutrygginga, svo og breytingar á þeim, skulu send Fjármálaeftirlitinu áður en þessir greinaflokkar eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Félög sem fá starfsleyfi skv. 73. gr. skulu senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. og 2. mgr., auk skilmála og iðgjaldagrundvallar annarra vátryggingagreina.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með rekstrarfyrirkomulagi, bókhaldi, innra eftirliti og áhættustýringu vátryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynlegar í þessu efni hjá vátryggingafélögum. Það skal einnig að þessu leyti fylgjast með starfsemi vátryggingafélaga aðildarríkja sem á grundvelli starfsleyfis heimaríkis fá heimild til að bjóða vátryggingar hér á landi og koma á framfæri athugasemdum við hlutaðeigandi félag eða eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef með þarf til úrbóta vegna þess sem Fjármálaeftirlitið telur að úrskeiðis hafi farið.

65. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

IX. KAFLI

Starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi.

66. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda geta stofnsett útibú hér á landi enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum vátrygginga og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag eftir að stofna útibú hér á landi, sbr. 8. gr., skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Áætlunar um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins hér á landi og staðfestingar þess að félagið hafi starfsleyfi í þeim greinaflokkum og vátryggingagreinum sem fyrirhugað er að reka hér á landi.
2. Heimilisfangs útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur og gagna er aflað um starfsemina og öll gögn eru send til.
3. Nafns skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og kemur fram fyrir þess hönd gagnvart dómstólum hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.
5. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt og athugasemda vegna fyrirhugaðrar starfsemi ef einhverjar eru.
6. Vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem útibúið hyggst reka hér á landi og þegar við á tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Áður en útibú frumtryggingafélags hefur starfsemi hér á landi skal Fjármálaeftirlitið upplýsa eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um almenn skilyrði ef einhver eru sem um vátryggingastarfsemi útibúsins eiga að gilda hér á landi og um ákvæði er varða almannaheill.

Fjármálaeftirlitið skal innan tveggja mánaða frá því að framangreind gögn hafa borist tilkynna að félaginu sé heimilt að setja á stofn útibúið og má það að því búnu hefja starfsemi.

Allar breytingar varðandi liði 2. mgr. að 5. tölul. undanskildum skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

67. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda geta veitt þjónustu hér á landi án starfsstöðvar enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag eftir að veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt.
2. Skrár yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrár yfir þær tegundir áhættu sem félagið hyggst vátryggja hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum

sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.

5. Sýnishorna vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem félagið hyggst reka hér á landi og þegar við á tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Félagið má veita þjónustu hér á landi þegar Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að öll gögn skv. 2. mgr. hafi borist eftirlitinu.

Allar breytingar varðandi 2.–5. tölul. 2. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Félag, sem veitir þjónustu án starfsstöðvar skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr., skal sjá til þess að þeir sem kröfu eiga á bótum vegna tjóns hér á landi séu ekki lakar settir en aðrir vegna þess að starfsstöð er ekki fyrir hendi. Fulltrúi skv. 4. tölul. 2. mgr. skal afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatryggingar séu fyrir hendi og um gildistíma.

68. gr.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eða fulltrúum sem þau tilnefna er heimilt, eftir að hafa tilkynnt það Fjármálaeftirlitinu, að gera vettvangskannanir hjá vátryggingafélögum sem þau hafa veitt starfsleyfi og hér reka starfsemi og sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með starfsemi útibúa aðildarríkja hér á landi. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að taka þátt í þessum könnunum. Kostnaður vegna þessa greiðist af eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis.

69. gr.

Fjármálaeftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja upplýsingar um starfsemi útibúa hér á landi til að þau geti lagt heildarmat á gjaldþol vátryggingafélaga sem hér starfa og eru undir eftirliti þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra uppfylli félagið ekki tilskilin skilyrði um gjaldþol eða vátryggingaskuldina. Það skal, þegar þörf krefur, gera ráðstafanir til að banna félaginu frjálsa ráðstöfun eigna sem er að finna hér á landi eða takmarka hana í samræmi við ákvæði gildandi laga þar að lútandi að höfðu samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef kostur er.

Fjármálaeftirlitið getur bannað erlendu vátryggingafélagi sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu að starfa áfram ef það með grófum hætti og ítrekað brýtur ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða ákvæði annarra laga sem eiga við um fjármálastarfsemi og ekki hefur verið unnt með kröfum eða aðgerðum samkvæmt þessum lögum að fá úr því bætt sem úrskeiðis hefur farið.

70. gr.

Óski vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, eftir því að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem hefur starfsstöð á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins fyrrnefnda heimilað flutning stofnsins að fenginni staðfestingu eftirlitsstjórnvalda heimaríkis hins síðarnefnda um að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins og að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið. Þegar vátryggingaráhættan er hér á landi þarf ávallt samþykki Fjármálaeftir-

litsins til að flutningurinn geti átt sér stað. Ákvæði 2. mgr. 82. gr. gilda um opinberar tilkynningar vegna vátryggingastofns sem fluttur er þegar vátryggingaráhættan er hér.

Um réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum frumtryggingafélaga fer skv. 4. mgr. 82. gr.

Fjármálaeftirlitið skal láta í té álit sitt innan þriggja mánaða frá því að beiðni um flutninginn barst, ella skal litið svo á að afstaða þess til flutningsins sé jákvæð.

71. gr.

Afturkalli eftirlitsstjórnvöld heimaríkis starfsleyfi félags sem hefur útibú eða veitir þjónustu hér á landi skal Fjármálaeftirlitið að fenginni tilkynningu þar um gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til frekari vátryggingarsamninga hér á landi. Skal haft samstarf við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld í því skyni að tryggja hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra svo sem kostur er og eiga ákvæði 69. gr. við um takmörkun eða bann við frjálsri ráðstöfun eigna þegar nauðsyn krefur.

72. gr.

Vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, skal tilkynna til vátryggingafélagaskrár allar breytingar á þeim atriðum sem kveðið er á um í 30. gr. og við geta átt. Sé gerð ný rekstraráætlun skv. 25. gr. skal hún einnig send.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um að öll gögn, sem ber að senda eftirlitinu vegna starfseminnar hér á landi, séu á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

73. gr.

Erlend vátryggingafélög hér á landi með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar utan aðildarríkis sem leyfi hafa til að reka vátryggingastarfsemi í heimalandi sínu geta fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að reka starfsemi í útibúi hér á landi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingafélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Áður en vátryggingafélög með aðalstöðvar utan aðildarríkis fá starfsleyfi hér á landi skulu aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa samráð um leyfisveitinguna.

Félagið skal skráð hér á landi og það skal tilnefna einn aðalumboðsmann sem Fjármálaeftirlitið samþykkir er komi fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hafi heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi að því er varðar starfsemi þess hér og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum sem stofnast hafa vegna starfseminnar.

Bókhaldsgögn og önnur gögn viðvíkjandi starfsemi útibúsins skulu varðveitt í útibúinu sjálfu.

Ákveða má með samningum við eitt eða fleiri þriðju ríki að beita öðrum ákvæðum um eftirlit með starfsemi útibúsins en segir í lögum þessum að því tilskildu að hinum vátryggðu sé tryggð nægileg og sambærileg vernd. Ekki má í slíkum samningum veita útibúum félaga

með aðalstöðvar utan aðildarríkja rýmri skilyrði en útibúum vátryggingafélaga með aðalstöðvar þar. Samráð skal haft við önnur aðildarríki um samninga af þessu tagi og þau upplýst um þá áður en þeir eru gerðir.

74. gr.

Umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingafélagaskrá skal send Fjármálaeftirlitinu og gögn skv. 19.–25. gr. skulu fylgja umsókn eftir því sem við getur átt og nauðsynleg eru til þess að það geti metið umsóknina. Sýnishorn vátryggingaskilmála og iðgjaldagrundvallar í þeim greinum sem félagið hyggst reka hér á landi skulu einnig fylgja umsókn.

Félagið skal uppfylla skilyrði V. kafla um fjárhagsgrundvöll er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á, þó þannig að gjaldþol þess nemi aldrei minna en helmingi viðeigandi fjárhæðar skv. 34. gr. Skal félagið hafa hér á landi fjármuni er nema helmingi fjárhæðarinnar skv. 34. gr. eða þriðjungi lágmarksgjaldþols, hvort sem hærra er, en fjármunir þar umfram upp að lágmarksgjaldþoli skulu varðveittir í aðildarríki. Sameiginlegt eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins í aðildarríkjum getur komið í stað þeirrar aðferðar sem lýst er í þessari málsgrein og skal fyrirkomulag eftirlits vera í samræmi við samstarfssamning aðildarríkja. Gilda þá ákvæði 68. gr. um eftirlit með gjaldþoli útibúanna eftir því sem við á.

Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks sem krafist er í 34. gr. skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir, eða aðrir rétthafar samkvæmt vátryggingarsamningi, geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Fjármálaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra, eða rétthafa, til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta hér á landi fjármuni er samsvara vátryggingaskuld þess vegna starfseminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi.

Fjármálaeftirlitið skal upplýsa viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í aðildarríkjum og Eftirlitsstofnun EFTA um það, áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar, þegar dótturfélag móðurfélags með aðalstöðvar í þriðja ríki sækir um starfsleyfi hér á landi og ef aðilar öðlast, beint eða óbeint, hlut í vátryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi þannig að hið síðarnefnda verði dótturfélag hins fyrrnefnda.

75. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Fjármálaeftirlitinu ársreikning hins erlenda félags, svo og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi, eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda. Ársreikningur vegna starfseminnar hér á landi skal berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur skulu fylgja, þar á meðal gögn skv. 36. og 37. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti vátryggingaskuldinni. Ákvæði VII. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

76. gr.

Brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu, skal Fjármálaeftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Fjármálaeftirlitið að hagsmunir vátryggingartaka og vátryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Fjármálaeftirlitið heimilar.

Ákvæði XI. og XII. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

77. gr.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingastofninn til eins eða fleiri vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingarsamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að líftryggingastofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 92. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

78. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingafélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 77. gr., enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að starfsstöð þess verði máð úr vátryggingafélagaskrá skal það því aðeins gert að Fjármálaeftirlitið álíti að starfsstöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé enginn aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 76. gr.

Leysa má geymslufé sem lagt er til hliðar skv. 74. gr. þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi, eða að fullnægjandi trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Fjármálaeftirlitsins verið lögð fram.

X. KAFLI

Erlend starfsemi vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi.

79. gr.

Frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Heiti og heimilisfang útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur.
2. Nafn skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram á þess vegum gagnvart dómstólum í aðildarríkinu.
3. Áætlun um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins.

4. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka.
5. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr.

Hafi Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir fram að færa varðandi fyrirhugaða starfsemi, fjárhagsstöðu eða hæfi og faglega kunnáttu stjórnenda eða hins skipaða fulltrúa útibúsins skal Fjármálaeftirlitið, innan þriggja mánaða frá því að öll framangreind gögn hafa borist, senda eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis gögnin ásamt vottorði um að félagið uppfylli skilyrði um gjaldþol skv. 31.–34. gr. eftir því sem við á. Jafnframt skal félaginu send tilkynning um að umrædd gögn hafi verið send.

Fjármálaeftirlitið getur látið hjá líða að senda gögn skv. 1. og 2. mgr. hafi það ástæðu til að draga í efa að rekstrarleg uppbygging eða fjárhagsstaða sé viðhlítandi sem undirstaða fyrirhugaðrar starfsemi. Tilkynning um að framangreind gögn verði ekki send eftirlitsstjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis skal send félaginu innan þriggja mánaða og ástæður þess tilgreindar skriflega.

Félagið má stofnsetja útibúið og hefja starfsemi þegar orðsending hefur borist frá eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis eða ef engin slík orðsending hefur borist tveimur mánuðum eftir að öll gögn skv. 1. og 2. mgr. hafa borist til þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði 1. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsstjórnvöldum í því ríki sem útibúið hefur starfsemi skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

80. gr.

Óski frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu. Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eftirtalin gögn og skal félaginu jafnframt tilkynnt að upplýsingarnar hafi verið sendar:

1. Vottorð um að gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild sé fullnægjandi.
2. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrá yfir greinaflokka og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að veita þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. og nafn og heimilisfang sérstaks fulltrúa sem annast tjónsuppgjör í þeirri grein.

Félagið má veita þjónustu frá þeim tíma er það hefur fengið tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. hafi verið sendar og móttaka þeirra verið staðfest.

Sendi Fjármálaeftirlitið ekki framangreindar upplýsingar á tilskildum tíma skal það greina félaginu frá ástæðum þess innan sömu tímamarka.

Allar breytingar skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

81. gr.

Hafi frumtryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi, í hyggju að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir og telur nauðsynlegar.

Ákvæði 79. og 80. gr. gilda einnig um frumtryggingafélög með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi til að reka útibú en hafa í hyggju að hefja starfsemi í aðildarríki. Fjármálaeftirlitið getur þó tekið sér lengri fresti til afgreiðslu mála en þar eru tilgreindir. Skal það hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja áður en tekin er afstaða til umsóknarinnar.

XI. KAFLI
Yfirfærsla vátryggingastofna. Samruni félaga.

82. gr.

Yfirfærsla.

Óski frumtryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem einnig hefur fengið starfsleyfi hér á landi skulu bæði félögin senda Fjármálaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Fjármálaeftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingartaka, vátryggða hjá félögunum og aðra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Telji Fjármálaeftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félögunum. Að öðrum kosti, og sé um að ræða vátryggingaráhættu hér á landi, sbr. 10. gr., skal Fjármálaeftirlitið birta opinberlega tilkynningu vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta innan tiltekins frests sem eigi skal vera skemmri en einn mánuður.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn. Vátryggingartakar geta sagt upp vátryggingarsamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

83. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað vátryggingafélagi sem hér hefur fengið starfsleyfi og óskar eftir að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru, eða öllu leyti, til annars félags með starfsstöð í öðru aðildarríki staðfesti eftirlitsstjórnvöld heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að teknu tilliti til hins yfirfærða stofns. Skilyrði er ávallt að eftirlitsstjórnvöld í því aðildarríki þar sem vátryggingaráhættan er, sbr. 10. gr., veiti samþykki sitt fyrir yfirfærslunni. Ákvæði 82. gr. gilda um yfirfærsluna.

Fjármálaeftirlitið getur einnig heimilað útibúi vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkis, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars vátryggingafélags og gilda þá einnig ákvæði 82. gr. um yfirfærsluna.

Um yfirfærslu vegna stofna vátryggingafélaga með aðalstöðvar í öðru aðildarríki, sem hér reka útibú eða veita þjónustu, fer samkvæmt ákvæðum 70. gr.

84. gr.

Samruni.

Óski vátryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Fjármálaeftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingastofna sé veitt, sbr. 82. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 13. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til vátryggingafélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

85. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem hættir starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta vátryggingastarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Fjármálaeftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr vátryggingafélagaskrá.

XII. KAFLI
Sérstakar ráðstafanir.

86. gr.

Ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols.

Uppfylli vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, ekki lágmarkskröfur um gjaldþol við ársuppgjör eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi. Slík áætlun skal ekki taka til skemmri tíma en næstu þriggja reikningsára og innihalda m.a.:

1. Áætlaðan rekstrarkostnað, m.a. við núverandi yfirstjórn, og umboðslaun.
2. Sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld í frumtryggingum, endurtryggingum sem félagið kann að taka að sér og vegna endurtryggingarverndar þess.
3. Áætlaðan efnahagsreikning.
4. Greinargerð um fjármagn sem ætlað er að mæta vátryggingaskuldbindingum og lágmarksgjaldþoli.
5. Ráðgerða endurtryggingarvernd.

Meðan slík áætlun er í gildi skal hvorki gefa út gjaldþolsvottorð vegna ráðagerða um starfsemi erlendis, sbr. 1. mgr. 79. gr. og 1. mgr. 80. gr., né heimila félaginu að veita viðtöku vátryggingastofni, sbr. 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 82. gr.

Sé gjaldþol vátryggingafélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 34. gr., hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingaskuld félags vanmetin við ársuppgjör eða á öðrum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar skal með sama hætti grípa til viðeigandi ráðstafana.

Sé vátryggingaskuld vanmetin skal vanmatið koma til lækkunar gjaldþoli.

Sé aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða móðurfélags þess minna en lágmarksgjaldþol skv. 32.–34. gr. að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög skal vátryggingafélagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort hún telst fullnægjandi. Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt tilvísuðum greinum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

Telji Fjármálaeftirlitið fjárhag vátryggingafélags vera með þeim hætti að réttindum vátryggingartaka, vátryggðra eða annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta sé stefnt í hættu getur það krafist áætlunar eins og gjaldþol væri ófullnægjandi, sbr. 1. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl, sbr. 1.–5. mgr. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað útgáfu nýrra vátryggingaskírteina. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eftir því sem við á.

Starfi félagið eftir áætlun skv. 25. gr. eða skv. 1. mgr. þessarar greinar og hafi fjárhagsstaða félagsins versnað miðað við þá áætlun skal Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný rekstraráætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

87. gr.

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóls og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu vátryggingafélags og hafa áhrif á réttindi aðila annarra en vátryggingafélagsins sjálfs. Til slíkra ráðstafana teljast greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni vátryggingafélags um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef vátryggingafélagi er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar í því aðildarríki tekur til útibúa vátryggingafélagsins hér á landi.

Tilkynna skal lánardrottnum úrskurð um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings í samræmi við ákvæði 13. og 44. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í tilkynningu skv. 5. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem eiga kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi á vátryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki er heimilt að lýsa kröfu skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Um heimild útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum.

88. gr.

Íslensk lög skulu gilda um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar heimildin er veitt. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar heimildin var veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eftir að heimild hefur verið fengin til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif heimildar vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði þau sem aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmaður með nauðasamningi geta beitt samkvæmt íslenskum lögum hafa þeir jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

89. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Sinni vátryggingafélag ekki ítrekuðum tilmælum Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingaskuld sína eða tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, eða ef það brýtur lög og reglugerðir um starfsemi vátryggingafélaga eða samþykktir sem það starfar eftir skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi félagsins. Fjármálaeftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir sem félagið hefur þegar gert muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

Einnig má afturkalla starfsleyfi nýti félag leyfið ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess eða hafi starfsemin legið niðri í sex mánuði eða meira.

90. gr.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla starfsleyfi vátryggingafélags hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um starfsemi vátryggingafélaga þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

Afturköllun starfsleyfis skal ávallt studd ítarlegum rökum og tilkynnt hlutaðeigandi félagi skriflega.

Afturkalli Fjármálaeftirlitið starfsleyfi skal það tilkynna það eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er gera skulu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til nýrra vátryggingaskuldbindinga innan lögsögu þeirra, í útibúi eða með því að veita þar þjónustu.

Með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum og í samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld skal Fjármálaeftirlitið takmarka, eftir því sem nauðsyn krefur, frjálsa ráðstöfun eigna félagsins þegar vátryggingaskuldin er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagsstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafana.

91. gr.

Félagsslit.

Verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skal Fjármálaeftirlitið skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum stjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum hvernig komið er.

Fjármálaeftirlitið skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingastofn sinn til eins eða fleiri vátryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Fjármálaeftirlitið getur, þegar um líftryggingafélag er að ræða, ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 92. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skulu greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingafélags sem krafa utan skuldaraðar. Sama á við um kostnað vegna meðferðar kröfu Fjármálaeftirlitsins um gjaldþrotaskipti. Fjármálaeftirlitið og skilastjórn eru undanþegin ákvæðum 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um að leggja fram tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaði.

92. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í félagi sem stundar líftryggingastarfsemi og ákveðið er að líftryggingastofn þess skuli sæta sérstakri meðferð skal Fjármálaeftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, láta endurreikna hana og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingakrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingakröfur sem falla til útborgunar síðar má greiða út að því marki er Fjármálaeftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignastöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið leita til annarra líftryggingafélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna opinberlega um helstu atriði tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Fjármálaeftirlitið framselt stofninn félagi því er Fjármálaeftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga rétt á að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða komi ekki fram þau tilboð er Fjármálaeftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

93. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á líftryggingafélagi gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Ákvæði 92. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk opinberrar tilkynningar skv. 2. mgr. 92. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna vátryggingartökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari grein og 92. gr.

Við gjaldþrotaskipti líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur þrotabúi félagsins skv. 11. mgr. 94. gr.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú slíks félags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild líftryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Þegar bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal Fjármálaeftirlitið að fengnum upplýsingum skilastjórnar skv. 91. gr. tilkynna opinberlega ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á félagið vegna líftryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á líftryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en félagið skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús líftryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús líftryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

94. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur einnig til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Fjármálaeftirlitið skal jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta meta hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra vátryggingafélaga.

Berist tilboð er Fjármálaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingartaka og vátryggða skal það leggja fram tillögu um flutning stofnsins og birta opinberlega helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna vátryggingartökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Sú tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi hefur lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar. Að teknu tilliti til athugasemda skal Fjármálaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

Þegar bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal Fjármálaeftirlitið að fengnum upplýsingum skilastjórnar skv. 91. gr. tilkynna opinberlega ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á vátryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en vátryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Vátryggingakröfur á hendur þrotabúi vátryggingafélagsins skulu ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús vátryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

95. gr.

Íslensk lög skulu gilda um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem voru í öðru aðildarríki þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Gjaldþrot vátryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eftir úrskurð um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif úrskurðar um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði sem skilastjórn getur beitt samkvæmt íslenskum lögum hefur hún jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal skilastjórn þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

96. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum vátryggingafélags sem hér hefur fengið starfsleyfi skal félagið leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Fjármálaeftirlitið skal meta og taka ákvörðun um hvort hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra teljist best borgið með flutningi vátryggingastofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 92. gr.

Um frjáls slit vátryggingafélags gilda ákvæði 93.–95. gr. eftir því sem við á.

XIII. KAFLI
Viðurlög.
97. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. málsl. 1. gr. varðandi leyfisskylda starfsemi,
2. 5. gr. um hvar megi frumtryggja og endurtryggja vátryggingaráhættu sem hér er,
3. 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum,
4. 2. mgr. 6. gr. um að ekki sé farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið,
5. 7. gr. um heimild til að bera heiti sem gefur vátryggingastarfsemi til kynna,
6. 11.–13. gr. um starfsheimildir,
7. 1. mgr. 28. gr. um leyfisumsókn til Fjármálaeftirlitsins ef vátryggingafélag með starfsleyfi hér á landi hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum,
8. 3. mgr. 28. gr. um að senda skuli breytingar á samþykktum vátryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins innan viku frá samþykkt þeirra,
9. 4. mgr. 30. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli tilkynna eins fljótt og auðið er til skrárinnar og eigi síðar en innan eins mánaðar,
10. 2. mgr. 36. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld,
11. 38. gr. um skyldu stjórnar til þess að tryggja að fyrir hendi sé sérþekking á mati og útreikningi vátryggingaskuldar,
12. 1. málsl. 4. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
13. 41. gr. um að tilkynna ekki um virkan eignarhlut,
14. 46. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut,
15. 47. gr. um hömlur á meðferð hlutar,
16. 48. gr. um tilkynningu eiganda,
17. 49. gr. um tilkynningu vátryggingafélags,
18. 50. gr. um að neita að veita upplýsingar,
19. 1. mgr. 53. gr. um hámark eigin hluta,
20. 2. mgr. 53. gr. um lánveitingu með veði í eigin hlutabréfum,
21. 3.–5. mgr. 54. gr. um að stjórnarmaður upplýsi ekki Fjármálaeftirlitið um hæfi sitt til stjórnarsetu,
22. 6. mgr. 54. gr. um að stjórnarmaður afli ekki heimildar Fjármálaeftirlitsins til stjórnarsetu,
23. 7. mgr. 54. gr. um bann við að hafa starfandi stjórnarformann,
24. 9. mgr. 54. gr. um tilkynningarskyldu um þóknun stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra,
25. 10. mgr. 54. gr. um tilkynningarskyldu um myndun félagasamstæðu eða yfirráð yfir öðru félagi og um verulegar breytingar á skipulagi samstæðu,
26. 11. mgr. 54. gr. um setningu verklagsreglna,
27. 12. mgr. 54. gr. um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra vátryggingafélags til að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
28. 57. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins,

29. 58. gr. um að senda skuli Fjármálaeftirliti ársreikning og fylgigögn,
30. 1. mgr. 59. gr. um upplýsingaskyldu vegna starfsemi erlendis,
31. 60. gr. um úthlutun arðs,
32. 4. mgr. 62. gr. um skýrslur um viðskipti við tengda aðila,
33. 1.–3. mgr. 64. gr. um skil á vátryggingaskilmálum og reiknigrundvelli líftrygginga og heilsutrygginga,
34. 1. mgr. 70. gr. um skyldu til samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna flutnings á stofni,
35. 4. mgr. 74. gr. um ávöxtun fjármuna vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
36. 75. gr. um skil á ársreikningi og upplýsingaskyldu vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
37. 2. mgr. 78. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
38. 3. mgr. 78. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
39. 1. og 5. mgr. 79. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
40. 1. og 4. mgr. 80. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
41. 81. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
42. 1. málsl. 1. mgr. 82. gr. um umsókn vegna flutnings á vátryggingastofni,
43. 84.–85. gr. um samruna,
44. 1. mgr. 96. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit,
45. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 98. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 100 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

98. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

99. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

100. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

101. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. málsl. 1. gr. varðandi leyfisskylda starfsemi,
2. 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum,
3. 2. mgr. 6. gr. um að ekki sé farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið,
4. 4. mgr. 30. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli tilkynna eins fljótt og auðið er til skrárinnar og eigi síðar en innan eins mánaðar,
5. 2. mgr. 36. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld,
6. 1. málsl. 4. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
7. 41. gr. um að tilkynna ekki til Fjármálaeftirlitsins,
8. 46. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut,
9. 47. gr. um hömlur á meðferð hlutar,
10. 50. gr. um að neita að veita upplýsingar,
11. 1. mgr. 53. gr. um hámark eigin hluta,
12. 2. mgr. 53. gr. um lánveitingu gegn veði í eigin hlutabréfum,
13. 1.–3. mgr. 55. gr. um ársreikninga,
14. 2. mgr. 56. gr. um hæfi endurskoðanda,
15. 57. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðenda til Fjármálaeftirlitsins,
16. 60. gr. um úthlutun arðs,
17. 2. mgr. 78. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
18. 3. mgr. 78. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
19. 1. og 6. mgr. 86. gr. um aðgerðir vegna ónógs gjaldþols.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi vátryggingafélags eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna.

102. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

103. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði. Gildistaka.

104. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

105. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum eru eða hafa verið innleiddar eftirfarandi tilskipanir Evrópusambandsins: 64/225/EBE, 72/166/EBE, 73/239/EBE, 73/240/EBE, 74/165/EBE, 77/92/EBE, 78/473/EBE, 78/660/EBE, 79/267/EBE, 81/76/EBE, 83/349/EBE, 84/5/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE, 90/232/EBE, 90/619/EBE, 91/674/EBE, 92/48/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 98/78/EB, 2000/12/EBE, 2000/26/EB, 2001/17/EB, 2001/24/EB, 2002/13/EB, 2002/87/EB, 2002/92/EB, 2005/14/EB, 2005/68/EB, 2007/44/EB.

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingafélög sem 10. desember 2007 höfðu hætt að taka að sér nýja vátryggingaráhættu og unnu eingöngu að afgreiðslu eldri endurtryggingarsamninga eru undanskilin ákvæðum 35. gr. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. skulu vátryggingafélög sem falla undir þessa grein að lágmarki senda Fjármálaeftirlitinu árlega yfirlit um eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um hvaða vátryggingafélög er að ræða. Hefji vátryggingafélag aftur útgáfu nýrra vátryggingarsamninga fellur félagið ekki lengur undir ákvæði þetta.

Ákvæði 5. mgr. 54. gr. um að stjórnarmenn megi ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða aðila tengdra því né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga kemur til framkvæmda á fyrsta aðalfundi vátryggingafélags eftir samþykkt laga þessara.

Hinn 31. desember 2009 fellur 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. brott.

Þau vátryggingafélög sem við gildistöku laga þessara uppfylla ekki ákvæði 1. mgr. 34. gr. um lágmarksfjárhæð lágmarksgjaldþols hafa frest til 30. júní 2010 til þess. Fram að þeim tíma skal lágmarksgjaldþol þó aldrei vera lægra en 255 milljónir króna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt um frumvarpið.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði þann 18. september 2007 til þess að semja frumvarp til að innleiða tilskipun 2005/68/EB um endurtryggingar. Í nefndina voru skipuð Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri í Fjármálaeftirlitinu, Sigurður Freyr Jónatansson, tryggingastærðfræðingur í Fjármálaeftirlitinu, tilnefndir af Fjármálaeftirlitinu, og Þóra Hallgrímsdóttir, lögfræðingur hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., tilnefnd af Samtökum fjármálafyrirtækja. Þótt skipunarbréf nefndarinnar hafi tilgreint sem verkefni að gera tillögu um innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar varð fljótlega ljóst að innleiðingin kallaði á slíkar breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi að ekki yrði hjá því komist að endurskoða þau lög í heild sinni.

Frá því að lög nr. 60/1994 komu til framkvæmda hefur þeim verið breytt fjölmörgum sinnum, en samþykkt þeirra á sínum tíma var hluti af aðlögun innlends réttar að löggjöf Evrópusambandsins. Upphaflegu lögin innleiddu þær gerðir ESB á vátryggingasviði sem þá voru í gildi.

Frá gildistöku laganna hafa verið innleiddar þær gerðir á vátryggingasviði sem skylt hefur verið að innleiða samkvæmt EES-samningnum, síðast með lögum nr. 155/2007 (5. ökutækjatilskipun). Til þess að taka af allan vafa um hvaða tilskipanir hafi áður verið innleiddar, svo og hverja sé verið að innleiða í fyrsta sinn, eru þær allar taldar upp í 105. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins er sérstaklega tilgreint hvort verið sé að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar, gera tillögur til breytinga á gildandi ákvæðum, án þess að það tengist sérstaklega innleiðingunni, eða hvort viðkomandi grein eigi sér samsvörun í gildandi lögum. Til skýringa skal þess getið að á mörgum sviðum eru ákvæði

endurtryggingatilskipunarinnar spegilmynd af ákvæðum tilskipana um skaða- og líftryggingar. Í þeim tilvikum hafa ákvæðin í allflestum tilvikum þegar verið innleidd með lögum nr. 60/1994, eins og þeim hefur verið breytt. Því var eðlilegt að innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar yrði gerð samhliða heildarendurskoðun á lögum um vátryggingastarfsemi.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á vorþingi 2008 en hlaut þá ekki afgreiðslu. Sumarið 2008 var haldinn fundur með ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, þar sem stofnunin gerði grein fyrir því að hún teldi nokkur ákvæði eldri tilskipana, sem innleiða hefði átt, ekki hafa verið rétt innleidd eða innleidd aðeins að hluta. Var unnið í því fram að hausti 2008 að semja ákvæði til þess að ráða bót á ágöllum þessum og jafnframt voru samin ákvæði til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem hvorki tengjast innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar né eru umritun gildandi ákvæða, þ.e. hrein nýmæli. Rétt er að geta þeirra helstu hér:

– Vátryggingafélög skulu rekin sem hlutafélög.
– Starfsleyfisveitandi verður Fjármálaeftirlitið.
– Þrengd hæfisskilyrði til stjórnarsetu og til að gegna stöðu framkvæmdastjóra.
– Hnykkt á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að upplýsa um niðurstöður mála.

Um endurtryggingar og endurtryggingatilskipun ESB.

Lög nr. 60/1994 fjalla um vátryggingastarfsemi, bæði um frum- og endurtryggingastarfsemi. Með hugtakinu vátryggingafélag er í lögunum átt við félög sem stunda bæði frum- og endurtryggingastarfsemi. Af vátryggingafélögum með starfsleyfi í dag hefur Íslensk endurtrygging hf. ávallt starfað eingöngu í endurtryggingastarfsemi. Að auki hefur Trygging hf. eingöngu unnið að uppgjöri eldri endurtryggingaskuldbindinga eftir flutning frumtryggingastofns félagsins til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Nokkur vátryggingafélög sem hafa starfað einkum í frumtryggingastarfsemi hafa einnig haft með höndum endurtryggingastarfsemi. Útrás vátryggingafélaga á síðustu árum hefur m.a. falist í sölu endurtrygginga erlendis. Eftirlit með endurtryggingastarfsemi hefur hér á landi að mestu verið sambærilegt eftirliti með frumtryggingastarfsemi.

Í 5. gr. gildandi laga er kveðið á um að enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að vátryggingaráhætta sem hér er, sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi. Hins vegar eru í gildandi lögum engin takmörk á því hvar vátryggingaráhætta er endurtryggð.

Í 1. tilskipun 73/239/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipunum og tilskipun 2002/83/EB um líftryggingar er að finna ákvæði um starfsemi félaga sem sérhæfa sig í frumtryggingum. Á Evrópska efnahagssvæðinu var á sama hátt ekki að finna sameiginleg ákvæði um starfsemi sérhæfðra endurtryggingafélaga fyrr en með tilkomu tilskipunar 2005/68/EB. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar bannaði hindranir á starfsemi endurtryggingafélaga á milli ríkja í Evrópubandalaginu en kvað ekki á um annars konar samræmingu, svo sem hvað varðar opinbert eftirlit.

Markmiðið með tilskipun 2005/68/EB, um endurtryggingar, er því að samræma eftirlit með endurtryggingastarfsemi og styrkja innri markaðinn hvað varðar vátryggingastarfsemi.

Tilskipunin er í samræmi við alþjóðlega staðla um eftirlit með endurtryggingastarfsemi sem unnir hafa verið af alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda á vátryggingasviði (IAIS).

Á sama hátt og í frumtryggingastarfsemi veitir starfsleyfi í endurtryggingum í einu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins möguleika til að starfa á öllu svæðinu. Til að vernda hagsmuni neytanda og vegna ólíkra ákvæða laga um vátryggingarsamninga á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa frumtryggingafélög að tilkynna heimaeftirlitsstjórnvöldum sínum um fyrirætlanir um að hefja starfsemi í öðrum ríkjum svæðisins. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis tilkynna eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um starfsemina og votta að vátryggingafélagið uppfylli kröfur um lágmarksgjaldþol. Slík skilyrði eru ekki sett fram í endurtryggingatilskipuninni.

Meðal annarra ákvæða tilskipunarinnar sem fela í sér sérákvæði fyrir endurtryggingafélög eða endurtryggingastarfsemi má nefna eftirfarandi:

1. Heimild í 5. gr. frumvarpsins að endurtryggingarvernd sé keypt í þriðja ríki. Ef um endurtryggingarvernd á frumtryggingaráhættu er að ræða þarf að liggja fyrir samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins, í tilviki Íslands, og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki endurtryggingafélagsins.
2. Almennari reglur í 38. gr. frumvarpsins en þekkist hjá frumtryggingafélögum um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.

Flest ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar eru þó efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum tilskipana um skaðatryggingar og líftryggingar og felur innleiðing þeirra því í sér takmörkuð áhrif á innleiðingarákvæði gildandi laga um vátryggingastarfsemi. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 2. júní 2006 og átti innleiðingu hennar að vera lokið 10. desember 2007.

Um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB.

Í þeim tilskipunun sem breytt er með tilskipun 2007/44/EB eru ákvæði um yfirtökur eða kaup á virkum eignarhlutum í fyrirtækjum í fjármálageiranum. Í ákvæði þessi hefur vantað nákvæmar reglur um hvernig staðið skuli að mati á þeim sem hyggjast kaupa eða auka við virkan eignarhlut í þessum fyrirtækjum. Hefur þetta m.a. leitt til þess að hætta hefur verið á því á hinum sameiginlega markaði ríkja EES að mat lögbærra yfirvalda á þeim sem hyggjast kaupa eða auka við hlut sinn hefur verið mismunandi. Því hefur það verið talið nauðsynlegt að samræma, eins og kostur er, málsmeðferðarreglur við matið. Segja má að helstu breytingar sem tilskipunin leggur til, auk samræmingarinnar, séu þær að hún tilgreinir tæmandi upptalningu á þeim atriðum sem eftirlitsaðili má byggja mat sitt á, hún setur eftirlitsaðila ófrávíkjanlegan tímaramma til að kanna hæfi þess sem hyggst kaupa eða auka við hlut sinn og síðast en ekki síst er kveðið á um að geri eftirlitsaðili ekki athugasemdir við kaupin innan tímarammans öðlast kaupandinn full yfirráð yfir hlutnum. M.ö.o. þá er þeim sem hyggst kaupa eða auka við eignarhlut sinn skylt að tilkynna um fyrirætlun sína en hann sækir ekki um heimild til kaupanna. Nanar er gerð grein fyrir ákvæðunum í athugasemdum við 41.–50. gr. frumvarpsins.

Breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningum.

Eins og fyrr er getið hefur frumvarp þetta verið lagt fram áður; raunar í þrígang. Á sumarþingi 2009 var farið yfir umsagnir um frumvarpið frá umsagnaraðilum og hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu að teknu tilliti til þeirra, eftir því sem tilefni þótti til. Nokkrar þeirra varða einföldum á framsetningu, einkum ákvæði VI. kafla, um virkan eignar-

hlut, en allnokkrar eru efnisbreytingar frá eldri gerðum frumvarpsins. Þykir rétt að geta hér þeirra efnislegu breytinga sem gerðar hafa verið:

- Lagt er til að óheimilt verði að lána fé og taka eigin hlutabréf að veði (53. gr. frv.).
- Lagt er til að stjórn vátryggingafélags sé skylt að setja formlegar reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila (54. gr. frv.).
- Lagt er til að hæfisskilyrði til þess að mega sitja í stjórn eða gegna starfi framkvæmdastjóra verði þrengd enn frekar (54. gr. frv.).
- Lagt er til að óheimilt verði að vera með starfandi stjórnarformann í vátryggingafélagi (54. gr. frv.).
- Lagt er til að kjósa skuli nýjan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma eigi sjaldnar en á fimm ára fresti (56. gr. frv.).
- Lagðar eru til nokkrar breytingar á viðurlagaákvæðum sem flestar leiðir af breytingum sem gerðar hafa verið á VI. kafla en til viðbótar er gert ráð fyrir að brot á reglum um að viðhalda fullnægjandi eignum til jöfnunar á móti vátryggingaskuld og brot á reglum um lánveitingar gegn veði í eigin hlutabréfum geti varðað sektum eða fangelsi (101. gr. frv.).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið leggur til verulegar breytingar á 1. gr. frá gildandi lögum, nr. 60/1994, einkum vegna innleiðingar á tilskipun ESB um endurtryggingar. Af henni leiðir að gera þarf skýran greinarmun á því hvort vátryggingastarfsemi sé stunduð sem starfsemi á sviði frumtrygginga eða á sviði endurtryggingastarfsemi. Því er skilgreint greininni hvað telst vátryggingastarfsemi, frumtryggingastarfsemi og endurtryggingastarfsemi.

Um 2. gr.

Frumvarpið leggur til þá breytingu frá gildandi lögum, nr. 60/1994, að íslensk vátryggingafélög skuli rekin í hlutafélagaformi. Gildandi lög gera bæði ráð fyrir hlutafélagaformi sem og því að unnt sé að reka vátryggingafélag sem gagnkvæmt félag, en þegar gildandi lög komu til framkvæmda voru starfandi allnokkur gagnkvæm vátryggingafélög.

Gagnkvæm vátryggingafélög voru starfandi hér á landi allt fram til ársins 2003, flest á sviði bátatrygginga. Stóru gagnkvæmu vátryggingafélögin tvö, Samvinnutryggingar g.t. og Brunabótafélag Íslands, hættu eiginlegri vátryggingastarfsemi á árinu 1989 þegar vátryggingastofnar þeirra voru fluttir til nýstofnað hlutafélags, Vátryggingafélags Íslands hf. Á árunum 2001–2003 urðu verulegar breytingar á vátryggingastarfsemi hér á landi þegar vátryggingastofnar gagnkvæmra bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum voru færðir yfir til annars vátryggingahlutafélags. Þá voru breytingar gerðar á Verði tryggingu er félaginu var breytt í hlutafélag.

Vörður var síðasta gagnkvæma félagið á landsvísu. Það starfar nú sem hlutafélag.

Í dag eru engin starfandi gagnkvæm vátryggingafélög hér á landi. Þetta félagaform er hins vegar þekkt á öðrum Norðurlöndum og munu nokkur gagnkvæm vátryggingafélög enn starfandi, m.a. er eitt stærsta vátryggingafélag Noregs gagnkvæmt félag. Í Danmörku er starfandi töluverður fjöldi smárra – á danskan mælikvarða – gagnkvæmra vátryggingafélaga sem veita þjónustu á afmörkuðum mörkuðum. Í nokkrum EES-ríkjum, m.a. flestum hinna nýrri, er hins vegar ekki heimilt að stofna vátryggingafélög með öðru félagaformi en sem hlutafélög.

Svo virðist sem gagnkvæma félagsformið dugi vart á markaði þar sem virk samkeppni er. Gagnkvæm vátryggingafélög eiga í erfiðleikum ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína. Þau geta ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Gagnkvæma félagsformið virðist einkum henta þegar um sérhæfðar vátryggingar er að ræða í takmörkuðum rekstri. Þá erfiðleika sem gagnkvæmu vátryggingafélögin lentu í hér á landi má fyrst og fremst rekja til vandræða þeirra við að hlúa að fjárhagslegum styrk sínum á samkeppnismarkaði.

Engin gagnkvæm vátryggingafélög eru starfandi og engin merki þess að aðilar hér á landi hyggist stofna slíkt vátryggingafélag. Ástæðulaust kann því að vera að viðhalda heimildum sem ekki eru nýttar. Verður ekki séð að afnám heimildar til að stofnsetja gagnkvæm vátryggingafélög skaði hagsmuni aðila því áfram verður til staðar heimild til að stofnsetja vátryggingafélag, þótt með öðru félagaformi sé. Ekki er verið að skerða réttindi t.d. félagasamtaka til þess að gefa félagsmönnum sínum kost á að standa að stofnun vátryggingafélags. Slíku félagi yrði án efa betur komið fyrir í hlutafélagaformi en sem gagnkvæmt félag. Loks ber að hafa hugfast að í lögum um vátryggingastarfsemi eru ákvæði um gjaldþol vátryggingafélaga. Ákvæði þessi, sem eru komin í innlendan rétt sem hluti af EES-rétti, tiltaka ákveðið lágmarksgjaldþol. Sem dæmi má nefna að reglur um gjaldþol og afnám einkaréttar bátaábyrgðarfélaganna á að veita þjónustu á tilteknu markaðssvæði, höfðu í för með sér erfiðleika fyrir bátaábyrgðarfélög á Íslandi. Erfiðleika sem voru undanfari þess að félögin hættu vátryggingastarfsemi.

Að teknu tilliti til ofanritaðs gerir frumvarpið ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum að vátryggingafélög skuli vera rekin í hlutafélagaformi.

Þrátt fyrir ofanritað er vert að taka fram að mögulegt er að fram komi áhugi á að stofna gagnkvæmt vátryggingafélag hér á landi. Eins og áður segir er það félagaform þekkt á Norðurlöndunum. Verði slíkt raunin er full ástæða til þess að gaumgæfa hvort heimila eigi að nýju að vátryggingafélög geti verið rekin sem gagnkvæm félög.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að bundin vátryggingafélög séu ekki rekin öðruvísi en í hlutafélagaformi. Mikilvægt er að taka af tvímæli um að slík félög séu starfsleyfisskyld og búi við sömu rekstrarskilyrði og önnur hlutafélög.

Þá er bætt við því ákvæði að heimilt sé að reka vátryggingafélag sem Evrópufélag.

Um 3. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er samhljóða 3. gr. gildandi laga sem fjallar um þá starfsemi sem ákvæði laganna taka ekki til. Seinni málsgreinin er innleiðing á 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu, þar sem talin er upp sú endurtryggingastarfsemi sem undanþegin er ákvæðum tilskipunarinnar. Engin endurtryggingastarfsemi er nú stunduð á vegum hins opinbera hér á landi.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. gildandi laga sem tiltekur hvenær félagasamstæða skuli lúta ákvæðum laganna.

Um 5. gr.

Frumvarpið gerir tillögu að breytingum á ákvæðum gildandi laga um hvar vátryggja má áhættur. Í fyrsta lagi er gerður greinarmunur á frumtryggingaráhættu og endurtryggingaráhættu og gilda mismunandi takmarkanir eftir því um hvora áhættuna er verið að fjalla. Í

öðru lagi er það tilgreint sérstaklega að frumtryggingafélag skuli hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins eða annars sambærilegs stjórnvalds í aðildarríki. Í þriðja lagi tilgreinir frumvarpið að heimilt sé að endurtryggja innlenda frumtryggingaráhættu hjá félagi utan aðildarríkis ef fyrir liggur samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsstjórnvalds í því ríki um gagnkvæmt eftirlit, og í fjórða lagi tiltekur frumvarpið að engar hömlur séu á að kaupa endurtryggingu vegna endurtryggingaráhættu. Er það í samræmi við það að endurtryggingastarfsemi er alþjóðleg, sbr. umfjöllun í inngangsákvæði 37 í tilskipun 2005/68/EB.

Um 6. gr.

Efnislega er sambærilegt ákvæði og frumvarpið gerir hér tillögu um að finna í 55. gr. gildandi laga um vátryggingastarfsemi. Tímabært er að endurskrifa ákvæði þessi m.t.t. heimilda sem kveðið er á um í öðrum lögum. Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru samþykkt eftir gildistöku gildandi laga og lagabreytingar sem urðu á ákvæðum um réttarsamband vátryggingartaka og vátryggingafélags við gildistöku nýrra laga um vátryggingarsamninga gera það nauðsynlegt að afmarka betur en gildandi lög hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar.

Í 1. mgr. leggur frumvarpið til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að grípa til ráðstafana ef það telur að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé ekki í samræmi við góða viðskiptahætti eða venjur. Fjármálaeftirlitinu ber að meta það hverju sinni hvort tilefni er til ráðstafana á grundvelli þeirra heimilda sem eftirlitið hefur.

Þrátt fyrir þetta verður að hafa hugfast að Fjármálaeftirlitið hefur ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Þeir sem beina erindum til eftirlitsins eiga ekki sjálfkrafa rétt á því að kvartanir eða ábendingar þeirra verði teknar til meðferðar. Fjármálaeftirlitið hefur um árabil starfrækt upplýsinga- og leiðbeininga þjónustu fyrir viðskiptavini eftirlitsskyldra aðila. Þeir geta beint fyrirspurnum til eftirlitsins, ýmist almenns eðlis varðandi starfshætti eftirlitsskyldra aðila eða í tengslum við tiltekin mál. Fjármálaeftirlitið leitast við að veita almennar upplýsingar m.a. um hugsanlega réttarstöðu aðila og leiðbeina aðilum um þau úrræði sem þeir hafa til að ná fram rétti sínum.

Allar ábendingar og kvartanir sem berast Fjármálaeftirlitinu eru metnar og skoðað hvort tilefni er til nánari athugunar. Telji eftirlitið ástæðu til að taka mál til athugunar er það gert á grundvelli almenns eftirlits, þ.e. hvort starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila sé í samræmi við lög, reglur og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þrátt fyrir að kvörtun eða ábending frá einstaklingi eða fyrirtæki leiði til slíkrar athugunar, telst sá hinn sami ekki sjálfkrafa aðili máls og ekki er víst að slík athugun leiði sjálfkrafa til lausnar á úrlausnarefni viðkomandi aðila. Þau úrræði sem einstaklingum og lögaðilum standa til boða til að leita réttar síns vegna einstakra viðskipta við vátryggingafélög eru Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, eftir atvikum gerðardómar, og almennir dómstólar.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 1. mgr. 13. gr. gildandi laga, þó að teknu tilliti til þess að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að heimilt sé að reka gagnkvæm vátryggingafélög og að orðalagið hefur verið samræmt 12. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 13. gr. gildandi laga falli brott þar sem upplýsingar í vátryggingafélagaskrá eiga á hverjum tíma að veita réttar upplýsingar um fjárhæð hlutafjár, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 30. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. gildandi laga að því viðbættu að áréttað er að sömu reglur gilda um starfsemi innlendra vátryggingafélaga erlendis.

Um 9. gr.

Í 7. gr. gildandi laga eru orðskýringar. Frumvarpið tekur þær orðskýringar upp að mestu óbreyttar auk þess sem nýjum er bætt við. Til þess að afmarka viðskiptavinahóp frumtryggingafélaga og endurtryggingafélaga er sérstök skilgreining á neytanda í greininni sem aðeins vísar til þess sem telur sig eiga hagsmuni í samskiptum við frumtryggingafélag. Þær orðskýringar sem bætast við vegna innleiðingar á endurtryggingartilskipuninni eru þessar: bundið endurtryggingafélag, endurtryggingastarfsemi, takmörkuð endurtrygging og félag með sérstakan tilgang. Þá hefur verið bætt við skilgreiningu á bundnu vátryggingafélagi og ýmsar skilgreiningar aðlagaðar skilgreiningum í öðrum lögum á fjármálamarkaði. Má þar nefna skilgreiningu á fjármálasamsteypu, hlutdeildarfélagi, og virkum eignarhlut.

Í 2. mgr. er skilgreint hvernig útreikningi fjárhæða í evrum yfir í starfrækslugjaldmiðil vátryggingafélags skuli vera háttað. Fjárhæðir eru einkum notaðar sem viðmið við útreikning á gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli og eiga þær að breytast í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs á Evrópska efnahagssvæðinu. Við setningu laga nr. 37/2003, um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, voru fjárhæðir skilgreindar í íslenskum krónum og í reglugerð nr. 459/2003 um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga er kveðið á um hvernig fjárhæðir breytast í samræmi við breytingar á áðurnefndri vísitölu og gengi krónunnar gagnvart evru.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fjárhæðir verði aftur skilgreindar í samræmi við tilskipanir, þ.e. í evrum. Ástæðan er annars vegar að sveiflur í gengi krónu gagnvart evru gerir það að verkum að það er tilviljunum háð við hvaða dagsetningu er miðað þegar ákvörðun um breytingar fjárhæða er tekin og hins vegar að nú er vátryggingafélögum heimilt að gera upp í öðrum gjaldmiðlum en íslenskri krónu og er þegar starfandi eitt vátryggingafélag sem gerir upp í erlendri mynt.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 8. gr. í gildandi lögum sem staðsetur vátryggingaráhættu. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. gildandi laga hafa verið færð í 9. gr. frumvarpsins sem skilgreining á stóráhættu.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 9. gr. í gildandi lögum sem fjallar um afmörkun starfsemi vátryggingafélags við aðra starfsemi á fjármálamarkaði.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 10. gr. í gildandi lögum og afmarka starfsheimildir líftryggingafélaga.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða ákvæðum 11. gr. gildandi laga sem fjallar um þá hliðarstarfsemi sem vátryggingafélögum er heimilt að stunda.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. gildandi laga er nánast samhljóða efni 3. gr. laga um hlutafélög, 2/1995. Aðeins er um tvö efnislega mismunandi ákvæði að ræða frá þeim lögum. Það er að stofnendur vátryggingafélags skuli vera þrír hið minnsta, en lög nr. 2/1995 áskilja tvo stofnendur. Það ákvæði er ekki tekið upp í þessu frumvarpi þar sem ekki er kveðið á um það í EES-rétti og þykir því ekki nauðsynlegt að viðhalda sérákvæði laganna um þrjá stofnendur. Í öðru lagi er í gildandi lögum gert ráð fyrir, í upptalningu um þá aðila sem mega standa að stofnun vátryggingafélags, sérstaklega vísað til vátryggingafélaga með heimilisfesti hér á landi. Ekki þykir ástæða til að telja þau upp í frumvarpinu þar sem þau falla undir skilgreiningu á hlutafélögum í lögum nr. 2/1995 en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að unnt verði að stofna vátryggingafélög öðru vísi en sem hlutafélög, sbr. umfjöllun um 2. gr.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu efnislega samhljóða ákvæði 15. gr. gildandi laga, þó að teknu tilliti til ákvæða frumvarpsins sem gera ráð fyrir því að vátryggingafélög skuli aðeins rekin sem hlutafélög.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað ákvæða 16. gr. gildandi laga. Gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæðin séu einfölduð og það að meginefni til lagt í dóm Fjármálaeftirlitsins að samþykkja greiðslu hluta með öðrum hætti en í reiðufé.

Um 17. gr.

Ákvæði 9.–16. gr. laga um hlutafélög tiltaka hvað skuli koma fram í samþykktum hlutafélags. Er sambærileg ákvæði nú að finna í 17. gr. gildandi laga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að aðeins séu tilgreind þau ákvæði sem eru frábrugðin þeim sem mælt er fyrir um í hlutafélagalögunum.

Um 18. gr.

Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi vátryggingafélags. Breytingarnar taka mið af lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem unnt þykir, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Frumvarpið leggur til í 1. mgr. að Fjármálaeftirlitið veiti starfsleyfi vátryggingafélags en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfið. Er breyting þessi lögð til til samræmis við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki.

2.–4. mgr. eru samhljóða 4.–6. mgr. 25. gr. gildandi laga og í samræmi við 14. gr., 57. gr. og 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að mestu samhljóða ákvæði 1. mgr. 21. gr. gildandi laga. Þó leggur frumvarpið til breytingar á 9. tölul., vegna tilvísunar til XIII. kafla laga um vátryggingar-

samninga, um almenna forsendur fyrir ábyrgð félagsins. Í 2. mgr. má finna ákvæði efnislega samhljóða 2. mgr. 25.gr. gildandi laga.

Þar sem upptalning 1. mgr. á því sem fylgja skal umsókn er einkum sniðin að starfsemi í frumtryggingum er hnykkt á því í 3. mgr. að vátryggingafélög, burtséð frá því á hvaða sviði vátrygginga þau starfa, þurfi að sækja um starfsleyfi. Til upplýsinga skal þess getið að 2.–4. mgr. 21. gr. gildandi laga. eru felldar brott.

Um 20. gr.

Greinin er innleiðing á 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB þar sem aðildarríkjum er valfrjálst að heimila starfsemi félaga með sérstakan tilgang að fengnu starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að fyrir liggi reglur í aðildarríkinu um slíka starfsemi og er Fjármálaeftirlitinu falið að setja slíkar reglur ef þörf krefur.

Um 21. gr.

Greinin er nánast samhljóða 22. gr. í gildandi lögum. Felldar hafa verið brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um slíkan rekstur í 23. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Greinin er nánast samhljóða 23. gr. í gildandi lögum. Aðeins hafa verið felldar brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um slíkan rekstur í 23. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Greinin er innleiðing á 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem tilgreinir að starfsleyfi endurtryggingafélags skuli veitt fyrir endurtryggingar á sviði skaðatrygginga, lífendurtrygginga eða hvers konar endurtryggingastarfsemi samkvæmt beiðni umsækjanda.

Um 24. gr.

Greinin er innleiðing á 45. gr. tilskipunar 2005/68/EB. Þar er aðildarríkjum valfrjálst að setja reglur um starfsemi í takmörkuðum endurtryggingum. Slík starfsemi er ekki stunduð hér á landi en Fjármálaeftirlitið mun setja reglur um slíka starfsemi ef þörf krefur. Í 9. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á takmarkaðri endurtryggingu (e: finite reinsurance) sem endurtryggingu þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta sem leiðir af yfirfærslu verulegrar vátryggingaráhættu er tengist bæði vátryggingaratburði og tímasetningu yfirfærslu vátryggingaráhættunnar, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. öðru hvoru eftirfarandi atriða: i) skýru og efnislegu mati á tímavirði fjárhæða (e: time value of money), ii) samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, jafnvægi í fjárhagslegri reynslu aðila við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem að er stefnt.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 24. gr. gildandi laga sem kveður á um að umsækjandi um leyfi til að mega stunda vátryggingastarfsemi skuli leggja fram áætlun um hina væntanlegu starfsemi.

Um 26. gr.

Í 25. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að umsækjendur um starfsleyfi leggi inn umsókn til Fjármálaeftirlitsins sem leggi síðan faglegt mat á umsóknina og þá sem standa að henni. Að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins veiti síðan ráðherra starfsleyfi í samræmi við umsögn þess. Frumvarpið leggur til þá breytingu á gildandi lögum að Fjármálaeftirlitið sé starfsleyfisveitandi. Er það í samræmi við aðrar starfsleyfisveitingar á fjármálamarkaði. Að teknu tilliti til sérákvæða um vátryggingastarfsemi er greinin að efni til samhljóða ákvæðum 6. gr. um veitingu starfsleyfa í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um fjármálafyrirtæki leggur frumvarpið til að Fjármálaeftirlitið afgreiði fullbúna umsókn innan þriggja mánaða en gildandi lög gera ráð fyrir því að eftirlitið sendi ráðherra umsögn sína um umsókn innan sex mánaða.

Um 27. gr.

Lögð er til breyting á ákvæðum 25. gr. gildandi laga um synjun starfsleyfis. Eins og fram kemur í athugasemdum um 26. gr. leggur frumvarpið til þá breytingu að Fjármálaeftirlitið veiti eða synji um starfsleyfi. 1. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða ákvæðum 7. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákvæði 2. mgr. eru efnislega samhljóða ákvæðum 3. mgr. 25. gr. gildandi laga um að heimilt sé að synja starfsleyfi sé hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra, eða eiganda virks eignarhluta, ekki viðunandi.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 27. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Í 5. málsl. 3. mgr. 25. gr. gildandi laga segir að synja skuli um starfsleyfi ef raunverulegar aðalstöðvar vátryggingafélags séu ekki hér á landi. Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 15. gr. l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og tekur það skýrt fram að vátryggingafélag sem hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við ákvæði 26. greinar skuli hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis. Ákvæðið gildir því ekki aðeins um staðsetningu aðalstöðva þegar umsókn um starfsleyfi er lögð fram heldur á öllum starfstíma viðkomandi starfsleyfishafa.

Um 30. gr.

Frumvarpið leggur til einföldun á utanumhaldi vátryggingafélagaskrár en ákvæði um vátryggingafélagaskrá er að finna í 28. gr. gildandi laga. Gerir frumvarpið ráð fyrir að skráin sé birt opinberlega, þ.e. á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og öllum aðgengileg. Ekki eru gerðar tillögur um efnislegar breytingar á sjálfri skránni. Fjármálaeftirlitið vinnur nú þegar að opinberri birtingu vátryggingafélagaskrár og að því að félögin sjálf geti breytt þeim upplýsingum sem ekki krefjast fyrir fram samþykkis eftirlitsins.

Um 31. gr.

Greinin afmarkar þær fjárhæðir sem mynda grunn útreiknings á gjaldþoli og á sér samsvörun í 29. gr. gildandi laga. 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 29. gr. gildandi laga, þó að teknu tilliti til ákvæða frumvarpsins sem gera ráð fyrir því að vátryggingafélög skuli aðeins rekin sem hlutafélög. Felldir hafa verið brott 1.b. tölul. og 7. tölul. sem vörðuðu fjárhagsgrundvöll gagnkvæmra félaga. Einnig hefur verið í núverandi 10. tölul. (áður 11. tölul.

29. gr.) sett til skýringar að óefnislegar eignir eru dæmi um nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur, enda gera ákvæði tilskipana um vátryggingastarfsemi ráð fyrir að óefnislegar eignir séu dregnar frá gjaldþoli.

Ekki er gerð efnisleg breyting á 2. mgr. en tilvísun í töluliði hefur verið aðlöguð að breytingum á 1. mgr.

3. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 36. gr. og 8. mgr. 60. gr. endurtryggingatilskipunarinnar varðandi undanþágur frá því að draga hlutdeild í öðrum vátryggingafélögum og öðrum fjármálafyrirtækjum frá gjaldþoli.

4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 29. gr. gildandi laga að því undanskildu að lokamálsliðurinn hefur verið tekinn út vegna þess að í lokamálsgreininni er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið gefi út nýjar reglur um útreikning aðlagaðs gjaldþols.

5. mgr. er samhljóða 4. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Í 6. mgr. hefur verið gerð sú breyting að gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji nýjar reglur um útreikning aðlagaðs gjaldþols sem komi í stað gildandi reglugerðar nr. 954/2001. Ástæða þess er að í væntanlegum reglum Fjármálaeftirlitsins um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum er gert ráð fyrir annarri aðferð við útreikning gjaldþols fjármálasamsteypa en nú er gert ráð fyrir varðandi vátryggingasamstæður. Munu þær gera ráð fyrir að sömu reglur gildi um viðbótareftirlit hvort sem vátryggingafélag er hluti af vátryggingasamstæðu eða fjármálasamsteypu. Nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins er því ætlað að samræma aðferðir við útreikning gjaldþols.

7. mgr. er samhljóða 5. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Þessi grein er samsvarandi 30. gr. gildandi laga að undanskildum eftirfarandi breytingum sem eru ma. til innleiðingar á ákvæðum 37. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.

Hefur í 1. og 2. tölul. 1. mgr. verið bætt við ákvæði þess efnis að hækkun iðgjalda og tjóna í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 21. gr. um 50%, skuli jafnframt eiga við um endurtryggingar í viðkomandi greinaflokkum.

Viðmiðunarfjárhæðir í 1. mgr. eru í evrum og eru fjárhæðir í samræmi við tilskipanir 2002/12/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um líftryggingar 1979/267/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga og 2002/13/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um skaðatryggingar 1973/239/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga, en tilskipanir þessar voru innleiddar með lögum nr. 37/2003, sem breyttu lögum nr. 60/1994. Hafa ber í huga að fjárhæðir hafa verið hækkaðar í samræmi við þróun samræmdrar vísitölu neysluverðs EES/ESB. Gjaldþolsskýrslur vátryggingafélaga til Fjármálaeftirlitsins munu taka breytingum í samræmi við þróun vísitölunnar.

Við útreikning á eigin tjónum er kveðið á um að endurtryggingafélögum sé heimilt að draga frá kröfur á félög með sérstakan tilgang, sbr. 3. mgr. 37. gr. endurtryggingatilskipunarinnar.

3. mgr. þessarar greinar er ný og inniheldur valkvætt ákvæði gildandi tilskipana sem ekki hefur verið innleitt áður. Notkun tölfræðilegra aðferða við útreikning gjaldþolskröfu er mikilvægur grundvöllur væntanlegra gjaldþolsreglna (Solvency II) og er því tímabært að heimila notkun slíkra aðferða.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. gildandi laga. Ákvæðið á eingöngu við um starfsemi líftryggingafélaga í frumtryggingum og því hefur 6. tölul. í 31. gr. gildandi laga verið felldur brott. Útreikningur á lágmarksgjaldþoli endurtryggingafélaga skal vera í samræmi við ákvæði 32. gr. frumvarpsins. Einnig er í 5. tölul. gerð sú breyting að Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um hlutdeild annara líftrygginga skv. 5. tölul. 22. gr. í lágmarksgjaldþoli en kveðið var á um setningu reglugerðar áður. Breytingin er gerð til að flýta fyrir reglum um meðhöndlun þessara líftrygginga ef þörf krefur en hingað til hefur þess ekki reynst þörf að setja reglugerð.

Um 34. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. mgr. 33. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að fjárhæðir eru nú tilteknar í evrum en gildandi lög tilgreina fjárhæðir í krónum með ákvæði um gengisviðmiðun. Ástæðan er annars vegar að sveiflur í gengi krónu gagnvart evru gerir það að verkum að það er tilviljunum háð við hvaða dagsetningu er miðað þegar ákvörðun um breytingar fjárhæða er tekin og hins vegar að nú er vátryggingafélögum heimilt að gera upp í öðrum gjaldmiðlum en íslenskri krónu og er þegar starfandi eitt vátryggingafélag sem gerir upp í erlendri mynt.

2. mgr. er innleiðing á valkvæðu ákvæði í 2. mgr. 40. gr. tilskipunar 2005/68/EB varðandi lágmarksgjaldþol bundinna endurtryggingafélaga.

3. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að lágmarksgjaldþol vátryggingafélags sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag, í því tilviki að umfang endurtryggingastarfsemi félagsins fari yfir tiltekin mörk, skuli aldrei vera lægra en 3 milljónir evra.

Viðmiðunartímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum EES hefur verið skilgreint m.v. 20 mars ár hvert í samræmi við verklag Framkvæmdastjórnar ESB.

5. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 33. gr. gildandi laga sem fjallar um samsetningu lágmarksgjaldþols.

6. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 33. gr. gildandi laga sem fjallar um hvernig lágmarksgjaldþol vátryggingafélags sem er að hefja starfsemi skuli reiknað.

Um 35. gr.

Greinin er innleiðing á 33. gr. og 3. mgr. 58. gr. tilskipunar 2005/68/EB, sbr. og 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 87/343/EBE um breytingu, að því er varðar greiðslu- og efndavátryggingar, á fyrstu tilskipun 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga, sem kveður á um að vátryggingafélög sem hafa starfsemi í greiðsluvátryggingum sem nemur tilteknu umfangi, hvort sem er í frum- eða endurtryggingum, skuli leggja til hliðar í útjöfnunarsjóð. Í eldri tilskipunum gera sambærileg ákvæði ráð fyrir útjöfnunarskuld sem ekki er lengur heimil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Útjöfnunarsjóður sem hér er skilgreindur færist sem hluti af eiginfjárliðum í efnahagsreikningi.

Um 36. gr.

1., 2. og 5. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 34. gr. gildandi laga.

3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingu, sem tilgreinir að þegar heimaríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum, sem eru ekki með starfsleyfi í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, eða vátryggingafélögum, sem ekki eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EB, skuli það ákveða skilyrði þess að slíkar kröfur séu viðurkenndar.

4. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 20. gr. í tilskipun 2002/83/EB um líftryggingar en þar segir að vátryggingafélög skuli upplýsa almenning um grunn og reiknireglur vátryggingaskuldar, þar á meðal um ágóðahlutdeild.

Um 37. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 2. mgr. 35. gr. gildandi laga að því undanskildu að málsgreinin á nú eingöngu við um frumtryggingafélög.

2. og 3. mgr. eru innleiðing á 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld endurtryggingafélags.

4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 35. gr. gildandi laga um frelsi til þess að ávaxta eignir sem ekki eru til jöfnunar vátryggingaskuld.

5. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að aðildarríki geta heimilað að vátryggingafélag sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag en umfang endurtryggingastarfsemi félagsins fer yfir tiltekin mörk, uppfylli kröfur 2. mgr. en ekki 1. mgr., varðandi starfsemi í endurtryggingum.

Um 38. gr.

Grein þessi er samhljóða 36. gr. gildandi laga sem fjallar um að stjórn vátryggingafélags skuli tryggja að fyrir hendi sé í félaginu fullnægjandi þekking á tryggingatæknilegum atriðum.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. gildandi laga um skyldu líftryggingafélaga til þess að hafa tryggingastærðfræðing í þjónustu sinni.

Um 40. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 38. gr. gildandi laga. Efnislega er ekki um breytingu á kröfum að ræða þó að orðalagi hafi verið breytt. Vátryggingafélögum ber á hverjum tíma að hafa yfirsýn og upplýsingar á viðeigandi formi yfir eignir til jöfnunar vátryggingaskuld en í greininni er ekki tiltekið með hvaða hætti staðið skuli að því.

Fjármálaeftirlitið fær sendar upplýsingar um þessar eignir ársfjórðungslega á fyrir fram gefnu formi í gegnum rafrænt skýrsluskilakerfi og er því ákvæðið um að skrá vátryggingafélags um eignirnar sé send Fjármálaeftirlitinu ekki í samræmi við núverandi framkvæmd. Með innsendingu gagnanna lítur Fjármálaeftirlitið svo á að vátryggingafélagið staðfesti og beri ábyrgð á réttmæti upplýsinganna.

Í 2. mgr. er að finna undanþáguákvæði frá kröfu um að upplýsingar um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld séu sendar Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega en í stað þess nægi árleg skil. Ákvæðið á við um Viðlagatryggingu Íslands.

Sjá enn fremur bráðabirgðaákvæði varðandi kröfur um skil á sambærilegum upplýsingum frá Íslenskri endurtryggingu hf. og Tryggingu hf.

Um VI. kafla

Í VI. kafla er að finna ákvæði sem innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum (Directive 2007/44/EC of the European Parliament and of the Council of 5 September 2007 amending Council Directive 92/49/EEC and Directives 2002/83/EC, 2004/39/EC, 2005/68/EC and 2006/48/EC as regards procedural rules and evaluation criteria for the prudential assessment of acquisitions and increase of holdings in the financial sector). Að auki eru í kaflanum ákvæði um meðferð eigin hlutabréfa og lánveitingar.

Um 41. gr.

Í 39. gr. gildandi laga er tilgreint að aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skuli leita fyrirframsamþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir því að mega eignast hlutinn. Tilskipun 2007/44/EB heimilar ekki slíkt fyrirframsamþykki. Samkvæmt tilskipuninni er aðilum sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut hins vegar skylt að tilkynna fyrir fram um áform sín og síðan hafa eftirlitsaðilar tiltekinn frest til þess að hafna viðkomandi sem virkum eiganda í samræmi við málsmeðferðarreglur sem tilgreindar eru í tilskipuninni og er að finna í næstu greinum. Með greininni er innleiddur a-liður 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Um 42. gr.

Tilskipun 2007/44/EB afmarkar þann tímaramma sem eftirlitsstjórnvöld hafa til þess að hafna kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, sbr. 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Enn fremur er tilskilið að eftirlitsaðilinn staðfesti við sendanda að hann hafi móttekið tilkynningu hans.

Um 43. gr.

Í greininni er að finna upptalningu á þeim upplýsingum sem aðila, sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, ber að senda Fjármálaeftirlitinu. Upptalninguninni, sem er öllu ítarlegri en sú sem finna má í tilskipuninni, er ætlað að vera tæmandi varðandi þau atriði sem gera þarf grein fyrir. Á aðili sem tilkynnir um fyrirætlanir sínar því ekki að geta velst í vafa um hvaða atriði það eru sem fram skulu koma í tilkynningu hans.

Um 44. gr.

Í samræmi við ákvæði 42. gr. hefur Fjármálaeftirlitið tiltekinn tímaramma til þess að meta trúverðugleika þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélagi. Í greininni er áskilið að það skuli tilkynna viðkomandi um niðurstöðu sína innan tímarammans, ella verður litið svo á að viðkomandi teljist hæfur til þess að fara með hlutinn.

Tilskipun 2007/44/EB áskilur einnig að eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu skuli hafa með sér samstarf þegar sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er aðili frá öðru ríki en því sem hefur eftirlit með vátryggingafélaginu.

Um 45. gr.

Ákvæði greinarinnar eru ekki bein innleiðing ákvæða tilskipunar 2007/44/EB. Greinin fjallar um hvernig fer um atkvæðisrétt aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut án

þess að hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um fyrirætlanir sínar. Með greininni er gerð tillaga að meðalhófsreglu þar sem viðkomandi er gefinn möguleiki á því að senda inn tilkynningu og öðlast full réttindi yfir eignarhlut sínum ef niðurstaða Fjármálaeftirlitsins verður sú að hann sé til þess bær. Annar möguleiki væri sá að túlka skort á tilkynningu þröngt og hafna kaupunum með tilvísan til 6. tölul. eða 8. tölul. 43. gr.

Um 46. gr.

Greinin tiltekur þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur, fylgi aðili ekki þeim fyrirmælum sem fram koma í tilkynningu þess um að hann sé ekki hæfur til þess að fara með hlutinn. Í greininni er enn litið til meðalhófs og aðila gefinn möguleiki á að öðlast yfirráð yfir hlut sem hann átti áður eftir að hafa selt það sem hann eignaðist án samþykkis. Þótt slíkt sé ekki lagt til í frumvarpinu, hefði vel komið til greina að líta svo á að aðili sem hunsaði alfarið niðurstöðu eftirlitsaðilans væri ekki hæfur til þess að fara með virkan eignarhlut og skyldi sviptur atkvæðisrétti til frambúðar.

Um 47. gr.

Ef ekki kæmu til hömlur á meðferð eignarhlutar á meðan eftirlitsaðilinn er að meta hæfi þess sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut, væri aðilanum í lófa lagið, væri hann þannig innréttaður, að skaða félagið eða rýra hagsmuni annarra hluthafa. Ákvæðinu er ætlað að tryggja hagsmuni allra hlutaðeigandi á meðan Fjármálaeftirlitið hefur hæfi þess sem eignast hefur eða aukið við eignarhlut sinn til skoðunar.

Um 48. gr.

Með sama hætti og aðili skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirætlanir sínar hyggist hann eignast eða auka við virkan eignarhlut, skal hann tilkynna því um sölu á eignarhlut. Ákvæði 42. gr. um tímaramma Fjármálaeftirlitsins til þess að bregðast við tilkynningunni eiga, eðli máls samkvæmt, ekki við í slíkum tilvikum.

Um 49. gr.

Sé stjórn vátryggingafélags kunnugt um breytingar á eignaraðild, sbr. þau mörk sem vísað er til í 41. gr., skal hún tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þær.

Um 50. gr.

Til þess að geta viðhaldið virku eftirliti með vátryggingafélögum og metið hæfi þeirra sem eiga virkan eignarhlut í þeim er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir til þess að geta, á hverjum tíma, tekið hæfi þeirra til athugunar.

Um 51. gr.

Ef upplýsingar þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eru ófullnægjandi getur Fjármálaeftirlitið óskað fyllri upplýsinga, sbr. 42. gr., eða lagt mat á hæfi viðkomandi á grundvelli innsendra upplýsinga og þá, eftir atvikum, hafnað því að af kaupunum verði. Séu innsendar upplýsingar um væntanlegan kaupanda þess eðlis að Fjármálaeftirlitið telur vafa leika á því hver sé raunverulegur kaupandi, skal það tilkynna viðkomandi að það telji hann ekki hæfan til að fara með hlutinn. Tilvik af þessu tagi gætu t.d. verið að væntanlegur kaupandi væri eignarhaldsfélag og óljóst væri hverjir væru raunverulegir eigendur þess, eða eigendur þess væru aðilar skrásettir í lögsögu sem ekki væri með samning við Fjármálaeftirlitið

um virk skipti á upplýsingum. Með tilliti til heilbrigðs og trausts fjármálamarkaðar er Fjármálaeftirlitinu ætlað að ganga tryggilega úr skugga um það hverjir fari með virkan eignarhlut.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um að aðili sé ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut skal ætíð rökstudd, sbr. 44. gr. Sama á við um niðurstöðu byggða á ákvæði 51. gr. Í slíku tilviki ætti sá sem tilkynnti um áform sín möguleika á að gera betur grein fyrir því hver hinn raunverulegi eigandi er. Fjármálaeftirlitið hefði þá, eftir aðstæðum, tilefni til að endurskoða niðurstöðu sína.

Um 52. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 40. gr. gildandi laga um ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til ef aðili sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi fer þannig með hlutinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess.

Um 53. gr.

Í 41. gr. gildandi laga er að finna ákvæði um eigin hluti. Vegna þess að felld eru brott ákvæði sem vísa til gagnkvæmra vátryggingafélaga eru þau ákvæði mun einfaldari. Í 2. mgr. er lagt til nýmæli um að vátryggingafélagi sé óheimilt að veita lán með veði í eigin hlutabréfum eða skuldabréfum. Má vænta þess að sambærileg ákvæði verði lögð til vegna annarra fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Um 54. gr.

Á samkeppnismarkaði er mikilvægt að eignarhald og stjórnarseta skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Mikilvægt er t.d. að móðurfélag sem á sem dótturfélög, annars vegar vátryggingafélag og hins vegar fjármálafyrirtæki, gæti þess að sömu stjórnarmenn séu ekki tilnefndir til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækinu og vátryggingafélaginu. Þetta er mikilvægt t.d. í því tilviki þegar fjármálafyrirtækið á í samstarfi við annað vátryggingafélag sem á í samkeppni við dótturfélag móðurfélagsins. Svonefnd kross-stjórnarseta af því tagi sem hér um ræðir getur valdið aukinni hættu á hagsmunaárekstrum og orðsporsáhættu.

Til samræmis við þetta eru lagðar til nokkrar breytingar frá ákvæðum 43. gr. gildandi laga sem fjalla um stjórn vátryggingafélags. Í fyrsta lagi er lagt til að stjórn setji reglur sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila. Í öðru lagi að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri vátryggingafélags megi ekki hafa hlotið dóm vegna brota á samkeppnislögum og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, þar á meðal lögum um vátryggingastarfsemi. Í þriðja lagi er skerpt á öðrum hæfisskilyrðum um fjárhagsstöðu, menntun, starfsreynslu og starfsferil stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Enn fremur er lagt til að Fjármálaeftirlitið setji sérstakar reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati þessara aðila.

Þá eru lagðar til þrengri heimildir til stjórnarsetu í öðrum félögum og loks er rétt að vekja athygli á því að lagt er til að óheimilt verði að vera með starfandi stjórnarformann í vátryggingafélagi. Ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn byggist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004 (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Íslenskt viðskiptaumhverfi (Reykjavík, nefndarálit, september 2004)).

Meiri hluti nefndarinnar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Skilaði einn nefndarmaður séráliti og taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög.

Í 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um kosningu formanns félagsstjórnar. Þá er þar jafnframt kveðið á um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því. Lagt er til að stjórnarformanni í vátryggingafélagi skuli óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns félagsstjórnar. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir undantekningu frá meginreglunni að því er varðar einstök verkefni sem félagsstjórn felur stjórnarformanni að vinna fyrir stjórnina.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna enda sjá þeir m.a. um að stýra fundum stjórnar og boða til stjórnarfunda, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Eins og kemur fram hér að framan leggur 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Á undanförnum árum hefur hins vegar nokkuð verið um það hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið að orka nokkuð tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum, sem hafa starfandi stjórnarformann, er oft nokkuð skýr verkaskipting á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Það er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann er þá í raun að stjórna eftirliti með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Efnislega byggist ákvæði þetta á sambærilegu ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) sem lagt hefur verið fram á Alþingi (þskj. 71, 71. mál).

Frumvarpið gerir að öðru leyti ekki tillögur um efnislegar breytingar á ákvæðum þessa kafla, sem er efnislega samhljóða 43.–49. gr. í gildandi lögum.

Um 55. gr.

Efnislega er grein þessi, sem fjallar um ársreikning, samhljóða 44. gr. gildandi laga. Lagðar eru til orðalagsbreytingar til samræmis við lög um ársreikninga samkvæmt ábendingum frá embætti ríkisskattstjóra.

Um 56. gr.

Að öðru leyti en því að lagt er til að aðeins megi kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki í fimm ár, er grein þessi efnislega samhljóða 45. gr. gildandi laga og fjallar um kosningu og stöðu endurskoðanda. Þó eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við lög um endurskoðendur samkvæmt ábendingum frá embætti ríkisskattstjóra.

Í 20. gr. laga um endurskoðendur er fjallað um starfstíma endurskoðenda fyrir fyrirtæki sem tengjast almannahagsmunum. Í þeim lögum er tilgreint að starfstími sama endurskoðanda megi ekki vera umfram sjö ár en að hann megi veita viðkomandi þjónustu á ný eftir tvö ár. Í þessu frumvarpi er gengið lengra; bæði er tíminn styttur niður í fimm ár og eins tekur takmörkunin jafnt til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Ekki er því nægilegt að fela öðrum endurskoðanda innan sama fyrirtækis verkefnið. Þar sem ekki er gerð tillaga um það hvenær endurskoðandi, eða endurskoðunarfyrirtæki, getur aftur veitt vátryggingafélagi þjónustu, verður að líta svo á að ákvæði 20. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, gildi.

Um 57. gr.

Greinin kemur í stað ákvæða 46. gr. gildandi laga og fjallar um endurskoðun ársreiknings og ábyrgð og skyldur endurskoðanda. Lagðar eru til breytingar til samræmis við lög um endurskoðendur samkvæmt ábendingum frá embætti ríkisskattstjóra.

Um 58. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 47. gr. gildandi laga að því undanskildu að gerð er tillaga um að skilafrestur ársreiknings og tengdra gagna sé þrengdur um einn mánuð, úr fjórum í þrjá, til samræmis við lög um fjármálafyrirtæki.

Um 59. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 48. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hnykkt er á þeirri framkvæmd sem tíðkast á Evrópska efnahagssvæðinu sem felur í sér að eftirlitsstjórnvöld skiptast árlega á þeim upplýsingum sem kveðið er á um í greininni.

Um 60. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 49. gr. gildandi laga um úthlutun arðs.

Um 61. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 53. gr. gildandi laga og vísar til þess að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með þeirri starfsemi sem er háð ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi.

Ákvæði 2. mgr. eru samhljóða ákvæðum 7. mgr. 55. gr. gildandi laga sem fjallar um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef grunur leikur á að eftirlitsskyld starfsemi sé stunduð án tilskilinna leyfa.

Um 62. gr.

Að undanskildum þremur síðustu málsgreinunum og ákvæði þriðja síðasta málsliðar 1. mgr. er greinin efnislega samhljóða 54. gr. gildandi laga þar sem er að finna almenn ákvæði um eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði þriðja síðasta málsliðar 1. mgr. er innleiðing á ákvæðum 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/13/EB (Directive 2002/13/EC of the European Parliament and of the Council of 5 March 2002 amending Council Directive 73/239/EEC as regards the solvency margin requirements for non-life insurance undertakings).

4. mgr. leggur þá skyldu á herðar vátryggingafélaga að hafa til staðar virka ferla við áhættustýringu og er innleiðing ákvæðis 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 2002/87/EB (Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council of 16 December 2002 on the supplementary supervision of credit institutions, insurance firms and investment firms in a financial conglomerate), sem hefur ekki verið innleitt áður í lög að fullu.

5. mgr. tryggir það að Fjármálaeftirlitið fái fjárhagslegar upplýsingar allra vátryggingafélaga í innlendri mynt, eða umreiknaðar í innlenda mynt, til að tryggja nauðsynlegan samanburð í eftirliti.

Texti lokamálsgreinarinnar tekur mið af sambærilegu ákvæði í 3. mgr. 107. gr. laga um fjármálafyrirtæki og á að tryggja að Fjármálaeftirlitið geti krafist nauðsynlegra upplýsinga frá aðila, eða aðilum, tengdum vátryggingafélagi.

Um 63. gr.

Grein þessi er samhljóða lokamálsgrein 54. gr. gildandi laga um eftirlit með fjármálasamsteypum. Þar sem eftirlitsandlagið er annað en 62. gr. frumvarpsins þykir rétt að hafa ákvæði þessi í sérstakri grein.

Um 64. gr.

Greinin á sér samsvörun í 1.–3. mgr. 55. gr. og 58. gr. í gildandi lögum en ákvæði þau sem þar er að finna hafa tekið breytingum frá því að lögin komu til framkvæmda. Orðalagsbreytingar taka af öll tvímæli um að ekki sé fyrir fram eftirlit með skilmálum og iðgjöldum vátrygginga sem í boði eru hér á landi. Er sú breyting í samræmi við ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 65. gr.

Frumvarpið leggur til nýja grein um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Til þess að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum er talið nauðsynlegt að jákvætt ákvæði í þá veru sé í lögunum. Sá varnagli er þó sleginn að birting slíkra upplýsinga megi ekki raska heildarhagsmunum né vera umfram eðlilegt tilefni.

Um IX. kafla.

Frumvarpið leggur engar efnislegar breytingar til á ákvæðum þessa kafla frá gildandi lögum. Þær breytingar sem lagðar eru til leiða af breytingum á því hver sé starfsleyfisveitandi, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, og breytingum á skilgreiningum. Þá eru á nokkrum stöðum gerðar tillögur að orðalagsbreytingum sem ekki breyta efnislega ákvæðum kaflans.

Um 66. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 64. gr. gildandi laga að teknu tilliti til breytinga á skilgreiningum og aðgreiningar á frum- og endurtryggingastarfsemi og að fellt er brott ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli a.m.k. árlega afla vottorðs um gjaldþol félagsins, þar sem að í samstarfssamningum eftirlitsstjórnvalda er kveðið á um ábyrgð heimaeftirlits á upplýsingagjöf verði breyting til hins verra á gjaldþoli vátryggingafélags.

Um 67. gr.

Grein þessi er samhljóða 65. gr. gildandi laga að teknu tilliti til breytinga á skilgreiningum og aðgreiningar á frum- og endurtryggingastarfsemi og að fellt er brott ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli a.m.k. árlega afla vottorðs um gjaldþol félagsins, þar sem að í samstarfssamningum eftirlitsstjórnvalda er kveðið á um ábyrgð heimaeftirlits á upplýsingagjöf verði breyting til hins verra á gjaldþoli vátryggingafélags. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem samþykktar voru á gildandi lögum með lögum nr. 155/2007 (innleiðing 5. tilskipunar ökutækjatrygginga).

Um 68. gr.

Grein þessi er samhljóða 66. gr. gildandi laga um heimildir eftirlitsstjórnvalda í öðrum aðildarríkjum til að framkvæma eftirlit hér á landi með starfsemi vátryggingafélaga sem hlotið hafa starfsleyfi í heimaríki viðkomandi eftirlitsstjórnvalds.

Um 69. gr.

Grein þessi er samhljóða 67. gr. gildandi laga um upplýsingagjöf fjármálaeftirlitsins til systurstofnana og úrræði Fjármálaeftirlitsins gagnvart útibúum vátryggingafélaga frá öðrum aðildarríkjum.

Um 70. gr.

Grein þessi er samhljóða 68. gr. gildandi laga að því undanteknu að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að tilkynningar um flutning vátryggingastofna séu auglýstar í Lögbirtingablaðinu heldur birtar opinberlega, þ.e. með auglýsingu í dagblöðum og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Til áréttingar má geta þess að 1. og 3. mgr. eiga við bæði um frumtryggingar og endurtryggingar, sbr. 18. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.

Um 71. gr.

Grein þessi er samhljóða 69. gr. gildandi laga um þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til afturkalli eftirlitsstjórnvald í heimaríki vátryggingafélags sem hér rekur útibú starfsleyfi þess.

Um 72. gr.

Grein þessi er samhljóða 70. gr. gildandi laga um tilkynningar útibús erlends vátryggingafélags til vátryggingafélagaskrár.

Um 73. gr.

Grein þessi, um starfsemi vátryggingafélaga frá öðrum ríkjum en aðildarríkjum, er samhljóða 71. gr. gildandi laga að því undanskildu að frumvarpið gerir ráð fyrir því að starfsleyfisveitandi skv. 1. mgr. sé Fjármálaeftirlitið en ekki ráðherra eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Um 74. gr.

Grein þessi er samhljóða 72. gr. gildandi laga að því undanskildu að telja verður setningu reglugerðar vegna sameiginlegs eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins í aðildarríkjum óþarfa þar sem vettvangur samstarfs eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu er m.a. ætlaður til að marka hvernig standa skuli að skiptingu ábyrgðar á milli að-

ildarríkja í eftirliti með útibúum vátryggingafélaga í þriðju ríkjum. 14. gr. og 14. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, fjalla nánar um samstarf eftirlitsstjórnvalda.

Um 75. gr.

Grein þessi er samhljóða 73. gr. gildandi laga, að því undanskildu að skilafrestur ársreiknings hefur verið styttur í 3 mánuði í samræmi við styttingu skilafrests ársreiknings innlendra félaga, sbr. 57. gr. frumvarpsins.

Um 76. gr.

Grein þessi er samhljóða 74. gr. gildandi laga um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef vátryggingafélag frá öðru ríki en aðildarríki brýtur gegn ákvæðum laganna eða reglna settum á grundvelli þeirra.

Um 77. gr.

Grein þessi er samhljóða 75. gr. gildandi laga, afturköllun starfsleyfis utansvæðisfélags, að því undanskildu að frumvarpið gerir ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið sé starfsleyfisveitandi en ekki ráðherra eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Um 78. gr.

Grein þessi er samhljóða 76. gr. gildandi laga um lok starfsemi utansvæðisfélags.

Um X. kafla.

Frumvarpið leggur ekki til aðra breytingu á ákvæðum kaflans frá ákvæðum gildandi laga en þá að tiltekið er að ákvæði hans eigi aðeins við um starfsemi frumtryggingafélaga. Endurtryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eru undanþegin tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í þessum kafla.

Um 79. gr.

Grein þessi er samhljóða 77. gr. gildandi laga um þau gögn sem innlent vátryggingafélag sem hyggst starfrækja útibú í öðru aðildarríki ber að leggja fyrir Fjármálaeftirlitið, þó að teknu tilliti til breytingar á skilgreiningu aðildarríkis. Lokamálsgrein er þó breytt til að ljúka innleiðingu á 6. mgr. 40. gr. tilskipunar 2002/83/EB, um líftryggingar, sem kveður á um tilkynningarskyldu til eftirlitsstjórnvalda við vissar forsendubreytingar.

Um 80. gr.

Grein þessi er samhljóða 78. gr. gildandi laga um ósk innlends vátryggingafélags um að fá heimild til að veita þjónustu í öðru aðildarríki án starfsstöðvar, þó að teknu tilliti til breytingar á skilgreiningu aðildarríkis.

Um 81. gr.

Grein þessi er samhljóða 79. gr. gildandi laga um heimildir innlendra vátryggingafélaga til að hefja starfsemi utan aðildarríkis og heimildir utansvæðisfélags sem hér rekur starfsemi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki.

Um XI. kafla.

Frumvarpið leggur ekki til neinar breytingar á ákvæðum um yfirfærslu vátryggingastofna. Greinar kaflans eru samhljóða greinum X. kafla gildandi laga utan þess að Fjármálaeftirlitið skal opinberlega birta tilkynningu um yfirfærslubeiðni, en gildandi ákvæði kveða á um auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Um 82. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 86. gr. gildandi laga varðandi frumtryggingafélög að því undanskildu að frumvarpið leggur til einföldun á því hvernig staðið er að kynningu á yfirfærslu vátryggingastofnanna. Er það lagt í mat Fjármálaeftirlitsins að ákveða hvernig best fari á að kynna opinberlega yfirfærslu vátryggingastofna. Sú kynning gæti t.d. verið sambland af auglýsingu í dagblöðum og upplýsingum á heimasíðu eftirlitsins.

Um 83. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 87. gr. gildandi laga, um skilyrði Fjármálaeftirlitsins fyrir flutningi vátryggingastofns til vátryggingafélags í öðru aðildarríki, þó að teknu tilliti til breytingar á skilgreiningu aðildarríkis. Samkvæmt þeirri breytingu eiga ákvæðin einnig við um flutning á vátryggingastofni til vátryggingafélags í Sviss og Færeyjum. Grein þessi gildir bæði um frum- og endurtryggingar, sbr. 18. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um yfirfærslu vátryggingastofns.

Um 84. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 88. gr. gildandi laga, um samruna vátryggingafélaga, að því viðbættu að hnykkt er á því að sömu ákvæði gildi um hliðarstarfsemi vátryggingafélags og eiginlega vátryggingastarfsemi þess.

Um 85. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 89. gr. gildandi laga, um upplýsingar sem fylgja skulu umsókn um samruna, að því undanskildu að frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að vátryggingastarfsemi sé rekin í hlutafélagaformi. Því er felld brott tilvísun til fulltrúaráðsmanna í lokamálslið 1. mgr., sem varðar gagnkvæm vátryggingafélög.

Um XII. kafla.

Að öðru leyti en leiðir af breytingum sem frumvarpið leggur til um starfsleyfisveitanda eru ákvæði þessa kafla efnislega samhljóða ákvæðum XI. kafla gildandi laga. Þó gera tillögur frumvarpsins ráð fyrir að opinberar tilkynningar verði ekki birtar í Lögbirtingablaðinu heldur verði það lagt í mat Fjármálaeftirlitsins hvernig opinber birting sé framkvæmd.

Um 86. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 90. gr. gildandi laga um hvernig brugðist skuli við ef vátryggingafélag uppfyllir ekki kröfur um gjaldþol, að því undanskildu að í 8. mgr. er Fjármálaeftirlitinu gefin heimild til að banna eða takmarka útgáfu nýrra vátryggingaskírteina. Er gert ráð fyrir að með slíkri takmörkun verði hægt að takmarka hættu á að vátryggingafélög sem eiga í fjárhagserfiðleikum lækki hjá sér iðgjöld umfram fjárhagslegt bolmagn til að viðhalda eða auka markaðshlutdeild. Fyrirmynd þessa ákvæðis er fengin úr grein 6-3 í norsku lögunum um vátryggingastarfsemi (lov 2005-06-10 nr. 44 (forsikringsvirksomhetsloven))

„Hvis et selskap ikke oppfyller kravene til kapitaldekning eller solvensmarginkapital, kan Kongen gi selskapet pålegg om å stanse nytegning.“

Um 87. gr.

Grein þessi er samhljóða 90. gr. A gildandi laga um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags og samspil laga um vátryggingastarfsemi og laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 88. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 90. gr. B gildandi laga um stöðu samninga sem vátryggingafélag sem er undir fjárhagslegri endurskipulagningu eða í greiðslustöðvun hefur gert.

Um 89. gr.

Grein þessi er samhljóða 91. gr. gildandi laga, um afturköllun starfsleyfis, að því undanskildu að frumvarpið leggur til að starfsleyfisveitandi verði Fjármálaeftirlitið en gildandi lög kveða á um að það sé ráðherra.

Um 90. gr.

Grein þessi fjallar um hvernig Fjármálaeftirlitið stendur að afturköllun starfsleyfis vátryggingafélags en núgildandi ákvæði um afturköllun er að finna í 92. gr. laga nr. 60/1994 þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra afturkalli starfsleyfi að tillögu Fjármálaeftirlitsins.

Um 91. gr.

Grein þessi leggur til breytingar á 93. gr. gildandi laga um félagsslit.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið skipi skilastjórn en gildandi lög kveða á um að ráðherra skipi hana auk þess sem ákvæðum málsgreinarinnar hefur verið breytt til samræmis við þá tillögu frumvarpsins að vátryggingafélög skuli aðeins rekin sem hlutafélög.

Lagt er til í lokamálsgrein að kostnaður vegna meðferðar kröfu Fjármálaeftirlitsins um gjaldþrotaskipti skuli, líkt og gildir um skilastjórn, greiddur af eignum búsins sem krafa utan skuldaraðar. Enn fremur er lagt til að Fjármálaeftirlitið og skilastjórn séu undanþegin ákvæðum 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um að leggja fram tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaði. Með tilliti til heilbrigðs fjármálamarkaðar er óeðlilegt að leggja þá kröfu á eftirlitsaðila eða skilastjórn að standa undir slíkum kostnaði.

Um 92. gr.

Grein þessi er samhljóða 94. gr. gildandi laga, um vörslu eigna sem eru til að mæta líftryggingaskuld, að því undanskildu að frumvarpið leggur til breytingu á birtingu tilkynningar um tilboð í líftryggingastofn og líftryggingaskuld.

Um 93. gr.

Grein þessi er samhljóða 95. gr. gildandi laga, um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags, að því undanskildu að frumvarpið leggur til breytta tilhögun opinberrar birtingar á viðeigandi tilkynningum, sbr. almenna umfjöllun um XII. kafla.

Um 94. gr.

Grein þessi er samhljóða 96. gr. gildandi laga, um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags, að því undanskildu að frumvarpið leggur til breytta tilhögun á opinberri birtingu viðeigandi tilkynninga. Greinin á við um vátryggingafélög sem starfa á sviði frumtrygginga skaðatrygginga og allra tegunda endurtrygginga.

Um 95. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 96. gr. A gildandi laga, um stöðu samninga sem vátryggingafélag sem er undir gjaldþrotaskiptum hefur gert.

Um 96. gr.

Grein þessi er samhljóða 97. gr. gildandi laga um frjáls slit vátryggingafélags.

Um XIII. kafla.

Ákvæðum þessa kafla frumvarpsins var bætt inn í lög um vátryggingastarfsemi með lögum nr. 55/2007 sem 99. gr. og 99. gr. a – 99. gr. f. Frumvarpið leggur til nokkrar breytingar á ákvæðum kaflans vegna tilfærslna á greinum, brottfalls greina og nýrra greina.

Um 97.–103. gr.

Þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og ekki tengjast brottfalli ákvæða, tilflutningi ákvæða eða nýjum ákvæðum eru fjölgun töluliða í 97. gr. og 101. gr. vegna þrengri heimilda til stjórnarsetu, þrengri hæfisskilyrða og lánveitinga með veði í eigin hlutabréfum. Þá er rétt að geta lokamálsgreinar 101. gr. sem er sambærileg 2. mgr. 112. gr. laga um fjármálafyrirtæki og fjallar um það tilvik að aðili gefur rangar upplýsingar.

Ákvæði kaflans þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 104. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 105. gr.

Í greininni eru taldar upp þær tilskipanir ESB sem voru innleiddar með lögum nr. 60/1994, breytingalögum við þau lög og með frumvarpi þessu.

Um 106. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi ákvæði 1. mgr. er um að ræða vátryggingafélögin Íslenska endurtryggingu hf. og Tryggingu hf. Bæði félögin eru í nánum tengslum við önnur starfandi vátryggingafélög. Þannig er Íslensk endurtrygging hf. hlutdeildarfélag Milestone ehf. (móðurfélags Sjóvár-Almennra trygginga hf.), Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Exista hf. (móðurfélags Vátryggingafélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands hf.). Trygging hf. er dótturfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Mikilvægt er því að félögin lúti áfram eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hefur eftirlit með að fjárhagur þeirra sé með viðunandi hætti, þar á meðal vátryggingaskuld og eignir til jöfnunar vátryggingaskuld. Slakað er á kröfum um almennt lágmarksgjaldþol (minimum guarantee fund) skv. 35. gr. og kröfu um ársfjórðungsleg skil á upplýs-

ingum um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld skv. 41. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að kröfur um lágmarksgjaldþol þessara félaga séu ákveðnar sem hlutfall af tjónum ársins (breytingu á tjónaskuld) í samræmi við 33. gr. frumvarpsins. Um margar aðrar greinar frumvarpsins leiðir af sjálfu sér að þær geta ekki átt við starfsemi þessara félaga.

Í ákvæði 2. mgr. er að finna aðlögunartíma vegna 5. mgr. 54. gr. um takmarkanir á því hverjir geta verið stjórnarmenn í vátryggingafélögum. Sanngjarnt þykir að veita aðlögun fram að næsta aðalfundi vátryggingafélags svo að ekki þurfi að kjósa nýja stjórn fyrr.

3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Í 4. mgr. er vátryggingafélögum veittur aðlögunartími til að uppfylla ákvæði 34. gr. um lágmarksgjaldþol.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.

Markmið frumvarpsins er að endurskoða gildandi lög um vátryggingastarfsemi í samræmi við innleiðingu tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingar og tilskipun 2007/44/EB um eignaraðild. Samkvæmt frumvarpinu mun Fjármálaeftirlitið hafa áfram umsjón með því að veita vátryggingafélögum starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi þeirra félaga sem fengið hafa slíkt leyfi hér á landi. Þá er meðal annars gert ráð fyrir að sá aðili sem eignast virkan eignarhlut eða eykur við hlut sinn í vátryggingafélagi skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um fyrirætlan sína.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram gildandi lög.

255. Frumvarp til laga [230. mál]

um skattlagningu séreignarsparnaðar.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Pétur H. Blöndal, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson,
Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

Lög þessi varða sérstaka skattlagningu séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Iðgjöld sem greidd eru til vörsluaðila séreignarsparnaðar, hvort heldur er framlag launamanns eða mótframlag launagreiðanda, sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal, þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skattleggja við innborgun samkvæmt þeim lögum og samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Um staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars skv. 1. mgr. fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og skal afdráttur fara fram samtímis afdrætti staðgreiðslu af launum, sbr. 15. gr. þeirra laga.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar skal standa skil á staðgreiðslu skv. 1. mgr.

3. gr.

Greiðslur úr séreignarsjóði skulu ekki teljast til skattskyldra tekna enda hafi skattur verið greiddur af inneigninni við inngreiðslu skv. 2. gr. eða af séreign þann 31. desember 2009 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

Nú færir skattþegn rök fyrir því að hann njóti ekki fulls persónuafsláttar vegna lágra tekna og fái jafnframt greiðslu úr séreignarsjóði skv. 1. mgr. og skal þá heimilt að endurgreiða honum persónuafslátt sem á vantar og svarar til staðgreiðslu skatts samkvæmt lögum þessum ásamt með vöxtum.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og koma til framkvæmda 1. janúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Af heildarsjóðsinneign séreignarsparnaðar hjá vörsluaðilum, sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fallin er til þann 31. desember 2009 skal greiða 24,1% tekjuskatt samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 13,1% útsvar samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, án nokkurs frádráttar og er það endanleg álagning opinberra gjalda á sjóðsinneignina þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Vörsluaðilar skulu gera sundurliðaða grein fyrir greiðslu skv. 1. mgr. til ríkisskattstjóra í því formi sem hann ákveður fyrir 15. febrúar 2010. Greiðslur skulu inntar af hendi til innheimtumanna ríkissjóðs.

II.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er vörsluaðilum heimilt að standa skil á greiðslu skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I með framseljanlegum stöðluðum skuldabréfum til allt að 25 ára. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um m.a. skilmála, lánstíma, ávöxtun og tryggingar skuldabréfanna.

Greinargerð.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem upp hafa komið og nauðsynjar þess að ná halla ríkissjóðs niður er með frumvarpi þessu lagt til að ríki og sveitarfélög virki þá eign, sem þau eiga í séreignarsjóðum og felst í frestuðum skattgreiðslum á innstæður, séreign einstaklinga.

Eignin felst í því að iðgjöld atvinnurekenda og launþega hafa ekki komið til tekjuskatts eða útsvars en útgreiðslur verða skattaðar þegar þær falla til.

Í megindráttum má segja að verði frumvarpið að lögum er annars vegar gert ráð fyrir að allur séreignarsparnaður sem nú er í vörslum lífeyrissjóða verði skattlagður eins og staða hans er hinn 31. desember 2009. Hins vegar er gert ráð fyrir því að innborganir í séreignarsjóði verði skattlagðar frá og með 1. janúar 2010 við innborgunina. Þegar svo inneignin er greidd út í framtíðinni greiðist enginn skattur af henni.

Mikilvægt er að ná niður halla ríkissjóðs þar sem vaxtagreiðslur kunni ella að sliga ríkissjóð til lengri tíma. Það er skoðun flutningsmanna að ekki sé skynsamlegt að leggja enn þyngri byrðar á atvinnulíf eða einstaklinga í formi skattahækkana eftir þau áföll sem dunið hafa yfir. Ekki sé heldur gæfulegt að ná niður öllum hallanum eingöngu með því að skera niður þjónustu ríkisins þar sem of mikil skerðing vissra þátta kann að skaða samfélagið varanlega. Það er mat flestra að sú kreppa sem þjóðin stendur frammi fyrir muni verða djúp en ekki mjög löng. Hún muni vara í tvö til þrjú ár en eftir það rísi efnahagslífið aftur upp ef það er ekki keyrt um of niður með of þungbærum sköttum.

Í þessari stöðu telja flutningsmenn brýna nauðsyn bera til þess að leita allra leiða til að nýta eignir ríkisins til þess að brúa bilið á tekjuhlið fjárlaga og kemur þá fyrrgreind eign augljóslega til álita sem og aukaúthlutun aflaheimilda. Hún mun að öllum líkindum hægja á uppbyggingu veiðistofna en gæti á sama hátt nýst í þeim tilgangi að brúa bilið þar til atvinnulífið kemst á réttan kjöl og styrkja tekjuhlið fjárlaga með auknum umsvifum eftir tvö til þrjú ár.

Til skoðunar kom einnig sú mikla eign ríkis og sveitarfélaga sem bundin er í skattfrestuðum eignum sameignarsjóðanna en sú eign er miklu mun vandmeðfarnari vegna þess að innan þeirra er um flutning fjár og réttinda á milli bæði kynslóða og einstaklinga að ræða. Greiðslum úr samtryggingarsjóðunum er ætlað að standa undir grunnframfærslu manna auk almannatrygginga. Því er viðbúið að nokkur hluti útgreiðslna samtryggingarsjóðanna verði ekki tekjuskattaðar þar sem greiðslur þeirra lendi ekki í tekjuskatti; verði undir skattleysismörkum. Þess vegna þyrfti að verja það fólk með endurgreiðslu skattsins í miklu meira mæli en við skattlagningu séreignarsparnaðarins.

Hugmyndir um aðra skattlagningu lífeyrissjóðanna, t.d. fjármagnstekjuskatt, eru mjög varasamar vegna þess að almennu lífeyrissjóðirnir bera þær byrðar með lakari lífeyrisrétti, en opinberu lífeyrissjóðirnir eru aftur á móti með föst réttindi og breytilegt iðgjald opinberra aðila eða jafnvel ríkisframlög eins og B-deild LSR.

Séreignarsparnaðurinn hefur verið hugsaður sem viðbót við þann lífeyri sem sameignarlífeyrissjóðir og Tryggingastofnun veita og lendir því í meginhluta tilvika í fullum skatti. Þá hafa sumir valið hann til þess að geta farið fyrr á eftirlaun en almenna lífeyriskerfið gefur kost á. Þó að fólk vilji hafa slíkt val er ekki þar með sagt að fólk flýti töku lífeyris og hætti fyrr að vinna þegar á reynir. Það hefur ekki verið kannað enda tiltölulega stutt síðan séreignarsparnaðarkerfið kom til. Í þeim tilfellum þegar launatekjur falla niður og tekjur af séreignarsparnaði eru einu tekjurnar, lenda þær tekjur undir frítekjumarki að hluta eða að öllu leyti. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í slíkum tilfellum verði skatturinn endurgreiddur með ónýttum persónuafslætti.

Ef skattprósentan er óbreytt frá því að iðgjaldið er greitt inn má segja að ekki skipti máli fyrir sjóðfélagann hvort greitt er strax eða við útgreiðslu að því gefnu að hvorutveggja lendi utan frítekjumarks. Verður það rökstutt frekar síðar.

Verði frumvarpið að lögum er annars vegar gert ráð fyrir að allur séreignarsparnaður sem nú er í vörslum lífeyrissjóða verði skattlagður eins og staða hans er 31. desember 2009. Hins

vegar er gert ráð fyrir því að innborganir í séreignarsjóði verði skattlagðar frá og með 1. janúar 2010 við innborgunina. Þegar inneignin er greidd út í framtíðinni greiðist enginn skattur af henni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er settur fram tilgangur frumvarpsins sem er að skattleggja þegar um næstu áramót allar innstæður í séreignarsparnaði landsmanna, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem samkvæmt gildandi lögum eiga að skattleggjast við útgreiðslu. Þannig verði í eitt skipti brúað erfitt efnahagslegt tímabil, ríki og sveitarfélögum hjálpað yfir hjallann og komist hjá því að skattleggja heimili og fyrirtæki þegar þau eru verst undir það búin. Enn fremur muni skattlagning inngreiðslna árlega gefa ríki og sveitarfélögum tekjur.

Áætlanir benda til að sparnaður í séreign gæti verið um 309 milljarðar kr. um næstu áramót og iðgjöld að frádregnum lífeyri gæti numið 28,3 milljörðum kr. Tekjuskattur til ríkisins sem næmi 24,1% gæfi 74,6 milljarða kr. í eitt skipti en 6,8 milljarða kr. í nýjar tekjur á árinu 2010 og svo árlega næstu ár. Útsvarstekjur sveitarfélaganna, 13,1%, gætu numið 40,5 milljörðum kr. í eitt skipti og tekjuaukinn 2010 (og áfram) gæti numið 3,7 milljörðum kr. Tekjur ríkis og sveitarfélaga kunna að skerðast í framtíðinni ef ný iðgjöld verða lægri en útgreiðslur séreignar en það væri verðið sem greitt væri fyrir það að halda atvinnulífinu lífvænlegu í gegnum þessa kreppu. Þá mun þróttmeira atvinnulíf og sterkari heimili gera gott betur en að bæta það upp.

Þeir sjóðfélagar og lífeyrissjóðir, sem setja hluta af samtryggingariðgjaldi í séreign, eiga að greiða staðgreiðslu af þeirri séreign eins og annarri. Fjármunir í séreign eru eign viðkomandi sjóðfélaga og engin fær hana greidda nema hann eða erfingjar hans og hún er þá skattlögð samkvæmt gildandi lögum. Hér er einungis verið að flýta skattlagningu sem breytir ekki eðli séreignarinnar nema ef viðkomandi nýtir ekki persónuafsláttinn að fullu á því ári sem greitt er út en á því er tekið í 3. gr.

Með þessu móti mætti falla frá öllum hugmyndum um skattlagningu fyrirtækja og heimila á árinu 2010, þegar þau mega síst við því, og jafnvel lækka einhverja skatta eins og tryggingagjaldið. Það gjald er ekkert annað en skattlagning á atvinnu sem mikilvægt er að örva. Ef staðið verður við fyrirhugaðan niðurskurð í rekstri ríkisins gæti staða ríkissjóðs (og sveitarfélaga) jafnvel orðið nokkru betri en að var stefnt.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skuli standa skil á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars af öllum inngreiddum iðgjöldum, hvort sem þau eru greidd inn af launþega eða launagreiðanda. Um staðgreiðsluna fer eftir hefðbundnum reglum staðgreiðslu af tekjum manna og fær sveitarfélagið þar sem sjóðfélaginn er búsettur 13,1% af inngreiddum iðgjöldum og ríkissjóður 24,1%. Þessi greiðsla yrði staðgreidd enda fær vörsluaðilinn iðgjöldin staðgreidd.

Um 3. gr.

Hér er lögð áhersla á að ekki skuli skattleggja útgreiðslur séreignarsparnaðar. Samkvæmt gildandi lögum er hann skattskyldur við útgreiðslu, en verði frumvarpið að lögum hefur öll séreign þegar verið skattlögð er kemur að útgreiðslu skv. 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

Til skýringar má gera ráð fyrir að staðgreiðsluprósentan haldist óbreytt, 37,2%, alla tíð og að sjóðfélaginn nýti persónuafslátt sinn að fullu á útgreiðsluári með öðrum tekjum (launatekjum, lífeyri frá sameignarsjóði eða frá Tryggingastofnun) eins og jafnan verður tilfellið. Þá má segja að 37,2% séu tekin af séreigninni og eftir standi 62,8% sem ekki verði sköttuð frekar. Í núgildandi kerfi „á“ sjóðfélaginn séreign, t.d. 100.000 kr. Hann fær ávöxtun á þá upphæð og hún hækkar í t.d. 200.000 kr., þ.e. tvöfaldast, og er greidd út. Þá þarf sjóðfélaginn að greiða 37,2% eða 74.400 kr. í staðgreiðslu og hann fær 125.600 kr. útgreitt. Eftir þá breytingu, sem hér er lögð til, á sjóðfélaginn 62.800 kr. því hann greiðir 37.200 kr. í staðgreiðslu. Þessi upphæð, 62.800 kr., tvöfaldast á sama hátt og séreignin áður og sjóðfélaginn fær greiddar 125.600 kr. og greiðir engan skatt. Hann er því jafnsettur.

Rétt er að taka fram að ríkið nýtur í núverandi kerfi vaxta af „eign“ sinni eins og dæmið hér að framan sýnir. Sama gerist í nýju kerfi því að ríkið fær vexti af þeim skuldabréfum sem greitt er með.

Í 2. mgr. er tekið á þeim vanda ef sjóðfélagi nýtir ekki persónuafslátt sinn að fullu á því ári þegar hann fær skattfrjálsa útgreiðslu séreignarsparnaðar enda hefur hann áður greitt skatt af eign sinni samkvæmt frumvarpi þessu og sá skattur ætti að mæta ónýttum persónuafslætti. Ofan á skattgreiðslur bætast vextir eins og séreignina sjálfa. Ef ekki verða breytingar á staðgreiðsluhlutfalli, 37,2%, er auðvelt að reikna forgreidda skattinn sem U *37,2% / (1–37,2%).

Eðlilegast er að vörsluaðilar haldi ætíð utan um greiddan skatt eins og séreignina og láti hann taka sömu ávöxtun og séreignina. Það upplýsir sjóðfélagann um það sem er að gerast og sættir hann við skattlagninguna sem í sjálfu sér breytir engu fyrir sjóðfélagann nema ef staðgreiðsluprósentan lækkar. Þá tapar hann en græðir ella ef staðgreiðsluprósentan hækkar til framtíðar.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar eru mjög fáir og þar með greiðendur þessarar staðgreiðslu. Auðvelt ætti að vera að byggja upp lipra framkvæmd innheimtunnar á stuttum tíma.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Ákvæðin taka til skattlagningar á allri séreign um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að gengið hafi verið frá greiðslum og skilagreinum fyrir 15. febrúar nk. Hér mun reyna nokkuð á samstarf skattyfirvalda og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Til þess að setja ekki eignasöfn séreignarsjóðanna í uppnám og neyða vörsluaðila til brunaútsölu með tilheyrandi verðfalli eigna er þeim gefinn kostur á og veitt heimild til að gefa út stöðluð skuldabréf til allt að 25 ára og greiða þannig staðgreiðsluna. Heimildin felur í sér frávik frá 38. gr. laga nr. 129/1997 sem reisir skorður við lántökum lífeyrissjóðanna.

Hugsunin er sú að skuldabréfin væru t.d. að upphæð 1 millj. kr. og með mismunandi lánstíma, jafnvel í takt við útgreiðslur þess séreignarsparnaðar sem er í gangi í árslok. Hver vörsluaðili gæti valið að greiða með nokkrum skuldabréfum með mismunandi lánstíma þannig að greiðsluflæði hans verði nálgað sem best. Ávöxtun bréfanna gæti verið breytileg, t.d. meðalávöxtun alls séreignarsparnaðar eða stýrivextir Seðlabanka Íslands með álagi. Þeir gætu líka verið fastir og jafnvel verðtryggðir. Slík skuldabréf með svo tryggum skuldurum væru kærkomin viðbót á skuldabréfamarkaðinn. Fjármálaráðuneytið setur eftir samráð við vörsluaðila reglur um skilmála, lánstíma, ávöxtun og tryggingar skuldabréfanna.

256. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Fyrsti minni hluti átelur málsmeðferð fjárlaganefndar þar sem meiri hlutinn hafnaði því að ræða ýmis brýn álitamál varðandi greiðslugetu þjóðarbúsins, efnahagslegar forsendur Icesave-samkomulagsins og óvissuþætti sem upp gætu komið. Meiri hlutinn hafnaði því einnig að skoðaðar væru nýjustu tölur sem sýna fram á að erlendar skuldir ríkissjóðs eru hugsanlega orðnar óviðráðanlegar.

Ljóst er að skuldsetning þjóðarbúsins erlendis er komin langt umfram það sem gerist hjá mjög skuldugum þjóðum heims og miklar líkur á að þjóðarbúið komist í greiðsluþrot haldi ekki þær forsendur sem stjórnvöld gefa sér varðandi endurheimtuhlutfall á eignum Landsbanka Íslands, hagvöxt á Íslandi, gengi krónunnar, mannfjöldaþróun og verðlag í Bretlandi og á evrusvæðinu.

Greiðslur af Icesave-lánunum eru í erlendum myntum (evrum og pundum) og þarf að afla þess gjaldeyris með afgangi af útflutningstekjum. Tölur Seðlabankans sýna hins vegar að halli á vöru- og þjónustujöfnuði hefur verið neikvæður 12 af síðustu 19 árum. Afgangur hefur mest verið 22 milljarðar kr. árið 1994 og fyrir þau sjö ár á tímabilinu 1990–2008 þegar ekki var halli á viðskiptunum var afgangurinn samanlagt um 76 milljarðar kr. Samanlagður halli á vöru- og þjónustujöfnuði frá árinu 2000 er 632 milljarðar kr. eða 70 milljarðar kr. að meðaltali á ári. Umsögn Seðlabankans frá í sumar gerir hins vegar ráð fyrir 163 milljarða kr. afgangi af viðskiptum við útlönd á hverju ári að meðaltali næstu 10 árin. Nýjustu spár Seðlabankans gera einnig ráð fyrir að útflutningstekjur verði um helmingur vergrar landsframleiðslu, hlutfall sem er algerlega óraunhæft og hefur þetta hlutfall hæst náð um 33% af vergri landsframleiðslu þegar best var. Þess má geta að við afgreiðslu málsins í sumar taldi Seðlabankinn óraunhæft að þetta hlutfall breyttist.

Í ljósi þróunar á viðskiptum við útlönd undanfarna áratugi og þeirrar staðreyndar að Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og getur því ekki hindrað flæði vöru og þjónustu virðist spá Seðlabankans einfaldlega vera algerlega óraunhæf, svo óraunhæf að hún virðist jaðra við skáldskap.

Skoða þarf skuldastöðu þjóða með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi. Spurningin er ekki hvort ríkið geti staðið undir skuldbindingum sínum – heldur hvort þjóðin geti það. Ríkið getur staðið í skilum með því einfaldlega að taka þessa upphæð af þjóðinni í formi hærri skatta eða/og skertrar velferðarþjónustu. Málið snýst um efnahag Íslands meðan á greiðslum stendur en hugsanlegt er að farið verði svo djúpt í skattlagningu að upp úr því verði seint komist. Fólk og fyrirtæki eru hreyfanleg og mörg þeirra munu flýja land ef of langt verður gengið í skattheimtu og skerðingu lífskjara til að standa í skilum með erlend lán þjóðarbúsins. Afar lítið af auði landsins er bundið við landið nema e.t.v. landbúnaðurinn, stóriðjan og hluti af fiskveiðunum.

Hvað varðar mat á eignum þrotabús Landsbanka Íslands hf., þá hefur enginn fengið að sjá hverjar þessar eignir eru fyrir utan skilanefnd bankans. Gert er ráð fyrir að 75% eignanna í

eignasafninu gangi upp í skuldina vegna Icesave-reikninganna. Við venjubundin gjaldþrot teljast 20% endurheimtur á eignum góðar en 30% endurheimtur mjög góðar.

Í skýrslu finnska fjármálaeftirlitsins frá árinu 2003 kom fram að eignir finnsku bankanna hefðu verið ofmetnar og skuldirnar vanmetnar í a.m.k. ár eftir að bankarnir lentu í erfiðleikum við upphaf fjármálakreppunnar á tíunda áratug síðustu aldar. Miðað við þá reynslu má telja líklegt að eignir Landbankans séu enn ofmetnar og skuldir vanmetnar og þá bendir 1. minni hluti á að ekki hefur enn fengist uppgefið hversu stór hluti af eignum Landsbankans sé veðsettur. 1. minni hluti bendir á að ofmat á eignum bankans mun þýða að minna endurheimtist af þeim á næstu árum, þannig að höfuðstóll Icesave-lána verði hærri eftir sjö ár en gert er ráð fyrir. Þess má geta að íslenskir ráðamenn hafa haldið því á lofti að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi á sínum tíma lagt blessun sína yfir matið á eignum Landsbankans en af hálfu fulltrúa sjóðsins á Íslandi hefur þvert á móti verið staðfest að það hafi aldrei verið gert.

Í ljósi þess að með samþykkt Icesave-samninganna verður skuldabyrði þjóðarbúsins á mörkum þess að vera viðráðanleg, og er jafnvel nú þegar orðin óviðráðanleg, og að lítið eða ekkert megi út af bregða til að þjóðin lendi í greiðsluþroti, telur 1. minni hluti sig ekki geta mælt með að Alþingi samþykki nýja útgáfu af ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Það eru einfaldlega of miklar líkur á að þjóðin geti ekki staðið undir skuldum á næstu árum.

Þessu frumvarpi fylgir mikil óvissa um greiðslugetu ríkissjóðs sem og um greiðslugetu þjóðarbúsins í heild og það er einfaldlega mjög varasamt að rýmka þá fyrirvara sem Alþingi samþykkti við ríkisábyrgðina nú í sumar.

1. minni hluti telur afgreiðslu meiri hlutans gagnrýniverða og telur það lýsa fádæma þjónkun við framkvæmdarvaldið að þingnefnd skuli afgreiða frumvarp sem felur í sér svo veigamiklar breytingar á lögum sem Alþingi sjálft er nýlega búið að samþykkja umyrðalaust. Aðkoma fjárlaganefndar að málinu ber einkenni sýndarmennsku í stað vandaðrar úttektar á þeim efnisatriðum málsins sem nefndin átti að fjalla um. Fjárlaganefnd fjallaði heldur ekki efnislega um álit efnahags- og skattanefndar sem hún hafði þó óskað eftir. 1. minni hluti telur einfaldlega hneykslanlegt að ekki skuli hafa verið skoðað að fá úttekt á framlögðum gögnum frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu og enn fremur ábyrgðarlaust af hálfu meiri hlutans að afgreiða málið með þessum hætti.

Alþingi, 17. nóv. 2009.

Þór Saari.

257. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

1. Inngangur.

Icesave-samningarnir eru og verða óaðgengilegir fyrir Ísland. Fullvíst er að þeir endurspegla hin fjölmörgu mistök sem stjórnvöld hafa gert bæði í aðdraganda bankahrunsins og í kjölfar þess. Eru þar fáir undanskildir. Veiting ríkisábyrgðarinnar með lögum nr. 96/2009 var ein stærsta ákvörðun sem Alþingi Íslendinga hefur tekið. Sú ákvörðun sem Alþingi stendur nú frammi fyrir mun binda þjóðarbúið a.m.k. næstu tvo áratugina og mun hafa mikil áhrif á þau lífskjör sem þegnum landsins bjóðast á þeim tíma. Sú staðreynd hefur ekki breyst.

Það að nú sé verið að breyta lögum sem Alþingi Íslendinga setti fyrir tæpum þremur mánuðum, í lok ágústmánaðar, staðfestir niðurlægingu lagasetningarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Um leið endurspeglar ákvörðunin kjarkleysið sem íslensk stjórnvöld hafa sýnt gagnvart viðsemjendum okkar Bretum og Hollendingum frá upphafi málsins.

Sú barátta sem 2. minni hluti háði í þessu mikla hagsmunamáli gerði það að verkum að niðurstaðan sem náðist með fyrirvörunum í lögunum frá því í ágúst voru langtum betri en sú niðurstaða sem í stefndi í upphafi málsins. Þó svo að lengra hefði þurft að ganga til að halda uppi góðum lífskjörum hér á landi. Fyrirvararnir eru nú ekki svipur hjá sjón enda orðnir haldlitlir.

Annar minni hluti gagnrýnir einnig þá slælegu málsmeðferð sem einkennt hefur málið í meðförum fjárlaganefndar. Til dæmis var óskað eftir áliti frá efnahags- og skattanefnd um efnahagslega þætti málsins. Fjögur minni hluta álit bárust fjárlaganefnd en ekki meirihlutaálit. Var nefndin því þverklofin í afstöðu sinn. Meiri hluti fjárlaganefndar sá samt ekki ástæðu til þess að fara efnislega yfir þær niðurstöður sem bárust, hvað þá að ræða málið efnislega innan fjárlaganefndar. Má því segja að málalyktir hafi verið eins og upphafið. Meiri hluti fjárlaganefndar var reiðubúinn að samþykkja ríkisábyrgðina með bundið fyrir augun.

Í nefndaráliti þessu er reynt að skýra þau sjónarmið og álitamál sem upp hafa komið varðandi þær breytingar sem til stendur að gera á lögum nr. 96/2009, einnig verður reynt að varpa ljósi á þá umræðu og þá atburði sem orðið hafa eftir gildistöku laganna. Má segja að sú litla virðing sem stofnunin nýtur og frekari niðurlæging Alþingis um þessar mundir endurspeglist í þeirri atburðarás sem átt hefur sér stað eftir gildistökuna. Þá verður fjallað um þær breytingar sem meiri hlutinn hyggst gera við fyrirvarana. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða en að öðru leyti vísast til álits 2. minni hluta með lögum nr. 96/2009 (þskj. 338, 137. löggjafarþing) þar sem ítarlega var farið yfir hversu óaðgengilegir Icesave-samningarnir væru fyrir Ísland.

2. Samþykkt Icesave-laganna, 28. ágúst 2009.

Hinn 28. ágúst sl. voru samþykkt lög frá Alþingi, nr. 96/2009, sem fólu í sér að íslenska ríkið gekkst í ábyrgð fyrir skuldbindingum innstæðutryggingarsjóðsins að vissum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum fyrirvörum. Í því fólst að ábyrgðin mundi takmarkast ef til-

tekin atvik ættu sér stað. Þetta varð niðurstaða margra mánaða vinnu alþingismanna í fjárlaganefnd til að reyna að ná sáttum í málinu. Það kom þó skýrt fram í þjóðfélagsumræðunni að fjölmargir töldu engu að síður of langt gengið í veitingu ríkisábyrgðar. Þar á meðal voru þingmenn Framsóknarflokksins sem lögðu fram ýmsa fyrirvara til þess að styrkja ríkisábyrgðina enn frekar og gæta þar með hagsmuna íslenskra borgara, sem og komandi kynslóða. Lítið bar hins vegar á því að menn teldu of skammt gengið. Þessi niðurstaða var vissulega betri heldur en skilyrðislaus ríkisábyrgð eins og hugur margra þingmanna ríkisstjórnarinnar stóð til að samþykkja, jafnvel óséða. Fullyrða má að skilyrðislaus ríkisábyrgð við þær aðstæður sem nú eru uppi á Íslandi sé lögfræðilega og siðferðilega ótæk.

Í lokaorðum álits 2. minni hluta með lögum nr. 96/2009 kom fram að vandamálið sem Íslendingar takast á við er geysilega alvarlegt og má segja að fá dæmi finnist í hagsögu 20. aldar sem jafnist á við þá erfiðleika sem Íslendingar takast á við í augnablikinu. Saman hafa farið hrun fjármálakerfisins, fall gjaldmiðilsins, lækkun eignaverðs og slæm fjárhagsstaða fyrirtækja og einstaklinga. Afleiðingin er atvinnuleysi, harkalegur samdráttur framleiðslu og skert lífskjör. Við þetta má bæta að núverandi ríkisstjórn hefur á engan hátt náð að snúa þessari neikvæðu þróun við. Stendur þjóðin frammi fyrir miklum niðurskurði í velferðarmálum auk þess sem atvinnulíf landsins býr við mikla óvissu um afkomu sína út af fyrirliggjandi skattahækkunum á fólk og fyrirtæki. Ofan á þetta bætist að gengisvísitalan hefur ekki lagast, þjóðin býr enn við ströng gjaldeyrishöft og skuldsetning þjóðarbúsins er veruleg.

Fellst 2. minni hluti á þau orð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að vandamál Íslendinga séu fyrst og fremst gríðarleg skuldsetning en aðrar þjóðir, t.d. Lettar, sem glíma nú við samsvarandi efnahagsþrengingar, búa við það vandamál að hafa ekki sjálfstæðan gjaldmiðil eins og Íslendingar.

Af öllu þessu má sjá að þær fjárhagslegu ábyrgðir og greiðslur sem ríkið tekur á sig, auk fyrirliggjandi skuldbindinga munu hafa úrslitaáhrif á framleiðslugetu og lífskjör í landinu. Þess vegna skiptir takmörkun ríkisábyrgðar vegna áhættu og óvissu Icesave-samninganna svo miklu máli. Eftir því sem uppgjör á búi Landsbanka Íslands dregst þeim mun hærri vaxtagjöldum mun Icesave-skuldbindingin safna og þau verður að greiða með erlendum gjaldmiðlum sem eru af skornum skammti.

Hinir nýju og útþynntu fyrirvarar sem ríkisstjórnin leggur til að nú verði samþykktir uppfylla á engan hátt þessi skilyrði. Ljóst er að Bretar og Hollendingar hafa náð að útvatna þá fyrirvara sem mestu máli skiptu þannig að þeir eru nú nánast með marklausir. Þær fullyrðingar sem komið hafa fram um að samningarnir séu sambærilegir ef ekki betri en fyrirvararnir standast engan veginn nánari skoðun. Ef sú væri raunin lægi það einnig fyrir að Bretar og Hollendingar hefðu meiri áhuga á að gæta íslenskra hagsmuna en ríkisstjórn Íslands.

3. Atburðarás málsins frá samþykkt laganna.

Með fyrirvörum Alþingis frá 28. ágúst sl. var sett það „skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar að breskum og hollenskum stjórnvöldum verði kynntir þeir fyrirvarar sem eru settir við ábyrgðina samkvæmt lögum þessum og að þau fallist á þá“. Í umræðunni hefur því verið haldið fram að ef þeir mundu ekki samþykkja fyrirvarana ætti málið að nýju að koma til kasta Alþingis. Á það sjónarmið getur 2. minni hluti ekki fallist, enda ber orðavalið það með sér að fallist Bretar og Hollendingar ekki á lýðræðislega niðurstöðu Alþingis falli ríkisábyrgðin niður.

Í nefndaráliti meiri hlutans við það tækifæri var jafnframt lagt til að „ríkisábyrgðin afmarkist ekki einvörðungu af ákvæðum lánasamninganna eins og segir í frumvarpinu heldur

einnig af þeim fyrirvörum sem meiri hlutinn leggur til að verði teknir upp í frumvarpið. Fyrirvararnir verða því óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar.“ Í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans kom svo fram „að skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar sé að lánveitendum verði kynntir fyrirvarar við ríkisábyrgðina samkvæmt lögunum og að þeir fallist á þá. Tilgangurinn er að tryggt verði að lánveitendur séu í raun bundnir af fyrirvörunum ef ágreiningur rís um túlkun samninganna.“

Áhersla var lögð á kynningu málsins gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum. Sem dæmi má nefna að í téðu framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar var sérstakur kafli þar sem fjárlaganefnd óskaði upplýsinga um kynningu framkvæmdarvaldsins á þeim fyrirvörum sem Alþingi hafði samþykkt viku fyrr með breytingartillögu meiri hlutans. Kaflinn hófst svo: „Kynning á fyrirvörum. Á fundi í nefndinni var óskað upplýsinga um hvernig íslensk stjórnvöld hefðu staðið að því að kynna þá fyrirvara sem samþykktir voru fyrir breskum og hollenskum yfirvöldum. Fulltrúar fjármálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis gerðu nefndinni grein fyrir samskiptum stjórnvalda við erlendu samningsaðilana.“

Augljóst er að ekki var um heimild Alþingis að ræða til að endursemja um þá fyrirvara sem Alþingi hafði samþykkt með lögum. Lögin áttu ekki að leiða til þess að Alþingi þyrfti að breyta sinni eigin ákvörðun tæplega þremur mánuðum síðar.

Þetta virtist þó ekki koma í veg fyrir að samningagerð færi fram á ný á óformlegum fundum. Íslenskir embættismenn úr forsætis-, fjármála- og utanríkisráðuneyti, auk Seðlabanka Íslands sátu fundi. Þeim til fulltingis og almennrar ráðgjafar í málinu voru Nigel Ward hjá Ashurst-lögmannsstofunni, Benedikt Bogason héraðsdómari, Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar HÍ, Eiríkur Tómasson, prófessor í lagadeild HÍ, og Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur hjá Lagastofnun HÍ, samkvæmt fréttatilkynningum forsætisráðuneytis.

Á fundi fjárlaganefndar 18. október 2009 fór fram kynning fjármálaráðherra á stöðunni í Icesave-málinu. Þar voru kynntir óformlega þeir fyrirvarar sem Bretar og Hollendingar gerðu athugasemdir við. Kom fram að helstu athugasemdir snerust um hinn svokallaða Ragnars H. Hall-fyrirvara sem snýst um hvernig útgreiðslum úr þrotabúi Landsbankans hf. skuli háttað. Einnig voru gerðar athugasemdir við að ábyrgðin mundi falla niður árið 2024. Aðrar athugasemdir voru minni háttar.

Hinn 30. október 2009, daginn fyrir setningu nýs þings, sagði Ögmundur Jónasson af sér ráðherraembætti. Í máli hans kom fram að þetta hefði hann talið nauðsynlegt til að ríkisstjórnin gæti talað einum rómi, eins og krafa hafði verið uppi um. Hann hafði þvert á móti „trú á því að Alþingi, þegar það tekur þverpólitískt á málunum, þá mun það koma að niðurstöðu sem að er góð fyrir Ísland.“ Sem var einmitt ekki það sem gerðist, nú þegar Alþingi var gert að samþykkja breytingar á sínum eigin fyrirvörum, í samræmi við það sem ríkisstjórnin og embættismenn hennar höfðu ákveðið.

Eftir afsögn Ögmundar fór fram mikil umræða um hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri að knýja íslensku þjóðina til að borga Icesave-reikningana. Kom fram að sjóðurinn mundi ekki afgreiða lán til Íslendinga án þess að ábyrgðin lægi fyrir. Einnig var því haldið fram að lán frá Norðurlöndunum væru háð fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar með ríkisábyrgðinni.

Það vekur athygli 2. minni hluta að eftir að frumvarpið kom fram gáfu fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá yfirlýsingu að lánafyrirgreiðsla sjóðsins væri alls ekki háð því að Íslendingar veittu ríkisábyrgð á Icesave-samingunum. Vísuðu fulltrúarnir til Norðurlandanna og fullyrtu að þau hefðu sett umrædd skilyrði. Norðmenn hafa opinberlega neitað þeirri

fullyrðingu og sagt hana ranga. Svíar hafa á hinn bóginn stigið fram og sagt að lánin hafi verið tengd lausn á Icesave-deilunni.

Þess ber að geta að Norðmenn hafa allan tímann lýst því yfir að lánafyrirgreiðslur frá þeim yrðu tengdar lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar til formleg beiðni kæmi frá Íslendingum um annað. Slík beiðni hefur aldrei verið lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Eftir að frumvarpið sem hér er til umræðu var lagt fram kom í ljós að fyrirvararnir höfðu breyst til hins verra frá kynningarfundinum 18. október sl. Má segja að upphlaup ýmissa stjórnarliða hafi því verið til einskis. Einnig ber að geta þess að í umræðu 18. nóvember upplýsti fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd og formaður Heimssýnar að í hans huga væru klár og hrein tengsl, þótt óbein séu, á milli Icesave-málsins og Evrópusambandsins. Telur 2. minni hluti að þar með sé komin staðfesting á hinum leynda þræði milli þessara tveggja mála og meginástæða þess að meiri hlutinn leggur ofuráherslu að ríkisábyrgðin verði samþykkt sé óþrjótandi vilji annars stjórnarflokksins að ganga í ESB. Má leiða að því líkum að þar með sé komin meginástæða þess að þingmenn þess flokks hafi frá upphafi lagt ofuráherslu á að ríkisábyrgðin á Icesave sé samþykkt, jafnvel að óséðum Icesave-samningunum.

4. Breytingar á fyrirvörum í lögum nr. 96/2009.

Eins og áður hefur komið fram þá hafa fulltrúar meiri hlutans á Alþingi haldið því fram að breytingarnar á fyrirvörunum geri það að verkum að þeir verði nú jafnvel betri en áður. Þannig segir formaður fjárlaganefndar í viðtali við RÚV að „þessar breytingar séu ásættanlegar, og séu sumar hverjar betri og aðrar kannski svipaðar eftir þessar breytingar, þannig að það sé óhætt að samþykkja þessa ríkisábyrgð miðað við fyrri afgreiðslu“.

Ef þessar fullyrðingar reynast réttar er það nöturleg staðreynd að Bretar og Hollendingar, sem sættu sig ekki við fyrirvarana í lögum nr. 96/2009, hugsa betur um hagsmuni Íslendinga en ríkisstjórn Íslands gerir sjálf. Með öðrum orðum vildu hollensk og bresk stjórnvöld breyta fyrirvörunum þannig að hagsmunir Íslendinga yrðu betur tryggðir en áður. Hvorki fullyrðing formanns fjárlaganefndar né réttmæt ályktun í kjölfarið eru á rökum reistar. Allir sem kynna sér hvað felst í breytingunum átta sig fljótlega á því að Hollendingar og Bretar eru fyrst og fremst að gæta að hagsmunum sinna borgara og að fyrirvararnir hafa lítið sem ekkert gildi eftir breytingarnar.

Því til sönnunar er einfaldast að benda á að samkvæmt frumvarpinu er snúið til fyrra horfs, þ.e. ábyrgð ríkisins er nú orðin hluti af lánasamningunum, dómsvald til að túlka samningana fellur undir breska dómstóla og ábyrgð íslenska ríkisins er aftur orðin skilyrðislaus. Þetta er staðfest í III. kafla álits meiri hlutans þar sem segir: „Fallist var á kröfu viðsemjenda íslenska ríkisins um að ríkisábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins væri óskilyrt.“

Í stuttu máli má segja að hugsunin sem bjó að baki fyrirvörunum í lögum nr. 96/2009 hafi fyrst og fremst verið að tryggja réttarstöðu Íslands. Í fyrsta lagi með því að setja tímamörk þannig að margar kynslóðir Íslendinga þurfi ekki að gjalda bankahrunsins. Í öðru lagi að takmarka greiðsluskyldu íslenska ríkisins þannig að því væri mögulegt að standa undir þeim skuldbindingum sem ríkisábyrgðinni fylgir. Í þriðja lagi að reyna að fá hnekkt ábyrgð íslenska ríkisins á innstæðum áður en til greiðslu af lánasamningunum kæmi. Í fjórða lagi að tryggja að réttarstaða krafna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta við úthlutun úr búi Landsbankans sé ekki skert með lánasamningunum og þar með aukið á greiðsluskuldbindinguna.

Þær breytingar sem nú eru lagðar til af meiri hlutanum skapa óvissu um framhaldið. Sem dæmi má nefna að fjárlaganefnd hefur ekki fengið að meta eignasafn Landsbankans á meðan meðferð málsins stóð þó að höfuðmáli skipti að menn geti áttað sig á því frá fyrstu hendi hverjar séu líkurnar á endurheimtum úr þrotabúinu. Í annan stað má nefna að svokallaður Ragnars H. Hall-fyrirvari er háður þeirri óvissu hvort EFTA-dómstóllinn telji málið tækt til efnismeðferðar, en niðurstaða þess dómstóls er nú forsenda þess að Íslendingar fái úr því skorið hver forgangsröðunin eigi að vera þegar kemur að greiðslum úr þrotabúinu. Þarna er óvissa upp á tugi eða hundruð milljarða að ræða. Í þriðja lagi hefur verið bent á það að gengisáhættan sem Íslendingar taka alfarið á sig er einnig gríðarleg. Um þessa óvissuþætti og aðra verður fjallað nánar í næstu köflum.

5. Lögfræðileg álitaefni.

a. Útgreiðsla úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf.

Í hinum svokallaða Ragnars H. Hall-fyrirvara var ábyrgðin í lögum nr. 96/2009 takmörkuð við að látið yrði á það reyna hvort kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gengju ekki framar öðrum hlutum krafna vegna sömu innstæðu við úthlutun úr þrotabúi Landsbankans samkvæmt íslenskum lögum. Ef niðurstaðan yrði tryggingarsjóðnum í hag skyldi ábyrgð ríkisins lækka samsvarandi. Þó var sett að skilyrði að viðræður yrðu teknar upp á milli aðila en ef þær færu ekki fram eða mundu ekki leiða til niðurstöðu gæti Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina.

Annar minni hluti lagði fram breytingartillögu um þennan lið þess efnis að ábyrgðin yrði bundin við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta léti á það reyna fyrir slita- eða skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands hf. hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu og hagi kröfulýsingu sinni þannig að reynt geti á þennan rétt, með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar. Var þar með gerð tilraun til að styrkja fyrirvarann verulega.

Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður bentu á það í grein sem birtist í Morgunblaðinu 31. október 2009 að ekki sé lengur gert ráð fyrir því að ríkisábyrgðin takmarkist við að úthlutun og uppgjör á eignum Landsbankans fari fram samkvæmt íslenskum lögum eins og þau verða skýrð af dómstólum landsins. Látið er duga að setja inn í viðaukasamninginn við Breta að þeim sé kunnugt um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta kunni að leita úrskurðar um hvort kröfur hans gangi framar öðrum kröfum vegna sömu innlána. Eins og áður segir eru skuldbindingar íslenska ríkisins hins vegar skilyrðislausar samkvæmt lánasamningnum og við túlkun hans gilda bresk lög. Af þessum sökum verður ekki séð að neitt lögfræðilegt hald sé í viðkomandi ákvæði viðaukasamningsins við Breta að því leyti og fyrirvarinn þar með orðinn marklaus. Undir orð þeirra tekur 2. minni hluti.

Í viðaukasamningnum við Hollendinga er því hins vegar haldið opnu að hægt sé að bera málið undir íslenska dómstóla. Það er að því gefnu að málið sé ekki í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, sem íslenskir dómstólar verða að hafa frumkvæði að því að afla. Því ber að halda til haga að samkvæmt lögum nr. 21/1994, um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, kemur skýrt fram í 1. gr. að ákvæðið eigi einungis við þegar mál er rekið fyrir héraðsdómi og taka þurfi afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið.

Annar minni hluti bendir á að þegar kemur að útgreiðslu úr þrotabúi Landsbankans er sú ákvörðun tekin samkvæmt íslenskum gjaldþrotalögum. Vandséð er því að dómari fallist á samkvæmt kröfu málsaðila að leita eftir hinu ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Í áliti meiri hlutans kemur eftirfarandi fram: „Talið er líklegt að íslenskir dómstólar vísi þessum ágreiningi til EFTA-dómstólsins, sbr. kafla 3.6 í athugasemdum við frumvarpið. Þetta mat byggist m.a. á álitsgerðum innlendra og erlendra sérfræðinga um að EES-réttur skipti máli við úrlausn þessa atriðis. Taki EFTA-dómstóllinn ekki efnislega á málinu, t.d. vísi því frá, mundi hagfelld niðurstaða íslenskra dómstóla breyta samningunum. Taki dómstóllinn efnislega afstöðu og álitið er íslenska tryggingarsjóðnum óhagfellt, en niðurstaða íslenskra dómstóla hagfelld, breytast ákvæði lánasamninganna ekki varðandi þetta atriði. Það sama gerist ef þessu yrði öfugt farið.“

Annar minni hluti bendir á að meiri hlutinn treystir sér ekki að fullyrða að ágreiningnum verði vísað til EFTA dómstólsins heldur telji einungis líkur á því. Má því segja að hér sé um að ræða dýrasta veðmál Íslandssögunnar því þeir hagsmunir sem þarna liggja að baki nema tugum ef ekki hundruðum milljarða. Þá fullyrðir meiri hlutinn einnig að ef EFTA-dómstóllinn taki ekki á málinu heldur vísi því frá breyti hagfelld niðurstaða íslenskra dómstóla samningnum. Engar röksemdir eru fyrir þessari fullyrðingu og alls kostar óvíst hvort Hollendingar hafi sama skilning og meiri hlutinn virðist gefa sér. Eitt atriði liggur þó fyrir: Áhætta og óvissa í samningunum verður eftir sem áður hjá Íslendingum.

b. Almennir lagalegir fyrirvarar.

Í lögum nr. 96/2009 var gerður sá fyrirvari að Ísland hafi ekki fallið frá þeim rétti sínum að fá úr því skorið hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum við fall banka. Var að því stefnt að ef sú niðurstaða fengist hjá þar til bærum úrskurðaraðila, að slík skylda væri ekki til staðar að einhverju leyti eða öllu, þá gæti íslenska ríkið losnað undan ábyrgðinni samkvæmt því. Þessi aðili hefði til dæmis getað verið íslenskur dómstóll.

Annar minni hluti taldi að þessi fyrirvari væri vissulega til bóta en ekki væri nægilega langt gengið til að tryggja að fyrirvarinn yrði virkur. Því lagði minni hlutinn fram breytingartillögur þess efnis að fengist úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá bæri Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sami fyrirvari ætti við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt lægi fyrir að ríkisábyrgð væri ekki til staðar, einnig ef í ljós kæmi að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands hf. Taldi 2. minni hluti að tryggja yrði að reynt yrði á réttarstöðu íslendinga og látið reyna á það hvort ríkisábyrgð lægi á bak við innstæðutryggingarsjóði Evrópulanda. Þess ber að geta að nánast ekkert ríki hefur lýst því yfir að ríkisábyrgðin sé til staðar og einstakar þjóðir hafa beinlínis lýst því yfir að svo sé ekki.

Sú tillaga sem nú liggur fyrir af hálfu fyrirvarans gerir það að verkum að afar ólíklegt er að Íslendingar fái notið þeirrar tryggingar sem fyrirvarinn í lögum nr. 96/2009 átti að tryggja. Nú liggur fyrir að Íslenska ríkið getur ekki tryggt að ríkisábyrgðin falli niður jafnvel þótt þar til bær úrskurðaraðili kæmist að þeirri niðurstöðu að ríkið bæri ekki ábyrgð á innstæðum. Samkvæmt frumvarpinu skal ríkisábyrgð vera bundin þeim fyrirvara að viðræður fari fram milli Íslands og viðsemjenda þess um áhrif slíkrar niðurstöðu á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins. Bretar og Hollendingar eru auðvitað ekki bundnir af þessum ákvæðum og

samkvæmt lánasamningunum er ábyrgð íslenska ríkisins skilyrðislaus eins og áður sagði. Íslenska ríkið á það því alfarið undir breskum og hollenskum stjórnvöldum hvert framhald málsins verður. Það var skilyrði að Bretar og Hollendingar þyrftu að setjast niður með okkur kæmi niðurstaða sem væri Íslendingum í hag. Ef þeir neituðu eða viðræður leiddu ekki til niðurstöðu þá gætu Íslendingar einhliða fellt ríkisábyrgðina úr gild. Nú er sú heimild ekki til staðar. Niðurstaða dómstóla breytir því engu um Icesave-ábyrgðina verði þetta frumvarp samþykkt nema Hollendingar og Bretar samþykki það.

Að lokum ber að geta þess að Eiríkur Tómasson lagaprófessor og Benedikt Bogason héraðsdómari töldu, þegar þeir komu fyrir fjárlaganefnd, að nánast engar líkur væru á því að reyna mundi á hinn svokallaða almenna fyrirvara og því lítið hald í honum fyrir Íslendinga.

c. Ákvæði um vernd friðhelgi.

Annar minni hluti telur jákvætt að friðhelgisréttindi Íslands samkvæmt Vínarsáttmálanum séu viðurkennd af viðsemjendum, eins og gerður var fyrirvari um með lögum frá Alþingi. Þannig verði ekki gerð aðför í eigum sem Ísland þarf á að halda til að sinna hlutverki sínu sem fullvalda ríki með viðunandi hætti. Sama eigi við um eignir íslenska ríkisins erlendis, þar á meðal eignir Seðlabanka Íslands, sem njóta verndar samkvæmt almennum reglum þjóðaréttar.

Þá telur 2. minni hluti sömuleiðis nauðsynlegt að hvergi verði hreyft við fullveldi Íslands yfir náttúruauðlindum landsins og rétti Íslendinga til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim. Því sé jákvætt að aðilar hafi staðfest að ekkert í lánasamningnum hafi þau áhrif að Ísland glati stjórn á náttúruauðlindum eða rétti til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.

6. Efnahagsleg álitaefni.

a. Breytingar á efnahagslegum fyrirvörum.

Þeir efnahagslegu fyrirvarar sem mestu skiptu í lögum nr. 96/2009 voru að meginstefnu tveir. Í fyrsta lagi kom m.a. eftirfarandi fram í 1. mgr. 1. gr. laganna um ríkisábyrgð á Icesave-lánasamningunum: „Ábyrgðin tekur til höfuðstóls lánanna eins og hvor um sig mun standa að sjö árum liðnum frá undirritun samninganna, 5. júní 2016, auk vaxta af lánsfjárhæðinni, með þeim fyrirvörum sem fram koma í lögum þessum og gildir til 5. júní 2024.“

Í greininni kemur fram einn af lykilfyrirvörunum við lánasamninganna, þ.e. að gildistími ábyrgðarinnar sé tímabundinn til 5. júní 2024. Eftir það falli hún niður. Þetta var skilningur margra þingmanna sem stóðu að fyrirvörunum. Í 5. mgr. 3. gr. laganna sagði hins vegar: „Nú virðist á einhverjum tíma stefna í að lánsfjárhæðin ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans vegna hinna efnahagslegu viðmiða og skulu aðilar lánasamninganna þá tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samningana og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.“Augljóst var að orðalag málsgreinarinnar var í andstöðu við orðalag í 1. mgr. 1. gr. og benti 2. minni hluti ítrekað á misræmið.

Í því skyni að koma í veg fyrir misskilning og ná fram raunverulegum vilja meiri hluta Alþingis á þeim tíma lagði 2. minni hluti fram eftirfarandi breytingartillögu við 5. mgr. 3. gr.: „Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. og þar með eftirstöðvar í lok lánatímabilsins árið 2024 fellur ríkisábyrgðin á eftirstöðvunum niður.“ Ef þessi breytingartillaga hefði verið samþykkt hefðu menn ekki velkst í vafa um að ekki væri ætlunin að velta byrðinni endalaust á komandi kynslóðir.

Þau ákvæði sem meiri hlutinn leggur nú til að verði samþykkt fela því miður í sér að tímabinding ábyrgðarinnar er felld út. Ríkisábyrgðin er þannig orðin ótímabundin og margar kynslóðir Íslendinga, börn okkar og barnabörn, gætu því orðið ábyrgar fyrir Icesave-skuldbindingunum. Meiri hlutinn víkur sér ekki undan þessari staðreynd í áliti sínu. Þar segir: „Í öðru lagi gerir samningurinn ráð fyrir að haldið verði áfram að greiða af lánunum miðað við regluna um greiðsluhámark þar til lánin eru að fullu greidd.“

Hinn efnahagslegi fyrirvari sem settur var inn í lög nr. 96/2009 takmarkaði ábyrgð ríkisins við ákveðið hámark af vexti vergrar landsframleiðslu á hverju ári. Þetta átti að leiða af sér að greiðslur ríkisins yrði alltaf í samræmi við greiðslugetu íslenska ríkisins. Var um að ræða hið svokallaða 6% greiðsluþak (4% gagnvart Bretum og 2% gagnvart Hollendingum) og átti það jafnt við um vaxtagreiðslur og greiðslur af höfuðstól.

Annar minni hluti lagði til að í stað 4% og 2% kæmi 3,85% gagnvart Bretum annars vegar og 1,94% gagnvart Hollendingum hins vegar til að verja þjóðarbúið enn betur. Voru þessar tillögur í samræmi við útreikninga Seðlabankans en meiri hlutanum þótti „kurteislegra“ gagnvart viðsemjendunum að hafa greiðsluþakið á heilum tölum.

Í breytingum þeim sem meiri hlutinn hyggst gera skulu vextir nú greiðast að fullu, óháð efnahagslegu ástandi á Íslandi, og á 6% greiðsluþakið einungis við ef heildargreiðslur eru hærri en vaxtagreiðslur. Verði samdráttur í efnahagsmálunum þarf ríkissjóður því að greiða vaxtagreiðslur upp á allt að 10–15% af tekjum ríkisins til viðbótar við þann tekjumissi sem hann verður fyrir vegna samdráttarins. Það er því útséð um að efnahagslegu fyrirvararnir veiti það skjól fyrir komandi kynslóðir sem þeir áttu að veita.

b. Brussel-viðmiðin.

Í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 96/2009 segir að forsendur fyrir veitingu ríkisábyrgðar séu „að lánasamningarnir verði túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið sem samþykkt voru 14. nóvember 2008 á milli Íslands, Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkja, þannig að tekið verði tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Í þessu felst m.a. að samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra.“

Í áliti meiri hlutans í þessu máli kemur fram m.a. að gagnrýnt hafi verið „að Brussel-viðmiðin hafi ekki verið höfð nægilega til hliðsjónar við samningsgerðina. Á þessu var tekið af hálfu samningsaðila í viðaukasamningunum.“

Hörð gagnrýni kom fram í fréttatilkynningu Indefence-hópsins á nýja túlkun meiri hlutans á hinum svokölluðu Brussel-viðmiðum. Þar segir: „Brussel-viðmiðin hafa verið brjóstvörn Íslendinga í baráttu þeirra fyrir sanngjörnum Icesave-samningum. Það er beinlínis rangt og niðurlægjandi fyrir Alþingi Íslendinga að sjá staðhæft í viðaukasamningunum að nú séu Icesave-samningarnir í samræmi við Brussel-viðmiðin. Fylgiskjöl A og B með þessari fréttatilkynningu sýna að það er fjarri lagi. Með þessari hagræðingu á sannleikanum brestur mikilvægur varnargarður Íslendinga gagnvart kröfum Breta og Hollendinga, því með þessu móti er tryggt að Íslendingar geti aldrei aftur borið fyrir sig Brussel-viðmiðin.“

Annar minni hluti tekur undir þessar gagnrýnisraddir og bendir á að með þessari túlkun meiri hlutans sé verið að kasta á glæ mögulegri réttarstöðu Íslands ef reynir á Icesave-samningana fyrir dómstólum.

c. Gengisáhætta.

Annar minni hluti telur mikilvægt að fjalla um þá miklu gengisáættu sem hvílir á íslenska ríkinu vegna Icesave-samninganna við Breta og Hollendinga. Áhætta þessi gerir það að verkum að mjög mikil óvissa er um hve þungar byrðar munu falla á ríkið þegar að því kemur að greiða lánið til baka. Þetta orsakast af því að kröfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á hendur gamla Landsbankanum var lýst 22. apríl sl. og hljóðar hún upp á 670 milljarða kr. Samkvæmt lögum nr. 44/2009 eru kröfur bundnar við þá fjárhæð, miðað við sölugengi Seðlabankans í krónum talið, sem lýst var í búið á kröfulýsingardegi. Krafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave hefur því verið fest í krónum og lá það fyrir frá 22. apríl 2009 að svo yrði. Skuld tryggingarsjóðsins við Breta og Hollendinga vegna Icesave er hins vegar bundin í pundum og evrum. Þetta skapar gengisáhættu. Sú áhætta sem um ræðir leiðir af lögum og þeirri staðreynd að samningurinn kallar á endurgjald til sjóðsins í annarri mynt en hann fær greidda úr þrotabúi Landsbankans. Það er mat 2. minni hluta að ekki megi líta fram hjá þessari áhættu við meðferð Icesave-málsins á Alþingi.

Í umsögn Seðlabankans til fjárlaganefndar, dags. 14. nóvember 2009, er í stuttu máli útskýrt hvað þessi gengisáhætta hefur í för með sér. Ef krónan styrkist minnkar skuldbinding tryggingarsjóðsins en á móti lækka eignir Landsbankans í krónum talið og þar með minnkar það sem fæst upp í kröfu tryggingarsjóðsins á hendur Landsbankanum. Þetta ætti ekki að valda tjóni. Hið sama gildir ef krónan veikist lítillega frá því gildi sem nú er. Ef krónan veikist hins vegar frekar mun virði eigna þrotabúsins hækka í krónum talið og þá getur komið upp sú staða að þrotabú Landsbankans geti greitt allar forgangskröfur, sem þýðir að þak er á þeirri úthlutun sem tryggingarsjóðurinn getur fengið. Á móti kemur að ekki eru takmörk á því hver skuldbinding sjóðsins getur orðið, í krónum talið, gagnvart Bretum og Hollendingum. Af þessu leiðir að almennir kröfuhafar í þrotabú Landsbankans hafa af því hag að krónan verði sem veikust því þá aukast möguleikar þeirra til að bera eitthvað úr býtum. Það er þvert á hag ríkissjóðs í þessu máli.

Þessi þróun mun ekki bæta stöðu tryggingarsjóðsins, því að hann mun aldrei fá meira út úr þrotabúinu en nemur þeim 670 milljörðum íslenskra króna sem hann lýsti í búið 22. apríl. Hins vegar munu skuldir sjóðsins við bresk og hollensk stjórnvöld hækka með lækkandi gengi krónunnar. Frá 22. apríl hefur gengi krónunnar lækkað og er andvirði höfuðstóls skuldar sjóðsins í krónum talið nú um 720 milljarðar kr. og eru áfallnir vextir þar ekki taldir með. Ef allar forgangskröfur fáist greiddar með eignum gamla Landsbankans mun ríkið þurfa að bera vaxtakostnaðinn. Höfuðstóll upp á 720 milljarða kr. og óbreytt gengi þýðir að eftir fimm ár verður nettóskuld tryggingarsjóðsins um 270 milljarðar kr., 380 milljarðar kr. eftir sjö ár og 500 milljarðar kr. eftir níu ár. Veikist krónan meira, t.d. um 25% gagnvart evru og pundi, verður nettóskuld íslenska ríkisins 500 milljarðar kr. eftir fimm ár og 780 milljarðar kr. eftir níu ár.

Hafa ber í huga að á flestum öðrum myntsvæðum væri þessi áhætta ekki alvarlegt vandamál þar sem hægt væri að verja hana með fjármálagerningum. Slíku er ekki til að dreifa í þessu tilviki þar sem krónan á í hlut og stendur ríkissjóður því berskjaldaður gagnvart gengisáhættunni. 2. minni hluti telur að ríkissjóður verði að verjast þessari gengisáhættu, en gagnrýnisvert er að engar vísbendingar liggja fyrir um það hvernig það verði gert eða hvort ríkið muni á endanum bera áhættuna.

Í umsögn Seðlabankans er áhættan ekki greind nánar og er ekki tekið tillit til hennar í útreikningum hans. Gengisspá Seðlabankans er því óvissu háð og þyrfti að skoða hvernig sú óvissa kemur við Icesave-skuldbindingarnar að teknu tilliti til gengisáhættunnar. Sú staða

gæti komið upp, ef allt fer á verri veg en grunnspá segir til um en þó innan óvissumarka, að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð á mun hærri upphæðum í krónum en nefndar hafa verið í þessu samhengi. Það er óviðunandi að leggja slíka áhættu á almenning í landinu.

d. Eignatilfærsla.

Íslenska ríkið er eigandi bankans NBI hf., sem tók yfir ýmsar eignir og skuldir gamla Landsbankans, og fól uppgjör m.a. í sér að NBI hf. gaf út skuldabréf í nokkrum myntum til gamla Landsbankans. Nafnverð þessa skuldabréfs nam um 335 milljörðum kr. í lok júní 2009 og er það að óverulegu leyti í íslenskum krónum. Nemur þessi eign gamla Landsbankans um 28% af heildareignum bankans og er því stór hluti eignanna. Það er því mikilvægt fyrir endurheimtur vegna Icesave að NBI hf. geti greitt af þessu bréfi. Í ljósi þess að NBI hf. yfirtók innlendan rekstur og innlendar eignir Landsbankans verður að skoða vandlega hvort veiking krónunnar hafi mögulega áhrif á greiðslugetu NBI hf. á skuldabréfi þessu. Þá verður að skoða hvort skuldbinding NBI hf. um að afhenda þetta magn af erlendri mynt hafi áhrif á gengi íslensku krónunnar á líftíma skuldabréfsins, en um er að ræða 335 milljarða kr. skuldbindingu af hálfu NBI hf. í erlendri mynt. Þetta atriði getur skapað verulegan þrýsting á krónuna til veikingar með fyrirséðum og ófyrirséðum afleiðingum fyrir almenning í landinu.

7. Pólitísk álitaefni.

a. Hræðsluáróðurinn.

Í umræðunni um Icesave hafa ýmsar fullyrðingar komið fram sem standast ekki nánari skoðun. Eru þær allar því marki brenndar að ef Íslendingar samþykkja ekki að greiða Icesave-samningana muni eitthvað hræðilegt gerast. Skýrasta dæmið um þetta eru fullyrðingar í fjölmiðlum um að EES-samningurinn sé í miklu uppnámi og að honum gæti verið sagt upp einhliða ef Íslendingar neituðu að greiða Icesave umfram skyldur. Á það skal bent að til þess að segja upp EES-samningnum þarf samþykki allra aðildarríkja innan EES, en fullyrðingar um slíkt hafa aldrei komið upp innan Evrópusambandsins. Aðspurður staðfesti utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, í fyrirspurn á Alþingi að slíkt væri með öllu fráleitt.

Í öðru lagi má nefna að fyrir 23. október sl. var því haldið fram í fjölmiðlum að gríðarlegar fjárhæðir mundu falla á Íslendinga ef ekki væri búið að ganga frá Icesave fyrir þann tíma. Einnig kom fram í fjölmiðlum að komið hefðu „ítrekað viðvaranir um það hvað gæti gerst 23. október og hvað gæti gerst ef við borguðum ekki eða stæðum í skilum varðandi Icesave-samninginn“ eins og formaður fjárlaganefndar komst að orði í viðtali við ríkissjónvarpið 14. október sl.

Hið rétta er að dagsetningin var hin fyrsta sem innlánshafar áttu kröfu á innstæðutryggingarsjóðinn. Má í rauninni segja að þarna hafi verið fyrsti gjalddagi kröfu sem frá upphafi málsins hefur verið ágreiningur um hvort eigi rétt á sér. Má einnig benda á að þetta var sá dagur sem Icesave-samningarnir hefðu átt að bera vexti frá. Hins vegar hefur íslenska ríkið í Icesave-samningunum gengist undir ábyrgð á dráttarvöxtum frá 1. janúar 2009 – umfram skyldu. Er það rökstutt með þeim hætti að fyrir þann tíma hafi Bretar einhliða ákveðið að greiða sínum innstæðueigendum og þarlendum innstæðueigendum meira en þeim bar samkvæmt reglum Evrópusambandsins frá árinu 1999.

Annar minni hluti benti oftsinnis á að ekkert annað mundi gerast 23. október en að þessi greiðsluskylda hæfist. Ef ekki væri búið að ganga frá Icesave-samningunum fyrir þann tíma, hvað þá ef þeim hefði verið hafnað eins og 2. minni hluti hefði helst óskað, stæði það upp á Breta og Hollendinga að krefjast þess að Íslendingar greiddu umfram þá fjármuni sem eftir

stóðu í innstæðutryggingarsjóðnum við bankahrunið 6. október 2008. Þá hefði einnig mátt segja að Íslendingar hefðu verið komnir í þá kjöraðstöðu að Hollendingar og Bretar hefðu þurft að fá dóm fyrir kröfum sínum og hefði það þótt eðlileg og sanngjörn krafa að á greiðsluskylduna hefði reynt fyrir hlutlausum dómstól.

Því var einnig haldið fram í sömu umræðu að ef ekki yrði búið að ganga frá Icesave fyrir 23. október mundi reyna á hvort neyðarlögin, sem Alþingi Íslendinga setti 6. október 2008 og breytti forgangsröðun krafna í þrotabú Landsbanka Íslands, stæðust stjórnarskrána. 2. minni hluti vill benda á að ekki verður hægt að sjá að hagsmunum Hollendinga og Breta hefði verið betur borgið með því að fara með slík mál fyrir dómstóla, þar sem stór hluti krafna borgara þeirra ríkja yrðu almennar og þar af leiðandi aftar í úthlutunarröðinni. Einnig benti 2. minni hluti á þá staðreynd að Þjóðverjar og Belgar og þarlendir innstæðueigendur hefðu þegar höfðað dómsmál til að láta reyna á gildi neyðarlaganna og að niðurstaða úr þeim málum mundi væntanlega berast innan örfárra vikna eða mánaða. Þá skal því haldið til haga að Bretar og Hollendingar hafa í Icesave-samningunum tryggt sig fyrir því að niðurstaða úr þeim dómsmálum muni ekki á nokkurn hátt skaða hagsmuni þeirra.

8. Niðurlag.

Annar minni hluti telur að sú aðgerð sem verið er að ráðast í með fyrirliggjandi frumvarpi dimmi ljósin fyrir komandi kynslóðir. Þau skref sem nú eru stigin gera það að verkum að efnahagslegir fyrirvarar Alþingis frá 28. ágúst sl. eru aftengdir. Ábyrgðin á greiðslum verður óendanleg í tíma, samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnar og með samþykkt meiri hlutans, og tekur ekki enda fyrr en allt hefur verið greitt upp af Íslands hálfu – án þess að tekið verði tillit til aðstæðna hér á landi.

Framsóknarflokkurinn hefur frá upphafi barist gegn því að Íslendingar taki á sig þessar drápsklyfjar og hefur ítrekað bent á að Íslendingum hefur margsinnis verið meinað að neyta réttar síns. Íslendingar hafa verið neyddir til að taka á sig skuldbindingar til að innstæðutryggingarkerfi Evrópu bresti ekki. Fráleitt er að komandi kynslóðir taki á sig skuldir sem fáeinir óreiðumenn stofnuðu til vegna reglna Evrópusambandsins sem Íslendingar tóku upp athugasemdalaust. Vert er að halda til haga að aðilar innan annarra ríkja Evrópu höfðu nýtt sér sömu reglur í þeim tilgangi að stofna bankaútibú þvert á landamæri.

Annar minni hluti telur að með málinu sé verið að gera stærstu mistök Íslandssögunnar. Aldrei hefur ríkisstjórnin reynt að tala máli þjóðarinnar á erlendum vettvangi. Þessi ákvörðun kann að valda því að lífsskilyrði á Íslandi verði verri til fleiri ára en vera þyrfti.

Það verður ekki hjá því komist að minnast á umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu, en sú umræða hefur blandast mjög inn í þessa umræðu. Fram hefur komið í fjölmiðlum að samþykki Íslendingar ekki Icesave-samingana sé aðildarumsókninni stefnt í voða.

Einnig má benda á að titringur og átök innan stjórnarflokkanna hafa fyrst og fremst komið til vegna samninganna, ef marka má fréttir fjölmiðla. Jafnframt hefur sú hótun verið undirliggjandi að ríkisstjórnarsamstarfið sjálft velti á því hvort samningarnir fari í gegn, jafnvel í orðum forsætisráðherra á Alþingi. Þetta hefur skekkt umræðuna um Icesave-málið, gert hana ómarkvissa og að mörgu leyti ómálefnalega.

Frá upphafi málsins hefur skoðun 2. minni hluta fjárlaganefndar verið að óverjandi væri að samþykkja fyrirliggjandi ábyrgð íslenska ríkisins á Icesave-samningunum. Sú skoðun hefur ekki breyst.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 19. nóv. 2009.

Höskuldur Þórhallsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Fréttatilkynning frá Indefence-hópnum, 2. nóvember 2009.

258. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Málsmeðferð í fjárlaganefnd Alþingis.

Þriðji minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir harðlega þá meðferð sem frumvarpið fékk hjá meiri hlutanum í fjárlaganefnd. Sú málsmeðferð sem meiri hlutinn viðhafði endurspeglar engan veginn þá gríðarlegu þjóðarhagsmuni sem eru í húfi. Það er mikilvægt að fastanefndir Alþingis vandi vinnubrögð við yfirferð einstakra mála sem þau fá til meðferðar og fjalli um alla þætti þess. Slíkt verklag er ekki síst mikilvægt þegar til meðferðar eru frumvörp sem varða heildarhagsmuni þjóðarinnar. Því miður kastaði meiri hlutinn til höndum við meðferð þessa frumvarps með þeim hætti að efast má um að málsmeðferðin uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í lögum um þingsköp Alþingis.

Í því sambandi bendir 3. minni hluti í fyrsta lagi á að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar var aldrei tekið til efnislegrar meðferðar innan fjárlaganefndar áður en það var afgreitt frá nefndinni. Slík málsmeðferð hlýtur að teljast einsdæmi og ekki í nokkru samræmi við þau vinnubrögð sem þingskapalög gera ráð fyrir að viðhöfð séu við meðferð mála á Alþingi.

Einnig vill 3. minni hluti geta þess að við meðferð málsins óskaði hann góðfúslega eftir því að á fund nefndarinnar yrði kallaður fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands og fyrrum formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem lagði fram og mælti fyrir þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2008 þar sem kveðið var á um að samningar milli Íslands, Hollands og Bretlands skyldu byggjast á svokölluðum Brussel-viðmiðum. Ástæðan fyrir því að 3. minni hluti óskaði eftir því að fyrrverandi utanríkisráðherra yrði kallaður á fund nefndarinnar er sú að nýverið upplýsti ráðherrann fyrrverandi að hann teldi að í þeim samningaviðræðum sem leitt hafa af sér það frumvarp sem hér er til meðferðar hafi íslensk stjórnvöld gengið til samninga sem sakamenn, sjá fylgiskjal III. Vegna gallaðrar tilskipunar sé ófært að íslenska þjóðin verði ein látin bera þær fjárhagslegu byrðar sem af Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. í Hollandi og Bretlandi leiðir og frumvarp þetta mælir fyrir um og að undan því verði að komast. Af óútskýrðum ástæðum höfnuðu fulltrúar

Samfylkingarinnar og vinstri grænna í fjárlaganefnd því að fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar og fyrrum utanríkisráðherra Íslands yrði kallaður á fund nefndarinnar.

Síðast en ekki síst er rétt að geta þess að með bréfi, dags. 4. nóvember sl., óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir því við efnahags- og skattanefnd Alþingis að sú síðarnefnda tæki efnahagslega þætti samninganna við Bretland og Holland til umfjöllunar. Það gerði nefndin og skilaði fjárlaganefnd fjórum vönduðum og efnismiklum álitum. Meiri hluti fjárlaganefndar kaus hins vegar að gera ekkert með þessi álit og hafði þau að engu. Þau voru hvorki yfirfarin af nefndinni né voru höfundar þeirra kallaðir á fundi nefndarinnar til þess að gera grein fyrir þeim eins og gjarnan er gert þegar frumvörp eru send milli fastanefnda Alþingis til meðferðar.

Þriðji minni hlutinn telur vera með ólíkindum að meiri hlutinn ljúki umfjöllun í einu afdrifaríkasta máli lýðveldistímans án þess að hafa rætt einstaka þætti þess í nefndinni eða ígrundað á fundum hennar þau gögn og upplýsingar sem fyrir nefndina hafa verið lagðar. Auk þess er það nánast dónaskapur við þá gesti sem hafa óskað eftir að koma fyrir nefndina að hafa gagnrýni og skoðanir þeirra að engu og hirða ekki um að eyða svo mikið sem einum fundi nefndarinnar í að ræða gagnrýni þeirra og athugasemdir.

Þau vinnubrögð sem hér er lýst eru með öllu óviðunandi og óskiljanleg ekki síst í ljósi þess góða samstarfs sem tókst á Alþingi í sumar um það meginverkefni að standa vörð um þjóðarhagsmuni í þessu máli. Því miður hefur meiri hlutinn við úrvinnslu þessa máls ekki gefið kost á sambærilegri varðstöðu við vinnslu frumvarpsins. Að mati 3. minni hluta uppfyllir málsmeðferðin ekki þær kröfur sem gerðar eru til vinnubragða og verklags í fastanefndum Alþingis samkvæmt þingsköpum eins og áður sagði. Með þeim hefur meiri hluti fjárlaganefndar sniðgengið þá rannsóknarskyldu sem fastanefndir Alþingis eiga að sinna við meðferð mála.

Slík vinnubrögð í svo mikilsverðu hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar eru hvorki meiri hlutanum né Alþingi Íslendinga til sóma.

Gangur málsins.

Með þingsályktun 5. desember 2008 samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að semja um lyktir Icesave-deilnanna við bresk og hollensk stjórnvöld. Alþingi fól ríkisstjórninni að ganga til samninga á grundvelli svokallaðra Brussel-viðmiða, sem ríkisstjórnir hlutaðeigandi ríkja náðu samkomulagi um, með aðkomu Evrópusambandsins. Inntakið í þessum viðmiðum er að Íslendingar samþykktu að Evróputilskipun um innstæðutryggingar 94/19/EB gilti hér á landi á sama hátt í aðildarríkjum Evrópusambandsins og Bretar og Hollendingar lýstu því yfir að við samningaviðræður um fjárhagsaðstoð til landsins yrði fullt tillit tekið til fordæmalausrar stöðu Íslands í ljósi þess að fjármálakerfi landsins hrundi. Í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar 5. desember sl. var skýrt tekið fram að viðunandi samningar, á grundvelli þessara Brussel-viðmiða, væru forsenda fyrir því að ekki yrði látið reyna á lagalega stöðu landsins þegar á þeim tíma heldur láta reyna á samningaviðræður til þrautar.

Þrátt fyrir þessi skýru fyrirmæli löggjafans ákvað ríkisstjórn Íslands 5. júní 2009 að skrifa undir samninga við Bretland og Holland sem gengju þvert á þau samningsmarkmið sem Alþingi hafði lagt til grundvallar í desember 2008. Þeir samningar sem kynntir voru í byrjun júní sl. voru í engu samræmi við vilja Alþingis eins og hann birtist í lok árs 2008. Ríkisstjórnin hvorki upplýsti Alþingi um það sem í vændum var né fór fram á að Alþingi tæki til skoðunar þau drög að samkomulagi sem voru í burðarliðnum snemmsumars heldur virti vilja

þingsins að vettugi með því að skrifa undir samningana án þess að kynna Alþingi þá. Með þessu gekk framkvæmdarvaldið freklega fram hjá skýrum vilja Alþingis.

Ekki þarf að koma á óvart að slíkur málatilbúnaður olli því að mikil andstaða varð við málið. Við meðferð málsins á Alþingi var unnið að því að færa það nær upphaflegum viðmiðum og var frumvarp ríkisstjórnarinnar loks samþykkt mikið breytt með ákveðnum fyrirvörum á ríkisábyrgðinni sem voru lagalegir, efnahagslegir og pólitískir. Samkvæmt lögunum skyldi ríkisstjórnin kynna viðsemjendunum þá fyrirvara sem samþykktir voru með lögum frá Alþingi, nr. 96 frá 2. september 2009.

Samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Ríkisstjórnin kynnti viðsemjendum fyrirvarana og gekk í kjölfarið til samningaviðræðna að nýju án þess að bresk og hollensk yfirvöld hefðu formlega lýst því yfir að þau hefðu ekki fallist á fyrirvara laga nr. 96/2009 í samræmi við 2. mgr. 1. gr. Er það ákvæði því enn í gildi. Skrifað var undir viðaukasamninga við Bretland og Holland sem voru í grundvallarandstöðu við vilja Alþingis eins og hann birtist í lögum nr. 96/2009. Hið sama gerðist við undirritun Icesave-samninga 5. júní sl. þegar stjórnvöld fóru út fyrir samningsumboð það sem Alþingi veitti með svokölluðum Brussel-viðmiðum í þingsályktun 5. desember 2008. Þrátt fyrir að Alþingi hafi í annað skipti gefið framkvæmdarvaldinu skýr fyrirmæli um vilja sinn í málinu og þrátt fyrir að löggjafinn hafi með þeirri lagasetningu reynt að verja hagsmuni íslenskra ríkisborgara eins og kostur var virðist skoðun ríkisstjórnar Íslands vera sú að henni sé heimilt að virða ekki vilja löggjafans. Þessi afstaða og framganga ríkisstjórnarinnar er ámælisverð og vekur áleitnar spurningar um það hver afstaða framkvæmdarvaldsins er nú um stundir til Alþingis Íslendinga.

Stjórnarskrá Íslands gerir ráð fyrir þrískiptingu ríkisvaldsins á milli tiltekinna handhafa þess og þar segir í 2. gr.:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Almennt er talið í íslenskum stjórnskipunarrétti að löggjafinn þurfi ekki að sæta neinum takmörkunum af framkvæmdarvaldsins hálfu. Þvert á móti er Alþingi talin æðsta stofnun þjóðfélagsins. Alþingismenn eru kjörnir beint af þjóðinni í kosningum og styrkir það stöðu þeirra verulega gangvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Í krafti lagasetningarvalds síns leggur þingið grunn að skipulagi stjórnsýslu og dómsvalds og þar með undirstöðurnar fyrir aðra þætti ríkisvaldsins, með öðrum orðum hefur Alþingi Íslendinga það hlutverk að ákvarða fyrir fram hvernig stjórnarframkvæmdinni skuli hagað. Stjórnskipanin gerir ráð fyrir að Alþingi sé falið tiltekið stjórnunarhlutverk gagnvart framkvæmdarvaldinu og þinginu er því ætlað að setja framkvæmdarvaldinu skorður með lagasetningu sem afmarkar valdsvið þess.

Þótt Alþingi sé með þessum hætti falið mikið vald hefur því verið haldið fram að það sé í reynd ríkisstjórnin sem ráði ferð í samskiptum þessara tveggja valdhafa. Þessi staðreynd endurspeglast vel í því máli sem hér um ræðir, svokölluðum Icesave-samningum, þar sem Alþingi hefur á öllum stigum þess verið háð ríkisstjórninni um upplýsingar.

Það er jafnframt verðugt athugunarefni hvernig Alþingi skuli bregðast við þegar framkvæmdarvaldið gengur með þeim hætti sem að framan greinir á svig við vilja Alþingis. Eitt er víst að þetta háttarlag framkvæmdarvalds gagnvart löggjafarvaldinu hlýtur og verður að teljast algjört undantekningartilvik og það verður að tryggja að það verði ekki meginregla í samskiptum þessara aðila.

Hér á eftir verður vikið að því hvernig framkvæmdarvaldið hefur nú til viðbótar við ámælisverð samskipti sín við löggjafarvaldið ákveðið að setja dómsvaldinu á Íslandi verulegar skorður á grundvelli samninga sem gerðir eru við erlend ríki til lúkningar umdeildri kröfu í Icesave-málinu. Þetta gerir ríkisstjórn Íslands með því að gefa íslenskum dómstólum fyrirmæli um að leita til erlendra dómstóla og fara að ráðgefandi niðurstöðu þeirra í dómsniðurstöðum sínum. Slík framganga ríkisstjórnar sjálfstæðs ríkis hlýtur að vera einsdæmi á byggðu bóli og er íslenskum stjórnvöldum til minnkunar. Ekki síst er þetta ámælisvert þegar komið hafa í ljós veigamiklar upplýsingar sem skipt geta sköpum varðandi mögulega greiðslubyrði þjóðarinnar af þeim skuldbindingum sem meiri hlutinn leggur til að Íslendingar undirgangist að tillögu ríkisstjórnarinnar.

Framsal dómsvalds.

Eins og áður segir er kveðið á um það í 2. gr. stjórnarskrárinnar að dómendur fari með dómsvald hér á landi. Í 59. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að skipun dómsvalds verði eigi ákveðin nema með lögum. Eins og kunnugt er kveða íslensk lög á um að dómstig á Íslandi séu tvö, héraðsdómur og Hæstiréttur Íslands, sem fer með æðsta dómsvald á Íslandi.

Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins felur það í sér að handhafar þess eru sjálfstæðir og óháðir hver gagnvart öðrum. Um þetta er ekki deilt í íslenskum stjórnskipunarrétti.

Í 1. mgr. 2. gr. þess frumvarps sem hér er til meðferðar er kveðið á um það að ekkert í frumvarpinu feli í sér viðurkenningu á því að íslenska ríkinu hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir hins vegar:

„*Fáist síðar úr því skorið, fyrir þar til bærum úrlausnaraðila, og sú úrlausn er í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurð Evrópudómstólsins, að á íslenska ríkinu hafi ekki hvílt skylda af þeim toga sem nefnd er í 1. mgr., eða að á öðru aðildarríki EES-samningsins hafi ekki hvílt slík skylda í sambærilegu máli, skal fjármálaráðherra efna til viðræðna við aðra aðila lánasamninganna, og eftir atvikum einnig Evrópusambandið og stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins, um það hvaða áhrif slík úrlausn kunni að hafa á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins samkvæmt þeim.*“

Fram til þessa hafa þau álit sem íslenskir dómstólar hafa leitað eftir hjá EFTA-dómstólnum verið ráðgefandi en ekki bindandi. Með fyrrgreindu ákvæði frumvarpsins er í raun lagt til að Hæstarétti Íslands verði gert skylt að leita álits hjá EFTA-dómstólnum vegna lagalegs ágreinings sem kann að verða gerður um skuldbindingar íslenska ríkisins vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands og að það álit verði bindandi. Með því er ljóst að frumvarpið gerir ráð fyrir að æðsta dómsvald á Íslandi verði framselt til yfirþjóðlegrar stofnunar, EFTA-dómstólsins.

Augljóst er að krafan um það framsal á dómsvaldi sem frumvarpið mælir fyrir um er frá viðsemjendum ríkisstjórnar Íslands komin og staðfestir að hvorki bresk stjórnvöld né hollensk treysta íslenskum dómstólum til þess að leiða til lykta á hlutlægan hátt ágreining sem upp kann að koma vegna Icesave-málsins. Því miður staðfestir þetta ákvæði frumvarpsins að ríkisstjórn Íslands hefur fallist á vantraust viðsemjenda sinna á íslenskum dómstólum.

Það er verulegt álitamál hvort löggjafinn hafi að stjórnlögum, þar á meðal ákvæðum stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvaldsins, heimildir til þess að skipa Hæstarétti Íslands og íslenskum dómstólum fyrir með þeim hætti sem ákvæði frumvarpsins kveður á um. Jafnframt

er það líklega einsdæmi að við úrlausn ágreinings sé um það samið að binda niðurstöður um úrlausn lagalegs ágreinings við ráðgefandi álit stofnunar, en ekki við niðurstöður dómstóls.

Telur 3. minni hluti að með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár Íslands og meginreglunni um sjálfstæði dómsvaldsins sé löggjafanum óheimilt að framselja dómsvald með þeim hætti sem frumvarpið mælir fyrir um.

Fyrirvari um úthlutun krafna úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. háður túlkun EFTA-dómstólsins.

Það framsal dómsvalds sem vikið er að hér að framan og sú breyting sem lagt er til að gerð verði á ákvæðum laga nr. 96/2009, ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á samningunum við Breta og Hollendinga, leiðir til þess að mati 3. minni hluta að torsóttara verði en ella fyrir Ísland að fá forgang á kröfur í bú Landsbanka Íslands hf. við gjaldþrotaskipti.

Ekki verður betur séð en að samkvæmt frumvarpinu og hinum nýju samningum sé mælt svo fyrir að þó svo að reglur um úthlutun úr búi Landsbanka Íslands hf. skuli standa óbreyttar sé það fyrirkomulag háð því að það sé í samræmi við niðurstöðu íslenskra dómstóla og að sú niðurstaða sé í samræmi við ráðgefandi álit frá EFTA-dómstólnum.

Af dómasafni Hæstaréttar Íslands má ráða að Hæstiréttur hefur túlkað ákvæði um ráðgefandi álit með mjög mismunandi hætti. Af þeim dómsúrlausnum sem fyrir liggja er alls ekki víst að mati margra lögfræðinga að Hæstiréttur Íslands féllist á það að réttinum bæri skylda til þess að leita eftir slíku áliti í því tilviki sem hér um ræðir.

Að sama skapi telja lögfræðingar verulegar líkur á því að óski Hæstiréttur Íslands eftir slíku áliti frá EFTA-dómstólnum væru talsverðar líkindi á því að dómstóllinn mundi ekki veita slíkt álit. Það mat byggist fyrst og fremst á því að meginhlutverk EFTA-dómstólsins er að meta hvort reglur landsréttar, í þessu tilviki íslensks gjaldþrotaréttar, séu í samræmi við reglur EES-réttarins.

Þriðja minni hluta er ekki kunnugt um að það sé hlutverk EFTA-dómstólsins að úrskurða um það með hvaða hætti eigi að úthluta fjármunum úr einstökum þrotabúum fyrirtækja til kröfuhafa. Lögsaga í slíkum málum fellur undir dómstóla einstakra ríkja. Af því leiðir að teldi Hæstiréttur Íslands sér ekki skylt að leita álits EFTA-dómstólsins eða EFTA-dómstóllinn teldi sig ekki hafa lögsögu í að skera úr ágreiningi um úthlutun krafna úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. yrði sú niðurstaða undir öllum kringumstæðum á kostnað Íslendinga en að sama skapi til hagsbóta fyrir Breta og Hollendinga.

Nýjar upplýsingar og gögn.

Síðar í þessu áliti verður gerð nánari grein fyrir þeim viðamiklu breytingum sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir á lögum nr. 96/2009, verði það samþykkt. Þær breytingar munu leiða til þess að þeir fyrirvarar sem Alþingi setti í haust við ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eru því sem næst að engu orðnir. Til viðbótar þeirri óvissu sem þessi áform munu skapa hafa á síðustu dögum komið fram nýjar upplýsingar sem skilyrðislaust ætti að taka tillit til og kalla á frekari athugun ef vilji er fyrir því að vanda til verka í þessu mikla hagsmunamáli Íslendinga.

1. Skuldabyrðin.

Í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) kemur fram að skuldabyrði íslenska þjóðarbúsins er mun meiri en áður var talið. Í skýrslunni er skuldabyrðin metin um 310% af vergri landsframleiðslu. Þetta er veruleg hækkun frá því sem áður var talið. Athyglisvert er að þessi hækkun verður þrátt fyrir að nú sé talið að meira innheimtist af eignum Landsbankans en talið var síðasta sumar. Þessar nýju upplýsingar benda til þess að áhætta hvað varðar greiðsluþol hafi aukist mjög frá því sem talið var síðasta sumar.

2. Ný gögn og gengisáhætta.

Með lögum nr. 44/2009 var lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, breytt. Breytingin gerði það m.a. að verkum að þrotabú Landsbankans þurfti að umreikna kröfuskrá sína miðað við gildistökudag laganna. Kröfur í búið eru því í reynd frystar að krónutölu miðað við gengi krónunnar 22. apríl sl. Krafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er því fryst líkt og aðrar kröfur og nemur krafa sjóðsins í búið 670 milljörðum kr. sem var jafnvirði lána Breta og Hollendinga miðað við gengi krónunnar þennan dag.

Af þessu leiðir að fari svo að gengi krónunnar veikist frá því sem var í apríl fæst minna upp í kröfur vegna Icesave-reikninganna. Þetta stafar af þeirri staðreynd að lánasamningarnir eru í erlendum myntum en kröfur innstæðutryggingarsjóðsins í krónum og ef gengið veikist þá fæst minni gjaldeyrir fyrir útgreiddar kröfur. Gengisáhættan lendir þannig öll á innstæðutryggingarsjóðnum og að lokum á ríkissjóði. Í aðdraganda þess að lög nr. 44/2009 voru sett mun skilanefnd Landsbankans þegar í febrúar hafa bent viðskiptaráðuneytinu á að verulegir hagsmunir kynnu að tengjast þessari uppgjörsaðferð og að huga þyrfti rækilega að því hvernig reglum um myntbreytingar í slitaferli bankanna yrði háttað. Upplýsingar þess efnis voru ekki í svokölluðum Icesave-gögnum sem sett voru fram síðastliðið sumar né heldur var Alþingi upplýst við vinnu sína í sumar um þetta mikilsverða atriði. Þessi vinnubrögð telur 3. minni hluti ámælisverð.

Fyrir liggur að slitastjórnir gömlu bankanna hafa í bréfi 12. nóvember 2009 til efnahags- og skattanefndar og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins lagt til að þeirri óvissu verði eytt sem lýtur að ákvæðum laga varðandi úthlutun í erlendri mynt.

Skemmst er frá því að segja að álitamál tengd gengisáhættu hlutu enga umfjöllun í nefndum Alþingis fyrr en í nú í haust.

3. Ótímasett ríkisábyrð.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að ef hagvaxtarreglan leiðir til þess af einhverjum orsökum að eitthvað standi eftir af höfuðstól lánanna árið 2024 verða lánin framlengd allt þar til þau hafa verið greidd upp. Vísbendingin sem felst í þessu ákvæði, að lánin megi hugsanlega framlengja eftir árið 2024, er sú að mögulegt sé að hagvaxtarforsendur gætu brostið. Ef þannig færi er ljóst að stöðnun og versnandi lífskjör mundu einkenna íslenskt efnahagslíf. Hinum efnahagslegu fyrirvörum Alþingis í lögum nr. 96/2009 var ætlað að verja Ísland fyrir áföllum af því tagi sem hér um ræðir í samræmi við Brussel-viðmiðin. Ef slíkar aðstæður kynnu að skapast taldi Alþingi algerlega óásættanlegt að þjóðin yrði jafnframt að bera þær byrðar sem af Icesave-samningunum leiddi. Því var sá fyrirvari settur sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir nú ráð fyrir að verði afnuminn.

4. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Því hefur verið haldið fram að þessu máli verði að ljúka því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vildi ekki endurskoða samstarfsáætlun sjóðsins og íslenskra stjórnvalda nema Icesave-málið yrði til lykta leitt á þeim forsendum sem ríkisstjórnin hefur haldið að Alþingi. Í ljósi efnahagslegra hagsmuna Íslands yrði því Alþingi að fallast á kröfur Breta og Hollendinga sem fyrst. Þannig fullyrti fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir fyrra frumvarpi sínu um ríkisábyrgð á lánum innstæðutryggingarsjóðsins að afleiðingar af því að Alþingi hafnaði frumvarpi hans yrðu þær að „samstarfsáætlunin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og afgreiðsla gjaldeyrislána þaðan [strandaði]“. Þessu hefur framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrisjóðsins, Strauss-Kahn, neitað í bréfi til Gunnars Sigurðssonar sem birt hefur verið í fjölmiðlum og hægt er að nálgast á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrisjóðsins.

Jafnframt segir framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fyrrgreindu bréfi að ástæður tafa á fyrirgreiðslu sjóðsins megi rekja til afstöðu ríkisstjórna Norðurlandanna. Í ljósi þessa eru undarleg, svo ekki sé meira sagt, eftirfarandi ummæli Jóns Sigurðssonar, formanns samninganefndar um hin norrænu lán, en hann sagði í viðtali við Ríkisútvarpið 29. júlí: „Engin skilyrði voru fyrir því í lánasamningum við Norðurlöndin að Alþingi samþykkti Icesave.“ Forsætisráðherra bætti svo um betur skömmu síðar í umræðum á Alþingi og sagði það „alveg skýrt og klárt að norrænu lánin [væru] ekki tengd við Icesave“.

Þriðji minni hluti telur það niðurlægjandi fyrir þjóð og þing að fjármálaráðherra Íslands skuli undirrita yfirlýsingu með fjármálaráðherrum Hollands og Bretlands sem felur m.a. í sér að síðarnefndu ríkin heimili endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætlun Íslendinga. Sú sameiginlega yfirlýsing er ótvíræð sönnun þess að Bretar og Hollendingar líta svo á að fjárkúgun þeirra í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafi borið fullan árangur. Frá þeirra sjónarmiði er nú fullnaðarsigur unninn í Icesave-málinu og því óþarfi að halda málefnum Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í gíslingu. Það eitt ætti að nægja til að færa kjörnum fulltrúum þjóðarinnar heim sanninn um að í viðaukasamningum ríkisstjórnar Íslands við Breta og Hollendinga eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar enn fyrir borð bornir.

5. Nýjar upplýsingar – samantekt.

Af því sem hér að framan er rakið má ljóst vera að enn og aftur eru að koma fram upplýsingar sem við eðlilegar aðstæður ættu að gefa Alþingi fullt tilefni til að fara gaumgæfilega yfir forsendur þessa frumvarps og málatilbúnað ríkisstjórnarinnar sem hefur frá 1. febrúar 2009 allt forræði þessa máls á sinni könnu. Því miður bendir margt til þess að ríkisstjórnin hafi frá upphafi einsett sér að fá samþykki meiri hluta Alþingis fyrir skilyrðislausri og ótímabundninni ábyrgð íslenskra skattgreiðenda á skuldum íslensks einkafyritækis. Í þeirri vörn sem Alþingi hefur fram til þessa viljað halda uppi fyrir ríkissjóð hefur það verið í þeirri einkennilegu aðstöðu að þurfa sífellt að toga fram upplýsingar og gögn sem varða málið. Smátt og smátt hefur komið í ljós að framganga íslenskra stjórnvalda í þessu máli hefur verið með miklum ólíkindum og vandséð hvað ráðið hefur för ríkisstjórnarinnar í þeim blekkingaleik sem hún hefur stundað í þessu máli.

Lög nr. 96/2009.

Með því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar eru lagðar til grundvallarbreytingar á þeim lögum sem Alþingi samþykkti í september sl. Fyrirvararnir sem gerðir voru við ríkisábyrgðina voru að einhverju leyti færðir í samningana við viðsemjendurna, þ.e. viðauka við þá, og frekari breytingar og takmarkanir gerðar sem lúta m.a. að forræði íslenskra dómstóla.

Þegar ákvæði laga nr. 96/2009 og þau skilyrði sem ríkisábyrgðinni voru sett af Alþingi eru borin saman við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar kemur berlega í ljós að fullyrðingar um að breytingarnar í viðaukasamningunum séu gerðar til að „samrýma að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrirvara sem koma fram í 1. til 4. gr. laga nr. 96/2009“ standast enga skoðun svo sem sjá má í eftirfarandi samanburði:

1. Brussel-viðmiðin.

Lög nr. 96/2009 kváðu á um að lánasamningarnir skyldu túlkaðir í samræmi við hin umsömdu viðmið frá 14. nóvember þar sem meðal annars var gert ráð fyrir að tekið væri sérstakt tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi.

Með frumvarpinu er lagt til að þetta falli brott úr lögunum og þess í stað er sett inn í viðaukasamningana að samningsaðilar líti svo á að við samningagerðina nú hafi verið samið í samræmi við Brussel-viðmiðin. Með lögunum var tilvísun til Brussel-viðmiða öryggisventill fyrir Íslendinga ef til þess kæmi að samningarnir yrðu túlkaðir án tillits til slíkra sjónarmiða, en nú segir í frumvarpinu að nýju samningarnir séu í samræmi við þessi viðmið. Íslensk stjórnvöld hafa undirritað samninga þar sem segir að samningarnir séu í samræmi við Brussel-viðmiðin og þar með hafa þau undirgengist að Bretar og Hollendingar geti knúið fram efndir samninganna hversu óhagstæð sem túlkun þeirra kann að verða Íslendingum.

Með því að skrifa undir að í samningunum hafi fullt tillit verið tekið til „fordæmislausra aðstæðna Íslands“ mætti halda því fram að ríkisstjórnin sé búin að kasta frá sér öllum möguleikum á að álykta síðar á öðrum vettvangi, ef þörf krefur, að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til erfiðra aðstæðna Íslendinga.

2. Fullveldisákvæðið – friðhelgisrétturinn.

Tryggt var að ekki yrði hægt að gera aðför að eigum Íslands sem fullvalda ríkis. Í Icesave-samningunum voru ákvæði þar sem fallið er frá þessum friðhelgisrétti, svo furðulegt sem það má telja. Þessu var snúið við í meðförum Alþingis. Viðaukasamningarnir bæta réttarstöðu Íslands hvað þetta ákvæði varðar frá því sem var í samningunum frá 5. júní 2009 en bætir þó engu við þá fyrirvara sem Alþingi samþykkti með lögum nr. 96/2009.

3. Yfirráð yfir náttúruauðlindum.

Sett var inn ákvæði í frumvarpið sem tryggði með skýrum hætti, gagnstætt því sem var í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, yfirráð yfir náttúruauðlindum landsins og jafnframt rétt íslenskra stjórnvalda til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhaldsins.

Viðaukasamningarnir bæta réttarstöðu Íslands hvað þetta ákvæði varðar frá því sem var í samningunum frá 5. júní 2009. Hafa ber þó í huga að þeir efnahagslegu afarkostir sem í samningunum felast gætu allt eins leitt til þess að á þessi ákvæði kynni að reyna.

4. Efnahagsleg viðmið.

Með frumvarpi sínu 5. júní 2009 lagði ríkisstjórnin til að Alþingi samþykkti að Íslendingar ábyrgðust án nokkurra takmarkana allar þær fjárhagslegu skuldbindingar sem af Icesave-samningunum leiddu. Með öðrum orðum fór fjármálaráðherra fram á óskilyrta ríkisábyrgð á gríðarlega háum greiðslum innstæðutryggingarsjóðsins til Breta og Hollendinga án tillits til fjárhagslegrar getu þjóðarbúsins til þess að standa undir greiðslunum.

Í meðförum Alþingis voru reistar stífar skorður við því að fjárhagsleg byrði af ríkisábyrgðinni yrði of íþyngjandi og var hún miðuð við tiltekna hámarksgreiðslu úr ríkissjóði.

Ríkisábyrgðin átti aldrei að vera hærri en sem næmi 6% af vexti landsframleiðslunnar. Þetta var gert í anda hinna umsömdu Brussel-viðmiða.

Á þessum mikilvægu fyrirvörum við ríkisábyrgðina sem Alþingi varði mestum tíma í að semja sl. sumar hafa verið gerðar veigamiklar breytingar sem aftengja með öllu þær varúðarreglur sem innbyggðar voru í þá efnahagslegu fyrirvara sem Alþingi setti í lög nr. 96/2009.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ávallt skuli greiða áfallna vexti af höfuðstól Icesave-lánanna sem falla til árið 2016 og að greiðslur skuli halda áfram eftir árið 2024 þar til lánin eru að fullu greidd. Þetta er gagnstætt því sem Alþingi ákvað sl. sumar.

Í viðaukasamningunum er kveðið á um að ávallt skuli greiða vexti af höfuðstól lánanna en höfuðstólsgreiðsla sé takmörkuð við 6% af hagvexti. Ef forsendur um hagvöxt bresta verða lánin framlengd allt þar til að þau eru að fullu greidd. Vaxtagreiðslan miðað við 300 milljarða kr. höfuðstól verður því 16,5 milljarðar kr. árlega ef ekkert er greitt af höfuðstól. Í þessu felst mikil áhætta ef hagvöxtur verður lítill sem enginn í framtíðinni. Mikilvægt er að hafa reynslu Japana frá áttunda og níunda áratug síðustu aldar í huga. Eftir kreppuna þar tók við langvarandi stöðnunarskeið, m.a. vegna mikillar skuldabyrði. Hagvöxtur var lítill sem enginn og efnahagslífinu hnignaði. Ef svipuð staða kæmi upp á Íslandi í framtíðinni, sem er alls ekki óhugsandi ef núverandi atvinnu- og skattastefna er höfð í huga, gæti aftenging efnahagsfyrirvara Alþingis leitt miklar efnahagslegar þrengingar yfir Ísland í framtíðinni.

Samkvæmt framansögðu telur 3. minni hluti augljóst að grundvallarbreyting hefur verið gerð á þeim efnahagslegum fyrirvörum Icesave-ríkisábyrgðarinnar sem Alþingi leiddi í lög nr. 96/2009 – þeir hafa verið aftengdir algjörlega.

5. Skilyrðislaus og ótímabundin ríkisábyrgð.

Í þeim fyrirvörum sem Alþingi setti og samþykktir voru í sumar var sett sólarlagsákvæði á ríkisábyrgðina. Kveðið var á um að ríkisábyrgðin stæði ekki lengur en til 5. júní 2024 án tillits til þess hvort fjárhæðin vegna Icesave-lánanna væri þá að fullu greidd. Alþingi eitt gat breytt þeirri ákvörðun. Engar slíkar takmarkanir var að finna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Lög nr. 96/2009 fólu í sér að ábyrgð íslenska ríkisins var skilyrt og því átti ekki að reyna á hana eða hún skyldi takmarkast verulega ef tiltekin atvik gerðust. Hin skilyrta ábyrgð ríkisins var af Alþingi talin eðlileg og rökrétt með hliðsjón af því að íslenska ríkið hefur ekki viðurkennt skuldbindinguna sjálfa auk þess sem fjárhæð hennar liggur ekki fyrir. Skilyrðislaus og ótímabundin ríkisábyrgð við þessar aðstæður er ótæk, bæði lögfræðilega og ekki síður í ljósi efnahaglegrar óvissu. Það er álitamál hvort Alþingi sé heimilt lögum samkvæmt að veita jafn óskilgreinda ríkisábyrgð og frumvarp ríkisstjórnarinnar kveður á um. Slíkar ábyrgðir eru oftast nær tímabundnar eða bundnar tiltekinni fjárhæð.

Fyrirvari Alþingis um að ríkisábyrgð skuli aðeins gilda til ársins 2024 fellur einfaldlega niður í heild. Ekkert stendur eftir af innihaldi eða markmiðum hans í núverandi viðaukasamningum og áhætta Íslands er því miklu meiri samkvæmt þeim en samkvæmt gildandi fyrirvörum. Ísland er því samkvæmt viðaukasamningunum t.d. ekki varið fyrir því ef neyðarlögin standast ekki umfjöllun dómstóla og því er hætta á að Icesave-lánin verði að eilífðarklafa á íslensku þjóðinni, áratugi inn í framtíðina.

6. Réttur til að láta reyna á greiðsluskyldu felldur niður.

Ítrekað var í lögum nr. 96/2009 að Ísland hefði ekki fallið frá rétti til málsóknar svo úr því fengist skorið hvort Íslendingum bæri að greiða lágmarkstryggingu vegna Icesave-innstæðnanna. Kæmi síðar í ljós að slík ábyrgð væri ekki fyrir hendi var settur inn fyrirvari um

greiðslur sem var háður því að viðræður færu fram á milli Íslands, Hollands og Bretlands um áhrifin á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins. Leiddu viðræður ekki til niðurstöðu gat Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina.

Bretar og Hollendingar hafa byggt kröfu sína hingað til á vafasömum lagalegum grunni. 3. minni hluti telur að miðað við samningshörku og ósveigjanleika þeirra í Icesave-málinu og samningaviðræðum til þessa verði að teljast óskhyggja að þegar þessi ríki hafa fengið undirskrifað lögformleg skuldabréf til að byggja kröfur sínar á muni skyndilega koma annað og jákvæðara hljóð í strokkinn. Staðreyndin er sú að jafnvel þótt svo ólíklega vildi til að dómstólaleiðin yrði farin og leiddi til jákvæðrar niðurstöðu fyrir Ísland getur Alþingi samkvæmt viðaukasamningunum ekki lengur takmarkað skuldbindinguna í samræmi við þá niðurstöðu.

Samkvæmt samningunum mun einungis unnt að óska eftir viðræðum við samningsaðila sem hafa margsýnt í verki þá staðföstu ætlan sína að fá hverja krónu borgaða til fulls. Því hefur verið haldið fram að með viðaukasamningunum hafi Íslendingar afsalað sér algerlega réttinum til að nýta sér jákvæða niðurstöðu dómstóla í þessu efni. Auk þessa er ákvæði frumvarpsins um að ekkert í lögunum feli í sér viðurkenningu á ábyrgð Íslands í besta falli haldlítið þegar fyrir liggur undirrituð yfirlýsing í formi lögformlegra lánasamninga um að Ísland taki samt sem áður á sig þessa ábyrgð. Fyrirvari Alþingis hefur því verið felldur niður í raun.

7. Afdrifarík samningsmistök.

Í samningum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að greiðslur vegna eigna úr búi Landsbankans gengju að jöfnu til innstæðutryggingarsjóðsins, Bretlands og Hollands. Þessu var með lögum nr. 96/2009 breytt til samræmis við íslensk lög með ákvæði sem kallað hefur verið Ragnars Hall-fyrirvarinn. Þannig voru leiðrétt einhver afdrifaríkustu mistök íslenskra stjórnvalda við samningagerðina, sem fyrirsjáanlega hefðu getað kostað íslenska skattgreiðendur mörg hundruð milljarða króna.

Viðaukasamningarnir tiltaka ekki að Bretar og Hollendingar „fallist á þetta atriði“, heldur aðeins að þeim sé „kunnugt um að TIF kunni að láta reyna á“ rétthæð krafna sinna fyrir dómstólum. Auk þess er bætt við hamlandi ákvæði fyrir Ísland, þ.e. að til viðbótar niðurstöðu íslenskra dómstóla skuli nú einnig liggja fyrir ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins sem sé í samræmi við niðurstöðu íslenskra dómstóla.

Réttarstaða Íslands er stórlega skert í viðaukasamningunum miðað við það sem var í fyrirvörum Alþingis. Þannig getur Ragnars Hall-fyrirvarinn samkvæmt viðaukasamningunum aðeins orðið gildur ef til viðbótar niðurstöðu íslenskra dómstóla liggur einnig fyrir ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins sem sé í samræmi við niðurstöðu íslensku dómstólanna. Með þessu hafna Bretar og Hollendingar í raun mikilvægum fyrirvara, sem lækkað gæti greiðslubyrði Íslands umtalsvert, og lýsa því jafnframt yfir að þeir viðurkenni ekki lögsögu íslenskra dómstóla gagnvart lögspurningum sem alfarið lúta að íslenskum lögum. Möguleikar Alþingis á að takmarka ríkisábyrgð í kjölfar jákvæðs dómsúrskurðar fyrir innstæðutryggingarsjóðinn falla niður samkvæmt viðaukasamningunum. Þar fyrir utan er þess gætt að Ragnars Hall-fyrirvarinn sem var sjálfstæður fyrirvari í lögum frá Alþingi en ekki hluti Icesave-samninganna sé ekki lengur í lögum heldur sé hann aðeins að finna með almennu og óljósu orðalagi í viðaukasamningunum. Gefi EFTA-dómstóllinn af einhverjum ástæðum ekki álit mun fyrirvarinn ekki gilda. Ísland ber því allt tjón ef EFTA-dómstóllinn telur t.d. slíkt álit ekki á sínu verksviði. Fyrirvari Alþingis hefur því verið stórlega skertur og markmið hans í raun

fellt niður. Þetta er dæmalaust í ljósi þess hve þetta ákvæði var mikið rætt í tengslum við afgreiðslu málsins nú í sumar.

8. Úthlutunaraðferðin.

Með þeim breytingum sem samþykktar voru með lögum nr. 96/2009 nú í haust var innstæðutryggingarsjóðnum gert skylt að láta á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gengju við úthlutun framar öðrum vegna sömu innstæðu. Yrði niðurstaðan á þann veg bæri málsaðilum að taka upp viðræður og leiddu þær ekki til niðurstöðu gæti Alþingi takmarkað ríkisábyrgðina.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir að ríkisábyrgðin takmarkist við að úthlutun og uppgjör á eignum Landsbankans fari fram samkvæmt íslenskum lögum eins og þau verða skýrð af dómstólum landsins. Látið er duga að setja inn í viðaukasamninginn við Breta að þeim sé kunnugt um að innstæðutryggingarsjóðurinn kunni að leita úrskurðar um hvort kröfur hans gangi framar öðrum kröfum vegna sömu innlána.

Eins og áður segir eru skuldbindingar íslenska ríkisins hins vegar skilyrðislausar samkvæmt lánasamningnum við Breta og við túlkun hans gilda bresk lög. Af þessum sökum verður ekki séð að neitt lögfræðilegt hald sé í þessu ákvæði viðaukasamningsins við Breta að þessu leyti og fyrirvarinn því orðinn marklaus gagnvart þeim. Í viðaukasamningnum við Hollendinga er því haldið opnu að hægt sé að bera málið undir íslenska dómstóla en með þeim fyrirvara þó að niðurstaða viðkomandi dómstóls sé ekki í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins sem á að afla. Augljóslega er meira hald í þessu ákvæði. Á hitt ber þó að líta að verulega stærri hluti krafnanna á tryggingarsjóðinn er í gegnum samninginn við Breta.

9. Gildi fyrirvara.

Fyrirvarar þeir og skilyrði sem voru sett í lögin um ríkisábyrgðina voru þess eðlis að Alþingi taldi tryggt næðu þeim tilætlaða árangri að reisa skorður við ríkisábyrgð vegna Icesave-innlánanna. Þetta var leitt í lög með þeim hætti að áður en ríkisábyrgðin yrði veitt var gert að skilyrði að hollenskum og breskum stjórnvöldum yrðu kynntir fyrirvararnir og þau féllust á þá með formlegum hætti. Jafnframt var það skilyrði sett að lánveitendur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta viðurkenndu að skuldbindingar sjóðsins yrðu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgðin. Með þessum hætti voru lögfest ákvæði sem tryggðu afdráttarlaust að skilyrði Alþingis fyrir ríkisábyrgðinni héldu gagnvart viðsemjendum.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu getur íslenska ríkið ekki tryggt að ríkisábyrgðin falli niður jafnvel þótt þar til bær úrskurðaraðili kæmist að þeirri niðurstöðu að ríkið beri ekki ábyrgð á innistæðum. Bretar og Hollendingar eru ekki bundnir af þessum ákvæðum og samkvæmt lánasamningunum er ábyrgð íslenska ríkisins skilyrðislaus eins og áður sagði. Íslenska ríkið á það því alfarið undir breskum og hollenskum stjórnvöldum hvert framhald málsins verður. Niðurstaða dómstóla breytir því engu um Icesave-ábyrgðina verði þetta frumvarp að lögum nema Hollendingar og Bretar samþykki það.

Það hlýtur að vera einsdæmi að nokkur ríkisstjórn frjáls og fullvalda ríkis skuli vera reiðubúin að kyngja því að úrskurður eða dómur dómstóls í ágreiningsmáli hafi ekkert gildi fyrir málsaðilanna, annað en það að þeir þurfi að tala saman.

Það er auk þess mikið álitamál hvort ríkisstjórn Íslands sé heimilt að lögum, þar á meðal samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, að afsala íslenska ríkinu svo mikilsverðum hagsmunum eins og ríkisstjórnin hefur í hyggju með því frumvarpi og samningum sem hún hefur óskað staðfestingar á.

10. Eftirlit Alþingis.

Alþingi getur samkvæmt gildandi lögum ákveðið hvenær sem er að fram fari endurskoðun á lánasamningunum við Breta og Hollendinga. Alþingi hefur eftirlit með framkvæmdinni og fjármálaráðherra ber að veita þinginu árlegt yfirlit um hana.

Verði frumvarpið að lögum er ekki lengur um það að ræða að Alþingi geti hvenær sem er farið fram á endurskoðun samninganna heldur fari það að þeim ákvæðum sem þar eru tilgreind. Frumvarpið hreyfir hins vegar ekki við öðrum ákvæðum er lúta að eftirliti Alþingis með ríkisábyrgðinni.

Frávik frá fyrirvörum Alþingis.

Með lögum nr. 96/2009 lögfesti Alþingi heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán innstæðutryggingarsjóðsins frá breska fjármálaráðuneytinu og hollenska Seðlabankanum. Unnið var að þeirri lagasetningu í samvinnu allra stjórnmálaflokka á Alþingi og náðist mög breið samstaða um megininntak þeirra laga sem sett voru. Lögin fólu í sér að Alþingi setti ríkisábyrgðinni tiltekin skýrt afmörkuð skilyrði og setti ákveðna fyrirvara um það að ef mál gengju ekki svo fram sem ætlað væri yrði Alþingi heimilt að afturkalla umbeðna ríkisábyrgð.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að sú heimild fjármálaráðherra til að veita innstæðutryggingarsjóði ríkisábyrgð muni ekki takmarkast af öðrum ákvæðum en 1. gr. Þar kemur fram að ábyrgðin eigi að vera í samræmi við lánasamningana og ganga í gildi 5. júní 2016, og hún muni einvörðungu ráðast af ákvæðum samninganna.

Fjölmörg ákvæði viðaukasamninganna fela í sér alvarleg frávik frá mikilvægum fyrirvörum Alþingis og eru með öllu óásættanleg fyrir Íslendinga að mati 3. minni hluta. Þau helstu eru eftirfarandi:

- Viðaukasamningarnir fela í sér að hinn efnahagslegi fyrirvari um greiðsluhámark er nánast að engu orðinn. Samkvæmt fyrirvörum Alþingis átti 6% greiðsluþakið jafnt við um vaxtagreiðslur og greiðslur af höfuðstól. Verði frumvarpið að lögum skulu vextir hins vegar greiðast að fullu óháð efnahagslegu ástandi á Íslandi og 6% greiðsluþakið á einungis við höfuðstólsgreiðslur. Nýju efnahagslegu fyrirvararnir veita því lítið skjól þegar mest á reynir og uppfylla því ekki Brussel-viðmiðin um að tekið verði tillit til fordæmalausra aðstæðna á Íslandi.
- Heimild til að leita úrlausnar dómstóla er mun veikari í viðaukasamningunum en í gildandi lögum. Hafa verður í huga þá mikilvægu staðreynd að lögsaga alls ágreinings í tengslum við Icesave-samningana er ávallt í breskri lögsögu ef Alþingi staðfestir óbreytt það frumvarp sem hér er til meðferðar. Samkvæmt viðaukasamningunum þarf auk úrskurðar þar til bærs aðila að koma til efnislega samhljóða ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða forúrskurður Evrópudómstólsins. Til viðbótar felur svo niðurstaða úrskurðaraðila ekki í sér bein áhrif á samningana heldur verður það háð mati Breta og Hollendinga hvort og hvernig slík niðurstaða hafi áhrif. Með viðaukasamningunum hafa Bretar og Hollendingar í raun komið í veg fyrir að Íslendingar geti breytt skilyrðum Icesave-samninganna með því að leita eftir niðurstöðu dómstóla.
- Með viðaukasamningunum getur svokallaður Ragnars Hall-fyrirvari aðeins orðið gildur ef ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins er í samræmi við niðurstöðu íslenskra dómstóla. Ef EFTA-dómstóllinn veitir ekki ráðgefandi álit, sem gæti allt eins orðið niðurstaðan, mun fyrirvarinn ekki gilda. Með þessu hafna Bretar og Hollendingar í raun einum mikilvægasta fyrirvara Alþingis sem lækkað gæti greiðslubyrðina umtalsvert. Í þessu felst

yfirlýsing um að þeir viðurkenni ekki lögsögu íslenskra dómstóla gagnvart lögspurningum sem alfarið lúta að íslenskum lögum.
- Fyrirvari Alþingis um að ríkisábyrgð skuli aðeins gilda til ársins 2024 fellur óbættur hjá garði. Í gildandi fyrirvörum felst réttur til að ríkisábyrgðin falli einhliða niður ef viðræður um framlengingu hennar bera ekki árangur. Þessi vörn sem er í samræmi við Brussel-viðmiðin er nú horfin. Í stað þessara mikilvægu fyrirvara Alþingis eru í viðaukasamningum ríkisstjórnarinnar ákvæði um að greiðslur Íslands skuli eftir 2024 framlengjast sjálfkrafa um fimm ár í senn, á 5,5% vöxtum allan tímann, þar til lánin eru að fullu greidd. Hér verður að einnig að gæta að því að ef neyðarlögin standast ekki skv. niðurstöðu dómstóla er stórhætta á að Icesave lánið verði að eilífðarklafa á íslensku þjóðinni, tugi ára inn í framtíðina.

Staðfesting forseta Íslands á lögum nr. 92/2009, með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis.

Frumvarp til laga um heimild fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueiganda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., var samþykkt sem lög nr. 96/2009 frá Alþingi 28. ágúst 2009.

Í kjölfar þess að Alþingi samþykkti Icesave-frumvarpið með breytingum var það sent forseta Íslands til staðfestingar lögum samkvæmt. Áður en forsetinn staðfesti lögin með undirritun sinni voru honum afhentar undirskriftir 10.000 einstaklinga sem skoruðu á hann að synja lögunum staðfestingar með vísan til 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar forsetinn staðfesti lög nr. 96/2009 2. september 2009 sendi hann frá sér sérstaka yfirlýsingu þar sem hann rökstuddi ákvörðun sína. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

„Yfirlýsing forseta Íslands

Í lögum um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem Alþingi samþykkti þann 28. ágúst 2009, eru margvíslegir fyrirvarar sem settir voru í hið upphaflega frumvarp.

Fyrirvararnir eru niðurstaða samvinnu fulltrúa fjögurra þingflokka í fjárlaganefnd Alþingis og byggðir á tillögum og hugmyndum fjölda sérfræðinga og áhugafólks á almennum vettvangi.

Samstaða hefur náðst á Alþingi og utan þess um að afgreiða lögin í krafti þessara fyrirvara og Alþingi samþykkti þá með afgerandi hætti. Eðlilega er þó enn andstaða við málið meðal almennings eins og undirskriftir um 10.000 Íslendinga, sem forseta hafa borist, eru meðal annars til vitnis um.

Fyrirvararnir sem Alþingi smíðaði og samþykkti taka mið af sanngjörnum rétti þjóðarinnar, hagmunum Íslendinga á komandi árum og alþjóðlegri samábyrgð.

Forseti hefur því ákveðið að staðfesta lögin með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis.

Um leið lætur forseti í ljósi þá ósk, að kraftar þings og þjóðar verði sameinaðir í því brýna verkefni að endurreisa íslenskt efnahagslíf, styrkja fjárhag heimilanna og stoðir atvinnuveganna. Að undanförnu hefur okkur birst á margvíslegan hátt að Íslendingar eiga

fjölþætt sóknarfæri, að auðlindir landsins, hæfni og þekking þjóðarinnar geti orðið grundvöllur að traustu og réttlátu hagkerfi. Þau sóknarfæri þarf nú að nýta.

Bessastöðum, 2. september 2009

Ólafur Ragnar Grímsson“

Í yfirlýsingu sinni tiltekur forsetinn sérstaklega að fyrirvararnir taki mið af sanngjörnum rétti þjóðarinnar, hagsmunum Íslendinga á komandi árum og alþjóðlegri samábyrgð, auk þess sem þeir séu niðurstaða samvinnu fulltrúa fjögurra þingflokka í fjárlaganefnd Alþingis, byggðir á tillögum og hugmyndum sérfræðinga og áhugafólks. Af þeirri ástæðu hafi hann ákveðið að staðfesta lögin.

Þessi yfirlýsing forsetans verður ekki skilin öðruvísi en svo að með hinni sérstöku árituðu tilvísun til fyrirvara Alþingis hafi forsetinn lagt sérstaka áherslu á mikilvægi þeirra fyrir hagsmuni þjóðarinnar og að samþykki þeirra hafi verið forsenda þess að hann staðfesti lögin.

Með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar hafa þeir fyrirvarar Alþingis sem forsetinn taldi svo mikilvæga þegar hann staðfesti hin fyrri Icesave-lög, og voru forsenda staðfestingar hans, verið að engu gerðir.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi, eins og meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að gert verði, telur 3. minni hluti einsýnt að forseti lýðveldisins muni, í ljósi fyrri yfirlýsingar, synja lögunum staðfestingar, með vísan til hennar og 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Synji forseti lögunum staðfestingar er ljóst að Icesave-málið mun ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Afstaða 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Niðurstaða samanburðar á þeim lögum sem Alþingi setti í haust eftir margra vikna vandaða og góða vinnu og því frumvarpi sem ríkisstjórnin leggur nú fram er afdráttarlaus. Þeir fyrirvarar sem mestu skiptu til að takmarka ríkisábyrgðina vegna Icesave-samninganna eru nánast að engu orðnir að mati 3. minni hluta. Styðst sú skoðun m.a. við yfirlýsingar lögfræðinganna Stefáns Más Stefánssonar, Lárusar H. Blöndals, Sigurðar Líndals og Ragnars H. Hall. Þá hefur Indefence-hópurinn tekið afdráttarlausa afstöðu gegn frumvarpinu. Enn fremur benda nýlegar yfirlýsingar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, eindregið til þess að þeir samningar sem frumvarp þetta byggist á stríði gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar

Skuldbindingar íslenska ríkisins eru á ný orðnar óljósar og ófyrirsjáanlegar bæði hvað varðar fjárhæðir og tímalengd. Öllum má ljóst vera að fyrirvararnir sem settir voru fyrir ríkisábyrgðinni í haust geta ekki verið réttlæting fyrir því að samþykkja ríkisábyrgðina samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi.

Alvarlegast er þó að viðaukasamningarnir gera ráð fyrir að því litla sem eftir stendur af fyrirvörum sem Alþingi hefur þegar sett með lögum sé stungið, með tilheyrandi frávikum á orðalagi, inn í viðaukasamningana og þannig verði fyrirvararnir ekki lengur virkir í sjálfstæðum lögum frá Alþingi. Með þessu hefur Bretum og Hollendingum tekist að knýja ríkisstjórn Íslands til þess að leggja fram breytingar á settum lögum, breytingar sem Alþingi er nú gert að staðfesta.

Þriðji minni hluti telur að frumvarp þetta sé í mikilli andstöðu við gildandi lög sem samþykkt voru 28. ágúst sl. Með þeirri lagasetningu reyndi Alþingi að verja hagsmuni Íslendinga og verja framtíðarkynslóðir landsins. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur nú haft þennan vilja Alþingis að engu með því að leggja til að frumvarp þetta verði samþykkt án breytinga. Það

er ekki gerð nein tilraun af hálfu meiri hlutans til að gagnrýna, hvað þá leggja til breytingar á þessu frumvarpi. 3. minni hluti stóð að gerð þeirra fyrirvara sem samþykktir voru í sumar og nú er lagt til að verði að mestu felldir brott. Það kemur ekki til greina að áliti 3. minni hluta að fallast á frumvarp sem gengur svo freklega gegn vilja Alþingis og hagsmunum íslensku þjóðarinnar.

Þriðji minni hluti áskilur sér rétt til að leggja fram eða styðja aðrar tillögur sem eru til þess fallnar að bæta málið.

Alþingi, 16. nóv. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Ásbjörn Óttarsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Lárus L. Blöndal og Stefán Már Stefánsson: Hvað stendur eftir? (Morgunblaðið, 31. október 2009.)
II. Sigurður Líndal: Bréf frá Noregi. (Fréttablaðið, 13. október 2009.)
III. Gengu til samninga eins og sakamaður. (Morgunblaðið, 14. nóvember 2009.)
IV. Fréttatilkynning frá Indefence-hópnum. (2. nóvember 2009.)
V. Slitastjórnir Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf.: Bréf til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. (12. nóvember 2009.)
VI. Álit 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 247 (76 mál. 138 löggjafarþ**ings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls.**
VII. Sigurður Líndal: Icesave og stjórnarskrá. (Fréttablaðið, 19. nóvember 2009.)

259. Fyrirspurn [231. mál]

til heilbrigðisráðherra um rafræna sjúkraskrá.

Frá Róberti Marshall.

Hvernig gengur undirbúningur rafrænnar sjúkraskrár fyrir allt landið og hvenær má búast við að hún verði komin í notkun?

260. Fyrirspurn [232. mál]

til heilbrigðisráðherra um teymisvinnu sérfræðinga.

Frá Róberti Marshall.

Hvað líður vinnu innan heilbrigðiskerfisins sem miðar að því að einfalda umönnun sjúklinga með flókna sjúkdóma þar sem sérstök teymisvinna sérfræðinga á ólíkum sviðum er nauðsynleg?

261. Svar [129. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um fjölda starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir starfsmenn eru hjá ríki og sveitarfélögum, sundurliðað? Hver hefur þróunin verið sl. 10 ár?

Tölum um fjölda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga er ekki safnað saman á samræmdan hátt. Þannig eru ekki tiltækar upplýsingar um fjölda starfsmanna (einstaklinga) hjá báðum aðilum sem ná yfir allt tímabilið, en aftur á móti eru til upplýsingar um fjölda starfa (stöðugilda í dagvinnu). Upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá sveitarfélögum, sem voru fengnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ná aftur til ársins 2000, að undanskildum árunum 2001 og 2003. Upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá ríkinu eru fengnar úr launavinnslukerfi ríkisins. Miðað er við fjöldatölur 1. apríl ár hvert.

Varðandi fjöldatölur ríkisstarfsmanna verður að gæta þess að á tímabilinu 1999–2006 hafa verkefni verið færð á milli ríkis og sveitarfélaga, ríkisstofnanir verið færðar á milli ráðuneyta, á milli A- og B-hluta og verið gerðar að hlutafélögum, auk þess sem tilfærslur hafa orðið milli launavinnslukerfa hjá ríkinu. Árið 2001 fluttust um 1.300 stöðugildi frá Reykjavíkurborg til ríkisins við sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur (Borgarspítala) og Landspítala. Á árinu 2006 færði stærstur hluti heilbrigðisstofnana launaafgreiðslu sína yfir til ríkisins og fjölgaði þá stöðugildum í launavinnslukerfinu um 1.500. Heilbrigðisstofnanirnar voru í sérstöku launavinnslukerfi og því er ekki um fjölgun stöðugilda að ræða heldur færslu á milli kerfa.

Í apríl 2009 voru 18.000 stöðugildi í dagvinnu hjá ríkinu samkvæmt launavinnslukerfi ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var fjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögum rúmlega 19.400 á sama tíma. Samtals voru stöðugildin 37.400.

Í sama mánuði árið 2000 voru stöðugildi í launavinnslukerfi ríkisins 14.000 og eru þá ótalin tæplega 2.800 stöðugildi sem færðust síðar í launavinnslukerfið, sbr. fyrrgreint. Í apríl 2000 var fjöldi stöðugilda rúmlega 14.700 hjá sveitarfélögum, samkvæmt sömu heimildum og að framan greinir. Samtals voru stöðugildin þá 28.700. Hlutfallsleg aukning á tímabilinu er því 27%, 29% hjá ríkinu og 32% hjá sveitarfélögum. Að teknu tilliti til tilfærslna milli kerfa hjá ríkinu á tímabilinu er samtals aukning um 19%.

Meðfylgjandi töflur sýna fjölda stöðugilda hjá ríki og sveitarfélögum í apríl ár hvert frá árinu 2000 ásamt hlutfallslegri aukningu frá árinu 2000.

Fjöldi stöðugilda hjá ríki og sveitarfélögum í apríl ár hvert.

Ár	Ríki	Sveitarfélög	Samtals
2000	14.000	14.700	28.400
2001*	15.200	n/a	n/a
2002	15.400	15.700	30.800
2003	15.800	n/a	n/a
2004	15.900	17.400	33.000
2005	16.000	17.900	33.600
2006**	17.300	18.200	34.000
2007	17.900	18.700	35.600
2008	18.300	18.900	35.700
2009	18.000	19.400	36.000

Hlutfallsleg breyting frá 2000.

Ár	Ríki	Sveitarfélög	Samtals
2000	0%	0%	0%
2001*	9%		
2002	10%	7%	8%
2003	13%		
2004	14%	18%	16%
2005	14%	22%	18%
2006**	24%	24%	20%
2007	28%	27%	25%
2008	31%	29%	26%
2009	29%	32%	27%
Að meðaltali	**3,2%**	**3,6%**	**3,0%**

* Sjúkrahús Reykjavíkur (Borgarspítali) og Landspítali sameinast.

**1.300 stöðugildi innan heilbrigðisstofnana fluttust í miðlægt launakerfi ríkisins. Að þeim frádregnum hefur hlutfallsleg aukning á ári verið að meðaltali 2,1% meðal ríkisstarfsmanna.

262. Frumvarp til laga [233. mál]

um framhaldsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið, skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skipulags framhaldsfræðslu á vegum fræðsluaðila sem viðurkenningu hljóta samkvæmt lögum þessum og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við framkvæmd hennar.

2. gr.
Markmið.

Markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum er:

a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
b. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Framhaldsfræðsla:* Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.
b. *Raunfærnimat:* Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.
c. *Fræðsluaðili:* Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga þessara.

II. KAFLI
Um skipan framhaldsfræðslu.

4. gr.
Yfirstjórn.

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum. Í því felst ábyrgð á:

a. almennri stefnumótun framhaldsfræðslu í samráði við hagsmunaaðila,
b. almennri stjórnsýslu vegna framkvæmdar laga þessara,
c. málefnum Fræðslusjóðs,
d. stuðningi við þróun og nýsköpun á sviði framhaldsfræðslu og
e. eftirliti og mati.

5. gr.
Tilhögun.

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs. Að jafnaði skal námsframboði háttað þannig að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Haft skal samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr.

Hafa skal reglulegt samráð við fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga þessara um framkvæmd framhaldsfræðslunnar. Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar.

6. gr.
Vottun námskráa.

Gerðar skulu námskrár eða námslýsingar þar sem lýst er markmiðum framhaldsfræðslu, skipulagi námsins og inntaki.

Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni skv. 15. gr., vottar einstakar námskrár og námslýsingar. Í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

7. gr.
Viðurkenning fræðsluaðila.

Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum:

a. aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds,
b. skipulagi náms og umsjón með því,
c. námskrám eða námslýsingum,
d. fjárhagsmálefnum og tryggingum og
e. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Í viðurkenningu ráðherra skv. 1. mgr. felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Uppfylli fræðsluaðili, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki lengur skilyrði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið er að veitingu hennar og afturköllun.

Reikningar fræðsluaðila skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda og vera aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

8. gr.

Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf.

Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess.

Þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Ráðherra er heimilt að setja reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI
Opinber framlög til framhaldsfræðslu, Fræðslusjóður.

9. gr.

Fjárveitingar.

Alþingi veitir af fjárlögum fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna er henni tengjast. Þau framlög greinast í tvennt:

a. framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna,
b. framlög í Fræðslusjóð.

10. gr.

Fræðslusjóður, hlutverk.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Með því stuðlar sjóðurinn að þeim markmiðum sem talin eru í 2. gr.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,

c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Auglýsa skal eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald. Heimilt er stjórn Fræðslusjóðs að veita fræðsluaðilum sem njóta framlaga úr sjóðnum vilyrði um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Stjórn Fræðslusjóðs skal setja sérstaka skilmála um fjárframlög til fræðsluaðila og annarra sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði sem ráðherra staðfestir. Sjóðurinn skal birta yfirlit yfir nám sem sjóðurinn veitir fé til.

Heimilt er ráðherra að semja við til þess bæra aðila um að annast fjárreiður og umsýslu með sjóðnum. Jafnframt getur ráðherra falið stjórn Fræðslusjóðs að hafa umsjón með sérstökum verkefnum er tengjast framhaldsfræðslu og framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Stjórn Fræðslusjóðs.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði átta manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn fulltrúa, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félags- og tryggingamálaráðherra einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

IV. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum.

12. gr.

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum framhaldsfræðslu er:

a. að tryggja að starfsemi fræðsluaðila sé rekin í samræmi við ákvæði laganna, reglna sem settar kunna verða á grundvelli þeirra og námskráa skv. 6. gr.,
b. að stuðla að gæðum fræðslustarfs samkvæmt lögum þessum og
c. að virt séu réttindi einstaklinga sem nýta sér þjónustu sem rekin er á grundvelli laganna.

13. gr.

Miðlun og varðveisla upplýsinga.

Ráðuneyti annast söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu er varðar stefnumótunar- og eftirlitshlutverk þess. Fræðsluaðilum sem fengið hafa viðurkenningu og stuðning er skylt að veita ráðuneyti og Fræðslusjóði upplýsingar um fræðslustarfsemi sína, árangur hennar og þróun og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast, m.a. um ráðstöfun fjármuna og vegna vinnu við tölfræði. Ráðuneyti getur jafnframt falið öðrum aðila með samningi verkefni sín samkvæmt þessari grein. Við slíka ráðstöfun er fræðsluaðilum skylt að veita þeim aðila umbeðnar upplýsingar.

Fræðsluaðila ber að varðveita upplýsingar um það nám sem nemendur hafa lagt stund á og lokið og að veita þeim aðgang að þeim.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu fræðsluaðila samkvæmt grein þessari og um meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

14. gr.

Framkvæmd mats á fræðslustarfi.

Fræðsluaðilar meta sjálfir með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins og birta opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur í kjölfar þess.

Ráðherra hefur umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði, reglugerð, gildistaka.

15. gr.

Umsýsla.

Heimilt er ráðherra að semja við félag eða stofnun um umsjón með verkefnum sem tilgreind eru í 6. gr., um vottun námskráa og námslýsinga, í 7. gr., um viðurkenningu fræðsluaðila, í 10. gr., um umsýslu með Fræðslusjóði, og í 13. gr., um söfnun og miðlun upplýsinga.

16. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir fræðsluaðila og Fræðslusjóðs samkvæmt lögum þessum sæta ekki kæru til ráðherra.

17. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Við gildistöku þeirra falla brott lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta, sem samið er í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, er lítillega endurskoðuð útgáfa af frumvarpi sama efnis sem var lagt fram á 136. löggjafarþingi. Við breytingar á frumvarpinu hefur m.a. verið tekið tillit til ábendinga sem fram komu við meðferð menntamálanefndar Alþingis eftir fyrstu umræðu. Frumvarpinu er ætlað að styrkja lagalegan grundvöll þeirrar margháttuðu og umfangsmiklu framhaldsfræðslu sem fram fer í landinu, jafnframt því sem lagður er grunnur að frekari eflingu þeirrar starfsemi. Þá er frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Undirbúningur að frumvarpinu hófst með því að sérstök verkefnisstjórn um símenntun skilaði skýrslu sinni og niðurstöðum árið 2006. Þar var m.a. lagt til að sérstök lög yrðu sett sem tryggðu fullorðnum einstaklingum, sem hætt hafa í námi, rétt til að ljúka námi við hæfi

á framhaldsskólastigi. Í skýrslu verkefnisstjórnar var lagt til að einstaklingum stæði til boða að ljúka viðurkenndu, einingabæru námi sem tryggði viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á framhalds- eða háskólastigi. Þá var lagt til að viðurkenndir fræðsluaðilar fengju greidd nemendaígildi fyrir þá nemendur sem kysu að nýta sér annað tækifæri til náms. Einnig taldi verkefnisstjórnin brýnt að einstaklingum stæði til boða raunfærnimat eða stöðupróf og að þeir sem hæfu nám að nýju á grundvelli laganna ættu kost á námslánum sér til framfærslu á námstíma.

Við samningu frumvarpsins hefur m.a. verið leitast við að styðja við náið og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum sem hafa, í samstarfi við stjórnvöld, staðið fyrir rekstri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Þá munu starfsmenntamál opinberra starfsmanna verða meðal verkefna Fræðslusjóðs. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Meginatriði frumvarpsins.

Íslenskt menntakerfi hefur eflst og dafnað á síðustu árum. Verði frumvarp þetta að lögum bætist við fimmta grunnstoð menntakerfisins, framhaldsfræðsla, sem yrði hliðsett öðrum stoðum þess, þ.e. skólastigunum fjórum, leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Almenn markmið frumvarpsins koma fram í 2. gr. þess, en þau eru:

a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
b. að skapa viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og bera ábyrgð á henni,
d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum og
h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Frumvarpið felur í sér að sett verður skýr og einföld lagaumgjörð fyrir þá menntun sem í frumvarpinu er nefnd framhaldsfræðsla. Með því hugtaki er átt við hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla. Meðal nýmæla og áhersluatriða í frumvarpinu er eftirfarandi:

a. Ábyrgð og hlutverk menntamálaráðuneytis varðandi framhaldsfræðslu er skilgreint.
b. Framhaldsfræðsla er lögfest sem viðurkennt menntunarkerfi til hliðar við formlegar námsbrautir í framhaldsskóla.

c. Settar eru í lög skilgreindar kröfur sem gerðar eru til fræðsluaðila, þ.e. þeirra félaga og stofnana sem öðlast geta viðurkenningu sem slíkar á grundvelli laganna.
d. Mælt er fyrir um gerð og vottun námskráa og námslýsinga fræðsluaðila.
e. Hlutverk aðila vinnumarkaðarins varðandi menntun og fræðslu er undirstrikað, m.a. með því að veittar eru heimildir til handa ráðherra til að fela félögum eða stofnunum á þeirra vegum ábyrgð á tilteknum þáttum er varða framkvæmd laga þessara. Byggist sú heimildarveiting á farsælli reynslu af starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
f. Stofnaður verður sérstakur Fræðslusjóður, þar sem sitja fulltrúar launafólks og launagreiðenda á almennum og opinberum vinnumarkaði, sem hefur það hlutverk að (a) veita fé til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, (b) veita fé til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og (c) að veita styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.
g. Mat á einstaklingsbundinni raunfærni mun opna leið fyrir einstaklinga án framhaldsskólamenntunar að hinu formlega framhaldsskólakerfi og brúa svonefnt þekkingarbil á vinnumarkaðnum.

Með frumvarpinu er því lagður grunnur að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslu þar sem stuðningur er veittur einstaklingum óháð stéttarfélagsaðild. Frumvarpið markar lokaáfanga í heildarendurskoðun á lagaumhverfi hins íslenska menntakerfis sem staðið hefur yfir undanfarin tvö ár með það að leiðarljósi að skapa einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Að baki hugmyndinni um „nám alla ævi“ býr sú hugsun að ef einstaklingur á að vera fær um að lifa og starfa í nútíma lýðræðisþjóðfélagi sem tekur örum breytingum þarf hann að hafa tækifæri til og vera fær um að mennta sig alla ævi (e. life-long-learning). Nám alla ævi snýst því um að horft sé á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins, þeirrar hæfni og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi.

Menntunarstig og vinnumarkaður.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum sem gefin var út 17. febrúar 2008 í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins segir að stefnt verði að því að ekki verði fleiri en sem nemur 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst skuli unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin á næstu árum. Miðar frumvarpið m.a. að því að framangreindu markmiði verði náð.

Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem byggð er á tölulegum gögnum frá Hagstofu Íslands, hafði 31% Íslendinga á aldrinum 25–64 ára ekki lokið formlegu námi umfram skyldunám árið 2005. Það ár var mannfjöldi á Íslandi á aldursbilinu 25–64 ára 150.400. Það lætur því nærri að 45 þúsund Íslendingar á þessum aldri hafi aðeins lokið grunnskólanámi árið 2005, en 60 þúsund manns hafi lokið framhaldsskóla eða viðbótarnámi og önnur 45 þúsund manns hafi háskólapróf. Það er einkenni á íslenskum vinnumarkaði að menntunarstig er lágt.

Þegar horft er til hlutfalls þeirra sem lokið hafa formlegu námi umfram skyldunám, er ljóst að menntunarstig hér á landi er jafnframt lágt í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að framlög til menntamála hafi vaxið mjög hratt síðustu árin og séu, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, meðal þess hæsta sem gerist innan OECD. Athyglisvert er þó í þessu samhengi að

hlutfall þeirra sem hafa lokið háskólanámi er hærra á Íslandi en að meðaltali innan OECD-ríkja. Margt bendir til þess að hér á landi sé áberandi og mikill munur á menntunarstigi þjóðarinnar innbyrðis, og telja má að það geti haft áhrif á efnahagslegan vöxt. Oft er rætt um svokallað færnibil (e. skills gap) í þessu samhengi, en það hugtak vísar til mismunar á menntun og hæfni vinnandi fólks annars vegar og eiginlegra þarfa atvinnulífs fyrir slíka menntun og hæfni hins vegar. Bent skal á í þessu samhengi að hlutfall þeirra sem lokið hafi námi á framhaldsskólastigi hefur vaxið miklu hægar hér á landi en erlendis. Í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, hefur verið leitast við að undirbúa framhaldsskólakerfið til að mæta ólíkum þörfum nemenda og atvinnulífs í menntunarlegu tilliti með því að leggja grunn að sveigjanlegra skipulagi náms, styttri námsbrautum og áherslu á verk- og starfsnám.

Á undanförnum árum hefur á vettvangi OECD og Evrópusambandsins (ESB) verið unnið að greiningu á aðgengi fullorðinna að námi, þátttöku þeirra í námi og nauðsyn þess að veita þeim meiri hvatningu til að stunda nám. Ein ástæða þess að sjónum hefur verið beint að bættri menntun ófaglærðra er að hún getur almennt haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og aukið lífsgæði þeirra sem menntunarinnar njóta. Stjórnvöld geta gegnt mikilvægu hlutverki í eflingu framhaldsfræðslu með því að skapa skilyrði fyrir því að hún skili auknum hagsbótum, að fjármögnun leiði til betra skipulags, eftirlit með gæðum verði aukið og að stefna í málefnum framhaldsfræðslu verði samræmd. Það er samdóma álit þeirra sem fjalla um nám fullorðinna að ef það á að skila tilætluðum árangri verði að afla því formlegrar viðurkenningar. Þar leikur svokallað „raunfærnimat“ lykilhlutverk, en flest ef ekki öll nágrannaríki Íslands hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp raunfærnimatskerfi í löndum sínum. Þá er brýnt að fullorðnum standi til boða einstaklingsbundin ráðgjöf um nám og námsmöguleika, en jafnframt greining og úrræði vegna námsörðugleika þegar svo ber undir. Fyrirtæki jafnt sem einstaklingar geta haft fjárhagslegan ávinning af námi, auk þess sem fjárfesting í námi er til hagsbóta fyrir efnahagslífið í heild. Mikilvægt er því að fullorðnum standi til boða fjölbreytt nám sem miðar við getu og undirbúning hvers og eins. Samstarf aðila vinnumarkaðarins um nám fullorðinna getur stuðlað að öflugri framhaldsfræðslu og almennri viðurkenningu vinnumarkaðarins á slíku námi.

Frumvarpinu er ætlað stuðla að því að almennt menntunarstig vaxi og því markmiði verði náð þannig að einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Sá markhópur sem frumvarpið tekur til eru einstaklingar sem hætt hafa námi í formlega skólakerfinu áður en skilgreindum námslokum var náð. Ástæður slíks brotthvarfs frá námi geta verið margvíslegar, en fram til þessa hefur eitt einkenna íslensks vinnumarkaðar verið mikill hreyfanleiki vinnuafls ásamt lágu atvinnuleysisstigi. Af þeim sökum hafa atvinnuhorfur og möguleikar til tekjuöflunar verið ágætir fyrir einstaklinga á skólaaldri sem ekki hafa sótt sér formlega menntun. Nú er hins vegar talið brýnt að til staðar séu úrræði sem geta virkað hvetjandi fyrir slíka einstaklinga til að hefja nám að nýju. Mikilvægur þáttur í slíku námsframboði er að samhliða sé boðið upp á mat og greiningu á sértækum námsörðugleikum fyrir þá sem þannig stendur á um og að þeim standi jafnframt til boða aðstoð til þess að byggja upp þekkingu, færni og sjálfstraust til þess að halda áfram námi. Þá er og mikilvægt að meta og viðurkenna færni eða þekkingu sem fólk hefur aflað sér eftir óhefðbundnum leiðum og hvetja það þannig til nýrrar þekkingarleitar.

Fyrir marga sem hafa hætt námi að loknum grunnskóla eða á framhaldsskólastigi er hefðbundið nám í framhaldsskóla ekki raunhæfur kostur. Af þeirri ástæðu er brýnt að búa til námsúrræði sem geta hentað, sem þó eru þannig byggð upp að þau geti opnað leiðir til formlegs náms og til brautskráningar með lokaprófi af framhaldsskólastigi. Á undanförnum árum

hefur verið unnið mikið starf sem miðar að því að byggja upp símenntunarkerfi sem getur sinnt þörfum þeirra sem hér um ræðir, m.a. fyrir tilstilli símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja samstarf þeirra sem sinna framhaldsfræðslu og framhaldsskóla, t.d. með mati á einingabæru námi og gagnkvæmri viðurkenningu þess, og stuðla þannig að aukinni viðurkenningu á gildi menntunar sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Er mikilvægt að símenntunarmiðstöðvum, eða fræðsluaðilum eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpi þessu, gefist kostur á að hafa áhrif á framkvæmd laga þessara og almenna stefnumótun í málaflokknum.

Aðdragandi.

Árið 1992 voru sett lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, á verksviði menntamálaráðuneytisins. Lögin voru felld úr gildi árið 1996 en tekin upp heimild í lög um framhaldsskóla fyrir rekstri öldungadeilda, endurmenntunarnámskeiða og samstarfi framhaldsskóla um fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Árið 1992 voru einnig sett lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Skv. 4. gr. þeirra laga heyrir starfsmenntun í atvinnulífinu undir félagsmálaráðuneytið en starfsfræðsla í fiskvinnslu fellur undir sjávarútvegsráðuneytið. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu eru enn í gildi og á grundvelli þeirra hefur starfsmenntasjóður úthlutað styrkjum allt að 60 millj. kr. árlega síðustu árin til ýmissa þróunarverkefna í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) var stofnuð af ASÍ og SA á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Markmiðið er að veita starfsmönnum á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggist á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið. Samkvæmt þeim samningi hefur FA verið falið að skilgreina menntunarþarfir fólks á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki, að skipuleggja námsframboð, þróa mat á óformlegu námi og raunfærni og aðferðir í náms- og starfsráðgjöf. Jafnframt hefur FA verið falið að móta reglur og gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í námskeiðahaldi og náms- og starfsráðgjöf sem fram fer á vegum símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið. Þá hefur FA annast umsýslu vegna úthlutunar fjármuna á grundvelli samningsins.

Símenntunarmiðstöðvarnar sem hér um ræðir voru flestar hverjar stofnaðar á árunum 1998–2000. Þær eru Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Mímir – símenntun í Reykjavík. Forverar margra þeirra voru farskólar, sem áður störfuðu á framhaldsskólastigi, ásamt því að standa fyrir námskeiðahaldi tengdu tómstundum og atvinnulífi. Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við þróun framhaldsfræðslu og raunfærnimats.

Símenntunarmiðstöðvar, þekkingarnet og þekkingarsetur starfa nú á níu framangreindum stöðum á landsbyggðinni auk ýmissa útstöðva og námsvera sem þeim tengjast. Áherslur þeirra geta verið mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað en meginviðfangsefnin eru yfirleitt þríþætt, náms- og starfsráðgjöf auk námskeiðahalds fyrir fólk á vinnumarkaði, miðlun

háskólakennslu fyrir fjarnema og ýmis tómstundanámskeið. Mímir – símenntun sem er einkahlutafélag í eigu ASÍ er í Reykjavík og annast fyrst og fremst menntun fólks á vinnumarkaði sem hefur stutta skólagöngu að baki.

Yfirlit um símenntunarmiðstöðvar og útstöðvar þeirra.



Á vegum aðildarfélaga BSRB var fræðslusetrið Starfsmennt stofnað árið 2001 til að sinna heildstæðri þjónustu á sviði endur- og símenntunarmála fyrir opinberar stofnanir og starfsmenn þeirra. Setrið er þjónustuaðili fræðslumála fyrir félagsmenn þeirra aðildarfélaga sem að setrinu standa. Það metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum og stofnanahópum, kemur á starfstengdum námskeiðum, leggur fram nýjungar á starfsþróunarverkefnum og veitir stofnunum ráðgjöf. BSRB er einnig meðeigandi í Framvegis, miðstöð um símenntun, er sjálfstætt fræðslufyrirtæki sem jafnframt er í eigu Tölvuskólans – isoft-þekkingar, SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu, Sjúkraliðafélags Íslands og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Framvegis vinnur auk þess í nánu samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fræðslusetrið Starfsmennt og fleiri aðila. Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Umfang þeirrar starfsemi sem fram fer á vegum símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni, Mímis – símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina í Reykjavík á grundvelli samnings menntamálaráðuneytisins við FA hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin.

Fjárhagsleg málefni.

Opinber framlög sem falla undir skilgreiningu á framhaldsfræðslu samkvæmt frumvarpi þessu hafa í heild sinni aukist verulega undanfarin ár. Til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um framlengingu kjarasamninga hefur ríkisstjórnin ítrekað samþykkt aukin framlög til framhaldsfræðslu. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 renna rúmlega 428 millj. kr. til grunnreksturs símenntunarmiðstöðva, 88,5 millj. kr. til grunnþjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og 635,1 millj. kr. til námskeiðahalds og raunfærnimats ásamt náms- og starfsráðgjöf símenntunarmiðstöðva. Ríkisstjórnin lýsti því yfir í tengslum við framlengingu kjarasamninga í febrúar ári 2008 að framlög til framhaldsfræðslu mundu stigaukast á næstu árum. Þetta var staðfest við gerð stöðugleikasáttmálans í júní 2009.

Opinberar fjárveitingar til framhaldsfræðslu skiptast í tvennt í meginatriðum, svo sem greinir í 9. gr.:

a. framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, en þar eru meðtalin reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu, og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna,
b. framlög í Fræðslusjóð.

Þau viðfangsefni og umsýsla sem vikið er að í a-lið að ofan eru einkum þau verkefni sem unnin hafa verið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Einnig falla hér undir bein rekstrarframlög sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert til símenntunarmiðstöðva. Undir þennan lið geta einnig fallið útgjöld til ýmissa viðfangsefna sem geta verið viðvarandi eða tímabundin og menntamálaráðherra ber ábyrgð á. Hér er t.a.m. átt við fullorðinsfræðslu fatlaðra og íslenskukennslu fyrir útlendinga. Útgjöld til þessara verkefna eru í fjárlögum. Þá gætu t.d. fjárveitingar er varða starfsendurhæfingu fallið hér undir.

Gert er ráð fyrir þeirri skipan að FA annist áfram margvísleg verkefni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið, enda hefur samstarf stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins á þeim vettvangi verið farsælt. Verði frumvarp þetta samþykkt er ljóst að endurskoða verður fjárveitingar og framlög til verkefna sem unnin eru samkvæmt þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins og FA, enda yrði framlögum til þeirra verkefna sem unnin eru samkvæmt samningnum ætlað að nýtast fleirum en nú er, þ.e. félagsmönnum BSRB og þeim sem ekki eru stéttarfélagsbundnir.

Það er forsenda þess að sátt verði um setningu og framkvæmd laga þessara að þau leiði ekki til skerðingar á hlut og réttindum félagsmanna ASÍ og annarra sem notið hafa þeirra framlaga til fullorðinsfræðslu úr ríkissjóði sem ákveðin hafa verið í tengslum við gerð og framlengingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þeim verkefnum sem FA hefur haft með höndum er ætlað að þjóna þeim hópi. Það á því einnig við um framlög í Fræðslusjóð, að þau munu þurfa að aukast samhliða því sem hlutverk Fræðslusjóðs mun einnig ná til launþega á almennum vinnumarkaði. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir því að fjárframlög vegna starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum hækki í áföngum á næstu þremur árum. Verði 70 millj. kr. á árinu 2010, 90 millj. kr. á árinu 2011 og 110 millj. kr. á árinu 2012. Er við það miðað að aðild að FA verði breytt ef frumvarp þetta verður að lögum, þannig að aðilar á hinum opinbera vinnumarkaði öðlist aðild að FA.

Brottfall laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Loks er samkvæmt frumvarpinu lagt til að lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992, verði felld úr gildi. Falla þá einnig úr gildi ákvæði þeirra laga um starfsfræðslu í fiskvinnslu á vegum sjávarútvegsráðuneytis. Af þessu leiðir að fjármunir sem runnið hafa til starfsmenntasjóðs og vegna starfsfræðslu í fiskvinnslu munu nú nýtast undir formerkjum framhaldsfræðslu. Með þessu móti skapast forsendur fyrir gagnsærri stefnu hins opinbera í fjárframlögum til starfsmenntunar í atvinnulífinu þar sem aukins jafnræðis verður gætt og unnt að koma í veg fyrir tvíverknað og óþarfa kostnað sem honum fylgir í tengslum við utanumhald, þróunarvinnu, þarfagreiningar, námskrárvinnu, námsefnisgerð og kennslu á sviði framhaldsfræðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er fjallað um gildissvið frumvarpsins, þ.e. skipulag framhaldsfræðslu og fjárstuðning ríkissjóðs við hana og viðurkenningu menntamálaráðherra á fræðsluaðilum og vottun námskráa.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er gerð grein fyrir markmiðum framhaldsfræðslu í sjö stafliðum. Fyrsta markmiðið lýtur að því að veita einstaklingum tækifæri til að auka lífsgæði sín og almennt til virkrar þátttöku í samfélaginu. Með þessu er lögð áhersla á að framhaldsfræðsla er ein af grunnstoðum menntakerfisins. Þannig er framhaldsfræðslunni ætlað að skapa einstaklingum með stutta skólagöngu að baki tækifæri til menntunar, t.d. með þverfaglegri fræðslu.

Annað markmiðið lýtur að því að skapa námstækifæri fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki. Hér er átt við einstaklinga sem hafa ekki lokið framhaldsnámi, bæði þá sem ekki hafa byrjað slíkt nám og svonefnda brottfallsnemendur. Með einstaklingum á vinnumarkaði er átt við þá sem eru í starfi og þá sem hyggjast leita sér starfa að framhaldsfræðslu lokinni.

Þriðja markmiðið lýtur að því að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð sína í því tilliti. Með eflingu starfshæfni er einkum átt við hagnýtt nám og hvers konar þjálfun sem er til þess fallin að auka þekkingu og færni í starfi. Með eflingu ábyrgðar er átt við að stuðlað sé að því að einstaklingar beri sjálfir ábyrgð á eflingu starfshæfni sinnar með þeim úrræðum sem þeim kunna að standa til boða í tengslum við frumvarp þetta.

Fjórða markmiðið lýtur að því að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Í því felst m.a. að mæta þörfum einstaklinga og fyrirtækja fyrir nýja þekkingu og færni. Hér er vísað til þess að þeir innviðir framhaldsfræðslu sem ráðgerðir eru í frumvarpinu nýtast ekki síður fyrirtækjum en starfsmönnum þeirra, sbr. II. kafla frumvarpsins.

Fimmta markmiðið lýtur að því að framhaldsfræðslan taki mið af ójafnri stöðu og hæfni einstaklinga. Með því er lögð áhersla á að einstaklingar sem búið hafa við skert tækifæri til menntunar eða atvinnuþátttöku, svo sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum, fái aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Í sjötta lagi er með frumvarpinu stefnt að því að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Með frumvarpi þessu er leitast við að sú fræðslustarfsemi sem rekin verður á grundvelli þess verði eins og unnt er einingabær í framhaldsskólum og geti eftir atvikum verið metin sem hluti af námi á háskólastigi.

Í sjöunda lagi er frumvarpinu ætlað að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum. Hér er vísað til svonefnds raunfærnimats, sbr. nánar b-lið 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í áttunda lagi er með frumvarpinu leitast við að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi almennt. Þetta markmið er nátengt fjórða markmiðinu um aukin tækifæri einstaklinga til þátttöku í samfélaginu, en framhaldsfræðsla er almennt talin stuðla að auknum áhuga á frekari menntun. Niðurstöður rannsókna um framhaldsfræðslu benda til þess að slík menntun sé til þess fallin að vekja áhuga á frekara námi og leiði þannig til hærra menntunarstigs. Í því ljósi er mikilvægt úrræði 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um einstaklingsbundna náms- og starfsráðgjöf.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru skilgreind þau hugtök sem þýðingu hafa í frumvarpinu.

Framhaldsfræðsla er hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla. Framhaldsfræðsla vísar þannig til náms eða námsframboðs, en einnig til úrræða sem fólgin geta verið í mati á raunfærni og ráðgjöf, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Raunfærnimat er skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings sem aflað hefur verið með skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu.

Fræðsluaðili er sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðherra á grundvelli laga þessara. Fræðsluaðilar eru m.a. símenntunarmiðstöðvar, fræðslusetur og skólar sem öðlast hafa viðurkenningu á grundvelli laga um framhaldsskóla.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um yfirstjórn menntamálaráðherra á málefnum framhaldsfræðslu. Nánar tilgreint felur það í sér ábyrgð á almennri stefnumótun í framhaldsfræðslu í samráði við hagsmunaaðila, ábyrgð á almennri stjórnsýslu vegna framkvæmdar frumvarpsins, ábyrgð á málefnum Fræðslusjóðs, ábyrgð á stuðningi við þróun og nýsköpun á sviði framhaldsfræðslu og ábyrgð á eftirliti og mati.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um tilhögun framhaldsfræðslu sem ætlað er að miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs. Áhersla er lögð á að námsframboði skuli eftir því sem unnt er háttað þannig að hægt sé að leggja stund á það samhliða atvinnuþátttöku. Hvatt er til þess að skipulag framhaldsfræðslu verði þannig að hún geti fallið að öðru námi og að unnt verði að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Í ákvæðinu segir að hafa skuli samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd frumvarpsins og að ráðherra sé heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr. Hér er þannig gert ráð fyrir að fela megi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins framangreint hlutverk með þjónustusamningi.

Í greininni er enn fremur lagt til að reglulegt samráð verði haft við fræðsluaðila, sem starfa á grundvelli laga þessara, um framkvæmd framhaldsfræðslunnar. Með slíku samráði

gefst ráðuneytinu tækifæri til þess að eiga samskipti við fræðsluaðila um skipulag framhaldsfræðslunnar, t.d. einu sinni til tvisvar á ári, og þannig stuðla að tengslum milli fræðsluaðila og framhaldsskólans.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar, sbr. hliðstætt ákvæði 23. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla. Miðar það að því að nám í framhaldsfræðslu sé skilgreint með sambærilegum hætti og nám í framhaldsskólum, en það getur auðveldað mat á námi og opnað námsleiðir milli framhaldsfræðslu og framhaldsskóla.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um vottun ráðherra á námskrám og viðurkenningu námslýsinga. Ráðgert er skv. 15. gr. að ráðherra geti falið þetta verkefni aðilum utan ráðuneytis samkvæmt samningi. Þau réttaráhrif eru bundin við vottunina og með henni er staðfest að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um viðurkenningu ráðherra á fræðsluaðilum. Ráðgert er skv. 15. gr. að ráðherra geti falið þetta verkefni í hendur aðila utan ráðuneytis samkvæmt samningi. Í viðurkenningunni felst að fræðsluaðilum er heimilt að annast framhaldsfræðslu samkvæmt frumvarpinu og er viðurkenningin forsenda fyrir fjárstuðningi úr Fræðslusjóði samkvæmt frumvarpinu.

Við mat á því hvort viðurkenning skuli veitt er horft til aðstöðu fræðsluaðila til kennslu og námskeiðahalds, skipulags náms og umsjónar með því, námskráa eða námslýsinga, fjárhagsmálefna, trygginga og gæðakerfis fræðsluaðila.

Réttaráhrif viðurkenningar ráðherra skv. 1. mgr. eru þau að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila telst uppfylla, á þeim tíma sem hún er veitt, skilyrði frumvarpsins og reglna sem settar verða. Viðurkenningin felur með öðrum orðum ekki í sér staðfestingu, af hálfu þess er viðurkenninguna veitir, á að viðkomandi fræðsluaðili uppfylli ávallt viðeigandi skilyrði eða reglur, enda er ekki fyrirséð að eftirlit af hálfu ráðuneytis, eða þess sem falið er að sinna því í umboði ráðherra, verði þannig háttað að raunhæft sé að veita tryggingar þar um. Um eftirlit, úttektir og skyld málefni er fjallað í IV. kafla frumvarpsins.

Í ákvæðinu er tekið fram að í viðurkenningunni felist engin skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Lagt er til að heimilt verði að afturkalla viðurkenningu til fræðsluaðila þegar hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem voru forsenda viðurkenningar. Ráðgert er að nánari skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið er að veitingu hennar og afturköllun verði sett í reglugerð.

Þá er lagt til að reikningar fræðsluaðila skuli áritaðir af löggiltum endurskoðanda og verði gerðir aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ástæða þykir til að mæla sérstaklega fyrir um aðgang ríkisendurskoðanda í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af eftirliti með opinberum fjárstuðningi til þjónustu á vegum einkaaðila.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um raunfærnimat og einstaklingsbundna námsráðgjöf fyrir þá sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins. Þeir sem leggja stund á framhaldsfræðslu skulu eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Mat á raunfærni fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess, sbr. hliðstætt ákvæði 31. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Lagt er til að þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt ákvæðinu.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um að Alþingi veiti af fjárlögum fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna er henni tengjast og að þau framlög greinist í tvennt: annars vegar framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, en þar eru meðtalin reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu, og hins vegar framlög í Fræðslusjóð.

Í fjárlögum ár hvert hefur Alþingi úthlutað fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna sem henni tengjast. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir því að um framangreindar fjárveitingar og ráðstöfun þeirra fari eftir III. kafla frumvarpsins. Þannig eru í fjárlögum ársins 2009 veittar 556 millj. kr. sem falla mundu undir a-lið 9. gr. Þetta hefur falið í sér fjárveitingar til grunnrekstrar 10 símenntunarmiðstöðva, til FS-nets símenntunarmiðstöðvanna og til rekstrar og þróunarverkefna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Framlög samkvæmt fjárlögum ársins 2009 sem renna mundu til Fræðslusjóðs skv. b-lið 9. gr. nema rúmlega 607 millj. kr. og fara nú samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins við ASÍ og SA um FA til námskeiðahalds, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar á vegum 12 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Samkvæmt samningi við FA á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 um greiðslur viðbótarframlaga, sem einnig er kveðið á um í stöðugleikasáttmálanum, greiðast 100 millj. kr. til viðbótar á árinu 2010. Þá er samkomulag um að við bætist fjárveiting vegna aðildar stéttarfélaga opinberra starfsmanna að Fræðslusjóði samhliða lögfestingu frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er ráðgert að stofnaður verði Fræðslusjóður er hafi það hlutverk að stuðla að námstækifærum á sviði framhaldsfræðslu og gera umsækjendum kleift að nýta slík tækifæri. Tekjur Fræðslusjóðs eru framlög sem Alþingi ákveður á fjárlögum hverju sinni en gert er ráð fyrir því að hluti þeirra fjárveitinga sem Alþingi hefur árlega veitt til framhaldsfræðslu, sbr. umfjöllun um 9. gr., falli framvegis undir ákvæði 10. gr. frumvarpsins.

Ráðgert er að úthlutun úr Fræðslusjóði verði á hendi stjórnar sjóðsins og greinist í þrjá meginþætti samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir: framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf, sem og styrkveitinga til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu sem koma í stað úthlutana sem verið hafa á verksviði Starfsmenntasjóðs.

Lagt er til að stjórn Fræðslusjóðs beri ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Í því felst að ákvörðun stjórnar um úthlutun er endanleg.

Í ákvæðinu er ekki tekið fram hvenær úthlutun skuli fara fram heldur er það eftirlátið stjórn Fræðslusjóðs að ákveða úthlutunartímabil, umsóknarfresti og form auglýsinga í út-

hlutunarreglum eða skilmálum sem ráðherra staðfestir, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sérstaklega er kveðið á um að stjórn Fræðslusjóðs sé heimilt að gefa fyrirheit um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Í samræmi við 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að fela stjórn Fræðslusjóðs að reka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila um að annast fjárreiður og umsýslu með sjóðnum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðherra geti falið Fræðslusjóði að hafa umsjón með sérstökum verkefnum er tengjast framhaldsfræðslu og framkvæmd laga þessara.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er mælt fyrir um skipun stjórnar Fræðslusjóðs. Ráðherra skipar átta manna sjóðsstjórn til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvor, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn fulltrúa, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félagsmálaráðherra einn, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Um varamenn segir að þeir skuli skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir, þar sem m.a. er fjallað um meðferð umsókna og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er lýst markmiðum með eftirliti ráðuneytisins. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og fram kemur í 40. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er mælt fyrir um hlutverk ráðuneytisins varðandi söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu en ráðgert er að þær upplýsingar verði nýttar til stefnumótunar og eftirlits af hálfu ráðuneytisins. Hér er um að ræða ákvæði sem er sambærilegt við 55. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Skylda til að veita ráðuneytinu upplýsingar um framangreint hvílir á öllum fræðsluaðilum sem fengið hafa viðurkenningu eða hlotið stuðning samkvæmt frumvarpinu. Þá ber Fræðslusjóði að skila sambærilegum upplýsingum til ráðuneytisins varðandi úthlutun úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir því að ráðuneytið geti með samningi skv. 15. gr. falið öðrum aðila hlutverk þess skv. 1. mgr. Í 13. gr. er jafnframt mælt fyrir um skyldu fræðsluaðila til að varðveita upplýsingar um nemendur og námsferil þeirra og veita aðgang að þeim. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og 38. gr. laga um framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglur um framangreint.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er mælt fyrir um innra eftirlit fræðsluaðila með árangri og gæðum fræðslustarfsins. Niðurstöður um innra eftirlit skulu birtar opinberlega, jafnframt því sem lýsa skal áætlunum um umbætur í kjölfar þess.

Almennt eftirlit með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast er á hendi menntamálaráðherra en framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila.

Um 15. gr.

Í 15. gr. felst heimild til gerðar þjónustusamnings vega þeirra verkefna sem tilgreind eru á ábyrgð ráðherra í 6. gr., um vottun námskráa og námslýsinga, í 7. gr., um viðurkenningu fræðsluaðila, í 10. gr., um umsýslu með Fræðslusjóði, og í 13. gr., um söfnun og miðlun upplýsinga. Áherslu ber að leggja á að þá heimild til valdframsals sem felst í ákvæðinu þarf að nýta með skýrum og afdráttarlausum hætti í samningi.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er mælt fyrir um að ákvarðanir fræðsluaðila og Fræðslusjóðs samkvæmt frumvarpinu sæti ekki kæru til ráðherra. Í því felst að ákvarðanir þessara aðila fela að jafnaði í sér endanlega afgreiðslu mála á stjórnsýslustigi. Þær geta hins vegar lotið eftirliti umboðsmanns Alþingis og dómstóla.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er mælt fyrir um almenna reglugerðarheimild ráðherra í tengslum við framkvæmd þess.

Um 18. gr.

Við það er miðað að við gildistöku laganna 1. janúar 2010 falli brott lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á formlegum markmiðum og fyrirkomukomulagi fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaðinum sem hefur stutta skólagöngu, að því leyti sem fræðslan fer ekki fram á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Tillögurnar taka í meginatriðum mið af fyrirkomulagi sem hefur þróast hér á landi á síðustu árum og hefur reynst vel að mati stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt er lagt til að fyrirkomulag samkvæmt lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, verði afnumið.

Í öðrum kafla frumvarpsins sem fjallar um skipan framhaldsfræðslu er gert ráð fyrir að fræðslan byggist á vottuðum námskrám eða námslýsingum, hún sé veitt af viðurkenndum aðilum og settar verði reglur um ýmsa þætti fræðslunnar. Að flestu þessu hefur verið unnið á síðustu árum á vegum menntamálaráðuneytisins, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fleiri aðila. Fjármálaráðuneytið telur því að þessi kafli frumvarpsins feli ekki í sér útgjaldaauka.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um fyrirkomulag á fjárveitingum ríkisins. Annars vegar er um að ræða styrki til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu með almennum hætti, þar á meðal rekstrarframlög, og hins vegar framlög í nýjan Fræðslusjóð undir stjórn átta manna stjórnarnefndar. Á fjárlagalið 02-451 Símenntun og fjarkennsla er áætlað í fjárlögum 2009 fyrir framlögum að fjárhæð 359,9 m.kr. til grunnreksturs níu símenntunarmiðstöðva,

tveggja þekkingarsetra sem sinna m.a. símenntun, háhraðanets framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva (FS-nets) og til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að fjármagn í Fræðslusjóð komi þó aðallega af fjárlagaliðnum 02-451-1.12 Símenntun og fjarkennsla, námskeið og ráðgjöf en af þeim lið hafa verið veittir styrkir til námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjöf. Í fjárlögum 2009 eru 507,1 m.kr. á þessu viðfangsefni. Með þessu er verið að binda í lög að ríkið skuli styrkja þetta starf fjárhagslega án þess þó að kveða á um fjárhæðir. Umsýsla styrkja á liðnum hefur verið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið og undir stjórn þess. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt verði að reka skrifstofu sem annist fjárreiður og umsýslu sjóðsins eða semja um reksturinn við til þess bæran aðila. Þetta ákvæði ætti því ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér. Ekki liggur fyrri hvort stjórnarnefnd sjóðsins verði greidd þóknun fyrir störf sín en verði það gert lendir kostnaður á sjóðnum. Fleiri viðfangsefni undir fjárlagalið 02-451 en hér hafa verið nefnd tengjast framhaldsfræðslu í landinu. Á fjárlagalið félagsmálaráðuneytisins 07-984-1.14 Atvinnuleysistryggingasjóður, starfsmenntasjóður er áætlað fyrir 60 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum 2009 vegna starfsmenntalaga og á fjárlagalið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins 04-190-1.32 Ýmis verkefni, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir hefur hluti af 38,6 m.kr. fjárveitingu runnið til námskeiðahalds á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

Fjórði og síðasti kafli frumvarpsins er meðal annars um miðlun og varðveislu upplýsinga og úttektir á árangri og gæðum fræðslustarfsins. Unnið hefur verið að flestum þessara viðfangsefna og því ekki talið að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda verði það að lögum.

Með vísan til framanritaðs telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið leiði til þess að lögbundnar skyldur ríkisins gagnvart fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði sem hefur stutta formlega skólagöngu aukist. Þótt frumvarpið mæli ekki fyrir um breytingar sem þurfa að hafa í för með sér aukningu á ríkisútgjöldum þá felur það í sér breytta framsetningu og tilfærslu fjárveitinga í fjárlögum.

263. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hlutinn hefur enn fremur farið yfir þau erindi sem hafa borist nefndinni og gerir 25 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 7,822 milljörðum kr. til lækkunar.

Meiri hlutinn gerir tillögur um hækkun tekna að fjárhæð 1,609 milljarðar kr. á rekstrargrunni.

Nefndin mun á milli 2. og 3. umræðu kalla eftir frekari upplýsingum um einstaka málaflokka, svo sem frekari upplýsingum um vaxtagjöld ríkissjóðs.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 110 m.kr.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit. Í frumvarpinu er, í ljósi stöðu í ríkisfjármálum 2009, gert ráð fyrir að lækka fjárheimild til framkvæmda á Alþingisreit um 200 m.kr. Til að unnt sé að ljúka uppgjöri á áföllnum skuldbindingum vegna fornleifagraftar og hönnunar á þessu ári er lagt til að fjárveitingin lækki um 150 m.kr. í stað 200 m.kr.

Stórmerkar minjar frá upphafi landnáms í Reykjavík hafa fundist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Alþingisreit. Þetta eru viðameiri minjar en fyrirséð var og hefur því úrvinnsla muna orðið mikil. Kostnaður við verkið hefur jafnframt orðið mun meiri en fyrirséð og áætlað var samkvæmt upphaflegum verksamningi. Mikil verðmæti eru í húfi og mikilvægt að sem best takist til við að verja fornminjarnar. Sem stendur varðar mestu vernd minja á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu, á þeim stað þar sem ætlunin er að flytja svokallað Skúlahús (nú Vonarstræti 12). Kjallari undir húsinu mun gegna mikilvægu hlutverki við vernd minjanna því ella þyrfti að fara í dýrar verndunaraðgerðir sem mundu kosta álíka mikið og gerð kjallarans. Jafnframt mun gerð kjallarans nú auðvelda að unnt verði að taka Skúlahús til notkunar á ný og áður en leigusamningar um húsnæði í Aðalstræti renna út.

207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008.

1.01 Rannsóknarnefnd. Gerð er tillaga um 60 m.kr. framlag til rannsóknarnefndar Alþingis en starf nefndarinnar er umfangsmeira og hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Sama á við um starf þess siðfræðihóps sem starfar samhliða nefndinni. Af þessum sökum hefur þurft að framlengja þann frest sem rannsóknarnefndin hafði til að afhenda Alþingi skýrslu sína og því má gera ráð fyrir frekari útgjöldum en áætlað var vegna launa nefndarmanna, starfsmanna og kostnaðar verktaka. Þá hefur kostnaður við erlenda ráðgjöf orðið heldur meiri en reiknað var með.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir að rekstrarumfang Ríkisendurskoðunar, bæði útgjöld og sértekjur, aukist tímabundið um 300 m.kr. vegna endurskoðunar á ársreikningum nýju bankanna. Stofnunin samdi á sínum tíma við þrjú endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun á stofnefnahagsreikningum og ársreikningum nýju bankanna þriggja fyrir árið 2008. Stofnunin endurkrefur bankana um kostnað við endurskoðunina. Þessi auknu umsvif kalla því ekki á bein framlög úr ríkissjóði en koma fram í reikningshaldi stofnunarinnar sem hækkun á útgjöldum við aðkeypta þjónustu á móti jafnmikilli hækkun sértekna.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði lækkuð um 4,5 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að fjárveiting aðalskrifstofu forsætisráðuneytis lækki um 4,5 m.kr. á árinu 2009. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast efnahagsstjórn frá forsætisráðuneyti til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra og eitt starf sérfræðings. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 180 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. framlag til skólans og er fjárhæðin millifærð af liðnum 02-999-6.90 þar sem fyrir er óráðstafað framlag. Af framlaginu eru 1,2 m.kr. ætlaðar Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu og 0,6 m.kr. eru ætlaðar félagsvísindasviði til verkefnisins Íslenska kosningarannsóknin 2009.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 150 m.kr. framlag vegna aukinnar námsvirkni og fjölda nemenda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga 2009. Í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir 20.115 ársnemendum í framhaldsskólum landsins. Þær nemendatölur sem nú liggja fyrir sýna hins vegar fram á að þróun nemendafjölda í framhaldsskólum á árinu er með nokkuð öðrum hætti en varð að fullu fyrirséð við gerð fjárlaga. Þannig eru á milli 450–500 fleiri reiknaðir ársnemendur sem stunda nám í framhaldsskólum landsins en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þetta skýrist þó aðeins að hluta með fjölgun nýskráninga í nám. Að stærstum hluta skýrist þessi þróun af því að breyttar aðstæður í samfélaginu og samdráttur á vinnumarkaði leiðir til þess að mun minna er um að nemendur hverfi frá námi á öðru, þriðja og fjórða ári. Minni möguleikar á vinnu með skóla leiða til þess að nemendur eru síður í hlutanámi. Námsúrræði í dagskóla eru einnig betur nýtt af nemendum vegna væntanlegs samdráttar í kvöldskóla og fjarnámi. Í skólum á landsbyggðinni fjölgar nemendum því þeir flytja sig í heimabyggð þar sem dýrara er orðið að stunda nám fjarri heimili. Birtingarmynd þessarar auknu virkni nemenda er fjölgun ársnemenda, mæld á grundvelli prófaðra eininga, en felur ekki í sér samsvarandi fjölgun einstaklinga. Að óbreyttu má af þessum ástæðum búast

við að fjölgun reiknaðra ársnemenda verði næstu tvö til þrjú árin einhver umfram það sem breytingar á árgangastærð nýnema gefa tilefni til þess að ætla.

Fjárhæð framlagsins miðast ekki við einingaverð sem notuð eru í reiknilíkani framhaldsskóla fyrir fjölgun einstaklinga sem sækja nám enda eru kostnaðaráhrif af aukinni virkni nemenda sem fyrir eru í námi ekki jafnmikil. Töluverð óvissa er um viðbótarkostnaðinn en hér er miðað við að skólarnir fái viðunandi stuðning til að mæta honum.

368 Menntaskóli Borgarfjarðar.

1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag vegna húsnæðiskostnaðar Menntaskóla Borgarfjarðar. Framlagið er samkvæmt samkomulagi sem gert var við skólann um þátt ráðuneytisins í kostnaði við húsnæði skólans. Samkomulagið byggist á sömu forsendum og húsnæðisframlag til annarra framhaldsskóla sem eru í einkareknu húsnæði. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var starfsemi Menntaskólans í Borgarfirði tiltölulega nýhafin og við frágang fjárlaga láðist að gera ráð fyrir nemendafjölgun í samræmi við vaxtarferil skólans og húsnæðisþætti. Í frumvarpinu er þegar búið að gera ráð fyrir breytingum á framlagi vegna nemendafjölgunar í samræmi við vaxtarferil skólans en í ljós hefur komið að eftir er að leggja til framlag vegna húsnæðis.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerð er tillaga um 1,3 m.kr. framlag til fornleifarannsókna í Keldudal í Hegranesi. Framlagið er millifært af liðnum 02-999-6.90 þar sem fyrir er óráðstafað framlag.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag til Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði. Framlagið er millifært af liðnum 02-999-6.90 þar sem fyrir er óráðstafað framlag.

1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til Safnahúss í Búðardal samkvæmt samningi þar að lútandi frá því í janúar 2006. Samningurinn kveður á um 10 m.kr. framlag á ári árin 2006–2010, samtals 50 m.kr. Vegna mistaka var framlagið fellt út við fjárlagagerð 2009 og er hér gerð tillaga um leiðréttingu á því.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Bátasafn Breiðafjarðar fékk 2 m.kr. styrk á fjárlögum 2009 til byggingar sýningarskála. Lagt er til að safninu verði veitt heimild til að nýta þann styrk til vinnu- og efniskaupa vegna viðgerða á bátum og öðrum safngripum í stað byggingar sýningarskála.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Lagt er til að 1,5 m.kr. styrkur sem veittur var í fjárlögum 2009 til endurbóta á gamla rafstöðvarhúsinu á Bíldudal verði færður á Smiðjuna á Bíldudal.

983 Ýmis fræðistörf.

1.52 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. framlag til Skriðuklaustursrannsókna. Framlagið er millifært af liðnum 02-999-6.90 þar sem fyrir er óráðstafað framlag.

999 Ýmislegt.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Í fjárlögum fyrir árið 2009 er 16,6 m.kr. óráðstöfuð fjárheimild á þessu viðfangsefni. Gerð er tillaga um að ráðstafa henni í sex verkefni. Þannig eru alls 14,6 m.kr. millifærðar af liðnum, þ.e. 8 m.kr. á 02-919-1.90, 3,5 m.kr. á 02-983-1.52, 1,8 m.kr. til tveggja verkefna á lið 02-201-1.01 og 1,3 m.kr. á 02-901-

1.01 eins og þar greinir. Loks er lagt til að veita Sjóræningjum ehf. 2 m.kr. framlag á þessum lið til stofnkostnaðar.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði aukin um 92,6 m.kr.

101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að fjárveiting dómsmála- og mannréttindaráðuneytis hækki um 2,6 m.kr. á árinu 2009. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast neytendamálum frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

190 Ýmis verkefni.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Framlagið er lokauppgjör á tilteknum ákvæðum samnings félagsins og ráðuneytisins vegna fjölgunar björgunarskipa um land allt.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Lagt er til að fjárheimildir Kirkjumálasjóðs verði auknar um 9 m.kr. á árinu 2009. Til skýringa vísast til umfjöllunar um fjárlagalið *06-735 Sóknargjöld*.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að fjárheimildir sóknargjalda verði auknar um 53 m.kr. á árinu 2009. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun vissra útgjaldaliða vegna aðhaldsráðstafana var við það miðað að framlög vegna sóknargjalda yrðu lækkuð um 150 m.kr. á árinu 2009 frá fjárlögum ársins og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Auk þess lækkuðu framlög um 12,7 m.kr. vegna fækkunar í þjóðkirkjunni. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem samþykkt voru á sumarþinginu var hins vegar gert ráð fyrir því að lækkun sóknargjalda tæki ekki gildi fyrr en 1. júlí. Þannig mun ekki nema helmingur af áformuðum sparnaði eða 75 m.kr. skila sér á þessu ári og er því gerð tillaga um hækkaða fjárheimild sem nemur mismuninum. Hlutur fjárlagaliðarins sóknargjöld í þessari hækkun eru 53 m.kr.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Lagt er til að fjárheimildir jöfnunarsjóðs sókna verði auknar um 13 m.kr. á árinu 2009. Til skýringa vísast til umfjöllunar um fjárlagalið *06-735 Sóknargjöld.*

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 130,6 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum. Lögð er til 130,6 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna viðbúnaðar gegn heimsfaraldri svínainflúensu til viðbótar við 358,9 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og 47,4 m.kr. í fjárlögum þannig að heildarframlag ársins verði 536,9 m.kr. Hækkunin frá frumvarpinu skýrist í fyrsta lagi af kaupum á tveimur lungnavélum fyrir gjörgæsludeild Landspítalans, 22 m.kr., í öðru lagi af kaupum á lækninga-

tækjum á Landspítala, 38,8 m.kr., og í þriðja lagi af því að í fyrri áætlun láðist að gera ráð fyrir virðisaukaskatti sem leggst á innflutt bóluefni, 69,8 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 208,9 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði fjárveiting að upphæð 91 m.kr. til þess að fjármagna kaup á sérfræðiþjónustu í tengslum við efnahagsástandið. Þetta er viðbótarkostnaður sem ekki var fyrirséður við áætlanagerð fyrir frumvarpið, en þar var sett fram beiðni að fjárhæð 61,6 m.kr. Aukinn kostnaður fellur til á eftirfarandi sviðum: Í fyrsta lagi 4 m.kr. vegna samningaviðræðna við þau ríki sem gáfu vilyrði um lánalínur til Íslands. Í öðru lagi 30 m.kr. vegna samningaviðræðna, sérfræðiaðstoðar og kynningarmála vegna Icesave-skuldbindinga. Í þriðja lagi 9 m.kr. vegna samninga milli nýju og gömlu bankanna um yfirfærslu eigna og uppgjörs þeirra á milli. Í fjórða lagi 48 m.kr. vegna ráðgjafar á sviði bankamála og eignaumsýslu. Samtals er því gert ráð fyrir auknum kostnaði á þessu ári að fjárhæð 152,6 m.kr.

Þá er lagt er til að fjárveiting ráðuneytisins lækki um 15,5 m.kr. á árinu 2009 vegna flutnings verkefna sem tengjast efnahagsmálum og meðferð bókhalds og ársreikninga frá fjármálaráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. Samtals eru þetta 8,5 stöðugildi. Annars vegar millifærast 7,8 m.kr. til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, aðalskrifstofu, og hins vegar 7,7 m.kr. til Hagstofu Íslands.

Heildarbreyting á liðnum nemur þannig 75,5 m.kr. til hækkunar.

999 Ýmislegt.

1.67 Þjóðlendumál. Lagt er til að veittar verði 13,4 m.kr. til þess að fjármagna málarekstur ríkisins vegna þjóðlendna. Um er að ræða mál sem tekin voru fyrir hjá óbyggðanefnd og dómstólum áður en tillaga fjármálaráðherra um frestun kröfulýsinga var samþykkt í ríkisstjórn. Kostnaður vegna umræddra mála reyndist meiri en ráð var gert fyrir en greiða þarf um 8 m.kr. vegna lögfræðikostnaðar við flutning mála í dómstólum sem áætlað var að starfsmaður fjármálaráðuneytisins tæki að sér. Einnig reyndist kostnaðarhlutdeild ráðuneytisins í starfi óbyggðanefndar vera meiri en gert var ráð fyrir, aðallega vegna upplýsingaöflunar Þjóðskjalasafns.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga 120 m.kr. fjárveitingu vegna fyrirgreiðslu til Kaupþings banka hf. vegna málshöfðunar bankans fyrir breskum dómsstólum. Hinn 20. desember 2008 voru samþykkt lög nr. 172/2008, um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008. Í lögunum er fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, heimilað að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála. Hinn 16. apríl 2009 skrifaði fjármálaráðherra undir samning við Kaupþing banka hf. er varðar fjárhagslegan stuðning íslenska ríkisins í tengslum við þessa málshöfðun bankans. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður ríkisins vegna þessa máls en samkvæmt áætlun sem gerð var á sínum tíma þegar samningurinn var gerður var miðað við að hann gæti orðið um 120 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði óbreytt.

373 Niðurgreiðslur á húshitun.

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis. Lagt er til að millifærð verði 23 m.kr. fjárheimild af liðnum á lið 11-399 vegna aðgerða sem tengjast vanda Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

399 Ýmis orkumál.

1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 23 m.kr. framlag til Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs. Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hefur átt í miklum fjárhagslegum vanda vegna skyndilegrar og ófyrirséðrar vatnshitahækkunar á virkjunarsvæðinu árið 2003 sem leiddi til skemmda á lögnum veitunnar. Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs er eina einkaleyfisveita landsins sem ekki er í meirihlutaeigu opinberra aðila, en skv. 31. gr. orkulaga, nr. 58/1967, skal hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Forsendur fyrir aðkomu ríkisins verði að hlutafé veitunnar verði afskrifað og rekstur hennar í kjölfarið yfirtekinn af Orkuveitu Húsavíkur, sem alfarið er í eigu Norðurþings, og þar með verði veitan komin í meirihlutaeign opinberra aðila eins og lög kveða á um. Lagt er til að fjárheimild verði millifærð af liðnum *11-373 Niðurgreiðslur á húshitun* og mun tillagan því ekki leiða til útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags - og viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 1,6 m.kr.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 9,7 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna milli ráðuneyta í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

Í fyrsta lagi er 7,8 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna frá fjármálaráðuneytinu, annars vegar flutnings á verkefnum um efnahagsmál og hins vegar á málum er snúa að endurskoðendum og meðferð bókhalds og ársreikninga. Gert er ráð fyrir að 4,5 stöðugildi flytjist á milli ráðuneytanna.

Í öðru lagi er 4,5 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytisins til ráðuneytisins. Um er að ræða tvö stöðugildi, annars vegar skrifstofustjóra og hins vegar sérfræðings.

Í þriðja lagi flytjast verkefni á sviði neytendamála frá ráðuneytinu yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og er því lögð til 2,6 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins. Gert er ráð fyrir að eitt stöðugildi skrifstofustjóra flytjist á milli ráðuneytanna við þessa breytingu.

Sambærilegar breytingar verða á fjárlagaramma aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni.

1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala. Lögð er til 19 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins. Í lögum nr. 18/2009 er gert ráð fyrir að ekki verði innheimt eftirlitsgjöld á árinu 2009 til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala eins og gert er ráð fyrir í 19. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Ástæðan er sú að nokkur sjóður hefur safnast upp þar sem gjaldið hefur skilað meiri

tekjum en þörf var fyrir. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af eftirlitsgjaldinu muni lækka um 19 m.kr. á árinu 2009 og að fjárveiting lækki sem því nemi.

501 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Lögð er til 7,7 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna frá fjármálaráðuneytinu til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Verkefni sem áður voru undir efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins flytjast meðal annars yfir til Hagstofu Íslands en um er að ræða fjögur stöðugildi. Sambærileg lækkun verður á fjárlagaramma aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Tillagan er í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 8.538 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild gjaldfærðra vaxtagjalda lækki um rúma 8,5 milljarða kr. og að greiddir vextir lækki um 8,4 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga. Forsendur hafa breyst að því leyti að nú er gert ráð fyrir því að fjármögnun ríkisins á viðskiptabönkunum verði mun minni en áður var reiknað með þar sem Íslandsbanki verður að mjög litlu leyti í eigu ríkissjóðs eftir endurskipulagningu í kjölfar þess að kröfuhafar yfirtaka bankann að mestu. Í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir að vextir yrðu greiddir af 300 milljarða kr. skuldabréfaútgáfu til endurfjármögnunar á bönkunum en nú er miðað við að útgáfan verði um 250 milljarðar kr. Er þá reiknað með að kröfuhafar eignist 95% hlutafjár í Íslandsbanka jafnframt því að ríkissjóður veiti bankanum 25 milljarða kr. víkjandi lán til að styrkja eiginfjár- og lausafjárstöðu bankans. Vextirnir reiknast frá október 2008 þegar nýju bankarnir voru settir á fót. Verði einnig af því að kröfuhafar ákveði að eignast stóran meiri hluta í Nýja Kaupþingi minnkar þörf fyrir eiginfjárframlög enn frekar og má gera ráð fyrir að það gæti lækkað vaxtagjöld ársins 2009 um 6,7 milljarða kr. til viðbótar. Verði komin niðurstaða hvað það varðar áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt á Alþingi kann því að verða tilefni til að lækka fjárheimild vegna vaxtagjalda sem því nemur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 18. nóv. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Björn Valur Gíslason.
Anna Pála Sverrisdóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.

264. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, ÁsmD, BVG, APS, SER, ÞBack).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit**			
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	-200,0	50,0	-150,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008			
a. 1.01 Rannsóknarnefnd	0,0	60,0	60,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*60,0*	*60,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-620 Ríkisendurskoðun			
a. 1.01 Ríkisendurskoðun	0,0	300,0	300,0
b. Sértekjur	0,0	-300,0	-300,0
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
a. 1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	0,0	-4,5	-4,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-4,5*	*-4,5*
5. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	-117,6	1,8	-115,8
6. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	48,0	150,0	198,0
7. Við **02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar**			
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	31,8	20,0	51,8
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-901 Fornleifavernd ríkisins			
a. 1.01 Fornleifavernd ríkisins	0,0	1,3	1,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,3*	*1,3*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-919 Söfn, ýmis framlög			
a. 1.90 Söfn, ýmis framlög	0,0	8,0	8,0
b. 1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	0,0	10,0	10,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*18,0*	*18,0*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-983 Ýmis fræðistörf			
a. 1.52 Skriðuklaustur	0,0	3,5	3,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3,5*	*3,5*
11. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	0,0	-14,6	-14,6

12. Við **06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	-6,5	2,6	-3,9
13. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	0,0	15,0	15,0
14. Við **06-705 Kirkjumálasjóður**			
1.10 Kirkjumálasjóður	-20,2	9,0	-11,2
15. Við **06-735 Sóknargjöld**			
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-114,7	53,0	-61,7
16. Við **06-736 Jöfnunarsjóður sókna**			
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	-27,0	13,0	-14,0
17. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	358,9	130,6	489,5
18. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	55,7	75,5	131,2
19. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.67 Þjóðlendumál	-20,0	13,4	-6,6
b. 1.90 Ýmis verkefni	25,0	120,0	145,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*133,4*	*138,4*
20. Við **11-373 Niðurgreiðslur á húshitun**			
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-19,0	-23,0	-42,0
21. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	0,0	23,0	23,0
22. Við **12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	50,6	9,7	60,3
23. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	0,0	-19,0	-19,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*-19,0*	*-19,0*
24. Við **12-501 Hagstofa Íslands**			
1.01 Hagstofa Íslands	796,3	7,7	804,0
25. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	17.105,0	-8.538,0	8.567,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*21.395,0*	*-8.433,0*	*12.962,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-4.290,0*	*-105,0*	*-4.395,0*

265. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluti fjárlaganefndar (GuðbH, ÁsmD, BVG, APS, SER, ÞBack).

Sundurliðun 1, **(Tekjur A-hluta)**, orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I	Skatttekjur	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-6.482,0	-7.109,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	5.919,0	19.444,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-563,0**	**12.335,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-4.300,0	-7.900,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.965,0	1.878,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0	-28,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	-180,0	-575,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.757,0**	**1.275,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-3.106,0**	**5.710,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-4.296,8	-4.597,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.227,4	5.055,4
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**930,6**	**458,4**
	Tryggingagjöld	**930,6**	**458,4**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	300,0	283,4
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	8,9	-66,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**308,9**	**217,1**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	29,0	42,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-2.257,0	-2.174,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**-2.228,0**	**-2.132,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-11.696,0	-15.788,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-1.032,0	-1.447,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	410,0	170,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-373,0	-335,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.132,8	1.133,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	233,1	233,7
5.1.2.1.33	Olíugjald	-254,2	-121,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	0,0	0,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	1.216,2	1.214,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	165,1	165,1
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	785,0	785,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	85,0	185,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-9.328,0**	**-13.805,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	67,0	49,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-520,5	-221,3
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-2,0	-2,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	15,0	15,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	930,0	-20,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	25,0	25,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	41,9	41,9
	Neyslu- og leyfisgjöld	**556,4**	**-112,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-8.771,6**	**-13.917,8**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	120,0	120,0
6.1.15	Markaðsgjald	-40,6	-44,3
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**79,4**	**75,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	156,0	156,0
	Aðrir skattar	**235,4**	**231,7**
	Skatttekjur, samtals	**-12.630,7**	**-9.432,6**

II Aðrar rekstrartekjur

8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-200,0	-200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-600,0	-600,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-800,0**	**-800,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-120,0	-280,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	14.803,0	15.316,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	10.070,6	9.414,8
	Aðrar eignatekjur	**24.753,6**	**24.450,8**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.953,6**	**23.650,8**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	130,0	130,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	310,0	320,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	25,9	25,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-377,4	-377,4
9.1.3.35	Ýmislegt	48,4	47,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	10,0	10,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**146,9**	**156,0**
	Ýmsar tekjur	**146,9**	**156,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-150,0	-150,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-90,0	-90,0
	Sektir	**-240,0**	**-240,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**23.860,5**	**23.566,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-5.049,9	-6.549,9
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-100,0	-100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-5.149,9**	**-6.649,9**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	-100,0	-100,0
	Sala eigna, samtals	**-5.249,9**	**-6.749,9**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	2,8	2,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	10,0	10,0
	Rekstrarframlög	**12,8**	**12,8**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	28,0	28,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**40,8**	**40,8**
	Fjárframlög, samtals	**40,8**	**40,8**
	Heildartekjur samtals	**6.020,7**	**7.425,1**

266. Fyrirspurn [234. mál]

til fjármálaráðherra um vaxtabætur.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Telur ráðherra ákvæði B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2009, um að lán til endurbóta á húsnæði myndi ekki stofn til greiðslu vaxtabóta nema lánið sé tekið hjá Íbúðalánasjóði, til hagsbóta fyrir fólkið í landinu?
2. Telur ráðherra að með þessu fyrirkomulagi ríki jafnræði á milli fjármálastofnana?

267. Fyrirspurn [235. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um fornleifarannsóknir og menningartengda ferðaþjónustu í Mosfellsdal.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hyggst ráðuneytið með einhverjum hætti veita fornleifarannsóknum í Mosfellsdal frekari stuðning?
2. Telur ráðherra að tengja megi fornleifarannsóknir í Mosfellsdal og Gljúfrastein – hús skáldsins í þágu menningartengdrar ferðaþjónustu, og þá hvernig?

268. Fyrirspurn [236. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um listnám í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Er lokið könnun og kortlagningu listnáms í grunn- og framhaldsskólum og ef svo er, hefur skýrsla þar að lútandi verið unnin og kynnt formlega?
2. Er ætlun ráðuneytisins að vinna frekar með fengnar niðurstöður og þá hvernig?

269. Fyrirspurn [237. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um útboð Vegagerðarinnar.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hversu mörg verk bauð Vegagerðin út árin 2008–2009 og hvernig skiptast þau á milli landshluta?
2. Hversu mörg verk, sem voru tilbúin til útboðs hjá Vegagerðinni, voru slegin út af borðinu á þessum árum og hvernig skiptast þau á milli landshluta?

270. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
b. Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. málsl. kemur: ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna“ í 4. málsl. 1. mgr. 6. gr., 7. mgr. 12. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna og orðanna „umsjónarnefndar eftirlauna“ í 7. málsl. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
b. Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. málsl. kemur: ákvörðun stofnunarinnar.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 5. málsl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
b. Í stað orðanna „umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins ákveður.
b. Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Nefndin“ í 1. málsl. 2. mgr., orðsins „nefndinni“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðsins „nefndarinnar“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.
c. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: stofnunin.
d. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
e. 4. mgr. orðast svo:
   Heimilt er að kæra ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

7. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og ákvörðunum stofnunarinnar, færir þau á viðskiptareikning hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um eftirlaun til aldraðra voru upphaflega sett árið 1970 á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda í maí 1969 um stofnun lífeyrissjóða fyrir félagsmenn í stéttarfélögum innan vébanda Alþýðusambands Íslands. Lögum þessum var ætlað að tryggja að þeir félagsmenn í stéttarfélögum sem aldurs vegna næðu ekki að mynda réttindi í lífeyrissjóðum með greiðslu iðgjalds nytu nokkurra eftirlauna. Þessi lög hafa tekið talsverðum breytingum í áranna rás án þess þó að meginmarkmið þeirra hafi breyst. Skilyrðin sem sett voru upphaflega um rétt til lífeyris, hafa enn fremur haldist óbreytt en eitt aðalatriði þeirra er að menn þurfi að vera fæddir 1914 eða fyrr.

Eftirlaun samkvæmt lögunum eru nú tvenns konar, ellilífeyrir og makalífeyrir. Eðli málsins samkvæmt hefur eftirlaunaþegum fækkað mikið; þeir voru um 4000 þegar flest var en eru um 800 um þessar mundir, um 270 ellilífeyrisþegar og 530 makalífeyrisþegar. Úr þessu bætast ekki nýir lífeyrisþegar í hópinn og hann fer stöðugt minnkandi.

Samkvæmt lögunum er meginhlutverk umsjónarnefndar eftirlauna að úrskurða eftirlaun og hafa yfirumsjón með úthlutun þeirra. Nefndin rak lengi sérstaka skrifstofu en árið 1994 hætti hún sjálfstæðum skrifstofurekstri. Þá hafði dregið mjög úr starfseminni, umsóknum

fækkað sem og nýjum úrskurðum vegna hækkandi aldurs þeirra sem gátu átt rétt til eftirlauna samkvæmt lögunum. Eftirlaunaþegum fjölgaði ekki og sýnt var að þeim færi fljótt fækkandi vegna aldurs. Því var samið við Samband almennra lífeyrissjóða um að annast skrifstofuhald og útreikning og greiðslu eftirlauna gegn tiltekinni greiðslu. Þessi samningur var yfirfærður á Reiknistofu lífeyrissjóða árið 1999 og Greiðslustofu lífeyrissjóða árið 2002. og hefur þótt gefast vel. Við endurnýjun samninga hefur greiðslufjárhæð verið breytt með hliðsjón af kostnaðarbreytingum og fækkun lífeyrisþega. Umsjónarnefnd eftirlauna hefur gert þessa samninga í samráði við Tryggingastofnun ríkisins en stofnuninni er með lögunum m.a. ætlað að annast greiðslur til lífeyrissjóða samkvæmt úrskurðum umsjónarnefndarinnar og krefja hina opinberu fjármögnunaraðila um útgjaldahluta þeirra.

Umsjónarnefnd eftirlauna hefur eftir sem áður yfirumsjón með rekstri kerfisins en hlutverk hennar hefur orðið æ léttvægara. Kerfið er í föstum og tryggum skorðum, ekki þarf atbeina nefndarinnar til nýrra úrskurða og engin sérstök ágreinings- eða álitamál hafa komið upp síðustu missirin. Að mati nefndarinnar er ekki lengur ástæða til að halda úti sérstakri nefnd til að sinna þeim störfum sem henni eru falin með lögunum og hefur því lagt til að hún verði lögð niður en verkefni hennar falin Tryggingastofnun. Er þá gengið út frá því að stofnunin hafi yfirumsjón með eftirlaunakerfinu en áfram megi semja við Greiðslustofu lífeyrissjóða um afgreiðslu eftirlaunanna ef henta þykir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–5. gr.

Samkvæmt þessum ákvæðum er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins verði falin þau verkefni sem umsjónarnefnd eftirlauna gegnir samkvæmt núgildandi lögum og samhliða því verði umsjónarnefndin lögð niður. Þá er gert ráð fyrir að orðalagi ákvæðanna verði breytt þannig að í stað þess að umsjónarnefnd eftirlauna úrskurði um eftirlaun samkvæmt lögunum muni Tryggingastofnun ríkisins ákvarða slík réttindi, en þær ákvarðanir eru kæranlegar til úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um skipan umsjónarnefndar eftirlauna. Er það í samræmi við þá breytingu að leggja nefndina niður og fela Tryggingastofnun ríkisins störf hennar. Þá er gert ráð fyrir því að ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögunum verði kæranlegar, sbr. það sem segir í athugasemdum um 1.–5. gr. um ákvörðun réttinda samkvæmt lögunum.

Um 7.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að umsjónarnefnd eftirlauna verði lögð niður og verkefni hennar færð undir Tryggingastofnun ríkisins. Meginhlutverk nefndarinnar hefur verið að úrskurða um eftirlaun og hafa umsjón með úthlutun þeirra. Upphaf nefndarinnar má rekja til setningar laga um eftirlaun til aldraðra árið 1970 en þá var fyrirséð að hópur fólks sem var fætt 1914 eða fyrr mundi ekki ná að mynda réttindi í lífeyrissjóðum með greiðslu iðgjalda. Í lögunum var því kveðið á um eftirlaun handa þessum hópi og skildi nefndin hafa umsjón með framkvæmdinni. Á undanförnum árum hefur þessum einstaklingum fækkað umtalsvert og starfsemi nefndarinnar hefur farið minnkandi og er nú orðin lítil. Árið 1994 hætti nefndin með eigin skrifstofu og hefur frá þeim tíma í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins útvistað starfsemina.

Tryggingastofnun ríkisins áætlar að ekki þurfi að bæta við starfsfólki vegna yfirtöku verkefna nefndarinnar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort áfram verði gerður samningur um útvistun starfseminnar eða hún færð inn í stofnunina. Á síðastliðnum árum hefur kostnaður vegna þóknana umsjónarnefndar eftirlauna verið um 450 þúsund krónur á ári og kostnaður við útvistun á skrifstofuhaldi, útreikning og greiðslu eftirlauna hefur numið 1 milljón króna. á ári. Auk þess hefur fallið kostnaður á Tryggingastofnun ríkisins sem numið hefur um 1,4 milljónum króna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni lækka sem nemur þóknanakostnaði nefndarinnar eða um 450 þúsund krónur en að aukning útgjalda Tryggingastofnunar verði óveruleg að því gefnu að útvistun útreikninga og skrifstofuhalds verði fram haldið.

271. Svar [206. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um fjárveitingar til fangelsismála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur þróun fjárveitinga til fangelsismála verið á liðnum árum? Sundurliðun óskast frá árinu 2000.

Fjárveitingar til fangelsismála eru á tveimur fjárlaganúmerum, þ.e. annars vegar 06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins, sem er almennur rekstur og viðhald fangelsisbygginga, og hins vegar 06-591 Fangelsisbyggingar, sem er stofnkostnaðar vegna stofnframkvæmda.

	06-501		06-591
Ár	Upphæð m.kr.	Breyting í %	Upphæð m.kr.
2000	495,1		7,0
2001	505,3	2,06%	60,0
2002	555,8	9,99%	10,0
2003	603,0	8,49%	10,0
2004	658,3	9,17%	0,0
2005	750,6	14,02%	0,0
2006	818,1	8,99%	50,0
2007	852,5	4,20%	183,1
2008	1.003,4	17,70%	8,4
2009	1.154,2	15,03%	15,0
2010*	1.133,4	-1,80%	15,0

*Frumvarp til fjárlaga

272. Svar [110. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur um framkvæmdir á Vestfjarðavegi.

1. *Fyrir hversu mikla fjármuni hafa verkefni verið boðin út eða framkvæmd á Vestfjarðavegi (60) á tímabilinu 2007–2010?*

Á tímabilinu 2007–2009 hafa sjö verk verið boðin út á Vestfjarðavegi (60). Sex þeirra er lokið og eitt er í vinnslu. Alls var varið til þessara sex verka 1.328 millj. kr. og áætlað er að verk það sem er í vinnslu, þ.e. Kjálkafjörður – Vatnsfjörður, kosti 734 millj. kr. en því verki á að ljúka haustið 2010. Samtals má því ætla að um 2.062 millj. kr. verði varið til framkvæmda við Vestfjarðaveg árin 2007–2010.

2. *Hvað var áætlað að framkvæma fyrir háa fjárhæð á umræddu tímabili?*

Samkvæmt samgönguáætlun 2007–2010 var áætlað að verja 4.230 millj. kr. til framkvæmda við Vestfjarðaveg.

Skipting á helstu verkefni samkvæmt samgönguáætluninni er þessi:

Tunguá hjá Sauðafelli	43 millj. kr.
Dýrafjarðargöng	1.038 millj. kr.
Laxá hjá Búðardal	140 millj. kr.
Reykhólasveitarvegur – Þorskafjarðarvegur	134 millj. kr.
Svínadalur, Flókalundur um Svínadal, Skálanes – Eyri, Gröf – Skálanes	2.199 millj. kr.
Kjálkafjörður – Vatnsfjörður	620 millj. kr.
Um Hjarðardalsá	56 millj. kr.
Samtals	**4.230 millj. kr.**

Stærstu verkin sem áætlað var að hefja vinnu við en útlit er fyrir að frestist fram yfir 2010 eru kaflinn frá Gröf að Skálanesi og Dýrafjarðargöng.

Þá er ekki ljóst hvenær unnt verður að bjóða út kaflann milli Kjálkafjarðar og Vattarfjarðar en þar er nú beðið úrskurðar umhverfisráðherra um matskyldu.

273. Frumvarp til laga [239. mál]

um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „51,12 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 52,77 kr.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „20,44 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 22,94 kr.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða VII, IX og X í lögunum kemur: 31. desember 2010.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 31. desember 2010.

5. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðauka I við lögin: 1906.9024, 2106.9061, 2106.9069.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað fjárhæðanna „8,45 kr.“, „11,40 kr.“, „2.818 kr.“, „4.227 kr.“ og „50.976 kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 9,30 kr.; 12,55 kr.; 3.100 kr.; 4.650 kr.; og: 56.074 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „75,95 kr.“ í 1. tölul. kemur: 83,54 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „68,31 kr.“ í 2. tölul. kemur: 75,14 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „91,57 kr.“ í 3. tölul. kemur: 100,73 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „295,57 kr.“ í 1. tölul. kemur: 325,13 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,50 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3,85 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „10,57 kr.“ í 3. tölul. kemur: 11,63 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „371,27 kr.“ í 1. tölul. kemur: 408,40 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „18,55 kr.“ í 2. tölul. kemur: 20,41 kr.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: 1. júlí 2010.

11. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: 1. júlí 2010.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laganna skulu skjöl sem gefin eru út á tímabilinu frá og með 1. desember 2009 til og með 1. júlí 2010 og fela í sér breytingar á skilmálum á bílalánum einstaklinga vera undanþegin greiðslu stimpilgjalds, að því tilskildu að sömu aðilar séu að bílaláninu og hinu nýja skjali.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „80,32%“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 80%.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „80,32%“ í 3. og 5. mgr. kemur: 80%.
b. Við 3. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 3. mgr. 14. gr.
c. Við 1. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 3. mgr. 14. gr.

d. Við fyrri málslið 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 3. mgr. 14. gr.
e. Við síðari málslið 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 3. mgr. 14. gr.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „24,5%“ í 1. mgr. kemur: 25%.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Virðisaukaskattur af eftirtalinni vöru og þjónustu skal vera 14%:
   a. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu.
   b. Virðisaukaskattur af sölu á þeirri matvöru og annarri vöru til manneldis sem ekki er skilgreind í viðauka við lög þessi.

16. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 2. og 8. mgr. 16. gr. laganna kemur: 20%.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 1. mgr. kemur: 20%.
b. Við 5. málsl. 1. mgr. bætist: eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 3. mgr. 14. gr.

18. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 6. mgr. 42. gr. laganna kemur: 20%.

19. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða X og XI í lögunum kemur: 31. desember 2010.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. E-liður viðaukans verður svohljóðandi: Vörur í 16. til og með 21. kafla, þó ekki vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

1701.1100–1701.9909	1806.9023–1806.9026
1702.1100–1702.9009	1806.9028–1806.9039
1703.1001, 1703.9009	1905.2000, 1905.3110
1704.1000–1704.9009	1905.3131
1806.1001, 1806.1009	1905.3139–1905.3209
1806.2001	1905.9049, 1905.9090
1806.2003–1806.2006	2009.1110-2009.9090
1806.2009	2102.2003, 2106.9022
1806.3101–1806.3209	2106.9031-2106.9039
1806.9011	2106.9063, 2106.9072

b. F-liður viðaukans verður svohljóðandi: Vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

2201.1011–2201.9090	2202.9031–2202.9039
2202.1021–2202.1029	2202.9041–2202.9049
2202.9011–2202.9019	2209.0000
2202.9021–2202.9029	

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 15.000 kr.
b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Fyrir þingfestingu:
   a. Af stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. . . . . 15.000 kr.
   b. Af stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu . . . . . 30.000 kr.
   c. Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . . . 90.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 15.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 250 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 50.000 kr.
f. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu:
   a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. . . . . 25.000 kr.
   b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu . . . . . 50.000 kr.
   c. Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . 130.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 25.000 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 5. tölul. 2. mgr. kemur: 50.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 3. mgr. kemur: 15.000 kr.

22. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 15.000 kr.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í kemur: 15.000 kr.
b. Við 6. og 8. tölul. bætist: þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. a laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í a-lið kemur: 15.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í b-lið kemur: 15.000 kr.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.900 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. mgr. kemur: 19.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 3. mgr. kemur: 9.500 kr.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „11.350 kr.“ í 1. mgr. kemur: 17.100 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „38.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 58.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.900 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. mgr. kemur: 19.100 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „18.900 kr.“ í 2. mgr. kemur: 28.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 2. mgr. kemur: 9.500 kr.

27. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 9.500 kr.

28. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 2.000 kr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í 2. mgr. kemur: 3.850 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.900 kr.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 8.300 kr.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Leyfi til náms- og starfsráðgjafa.
c. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.650 kr.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 3.–6. og 10.–13. tölul. kemur: 166.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 7., 9. 14., 15. og 17. tölul. kemur: 83.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 18. tölul. kemur: 8.300 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „18.500 kr.“ í a- og b-lið 20. tölul. kemur: 24.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „24.500 kr.“ í c-lið 20. tölul. kemur: 31.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „74.500 kr.“ í d-lið 20. tölul. kemur: 96.500 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „161.500 kr.“ í e-lið 20. tölul. kemur: 208.500 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „18.500 kr.“ í a-lið 21. tölul. kemur: 24.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „124.500 kr.“ í b-lið 21. tölul. kemur: 161.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „161.500 kr.“ í c-lið 21. tölul. kemur: 208.500 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „6.000 kr.“ í 22. tölul. kemur: 8.000 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „20.000 kr.“ í 23. tölul. kemur: 26.000 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í a-lið 24. tölul. kemur: 7.100 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í b-lið 24. tölul. kemur: 32.500 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í c-lið 24. tölul. kemur: 64.500 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 27., 35. og 36. tölul. kemur: 166.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „16.500 kr.“ í 28. tölul. kemur: 25.000 kr.

r. Í stað fjárhæðarinnar „33.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 50.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 30. tölul. kemur: 8.300 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 83.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í 33. og 34. tölul. kemur: 41.500 kr.
v. Í stað fjárhæðarinnar „88.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 133.000 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „106.000 kr.“ í a-lið 40. tölul. kemur: 160.000 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „176.000 kr.“ í b-lið 40. tölul. kemur: 265.000 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „246.000 kr.“ í c-lið 40. tölul. kemur: 370.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í a-lið 41. tölul. kemur: 5.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „24.200 kr.“ í b-lið 41. tölul. kemur: 36.500 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „48.400 kr.“ í c-lið 41. tölul. kemur: 73.000 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „72.600 kr.“ í d-lið 41. tölul. kemur: 110.000 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „121.000 kr.“ í e-lið 41. tölul. kemur: 182.500 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í a-lið 43. tölul. kemur: 83.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „33.000 kr.“ í b-lið 43. tölul. kemur: 50.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í c-lið 43. tölul. kemur: 16.600 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 45., 46., 48. og tvívegis í 49. tölul. kemur: 8.300 kr.
ii. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 50. tölul. kemur: 2.000 kr.
jj. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í a-lið 51. tölul. kemur: 41.500 kr.
kk. Í stað fjárhæðarinnar „2.750 kr.“ í b-lið 51. tölul. kemur: 4.150 kr.
ll. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 52. tölul. kemur: 8.300 kr.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 5.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 8.300 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 41.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „16.500 kr.“ í 5. tölul. kemur: 25.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 6. og 7. tölul. og 10.–16. tölul. kemur: 5.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.600 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 10.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 17. og 18. tölul. kemur: 8.300 kr.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „165.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 250.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „82.500 kr.“ í 2. og 7. tölul. kemur: 124.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 66.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 83.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 6. tölul. kemur: 8.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 8. tölul. kemur: 1.650 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „4.400 kr.“ í 12. tölul. kemur: 6.600 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „550 kr.“ í 13. tölul. kemur: 830 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 16.500 kr.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í a-lið 1. tölul. kemur: 7.700 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.100 kr.“ í b-lið 1. tölul. kemur: 15.200 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í c-lið 1. tölul. kemur: 3.850 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.900 kr.“ í a-lið 2. tölul. kemur: 2.900 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.750 kr.“ í b-lið 2. tölul. kemur: 5.650 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „950 kr.“ í c-lið 2. tölul. . kemur: 1.450 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í a-lið 3. tölul. kemur: 7.700 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „10.100 kr.“ í b-lið 3. tölul. kemur: 15.200 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „1.900 kr.“ c-lið 3. tölul. kemur: 2.900 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „3.750 kr.“ í d-lið 3. tölul. kemur: 5.650 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „5.200 kr.“ í 5.–13. tölul. kemur: 7.800 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „90 kr.“ í 13. tölul. kemur: 140 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í 16. tölul. kemur: 7.700 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „3.100 kr.“ í 17. tölul. kemur: 4.700 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 3.850 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 20.–22. tölul. kemur: 2.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 23. tölul. kemur: 1.500 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 24. tölul. kemur: 2.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „4.400 kr.“ í 26. tölul. kemur: 6.600 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í a-lið 27. tölul. kemur: 15.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í b-lið 27. tölul. kemur: 7.500 kr.
v. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 28. tölul. kemur: 5.900 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „2.200 kr.“ í 29. tölul. kemur: 3.300 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.650 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 31. tölul. kemur: 8.300 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í a-lið 32. tölul. kemur: 6.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í b-lið 32. tölul. kemur: 3.000 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í a-lið 33. tölul. kemur: 3.000 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í b-lið 33. tölul. kemur: 1.500 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „8.000 kr.“ í a- og b-lið 34. tölul. kemur: 12.000 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í c-lið 34. tölul. kemur: 6.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í a- og b-lið 35. tölul. kemur: 6.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í c-lið 35. tölul. kemur: 3.000 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 36. tölul. kemur: 3.000 kr.

35. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 14. gr. a og 14. gr. b laganna kemur: 2.250 kr.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 1. tölul. og a-lið 5. tölul. kemur: 5.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 2. tölul. kemur: 5.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 3. tölul. kemur: 8.300 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 16.500 kr.

e. Í stað fjárhæðarinnar „8.300 kr.“ í b-lið 5. tölul. kemur: 12.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „41.500 kr.“ í c-lið 5. tölul. kemur: 62.500 kr.

37. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „20 kr.“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: 30 kr.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 1. mgr. kemur: 250 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.650 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 2. mgr. kemur: 250 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „50 kr.“ í 2. mgr. kemur: 125 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „450 kr.“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: 700 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: 600 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 3. tölul. 4. mgr. kemur: 1.650 kr.

39. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 18. gr. laganna kemur: 7.500 kr.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

40. gr.

Í stað „1. október 2010“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. apríl 2011.

41. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt að greiða út frá og með 1. janúar 2010 séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla umfram það sem greitt hefur verið út eða greiðsla er hafin á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem við gildistöku laga þessara nemur samanlagt allt að 1.500.000 kr., að teknu tilliti til heimildar til útgreiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII, óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1.500.000 kr. er að ræða. Taka skal tillit til útgreiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII þannig að samanlagður útgreiðslutími verði allt að átján mánuðir.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans. Óski rétthafi á sama tíma eftir útgreiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII og útgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal leggja saman heildarfjárhæð og útgreiðslutíma. Með sama hætti skal taka tillit til þeirrar útgreiðslu sem kann að vera yfirstandandi á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIII.

Að öðru leyti gilda 3. mgr. og 5.–8. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VIII um útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt þessu ákvæði.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

42. gr.

Á eftir tölunni „VIII“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: og X.

XI. KAFLI
Gildistaka.

43. gr.

Ákvæði 1.–6. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr., 13. gr., a-liðar 14. gr., a-liðar 15. gr., 16. gr., a-liðar 17. gr., 18. gr. og 20.–41. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði b–e-liðar 14. gr., b-liðar 15. gr., b-liðar 17. gr. og 19. gr. öðlast gildi 1. mars 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010 og að teknu tilliti til breytinga á áformum stjórnvalda varðandi einstaka tekjuliði. Þessi aukna tekjuöflun er einn þáttur af mörgum í víðtækri áætlun ríkisstjórnarinnar um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Í eftirfarandi yfirliti koma fram áætluð tekjuáhrif af einstökum breytingum miðað við heilt ár, frávik frá forsendum fjárlagafrumvarps og áætluð verðlagsáhrif á mælikvarða vísitölu neysluverðs.

Tillögur frumvarpsins:	**Frumvarp m.kr.**	**Fjárlaga-frumvarp m.kr.**	**Frávik m.kr.**	**Verðlags-áhrif %**
I. Forsendur fjárlagafrumvarps				
– Gjald af áfengi og tóbaki	1.100	1.100	–	0,15%
– Gjald af bensíni og dísilolíu	600	1.500	–900	0,10%
– Bifreiðagjald	500	500	–	–
– Virðisaukaskattur	6.000	8.000	–2.000	0,60%
Samtals	**8.200**	**11.100**	**–2.900**	**0,85%**
II. Ný áform				
– Aukatekjur ríkissjóðs	1.500	–	1.500	–
– Útgreiðsla séreignarsparnaðar	5.000	–	5.000	–
Samtals	**6.0500**	–	**6.500**	**–**
Tekjuöflun alls	**14.700**	**11.100**	**3.600**	**0,85%**

Sem fyrr segir felur frumvarpið í sér ýmsar breytingar á skattalögum, einkum þó á sviði óbeinna skatta. Samanlagt eru þessar breytingar taldar skila ríkissjóði 14,7 milljörðum kr. á heilu ári. Tekjuáhrifin árið 2010 verða heldur minni, 13,9 milljarðar kr., vegna þess að lagt er til að breyting á virðisaukaskatti komi fram í tveimur áföngum, þ.e. 1. janúar og 1. mars 2010. Áhrif þessara breytinga á verðlag eru áætluð 0,85% verði frumvarpið óbreytt að lögum,

þar af gætu 0,45% komið fram í desember og janúar, en 0,4% í mars þegar seinni áfangi í breytingum virðisaukaskatts kemur til framkvæmda. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu tillögum frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2010 lögð til 10% hækkun gjalds af áfengi og tóbaki. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessari hækkun eru áætlaðar liðlega 1 milljarður kr. Áhrif hækkunarinnar á vísitölu neysluverðs eru talin verða nálægt 0,15%.

Í öðru lagi er lagt til að almennt bensíngjald hækki um 2,50 kr. á hvern lítra og olíugjald um 1,65 kr. á hvern lítra. Þetta er nokkru minni hækkun en miðað var við í forsendum fjárlagafrumvarps eins og sjá má í yfirlitinu hér að framan, þar sem gengið var út frá að samanlögð hækkun á almennu og sérstöku bensíngjaldi yrði 5,75 kr. á hvern lítra, en 5,15 kr. á olíugjaldi miðað við hvern lítra, sem svaraði til 10% hækkunar á gjaldinu sjálfu. Ekki hefur þó verið fallið frá framangreindri heildarhækkun á bensíngjaldi og olíugjaldi, heldur er gert ráð fyrir að mismunurinn á forsendum fjárlagafrumvarpsins og þeirri tillögu sem hér er kynnt, samtals um 900 millj. kr., verði lagður á bensín og dísilolíu í formi kolefnisgjalds, en frumvarp þess efnis er nú í undirbúningi. Áhrif hækkunarinnar í þessu frumvarpi á vísitölu neysluverðs eru talin verða nálægt 0,1% verði það að lögum.

Í þriðja lagi er lagt til að bifreiðagjald hækki um 10% frá og með næstu áramótum sem áætlað er að skili ríkissjóði um 500 millj. kr. í viðbótartekjur á árinu 2010.

Í fjórða lagi eru í frumvarpi þessu lagðar til allnokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir 8 milljarða kr. tekjuauka af þessum tekjustofni á árinu 2010, með breikkun á skattstofni og/eða hækkun á skatthlutföllum. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er reiknað með að tekjuaukinn verði heldur minni, eða nálægt 6 milljörðum kr. á heilu ári. Breytingum frumvarpsins má í grófum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar er lagt til að almenna þrepið í virðisaukaskatti fari úr 24,5% í 25% frá og með 1. janúar 2010, en sú hækkun er talin skila ríkissjóði um 2 milljörðum kr. á heilu ári. Verðlagsáhrif af þeirri breytingu eru áætluð 0,2%. Hins vegar er gerð tillaga um nýtt 14% þrep sem taki gildi 1. mars 2010, en undir það þrep falli sykurvörur og óáfengar drykkjarvörur og sala veitingahúsa og kaffihúsa. Áætlaðar viðbótartekjur af þessu nýja þrepi er taldar nema nálægt 4 milljörðum kr. á heilu ári, en 3,2 milljörðum kr. árinu 2010. Áhrif hækkunarinnar á vísitölu neysluverðs eru talin verða nálægt 0,4%.

Í fimmta lagi er í frumvarpi þessu að finna tillögu að hækkun margvíslegra gjalda í lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 2004. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæplega 51% frá árinu 2004. Lagt er til að gjöldin hækki um 50% að jafnaði, þó þannig að fjárhæð þeirra standi, eftir atvikum, á hálfu eða heilu hundraði. Þó er lagt til að dómsmálagjöld hækki hlutfallslega meira en önnur gjöld. Er þetta gert til þess að mæta auknum kostnaði við rekstur dómskerfisins og einnig til þess að draga úr þeim mikla fjölda smærri mála sem berast dómskerfinu. Í heild sinni er þessi hækkun talin skila um 1,5 milljörðum kr. á ársgrundvelli. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Í sjötta lagi er lagt til með vísan til þess erfiða efnahagsástands sem ríkir hjá mörgum íslenskum fjölskyldum um þessar mundir að þeim einstaklingum sem enn eiga frjálsan séreignarsparnað verði gert kleift að leysa út allt að 1,5 millj. kr. fyrir staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars, til viðbótar við þá 1 millj. kr. útgreiðslu sem áður hafði verið heimiluð fyrr á þessu ári. Með því nemur samanlögð hámarksfjárhæð sem heimilt er að greiða út 2,5 millj. kr. fyrir staðgreiðslu. Eins og áður er gert ráð fyrir að þessi viðbót verði greidd út á næstu

níu mánuðum og nemi þannig að frádregnum tekjuskatti og útsvari nálægt 100 þús. kr. á mánuði. Talið er að heimilin í landinu innleysi nálægt 20 milljörðum kr. á grundvelli þessarar viðbótarheimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar verði frumvarpið að lögum, en hafa verður í huga að sú fjárhæð er mikilli óvissu háð. Gangi sú áætlun eftir fær ríkissjóður allt að 5 milljarða kr. í viðbótartekjur af staðgreiðslu tekjuskatts á næsta ári og sveitarfélögin um 2,6 milljarða kr. í útsvarstekjur.

Að lokum er í frumvarpinu að finna tillögur um minni háttar breytingar á öðrum lögum án þess að þær hafi bein áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs. Má þar nefna framlengingu til ársloka 2010 á heimildum til þess að fella niður eða lækka vörugjald af ökutækjum sem hafa í för með sér hverfandi mengun. Einnig er lagt til að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni verði framlengd um eitt ár, til ársloka 2010. Þá er í frumvarpinu að finna tillögu að framlengingu á undanþágu frá stimpilgjaldi þegar um er að ræða skilmálabreytingar fram til 1. júlí 2010, en gildandi undanþága hefði ella runnið út um áramót. Jafnframt er lögð til niðurfelling stimpilgjalds við skilmálabreytingu bílalána að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um fasteignaveðlán.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að olíugjald verði hækkað um 1,65 kr. á hvern lítra, um rúmlega 3%. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin liðlega 2 kr. á lítra, þ.e. rúmlega 1% hækkun útsöluverðs.

Um 2. gr.

Hér er að finna tillögu um að almennt bensíngjald hækki um 2,50 kr. á hvern lítra, úr 20,44 kr. í 22,94 kr. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á sérstöku bensíngjaldi sem í dag er 37,07 kr. á hvern seldan lítra. Sú hækkun sem hér er lögð til nemur 4,3% af samanlögðu bensíngjaldi. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin liðlega 3 kr. á lítra, þ.e. tæplega 2% hækkun útsöluverðs.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að framlengd verði bráðabirgðaákvæði sem heimila niðurfellingu eða lækkun vörugjalda á ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun til 31. desember 2010, þ.e. um eitt ár.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að framlengdur verður gildistími bráðabirgðaákvæðis sem heimilar niðurfellingu vörugjalda á sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar til 31. desember 2010, þ.e. um eitt ár.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott tollskrárnúmer úr A-lið viðauka við lög um vörugjald. Er hér einungis um lagfæringu að ræða þar sem tilgreind tollskrárnúmer eru fallin úr gildi.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að fjárhæð bifreiðagjalds hækki um 10% frá og með næstu áramótum. Fjárhæð bifreiðagjalds var síðast breytt í lok maí sl. þegar það var hækkað um 10% og þar áður í desember 2008 þegar það var hækkað um 12,5%. Fyrir þann tíma hafði fjárhæð bifreiðagjalds verið óbreytt frá janúar 2005. Til samanburðar hefur vísitala neysluverðs hækkað um 44% frá janúar 2005 og hefur bifreiðagjaldið því lækkað nokkuð að raungildi á síðustu árum.

Um 7. gr.

Hér er gerð tillaga um 10% hækkun á áfengisgjaldi, jafnt af sterku víni, léttu víni sem bjór. Áætluð áhrif á smásöluverð eru nokkuð mismunandi eftir tegundum, mest á bjór en minnst á sterka drykki. Verði þetta frumvarp að lögum hefur gjald á áfengi hækkað um 42% á síðustu tólf mánuðum.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að tóbaksgjald hækki um 10%, eða hlutfallslega jafnt af öllum tegundum tóbaks.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að gjald af tóbaki sem ferðamenn eða farmenn hafa með sér til landsins verði hækkað um 10% til samræmis við áðurnefnda hækkun, sbr. 8. gr.

Um 10. og 11. gr.

Hér er lagt til að framlengdur verði til 1. júlí 2010 gildistími bráðabirgðaákvæða sem heimila niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignaveðskuldabréfa og nýrra bréfa sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði. Samkvæmt gildandi bráðabirgðaákvæðum hefði heimildin runnið út í lok þessa árs.

Um 12. gr.

Hér er gerð tillaga um að við lögin sé bætt nýju bráðabirgðaákvæði sem heimilar niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum bílalána hjá einstaklingum. Niðurfellingin er háð sömu skilmálum og gilda við niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignaveðskuldabréfa.

Um 13. og 14. gr.

Breytingar á virðisaukaskattsþrepum hafa það í för með sér að breyta þarf hlutfallstölum í þessum ákvæðum virðisaukaskattslaganna. Hlutfallstölurnar eru 80% af 25% virðisaukaskatti og 87,72% af 14% virðisaukaskatti.

Um 15. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að almenna þrepið í virðisaukaskatti fari úr 24,5% í 25% eins og fram kemur í almennum athugasemdum.

Í b-lið ákvæðisins er lagt til að við lögin bætist nýtt þrep og þær vörur og þjónusta sem falli í það þrep muni bera 14% virðisaukaskatt. Í ákvæðinu er lagt til að sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu falli í þetta þrep. Einnig er lagt til að sykraðar vörur og drykkjarvörur, þó ekki áfengi, beri 14% virðisaukaskatt.

Þessar vörur eru meðal annars sykur, sætindi, kökur og kex. Í viðauka við lögin er tilgreint hvaða tollskrárnúmer falla undir viðauka við lögin og ber sú matvara 7% virðisaukaskatt. Önnur matvæli bera þá 14% virðisaukaskatt.

Um 16.–18. gr.

Hér er um að ræða breytingar á hlutfallstölum sem leiðir af breytingum á virðisaukaskattsþrepum í 15. gr.

Um 19. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæða til 31. desember 2010. Í ákvæðunum er annars vegar heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni og hins vegar heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni, svo og sérhæfðum varahlutum í þær.

Um 20. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á viðauka við lögin í samræmi við athugasemdir við 15. gr. Lögð er til breyting á tollskrárnúmerum í e- og f-lið viðaukans sem leiðir til þess að ákveðin sykruð matvæli eru undanskilin og munu þá bera 14% virðisaukaskatt. Þessar vörur eru meðal annars sykur, sætindi, kökur og sykraðar drykkjarvörur. Sykurvörur verða þá í hærra þrepi en aðrar matvörur á svipaðan hátt og var áður en virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður 1. mars 2007.

Um 21.–29. gr.

Líkt og tekið var fram í almennum athugasemdum er lagt til í 21.–23. gr. frumvarpsins að dómsmálagjöld hækki hlutfallslega meira en aðrar fjárhæðir í frumvarpinu. Auk þessa er lagt til að ákvæði laganna um gjöld er varða nauðasamninga í 3. gr. laganna taki ekki til nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda.

Um 30. gr.

Með greininni eru lagðar til hækkanir á þeim gjöldum sem 10. gr. kveður á um. Varðandi breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Þá er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 1. mgr. greinarinnar sem kveður á um að fyrir leyfi til náms- og starfsráðgjafa beri að greiða 8.300 kr., eins og fyrir önnur atvinnuréttindi og tengd réttindi. Kveðið er á um leyfi til náms- og starfsráðgjafa í lögum nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa.

Um 31.–39. gr.

Með greinunum eru lagðar til hækkanir á þeim gjöldum sem greinarnar kveða á um. Varðandi breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta. 20.–24. tölul. 11. gr. var bætt við lög um aukatekjur ríkissjóðs með lögum nr. 85/2007. Þar sem upphæðir þeirra leyfa sem kveðið er á um í 20.–24. tölul. 11. gr. taka ekki mið af öðrum upphæðum laganna er lagt til að þær uppfærist miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs frá gildistöku þeirra.

Þá skal tekið fram að 2. mgr. 17. gr. laganna bættist ný við lög um aukatekjur ríkissjóðs með lögum nr. 161/2008. Þrátt fyrir það er lagt til að þau gjöld sem kveðið er á um í greininni hækki til jafns við aðrar upphæðir til þess að gæta samræmis.

Um 40. gr.

Með greininni er lagt til að tímabil til innlausnar séreignarsparnaðar samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða VIII verði framlengt til 1. apríl 2011 og heimild þess ákvæðis renni þannig út á sama tíma og viðbótarheimild sú sem lögð er til í 42. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að heimildir vörsluaðila séreignarsparnaðar og FME til þess að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar þegar brýnir hagsmunir liggja við verði framlengdar með sama hætti.

Um 41. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði við lög nr. 129/1997 ákvæði til bráðabirgða sem heimilar útgreiðslu séreignarsparnaðar að ákveðnu marki á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, til viðbótar við þá bráðabirgðaheimild sem nú er að finna í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum. Lagt er til að rétthafar geti fengið greiddar út allt að 1,5 millj. kr. til viðbótar við greiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII, samanlagt 2,5 millj. kr. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð sem heimilt verður að greiða út samkvæmt þessari viðbótarheimild verði miðuð við stöðu á samanlögðum séreignarsparnaði rétthafa við gildistöku laganna.

Ákvæði það sem hér er lagt til er að mestu leyti samhljóða ákvæði 3. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 13/2009 og um frekara efni ákvæðisins vísast til athugasemda við þá grein. Þó er því bætt við að taka skuli tillit til útgreiðslutímabils samkvæmt fyrrnefndu ákvæði til bráðabirgða VIII og þannig nemi útgreiðslutímabil samtals 18 mánuðum fyrir þá sem nýta sér báðar heimildirnar.

Um 42. gr.

Með ákvæðinu er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða I sem bætt var við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með 4. gr. laga nr. 13/2009. Bráðabirgðaákvæðinu var bætt við lögin til að veita vörsluaðilum meira svigrúm til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við þeim auknu útgreiðslum á séreignarsparnaði sem lög nr. 13/2009 höfðu í för með sér. Breyting þessi felur í sér að bráðabirgðaákvæðið mun einnig taka til staðgreiðslu sem vörsluaðilum ber að standa skil á vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar sem kveðið er á um í 41. gr. frumvarpsins, verði það að lögum.

Um 43. gr.

Í greininni er að finna gildistökuákvæði frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við forsendur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010. Í frumvarpinu eru tekjuáformin byggð á markmiðum áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum. Í þessu frumvarpi er verið að leggja til hluta af þeim breytingum á lögum um tekjuöflun ríkissjóðs sem ætlunin er að flytja þannig að ofangreind áform nái fram að ganga á næsta ári. Með frumvarpinu er samtals gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist á árinu 2010 um 13,9 milljarða kr. en um 14,7 milljarða kr. á ársgrundvelli. Eru þetta um 2,4 milljörðum kr. lægri tekjur en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga af þessum tekjustofnum. Í frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir um 6,5 milljarða kr. hækkun tekna með hækkunum á aukatekjum ríkissjóðs og auknum skatttekjum af útgreiðslum á séreignarsparnaði sem ekki var gert ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lagt til að gjöld á áfengi og tóbak verði hækkuð um 10% um næstu áramót. Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir að hækkunin auki tekjur ríkissjóðs um rúman 1,1 milljarð kr.

Í öðru lagi er lagt til að bensíngjald hækki um 2,50 kr. á hvern lítra eða rúm 4% og olíugjald hækki um 1,65 kr. á hvern lítra eða rúm 3%. Þetta er minni hækkun er gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 en þar er gert ráð fyrir að bæði bensín- og olíugjald hækki um 10%, sem hefði hækkað bensíngjald um 5,75 kr. á hvern lítra og olíugjald um 5,15 kr. á hvern lítra. Áform eru um að leggja á nýtt kolefnisgjald sem gert er ráð fyrir að vegi upp 900 m.kr. minni hækkun á bensín- og olíugjaldi en áður var reiknað með. Frumvarp um það gjald er nú í undirbúningi. Gert er ráð fyrir að auknar tekjur ríkissjóðs vegna hækkunar á bensín- og olíugjöldum samkvæmt þessu frumvarpi verði um 600 m.kr. á ári.

Í þriðja lagi er lagt til að bifreiðagjald verði hækkað um 10% frá og með næstu áramótum og að tekjuauki ríkissjóðs verði um 500 m.kr. á ári vegna þess.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt þannig að tekið verði upp þriggja þrepa kerfi í stað tveggja þrepa eins og nú er. Gert er ráð fyrir því að almenna þrepið í virðisaukaskatti hækki úr 24,5% í 25% frá og með 1. janúar 2010 og síðan verði tvö skattþrep, annars vegar 14% þrep sem taki gildi 1. mars 2010 og hins vegar núverandi 7% skattþrep. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sykurvörur og óáfengar drykkjarvörur og sala veitinga- og kaffihúsa færist úr 7% skattþrepi í 14% skattþrepið. Viðbótartekjur ríkissjóðs vegna þessara breytinga eru áætlaðar um 5,3 milljarðar kr. á árinu 2010 og samtals um 6 milljarðar kr. á ársgrundvelli.

Í fimmta lagi er lagt til að margvísleg gjöld í lögum um aukatekjur ríkissjóðs hækki að jafnaði um 50% en þau hafa flest verið óbreytt að krónutölu frá árinu 2004. Þó er lagt til að dómsmálagjöld hækki hlutfallslega meira en önnur gjöld. Til samanburðar má nefna að áætlað er að vísitala neysluverðs muni hækka um 54% frá 2004 til meðalverðlags á næsta ári. Gert er auk þess ráð fyrir 5% hækkun á almennu verðlagi til ársins 2010 í frumvarpi til fjárlaga. Flest þeirra gjalda sem kveðið er á um í lögunum hafa einungis hækkað um 10% frá

árinu 1997 en á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 100%. Áætlað er að þessi hækkun auki tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. á ársgrundvelli.

Í sjötta lagi er lagt til að einstaklingum sem greitt hafa viðbótariðgjald í séreignarsjóð verði gert kleift að leysa út allt að 1,5 m.kr., fyrir staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars, til viðbótar við útgreiðslu sem samþykkt var til bráðabirgða með lögum síðastliðið vor. Útgreiðsla þessi verði heimil á tímabilinu 1. desember 2009 til 1. apríl 2011, en ákvæði til bráðabirgða samkvæmt fyrri heimild rennur út 1. október 2010. Ef tekið er mið af reynslu við fyrri lagasetningu um útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar þá má gera ráð fyrir að heimilin í landinu geti innleyst allt að 20 milljarða kr. til viðbótar með þessari auknu heimild. Útgreiðsla séreignarsparnaðar telst til skattskyldra tekna í hendi rétthafa og ber að greiða staðgreiðslu af honum í samræmi við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda. Áætlað er að þessi tilfærsla á tekjum ríkissjóðs fram til ársins 2010 gæti orðið allt að 5 milljarðar kr. ef áætlun um 20 milljarða kr. útgreiðslu gengur eftir.

Auk ofangreindra breytinga til aukinnar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni og hins vegar heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, verði framlengd um eitt ár til 31. desember 2010. Jafnframt er framlengt til 1. júlí 2010 bráðabirgðaákvæði um heimild til niðurfellingar stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignaveðskuldabréfa og nýrra bréfa sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði, auk þess sem bætt er við til viðbótar nýju bráðabirgðaákvæði til sama tíma sem heimilar niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum bílalána einstaklinga. Niðurfellingin er háð sömu skilmálum og þau sem sett eru við niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignaveðskuldabréfa.

Frumvarpið snýr að tekjuöflun ríkisins sem í fæstum tilfellum hefur áhrif á útgjöld. Vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á virðisaukaskattskerfinu þarf hins vegar að gera tilteknar aðlaganir á tölvukerfum og kerfishlutum, auk þess sem útbúa þarf ný framtalseyðublöð. Að meðtöldum auglýsinga- og kynningarkostnaði má gera ráð fyrir að stofnkostnaður við kerfisbreytinguna gæti verið á bilinu 8–10 m.kr. Þar sem skattkerfið verður nokkuð flóknara eftir breytinguna má auk þess gera ráð fyrir að vinna við skattframkvæmd og eftirlit verði eitthvað umfangsmeiri þegar frá líður. Þessi kostnaður hefur ekki verið metinn og fellur væntanlega ekki til fyrr en fer að reyna á framkvæmdina.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að aukinn kostnaður ríkissjóðs muni fyrst og fremst koma til vegna breytinga á virðisaukaskattskerfinu og gæti stofnkostnaður orðið allt að 10 m.kr.

274. Svar [173. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um málefni Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.

1. *Hvað kostar starfsemi Neyðarmóttöku vegna nauðgunar? Á að ganga lengra í sparnaðaraðgerðum á Neyðarmóttökunni en gert hefur verið á undanförnum árum?*

Samkvæmt upplýsingum Landspítala var kostnaður vegna Neyðarmóttökunnar undanfarin þrjú ár eftirfarandi: 32,2 millj. kr. árið 2006, 31,5 millj. kr. árið 2007 og 27,1 millj. kr. árið 2008. Kostnaður vegna starfseminnar árið 2009 er áætlaður 29,2 millj. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 er Landspítala gert að lækka rekstrarkostnað sem nemur tæpum 2 milljörðum kr. á árinu 2010 miðað við fjárveitingar 2009. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um að skerða framlög til Neyðarmóttökunnar á næsta ári.

Þekkt er að ein af afleiðingum efnahagslegra þrenginga er aukið kynbundið ofbeldi. Á slíkum tímum fer mikilvægi starfsemi Neyðarmóttökunnar síst minnkandi. Ráðherra hefur m.a. af því tilefni óskað eftir tillögum um eflingu Neyðarmóttökunnar frá forstjóra Landspítala sem og verkefnisstjóra Neyðarmóttökunnar.

2. *Er hætt við að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar við áfallastreituröskun eða aðrar geðraskanir í kjölfar nauðgunar geti aukist ef starfsemi Neyðarmóttökunnar er skert?*

Ef einhverjir þættir þeirrar þjónustu sem boðið hefur verið upp á hjá Neyðarmóttökunni undanfarin ár legðust af má fyllilega búast við því að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar mundi aukast annars staðar, fyrir utan þær líkamlegu og geðrænu afleiðingar sem slíkt gæti haft í för með sér fyrir viðkomandi einstaklinga.

3. *Hvers eðlis er starfsemi Neyðarmóttökunnar? Er þeirri hugmyndafræði sem lá að baki Neyðarmóttökunni við stofnun hennar enn þá fylgt af hálfu heilbrigðisyfirvalda? Er t.d. viðurkennt í verki að komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar eru allt annars eðlis en aðrar komur á bráðadeild og því þarf annars konar þjónustu sem krefst mikillar nærgætni og tíma?*

Kynferðislegt ofbeldi er samfélagslegt vandamál sem hefur alvarleg og oft mjög langvarandi áhrif á andlega og líkamlega heilsu þolanda. Neyðarmóttakan var stofnuð eftir áralanga baráttu fyrir bættum mannréttindum hér á landi og vegna brýnnar þarfar. Markmiðið var að veita þolendum kynferðisofbeldis nauðsynlega aðhlynningu og þjónustu og að veita hana á forsendum þolandans. Jafnframt skyldi lögð áhersla á að afla réttarlæknisfræðilegra gagna til stuðnings kæru sem þolandi kann að leggja fram. Upphaflegri hugmyndafræði er enn fylgt í starfsemi Neyðarmóttökunnar.

Með opnun Neyðarmóttökunnar á árinu 1993 viðurkenndu heilbrigðisyfirvöld í reynd að kynferðislegt ofbeldi er af öðrum toga en aðrar komur á bráðadeild. Þolendur kynferðisafbrota þurfa mikla sálræna aðstoð og við móttöku þeirra þarf að sýna mikla nærgætni. Þjónusta Neyðarmóttökunnar lýtur því öðrum lögmálum en önnur spítalaþjónusta. Þjónusta Neyðarmóttökunnar er nafnlaus og gjaldfrjáls og þolendum gefinn sá tími sem til þarf. Þolendur gefa skýrslu, fara í læknisskoðun og tekin eru lífsýni. Þeim er einnig boðin sálfræðiaðstoð og lögfræðiaðstoð.

4. *Er starfsumhverfi Neyðarmóttökunnar fyrst og fremst hugsað út frá hagsmunum brotaþola þess glæps sem nauðgun er og að brotaþoli fái bestu mögulega þjónustu?*

Starfsemi Neyðarmóttökunnar hefur ávallt verið með þeim hætti að hagsmunir brotaþola eru hafðir í fyrirrúmi með það að markmiði að veita stuðning og meðferð, safna sakargögnum og útbúa gögn með þeim hætti sem réttarkerfið krefst, leggi brotaþoli fram kæru í málinu strax við komu eða á síðari stigum. Öll þjónusta hefur haft þetta að leiðarljósi, þótt alltaf megi betur gera.

5. *Hvernig ætla heilbrigðisyfirvöld að tryggja að reyndir læknar framkvæmi skoðun á brotaþola, sem getur skipt sköpum við meðferð máls vegna nauðgunar fyrir dómi? Er rétt að fyrirhugað sé að breyta fyrirkomulagi læknisþjónustu Neyðarmóttökunnar?*

Sú ábyrgð hvílir á stjórnendum allra heilbrigðisstofnana að sjá til þess að færni og reynsla sé til staðar þegar heilbrigðisstarfsmenn ganga til verka. Þetta á ekki síður við á Neyðarmóttökunni en öðrum deildum Landspítalans, svo sem skurðstofum, gjörgæsludeildum o.s.frv. Þessari færni er náð með þjálfun og endurmenntun eftir því sem við á á hverjum stað eða deild. Samhliða þessum mikilvægu þáttum þarf að hyggja að endurnýjun og tryggja að þekking sé til staðar á það breiðum grunni að rof verði ekki í þjónustunni við veikindi starfsmanna eða aðrar fjarvistir.

Stjórnendur Landspítala hafa ákveðið að fjölga í þeim hópi hjúkrunarfræðinga sem vinna við Neyðarmóttökuna og er fyrirhugað að hjúkrun verði sinnt á vöktum en ekki með útkalli hverju sinni. Á sama hátt hafa þeir íhugað að fjölga í þeim hópi lækna og sálfræðinga sem kæmi að störfum á Neyðarmóttöku eftir að bráðadeildir sjúkrahússins hafa verið sameinaðar í mars á næsta ári. Markmiðið er tvíþætt, annars vegar að tryggja að þjónustan verði ekki of veik vegna fámennis í þeim hópi heilbrigðisstarfsfólks sem hefur annast þessi störf og hins vegar að draga úr kostnaði vegna bakvakta en engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum.

Hugmyndin að baki Neyðarmóttökunni er að reyndir læknar framkvæmi skoðun á brotaþola og hefur ráðherra lagt áherslu á að reynslu og sérfræðiþekkingu Neyðarmóttökunnar á kynferðisbrotum og afleiðingum þeirra verði ekki fórnað við sameiningu bráðadeilda spítalans.

6. *Hvernig hefur starfsemi Neyðarmóttökunnar reynst í samanburði við svipuð úrræði annars staðar á Norðurlöndunum? Hve margir leita til Neyðarmóttökunnar og hver er kostnaðurinn samanborið við Norðurlöndin?*

Fram til ársins 2009 höfðu 1684 einstaklingar leitað til Neyðarmóttökunnar. Flestir komu 2006, 145 einstaklingar, 2007 komu 136 og 2008 leituðu 118 einstaklingar til Neyðarmóttökunnar. Það sem af er árinu 2009 hafa um 110 leitað á móttökuna.

Neyðarmóttökur á Norðurlöndum hafa ekki verið bornar saman formlega þótt þær séu í meginatriðum reknar á svipaðan hátt og með sömu markmið að leiðarljósi. Ekki hefur reynst gerlegt að bera saman kostnað þar eð kostnaður er bókfærður á mismunandi hátt hjá heilbrigðisyfirvöldum eða sjúkrahúsum viðkomandi svæða. Til samanburðar má þó geta að á neyðarmóttöku Læknavaktarinnar (Legevakten) í Ósló, sem sinnir um 850.000 íbúum, hafa undanfarin ár leitað um 300 einstaklingar á ári. Búist er við að þeir verði yfir 350 á þessu ári samkvæmt upplýsingum frá Noregi. Á neyðarmóttöku (Center for Voldtægtsofre) á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn koma árlega um 350 þolendur kynferðisofbeldis.

Í úttekt á neyðarmóttökum eða úrræðum fyrir þær/þá sem hefur verið nauðgað sem Liz Kelly (prófessor í London Metropolitan University, virt og þekkt fræðikona á þessu sviði) gerði fyrir WHO á árinu 2003 var Neyðarmóttakan á Landspítala valin sem ein af fáum öndvegissetrum í heiminum (centres of excellence). Hún hefur hins vegar notið virðingar allra norrænna kollega sem að þessum málum vinna og þótt vera fyrirmynd hvað varðar rekstur og þjónustu, bæði skipulag og fjárhagslegan kostnað.

7. *Hefur Neyðarmóttakan hlutverki að gegna í baráttunni við mansal og vændi? Ef svo er, í hverju felst það hlutverk?*

Neyðarmóttakan gegnir mikilvægu hlutverki í baráttunni við mansal og vændi því að sú sérhæfing og sérfræðiþekking sem þar hefur verið byggð upp verður nýtt til hins ýtrasta í baráttunni gegn mansali.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti 17. mars sl. aðgerðaáætlun gegn mansali sem á að gilda til ársloka 2012. Í henni er gert ráð fyrir sérfræði- og samhæfingarteymi viðeigandi ráðuneyta, stofnana og frjálsra félagasamtaka, sem og neyðarteymis innan þess. Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins situr í teymunum til að tryggja fórnarlömbum sem greiðastan aðgang að heilbrigðisþjónustunni.

Flestar konur sem seldar eru mansali lenda í kynlífsþrælkun og eru neyddar til að stunda vændi. Neyðarmóttakan mun gegna lykilhlutverki í aðkomu heilbrigðisþjónustunnar að þessum málaflokki sökum sérfræðiþekkingar á kynferðislegu ofbeldi og reynslu af móttöku og stuðningi við þolendur slíkra glæpa.

8. *Mun ráðherra beita sér fyrir að stór samráðsfundur um málefni Neyðarmóttökunnar, sem skrifað var m.a. um í frétt í Morgunblaðinu 15. september sl., verði haldinn?*

Í september sl. var fyrirhugað að halda stóran samráðsfund um málefni Neyðarmóttökunnar í kjölfar fregna af fyrirhuguðum hagræðingaraðgerðum á Landspítala. Ráðherra hefur skoðað aðbúnað Neyðarmóttökunnar og í kjölfarið óskað eftir tillögum frá forstjóra Landspítalans og forstöðukonu Neyðarmóttökunnar um eflingu þeirrar mikilvægu starfsemi sem þar fer fram. Í bréfi ráðherra segir m.a.:

„Eftir að hafa fengið upplýsingar um stöðu mála telur ráðuneytið þörf á eflingu Neyðarmóttökunnar einkum hvað varðar eftirfarandi:

- Hlut 18 ára og yngri sem nú eru um 37% þeirra sem koma á Neyðarmóttökuna.
- Upplýsingar um alvarlegri brot sem hafa færst í aukana, svo sem hópnauðganir og nauðganir á skemmtistöðum.
- Nauðsyn þess að koma upp móttöku og bráðaþjónustu fyrir þolendur mansals.
- Vaxandi hlut alvarlegra áverka hjá þolendum heimilisofbeldis.
- Niðurskurð í heilbrigðisþjónustu sem samkvæmt leiðarljósum ríkisstjórnarinnar má ekki bitna á þeim sem veikastir eru fyrir, þar á meðal konum og börnum, sem eru samkvæmt skráningum helstu þolendur kynferðisofbeldis.“

Ráðherra væntir tillagna fyrrnefndra stjórnenda á næstu dögum og verða þá teknar ákvarðanir um framhaldið.

275. Fyrirspurn [240. mál]

til utanríkisráðherra um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfi samhliða aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra heppilegt að ráðast í breytingar á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu meðan aðildarviðræður við Evrópusambandið fara fram?

276. Fyrirspurn [241. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um aðgangseyri að Listasafni Íslands.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Verður að nýju tekinn upp aðgangseyrir að Listasafni Íslands í ljósi breyttra aðstæðna?

277. Fyrirspurn [242. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um fjárframlög til ÍSÍ og KSÍ.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hver hafa fjárframlög úr ríkissjóði til ÍSÍ verið síðastliðin fimm ár? Hver hefur hlutdeild KSÍ í þeim verið?
2. Hver eru áætluð fjárframlög til ÍSÍ í fjárlagafrumvarpi 2010 og hver er áætluð hlutdeild KSÍ í þeim?
3. Hefur KSÍ fengið önnur fjárframlög úr ríkissjóði síðastliðin fimm ár? Hver eru þau og um hvaða fjárhæðir er að ræða?

Skriflegt svar óskast.

278. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laga um eftirlit með skipum þar sem ákvæðið verður óþarft fyrir skip undir 20 brúttótonnum nái frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna fram að ganga.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að haffærisskírteini verði eingöngu gefið út fyrir skip undir 20 brúttótonnum þegar fyrir liggur yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu. Samkvæmt frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, þar sem lagt er til að lögskráningarskylda skipa nái til allra skráningarskyldra skipa, þ.m.t. skipa undir 20 brúttótonnum, verður slík yfirlýsing lögð fram við lögskráningu líkt og verið hefur um skip yfir 20 brúttótonn. Því er óþarft að leggja fram yfirlýsingu tryggingafélags við útgáfu haffærisskírteinis og þess vegna lagt til að málsliðurinn verði felldur brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felldur verði á brott 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna um útgáfu haffærisskirteinis þar sem ákvæðið mun verða óþarft, fyrir skip undir 20 brúttótonn, nái frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna fram að ganga sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

279. Frumvarp til laga [244. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að skipverjar hafi gild skírteini til þess að starfa um borð í skipi, að skip hafi gilt haffærisskírteini og að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Þá er það einnig markmið laga þessara að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni og að siglingatími skipverja sé skráður.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni að undanskildum þeim sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Lögskráningarkerfi* er rafrænn gagnagrunnur sem vistar upplýsingar um lögskráningar. Siglingastofnun Íslands rekur gagnagrunninn og veitir aðgang að honum til lögskráningar.
2. *Lögskráning* er lögformleg skráning skipverja um borð í skipum í gegnum lögskráningarkerfið að uppfylltum skilyrðum 5. gr.
3. *Skipverji* er sá sem er ráðinn til starfa á skipi samkvæmt ákvæðum sjómannalaga.
4. *Skírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
5. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skip, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

4. gr.
Lögskráningarskylda.

Áður en haldið er úr höfn skal skipstjóri sjá til þess að allir skipverjar sem eru ráðnir til starfa um borð í skipi skráðu hér á landi séu lögskráðir í skiprúm.

Óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir í skiprúm. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum. Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn skal hann eða útgerðarmaður skipsins framkvæma lögskráninguna innan sólarhrings eða fela framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. 5. gr. lögskráninguna.

Þegar veru skipverja um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé lögskráður úr skiprúmi.

5. gr.

Framkvæmd lögskráningar.

Skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráning fari fram í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráninguna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að senda öll áskilin gögn og upplýsingar til þess sem annast lögskráninguna, sbr. f-lið 1. mgr. 7. gr.

Einungis er heimilt að lögskrá í skiprúm ef eftirtalin gögn eða upplýsingar liggja fyrir:

1. Skírteini skipverja eða undanþágur, þ.m.t. skipstjóra.
2. Mælibréf skips og haffærisskírteini.
3. Staðfesting á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt.
4. Yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningaraðili ganga úr skugga um að tryggingarnar séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

6. gr.

Gjöld.

Greiða skal gjald til Siglingastofnunar Íslands fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu. Þá skal greiða þeim sem falið er með reglugerð að annast lögskráningu gjald fyrir þau störf sem innt eru af hendi við framkvæmd lögskráningar samkvæmt lögum þessum. Skal kostnaður miðast við veitta þjónustu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra og við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa starfsmanna og rekstrarkostnað vegna viðhalds og vistunar lögskráningarkerfisins.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

a. nánari framkvæmd lögskráningar og skilyrði hennar,
b. hvernig standa skuli að rafrænu lögskráningunni í gegnum lögskráningarkerfið og notkun rafrænna skilríkja í þeim efnum,
c. öryggisfræðslu sjómanna og hvernig að henni skuli staðið,
d. hversu langt þurfi að líða á milli grunnöryggisfræðslunámskeiðs og endurmenntunarnámskeiðs,
e. frest til þess að ljúka öryggisfræðslunámskeiði sjómanna,
f. hvaða embætti eða stofnun skuli annast framkvæmd lögskráningar í samræmi við 2. mgr. 5. gr.,
g. hvernig standa skuli að aðgangi að gögnum og upplýsingum úr lögskráningarkerfinu til stéttarsamtaka, eða aðila í þeirra umboði,
h. eftirlit með framkvæmd lögskráningar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa, frístundafiskiskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.

8. gr.
Eftirlit.

Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það. Við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar. Bera má þá ákvörðun undir dómstóla eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknaraðgerðir í sakamáli undir dóm.

Veita skal þó skipstjóra stuttan tíma til leiðréttingar á röngum færslum eða skráningu í lögskráningarkerfið áður en kæra verður gefin út.

9. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

10. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna.

11. gr.
Breyting á öðrum lögum.

13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og var lagt fram á 136. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið var unnið í samráði við hagsmunaaðila.

Tilgangur frumvarpsins er einkum að taka upp rafræna lögskráningu meðal skipverja sjálfra sem jafnframt auðveldar einföldun umsýslu og framkvæmd skráningarinnar.

Lögskráning sjómanna eins og tíðkast hefur hér allt frá árinu 1930 er einsdæmi, en tilgangur hennar er fjölþættur. Í fyrsta lagi er henni ætlað að tryggja sönnun fyrir því hverjir hafi verið um borð í skipi ef það ferst. Þá er lögskráningin liður í eftirliti með því að skipverjar um borð hafi lögboðin starfsréttindi, að tryggja að lögboðin slysatrygging sé í gildi og jafnframt að fyrir liggi gögn um haffæri skips. Þá felst einnig í henni skráning á siglingatíma skipverja og hefur siglingatíminn verið nýttur til útreiknings á skattafslætti þeirra.

Lögskráningu sjómanna má rekja aftur til ársins 1889 í lögskráningarbálk farmannalaga. Þá framkvæmd sem þekkist í dag við lögskráningu má hins vegar rekja til laga um lögskráningu sjómanna er tóku gildi 1930. Efnislega hafa litlar breytingar orðið á lögunum frá lögunum 1930 að því undanskildu að nú er við framkvæmd lögskráningar gerð krafa um að skipverjar hafi hlotið öryggisfræðslu frá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gera framkvæmd lögskráningar einfaldari en áður með rafrænni skráningu. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í þeim tilvikum geta skipstjórar sent tilskilin gögn eða upplýsingar til þess framkvæmdaraðila er ráðherra ákveður sem sér um framkvæmdina í gegnum hið rafræna lögskráningarkerfi. Fram að þessu hafa sýslumenn og tollstjórar séð um framkvæmdina.

Með notkun rafrænna skilríkja verður hægt að tryggja að upplýsingarnar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Við framkvæmd lögskráningar verða upplýsingar frá skipstjóra eða útgerðarmanni bornar saman við upplýsingar í gagnagrunni hjá Siglingastofnun þannig að ganga megi úr skugga um að þær séu réttar, m.a. varðandi gildi skírteina, tryggingar og haffæri skips.

Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra skipverja sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Fallið er frá stærðartakmörkunum enda ekki lengur taldar forsendur fyrir því að gera greinarmun á eftirliti með kröfum um tilskilin réttindi og tryggingar eftir stærð skipa.

Samfara þessu frumvarpi er gert ráð fyrir breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þar er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Ákvæðið mun verða óþarft fyrir skip undir 20 brúttótonnum þar sem yfirlýsing tryggingafélags um lögboðnar tryggingar hjá þeim skipum kæmi í gegnum lögskráninguna.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að frumvarp þetta hafi í för með sér verulegar breytingar á lögskráningunni sem slíkri þar sem tilgangur hennar og markmið verða svipuð og áður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um markmið lögskráningar. Af lögunum og þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast má sjá að markmiðið hafi fyrst og fremst verið að tryggja að skipverjar hafi gild atvinnuskírteini hverju sinni. Þau rök sem þar búa að baki eru einkum að tryggja þurfi að áhöfn skips sé skipuð réttindamönnum í þeim stöðum þar sem það er áskilið enda verði með því betur tryggt öryggi skips og áhafnar. Jafnframt á lögskráning að tryggja það að skip hafi ávallt gilt haffærisskírteini á hverjum tíma.

Í greininni er einnig kveðið á um að markmið laganna sé að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Skiptir það miklu máli fyrir skipverja að í gildi sé lögboðin áhafnartrygging ef slys ber að höndum. Með lögskráningu er einnig haldið utan um siglingatíma skipverja. Skiptir það m.a. sköpum fyrir skipverja að geta sýnt fram á skráðan siglingatíma þegar sótt er um atvinnuskírteini o.s.frv. Þá á lögskráning skipverja að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að meginregla frumvarpsins um skráningu á skip nái til allra skipa sem skráð eru á íslenska skipaskrá. Jafnframt er kveðið á um frávik frá meginreglunni en undanskilin lögskráningu eru skip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Þá er í

7. gr. jafnframt kveðið á um heimild ráðherra til að undanskilja frá lögskráningarskyldunni tilteknar gerðir skipa í reglugerð.

Um 3. gr.

Hér er að finna nánari skilgreiningu á lögskráningu en er í gildandi lögum. Í gildandi lögum kemur eingöngu fram að lögskráning sé tvenns konar, þ.e. í skiprúm og úr skiprúmi, en ákvæðið er samhljóða fyrstu lögskráningarlögunum frá 1930. Með ákvæðinu er leitast við að varpa ljósi á hugtakið og hvað felist í lögskráningu.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rafræna lögskráningarskyldu. Með þessu er gerð krafa um að skipstjóri eða útgerðarmaður lögskrái skipverja rafrænt í skiprúm. Með þessu verður framkvæmdin gerð einfaldari og hagkvæmari. Kveðið er á um að skipstjóri skuli sjá til þess að allir skipverjar séu lögskráðir í skiprúm áður en lagt er úr höfn. Með þessu fyrirkomulagi á að vera tryggt að markmið laganna náist auk þess sem siglingatími skipverja ætti að vera rétt skráður hverju sinni. Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að það sé á ábyrgð skipstjóra að sjá til þess að lögskráning fari fram.

Um 5. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, kveður á um að skipstjóri eða útgerðarmaður annist framkvæmd lögskráningar í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Með því að opna fyrir rafræna skráningu hjá þessum aðilum verður framkvæmdin einfaldari og hægt verður að lögskrá beint úr tölvu skipstjóra eða útgerðarmanns. Gert er ráð fyrir því að með tilkomu rafrænna skilríkja eða með öðrum rafrænum auðkennum verði hægt að ganga úr skugga um að upplýsingarnar og lögskráningin sjálf stafi frá þeim aðila sem heimild hafi til þess að annast lögskráninguna, þ.e. frá skipstjóra eða útgerðarmanni. Með því móti er hægt að einfalda framkvæmdina með þessum hætti og færa hana til skipstjóranna sjálfra.

Þar sem þær upplýsingar sem áskildar eru til þess að lögskráning geti farið fram eru allar aðgengilegar í gagnagrunni lögskráningarkerfisins er ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdin verði með þeim hætti sem hér er lagt til.

Í 2. mgr. er þó opnað fyrir að framkvæmdin verði með sama hætti og áður, en í þeim tilvikum er hins vegar mælt fyrir um það í 7. gr. að ráðherra ákveði hver muni annast framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að óverulegur fjöldi muni ekki vilja nýta sér sjálfur framkvæmd lögskráningar og því sé heppilegra að hún fari fram hjá einum aðila sem gæti að samræmingu í framkvæmd. Í því sambandi þarf að koma gögnum eða upplýsingum til þess sem annast framkvæmdina í gegnum lögskráningarkerfið eftir ákvörðun ráðherra. Með gögnum í þessu sambandi er átt við frumrit skírteina og annarra gagna sem áskilin eru til þess að lögskráning geti farið fram, en einnig verður hægt að senda upplýsingar um viðkomandi skip eða skipverja sem lögskráningin á að taka til, svo sem með tölvupósti, og framkvæmir þá framkvæmdaraðilinn lögskráninguna.

Reynslan hefur sýnt að nokkur vanhöld hafa verið á lögskráningu og framkvæmdin hefur verið með mismunandi hætti hjá þeim mörgu embættum sem séð hafa um hana hingað til.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til að taka gjald vegna kostnaðar við rekstur gagnagrunns og annars kostnaðar í tengslum við lögskráninguna. Um er að ræða einfalda gjaldtökuheimild

sem miðast við að notendur þjónustunnar standi undir kostnaði við hana. Gert er ráð fyrir því að greitt sé fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og að sá kostnaður nemi ekki hærri upphæð en kostnaði við að reka lögskráningarkerfið. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem skipstjórar eða útgerðarmenn velja að senda gögn eða upplýsingar til framkvæmdaraðila sem mun þá annast skráninguna í gagnagrunninn í kjölfarið greiðist fyrir það sérstaklega. Í því sambandi verði laun starfsmanna framkvæmdaraðilans lögð til grundvallar við útreikning gjalda. Þá er kveðið á um að gjöld vegna lögskráningarinnar verði birt í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um framkvæmd laganna. Getur hann í því sambandi afmarkað framkvæmd lögskráningar og hvernig að henni skuli staðið með rafrænum hætti og notkun rafrænna skilríkja svo að öruggt megi teljast að framkvæmd lögskráningar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Þá mælir ákvæðið fyrir um heimild ráðherra til að útfæra nánar framkvæmd öryggisfræðslunámskeiða. Í því sambandi hefur hann heimild til þess að veita almennan frest til þess að ljúka öryggisfræðslu sjómanna. Er einkum miðað við þá framkvæmd sem nú tíðkast, þ.e. að skipverjar hafi um 180 lögskráða daga til þess að afla sér grunnmenntunar í öryggisfræðslu og eins 180 lögskráða daga frá því að grunnmenntunin rennur út til þess að ljúka endurmenntunarnámskeiði öryggisfræðslu.

Þá er jafnframt að finna í ákvæðinu heimild ráðherra til þess að ákveða hvaða stofnun eða embætti skuli annast lögskráningu sjómanna kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður að nota ekki heimild sína til þess. Í því sambandi er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að embætti sýslumanna eða tollstjóra annist lögskráninguna líkt og verið hefur eða að aðrar stofnanir sjái um það, svo sem Siglingastofnun Íslands, sýslumenn eða tollstjórar, Landskrá fasteigna eða Landhelgisgæsla Íslands svo að dæmi séu tekin.

Í 2. mgr. er að finna heimild ráðherra til þess að veita tilteknum skipategundum undanþágu frá lögskráningarskyldunni.

Um 8. gr.

Áréttað er að Landhelgisgæslu Íslands, sem fer með löggæslu á hafinu, sé heimilt að fara um borð í íslensk skip og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki yfirmanna líkt og verið hefur. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiviðurlög. Gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna.

Megintilgangur frumvarps til laga um lögskráningu sjómanna er að gera framkvæmd lögskráningar einfaldari en áður með rafrænni skráningu. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna tvær nýjar gjaldtökuheimildir, annars vegar fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og hins vegar fyrir þau störf sem innt verða af hendi við framkvæmd lögskráningarinnar samkvæmt lögunum. Gera má ráð fyrir að tekjurnar muni falla í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjald fyrir aðgang að rafræna skráningarkerfinu verði 2.000–4.000 kr. á ári fyrir hvert skip en um 1.000 skip verða skráningarskyld. Ef þau nýta sér öll þessa heimild gæti gjaldið skilað 2–4 m.kr. á ári. Kostnaður Siglingastofnunar vegna lögskráningar sjómanna hefur hingað til verið um 2 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að niður falli 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem kveðið er á um að greiða skuli 550 kr. vegna lögskráningar sjómanna. Innheimta gjaldsins hefur skilað um 12–13 m.kr. undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir að gjöldin, sem teljast vera lögþvingaðar ríkistekjur, renni annars vegar beint til reksturs Siglingastofnunar vegna aðgangs að lögskráningarkerfinu og hins vegar til þess aðila sem falið verði með reglugerð að annast framkvæmd lögskráningar samkvæmt eldra fyrirkomulagi skráningarinnar. Fjármálaráðuneytið telur slíka mörkun tekna ekki heppilegt fyrirkomulag. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af gjaldtöku í tengslum við lögskráninguna muni lækka um 8–10 m.kr. Hins vegar er reiknað með að kostnaður aukist tímabundið um samtals 5 m.kr. til ársins 2011 vegna vinnu við kerfisbreytingar á lögskráningarkerfinu. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður muni rúmast innan fjárheimilda Siglingastofnunar á því tímabili.

280. Svar [84. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Margrétar Guðjónsdóttur um háskóla- og fræðasetur utan höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra standa vörð um háskóla- og fræðasetur utan höfuðborgarsvæðisins á komandi árum?

Á undanförnum árum hafa verið stofnsett margvísleg mennta-, menningar- og þekkingarsetur víðs vegar um landið. Mismunandi er hvernig stofnað hefur verið til setranna, hverjir hafa staðið að stofnun þeirra og fjármögnun.

Í tengslum við þá vinnu sem nú stendur yfir við endurskoðun á háskólakerfinu hefur verið ákveðið að taka út fjölda setra og stofnana sem tengjast menntun, menningu og rannsóknum og heyra undir ráðuneyti mennta- og menningarmála. Markmiðið er að efla áhrif setranna með auknu samstarfi og samvinnu. Í tengslum við þá vinnu hafa komið fram tillögur um að einnig verði fjallað um setur sem heyra undir önnur ráðuneyti eða aðrar sjálfstæðar stofnanir eða sveitafélög til að ná enn betri árangri í þekkingartengdri starfsemi á landsbyggðinni.

Með vinnunni ætti að fást haldgott yfirlit yfir starfsemi setranna, hvar þau eru staðsett, fjármögnun, hlutverk þeirra og rekstur. Stefnt er að því að yfirlitið verði flokkað eftir landshlutum og tekið verði mið af svæðaskiptingu *Sóknaráætlunar 20/20*, að því marki sem við á.

Á grundvelli þeirrar vinnu sem hér hefur verið lýst er stefnt að því að finna leiðir til að efla og styrkja samstarf hagsmunaaðila og auka þannig sóknarfæri til eflingar mennta-, menningar-, rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi um land allt. Í því sambandi stendur til að athuga sérstaklega hvernig aukið samstarf háskóla við hvers kyns fræðastarfsemi í landinu geti aukið aðgengi nemenda og fræðimanna að auðlindum menningar og náttúru. Skoða á hvort og þá hvaða hindranir séu til staðar milli stofnana, landshluta eða svæða í því tilliti.

Leggja verður áherslu á að standa vörð um starfsemi háskóla- og fræðasetra á næstu árum eins og framast er unnt, þó svo að hún verði fyrir einhverri skerðingu eins og óhjákvæmilegt er miðað við núverandi aðstæður. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er þannig gert ráð fyrir 5% hagræðingarkröfu á framlögum sem heyra undir símenntun og fjarkennslu, en að teknu tilliti til verðlagsbóta eru fjárframlög þó nær óbreytt frá yfirstandandi fjárlögum. Sama á við um önnur fræðasetur.

281. Fyrirspurn [245. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga vegna fjárhagsstöðu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Verði sveitarfélög sameinuð vegna slakrar fjárhagsstöðu að frumkvæði ráðherra, sbr. 79. gr. sveitarstjórnarlaga, er þá tryggt að jafnræðis verði gætt gagnvart þeim sveitarfélögum sem þannig verða sameinuð öðrum sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

282. Fyrirspurn [246. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjárhagsvanda sveitarfélaga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Er ríkisvaldið með áætlanir um að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaga með samræmdum hætti? Ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

283. Fyrirspurn [247. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um afskriftir eða lengingu lána sveitarfélaga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Kemur til greina að stjórnvöld beiti afskriftum eða lengi lán sveitarfélaga svo að þau eigi möguleika á að komast yfir tímabundna erfiða fjárhagsstöðu? Ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

284. Fyrirspurn [248. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Kemur til greina að endurskoða framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til barnmargra sveitarfélaga, svo sem Álftaness? Ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

285. Fyrirspurn [249. mál]

til fjármálaráðherra um skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum NBI, Íslandsbanka, Nýja Kaupþings (Arion banka).

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hafa NBI, Íslandsbanki, Nýja Kaupþing (Arion banki) eða dótturfélög bankanna skipað fólk í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja sem bankarnir hafa tekið yfir að hluta eða öllu leyti? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.
2. Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa fyrrgreindir bankar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.
3. Hafa fyrrgreindir bankar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.

Skriflegt svar óskast.

286. Fyrirspurn [250. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum skilanefnda.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um skipan skilanefnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings banka og bankaráða með tilliti til jafnréttislaga og hefur Fjármálaeftirlitið beint einhverjum tilmælum til þessara aðila um hvernig beri að fara að jafnréttislögum?

2. Hafa fyrrnefndar skilanefndir skipað fólk í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja sem skilanefndirnar hafa tekið yfir að hluta eða öllu leyti? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.
3. Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa skilanefndirnar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.
4. Hafa skilanefndirnar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.

Skriflegt svar óskast.

287. Fyrirspurn [251. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umhverfismerki á fisk.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver er staðan á vinnu við íslenskt umhverfismerki á fisk?
2. Fær slíkt merki bráðum vottun þriðja aðila og ef ekki, hver er ástæða þess?
3. Er ráðherra kunnugt um fyrirstöðu fyrir því að íslenskar fiskafurðir uppfylli umhverfisvottun?
4. Eru dæmi þess að íslenskir fiskútflytjendur eigi á hættu að missa eða hafi misst markaðshlutdeild sökum þess að íslenskar fiskafurðir eru ekki umhverfismerktar og ef svo er, hvaða þjóðir auka markaðshlutdeild sína á kostnað Íslendinga?
5. Hefur ráðherra upplýsingar um að seljendur íslenskra fiskafurða verði í auknum mæli varir við óskir um umhverfismerkingar?

288. Fyrirspurn [252. mál]

til fjármálaráðherra um laun og eignir skattgreiðenda og fjölda þeirra.

Frá Tryggva Þór Herbertssyni.

1. Hversu margir bætast í hóp skattgreiðenda samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar, sem hefur verið kynnt, um að afnema tengingu persónuafsláttar við neysluverðsvísitölu (sem hefði leitt til 6.600 kr. hækkunar frádráttarins um næstu áramót) og í stað þess að hækka persónuafsláttinn um 2.000 kr. sem leiðir til fjölgunar skattgreiðenda í lægsta tekjuhópnum?

2. Hversu margir skattgreiðendur er áætlað að verði á næsta ári með mánaðartekjur:
   a. 119.000–200.000 kr.,
   b. 200.000–650.000 kr.,
   c. 650.000–1.000.000 kr.,
   d. 1.000.000 og meira?
3. Hversu mikla skatta og útsvar er áætlað að þessir tekjuhópar greiði á næsta ári?
4. Hversu margir skattgreiðendur, einstaklingar og hjón, eiga hreinar eignir sem nema 90 millj. kr. og meira og hvernig skiptast þeir í eftirfarandi aldurshópa:
   a. 25–50 ára,
   b. 50–67 ára,
   c. 67 ára og eldri?

Skriflegt svar óskast.

289. Fyrirspurn [253. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um úrræði gegn ólöglegu niðurhali hugverka.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Til hvaða úrræða gegn ólöglegu niðurhali hugverka hefur verið gripið í nágrannaríkjum okkar?

290. Fyrirspurn [254. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um niðurhal hugverka.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hver er stefna ráðherra varðandi niðurhal hugverka?

291. Frumvarp til laga [255. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að veita eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Til að unnt sé að veita þá vernd sem kveðið er á um í 1. mgr. er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem veitir lágmarksvernd samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Innlánsstofnun:* Hlutafélag eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hefur hlotið starfsleyfi hér á landi.
2. *Innstæða:* Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum. Lántökur innlánsstofnunar og eiginfjárreikningar teljast ekki innstæða.
3. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Fyrirtæki sem hefur hlotið starfsleyfi hér á landi til að stunda viðskipti með verðbréf á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og aðrir sem nýta sér heimildir til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti.
4. *Verðbréf:* Verðbréf eins og þau eru skilgreind í lögum um verðbréfaviðskipti sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.
5. *Verðbréfaviðskipti:* Verðbréfaviðskipti skv. 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Reiðufé:* Fé í eigu fjárfestis í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja sem er í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.
7. *Aðildarríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Lykilstjórnandi:* Aðili í stjórnunarstarfi sem hefur veruleg áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

II. KAFLI
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

3. gr.
Sjóðurinn.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda ekki um sjóðinn.

Sjóðurinn er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og fjármagnstekjuskatts. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Þá verður sjóðurinn hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að gera aðför í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins án tilnefningar og ákveður þóknun stjórnar. Formaður skal skipaður til fjögurra ára í senn en tveir stjórnarmenn til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnarmenn skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Jafnframt er henni heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eiga ekki við um stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins eða framkvæmdastjóri lögaðila, ef við á, skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Sama á við um starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kann að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðsins.

5. gr.
Ársfundur.

Ársfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á ársfundi skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar, gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fundurinn skal auglýstur opinberlega og eiga rétt til fundarsetu fulltrúar þeirra innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem greiða iðgjöld til sjóðsins, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra, svo og fulltrúar opinberra aðila.

6. gr.
Starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

Fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum.

Rekstrarkostnaður greiðist af eignum sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið heldur sérstaka skrá um fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins. Skal skráin uppfærð jafnóðum og breytingar verða og birt á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins og sjóðsins.

7. gr.

Greiðsluskylda sjóðsins.

Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur lágmarksvernd sjóðsins skv. 13. gr. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:

1. álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, eða
2. úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Álit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. tölul. 1. mgr. skal liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á að aðstæður sem lýst er í 1. tölul. séu fram komnar hjá innlánsstofnun. Framangreint á þó ekki við gagnvart verðbréfadeild sjóðsins en þá skal álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir innan þriggja vikna.

Nú telur Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands að fjármálafyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins sé í slíkri stöðu að gæti leitt til þess að greiðsluskylda sjóðsins yrði virk og skal það þá þegar tilkynnt sjóðnum.

8. gr.

Lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána á milli sjóðsdeilda fjárhæð sem nemur allt að 50% af kröfu sem gerð er á hendur henni, þó ekki umfram 100 millj. kr. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lán á milli deilda.

Beri brýna nauðsyn til er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans.

Lán sjóðsins samkvæmt þessari grein eru undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Innra öryggi.

Stjórn sjóðsins skal tryggja að reglulega sé farið yfir innri verkferla sjóðsins og að tölvubúnaður sé fullnægjandi þannig að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum. Skýrsla þessu til staðfestingar skal send Fjármálaeftirlitinu, sem getur sett nánari reglur um úttekt verkferla eða rekstur og viðhald tölvukerfa samkvæmt þessari grein.

Séu einstök verkefni falin öðrum skal stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli ákvæði 1. mgr.

III. KAFLI
Innstæður.
10. gr.
Iðgjald.

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjald til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar 0,3% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun og greiðist fjórum sinnum á ári.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiða innlánsstofnanir viðbótariðgjald með eftirfarandi hætti:

a. Nemi samtala tryggðra innstæðna hjá innlánsstofnun í lok síðasta ársfjórðungs meira en 25% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald fyrir skal iðgjald hækka um 0,01% á ársgrundvelli, 0,0025% á ársfjórðungi, fyrir hvert prósentustig umfram það viðmið.
b. Ef óveðsettar eignir sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna, eru a.m.k. 50% meiri en innlán í lok síðasta ársfjórðungs bætist aðeins aukaiðgjald vegna a-liðar við iðgjald skv. 2. mgr.
c. Ef óveðsettar eignir sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna, eru á bilinu 25–50% meiri en innlán í lok síðasta ársfjórðungs bætast 5% við samtölu skv. 2. mgr. og a-lið.
d. Ef óveðsettar eignir sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna, eru á bilinu 15–25% meiri en innlán í lok síðasta ársfjórðungs bætast 10% við samtölu skv. 2. mgr. og a-lið.
e. Ef óveðsettar eignir sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna, eru á bilinu 5–15% meiri en innlán í lok síðasta ársfjórðungs bætast 15% við samtölu skv. 2. mgr. og a-lið.
f. Ef óveðsettar eignir sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna, eru innan við 5% meiri en innlán í lok síðasta ársfjórðungs bætast 20% við samtölu skv. 2. mgr. og a-lið.

Gjalddagar eru fjórir á ári, 31. janúar, 30. apríl, 31. júlí og 31. október.

Sjóðnum er heimilt að innheimta viðbótariðgjöld ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf. Ekki er krafist iðgjalds vegna innstæðna sem eru undanskildar tryggingu skv. 15. gr.

Eigi síðar en 10. dag yfirstandandi ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu eigna sem álagning skv. 2. og 3. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 7. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til slíkrar lækkunar kemur.

Að fengnu áliti Seðlabanka Íslands setur Fjármálaeftirlitið reglur um hvernig staðið skuli að mati á óveðsettum eignum sem hægt er að nýta á móti innlánum, að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu eigna.

11. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddaga skv. 4. mgr. 10. gr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar við sviptingu starfsleyfis í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Greiðslufyrirkomulag.

Greiðslur til hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 50.000 evra (EUR). Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu.

Hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi þess er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar um innstæður þeirra innstæðueigenda sem njóta verndar samkvæmt lögunum, á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal sjóðurinn staðreyna að innstæðueigandi hafi ekki fengið innstæðu sína að hluta, eða öllu leyti, greidda frá viðkomandi innlánsstofnun og dragast þær greiðslur að fullu frá greiðslum úr sjóðnum. Sjóðnum er heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi innlánsstofnunar á hendur innstæðueiganda til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns áður en til greiðslu andvirðis innstæðu kemur.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi. Sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign innstæðueiganda þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús innlánsstofnunar til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr A-deild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við þá skilmála er gilda um innstæðu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum, að hluta til eða öllu leyti, óháð því

hvort hún hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

13. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 12. gr. miðast við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga.

Nú er innstæða í sameign fleiri en eins innstæðueiganda og skal þá hlutdeild hvers um sig við útreikning á greiðslu skv. 12. gr. vera hin sama og hlutdeild þeirra í innstæðu á reikningnum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers aðila skal miða við jafna skiptingu.

14. gr.

Takmarkanir á tryggingavernd.

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu innlánsstofnana,
2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. innstæður framkvæmdastjóra og annarra lykilstjórnenda innlánsstofnunar, og innstæðueigenda með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu,
7. innstæður maka, sambúðarmaka og ófjárráða barna og þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd innstæðueigenda í 6. tölul.,
8. innstæður annarra félaga í sömu samsteypu,
9. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn.

15. gr.

Frestir.

Hvíli greiðsluskylda á sjóðnum gagnvart innstæðueiganda skal sjóðurinn inna greiðslu af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tuttugu virkum dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, sbr. 7. gr., eða þann dag sem úrskurður var kveðinn upp um að bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar hafi verið tekið til slitameðferðar, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að tíu daga frest til viðbótar.

Innan þess tímafrests sem tilgreindur er í 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna innstæðueiganda skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til frests skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til innstæðueiganda sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Frestur inn-

stæðueiganda í slíkum tilvikum getur þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem er veittur til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggur fyrir.

16. gr.

B-deild.

Eignir og skuldbindingar innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 við gildistöku laga þessara tilheyra sérstakri deild, B-deild.

IV. KAFLI
Verðbréfadeild.

17. gr.

Vernd fjárfesta.

Verðbréfadeild tryggir fjárfestum lágmarksvernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða iðgjöld til verðbréfadeildar sjóðsins frá upphafi starfsemi sinnar. Þeim er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem afhentar hafa verið samkvæmt grein þessari.

Sé ágreiningur um það hvað telst fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sker Fjármálaeftirlitið úr um þann ágreining.

18. gr.

Lágmarksstærð og iðgjöld.

Heildareign verðbréfadeildar skal nema að lágmarki 200 millj. kr. Lágmarkseign skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu janúar 2010.

Fast ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er 800.000 kr. ásamt breytilegu iðgjaldi samkvæmt öðrum eftirfarandi tölulið:

1. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema 10–100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr.
2. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu greiða 400.000 kr.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald ef eign deildarinnar dugir ekki til að standa undir greiðslu úr sjóðnum þegar greiðsluskylda hans verður virk vegna þeirra atvika sem getur í 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu þó hæst nema tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal veita sjóðnum allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að geta reiknað út iðgjald viðkomandi. Skulu upplýsingarnar veittar eigi síðar en 1. febrúar í því formi sem sjóðurinn ákveður.

Standi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki skil á upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt grein þessari er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald fyrirtækisins skv. 2. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöföldu föstu iðgjaldi skv. 2. mgr. og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir deildarinnar hafa náð tilskildu marki skv. 1. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. eða fella þau niður. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til þess kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og lýtur eftirliti eftirlitsaðila þar til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. er 1. mars ár hvert. Nýtt fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hefur starfsemi á álagningarárinu skal greiða ársiðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi hefst.

Iðgjöld eru óendurkræf.

19. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki iðgjald til sjóðsins á gjalddaga samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins leggja álag á iðgjaldið sem nemur 100.000 kr. fyrir hvern dag. Hafi greiðsla iðgjalds og álags ekki verið innt af hendi eigi síðar en 10 dögum eftir gjalddaga skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar.

Missi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfsleyfi sitt vegna vanskila samkvæmt þessari grein skulu skuldbindingar sem stofnað hefur verið til áður en leyfi er afturkallað njóta tryggingaverndar samkvæmt lögunum.

20. gr.

Greiðslufyrirkomulag.

Hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild sjóðsins til hvers fjárfestis vegna tryggðra verðbréfa eða reiðufjár nemur jafnvirði 20.000 evra (EUR) og verður sjóðurinn ekki krafinn um frekari greiðslu.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi þess er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem njóta verndar skv. 17. gr. á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal stjórn sjóðsins staðreyna að greiðsla á kröfunni hafi ekki fengist að hluta eða öllu leyti frá viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum. Sjóðnum er heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns áður en til greiðslu kemur.

Stjórn sjóðsins skal staðreyna að krafa fjárfestis sé réttmæt og skilyrði fyrir greiðslu séu fyrir hendi. Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi. Sé bú fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins réttháðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign fjárfestis þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis kröfu vegna verðbréfs að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála þess verðbréfs sem er grundvöllur endurgreiðslu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

21. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 20. gr. miðast við allar kröfur fjárfestis á hendur sama fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Nú hafa fleiri menn fjárfest sameiginlega og skal þá hlutdeild hvers um sig gilda við útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miða við jafna skiptingu.

Sé unnt að staðreyna rétt manns til greiðslu úr sjóðnum innan þeirra tímamarka sem afmarkast af áliti Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. eða úrskurði um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar skal hann njóta greiðslunnar, að öðrum kosti gengur rétturinn til þess sem verulegar líkur eru á að eigi réttinn. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til verðbréfa eða reiðufjár skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu.

22. gr.

Undanþágur.

Undanskilin tryggingavernd samkvæmt þessum lögum eru:

1. verðbréf og reiðufé verðbréfafyrirtækja,
2. verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. verðbréf og reiðufé fyrirtækis þar sem verðbréfafyrirtæki fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. verðbréf og reiðufé ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. verðbréf og reiðufé rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. verðbréf og reiðufé framkvæmdastjóra og annarra lykilstjórnenda, og fjárfesta með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu,
7. verðbréf og reiðufé maka, sambúðarmaka og ófjárráða barna og þriðju aðila sem koma fram fyrir hönd fjárfestis í 6. tölul.,
8. verðbréf og reiðufé annarra félaga í sömu samsteypu.

23. gr.

Frestir.

Viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu senda sjóðnum kröfur sínar skriflega ásamt þeim gögnum sem sjóðurinn metur nauðsynleg. Sjóðurinn ákveður, í samráði við Fjármálaeftirlitið, lengd þess frests sem viðskiptavinir hafa til að gera kröfu á sjóðinn. Fresturinn má þó ekki vera styttri en fimm mánuðir.

Ef bú fyrirtækis í verðbréfaviðskiptum er tekið til slitameðferðar skulu viðskiptavinir þess lýsa kröfum í búið áður en þeir gera kröfu á sjóðinn skv. 1. mgr.

Innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna fjárfesti skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til þess frests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Í slíkum tilvikum getur fresturinn þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Greiðslur til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber að inna af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að þriggja mánaða frest til viðbótar.

Liggi fyrir ákæra á hendur fjárfesti vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggur fyrir.

V. KAFLI
Erlend útibú.

24. gr.

Útibú innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki skulu greiða iðgjald til sjóðsins vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem nýtur ekki tryggingar sambærilegs tryggingakerfis í heimaríkinu. Fjármálaeftirlitinu er jafnframt heimilt að gera þeim að setja frekari tryggingar fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið getur veitt innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjald og hefur staðfestu hér á landi undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins vegna útibús fyrirtækisins sem staðsett er utan aðildarríkis. Innstæður, verðbréf og reiðufé í því útibúi njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

25. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi og reglur sem byggjast á þeim. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Sjóðurinn greiðir eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Upplýsingagjöf til viðskiptamanna.

Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta, hvaða eignir eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Skulu upplýsingar vera á íslensku og almenningi aðgengilegar.

Hið sama á við um útibú innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu með staðfestu í öðru aðildarríki.

Auglýsingar innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu um lágmarkstryggingu sjóðsins skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans. Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Fjárfestingarstefna.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárfestingarstefnu hans og gerir grein fyrir henni á ársfundi. Ávöxtun á fé sjóðsins skal við það miðuð að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

28. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun á greiðslum úr honum.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á eftirfarandi tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta og 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara.

31. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum:

a. Við 110. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

   Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem veitir ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja á iðgjald skv. 10. eða 18. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

b. 2. mgr. 112. gr. b laganna orðast svo:

   Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna. Hið sama á við ef innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabú slíkra fyrirtækja veita ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem sjóðnum eru nauðsynlegar til að hann geti

innt af hendi greiðsluskyldu sína skv. 12. og 20. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Innlánsstofnanir skulu hafa staðið skil á iðgjaldi sínu vegna ársins 2009 til B-deildar 1. mars 2010. Um álagningu þessa fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 98/1999.

Fyrsti gjalddagi iðgjalda innlánsstofnana til A-deildar samkvæmt lögum þessum er 30. apríl 2010.

Fyrsti gjalddagi iðgjalda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum þessum er 15. apríl 2010.

II.

Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður 31. desember 2009. Eignir öryggissjóðs renna þá til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún er 31. desember 2009. Skal standa skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 28. febrúar 2010.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga þessara um B-deild sjóðsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Núgildandi lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, tóku gildi 1. janúar 2000. Markmið laganna er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna. Með lögunum voru innleiddar tvær tilskipanir Evrópusambandsins, annars vegar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 97/9/EB og hins vegar um innlánatryggingakerfi nr. 94/19/EB. Sú fyrrnefnda kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Þeirri síðarnefndu er ætlað að tryggja innstæðueigendur, upp að vissu marki, gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Tilskipanirnar voru liður í aðgerðum Evrópusambandsins til að mynda sameiginlegan markað fyrir banka- og verðbréfaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nánar fólust aðgerðirnar í því að koma á samræmdum reglum og eftirlitskerfi sem ætlað var að efla öryggi í fjármálaþjónustu, verjast kerfisáhættu, auka neytendavernd og stuðla jafnframt að skilvirkum og samkeppnishæfum markaði á þessu sviði.

Með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 98/1999 var lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta rynni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, sem í daglegu tali er nefndur tryggingarsjóður, tók til starfa við

gildistöku laganna 1. janúar 2000. Samkvæmt lögunum er sjóðurinn sjálfseignarstofnun sem skipt er í tvær deildir; innstæðudeild og verðbréfadeild. Hvorug deildin ber ábyrgð á skuldbindingum hinnar. Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti og hafa staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að sjóðnum. Sama gildir um útibú þessara aðila innan EES og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og heildareign verðbréfadeildar nema a.m.k. 100 millj. kr. Í lögunum er m.a. kveðið á um rekstur, fjármögnun, greiðsluskyldu og fjárhæð greiðslna úr sjóðnum. Þar kemur fram að dugi eignir sjóðsins ekki til fullrar tryggingar skuli krafa hvers tryggðs innstæðueiganda að 1,7 millj. kr. greidd að fullu en eftir það skuli greitt hlutfallslega inn á allar kröfur. Þessi fjárhæð er tengd við gengi evru eins og það var 5. janúar 1999 og telst vera 20.887 evrur.

Ólgan sem ríkt hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarin missiri hefur m.a. orðið til þess að Evrópusambandið hefur þegar endurskoðað regluverk sitt á þessu sviði en 11. mars 2009 tók gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi að því er varðar fjárhæðir innstæðutrygginga og greiðslufresti. Um fyrrgreinda atriðið segir í aðfaraorðum tilskipunarinnar að það sé sýnt að sú fjárhæð sem tilskipun 94/19/EB tryggi, þ.e. 20.000 evrur, sé ófullnægjandi og með það að markmiði að viðhalda trausti innstæðueigenda og til að endurheimta stöðugleika á fjármálamörkuðum þurfi strax að hækka fjárhæðina í 50.000 evrur. Jafnframt er í tilskipuninni kveðið á um að fyrir árslok 2010 skuli tryggð heildarfjárhæð hvers innstæðueiganda miðast við 100.000 evrur. Sá fyrirvari er þó settur við síðastgreinda atriðið að framkvæmdastjórninni er ætlað, fyrir árslok 2009, að skila Evrópuþinginu og ráðinu mati sínu á áhrifum svo mikillar hækkunar tryggingarfjárhæðar. Verði það mat framkvæmdastjórnarinnar að þetta mikil hækkun sé óviðeigandi skal hún skila Evrópuþinginu og ráðinu tillögum til viðeigandi lausnar. Um síðargreinda atriðið, þ.e. um greiðslufrestina, segir að sá þriggja mánaða frestur sem tilskipun 94/19/EB heimilar til útgreiðslu úr tryggingakerfinu, hafi greiðsluskylda orðið virk, sé of langur og stríði bæði gegn hagsmunum innstæðueigenda og þörfinni á að viðhalda trausti þeirra á kerfinu. Breytingatilskipunin kveður því á um styttingu þessa frests, niður í tuttugu daga, og í þeim tilvikum þegar greiðsluskylda verður virk vegna álits hlutaðeigandi yfirvalds um að fjármálafyrirtæki teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu, sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, skal umrætt álit liggja fyrir eigi síðar en fimm dögum síðar, í stað tuttugu og eins dags líkt og tilskipun 94/19/EB áskilur.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þeirri ólgu sem undanfarið hefur ríkt á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eftir hrun þriggja stærstu viðskiptabanka landsins haustið 2008 þykir sýnt að breyta þarf gildandi löggjöf um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta enda hafa gríðarlegar ábyrgðir fallið á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, einkum vegna starfsemi erlendra útibúa Landsbankans í Bretlandi og Hollandi (Icesave-reikningarnir), en innan EES gildir það fyrirkomulag að útibú er að meginstefnu til undir eftirliti stjórnvalda í heimaríki ásamt því sem það fellur undir tryggingakerfi innstæðna í heimaríkinu. Ekki verður hér gerð frekari grein fyrir ábyrgðunum sem féllu á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta heldur vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til

innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. (þskj. 204, 136. mál 137. löggjafarþings). Sjá einkum 4. kafla athugasemdanna um bankahrunið.

Einkum af þessum ástæðum, þ.e. annars vegar vegna breytingar á regluverki Evrópusambandsins á sviðinu og hins vegar vegna þeirra ábyrgða sem fallið hafa á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta í kjölfar hruns bankanna, þykir nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun á lögunum.

Heppilegra þykir að fara þá leið að setja ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, fremur en að gera breytingar á núgildandi lögum, ekki síst þar sem til viðbótar við efnislegar breytingar er framsetning nokkuð breytt frá gildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum mun það því koma í stað gildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum, og er jafnframt gert ráð fyrir setningu nýrrar reglugerðar í stað reglugerðar sem sett hefur verið með heimild í lögunum.

Tekið skal fram að áðurnefnd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/14/EB, sem líkt og fyrr segir breytir tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi að því er varðar fjárhæðir innstæðutrygginga og greiðslufresti, hefur enn ekki verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þrátt fyrir það er ljóst að þegar sú ákvörðun liggur fyrir mun Íslandi bera að innleiða umrædda tilskipun og þykir því eðlilegt að frumvarp þetta taki því jafnframt mið af þeim breytingum sem kveðið er á um í tilskipuninni. Enda fylgjast hérlend stjórnvöld náið með þeirri þróun sem á sér stað á löggjöf Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar, sem einkum nú virðist einkennast af skerpingu reglna og endurheimt trúverðugleika.

Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að tilskipun 2009/14/EB er aðeins upphafið á endurskoðun fyrirkomulags innstæðutrygginga innan Evrópusambandsins. Innan þess er starfandi sérstök vinnunefnd um innstæðutryggingar og þegar niðurstöður þeirrar nefndar liggja fyrir má allt eins búast við að taka þurfi fleiri atriði til endurskoðunar en gert er í frumvarpi þessu. Mun efnahags- og viðskiptaráðuneytið reyna að taka þátt í starfi vinnunefndarinnar eftir því sem kostur er.

2. Uppbygging frumvarpsins og helstu breytingar frá gildandi lögum.

2.1. Uppbygging frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í átta kafla og eru almenn ákvæði í I. kafla. Þar er farin sú leið að skýra merkingu tiltekinna orða sem tíðum koma fyrir í frumvarpinu. Í II. kafla er einkum að finna greinar sem varða stofnun, skipulag og starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem í frumvarpinu er nefndur sjóðurinn. Í III. kafla frumvarpsins eru greinar sem varða vernd innstæðueigenda en í IV. kafla greinar sem varða vernd fjárfesta. Þessi aðgreining þykir til þess fallin að vera til skýringar enda byggist tryggingavernd innstæðueigenda annars vegar og tryggingavernd fjárfesta hins vegar ekki á einni og sömu tilskipun Evrópusambandsins. Nánar er í III. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir tveimur innstæðudeildum, A-deild og B-deild. B-deildinni er þó þrátt fyrir gildistöku laga þessara, verði frumvarpið að lögum, ætlað að starfa samkvæmt gildandi lögum nr. 98/1998, að undanskildum nánar tilteknum ákvæðum. Verði frumvarpið að lögum skal B-deild lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu.

A-deildinni er hins vegar ætlað að vera hin nýja innstæðudeild er taki til starfa 1. janúar 2010, verði frumvarpið að lögum. Frá þeim tíma skulu innlánsstofnanir greiða iðgjald til

A-deildar, frá því að þau hefja starfsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Til viðbótar við ákvæði um A-deild og B-deild er í III. kafla frumvarpsins m.a. að finna greinar sem varða iðgjald til innstæðudeildar (A-deildar) og forsendur fyrir útreikningi þess, greiðslufyrirkomulag, vanskil og fresti, ásamt því sem upp eru taldar þær innstæður sem frumvarpið leggur til að ekki njóti verndar. Í IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir sérstakri verðbréfadeild er tryggi fjárfestum lágmarksvernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár en sem fyrr segir byggist vernd fjárfesta á sérstakri tilskipun Evrópusambandsins, ekki þeirri sömu og veitir innstæðueigendum vernd. Í IV. kafla er kveðið á um að heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skuli nema að lágmarki 200 millj. kr. sem taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2010, þ.e. frá gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Þá er í kaflanum m.a. að finna ákvæði er varða iðgjald til verðbréfadeildar, greiðslufyrirkomulag, vanskil og fresti, ásamt því sem upp er talið hvaða verðbréf það eru og reiðufé sem ekki njóti verndar samkvæmt tillögu frumvarpsins. Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um erlend útibú en í VI. kafla um eftirlit. Í VII. kafla frumvarpsins er síðan að finna ýmis ákvæði, m.a. heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins. Loks er í VIII. kafla frumvarpsins að finna ákvæði um gildistöku og innleiðingu en aftan við kaflann eru ákvæði til bráðabirgða.

2.2. Helstu breytingar frá gildandi lögum.

Framsetning frumvarpsins er nokkuð ólík gildandi lögum. Þannig er í frumvarpinu, með skiptingu í kafla, greint milli verndar sem varðar innstæðueigendur annars vegar og verndar sem varðar fjárfesta hins vegar. Líkt og þegar hefur komið fram er frumvarpið m.a. samið vegna breytinga sem gerðar hafa verið á regluverki Evrópusambandsins á þessu sviði en 11. mars 2009 tók gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi að því er varðar hækkun fjárhæða innstæðutrygginga, úr 20.000 evrum í 50.000 evrur frá gildistöku tilskipunarinnar með fyrirvara um hækkun í 100.000 evrur frá árslokum 2010 ásamt því sem með tilkomu tilskipunarinnar hafa greiðslufrestir verið styttir. Eins og áður segir hefur tilskipun þessi ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

Lögð er til stofnun nýrrar innstæðudeildar, A-deildar, sem taki við iðgjaldi frá innlánsstofnunum frá 1. janúar 2010, verði frumvarpið að lögum. Vegna þeirra breytinga sem áðurnefnd tilskipun kveður á um fékk efnahags- og viðskiptaráðuneytið Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðing, til að meta hver væri nauðsynleg lágmarksstærð A-deildar, ætti sjóðurinn að geta sinnt hlutverki sínu. Í þessu samhengi var honum jafnframt falið að setja fram tillögur um útreikning iðgjalda og hversu há þau þyrftu að vera. Tillögur Benedikts er að finna í skýrsluformi sem fylgiskjal með frumvarpi þessu en til samræmis við tillögurnar er í frumvarpinu lögð til hækkun iðgjalds innlánsstofnana til A-deildar. Þá er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð tryggðra greiðslna hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skuli nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 50.000 evra og að sjóðurinn verði ekki krafinn um frekari greiðslu. Þannig er í frumvarpinu lögð til talsverð hækkun lágmarkstryggingaverndar innstæðueigenda frá því sem kveðið er á um í núgildandi lögum, en samkvæmt gildandi lögum er lágmarkstryggingaverndin rúmar 20.000 evrur en ekkert hámark er hins vegar á verndinni. Þannig er í frumvarpinu í raun fallið frá því að kveða á um lágmarkstryggingu og í staðinn kveðið á um hámarkstryggingu. Ekki er á þessu stigi lagt til að tryggingin hækki í 100.000 evrur 1. janúar 2010 líkt og tilskipun Evrópusambandsins ráðgerir. Sú ákvörðun að ganga ekki lengra í þessum efnum mótast af því að í áðurnefndri tilskipun Evrópusambandsins er fyrirvari um

að hugsanlega verði ekki, á vettvangi sambandsins, um slíka hækkun að ræða. Samkvæmt tilskipuninni ræðst framangreint af mati framkvæmdastjórnarinnar á þetta mikilli hækkun tryggingarfjárhæðar sem framkvæmdastjórninni er ætlað að skila Evrópuþinginu og ráðinu fyrir árslok 2009. Því þykir eðlilegra að gera síðar, gerist þess þörf, samsvarandi breytingar á hérlendum lögum, þ.e. til samræmis við mat framkvæmdastjórnarinnar og ákvörðun Evrópusambandsins um þetta atriði en skiptar skoðanir eru um fjárhæðarmörkin innan sambandsins.

Samkvæmt núgildandi lögum er iðgjald til tryggingarsjóðs greitt eftir á vegna nýliðins árs. Fundin er staða tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum annars vegar við upphaf árs og hins vegar í lok árs en síðan tekið meðaltal. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltalinu. Þetta fyrirkomulag felur í sér þann ókost að þegar mikil aukning verður á innstæðum, á skömmum tíma, hefur ekkert iðgjald verið greitt af aukningunni fyrr en löngu síðar. Þannig má segja að áhættan sé tryggð án þess þó að iðgjald hafi verið greitt. Ekki síst vegna þessa er í frumvarpinu gerð tillaga um verulega breytt fyrirkomulag hvað varðar innheimtu iðgjalds og að innlánsstofnanir greiði viðbótariðgjald vegna tiltekinna áhættuþátta. Lagt er til að iðgjald greiðist ársfjórðungslega og að það miðist við bókfærða stöðu tryggðra innstæðna í lok næstliðins ársfjórðungs fyrir gjalddaga. Þá skuli innlánsstofnanir greiða viðbótariðgjald ef hlutdeild þeirra (markaðshlutdeild) af tryggðum heildarinnstæðum fer yfir 25% og eins ef hlutfall innstæðna viðkomandi innlánsstofnana á móti óveðsettum eignum fer niður fyrir tiltekin mörk. Með tillögu um breytingar í þessa veru er markmiðið það að iðgjöld til sjóðsins endurspegli sem best þá áhættu sem til staðar er hverju sinni. Þá er, sem fyrr segir, í frumvarpinu gerð tillaga um hækkun tryggingarfjárhæðar og breyttu greiðslufyrirkomulagi við útgreiðslu úr sjóðnum, komi til greiðsluskyldu, þ.m.t. um verulega styttingu fresta miðað við núgildandi lög. Evrópusambandið telur að sá þriggja mánaða frestur sem tilskipun 94/19/EB heimilar til útgreiðslu úr tryggingakerfinu, hafi greiðsluskylda orðið virk, sé of langur og stríði bæði gegn hagsmunum innstæðueigenda og þörfinni á að viðhalda trausti þeirra á fjármálakerfinu, sbr. tilskipun 2009/14/EB um breytingu á tilskipun 94/19/EB. Nánar kveður tilskipunin á um styttingu þessa frests niður í tuttugu daga og í þeim tilvikum þegar greiðsluskylda verður virk vegna álits hlutaðeigandi yfirvalds um að fjármálafyrirtæki teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu, sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, að þá skuli umrætt álit liggja fyrir eigi síðar en fimm dögum síðar, í stað tuttugu og eins dags líkt og tilskipun 94/19/EB áskilur. Frumvarpið tekur mið af þessum breytingum Evrópusambandsins að því er varðar styttingu fresta en gildandi lög eru til samræmis við eldri reglur sambandsins að þessu leyti.

Lagt er til að nýttar verði heimildir tilskipunar 94/19/EB til að undanskilja tryggingavernd tiltekinna innstæðueigenda umfram það sem er í gildandi lögum. Því er í frumvarpinu tiltekið að ákveðnar innstæður njóti ekki verndar. Sama á við um heimildir tilskipunar 97/9/EB til að takmarka tryggingavernd fjárfesta vegna tiltekinna verðbréfa og reiðufjár, þ.e. gerð er tillaga um að heimildir þessar verði að nokkru leyti nýttar.

Sérstaka grein er að finna í frumvarpinu um svokallaða B-deild en þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um þá deild vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr,. 4. gr. og 5. gr. laganna um B-deild sjóðsins, sbr. bráðabirgðaákvæði III í þessu frumvarpi.

Samkvæmt frumvarpinu er stjórn sjóðsins heimilt, beri brýna nauðsyn til, að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans. Þrátt fyrir að óheimilt sé að gera aðför í eignum sjóðsins gerir frumvarpið ráð fyrir því að það sé þó heimilt í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán, komi til vanskila. Rétt er að nefna að ekki er gerð sérstök tillaga um að lántökur tryggingarsjóðs njóti ríkisábyrgðar eða að ríkissjóði sé skylt að veita sjóðnum lán þótt gera megi ráð fyrir því að lántaka sjóðsins verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða annarrar aðkomu hans að lántökunni.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skuli að lágmarki nema 200 millj. kr. og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2010 en samkvæmt núgildandi lögum skal heildareignin nema 100 millj. kr. Jafnframt er lögð til hækkun iðgjalds og að greitt verði sérstakt viðbótariðgjald sem tengt verði verðbréfaviðskiptum næstliðins árs, stighækkandi eftir umfangi viðskiptanna. Aflagt er það fyrirkomulag að hvert aðildarfyrirtæki leggi fram ábyrgðaryfirlýsingu, nái heildareign verðbréfadeildar ekki tilskildu lágmarki, sbr. 7. gr. núgildandi laga. Líkt og fyrr greinir er í frumvarpinu lagt til að heimildir tilskipunar 97/9/EB til að takmarka tryggingavernd fjárfesta vegna tiltekinna verðbréfa og reiðufjár verði að nokkru leyti nýttar.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkuð auknum samskiptum, frá því sem nú er, milli tryggingarsjóðs, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og þeirra fyrirtækja sem skylt er að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram það markmið laganna að veita innstæðueigendum og fjárfestum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Skv. 2. gr. frumvarpsins merkir innlánsstofnun hlutafélag eða sparisjóð sem stundar starfsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Þar kemur einnig fram að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru þau fyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi til að stunda viðskipti með verðbréf á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og aðrir sem nýta sér heimildir til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti.

Til að unnt sé að veita þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. er mikilvægt að kveðið sé á um skyldu innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem veitir lágmarksvernd samkvæmt lögunum, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Um 2. gr.

Við fall bankanna haustið 2008 vöknuðu ýmsar spurningar varðandi gildissvið núgildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999. Einkum vörðuðu þær það álitaefni hversu langt verndin næði samkvæmt lögunum, þ.e. hvaða tegundir innstæðna væru raunverulega tryggðar samkvæmt þeim. Í frumvarpi þessu þykir því nauðsynlegt að skera úr um þetta álitaefni með eins skýrum hætti og frekast er unnt. Því eru hugtökin innstæða, verðbréf og reiðufé m.a. skýrð í greininni. Jafnframt er í greininni að finna skýringu á innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, aðildarríki og lykilstjórnandi.

Í 1. tölul. er hugtakið innlánsstofnun skýrt sem hlutafélag eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Samkvæmt þeim lögum er annars vegar um að ræða móttöku endurgreiðan-

legra fjármuna frá almenningi, innlán og skuldaviðurkenningar, og hins vegar veitingu útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

Þrátt fyrir að í flestum tilvikum þyki ljóst hvað við er átt þegar rætt er um innstæðu eða innlán er hugtakið innstæða skýrt í 2. tölul. greinarinnar. Enda bjóða fjármálafyrirtækin upp á fjölda ólíkra ávöxtunarleiða þannig að oft er það svo að þeir sem nýta sér þjónustu fyrirtækjanna geta vart gert sér grein fyrir því hvort viðkomandi tegund innlánsreiknings njóti tryggingaverndar eða ekki samkvæmt lögum um innstæðutryggingar. Í þessu sambandi þarf jafnframt að líta til þess í hve miklum mæli og á hvaða hátt fjármálafyrirtækin hafa kynnt viðskiptavinum sínum þá tryggingavernd sem tryggingarsjóður veitir. Hugtakið innstæða er ekki skýrt í gildandi lögum um innstæðutryggingar en í reglugerð nr. 120/2000, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem sett er með heimild í umræddum lögum, er hugtakið skýrt sem innstæða „sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum“. Tilvísun í reglugerðinni um að innstæða nái til „millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi“ samræmist skilgreiningu tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Með millifærslu er átt við þá aðstöðu þegar fjármunir eru í svokölluðu „transit“, þ.e. á því tímabili þegar fjármunir eru færðir á milli reikninga. Rétt er að vekja athygli á að hugtaksskýringuna er að finna í tilskipun sem var sett árið 1994. Síðan þá hefur orðið tæknileg bylting í bankakerfum, netbankar eru komnir til sögunnar og nú orðið millifærast fjármunir nánast samtímis á milli reikninga en á þeim tíma sem tilskipunin var samin gátu slíkar millifærslur jafnvel tekið nokkra daga. Almennt er viðurkennt það megineinkenni innstæðna að banki móttekur peninga frá viðskiptavini í því skyni að endurlána hann eða nýta hann til fjárfestingar. Frá móttöku hefur bankinn því full umráð fjármunanna. Annað einkenni innstæðna er að innlánsstofnun er skylt að greiða viðskiptavini innstæðuna að hluta eða að öllu leyti, að kröfu viðskiptamanns, t.d. í formi ávísunar, útborgunar í peningum eða samkvæmt millifærslubeiðni. Segja má að framangreind atriði greini innstæðu frá lánveitingu en í slíkum tilvikum er bæði gjalddagi yfirleitt fyrir fram ákveðinn og greiðslustaður hjá viðkomandi kröfuhafa (lánastofnun). Í seinni tíð hefur hugtakið „peningamarkaðsinnlán“ (e. fixed deposits) öðlast nokkurn sess í fjármálastarfsemi. Átt er við samning sem felur í sér að ákveðnar fjárhæðir eru lagðar inn á bankareikning í fyrir fram ákveðinn tíma. Sama upphæð er síðan endurgreidd í einu lagi að viðbættum fyrir fram ákveðnum vöxtum og gjalddaga. Hugtak þetta hefur enn ekki verið fastmótað í lögum en þrátt fyrir að það beri keim af því að geta verið innstæða (sbr. binditími og vextir), þá þykir rétt að geta þess hér að í skilningi þessa frumvarps er litið svo á að með peningamarkaðsinnláni sé átt við lánveitingu fjárfestis til viðkomandi fjármálafyrirtækis, enda hafa slík samningsform verið kynnt sem skammtímafjárfesting eða skammtímaávöxtun. Þar af leiðandi teljast slíkir samningar ekki til innstæðna og eru þeir því ekki varðir af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Hér skulu jafnframt til skýringar höfð í huga þau sjónarmið um neytendavernd sem finna má í tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og þær heimildir sem tilskipunin heimilar til að undanskilja tilteknar innstæður frá tryggingavernd. Þannig er samkvæmt tilskipuninni heimilt að undanskilja stærri fjárfesta, stofnanir og fyrirtæki frá tryggingavernd en ætla má að þeir sem nýta sér slíka ávöxtunarmöguleika, sem peningamarkaðsinnlán eru, séu fyrst og fremst þeir sem reglulega stunda fjárfestingarstarfsemi, stærri aðilar og fyrirtæki en ekki einstaklingar sem fyrst og fremst er ætlað að vernda með hugmyndafræðinni að baki tilskipuninni um innstæðutryggingar.

Hafa þarf í huga að „hefðbundin bankastarfsemi“ hefur tekið verulegum breytingum á síðustu áratugum. Fjármálafyrirtæki bjóða nú upp á margvíslega þjónustu. Ýmsar ávöxtunarleiðir í formi innlánsreikninga eru í boði með mismunandi binditíma og skilyrðum, lánafyrirgreiðslur af ýmsum toga, greiðslu- og kreditkortaþjónusta, auk þess sem flest fjármálafyrirtæki eru jafnframt vörslufyrirtæki rekstrarfélaga verðbréfasjóða eða verðbréfafyrirtæki, sem í því sambandi bjóða upp á ýmsa möguleika í verðbréfaviðskiptum og fjárfestingum í gegnum sjóði. Af framangreindu má því ráða að eðli „hefðbundinnar bankastarfsemi“ hefur tekið miklum breytingum og fyrir hinn almenna neytanda getur af þessum sökum verið afar erfitt að átta sig á því til hvaða hluta „hefðbundinnar bankastarfsemi“ innstæðutryggingakerfið nær og til hvaða hluta ekki. Í sumum löndum, t.d. í Danmörku, hefur verið farin sú leið að telja upp þær tegundir reikninga sem njóta tryggingaverndar viðkomandi tryggingarsjóðs. Hér er hins vegar farin sú leið að skilgreina innstæðu tiltölulega rúmt, þ.e. sem innstæðu vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Í því felst að tryggingaverndin nær til allra sparireikninga sem innlánsstofnanir bjóða upp á, allt frá óbundnum, óverðtryggðum reikningum til bundinna, verðtryggða reikninga, t.d. til hlaupareikninga og sparireikninga. Skuldabréf, víxlar eða aðrar kröfur sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa geta aldrei talist til innstæðna en í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á því að nokkur mismunur er á íslenskri þýðingu tilskipunar 94/19/EB og frumtexta tilskipunarinnar að þessu leyti. Þannig segir í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar um þetta atriði að innlán teljist einnig vera „kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa“ en í frumtexta tilskipunarinnar er orðalagið svohljóðandi „...and any debt evidenced by a certificate issued by a credit institution“. Sýnt þykir að með orðalaginu „debt certificate“ sé hér átt við viðurkenningu innlánsstofnunar á að skulda viðskiptamanni tiltekna innstæðu með útgáfu bankabókar (by issuing a debt certificate) en ekki sé með þessu orðalagi verið að vísa til krafna útgefinna af lánastofnun í formi verðbréfa, sbr. íslenska þýðingu. Samkvæmt hefðbundinni skýringu gengur frumtexti gerða Evrópusambandsins framar þýddum textum.

Í tengslum við skýringar á hugtakinu innstæða í 2. tölul. greinarinnar þykir rétt að gefa leiðbeiningarreglu vegna frjáls og einstaklingsbundins lífeyrissparnaðar, þ.e. hvort slíkur sparnaður njóti verndar tryggingarsjóðs eða ekki. Ýmis fjármálafyrirtæki, svo sem bankar og sparisjóðir auk lífeyrissjóða, hafa boðið upp á slíkan sparnað. Í daglegu tali hefur sparnaður þessi verið nefndur séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Heimild til að bjóða upp á frjálsan og einstaklingsbundinn lífeyrissparnað byggist á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og getur sparnaðurinn ýmist verið í vörslu lífeyrissjóða, banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga. Launamenn á aldrinum 16–70 ára geta gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélag eða lífeyrissjóð vegna iðgjalda til séreignar eða viðbótartryggingaverndar. Lífeyrissparnaður getur hvort heldur sem er farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sérstakri sparnaðartryggingu. Banki getur þannig, svo dæmi sé tekið, boðið upp á bundinn innlánsreikning og verðbréfafyrirtæki stofnað verðbréfasjóð vegna slíks sparnaðar. Við ákvörðun á því hvort sparnaður sem þessi sé varinn af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta þarf að huga sérstaklega að því hvað felst í „almennri hefðbundinni bankastarfsemi“ og að því hvaða aðili fer með vörslu slíks sparnaðar. Samkvæmt frumvarpi þessu er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu gert skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þar af leiðir að einungis reikningar eða innstæður hjá þeim sem iðgjaldsskyldu hafa geta notið tryggingaverndar sjóðsins. Því er gefin sú leiðbeiningarregla að þegar séreignarsparnaður er á sérstökum innlánsreikningi (lífeyrisbók) hjá

iðgjaldsskyldum aðila er slíkur sparnaður varinn af tryggingarsjóði. Þegar hins vegar séreignarsparnaður er ávaxtaður í sjóðum bankastofnana ræðst verðmæti þeirra af undirliggjandi eignum viðkomandi sjóða og er því í slíkum tilvikum markaðsverðmæti þeirra ekki varið af tryggingarsjóði.

Í 3. tölul. greinarinnar er hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skilgreint þannig að um sé að ræða þau fyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi til að stunda viðskipti með verðbréf á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og aðra þá sem nýta sér heimildir til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Ekki þykir þörf á að skýra hugtakið hér frekar heldur vísast nánar til umræddra laga.

Í 4. tölul. greinarinnar er hugtakið verðbréf skýrt samkvæmt skilgreiningu í lögum um verðbréfaviðskipti, þ.e. að um sé að ræða verðbréf sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti er með verðbréfum átt við þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, svo sem: i) hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut, ii) skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa og/eða iii) önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum, sbr. a-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Vernd tryggingakerfisins felst í því að verðbréf, hlutdeildarskírteini og reiðufé sé tiltækt eigendum þeirra ef á reynir. Þannig er með verðbréfum vísað til þess að átt sé við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því beri að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að halda fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins og eru því litlar líkur á að viðskiptavinir þess tapi fjármunum komist fyrirtækið í þrot. Líkt og með séreignarsparnað sem ávaxtaður er í sjóðum bankastarfsemi þar sem verðmæti ræðst af undirliggjandi eignum nýtur markaðsverðmæti verðbréfasjóða ekki heldur verndar tryggingarsjóðs enda ræðst markaðsverðmæti verðbréfasjóða einnig af verði undirliggjandi eigna.

Í 5. tölul. þykir rétt að vísa til laga um verðbréfaviðskipti varðandi skýringu á því hvað teljist verðbréfaviðskipti. Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að verðbréfaviðskipti næstliðins árs verði álagningargrunnur vegna greiðslu iðgjalds. Þar sem vafamál getur verið um hvers konar viðskipti er að ræða þykir rétt að taka fram að átt er við verðbréfaviðskipti eins og þeim er lýst í 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Í 6. tölul. greinarinnar er hugtakið reiðufé skýrt. Þar kemur fram að með reiðufé sé átt við fé í eigu fjárfestis, í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja, og það skilyrði gert að féð sé í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.

Í 7. tölul. greinarinnar er hugtakið aðildarríki skýrt sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

Loks er í 8. tölul. greinarinnar skýrð merking hugtaksins lykilstjórnandi samkvæmt lögunum. Fram kemur að um sé að ræða aðila sem er í stjórnunarstarfi og hefur veruleg áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fari með tryggingar samkvæmt lögunum. Þótt sjóðurinn sé rekinn sem sjálfseignarstofnun er tekið fram að lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, gildi ekki um sjóðinn. Samræmist þetta fyrirkomulag 4. gr. þeirra laga þar sem fram kemur að lögin taki m.a. ekki til sjálfseignarstofnana sem starfa á grundvelli sérlaga. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að hér á landi eru ekki til sérlög um sjóði, önnur en lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, en skv. 1. gr. laganna eru m.a. þeir sjóðir sem stofnað er til með sérstökum lögum undanskildir gildissviði laganna. Lögin taka því ekki heldur til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn lýtur því þeim sjónarmiðum og lagavenjum sem myndast hafa um rekstur sjóða almennt, auk ákvæða þessa frumvarps og laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á og þar sem til þeirra er vísað. Litið er svo á í félagarétti að einkenni sjálfseignarstofnana séu m.a. þau að ábyrgð á skuldbindingum sjálfseignarstofnunar helst hjá henni sjálfri, fjármunir sem greiddir hafa verið til sjálfseignarstofnunar eru óendurkræfir, stjórn skal vera óháð stofnendum og samþykktir vera grundvöllur starfseminnar. Þá er með sjálfseignarstofnun ekki átt við samtök fleiri aðila og því eiga félagsmenn ekki að hafa áhrif á starfsemina. Þegar litið er á starfsemi tryggingarsjóðs hingað til er ljóst að gætt hefur verið að nokkrum þessara sjónarmiða. Stjórn sjóðsins hefur að hluta til verið skipuð fulltrúum stofnenda sjóðsins, þ.e. aðilum frá bönkum og sparisjóðum. Þannig hafa fulltrúar aðildarfyrirtækjanna í raun, með setu- og atkvæðisrétti á fundum sjóðsins, getað haft áhrif á starfsemi hans. Samkvæmt fræðilegri, danskri umfjöllun er nánast ómögulegt að gera greinarmun á sjálfseignarstofnun og sjóði og virðist sem svo sé einnig hér á landi. Þrátt fyrir að með frumvarpi þessu séu lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum er sem fyrr segir áfram gert ráð fyrir óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins, þ.e. að hann verði rekinn sem sjálfseignarstofnun. Fyrirkomulag þetta samræmist því sem þekkist í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þar sem sambærilegir sjóðir eru reknir sem sjálfseignarstofnanir.

Sjóðurinn er sérstakur á margan hátt og er tekið fram að hann er undanþeginn ýmsum almennum reglum sem þykir réttlætanlegt í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem hann hefur að gegna. Þannig er sjóðurinn t.d. undanþeginn ákvæðum upplýsingalaga og stjórnsýslulaga og líkt og kveðið er á um í gildandi lögum kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að sjóðurinn sé undanþeginn skattskyldu. Hann greiði því hvorki skatt af eignum sínum né tekjum, fjármagnstekjuskatt eða aðra sambærilega skatta sem til gætu komið. Af ákvæðinu leiðir að sjóður er hins vegar ekki undanþeginn því að greiða þá skatta eða aðrar álögur sem tengjast launagreiðslum hans, eða virðisaukaskatti, ef vara eða þjónusta sem hann kaupir er virðisaukaskattsskyld. Í síðari málslið málsgreinarinnar kemur fram að hann verði hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né sé heimilt að gera aðför í eignum hans.

Það nýmæli er þó að finna í 3. mgr. að þrátt fyrir að óheimilt sé að gera aðför í eignum sjóðsins er það þó heimilt í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila í samræmi við lög um aðför. Telja verður að slíkt ákvæði sé eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt enda byðust sjóðnum að öðrum kosti varla neinir möguleikar á láni. Eðlileg krafa lánveitenda er að þeir hafi möguleika á að ganga eftir efndum lánssamninga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipun í stjórn sjóðsins þar sem gerð er tillaga um nokkuð breytt fyrirkomulag frá gildandi lögum. Lagt er til að fækka stjórnarmönnum úr sex í þrjá sem allir

skulu skipaðir af efnahags- og viðskiptaráðherra án tilnefningar og að ráðherra ákveði þóknun þeirra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Til að tryggja að við stjórnarskipti glatist ekki, í einu vetfangi, þekking og reynsla allra sitjandi stjórnarmanna er farin sú leið að leggja til að formaður skuli skipaður til fjögurra ára í senn en hinir tveir stjórnarmannanna til þriggja ára. Við skipunina skal ráðherra hafa í huga ákvæði laga um jafnan rétt karla og kvenna til ábyrgðarstarfa. Framangreint fyrirkomulag við skipun stjórnarmanna þykir vel til þess fallið að tryggja óháða og vel starfhæfa stjórn sem starfi með hagsmuni sjóðsins og þeirra sem honum ber að veita tryggingavernd í fyrirrúmi.

Í 2. mgr. er áskilið að stjórnarmenn skuli uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki bæði að því er varðar óhæði og hæfi. Skv. 4. mgr. eru sömu kröfur gerðar til framkvæmdastjóra sjóðsins eða framkvæmdastjóra lögaðila, eigi það við, en líkt og fram kemur í 3. mgr. er sjóðnum hvort heldur sem er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Rétt þykir að taka fram að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eigi hvorki við um stjórn né starfsmenn sjóðsins en skv. 3. gr. frumvarpsins er stofnunin sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld setji sjóðinn á fót með lögum, einkum vegna skuldbindinga sinna samkvæmt EES-samningnum, þá er með því ekki sett á laggirnar ríkisstofnun enda leggur íslenska ríkið sjóðnum ekki til neina fjármuni. Nær væri að líta svo á að þeir sem hafa skyldu til greiðslu iðgjalds í sjóðsins séu hinir eiginlegu stofnendur hans.

Loks er í 5. mgr. kveðið á um þagnarskyldu stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins og að hún sé í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Í síðari málslið 5. mgr. er tekið fram að starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kunni að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðsins, sbr. heimild í greininni, séu jafnframt bundnir sambærilegri þagnarskyldu. Þannig felur orðalag ákvæðisins í sér að þagnarskylda á við, jafnt þótt ekki sé um að ræða stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um ársfund sem halda skal fyrir lok mars ár hvert. Ekki er um að ræða hefðbundinn aðalfund, t.d. samkvæmt hlutafélagalögum, heldur skal halda sérstakan ársfund fyrir marslok ár hvert. Þar skulu reikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar ásamt því sem gera skal grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Rétt er að geta þess að reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Samkvæmt 2. mgr. skal fundurinn auglýstur opinberlega. Rétt til fundarsetu eiga fulltrúar þeirra sem greiða iðgjöld til sjóðsins ásamt fulltrúum hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúum hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra og fulltrúum opinberra aðila.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er nánar kveðið á um starfsemi sjóðsins. Hann starfar í þremur sjálfstæðum deildum sem hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar. Þó skal rekstrarkostnaður greiðast sameiginlega af iðgjöldum þeirra. Um er að ræða verðbréfadeild og tvær innstæðudeildir, A-deild og B-deild. Gert er ráð fyrir að A-deild starfi frá og með 1. janúar 2010 og samkvæmt því hefjast greiðslur til hennar á árinu 2010. B-deild verður starfrækt samkvæmt gildandi lögum, nr. 98/1999, að undanskildum nánar tilteknum ákvæðum. Verði frumvarpið að lögum skal B-deild lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild

sjóðsins fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu. Um starfsemi og tilurð A- og B-deildar vísast að öðru leyti til skýringa í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að sjóðurinn beri ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast gagnvart sjóðnum en fyrirtækin sem greiða iðgjald bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem segir í lögunum. Hins vegar er tekið fram annars staðar í frumvarpinu að sjóðnum sé heimilt að krefjast viðbótariðgjalds við nánar tilteknar aðstæður og er einnig gert ráð fyrir heimild tryggingarsjóðs til þess að taka lán til að standa undir lögbundnum skuldbindingum sínum ef brýna nauðsyn beri til.

Tekið er fram í 3. mgr. að rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af eignum hans og er það í samræmi við það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði samkvæmt gildandi lögum. Rétt þykir þó að kveða sérstaklega á um þetta atriði í lagatextanum.

Að lokum segir í 4. mgr. að Fjármálaeftirlitið haldi og uppfæri reglulega skrá yfir þau fjármálafyrirtæki sem eiga aðild að sjóðnum og greiða til hans iðgjöld. Rétt þykir að taka fram að skráin skuli birt almenningi á vefsíðu tryggingarsjóðs og Fjármálaeftirlitsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðsluskyldu tryggingarsjóðs sem verður virk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Annars vegar vegna álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært að inna af hendi greiðslu sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtækið um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála sem gilda og hins vegar vegna úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slitameðferðar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Skal umrætt álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á því að fyrirtæki hafi ekki verið fært um endurgreiðslu að kröfu viðskiptavinar eins og lýst er í 1. mgr. greinarinnar. Frestur Fjármálaeftirlitsins er nokkuð rýmri þegar um er að ræða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða allt að þrjár vikur en ekki hefur farið fram sambærileg endurskoðun á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og lokið er á tilskipun um innstæðutryggingar.

Einnig er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands skuli tilkynna tryggingarsjóði ef grunur leikur á að aðildarfyrirtæki eigi við að etja slík vandamál að gæti leitt til greiðsluskyldu sjóðsins. Nauðsynlegt er að sjóðurinn fái sem fyrst upplýsingar um greiðsluvanda fyrirtækis því að það getur gefið ákveðnar vísbendingar um styrk og stöðu kerfisins og gæti gert sjóðnum kleift að hafa betri „viðbragðsáætlanir“. Með því að gerðar séu auknar kröfur til sjóðsins til útgreiðslu með styttingu fresta er eðlilegt að veita honum allar upplýsingar sem máli geta skipt eins fljótt og kostur er. Þannig eru meiri líkur en minni á að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um innstæðutryggingar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni í mars síðastliðnum og tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og samsvarar 9. gr. gildandi laga um innstæðutryggingar.

Um 8. gr.

Um lánveitingar og heimild tryggingarsjóðs til þeirra er fjallað í 8. gr. frumvarpsins. Ljóst er að þegar fjármunir sjóðsins duga ekki til þess að standa undir skuldbindingum sjóðsins þarf að grípa til ráðstafana sem tryggja innstæðueigendum þá lágmarkstryggingu sem sjóðnum er skylt að veita samkvæmt lögunum. Ekki er gerð sérstök tillaga um að lántökur trygg-

ingarsjóðs njóti ríkisábyrgðar eða að ríkissjóði sé skylt að veita sjóðnum lán ef fjármunir hans standa ekki undir greiðslu innstæðutryggingar. Lagt er til að stjórn sjóðsins sé heimilt að taka lán og er lagt til að lánveitingar til sjóðsins geti verið með tvenns konar hætti. Annars vegar að sjóðurinn geti fengið lán úr annarri sjóðsdeild fyrir allt að 50% af kröfu sem gerð er á hana, þó aldrei hærri upphæð en 100 millj. kr. Það gefur auga leið að þar sem miðað er við að lágmarkseign verðbréfadeildar skuli vera 200 millj. kr. væri ekki eðlilegt ef deildinni væri heimilt að lána meira en helming eignar sinnar til annarrar deildar. Þetta úrræði gæti verið sem lausn á ákveðnum skammtímavanda og ljóst að slíkt lán getur í raun aðeins haft þýðingu ef krafa á sjóðinn er af þeirri stærðargráðu að hann ráði við hana.

Hins vegar er í 2. mgr. mælt fyrir um heimild sjóðsins til þess að taka lán dugi eignir hans ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum sínum. Ljóst er þó að slík lánveiting skal vera skilyrðum háð og aðeins þegar brýna nauðsyn ber til, t.d. í þeim tilvikum að fyrirsjáanlegt er að kröfur á sjóðinn séu svo háar að honum er ókleift að standa við lágmarksskuldbindingar sínar. Sjóðnum er ætlað að tryggja innstæðueigendum og fjárfestum lágmarksvernd með innheimtu iðgjalda. Það er ljóst að ríkisábyrgð er ekki sjálfkrafa til staðar heldur þarf að skoða aðstæður á hverjum tíma og kanna hvort og þá hvernig megi bregðast við þeim vanda sem upp er kominn til þess að takmarka það fjárhagslega tap sem innstæðueigendur og fjárfestar hafa orðið fyrir. Það getur t.d. gerst á þann veg að krafist verði tímabundið hærri iðgjalda og er heimild þess efnis að finna í 10. gr. og 18. gr. Mikilvægt er því að stjórnendum fjármálafyrirtækja sé ljóst að lágmarkstrygging innstæðueigenda er í takt við hugmyndafræðina um innstæðutryggingakerfi og þar af leiðandi er nauðsynlegt að haga rekstri fyrirtækja í samræmi við þá áhættu og fjárfestingar sem um er að ræða.

Reikna má með að lántaka tryggingarsjóðs verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða aðkomu hans með öðrum hætti. Það er sjálfstætt úrlausnarefni, og í reynd óháð lögum um innstæðutryggingar, hvort til þess komi að ríkissjóður veiti sjóðnum lán eða ábyrgð, komi til þess að sjóðurinn geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum án slíks úrræðis.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli og varðar viðhald og innra öryggi tryggingakerfisins og byggist á tilskipun um innstæðutryggingar. Kveðið er á um að sjóðurinn skuli reglulega láta yfirfara innri verkferla og tölvukerfi þannig að hann geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum. Í því felst að tryggja að verkferlar og tækjabúnaður sé með þeim hætti að framkvæmanlegt væri að annast tilkynningar og útgreiðslur innan þeirra fresta sem lögbundnir eru. Í þeim tilgangi skal sjóðurinn reikna með að halda árlega æfingu með þátttöku Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til þess að tryggja hnökralausa framkvæmd fari svo að greiðsluskylda sjóðsins verði virk. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um fyrirkomulag slíkrar gæðaprófunar. Þó er ljóst að í þessu ákvæði felst skylda sjóðsins fyrst og fremst í því að tryggja að til sé áætlun sem unnt er að grípa til verði greiðsluskylda sjóðsins virk þannig að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu. Ábyrgð sjóðsins að þessu leyti getur þó aldrei náð lengra en að þeim þáttum sem sjóðnum ber að tryggja í þessu sambandi og nær því ekki til þess að tryggja að þeir sem hafa iðgjaldsskyldu hafi sína verkferla, tækjabúnað og tölvukerfi í lagi.

Tekið er fram í 2. mgr. að séu einstök verkefni falin öðrum, t.d. ef ákveðnu fyrirtæki væri falið að sjá um útgreiðslur, þá skuli stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli framangreind skilyrði.

Um 10. gr.

Gerð er tillaga um gjörbreytingu á fjármögnun innstæðutryggingakerfisins. Samkvæmt gildandi lögum skulu fjármálafyrirtæki greiða til sjóðsins fjárhæð sem nemur 0,15% af innstæðum í viðkomandi fyrirtæki eins og þær voru að meðaltali árið áður. Eins og fjallað er um í almennum athugasemdum við frumvarpið leiddi þetta greiðslufyrirkomulag til þess að hætta var á að töluvert væri um tryggðar innstæður sem ekkert hafði verið greitt vegna inn í sjóðinn.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um verulega hækkun iðgjalds í innstæðudeild tryggingarsjóðs. Fer fastur hluti iðgjalds úr 0,15% í 0,3% á ársgrundvelli auk þess sem innlánsstofnunum verður gert að greiða mishátt iðgjald eftir hlutdeild þeirra í tryggðum heildarinnstæðum og eftir áhættuvegnum mælikvarða. Rökin á bak við þennan hluta iðgjaldsálagningarinnar eru þau að því stærri hluti tryggðra innstæðna sem eru í einni innlánsstofnun, þeim mun meiri er samþjöppun áhættu fyrir sjóðinn, og því veikari sem fjárhagsstaða viðkomandi innlánsstofnunar er, þeim mun meiri hætta er á því að viðkomandi innlánsstofnun fái ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Hinum breytilegu þáttum iðgjaldsins er því ætlað að tryggja að iðgjald sé tengt hinni tryggðu áhættu í hverju einstök tilviki.

Til þess að minnka möguleikann á því að innlánssöfnun einstakra innlánsstofnana leiði til þess að innstæður séu á einhverjum tíma tryggðar af sjóðnum en ekki greitt iðgjald af er gert ráð fyrir að gjalddögum sé fjölgað úr einum í fjóra ár hvert. Jafnframt því er í greininni að finna tillögu þess efnis að þegar heildareignir A-deildar sjóðsins hafa náð vissri öryggisstærð, sem lagt er til að nemi 4% af tryggðum heildarinnstæðum, sé stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld, enda séu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ekki andvíg slíkri lækkun.

Rétt er að vekja athygli á því að ekki er gerð tillaga um að innstæður í annarri mynt en íslenskum krónum séu undanþegnar því að greitt sé iðgjald vegna þeirra. Af sjálfu sér leiðir að iðgjöld vegna slíkra innstæðna skulu vera í sömu mynt. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að hrökkvi eignir sjóðsins í viðkomandi mynt ekki til að greiða lágmarkstrygginguna megi greiðsla sjóðsins vera í íslenskum krónum, sbr. 12. gr.

Um 11. gr.

Í greininni eru lögð til verulega hert ákvæði um afleiðingar þess ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga. Eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. eru gjalddagar iðgjalds fjórir á ári, þ.e. 31. janúar, 30. apríl, 31. júlí og 31. október.

Til þess að unnt sé að innheimta ársfjórðungslegt iðgjald er í 10. gr. gert ráð fyrir að innlánsstofnanir skuli hafa staðið skil á öllum nauðsynlegum upplýsingum eigi síðar en 10. dag eftir lok næstliðins ársfjórðungs. Hefur sjóðurinn þá nokkra daga upp á að hlaupa til þess að láta fara fram útreikning á iðgjaldi hverrar innlánsstofnunar og tilkynna henni um álagninguna. Stofnunin hefur svo tíma til mánaðamóta að standa skil á greiðslu iðgjaldsins.

Til þess að takmarka þá áhættu að safnast geti upp innstæður sem sjóðurinn tryggir án þess að greitt hafi verið iðgjald vegna þeirra er lagt til að í mjög skamman tíma, þ.e. aðeins fimm daga, geti innlánsstofnun dregið að greiða iðgjald og greiði þá jafnframt þungt álag. Hafi það innan þessa tímaramma enn ekki staðið skil á greiðslunni skal stjórn sjóðsins tilkynna Fjármálaeftirlitinu um vanskilin. Í fyrirhuguðu frumvarpi um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki er gert ráð fyrir fleiri tilvikum sem geta verið grundvöllur starfsleyfissviptingar að hluta til eða öllu leyti. Það yrði, verði þetta frumvarp að lögum, ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hvort vanskil á iðgjaldi til sjóðsins séu tilefni starfsleyfissviptingar.

Í annan stað er gert ráð fyrir að settar verði hömlur á ráðstöfun fjármuna sem viðkomandi vanskilastofnun á, eða kann að eiga, á reikningi í Seðlabanka Íslands, þannig að innlán sem myndast hafa frá gjalddaga skuli fryst þar til full skil hafa verið gerð.

Um 12. gr.

Ákvæðið kveður á um hámarksfjárhæð bóta en greiðsla vegna tjóns innstæðueiganda getur að hámarki numið jafnvirði 50.000 evrum (EUR). Skilyrði fyrir greiðslu er að krafa hafi verið sannprófuð og viðurkennd. Í því felst sú krafa að fjármálafyrirtæki veiti tryggingarsjóði allar nauðsynlegar upplýsingar um innstæður, eigendur þeirra og þá skilmála sem um þær gilda. Jafnframt felur það í sér skyldu til að halda sérstaklega utan um innstæður sem eru undanskildar tryggingu sérstaklega eða birta þær aðskildar í uppgjörskerfum. Við greiðslu tryggingarfjárhæðar yfirtekur tryggingarsjóður kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi þrotabúi eða innlánsstofnun og nýtur krafan forgangs við gjaldþrotaskipti. Innstæðueigandi getur ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu, þótt hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt að fullu, en hann getur hins vegar gert kröfu um það sem eftir stendur í þrotabúið. Reikna skal kröfu miðað við eign viðskiptamanns þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit um að innlánsstofnun teljist ekki fær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu sem hann hefur krafið fyrirtækið um eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús til slitameðferðar. Tekið er fram að miða skuli við þann dag sem fyrr kemur upp.

Í 2. mgr. kemur fram að hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi þess er skylt að afhenda tryggingarsjóði upplýsingar um innstæður viðskiptamanna hjá fyrirtækinu á þeim degi sem álit Fjármálaeftirlitsins er gefið út eða úrskurður um töku bús til slitameðferðar er kveðinn upp.

Áréttað er í 3. mgr. að hafi viðskiptavinur af einhverjum ástæðum fengið eitthvað greitt upp í kröfur sínar frá viðkomandi innlánsstofnun skuli þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum. Þetta felur í sér að fjármálafyrirtæki þarf að hafa til reiðu upplýsingar um slík tilvik. Sjóðnum er jafnframt heimilað að inna greiðslu af hendi í samræmi við þá skilmála sem gilda um innstæðu eða verðbréf, t.d. hvað varðar binditíma, uppsögn og þess háttar. Það felur þannig í sér að ef innlánsreikningur er bundinn í tiltekinn tíma er sjóðnum heimilt en ekki skylt að inna bótagreiðslu ekki af hendi fyrr en sá tími er kominn. Jafnframt er sjóðnum heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fjármálafyrirtækis á hendur viðskiptavini til skuldajafnaðar. Þessi heimild er ný af nálinni en kom fram í neyðarlögunum sem sett voru haustið 2008 í kjölfar bankahrunsins. Með skuldajöfnuði er átt við kröfur sem ganga upp hvor á móti annarri án þess að greiðsla fari fram þannig að niðurstaðan sé þá hin sama og ef báðar kröfurnar hefðu verið greiddar svo langt sem skuldajöfnuðurinn nær. Skilyrði skuldajafnaðar eru að kröfurnar séu milli sömu aðila, þær séu peningakröfur (samkynja), gildar og báðar fallnar í gjalddaga. Í Noregi er skuldajöfnuður heimill að uppfylltum ströngum skilyrðum og virðist þá frekar koma til greina gagnvart lögaðilum og fyrirtækjum heldur en einstaklingum (neytendum). Í Bretlandi er skuldajöfnuður heimill en þar hafa komið upp sú sjónarmið að það feli í sér of mikla og flókna vinnu og ekki sé um þær fjárhæðir að ræða að það borgi sig að beita heimildinni. Sé úrræðinu beitt þarf að huga að því að tryggingarsjóður geti auk aðgangs að upplýsingum um innstæður einnig fengið aðgang að upplýsingum um útistandandi skuldir innstæðueiganda við viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Tekið er fram í 6. mgr. að sjóðnum er heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum óháð hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði tilskipunar um innstæðutryggingar.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um að stjórn tryggingarsjóðs skuli úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu og gæti þarna komið til greina hvers kyns ágreiningur um hvort innstæða sé undanþegin tryggingu, sbr. 14. gr., eða ágreiningur um upphæð kröfu samkvæmt þessari grein. Ákvörðunina má bera undir dómstóla. Falli ákvörðun stjórnar viðskiptavini í hag yrði honum greidd tryggingin þegar ákvörðun liggur fyrir.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um það hvernig fara skuli með réttindi innstæðueigenda ef innlánsreikningur er sameiginlegur. Þegar svo háttar til skal hlutur, þ.e. hlutfall hvers um sig, gilda við útreikning á greiðslu. Ef innstæða er sameiginleg án þess að vera hlutfallsskipt á milli aðila skal hver um sig eiga jafnan rétt. Litið er svo á að tryggingavernd sjóðsins nái til eignar hvers einstaklings í hverri innlánsstofnun, þ.e. ef sami maður á þrjá innlánsreikninga í A-banka nýtur hann tryggingaverndar vegna þeirra og eigi hann svo tvo innlánsreikninga í B-banka nýtur hann einnig fullrar tryggingaverndar vegna þeirra. Skýra má ákvæðið á þann veg að tryggingaverndin nái til einnar kennitölu hjá hverju fjármálafyrirtæki. Hámarkstryggingavernd getur hins vegar aldrei farið upp fyrir að jafnvirði 50.000 evrur vegna innstæðna í hverri innlánsstofnun, óháð fjölda reikninga.

Um 14. gr.

Þrátt fyrir að tilskipun 94/19/EB heimili að töluverður fjöldi innstæðna sé undanþeginn því að njóta verndar tryggingakerfisins eru í gildandi lögum eingöngu innstæður þeirra fjármálafyrirtækja sem greiða til sjóðsins undanskildar, ásamt innstæðum nánar tilgreindra tengdra fyrirtækja og innstæður sem aflað hefur verið með peningaþvætti.

Í greininni er lagt til að fjölgað verði umtalsvert þeim innstæðum sem ekki njóti verndar. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að ekki er gert ráð fyrir að innstæður opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, njóti verndar. Meðal fyrirtækja sem þannig lenda utan innstæðutryggingakerfisins eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Ríkisútvarpið. Af því leiðir að ekki er greitt iðgjald vegna þessara innstæðna eða annarra sem ekki eru tryggðar.

Þær innstæður sem tilskipunin gerir ráð fyrir að megi undanskilja, en ekki er gerð tillaga um í frumvarpinu, eru innstæður vátryggingafélaga, innstæður lífeyris- og eftirlaunasjóða, innstæður þeirra sem hafa notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í formi vaxta eða annars fjárhagslegs ávinnings, innstæður í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og innstæður félaga sem eru af þeirri stærð að þeim er óheimilt að semja styttan ársreikning.

Um 15. gr.

Í frumvarpi þessu eru allir frestir styttir og er það í samræmi við þá áherslu sem lögð hefur verið á að innstæðueigendur fái tryggingarfjárhæð sína greidda sem fyrst og byggjast þessar breytingar á nýrri tilskipun um innstæðutryggingar, 2009/14/EB. Verði greiðsluskylda sjóðsins virk skal hann vera fær um að greiða innstæðueiganda þá upphæð sem hann á rétt á eigi síðar en 20 dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús til slitameðferðar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja þennan frest um 10 daga. Frestir þessir fela í sér að kröfur séu réttilega fram komnar ásamt nauðsynlegum gögnum. Þetta þýðir að almennur kröfulýsingarfrestur innstæðueiganda er í raun aðeins 20 dagar en það er mun styttri frestur til þess að lýsa kröfum en almennur kröfulýsingarfrestur.

Því verður að ganga út frá því að öll gögn séu í raun það aðgengileg að í framkvæmd muni innstæðueigandi ekki þurfa að lýsa kröfu sinni með formlegum hætti. Ákvæði 3. mgr. er þó ætlað að koma í veg fyrir að nokkur krafa geti fallið á milli, með því að mæla fyrir um að tryggingarsjóði sé ekki heimilt að hafna kröfu um greiðslu úr sjóðnum með vísan til þess að frestir skv. 1. mgr. séu útrunnir. Þetta þýðir í framkvæmd að ef aðstæður hafa verið þær að tryggingarsjóður hefur greitt út innan frests en af einhverjum ástæðum hafi krafa fallið niður, þá sé mögulegt fyrir viðkomandi innstæðueiganda að lýsa kröfu á sjóðinn innan tveggja mánaða. Sjóðnum er heimilt að framlengja þennan frest þannig að hann geti að hámarki orðið jafnlangur og sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Um 16. gr.

A-deild mun taka við þeim réttindum og skyldum sem núverandi innstæðudeild ber að öðru leyti en varðar uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn, m.a. vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Eldri deildin (B-deild) mun starfa áfram með það fyrir augum að sinna þjónustu og greiðslum vegna umræddra skuldbindinga og starfa sem slík þangað til uppgjör vegna þeirra hefur farið fram. Einu eignir deildanna eru þau iðgjöld sem til þeirra hafa runnið en hins vegar eru aðrar rekstrarlegar eignir í eigu sjóðsins en ekki einstakra deilda.

Um 17. gr.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um þá vernd sem fjárfestar njóta samkvæmt lögunum. Verðbréfadeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hefur starfað í rúman áratug eða frá setningu gildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta árið 1999. Frá því að lögin voru sett hafa umsvif með verðbréf aukist mjög og verðlag almennt hækkað. Verðbréfadeildin tryggir að verðbréf, hlutdeildarskírteini eða reiðufé sé tiltækt fyrir eigendur þeirra ef á reynir. Þannig tryggir verðbréfadeild glötuð verðbréf, hlutdeildarskírteini eða peninga. Það er því fyrst og fremst verið að tryggja gegn því að fjármunum, sem verðbréfafyrirtækjum hefur verið falið að ávaxta í vörslureikningum, sé stolið eða þeir glatist vegna vangár. Tvö viðurkennd tjónstilvik hafa komið upp frá stofnun deildarinnar og greiddi sjóðurinn út viðeigandi bætur vegna þeirra. Í öðru tilvikinu hafði skuldabréf týnst, en í hinu hafði vörslufé glatast. Erlendis virðist stærð tjóna af þessum toga mjög mismunandi en reynslan frá nágrannalöndum bendir til þess að ekki hafi reynt mjög á þessar deildir. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að halda fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins og því litlar líkur á því að viðskiptavinir þess tapi fjármunum komist fyrirtækið í þrot. Verðbréfadeild tryggir ekki markaðsverðmæti verðbréfasjóða þar sem markaðsverðmæti ræðst af verði undirliggjandi eigna. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að eiga aðild að tryggingakerfinu með því að greiða iðgjald til verðbréfadeildar tryggingarsjóðs frá því að þau hefja starfsemi. Fyrirtækjunum er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf og er um sams konar upplýsingaskyldu að ræða og áskilin er í 10. gr. að því er varðar innstæður.

Um 18. gr.

Í frumvarpinu er lögð til veruleg einföldun á álagningu iðgjalds sem rennur til verðbréfadeildar, svo og breyting á heildareign deildarinnar. Samkvæmt gildandi lögum er verðbréfadeildinni skylt að eiga að lágmarki 100 millj. kr. en í frumvarpinu er lagt til að fjárhæð þessi tvöfaldist.

Þá eru lagðar til breytingar á innheimtu iðgjalda til deildarinnar og felld brott ákvæði sem er að finna í gildandi lögum um ábyrgðaryfirlýsingu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Samkvæmt frumvarpinu verður ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu 800.000 kr. Skv. 2. mgr. bætist við þessa fjárhæð breytilegt iðgjald sem miðast við umfang verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári. Vegna verðbréfaviðskipta sem nema 10 til 100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr. til viðbótar og vegna verðbréfaviðskipta sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal greiða 400.000 kr. til viðbótar. Hæst getur ársiðgjald því numið 1.200.000 kr. hjá fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Í 3. mgr. er jafnframt að finna heimild til innheimtu viðbótariðgjalda dugi eign deildarinnar ekki til að standa undir greiðslu úr sjóðnum þegar greiðsluskylda hans verður virk. Viðbótariðgjald skv. 3. mgr. getur aldrei orðið hærra en nemur tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr.

Í 4. mgr. er kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Fyrirtæki skulu veita sjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar svo að sjóðurinn geti reiknað út iðgjald viðkomandi. Umræddum upplýsingum skal skila fyrir 1. febrúar ár hvert.

Gjalddagi er 1. mars ár hvert. Talið er nægjanlegt að hafa einungis einn gjalddaga á ári. Þar kemur tvennt til, það hafa ekki orðið mörg eða stór tjón sem krafist hafa inngrips verðbréfadeildar tryggingarsjóðs og hins vegar er árlegt iðgjald ekki það hátt að taki því að deila því niður á gjalddaga. Þessi dagsetning þykir hentug því að ársuppgjör fyrirtækjanna eiga að liggja fyrir á þessum tíma og útreikningar ættu því að ganga snurðulaust. Einnig er talið heppilegt að gjalddaga beri ekki upp á sama dag og einhvern gjalddaga innstæðudeildar. Sérstaklega þykir rétt að mæla fyrir um sérstakar greiðslur nýrra verðbréfafyrirtækja sem hefja starfsemi á álagningarárinu. Þau skulu greiða iðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi þeirra hefst.

Þótt tæplega sé unnt að halda því fram að 800.000 kr. álagning sé verulega íþyngjandi fyrir fyrirtæki í raunverulegum rekstri má engu síður búast við því að aðilar sem stunda stopula starfsemi í verðbréfaþjónustu sjái sér hag í því að afsala sér starfsleyfi sínu.

Loks er kveðið á um að iðgjöld í verðbréfadeildina séu óendurkræf og að stjórn sjóðsins sé heimilt að lækka eða fella alveg niður iðgjöld til deildarinnar þegar eignir hennar nema tilskildu lágmarki.

Um 19. gr.

Þar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru tæplega jafnkerfislega næm og innlánsstofnanir eru lögð til þyngri ákvæði ef slík fyrirtæki lenda í vanskilum en þegar innlánsstofnanir lenda í þeim. Í tilviki innlánsstofnunar mundi starfsleyfissvipting að hluta eða öllu leyti fara eftir reglum 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki og því ætti viðkomandi fyrirtæki rétt á hæfilegum fresti til úrbóta ef því er við komið. Í tilviki fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem ekki getur staðið skil á iðgjaldi, er möguleikinn til að halda starfsleyfi þrengdur verulega.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um greiðslufyrirkomulag tryggingarfjárhæðar komi til þess að greiðsluskylda sjóðsins verði virk vegna fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Hámarksgreiðsla getur numið að jafnvirði 20.000 evra (EUR) og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar um bótakerfi fyrir fjárfesta frá 3. mars 1997. Fjárfestir getur ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu, þótt hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt að fullu. Þar sem skilyrði fyrir greiðslu er að krafa hafi verið sannprófuð og viðurkennd ber fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að veita tryggingarsjóði allar nauðsynlegar upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem

nýtur tryggingaverndar. Greiði sjóðurinn umrædda tryggingarfjárhæð yfirtekur hann kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi þrotabúi eða fyrirtæki og nýtur krafan forgangs við gjaldþrotaskipti. Jafnframt er sjóðnum heimilað að nýta sér kröfur viðkomandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á hendur fjárfesti til skuldajafnaðar gegn kröfu hans áður en til greiðslu kemur.

Áréttað er að hafi viðskiptavinur af einhverjum ástæðum fengið greitt upp í kröfur sínar skuli þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum. Þetta felur í sér að fjármálafyrirtæki þarf að hafa til reiðu upplýsingar um slík tilvik. Reikna skal fjárhæð greiðslu miðað við eign fjárfestis þann dag sem álit Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. liggur fyrir eða þann dag sem úrskurður um töku bús fyrirtækisins til slitameðferðar er kveðinn upp og skal miða við þann dag sem fyrr kemur upp.

Í 6. mgr. er tekið fram að sjóðnum er heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum óháð hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Að lokum er mælt fyrir um að stjórn tryggingarsjóðs skuli úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðunina má bera undir dómstóla. Falli ákvörðun stjórnar viðskiptavini í hag yrði honum greidd tryggingin þegar ákvörðun liggur fyrir.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað nánar um útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Litið er svo á að tryggingavernd sjóðsins nái til eignar hvers einstaklings hjá hverju fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Leiðir þetta af tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Skýra má ákvæðið á þann veg að tryggingaverndin nái til einnar kennitölu hjá hverju fyrirtæki. Þegar fleiri aðilar hafa fjárfest saman skal hlutur, þ.e. hlutdeild hvers um sig, gilda við útreikning á greiðslu. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miðað við jafna skiptingu. Hámarkstryggingavernd getur hins vegar aldrei farið upp fyrir að jafnvirði 20.000 evra vegna hverra viðskipta í tengslum við verðbréf.

Um 22. gr.

Ákvæðið kveður á um hvaða aðilar eru undanskildir tryggingu verðbréfa og reiðufjár samkvæmt frumvarpinu og byggist það á heimildum sem koma fram í tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta frá 3. mars 1997. Í gildandi lögum er um tvö tilvik að ræða, annars vegar eru undanþegin tryggingu verðbréf og reiðufé í eigu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning, og hins vegar verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Lagt er til að nýttar verði sambærilegar undanþágur og er að finna í 14. gr. frumvarpsins varðandi innstæður.

Þau verðbréf og reiðufé sem tilskipun ESB um bótakerfi fyrir fjárfesta gerir ráð fyrir að megi undanskilja, en ekki er gerð tillaga um í frumvarpinu, eru verðbréf og reiðufé í eigu vátryggingafélaga, lífeyris- og eftirlaunasjóða, verðbréf og reiðufé fjárfestis sem ber ábyrgð á eða hefur nýtt sér ákveðna málavexti sem varða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og hafa átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu þess og verðbréf og reiðufé í eigu félaga sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja styttan efnahagsreikning, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga um ársreikninga.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um fresti til greiðslu vegna tryggingar á verðbréfum og reiðufé fjárfestis. Ákvæðin eru byggð á tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem eru mun rýmri

en þeir stuttu frestir sem gilda um innstæður. Greiðslufrestur vegna viðskiptavinar fjármálafyrirtækis í tengslum við verðbréf eða reiðufé er þrír mánuðir eftir að lögmæti kröfu hefur verið staðfest og má framlengja hann um þrjá mánuði til viðbótar. Nú er hafin endurskoðun á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og má hugsanlega gera ráð fyrir að frestir þeirrar tilskipunar verði einnig styttir til samræmis við tilskipun um innstæðutryggingar en of snemmt er þó að segja til um það. Frestir þessir fela í sér að kröfur séu réttilega fram komnar ásamt nauðsynlegum gögnum. Hugsað er fyrir tilvikum þess eðlis að tryggingarsjóður hafi greitt út innan frests en það hafi hins vegar láðst að halda uppi kröfu. Í slíkum tilvikum er mögulegt fyrir viðkomandi fjárfesti að lýsa kröfu innan fimm mánaða. Sjóðnum er heimilt að framlengja þennan frest þannig að hann geti mest orðið jafnlangur og sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Frestur sjóðsins til þess að inna greiðslu af hendi til fjárfestis eftir að lögmæti kröfu hans hefur verið staðreynt er þrír mánuður. Fjármálaeftirlitinu er heimilt við sérstakar aðstæður að framlengja þennan frest um þrjá mánuði til viðbótar.

Um 24. gr.

Í V. kafla er að finna ákvæði um erlend útibú sem á við jafnt um innstæður og viðskipti í tengslum við verðbréf. Í ákvæðinu sem samsvarar 13. gr. gildandi laga er fjallað um heimild erlendra útibúa fjármálafyrirtækja til þess að eiga aðild að sjóðnum og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 25. gr.

Tryggingarsjóður innstæðueiganda og fjárfesta lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiðir sjóðurinn eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um auglýsingar fjármálafyrirtækja og skyldu þeirra til þess að hafa til reiðu upplýsingar um aðild að sjóðnum, umfang tryggingar og hvaða eignir eða innstæður hún tryggir. Þessu ákvæði er fyrst og fremst ætlað að tryggja réttindi neytenda sem best. Upplýsingarnar skulu vera á íslensku en þegar um er að ræða útibú fjármálafyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu upplýsingar vera tiltækar á opinberu tungumáli gistiríkisins. Reistar eru ákveðnar skorður við auglýsingum og er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til þess að setja nánari reglur um upplýsingaskyldu innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Það gæti jafnvel t.d. falist í því að Fjármálaeftirlitið legði til staðlaðan texta til að nota í þessum tilvikum. Einnig gætu Samtök fjármálafyrirtækja staðið að gerð slíks texta sem fengi viðurkenningu eða staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Um 27. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera í stöðugri endurskoðun og því þykir ekki rétt að fastsetja með lögum hvaða fjárfestingarleiðir sjóðurinn skuli fara en rétt er að vekja athygli á að fjárfestingar skal miða við að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

Þeim sem sitja ársfund sjóðsins gefst tækifæri til þess að gera athugasemdir við fjárfestingarstefnu sjóðsins á fundinum.

Um 28. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun greiðslna úr sjóðnum í reglugerð. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Í greininni er um að ræða tilvísun til tilskipana sem innleiddar eru með frumvarpinu verði það að lögum. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu segir að lögin taki gildi 1. janúar 2010 og að þá falli úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laganna. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 31. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Ástæða þeirra er sú að sjóðnum er nauðsynlegt að fá upplýsingar frá þeim sem greiða til hans iðgjöld til þess að unnt sé að standa að innheimtu og útgreiðslu úr honum. Í greininni eru tilgreind þau úrræði sem unnt er að grípa til ef innlánsstofnanir eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu standa ekki að upplýsingagjöf í samræmi við lögin.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvernig fari um iðgjaldagreiðslur til deilda sjóðsins við gildistöku laganna. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er lagt til að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði leystur upp með þeim hætti að þeir fjármunir sem kunna að vera í honum við gildistöku laganna renni til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum sem þá verða í sparisjóðum. Tryggingarsjóður sparisjóðanna tryggir ekki innstæður hjá sparisjóðunum heldur er hann svokallaður öryggissjóður sem hefur annað hlutverk en að standa vörð um innstæður viðskiptamanna. Samkvæmt gildandi lögum er bönkum og sparisjóðum heimilt að setja á laggirnar slíka öryggissjóði og er þá sparisjóðum eða bönkum skylt að greiða til sjóðsins. Gildandi lög tiltaka sem hlutverk öryggissjóða að þeim sé m.a. heimilt að veita lán til þeirra sem eiga aðild að viðkomandi sjóði, yfirtaka eignir, ganga í ábyrgðir og bæta þeim tap eða kostnað sem þeir verða fyrir.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er fjallað um skilin á milli A- og B-deildar sjóðsins við gildistöku laganna. Kveðið er á um að ákvæði laga nr. 98/1999 skuli áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Rétt er að vekja athygli á að 9. og 10. gr. gilda því áfram.

Þau ákvæði gildandi laga sem gert er ráð fyrir að leyst verði af hólmi með nýjum ákvæðum varða einkum stjórn sjóðsins og aðalfundi, greiðslur í sjóðinn og afturköllun á leyfi hans og önnur atriði sem tengjast umgjörð hans.

Fylgiskjal I.

Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

(Tillögur Talnakönnunar hf. fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneyti, nóvember 2009.)

Inngangur

Í júlí 2009 hafði Ástríður Jóhannesdóttir lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu samband við Talnakönnun hf. og óskaði eftir því að fyrirtækið gerði tillögur vegna nýrrar deildar vegna innstæðutrygginga í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn starfar nú í tveimur deildum, innstæðutryggingadeild og verðbréfadeild, en innstæðutryggingadeildin er gjaldþrota eftir bankahrunið í fyrra og ábyrgðir vegna Icesave-reikninganna. Áformað er að stofna nýja deild til þess að byggja upp á ný tryggingakerfi fyrir banka og aðrar innlánsstofnanir. Auk þess á að endurskoða stærð verðbréfadeildarinnar.

Tryggingakerfi af þessu tagi er skylt að koma fyrir innlánaeigendur samkvæmt tilskipun Evrópuþings. Markmiðið er að í stað tryggingafjárhæðarinnar sem nú er á hverjum innlánsreikningi 20.887 evra verði frá samþykkt frumvarpsins miðað við 50.000 evrur. Þegar skýrslan var upprunalega skrifuð var miðað við að 1. jan. 2011 hækkaði fjárhæðin í 100.000 evrur. Horfið hefur verið frá því að sinni. Hér eru gerðar leiðréttingar á nokkrum stöðum miðað við þessar.

Um verðbréfadeildina gilda annars konar reglur. Eðli tryggingar hennar er allt annað þar sem hún veitir fyrst og fremst vernd gegn mistökum við meðhöndlun verðbréfa eða vörslufjár en ekki vegna þess að fjárfestingar skili lakari niðurstöðu en að var stefnt. Þegar henni var komið á fót var að því stefnt að í henni myndu verða 100 milljónir króna. Var í því sambandi miðað við samsvarandi deildir í Danmörku og Svíþjóð, auk þess sem kannað var umfang starfseminnar á Íslandi. Starfsemin á Íslandi hefur vaxið mikið en á þeim 11 árum sem deildin hefur starfað hefur aðeins tvisvar verið greitt tjón. Því verður að telja að komin sé reynsla sem hægt er að líta til við ákvörðun heildarstærðar sjóðsins.

Af hálfu ráðuneytisins komu auk Ástríðar þau Áslaug Árnadóttir og Kjartan Gunnarsson að samráði um skýrsluna, en af hálfu Talnakönnunar var verkið einkum unnið af Benedikt Jóhannessyni.

Um innstæður

Stefnan er að stofna nýja deild til tryggingar innstæðum. Gamla deildin er gjaldþrota eftir þrot Landsbankans og skulda vegna Icesave.

Hvað er tryggt?

Markmiðið er að hækka þá lágmarksfjárhæð sem tryggð er í tryggingasjóðnum upp í 50 þúsund evrur frá og með 1. janúar 2010. Þetta er um það bil tvö og hálf-földun á tryggingafjárhæðinni frá því sem nú gildir. Þetta hámark gildir um innstæðueiganda á banka. Þó að

undanþágurnar sem tilskipunin heimilar séu allmargar er ólíklegt að heildarfjárhæðin sem undanþegin er vegna greinarinnar skipti sköpum við mat á nauðsynlegri stærð sjóðsins.

Samkvæmt 12. gr. frumvarps nema greiðslur úr sjóðnum til hvers innstæðueiganda 50 þúsund evrum. Í útreikningunum er gert ráð fyrir að þetta eigi við um hverja innlánsstofnun. Þess vegna var heildarfjöldi „innstæðueigenda“ í útreikningstölum talsvert hærri en landsmenn allir.

Gögn sem lögð eru til grundvallar

Við útreikninga á því hvert tjón gæti orðið er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir stærðardreifingu reikninga. Gögn um innstæður og dreifingu þeirra byggjast á tveimur könnunum. Annars vegar á innstæðum einstaklinga og lögaðila eins og þær voru í lok september 2008, en gögn um það fengust hjá Fjármálaeftirlitinu, en tengiliðir þar voru Ragnar Hafliðason og fleiri en hins vegar úr gagnagrunni um stöðu heimila í árslok 2008, en hann er vistaður hjá Seðlabankanum, en tengiliður þar var Þorvarður Tjörvi Ólafsson.

Eðli gagnanna er þannig að ekki er hægt að birta upplýsingar sem rekja mætti til einstakra innlánsstofnana. Því er aðeins horft á heildardreifingu innlána, en ekki hvernig þau dreifðust innan hverrar stofnunar um sig.

Rétt er að geta þess að á tímabilinu frá 30.9.2008 til 31.12.2008 urðu breytingar á innstæðudreifingu. Mjög miklar fjárhæðir fluttust úr peningamarkaðssjóðum inn á innlánsreikninga. Á sama tíma jókst einnig vitund um að ákveðin fjárhæð væri tryggð. Þó er rétt að hafa í huga að samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í október 2008 eru öll innlán í útibúum hér á landi tryggð að sinni. Þessi yfirlýsing hefur örugglega róað almenning og valdið því að tilfærsla innlána milli einstaklinga og bankastofnana hefur ekki verið jafnmikil og annars. Meðvitund manna um tryggingarfjárhæð verður til þess að menn laga sig að henni og dreifa áhættu.

Forsendur

Við útreikningana skipta eftirfarandi atriði meginmáli.

1. Dreifing innstæðna eftir stærð
2. Fjárhæðin sem tryggð er og gengi evrunnar gagnvart krónunni
3. Markaðshlutdeild einstakra banka
4. Áætluð eign bankanna upp í kröfur

1. **Dreifing innstæðna.** Eðlilegt er að skipta viðskiptavinum bankanna upp í tvo hluta, einstaklinga og lögaðila. Á myndum 1 og 2 má sjá mismunandi dreifingu innlánanna.

Mynd 1: Dreifing innlána einstaklinga uppsöfnuð, fjárhæðir í milljónum kr.



Heimild: Könnun Seðlabanka, útreikningar Talnakönnunar

Hjá lögaðilum er að sjálfsögðu miklu stærri hluti fjárhæðar heildarinnstæðna yfir þeim mörkum sem tryggð eru. Heildarfjárhæðin sem tryggð er má segja að skiptist í tvennt. Reikninga undir tryggingafjárhæð sem eru tryggðir að fullu og reikninga yfir tryggingafjárhæðinni, en þar finnst heildarfjárhæð þess sem tryggt er með því að margfalda fjölda innstæðueigenda með tryggingarfjárhæðinni. Á myndunum og töflu í viðauka sést að miðað við fjárhæðir eru um 48% innlána einstaklinga og 5% innlána fyrirtækja innan við 10 milljónir króna. Sé hins vegar litið á fjölda reikninga er það um 99% þeirra sem eru innan við 10 milljónir króna og 96% reikninga fyrirtækja (sjá töflu v5 í viðauka).

Mynd 2: Uppsöfnuð dreifing innistæðna hjá lögaðilum í milljónum kr.



Heimild: Könnun FME, útreikningar Talnakönnunar

2. **Fjárhæðin** sem tryggð er nemur 50 þúsund evrum eftir 1. janúar 2010. Ljóst er að nokkur ár tekur að byggja upp sjóðinn og því er í öllum útreikningum miðað við 50 þúsund evrur.

Því skiptir gengi evrunnar til framtíðar miklu máli. Í september 2009 er gengi hennar gagnvart krónunni liðlega 180.

Tafla 1: Hlutfall af innstæðum tryggt annars vegar m.v. núverandi fjárhæð, € 20.887 og hins vegar € 50.000

		Fjárhæð	Alls
€ 20.887	Evra 150	3,1	23,1%
	Evra 180	3,8	25,1%
	Evra 200	4,2	25,8%
€ 50.000	Evra 140	7	29,2%
	Evra 150	7,5	29,8%
	Evra 180	9	31,3%
	Evra 200	10	32,3%
	Evra 220	11	33,3%

Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Í töflu 1 sést áætlaður hluti þess sem tryggt er miðað við gengi krónunnar á bilinu 140 til 220 á evru vegna nýju tryggginganna og til samanburðar m.v. gengi krónunnar 150 til 200 á evru. Hlutfallið er mismunandi eftir bönkum og þessi hlutföll má meta sem +/- 4% m.v. stóru bankana. Þetta þýðir að miða má við 27 til 35% ef tryggingafjárhæðin er 9 milljónir króna.

3. **Markaðshlutdeild bankanna** getur að sjálfsögðu breyst mikið á skömmum tíma. Frá því um áramótin 2008 hafa SPRON og Straumur hætt innlánsstarfsemi. MP banki hefur komið inn á innlánamarkaðinn. Ekki er ólíklegt að frekari breytingar geti orðið í náinni framtíð. Því er núverandi markaðshlutdeild ekki endilega góður mælikvarði á hvað hún kunni að verða í framtíðinni. Þetta er þó afar mikilvægt því að nauðsynleg stærð sjóðsins ræðst ekki síst af mögulegu stærsta tjóni. Í töflu 2 sést skipting hlutdeildar innstæðna um áramót 2008–9. Ef gert er ráð fyrir því að aðeins falli ein stofnun er ljóst að hámarksáhættan fer eftir hlutdeild stærsta bankans. Hlutdeildin hefur oft verið ójafnari.

Tafla 2: Markaðshlutdeild innlána við áramót

Stofnun	Hlutdeild
Landsbanki	28,0%
Íslandsbanki	23,5%
Kaupþing	24,9%
Aðrir	23,5%

Heimild: Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta

4. **Eignir í þrotabúi.** Ljóst er að aldrei verður byggður upp sjóður sem getur tryggt innstæður ef engar eignir finnast í þrotabúunum. Eftir hrunið áttu Kaupþing og Glitnir að fullu fyrir innstæðum en Landsbankinn ekki. Enn er alls óljóst hve miklar eignir Landsbankinn á upp í Icesave-skuldina. Hér er reiknað með þeim möguleika að innstæðustofnun muni eiga fyrir 70% innlána þó að hún komist í þrot.

Útreikningar

Miðað við núverandi tryggingafjárhæð falla skv. töflu 1 um 25% innstæðna undir tryggginguna (prósentan sveiflast aðeins miðað við gengi evru). Þegar tryggingafjárhæðin verður komin upp í 100 þúsund evrur verður hlutfallið um 31% (með samsvarandi óvissu vegna gengis). Heildaráhættan er því um 1,25 sinnum meiri eftir breytinguna vegna aukinnar tryggingaverndar.

Heildaráhættan eftir að tryggingafjárhæðin hækkar í krónum talið miðað við stærð bankakerfisins og stærðardreifingu í árslok 2008 er 530 milljarðar króna. Útilokað er að mynda sjóð sem geti varið áfall af þeirri stærðargráðu, enda yrði það væntanlega ekki nema við heildarhrun þjóðfélagsins.

Fjárhæð innlánstryggingadeildar hefur verið miðuð við 1% af innstæðum, meðaltali í upphafi og lok árs. Í árslok 2008 var útreiknuð stærð sjóðsins samkvæmt þessu 16 milljarðar króna. Augljóst er að sú tala þarf að hækka talsvert, telji menn að fyrri grunnur hafi verið réttur. Hins vegar hefur reynslan að undanförnu sýnt það að það er mögulegt að innlánsstofnanir verði gjaldþrota og eigi jafnvel ekki nema fyrir hluta skulda, þ.m.t. innlána. Öllum er augljóst það þjóðfélagslega rót sem af því leiðir að tryggingasjóðurinn eigi ekki fyrir skuldbindingum sínum. Því er nauðsynlegt að sjóðurinn verði nægilega stór til þess að í honum sé raunverulegt hald þegar á reynir. Hér er miðað við að sjóðurinn muni eiga fyrir 30% tryggðra fjárhæða í stærstu innlánsstofnun landsins. Með öðrum orðum er miðað við að slík stofnun eigi fyrir 70% innlána.

Tafla 3: Stærð sjóðs m.v. mismunandi markaðshlutdeild stærstu innlánsstofnunar. Miðað er við að hún eigi fyrir 70% innlána og heildarinnlán séu 1.700 milljarðar (staða 31.12. 2009)

Hlutfall	Fjárhæð	Prósent
25%	39,7	2,3%
30%	47,7	2,8%
33%	52,5	3,1%
35%	55,7	3,3%
40%	63,6	3,7%

Fjárhæðir í milljörðum. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Í töflu 3 sést hver stærð sjóðsins þyrfti að vera miðað við mismunandi hlutdeild stærstu innlánsstofnunar. Í því sambandi má ekki gleyma því að hugsanlegt er að við endurskipulagningu bankakerfisins fækki innlánsstofnunum frá því sem nú er. Í ljósi þess að stærð sjóðsins ræðst af kostnaði við stærsta aðila sem á aðild að sjóðnum má hugsa sér það að iðgjald sé hærra fyrir þær stofnanir sem fara yfir 25% í markaðshlutdeild og fari svo stighækkandi. Heildarinnlán lánakerfisins í lok júlí 2009 voru komin í 1.845 milljarða króna.

Í viðauka birtast frekari upplýsingar í töflum og myndum.

Nokkur atriði

Við ákvörðun á stærð tryggingasjóðsins verður að hafa ýmsa þætti í huga. Meginsjónarmiðin sem vegast á eru að sjóðurinn verði nægilega stór til þess að veita raunverulega vernd ef til óhapps kemur og hins vegar að leggja ekki óhæfilegar álögur á innlánsstofnanirnar.

Eftirlit

Megináherslan er að sjálfsögðu á að koma í veg fyrir tjón. Þetta gerist að sjálfsögðu best með því að varkárni sé sýnd við rekstur banka og sparisjóða, eiginfé þeirra sé sterkt og eftirlit virkt. Flest þau tilvik þegar bankar hafa komist í þrot eiga það sammerkt að þau hefðu orðið mun minni en raun bar vitni, ef eftirlit hefði verið í lagi. Sömuleiðis verður að leggja áherslu á áhættudreifingu og virkt áhættumat. Þess vegna verður að leggja höfuðáherslu bæði á innra og ytra eftirlit með fyrirtækjunum. Er þar bæði átt við eftirlit yfirmanna, endurskoðenda og fjármálaeftirlits. Hér á landi hafa dæmi sýnt að víða er pottur brotinn í þessu efni. „Tillitssemi“ og gagnkvæmt traust hafa kostað fyrirtæki og almenning stórfé.

Þess vegna er mikilvægt að sjóður, sem á svo ríka hagsmuni af því að rekstur stofnananna sem hann tryggir sé í lagi, fái upplýsingar um að svo sé. Auk þess er nauðsynleg stærð sjóðsins sjálfs háð breytingum. Eftir því sem hlutfallslega fleiri eiga lágar fjárhæðir á bankareikningum er áhætta sjóðsins meiri. Því er eðlilegt að sjóðurinn fái reglulega upplýsingar um stærðardreifingu innlána þannig að hann geti með skömmum fyrirvara gripið til ráðstafana ef þurfa þykir. Gífurlegar fjárhæðir voru lagðar inn á innlánsreikninga bankanna erlendis á mjög skömmum tíma, fjárhæðir sem aldrei var greitt iðgjald af, til dæmis vegna Icesave í Hollandi. Þess vegna er lagt til að sjóðurinn fái skýrslur um innlánadreifingu ársfjórðungslega.

Dreifing iðgjaldagreiðslna

Iðgjald er nú reiknað með þeim hætti að það er greitt eftirá vegna nýliðins árs. Fundin er staða í upphafi og lok árs og tekið meðaltal. Sjóðurinn skal vera 1% af þessu meðaltali. Þetta leiðir af sér að þegar innstæður hækka mikið á skömmum tíma getur verið að ekkert iðgjald sé greitt af aukningunni fyrr en löngu síðar. Áhættan er því tryggð án þess að greitt sé iðgjald. Hér gildir því ekki slagorðið: Þú tryggir ekki eftirá! Þvert á móti var hluti af Icesave-innstæðunum tryggður án iðgjalds.

Lagt er til að þrennt verði gert til þess að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur:

a. Iðgjald verði greitt ársfjórðungslega
b. Iðgjaldið miðist við stöðu í lok ársfjórðungs á undan
c. Auk þess þurfi stofnanir að áætla vöxt á komandi ársfjórðungi og greiða iðgjald af honum. Í raun er því um að ræða iðgjald sem er meðaltal af stöðu í lok ársfjórðungs og áætlaðrar stöðu í lok næsta ársfjórðungs.

Allar breytingarnar eru hugsaðar til þess að iðgjöldin endurspegli áhættuna sem best hverju sinni. Ætla má að oftast verði áætluð breyting á innstæðum hófleg og fyrirsjáanleg. Ef innlánsstofnun ætlar í stórsókn verður tekið tillit til þess í iðgjaldi vegna ársfjórðungsins. Reynist iðgjald hafa verið of lágt eða of hátt er tekið tillit til þess við næsta gjalddaga.

Þátttaka í erlendu samstarfi

Reynslan af bankahruninu sýnir að einangraður sjóður í einu landi má sín lítils þegar bankakerfið hrynur. Því er nauðsynlegt að fylgjast með því hvort hægt er að dreifa áhættunni með samstarfi við sjóði í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Nú stendur yfir allsherjarathugun á tryggingakerfi innstæðueigenda og þessar hugmyndir hafa komið fram þar. Ekki er neitt ákveðið í þessum efnum en slíkt kerfi væri afar hagstætt litlum þjóðum þar sem mest hætta er á því að stór hluti kerfisins falli ef einn banki verður gjaldþrota.

Styrkur innlánsstofnana

Mikla áherslu verður að leggja á að eiginfjárhlutfall allra þeirra sem aðild eiga að sjóðnum sé viðunandi. Ekki er enn fyllilega frágengið hver efnahagsreikningur nýju bankanna verður en þeir eru þó óðum að taka á sig mynd. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá FME (18.9. 2009) er áætlað hlutafé nýju bankanna sem hér segir:

Tafla 4: Hlutafé nýju bankanna í milljörðum króna (áætlun í sept. 2009)

Banki	Hlutafé
Landsbanki	140
Íslandsbanki	72
Kaupþing	65

Heimild: FME

Gert er ráð fyrir að þetta nýja eigið fé samsvari 12% í svonefndu Tier 1 eiginfjárhlutfalli. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir víkjandi lántökum, sem reiknast sem Tier 2 eigin fé, samsvarandi 4% af áhættugrunni (þriðjungur af ofangreindu hlutafé) þannig að samtals eiginfjárhlutfall verði 16%.

Af tölunum sést að áætlað eiginfé Landsbankans á að verða mest, en lengst mun í það að efnahagsreikningur hans verði birtur. Ástæðan fyrir hinu háa eiginfjárhlutfalli er fyrst og fremst það hve mikil óvissa ríkir um raunverulega eignastöðu bankanna í kjölfar hrunsins. Líklegt má telja að eftir því sem fram líða stundir verði eiginfjárhlutfallið lægra eftir því sem meiri upplýsingar koma fram um raunverulega stöðu skuldunauta. Því er ekki hægt að gera ráð fyrir því að staða bankanna sé sterk til frambúðar þó að eiginfjárhlutfallið sé hátt núna.

Árlegt iðgjald og stærð sjóðsins

Lagt er til að sjóðurinn verði 4% af innlánum og að árlegt iðgjald verði 0,3% af innlánum þar til því takmarki er náð. Fari hlutdeild stofnunar yfir 25% er lagt til að iðgjaldið hækki um 0,01% af innlánum fyrir hvert prósentustig framyfir það. Þannig yrði iðgjaldið 0,35% (af öllum innlánum) ef fyrirtæki er með 30% hlutdeild og 0,4% ef hlutdeildin er 35%.

Í töflu v3 í viðauka sést hve langan tíma tekur að mynda slíkan sjóð. Ef miðað er við að sjóðurinn nemi 4% af innlánum, árlegur vöxtur innlána sé 2% og ávöxtun 5% tekur það 12,5 ár.

Mikilvægt er að ytri forsendur sjóðsins séu skoðaðar reglulega og ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Hér er átt við dreifingu innlána, tryggingarfjárhæð og markaðshlutdeild einstakra banka. Í kjölfar þeirrar skoðunar þarf að meta hvort ástæða sé til þess að breyta stærð sjóðsins eða árlegum iðgjöldum.

Tryggingadeild verðbréfa

Hér á landi hefur tryggingasjóður verðbréfa starfað í rúman áratug. Samkvæmt lögum skal sjóðurinn vera 100 milljónir. Frá því að lögin voru sett hafa umsvif með verðbréf aukist mjög og verðlag almennt hækkað.

Tryggingasjóðurinn tryggir vörslureikning, en allmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa samið við verðbréfafyrirtæki um slíka fjárvörslu. Fyrst og fremst er verið að tryggja gegn því að fjármunum, sem verðbréfafyrirtækjum hefur verið falið að ávaxta í vörslureikningum, sé

stolið eða þeir glatist vegna vangár. Tvö viðurkennd tjónstilvik hafa komið upp á þessum ellefu árum sem liðin eru frá stofnun deildarinnar. Í öðru tilvikinu hafði skuldabréf týnst, en í hinu hafði vörslufé glatast.

Tjónastærð erlendis er mjög mismunandi. Reynslan frá nágrannalöndum bendir til þess að ekki hafi reynt mjög á þessar deildir.

Lagt er til að viðmiðunarstærð sjóðsins verði 200 milljónir króna og að sú tala hækki árlega með vísitölu neyslu. Þessi tala sambærileg við stærð danska sjóðsins. Miðað við að einstakt tjónsatvik sé að hámarki tryggt um 20.000 evrur (um 3,7 milljónir króna í sept. 2009) myndi tryggingin greiða bætur í 54 tjónum. Rétt er að leggja áherslu á að þessi trygging er afar takmörkuð og eðlilegt væri að aðildarfyrirtækin væru líka með sérstakar ábyrgðartryggingar hjá vátryggingarfélögum.

Reykjavík, 20.11. 2009

Benedikt Jóhannesson, Ph.D.

Viðauki

Tafla v1: Dreifing fjárhæða innstæðna einstaklinga og fyrirtækja í innlánsstofnunum 30.9. 2008. Upphæðir í milljónum króna. Uppsafnaðar tölur

Upphæð allt að	Einstakl-ingar	Lögaðilar
0,5	8%	1%
1,0	12%	1%
3,0	23%	2%
5,0	34%	3%
10,0	48%	5%
20,0	62%	8%
50,0	77%	12%
100,0	85%	16%
Alls	100%	100%

Heimild: Könnun FME 30.9. 2008

Skýring: 34% fjárhæða innstæðna einstaklinga eru hjá aðilum sem eiga innan við 5,0 milljónir, en 3% hjá lögaðilum.

Tafla v2: Dreifing fjárhæða innstæðna einstaklinga úr könnunum FME og Seðlabanka Upphæðir í milljónum króna. Uppsafnaðar tölur

Upphæð	Einst. FME	Einst. Seðlab.
0,5	8%	5%
1,0	12%	8%
3,0	23%	19%
5,0	34%	29%
10,0	48%	42%
20,0	62%	56%

Heimild: Könnun FME 30.9.2008 og könnun Seðlabanka 31.12.2008

Skýring: Í könnun FME eru 34% fjárhæða innstæðna einstaklinga hjá aðilum sem eiga innan við 5,0 milljónir, en 29% í könnun FME.

Mynd v1: Innstæður í íslenskum bönkum okt. 2008-júlí 2009



Heimild: sedlabanki.is

Tafla v3: Hve lengi er sjóðurinn að ná stærðinni 4,0% af innlánum? (Ár)

Vöxtur innlána	Ávöxtun 0,0%	1,0%	2,0%	3,0%	4,0%	5,0%
0,0%	13,3	12,3	12,0	11,4	10,8	10,4
1,0%	15,5	14,3	13,3	12,5	12,0	11,2
2,0%	19,0	17,0	15,3	14,0	13,3	12,5
3,0%	-	23,0	19,0	16,5	15,0	14,0
4,0%	-	-	-	-	18,0	16,5

Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Skýring: Ef vextir eru 4,0% og vöxtur innlána á ári er 2,0% má áætla að 13,3 ár taki fyrir sjóðinn að ná fullri stærð m.v. að hann verði 4,0% af innlánum.

Tafla v4: Hve lengi er sjóðurinn að ná stærðinni 3,0% af innlánum? (Ár)

Vöxtur innlána	Ávöxtun 0,0%	1,0%	2,0%	3,0%	4,0%	5,0%
0,0%	10,0	9,7	9,3	8,8	8,5	8,3
1,0%	11,0	10,5	10,0	9,6	9,3	8,7
2,0%	12,5	11,7	11,0	10,4	10,0	9,5
3,0%	-	13,5	12,5	11,5	11,0	10,3
4,0%	-	-	-	-	12,5	11,5

Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Skýring: Ef vextir eru 4,0% og vöxtur innlána á ári er 2,0% má áætla að 10,0 ár taki fyrir sjóðinn að ná fullri stærð m.v. að hann verði 3,0% af innlánum.

Tafla v5: Hlutfall reikninga einstaklinga og fyrirtækja (af fjölda) sem fellur undir ákveðna fjárhæð. Uppsafnaðar tölur.

Upphæð	Einst. FME	Einst. Seðlab.	Lögaðilar
0,5	86,8%	81,1%	77,1%
1,0	90,9%	86,2%	83,5%
3,0	95,0%	93,0%	89,8%
5,0	97,2%	96,0%	93,2%
10,0	98,6%	98,1%	95,6%
20,0	99,3%	99,2%	97,2%

Heimild: Könnun FME 30.9.2008 og könnun Seðlabanka 31.12.2008

Skýring: Taflan sýnir að 98,6% (98,1% m.v. könnun Seðlabankans) einstaklinga eiga 10,0 milljónir króna eða minna á reikningum. Samsvarandi hlutfall fyrirtækja er 95,6%.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að gera breytingar á fyrirkomulagi innstæðutrygginga vegna tilskipunar ESB sem samþykkt var fyrr á þessu ári og hins vegar vegna þeirra skuldbindinga sem lagst hafa á Tryggingasjóð innstæðueigenda í tengslum við hremmingar á fjármálamörkuðum. Við undirbúning frumvarpsins lét efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinna fyrir sig tryggingafræðilegt mat og tillögur vegna nýrrar deildar innstæðutrygginga í sjóðnum.

Helstu nýmæli og breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að hámarkstrygging vegna innstæðu verði að jafnviði 50.000 evrum og er þá miðað við allar innstæður aðila í innlánsstofnun óháð fjölda reikninga. Í gildandi lögum er tilskilin lágmarkstrygging en ekkert þak er á tryggingarvernd. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi í þremur aðskildum deildum en ekki tveimur eins og nú er. Þannig verði stofnuð ný innstæðudeild, A-deild, sem taki við iðgjöldum frá innlánsstofnunum frá 1. janúar 2010 og þeim réttindum og skyldum sem núverandi innstæðudeild ber að öðru leyti en þeim er varða uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn, m.a. vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Gert er ráð fyrir að B-deildin (gamla innstæðudeildin) starfi áfram samkvæmt tilteknum ákvæðum gildandi laga um innstæðutryggingar og verði lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna. Mun hún starfa áfram með það fyrir augum að sinna þjónustu og greiðslum vegna umræddra skuldbindinga og starfa sem slík þangað til uppgjör vegna þeirra hefur farið fram. Í þriðja lagi er lagt til að iðgjald til innstæðudeildar, A-deildar, verði greitt ársfjórðungslega og að miðað verði við heildarinnstæður síðustu þriggja mánuða í hverri lánsstofnun. Samkvæmt núgildandi lögum er iðgjald til Tryggingarsjóðs greitt eftir á vegna nýliðins árs. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að þegar heildareignir A-deildar sjóðsins hafa náð vissri öryggisstærð, sem lagt er til í frumvarpinu að nemi 4% af tryggðum innstæðum í heild, sé sjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld, enda séu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ekki andvíg slíkri lækkun. Eins og þessu er nú háttað er iðgjald reiknað þannig að það er greitt eftir á vegna nýliðins árs þar sem fundin er staða í upphafi og lok árs og tekið meðaltal. Skal svo sjóðurinn vera 1% af þessu meðaltali. Þetta felur í sér að þegar innstæður hækka mikið á skömmum tíma getur verið að ekkert iðgjald sé greitt af aukningunni fyrr en löngu síðar. Þannig er í raun áhættan tryggð án þess að greitt hafi verið iðgjald en hluti af Icesave-innstæðum Landsbankans var tryggð með þessum hætti. Jafnframt er gerð tillaga um hækkun iðgjalds í innstæðudeild Tryggingarsjóðs frá núgildandi lögum en gert er ráð fyrir að fastur hluti iðgjalds fari úr 0,15% í 0,3% á ársgrundvelli auk þess sem innlánsstofnunum verði gert að greiða mishátt iðgjald eftir hlutdeild þeirra í heildar tryggðum innstæðum og eftir áhættuvegnum mælikvarða. Ef miðað er við að sjóðurinn nemi 4% af innlánum, árlegur vöxtur innlána sé 2% og ávöxtun 5% er gert ráð fyrir að það taki 12,5 ár að mynda slíkan sjóð. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að fjölgað verði umtalsvert þeim innstæðum sem ekki njóti verndar og er þannig ekki gert ráð fyrir því að innstæður opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, njóti verndar. Í sjötta lagi er lagt til að heildareign

verðbréfadeildar sjóðsins skuli að lágmarki nema 200 m.kr. og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2010. Auk þess er gert ráð fyrir að iðgjald vegna verðbréfadeildar verði hækkað og að greitt verði sérstakt viðbótariðgjald sem tengt verði verðbréfaviðskiptum næstliðins árs. Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði leystur upp og fjármunir hans renni til sparisjóðanna í hlutfalli við heildarinnstæður í þeim en áætlað er að sú fjárhæð geti numið um 220–250 m.kr. Ekki er í frumvarpinu gerð sérstök tillaga um að lántökur Tryggingarsjóðs njóti ríkisábyrgðar eða að ríkissjóði sé skylt að veita sjóðnum lán þó gera megi ráð fyrir því að lántaka sjóðsins verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða annarrar aðkomu hans að lántökunni.

Gert er ráð fyrir að Tryggingarsjóður verði sem fyrr rekinn sem sjálfseignarstofnun án sérstakra framlaga á fjárlögum og að iðgjöld sjóðsins skuli standa undir framtíðar- sjóðsmyndun hans og rekstrarkostnaði. Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, muni sem slíkt hafa í för með sér útgjöld eða auknar ábyrgðar- eða útgjaldaskuldbindingar fyrir ríkissjóð frá því sem verið hefur. Vert er að vekja athygli á því að eins og er ábyrgist ríkissjóður innstæður í fjármálastofnunum samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda.

292. Frumvarp til laga [256. mál]

um tekjuöflun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 8. tölul. 3. gr. laganna kemur: í eigin nafni.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi í innlánsstofnunum, sbr. 1. tölul., eða afborgun af kröfu í erlendum gjaldmiðli skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við stöðu innlánsreiknings í upphafi og lok árs og/eða á innborgunar- eða úttektardegi innan ársins.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

4. gr.

Orðin „og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2.–5. mgr. 5. tölul. falla brott.
b. 2. málsl. 1. mgr. 5. tölul. orðast svo: Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 2.000.000 kr. á ári, þó ekki lægri fjárhæð en kann að vera kveðið á um í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

6. gr.

4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. málsl. 9. tölul. og 2. málsl. 1. mgr. 9. tölul. a kemur: aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Við 9. tölul. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið eru þau að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu.
c. Við 3. mgr. 9. tölul. a bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er það skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessum tölulið að seljandi hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi.

8. gr.

Við 3. tölul. 50. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Vaxtagjöld af skuldum sem færast yfir við samruna þegar um er að ræða vexti af lánum í kjölfar þess að eignarhalds- eða fjárfestingarfélag kaupir meiri hluta hlutafjár í öðru félagi. Sama á við um vaxtagjöld af lánum sem tekin eru vegna arðgreiðslna. Ákvæði 2. og 3. málsl. eiga jafnframt við þegar um endurfjármögnun er að ræða.

9. gr.

1. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Sé hlutafélagi skipt þannig að öllum eignum og skuldum sé skipt á milli hins skipta félags og/eða þeirra félaga sem urðu til við skiptin, og hluthafar í félaginu sem skipt var fái eingöngu hlutabréf í þeim félögum, sem eignir og skuldir deildust á við skiptin, skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. a laganna:

a. Á eftir orðinu „tvísköttun“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: eða annan alþjóðasamning.
b. Á eftir orðinu „EES-ríki“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru. Ákvörðun reiknaðs endurgjalds samkvæmt þessari málsgrein er óháð ákvörðun launa skv. 11. gr.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: þessar.

12. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári, þó að hámarki fjórum árum. Einnig er ríkisskattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir.
b. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Berist umsókn eftir að kærufresti skv. 99. gr. lýkur er ríkisskattstjóra heimilt að taka hana til afgreiðslu enda séu skilyrði 2. mgr. 101. gr. uppfyllt. Ákvörðun ríkisskattstjóra um ívilnun eða synjun er endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað1. tölul. 1. mgr. koma fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   1. Af tekjuskattsstofni að 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur.
   2. Af næstu 5.400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur.
   3. Af því sem umfram er 7.800.000 kr. reiknast 33% tekjuskattur.
   4. Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 7.800.000 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 27% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 7.800.000 kr., þó reiknast 27% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.700.000 kr. við þessar aðstæður.
b. Í stað „10%“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 18%.

c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þó skal ekki reikna tekjuskatt skv. 1. málsl. af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 100.000 kr. á ári hjá manni og 30% af tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „385.800 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. A-liðar kemur: 530.466 kr.
b. 2. málsl. 1. mgr. A-liðar fellur brott.
c. Í stað „$^{10}/_{36}$“ í 4. málsl. 2. mgr. A-liðar kemur: $^{18}/_{37}$.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir 5. málsl. 1. mgr. A-liðar koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða.
b. Orðin „þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr.“ í 4. málsl. 4. mgr. A-liðar falla brott.
c. Á eftir 5. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um fólk sem sannanlega er í sambúð og heldur heimili saman þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. 1. mgr. 2. tölul. orðast svo: Tekjuskattur manns sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. skal nema 15% af tekjuskattsstofni hans.
b. 1. málsl. 3. mgr. 2. tölul. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 67. gr.
c. 3. tölul. orðast svo: Tekjuskatt aðila sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal reikna sem hér segir:
   a. 15% af greiðslunni ef um menn er að ræða. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þ.m.t. flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort maður kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.
   b. 18% af greiðslunni ef um lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. er að ræða.
   c. 32,7% af greiðslunni ef um aðra lögaðila er að ræða.
d. 4. tölul. orðast svo: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. án persónuafsláttar skv. A-lið 67. gr. ef um mann er að ræða,
   b. 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. er að ræða,
   c. 32,7% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um aðra lögaðila er að ræða.

Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

e. Við bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 5. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um menn er að ræða. Þó skal ekki leggja tekjuskatt á 30% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði,
   b. 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um lögaðila er að ræða.
f. Við bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi: Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 6. tölul. 3. gr. skal vera 18% af tekjum.
g. Við bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um mann er að ræða,
   b. 15% af tekjum ef um lögaðila er að ræða.
h. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 8. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um mann er að ræða. Þó skal ekki reikna tekjuskatt af vaxtatekjum að 100.000 kr. á ári.
   b. 15% af tekjum lögaðila.
i. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 9. tölul. 3. gr. skal reikna á sama hátt og greinir í 4.–8. tölul. þessarar greinar.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1. mgr. kemur: 18%.
b. Í stað „23,5%“ í 2. mgr. kemur: 32,7%.
c. Í stað „10%“ í 3. mgr. kemur: 18%.
d. Í stað „10%“ í 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. kemur: 18%.

19. gr.

3. málsl. 1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri getur gert lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að skila skýrslu í tölvutæku formi.

20. gr.

Í stað orðsins „nafnskírteini sitt“ í 5. mgr. 92. gr. laganna kemur: persónuskilríki.

21. gr.

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggja á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

22. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Í upphafi hvers árs skal ríkisskattstjóri að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

4. mgr. 119. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

2. og 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða XXII falla brott.

25. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXX.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. skal fjárhæð sjómannaafsláttar á hvern dag vera með eftirfarandi hætti:

a. 740 kr. við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.
b. 493 kr. við álagningu 2013 vegna tekjuársins 2012.
c. 246 kr. við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013.

Ákvæði B-liðar 67. gr. fellur brott frá og með 1. janúar 2014.

b. (XXXI.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr., sbr. reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2010.

c. (XXXII.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir sem þar eru tilgreindar vera 246.944 kr., 317.589 kr., 408.374 kr. og 900 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

d. (XXXIII.)

Á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok áranna 2009, 2010 og 2011 skal við álagningu 2010, 2011 og 2012 leggja auðlegðarskatt sem hér segir á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 4.–9. tölul. 3. gr.:

a. Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs. Frá eignum aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi. Frá eignum aðila sem um ræðir í 5.–9. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

b. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skal við ákvörðun auðlegðarskattsstofns telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eftir að það hefur verið leiðrétt með tilliti til markaðsverðs eignarhluta þess í skráðu félagi og hlutdeildar í skattalegu bókfærðu eigin fé annarra félaga.
c. Auðlegðarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og b-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði a-liðar. Auðlegðarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.
d. Auðlegðarskatt skal miða við auðlegðarskattsstofn skattaðila í árslok.
e. Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Auðlegðarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna auðlegðarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. h-lið. Sama gildir um sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr. Auðlegðarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr., sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis, enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju.
f. Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.
g. Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. Ríkisskattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði h-liðar.
h. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 90.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 120.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,25%.
i. Allir þeir sem hafa auðlegðarskattsstofn sem er umfram þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í h-lið skulu gera grein fyrir honum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „1. gr. og 1.“ í 1. málsl. A-liðar kemur: og 2.
b. 2. málsl. A-liðar orðast svo: Enn fremur til tekjuskatts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi án nokkurs frádráttar, sbr. skatthlutföll í 3., 6., 7. og 8. tölul. 70. gr. þeirra laga.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. og 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera með eftirfarandi hætti:
   a. á tekjur á bilinu 0–200.000 kr. á mánuði 24,1% að viðbættu útsvari,
   b. á tekjur á bilinu 200.001–650.000 kr. á mánuði 27% að viðbættu útsvari,
   c. á tekjur yfir 650.000 kr. á mánuði 33% að viðbættu útsvari.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Útsvar í staðgreiðslu skal vera hið sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru skv. 2. og 3. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga að viðbættu útsvari, sbr. 1. mgr. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru samkvæmt 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga og skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts þeirra aðila vera fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „launamanns“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sbr. 9. gr.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Launamanni sem starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda á sama launatímabili ber að upplýsa launagreiðendur um rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu, sbr. 9. gr. þannig að afdráttur verði með sem réttustum hætti.

29. gr.

Í stað orðsins „starfsbreyting“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: starfs- eða launabreyting.

30. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamaður sem starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda ber ábyrgð á að rétt innheimtuhlutfall verði ákvarðað við afdrátt staðgreiðslu.

31. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um launamenn sem starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda og hafa ekki sætt réttum afdrætti staðgreiðslu af launum skv. 9. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað „10%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 18%.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: skv. 1., 2., 4., 5. og 7. tölul.
b. Í stað „10%“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: 18%.

34. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um aðila skv. 1. og 2. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður af reikningum í innlánsstofnunum.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu, sbr. þó lokamálslið 1. tölul. 1. mgr.

36. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna bætist: óháð undirliggjandi verðmætum.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað „50.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 75.000 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað „15%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 18%.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

39. gr.

Í stað „2,21%“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3,81%.

VII. KAFLI
Gildistaka.
40. gr.

1. gr., a-liður 7. gr., 9.–10., 13., 19.–21., 25. og a-liður 33. gr. öðlast þegar gildi.

2.–6. gr., b- og c-liður 7. gr., 8., 11.–12., 14.–18., 22.–24., 26.–32. gr., b-liður 33. gr. og 34.–39. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar á sköttum 2009 og 2010.

Þær breytingar á sköttum sem gerðar voru á miðju yfirstandandi ári og þær tillögur sem liggja nú fyrir eru byggðar á þeirri almennu stefnumótun í skattamálum sem sett var fram í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem lögð var fram á Alþingi í lok júní sl. á 137. löggjafarþingi (126. mál). Í henni var fjallað um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem þátt í að endurreisa íslenskt efnahagslíf eftir þau áföll sem hrun bankanna o.fl. hafði leitt yfir það. Í þessari áætlun er almenn stefna fyrir tekjuöflun ríkisins sett fram sem hér segir:

„Breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu í löngu tímabili stöðugs hagvaxtar hafa dregið úr getu skattkerfisins til að afla tekna fyrir það stig almannaþjónustu sem byggt hefur verið upp á síðustu árum. Auk þess er ástæða til að laga skattkerfið að þörf fyrir aukinn félagslegan jöfnuð. Sú jöfnun má þó hvorki draga úr hvata til vinnu og greiðsluþátttöku sem flestra í samræmi við fjárhagslega getu né skaða tækifæri til hagvaxtar í framtíðinni.

Við tekjuöflunina þarf að hafa í huga þær breytingar sem gerðar verða á skattkerfinu styrki það til frambúðar og samræmist um leið þeim kröfum sem skilvirkt og réttlátt skattkerfi þarf að uppfylla svo sem:

- Að jafnræði sé í skattlagningu.
- Að skattbyrðin dreifist á skattborgarana með eins sanngjörnum hætti og unnt.
- Að skattlagningin hafi sem minnst áhrif á ákvarðanir aðila í hagkerfinu hvort sem litið er til fjárfestinga eða neyslu.
- Að skattkerfið sé einfalt og gagnsætt og falli vel að þeirri skattframkvæmd sem fyrir er.

Auk þess að uppfylla þessar kröfur eftir því sem unnt er æskilegt að skattkerfið þjóni einnig öðrum markmiðum svo sem:

- Að jafna tekjudreifingu í þjóðfélaginu.
- Að stuðla að félagslegum markmiðum og tryggja félagslegt öryggi.
- Að tryggja þjóðinni sem mesta hlutdeild í arði af auðlindum hennar.
- Að leiðrétta og vinna gegn markaðsbrestum, m.a. með notkun umhverfisskatta.
- Að styðja markmið stjórnvalda á sviði heilbrigðis- félags- og menningarmála.“

Tekjuöflunarþörf næstu ára er mjög mikil. Stafar það ekki síst af því að tekjustreymi til ríkissjóðs hefur dregist mjög saman í niðursveiflunni bæði vegna samdráttarins og ekki síður vegna þess að skattkerfið hafði verið lagað að því uppblásna hagkerfi sem var við lýði á síðustu árum. Kemur það nú fram í því að skatttekjur dragast mun meira saman en sem svarar til breytinga á undirliggjandi hagstærðum, svo sem veltu og launum, og skattbyrðin lækkar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum sem gerðar voru á árinu 2009 og þeim sem nú eru gerðar tillögur um fyrir komandi ár. Þær eru fyrstu skrefin en afgerandi við að móta nýtt skattkerfi á grundvelli þeirra markmiða og skilyrða sem að framan greinir.

Áhrif skattheimtu.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir, og m.a. kemur fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010, er brýn þörf á að afla ríkissjóði viðbótartekna. Halli á ríkissjóði á yfirstandandi ári verður samkvæmt áætlunum um 180 milljarðar kr. Sá halli ásamt öðrum skuldum sem bættust á ríkissjóð á síðasta ári hefur leitt til mikillar vaxtabyrði sem mun fara vaxandi á næstu árum ef ekki er gripið í taumana. Ríkisstjórnin hefur gripið til umfangsmikils niðurskurðar á öllum sviðum ríkisútgjalda sem þrátt fyrir það átak eru miklu hærri en áður var vegna þeirra miklu vaxtagreiðslna sem bæst hafa við og krepputengdra útgjalda, svo sem vegna atvinnuleysis. Aukin tekjuöflun er óhjákvæmileg til að unnt verði að draga úr fjárlagahallanum og koma á jafnvægi í ríkisfjármálum.

Nokkur umræða hefur verið um það í samfélaginu að unnt sé að fara aðrar leiðir en með niðurskurði útgjalda og aukinni tekjuöflun til þess að draga úr fjárlagahallanum, leiðir sem ekki komi niður á fjölskyldum og fyrirtækjum í landinu. Slíkar staðhæfingar eru villandi. Með ákvörðun ríkisútgjalda í fjárlögum hefur Alþingi ákveðið umfang samneyslu og tilfærslna í samfélaginu. Hluta af landsframleiðslunni er þannig ráðstafað en hinn hluti hennar er til ráðstöfunar fyrir einkaaðila hvort sem er til neyslu eða fjárfestingar. Meginhlutverk fjáröflunar ríkissjóðs er að sjá til þess að í höndum hvors aðila um sig, hins opinbera og einkaaðilanna, séu ráðstöfunartekjur sem samsvara þegar ákveðinni hlutdeild þeirra í landsframleiðslunni. Þegar til lengri tíma er litið verður þetta einungis gert með skattheimtu í einu eða öðru formi sem skerðir ráðstöfunarfé einkaaðila þótt til skemmri tíma sé unnt að ná jafnvægi með lántöku ríkisins hjá einkaaðilum sem dregur úr ráðstöfunarfé þeirra. Kenningar um að unnt sé að fjármagna útgjöld ríkissjóðs til langs tíma án þess að það skerði ráðstöfunarfé einkaaðila fá ekki staðist. Slíkt er unnt til skamms tíma en aðeins með lántökum sem valdið geta ójafnvægi í efnahagsmálum og leitt til verðbólgu.

Hugmyndir um skattlagningu eigna eða tekna lífeyrissjóðanna hafa komið fram. Eignir og tekjur lífeyrissjóðanna eru sá hluti landsframleiðslunnar sem lagður hefur verið til hliðar sem sparnaður og ætlaður er til neyslu á síðari árum. Með því að taka hluta hans til að fjármagna útgjöld ríkissjóðs er dregið úr sparnaði og þar með úr neyslu í framtíðinni. Þessi sparnaður er að jafnaði ekki geymdur óvirkur heldur er honum ráðstafað til fjárfestinga hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Sé sparnaðurinn skertur dregst ráðstöfunarfé þessara aðila saman. Efnahagsleg áhrif af þessu eru því hin sömu og af lántöku ríkisins hjá einkaaðilum. Helsti munurinn er sá að lántakan er ekki gerð á markaði þar sem lántakandi og lánveitandi komast að niðurstöðu um lánveitingu og lánsskilmála heldur er lánveitingin þvinguð fram með skyldu manna til að leggja fé í lífeyrissjóði og síðan upptöku hluta þess fjár í ríkissjóð.

Því hefur einnig verið haldið fram í þessu sambandi að með fjármögnun ríkisútgjalda með framangreindum hætti megi komast hjá meintum neikvæðum áhrifum skattheimtu á efnahags- og atvinnulíf, samdrætti í eftirspurn o.fl. Kenningar um slík áhrif skattheimtu eru að vísu á vafasömum grunni reistar eins og vikið verður að síðar. Burtséð frá því er það rétt að vænta mætti örvandi áhrifa á efnahagslíf af þeim aðgerðum sem um ræðir. Eins og bent hefur verið á eru þær í eðli sínu lántaka og eins og aðrar lántökur til að fjármagna útgjöld ríkissjóðs valda þær aukinni eftirspurn og auknum efnahagsumsvifum. Það er einnig rétt að við ríkjandi aðstæður er margt sem mælir með slíkri örvun hagkerfisins en þeim aðgerðum og þar með skuldasöfnun ríkissjóðs eru takmörk sett. Ef fjármögnun ríkisútgjalda með lántökum er fær leið og æskileg er svo annað mál hvort þvinguð upptaka lífeyrissparnaðar er æskilegri en lántaka með venjubundnum hætti.

Ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með sköttum hafa, þvert ofan í það sem oft er haldið fram, örvandi áhrif á hagkerfið, einkum þegar það einkennist af skorti á eftirspurn þótt þau áhrif séu minni en þegar um lántökur er að ræða. Sá misskilningur virðist algengur að skattheimta samfara útgjaldaaukningu dragi úr eftirspurn í hagkerfinu og leiði til samdráttar. Í reynd er því öfugt farið. Í stað þeirrar einkaneyslu sem dregst saman við skattlagninguna kemur eftirspurn frá ríkinu þegar fénu er ráðstafað. Þar sem skattlagningin mun að hluta til draga úr sparnaði hinna skattlögðu er líklegt að til skamms tíma verði þensla vegna útgjalda hins opinbera meiri en samdráttur einkaneyslunnar. Þessi áhrif eru byggð á fræðilegum kenningum og athuganir með þjóðhagslíkani, m.a. hér á landi, benda til þess að sambærileg hækkun skatta og lækkun útgjalda hafi mismunandi áhrif á tekjuafkomu ríkissjóðs og hagvöxt. Lækkun útgjalda hefur tilhneigingu til að lækka framleiðslustig og draga meira úr hagvexti en sambærileg hækkun skatta, a.m.k. þegar litið er til skamms tíma. Ástæðan er sú að aukning á útgjöldum ríkissjóðs eykur eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Kemur það m.a. fram í samneyslu og fjárfestingarútgjöldum hins opinbera í ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga en einnig í aukinni einkaneyslu vegna margfeldisáhrifa. Áhrif til lengri tíma litið eru ekki eins afgerandi og ráðast einnig meira af öðrum þáttum. Þegar horft er til þess að íslenskt efnahagslíf er í niðursveiflu og að lánsfjármögnun ríkissjóðs eru takmörk sett vegna skuldastöðu hans er skynsamlegt að beita skattahækkunum innan hóflegra marka til að draga úr halla ríkissjóðs þar sem þær hafa minni áhrif til að lækka landsframleiðslu og hagvöxt þegar til skemmri tíma er litið en niðurskurður útgjalda af sömu stærðargráðu.

Umfang skattheimtu.

Skattheimta hins opinbera á Íslandi hefur aukist mikið á undanförnum árum og hefur fylgt aukningu ríkisútgjalda sem einnig hafa hækkað. Samkvæmt skýrslu OECD um tekjur hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, í aðildarríkjunum (Revenue Statistics, 24/11/2009) er Ísland í 9. efsta sæti aðildarríkjanna með tekjur hins opinbera sem 40,9% af VLF. Þar kemur einnig fram að þetta hlutfall hefur frá 1995 hækkað um 9,7% sem er meira en í nokkru öðru aðildarríki OECD. Skýrsla OECD ber einnig með sér að flest ríkin hafa orðið fyrir tekjutapi vegna kreppunnar sem kemur fram í nokkurri lækkun þessa hlutfalls 2008. Er lækkunin á Íslandi áætluð 4,8% af VLF sem er til muna meira en í öðrum ríkjum OECD.

Skattar sem hlutfall vergrar landsframleiðslu.

	1975	1985	1990	1995	2000	2006	2007	2008 Áætlað
Kanada	32,0	32,5	35,9	35,6	35,6	33,5	33,3	32,2
Mexíkó		15,5	15,8	15,2	16,9	18,3	18,0	21,1
BNA	25,6	25,6	27,3	27,9	29,9	28,2	28,3	26,9
Ástralía	25,9	28,3	28,5	28,8	31,1	30,6	30,8	n.a
Japan	20,8	27,4	29,1	26,8	27,0	28,0	28,3	n.a
Kórea	14,5	15,7	18,1	18,6	22,6	25,0	26,5	26,6
Nýja Sjáland	28,7	31,3	37,4	36,6	33,6	36,6	35,7	34,5
Austurríki[1]	36,6	40,8	39,7	41,4	43,2	41,8	42,3	42,9
Belgía	39,5	44,4	42,0	43,6	44,9	44,4	43,9	44,3
Tékkland				37,5	35,3	37,1	37,4	36,6
Danmörk [1]	38,4	46,1	46,5	48,8	49,4	49,6	48,7	48,3
Finnland	36,5	39,7	43,5	45,7	47,2	43,5	43,0	42,8
Frakkland [1]	35,4	42,8	42,0	42,9	44,4	44,0	43,5	43,1
Þýskaland [2]	34,3	36,1	34,8	37,2	37,2	35,6	36,2	36,4
Grikkland	19,4	25,5	26,2	28,9	34,0	31,2	32,0	31,3
Ungverjaland				41,3	38,0	37,1	39,5	40,1
Ísland	30,0	28,2	30,9	31,2	37,2	41,5	40,9	36,0
Írland	28,8	34,7	33,1	32,5	31,3	31,7	30,8	28,3
Ítalía	25,4	33,6	37,8	40,1	42,3	42,3	43,5	43,2
Lúxemborg	32,8	39,4	35,7	37,1	39,1	35,8	36,5	38,3
Holland[4]	40,7	42,4	42,9	41,5	39,7	38,9	37,5	n.a
Noregur	39,2	42,6	41,0	40,9	42,6	44,0	43,6	42,1
Pólland				36,2	32,8	34,0	34,9	n.a
Portúgal	19,7	25,2	27,7	32,1	34,1	35,5	36,4	36,5
Slóvakía					34,1	29,4	29,4	29,3
Spánn[1]	18,4	27,6	32,5	32,1	34,2	36,7	37,2	33,0
Svíþjóð	41,2	47,4	52,2	47,5	51,8	49,0	48,3	47,1
Sviss	23,9	25,5	25,8	27,7	30,0	29,3	28,9	29,4
Tyrkland	11,9	11,5	14,9	16,8	24,2	24,5	23,7	23,5
Bretland	34,9	37,0	35,5	34,0	36,4	36,6	36,1	35,7
Óvegin meðaltöl								
OECD alls	29,4	32,6	33,7	34,7	36,0	35,8	35,8	n.a
OECD Ameríkuríki	28,8	24,5	26,3	26,2	27,5	26,7	26,5	26,7
OECD Kyrrahafsríki	22,5	25,7	28,3	27,7	28,6	30,0	30,4	n.a
OECD Evrópuríki	30,9	35,3	36,0	37,1	38,4	38,0	38,0	n.a
EU 19	32,1	37,5	38,1	38,9	39,4	38,6	38,8	n.a
EU 15	32,1	37,5	38,1	39,0	40,6	39,8	39,7	n.a

n.a upplýsingar vantar.

1. Skatttekjur lækkaðar um óinnheimta skatta.

2. Sameinað Þýskaland frá 1991.

3. Áætlun OECD.

4. Vanmat á tekjum sveitarfélaga 2007.

Tekjur ríkissjóðs á árunum 2005–2007 voru um 35% af vergri landsframleiðslu, þar af voru skattar 30–31% en ríkissjóður aflaði tekna sinna að mestu leyti með álagningu skatta. Voru þeir 85–90% tekna ríkissjóðs en afgangurinn er aðrar tekjur og vaxtatekjur. Beinir skattar á þessum árum voru um 14% af VLF en óbeinir skattar 16–17% eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

Tekjur ríkissjóðs 2005–2010, % af VLF.

	Beinir skattar	Óbeinir skattar	Skattar alls	Aðrar tekjur	Vaxtatekjur	Samtals
2005	13,8	17,5	31,3	3,3	0,7	35,3
2006	14,3	17,1	31,4	2,5	1,4	35,3
2007	14,1	16,4	30,5	2,6	1,8	34,9
2008	14,8	13,2	28,0	1,1	2,9	32,0
2009	11,8	11,9	23,7	0,7	3,1	27,5
2010	13,5	12,3	25,8	0,7	2,3	28,8

Taflan sýnir áhrif bankahrunsins á tekjuöflun ríkissjóðs þar sem tekjur hans eru áætlaðar um 27,5% af VLF 2009 og hafa þá lækkað um 7–8% frá því sem var á árunum fyrir hrun. Skatttekjur 2009 eru áætlaðar um 23,7% VLF í stað um 31% á árunum 2005–2007. Mismunurinn er 7% sem svarar til um 105 milljarða kr.

Í töflunni er einnig sýnd áætluð skattheimta 2010 samkvæmt þeim áformuðu skattabreytingum sem kynntar hafa verið. Samkvæmt því munu skattar á árinu 2010 án annarra tekna og vaxtatekna verða um 25,8% af VLF. Til samanburðar má nefna að á árunum 2005–2007 var sambærileg tala 30–31%. Vantar því enn rúmlega 4–5% af VLF eða jafngildi yfir 60–75 milljarða kr. á það að skattbyrði nái því stigi sem hún var í á árunum 2005–2007.

Í þeim tillögum sem gerðar eru um breytingar á tekjuöflun ríkisins felast breytingar á beinum sköttum og óbeinum sköttum en einnig eru tekin upp og lögð aukin áhersla á umhverfis- og auðlindagjöld. Eftirfarandi stöplarit sýnir þróun helstu skatttegunda sem hlutfall af VLF á undanförnum árum. Eins og þar má sjá er skattbyrði í heild og skattbyrði vegna stóru skattaflokkanna, þ.e. tekjuskatts og skatts á vöru og þjónustu, lægri en verið hefur á undanförnum árum og verður, þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar eru tillögur um, aðeins lítið eitt hærri en skattbyrðin var á yfirstandandi ári. Tryggingagjald hækkar verulega sem skýrist af stórauknu atvinnuleysi. Eignarskattar hækka eitthvað vegna tilkomu auðlegðarskatts en eru þó lægri en þeir voru fyrir fáum árum. Með tilkomu nýrra skatta á orku og kolefni má segja að umhverfis- og auðlindagjöld hafi komist á blað. Eftirfarandi stöplarit sýnir áætlaðar skatttekjur 2010 sem hlutfall af VLF í samanburði við sambærilegar tölur fyrri ára:



Í frumvarpi þessu er fjallað um þann hluta skattabreytinganna sem felast í breytingum á beinum sköttum, þ.e. tekjuskatt, eignarskatt og tryggingagjald.

Tekjuskattar einstaklinga.

Tekjuskattar hér á landi eru almennur tekjuskattur einstaklinga (að meðtöldu útsvari), fjármagnstekjuskattur og tekjuskattur félaga. Tekjuskattar að meðtöldu útsvari hafa verið stærsti tekjustofn opinberra aðila. Hvað ríkið varðar hafa þeir verið vaxandi hlutdeild af tekjum ríkissjóðs og var hlutur þeirra á árinu 2008 um 38,5% af tekjum ríkisins alls. Sem hlutfall af VLF var hlutur beinna skatta til ríkisins á árunum 2005–2007 um 14% af VLF. Á árinu 2009 er áætlað að þetta hlutfall fari niður í um 11,5% af VLF. Lækkunin er því um 2,5% af VLF eða sem svarar um 40 milljörðum kr. Tryggingagjald er innifalið í þessum tölum en þar sem það hefur fylgt breytingu launa stafar lækkunin að mestu frá tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja.

Tekjuskattar einstaklinga eru hinn almenni tekjuskattur og útsvar sem lagt er á laun, lífeyri o.fl., svo og fjármagnstekjuskattur. Breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga og tekjuþróun síðustu áratuga hefur orðið til þess að auka skattbyrði af tekjuskatti þegar hún er mæld sem hlutfall af heildartekjum. Frá 1993 hefur þetta hlutfall aukist frá því að vera rúm 17% í 21–22% á árunum 2001–2007 eða að jafnaði um 4–5 prósentustig eins og eftirfarandi tafla ber með sér. Það er athyglisvert að þessi aukning skattbyrði hefur orðið þrátt fyrir að skatthlutföll hafi verið lækkuð og sérstakur hátekjuskattur verið lagður af.

Tekjuskattar sem hlutfall af heildartekjum einstaklinga álagningarárin 1993–2007. Tekjur og skattar í milljörðum kr.

Álagn-ingarár	Launa-tekjur o.fl.	Fjármagns-tekjur	Heildar-tekjur	Almennur teku-skattur	Sérstakur teku-skattur	Útsvar til sveitar-félaga	Fjármagns-teku-skattur	Teku-skattar samtals	Teku-skattar sem % af heildar-launum
1993	226,9	6,3	233,2	24,1	0,0	16,0		40,1	17,2
1994	229,5	6,2	235,7	27,7	0,4	16,1		44,3	18,8
1995	239,7	4,8	244,5	26,0	0,5	20,4		46,9	19,2
1996	253,4	5,6	259,0	27,6	0,4	21,5		49,4	19,1
1997	276,2	7,6	283,8	32,3	0,4	23,1	0,1	56,0	19,7
1998	297,5	14,0	311,5	28,5	0,5	32,6	1,3	63,0	20,2
1999	339,2	14,9	354,1	33,9	0,9	37,3	1,4	73,6	20,8
2000	377,2	24,9	402,1	38,3	1,2	42,3	2,4	84,2	20,9
2001	419,9	32,9	452,8	44,7	1,5	47,1	3,2	96,5	21,3
2002	463,8	41,6	505,4	51,2	1,4	55,1	4,1	111,8	22,1
2003	495,7	45,9	541,6	54,4	1,7	59,0	4,5	119,6	22,1
2004	520,0	63,9	583,9	57,4	1,3	61,9	6,3	126,9	21,7
2005	565,9	74,6	640,5	65,8	1,4	67,6	7,4	142,1	22,2
2006	625,7	120,0	745,7	70,5	1,0	75,6	11,9	159,0	21,3
2007	705,2	159,8	865,0	81,9	0,0	88,8	16,3	187,0	21,6

Heimild: Fjármálaráðuneytið 2008, íslenska skattkerfið.

Samhliða hækkun meðalskatthlutfalls hefur innbyrðis dreifing skattbyrði breyst mjög mikið eins og eftirfarandi tafla um samanburð tekna, skatta og skatthlutfalla eftir tekjubilum á árunum 1993 og 2005 sýnir.

Má lesa út úr töflunni að 1993 hafi u.þ.b. 15% tekjulægstu hjóna verið undir skattleysismörkum eða fengið hærri bætur úr skattkerfinu (barnabætur, vaxtabætur) en sköttum þeirra nam. Á árinu 2005 voru aðeins um 5% hjóna án nettóskattgreiðslna. Skattbyrði tekjulægsta fjórðungs hjóna hækkaði um meira en 10% á milli þessara ára á meðan skattbyrðin hjá tekjuhæsta fjórðungnum hækkaði um innan við 2% og lækkaði reyndar verulega hjá 10% tekjuhæsta hópsins. Hækkun skattbyrði á þessu árabili þýddi þó ekki að kjör rýrnuðu þar sem mikil tekjuaukning varð á tímabilinu.

Meðalskatthlutföll eftir tekjubilum hjá hjónum og öðru sambúðarfólki tekjuárin 1993 og 2005. Heildartekjur og -laun hvers tekjuhóps í milljónum kr.

					Skatthlutföll					
	1993		2005		Heildarlaun		Heildartekjur		Breyting	
Tekjubil	Heildar-laun	Heildar-tekjur	Heildar-laun	Heildar-tekjur	1993	2005	1993	2005	Heildar-laun	Heildar-tekjur
0-5	2.022	2.163	4.677	5.545	-7,8	-4,0	-12,5	-2,5	3,9	10,0
5-10	3.228	3.347	7.501	8.294	-5,3	6,5	-6,1	7,6	11,8	13,6
10-15	3.677	3.801	8.747	9.653	-3,3	10,1	-3,0	10,6	13,4	13,5
15-20	4.086	4.224	10.038	11.036	0,8	12,3	0,9	12,4	11,5	11,5
20-25	4.520	4.650	11.434	12.428	4,3	14,2	4,1	14,4	9,9	10,3
25-30	4.944	5.070	12.784	13.760	7,3	15,9	7,5	16,3	8,6	8,7
30-35	5.352	5.466	14.062	15.020	10,1	17,8	9,8	17,9	7,7	8,0
35-40	5.755	5.864	14.996	15.928	12,3	19,1	12,2	19,3	6,8	7,1
40-45	6.147	6.257	16.040	16.994	14,5	20,2	14,3	20,3	5,7	5,9
45-50	6.548	6.658	17.093	18.087	16,4	21,4	16,2	21,3	5,0	5,1
50-55	6.949	7.060	18.152	19.207	18,2	22,4	17,7	22,2	4,2	4,5
55-60	7.367	7.481	19.255	20.414	19,5	23,2	19,0	23,2	3,8	4,1
60-65	7.821	7.947	20.430	21.708	20,5	24,1	20,2	23,9	3,6	3,7
65-70	8.245	8.374	21.701	23.104	21,7	24,9	21,4	24,5	3,2	3,1
70-75	8.712	8.847	23.092	24.704	22,8	25,5	22,6	25,0	2,7	2,4
75-80	9.331	9.481	24.706	26.606	24,1	26,1	23,7	25,5	2,1	1,7
80-85	10.099	10.280	26.687	29.098	25,2	26,9	24,9	26,2	1,6	1,3
85-90	11.140	11.357	29.399	32.804	26,9	27,9	26,4	26,5	0,9	0,1
90-95	12.711	13.029	33.819	39.736	29,0	29,0	28,3	26,7	-0,1	-1,6
95-100	18.112	19.631	51.896	115.903	35,2	31,5	32,9	17,8	-3,7	-15,1
Samtals	146.764	150.987	386.509	480.027	20,0	23,6	19,4	20,9	3,6	1,5

Heimild: Fjármálaráðuneytið 2008, íslenska skattkerfið.

Meginorsök þessarar þróunar, auk tiltölulega lítilla breytinga á persónuafslætti, er lág skattlagning fjármagnstekna. Hlutdeild þeirra í tekjum einstaklinga hefur vaxið stöðugt frá því að vera innan við 5% heildartekna fyrir árið 2000 í að vera nærri 20% síðustu árin. Ástæðan er aukning peningalegra eigna og samþjöppun þeirra á fáar hendur.

Breytingar á tekjusköttum einstaklinga 2009–2010.

Á miðju þessu ári voru þær breytingar gerðar að lagður var viðbótarskattur á almennar tekjur og fjármagnstekjur yfir tilteknum mörkum en þess jafnframt getið að breytingar þessar væru tímabundnar og að þær yrðu felldar inn í víðtækari breytingar sem ætlað væri að taka gildi um næstu áramót. Enn fremur var lagður afdráttarskattur á vaxtatekjur úr landi en þær höfðu einar tekna erlendra aðila verið skattfrjálsar.

Með breytingunum nú eru gerðar tillögur um veigamiklar breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga. Meginbreytingin er sú að tekin er upp álagning með stighækkandi skatthlutföllum sem kallað hefur verið þrepakerfi. Eins konar tveggja þrepa kerfi hefur verið notað hér á þeim tíma sem sérstakur tekjuskattur var lagður á en hann var að formi til tímabundinn og aldrei felldur að almennri skattframkvæmd, svo sem staðgreiðslu. Með breytingunum nú er lagður grunnur að sveigjanlegri skattlagningu þar sem unnt er að stýra dreifingu skattlagningar betur en áður var og ná fram stígandi skattlagningu eftir því sem sanngjarnt þykir. Með eins þreps kerfi eins og verið hefur er í reynd nær eingöngu hægt að stýra dreifingu skattbyrði milli lágra tekna og miðlungstekna. Mismunur á skattbyrði miðlungstekna og hárra tekna verður hins vegar óverulegur og ekki hægt að hafa veruleg áhrif þar á.

Í hinu nýja kerfi eru þrjú þrep. Hið lægsta þeirra er fyrir lágar tekjur, undir 200.000 kr. á mánuði. Næsta þrep tekur til tekna frá því marki að 650.000 kr. á mánuði sem er verulega yfir meðaltekjum og þriðja þrepið nær til tekna yfir því marki. Allir, sama hvar í þrepi lenda, munu njóta hækkunar á skattleysismörkum og óbreytts skatthlutfalls á tekjur sínar að því marki sem tekjur þeirra falla í lægri skattþrep.

Vegna tekjuþarfar ríkissjóðs sem er mikil sem stendur reyndist ekki unnt að þessu sinni að lækka fyrsta skattþrepið eins og æskilegt hefði verið. Hins vegar tókst að halda skatthlutfalli á lægstu tekjur óbreyttu á meðan skatthlutfall á aðrar tekjur hækkar. Kerfi það sem tekið er upp er sveigjanlegt og standa vonir til þess að þegar betur árar verði unnt að ganga lengra í þessum efnum og lækka skatthlutfall á lægstu tekjur.

Á eftirfarandi línuriti er sýndar þær breytingar sem orðið hafa á álagningarreglum um skatt á launatekjur og almennar tekjur frá því að núverandi skattkerfi var tekið upp samhliða staðgreiðslu skatta 1988. Auk áranna 1988, 1998 og 2008 sem tekin eru til samanburðar nær samanburðurinn einnig til þess álagningarkerfis sem lagt er til í frumvarpi þessu að tekið verði upp. Í línuritinu, sem miðað er við hjón með jafna tekjuskiptingu, er persónuafsláttur hvers árs færður til verðlags 2009 miðað við vísitölu vöruverðs og sýnir það meðalskatt eftir tekjubilum sem og þá breytingu sem orðið hefur í hverju tilviki frá 1988, þ.e. mismun á meðalskatthlutfalli þá og á viðkomandi samanburðarári.



Línuritið sýnir glöggt þá hækkun sem orðið hefur á tekjuöflun með tekjuskatti einstaklinga frá 1988 þegar meðalskattur alls var um 15% launatekna og til síðustu ára að þetta hlutfall hefur verið um 24% en ástæðan er sú að línurnar sem sýna hlutföll síðari ára eru langt yfir upphaflegu línunni á öllum launabilum. Í öðru lagi má lesa úr línunum þá þróun sem varð aðallega uppúr aldamótunum að meðalskatthlutföll í efri hluta skalans lækkuðu, einkum vegna afnáms sérstaka tekjuskattsins, sem var í hámarki 1998. Að lokum má sjá að tillaga frumvarpsins snýr þessari þróun við. Meðalskatthlutfallið lækkar aðeins neðst í tekjuskal-

anum en hækkar þegar ofar dregur þótt hækkun þess nægi ekki til að ná því hlutfalli sem var 1998 þegar sérstakur tekjuskattur var sem hæstur.

Línuritið sýnir einnig þær breytingar til hækkunar sem orðið hafa á skatthlutfallinu frá því sem upphaflega var ákveðið 1988. Meðal annars sést glöggt að það kerfi sem lagt er til í frumvarpinu dreifir aukningu skattheimtu með tekjusköttum frá 1988 þar til nú tiltölulega jafnt yfir tekjuskalann í stað þess að leggja meiri þunga á lágar og miðlungstekjur eins og reyndin var 2008.

Sjómannaafsláttur.

Sjómannaafsláttur hefur lengi verið umdeildur og gagnrýni á hann hefur aukist á undanförnum árum af ýmsum ástæðum. Forsendur fyrir honum hafa breyst mjög frá því sem upphaflega var og erfitt að rökstyðja hann gagnvart ýmsum hópum sem að einhverju leyti eru í sambærilegri stöðu eða starfa við sambærilegar aðstæður. Þá hafa vaknað spurningar um sjómannaafsláttinn með tilliti til samkeppnisstöðu og ríkisaðstoðar við atvinnurekstur.

Rök fyrir sjómannaafslætti á sínum tíma voru m.a. langar fjarvistir frá heimili, slæmar vinnuaðstæður og þörf á sérstökum vinnufatnaði. Öll þessi atriði hafa breyst eða dregið hefur úr gildi þeirra í samanburði við aðra launþega. Stór hluti þeirra sem nú fá afsláttinn stunda vinnu fjarri heimili sínu en hið sama gildir um fjölda starfsstétta án þess að það sé bætt með skattfé. Vinnuaðstæður hafa gjörbreyst frá því sem áður tíðkaðist og eru í engu líkar því sem áður tíðkaðist auk þess sem hlífðarfatnaður er lagður til af vinnuveitanda.

Sjómannaafsláttur hefur á stundum tengst kjaramálum sjómanna og hefur verið til hans litið við ákvörðun á kjörum þeirra. Slík afskipti ríkisins af kjörum einstakra starfsstétta heyra nú sögunni til og er eðlilegt að þau ráðist í samskiptum launþega og vinnuveitenda. Þá er eðlilegt að hver atvinnugrein beri launakostnað af starfseminni þar sem annað veldur misræmi á kostnaði og óhagkvæmni. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að þær starfsstéttir sem njóta mests af afslættinum eru meðal þeirra best launuðu á sjó og landi. Hluti af þeim störfum sem nú eru unnin á sjó (á frystitogurum o.fl.) voru áður unnin í landi án þess að því fylgdi nokkur skattaívilnun. Sambærileg störf eru einnig unnin í landi og felst því mismunun í sjómannaafslættinum milli fólks eftir vinnustað.

Fjöldi þeirra sem njóta sjómannaafsláttar er nú rúmlega 6.000 manns. Hefur þeim farið fækkandi frá því að núverandi kerfi var tekið upp en um 10.000 manns fengu sjómannaafslátt á fyrstu árum tíunda áratugarins. Laun þeirra sem fá sjómannaafslátt hafa á síðustu árum hækkað verulega í samanburði við almenna þróun launa. Samkvæmt skattframtölum hækkuðu meðallaun þeirra sem fengu sjómannaafslátt um tæp 55% frá 2006 til 2008 en þeim sem afsláttinn fengu fækkaði um nærri 15%. Á sama tíma hækkuðu meðallaun framteljenda almennt um tæplega 30%. Hækkun þessi skýrist að hluta af gengisþróun sem hafði jákvæð áhrif á laun sjómanna og má því reikna með að hún hafi haldið áfram fram á þetta ár og verði viðvarandi.

Erfitt hefur reynst að ná samstöðu um afnám sjómannaafsláttar þótt flestir viðurkenni takmarkaðan tilverurétt hans. Ætla má að nú séu líkur á breiðri samstöðu um breytingar í þessu efni. Sjómenn eru meðal fámennra hópa sem fengið hafa verulegar kjarabætur í kreppunni sem er að ganga yfir og útgerðin er meðal þeirra atvinnugreina þar sem gengisfall krónunnar styrkir rekstrargrundvöllinn og fiskverð hefur verið hagstætt á mörkuðum. Almennur hljómgrunnur er fyrir því að skattkerfið stuðli að jöfnuði og þegar nauðsynlegt er að hækka skatttekjur er eðlilegt að byrja á að fella brott ívilnanir sem fela í sér mismunun.

Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu lagt til að sjómannaafsláttinn verði afnuminn þannig að viðkomandi aðilum verði gefinn góður aðlögunartími til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að þær geti gengið yfir án skyndilegra raskana á högum þeirra. Er lagt til að afslátturinn verði látinn fjara út á fjórum árum frá og með tekjuárinu 2011. Hann lækki því um 25% af því sem hann er nú á hverju áranna 2011–2013.

Fjármagnstekjur einstaklinga.

Fjármagnstekjur hafa verið vaxandi þáttur í tekjum einstaklinga. Stafar það af því að peningalegar eignir hafa aukist. Að hluta hefur sá vöxtur byggst á tilflutningi tekna úr launatekjum í fjármagnstekjur sem hefur orðið auðveldari og skattalega eftirsóknarverðari á síðari árum. Fjármagnstekjuskattur sem lengst af hefur verið 10% og þar með langtum lægri en víðast er annars staðar var hækkaður í 15% frá 1. júlí sl. en er nú hækkaður í 18%. Jafnframt eru 100.000 kr. vaxtatekna einstaklinga undanþegnar skattinum. Fólk með vaxtatekjur undir þeim mörkum af launareikningum o.s.frv. mun því ekki borga skatt af þeim og vegna frítekjumarksins verður fjármagnstekjuskattur að jafnaði lægri en 18%.

Tekjuskattar félaga.

Núverandi skattlagning á hagnað félaga hefur haft í för með sér vandamál af ýmsum toga. Samvirk skattlagning félaga og arðs leiðir til þess að tekjur einstaklinga af atvinnurekstri skattleggjast með 23,5% skatti í samanburði við allt að 36% skatt á launatekjur og rekstrarhagnað einstaklinga með rekstur. Þetta samrýmist illa jafnræði í skattlagningu og hefur leitt til umtalsverðrar tekjuhliðrunar. Með hækkun á skattlagningu arðs, sbr. hér að framan, dregur nokkuð úr þessu misræmi en ef losna á við það þarf einnig að koma til hækkun á skatthlutfalli félaga. Aðrar ástæður mæla einnig með slíkri hækkun enda er það svo að nær öll lönd skattleggja rekstrarhagnað og arð til mikilla muna meira en gert er hér á landi.

Skattlagning hagnaðar og arðs 2007.

	Fyrirtæki	Arður	Alls
Ísland	18,0	10,0	26,2
Danmörk	28,0	43,0	59,0
Finnland	26,0	28,0	40,5
Noregur	28,0	28,0	48,2
Svíþjóð	28,0	30,0	49,6
Bretland	30,0	32,5	47,5
OECD meðaltal	28,4	30,5	43,8

Heimild: OECD Tax data, tafla II.4.

Tafla þessi sýnir að Ísland skattleggur hagnað af atvinnurekstri mikið vægar en sambærileg lönd. Samanlögð skattlagning hagnaðar í félaginu og þegar hann er tekinn út sem arður er nú 23,5% hér á landi en nærri 44% að meðaltali í OECD-ríkjunum og milli 40 og 50% annars staðar á Norðurlöndum. Þau rök hafa verið færð fyrir lækkun skatthlutfalls félaga að með því aukist líkur á að erlendir aðilar fjárfesti hér. Þau rök eiga sér ekki einhlítar fræðilegar forsendur enda hefur reynslan ekki verið sú. Erlend fjárfesting, önnur en í álverum með

ívilnandi milligöngu ríkisins, hefur verið lítil en fjárfesting íslenskra aðila erlendis hefur aukist.

Lág skattlagning félaga hefur mikil áhrif á tekjur landsins af starfsemi félaga hér á landi sem eru í eigu erlendra aðila. Tekjuskattar slíkra félaga eru oft einn helsti efnahagslegi ávinningur landsins af beinni erlendri fjárfestingu, einkum í starfsemi sem ekki er mannaflsfrek eins og áliðnaður og önnur orkufrek starfsemi. Lágur tekjuskattur á slík félög felur einnig í sér afsal landsins á hlutdeild í hagnaði og virðisauka sem myndast hér á landi og líklega einnig í arði af náttúruauðlindum landsins.

Skatthlutfall félaga er að þessu sinni einungis hækkað úr 15% í 18% og verður enn til mikilla muna lægra en í flestum öðrum löndum. Aðstæður í efnahagslífi og atvinnustarfsemi eru með þeim hætti að ekki þykir ráðlegt að ganga lengra auk þess sem fjárfestingarsamningar sem gerðir hafa verið við erlend stóriðjufyrirtæki koma í veg fyrir að lengra sé gengið að sinni án þess að mismuna innlendum aðilum gagnvart erlendum.

Auðlegðarskattur.

Í ljósi þeirrar miklu eignatilfærslu sem orðið hefur á undanförnum árum og samþjöppunar á eignarhaldi hefur verið til skoðunar að taka upp skatt á hreina eign, en þá með mjög háu fríeignarmarki fyrir einstaklinga. Samkvæmt framtölum vegna álagningar 2009 áttu 1.400 hjón hreina eign yfir 120 millj. kr. samtals að fjárhæð um 208 milljarðar kr. eða að meðaltali um 270 millj. kr. á hjón. Þessi 2,2% hjóna áttu um fjórðung hreinnar eignar í landinu samkvæmt framtölum einstaklinga.

Augljóst má telja að þeir aðilar sem safnað hafa miklum eignum á undanförnum árum hafa notið þess að skattar á fjármagnstekjur hafa verið lágir auk annarra hagstæðra skattareglna. Hafa þeir notið lækkandi skattlagningar á meðan allur almenningur hefur axlað þyngri byrðar. Meðal annars af þeim sökum þykir ekki óeðlilegt að við þær aðstæður sem nú eru verði skattbyrði þessa hóps aukin nokkuð frá því sem áður var.

Með frumvarpinu er gerð sú tillaga að upp verði tekinn sérstakur auðlegðarskattur næstu þrjú ár að fjárhæð 1,25% á nettóeign umfram 90 millj. kr. hjá einhleypingum og umfram 120 millj. kr. hjá hjónum.

Tryggingagjald.

Tryggingagjald er í eðli sínu ígildi skatts á launatekjur einstaklinga. Er það til muna lægra hér á landi en í flestum öðrum löndum en á móti kemur að lögboðið iðgjald í lífeyrissjóð er hátt hér á landi. Hluti tryggingagjaldsins rennur til atvinnuleysistrygginga og hefur verið breytilegt eftir því sem þörf er á. Ljóst er að núverandi gjald dugir ekki til og því nauðsynlegt að hækka það a.m.k. tímabundið til að fjármagna atvinnuleysisbætur í yfirstandandi niðursveiflu þegar búist er við atvinnuleysi af stærðargráðunni 5–9% í nokkur ár.

Tryggingagjaldið var hækkað um 1,66% 1. júlí sl. og er nú gert ráð fyrir hækkun um 1,6% til viðbótar. Má gera ráð fyrir að með þeirri hækkun verði atvinnutryggingarsjóði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar án annarrar fjármögnunar.

Önnur ákvæði frumvarpsins.

Auk framangreindra ákvæða frumvarpsins eru í því nokkrar breytingar sem fyrst og fremst miða að bættri skattframkvæmd en hafa sum jafnfram einhver tekjuáhrif.

Gerðar eru tillögur um breytingar sem snerta einkahlutafélög og miða að því að draga úr misræmi á skattlagningu tekna úr þeim og annarra tekna. Helsta breytingin, auk framan-

greindra breytinga á skatthlutföllum lögaðila og arði, er að draga úr hættu á því að launatekjur séu færðar í búning fjármagnstekna. Er það gert með því að ákveða að ef arðsúthlutun fer umfram 20% ávöxtun á eigin fé hlutafélags skuli það sem úthlutað er umfram þau mörk skattlagt sem launatekjur.

Sett er hámark á þá fjárhæð sem launagreiðandi getur greitt sem framlag í lífeyrissjóð fyrir launþega eða sjálfan sig án þess að það verði talið til launatekna hjá viðkomandi. Er fjárhæðin það rúm að hún á ekki að snerta eðlilegar greiðslur af þessu tagi auk þess sem slíkar greiðslur samkvæmt kjarasamningum verða ekki snertar. Tilefni þessara breytinga er m.a. að á undanförnum árum hefur allmikið borið á því að mjög háar fjárhæðir hafa verið greiddar inn í lífeyrissjóði, einkum séreignasjóði, vegna einstakra manna. Þar sem inneign í séreignarsjóðum er úttektarhæf við 60 ára aldur er hér fremur um að ræða almennt sparnaðarform sem ekki er eðlilegt að njóti skattalegrar ívilnunar umfram annan almennan sparnað.

Nokkur ákvæði eru í frumvarpinu sem snerta skattfrelsi arðs á milli félaga og söluhagnaðar félaga. Tilgangur þeirra er einkum sá að koma í veg fyrir óeðlilega uppsöfnun á yfirfæranlegu tapi sem myndast við það að gjaldfæra má vaxtakostnað sem stofnað hefur verið til vegna kaupa á hlutabréfum þótt arður af þeim og söluhagnaður vegna þeirra myndi ekki skattskyldar tekjur. Samrýmist það illa meginreglu skattalaga í þessum efnum. Tillagan gerir ráð fyrir að til þess að arður og söluhagnaður sé frádráttarbær frá skattskyldum tekjum verði eignarhald á viðkomandi félagi að hafa verið a.m.k. 10% og að áður en það kemur til verði yfirfæranlegt tap að vera jafnað. Í þessu efni er m.a. tekið mið af evrópskum reglum um skattlagningu arðs á milli félaga sem kveða á um skattleysi þeirra ef eignarhald er meira en 10%.

Aðrar breytingar frumvarpsins lúta að því að breyta ýmsum framkvæmdaratriðum tekjuskattslaganna, svo og að gera þær breytingar á lögum um staðgreiðslu sem nauðsynlegar eru vegna breyttra skattareglna. Eru þær ekki umfangsmiklar en einhverjar breytingar kunna að verða nauðsynlegar á tölvukerfum staðgreiðslu. Breytingar á þeim kerfum eru einnig nauðsynlegar af öðrum ástæðum en þau eru að heita má óbreytt frá upphafi hennar 1988. Þá er gert ráð fyrir að útgáfa reglna um reiknað endurgjald og skattmat verði flutt til embættis ríkisskattstjóra eins og var áður en að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. Jafnframt mun ríkisskattstjóri alfarið sjá um útgáfu bindandi álita.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðalag í 8. tölul. 3. gr. verði skýrt frekar. Vafi hefur þótt leika á um hvernig skilja beri hvaða vextir það eru sem falla undir undanþágu tengda vaxtagreiðslum Seðlabanka Íslands. Ákvæðið á eingöngu við um þá vexti sem Seðlabanki Íslands greiðir af sínum eigin skuldbindingum en ekki þegar hann hefur milligöngu um greiðslu vaxta, t.a.m. fyrir ríkissjóð.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu eru ekki lagðar til efnisbreytingar. Um er að ræða umorðun á óskýru orðalagi gildandi ákvæðis þar sem auk þess er kveðið á um að heimilt verði að miða við stöðu innlánsreiknings í upphafi og lok árs í stað meðaltals innan ársins, sem reynst hefur erfitt í framkvæmd.

Um 3. gr.

Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun á einkahlutafélögum, meðal annars um rekstur sem áður var almennt stundaður í eigin nafni viðkomandi rekstraraðila. Brögð hafa verið að því að launagreiðslum til ráðandi aðila hafi verið haldið í lágmarki á sama tíma og greiddur hefur verið verulegur arður úr félögunum. Þessi aðferð við úttekt úr rekstri hefur skapað óeðlilegt misræmi í skattlagningu heildartekna á milli rekstrarforma og haft þannig áhrif á ráðstöfunartekjur eigenda rekstrar, auk þess að skerða tekjur sveitarfélaga. Af þessum sökum er lögð til einföld breyting á skattlagningu á úthlutuðum heimilum arði ef úthlutunin fer yfir tiltekin mörk. Fari heimil arðsúthlutun þannig samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags telst það sem umfram er til helminga laun og arður, þegar móttakanda hans ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 58. gr. laganna. Sá hluti arðs sem fara ber með sem laun myndar stofn til tryggingagjalds í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald. Ekki þykir óvarlegt að miða við fyrrgreint hlutfall þegar litið er til eðlilegrar ávöxtunar á eigin fé. Engin breyting verður á skattlagningu arðs sem óheimilt er að úthluta samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Þá hefur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein ekki áhrif á réttilega ákvörðuð reiknuð laun samkvæmt viðmiðunarreglum þar um.

Um 4. gr.

Ávinningur af afleiðusamningum hefur verið skattlagður sem vaxtatekjur án tillits til undirliggjandi verðmæta, t.d. hvort sem um hefur verið að ræða kaffi, gull eða gjaldmiðla. Meðferð afleiðusamninga eins og um hlutabréf sé að ræða er úr takt við þetta og því er þessi breyting lögð til.

Um 5. gr.

Gildandi ákvæði 28. gr. kveður á um takmörk á því hversu hátt framlag launagreiðanda getur verið til tryggingar á lífeyrisréttindum án þess að til komi skattlagning hjá launþega. Ákvæði þetta sem upphaflega var sett til þess að setja skorður við mjög háum greiðslum er flókið og erfitt í framkvæmd. Lagt er til að einfalda ákvæðið og miða við tiltekna fjárhæð í þessu sambandi, hvort heldur launagreiðandi greiðir til öflunar skyldubundinna réttinda launþega eða séreignar, en þó þannig að ef kveðið er á um tilteknar greiðslur í kjarasamningum stéttarfélaga komi ekki til skattlagningar hjá launþega við efndir á þeim skuldbindingum.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi að tekjur úr veiðifélögum verði ávallt skattlagðar sem fjármagnstekjur utan rekstrar. Fyrirkomulagið hefur verið gagnrýnt enda hefur hvorki verið unnt að nýta beinan kostnað á móti tekjum né tap af rekstri. Þannig eru dæmi um að rekstraraðilar hafi þurft að greiða fjármagnstekjuskatt vegna þessara tekna án nokkurs frádráttar á sama tíma og þeir hafa átt ónotað tap af rekstri sínum.

Um 7. gr.

Í 9. tölul. og 9. tölul. a er fjallað um frádráttarheimild íslenskra félaga og félaga á Evrópska efnahagssvæðinu vegna móttekinna arðgreiðslna og söluhagnaðar hlutabréfa. Sviss er ekki aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og samkvæmt orðanna hljóðan gildir því umrædd heimild ekki um félög sem heimilisföst eru í Sviss. Sviss er aðili að Frí-

verslunarsamtökum Evrópu (EFTA) þar sem löndin hafa skuldbundið sig til að veita hvert öðru ekki lakari meðferð en þau veita innlendum félögum eða fyrirtækjum. Þannig er Ísland að brjóta gegn samningsskuldbindingum sínum með því að veita svissneskum félögum lakari rétt á Íslandi en íslenskum félögum og félögum sem heimilisföst eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er því lögð til sú leiðrétting á ákvæðum 9. tölul. og 9. tölul. a 31. gr. að ákvæðin gildi einnig um félög sem heimilisföst eru í aðildarríkjum stofnsamnings EFTA.

Í tilskipun Evrópusambandsins um móður- og dótturfélög (90/435/EBE) frá 23. júlí, sbr. breytingu sem gerð var 2003 (2003/123/EB) er kveðið á um að arður sem greiddur er á milli lögaðila skuli ekki sæta skattlagningu þegar eignarhaldið er 10% eða meira. Þykir rétt að samræmi sé hér á.

Lagt er til að bætt verði við skilyrði til frádráttar söluhagnaðar af hlutabréfum þannig að til að njóta frádráttar verði seljandi hlutabréfanna að hafa átt að minnsta kosti 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi. Rökrétt þykir að sams konar skilyrði séu fyrir frádrætti vegna söluhagnaðar hlutabréfa og arðsfrádráttar, sbr. framanritað um breytingar á 9. tölul.

Um 8. gr.

Það er ein af meginreglum tekjuskattslaga að til þess að kostnaður heimilist til frádráttar skattskyldum rekstrartekjum þurfi hann að uppfylla þau skilyrði að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Þannig þurfa vaxtagjöld að vera af skuldum sem tengjast rekstrinum með því að þær eru lagðar á reksturinn eða til þeirra er stofnað með það fyrir augum að kaupa eignir sem nýttar eru til tekjuöflunar í rekstrinum.

Í kringum árið 2000 hófust hér á landi fyrirtækjakaup í stórum stíl sem gengu undir nafninu skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni. Stofnuð voru fjárfestingarfélög með miklum skuldum og litlu eigin fé í þeim tilgangi að kaupa upp hlutafé í álitlegum rekstrarfyrirtækjum. Þegar kaupin höfðu farið fram og hluthafar rekstrarfélagsins fengið söluandvirðið í sínar hendur sameinuðu nýju eigendurnir fjárfestingarfélagið og rekstrarfélagið undir nafni þess síðarnefnda. Þetta þýddi í raun að skuldir fjárfestingarfélagsins fluttust inn í rekstrarfélagið án þess að nokkur eign kæmi á móti. Þannig fengu fyrri hluthafarnir sem keyptir voru út söluverðið greitt út í gegnum skuldsetningu á rekstrarfélaginu samhliða því að hluthafar fjárfestingarfélagsins fengu beina eignaraðild að rekstrarfélaginu. Vaxtagjöld rekstrarfélagsins eftir þennan samruna eru því tilkomin vegna fjármögnunar á þessum viðskiptum. Rekstrarfélaginu hefur þannig með þessari fléttu verið gert að greiða stóran hluta kaupverðsins á sjálfu sér, þ.e. upphafleg lán fjárfestingarfélagsins og vexti af þeim, en það er andstætt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 2. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Skoða má þetta ferli á eftirfarandi mynd:



Mynd 1 sýnir efnahagsreikning rekstrarfyrirtækisins A sem er samansettur úr svörtum, hvítum og gráum flötum. Svarti flöturinn táknar eignahliðina, hvíti flöturinn eigið fé og grái flöturinn skuldir.

Mynd 2 sýnir á sambærilegan hátt efnahagsreikning fyrirtækisins B sem hefur keypt allt hlutafé í A. Í eignahlið B er eignarhluturinn í A táknaður með röndóttum fleti en eigið fé í skuldahlið með hvítum fleti og skuldir með gráum fleti eins og hjá A. Þar sem röndótti flöturinn hjá B er tvöfalt stærri en hvíti flöturinn hjá A hefur B keypt hlutafé í A á verði sem er tvöfalt bókfært eigið fé A. Tekið skal fram að kaupverðið hefur runnið, í formi peninga, til fyrrverandi hluthafa A en kemur ekki inn í félögin A eða B.

Mynd 3 sýnir svo upphafsaðgerðir við samruna A og B þar sem úr verður félagið AB. Þá hafa efnahagsreikningar félaganna verið lagðir saman. Þegar hér er komið sögu kemur upp ákveðið vandamál. Þar sem B lagði ekki fram neinar eignir nema eignarhlutinn í A á félagið AB orðið allt hlutafé í sjálfu sér. Það er óheimilt samkvæmt lögum og við því þarf að bregðast eins og fram kemur í næsta skrefi.

Mynd 4 sýnir það sem raunverulega gerðist með kaupunum og samrunanum. Félagið AB hefur nú tekið burt röndótta eignarhlutann í sjálfu sér þar sem færsla hans er óheimil. Það þarf auðvitað að lækka skuldahliðina um sömu fjárhæð því að debet og kredit verða að standast á. Ekki er hægt að eyða út skuldum og því verður lækkunin öll að koma fram á eigin fé. Þetta er gert með einfaldri millifærslu – debet á hvíta flötinn og kredit á röndótta flötinn. Eigið fé AB er þar með allt horfið þannig að það sem eftir stendur af hinu sameinaða félagi AB er gamla félagið A, með sömu eignir og áður, en nú er búið að skuldsetja það um sem nemur gráa fletinum úr B. Mynd 4 sýnir að það sem raunverulega gerðist var að engar eignir komu inn í AB við samrunann, bara skuldir.

Mynd 5 er lokahnykkur ferlisins. Þá hefur viðskiptavild og eigin fé verið bætt ofan á efnahagsreikninginn sem sýndur var á mynd 4 með einfaldri millifærslu – debet viðskiptavild, röndótti flöturinn, og kredit eigið fé, hvíti flöturinn. Venjulega er við það miðað að færa kaupverð hlutabréfanna í A (röndótti flöturinn hjá B) að frádregnu bókfærðu eigin fé A (hvíti flöturinn í A) sem viðskiptavild og lyfta eigin fé upp um sömu fjárhæð. Þar með er kominn sá efnahagsreikningur sem t.d. fjárfestum væri boðinn til kaups ef félagið væri sett á markað.

Aðferðir af þessu tagi þekktust í Bandaríkjunum upp úr 1980 og leiddu þar til fjölda stórra gjaldþrota vegna skuldsetningar í atvinnulífinu. Skuldsetning atvinnulífsins hér á landi hefur verið gríðarlega mikil á undanförnum árum og er stór þáttur í þeim mikla efnahagsvanda sem þjóðin glímir nú við. Á nánast hverjum degi fréttist af því að bankarnir séu að taka fyrirtæki yfir vegna þess að þau hafa verið yfirskuldsett, oftar en ekki með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Boginn var spenntur til hins ýtrasta og fyrirtækin skuldsett að þolmörkum. Ef ekki vegna kaupa og öfugs samruna þá til að greiða hluthöfum út arð.

Það hefur verið afstaða skattyfirvalda að vextir af skuldum sem stofnað er til í þeim tilgangi að yfirtaka fyrirtæki með framangreindum hætti, þ.e. að fyrirtækin sjálf fjármagni kaup hluthafanna eða beinar úttektir þeirra úr fyrirtækjunum, séu ekki frádráttarbærir frá tekjum þar sem þeir uppfylli ekki þau grundvallarskilyrði sem um er fjallað hér að framan. Því hefur á hinn bóginn oft verið haldið fram að það sem ekki er beinlínis bannað með beinum lagaákvæðum hljóti að vera heimilt. Í ljósi þessa þykir rétt að taka af öll tvímæli um að annars vegar sé hlutafélagi ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum kostnað við að kaupa félagið sjálft og hins vegar verður ekki dreginn frá skattskyldum tekjum kostnaður sem fellur til vegna ófrádráttarbærra greiðslna, eins og vaxtagjöld af lánum sem stofnað er til við úthlutun arðs.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu eru ekki lagðar til efnisbreytingar. Um er að ræða umorðun á óskýru orðalagi gildandi ákvæðis þar sem áður var gert ráð fyrir að upphafsfélaginu yrði slitið. Við fyrri breytingu þar sem horfið var frá því að slíta fyrst upphafsfélagi við skiptingu var orðalagi þó ekki breytt til samræmis. Þar sem fallið hefur verið frá því skilyrði að slíta þurfi upphafsfélaginu til þess að hluthafinn njóti þess skattahagræðis sem í ákvæðinu felst er umrædd orðalagsbreyting lögð til.

Um 10. gr.

Í 4. mgr. 57. gr. a laganna er kveðið á um að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um þau félög, sjóði eða stofnanir sem njóta verndar tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki enda eru tekjurnar ekki að meginstofni til eignatekjur. Rétt þykir að hið sama eigi við um ríki sem Ísland hefur gert aðra alþjóðasamninga við sem hafa að geyma ákvæði um upplýsingaskipti en svo virðist sem við setningu laga nr. 46/2009 hafi þessi tilvísun fallið niður. Að sama skapi hefur fallið niður tilvísun til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja.

Um 11. gr.

Lagt er til að ríkisskattstjóri setji viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald sem fjármálaráðherra staðfesti. Þá er lagt til að tekinn verði af allur vafi um það að reiknað endurgjald samkvæmt árlegum viðmiðunarreglum er miðað við almenn mánaðarlaun án hlunninda og er þannig lágmarksfjárhæð. Þannig skal t.d. tekjufæra bifreiðahlunnindi til viðbótar reiknuðu endurgjaldi samkvæmt viðmiðunarreglum en óheimilt er að lækka þær lágmarksfjárhæðir sem hlunnindunum nemur.

Enn fremur eru tekin af tvímæli um að þegar arðgreiðslur skal telja til launa skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr. er eigi heimilt að lækka lágmarksviðmiðun reiknaðs endurgjalds sem þeim nemur.

Um 12. gr.

Heimilt hefur verið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að miða tekjuuppgjör við innborganir vegna seldrar þjónustu í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu. Einungis hefur verið miðað við selda þjónustu í þröngum skilningi. Ákvæðið hefur þannig snúið að fámennum hópi og því falið í sér ákveðna mismunun. Þá hafa viðskiptahættir breyst verulega og ákvæðið er barn síns tíma. Er því lagt til að umrædd heimild til tekjudreifingar verði felld niður. Við þessa breytingu var nauðsynlegt að umorða þann hluta sem snýr að dreifingu tekna þeirra sem framleiða og selja eigin verk, svo sem listaverk.

Um 13. gr.

Um er að ræða umorðun á 1. mgr. ákvæðisins í þá veru að í stað þess að mælt sé fyrir um skyldu til þess að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verði kveðið á um að umsókn skuli tekin til afgreiðslu. Orðalag þetta er meira í samræmi við þær matskenndu ákvarðanir sem um ræðir. Þá er lagt til að kveðið verði á um að heimilt sé að taka til afgreiðslu umsókn sem berst eftir álagningu þótt almenna reglan sé sú að umsóknir berist með skattframtölum og um þær sé fjallað í tengslum við álagningu opinberra gjalda. Ákvörðun ríkisskattstjóra um ívilnun eða synjun er endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Um 14. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lagður verði á þrepaskiptur tekjuskattur með þeim hætti sem greinir í 1.–4. tölul. a-liðar. Að meginstefnu til miðast þrepaskiptingin við tekjur einstaklings. Þegar skattaðilar eru samskattaðir skal við álagningu opinberra gjalda taka tillit til þess hvort tekjuskattsstofn annars er undir 7.800.000 kr. og hins yfir sömu fjárhæð. Þannig skal við ákvörðun tekjuskatts hins tekjuhærri taka tillit til þess ef tekjuskattsstofn hins tekjulægri er undir 7.800.000 kr., þó að tilteknu hámarki. Eftirfarandi eru dæmi til skýringar.

Dæmi 1

Skattaðili 1	Skattaðili 2
Tekjuskattsstofn 9.000.000 kr.	Tekjuskattsstofn 6.000.000 kr.
Af fyrstu 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur	Af fyrstu 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur
Af næstu 5.400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Af 3.600.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur
Af næstu 900.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Skattaðili 2 á 1.800.000 kr. „ónýttar“ í þrepi II
Af því sem eftir stendur, 300.000 kr., reiknast 33% tekjuskattur	Helmingur af „ónýttu“ þrepi II yfirfærist til skattaðila 1

Dæmi 2

Skattaðili 1	Skattaðili 2
Tekjuskattsstofn 10.500.000 kr.	Tekjuskattsstofn 0 kr.
Af fyrstu 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur	Enginn tekjuskattur
Af næstu 5.400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Enginn tekjuskattur
Af næstu 2.700.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Skattaðili 2 á 5.400.000 kr. „ónýttar“ í þrepi II
	Helmingur af „ónýttu“ þrepi II yfirfærist til skattaðila 1

Dæmi 3

Skattaðili 1	Skattaðili 2
Tekjuskattsstofn 9.000.000 kr	Tekjuskattsstofn 2.800.000 kr.
Af fyrstu 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur	Af fyrstu 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur
Af næstu 5.400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Af næstu 400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur
Af næstu 1.200.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Skattaðili 2 á 5.000.000 kr. „ónýttar“ í þrepi II
	Helmingur af „ónýttu“ þrepi II yfirfærist til skattaðila 1, þó aldrei hærra en nemur því sem tekjuskattsstofn hans er umfram 7.800.000 kr.

Tilfærsla á milli skattþrepa hjá hinum tekjuhærri, sbr. framangreind dæmi, getur aldrei orðið hærri en þær tekjur sem ella skattlegðust í hæsta þrepi. Hafi hvorugur samskattaðra skattaðila tekjuskattsstofn yfir 7.800.000 kr. kemur ekki til tilfærslu á milli skattþrepa. Þá er ekki tekið tillit til þessarar tilfærslu á staðgreiðsluári heldur reiknast hún eingöngu í álagningu.

Gert er ráð fyrir að skattur á fjármagnstekjur hækki í 18%. Þó er gert ráð fyrir því að frítekjumark vaxtatekna hjá einstaklingum verði 100.000 kr. þannig að ekki leggist skattur á þær vaxtatekjur. Ekki skal taka tillit til frítekjumarks í staðgreiðslu heldur einungis við álagningu opinberra gjalda. Jafnframt skal ekki leggja tekjuskatt á 30% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði.

Um 15. gr.

Hér lagt til að 2.000 kr. hækkun á persónuafslætti sem kveðið er á um í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða XXII verði fellt inn í meginmál laganna. Jafnframt er lagt til að framangreindur töluliður bráðabirgðaákvæðisins verði felldur úr gildi, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að hækkun persónuafsláttar í samræmi við vísitölu neysluverðs verði afnumin.

Enn fremur er lögð til breyting á því hlutfalli sem heimilt er að nýta af ónýttum persónuafslætti upp í álagðan skatt á fjármagnstekjur í samræmi við þær breytingar á skatthlutföllum sem lagðar eru til í 14. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skal greiða hærri barnabætur til einstæðra foreldra. Skilyrði þess eru að foreldri eða framfærandi sé hvorki skráður í sambúð né megi skrá í sambúð hjá Þjóðskrá. Þau tilvik hafa komið upp þar sem framfærendur og/eða foreldrar barns uppfylla ekki skráningu í sambúð þar eð ekki hefur verið formlega slitið fyrri hjúskaparstöðu, svo sem með lögskilnaði áður en sambúð er hafin með nýjum maka. Við þessar aðstæður skapast millibilsástand þar sem í skattalegu tilliti verður að líta á foreldri eða framfæranda í sambúð sem einstætt foreldri sem þó er ekki raunin. Til þess að binda enda á útgreiðslur hærri barnabóta við slíkar aðstæður er lagt til að skattstjóra verði heimilt á grundvelli fyrirliggjandi gagna að miða ákvörðun barnabóta við stöðu framfæranda sem í sambúð væri.

Auk þess er lagt til að tekjuskattsstofn til skerðingar tekjutengdum barnabótum verði samræmdur tekjuskattsstofni til skerðingar vaxtabótum. Vextir ásamt öðrum fjármagnstekjum teljist þannig til tekjuskattsstofns í þessu sambandi.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæði 70. gr. verði algjörlega endurskoðað. Verði breytingin að lögum verður samræmi á milli skattskylduákvæða sem talin eru upp í níu töluliðum í 3. gr. laganna og tölulíða í 70. gr. Á þannig að vera auðvelt að sjá hvaða skatthlutfall er í gildi fyrir þá aðila sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu. Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á skattlagningu þeirra sem bera skattskyldu skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laganna að öðru leyti en því að skatthlutfall þeirra tekur mið af þeim breytingum sem verða á tekjuskattshlutfalli, sbr. breytingar á 66. gr. laganna. Helstu breytingar sem lagðar eru til á skatthlutfalli og skattstofni þeirra sem bera skattskyldu skv. 3.–8. tölul. 3. gr. eru að kveðið verður skýrar á um hvort skattur skuli reiknast af brúttó- eða nettótekjum. Er þannig gert ráð fyrir að tekjur skv. 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. sæti brúttóskattlagningu í hendi viðtakanda og ekki skipti þá máli hvort um sé að ræða einstaklinga eða lögaðila. Hið sama á við um einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 5. tölul. 3. gr. laganna. Afdregin staðgreiðsla vegna tekna skv. 3., 6., 7. og 8. tölul. verður þannig fullnaðargreiðsla tekjuskatts þessara aðila án þess að fara þurfi fram frekari álagning. Gert er ráð fyrir brúttóskattlagningu umræddra tekna hjá lögaðilum óháð félagaformi og því lagt til að skatthlutfall og þar með staðgreiðsluhlutfall þeirra verði lægra en hjá innlendum lögaðilum enda ekki um neinn rekstrarkostnaðarfrádrátt að ræða. Þykir það fela í sér einföldun og mikið hagræði jafnt fyrir skattyfirvöld og þá aðila sem standa þurfa skil á staðgreiðslu vegna þessara tekna

Um 18. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, hækki úr 15% í 18%. Þá er lögð til samsvarandi hækkun á tekjuskatti lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr., eins og sameignar- og samlagsfélög, úr 23,5% í 32,7%. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010.

Enn fremur er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna af fengnum arði hækki í samræmi við almenna hækkun skatts á fjármagnstekjur úr 10% í 18%. Hið sama á við um lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt tilteknum ákvæðum 4. gr.

Um 19. gr.

Fjöldi þeirra rekstraraðila sem standa skil á skattframtali með rafrænum hætti hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er nú svo komið að meiri hluti rekstraraðila skilar skattframtölum með þessum hætti. Í dag er kveðið svo á um að ríkisskattstjóra sé heimilt að leyfa rekstraraðilum skil á rafrænu formi. Með þeim breytingum sem lagðar eru til er tekið stórt skref í átt að því að búa svo um að allir rekstraraðilar skuli skila á rafrænu formi.

Um 20. gr.

Með ákvæðinu eru ekki lagðar til efnisbreytingar heldur eingöngu verið að færa orðalag til nútímans.

Um 21. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. gildandi tekjuskattslaga er ríkisskattstjóra heimilt að taka upp ákvarðanir skattstjóra telji hann ástæðu til. Ákvarðanir þessar lúta annars vegar að því að taka upp álagningu til hækkunar og hins vegar lækkunar að beiðni gjaldanda enda sé tilefni

til, t.d. þar sem ný gögn hafi borist að lokinni almennri álagningu og kærufrestir liðnir. Nauðsynlegt er með hliðsjón af þskj. 251 á yfirstandandi löggjafarþingi (226. máli, um sameiningu skattumdæma), að gera breytingu til samræmis. Ástæða þykir til að áfram verði heimilt að taka upp álagningu að beiðni gjaldanda þegar almennur kærufrestur og kærufrestur til yfirskattanefndar er liðinn enda sé það gert innan hæfilegra tímamarka og hagsmunir gjaldanda séu ekki óverulegir samkvæmt hlutlægu mati ríkisskattstjóra. Rétt þykir að setja sömu tímamörk í þessu sambandi og gilda um endurákvörðun til hækkunar skv. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga. Hafni ríkisskattstjóri slíku erindi gjaldanda er sú ákvörðun endanleg en breytingar sæta kæru til yfirskattanefndar svo sem gildandi réttur mælir fyrir um.

Um 22. gr.

Lagt er til að ríkisskattstjóri setji skattmatsreglur sem fjármálaráðherra staðfesti.

Um 23. gr.

Með breytingu þessari er útgáfa bindandi álita færð á eina hendi, þ.e. til ríkisskattstjóra, í stað þess að fjármálaráðherra hafi haft með höndum afmarkaðan þátt þess verkefnis. Er þetta til einföldunar og hagræðis.

Um 24. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða XXII verði fellt úr gildi enda hefur efni þess að hluta til verið fellt inn í meginmál laganna, sbr. ákvæði 15. gr. þessa frumvarps. Með hliðsjón af fyrirhugaðri frekari endurskoðun á tekjuskattskerfinu þykir ekki rétt að fyrir fram séu lögbundnar stakstæðar breytingar á því.

Um 25. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að sjómannaafsláttur verði felldur niður í áföngum frá og með tekjuárinu 2011.

Með ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum verði óheimil út árið 2010.

Með ákvæði til bráðabirgða III er lagt til að ákvæði til bráðabirgða XXVII verði framlengt vegna ákvörðunar vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

Með ákvæði til bráðabirgða IV er lagt til að við álagningu árið 2010, 2011 og 2012 verði lagður á tímabundinn auðlegðarskattur á eignir manna að frádregnum skuldum sem eru yfir 90.000.000 kr. í tilviki einstaklings og 120.000.000 kr. hjá hjónum eða samsköttuðum sambúðaraðilum. Samkvæmt gildandi ákvæði 5. tölul. 73. gr. tekjuskattslaga skal telja hlutabréf til eignar á nafnverði. Nafnverð endurspeglar mjög illa raunvirði eignarinnar. Er því lagt til að frá þessari meginreglu verði vikið að því er varðar ákvörðun auðlegðarskattsstofns þannig að tekið verði mið af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Sé hlutabréfaeign í félagi sem skráð er í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal miða við markaðsverðmæti í lok viðmiðunarárs. Ef um er að ræða hlutabréfaeign í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal miða við hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags. Gert er ráð fyrir að framteljendur geri grein fyrir eign sinni í hlutafélögum og einkahlutafélögum með framangreindum hætti, enda séu heildareignir þeirra þannig metnar umfram fyrrgreind fjárhæðarmörk. Sitji eftirlifandi maki í óskiptu búi verða fjárhæðarmörk við útreikning á þessum skatti miðuð við hjón eða samskattað sambýlisfólk í fimm ár frá andlátsári og vara mest út gildistíma ákvæðisins enda hafi hann ekki hafið sambúð að nýju.

Um 26. gr.

Í a-lið ákvæðisins er ekki verið að leggja til efnisbreytingu, enda taka lög um staðgreiðslu opinberra gjalda til tekjuskatts þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 2. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga. Breytingin er eingöngu tilkomin vegna b-liðar 26. gr. frumvarpsins.

Í b-lið ákvæðisins er verið að aðlaga orðalag þess að breytingum á 70. gr. tekjuskattslaga, sbr. 18. gr. frumvarpsins, þannig að skýrt sé kveðið á um að staðgreiðsla samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda taki til tekna sem skattskyldar eru skv. 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga án nokkurs frádráttar. Þannig verði um brúttóskattlagningu að ræða og að staðgreiðslu eigi að halda eftir af heildartekjunum. Sjá nánar athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Breytingar þessar eru í samræmi við þrepaskiptan tekjuskatt, sbr. 14. gr. frumvarpsins og athugasemdir um hana. Staðgreiðsla er í eðli sínu bráðabirgðagreiðsla og endanleg ákvörðun tekjuskatts og útsvars fer fram við álagningu hvort heldur er um að ræða einstaklinga eða samskattaða aðila. Engu síður er mikilvægt að afdráttur í staðgreiðslu sé með sem réttustum hætti. Jafnframt er kveðið skýrt á um það hver skuli vera staðgreiðslustofn þeirra sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu og að í þeim tilvikum sé um fullnaðargreiðslu skatts að ræða. Reglugerðarheimild er að finna í 41. gr. staðgreiðslulaga.

Um 28. gr.

Í a-lið er kveðið á um innheimtuhlutföll í staðgreiðslu.

Í b-lið er lagt til að launamanni verði gert að upplýsa launagreiðanda um það hvort hann starfi hjá fleiri en einum aðila og þá hvert rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu eigi að vera. Er þetta til að undirstrika mikilvægi þess að ákvörðun staðgreiðslu verði með sem réttustum hætti í upphafi svo ekki þurfi að koma til íþyngjandi leiðréttinga við álagningu opinberra gjalda.

Um 29. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endurgreiðslu á staðgreiðslu við tilteknar aðstæður og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Auk þeirra tilvika sem þegar eru tekin til viðmiðunar þykir rétt með tilliti til þess að staðgreiðsla verður nú þrepaskipt að heimila endurgreiðslu ef launamaður verður fyrir verulegri launabreytingu á staðgreiðsluári, t.d. vegna atvinnumissis, og að uppfylltum hinum almennu skilyrðum.

Um 30. gr.

Í því skyni að afdráttur staðgreiðslu verði sem réttastur er gert ráð fyrir að launamaður upplýsi launagreiðanda um það hvort hann starfi hjá fleiri en einum aðila og innheimtuhlutfall verði ákvarðað í samræmi við það. Að öðrum kosti er hætt við að afdráttur geti orðið í ósamræmi við heildartekjur launamanns á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til þess að staðgreiðsla sé verulega vangreidd leiðir það óhjákvæmilega til óhagræðis fyrir launamanninn og endurkröfu eftirstöðva við álagningu. Jafnframt er ekki unnt að gera launagreiðanda með öllu ábyrgan að þessu leyti ef hann fær ekki upplýsingar um rétt innheimtuhlutfall.

Um 31. gr.

Lagt er til að launamönnum sem starfað hafa hjá fleiri en einum launagreiðanda á staðgreiðsluárinu og ekki hafa sætt réttum afdrætti verði heimilað að greiða vangreidda staðgreiðslu af launum á sama hátt og af öðrum greiðslum. Er launþega þannig gert kleift að komast hjá greiðslu álags vegna þessa sem að öðrum kosti ákvarðast við álagningu.

Um 32. gr.

Með lögum nr. 70/2009 var fjármagnstekjuskattshlutfallið hækkað úr 10% í 15% vegna tekna sem féllu til frá 1. júlí 2009 til 31. desember sama ár að teknu tilliti til frítekjumarks hjá mönnum. Ákvæðið gerir ráð fyrir að staðgreiðsla tekjuskatts vegna fjármagnstekna hækki úr 10% í 18% vegna tekna sem falla til frá og með 1. janúar 2010. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2010.

Um 33. gr.

Við brottfall 1. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga láðist að gera samsvarandi breytingar á lögum um fjármagnstekjuskatt þannig að tilvísanir stæðust á og þannig hnikaðist til upptalning á þeim aðilum sem sæta skyldu afdrætti staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt upphaflegum lagatexta, þ.e. þeim aðilum sem greinir í 1., 2., 4., 5. og 7. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga.

Um 34. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að auk ríkissjóðs verði sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir, sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á, skilaskyld af vöxtum sem þau greiða samkvæmt lögunum. Að baki þessari breytingu liggja samræmissjónarmið, en við fyrri lagabreytingu láðist að fella þessa aðila undir ákvæðið.

Um 35. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að með innleystan gengishagnað af innlánsreikningum verði farið eins og aðrar vaxtatekjur af innstæðum, þ.e. dregin verði staðgreiðsla af hagnaði við úttekt af gjaldeyrisreikningi á sama hátt og lagt er til með innleyst hlutdeildarskírteini. Engin rök eru fyrir því að fara með þennan gengishagnað á innlánsreikningum á annan hátt en aðrar almennar vaxtatekjur.

Um 36. gr.

Í úrskurðar- og skattframkvæmd hefur ávinningur af hlutdeildarskírteinum almennt verið skattlagður sem vaxtatekjur án tillits til undirliggjandi verðmæta. Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að þeirri meginreglu verði fylgt við afdrátt staðgreiðslu þannig að fjármagnstekjuskattur reiknist miðað við mismun á kaup- og söluverði en brögð hafa verið að því að þeirri reglu hafi ekki verið fylgt.

Um 37. gr.

Lagt er til að grunngjald vegna beiðni um bindandi álit verði hækkað til samræmis við almennar verðhækkanir en gjaldið hefur ekki hækkað síðan árið 2002.

Um 38. gr.

Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til með 18. gr. frumvarpsins er hér lagt til að tekjuskattshlutfall þeirra lögaðila sem um ræðir hækki úr 15% í 18%.

Um 39. gr.

Lagt er til að sá hluti tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, atvinnutryggingagjald, verði hækkað úr 2,21% í 3,81% til að mæta auknum útgjöldum sjóðsins vegna atvinnuleysis.

Um 40. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum um tryggingagjald. Auk þess eru lagðar til breytingar á lögum um bindandi álit í skattamálum og lögum um skattlagningu kaupskipaútgerðar. Tilgangurinn með lagabreytingunum er að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við markmið áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum. Í þessu frumvarpi er verið að leggja til hluta af þeim breytingum á lögum um tekjuöflun ríkissjóðs sem ætlunin er að flytja þannig að ofangreind áform nái fram að ganga á næsta ári.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að tekinn verði upp þrepaskiptur tekjuskattur. Gert er ráð fyrir að þrepin verði þrjú og skiptist þannig að af fyrstu 2,4 m.kr. tekjum einstaklings greiðist 24,1% tekjuskattur, 27% tekjuskattur greiðist af næstu 5,4 m.kr. og 33% tekjuskattur af árstekjum umfram 7,8 m.kr. Þegar skattaðilar eru samskattaðir skal taka tillit til þess hvort tekjuskattsstofn annars er undir 7,8 m.kr. og hins yfir sömu fjárhæð. Þannig skal við ákvörðun tekjuskatts hins tekjuhærri taka tillit til þess ef tekjuskattsstofn hins tekjulægri er undir 7,8 m.kr. þó að tilteknu hámarki. Samhliða þessum breytingum er gert ráð fyrir að persónuafsláttur einstaklinga hækki um 2.000 kr. og að ákvæði laga um að afslátturinn fylgi vísitölu neysluverðs falli niður.

Í öðru lagi er lagt til að skattur á fjármagnstekjur hækki í 18% þó þannig að frítekjumark fyrir vaxtatekjur hjá einstaklingum verði 100.000 kr. þannig að ekki leggist skattur á þær vaxtatekjur. Auk þess er lagt til að 30% leigutekna manns af íbúðarhúsnæði verði undanþegin skattálagningu. Að samanlögðu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti verði 26,5 milljörðum kr. lægri en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lagt til að tekjuskattur lögaðila, þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, hækki úr 15% í 18%. Þá er lögð til samsvarandi hækkun á lögaðila í sameignar- og samlagsfélögum og verður tekjuskattur þessara aðila 32,7% í stað 23,5% eins og nú er. Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir að breytingin auki tekjur ríkissjóðs um 2,5 milljarða kr. og kemur fyrst til innheimtu við álagningu skatta árið 2011 vegna tekna ársins 2010.

Í fjórða lagi er lagt til að atvinnutryggingagjald hækki úr 2,21% í 3,81% eða um 1,6% og verði samtals 8,6%. Áætlað er að hækkun þessara gjalda hafi í för með sér árlegan tekjuauka fyrir ríkissjóð að fjárhæð 12 milljarðar kr.

Ákvæði frumvarpsins beinast einkum að þáttum sem varða tekjuhlið ríkissjóðs. Hins vegar mun hækkun á tryggingagjaldi auka útgjöld ríkissjóðs um tæpa 2,2 milljarða kr. vegna aukins launakostnaðar ríkisins sem launagreiðanda. Breytingar þær sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru þess eðlis að gera þarf talsverðar breytingar á innheimtukerfum ríkisins. Reiknað er með að gera þurfi breytingar á tölvukerfum skattkerfisins, auk auglýsinga- og kynningarefnis. Áætlanir gera ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þessa gæti orðið á bilinu 90–100 m.kr. Til viðbótar má, þegar frá líður, gera ráð fyrir að auka þurfi skatteftirlit vegna flóknara skattkerfis. Þessi kostnaðarliður hefur ekki verið metinn til fulls en fyrstu áætlanir gera ráð fyrir allt að sjö stöðugildum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóð verði 14,5 milljörðum kr. lægri en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2010. Að samanlögðu er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist um allt að 2,3 milljarða kr. í tengslum við þessar breytingar á skattkerfinu og breyttri samsetningu tekjuöflunar frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

293. Frumvarp til laga [257. mál]

um umhverfis- og auðlindaskatta.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu.

Fjárhæð kolefnisgjalds skal vera 2,90 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 3,10 kr. á hvern lítra af brennsluolíu.

Gjaldskyldir aðilar.

2. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, vinna að framleiðslu hennar eða setja saman, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Gjaldskyldum aðilum ber að standa skil á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu í tilviki innlendrar framleiðslu eða aðvinnslu.

Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

3. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu kolefnisgjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Ýmis ákvæði.

4. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi kolefnisgjald, skv. I. kafla laga þessara, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI

Skattur af raforku og heitu vatni.

5. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku og heitu vatni eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Fjárhæð skatts af raforku skal vera 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) af seldri raforku.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af raforku og heitu vatni við áætlaða sölu.

Skattskyldir aðilar.

6. gr.

Skattskyldan nær til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stigi viðskipta, þ.e. sölu til notenda, en notandi telst vera sá sem endurselur ekki raforku eða heitt vatn.

Skattskylda samkvæmt lögum þessum nær jafnframt til aðila sem framleiða raforku og/eða heitt vatn til eigin nota.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt þessari grein. Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en starfsemi hefst.

7. gr.

Til skattskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. Raforka eða heitt vatn sem afhent er öðrum skattskyldum aðila.
2. Raforka eða heitt vatn sem afhent er eða notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd vegna undanþágu frá greiðslu skatts af raforku og heitu vatni.

8. gr.

Skattskyldir aðilar skulu við sölu eða afhendingu á raforku eða heitu vatni gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Útgáfudagur.
2. Útgáfustaður.
3. Afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður.
4. Nafn og kennitala seljanda.
5. Nafn og kennitala kaupanda.
6. Magn, einingarverð og heildarverð á raforku eða heitu vatni.

Auk upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort skattur á vatnsorku og jarðvarmanotkun er lagður á og hver fjárhæð hans er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald.

Álagning.

9. gr.

Ríkisskattstjóri annast álagningu skatts af raforku og heitu vatni á þá aðila sem skráningarskyldir eru skv. 6. gr., vegna sölu þeirra og eigin nota á raforku eða heitu vatni.

Uppgjör og innheimta.

10. gr.

Skylda til að innheimta skatt af raforku og heitu vatni og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þeim aðilum sem selja raforku eða heitt vatn til endanlegra notenda, í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967.

Skattskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr. skulu greiða skatt af raforku og heitu vatni fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu og eigin notkun.

Við uppgjör skatts af raforku og heitu vatni má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti, sbr. 4. mgr. 5. gr., af raforku og heitu vatni sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

Uppgjörstímabil og skýrslur.

11. gr.

Uppgjörstímabil skatts af raforku og heitu vatni er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu yfir magn gjaldskyldrar raforku og heits vatns á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd varðandi skatt af raforku og heitu vatni, skv. II. kafla laga þessara, skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Skattur, sem lagður er á samkvæmt lögum þessum, myndar gjaldstofn til virðisaukaskatts.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Ákvæði 5.–12. gr. falla úr gildi 31. desember 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði annars vegar upp kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti og hins vegar að lagður verði skattur á sölu á raforku og heitu vatni.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að sérstakt kolefnisgjald verði lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti, þ.e. bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu (svartolíu). Kemur hið nýja gjald sem sjálfstæð viðbót við þau vörugjöld sem fyrir eru á dísilolíu og bensíni. Slíkan skatt má finna í flestum ríkjum Evrópu, þ.m.t. í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Gjaldtakan byggist á kolefnisinnihaldi hverrar tegundar eldsneytis fyrir sig og tekur mið af söluverði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB (EU ETS) eins og það hefur verið síðastliðið ár. Verð á losunarheimildum hefur verið um 13 evrur á hvert tonn CO_2 eða um 48 evrur á hvert tonn af kolefni, en í frumvarpinu er miðað við 4.000 kr. á hvert tonn af kolefni. Þar af leiðandi verður skatturinn hærri á dísilolíu en t.d. bensín þar sem kolefnisinnihald við bruna á einum lítra af dísilolíu er meira en á einum lítra af bensíni. Sama gildir um flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu (svartolíu).

Lagt er til að kolefnisgjaldið verði innheimt við tollafgreiðslu og tollstjóri sjái um álagningu og innheimtu og hafi með höndum eftirlit með greiðslu gjaldsins.

Árið 2008 var innflutningur fljótandi eldsneytis til landsins eftirfarandi og er miðað við að notkunin árið 2010 verði álíka fyrir utan það að nokkuð hefur dregið úr gasolíunotkun:

	Tonn	**Lítrar í millj.**	**Kolefnisgjald, kr.**	**Tekjur, m.kr.**
Bensín	151.949	201,0	2,60	523
Gasolía	356.245	421,1	2,90	1.221
Brennsluolía	94.174	109,5	3,10	339
Þotueldsneyti	146.569	183,2	2,70	495
Flugvélabensín	432	0,5	2,70	1
Samtals	**749.369**	**915**		**2.579**

Miðað við þær forsendur er því áætlað að kolefnisgjald komi til með að skila rúmlega 2,5 milljörðum kr. í ríkissjóð árlega. Reiknað er með að skattlagningin hafi 0,07% áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs.

I. kafli frumvarpsins er fyrsti liður í áætlun stjórnvalda um samræmingu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis með það markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minni losunar gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er fyrsta hluta þessarar áætlunar hrint í framkvæmd.

Stefnt er að því að næsta skref stjórnvalda verði í formi frumvarps til laga um breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti og bifreiðagjald, þar sem lagt verður til að skattlagning ökutækja verði byggð á losun á koltvísýringi. Jafnframt eru til skoðunar frekari breytingar á skattlagningu umferðar almennt í þá veru að meira tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að sérstakur skattur verði lagður á sölu á raforku og heitu vatni á síðasta stigi viðskipta, þ.e. til endanlegs notanda. Lagt er til að skatturinn nemi 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2% af smásöluverði á heitu vatni. Sá aðili sem selur raforkuna eða heita vatnið til endanlegs notanda yrði sá aðili sem innheimtir skattinn og skilar honum í ríkissjóð. Sömu aðilar skila í dag virðisaukaskatti til ríkissjóðs vegna sölu á raforku og heitu vatni og mundu í þessu sambandi gilda sams konar sjónarmið í framkvæmd og gilda um virðisaukaskatt.

Lagt er til að ríkisskattstjóri hafi eftirlit með því að hinir skattskyldu aðilar innheimti og skili skatti af þeirri raforku og heitu vatni sem þeir selja eða nota, með sama hætti og kveðið er á um í lögum um virðisaukaskatt.

Jafnframt er lagt til að skattskyldan nái einnig til aðila sem annast framleiðslu sína á raforku og heitu vatni sjálfir. Þeir eru í flestum tilvikum í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og mundi eftirlit í framkvæmd fara fram með sama hætti og á við um eftirlit með skilum á virðisaukaskatti. Að sama skapi nær skattskyldan til eigin nota á raforku og heitu vatni hinna skattskyldu aðila að því gefnu að sama raforkan eða sama heita vatnið sé ekki tvískattað.

Lagt er til að skattur verði ekki lagður á afhendingu á raforku eða heitu vatni þegar rafmagnið eða heita vatnið er selt öðrum skattskyldum aðila eða þegar heitt vatn eða raforka er afhent eða notað eingöngu til framleiðslu á heitu vatni eða raforku. Þessum ákvæðum er ætlað að koma í veg fyrir tvísköttun.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af skatti á raforku komi til með að nema tæpum 2 milljörðum kr. árlega sem skiptist á notendur sem hér segir:

	m. kr.
Heimili	85
Stóriðja	1.600
Landbúnaður og sjávarútvegur	15
Iðnaður, þjónusta o.fl.	185
Samtals:	**1.885**

Skattur af heitu vatni er talinn skila tæpum 200 millj. kr. á ári, en nánari skipting hans á notendur liggur ekki fyrir. Reiknað er með að umræddur skattur af raforku og heitu vatni hafi 0,04% áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er tekinn upp nýr skattur á fljótandi jarðefnaeldsneyti, kolefnisgjald, sem leggst á dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu (svartolíu) við innflutning. Er gjaldið lagt jafnt á litaða sem ólitaða dísilolíu. Greinin kveður á um að fjárhæð kolefnisgjaldsins skuli vera 2,90 kr. á hvern lítra af olíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 3,10 kr. á hvern lítra af brennsluolíu (svartolíu).

Um 2. gr.

Með greininni er kveðið á um hverjir séu gjaldskyldir aðilar í skilningi laganna. Er greinin efnislega samhljóða 18. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Með greininni er jafnframt lagt til að gjaldskyldum aðilum beri að standa skil á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til tollstjóri annist álagningu, innheimtu og eftirlit með greiðslu kolefnisgjalds. Auk þess er kveðið á um að gjaldið myndi stofn til virðisaukaskatts.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., að því er varðar gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðrar framkvæmdir varðandi kolefnisgjald gildi að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þessi atriði í lögunum og eftir því sem við getur átt.

Jafnframt er ráðherra með greininni veitt heimild til að setja nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 5. gr.

Með greininni er kveðið á um skyldu til greiðslu skatts af seldri raforku og heitu vatni. Lagt er til að skatturinn verði 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2,0% af tekjum vegna sölu á heitu vatni. Jafnframt er það lagt til að heimilt verði að miða innheimtu við áætlaða notkun notenda á raforku eða heitu vatni þar sem álestur af raforku- og heitavatnsmælum fer að jafnaði ekki fram nema einu sinni á ári.

Um 6. gr.

Með greininni er kveðið á um það hverjir séu skattskyldir aðilar í skilningi laganna. Samkvæmt greininni eru það allir þeir sem selja raforku og heitt vatn til notenda. Skatturinn leggst því ekki á sölu á raforku eða heitu vatni á milli framleiðanda eða dreifingaraðila eða á þá raforku sem tapast við flutning eða dreifingu heldur eingöngu á sölu til þess sem notar rafmagnið eða heita vatnið. Jafnframt er lagt til að skatturinn leggist á eigin notkun þeirra aðila sem selja eða framleiða rafmagn eða heitt vatn.

Auk þess er með greininni lagt til að ríkisskattstjóri haldi skrá yfir skattskylda aðila.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um í hvaða tilvikum sala eða afhending á raforku eða heitu vatni er undanþegin skattlagningunni. Er þar annars vegar um að ræða afhendingu til annars gjaldskylds aðila og hins vegar afhendingu eða eigin notkun til framleiðslu á heitu vatni eða raforku til endursölu. Jafnframt er með greininni kveðið á um reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að kveða á um skilyrði og framkvæmd vegna undanþágu frá greiðslu skattsins.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um upplýsingar sem þurfa að koma fram á reikningum vegna sölu eða afhendingar á rafmagni eða heitu vatni. Er meðal annars kveðið á um að koma þurfi fram

hvort skattur sé lagður á eður ei. Að öðru leyti gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um tilhögun bókhalds eftir því sem við getur átt, sbr. 12. gr.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni annast ríkisskattstjóri álagningu skatts af raforku og heitu vatni.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að skattur af rafmagni og heitu vatni greiðist fyrir hvert uppgjörstímabil, sbr. 11. gr. Jafnframt er með greininni lagt til að skattskyldir aðilar geti dregið frá skilum sínum fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti á raforku og heitt vatn sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð. Er þetta gert til þess að tryggja að skattskyldir aðilar sitji ekki uppi með ábyrgð á greiðslu skattsins þrátt fyrir að hann hafi aldrei fengist innheimtur eða hafi hann verið áætlaður um of.

Um 11. gr.

Með greininni er kveðið á um að uppgjörstímabil skatts á heitt vatn og raforku sé tveir mánuðir. Er lagt til að sömu uppgjörstímabil og gjalddagar gildi um skil á skatti af raforku og heitu vatni og gilda um skil á virðisaukaskatti. Að öðru leyti gildir IX. kafli laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um uppgjörstímabil, sbr. 12. gr.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að því er varðar álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd gildi um skattlagningu samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem ekki er um þessi atriði kveðið í lögunum og eftir því sem við getur átt.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt kolefnisgjald verði lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti, þ.e. bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu, auk þess sem lagt er til að sérstakur skattur verði lagður á sölu á raforku og heitu vatni.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að sérstakt kolefnisgjald verði lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti, þ.e. bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu. Kemur hið nýja gjald sem sjálfstæð viðbót við þau vörugjöld sem fyrir eru. Gert er ráð fyrir að fjárhæð kolefnisgjalds verði 2,90 kr. á hvern lítra dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra flugvéla- og þotueldsneytis og 3,10 kr. á hvern lítra svartolíu. Lagt er til að gjaldið verði innheimt við tollafgreiðslu og er gert ráð fyrir að á ársgrundvelli skili það rúmlega 2,5 milljörðum kr. til ríkissjóðs.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að lagður verði á sérstakur skattur á sölu á raforku og heitu vatni. Skatturinn verði lagður á við sölu eða afhendingu á raforku eða heitu vatni til endanlegra notenda, þ.e. á síðasta stigi viðskipta. Fjárhæð skattsins á raforku verði 0,12 kr. á hverja kílóvattstund og fjárhæð skatts á heitt vatn verði 2% af smásöluverði. Þeir aðilar sem afhenda raforku eða heitt vatn til endanlegs notanda innheimta skattinn og skila í ríkissjóð. Lagt er til að ríkisskattstjóri hafi eftirlit með því að hinir skattskyldu aðilar innheimti og skili skatti af þeirri raforku og heitu vatni sem þeir afhenda með sama hætti og kveðið er á um í lögum um virðisaukaskatt og olíugjald. Gert er ráð fyrir að skattskylda þessi nái einnig til aðila sem annast framleiðslu sína á raforku eða heitu vatni sjálfir. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sérstökum skatti á raforku og heitt vatn verði um 2,2 milljarðar kr. á ársgrundvelli, þar af 2 milljarðar kr. vegna raforku og 200 m.kr. vegna heits vatns.

Vegna álagningar kolefnisgjalds má gera ráð fyrir að nokkur aukinn kostnaður verði til hjá tollstjóra vegna aðlögunar á tölvukerfum, auk auglýsinga- og kynningarefnis. Áætlað hefur verið að einskiptis stofnkostnaður vegna þessa gæti verið allt að 5 m.kr. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu skatts á raforku og heitt vatn. Álagning og innheimta verður með svipuðum hætti og á við um eftirlit með virðisaukaskatti. Í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á virðisaukaskattskerfinu var gert ráð fyrir að aukinn kostnaður vegna breytinga á tölvukerfum yrði allt að 10 m.kr. og er get ráð fyrir að breytingar á tölvukerfum vegna skattlagningar á raforku og heitt vatn verði unnar samhliða og kostnaður við þær rúmist innan þeirrar fjárveitingar.

294. Frumvarp til laga [258. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 4. mgr. 103. gr. laganna bætist: en þó þannig að frestur til að höfða riftunarmál skv. 1. mgr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal vera 24 mánuðir í stað sex mánaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem lýtur að lengingu frests til að höfða mál til riftunar á ráðstöfunum fjármálafyrirtækja sem eru í slitameðferð. Byggist frumvarp þetta m.a. á sameiginlegri ábendingu slitastjórna Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf.

Í 4. mgr. 103. gr. núgildandi laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að krefjast megi riftunar á ráðstöfunum fjármálafyrirtækis eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu. Þær reglur sem vísað er til að gildi um riftun ráðstafana er að

finna í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, m.a. í 148. gr. laganna. Skv. 148. gr. gjaldþrotaskiptalaga er frestur til að höfða dómsmál til að koma fram riftun á ráðstöfunum þrotamanns sex mánuðir frá lokum kröfulýsingarfrests.

Í frumvarpinu er lagt til að frestur til að höfða riftunarmál vegna gerninga fjármálafyrirtækja verði lengdur í 24 mánuði. Er því lagt til að við núverandi 4. mgr. 103. gr. laganna bætist að frestur til að höfða riftunarmál skv. 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 skuli vera 24 mánuðir í stað sex mánaða. Þau sjónarmið sem búa að baki lengd tímafrests í gjaldþrotaskiptalögum eiga ekki að öllu leyti við í slitameðferð fjármálafyrirtækja. Rannsókn og undirbúningur vegna riftunarmála við slitameðferð fjármálafyrirtækja getur verið gríðarlega umfangsmikill og því óraunhæft að slitastjórnir hafi svigrúm til að rannsaka öll gögn og höfða dómsmál innan sex mánaða frestsins.

Ákvæði XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um slit fjármálafyrirtækja byggjast á því að jafnræðis kröfuhafa sé gætt við slit fjármálafyrirtækja og lýtur sú breyting sem nú er lögð til að því sama markmiði. Heimildir laga um riftun gerninga hafa það að markmiði að gæta jafnræðis kröfuhafa, þ.e. að einstakir kröfuhafar séu ekki betur settir en aðrir vegna ráðstafana fjármálafyrirtækis áður en slitameðferð hófst. Í ljósi umfangs margra fjármálafyrirtækja, m.a. þeirra sem nú eru í slitameðferð, má telja víst að verði frestur til að koma fram málshöfðun til riftunar á gerningum ekki lengdur séu miklar líkur á að markmið um jafnræði kröfuhafa fari forgörðum.

Samkvæmt XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki gilda ýmis sérákvæði um slit fjármálafyrirtækja enda eiga ekki alltaf sömu sjónarmið við um slit fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja, sbr. 2. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að frestur gjaldþrotalaga til að höfða mál til að rifta gjörningum verði lengdur úr 6 mánuðum í 24 mánuði. Breytingin er gerð með það að markmiði að slitastjórnirnar geti náð að gæta hagsmuna búa bankanna með sem bestum hætti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

295. Frumvarp til laga [259. mál]

um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsemi og rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

Starfsheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda þeirra. Sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. *Fjárfestingarsjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. *Hlutafélagssjóður:* Fjárfestingarsjóður sem er rekinn sem hlutafélag og gefur út hlutabréf en ekki hlutdeildarskírteini. Hlutafélagssjóður skal hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins en hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. *Fagfjárfestasjóður:* Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða. Óheimilt er að markaðssetja og koma honum á framfæri við almenning.
5. *Rekstrarfélag:* Fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. II. og III. kafla laga þessara og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
6. *Vörslufyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.
7. *Framseljanleg verðbréf:*
   a. hlutabréf í félögum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í félögum,
   b. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi,
   c. öll önnur framseljanleg verðbréf sem veita rétt til öflunar slíkra framseljanlegra verðbréfa með áskrift eða skiptum.
8. *Peningamarkaðsskjöl:* Þeir flokkar auðseljanlegra gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis- og sveitar-

félaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími þeirra skal ávallt vera styttri en 397 dagar.

9. *Hlutdeildarskírteini:* Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.
10. *Fagfjárfestir:* Fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
11. *Almenningur:* Þeir sem ekki teljast til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
12. *Reiðufé:* Laust fé sem sjóður getur notað fyrirvaralaust til fjárfestinga. Það telst ekki til innlána og er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.
13. *Innlán:* Fjárfesting þar sem sérstaklega hefur verið samið um binditíma og vexti. Innlán eru hluti af fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs.
14. *Markaðssetning:* Tilboð eða hvatning, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
15. *Staðfesting:* Með staðfestingu verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð.

3. gr.

Heimildir til að hefja starfsemi. Skrá yfir sjóði.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu til reksturs skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu skv. III. kafla. Auk þess veitir Fjármálaeftirlitið starfsleyfi skv. IV. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, sem skal birt opinberlega, þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

II. KAFLI
Verðbréfasjóðir.
A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

4. gr.

Veitandi staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Verðbréfasjóðir fá því aðeins staðfestingu að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Verðbréfasjóðum er heimilt að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

5. gr.

Umsókn um staðfestingu.

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 11. gr., útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skv. 49.–56.

gr., upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Veiting staðfestingar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega.

7. gr.

Synjun um staðfestingu.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

Synjun umsóknar skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

8. gr.

Afturköllun staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða samþykktum,
2. uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
3. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því staðfesting var veitt, ótvírætt afsalað staðfestingu eða hafi starfsemi sjóðs verið hætt í meira en sex mánuði samfellt,
4. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr.,
5. fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir stærðarmörk 4. tölul.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

9. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Markaðssetji rekstrarfélag verðbréfasjóð í öðru ríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna það lögbærum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

10. gr.

Heiti.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

11. gr.
Reglur.

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

12. gr.
Deildaskipting.

Heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs eða deildar til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

13. gr.
Sjóðsmyndun.

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan vébanda þess. Sjóðurinn myndast með afhendingu fjármuna viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara fjármuna til sameiginlegrar fjárfestingar.

14. gr.
Hæfi.

Framkvæmdastjóri rekstrarfélags og starfsmenn sem hafa umsjón með sjóðastýringu skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

Um hæfi stjórnenda og sjóðstjóra verðbréfasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjórum og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

15. gr.
Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis. Meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

16. gr.
Málshöfðunarréttur.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.

17. gr.
Rekstur verðbréfasjóða.

Rekstur verðbréfasjóða felst meðal annars í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu:
   a. Bókhalds- og lögfræðiþjónustu.
   b. Þjónustu við viðskiptavini.
   c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
   d. Innra eftirliti.
   e. Að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
   f. Útreikningi innlausnarvirðis.
   g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
   h. Uppgjöri viðskipta.
   i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Áhættustýringu.
4. Markaðssetningu.

18. gr.
Útvistun verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélagi er aðeins heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að út-

vista öll verkefni skv. 17. gr. Meiri hluta verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skal unninn innan rekstrarfélags. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

Ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina helst óbreytt þó að það feli öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útvistun verkefna rekstrarfélaga í reglugerð.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

20. gr.

Starfsemi vörslufyrirtækis.

Umsjá og varðveisla eigna verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

21. gr.

Viðurkenndir aðilar.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

22. gr.

Ábyrgð.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslufyrirtæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

23. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því enda geti þeir hvenær sem er aflað sér staðfestingar á hlutdeild sinni með öðrum hætti.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

Hlutdeildarskírteini eru undanþegin greiðslu stimpilgjalda.

24. gr.

Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

25. gr.

Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Söludagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

26. gr.
Staðgreiðsla.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

E. Innlausn.

27. gr.
Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Frestun á innlausn tekur gildi þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Fjármálaeftirlitið skal birta á heimasíðu sinni tilkynningu um frestun innlausna.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Vari frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti svo fljótt sem auðið er.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

28. gr.
Útreikningur innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

29. gr.
Auglýsing innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldum framseljanlegum verðbréfum:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
   b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
   c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum

reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóða í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsskjölum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

32. gr.

Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsskjal felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða
2. meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul, en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir samkvæmt 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr.

Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal

hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr.

Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsskjölum eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum skjölum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 90 dagar.

38. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skal koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsskjöl sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða (sjóðasjóðir). Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

40. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsskjölum einstakra útgefenda.

41. gr.
Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

42. gr.
Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr.
Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

44. gr.
Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópusambandsins um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.
2. Reglur verðbréfasjóðsins.
3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.
4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirliggjandi, og síðari hálfsársuppgjör.
5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins, m.a. hverjir muni annast sölu hlutdeildarskírteina og hafa lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd verðbréfasjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.
6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, m.a. upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins

til að tryggja rétt viðskiptamanna ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. enda hafi öll tilskilin gögn borist því og einnig er því heimilt að lengja frest skv. 1. mgr. þurfi að kalla eftir frekari gögnum eða ef ástæða er til að ætla að til höfnunar komi.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

45. gr.

Markaðssetning fjárfestingarsjóða (Non-UCITS).

Aðrir sjóðir sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna hér á landi skulu sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins og samhliða senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem tilgreind eru í 2.–6. tölul. 1. mgr. 44. gr. Auk þess skal senda eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þar sem fram komi að sjóðurinn og rekstrarfélag hans hafi staðfestingu eða starfsleyfi í samræmi við löggjöf heimaríkisins og lúti eftirliti þess, þ.m.t. vegna athafna þess hérlendis.
2. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þess efnis að það sé reiðubúið að veita sambærilegum íslenskum sjóðum heimild til markaðssetningar í viðkomandi ríki. Ríki sem falla undir svæði A í viðauka I í reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall lánastofnana, eru undanþegin þessum tölulið.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið getur veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

46. gr.

Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutaðeigandi verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur endurnýjað heimild sjóðsins til markaðssetningar geti sjóðurinn sýnt fram á að hann muni uppfylla skilyrði laga þessara.

47. gr.

Undanþága.

Undanþegnir ákvæðum 44. og 45. gr. eru erlendir verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu eru boðnir eða markaðssettir, án almennrar auglýsingar eða kynningar, til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

Sjóðir sem eingöngu hyggjast markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjárfesta hér á landi skulu fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt upplýsingum um heimaríki sjóðsins, rekstraraðila og heimilisfang hans, hvort sjóður lúti reglubundnu eftirliti, ásamt öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

48. gr.

Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

49. gr.

Ársreikningur og árshlutauppgjör.

Í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð sem kveður nánar á um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og árshlutauppgjörum rekstrarfélaga.

50. gr.

Sundurliðun fjárfestinga.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

51. gr.

Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

Nánar er unnt að kveða á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð, meðal annars um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum og útdráttum úr þeim.

52. gr.

Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum, og sé slíkt heimilt, hvort fjárfestingin takmarkist við að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna eða hvort hún sé liður í fjárfestingarstefnu.

Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum afleiðna á áhættu fjárfestinga hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum.

Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársreikningi verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

Í útboðslýsingu skal koma fram hvaða verkefnum rekstrarfélagið hefur útvistað skv. 18. gr.

53. gr.

Aðgengi að upplýsingum.

Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaust áður en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram. Útboðslýsing auk ársreiknings og hálfsársuppgjörs skal ávallt vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaust.

Ársreikningur og hálfsársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Gildandi reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu vera aðgengileg almenningi.

54. gr.

Þóknun.

Rekstrarfélög skulu kunngera fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

55. gr.

Kynningarstarfsemi.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skulu m.a. eftirfarandi atriði koma fram:

1. hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður,
2. heiti rekstrarfélags,
3. upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs,
4. tilvísun í útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

Á heimasíðu rekstrarfélags og öðru kynningarefni einstakra sjóða skulu koma fram sömu upplýsingar og kveðið er á um í 2. mgr. auk þess sem birta skal upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Einnig skal birta þar nafn- og raunávöxtun verðbréfasjóðs síðustu þriggja reikningsára. Upplýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins skal uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti. Jafnframt skulu gögn skv. 53. gr. vera aðgengileg á heimasíðu.

56. gr.

Tilkynning um áhættu.

Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í verðbréfasjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

III. KAFLI
Fjárfestingarsjóðir.

57. gr.

Tilvísanir í II. kafla.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

58. gr.

Innlausn.

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir,

ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

59. gr.

Fjárfestingarheimildir.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:
   a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,
   b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis,
   c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,
   d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%,
   e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.
3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.
4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

6. Traust verðbréf skv. 38. gr. laganna eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul. 4. mgr.
7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

IV. KAFLI
Hlutafélagssjóðir (fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf).

60. gr.
Veitandi starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið veitir hlutafélagssjóðum starfsleyfi. Heimilt er að hefja starfsemi þegar starfsleyfi er fengið frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja hlutafélagssjóði án starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.

61. gr.
Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn hlutafélagssjóðs um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um stofnun hlutafélags og staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
2. Samþykktir félags.
3. Útboðslýsing.
4. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt.
5. Upplýsingar um vörslufyrirtæki, ef við á.
6. Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og endurskoðanda.
7. Staðfesting á að framkvæmdastjóri hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
8. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í fyrirhuguðum fjárfestingarsjóði og hlut hvers þeirra um sig.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirhugaðs hlutafélags við einstaklinga eða lögaðila í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

62. gr.
Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi hlutafélagssjóða í Lögbirtingablaði.

63. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og skal hún tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

64. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi hlutafélagssjóðs:

1. hafi starfsleyfið verið fengið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. séu skilyrði til veitingar starfsleyfis ekki lengur uppfyllt,
3. sé brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
4. sé starfsleyfið ekki nýtt innan tólf mánaða frá því að það var veitt, því ótvírætt afsalað eða starfsemi hætt í meira en sex mánuði samfellt,
5. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur ekki hæfisskilyrðum þessa kafla,
6. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr. og hljóði á nafn,
7. fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir stærðarmörk 6. tölul.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 2.–3. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

65. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á starfsleyfi hlutafélagssjóðs skal tilkynnt stjórn sjóðsins og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum.

66. gr.

Starfsemi.

Hlutafélagssjóðum er einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs.

Hlutafélagssjóður skal rekinn í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni hluthafa að leiðarljósi.

Hlutafélagssjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“, sbr. þó 2. mgr. 57. gr.

Hlutabréf hlutafélagssjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir útgáfu jöfnunarbréfa.

Ákvæði 51.–53. gr. um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum gilda um hlutafélagssjóði, eftir því sem við getur átt.

Í samþykktum hlutafélagssjóðs skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram til viðbótar við ákvæði laga um hlutafélög:

1. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
2. Ákvæði um innlausn, ef við á.
3. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.

Breytingar á samþykktum öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Hlutafélagssjóði er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðsins.

67. gr.

Tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti.

Stjórn hlutafélagssjóðs skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Um stjórn fjárfestingarsjóðs og þagnarskyldu fer skv. VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

Um eignarhluti og meðferð þeirra fer skv. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Framkvæmdastjóri hlutafélagssjóðs skal hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í samræmi við VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um ársreikninga og endurskoðun hlutafélagssjóða fer skv. XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði IX.–XIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti gilda um hlutafélagssjóði.

68. gr.

Tilvísanir í lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög gilda um hlutafélagssjóði, sbr. þó 66. gr. Þó skulu allir hlutir ætíð hafa jafnan rétt í sjóðnum.

69. gr.

Fjárfestingarheimildir og tilkynning um áhættu.

Um fjárfestingarheimildir hlutafélagssjóða fer skv. 59. gr. og um tilkynningu um áhættu skv. 56. gr.

V. KAFLI
Fagfjárfestasjóðir.

70. gr.

Stofnun fagfjárfestasjóða.

Heimilt er að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun sjóða samkvæmt þessari grein.

Rekstraraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra sjóða samkvæmt þessari grein og standa einvörðungu eignir einstakra sjóða til fullnustu skuldbindingum hvers sjóðs. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

71. gr.

Reglur, fjárfestingarstefna og upplýsingaskylda.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu setja þeim reglur og fjárfestingarstefnu og skal hún ávallt vera fjárfestum aðgengileg.

Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 70. gr. skal rekstraraðili senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra. Allar breytingar skv. 2. mgr. skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins.

Rekstraraðilum fagfjárfestasjóða ber að veita upplýsingar um eignasafn sjóðs í ársreikningi og hálfsársuppgjöri.

72. gr.
Hæfi.

Starfsmenn, sem hafa umsjón með sjóðastýringu, skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

Um hæfi sjóðstjóra fagfjárfestasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal uppfylla hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki. Ef rekstraraðili fagfjárfestasjóðs er lögaðili skal framkvæmdastjóri hans uppfylla hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

73. gr.
Eftirlit.

Rekstrarfélög og aðrir aðilar sem reka fagfjárfestasjóði skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri, á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ákvæði 19. gr. um góða viðskiptahætti og venjur, 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini og 74. gr. um eftirlit gilda um sjóði samkvæmt þessum kafla.

VI. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

74. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, sem og rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja slíkra sjóða, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

75. gr.
Reglugerð.

Lög þessi heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er meðal annars heimilt að kveða á um fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarvirði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og

upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

VII. KAFLI
Viðurlög.

76. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 2. mgr. 3. gr. um skyldu til að tilkynna breytingar á áður skráðum upplýsingum,
3. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra tegund sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður,
5. 3. mgr. 11. gr. um breytingu á reglum verðbréfasjóðs,
6. 4. mgr. 11. gr. um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðsins,
7. 1. mgr. 14. gr. um að starfsmenn sem hafa umsjón með sjóðastýringu skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
8. 3. mgr. 14. gr. um tilkynningar á breytingum á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
9. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
10. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
11. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
12. 2. mgr. 21. gr. um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
13. 1. mgr. 25. gr. um skyldu rekstrarfélags til að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa,
14. 29. gr. um auglýsingu innlausnarvirðis,
15. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
16. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
17. 1. mgr. 45. gr. um markaðssetningu fjárfestingarsjóðs hér á landi,
18. 2. mgr. 47. gr. um tilkynningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
19. 48. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands,
20. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
21. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
22. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
23. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr., um breytingu á reglum fjárfestingarsjóðs,
24. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 4. mgr. 11. gr., um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðsins,
25. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., um að starfsmenn sem hafa umsjón með sjóðastýringu skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,

26. 2. máls. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 14. gr., um tilkynningar á breytingum á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
27. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
28. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
29. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
30. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
31. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
32. 2. mgr. 57. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður,
33. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
34. 60. gr. um starfsemi hlutafélagssjóðs án starfsleyfis,
35. 66. gr. um starfsemi hlutafélagssjóðs,
36. 67. gr. um þagnarskyldu, eignarhluti o.fl.,
37. 69. gr. um fjárfestingarheimildir hlutafélagssjóða og tilkynningu um áhættu,
38. 1. mgr. 70. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins,
39. 2. mgr. 71. gr. um skyldu fagfjárfestasjóða til að senda Fjármálaeftirlitinu gögn og tilkynningar,
40. 1. mgr. 72. gr. um að starfsmenn sem hafa umsjón með sjóðastýringu skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
41. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 77. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti eða 2. mgr. 66. gr. um að hlutafélagssjóður skuli rekinn í samræmi við góða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs, hlutafélagssjóðs eða fagfjárfestasjóðs brjóti hann gróflega eða ítrekað gegn fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

77. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

78. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

79. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

80. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
3. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
4. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
5. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
6. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
7. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
8. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
9. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
10. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
11. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
12. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
13. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
14. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
15. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
16. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
17. 60. gr. um að leyfisskyld starfsemi sé ekki stunduð án starfsleyfis,
18. 67. gr. um þagnarskyldu, eignarhluti o.fl.,
19. 69. gr. um fjárfestingarheimildir hlutafélagssjóða og tilkynningu um áhættu.

81. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

82. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

83. gr.

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008.

84. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og falla þá úr gildi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs skv. 70. gr. fyrir 1. júlí 2010.

II.

Skýrsluskil fagfjárfestasjóða skv. 73. gr. skulu hefjast 31. desember 2010.

III.

Starfandi sjóðstjórar skulu hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í síðasta lagi tveimur árum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Gildandi lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, tóku gildi 1. júlí 2003 í kjölfar örrar þróunar og breytinga á verðbréfamarkaði og fólu lögin í sér töluverðar breytingar fyrir starfandi verðbréfasjóði. Í lögunum er m.a. fjallað um stofnun og skráningu sjóða um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélög og vörslufyrirtæki, fjárfestingarheimildir, eftirlit og viðurlög við brotum á lögunum. Þá voru jafnframt innleiddar breytingar sem gerðar höfðu verið á UCITS-tilskipuninni, annars vegar tilskipun 2001/107/EB sem varðar stjórnsýslu UCITS-sjóða og hins vegar tilskipun 2001/108/EB sem inniheldur ákvæði um fjárfestingarstefnu UCITS-sjóða.

Starfsheimildir verðbréfasjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Við setningu laga nr. 30/2003 var gildissvið laganna víkkað nokkuð þannig að lögin tækju einnig til stofnunar og reksturs fjárfestingarsjóða. Meginmunurinn á fjárfestingarsjóðum og verðbréfasjóðum felst í því að hinir fyrrnefndu hafa ekki svokallaðan Evrópupassa, þ.e. þeim er ekki heimilt að markaðssetja þá á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki, auk þess sem fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru takmarkaðari en fjárfestingarsjóða.

Málefni sem lúta að fjármálamarkaði eru oft og tíðum flókin og geta krafist sérfræðikunnáttu. Svo er einnig um þann afmarkaða hluta sem lýtur að rekstri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, en málefni tengd rekstri þeirra hafa verið töluvert í umræðunni undanfarið. Til þess að varpa nokkru ljósi á tegundir þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem eru starfræktir hér á landi þykir rétt að telja nokkra þeirra upp hér á eftir en þessi upptalning er ekki tæmandi.

Peningamarkaðssjóður:

Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í peningamarkaðsskjölum, sbr. 8. tölul. 2. gr. Peningamarkaðssjóðir skulu ekki fjárfesta í verðbréfum sem hafa lengri líftíma en 13 mánuði.

Sjóðasjóður:
Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í öðrum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, sbr. heimildir 39. gr.

Vísitölusjóður:
Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni líkir eftir tilgreindri vísitölu, innlendri eða erlendri, sbr. heimildir 36. gr.

Hlutabréfasjóður:
Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í innlendum eða erlendum hlutabréfum.

Skuldabréfasjóður:
Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í innlendum og/eða erlendum skuldabréfum, m.a. skuldabréfum fyrirtækja og/eða sveitarfélaga.

Ríkisskuldabréfasjóður:
Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af ríki eða með ábyrgð þess.

Blandaður sjóður:
Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í innlendum og/eða erlendum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum og öðrum verðbréfa- og/eða fjárfestingarsjóðum.

II. Vinna við gerð frumvarpsins.

Skömmu eftir hrun bankanna var ákveðið að endurskoðun á gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, skyldi fara fram en það hafði staðið til í nokkurn tíma. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd 30. mars 2009 til þess að vinna að endurskoðun laganna og semja frumvarp til laga um breytingar fyrir haustþing 2009. Nefndinni var sérstaklega falið að endurskoða ákvæði um fjárfestingarheimildir, eignarhald, óhæði rekstrarfélaga, lagaumhverfi fagfjárfestasjóða o.fl. Jafnframt skyldi taka tillit til og innleiða nauðsynlegar breytingar sem fram koma í tilskipunum um sameiginlega fjárfestingu nr. 2001/107/EB, 2001/108/EB og 2007/16/EB og nefndar eru hér að framan. Nefndin var þannig skipuð: Ástríður Jóhannesdóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Guðrún Áslaug Jósepsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu, Sigurður Guðmundsson, lögfræðingur hjá Nýja Kaupþingi banka hf., tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja, Vilhjálmur Bjarnason, viðskiptafræðingur, tilnefndur af Samtökum fjárfesta.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 7. apríl 2009. Nefndin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði en vann þess á milli nauðsynleg skjöl og hafði samskipti sín á milli símleiðis og með tölvupósti. Ákveðið var að byggja á gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nefndin leit svo á að þau mætti bæta nokkuð en við endurskoðun laganna var jafnframt tekið mið af þeirri þróun sem hefur orðið á umræddum málaflokki í nágrannalöndum okkar og víðar. Jafnframt er byggt á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, sem samið var á vegum viðskiptaráðuneytisins á árinu 2006 en var ekki lagt fram á Alþingi.

Víða í frumvarpinu er lögð áhersla á að taka upp með skýrari hætti einstök ákvæði framangreindra tilskipana um sameiginlega fjárfestingu. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði ýmis ákvæði sem talin er þörf á að setja í lög í ljósi þeirra miklu breytinga sem dundu yfir íslenskan fjármálamarkað og efnahagslíf og hófust með falli viðskiptabankanna þriggja í október 2008. Í lögunum er lögð meiri áhersla á ýmis ákvæði sem fjalla um hlutverk og skyldur rekstrarfélaga sjóða um sameiginlega fjárfestingu, móðurfélaga rekstrarfélaga og

vörslufyrirtækja í tengslum við rekstur sjóða. Rétt er þó að vekja athygli á að einungis verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í verðbréfum og öðrum eignum og skilur það fagfjárfestasjóði frá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

Nefndin leit svo á að í ljósi þess skamma tíma sem hún hafði til ráðstöfunar væri heppilegast að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga, þrátt fyrir að mörg ákvæði laganna séu óbreytt. Endurskoðun laga er ávallt vandasöm, ekki síst í kjölfar slíkra atburða sem dunið hafa yfir. Gæta verður meðalhófs á allan hátt og taldi nefndin því rétt að byggja á þeim grunni sem fyrir er en að sama skapi leggja fram tillögur að lagfæringum.

Í október lágu fyrir endanleg drög að lagafrumvarpi og var óskað umsagna frá Kauphöllinni, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja. Það frumvarp sem hér er lagt fram tekur tillit til þeirra umsagna sem bárust. Auk þess var almenningi boðið að senda umsagnir en frumvarpsdrögin voru birt á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins opin til umsagna.

III. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt þannig að það gefi til kynna að lögin gildi einnig um fagfjárfestasjóði, og lögin taki þá til allra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Það er í samræmi við efnistök laganna, sem innleiða jafnframt ákvæði UCITS-tilskipunarinnar með síðari breytingum.

Að auki eru eftirtaldar breytingar lagðar til frá gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði:

- Í 1. og 2. gr. er lagt til að nota hugtakið framseljanleg verðbréf en það er yfirhugtak um þá fjármálagerninga sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í. Orðskýringar eru stórbættar og fleiri fjármálaleg hugtök útskýrð og safnað saman á einn stað sem eykur yfirsýn lesandans.
- Lagt er til að skilyrði fyrir afturköllun á staðfestingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkuð.
- Lagt er til að ráðherra fái heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs. Nú er nokkuð um það að fjárfestingarstefnu sjóðs sé lýst sem 0%–100% í tilteknum eignaflokki og því varla hægt að tala um stefnu í því samhengi. Í reglugerð gæti ráðherra kveðið á um hámarksmun á efri og neðri mörkum fjárfestingarstefnu auk þess að kveða nánar á um upplýsingagjöf til viðskiptavina.
- Lagt er til að sú krafa verði gerð að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar sjóða um sameiginlega fjárfestingu hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hafi hlotið löggildingu til þess.
- Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að auknar kröfur séu gerðar um óhæði rekstrarfélaga, sem felst í auknum kröfum til óhæðis stjórnarmanna rekstrarfélags.
- Í 18. gr. eru lagðar til strangari kröfur við útvistun verkefna
- Lagt er til að frestun á innlausn verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur, tilkynnt verði um opnun sjóða og mælt fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt.
- Strangari reglur eru settar fyrir fjárfestingum í tengdum aðilum, eign verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af tengdum aðilum skuli ekki nema meiru en 20% af eign sjóðsins. Sérstaklega er kveðið á um peningamarkaðssjóði sem eftirleiðis munu teljast til verðbréfasjóða og um fjárfestingarheimildir þeirra.

- Mælt er fyrir um aukinn aðgang almennings að upplýsingum með því að reglur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skuli vera aðgengileg almenningi.
- Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru þrengdar.
- Í V. kafla er lagt til að lögfest verði lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum og mælt fyrir um skráningu þeirra.
- Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til þess að beita verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða fagfjárfestasjóð stjórnvaldssektum ef sjóður verður uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað gegn þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur sett sér og kynnt fyrir sínum fjárfestum.
- Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til beitingar stjórnvaldssekta ef verðbréfasjóðir breyta reglum sínum án þess að fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins eins og áskilið er í 11. gr.

Eins og sjá má af þessari upptalningu felast helstu breytingar í því að þrengja fjárfestingarheimildir og herða skilyrði fyrir rekstri sjóða en ekki síst í aukinni upplýsingagjöf til almennings en almenningur og viðskiptavinir sjóðanna eru lykilaðilar til þess að veita sjóðunum virkt aðhald. Til þess að það sé mögulegt þurfa viðkomandi aðilar að hafa víðtækt aðgengi að upplýsingum og hafa nægilega fjármálaþekkingu til þess að geta nýtt sér viðkomandi upplýsingar.

IV. Tilskipanir Evrópusambandsins á sviði verðbréfasjóða (UCITS).

Tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, svokölluð UCITS-tilskipun (Undertakings for Collective Investments in Transferable Securities), var upphaflega innleidd með lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Miklar breytingar voru gerðar á tilskipuninni með tveimur tilskipunum sem voru samþykktar árið 2001, annars vegar tilskipun 2001/107/EB um stjórnsýslu verðbréfasjóða og hins vegar tilskipun 2001/108/EB sem setti skýrari ákvæði um fjárfestingarstefnu slíkra sjóða. Umræddar tilskipanir voru innleiddar við þá endurskoðun sem leiddi til setningar gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Með bréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) dags. 31. janúar 2007 voru gerðar nokkrar athugasemdir við innleiðingu Íslands á ákvæðum tilskipana 2001/107/EB og 2001/108/EB. Unnið hefur verið að nauðsynlegum breytingum vegna þessa í viðskiptaráðuneytinu, nú efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Nokkur dráttur hefur orðið á þeirri vinnu og hefur Ísland reglulega gert eftirlitsstofnuninni grein fyrir ástæðum þess en búist er við að lagfæringum vegna þessara athugasemda ljúki í október 2009 og verður Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt um leið og þeim lýkur. Ný tilskipun sem felur í sér breytingar á upprunalegu UCITS-tilskipuninni var sett 2007. Þetta er tilskipun 2007/16/EB sem felur í sér útskýringar á tilteknum skilgreiningum sem notaðar eru í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Innleiðingu hennar átti að ljúka fyrir 23. mars 2008. Stjórnskipulegum fyrirvara vegna hennar var aflétt með þingsályktun 11. mars 2009 og verða efnisákvæði tilskipunarinnar að fullu innleidd ef frumvarp þetta verður að lögum og er jafnframt gert ráð fyrir setningu reglugerðar til þess að ljúka innleiðingunni.

Nú hefur litið dagsins ljós ný tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2009/65/EC) sem á að taka gildi 1. júlí 2011. Mun umrædd tilskipun leysa hinar fyrrnefndu að hólmi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga nr. 30/2003 kemur fram að lögin gildi um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Hér er lagt til að tekið verði fram að lögin gildi einnig um starfsemi og rekstur fagfjárfestasjóða þar sem lagt er til að lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum verði tekið upp.

Jafnframt er lagt til að breyta ákvæðinu um gildissvið laganna þannig að það sé í samræmi við gildissvið UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um að henni skuli beitt vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og/eða öðrum lausafjáreignum sem um getur í 19. gr. tilskipunarinnar. Við setningu gildandi laga var í 1. gr. þeirra tekið upp hugtakið „fjármálagerningur“ í stað „framseljanlegra verðbréfa“ sem var notað í eldri lögum nr. 10/1993 en með þeim lögum var fyrsta UCITS-tilskipunin (85/611/EBE) innleidd í íslenskan rétt. Í 5. tölul. 2. gr. gildandi laga er vísað til skilgreiningar laga um verðbréfaviðskipti um skýringu á hugtakinu „fjármálagerningur“. Í 1. gr. gildandi laga er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum, á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Rétt þykir að breyta ákvæðinu til fyrra horfs og leggja þannig áherslu á hugtökin „framseljanleg verðbréf“ og „lausafjáreignir“ enda er það í samræmi við UCITS-tilskipunina og styrkist það sjónarmið enn fremur við innleiðingu á tilskipun 2007/16/EB. Jafnframt er lagt til að í 2. gr. laganna verði hugtakið „framseljanleg verðbréf“ skýrt nánar.

Þar sem hér er um heildarlög að ræða og litlar aðrar breytingar gerðar á 1. gr. laganna þykir samhengisins vegna rétt að rifja upp hluta skýringa við 1. gr. gildandi laga nr. 30/2003 sem varðar skýringu á hugtökum sem beitt er í 1. gr. en að öðru leyti er eftir atvikum vísað til athugasemda með þeim lögum. Með orðalaginu „viðtaka fjár“ er átt við að sjóður sé opinn (e. *open-ended*), þ.e. hann fær nýtt fjármagn með því að selja ný skírteini. Í því felst ekki að sjóður sé með stöðugt útboð í gangi heldur er nægjanlegt að sjóðurinn fái nýtt fjármagn frá fjárfestum með reglulegu millibili og almenningur eigi auðveldan aðgang að bréfum hans. Með „sameiginlegri fjárfestingu“ í verðbréfum og öðrum eignum er átt við þá starfsemi sjóða að taka við fé frá fjárfestum til að endurfjárfesta. Með „áhættudreifingu“ er átt við að sjóður leitist við með kerfisbundnum hætti að lágmarka áhættu verðbréfasafns síns með því að fjárfesta í fjármálagerningum margra útgefenda samkvæmt viðurkenndum aðferðum (e. *portfolio management*). Slíka starfsemi verður að telja til fjármálastarfsemi. Hins vegar verður ekki talið að eignarhaldsfélög sem hafa það að markmiði að halda utan um ráðandi eignarhluta í félögum stundi áhættudreifingu í þessum skilningi. Með „fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu“ er átt við að sjóður verður að móta sér stefnu um það hvernig ráðstafa skuli fé sem hann veitir viðtöku frá fjárfestum. Fjárfestingarstefnan verður að vera fjárfestum aðgengileg. Ekki er þó hægt að komast undan ákvæðum laga þessara með því að láta hjá líða að kunngera fjárfestingarstefnu, séu önnur skilyrði uppfyllt.

Um 2. gr.

Lagt er til að bæta orðskýringaákvæði laganna verulega þannig að finna megi á einum stað í lögunum skýringar á helstu hugtökum. Í gildandi lögum er í sumum tilvikum að finna skilgreiningar á hugtökum í efnisumfjöllun lagatextans en betur þykir fara á að hafa hugtakaskýringar á einum stað. Vakin er athygli á að í almennum athugasemdum þessa lagafrum-

varps er að finna upptalningu á helstu tegundum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem starfræktir eru hér á landi.

Verðbréfasjóði er heimilt að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu felst að verðbréfasjóðir hafa Evrópupassa, þ.e. verðbréfasjóður sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins getur á grundvelli þess markaðssett hlutdeildarskírteini sín í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda. Verðbréfasjóðir uppfylla öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta því ekki markaðssett hlutdeildarskírteini sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Um markaðssetningu fjárfestingarsjóða í öðru ríki fer því eftir lögum hlutaðeigandi ríkis. Ólíkt verðbréfasjóðum fer innlausn þeirra ekki fram að kröfu hlutdeildarskírteinishafa heldur samkvæmt reglum sjóðsins, sbr. III. kafla. Fjárfestingarsjóðir geta verið tvenns konar, fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini og eru reknir af rekstrarfélagi og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf og eru reknir sem hlutafélög (hlutafélagssjóðir). Heitin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður eiga að endurspegla núverandi hugtakanotkun á fjármálamarkaði. Hugtakið verðbréfasjóður hefur fest sig í sessi hér á landi og stendur fyrir hlutdeild í áhættudreifðu safni verðbréfa sem ávallt eru innleysanleg. Hugtakið fjárfestingarsjóður hefur á undanförnum árum verið notað hér á landi um sjóði sem hafa áhættusamari fjárfestingarstefnu en annað einkenni þeirra er að þeir mega ekki markaðssetja hlutdeildarskírteini sín annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögin nái einnig til fagfjárfestasjóða og er lagt til að þeir lúti skráningu og lágmarkseftirliti.

Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu en það sem skilur þá frá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum er að þeir standa aðeins fagfjárfestum til boða. Almenningi er því ekki heimilt að fjárfesta hjá fagfjárfestasjóði og reyndar er óheimilt að markaðssetja og kynna slíka sjóði fyrir almenningi. Fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða eru enda mun rýmri og reyndar eru engar takmarkanir á þeim. Fjárfesting í fagfjárfestasjóðum er því eðli málsins samkvæmt mun áhættusamari en í þeim sjóðum sem bjóðast almenningi. Það þykir hins vegar ásættanlegt í ljósi þess að ekki getur verið um að ræða almenna neytendavernd gagnvart umræddum fjárfestum, sem eins og nafnið bendir til hafa það að meginstarfa að sérhæfa sig í fjárfestingum. Rekstrarfélag gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá sjóði fé til ávöxtunar. Skírteinin eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins. Um innlausn hlutdeildarskírteina fer skv. II. kafla E, þ.e. 27.–29. gr. Rekstrarfélag er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í þessum lögum er hugtakið stytt í rekstrarfélag. Rekstrarfélagi er heimilt að reka verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. II. og III. kafla laganna. Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóðs og er auk þess sú lögpersóna sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðs.

Í gildandi lögum er vísað til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, um skilgreiningu á hugtakinu fjármálagerningur. Í störfum nefndarinnar var horft til laga um verðbréfaviðskipti að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu verðbréf og fjallað um hvort beita mætti sömu hugtaksskýringu og þar er að finna. Í greininni er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðisins til fyrra horfs, þ.e. eins og það var orðað í lögum nr.

10/1993, um verðbréfasjóði. Með tilskipun 2007/16/EB, sem felur í sér breytingar á upprunalegu UCITS-tilskipuninni, nr. 85/611/EB, eru sett fram sjónarmið sem eiga að auðvelda aðildarríkjunum að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur til fjárfestingar fyrir verðbréfasjóð. Niðurstaða nefndarinnar var sú að leggja til að taka upp í 2. gr. laganna skilgreiningu á hugtakinu „framseljanleg verðbréf“ eins og það er skýrt í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum. Lög um verðbréfaviðskipti og lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði byggjast á sitthvorri tilskipuninni, annars vegar MiFID-tilskipuninni, sem er innleidd með lögum um verðbréfaviðskipti, og hins vegar UCITS-tilskipuninni, sem er innleidd með lögum um verðbréfasjóði. Skilgreining þessara tilskipana á hugtakinu verðbréf er ólík að því leyti að skilgreining UCITS-tilskipunarinnar er tæmandi (framseljanleg verðbréf) og þrengri en skilgreining MiFID-tilskipunarinnar (verðbréf). Nefndin taldi, að vel athuguðu máli og þrátt fyrir að sterk rök hnígi til þess að sömu hugtök séu skilgreind á sama hátt í lögum, að það væri engu að síður rétt að fylgja skilgreiningu UCITS-tilskipunarinnar. Er þessi niðurstaða samhljóða þeirri leið sem farin var við innleiðingu tilskipunarinnar í Noregi. Verði frumvarpið samþykkt að þessu leyti verður því að finna í 2. gr. laganna tæmandi talningu á því hvaða verðbréf falli undir flokkinn framseljanleg verðbréf og séu þar með hæfur fjárfestingarkostur fyrir verðbréfasjóði.

Lagt er til að í 8. tölul. verði skilgreining á peningamarkaðsskjölum en hingað til hefur slíka hugtaksskilgreiningu ekki verið að finna í lögum þrátt fyrir að vísað sé til peningamarkaðsskjala í 30. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Stuðst er við skilgreiningu hugtaksins eins hún kemur fram í lögum um verðbréfaviðskipti, þ.e. að um sé að ræða þá flokka gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvíxla, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Með greiðsluskjölum er m.a. átt við ávísanir, víxla og önnur sambærileg greiðsluskjöl, sbr. a-lið 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Að auki skulu peningamarkaðsskjöl í þessum skilningi uppfylla skilyrði UCITS-tilskipunarinnar um að gerningarnir séu auðseljanlegir og líftími þeirra ekki lengri en 397 dagar. Með auðseljanlegum gerningum er átt við að almennt sé álitið að skjölin seljist á skömmum tíma og með litlum tilkostnaði fyrir seljanda, í frumtexta tilskipunarinnar er þetta orðað sem „financial instruments which can be sold at limited cost in an adequately short time frame“. Líftími telst vera tíminn frá kaupdegi til gjalddaga. Í greininni er tekið fram að viðskipti með peningamarkaðsskjöl fari venjulega fram á peningamarkaði. Það er því ekki útilokað að viðskipti með peningamarkaðsskjöl fari fram á skipulegum verðbréfamarkaði, uppfylli peningamarkaðsskjalið önnur skilyrði laganna.

Hlutdeildarskírteini er ein tegund fjármálagerninga samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og vísast til frumvarps til þeirra laga um skýringu á hugtakinu.

Í 10. og 11. tölul. er bætt við skýringum á hugtökunum „fagfjárfestir“ og „almenningur“. Ekki er farin sú leið að að setja sérstakan mælikvarða um stærð ákveðinna viðskipta til þess að segja til um hvort um fagfjárfesti sé ræða, heldur er vísað til laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, að þessu leyti. Hins vegar er ljóst að með þeirri starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að taka við fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar felst að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er ekki heimilt að setja reglur eða skilyrði um lágmark fjárfestingar. Til skýringar má nefna að verðbréfasjóði væri ekki heimilt að gera það að skilyrði viðtöku fjár frá einstaklingi að fjárfesting hans næmi að lágmarki 3 millj. kr. Óheimilt er því að setja einhvers konar lágmörk á fjárfestingar almennings í verðbréfasjóði, enda færi slíkt gegn hugmyndafræði UCITS-sjóða. Litið er svo á að viðurkenndur gagnaðili falli undir undirskil-

greininguna á fagfjárfesti eins og lesa má út frá lögum um verðbréfaviðskipti. Það er því ljóst að „viðurkenndum gagnaðilum“ er heimilt að fjárfesta í fagfjárfestasjóðum.

Í 12. og 13. tölul. 2. gr. er að finna skilgreiningu á hugtökunum „reiðufé“ og „innlán“. Borið hefur á misskilningi á hugtökunum þar sem talið hefur verið að um sama hlut sé að ræða. Með skilgreiningu á reiðufé er ætlað að bæta úr þessum misskilningi. Skilgreiningin er að hluta til neikvæð þar sem skýrt er tekið fram að reiðufé teljist ekki til innlána og sé ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.

Að lokum er að finna í 14. og 15. tölul. útskýringar á tveimur hugtökum sem koma oft fyrir í lögunum. Annars vegar er um að ræða hugtakið „markaðssetning“ en með því er m.a. átt við hvers konar tilboð eða hvatningu, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Þessa skilgreiningu var áður að finna í 13. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til þess að verið er að stórbæta orðskýringaákvæði laganna þótt eðlilegt að hafa slík ákvæði öll staðsett á sama stað. Hins vegar er um að ræða hugtakið „staðfesting“. Með staðfestingu verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð. Það orðalag er notað í frumvarpi þessu og gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að slíkir sjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini fá svokallaða staðfestingu Fjármálaeftirlitsins en fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutafélagssjóðir) fá starfsleyfi. Ástæðan fyrir þessari hugtakanotkun er sú að verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini eru ekki lögaðilar heldur stofnaðir og reknir af rekstrarfélögum sem eru með starfsleyfi. Rekstrarfélag hefur farið í gegnum umfangsmikinn starfsleyfisferil en fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf eru hins vegar lögaðilar og þurfa sem slíkir að veita meiri upplýsingar áður en leyfi fæst til að hefja starfsemi. Það var því talið eðlilegt að nota ekki sama hugtak um heimildir sjóðanna til þess að hefja starfsemi.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. er nánast efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. mgr. er lögð til lítils háttar breyting á ákvæðinu sem felst í því að Fjármálaeftirlitinu er einnig falið að halda skrá yfir fagfjárfestasjóði og jafnframt er tekið fram að hana skuli birta opinberlega en í því felst t.d. birting á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt er lagt til að í lögunum verði sérstakur kafli um fagfjárfestasjóði og að þeir muni lúta lágmarkseftirliti og skráningu hjá Fjármálaeftirlitinu (V. kafli). Ekki er talið að um mjög íþyngjandi ákvæði sé að ræða, þar sem meiri hagsmunir en minni eru fólgnir í því að vitað sé um starfrækslu og starfsemi slíkra sjóða. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 3. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 4. gr.

Í greininni sem samsvarar 5. gr. gildandi laga er fjallað um staðfestingu verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Með staðfestingu er átt við að Fjármálaeftirlitið hafi staðfest að öll gögn sem verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er skylt að gefa út séu í samræmi við lög, reglur, reglugerðir og önnur gögn sem um sjóðina gilda. Þeir teljast ekki lögaðilar enda stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi sem hefur hlotið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Verðbréfasjóðum er óheimilt að hefja starfsemi án staðfestingar. Það felur jafnframt í sér að sjóðunum er óheimilt að hefja kynningu eða markaðssetningu, sbr. 17. gr. nema að henni fenginni.

Í 5. mgr. 1. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum, kemur fram að einstök aðildarríki skuli banna að verðbréfasjóðum (UCITS), sem falla undir tilskipunina, sé breytt í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem falli ekki undir tilskipunina. Þetta þýðir m.ö.o. að ekki er heimilt að breyta verðbréfasjóðum (UCITS) í aðrar tegundir sjóða. Í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga nr. 30/2003 kemur fram að óheimilt sé að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögunum í sjóði sem lögin taki ekki til. Lögin taka hins vegar bæði til verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sbr. 1. gr. laganna. Fjárfestingarsjóðir eru sjóðir sem veita viðtöku fé frá almenningi, líkt og verðbréfasjóðir, en hafa hins vegar ekki svokallaðan Evrópupassa, þ.e. hafa ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, og falla þar með ekki undir tilskipunina. Því er ljóst að framangreint ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki verið innleitt með réttum hætti og miðar breytingin að því að færa ákvæði laganna til samræmis við tilskipunina. Ekki hefur verið mikið um að verðbréfasjóðum hafi verið breytt í fjárfestingarsjóði, en þó er þekkt að það hafi verið gert. Fjármálaeftirlitið hefur ekki talið að sér væri lagalega stætt á að hafna slíkri breytingu þrátt fyrir að um augljósa innleiðingarvillu hafi verið að ræða í lögum nr. 30/2003. Fjármálaeftirlitið hefur því samþykkt slíkt en með þröngum skilyrðum.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 6. gr. gildandi laga og fjallar um umsókn rekstrarfélags um staðfestingu en ákvæðið er efnislega óbreytt. Umsókn um staðfestingu skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu, upplýsingar um stjórnendur o.fl. sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Um 6. gr.

Í greininni sem samsvarar 7. gr. gildandi laga er fjallað um veitingu staðfestingar, sem skal tilkynnt umsækjanda svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en mánuði eftir móttöku umsóknar. Í athugasemdum við 7. gr. gildandi laga segir um skýringu ákvæðisins:

„Vakin er athygli á því að það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin. Til að umsækjandi sé ekki í vafa um hversu lengi þurfi að bíða úrlausnar Fjármálaeftirlitsins er til áréttingar tekið fram að tilkynna skuli umsækjandanum um það þegar umsókn telst fullnægjandi með þeim réttaráhrifum að frestur fari að líða.“

Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega. Í gildandi lögum er kveðið á um birtingu í Lögbirtingarblaðinu en telja verður að slík opinber birting geti allt eins orðið með auglýsingu eða birtingu í dagblöðum eða á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins sem komi almenningi jafnvel frekar að gagni þar sem dreifing á Lögbirtingarblaðinu er ekki almenn.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um synjun staðfestingar og tekur það ekki efnislegum breytingum frá 8. gr. gildandi laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun staðfestingar og tilkynna umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

Um 8. gr.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 9. gr. gildandi laga um afturköllun staðfestingar en greinin verður 8. gr. ef frumvarpið verður að lögum. Umræddar breytingar miða að því að

skýra nánar þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs.

Í 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu. Litið er svo á að slíkt úrræði sé mun vægara gagnvart rekstrarfélögunum en ef bíða þyrfti þess að ítrekað hefði verið brotið gegn lögunum eins og áskilið er í 1. tölul. Þetta heimildarákvæði er að finna í c-lið 5. mgr. 5. gr. a tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/107/EB. Sú röksemd sem liggur að baki þessari tillögu varð greinileg í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Þá kom í ljós að forsendur fyrir rekstri verðbréfasjóða er líktu eftir OMXI-15 vísitölunni (úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands) voru brostnar. Samkvæmt núgildandi lögum hefði eingöngu verið mögulegt að afturkalla staðfestingu slíkra sjóða með því að beita 1. tölul. ákvæðisins sem er hins vegar mjög íþyngjandi fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða. Þessu ákvæði er því ætlað að veita heimild til afturköllunar án þess að lög, reglur, samþykktir eða annað hafi verið brotið.

Í 3. tölul. 1. mgr. núgildandi laga sem breytist í 4. tölul. 1. mgr. ef frumvarpið verður að lögum, er bætt við orðunum „eftir að markaðssetning hófst“ þannig að ljóst sé að sjóðurinn þurfi að hafa náð tiltekinni lágmarksstærð að minnsta kosti þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst. Áður var miðað við tímamarkið þremur mánuðum eftir staðfestingu en ljóst þótti að það væru of ströng skilyrði sem að auki gætu ekki gengið upp með tilliti til orðalags 3. og 4. tölul. Þetta felur í sér að að þremur mánuðum liðnum frá upphafi markaðssetningar skulu umrædd lágmarksskilyrði uppfyllt á hverjum tíma,

Í 5. tölul. 1. mgr. er lagt til að nýr töluliður bætist við þar sem áréttað er að heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs sé virk fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir þau stærðarmörk sem tilgreind eru í 4. tölul. Ástæður þessa eru að 3. tölul. núgildandi laga nær aðeins yfir fyrstu þrjá mánuðina sem sjóðurinn er starfræktur, en ekki er tekið á því með beinum hætti hvað skuli gera eftir þann tíma ef sjóðurinn fer niður fyrir tilskilin lágmörk.

Ekki eru lagðar til breytingar á 2. mgr. en þar er kveðið á um að afturköllunarúrræðinu verði ekki beitt án þess að rekstrarfélagi hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Þó kunna að vera fyrir hendi þær aðstæður að frestur gæti leitt til tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn fyrirtækisins og getur því ekki verið um fortakslausan rétt rekstrarfélags að ræða hvað þetta snertir.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningu um afturköllun og samsvarar hún 10. gr. gildandi laga. Í 3. málsl. er lagfærð röng hugtakanotkun í gildandi lögum. Í stað þess að fjalla um starfrækslu útibús verðbréfasjóðs í öðru ríki er réttara að nota orðalagið markaðssetning verðbréfasjóðs. Ástæðan er sú að verðbréfasjóðir stofna ekki útibú heldur eru þeir sjóðir markaðssettir. Ákvæðið tekur við þessar breytingar ekki efnislegum breytingum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu segir að verðbréfasjóðum sé einum heimilt að nota hugtakið „verðbréfasjóður“ í heiti sínu. Þetta ákvæði tekur ekki efnislegum breytingum og vísast til athugasemda við 11. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um reglur verðbréfasjóðs sem rekstrarfélag setur. Þetta ákvæði samsvarar 12. gr. gildandi laga.

Lagt er til að bæta við nýrri 2. mgr. þar sem ráðherra er heimilað að setja reglugerð sem kveði nánar á um afmörkun á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs. Dæmi eru um að sjóðir lýsi fjárfestingarstefnu sinni á þann veg að þeim sé heimilt að fjárfesta 0%–100% í tilteknum eignaflokki, sem verður að teljast ófullnægjandi upplýsingagjöf. Þegar svo rúm heimild til fjárfestinga er til staðar vegna fleiri en eins eignaflokks er vart hægt að tala um eiginlega fjárfestingarstefnu. Nefndin hafði við samningu frumvarpsins velt fyrir sér að lögfesta ákveðnar skorður á fjárfestingarstefnu sjóðanna, t.d. á þann veg að munur á efri og neðri mörkum heimildar sjóðs til að fjárfesta í tilteknum eignaflokki skyldi ekki vera meiri en 40%. Samdóma álit nefndarinnar var að lögfesting slíks ákvæðis gæti orðið of íþyngjandi og væri því eðlilegra að veita ráðherra umrædda reglugerðarheimild. Ráðherra gæti þá jafnframt sett önnur skilyrði til lýsingar á fjárfestingarstefnu en að takmarka mun á efri og neðri mörkum stefnunnar. Auk þess felur reglugerðarheimildin í sér að kveða megi á um upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar, t.d. um stærð fjárfestinga í tengdum aðilum o.fl. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á 2. mgr. sem breytist í 3. mgr. verði frumvarpið að lögum en orðalagi er breytt lítillega til þess að auka skýrleika greinarinnar. Að lokum er lagt til að við síðari málslið 3. mgr. 11. gr., sem breytist í 4. mgr. verði frumvarpið að lögum, verði bætt við að undanþága Fjármálaeftirlitsins vegna tilkynningar til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðs skuli vera skrifleg. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að enginn vafi sé á hvort undanþága hafi verið veitt eða ekki.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 12. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Um 12. gr.

Í greininni, sem samsvarar 13. gr. gildandi laga, er fjallað um deildaskiptingu verðbréfasjóða en heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Í athugasemdum við 13. gr. gildandi laga segir að flestir íslenskir verðbréfasjóðir séu deildaskiptir. Kveðið er á um að hver sjóðsdeild skuli hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Með þessu er hnykkt á þeirri meginreglu, sem almennt hefur verið viðurkennd í starfsemi verðbréfasjóða, að eigendur hlutdeildarskírteina eigi einungis kröfur á þá deild sem þeir hafa átt viðskipti við.

Í 2. mgr. er tiltekið að rekstrarfélög verðbréfasjóða beri ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og aðeins eignir hvers sjóðs eða deildar standi til fullnustu skuldbindingum viðkomandi sjóðs eða deildar. Ekki er litið svo á að um efnisbreytingu sé að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við framangreint. Eiga því eigendur hlutdeildarskírteina einungis kröfu til hlutdeildar í eignum viðkomandi sjóðs eða deildar sem þeir eru eigendur í en geta ekki gert tilkall til eigna rekstrarfélags eða annarra sjóða eða deilda í rekstri rekstrarfélags. Rétt þykir þó að taka af allan vafa í þessu efni, m.a. með hliðsjón af fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða, en umrætt ákvæði á jafnframt við um fjárfestingarsjóði sbr. 1. mgr. 57. gr. frumvarpsins. Fjárfestingarsjóðir hafa m.a. heimildir til að fjármagna sig með lántökum að tilteknu marki. Ef illa gengur í rekstri slíks sjóðs, eða tiltekinnar deildar, getur það leitt til þess að skuldheimtumenn geri tilkall til eigna sjóðsins/deildarinnar. Með þeirri breytingu sem lögð er til er tekinn af allur vafi um að í slíkum tilvikum ættu skuldheimtumenn, eins og eigendur hlutdeildarskírteina, einungis kröfu til eigna viðkomandi sjóðs/deildar en gætu ekki gengið að eignum rekstrarfélags eða annarra

sjóða eða deilda þeirra í rekstri rekstrarfélags. Þetta ákvæði víkur þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags hafi starfsmenn þess sýnt af sér saknæma háttsemi og öðrum skilyrðum skaðabótaskyldu er fullnægt.

Um 13. gr.

Fjallað er um sjóðsmyndun í 13. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá 14. gr. gildandi laga og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á hæfisreglum í frumvarpinu. Lagt er til að sú krafa verði gerð til framkvæmdastjóra rekstrarfélaga og sjóðstjóra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða að þeir hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hafi hlotið löggildingu til þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt núgildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar hæfiskröfur til sjóðstjóra. Með rekstri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er sýslað með mikla fjármuni almennings og því eðlilegt að gerð sé sú krafa að þeir sem sinna daglegri stýringu sjóða og framkvæmdastjórar rekstrarfélaga hafi nægilega þekkingu og hæfni til að bera.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hæfi stjórnenda og sjóðstjóra fari að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Með stjórnendum er átt við þá aðila sem fara með daglegan rekstur rekstrarfélags verðbréfasjóða, þ.e. framkvæmdastjóra. Í ákvæðinu er vísað til ákvæða laga um fjármálafyrirtæki er varða hæfisskilyrði en þar kemur fram sú krafa að framkvæmdastjórar séu lögráða, megi ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Eðlilegt þykir að sama krafa sé gerð til sjóðstjóra þar sem þeir sýsla daglega með fjármuni almennings.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu sjóðstjórar og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið. Verði þetta ákvæði að lögum er rétt að veita þeim aðilum sem hafa umrædd störf með höndum ákveðinn aðlögunarfrest til þess að afla sér nauðsynlegrar menntunar. Í bráðabirgðaákvæði III er lagt til að sá frestur verði tvö ár frá gildistöku laganna.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði stjórnarmanna rekstrarfélaga. Lagt er til að kveðið verði á um að meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem sinna rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hér á landi eru ýmist bankar eða verðbréfafyrirtæki eigendur rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í mörgum tilvikum eru þessir aðilar jafnframt vörslufyrirtæki fyrir sjóði rekstrarfélaga. Vörslufyrirtækjum ber að varðveita eignir verðbréfasjóða auk þess sem þeim er ætlað tiltekið eftirlitshlutverk eins og fram kemur t.d. í 20. gr. laga nr. 30/2003. Í einhverjum tilvikum, en þó ekki öllum, hafa starfsmenn móðurfélags rekstrarfélags skipað að fullu stjórn viðkomandi rekstrarfélags. Með tilliti til kröfu 10. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu, um að rekstrarfélög skuli vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda

hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi, eru lagðar til auknar kröfur til óhæðis rekstrarfélags og stjórnarmanna þess. Lagt er til að auka kröfur til óhæðis rekstrarfélaga annars vegar og móðurfélaga og vörslufyrirtækja hins vegar á þann veg að tilteknum starfsmönnum móðurfélags og vörslufyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn rekstrarfélags, auk þess sem sú krafa er gerð að meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags sé ekki í tilteknum tengslum við móðurfélag eða vörslufyrirtæki. Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið og auka trúverðugleika rekstrarfélaganna.

Litið var svo á að í ljósi þess fámennis og tengsla sem eru óhjákvæmileg hér á landi, einkum vegna smæðar þjóðarinnar, yrði að ganga lengra í óhæðisskilyrðum stjórna rekstrarfélaga en almennt um fjármálafyrirtæki enda augljóst að mikil tengsl eru algeng á milli rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja og/eða móðurfyrirtækja. Sem dæmi má nefna, eins og algengt er, að framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs móðurfélags rekstrarfélags sitji í stjórn rekstrarfélagsins. Slíkt getur valdið hagsmunaárekstrum þar sem framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs teldist án efa lykilstarfsmaður annars fjármálafyrirtækis sem sinnir að hluta til sömu verkefnum og rekstrarfélagið. Seta hlutaðeigandi í stjórn rekstrarfélagsins væri til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum á þann veg að hann gæti, sem stjórnarmaður, fengið upplýsingar sem eiga leynt að fara og ekki berast á milli tveggja fjármálafyrirtækja. Þetta getur sérstaklega átt við þegar félögin sinna sömu starfsemi og eru þannig samkeppnisaðilar. Hér getur m.a. verið um fjárhagslegar og viðskiptalegar upplýsingar að ræða, bæði að því er varðar rekstrarfélagið sjálft og viðskiptamenn sem jafnframt eru samkeppnisaðilar móðurfélagsins. Í dæmi sem þessu gæti seta framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs móðurfélags í stjórn rekstrarfélagsins skaðað orðspor og trúverðugleika félagsins út á við sem fæli þar með í sér brot gegn 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilgangur þessa ákvæðis er einnig að koma í veg fyrir að stjórn fjármálafyrirtækis verði óstarfhæf vegna vanhæfis. Í 2. mgr. 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að stjórnarmenn teljist vanhæfir til að taka þátt í meðferð máls ef mál varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í eða viðskipti samkeppnisaðila framangreindra aðila. Í skýringum með þessu ákvæði segir að það styðst við þau augljósu rök að tengsl stjórnarmanns við t.d. fyrirtæki geta leitt til þess að hann geti ekki litið hlutlausum augum á viðskiptaerindi frá keppinaut þess og á hinn bóginn kann þátttaka stjórnarmanns í meðferð máls að leiða til þess að hann komist yfir upplýsingar varðandi viðkvæma samkeppnis- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækis sem á í samkeppni við aðila sem honum er tengdur.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er eins og fram kemur í 2. mgr. ætlað að vera óháð í störfum sínum og hafa ætíð hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Til þess að rekstrarfélag geti uppfyllt ýtrustu kröfur um óhæði er nauðsynlegt að stjórn þess sé óháð félaginu sjálfu og stórum hluthöfum. Telja verður líkur á að stjórn sem er óháð félaginu sjálfu eða móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki, sé betur til þess fallin að gæta hagsmuna félagsins og þá einnig hlutdeildarskírteinishafa. Að öðrum kosti gæti skapast sú áhætta að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa væru ekki fyllilega tryggðir. Komi sú aðstaða upp, færi það gegn áskilnaði 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í athugasemdum við 19. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, segir að við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verði bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, reglugerðum,

reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins auk almennari siðareglna. Ígildi siða reglna hafa verið settar fyrir fyrirtæki en hér er átt við Stjórnarhætti fyrirtækja (e. *corporate governance*) sem eru útgefnar af Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Verður að telja að hliðsjón megi hafa af framangreindum reglum þegar metið er hvað teljist vera heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, en þar kemur fram að stjórnarmaður teljist ekki óháður félagi ef hann er eða hefur verið starfsmaður fyrirtækisins eða fyrirtækjasamsteypunnar undanfarin 3 ár.

Með lykilstarfsmanni í 2. málsl. 1. mgr. er átt við bankastjóra, framkvæmdastjóra og aðra aðila sem bera ábyrgð á sviðum innan fjármálafyrirtækis þar sem upp geta komið hagsmunaárekstrar ef viðkomandi aðilar tækju sæti í stjórn rekstrarfélags.

Í 10. gr. UCITS-tilskipunarinnar kemur fram að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki skuli vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Misjafnt er hvernig einstök aðildarríki EES hafa innleitt ákvæðið en sum ríki hafa lögfest ítarlegri ákvæði en það sem hér er lagt til. Þannig er t.d. sambærilegt ákvæði í dönskum lögum um verðbréfasjóði, en þó þannig að gerð er krafa um að meira en helmingur stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki. Í Bretlandi er gengið enn lengra og er þar í landi t.d. óheimilt að hafa bæði eigna- og stjórnunartengsl á milli rekstrarfélaga og móðurfélaga og vörslufyrirtækja. Í Finnlandi er gerð sú krafa að þriðjungur stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera kjörinn af eigendum hlutdeildarskírteina. Þess má jafnframt geta að í Bandaríkjunum hefur sú regla verið sett að meira en helmingur stjórnarmanna skuli vera óháður. Í mörgum ríkjum er þó látið nægja að kveða á um sérstakar innri eftirlitsreglur sem eiga að tryggja að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina séu ekki fyrir borð bornir.

Um 16. gr.

Ákvæðið lýtur að málshöfðunarrétti rekstrarfélags fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteinishafa og eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á því.

Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. að taka fram að rekstrarfélag beri ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og komi fram fyrir þeirra hönd. Hér er í raun um að ræða speglun á ákvæði 1. mgr. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd, það hefur ekki leikið vafi á því að rekstrarfélag komi fram fyrir hönd sjóða sinna en talið var rétt að bæta ákvæðinu við til þess að taka af allan vafa.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rekstur verðbréfasjóða. Lagt er til að bætt verði við nýjum tölulið, 3. tölul., þar sem kveðið verði á um að rekstur verðbréfasjóða felist m.a. í áhættustýringu, en þetta er einmitt eitt af meginverkefnum rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Að öðru leyti eru ekki gerðar tillögur um efnislegar breytingar á ákvæðinu sem byggist á 5. gr. UCITS-tilskipunarinnar með síðari breytingum. Auk þess er orðalagi e-liðar breytt lítillega þar sem fram kemur að verkefni rekstrarfélags sé m.a. að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en orðalaginu breytt til þess að auka skýrleika ákvæðisins.

Um 18. gr.

Rekstrarfélögum er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að útvista verkefnum sínum. Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um útvistun rekstrarfélaga. Lagðar eru til nokkrar

breytingar á 1. mgr. þar sem fjallað er um heimild rekstrarfélags til útvistunar verkefna. Í 5. gr. g. UCITS-tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríki er heimilt (en ekki skylt) að veita rekstrarfélögum verðbréfasjóða heimild til að útvista tilteknum verkefnum. Af orðalagi 1. mgr. gildandi laga má ráða að sú staða geti komið upp að rekstrarfélag útvisti öllum verkefnum nema þeim sem koma fram í 3. tölul., þ.e. markaðssetningu. Það felur í raun í sér að rekstrarfélag sinni eingöngu markaðssetningu á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Í slíkum tilvikum má spyrja hver reki viðkomandi sjóði í raun. Aftur á móti verður að líta svo á að hæpið sé að setja bann við útvistun verkefna, t.d. með tilliti til þess hversu langt eigi að ganga og hvernig fara eigi með eftirlit með því, sem óhjákvæmilega verður matskennt. Markmið þeirra tillagna sem nú eru lagðar til miða að því að ekki verði mögulegt að stofna og starfrækja rekstrarfélag verðbréfasjóða sem „skúffufyrirtæki“, þ.e. fyrirtæki þar sem takmörkuð eða engin raunveruleg starfsemi á sér stað. Lagt er til að heimilt verði að útvista verkefnum þeim sem talin eru upp í 17. gr. Þó verði aldrei heimilt að útvista þeim öllum og tiltekið er að meiri hluta verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skuli sinnt innan rekstrarfélags. Í því sambandi er miðað við fjölda sjóða en ekki veltu. Í ákvæðinu er skýr reglugerðarheimild og þar mætti koma að nánari sjónarmiðum um útvistun verkefna.

Um 19. gr.

Í greininni segir að rekstrarfélag skuli starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í athugasemdum við það ákvæði segir: „Ákvæði þetta er nýmæli, en skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið meðal annars fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, t.d. 11. gr. tilskipunar 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, og eins almennari siðareglna og viðtekinna venja í fjármálastarfsemi eða einstökum undirgreinum hennar. Þá geta ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu“.

Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu, það er matskennt og í raun verður aldrei með tæmandi hætti talið hvað fellur undir góða viðskiptahætti og venjur. Þó verður að telja að sé brotið gegn einhverju eftirtalinna atriða, þá hafi verið brotið gegn ákvæði er varðar góðar venjur og viðskiptahætti:

– Fyrirmælum í lögum (sérstaklega ákvæðum sem fela ekki í sér refsikennd viðurlög).
– Almennum siðareglum sem um starfsemina gilda.
– Venjum sem myndast hafa.
– Ákvæðum reglugerða.
– Ákvæðum reglna.
– Leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins.

Þetta þarf þó ekki að vera tæmandi talning þar sem upp geta komið atvik sem ekki hefur verið kveðið á um í framangreindum fyrirmælum en teljast þrátt fyrir það ekki vera góðir viðskiptahættir. Það mun því að einhverju leyti koma í hlut dómstóla að túlka ákvæðið.

Um 20. gr.

Efnislegar breytingar eru ekki lagðar til á 20. gr. þar sem fjallað er um starfsemi vörslufyrirtækis. Þó er lagt til fellt verði niður orðið „fjármálagerninga“ í 1. mgr. og nota orðið „eigna“ í staðinn þar sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að nota ekki hugtakið „fjármálagerningur“. Í athugasemdum við 20. gr. gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, segir um 20. gr.:

„Engar breytingar verða á stöðu vörslufyrirtækis samkvæmt frumvarpinu. Rekstrarfélag þarf að gera samning við vörslufyrirtæki um vörslu eigna verðbréfasjóðs. Með aðskilnaði á milli daglegs reksturs verðbréfasjóða annars vegar og umsjár með þeim eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í hins vegar er stefnt að frekari vernd fyrir eigendur hlutdeildarskírteina. Vörslufyrirtæki er ætlað að stuðla að því að fjármunir séu fjárfestir með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og reglna verðbréfasjóða og farið sé að fyrirmælum rekstrarfélags um ráðstöfun eignanna nema þau séu andstæð lögum eða samþykktum. Í samræmi við þetta ber vörslufyrirtæki einnig að fylgjast með því að sala hlutdeildarskírteina, innlausn þeirra og útreikningur á innlausnarvirði fari fram í samræmi við ákvæði laga og reglna sjóðsins. Vakin skal athygli á því að í tölul. 1.–2. og 4.–5. er notuð sögnin „að tryggja“ í staðinn fyrir „að sjá um“, sbr. 1. mgr. 14. gr. gildandi laga [nr. 10/1993]. Þykir það fara nær ákvæði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu um þetta efni.“

Um 21. gr.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um viðurkennda aðila, þ.e. þá sem geta starfað sem vörslufyrirtæki. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum og er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum og leiðir af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 23. gr.

Fjallað er um útgáfu hlutdeildarskírteina í 23. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum en orðalagi 2. mgr. er breytt lítillega á þann veg að felld eru niður orðin „verðbréfaeignar sjóðsins“ og í staðinn kemur „eignarhlutdeildar“. Þetta þykir skýra betur þá aðstöðu sem verið er að lýsa í ákvæðinu, þ.e. að þeir sem eigi hlutdeild í verðbréfasjóði eigi rétt til tekna og eigna í hlutfalli við hlutdeild og að hlutdeildarskírteini séu staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að rekstrarfélagi sé ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því (hér er átt við útgáfu á pappírsformi). Bætt er við þessa málsgrein þeim áskilnaði að þeir (hlutdeildarskírteinishafar) geti hvenær sem er aflað sér staðfestingar á eignarrétti sínum með öðrum hætti.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda í frumvarpi til gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða atriði skulu koma fram í hlutdeildarskírteini. Ekki eru lagðar til breytingar á ákvæðinu og vísast um skýringar við athugasemdir við 24. gr. í gildandi lögum nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Um 25. gr.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteini og er kveðið á um það í 25. gr. laganna. Ákvæðið er tekið óbreytt upp í frumvarpinu og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að hlutdeildarskírteini verði einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Seinni málsliður greinarinnar er felldur brott þar sem hann á aðeins við um hlutafélagssjóði sem sérstaklega er fjallað um í IV. kafla frumvarpsins.

Um 27. gr.

Fjallað er um innlausnarskyldu verðbréfasjóðs í 27. gr. Ákvæðið byggist á 37. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og var tekið efnislega óbreytt upp í frumvarp til gildandi laga nr. 30/2003, sagði um innlausnarskylduna: „Komi til frestunar samkvæmt ákvæðinu skal hún vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ákvæðið er undantekning frá meginreglu frumvarpsins um innlausn að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina og ber að túlka þannig að til frestunar á innlausn geti eingöngu komið mæli sérstakar aðstæður með því með tilliti til hagsmuna eigenda skírteinanna, enda sé verðbréfasjóður ófær um að uppfylla skyldur sínar til innlausnar. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti verðbréfasjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Líta ber á heimildir til frestunar á innlausn sem tímabundnar og skulu samþykktir hafa að geyma nánari ákvæði um slíkar heimildir.“

Nefndin telur rétt í ljósi þeirra atburða sem dundu yfir íslenskt fjármálalíf haustið 2008 að leggja til nokkrar breytingar á þessari grein. Áréttað er í 2. mgr. 27. gr. að frestun á innlausn skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Jafnframt er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein, 4. mgr., er varðar hvenær frestun á innlausn tekur gildi, þ.e. þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Í október 2008 frestuðu rekstrarfélög verðbréfasjóða innlausn á mörgum sjóðum en upp komu álitamál er vörðuðu hvenær frestun á innlausn tók gildi og þykir því rétt að taka af öll tvímæli um það.

Einnig er lagt til að bæta við nýrri 5. mgr. er varðar tilkynningar um opnun sjóða þegar frestun innlausnar lýkur. Ástæða þess er að eftir bankahrunið í október 2008 var innlausn margra sjóða frestað í lengri eða skemmri tíma. Dæmi voru um að innlausn væri frestað í rúma þrjá mánuði og voru hlutdeildarskírteinishafar því margir hættir að fylgjast með tilkynningum sem birtust á heimasíðum rekstrarfélaganna eða heimasíðum bankanna. Ákvæðið felur því í sér aukna neytendavernd. Í 5. mgr. er jafnframt mælt fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt. Ekki er talið mögulegt að lögfesta einhvers konar tímamark birtingar tilkynningar en lögð er áhersla á að hlutdeildarskírteinishöfum verði tilkynnt um opnun sjóða svo fljótt sem auðið er. Vekja má athygli á því að panta má innlausn þótt viðkomandi sjóður sé lokaður. Þegar sjóðurinn opnar eru innkomnar pantanir afgreiddar fyrst. Tilkynning skal vera bréfleiðis eða með sambærilegum hætti. Það er einnig hugsanlegt að senda hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingarnar með tölvupósti haldi sjóðurinn uppfærða netfangaskrá. Telja verður að birting í heimabanka hlutdeildarskírteinishafa geti ekki jafngilt bréflegri tilkynningu.

Um 28. gr.

Um útreikning innlausnarvirðis er fjallað í 28. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Lagt er til að færa 2. mgr. 40. gr. gildandi laga og staðsetja það frekar sem 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Í málsgreininni er kveðið á um heimildir verðbréfasjóðs til töku skammtímalána en þau eru aðeins heimil til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Betur þykir fara að staðsetja ákvæðið í þeim kafla laganna er lýtur að innlausn hlutdeildarskírteina.

Um 29. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu innlausnarvirðis og tekur þetta ákvæði ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum.

Um 30. gr.

Fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða í fjármálagerningum og innlánum er lýst í 30. gr. Hér eru ákvæði 19. gr. UCITS-tilskipunarinnar innleidd í íslenskan rétt. Þau takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða ekki við markaði á Evrópska efnahagssvæðinu (eins og MiFID-tilskipunin gerir) heldur er þvert á móti mælt fyrir um heimild slíkra sjóða til að fjárfesta í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki utan bandalagsins eða ganga kaupum og sölum í ríki utan þess á öðrum markaði sem lýtur eftirliti, starfar á reglubundinn hátt, er viðurkenndur og opinn almenningi enda hafi lögbær yfirvöld samþykkt verðbréfaþingið eða markaðinn eða gert er ráð fyrir honum í lögum, reglum eða samþykktum sjóðsins.

Til þess að undirstrika að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skuli vera í seljanlegum gerningum er lagt til að taka upp í 1. mgr. 30. gr. laganna áskilnað um að verðbréfasjóði sé einungis heimilt að binda fé sitt í *framseljanlegum verðbréfum*, sem eru nánar talin upp í 1.–7. tölul. 30. gr. Í UCITS-tilskipuninni er gerð krafa um seljanleika bæði með tilliti til verðbréfa, peningamarkaðsskjala og fjármálaafleiðna. Jafnframt er gert ráð fyrir að í 30. gr. laganna sé um að ræða tæmandi talningu á þeim fjármálagerningum sem verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í.

Rétt er að vekja athygli á því að með 7. gr. laga nr. 96/2008, um breytingar á lögum er varða verðbréfaviðskipti, voru gerðar breytingar til leiðréttingar á 1. tölul. 30. gr. Í ákvæðinu var vísað til skilgreiningar á skipulegum verðbréfamarkaði í lögum um verðbréfaviðskipti. Eftir gildistöku laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og laga nr. 110/2007, um kauphallir, er skilgreining á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt þessum lögum orðin mun þrengri en áður, þannig að hún tekur eingöngu til skipulegra verðbréfamarkaða innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar af leiddi að verðbréfasjóðum var ekki heimilt að eiga viðskipti á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta stangaðist á við efni UCITS-tilskipunarinnar nr. 85/611/EBE með áorðnum breytingum og því um að ræða ákveðin mistök við lagasetningu. Með 7. gr. laga nr. 96/2008, um breytingar á lögum er varða verðbréfaviðskipti, var bætt úr þessu og ákvæði a–c-liða 1. mgr. 19. gr. UCITS-tilskipunarinnar var innleitt í 1. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Umrædd ákvæði tilskipunarinnar takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða ekki við markaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í c-lið 1. mgr. 19. gr. er þvert á móti mælt fyrir um heimild slíkra sjóða til að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki utan bandalagsins eða ganga kaupum og sölum í ríki utan þess á öðrum markaði sem lýtur eftirliti, starfar á reglubundinn

hátt, er viðurkenndur og opinn almenningi enda hafi lögbær yfirvöld samþykkt verðbréfaþingið eða markaðinn eða gert er ráð fyrir honum í lögum, reglum eða samþykktum sjóðsins. Við setningu laga nr. 108/2007 og laga nr. 110/2007 stóð ekki til að takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða með framangreindum hætti. Samhengisins vegna þótti rétt að skýra þetta en ekki eru lagðar til breytingar á 1. tölul. að öðru leyti en því að skýring á peningamarkaðsskjölum er felld niður enda er hugtaksskýringu að finna í orðskýringum í 2. gr. frumvarpsins.

Við setningu gildandi laga 30/2003 láðist að innleiða það orðalag sem nú er bætt við í 3. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003 og kemur fram í 2. undirlið e-liðar 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu. Þar segir að vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu. Var úr þessu bætt í 10. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Litið er svo á að það fari betur að hafa setninguna í heild sinni í lagatextanum einkum vegna heildarsamræmis. Ekki er um efnislega breytingu frá ákvæði reglugerðarinnar að ræða en í ákvæðinu felst m.a. að verðbréfasjóðum er heimilt, auk þess að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum (UCITS), að fjárfesta í öðrum tegundum sjóða enda hafi eigendur hlutdeildarskírteina í þeim rétt til innlausnar að kröfu þeirra, að eignir sjóðs séu faldar vörslufyrirtæki til varðveislu og að ekki gildi frjálslegri fjárfestingarheimildir í slíkum sjóðum varðandi lán, lántökur og skortsölu. Tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir geti farið óbeint út fyrir leyfilegar fjárfestingarheimildir tilskipunarinnar og laganna með fjárfestingum í sjóðum sem hafa frjálslegri og þar með áhættumeiri fjárfestingarheimildir.

Einnig er lagt til að ákvæði 5. tölul. 1. mgr. verði breytt þannig að fyrri málsliður töluliðarins verði svohljóðandi: „Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 30. gr.“ Í gildandi lögum er vísað til skilgreiningar í lögum um verðbréfaviðskipti en það þykir fara betur að vísa til þeirrar skilgreiningar sem fram kemur í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þegar rætt er um viðmið afleiðna er átt við það sem nefnt hefur verið á ensku „underlying assets“. Í seinni málslið töluliðarins felst að ekki megi fjárfesta í afleiðum nema þær tengist þeim fjárfestingarheimildum sem um getur í 30. gr. (þ.e. að þær tengist t.d. skuldabréfum, hlutabréfum eða þvíumlíku). Auk þess er heimilt að fjárfesta í afleiðum sem tengjast verðbréfavísitölum, vöxtum og erlendum gjaldmiðlum.

Að lokum er lagt til að bæta við orðunum: „með áreiðanlegum hætti“ í 6. tölul. Með því er lögð meiri áhersla á það að óskráðar afleiður skuli lúta daglegu og áreiðanlegu verðmati. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er ákvæðið nánar lagað að ákvæðum UCITS-tilskipunarinnar, nánar tiltekið g-lið 1. mgr. 1. mgr. 19. gr.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að skerpt verði á því að 1. mgr. eigi við um óskráð framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsskjöl en ekki aðra fjármálagerninga. Reglan sem þar kemur fram, og kölluð er 90% reglan, felur í sér að 90% eigna verðbréfasjóðs verða ætíð að vera í skráðum verðbréfum eða öðrum eignum skv. 30. gr. þannig að heimilt er að fjárfesta allt að 10% eigna sjóðsins í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að verðbréfasjóði sé óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum (e. *ancillary liquid assets*) á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Hingað til hefur ekki verið ákvæði um þetta í lögum. Það er

mikilvægt að verðbréfasjóður sem fær nýtt fé vegna sölu hlutdeildarskírteina eða sölu verðbréfa í eigu sjóðsins eigi möguleika á því að bíða með að fjárfesta eða binda féð í einhvern afmarkaðan tíma ef aðstæður til viðskipta eru ekki heppilegar á þeim tíma. Það væri óheppilegt ef reglur skylduðu sjóðinn til að fjárfesta strax. Að sama skapi er ljóst að það væri andstætt hugmyndafræðinni að baki UCITS-sjóðum ef verðbréfasjóður hefði eignarhald á reiðufé eða auðseljanlegum eignum sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Í framkvæmd hefur verið miðað við 10% af eign sjóða í þessu sambandi. Lagt er til að lögfest verði það viðmið að aðeins megi fara yfir 10% mörkin ef það er til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Á síðastliðnu ári hafa þær aðstæður komið upp að fjárfesting í reiðufé, sem almennt er talin ein lakasta fjárfestingin, hefur skilað meiri ávöxtun en aðrir fjárfestingarkostir. Við skýringu þessa ákvæðis þarf þó rekstrarfélagið að sýna fram á að þetta sé besti fjárfestingarkosturinn og þar með til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Í 2. mgr. hefur að auki verið skerpt á þeim mun sem felst í reiðufé og innlánum.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild til yfirtöku eigna sem þátt í fjárfestingum verðbréfasjóðs. Lagt er til að stytta frest til sölu yfirtekinna eigna úr 18 mánuðum í níu mánuði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja frestinn krefjist hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa þess. Það telst ekki vera hluti af venjubundinni starfsemi sjóða að fara með eignarhald á öðrum eignum en þeim fjármálagerningum sem taldir eru upp í 30. gr. og það er því hlutdeildarskírteinishöfum ekki til hagsbóta að sala slíkra eigna sé dregin. Með styttingu á frestinum er verið að hvetja til að sala eignanna dragist ekki enda er yfirtaka eigna ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Auk þess verður að telja að níu mánuðir séu ríflegur frestur til sölu á fullnustueignum.

Í 2. mgr. er lagt til að breyta orðalagi greinarinnar á þá leið að í stað þess að einskorða bann við fjárfestingum við eðalmálma þá er lögð áhersla á að óheimilt er að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim. Litið er svo á að eðalmálmar teljist til hrávara og ljóst er að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru tæmandi taldar í 30. gr. frumvarpsins og eru hrávörur og eðalmálmar ekki meðal þeirra. Það þykir því auka skýrleika ákvæðisins að árétta að óheimilt sé að fjárfesta í öllum hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim en ekki eingöngu tiltaka eðalmálma.

Um 33. gr.

Rekstrarfélögum er skylt að hafa yfir að ráða eftirlitskerfi til þess að vakta, meta og stýra áhættu. Ákvæði 33. gr. var nýmæli í lögum nr. 30/2003 og sagði svo um það í athugasemdum við greinina: „Ákvæðið er nýmæli og er sett í samræmi við 21. gr. tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Ákvæðið kemur til af því að í tilskipun nr. 2001/108/EB um breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu er verðbréfasjóðum heimilað að eiga viðskipti með afleiður í ríkari mæli. Afleiður hafa verið mikið í sviðsljósinu á alþjóðafjármálamörkuðum vegna mikillar áhættu sem sjóðstjórar og spákaupmenn hafa tekið með slíkum samningum. Afleiður eru þó mikið notaðar til að tryggja sig gegn áhættu, t.d. til að tryggja sér ákveðið verð í viðskiptum að ákveðnum tíma liðnum.“

Ákvæðið kveður eingöngu á um skyldu rekstrarfélaga til þess að hafa yfir að ráða eftirlitskerfi til að vakta, meta og stýra áhættu en ekki er kveðið nánar á um hvernig slík kerfi eiga að vera. Hér er því lagt til að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að setja nánari reglur um eftirlitskerfi með áhættu verðbréfasjóða.

Um 34. gr.

Í athugasemdum við 34. gr. gildandi laga segir að afleiður séu samningar þar sem verðmæti samnings er leitt af verðbreytingum einhvers annars þáttar eða eignar. Algengustu afleiðusamningarnir eru framvirkir samningar (e. *forward/future contracts*) og valréttarsamningar (e. *options*). Munurinn á framvirkum samningum og valréttarsamningum er í grófum dráttum munurinn á skyldu og rétti. Framvirkur samningur er óafturkræfur samningur á milli tveggja aðila um kaup eða sölu á tiltekinni eign á tilteknu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Valréttarsamningur veitir hins vegar kaupanda sínum rétt, ekki skyldu, til að kaupa eða selja eign á ákveðnu verði á ákveðnum tíma eða tímabili.

Í 1. mgr. er áhættan af afleiðusamningum verðbréfasjóða takmörkuð þar sem sjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Ákvæði 1. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir taki á sig opnar skuldbindingar sem geta fræðilega leitt til óendanlega mikils taps ef verðþróun verður óhagstæð. Það hindrar sjóðina þó ekki í að nýta sér það hagræði sem felst í afleiðum. Það er t.d. fólgið í lægri viðskiptakostnaði og gefur færi á skjótari viðbrögðum en ef höndlað er með undirliggjandi eignir. Jafnframt er sú leið opin fyrir sjóði, sem hafa mjög ákveðna skoðun á verðþróun í framtíðinni, að auka hagnaðarmöguleika sína með kaupum á valréttarsamningum. Þeir hætta þá ekki meira en upphaflegu fjárhæðinni sem þeir leggja út í byrjun. Afleiðurnar geta líka verið hentugar verðbréfasjóðum sem hafa mikla trú á framtíð ákveðins fyrirtækis en vilja ekki taka markaðsáhættu.

Í gildandi 1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 30/2003 kemur fram að verðbréfasjóði sé heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem undirliggjandi eignir séu undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Umrætt ákvæði innleiddi ekki fyllilega 2. undirmálsgrein 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EB með síðari breytingum. Það skorti á að þess væri getið að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna væri undir mörkum um fjárfestingar í einstökum útgefendum. Tilgangur þessarar reglu er að koma í veg fyrir að hægt sé að fara upp fyrir leyfileg mörk varðandi fjárfestingar í einstökum útgefendum með notkun afleiðna. Úr þessu var bætt með 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nú er lagt til að ákvæði tilskipunarinnar verði tekið upp með fullnægjandi hætti í lögin. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá reglugerðarákvæðinu. Leiðir af framangreindu að í 34. gr. laganna mun koma fram að einstakar eignir verðbréfasjóða eða deilda eftir því sem við á, auk undirliggjandi eigna afleiðusamninga skulu vera undir þeim hámörkum sem vikið er að í 35. gr. laganna varðandi fjárfestingar í einstökum útgefendum. Þess má geta að nánar er fjallað um afleiðunotkun verðbréfasjóða í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2006 er byggjast á leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB nr. 2004/383/EC, um afleiðunotkun verðbréfasjóða.

Þau ákvæði sem lagt er til að verði 4. og 5. mgr. 34. gr. frumvarpsins voru innleidd í 8. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að málsgreinarnar verði teknar upp í lögin en 4. mgr. byggist á 2. undirmálsgrein 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EB en 5. mgr. á 4. undirmálsgrein 3. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu.

Um 35. gr.

Fjallað er um hámarksfjárfestingar verðbréfasjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum gefnum út af sama útgefanda í 35. gr. frumvarpsins en hún samsvarar 35. gr. gildandi laga. Ákvæðið felur í sér takmarkanir á heimildum verðbréfasjóða, eða einstakra deilda

þeirra, til að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum eða innlánum sama útgefanda. Ákvæðinu er ætlað að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingum verðbréfasjóða og tekur mið af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu með þeim breytingum sem leiða af tilskipun 2001/108/EB.

Lagt er til að skipta 1. mgr. upp í tvo töluliði til að auka skýrleika og læsileika ákvæðisins í heild sinni en ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu.

Í 2. mgr. eru sett takmörk við mótaðilaáhættu vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða. Áhættan má mest vera 5% eða 10% eftir því hver mótaðilinn er. Við fyrstu sýn mætti ætla að 1. tölul stangist á við 6. tölul. 30. gr. þar sem ávallt er gerð sú krafa að mótaðili lúti eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Ákvæðunum lýstur þó ekki saman en nauðsynlegt er að lesa þau saman. Mótaðili í afleiðuviðskiptum utan skipulegra verðbréfamarkaða verður að lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt eins og kveðið er á um í 6. tölul. 30. gr. og er ekki vikið frá þeim áskilnaði í 2. mgr. 35. gr. Með ákvæðinu er í raun átt við að mótaðilaáhætta vegna afleiðuviðskipta utan skipulegra verðbréfamarkaða megi ekki vera meiri en 5% en mótaðili verður samt sem áður að lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt má mótaðilaáhættan verða allt að 10%. Lagt er til að breyta orðalagi og uppsetningu 2. mgr. 35. gr. til þess að auka skýrleika og læsileika ákvæðisins.

Engar efnisbreytingar verða á 3. og 4. mgr. gildandi laga og standa þær því óbreyttar. Í 5. mgr. er lagt til að bæta við áskilnaði um að fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu megi ekki vera umfram 30% og er þetta til að gæta samræmis við 38. gr. Þá er áréttað að ekki skuli telja þessi verðbréf með þegar 5/40-reglan, sem kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins er reiknuð.

Lagt er til að seinni málsliður 6. mgr. gildandi laga verði gerður að sérstakri málsgrein, 7. mgr., til að auka skýrleika ákvæðisins en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Nýmæli eru lögð til í 8. og 9. mgr. er varða fjárfestingar í tengdum aðilum. Samanlögð fjárfesting í tengdum aðilum má ekki nema meiru en 20% af heildareignum sjóðsins. Annars vegar er um að ræða fjárfestingar í aðilum tengdum rekstrarfélaginu og móðurfélagi þess og hins vegar er um að ræða aðra tengda aðila, þ.e. aðila sem tengdir eru innbyrðis. Í 8. mgr. er tekið fram að aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt greininni. Í 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, kemur fram að fyrirtæki teljist vera móðurfyrirtæki þegar það:

„1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækisins, telst einnig vera dótturfélag móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.“

Með þeim tengslum sem nefnd eru í 8. og 9. mgr. er ekki eingöngu átt við fjárfestingu í þeim félögum er mynda samstæðu, heldur félög sem tengjast rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess eða tengjast innbyrðis, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 10. mgr. er lagt til að áréttað verði að svokölluð traust verðbréf séu undanþegin þeim takmörkunum sem koma fram í 8. og 9. mgr.

Að lokum er í 11. mgr. mælt svo fyrir að um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fari samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Ástæðan er sú að huga þarf að því að um tvenns konar tengingu getur verið að ræða, annars vegar náin tengsl (e. *close links*) og hins vegar hóp tengdra viðskiptamanna (e. *group of connected clients*). Í 2. mgr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að með nánum tengslum sé átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

a. viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða
b. yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Dæmi 1: A á 30% eignarhlut í B sem á rekstrarfélagið C. B á jafnframt dótturfélögin D og E. Skv. 8. mgr. má heildarfjárfesting sjóðs í rekstri C, í félögunum A, B, D og E ekki vera umfram 20% af heildareignum sjóðsins. Félögin B, C, D og E mynda samstæðu, en félagið A er tengt móðurfélagi rekstrarfélagsins.

Dæmi 2: Sjóður í rekstri rekstrarfélagsins F ætlar að fjárfesta í félögunum A, B, D og E og má sú fjárfesting ekki vera umfram 20% af heildareignum sjóðsins. Félögin A, B, D og E eru allt tengd félög, sbr. ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, en eru þó ekki tengd rekstrarfélaginu F né móðurfélagi þess.

Um 36. gr.

Meginreglur um fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda er að finna í 35. gr. Þrátt fyrir það er heimilt að gera nokkrar undantekningar á þessari meginreglu og kemur ein þeirra fram í 36. gr. frumvarpsins á þá leið að heimilt er að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitölusjóðir eru sjóðir sem hafa að fjárfestingarstefnu að endurspegla samsetningu tiltekinnar vísitölu sem þarf að uppfylla nánar tiltekin skilyrði. Lagt er til að færa orðalag greinarinnar nær tilskipun 85/611/EBE þar sem kemur fram í 22. gr. a að slíkir sjóðir „… replicate the composition of a certain stock or debt securities index“. Telja verður að orðið „endurspegla“ sé nær þeirri merkingu heldur en orðin „líkja eftir“ og þykir því réttara að nota það hér eftir. Er það jafnframt í samræmi við lög nr. 17/1999, um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, þar sem sambærilegt ákvæði kom fyrst í lög.

Að öðru leyti er vísað til skýringar við ákvæðið í frumvarpi til gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 37. gr.

Nýmæli er að finna í 37. gr. frumvarpsins. Lagt er til að sérstakt ákvæði verði í lögunum er fjalli sérstaklega um peningamarkaðssjóði. Með staðsetningu ákvæðisins í II. kafla frumvarpsins felst að jafnframt er lagt til að peningamarkaðssjóðir hérlendis teljist til verðbréfasjóða. Af því leiðir að fjárfestingarheimildir þeirra verða takmarkaðri en hingað til hefur ver-

ið. Samhliða munu því fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða verða þrengri en áður. Áréttað er að þær takmarkist af 35. gr. frumvarpsins.

Engar sérstakar hömlur hafa verið settar hér á landi gagnvart fjárfestingum peningamarkaðssjóða umfram aðra sjóði. Í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem löng hefð er fyrir starfsemi peningamarkaðssjóða, eru hins vegar gerðar miklar kröfur til fjárfestinga og líftíma þeirra. Þar sem peningamarkaðssjóðir eru skammtímafjárfesting er eðlilegt að slíkar kröfur séu einnig gerðar hérlendis og eru þær kröfur sem hér eru lagðar til byggðar á ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í Evrópu teljast peningamarkaðssjóðir (e. *money market funds*) til verðbréfasjóða en á Íslandi voru þeir reknir sem fjárfestingarsjóðir (e. *non-UCITS*) og höfðu því rýmri fjárfestingarheimildir.

Um 38. gr.

Um traust verðbréf er fjallað í 38. gr. frumvarpsins og samsvarar ákvæðið 37. gr. gildandi laga. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu sem kemur fram í 35. gr. um fjárfestingar í sama útgefanda. Ekki eru gerðar breytingar á 1. og 2. mgr. en lagt er til að nýrri málsgrein, 3. mgr., verði bætt við er áskilur að verðbréfasjóður skuli tiltaka með skýrum hætti í reglum sínum og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf og/eða peningamarkaðsskjöl sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í. Ákvæðið byggist á 2. og 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem var innleidd í 11. gr. reglugerðar nr. 792/2003. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæðið verði tekið upp í lögin en ekki er um efnisbreytingu frá gildandi rétti að ræða.

Um 39. gr.

Í greininni, sem er sambærileg 38. gr. gildandi laga, eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar. Í stað þess að leggja hömlur við fjárfestingum í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu verður hugtakið fjárfestingarsjóður notað. Verðbréfasjóðum er eingöngu heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og er því villandi að beita orðalaginu „aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.“

Um 40. gr.

Ákvæði 39. gr. gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eru tekin upp í 40. gr. frumvarpsins sem fjallar um takmarkanir á eignasafni. Lagt er til það nýmæli að takmarka heimild verðbréfasjóðs til þess að eignast meira en 25% útgefinna skuldaskjala í einni útgáfu. Þannig verði í 2. tölul. tekið fram að verðbréfasjóði sé óheimilt að eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei meira ein 25% í hverri útgáfu. Tilgangur þessara breytinga er að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir verði notaðir til þess að fjármagna félög sem gefa út skuldabréf með því að kaupa upp öll skuldabréf í einstakri skuldabréfaútgáfu og fjármagna þannig viðkomandi félag. Að öðru leyti tekur ákvæðið ekki efnislegum breytingum.

Um 41. gr.

Í 41. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 40. gr. gildandi laga, er fjallað um lán og ábyrgðir en verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgðir fyrir aðra. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði kom fram að ekki væri talið að í ákvæðinu fælist bann við því að veita fé til þeirra aðila sem gefa út fjármálagerninga skv. 30. gr. Jafnframt var vakin athygli á því að ekki mætti nota viðskipti með

afleiður til að sniðganga þessa grein eða aðrar takmarkanir í þessum kafla laganna. Áhöld hafa verið um hvort verðbréfalán úr verðbréfasjóðum hafi verið heimil, m.a. með hliðsjón af orðalagi laganna. Hugtakið verðbréfalán (e. *securities lending*) vísar til þess að verðbréf séu yfirfærð tímabundið frá einum aðila, þ.e. lánveitanda, til annars aðila, þ.e. lántaka, fyrir þóknun á grundvelli samnings þar um. Er lántaki skuldbundinn til að skila bréfunum til að baka annaðhvort að kröfu lánveitanda eða að tilteknum tíma liðnum. Hingað til hefur almennt verið litið þannig á að verðbréfalán væru ekki óheimil hérlendis þó ekki hafi myndast virkur markaður með þau eins og víða erlendis. Lagt er til að taka af skarið um þetta atriði og heimila verðbréfasjóðum að veita verðbréfalán en þó aðeins sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Lánveitingar verðbréfasjóða teljast ekki til almennrar starfsemi þeirra og skyldi því eingöngu nota verðbréfalán til þess að bæta lausafjárstýringu eða draga úr áhættu til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Einnig er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Um 42. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem salan fer fram. Með öðrum orðum er í 42. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 41. gr. gildandi laga, lagt bann við svokallaðri skortsölu, þ.e. verðbréfasjóði er óheimilt að taka verðbréf að láni tímabundið til að selja þau. Tilskipun um sameiginlega fjárfestingu bannar verðbréfasjóðum að stunda það sem nefnist á ensku „uncovered sales of transferable securities“, einnig nefnt „short sale“. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og tekur ekki efnislegum breytingum.

Um 43. gr.

Hafi fjárfestingar verðbréfasjóðs farið fram úr leyfilegum mörkum er lagt til í 43. gr. frumvarpsins að hámarksfrestur til úrbóta verði styttur úr sex mánuðum í þrjá mánuði. Fjármálaeftirlitinu er þó eftir sem áður heimilt að veita lengri frest og er það í samræmi við gildandi framkvæmd. Ákvæðið er að öðru leyti efnislega óbreytt og samsvarar 42. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli bera sig að við markaðssetningu skírteina sinna hér á landi.

Í 5. tölul. er lögð til breyting á orðalagi en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Síðari hluti þessa töluliðar, sem byggist m.a. á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, er að finna í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði tekið upp í lögin.

Í 6. tölul. er einnig lögð til orðalagsbreyting en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Síðari hluti þessa töluliðar, sem byggist m.a. á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, er að finna í 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 792/2003. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði tekið upp í lögin.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 2. mgr. þar sem ákvæðið var í gildandi lögum ekki innleitt með réttum hætti. Þar er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að hafna markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs uppfylli hann ekki skilyrði sem gerð eru til verð-

bréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og byggist það á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum. Af umræddu ákvæði tilskipunarinnar leiðir að heimilt er að hafna markaðssetningu sjóðs ef þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar með tilliti til þess að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Hér er lagt til að færa ákvæðið til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar að þessu leyti.

Einnig er lagt til í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins að heimila Fjármálaeftirlitinu að stytta frest skv. 1. mgr. ákvæðisins, að því tilskildu að öll nauðsynleg gögn hafi borist. Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði að sama skapi veitt heimild til að lengja frestinn ef kalla þarf eftir frekari gögnum og upplýsingum, í stað þess að Fjármálaeftirlitið þurfi að hafna markaðssetningu. Með þessum úrbótum mundi Fjármálaeftirlitið fylgja leiðbeiningum Committee of European Securities Regulators (CESR).

CESR hefur birt leiðbeiningar nr. CESR/06–120b til eftirlitsstjórnvalda innan EES vegna markaðssetningar verðbréfasjóða á milli landa. Meginmarkmið leiðbeininganna er að einfalda það ferli sem á sér stað þegar verðbréfasjóðir eru markaðssettir milli aðildarríkja EES á grundvelli svokallaðs Evrópupassa. Einkum hefur verið gagnrýnt að 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE virðist gera ráð fyrir því að markaðssetning megi einungis hefjast að liðnum tveimur mánuðum eftir að öll nauðsynleg gögn hafa borist eftirlitsstjórnvöldum, sbr. t.d. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 30/2003. Hins vegar hefur komið í ljós að ýmis aðildarríki hafa túlkað umrætt ákvæði með mismunandi hætti þannig að sum hafa sett styttri frest en önnur heimilað markaðssetningu um leið og öll gögn hafa borist. Gagnrýnt hefur verið að réttarstaða aðila með tilliti til fresta hafi verið óljós, t.d. varðandi það hvort frestur lengist þurfi að kalla eftir frekari gögnum. Á grundvelli aðildarsamnings Fjármálaeftirlitsins við CESR er Fjármálaeftirlitið skuldbundið til að framfylgja ákvörðunum og leiðbeiningum CESR. Samkvæmt umræddum leiðbeiningum getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir frekari skýringum vegna þeirra gagna sem hafa verið lögð fram með tilkynningu skv. 6. tölul. 1. mgr. 43. gr. gildandi laga, án þess að frestur skv. 1. mgr. lengist. Réttur verðbréfasjóðs til þess að hefja markaðssetningu eftir tveggja mánaða frestinn mundi vera óbreyttur nema rökstudd synjun sé gefin út. Ef Fjármálaeftirlitið telur hins vegar að skilyrði til höfnunar markaðssetningar séu fyrir hendi en líklegt sé að verðbréfasjóðurinn geti bætt úr þannig að það þurfi ekki að koma til höfnunar er heimilt, áður en til höfnunar kemur, að veita viðkomandi aðila kost á að veita umbeðnar upplýsingar og gögn innan frestsins. Í slíkum tilvikum hættir frestur skv. 1. mgr. 43. gr. laganna að líða en hefst aftur þegar allar umbeðnar upplýsingar hafa verið mótteknar af Fjármálaeftirlitinu. Ef Fjármálaeftirlitið telur, eftir að hafa móttekið öll nauðsynleg gögn, að ráðstafanir sjóðsins séu enn ekki fullnægjandi með tilliti til 6. tölul. 1. mgr. 43. gr. laganna mundi það gefa út rökstudda synjun innan þess tíma sem er eftir af fresti skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. 43. gr. laganna hafi öll tilskilin gögn borist. Þess má geta að það er til umræðu á evrópuvettvangi að einfalda kynningarferli við markaðssetningu verðbréfasjóða utan heimalands.

Um 45. gr.

Lagt er til að taka ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, upp í 45. gr. frumvarpsins með örlítið breyttu sniði. Reglugerðarákvæðið kveður á um markaðssetningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi, annarra en verðbréfasjóða.

Efnislega verður ákvæðið sambærilegt við 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar en þar er fjallað um umsókn fjárfestingarsjóða (non-UCITS sjóða) til Fjármálaeftirlitsins um að hefja markaðssetningu hér á landi.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um tilkynningu um breytingu á áður tilkynntum atriðum og er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar. Í 15. gr. reglugerðarinnar er jafnframt tilskilið að öðrum sjóðum sé heimilt að markaðssetja hluti sína tveimur mánuðum eftir að skilyrði 1. mgr. er uppfyllt. Hér er hins vegar lagt til að Fjármálaeftirlitið geti veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

Framangreint felur m.a. í sér að fjárfestingarsjóðir (e. *non-UCITS*) sem hyggjast markaðssetja hluti sína hérlendis þurfa að sækja um heimild til þess til Fjármálaeftirlitsins, að teknu tilliti til undanþágu 47. gr. frumvarpsins ef eingöngu er markaðssett til fagfjárfesta. Í þeim tilvikum er þó mælt fyrir um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins.

Um 46. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 44. gr. gildandi laga og tekur af tvímæli um það að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við stórfelldum brotum á löggjöf um verðbréfasjóði með því að leggja bann við markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs hér á landi. Ekki verða efnislegar breytingar á ákvæðinu að öðru leyti en að það er aðlagað 45. gr. frumvarpsins. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 47. gr.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er að finna ákvæði sem felur í sér undanþágu frá tilkynningu og umsókn um markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu til Fjármálaeftirlitsins vegna markaðssetningar til tiltekinna aðila, þ.e. til fagfjárfesta. Lagt er til að taka upp sambærilegt ákvæði í 47. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið er ekki efnislega samhljóða reglugerðarákvæðinu þar sem lagt er til að sú krafa verði gerð til fagfjárfestasjóða, sem hyggjast eingöngu markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjárfesta hér á landi, að þeir skuli fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt nánar tilteknum upplýsingum. Nauðsynlegt er talið að upplýsingar séu til staðar um hvaða fagfjárfestasjóðir eru markaðssettir hér á landi og verður ekki talið að þessi áskilnaður verði of íþyngjandi fyrir slíka sjóði. Tilgangur þessa ákvæðis er m.a. að stemma stigu við því að íslenskir sjóðir séu markaðssettir með umræddum hætti og rekstrarfélög þeirra komist þannig hjá því lögbundna eftirliti og ákvæðum um upplýsingagjöf sem fram koma í V. kafla frumvarpsins sem fjallar um fagfjárfestasjóði.

Um 48. gr.

Í greininni er fjallað um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands. Ákvæðið er samhljóða 45. gr. gildandi laga og tekur ekki efnislegum breytingum.

Um 49. gr.

Reglur um ársreikninga og árshlutauppgjör vegna verðbréfasjóða eru settar fram í 49. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er sambærilegt við 46. gr. gildandi laga en lagt er til að felld verði

niður ákvæði er varða skil rekstrarfélags á ársfjórðungslegu efnahagsyfirliti verðbréfasjóðs. Sömu upplýsingar koma fram í þessum skýrslum og í yfirliti um sundurliðun fjárfestinga og er kveðið á um skil skýrslu um sundurliðun fjárfestinga í 50. gr. frumvarpsins.

Um 50. gr.

Í 50. gr. er kveðið á um skil rekstrarfélags á skýrslum um sundurliðun fjárfestinga. Hingað til hefur slíkum skýrslum verið skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega með vísan til 66. gr. gildandi laga, sem fjallar um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að kanna fjárfestingar sjóðanna oftar og er því lagt til að lögfest verði ákvæði um skil umræddra skýrslna á því formi og eins oft og Fjármálaeftirlitið ákveður.

Um 51. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 47. gr. gildandi laga um útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum og er vísað til skýringa sem koma fram í athugasemdum frumvarps til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 52. gr.

Kveðið er á um efni útboðslýsinga í 52. gr. frumvarpsins en ákvæðið samsvarar 48. gr. gildandi laga. Smávægilegar orðalagsbreytingar eru lagðar til í 1. mgr. Í 2. mgr. er lagt til að breyta orðalagi lítillega þar sem í ljós hefur komið að ákvæði 2. mgr. 48. gr. gildandi laga nr. 30/2003 innleiðir ekki fyllilega 1. mgr. 24. gr. a tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu. Láðst hefur að geta þess að í útboðslýsingu skuli jafnframt tilgreina hvort fjárfest sé í afleiðum sem lið í fjárfestingarstefnu. Lagt er til að bæta úr þessu og er þessi breyting í samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð. Ákvæði 2. og 3. mgr. eru því efnislega óbreyttar frá gildandi lögum.

Lagt er til að 4. mgr. ákvæðisins sé felld niður en sömu kröfur koma fram annars staðar í ákvæðinu.

Í 5. mgr. er lögð til sú orðalagsbreyting að notað er hugtakið „ársreikningur“ í stað „ársskýrslu“ en líklega er um þýðingarvillu að ræða þar sem rétt er að nota hugtakið ársreikningur.

Í 8. mgr. er lagt til að bæta við áskilnaði um að rekstrarfélag skuli taka fram í útboðslýsingu hvaða verkefnum félagið hefur útvistað.

Um 53. gr.

Ákvæðið kveður á um aðgengi að upplýsingum og er sambærilegt 49. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Lagt er til að í 3. mgr. verði áskilið að reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skuli vera aðgengileg almenningi. Þessar kröfur er t.d. hægt að uppfylla með birtingu skjalanna (upplýsinganna) á heimasíðu rekstrarfélags. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 54. gr.

Fjallað er um þóknun rekstrarfélags í 50. gr. gildandi laga og er lagt til að ákvæðið verði efnislega óbreytt. Í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði segir í skýringum við ákvæðið: „Tekjur rekstrarfélags af verðbréfasjóðastarfsemi eru þóknanir sem það áskilur sér fyrir þjónustu sína. Þóknun getur verið föst, hlutfall af eign eða munur á kaup- og sölugengi. Þóknunin hefur mikil áhrif á mögulega ávöxtun

fjárfestis af fjárfestingu sinni í verðbréfasjóði og því mikilvægt að hann geri sér grein fyrir þóknun rekstrarfélags áður en hann tekur ákvörðun um fjárfestingu í sjóðnum.“ Ekki er sérstaklega tekið fram með hvaða hætti tilkynning um breytingu á þóknun skuli fara fram. Líta verður svo á að tilkynning t.d. á heimasíðu viðkomandi rekstrarfélags eða með öðrum opinberum hætti sé nægileg. Það er því ekki áskilið að tilkynning þurfi að vera skrifleg og send bréflega til hvers og eins hlutdeildarskírteinishafa.

2. mgr. er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað um kynningarstarfsemi verðbréfasjóða. Ákvæðið byggist á 51. gr. gildandi laga að viðbættum nokkrum breytingum.

Lagt er til að í 2. mgr. ákvæðisins verði að finna upptalningu á þeim atriðum sem eiga að koma fram í auglýsingum og kynningarefni sjóðanna. Með kynningarefni er t.d. átt við einblöðunga sem eru að jafnaði gefnir út mánaðarlega og bæklinga. Ekki er átt við auglýsingar og styttra efni ætlað til kynningar og markaðssetningar. Nauðsynlegt er að viðkomandi upplýsingar séu greinargóðar og aðgengilegar að því er varðar staðsetningu og leturstærð. Með upplýsingum um áhættu er átt við að fram komi hvaða þættir geta haft áhrif á gengi sjóðsins, m.a. markaðsáhætta, skuldaraáhætta, gjaldmiðlaáhætta og lausafjáráhætta.

Þrátt fyrir tiltölulega afdráttarlaust ákvæði verður engu að síður að líta til þess að í þeim tilvikum sem sjóður vill nýta sér birtingu auglýsingar í ljósvakamiðli getur, eðli málsins samkvæmt, verið óhægt um vik að uppfylla öll efnisatriði ákvæðisins. Það gæti orðið um langa útvarpsauglýsingu að ræða. Telja verður því að í slíkum tilvikum væri heimilt að benda á að nánari upplýsingar væri að finna hjá viðkomandi sjóði og á heimasíðu rekstrarfélagsins, auk hvatningar til þess sem auglýsingu væri beint að til þess að leita sér nánari upplýsinga.

Þá er lagt til að rekstrarfélagi verði gert skylt að birta á heimasíðu og öðru kynningarefni, t.d. einblöðungi, til viðbótar þeim upplýsingum sem koma fram í 2. mgr., upplýsingar um nöfn tíu stærstu útgefenda í eignasafni og hlutfall fjárfestinga í hverjum aðila. Auk þess er lagt til að birta þar nafn- og raunávöxtun síðustu þriggja reikningsára/almanaksára. Skylda rekstrarfélaga til að birta upplýsingar um tíu stærstu útgefendur mundi stuðla að auknu gagnsæi í fjárfestingum þeirra en mikið hefur verið fjallað um rétt hlutdeildarskírteinishafa til að vera upplýstir um fjárfestingar sjóðanna. Jafnframt er talið nauðsynlegt að leggja áherslu á að umræddar upplýsingar verði uppfærðar reglulega, að lágmarki á sex vikna fresti. Verði verulegar breytingar á samsetningu stærstu útgefenda innan sex vikna skyldi þó tilkynna þær án tafar. Verður að teljast eðlilegt að þessar upplýsingar séu opinberar þar sem í raun eru það hlutdeildarskírteinishafar sem eiga sjóðina en ekki rekstrarfélagið og getur regluleg birting upplýsinganna aðstoðað þann sem vill fjárfesta í sjóðum við að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu þeirra sjóða sem viðkomandi hefur áhuga á að fjárfesta í. Hins vegar ber einnig að hafa í huga að samkeppnissjónarmið geta haft áhrif á mat á því hversu oft og á hversu víðtækan hátt eigi að birta upplýsingarnar. Regluleg birting, t.d. breytinga á eignasamsetningu sjóðs daglega, gæti einnig leitt til þess að önnur rekstrarfélög nýti greiningar og upplýsingasöfnun annarra sér til hagsbóta. Þarna vegast því á hagsmunir hins almenna fjárfestis á að fá upplýsingar um fjárfestingar sjóða og hins vegar hagsmunir rekstrarfélaga og sjóða til þess að vinna að eigin fjárfestingarstefnu án þess að aðrir notfæri sér þær upplýsingar sem um er að ræða eða þær hamli samkeppni.

Um 56. gr.

Ákvæði um skyldu rekstrarfélags til að tilkynna um áhættu í verðbréfasjóði er ekki að finna í gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þó er slíkt ákvæði að finna í 55. gr. laganna, en þar sem það er staðsett í III. kafla laganna, sem gildir um fjárfestingarsjóði, hefur gildissvið þess takmarkast við fjárfestingarsjóði og þar með ekki náð til verðbréfasjóða. Nú er lagt til að ákvæðið verði fært í II. kafla laganna sem 56. gr. Með þeirri breytingu mun ákvæðið bæði taka til verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og sú skylda hvíla á rekstrarfélögum að upplýsa hvern þann sem hefur hug á að fjárfesta í slíkum sjóðum um þá áhættu sem slíkum fjárfestingarkostum getur fylgt.

Um 57. gr.

Í III. kafla laganna er fjallað um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini en umfjöllun um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutabréf er að finna í IV. kafla. Eins og þegar hefur komið fram má segja að meginmunurinn á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði felist í því að fjárfestingarsjóðum er ekki heimilt að markaðssetja sig á Evrópska efnahagssvæðinu og fjárfestingarheimildir þeirra eru ekki í eins miklum mæli takmarkaðar og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Uppbygging, rekstur og tilgangur sjóðanna er hins vegar sambærilegur og þess vegna gilda að mörgu leyti sömu ákvæði um fjárfestingarsjóði og um verðbréfasjóði. Það þykir því við hæfi í upphafi III. kafla, 57. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 52. gr. gildandi laga, að taka fram að ákvæði II. kafla, nánar tiltekið undirkaflar A–D og H, gildi einnig um fjárfestingarsjóði. Þeim ákvæðum til viðbótar standa efnisreglur III. kafla sem er nánar lýst hér á eftir. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum en orðalagi er lítillega breytt frá gildandi lögum. Vísast til skýringa við 52. gr. frumvarps til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 58. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innlausn hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða og samsvarar það 53. gr. gildandi laga. Lagt er til að sömu breytingar verði gerðar á ákvæðinu um innlausn hlutdeildarskírteina og lagðar eru til í 27. gr. frumvarpsins enda eru ákvæðin sambærileg.

Áréttað er í 2. mgr. að frestun á innlausn skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur.

Nýmæli er að finna í 3. mgr. varðandi tilkynningar um opnun sjóða þegar frestun innlausnar lýkur. Mælt er fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt. Tilkynning skal vera bréfleiðis eða með sambærilegum hætti. Það sé því hugsanlegt að senda hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingarnar með tölvupósti haldi sjóðurinn uppfærða netfangaskrá. Telja verður að birting í heimabanka hlutdeildarskírteinishafa geti ekki jafngilt bréflegri tilkynningu.

Um 59. gr.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru skv. 30.–43. gr., þ.e. sambærilegar þeim sem gilda um verðbréfasjóði með þeim undanþágum sem eru heimilaðar í greininni. Tekið er fram að nýti fjárfestingarsjóður sér þær heimildir sem hér koma fram þá skuli það koma skýrt fram í reglum sjóðsins.

Uppbygging ákvæðisins er með sambærilegum hætti og áður, vísað er til meginreglunnar um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í 30. gr. og því næst eru taldar í sex málsgreinum þær undanþágur sem fjárfestingarsjóðum er heimilt að gera. Í 2. mgr. er vakin sérstök athygli

á heimild fjárfestingarsjóða til fjárfestingar allt að 20% af eignum sjóðsins í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Í 3. mgr. er heimildarákvæði bætt við og áréttað að hámark fjárfestingar í einum útgefanda sé 10% af heildareignum. Í framkvæmd er ekki um breytingu að ræða, aðeins er verið að skýra heimildir fjárfestingarsjóða.

Litlar breytingar verða á efni 4. mgr. frá gildandi lögum. Í 4. tölul. hennar er bætt við að fjárfestingarsjóði er heimilað að fjárfesta 30% af eignum sjóðsins í innlánum til viðbótar við 35% fjárfestingar í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sama útgefanda. Það er því heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í peningamarkaðsskjölum og afleiðum gefnum út af sama aðila en sé það gert má fjárfesting í öðrum útgefendum ekki vera meiri en 20%. Sem dæmi má nefna að ef fjárfest væru 33% eignar sjóðs í A, þá mættu fjárfestingar í öðrum einstökum útgefendum ekki fara yfir 20%. Mögulegt er að fara upp í allt að 40% en þá má fjárfesting í peningamarkaðsskjölum og afleiðum sama útgefanda ekki fara yfir 35% og yrðu þá hin 5% að vera innlán. Samsetningin gæti einnig verið annars konar, t.d. 20% í peningamarkaðsskjölum og afleiðum og 20% í innlánum.

Áhersla er lögð á að gera ákvæðið skýrara með því að breyta uppsetningu þess Nú eru sérstaklega tiltekin þau ákvæði 35. gr. sem eiga við fjárfestingarsjóði, í stað þess að vísa til þeirra. Lagt er til að heimildir til fjárfestinga í tengdum aðilum verði hærri fyrir fjárfestingarsjóði en verðbréfasjóði og tekið er fram með sambærilegum hætti og kemur fram í 35. gr. að um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fari samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í 5. mgr. er að finna ótakmarkaða heimild fjárfestingarsjóða til þess að fjárfesta í öðrum fjárfestingarsjóðum en kveðið er á um að fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði megi ekki fara yfir 20% af eignum hans. Samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum með öðru orðalagi. Í 6. mgr. kemur fram að fjárfestingarsjóði er heimilt að taka lán til skamms tíma en þó er lántakan takmörkuð við það sem svarar til 25% af verðmæti eigna sjóðs og er ekki um að ræða efnisbreytingu frá gildandi lögum.

Í 7. mgr. er lögð til orðalagsbreyting sem felst í því að í stað „sem á ekki í fórum sínum“ þá er lagt til að orðalagið „hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir“ verði notað.

Um 60.–65. gr.

Lagt er til að fjalla um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutabréf í sérstökum kafla, IV. kafla. Ástæðan er sú að um er að ræða sérstaka tegund fjárfestingarsjóða sem er að mörgu leyti ekki hliðstæð öðrum sjóðum. Með fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf er átt við fjárfestingarsjóði sem eru reknir sem hlutafélög og einkenni þeirra er það að þeir gefa út hlutabréf en ekki hlutdeildarskírteini. Lagt er til við endurskoðun laganna að taka upp heitið „hlutafélagssjóðir“ í stað hugtaksins „hlutabréfasjóðir“ um þessa sjóði. Í fyrsta lagi þykir hugtakið meira lýsandi og í öðru lagi hefur gætt misskilnings í orðanotkun vegna þess að hér á landi eru einnig starfræktir sjóðir sem fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum og er oft rætt um þá sjóði sem hlutabréfasjóði (enda rökrétt þar sem fjárfesting er í hlutabréfum). Því er lagt til að miða heiti sjóðanna við rekstrarform þeirra sem er á hlutafélagaformi og nefna umræddu sjóði hlutafélagssjóði. Hlutafélagssjóðir hafa ekki verið reknir hér á landi síðan 2004 en ekki er loku fyrir það skotið að slíkir sjóðir verði stofnaðir að nýju.

Hlutafélagssjóðir (fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf) eru lögaðilar og starfsleyfisskyldir. Ákvæði um veitingu og afturköllun starfsleyfis eru að meginstofni til í samræmi við sambærileg ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Þó er kveðið á um að hlutafélagssjóðir skuli láta útboðslýsingu fylgja með umsókn um starfsleyfi og jafnframt upplýsingar um vörslu-

fyrirtæki, en það er þó ekki sett að skilyrði fyrir starfsleyfi hlutafélagssjóða að samningur hafi verið gerður við vörslufyrirtæki. Ákvæði 60.–65. gr. lúta að starfsleyfi og starfsleyfisveitingunni og eru að mestu leyti sambærileg ákvæðum II. kafla laganna er lúta að staðfestingu verðbréfasjóða og vísast um nánari skýringar til umfjöllunar þar um.

Um 66. gr.

Í greininni er fjallað um starfsemi hlutafélagssjóða. Þeir mega ekki vera í blönduðum rekstri og ekki hafa með höndum aðra starfsemi en rekstur fjárfestingarsjóðs.

Í 2. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 19. gr. en ákvæði 19. gr. gildir bæði um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini.

Í 3. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 10. gr. og 2. mgr. 57. gr. Hlutafélagssjóðum er sem hlutafélögum rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í 4. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 26. gr. en ákvæði 26. gr. gildir bæði um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvæði um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum skuli gilda um hlutafélagssjóði. Í reglugerð skal síðan gera grein fyrir þeim upplýsingum sem skulu koma fram í útboðslýsingum og útdráttum úr útboðslýsingum fjárfestingarsjóða. Telja verður að þær upplýsingar sem fram koma í útboðslýsingum sjóða henti betur fyrir starfsemi hlutafélagssjóða en upplýsingar í skráningar- og útboðslýsingum almennra hlutafélaga sem skrá hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði. Þar sem hlutafélagssjóðir geta verið skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er nauðsynlegt að regluverk um útboðslýsingar og viðvarandi upplýsingaskyldu skráðra félaga taki mið af þessu.

Í 6. mgr. kemur fram hvaða upplýsingar skuli vera í samþykktum hlutafélagssjóða til viðbótar við ákvæði laga um hlutafélög. Vakin skal athygli á því að ekki er krafist innlausnarskyldu fyrir hlutafélagssjóði.

Um 67. gr.

Með starfsleyfi hlutafélagssjóða er ætlunin að svipaðar reglur gildi um hæfi stjórnenda og eigenda og almennt gilda um fjármálafyrirtæki. Í þessari grein eru tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki. Þannig gilda kaflar laga um fjármálafyrirtæki um eignarhluta og meðferð þeirra, stjórn og starfsmenn og ársreikninga og endurskoðun um hlutafélagssjóði. Í VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um stjórn og starfsmenn eru settar meginreglur um hæfisskilyrði, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra, þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála, þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið. Kveðið er á um að fjármálafyrirtæki setji sér nánari starfsreglur um efni kaflans. Í öllum meginatriðum eiga sömu sjónarmið við um hlutafélagssjóði.

Um 70. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. UCITS-tilskipunarinnar nr. 85/611/EBE er rekstrarfélögum óheimilt að starfrækja aðra sjóði en þá sem lúta opinberu eftirliti. Af orðanna hljóðan má því ætla að rekstrarfélögum sé óheimilt að starfrækja fagfjárfestasjóði þar sem þeir lúta ekki opinberu eftirliti. Þess vegna er lagt til að sérstakur kafli í lögunum muni fjalla sérstaklega um fagfjárfestasjóði. Um er að ræða sjóði um sameiginlega fjárfestingu en þeir veita ekki viðtöku fé frá almenningi og almenningi er m.a. með hliðsjón af neytendaverndarsjónarmiðum óheimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum. Hingað til hafa fagfjárfestasjóðir ekki lotið skipulögðu eftirliti og er ljóst að með því er mögulegt að ákveðin áhætta skapast á að fagfjárfesta-

sjóður hagnýti sér þann eftirlitsskort. Með hliðsjón af þessu er lagt til að lögfest verði lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum. Kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt um stofnun og starfsemi sjóðanna, haldin verði skrá yfir þá og að þeim verði gert skylt að skila skýrslu um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins.

Nokkuð misjafnt er hvernig málefnum fagfjárfestasjóða er háttað í öðrum ríkjum. Í ríkjum Evrópusambandsins hafa fagfjárfestasjóðir almennt ekki sérstaka stjórn en lúta engu að síður ákveðnu eftirliti. Þeim ber að upplýsa um fjárfestingarstefnu sína en þurfa yfirleitt aðeins að upplýsa um eignasafn í hálfsársskýrslu og ársreikningi en ekki að kröfu fjárfesta.

Í ákvæði þessarar greinar eru lagðar til lágmarkskröfur til skráningar og upplýsingagjafar fagfjárfestasjóða en fram til þessa hefur ekki verið gerð krafa um að aðrir rekstraraðilar fagfjárfestasjóða en rekstrarfélög verðbréfasjóða tilkynni um stofnun fagfjárfestasjóða. Af þeim orsökum liggja t.d. ekki fyrir upplýsingar um fjölda fagfjárfestasjóða sem starfræktir eru á Íslandi.

Lagt er til að í 2. mgr. verði hnykkt á því að rekstrarfélög verðbréfasjóða beri ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra fagfjárfestasjóða og einungis eignir hvers sjóðs standi til fullnustu skuldbindingum viðkomandi sjóðs. Ekki er litið svo á að um efnisbreytingu sé að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við framangreint. Eiga því eigendur hlutdeildarskírteina einungis kröfu til hlutdeildar í eignum viðkomandi sjóðs sem þeir eru eigendur í en geta ekki gert tilkall til eigna rekstraraðila fagfjárfestasjóðs eða annara sjóða sem sömu aðilar reka. Rétt þykir þó að taka af allan vafa í þessu efni, m.a. með hliðsjón af því að engar takmarkanir gilda um fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða og geta þeir því fjármagnað fjárfestingar sínar með lántökum. Ef illa gengur í rekstri slíks sjóðs getur það m.a. leitt til þess að skuldheimtumenn geri tilkall til eigna sjóðsins. Með þeirri breytingu sem er lögð til er tekinn af allur vafi um að í slíkum tilvikum eigi skuldheimtumenn, eins og eigendur hlutdeildarskírteina, einungis kröfu til eigna viðkomandi sjóðs en geti ekki gengið að eignum rekstraraðila fagfjárfestasjóðs eða annarra sjóða sem sömu aðilar reka. Ákvæðið víkur þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags hafi það sýnt af sér saknæma háttsemi og öðrum skilyrðum skaðabótaskyldu sé fullnægt.

Um 71. gr.

Samkvæmt þessari grein er fagfjárfestasjóðum skylt að senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins og telst þetta til hluta af lágmarkseftirliti með sjóðunum. Þessar upplýsingar eru Fjármálaeftirlitinu nauðsynlegar til þess að það geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Þá er fagfjárfestasjóðum jafnframt gert skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það hverjir eru sjóðstjórar sjóðsins. Er þessi krafa nauðsynleg og eðlileg til þess að Fjármálaeftirlitið geti metið hæfi viðkomandi aðila skv. 72. gr. en breytingar á reglum og/eða sjóðstjórum skulu tilkynntar til Fjármálaeftirlitsins.

Að lokum er í 3. mgr. áskilið að rekstraraðilar fagfjárfestasjóðs skuli veita upplýsingar um eignasafn sjóðs í ársreikningi og hálfsársuppgjöri.

Um 72. gr.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til auknar kröfur til hæfis þeirra starfsmanna rekstraraðila sem hafa með höndum sjóðastýringu. Í þessari grein er að finna sambærilegt ákvæði við 14. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um að starfsmenn sem hafi umsjón með sjóðastýringu skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Jafnframt er talið rétt að gera þann áskilnað að rekstraraðilar fagfjárfestasjóða uppfylli ákveðin

hæfisskilyrði og er þá sérstaklega verið að líta til þeirra tilvika þegar rekstrarfélög eru ekki rekstraraðilar. Fagfjárfestasjóðir sýsla með verulegar fjárhæðir og þrátt fyrir að um sé að ræða fagfjárfestasjóði og því hugsanlega ekki nauðsynlegt frá neytendaréttarlegu sjónarmiði að gera slíkar kröfur, þá má huga að hvort ekki sé rétt frá samfélagslegu sjónarmiði og sjónarmiðum um efnahagslegan stöðugleika að gera slíkar kröfur. Er því lagt til að rekstraraðili eða framkvæmdastjórar rekstraraðila (ef um lögaðila er að ræða) skuli uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Breytingar á stjórnendum sjóðsins skulu tilkynntar til Fjármálaeftirlitsins en sú krafa er nauðsynleg til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Um 73. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu rekstraraðila fagfjárfestasjóðs til að veita Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga sjóðsins. Skýrslugjöfin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður og felur því í sér að það getur kallað eftir slíkri skýrslu þegar þörf er talin. Þetta er sambærilegt ákvæði því sem gildir um aðra sjóði.

Um 74. gr.

Vegna ákvæða um lágmarkseftirlit og skráningu fagfjárfestasjóða eru lagðar til breytingar á 66. gr. gildandi laga til samræmis en í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með starfsemi verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða.

Um 75. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð. Lagt til að bæta við ákvæðið heimild ráðherra til þess að kveða á um efri og neðri mörk fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti tekur ákvæðið ekki efnislegum breytingum.

Um 76. gr.

Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Með samþykki frumvarpsins, er varð að lögum nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, voru settir viðamiklir viðurlagakaflar í lagabálka þá er eiga við um fjármálamarkað, þ.m.t. lög um verðbréfaviðskipti, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði o.fl. Í umfjöllun um viðurlagaákvæði V. kafla þessa frumvarps verður að mestu stuðst við þær athugasemdir er fylgdu frumvarpi til umræddra laga enda eru ekki gerðar tillögur um miklar breytingar á þessum ákvæðum.

Fjallað er um stjórnvaldssektir í 76. gr. frumvarpsins en samsvarandi ákvæði er að finna í 68. gr. gildandi laga. Rétt er að vísa til athugasemda við 14. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 55/2007. Þar segir m.a. lagt sé til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 68. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Áður en þessi lög voru samþykkt lágu aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum og eru þau talin í 40 töluliðum. Upptalningin skýrir sig sjálf og þarfnast

ekki nánari skýringa en við samningu þessa frumvarps var bætt við nokkrum slíkum sektarákvæðum vegna brota á boð- og bannákvæðum sem fram koma í lagatextanum.

Lagt er til að bæta við nýrri 3. mgr. þar sem Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til þess að beita verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða fagfjárfestasjóð stjórnvaldssektum ef sjóður verður uppvís að því að brjóta ítrekað eða gróflega gegn þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur sett sér og kynnt fyrir sínum fjárfestum. Talið er nauðsynlegt að veita Fjármálaeftirlitinu þetta úrræði þar sem mörg tilvik hafa komið upp þar sem sjóðir hafa brotið eigin reglur um fjárfestingar og verður að telja að það sé í þágu hagsmuna fjárfesta viðkomandi sjóðs að eftirlit sé haft með fjárfestingum þeirra og að mögulegt sé að sekta þá fylgi þeir ekki fjárfestingarstefnu sinni. Hins vegar er litið svo á að ákvæðið sé að ákveðnu leyti matskennt og taki því ekki til þeirra tilvika þegar um er að ræða svokallað „passívt brot“, þ.e. þegar fjárfestingar sjóða fara út fyrir fjárfestingarheimildir vegna utanaðkomandi aðstæðna sem ekki verður ráðið við, t.d. markaðsaðstæðna, en ekki vegna fjárfestinga. Hafi verðbréfasjóður farið fram úr heimildum fjárfestingarstefnu vegna utanaðkomandi aðstæðna er það á ábyrgð rekstrarfélaganna að sýna fram á með fullnægjandi hætti hvaða aðstæður það voru sem urðu þess valdandi.

Í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi er varð að lögum 55/2007 segir um 2. mgr. sem er reyndar 3. mgr. 68. gr. í gildandi lögum og verður 4. mgr. ef frumvarp þetta verður að lögum: „Í 2. [4.] mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. [4.] mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. [4.] mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. [5.] mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.“

Um 77. gr.

Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Í greininni er mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt en litið var svo á við setningu viðurlagakaflans að lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt mundi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir. Í athugasemdum við 15. gr. laga nr. 55/2007 segir: „Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert

ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.“

Um 78. gr.

Ákvæðið, sem tekur ekki efnislegum breytingum frá 70. gr. gildandi laga, lögfestir ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins er varð að lögum nr. 55/2007 segir um þetta ákvæði: „Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.“

Um 79. gr.

Í ákvæðinu, sem er sambærilegt 70. gr. a gildandi laga, er mælt fyrir um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa og er vísað til umfjöllunar um 70. gr. a í frumvarpi til laga nr. 55/2007.

Um 80. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ákvæðið er sambærilegt við 70. gr. b gildandi laga. Um nánari skýringar á ákvæðinu er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarps til laga nr. 55/2007. Við samningu þessa frumvarps var ákveðið að leggja til að bæta nokkrum ákvæðum við sem tilgreina brot gegn boð- eða bannákvæðum lagatextans.

Um 81. gr.

Greinin tekur ekki breytingum frá 70. gr. c gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlot-

ist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laganna sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um 82. gr.

Í greininni, sem lagt er til að verði óbreytt frá 70. gr. d gildandi laga, er að finna ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Í athugasemdum við 17. gr. frumvarps til laga nr. 55/2007 segir um þetta ákvæði: „Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.“

Um 83. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um innleiðingu evrópugerða um verðbréfasjóði og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 84. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna þann 1. janúar 2010, verði frumvarp þetta að lögum, og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er lagt til að veita rekstraraðilum starfandi fagfjárfestasjóða frest til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóða, sbr. 70. gr. frumvarpsins. Þykir fullnægjandi að miða við að fresturinn verði sex mánuðir frá gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að skýrsluskil fagfjárfestasjóða skuli hefjast 31. desember 2010. Eðlilegt þykir að veita allt að árs fyrirvara á skýrsluskilum þar sem oftast er miðað við almanaksár.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er starfandi sjóðstjórum og framkvæmdastjórum rekstrarfélaga veittur tveggja ára frestur frá gildistöku laganna til þess að afla sér þeirrar menntunar sem krafa er gerð um í 14. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að hlutaðeigandi skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki. Telja verður eðlilegt að veita nokkuð rúman tímafrest þar sem námskeið í verðbréfaviðskiptum geta fallið niður ef aðsókn er lítil en tveggja ára frestur ætti að vera nægilega rúmur til þess að koma í veg fyrir að það ástand komi upp að sjóðstjóri „brenni inni“ og geti ekki aflað sér umræddrar menntunar innan þess frests sem kveðið er á um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar sem eiga að skýra og afmarka nánar það regluverk sem gildir um starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu auk þess sem það innleiðir ákvæði tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru meðal annars þær að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir afturköllun á staðfestingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkaðar auk þess sem ráðherra verði veitt heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs sem og upplýsingagjafar til viðskiptavina um hana. Gert er ráð fyrir auknum kröfum um hæfi framkvæmdastjóra rekstrarfélaga, sjóðstjóra sjóða og stjórnarmanna rekstrarfélaga. Þá eru heimildir um fjárfestingar

í fjármálagerningum tengdra aðila þrengdar, auknar kröfur gerðar um upplýsingagjöf sjóðanna auk þess sem fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru þrengdar.

Samkvæmt frumvarpinu eru eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins auknar og kveðið á um úrræði ef ekki er farið að ákvörðunum þess. Hugsanlega munu því eftirlitsverkefni stofnunarinnar aukast sem kann að hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað. Ekki liggja þó fyrir áætlanir um aukið umfang vegna slíkra verkefna á þessu stigi. Þar sem rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með eftirlitsgjöldum sem lögð eru á eftirlitsskylda aðila verður ekki séð að frumvarpið muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

296. Fyrirspurn [260. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostnað við dagskrárliði í ríkissjónvarpinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hver er heildarkostnaður og kostnaður sundurliðaður eftir vinnulaunum, verktakagreiðslum og öðrum kostnaði við eftirtalda dagskrárliði í ríkissjónvarpinu:

a. Kastljós,
b. Silfur Egils,
c. Fréttaaukann,
d. Kiljuna,
e. fréttir kl. 22?

Skriflegt svar óskast.

297. Fyrirspurn [261. mál]

til utanríkisráðherra um greiðslur, styrki og ferðir.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hverjir aðrir en fastir starfsmenn ráðuneytisins hafa fengið greiðslur, þegið styrki eða verið sendir til útlanda, og þá hvert, á vegum ráðuneytisins árin 2007, 2008 og það sem af er árinu 2009?

Skriflegt svar óskast.

298. Fyrirspurn [262. mál]

til iðnaðarráðherra um útboð á sérleyfum til olíuleitar.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvað telur ráðherra geta skýrt meiri áhuga á útboði Grænlendinga á sérleyfum til olíuleitar en útboði Íslendinga?

Skriflegt svar óskast.

299. Fyrirspurn [263. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárfestingarsamninga og atvinnugreinar

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Í hvaða atvinnugreinum, þ.e. iðnaði, hátækni o.s.frv., eru fjárfestingarsamningar sem unnið er að og hve margir eru í vinnslu í hverri atvinnugrein?

300. Svar [132. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um íslenskt sjónvarpsefni og kvikmyndagerð.

Óskað var eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu, Stöð 2, Skjá einum og Kvikmyndamiðstöð Íslands um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að.

1. *Hver hefur verið árleg þróun í framleiðslu íslensks sjónvarpsefnis frá árinu 2005, mælt í mínútum?*

Eftirfarandi tafla sýnir hversu mikið *Ríkisútvarpið* og aðrir framleiðendur framleiddu af íslensku dagskrárefni sem frumflutt var í sjónvarpinu á árabilinu 2005–2008, mælt í mínútum. Sveiflur milli ára skýrast m.a. af tíðni og lengd útsendinga frá íþróttaviðburðum.

Framleiðandi	2005, mín.	2006, mín.	2007, mín.	2008, mín.
RÚV	68.000	68.973	63.576	59.857
Aðrir	5.166	14.858	6.596	21.961
Samtals	**73.166**	**83.831**	**70.172**	**81.818**

Á *Stöð 2* hefur þróunin í mínútum talið hefur verið lítil á árunum 2005–2009 og hefur hún ráðist mest af framboði á dagbundnum fréttatengdum útsendingum. Aukning hefur orðið í framleiðslu á leiknu innlendu efni og skemmti- og fræðsluefni.

Innlent efni í mínútum talið 2005–2009:

	2005, mín.	**2006, mín.**	**2007, mín.**	**2008, mín.**	**2009, mín.**
Þáttagerð	15.595	13.263	9.714	8.283	6.964
Annað	5.433	1.893	507	1.068	1.131
Fréttatengt	52.101	57.341	30.216	28.044	23.440
Alls án fréttatengds efnis	21.028	15.156	10.221	9.351	8.095
Samtals	**73.129**	**72.497**	**40.437**	**37.395**	**31.535**

Taflan sem *Skjár einn* sendi ráðuneytinu sýnir að nokkuð hefur dregið úr framleiðslu á íslensku efni hjá sjónvarpsstöðinni frá árinu 2006. Miklar sveiflur eru á milli ára en hlutur íslensks efnis hefur aukist það sem af er þessu ári.

Íslenskt efni í klukkustundum talið 2005–2009:

	2005, klst.	**2006, klst.**	**2007, klst.**	**2008, klst.**	**2009, klst.**
Íslenskt efni	175	321	107	88	105
Aukning/minnkun, klst.		146	-214	-19	17

2. *Hver hefur verið árleg þróun framlaga til kvikmynda, sjónvarpsmynda og heimildamynda frá árinu 2005 og hversu margar myndir hafa verið gerðar á þessum tíma?*

Með samkomulagi fjármálaráðherra og menntamálaráðherra við félög í kvikmyndaiðnaði frá 14. nóvember 2006 var samþykkt stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð. Framlag í Kvikmyndasjóð hefur þróast með eftirfarandi hætti:

	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Kvikmyndasjóður, heild	313,4	372,4	490,0	660,0	590,0
Leiknar myndir í fullri lengd	208,4	267,4	310,0	340,0	360,0
Leikið sjónvarpsefni	15,0	15,0	50,0	80,0	87,0
Stutt- og heimildamyndir	90,0	90,0	100,0	110,0	112,5
Samframleiðsla	30,0	30,0	30,0		

Í eftirfarandi yfirliti er fyrst og fremst um að ræða myndir sem Kvikmyndasjóður hefur styrkt. Árlega eru þó framleiddar fleiri heimildarmyndir og sjónvarpsmyndir en hér eru taldar upp. Oft reynist erfitt að draga mörkin á milli áhuga- og atvinnumennsku. Kvikmyndamiðstöð Íslands telur að í eftirfarandi töflu séu taldar með flestar þær myndir sem unnar eru af fagfólki á sviði kvikmyndalistar sem hefur kvikmyndagerð að aðalstarfi.

	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Leiknar myndir í fullri lengd	5	6	5	7	7
Stutt- og heimildamyndir	9	3	5	14	19
Leikið sjónvarpsefni	4	3	1	4	5

Rétt er að vekja athygli á að árið 2008 er um að ræða fimm leiknar myndir í fullri lengd, þar sem um viðameiri framleiðslu er að ræða með þátttöku erlendra aðila. Hið sama gildir um fjórar myndir 2009. Utan þessa hafa íslenskir aðilar átt aðild að þónokkrum myndum á sl. árum sem minnihlutaframleiðendur á grundvelli evrópska samframleiðslusamningsins.

Fjölda frumsýninga á ári hverju er erfitt að áætla þar sem fjármögnun tekur mislangan tíma og því getur liðið töluverður tími frá því að vilyrði fyrir styrk er gefið út af Kvikmyndasjóði og þar til að greiðslu hans kemur.

3. *Hversu mörg störf hafa fallið árlega undir kvikmyndagerðarlistina hér á landi frá árinu 2005?*

Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðanda hafa tekið saman tölur um fjölda þeirra sem starfa að kvikmyndagerð á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá samtökunum hefur störfum fjölgað úr 170 í 300 á tímabilinu, eða alls um 130 störf frá árinu 2005.

301. Svar [54. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um kostnað við framkvæmd nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

1. *Hver er kostnaður við að koma nýjum lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla til framkvæmda? Svar óskast sundurliðað eftir skólastigum.*

Með frumvörpum til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sem lögð voru fyrir Alþingi haustið 2007, fylgdi mat á kostnaðaráhrifum. Varðandi leik- og grunnskóla var það sameiginlegt mat menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga að erfitt væri að skera úr um kostnað sveitarfélaga sem hlytist af lögunum. Sum ákvæði þeirra væru til þess fallin að draga úr kostnaði en önnur gætu haft í för með sér kostnaðarauka. Voru aðilar sammála um að koma á starfshópi til að meta kostnað af lögunum vegna reglugerða og annarra þátta. Starfshópurinn var skipaður og hefur lagt mat á kostnaðaráhrif reglugerða sem settar hafa verið vegna laganna. Hópurinn mun starfa áfram og meta þær reglugerðir sem enn hafa ekki verið settar og einnig fara yfir þau atriði laganna sem menn telja að geti leitt til hækkunar eða lækkunar á kostnaði. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja ekki fyrir en nefndin hefur ekki gert neinar athugasemdir við kostnað sem hlýst af settum reglugerðum.

Þegar á heildina er litið er ekkert sem bendir til að ný lög um um leik- og grunnskóla muni leiða til kostnaðarauka fyrir ríki eða sveitarfélög þó að ýmis ákvæði geti leitt til tilfærslu milli kostnaðarþátta.

Áætlað er að kostnaður við námskrárgerð fyrir leik- og grunnskóla nemi um 10 millj. kr. á þessu ári.

Varðandi framhaldsskóla gerði kostnaðarmat ráð fyrir að varanlegur kostnaðarauki af nýjum lögum yrði 1.200–1.700 millj. kr. á ári. Er þá tekið tillit til aukins námsframboðs og nemendafjölgunar vegna fræðsluskyldu til 18 ára aldurs, lengingar skólaárs, verknáms, námskrárgerðar o.fl. Þessi áætlun gerir ráð fyrir aukinni þjónustu við nemendur og að framhaldsskólar fái aukið svigrúm vegna nemendafjölgunar en ekki hafa fengist framlög til þessa á fjárlögum þessa árs eða í fjárlagafrumvarpi þess næsta.

Greiðslur ráðuneytisins fyrir námskrárgerð og þróunarverkefni í framhaldsskólum við innleiðingu nýrra laga nema um 110 millj. kr. á þessu ári. Auk þessa hefur verið efnt til endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara og annarra verkefna er tengjast framkvæmd nýrra framhaldsskólalaga.

2. *Hver er kostnaður ráðuneytisins við reglugerðasmíð í tengslum við lögin?*

Reglugerðir í kjölfar nýrra laga hafa verið unnar af starfsmönnum ráðuneytisins í samráði við hagsmunaaðila. Ekki hefur verið um að ræða útlagðan ytri kostnað við reglugerðarvinnuna. Alls er áætlað að um 3.000 vinnustundir muni liggja í smíði reglugerða, samráði um áherslur og efni þeirra og útgáfu.

3. *Telur ráðherra koma til greina að fresta framkvæmd laganna um einhver ár vegna efnahagsástandsins?*

Þegar þessari spurningu er svarað er mikilvægt að hafa í huga áhrif laganna til skemmri og lengri tíma. Einnig þarf að gera greinarmun á því hvort fresta eigi framkvæmd laga í heild eða einstakra ákvæða þeirra. Óraunhæft verður að teljast að fresta framkvæmd laga í heild um einhver ár enda mörg ákvæði þeirra þegar komin til framkvæmda.

Hvað varðar lög um leik- og grunnskóla þá er, eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar, ekkert sem bendir til þess að efnahagsástand gefi tilefni til frestunar á framkvæmd laganna. Ýmislegt bendir til að ákvæði í lögunum, t.d. um samrekstur leik- og grunnskóla, geti haft í för með sér hagræðingu fyrir sveitarfélög. Bent hefur verið á að til greina komi að fresta gildistöku ákvæðis um lengingu skólaársins í 180 daga en sá dagafjöldi er bundinn í kjarasamningum og þurfa því hagsmunaaðilar að ná samkomulagi um slíka frestun. Hugsanlega kæmi til greina að fresta gildistöku einstakra ákvæða laga um grunnskóla til skemmri tíma náist um það samstaða.

Framkvæmd laga um framhaldsskóla verður kostnaðarsöm ef komið verður til móts við nemendafjölgun og námsframboð í samræmi við fræðsluskyldu og fyrri áætlanir. Vandséð er þó að vilji sé til þess að takmarka rétt nemenda yngri en 18 ára til skólagöngu þó svo að eldri lög feli ekki í sér fræðsluskyldu.

Hvað varðar breytingar á námsframboði og skipulagi náms með nýrri námskrá má segja að til skamms tíma gæti orðið einhver sparnaður af því að fresta gildistöku nýrra laga. Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að IV. og V. kafli laganna, um skipulag náms og námskrár og námsbrautir, skuli taka gildi 1. ágúst 2011. Ef gildistöku þessara ákvæða yrði frestað gæfist framhaldsskólum og ráðuneyti rýmri tími til að móta nýjar námsbrautir og innleiða nýja námskipan. Á þessari stundu er enn óvissa um hvort eða hvernig samið verður við kennara um kjör þeirra í nýju námskipulagi.

Frestun gildistöku ákvæða laga getur komið í veg fyrir aðgerðir sem geta falið í sér sparnað og skapað skólum svigrúm til að auka námsframboð, fjölga nemendum og bæta þjónustu við þá. Er þar um að ræða styttingu námstíma í framhaldsskólum en sem dæmi má nefna að kennsla á þriggja ára námsbrautum til stúdentsprófs er nú hafin í nokkrum framhaldsskólum.

Þegar hefur verið frestað framkvæmd ákvæðis í lögum um framhaldsskóla um efnisgjöld og til greina kemur að fresta framkvæmd annarra ákvæða sem hafa áhrif á sértekjur skóla.

302. Fyrirspurn [264. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kostnað vegna starfa erlendra sérfræðinga í Seðlabankanum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver var heildarkostnaðurinn, sundurliðað eftir mánuðum, við störf Sveins Haralds Öygards, sem var settur Seðlabankastjóri fyrr á árinu, þ.m.t. laun, ferðir, þýðingar og túlkaþjónustu, og hver bar kostnaðinn?
2. Hver er heildarkostnaður, sundurliðað eftir mánuðum, við setu Anne Sibert í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, þ.m.t. laun, ferðir, þýðingar og túlkaþjónustu, og hver ber kostnaðinn?
3. Hver er heildarkostnaður, sundurliðað eftir mánuðum, við setu Daniels Gros í bankaráði Seðlabanka Íslands, þ.m.t. laun, ferðir, þýðingar og túlkaþjónustu, og hver ber kostnaðinn?

303. Fyrirspurn [265. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um rannsókn sérstaks saksóknara.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað líður rannsókn sérstaks saksóknara á bankahruninu?
2. Hversu margir hafa fengið stöðu grunaðra við rannsóknina?
3. Til hvaða landa hefur rannsóknin náð?
4. Hvenær er áætlað að rannsókninni ljúki?

304. Fyrirspurn [266. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um fatlaða í fangelsum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hver er fjöldi fatlaðra í fangelsum landsins?
2. Hver er fötlun þessara einstaklinga?
3. Á hvern hátt er komið til móts við sérþarfir fatlaðra í fangelsunum?

305. Fyrirspurn [267. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kostnað við að verja krónuna.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvað hefur það kostað ríkissjóð mikið fé að verja krónuna síðan bankahrunið reið yfir?

Skriflegt svar óskast.

306. Fyrirspurn [268. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fiskveiðikvóta.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvaða byggðarlög hafa aukið mest við sig fiskveiðikvóta á síðustu 10 árum?
2. Hvaða byggðarlög hafa tapað mestum fiskveiðikvóta á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

307. Fyrirspurn [269. mál]

til fjármálaráðherra um fundargerðir af fundum um Icesave-málið.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Eru til fleiri fundargerðir eða frásagnir af fundum samninganefnda Íslands með breskum og hollenskum viðsemjendum um Icesave frá því eftir að Alþingi samþykkti lög um ríkisábyrgð 28. ágúst sl. en sú sem þegar hefur verið gerð opinber, og ef svo er, stendur til að birta þær? Ef ekki eru til fundargerðir, hvers vegna voru þær ekki gerðar?
2. Liggur fyrir fundargerð af fundum ráðherra um Icesave-málið með erlendum aðilum, t.d. í Istanbul, og ef svo er, stendur til að birta þær? Ef ekki eru til fundargerðir, hvers vegna voru þær ekki gerðar?

308. Fyrirspurn [270. mál]

til utanríkisráðherra um fundargerðir af fundum ráðherra með erlendum aðilum.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Liggja fyrir fundargerðir af 20–60 mínútna löngum fundum ráðherra við þrjá þjóðhöfðingja og 12–14 utanríkisráðherra Evrópusambandsríkja á tímabilinu frá miðjum september til 22. október sl., og ef svo er, stendur til að birta þær? Ef ekki eru til fundargerðir, hvers vegna voru þær ekki gerðar?
2. Liggur fyrir fundargerð af fundi utanríkisráðherra með framkvæmdastjóra Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, Dominique Strauss-Kahn, 22. september sl., og ef svo er, stendur til að birta hana? Ef ekki er til fundargerð, hvers vegna var hún ekki gerð?

309. Svar [189. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við meðdómendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margir sérfróðir meðdómendur eru á bak við áætlaðan 39.867.330 kr. rekstrarkostnað héraðsdómstólanna og um hvers konar sérfræðiþekkingu er hér að ræða?

Leitað var eftir upplýsingum frá dómstólaráði vegna þessarar fyrirspurnar og byggist svarið á upplýsingum frá ráðinu.

Áætlaður kostnaður vegna launa meðdómenda á árinu 2009 tekur mið af raunkostnaði vegna sérfróðra meðdómenda árið 2008. Heildarkostnaður var þá 36,1 millj. kr. Sú fjárhæð var greidd til 93 einstaklinga. Af þeim eru um 46% verk- eða byggingafræðingar, 23% læknar, 18% sálfræðingar og félagsráðgjafar, 6% endurskoðendur og viðskiptafræðingar, 4% lögfræðingar og 3% voru greidd til annarra starfsstétta.

310. Svar [186. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um dómstólaráð.

1. Hvaða skýringar eru að baki síauknum kostnaði við rekstur dómstólaráðs?

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá dómstólaráði sem lagðar eru til grundvallar við þetta svar.

Kostnaður vegna reksturs dómstólaráðs á árunum 2001 til 2008.

2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
29.627.281	26.508.475	24.500.319	26.822.727	24.887.787	30.155.017	37.112.501	38.109.787

Innifalið í rekstri dómstólaráðs er ekki aðeins kostnaður vegna reksturs ráðsins sjálfs heldur verulegur sameiginlegur kostnaður af rekstri héraðsdómstóla. Í rekstrarkostnaði felast því laun dómstólaráðs, sem skipað er fimm ráðsmönnum, laun framkvæmdastjóra í fullu starfi, ritara í 70% starfi ásamt launum prófarkalesara í 50% starfi sem sinnir störfum fyrir dómara utan héraðsdóms Reykjavíkur. Dómstólaráð greiðir allan rekstrarkostnað við heimasíðu héraðsdómstólanna, rekstur og þróun málaskrár og hefur greitt heildarkostnað netþjónustu allra dómstólanna frá árinu 2007. Þannig greiðist og kostnaður vegna ferða héraðsdómara sem sinna meðdómara- og setudómarastörfum fyrir aðra dómstóla af rekstrarfé dómstólaráðs. Þá greiðir dómstólaráð kostnað vegna endurmenntunar héraðsdómara og annarra starfsmanna. Ætla má að beinn kostnaður við rekstur dómstólaráðs, þ.e. laun ráðsins og starfsmanna þess ásamt skrifstofukostnaði, hafi verið um 20 millj. kr. á árinu 2008.

Helstu skýringar á hækkun kostnaðar frá 2005 til 2006 eru að á þeim tíma var prófarkalesari ráðinn í 50% starf fyrir héraðsdómstólana utan Reykjavíkur, auk þess sem fram fór vinna við uppsetningu héraðsdóma á heimasíðu og þarfagreining vegna fyrirhugaðrar nýrrar málaskrár héraðsdómstólanna.

Skýring á auknum kostnaði frá 2006 til 2007 felst í því að frá 1. janúar 2007 greiðir dómstólaráð fyrir þjónustu Þjóðskrár, sem felst í rekstri tölvupóstsamskipta dómstólanna. Fyrir þann tíma greiddu dómstólar ekki fyrir þá þjónustu sem unnin var hjá tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis. Héraðsdómstólar fengu sérstaka 8 millj. kr. fjárveitingu til að greiða fyrir þessa þjónustu frá og með 1. janúar 2007.

2. *Telur ráðherra kostnaðinn eðlilegan, t.d. í samanburði við kostnað héraðsdómstólanna?*

Mikilvægt er að gera grein fyrir því að á rekstrarlið eru færð talsverð útgjöld sem eru sameiginleg fyrir dómstólana og valin hefur verið sú leið að færa kostnaðinn á dómstólaráð í stað þess að skipta honum hlutfallslega niður á þá dómstóla sem njóta þjónustunnar, sbr. 1. lið fyrirspurnarinnar. Hæpið virðist að bera þennan miðlæga kostnað saman við kostnað af rekstri einstakra dómstóla eða kostnað af héraðsdómstólunum að öðru leyti, enda um gjörólík verkefni og fjárhæðir að ræða.

3. *Þiggja fulltrúar í dómstólaráði laun fyrir annað en setu í ráðinu?*

Nei. (Gert er ráð fyrir að hér sé átt við laun frá dómstólaráði.)

4. *Hvaða þjónustukaup eru á bak við áætlaðan 20.012.710 kr. kostnað ráðsins fyrir árið 2009?*

Þjónustukaup voru áætluð 30.483.855 kr. á árinu 2009. Heildarkostnaður vegna þjónustukaupa það sem af er árinu, frá janúar til og með nóvember, er hins vegar 12,4 millj. kr. og hefur stærsti hluti þeirrar fjárhæðar verið greiddur fyrir þjónustu Þjóðskrár, eða um 10,9 millj. kr. á árinu 2009. Annar kostnaður hefur farið til greiðslu vegna viðhalds heimasíðu og málaskrár. Í áætlaðri fjárhæð var gert ráð fyrir vinnu við gerð nýrrar málaskrár fyrir héraðsdómstóla. Af þeirri vinnu hefur hins vegar ekki orðið vegna kröfu um hagræðingu hjá dómstólum í júní 2009 um 17,2 millj. kr.

5. *Hvað skýrir áætlaðan 3.370.000 kr. ferðakostnað ráðsins fyrir árið 2009?*

Ferðakostnaður var áætlaður 3.370.000 kr. á árinu 2009. Þar af eru 1.320 þús. kr. vegna endurmenntunar starfsmanna. Verulegs aðhalds hefur verið gætt í ferðakostnaði og er heildarferðakostnaður ráðsins 550 þús. kr. það sem af er ári. Stærsti hluti þess kostnaðar er

vegna ferða dómara sem sinna meðdómara- eða setudómarastörfum við aðra dómstóla en þeir starfa við.

311. Svar [201. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um málefni hælisleitenda á Íslandi.

1. *Hvað hefur verið gert og hvað verður fleira gert í málefnum hælisleitenda eftir að nefnd ráðherra um þau efni skilaði í sumar skýrslu með fjölda tillagna til úrbóta? Hafa einhverjar af tillögunum verið teknar til greina?*

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa sett á fót nefnd til að fara yfir tillögur sem fram koma í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna frá því í ágúst 2009 (skýrslan er birt á heimasíðu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á www.domsmalaraduneyti.is). Að þeirri vinnu lokinni munu liggja fyrir tillögur um hvaða breytingar skuli gera á löggjöf er varðar útlendinga og meðferð hælisleitenda. Nú þegar hafa þó ýmsar breytingar verið teknar í gagnið við meðferð hælisumsókna, t.d. hvað varðar andmælarétt, birtingu ákvarðana og fleira.

2. *Er tryggt að þegar Ísland endursendir hælisleitendur til Grikklands á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins sé tekið strax á móti þeim af grískum stjórnvöldum, þeim fengin skilríki og mál þeirra sett í farveg í gríska stjórnkerfinu? Hafa grísk stjórnvöld staðið við skyldur sínar þegar Ísland endursendir hælisleitendur til Grikklands? Hafa íslensk stjórnvöld fylgst með því að það sé gert?*

Ráðuneytið hefur kannað sérstaklega hvernig málsmeðferð hælisleitenda sem eru endursendir frá aðildarríkjum Dyflinnarsamstarfsins er háttað í Grikklandi. Skýrsla norsku útlendinganefndarinnar (*Utlendingsnemda*), sem birt var á heimasíðu nefndarinnar 6. maí 2009 og skýrsla mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins frá 4. febrúar 2009 varpa ljósi á hvernig skráningu og móttöku hælisumsækjenda sem eru framsendir frá aðildarríkjum Dyflinnarsamstarfsins er ólíkt háttað en þeirra sem koma beint að landamærum Grikklands og óska þar eftir hæli. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur munu þeir einstaklingar sem eru endursendir á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins vera skráðir inn í kerfið með samræmdum hætti á flugvellinum í Aþenu, fá leiðbeiningar og aðstoð og sérstakt skírteini sem felur í sér leyfi til atvinnu á meðan mál er til meðferðar og er jafnframt ávísun á ýmiss konar aðstoð. Mun staða þeirra því vera verulega frábrugðin stöðu hinna sem eru í flóttamannabúðum við landamærin, en aðstæður slíkra flóttamanna hafa sætt sérstakri gagnrýni. Ráðuneytið hefur ekki fylgst með reglubundnum hætti með framhaldi mála eða afdrifum þeirra einstaklinga sem sendir eru til samstarfsríkja á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Að því er varðar flutning þeirra sem sendir hafa verið frá Íslandi til Grikklands hefur ráðuneytið upplýsingar um að tekið hafi verið á móti þeim á flugvellinum í Aþenu af grískum stjórnvöldum en hefur hvorki fengið upplýsingar um að móttökur þeirra og meðferð hafi verið með öðrum hætti en að framan er lýst né að þeir hafi sætt framsendingu til hættulegra svæða.

3. *Hefur ráðuneytið fylgst með nýlegri þróun mála í Grikklandi varðandi hælisleitendur, svo sem afnámi áfrýjunarnefndar fyrir hælisleitendur 20. júlí sl.? Hefur verið tekið tillit til þessarar þróunar við vinnslu úrskurða eftir að ráðuneytið gerði skýrslu um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi í júní sl.?*

Ráðuneytið hefur nú aflað frekari upplýsinga um þróun mála í Grikklandi varðandi hælisleitendur frá því að skýrsla ráðuneytisins um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi var birt á heimasíðu ráðuneytisins 11. júní 2009. 30. júní 2009 samþykktu grísk stjórnvöld tilskipun (*Presidental Decree*) nr. 81/2009 sem varðaði breytingar á fyrri tilskipun, nr. 90/2008. Sú tilskipun hafði heitið „adjustment of the Greek legislation to the provisions of the Council Directive 2005/85/EC of 1 December 2005 on minimum standards on procedures in Member States for granting and withdrawing refugee status“, um málsmeðferð hælisumsókna. Samkvæmt eldri tilskipun gátu hælisleitendur áfrýjað synjun á hæli til sérstakrar áfrýjunarnefndar (*Appeals Committee*) en með hinni nýju tilskipun var það úrræði afnumið og mælt fyrir um að eina úrræði hælisleitenda væri að krefjast ógildingar ákvörðunarinnar hjá *Conseil d'Etat* (æðsta stjórnsýsludómstóli Grikklands). Í stað áfrýjunarnefndarinnar voru settar upp ráðgjafarnefndir í öllum umdæmum sem aðstoða skyldu stjórnvöld á lægra stjórnsýslustigi við meðferð og ákvarðanatöku í hælismálum. Í hverri nefnd eiga sæti fulltrúar stjórnvalda og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þá er ákveðið að gangi ákvörðun um umsókn gegn tillögum ráðgjafarnefndarinnar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega. Sem fyrr segir er unnt að skjóta slíkri ákvörðun til æðsta stjórnsýsludómstólsins.

Hælisleitendur í Grikklandi eiga eftir sem áður kost á því úrræði 13. gr. mannréttindasáttmálans að fá ákvörðun um synjun um hæli og sendingu til þriðja ríkis endurskoðaða og gætu krafist þess að framkvæmd brottvísunar yrði frestað. Aðildarríki Dyflinnarsamstarfsins hafa haldið áfram að endursenda hælisleitendur til Grikklands og er Ísland þar á meðal. Ráðuneytið hefur sérstaklega haft náið samráð við hin norrænu ríkin um þessi málefni, en þau hafa ekki breytt framkvæmd sendinga til Grikklands frá því sem lýst var í skýrslu ráðuneytisins frá júní sl., þ.e. að skoða hvert mál og senda ekki tiltekna hópa til Grikklands, svo sem einsömul börn. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur á síðustu tveimur mánuðum fengið fjölmargar beiðnir um frestun flutninga til Grikklands til bráðabirgða og hefur m.a. í einu íslensku máli og rúmlega eitt hundrað finnskum málum mælt fyrir um frestun til bráðabirgða, en hefur ekki stöðvað flutninga á neinum sem fluttir eru frá öðrum norrænum ríkjum til Grikklands. Mannréttindadómstóllinn hefur fallist á beiðnir um frestun flutnings manna frá tilteknum upprunaríkjum, en tekur málin til efnislegrar skoðunar í framhaldi af því. Dómstóllinn hefur nú lokið skoðun á 15 finnskum málum og í öllum tilvikum ákveðið að flutningur skuli fara fram, en ákvörðun Finna um sendingu til Grikklands hefur ekki verið hnekkt í neinu tilviki. Skoðun dómstólsins á íslenska málinu er ekki lokið.

Breytingin á lagaumhverfinu í Grikklandi hefur verið gagnrýnd af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, m.a. vegna þess að aðgangur að ókeypis lögfræðiþjónustu sé nú takmarkaðri en áður. Flóttamannastofnunin hefur nú hafnað því að taka þátt í fyrrnefndum nefndum sem veita skyldu grískum stjórnvöldum ráðgjöf við meðferð og ákvarðanatöku í hælismálum og þess í stað beint því til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að athuga hvort hið nýja fyrirkomulag fari gegn tilskipun sambandsins nr. 2005/85/EB frá 1. desember 2005 um lágmarkskröfur til málsmeðferðar í aðildarríkjum í hælismálum.

Ráðuneytið mun halda áfram að fylgjast með ástandinu og meta það hverju sinni hvort óhætt sé að endursenda hælisleitendur til Grikklands.

4. *Er tekið mið af upprunalandi hælisleitanda, svo sem Írak eða Afganistan, þegar ákveðið er hvort umsókn um hæli verði tekin til efnismeðferðar hér á landi? Ef ekki, telur ráðherra að þetta væri hægt að gera, sérstaklega ef endursenda á til landa á borð við Grikkland þar sem innan við 1% hælisleitenda fær hæli á fyrsta stjórnsýslustigi?*

Í ákvörðun Mannréttindadómstólsins í máli K.R.S. gegn Bretlandi frá 2. desember 2008 (nr. 32733/08) fjallaði dómstóllinn um kæru hælisleitanda frá Íran. Hann kvartaði undan því að endursending hans frá Bretlandi til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar mundi leiða til þess að hann sætti slæmri meðferð sem bryti gegn 3. gr. mannréttindasáttmálans sem kveður á um að enginn maður skuli sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Dómstóllinn taldi ekkert fram komið sem benti til þess að kærandi yrði sendur frá Grikklandi áfram til þriðja ríkis þar sem hann mundi sæta meðferð sem bryti gegn 3. gr. Benti dómstóllinn í því sambandi á að hælisleitendur í Grikklandi ættu kost á raunhæfu úrræði skv. 13. gr. mannréttindasáttmálans til að fá ákvörðun um brottvísun til þriðja ríkis endurskoðaða og gætu krafist þess að framkvæmd brottvísunar yrði frestað. Með vísan til þessa taldi Mannréttindadómstóllinn að endursending kæranda til Grikklands bryti ekki gegn 3. gr. sáttmálans.

Meginreglan er sú að almennt skuli aðildarríki Dyflinnarsamstarfsins beita reglugerðinni eins og unnt er enda hafa ríkin með aðild sinni að samstarfinu tekist á hendur skuldbindingar þess efnis. Sú meginforsenda býr að baki samstarfinu að aðildarríkin treysta hvert öðru til að gæta þess að málsmeðferð hælisumsókna samræmist þeim kröfum og skuldbindingum sem rekja má til alþjóðlegra skuldbindinga á sviði mannréttinda, Evrópusamstarfs og eigin löggjafar ríkjanna. Að öðrum kosti hefði ekki verið unnt að taka upp samstarf á þessum vettvangi eða samþykkja Dyflinnarreglugerðina á vettvangi Evrópusambandsins. Þá eru aðildarríki Evrópusambandsins bundin sérstaklega af sameiginlegum reglum á sviði hælismála svo sem tilskipun 85/2005/EB um „minimum standards on procedures in Member States for granting and withdrawing refugee status“ og tilskipun 9/2003/EB um „minimum standards for the reception of asylum seekers“ sem eiga að tryggja samræmda og viðunandi meðferð hælismála og aðstæður fyrir hælisleitendur í aðildarríkjunum. Hafi hælisleitandi raunverulega þörf fyrir vernd verður því að treysta því að grísk stjórnvöld meti mál hans og taki rétta ákvörðun í því. Auk þess, með vísan í fyrrnefndan dóm Mannréttindadómstólsins, hefur verið litið svo á að hælisleitendur sem fái synjun hælisumsóknar og senda á til heimalands síns, t.d. Íraks eða Afganistans, hafi raunhæfan möguleika á því að fá slíka brottvísun endurskoðaða og framkvæmd stöðvaða á meðan endurskoðun fer fram. Sem fyrr segir virðist Mannréttindadómstóll Evrópu þó beina sjónum sínum sérstaklega að málum þeirra sem koma frá tilteknum upprunaríkjum, þar á meðal þessum tveimur, og fallast á frestun flutninga þeirra til Grikklands með bráðabirgðaákvörðunum. Í þeim málum sem ráðuneytinu er kunnugt um að lokið sé skoðun á hefur frestun flutnings verið aflétt eins og fram er komið. Engar lagaheimildir eru fyrir hendi í íslenskri löggjöf sem heimila beitingu mismunandi reglna við málsmeðferð eftir upprunaríkjum hælisleitenda. Eru því að mati ráðuneytisins ekki efni að óbreyttum lögum til að taka mið af upprunalandi hælisleitenda við endursendingar á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins.

5. *Hafa íslensk stjórnvöld skoðun á þróun Schengen-samstarfsins og þá sérstaklega framtíð Dyflinnarreglugerðarinnar?*

Íslensk stjórnvöld taka fullan og virkan þátt í þróun Schengen-reglnanna og hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingu á því samstarfi. Það var mat íslenskra stjórnvalda við

ákvörðun um þátttöku í Schengen að mikilvægt væri að norræni vegabréfasamningurinn héldi gildi sínu og að halda áfram hinu nána norræna lögreglusamstarfi og upplýsingaskiptum, sem breyting hefði annars orðið á þegar hin ríki Norðurlandanna hófu þátttöku í Schengen-samstarfinu. Reynslan hefur sýnt að aðgangur sá sem samstarfið veitir íslenskum lögregluyfirvöldum að evrópsku samstarfi og gagnabönkum eru ómetanleg tæki í baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi af öllum tegundum, sem breiðst hefur mjög út síðasta áratuginn með alþjóðavæðingu.

Möguleikar íslenskra stjórnvalda til að hafa bein áhrif á þróun Dyflinnarsamstarfsins eru mun takmarkaðri en til að hafa áhrif á Schengen-reglurnar og svipar meira til þess sem tíðkast á sviðum EES-samningsins, þar sem aðildarríki Evrópusambandsins ráða för. Íslensk stjórnvöld fylgjast engu síður með þeirri endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar sem nú stendur yfir. Meðal þess sem áform eru um að breyta eru fyllri ákvæði um tillit til mannúðarástæðna við meðferð mála, m.a. vegna fjölskylduaðstæðna, en einnig ítarlegri málsmeðferðarreglur við ákvörðun um framsendingu, aðbúnað, málsskotsreglur og möguleika á tímabundinni stöðvun sendinga til ríkis sem glímir við fjöldaflóttavandamál. Fullveldisgreinin, sem heimilar ríki að taka mál til meðferðar, breytist samkvæmt tillögunni og áhersla færist á að mannúðarsjónarmið skuli verða ráðandi við ákvörðun. Svo virðist sem nokkuð breið samstaða sé meðal aðildarríkja ESB efnislega um flest það sem tillaga framkvæmdastjórnarinnar felur í sér, en ágreiningur er um ýmis lagaleg atriði, svo sem það hvort reglurnar eigi heima í þessari reglugerð eða í annarri löggjöf ESB. Þróun Dyflinnarsamstarfsins tengist náið samvinnu Evrópusambandsríkjanna í málefnum flóttamanna, en Ísland hefur enga samninga við Evrópusambandið um efnisreglur á þeim vettvangi. Verði niðurstaða vinnu ESB við endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar að fella efnisreglur sem íslensk stjórnvöld vilja innleiða undir aðra löggjöf kæmi til álita að sníða íslenska löggjöf að þeim reglum. Í þessu sambandi má nefna að nefnd sem skilaði dómsmálaráðherra skýrslu um meðferð hælismála í ágúst sl. lagði til að efnisreglur tilskipana Evrópusambandsins um meðferð hælismála og aðbúnað hælisleitenda yrðu leiddar í lög hér á landi til að betra samræmi yrði tryggt í málaflokknum hér á landi við það sem tíðkast í ríkjum Evrópusambandsins. Þessi tillaga er til skoðunar í fyrrgreindri nefnd ríkisstjórnarflokkanna eins og aðrar tillögur hælisnefndarinnar.

312. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að kanna hvort hægt sé að nýta Lánasjóð íslenskra námsmanna til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði með kerfi þar sem fólk væri hvatt til að stunda nám í greinum þar sem kynjahlutfall viðkomandi er lágt.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra kanni hvernig hægt sé að nýta útlánakerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að jafna stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði, til að mynda með því að hvetja nemendur til náms á sviðum sem ekki

teljast hefðbundin fyrir viðkomandi kyn. Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir veigamiklu hlutverki í því að jafna aðstöðu fólks til náms. Aftur á móti er erfitt að stýra inntöku nemenda í skólum og eiga við skiptingu kynja eftir námsgreinum. Með þessari tillögu er leitast við að nýta sjóðinn til að hvetja nemendur að mennta sig og starfa utan hefðbundinna greina miðað við kyn, til dæmis fá karlmenn til að stunda nám í hjúkrunarfræði og félagsráðgjöf og konur í til dæmis rafmagns- og tölvuverkfræði en samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Háskóla Íslands voru 20. október 2009 einungis 3,3% nemenda í hjúkrunarfræðideild karlar og 16,9% nemenda í rafmagns- og tölvuverkfræðideild konur. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Háskólans í Reykjavík voru árið 2008 71% nemenda í kennslufræði- og lýðheilsudeildar konur og í tölvunarfræðideild eru 69% nemenda karlar. Þetta hvatningarkerfi gæti til dæmis falist í einhvers konar ívilnun varðandi lánakjör hjá sjóðnum. Sem dæmi má nefna að árlegt endurgreiðsluhlutfall væri lægra eða vextir lægri. Nauðsynlegt væri þó að hafa fyrir fram ákvarðað hlutfall kynjaskiptingar sem ívilnunin tæki til. Ef til að mynda 70% af skráðum nemendum í viðkomandi námsgrein eru karlkyns mundi kona njóta ívilnunar og væri þannig hvött til að stunda nám í viðkomandi námsgrein.

Á undanförnum árum hefur Alþingi lagt mikið upp úr því að jafna hlut kynjanna á vinnumarkaði. Má þar helst nefna svokallaða jákvæða mismunun, heimild starfsmanns til að tjá sig um laun kjósi hann það o.fl. Aftur á móti hefur erfiðlega gengið að jafna launamun kynjanna á íslenskum vinnumarkaði og enn virðist nokkuð langt í land. Eitt af markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, er að vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði. Enn fremur er í markmiðsgrein laganna talað um að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Í lögunum er jafnframt opnað á heimild fyrir sértækar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu annars kynsins eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á sviði þar sem hallar á annað þeirra. Til að ná slíku fram gæti þurft að veita öðru kyninu forgang. Með þessari tillögu er mælst til þess að ráðherra skoði þann möguleika að veita því kyni sem á hallar ívilnun á einstökum sviðum á vinnumarkaði í gegnum útlánakerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna og má því segja að aðgerðin sé sértæk. Eðli tillögunnar samkvæmt er um tímabundna aðgerð að ræða þar sem hin ívilnandi úrræði mundu einungis gilda þar til ákveðnu jafnvægi eða hlutfalli milli kynja á mismunandi sviðum væri náð.

Niðurstöður rannsókna benda til að lítið hafi þokast í að uppræta kynbundinn launamun síðustu árin og virðist vera ákveðin stöðnun að þessu leyti, sbr. skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála í janúar 2009. Í skýrslunni kemur einnig fram að konur eru almennt með 16,3% lægri heildarlaun en karlar þegar tekið hefur verið tillit til atvinnugreinar, starfs, menntunar, ábyrgðar í starfi og aldurs. Enn fremur má sjá mun eftir því hvort horft er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar en munurinn er meiri á landsbyggðinni. Jafnframt má sjá mun á hinum almenna markaði, þar sem konur eru með 18,3% lægri heildarlaun og 18,9% lægri grunnlaun en karlar, og hinu opinbera, þar sem konur eru með 22,1% lægri laun en karlar. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í júní 2007 kemur fram að föst mánaðarlaun kvenna voru að meðaltali 18% lægri en karla árið 2006. Þar af verða 8% skýrð með mun á menntun kynjanna, starfi, aldri eða starfsaldri en eftir stendur að föst mánaðarlaun eru að öðru leyti um 10% lægri hjá konum en körlum. Í skýrslunni kemur þó fram að gögn um fjölskylduaðstæður, ábyrgð og frammistöðu einstaklinga voru ekki tiltæk og því ekki hægt að fullyrða að þessi launamunur stafi eingöngu af kyni. Af tölunum má sjá að þótt eitthvað hafi þokast í rétta átt er þörf á að gera betur. Oft

hefur verið talað um að konur komist ekki upp fyrir ákveðið „glerþak“ í launum sem á þó sér í lagi við þegar um er að ræða hefðbundin kvennastörf. Líklegt er að það skýrist af því að karlmenn dragi að jafnaði upp laun en lág laun innan hefðbundinna kvennastétta eru jafnframt ein ástæða þess að karlmenn sækjast ekki eftir því að starfa í þeim greinum. Nái efni þessarar tillögu fram að ganga gæti orðið til mikilvægt baráttutæki til aukins jafnréttis kynjanna á sem flestum sviðum og til að breyta hefðbundnum og oft neikvæðum kynbundnum staðalímyndum í samfélaginu.

313. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um breytingu á grunni vísitölu neysluverðs hjá Hagstofu Íslands.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að tryggja að áfengi og tóbak séu ekki hluti af grunni vísitölu neysluverðs hjá Hagstofu Íslands.

Greinargerð.

Í tillögu þessari er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra verði gert að tryggja að áfengi og tóbak séu ekki með í grunni vísitölu neysluverðs sem Hagstofa ákveður skv. 1. mgr. 1. gr. laga um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995.

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera skýrslugerð. Skal hún m.a. reikna og birta vísitölu sem sýnir breytingar á verðlagi tiltekinna þátta í heimilisútgjöldum. Vísitalan er reist á sérstökum grunni sem Hagstofan ákveður samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar, sbr. 1. gr. laga um vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs mælir fyrst og fremst verðbólgu og er notuð til verðtryggingar samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum. Þannig leiðir hækkun á vörum sem tilheyra grunni Hagstofunnar til aukinnar verðbólgu og hækkunar á verðtryggðum lánum.

Áfengi og tóbak eru hluti af grunni Hagstofunnar sem vísitala neysluverðs byggist á og hækkun á verði þeirra hefur bein áhrif til hækkunar á vísitölunni. Á nýliðnu hausti var mikil umræða um skaðsemi tóbaks og kostnað þess fyrir íslenska heilbrigðiskerfið. Þrátt fyrir að íslenska ríki hafi tekjur af sölu áfengis og tóbaks hefur það töluvert meiri kostnað af afleiðingum neyslu þessara efna, sér í lagi tóbaks. Tóbaksreykingar eru valdar að stórum hluta dauðsfalla úr hjarta- og lungnasjúkdómum ásamt krabbameini. Ein helsta forvörn gegn notkun áfengis og tóbaks er takmörkun á aðgengi að þessum vörum og hækkun á verði þeirra. Aftur á móti er ein helsta hindrunin fyrir að hækka verð þessara ávanaefna og vímugjafa sú að hvort tveggja er tekið með í grunn Hagstofunnar fyrir útreikning á vísitölu neysluverðs.

Brýnt er að Alþingi taki ákvörðun um að áfengi og tóbak verði tekið út úr grunni vísitölunnar. Sé það gert og verð á þessum vörum hækkað mundi það sporna við neyslu þeirra og draga úr þeim heilbrigðisvanda sem henni fylgir. Þannig væri skref stigið í þá átt að lágmarka samfélagslegan skaða og kostnað af notkun þessara efna. Grundvallarforsenda fyrir umtalsverðri hækkun á verði áfengis og tóbaks er að taka þessar vörur út úr grunni Hagstof-

unnar. Hækkun á verði þeirra hefði þá ekki bein áhrif á verðbólgu og fjárhagsskuldbindingar einstaklinga í landinu eins og það gerir nú, hvort sem viðkomandi einstaklingar neyta þessara vara eða ekki. Það eru því rík heilbrigðis- og sanngirnisrök fyrir því að taka áfengi og tóbak út úr grunni Hagstofu Íslands fyrir vísitölu neysluverðs.

314. Frumvarp til laga [273. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sá sem telst tryggður á grundvelli laga þessara skal upplýsa Vinnumálastofnun um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, svo sem um námsþátttöku, tekjur sem hann fær fyrir tilfallandi vinnu og hversu lengi vinnan stendur yfir.

b. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lífeyrissjóðir“ í 4. mgr. kemur: Fangelsismálastofnun.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sá sem telst tryggður á grundvelli laga þessara skal eftir að umsókn hans skv. 1. mgr. hefur verið samþykkt og á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum hafa reglulegt samband við Vinnumálastofnun eftir nánara fyrirkomulagi sem stofnunin ákveður.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um nánari framkvæmd ákvæðisins, þar á meðal um rafrænar umsóknir, svo sem hvernig standa skuli að undirskrift rafrænnar umsóknar og skilum á öðrum gögnum sem fylgja skulu rafrænni umsókn, sem og nánar um fyrirkomulag þess hvernig umsækjendur skulu hafa reglulegt samband við stofnunina.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta eru aðfararhæfir.

3. gr.

Við 4. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta, sbr. 6. mgr. 39. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. C-liður 1. mgr. orðast svo: er búsettur og staddur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að boða þann tryggða til stofnunarinnar með sannanlegum hætti á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum, meðal annars til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum. Skal hinn tryggði þá vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara.

5. gr.

Á eftir 4. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá sem hefur verið skráður í nám, sbr. c-lið 3. gr., á síðustu námsönn án þess að hafa sannanlega lokið náminu og hyggst halda námi áfram á næstu námsönn telst ekki vera í virkri atvinnuleit í námsleyfi samkvæmt kennslu- og/eða námskrá hlutaðeigandi skóla. Hið sama gildir um námsmenn sem skipta um skóla milli námsanna eða fara milli skólastiga.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. C-liður 1. mgr. orðast svo: er búsettur og staddur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að boða þann tryggða til stofnunarinnar með sannanlegum hætti á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum, meðal annars til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum. Skal hinn tryggði þá vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað „36“ í 1. mgr. kemur: 72.
b. Í stað „48“ í 3. mgr. kemur: 84.
c. Í stað „36“ í 4. mgr. kemur: 72.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 1. mgr. kemur: hálfan mánuð.
b. 5. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „4.431 kr. á dag.“ í 2. mgr. kemur: 149.523 kr. á mánuði.
b. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að ráðstafa grunnatvinnuleysisbótum hins tryggða til vinnumarkaðsaðgerða fyrir hlutaðeigandi enda sé það tryggt að hinn tryggði njóti hærri launa meðan þátttaka hans í vinnumarkaðsaðgerð stendur yfir. Frestast þá greiðsla tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 32. gr. eftir því sem við á.

10. gr.

Við 35. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta sem hinum tryggða hefur áður verið ákvörðuð í allt að einn mánuð frá því að greiðsluna átti að inna af hendi þegar stofnunin hefur rökstuddan grun um að hinn tryggði uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Þegar slíkur grunur vaknar skal Vinnumálastofnun án ástæðulauss dráttar og að lágmarki fimm virkum dögum fyrir næsta greiðsludag atvinnuleysisbóta skv. 1. mgr tilkynna hlutaðeigandi með sannanlegum hætti að fyrirhugað sé að halda eftir greiðslu. Skal stofnunin jafnframt hefja athugun á málinu þegar í stað skv. 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og veita hlutaðeigandi andmælarétt skv. 13. gr. sömu laga. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda að öðru leyti um málsmeðferðina.

Komist Vinnumálastofnun að því eftir að hafa upplýst málið nægjanlega að hinn tryggði hafi átt rétt á þeirri greiðslu, að hluta eða öllu leyti, sem haldið var eftir skv. 2. mgr. ber stofnuninni að greiða þá fjárhæð í síðasta lagi næsta greiðsludag skv. 1. mgr. ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

11. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a., svohljóðandi:

Þeim sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum ber að tilkynna til Vinnumálastofnunar með að minnsta kosti eins dags fyrirvara um tilfallandi vinnu sem hann tekur á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum. Heimilt er þó að tilkynna samdægurs um tilfallandi vinnu enda sé um að ræða tilvik sem er þess eðlis að mati Vinnumálastofnunar að ekki var unnt að tilkynna um hina tilfallandi vinnu fyrr. Í tilkynningunni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um hver vinnan er, um vinnustöðina og um lengd þess tíma sem hinni tilfallandi vinnu er ætlað að vara.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
b. Í stað orðanna „og fjármagnstekjur hins tryggða“ í 1. mgr. kemur: greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem eru komnar til vegna óvinnufærni að hluta, fjármagnstekjur hins tryggða og aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá frá öðrum aðilum.
c. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Umönnunargreiðslur sem ætlaðar eru til að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns, styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem ekki eru ætlaðir til framfærslu hins tryggða og styrkir úr opinberum sjóðum eða sambærilegum sjóðum sem hinn tryggði fær til þróunar eigin viðskiptahugmyndar skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þegar um er að ræða aðrar áður ótaldar greiðslur sem ekki

eru ætlaðar til framfærslu hins tryggða skal Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki hvort þær skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 1. mgr.

Þegar hinn tryggði fær greiðslur frá sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem eru til komnar vegna óvinnufærni að hluta, sbr. 1. mgr., skal hinn tryggði jafnframt leggja fram vottorð til Vinnumálastofnunar um vinnufærni sína ásamt staðfestingu frá sjúkrasjóði stéttarfélags um hversu mikla óvinnufærni verið er að bæta en að öðrum kosti gildir 1. mgr. 51. gr. um þær greiðslur.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 2. mgr. kemur: 30%.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar, sbr. þó 4. mgr. 12. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „þrjá mánuði“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: síðasta mánuðinn.

15. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem nýtur slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem koma til vegna óvinnufærni að fullu telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

16. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 52. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. er hinum tryggða heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingum á námsönn enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: einn mánuð.
c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Vari starfið í skemmri tíma heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: einn mánuð.
c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Vari starfið í skemmri tíma heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 54. eða 55. gr. eða viðurlögum skv. 57.–59. gr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og hefur sagt upp því starfi sem hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði. Hið sama á við um þann sem hefur misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: 1. mgr.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: einn mánuð.
c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Vari starfið í skemmri tíma heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar hinn tryggði mætir ekki til Vinnumálastofnunar á áður boðuðum tíma skv. 6. mgr. 9. gr., 3. mgr. 13. gr. eða 3. mgr. 18. gr.
c. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: einn mánuð.
d. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Vari starfið í skemmri tíma heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sá sem lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar skv. h-lið 1. mgr. 14. gr. eða um annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við þegar hinn tryggði hefur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, sbr. 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 14. gr. Skal honum jafnframt verða gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur skv. 39. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Veiti hann Vinnumálastofnun ekki nauðsynlegar upplýsingar á þeim tíma eða tilkynni um breytingar á högum getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.
c. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: einn mánuð.

d. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Vari starfið í skemmri tíma heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur.
e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Látið hjá líða að veita upplýsingar eða látið hjá líða að tilkynna um breytingar á högum.*

23. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Sá sem veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta samkvæmt lögum þessum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað a.m.k. tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Hið sama gildir um þann sem starfar á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum án þess að hafa tilkynnt Vinnumálastofnun um að atvinnuleit sé hætt skv. 10. gr. eða um tilfallandi vinnu skv. 35. gr. a. Skal honum jafnframt verða gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur skv. 39. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sá sem áður hefur sætt viðurlögum skv. 57.–59. gr. eða biðtíma skv. 54 eða 55. gr. og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: 1. mgr.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. og 22. gr. vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda hafi fyrra starfshlutfall verið lækkað um 20% hið minnsta og hinn tryggði haldið að lágmarki 50% starfshlutfalli. Þessi tímabundna breyting á ráðningarsamningi skal vara í þrjá mánuði í senn.
b. Í stað „2. mgr. 36. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 4. mgr. 36. gr.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 2. mgr. skulu laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall og atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. samanlagt aldrei nema hærri fjárhæð en 521.318 kr. á mánuði.
d. Á eftir orðunum „að hluta vegna“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: tímabundins.
e. Á eftir 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þeir sem þegar fá greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu skulu uppfylla skilyrði ákvæðisins frá 1. janúar 2010.
f. Í stað orðanna „31. desember 2009“ í 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: 30. júní 2010.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sjálfstætt starfandi einstaklingur á rétt á að fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa samfellt í allt að þrjá mánuði. Þeir sem þegar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa á tímabilinu frá 21. nóvember 2008 til 31. desember 2009 eiga rétt á að fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðisins í allt að tvo mánuði að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.
b. Í stað orðanna „31. desember 2009“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 30. júní 2010.

27. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)
   Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. skulu elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum samtals að fjárhæð 1.000.000 kr. sem hafa verið eða verða teknar út á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 ekki koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Skilyrði er að fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila.
b. (IX.)
   Ákvæði 25. gr. skal gilda um þá sem töldust tryggðir samkvæmt lögum þessum en hættu þátttöku á vinnumarkaði til að stunda nám eftir 1. júlí 2006.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

28. gr.

Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags skilyrðum, svo sem um virkni, virka atvinnuleit eða þátttöku þeirra sem fá fjárhagsaðstoð í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

29. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir.

30. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 6. mgr. 15. gr. a laganna.

31. gr.

Við 15. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar.

IV. KAFLI
Gildistaka

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér ákveðnar breytingar innan atvinnuleysistryggingakerfisins sem lagðar eru til í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur við framkvæmd kerfisins frá því að atvinnuleysi jókst mjög hratt á síðari hluta ársins 2008 og fyrri hluta árs 2009. Áður hafði lítið reynt á atvinnuleysistryggingakerfið frá þeim tíma er því var breytt sumarið 2006 fram til haustsins 2008 enda var skráð atvinnuleysi mjög lítið hér á landi á því tímabili. Skráð atvinnuleysi náði ákveðnu hámarki í apríl 2009 er það mældist 9,1% en tók aftur að minnka þegar leið á sumarið og fram á haust. Í október 2009 jókst atvinnuleysi hins vegar aftur um 4,4% að meðaltali frá september og mældist 7,6% sem svarar til þess að 12.682 manns hafi verið að meðaltali án atvinnu þann mánuð. Er gert ráð fyrir að atvinnuleysi komi til með að aukast eitthvað áfram fram til febrúar 2010.

Frumvarpinu er meðal annars ætlað að koma á meiri festu við framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins svo koma megi í veg fyrir ætlaða misnotkun. Þar á meðal er ætlunin með auknu eftirliti og strangari viðurlögum að letja atvinnuleitendur til að freistast til að hagræða aðstæðum sem leiða til þess að þeir teljist tryggðir í hærra hlutfalli en ella eða láti hjá líða að veita upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á tryggingarhlutfall þeirra til lækkunar í því skyni að fá tímabundið greiddar hærri atvinnuleysisbætur en þeim réttilega ber. Standa vonir til þess að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta kunni að dragast saman í kjölfarið. Skapast þá svigrúm til að nýta þá fjármuni í virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aukna ráðgjöf Vinnumálastofnunar við þá sem sannanlega þurfa á þjónustu hennar að halda í atvinnuleit sinni.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða V við lögin um heimildir til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna verði framlengdur til 30. júní 2010. Þykir þessi heimild hafa sýnt ágæti sitt sem vinnumarkaðsúrræði þar sem starfsmenn eru áfram virkir á vinnumarkaði í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli í stað þess ef til vill að missa vinnu sína að fullu. Í lok október 2009 fengu 1.577 einstaklingar greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Fleiri konur en karlar fengu greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæðinu eða samtals 915 en 661 karl. Sú breyting er lögð til að starf hlutaðeigandi þurfi að skerðast að lágmarki um 20% í stað 10% en þá er verið að mæta nokkurri skerðingu á starfshlutfalli. Enn fremur er lagt til að samanlagðar tekjur fyrir hlutastarfið og atvinnuleysisbætur geti ekki verið hærri en 521.318 kr. á mánuði. Þá er lagt til að þessi tímabundna breyting á ráðningarsamningi skuli vara í þrjá mánuði í senn. Þessum breytingum er ætlað að tryggja betri framkvæmd þessa ákvæðis, meðal annars í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun.

Enn fremur er lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða VI er gildir um réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengdur til jafnlangs tíma eða til 30. júní 2010. Engu síður er eingöngu gert ráð fyrir að hver og einn sjálfstætt starfandi einstaklingur geti nýtt sér

þetta úrræði í allt að þrjá mánuði. Sá tími þykir hæfilegur svo að sjálfstætt starfandi einstaklingur geti brugðist við tímabundnum samdrætti í rekstrinum og geti þá nýtt tímann til frekari ráðstafana, svo sem að kanna hvort rekstrarforsendur séu brostnar. Ástæður þessara breytinga eru einkum þær að erfiðlega hefur reynst í framkvæmd að meta samdrátt í rekstri sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þar af leiðandi hefur ákvæðið verið til þess fallið að stuðla að ákveðinni misnotkun innan kerfisins. Í október var 821 sjálfstætt starfandi einstaklingur skráður á atvinnuleysisskrá vegna samdráttar í rekstri en þeir einstaklingar sem þegar hafa nýtt sér þetta ákvæði geta fengið áfram greiddar atvinnuleysisbætur í allt að tvo mánuði. Mun fleiri karlar en konur nýttu sér þessa heimild laganna í október 2009 eða 652 á móti 169 konum.

Sú breyting er lögð til með frumvarpi þessu að námsmenn geta ekki talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda þykir það ekki samrýmast markmiðum laganna. Innan kerfisins eru gerðar mjög ríkar kröfur til atvinnuleitenda um að þeir séu í virkri atvinnuleit og í því felst meðal annars að þeir séu reiðubúnir að taka starfi hvar sem er á landinu án sérstaks fyrirvara. Sú staðreynd hversu námsleyfi vara í tiltölulega skamman tíma hefur takmarkað getu námsmanna til að vera í virkri atvinnuleit enda eingöngu tímabundin störf sem koma til álita. Hins vegar er lagt til að komið verði betur til móts við námsmenn sem aftur vilja verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði að námi loknu enda hafi þeir verið þátttakendur á vinnumarkaði áður en þeir hófu nám og þá talist tryggðir samkvæmt lögunum. Er því lagt til að sá tími sem námsmenn geti geymt bótarétt sinn samkvæmt lögunum verði lengdur úr 36 mánuðum í 72 mánuði. Hefur þetta þau áhrif að námsmenn sem hafa lokið allt að sex ára námi og fá ekki störf eftir útskrift geta talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins á grundvelli þess vinnuframlags sem þeir lögðu fram áður en þeir hófu námið.

Ljóst er að atvinnuleysistryggingakerfið er orðið nokkuð umfangsmikið og þykir því mikilvægt að skyldur þeirra sem eru tryggðir samkvæmt lögunum gagnvart Vinnumálastofnun verði gerðar skýrari. Meðal annars er lagt til að skýrar verði kveðið á um að þeir sem teljast tryggðir samkvæmt lögunum skulu hafa reglulegt samband við stofnunina eftir að umsóknir þeirra um atvinnuleysisbætur hafa verið samþykktar. Megintilgangur þessa er að minna atvinnuleitendur á mikilvægi þess að vera í virkri atvinnuleit og ekki síst er þessu fyrirkomulagi ætlað að gera Vinnumálastofnun betur kleift að grípa inn í með auknum stuðningi í tíma áður en í óefni er komið þar sem reynslan sýnir að oft eykst þörf á ýmiss konar stuðningi við atvinnuleitendur þegar atvinnuleitin dregst á langinn. Enn fremur er gert ráð fyrir að lögð verði sú skylda á hina tryggðu að tilkynna til Vinnumálastofnunar með eins dags fyrirvara um tilfallandi vinnu sem þeir taka á þeim tíma er þeir fá greiddar atvinnuleysisbætur eða sæta biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum. Þó er lagt til að heimilt verði að tilkynna samdægurs um tilfallandi vinnu þegar um er að ræða tilvik sem eru þess eðlis að mati Vinnumálastofnunar að ekki var unnt að sjá hina tilfallandi vinnu fyrir fyrr. Er þetta mikilvægur liður í því að sporna gegn því að fólk sé virkt á vinnumarkaði á sama tíma og það fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum án þess að gera Vinnumálastofnun sem og jafnvel öðrum viðeigandi stjórnvöldum viðvart um þá vinnu. Jafnframt er lagt til að Vinnumálastofnun verði veittar frekari heimildir til eftirlits með að þeir sem fái greiddar atvinnuleysisbætur eða sæti biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum uppfylli skilyrði laganna á sama tíma. Er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að boða þá sem eru tryggðir samkvæmt lögunum til stofnunarinnar með sannanlegum hætti með mjög skömmum fyrirvara. Tilgangur þessa er að kanna hvort þeir sem skráðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins uppfylli enn skilyrði laganna til að teljast tryggðir sem

og hvort breytingar hafi orðið á högum þeirra sem kunni að hafa áhrif á rétt þeirra samkvæmt lögunum.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á lögunum sem ætlaðar eru að auðvelda Vinnumálastofnun að innheimta ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Er meðal annars gert ráð fyrir að ákvarðanir stofnunarinnar og úrskurðir úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta verði aðfararhæf. Er þessu fyrirkomulagi ætlað að einfalda mjög innheimtuferlið. Sá varnagli er reyndar sleginn að verði ákvörðun Vinnumálastofnunar kærð til úrskurðarnefndarinnar frestar stjórnsýslukæran aðför enda sætir þá ákvörðunin endurskoðun innan stjórnsýslunnar og telst því ekki endanleg stjórnvaldsákvörðun. Vinnumálastofnun er jafnframt veitt heimild til að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta í allt að einn mánuð í þeim tilvikum er stofnunin hefur rökstuddan grun um að hlutaðeigandi uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Tilgangur þessarar heimildar er aðallega að koma í veg fyrir að stofnunin greiði út atvinnuleysisbætur þegar hún hefur gögn undir höndum sem benda til að hlutaðeigandi eigi ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögunum en með því má komast hjá endurgreiðslu síðar. Vinnumálastofnun eru settar þröngar skorður við framkvæmd þessarar heimildar og einnig er henni gert að greiða hinum tryggða vexti af fjárhæðinni sem haldið var eftir þegar athugun stofnunarinnar leiðir í ljós að hann hafi átt rétt á henni að hluta eða öllu leyti.

Þá eru lögð til strangari ákvæði um biðtíma og viðurlög þegar þeir sem teljast tryggðir samkvæmt lögunum hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna, átt sjálfir sök á að hafa misst starf sitt, hætt námi án gildra ástæðna, hafnað starfi eða atvinnuviðtali eða hafnað þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Ekki eru lagðar til efnisbreytingar á biðtíma eða viðurlögum við fyrsta brot en þegar við annað brot verður hlutaðeigandi ekki talinn eiga rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en að hafa starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði. Sama gildir er þeir sem eru tryggðir láta hjá líða að veita upplýsingar eða tilkynna um breytingar á högum sem kunna að hafa áhrif á rétt þeirra innan kerfisins. Lagðar eru til nánari verknaðarlýsingar á því hvaða háttsemi átt er við þegar litið er svo á að atvinnuleysisbóta hafi verið aflað með sviksamlegum hætti. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að sá sem gerist uppvís að tiltekinni háttsemi eigi ekki áfram rétt innan kerfisins fyrr en hann hafi starfað a.m.k. tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun taki slíkar viðurlagaákvarðanir. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að stórfelld misnotkun innan atvinnuleysistryggingakerfisins kunni að verða kærð til lögreglu enda eigi slík brot undir ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Þá er lagt til að álag það sem lagt er á ofgreiddar atvinnuleysisbætur verði hækkað úr 15% í 30%. Markmið þessa er að draga úr misnotkun innan atvinnuleysistryggingakerfisins þannig að fólk fái tímabundið hærri atvinnuleysisbætur en því ber samkvæmt lögunum. Jafnframt er þessum breytingum ætlað að undirstrika mikilvægi þess að fólk sé í virkri atvinnuleit og stuðla að því að Vinnumálastofnun eigi þess betur kost að eiga gott samstarf við atvinnuleitendur. Aukast þar með jafnframt líkurnar á að betri árangur náist við að aðstoða þá sem sannanlega þurfa á virkum stuðningi stofnunarinnar að halda í atvinnuleit sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 9. gr. laganna þannig að skýrt sé kveðið á um að þeim sem telst tryggður á grundvelli umsóknar um atvinnuleysistryggingar beri að upplýsa Vinnumála-

stofnun um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans á þeim tíma er hann kann að sæta biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum. Ástæða þessa er að hlutaðeigandi ber að uppfylla skilyrði laganna á þeim tíma á sama hátt og á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur.

Í ljósi reynslunnar er lagt til að Fangelsismálastofnun verði gert að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna en skv. 53. gr. laganna telst sá sem hefur verið sviptur frelsi sínu með dómi ekki tryggður samkvæmt lögunum.

Umsókn um atvinnuleysisbætur felur jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum. Atvinnuleysistryggingakerfið og skipulag Vinnumálastofnunar á vinnumarkaðsaðgerðum gera ráð fyrir að atvinnuleitendum séu boðin regluleg viðtöl við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en tíðni slíkra viðtala fari eftir því hversu mikinn stuðning hver og einn atvinnuleitandi er talinn þurfa í atvinnuleit sinni. Slík viðtöl hafa verið talin hluti vinnumarkaðsaðgerða. Reynslan hefur sýnt að margir atvinnuleitendur hafa við upphaf atvinnuleysis síns flesta burði til að bjarga sér sjálfir um vinnu og þurfa því ekki á miklum stuðningi ráðgjafa stofnunarinnar að halda. Engu síður hefur þótt mikilvægt í framkvæmd að þeir hafi reglulegt samband við stofnunina án þess að komi til formlegra viðtala við ráðgjafa. Megintilgangur þessa er að minna atvinnuleitendur á mikilvægi þess að vera í virkri atvinnuleit og ekki síst að geta gripið inn í með auknum stuðningi í tíma áður en í óefni er komið. Ástæðan er sú að oft eykst þörf á stuðningi þegar atvinnuleysi dregst á langinn hjá viðkomandi enda reynir það mjög á flesta einstaklinga að vera án atvinnu til lengri tíma. Vinnumálastofnun hefur því talið að í mörgum tilfellum sé nægjanlegt að atvinnuleitendur tilkynni sig rafrænt til stofnunarinnar í upphafi atvinnuleitar enda þótt í öðrum tilfellum hafi þótt nauðsynlegt að atvinnuleitandi komi á skrifstofu stofnunarinnar sem næst er lögheimili viðkomandi. Þegar líður á atvinnuleitina og merki um að viðkomandi þurfi á meiri stuðningi að halda hafa gert vart við sig hefur þótt mikilvægt að sá hinn sami sem áður tilkynnti sig rafrænt til stofnunarinnar taki að mæta þangað reglulega. Þykir mikilvægt að festa framangreinda framkvæmd stofnunarinnar enn frekar í sessi innan atvinnuleysistryggingakerfisins og þannig undirstrika að eftir að umsókn hins tryggða um atvinnuleysisbætur hefur verið samþykkt ber honum skylda til að hafa samband við stofnunina með reglulegum hætti samkvæmt því fyrirkomulagi sem stofnunin ákveður. Á þetta við hvort sem hinn tryggði fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Mikilvægt þykir að einfalda innheimtu ofgreiddra atvinnuleysisbóta skv. 39. gr. laganna frá gildandi fyrirkomulagi og draga úr innheimtukostnaði sem fellur í hlut skuldara láti hann hjá líða að endurgreiða Vinnumálastofnun ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Er því lagt til að úrskurðir úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta verði gerðir aðfararhæfir sem einfaldar innheimtuferlið skv. 4. mgr. 39. gr. laganna en samkvæmt lögum nr. 90/1989, um aðför, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að úrskurðir yfirvalda séu aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Niðurstöðu æðra stjórnvalds í kærumáli verður yfirleitt ekki hnikað innan stjórnsýslunnar og gildir það sama um niðurstöðu lægra setts stjórnvalds, sem ekki er kærð til æðra setts stjórnvalds. Er því jafnframt lagt til í 13. gr. frumvarps þessa að ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. 39. gr. laganna verði einnig aðfararhæfar. Hins vegar er sá varnagli sleginn að sé ákvörðun

Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta kærð til úrskurðarnefndarinnar frestar stjórnsýslukæran aðför, sbr. 3. gr. frumvarps þessa, enda sætir þá sú ákvörðun Vinnumálastofnunar endurskoðun æðra setts stjórnvalds og verður þar af leiðandi ekki talin endanleg ákvörðun innan stjórnsýslunnar.

Engu síður er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun gæti meðalhófs við innheimtu ofgreiddra atvinnuleysisbóta og sendi aðila kröfubréf þar sem hlutaðeigandi er veitt tækifæri til að endurgreiða stofnuninni áður en mál hans er sent til innheimtumanns ríkissjóðs til innheimtu.

Um 3. gr.

Vísað er til athugasemda við 2. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um það skilyrði að atvinnuleitandi sé staddur hér á landi til að geta talist í virkri atvinnuleit og því ekki eingöngu nægjanlegt að hann teljist hér búsettur. Þetta er ekki breyting á framkvæmd laganna en þó þykir betra að undirstrika mikilvægi þess að atvinnuleitendur séu staddir hér á landi í virkri atvinnuleit og þar með reiðubúnir að taka vinnu þegar hún býðst með stuttum fyrirvara, sbr. einnig c-lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

Þá er áhersla lögð á að Vinnumálastofnun öðlist skýrar heimildir í lögunum til að boða atvinnuleitanda til stofnunarinnar með skömmum fyrirvara. Tilgangur þessa er liður í eftirliti innan atvinnuleysistryggingakerfisins með því hvort breytingar hafi orðið á högum hinna tryggðu sem kunna að hafa áhrif á rétt þeirra til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögunum. Er þá meðal annars verið að kanna hvort þeir sem tryggðir eru hafi uppfyllt tilkynningarskyldu sína á grundvelli 3. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. 14. gr. laganna og gengið úr skugga um hvort þeir uppfylli enn skilyrði skv. 1. mgr. 13. gr. laganna sem og önnur ákvæði laganna. Gert er ráð fyrir að þessi boðun geti komið til viðbótar reglulegum samskiptum atvinnuleitanda við stofnunina sem lögð eru til í 1. gr. frumvarps þessa, sem og virkum vinnumarkaðsaðgerðum á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Gert er ráð fyrir að stofnunin boði atvinnuleitendur til sín með sannanlegum hætti enda lagt til að það geti leitt til missis bóta skv. XI. kafla laganna láti atvinnuleitandi hjá líða að sinna þessari boðun, sbr. 21. gr. frumvarps þessa. Með sannanlegum hætti er átt við bréf á lögheimili hlutaðeigandi. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin geti boðað atvinnuleitanda með allt að sólarhringsfyrirvara á þá skrifstofu sína sem næst er lögheimili viðkomandi enda þykir þetta mikilvægur liður í eftirliti stofnunarinnar með því að þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur séu í virkri atvinnuleit.

Um 5. gr.

Það þykir ekki samrýmast markmiðum laganna að námsmenn teljist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins í námsleyfum hlutaðeigandi skóla enda er kerfinu ætlað að tryggja launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Innan kerfisins eru gerðar mjög ríkar kröfur til atvinnuleitenda um að þeir séu í virkri atvinnuleit og í því felst meðal annars að þeir séu reiðubúnir til að taka starfi hvar sem er á landinu án sérstaks fyrirvara. Reynslan hefur sýnt að námsmenn geta ekki talist vera í virkri atvinnuleit í skilningi laga þessara í námsleyfum enda sjái þeir fram á að halda áfram námi sínu á næstu námsönn. Takmarkar það til dæmis þau störf sem unnt er að bjóða þeim enda eingöngu tímabundin störf sem koma til greina. Er því lagt til að námsmenn teljist ekki tryggðir innan atvinnu-

leysistryggingakerfisins í námsleyfum skóla. Dæmi um slík námsleyfi eru jólaleyfi, páskaleyfi og sumarleyfi.

Hér er átt við þá sem hafa verið skráðir í skóla á einni námsönn og eru jafnframt skráðir í nám á næstu námsönn á eftir. Á það einnig við um þá sem eru skráðir í annan skóla á næstu námsönn en á fyrri námsönninni, svo sem þegar nemandi útskrifast úr framhaldsskóla og skráir sig í háskóla þegar á næstu námsönn. Námsmönnum sem hyggjast hætta námi án þess að ljúka námi og eru því ekki skráðir í skóla næstu námsönn á eftir þeirri sem þeir eru að ljúka er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. laganna. Kemur það þá í hlut Vinnumálastofnunar að meta hvort hlutaðeigandi teljist tryggður samkvæmt lögunum og þá einnig hvort ákvæði 55. gr. laganna um áhrif þess á rétt viðkomandi þegar námi er hætt án gildra ástæðna eigi við.

Um 6. gr.

Vísað er til athugasemda við 4. gr. frumvarps þessa.

Um 7. gr.

Lagt er til að atvinnuleysistryggingar þess sem hverfur af vinnumarkaði til að stunda nám geti geymst í allt að sex ár í stað þriggja ára frá því að hlutaðeigandi hætti störfum á vinnumarkaði enda hafi hann sannanlega lokið náminu. Þykir þessi breyting eðlileg í ljósi þess að lagt er til að námsmenn eigi ekki rétt til atvinnuleysistrygginga í námsleyfum, sbr. 5. gr. frumvarps þessa. Er gert ráð fyrir að ákvæði þetta gildi um þá sem hættu störfum á vinnumarkaði og hófu nám eftir 1. júlí 2006 þegar lögin tóku gildi, sbr. b-lið 27. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Lagt er til að greiðslur verði ekki lengur miðaðar við fjölda virkra daga í hverjum mánuði heldur verði um að ræða mánaðargreiðslur. Ástæða þess er einkum sú að jafna greiðslur milli mánaða þannig að fjárhæð atvinnuleysistrygginga sé sú sama miðað við tryggingarhlutfall viðkomandi óháð dagafjölda í mánuði. Til að finna út atvinnuleysisbætur fyrir hvern dag skal miða við 21,67 daga í mánuði, sbr. einnig 6. mgr. 32. gr. laganna.

Um 9. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í a- og b-lið ákvæðis þessa eru í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins um að atvinnuleysisbætur verði mánaðargreiðslur í stað þess að miða við fjölda virkra daga í hverjum mánuði. Þannig er lagt til að fullar grunnatvinnuleysisbætur verði að fjárhæð 149.523 kr. í hverjum mánuði í stað þess að vera 6.900 kr. fyrir hvern virkan dag, sbr. reglugerð nr. 1219/2008, um breytingu á reglugerð nr. 548/2006, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga.

Tíðkast hefur að bjóða atvinnuleitendum reynsluráðningu eða starfsþjálfun innan fyrirtækja að nánari skilyrðum uppfylltum samkvæmt reglugerð nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Í þeim tilvikum hefur Vinnumálastofnun greitt til vinnuveitanda sem nemur grunnatvinnuleysisbótum hlutaðeigandi atvinnuleitanda ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð og atvinnuleitandinn fengið í staðinn greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningi í hlutaðeigandi starfsgrein. Markmið þessa er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að þjálfa sig í þeirri starfsgrein sem hlutaðeigandi fyrirtæki eða stofnun starfar innan til

að auka hæfni sína til slíkra starfa á vinnumarkaði enda sé hann reiðubúinn að ráða sig til framtíðarstarfa innan starfsgreinarinnar. Þessi vinnumarkaðsúrræði hafa reynst mjög vel í framkvæmd og því þykir rétt að árétta þetta í lögunum.

Um 10. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun fái sérstaka heimild til að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta sem hinum tryggða hafði áður verið ákvörðuð þegar stofnunin hefur rökstuddan grun um að sá hinn sami uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Með rökstuddum grun er átt við að fyrir liggi upplýsingar, svo sem frá skattyfirvöldum, sem bendi til að hlutaðeigandi uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Tilgangur þessarar heimildar er aðallega að koma í veg fyrir að stofnunin greiði út atvinnuleysisbætur þegar hún hefur gögn undir höndum sem benda til að viðkomandi einstaklingur eigi ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögunum en þannig má komast hjá kröfu Vinnumálastofnunar um endurgreiðslu síðar og þeim aukakostnaði sem slíkri kröfu kann að fylgja, bæði fyrir þann sem í hlut á og stofnunina.

Að teknu tilliti til þess hversu íþyngjandi þessi heimild kann að vera fyrir þann einstakling sem í hlut á er Vinnumálastofnun settar þröngar skorður í þessu efni samkvæmt ákvæðinu enda atvinnuleysisbætur ætlaðar til framfærslu hlutaðeigandi. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði eingöngu heimilt að halda eftir greiðslu í allt að einn mánuð frá því að greiðsluna átti ella að inna af hendi þegar rökstuddur grunur vaknar um að hlutaðeigandi uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur og skal stofnunin jafnframt tilkynna viðkomandi án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að halda eftir greiðslu. Sá frestur getur að lágmarki verið fimm virkir dagar og er sá tími ætlaður til að veita hlutaðeigandi svigrúm til að grípa til ráðstafana varðandi fjármál sín ef hann telur slíkt nauðsynlegt. Lagt er til að stofnuninni beri jafnframt að hefja athugun málsins þegar í stað á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga og gæta þess að hinum tryggða sé veittur andmælaréttur á grundvelli sömu laga. Hefur stofnunin tíma fram til næsta greiðsludags þar á eftir til að taka ákvörðun í málinu að ákvæðum stjórnsýslulaga virtum. Komi upp rökstuddur grunur innan fimm virkra daga fyrir næsta greiðsludag skv. 35. gr. laganna skal Vinnumálastofnun engu síður greiða út atvinnuleysisbætur á greiðsludegi en jafnframt hefja athugun sína og tilkynna hlutaðeigandi þegar í stað um þá athugun. Vinnumálastofnun skal ávallt gæta meðalhófs við beitingu þessarar heimildar og aldrei halda eftir hærri fjárhæð en grunur leikur á að hlutaðeigandi eigi ekki lengur rétt á eða hafi fengið ofgreitt.

Þá er í ákvæðinu kveðið á um að leiði athugun Vinnumálastofnunar á málinu til þess að hinn tryggði hafi sannanlega átt rétt að hluta eða öllu leyti á þeirri fjárhæð sem haldið var eftir beri stofnuninni að greiða fjárhæðina eigi síðar en næsta greiðsludag skv. 35. gr. laganna að viðlögum vöxtum. Er lagt til að miðað verði við sömu vexti og gert er í 5. mgr. 39. gr. laganna.

Um 11. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um skyldu þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eða sæta biðtíma eða viðurlögum á grundvelli laganna til að tilkynna Vinnumálastofnun um tilfallandi vinnu sem þeir taka á sama tíma. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að tilkynna þurfi um vinnuna með eins dags fyrirvara en sá frestur miðast við að þar sem um tilfallandi vinnu sé að ræða geti hún komið til með mjög skömmum fyrirvara. Enn fremur er

gert ráð fyrir að tilkynningin geti verið rafræn í gegnum vefsvæði Vinnumálastofnunar. Eðlilegt þykir að hinn tryggði tilkynni um tilfallandi vinnu fyrir fram til Vinnumálastofnunar svo komast megi hjá ofgreiðslu atvinnuleysisbóta. Engu síður er lagt til að heimilt verði að tilkynna samdægurs um tilfallandi vinnu enda sé um að ræða tilvik sem er þess eðlis að mati Vinnumálastofnunar að ekki var unnt að tilkynna um hina tilfallandi vinnu deginum áður þar sem ekki var unnt að sjá hana fyrir fyrr en sama dag og hún er innt af hendi. Dæmi um slík tilvik eru ýmiss konar störf sem unnin eru í veikinda- eða slysaforföllum annarra starfsmanna, svo sem við kennslu í skólum. Þar sem um er að ræða undanþágu frá meginreglunni ber að skýra þessa heimild þröngt. Þessi tilkynningarskylda er jafnframt liður í því að koma í veg fyrir að þeir sem verða uppvísir að því að vinna á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og þeir fá greiddar atvinnuleysisbætur eða sæta biðtíma eða viðurlögum á grundvelli laganna geti komið með þá skýringu að eingöngu sé um tilfallandi vinnu að ræða, jafnvel þótt vinnan hafi staðið yfir í einhvern tíma. Er þetta því liður í bættu eftirliti með því að koma í veg fyrir að þeir sem eru virkir á vinnumarkaði geti jafnframt fengið greiddar atvinnuleysisbætur eða sætt biðtíma eða viðurlögum á grundvelli laganna á sama tíma.

Um 12. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um hvaða greiðslur sem atvinnuleitandi fær sér til framfærslu á sama tímabili og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur kunna að koma til frádráttar atvinnuleysisbótunum. Áfram er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur á grundvelli laga um almannatryggingar og elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum séu samrýmanlegar greiðslur við atvinnuleysisbætur en komi þeim til frádráttar. Þó er lagt til í a-lið 27. gr. frumvarps þessa að séreignarsparnaður að fjárhæð 1.000.000 kr. sem hefur verið eða verður tekinn út á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 komi ekki til frádráttar atvinnuleysisbótum. Þetta er gert til að gæta jafnræðis milli þeirra sem nýta sér sérstaka heimild til að taka út séreignarsparnað á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. einnig lög nr. 13/2009, og þeirra sem taka út séreignarsparnað sinn á grundvelli 11. og 12. gr. sömu laga.

Enn fremur er lagt til að greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem eru komnar til vegna óvinnufærni að hluta komi til frádráttar atvinnuleysisbótum. Í þeim tilvikum er jafnframt gert ráð fyrir að hinn tryggði leggi fram vottorð um vinnufærni sína þar sem eðlilegt verður að teljast að samræmi sé milli ólíkra greiðslukerfa um vinnufærni sama einstaklings. Þegar um er að ræða greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem ætlað er að bæta óvinnufærni að fullu er gert ráð fyrir að þær greiðslur verði ósamrýmanlegar atvinnuleysisbótum, sbr. 15. gr. frumvarpsins, á sama hátt og gildir um sjúkra- og slysadagpeninga innan almannatryggingakerfisins.

Þá er lagt til að tekið verði á því með skýrari hætti en áður hvaða greiðslum er ekki ætlað að koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Þar er um að ræða umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns, og styrki úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem ekki eru ætlaðir til framfærslu hins tryggða, svo sem styrki til gleraugnakaupa. Jafnframt er lagt til að styrkir úr opinberum sjóðum eða sambærilegum sjóðum sem hinn tryggði hefur aflað sér til þróunar eigin viðskiptahugmyndar komi ekki til frádráttar enda ekki beinlínis ætlaðir til framfærslu heldur til dæmis til tækjakaupa eða til að standa straum af aðkeyptri sérfræðiþjónustu svo viðskiptahugmyndin geti komist til framkvæmda. Þarna getur verið um að ræða styrki til atvinnumála kvenna og úr Nýsköpunarsjóði atvinnu-

lífsins. Jafnframt er lagt til að aðrar greiðslur áður ótaldar í ákvæðinu með sama tilgangi geti komið til en þá fellur það í hlut Vinnumálastofnunar að meta hvert tilvik fyrir sig. Verður þetta að teljast mikilvægt svo styðja megi við nýsköpun í atvinnulífinu og frumkvæði atvinnuleitenda.

Um 13. gr.

Lagt er til að álag það sem bætist við endurgreiðslu ofgreiddra atvinnuleysisbóta skv. 39. gr. laganna verði hækkað úr 15% í 30%. Tilgangur þessa er einkum sá að auka fælingarmátt álagsins þannig að atvinnuleitendur freistist síður til að hagræða aðstæðum sínum með þeim hætti að þær leiði til þess að þeir teljist tryggðir í hærra hlutfalli en ella eða láti hjá líða að veita upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á tryggingarhlutfall þeirra til lækkunar í því skyni að fá tímabundið greiddar hærri atvinnuleysisbætur en þeim ber samkvæmt lögunum. Eftir sem áður ber Vinnumálastofnun að fella niður álagið samkvæmt ákvæðinu færi hinn tryggði rök fyrir því að honum verði ekki kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurgreiðslu ofgreiddra atvinnuleysisbóta, sbr. lokamálslið 2. mgr. 39. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta verði aðfararhæfar en að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarps þessa.

Um 14. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við að umsækjandi um atvinnuleysisbætur þurfi að hafa starfað í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. laganna áður en heimilt er að leggja saman starfstímabil hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Er því lagt til að þetta tímabil verði stytt um tvo mánuði þannig að heimilt verði að leggja saman starfstímabil á hinum sameiginlega evrópska vinnumarkaði auk Sviss og Færeyja hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili samkvæmt lögunum. Þykir sá tími hæfilegur svo unnt sé að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi hafi sannanlega verið virkur þátttakandi á innlendum vinnumarkaði og að greitt hafi verið tryggingagjald af tekjum hans inn í Atvinnuleysistryggingasjóð a.m.k. í þann tíma. Þannig er jafnframt komið í veg fyrir að launafólk geti tekið tímabundna vinnu á innlendum vinnumarkaði í skemmri tíma í þeim tilgangi einum að sækja um atvinnuleysisbætur hér á landi að þeim tíma liðnum.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að til viðbótar sjúkra- og slysadagpeningum teljist greiðsla endurhæfingarlífeyris á grundvelli laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, ekki til samrýmanlegra greiðslna enda bæði kerfin ætluð til framfærslu þegar einstaklingar geta ekki tekið virkan þátt á vinnumarkaði. Þá er jafnframt lagt til að greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem ætlaðar eru til að bæta óvinnufærni að fullu verði ósamrýmanlegar atvinnuleysistryggingum enda skilyrði að sá sem telst tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar sé vinnufær að hluta eða öllu leyti.

Um 16. gr.

Meginreglan er sú að sá sem stundar nám í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar telst ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins á sama tímabili enda teljist námið ekki

hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna. Eitt aðalhlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs er að tryggja einstaklingum, sem hafa áður verið virkir á vinnumarkaði en missa starf sitt, framfærslu þann tíma sem það tekur að finna nýtt starf enda áhersla lögð á að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit. Lánasjóði íslenskra námsmanna er hins vegar ætlað það hlutverk að aðstoða námsmenn um framfærslu þann tíma sem þeir stunda nám.

Mikilvægt þykir að móta skýr skil milli þessara tveggja framfærslukerfa til að tryggja gott samspil þeirra og tryggja jafnræði milli námsmanna. Í því skyni að ná því markmiði hefur grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna verið hækkuð á árinu 2009 en jafnframt þykir eðlilegt að ekki sé unnt að sækja lánshæft nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. Er því lagt til að undanþágur þær sem eru í 2. og 3. mgr. 52. gr. laganna verði felldar brott en þó verði atvinnuleitendum heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingum á námsönn skóla. Þannig er ekki komið í veg fyrir að atvinnuleitandi sé virkur í samfélaginu með þessum hætti enda slík virkni afar mikilvæg.

Um 17.–19. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæðum þessum eru til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 8.–9. gr. frumvarpsins um að atvinnuleysisbætur verði mánaðargreiðslur í stað þess að miða við fjölda virkra daga í hverjum mánuði. Þykir þá eðlilegt að biðtími og viðurlög samkvæmt sömu lögum verði reiknuð út í mánuðum í stað virkra daga áður enda þótt um sé að ræða jafnlangt tímabil og áður. Þó er lögð til sú breyting að sá tími sem hlutaðeigandi þarf að hafa unnið á innlendum vinnumarkaði svo biðtíminn falli niður lengist úr tíu virkum dögum í einn mánuð. Enn fremur er lagt til að þegar atvinnuleitandi sætir biðtíma í annað skipti á sama tímabili skv. 29. gr. laganna eigi hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en að hann hefur starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði.

Um 20. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til í ákvæði þessu eru til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 8.–9. gr. frumvarps þessa, sbr. einnig 17.–19. gr. frumvarpsins. Þó er lögð til sú breyting að sá tími sem hlutaðeigandi þarf að hafa unnið á innlendum vinnumarkaði svo viðurlögin falli niður lengist úr tíu virkum dögum í einn mánuð.

Um 21. gr.

Í ljósi þess að mikilvægt er að Vinnumálastofnun geti haldið reglulegu sambandi við þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur, ekki síst til að geta fylgst með gangi atvinnuleitar og hvort stofnunin þurfi að koma að frekari stuðningi við viðkomandi, er lagt til að það kunni að varða viðurlögum á grundvelli laganna í þeim tilvikum er atvinnuleitendur virða ekki boðun stofnunarinnar skv. 1. gr. frumvarps þessa. Á þetta ekki síst við þegar fá störf eru í boði og auknar líkur eru á að atvinnuleitin dragist á langinn. Jafnframt er lagt til að sama gildi þegar atvinnuleitendur eru boðaðir til stofnunarinnar í því skyni að kanna hvort sá hinn sami uppfylli enn skilyrði laganna, sbr. 4. og 6. gr. frumvarps þessa. Er því gert ráð fyrir að sömu viðurlög komi til og eiga við þegar þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum er hafnað. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 20. gr. frumvarps þessa.

Um 22. gr.

Sú breyting er lögð til á 1. mgr. 59. gr. laganna að ákvæðið eigi einungis við þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur lætur hjá líða að veita tilteknar upplýsingar eða tilkynna um breytingar á högum sínum sem kunna að hafa áhrif á rétt hlutaðeigandi innan kerfisins. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 20. gr. frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Lagt er til að nánari verknaðarlýsing verði sett fram í ákvæðinu þannig að skýrara verði hvaða háttsemi átt er við þegar litið er svo á að atvinnuleysisbóta hafi verið aflað með sviksamlegum hætti. Þykir það nauðsynlegt í ljósi þess að gert er ráð fyrir að verði einstaklingur uppvís að slíkri háttsemi eigi hann ekki rétt innan kerfisins fyrr en hann hefur starfað a.m.k. tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að þau viðurlög eigi við um þrenns konar brot á lögunum. Í fyrsta lagi þegar atvinnuleitandi veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta samkvæmt lögunum. Þannig er gert ráð fyrir að þetta eigi við um tilvik er rangar upplýsingar frá atvinnuleitanda leiða til þess að hann telst ranglega tryggður í hærra tryggingarhlutfalli en honum ber samkvæmt lögunum. Á þetta sem dæmi við um þann sem leggur fram vottorð um fulla vinnufærni en hefur lagt fram vottorð innan annars framfærslukerfis um skerta vinnufærni fyrir sama tímabil. Í öðru lagi er miðað við að viðurlögin eigi við um þann sem starfar á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum þar sem hann hefur ekki tilkynnt Vinnumálastofnun um að atvinnuleit sé hætt skv. 10. gr. laganna. Þá verður hið sama talið gilda í tilvikum er ætlaður atvinnuleitandi verður uppvís að þátttöku á vinnumarkaði án þess að hafa tilkynnt um tilfallandi vinnu skv. 11. gr. frumvarpsins. Verður þetta að teljast mikilvægur liður í því að sporna við „svartri atvinnustarfsemi“ þar sem atvinnuleitendur sem fá greiddar atvinnuleysisbætur verða að tilkynna fyrir fram um hina tilfallandi vinnu eða samdægurs í nánar tilgreindum undantekningartilvikum.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að brot á lögunum geti varðað sektum og þar af leiðandi er ekki heldur gert ráð fyrir því að þau séu lengur kærð til lögreglu. Í staðinn er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun sjái til þess að mál séu nægjanlega upplýst og veiti hlutaðeigandi tækifæri til að tjá sig um efni málsins áður en ákvörðun er tekin um viðurlögin samkvæmt ákvæðinu. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði stjórnsýslulaga. Ákvarðanir Vinnumálastofnunar á grundvelli ákvæðis þessa eru kæranlegar til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða líkt og gildir um aðrar viðurlagaákvarðanir sem stofnunin tekur á grundvelli laganna. Eftir atvikum er jafnframt heimilt að bera ágreiningsefnið undir almenna dómstóla. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg fyrir að stórfelld misnotkun innan atvinnuleysistryggingakerfisins kunni að verða kærð til lögreglu enda eigi slík brot undir ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, svo sem XVII. kafla um skjalafals og önnur brot er varðar sýnileg sönnunargögn eða XXVI. kafla um auðgunarbrot.

Um 24. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að fyrri ákvarðanir um viðurlög skv. XI. kafla laganna hafi ítrekunaráhrif á síðari viðurlagaákvarðanir en þó með þeim hætti að við annað brot í stað þriðja brots á sama bótatímabili skv. 29. gr. laganna hafi fyrri ákvörðun um viðurlög þau áhrif að sæki hlutaðeigandi aftur um atvinnuleysisbætur að nýju á sá hinn sami ekki rétt á

þeim. Lagt er til að hann geti fyrst öðlast rétt á atvinnuleysisbótum að nýju eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði samfellt í sex mánuði eða lengri tíma í stað átta vikna. Er með þessu verið að undirstrika mikilvægi þess að atvinnuleitendur séu í virkri atvinnuleit þann tíma sem þeir fá greiddar atvinnuleysisbætur og sýni vilja til samvinnu við ráðgjafa Vinnumálastofnunar í því skyni að auka tækifæri sín til að verða aftur virkir á vinnumarkaði.

Um 25. gr.

Lagt er til að áfram verði heimilt að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli og þá án þess að föst laun fyrir hlutastarfið komi til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 36. gr. laganna. Engu síður eru lagðar til tilteknar breytingar til að koma meiri festu á framkvæmd þessa ákvæðis í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun. Þar á meðal er lagt til að fyrra starfshlutfall launafólks lækki um 20% hið minnsta enda er þá verið að mæta nokkurri skerðingu á starfshlutfalli. Getur þá launamaður að hámarki verið í 80% starfshlutfalli hafi hann áður verið í fullu starfi til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu. Jafnframt er lagt til að samanlagðar tekjur fyrir hlutastarfið og atvinnuleysisbætur geti ekki verið hærri en 521.318 kr. á mánuði en þá er miðað við að hinn tryggði geti haldið allt að 400.000 kr. á mánuði fyrir hlutastarf sitt án þess að til skerðingar komi þegar hlutaðeigandi á rétt á hámarksfjárhæð á tekjutengdum atvinnuleysisbótum er svarar hálfu starfi. Dæmi um þetta er að launamaður sem hefur haft 655.000 kr. á mánuði fyrir fullt starf en starfshlutfall hans er lækkað um 20%. Hann fær þá 524.000 kr. á mánuði fyrir hið minnkaða starfshlutfall og á ekki rétt til atvinnuleysisbóta á grundvelli ákvæðisins. Launamaður sem hefur haft 500.000 kr. á mánuði fyrir fullt starf en starfshlutfall hans er lækkað um helming. Hann fær þá 250.000 kr. á mánuði fyrir hið minnkaða starfshlutfall og 121.318 kr. í atvinnuleysisbætur sem svarar til 50% af hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta eða samtals 371.318 kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að þessi tímabundna breyting á ráðningarsamningi vari í þrjá mánuði í senn. Áhersla er lögð á að um tímabundna aðgerð er að ræða vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði sem rekja má til efnahagsþrenginganna sem hófust í október 2008.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta hefur reynst nokkuð flókið í framkvæmd þar sem erfiðlega hefur reynst að meta samdrátt í rekstri sjálfstætt starfandi einstaklinga og hvað geti talist tilfallandi verkefni. Hefur ákvæðið því sætt ákveðinni gagnrýni vegna aukinnar hættu á misnotkun innan atvinnuleysistryggingakerfisins og á það sérstaklega við þegar sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðisins til lengri tíma. Er því lagt til að hver og einn sjálfstætt starfandi einstaklingur geti nýtt sér þetta úrræði í tiltekinn tíma í því skyni að bregðast við tímabundnum samdrætti í rekstrinum. Þykir sá tími hæfilegur þrír mánuðir en þá er jafnframt gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar geti nýtt þann tíma til frekari ráðstafana og þá jafnvel til að loka rekstrinum sé það niðurstaðan að þeim tíma liðnum að rekstrarforsendur hans séu brostnar. Í því skyni að koma til móts við þá aðila sem þegar fá eða hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIer lagt til að þeir geti fengið greiddar atvinnuleysisbætur í allt að tvo mánuði á gildistíma ákvæðisins að öðrum skilyrðum uppfylltum til að ganga frá málum sínum.

Um 27. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að séreignarsparnaður allt að 1.000.000 kr. sem tekinn hefur verið út frá 1. mars 2009 komi ekki til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 36. gr. laganna og er gert ráð fyrir að þessi undanþága gildi fram til 1. október 2010. Á þetta þó eingöngu við um þegar fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Tilgangur þessa er að gæta jafnræðis milli þeirra sem nýta sér sérstaka heimild til að taka út séreignarsparnað á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. einnig lög nr. 13/2009, og þeirra sem taka út séreignarsparnað sinn á grundvelli 11. og 12. gr. sömu laga. Tekið er fram berum orðum í ákvæði til bráðabirgða VIII við lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða að útgreiðsla séreignarsparnaðar komi ekki til frádráttar atvinnuleysisbótum á framangreindu tímabili en þessi heimild fellur brott 1. október 2010. Þar sem um undanþáguákvæði er að ræða ber að túlka þá heimild þröngt þannig að hún eigi eingöngu við um þann séreignarsparnað sem tekinn er út á grundvelli ákvæðisins til bráðabirgða. Engu síður þykir eðlilegt að sama gildi um úttekt séreignarsparnaðar að því er varðar áhrif hans á atvinnuleysisbætur viðkomandi óháð því hvor heimild laganna er nýtt enda má leiða að því líkum að tilgangur úttektar séreignarsparnaðar kunni að vera sá sami án tillits til heimildarinnar. Hafi séreignarsparnaður verið dreginn af atvinnuleitendum á grundvelli 36. gr. laganna á þessu tímabili mun Vinnumálastofnun leiðrétta það verði ákvæði þetta samþykkt sem lög.

Um b-lið.

Vísað er til athugasemda við 7. gr. frumvarps þessa.

Um 28. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags skilyrðum sem miða að því að tengja slíka aðstoð við virkni þeirra sem sækja um eða njóta slíkrar aðstoðar, svo sem við virka atvinnuleit og þátttöku þeirra í vinnumarkaðsaðgerðum, í því skyni að hvetja viðkomandi einstaklinga til sjálfshjálpar þannig að einstaklingurinn verði betur fær um að stjórna málum sínum sjálfur í stað þess að verða háður aðstoðinni. Er þetta meðal annars lagt til í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum.

Um 29.–31. gr.

Mikilvægt þykir að einfalda innheimtu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 15. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof og draga úr innheimtukostnaði sem fellur í hlut skuldara láti hann hjá líða að greiða skuld sína við Vinnumálastofnun. Er því lagt til að úrskurðir úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála um endurkröfu ofgreiðslna verði gerðir aðfararhæfir sem einfaldar innheimtuferlið. Jafnframt er lagt til í 31. gr. frumvarps þessa að ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 2. mgr. 15. gr. a laganna verði einnig aðfararhæfar en þegar ákvörðun stofn-

unarinnar er kærð til úrskurðarnefndarinnar fresti það aðför, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarps þessa.

Um 32. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á framkvæmd greiðslna atvinnuleysisbóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur við framkvæmd bótakerfisins frá því að atvinnuleysi jókst til muna á síðasta ári. Breytingunum er einnig ætlað að sníða af ýmsa vankanta í lögum um atvinnuleysistryggingakerfið. Auk þess er tilgangurinn með frumvarpinu að mæta hluta af markmiðum um samdrátt í útgjöldum ríkissjóðs í samræmi við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010.

Helstu breytingarnar snúa að auknu eftirliti Vinnumálastofnunar með bótaþegum og greiðslum til þeirra og að auknum úrræðum til að styðja við bótaþega til að þeir komist sem fyrst út á vinnumarkaðinn á ný. Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin geti gripið til ýmissa vinnumarkaðsúrræða. Þá er sveitarstjórnum veitt heimild til að binda fjárhagsaðstoð við einstaklinga ákveðnum skilyrðum eins og að þeir séu í virkri atvinnuleit og taki þátt í vinnumarkaðsúrræðum. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að bráðabirgðaákvæði um heimild til að greiða launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum hlutaatvinnuleysisbætur verði þrengt en jafnframt framlengt til 30. júní. 2010. Þá er lagt til að námsmenn verði ekki lengur tryggðir innan kerfisins en á móti komi lengri réttur þeirra til að geyma bótarétt og nýta sér ef þörf krefur eftir að námi lýkur. Samkvæmt frumvarpinu verður Vinnumálastofnun auk þess gert auðveldara um vik að innheimta ofgreiddar atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur en til viðbótar er gert ráð fyrir að álag við endurgreiðslu á slíkum ofgreiddum bótum hækki úr 15% í 30%.

Gert er ráð fyrir að umfang starfsemi Vinnumálastofnunar muni aukast umtalsvert vegna aukins eftirlits og vinnumarkaðsúrræða. Áætlanir miðast við að fjölga þurfi starfsfólki um tíu manns sem hefði í för með sér um 58 m.kr. kostnaðarauka á ári, en auk þess falla til útgjöld vegna reksturs húsnæðis, tölva og fleira, sem samtals gæti numið 8 m.kr. ásamt 5 m.kr. í stofnkostnað. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að bótagreiðslur muni lækka um nálægt 300 m.kr. vegna hertra viðurlaga og lengingar þess tíma sem einstaklingur þarf að hafa verið á vinnumarkaði eftir að hafa misst rétt til bóta. Talsverð óvissa er þó um hvað þessar breytingar munu skila í reynd.

Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist vegna ákvæða um skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Miðað er við að Vinnumálastofnun standi einungis straum af kostnaði við úrræði þeirra sem eru tryggðir innan atvinnuleysiskerfisins. Fari svo að þjónusta stofnun-

arinnar verði aukin gagnvart skjólstæðingum sveitarfélaganna vegna vinnumarkaðsúrræða verður væntanlega gerður samningur þar að lútandi milli aðila og sveitarfélögin munu þá greiða þann kostnað sem til fellur.

Gera má ráð fyrir að aukinn kostnaður vegna innheimtu ofgreiddra atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofsgreiðslna verði um 19 m.kr. á ári. Fyrirhugað er að ráða tvo nýja starfsmenn til þess að vinna að innheimtukröfum. Á móti er þess vænst að innheimtur muni aukast.

Reikna má með lítils háttar lækkun á útgjöldum vegna ákvæða um framlengingu á rétti til að greiða launþegum atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli þar sem það verður 80% að hámarki auk þess sem sett verður þak á þessar greiðslur miðað við tekjur viðkomandi. Bætur til allra þeirra sem eru í 81-95% starfshlutfalli nema samtals um 36 m.kr. á ári. Ekki er ólíklegt að hluti þeirra færi í 80% starfshlutfall og fengi þar með hærri bætur. Á hinn bóginn gætu einhverjir af þeim sem eru með hæsta starfshlutfallið hætt á bótum og farið í 100% starf þannig að eitthvað sparist á móti. Sparnaður af því að setja þak á hlutaatvinnuleysisbætur miðað við tekjur er talinn verða óverulegur. Einungis eru fáir einstaklingar sem þiggja bætur og eru með tekjur auk bóta yfir 500 þúsund kr. á mánuði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga verði takmarkaður þannig að þeir geti að hámarki fengið greiddar hlutaatvinnuleysisbætur í þrjá mánuði. Í gildandi lögum eru engin sérstök tímamörk fyrir þessar bætur, fyrir utan hin almennu skilyrði bótakerfisins. Árlegur kostnaður við bætur af þessum toga til þessa hóps er nú um 1.500 m.kr. Áætlað er að breytingarnar verði til þess að það fækki mjög í þessum hópi þannig að greiddar bætur til þeirra verði um 300 m.kr. á næsta ári. Sparnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs er því áætlaður um 1.200 m.kr. á ársgrundvelli. Ekki er talið að margir sjálfstætt starfandi einstaklingar fari á fullar bætur eftir að réttur þeirra til hlutaatvinnuleysisbóta rennur út.

Lækkun útgjalda við það að námsmenn fari út úr tryggingakerfinu er áætluð 370 m.kr. á næsta ári en erfitt er að áætla hver kostnaðurinn kann að verða vegna lengingar á geymslu bótaréttar úr 36 mánuðum í 72 mánuði. Ekki fer að reyna á þessa breytingu fyrr en að þremur árum liðnum og mun það ráðast af atvinnuástandinu hversu margir munu nýta sér réttinn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að útgjöld ríkissjóðs vegna atvinnuleysisbóta gætu lækkað um 1.570 m.kr. á ári. Útgjöldin gætu lækkað enn meira vegna hertra viðurlaga og aukinnar innheimtu á ofgreiddum bótum en á móti vega aukin útgjöld vegna þessara ráðstafana sem eru áætluð 90 m.kr. á næsta ári. Þar af eru 5 m.kr. tímabundinn einskiptiskostnaður. Samtals er því áætlað að breytingarnar í frumvarpinu lækki útgjöld ríkissjóðs um 1.480 m.kr. á næsta ári. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 var hins vegar reiknað með 750 m.kr. hagræðingu í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þessi kostnaðarviðmið vegna frumvarpsins byggjast á rauntölum fyrir janúar til október 2009 sem svarar til um 8% atvinnuleysis að meðaltali. Kostnaðaráhrifin til lengri tíma litið ráðast að mestu af ástandi á vinnumarkaði.

315. Frumvarp til laga [274. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta eða greiðslna samkvæmt lögum þessum kveður sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, upp úrskurð í málinu. Sama gildir um ágreining um endurkröfurétt, ofgreiðslur og innheimtu þeirra, sbr. 55. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tveimur“ í 6. mgr. kemur: þremur.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar en stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta, sbr. 55. gr.

3. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfur ofgreiðslna skv. 1. mgr. 7. gr. eru aðfararhæfir.

4. gr.

Í stað „16 til 67 ára“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 18 til 67 ára.

5. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. laganna bætist: með þeirri undantekningu að réttur til örorkulífeyris reiknast frá 16 ára aldri.

6. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er heimilt, að ósk umsækjanda eða bótaþega, að fresta greiðslu bóta og greiða bætur í einu lagi eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur umsækjanda eða bótaþega á bótagreiðsluárinu liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „bótaþega“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða dánarbúi hans.

b. Á eftir orðunum „um tekjuaukninguna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða aðrar breyttar aðstæður.
c. 3. mgr. orðast svo:
Ofgreiddar bætur skal að jafnaði draga frá greiðslum til bótaþega á næstu 12 mánuðum eftir að krafa stofnast. Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, nema samið sé um annað, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu. Hafi endurkrafa vegna ofgreiddra bóta ekki verið greidd á 12 mánuðum frá því að krafa stofnaðist skal greiða 5,5% ársvexti á eftirstöðvar kröfunnar. Heimilt er að falla frá kröfu um vexti ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
d. Á eftir orðinu „honum“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: eða dánarbúi hans.
e. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta samkvæmt ákvæði þessu eru aðfararhæfar, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

14. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2010 hafa 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.
15. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., ekki breytast á árinu 2010.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.

11. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila og eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Heimilt er að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 18 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um endurhæfingarlífeyri gilda ákvæði a-liðar 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Um aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum og gilda um örorkulífeyri, sbr. þó 1. mgr. 10. gr. þessara laga. Sjúkrahúsvist í endurhæfingarskyni skemur en eitt ár samfellt hefur ekki áhrif á bótagreiðslur.

Tryggingastofnun ríkisins hefur eftirlit með því að endurhæfingaráætlun sé framfylgt og að skilyrði fyrir greiðslum séu að öðru leyti uppfyllt.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um hvaða aðila skuli falið að annast gerð endurhæfingaráætlunar.

12. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Uppbætur á lífeyri.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega uppbót á lífeyri vegna kostnaðar sem ekki fæst greiddur eða bættur með öðrum hætti ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér án uppbótar skal taka tillit til eigna og tekna.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir 180.000 kr. á mánuði. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem ekki fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir 153.500 kr. á mánuði.

Til tekna samkvæmt ákvæði þessu teljast allar skattskyldar tekjur, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi.

Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um tekju- og eignamörk.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita uppbót á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.
b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrk á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

14. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Kröfur skv. a–d-lið 5. gr. skulu bera vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga þeirra til þess dags er Ábyrgðasjóður launa greiðir kröfuna.

15. gr.

Í stað „0,2%“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 0,25%.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

16. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. frestast greiðslur skv. 2. og 5. mgr. fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra skv. 8. gr. þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarorlofs stofnast vegna fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir enda hafi þeir ekki þegar nýtt sér allan sameiginlegan rétt sinn til fæðingarorlofs skv. 8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um hvernig reikna skuli fjárhæð greiðslna sem foreldrar hafa rétt til úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. þegar frestuninni lýkur skv. 1. mgr. með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Ákvæði þetta á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. frestast greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarstyrks stofnast vegna fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 18. gr. frestast greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarstyrks stofnast vegna fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir.

Ákvæði þetta á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011.

c. (III.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 19. gr. frestast greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarstyrks stofnast vegna fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 19. gr. frestast greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarstyrks stofnast vegna fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir.

Ákvæði þetta á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað „7.534“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 8.400.
b. Í stað „1.143.362“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 1.361.468.

18. gr.

4. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Nú tekst stofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

19. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VI.)

Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010 unnt að óska eftir því að Tryggingastofnun ríkisins beri saman útreikning vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og laga nr. 17/2008. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils til samræmis við það.

b. (VII.)

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að verja fé úr sjóðnum til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða rekstrarárin 2012 og 2013.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

20. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Lán vegna hjúkrunarheimila,** með einni nýrri grein, 30. gr., er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Almennt.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán sem nemur allt að 100% af framkvæmdakostnaði við kaup eða byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Lánstíminn má nema allt að 40 árum.

VII. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði 14. gr. á við um kröfur sem hafa fallið í gjalddaga 1. júlí 2009 eða síðar.

Ákvæði 17. gr. kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2010 vegna tekna ársins 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010. Að venju byggist síðarnefnda frumvarpið meðal annars á ákveðnum forsendum um tekjur og gjöld sem taka mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum. Í fjárlagafrumvarpinu er stefnt að verulegum samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs en mikilvægt er að hann megi fram ganga í því skyni að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til svo treysta megi stöðu efnahagslífsins. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum, lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, með frumvarpi þessu eru m.a. liður í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Auk framangreindra breytinga eru í frumvarpi þessu lagðar til ýmsar aðrar breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra.

Í október 2009 skilaði verkefnisstjórn um endurskoðun almannatrygginga skýrslu til félags- og tryggingamálaráðherra um nýskipan almannatrygginga. Í skýrslunni koma fram margvíslegar tillögur um breytingar á núgildandi lífeyriskerfi. Tillögurnar eru nú til skoðunar í félags- og tryggingamálaráðuneytinu og er stefnt að því að leggja fram frumvarp á vorþingi 2010 sem mun að miklu leyti byggjast á skýrslunni. Hér er um umfangsmikið verk að ræða sem varðar hagsmuni þjóðarinnar og mikilvægt að vanda til verka í því sambandi.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar. Hér er bæði um að ræða breytingar sem talið er nauðsynlegt að gera nú og ekki mega bíða þar til fyrrnefndri heildarendurskoðun lífeyriskerfisins er lokið og einnig breytingar sem varða réttaröryggi borgaranna:

1. Valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga er rýmkað.
2. Hámarksfrestur úrskurðarnefndar almannatrygginga til að kveða upp úrskurði í kærumálum er lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá.
3. Kveðið er á um aðfararhæfi endurkrafna ofgreiddra bóta.
4. Örorkulífeyrir lífeyristrygginga greiðist frá 18 ára aldri í stað 16 ára.
5. Heimilt verður að greiða bætur í einu lagi eftir á óski bótaþegi þess.
6. Breytingar verða gerðar á reglum um innheimtu ofgreiddra bóta.

Samhliða frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á reglugerð nr. 379/1999 um örorkumat og þeim staðli sem er í fylgiskjali með reglugerðinni. Staðallinn kom til framkvæmda fyrir um tíu árum og hafa ekki verið gerðar á honum breytingar síðan. Má því segja að komin sé töluverð reynsla af notkun hans sem byggja má á við endurskoðun. Tekið verður tillit til annmarka og framkominna athugasemda, m.a. frá læknum sem koma að matsferli örorku á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, um að núverandi heilsufarsleg skilyrði fyrir mati á fullri örorku séu ekki nógu ítarleg. Er því gert ráð fyrir að reglugerðinni og staðlinum verði breytt á þann hátt að heilsufarsleg skilyrði til að fá örorkumat verði gerð skýrari og ítarlegri. Litið er svo á að um tímabundna breytingu sé að ræða þar til nýtt kerfi verður tekið upp, þar sem áherslan verður lögð á getu fólks til að starfa en ekki byggt á mati á vangetu eins og nú er, jafnframt því sem aukin áhersla verður lögð á starfsendurhæfingu.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Um er að ræða breytingar sem varða barnalífeyri vegna náms, umönnunargreiðslur, endurhæfingarlífeyri, uppbætur á lífeyri og bifreiðakostnað. Veiga-

mesta breytingin felst í 11. gr. frumvarpsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 36 mánuði á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Þessar breytingar tengjast að miklu leyti framangreindum breytingum sem fyrirhugað er að gera á örorkumatsstaðlinum og eru í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að leggja eigi höfuðáherslu á starfsgetu einstaklinga og möguleika þeirra til starfsendurhæfingar.

Loks eru lagðar til breytingar á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem varða heimildir til að veita fé til reksturs, kaupa eða byggingar hjúkrunarheimila fyrir aldraða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga verði rýmkað og að nefndin fái einnig það hlutverk að kveða upp úrskurði sem varða aðrar greiðslur en bætur samkvæmt almannatryggingalögum, t.d. meðlagsgreiðslur, sem og í málum sem varða endurkröfurétt og innheimtu ofgreiddra bóta á grundvelli almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, sbr. 1. mgr. 14. gr. þeirra laga. Núgildandi ákvæði kveður aðeins á um að nefndin úrskurði í málum ef ágreiningur rís um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögunum. Hefur það leitt til þess að nefndin hefur þurft að vísa málum frá, t.d. þegar um er að ræða kærumál vegna meðlagsgreiðslna eða innheimtu ofgreiðslna hjá dánarbúum. Þetta hefur bæði valdið óþægindum og óvissu fyrir kærendur og eins fyrir Tryggingastofnun ríkisins í tengslum við leiðbeiningarskyldu hennar. Talið er mikilvægt fyrir réttaröryggi borgaranna að einnig sé hægt að bera þessi ágreiningsefni undir sjálfstæða og óháða úrskurðarnefnd. Er því lagt til að valdsvið nefndarinnar verði víkkað eins og að framan greinir.

Um 2. gr.

Í a-lið ákvæðisins er gert er ráð fyrir að hámarksfrestur úrskurðarnefndar almannatrygginga til að kveða upp úrskurði í kærumálum verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá. Búast má við því að fjöldi kærumála aukist töluvert samfara því að valdsvið nefndarinnar verði víkkað, sbr. 1. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt gildandi lögum skal nefndin kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál. Þessi tími er of skammur þegar hafður er í huga hinn mikli fjöldi mála sem nefndinni berast. Í sumum tilvikum getur efnisleg meðferð málanna verið mjög þung í vöfum og í raun óraunhæft að nefndin geti afgreitt þau mál á skemmri tíma en tveimur mánuðum. Á þetta sérstaklega við þegar litið til þess hversu langan tíma gagnaöflun getur tekið hjá t.d. sjúkrastofnunum og læknum. Því er lagt til að úrskurðarnefndin fái heimild til að afgreiða mál á allt að þremur mánuðum.

Í b-lið ákvæðisins er lagt til að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en stjórnsýslukæra fresti þó aðför á grundvelli ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta, sbr. 55. gr. laganna. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarps þessa.

Um 3. gr.

Mikilvægt þykir að einfalda innheimtu ofgreiddra bóta skv. 55. gr. laganna frá gildandi fyrirkomulagi sem og að draga úr innheimtukostnaði sem fellur í hlut skuldara láti hann hjá líða að endurgreiða Tryggingastofnun ofgreiddar bætur. Er því lagt til að úrskurðir úrskurðar-

nefndar almannatrygginga um endurkröfu ofgreiddra bóta verði gerðir aðfararhæfir sem einfaldar innheimtuferlið en samkvæmt lögum nr. 90/1989, um aðför, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að úrskurðir yfirvalda séu aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga. Niðurstöðu æðra stjórnvalds í kærumáli verður yfirleitt ekki hnikað innan stjórnsýslunnar og gildir það sama um niðurstöðu lægra setts stjórnvalds, sem ekki er kærð til æðra setts stjórnvalds. Er því jafnframt lagt til í 7. gr. frumvarps þessa að ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta skv. 55. gr. laganna verði einnig aðfararhæfar. Aftur á móti er sá varnagli sleginn að sé ákvörðun Tryggingastofnunar um endurkröfu ofgreiddra bóta kærð til úrskurðarnefndarinnar frestar stjórnsýslukæran aðför, sbr. 2. gr. frumvarps þessa, enda sætir þá sú ákvörðun Tryggingastofnunar endurskoðun æðra setts stjórnvalds og verður þar af leiðandi ekki talin endanleg ákvörðun innan stjórnsýslunnar. Engu síður er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun gæti meðalhófs við innheimtu ofgreiddra bóta og sendi aðila kröfubréf þar sem hlutaðeiganda er veitt tækifæri til að endurgreiða stofnuninni áður en mál hans er sent til frekari innheimtu.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að aldursviðmiði örorkulífeyris verði breytt úr 16 ára aldri í 18 ára aldur. Samkvæmt lögræðislögum verða menn lögráða 18 ára og er talið rétt að miða rétt til örorkulífeyris við það aldursmark þannig að ófjárráða einstaklingum séu ekki greiddar örorkubætur. Má einnig benda á að örorkustyrkur skv. 19. gr. laganna er veittur einstaklingum frá 18 ára aldri. Þá eru umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, greiddar til 18 ára aldurs, en nokkur brögð hafa verið að því að tvígreiðslur hafa myndast vegna þessa, þ.e. greiðslur örorkulífeyris til ungmennisins og umönnunargreiðslur til foreldra hafa verið greiddar út samtímis sem ekki er heimilt. Loks miðast greiðslur barnalífeyris skv. 20. gr. almannatryggingalaga við 18 ára aldur, en það er sérstaklega tekið fram í 2. málsl. 5. mgr. 20. gr. laganna að ekki skuli greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris. Þar sem breyting sú sem hér er lögð til hefur ekki afturvirk áhrif, þ.e. gildir aðeins um þá sem fá greiðslur frá og með gildistöku laganna, er gert ráð fyrir að ákvæðið verði ekki afnumið til að fyrirbyggja tvöfaldar greiðslur til þeirra barna sem hér um ræðir.

Um 5. gr.

Þar sem til stendur að endurskoða IV. kafla almannatryggingalaga um slysatryggingar í heild sinni á næstu mánuðum, sbr. þingmálaskrá heilbrigðisráðherra, er talið rétt að hafa öll aldursviðmið óbreytt hvað slysatryggingar varðar.

Um 6. gr.

Samkvæmt 54. gr. almannatryggingalaga skal greiða bætur fyrsta dag hvers mánaðar og eru bæturnar greiddar fyrir fram í byrjun hvers mánaðar. Útreikningur bóta getur verið mjög flókinn og krefst góðrar samvinnu bótaþega og Tryggingastofnunar ríkisins. Er sérstaklega mikilvægt að bótaþegar upplýsi stofnunina um allar þær breytingar sem kunna að verða á tekjum þeirra til að tryggja að útreikningur bóta sé réttur á hverjum tíma. Sérstaklega hefur það reynst bótaþegum erfitt að áætla fyrir fram hverjar fjármagnstekjur þeirra muni verða. Þetta hefur margoft leitt til þess að við endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta kemur í ljós að bætur hafa ýmist verið vangreiddar eða ofgreiddar. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að fresta greiðslu bóta og greiða bætur í einu lagi eftir að endanlegar upp-

lýsingar um tekjur umsækjanda eða bótaþega á bótagreiðsluárinu liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum. Þetta verði þó aðeins gert ef umsækjandi eða bótaþegi óskar þess sérstaklega. Þetta mun hafa þau áhrif að unnt verður að greiða út bætur ársins 2010 í einu lagi í ágúst 2011 þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Í þeim tilvikum er því ekki hætta á því að bætur fyrir árið 2010 verði ofgreiddar eða vangreiddar þar sem eingreiðslan verður ekki innt af hendi fyrr en endanlegar upplýsingar liggja fyrir. Gera má ráð fyrir að það verði sérstaklega þeir sem fá mjög lágar mánaðarlegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sem sjái sér hag í því að fá greiðslur með þessum hætti, t.d. þeir sem lengi hafa búið erlendis, og einnig þeir sem hafa talsvert háar tekjur sem hafa áhrif á bótarétt þeirra og þurfa ekki nauðsynlega á mánaðarlegum greiðslum lífeyristrygginga að halda.

Um 7. gr.

Í a- og d-lið ákvæðisins er lagt til að orðinu dánarbú verði bætt við í 55. gr. laganna, en með því er verið að taka af allan vafa um að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að endurkrefja dánarbú um ofgreiddar bætur til bótaþega sem hefur látist.

Í b-lið er bætt við ákvæðið orðunum „eða aðrar ástæður“ þar sem það er ekki eingöngu skortur á tekjuupplýsingum sem getur valdið ofgreiðslu bóta heldur einnig ýmsar aðrar ástæður, t.d. ef bótaþegi tilkynnir ekki um breytta hjúskaparstöðu eða flutning til útlanda.

Í c-lið ákvæðisins er lagt til að bætt verði inn í lögin ákvæði um vexti á kröfur vegna ofgreiðslu bóta í þeim tilvikum sem innheimtan tekur lengri tíma en 12 mánuði. Bætur Tryggingastofnunar ríkisins eru ætlaðar til framfærslu og því ber að fara varlega við álagningu vaxta. Af þeim sökum er lagt til að vextirnir verði ákvarðaðir lágir, 5,5%, sem er í samræmi við vexti sem leggjast á vangreiddar bótafjárhæðir. Einnig er lagt til að vextir verði ekki lagðir á nema í þeim tilvikum sem innheimta endurkröfunnar tekur lengri tíma en 12 mánuði frá þeim tíma sem krafa stofnast, sem miðast við þann tíma þegar frestur skuldara til að koma að athugasemdum vegna kröfunnar er liðinn. Ársvextir byrja þannig að reiknast frá fyrsta degi þrettánda mánaðar eftir að krafa hefur stofnast. Jafnframt verður Tryggingastofnun ríkisins heimilt að falla frá kröfum um vexti þegar sérstaklega stendur á. Ákvæðinu er ætlað að vera hvati fyrir einstaklinga til að endurgreiða fjárhæð sem þeir hafa fengið ofgreidda á sem stystum tíma, sem meðal annars dregur úr líkum á því að ofgreiðslur aukist ár frá ári. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá 3. mgr. 55. gr. núgildandi laga.

Í e-lið er lagt til að ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfur ofgreiddra bóta verði aðfararhæfar en að öðru leyti er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Lagt er til að við útreikning tekjutryggingar til örorkulífeyrisþega haldist frítekjumark vegna atvinnutekna óbreytt skv. 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða eða 1.315.200 kr. á ári sem svarar til 109.600 kr. á mánuði þar sem talið er sérstaklega mikilvægt að stuðla áfram að aukinni atvinnuþátttöku öryrkja í því efnahagsástandi sem nú ríkir.

Enn fremur er lagt til, í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins, að bætur almannatrygginga, svo og meðlagsgreiðslur skv. 63. gr., skuli ekki breytast á árinu 2010 frá því sem nú er.

Um 9. gr.

Í 3. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum, er kveðið á um heimild til handa Tryggingastofnun ríkisins að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða

starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir sem og ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar. Sama gildir ef ekki er unnt að framfylgja úrskurði skv. 1. mgr. 62. gr. barnalaga, sem heimilar sýslumanni að úrskurða að foreldri skuli greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 til 20 ára aldurs, vegna efnaleysis foreldris eða ef ekki tekst að hafa uppi á því eða ef ljóst er að ungmenni er ókleift að innheimta greiðslur á grundvelli slíks úrskurðar.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir í framangreindum tilvikum. Þetta leiðir til þess að ungmenni, sem t.d. hafa misst báða foreldra sína, annað foreldrið er látið og hitt er örorkulífeyrisþegi eða báðir foreldrar eru öryrkjar eða geta ekki greitt framlag til menntunar eða starfsþjálfunar vegna efnaleysis, njóta lakari réttar en önnur ungmenni, sem geta á aldrinum 18–20 ára bæði fengið barnalífeyri vegna náms og menntunarframlag. Því er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. verði felldur brott svo að öll ungmenni á aldrinum 18–20 ára sem stunda nám njóti jafnræðis hvað þetta varðar.

Um 10. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. laganna segir að almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerði ekki umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna. Þá er kveðið á um að önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerði umönnunargreiðslur. Loks er tekið fram að tryggingalæknar meti þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Lagt er til að lokamálsliður 2. mgr., þar sem kveðið er á um mat tryggingalækna, verði felldur brott þar sem það eru í fæstum tilfellum tryggingalæknar sem meta þörf fyrir umönnunargreiðslur eða hvort skilyrði til þeirra séu uppfyllt. Í stað þess komi ný málsgrein sem kveði á um að Tryggingastofnun ríkisins meti þörf fyrir umönnunargreiðslur. Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur er aðeins verið að laga löggjöfina að ríkjandi framkvæmd.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir breytingum á 7. gr. laga um félagslega aðstoð sem mælir fyrir um endurhæfingarlífeyri. Öryrkjum hefur fjölgað ört á liðnum áratug og sýna rannsóknir að samband er milli aukningar atvinnuleysis og fjölgunar nýskráðra öryrkja. Mikilvægt er að allir sem einhverja starfsgetu hafa eigi kost á endurhæfingarúrræðum sem leiða til aukinna möguleika á atvinnuþátttöku. Efla þarf endurhæfingu þeirra sem búa við skerta starfshæfni og gera þeim þannig mögulegt að komast á ný út á vinnumarkað eða taka á annan hátt virkan þátt í samfélaginu. Það er ekki einvörðungu mikilvægt einstaklinganna sjálfra vegna heldur ekki síður samfélagsins alls að efla endurhæfingu eins og kostur er.

Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði tekið fram í lögunum að heimilt sé að greiða endurhæfingarlífeyri til einstaklinga á aldrinum 18 til 67 ára og er það í samræmi við 4. gr. frumvarpsins um aldursmörk örorkulífeyris.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að framlengja hámarkstímabil endurhæfingarlífeyris, sem er í dag 12 mánuðir með heimild til framlengingar um sex mánuði, í allt að 36 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hér er einkum átt við ef miklar líkur eru taldar til þess að lengri endurhæfing muni leiða til starfshæfni einstaklingsins og þannig verði komið í veg fyrir varanlega örorku.

Þá er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að greiðslur sjúkra- eða slysadagpeninga séu nauðsynlegur undanfari endurhæfingarlífeyris. Í stað þess er lagt til að bætt verði við ákvæð-

ið skilyrði um að umsækjandi hafi tæmt rétt sinn til greiðslu launa frá atvinnurekanda, atvinnuleysisbóta eða greiðslna frá sjúkrasjóði stéttarfélags. Greiðslur endurhæfingarlífeyris hefjast þá í fyrsta lagi eftir að kjarasamningsbundinna réttinda nýtur ekki lengur við. Fái viðkomandi einnig sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins stöðvast greiðslur þeirra þegar greiðsla endurhæfingarlífeyris hefst. Tekið skal fram að þeir sem ekki hafa verið á vinnumarkaði geta einnig fengið greiddan endurhæfingarlífeyri, eins og nú er.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um búsetutíma, fjárhæðir og tekjutengingar endurhæfingarlífeyris og gilda um örorkulífeyri skv. 18. gr. laga um almannatryggingar. Helsta efnislega breytingin sem í þessu felst er sú að gerð er krafa um lágmarksbúsetutíma á Íslandi áður en heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris getur myndast og enn fremur að endurhæfingarlífeyrir greiðist í hlutfalli við búsetu hér á landi með sama hætti og örorkulífeyrir. Er talið eðlilegt og sanngjarnt að sömu kröfur séu gerðar um búsetutíma hér á landi hvort sem um er að ræða örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Þá er í ákvæðinu sérstaklega tekið fram að uppbætur til bifreiðakaupa greiðast ekki til endurhæfingarlífeyrisþega, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, enda greiðast þær uppbætur aðeins á fimm ára fresti og eru ætlaðar þeim sem eru hreyfihamlaðir til langframa.

Þá er í 3. mgr. ákvæðisins lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. laganna, sem kveður á um að sjúkrahúsvist í endurhæfingarskyni hafi ekki áhrif á bótagreiðslur, verði óbreyttur en að vegna lengingar á hámarkstímalengd endurhæfingarlífeyris verði því bætt við ákvæðið að um sé að ræða sjúkrahúsvist að hámarki eitt ár samfellt. Verður að telja eðlilegt að sjúkrahúsvist sem nær yfir lengri tíma en eitt ár samfellt leiði til þess að greiðslur endurhæfingarlífeyris falli niður.

Að lokum er gert ráð fyrir að kveðið verði sérstaklega á um að Tryggingastofnun ríkisins skuli hafa eftirlit með framkvæmd endurhæfingarinnar, þ.e. að sinna eftirfylgni við endurhæfingaráætlun og meta árangur hennar. Þá er lögð á það sérstök áhersla að stofnunin hafi eftirlit með því að greiðslur endurhæfingarlífeyris renni eingöngu til þeirra sem uppfylli skilyrði laganna til greiðslna.

Með þessum breytingum er lögð aukin áhersla á mikilvægi starfsendurhæfingar en með endurhæfingu aukast líkur á að einstaklingurinn skili sér aftur á atvinnumarkað að endurhæfingu lokinni. Nýtt vinnulag með góðri framkvæmd og eftirliti eykur líkur á að endurhæfingu sé fylgt eftir og færri einstaklingar verði öryrkjar til langframa.

Um 12. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á orðalagi 9. gr. laga um félagslega aðstoð, hvað varðar heimild til að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega, að skýrt sé kveðið á um að ákvæðið taki til allra lífeyrisþega. Hér er um heimildarákvæði að ræða þar sem byggt er á mati á þörf að teknu tilliti til aðstæðna lífeyrisþegans. Í 1. mgr. er fjallað um uppbót vegna kostnaðar. Sérstaklega er tekið fram að uppbótinni sé ætlað að mæta kostnaði sem lífeyrisþegar verða fyrir og ekki fæst bættur á annan hátt. Hér getur t.d. verið um að ræða umönnunarkostnað sem opinberir aðilar greiða ekki, sjúkra- eða lyfjakostnað sem sjúkratryggingar greiða ekki, vistunarkostnað o.fl. Í reglugerð nr. 595/1997, um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, er kveðið nánar á um framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu uppbótar samkvæmt þessu ákvæði.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstaka uppbót vegna framfærslu lífeyrisþega. Lagt er til að ákvæði reglugerðar nr. 878/2008, um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega, með síðari

breytingu, verði felld inn í lögin. Reglugerð þessi kom til framkvæmda frá og með 1. september 2008. Með gildistöku hennar var þeim lífeyrisþegum, sem búa einir og höfðu heildartekjur undir 150.000 kr. á mánuði, tryggð lágmarksupphæð til framfærslu ef þeir gátu sýnt fram á að þeir gætu ekki framfleytt sér án þess. Miðað var við að þeir lífeyrisþegar sem ekki byggju einir þyrftu að hafa heildartekjur undir 128.000 kr. á mánuði til þess að geta átt tilkall til sérstakrar uppbótar. Með reglugerð nr. 1192/2008, um (1.) breytingu á reglugerð nr. 878/2008 um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega, sem tók gildi um síðustu áramót, var fjárhæð tekjumarka hækkuð og er uppbótin nú greidd þeim lífeyrisþegum sem búa einir og hafa heildartekjur undir 180.000 kr. á mánuði. Hjá þeim lífeyrisþegum sem ekki búa einir eru tekjumörkin 153.500 kr. á mánuði. Ekki er gert ráð fyrir efnislegum breytingum á núgildandi reglugerð eða framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins, heldur er tilgangur ákvæðisins að lögfesta ákvæði um lágmarksupphæð til framfærslu lífeyrisþega.

Gert er ráð fyrir að allar skattskyldar tekjur teljist til tekna skv. 3. mgr. ákvæðisins, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Sama gildir um erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi. Eingreiðslur til lífeyrisþega (orlofs- og desemberuppbætur) eru þó undanþegnar þessari reglu. Er þetta í samræmi við framangreindar reglugerðir og framkvæmdina, en greiðsla uppbóta á lífeyri kemur aðeins til greina þegar heildartekjur lífeyrisþega eru það lágar að sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án uppbótar. Því er talið eðlilegt að bætur almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar teljist til heildartekna í því sambandi.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að Tryggingastofnun ríkisins meti þörf samkvæmt ákvæðinu.

Um 13. gr.

Lagt er til að í 1. og 3. mgr. 10. gr. laganna sem kveða á um greiðslur uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða verði bætt við ákvæðum sem kveða á um það tímabil sem þarf að líða á milli slíkra greiðslna, þ.e. fimm ár. Er það í samræmi við núgildandi reglugerð nr. 170/2009, um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Ástæða þess að nú er lagt til að þetta tímabil verði lögfest er sú að í áliti umboðsmanns Alþingis frá 1. desember 2008, í máli nr. 5132/2007, kemur fram að tímaskilyrði 5. mgr. 5. gr. þágildandi reglugerðar um að styrki til bifreiðakaupa megi veita á fimm ára fresti hafi ekki átt fullnægjandi lagastoð í þágildandi a-lið 1., sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, sbr. áður 33. gr. laga nr. 117/1993. Á þeim tíma sem álit umboðsmanns Alþingis var í vinnslu tóku ný lög um sjúkratryggingar gildi, sbr. lög nr. 112/2008. Með þeim lögum voru styrkir vegna bifreiðakaupa færðir úr lögum um almannatryggingar yfir í 3. mgr. 10. gr. laga um félagslega aðstoð og þá jafnframt kveðið á um að styrkir til kaupa á bifreiðum yrðu heimildarákvæði á sama hátt og uppbætur til bifreiðakaupa. Í samræmi við framangreint álit umboðsmanns Alþingis er því lagt til að fyrrgreindum tímaskilyrðum verði bætt við lagaákvæðin til þess að taka af allan vafa um fullnægjandi lagastoð ákvæða reglugerðarinnar.

Um 14. gr.

Lagt er til að ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum, verði breytt þannig að það verði efnislega eins og það var fyrir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og tóku gildi 29. júní 2009. Er því lagt til að kröfur þær sem Ábyrgðasjóður launa ábyrgist skv. a–d-lið 5. gr. lag-

anna beri vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, eins og verið hefur frá gjalddaga þeirra til þess dags er Ábyrgðasjóður launa greiðir kröfuna. Er gert ráð fyrir að ákvæði þetta gildi um kröfur sem fallið hafa í gjalddaga 1. júlí 2009 og síðar, sbr. 2. mgr. 21. gr. frumvarps þessa, og er því tryggt að allar kröfur sem Ábyrgðasjóður launa ábyrgist skv. a–d-lið 5. gr. laganna beri vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu óháð því hvenær þær hafa fallið í gjalddaga innan ábyrgðatímabils laganna.

Um 15. gr.

Í því skyni að koma til móts við þann kostnaðarauka sem af því hlýst að Ábyrgðasjóður launa greiði vexti af kröfum sem hann ábyrgist skv. 5. gr. laganna, sbr. 14. gr. frumvarps þessa, er lagt til að ábyrgðargjaldið sem stendur straum af fjármögnun Ábyrgðasjóðs launa skv. 23. gr. laganna verði hækkað úr 0,2% í 0,25% af gjaldstofni þess. Með þessari hækkun á ábyrgðargjaldinu mun gjaldið jafnframt standa betur undir áætluðum útgjöldum Ábyrgðasjóðs launa en ella hefði verið. Áætluð útgjöld sjóðsins eru 1.773 millj. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

Um 16. gr.

Um a-lið (ákvæði til bráðabirgða I).

Lagt er til að foreldrar eigi áfram rétt til fæðingarorlofs, þ.e. leyfis frá störfum vegna fæðingar barns, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, í samtals níu mánuði skv. 8. gr. laganna þannig að hvor foreldra um sig eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði og sameiginlegur réttur þeirra verði þrír mánuðir. Foreldrar geta þannig nýtt sér alla níu mánuðina á fyrstu 36 mánuðunum í lífi barns eða 36 mánuðunum eftir að barn kom inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Hins vegar er lagt til að greiðslum skv. 13. gr. laganna vegna þriðja sameiginlega mánaðarins verði frestað þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarorlofs stofnast vegna fæðingar. Skal þá miða við afmælisdag barns. Í tilvikum er réttur til fæðingarorlofs stofnast vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur er miðað við að greiðslur frestist þar til að 36 mánuðum liðnum eftir að barn kom inn á heimili. Er gert ráð fyrir að foreldrar geti nýtt þennan rétt sinn á næstu 24 mánuðum þar á eftir eða þar til barnið verður fimm ára enda hafi foreldrar ekki þegar nýtt sér allan rétt sinn til fæðingarorlofs skv. 8. gr. Miðað er við að sama viðmiðunartímabil skv. 13. gr. laganna eigi þá við og átti við um aðrar greiðslur til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði vegna sama barns. Engu síður er gert ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra verði heimilt að setja í reglugerð með hvaða hætti skuli reikna þær fjárhæðir sem foreldrar eiga rétt á skv. 13. gr. til núgildis á þeim tíma er réttur þessi er nýttur, með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Í tilvikum þegar foreldrar kjósa að nýta sér allan rétt sinn til fæðingarorlofs á fyrstu 36 mánuðunum er þeim heimilt að óska eftir því að greiðslum verði dreift á níu mánuði í stað átta mánaða þannig að komi til lægri greiðslna á því tímabili. Áhersla er lögð á að um tímabundnar aðgerðir er að ræða og því lagt til að ákvæði þessi gildi um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011 enda markmiðið að aftur verði teknar upp óbreyttar greiðslur fyrir alla þá mánuði sem foreldrar eiga rétt á í fæðingarorlof eins og verið hefur um leið og aðstæður í ríkisfjármálum leyfa.

Um b- og c-lið (ákvæði til bráðabirgða II og III).

Lagt er til að greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra frestist þar til barnið nær 36 mánaða aldri þegar réttur til fæðingarstyrks stofnast vegna

fæðingar eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili þegar rétturinn stofnast vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn skv. 1. málsl. á næstu 24 mánuðum þar á eftir. Þessi breyting er til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í a-lið. Á sama hátt og gildir um þær breytingar sem lagðar eru til í a-lið er áhersla lögð á að um tímabundnar aðgerðir er að ræða í ljósi aðstæðna í ríkisfjármálum og því lagt til að þær gildi eingöngu um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011.

Um 17. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra samkvæmt lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, verði hækkað um 866 kr., um 11,5%, og nemi 8.400 kr. á hvern gjaldanda í stað 7.354 kr. samkvæmt gildandi lögum. Gjaldið kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2010 vegna tekna ársins 2009.

Samkvæmt b-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir hækkun fjárhæðar skv. 2. mgr. 10. gr. laganna þar sem vísað er til tekjuviðmiðs sem notað er til að ákvarða þá sem undanþegnir eru gjaldinu.

Um 18. gr.

Lagt er til að 4. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna verði breytt en í ákvæðinu kemur m.a. fram að daggjaldastofnanir skuli innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði. Þá segir: „Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.“ Ákvæði þetta hefur verið túlkað þannig að takist daggjaldastofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði sé Tryggingastofnun ríkisins heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessari heimild Tryggingastofnunar en aftur á móti þykir ljóst að ekki sé rétt að tala um vanrækslu stofnana þótt þeim takist í einhverjum tilfellum ekki að innheimta hlut vistmanna í dvalarkostnaði.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að við lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010 sé unnt að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að stofnunin geri samanburð á útreikningi á kostnaðarþátttöku vistmanna fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og laga nr. 17/2008. Með lögum nr. 166/2006 var dregið úr tengingum við tekjur maka vistmanna og þær síðar afnumdar með lögum nr. 17/2008. Leiði samanburðurinn til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta vistunarframlag vegna ársins 2010 til samræmis við það. Sú niðurstaða sem er hagstæðari fyrir vistmanninn verður því ætíð valin við útreikning á kostnaðarþátttöku hans og útreikning vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins. Hér er um framlengingu á sams konar ákvæði að ræða, en gildandi ákvæði um heimild til samanburðar á útreikningi á kostnaðarþátttöku vistmanna samkvæmt eldri og yngri lögum, sbr. ákvæði til bráðabirgða V, rennur út 1. janúar 2010.

Þá er í nýju ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að Framkvæmdasjóði aldraðra verði veitt tímabundin heimild til að kosta rekstur hjúkrunarrýma aldraðra en sú heimild hefur ekki verið fyrir hendi. Ástæða þessara ráðstafana er fjárhagsvandi ríkissjóðs og sparnaðarkrafa

fjárlagaheimilda. Um er að ræða tímabundið framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna rekstrarkostnaðar við 60 ný hjúkrunarrými frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2013. Ríkissjóður mun svo í ársbyrjun 2014 taka við þessum rekstrarkostnaði og rekstur þeirra þá falla undir fjárlagaheimildir til reksturs hjúkrunarheimila. Áætlaður kostnaður Framkvæmdasjóðs aldraðra er um 7 millj. kr. á hvert hjúkrunarrými, alls 420 millj. kr. á hvort ár.

Um 20. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um sérstaka heimild Íbúðalánasjóðs til að lána sveitarfélögum fyrir framkvæmdakostnaði við að koma upp hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Tiltekið er sérstaklega að lánið getið numið öllum framkvæmdakostnaði og lánstími er ákveðinn allt að 40 árum.

Um 21. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem ætlað er að mæta hluta af markmiðum um samdrátt í útgjöldum ríkissjóðs í samræmi við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010. Einnig eru gerðar nokkrar aðrar breytingar sem miða að því að taka fyrstu skref í átt að heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Helstu breytingarnar í frumvarpinu á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð eru fyrsta lagi að lagt er til að aldursviðmið örorkulífeyris verði hækkað úr 16 ára aldri í 18 ára aldur. Áætlað er að þessi breyting lækki útgjöld vegna örorkulífeyris um 90 m.kr. en á móti er áætlað að útgjöld vegna umönnunargreiðslna aukist um 30 m.kr. á ári. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á innheimtu ofgreiddra bóta í almannatryggingum til einföldunar á innheimtuferlinu. Í þriðja lagi er kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli ekki hækka á árinu 2010 þrátt fyrir verðlagsviðmið samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í fjórða lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að greiðslur á barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna 18 til 20 ára verði rýmkaðar þannig að heimilt verði að greiða ungmennum tvöfaldan barnalífeyri. Áætlað er að sú breyting muni auka útgjöld ríkissjóðs um 24 m.kr. Í fimmta lagi er lagt til að hægt verði að greiða endurhæfingarlífeyrir í allt að 18 mánuði í stað 12 mánaða samkvæmt gildandi lögum og að auk þess verði hægt að framlengja það tímabil um 18 mánuði í stað 6 mánaða. Reynslan sýnir að meiri hluti þeirra sem þegið hafa endurhæfingarlífeyrir fara að því loknu á varanlega örorku en endurhæfingarlífeyri og almennur örorkulífeyrir gefa jafnháar bætur. Á árinu 2008 fóru um 60% af þeim sem voru með endurhæfingarlífeyri inn á varanlegar örorkubætur en nú eru um 1.300 manns með endurhæfingarlífeyri. Óljóst er hvort þessi breyting hafi veruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Ef aukinn tími

í endurhæfingu skilar fólki frekar aftur út á vinnumarkaðinn í stað þess að það fari varanlega á örorkubætur gæti dregið úr útgjöldum ríkissjóðs. Haldist tilfærsla fólks úr endurhæfingarlífeyri yfir í almennan örorkulífeyri hins vegar óbreytt þá gætu útgjöld ríkissjóðs aukist til lengri tíma litið. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta þetta frekar. Að öðru leyti verða markmið um samdrátt í útgjöldum almannatrygginga útfærð með breytingum á reglugerð og skilvirkara eftirliti með bótagreiðslum.

Með breytingum á lögum um Ábyrgðasjóð launa er lagt til í fyrsta lagi að gerð verði sú breyting á lögum að kröfur í bú vinnuveitanda sem sjóðurinn ábyrgist, þ.e. kröfur launamanna um vinnulaun, orlofslaun og bætur vegna launamissis og kröfur lífeyrissjóða vegna lífeyrisiðgjalda, beri almenna vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Miðað er við að þessi breyting eigi við um kröfur sem hafa fallið í gjalddaga 1. júlí 2009 eða síðar. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að ákvæði laganna verði færð í sama horf og þau voru fyrir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, á sl. sumarþingi. Sú breyting fól í sér niðurfellingu vaxtagreiðslna á lífeyrisiðgjöldum og átti að lækka vaxtagjöld sjóðsins um 70 m.kr. á ári. Breytingin var liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr ríkisútgjöldum. Gert hefur verið ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010. Í öðru lagi er lagt til að ábyrgðargjaldið sem sjóðurinn er fjármagnaður með verði hækkað úr 0,2% af tryggingagjaldsstofni í 0,25% eða um 0,05%. Á sl. sumarþingi hafði gjaldið áður verið hækkað um 0,1%. Reikna má með að tekjur ríkissjóðs aukist árlega um 357 m.kr. í kjölfar 0,05% hækkunar á gjaldprósentunni miðað við áætlun fjárlagafrumvarps 2010 um tryggingagjaldsstofninn. Þar af er áætlað að hækkun á launakostnaði rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði nemi samtals um 70 m.kr. þótt hækkunin verði óveruleg hjá hverjum og einum. Því til viðbótar má gera ráð fyrir að vaxtagjöld Ábyrgðasjóðs launa verði 70 m.kr. meiri en að óbreyttum lögum. Verði þessi ákvæði frumvarpsins að lögum munu útgjöld ríkisins því aukast um samtals 140 m.kr. á ári. Á móti vegur að tekjur aukast um 357 m.kr. þannig að telja má að afkoma ríkissjóðs muni batna um 217 m.kr. á ársgrundvelli.

Lögð er til sú breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof að greiðsla fyrir einn mánuð af níu af rétti til fæðingarorlofs frestist í 36 mánuði frá því að réttur til fæðingarorlof stofnast. Nánar tiltekið er hér um að ræða einn af þremur sameiginlegum mánuðum móður eða föður í fæðingarorlofi. Tillagan gildir um börn sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2011. Áætlað er að þessi breyting fresti sem nemur um 1.200 m.kr. af útgjöldum ríkissjóðs á ári í a.m.k. 36 mánuði. Lækkun útgjaldanna verður þó ekki varanleg þar sem þau munu að óbreyttu aukast aftur um sömu fjárhæð á ári frá og með árinu 2013.

Í breytingum á lögum um málefni aldraða er m.a. kveðið á um að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða hækki á næsta ári um 11,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins 2010. Auk þess er lagt til að sjóðnum verði heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði við hjúkrunarrými árin 2012 og 2013. Tilgangurinn með því er að gera það heimilt að sjóðurinn geti tímabundið staðið undir rekstri tiltekins fjölda rýma vegna áforma um fjölgun rýma og fækkun fjölbýla með leigufyrirkomulagi sem er til skoðunar.

Loks er í frumvarpinu lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að veita sveitarfélögum lán til allt að 40 ára sem nemi allt að 100% af framkvæmdarkostnaði við kaup eða byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Tengist það áforum sem eru til skoðunar um uppbyggingu hjúkrunarrýma með leigufyrirkomulagi eins og áður segir. Miðað við þær áætlanir sem liggja

fyrir má gera ráð fyrir að heildarlánveitingarnar gætu numið í kringum 9 milljörðum kr. og mundu ábyrgðir ríkisins aukast sem því næmi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að útgjöld ríkissjóðs muni lækka tímabundið árin 2010 til 2012 um samtals 1.290 m.kr. á ársgrundvelli. Á móti er áætlað að önnur útgjöld aukist um samtals 194 m.kr. og verði því nettóáhrifin samtals um 1.096 m.kr. til lækkunar. Þar að auki er áætlað að tekjur ríkissjóðs aukist um 357 m.kr. og mun því afkoma ríkissjóðs batna um samtals 1.453 m.kr. Þar af er þó 1.200 m.kr. einungis frestun á útgjöldum í tvö ár um a.m.k. 36 mánuði. Útgjaldabreytingin í fæðingarorlofssjóði er hér til samræmis við áætlaða hagræðingu í frumvarpi til fjárlaga 2010 en í almannatryggingum á enn eftir útfæra hagræðingu til samræmis við fjárlagafrumvarpið en þar var gert ráð fyrir samtals 750 m.kr. hagræðingu.

316. Frumvarp til laga [275. mál]

um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Heimild til samruna opinberra hlutafélaga.

Heimilt er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að ákveða samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt opinbert hlutafélag sem stofna skal af þessu tilefni. Við gildistöku samrunans skulu allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar opinberu hlutafélaganna, án sérstakra skuldaskila, renna til nýs félags.

2. gr.

Framkvæmd samruna, slit, tilkynning o.fl.

Ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gilda ekki um framkvæmd samruna samkvæmt lögum þessum. Yfirteknu félögunum telst slitið í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, við tilkynningu til hlutafélagaskrár um gildistöku samrunans. Stjórn félags sem stofnað er skv. 1. gr. skal annast tilkynningu samrunans til hlutafélagaskrár.

3. gr.

Eignarhald og forræði á hlutafé.

Hlutafé í félagi sem stofnað er skv. 1. gr. skal allt vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og önnur ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra skal fara með hlut ríkisins í félaginu.

4. gr.

Tilgangur félags o.fl.

Tilgangur yfirtökufélags skv. 1. gr. skal vera í samræmi við tilgang hinna yfirteknu félaga. Honum skal nánar lýst í samþykktum þess. Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun

og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Félaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

5. gr.

Yfirtaka réttinda og skyldna.

Við samruna samkvæmt lögum þessum skal yfirtökufélag skv. 1. gr. taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki samningsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða, heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

Að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995 (opinber hlutafélög), um félag þetta.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnfundur nýs félags sem stofnað er skv. 1. gr. skal haldinn fyrir 31. desember 2009. Skal á stofnfundi leggja fram til samþykktar stofnyfirlýsingu og samþykktir fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Á þeim fundi skal kjósa félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi félagsins, svo og endurskoðanda félagsins. Heimilt er að stofna hlutafélagið með stofnfé að fjárhæð 10 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði.

Á stofnfundi félagsins skal taka ákvörðun um samruna skv. 1. gr. og hvenær hann tekur gildi, sem skal vera innan fjögurra mánaða, en tímamark samruna skal miðast við áramót 2009–2010. Stofnefnahagsreikningur yfirtökufélags skal liggja fyrir eigi síðar en 31. mars 2010. Þegar stofnefnahagsreikningur liggur fyrir skal halda framhaldsstofnfund þar sem stofnefnahagsreikningurinn er lagður fram og hlutafé hins nýja félags ákveðið á grundvelli efnahagsreikninga hinna sameinuðu félaga. Tilkynning skv. 2. gr. skal send til hlutafélagaskrár innan mánaðar frá því að samruninn hefur tekið gildi og telst þá Flugstoðum ohf. og Keflavíkurflugvelli ohf. slitið með samruna við hið nýja félag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Í janúar 2009 skipaði samgönguráðherra, Kristján L. Möller, starfshóp sem fjalla skyldi um mögulega sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Í starfshópnum áttu sæti Jón Karl Ólafsson, formaður, Margrét S. Björnsdóttir og Ólafur Nilsson, en starfshópnum til aðstoðar var Friðfinnur Skaptason, starfsmaður ráðuneytisins. Markmið starfshópsins var m.a., í tengslum við skoðun á hugsanlegri sameiningu umræddra félaga, að meta kosti og galla slíkrar sameiningar og taka þar tillit til hagkvæmni, skilvirkni og fagþekkingar við þjónustu og stjórn flugvalla og rekstur flugleiðsöguþjónustu hér á landi.

Í skýrslu starfshópsins sem skilað var til ráðuneytisins í september 2009 var m.a. fjallað um framlög ríkissjóðs til rekstrar félaganna, en þar kemur fram að á árinu 2009 sé gert ráð

fyrir að framlag til rekstrar Flugstoða og Keflavíkurflugvallar nemi 2,5 milljörðum kr. Þá kemur fram að framlög ríkissjóðs til viðhalds og framkvæmda á flugvöllum og flugstöðvum hafi verið að meðaltali 1,4 til 1,5 milljarðar kr. á ári á árunum 1995 til 2004. Að auki var talið að varnarliðið hefði lagt fram 1,2 milljarða kr. að meðaltali á ári á sama tímabili. Nemi þessi framlög því um 5,2 milljörðum kr. á ári, en á móti hafi um 1,4 milljarðar kr. runnið í ríkissjóð í formi skatta og arðs af flugrekstrinum. Beint framlag til málaflokksins hafi því verið nálægt 4 milljörðum kr. á ári. Í niðurstöðu starfshópsins var talið að sameinað félag, með vel skilgreindum rekstrarþáttum og markmiðum, væri betur í stakk búið en núverandi félög til að hafa heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og jafnframt hæfara til að móta stefnu um samþættingu verkefna, til að ná auknu hagræði í rekstri og fjárfestingum, til að veita betri þjónustu og til að vera færara um hvers kyns þróun og sókn í málaflokknum. Var það því tillaga starfshópsins að stefna skyldi að sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. í eitt félag undir einni stjórn sem tæki yfir rekstur félaganna beggja, þ.e. hefði með höndum rekstur flugvalla og flugleiðsögukerfis hér á landi. Jafnframt taldi hópurinn rétt að stefna að slíkum samruna sem fyrst, t.d. um næstu áramót (2009–2010). Skýrsla starfshópsins er birt á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.[1]

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur rétt, m.a. með vísan til skýrslu starfshópsins, að stefna að sameiningu þessara opinberu hlutafélaga og telur jafnframt að rétt sé að ráðast í samruna félaganna sem allra fyrst en þá er miðað við að hægt verði að ná fram hagræðingu þeirri og rekstrarhagkvæmni sem hann er talinn leiða af sér þegar á árinu 2010. Í því sambandi er jafnframt talið að með sameiningu félaganna megi efla starfsemi þá sem undir félögin falla auk þess sem talið er að sameinað félag verði betur í stakk búið til að veita þá þjónustu sem félögunum er ætlað að sinna. Að auki muni slíkt auðvelda öflun nýrra verkefna til eflingar félagsins.

II.

Flugstoðir ohf., sem tóku til starfa 1. janúar 2007, voru stofnaðar í júní 2006 samkvæmt heimild í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, en umrædd lög breyttu skipan flugmála á Íslandi umtalsvert. Flugstoðir ohf. tóku þannig við rekstri og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi af Flugmálastjórn Íslands. Einnig var Flugstoðum ohf. falið að annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug.

Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. 1. janúar 2009 en félagið var stofnað í ágúst 2008 á grundvelli heimildar í lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Félaginu var falið að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar (Keflavíkurflugvallar). Félaginu var einnig falið að annast flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt var talið að væri innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála.

[1] http://www.samgonguraduneyti.is/media/adobe- skjol/Skyrsla_Flugstodir_og_Keflavikurflugvollur_sept2009.pdf.

III.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sé heimilað að samþykkja samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt opinbert hlutafélag. Samruninn færi þannig fram með þeim hætti að umrædd tvö félög rynnu saman í eitt nýtt félag (samruni með stofnun nýs félags), sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 119. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Við samruna félaganna er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir allar eignir og skuldir, svo og öll réttindi og allar skyldur yfirtekinna félaga, þar á meðal þau réttindi og þær skuldbindingar sem leiðir af lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Samhliða er gert ráð fyrir að síðastnefndum félögum verði slitið í skilningi laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og þau tekin af hlutafélagaskrá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði verður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins heimilað að samþykkja samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar sem stofnuð voru samkvæmt heimild í sérstökum lögum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Gert er ráð fyrir að samruninn feli í sér að félögin verði sameinuð í nýtt félag, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 119. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög (samruni með stofnun nýs félags). Við gildistöku samrunans er miðað við að allar eignir og skuldir og réttindi og skuldbindingar opinberu hlutafélaganna, án sérstakra skuldaskila, renni til nýs félags. Í því felst að við samrunann leggjast til yfirtökufélagsins allar eignir hinna yfirteknu félaga en samhliða yfirtekur hið nýja félag allar skuldbindingar hinna yfirteknu félaga. Er hér miðað við eignir og skuldir félaganna við gildistöku samrunans.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að XIV. kafla laga um hlutafélög gildi ekki um framkvæmd samruna þess sem kveðið er á um í lögum þessum, en engu síður telst vera um samruna hlutafélaga að ræða í skilningi laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Ekki er hins vegar talin ástæða til að láta ákvæði XIV. kafla hlutafélagalaga gilda um framkvæmd samrunans, enda réttindi allra kröfuhafa talin að fullu tryggð þótt félögin séu sameinuð í nýtt opinbert hlutafélag. Þá er og tekið tillit til þess að einn og sami hluthafi er hluthafi í báðum umræddum félögum. Yfirteknu félögunum telst slitið í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, við tilkynningu til hlutafélagaskrár á gildistöku samrunans, en gert er ráð fyrir að stjórn yfirtökufélags annist tilkynningu samrunans til hlutafélagaskrár og að það verði gert innan eins mánaðar frá gildistöku hans.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um það með sama hætti og í lögum nr. 102/2006 og lögum nr. 76/2008 að allt hlutafé í yfirtökufélaginu, sem stofnað er vegna samruna skv. 1. gr., skuli vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og önnur ráðstöfun óheimil. Af því leiðir jafnframt að ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu. Þá er kveðið á um að fjármálaráðherra fari með hlut ríkisins í félaginu, sbr. til hliðsjónar ákvæði 69. og 70. gr. laga nr. 98/2009, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs

Íslands. Þar er kveðið á um að fjármálaráðherra fari með hlut ríkisins í félögum sem stofnuð eru á grundvelli laga nr. 102/2006 og 76/2008 frá og með 1. janúar 2010, sbr. 72. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um tilgang félagsins o.fl. Er miðað við að tilgangur yfirtökufélagsins verði í samræmi við tilgang hinna yfirteknu félaga, sbr. 5. gr. laga nr. 102/2006 og 4. gr. laga nr. 76/2008. Jafnframt er kveðið á um það að ákvarða megi tilgang félagsins nánar í samþykktum þess, en í því felst að aðlaga má tilgang félagsins á hverjum tíma í samþykktum þess að breytingum í starfsemi og rekstri, eftir því sem ástæða er til. Sérstaklega er kveðið á um það í ákvæðinu að félaginu skuli vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og jafnframt að félaginu sé heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

Um 5. gr.

Við samruna samkvæmt lögum þessum skal opinbert hlutafélag, sem stofnað er skv. 1. gr., taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar hinna yfirteknu félaga, sbr. 1. gr. Jafnframt er gert ráð fyrir því samkvæmt ákvæði þessu að yfirtökufélagið taki yfir öll réttindi og allar skyldur hinna yfirteknu félaga sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Af því leiðir t.d. að heimilt verður að gera við félagið samninga sem kveðið er á um í umræddum lögum og fela því skuldbindingar ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum og að annast þjóðréttarlegar skuldbindingar, svo sem á sviði öryggis- og varnarmála, svo og hver önnur þau verkefni sem leiða af tilvísuðum lögum nr. 102/2006 og nr. 76/2006.

Sérstaklega er kveðið á um það að yfirtakan veiti ekki þeim samningsaðilum samrunafélaganna, sem samruninn kann að varða, heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda. Er það byggt á þeirri forsendu að réttindi kröfuhafa félaganna (samningsaðila) skerðist ekki við samruna samkvæmt lögum þessum. Rétt er að taka fram að við samruna samkvæmt ákvæðum laga þessara mundu ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, með síðari breytingum, gilda um réttarstöðu starfsmanna.

Loks er tekið fram að að því leyti sem ekki er kveðið öðruvísi á um í frumvarpi þessu muni ákvæði laga um hlutafélög (opinber hlutafélög) gilda um félag þetta.

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um það að stofnfund nýs félags sem stofnað er skv. 1. gr. frumvarpsins skuli halda á árinu 2009, þ.e. fyrir 31. desember 2009. Gert er ráð fyrir að á þeim fundi verði lögð fram stofngögn fyrir félagið. Er þar vísað til stofnyfirlýsingar og draga að samþykktum fyrir félagið, í samræmi við ákvæði frumvarps þessa og ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Á þeim fundi skal jafnframt kjósa félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi félagsins, svo og endurskoðanda félagsins. Sérstaklega er kveðið á um það að heimilt sé að leggja fram sem stofnfé 10 millj. kr. úr ríkissjóði.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er ráðgert að á stofnfundinum verði tekin formleg ákvörðun um samruna opinberu félaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar á grundvelli

heimildar í 1. gr. frumvarpsins. Samhliða er gert ráð fyrir að ákvörðun verði tekin um hvenær samruninn taki gildi, en miðað er við að það verði innan fjögurra mánaða frá stofnfundi. Af því leiðir að nokkur undirbúningstími fæst fyrir opinberu hlutafélögin til að undirbúa samrunann og til að ganga frá uppgjöri vegna ársins 2009, en tímamark samruna skal miðast við áramót 2009–2010. Stofnefnahagsreikningur yfirtökufélags skal liggja fyrir eigi síðar en 31. mars 2010. Þegar stofnefnahagsreikningur liggur fyrir skal halda framhaldsstofnfund þar sem stofnefnahagsreikningurinn er lagður fram. Endanlegt stofnfé hins nýja félags skal ákveðið á grundvelli efnahagsreikninga hinna sameinuðu félaga. Tilkynning skv. 2. gr. skal send til hlutafélagaskrár innan mánaðar frá því að samruninn hefur tekið gildi. Telst þá Flugstoðum ohf. og Keflavíkurflugvelli ohf. slitið með samruna við hið nýja félag.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra skuli fara með hlut ríkisins í félagi sem stofnað verður skv. 1. gr., er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skuli fara með hlut ríkisins í félaginu til 1. janúar 2010. Er þá tekið mið af því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með forræði á hlut ríkisins í opinberu hlutafélögunum Flugstoðum og Keflavíkurflugvelli fram til sama tíma, sbr. og ákvæði 69. og 70. gr. laga nr. 98/2009, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, sbr. 72. gr. þeirra laga. Er talið heppilegt að forræði á hlut ríkisins í félagi sem stofnað yrði á grundvelli 1. gr. verði það sama og hjá Flugstoðum og Keflavíkurflugvelli, á sama tíma. Er þá jafnframt haft í huga að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mun annast undirbúning ákvörðunar um samruna þann sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

Með frumvarpinu er lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verði heimilt fyrir hönd íslenska ríkisins að ákveða samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar. Markmiðið með þessari breytingu er að stuðla að betri heildarsýn yfir málaflokkinn og samþættingu verkefna, að ná fram auknu hagræði í rekstri og fjárfestingum, veita betri þjónustu og stuðla að hvers kyns þróun og sókn í málaflokknum. Gert er ráð fyrir að hlutafé hins nýja félags verði allt í eigu ríkisins og að fjármálaráðherra fari með hlut ríkisins í félaginu. Þá er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir allar eignir og skuldir, svo og öll réttindi og skyldur hinna yfirteknu félaga, þ.e. Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, þar á meðal þær sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Keflavíkurflugvöllur ohf. var stofnað á árinu 2008 en í ársbyrjun 2009 tók félagið yfir rekstur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Samkvæmt stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2009 voru heildarskuldir félagsins um 22,5 ma.kr. og eigið fé um 6,4 ma.kr. Samkvæmt ríkisreikningi 2008 námu heildarskuldir Flugstoða það ár um 2,5 ma.kr. og eigið fé um 2,4 ma.kr. Gert er

ráð fyrir að hið nýja félag taki til starfa um nk. áramót og að fjárheimildir þess verði þær sömu og gert er ráð fyrir að veita í fjárlagafrumvarpi 2010 til Flugstoða og Keflavíkurflugvallar á fjárlagalið 10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Í eftirfarandi töflu sést hvernig framlög til liðarins skiptast í fjárlagafrumvarpinu og hvernig þau eru fjármögnuð:

Fjárheimildir:

Viðfang	Heiti	Önnur gjöld	Tilfærslur	Gjöld
101	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.122,0	0,0	1.122,0
111	Keflavíkurflugvöllur	0,0	1.402,0	1.402,0
541	Viðhald	65,1	0,0	65,1
641	Framkvæmdir	258,0	0,0	258,0
	Samtals			2.847,1

Fjármögnun fjárheimilda:

Viðfang	Heiti	Greitt úr ríkissjóði	Innheimt af ríkistekjum	Samtals
101	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	786,3	335,7	1.122,0
111	Keflavíkurflugvöllur	1.381,3	20,7	1.402,0
541	Viðhald	0,0	65,1	65,1
641	Framkvæmdir	0,0	258,0	258,0
	Samtals	2.167,6	679,5	2.847,1

Gangi sameining Flugstoða og Keflavíkurflugvallar eftir má gera ráð fyrir að heildarframlag úr A-hluta ríkissjóðs til hins nýja félags verði um 2.847 m.kr. á árinu 2010. Þar af er gert ráð fyrir að almennur rekstur verði 2.524 m.kr., viðhaldsverkefni 65,1 m.kr. og framkvæmdir 258 m.kr. Áformað er að samgönguráðuneytið geri þjónustusamning við hið nýja sameinaða félag um rekstur og uppbyggingu flugvalla á grundvelli þessara framlaga og með tilliti til áætlana stjórnvalda um samdrátt í útgjöldum ríkisins. Ekki er því gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni aukast verði frumvarpið óbreytt að lögum. Hins vegar má gera ráð fyrir að til lengri tíma muni hagræðing nást fram með þessari sameiningu sem leiði til þess að kostnaður ríkissjóðs, vegna hins nýja félags, lækki. Ekki er þó ljóst á þessari stundu hver sú kostnaðarlækkun kann að verða. Þá er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið, í samvinnu við hið nýja félag, muni fara yfir fyrirkomulag fjármögnunar félagsins. Í því sambandi eru uppi hugmyndir um að breyta flugvallarskatti og varaflugvallargjaldi í þjónustugjöld en yrði sú raunin má gera ráð fyrir að bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs kynnu að lækka sem næmu tekjum af þeim gjöldum.

317. Svar [119. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um kostnað við skilanefndir banka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er áfallinn kostnaður við skilanefndir Kaupþings, Íslandsbanka og Landsbanka, sundurliðað eftir:

a. *launum og öðrum fríðindum hverrar skilanefndar,*
b. *innlendum sérfræðikostnaði,*
c. *erlendum sérfræðikostnaði?*

Enginn kostnaður hefur fallið á efnahags- og viðskiptaráðuneytið eða forvera þess, viðskiptaráðuneytið, vegna starfa skilanefnda.

Þess var óskað að Fjármálaeftirlitið (FME) veitti upplýsingar um þann kostnað sem kynni að hafa fallið á þá stofnun og byggist eftirfarandi svar á upplýsingum frá FME.

Verktakakostnaður FME vegna skilanefnda Kaupþings banka, Glitnis banka og Landsbankans er á tímabilinu október 2008 til og með apríl 2009 samtals kr. 318,9 millj. kr., sjá sundurliðun. Um er að ræða greiðslur samkvæmt verksamningum sem FME gerði við skilanefndirnar. Fjárhæðirnar eru án virðisaukaskatts þar sem FME fékk hann endurgreiddan. Annar kostnaður af störfum skilanefnda er á vegum bankanna sjálfra og færist sem hluti af rekstrarkostnaði þeirra. FME hefur ekki nánari upplýsingar um rekstrarkostnað hinna föllnu banka.

Sundurliðun:

Skilanefnd Glitnis	93.826.750 kr.
Skilanefnd Landsbankans	116.864.161 kr.
Skilanefnd Kaupþings	108.175.901 kr.

Lýst hefur verið kröfum í bú gömlu bankanna vegna framangreinds kostnaðar.

318. Svar [153. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjarnar Óttarssonar um húsnæðislán.

Viðskiptabankarnir Glitnir hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. voru almenn hlutafélög sem skráð voru á markaði þar til í október 2008. Þó svo að Fjármálaeftirlitið, á grundvelli laga nr. 125/2008, hafi gripið inn í rekstur þeirra voru þeir eftir sem áður viðskiptabankar á samkeppnismarkaði. Viðskiptabankar lúta reglum laga um fjármálafyrirtæki og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglum settum á grundvelli þeirra, m.a. um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Íslandsbanki hf., NBI hf. og Arion banki hf. eru einnig hlutafélög og þótt ríkissjóður eigi hlutabréf í þeim lúta þau lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fer fjármálaráðherra með hluti ríkissjóðs í þessum viðskiptabönkum.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði er í höndum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, utan lausafjáreftirlits sem Seðlabanki Íslands hefur á sinni könnu.

Ráðuneytið ritaði Fjármálaeftirlitinu bréf þann 6. nóvember sl. og óskaði eftir því að það gæfi upplýsingar um þau atriði sem spurt er um á þskj. 169. Svör Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

1. *Um hve háa fjárhæð voru húsnæðislán gömlu bankanna afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?*

Fjármálaeftirlitið telur sér ekki heimilt að veita upplýsingar um uppgjör á milli gömlu og nýju bankanna, sbr. ákvæði 13. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þó má benda á að nýju bankarnir keyptu fyrrgreind lán á ákveðnu verði. Í kaupverðinu fólust ekki eiginlegar afskriftir heldur afföll af bókfærðu verði sem geta stafað m.a. af almennu vaxtastigi, greiðslugetu eða tryggingastöðu.

2. *Hvað má gera ráð fyrir að ríkisbankarnir og Íbúðalánasjóður gjaldfæri háar afskriftir vegna niðurfærslu húsnæðislána til einstaklinga?*

Fjármálaeftirlitið telur sig ekki geta svarað spurningunni þar sem óljóst er við hvað er átt og til hvaða niðurfærslu er vísað.

3. *Hversu háar verða beinar afskriftir annars vegar og óbeinar afskriftir hins vegar?*

Fjármálaeftirlitið telur sig ekki geta svarað spurningunni þar sem óljóst er til hvaða afskrifta er vísað.

4. *Hvaða reglur gilda um hámark afskrifta hjá einstaklingum og hjónum eða sambýlisfólki og hverjar verða væntanlegar viðmiðunarfjárhæðir?*

Ekki er kveðið á um hámarksafskriftir hjá einstaklingum og hjónum eða sambýlisfólki í þeim reglum sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

5. *Hversu háar fjárhæðir verða væntanlega færðar á biðreikning (greiðslujöfnunarreikning) og hve stór hluti þeirrar fjárhæðar afskrifaður?*

Lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins (almenn greiðslujöfnun o.fl.) tóku gildi í lok síðasta mánaðar. Enn er ekki ljóst hve stór hluti greiðenda muni koma til með að nýta sér heimildir samkvæmt lögunum ásamt því að óljóst er hver þróun verður á nýrri greiðsluvísitölu. Fjármálaeftirlitið telur sig því ekki geta svarað viðkomandi spurningu.

6. *Má gera ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að hækka eiginfjárframlag sitt til bankanna og Íbúðalánasjóðs vegna fyrrgreindra afskrifta og ef svo er, hve mikið?*

Fjármálaeftirlitið lagði mat á rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu nýju bankanna eftir að hafa farið yfir viðskiptaáætlanir þeirra og fjármagnsþörf. Liður í mati á bönkunum var að gera álagspróf sem mældi gjaldfærni þeirra og lausafé til að sjá hvort fjármögnun þeirra og fjárhagur væri fullnægjandi. Alvarlegustu hættur sem steðja að nýju bönkunum, að mati Fjármálaeftirlitsins, eru útlánaáhætta og lausafjáráhætta. Útlánaáhættan stafar fyrst og fremst af óvissu um gæði útlána bankanna. Lausafjáráhættan stafar m.a. af óvissu um fjárstreymi frá

eignum sem færðar hafa verið til þeirra og hversu mjög þeir eru háðir skammtímafjármögnun. Fjármálaeftirlitið telur að vegna þess hve þessi áhætta er mikil dugi ekki að meta hlutfall eiginfjár einungis með hefðbundnu sniði. Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli mats og rekstrarhæfis nýju bankanna gert tilteknar lágmarkseiginfjárkröfur til þeirra sem teljast háar miðað við það sem þekkist alþjóðlega og hærra en innri viðmið þeirra segja til um. Þá sýna álagspróf Fjármálaeftirlitsins að nýju bankarnir þola langvarandi efnahagslægð (e. *Prolonged Deep Recession*) eins og hún er skilgreind af Fjármálaeftirlitinu í samvinnu við Seðlabanka Íslands. Til viðbótar þessu hefja nýju bankarnir rekstur með umtalsvert lausafé, það er stofnfé frá íslenska ríkinu. Þeir þola því að dráttur verði á að fé fyrir eignir sem færðar hafa verið til þeirra skili sér samhliða því að útlán aukist. Samkvæmt framansögðu er ekki gert ráð fyrir að hækka þurfi eiginfjárframlag ríkisins til bankanna umfram þær fjárhæðir sem fyrirliggjandi áform segja til um.

Hvað varðar Íbúðalánasjóð hefur eiginfjárþörf ekki verið metin á sambærilegan hátt og unnið var að varðandi nýju bankana. Rétt er að hafa í huga að íbúðaveðlán sjóðsins voru áhættuminni en hjá bönkum og sparisjóðum vegna takmarkana í útlánareglum sjóðsins, bæði hvað varðar veðhlutföll og hámarksfjárhæðir, og enn fremur vegna þess að sjóðurinn lánaði ekki gengisbundin lán.

319. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlaganefnd hefur farið yfir frumvarpið og leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum. Það vakti athygli 1. minni hluta að ekki höfðu allir fjármálastjórar fagráðuneyta séð eða vitað um breytingartillögur ríkisstjórnarinnar. Þetta vekur upp spurningar um verklag og hvort að þróunin sé sú að fagráðuneyti komi ekki með sama hætti og áður að tillögugerð er lýtur að fjáraukalagabeiðnum ríkisstjórnarinnar.

Almennt um frumvarpið.

Í frumvarpi til fjáraukalaga 2009 er gert ráð fyrir að tekjur á rekstrargrunni aukist um 4.412 millj. kr., og gjöld um 26.893 millj. kr., því versni tekjujöfnuður um 22.481 millj. kr. Endurlánaheimildir og ríkisábyrgðir eru lækkaðar um 16 milljarða kr. og í 4. gr. eru tilgreindar nokkrar breytingar á 6. gr. til að kaupa og selja eignarhluti og auka hlutafé og efla eigið fé.

Í tillögum meiri hlutans við 2. umræðu er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki um 1.138 millj. kr., aðrar rekstrartekjur um 471 millj. kr. þannig að ríkistekjur hækki samtals um 1.609 millj. kr. á rekstrargrunni. Breytingartillögur meiri hluta við frumvarpið nema samtals 7.822 millj. kr. til lækkunar gjalda. Skýrast þær einkum af lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs.

Samkvæmt framangreindu hækka tekjur ríkissjóðs um 6.021 millj. kr. á rekstrargrunni og nema 408.519 millj. kr. Gjöld hækka um 19.071 millj. kr. og nema 574.712 millj. kr. og því versnar tekjujöfnuður um 13.050 millj. kr. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að tekjujöfnuður

yrði neikvæður um 153.142 millj. kr. en að meðtöldum breytingum á frumvarpi til fjáraukalaga, eins og þær standa nú, er gert ráð fyrir að tekjujöfnuðurinn verði neikvæður um 166.192 millj. kr. Þar til viðbótar koma vaxtagjöld vegna Icesave sem gætu numið 40 milljörðum kr. Auk þess vantar upplýsingar um að hvaða marki aðgerðir bandormsins frá því í sumar hafa náð að bæta afkomuna en þeim var ætlað að bæta afkomu ríkissjóðs um 22,3 milljarða kr. Tekjujöfnuðurinn virðist því stefna í að verða neikvæður um að minnsta kosti 207 milljarða kr. á árinu 2009 eða um 54 milljarða kr. umfram áætlun fjárlaga ársins.

Framkvæmd fjárlaga.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki kynnt fjárlaganefnd skýrslu um framkvæmd fjárlaga það sem af er árinu. Nefndin hefur því ekki fengið þær greiningar sem felast í slíkri vinnu. Hins vegar hefur Ríkisendurskoðun gefið út skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar – ágúst 2009. Í henni er m.a. fjallað um vanda tiltekinna stofnana en ekki tekið á öllum stofnunum og fjárlagaliðum eins og æskilegt hefði verið við yfirferð fjárlagafrumvarps og frumvarps til fjáraukalaga. Vegna þessa óskaði nefndin eftir skriflegum svörum Ríkisendurskoðunar við tilteknum atriðum en þau höfðu því miður ekki borist þegar nefndarálit þetta var skrifað. Í erindinu var óskað eftirfarandi upplýsinga:

- Að Ríkisendurskoðun geri nánari grein fyrir frávikum í tekjuuppgjöri ríkissjóðs en fram koma í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga janúar til ágúst 2009. Óskað er eftir að helstu tekjuliðir verði bornir saman við áætlanir fjárlaga og veittar skýringar á frávikum.
- Í fyrrgreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að þær skattbreytingar sem gerðar voru um mitt ár hafi ekki skilað nema hluta þess tekjuauka sem stefnt var að. Því er óskað eftir að Ríkisendurskoðun meti, eftir því sem kostur er, hve miklum tekjum skattbreytingarnar frá því í júní hafi skilað það sem af er árinu og komi til með að skila á árinu. Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hvað valdi því að forsendur tekjuáætlunarinnar standast ekki sé litið framhjá vaxtatekjum.
- Að stofnunin geri nánari grein fyrir vaxtatekjum og vaxtagjöldum ríkissjóðs með því að greina þau sérstaklega og bera saman við áætlanir. Gerð verði grein fyrir frávikum og þau skýrð.
- Að Ríkisendurskoðun geri nánari grein fyrir þeim ábendingum stofnunarinnar að aðhaldsaðgerðir hafi ekki skilað tilætluðum árangri.
- Ríkisendurskoðun veiti upplýsingar um stöðu mála við byggingu tónlistarhússins, m.a. hvers vegna kostnaður hefur reynst hærri en gert var ráð fyrir í áætlunum.

Þess var óskað að umbeðnar upplýsingar lægju fyrir miðvikudaginn 25. nóvember. Því miður hafa svör Ríkisendurskoðunar ekki enn borist nefndinni sem telja verður mjög bagalegt í ljósi þess hversu mikilvægar upplýsingar hér um ræðir. Mikið er í húfi að vandað sé til verka við gerð fjáraukalaganna ekki síst í ljósi þess hversu illa hefur tekist til með framkvæmd fjárlaga ársins.

Í júní hafði Ríkisendurskoðun gefið út skýrslu um fjármálastjórn 50 ríkisstofnana og metið hvort líkur væru á að fjárlög ársins héldu. Þar af taldi stofnunin að fjárlög mundu ekki standast hjá 12 stofnunum og að ómögulegt væri að segja til um hvort fjárlög stæðust hjá 10 stofnunum.

Fyrsti minni hluti telur brýnt að skýrslur fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga berist fjárlaganefnd reglulega. Í þessu sambandi verður einnig að nefna að Ríkisendurskoðun hefur ekki enn afhent fjárlaganefnd skýrslu um endurskoðun ríkisreikn-

ings 2008, en fjármálaráðuneytið gaf reikninginn út 26. júní sl. 1. minni hluti telur eðlilegt að endurskoðunarskýrslur séu aðgengilegar um svipað leyti og ársreikningar og telur þann drátt sem orðið hefur á útgáfu skýrslunnar eða endurskoðunarbréfs ekki til fyrirmyndar og í raun óásættanlegan.

Tekjuáætlun.

Samkvæmt upphaflegri áætlun um dreifingu tekna á árinu var gert ráð fyrir að á tímabilinu janúar til ágúst næmu tekjur rúmlega 282 milljörðum kr. en þær reyndust rúmlega 276 milljarðar kr. Frávikið er óhagfellt um 6 milljarða kr. Nánari greining þess gefur til kynna að frávik í innheimtu skatta sé töluvert meira þó að frávik í fjármagnstekjuskatti sé hagfellt. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar – ágúst 2009 segir á bls. 9 „Athygli vekur að þrátt fyrir tilmæli til innheimtumanna ríkissjóðs um að lina innheimtuaðgerðir er greiðsluafkoman góð, þ.e. sambærilegt hlutfall álagðra skatta er innheimt og fyrir fall bankanna. Ástæðan er m.a. að gjalddögum fjármagnstekjuskatts hefur verið fjölgað.“

Þá kemur fram í skýrslunni að í tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir árið í heild sé gert ráð fyrir að skatttekjur verði 4 milljörðum kr. hærri en áætlað var en vaxtatekjur af innstæðum ríkissjóðs í Seðlabankanum 25 milljörðum kr. hærri en áætlað var.

Að mati 1. minni hluta voru skýringar þessar ekki nægilegar til að fjárlaganefnd gætti áttað sig á frávikunum. Þó svo að tekjur af fjármagnstekjum hækki meira en ráð var fyrir gert, einkum vegna örari innheimtu skattsins, sem hefði reyndar átt að gera ráð fyrir í dreifingu áætlana innan ársins, þá virtist ekki hafa náðst tilskilinn árangur í innheimtu annarra skatta. Fjárlaganefnd hefur hins vegar ekki verið gerð grein fyrir þeim tekjum sem bandormurinn um jöfnun í ríkisfjármálum hefur skilað. Því var, m.a. með bréfi formanns nefndarinnar, dags. 20. nóvember 2009, óskað eftir að Ríkisendurskoðun gerði nánari grein fyrir tilteknum atriðum í innheimtu tekna. Eins og áður sagði höfðu svör ekki borist þegar nefndarálit þetta var skrifað og því er ekki unnt að meta árangur eins og ætlunin var.

Jafnframt kemur fram í skýrslunni að gert hafi verið ráð fyrir í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem samþykkt voru á Alþingi í júní sl. „… að breyting á tryggingagjaldi og virðisaukaskatti auk nýrra skatta á launa- og fjármagnstekjur – mundu skila rúmlega 10 milljarða kr. tekjuauka í ríkissjóð. Þá var gert ráð fyrir rúmlega 10 milljarða kr. tekjuauka vegna breytinga á innheimtu fjármagnstekjuskatts og herts skatteftirlits. Frávik voru m.a. skýrð með eftirfarandi hætti af Ríkisendurskoðun: „Þær skattbreytingar sem gerðar voru í júní sl. og raktar voru hér að framan hafa ekki skilað sér nema að litlu leyti í auknum tekjum. Hins vegar má segja að þær hafi forðað því að tekjur drægjust meira saman en áætlað var í fjárlögum.“ 1. minni hluti mun á grundvelli þessara skýringa óska eftir tilteknum breytingum á framsetningu þessara greininga á næsta ári þannig að nákvæmar skýringar á frávikum liggi fyrir.

Þá bendir 1. minni hluti á að veruleg óvissa kann að ríkja um innheimtu tekjuskatta lögaðila þegar haft er í huga að um þriðjungur fyrirtækja á í alvarlegum rekstrarvandræðum, þriðjungur talinn hólpinn með réttri aðstoð en að þriðjungur þarfnist ekki aðstoðar. Í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að innheimta tekjuskattsins skili 3.500 millj. kr. til viðbótar við það sem áður var áætlað. Af framangreindum ástæðum kann því að vera að ríkistekjur aukist ekki í samræmi við áætlanir frumvarpsins.

Halli ýmissa stofnana.

Í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem lögð var fyrir Alþingi í lok júní, á 137. löggjafarþingi 2009, koma fram svokölluð leiðarljós. Í þeim segir m.a. um geymdar fjárveitingar:

„Ráðuneyti og stofnanir skulu haga rekstri sínum í samræmi við fjárheimildir gildandi fjárlaga, að teknu tilliti til sparnaðarkröfu og hallareksturs frá fyrri árum þar sem það á við. Rekstraráætlanir ársins 2009 eiga ekki að miðast við að notaðar verði óráðstafaðar fjárheimildir fyrri ára enda mundi halli ríkissjóðs þá aukast sem því nemur. Felldar verða niður verulegar afgangsfjárheimildir sem myndast hafa á undanförnum árum á tilteknum fáum liðum, m.a. vegna framkvæmda sem ekki hefur orðið af, og einnig fjárheimildir í rekstri stofnana sem ekki hafa verið nýttar og eru umfram tiltekið hlutfall af veltu í fjárlögum 2009.“

Í frumvarpi til fjáraukalaga 2009 er gerð grein fyrir þeirri 1,8 milljarða kr. lækkun á fjárveitingum til rekstrar sem samþykkt var með lögum nr. 70/2009 í lok júní sl. Að mati 1. minni hluta er nokkuð seint að leggja tillögur um skertar fjárveitingar fram nú þegar stofnanir hafa verið reknar án þess að þeim hafi verið gerð nákvæm grein fyrir skerðingunni. 1. minni hluti gagnrýnir málsmeðferðina þar sem erfitt sé að ætlast til að stofnanir nái markmiðum fjárlaga sem ekki eru enn að fullu skýrð á síðasta ársfjórðungi. Eðlilegra hefði verið og í samræmi við fjárreiðulögin að afgreiða fjáraukalög sem tóku á þessari skerðingu samhliða setningu laga nr. 70/2009.

Skilaboð „leiðarljóssins“ virðast heldur ekki hafa komist áleiðis til viðkomandi stofnana þar sem ekki var staðið nægjanlega vel að kynningu þeirra af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ber hún því alla ábyrgð á þeim afleiðingum sem slíkur upplýsingaskortur hefur í för með sér. Sá mikli agi sem boðaður var í bandorminum hefur reynst lausungin ein. Illa kynntar aðhaldsaðgerðir og ófullnustuð áform um samdrátt fjárheimilda, sem margir ríkisaðilar höfðu gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum sínum, opinbera þá lausung sem viðgengst við framkvæmd fjárlaga.

Í frumvarpinu er ekki tekið á rekstrarvanda stofnana eins og undanfarin ár með því að auka fjárframlög til þeirra. Að mati 1. minni hluta er ófært að taka ekki á þeim vandamálum sem þar er við að glíma með ákveðnum og markvissum hætti. Þau losaratök sem viðhöfð eru í þessum efnum setja starfsemi margra grunnstofnana í hættu þar sem vandi margra þeirra er meiri en svo að unnið verði á honum að óbreyttu innan fjárheimilda ársins. Því er afar brýnt að stjórnvöld skýri sem fyrst með hvaða hætti þau ætlast til að viðkomandi stofnanir starfi.

Í frumvarpinu eru reifaðar hugmyndir um að ráðuneyti og stofnanir komist að samkomulagi um að greiða niður halla þeirra á nokkrum árum. Að mati 1. minni hluta er rétt að minna á að lögum samkvæmt þarf að staðfesta breytingar á lögum og reglugerðum áður en heimilt er að grípa til slíkra úrræða. Hins vegar telur 1. minni hluti að beita þurfi áminningum í þeim tilfellum þar sem rekstur fer umfram fjárheimildir og minnir á að forstöðumenn bera ábyrgð á að halda rekstri stofnana sinna innan fjárheimilda. Að mati 1. minni hluta er þetta eina raunhæfa úrræðið til að forstöðumenn virði fjárheimildir.

Eins og fram hefur komið taldi Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni frá því í júní sl. að 12 stofnanir af þeim 50 sem til skoðunar voru yrðu reknar umfram heimildir fjárlaga. Einungis þrjár þeirra hafa tekið rekstur sinn föstum skorðum og er talið að rekstur þeirra verði innan heimilda ársins. Engu að síður eru þær með uppsafnaðan rekstrarhalla sem ekki hefur verið tekið á. Vandi annarra stofnana er verulegur og má sem dæmi taka eftirfarandi aðila:

Uppsafnaður halli Landspítalans nam 1,6 milljarði kr. í upphafi árs. Gert er ráð fyrir að halli ársins nemi 1,2 milljarði kr. þannig að uppsafnaður halli verði 2,8 milljarðar kr. í árslok.

Ekki liggur fyrir með hvaða hætti á að taka á þessum vanda. Þá kom fram í kynningu forsvarsmanna spítalans á fundi með fjárlaganefnd að halli ársins 2010 gæti nálgast 3 milljarða kr. verði ekkert að gert. Sem dæmi um óvönduð vinnubrögð í málefnum spítalans má nefna að fyrir liggur að fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að tekjur Landspítalans af komugjöldum áttu að skila 152 millj. kr. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra afturkallaði þessa gjaldtöku án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að mæta þeirri fjárþörf sem við þetta skapaðist.

Fjárlög ársins 2009 gerðu ráð fyrir því að hrint yrði í framkvæmd tillögum um aðgerðir í heilbrigðismálum sem ætlað var að taka á stórum hluta þeirra vandamála sem við er að glíma í rekstri heilbrigðisstofnana. Ámælisvert er að þessar ákvarðanir hafa ekki enn verið fullnustaðar eða þá settar fram aðrar tillögur um aðgerðir sem tækju mið af samþykktum fjárveitingum ársins til heilbrigðismála.

Ríkisendurskoðun hefur bent á að aðhald og eftirlit heilbrigðisráðuneytisins með rekstri spítalans sé veikt, ólíkt því sem eigi við um flestar aðrar heilbrigðisstofnanir. „Þetta birtist m.a. í því að aðeins hluti þeirra hagræðingaraðgerða sem gripið hefur verið til hefur borið árangur og spítalinn því enn rekinn með verulegum halla. Þrátt fyrir þetta hefur ráðuneytið hvorki gefið skýr fyrirmæli um hvernig á að skerða þjónustu né tryggt spítalanum auknar fjárveitingar.“ Þá telur stofnunin að verði ekki tekið á vanda spítalans með skýrari fyrirmælum verði reksturinn í verulegu ójafnvægi á næsta ári með tilheyrandi rekstrarhalla. Að mati 1. minni hluta er vandi Landspítalans svo umfangsmikill að óviðunandi er að láta áfram reka á reiðanum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarhalli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins nemi 80 millj. kr. á árinu og að uppsafnaður halli í árslok nemi 500 millj. kr. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti á að taka á þessum vanda.

Landbúnaðarháskóli Íslands. Talið var að uppsafnaður halli skólans mundi nema 265 millj. kr. í árslok en nú í haust voru seldar eignir fyrir 145 millj. kr. Vandi skólans er óleystur.

Uppsafnaður rekstrarhalli Fjölbrautaskólans í Breiðholti nam 112 millj. kr. í upphafi árs og mun aukast vegna hallarekstrar í ár.

Gert er ráð fyrir 13 millj. kr. halla á rekstri Hólaskóla nú í ár og að uppsafnaður óleystur vandi muni nema 83 millj. kr. í árslok.

Þau dæmi sem hafa verið rakin hér að framan benda til þess að rekstrarhalli ríkissjóðs muni verða töluvert meiri en gert er ráð fyrir í fjárheimildum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða stöðu stofnana og fjárlagaliða í árslok og ekki liggja heldur fyrir tillögur um hvernig taka skuli á fjárhagsvanda þeirra stofnana og ríkisaðila sem glíma við hallarekstur. Á meðan svo er munu fjárlög ekki reynast það stjórntæki sem þeim er ætlað að vera.

Ef fjárlaganefnd á að rækja lögbundnar eftirlitsskyldur sínar og geta lagt raunhæft mat á þörf breytinga í fjáraukalögum verða upplýsingar um fjárhagsstöðu stofnana og fjárlagaliða að liggja fyrir mun fyrr en nú er raunin. Því miður hefur fjárlaganefnd ekki fengið uppgjör fjármálaráðuneytisins fyrstu níu mánuði ársins þegar þetta álit er lagt fram. Augljóst má því vera að þær tillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram við 2. umræðu um fjáraukalög ársins byggjast á afar takmörkuðum upplýsingum um stöðu fjárlagaliða. Þær tillögur sem hér liggja fyrir verða því að teljast í besta falli óraunhæfar og líklegt að við framkvæmd fjárlaga næsta árs muni þessi óvönduðu vinnubrögð birtast í miklum erfiðleikum í rekstri stofnana og ríkisaðila.

Atriði til íhugunar.

1. Landhelgisgæslan.

Á bls. 11 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga kemur fram um hlutfallslegan mun milli fjárlaga og útkomu á fyrstu átta mánuðum ársins að hann sé mestur hjá dómsmálaráðuneyti. „Skýringin er sú að á tímabilinu fékk Landhelgisgæsla Íslands afhenta nýja flugvél án heimildar í fjárlögum.“

Reyndar er heimild í 6. gr. fjárlaga 2009 í lið 7.6 en þar segir: „Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.“ Á fjárlagalið Landhelgissjóðs er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna kostnaðar við eftirlit með smíði flugvélar og skips. Hins vegar er óhætt að taka undir það sem Ríkisendurskoðun segir að þetta mál var ekki ófyrirséð og að fjáraukalögum er ekki beitt rétt þegar óskað eftir heimild upp á 3,1 milljarða kr. vegna flugvélarinnar sem var afhent á umsömdum tíma í júlí sl. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir m.a.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“ Ríkisendurskoðun fær ekki með nokkru móti séð að afhending flugvélarinnar á umsömdum tíma hafi verið ófyrirséð og telur málsmeðferðina þar með gallaða og í andstöðu við gildandi lagafyrirmæli.

Fyrsti minni hluti telur eðlilegt að fjárheimildir 6. gr. verði skýrðar nánar, m.a. í samhengi við heimildir fjárlagaliðar 09-481 sem eru útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Þar voru til ráðstöfunar 350 millj. kr. á fjárlögum 2009. Hefur 1. minni hluti því óskað eftir sérstöku uppgjöri liðarins frá fjármálaráðuneytinu.

2. Lánsfjárlög.

Í júní sl. lagði meiri hluti efnahags- og skattanefndar fram frumvarp til laga um heimild til ríkissjóðs til að taka viðbótarlán allt að 290 milljörðum kr. til þess m.a. að styrkja Seðlabanka Íslands. Fjárlaganefnd gerði athugasemdir við efni frumvarpsins og hefur það ekki enn verið afgreitt frá Alþingi. 1 minni hluti leggur áherslu á að framkvæmdarvaldið laumi ekki aftur frumvarpi sem þessu fram hjá fjárlaganefnd enda hefur nefndin lánsfjárlög á sinni könnu. Þessi makalausa tillaga meiri hluta efnahags- og skattanefndar er til marks um þá takmörkuðu sýn sem meiri hlutinn hefur til lengri tíma og hvernig aðgerðir daga uppi vegna óvandaðra og lítt ígrundaðra vinnubragða.

3. Vaxtagjöldin.

Upplýsingar um endanlega fjárhæð vaxtagjalda liggur ekki enn fyrir. Skýringin er m.a. sú að ekki liggur fyrir með hvaða hætti eignarhald á KB-banka (Arion banka) verður háttað. Að mati fjármálaráðuneytisins gætu vaxtagjöld lækkað um 7,1 milljarð kr. kaupi erlendir fjárfestar mestan hluta bankans en einnig hefur ráðuneytið talið að lækkunina megi meta á um 4 milljarða kr. Hins vegar hefur fjármálaráðuneytið ekki birt upplýsingar um kjör á víkjandi lánum sem ætlunin er að veita bönkunum og því er ekki ljóst hver endanleg lækkun vaxtagjalda verður vegna breyttrar fjármögnunar bankanna. Á meðan svo háttar til hefur 1. minni hluti alla fyrirvara á útreikningum um lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs og einnig vegna misvísandi upplýsinga um sparnað í vaxtagjöldum vegna breytinga á eignarhaldi bankanna.

Þá liggur ekki enn fyrir hvort erlend lán sem ríkissjóður mun taka verða í formi lána eða lánalína, en talið er ódýrara fyrir ríkissjóð að hafa aðgang að lánalínum, enda ekki gert ráð

fyrir að þörf sé fyrir öll lánin strax. 1. minni hluti telur að leggja þurfi fram vaxtaáætlun sem sýni þau vaxtagjöld sem gert er ráð fyrir að falli til vegna einstakra lánaflokka.

Samstarfsáætlun við AGS hefur frestast og um leið lánafyrirgreiðslur frá sjóðnum og á vegum hans. Samkvæmt útreikningi fjármálaráðuneytisins lækka fyrri áætlanir um vaxtagjöld ríkissjóðs vegna þessara lána um 395 millj. kr. á árinu 2009. Á móti vaxtagjöldum koma vaxtatekjur af gjaldeyriseign en þó er ljóst að vaxtajöfnuður verður neikvæður. 1. minni hluti bendir á að upplýsingar þessar hafa verið misvísandi og telur að fara þurfi betur yfir þær.

4. Ríkisútvarpið.

Í frumvarpinu er lagt til að 563 milljarða kr. skuld RÚV ohf. við ríkissjóð verði breytt í hlutafé. Hér er um fjármögnun að ræða sem ekki var ráðgerð þegar stofnuninni var breytt í hlutafélag. Þvert á móti var markmiðið að hún stæði á eigin fótum. 1. minni hluti telur að Ríkisútvarpið eigi að standa við þau markmið sem sett voru hvað þetta varðar þegar félaginu var breytt í opinbert hlutafélag.

5. Tónlistarhús, Landspítali og samgönguframkvæmdir.

Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði framlög vegna samninga um byggingu tónlistarhúss fyrr en húsið verður afhent en Austurhöfn TR byggir húsið. Bygging hússins er fjármögnuð með því að veðsetja væntanleg fjárframlög ríkisins til fjölda ára. Því kemur framkvæmdin ekki fram í fjáraukalögum. 1. minni hluti gagnrýnir þessa aðferðafræði og telur hana ekki við hæfi.

Þá bendir 1. minni hlutinn á að búið er að undirrita viljayfirlýsingu um byggingu á lóð Landspítalans og einnig eru verkefni í undirbúningi í einkaframkvæmd á sviði samgöngumála. Engar heimildir liggja þó fyrir frá Alþingi varðandi fjármögnun þeirra verkefna sem þarna virðast í burðarliðnum. Er það ámælisvert að framkvæmdarvaldið sniðgangi með þessum hætti fjárstjórnarvald Alþingis.

6. Tryggingarsjóður innstæðueigenda.

Vaxtagjöld af svokölluðum Icesave-lánum koma ekki fram í frumvarpinu en þau gætu numið um 40 milljörðum kr. árlega. Að mati 1. minni hluta er hér um að ræða stærri skekkju en svo að unnt sé að ganga frá frumvarpinu án þess að gjöldin komi fram í því. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands frá 15. júlí í sumar kom fram tillaga að því með hvaða hætti stjórnvöld gætu lagt til hliðar fyrir væntanlegum afborgunum lánanna. Hvorki í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 né í frumvarpi til fjáraukalaga 2009 er gert ráð fyrir að lagðir verði til hliðar fjármunir í þessu skyni.

Fyrsti minni hluti telur að staðfesta þurfi fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs á lánum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda í fjáraukalögum. Þó svo að frumvarp um heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast umrædd lán hafi ekki enn verið samþykkt telur 1. minni hlutinn eðlilegt að gengið verði frá þessu máli á grunni staðfestra laga nr. 96/2009, um ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar – ágúst 2009 segir: „Ítrekuð er sú afstaða Ríkisendurskoðunar sem birtist hér að framan (bls. 20) að ábyrgð ríkissjóðs á lánum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu vegna Icesave-reikninga Landsbankans, sem samþykkt var með lögum frá Alþingi í ágúst sl. verði staðfest sérstaklega í fjáraukalögum.“ 1. minni hluti tekur undir þetta álit og ítelur að meiri

hluti fjárlaganefndar geri ekki ráð fyrir kostnaði ríkissjóðs vegna framangreindra skuldbindinga í tillögum sínum.

Um breytingartillögur.

Fyrsti minni hluti telur að breyta þurfi framsetningu fjármögnunarhluta breytingartillagna eins og þær eru útfærðar í fjáraukalagafrumvarpinu. Á undanförnum árum hafa þær verið settar þannig fram að ekki er tilgreint með hvaða hætti ætlunin er að fjármagna sérhverja breytingu. Þá vantar samtölur í þingskjalið. Lagt er til að framvegis verði úr þessu bætt.

Lokaorð.

Fyrsti minni hluti gerir athugasemdir við að frumvarp til lokafjárlaga liggi ekki fyrir við afgreiðslu frumvarpsins. Því er ekki komin sú mynd af stöðu ríkissjóðs sem fjárlaganefnd þarf að hafa. Ekki síst er þetta bagalegt þegar fyrir liggur að allar grunnupplýsingar um stöðu fjárlagaliða ársins liggja ekki heldur fyrir frá fjármálaráðuneytinu.

Ljóst er af þeim upplýsingum sem fram hafa komið í vinnu nefndarinnar, svo sem í viðtölum við fulltrúa stofnana og ráðuneyta, að ríkisstjórnin á í miklum erfiðleikum við að ná tökum á rekstri ríkissjóðs. Skilaboð ríkisstjórnarinnar um markmið í þjónustu einstakra stofnana eru óljós þar sem fyrirmæli um aðhald og samdrátt eru almennt orðuð án skýrra fyrirmæla um það hvar og hvernig sparnaði og samdrætti skuli hagað. Óhjákvæmilegt er að verulegur samdráttur verði í rekstri ríkissjóðs á næsta ári.

Vinna fjárlaganefndar við fjáraukalögin ber með sér að mikið skorti á aga í verkstjórn ríkisstjórnarinnar við framkvæmd fjárlaga, sem áform voru sett fram um í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum. Þar sagði um aukinn aga í framkvæmd fjárlaga: „Til að markmið áætlunarinnar geti náðst verður að tryggja að þau útgjaldamarkmið sem áætlunin gerir ráð fyrir og koma munu fram í fjárlögum komandi ára séu virt. Hvarvetna á að gæta aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstri. Til að tryggja að markmiðum um lækkun útgjalda verði náð munu stjórnvöld auka áherslu á ábyrgð ráðuneyta og stofnana og auka almennt eftirlit með rekstri. Alþingi vinnur að því að styrkja eftirlitshlutverk sitt með framkvæmd fjárlaga.“

Vinna fjárlaganefndar við meðferð fjáraukalaga ársins ber þess merki að enn sé langt í land að ríkisstjórnin hafi náð tökum á þessu viðfangsefni og því síður er upplýsingagjöf til fjárlaganefndar hagað með þeim hætti að nefndinni sé unnt að rækja eftirlitshlutverk sitt með framkvæmd fjárlaga. Ljóst er að fyrirsjáanlegir eru miklir erfiðleikar í rekstri ríkisins á næsta ári ef sömu lausatök verða viðhöfð við gerð og framkvæmd fjárlaga ársins 2010. 1. minni hluti fjárlaganefndar bindur miklar vonir við þá samstöðu sem myndast hefur í fjárlaganefnd til að efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu og vonar að þingsályktunartillaga nefndarinnar fái gott brautargengi í þinginu.

Alþingi, 26. nóv. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. Ásbjörn Óttarsson. Ólöf Nordal.

Gunnar Bragi Sveinsson.

320. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Starfshópurinn skili tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. desember 2010.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi stofnunar björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að starfshópurinn skili ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2010.

Á Íslandi er fyrir mikil þekking á björgunarmálum, bæði hjá opinberum aðilum og félagasamtökum. Hér er náttúra og allar aðstæður þannig að óvíða í heiminum er slíkt að finna. Íslenskir björgunarmenn hafa reynslu af björgun úr sjávarháska, eru vanir að takast á við foráttuveður á landi, snjóflóð, jarðskjálfta, björgun af jökli, umfangsmiklar leitir á erfiðum landsvæðum o.s.frv. Af þeim sökum virðast hér vera kjöraðstæður fyrir ríki með veikar stoðir á þessu sviði að læra af reynslu Íslendinga og öðlast þar með meiri færni við björgunarstörf.

Þá hafa björgunarsveitir tekið þátt í verkefnum erlendis og farið í útköll til hamfarasvæða erlendis þar sem sérþekking þeirra hefur verið nýtt, m.a. við rústabjörgun eftir jarðskjálfta og flóð. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá árinu 1999 tekið þátt í samræmingarstarfi Sameinuðu þjóðanna og rekið alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem var stofnuð með samkomulagi milli Landsbjargar, utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Hægt yrði að byggja á þeirri dýrmætu og viðamiklu þekkingu sem til er og á grundvelli þeirra sambanda sem nú þegar hefur verið stofnað til.

Hér á landi hafa nokkrar námsstofnanir innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna verið starfræktar sem bjóða nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á sviðum sem Íslendingar hafi náð miklum árangri í á undangengnum áratugum.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1975 og hefur höfuðstöðvar sínar í Tókíó, enda þótt háskólastarfsemin sé dreifð á fjölda stofnana um heim allan. Markmið hennar er einkum að aðstoða svokölluð þróunarlönd á ólíkum sviðum.

Hér á landi hefur Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna starfað síðan 1979 innan Orkustofnunar. Á vefsíðu hans segir: „Markmið Jarðhitaskólans er að aðstoða þróunarlönd, þar sem nýtanlegur jarðhiti finnst, við að byggja upp og efla hóp sérfræðinga í jarðhitafræðum, sem geta unnið á hinum ýmsu sérsviðum í rannsóknum á jarðhita og nýtingu hans. Þetta er gert með því að bjóða upp á sérhæfða sex mánaða þjálfun. Þessi þjálfun er opin háskólamenntuðum einstaklingum sem hafa minnst ársreynslu í starfi við jarðhitarannsóknir í heimalandinu.“ Nýlega hefur námið verið útvíkkað með því að bjóða bestu nemendunum upp á framhaldsnám til meistaragráðu í jarðhitavísindum eða jarðhitaverkfræði. Allmargir nemendur eru þó þegar komnir með meistaragráðu og sumir doktorsgráðu áður en þeir koma til náms í Jarðhitaskólanum. Umrædd útvíkkun var gerð í samvinnu við Háskóla Íslands árið 2000. Á árinu 2009 komust 22 nemendur að við Jarðhitaskólann en undanfarin 30 ár hafa 402 lokið sex mánaða þjálfun en 26 lokið meistaragráðu. Nemendur hafa að miklu leyti komið

frá Asíu og Afríku en einnig Suður-Ameríku og Mið- og Austur-Evrópu, hlutfall kvenna er til þessa 17%. Íslenska ríkið hefur kostað rekstur skólans að mestu leyti.

Þegar Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hóf hér göngu sína árið 1998 sóttu hann sex nemendur frá Afríku einni. Ellefu árum síðar voru þar 19 manns við nám, konur og karlar, frá öllum heimshornum. Á vefsíðu skólans segir: „Í náminu er lögð áhersla á hagnýta þekkingu og reynslu, og nemendur vinna náið með íslenskum leiðbeinendum í verkefnavinnu og starfskynningum sem taka rúman helming þeirra sex mánaða sem námið varir. Á hverju ári er boðið upp á sérnám á 3–4 brautum, en sérnámið tekur á bilinu 4–5 mánuði. Skólinn er að mestu leyti fjármagnaður með hluta af framlagi Íslands til þróunarmála og með framlögum frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Að auki hafa nokkrir nemendur stundað nám með styrk frá öðrum aðilum. Skólinn hefur sérstaka stjórn og er samstarfsverkefni fjögurra stofnana undir forystu Hafrannsóknastofnunarinnar en forstjóri hennar er formaður stjórnar.“

Haustið 2009 hóf göngu sína Jafnréttisskólinn (Gender Equality Training Programme), sem er starfræktur á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið og í tengslum við Öndvegisklasa í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Skólinn er hugsaður sem liður í þróunarsamvinnu Íslands og er meginmarkmið hans að skipuleggja og bjóða upp á nám og þjálfun sem miðast við að auka getu stofnana og einstaklinga sem koma að uppbyggingu og framkvæmd jafnréttisstarfs í þróunarlöndum og á fyrrum átakasvæðum, auk þess að vera vettvangur fyrir yfirfærslu þekkingar og reynslu af jafnréttisstarfi á Íslandi. Jafnréttisskólinn mun í senn bjóða upp á námskeið og þjálfun hérlendis og erlendis. Takist verkefnið vel er ætlunin sú að þremur árum liðnum að sækja um að hann öðlist stöðu námsstofnunar innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna, rétt eins og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn.

Við nám í björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna mætti leggja áherslu á verklega og bóklega þætti, hvort heldur væri sem vettvangsvinnu, þátttöku í raunverulegum aðgerðum á vettvangi, fyrirlestrum og verkefnaskilum og áætlanagerð. Þá væri einnig hægt að gera ráð fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu á sviði björgunarmála.

Fyrir um sex árum birti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu blaðagrein undir nafninu „Björgunarskóli Sameinuðu Þjóðanna“ (sjá fylgiskjal). Þar var reifuð hugmyndin um slíkan skóla sem mætti t.d. reka í Keflavík og nýta þau mannvirki sem eru á Keflavíkurflugvelli eftir brottför Bandaríkjahers. Við undirbúning og skipulagningu slíks skóla væri rétt að sækjast eftir samvinnu við stofnanir eins og Landhelgisgæsluna, almannavarnahluta ríkislögreglustjóra, Veðurstofuna, sjúkrahúsin og háskólastofnanir auk Landsbjargar og sjómannasamtakanna. Síðast en ekki síst væri með stofnun björgunarskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi um að ræða uppbyggilegt framtak til þess að bæta ímynd lands og þjóðar á alþjóðavettvangi, og þarft framlag til alþjóðasamstarfs.

Með tillögunni var fylgiskjal: Björgunarskóli Sameinuðu þjóðanna eftir Ólaf Þór Gunnarsson. (Mbl. 28. október 2003.)

321. Frumvarp til laga [277. mál]

um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla þjónustu sem er ekki sérstaklega undanskilin gildissviði laganna.

Lög þessi gilda ekki um eftirfarandi þjónustu:

1. þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga,
2. fjármálaþjónustu,
3. rafræna fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet sem og aðstöðu og þjónustu því tengda,
4. þjónustu á sviði flutninga og tengda starfsemi sem fellur undir 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. starfsmannaleigur,
6. heilbrigðisþjónustu,
7. hljóð- og myndmiðlunarþjónustu,
8. fjárhættuspil,
9. starfsemi í tengslum við meðferð opinbers valds,
10. félagsþjónustu,
11. öryggisþjónustu á vegum einkaaðila,
12. þjónustu lögbókenda og fulltrúa sýslumanna sem eru skipaðir af hinu opinbera.

Lög þessi gilda um þjónustuveitendur:

1. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast öðlast staðfestu á Íslandi,
2. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast veita þjónustu á Íslandi án þess að hafa staðfestu hér á landi,
3. sem hafa staðfestu á Íslandi.

Reglur laga þessara gilda ekki um:

1. markaðsvæðingu þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila, né einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu,
2. afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi,
3. ríkisaðstoð sem er veitt í EES-ríki og fellur undir samkeppnisreglur EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
4. rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað telst vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu,

5. skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð, eða hvaða sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu,
6. ráðstafanir, í samræmi við EES-reglur, til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun,
7. refsirétt,
8. vinnurétt, þ.m.t. réttinn til að semja um kjör og framfylgja kjarasamningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna, eða almannatryggingalöggjöf,
9. nýtingu grundvallarréttinda,
10. skattarétt,
11. alþjóðlegan einkamálarétt.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um gildissvið í reglugerð.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum lögum merkir:

1. *Þjónusta:* öll sjálfstæð atvinnustarfsemi er lýtur að veitingu þjónustu sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun, sbr. 37. gr. EES-samningsins, sbr. og ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Þjónustuveitandi:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki og veitir þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og veitir þjónustu.
3. *Viðtakandi þjónustu:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki eða nýtur góðs af réttindum sem honum eru veitt með EES-gerðum og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu.
4. *Staðfesta:* þar sem raunveruleg atvinnustarfsemi þjónustuveitanda fer fram, í ótiltekinn tíma og á fastri atvinnustöð þaðan sem þjónustan er í reynd veitt.
5. *Fyrirkomulag leyfisveitinga:* hver sú málsmeðferð þar sem gerð er krafa um að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu geri ráðstafanir í því skyni að fá formlega ákvörðun eða óbeina ákvörðun frá lögbæru yfirvaldi um að fá að veita eða nýta þjónustu.
6. *Krafa:* hver sú skuldbinding, bann, skilyrði eða takmörkun sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkjanna eða vegna dómaframkvæmdar, stjórnsýsluvenju, reglna fagfélaga, eða vegna sameiginlegra reglna sem fagsamtök og aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis. Reglur sem kveðið er á um í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins teljast ekki kröfur í þessu sambandi.
7. *Lögbært yfirvald:* hver sá aðili sem gegnir hlutverki eftirlitsaðila eða stjórnvalds í EES-ríki í tengslum við þjónustustarfsemi, þ.m.t. dómstólar þegar þeir gegna eftirlits- eða stjórnvaldshlutverki, fagfélög, fagsamtök eða aðrar fagstofnanir sem á grundvelli lagalegs sjálfstæðis setja sameiginlegar reglur um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana.
8. *Lögvernduð starfsgrein:* starfsréttindi sem aflað er á grundvelli menntunar eða hæfni og eru staðfest af þar til bæru stjórnvaldi með útgáfu leyfis, löggildingar eða sérstakrar viðurkenningar, sem nánar er mælt fyrir um í lögum.

9. *Starfsábyrgðartrygging:* vátrygging sem þjónustuveitandi tekur vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar gagnvart viðtakendum þjónustu og ef við á, þriðja aðila, sem rekja má til þjónustunnar.
10. *Þverfagleg starfsemi:* þegar þjónustuveitandi stundar fleiri en eina tegund starfsemi.
11. *Markaðssetning:* hvert það form boðskipta eða annarra aðgerða sem ætlað er að kynna, beint eða óbeint, vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, samtaka eða einstaklings sem leggur stund á lögverndaða starfsgrein eða starfsemi á sviði viðskipta, iðnaðar eða iðnar.

II. KAFLI
Aðgengi að þjónustu, kröfur til skjalagerðar og réttur til upplýsinga.

4. gr.
Rafræn málsmeðferð.

Þjónustuveitendur geta með rafrænum hætti sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Á það við um öll nauðsynleg formsatriði og það ferli er lýtur að leyfisveitingu.

Ákvæði 1. mgr. um rafræna málsmeðferð gildir ekki um það sem eðli málsins samkvæmt getur ekki farið fram rafrænt, svo sem skoðun á húsnæði þar sem þjónusta er veitt, skoðun á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða áþreifanlega skoðun á getu þjónustuveitanda eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um nauðsynlegar ráðstafanir vegna rafrænnar málsmeðferðar í reglugerð.

5. gr.
Kröfur til skjalagerðar.

Ef leyfisveitandi krefst þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram vottorð eða hvers kyns staðfestingu á því að tiltekið skilyrði sé uppfyllt skal leyfisveitandinn viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum sem þjóna sama tilgangi og þar sem skýrt kemur fram að skilyrðið sé uppfyllt.

Óheimilt er að krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé frumrit, staðfest endurrit eða löggilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Leyfisveitanda er heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram þýðingu skjala, þó ekki löggilta, á íslensku.

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að ákveðin tegund skjala sé undanþegin kröfum þessarar greinar.

6. gr.
Réttur til upplýsinga.

Eftirfarandi upplýsingar skulu þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu geta fengið með rafrænum hætti:

1. hvaða skilyrði þjónustuveitendur þurfa að uppfylla til að geta veitt þjónustu á Íslandi,
2. upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfis til að stunda þjónustu,
3. upplýsingar um skilyrði og leiðir til að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu,
4. upplýsingar um þær úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur,

5. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, önnur en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð.

Þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eiga rétt á aðstoð með rafrænum hætti sem felst í upplýsingagjöf um almenna túlkun og beitingu skilyrða skv. 1. tölul. 1. mgr. Umrædd aðstoð felur þó ekki í sér skyldu til að veita lögfræðilega ráðgjöf í einstökum málum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og settar fram á skilmerkilegan hátt. Lögbær yfirvöld skulu bregðast við beiðni um upplýsingar svo fljótt sem auðið er.

III. KAFLI
Staðfesturéttur þjónustuveitanda og leyfisveitingar.

7. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu með staðfestu á Íslandi.

8. gr.
Skilyrði fyrir veitingu leyfis.

Ef aðgangur að því að veita þjónustu, sem fellur undir gildissvið laga þessara, er háður leyfum skulu skilyrði fyrir veitingu leyfa vera án mismununar, nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna og í samræmi við meðalhóf.

Óheimilt er að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð sömu skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að sæta á Íslandi eða í öðru EES-ríki.

Ef takmarka á leyfi fyrir því að veita þjónustu við ákveðin landsvæði skal það rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna.

9. gr.
Gildistími leyfa.

Óheimilt er að veita leyfi til þjónustustarfsemi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er leyfisveitanda heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hefji í reynd starfsemi sína innan ákveðins tíma eftir að hann öðlast leyfi.

Þjónustuveitendum er skylt að upplýsa viðeigandi lögbær yfirvöld um:

1. stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur undir gildissvið leyfisins,
2. breytingar á aðstæðum þjónustuveitanda sem leiða til þess að skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt.

Ef fjöldi leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skal leyfisveitandi birta fyrir fram við hvað verður stuðst við mat á umsækjendum til að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við valið. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður skal veita leyfi til takmarkaðs tíma og óheimilt er að láta leyfið endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda, sem er með nýútrunnið leyfi, eða annan aðila honum tengdan.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er leyfisveitanda heimilt við veitingu leyfa að taka tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starf-

andi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og annarra brýnna almannahagsmuna.

Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á heimild lögbærs yfirvalds til að afturkalla leyfi ef viðkomandi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

10. gr.

Málsmeðferð við leyfisveitingar.

Málsmeðferð við leyfisveitingar skal vera skýr, hlutlæg, gagnsæ og aðgengileg. Leyfisveitandi skal birta fyrir fram upplýsingar um fyrirkomulag málsmeðferðar.

Frestur til að veita leyfi skal fastsettur og birtur fyrir fram. Leyfisveitanda er heimilt að framlengja frestinn einu sinni í takmarkaðan tíma ef mál er mjög umfangsmikið. Ákvörðun um framlengingu skal rökstyðja og birta þjónustuveitanda áður en upphaflegi fresturinn rennur út. Leyfisumsókn telst fram komin á því tímamarki þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.

Ef svar er ekki veitt innan tímafrests skal litið svo á að leyfi sé veitt nema kveðið sé á um annað í lögum.

Heimilt er að víkja frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 3. mgr. með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Staðfesta skal viðtöku umsóknar um leyfi svo fljótt sem unnt er. Í staðfestingunni skal tilgreina:

1. tímamörk skv. 2. mgr.,
2. tiltækar kæruleiðir,
3. ef við á, að hafi svar ekki borist innan ákveðinna tímamarka teljist leyfið hafa verið veitt.

Ef umsókn um leyfi er hafnað eða henni er ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það svo fljótt sem auðið er, svo og um öll hugsanleg áhrif á tímamörk skv. 2. mgr.

11. gr.

Skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu leyfis.

Óheimilt er að binda aðgang að þjónustu eða veitingu þjónustu með staðfestu skilyrðum er fela í sér:

1. mismunun sem grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, ef lögaðili á í hlut, staðsetningu skráðrar skrifstofu,
2. bann við því að hafa starfsstöð í fleiri en einu EES-ríki eða við því að þjónustuveitandi sé færður í skrár eða skráður í fagfélag eða fagsamtök í fleiri en einu EES-ríki,
3. takmarkanir á frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar eða aukastarfsstöðvar,
4. gagnkvæmni, að undanskildum skilyrðum um gagnkvæmni sem kveðið er á um í gerðum EES-samningsins um orku, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. að metið sé hverju sinni hvort þjónustu vanti á ákveðnum markaði, hver séu efnahagsleg áhrif þjónustunnar eða hvort þjónustan samræmist hagrænum áætlunum stjórnvalda. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef áætlanir stjórnvalda ráðast af mikilvægum almannahagsmunum,
6. að samkeppnisaðili eigi aðild að ákvarðanatöku stjórnvalda í einstökum málum,
7. að þjónustuveitandi verði að vátryggja sig hjá íslensku vátryggingafélagi eða leggja fram tryggingu frá aðila er starfar á Íslandi,

8. kröfu um að þjónustuveitandi hafi verið skráður í tiltekinn tíma í skrár á Íslandi eða hafi áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á Íslandi.

IV. KAFLI
Frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

12. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

13. gr.
Frelsi til að veita þjónustu.

Þjónustuveitandi með staðfestu í öðru ríki á EES-svæðinu hefur rétt til að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu ef það er nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar.

Óheimilt er að setja skilyrði fyrir þjónustuveitingu án staðfestu sem leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Þau skilyrði sem þjónustuveitanda er gert að uppfylla til að mega veita þjónustu án staðfestu á Íslandi skulu ekki vera strangari en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Óheimilt er að takmarka frelsi til að veita þjónustu án staðfestu með því að setja skilyrði er felur í sér:

1. kvöð um starfsstöð á Íslandi,
2. kvöð um leyfi frá lögbærum yfirvöldum nema kveðið sé á um undantekningu frá því í lögum þessum eða sérlögum,
3. bann við því að setja á fót tiltekna starfsemi sem þjónustuveitandi þarfnast til að geta veitt þjónustu,
4. kvöð um sérstakt samningsbundið fyrirkomulag milli þjónustuveitanda og viðtakenda þjónustu sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu,
5. kvöð um að þjónustuveitandi hafi undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi,
6. kröfur sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar nema þær séu nauðsynlegar vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað,
7. mismunun á grundvelli þjóðernis eða búsetu viðtakanda þjónustu, sbr. 14. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærs yfirvalds til að beita reglum sem kveðið er á um í kjarasamningum.

Ráðherra getur kveðið á um almennar undanþágur frá skilyrðum þessarar greinar í reglugerð.

14. gr.
Undanþágur í einstökum tilfellum.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt í undantekningartilvikum að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda sem hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi ef ráðstafanirnar eru til þess að tryggja öryggi þjónustu.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að grípa til ráðstafana skv. 1. mgr. ef:

1. það hefur leitað aðstoðar hjá lögbæru yfirvaldi í því ríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu, sbr. ákvæði reglna um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta, sem ráðherra setur, sbr. 21. gr.,
2. viðkomandi ráðstafanir um öryggi þjónustu hafa ekki verið samræmdar á EES-svæðinu,
3. ráðstafanirnar kveða á um meiri vernd viðtakenda þjónustu en ráðstafanir sem staðfestuaðildarríkið gerir,
4. staðfestuaðildarríkið hefur gripið til ófullnægjandi ráðstafana,
5. meðalhófs er gætt.

V. KAFLI
Réttur viðtakenda þjónustu, aðstoð við viðtakendur þjónustu o.fl.

15. gr.
Réttur viðtakenda þjónustu.

Óheimilt er að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilvikum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur með hlutlægum viðmiðum.

16. gr.
Aðstoð við viðtakendur þjónustu.

Viðtakendur þjónustu geta fengið eftirfarandi upplýsingar á Íslandi:

1. almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum EES-ríkjum um aðgang að þjónustustarfsemi og ástundun hennar, einkum um vernd neytenda,
2. almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda þjónustu,
3. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. evrópsku neytendaaðstoðina, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð.

Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og hægt að nálgast þær með rafrænum hætti.

17. gr.
Upplýsingar um þjónustuveitendur.

Þjónustuveitendur skulu hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir viðtakendur þjónustu:

1. nafn, rekstrarform, heimilisfang og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þjónustuveitanda,
2. upplýsingar um skrár sem þjónustuveitandi er skráður í, sem og upplýsingar um skráningarnúmer eða annað auðkenni þjónustuveitanda í skrá,
3. upplýsingar um viðeigandi lögbær yfirvöld ef starfsemin er háð leyfum,
4. virðisaukanúmer,
5. ef lögverndaðar starfsgreinar eiga í hlut, öll fagfélög þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og EES-ríki þar sem starfsheitið er veitt,
6. staðlaða samningsskilmála sem þjónustuveitandi notar, þ.m.t. samningsskilmála er varða lög sem gilda um samninginn og þar til bæra dómstóla,
7. tilvist ábyrgðar á þjónustu eftir sölu, umfram lögbundna ábyrgð,

8. fyrir fram ákveðið verð,
9. helstu þætti þjónustunnar,
10. starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir, hvernig hægt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða svæði tryggingarnar eða ábyrgðirnar eru bundnar.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu koma fram í öllum upplýsingaskjölum sem þjónustuveitandi afhendir viðtakanda þjónustu þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni. Þær skulu einnig vera aðgengilegar viðtakanda þjónustu með rafrænum hætti og þar sem þjónustan er veitt.

Óski viðtakandi þjónustu eftir því ber þjónustuveitanda að leggja fram eftirfarandi upplýsingar til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr.:

1. verð eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út verð ef þjónustuveitandi getur ekki gefið verðið upp fyrir fram,
2. starfsreglur sem gilda um þjónustuveitanda í staðfestuaðildarríki hans, sé um lögverndaðar starfsgreinar að ræða,
3. upplýsingar um þverfaglega starfsemi og samstarf þjónustuveitanda sem tengist viðkomandi þjónustu og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,
4. allar siðareglur starfsstétta sem þjónustuveitandi er bundinn af, hvar þær er að finna með rafrænum hætti og á hvaða tungumáli þær eru tiltækar,
5. upplýsingar um þær einkaréttarlegu úrlausnarleiðir í ágreiningsmálum sem tiltækar eru, hvað einkenni slíkar leiðir og hver séu skilyrði þess að nota slíkar aðferðir.

Upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessari grein skulu liggja fyrir með skýrum hætti áður en samningur er gerður. Ef ekki er um formlegan samning að ræða skulu þær liggja fyrir innan hæfilegs tíma áður en þjónusta er veitt.

Þjónustuveitandi skal svara beiðni viðtakanda þjónustu um upplýsingar eða kvörtun svo fljótt sem auðið er og leggja sig fram um að finna fullnægjandi lausn fyrir viðtakanda þjónustu.

18. gr.

Vátryggingar.

Óheimilt er að krefjast þess að þjónustuveitandi afli sér starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðar á Íslandi ef þjónustuveitandi er þegar með ábyrgð eða vátryggingu gefna út af lánastofnun eða vátryggjanda sem hefur starfsleyfi í öðru EES-ríki og hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi, ef vátryggingin er jafngild eða í meginatriðum sambærileg við þá tryggingu sem krafist er. Ef tryggingin eða ábyrgðin er aðeins sambærileg að hluta er heimilt að krefjast viðbótartryggingar vegna þeirra þátta sem falla ekki undir fyrirliggjandi tryggingu.

19. gr.

Markaðssetning lögverndaðra starfsgreina.

Allsherjarbann við markaðssetningu þeirra lögvernduðu starfsstétta er falla undir gildissvið laga þessara er óheimil. Þó er heimilt að kveða á um bann við markaðssetningu lögverndaðra starfsstétta vegna brýnna almannahagsmuna svo fremi að gætt sé jafnræðis og meðalhófs.

20. gr.
Þverfagleg starfsemi.

Þjónustuveitandi hefur rétt á að stunda þverfaglega starfsemi sjálfur og í samstarfi við aðra. Í slíkum tilfellum skal tryggt að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, að ekki leiki vafi á sjálfstæði og óhlutdrægni hverrar starfsemi fyrir sig og að reglur viðeigandi starfsstétta stangist ekki á, sérstaklega hvað varðar þagnarskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að takmarka þverfaglega starfsemi:

1. lögverndaðra starfsstétta, til að tryggja að farið sé eftir siðareglum starfsstétta og til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni,
2. þjónustuveitenda sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

VI. KAFLI
Samvinna á sviði stjórnsýslu.

21. gr.
Vinnsla og miðlun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu.

Stjórnvöld er hafa með höndum leyfisveitingar eða eftirlit með þjónustuveitendum hafa heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi. Með sama hætti er stjórnvöldum heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í skrá. Miðlun með öðrum hætti er óheimil.

Ráðherra getur sett nánari reglur um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta.

VII. KAFLI
Innleiðing og gildistaka.

22. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru innleidd efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 28. desember 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin. Þjónustutilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Hér á eftir er forsaga og efni tilskipunarinnar rakið en frumvarpið er unnið upp úr ákvæðum hennar.

Þjónustutilskipunin.

Forsaga.

Tillaga að þjónustutilskipun var fyrst lögð fram í janúar 2004 með það að markmiði að greiða fyrir og auka þjónustuviðskipti milli landa. Ástæðan var sú að þrátt fyrir ákvæði um innri markað voru ennþá töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu sem komu niður bæði á þjónustuveitendum og neytendum. Tillagan var afar umdeild pólitískt, sér í lagi vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru upphaflega hluti af tillögunni. Hin svokallaða upprunalandsregla var einnig afar umdeild og óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð en samkvæmt henni giltu um þjónustuveitanda reglur þess lands þar sem hann var með staðfestu en ekki þar sem þjónustan var veitt. Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem tillagan hlaut lagði framkvæmdastjórnin fram nýja tillögu þar sem tekin voru út ákvæði um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt og verulegar breytingar gerðar á upprunalandsreglunni og var sú tillaga samþykkt í desember 2006.

Tilskipunin fékk töluverða athygli í Noregi og gerðu Norðmenn ýtarlegar úttektir á hinum ýmsu afleiðingum tilskipunarinnar. Að lokum náðist þó samstaða um hana og var hún eins og áður segir tekin upp í EES-samninginn 9. júní 2009.

Tilgangur.

Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. gr. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu í formi lægra verðs og meiri gæða.

Gildissvið.

Tilskipunin er rammatilskipun sem reglusetur og útfærir gildandi EES-rétt á sviði þjónustuveitingar, bæði almennt og á sérstökum sviðum, en ákvæði þjónustutilskipunarinnar víkja fyrir ákvæðum annarra tilskipana EES-réttar. Lög þessi eru því almenn lög sem víkja fyrir sérlögum er byggjast á ákvæðum tilskipana EES. Eins og áður hefur komið fram var tilskipuninni upprunalega ætlað að ná yfir nánast öll svið þjónustu en um það náðist ekki samstaða innan Evrópusambandsins. Margs konar þjónustusvið eru því undanskilin gildissviði tilskipunarinnar og laganna eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

Í tilskipuninni er gerður greinarmunur annars vegar á staðfesturétti (9.–15. gr. tilskipunarinnar) og hins vegar því þegar þjónusta er veitt án staðfestu (16.–21. gr. tilskipunarinnar). Að auki eru svo almennar reglur sem gilda óháð því hvort þjónustuveitandi hyggst vera með staðfestu í aðildarríki eða veita þjónustu án staðfestu. Þessi greinarmunur er einnig gerður í frumvarpinu þar sem III. kafli gildir þegar þjónustuveitendur hyggjast hafa staðfestu á Íslandi, IV. kafli fjallar um þjónustuveitendur sem vilja veita þjónustu án staðfestu á Íslandi en aðrir kaflar frumvarpsins gilda í báðum tilvikum.

Eins og áður hefur komið fram byggðist upphaflega tillagan á því að um alla þjónustu á gildissviði tilskipunarinnar mundi gilda fyrrgreind upprunalandsregla en sú ætlun olli tölu-

verðum deilum. Málamiðlunin var því sú að láta upprunalandsregluna einungis gilda þegar þjónusta er veitt án staðfestu og er það ástæða fyrrgreindrar kaflaskiptingar.

Einföldun leyfisferla og yfirferð yfir löggjöf.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er gerð krafa um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi eins og kostur er en einföldun ferla kemur sér ekki einungis vel fyrir þjónustuveitendur heldur er til þess fallin að minnka álag og útgjöld stjórnvalda. Horfa verður til þess hvort gögn sem farið er fram á að þjónustuveitandi leggi fram séu nauðsynleg, hvort þjónustuveitandi þarf nauðsynlega að leggja þau fram sjálfur eða hvort stjórnvald getur nálgast þau t.d. frá öðru stjórnvaldi. Samkvæmt tilskipuninni er stjórnvaldi einnig óheimilt að krefjast frumrits, staðfests endurrits eða að löggild þýðing fylgi skjali nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess eða önnur EES-löggjöf. Leiki vafi á því hvort skjal sé ófalsað ætti að vera auðvelt að nálgast þær upplýsingar með samvinnu milli ríkja en tilskipunin hefur að geyma sérstök ákvæði um slíka samvinnu eins og nánar er komið að síðar. Ríki verða einnig að samþykkja skjöl frá öðrum aðildarríkjum sem augljóslega þjóna sama tilgangi og það sem beðið er um eða þar sem skýrt kemur fram að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu þjónustu. Ráðuneytin fengu því hvert og eitt það hlutverk að fara yfir leyfisferli og löggjöf á sínu sviði til að einfalda leyfisferli og afmá skilyrði sem ekki samrýmast ákvæðum tilskipunarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga aðstoðaði sveitarfélög við að gera slíkt hið sama.

Rafræn málsmeðferð.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða þjónustuveitendur að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti.

Viðtakendur þjónustu.

Í tilskipuninni eru ákvæði sem lúta að réttindum viðtakenda þjónustu og er m.a. ætlað að auka upplýsingar og gagnsæi varðandi þjónustuveitendur og þjónustu þeirra. Ákvæðin leggja ákveðnar skyldur á þjónustuveitendur, t.d. um að hafa tilteknar upplýsingar aðgengilegar fyrir neytendur sem og kvaðir á aðildarríkin um að breyta löggjöf á ákveðnum sviðum.

Samvinna stjórnvalda.

Til að markmið tilskipunarinnar um aukið flæði þjónustu með afnámi hindrana og einföldun ferla náist er afar mikilvægt að aðildarríkin eigi með sér gott samstarf. Á vegum Evrópusambandsins hefur því verið komið upp sérstöku evrópsku upplýsingakerfi (Internal Market Information system) sem ætlað er að auðvelda lögbærum yfirvöldum ólíkra landa að hafa samskipti sín á milli. Samvinna stjórnvalda er einnig afar mikilvæg til að tryggja nægjanlegt eftirlit með þjónustuveitendum.

Um hugtökin „þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“ og „þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“.

Í þjónustutilskipuninni er að finna hugtökin „non-economic services of general interest“ (NESGI) og „services of general economic interest“ (SGEI). Þessi hugtök eru í raun tvískipt-

ing á hugtakinu „services of general interest“(SGI) sem í daglegu tali mætti kalla „almannaþjónustu“ á íslensku.

Fyrra hugtakið er í þessu frumvarpi þýtt sem „þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“. Þetta hugtak er samtvinnað þjónustuhugtakinu eins og það er skilgreint í 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir: „Með þjónustu er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun ...“ Af þessu leiðir að til þess að falla undir hugtakið þjónusta verður þjónustan að vera af efnahagslegum toga. Hvort þjónusta telst af efnahagslegum toga verður að meta í hvert skipti fyrir sig og vert að hafa í huga að þjónusta er ekki sjálfkrafa ekki af efnahagslegum toga fyrir það eitt að hún er veitt af ríkinu, ríkisstofnun eða stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Í ljósi framangreinds telst „þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga“ ekki þjónusta samkvæmt skilgreiningu 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, og fellur því ekki undir gildissvið laganna líkt og fram kemur í 1. tölul. 3. gr.

Seinna hugtakið er í þessu frumvarpi þýtt sem „þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Þetta hugtak kemur fyrir í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins en þar er talað um „þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Hér er lagt til að inn í hugtakið verði skotið orðunum „í almannaþágu“ til að útskýra betur hvað átt er við. Í 1., 4. og 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er tekið fram að frumvarpið fjalli ekki um markaðsvæðingu, réttinn til að skilgreina eða skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

Framangreind hugtök hafa ekki verið skilgreind í íslenskum lögum og í þessu frumvarpi er ekki að finna skilgreiningu á þeim. Skilgreining þeirra er alls ekki óumdeild í Evrópu og er í raun í stöðugri þróun. Því verður að telja að ef nauðsynlegt þykir að skilgreina þau í íslenskum lögum fari betur á því að það sé gert í lögum á sviði almannaþjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir markmiðum laganna en þau eru að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Evrópusambandið komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir ákvæði stofnsáttmála Evrópusambandsins og EES-samningsins um innri markað væru ennþá töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu milli ríkja innan EES og réðst því í gerð þjónustutilskipunarinnar með fyrrgreind markmið í huga. Með greininni er 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar innleidd.

Um 2. gr.

Ákvæðið skilgreinir gildissvið laganna en í 1. mgr. segir að lögin gildi um alla þjónustu sem ekki er sérstaklega undanskilin gildissviði þeirra. Eins og rakið er í almennum athugasemdum var þjónustutilskipuninni í upphafi ætlað mjög víðtækt gildissvið en fyrir því var ekki hljómgrunnur innan Evrópusambandsins og því eru þónokkur þjónustusvið undanskilin gildissviði hennar.

Í 2. mgr. eru talin upp þau þjónustusvið sem eru undanskilin gildissviði laganna en þau eru þónokkur. Ákvæði 2. mgr. innleiðir 2. mgr. 2. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. gilda lögin ekki um þjónustu í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga. Þetta hugtak er samtvinnað þjónustuhugtakinu eins og það er skilgreint í 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir: „Með þjónustu er í samningi

þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun ...“ Af þessu leiðir að til þess að falla undir hugtakið þjónusta verður þjónustan að vera af efnahagslegum toga. Hvort þjónusta telst vera af efnahagslegum toga verður að meta í hvert skipti fyrir sig og vert að hafa í huga að þjónusta er ekki sjálfkrafa ekki af efnahagslegum toga fyrir það eitt að hún er veitt af ríkinu, ríkisstofnun eða stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni. Í ljósi framangreinds telst þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga ekki þjónusta samkvæmt skilgreiningu 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, og fellur því ekki undir gildissvið laganna.

Fjármálaþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 2. tölul. 2. mgr. en með fjármálaþjónustu er m.a. átt við hvers konar bankaþjónustu, útlánaþjónustu, þjónustu skuldabréfa- og fjárfestingarsjóða sem og þjónustu á sviði tryggginga og lífeyris.

Með 3. tölul. 2. mgr. er rafræn fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet sem og aðstaða og þjónusta því tengd undanskilin gildissviði laganna. Er hér átt við málefni sem tekin eru fyrir í (a) tilskipun 2002/19/EB um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi afstöðu, (b) tilskipun 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og þjónustu, (c) tilskipun 2002/21/EB um lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um getur í 18. gr. tilskipunar um alþjónustu, (d) tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og þjónustu og (e) tilskipun 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og vernd einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta eins og þær eru innleiddar með lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. er þjónusta á sviði flutninga og tengd starfsemi, sem fellur undir 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, undanskilin gildissviði laganna. Með því er átt við þjónustu er snýr að flutningum með flugi, sjóflutninga, þ.m.t. þjónustu hafna, og landflutninga, líkt og t.d. þjónustu strætisvagna, leigubifreiða og sjúkrabíla. Undanþágan gildir hins vegar ekki um t.d. þjónustu ökuskóla, þjónustu vegna búslóðaflutninga, bílaleigur, útfararþjónustu eða myndatökur úr lofti. Starfsemi verslana eða veitingastaða í höfnum eða flugvöllum er ekki heldur undanskilin gildissviði laganna.

Með 5. tölul. 2. mgr. eru starfsmannaleigur undanþegnar gildissviði laganna. Undanþágan gildir hins vegar ekki um vinnumiðlanir eða ráðningarskrifstofur.

Heilbrigðisþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 6. tölul. 2. mgr.

Samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. er hljóð- og myndmiðlunarþjónusta undanskilin gildissviði laganna. Með þessu er t.d. átt við útsendingu í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og útvarpi. Undanþágan á hins vegar ekki við þjónustu sem tengist hljóð- og myndmiðlunarþjónustu óbeint líkt og þjónustu auglýsingastofa eða sölu matar og drykkjar í kvikmyndahúsum.

Í 8. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að fjárhættuspil falli utan gildissviðs laganna. Með fjárhættuspili er t.d. átt við teningaspil, póker og bingó.

Með 9. tölul. 2. mgr. er starfsemi í tengslum við meðferð opinbers valds undanskilin gildissviði laganna og er það í samræmi við 32. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

Félagsþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 10. tölul. 2. mgr. Undanþágan nær hins vegar ekki til t.d. þjónustu á vegum einkaaðila, líkt og t.d. barnfóstra, og sumarbúða eða þjónustu vegna heimilisþrifa.

Öryggisþjónusta á vegum einkaaðila er undanskilin skv. 11. tölul. 2. mgr., svo sem eftirlit með eignum, byggingum og persónum sem og varsla, flutningur og dreifing fjármuna og annarra verðmæta. Hins vegar er sala, afhending, uppsetning og viðhald tæknibúnaðar til öryggisgæslu ekki undanþegið gildissviði laganna.

Ákvæði 12. tölul. 2. mgr. undanskilur gildissviði laganna þjónustu lögbókenda og fulltrúa sýslumanna sem eru skipaðir af hinu opinbera.

Í 3. mgr. er fjallað um hvaða þjónustuveitendur falla undir lögin og eru það þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki sem vilja öðlast staðfestu á Íslandi, sbr. 1. tölul., þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki sem vilja veita þjónustu hér á landi án þess að vera með staðfestu á Íslandi, sbr. 2. tölul., og þjónustuveitendur sem eru með staðfestu á Íslandi.

Í 4. mgr. eru talin upp ýmis atriði sem reglur laganna gilda ekki um. Vegna þess hvað gildissvið þjónustutilskipunarinnar er viðamikið þótti nauðsynlegt að hafa þessa upptalningu í lögunum til að taka af allan vafa um að lögin hafi ekki áhrif á þessi atriði.

Samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. hafa lögin ekki þau áhrif að auka frelsi í þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og á það við hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila. Þá kveða lögin ekki á um einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu. Með þessum tölulið er innleidd 2. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Með 2.–5. tölul. 4. mgr. er 3. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd. Skv. 2. tölul. 4. mgr. falla lögin ekki um afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi. Skv. 3. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um ríkisaðstoð sem veitt er í EES-ríki og fellur undir samkeppnisreglur EES-samningsins. Skv. 4. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað skuli vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almanna efnahagslega þýðingu og skv. 5. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð eða hvaða sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu.

Með 6. tölul. 4. mgr. er 4. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd og fjalla lögin því ekki um ráðstafanir, í samræmi við EES-reglur, sem gerðar eru til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun.

Lögin fjalla ekki um refsirétt, sbr. 7. tölul. 4. mgr., en með þessum tölulið er verið að innleiða 5. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 8. tölul. 4. mgr. fjalla lögin ekki um vinnurétt, þ.m.t. réttinn til að semja um kjör og framfylgja kjarasamningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna eða almannatryggingalöggjöf og er hér verið að innleiða 6. mgr. 1. gr. og síðari hluta 7. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Lögin fjalla ekki um nýtingu grundvallarréttinda, sbr. 9. tölul. 4. mgr., og er hér innleiddur fyrri hluti 7. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Skattaréttur er ekki innan gildissviðs laganna og er hér innleidd 3. mgr. 2. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 11. tölul. 4. mgr. er kveðið á um að lögin fjalli ekki um alþjóðlegan einkamálarétt og er hér verið að innleiða 2. mgr. 3. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 5. mgr. er ráðherra heimilt að kveða nánar á um gildissvið laganna í reglugerð. Í þjónustutilskipuninni eru sérstaklega tekið fram að hún gildi ekki um ákveðnar gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samningin líkt og kemur fram í athugasemdum við 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Slíkar upptalningar, sem í raun eru frekari útskýringar á gildissviði laganna, er skýrara að hafa í reglugerð heldur en lögunum sjálfum. Komi til breytinga á þessum upptalningum er það einnig til hagræðis fyrir bæði Alþingi og stjórnsýslu að hægt sé að breyta upptalningu með reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skýringu á merkingu einstakra orða eða hugtaka í lögunum. Þau orð eða hugtök sem skýrð eru í greininni eru þjónusta, þjónustuveitandi, viðtakandi þjónustu, staðfesta, fyrirkomulag leyfisveitinga, krafa, lögbært yfirvald, lögvernduð starfsgrein, starfsábyrgðartrygging og þverfagleg starfsemi. Einnig er skilgreint hvað átt er við með markaðssetningu en upplýsingar sem gera mönnum kleift að fá beinan aðgang að starfsemi fyrirtækis, stofnunar eða aðila, t.d. lénsheiti eða netfang, teljast ekki til markaðssetningar. Sama á við um orðsendingar sem varða vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, stofnunar eða aðila sem teknar eru saman á sjálfstæðan hátt, einkum þegar þær eru lagðar fram án endurgjalds. Skýringarnar byggjast að hluta til á 4. gr. þjónustutilskipunarinnar. Ekki er þörf á frekari skýringum en fram koma í greininni sjálfri.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. eiga þjónustuveitendur að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti. Ein af þeim hindrunum sem þjónustuveitendur hafa staðið frammi fyrir þegar þeir hyggjast veita þjónustu í öðrum löndum á EES-svæðinu er að oft þurfa margir aðilar að koma að leyfisveitingum og/eða fylla þarf út hin ýmsu eyðublöð og skila margs konar fylgigögnum. Með upplýsinga- og þjónustuveitunni á ekki aðeins að vera auðvelt fyrir þjónustuveitanda að sjá hvað hann þarf að gera til að geta hafið starfsemi á Íslandi heldur á hann einnig að geta klárað öll nauðsynleg ferli rafrænt. Ljóst er að í þessu felst mikið hagræði fyrir þjónustuveitendur bæði innlenda sem erlenda og er til þess fallið að auka flæði þjónustu innan EES-svæðisins. Með þessu er hins vegar ekki verið að breyta því hver tekur ákvarðanir um leyfisveitingar og upplýsinga- og þjónustuveitan hefur ekki það hlutverk að veita leyfi. Upplýsinga- og þjónustuveitan á að þjóna bæði innlendum og erlendum þjónustuveitendum hvort sem þeir vilja hafa staðfestu á Íslandi eða veita þjónustu á Íslandi án staðfestu. Með 1. mgr. er verið að innleiða 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Með 2. mgr. er gerð undantekning á því að þjónustuveitandi eigi að geta lokið öllum ferlum rafrænt ef um er að ræða atriði sem eðli málsins samkvæmt geta ekki farið fram rafrænt, svo sem skoðun á húsnæði þar sem þjónustan er veitt, skoðun á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða áþreifanleg skoðun á getu þjónustuveitanda, ráðvendni hans eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á. Ákvæðið er innleiðing á 2. mgr. 8. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti í reglugerð sett nánari reglur um nauðsynlegar ráðstafanir vegna rafrænnar málsmeðferðar. Ljóst er að í þessu fyrirkomulagi mun felast breyting fyrir ákveðna leyfisveitendur og því nauðsynlegt að ráðherra sé heimilt að kveða nánar á um hvernig fyrirkomulagið skuli vera.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um þær kröfur sem heimilt er að gera um þau skjöl sem leyfisveitanda er gert að leggja fram við leyfisumsókn. Þjónustutilskipunin kveður ítarlega á um að stjórnvöld ríkjanna skuli aðstoða hvert annað, t.d. með upplýsingagjöf, og því á að vera auðvelt fyrir leyfisveitanda að ganga úr skugga um réttmæti skjala í gegnum IMI-kerfið sem

fjallað er um í almennum athugasemdum. Með 5. gr. er innleidd 3. mgr. 5. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. verður leyfisveitandi að viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum ef skjölin þjóna sama tilgangi og ef þar kemur skýrt fram að viðeigandi skilyrði sé uppfyllt. Leyfisveitendur verða því að líta til innihalds fyrirliggjandi gagna frekar en forms. Sem dæmi má nefna að leyfisveitandi getur ekki krafist tiltekinna opinberra skjala sem sýna fram á þjóðerni þjónustuveitanda ef þjónustuveitandi sýnir önnur opinber gögn sem sanna þjóðerni líkt og t.d. vegabréf eða persónuskilríki.

Óheimilt er að krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé í frumriti, staðfestu endurriti eða löggilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. Ef leyfisveitandi er í vafa um réttmæti skjala á hann að geta staðreynt gildi þeirra með því að hafa samband við viðeigandi lögbært yfirvald í viðkomandi landi í gegnum fyrrgreint IMI-kerfi.

Eins og fram kemur í 3. mgr. er leyfisveitanda hins vegar heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi leggi fram ólöggilta þýðingu skjala á íslensku.

Ráðherra hefur skv. 4. mgr. heimild til að kveða á um í reglugerð að ákveðin skjöl séu undanþegin kröfum 5. gr. frumvarpsins. Í 4. mgr. 5. gr. þjónustutilskipunarinnar eru talin upp skjöl sem kveðið er á um í (a) 2. mgr. 7. gr. og 50. gr. tilskipunar 2005/36/EB um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, (b) 3. mgr. 45. gr., 46. gr., 49. gr. og 50. gr. tilskipunar 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, (c) 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/5/EB um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi, (d) fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og (e) önnur og ellefta tilskipun ráðsins 89/666/EBE um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til, eins og ákvæðin eru innleidd í íslenskan rétt. Eftir því sem fleiri gerðir eru teknar upp í EES-samninginn getur þessi upptalning tekið breytingum og því skýrara og einfaldara að hafa þessa upptalningu í reglugerð frekar en í lögunum sjálfum.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi að geta nálgast rafrænt í gegnum upplýsinga- og þjónustuveituna. Í 1. mgr. eru talin upp atriði í fimm liðum og er hér verið að innleiða 1. og 3. mgr. 7. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. verða þjónustuveitendur að geta nálgast allar upplýsingar um hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla til að geta veitt þjónustu á Íslandi.

Í 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að þjónustuveitandi verði að geta nálgast upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfis til að stunda þjónustu.

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. fjallar um að þjónustuveitendur verði að geta fengið upplýsingar um leiðir og skilyrði fyrir því að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. verða þjónustuveitendur að geta nálgast upplýsingar um þær úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur. Er hér átt við ágreining

hvort sem hann er milli lögbærra yfirvalda og þjónustuveitanda, lögbærra yfirvalda og viðtakanda þjónustu, viðtakanda og þjónustuveitanda eða milli þjónustuveitenda.

Í 5. tölul. 1. mgr. segir að upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, önnur en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur geta fengið hagnýta aðstoð skuli vera aðgengilegar fyrir þjónustuveitendur.

Samkvæmt 2. mgr. eiga þjónustuveitendur og viðtakendur rétt á aðstoð með rafrænum hætti í formi almennra upplýsinga um almenna túlkun og beitingu þeirra skilyrða sem um getur í 1. tölul. 1. mgr. Ákvæðið kveður á um að þjónustuveitendum og viðtakendum séu veittar almennar upplýsingar en gerir ekki þær kröfur til lögbærra yfirvalda að þau veiti lögfræðiaðstoð í einstökum málum. Lögbært yfirvald skal bregðast við beiðni um upplýsingar eins fljótt og auðið er. Með 2. mgr. er verið að innleiða 2. og 4. mgr. 7. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Eins og fram kemur í greininni gilda ákvæði III. kafli laganna eingöngu þegar þjónustuveitandi af EES-svæðinu hyggst veita þjónustu með staðfestu á Íslandi. Skiptir hér ekki máli hvort þjónustuveitandi hyggst stofna nýtt fyrirtæki með staðfestu á Íslandi eða hvort um er að ræða útibú eða dótturfélag fyrirtækis sem nú þegar er starfandi í öðru EES-ríki. Ákvæði kaflans gilda óháð því á hvaða stjórnsýslustigi skilyrði eru sett. Þá gilda þau einnig um skilyrði sem fagfélög, fagsamtök eða aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis.

Um 8. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum kveða ákvæði tilskipunarinnar á um að aðildarríkin yfirfari löggjöf og leyfisferli og afnemi eða einfaldi þau eins og kostur er. Í 1. mgr. er kveðið á um að ef aðgangur að því að veita þjónustu er háður leyfum skuli skilyrði fyrir veitingu leyfis vera (1) án mismununar, en með því er átt við að fyrirkomulagið feli ekki í sér beina eða óbeina mismunun á grundvelli staðfestu þjónustuveitanda, (2) nauðsynlegt vegna brýnna almannahagsmuna og (3) og í samræmi við meðalhóf en í því sambandi verður að hafa í huga að oft er hægt að ná sama árangri með því að lögbært yfirvald hafi eftirlit með þjónustustarfseminni eða að þjónustuveitandi gefi út einhvers konar einfalda yfirlýsingu. Er þetta ákvæði í samræmi við 9. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. er óheimilt að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur nú þegar þurft að undirgangast í öðru eða sama EES-ríki. Af þessu leiðir að leyfisveitandi verður að taka tillit til þess ef þjónustuveitandi hefur áður uppfyllt umbeðin skilyrði í öðru EES-ríki og getur ekki krafist þess að þjónustuveitandi gangi í gegnum annað mat hér á landi. Hér er innleidd 3. mgr. 10. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Ef takmarka á leyfi til að veita þjónustu við ákveðin landsvæði skal það rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 3. mgr. Það að takmarka leyfi við ákveðin landsvæði getur talist hindrun á frjálsu flæði þjónustu og lagt auknar byrðar á þjónustuveitendur. Eðli málsins samkvæmt getur verið nauðsynlegt að takmarka ákveðna þjónustu við landsvæði, t.d. ef þjónustan er tengd einhvers konar starfsstöð og nauðsynlegt er að leggja mat á hverja starfsstöð fyrir sig. Með lögunum er ekki hróflað við því hver veiti leyfi á tilteknu svæði en sveitarfélög veita t.d. margs konar leyfi innan síns landsvæðis. Sú staðreynd að leyfisveiting liggur hjá einstökum sveitarfélögum er hins vegar ein og sér ekki næg röksemd fyrir því að leyfi sé tak-

markað við ákveðið landsvæði. Ef eitt lögbært yfirvald, t.d. sveitarfélag, hefur veitt þjónustuveitanda leyfi er því meginreglan sú að önnur lögbær yfirvöld verða einnig að viðurkenna leyfið og þjónustuveitandi á því ekki, með rökstuddum undantekningum þó, að þurfa að sækja aftur um leyfi vilji hann veita sömu þjónustu á öllu Íslandi. Með þessu ákvæði er innleidd 4. mgr. 10. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er óheimilt að tímabinda leyfi til þjónustustarfsemi nema leyfið endurnýist sjálfkrafa eða það sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt, sbr. 1. tölul., fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 2. tölul., eða hægt sé að réttlæta takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 3. tölul. Það að takmarka gildistíma leyfis getur falið í sér hindrun á frjálsu flæði þjónustu, m.a. þar sem það getur komið í veg fyrir að þjónustuveitandi geti gert langtímaáætlanir um starfsemi sína. Í einhverjum tilfellum getur t.d. verið að það sé óþarfi að þjónustuveitandi þurfi að sækja um leyfi upp á nýtt heldur sé nægjanlegt að lögbært yfirvald hafi eftirlit með starfsemi þjónustuveitanda. Er hér innleidd 1. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 2. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hefji í reynd starfsemi sína innan ákveðins tíma frá því að leyfið er veitt og er hér innleidd 2. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. er þjónustuveitanda skylt að upplýsa viðeigandi lögbært yfirvald um stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur innan gildissviðs leyfisins, sbr. 1. tölul., og breytingar á aðstæðum þjónustuveitanda sem leiða til þess að skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt, sbr. 2. tölul. Er hér innleidd 3. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 4. mgr. segir að ef fjöldi leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skal leyfisveitandi birta fyrir fram við hvað verður stuðst við mat á umsækjendum til að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við valið. Sú skylda er því lögð á leyfisveitanda að birta fyrir fram allar viðeigandi upplýsingar sem lúta að leyfisferlinu, þ.m.t. inntak leyfisferlisins, ástæðu þess að fjöldi leyfa er takmarkaður, tímafresti og framkvæmd valferlisins. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður skal tímabinda leyfið og óheimilt er að láta það endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda sem er með nýútrunnið leyfi eða annan aðila honum tengdan. Þegar tímalengd leyfis er ákvörðuð er vert að hafa í huga að það sé ekki styttra en svo að þjónustuveitandi eigi kost á að endurheimta þann kostnað sem hann lagði út vegna þjónustunnar ásamt sanngjörnum hagnaði. Með þessu ákvæði er verið að innleiða 1. og 2. mgr. 12. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 5. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. sé leyfisveitanda heimilt við veitingu leyfa að taka tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, markmið félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og annarra brýnna almannahagsmuna. Er hér innleidd 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Tekið er fram í 6. mgr. að ákvæði greinarinnar hafa ekki áhrif á heimildir lögbærs yfirvalds til að afturkalla leyfi ef viðkomandi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt og er það í samræmi við 4. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal málsmeðferð við leyfisveitingar vera skýr, ótvíræð, hlutlæg, gagnsæ og aðgengileg og skal leyfisveitandi birta upplýsingar um fyrirkomulag málsmeðferðar-

innar fyrir fram. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir gerræðislegar ákvarðanir og tryggja að ákvarðanir um veitingu leyfis séu teknar með óhlutdrægum hætti. Hér eru innleiddar 1. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að frestur til að veita leyfi skuli fastsettur og birtur fyrir fram. Leyfisveitanda er heimilt að framlengja frestinn einu sinni í takmarkaðan tíma ef mál er mjög umfangsmikið. Ákvörðun um framlengingu skal rökstyðja og birta þjónustuveitanda áður en upphaflegi fresturinn rennur út. Leyfisumsókn telst fram komin á því tímamarki þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.

3. mgr. kveður á um að ef svar er ekki veitt innan tímafrests skal litið svo á að leyfi sé veitt. Evrópuríki hafa í auknu mæli gripið til þess ráðs að einfalda stjórnsýslu með því að taka upp eins konar „þögn er sama og samþykki“ reglu eða „tacit authorisation“ og er það sú leið sem kveðið er á um í frumvarpinu. Það er því afar mikilvægt að allir tímafrestir séu fastsettir fyrir fram svo að ljóst sé hvenær frestur til svara rennur út.

Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að víkja frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 3. mgr. með vísan til brýnna almannahagsmuna. Þriðja og fjórða málsgrein eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 5. mgr. skal staðfesta viðtöku umsóknar um leyfi svo fljótt sem unnt er. Í staðfestingunni skal tilgreina þau tímamörk sem um getur í 3. mgr. greinarinnar, sbr. 1. tölul., tiltækar kæruleiðir, sbr. 2. tölul., og yfirlýsingu, þegar það á við, um að hafi ekki borist svar innan ákveðinna tímamarka teljist leyfið hafa verið veitt, sbr. 3. tölul. Hér er verið að innleiða 5. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. segir að sé umsókn um leyfi ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það svo fljótt sem auðið er svo og öll hugsanlega áhrif á tímamörkin sem um getur í 3. mgr. greinarinnar. Er það í samræmi við 6. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er upptalning á skilyrðum sem óheimilt er að leggja á þjónustuveitendur sem vilja veita þjónustu með staðfestu á Íslandi og er hér innleidd 14. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. er óheimilt að láta aðgang að þjónustustarfsemi vera háða skilyrðum sem fela í sér mismunun sem grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, í tilfelli lögaðila, staðsetningu skráðrar skrifstofu. Má þar einkum nefna kröfur um þjóðerni þjónustuveitanda, starfsmanna hans, hluthafa, stjórnarmanna í framkvæmdastjórn eða eftirlitsaðila eða kröfur um að þjónustuveitandi, starfsmenn hans, hluthafar, stjórnarmenn í framkvæmdastjórn eða eftirlitsaðilar þjónustuveitanda séu búsettir á Íslandi.

Óheimilt er skv. 2. tölul. að banna þjónustuveitanda að hafa starfsstöð í fleiri en einu EES-ríki eða vera færður í skrár eða skráður í fagfélag eða fagsamtök í fleiri en einu EES-ríki.

Í 3. tölul. segir að óheimilt sé að takmarka frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar eða aukastarfsstöðvar og er þá einkum átt við skilyrði um að þjónustuveitandi hafi aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði leyfisveitanda. Að sama skapi er óheimilt að takmarka frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli þess að hafa starfsstöð í formi umboðs, útibús eða dótturfélags.

Samkvæmt 4. tölul. eru skilyrði sem kveða á um gagnkvæmni óheimil að undanþegnum skilyrðum sem kveðið er á um í gerðum EES-samningsins um orku. Skilyrðin mega því ekki vera þannig úr garði gerð að þau kveði á um að EES-ríki þar sem þjónustuveitandi er með

staðfestu komi fram við íslenskan þjónustuveitanda með sama hætti og komið er fram við þjónustuveitanda frá því EES-ríki á Íslandi.

Óheimilt er skv. 5. tölul. að krefjast þess að í hverju tilfelli fyrir sig fari fram mat á því hvort vöntun sé á þjónustu á ákveðnum markaði, hver séu efnahagsleg áhrif þjónustunnar eða hvort þjónustan samræmist hagrænum áætlunum stjórnvalda. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef áætlanir stjórnvalda réttlætast af nauðsynlegum almannahagsmunum. Bakgrunnur ákvæðisins er sá að í nokkrum aðildarríkjum EES-svæðisins hefur verið að finna skilyrði sem þessi sem seinka eða koma jafnvel alveg í veg fyrir að þjónustuveitandi geti sótt á nýjan markað.

Í 6. tölul. segir að óheimilt sé að samkeppnisaðili þjónustuveitanda eigi aðild að ákvarðanatöku stjórnvalda í einstökum málum enda gengur það gegn því markmiði að tryggja að leyfisveitingar séu hlutlausar og gagnsæjar og getur jafnvel hindrað algjörlega innkomu nýrra þjónustuveitanda. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að samkeppnisaðilar geti verið almennt ráðgefandi svo framarlega sem það er ekki í einstökum málum. Það kemur ekki heldur í veg fyrir að fagfélög eða fagsamtök taki ákvarðanir í einstökum málum ef þau eru í hlutverki lögbærs yfirvalds.

Samkvæmt 7. tölul. er óheimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi tryggi sig hjá íslensku tryggingafélagi eða leggja fram tryggingu frá aðila er starfar á Íslandi. Slík skilyrði geta hæglega leitt til þess að þjónustuveitandi sé með tvöfalda tryggingu ásamt því að mismuna fjármálastofnunum eða vátryggjendum eftir staðfestu. Rétt er þó að taka fram að í lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er að finna reglur um hvaða skilyrði vátryggingafélög þurfa að uppfylla til að mega veita þjónustu á Íslandi og er með þessum lögum ekki verið að hrófla við þeim reglum. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast þess að þjónustuveitandi sé tryggður fyrir ákveðnum atriðum svo framarlega sem hann er ekki nú þegar með viðeigandi tryggingar. Eins kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að þjónustuveitendum sé gert að greiða í sameiginlega bótasjóði sem fagsamtök, fagfélög eða aðrar fagstofnanir koma á fót.

Óheimilt er skv. 8. tölul. að gera kröfu um að þjónustuveitandi hafi verið forskráður í tiltekinn tíma í skrár á Íslandi eða hafi áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á Íslandi.

Um 12. gr.

Ákvæði IV. kafla laganna gilda þegar þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki vilja veita þjónustu á Íslandi án staðfestu. Til að ákvarða hvaða reglur gilda um þjónustuveitanda er því lykilatriði að skilgreina hvort um staðfestu þjónustuveitanda er að ræða en hugtakið „staðfesta“ er skilgreint í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um frelsið til að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi. Með greininni er 16. gr. tilskipunarinnar innleidd en hún er einn af hornsteinum hennar. Ákvæði 1. mgr. kveður á um að þjónustuveitandi með staðfestu í öðru EES-ríki eigi rétt á að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

Samkvæmt 2. gr. er óheimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu nema það sé nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar. Lögbærum yfirvöldum á Íslandi er því óheimilt að leggja skyldur á þjónustuveitendur nema hægt sé að rökstyðja þær með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld á Íslandi geti látið ákveðin skilyrði gilda um þjón-

ustuveitendur sem hafa staðfestu á Íslandi þó að þeim sé ekki heimilt að láta þau gilda um þjónustuveitendur sem veita þjónustu án staðfestu.

Í 3. mgr. segir að óheimilt sé að setja skilyrði fyrir þjónustuveitingu án staðfestu sem leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Þau skilyrði sem þjónustuveitanda er gert að uppfylla til að mega veita þjónustu án staðfestu á Íslandi skulu ekki vera strangari en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Þannig er alltaf óheimilt að setja skilyrði sem leiða til mismununar þrátt fyrir að það tengist undantekningunum sem kveðið er á um í 1. mgr. Lokaprófið á það hvort heimilt er að leggja ákveðið skilyrði á þjónustuveitanda sem veitir þjónustu án staðfestu er svo meðalhófið. Ef skilyrðið er ekki til þess fallið að ná einhverju af þeim markmiðum sem vísað er til í 1. mgr. er það ekki réttlætanlegt. Í því sambandi getur jafnvel þurft að meta hvort skilyrði sem gilda um þjónustuveitandi í öðru EES-ríki eru til þess fallinn að ná því markmiði sem stefnt er að. Mat á nauðsyn getur því oft þurft að fara fram í hverju tilfelli fyrir sig.

Í 4. mgr. eru talin upp í sjö liðum skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir því að þjónustuveitandi geti veitt þjónustu án staðfestu á Íslandi og er verið að innleiða 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. er óheimilt að gera kröfu um að þjónustuveitandi hafi starfsstöð á Íslandi enda kæmi skilyrði sem þetta eðli málsins samkvæmt í veg fyrir að hægt væri að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi líkt og kveðið er á um í 1. mgr.

Í 2. tölul. segir að óheimilt sé að gera kröfu um að þjónustuveitandi þurfi að sækja um leyfi til að veita þjónustu nema kveðið sé á um undantekningu frá því í þessum lögum eða öðrum lögum sem ganga þessum lögum framar. Á það meðal annars við um skilyrði sem kveða á um að þjónustuveitandi verði að skrá sig í opinberar skrár eða skrár fagfélaga eða fagsamtaka.

Skilyrði er leggja bann við því að þjónustuveitandi setji á fót tiltekna starfsemi sem hann þarfnast til að geta veitt þjónustu eru óheimilt skv. 3. tölul. Ástæðan er sú að þrátt fyrir að þjónustuveitandi veiti þjónustu án staðfestu getur hann þurft að hafa einhverja aðstöðu á Íslandi líkt og t.d. skrifstofu eða geymslu.

Bannað er að setja skilyrði sem kveður á um sérstakt samningsbundið fyrirkomulag milli þjónustuveitanda og viðtakanda sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu, sbr. 4. tölul. Þetta á t.d. við ef kveðið er á um að ákveðna þjónustu sé ekki hægt að veita sem sjálfstætt starfandi aðili heldur einungis í tengslum við ráðningarsamband.

Samkvæmt 5. tölul. er óheimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hafi undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi en slík skilyrði geta flækt og valdið töfum á aðgengi þjónustuveitanda að því að veita þjónustu.

Óheimilt er að kveða á um skilyrði sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar nema þau séu nauðsynleg vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað. Er hér m.a. átt við hvers konar verkfæri, vélar, vinnufatnað o.s.frv. Ákvæðið á hins vegar ekki við efni sem þjónustuveitandi þarf á að halda til að veita þjónustu. Ákvæðið hefur ekki heldur áhrif á rétt lögbærra yfirvalda til að kveða á um skilyrði sem eru nauðsynleg vegna heilbrigðs og öryggis á vinnustöðum.

Samkvæmt 7. tölul. er óheimilt að kveða á um skilyrði sem mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu, sbr. 14. gr. frumvarps þessa. Ástæðan er sú að kvaðir sem settar eru á hugsanlega viðtakendur þjónustu geta falið í sér óbeina hindrun á rétti þjón-

ustuveitanda til að veita þjónustu án staðfestu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli með það að þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. hafi greinin ekki áhrif á rétt lögbærs yfirvalds til að beita reglum sem kveðið er á um í kjarasamningum og er það tekið fram í 5. mgr. greinarinnar.

Eins og áður sagði er með 13. gr. verið að innleiða 16. gr. tilskipunarinnar. Í 17. gr. tilskipunarinnar er hins vegar að finna upptalningu á hinum ýmsu gerðum Evrópusambandsins sem og ýmiss konar þjónustu sem undanþegin er gildissviði IV. kafla frumvarpsins. Því er í 6. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að kveða á um almennar undanþágur frá skilyrðum greinarinnar í reglugerð.

Um 14. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er lögbæru yfirvaldi, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilt í undantekningartilfellum að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda sem hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi ef ráðstafanirnar eru gerðar til að tryggja öryggi þjónustu. Einungis er heimilt að nýta þessa undanþágu í sérstökum tilfellum er snúa að afmarkaðri þjónustu ákveðins þjónustuveitanda. Óheimilt er að nota ákvæði greinarinnar til að víkja almennt frá ákvæðum 13. gr. á ákveðnum þjónustusviðum eða með vísan til ákveðinnar tegundar þjónustuveitenda.

Samkvæmt 2. mgr. er lögbæru yfirvaldi einungis heimilt að grípa til ráðstafana í samræmi við 1. mgr. eftir að hafa leitað aðstoðar hjá lögbæru yfirvaldi í viðeigandi EES-ríki, sbr. ákvæði reglna er ráðherra setur og lúta að samvinnu stjórnvalda EES-ríkjanna vegna þjónustuviðskipta. Um frekari upplýsingar um reglurnar vísast til almennra athugasemda við 21. gr. Ákvæðið hefur það í för með sér að það er einungis heimilt að beita undanþágu 1. mgr. ef öryggi þjónustu er ógnað og ef ekki er hægt að vinna bót á því með aðstoð frá staðfestuaðildarríki þjónustuveitanda. Þau skilyrði sem lögbær yfirvöld á Íslandi setja verða að vera betur til þess fallin að tryggja öryggi þjónustu heldur en þau skilyrði sem staðfestuaðildarríkið hefur gripið til. Með þessari grein er 18. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd.

Um 15. gr.

Samkvæmt 15. gr. er óheimilt að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilfellum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur beint með hlutlægum viðmiðum. Er hér verið að innleiða 19. og 20. gr. tilskipunarinnar. Til að ná frjálsu flæði þjónustu á innri markaðnum er ekki einungis nauðsynlegt að tryggja þjónustuveitendum rétt til að veita þjónustu án staðfestu heldur er einnig nauðsynlegt að tryggja að viðtakendur þjónustu geti nýtt sér rétt sinn óháð staðfestu þeirra eða þjónustuveitenda. Ákvæðið útilokar hins vegar ekki með öllu að mismunandi reglur geti gilt um viðtakendur þjónustu eftir því hvar þeir eru með staðfestu. Eins kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að þjónustuveitandi mismuni viðtakendum eftir búsetu ef það byggist á viðskiptalegum forsendum, t.d. að þjónustan sé dýrari eftir því sem fjarlægð frá þjónustuveitanda eykst. Ákvæðið gildir um alla viðtakendur þjónustu en hugtakið er skilgreint í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær upplýsingar sem viðtakendur þjónustu, hvort sem þeir eru neytendur eða þjónustuveitendur, eiga að geta nálgast á Íslandi og er hér innleidd 21. gr. tilskipunarinnar. Tilgangurinn er sá að viðtakendur þjónustu geti auðveldlega valið sér þjónustuveitanda óháð staðfestu hans en skortur á upplýsingum gerir það að verkum að neytandi á erfitt með að bera saman kjör mismunandi þjónustuveitenda og veigrar sér jafnvel við því að leita til þjónustuveitenda sem ekki eru með staðfestu í sama ríki.

Samkvæmt 1. tölul. eiga viðtakendur að geta nálgast almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum EES-ríkjum varðandi aðgang að þjónustustarfsemi og því að stunda hana, einkum varðandi vernd neytenda. Ákvæði 2. tölul. kveður á um að almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda eigi að vera aðgengilegar viðtakendum og skv. 3. tölul. verður viðtakandi að geta fengið upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. evrópsku neytendaaðstoðina þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur geta fengið hagnýta aðstoð.

Samkvæmt 2. mgr. eiga upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum að fela í sér einfaldar leiðbeiningar um hvert skref fyrir sig og skulu þær vera uppfærðar og aðgengilegar með rafrænum hætti.

Megininntak greinarinnar er að viðtakandi á að geta fengið almennar upplýsingar en ákvæðið felur ekki í sér að lögbær yfirvöld verði að veita sértæka ítarlega aðstoð í einstökum málum. Samvinna lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna er lykilatriði en nánar er kveðið á um þá samvinnu í reglum sem ráðherra setur, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur ekki heldur þær skyldur á lögbær yfirvöld að hafa allar fyrrgreindar upplýsingar til reiðu heldur verða þau að geta aflað þeirra ef viðtakandi svo óskar.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um þær upplýsingar sem þjónustuveitendum er skylt að hafa tiltækar fyrir viðtakendur. Í mörgum tilfellum hafa viðtakendur þjónustu ekki nægar upplýsingar um þjónustuveitendur og þjónustu þeirra. Þessari grein er ætlað að auka möguleika viðtakenda á því að nálgast nauðsynlegar upplýsingar án þess að leggja of þungar byrðar á þjónustuveitendur. Með greininni er verið að innleiða 22. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 1. mgr. eru í tíu liðum taldar upp þær upplýsingar sem þurfa alltaf að vera aðgengilegar fyrir viðtakendur þjónustu, þ.e. upplýsingar um nafn, réttarstöðu, rekstrarform, heimilisfang og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þjónustuveitanda, sbr. 1. tölul., upplýsingar um skrár sem þjónustuveitandi er skráður í sem og upplýsingar um skráningarnúmer eða annað auðkenni þjónustuveitanda í skránni, sbr. 2. tölul., upplýsingar um viðeigandi lögbær yfirvöld ef starfsemin er háð leyfum, sbr. 3. tölul., virðisaukanúmer, sbr. 4. tölul., í tilfelli lögverndaðra starfsgreina öll fagfélög þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og EES-ríki þar sem starfsheitið er veitt, sbr. 5. tölul., staðlaða samningsskilmála sem þjónustuveitandi notar, þ.m.t. samningsskilmála er varða lög sem gilda um samninginn og þar til bæra dómstóla, sbr. 6. tölul., tilvist ábyrgðar á þjónustu eftir sölu, umfram lögbundna ábyrgð, sbr. 7. tölul., fyrirframákveðið verð, sbr. 8. tölul., helstu þætti þjónustunnar, sbr. 9. tölul., og starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir, hvernig hægt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða svæði tryggingarnar eða ábyrgðirnar eru bundnar, sbr. 10. tölul. Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki frekari skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. skulu upplýsingar skv. 1. mgr. koma fram í öllum upplýsingaskjölum sem þjónustuveitandi afhendir viðtakanda þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni. Þær skulu einnig vera aðgengilegar viðtakanda með rafrænum hætti og þar sem þjónustan er veitt. Að öðru leyti er þjónustuveitanda í sjálfsvald sett hvernig hann kemur upplýsingunum á framfæri.

Samkvæmt 3. mgr. ber þjónustuveitanda að leggja fram þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. 3. mgr. til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr. ef viðtakandi óskar eftir því. Er hér um að ræða upplýsingar um verð eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út verð ef þjónustuveitandi getur ekki gefið verðið upp fyrir fram, sbr. 1. tölul., starfsreglur sem gilda um þjónustuveitanda í staðfestuaðildarríki hans, sé um lögverndaðar starfsgreinar að ræða, sbr. 2. tölul., upplýsingar um þverfaglega starfsemi og samstarf þjónustuveitenda sem tengist viðkomandi þjónustu og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, sbr. 3. tölul., allar siðareglur starfsstétta sem þjónustuveitandi er bundinn af, hvar þær er að finna með rafrænum hætti og á hvaða tungumáli þær eru tiltækar, sbr. 4. tölul., og upplýsingar um þær einkaréttarlegu úrlausnarleiðir í ágreiningsmálum sem tiltækar eru, hvað einkenni slíkar leiðir og hver séu skilyrði þess að nota slíkar aðferðir, sbr. 5. tölul. Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 4. mgr. segir að upplýsingarnar sem kveðið er á um í greininni skuli liggja fyrir áður en samningur er gerður. Ef ekki er um formlegan samning að ræða skulu þær liggja fyrir innan hæfilegs tíma áður en þjónustan er veitt.

5. mgr. kveður svo á um að þjónustuveitandi skuli svara beiðni viðtakanda þjónustu um upplýsingar eða kvörtun svo fljótt sem auðið er og leggja sig fram um að finna viðeigandi lausn fyrir viðtakanda þjónustu. Er hér innleidd 1. mgr. 27. gr. tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt er að krefjast þess að þjónustuveitandi afli sér starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðar á Íslandi ef þjónustuveitandinn er þegar með ábyrgð eða vátryggingu gefna út af lánastofnun eða vátryggjanda sem hefur starfsleyfi í öðru EES-ríki, og hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi í samræmi við lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, sem er jafngild eða í meginatriðum sambærileg við þá tryggingu sem krafist er. Ef tryggingin eða ábyrgðin er aðeins sambærileg að hluta er heimilt að krefjast viðbótartryggingar vegna þeirra þátta sem ekki falla undir fyrirliggjandi tryggingu. Með greininni er verið að innleiða 23. gr. þjónustutilskipunarinnar. Lögbært yfirvald verður að leggja mat á það hvort tryggingin eða ábyrgðin telst jafngild eða í meginatriðum sambærileg í ljósi tilgangs og skilmála tryggingarinnar.

Um 19. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að kveða á um allsherjarbann við markaðssetningu lögverndaðra starfsstétta. Hugtakið „markaðssetning“ er skilgreint í 11. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Bann við allsherjarmarkaðssetningu kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar séu reglur t.d. um innihald og skilyrði auglýsinga og annarrar markaðssetningar. Þá er heimilt að kveða á um bann við markaðssetningu vegna brýnna almannahagsmuna svo fremi að gætt sé jafnræðis og meðalhófs. Er hér innleidd 24. gr. tilskipunarinnar.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. mgr. kveður á um að þjónustuveitandi hafi rétt á að stunda þverfaglega starfsemi sjálfur og í samstarfi með öðrum en takmörkun á þessum rétti getur takmarkað framboð þjónustu og hindrað þróun nýrrar þjónustustarfsemi. Hugtakið „þverfaglega starfsemi“ er skilgreint í 10. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Þá segir einnig í greininni að í slíkum tilfellum skuli tryggja að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, að ekki leiki vafi á sjálfstæði og óhlutdrægni hverrar starfsemi fyrir sig og að reglur viðeigandi starfsstétta stangist ekki á, sérstaklega hvað varðar þagnarskyldu.

Þá segir í 2. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt að takmarka annars vegar þverfaglega starfsemi lögverndaðra starfsstétta, til að tryggja að farið sé að reglum um siðferðilega breytni starfsstétta og til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni, sbr. 1. tölul., og hins vegar þjónustuveitenda sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni, sbr. 2. tölul. Gildir ákvæðið óháð því hvort hindranirnar er að finna í lögum eða reglum settum af stjórnvöldum, sveitarfélögum eða fagfélögum, fagsamtökum eða öðrum fagstofnunum.

Um 21. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skulu íslensk stjórnvöld eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu. Til að markmið tilskipunarinnar um aukið flæði þjónustu með afnámi hindrana og einföldun ferla náist er afar mikilvægt að aðildarríkin eigi með sér gott samstarf. Samvinna stjórnvalda er einnig afar mikilvæg til að tryggja nægjanlegt eftirlit með þjónustuveitendum, sérstaklega þegar um er að ræða að þjónusta sé veitt án staðfestu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórnvöld er hafi með höndum leyfisveitingar eða eftirlit með þjónustuveitendum hafa heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi (Internal Market Information system). Með sama hætti er stjórnvöldum heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í skrá. Miðlun með öðrum hætti er óheimil.

Samkvæmt 3. mgr. setur ráðherra nánari reglur um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu á sviði stjórnsýslu í tengslum við lög þessi. Tilskipunin hefur að geyma ítarlegar reglur um samvinnu stjórnvalda sem betur eiga heima í reglugerð en lögum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Samkvæmt greininni skal gildistaka laganna miðast við 28. desember 2009 en skv. 44. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa innleitt tilskipunina fyrir þann tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innleidd verði í íslenskan rétt efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123 um þjónustu á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Tilgangur frumvarpsins er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan EES. Gildissvið frumvarpsins er víðtækt en þó eru mörg stór þjónustusvið undanskilin gildissviði þess svo sem heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og fjármálaþjónusta. Í frumvarpinu er kveðið á um í hvaða tilfellum heimilt er að láta aðgang að því að veita þjónustu vera háðan leyfum og hvaða skilyrði óheimilt er að setja fyrir veitingu leyfa. Þá skulu gilda mismunandi reglur eftir því hvort þjónustuveitandi hyggst veita þjónustu með eða án staðfestu. Gert er ráð fyrir að þjónustuveitendur geti sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum aðilum með sama hætti. Í því sambandi hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustu-veitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti en sú vinna er hluti af verkefninu island.is.

Gert er ráð fyrir að 40% stöðugildi þurfi til að sinna upplýsingaskyldu vegna þjónustutilskipunarinnar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og að árlegur kostnaður vegna þess verði 4,6 m.kr. Hjá forsætisráðuneytinu er gert ráð fyrir að við innleiðingu þjónustutilskipunarinnar þurfi 50% stöðugildi til þess að viðhalda þjónustuveitunni, hanna, setja upp og skipuleggja nýtt vefsvæði auk aðkeyptrar þjónustu vegna þýðingarvinnu við að koma upp gagnvirkum eyðublöðum á ensku til viðbótar þeim íslensku. Áætlað er að árlegur kostnaður vegna þessa verði samtals um 9,5 m.kr. Að auki er hjá forsætisráðuneytinu gert ráð fyrir að á árinu 2011 muni falla til kostnaður við tæknilega þróun og notkun rafrænna skilríkja milli landa. Um kostnað vegna þess verkefnis ríkir mikil óvissa en áætlað er að hann geti numið um 10 m.kr. og falli til á árinu 2011.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs kunni að aukast um 14 m.kr. á árinu 2010. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010.

322. Frumvarp til laga [278. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi sýslumanns. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „skal veitt til fimm ára í senn og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.
c. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.
d. 2. mgr. orðast svo:

   Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

a. Orðin „í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

6. gr.

Orðin „í umdæmi sínu“ í 5. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

7. gr.

Orðin „og vera veitt til fimm ára í senn“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald.

8. gr.

1. tölul. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Vera búsettur hér á landi. Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

9. gr.

Í stað orðsins „starfsleyfi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: heimild til að veita þjónustu.

VI. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994.

10. gr.

1. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.
b. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 2. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.

VIII. KAFLI

Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998.

12. gr.

Við 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal umsókn um leyfi beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hið sama gildir um ríkisborgara Færeyja og lögaðila þar í landi.

IX. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 28. desember 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Með frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, eru efnisákvæði tilskipunarinnar innleidd. Með þessu frumvarpi eru hins vegar gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum.

Ákvæði tilskipunarinnar gera kröfu um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi þau eins og kostur er. Samkvæmt ákvæðum hennar er aðildarríkjunum óheimilt að setja ákveðin skilyrði fyrir veitingu leyfa en eins er kveðið á um ákveðna málsmeðferð við leyfisveitingu.

Í ljósi þessa voru öll ráðuneyti beðin um að yfirfara löggjöf á sínu sviði til að kanna hvort hún stangaðist á við ákvæði tilskipunarinnar og gera tillögu að breytingum. Niðurstöður þeirrar yfirferðar er að finna í frumvarpi þessu.

Um nánari skýringar á þjónustutilskipuninni og skilyrðum hennar vísast til frumvarps til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2007 segir að til að öðlast rekstrarleyfi fyrir þeirri starfsemi sem fellur undir lögin sé skilyrði að hafa búsetu á Íslandi. Í greininni er lagt til að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu né ríkisborgara og lögaðila í Færeyjum, enda er slíkt skilyrði í andstöðu við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um verslunaratvinnu veita sýslumenn, hver í sínu umdæmi, leyfi til verslunar með notuð ökutæki. Í þessari grein er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að það verkefni verði fært í hendur einu sýslumannsembætti. Breytingin er til þess fallin að einfalda leyfisveitingarferlið en á undanförnum árum hefur færst í vöxt að ákveðnir sýslumenn taki að sér verkefni sem áður heyrðu undir alla sýslumenn, sbr. löggildingu fasteignasala sem nú fer alfarið fram hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, óháð því hvar á landinu fasteignasalinn hyggst starfa.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt núgildandi lögum eru leyfi til sölu notaðra ökutækja veitt til fimm ára í senn. Hér er lagt til að þau tímamörk verði felld úr gildi og að leyfin verði ótímabundin. Í 9. gr. frumvarps til laga um þjónustuviðskipti er kveðið á um í hvaða tilfellum er heimilt að tímabinda leyfi, sbr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar. Þar segir að óheimilt sé að veita leyfi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Í þessu tilfelli er ekki talið nauðsynlegt að tímabinda leyfið með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða, nægjanlegt sé að hafa eftirlit með starfseminni.

Um b-lið.

Í a-lið 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga segir að til að öðlast heimild til að versla með notuð ökutæki sé skilyrði að hafa búsetu á Íslandi. Hér er lagt til að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, enda er slíkt skilyrði í andstöðu við ákvæði tilskipunarinnar.

Um c-lið.

Samkvæmt núgildandi lögum verður aðili að hafa starfsábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi til að geta öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja. Hér er lagt til að í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ komi: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi. Með þessari breytingu er tekinn af allur vafi um það að hér er átt við íslensk vátryggingafélög, vátryggingafélög sem hafa starfsstöðvar hér á landi sem og vátryggingafélög sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar, í samræmi við lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Um d-lið.

Í 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga er tekið fram að stjórnarmenn lögaðila skuli uppfylla skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Í þessum lið er verið að laga orðalag 2. mgr. 13. gr. ásamt því að fella niður vísun til þess að búsetuskilyrði 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. eigi ekki við um stjórnarmenn sem búsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum en skv. a-lið 3. gr. frumvarps þessa er sams konar undanþága frá búsetuskilyrði nú tekin fram í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. og því óþarfi að hún sé endurtekin í 2. mgr. 13. gr.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að veiting leyfis til verslunar með notuð ökutæki verði hjá einum sýslumanni, óháð því hvar á landinu bílasalan hyggst starfa. Af þeim sökum er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti einnig ákveðið að skráning leyfa sé hjá einum sýslumanni, en samkvæmt núgildandi lögum eru það lögreglustjórar sem halda skrá yfir þá sem hafa leyfi til sölu notaðra bifreiða. Eftirlit með starfsemi bílasala er eftir sem áður í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

Um 5. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um verslunaratvinnu hafa þeir sem eru með skráðan verslunarrekstur samkvæmt lögunum heimild til að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði en frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi sýslumanns í því umdæmi sem uppboðið skal haldið hverju sinni. Í þessari grein er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að sú leyfisveiting verði færð til eins sýslumanns. Breytingin er til þess fallin að einfalda leyfisveitingarferlið en á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að ákveðnir sýslumenn taki að sér verkefni sem áður hafa heyrt undir alla sýslumenn og má í því sambandi nefna

löggildingu fasteignasala sem nú fer alfarið fram hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, óháð því hvar á landinu fasteignasalinn hyggst starfa.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 146/1996 veitt til fimm ára í senn en með þessari grein er lagt til að þau tímamörk verði felld úr gildi og að leyfin verði veitt ótímabundið. Í 9. gr. frumvarps til laga um þjónustuviðskipti er kveðið á um í hvaða tilfellum heimilt sé að tímabinda leyfi og er þar verið að innleiða 11. gr. þjónustutilskipunarinnar. Þar segir að óheimilt sé að veita leyfi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Í þessu tilfelli er ekki talið nauðsynlegt að tímabinda gildistíma leyfisins með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða, nægjanlegt sé að hafa eftirlit með starfseminni.

Um 8. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga segir að til að öðlast viðurkenningu sem bókari verði aðili að vera heimilisfastur á Íslandi. Með breytingunum er lagt til að í stað þess að kveða á um heimilisfesti verði kveðið á um búsetu og að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við c-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. núgildandi laga verður sá sem ætlar að reka leigumiðlun að eiga lögheimili á Íslandi. Það skilyrði stangast á við ákvæði þjónustutilskipunarinnar og því er lagt til að það verði fellt niður.

Um 11. gr.

Hvað a-lið varðar, sjá athugasemdir við 1. gr., b-lið 3. gr. og 8. gr. frumvarpsins og hvað b-lið varðar, sjá athugasemdir við c-lið 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Samkvæmt núgildandi vopnalögum skal beina umsóknum um leyfi samkvæmt lögunum til lögreglustjóra í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili. Það gerir það að verkum að eingöngu þeir sem eiga lögheimili á Íslandi geta sótt um slíkt leyfi en það skilyrði er ósamrýmanlegt þjónustutilskipuninni. Af þeim sökum er lagt til að ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skuli beina umsókn um leyfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Um 13. gr.

Samkvæmt ákvæðum þjónustutilskipunarinnar og ákvæðum frumvarps til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins skal tilskipunin vera að fullu innleidd 28. desember 2009. Af þeim sökum er lagt til að lögin öðlist gildi 28. desember 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Markmið frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123 um þjónustu á innri markaðnum en frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaðnum. Við undirbúning frumvarpsins voru öll ráðuneyti beðin um að yfirfara löggjöf á sínu sviði til að kanna hvort hún stangaðist á við ákvæði þjónustutilskipunarinnar. Niðurstaða þeirrar yfirferðar er að finna í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er meðal annars gert ráð fyrir að lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, verði breytt á þann veg að skilyrði sem kveður á um að búseta á Íslandi sé forsenda rekstrarleyfis samkvæmt lögunum gildi ekki um ríkisborgara og lögaðila innan EES, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Sams konar breytingar eru lagðar til í lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 145/1994, um bókhald og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur. Þá er lagt til að tímabinding leyfa samkvæmt lögum um verslunaratvinnu og samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, verði felld niður en þau eru nú veitt til fimm ára í senn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

323. Frumvarp til laga [279. mál]

um rannsókn samgönguslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir.

Rannsókn samkvæmt lögum þessum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er slík rannsókn óháð rannsóknum rannsóknarnefndar samgönguslysa samkvæmt lögum þessum.

Þegar við á skulu rannsóknir samkvæmt lögum þessum einnig ná til fyrirkomulags tilkynninga um slys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum slysa.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika er heyra undir rannsóknarnefnd samgönguslysa.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Alvarlegt flugatvik:* Flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að legið hafi við slysi.
b. *Alvarlegt umferðaratvik:* Atvik eða kringumstæður í tengslum við umferð ökutækja, sem ekki er umferðarslys, en getur leitt til alvarlegs slyss á vegfarendum eða tjóni á ökutækjum, umferðarmannvirkjum og umhverfi, sé því ekki afstýrt.
c. *Banaslys:* Samgönguslys þegar einstaklingur lætur lífið innan 30 daga frá þeim degi er slysið varð, enda verði banamein hans að nokkru eða öllu leyti rakið til slyssins.
d. *Flugslys:* Atburður sem verður í tengslum við starfrækslu loftfars frá því að maður fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði þar sem:
    1. maður lætur lífið eða hlýtur alvarleg meiðsl vegna þess að:
        – hann var um borð í loftfarinu, eða
        – hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu, eða
        – hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils,

nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum mannsins sjálfs eða annarra eða þegar meiðsl verða á laumufarþegum sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að; eða

2. loftfar verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki þess sem:
   – hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika og
   – mundi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhlut,

   nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við hreyfil, hlífar hans eða fylgibúnað eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smádældir eða göt á ytra byrði loftfarsins; eða
3. loftfars er saknað, þ.e. þegar opinberri leit hefur verið hætt og flak hefur ekki fundist, eða engin leið er að komast að því.

e. *Flugumferðaratvik:* Flugatvik sem aðallega tengist reglum er varða flugumferðarþjónustu og þar sem loftför fara hvort fram hjá öðru í slíkri nánd að hættuástand verður eða þar sem aðrir erfiðleikar, sem orsakast af ófullnægjandi starfsaðferðum eða af því að ekki var farið eftir viðurkenndum starfsaðferðum eða af göllum í tækjabúnaði á jörðu, valda því að hættuástand verður.
f. *Orsakir:* Aðgerðir, aðgerðaleysi, atvik eða aðstæður, eða sambland af þessu, sem leiddi til slyss eða atviks.
g. *Rannsókn:* Ferli athugana sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir endurtekningu sambærilegs samgönguslyss eða samgönguatviks og felast í því að safna upplýsingum og greina þær, draga af þeim ályktanir, þar á meðal að greina orsakir, og setja fram tillögur um úrbætur í öryggismálum þegar það á við.
h. *Rannsóknarnefnd:* Rannsóknarnefnd samgönguslysa sem kveðið er á um í lögum þessum.
i. *Rannsóknarstjóri:* Sá sem hefur yfirumsjón með tilteknum flokki slysarannsókna.
j. *Samgönguslys:* Flugslys, sjóslys og umferðarslys í samræmi við orðskýringar í lögum þessum.
k. *Samgönguatvik:* Alvarlegt flugatvik, alvarlegt umferðaratvik og sjóatvik í samræmi við orðskýringar í lögum þessum.
l. *Sjóatvik:* Sá atburður, eða röð atburða, annar en sjóslys, sem gerst hefur í beinum tengslum við útgerð skips, sem stofnar í hættu öryggi skipsins, þeirra sem um borð eru eða annarra eða umhverfisins sé atburðinum ekki afstýrt. Undir sjóatvik falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleysi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.
m. *Sjóslys:* Sá atburður eða röð atburða sem í tengslum við rekstur skips leiðir til einhvers af eftirfarandi:
   1. dauðsfalls eða alvarlegra meiðsla á manni;
   2. maður fellur fyrir borð;
   3. skip ferst, ætla má að skip hafi farist eða verið yfirgefið;
   4. skemmdir verða á skipi;
   5. skip strandar eða verður ófært til siglinga eða skip lendir í árekstri;
   6. skemmdir verða í tengslum við útgerð skips á utanáliggjandi búnaði/virki skips sem gæti sett öryggi skipsins í hættu eða annað skip eða einstakling;
   7. mikil umhverfisspjöll verða eða mögulega alvarleg umhverfisspjöll sem gætu hlotist af tjóni skips eða skipa.

Undir sjóslys falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleysi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.

n. *Stjórnandi rannsóknar:* Sá sem ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og stjórn einstakrar rannsóknar auk þess að taka þátt í rannsókninni.

o. *Tillögur um úrbætur:* Tillögur í öryggisátt frá rannsóknarnefnd samgönguslysa, byggðar á upplýsingum úr tiltekinni rannsókn og settar fram í því skyni að koma í veg fyrir samgönguslys og samgönguatvik.

p. *Trúnaðarfulltrúi:* Maður sem á grundvelli menntunar og hæfis er tilnefndur af ríki til að taka þátt í rannsókn sem framkvæmd er af öðru ríki.

q. *Umferðarslys:* Þar sem a.m.k. eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að slysi á opinberum vegi, einkavegi eða svæði sem opið er almennri umferð.

II. KAFLI
Um rannsóknarnefnd samgönguslysa.

4. gr.
Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Rannsóknir samgönguslysa og samgönguatvika skulu vera í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa sem annast rannsókn á einstökum slysa- og atvikaflokkum eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Rannsóknarnefndin skal ákveða sjálf hvenær efni eru til rannsóknar samgönguslysa og samgönguatvika samkvæmt lögum þessum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal við rannsóknir sínar starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum og skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

Þegar slys sem rannsóknarnefnd rannsakar verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð sakamála er rannsóknarnefnd heimilt að veita lögreglu almennar upplýsingar um rannsókn vettvangs ef við á, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 27. gr. Rannsóknarnefndinni er einnig heimilt að veita lögreglu aðstoð við úrlausn tæknilegra álitaefna.

5. gr.
Nefndarmenn.

Ráðherra skipar fimm menn í rannsóknarnefnd samgönguslysa til fimm ára í senn auk fjögurra varamanna. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan staðgengil hans. Formaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, þ.m.t. fjárreiðum hennar, og gætir þess að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Formaður ræður annað starfsfólk til nefndarinnar.

Að minnsta kosti þrír nefndarmenn skulu taka þátt í meðferð hvers máls sem til rannsóknar er.

Nefndarmenn rannsóknarnefndar skulu hafa menntun eða starfsreynslu á sviði sem nýtist við rannsóknir samgönguslysa.

6. gr.

Stjórnandi rannsóknar.

Stjórnandi rannsóknar stýrir rannsóknum einstakra slysa og atvika í umboði og á ábyrgð rannsóknarnefndar samgönguslysa. Stjórnandi rannsóknar tekur þátt í rannsókn einstakra slysa og skal hafa sérmenntun og starfsreynslu sem nýtist við rannsóknir á sviði samgönguslysa.

7. gr.

Um hæfi.

Formaður rannsóknarnefndar samgönguslysa, rannsóknarstjórar og stjórnendur rannsókna mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga er starfa í samgöngurekstri á hlutaðeigandi sviðum eða vera í slíkum hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

8. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Þagnarskylda, nafnleynd.

Formaður og nefndarmenn rannsóknarnefndar samgönguslysa sem og starfsmenn nefndarinnar, auk annarra sem starfa í hennar þágu, skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa sinna. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og/eða almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Við meðferð mála hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa skal gæta nafnleyndar þeirra sem tengjast slysi, þ.m.t. í lokaskýrslum.

10. gr.

Framsal rannsóknar.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að fela öðru ríki að annast rannsókn samgönguslyss og samgönguatviks að hluta til eða öllu leyti.

III. KAFLI

Rannsókn flugslysa.

11. gr.

Lögsaga við rannsókn flugslysa.

Lögsaga rannsóknarnefndar samgönguslysa við rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika tekur til íslensks yfirráðasvæðis og þess svæðis sem Íslandi hefur verið falið að veita þjónustu á að því er varðar flugslys, alvarleg flugatvik og flugumferðaratvik í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftfar á hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði;

b. flugslys þar sem loftfar skráð á Íslandi á hlut að máli og verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina;
c. flugslys, þar sem loftfar skráð á Íslandi á hlut að máli og verður utan íslensks yfirráðasvæðis, svo sem þegar ekki er vitað um staðsetningu flugslyss eða til að veita viðeigandi aðstoð við rannsókn annars ríkis. Haft skal samráð við erlend ríki þegar það á við; og
d. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir því svæði sem Íslandi eða veitanda flugleiðsöguþjónustu hefur verið falið að veita flugleiðsöguþjónustu á, utan íslensks yfirráðasvæðis, og skráningarríki loftfars hlutast ekki til um rannsókn.

12. gr.

Tilkynningarskylda vegna flugslysa.

Verði flugslys eða alvarlegt flugatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

Sérstaka skyldu í þessu tilliti hafa:

a. Stjórnendur og eigendur eða umráðamenn loftfara.
b. Flugmálastjórn Íslands, flugrekendur, lögregla, rekstraraðilar flugvalla og veitendur flugleiðsöguþjónustu.
c. Opinberar stofnanir á sviði eftirlits með flugsamgöngum, Sjúkratryggingastofnun og tryggingafélög með starfsstöðvar hér á landi, auk annarra sem hafa fengið vitneskju um flugslys eða alvarlegt flugatvik.

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys eða alvarlegt flugatvik hafi orðið.

13. gr.

Tilkynningar til erlendra ríkja og aðila.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal tilkynna eins fljótt og verða má um flugslys eða alvarlegt flugatvik sem henni hefur orðið kunnugt um, í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.

Þegar tekið er til rannsóknar flugslys eða alvarlegt flugatvik sem varðar loftfar skráð hér á landi skal nefndin tilkynna slíkt í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.

Berist rannsóknarnefnd tilkynning erlends ríkis um flugslys eða alvarlegt flugatvik skal hún þegar í stað hlutast til um að viðeigandi upplýsingar er varða loftfar skráð hér á landi berist til þess ríkis þar sem slysið eða atvikið átti sér stað. Tilkynna þarf erlendu ríki sem annast rannsókn á slysi er varðar loftfar skráð á Íslandi hvort rannsóknarnefndin muni skipa fulltrúa og ráðgjafa við rannsóknina.

14. gr.

Þátttaka erlendra ríkja í rannsókn máls.

Heimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita yfirvöldum í ríki þar sem:

a. loftfar er skráð;
b. flugrekstrarleyfi viðkomandi flugrekanda er útgefið;
c. loftfar er hannað;
d. loftfar er framleitt;

rétt til að tilnefna trúnaðarfulltrúa, einn eða fleiri, til þátttöku í rannsókn máls. Skal slíkum fulltrúa heimill aðgangur að rannsókn, vettvangi, rannsóknargögnum og upplýsingum og gef-

inn kostur á að koma á framfæri tillögum í þágu rannsóknar. Jafnframt skal veita rétt til að kalla til ráðgjafa, einn eða fleiri, til aðstoðar trúnaðarfulltrúanum.

Ákveði skráningarríki eða ríki sem gefur út flugrekstrarleyfi flugrekanda að tilnefna ekki fulltrúa er rannsóknarnefndinni heimilt að bjóða viðkomandi flugrekanda að taka þátt í rannsókninni.

Ákveði ríki þess sem hannar loftfarið og ríki framleiðanda að taka ekki þátt í rannsókninni er rannsóknarnefndinni heimilt að bjóða viðkomandi aðila sem annaðist tegundarvottun, hönnun loftfarsins og/eða framleiðslu þess að taka þátt í rannsókninni.

Telji rannsóknarnefnd það vera rannsókn til framdráttar skal henni heimilt að bjóða einnig hönnuðum eða framleiðendum íhlutar þátttöku í rannsókn máls.

Öðrum ríkjum sem samkvæmt beiðni rannsóknarnefndar veita upplýsingar, aðstöðu eða sérfræðiþekkingu í þágu rannsóknar máls skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til þátttöku í rannsókn máls. Rannsóknarnefndinni skal heimilt að takmarka upplýsingagjöf og þátttöku við þau málefni sem aðstoð lýtur að.

Fulltrúar erlendra ríkja skulu bundnir þagnarskyldu um framgang og niðurstöður rannsóknar nema rannsóknarnefnd leysi þá undan slíkri þagnarskyldu sérstaklega.

Erlendum ríkjum sem hafa sérstakan áhuga á rannsókn máls þar sem ríkisborgarar þess hafa látist eða slasast alvarlega í slysi er rannsókn lýtur að skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til að heimsækja vettvang, fá aðgang að grunnupplýsingum, taka þátt í að bera kennsl á þá látnu, taka skýrslur af ríkisborgurum sínum sem eftir lifa og fá eintak af lokaskýrslu nefndarinnar. Sé stór hluti farþega sem slasast alvarlega eða lætur lífið erlendir ríkisborgarar skal rannsóknarnefnd heimilt að bjóða því ríki eða ríkjum þátttöku í rannsókn máls.

IV. KAFLI
Rannsókn sjóslysa.

15. gr.
Lögsaga við rannsókn sjóslysa.

Lögsaga rannsóknarnefndar við rannsókn sjóslysa og sjóatvika tekur til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá Íslandi þegar sjóslys eða sjóatvik varðar íslenska hagsmuni. Nefndinni er heimilt að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu ef nefndin telur ástæðu til þess eða þess er óskað af skrásetningarríki.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. sjóslys þar sem skráð skip á hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði;
b. sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum;
c. slys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þ.m.t. skipum undir 6 metrum að lengd;
d. slys við köfun í atvinnuskyni við strendur Íslands.

16. gr.
Tilkynningarskylda vegna sjóslysa.

Verði sjóslys eða sjóatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

Sérstaka skyldu í þessu tilliti hafa:

a. Stjórnendur og eigendur eða útgerðarmenn skipa.
b. Landhelgisgæsla Íslands, lögregla, rekstraraðilar hafna, Tollstjóri og Vaktstöð siglinga.
c. Opinberar stofnanir á sviði eftirlits með skipasamgöngum, Sjúkratryggingastofnun og tryggingafélög með starfsstöðvar hér á landi, auk annarra sem hafa fengið vitneskju um slys eða atvik.

Sama gildir um hvern þann sem finnur skip eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að sjóslys eða sjóatvik hafi orðið.

17. gr.

Tilkynningar til erlendra ríkja og aðila.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal tilkynna eins fljótt og verða má um sjóslys eða alvarlegt sjóatvik sem verður innan íslenskrar landhelgi og/eða innan efnahagslögsögu Íslands til hlutaðeigandi ríkis þar sem skip er skráð og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Berist rannsóknarnefnd tilkynning erlends ríkis um sjóslys eða alvarlegt sjóatvik skal hún þegar í stað hlutast til um að viðeigandi upplýsingar er varða skip skráð hér á landi berist til þess ríkis þar sem slysið eða atvikið átti sér stað.

18. gr.

Þátttaka erlendra ríkja í rannsókn máls.

Heimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita yfirvöldum í ríki þar sem skip er skráð rétt til að tilnefna trúnaðarfulltrúa, einn eða fleiri, til þátttöku í rannsókn máls. Skal slíkum fulltrúa heimill aðgangur að rannsókn, vettvangi, rannsóknargögnum og upplýsingum og gefinn kostur á að koma á framfæri tillögum í þágu rannsóknar. Jafnframt skal veita rétt til að kalla til ráðgjafa, einn eða fleiri, til aðstoðar trúnaðarfulltrúanum.

Fulltrúar erlendra ríkja skulu bundnir þagnarskyldu um framgang og niðurstöður rannsóknar nema rannsóknarnefnd leysi þá undan slíkri þagnarskyldu sérstaklega.

Erlendum ríkjum sem hafa sérstakan áhuga á rannsókn máls þar sem ríkisborgarar þess hafa látist eða slasast alvarlega í slysi er rannsókn lýtur að skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til að heimsækja vettvang, fá aðgang að grunnupplýsingum, taka þátt í að bera kennsl á þá látnu, taka skýrslur af ríkisborgurum sínum sem eftir lifa og fá eintak af lokaskýrslu nefndarinnar. Sé stór hluti farþega sem slasast alvarlega eða lætur lífið erlendir ríkisborgarar skal rannsóknarnefnd heimilt að bjóða því ríki eða ríkjum þátttöku í rannsókn máls.

V. KAFLI

Rannsókn umferðarslysa.

19. gr.

Lögsaga við rannsókn umferðarslysa.

Lögsaga við rannsókn umferðarslysa tekur til rannsóknar umferðarslysa og alvarlegra umferðaratvika á Íslandi.

20. gr.

Tilkynningarskylda vegna umferðarslysa.

Verði umferðarslys samkvæmt lögum þessum, skal vaktstöð samræmdrar neyðarsímsvörunar eða lögreglan svo fljótt sem verða má koma boðum um umferðarslysið til rannsóknar-

nefndar samgönguslysa. Stjórnandi rannsóknar skal tilkynna vaktstöð eða lögreglu svo fljótt sem kostur er hvort hann hyggist koma á vettvang slyssins.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði um málsmeðferð o.fl.

21. gr.
Vettvangur slyss.

Lögregla fer með stjórn á vettvangi samgönguslyss eða samgönguatviks að svo miklu leyti sem slík stjórnum er ekki á ábyrgð Landhelgisgæslunnar, sbr. lög um Landhelgisgæslu Íslands.

Að björgun lokinni fer rannsóknarnefnd samgönguslysa með stjórn vettvangs, sbr. 22. gr. Ef ekki er þörf á björgun verður vettvangur alfarið í höndum rannsóknarnefndar.

Á vettvangi samgönguslyss má hvorki hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess og innihald né hrófla við ummerkjum slyssins uns vettvangsrannsókn er lokið nema með heimild rannsóknarnefndar. Án slíkrar heimildar má þó hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að bjarga mönnum og verðmætum og til að afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfar, skip og ökutæki, hluti þess eða innihald valdi háska.

Verði sjóslys á hafi úti eða þar sem eigi verður komist hjá því að breyta vettvangi áður en vettvangsrannsókn fer fram er skipstjóra, öðrum skipstjórnarmönnum eða þeim sem fara með stjórn á vettvangi skylt að gera ítarlega skýrslu um vettvang, tildrög slyss og hverjir voru á vettvangi við störf eða annað. Skipstjórnarmönnum eða öðrum sem fara með stjórn á vettvangi er skylt að taka til varðveislu hvers konar hluti sem bila.

Í þeim tilvikum þegar viðgerð á tæki úti á sjó er óumflýjanleg er skipstjóra eða öðrum skipstjórnarmönnum skylt að sjá um að ítarleg skýrsla sé gerð um bilunina og viðgerðina og að allir hlutir sem taka þarf burt og setja nýja í staðinn séu varðveittir. Slíkar skýrslur, svo og allir hlutir sem skylt er að taka til varðveislu um borð í skipi í sambandi við slys, skulu afhentar rannsóknarnefnd við komu til hafnar.

22. gr.
Vettvangsrannsókn.

Við vettvangsrannsókn á vegum rannsóknarnefndar samgönguslysa skal yfirstjórn hennar vera í höndum stjórnanda rannsóknar, í samráði við rannsóknarnefnd eins og unnt er.

Stjórnandi rannsóknar, rannsóknarnefndin og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi slyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Stjórnandi rannsóknar skal hafa rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu og aðra opinbera aðila, svo og björgunar- og hjálparlið.

Stjórnandi rannsóknar skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi. Réttur stjórnanda rannsóknar til skýrslutöku nær einnig til þeirra sem fluttir hafa verið af vettvangi eða farið þaðan sjálfir.

Þegar slys eða atvik verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð sakamála skal rannsóknarnefndin veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Um afhendingu gagna skal fara skv. 27. gr., sbr. þó 28. gr.

23. gr.

Vörslutaka muna.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að taka til vörslu eða halda loftfari, skipi eða ökutæki eða hluta þeirra, búnaði og öðru sem ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn.

Rannsóknarnefnd skal svo fljótt sem verða má og að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna láta af hendi það sem tekið hefur verið til vörslu eða haldið skv. 1. mgr.

Hafi lögregla tekið muni til vörslu eða lagt hald á þá samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sem þýðingu geta haft við rannsókn rannsóknarnefndar, er heimilt að krefjast þess að þeir verði ekki afhentir eiganda eða öðrum lögmætum rétthafa nema að höfðu samráði við stjórnanda rannsóknar.

24. gr.

Varðveisla rannsóknargagna.

Vernda skal sönnunargögn á vettvangi eins og mögulegt er með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Ljósmynda skal eða varðveita með öðrum hætti þau sönnunargögn sem kunna að vera hverful, verða fjarlægð, týnast eða eyðileggjast.

Varðveita skal tryggilega þau gögn sem tekin eru í vörslu nefndarinnar svo að þau spillist ekki eða skemmist og hindra óviðkomandi aðgang að þeim sem og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þjófnað.

25. gr.

Skýrslutökur, gagnaöflun.

Aðila máls, fyrirsvarsmanni hans og öðrum þeim sem rannsóknarnefnd samgönguslysa telur nauðsynlegt að gefi skýrslu til að upplýsa mál sem er til meðferðar er skylt að koma fyrir nefndina til að svara spurningum sem til þeirra er beint, í samræmi við ákvæði laga þessara.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að taka skýrslur, og hljóð- og myndrita þær, af eiganda, notanda eða umráðanda loftfars, skips eða ökutækis, stjórnanda þess, áhöfn og farþegum, flugrekendum og starfsmönnum flugleiðsöguþjónustu, flugvalla, hafna og umferðarmannvirkja og eftirlitsyfirvalda, svo og hverjum öðrum sem ætla má að búi yfir vitneskju er stuðlað geti að því að leiða í ljós orsök slyss og önnur þau atriði sem nefndin telur nauðsynlegt að varpa ljósi á.

Rannsóknarnefnd getur leitað aðstoðar rannsóknarstofnana, innlendra eða erlendra, ásamt því að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún tilefni til.

26. gr.

Upplýsingaöflun.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur krafist framlagningar gagna og upplýsinga, þ.m.t. frá stofnunum sem hafa eftirlit með samgöngum, lögreglu, tryggingafélögum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki, svo og þeim sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu, flugvelli, hafnir og samgöngumannvirki, flugrekendum eða öðrum, eftir því sem nauðsyn þykir við rannsókn einstakra mála. Er nefndinni m.a. heimilt að krefjast þess að fá í sína vörslu upptökur, þ.m.t. upptökur fjarskipta, skráningar, bækur og önnur gögn er varða loftför, skip og ökutæki, stjórnendur og áhafnir þeirra og umferð loftfara, skipa og ökutækja. Er framangreindum aðilum skylt að láta nefndinni slíkar upplýsingar í té.

Rannsóknarnefndinni er heimilt að taka án tafar í sína vörslu flugrita loftfars, siglingarita skips og ökurita ökutækis og annast aflestur gagna og upplýsinga úr þeim.

Við aflestur og afritun samskipta sem fram koma á upptökum og við gerð skýrslna, sbr. 1. og 2. mgr., skal rannsóknarnefnd gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram. Afritun skal bundin við atriði sem nefndin telur hafa þýðingu við rannsókn máls en að öðrum kosti skulu aðalatriði úr skýrslum skráð.

Heimild 1. og 2. mgr. nær til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga á borð við sjúkra- og krufningarskýrslur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur nauðsynlegar í þágu rannsóknar máls.

27. gr.

Takmarkanir á aðgengi að upplýsingum.

Óheimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem nefndin aflar við rannsókn samgönguslyss og samgönguatviks eða upplýsingar um þau, sbr. þó 2.–4. mgr.:

a. upptökum eða endurriti af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls;
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa samgönguslysi eða samgönguatviki;
c. læknisfræðilegum gögnum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa samgönguslysi eða samgönguatviki;
d. upptökum af samskiptum eða skráðum samskiptum sem átt hafa sér stað í stjórnklefa loftfars eða milli flugverja innbyrðis;
e. upptökum af samskiptum og fjarskiptum á vinnustað flugumferðarstjóra eða endurriti af slíkum samskiptum;
f. upptökum af samskiptum á stjórnpalli skipa eða milli skipverja innbyrðis;
g. upptökum af samskiptum stjórnstöðvar/Vaktstöðvar siglinga og fjarskiptum við skip;
h. upptökum af samskiptum vaktstöðvar samræmdrar neyðarsímsvörunar eða lögreglu við fórnarlömb eða tilkynnendur umferðarslysa eða atvika;
i. hvers konar álitsgerðum sem aflað hefur verið í tengslum við mat á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. á flugritum loftfara og siglingaritum skipa og ökuritum ökutækja.

Eingöngu skal veita umsagnaraðilum skv. 1. mgr. 33. gr. aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd telur nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn og skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast samgönguslysi eða samgönguatviki. Ef veittur er aðgangur að gögnum skv. a-lið og d–h-lið 1. mgr. skal aðgangur eingöngu ná til endurrits af afritun upptaka, sbr. 3. mgr. 26. gr.

Umsagnaraðilar og þeir sem starfa í þeirra þágu skulu virða þagnarskyldu um hvaðeina sem þeim verður kunnugt um vegna aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæði þessu. Er umsagnaraðilum óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við að veita umsögn upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

Rannsóknarnefndin skal fella út úr lokaskýrslu beina tilvísun til gagna skv. 1. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið vegna greiningar á orsökum samgönguslyss og samgönguatviks.

Takmarkanir á aðgangi að upplýsingum og gögnum samkvæmt ákvæði þessu eiga einnig við upplýsingar og gögn sem rannsóknarnefndin fær afhent frá yfirvöldum annarra ríkja sem annast rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika. Rannsóknarnefndinni er heimilt að veita

rannsóknaryfirvöldum annarra ríkja aðgang að gögnum og upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu enda sé það liður í rannsókn viðkomandi yfirvalds.

28. gr.

Dómsúrskurður.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. er heimilt með dómsúrskurði að mæla fyrir um skyldu rannsóknarnefndar samgönguslysa til að veita aðgang að gögnum skv. b–i-lið 1. mgr. 27. gr. eða upplýsingar um þau ef þeirra verður ekki aflað með öðrum hætti og talið verður að aðgangur að þeim vegi þyngra á metunum en þau neikvæðu áhrif sem slíkur aðgangur gæti haft. Aðgangur að gögnum skv. d–h-lið 1. mgr. 27. gr. skal þó takmarkaður við endurrit af afritum upptaka, sbr. 3. mgr. 26. gr. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 27. gr.

29. gr.

Tilkynning til yfirvalda.

Vakni grunur um eða verði leitt í ljós við rannsókn máls að beitt hafi verið ólögmætum aðgerðum gegn flugsamgöngum, siglingum eða umferð skal stjórnandi rannsóknar eins fljótt og verða má upplýsa viðeigandi yfirvöld um rannsókn máls.

30. gr.

Öflun gagna úr flug-, siglinga- og ökuritum til handa erlendum ríkjum.

Nú verður flugslys eða alvarlegt flugatvik utan lögsögu rannsóknarnefndar samgönguslysa, en loftfar sem um ræðir lendir hér á landi, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr flugrita eða taka í sína vörslu flugrita loftfars, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

Nú verður sjóslys eða alvarlegt sjóatvik utan lögsögu rannsóknarnefndarinnar, en skip sem um ræðir kemur hér að landi, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr siglingarita eða taka í sína vörslu siglingarita skips, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

Nú verður umferðarslys eða alvarlegt umferðaratvik utan lögsögu rannsóknarnefndarinnar, en ökutæki sem um ræðir er flutt hingað til lands, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr ökurita eða taka í sína vörslu ökurita ökutækis, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

VII. KAFLI

Skýrslugerð.

31. gr.

Bráðabirgðaskýrsla.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal heimilt að taka saman bráðabirgðaskýrslu um rannsókn samgönguslyss eða alvarlegs samgönguatviks áður en rannsókn máls er lokið til þess að koma upplýsingum á framfæri við yfirvöld og málsaðila.

32. gr.

Lokaskýrsla.

Þegar rannsókn slyss er lokið skal rannsóknarnefnd svo fljótt sem verða má gefa út lokaskýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í lokaskýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða

sennilegri orsök slyss auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um ráðstafanir til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra.

Markmiðs slysarannsókna samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. gr., skal getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd sendir frá sér. Jafnframt skal þess getið að ekki sé með rannsókn leitast við að skipta sök eða ábyrgð, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að gefa út yfirlýsingu um lok rannsóknar eða ljúka rannsókn máls með bókun í stað þess að gefa út lokaskýrslu.

Lokaskýrslu um rannsókn slyss skal að jafnaði gefa út innan árs frá því að slys varð. Ljúki rannsókn ekki innan þessara tímamarka skal þá og eftir það árlega gefa út yfirlýsingu um stöðu rannsóknar.

Birta skal lokaskýrslur á heimasíðu rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Lokaskýrslu má gera á erlendu tungumáli, m.a. ef málsaðili er erlendur.

33. gr.

Umsögn.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur gefið þeim aðilum sem að mati nefndarinnar hafa ríkra hagsmuna að gæta kost á að tjá sig um drög að lokaskýrslu innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Rannsóknarnefnd getur kveðið á um að umsagnaraðili skuli bundinn trúnaði um það sem fram kemur í drögum að lokaskýrslu.

34. gr.

Mikilvægar ábendingar.

Rannsóknarnefnd skal á hvaða stigi rannsóknar sem er, ef tilefni er til, vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi.

35. gr.

Tillögur í öryggisátt.

Rannsóknarnefnd skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum eftir því sem rannsókn slyss gefur tilefni til og beina tilmælum til viðeigandi aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem við á. Tillögurnar skal birta opinberlega.

Þeir sem tilmælum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á. Skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim.

36. gr.

Ársskýrsla.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og birta á heimasíðu sinni. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna tölfræðilegar samantektir, auk tillagna um öryggisúrbætur.

Jafnframt skal rannsóknarnefndin semja yfirlit um hvernig tillögum hennar skv. 35. gr. hefur verið framfylgt og birta á heimasíðu sinni.

VIII. KAFLI
Endurupptaka mála, sérstakar rannsóknir.

37. gr.
Heimild til endurupptöku.

Rannsóknarnefnd er heimilt að endurupptaka mál þótt rannsókn sé lokið ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Ef rannsóknarnefndin hóf ekki rannsóknina skal þó ekki endurupptaka mál fyrr en samþykki þess ríkis sem hóf hana liggur fyrir.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra falið rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið slys eða atvik eða sérstök atriði sem tengjast slysi eða atviki ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.

Um rannsóknir sem hefjast að beiðni ráðherra fer samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

38. gr.
Sérstakar rannsóknir.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ráðherra að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi í samgöngum.

39. gr.
Skráning og greining slysa í samgöngum.

Ráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd samgönguslysa að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.

Nú felur ráðherra nefndinni að annast skráningu tiltekins slysaflokks og alvarlegra atvika og skal nefndin þá birta í ársskýrslu nefndarinnar upplýsingar um slíka skráningu og greiningu eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.

40. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara þar sem m.a. er kveðið á um:

a. nánari skilgreiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika, flugslysa og alvarlegra flugatvika, sjóslysa og alvarlegra sjóatvika, umferðarslysa og alvarlegra umferðaratvika skv. 3. gr.;
b. skilyrði, tilkynningu og tilhögun framsals rannsóknar að hluta eða öllu leyti skv. 10. gr.;
c. tilkynningu um slys til erlendra aðila skv. 13. og 17. gr. og fyrirkomulag við gerð slíkra tilkynninga, efni þeirra, innihald og móttöku og meðferð samsvarandi tilkynninga frá erlendum aðilum;
d. nánari framkvæmd við rannsókn á vettvangi samgönguslyss skv. 21. og 22. gr., þ.m.t. um skyldu aðila sem fara með stjórn vettvangs til að taka til varðveislu hvers konar hluti og annað sem tengist slysi eða alvarlegu atviki, að leggja bann við notkun búnaðar sem tengist slysi eða alvarlegu atviki fyrr en rannsókn á honum hefur farið fram; skyldu aðila til að gera skýrslu um slys eða atvik í þeim tilvikum þar sem viðgerð á hlut er óumflýjanleg áður en rannsókn getur átt sér stað; skyldu til að varðveita alla hluti sem skipta þarf út fyrir nýja og skyldu aðila til að skrá slys eða atvik og afhenda rannsóknarnefnd skýrslu sína;

e. nánari tilhögun um aðgengi innlendra og erlendra aðila að rannsóknargögnum, rannsókn máls, þar á meðal um samráð við erlenda rannsóknaraðila við gerð áfangaskýrslu og lokaskýrslu;
f. framkvæmd rannsókna og verklag, þar á meðal um meðferð, rannsókn og vörslu málsgagna og gerð verklagsreglna við framkvæmd rannsóknar;
g. rekstur rannsóknarnefndar samgönguslysa, samskipti við aðra rannsóknaraðila, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna, rannsóknarstjóra og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum;
h. nauðsynlegan útbúnað og aðstöðu;
i. þjálfunaráætlun nefndarmanna og stjórnendur rannsókna;
j. efni og form bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar, útgáfu, birtingu og dreifingu bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar og tilmæla í öryggisátt; og
k. skráningu og greiningu samgönguslysa og samgönguatvika.

41. gr.
Refsiheimild.

Hver sá sem hindrar starfsmenn eða nefndarmenn rannsóknarnefndar samgönguslysa við rannsóknarstörf sín skal sæta sektum.

Hver sá sem upplýsir um innihald þeirra gagna sem fjallað er um í 27. gr. skal sæta sektum.

Brot gegn ákvæðum 12., 16. og 20. gr. varða sektum.

42. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/95, eins og hún birtist í EES-viðbæti nr. 43, 1995, bls. 63, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

43. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2010. Frá sama tíma falla úr gildi lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og lög nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar sjó-, flug- og umferðarslysa, sbr. lög nr. 68/2000, 35/2004 og 24/2005, lýkur við gildistöku laga þessara.

Forstöðumönnum rannsóknarnefndar sjó-, flug- og umferðarslysa skal boðið starf rannsóknarstjóra hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa þar til núverandi skipunartíma lýkur. Um störf þeirra og endurskipun fer að öðru leyti í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öðrum starfsmönnum nefndanna skal boðið starf hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta felur í sér sameiningu laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, í heildstæða löggjöf um slysarannsóknir í samgöngum. Gert er ráð fyrir að nefndirnar verði sameinaðar í eina fimm manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyri undir ráðherra samgöngumála.

Í júní 2007 kom samgönguráðherra á fót starfshópi með þátttöku forstöðumanna rannsóknarnefndanna til að vinna að þessu verkefni og var Andri Árnason hæstaréttarlögmaður ráðinn til að vinna með starfshópnum og semja drög að frumvarpi. Starfshópurinn leitaði víða fanga í upplýsingaöflun og var m.a. gerð greining á fyrirkomulagi samgöngurannsókna í nokkrum löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada.

Í upphafi árs 2009 voru frumvarpsdrögin endurskoðuð í samgönguráðuneytinu. Nokkuð var bætt við af ákvæðum að teknu tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga og uppsetningu og kaflaskiptingu eldri draga frumvarpsins breytt með það fyrir augum að gefa frumvarpinu heildstæðara yfirbragð. Var frumvarpið í tvígang sett í umsagnarferli og er frumvarpið eins og það er lagt fram hér afrakstur framangreindrar vinnu. Nánar er fjallað um umsagnarferli frumvarpsins í hluta IV.

II.

Markmið frumvarpsins er að auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir á Íslandi. Rannsóknir nefndarinnar skulu eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika en ekki að skipta sök eða ábyrgð. Nefndinni er ekki ætlað að rannsaka meinta refsiverða háttsemi í tengslum við samgönguslys en um slíkar rannsóknir fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er alls óháð rannsóknum nefndarinnar samkvæmt frumvarpi þessu.

Með sameiningu núverandi rannsóknarnefnda flugslysa, umferðarslysa og sjóslysa í eina rannsóknarnefnd verður unnt að koma þekkingu og starfskröftum sem þegar eru í hverri nefnd fyrir sig í eina sterka og öfluga sameinaða nefnd. Á þennan hátt verður unnt að efla og samnýta enn frekar þá fagþekkingu sem mikilvægt er að viðhalda í slíkum nefndum og gera nefndarmönnum kleift að nýta sér færni úr mismunandi rannsóknarflokkum til að styrkja frekari rannsóknir á sviðinu í heild. Gert er ráð fyrir að rannsóknarstjórar hafi yfirumsjón með hverjum flokki slysarannsókna fyrir sig og að rannsókn einstakra slysa verði hjá stjórnanda rannsóknar sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Til að tryggja að sú þekking sem til staðar er í núverandi rannsóknarnefndum glatist ekki sem og að sem minnst rót verði á þeirri rannsóknarstarfsemi sem færist undir hina nýju rannsóknarnefnd er í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins kveðið á um að forstöðumönnum núverandi rannsóknarnefnda verði boðið starf rannsóknarstjóra hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa og jafnframt skuli öðrum starfsmönnum nefndanna boðið starf hjá hinni nýju nefnd.

Í sameiningunni felst einnig rekstrarleg hagræðing og mun heildarfjöldi nefndarmanna minnka en nú eru í rannsóknarnefnd flugslysa fimm nefndarmenn, fimm í rannsóknarnefnd sjóslysa og þrír í rannsóknarnefnd umferðarslysa auk sama fjölda varamanna.

Við samningu frumvarpsins var lögð áhersla á að stuðla að einfaldri umgjörð og aðgengilegri uppbyggingu lagatextans um hina nýju rannsóknarnefnd. Byggt var í meginatriðum á þeim grunni sem þegar hafði verið skapaður í eldri löggjöf og sátt hefur ríkt um. Stjórnsýsluþættir laganna eru sameinaðir og leitast er við að fella saman sams konar ákvæði í lagabálk-

unum þremur þar sem þess er kostur. Í sérstökum kafla frumvarpsins er kveðið á um máls meðferð o.fl., þ.m.t. vettvangsrannsókn, vörslutöku muna, skýrslutökur og gagnaöflun. Þessi ákvæði eiga það sammerkt að eiga við hvert rannsóknarsvið og því er til einföldunar og hagræðis að hafa sameiginleg ákvæði sem taka til allra rannsóknarþáttanna, í stað sérstakra ákvæða í einstökum köflum laganna um hvert rannsóknarsvið fyrir sig.

Í frumvarpinu er leitast við að innleiða alþjóðlegar kröfur og tilmæli er varða rannsóknir samgönguslysa. Í ákvæðum er varða rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika er til að mynda leitast við að fullnægja kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í viðauka 13 við Chicago-samninginn um borgaralegt almenningsflug[1] auk tilskipunar ráðsins 94/56/EB um rannsóknir flugslysa. Í ákvæðum er varða rannsóknir sjóslysa og sjóatvika er leitast við að innleiða í frekari mæli en áður hefur þekkst alþjóðlegan kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika sem samþykktur var á þingi Alþjóðasiglingastofnunarinnar árið 2008.[2] Ráðgert er að kröfurnar taki gildi 1. júlí 2010 og fellur sú dagsetning saman við fyrirhugaða gildistöku laganna.

III.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

a. Í I. kafla er að finna almenn ákvæði um gildissvið og markmið. Gildissviðið er rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika er heyra undir hina nýju sameinuðu rannsóknarnefnd sem lagt er til að sett verði á laggirnar með þessu frumvarpi. Nýmæli er ákvæði um orðskýringar sem settar eru fram til hægðarauka og skýringa. Markmið rannsókna er óbreytt frá gildandi lögum um nefndirnar.
b. Í II. kafla er fjallað um rannsóknarnefnd samgönguslysa, stjórnanda rannsóknar, þar á meðal skipulag, hæfi, ábyrgð og umsýslu. Ráðgert er að rannsóknarnefnd samgönguslysa annist rannsóknir og heyri beint undir ráðherra samgöngumála. Nefndin lýtur stjórn formanns sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Formaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, þar á meðal fjárreiðum hennar, og gætir þess að reksturinn sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rannsóknir samgönguslysa eru í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa sem annast rannsókn á einstökum slysaflokkum. Rannsóknarstjóri hefur yfirumsjón með tilteknum flokki slysarannsókna og stjórnandi rannsóknar stýrir einstökum rannsóknarverkefnum í umboði og á ábyrgð nefndarinnar. Þrír nefndarmenn taka þátt í rannsókn hvers máls auk viðkomandi stjórnanda rannsóknar. Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.
c. Í III.–V. kafla er að finna ákvæði sem snúa sérstaklega að hverjum slysaflokk fyrir sig. Ýmis nýmæli eru í köflunum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar eru. Meðal slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss, ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls og ákvæði um lögsögu er varðar rannsókn sjóslysa.
d. Í VI. kafla frumvarpsins er kveðið á um málsmeðferð o.fl. Ýmis nýmæli eru í kaflanum sem sem tilkomin eru vegna alþjóðlegra skuldbindinga svo sem ákvæði um varðveislu rannsóknargagna, ákvæði um tilkynningu til yfirvalda, komi upp grunur um að beitt hafi

---

[1] Chicago-samningurinn: Samningur um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), undirritaður í Chicago 7. desember 1944.

[2] Code of the International Standards and Recommended Practices for Safety Investigation into Marine Casualty or Marine Incident (Casualty Investigation Code).

verið ólögmætum aðgerðum gegn öryggi samgangna, og ákvæði um öflun flugrita úr erlendu loftfari sem lendir hér á landi.

e. Í VII. kafla frumvarpsins er að finna sameiginleg ákvæði um skýrslugerð rannsóknarnefndarinnar, bæði bráðabirgðaskýrslur og lokaskýrslur rannsóknar, auk ákvæðis um gerð ársskýrslu nefndarinnar.
f. Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um heimildir til endurupptöku máls og sérstakar rannsóknir. Þá er nýmæli ákvæði er fjallar um heimild ráðherra til að fela rannsóknarnefndinni að annast skráningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.
g. IX. kafli frumvarpsins kveður á um reglugerðarheimildir, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

IV.

Frumvarpið var sent til umsagnar hagsmunaaðila og birt á heimasíðu ráðuneytisins seint í febrúar 2009. Bárust ráðuneytinu um tuttugu umsagnir, m.a. frá Flugmálastjórn, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Icelandair, Umferðarstofu, Vegagerðinni, ríkislögreglustjóra og Samtökum verslunar og þjónustu. Komu fram fjölmargar góðar athugasemdir sem tekið var tillit til og frumvarpinu m.a. breytt í samræmi við þær. Í framhaldi af því var frumvarpið aftur birt á heimasíðu ráðuneytisins og gafst hagsmunaaðilum aftur tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri vegna þeirra breytinga sem orðið höfðu á frumvarpinu. Bárust ráðuneytinu aftur allnokkrar athugasemdir og var tillit tekið til margra þeirra.

Sem dæmi um breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum voru nýmæli tengd skýrslutökum og upplýsingaöflun. Var í upphaflegu drögunum að frumvarpinu lagt til að rannsóknarnefnd samgönguslysa fengi sjálfstæðar heimildir m.a. til að krefjast læknisskoðunar og lífsýnatöku á stjórnendum og áhöfn loftfars, skipa, ökutækja og farþegum og öðrum sem tengjast samgönguslysi eða alvarlegu samgönguatviki. Var kveðið á um skyldu framangreindra aðila til að undirgangast slíkar skoðanir og nefndinni heimilt að krefjast aðstoðar lögreglu við framkvæmd rannsóknanna. Einnig var að finna heimild fyrir nefndina til að krefjast þess að synjaði aðili skýrslugjafar fyrir nefndinni væri henni heimilt að krefjast þess að skýrslutakan færi fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Kom fram töluverð óánægja með þessar heimildir, aðallega hjá umsagnaraðilum tengdum flugsamgöngum. Þóttu ákvæðin ekki samræmast markmiðum rannsókna nefndarinnar sem eingöngu skulu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika en ekki skipta sök eða ábyrgð. Var fallist á þessi rök og heimildirnar felldar úr frumvarpsdrögunum.

Einnig komu fram eindregin tilmæli um að ákvæði 5. mgr. 4. gr., þar sem segir að skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum, yrði breytt þannig að einnig yrði óheimilt að beita skýrslunum fyrir dómstólum í einkamálum. Var því meðal annars haldið fram að slíkt væri nauðsynlegt til að fá allar upplýsingar fram og að engin hætta væri á að þær yrðu notaðar gegn aðilum í dómsmálum. Voru þessi tilmæli vandlega skoðuð en niðurstaðan varð sú að í ljósi meginreglu íslensks réttarfars um frjálst sönnunarmat dómara gæti löggjafinn ekki takmarkað vald dómstóla með almennri löggjöf sem þessari. Hins vegar er rík áhersla lögð á það að skýrslur nefndarinnar skuli ekki notaðar sem sönnunargögn í sakamálum.

Eins og komið hefur fram var tekið tillit til fjölmargra annarra athugasemda sem bárust og höfðu þær mótandi áhrif á innihald frumvarpsins eins og það er hér lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er sama efnis og í gildandi lögum um rannsóknir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa nema orðalagi er breytt þar sem hún nær yfir öll slys í samgöngum. Kveðið er skýrt á um hinn sérstaka tilgang rannsókna slysa og alvarlegra atvika í samgöngum, þ.e. að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika með það að leiðarljósi að slys og atvik endurtaki sig ekki, dregið sé úr afleiðingum sambærilegra slysa og stuðlað að auknu öryggi í samgöngum.

Sérstaklega er tekið fram að í rannsóknum nefndarinnar skuli ekki skipta sök eða ábyrgð og hnykkt á því í 3. mgr. þar sem tekið er fram að rannsóknir á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys séu óháðar rannsóknum nefndarinnar og fari um þær samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Mikilvægt er að hafa í huga þennan sérstaka tilgang með rannsókn nefndarinnar með hliðsjón af 4. gr. frumvarpsins þar sem skýrt er kveðið á um að rannsókn nefndarinnar sé óháð rannsókn annarra aðila, svo sem lögreglu samkvæmt lögum um meðferð sakamála og annarra opinberra sem og einkaréttarlegra aðila.

Einnig er tekið inn ákvæði þar sem segir að rannsóknir skuli þegar við á ná til fyrirkomulags tilkynninga um slys, björgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum slysa. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Þær rannsóknir sem greinin á við um eru rannsóknir sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa og alvarlegra flugatvika, sjóatvika og umferðaratvika, sbr. orðskýringar í 3. gr. frumvarpsins, en um þessar rannsóknir gilda nú sérstök lög. Lagt er til að þessar rannsóknir heyri undir sérstaka nefnd, rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Nefndin er eiginleg rannsóknarnefnd samkvæmt orðanna hljóðan en ekki formleg stjórnsýslunefnd og fellur því utan gildissviðs stjórnsýslulaga. Ákvarðanir hennar eru ekki stjórnvaldsákvarðanir enda varða þær ekki réttindi og skyldur aðila og verða því ekki kærðar til æðra stjórnvalds. Nefndinni er þar að auki ætlað að starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Orðskýringar frumvarpsins eiga sér skýrar fyrirmyndir í viðauka 13 við Chicago-samninginn um flugslysarannsóknir og í Alþjóðlegum kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika. Til hægðarauka eru orðskýringarnar teknar upp í frumvarpið.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd um rannsókn samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika er heyri beint undir yfirstjórn samgönguráðherra. Eins og háttað er með rannsóknarnefndir samkvæmt gildandi lögum er í ákvæðinu tekið fram að rannsóknarnefnd samgönguslysa skuli starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Með þessu mikilvæga ákvæði er átt við að störf nefndarinnar við rannsóknir og úrlausn einstakra mála, við gerð skýrslu um rannsókn máls og við tillögugerð í öryggisátt sé rannsóknarnefndin óháð í störfum sínum, einkum gagnvart innlendum eftirlitsstjórnvöldum. Rannsóknir nefndarinnar eru einnig óháðar rannsóknum

annarra rannsóknaraðila, ákæruvalds og dómstóla, þ.m.t. rannsókn lögreglu, opinberra eftirlitsaðila með samgöngum, vátryggingafélaga og annarra aðila.

Þá er tiltekið að nefndin ákveði sjálf hvenær efni eru til rannsóknar slysa og atvika samkvæmt lögunum að teknu tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands. Þetta ákvæði á sér samsvörun í 8. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og 4. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Tilgangur rannsóknar er ekki sá að benda á ólögmætar athafnir eða athafnaleysi, skipta sök eða ábyrgð, heldur eingöngu að leiða í ljós orsakir slysa í því augnamiði að koma í veg fyrir sams konar slys og atvik og stuðla að öryggi í samgöngum. Af þeirri ástæðu er í 5. mgr. áréttað að skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum. Málsgreinin er efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Hvað 6. mgr. varðar ber að hafa í huga að rannsókn nefndarinnar kann að fara fram samhliða rannsókn lögreglu. Því kann svo að fara að rannsóknarnefnd og lögregla deili tilteknum rannsóknargögnum, svo sem vettvangi, flaki, flugrita, siglingarita og ökurita svo einhver dæmi séu tekin, og veiti tiltekna aðstoð, eftir því sem við á vegna úrlausnar tæknilegra álitaefna. Úrvinnsla rannsóknargagna er hins vegar aðgreind og ekki er öllum gögnum rannsóknar deilt, sbr. 27. gr. frumvarpsins um takmarkanir á aðgengi að upplýsingum.

Um 5. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að rannsóknarnefndunum verði fækkað úr þremur í eina og lagt til að nefndin verði skipuð fimm nefndarmönnum. Gert er ráð fyrir því að um eiginlega rannsóknarnefnd verði að ræða. Nefndin hvorki ákvarðar rétt né skyldu manna og fellur því utan gildissviðs stjórnsýslulaga.

Áður voru í rannsóknarnefnd flugslysa fimm nefndarmenn, einnig voru fimm nefndarmenn í rannsóknarnefnd sjóslysa og þrír nefndarmenn í rannsóknarnefnd umferðarslysa auk sama fjölda varamanna. Lagt er til að ráðherra skipi einn nefndarmanna formann nefndarinnar og að hann gegni jafnframt starfsskyldum sem stjórnandi daglegs rekstrar. Samkvæmt - gildandi lögum gegna forstöðumenn rannsóknarnefndanna slíkum fjárreiðu- og stjórnsýsluverkefnum. Ráðgert er að starf formanns nefndarinnar verði hlutastarf en hann mun auk nefndarformennskunnar bera ábyrgð á og stjórna daglegum rekstri nefndarinnar, þ.m.t. fjárreiðum hennar.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefndarmenn og varamenn til fimm ára í senn. Formaður nefndarinnar ræður annað starfsfólk til nefndarinnar, þ.m.t. rannsakendur.

Sem dæmi má nefna að hefðbundin rannsókn hjá rannsóknarnefnd flugslysa fer þannig fram að í það minnsta tveir rannsakendur fara á vettvang þar sem viðkomandi bakvaktarmaður verður alla jafna stjórnandi rannsóknar (IIC). Stjórnandi rannsóknarinnar fer með rannsókn málsins og skrifar drög að lokaskýrslu sem lögð er fyrir rannsóknarnefndina. Nefndarmenn fara yfir drögin áður en þau eru send til umsagnar og óska eftir því sem á vantar teljist þess þörf. Nefndarmenn veita þannig faglega aðstoð við rannsóknir, rýni á þær og gæðaeftirlit. Eftir að umsagnir hafa borist nefndinni tekur hún þær til umfjöllunar og gerir viðeigandi breytingar. Nefndin gefur að því loknu út lokaskýrslu samkvæmt gildandi lögum þótt rannsóknin sé í höndum stjórnanda rannsóknarinnar. Er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að þetta rannsóknarfyrirkomulag muni halda sér fyrir alla slysaflokka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á fyrirkomulagi varðandi stöðu stjórnenda rannsókna og forstöðumanna nefndanna samkvæmt núgildandi lögum. Aflögð eru störf forstöðumanna nefndanna þriggja og þess í stað lagt til að formaður nefndarinnar axli þær

skyldur sem hvíla á forstöðumönnum. Er horft til þess að með því gefist stjórnendum rannsókna frekara svigrúm til að sinna rannsóknum slysa og atvika.

Í 2. mgr. er tiltekið að minnsta kosti þrír nefndarmenn taki þátt í meðferð hvers máls. Er með því leitast við að styrkja rannsóknarvinnuna og tryggja aðkomu hluta nefndarmanna að rannsókn einstakra mála.

Kveðið er á um menntun eða starfsreynslu á sviði eða sviðum sem nýtast við rannsóknir samgönguslysa í 3. mgr. Slík krafa er þegar í gildandi lögum um einstaka slysaflokka.

Um 6. gr.

Stjórnandi rannsóknar eða „Investigator in charge“ er alþjóðlegt hugtak rannsakenda við rannsóknir flugslysa. Er það í frumvarpinu látið eiga við um þá sem stýra rannsókn slysa og atvika sem falla undir lögsögu rannsóknarnefndar í umboði og á ábyrgð hennar hvort heldur sem varðar flugslys, sjóslys eða umferðarslys. Áskilin er sérmenntun og starfsreynsla sem nýtist við rannsóknir á sviði samgönguslysa.

Um 7. gr.

Í því skyni að tryggja hlutleysi og sjálfstæði nefndarinnar er í 7. gr. frumvarpsins kveðið á um hæfi formanns, rannsóknarstjóra og stjórnanda rannsóknar. Samsvarandi ákvæði um hæfi formanns rannsóknarnefndar samgönguslysa og rannsóknarstjóra er að finna í gildandi lögum um hæfi forstöðumanna og annarra starfsmanna rannsóknarnefndanna. Gert er ráð fyrir að formaður rannsóknarnefndarinnar, rannsóknarstjórar og stjórnendur rannsókna séu ekki stjórnarmenn eða starfsmenn félaga er starfa í samgöngurekstri á hlutaðeigandi sviðum og megi ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiðist úr ríkissjóði.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu formanns rannsóknarnefndarinnar, annarra nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar, auk þeirra er starfa í þágu hennar. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum, sbr. 9. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, og 11. gr. laga um rannsókn umferðarslysa, nr. 24/2005.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um að heimilt sé rannsóknarnefnd samgönguslysa að fela öðru ríki að annast rannsókn samgönguslyss og alvarlegs samgönguatviks að hluta til eða öllu leyti. Samsvarandi ákvæði, sem áskildi heimild ráðherra, er í gildandi lögum. Í ljósi þess sjálfstæðis sem rannsóknarnefndinni er veitt, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, og ríkrar áherslu sem lögð er á samvinnu og samstarf milli ríkja er ekki talin sérstök ástæða til að áskilja að leyfi ráðherra þurfi til þess að framselja hluta rannsóknar eða rannsókn að öllu leyti.

Almennt um III. kafla frumvarpsins.

Ákvæði III. kafla fjalla sérstaklega um rannsókn flugslysa. Ýmis nýmæli er að finna í kaflanum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar hafa verið. Meðal

slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss og ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er fjallað um lögsögu nefndarinnar við rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika. Lögsaga nefndarinnar tekur til íslensks yfirráðasvæðis og þess svæðis sem Íslandi hefur verið falið að veita flugleiðsöguþjónustu á að því er varðar flugslys, alvarleg flugatvik og flugumferðaratvik í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Um 12. gr.

Mikilvægt er starfi rannsóknarnefndar samgönguslysa að tilkynningar um slys og alvarleg atvik í samgöngum berist nefndinni fljótt og vel svo vettvangur rannsóknar spillist ekki eða rannsóknarhagsmunum verði með öðrum hætti stefnt í hættu. Í 12. gr. er bæði kveðið á um almenna og sérstaka skyldu hvað varðar tilkynningar um flugslys og alvarleg flugatvik. Ekki er ætlunin að breyta því fyrirkomulagi varðandi tilkynningar flugslysa sem mælt er fyrir um í loftferðalögum og reglugerðum tengdum þeim.

Um 13. gr.

Í viðauka 13 við Chicago-samninginn eru ákvæði er lúta að tilkynningu rannsóknarnefndar til erlendra aðila og alþjóðlegra stofnana um flugslys og alvarleg flugatvik.

Sérstök skylda er fyrir hendi varðandi tilkynningu um rannsókn í 2. mgr. þegar nefndin hefur ákveðið að taka til rannsóknar flugslys eða alvarlegt flugatvik sem varðar loftfar hér á landi.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær aðstæður þegar nefndinni berast tilkynningar erlendra rannsóknarnefnda um að slys eða atvik sem varðar íslenskt skráð loftfar sé tekið til rannsóknar. Með viðeigandi upplýsingum er átt við almennar upplýsingar er varða skráningu, eignarhald, umráðarétt, notkun, lofthæfni o.fl. er varðar loftfarið, eftir atvikum, sem kunna að skipta máli við rannsókn máls.

Um 14. gr.

Nýmæli er í 14. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um rétt erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Í 5. kafla í viðauka 13 við Chicago-samninginn er mælt fyrir um rétt stjórnvalda erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Margvísleg sjónarmið geta mælt með þátttöku fulltrúa erlendra ríkja í rannsókn máls, svo sem út frá sérfræðiþekkingu og upplýsingagjöf, tengingu loftfars við ríki þar sem það er skráð, ríkisfang þolenda um borð o.s.frv.

Orðið trúnaðarfulltrúi er notað í ákvæðinu en það er þýðing á enska heitinu „Accredited Representative“ og er að finna í viðauka 13 við Chicago-samninginn. Orðið er skýrt í 3. gr. frumvarpsins.

Almennt um IV. kafla frumvarpsins.

Ákvæði IV. kafla fjalla sérstaklega um rannsókn sjóslysa. Ýmis nýmæli er að finna í kaflanum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar hafa verið. Meðal slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss og ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er fjallað um lögsögu nefndarinnar varðandi rannsókn sjóslysa og sjóatvika. Ákvæðin eru að mestu samhljóða 5. gr. laga um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000 með síðari breytingum. Í d-lið 2. mgr. er bætt við heimild nefndarinnar til að rannsaka slys við köfun í atvinnuskyni við strendur Íslands. Rannsókn á slysum við köfun annarra en atvinnukafara er því undanskilin lögsögu nefndarinnar. Í framkvæmd hefur lögregla tekið til rannsóknar flestöll slys við köfun hér við land.

Um 16. gr.

Mikilvægt er starfi rannsóknarnefndar samgönguslysa að tilkynningar um slys og alvarleg atvik í samgöngum berist nefndinni fljótt og vel svo vettvangur rannsóknar spillist ekki eða rannsóknarhagsmunum verði með öðrum hætti stefnt í hættu. Í 16. gr. er bæði kveðið á um almenna og sérstaka skyldu hvað varðar tilkynningar um sjóslys og sjóatvik.

Um 17. gr.

Í Alþjóðlegum kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóslysa eru ákvæði er lúta að tilkynningu rannsóknarnefndar til erlendra aðila og alþjóðlegra stofnana um slys og atvik.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær aðstæður þegar nefndinni berast tilkynningar erlendra rannsóknarnefnda um að slys eða atvik sem varðar íslenskt skráð skip sé tekið til rannsóknar. Með viðeigandi upplýsingum er átt við almennar upplýsingar er varða skráningu, eignarhald, umráðarétt, notkun, haffærni o.fl. er varðar skipið, eftir atvikum, sem kunna að skipta máli við rannsókn máls.

Um 18. gr.

Nýmæli er í 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um rétt erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Í 10. kafla Alþjóðlegs kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika er mælt fyrir um að þau ríki er hafa verulegra hagsmuna að gæta skuli vera í samvinnu við það ríki sem fer með rannsókn slyss. Margvísleg sjónarmið geta mælt með þátttöku fulltrúa erlendra ríkja í rannsókn máls, svo sem út frá sérfræðiþekkingu og upplýsingagjöf, tengingu ríkis við skip þar sem það er skráð, ríkisfang þolenda um borð o.s.frv.

Almennt um V. kafla frumvarpsins.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði er lúta sérstaklega að rannsókn umferðarslysa.

Um 19. gr.

Kveðið er á um lögsögu nefndarinnar vegna rannsókna umferðarslysa hér á landi í 19. gr. Ekki er sérstaklega kveðið á um lögsögu rannsóknarnefndar umferðarslysa í gildandi lögum.

Um 20. gr.

Í ljósi fjölda ökutækja í umferð sem og fjölda óhappa eru tilkynningar vegna umferðarslysa í 20. gr. með öðrum hætti en vegna flug- og sjóslysa. Gert er ráð fyrir að stjórnandi rannsóknar tilkynni vaktstöð eða lögreglu fyrir hönd nefndarinnar svo fljótt sem kostur er hvort nefndin hyggist koma á vettvang slyssins. Samsvarandi ákvæði er í 7. gr. núgildandi laga um rannsókn umferðarslysa.

Um VI. kafla.

Ákvæði VI. kafla frumvarpsins byggjast að mestu leyti á núgildandi ákvæðum laga um rannsókn flugslysa, umferðarslysa og sjóslysa um málsmeðferð, starfsaðferðir á vettvangi, gagnaöflun og aðra upplýsingaöflun. Í kaflanum eru þó nokkur mikilvæg nýmæli sem sérstaklega er gerð grein fyrir í umfjöllun hér á eftir.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samsvarandi ákvæðum gildandi laga um rannsóknarnefndirnar, með fáeinum orðalagsbreytingum. Leitast er við að skerpa á meginreglunni um að ekki beri að hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess né innihald eða hrófla við ummerkjum slyssins uns vettvangsrannsókn er lokið nema með heimild rannsóknarnefndar. Þó er heimilt án leyfis rannsóknarnefndar að hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að bjarga mönnum og verðmætum og til að afstýra hvers konar spjöllum og háska.

Í 1. mgr. ákvæðisins er tekið sérstaklega fram að það sé lögregla eða eftir atvikum Landhelgisgæslan sem fer með stjórn á vettvangi samgönguslyss eða samgönguatviks. Er hér átt við að lögregla eða Landhelgisgæslan fari með stjórn þegar björgun mannslífa og verðmæta fer fram eftir því hvort um er að ræða slys sem verður á landi eða sjó. Stjórnandi rannsóknar fer aftur á móti með yfirstjórn rannsóknarinnar á vettvangi, sbr. 1. mgr. 22. gr., þegar björgun er lokið.

Varðandi stjórn og ábyrgð Landhelgisgæslunnar vegna slysa er vísað til 13. gr. gildandi laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006, en í 1. mgr. ákvæðisins segir: „Landhelgisgæsla Íslands stjórnar og ber ábyrgð á leitar- og björgunaraðgerðum á hafinu.“

Sérstakar aðstæður geta skapast við sjóslys og er í 3. mgr. tekið upp að mestu orðalag 7. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa, með nokkurri einföldun þó.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd vettvangsrannsóknar. Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum stjórnanda rannsóknar í samráði við rannsóknarnefnd skv. 1. mgr. Ákvæðið kveður á um víðtækar heimildir rannsóknarnefndar og starfsmanna nefndarinnar til aðgangs að vettvangi slyss, gagnasöfnunar, skýrslutöku af hugsanlegum vitnum og aðilum rannsóknar og rétt nefndarinnar til að leita sér aðstoðar. Ákvæðið á sér samsvörun í 12. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, 10. gr. laga nr. 24/2005, um rannsókn umferðarslysa, og 8. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að stjórnandi rannsóknar skuli hafa óhindraðan aðgang að vettvangi slyss jafnvel þótt um staði í einkaeign sé að ræða og er það gert til að tryggja að töf verði ekki á að rannsókn hefjist.

Í 5. mgr. greinarinnar er áréttað að við samhliða rannsókn til að mynda lögreglu á vettvangi skal þess gætt að rannsóknargögn séu aðgengileg báðum rannsóknaraðilum.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um ákvæði um vörslutöku muna er varða alla flokka rannsókna er lögin ná til. Efnislega samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar, sbr. 13. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, 7. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 24/2005, um rannsókn umferðarslysa.

Um 24. gr.

Aðstæður á vettvangi samgönguslysa og samgönguatvika eru mjög mismunandi. Leitast skal við að vernda sönnunargögn eins og mögulegt er með tilliti til aðstæðna hverju sinni, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Sérstök skylda er lögð á nefndina að ljósmynda eða varðveita með öðrum hætti þau sönnunargögn sem kunna að eyðast, verða fjarlægð, týnast eða eyðileggjast. Þá er brýnt að þau gögn sem tekin eru í vörslu nefndarinnar séu varðveitt tryggilega svo að þau spillist ekki eða skemmist og hindra aðgang óviðkomandi að þeim og vernda gegn þjófnaði. Telja má fulla þörf fyrir að nefndinni sé tryggt húsnæði meðan á rannsókn stendur til varðveislu þeirra hluta, búnaðar og tækja sem nefndin tekur til frekari rannsóknar. Þá þarf að tryggja nægjanlega að nefndin sé búin tækjum og búnaði til að tryggja varðveislu sönnunargagna.

Ákvæðið er nýmæli og á rót sína að rekja til viðauka 13 við Chicago-samninginn um rannsókn flugslysa.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. 25. gr. er kveðið á um almenna heimild nefndarinnar til að kalla til aðila máls, fyrirsvarsmenn og aðra þá sem nefndin telur nauðsynlegt að fá til skýrslutöku. Leitast hefur verið við að samræma og sameina efnislega sambærileg ákvæði er lúta að skýrslutöku úr núgildandi lögum um rannsóknarnefndirnar í 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er almenn heimild nefndarinnar til að leita sér aðstoðar við rannsókn máls.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar tiltaka heimildir nefndarinnar til upplýsingaöflunar í þágu rannsóknar máls. Heimildir rannsóknarnefndanna samkvæmt gildandi lögum eru misvíðtækar. Er hér lagt til að heimildirnar verði samhljóða fyrir allar rannsóknir á sviði samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika enda eiga sams konar sjónarmið við um rannsóknir þeirra allra.

Í 1. mgr. er almenn heimild til að krefjast framlagningar gagna og upplýsinga. Tilteknir eru þeir aðilar helstir sem nefndin getur leitað til með slíka öflun upplýsinga. Þó er ekki um tæmandi upptalningu að ræða þar sem ekki verður séð fyrir öllum þeim aðstæðum sem komið geta upp í einstakri rannsókn.

Í 2. mgr. er fjallað um heimild rannsóknarnefndar til þess að taka í sína vörslu flugrita loftfars, siglingarita skips og ökurita ökutækis í samráði við lögreglu. Mikilvægt er að þeir aðilar sem sinna lögbundnu starfi við rannsóknir deili þeim rannsóknargögnum sem um er að tefla hverju sinni og komi ekki í veg fyrir eða hindri rannsókn máls.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á trúnað sem gæta þarf um þau gögn sem nefndinni er veittur aðgangur að með vísan til 1. og 2. mgr.

Í 4. mgr. er áréttað að heimild skv. 1. og 2. mgr. taki til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónulegra upplýsinga.

Um 27. gr.

Miðað við eðli þeirra gagna og viðkvæmra persónulegra upplýsinga sem nefndinni er veittur aðgangur að skv. 26. gr. er mikilvægt að aðgangur að gögnum sé eins takmarkaður og frekast er unnt. Fyrirmynd 1.–4. mgr. 27. gr. frumvarpsins er að mestu ákvæði 19. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Sú breyting er þó gerð að d-liður 19. gr. laga um rannsókn flugslysa er í frumvarpinu d- og e-liður 1. mgr. 27. gr.

5. mgr. ákvæðisins er nýmæli og kveður á um takmarkanir á aðgengi upplýsinga þannig að þær nái einnig til upplýsinga og gagna sem nefndin fær afhent frá yfirvöldum erlendra ríkja sem annast rannsókn máls. Er horft til þess að nefndinni kann að verða veittur réttur til þátttöku í rannsókn erlendra yfirvalda á rannsókn samgönguslyss, nefndin kann að hafa framselt hluta rannsóknar til erlends ríkis eða veitt því rétt til umsagnar um niðurstöður rannsóknar. Eðlilegt er að nefndin varðveiti þann trúnað sem henni kann að vera sýndur með sama hætti og hún krefst trúnaðar um þau gögn sem hún veitir erlendum yfirvöldum aðgang að.

Í síðasta málslið 5. mgr. er áréttað að nefndinni er heimilt að veita yfirvöldum erlendra ríkja aðgang að gögnum og upplýsingum samkvæmt greininni, enda sé slík upplýsingagjöf liður í rannsókn viðkomandi yfirvalds.

Um 28. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um að aðili geti fengið aðgang að upplýsingum eða gögnum sem háð eru takmörkun á aðgangi skv. 27. gr., að fengnum dómsúrskurði. Sá aðgangur er þó takmarkaður við gögn samkvæmt b–i-lið 1. mgr. 27. gr. eða upplýsingar um slík gögn ef þeirra verður ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ef ríkir hagsmunir krefjist þess og ætla má að úrslit máls velti á þeim. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 21. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Þar sem sömu sjónarmið eiga við um öll samgönguslys sem falla undir frumvarpið er regla þessi lögð til óbreytt.

Greinargerð með frumvarpi til laga um rannsókn flugslysa sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004 er svohljóðandi:

„Í greininni er mælt fyrir um undantekningu frá því meginsjónarmiði að gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar í tengslum við rannsókn flugslyss og vísað er til í 1. mgr. 19. gr. skuli ekki aðgengileg öðrum en þeim sem annast rannsókn flugslysa. Samkvæmt alþjóðaflugmálasáttmálanum [Chicago-samningnum], viðauka 13, gr. 5.12, er heimilt að veita aðgang að slíkum gögnum, ef dómstólar telja að afhending eða birting þeirra sé mikilvægari en þau neikvæðu áhrif sem slík birting eða afhending kunni að hafa á rannsókn þess flugslyss eða flugslysa í framtíðinni. Orðrétt hljóðar þetta svo: „The State conducting the investigation of an accident or incident shall not make following records available for purposes other than accident or incident investigation, unless the appropriate authority for the administration of justice in that State determines that their disclosure outweighs the adverse domestic and international impact such action may have on that or any future investigations [a–e-liðir][3].“ Er hér miðað við að gögn skv. 1. mgr. 19. gr. séu ekki afhent nema mælt sé fyrir um slíkt í dómsúrskurði, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt, þ.e. að gagnanna verði ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjist þess og ætla megi að úrslit máls velti á gögnunum.

Ljóst er að orðalag 21. gr. er ekki orðað með sama hætti og ákvæði 5.12 í viðauka 13. Telja verður þó að við túlkun dómara á skilyrði 21. gr. beri að hafa í huga þá sérstöku hagsmuni sem tengjast rannsókn flugslysa, bæði varðandi rannsókn þess slyss sem um ræðir og þeirra framtíðarhagsmuna sem tengjast upplýsingaöflun á vegum rannsóknarnefndar flugslysa. Undanþáguákvæðið bæri því að túlka mjög þröngt.

Í ákvæðinu er tekið mið af tillögum sem gerðar hafa verið varðandi breytingu á nefndum viðauka 13, en þær tillögur miða að því að tryggja eins og frekast er unnt trúnað vegna upplýsinga sem fram koma við rannsókn flugslysa.

---

[3] Hér a–i-liður 27. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum geti dómari kveðið á um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 19. gr., en þó með eftirfarandi takmörkunum: rannsóknarnefnd flugslysa verður ekki gert að leggja fram gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Að þessu leyti er litið svo á að skýrslur sem rannsóknarnefnd flugslysa tekur af aðilum og vitnum þjóni þeim tilgangi einum að vera til upplýsingar varðandi rannsókn flugslyss á vegum nefndarinnar. Telja verður það grundvallaratriði varðandi markmið slíkra rannsókna að slíkar skýrslur verði ekki undir neinum kringumstæðum hagnýttar í öðrum tilgangi. Er þá jafnframt höfð í huga meginregla íslensks réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð fyrir dómi. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að í þeim undantekningartilvikum þar sem dómsúrskurður hefur mælt fyrir um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. d-lið 1. mgr. 19. gr. sé slíkur aðgangur takmarkaður við endurrit af upptökum en nái ekki til sjálfra upptakanna. Um fyrirkomulag á endurritun upptaka vísast til 16. gr. frumvarpsins og umfjöllunar um hana.“

Um 29. gr.

Í greininni er sú skylda lögð á stjórnanda rannsóknar að tilkynna viðeigandi yfirvöldum eins fljótt og verða má ef í ljós kemur við rannsókn eða ef grunur vaknar um að beitt hafi verið ólögmætum aðgerðum gegn flugsamgöngum, siglingum eða umferð, svo sem hryðjuverki, skemmdarverki eða athöfn sem jafna má til slíks. Ákvæðið er nýmæli. Orðin „ólögmætum aðgerðum“ eiga sér beina vísun til ensku orðanna „illegal interference“ sem þekkt er úr því regluverki sem innleitt hefur verið í íslenskan rétt og varðar siglingavernd og flugvernd. Með öðrum orðum er ákvæðið miðað við meint brot þar sem vopnum, sprengiefnum eða öðrum hættulegum hlutum er beitt til ólögmætra aðgerða gegn öryggi samgangna.

Um 30. gr.

Ákvæðið er nýmæli og á rót sína að rekja til viðauka 13 við Chicago-samninginn um rannsókn flugslysa. Hér er mælt fyrir rétti nefndarinnar til að aðstoða erlendar rannsóknarnefndir við öflun flugrita loftfars vegna flugslyss eða flugatviks sem fellur utan lögsögu nefndarinnar. Sambærilegar heimildir eru veittar vegna sjóslysa/sjóatvika og umferðarslysa/alvarlegra umferðaratvika. Talið er eðlilegt að unnt sé að aðstoða erlendar rannsóknarnefndir á sambærilegan hátt í öllum flokkum samgönguslysa.

Um 31. gr.

Bráðabirgðaskýrsla er skýrsla sem gefin er út áður en rannsókn máls er lokið til þess að koma upplýsingum á framfæri við yfirvöld og málsaðila. Í viðamiklum rannsóknum getur verið ástæða til að koma sérstaklega á framfæri þeim upplýsingum og niðurstöðum sem liggja fyrir í formi bráðabirgðaskýrslu áður en rannsókn máls lýkur formlega.

Um 32. gr.

Lagt er til að gefin verði út ein lokaskýrsla um niðurstöður rannsókna allra flokka slysa og alvarlegra samgönguatvika. Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða ákvæðum í gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar, sbr. 17. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2005, 14. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 12. gr. laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Um 33. gr.

Þessi grein fjallar um að þeir aðilar sem að mati rannsóknarnefndar samgönguslysa hafa ríkra hagsmuna að gæta geti átt kost á að tjá sig um drög að lokaskýrslu hennar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega talið óþarft. Á þetta ákvæði m.a. við þegar nefndin gerir athugasemdir við fyrirkomulag öryggismála og því oft mikilvægt að veita viðkomandi stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem ábyrgð bera á fyrirkomulaginu kost á að tjá sig um athugasemdir nefndarinnar.

Rétt þykir að taka fram að aðilar sem teljast hafa ríka hagsmuni í skilningi ákvæðisins eru ekki aðstandendur þeirra sem viðkomandi slys hefur áhrif á. Nefndin getur hins vegar nýtt þessa heimild til að kynna aðstandendum þeirra sem slasast alvarlega eða látast af völdum slysa drög að lokaskýrslu áður en hún er birt. Þá skal áréttað að hér er ekki um andmælarétt í skilningi stjórnsýslulaga að ræða heldur einungis kynningu á skýrsludrögum áður en skýrsla er birt.

Áhersla er lögð á að í öllum tilvikum er það nefndin sem metur hvort gefa á aðilum kost á að tjá sig um lokaskýrslu áður en hún er birt eða kynna aðstandendum drög að henni fyrir birtingu.

Nefndin getur kveðið á um að umsagnaraðili og aðili sem skýrsla er kynnt fyrir skuli bundinn trúnaði um það sem fram kemur í drögum að lokaskýrslunni.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 1. mgr. 18. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, um þá skyldu rannsóknarnefndar, ef tilefni er til, að vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi.

Um 35. gr.

Afurð rannsóknar er tilmæli rannsóknarnefndarinnar í öryggisátt, þ.e. hvaða ályktanir nefndin hefur dregið af rannsókn viðkomandi slyss og hvað hún telur mega fara betur í þágu aukins öryggis. Ákvæði þessarar greinar eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar með lítils háttar orðalagsbreytingum. Mikilvægt er að þeir aðilar sem tilmælum um úrbætur er beint til geri nefndinni grein fyrir hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum innan þess tímafrests sem kveðið er á um í greininni.

Um 36. gr.

Efnislega er 1. mgr. 36. gr. frumvarpsins samhljóða ákvæðum í 3. og 4. mgr. 14. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með viðeigandi orðalagsbreytingum. Sams konar ákvæði voru einnig í lögum um rannsókn flugslysa og umferðarslysa.

2. mgr. greinarinnar er nýmæli. Kveðið er á um skyldu rannsóknarnefndarinnar til að taka saman yfirlit um það hvernig brugðist hafi verið við tillögum hennar í öryggisátt. Opinber birting er talin stuðla að frekari eftirfylgd við tillögur nefndarinnar.

Um 37. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til endurupptöku máls sem verið hefur til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa þótt rannsókn þess sé lokið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 23. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, 15. gr. gildandi laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 15. gr. laga um rannsókn umferðarslysa, nr. 24/2005. Rannsóknar-

nefndin metur það sjálfstætt hvort og hvenær ástæða sé til að taka upp rannsókn máls sem lokið er með skýrslu, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Heimildin til endurupptöku í 1. mgr. er tvíþætt. Annars vegar getur nefndin sjálf haft frumkvæði að endurupptöku máls. Hins vegar er mögulegt að nefndin taki upp mál samkvæmt beiðni þar um, t.d. frá aðila máls eða einhverjum sem býr yfir vitneskju um málið sem ekki hefur komið fram áður. Áskilið er að ný og mikilvæg gögn eða upplýsingar sem gefa ástæðu til endurupptöku komi fram til að unnt sé að endurupptaka mál. Nefndin metur sjálf hvað séu ný og mikilvæg gögn eða upplýsingar sem gefa ástæðu til endurupptöku.

Í 2. mgr. er þó mælt svo fyrir að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd samgönguslysa að rannsaka nánar tiltekið slys eða atvik eða sérstök atriði sem tengjast slysi eða atviki ef ný gögn koma fram eftir að rannsókn máls er lokið. Er þetta ákvæði nær samhljóða 2. mgr. 23. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, og var það nýmæli við setningu þeirra laga. Tilefni þessa nýmælis var að upp gátu komið tilvik þar sem þess var farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann flugmála hér á landi, að leitað yrði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið flugslys, og þótti þá óhjákvæmilegt að ráðherra samgöngumála gæti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar flugslys sem rannsókn væri lokið á, eða að rannsakað yrði frekar tiltekið atriði varðandi flugslys, án þess að sú rannsókn þyrfti að taka til allra þeirra þátta sem fyrri rannsókn náði til. Eru þessi sjónarmið enn talin gilda og eru nú einnig látin ná til sjóslysa og atvika sem og umferðarslysa.

Vegna mikilvægis þess að rannsóknarnefndin sé sjálfstæð og óháð er sérstaklega kveðið á um það í 3. mgr. að þótt rannsókn hefjist að beiðni ráðherra fari hún fram samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Um 38. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir heimild rannsóknarnefndar samgönguslysa til að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi í samgöngum án þess að þau tengist tilgreindu slysi. Sambærilega heimild er að finna í 5. mgr. 8. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Hvorki er slíka heimild að finna í gildandi lögum um rannsókn sjóslysa né rannsókn umferðarslysa.

Mikilvægt getur verið að sjálfstæð og óháð nefnd láti í ljós álit sitt og komi eftir atvikum með tilmæli í öryggisátt, þó svo að ekki sé um samgönguslys eða samgönguatvik að ræða. Slíkt getur stuðlað að auknu öryggi í samgöngum.

Um 39. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um skráningu slysa í samgöngum þar sem ráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd samgönguslysa að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika. Fyrirmynd að ákvæðinu er að hluta til að finna í 3. mgr. 5. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, þar sem kveðið er á um að setja skuli sérstakar reglur um skráningu sjóslysa sem verða um borð í íslenskum skipum af hvaða stærð sem er, svo og skráningu slysa og atvika sem verða á erlendum skipum sem nefndin tekur til skoðunar. Skv. 10. gr. reglugerðar um rannsókn sjóslysa, nr. 133/2001, er rannsóknarnefnd sjóslysa falið að annast skráningu allra sjóslysa. Gert er ráð fyrir að skráning slysa í samgöngum samkvæmt frumvarpinu verði með sambærilegum hætti og gilt hefur um skráningu sjóslysa. Mælst er til þess að nefndinni verði í reglugerð heimilað að leita samráðs og samvinnu við Slysaskrá Íslands um skráningu samgönguslysa. Skráning samgönguslysa skal fara fram í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Talið er eðlilegt að kveða á um skyldu til birtingar niðurstöðu slysaskráninga í ársskýrslu samkvæmt þessari grein, í þeim tilvikum þegar ráðherra hefur falið nefndinni að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.

Rétt þykir að taka fram að skv. 2. tölul. 6. gr. tilskipunar ráðsins 94/56/EB má fjölga þeim verkefnum sem rannsóknarnefnd samgönguslysa eru falin þannig að til þeirra teljist t.d. söfnun og greining gagna er varða flugöryggi, einkum í fyrirbyggjandi tilgangi, svo framarlega sem slíkt dregur ekki úr sjálfstæði nefndarinnar eða felur í sér ábyrgð á stjórnsýslu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela nefndinni slíkt hlutverk með reglugerð og sambærilegt hlutverk hvað varðar t.d. söfnun og greiningu gagna er varða öryggi á sjó og umferðaröryggi.

Um 40. gr.

Hér er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laganna með reglugerð. Til að mynda er ráðherra falið að setja ákvæði í reglugerð til nánari útfærslu á ýmsum skilgreiningum; kveða á um fyrirkomulag vegna framsals rannsóknar til annars ríkis; setja ákvæði um tilkynningu um slys til erlendra aðila; setja reglur um móttöku og meðferð samsvarandi tilkynninga frá erlendum aðilum til íslenskra yfirvalda; og setja nánari reglur um aðgengi að rannsóknargögnum, rannsókn máls, þar á meðal um samráð við erlenda rannsóknaraðila við gerð bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu. Jafnframt er ráðherra falið að setja ákvæði um nánari framkvæmd við rannsókn á vettvangi samgönguslyss skv. 21. og 22. gr.

Vakin skal athygli á því að upptalning hér að framan er einungis í dæmaskyni þannig að ljóst þykir að ráðherra er veitt nokkuð rúm heimild til setningar ákvæða varðandi rannsóknir samgönguslysa enda talið rétt að unnt verði að bregðast við með nokkuð skjótum hætti reynist tilefni til. Rétt er að árétta að slíkri heimild skal þó beitt af mikilli varfærni enda skal það undirstrikað að nefndinni er ætlað að starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum við rannsóknir sínar.

Um 41. gr.

Refsiheimildarákvæði 1. mgr. 41. gr. er nýmæli og sett í ljósi þess mikilvæga starfs sem nefndin og starfsmenn hennar vinna í þágu almannaöryggis með rannsóknum sínum.

2. mgr. er nýmæli og sett vegna eðlis þeirra gagna og viðkvæmra persónulegra upplýsinga sem um ræðir.

3. mgr. er að hluta til nýmæli en í 17. gr. laga um rannsókn sjóslysa er kveðið á um að brot á tilkynningarskyldu varði sektum. Einnig er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna flugslysa í reglugerð um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika, nr. 53/2006. Varða brot á ákvæðum reglugerðarinnar refsingu skv. 141. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, sem kveður á um sektir eða fangelsi allt að fimm árum. Refsiheimildarákvæði er aftur á móti ekki að finna í lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Er þessi heimild sett í frumvarpið m.a. svo að samræmis gæti milli slysaflokka sem og vegna hins mikilvæga starfs nefndarinnar í þágu almannaöryggis.

Um 42. gr.

Með frumvarpinu eru innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/95. Markmið tilskipunarinnar er að auka flugöryggi með því að stuðla að skjótri framkvæmd rannsóknar sem gerð er eingöngu í því

augnamiði að koma í veg fyrir slys og óhöpp í framtíðinni. Fjallað er um stöðu rannsóknar og rannsóknaraðilanna í tilskipuninni og skýrslugerð hvað varðar slys og óhöpp auk tilmæla í öryggisátt. Aðildarríkjum er gert skylt að tryggja að framangreindum tilmælum sé fylgt og brugðist sé við þeim á viðeigandi hátt.

Um 43. gr.

Lagt er til, verði frumvarpið að lögum, að ný lög um rannsókn samgönguslysa taki gildi 1. júlí 2010. Frá og með sama tímamarki falli brott eldri lög um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í núverandi fyrirkomulagi rannsóknarnefndanna gegna forstöðumenn þeirra einnig hlutverki rannsóknarstjóra. Í bráðabirgðaákvæðinu felst því að þeir halda áfram störfum við hina nýju nefnd sem rannsóknarstjórar. Munu þeir gegna því starfi þar til núgildandi skipunartíma þeirra lýkur. Einnig er ráðgert að aðrir starfsmenn nefndanna haldi störfum sínum hjá hinni nýju rannsóknarnefnd. Í þessu felst að 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á ekki við en samkvæmt henni er skylt að auglýsa laus til umsóknar störf hjá ríkinu. Er þetta gert til að tryggja að sem minnst rót verði á þeirri rannsóknarstarfsemi sem færist undir hina nýju rannsóknarnefnd sem og að tryggja að sú þekking sem er til staðar í núverandi rannsóknarnefndum glatist ekki. Samræmist þetta markmiðum lagasetningar þessarar þar sem slíkt hefur í för með sér hagræði sem og tryggir að gæði rannsókna minnka ekki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Markmið þessa frumvarps er annars vegar að stuðla að fækkun slysa og auknu öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir og hins vegar að ná fram hagræðingu við rannsóknir á samgönguslysum. Frumvarpið felur í sér sameiningu laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, í heildstæða löggjöf um slysarannsóknir í samgöngum. Gert er ráð fyrir að nefndirnar verði sameinaðar í eina fimm manna rannsóknarnefnd í stað þriggja áður en samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi eru nefndarmenn þessara nefnda samtals þrettán talsins. Í frumvarpinu er jafnframt leitast við að innleiða alþjóðlegar kröfur og tilmæli er varða rannsóknir samgönguslysa. Í fjárlögum 2009 námu framlög til rannsóknarnefndanna þriggja samtals 119,2 m.kr. Í kostnaðarmati sem samgönguráðuneytið lét vinna í tengslum við frumvarpið er gert ráð fyrir að með sameiningu rannsóknarnefndanna náist fram hagræðing sem geri það að verkum að framlög vegna þessara verkefna lækki í 109,6 m.kr. á árinu 2010 en það er um 8% lækkun frá fjárlögum 2009. Stærstu kostnaðarliðirnir eru í fyrsta lagi launakostnaður sem gert er ráð fyrir að nemi um 80,5 m.kr. á ári. Sá kostnaður sundurliðast þannig að gert er ráð fyrir að sex ársverk sérfræð-

inga og u.þ.b. eitt ársverk ritara kosti um 70 m.kr. en launakostnaður vegna fimm nefndarmanna verði um 10,5 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að formaður nefndarinnar sé í 30% starfshlutfalli sem forstöðumaður nefndarinnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ferða- og fundarkostnaður verði 11,7 m.kr. Í þriðja lagi er áætlað að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu verði 8,1 m.kr. og í fjórða lagi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna húsnæðis, svo sem leigu og annars kostnaðar, verði áætlaður um 4,6 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna rannsóknarnefndanna lækki samtals um 9,6 m.kr. frá fjárlögum 2009. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 hefur verið gert ráð fyrir þessari lækkun.

324. Fyrirspurn [280. mál]

til fjármálaráðherra um áminningar vegna eyðslu umfram fjárheimildir.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hversu mörgum forstöðumönnum ríkisstofnana hefur verið veitt áminning í starfi á síðustu tíu árum vegna eyðslu umfram fjárheimildir?
2. Hvaða tíu stofnanir hafa farið mest fram úr fjárheimildum á síðustu tíu árum?
3. Hversu margir forstöðumenn þeirra tíu stofnana hafa verið áminntir í starfi?

Skriflegt svar óskast.

325. Fyrirspurn [281. mál]

til fjármálaráðherra um opinber störf á vegum ríkisins.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fjölgað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?
2. Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fækkað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

326. Fyrirspurn [282. mál]

til forsætisráðherra um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Skriflegt svar óskast.

327. Fyrirspurn [283. mál]

til utanríkisráðherra um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Skriflegt svar óskast.

328. Fyrirspurn [284. mál]

til utanríkisráðherra um kynningu á málstað Íslendinga í Icesave-málinu.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hefur utanríkisþjónustunni verið beitt til kynningar á málstað Íslendinga í Icesave-málinu? Ef svo er, hvernig hefur þeirri kynningu verið háttað og hver er áfallinn kostnaður við kynninguna?

329. Fyrirspurn [285. mál]

til fjármálaráðherra um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Skriflegt svar óskast.

330. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá forsætisnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skýrslunni skal skilað fyrir lok janúar 2010.

b. Í stað 2. og 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Alþingi kýs níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Um þingmannanefndina gilda ákvæði þingskapa um fastanefndir, eftir því sem við á, en nefndin setur sér að öðru leyti verklagsreglur. Hún gefur Alþingi skýrslu um störf sín, sbr. 26. og 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur lagt fram tillögur að öðrum þingmálum eftir því sem efni máls krefur og fylgt eftir ábendingum í skýrslunni um úrbætur á reglum með því að vísa þeim til viðkomandi fastanefndar ef ástæða er til.

Ef nefndin telur nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um einstök atriði getur hún falið einum eða fleiri sérfróðum aðilum að rannsaka þau og gefa sér skýrslu um niðurstöðuna. Reglur II., III. og VI. kafla laga þessara gilda um slíka framhaldsrannsókn eftir því sem við á, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu.

Nefndin skal svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort einhverjum hluta rannsóknargagna verði skilað síðar til Þjóðskjalasafns en áætlað er, sbr. 5. mgr. 17. gr., út af fyrirhugaðri framhaldsrannsókn. Þeir sem annast framhaldsrannsókn eiga aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað að því marki sem nauðsynlegt er í þágu rannsóknarinnar.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Rannsóknarnefndin afhendir Þjóðskjalasafni Íslands þá gagnagrunna sem orðið hafa til í störfum hennar, sbr. 5. mgr. 17. gr. Rannsóknarnefndin tekur ákvörðun um hverjum af þeim gögnum sem nefndin hefur safnað ber að skila sem gagnagrunni samkvæmt þessu ákvæði og hvaða upplýsingar koma þar fram. Þjóðskjalasafni Íslands er heimilt að gera samning við aðra ríkisstofnun á grundvelli 30. gr. fjárreiðulaga um að rækja starfsskyldur safnsins um ákveðinn tíma samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þjóðskjalasafn varðveitir upprunalega gagnagrunna og er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum úr þeim þar til reglur upplýsingalaga um aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga leyfa.

Þjóðskjalasafni Íslands er heimilt að afhenda afrit af gagnagrunnum sem hafa að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem ekki verða raktar til nafngreindra fyrirtækja. Óheimilt er að afhenda afrit af öðrum gagnagrunnum um bankahrunið.

Taka skal sérstakt afrit af gagnagrunnunum til fræðilegra rannsókna þar sem afmáð eru persónuauðkenni launaupplýsinga. Persónuvernd skal taka afstöðu til þess hvort afmá beri

önnur persónueinkenni úr gagnagrunnunum eða nota aðrar aðferðir til þess að vernda persónuupplýsingar. Þjóðskjalasafn Íslands ber kostnað af vinnu Persónuverndar.

Þjóðskjalavörður getur heimilað aðgang að afriti skv. 4. mgr. í öruggri aðstöðu safnsins til þess að gera fræðilega rannsókn, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. ábyrgðarmaður rannsóknar og aðrir sem sjá um tölvuvinnslu á hans vegum heiti því að gæta þagmælsku um þær persónugreinanlegu upplýsingar sem þeir fá aðgang að sem og fjárhagsupplýsingar sem rekja má til nafngreindra fyrirtækja og undirriti skriflega yfirlýsingu þar um,
b. þær upplýsingar sem veittur er aðgangur að verði ekki birtar í rannsóknaniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt eða þær raktar til nafngreindra fyrirtækja,
c. virtar séu í hvívetna öryggisreglur sem þjóðskjalavörður skal setja um gagnagrunnana í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þjóðskjalavörður getur sett frekari skilyrði um hvernig haga beri aðgangi að gagnagrunnunum að fenginni umsögn Persónuverndar, m.a. til þess að tryggja öryggi gagnanna.

Í umsókn ábyrgðarmanns skal gera ítarlega grein fyrir markmiði rannsóknarinnar, fræðilegu gildi hennar og hvernig staðið verði að framkvæmd hennar.

Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda að öðru leyti um gagnagrunna um bankahrunið, þ.m.t. eftirlit og úrræði Persónuverndar.

Ábyrgðarmaður rannsóknar, sem óskar eftir að gera fræðilega rannsókn á gagnagrunnum um bankahrunið, skal greiða fyrir allan kostnað sem hlýst af framkvæmd rannsóknarinnar og eftirliti með því að reglum og skilmálum sé fylgt. Þurfi Þjóðskjalasafn að kalla til sérfræðing við framkvæmd eða eftirlit með rannsókninni skal ábyrgðarmaður rannsóknar jafnframt greiða þann kostnað samkvæmt reikningi.

Ef maður, sem fengið hefur leyfi til þess að gera fræðilega rannsókn, eða annar aðili sem vinnur að rannsókninni brýtur ákvæði 5. eða 6. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar það að gera rannsókn án leyfis eða á annan hátt en sótt var um.

Nú brýtur maður 5. eða 6. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varða bætur fyrir fjártjón og miska.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 19. gr. og orðast svo:

Kröfum í einkamáli og málum skv. 2. og 3. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, út af atriðum er koma fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar eða öðrum skýrslum eða frásögnum í tengslum við rannsóknina, verður ekki beint gegn þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni. Sama gildir ef mál er höfðað út af málsmeðferð í tilefni af henni. Íslenska ríkið ber ábyrgð á athöfnum þeirra eftir almennum reglum hvort sem mál er höfðað fyrir innlendum eða erlendum dómstóli. Verði mál höfðað fyrir erlendum dómstóli gegn einstaklingi sem unnið hefur að rannsókninni, þrátt fyrir 1. málsl., greiðir íslenska ríkið allan kostnað hans við rekstur málsins og aðrar áfallnar kröfur af því tilefni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar og viðbætur við lög nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þær miða fyrst og fremst að því að búa í haginn fyrir framlagningu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og skýra hvað gerist í kjölfarið. Í fyrsta lagi er frestur nefndarinnar til að skila skýrslu færður til janúarloka í samræmi við beiðni nefndarinnar um lengri tíma til að ljúka úrvinnslu gagna og ganga frá skýrslunni til Alþingis. Í öðru lagi eru sett inn í lögin fyrirmæli um meðferð Alþingis á skýrslunni en samkomulag hefur orðið innan forsætisnefndar um fyrirkomulag þeirrar meðferðar. Í þriðja lagi er bætt við ákvæði um varðveislu og aðgang að þeim viðamiklu rafrænu gagnagrunnum sem orðið hafa til í vinnu rannsóknarnefndarinnar. Í fjórða og síðasta lagi er þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni tryggð ákveðin friðhelgi gegn hugsanlegum málsóknum út af starfi þeirra í þágu rannsóknarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. málsl. 1. mgr.15. gr. laganna segir að stefnt skuli að því að skýrslu rannsóknarnefndarinnar verði skilað til Alþingis eigi síðar en 1. nóvember 2009. Ákvæðið lýsir því ákveðnu markmiði um hvenær vinnu nefndarinnar ljúki. Nú liggur fyrir að þessu markmiði verði ekki náð enda hefur gagnaöflun af ýmsum ástæðum reynst umfangsmeiri og tímafrekari en áætlað var. Rannsóknarnefndin hefur lagt mat á hve langan viðbótartíma hún þurfi til að ganga frá skýrslunni og telur að unnt verði að skila henni fyrir janúarlok. Hér er því lagt til að lögfestur verði skilafrestur sem taki mið af þessu mati nefndarinnar.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 15. gr. laganna er skýrt að skýrsla rannsóknarnefndarinnar skuli tekin til umfjöllunar á Alþingi. Þar er þó ekki fjallað nema að litlu leyti um fyrirkomulagið. Í frumvarpi þessu, sem samkomulag hefur orðið um innan forsætisnefndar, er meðferð skýrslunnar markaður ákveðinn farvegur innan þingsins. Með því er leitast við að hún fái vandaða og ítarlega meðferð á Alþingi og að viðbrögð þingsins verði bæði fumlaus og skýr.

Lagt er til að níu þingmenn verði kosnir í nefnd til að fjalla um skýrsluna og móta viðbrögð Alþingis við niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar. Í núgildandi skipulagi þingsins er engri fastanefnda Alþingis falið að annast mál er tengjast eftirlitshlutverki Alþingis eða þeim markaður ákveðinn farvegur innan þingsins. Því þarf að sérsníða þá meðferð sem skýrslan fær. Ekki er talið heppilegt að fela einhverri fastanefnd þingsins eða forsætisnefnd þetta erfiða og umfangsmikla verkefni. Með kosningu sérstakrar nefndar gefst flokkunum jafnframt færi á því að velja sérstaklega þá fulltrúa sem verður trúað fyrir þessu mikilvæga verkefni. Í þessu sambandi telur forsætisnefnd afar æskilegt að þingflokkarnir komist að samkomulagi um skipan eins lista er boðinn verður fram þannig að tryggt verði að þeir eigi allir fulltrúa í þingmannanefndinni.

Miðað er við að þingmannanefndin taki skýrsluna í heild til umfjöllunar. Því er horfið frá því fyrirkomulagi, sem kveðið er á um í 15. gr. núgildandi laga, að forsætisnefnd vísi tillögum rannsóknarnefndarinnar um úrbætur á lögum og reglum til fastanefnda en að forseti og formenn þingflokkanna fjalli um skýrsluna að öðru leyti og geri tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðum hennar.

Viðfangsefni þingmannanefndarinnar og þingsins í heild munu ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Sú umfjöllun markast af verkefnum rannsóknarnefndarinnar eins og þau voru skilgreind í 1. gr. laganna. Meðal þeirra sjónarmiða sem lágu til grundvallar skipun nefndarinnar var að fagleg greining á ástæðum bankahrunsins þyrfti

að liggja til grundvallar almennu pólitísku uppgjöri málsins. Væntingar standa til þess að á grunni skýrslunnar verði unnt að draga almenna lærdóma af efnahagsáföllunum. Þingmannanefndin mun að líkindum fjalla um það atriði. Eftir atvikum kemur það enn fremur í hlut hennar að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það er hlutverk þingsins. Þá má ætla að þingmannanefndin fylgi eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar um breytingar á lögum og reglum sem miða að því að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi sem urðu hér á landi haustið 2008 endurtaki sig.

Almennar reglur þingskapa um fastanefndir Alþingis munu gilda um starf þingmannanefndarinnar eftir því sem við á. Ætlast er til að hún setji sér starfsreglur sem taki m.a. á þeim atriðum sem reglur þingskapa eru ekki taldar eiga við. Við það er miðað að þingmannanefndin geri grein fyrir athugun sinni í skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi, sbr. 26. og 31. gr. þingskapa. Þar verður eftir atvikum unnt að gera tillögu eða tillögur til þingsályktunar sem kæmu til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna. Enn fremur getur nefndin lagt fram annars konar þingmál eða eftir atvikum vísað einstökum ábendingum um úrbætur á reglum til viðkomandi fastanefndar.

Eftir ítarlega og umfangsmikla gagnasöfnun rannsóknarnefndarinnar ætti ekki að vera þörf fyrir sjálfstæða upplýsingaöflun þingmannanefndarinnar enda er henni fyrst og fremst ætlað að leggja skýrslu rannsóknarnefndarinnar til grundvallar störfum sínum. Þó er lagt til að henni verði veitt heimild til að láta rannsaka einstaka þætti málsins nánar telji hún þörf á frekari upplýsingum. Ekki er ráðgert að þingmannanefndin annist sjálf slíka framhaldsrannsókn heldur feli hún einum eða fleiri sérfróðum aðilum umsjón hennar. Um störf þeirra, rannsóknarheimildir, málsmeðferð og ýmis önnur atriði gilda ákvæði laganna eftir því sem við á. Komi til slíkrar framhaldsrannsóknar skal skýrslu skilað til þingmannanefndarinnar sem tekur afstöðu til þess hvernig meðferð hennar skuli hagað.

Nefndinni ber að leggja mat á það svo fljótt sem auðið er hvort einhverjum hluta rannsóknargagna verði skilað síðar til Þjóðskjalasafns en áætlað er út af fyrirhugaðri framhaldsrannsókn. Þó að þessum gögnum hafi verið skilað verður þeim sem annast framhaldsrannsóknina heimilt að kynna sér gögn rannsóknarnefndarinnar að því marki sem nauðsynlegt er í þágu rannsóknarinnar. Þagnarskylda mun hvíla á þeim um efni þeirra og annað sem fram kemur við rannsóknina í samræmi við 3. mgr. 4. gr. laganna. Líkt og rannsóknarnefndin geta þeir þó birt upplýsingar í skýrslu til þingmannanefndarinnar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef það er talið nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöðuna, sbr. 4. mgr. 4. gr. laganna. Ekki er þó heimilt að birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, nema verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Ekki er settur ákveðinn tímafrestur fyrir athugun þingmannanefndarinnar. Eftir sem áður er mikilvægt að hraða meðferð málsins eftir fremsta megni og að þingmannanefndin setji sér skýr markmið í þessu efni.

Um 2. gr.

Að lokinni vinnu rannsóknarnefndarinnar munu liggja fyrir umfangsmiklir gagnagrunnar sem byggjast á margvíslegum rafrænum upplýsingakerfum frá bönkunum og öðrum aðilum. Í þessum gagnagrunnum eru fjárhagsupplýsingar af ýmsu tagi um viðskipti fjármálastofnana fyrir hrunið sem geta haft mikla fræðilega þýðingu, m.a. fyrir hagfræðilegar rannsóknir á því hvernig bankastarfsemi bregst við sveiflum á fjármálamörkuðum og hvað beri að forðast í því efni. Að þessu leyti eru gagnagrunnarnir einstakir á alþjóðavísu. Þar sem í þeim verða

miklar upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga og fyrirtækja ættu þessir gagnagrunnar hins vegar ekki að vera aðgengilegir að óbreyttu fyrr en eftir þrjátíu eða áttatíu ár, sbr. 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Til að þeir geti nýst við fræðilegar rannsóknir er hér lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um aðgang að upplýsingum úr þeim eftir að þeir hafa verið afhentir Þjóðskjalasafninu til varðveislu. Slíkan aðgang er hins vegar ekki hægt að veita nema gæta að vernd persónuupplýsinga og upplýsinga sem varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja í rekstri. Sú leið sem hér er lögð til miðar að því að veita aðgang að gagnagrunnunum en taka jafnframt nauðsynlegt tillit til framangreindra hagsmuna.

Samkvæmt tillögunni verða upprunalegu gagnagrunnarnir varðveittir óbreyttir á Þjóðskjalasafninu og aðgangur að þeim opnaður þegar heimilt verður að veita aðgang að upplýsingum um einkamálefni einstaklinga. Skv. 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga er það að áttatíu árum liðnum frá því að gögnin urðu til. Að öðru leyti verður aðgangur aðeins veittur að afritum gagnagrunnanna þar sem ákveðnar upplýsingar hafa verið afmáðar. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu veitt heimild til að taka afrit þar sem allar persónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem rekja má til nafngreindra fyrirtækja hafa verið afmáðar en heimilt verður að afhenda slíkt afrit án skilyrða. Að auki er ráðgert að safnið taki afrit sem einungis verði ætlað til fræðilegra rannsókna í öruggri aðstöðu á safninu og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum um þagnarskyldu þeirra sem vinna að rannsókninni. Í því yrðu aðeins afmáð persónuauðkenni launaupplýsinga og hugsanlega önnur persónuauðkenni sem Persónuvernd metur að ekki eigi að vera opinber. Þjóðskjalavörður metur hvort heimila skuli aðgang að þessu afriti með hliðsjón af því sem fram kemur í umsókn ábyrgðarmanns rannsóknar þar sem lýst er markmiði hennar, fræðilegu gildi og hvernig staðið verði að framkvæmd rannsóknarinnar.

Kostnaður við framkvæmd rannsóknar og eftirlit með því að reglum og skilmálum sé fylgt skal greiddur af ábyrgðarmanni rannsóknarinnar. Almennar reglur um þjónustugjöld gilda um afmörkun og fjárhæð gjaldtökunnar.

Ef ábyrgðaraðili rannsóknar eða annar aðili sem vinnur að henni fer ekki að fyrirmælum eða skilmálum skv. 5. og 6. mgr. greinarinnar ber hann refsiábyrgð. Sama á við ef maður notar upplýsingar úr gagnagrunnunum án leyfis eða á annan hátt en sótt var um. Brotin varða sömu refsingu og brot á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Um 3. gr.

Hlutverk rannsóknarnefndarinnar er að varpa ljósi á ástæður bankahrunsins haustið 2008 og segja til um hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Í þessu skyni fékk nefndin heimild til að afla upplýsinga sem eiga almennt að fara leynt út af reglum um þagnarskyldu. Þar er nefndinni jafnframt veitt heimild til að greina frá slíkum upplýsingum í skýrslu sinni til Alþingis ef það er nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður hennar. Eftir sem áður skal því aðeins birta þar upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta þær vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á. Rannsóknarnefndinni er með þessu falið að feta einstigi milli hagsmuna almennings af því að fá fullnægjandi mynd af ástæðum hrunsins annars vegar og hins vegar hagsmuna sem tengjast friðhelgi einkalífs og leynd viðskiptaupplýsinga.

Ekki er útilokað að þeir sem hlut eiga að máli muni telja að ummæli eða upplýsingar sem birtast í skýrslunni vegi að réttindum þeirra, svo sem friðhelgi einkalífs. Á hinn bóginn er mikilvægt að nefndarmenn sem vinna að gerð skýrslunnar taki afstöðu til þess hvað eigi að

birta án þess að þurfa að leiða hugann að því hvort þeir kunni persónulega að þurfa að taka til varna í dómsmálum út af því sem fram kemur í skýrslunni. Jafnframt mundi slík málsókn leiða til fjárútláta nefndarmanna sem gætu orðið verulega íþyngjandi. Ekki getur talist sanngjarnt að þeir verði þvingaðir til að grípa til varna fyrir það lögmælta verkefni sem þeim var trúað fyrir af Alþingi og hugsanlega bera af því fjárhagslegt tjón. Af þessum sökum er hér lagt til að þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni sé veitt ákveðin vernd gegn slíkum málsóknum. Sú vernd mun ekki aðeins ná til nefndarmanna í rannsóknarnefndinni heldur t.d. einnig til þeirra sem tóku sæti í vinnuhópi til að fjalla um það hvort rekja megi ástæður hrunsins til siðferðis eða vinnubragða og til þeirra sem eftir atvikum munu vinna að framhaldsrannsókn í samræmi við frumvarp þetta.

Tekið er fram í greininni að íslenska ríkið beri ábyrgð á athöfnum þessa fólks eftir almennum reglum hvort sem mál er höfðað fyrir innlendum eða erlendum dómstóli. Ekki er þó tryggt að ákvæði af þessu tagi bindi erlenda dómstóla. Í slíkum tilvikum er ljóst að sú vernd sem ákvæðinu er ætlað að veita væri tilgangslítil ef ekki væri jafnframt skýrt að íslenska ríkið greiddi allan kostnað við rekstur málsins fyrir erlendum dómstóli og eftir atvikum aðrar áfallnar kröfur.

Ákvæði af þessu tagi þekkjast í löggjöf hér á landi. Þannig er alþingismönnum tryggð ákveðin friðhelgi út af því sem þeir hafa sagt á Alþingi í 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar, en leyfi Alþingis þarf fyrir málsókn af því tagi. Kröfum í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis ber enn fremur að vísa frá dómi, sbr. 16. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þá er málsókn gegn dómurum útilokuð skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og ber ríkið skaðabótaábyrgð á gerðum þeirra í samræmi við almennar reglur. Framkrafa ríkisins á hendur dómara kemur því aðeins til álita að hann hafi valdið tjóni af ásetningi og ríkið hafi verið dæmt til greiðslu skaðabóta.

Greinin er reist á sömu sjónarmiðum og síðastgreinda ákvæðið þar sem byggt er á meginreglu um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna. Greinin einskorðast þó ekki við skaðabótakröfur heldur nær hún einnig til hvers konar viðurkenningarkrafna, krafna um ómerkingu ummæla og annars konar einkaréttarkrafna. Er þá m.a. haft í huga að ómerkingarkröfum út af ummælum í dómnefndarálitum hefur verið beint gegn þeim einstaklingum sem hafa átt sæti í viðkomandi dómnefnd, sbr. hæstaréttardóm frá 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003 (Hrd. 2004:1553) og hæstaréttardóm frá 1. nóvember 1985 í máli nr. 99/1984 (Hrd. 1985:1148).

Með einkamálum er átt við öll mál sem eru rekin fyrir dómstólum á grundvelli laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Verndin nær því almennt ekki til brota er sæta opinberri ákæru. Þó tekur hún til mála sem höfðuð eru út af ætlaðri ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun óháð því hvort handhafi ákæruvalds eða sá sem telur á sér brotið höfðar málið.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

331. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Flm.: Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Eygló Harðardóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggir velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð sjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Leitað verði liðsinnis færustu erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar til að tryggja þann trúverðugleika efnahagsstjórnar landsins sem er nauðsynlegur.

Efnahagsáætlunin liggi fyrir 1. október 2010 og komi til framkvæmda fyrir 2011.

Ráðherra kynni Alþingi efnahagsáætlunina við fyrsta tækifæri eftir að þing hefur verið sett í október 2010.

Greinargerð.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan ákveðið var að fara í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Forsendur hafa gjörbreyst og ljóst að ekki er hægt að treysta á hlutleysi sjóðsins eða að hann framfylgi yfirlýstum markmiðum sínum um að aðstoða þjóðir í fjármála- og gjaldeyriskreppu. Flutningsmenn telja að það hafi sýnt sig að Bretar og Hollendingar hafa misbeitt sjóðnum til að reyna að knýja fram þá niðurstöðu sem þeim hugnast varðandi svokallaðar Icesave-skuldbindingar. Slík vinnubrögð eru algerlega ólíðandi og ættu að vera næg ástæða til að afþakka frekari aðstoð. Þrátt fyrir mikla seinkun á endurskoðun sjóðsins hefur tekist að halda efnahag landsins á floti. Þá telja flutningsmenn það ekki að sjá að endurskoðun sjóðsins hafi haft teljandi áhrif á efnahagslífið.

Ísland, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og umheimurinn.

Eftir hrun bankakerfisins síðasta haust kom fátt annað til greina en að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð þar sem stjórnvöld komu alls staðar að lokuðum dyrum.

Ísland er eitt af stofnríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en hann var stofnaður árið 1945. Um 185 lönd eru nú aðilar að sjóðnum. Ísland var skuldlaust við sjóðinn fyrir hrun en hafði þó fengið lán frá honum í fjórgang, fyrst árið 1960 á árum Viðreisnarstjórnarinnar, þá 1967–1968 þegar síldin hvarf, 1974–1976 þegar verð á olíu hækkaði og loks árið 1982 vegna útflutningsbrests.

Yfirlýst hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að auka samvinnu milli þjóða og tryggja stöðugleika í fjármálakerfum heimsins. Honum ber að aðstoða þjóðir í fjármála- og gjaldeyriskreppu og lána ríkisstjórnum fé til að koma eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum í gang.

Skiptar skoðanir eru um það hvernig Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur tekist að rækja þetta hlutverk sitt. Hann hefur löngum þótt strangur húsbóndi sem ekki hefur tekið nægilegt tillit til sérstakra og staðbundinna aðstæðna. Sjóðurinn hefur þótt einsýnn í málefnum þróunar- og nýmarkaðslanda þar sem hann hefur lagt höfuðáherslu á gildi nýfrjálshyggjunnar frekar en að laga aðstoð sjóðsins að aðstæðum á hverjum stað.

Hagstjórnartæki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þrátt fyrir að nú sé meira en áratugur síðan efnahagskreppan í Asíu beindi athyglinni að meiri háttar mistökum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er sjóðurinn enn að gera svipuð mistök í mörgum löndum, sérstaklega í þróunarlöndunum. Á sama tíma og sjóðurinn styður fjárhagslega örvandi aðgerðir í ríkum löndum þvingar hann þróunarlöndin til þess að innleiða kreppudýpkandi hagstjórnaraðgerðir. Sú aðferðafræði hefur verið gagnrýnd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem settu á fót sérfræðinganefnd undir forustu Joseph Stiglitz til að grafast fyrir um orsakir kreppunnar og áhrif hennar um heim allan. Nefndinni var einnig ætlað að koma með tillögur að aðgerðum til að koma í veg fyrir að álíka atburðir endurtaki sig og vísa á leiðir sem væru líklegri til að koma á efnahagslegum stöðugleika. Um þetta má lesa í skýrslu nefndarinnar, *Report of the Commission of Experts of the President of the United Nations General Assembly on Reforms of the International Monetary and Financial System,* sem má nálgast á vef SÞ: www.un.org/ga/econcrisissummit/docs/FinalReport_CoE.pdf.

Víða þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur komið að málum hafa stjórnvöld, sem fyrr segir, verið neydd til að beita kreppudýpkandi aðgerðum og ljóst er að hið sama gildir um Ísland, þrátt fyrir yfirlýsingar ráðamanna um að Ísland fái sérmeðferð. Hagstjórnartækin sem íslensk stjórnvöld eru þvinguð af sjóðnum til að nota eru hátt vaxtastig, mikil skuldsetning vegna gjaldeyrisvarasjóðsins og of hraður niðurskurður. Nýleg könnun sem gerð var af miðstöð fyrir rannsóknir á efnahags- og stjórnmálum í Washington leiddi í ljós að af 41 landi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur haft afskipti af undanfarin ár hafa 31 verið þvingað til að beita kreppudýpkandi hagstjórnaraðgerðum: háu vaxtastigi, niðurskurði velferðarkerfisins og aðhaldssemi er varðar aukið peningamagn. Sjóðurinn er þekktur fyrir að leggja of mikla áherslu á að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, sem m.a. hefur leitt til mun dýpri kreppu en annars hefði orðið. Dýpt kreppunnar skiptir miklu máli þar sem bæði fyrirtæki og einstaklingar verða fyrir miklum skaða vegna niðurskurðar og stöðnunar í efnahagslífi þjóðarinnar. Í raun er verið að eyðileggja auð þjóðarinnar þar sem ekki er hægt að endurreisa fyrirtæki né heimili sem verða gjaldþrota. Hægari niðurskurður mundi þýða minni samdrátt en á móti mun hann draga úr hagvexti þegar hagkerfið er farið að ná sér á nýjan leik.

Rannsóknir sýna að fjármálakreppa einkennist af mikilli eignatilfærslu frá þeim fátæku til þeirra ríku. Annað sem einkennir fjármálakreppu er aukinn ójöfnuður sem stafar m.a. af auknu atvinnuleysi og niðurskurði velferðarkerfisins. Markmið hagstjórnar á krepputímum á að vera að auka efnahagslega velferð og leiðirnar að því markmiði eru aðgerðir sem tryggja fulla atvinnu, hagvöxt og stöðugleika til lengri tíma. Efnahagsstefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda mun ekki ná fram þessum markmiðum. Markmið hennar er aðeins að tryggja að fjármagnseigendur fái sæmilega ávöxtun á fé sitt á meðan það er lokað inni í hagkerfinu og að Seðlabankinn hafi bolmagn til að kaupa krónurnar af þessum fjármagnseigendum þegar hægt verður að afnema gjaldeyrishöftin án þess að krónan fari í frjálst fall.

Flutningsmenn telja einsýnt að með því að leggja á þjóðarbúið sívaxandi erlendar skuldir verður kreppan lengd um ófyrirsjáanlegan tíma og mikil hætta á að það velferðarkerfi sem við njótum í dag muni líða undir lok ef fer sem horfir.

Erlendar skuldir landsins eru nú þegar orðnar háskalega miklar og því hætta á að þjóðin þurfi að búa við þann hörmulega veruleika að stór hluti þjóðarframleiðslu muni aðeins renna til þess vonlausa verkefnis að greiða vexti af erlendum skuldum.

Flutningsmenn telja mikilvægt að ríkisstjórnin leiti allra leiða til að endurreisa efnahagslíf landsins án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er þingsályktunartillaga þessi því lögð

fram. Nú þegar hafa fjölmargir heimsþekktir og sérfróðir menn lagt fram tillögur og hugmyndir um hvernig má losa þjóðina úr fjötrum sjóðsins. Lagðar hafa verið fram tillögur um lánalínur í stað beinna lána og þá hafa sérfræðingar sem unnið hafa fyrir sjóðinn boðist til að vinna með ríkisstjórninni að áætlun um endurreisn Íslands og aðhald í fjármálum sem þætti jafntraust eða traustara meðal lánardrottna okkar en áætlun frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Flutningsmenn leggja því til að fjármálaráðherra verði falið að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggi velferð og félagslegan stöðugleika án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mikilvægt er að efnahagsáætlunin liggi fyrir sem fyrst eða fyrir 1. október 2010 svo að unnt sé að hefja vinnu sem allra fyrst við að koma henni til framkvæmda fyrir árið 2011.

Fjármálaráðherra skal kynna Alþingi efnahagsáætlunina við fyrsta tækifæri eftir að þing kemur saman í október 2010 og helst eigi síðar en 5. október 2010.

332. Frumvarp til laga [288. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson,
Margrét Tryggvadóttir, Magnús Orri Schram.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 27. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo: Ársfund, hvernig boða skuli til hans og hvaða mál skuli þar lögð fram.
b. 5. tölul. orðast svo: Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila, svo og hvernig vali endurskoðanda skuli háttað.

2. gr.

2. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. koma sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála. Kosningar skulu vera leynilegar. Sjóðfélagi getur að hámarki farið með tvö atkvæði og skal þá liggja fyrir skriflegt umboð frá þeim sjóðfélaga sem framselur atkvæði sitt.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gögn og upplýsingar skulu vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga að lágmarki sjö virkum dögum fyrir ársfund.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á ársfundi skal heildarársreikningur vera aðgengilegur fyrir sjóðfélaga.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórn lífeyrissjóðs skal kjörin á ársfundi af sjóðfélögum, að lágmarki ⅗ hlutum frá launþegum og að hámarki ⅖ hlutum frá sjálfstæðum atvinnurekendum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum fyrirtækja. Ef stjórnarmaður sem kjörinn er fyrir launþega breytir um starfsvettvang og verður sjálfstæður atvinnurekandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fyrirtækis skal hann víkja og varamaður taka við. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu af sjóðfélögum. Á ársfundi skal jafnframt kjósa forstöðumann endurskoðunardeildar eða samþykkja val á sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Fráfarandi stjórn skal leggja fram tillögur um þá fyrir ársfund og sjóðfélögum er það einnig heimilt. Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal vera löggiltur endurskoðandi eða hafa hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins, sama gildir ef um sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila er að ræða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs og forstöðumaður endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti vegna fjármálastarfsemi.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipta stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna lífeyrissjóða fer samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
c. Orðin „nema að fengnu leyfi stjórnar“ í 5. mgr. falla brott.

5. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárfestingarstefna sjóðsins skal ætíð vera aðgengileg fyrir sjóðfélaga. Stjórn lífeyrissjóðs skal birta upplýsingar um fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum, afleiðusamningum og aðrar skuldbindingar sjóðsins og stöðu þeirra á 12 vikna fresti á skilmerkilegan og aðgengilegan hátt fyrir sjóðfélaga, þ.e. hversu mikið er fjárfest í hverjum flokki.

6. gr.

Í stað orðanna „einu ári“ í 1. málsl. 55. gr. laganna kemur: tveimur árum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til formbreytingar á starfsemi lífeyrissjóða til að tryggja aukið lýðræði, gagnsæi, eftirlit og áhrif sjóðfélaga á starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá

og með 16 ára aldri til 70 ára. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs er a.m.k. 12% af iðgjaldsstofni. Jafnframt greiðir fjöldi Íslendinga 2–4% til viðbótar í séreignarsjóði lífeyrissjóðanna vegna lífeyrissparnaðar, auk þess sem finna má sérákvæði um lífeyrisréttindi í sérlögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningi. Sjóðirnir geyma því meginhluta sparnaðar landsmanna. Heildareignir lífeyrissjóðanna eru áætlaðar um 1.700–1.800 milljarðar kr.

Miklum fjármunum fylgir mikið vald og ábyrgð og má því fullyrða að lífeyrissjóðir eru meðal lykilstofnana íslensks samfélags. Traust og trúverðugleiki stofnana í samfélaginu hefur beðið mikinn hnekki á undanförnum missirum og því mikilvægt að endurvinna það og byggja upp á ný.

Flestir lífeyrissjóðir voru stofnaðir eftir að samtök launþega og atvinnurekenda sömdu um það í almennum kjarasamningum árið 1969 að greiða hluta af launum í lífeyrissjóð og að atvinnurekandi greiddi framlag á móti. Árið 1974 varð lögskylt að greiða af dagvinnulaunum launþega í lífeyrissjóð og af heildarlaunum frá árinu 1981. Þá voru sjálfstæðir atvinnurekendur einnig skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð.

Nú eru því 40 ár liðin frá því að Alþýðusamband Íslands gerði fyrst samning sem kvað á um að helmingur stjórnarmanna í lífeyrissjóðunum kæmi frá atvinnurekendum en helmingur frá verkalýðsfélögum. Samningurinn var endurnýjaður í desember 1995 og engar breytingar gerðar á þessari tilhögun.

Stjórnarmenn lífeyrissjóðanna á Íslandi eru í langflestum tilvikum tilnefndir annars vegar af atvinnurekendum og hins vegar af verkalýðsfélögum, í sumum tilvikum eftir kosningar á ársfundum verkalýðsfélaga. Er þetta fyrirkomulag mjög sambærilegt reglum um val á stjórnarmönnum hjá lífeyrissjóðum í nágrannalöndum okkar, sbr. niðurstöðu skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson vann fyrir Landssamtök lífeyrissjóða árið 2004. Telja má þá lífeyrissjóði þar sem sjóðfélagar kjósa stjórnarmenn beinni kosningu á fingrum annarrar handar. Þar á meðal má nefna Lífeyrissjóð verkfræðinga og Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga. Einnig eru dæmi um blandað fyrirkomulag eins og Lífeyrissjóð lækna þar sem stjórn Læknafélags Íslands kýs tvo menn og ársfundur einn, og Lífeyrissjóð bankamanna þar sem sjóðfélagar kjósa helming stjórnar og aðildarfyrirtæki helming eftir ákveðnum reglum. Þessir lífeyrissjóðir hafa almennt haft frekar fáa sjóðfélaga.

Eftir búsáhaldabyltinguna var krafa almennings skýr um aukið lýðræði og gagnsæi í íslensku samfélagi og stjórnkerfi.

Lýðræði er oft skipt niður í annars vegar stjórnskipunarlýðræði og ákvörðunarlýðræði. Lýðræði til að taka ákvarðanir er tæki til að aðstoða fólk að taka ákvarðanir, jafnvel um mál sem það kann að vera ósammála um. Lýðræði sem stjórnskipan fjallar um hvernig valdi og ábyrgð er dreift í samfélagi, hvernig lykilstofnanir samfélagsins eru skipulagðar og hvernig fólk getur skipt út stjórnvöldum á friðsamlegan hátt. Borgarar þurfa að geta treyst því að vald sé ekki tengt ákveðnum forréttindum eða úthlutað útvöldum einstaklingum. Því skipta frjálsar og sanngjarnar kosningar miklu máli og að stórar ákvarðanir séu teknar með lýðræðislegum hætti. Auk frjálsra kosninga skiptir einnig opin og almenn umræða, aðgangur að upplýsingum og margvíslegt samráð máli, til að tryggja trúverðugleika og traust.

Við hrun bankanna kom í ljós að ýmislegt var að athuga við grunnforsendur lýðræðisins, samfélagsinnviðina og sáttina á milli ólíkra þjóðfélagshópa hér á landi. Viðbrögð almennings voru kröftug krafa um lýðræði. Við þessari auknu lýðræðiskröfu hefur verið brugðist með frumvörpum um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslur og persónukjör o.fl. Minna hefur verið gert í að tryggja aukið lýðræði í atvinnulífinu.

„Ég hygg að það sé mjög víða í stórum félagahreyfingum, að upphaflega sé þar gert ráð fyrir mjög verulegu lýðræði og á fyrstu árum slíkrar hreyfingar sé slíkt lýðræði virkt. Hins vegar gerist það … [að]…stórar félagslegar hreyfingar stækka og verða voldugri er auðvitað óhægara að koma slíku lýðræði við. Þróunin hefur mjög víða orðið sú, og þar má taka dæmi bæði hér af samvinnuhreyfingu og að minni hyggju verkalýðshreyfingu einnig, að í vaxandi mæli er farið út í það sem stundum er nefnt þrepalýðræði, það eru kosnir fulltrúar sem aftur kjósa fulltrúa sem aftur kjósa fulltrúa sem svo kjósa æðstu stjórn. Þetta fyrirkomulag, þó svo að á pappírnum sé það lýðræðislegt, leiðir í reynd til stöðnunar og lítilla breytinga.“ Þetta sagði Vilmundur Gylfason í ræðu á Alþingi fyrir tæpum þrjátíu árum.

Þetta er staðan í stjórnum lífeyrissjóða í dag.

Flutningsmenn telja að þessu verði að breyta til að tryggja beint lýðræði, þar sem hinn almenni sjóðfélagi hefur aukin áhrif á það sem þar er gert.

Verkalýðshreyfingin og samtök launþega hafa í æ ríkara mæli tekið orðræðu samvinnuhreyfingarinnar upp á sína arma, líkt og kemur fram í yfirlýsingu um eflingu samvinnufélaga sem samþykkt var af Allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2002. Meginreglur samvinnuhreyfingarinnar eru eitt atkvæði – einn maður til að tryggja lýðræðislega stjórnun félagsmanna, frjálsa og opna aðild og að þau séu sjálfstæð og óháð.

Hins vegar er ekki nóg að fagna lýðræði og gagnsæi á tyllidögum, heldur sýnir bitur reynslan af hruni íslensks efnahagslífs mikilvægi þess að sífellt sé unnið að því að tryggja lýðræði, gagnsæi og beina aðild almennings að stjórnun félaga, fyrirtækja og landsins alls.

Flutningsmenn telja að til að stórauka lýðræði innan lífeyrissjóðanna verði að gera grundvallarbreytingar á því hvernig kjósa eigi í stjórnir þeirra. Þannig verði sjóðfélagar að fá að kjósa fulltrúa í stjórnir lífeyrissjóða beinni kosningu á ársfundi og enn fremur verði helmingaskiptareglunni um að fulltrúar séu tilnefndir af samtökum launþega og samtökum atvinnurekenda vikið til hliðar. Flutningsmenn telja að til þess að tryggja lýðræði og gagnsæi í stjórn lífeyrissjóðanna verði almennir sjóðfélagar að fá tækifæri til að bjóða sig fram til stjórnarsetu að því gefnu að þeir uppfylli hæfisskilyrði til þess.

Markmiðið með þessu lagafrumvarpi er að tryggja þetta aukna lýðræði, sjálfstæði eftirlitsaðila gagnvart stjórn og starfsmönnum sjóðanna, sem og aukið gagnsæi og upplýsingaflæði til sjóðfélaga og samfélagsins um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingum sem lagðar eru til á 27. gr. laganna er kveðið á um að fellt verði brott að kveðið sé á um það í samþykktum lífeyrissjóðanna hverjir eigi atkvæðisrétt á ársfundi, hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn og hvernig skuli staðið að vali á stjórnarmönnum og varamönnum. Síðar í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum.

Um 2. gr.

Í þeim breytingum sem lagðar eru til á 29. gr. laganna felst að ekki verði lengur á forræði stjórnar lífeyrissjóðs að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Síðar í frumvarpinu er lagt til að það verði á forræði ársfundar sjóðfélaga en að tillögur um hverjir komi til greina komi frá fráfarandi stjórn.

Um 3. gr.

Umfangsmestu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru á 30. gr. laganna. Í a-lið er lagt til að sjóðfélagar muni ekki lengur eingöngu eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með umræðu- og tillögurétt heldur fái þeir einnig atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar sem greitt hafa í viðkomandi lífeyrissjóð, miðað við síðustu áramót fyrir ársfundinn, hafa atkvæðisrétt. Skal hver sjóðfélagi fara með eitt atkvæði. Kosning skal vera leynileg og er lagt til að einfaldur meiri hluti ráði úrslitum mála. Sjóðfélögum er heimilt að framselja atkvæði sitt, en þó aðeins þannig að hver sjóðfélagi getur að hámarki farið með tvö atkvæði. Skal þá liggja fyrir skriflegt umboð til handa þeim sem fer með atkvæðið og mætir á ársfundinn til að nýta atkvæðið. Flutningsmenn telja eðlilegast að framkvæmd kosninganna verði með rafrænum hætti þar sem unnt er að koma því við.

Í b-lið er lagt til að gögn og upplýsingar fyrir ársfundi skuli liggja fyrir að lágmarki sjö virkum dögum fyrir fund með aðgengilegum hætti, t.d. í pósti, með tölvupósti eða á vefsíðu lífeyrissjóðsins. Telja flutningsmenn að með því verði tryggt að sjóðfélagar hvar sem þeir búa á landinu geti nálgast nauðsynlegar upplýsingar og undirbúið sig fyrir þátttöku á ársfundi.

Með breytingunni í c-lið er lagt til að sjóðfélagar eigi rétt á aðgangi að heildarársreikningi, ekki bara styttri útgáfu á ársfundi.

Í d-lið er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein við 30. gr. þar sem tilgreint verði hvernig skuli staðið að kjöri stjórnar lífeyrissjóðs. Samkvæmt gildandi lögum skal kveða á um slíkt í samþykktum viðkomandi sjóða en flutningsmenn telja nauðsynlegt að hafa almenna reglu um kjörið og leggja til að það verði gert með lögum.

Þannig verði kveðið á um að launþegar skuli ætíð vera með meiri hluta í stjórn lífeyrissjóða, líkt og þeir eru í reynd í hópi sjóðfélaga, og er það tryggt með ákveðnu lágmarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem koma frá sjóðfélögum sem eru launþegar og ákveðnu hámarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem geta talist atvinnurekendur. Með þessu telja flutningsmenn að þessi útfærsla sé til þess fallin að tryggja lýðræði og gagnsæi í stjórnum sjóðanna. Útfærsla þessa þarf ekki að vera flókin þar sem unnt er að leita eftir leyfi til Persónuverndar til að samkeyra fyrirtækjaskrá þjóðskrár við sjóðfélagaskrá svo að unnt sé að sannreyna hvort sjóðfélagi er atvinnurekandi.

Í greininni er einnig lagt til að formaður skuli jafnframt kosinn sérstakri kosningu af sjóðfélögum.

Önnur nýbreytni sem lögð er til er að forstöðumaður endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi er kosinn sérstakri kosningu á ársfundi. Telja flutningsmenn þetta sérstaklega til þess fallið að tryggja sjálfstæði forstöðumanns endurskoðunardeildar og að hann gæti ætíð hagsmuna sjóðfélaga gagnvart bæði stjórn og starfsmönnum sjóðsins. Í greininni er einnig lagt til að fráfarandi stjórn leggi fram tillögur um þessa aðila, en einnig skal vera hægt að koma með tillögu um forstöðumann endurskoðunardeildar frá sjóðfélögum á ársfundi.

Um 4. gr.

Með breytingunum sem lagðar eru til á 31. gr. laganna eru hæfiskröfur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, forstöðumanns endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila skýrðar enn frekar og eru breytingarnar í samræmi við nýsamþykkt lög um Bankasýslu ríkisins þar sem kveðið er á um hæfi stjórnarmanna.

Í b-lið er lagt til nýtt ákvæði þar sem kveðið verði á um að um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipta stjórnarmanna, framkvæmdastjóra (forstjóra) og starfsmanna

lífeyrissjóða fari samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Flutningsmenn telja rétt að kveða skýrt á um þetta í lögunum.

Í c-lið er lagt til að tekinn verði af allur vafi af um það að framkvæmdastjóri eigi ekki að sinna sjálfstæðum atvinnurekstri samhliða störfum sínum sem æðsti stjórnandi lífeyrissjóðs. Þetta er breyting þar sem framkvæmdastjóra er þetta heimilt að fengnu leyfi stjórnar samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem felur í sér að lögð verði áhersla á upplýsingagjöf til sjóðfélaga um fjárfestingar lífeyrissjóðsins á 12 vikna fresti. Eðlilegast væri að upplýsingarnar væru birtar á vefsíðu viðkomandi sjóðs og þannig aðgengilegar fyrir þá sem hafa áhuga.

Um 6. gr.

Með breytingu á 55. gr. laganna er lagt til að þyngja refsingu við brotum á lögunum úr einu ári í allt að tvö ár nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Á hverju ári greiða sjóðfélagar á milli 100–200 milljarða kr. inn í lífeyrissjóði og er langstærsti hluti iðgjaldanna skyldubundinn samkvæmt lögum. Heildarfjármunir lífeyrissjóðanna eru því vel rúmlega landsframleiðsla og því um gífurlega fjármuni að ræða. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að vel sé farið með þessa fjármuni og að lífeyrir sjóðfélaga sé tryggður nægilega vel.

Flutningsmenn telja því mikilvægt að viðurlög við brotum á þeim séu í samræmi við þá hagsmuni sem í húfi eru og enn fremur í samræmi við brot á öðrum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Prúttlýðræði eftir Ólaf Pál Jónsson, úr ritgerðinni „Prútt eða rök og réttlæti. Tvær hugmyndir um lýðræði“. (Ritið, 1. hefti 2003, bls. 33–43.)

333. Frumvarp til fjáraukalaga [10. mál]

fyrir árið 2009.

(Eftir 2. umr., 2. des.)

Samhljóða þskj. 10 með þessum breytingum:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2009, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**-12.630,7**	**-9.432,6**
Skattar á tekjur og hagnað	-3.106,0	5.710,0
Tryggingagjöld	930,6	458,4
Eignarskattar	-2.228,0	-2.132,0
Skattar á vörur og þjónustu	-8.771,6	-13.917,8
Aðrir skattar	544,3	448,8
Aðrar rekstrartekjur	23.860,5	23.566,8
Sala eigna	-5.249,9	-6.749,9
Fjárframlög	40,8	40,8
Tekjur alls	**6.020,7**	**7.425,1**
Æðsta stjórn ríkisins	8,0	8,0
Forsætisráðuneyti	-1.125,2	-1.125,2
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	841,6	841,6
Utanríkisráðuneyti	-1.001,6	-1.001,6
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	1.621,4	1.521,4
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	4.011,4	4.011,4
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.514,7	2.889,7
Heilbrigðisráðuneyti	-385,5	-385,5
Fjármálaráðuneyti	6.081,4	5.994,4
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-3.122,7	-3.122,7
Iðnaðarráðuneyti	71,6	71,6
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	129,6	129,6
Umhverfisráðuneyti	859,4	859,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	8.567,0	12.962,0
Samtals	**19.071,1**	**23.654,1**
Tekjujöfnuður	**-13.050,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-13.050,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-4.597,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	1.707,2
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-188,0
Handbært fé frá rekstri	**-16.129,0**
Fjármunahreyfingar	
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands	-385.000,0
Eiginfjárframlög til bankakerfisins	385.000,0
Eiginfjárframlög til fjármálakerfisins og önnur eiginfjárframlög	-300.000,0
Veitt löng lán	-75.000,0
Afborganir veittra lána	6.400,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-200,0
Sala verðbréfaeignar	65.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-302.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-318.929,0**
Fjármögnun	
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálakerfisins	300.000,0
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	75.000,0
Önnur löng lán	75.000,0
Afborganir lána	-20.000,0
Fjármögnun samtals	**430.000,0**
Breyting á handbæru fé	**111.071,0**

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, (**Tekjur A-hluta**), hljóðar svo:

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-6.482,0	-7.109,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	5.919,0	19.444,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-563,0**	**12.335,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-4.300,0	-7.900,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.965,0	1.878,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0	-28,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	-180,0	-575,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.757,0**	**1.275,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-3.106,0**	**5.710,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-4.296,8	-4.597,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.227,4	5.055,4
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**930,6**	**458,4**
	Tryggingagjöld	**930,6**	**458,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	300,0	283,4
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	8,9	-66,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**308,9**	**217,1**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	29,0	42,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	-2.257,0	-2.174,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**-2.228,0**	**-2.132,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-11.696,0	-15.788,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-1.032,0	-1.447,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	410,0	170,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-373,0	-335,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.132,8	1.133,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	233,1	233,7
5.1.2.1.33	Olíugjald	-254,2	-121,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	0,0	0,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	1.216,2	1.214,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	165,1	165,1
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	785,0	785,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	85,0	185,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-9.328,0**	**-13.805,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	67,0	49,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-520,5	-221,3
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-2,0	-2,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	15,0	15,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	930,0	-20,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	25,0	25,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	41,9	41,9
	Neyslu- og leyfisgjöld	**556,4**	**-112,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-8.771,6**	**-13.917,8**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	120,0	120,0
6.1.15	Markaðsgjald	-40,6	-44,3
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**79,4**	**75,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6.2.1	Sektir á skatttekjur	156,0	156,0
	Aðrir skattar	**235,4**	**231,7**
	Skatttekjur, samtals	**-12.630,7**	**-9.432,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-200,0	-200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-600,0	-600,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-800,0**	**-800,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-120,0	-280,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	14.803,0	15.316,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	10.070,6	9.414,8
	Aðrar eignatekjur	**24.753,6**	**24.450,8**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.953,6**	**23.650,8**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	130,0	130,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	310,0	320,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	25,9	25,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-377,4	-377,4
9.1.3.35	Ýmislegt	48,4	47,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	10,0	10,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**146,9**	**156,0**
	Ýmsar tekjur	**146,9**	**156,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-150,0	-150,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-90,0	-90,0
	Sektir	**-240,0**	**-240,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**23.860,5**	**23.566,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-5.049,9	-6.549,9
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-100,0	-100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-5.149,9**	**-6.649,9**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	-100,0	-100,0
	Sala eigna, samtals	**-5.249,9**	**-6.749,9**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	2,8	2,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	10,0	10,0
	Rekstrarframlög	**12,8**	**12,8**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	28,0	28,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**40,8**	**40,8**
	Fjárframlög, samtals	**40,8**	**40,8**
	Heildartekjur samtals	**6.020,7**	**7.425,1**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	-150,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-150,0

00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnefnd	60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	300,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-300,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,5

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	-115,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-115,8

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	-29,9
1.15 Prófkostnaður	-10,0
1.17 Námsskrárgerð	-10,0
1.18 Námsefnisgerð	-49,9
1.28 Mat á skólastarfi	-5,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	-35,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	198,0
Almennur rekstur samtals	58,2
Gjöld samtals	**58,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,2

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	51,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,8

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	1,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,3

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.90 Söfn, ýmis framlög	8,0
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	10,0
Almennur rekstur samtals	18,0
Gjöld samtals	**18,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.52 Skriðuklaustur	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-15,0
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	-14,6
Gjöld samtals	**-29,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-29,6

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	-3,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,9

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	15,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	36,7
Almennur rekstur samtals	51,7
Gjöld samtals	**51,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,7

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	-11,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-11,2

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-61,7
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-0,8
Almennur rekstur samtals	-62,5
Gjöld samtals	**-62,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-62,5

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	-14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	4,5
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	489,5
Almennur rekstur samtals	494,0
Gjöld samtals	**494,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	494,0

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	131,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,2

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.67 Þjóðlendumál	-6,6
1.68 Endurskoðendaráð	10,0
1.90 Ýmis verkefni	145,0
Almennur rekstur samtals	148,4
Gjöld samtals	**148,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	138,4
Innheimt af ríkistekjum	10,0

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-42,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-42,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.22 Vistvænir orkugjafar	-15,0
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	23,0
Almennur rekstur samtals	8,0
Gjöld samtals	**8,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	60,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,3

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	-19,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	-0,6
Almennur rekstur samtals	-19,6
Gjöld samtals	**-19,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,6
Innheimt af ríkistekjum	-19,0

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	804,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-73,4
Gjöld umfram tekjur	**730,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	730,6

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	8.567,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.962,0
Viðskiptahreyfingar	-4.395,0

334. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um birtingu skjala og annarra upplýsinga um ákvörðun um stuðning Íslands við innrásina í Írak.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Lilja Mósesdóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra og utanríkisráðherra að sjá til þess að birt verði öll skjöl og allar aðrar upplýsingar sem fyrir liggja frá ársbyrjun 2002 til desember 2003 sem varpa ljósi á ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar um stuðning Íslands við innrás Bandaríkjamanna og Breta og annarra þjóða í Írak árið 2003.

Greinargerð.

Ein umdeildasta ákvörðun íslenskra stjórnvalda í seinni tíð er stuðningur Íslands við innrásina í Írak. Á Alþingi var m.a. deilt um lögmæti þeirrar ákvörðunar að Ísland veitti stuðning við innrásina; yrði hluti af því sem Bandaríkjastjórn kallaði „hinar viljugu þjóðir“ eða „coalition of the willing“. Sem kunnugt er var Ísland sett á lista Bandaríkjastjórnar um „hinar viljugu þjóðir“ sem fyrst var greint frá á fréttamannafundi í bandaríska utanríkisráðuneytinu sem haldinn var 18. mars 2003. Þar taldi talsmaður ráðuneytisins, Richard Boucher, upp þau ríki sem í hlut áttu, sagði að þau hefðu verið spurð hvert um sig og fengist hafi afgerandi svör. (Í opinberum gögnum er að finna orðrétta frásögn af fréttamannafundinum þar sem þetta kom fram:

QUESTION: Can you, in any way you can, describe the functions of the 30 countries listed as part of the coalition? The first question, of course, would be, are more than a handful contributing troops? And – well, let's begin with that.
MR. BOUCHER: There are 30 countries who have agreed to be part of the coalition for the immediate disarmament of Iraq. I'd have to say these are countries that we have gone to and said, „Do you want to be listed?“ and they have said, „Yes“.
I'll read them to you alphabetically, so that we get the definitive list out on the record. They are: Afghanistan, Albania, Australia, Azerbaijan, Colombia, the Czech Republic, Denmark, El Salvador, Eritrea, Estonia, Ethiopia, Georgia, Hungary, Iceland, Italy, Japan, Korea, Latvia, Lithuania, Macedonia, the Netherlands, Nicaragua, the Philippines, Poland, Romania, Slovakia, Spain, Turkey, the United Kingdom, and Uzbekistan. Each country is contributing in the ways that it deems the most appropriate. Some of

these countries, I suppose all these countries have talked in public about what they're doing. ...)

Íslensk þýðing.

SPURNING: Getur þú, á hvaða hátt sem þú getur, lýst hvernig háttað er þátttöku þeirra 30 ríkja sem birt eru á lista sem hluti bandalagsins? Fyrsta spurningin, að sjálfsögðu, yrði, er meira en handfylli sem leggja til hermenn? Og – jæja, við skulum byrja á því.

HR. BOUCHER: Það eru 30 ríki sem hafa samþykkt að verða hluti bandalagsins um skjóta afvopnun Íraks. Ég þyrfti segja að þetta eru ríki sem við höfum farið til og sagt, „Viljið þið skráningu á listann“ og þau hafa sagt, „Já.“

Ég skal lesa þau upp fyrir ykkur í stafrófsröð, svo að við fáum hinn endanlega lista skrásettan.

Þau eru: Afganistan, Albanía, Ástralía, Aserbaídsjan, Kólumbía, Tékkland, Danmörk, El Salvador, Erítrea, Eistland, Eþíópía, Georgía, Ungverjaland, Ísland, Ítalía, Japan, Kórea, Lettland, Litháen, Makedónía, Holland, Níkaragúa, Filippseyjar, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Spánn, Tyrkland, Bretland og Úsbekistan.

Hvert ríki leggur sitt af mörkum á þann hátt sem það telur helst viðeigandi. Sum af þessum ríkjum, ég geri ráð fyrir að öll þessi ríki hafi talað opinberlega um hvað þau eru að gera. …)

Opinberlega hefur því verið haldið fram að á ríkisstjórnarfundi þennan sama dag hafi ákvörðun verið tekin um stuðning Íslands við innrásina. Það er augljóslega málum blandið og um það deilt að hvaða marki ríkisstjórnin yfirleitt kom að málinu eða einstakir ráðherrar eða embættismenn. Sama gegnir um aðkomu utanríkismálanefndar og Alþingis sem lögum samkvæmt hefði átt að upplýsa áður en svo afdrifarík ákvörðun var tekin. Um þessa þætti er margt á huldu þar sem engar opinberar almennar umræður fóru fram í aðdraganda ákvörðunar um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak.

Í Bretlandi og víðar fer nú fram rannsókn á hlut stjórnvalda og embættismanna og hefur komið fram við vitnaleiðslur að margt var öðruvísi en fram kom á yfirborðinu, meiri efasemdir um réttmæti innrásarinnar hafi verið í stjórnkerfinu en upplýst hefur verið um til þessa og blekkingum hafi verið beitt.

Eðlilegt er að upplýst verði um aðkomu íslenskra stjórnvalda, stjórnmálamanna og embættismanna, svo að deilur þurfi ekki að fylgja okkur inn í framtíðina hvað staðreyndir máls áhrærir og er því með þessari þingsályktunartillögu óskað eftir aðgengi almennings að öllum skjölum og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir og varða ákvörðun um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak árið 2003.

335. Svar [130. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um veittar áminningar og skipun tilsjónarmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar áminningar hafa sl. 5 ár verið veittar embættismönnum, forstöðumönnum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum ríkisins?*

2. *Hversu margar stofnanir ríkisins hafa fengið skipaða tilsjónarmenn með rekstri eða annarri starfsemi sl. 5 ár?*

Forsætisráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn forsætisráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og hafa undirstofnanir ráðuneytisins ekki fengið skipaða tilsjónarmenn.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa eftirfarandi undirstofnanir dómsmála- og mannréttindaráðuneytis veitt áminningar samkvæmt starfsmannalögum: sýslumaðurinn á Eskifirði hefur veitt þrjár áminningar, sýslumaðurinn á Sauðárkróki hefur veitt tvær áminningar, sýslumaðurinn á Selfossi hefur veitt eina áminningu, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur veitt þrjár áminningar og Fangelsismálastofnun hefur veitt eina áminningu. Tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn efnahags- og viðskiptaráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn félags- og tryggingamálaráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneyti: Á síðastliðnum fimm árum hafa stofnanir fjármálaráðuneytisins þurft að veita starfsmönnum fjórum sinnum áminningu. Ríkisskattstjóri hefur veitt tvær áminningar og tollstjórinn tvær. Engar stofnanir fjármálaráðuneytisins hafa fengið skipaðan tilsjónarmann með rekstri né annarri starfsemi sl. fimm ár.

Heilbrigðisráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn heilbrigðisráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Iðnaðarráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn iðnaðarráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hefur mennta- og menningarmálaráðherra veitt þremur embættismönnum áminningu, eina árið 2004 og tvær árið 2008. Í tveimur tilfellum hefur verið skipaður tilsjónarmaður með rekstri stofnana. Árið 2008 var settur tilsjónarmaður yfir rekstur Fjölbrautaskólans í Breiðholti og árið 2009 yfir rekstur Háskólans á Hólum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur starfað frá 1. janúar 2008. Á þeim tíma hefur enginn starfsmaður né forstöðumaður stofnunar hlotið áminningu. Síðastliðin fimm ár var heldur ekki um neina áminningu að ræða í sjávarútvegsráðuneytinu, en einn forstöðumaður stofnunar hlaut áminningu landbúnaðarráðuneytisins. Hjá Hafrannsóknastofnuninni hafa þrír starfsmenn verið áminntir síðastliðin fimm ár og einn starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (sem var forveri MATÍS ásamt fleiri einingum). Í öðrum stofnunum sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hefur ekki verið um áminningar að ræða. Engri stofnun ráðuneytisins hefur verið skipaður tilsjónarmaður á því árabili sem um ræðir.

Umhverfisráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn umhverfisráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

Utanríkisráðuneyti: Síðastliðin fimm ár hafa engir starfsmenn utanríkisráðuneytis eða undirstofnana verið áminntir formlega samkvæmt starfsmannalögum og tilsjónarmenn hafa ekki verið skipaðir með undirstofnunum ráðuneytisins.

336. Fyrirspurn [290. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við verktaka, styrkþega og sendinefndir.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hver er kostnaður við verktaka, styrkþega og sendinefndir á vegum utanríkisráðuneytisins árin 2007, 2008 og það sem af er árinu 2009?

Skriflegt svar óskast.

337. Fyrirspurn [291. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárfestingarsamninga.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hve mörgum fjárfestingarsamningum telur ráðherra að verði lokið á næstu:

1. 4 vikum,
2. 8 vikum,
3. 32 vikum,
4. 52 vikum?

Skriflegt svar óskast.

338. Fyrirspurn [292. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostnað við fréttaritara í Brussel.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hver er áætlaður árlegur heildarkostnaður við áform Ríkisútvarpsins um að koma á starfi fréttaritara í Brussel?

Skriflegt svar óskast.

339. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Þuríður Backman.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmál þetta hefur verið lagt fram fimm sinnum áður en ekki fengið afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með

svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. (Nóvember 2001.)

340. Fyrirspurn [294. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarsamninga og aðra viðskiptasamninga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvaða viðskiptasamningum, fríverslunarsamningum sem og öðrum samningum sem tengjast verslun, viðskiptum og þjónustu, á Ísland aðild að og frá hvað tíma gilda þeir samningar?
2. Er unnið að einhverjum samningum núna, og þá hverjum, og hefur verið unnið að samningum við aðrar þjóðir eða viðskiptablokkir á liðnum árum eða mánuðum án þess að niðurstaða hafi fengist? Ef svo er, þá hverjum?
3. Hvaða samningar munu gilda áfram ef til aðildar Íslands að Evrópusambandinu kæmi og hvaða samningar falla úr gildi?

Skriflegt svar óskast.

341. Fyrirspurn [295. mál]

til utanríkisráðherra um samninganefnd um aðildarviðræður við ESB.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hverjir skipa samningahópa á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs sem starfa munu með samninganefndinni um aðildarviðræður við ESB?
2. Hvaða ástæður eða rök lágu fyrir vali einstakra nefndarmanna í samninganefndinni?
3. Hvert er hlutverk nefndarinnar? Óskað er eftir að erindisbréf hennar verði lagt fram.

Skriflegt svar óskast.

342. Fyrirspurn [296. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um Schengen-samstarfið.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvaða ávinningur er að mati ráðherra af Schengen-samstarfinu?
2. Hverja telur ráðherra kosti samstarfsins og hverja gallana?
3. Hver er kostnaður Íslands af samstarfinu, annars vegar á ári og hins vegar í heild frá upphafi til dagsins í dag?
4. Er allur kostnaður kominn fram eða á einhver kostnaður eftir að falla til við að koma á fullnægjandi eftirliti samkvæmt Schengen-samningnum og ef svo er, hver er hann og í hverju fólginn?
5. Hvaða aðrar leiðir væru færar til að halda sem flestum kostum Schengen-samstarfsins en losna um leið við helstu galla þess?

Skriflegt svar óskast.

343. Fyrirspurn [297. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um nám grunnskólabarna í framhaldsskólum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Er það stefna ráðherra að færa kostnað við fjarnám grunnskólabarna í framhaldsskólum til sveitarfélaga frá 1. janúar 2010?
2. Telur ráðherra ásættanlegt að framhaldsskólaáfangar séu kenndir af grunnskólakennurum?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að fjölmörg grunnskólabörn í 9. og 10. bekk hafa lokið námsáföngum í grunnskóla en geta ekki hafið nám í framhaldsskólum vegna ákvarðana ráðuneytisins um niðurskurð, nema með fyrrgreindum aðgerðum?

Skriflegt svar óskast.

344. Fyrirspurn [298. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um sjóði í vörslu ráðuneytisins.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver eru verkefni fóðursjóðs, búnaðarsjóðs, garðávaxtasjóðs og verðmiðlunar landbúnaðarvara?
2. Hversu mikið fjármagn höfðu þessir sjóðir til ráðstöfunar árin 2007, 2008 og 2009 og hversu mikið er áætlað að þeir hafi 2010?
3. Kemur til greina að mati ráðherra að leggja sjóðina niður eða færa þá til greinanna sjálfra?

Skriflegt svar óskast.

345. Svar [53. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um ávinning við sameiningu ríkisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er fjárhagslegur og faglegur ávinningur af sameiningu ríkisstofnana sl. 5 ár? Hvernig er ávinningurinn metinn og hver hefur hann verið í hverju tilviki?

Fjárhagslegur og faglegur ávinningur.

Sameiningar ríkisstofnana eru á forræði einstakra ráðherra og fjármálaráðuneyti hefur ekki heildarsýn yfir þær hvað varðar ávinning. Á vegum þess voru engar stofnanir sameinaðar á umræddu tímabili en það var gert meðal stofnana dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á vegum fjármálaráðuneytisins stendur fyrir dyrum á næsta ári að sameina skattstofur og gera landið að einu skattumdæmi.

Fjármálaráðuneytið, sem almennt fer með umbætur í ríkisrekstri, hefur lagt á það áherslu að sameiningar ríkisstofnana þarfnist góðs undirbúnings og að huga þurfi að mörgum þáttum eigi þær að skila árangri. Markmið með sameiningum skiptir þannig höfuðmáli. Stundum hafa stofnanir verið sameinaðar til þess að efla tiltekna starfsemi út frá faglegum sjónarmiðum en stundum er markmiðið jafnframt að ná fram fjárhagslegum sparnaði.

Árið 2008 gaf ráðuneytið út leiðbeiningaritið *Sameiningar ríkisstofnana og tengdar breytingar*. Ritið byggist á reynslu af sameiningum hjá hinu opinbera bæði hérlendis og erlendis en þar eru settar fram leiðbeiningar um hvernig standa skuli að slíkri vinnu og tryggja að sameiningar skili árangri. Markmið með útgáfu ritsins er að bæta verklag við sameiningar hjá ríkinu og brýna fyrir ráðuneytum og stofnunum að leggja áherslu á þann ávinning sem

ætlunin er að ná fram. Höfuðmáli skiptir hver markmið og tilgangur sameiningarinnar eru og hvernig starfsemi nýrrar sameinaðrar stofnunar skuli háttað í framtíðinni. Í því samband þarf að gæta að fjármálum, starfsmannamálum, stefnumótun, stjórnskipulagi, stjórnunarháttum, vinnustaðarmenningu, húsnæðismálum og fleiri þáttum sem allir geta haft áhrif á það hversu hratt og vel tekst til við að ná fram ávinningi. Mikilvægt er að unnið sé náið með starfsmönnum og hagsmunaaðilum í sameiningarferlinu og tryggja þarf góða upplýsingagjöf til þeirra sem málið varðar. Sameiningar eru viðkvæmar, líkt og aðrar viðamiklar breytingar, og því mikilvægt að undirbúa þær af kostgæfni. Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að ráðuneyti og stofnanir kynni sér ritið áður en sameiningarferli hefst og veitir ráðuneytum og stofnunum ráðgjöf í þeim efnum.

Í ritinu er eins og áður segir tekið á helstu þáttum sem hafa þarf í huga við sameiningar ríkisstofnana. Þar er jafnframt lýst nokkrum sameiningum hjá ríkinu undanfarin ár og vitnað til úttekta ríkisendurskoðunar á þeim. Meðal annars eru nefnd dæmi þess að markmiðum hafi ekki að fullu verið náð nokkrum missirum eftir sameiningu og ávinningurinn þar með verið minni en vænst var. Þar sem breytingar sem felast í sameiningum er umfangsmiklar – bæði hjá ríkinu og fyrirtækjum á markaði – skilar fullur ávinningur þeirra sér oft og tíðum ekki fyrr en eftir nokkurn tíma, stundum nokkur ár. Í þeim úttektum sem gerðar hafa verið á sameiningum ríkisstofnana er því hvergi haldið fram að sameiningarnar hafi leitt til verri þjónustu en fyrir var þótt ávallt sé hægt að gera betur. Algengustu mistökin sem gerð hafa verið tengjast framkvæmdinni sjálfri og því að ekki hafi alltaf verið lagt af stað með nægjanlega skýr markmið. Ef það er raunin litast allt ferlið af því.

Ráðuneytið telur að endurskipulagning opinberrar þjónustu á ákveðnum sviðum sé nauðsynleg og tímabær, m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á þörfum fólks í samfélaginu, byggðaþróun og tækniþróun. Ráðuneytið telur jafnframt nauðsynlegt í ljósi þrenginga í íslensku efnahagslífi og ríkisfjármálaum að stofnanakerfið og stjórnsýslan verði einfölduð til muna. Slíkt kallar á sameiningar stofnana, eins og boðaðar hafa verið, en slík einföldun stofnanakerfisins er forsenda þess að hægt verði að byggja upp öfluga og skilvirka þjónustu ríkisins til framtíðar. Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að vandað sé til verka við slíkar sameiningar og tryggt að þær skili mælanlegum árangri.

Mat ávinnings og ávinningur í einstökum tilvikum.

Nokkuð misjafnt er hvort og með hvaða hætti ráðuneyti meta ávinning af sameiningum ríkisstofnana. Sum hafa fylgst vel með markmiðum sameininganna og látið gera úttektir á árangri þeirra en önnur hafa ekki lagt í skipulega vinnu við slíkt mat, aðallega vegna þess hversu skammt er liðið frá sameiningu. Kallað var eftir svörum við fyrirspurninni frá þeim ráðuneytum sem staðið hafa að sameiningum á undanförnum árum og eru svör þeirra eftirfarandi.

Dómsmálamála- og mannréttindaráðuneyti.

Ráðuneytið vísar í svari sínu til fjármálaráðuneytisins til þess að fyrir liggi áfangaskýrsla um mat á þeim breytingum sem gerðar voru á löggæsluembættum, *Mat á breytingum á nýskipan lögreglu*, en hana má nálgast á heimasíðu ráðuneytisins. Slóðin er: *http://www.domsmalaraduneyti.is/media/frettir/Afangaskyrsla1.pdf.*

Umhverfisráðuneyti.

Hlutverki Veðurstofunnar var breytt nokkuð og verkefni færð til stofnunarinnar. Ráðuneytið vísar til minnisblaðs um ávinning sameiningar verkefnanna frá veðurstofustjóra. Þar segir:

„Í lögum um nýja Veðurstofu Íslands (nr. 70/2008) og í fylgiskjölum með þeim lögum er gerð grein fyrir þeim væntingum sem löggjafinn hefur með sameiningu Vatnamælinga og Veðurstofu Íslands. Þar var sérstaklega nefnd hagræðing í rekstri mælikerfa og gagnagrunna, aukinn faglegur og fjárhagslegur styrkur nýrrar stofnunar, víðtækari vöktun á náttúrvá, víðtækari rannsóknir og vöktun loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á náttúru og samfélag og heildstæðari rannsóknir á vatnafari landsins. Sameiningin átti sér stað um síðustu áramót. Þannig eru einungis tæpir 10 mánuðir liðnir frá henni og því er ekki hægt að gefa upp enn hve miklu sameiningin hefur skilað í fjármunum talið, því fjárhagsuppgjör liggja ekki enn fyrir. Aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna samdráttar í opinberum rekstri munu torvelda þetta mat og seinka því. Þó er þegar ljóst að þegar hefur náðst töluvert hagræði.

Fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni er metinn á eftirfarandi hátt:

– Ávinningur felst í samnýtingu mannafla og búnaðar til þjónustu við fjölþætt mælakerfi stofnunarinnar sem telja um 600 mæla. Ávinningur felst jafnframt í því að viðbragðstími vegna bilana styttist. Bregðast má við bilunum í tíðari skipulögðum ferðum og lækka þannig kostnað við mæla sem krefjast hás þjónustustigs. Hagræði vegna sameiningarinnar hefur nú þegar skilað sér í lækkun launakostnaðar, lækkun kostnaðar við rekstur bíla og minni greiðslum aksturspeninga til starfsmanna vegna notkunar á eigin farartækjum.
– Þegar til lengri tíma er litið mun kostnaður við rekstur gagnagrunna og annarra upplýsingakerfa minnka vegna samræmingar. Það á einnig við um úrvinnsluferli.
– Sameiginlegt eftirlit með náttúruvá er þegar farið að skila sér í fjárhagslegri hagræðingu.
– Gera má ráð fyrir að ávinningur viðskiptavina stofnunarinnar sé einnig töluverður því þeir fá heildstæðari og hagkvæmari þjónustu. Rannsóknir á t.d. virkjanasvæðum er unnt að skipuleggja og reka markvissar með fjölbreyttara úrvali mæla, hagkvæmari rekstri þeirra, samþættri úrvinnslu og líkanagerð.
– Bætt sóknarfæri nást í erlenda og innlenda rannsóknarsjóði með stærri stofnun sem hefur fjölþættari og heildstæðari rannsóknargetu og sterkari fjárhag.
– Sparnaður vegna sameiginlegrar þjónustu, svo sem húsvörslu, mötuneytis og símsvörunar, mun koma í ljós þegar starfsemi stofnunarinnar í Reykjavík verður sameinuð á einum stað. Að sameina starfsemina á einum stað er því mjög brýnt til þess að ná fram fullum ávinningi sameiningar.

Faglegur ávinningur af sameiningunni er metinn á eftirfarandi hátt:

– Sameiningin mun skila markvissara og betra eftirliti með náttúruvá þar sem margir þættir hennar tvinnast saman. T.d. eru vatnsflóð nátengd veðri og jökulhlaup nátengd jarðvá.
– Rannsóknir sem tengjast veðurfarsbreytingum munu eflast, en ætla má að samlegðin muni skila betri rannsóknafærni og gefa því færi á heildstæðari rannsóknum.
– Stærri stofnun færir okkur nær stærð sambærilegra stofnana á hinum Norðurlöndunum og þar með sterkari stöðu í alþjóðlegu samstarfi.
– Betra aðgengi fæst að mæligögnum og rannsóknaniðurstöðum sem leiðir til skilvirkari rannsókna, þjónustu og ráðgjafar.
– Betra og auðveldara verður að fylgja eftir verkefnum sem teygja sig yfir viðfangsefni samþættrar stofnunar.
– Stærri stofnun getur staðið undir mun sterkari innviðum til þjónustu við verkefni sín.“

Heilbrigðisráðuneyti.

Ráðuneytið hefur staðið í umfangsmiklum sameiningum á undanförnum árum eins og fram kemur í greinargerð þess.

„Það er mat heilbrigðisráðuneytisins að gera verði ráð fyrir einhverjum útgjöldum í upphafi við sameiningar stofnana, t.d. vegna tæknivinnu, sameiningar sjúkraskráa, biðlaunaréttar o.s.frv. Það tekur því ákveðinn tíma að fá fjárhagslegan ávinning af sameiningu. Þess skal jafnframt getið að það hafa frekar verið fagleg sjónarmið sem hafa ráðið sameiningum stofnana en fjárhagsleg.

Faglegur ávinningur af þeim sameiningum heilbrigðisstofnana sem orðið hafa sl. 10–15 ár hefur verið töluverður að mati heilbrigðisráðuneytisins. Stofnanirnar verða traustari og fjölbreyttari en áður, framboð á aðkeyptri sérfræðiþjónustu verður fjölbreyttara og tíðara, mönnun verður auðveldari og samnýting fagfólks markvissari, stoðþjónusta eflist einkum á sviði tölvu- og tæknimála, stjórnun verður sameiginleg og vaktsvæðum fækkað. Þetta mat ráðuneytisins er t.d. staðfest í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Heilbrigðisstofnun Austurlands í febrúar 2009.

Þær stofnanir heilbrigðisráðuneytisins sem hafa verið sameinaðar sl. fimm ár eru eftirtaldar:

1. Samkvæmt reglugerð nr. 608/2005 um sameiningu heilbrigðisstofnana sameinuðust eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og tók sameiningin gildi 1. janúar 2006: Heilsugæsla í Reykjavík, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, Heilsugæsla í Kópavogi, Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi, Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ, Heilsugæslustöðin Hafnarfirði, Heilsugæslustöðin Garðabæ.

Rétt er samhengisins vegna að greina frá því að samstarf hafði verið töluvert hjá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu fyrir sameininguna en eins og að framan segir tók formleg sameining ekki gildi fyrr en 1. janúar 2006.

Framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík og stjórnum heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu var orðið ljóst að mikils átaks var þörf til að samræma og bæta þjónustu heilsugæslunnar á svæðinu, enda misræmi í þjónustunni enn ljósara en áður eftir að heilsugæslustöðvarnar í Mosfellsumdæmi, á Seltjarnarnesi og í Kópavogi færðust undir stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík á árunum1999 og 2000. Ljóst virtist einnig að slík samræming væri nauðsynleg forsenda þess að aukið samstarf tækist við Landspítalann. Því var ráðist í viðamikla stefnumótun árið 2000 og lauk henni í janúar árið 2002. Auk heilsugæslustöðvanna sem heyrðu undir framkvæmdastjórnina í Reykjavík var stöðvunum í Garðabæ og Hafnarfirði boðið að vera með, og þáði Heilsugæslan í Garðabæ það boð. Stefnumótunin var unnin undir leiðsögn ráðgjafardeildar Deloitte og Touche (sem nú er hluti af Capacent) og jafnframt var lagt í viðamikla stjórnendafræðslu og þjálfun sem Háskólinn í Reykjavík annaðist. Þátttaka í stefnumótunarstarfinu var mjög víðtæk og tóku nær allir starfsmenn stöðvanna einhvern þátt í því.

Meginmarkmiðið var samræmd og bætt þjónusta og aukin skilvirkni og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni í heild með stórbættu og nánu samstarfi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og Landspítalans.

Eftir formlega sameiningu 1. janúar 2006 var unnt að sameina allar sjúkraskrár á svæðinu að undanskildum sjúkraskrám einkareknu heilsugæslustöðvanna í Reykjavík og sjúkraskrám sjálfstætt starfandi heimilislækna. Þróun rafrænnar sjúkraskrár í heilsugæslu er eitt af lykilatriðum í bættri þjónustu og öryggi sjúklinga. Það er mat ráðuneytisins að Heilsugæsla

höfuðborgarsvæðisins hafi náð mun meiri árangri á þessu sviði en unnt hefði verið án sameiningar. Einnig var komið upp öflugum vefsíðum með fræðsluefni fyrir almenning og heilbrigðisstarfsmenn. Þjónustukannanir hafa verið gerðar reglulega frá árinu 2000 (árlega frá árinu 2004) og hafa þær leitt í ljós að þjónustan hefur orðið betri.

Þá skapaðist tækifæri til að samræma grunnþætti þjónustunnar og að fá stöðvarnar allar til að stefna í aðalatriðum að sama marki. Jafnframt var einstökum stöðvum frjálst að bæta við þjónustuþáttum og auka þannig þjónustuna umfram grunnþættina, enda væri svigrúm til þess í fjárhag stöðvarinnar.

Faglegur ávinningur af sameiningunni kemur fram annars vegar í bættri þjónustu og hins vegar í því að hin stækkaða stofnun getur tekist á við nýjungar og þróunarverkefni sem einstakar heilsugæslustöðvar hefðu ekki ráðið við.

Aukið samstarf náðist við Landspítalann og aðrar stofnanir, m.a. um mæðravernd, lækningarannsóknir og um samstarf um nýtingu rafrænnar sjúkraskrár. Mikil bót var að því að sameina heimahjúkrun á einn stað og jafnframt varð samstarf við Landspítalann um útskriftir sjúklinga til heimahjúkrunar betra.

Ýmis þróunarverkefni önnur hafa orðið möguleg, eða að minnsta kosti mun auðveldari, með tilkomu hinnar sameinuðu stofnunar, svo sem á sviði heilsuverndar, skólaheilsugæslu og almennrar heilsugæsluþjónustu.

Fjárhagslegur árangur af sameiningu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu er umtalsverður, þótt erfitt sé að fullyrða með nákvæmni hver hann er í fjárhæðum. Áður en til sameiningar kom voru framkvæmdastjórar starfandi við heilsugæslustöðvarnar í Garðabæ, Kópavogi og í Mosfellsbæ og lögðust þær stöður af við sameininguna. Á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði voru hjúkrunarforstjórarnir jafnframt framkvæmdastjórar og taldist framkvæmdastjórnin hálft starf á hvorum stað og var sá hluti lagður af.

Þá náðist fljótt hagræðing í ýmissi stoðþjónustu, svo sem umsjón húsnæðis, rekstri tölvu- og upplýsingakerfa, og sérhæfðri þjónustu sem miðstöðvarnar annast.

Samningurinn við Landspítalann um lækningarannsóknir hefur skilað verulegum sparnaði, bæði vegna lægra verðs á rannsóknum og einnig vegna ráðgjafar um leiðir til aukinnar hagkvæmni í nýtingu rannsókna.

Rekstur 15 heilsugæslustöðva sem þjóna rúmlega 200 þúsund manns í einni stofnun gefur tækifæri til samanburðarstjórnunar og aðhalds umfram það sem annars væri.

Hin stækkaða stofnun hefur mun meiri möguleika til útboða á aðföngum sem leiða til lægra verðs og hefur hún nýtt sér það í verulegum mæli.

Á næsta ári áformar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins að samræma þjónustuna á svæðinu enn frekar með því að vera með eitt símanúmer fyrir alla stofnunina. Þannig er stefnt að því að jafna álagið á heilsugæslustöðvarnar og aðgengið að stöðvunum eftir hverfum.

2. Samkvæmt reglugerð nr. 608/2005 um sameiningu heilbrigðisstofnana voru eftirtaldar heilbrigðisstofnanir sameinaðar undir nafninu St. Jósefsspítali, Sólvangur og tók sameiningin gildi 1. janúar 2006: St. Jósefsspítali, Hafnarfirði, og Sólvangur, Hafnarfirði.

Ráðuneytið vísar til stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2007 en þar er fjallað um sameininguna og ávinning af henni. Heilbrigðisráðuneytið hefur haft stofnunina til sérstakrar skoðunar undanfarið vegna tillagna um skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustunni og er þeirri vinnu ólokið.

3. Samkvæmt reglugerð nr. 764/2008 um sameiningu heilbrigðisstofnana sameinuðust eftirtaldar stofnanir undir nafninu Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og tók sameiningin gildi 1. janúar 2009: Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík.

Þar sem sameiningin tók ekki formlega gildi fyrr en 1. janúar 2009 er hún ekki farin að hafa áhrif að öllu leyti. Að því er varðar fjárhagslegan ávinning af sameiningunni þá hafa sum atriði skilað sér þegar í stað, t.d. sameiginleg innkaup á lyfjum og rekstrarvörum. Lagðar hafa verið niður stöður framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunarforstjóra á Bolungarvík en þar sem tólf mánaða biðlaunaréttur var fyrir hendi byrjar fjárhagslegur ávinningur ekki að skila sér fyrr en tólf mánaða launagreiðslum er lokið.

Þegar jarðgöng verða opnuð til Bolungarvíkur á næsta ári er áformað að hagræða enn frekar í rekstri stofnunarinnar, en með betri samgöngum til og frá Bolungarvík verður unnt að vera með eitt sameiginlegt vaktsvæði lækna á norðanverðum Vestfjörðum. Jafnframt fá íbúar Bolungarvíkur fjölbreyttari sérfræðiþjónustu frá Ísafirði en nú er veitt.

Vísað er til inngangs í svari ráðuneytisins að því er varðar faglegan ávinning.

4. Samkvæmt reglugerð nr. 448/2009 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 764/2008 um sameiningu heilbrigðisstofnana voru eftirtaldar heilbrigðisstofnanir sameinaðar undir nafninu Heilbrigðisstofnun Vesturlands og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2010: Heilbrigðisstofnunin Akranesi, St. Franciskusspítali Stykkishólmi, Heilsugæslustöðin Búðardal, Heilsugæslustöðin Borgarnesi, Heilsugæslustöðin Grundarfirði, Heilsugæslustöðin Ólafsvík, Heilbrigðisstofnunin Hólmavík og Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Ávinningur af sameiningunni er ekki farinn að skila sér þar sem hún tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010. Guðjóni Brjánssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi, hefur verið falið að undirbúa sameininguna. Sérstakur undirbúningshópur hefur verið stofnaður í heilbrigðisráðuneytinu sem vinnur með Guðjóni að samrunanum.

5. Samkvæmt reglugerð nr. 562/2009 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 764/2008 um sameiningu heilbrigðisstofnana voru eftirtaldar heilbrigðisstofnanir sameinaðar undir nafninu Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2010: Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði.

Ávinningur af sameiningunni er ekki farinn að skila sér þar sem hún tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010. Konráð K. Baldvinssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði, hefur verið falið að undirbúa sameininguna. Sérstakur undirbúningshópur hefur verið stofnaður í heilbrigðisráðuneytinu sem vinnur með Konráð að samrunanum.

Þegar Héðinsfjarðargöng verða opnuð á næsta ári munu þau leiða til auðveldari samgangna milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og verður því mögulegt að veita enn betri heilbrigðisþjónustu en nú er veitt og hagræða enn frekar í rekstri stofnunarinnar.“

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Á umræddu tímabili áttu sér stað tvær sameiningar á málefnasviði ráðuneytisins.

„Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á rekstrarformi stofnana á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins en sameiningar ríkisstofnana sem hafa átt sér stað á umræddu tímabili eru annars vegar sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og hins vegar sameining stofnana á sviði íslenskra fræða.

Við sameiningu HÍ og KHÍ var fyrst og fremst hafður að leiðarljósi sá faglegi ávinningur sem af sameiningu hlytist, þ.e. efling kennaramenntunar og rannsókna í menntunarfræðum.

Í skýrslu um áætlun um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, dags. 17. ágúst 2006, sem lögð var fram með frumvarpi til laga um sameininguna, kemur m.a. fram að sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands gefi möguleika á að endurskipuleggja allt nám í uppeldis- og menntunarfræðum, þ.m.t. starfsnám kennara. Jafnframt veitir hún tækifæri fyrir einstakar deildir Háskóla Íslands til að efla ýmis fræðasvið sín með því að taka virkari þátt í menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta.

Sameiningin gekk formlega í gildi 1. júlí 2008. Reiknað var með að ná fullum áhrifum sameiningar á nokkrum árum. Í ljósi niðurskurðar árið 2009 og á komandi árum hefur verið lögð áhersla á að ná fram sem fyrst mögulegum fjárhagslegum ávinningi í sameinuðum skóla. Erfitt er að meta nákvæmlega þann fjárhagslegan ávinning sem hefur náðst vegna sameiningarinnar. Á milli áranna 2008 og 2009 hækkaði fjárveiting til HÍ um 9,2% sem þýddi um 3% raunlækkun auk þess sem nemendum fjölgaði umtalsvert á milli ára. Þessum niðurskurði var auðveldara að mæta í sameinuðum skóla en hefði verið í tveimur skólum. Má þar sérstaklega benda á sparnað í sameiginlegri stjórnsýslu og stoðþjónustu skólans þar sem tekist á við óbreytta krónutölu á milli áranna 2008 og 2009. HÍ áætlar að gera megi ráð fyrir um 75 millj. kr. sparnaði í stjórnsýslu og stoðþjónustu vegna sameiningarinnar. Fjárhagslegur ávinningur vegna samnýtingar námskeiða og endurskipulagningar námsleiða á eftir að koma betur í ljós. Þá má gera ráð fyrir enn frekari fjárhagslegum ávinningi, þegar fram líða stundir, ef menntavísindasvið (fyrrum KHÍ) verður flutt á háskólasvæðið.

Fimm stofnanir á sviði íslenskra fræða voru sameinaðar í eina, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, árið 2006. Um var að ræða þrjár litlar stofnanir með 3–4 starfsmenn, og tvær umtalsvert stærri. Ekki hefur farið fram úttekt á sameiningunni enda er skammur tími liðinn. Þó er hægt að staðhæfa að stærri stofnun er faglega og rekstrarlega sterkari eining, betur í stakk búin til að glíma við umfangsmeiri verkefni og einnig að bregðast við væntanlegum niðurskurði. Full fjárhagsleg hagræðing mun þó ekki nást fyrr en stofnunin er komin undir eitt þak en nú er hún enn á þremur stöðum í bænum.“

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Nokkrar breytingar urðu á stofnanakerfi ráðuneytisins árið 2005, eins og fram kemur í greinargerð þess.

„Á árinu 2005 voru gerðar breytingar á stofnununum sem þá heyrðu undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Voru breytingarnar gerðar með samkeppnislögum, nr. 44/2005, og lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, og lutu að því að Samkeppnisstofnun var lögð niður og þau verkefni er heyrt höfðu undir hana og lutu að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins flutt frá samkeppnisyfirvöldum og til nýrrar stofnunar sem fékk heitið Neytendastofa, en sú stofnun tók einnig við þeim verkefnum sem unnin höfðu verið hjá Löggildingarstofu. Ný stofnun, Samkeppniseftirlitið, var sett á fót til að fara með samkeppnismál.

Breytingar á stofnununum byggðu á skýrslu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis, sem skipuð var af iðnaðar- og viðskiptaráðherra þann 27. janúar 2004. Nefndin fjallaði m.a. um skipulag samkeppnisyfirvalda og hvernig eftirliti með samkeppnishömlum yrði best fyrir komið. Taldi nefndin nauðsynlegt að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði. Var það niðurstaða nefndarinnar að þetta yrði m.a. gert með því að gera störf samkeppnisyfirvalda skilvirkari og efla starfsemi samkeppnisyfirvalda með auknum fjárveitingum. Þá var lagt til að þau verkefni er lytu að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins yrðu ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega

að samkeppnismálum. Markmið með stofnun Neytendastofu var að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Með sömu lögum var embætti talsmanns neytenda sett á stofn.

Við sameininguna fluttust sex stöðugildi Samkeppnisstofnunar, sem sinnt höfðu neytendaverkefnum, yfir í Neytendastofu. Samkvæmt kostnaðarmati var áætlað að hluti Neytendastofu ásamt talsmanni neytenda kostaði um 58,5 millj. kr. Þar af voru 3,5 millj. kr. vegna flutninga og áfrýjunarnefndar neytendamála, 42 millj. kr. færðust frá Samkeppnisstofnun og 13 millj. kr. bættust við vegna embættis talsmanns neytanda. Jókst því kostnaður ríkissjóðs um 16,5 m.kr., þar af var 14,5 millj. kr. varanlegur rekstrarkostnaður, sem að mestu má rekja til stofnunar embættis talsmanns neytenda. Samhliða stofnun Samkeppniseftirlitsins var starfsemi efld með auknu fjárframlagi sem nam 60 millj. kr. á árunum 2005 og 2006. Var sérfræðingum fjölgað um sjö, úr 10 í 17, á tveimur árum.

Aðrar sameiningar hafa ekki verið gerðar á stofnunum á verksviði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Neytendamál og málefni Neytendastofu hafa nú flust til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.“

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneytið sjálft hefur gegnið í gegnum sameiningu á tímabilinu sem hér er til umræðu, að auki hefur stofnanakerfi þess hefur verið einfaldað og verkefni sameinuð.

„04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1. janúar 2005 tók gildi nýtt lagaákvæði um sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í Borgarfirði (04-261), Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum, Ölfusi (04-261) og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (04-211) í Landbúnaðarháskóla Íslands. Fjárheimildir fyrri stofnana voru sameinaðar.

04-234 Landbúnaðarstofnun.

Á árinu 2005 samþykkti Alþingi lög um Landbúnaðarstofnun. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2006 og tók stofnunin yfir starfsemi yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits ríkisins, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands, kjötmatsformanns við mat á búvörum og veiðimálastjóra, auk hluta af starfsemi sem Bændasamtök Íslands höfðu annast ásamt tilteknum verkefnum sem landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Til stofnunarinnar millifærðist alls 472,1 millj. kr. fjárheimildagrunnur fjárlaga sem þá giltu vegna þeirrar starfsemi sem hún yfirtók, sem nánar tiltekið var 379 millj. kr. af lið 04-233 Yfirdýralæknir, 45,2 millj. kr. af lið 04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins, 9,6 millj. kr. af lið 04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands, 11,7 millj. kr. af fjárlagaviðfangi 04-190-1.12 Mat á búvörum og 26,6 millj. kr. af lið 04-222 Veiðimálastjóri. Enn fremur var lagt til að fjárheimildir stofnunarinnar hækkuðu um 15,9 millj. kr. á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur og urðu þá fjárveitingar hennar fyrir utan launa- og verðlagsbætur alls 488 millj. kr. Launa- og verðlagsbætur námu 31,6 millj. kr. og var því gert ráð fyrir alls 519,6 millj. kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á árinu 2006.

Sameinig þessara stofnana hafði ótvírætt faglegt gildi fyrir þá starfsemi sem stofnunin sinnir. Vegna sívaxandi krafna sem gerðar eru til starfseminnar er ekki hægt að gera ráð fyrir beinum fjárhagslegum ávinningi, en faglegur ávinningur er mikill.

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, voru landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti. Breytingin kom til framkvæmda 1. janúar 2008. Fjárveiting til aðalskrifstofu lækkaði um 24 m. kr. á fjárlögum 2008 vegna hagræðingar af sameiningu á aðalskrifstofum ráðuneytanna.

Fjárhagslegur ávinningur af sameiningu ráðuneytanna er talsverður og einnig verulegur faglegur ávinningur.

04-234 Matvælastofnun.

Hinn 1. janúar 2008 tók Matvælastofnun yfir verkefni Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Fiskistofu og matvælasviðs Umhverfisstofnunar.

Breytingarnar voru nauðsynlegar til að samræma starfsemi á sviði matvæla.“

346. Fyrirspurn [299. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um inneignir íslenskra ríkisborgara á Icesave-reikningum.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hversu margir íslenskir ríkisborgarar áttu inneignir á svonefndum Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi árið 2008, hvar voru þeir búsettir og hversu háar voru fjárhæðirnar?

Skriflegt svar óskast.

347. Fyrirspurn [300. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kröfur fjárfesta á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir fjárfestar munu geta gert kröfu á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna reiðufjár eða verðbréfa sem voru í vörslu, umsjón eða umsýslu banka og sparisjóða sem eru nú í þrotameðferð?
2. Hver gæti verið upphæð þeirra krafna?

3. Mun sjóðurinn geta staðið við greiðsluskyldu sína gagnvart fjárfestum, og þá hvernig?
4. Hver er réttarstaða fjárfesta borið saman við réttarstöðu innstæðueigenda, hér á landi og erlendis, gagnvart sjóðnum og íslenska ríkinu?

Skriflegt svar óskast.

348. Fyrirspurn [301. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hverjar eru lögbundnar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá og með árinu 2001?
2. Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?
3. Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?

Skriflegt svar óskast.

349. Fyrirspurn [302. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hverjar eru lögbundnar tekjur Fæðingarorlofssjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá gildistöku laga nr. 95/2000?
2. Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?
3. Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?

Skriflegt svar óskast.

350. Fyrirspurn [303. mál]

til utanríkisráðherra um hótanir, Evrópusambandið og Icesave.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hvaða aðilar innan Evrópusambandsins höfðu uppi „grímulausar hótanir“ um að láta Íslendinga hafa verra af ef þeir drifu sig ekki í að „klára Icesave“ og hvernig var því svarað? Hver voru viðbrögð ráðherra og hvernig brást utanríkisþjónustan við?

351. Fyrirspurn [304. mál]

til fjármálaráðherra um sjómannaafslátt og sveitarfélög.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var heildarupphæð sjómannaafsláttar árið 2008, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hver var sjómannaafsláttur í einstökum sveitarfélögum sem hlutfall af sjómannaafslætti í heild?
3. Hver er íbúafjöldi einstakra sveitarfélaga sem hlutfall af íbúafjölda landsins?

Skriflegt svar óskast.

352. Frumvarp til laga [305. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Flm.: Ásbjörn Óttarsson, Bjarni Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Árni Johnsen, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og aflaráðgefandi nefndar, sbr. 3. gr. a., ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 3. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal skipa aflaráðgefandi nefnd og leita til hennar um tillögur að heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Nefndin skal við tillögugerð sína m.a. byggja á reynslu og þekkingu sjómanna og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi og leggja áherslu á nauðsyn þess að nýta fiskistofna með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi og að samræmis sé gætt milli tegunda.

Í nefndinni sitja fimm fulltrúar og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: Félag skipstjórnarmanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands. Nefndin kýs sér formann úr eigin röðum.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal fyrir 31. desember 2009 stofna aflaráðgefandi nefnd samkvæmt tilnefningum, sbr. 3. gr. a. Nefndin skal gera tillögur að heildarafla á fiskveiðitímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010. Þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir getur ráðherra gert breytingar á heildarafla sem veiða má á tímabilinu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er lagt til að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt á þann hátt að þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður heildarafla hvers fiskveiðiárs skuli hann leita tillagna hjá aflaráðgefandi nefnd sem sé skipuð af hagsmunaaðilum. Er því lagt til að nefndin sé skipuð fimm fulltrúum þar sem Félag skipstjórnarmanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands tilnefna einn fulltrúa hver. Skulu tillögur nefndarinnar liggja fyrir á sama tíma og tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar en þó er gerð sú undantekning í ákvæði til bráðabirgða að nefndin geri jafnframt tillögu fyrir yfirstandi fiskveiðiár og skili þeim til ráðherra sem geti þá gert breytingar á fyrri ákvörðun um heildarafla.

Lagt er til að nefndinni verði gert að byggja tillögugerð sína m.a. á reynslu og þekkingu sjómanna og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi tillögugerðar. Með þessu yrði tryggt að reynsla sjómanna og þekking þeirra nýtist við ákvörðun heildarafla. Nefndin getur þó jafnframt leitað í önnur gögn eða til þeirra aðila sem þeir telja þörf á. Áhersla er lögð á að tillögur nefndarinnar miði að því nýta fiskistofna með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi þannig að þeir verði hvorki ofnýttir né vannýttir. Þá verði kveðið á um að nefndin gæti að samræmi milli tegunda í tillögum sínum.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af starfi aflaráðgjafarnefndar verði greiddur af þeim hagsmunaaðilum sem tilnefni fulltrúa í nefndina.

Á undanförnum árum hefur sterk umræða farið fram um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Bent hefur verið á að ráðgjöfin endurspegli ekki álit þeirra sem starfa á vettvanginum allan ársins hring, sjómanna og skipstjórnarmanna. Aflaráðgefandi nefndinni er ætlað fyrir 1. maí ár hvert að senda sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögur sínar um heildarafla sem æskilegt er að komi til úthlutunar á komandi fiskveiðiári. Ráðgjöf nefndarinnar verður

byggð á reynslu og þekkingu sjómanna sem er þjóðinni ómetanleg og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi. Sjómenn hafa mikla almenna þekkingu á lífríkinu í hafinu auk þess sem sjómenn hafa víðtæka reynslu og þekkingu á öllu því sem viðkemur veiðum, ástandi einstakra fiskistofna og veiðisvæða og skilyrðum í sjó. Þá hafa orðið gríðarlegar breytingar á undanförnum árum hvað varðar tækninýjungar um borð í skipum sem lúta að upplýsingum um ástand sjávar, skráningu afla og nýtingu svo fátt eitt sé nefnt. Öflugir gagnagrunnar hafa þannig orðið til sem auðvelda sjómönnum, skipstjórum og útgerðarstjórum að lesa í lífríkið. Áður fyrr varðveittust upplýsingarnar eingöngu í dagbókum sjómanna og minni þeirra. Með starfi nefndarinnar yrði til vettvangur fyrir úttekt úr reynslubanka sjómanna sem byggst hefur upp í áratugi. Þekkingu þeirra á veiðum og aflabrögðum, ástandi einstakra fiskistofna og veiðisvæða, skilyrðum í sjónum og almennt um lífríkið í hafinu.

Tillögum og ráðgjöf aflaráðgefandi nefndarinnar er ætlað að styrkja ákvörðun ráðherra um ákvörðun á heildarafla. Nefndinni er ætlað að brúa þá gjá sem nú er milli veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og reynslu sjómanna á stærð einstakra fiskistofna, auk þess að bæta við þekkingu vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar með samanburði við niðurstöður togararalls.

Samhliða tillögugerð til ráðherra er augljóst að miklum upplýsingum verður safnað sem geta nýst í gerð gagnagrunns um þá þekkingu og reynslu sem sjómenn afla sér í daglegri umgengni við fiskistofnana umhverfis landið auk þess að nýtast Hafrannsóknastofnunninni við sín störf. Gagnagrunn af þessu tagi mætti vinna áfram í samvinnu við háskólasamfélagið og mundi hann því ekki eingöngu nýtast til frekari tillögugerðar og gera nefndina færari um að meta þolmörk fiskistofnanna heldur einnig til framtíðar í vísindum, rannsóknum og kennslu.

353. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur P. Erlingsson lögfræðing og Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Jón Gíslason forstjóra og Viktor Pálsson forstöðumann frá Matvælastofnun, Eirík Blöndal framkvæmdastjóra og Ólaf Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands, Guðjón Bragason lögfræðing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik Friðriksson lögfræðing frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðbjörgu Þorvarðardóttir formann Dýralæknafélags Íslands, Sigurborgu Daðadóttir frá dýravendarráði, Halldór Runólfsson yfirdýralækni, Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralækni í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Rúnar Gíslason héraðsdýralækni Snæfellsumdæmis, Árnýju Sigurðardóttur framkvæmdastjóra og Óskar Ísfeld Sigurðsson deildarstjóra frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Elsu Ingjaldsdóttur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Róbert Hlöðversson frá Frumherja og Reyni Þrastarson frá Aðalskoðun, Jón Baldursson og Magnús

Ólafsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Almar Guðmundsson framkvæmdastjóra frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Kristján Loftsson forstjóra frá Hval hf.

Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Fiskistofu, Neytendasamtökunum, Akureyrarbæ, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Norðurþingi, Dýralæknafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Reykjavíkurborg, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Samtökum iðnaðarins, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Matvæla- og veitingafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandssvæðis vestra, Margréti Guðnadóttur fyrrverandi prófessor, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðastofnun, Lyfjastofnun, Félagi eggjaframleiðenda, Umhverfisstofnun, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Bændasamtökum Íslands, Beint frá býli, Hvali hf., sambandi garðyrkjubænda, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Matvælastofnun, Eyþings – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Húnavatnshreppi, Sigurði Sigurðarsyni dýralækni, landlæknisembættinu, Félagi kjúklingabænda, Svínaræktarfélagi Íslands, Landssambandi sláturleyfishafa, Eyjafjarðarsveit, Landbúnaðarháskóla Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Landssambandi kúabænda, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Ísfugli ehf., tækninefnd skoðunarstöðva í sjávarútvegi, Skagabyggð, Lýðheilsustöð, Sveitarfélaginu Skagafirði, búgreinafélögum í Austur-Húnavatnssýslu, Matfugli, Húnaþingi vestra, Kjöthöllinni ehf., Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Kaupfélagi Skagfirðinga, Þingeyjarsveit, SAH-afurðum ehf., Fóðurblöndunni ehf., Búnaðarfélagi Vopnfirðinga, Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda, Norðlenska matborðinu ehf., dýraverndarráði, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Vopnafjarðarhreppi, Blönduósbæ, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Reykjagarði, Rannsóknaþjónustunni Sýni ehf., Eggerti Gunnarssyni og Starfsgreinasambandinu.

1. Aðdragandi málsins.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar var áður lagt fram á 135., 136. og 137. löggjafarþingi og hefur það tekið töluverðum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar vegna breytinga á EES-samningnum og innleiðingar EES-löggjafar um matvæli og fóður. Forsaga málsins er sú að 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Með frumvarpinu er lagt til að gerðir Evrópusambandsins um matvæli og fóður verði innleiddar í íslenska löggjöf. Það felur í sér endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn. Með frumvarpinu eru innleiddar framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Ákvarðanir þessar eru í fyrsta lagi ákvörðun nr. 133/2007 sem varðar endurskoðun á þeim undanþágum sem Ísland hefur haft frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn, en þar er að finna þær gerðir Evrópusambandsins sem taka til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Samþykkt þessarar ákvörðunar að því er varðar Ísland hefur í för með sér að Ísland mun framvegis framfylgja reglum ESB á þessu sviði að því er varðar búfjárafurðir. Þessum breytingum er ætlað að auka frelsi til innflutnings og

útflutnings búfjárafurða á grundvelli heilbrigðiskrafna. Í öðru lagi ákvarðanir nr. 134/2007 og nr. 137/2007 sem varða heildarendurskoðun á matvælalöggjöf ESB. Önnur varðar reglugerð (EB) nr. 178/2002 um matvælalöggjöf, fæðuöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Hin fjallar um reglugerðir EB er varða opinbert eftirlit með matvælum og fóðri og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Í þriðja lagi ákvarðanir nr. 135/2007 og nr. 136/2007 sem fjalla um aukaafurðir eða úrgang frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis. Loks ber að nefna ákvörðun nr. 138/2007 sem fjallar um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, um hollustuhætti í fóðuriðnaði, auk afleiddra gerða.

2. Markmið frumvarpsins og efnislegar breytingar frá fyrri frumvörpum.

Markmið frumvarpsins er að búa til samræmdar reglur varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli heilbrigðiskrafna, til að efla matvælaöryggi og tryggja þannig viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum og gera opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður hér á landi. Frumvarpið er í samræmi við efnisákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að teknu tilliti til 13. gr. EES-samningsins að því er varðar innflutning á hráu kjöti, hráum eggjum, alidýraáburði og ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Núverandi fyrirkomulagi í innflutningi er viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, og er þar sérstaklega litið til langvarandi einangrunar búfjárstofna okkar sem reynslan sýnir að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem ef til vill eru ekki skaðlegir erlendis, allt í samræmi við 13. gr. EES-samningsins. Nefndin vekur athygli á því sem fyrr greinir að málið hefur tekið miklum efnislegum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram á 135. löggjafarþingi og komið hefur verið til móts við sjónarmið fjölmargra umsagnaraðila. Vikið verður að helstu álitaefnum sem eftir standa síðar. Nefndin telur mikilvægt að fram komi hvaða efnislegu breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu meðan á meðferð málsins hefur staðið yfir og eru þær útlistaðar hér.

2.1 Efnislegar breytingar við framlagningu á 136. löggjafarþingi.

Strax við framlagningu frumvarpsins á 136. löggjafarþingi voru gerðar töluverðar breytingar til samræmis við þau sjónarmið sem fram komu við meðferð málsins og voru þær helstar að ákvæði frumvarpsins um fæðubótarefni voru gerð skýrari þannig að fæðubótarefni sem innihalda lyf eða lyfjavirk efni er óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja. Í 2. gr. frumvarpsins hefur verið áréttað að lög nr. 93/1995, um matvæli, taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis. Hugtakinu „eftirlitsaðili“ var breytt í „opinber eftirlitsaðili“. Þetta var gert til aðgreiningar frá sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila (e. control body) sem er hugtak notað í reglugerðum EB um faggiltan aðila sem fær úthlutað eftirlitsverkefnum af Matvælastofnun. Ákvæði um starfsleyfisskyldu sauðfjár- og hrossaræktar voru felld úr frumvarpinu. Skilgreining reglugerða EB um áhættugreiningu var tekin upp í frumvarpið. Í 6. og 68. gr. frumvarpsins er heimild til að gefa út eitt starfsleyfi enda þótt starfsleyfisskyldan byggist á fleiri en einum lögum. Í 14. gr. frumvarpsins er tekið á skörun á hlutverki opinberra eftirlitsaðila og einnig er lögð áhersla á að matvælaeftirlit skuli byggjast á áhættugreiningu og áhættumati. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskilinni slíkri starfsemi í smásöluverslun. Jafnframt er gert ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Heilbrigðisnefndir

sveitarfélaganna hafa sinnt eftirliti vegna framangreindrar starfsemi, nema þegar kjötvinnsla er tengd sláturhúsi, en þá er hún undir eftirliti Matvælastofnunar. Stofnunin hefur einnig eftirlit með mjólkurstöðvum vegna útflutnings. Í 14. gr. frumvarpsins eru tekin upp sams konar efnisákvæði og eru í 19. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna yfirumsjónarhlutverks Matvælastofnunar gagnvart heilbrigðisnefndum og starfa stofnunarinnar við samræmingu matvælaeftirlits. Í síðustu málsgrein a-liðar 5. gr. frumvarpsins er áréttað að stjórnandi matvælafyrirtækis og eftirlitsaðilar skulu í störfum sínum huga sérstaklega að því að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Í 15. gr. frumvarpsins var bætt við ákvæðið um faggilta aðila til samræmis við ákvæði 54. gr. þar sem fjallað er um eftirlit með sjávarafurðum. Vegna fóðureftirlits hefur sambærilegu ákvæði verið bætt við 72. gr. frumvarpsins. Í 15., 54. og 72. gr. var einnig sett inn ákvæði um að ráðherra geti ákveðið að vottað innra eftirlit matvæla- og fóðurfyrirtækja geti með tilteknum skilyrðum orðið þáttur í opinberu eftirliti. Gerðar voru breytingar á 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins um eftirlitsgjöld. Texti um lágmarksgjöld var felldur niður. Ákvæði 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um lágmarksgjöld mun þannig gilda um þessi gjöld. Þá var felld út úr 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins heimild eftirlitsaðila til að afturkalla starfsleyfi vegna vanskila eftirlitsgjalda. Í 17. gr. er það gert skýrara að sveitarfélög skulu gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli, og ákvæða reglugerðar (EB) nr. 882 frá 2004. Í 19. og 72. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á stjórnanda matvæla- og fóðurfyrirtækis að hann tilkynni opinberum eftirlitsaðila með hæfilegum fyrirvara um flutning matvæla eða fóðurs til landsins frá EES-ríkjum ef brýna nauðsyn ber til þannig að opinber eftirlitsaðili geti skipulagt eftirlitið. Í 23. gr. frumvarpsins, sbr. breytingar á 30. gr. a, er kveðið á um að dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renni í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Í 41. gr. frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða skiptingu og fjölda umdæma skv. 11. gr. laga um dýralækna, aðra en þar greinir í þeim tilgangi að unnt sé að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Fjöldi umdæma og svæðaskipting skv. 11. gr. skal þannig koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2013. Ráðherra er jafnframt heimilt skv. 41. gr. frumvarpsins að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessu ákvæði fellur úr gildi 1. nóvember 2013. Í 33. gr. frumvarpsins er það sérstaklega tilgreint að ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í 38. gr. er gert ráð fyrir því að dýralæknar sinni bakvakt utan venjulegs vinnutíma á landinu öllu. Vaktsvæðin eru 13. Í 68. gr. frumvarpsins segir að ef kveðið er á um starfsleyfisskyldu í lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru skuli Matvælastofnun gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli laganna. Í h-lið 72. gr. frumvarpsins er fóðurfyrirtækjum og aðilum sem starfa við rannsóknir og greiningu á fóðri gert skylt að tilkynna Matvælastofnun ef í fóðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

2.2 Efnislegar breytingar við framlagningu á 137. löggjafarþingi.

Einnig voru gerðar nokkrar efnislegar breytingar á frumvarpinu þegar það var lagt fram á 137. löggjafarþingi og vekur nefndin athygli á helstu breytingum sem þá urðu. Þar var innflutningsbann á hráu kjöti skv.10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ekki afnumið til að tryggja matvælaöryggi, lýðheilsu og velferð dýra með tilliti til sérstöðu Íslands sem eylands, sbr. einnig 13. gr. EES-samningsins. Sama á við um alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 verður óbreytt efnislega. Matvælastofnun var heimilt að leyfa innflutning samkvæmt ákvæði eldra frumvarps. Ráðherra fær þetta vald samkvæmt frumvarpinu og er 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 þannig breytt í fyrra horf. Af öðrum breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu að þessu sinni má nefna að í síðustu málsgrein a-liðar 5. gr. frumvarpsins er áréttað með skýrari hætti en áður að tryggja skuli matvælaöryggi og vernda skuli heilsu manna og dýra. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, var felld brott en þar var ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða skiptingu og fjölda umdæma skv. 11. gr. laganna aðra en þar greinir í þeim tilgangi að unnt væri að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Gildistöku 43. gr. frumvarpsins sem fjallar um eftirlitskostnað vegna slátrunar er breytt, sbr. 79. gr. frumvarpsins. Ákvæðið átti að taka gildi fyrr en önnur ákvæði IV. kafla. Ástæða þessa var sú að brýnt þykir, m.a. vegna tilmæla frá umboðsmanni Alþingis, að leiðrétta kjötskoðunargjald þannig að greiddur verði raunkostnaður af eftirliti með öllum tegundum búfjár. Skýrt er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra. Sama á við um fóður, sbr. 28. og 70. gr. Jafnframt er það áréttað að matvæli mega ekki innihalda lyf eða lyfjavirk efni með sama hætti og fæðubótarefni, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

2.3 Efnislegar breytingar á núverandi frumvarpi.

Aðeins er gerð ein efnisleg breyting á frumvarpinu nú þegar það er lagt fram á 138. löggjafarþingi og er hún sú að í 32. gr. frumvarpsins um breytingu á 10. gr. laga nr. 25/1993 er bætt við textanum „hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir“. Haldið er óbreyttum reglum um innflutning á hráum eggjum, ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum skv. a-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sömu rök liggja að baki þessari breytingu og reifuð er hér að framan.

3. Helstu álitaefni.

Af framangreindri umfjöllun um breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu má ráða að leitast hefur verið við eins og kostur er að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið í meðferð málsins til að tryggja sátt um afgreiðslu þess. Enn eru nokkur sjónarmið sem út af standa. Nefndin fór yfir þær umsagnir sem borist hafa um málið og ákvað í kjölfarið að skipta umfjöllun upp eftir helstu álitaefnum. Fjallað var um málið á fjölmörgum fundum. Einnig fékk nefndin til sín fjölda gesta eins og áður var rakið. Hér verða tíundið helstu álitaefni sem fjallað var um á fundum nefndarinnar auk þess sem nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu sem hún telur viðeigandi. Formlegar tillögur eru gerðar í sérstöku þingskjali.

3.1 Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum, sbr. III. kafla frumvarpsins.

Ein af meginbreytingum í þessum kafla frumvarpsins er sú að skilið verði á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna og almennrar dýralæknaþjónustu þeirra. Forsenda breytinganna er að tryggja að héraðsdýralæknar sinni eingöngu opinberum eftirlitsstörfum, en séu ekki samhliða þeim að sinna almennri dýralæknaþjónustu. Samkvæmt reglugerð EB nr. 882/2004 er aðildarríkjum skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar í störfum þeirra er sinna opinberu eftirliti, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Á fundi nefndarinnar þar sem fjallað var um þann hluta frumvarpsins sem snýr að breytingum á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum, komu fram sjónarmið þess efnis að með boðuðum breytingum væri verið að skerða dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni og þannig væri vegið að rétti dýra og dýraeigenda til aðgengis að dýralæknaþjónustu. Auk þess sem breytingarnar séu til þess fallnar að skapa óvissu um fyrirkomulag dýralæknaþjónustu við dreifðari byggðir landsins og verði til þess að dýralæknar hverfi úr störfum í strjálbýli og erfitt verði að manna stöðurnar.

Nefndin vekur athygli á að í frumvarpinu er komið til móts við þær gagnrýnisraddir sem telja þessar breytingar stofna heilbrigði eða velferð dýra í hættu með því að heimila eftirlitsdýralæknum sem starfa hjá Matvælastofnun, og vinna í umdæmum héraðsdýralækna, að stunda almennar dýralækningar auk opinberra starfa. Einnig er undanþáguheimild til bráðabirgða í 41. gr. fyrir ráðherra til að fela héraðsdýralækni að sinna almennri þjónustu í sínu umdæmi tímabundið gerist þess þörf.

Nefndin telur í ljósi fram kominna athugasemda brýnt að fyrir liggi sem allra fyrst reglur sem taka á því hvernig tryggja á reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu í dreifðum byggðum landsins. Nefndin leggur til að lagt verði kapp á að lokið verði við reglugerð þá sem mælt er fyrir um í 39. gr. frumvarpsins eigi síðar en 1. júlí 2010 og gerir þá breytingartillögu að bætt verði málsgrein við bráðabirgðaákvæði 41. gr. frumvarpsins þar sem þessi tímamörk verði tíunduð. Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á því að það liggur fyrir, sbr. 79. gr., að III. kafli frumvarpsins um breytingu á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, tekur ekki gildi fyrr 1. október 2011. Það ætti því að gefast góður tími til aðlögunar fyrir þá aðila sem starfa munu í hinu breytta skipulagi.

Nefndin leggur áherslu á að hugað sé að velferð dýra við framkvæmd 38. og 39. gr. laganna og leggur til breytingar þess efnis á greinunum. Einnig telur nefndin rétt að í lögunum sé heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð vegna frekara skipulags og starfs sérgreinadýralækna sem kveðið er á um í 40. gr. frumvarpsins.

Loks er það mat nefndarinnar að rétt sé að gera breytingu á 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins á þann veg að núverandi fyrirkomulag verði látið halda sér þannig að greiðslur fyrir bakvaktaþjónustu dýralækna ráðist áfram af samningi milli Dýralæknafélags Íslands, sjávarútvegs- og landbúnaðar og fjármálaráðuneyta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aðkomu Matvælastofnunar að þessum samningum. Nefndin telur ekki fullnægjandi rök fyrir því að Matvælastofnun komi með beinum hætti að samningsgerðinni.

3.2. Um breytt fyrirkomulag matvælaeftirlits í sjávarútvegi, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þær breytingar sem verða á fyrirkomulagi matvælaeftirlits í sjávarútvegi með boðuðum lagabreytingum. Meginbreytingin felst í því í fyrsta lagi að lögbæru yfirvaldi (Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga) er heimilt en ekki skylt að framselja eftirlit til faggilts aðila og í öðru lagi að samningur er gerður milli opinbers

eftirlitsaðila og faggilts eftirlits (skoðunarstofu) aðila en ekki samningur milli eftirlitsþola og faggilts eftirlitsaðila. Á fundi nefndarinnar kom fram gagnrýni á þá tilhögun eftirlitsins sem boðuð er í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á því hlutverki sem faggiltar skoðunarstofur hafa haft við eftirlit. Lögbært stjórnvald, í þessu tilfelli Matvælastofnun, getur falið faggiltum eftirlitsaðilum tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits. Nefndin vekur athygli á að heimild til framsals verkefna til faggiltra eftirlitsaðila er þrengri í reglugerð EB nr. 882/2004 en í gildandi íslenskum lögum og því nauðsynlegt og skylt að ráðast í þessar breytingar til að tryggja rétta innleiðingu löggjafar Evrópusambandsins á þessu sviði. Á grundvelli núverandi fyrirkomulags matvælaeftirlits í sjávarútvegi sem byggist á lögum nr. 55/1998 er beint samningssamband milli skoðunarstofu og sjávarútvegsfyrirtækja, þeim síðarnefndu er skylt að hafa slíkan samning. Í samningum af þessu tagi er meðal annars samið um endurgjald fyrir eftirlitið og eru þeir uppsegjanlegir með gagnkvæmum uppsagnarfresti og eftirlitsþoli getur sagt upp samningnum ef hann er óánægður með eftirlitið á einhvern hátt. Með breytingunum yrði ekki um samningssamband milli faggilts eftirlitsaðila (skoðunarstofu) og eftirlitsþola að ræða auk þess sem eftirlitsgjöld yrðu gefin út í gjaldskrá sem ráðherra setur með reglugerð. Það er mat nefndarinnar að boðaðar breytingar muni gera auðveldara um vik að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og hlutdrægni eftirlitsaðila. Nefndin telur nauðsynlegt að einkareknar skoðunarstofur og viðskiptavinir þeirra fái einhvern aðlögunarfrest. Auk þess sem telja verður líklegt að einhvern tíma taki að móta stefnu um samstarf Matvælastofnunar og faggiltra eftirlitsaðila. Nefndin mun því gera það að tillögu sinni að breytingar á ákvæðum um matvælaeftirlit í sjávarútvegi komi ekki til framkvæmda fyrr en einu ári eftir gildistöku laganna. Það er jafnframt mat nefndarinnar að Matvælastofnun eigi að nýta sér heimild sína til að úthluta verkefnum til aðila sem uppfylla skilyrði 5. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004, þannig að faggiltir aðilar geti áfram sinnt tilteknu eftirliti með matvælum, t.d. í sjávarútvegi. Loks telur nefndin brýnt að settar verði skýrar reglur í reglugerð um hvernig skuli hátta framsali verkefna frá Matvælastofnun til einkarekinna skoðunarstofa og gerir að tillögu sinni að slík reglugerðarheimild verði sett inn í frumvarpið. Í ljósi þessa telur nefndin mikilvægt að árétta að við framsal verkefna sé haft að leiðarljósi að halda kostnaði eftirlitsþola í lágmarki.

3.3 Um breytta verkaskiptingu Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, sbr. I. kafla frumvarpsins.

Nefndinni barst nokkur fjöldi umsagna vegna boðaðra breytingu á verkaskiptingu við matvælaeftirlit og fjallaði nefndin sérstaklega um þessar breytingar. Með frumvarpinu er lögð til breyting á núverandi verkaskiptingu við eftirlit með kjötvinnslum og mjólkurbúum. Núverandi fyrirkomulag er þannig að Matvælastofnun fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, þ.m.t. eftirlit með mjólkurframleiðslu á bæjum, eftirlit með sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast og eftirlit með sjávarafurðum og eldisfiski, allt að smásölu, jafnframt kjötvinnslu og mjólkurbúum vegna útflutnings. Þá fer stofnunin með allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með eftirlit með innlendum matvælavinnslum, þ.m.t. kjötvinnslum utan sláturhúsa og einnig mjólkurbúum, auk þess hafa þær eftirlit með dreifingu og smásölu matvæla. Verkefni þessi eru skilgreind í 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, sbr. og 22. gr. laganna. Af þessu má ráða að kjötvinnslur eru ýmist undir eftirliti Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda og að mjólkurbú eru undir eftirliti beggja aðila. Með boðuðum breytingum í frumvarpinu er lagt til að einn og sami aðili fari með eftirlit með mjólkurbúum og eggjavinnslu og það sama gildi um kjötvinnslur og

kjötpökkunarstöðvar, að undanskildum vinnslum sem eru í smásöluverslunum, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins og er lagt til að eftirlitið verði í höndum Matvælastofnunar.

Nefndin fjallaði um þennan hluta frumvarpsins á fundum sínum. Þar komu fram ýmsar athugasemdir m.a. gagnrýni á þá ráðstöfun að flytja eftirlit með kjötvinnslustöðvum og mjólkurstöðvum frá heilbrigðissvæðum sveitarfélaga til Matvælastofnunar á þann hátt sem boðað er með frumvarpinu. Fram kom ágreiningur um það hvort skylda væri samkvæmt EB reglugerð nr. 854/2004, um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis, til að ráðast í þessar breytingar á fyrirkomulaginu. Að undangenginni umfjöllun um þetta álitaefni er það mat nefndarinnar að veigamikil rök styðji þær breytingartillögur sem boðaðar hafa verið. Í fyrsta lagi er mikilvægt að kröfur í löggjöf sem innleidd verður á grundvelli frumvarpsins séu uppfylltar. Í því ljósi vekur nefndin athygli á að skv. 5. gr. reglugerðar EB nr. 854/2004 skulu opinberir eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit með hluta kjötvinnsla og kjötpökkunarstöðva þar sem dýrum er slátrað eða þar sem fram fer úrbeining og/eða stykkjun kjöts. Telur nefndin Matvælastofnun heppilegri til að sinna þessu hlutverki en heilbrigðiseftirlitssvæði sveitarfélaga þar sem fram kom á fundum að stofnunin hefur opinbera eftirlitsdýralækna starfandi á umdæmisskrifstofum sínum um allt land auk héraðsdýralækna sem og sérgreinadýralækna sem starfa í höfuðstöðvum stofnunarinnar en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er aðeins með starfandi dýralækna á sumum starfsstöðvum en ekki öðrum. Í öðru lagi er nauðsynlegt að einn og sami aðili fari með matvælaeftirlit með tiltekinni starfsemi þ.e. kjötvinnslum og mjólkurbúum. Þess má geta að fulltrúar hagsmunaaðila í mjólkuriðnaði tóku undir þetta sjónarmið og lögðu áherslu á mikilvægi þess að eftirlitið væri á höndum sama aðila. Í þriðja lagi er þetta fyrirkomulag til þess fallið að tryggja samfellu og yfirsýn í matvælaeftirliti frá frumframleiðslu til fullbúinnar vöru. Í fjórða lagi stuðlar nýja fyrirkomulagið að samræmdari kröfum og eftirliti gagnvart fyrirtækjum sem framleiða vöru fyrir innanlandsmarkað, til dreifingar á Evrópska efnahagssvæðinu og til þriðju ríkja. Það er því mat nefndarinnar að boðaðar breytingar séu til þess fallnar að einfalda og styrkja eftirlit með framleiðslu matvæla.

Nefndin telur rétt að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitssvæðum sveitarfélaga verði heimilt að semja sín á milli um eftirlitsverkefni. Við slíka samningsgerð verður að gera ráð fyrir að gjaldskrár haldist óbreyttar til að tryggja hagsmuni eftirlitsþola. Verði verkefni flutt milli eftirlitsaðila er gert ráð fyrir að viðkomandi eftirlitsaðili geti beitt þvingunarúrræðum laganna. Nefndin leggur einnig til að ráðherra setji reglugerð í samráði við Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitssvæði sveitarfélaga um framsal eftirlits vegna kjötvinnslu á grundvelli 14. gr. frumvarpsins og móti þannig reglur um það í hvaða tilvikum heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga geti sinnt eftirliti í kjötvinnslum. Hér er átt við smærri vinnslur, þar sem kjötstykkjun er lítill hluti starfseminnar. Í ljósi umfjöllunar um framsal eftirlits vill nefndin árétta að meginmarkmið með slíku framsali á að vera hagkvæmni þess og skilvirkni þannig að hagkvæmasti kosturinn hverju sinni sé valinn. Þess vegna er nauðsynlegt að meta hvort framsal er fjárhagslega hagkvæmt fyrir hlutaðeigandi aðila, eftirlitsþola, ríki og sveitarfélög.

Einnig telur nefndin rétt að taka sérstaklega á tíðni eftirlits og að árétta í ákvæðum laga að hún skuli vera regluleg og í réttu hlutfalli við hættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum. Með þessari breytingu skal tryggt að þeir sem koma vel út úr eftirliti fái að njóta þess, en meira verði fylgst með hinum.

Nefndin leggur til að ráðherra verði falið að setja skýrar reglur í reglugerð um samninga opinberra eftirlitsaðila við aðila sem hlotið hafa faggildingu, sbr. 15. gr. frumvarpsins, með tilliti til samningsstöðu fagaðila gagnvart Matvælastofnun.

Loks telur nefndin brýnt að gerðar verði nokkrar breytingar á gjaldskrárákvæði 17. gr. til að gera ákvæðið skýrar og aðgengilegra. Nefndin leggur þannig til að áréttað verði að efnisákvæði 17. gr. gildi bæði um matvælaeftirlit Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þó er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að gjaldskrá sem ráðherra setur gildi einungis fyrir eftirlit Matvælastofnunar þar sem sveitarfélögin gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits og bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Í samræmi við framangreint er lagt til að í 4. mgr., þar sem ráðherra er skylt að afla umsagnar um gjaldskrá, verði tekið fram að ákvæðið á einungis við um gjaldskrá Matvælastofnunar.

Eftir ítarlega umfjöllun um þennan hluta frumvarpsins er það niðurstaða nefndarinnar að sú verkaskipting sem frumvarpið leggur til sé skýrari en það sem við á í dag og tryggi að minni hætta verði á skörun og tvíverknaði í framkvæmd matvælaeftirlits og á kostnaðarauka.

3.4. Önnur álitaefni.

Fjölmörg önnur álitaefni voru rædd í meðferð málsins hjá nefndinni. Telur nefndin nauðsynlegt í ljósi þeirrar umræðu að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Fyrst ber að nefna að nefndin telur nauðsynlegt að tekin verði af öll tvímæli um að lög nr. 93/1995, um matvæli, taki til fæðubótarefna sem innihalda lyf. Fram hafa komið athugasemdir þess efnis að texti frumvarpsins í núverandi mynd sé til þess fallinn að skapa óvissu og ekki tekið á því hvort vara telst vera lyf eða matvæli. Í því skyni leggur nefndin til að gerðar verði breytingar annars vegar á 2. gr. frumvarpsins þar sem tekin verði af öll tvímæli um að lögin gildi um matvæli, þar með talin fæðubótarefni, sem innihalda lyf enda þótt lyf samkvæmt lyfjalögum séu undanþeginn lögunum. Hins vegar er lagt til að í 8. gr. verði áréttað að skilgreining lyfjalaga, sbr. 2. tölul. 5. gr., ráði því hvað er lyf í skilningi laga um matvæli og gert ráð fyrir að Lyfjastofnun skeri úr um hvað teljist vera lyf komi upp slíkur ágreiningur. Eru þessar breytingar gerðar að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneytið og Lyfjastofnun.

Nefndin telur einnig brýnt að heimild 5. mgr. 6. gr. frumvarpsins til að undanskilja ákveðna aðila frá starfsleyfis- og tilkynningarskyldu verði afmörkuð á skýrari hátt. Þar sem núverandi skilgreining, sem miðast einvörðungu við aðila sem stunda ekki starfsemi í ágóðaskyni, getur verið teygjanleg. Að mati nefndarinnar er réttara að breyta orðalagi til samræmis við tilgang ákvæðisins en í athugasemdum við greinina kemur fram að gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð undanskilið tómstundabændur frá starfsleyfisskyldu, þ.e. aðila sem ekki halda sauðfé, geitfé og hross í ágóðaskyni heldur sér til ánægju. Þessir aðilar verða þó skyldaðir til að vera með dýr sín á skrá hjá viðkomandi búfjáreftirliti og lúta öllum öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin telur breytinguna til þess fallna að skýra ákvæðið.

Í ljósi athugasemda sem fram komu hjá umsagnaraðilum vegna 33. gr. frumvarpsins er það mat nefndarinnar að ítreka verði í lagatexta að þær aukaafurðir dýra sem greinin víkur að teljist ekki til úrgangs og ef aukaafurðir dýra flokkist sem úrgangur gildi reglur laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, um slíka starfsemi. Þær aukaafurðir sem fjallað er um í ákvæðum 33. gr. eru ekki flokkaðar sem úrgangur og það er því á hendi Matvælastofnunar að sjá um smitvarnir við vinnslu og aðra meðferð aukaafurða enda ekki um úrgang að ræða. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum framleiðenda voru reifuð þau sjónarmið að nauðsynlegt

væri að ganga lengra en núverandi 32. gr. frumvarpsins kveður á um til að tryggja sjúkdómavarnir vegna dýra og manna, og er þá ekki síst höfð í huga langvarandi einangrun búfjárstofna okkar sem reynslan hefur sýnt, eins og fram hefur komið í umsögnum um málið, að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem litlum skaða valda í öðrum löndum. Nefndin vísar í þessu sambandi meðal annars til ítarlegra umsagna sérfræðinga. Nefndin vekur athygli á því að nú þegar hefur verið komið til móts við þessi sjónarmið fyrst með því að láta innflutningsbann á hráu kjöti og alidýraáburði halda sér og í núverandi frumvarpi er hráum eggjum, ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum með sömu rökum bætt við 32. gr. Það er mat nefndarinnar að frumvarpið sé til þess fallið að tryggja núverandi og nauðsynlega stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, allt í samræmi við 13. gr. EES-samningsins.

Fram kom á fundi athugasemd varðandi nýtingu dýrapróteins úr aukaafurðum hvala til fóðurgerðar á innanlandsmarkaði. Í því samhengi bendir nefndin á að undanþága Íslands til að fóðra jórturdýr með dýrapróteini gildir aðeins um fiskimjöl og þótti það mikill árangur að fá slíka undanþágu. Undanþágan nær þó ekki til sjávarspendýra og ef þau væru tekin inn væri það brot á EES-samningnum. Það er mat nefndarinnar að ekki sé ráðlegt að gripið verði til þess að útvíkka einhliða undanþágu okkar á þennan hátt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Róbert Marshall, Einar K. Guðfinnsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Björn Valur Gíslason og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2009.

Atli Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson.
Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.	Sigurður Ingi Jóhannsson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Ólína Þorvarðardóttir.

354. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 4. málsl. a-liðar falli brott.
   b. B-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
      Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru,

og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis. Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.

2. Við 3. gr. Orðin „í viðeigandi stafrófsröð“ í inngangsmálslið falli brott.
3. Við 4. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „a–e-lið“ í f-lið kemur: a–h-lið.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „ekki stunda starfsemi“ í 5. efnismgr. komi: halda búfé en ekki.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.

6. Við 14. gr.
   a. Á eftir 1. efnismgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt lögum þessum.

      Flutningur verkefna skv. 3. mgr. getur einnig tekið til ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 25. gr.

      Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti.
   b. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.
7. Við 15. gr. Við 4. efnismgr. bætist: og enn fremur um gerð samninga.
8. Við 17. gr.
   a. 1. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits opinberra eftirlitsaðila og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.
   b. Á eftir orðinu „gjaldskrár“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: opinberra eftirlitsaðila.
   c. Á eftir orðinu „gjaldskrár“ í 2. málsl. 4. efnismgr. komi: Matvælastofnunar.
9. Við 23. gr. 2. efnismgr. a-liðar orðist svo:

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem er stunduð án tilskilins leyfis eða tilkynningarskyldu hefur ekki verið sinnt skv. 9. gr.

10. Við 28. gr.
    a. Á eftir orðinu „kröfur“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: samkvæmt lögum.
    b. Í stað orðanna „í matvælaiðnaði“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: sem varða matvæli.
    c. Á eftir orðunum „afurðum úr dýraríkinu“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: sem eru ætlaðar til manneldis.
    d. Í stað orðanna „tryggja sannprófun þess“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: staðfesta.
11. Við 30. gr. Í stað orðanna „1. ágúst 2011“ komi: 1. nóvember 2011.
12. Við 33. gr.
    a. Á eftir orðinu „dýra“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: sem ekki teljast til úrgangs.
    b. Á eftir orðinu „dýrum“ í 2. efnismgr. komi: sem ekki teljast til úrgangs.

13. Við 38. gr.
    a. Á eftir orðinu „tryggja“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: velferð dýra og.
    b. Orðið „Matvælastofnun“ í 2. mgr. falli brott.
14. Við 39. gr.
    a. Á eftir orðinu „tryggja“ í upphafi 1. málsl. komi: velferð dýra og.
    b. Á eftir orðinu „dýralæknaþjónustu“ í 1. málsl. komi: svo.
15. Við 40. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um störf sérgreinadýralækna.
16. Við 41. gr.
    a. Í stað dagsetningarinnar „1. nóvember 2013“ í 2. efnismgr. komi: 1. janúar 2015.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010.
17. Við 70. gr.
    a. Á eftir orðinu „efnainnihald“ í 1. efnismgr. komi: aukefni.
    b. Á eftir orðinu „kröfur“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: samkvæmt lögum.
    c. Í stað orðanna „hollustuhætti í fóðuriðnaði“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.
    d. Í stað orðanna „tryggja sannprófun þess“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: staðfesta.
18. Við 79. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2010 að undanskildum II.–IV. kafla sem öðlast gildi 1. nóvember 2011. Þó tekur 43. gr. í IV. kafla gildi 1. mars 2010. 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. taka gildi 1. mars 2011 og frá sama tíma falla úr gildi samningar faggiltra skoðunarstofa við vinnslu- og starfsleyfishafa.

355. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Snæbjörnsson og Kristin Hugason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Eirík Blöndal og Gunnar Gunnarsson frá Bændasamtökum Íslands, Halldór Runólfsson yfirdýralækni, Björn Steinbjörnsson, sérgreinadýralækni svína hjá Matvælastofnun, og Hörð Harðarson frá Svínaræktarfélagi Íslands.

Umsagnir bárust frá Svínaræktarfélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Matvælastofnun og Neytendasamtökunum.

Forsaga málsins er sú að þegar lögum um innflutning dýra var breytt með lögum nr. 141/2007 kannaði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sérstaklega tilhögun á innflutningi svína og erfðaefnis þeirra við þinglega meðferð málsins. Í nefndaráliti um málið (á þskj. 480, í 204. máli 135. löggjafarþings) var lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði „stafshóp sérfræðinga til að gera tillögur um leiðir til að efla og auka hagkvæmni í svínarækt“. Ráðherra skipaði þriggja manna nefnd til starfans og sátu þeir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og sérfræðingur í veirufræði á Keldum, og

Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, í nefndinni. Frumvarp þetta er byggt á vinnu nefndarinnar og er samstaða um þessar breytingar.

Með frumvarpinu gert ráð fyrir að fullnaðarákvörðun um innflutning á djúpfrystu svínasæði verði flutt til yfirdýralæknis, en að ákvörðun hans megi skjóta til ráðherra. Auk þess mun Matvælastofnun (yfirdýralæknir) hafa heimild skv. 3. mgr. 13. gr. laganna til að leyfa innflutning á djúpfrystu svínasæði beint inn á bú hér á landi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé verið að efla, styrkja og auka svínarækt í landinu. Það er mat nefndarinnar að þessar ráðstafanir séu til þess fallnar að auka möguleika á því að búgreinin verði arðbær og samkeppnisfær við aðrar greinar. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að matvælaöryggi og sjúkdómavarnir séu ávallt nægilega tryggð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Björn Valur Gíslason og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2009.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Sigurður Ingi Jóhannsson.	Jón Gunnarsson.	Róbert Marshall.
	Ögmundur Jónasson.	

356. Fyrirspurn [306. mál]

til fjármálaráðherra um stöðugildi á aðalskrifstofum ráðuneyta.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breyting hefur orðið á fjölda stöðugilda á aðalskrifstofum ráðuneyta árin 1995–2009, sundurliðað eftir ráðuneytum?
2. Hvaða hreyfingar hafa verið á starfsfólki innan stjórnarráðsins eða til sveitarfélaga vegna flutnings verkefna á tímabilinu?

Skriflegt svar óskast.

357. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga.

Umsagnir bárust frá Landssambandi veiðifélaga, Fiskistofu, Veiðimálastofnun og Landssambandi landeigenda á Íslandi.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur, annars vegar er lagt til með 2. gr. að sú háttsemi að hefja framkvæmd í veiðivatni án þess að leyfis sé aflað skv. 1. mgr. 33. gr. laganna verði gert refsivert. Þörf er á því að gera þessa háttsemi refsiverða.

Hins vegar er lagt til að kveðið verði að nýju sérstaklega á um að atkvæðisréttur í veiðifélögum fylgi eyðibýlum. Brottfall þessarar heimildar má rekja til setningar gildandi laga um lax- og silungaveiði, nr. 61/2006, og ákvæða þeirra um atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Í 1. mgr. 40. gr. hinna nýju lax- og silungsveiðilaga segir að á félagssvæði veiðifélags fylgi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laganna. Hið sama gildir um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Síðan segir að með jörð sé hér átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976. Ekki er vikið sérstaklega að atkvæðisrétti eyðijarða eins og í eldri lögum. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að eðlilegt þyki að miða við þetta tímamark „í ljósi þess að þá hafði lögbýlaskipan landsins tekið á sig nokkuð endanlega mynd“. Hvergi segir að tilgangur frumvarpsins sé að þrengja eða fella niður atkvæðisrétt eyðijarða (sbr. þskj. 891 í 607. máli á 132. löggjafarþingi).

Hugtakið lögbýli var ekki skilgreint í jarðalögum, nr. 65/1976. Um skilning á því verður að leita til 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976. Efnislega er þar kveðið á um að í lögunum nefnist jörð eða lögbýli hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með tilgreind og ákveðin merki, nauðsynlegan húsakost og landrými eða aðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Þá sagði í sömu lagagrein að jörð sem ekki hefur verið setin í tvö ár eða lengur teljist eyðijörð og þó að hús séu fallin eða rifin teljist hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Með jarðaskýrslu fyrir fardagaárið 1958–1959 hóf Landnám ríkisins árlega útgáfu á jarðaskýrslu fyrir allt landið á grundvelli skýrslna frá hreppstjórum. Þegar ábúðarlög, nr. 64/1976, og jarðalög, nr 65/1976, gengu í gildi, 31. maí 1976, var í gildi jarðaskrá fyrir fardagaárið 1975–1976 (fardagar voru 3. júní 1976).

Vegna þess hversu örðugt er um vik að afla heimilda um hvort eyðijörð hafi verið ráðstafað „til annarra nota“ við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, hafa veiðifélög við ákvörðun atkvæðisréttar samkvæmt hinum nýju lögum stuðst í framkvæmd við jarðaskrá Landnáms ríkisins fyrir fardagaárið 1975–1976. Þá hefur og þýðingu að við færslur í jarðaskrána á næstliðnum árum hafði Landnám ríkisins m.a. byggt á 1. gr. ábúðarlaga, nr. 36/1961, þar sem kveðið var á um að eyðijarðir féllu úr tölu lögbýla eða jarða hefðu þær ekki verið byggðar í 25 ár eða lengur. Með þessu hafa eigendur fjölda eyðijarða, sem fallið höfðu úr jarðaskránni, misst atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Það er einnig mat nefndarinnar að ekki hafi verið ætlunin að gera grundvallarbreytingu á fyrirkomulagi atkvæðisréttar í veiðifélögum að því er varðar eyðijarðir með setningu laga nr. 61/2006 og því sé rétt að gera þær breytingar á lögunum sem hér eru lagðar til.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Björn Valur Gíslason og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2009.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Einar K. Guðfinnsson.	Róbert Marshall.	Jón Gunnarsson.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

358. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ómar Þór Eyjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Helga Magnús Gunnarsson frá embætti ríkislögreglustjóra og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, ríkislögreglustjóranum, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006. Tilefni breytinganna eru athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna atriða sem snerta innleiðingu EB-tilskipunar nr. 2005/60/EB með lögum nr. 64/2006.

Helstu athugasemdir ESA og þær breytingar sem frumvarpið kveður á um eru eftirfarandi: Stofnunin benti á það í fyrsta lagi að tilkynningarskyldir aðilar skyldu samkvæmt tilskipuninni gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga væru aðstæður í eðli sínu þannig að samkvæmt áhættumati væri aukin hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Með öðrum orðum vanti í lögin almennt ákvæði um að ávallt skuli gera auknar kröfur um könnun á áreiðanleika upplýsinga í framangreindum tilvikum. Vegna þessarar ábendingar er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hefur að geyma slíkt almennt ákvæði. Eftir stendur að í III. kafla laganna er þess krafist að auknar kröfur skuli gera til könnunar á áreiðanleika upplýsinga þegar um er að ræða fjarsölu, í millibankaviðskiptum, ef um er að ræða einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla eða í millibankaviðskiptum við lánastofnun án raunverulegrar starfsemi. Í öðru lagi gerði ESA

athugasemd um að samkvæmt tilskipuninni sé tilkynningarskyldum aðila ekki heimilt að undanþiggja lífeyrissjóði könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, enda séu þeir þar hvorki skilgreindir sem lánastofnanir né fjármálafyrirtæki. Er því í frumvarpinu lögð til breyting á a-lið 1. mgr. 15. gr. laganna um einfaldaða könnun á áreiðanleika þannig að lífeyrissjóðir verði ekki meðal þeirra sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika. Þá benti ESA á það í þriðja lagi að ekki væri innleiddur í lögin áskilnaður tilskipunarinnar þess efnis að stundi einstaklingur sérfræðistörf, sem launamaður hjá tilkynningarskyldum aðila, þá skuli skyldur þær sem kveðið er á um í 23. gr. laganna (innra eftirlit) eiga við um hinn tilkynningarskylda aðila en ekki um viðkomandi launamann. Er því lögð til viðbót við 2. mgr. 23. gr. laganna þess efnis að þær skyldur sem mælt er fyrir um í greininni eigi við um hinn tilkynningarskylda aðila. Stofnunin benti á það í fjórða lagi að tilskipunin heimilaði ekki að skriflegar innri reglur útibúa og dótturfélaga tiltekinna tilkynningarskyldra aðila í ríkjum utan EES-svæðisins væru eins sambærilegar því sem lög og reglur viðkomandi ríkis heimiluðu. Reglurnar skyldu vera sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 23. gr. laganna. Að öðrum kosti mætti skilja það sem svo að minni kröfur væru gerðar til útibúa og dótturfélaga þessara aðila erlendis væru lög og reglur þess ríkis ekki eins strangar og hér á landi. Er því í 7. gr. frumvarpsins lögð til breyting þessa efnis. Í fimmta lagi benti stofnunin á að 29. gr. tilskipunarinnar væri ekki innleidd í lögin. Þar er mælt fyrir um að hafi framkvæmdastjórnin samþykkt ákvörðun um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögin mæla fyrir um skuli aðildarríkin banna þeim að veita stofnunum og einstaklingum í viðkomandi þriðja ríki upplýsingar. Í 8. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að innleiða slíkar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar með reglugerð.

Á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur Fjármálaeftirlitið gefið út leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. tilmæli nr. 2/2008. Verði frumvarpið að lögum mun Fjármáleftirlitið uppfæra tilmælin með hliðsjón af þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði um breytingu á 4. mgr. 5. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um að tilkynningarskyldur aðili skuli krefja viðskiptamann sem er þegar í viðskiptum um að sanna á sér deili skv. 1. mgr. Nefndin leggur til að við greinina bætist að tilkynningarskyldur aðili geti krafist þess að viðskiptamaður afli upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 2. mgr. 5. gr., laganna hafi það ekki þegar verið gert.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir orðunum „skv. 1. mgr.“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: og afli upplýsinga um raunverulegan eiganda skv. 2. mgr.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Árni Þór Sigurðsson.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.	

359. Frumvarp til laga [307. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, sem verður 43. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. skal tala héraðsdómara frá gildistöku laga þessara vera 43, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Þeir atburðir sem leiddu til falls bankanna síðastliðið haust hafa haft mikil áhrif á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þegar litið er til dómstólanna má greina þessi atriði í tvennt, í fyrsta lagi sakamál vegna efnahagsbrota, m.a. í kjölfar stofnunar embættis sérstaks saksóknara, og í öðru lagi aukinn fjölda einkamála þar meðtalin kærumál vegna slita fjármálafyrirtækja. Til viðbótar hefur dómstólum nýlega verið falið mikilvægt hlutverk við gerð nauðasamninga til greiðsluaðlögunar og við tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána.

Með stofnun embættis sérstaks saksóknara var mótuð sú stefna að gera réttarvörslukerfinu kleift að takast á við afleiðingar efnahagshrunsins. Embættinu var komið á fót 1. febrúar 2009 og hefur þann tilgang að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í tengslum við bankahrunið og eftir atvikum að fylgja rannsókn þeirra mála eftir með saksókn. Hjá embættinu starfa nú á þriðja tug manna að rannsóknum og eru málin sem þar eru til rannsóknar um 50 talsins. Í svari sérstaks saksóknara við fyrirspurn ráðuneytisins, dags. 16. október 2009, kemur fram það mat að á árinu 2010 verði álag á dómstólana í formi 5–10 umfangsmikilla og tímafrekra mála fyrir dómi auk fjölda rannsóknarúrskurða, svo sem vegna húsleita, ágreinings um rannsóknaraðgerðir lögreglu og gæsluvarðhaldsúrskurða. Fari sem horfir muni stór og umfangsmikil mál á árinu 2011 verða 15–25 auk rannsóknarúrskurða. Á árinu 2012 fari

slíkum málum hins vegar að fækka og fækki enn frekar á árinu 2013. Þó verður að gera alla fyrirvara enda margir þættir sem kunna að hafa áhrif á þessa áætlun embættisins.

Í bréfi dómstólaráðs til ráðuneytisins, dags. 5. október sl., er vakin athygli á mikilli aukningu mála sem orðið hefur frá árinu 2007. Þingfestum einkamálum fyrstu níu mánuði ársins samanborið við sama tímabil 2007 hefur fjölgað um tæp 70% og munnlega fluttum málum um tæp 60%. Sakamálum frá ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra hefur fjölgað um meira en 80% á sama tíma. Sakamálum frá lögreglustjórum hefur þó ekki fjölgað og stafar það einkum af því að lögreglustjórar hafa fengið rýmri heimildir til að ljúka málum með lögreglustjórasátt en áður.

Ekki er að fullu ljóst hvað leiðir til þessarar miklu fjölgunar mála. Að einhverju leyti má rekja það til þess að einstaklingar og fyrirtæki hafa nú minna fjárhagslegt svigrúm til að gefa eftir í samningum, en óhætt er að fullyrða að hrun fjármálakerfisins muni leiða til mikils fjölda flókinna mála á sviði fjármunaréttar þar sem tekist verður á um ábyrgð á ýmiss konar kröfum og skuldbindingum, t.d. vegna ráðstafana fyrir gjaldþrot fyrirtækja, ábyrgðar stjórnenda fyrirtækja o.fl. Eru þessi áhrif eflaust byrjuð að koma fram að einhverju marki og hefur verið áætlað að kærumál vegna lýstra krafna við slit banka og fjármálastofnana muni hlaupa á hundruðum. Í þessu ljósi hefur dómstólaráð lagt til að heimild verði veitt til að fjölga héraðsdómurum tímabundið um fimm og að heimild verði jafnframt veitt til að ráða fimm löglærða aðstoðarmenn til dómstólanna til að mæta fyrirsjáanlegu álagi. Undir áhyggjur af vanda dómstólanna var tekið í erindi Lögmannafélagsins, dags. 17. september 2009, og hafa ýmsir orðið til þess að hvetja til þess á opinberum vettvangi að tryggt verði að dómstólarnir geti sinnt hlutverki sínu.

Rétt er að benda á að dómstólaráð hefur þegar komið fram með tillögu um hagræðingu innan dómstólanna með sameiningu þeirra átta dómstóla sem nú starfa á landsvísu í einn dómstól sem starfi í mismunandi þinghám, eins og lagt hefur verið til í frumvarpi sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi (þingskjal 104, 100. mál). Verði það að lögum gefst dómstólaráði þar með tækifæri til þess að hagræða í starfsemi héraðsdómstólanna og að fullnýta þá starfskrafta sem þar eru til staðar, þar með talið héraðsdómara. Þó mun það hvergi nærri duga til og er hér lagt til að lögfest verði heimild til þess að fjölga dómurum tímabundið. Að auki er ráð fyrir því gert að dómstólaráð hafi heimild til að ráða allt að fimm aðstoðarmönnum dómara til viðbótar við þá aðstoðarmenn sem nú starfa við héraðsdómstólana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að lögfest verði heimild til fjölgunar dómara í samræmi við tillögu dómstólaráðs. Er lagt til að heildarfjöldi dómara verði 43 í stað 38, eins og nú er kveðið á um í 1. mgr. 12. gr. laganna. Verður þá skipað í ný embætti dómara en þeir ekki settir tímabundið. Þó er ráð fyrir því gert að breytingin verði tímabundin með þeim hætti að frá 1. janúar 2013 verði ekki skipað að nýju í þau embætti dómara sem losna eftir þann tíma allt þar til starfandi dómarar verði á ný 38. Þannig verði fjölgun embættisdómara ekki varanleg, heldur tímabundin, til þess að mæta þeim aukna málafjölda sem fyrirsjáanlegur er vegna bankahrunsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar við.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að dómarar í héraði skuli vera 43 í stað 38 eins og nú er. Gert er ráð fyrir að þessi fjölgun um fimm dómara verði tímabundin til 1. janúar 2013. Dómstólaráð hefur jafnframt lagt til, samhliða breytingum í þessu frumvarpi, að veitt verði heimild til að ráða fimm löglærða aðstoðarmenn til dómstólanna, en ekki er kveðið á um fjölda þeirra í lögum um dómstóla. Tillögur þessar eru fram komnar vegna fyrirsjáanlegs álags á dómstólana í kjölfar þeirra atburða sem leiddu til falls bankanna síðastliðið haust. Áætlaður launakostnaður vegna fimm dómara er rúmar 53 m.kr. á ári og kostnaður vegna fimm aðstoðarmanna rúmar 33 m.kr. eða samtals rúmar 86 m.kr. á ári.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í skattamálum, sem nýlega var lagt fram á Alþingi, er meðal annars lagt til að dómstólagjöld hækki samhliða hækkunum á öðrum aukatekjum ríkissjóðs. Það frumvarp gerir ráð fyrir að dómstólagjöld hækki meira en aðrar aukatekjur og er það gert til að skapa fjárhagslegt svigrúm fyrir þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist samtals um 86 m.kr. á ársgrundvelli.

360. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

2. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til að ákvæði um yfirlækna, yfirhjúkrunarfræðinga og deildarstjóra hjúkrunar verði felld brott úr lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Skv. 1. mgr. 10. gr. laganna bera framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga faglega

ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Ekki verður séð að nauðsyn beri til að kveða nánar á um innra skipulag heilbrigðisstofnana í lögum. Skv. 11. gr. laganna ber forstjóra að gera tillögu að skipuriti í samráði við framkvæmdastjórn og leggja hana fyrir ráðherra til staðfestingar. Skv. 4. mgr. 10. gr. laganna bera fagstjórnendur faglega ábyrgð á þeirri þjónustu sem undir þá heyrir í samræmi við stöðu þeirra í skipuriti stofnunar. Þá eru ítarleg ákvæði um gæði heilbrigðisþjónustu, m.a. um faglegar kröfur og eftirlit með faglegum rekstri heilbrigðisþjónustu, í VI. kafla laganna. Tilgangur breytinganna er að auka svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir með því að gera kleift að sameina eða breyta stöðum stjórnenda þar sem það er talið auka skilvirkni og draga úr kostnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 10. gr. laganna, sem kveður á um að yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda beri faglega ábyrgð á læknisþjónustu, falli brott. Með sama hætti er lagt til að ákvæði 3. mgr., þar sem kveðið er á um að deildarstjórar hjúkrunar beri faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu, falli brott.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur fram að forstjóri og framkvæmdastjórn heilbrigðisstofnunar skuli „hafa samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfræðing heilsugæslustöðvar þegar sérmál hennar er til ákvörðunar.“ Af því má ráða að gert sé ráð fyrir að á hverri heilsugæslustöð sé bæði yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur og að innan heilbrigðisstofnunar séu eða geti verið fleiri en ein heilsugæslustöð. Hér er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Annars vegar er lagt til að ákvæði um faglega ábyrgð yfirlækna sérgreina eða sérdeilda á læknisþjónustu og faglega ábyrgð deildarstjóra hjúkrunar á hjúkrunarþjónustu falli brott. Hins vegar er lagt til að ákvæði um heilsugæslustöðvar sem gerir ráð fyrir að forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana hafi samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfræðing heilsugæslustöðvar verði fellt niður og þar með verði ekki lengur áskilnaður um að á öllum heilsugæslustöðvum skuli vera yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur.

Hjá heilbrigðisráðuneytinu eru ekki áform um að gefa út fyrirmæli um að breyta eða leggja niður tilteknar stöður yfirlækna eða deildarstjóra hjúkrunar. Frumvarpinu er ætlað að

auka möguleika á að einfalda skipulag og ná fram aukinni hagræðingu og sveigjanleika í starfsemi heilbrigðisstofnana. Heilbrigðisráðuneytið mun í því sambandi hvetja heilbrigðisstofnanir til að endurskoða innra skipulag með það í huga að stjórnendur, þ.m.t. yfirlæknar og deildarstjórar hjúkrunar (yfirhjúkrunarfræðingar) séu ekki fleiri en nauðsynlegt er vegna starfseminnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur geri það þessum stofnunum betur kleift að ná fram áformum um hagræðingu í rekstri sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

361. Frumvarp til laga [309. mál]

um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til þess þegar meta þarf hvort einstaklingur, sem hefur hug á að starfa hér á landi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, uppfyllir skilyrði til að starfa í starfsgrein, sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu stjórnvalds, á grundvelli faglegrar menntunar og hæfis sem hann hefur aflað sér í öðru landi.

Lög þessi gilda enn fremur þegar tilkynna skal um þjónustu sem veitt er hér á landi tímabundið eða með hléum og háð er leyfi, löggildingu eða annarri jafngildri viðurkenningu stjórnvalds.

2. gr.
Réttindi.

Einstaklingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða í landi þar sem samið hefur verið um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, eiga rétt á að gegna hér á landi starfi, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara, enda uppfylli þeir skilyrði:

a. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, sem og viðauka við hana eins og þeir eru á hverjum tíma,
b. í samningum sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda,
c. Hoyvíkursamningsins, dags. 31. ágúst 2005, milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

3. gr.
Lögbær stjórnvöld.

Einstaklingur sem fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., og óskar eftir því að starfa hér á landi skal beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

Einstaklingur, sem ekki fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., skal beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

Það stjórnvald sem veitir leyfi, löggildingu eða viðurkenningu til þess að gegna starfi í starfsgrein hér á landi kannar hvort skilyrði tilskipunarinnar eða samninga skv. b- og c-lið 2. gr. og þau skilyrði sem um starfið gilda að öðru leyti séu uppfyllt.

Einstaklingur sem óskar eftir því að gegna hér starfi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, tímabundið eða með hléum, skal áður senda hlutaðeigandi stjórnvaldi skriflega tilkynningu um fyrirætlan sína, sbr. 5. gr.

4. gr.

Tímabundin þjónusta eða með hléum.

Einstaklingur sem fellur undir skilyrði tilskipunarinnar á rétt á að veita hér á landi þjónustu tímabundið og með hléum ef hann:

a. hefur lögfesta búsetu í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og á rétt til þess að stunda þar sama starf og
b. hefur unnið við starfið í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum áður en þjónustan er veitt og það er ekki lögverndað í því ríki. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu gildir ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins er háð leyfi, löggildingu eða viðurkenningu stjórnvalds.

Við mat á eðli þjónustu sem veitt er tímabundið og óreglubundið skal í hverju tilviki líta til tímalengdar, tíðni, reglufestu og samfellu þjónustunnar.

5. gr.

Yfirlýsing vegna þjónustu sem veitt er tímabundið eða með hléum.

Sá sem óskar eftir því að veita þjónustu hér á landi í fyrsta sinn, sbr. 4. gr., skal áður en hún hefst gefa skriflega yfirlýsingu til hlutaðeigandi stjórnvalds, þar sem m.a. er getið þeirra vátrygginga sem hann nýtur. Yfirlýsingin skal endurnýjuð árlega ef óskað er eftir því að halda áfram að veita þjónustu tímabundið eða með hléum.

Hlutaðeigandi stjórnvald getur krafist þess að yfirlýsingu umsækjanda, sem óskar eftir að veita þjónustu á sínu sviði í fyrsta sinn, eða þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á aðstæðum sem byggt hefur verið á, fylgi eftirtalin gögn:

a. sönnun fyrir þjóðerni umsækjanda,
b. vottorð um að umsækjandi sé með lögfesta búsetu í aðildarríki til þess að stunda þar sama starf og að hann hafi til þess leyfi þegar hann afhendir vottorðið,
c. prófskírteini sem sýnir fram á menntun og hæfi umsækjanda til starfsréttinda,
d. sönnun þess að starfið hafi verið stundað í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr.,
e. hreint sakavottorð fyrir störf í öryggisþjónustu þegar þess er krafist hér á landi.

6. gr.

Upplýsingar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, geta krafið umsækjanda um upplýsingar sem þörf er á til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi, eða veita þjónustu tímabundið eða með hléum. Með sama hætti má afla upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem réttinda er aflað eða þar sem

hlutaðeigandi hefur starfað eða rekið starfsemi sína um staðfestingu á því hvort hann hafi aflað sér tilskilinna réttinda og hvort hann hafi sætt viðurlögum eða réttindamissi vegna starfa sinna.

7. gr.

Vinnsla og miðlun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld þeirra ríkja sem fara með framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um miðlun upplýsinga, og haft geta áhrif á rétt til þess að stunda starf sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu.

Stjórnvald sem hefur með höndum viðurkenningu starfsréttinda sem fellur undir tilskipunina hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Er stjórnvaldi í þeim tilgangi heimilt að halda sérstaka skrá um upplýsingarnar og miðla þeim til annarra lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, enda fari slík miðlun upplýsinga um evrópskt upplýsingakerfi (e. *Internal Market Information System*) og gætt sé ákvæða 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með sama hætti er stjórnvaldi heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í sérstakri skrá. Miðlun upplýsinga með öðrum hætti er óheimil.

Stjórnvöld og aðilar sem lögum samkvæmt er falið að hafa með höndum viðurkenningu menntunar og hæfis samkvæmt tilskipuninni eða hafa eftirlit með störfum þeirra sem hlotið hafa leyfi til þess að starfa hér á landi á grundvelli tilskipunarinnar skulu hafa aðgang að upplýsingum sem skráðar eru.

Um vinnslu upplýsinga, sbr. 2. mgr., skal að öðru leyti gæta ákvæða laga nr. 77/2000, þar á meðal um að veita þeim einstaklingum sem upplýsingar eru skráðar um fræðslu um meðferð upplýsinganna, sbr. 18. gr. þeirra laga. Það stjórnvald sem viðurkennir eða veitir hlutaðeigandi starfsréttindi telst ábyrgðaraðili í skilningi þeirra laga.

8. gr.

Heimildir til setningar stjórnvaldsfyrirmæla. Gjaldtaka.

Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum er varða ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipuninni, eða samningum skv. 2. gr.

Ráðherra sem í hlut á setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna mats á hæfni og/eða viðbótarmenntunar. Fjárhæð gjaldsins má nema kostnaði við þýðingu gagna, kennslu, námsmat og aðra umsýslu vegna viðbótarnáms á umræddu sviði.

Ráðherra sem í hlut á setur reglur um gjöld er krefja má við afgreiðslu umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

9. gr.

Samræming, reglugerð o.fl.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd tilskipunarinnar og samninga sem falla undir 2. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um innleiðingu og framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um heimildir til þess að afla upplýsinga hjá þeim stjórnvöldum sem veita leyfi eða löggildingu samkvæmt tilskipuninni. Í slíkri reglugerð skal

enn fremur kveðið nánar á um tilhögun mats og málsmeðferð þegar stjórnvald fjallar um umsóknir um viðurkenningu til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur með samningi falið þar til bærum aðila að sjá um hæfnispróf og veita viðbótarmenntun, skv. 2. mgr. 8. gr. Jafnframt má fela slíkum aðila að annast mat á því hvort umsækjandi uppfyllir lögmælt skilyrði til að gegna starfinu og til að taka við og afgreiða umsóknir, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. Ákvörðun stjórnvalds sem tekin er á grundvelli slíks samnings er endanleg og sætir ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Mennta- og menningarmálaráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um vinnslu og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunarinnar, enda sé þar gætt fyrirmæla laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Innleiðing tilskipunarinnar.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, sem birt var 10. apríl í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19/2008.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

12. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008:* 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

   Mennta- og menningarmálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
2. *Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009:* 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

   Mennta- og menningarmálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpinu er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Tilskipunin varð hluti af EES-samningnum með

ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007. Með þingsályktun 16. mars 2009 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðunina fyrir Íslands hönd. Að efni til varðar tilskipunin viðurkenningu á menntun til að gegna starfi sem er lögverndað og því að menn skuli hafa aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði.

Með tilskipuninni eru 15 fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina, bæði tilskipanir almenna kerfisins (89/48/EBE, 92/51/EBE og 1999/42/EB) og hinar svokölluðu geiratilskipanir (um lækna, hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir). Eina háskólastéttin sem stendur utan þessa kerfis nú eru lögmenn. Með tilskipuninni verða ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og um samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna. Öll meginskilyrði viðurkenningar og málsmeðferð er hin sama og áður og áfram liggur kerfinu til grundvallar sérstök skilgreining á menntunarstigum eða -þrepum. Menntunarstigin eru fimm og prófskírteini skilgreind samkvæmt því sem hér segir: skírteini vegna styttri námskeiða eða hæfniprófa (e. *attestation of competence*), framhaldsskólapróf (e. *certificate*) og þrjú þrep háskólaprófa (e. *diploma*), þar sem munurinn milli prófa felst í lengd náms í árum. Um þessi fimm stig segir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að þau verði að vera til í lögum hvers lands, jafnvel þótt það sé aðeins gert með vísun til tilskipunarinnar. Unnt er að líta svo á að þessi skipting menntunar endurspeglist í menntakerfinu á Íslandi.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar aftur á móti á lagabreytingar hér á landi en endurskoða þarf lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en þau hafa að geyma ákvæði um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hér á landi, og færa til samræmis við ákvæði hinnar nýju tilskipunar. Ákvæði laga nr. 83/1993 fela í sér almenna löggjöf um viðurkenningu starfsréttinda og hæfis. Þannig taka ákvæði laganna einnig til viðurkenningu starfsréttinda sem kann að hafa verið samið um í samningum milli Norðurlandanna. Með frumvarpinu er einnig lagt til að ákvæði þess taki til starfsréttinda sem falla undir ákvæði Hoyvíkursamningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og til starfsréttinda sem aflað er í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið er byggt á sömu framsetningu og lög nr. 83/1993, en við setningu þeirra var höfð til hliðsjónar sambærileg löggjöf í Danmörku. Við vinnslu þessa frumvarps hefur með sama hætti verið stuðst við gildandi löggjöf í Danmörku, *lov om adgang til udøvelse af visse erhverv i Danmark* og *lov om vurdering af udenlandske uddannelseskvalifikationer* sem jafnframt fela í sér innleiðingu á tilskipun 2005/36/EB í danskan rétt.

II.

Meðal nýmæla í tilskipuninni eru ákvæði um frelsi í veitingu þjónustu. Þar segir í 5. gr. að aðildarríkjum sé óheimilt að hefta frjálsa veitingu þjónustu með vísan til prófskírteina þegar aðili uppfyllir viss skilyrði. Hér er átt við það þegar sá sem veitir þjónustuna fer milli aðildarríkja og staldrar við í stuttan tíma (e. *temporary and occasional basis*). Þessi tímabundna veiting þjónustu er ekki skilgreind nánar, hana skal meta í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli lengdar (e. *duration*), tíðni (e. *frequency*), reglu (e. *regularity*) og samfellu (e. *continuity*). Þegar aðili kemur inn í aðildarríki á grundvelli þessa ákvæðis fer ekki fram sama athugun á gögnum hans og þegar um búsetu er að ræða, ekki eiginleg viðurkenning. Af-

greiðslan má taka einn mánuð og hafi aðili ekki fengið nein svör frá viðkomandi stjórnvaldi að þeim tíma liðnum hefur hann fulla heimild til þess að veita þá þjónustu sem hann hefur skráð sig til. Á móti kemur að ríki getur krafist þess að þjónustuaðilar leggi fram ákveðin gögn, en til þess að það geti gerst þarf að vera sérstaklega kveðið á um slíkt í lögum. Hér má nefna að langflest aðildarríki munu fara fram á yfirlýsingu af þessu tagi af hálfu þjónustuveitanda og munu einnig biðja um öll skjöl sem heimilt er samkvæmt tilskipuninni að fara fram á. Framkvæmdastjórn ESB mun beita sér fyrir ákveðinni samræmingu í þessu tilliti og er unnið að einsleitu yfirlýsingarformi er öll lönd notist við.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunarinnar geta fagsamtök innan Evrópu komið sér saman um svokölluð sameiginleg grunnskilyrði (e. *common platforms*), þar sem skilgreindar eru kröfur sem þarf að uppfylla til þess að aðilar geti öðlast viðurkenningu. Þar sem slíku samstarfi yrði komið á yrði ekki heimilt að beita uppbótarráðstöfunum (e. *compensation mesasures*), hér yrði um gagnkvæma viðurkenningu að ræða líka þeirri sem þegar tíðkast fyrir sumar heilbrigðisgreinar.

Lögbær yfirvöld munu koma sér upp nánara samstarfi um viðurkenningu prófskírteina en verið hefur til þessa. Framkvæmdastjórn ESB vinnur að því að koma á laggirnar sérstöku upplýsingakerfi sem kallast *IMI – Internal Market Information System*. Innan þessa kerfis geta stjórnvöld átt bein samskipti og þannig flýtt fyrir því að þegnarnir geti átt greiða leið milli landa og öðlast viðurkenningu á menntun sinni. Hugsanlega þarf að kveða á um samskipti íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld annarra landa í lögum hér á landi í tengslum við IMI vegna verndar persónuupplýsinga. Utanríkisráðuneytið er tengiliður Íslands við IMI-verkefnið.

Aðildarríkin þurfa að skipa samráðsaðila (e. *coordinator*) fyrir tilskipunina, sem hefur svipað hlutverk og fyrri samráðsaðilar, en til þessa hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið gegnt þessu hlutverki. Hlutverk samráðsaðila er að stuðla að samræmdri framkvæmd tilskipunarinnar og safna upplýsingum um framkvæmdina, svo sem um skilyrði fyrir aðgengi að tilteknum störfum.

Þá þurfa aðildarríkin að setja á laggirnar tengilið í viðkomandi landi sem gegnir upplýsingaskyldu gagnvart þegnunum um viðurkenningu prófskírteina og aðstoðar þá við að nýta sér þann rétt sem þeir eiga samkvæmt tilskipuninni.

Loks mun starfa sérstök nefnd um viðurkenningu prófskírteina, skipuð fulltrúum aðildarríkjanna, sem mun aðstoða framkvæmdastjórnina við ýmis mál er upp kunna að koma og tengjast þessum málaflokki.

III.

Gildandi lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, gera ráð fyrir því að viðurkenning á menntun til starfsréttinda sé í höndum viðkomandi stjórnvalds, sem skuli sjá til þess að nauðsynleg skilyrði til þess að gegna starfinu hér á landi hafi verið uppfyllt. Þannig annast landlæknisembættið viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta og útgáfu leyfisbréfa fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins. Sýslumenn annast útgáfu leyfa til starfa í löggiltum iðngreinum fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins. Í fylgiskjali með frumvarpinu er að finna lista yfir þær starfsgreinar sem teljast lögverndaðar hér á landi ásamt því stjórnvaldi sem fer með málefni viðkomandi greinar. Í upptalninguna vantar starfsstéttir sem til þessa hafa fallið undir svokallaðar geiratilskipanir, þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga o.fl. Að málum er varða viðurkenningu starfsréttinda einstakra starfsgreina koma: mennta- og menningarmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið,

dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, umhverfisráðuneytið og utanríkisráðuneytið (vegna IMI).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur haft með höndum afgreiðslu umsókna um viðurkenningu menntunar í löggiltum iðngreinum. Bæði er það vegna hefðar og vegna þess að eitt meginskilyrðið fyrir iðkun löggiltrar iðnar á Íslandi er að umsækjandi um viðurkenningu uppfylli skilyrði um menntun til að mega starfa í tiltekinni iðn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út námskrár í löggiltum iðngreinum og getur því talist faglega bært um að veita umsögn um gögn er umsækjendur leggja fram. Slík afgreiðsla nær þó eingöngu til þess hvort aðili uppfyllir skilyrði um menntun til að starfa á tilteknu sviði en lýkur ekki með útgáfu leyfisbréfs. Sýslumenn, fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins, gefa út leyfisbréf til handa iðnaðarmönnum er koma frá EES-svæðinu og sækja um að fá að starfa í iðngrein á Íslandi. Byggist sú afgreiðsla á reglugerð um viðurkenningu á rétti manna til að starfa í iðnaði á EES-svæðinu nr. 495/2001. Komi fólk frá landi utan EES-svæðisins á það þess ekki kost að fá réttindi sín formlega staðfest nema það gangist undir sveinspróf hér á landi og standist það. Þá fá þeir útgefið íslenskt sveinsbréf líkt og allir sem standast sveinspróf.

Við afgreiðslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á umsóknum um viðurkenningu iðnmenntunar erlendis frá er farið fram á að umsækjandi leggi fram afrit af prófskírteini sínu með upptalningu námsgreina og staðfestar upplýsingar um starfsreynslu á viðkomandi sviði er nái að lágmarki þremur árum. Er hér höfð hliðsjón af samsvarandi skilyrðum í tilskipun Evrópusambandsins sem innleidd er með lögum þessum. Leitast er við að haga afgreiðslunni þannig að umsækjandi fái skjót svör og að þau liggi fyrir innan fjögurra til sex vikna frá því að umsókn var lögð fram. Samkvæmt fyrrnefndri tilskipun hafa aðildarríki ESB allt að fjórum mánuðum til þess að afgreiða hliðstæðar umsóknir. Umsóknir fara ávallt til umsagnar fagaðila sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði. Stjórnvöld bera þó ein ábyrgð á niðurstöðu í hverju máli og umsækjendur fá ráðrúm til þess að koma við andmælum sé niðurstaðan þeim ekki hagfelld.

IV.

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem sækir um viðurkenningu á menntun sinni til starfa hér á landi er mismunandi milli ára. Flestar viðurkenningar eru veittar á sviði heilbrigðisgreina og löggiltra iðngreina. Í miðlægum gagnagrunni ESB um lögverndaðar starfsgreinar er að finna tölfræðiupplýsingar um hvaða menntun erlendis frá hefur fengist viðurkennd hér á landi og koma eftirfarandi starfsstéttir fram þar:

Bakarar, bifvélavirkjar, byggingafræðingar, flugvirkjar, framhaldsskólakennarar, framreiðslufólk, félagsráðgjafar, fótaaðgerðafræðingar, grunnskólakennarar, hljóðfærasmiðir, hnykkjar, hársnyrtifólk, húsameistarar, húsasmiðir, húsgagnabólstrarar, innanhússhönnuðir, iðjuþjálfar, iðnfræðingar, kjötiðnaðarfólk, matartæknar, matreiðslufólk, matvælafræðingar, málmsuðufólk, múrarar, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, pípulagningafólk, rafeindavirkjar, rafveituvirkjar, rafvélavirkjar, rafvirkjar, rennismiðir, sjóntækjafræðingar, sjúkraliðar, sjúkranuddarar, sjúkraþjálfarar, skipulagsfræðingar, skrúðgarðyrkjufólk, snyrtifræðingar, stálvirkjasmiðir, sálfræðingar, talmeinafræðingar, tannfræðingar, tanntæknar, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar, veggfóðrarar, verkfræðingar, vélvirkjar, úrsmiðir og þroskaþjálfar.

Hér geta bæði verið á ferðinni erlendir einstaklingar sem óska eftir að taka upp iðkun starfa sem þeir hafa aflað sér menntunar til á Íslandi eða Íslendingar sem hafa menntað sig erlendis þar eð umrætt nám er ekki í boði hér á landi.

Á þeim uppgangstímum er ríktu á Íslandi þegar Kárahnjúkastífla var reist og álver Alcoa í Reyðarfirði var í byggingu jókst mjög fjöldi umsókna um viðurkenningu iðnmenntunar erlendis frá, eða úr um 20 árið 2000 í 672 árið 2006.

V.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tilskipun 2005/36/EB verði innleidd í íslensk lög. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði þess komi í stað gildandi laga m.a. til þess að taka inn ákvæði um frjálsa veitingu þjónustu, sameiginleg grunnskilyrði og um persónuverndarmál tengd samvinnu stjórnvalda og framkvæmdarvalds, sbr. V. bálk tilskipunarinnar. Við það er miðað að mennta- og menningarmálaráðuneytið birti reglugerð um sama efni þar sem tilskipunin er birt sem viðauki. Samhliða þurfa einstök ráðuneyti, sem kveða á um rétt manna til að starfa á ákveðnum sviðum í lögum, að breyta tilvísunum í tilskipanir þegar það á við þannig að umrædd lög vísi hér eftir til tilskipunar 2005/36/EB í stað eldri tilskipana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginefni frumvarpsins tekur til faglegrar menntunar og hæfis sem aflað er í öðru ríki og nauðsynlegt er að hlutaðeigandi hafi vilji hann starfa hér á landi annaðhvort sem launþegi eða sem sjálfstæður aðili í eigin atvinnurekstri. Frumvarpið tekur þannig til þess þegar einstaklingur óskar eftir því að tiltekin menntun og hæfi sem hann hefur aflað sér erlendis verði grundvöllur fyrir veitingu leyfis til þess að mega starfa í lögverndaðri starfsgrein (e. *reglulated profession*, d. *lovregluleret erhverv*). Til þess að fá að starfa í lögverndaðri starfsgrein þarf því ákvörðun þar til bærs stjórnvalds í formi leyfis, löggildingar eða sérstakrar viðurkenningar, enda hafi hlutaðeigandi þá faglegu menntun og hæfi sem til þarf samkvæmt lögum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Ákvæði frumvarpsins gera almennt ráð fyrir því að óski einstaklingur eftir viðurkenningu á menntun sinni eða hæfi, sem hann hefur aflað í öðru landi, skuli hann beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins nema slíkt sé falið öðru stjórnvaldi samkvæmt lögum, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér almenn fyrirmæli um viðurkenningu menntunar og hæfis til starfsréttinda. Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins er gildissviðið ekki einskorðað við þá sem falla undir tilskipun 2005/36/EB heldur tekur það einnig til menntunar og hæfis sem aflað er í öðrum ríkjum en þar greinir. Er það í samræmi við skipan gildandi laga nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Í 2. mgr. 1. gr. er tekið fram að ákvæðið taki einnig til þess þegar tilkynna skuli um þjónustu sem fram fer tímabundið eða með hléum í lögverndaðri starfsgrein í samræmi við þau nýmæli sem felast í tilskipuninni, sbr. 4. gr.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram sú almenna regla að falli einstaklingur undir tilskipunina, eða samning sem Norðurlöndin hafa gert um viðurkenningu starfsréttinda eða Hoyvíkursamningsinn milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, skuli hann eiga rétt á að starfa hér á landi, hvort heldur sjálfstætt eða sem launþegi með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara. Með vísun til tilskipunarinnar í a-lið 1. mgr. er með almennum hætti vísað til þeirra skilyrða sem þar eru sett fyrir viðurkenningu starfsréttinda. Í b-lið 1. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og er í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Lokamálsliður c-liðar 1. mgr. er nýmæli. Hoyvíkursamningurinn tók

gildi 1. nóvember 2006. Samkvæmt iii-lið C-liðar 2. mgr. 5. gr. samningsins skal viðurkenna sambærileg prófskírteini og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem fengin er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er sett fram sú almenna regla að beina skuli umsókn um mat á menntun og hæfi vegna starfs sem til þarf löggildingu eða leyfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins nema það sé í verkahring annars stjórnvalds að veita réttindin. Þannig ber t.d. að beina umsókn um starfsréttindi innan heilbrigðisgeirans til heilbrigðisráðuneytis og embættis landlæknis. Berist ráðuneytinu umsókn sem heyrir undir annað stjórnvald skal það framsenda umsóknina til hlutaðeigandi stjórnvalds í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í 2. mgr. er fjallað um umsóknir þeirra sem ekki falla undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um skyldu einstaklings til þess að tilkynna um þjónustu sem hann hyggst veita tímabundið eða með hléum er fjallað með almennum hætti í 4. mgr. Í 4. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um upplýsingaskyldu vegna þjónustu sem veitt er í fyrsta sinn, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Um 4. gr.

Í 2. mgr. ákvæðisins er fjallað sérstaklega um rétt þeirra einstaklinga sem falla undir tilskipunina og veita hér þjónustu tímabundið eða með hléum. Hér er byggt á 5. gr. tilskipunarinnar. Tekið er fram að einstaklingur sem fellur undir tilskipunina eigi rétt á að veita hér á landi þjónustu, tímabundið eða með hléum, hafi hann lögfesta búsetu í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og rétt til þess að stunda þar sömu störf, hafi hann unnið við starfið í að minnsta kosti tvö ár á síðustu tíu árum áður en þjónustan er veitt hér. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu gildir þó ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins er lögvernduð, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Hér er byggt á þeirri almennu reglu að aðildarríkjum sé óheimilt að mæla fyrir um takmarkanir er snúa að starfsréttindum erlendra þjónustuveitenda uppfylli þeir öll lagaskilyrði til að mega starfa innan viðkomandi starfsgreinar í sínu heimaríki. Þó er aðildarríkjum heimilt að mæla fyrir um tilkynningar- og upplýsingaskyldu þjónustuveitanda, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar og lokamálsgrein 4. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ákvæðið geymir fyrirmæli um skyldur þess sem óskar eftir að fá að veita þjónustu hér á landi til þess að gefa yfirlýsingu vegna þjónustunnar og láta af hendi gögn með umsókn, eins og nánar er mælt fyrir um í ákvæðinu. Greinin svarar til 7. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar um yfirlýsingu þjónustuveitanda og þau gögn sem lögð eru fram með henni, eiga m.a. að gera stjórnvaldi kleift að meta hvort ástæða sé til þess að fjalla um mál umsækjanda á grundvelli þeirrar heimildar í niðurlagi 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar að krefjast þess að hlutaðeigandi gangist undir hæfnispróf þegar mikill munur er á faglegri menntun og hæfi þjónustuveitandans og þeirri menntun sem krafist er hér á landi.

Gera má ráð fyrir því að útbúið verði staðlað eyðublað sem notast verði við í öllum aðildarríkjum sambandsins. Aðildarríkjum er heimilt að kalla eftir því að tilkynningin sé endurnýjuð fyrir hvert það ár sem þjónustuveitandinn hyggst veita þjónustuna.

Um 6. gr.

Greinin byggist að hluta til á 6. gr. gildandi laga þar sem tekið er fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið og þau stjórnvöld sem fara með málefni viðkomandi starfs geti krafið umsækjanda um nauðsynleg gögn til þess að þau geti tekið afstöðu til umsóknar um heimild til þess að fá að gegna umræddu starfi hér á landi. Greinin byggist jafnframt á fyrirmælum 50. gr. tilskipunarinnar um að stjórnvald sem veitir leyfi til þess að gegna viðkomandi starfi getur látið kanna prófskírteini, þ.e. menntun og hæfi umsækjanda er óskar eftir að veita þjónustu í fyrsta skipti hér á landi, þegar um er að ræða lögvernduð störf þar sem sérstaklega þarf að gæta að heilsufars-, öryggis- eða neytendaverndarsjónarmiðum. Í samræmi við fyrirmæli tilskipunarinnar ber stjórnvöldum að gæta meðalhófs við slíka forathugun á menntun og hæfi umsækjanda og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er í því sambandi.

Ákvæðið miðar við að hlutaðeigandi stjórnvöld afli framangreindra upplýsinga í samræmi við fyrirmæli tilskipunarinnar eftir því sem tilefni gefst til. Um heimild til þess að miðla og afla upplýsinga um viðurkenningu réttinda um samevrópskt upplýsingakerfi er fjallað í 7 gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í 56. gr. tilskipunarinnar er lögð áhersla á að aðildarríkin hafi með sér nána samvinnu og veiti gagnkvæma aðstoð til að auðvelda framkvæmdina. Gerir tilskipunin þannig ráð fyrir að samvinnan taki m.a. til miðlunar upplýsinga um viðurlög eða refsiaðgerðir eða aðrar alvarlegar eða sérstakar aðstæður sem eru líklegar til þess að hafa áhrif á rétt umsækjanda til þess að stunda þau störf sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar. Í 1. mgr. 56. gr. tilskipunarinnar er lögð áhersla á að við vinnslu og miðlun upplýsinga sé gætt ákvæða laga um persónuvernd, sbr. tilskipun Evrópusambandsins 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga annars vegar og tilskipun 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti) hins vegar.

Í greininni er fjallað um heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast til þess að framfylgja ákvæðum tilskipunarinnar og miðla þeim um svonefnt IMI-upplýsingakerfi, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2008/49/EB. Upplýsingakerfið á að nota til upplýsingaskipta sem nauðsynleg eru vegna tilskipunarinnar og ákvæða nýrrar þjónustutilskipunar nr. 2006/123/EB. Af 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga, leiðir að flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis er heimill ef ákvæði laga nr. 77/2000 veita fullnægjandi vernd. Tekið er fram að ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/EB teljist fullnægja þessu skilyrði. Við það er miðað að um IMI-upplýsingakerfið verði sendar upplýsingar, m.a. um hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið löggildingu eða starfsleyfi og hvort hann hafi viðhlítandi starfsreynslu, en einnig upplýsingar um hvort hann hafi þurft að sæta agaviðurlögum, hafi verið sviptur starfsréttindum eða heimildum, hafi hlotið dóm fyrir refsivert athæfi, hvort hann hafi misst forræði á búi sínu og hvort hann hafi óflekkað mannorð. Ljóst er að sumar þessara upplýsinga geta talist viðkvæmar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með ákvæðinu er veitt sérstök heimild til vinnslu viðkvæmra upplýsinga, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Enda sé að öðru leyti uppfyllt skilyrði 1. mgr. 8. gr. laganna, þar á meðal að vinnslan sé nauðsynleg til þess að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

Í 3. mgr. er fjallað um þá aðila sem skulu hafa aðgang að upplýsingum sem skráðar eru í IMI-upplýsingakerfið. Geta þar verið um að ræða stjórnvöld eða sjálfstæðir aðilar sem á grundvelli heimildar í lögum er falin framkvæmd viðurkenningar og annarra þátta samkvæmt tilskipuninni eða fara með eftirlit með þeim sem hlotið hafa leyfi til að starfa hér á landi á grundvelli tilskipunarinnar.

Á réttað er í 4. mgr. að við vinnslu upplýsinga, skv. 2. mgr. skuli gæta ákvæða laga nr. 77/2000, þar á meðal um rétt hins skráða um fræðslu um meðferð upplýsinganna. Ætti slíkt að vera tiltölulega auðvelt í framkvæmd, t.d. þar sem gera mætti ráð fyrir því að þess yrði getið á eyðublaði sem umsækjandi um starfsréttindi fyllir út og undirritar.

Fyrirmæli greinarinnar um samvinnu þeirra ríkja sem undir tilskipunina falla ná til starfsréttinda hvort sem starfið fellur undir reglur um tímabundna þjónustu eða ef starfsréttinda er aflað í öðru aðildarríki.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er hlutaðeigandi ráðherra veitt sambærileg heimild og er í 1. mgr. 4. gr. gildandi laga til setningar reglugerða. Þá byggist ákvæði 2. mgr. á sambærilegu ákvæði og eru í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Heimildin tekur einnig mið af 7. gr. tilskipunarinnar, en þar er við það miðað að þegar mikill munur er á menntun og hæfi þjónustuveitandans til starfsréttinda og þeirrar menntunar sem krafist er, að því marki að hann geti verið skaðlegur lýðheilsu og almannaöryggi, skuli viðkomandi stjórnvöld gefa þjónustuveitandanum tækifæri á að sýna, einkum með hæfnisprófi, að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar eða hæfni sem á skortir. Í 3. mgr. er sambærileg heimild og í lokamálslið 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um heimild til þess að krefjast tiltekins gjalds fyrir þjónustu vegna umfjöllunar og afgreiðslu á umsóknum erlendra ríkisborgara um að mega stunda starf hér á land, enda falli þjónustan ekki undir ákvæði 10. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 9. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. svara til 5. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu annarra stjórnvalda sem annast viðurkenningu starfsréttinda til þess að veita mennta- og menningarmálaráðuneytinu nauðsynlegar upplýsingar vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Þá er tekið fram að í reglugerð skuli kveðið nánar á um tilhögun mats á menntun og hæfi þegar fjallað er um umsóknir um viðurkenningu til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir til þess að fela þar til bærum aðila að annast þau stjórnsýsluverkefni sem honum eru falin með einstökum ákvæðum frumvarpsins. Er þá annaðhvort um að ræða stofnun á vegum ráðuneytisins eða aðila utan þess. Slíkum aðila má fela með þjónustusamningi, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, að taka við umsóknum, veita nauðsynlega þjónustu og taka stjórnvaldsákvarðanir í einstökum málum, þar sem slíkt getur átt við. Af almennum reglum leiðir að slíkar ákvarðanir eru kæranlegar til mennta- og menningarmálaráðherra. Sé slíkt framsal hins vegar til annars stjórnvalds er í ákvæðinu tekið fram að ákvarðanir þess séu ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. og 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Um frumvarp til laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

Frumvarpið tekur til þess þegar einstaklingur óskar eftir því að tiltekin menntun og hæfi sem hann hefur aflað sér erlendis verði grundvöllur fyrir veitingu leyfis til þess að mega starfa í lögbundinni starfsgrein hér á landi. Til þess að fá að starfa í lögbundinni starfsgrein þarf leyfi frá viðeigandi stjórnvaldi í formi leyfis, löggildingar eða sérstakrar viðurkenningar. Almennt er í ákvæðium frumvarpsins gert ráð fyrir því að óski einstaklingur eftir viðurkenningu á menntun sinni eða hæfi sem hann hefur aflað annars staðar skuli hann beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins nema úrlausn slíkr mála sé falið öðru stjórnvaldi samkvæmt lögum. Líkt og í núgildandi lögum verður mennta- og menningarmálaráðuneytinu heimilt að innheimta gjald fyrir kostnað vegna mats á hæfni og/eða viðbótarmenntun.

Í frumvarpinu eru almenn fyrirmæli um viðurkenningu menntunar og hæfis til starfsréttinda. Gildissvið frumvarpsins er þannig ekki einskorðað við gildissvið tilskipunar 200/36/EB, heldur tekur það einnig til menntunar og hæfis sem aflað er í öðrum ríkjum en tilskipunin tekur til. Er það í samræmi við skipan gildandi laga nr. 83/1993, um viðurkenningu menntun og prófskírteinum. Meðal nýmæla í frumvarpinu eru ákvæði um frelsi í veitingu á þjónustu, að það sé óheimilt að hefta frjálsa veitingu þjónustu með vísan til prófskirteina þegar aðili uppfyllir viss skilyrði. Hér er átt við þegar sá sem veitir þjónustuna fer milli aðildarríkja og staldrar við í stuttan tíma.

Fjöldi umsókna um viðurkenningu á menntun og hæfi frá öðrum löngum hefur verið mjög misjafn. Sem dæmi voru 20 umsóknir um viðurkenningu á iðnmenntun á árinu 2000 en á árinu 2006 voru umsóknirnar 672 talsins þegar mest lét, m.a. vegna virkjanaframkvæmda. Þessum umsóknum hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið að mestu sinnt. Öll stjórnsýsla er talin vera til staðar til að sinna þeim verkefnum sem falla til samkvæmt frumvarpinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

362. Fyrirspurn [310. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldameðferð sjávarútvegsfyrirtækja í bönkum.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hve mikið af skuldum útgerðarfyrirtækja varð eftir í þrotabúum gömlu bankanna þriggja, sundurliðað eftir bönkum?
2. Hve stór hluti skulda útgerðarfyrirtækja fluttist yfir í nýju bankana þrjá, sundurliðað eftir bönkum?

3. Hvaða verklagsreglur voru viðhafðar við mat á yfirfærslu skulda sjávarútvegsfyrirtækja úr gömlu bönkunum í þá nýju?
4. Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið afskrifuð eftir bankahrunið, og ef svo er, í hve miklum mæli?
5. Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið, og ef svo er hvaða upphæðir er um að ræða og til hve langs tíma?

Skriflegt svar óskast.

363. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um árlegan vestnorrænan dag.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um stofnun vestnorræns dags sem haldinn verði hátíðlegur árlega til skiptis í einu vestnorrænu landanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 136. löggjafarþingi og er hún nú endurflutt lítillega breytt. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að stofna til vestnorræns dags sem haldinn verði hátíðlegur lokahelgi ágústmánaðar hvers árs til skiptis í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi frá og með árinu 2010. Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld landanna til að skipuleggja daginn í samvinnu við Vestnorræna ráðið, ræðis- og sendiskrifstofur, borgaryfirvöld, ferðamálaráð og listastofnanir, og stjórnendur Norrænu húsanna í hverju landi fyrir sig.

Hugmyndin um vestnorrænan dag, sem haldinn verði hátíðlegur árlega á Vestur-Norðurlöndunum til skiptis, á rætur sínar að rekja til vestnorræna dagsins sem haldinn var hátíðlegur í annað sinn helgina 26.–27. apríl 2008 á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn. Meðan á helgarhátíðinni stóð var hvert Vestur-Norðurlanda með sinn eigin landkynningarbás þar sem tónlistaratriði voru flutt, auk þess sem sala fór fram á mat og öðrum vörum.

Markmið vestnorræna dagsins á Vestur-Norðurlöndunum yrði að marka vestnorræna sögu og menningu í löndunum sjálfum og auka þar með samband þeirra og samkennd.

Ráðið hvetur stjórnvöld landanna til að skipa verkefnastjóra innan menningarmálaráðuneytis hvers lands sem hafi það hlutverk að vinna að undirbúningi dagsins í samvinnu við Vestnorræna ráðið, ræðis- og sendiskrifstofur, borgaryfirvöld, ferðamálaráð og listastofnanir, og stjórnendur Norrænu húsanna í hverju landi fyrir sig.

Lagt er til að halda vestnorræna daginn í fyrsta sinn hátíðlegan lokahelgi ágústmánaðar árið 2010 í einu vestnorrænu landanna í tengslum við fyrirhugaða útgáfu bókar um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlanda sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Lagt er til að haldið verði upp á daginn með hátíð sem samanstandi af margs konar listviðburðum, kynningu á matarmenningu þjóðanna, tónlistarhefðum og íþróttum.

Mælt er með að fyrsti undirbúningsfundur að stofnun vestnorræns dags fari fram á vegum menningarmálaráðuneyta landanna og Vestnorræna ráðsins eigi síðar en fyrir þinglok vorið 2009.“

364. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um vestnorræn nemendaskipti milli menntastofnana á framhaldsskólastigi.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason,
Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera samning við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um samstarf menntastofnana á framhaldsskólastigi í löndunum þremur með það að markmiði að koma á nemendaskiptum. Enn fremur er mælt með að stjórnvöld leggi fé í sjóð til að greiða kostnað við verkefnið.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2009 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2009 í Rúnavík í Færeyjum. Markmið tillögunnar er að auka þekkingu Vestur-Norðurlandabúa á högum og menningu nágranna sinna. Leið að því marki er að ungmenni fái tækifæri til tímabundinnar dvalar í öðru vestnorrænu landi og geti þar með fengið innsýn í menningu nágrannalandanna.

Tillagan miðast við framhaldsskólastig en vænta má að á því stigi sé samstarf auðveldast. Með framhaldsskólastigi er m.a. átt við menntaskóla, fjölbrautaskóla, verslunarskóla, tækniskóla og iðnnám hjá meistara.

Framhaldsskólastigið er vel þróað í öllum löndunum þremur með fjölbreyttum námsmöguleikum fyrir nemendur. Kerfunum svipar auk þess saman í löndunum þremur og þannig er yfirfærsla námsmats auðveldari. Aukin samvinna t.d. á háskólastigi hefði hins vegar í för með sér takmarkanir þar sem framboð á háskólanámi er mjög takmarkað í Færeyjum og á Grænlandi.

Miðað er við að fyrirkomulag nemendaskiptanna verði svipað og hjá AFS, þ.e. að skiptinemarnir búi í heimahúsum hjá fjölskyldum í dvalarlandinu. Nemendaskiptum mun fylgja kostnaður við ferðir og uppihald en kostnaður við námsstyrki og kennslu er óbreyttur. Mælt er með að löndin þrjú veiti fé til að greiða kostnað sem hlýst af verkefninu.

Tillagan vekur spurningar um tungumálahindranir en til þess að nemendur geti tileinkað sér kennslu í dvalarlandinu er mikilvægt að hún fari fram á tungumáli sem þeir skilja. Lausn á því verður að finna áður en af nemendaskiptunum verður.

365. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um skýrslu sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda um formlega samvinnu landanna á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um sameiginlega skýrslu sjávarútvegsráðherra landanna þar sem fram komi nákvæmt yfirlit yfir þá formlegu samvinnu sem er á milli Vestur-Norðurlanda bæði hvað varðar rannsóknir á lifandi auðlindum sjávar og fiskveiðistjórnina, ekki síst á sameiginlegum fiskstofnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 5/2009 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2009 í Rúnavík í Færeyjum. Óskað er eftir því að skýrslan liggi fyrir í mars 2010 þannig að hún geti legið til grundvallar umræðum á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlanda sem fer fram í júní 2010.

366. Tillaga til þingsályktunar [314. mál]

um tilraunaverkefni um samvinnu um nám og starfsþjálfun fyrir ungt fólk og ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita fjárstuðning til tilraunaverkefnis í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sem stuðli að aukinni vestnorrænni samvinnu um námsframboð og starfsþjálfun fyrir ungt fólk og ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2009 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2009 í Rúnavík í Færeyjum. Markmið tillögunnar er að skapa hvatningu fyrir einstaklinga sem ekki eru langskólagengnir til að auka þekkingu sína og kunnáttu sem og lífsgæði og atvinnumöguleika með því að fjölga tækifærum til mennta á Vestur-Norðurlöndum.

Samhliða alþjóðlegu fjármálakreppunni og efnahagssamdrætti hefur atvinnuleysi aukist. Reynsla Vestur-Norðurlanda sem og annarra landa sýnir að atvinnuleysi bitnar einna mest á einstaklingum sem hafa takmarkaða menntun eða starfsþjálfun. Samantekt Vinnumálastofnunar á Íslandi sýnir að fólk sem hefur ekki aðra menntun en grunnskólapróf hefur orðið harðast úti í uppsögnum liðinna mánaða auk þess sem ungu fólki á atvinnuleysisskrá hefur fjölg-

að hratt og fleiri karlar en konur misst vinnu. Svipaða sögu er að segja frá Grænlandi en af þeim sem voru atvinnulausir árið 2008 í þéttbýlisstöðum þar voru 81,4% ófaglærðir og meiri hlutinn karlmenn samkvæmt tölfræði hagstofu Grænlands svo að dæmi sé tekið.

Atvinnuleysi hefur aukist í öllum vestnorrænu löndunum undanfarna mánuði, á Íslandi hvað mest en í apríl var það 9,1% í samanburði við 3,4% í Færeyjum.

Vestur-Norðurlönd eiga það sameiginlegt að brottfall úr framhaldsskólum er talið vera vandamál. Til að mynda kom fram í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar árið 2008 að brottfall á meðal framhaldsskólanema á Íslandi er um 40%. Það sem vekur sérstaka athygli, a.m.k. á Íslandi og Grænlandi, er að brottfall er hvað mest úr faglegu iðnnámi. Rannsóknir sýna þar fyrir utan að þeir sem eru með minnsta formlega menntun sækja sér síður símenntun en þeir sem eru með meiri menntun.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um námsframboð fyrir fólk sem ekki er langskólagengið eða faglært var haldin á Grænlandi í 4.–7. ágúst 2009. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að kortleggja námsframboð á Vestur-Norðurlöndum fyrir þennan hóp fólks og kanna með hvaða hætti Vestur-Norðurlönd gætu aukið samstarf sín á milli annars vegar með námsframboði og hins vegar með því að skapa hvatningu fyrir fólk til að bæta við kunnáttu sína og þar með auka lífsgæði sín og atvinnumöguleika.

Ráðstefnan leiddi í ljós að á Íslandi er nokkuð gott námsframboð fyrir fólk sem er ekki langskólagengið, ekki síst á vegum verkalýðshreyfingarinnar en frá árinu 2000 hefur í auknum mæli verið boðið upp á nám og námsstyrki fyrir þá sem hafa ekki náð árangri innan hins formlega menntakerfis. Aðilar vinnumarkaðarins hafa sett á fót stofnanir, eins og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem stendur að símenntunarmiðstöðvum um land allt þar sem athyglinni er ekki síst beint að þeim sem minnsta menntun hafa. Þá hefur sú þróun einnig átt sér stað undanfarin ár að verkalýðshreyfingin beitir sér fyrir því að fá meiri peninga inn í hin óformlegu fræðslukerfi. Þar með hefur námstilboð á vegum verkalýðshreyfingarinnar í raun sýnt sig að vera það gagnlegasta sem hefur verið gert fyrir þennan hóp fólks.

Í ljósi reynslunnar á Íslandi og markmiða þemaráðstefnunnar var eftirfarandi tillaga um tilraunaverkefni um aukna samvinnu milli Vestur-Norðurlanda lögð fram en hugmyndin er að ef vel tekst til þá sé hægt að undirbyggja nánara samstarf á þessu sviði sem verði gagnkvæmt samstarf allra Vestur-Norðurlanda.

Tilraunaverkefnið felur í sér að bjóða upp á ungmenna- og kennaraskipti milli Vestur-Norðurlanda. Sem fyrsta skref væri hægt að bjóða fimm til sjö ungmennum eða ófaglærðum frá Grænlandi og Færeyjum ásamt nokkrum kennurum til verknáms í Menntaskólanum á Ísafirði í eina önn/einn vetur með búsetu á heimavist og fæði í mötuneyti. Fræðslumiðstöð Vestfjarða mundi semja kennslu- eða starfsmenntaáætlun og halda utan um verkefnið og jafnvel sjá um eitthvert bóklegt nám. Menntaskólinn á Ísafirði sæi um verknámshlutann. Næsta skref yrði að vinna að því að bjóða upp á alhliða samvinnu á milli nemenda og kennara frá öllum vestnorrænu löndunum. Sótt yrði um nemendaskiptastyrki í norræna sjóði og meðgjöf frá stjórnvöldum sem næmi framlagi íslenska ríkisins til nemendaígilda við íslenska framhaldsskóla þann tíma sem nemendurnir væru við nám á Ísafirði.

367. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um vestnorrænt tilraunaverkefni á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að styðja við tilraunaverkefni vestnorrænna háskóla á sviði fjarkennslu. Markmiðið með verkefninu verði að leggja grunn að formlegu framtíðarsamstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2009 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2009 í Rúnavík í Færeyjum.

Tillagan á rætur að rekja til þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var á Suður-Grænlandi 4.–7. ágúst 2009. Í óformlegum umræðum, sem fóru fram á ráðstefnunni, vaknaði áhugi á því að kanna hvort og þá með hvaða hætti Háskóli Íslands gæti boðið upp á fjarnámskennslu á dönsku eða ensku við háskólana á Grænlandi og í Færeyjum. Í kjölfarið samþykkti ársfundur Vestnorræna ráðsins að frumkvæði landsdeildar Grænlands ályktun þar sem gerð er tillaga að tilraunaverkefni um fjarkennslu á sviði kennaramenntunar, sem síðan muni liggja til grundvallar formlegu framtíðarsamstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði fjarkennslu.

Á Íslandi hefur í hartnær 15 ár verið boðið upp á fjarkennslu fyrir kennaranema sem vegna búsetu og vinnu við kennslu í afskekktum byggðarlögum hafa ekki haft tök á að sækja tíma í hefðbundnu námi. Í sumum námskeiðum í Háskóla Íslands er ekki gerð krafa um tímasókn en í öðrum er gerð krafa um að mæta tvisvar til þrisvar sinnum í tíma meðan á námskeiði stendur. Einnig býður Háskólinn á Akureyri upp á fjarnám á fleiri en einu sviði sem tengist kennaramenntun. Hugsanlega væri hægt að bjóða háskólanemum á Grænlandi og í Færeyjum að taka fjarkennslunámskeið sem háskólar á Íslandi bjóða upp á.

Forsendur fyrir því að útvíkka fjarkennslu til skólanna á Grænlandi og í Færeyjum er fyrir hendi að mati Háskóla Íslands. Í fyrsta lagi er fjöldi kennara við íslenska háskóla með sérhæfingu í fjarkennslu. Í öðru lagi eru tæknilegar forsendur fyrir hendi. Í þriðja lagi gæti slíkt tilraunaverkefni fallið inn í rannsóknarverkefni um fjarkennslu. Sem dæmi er einn doktorsnemi í Háskóla Íslands að rannsaka styrkleika og veikleika fjarkennslunáms fyrir kennara á grundvelli reynslu af Vestfjörðum. Þar er m.a. verið að kanna hvernig kennslan hefur þróast og haft áhrif á skólana sem kennararnir starfa við og að hvaða leyti útvíkkun kennaranáms með tilkomu fjarkennslu hefur haft áhrif á námið sjálft eða miðlun þekkingar til kennaranema. Í fjórða lagi eru margir kennarar sem sjá um fjarkennslu færir um að miðla kennslunni á dönsku eða ensku.

Hvað Grænlandi viðvíkur er lagt til að haft sé samráð við menntastofnanir á sviði kennaranáms eins og Ilinniarfissuaq, Perorsaanermik Ilinniarfik og Kennarastofnunina (Institut for Uddannelsesvidenskab) um samvinnu á sviði fjarkennslu. Tilraunaverkefnið mundi meðal annars ganga út á það að bjóða upp á tiltekin fjarkennslunámskeið frá Íslandi í bæklingi sem Kennarastofnunin sendir í lok árs til nemenda og veitir yfirlit yfir öll námskeið sem eru í boði hverju sinni.

Forsenda þess að hægt verði að ráðast í verkefnið er að það hafi ekki mikinn kostnað í för með sér fyrir íslenskt menntakerfi heldur verði hægt að nýta kennslu, tækjabúnað og skipulag

sem fyrir hendi er. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri kostnaðaráætlun fyrir tilraunaverkefnið í samráði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Jafnframt er lagt til að ríkisstjórnin fjármagni tilraunaverkefnið ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands að svo miklu leyti sem löndin taka þátt í verkefninu.

368. Tillaga til þingsályktunar [316. mál]

um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason,
Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 136. löggjafarþingi. Hún er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Færeyjar og Ísland hafa sett upp sendiskrifstofur í löndum hvort annars. Vestnorræna ráðið skorar á landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að gera með sér sams konar samkomulag um stofnun sendiskrifstofa þar sem starfi útsendir sendifulltrúar á vegum utanríkisþjónustu landanna. Vestnorræna ráðið skorar einnig á landsstjórn Færeyja og Grænlands að skiptast á opinberum sendifulltrúum. Löndin eru hvött til þess að koma sér upp sameiginlegum skrifstofum eftir því sem tök eru á.

Rökstuðningur.

Löng hefð er fyrir jákvæðu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Þær eru nánustu nágrannar og hafa öldum saman átt með sér góð vináttu- og nágrannatengsl. Jafnframt hefur verið nokkuð algengt að íbúar hafi flust milli landanna, starfað þar og haft búsetu.

Ríki stofna jafnan ræðis- og sendiskrifstofur sem og sendiráð í löndum sem þau tengjast nánum böndum í krafti víðtæks samstarfs og/eða viðskipta. Undanfarin ár hafa tengslin og samstarfið milli vestnorrænu landanna vaxið stöðugt að umfangi, ekki síst fyrir tilstilli Vestnorræna ráðsins.

Til að styrkja enn frekar böndin á milli þeirra telur Vestnorræna ráðið mikilvægt að koma á gagnkvæmu og formlegu stjórnmálasambandi milli Vestur-Norðurlanda enda hafi það ótvírætt gildi fyrir íbúa landanna sem og vöxt og viðgang vestnorræns iðnaðar og atvinnulífs að geta leitað eftir aðstoð sendi- eða ræðismannsskrifstofa þegar kemur að viðskiptum, ferðalögum og búferlaflutningum milli landanna.

Þar sem aðildarlönd Vestnorræna ráðsins eru ekki öll sjálfstæð ríki þá getur verið nauðsynlegt að koma á annars konar formlegu sambandi en eiginlegu stjórnmálasambandi í formi sendiskrifstofu þar sem starfi útsendir sendifulltrúar frá utanríkisþjónustu landanna. Vestnorræna ráðið telur að stofnun sendiskrifstofu með útsendum sendifulltrúum á vegum utan-

ríkisþjónustu landanna í tilviki Íslands og Grænlands og skrifstofu opinberra sendifulltrúa í tilviki Færeyja og Grænlands sé eðlilegt framhald á langri og góðri samvinnu milli Vestur-Norðurlanda og skorar því á stjórnvöld landanna að vinna í því að koma slíku á fót.“

369. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraðra á Vestur-Norðurlöndum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraðra á Vestur-Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2009 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2009 í Rúnavík í Færeyjum.

Meðalaldur hefur hækkað á Vestur-Norðurlöndum sem þýðir að öldruðum fjölgar á sama tíma og dregið hefur úr barnsfæðingum. Þessi þróun getur m.a. leitt til þess að skortur verði á starfsfólki við umönnunarstörf auk annarra afleiðinga. Samhliða þessu annast börn sjaldnast foreldra sína núorðið þegar þeir geta ekki séð um sig sjálfir.

Skortur er á hjúkrunarheimilum og íbúðum fyrir aldraða og því algengt að aldraðir flytji frá heimili sínu beint á hjúkrunarheimili og þá fyrst eftir að þörfin hefur verið brýn í langan tíma.

Í ljósi þeirra krefjandi verkefna sem fram undan eru í málefnum aldraðra er mælt með því að Vestur-Norðurlönd auki samvinnu sín á milli og gagnkvæma upplýsingamiðlun um með hvaða hætti sé mögulegt að tryggja eldri borgurum viðunandi húsnæði, lífsgæði og umönnun.

370. Frumvarp til laga [318. mál]

um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags. 7. desember 2009, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984, 11. nóvember 1985, 16. nóvember 1995 og 5. mars 2007), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. mgr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. er heimilt að gera viðauka við aðalsamninginn um fyrirframgreiðslu hlutafélagsins á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er fjármálaráðherra heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð að hlutafélagið skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skal fjárhæð fyrirframgreiðslunnar taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun hlutafélagsins eftir því sem kveðið verður nánar á um í viðauka við aðalsamninginn.

Ef uppgjörsmynt hlutafélagsins er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmyntar hlutafélagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum hlutafélagsins, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum.

Í reglugerðinni skal nánar kveðið á um greiðsludagsetningar, uppgjör fyrirframgreiðslu við álagningu, endurgreiðslu o.fl.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Með vísan til 1. mgr. 6. gr. er heimilt að gera viðauka við fjárfestingarsamninginn um fyrirframgreiðslu félagsins á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er fjármálaráðherra heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð að félagið skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skal fjárhæð fyrirframgreiðslunnar taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun félagsins eftir því sem kveðið verður nánar á um í fjárfestingarsamningnum.

Ef uppgjörsmynt félagsins er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmyntar félagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum félagsins, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum.

Í reglugerðinni skal nánar kveðið á um greiðsludagsetningar, uppgjör fyrirframgreiðslu við álagningu, endurgreiðslu o.fl.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo:

Með vísan til 1. mgr. 6. gr. er heimilt að gera viðauka við fjárfestingarsamninginn um fyrirframgreiðslu félagsins á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er fjármálaráðherra heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð að félagið skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skal fjárhæð fyrirframgreiðslunnar taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun félagsins eftir því sem kveðið verður nánar á um í fjárfestingarsamningnum.

Ef uppgjörsmynt félagsins er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmyntar félagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum félagsins, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum.

Í reglugerðinni skal nánar kveðið á um greiðsludagsetningar, uppgjör fyrirframgreiðslu við álagningu, endurgreiðslu o.fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SJÖUNDI VIÐAUKI VIÐ

Aðalsamning
milli
Ríkisstjórnar Íslands
og
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.
dags. 28. mars 1966
ásamt
sex viðaukasamningum
dags. 28. okt. 1969, 10. des. 1975, 5. nóv. 1984,
11. nóv. 1985, 16. nóv. 1995 og 5. mars 2007
ásamt fylgiskjölum tilgreindum í aðalsamningi og viðaukasamningum.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér eftir einnig nefnd „ríkisstjórnin“), sem iðnaðarráðherra, Arnarhváli, 150 Reykjavík, kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

og

ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD. (hér eftir einnig nefnt „Alcan“), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Sviss, og hefur höfuðstöðvar sínar að Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Sviss, í öðru lagi,

(en hér eftir eru framangreindir tveir aðilar sameiginlega nefndir „aðilar“),

hafa hinn 7. desember 2009 gert með sér þennan

SJÖUNDA VIÐAUKASAMNING VIÐ AÐALSAMNINGINN FRÁ 22. MARS 1966 MEÐ SEX SÍÐARI BREYTINGUM

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórn Íslands og Swiss Aluminium Ltd. gerðu með sér samning um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík, dags. 28. mars 1966, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka, dags. 10. desember 1975, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, (iii) þriðja viðauka, dags. 5. nóvember 1984, sem staðfestur

var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984, (iv) fjórða viðauka, dags. 11. nóvember 1985, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 111, 31. desember 1985 og tók gildi 31. desember 1985, og (v) fimmta viðauka, dags. 16. nóvember 1995, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 155/1995 og tók gildi þann 29. desember 1995, og (vi) sjötta viðauka, dags. 5. mars 2007, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 112/2007 og tók gildi þann 21. júní 2007, ásamt fylgiskjölum og viðaukasamningum (hér eftir nefndur „aðalsamningurinn“);

MEÐ ÞVÍ AÐ fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, hins vegar, hafa orðið sammála um ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættum hag þjóðarbúsins;

MEÐ ÞVÍ AÐ vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrir fram árlega samtals kr. 1.200 milljónir á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðslan skiptist milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframgreiðslan er bundin við uppgjörsmynt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga;

MEÐ ÞVÍ AÐ þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði;

HAFA ÞVÍ aðilar hér með samþykkt að gera eftirfarandi breytingar á aðalsamningnum í samræmi við 51. gr. aðalsamningsins, dags. 28. mars 1966, ásamt sex viðaukasamningum, (1) dags. 28. okt. 1969, (2) dags. 10. des. 1975, (3) dags. 5. nóv. 1984, (4) dags. 11. nóv. 1985, (5) 16. nóv. 1995 og (6) 5. mars 2007:

1. gr.
Heiti samnings þessa og orðskýringar við hann.

Grein 1.1. Samningur þessi heitir sjöundi viðaukasamningur við aðalsamninginn.

Grein 1.2. Ef samhengi krefst ekki annars skulu hugtök sem notuð eru í samningi þessum hafa sömu merkingu og þeim er gefin í 1. gr. aðalsamningsins.

2. gr.
Breytingar á aðalsamningi er lúta að fyrirkomulagi skattamála á árunum 2010, 2011 og 2012.

Grein 2.1 Við aðalsamninginn bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 25. gr. aðalsamningsins, er fjármálaráðherra heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð að ISAL skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skal fjárhæð greiðsluskyldunnar taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun ISAL en hún er 22,73% í hlutfalli af þeim félögum sem sams konar fyrirkomulag nær til. Í fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal ISAL því, á árunum 2010, 2011 og 2012, greiða 22,73% af 1.200 m.kr. eða 272.760.000 kr. á hverju ári.

Ef uppgjörsmynt ISAL er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmyntar félagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu opinberra gjalda ISAL, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum. Til endurgreiðslu kemur séu eftirstöðvar af fyrirframgreiðslunni að lokinni álagningu árið 2018, í samræmi við almennar reglur um meðferð ofgreiddra skatta.“

3. gr.
Gildi og staða samnings þessa.

Grein 3.1. Við undirritun samnings þessa af hálfu aðila hans og við lokagerð hans tekur hann gildi.

Grein 3.2. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn og skal talinn óaðskiljanlegur hluti af aðalsamningnum (með áorðnum breytingum) svo sem hann væri felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins, með öllum réttindum hans og skyldum, taka ekki öðrum breytingum en þeim sem gerðar eru í samningi þessum og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur áður verið breytt og eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

Grein 3.3. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er um í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Við staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafar- og tilkynningaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

4. gr.
Ýmis ákvæði.

Grein 4.1. Breyting þessi á aðalsamningnum skal undirrituð og afhent af aðilum í tveimur eintökum. Hvort eintak telst frumeintak og jafngilt hinu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur sjöundi viðaukasamningurinn við aðalsamninginn verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og Alcan Holdings Switzerland Ltd. þann dag sem í upphafi greinir, í tveimur eintökum.

Fyrir hönd	Fyrir hönd
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS:	ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD:
_____	_____

SEVENTH AMENDMENT TO

The Master Agreement
between
The Government of Iceland
and
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.
dated 28 March 1966
together with
six Supplemental Agreements
dated 28 October 1969, 10 December 1975, 5 November 1984,
11 November 1985, 16 November 1995 and 5 March 2007,
together with the scheduled documents specified in the Master Agreement
and Supplemental Agreements

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter also referred to as the "**Governmen**t"), represented by its Minister of Industry, of the First Part,

and

ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD. (hereinafter also referred to as "**Alcan**"), a company organized and operated under the laws of Switzerland and having its registered office at Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Switzerland, of the Second Part,

(with both parties hereinafter referred to jointly as the "**Parties**"),

have on the 7th of December 2009, entered into the following

SEVENTH SUPPLEMENTAL AGREEMENT TO THE MASTER AGREEMENT OF 22 MARCH 1966, WITH SIX SUBSEQUENT AMENDMENTS

WHEREAS the Government and Swiss Aluminium Ltd. entered into an agreement relating to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvík dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (I) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976, (iii) by a Third Amendment dated November 5, 1984, ratified by Act of the Althing No. 104, November 30, 1984, and effective as of November 30, 1984, (iv) by a Fourth Amendment dated November 11, 1985, ratified by Act of the Althing No. 111, December 31, 1985, and effective as of December 31, 1985, (v) by a Fifth Amendment dated 16 November 1995, ratified by Act of the Althing No. 155/1995 and effective as of 29 December 1995, and (vi) a Sixth Amendment dated 5 March 2007, ratified by Act of Althing No 112/2007 and effective as of 21 June 2007, together with scheduled documents and supplementary agreements (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement");

WHEREAS the Minister of Finance and the Minister of Industry, for the first part, and the Confederation of Icelandic Employers (SA) and large-scale users of electricity, for the second part, have agreed on measures designed to promote increased generation of revenues for the State Treasury in the years 2010, 2011 and 2012 and stimulate investment in Iceland for the purpose of promoting the creation of employment and improving the economy;

WHEREAS in the light of the economic recession and the resulting difficult position of the State Treasury an agreement has been reached with some of the largest users of electricity in Iceland to pay an annual amount of ISK 1,200 million in the years 2010, 2011, and 2012 as an advance payment of prospective levies of public taxes in the years 2013–2018. The advance payment will be divided among the parties in proportion to their use of electricity. The advance payment is linked to the reporting currency of the undertakings in question;

WHEREAS this arrangement, together with taxes on electricity and carbon emissions from liquid fuel to be levied under separate legislation will be in place for three years, starting in 2010. The taxes are temporary and will be discontinued at the end of 2012. It is anticipated that Iceland will become a party to an international emission trading system for greenhouse gases, which could enter into effect in 2013, but it is not clear yet what form the trading system will take. The objective is that such taxation should not result in generally less favourable operating conditions for undertakings operating in Iceland in comparison with other European states and foreign competitors in the same markets.

NOW THEREFORE the Parties have agreed to make the following amendments to the Master Agreement pursuant to Article 51 of the Agreement dated 28 March 1966, together with five amendments (1) dated 28 October 1969, (2) dated 10 December 1975, (3) dated 5 November 1984, (4) dated 11 November 1985, (5) dated 16 November 1995 and (6) dated 5 March 2007.

Article 1
Title of this Agreement and Definitions Used Therein

Section 1.1. This Agreement shall be known as the Seventh Amendment to the Master Agreement.

Section 1.2. Unless the context otherwise requires, the terms used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in Article 1 of the Master Agreement.

Article 2
Amendments to the Master Agreement relating to prepayment of taxes in 2010, 2011 and 2012

Section 2.1. A transitional provision shall be added to the Master Agreement which reads as follows:

"Notwithstanding the provisions of Article 112 of the Income Tax Act No. 90/2003, cf. Article 25 of the Master Agreement, the Minister of Finance is authorised to provide specifically by a government regulation that the Company should pay, in three equal payments in the years 2010, 2011 and 2012, an advance on the levy of public taxes in the years 2013–2018. For calculation purposes, the amount of the payment shall take account of the proportional use of electricity by the Company, which corresponds to a proportion of 22,73% of the companies which are subject to a similar arrangement. As advance payment pursuant to this provision, the Company is therefore required, in the years 2010, 2011 and 2012, to pay 22,73% of the sum of ISK 1.200 m, or ISK 272.760.000 per year.

If the reporting currency of the Company is a currency other than Icelandic krónur, the advance payment shall be converted based on the exchange rate of the Company's reporting currency on the date of payment. The amount so calculated shall be set off against the public taxes levied on the Company, converted into Icelandic krónur on the day the taxes are levied, in the years 2013–2018. The advance payment for each year will thus undergo no changes other than those that may result from exchange rate trends from the payment date until the date of set-off against levied public taxes. If taxes levied in 2013–2018 do not exceed the advance payments made in the period 2010–2012, then the remaining amount shall be refunded in full by the end of 2018."

Article 3
Validity and Status of this Agreement

Section 3.1. This Agreement shall take effect on its signature on the part of the Parties and its execution.

Section 3.2. This Agreement is made as supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement (as previously amended) as fully as if it were incorporated therein. Except as modified hereby, the provisions of the Master Agreement, with all its rights and

obligations, shall not be changed or affected and shall remain in full force and effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as previously amended and as amended by this Agreement.

Section 3.3. Upon the signature of this Agreement by the parties hereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, accompanied by a legislative bill relating thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative and notification requirements, this Agreement shall become effective ("Effective Date") and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act.

Article 4
Further provisions

Section 4.1. This Amendment to the Master Agreement shall be signed and delivered by the Parties in two copies. Each such copy shall constitute an authentic original of equal validity with the other copy.

IN WITNESS WHEREOF, this Seventh Amendment to the Master Agreement has been signed on behalf of the Government and Alcan Holdings Switzerland Ltd. as of the date first above written, in two copies.

THE GOVERNMENT OF ICELAND: ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD:

By _____ By _____

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, viðauka við aðalsamninga eða fjárfestingarsamninga við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, álverið á Grundartanga, álverið í Reyðarfirði og álverið í Straumsvík um fyrirframgreiðslu upp í álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á næstu þremur árum, eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, hins vegar, hafa, með sameignilegri yfirlýsingu, orðið sammála um eftirtaldar ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættum hag þjóðarbúsins:

1. Vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrir fram árlega samtals 1.200 millj. kr. á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í

væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skiptist fyrirframgreiðslan milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframgreiðslan er bundin við uppgjörsmynt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.

2. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í þrjú ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli ekki í sér lakari starfskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.

Gert er ráð fyrir að við umreiknaða fyrirframgreiðslu bætist ekki vextir, verðbætur eða hvers kyns álag. Það á þó ekki við þegar aðstæður eru með þeim hætti að dráttur hefur orðið á greiðslu fyrirframgreiðslunnar og innheimtumaður hefur þurft að fara í innheimtuaðgerðir vegna þess.

Til endurgreiðslu kemur ef eftirstöðvar verða af fyrirframgreiðslunni að lokinni álagningu árið 2018. Er það í samræmi við almennar reglur um meðferð ofgreiddra skatta.

Nánar tiltekið ná ákvæði frumvarps þess sem hér er lagt fram til eftirtalinna stórnotenda raforku sem eru aðilar að framangreindu samkomulagi:

1. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, sbr. lög nr. 18/1977.
2. Álver Norðuráls ehf. á Grundartanga, sbr. lög nr. 62/1997.
3. Álver Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf. á Reyðarfirði, sbr. lög nr. 12/2003.
4. Álver Alcan á Íslandi ehf. í Straumsvík, sbr. lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Hvað fyrstu þrjú framangreind fyrirtæki varðar eru fjárfestingarsamningar vegna þeirra gerðir á grundvelli sérstakra heimildarlaga. Er því í frumvarpinu lagt til að iðnaðarráðherra verði með lögum veitt heimild að undirrita viðaukasamninga sem breyti viðkomandi fjárfestingarsamningum, eða aðalsamningum, til að gera framangreint fyrirkomulag fyrirframgreiðslu skatta mögulegt, en samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár skal skattamálum skipað með lögum. Í tilfelli álvers í Straumsvík hefur viðkomandi aðalsamningi og viðaukum við hann verið veitt lagagildi, í heild, eftir gerð þeirra. Samkvæmt því fyrirkomulagi er því fyrst gengið frá viðaukasamningi og hann síðan lögfestur með lögum frá Alþingi. Er með frumvarpi þessu lagt til að sams konar aðferð verði viðhöfð hvað varðar álverið í Straumsvík. Framangreint fyrirkomulag útskýrir því ólíka uppsetningu I. kafla frumvarps þessa gagnvart öðrum köflum þess þótt efnislega sé um sams konar breytingu að ræða gagnvart öllum fjórum fyrirtækjunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags. 7. desember 2009, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1996, með síðari breytingum, um byggingu og rekstur álbræðslu í Straumsvík.

Með viðaukasamningnum er tímabundnu bráðabirgðaákvæði bætt við aðalsamninginn frá 1966, þess efnis að kveðið er á um að fjármálaráðherra sé heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð að ISAL skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011

og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Fjárhæð greiðsluskyldunnar skal taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun ISAL en hún er 22,73% í hlutfalli af þeim félögum sem sams konar fyrirkomulag nær til. Í fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal ISAL því á árunum 2010, 2011 og 2012 greiða 22,73% af 1.200 millj. kr. eða 272.760.000 kr. á hverju ári. Ef uppgjörsmynt ISAL er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmyntar félagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu opinberra gjalda ISAL, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum.

Er þessi breyting sett fram í sjöunda viðauka aðalsamningsins sem dagsettur er 7. desember 2009 og iðnaðarráðherra hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um samþykki Alþingis. Gert er ráð fyrir að viðauki þessi verði prentaður sem fylgiskjal með lögunum, á íslensku og ensku.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að gera viðauka við aðalsamning við Elkem A/S frá 1984 um fyrirframgreiðslu járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Nánar vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Þann 7. desember 2009 voru árituð drög að umræddum viðaukasamningi þar sem fram kemur að fjárhæð greiðsluskyldu Elkem samkvæmt ákvæðinu taki mið af hlutfallslegri raforkunotkun hlutafélagsins en hún er 6,8% í hlutfalli af þeim félögum sem sams konar fyrirkomulag nær til. Í fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal hlutafélagið því, á árunum 2010, 2011 og 2012, greiða 6,8% af 1.200 m.kr. eða 81.600.000 kr. á hverju ári.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að gera viðauka við fjárfestingarsamning íslenskra stjórnvalda við Century Aluminium Company og Norðurál ehf., frá 1997, um fyrirframgreiðslu álbræðslunnar á Grundartanga á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018.

Þann 7. desember 2009 voru árituð drög að umræddum viðaukasamningi þar sem fram kemur að fjárhæð greiðsluskyldu Norðuráls Grundartanga ehf. samkvæmt ákvæðinu taki mið af hlutfallslegri raforkunotkun félagsins en hún er 32,36% í hlutfalli af þeim félögum sem sams konar fyrirkomulag nær til. Í fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal félagið því, á árunum 2010, 2011 og 2012, greiða 32,36% af 1.200 m.kr. eða 388.320.000 kr. á hverju ári.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að gera viðauka við fjárfestingarsamning íslenskra stjórnvalda við Alcoa Inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf., frá 2003, um fyrirframgreiðslu álverksmiðjunnar í Reyðarfirði á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018.

Þann 7. desember 2009 voru árituð drög að umræddum viðaukasamningi þar sem fram kemur að fjárhæð greiðsluskyldu félagsins samkvæmt ákvæðinu taki mið af hlutfallslegri raforkunotkun félagsins en hún er 38,11% í hlutfalli af þeim félögum sem sams konar fyrir-

komulag nær til. Í fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu skal félagið því, á árunum 2010, 2011 og 2012, greiða 38,11% af 1.200 m.kr. eða 457.320.000 kr. á hverju ári.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, viðauka við fjárfestingarsamninga við þær stóriðjur sem eru í landinu um fyrirkomulag skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012. Tilgangurinn með lagabreytingunum er að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við markmið áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum. Í þessu frumvarpi er verið að leggja til hluta af þeim breytingum á lögum um tekjuöflun ríkissjóðs sem ætlunin er að flytja þannig að ofangreind áform nái fram að ganga á næsta ári. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um tímabundinn skatt á raforku næstu þrjú ár sem lagður er jafnt á alla raforkunotkun fyrirtækja og einstaklinga.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra verði heimilt með reglugerð að kveða á um að tiltekin stóriðjufyrirtæki skuli annars vegar greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Gert er ráð fyrir að fyrirframgreiðslan skuli skiptist milli aðila í réttu hlutfalli við raforkunotkun.

Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni aukast um 1.200 m.kr. á ári 2010, 2011 og 2012, vegna fyrirframgreiðslu opinberra gjalda vegna áranna 2013–2018. Skatttekjur ríkissjóðs af þessum tilteknu fyrirtækjum eru þó tímabundnar samkvæmt frumvarpinu og munu því lækka sem þessum tekjuauka nemur árin 2013–2018. Ekki verður séð að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

371. Svar [150. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um meint brot á gjaldeyrisreglum.

1. *Hver er heildarupphæð þeirra viðskipta sem eru til skoðunar hjá Seðlabankanum þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn gjaldeyrisreglum?*

Heildarfjárhæð þeirra viðskipta sem Seðlabankinn er með til athugunar vegna brota á reglum nr. 1130/2008 og nr. 880/2009 um gjaldeyrismál er samtals 57.557.286.955 kr.

2. *Hversu margir einstaklingar annars vegar og lögaðilar hins vegar eru til skoðunar og hver er hlutur hvors hóps um sig í heildarviðskiptunum?*

Samtals eru lögaðilar 110 (91,93% af heildarfjárhæð) og einstaklingar 134 (8,07% af heildarfjárhæð).

3. *Hver er samsetning lögaðila eftir atvinnustarfsemi?*

Því miður er ekki, á þessu stigi, hægt að veita upplýsingar um samsetningu þeirra lögaðila sem til skoðunar eru.

4. *Yfir hvaða tímabil nær skoðun Seðlabankans á meintum brotum?*

Frá setningu gjaldeyrisreglnanna 28. nóvember 2008 til 1. október 2009.

Vert er að nefna að fjöldi mála og heildarfjárhæðir munu aukast umtalsvert þegar fram líða stundir að því er Seðlabankinn telur. Þannig eru um 100 ný mál sem bíða frekari úrvinnslu hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans. Þau mál sem nú eru til skoðunar hafa auk þess ekki verið fullrannsökuð og því er ljóst að heildarfjárhæð meintra brota á reglum um gjaldeyrismál mun verða umtalsvert hærri.

372. Svar [194. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um notkun á frjálsum og opnum hugbúnaði hjá A-hluta ríkissjóðs.

1. *Hver voru útgjöld ríkissjóðs til hugbúnaðarkaupa árin 2006, 2007 og 2008? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsmíðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar? Hvernig skiptust þessar fjárhæðir milli ráðuneyta?*
2. *Hve háum fjárhæðum var varið árin 2006, 2007 og 2008 til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar? Hvernig skiptust þessar fjárhæðir milli innlendra og erlendra aðila?*

Svörin eru fengin úr tegundalykli fjárhags- og mannauðskerfa ríkisins og því sett fram með fyrirvara um að umrædd gjöld séu bókfærð með réttum hætti. Jafnframt miðast upplýsingarnar við þær stofnanir sem nota fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins við bókhald eða senda upplýsingar reglulega til birtingar í kerfunum. Tvær meginbókhaldstegundir eru notaðar við gjaldfærslu umræddra gjalda. Annars vegar tegund 5452 sem á við um sérsniðin kerfi, svo sem um aðkeypta vinnu kerfisfræðinga og aðra sérfræðiþjónustu vegna hugbúnaðargerðar, viðhalds og viðgerðar á hugbúnaði, svo og aðstoð og ráðgjöf vegna hugbúnaðar. Hins vegar tegund 5517 sem á við um kaup á almennum hugbúnaði, leyfisgjöldum og þjónustugjöldum þeim tengdum. Þessi tegund á einnig við um uppfærslu- og viðhaldssamninga af keyptum hugbúnaði.

Ár		5452 Hugbúnaðargerð	5517 Hugbúnaðarkaup	Kostnaður
2006	Æðsta stjórn ríkisins	9.791.222	1.400.626	**11.191.848**
	Forsætisráðuneyti	23.071.191	2.411.648	**25.482.839**
	Menntamálaráðuneyti	186.827.083	89.276.093	**276.103.176**
	Utanríkisráðuneyti	12.341.493	11.378.292	**23.719.785**
	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	22.477.682	29.061.515	**51.539.197**
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	126.756.930	23.159.672	**149.916.602**
	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	39.180.686	8.025.519	**47.206.205**
	Heilbrigðisráðuneyti	568.585.923	24.740.609	**593.326.532**
	Fjármálaráðuneyti	544.569.033	111.910.522	**656.479.555**
	Samgönguráðuneyti	219.539.177	11.270.260	**230.809.437**
	Iðnaðarráðuneyti	15.454.786	7.068.133	**22.522.919**
	Viðskiptaráðuneyti	27.604.878	5.185.628	**32.790.506**
	Hagstofa Íslands	28.102.188	11.182.163	**39.284.351**
	Umhverfisráðuneyti	24.805.327	15.833.804	**40.639.131**
	Samtals 2006	**1.849.107.340**	**351.904.484**	**2.201.011.824**
2007	Æðsta stjórn ríkisins	16.760.440	5.024.161	**21.784.601**
	Forsætisráðuneyti	6.936.420	4.621.037	**11.557.457**
	Menntamálaráðuneyti	192.227.220	88.604.364	**280.831.584**
	Utanríkisráðuneyti	8.211.281	11.609.001	**19.820.282**
	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	24.690.551	28.199.233	**52.889.784**
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	114.924.888	51.791.321	**166.716.209**
	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	40.217.801	10.072.367	**50.290.168**
	Heilbrigðisráðuneyti	675.085.870	29.515.189	**704.601.059**
	Fjármálaráðuneyti	562.712.935	119.801.221	**682.514.156**
	Samgönguráðuneyti	213.618.621	15.784.137	**229.402.758**
	Iðnaðarráðuneyti	12.236.361	17.401.303	**29.637.664**
	Viðskiptaráðuneyti	69.281.248	3.048.742	**72.329.990**
	Hagstofa Íslands	14.704.034	11.226.902	**25.930.936**
	Umhverfisráðuneyti	29.931.002	32.893.663	**62.824.665**
	Samtals 2007	**1.981.538.672**	**429.592.641**	**2.411.131.313**
2008	Æðsta stjórn ríkisins	8.259.680	5.249.559	**13.509.239**
	Forsætisráðuneyti	30.297.457	18.436.789	**48.734.246**
	Menntamálaráðuneyti	151.753.208	131.580.496	**283.333.704**
	Utanríkisráðuneyti	17.460.960	32.783.647	**50.244.607**
	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	28.693.410	27.624.570	**56.317.980**
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	151.122.511	76.334.777	**227.457.288**
	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	258.877.953	18.013.773	**276.891.726**
	Heilbrigðisráðuneyti	708.901.215	116.779.214	**825.680.429**
	Fjármálaráðuneyti	633.459.957	141.412.467	**774.872.424**
	Samgönguráðuneyti	186.363.978	16.673.923	**203.037.901**
	Iðnaðarráðuneyti	15.956.808	14.230.248	**30.187.056**
	Viðskiptaráðuneyti	63.171.168	5.032.074	**68.203.242**
	Umhverfisráðuneyti	41.693.512	32.654.950	**74.348.462**
	Samtals 2008	**2.296.011.817**	**636.806.487**	**2.932.818.304**
	Heildarkostnaður	**6.126.657.829**	**1.418.303.612**	**7.544.961.441**

Í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er ekki greint sérstaklega á milli greiðslu leyfisgjalda og þjónustugjalda né heldur hvað er til innlendra aðila og hvað til erlendra aðila. Þar að auki er erfitt að átta sig á hvort erlendur hugbúnaður eða þjónusta er keypt milliliðalaust erlendis frá eða í gegnum millilið á Íslandi.

3. *Hver er stefna ráðuneytanna hvers fyrir sig varðandi það að nota frjálsan og opinn hugbúnað í stað þess að endurnýja notendaleyfi sem greiða þarf fyrir?*

Hinn 11. mars 2008 samþykkti þáverandi ríkisstjórn stefnu um frjálsan og opinn hugbúnað. Sú stefna gildir jafnframt um ráðuneyti og ríkisstofnanir. Ekki er vitað til þess að ráðuneytin hafi mótað sér sérstaka stefnu um frjálsan og opinn hugbúnað.

4. *Telur ráðherra að ríkissjóður geti sparað útgjöld með notkun á frjálsum og opnum hugbúnaði? Ef svo er, óskast lagt fram mat á þeim fjárhæðum sem talið er að spara megi árlega.*

Ekki liggur fyrir heildstæð greining á því hvort hægt sé að spara útgjöld með notkun á frjálsum og opnum hugbúnaði hjá ríkinu. Hins vegar gerði Parx skýrslu fyrir forsætisráðuneytið árið 2005 um opinn hugbúnað sem valkost við séreignarhugbúnað og þar kemur eftirfarandi fram:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum,* frá árinu 1999 er fjöldi vinnustöðva hjá þeim 322 ríkisaðilum sem rannsóknin náði til áætlaður 11.300 og ætla má að vinnustöðvum á vegum ríkisins hafi fjölgað nokkuð síðan. Ljóst er að kostnaður sem fylgir hugbúnaði fyrir vinnustöðvar ríkisaðila er umtalsverður og að mikilvægt er að stuðla að vali hagkvæmustu lausna. Miðað við þau verð sem opinberir aðilar á öðrum Norðurlöndum greiða fyrir algenga samsetningu stýrikerfis, skrifstofuhugbúnaðar og nauðsynlegs hugbúnaðar vegna tengingar við vefþjón, væri árlegur leyfiskostnaður á vinnustöð um 25.000 kr. á ári Kostnaðurinn er áætlaður miðað við beinan meðalkostnað við hugbúnaðarleyfi fyrir stýrikerfi, skrifstofuvöndul og hugbúnað til nettengingar og uppfærslurétt á 6 ára tímabili án vsk. Í þessum verðum er, auk hugbúnaðarins sjálfs, innifalin ýmiss konar þjónusta, innbyggð vírusvörn og íslenskt leiðréttingarforrit. Við það bætist kostnaður fyrir annan hugbúnað, svo sem skjalastjórnunarkerfi, PDF skrifara, sérsmíðuð kerfi, teikniforrit og annan sérhæfðan hugbúnað sem notendur kunna að vinna með. Hafa skal í huga að hugbúnaðarleyfi fyrir skóla eru oft umtalsvert ódýrari en leyfi til annarrar starfsemi.“

Auk þess gerði embætti ríkisskattstjóra úttekt á frjálsum og opnum skrifstofuhugbúnaði á árinu 2009 sem fólst annars vegar í að prófa helstu kerfishluta OpenOffice.org og hins vegar í að prófa samskipti innanhússkerfa RSK við hugbúnaðinn. Kannaðir voru kerfishlutar OpenOffice.org hugbúnaðarins með sérstakri áherslu á ritvinnslu-, töflureiknis-, glærukynningar- og gagnaskrárhluta. Hugbúnaðurinn var skoðaður m.a. með tilliti til þess hvort aðgerðir sem notendur eru vanir úr Microsoft Office skrifstofuvöndlinum séu til staðar, t.d. varðandi fjölva, og hvort aðgerðir taki lengri eða skemmri tíma. Niðurstaða RSK var sú að OpenOffice.org fullnægi að mestu leyti þörfum starfsmanna skattkerfisins og að ekki sé þörf fyrir mikla kennslu við umskiptin. Enn fremur er talið líklegt að auðvelt sé að breyta flestum innanhússkerfum svo hægt sé að eiga samskipti við OpenOffice.org.

Opinn og frjáls hugbúnaður er víða notaður í bakkerfum stofnana eins og fyrir netþjóna, póstþjóna, gagnagrunna o.fl. Sumar stofnanir eru einnig að nota opinn og frjálsan hugbúnað fyrir almenna notendur tölvukerfa og má þar nefna tvö dæmi. Þjóðleikhúsið hefur unnið að því að innleiða opinn og frjálsan hugbúnað fyrir starfsemi sína í stað séreignarhugbúnaðar. Leikhúsið hefur til að mynda innleitt opinn og frjálsan hugbúnað fyrir tölvupóstkerfi og

skrifstofuvöndla og er talið að kostnaðurinn fyrsta árið við þessi kerfi sé um fjórðungur af þeim árlega kostnaði sem stofnunin greiddi áður fyrir sambærileg kerfi með séreignar hugbúnaði. Annað dæmi er hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Verkmenntaskólinn ákvað að nýta betur eldri tölvur sem höfðu verið settar í geymslur með því að setja upp frjálsan og opinn hugbúnað, m.a. stýrikerfi, á vélarnar og nýta þær fyrir nemendur skólans. Þannig telur skólinn þeir sig ekki einungis spara í hugbúnaðarleyfum heldur einnig í kostnaði tengdum vélbúnaði með því að nýta vélbúnaðinn lengur.

Á grundvelli framangreindra úttekta má álykta að líkur bendi til að til lengri tíma litið sé hægt að spara verulega fjármuni hjá ríkisstofnunum með því að innleiða frjálsan og opinn hugbúnað. Sparnaðartækifærin liggja í vali á skrifstofuvöndli, stýrikerfum og ýmsum sérhæfðum hugbúnaði. Þó verður að meta kosti slíkra lausna þar sem flókin vinnsla upplýsinga og notkun stórra gagnagrunna á sér stað. Í fjármálaráðuneytinu er hafin greining á kostnaði við upplýsingatækni hjá ríkinu og auk þess hafa nokkur ráðuneyti nýlega hafið skoðun á kostum og göllum frjáls og opins hugbúnaðar. Búist er við niðurstöðum úr þeirri vinnu næsta vor.

373. Svar [217. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um samgöngufram-kvæmdir vegna uppbyggingar í Vatnsmýri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða samgöngufram-kvæmdir þarf að ráðast í vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar há-skólasjúkrahúss og annarrar uppbyggingar í Vatnsmýri?*
2. *Hver er áætlaður kostnaður við þær?*

Á undanförnum missirum og árum hafa ýmis byggingaráform verið nefnd í Vatnsmýri sem öll eiga það sammerkt að vera mjög umferðarskapandi. Ein þeirra, Háskólinn í Reykjavík, eru þegar komin til framkvæmda. Hin eru háskólasjúkrahús og fyrirhuguð 15.000 manna byggð auk skrifstofu- og verslunarhúsnæðis í Vatnsmýri sem fyrirhugað er að komi í stað flugvallarins ef starfsemi hans verður hætt.

Óvíst er hvort breyting á starfsemi Landspítala muni hafa umtalsverð áhrif á umferð. Þorri starfsemi Landspítalans er þegar við Hringbraut þótt flytja eigi starfsemi frá Borgarspítala á lóðina við Hringbraut og ná með því faglegu og rekstrarlegu hagræði. Nú þegar býr stór hluti starfsmanna Landspítalans í göngu- eða hjólafæri við sjúkrahúsið og lóðin er vel tengd leiðakerfi strætisvagna. Þá má benda á að nú er töluvert um að starfsmenn þurfi að fara milli Fossvogs og Hringbrautar í sínu daglega starfi, en sú umferð mun hverfa með sameiningu spítalastarfseminnar við Hringbraut.

Fyrirhuguð uppbygging á lóð Landspítalans er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að gerð hafi verið heildstæð athugun á lausn á umferðarmálum svæðisins ef til þessara framkvæmda kemur. Á meðan skipulag svæðisins liggur ekki endanlega fyrir er ekki gerlegt að áætla kostnað við framkvæmdir í umferðarmálum vegna áforma sem ekki hafa verið skilgreind til hlítar. Það er einnig spurning hvort umferðarvandamál sem stafa af fyrirhugaðri uppbyggingu verði leyst með hefðbundnum aðferðum. Eins og kunnugt er hefur Reykjavíkurborg skipulagsvaldið í Vatnsmýri, þó með þeim takmörkunum

sem leiðir af hagsmunum Reykjavíkurflugvallar, sbr. sérstaka bókun við staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Ekki er hægt að svo stöddu máli að áætla kostnað við framkvæmdirnar enda liggur umfang þeirra ekki fyrir. Þó má benda á að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 eru ráðgerð Öskjuhlíðargöng og Fossvogs-/Kópavogsgöng sem ætlað er að tengja Vatnsmýri Kringlumýrarbraut og áfram til suðurs á Reykjanesbraut í Fífuhvammi.

Áætlaður framreiknaður kostnaður úr gögnum svæðisskipulagsins við þessi tvenn göng og tilheyrandi mislæg gatnamót er um 25 milljarðar kr. Í svæðisskipulaginu er enn fremur rætt um Holtsgöng milli Vatnsmýrar og Sæbrautar en kostnaður hefur ekki verið áætlaður.

374. Svar [180. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur um Landeyjahöfn.

1. *Hvenær mun ferðaáætlun og gjaldskrá fyrir ferðir Herjólfs í Landeyjahöfn liggja fyrir?*

Gert er ráð fyrir að Landeyjahöfn verði tilbúin fyrir siglingar í júlí árið 2010. Unnið er að öllum þáttum breyttra samgangna milli lands og Eyja, m.a. ferðaáætlunum.

Vegagerðin hefur óskað eftir breytingum á samningi við Eimskip frá og með júlí 2010 en samningur við félagið gildir til ársloka 2010. Þá er verið að skoða rekstrarforsendur ferjunnar miðað við breytta siglingaleið skipsins.

Líklegt er að gerðar verði breytingar á ferðafjölda frá upphaflegri áætlun eins og hún lá fyrir í útboði smíði nýrrar ferju þar sem miðað var við minna skip í útboðsgögnum og þá lægri rekstrarkostnað. Þá liggur fyrir að fjárveitingar til málaflokksins hafa verið skornar niður á árinu 2010. Talið var eðlilegt að afla fyrst upplýsinga um verð, m.a. frá rekstraraðilanum, í ljósi ferðaáætlunar sem unnin var í tengslum við framangreint útboð. Síðan yrði metið hvaða breytingar þurfi að gera í ljósi þess fjármagns sem Vegagerðin hefur til ráðstöfunar á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin taki mið af útboðsgögnum vegna reksturs ferju frá Landeyjahöfn á sínum tíma með verðlagsbreytingum.

Ekki liggja fyrir svör frá Eimskipi um kostnað, m.a. þar sem ekki liggur fyrir með hvaða hætti tekið verður tillit til hafnarkostnaðarins. Þá er eftir að leggja mat á fjölda í áhöfn á breyttri siglingaleið.

Þegar þessir þættir liggja fyrir verður hægt að taka afstöðu til fjölda ferða. Gjaldskrá mun því ekki liggja fyrir fyrr en lengra er komið með breytingar á samningi við Eimskip.

2. *Hvernig verður háttað almenningssamgöngum milli Landeyjahafnar og Reykjavíkur og hver verður aðkoma ríkisins að fjármögnun þeirra?*

Almenningssamgöngur munu verða þarna á milli en ekki er lokið útfærslu á þeim, t.d. hvað varðar ferðafjölda.

3. *Verður rekstur ferjunnar á nýrri siglingaleið, Vestmannaeyjar–Landeyjahöfn, boðinn út?*

Þegar er í gildi samningur um rekstur ferjunnar til ársloka 2010 við Eimskip. Í fyrstu verður reynt að ná fram breytingum á þeim samningi út gildistíma hans. Ef það gengur ekki verður rekstur á leiðinni boðinn út.

375. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Huga Ólafsson og Steinunni Fjólu Sigurðardóttur frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Sigrúnu Ágústsdóttur frá Umhverfisstofnun. Umsagnir um málið bárust frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Skorradalshreppi, Landmælingum Íslands, Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastofnun, Reykjanesbæ, Betri byggð í Mýrdal, Samorku, Reykjavíkurborg, samráðshópi íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal, Umhverfisstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skógrækt ríkisins, Landsvirkjun, Samtökum ferðaþjónustunnar, Lundavinafélaginu í Vík í Mýrdal, Skaftárhreppi, Gunnari Jónssyni, Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, Sveitarfélaginu Garði, Mýrdalshreppi, Skipulagsstofnun, Háskólanum á Akureyri, Fljótsdalshéraði, Eyþingi, Landbúnaðarháskóla Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skútustaðahreppi og Sveitarfélaginu Vogum. Að auki kynnti nefndin sér efni umsagna sem bárust um áætlunina á síðustu tveimur þingum (192. mál 136. löggjafarþings og 52. mál 137. löggjafarþings).

Í tillögunni er lagt til að unnið verði að friðlýsingu tólf svæða á árunum 2009–2013. Tillagan er unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Þetta er önnur áætlunin sem hefur verið gerð en sú fyrri rann út í lok síðasta árs. Tilgangur heildstæðrar náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða og skal áætlunin taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana, hér á landi, m.a. með tilliti til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna, sbr. 66. gr. laganna. Nokkur nýmæli má finna í tillögunni, m.a. er stefnt að því að friðlýsa tvær vistgerðir annars vegar og þrjár tegundir hryggleysingja og búsvæði þeirra hins vegar. Aðaláhersla er þó lögð á sjaldgæfar plöntutegundir og tegundir í hættu og uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða með áherslu á svæði sem skipta máli fyrir verndun plantna og búsvæði þeirra. Með það fyrir augum er lagt til að friðlýstar verði 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa og 90 tegundir fléttna. Auk þeirra tólf svæða, sem og plantna og dýra, sem stefnt er að vinna að friðlýsingu á, kveður tillagan á um að áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun.

Tillagan hefur verið lögð fram tvisvar áður og er nú lítið breytt frá síðustu þingum, m.a. hefur eitt svæði verði fellt úr áætluninni enda er friðlýsingu fjalllendis við Hoffell og sameiningu svæðisins við Vatnajökulsþjóðgarð lokið.

Nefndin hefur kynnt sér tillögur að friðlýsingu þeirra svæða sem eru í áætluninni. Í athugasemdum við tillöguna er gerð ítarleg grein fyrir ástæðum og markmiðum fyrirhugaðrar friðlýsingar ásamt mörkum svæða og lýsingum á þeim. Áætlunin er unnin á grundvelli aðferðafræði sem almennt er notast við á alþjóðavettvangi, til að mynda annars staðar í Evrópu. Aðferðafræðin hefur verið þróuð í samræmi við alþjóðasamninga og hvað viðkemur viðmiðum og viðföngum er m.a. stuðst við Ríó-samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernar-samninginn um vernd villtrar náttúru í Evrópu og Ramsar-samninginn um vernd votlendis. Við ákvörðun þeirra svæða sem lagt er til að verði á náttúruverndaráætlun er byggt á vísindalegri úttekt á náttúru Íslands, rannsóknum, vöktun og mati á mikilvægi og náttúruverndargildi einstakra svæða. Stuðst er við vísindalega gagnagrunna Náttúrufræðistofnunar

Íslands um tegundir, vistgerðir og jarðfræði landsins og er faglegt mat lagt á það hvaða þættir í náttúru landsins eru verndarþurfi. Raunhæfar tillögur um friðlýsingu eru þannig mótaðar út frá vísindalegum gögnum.

Meiri hlutinn hefur orðið var við nokkra gagnrýni á skort á samráði við landeigendur, sveitarfélög og hlutaðeigandi aðila við gerð áætlunarinnar og áréttar því að fullt samráð sé haft við þessa aðila þegar unnið er að friðlýsingu einstakra svæða í áætluninni. Samþykkt tillögunnar jafngildir ekki fyrirframákvörðun um friðlýsingu svæða heldur er þetta fremur viljayfirlýsing Alþingis um að unnið verði að friðlýsingunni. Ákvörðun um friðlýsingarskilmála, markalínur svæða og reglur um landnotkun, framkvæmdir og aðrar athafnir á svæðum eru teknar á grundvelli samvinnu og samráðs við landeigendur og hlutaðeigandi sveitarfélög.

Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að hefja samráðsferli vegna náttúruverndaráætlana fyrr en gert hefur verið og telur rétt að samráð og kynning fari fram áður en áætlun kemur til kasta Alþingis. Meiri hlutinn leggur því áherslu á að við vinnu næstu náttúruverndaráætlunar verði samráðsferlið hafið strax í upphafi og í framtíðinni verði hlutaðeigandi aðilar hafðir með í ráðum við gerð náttúruverndaráætlunar. Mikilvægt er þó að mati meiri hlutans að áfram verði unnið á grundvelli þeirrar vísindalegu og faglegu aðferðafræði sem notuð hefur verið til þessa. Með því að hefja samráð fyrr en ella er líklegra að áætlunin endurspegli raunhæfa möguleika á friðlýsingu.

Í athugasemdum við áætlunina kemur fram að verndarsvæði brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli hafi verið minnkað frá framlagningu málsins á fyrri þingum. Þar sem meiri hlutanum þykir ljóst að ekki er um raunhæfan möguleika á friðlýsingu svæðisins að ræða að sinni leggur hann til að svæðið allt verði fellt brott úr áætluninni. Sú breyting útilokar þó ekki að sé vilji aðila fyrir hendi verði unnið að friðlýsingu svæðisins á síðari stigum.

Að lokum vill meiri hlutinn árétta að náttúruverndaráætlunin er viljayfirlýsing um tiltekna framkvæmdaáætlun og felur samþykkt hennar í sér að unnið verði að friðlýsingu þeirra svæða sem áætlunin nær til en er ekki lokaákvörðun um friðlýsinguna.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

C-liður II. kafla falli brott.

Alþingi, 9. des. 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Magnús Orri Schram.
Ólína Þorvarðardóttir.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Birgitta Jónsdóttir.

376. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Þór Sigurðsson og Hönnu Maríu Þórhallsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Einar Örn Thorlacius og Jón Grétar Magnússon frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlaun aldraðra. Ákvæði um eftirlaun til aldraðra voru upphaflega færð í lög árið 1970 til að tryggja að þeir félagsmenn í stéttarfélögum sem aldurs vegna næðu ekki að mynda réttindi í lífeyrissjóðum með greiðslu iðgjalds nytu nokkurra eftirlauna. Sá hópur sem lögin taka til hefur minnkað mikið með árunum og starfsemi umsjónarnefndar eftirlauna hefur að sama skapi dregist mjög saman. Í frumvarpinu er því lagt til að umsjónarnefndin verði felld niður en verkefni hennar falin Tryggingastofnun ríkisins. Þó mun Greiðslustofa lífeyrissjóða áfram sjá um greiðslur lífeyris samkvæmt lögunum. Þá verða ákvarðanir Tryggingastofnunar samkvæmt lögunum kæranlegar til úrskurðarnefndar almannatrygginga en sá möguleiki var ekki fyrir hendi um úrskurði umsjónarnefndar eftirlauna.

Nefndin hefur fjallað um málið sem ráðgert er að spari ríkissjóði 450 þúsund krónur á ári í þóknunarkostnað umsjónarnefndarinnar. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að lífeyrisþegar sem fá greiðslur samkvæmt lögunum séu um 800 talsins. Nefndin fékk þær upplýsingar að í athugasemdunum væri miðað við tölur frá 2007 en tölur frá síðasta ári sýna rúmlega 16% fækkun lífeyrisþega samkvæmt lögunum milli ára. Lífeyrisþegar árið 2008 voru 670, makalífeyrisþegar 459 og ellilífeyrisþegar voru 211. Þá hefur nefndin fengið nýjar upplýsingar sem sýna mikla fækkun frá síðasta ári, eða tæplega 40% þar sem 404 lífeyrisþegar fengu greiðslur samkvæmt lögunum í nóvember 2009. Ljóst er því að starfsemi umsjónarnefndarinnar hefur minnkað mikið undanfarin ár. Þá virðist almenn sátt vera meðal aðila um frumvarpið sem leiðir ekki til breytinga á rétti lífeyrisþega.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu til leiðréttingar á texta laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðsins „úrskurðun“ í 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ákvörðun.

Pétur H. Blöndal, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2009.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, frsm.	Guðmundur Steingrímsson.	Ólína Þorvarðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Ólafur Þór Gunnarsson.

377. Framhaldsnefndarálit [10. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og leitað m.a. skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi breytingar á fjárheimildum.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við sundurliðun 2 sem nemur alls 6.092 m.kr. til lækkunar gjalda. Auk þess eru gerðar breytingar á 2. gr., sjóðstreymi ríkissjóðs, 3. gr. um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir og 4. gr., heimildagrein. Þá eru gerðar breytingar á tekjugrein í ljósi nýrra upplýsinga um innheimtar tekjur það sem af er þessu ári og endurskoðaðra áætlana um vaxtatekjur ríkissjóðs en gert er ráð fyrir hækkun tekna um 8.766,4 m.kr. frá 2. umræðu um frumvarpið. Heildartekjur ársins 2009 verða því 417.285 m.kr. og heildargjöld 568.620 m.kr. Tekjujöfnuður verður því neikvæður um 151.335 m.kr.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 2

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 6.092 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Ný áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs bendir til þess að gjaldfærðir vextir verði 6.092 m.kr. lægri en áður var áætlað og verði samtals 89.007 m.kr. á árinu. Á greiðslugrunni lækka vextirnir um 4.762 m.kr. og verða samtals 83.032 m.kr. Ákveðið hefur verið að ríkissjóður selji skilanefnd Kaupþings hf., fyrir hönd kröfuhafa, 87% hlut í Arion banka. Reiknað er með að viðskiptin muni ganga í gegn fyrir næstu áramót en beðið er niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins um nýjan meirihlutaeiganda bankans. Í fyrri áætlun um vaxtagjöldin var reiknað með vöxtum tengdum eiginfjárframlagi ríkisins yfir tímabilið þegar ríkið var eigandi bankans. Nú er gert ráð fyrir, í samræmi við samkomulag við Arion banka um uppgjör milli aðila, að bankinn endurgreiði ríkissjóði 6.500 m.kr. vegna vaxta af skuldabréfinu sem ríkið gaf út sem greiðslu á hlutafjárframlagi sínu og kemur sú greiðsla því til lækkunar á vaxtakostnaði samkvæmt fyrri áætlun. Að öðru leyti er að stærstum hluta um að ræða endurreikning á vaxtaáætlun ríkissjóðs vegna eigendaskipta að Íslandsbanka. Auk þess er um að ræða ýmsar smærri breytingar, svo sem hækkun á vaxtakostnaði af erlendum skuldum þar sem gengi krónunnar gagnvart evru er nú veikara en reiknað var með í fyrri áætlun. Einnig er nú reiknað með meiri útgáfu ríkisvíxla en áður var áætlað en á móti koma auknar vaxtatekjur af innstæðum í Seðlabanka Íslands.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 2. GR.

Við a-lið.

Í a-lið er lögð til 137.390 m.kr. lækkun á framlögum til fjármálakerfisins og er hún þrískipt. Í fyrsta lagi er 62.640 m.kr. lækkun á framlagi til Arion banka sem verður 9.360 m.kr. í samræmi við samning íslenska ríkisins og skilanefndar Kaupþings, í öðru lagi 61.750 m.kr. lækkun á framlagi til Íslandsbanka sem verður 3.250 m.kr. í samræmi við samkomulag skilanefndar Glitnis við íslenska ríkið og í þriðja lagi 13.000 m.kr. lækkun á framlagi NBI hf. (Nýja Landsbankans) sem verður 127.000 m.kr. í samræmi við samkomulag íslenskra stjórn-

valda við skilanefnd Landsbanka Íslands hf. og NBI hf. frá 12. október sl. um uppgjör á eignum og skuldum vegna skiptingar bankans.

Í b-lið er lögð til breyting sem felst í 35.200 m.kr. aukningu á lánveitingum ríkissjóðs sem stafar í meginatriðum af eftirtöldum fimm tilefnum: Í fyrsta lagi 25.000 m.kr. víkjandi lán til Íslandsbanka hf. í samræmi við samkomulag skilanefndar Glitnis hf. við íslenska ríkið frá 13. september sl. og ákvörðun skilanefndar, fyrir hönd kröfuhafa, um að Glitnir eignist 95% hlutafjár í bankanum. Í öðru lagi er 24.000 m.kr. víkjandi lán til Arion banka í samræmi við samning íslenska ríkisins og skilanefndar Kaupþings frá 3. september sl. og ákvörðun skilanefndar, fyrir hönd kröfuhafa, um að Kaupþing eignist 87% hlutafjár í Arion banka. Í þriðja lagi er 6.500 m.kr. víkjandi lán til Arion banka sem fjármagnað verður með arðgreiðslu bankans til ríkissjóðs. Í fjórða lagi er 6.700 m.kr. hækkun á öðrum lánveitingum en þar vegur þyngst 6.300 m.kr. skuldbreyting á yfirteknu láni Askar Capital á móti afborgunum og vöxtum af eldri lánum. Loks er 27.000 m.kr. lækkun á áætlaðri lánveitingu til Seðlabanka Íslands sem reiknað er með að frestist fram á næsta ár.

Í c-lið er gert ráð fyrir 4.600 m.kr. aukningu í afborgunum af tryggingabréfum sem yfirtekin voru af Seðlabankanum eftir fall gömlu bankanna.

Í d-lið er breyting sem skýrist af því að önnur eiginfjárframlög voru áætluð 3.000 m.kr. en þau eru nú áætluð 4.500 m.kr. Hækkunin skýrist af 1.500 m.kr. hlutafjárframlagi til Farice hf. en láðst hafði að taka tillit til þess í talnagrunni frumvarpsins.

Breyting á e-lið felur í sér 32.000 m.kr. minni sölu á verðbréfaeign en áður var áætlað. Í frumvarpinu var reiknað með 65.000 m.kr. sölu en nú er áætlað að í ár verði selt af þessum bréfum fyrir 33.000 m.kr.

Við b-lið.

Í a-lið lækkar lánsfjárþörf ríkissjóðs um 91.000 m.kr. vegna 140.000 m.kr. lækkunar á eiginfjárframlögum til nýju bankanna á móti 49.000 m.kr. fjármögnun vegna lánveitingar til þeirra.

Í b-lið er 27.000 m.kr. lækkun á lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands.

Í c-lið er 17.000 m.kr. lækkun á liðnum Önnur löng lán sem er vegna lækkunar á annarri útgáfu ríkisverðbréfa vegna hallareksturs og endurfjármögnunar á eldri skuldum.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 3. GR.

Í a-lið er lögð til 185.000 m.kr. lækkun á lántökuheimildum ríkissjóðs. Í fyrsta lagi hefur lánsfjárþörf vegna eiginfjárframlaga til nýju bankanna minnkað um nálægt 140 milljarða kr. frá fyrri áætlunum en á móti koma 49 milljarða kr. lánveitingar til þeirra sem fjármagna þarf með lántökum. Í öðru lagi frestast 27.000 m.kr. lántökur til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann til ársins 2010. Í þriðja lagi lækka aðrar áætlaðar lántökur ríkissjóðs með útgáfu ríkisverðbréfa um 17.000 m.kr. Í fjórða lagi er lögð til 50.000 m.kr. lækkun til samræmis við áætlaðar heildarlántökur í 2. gr.

Í b-lið er lögð til 28.500 m.kr. hækkun á endurlánaheimild vegna samtals 55.500 m.kr. lánveitinga, annars vegar 25.000 m.kr. til Íslandsbanka og hins vegar 30.500 m.kr. til Arion banka, en á móti kemur að lánveiting til Seðlabankans vegna gjaldeyrisvaraforða lækkar um jafngildi 27.000 m.kr.

Í c-lið er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að ábyrgjast skuldabréf Keflavíkurflugvallar ohf. vegna uppgjörs félagsins á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar í tengslum við sameiningu stofnunarinnar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. í Keflavíkurflugvöll ohf. Hér er í raun um tilfærslu á ábyrgð að ræða því að ríkissjóður er ábyrgur fyrir lífeyrissjóðsgreiðslum ríkisstarfsmanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 9. des. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Ásmundur Einar Daðason.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Oddný G. Harðardóttir.

378. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	8.567,0	-6.092,0	2.475,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*12.962,0*	*-4.762,0*	*8.200,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-4.395,0,0*	*-1.330,0*	*-5.725,0*

379. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

m.kr.

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-4.482,0	-6.109,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.669,0	18.244,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**187,0**	**12.135,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-1.300,0	-5.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.965,0	1.878,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0	-28,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	-180,0	-575,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.757,0**	**1.275,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**644,0**	**8.010,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-4.296,8	-4.597,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.227,4	5.055,4
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**930,6**	**458,4**
	Tryggingagjöld	**930,6**	**458,4**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	300,0	283,4
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	8,9	-66,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**308,9**	**217,1**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	29,0	42,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-2.257,0	-2.174,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**-2.228,0**	**-2.132,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-8.596,0	-13.988,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-1.032,0	-1.447,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	410,0	170,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-373,0	-335,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.132,8	1.133,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	233,1	233,7
5.1.2.1.33	Olíugjald	-254,2	-121,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	0,0	0,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	1.216,2	1.214,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	165,1	165,1
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	785,0	785,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	85,0	185,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-6.228,0**	**-12.005,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	67,0	49,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-520,5	-221,3
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-2,0	-2,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	15,0	15,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	930,0	-20,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	25,0	25,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	41,9	41,9
	Neyslu- og leyfisgjöld	**556,4**	**-112,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-5.671,6**	**-12.117,8**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	120,0	120,0
6.1.15	Markaðsgjald	-40,6	-44,3
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**79,4**	**75,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	156,0	156,0
	Aðrir skattar	**235,4**	**231,7**
	Skatttekjur, samtals	**-5.780,7**	**-5.332,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-200,0	-200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-600,0	-600,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-800,0**	**-800,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-50,0	-210,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	17.300,0	17.802,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	8.860,0	8.400,0
	Aðrar eignatekjur	**26.110,0**	**25.992,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**25.310,0**	**25.192,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	130,0	130,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	870,0	720,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	25,9	25,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-377,4	-377,4
9.1.3.35	Ýmislegt	48,4	47,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	10,0	10,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**706,9**	**556,0**
	Ýmsar tekjur	**706,9**	**556,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-150,0	-150,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-90,0	-90,0
	Sektir	**-240,0**	**-240,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**25.776,9**	**25.508,0**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-5.049,9	-6.549,9
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-100,0	-100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-5.149,9**	**-6.649,9**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	-100,0	-100,0
	Sala eigna, samtals	**-5.249,9**	**-6.749,9**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	2,8	2,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	10,0	10,0
	Rekstrarframlög	**12,8**	**12,8**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	28,0	28,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**40,8**	**40,8**
	Fjárframlög, samtals	**40,8**	**40,8**
	Heildartekjur samtals	**14.787,1**	**13.466,3**

380. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Við 2. gr.

a. Við liðinn ***Fjármunahreyfingar:***
   a. Liðurinn „Eiginfjárframlög til fjármálakerfisins og önnur eiginfjárframlög, -300.000,0“ orðist svo: Eiginfjárframlög til fjármálakerfisins, -159.610,0 m.kr.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „-75.000,0 m.kr.“ í Veitt löng lán komi: -110.200,0 m.kr.
   c. Í stað fjárhæðarinnar „6.400,0 m.kr.“ í Afborganir veittra lána komi: 11.000,0 m.kr.
   d. Liðurinn „Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög, 1.000,0“ orðist svo: Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup, -3.500,0 m.kr.
   e. Í stað fjárhæðarinnar „65.000,0 m.kr.“ í Sala verðbréfaeignar komi: 33.000,0 m.kr.
b. Við liðinn ***Fjármögnun:***
   a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000,0 m.kr.“ í Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálakerfisins komi: 209.000,0 m.kr.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „75.000,0 m.kr.“ í Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands komi: 48.000,0 m.kr.
   c. Í stað fjárhæðarinnar „75.000,0 m.kr.“ í Önnur löng lán komi: 58.000,0 m.kr.
   d. Liðurinn „Afborganir lána, -20.000,0 m.kr.“ falli brott.

381. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Við 3. gr.

a. Í stað „allt að 660.000 m.kr.“ í 1. tölul. komi: allt að 475.000 m.kr.
b. Á 2. tölul. verði eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað „allt að 85.000 m.kr.“ í a-lið komi: allt að 113.500 m.kr.
   b. Í stað „allt að 75.000 m.kr.“ í b-lið komi: allt að 48.000 m.kr.
   c. Við bætist tveir nýir liðir, svohljóðandi:
      c. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
         2.3 Íslandsbanka hf. jafngildi allt að 25.000 m.kr. í erlendri mynt.
      d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
         2.4 Arion banka hf. jafngildi allt að 30.500 m.kr. í erlendri mynt.
c. Við bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi:
   Við 5. tölul. bætist nýr liður, 5.6, svohljóðandi: Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð greiðslu á skuldabréfi Keflavíkurflugvallar ohf. að fjárhæð allt að 750 m.kr. vegna yfirtöku og uppgjörs félagsins á lífeyris-

skuldbindingum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

382. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

1. Við 4. gr. Liður 2.21 orðist svo:
   2.21 Að selja fasteignina Grænásveg 10, Reykjanesbæ.
2. Við 4. gr. Nýr liður:
   3.22 Að selja eða leigja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Austurvegi 28, Árborg.
3. Við 4. gr. Nýr liður:
   5.5 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.
4. Við 4. gr. Nýr liður:
   6.36 Að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.

383. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hóf störf 28. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 38 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði bréflega eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að frumjöfnuður á árinu 2010, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, yrði neikvæður um 1,6% af vergri landsframleiðslu og að batinn yrði nálægt 7% frá árinu 2009 þar sem frumjöfnuður var áætlaður neikvæður um 8,6% í ár. Breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs munu leiða til þess að frumjöfnuður verður á bilinu 1–1,5% lakari en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þessar breytingar rúmast hins vegar innan þeirra áætlana sem settar voru fram sumarið 2009 í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um jöfnuð í ríkisfjármálum. Samkvæmt þeim hefur verið miðað við að frumjöfnuður batni að meðaltali um 3–4% af landsframleiðslu á ári þar til tekjujöfnuðurinn í heild verður

orðinn jákvæður, en þó þannig að stærsta skrefið verði stigið á árinu 2010. Í frumvarpinu var stefnt að heldur meiri bata í frumjöfnuðinum á næsta ári en samkvæmt áætluninni, eða sem svarar til um 0,5%. Auk þess hefur frekari yfirferð og útfærsla á aðgerðaráformum í ríkisfjármálum, sem fól í sér bæði samráð og endurmat á efnahagslegum áhrifum, leitt til þeirrar niðurstöðu að nokkuð er dregið úr þeim ráðstöfunum, sérstaklega hvað varðar skattahækkanir.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 4.881,1 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. Fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á öðrum greinum og sundurliðunum, þ.e. sundurliðun 2, Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 2. gr., sjóðstreymi ríkissjóðs, 5. gr. frumvarpsins um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og breytingum á sundurliðun 3 og 4, þ.e. Fjárreiðum ríkisfyrirtækja og lánastofnana.

Í frumvarpinu var gerð ráð fyrir nýjum tekjuöflunaraðgerðum en útfærslu þeirra var ekki lokið þegar frumvarpið var kynnt í byrjun október. Nánari útfærsla þessara aðgerða hefur nú séð dagsins ljós í formi skattfrumvarpa. Þau tekjuöflunaráform sem var að finna í frumvarpinu hafa hins vegar tekið töluverðum breytingum í átt til lækkunar.

Tekjuáætlun frumvarpsins hljóðaði upp á 468 milljarða kr., en sú áætlun hefur nú verið lækkuð um tæpa 10 milljarða kr. eða í 459 milljarða kr. Á greiðslugrunni er lækkunin heldur meiri eða tæpir 13 milljarðar kr., úr 456 milljörðum kr. í 443 milljarða kr. Skatttekjurnar hafa lækkað nokkru meira, eða um tæpa 12 milljarða kr. á rekstrargrunni en 15 milljarða kr. á greiðslugrunni.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 458.729,8 m.kr. sem er 9.515,2 m.kr. lækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður neikvæður sem nemur 101.754,7 m.kr. sem er 14.396,3 m.kr. aukning á halla.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 2 ÁN MILLIFÆRSLNA

00-201 Alþingi **-6,5**

1.02 Framlög til þingflokka

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til þingflokka verði skert um 6,5 m.kr. eða sem svarar til 10% frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til að stuðla að markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að framlag til stjórnmálasamtaka skerðist í sama mæli í annarri tillögu á liðnum 09-999 Ýmislegt hjá fjármálaráðuneytinu.

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit **95,0**

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 95 m.kr. tímabundið framlag til verndar fornminjum á Alþingisreit. Stórmerkar minjar frá upphafi landnáms í Reykjavík hafa fundist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á reitnum. Þetta eru viðameiri minjar en fyrirséð var og hefur því úrvinnsla muna orðið mikil. Kostnaður við verkið hefur jafnframt orðið mun meiri en fyrirséð og áætlað var samkvæmt upphaflegum verksamningi. Mikil verðmæti eru í húfi og mikilvægt að sem best takist til við að verja fornminjarnar. Forsætisnefnd er falið að meta framkvæmdina og fylgja henni eftir.

00-401 Hæstiréttur **-8,0**

1.01 Hæstiréttur

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans um launalið hæstaréttardómara. Tillagan byggist á ákvörðun kjararáðs um lækkun á launum dómara um allt að 15% frá 15. mars 2009. Í frumvarpinu var áætlað fyrir lækkun slíkra launaútgjalda sem falla undir úrskurði ráðsins en þó láðist að gera ráð fyrir því á þessum fjárlagalið.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 80,5

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa **-18,0**

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 18 m.kr. lækkun á fjárveitingu til aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast efnahagsstjórn frá forsætisráðuneyti til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra og eitt starf sérfræðings. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

01-190 Ýmis verkefni **0,0**

1.11 Hið íslenska fornritafélag

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að heiti viðfangsefnisins verði breytt í Hið íslenska fornritafélag. Verkefni félagsins, sem undir þetta viðfangsefni falla, hafa mun breiðari skírskotun en ritun biskupasagna. Hefur því núverandi heiti stundum valdið misskilningi.

01-190 Ýmis verkefni **25,0**

1.90 Ýmis verkefni

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland. Eitt verkefni áætlunarinnar sem vinna þarf á næstunni er gerð sóknaráætlunar í þágu atvinnulífs og samfélags með það að markmiði að Ísland verði áfram í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Liður í þeirri áætlun er að samþætta opinberar áætlanir, svo sem samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun, áætlanir í ferðamálum og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins. Að auki skal flétta inn í samræmda áætlun til nýrrar sóknar í íslensku atvinnulífi og samfélagi áætlanir í mennta- og menningarmálum, umhverfismálum, vísindum, tækni og nýsköpun og áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Framlagi þessu er ætlað að standa undir kostnaði við samræmda ráðgjöf og verkstjórn við framangreint verkefni.

01-199 Ráðstöfunarfé **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta **9,5**

1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. fjárveitingu í tengslum við fyrirliggjandi lagafrumvarp til innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um þjónustuviðskipti á innri markaði sambandsins, en tilgangur hennar er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Kostnaður við verkefnið skiptist þannig að 5,5 m.kr. eru vegna hálfs stöðugildis með starfstengdum kostnaði og 4 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar sem verður m.a. í formi aðkeyptrar þjónustu við opnun og viðhald upplýsingagáttar fyrir Ísland. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar eiga þjónustuveitendur að geta sótt rafrænt um leyfi fyrir starfsemi sinni og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með sama hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneyti ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneyti undanfarið unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt rafrænt um viðeigandi leyfi.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta **-47,0**

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins að fjárhæð 47 m.kr. verði fellt niður.

Samtals forsætisráðuneyti -32,0

02-199 Ráðstöfunarfé **-2,9**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,9 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé mennta- og menningarmálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherra úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

02-201 Háskóli Íslands **1,0**

1.01 Háskóli Íslands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Lagt er til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

02-201 Háskóli Íslands **185,0**

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 185 m.kr. fjárheimild til að heimila Háskóla Íslands að ráðstafa tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands í auknum mæli til viðhalds og nýbygginga þannig að framkvæmdirnar geti kostað alls um 600 m.kr. á næsta ári. Með því móti verður stuðlað að aukinni atvinnu við slík verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Framlög frá happdrættinu færast á tekjuhlið ríkissjóðs og verður því afkoma hans óbreytt eftir sem áður. Samkvæmt upplýsingum frá happdrættinu ætti það að geta staðið undir um 600 m.kr. árlegum greiðslum að jafnaði til Háskóla Íslands af hagnaði sínum án þess að sérstakar lántökur komi til. Verið er að undirbúa samninga við Framkvæmdasýslu ríkisins um endurnýjun á húsnæði og innréttingum í hús Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 425 m.kr. Þar af eru 315 m.kr. ætlaðar í endurnýjun húsnæðis og kerfa en afgangurinn í innnréttingar og tæki. Útboðsgögn liggja þegar fyrir. Verkefnið getur því farið af stað í byrjun næsta árs um leið og ljóst er hvort fjárveitingar liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar fari að mestu fram næsta sumar þegar skólahald liggur niðri.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum **2,0**

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands **19,5**

1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 19,5 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis vegna áhrifa af lækkun gengis íslensku krónunnar á skuldbindingar í erlendri mynt. Viðfangsefnið var stofnað í fjárlögum 2008 með 20 m.kr. framlagi vegna þátttöku í alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviði vísinda. Þetta var í samræmi við áætlun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni tímabilið 2008-2010. Framlaginu er ætlað að standa undir kostnaði við aðild að alþjóðlegum samkeppnissjóðum og áætlunum sem íslenskir vísindamenn hafa aðgang að en falla ekki undir rammaáætlun ESB á sviði rannsókna og vísinda sem Ísland tekur þátt í. Samningar um þátttöku eru gerðir í erlendri mynt og flestir fyrir árin 2008-2010 en í forsendum verðlagsreiknings frumvarpsins var ekki gert ráð fyrir því.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður **175,0**

6.10 Háskólinn á Akureyri

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 175 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til að ljúka framkvæmdum við kennsluálmu skólans. Á móti er ráðgert að selja tvær fasteignir sem vænst er að skili samtals 70 m.kr. söluandvirði á tekjuhlið ríkissjóðs. Í upphaflegri kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir alls 835 m.kr. fjárveitingu vegna byggingarinnar. Nú er hins vegar útlit fyrir að 405 m.kr. vanti til viðbótar til að klára bygginguna og að heildarkostnaður við hana verði 1.240 m.kr. Þar af eru 146 m.kr. eftirstöðvar samkvæmt fyrri kostnaðaráætlun, 195 m.kr. vegna verðbóta umfram forsendur og 64 m.kr. eru útgjöld umfram áætlun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 115 m.kr. framlagi til ráðstöfunar til framkvæmdarinnar á næsta ári. Með því að veita 175 m.kr. viðbótarframlag ætti að vera hægt að flytja inn í bygginguna á árinu 2010. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir að 115 m.kr. fjárveitingin sem fyrir er í frumvarpinu falli ekki niður fyrr en á árinu 2012 til að unnt verði að ljúka við framkvæmdina með frágangi lóðar, búnaðarkaupum og listskreytingum á árinu 2011.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **30,0**

1.90 Háskólastarfsemi

Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fagráðuneyti

Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag til samnings sem fyrirhugað er að gera við RES orkuskóla með aðild Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands sem hafa haft með höndum faglega stjórnun námsins. Gert er ráð fyrir að hluta framlagsins verði varið til þess að gera úttekt á starfsemi RES orkuskóla.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **2,6**

1.12 Orlof kennara

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 2,6 m.kr. framlag til að fjölga námsorlofum framhaldsskólakennara um eitt næsta haust vegna skólaársins 2010-2011. Gert er ráð fyrir að árið 2011 verði námsorlofunum fjölgað um annað stöðugildi.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **108,0**

1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veitt verði 108 m.kr. framlag til Keilis til frumgreinanáms og annarra vinnumarkaðsúrræða sem lúta að menntun. Unnið verði í samvinnu við viðurkennda háskóla eða aðrar stofnanir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **15,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til áframhaldandi tilraunaverkefnis um framhaldsdeildir. Tvær framhaldsdeilidir eru nú starfræktar í tilraunaskyni, annars vegar á Patreksfirði sem útibú frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og hins vegar á Þórshöfn sem útibú frá Framhaldsskólanum á Laugum.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **150,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 150 m.kr. framlag vegna aukinnar námsvirkni og fjölda nemenda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga 2009. Í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir 20.115 ársnemendum í framhaldsskólum landsins. Þær nemendatölur sem nú liggja fyrir bera með sér að þróun nemendafjölda í framhaldsskólum á árinu er með nokkuð öðrum hætti en varð að fullu fyrirséð við gerð fjárlaga 2009. Þannig eru á milli 450-500 fleiri reiknaðir ársnemendur sem stunda nám í framhaldsskólum landsins en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þetta skýrist þó aðeins að hluta með fjölgun nýskráninga í nám. Að stærstum hluta skýrist þessi þróun af því að breyttar aðstæður í samfélaginu og samdráttur á vinnumarkaði leiða til þess að mun minna er um að nemendur hverfi frá námi á öðru, þriðja og fjórða ári. Minni möguleikar á vinnu með skóla leiða til þess að nemendur eru síður í hlutanámi. Námsúrræði í dagskóla eru einnig betur nýtt af nemendum vegna væntanlegs samdráttar í kvöldskóla og fjarnámi. Í skólum á landsbyggðinni fjölgar nemendum því þeir flytja sig í heimabyggð þar sem dýrara er orðið að stunda nám fjarri heimili. Birtingarmynd þessarar auknu virkni nemenda er fjölgun ársnemenda, mæld á grundvelli prófaðra eininga, sem felur þó ekki í sér samsvarandi fjölgun innritaðra einstaklinga. Gert er ráð fyrir að 160 þessara umframnemenda skiptist á milli Menntaskóla Borgarfjarðar, Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Framhaldsskólans við utanverðan Eyjafjörð eins og fram kemur í tillögum um þá fjárlagaliði. Hér er því gerð tillaga um framlag vegna 300 ársnemenda.

Fjárhæð framlagsins miðast ekki við einingaverð sem notuð eru í reiknilíkani framhaldsskóla fyrir fjölgun einstaklinga sem sækja nám enda eru kostnaðaráhrif af aukinni virkni nemenda sem fyrir eru í námi ekki jafnmikil. Töluverð óvissa er um viðbótarkostnaðinn en hér er miðað við að skólarnir fái viðunandi stuðning til að mæta honum.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands **5,0**

1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til náms- og starfsráðgjafar fanga á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands.

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar **44,6**

1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 44,6 m.kr. framlag vegna fjölgunar nemenda í skólanum. Menntaskóli Borgarfjarðar hefur haft þá sérstöðu að vera nýr og í vaxtarferli, þ.e. það bætast við árgangar án tilsvarandi fækkunar vegna nemenda sem ljúka námi. Við frágang fjárlaga 2009 og undirbúning frumvarpsins hefur láðst að taka tillit til þessa. Þannig er í forsendum frumvarpsins enn þá gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda við skólann verði um 100 þegar rétt hefði verið að gera ráð fyrir að hann yrði um 180. Bráðabirgðatölur frá skólanum staðfesta að vaxtarferli skólans er í samræmi við fyrrgreint.

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ **36,6**

1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 36,6 m.kr. framlag vegna fleiri nemenda við nám í skólanum en reiknað var með í frumvarpinu. Skólinn tók til starfa haustið 2009. Mun fleiri nemendur voru innritaðir í skólann en áætlanir í tengslum við frumvarpið gerðu ráð fyrir. Ætla má að um 100 ársnemendur stundi nám við skólann árið 2010 í stað 50 eins og gert hafði verið ráð fyrir.

02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð **40,0**

1.01 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til 40 m.kr. framlag vegna fleiri nemenda í skólanum en reiknað var með í frumvarpinu. Skólinn tók til starfa haustið 2009. Mun fleiri nemendur voru innritaðir í skólann en áætlanir í tengslum við frumvarpið gerðu ráð fyrir. Ætla má að um 45 ársnemendur stundi nám við skólann árið 2010 í stað 15 eins og gert hafði verið ráð fyrir.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **70,0**

1.12 Námskeið og ráðgjöf

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til 70 m.kr. fjárframlag til viðfangsefnisins. Með undirritun svonefnds stöðugleikasáttmála í júní 2009 var staðfest samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um að fjárframlög til fullorðinsfræðslu yrðu aukin og að samið yrði um aðkomu opinbera vinnumarkaðarins að kerfinu. Nú er gert ráð fyrir að framlög vegna þessa hækki í áföngum á næstu þremur árum þannig að þau nemi 70 m.kr. á árinu 2010, 90 m.kr. á árinu 2011 og 110 m.kr. á árinu 2012. Samkvæmt þessu er gerð tillaga um 70 m.kr. framlag árið 2010 vegna aðildar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **-24,5**

1.20 Þekkingasetur Vestmannaeyja

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að tímabundið 24,5 m.kr. framlag sem veitt var til tækjakaupa í tengslum við hafrannsóknir í fjárlögum 2008 falli niður. Tillagan var á sínum tíma hluti af mótvægisaðgerðum sem ákveðið var að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Fjárlagaliðurinn 02-451-1.20 hefur fengið nýtt nafn, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, en hét áður Háskólasetur í Vestmannaeyjum.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **4,0**

1.23 Farskóli Norðurlands vestra

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag í því skyni að efla háskólamenntun með fjarnámi og staðbundinni kennslu sem falli undir Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Í frumvarpi til fjárlaga 2009 var veitt 4 m.kr. framlag til þessa verkefnis. Gert var ráð fyrir að framlagið næmi 8 m.kr. á árinu 2010 en í frumvarpinu fórst fyrir að hækka það. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ákveðið var að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **5,0**

1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Þekkingarseturs Þingeyinga til að bæta fræðsluþjónustu á Norðausturlandi með uppbyggingu starfsstöðvar Þekkingarsetursins á Þórshöfn, í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **20,0**

1.32 Háskólasetur Vestfjarða

Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára vegna meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun sem Háskólasetur Vestfjarða býður upp á í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Um áramótin rennur út samningur milli Háskólaseturs Vestfjarða og menntamálaráðuneytisins um nám í haf- og strandsvæðastjórnun sem unnið er í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Samningurinn gildir frá 1. júlí 2008 til 31. desember 2009 og var fjármagnaður með sérstakri 30 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í fjáraukalögum 2007 með það að markmiði að þróa háskólanám á Vestfjörðum. Í samningnum er endurskoðunarákvæði þar sem vísað er til þess að í lok samningstímans verði árangur metinn og framlenging á fjármögnun námsleiðarinnar skoðuð í framhaldinu. Verkefnið þykir hafa tekist mjög vel og er áformað að því verði haldið áfram.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna **-200,0**

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 m.kr. frá forsendum frumvarpsins. Útlit er fyrir að eiginfjárstaða lánasjóðsins verði betri í árslok 2009 en áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum sökum þess að afborganir námslána hafa skilað sér betur en búist hafði verið við. Lánasjóðurinn þarf því ekki jafnhátt framlag úr A-hluta ríkissjóðs til að viðhalda eiginfjárstöðu sinni og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

02-884 Jöfnun á námskostnaði **50,0**

1.01 Jöfnun á námskostnaði

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 50 m.kr. af 250 m.kr. áformaðri lækkun útgjalda vegna framlaga til jöfnunar á námskostnaði í frumvarpinu gangi til baka til þess að lækkun dvalar- og aksturs styrkja til framhaldsskólanema geti orðið minni sem því nemur.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **1,7**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag til Þorláksbúðarfélagsins til áframhaldandi vinnu við endurreisn Þorláksbúðar í Skálholti.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **2,8**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós).

02-901 Fornleifavernd ríkisins **2,8**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til áframhaldandi fornleifarannsóknar á hinu forna biskups- og menntasetri að Hólum í Hjaltadal.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **1,7**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **5,6**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 5,6 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **2,8**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsóknarinnar sem fram fór í Skálholti árin 2002-2007.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **0,7**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga vegna Tyrfingsstaðaverkefnisins.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **2,8**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna til áframhaldandi fornleifarannsókna í Breiðafjarðareyjunum Skáley og Hrappsey.

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands **75,0**
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 75 m.kr. framlag til að unnt sé að halda áfram verkefni um grunnskráningu og endurskráningu á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og vinnu við stafræna gerð manntala. Til verkefnisins var efnt í kjölfar tillagna ríkisstjórnarinnar um mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar í þorskkvóta. Verkefnið hefur skapað fjölda starfa við skjalaskráningu í einum fimm héraðsskjalasöfnum á landsbyggðinni. Samkvæmt upplýsingum frá héraðsskjalasöfnunum eru nú 32 einstaklingar starfandi við verkefnið.

02-919 Söfn, ýmis framlög **2,1**
1.10 Listasafn ASÍ
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 2,1 m.kr. rekstrarframlag til Listasafns ASÍ.

02-919 Söfn, ýmis framlög **6,0**
1.17 Leikminjasafn Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 1.17 Leikminjasafn Íslands, með 6 m.kr. rekstrarframlagi til safnsins.

02-919 Söfn, ýmis framlög **12,0**
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 1.42 Síldarminjasafn Íslands, með 12 m.kr. rekstrarframlagi til safnsins.

02-919 Söfn, ýmis framlög **-8,1**
1.90 Söfn, ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 8,1 m.kr. lækkun liðarins.

02-919 Söfn, ýmis framlög **10,0**
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis
Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Safnahúss í Búðardal samkvæmt samningi þar að lútandi frá því í janúar. Samningurinn kveður á um 10 m.kr. framlag á ári á tímabilinu 2006-2010, eða samtals 50 m.kr. Vegna mistaka var framlagið fellt niður við fjárlagagerð fyrir árið 2009. Flutt var tillaga um að þetta yrði leiðrétt í 2. umræðu fjáraukalagafrumvarps fyrir árið 2009 og hér er gerð tillaga um 10 m.kr. lokaframlag vegna ársins 2010.

02-919 Söfn, ýmis framlög **-0,1**
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,1 m.kr. lækkun liðarins.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands **22,0**
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 22 m.kr. framlag vegna breytinga á samningum við hljómsveitarmeðlimi í tengslum við hljóðupptökur og tónlistarflutning hljómsveitarinnar í Ríkisútvarpinu. Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er gert ráð fyrir að framlag Reykjavíkurborgar nemi 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar en það færist á tekjuhlið ríkissjóðs og kemur fram á útgjaldahliðinni sem fjármögnun með innheimtum ríkistekjum. Er því gert ráð fyrr að sú fjármögnun nemi 4 m.kr. en að beinar greiðslur úr ríkissjóði aukist um 18 m.kr. Samkvæmt lögunum um hljómsveitina er einnig kveðið á um að hún og Ríkisútvarpið geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Sá samningur hefur ekki verið gerður og er gert ráð fyrir að það verði tekið til athugunar í tengslum við endurnýjun á þjónustusamningi ríkisins við Ríkisútvarpið.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn í Hornafirði.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hótel Framtíð á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Eyrardalsbærinn í Súðavík.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gudmanns Minde, Gamli spítali á Akureyri.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Hlaðan Skjaldbreið, Kálfatjörn, Vogum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhús í Ólafsvík.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar, Duus-hús.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Sjóræningjar ehf., endurbætur á húsnæði.
Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Sandahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,1**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Faktorshúsið á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 3,1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Gamla kjötfrystihúsið í Norðurfirði á Ströndum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Salthúsið Þingeyri.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Vatneyrarbúð.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Miðstræti 3, Bolungarvík.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pompei norðursins.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gamla kaupfélagið, Breiðdalsvík.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Síldarverksmiðjan í Djúpavík á Ströndum.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Uppsalir í Selárdal, hús Gísla á Uppsölum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhús sem hýsir mótorbátinn Skaftfelling.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Brydebúð í Vík.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **4,2**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kvennaskólinn á Blönduósi.
Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamla rafstöðvarhúsið á Bíldudal.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Tangi á Fáskrúðsfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Skaftholtsréttir, uppbygging.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Bryggjuhús á Wathnestorfunni á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Ólafsdalsfélagið, endurreisn Ólafsdals í Dölum.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Garðahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Þiljuvellir 22, Neskaupstað.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Hlíðarhús á Siglufirði.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamla mjólkursamlagið í Borgarnesi.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Þingborg, samkomu- og skólahús.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Öryggislyfta í gamla prestsbústaðinn að Útskálum.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Norðurgata 5, Siglufirði, Herhúsfélagið.
Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands **60,0**
1.10 Kvikmyndasjóðir
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 60 m.kr. af 200 m.kr. áformaðri lækkun útgjalda vegna framlaga í Kvikmyndasjóð í frumvarpinu gangi til baka og lækkun á stuðningi sjóðsins við kvikmyndagerð geti orðið minni en frumvarpið gerir ráð fyrir.

02-982 Listir, framlög **8,6**
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 8,6 m.kr. hækkun á framlagi til að styrkja starfsemi áhugaleikfélaga.

02-982 Listir, framlög **1,0**
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum.

02-982 Listir, framlög **20,0**
1.90 Listir
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á liðnum.

02-983 Ýmis fræðistörf **-13,3**
1.11 Styrkir til útgáfumála
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 13,3 m.kr. lækkun á liðnum.

02-983 Ýmis fræðistörf **1,4**
1.52 Skriðuklaustur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi fornleifarannsókna á klaustrinu sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal 1493-1554. Fornleifarannsókn hefur staðið yfir frá 2002 og eru áætluð verklok 2012.

02-983 Ýmis fræðistörf **10,0**
1.55 Þórbergssetur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að 10 m.kr. framlag verði fært af 02-999-1.90 Ýmis framlög yfir á nýtt viðfang, 02-983-1.55 Þórbergssetur. Fyrirhugað er að gera samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þórbergsseturs um rekstur.

02-988 Æskulýðsmál **-0,9**
1.90 Æskulýðsmál
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. lækkun á liðnum.

02-989 Ýmis íþróttamál **15,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings og þátttöku í vetrarólympíuleikunum 2010.

02-989 Ýmis íþróttamál **0,5**
1.14 Íþróttasamband fatlaðra
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um að hverfa frá 0,5 m.kr. skerðingu á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra.

02-999 Ýmislegt **-5,2**
1.90 Ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5,2 m.kr. lækkun á liðnum.

02-999 Ýmislegt **1,6**
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. hækkun á liðnum.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 1.019,2

03-199 Ráðstöfunarfé **-1,5**
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé utanríkisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

03-300 Sendiráð Íslands **235,7**
1.01 Sendiráð Íslands
Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 235,7 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 voru gerð mistök sem leiddu til þess að það misfórst að reikna áhrif af veikingu íslensku krónunnar á staðaruppbætur starfsmanna í sendiráðum, samtals að fjárhæð 213,5 m.kr. Vegna þessa var fjárlagagrunnur sendiráðanna rangur við verðlagsuppfærslu í fumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 en hann hefði átt að vera 22,2 m.kr. hærri. Samtals nemur skekkjan sem þarf að leiðrétta af þessum sökum því 235,7 m.kr.

03-300 Sendiráð Íslands **27,0**
1.01 Sendiráð Íslands
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 27 m.kr fjárveiting til leigu á sendiherrabústað í New York. Utanríkisráðuneytið hefur nú selt sendiherrabústaðinn í New York fyrir 4,45 milljónir bandaríkjadala eða sem svarar til nálægt 550 m.kr. Tekjur af söluandvirðinu færast á tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 2009. Að sinni telur ráðuneytið réttast að leigja sendiherrabústað í New York frá næstu áramótum. Ráðuneytið gerir engu síður ráð fyrir að fest verði kaup á sendiherrabústað í New York síðar en hefur að svo komnu máli ekki vissu fyrir hvenær af því gæti orðið.

03-300 Sendiráð Íslands **-50,0**
1.01 Sendiráð Íslands
Hagræðing starfsemi
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að rekstrarframlag sendiráða lækki um 50 m.kr. Í frumvarpinu var búið að gera ráð fyrir tiltekinni hagræðingu í rekstri sem ætlað var að skila 3% lækkun á rekstrarkostnaði. Frekari ráðstafanir til hagræðingar í verkefnum utanríkisþjónustunnar hafa verið til athugunar og er nú áformað að draga enn frekar úr rekstrarkostnaði sendiráða. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins hafa einnig verið ákveðnar ýmsar ráðstafanir til að draga saman starfsemi á nokkrum sviðum með innri hagræðingu, einkum með breytingum í starfsmannahaldi, til að mæta með þeim hætti nýjum verkefnum og álagi sem fylgir umsókn um aðild að Evrópusambandinu án þess að hækka þurfi fjárheimildir.

03-611 Útflutningsráð Íslands **2,7**
1.10 Útflutningsráð Íslands
Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 2,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af markaðsgjaldi.

Samtals utanríkisráðuneyti 213,9

04-190 Ýmis verkefni **0,0**
1.21 Lífræn ræktun
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að heiti viðfangsefnisins verði breytt úr Landþurrkun í Lífræn ræktun. Er breytingin lögð til í samræmi við þau verkefni sem heyra undir viðfangsefnið.

04-190 Ýmis verkefni **4,0**
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að halda úti skólaskipinu Dröfn.

04-190 Ýmis verkefni **-4,7**

1.90 Ýmis verkefni

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4,7 m.kr. lækkun liðarins.

04-199 Ráðstöfunarfé **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar **3,5**

1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar **0,6**

1.11 Bændur græða landið

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 0,6 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar **0,4**

1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu **30,0**

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 30 m.kr. hækkun á niðurgreiðslum til lýsingar í ylrækt. Er framlaginu ætlað að koma til móts við þá hækkun sem orðið hefur á framleiðslukostnaði hjá garðyrkjubændum að undanförnu með hækkandi raforkuverði og flutningskostnaði rafmagns.

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu **8,5**

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 8,5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að garðyrkja og ylrækt verði undanþegin 0,12 kr. raforkuskatti samkvæmt frumvarpi þess efnis um umhverfis- og auðlindaskatta. Er þá miðað við að raforkunotkun í garðykju og ylrækt sé um 70.475.556 kWst á ári samkvæmt upplýsingum úr iðnaðarráðuneytinu.

04-811 Bændasamtök Íslands **17,2**

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 17,2 m.kr. Í frumvarpinu voru framlög til liðarins lækkuð um þá fjárhæð á endurmetnu verðlagi 2009 í samræmi við samning, dags. 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998. Samningurinn felur í sér árlega hagræðingarkröfu. Þessu til viðbótar var ein af sérstökum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum að lækka framlag til Bændasamtaka Íslands um 100 m.kr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerði ráð fyrir að 17,2 m.kr. lækkunin sem var innifalin í búnaðarlagasamningnum væri hluti af 100 m.kr. niðurskurðarkröfunni og var málið kynnt þannig fyrir Bændasamtökunum. Með þessari tillögu er því lagt til að framlagið hækki aftur um 17,2 m.kr. þannig að lækkunin á framlaginu verði samtals 100 m.kr. en ekki 117,2 m.kr.

Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 58,0

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa **10,3**

1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í frumvarpinu hækki um 10,3 m.kr. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast neytendamálum frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

06-190 Ýmis verkefni **3,5**

1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi standsetningar á varðskipinu Óðni, sem nú er safnskip, og til að bæta aðgengi gesta.

06-199 Ráðstöfunarfé **-2,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé dómsmála- og mannréttindaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

06-201 Hæstiréttur **16,0**

1.01 Hæstiréttur

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveitingar til réttarins hækki um 16 m.kr. í ljósi þess að horfur eru á að málum tengdum bankahruninu komi til að fjölga hjá Hæstarétti. Fjárveitingunni yrði aðallega ráðstafað til með að fjölga aðstoðarmönnum dómara. Málum sem fara fyrir Hæstarétt hefur einnig fjölgað úr um 500 á ári í um 700 á sl. tveimur árum. Af þessum sökum hefur biðtími mála lengst um 15%.

06-210 Héraðsdómstólar **86,0**

1.01 Héraðsdómstólar

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting til héraðsdómstólanna hækki tímabundið um 86 m.kr. í samræmi við frumvarp um breytingar á lögum um dómstóla, nr. 15/1998. Með frumvarpinu er kveðið á um að dómarar í héraði skuli vera 43 í stað 38 eins og nú er. Gert er ráð fyrir að um tímabundna fjölgun dómara sé að ræða, eða til 1. janúar 2013. Áætluð launagjöld vegna þessa nema 53 m.kr. á ári. Jafnframt er lagt til að aðstoðarmönnum dómara verði fjölgað um fimm talsins og er áætlað að það kosti 33 m.kr. á ári. Tilgangurinn er að mæta fyrirséðu auknu álagi á dómstólana í kjölfar dómsmála sem tengjast falli bankanna. Til að mæta þessari útgjaldahækkun hefur dómsmálaráðherra lagt til hækkun dómsmálagjalda sem innheimt eru samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og liggur nú fyrir frumvarp fjármálaráðherra um það sem felur í sér að hækkun dómsmálagjalda er mun meiri en annarra gjalda.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **13,5**

1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 13,5 m.kr. framlag til Rannsóknamiðstöðvar HÍ í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi en framlag til miðstöðvarinnar var fellt niður í frumvarpinu í hagræðingarskyni.

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins **30,0**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til að styrkja meðferðarúrræði á Litla-Hrauni og verkefni á félagslegum grunni og til að mæta atvinnuúrræðum.

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins **107,2**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að rekstrarfjárveiting Fangelsismálastofnunar hækki um 107,2 m.kr. vegna fjölgunar fangarýma um 16 í bráðabirgðahúsnæði.
Í septembermánuði féllst ríkisstjórnin á tillögu dómsmála- og mannréttindaráðherra um að leigja húsnæði undir bráðabirgðafangelsi þar sem aukinn fjöldi gæsluvarðhaldsfanga hefur leitt til neyðarástands í þessum málaflokki. Nú er stefnt að því að leigja húsnæði á Suðurlandi til þessara nota og tengja reksturinn við Litla-Hraun eftir því sem hægt er þannig að rekstrarkostnaði verði haldið í lágmarki. Rekstraráætlun vegna þessara rýma felur í sér um 63 m.kr. launagjöld og húsaleiga er samkvæmt tilboði tæpar 18 m.kr. á ári. Um 13 m.kr. útgjöld skýrast af rekstrarvörukaupum.

06-701 Þjóðkirkjan **1,8**

6.28 Þingeyraklausturskirkja

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. tímabundið framlag vegna byggingarkostnaðar klausturstofu Þingeyraklausturskirkju.

06-707 Kristnisjóður **6,0**

1.10 Kristnisjóður

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að jafnað verði niður hagræðingarkröfu á fjárlagaliði vegna kirkjumálefna í samræmi við samkomulag við Þjóðkirkjuna þannig að hún verði sem næst 10% á hverjum lið fyrir sig. Í því felst að lögð er til 6 m.kr. hækkun framlags til Kristnisjóðs en að á móti lækki framlag til 06-733 Kirkjugarða jafnmikið samkvæmt tillögu undir þeim fjárlagalið.

06-733 Kirkjugarðar **-6,0**

1.11 Kirkjugarðar

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að jafnað verði niður hagræðingarkröfu á fjárlagaliði vegna kirkjumálefna í samræmi við samkomulag við þjóðkirkjuna þannig að hún verði sem næst 10% á hverjum lið fyrir sig. Í því felst að lögð er til 6 m.kr. lækkun til kirkjugarða en á móti hækki framlag til 06-707 Kirkjusjóðs jafnmikið samkvæmt tillögu undir þeim fjárlagalið.

Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 265,9

07-199 Ráðstöfunarfé **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi **1,4**

1.30 Verndaðir vinnustaðir

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við lóð og aðgengismál við Jónsver sem er vinnustofa á Vopnafirði fyrir fólk með skerta starfsorku.

07-821 Tryggingastofnun ríkisins **0,0**

1.01 Tryggingastofnun ríkisins

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að velta stofnunarinnar dragist saman þannig að bæði útgjöld og sértekjur lækki um 613,4 m.kr. Greiðslur úr ríkissjóði verða óbreyttar eftir sem áður. Eftir að Sjúkratryggingum Íslands var komið á fót hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum að sú stofnun kaupi ýmsan kerfisrekstur og umsýslu með sjúkratryggingum frá Tryggingastofnun samkvæmt samningi. Sú velta hefur orðið umtalsvert minni en ráð var fyrir gert þannig að lækka þarf veltuna frá því sem reiknað var með í frumvarpinu.

07-821 Tryggingastofnun ríkisins **12,0**

1.01 Tryggingastofnun ríkisins

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að launa- og verðlagsútreikningur Tryggingastofnunar verði leiðréttur í samræmi við tillögu um breytt rekstrarumfang TR. Þegar Sjúkratryggingum Íslands var komið á fót var gert ráð fyrir því í fjárlögum að sú stofnun keypti ýmsa þjónustu af Tryggingastofnun samkvæmt samningi, t.d. kerfisrekstur og umsýslu með sjúkratryggingum. Tekjur Tryggingastofnunar vegna sölu á þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands eru hins vegar umtalsvert minni en ráð var fyrir gert og á það einnig við um rekstrargjöld. Verðlagsreikningur fjárlagafrumvarpsins miðaðist því ekki við rétta veltu sem leiddi til þess að áætlaðar sértekjur voru hækkaðar upp um 12 m.kr. umfram útgjöld. Miðað við leiðréttingu á gjalda- og tekjugrunni Tryggingastofnunar, sem einnig er gerð tillaga um, hafa laun verið ofreiknuð um 7,6 m.kr., önnur gjöld um 11 m.kr. og sértekjur um 30,6 m.kr. Með tillögunni er lagt til að þessar fjárhæðir verði leiðréttar þannig að framlag úr ríkissjóði hækki um 12 m.kr.

07-827 Lífeyristryggingar **0,0**

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 171,6 m.kr. til að vega upp á móti hækkun tekna af tryggingagjaldi sem varið verður til þessara verkefna á næsta ári.

07-980 Vinnumálastofnun **0,0**

1.01 Vinnumálastofnun

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að heimild Vinnumálastofnunar til að stofna til útgjalda verði hækkuð tímabundið um 130 m.kr. á árinu 2010. Þar af renni 40 m.kr. til Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Samhliða breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun komi í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vaxandi vanda ungs fólks í atvinnuleit og langtímaatvinnulausra. Gert er ráð fyrir framlagi til þessa átaks í annarri tillögu á lið Atvinnuleysistryggingasjóðs.

07-982 Ábyrgðasjóður launa **-10,0**

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Vegna 0,05% hækkunar á ábyrgðargjaldi launa er áætlað að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð lækki um 10 m.kr. frá fyrri áætlun og verði samtals 110 m.kr. Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins lækki sem þessu nemur.

07-982 Ábyrgðasjóður launa **70,0**

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjöld Ábyrgðasjóðs launa hækki um 70 m.kr. frá því sem ætlað var í frumvarpinu. Með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var felld niður heimild sjóðsins til að greiða vaxtagjöld af lífeyrissjóðsiðgjöldum. Ákveðið hefur verið að falla frá þeirri breytingu en hækka þess í stað ábyrgðargjaldið um 0,05%. Gjaldið verður þá 0,25% af gjaldstofni frá og með 1. janúar 2010.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **-1.500,0**

1.11 Atvinnuleysisbætur

Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild vegna atvinnuleysisbóta lækki um 1.500 m.kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði að jafnaði 10,6% á árinu 2010. Ný spá gerir ráð fyrir að það verði 9,6%. Á móti vegur að í forsendum frumvarpsins var nokkurt vanmat á kostnaði af atvinnuleysisbótum sem teljast til vinnumarkaðsúrræða. Til viðbótar þessari lækkun útgjalda hefur þegar verið gert ráð fyrir 1.550 m.kr. lækkun á útgjaldaheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs sem náð verður með breytingum á ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og hertu eftirliti af hálfu Vinnumálastofnunar.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **-820,0**

1.11 Atvinnuleysisbætur

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild vegna atvinnuleysisbóta lækki um 820 m.kr. í samræmi við fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar o.fl. Þar er gert ráð fyrir að draga úr bótarétti námsmanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga þannig að samtals sparist um 1.570 m.kr. á ári í atvinnuleysisbótum. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 750 m.kr. samdrætti í útgjöldunum en þessum viðbótaraðgerðum er ætlað að fjármagna útgjöld við vinnumarkaðsaðgerðir og aukna umsýslu hjá Vinnumálastofnun sem fram koma í tillögu undir tveimur öðrum viðfangsefnum sjóðsins.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **130,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki tímabundið um 130 m.kr. til að Vinnumálastofnun geti brugðist við vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks. Þar af eru 90 m.kr. vegna umsýslu við vinnumarkaðsaðgerðir og 40 m.kr. vegna aukins álags á greiðsluþjónustu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Innan fjárheimilda Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar 912 m.kr. til að veita aukna þjónustu vegna langtímaatvinnuleysis. Fjármagna á átakið með sparnaði sem næst með breyttum reglum um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysistrygginga, breytingum á rétti námsmanna og betra eftirliti með útgjöldum. Vonir standa til að átakið skili þeim árangri strax á fyrri hluta ársins að áunninn sparnaður og minnkandi atvinnuleysi skapi rúm fyrir fjármögnun þess á seinni hluta ársins án hækkunar tryggingagjalds. Verði tafir á því verður fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs endurmetin á miðju ári.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **690,0**

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að gert verði ráð fyrir 690 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis til að bregðast við vanda langtímaatvinnulausra og vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks. Fjármögnun átaksins verður byggð á sparnaði í atvinnuleysisbótum sem næst með breyttum reglum um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysistrygginga, breytingum á rétti námsmanna og betra eftirliti með útgjöldum. Vonir standa til að átakið skili þeim árangri strax á fyrri hluta ársins að áunninn sparnaður og minnkandi atvinnuleysi skapi rúm fyrir fjármögnun þess á seinni hluta ársins án hækkunar tryggingagjalds. Verði tafir á því verður fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs endurmetin á miðju ári.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **-440,0**

1.81 Vaxtatekjur

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld sem sjóðurinn greiðir til ríkissjóðs vegna fjármögnunar á útgjöldum umfram markaðar tekjur lækki um 440 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Áætlað er að með hækkun á atvinnutryggingagjaldi úr 2,21% í 3,81% muni tekjur af gjaldinu nægja til að standa undir greiðslu atvinnuleysisbóta og annarra útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki er því reiknað með að sjóðurinn þurfi að greiða ríkissjóði vexti á næsta ári.

07-989 Fæðingarorlof **-60,0**

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 60 m.kr. í kjölfar breytinga á ákvæðum laga um foreldra- og fæðingarorlof. Sú breyting gerir ráð fyrir að greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra frestist þar til að barnið nær 36 mánaða aldri eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **2,8**

1.35 Félag heyrnarlausra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Félags heyrnarlausra.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **16,0**

1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 16 m.kr. hækkun á framlagi til Fjölmenningarsetursins á Ísafirði.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **1,0**

1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun liðarins.

Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti -1.908,3

08-199 Ráðstöfunarfé **-2,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé heilbrigðisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

08-206 Sjúkratryggingar **1.167,0**

1.16 Lyf með S-merkingu

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild til S-merktra lyfja stóru sjúkrahúsanna hækki um 1.167 m.kr. frá því sem reiknað var með í ljósi endurskoðaðrar áætlunar sem tekur mið af áætlaðri útkomu ársins 2009. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 var ákveðið að flytja fjárheimildir frá Landspítalanum og Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar vegna S-merktra lyfja yfir á sérstakt viðfangsefni hjá Sjúkratryggingum í því skyni að skerpa á kostnaðareftirliti í ljósi þess að útgjöldin höfðu vaxið hratt á fyrstu verðlagi undanfarin ár. Sú fjárveiting var á verðlagi fjárlagafrumvarpsins 2009 eins og allar aðrar fjárveitingar og voru sá heimildargrunnur sem heilbrigðisráðuneytið ætlaði til S-merktra lyfja á árinu 2009. Fjárveitingin sem færð var yfir til Sjúkratrygginga hefur síðan tekið gengisbreytingum miðað við verðlags- og gengisforsendur fjárlaga, þ.e. við 3. umræðu fjárlaga 2009 og í fjárlagafrumvarpinu 2010. Engu síður er nú útlit fyrir að 1.167 m.kr. vanti upp á að framlög til S-merktra lyfja samkvæmt frumvarpinu dugi fyrir útgjöldum næsta árs ef miðað er við útgjöldin fyrstu tíu mánuði þessa árs og áætlun til ársloka að teknu tilliti til gengisbreytinga.

08-373 Landspítali **0,0**

1.01 Landspítali

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 120,5 m.kr. tilfærsla af sértekjum yfir á laun og önnur gjöld. Nú er svo komið að spítalinn telur sig ekki geta staðið undir þeirri sértekjukröfu sem á hann er gerð í frumvarpinu. Á fjárlögum 2009 var sértekjukrafa spítalans hækkuð um 14,3% eða 337 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun verðlags. Stærstur hluti sérteknanna er komugjöld sjúklinga sem alla jafna hækka ekki nema samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra og þá með breytingu á reglugerð nr. 1204/2008 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar þessari verðlagshækkun var hluti af hagræðingaraðgerðum heilbrigðisráðuneytis í ár að koma á nýjum gjaldastofni vegna inniliggjandi sjúklinga og auka tekjur sem nam 360 m.kr. Af þessum nýja gjaldstofni varð ekki, en komugjöld sem fyrir voru í kerfinu voru hækkuð sem nam 335 m.kr., þar af komu 120,5 m.kr. í hlut spítalans. Framlög til spítalans voru lækkuð innan ársins sem nam þessum 120 m.kr. og endanlega færð í formi hækkaðrar sértekjukröfu í rekstrargrunn spítalans í frumvarpi 2010. Enn fremur hækka sértekjur spítalans um 141 m.kr. í frumvarpinu vegna verðlagsreikninga. Landspítali telur sig ekki geta mætt þeirri sértekjukröfu sem honum er ætluð í frumvarpinu.

08-379 Sjúkrahús, óskipt **-20,0**

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í fjárlögum 2008 var samþykkt 20 m.kr. heimild til að hefja leit að krabbameini í ristli og endaþarmi hjá einstaklingum af báðum kynjum á aldrinum 60-69 ára. Frekari skoðun hefur leitt í ljós að umtalsvert meiri kostnaður fylgir því að hefja leit að krabbameini í ristli og endaþarmi hjá þessum aldurshópi og eru því ekki taldar forsendur til að hefja þetta verkefni við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum. Er því lagt til að fjárheimildin verði felld niður.

08-397 Lyfjastofnun **200,0**

1.01 Lyfjastofnun

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjaldaheimild Lyfjastofnunar hækki um 226,5 m.kr. en að áætlaðar sértekjur hækki jafnframt um 26,5 m.kr. Fjárþörf vegna reksturs stofnunarinnar eykst þar með um 200 m.kr. en því verður mætt með hækkun á áætlun um fjármögnun með mörkuðum ríkistekjum stofnunarinnar. Áætlun um markaðar tekjur stofnunarinnar gerir ráð fyrir að þær verði 403,5 m.kr. á næsta ári og að við það bætist sértekjur að fjárhæð 55,2 m.kr. Með tillögunni er gert ráð fyrir að þessum tekjum verði ráðstafað til að standa undir rekstrargjöldum að frádreginni hagræðingarkröfu sem nemur 9,6 m.kr. fyrir árið 2009 og 34,1 m.kr. fyrir árið 2010. Velta Lyfjastofnunar hefur á undanförnum árum verið umtalsvert meiri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárheimildum fjárlaga og hefur útgjaldaaukning stofnunarinnar verið langt umfram almenna þróun ríkisútgjalda. Með tillögunni er verið að færa heimildir fjárlaga að raunverulegri veltu stofnunarinnar en jafnframt gert ráð fyrir að eftirleiðis fylgi heilbrigðisráðuneytið og stjórnendur stofnunarinnar betur eftir rekstraráætlunum þannig að þær verði innan þeirra fjárheimilda sem settar eru í fjárlögum.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **20,0**

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild hækki um 20 m.kr. vegna nýs samnings við Krabbameinsfélagið um leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna. Á móti þessari tillögu er gerð tillaga um að fella niður 20 m.kr. heimild frá fjárlögum 2008 um leit að krabbameini í ristli og endaþarmi þar sem kostnaður við verkefnið er töluvert umfram þá heimild sem veitt var til verkefnisins. Þegar tillit er tekið til niðurfellingarinnar helst rammi heilbrigðisráðuneytisins óbreyttur.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **55,3**

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 55,3 m.kr. tímabundna hækkun á fjárheimild vegna viðbúnaðar gegn heimsfaraldri svínainflúensu til viðbótar við 95 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af virðisaukaskatti á bóluefni sem nemur 23,3 m.kr. og heilbrigðisráðuneytinu láðist að reikna með í áætlun frumvarpsins, í öðru lagi af kaupum á inflúensulyfjum og öðrum sýklalyfjum fyrir 10 m.kr., í þriðja lagi af 5 m.kr. árlegum kostnaði við lagerhald lyfja, í fjórða lagi af 12 m.kr. árlegum kostnaði við birgðahald hlífðarbúnaðar og í fimmta lagi af 5 m.kr. kostnaði dreypilyfja.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **-0,3**

1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. lækkun liðarins.

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ **29,1**

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 29,1 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins urðu þau mistök að ekki reiknaðist 5% verðlagsuppfærsla á þennan lið eins og á önnur rekstrargjöld stofnana, auk þess sem hækkun á tryggingagjaldi úr 5,34% í 7% skilaði sér ekki.

Samtals heilbrigðisráðuneyti 1.448,7

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa **35,5**

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði tímabundin fjárveiting að upphæð 35,5 m.kr. til þess að fjármagna kaup á sérfræðiþjónustu í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Um er að ræða viðbótarkostnað sem ekki var gert ráð fyrir í frumvarpinu. Áætlað er að kostnaður vegna skuldastýringar og umsýslu á kröfum ríkissjóðs nemi 30 m.kr. Gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands sinni hluta af þessum verkefnum áfram. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir áætlaðri aðkeyptri sérfræðiþjónusta vegna sparisjóða og minni fjármálafyrirtækja að fjárhæð 5,5 m.kr.

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa **-74,2**

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting fjármálaráðuneytis í frumvarpinu lækki um 74,2 m.kr. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast efnahagsmálum og meðferð bókhalds og ársreikninga frá fjármálaráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Samtals eru þetta 8,5 stöðugildi. Um er að ræða millifærslu til aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis að upphæð 42,5 m.kr. annars vegar og hins vegar 31,7 m.kr. til Hagstofu Íslands.

09-103 Fjársýsla ríkisins **18,2**

1.43 Tekjubókhaldskerfi

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 18,2 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna tekjubókhaldskerfis hjá Fjársýslu ríkisins. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins urðu þau mistök að ekki reiknaðist 5% verðlagsuppfærsla á þennan lið eins og á önnur rekstrargjöld stofnana.

09-199 Ráðstöfunarfé **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé fjármálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

09-210 Ríkisskattstjóri **21,5**

1.01 Almennur rekstur

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 21,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu á næsta ári til þess að standa straum af kynningarkostnaði, auglýsingum og almennri fræðslu í tengslum við breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og upptöku umhverfis- og auðlindaskatts. Þar af eru 15 m.kr. vegna breyttra tekjuskattslaga, 1 m.kr. vegna umhverfis- og auðlindaskattslaga og 5,5 m.kr. vegna virðisaukaskattslaga.

09-210 Ríkisskattstjóri **62,2**

6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um tímabundna fjárheimild að fjárhæð 62,2 m.kr. vegna breytinga á upplýsingakerfum embættisins í tengslum við breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og vegna nýrra laga um umhverfis- og auðlindaskatt. Um er að ræða breytingar á tölvukerfum, forritun, endursmíði, breytingar á leiðbeiningum og þess háttar. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna breytinga á tekjuskatti nemi 51 m.kr., vegna kolefnisskatts 2,5 m.kr. og vegna virðisaukaskatts 8,7 m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld **20,0**

1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár vegna tímabundins átaks við skattrannsóknir. Á árinu 2009 var ákveðið að ráðast í sérstakt átaksverkefni í skattrannsóknum vegna bankahrunsins. Ákveðið var að flytja til tíu starfsmenn úr skattkerfinu til þess að sinna umræddu verkefni (fimm frá skattrannsóknarstjóra og fimm úr öðrum stofnunum skattkerfisins). Tekið var á leigu sérstakt húsnæði í Borgartúni 7 undir starfsemina sem hefur í för með sér viðbótarrekstrarkostnað að upphæð 15 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónustu að upphæð a.m.k. 5 m.kr. Meginhluti launakostnaðar umræddra tíu starfsmanna mun verða greiddur af skattrannsóknarstjóra og öðrum stofnunum skattkerfisins.

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða **17,7**

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 17,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður **0,0**

1.11 Starfsendurhæfingarsjóður

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fagráðuneyti

Heiti Endurhæfingarsjóðs hefur verið breytt í Starfsendurhæfingarsjóð samkvæmt skipulagsskrá og breytist því heiti fjárlagaliðarins samkvæmt því.

09-721 Fjármagnstekjuskattur **1.940,0**

1.11 Fjármagnstekjuskattur

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 1.940 m.kr. og verði 4.647 m.kr. Skýrist það að mestu af hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 18% frá 1. janúar 2010. Fjármangstekjukatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

09-811 Barnabætur **1.000,0**

1.11 Barnabætur

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.000 m.kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að falla frá áformum um skerðingu á barnabótum sem lið í aðhaldsaðgerðum og verður til ráðstöfunar sama fjárhæð og árið 2009 til að greiða út bætur. Gert er ráð fyrir því að þessu verði mætt með tekjum af nýju auðlegðargjaldi.

09-821 Vaxtabætur **2.300,0**

1.11 Vaxtabætur

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 2.300 m.kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækka greiðslur vaxtabóta á árinu 2010 með sama hætti og gert var á árinu 2009. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að hækkunin verði fjármögnuð með skattlagningu af útleystum séreignarsparnaði en á næsta ári er gert ráð fyrir að á móti hækkun vaxtabótanna komi tekjur af nýju auðlegðargjaldi. Þannig verði viðhaldið þeirri hækkun vaxtabóta sem ákveðin var á sumarþinginu.

Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir að útgreiðslur vaxtabóta gætu aukist talsvert umfram forsendur í frumvarpinu að óbreyttu vegna lækkaðs eiginfjárhlutfalls íbúðareigenda, aukningar skulda og vaxtagreiðslna af þeim og vegna lægri launa. Því hefur verið gert ráð fyrir að reglum verði breytt til að sporna við frekari hækkun vaxtabóta, t.d. með því að hámark vaxtagjalda af eftirstöðvum skulda sem koma til bótaútreiknings verði lækkað. Verði ekki af þessum breytingum á vaxtabótakerfinu má gera ráð fyrir því að greiðslur vaxtabóta aukist um allt að 2.000 m.kr. til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs **-271,3**

1.11 Rekstur fasteigna

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að önnur gjöld verði lækkuð um 80,7 m.kr. og að sértekjur verði hækkaðar um 190,6 m.kr. Við endurskoðun á rekstrarumfangi stofnunarinnar hefur komið í ljós að rekstrargjöld eru ofáætluð í frumvarpinu, m.a. vegna lægri fasteignagjalda en áður var reiknað með, og að leigutekjur eru vantaldar vegna nýrra fasteigna sem flytjast til stofnunarinnar. Samtals er þetta breyting á umfangi að fjárhæð 271,3 m.kr. sem veitir svigrúm til aukinna viðhaldsverkefna. Lagt er til að liðurinn 09-984-5.21 verði hækkaður um 271,3 m.kr. og heimilað verði að ráðstafa fjárheimildum í aukið viðhald vegna fjölgunar á fasteignum í umsjá stofnunarinnar.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs **271,3**

5.21 Viðhald fasteigna

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveitingin verði hækkuð um 271,3 m.kr. og heimilað verði að ráðstafa henni í viðhald vegna fjölgunar á fasteignum í umsjá stofnunarinnar. Við endurskoðun á rekstrarumfangi stofnunarinnar hefur komið í ljós að rekstrargjöld eru ofáætluð í frumvarpinu um 80,7 m.kr., m.a. vegna lægri fasteignagjalda en áður var reiknað með, og að leigutekjur eru vantaldar um 190,6 m.kr. vegna nýrra fasteigna sem flytjast til stofnunarinnar. Samtals gerir þetta kleift að auka viðhaldsverkefni sem nemur 271,3 m.kr.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs **80,0**

5.21 Viðhald fasteigna

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Óskað er eftir tímabundinni 80 m.kr. hækkun á fjárheimild á árinu 2010 til að auka við mannaflsfrek viðhaldsverkefni á vegum Fasteigna ríkissjóðs sem fjármögnuð verði með beinu framlagi úr ríkissjóði. Stofnunin hefur tekið að sér talsverðan fjölda af nýjum fasteignum, m.a. frá heilbrigðisráðuneytinu, og er ætlunin að ráðast í ýmis lítil viðhaldsverkefni sem eru mannaflsfrek.

09-989 Ófyrirséð útgjöld **-115,7**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 115,7 m.kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir hækkunum á fjárheimildum í tengslum við aukinn launakostnað sem leiðir af hækkun tryggingagjalds úr 5,34% í 7% frá 1. júlí sl. Fyrir mistök reiknaðist hækkun á þennan lið sem ekki er þörf fyrir.

09-989 Ófyrirséð útgjöld **2.161,6**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Með lögum um breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, hækka samanlögð gjöld úr 7% í 8,65% eða um 1,65% frá því sem gert var ráð fyrir í forsendum frumvarpsins. Áhrif þessarar lagasetningar á útgjöld ríkissjóðs á árinu 2010 eru metin á um 2,2 milljarða kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess. Fjármögnun útgjaldanna með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtum ríkistekjum breytist jafnframt til samræmis við þetta.

09-999 Ýmislegt **-37,0**

1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til stjórnmálasamtaka verði skert um 37 m.kr. eða sem svarar til 10% frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til að stuðla að markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að framlag til þingflokka skerðist í sama mæli í annarri tillögu á viðfangsefni undir fjárlagalið Alþingis.

09-999 Ýmislegt **16,5**

1.67 Þjóðlendumál

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 16,5 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til þess að fjármagna málarekstur ríkisins vegna þjóðlendna. Um er að ræða mál sem tekin voru fyrir hjá óbyggðanefnd og dómstólum áður en tillaga fjármálaráðherra um frestun kröfulýsinga var samþykkt í ríkisstjórn. Kostnaður vegna umræddra mála er áætlaður meiri en áður var reiknað með.

09-999 Ýmislegt **-10,0**

1.68 Endurskoðendaráð

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild vegna verkefna endurskoðendaráðs verði flutt til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Í lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands er ábyrgð á málefnum endurskoðenda flutt til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Í lögunum kemur einnig fram að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi endurskoðendaráð.

Samtals fjármálaráðuneyti 7.434,8

10-190 Ýmis verkefni **-5,8**

1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 5,8 m.kr. framlag á þessu viðfangsefni verði fellt niður og flutt til Flugmálastjórnar Íslands. Samningur um styrk til flugs til Narssarsuaq rennur út í árslok. Áformað var að endurnýja samninginn en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur nú ákveðið að hætt verði stuðningi við flugið. Þess í stað verði hagræðingarkrafa á Flugmálastjórn Íslands lækkuð sem því nemur til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar. Vísað er til rökstuðnings með þeirri tillögu.

10-199 Ráðstöfunarfé **-1,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar **-14,2**

1.01 Almennur rekstur

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um viðbótarhagræðingarkröfu í rekstri Vegagerðarinnar sem nemi 14,2 m.kr. Framlagið verði flutt til Flugmálastjórnar Íslands til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar. Vegagerðinni var upphaflega ætlað að mæta hagræðingarmarkmiði sem nemur 11,2% af almennum rekstrarlið sínum en viðbótarhagræðingin hækkar það hlutfall um 2,4%. Ekki er ástæða til að ætla að þessi aukna krafa valdi stofnuninni vandræðum en geta má þess að heildarvelta rekstrarhluta Vegagerðarinnar er áætluð 6,8 milljarðar kr. á næsta ári og hagræðingin að meðtalinni viðbótinni er um 1,3% af henni.

10-335 Siglingastofnun Íslands **0,0**

1.01 Almennur rekstur

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna sem lagt hefur verið fram á haustþinginu er gert ráð fyrir að notendur að lögskráningarkerfi Siglingastofnunar greiði gjald sem standi undir kostnaði við rekstur gagnagrunns og öðrum kostnaði í tengslum við lögskráninguna. Áætlað er að tekjur af gjaldinu verði 3 m.kr. á ári. Beint framlag úr ríkissjóði lækkar samsvarandi.

10-335 Siglingastofnun Íslands **30,0**

6.80 Sjóvarnargarðar

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til að byggja sjóvarnargarð við Reykhólahöfn.

10-335 Siglingastofnun Íslands **70,0**

6.80 Sjóvarnargarðar

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 70 m.kr. tímabundið framlag til sjóvarna við Vík í Mýrdal. Hætta er á stórfelldu tjóni á mannvirkjum í sveitarfélaginu ef tafir verða á að efla sjóvarnir þar. Um er að ræða að hækka og styrkja flóðvarnargarðinn vestan Víkurár á um 750 metra kafla. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. framlag komi til verksins af fjárveitingu sjóvarna samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og að með því 70 m.kr. framlagi sem hér er gerð tillaga um verði þá varið 100 m.kr. til verkefnisins á árinu. Upphafleg kostnaðaráætlun verksins er 200 m.kr. en í ljósi hagstæðra tilboða sem borist hafa í hliðstæð verk er bundin von við að tilboð berist í verkið sem geri kleift að ljúka því á árinu 2011 og verja hluta fjárveitinga til sjóvarna þess árs til verksins.

10-336 Hafnarframkvæmdir **-130,0**

6.70 Hafnabótasjóður

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins verði lækkað um 130 m.kr. með millifærslu þeirrar fjárhæðar á lið Landeyjahafnar en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að breyta forgangi í ramma ráðuneytisins og leggja meiri áherslu á að ljúka við framkvæmdir í Landeyjahöfn á næsta ári. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að klára gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. til viðbótar svo ljúka megi verkinu. Til að mæta því sem á vantar þarf því 145 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði til viðbótar. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

10-336 Hafnarframkvæmdir **130,0**

6.72 Landeyjahöfn

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins verði hækkað um 130 m.kr. með millifærslu þeirrar fjárhæðar af lið Hafnabótasjóðs en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að breyta forgangi í ramma ráðuneytisins og leggja meiri áherslu á að ljúka við framkvæmdir í Landeyjahöfn á næsta ári. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að ljúka gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. svo ljúka megi verkinu. Til að mæta því sem á vantar þarf því 145 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði til viðbótar. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

10-336 Hafnarframkvæmdir **145,0**

6.72 Landeyjahöfn

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til 145 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til að unnt verði að ljúka framkvæmdum við Landeyjahöfn. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að ljúka við gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgönguráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. svo ljúka megi verkinu. Í annarri tillögu er gert ráð fyrir að liðnum verði veitt 130 m.kr. framlag af lið Hafnabótasjóðs en ásamt þessari tillögu gera það samtals 275 m.kr. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

10-336 Hafnarframkvæmdir **-7,5**

6.74 Lendingabætur

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að fella liðinn niður.

10-471 Flugmálastjórn Íslands **5,8**

1.01 Flugmálastjórn Íslands

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 5,8 m.kr. framlag sem ætlað var til að styrkja flug til Narssarsuaq á Grænlandi verði fellt niður og flutt til Flugmálastjórnar Íslands. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að hætt verði stuðningi við flug til Narssarsuaq en þess í stað verði hagræðingarmarkmið Flugmálastjórnar lækkað sem því nemur til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar.

10-471 Flugmálastjórn Íslands **14,2**

1.01 Flugmálastjórn Íslands

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að framlag til liðarins verði hækkað um 14,2 m.kr. með millifærslu frá rekstrarlið Vegagerðarinnar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að hagræðingarmarkmið í rekstri Vegagerðarinnar verði hækkað um sömu fjárhæð. Með þessu er ætlunin að styrkja grunnstarfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Ráðuneytið telur að sú hagræðingarkrafa sem stofnuninni var upphaflega gert að sæta hafi skapað hættu á að henni takist ekki að sinna eftirliti sínu með flugrekendum nógu vel. Slíkt gæti valdið því að flugverndarstofnanir Bandaríkjanna annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar gerðu athugasemdir við umfang eftirlitsins en það gæti valdið bæði flugrekendum og farþegum stórfelldum vandræðum þar eð eftirlit yrði þá aukið af hálfu þessara stofnana gagnvart þeim á áfangastöðum í þessum ríkjum eða jafnvel að hömlur yrðu lagðar á flug héðan meðan úrbætur yrðu gerðar af hálfu Flugmálastjórnar Íslands. Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, hefur nú þegar gert athugasemdir við umfang tiltekins eftirlits Flugmálastjórnar og krafist tafarlausra úrbóta sem hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka fyrir stofnunina.

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin **30,7**

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin

Breyttar forsendur
Samþykkt á Alþingi
Fagráðuneyti

Lagt er til að útgjaldaheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 30,7 m.kr. í samræmi við breytta tekjuáætlun. Hún byggist á endurskoðaðri áætlun stofnunarinnar um markaðar tekjur sínar á yfirstandandi ári og nýrri áætlun um hverjar þær tekjur muni verða á næsta ári en gert er ráð fyrir að þær verði samtals 310 m.kr. á árinu 2010. Til skýringar er fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við 12. gr. heimildartilskipunar ESB nr. 2002/20/EB en samkvæmt henni skulu álögð gjöld standa undir kostnaði sérgreindra þátta í starfsemi eftirlitsstjórnvalds á sviði fjarskipta. Auknar tekjur af þessum gjöldum færast á tekjuhlið ríkissjóðs og verður afkoma hans því óbreytt eftir sem áður.

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu **-3,4**

1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 3,4 m.kr. lækkun liðarins. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækkaði um 169,6 m.kr. og yrði 38,4 m.kr. í ljósi áætlunar um tekjur af gjaldi til sjóðsins. Nú er ljóst að fjárheimild sjóðsins lækkar enn frekar og verður 35 m.kr.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **792,0**

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 792 m.kr. hækkun á framlögum til liðarins. Í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum framlögum til sjóðsins. Ástæðan var sú að þá lá ekki fyrir hver endanleg útfærsla skattabreytinga yrði og hvaða áhrif þær breytingar kynnu að hafa á lögbundin framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða á almenna tekjustofna sveitarfélaga. Gert var ráð fyrir að taka fyrirkomulagið á fjármögnun sjóðsins til endurskoðunar við 2. umræðu frumvarpsins þegar þessar forsendur lægju betur fyrir. Nú þegar skattabreytingar komandi árs liggja fyrir má að óbreyttum lögum gera ráð fyrir að hækka þurfi lögbundin framlög til sjóðsins um 792 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 396.931 m.kr. á verðlagi næsta árs og að álagningarstofn útsvars verði 796.375 m.kr., en þá er reiknað með 1% lækkun stofnsins milli tekjuáranna 2008 og 2009. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 8.415 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi er 2.102 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að lögbundin framlög til sjóðsins verði samtals 10.517 m.kr. á árinu 2010.

Samtals samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti 1.055,4

11-199 Ráðstöfunarfé **-2,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé iðnaðarráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands **20,1**

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20,1 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins urðu þau mistök að misræmi myndaðist á milli verðlagsuppfærslu tekna og gjalda. Þetta varð til þess að verðlagsreikningurinn var rúmum 20 m.kr. lægri en til stóð.

11-242 Tækniþróunarsjóður **50,0**

1.10 Tækniþróunarsjóður

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlög til Tækniþróunarsjóðs hækki um 50 m.kr. og verði 720 m.kr. til að gera sjóðnum betur kleift að efla nýsköpunarstarf.

11-245 Samtök iðnaðarins **120,0**

1.10 Samtök iðnaðarins

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af iðnaðarmálagjaldi eru tekjurnar áætlaðar 120 m.kr. hærri en reiknað var með í frumvarpinu. Lagt er til að fjárheimild þessa liðar verði hækkuð í sama mæli þannig að unnt verði að ráðstafa öllum tekjunum til Samtaka iðnaðarins. Afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög **0,4**

1.19 Staðlaráð

Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 0,4 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun **30,8**

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 30,8 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að rafhitun heimila og íbúðarhúsnæðis í landbúnaði verði undanþegin nýjum 0,12 kr. raforkuskatti samkvæmt frumvarpi þess efnis um umhverfis- og auðlindaskatta. Er þá miðað við að rafhitun heimila sé um 176.081.145 kWst á ári og rafhitun íbúðarhúsnæðis í landbúnaði 80.429.982 kWst.

11-501 Ferðamálastofa **40,0**

1.01 Ferðamálastofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. til markaðs- og kynningarmála ferðaþjónustu. Á undanförnum missirum hefur orðið til net sjö markaðsstofa um land allt sem hafa smám saman styrkt starfsemi sína og þétt samstarf sín á milli. Á sama tíma hefur verið vaxandi umræða um mikilvægi þess að tryggja frumkvæði og ákvarðanatöku í héraði og efla þannig aðkomu ferðaþjónustuaðila. Fjárhagsleg staða markaðsstofa hefur verið ótrygg og það hefur sett mark sitt á möguleika á að móta starfsemina og festa í sessi. Opinber framlög hafa komið víða að úr kerfinu, frá fjárlaganefnd, iðnaðarráðuneyti, gegnum stuðning við ferðamálasamtök landshlutanna o.fl. Á fjáraukalögum 2008 voru 80 m.kr. veittar til uppbyggingar svæðisbundins markaðsstarfs og var því framlagi að langstærstum hluta ráðstafað til samstarfs Ferðamálastofu og markaðsstofa um eflingu markaðs- og kynningarstarfs á sviði ferðamála.

11-599 Ýmis ferðamál **6,9**

1.90 Ýmis ferðamál

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6,9 m.kr. hækkun liðarins.

Samtals iðnaðarráðuneyti 265,8

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **42,5**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 42,5 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna frá fjármálaráðuneytinu yfir til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Annars vegar er um að ræða flutning á verkefnum um efnahagsmál og hins vegar málum er snúa að endurskoðendum og meðferð bókhalds og ársreikninga. Gert er ráð fyrir að 4,5 stöðugildi flytjist á milli ráðuneytanna. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis. Tillagan er í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **18,0**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 18 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytisins til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Um er að ræða tvö stöðugildi, annars vegar skrifstofustjóra og hins vegar sérfræðings. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Tillagan er í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **-10,3**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 10,3 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna á sviði neytendamála frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að stöðugildi skrifstofustjóra flytjist á milli ráðuneytanna við þessa breytingu. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Tillagan er í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

12-190 Ýmis verkefni **-19,0**

1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 19 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins. Í frumvarpi til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er gert ráð fyrir að ekki verði innheimt eftirlitsgjöld á árinu 2010 til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala eins og gert er ráð fyrir í 19. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Ástæðan er sú að nokkur sjóður hefur safnast upp þar sem gjaldið hefur skilað meiri tekjum en þörf var fyrir. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af eftirlitsgjaldinu muni lækka um 19 m.kr. á árinu 2010 og að fjárveiting lækki sem því nemi.

12-190 Ýmis verkefni **10,0**

1.24 Endurskoðendaráð

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting ráðuneytisins hækki um 10 m.kr. á árinu 2010 vegna flutnings verkefna endurskoðendaráðs til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Í lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands kemur fram að málefni er varða endurskoðendur fari frá fjármálaráðuneytinu til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

12-199 Ráðstöfunarfé **-0,9**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé efnahags- og viðskiptaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

12-501 Hagstofa Íslands **31,7**

1.01 Hagstofa Íslands

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 31,7 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna flutnings verkefna frá fjármálaráðuneytinu yfir til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Verkefni sem áður voru undir efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins flytjast meðal annars yfir til Hagstofu Íslands en um er að ræða fjögur stöðugildi. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis. Tillagan er í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tóku gildi 1. október 2009.

12-501 Hagstofa Íslands **2,8**

1.01 Hagstofa Íslands

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að launa- og verðlagsútreikningur Hagstofu Íslands verði leiðréttur til hækkunar um 2,8 m.kr. í samræmi við tegundaskiptingu á útgjöldum stofnunarinnar. Í frumvarpinu var 72,8 m.kr. hagræðingarkrafa stofnunarinnar öll sett á önnur gjöld en samkvæmt reikningi fyrir árið 2008 námu önnur rekstrargjöld 24% af heildargjöldum. Tegundaskipting hagræðingarkröfunnar er einnig leiðrétt til samræmis við raunskiptingu útgjalda.

Samtals efnahags- og viðskiptaráðuneyti 74,8

14-190 Ýmis verkefni **1,0**

1.90 Ýmis verkefni

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun liðarins.

14-199 Ráðstöfunarfé **-1,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé umhverfisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

14-211 Umhverfisstofnun **17,0**

1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að endurgreiðslur til refaveiða hækki um 17 m.kr. Umhverfisráðherra er hvattur til að skipa nefnd hið fyrsta til að fara heildstætt yfir þennan málaflokk í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **60,0**

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjaldaheimild þjóðgarðsins verði hækkuð um 100 m.kr. en að jafnframt verði gert ráð fyrir auknum sértekjum sem nemi 40 m.kr. þannig að beint framlag greitt úr ríkissjóði hækki um 60 m.kr. Tillagan er gerð til að mæta auknum rekstrarkostnaði þjóðgarðsins samhliða auknu umfangi starfseminnar og uppbyggingu gestastofa. Helsta framkvæmdin sem unnið er að um þessar mundir á vegum þjóðgarðsins er bygging gestastofu að Skriðuklaustri í Fljótsdal en áætlað er að henni ljúki um mitt næsta ár. Vegna stöðu ríkisfjármála hefur verið dregið úr áformum um aukna starfsemi og hægt á framkvæmdum miðað við fyrri áætlanir um uppbyggingu þjóðgarðsins. Engu síður þarf að standa undir þeirri starfsemi sem búið er að setja af stað og færa fjárheimildir til samræmis við rekstrarveltuna. Á móti vegur að sértekjur þjóðgarðsins, einkum af sölu gistinátta og veitingasölu, eru orðnar tvöfalt meiri á árinu 2009 en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða um 110 m.kr. Eigin tekjuöflun getur því staðið undir auknum rekstrarumsvifum í meiri mæli en reiknað hafði verið með en hér er þó miðað við varfærna áætlun um tekjur næsta árs.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands **25,0**

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 25 m.kr. lækkun á sértekjum og jafnmikla hækkun á beinu framlagi úr ríkissjóði til stofnunarinnar vegna verulegs samdráttar í sértekjum hennar. Nokkur veigamikil verkefni sem stofnunin hefur haft með höndum á undanförnum árum gegn greiðslum frá viðkomandi aðilum munu fyrirsjáanlega lækka á næsta ári eða falla niður. Þar er einkum um að ræða rannsóknar- og ráðgjafarverkefni sem stofnunin tók að sér í tengslum við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, framkvæmdir ofanflóðasjóðs og ýmis önnur ráðgjafarverkefni.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Suðurlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Vestfjarða.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Vesturlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra.

14-403 Náttúrustofur **6,4**

1.15 Náttúrustofa Sandgerði

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Félagasamtök

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Reykjaness.

14-403 Náttúrustofur **14,4**

1.16 Náttúrustofa Húsavík

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Stofnun

Gerð er tillaga um 14,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Norðausturlands.

Samtals umhverfisráðuneyti 154,4

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs **-5.250,0**

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Vaxtakostnaður ríkissjóðs hefur verið endurmetinn. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að heildarvaxtagjöld nemi 94,3 milljörðum kr. á árinu 2010 og 90,3 milljörðum kr. til greiðslu. Þetta er 5,2 milljarða kr. lægri útgjöld en samkvæmt áætlun í fjárlagafrumvarpi en 12 milljarða kr. lægri greiðslur. Helstu skýringar á lækkun vaxta eru þessar:

Í fyrsta lagi er endurfjármögnun bankanna lægri en áætlanir frumvarpsins gerðu ráð fyrir þar sem skilanefndir Glitnis hf. og Kaupþings hf. hafa nú ákveðið að eignast annars vegar 95% hlutafjár í Íslandsbanka og hins vegar 87% hlutafjár í Arion banka. Í tengslum við yfirtökurnar mun ríkissjóður veita Íslandsbanka 25 milljarða kr. víkjandi lán og Arion banka 24 milljarða kr. víkjandi lán auk 6,5 milljarða kr. víkjandi láns sem fjármagnað verður með arðgreiðslu bankans til ríkissjóðs.

Í öðru lagi er nú ljóst að ekki verður af 500 milljóna evra lántöku sem ráðgert var að taka hjá Rússum í tengslum við lán vinaþjóða Íslands. Einnig var ákveðið í desember 2009 að fresta hluta af heimiluðum ádrætti af lánalínum frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og áætluðum fyrsta hluta af láni frá Póllandi fram til 2010.

Í þriðja lagi lækka vextir erlendra almennra lána þar sem ekki varð af fyrirhugaðri endurfjármögnun gjalddaga að hluta á árinu 2009.

Á móti hækka vaxtagjöld vegna fyrirhugaðrar aukinnar útgáfu ríkisverðbréfa frá áætlun frumvarpsins.

Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -5.250,0

Samtals öll ráðuneyti 4.881,1

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 2, MILLIFÆRSLUR

00-201 Alþingi **-15,0**

1.01 Alþingiskostnaður

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að millifærðar verði 15 m.kr. af viðfangsefni 1.01 Alþingiskostnaður á viðfangsefni 1.06 Almennur rekstur til leiðréttingar á framsetningu fjárheimildar í frumvarpinu.

00-201 Alþingi **15,0**

1.06 Almennur rekstur

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að millifærðar verði 15 m.kr. af viðfangsefni 1.01 Alþingiskostnaður á viðfangsefni 1.06 Almennur rekstur til leiðréttingar á framsetningu fjárheimildar í frumvarpinu.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 0,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla **15,0**

1.20 Þekkingasetur Vestmannaeyja

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 15 m.kr. framlag verði millifært af 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur yfir á 02-451-1.20 Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Fjárlagaliðurinn 02-451-1.20 hefur fengið nýtt nafn, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, en hét áður Háskólasetur í Vestmannaeyjum. Um er að ræða 15 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í frumvarpi til fjárlaga 2008 vegna samnings milli menntamálaráðuneytisins og Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **-3,0**

1.27 Fræðslunet Suðurlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 3 m.kr. verði millifærðar af 02-451-1.27 Fræðslunet Suðurlands yfir á 02-451-1.34 Þekkingarsetur Suðurlands.
Um er að ræða fjárveitingu sem veitt var á fjárlögum 2008 til að efla fjarkennslu á háskólastigi og aðra þjónustu við háskólanemendur á Suðurlandi. Fræðslunetið og Þekkingarsetrið hafa gert með sér samkomulag um að frá og með 1. janúar 2010 taki Þekkingarsetur Suðurlands við málefnum fjarkennslu á háskólastigi á starfssvæði Fræðslunetsins.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **-12,0**

1.31 Fræða- og þekkingarsetur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 12 m.kr. framlag verði millifært af 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur yfir á 02-451-1.34 Þekkingarsetur Suðurlands. Um er að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem veitt var Háskólafélagi Suðurlands í frumvarpi til fjárlaga 2009 til að stofna þekkingarsetur á Suðurlandi. Þekkingarsetur Suðurlands hefur nú fengið sérstakt viðfang á fjárlögum.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **-15,0**

1.31 Fræða- og þekkingarsetur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 15 m.kr. framlag verði millifært af 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur yfir á 02-451-1.20 Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Fjárlagaliðurinn 02-451-1.20 hefur fengið nýtt nafn Þekkingarsetur Vestmannaeyja en hét áður Háskólasetur í Vestmannaeyjum. Um er að ræða 15 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í frumvarpi til fjárlaga 2008 vegna samnings milli menntamálaráðuneytisins og Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **17,0**

1.31 Fræða- og þekkingarsetur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 17 m.kr. fjárveiting, sem veitt var í frumvarpi til fjárlaga 2009 til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi með samstarfi safna og menningar á Blönduósi, verði millifærð af 02-919-1.98 Söfn, ýmis framlög yfir á fjárlagalið 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur. Framlagið var m.a. ætlað til að ráða tvo sérfræðinga sem aðstoði söfn, menningarstofnanir og ferðaþjónustuaðila í Húnavatnssýslum við að byggja upp og þróa innviði starfseminnar og efla samstarf í markaðssetningu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hólaskóla - Háskólann á Hólum og í undirbúningi er stofnun háskólaseturs. Af þessum sökum þykir rétt að fjárframlagið færist undir fjárlagaliðinn Fræða- og þekkingarsetur.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **12,0**

1.34 Þekkingarsetur Suðurlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 12 m.kr. framlag verði millifært af 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur yfir á 02-451-1.34 Þekkingarsetur Suðurlands. Um er að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem veitt var Háskólafélagi Suðurlands í frumvarpi til fjárlaga 2009 til að stofna þekkingarsetur á Suðurlandi. Þekkingarsetur Suðurlands hefur nú fengið sérstakt viðfang á fjárlögum.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **3,0**

1.34 Þekkingarsetur Suðurlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 3 m.kr. verði millifærðar af 02-451-1.27 Fræðslunet Suðurlands yfir á 02-451-1.34 Þekkingarsetur Suðurlands.
Um er að ræða fjárveitingu sem veitt var á fjárlögum 2008 til að efla fjarkennslu á háskólastigi og aðra þjónustu við háskólanemendur á Suðurlandi. Fræðslunetið og Þekkingarsetrið hafa gert með sér samkomulag um að frá og með 1. janúar 2010 taki Þekkingarsetur Suðurlands við málefnum fjarkennslu á háskólastigi á starfssvæði Fræðslunetsins.

02-919 Söfn, ýmis framlög **-17,0**

1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 17 m.kr. fjárveiting, sem veitt var í frumvarpi til fjárlaga 2009 til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi með samstarfi safna og menningar á Blönduósi, verði millifærð af 02-919-1.98 Söfn, ýmis framlög yfir á fjárlagalið 02-451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur. Framlagið var m.a. ætlað til að ráða tvo sérfræðinga sem aðstoði söfn, menningarstofnanir og ferðaþjónustuaðila í Húnavatnssýslum við að byggja upp og þróa innviði starfseminnar og efla samstarf í markaðssetningu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hólaskóla - Háskólann á Hólum og í undirbúningi er stofnun háskólaseturs. Af þessum sökum þykir rétt að fjárframlagið færist undir fjárlagaliðinn Fræða- og þekkingarsetur.

02-999 Ýmislegt **0,0**

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag til Þórbergssetur vegna væntanlegs samnings.
Fjárlaganefnd hefur árlega veitt Þórbergssetri rekstrarframlaga. Nú er lagt til að sú fjárhæð verði gerð varanleg og millifærð frá þeirra fjárlagalið þ.e. 02-999 1.90 Ýmis framlög yfir á nýtt viðfang undir fjárlagalið 02-983 1.55 Þórbergssetur.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 0,0

04-811 Bændasamtök Íslands **15,0**
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild til liðarins af 04-811-1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni. Gert er ráð fyrir að framlagið verði notað til verkefna í búfjárrækt. Þessi breytta forgangsröðun er lögð fram að ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands til að bregðast við þeirri hagræðingarkröfu sem gerð var í frumvarpinu á framlögum til Bændasamtaka Íslands.

04-811 Bændasamtök Íslands **-15,0**
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild af þessum lið yfir á 04-811-1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt. Gert er ráð fyrir að framlagið verði notað til verkefna í búfjárrækt. Þessi breytta forgangsröðun er lögð fram að ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands til að bregðast við þeirri hagræðingarkröfu sem gerð var í frumvarpinu á fjárheimildum Bændasamtaka Íslands.

Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 0,0

06-303 Ríkislögreglustjóri **1.234,2**
1.01 Ríkislögreglustjóri
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-303 Ríkislögreglustjóri **-158,8**
1.11 Rekstur lögreglubifreiða
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-303 Ríkislögreglustjóri **154,0**
6.11 Bifreiðar
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-305 Lögregluskóli ríkisins **217,7**
1.01 Lögregluskóli ríkisins
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu **3.075,9**

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum **890,2**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-313 Lögreglan **-7.129,0**

1.01 Lögreglan

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-313 Lögreglan **159,0**

1.11 Rekstur lögreglubifreiða

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-313 Lögreglan **-154,0**

6.11 Bifreiðar

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **-138,6**

1.16 Efling almennrar löggæslu

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík **310,3**

1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi **74,9**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi **100,8**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi **60,8**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi **98,3**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-414 Sýslumaður Snæfellinga **79,7**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-414 Sýslumaður Snæfellinga **90,9**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal **25,2**

1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði **34,8**

1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík **31,3**

1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði **93,2**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði **214,4**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík **28,0**

1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **55,2**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **69,3**

1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **74,2**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki **62,5**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki **82,0**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði **52,4**

1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri **166,7**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri **308,1**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík **76,8**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík **98,1**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði **73,6**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði **94,3**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði **78,9**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði **159,8**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði **35,5**

1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal **21,4**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal **23,2**

1.05 Lögbirtingablað

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli **64,0**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli **108,3**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum **69,7**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum **88,3**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi **127,8**

1.01 Yfirstjórn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi **217,6**

1.20 Löggæsla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ **144,8**

1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði **187,0**

1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi **196,9**

1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins **-694,6**

1.01 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-442 Sýslumaður Vesturlands **-215,3**

1.01 Sýslumaður Vesturlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-443 Sýslumaður Vestfjarða **-184,1**

1.01 Sýslumaður Vestfjarða

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-445 Sýslumaður Norðurlands **-417,9**
1.01 Sýslumaður Norðurlands
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-445 Sýslumaður Norðurlands **-15,9**
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-446 Sýslumaður Austurlands **-171,5**
1.01 Sýslumaður Austurlands
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-447 Sýslumaður Suðurlands **-262,3**
1.01 Sýslumaður Suðurlands
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-447 Sýslumaður Suðurlands **-23,2**
1.05 Lögbirtingablað
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-448 Sýslumaður Suðurnesja **-144,8**
1.01 Sýslumaður Suðurnesja
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerð er tillaga um að fjárlagaliðir sem voru í frumvarpinu falli niður en fjárheimildir fluttar á fjárlaganúmer núverandi sýslumanns- og lögregluembætta.

06-601 Fasteignaskrá Íslands **0,0**

1.01 Fasteignaskrá Íslands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifæra 167 m.kr. af gjöldum og tekjum Þjóðskrár til Fasteignaskrár Íslands vegna sameiningar tölvudeilda. Á haustmánuðum var vinnuhópi falið að skoða hagkvæmni þess að sameina tölvudeildir Þjóðskrár og Fasteignaskrár og mælti hann með sameiningu vegna þess augljósa hagræðis sem af því hlýst. Lagt var til að sameining þessi færi fram um næstu áramót. Gjöld eru vegna tölvu- og upplýsingatækniþjónustu fyrir stjórnsýslustofnanir ráðuneytisins, t.d. sýslumenn, en stofnanir greiða fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun á henni og standa tekjur undir útgjöldum við þjónustuna.

06-605 Þjóðskrá **0,0**

1.01 Þjóðskrá

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifæra 167 m.kr. gjöld og tekjur frá Þjóðskrá til Fasteignaskrár Íslands vegna sameiningar tölvudeilda. Á haustmánuðum var vinnuhópi falið að skoða hagkvæmni þess að sameina tölvudeildir Þjóðskrár og Fasteignaskrár og mælti hann með sameiningu vegna þess augljósa hagræðis sem af því hlýst. Lagt var til að sameining þessi færi fram um næstu áramót. Dómsmála- og mannréttindaráðherra féllst á tillögur hópsins og er því lagt til að flytja gjöld og tekjur tölvudeildar Þjóðskrár til Fasteignaskrár. Gjöld eru vegna tölvu- og upplýsingatækniþjónustu fyrir stjórnsýslustofnanir ráðuneytisins, t.d. sýslumenn, en stofnanir greiða fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun á henni og standa tekjur undir útgjöldum við þjónustuna.

Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 0,0

07-980 Vinnumálastofnun **-75,0**

1.01 Vinnumálastofnun

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjármögnun vegna tímabundinnar aukningar í umsýslu Vinnumálastofnunar sem nemur 75 m.kr. og gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði leiðrétt þannig að hún komi fram sem sértekjur af þjónustusamningi við Atvinnuleysistryggingarsjóð í stað greiðslu úr ríkissjóði. Á móti hækkar framlag hjá sjóðnum um sömu fjárhæð þannig að engin nettóhækkun verður á útgjaldahliðinni eftir sem áður.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **75,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að leiðrétta framsetningu í frumvarpinu á 75 m.kr. útgjöldum Vinnumálastofnunar vegna tímabundinnar aukningar almennrar umsýslu og eftirlits með greiðslum atvinnuleysisbóta. Í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir að um væri að ræða framlag til stofnunarinnar samkvæmt þjónustusamningi við Atvinnuleysistryggingasjóð. Á móti hækka sértekjur Vinnumálastofnunar um sömu fjárhæð samkvæmt annarri tillögu þannig að engin nettóhækkun verður á útgjaldahliðinni eftir sem áður.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **-11,0**

1.55 Átak í vímuvarnamálum

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að framlag til átaks í vímuvarnamálum að fjárhæð 11 m.kr. verði flutt af liðnum 07-999-1.55 til Vímulausrar æsku á lið 07-999-1.90.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **11,0**

1.90 Ýmis framlög

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að framlag til átaks í vímuvarnamálum að fjárhæð 11 m.kr. verði flutt af liðnum 07-999-1.55 til Vímulausrar æsku á lið 07-999-1.90.

Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti 0,0

08-199 Ráðstöfunarfé **-2,0**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 2 m.kr. millifærsla af ráðstöfunarfé ráðherra á fjárlagalið 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis, vegna aðgerðaáætlunar fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni. Í júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er tekið fram að staðið skuli við ofangreinda aðgerðaáætlun. Alls verður 80 m.kr. ráðstafað á grundvelli samstarfssamnings þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá verður veitt fjárveiting til að ráða í hálfa stöðu sálfræðings við Barnaspítala Hringsins.

08-373 Landspítali **42,8**

1.01 Landspítali

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarmarkmið í frumvarpinu sem nemur 42,8 m.kr. verði fært af Landspítalanum og yfir á St. Jósefsspítala. Miðað er við að aukin verkefni færist til Landspítalans í tengslum við þessa breytingu.

08-379 Sjúkrahús, óskipt **-20,0**

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um millifærslu 20 m.kr. fjárveitingar af 08-379, Sjúkrahús, óskipt á 08-700, Heilbrigðisstofnanir. Áformað er að taka í notkun á næsta ári sameiginlegan þjónustusíma fyrir allar heilbrigðisstofnanir sem opinn yrði eftir dagvinnutíma heilbrigðisstofnana. Megintilgangurinn er að bæta aðgengi notenda að heilbrigðisþjónustunni en jafnframt að ná fram hagræðingu í kostnaði með því að stækka viðbragðssvæðin vegna útkallsþjónustu með fækkun vakta.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **5,0**

1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. millifærsla á 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis, vegna aðgerðaáætlunar fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni af fjárlagalið 08-500-1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt, en með henni er 5 m.kr. hagræðingarkrafa sem gerð var í frumvarpi færð á milli fjárlagaliða. Í júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er tekið fram að staðið skuli við ofangreinda aðgerðaáætlun. Alls verður 80 m.kr. ráðstafað á grundvelli samstarfssamnings þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá verður veitt fjárveiting til að ráða í hálfa stöðu sálfræðings við Barnaspítala Hringsins.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **2,0**

1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 2 m.kr. millifærsla af ráðstöfunarfé ráðherra á fjárlagalið 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis, vegna aðgerðaáætlunar fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni. Í júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er tekið fram að staðið skuli við ofangreinda aðgerðaáætlun. Alls verður 80 m.kr. ráðstafað á grundvelli samstarfssamnings þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá verður veitt fjárveiting til að ráða í hálfa stöðu sálfræðings við Barnaspítala Hringsins.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-5,0**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 5 m.kr. millifærslu fjárveitingar af 08-500, Heilsugæslustöðvar, almennt til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki til að efla heimahjúkrun á svæði stofnunarinnar.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-5,0**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. millifærsla á 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis, vegna aðgerðaáætlunar fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni af fjárlagalið 08-500-1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt, en með henni er 5 m.kr. hagræðingarkrafa sem gerð var í frumvarpinu færð á milli fjárlagaliða. Í júní 2007 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er tekið fram að staðið skuli við ofangreinda aðgerðaáætlun. Alls verður 80 m.kr. ráðstafað á grundvelli samstarfssamnings þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá verður veitt fjárveiting til að ráða í hálfa stöðu sálfræðings við Barnaspítala Hringsins.

08-700 Heilbrigðisstofnanir **20,0**

1.01 Almennur rekstur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um millifærslu 20 m.kr. fjárveitingar af 08-379, Sjúkrahús, óskipt á 08-700, Heilbrigðisstofnanir. Áformað er að taka í notkun á næsta ári sameiginlegan þjónustusíma fyrir allar heilbrigðisstofnanir sem opinn yrði eftir dagvinnutíma heilbrigðisstofnana. Megintilgangurinn er að bæta aðgengi notenda að heilbrigðisþjónustunni en jafnframt að ná fram hagræðingu í kostnaði með því að stækka viðbragðssvæðin vegna útkallsþjónustu með fækkun vakta.

08-700 Heilbrigðisstofnanir **-11,2**

1.01 Almennur rekstur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 11,2 m.kr. Í frumvarpinu er 29,2 m.kr. sparnaðarmarkmið sett á hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar en nú er gert ráð fyrir að fallið verði frá 11,2 m.kr. af þeim hagræðingaráformum á móti jafnmikilli hækkun á þessum lið. Ráðuneytið hefur endurskoðað ákvörðun sína um þann fjölda rýma sem ætlunin er að fækka, m.a. í ljósi þess að um litla og landfræðilega einangraða stofnun er að ræða sem ekki getur notið samlegðaráhrifa við nærliggjandi heilbrigðisstofnanir.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði **11,2**

1.21 Hjúkrunarrými

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 11,2 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu er 29,2 m.kr. sparnaðarmarkmið sett á framlag vegna hjúkrunarrýma Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar en nú er gert ráð fyrir að fallið verði frá 11,2 m.kr. af þeim hagræðingaráformum á móti jafnmikilli lækkun á liðnum 08-700 Heilbrigðisstofnanir. Ráðuneytið hefur endurskoðað ákvörðun sína um þann fjölda rýma sem ætlunin er að fækka, m.a. í ljósi þess að um litla og landfræðilega einangraða stofnun er að ræða sem ekki getur notið samlegðaráhrifa við nærliggjandi heilbrigðisstofnanir.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **5,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 5 m.kr. millifærslu fjárveitingar af 08-500, Heilsugæslustöðvar, almennt, til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki til að efla heimahjúkrun á svæði stofnunarinnar.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja **15,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarmarkmið í frumvarpinu sem nemur 15 m.kr. verði fært af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og yfir á St. Jósefsspítala. Hagræðingarkrafan er lækkuð til að gera kleift að fjölga um ígildi eins starfs heilsugæslulæknis á grundvelli atvinnuástands og félagslegra aðstæðna á svæðinu.

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur **-57,8**

1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarmarkmið stofnunarinnar verði hækkað um 57,8 m.kr. en lækkað á móti hjá Landspítalanum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Í frumvarpinu er hagræðingarmarkmið sjúkrasviðs stofnunarinnar 54,2 m.kr. og 28 m.kr. í rekstri hjúkrunarrýma. Með tillögunni verða aðhaldsáformin því alls 140 m.kr., þ.e. 10,3% af fjárlögum 2009.
Í þessu sambandi þarf að skoða breytingar á greiðslufyrirkomulagi á launum lækna og að fella niður greiðslur fyrir unnin verk og taka upp fastlaunakerfi. Þá er gert ráð fyrir að starfsemi háls-, nef- og eyrnalækna, lýtalækna og bæklunarlækna verði lögð af á spítalnum en að kvenlækningar með áherslu á grindarbotnsmeðferð verði þar áfram. Gert er ráð fyrir að flókin og dýr meðferð meltingarsjúkdóma flytjist á Landspítalann. Þá verður að gera ráð fyrir að spítalinn taki í auknum mæli við sjúklingum af svæðinu eftir bráðafasa frá Landspítala. Einnig er eðlilegt, m.a. í ljósi nýlegra upplýsinga frá Landlækni, að breyta starfsemi á Sólvangi til samræmis við önnur hjúkrunarheimili, bæði hvað varðar mönnun og þjónustu. Gera má ráð fyrir að hjúkrunarrýmin á Sólvangi séu með um 48 m.kr. hærri fjárveitingu samkvæmt föstum fjárlögum en ef stofnunin fengi reksturinn greiddan með daggjöldum frá Sjúkratryggingum Íslands. Þar sem áformuð er bygging 60 hjúkrunarrýma í Hafnarfirði samkvæmt áætlun félags- og tryggingamálaráðuneytis er ekki talið rétt að aðskilja rekstur Sólvangs frá St. Jósefsspítala að svo stöddu.

Samtals heilbrigðisráðuneyti 0,0

09-201 Ríkisskattstjóri **-574,5**

1.01 Almennur rekstur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-201 Ríkisskattstjóri **-192,3**

1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-201 Ríkisskattstjóri **-383,1**

1.41 Skattvinnslukerfi

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-201 Ríkisskattstjóri **-27,5**

6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-202 Skattstofan í Reykjavík **-419,8**

1.01 Skattstofan í Reykjavík

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-203 Skattstofa Vesturlands **-90,0**

1.01 Skattstofa Vesturlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-204 Skattstofa Vestfjarða **-40,7**

1.01 Skattstofa Vestfjarða

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra **-47,4**

1.01 Skattstofa Norðurlands vestra

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra **-129,3**

1.01 Skattstofa Norðurlands eystra

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-207 Skattstofa Austurlands **-57,9**

1.01 Skattstofa Austurlands

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-208 Skattstofa Suðurlands **-71,5**

1.01 Skattstofa Suðurlands

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja **-29,1**

1.01 Skattstofa Vestmannaeyja

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **192,3**

1.01 Almennur rekstur

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **419,8**

1.01 Almennur rekstur

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **90,0**

1.01 Almennur rekstur

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **40,7**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **47,4**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **129,3**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **57,9**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **71,5**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **29,1**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **275,9**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **574,5**
1.01 Almennur rekstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **383,1**
1.41 Skattvinnslukerfi
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-210 Ríkisskattstjóri **27,5**
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.

09-211 Skattstofa Reykjaness		**-275,9**
1.01 Skattstofa Reykjaness		
Millifært		
Samþykkt af ríkisstjórn		
Ríkisstjórn		
	Gerð er tillaga um að fjárheimildir embættisins verði færðar á nýtt fjárlagaviðfang undir embætti ríkisskattstjóra 09-210. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, er lagt til að landið verði gert að einu skattumdæmi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjálfstæð embætti skattstjóra heyri sögunni til en skattstofur verði eftir sem áður starfandi á landinu undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með þessum breytingum er stefnt að aukinni skilvirkni og hagræðingu í skattframkvæmdinni.	
	Samtals fjármálaráðuneyti	***0,0***
	Samtals öll ráðuneyti	***0,0***

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 2. OG 5. GR.

Við a-lið 2. gr.

Í a-lið er 50 milljarða kr. lækkun á fyrirhuguðum lánveitingum til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans. Fyrir liggur að ekki verður af láni frá Rússlandi en á móti kemur útborgun á láni Norðurlanda sem frestað var að taka í ár.

Í b-lið er gert ráð fyrir 20 milljarða kr. eiginfjárframlögum til sparisjóðakerfisins þar sem allt eins má reikna með að niðurstaða í þeim málum dragist fram yfir næstu áramót.

Í c-lið er lögð til breyting á heiti liðarins þar sem nú er gert ráð fyrir að eiginfjárframlög til sparisjóðakerfisins verði sérgreind.

Við b-lið 2. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir jafngildi 50 milljarða kr. lækkunar á lántökum til Seðlabanka Íslands eins og fyrr greinir.

Í b-lið er 40 milljarða kr. aukning á útgáfu ríkisskuldabréfa til fjármögnunar á lánsfjárþörf að öðru leyti en til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann.

Breytingar á 5. gr. eru afleiddar breytingar í samræmi við þær breytingar á sjóðstreymi sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ B- OG C-HLUTA

Sundurliðun 3 (Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta).

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands.

Lagt er til að Happdrætti Háskóla Íslands verði heimilað að ráðstafa 185 m.kr. hærra fjárframlagi til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, samtals 600 m.kr. Handbært fé happdrættisins í árslok 2010 lækkar sem nemur hækkun framlagsins. Framlagið færist jafnframt á tekjuhlið ríkissjóðs þannig að þessi breyting hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Lögð til 500 m.kr. hækkun á arðgreiðslu frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Handbært fé fyrirtækisins í árslok lækkar sem nemur hækkun arðgreiðslunnar. Arðgreiðslan færist jafnframt á tekjuhlið ríkissjóðs þannig að afkoma ríkissjóðs batnar sem því nemur.

Sundurliðun 4 (Fjármál lánastofnana í C-hluta).

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Lagt er til að framlag úr A-hluta ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 m.kr. og verði 8.985 m.kr. Útlit er fyrir að eiginfjárstaða Lánasjóðsins verði betri í árslok 2009 en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum vegna þess að afborganir námslána hafa skilað sér betur á árinu en búist hafði verið við. Sjóðurinn þarf því ekki jafnmikið framlag úr A-hluta ríkissjóðs til að viðhalda eiginfjárstöðu sinni og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 11. des. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Ásmundur Einar Daðason.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Oddný G. Harðardóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rafn Sigurðsson, Elínu Guðjónsdóttur, Sigurð Guðmundsson, Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Marinó Melsted og Björn Ragnar Björnsson frá Hagstofu Íslands, Gunnar Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands og Björn Rúnar Guðmundsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs árið 2010 verði neikvæð um 87,4 milljarða kr., heildartekjur verði 468,2 milljarðar kr. og þar af nemi skatttekjur um 422,9 milljörðum kr. Endurskoðuð áætlun ársins 2009 gerir ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs í ár verði

neikvæð um 182,3 milljarða, heildartekjur verði 407 milljarðar kr. og skatttekjur 350 milljarðar kr.

Nefndin ræddi tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar. Fjármálaráðuneytið reiknar þar með að samdráttur á árinu 2010 verði 1,9% af landsframleiðslu. Búist er við áframhaldandi samdrætti í einkaneyslu en að utanríkisviðskipti og stóriðjuframkvæmdir vegi þar upp á móti. Er því spáð að afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum verði 0,8% af landsframleiðslu á árinu 2010. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi nái hápunkti og verði 10,6% af vinnuafli og að verðbólga fari lækkandi og verði 5% að meðaltali. Óvissu hefur gætt um peningamál, fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja, endurreisn bankakerfisins, stóriðjuframkvæmdir og skuldbindingar við önnur ríki.

Undirstrikað var á fundum nefndarinnar að lágt gengi hefði framkallað aðlögun í hagkerfinu til hagsbóta fyrir útflutningsgreinar og aukið eftirspurn eftir innlendri framleiðslu á kostnað erlendrar. Samfara lækkun gengisins hefði einkaneysla og fjárfesting dregist saman vegna hækkandi verðlags, rýrnunar eignaverðs og mikillar skuldabyrði. Þá hefðu stóriðjuframkvæmdir tafist. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefði ekki rýrnað eins mikið á þessu ári og spár hefðu gert ráð fyrir. Einnig hefði atvinnuleysi verið minna en búist var við.

Fram kom á fundum nefndarinnar að spár fjármálaráðuneytisins væru að mestu samhljóða mati Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ber þessum aðilum saman um að landsframleiðsla hafi dregist minna saman en áætlanir gerðu ráð fyrir og að efnahagsbatinn verði aðeins hraðari.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins kemur fram að mikillar óvissu hafi gætt um skuldastöðu þjóðarbúsins og hins opinbera en um það hefur efnahags- og skattanefnd fjallað sérstaklega í tengslum við Icesave-málið (76. mál). Eitt þriggja meginmarkmiða efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að koma á jöfnuði í ríkisfjármálum.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að tekjuáætlun fyrir árið 2010 sé byggð á áætlun um tekjur ársins 2009, þjóðhagsspá fyrir árið 2010 og áætlun fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir setja mark sitt á fjárlagafrumvarpið og koma þær fram í frumvörpum sem nú eru til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd, sbr. mál nr. 239 (ráðstafanir í skattamálum), 256 (tekjuöflun ríkisins) og 257 (umhverfis- og auðlindaskattur). Þessum frumvörpum fylgir umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Nefndin fékk kynningu á uppfærðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytis 2009 og 2010. Þar er m.a. gert ráð fyrir minni samdrætti í einkaneyslu, þ.e. 4,3% í stað 6,1%, og minni aukningu í fjárfestingu, þ.e. 4,8% í stað 10,2%. Vísað var til þess að umfang tekjuskatts einstaklinga væri minna en í upphaflegri spá og að búast mætti við minni stóriðjuframkvæmdum.

Nefndin ræddi áhrif skattabreytinga á tekjuöflun ríkissjóðs. Var vísað til bls. 197 í fjárlagafrumvarpinu og greint frá mögulegum frávikum frá fyrirhuguðum tekjuöflunaráformum. Fram kom að heildartekjur væru nú áætlaðar um 9,5 milljörðum kr. minni en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og þar af drægjust heildarskatttekjur saman um 11,5 milljarða kr. Þar réði mestu að tekjur af tekjuskatti einstaklinga og umhverfis- og auðlindagjaldi væru áætlaðar mun minni en gert hafi verið ráð fyrir, um 20 milljarðar kr. í fyrra tilvikinu en rúmlega 10 milljarðar kr. í hinu síðara. Þá væru viðbótartekjur ríkissjóðs vegna breytinga á virðisaukaskatti taldar rúmlega 2 milljörðum kr. minni en í fjárlagafrumvarpinu. Á móti vægi fyrirhuguð hækkun atvinnutryggingagjalds, um 12 milljarðar kr., og upptaka auðlegðarskatts, um 3,5 milljarðar kr., auk þess sem gert væri ráð fyrir hækkun á aukatekjum ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. og viðbótarheimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar sem næmi um 5 millj-

örðum kr. Loks væri gert ráð fyrir 1,2 milljarða tekjuskatti vegna fyrirframgreiðslu stóriðjufyrirtækja.

Það er álit 1. minni hluta að þær breytingar sem gerðar eru á tekjuhlið fjárlaga frá framlögðu frumvarpi horfi til betri vegar. 1. minni hluti fagnar því að unnt hafi verið að draga verulega úr þörf fyrir hækkanir á tekjuskatti einstaklinga vegna þess að horfur í efnahagsmálum eru betri en þegar frumvarpið var lagt fram. Nokkrar breytingar hafa orðið á þjóðhagsforsendum síðan frumvarpið var lagt fram í október. Fjárfesting mun ekki aukast jafn mikið og spáð var og samdráttur í samneyslu er áætlaður meiri, en á hinn bóginn er áætlað atvinnuleysi minna og reiknað er með að samdráttur í einkaneyslu verði ekki jafn mikill. Vissulega er óvissa um einstaka þætti eins og t.d. verðteygni áhrifa í neysluskattum en samhljómur ólíkra aðila um þjóðhagsforsendur styrkir það mat 1. minni hluta að líkur séu á að tekjuspáin fái staðist. Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er geta forsendur breyst og gefið tilefni til frekari umfjöllunar efnahags- og skattanefndar milli annarar og þriðju umræðu.

Alþingi 11. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form.,
Anna Pála Sverrisdóttir,
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í kjölfar hrunsins skruppu skattstofnar ríkisins gríðarlega saman vegna lækkunar launa, minni hagnaðar, samdráttar í fjárfestingu og minni neyslu. Á sama tíma jukust útgjöld ríkisins vegna kostnaðar við hrunið, aukins atvinnuleysis og aukins vaxtakostnaðar. Augljóst er að til margvíslegra aðgerða þarf að grípa til að leiðrétta þessa stöðu. Ríkisstjórnin hefur kosið þá leið að skera niður útgjöld og hækka skatta.

Í samstarfsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda frá nóvember 2008 er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 150 milljarða kr. halla á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður á árinu 2011 og tekjujöfnuður verði jákvæður árið 2013.

Nú liggur fyrir að halli ársins 2009 er miklu meiri en gert er ráð fyrir í samstarfsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda. Þannig er nú gert ráð fyrir að hallinn á þjóðhagsgrunni verði 253 milljarðar kr. á árinu. Stafar hækkunin af því að stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að framfylgja fjárlögum ársins af nægjanlegri festu eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á. Þá eru verðbætur á lán ríkisins hjá Seðlabankanum miklar – um 23 milljarðar

kr. – og áfallnir vextir af Icesave lánunum um 40 milljarðar kr. Agaleysi við framkvæmd fjárlaga hefur því myndað 40 milljarða kr. umframhalla á tekjugrunni.

Ríkisstjórnin hefur kosið að mæta verkefninu með því að hækka skatta og kynna til sögunnar nýja, svo sem umhverfis- og auðlindaskatta. Þá eru jafnframt í frumvarpi um tekjuöflun ríkisins lagðar til mjög viðamiklar breytingar á tekjuskattskerfinu, bæði því sem snýr að fyrirtækjum og heimilum. Þá er aflagður skattur, eignaskattur, endurvakinn og skírður auðlegðarskattur.

Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlagfrumvarpsins eins og þær birtast í fyrri hluta þess eru óraunhæfar enda voru þær settar fram áður en fyrir lá hvernig tekjuöflun ríkisins yrði endanlega háttað og sætir það furðu. Gert er ráð fyrir að eftirspurn muni dragast verulega saman á næsta ári. Þannig er því spáð að einkaneysla muni einungis dragast saman um 6,1% þrátt fyrir að ráðstöfunartekjur á mann muni dragast saman um 7% og kaupmáttur um 11,4%. Þá er gert ráð fyrir að samneysla muni dragast saman um 3,6%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að fjárfesting aukist um 4,8% en sú spá virðist ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum eins og hann lítur út um þessar mundir. Þá er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld muni dragast saman um 3%.

Gert er ráð fyrir að beinir og óbeinir skattar muni hækka um rúma 65 milljarða kr. á næsta ári og er ljóst að það mun hafa neikvæðari eftirspurnaráhrif en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu vegna eðlis þeirra skatta sem lagðir verða á ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Samdráttur í eftirspurn mun minnka skattstofna. Því er það álit 2. minni hluta að forsendur tekjuhlutans séu byggðar á afar ótraustum grunni og tekjur muni aukast minna en að er stefnt.

Í eðli sínu er tryggingagjald skattur á atvinnu þar sem hann leggst á laun allra starfsmanna. Sú mikla hækkun sem boðuð er á tryggingagjaldi leiðir til þess að dýrara verður fyrir fyrirtæki að hafa fólk í vinnu sem leiðir til þess að færra fólk verður ráðið og meiri hætta er á uppsögnum. Hjá illa stöddum fyrirtækjum kann þessi skattahækkun að verða kornið sem fyllir mælinn. Margvíslegir skattar á áhættufé eru hækkaðir. Áhættufé er nauðsynlegt fyrir nýsköpun og fjárfestingar í atvinnulífi, sérstaklega þegar lánardrottnar eru áhættufælnir eins og nú um stundir. Aðgangur fyrirtækja að áhættufé er forsenda þess að ný störf myndist. Frumvörpin beinast að því er virðist gegn myndun nýrra starfa þótt það hafi eflaust ekki verið tilgangurinn. Þetta gæti aukið atvinnuleysi sem aftur skaðar afkomu ríkissjóðs. Þá leiða nýir skattar á kolefni og orku til aukins kostnaðar fyrir heimili og fyrirtæki sem kemur fram í minni eftirspurn og rýrnandi skattstofnum auk þess sem tilviljanakennd og fyrirvaralaus upptaka skattanna kann að skaða ímynd Íslands sem lands með stöðugt stjórnarfar.

Á heildina litið virðast forsendur tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins óraunhæfar enda voru þær gefnar áður en fyrir lá hvernig skattheimtu yrði háttað á næsta ári sem er bæði ófaglegt og furðulegt í meira lagi.

Nú liggja fyrir tillögur ríkistjórnarinnar um hvernig skattheimtu verður háttað á næsta ári. Tillögurnar setja allar forsendur í fjárlagafrumvarpinu í algjört uppnám. 2. minni hluti efnahags- og skattanefndar gerir það því að tillögu sinni að þjóðhagsspá sem myndar grunninn að tekjuáætlun ríkissjóðs verði endurgerð með nýjar forsendur fyrir skattlagningu að leiðarljósi. Jafnframt bendir 2. minni hluti fjárlaganefnd á að breytingar á skattlagningu séreignarsparnaðar (sem lagðar eru til í þskj. 255) geta frestað og komið í veg fyrir boðaðar skattahækkanir. Þá gæfist betra tóm til að vinna að tillögunum en hraðinn á þessum flóknu skattabreytingum er hættulega mikill. Skattlagning séreignarsparnaðar snýr eingögu að mjög fáum skattgreiðendum og er vel afmörkuð og einföld. Sú ráðstöfun mundi leiða til mun minni

eftirspurnaráhrifa en boðuð leið ríkisstjórnarinnar og um leið tryggari skattgrunna og raunhæfari fjárlaga.

Alþingi, 11. des. 2009.

Tryggvi Þór Herbertsson,
Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal III.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

3. minni hluti hefur farið vandlega yfir tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar. Að mati 3. minni hluta eru þær grundvallarbreytingar sem gerðar eru á skattkerfinu að mörgu leyti mjög til bóta og mikilvægur áfangi til leiðréttingar á þeim losarabrag sem verið hefur á skattumhverfi á Íslandi undanfarin ár. Að auki eru þær tímabær leiðrétting á þeim ábyrgðarlausu skattalækkunum sem gerðar voru á hámarki þensluskeiðsins síðasta og virkuðu sem olía á eld þenslunnar.

Fjölþrepa virðisaukaskattkerfi þar sem markmiðið er að virðisaukaskattur á matvæli sé sem lægstur er æskilegt og þær breytingar sem nú eru gerðar með því að flokka t.d. gosdrykki ekki sem matvæli eru til bóta þótt 3. minni hluti telji að tveggja þrepa kerfi með einu lágu þrepi, um 7%, fyrir matvæli og öðru sem er hærra eða um 20% fyrir allt annað væri til bóta vegna mikillar einföldunar.

Fjölþrepa tekjuskattskerfi er einnig að mörgu leyti æskilegt og leiðir til meiri jöfnuðar þótt alltaf þurfi að varast að ganga of langt í að leggja einhvers konar hátekjuskatt á of lágar tekjur sem og að hafa skattprósentuna það háa að hvatinn til vinnu dofni um of.

Fjölmargir hagsmunaaðilar og sérfræðingar komu fyrir nefndina og lýstu áhyggjum af auknu flækjustigi skattkerfisins með fjölgun skattþrepa. Eins vöknuðu upp efasemdir um innheimtu eftiráskatts sem verður til vegna vanáætlunar tekna sem gera þarf upp við álagningu, en fram kom að heimtur eftiráskatts eru oft rýrar. Einnig var varað við hugsanlegum vandræðum vegna þess knappa tíma sem til stefnu er til að breyta þeim kerfum sem notuð eru við útreikning og innheimtu skatta. Þessi tímaþröng er mikið áhyggjuefni og erfitt að sjá annað en að gerð verði mörg mistök um áramót og á fyrstu mánuðum næsta árs vegna þeirra miklu breytinga sem þarf að gera á tölvukerfum. Slík vandræði geta gert það að verkum að tiltrú manna á kerfið veikist og erfitt og tímafrekt er að fá nýtt skattkerfi sem fer af stað á brauðfótum til að standa almennilega í lappirnar. Veik tiltrú manna á skattkerfi eykur einnig til muna vilja til undanskota. Því er að mati 3. minni hluta vel þess virði að gaumgæfa hvort hægt sé að fresta þessum breytingum þannig að meiri tími gefist til undirbúnings. Hins vegar telur 3. minni hluti að aukið flækjustig og eftiráinnheimta þurfi ekki að verða vandamál vegna þess tækniþróaða umhverfis sem efnahagslífið býr við.

Hvað varðar áhrif skattbreytingana á efnahagslífið alment og þjóðarhag telur 3. minni hluti að sá rökstuðningur sem birtist í kaflanum „Áhrif skattheimtu“ í frumvarpi til laga um tekjuöflun ríkisins (þskj. 292 – 256. mál) gangi ekki upp við þær aðstæður sem uppi eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og talið er til miskilnings að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel gegnum tíðina sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem frumvarpið vill ná fram og hafa góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta í dag hefur hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 3. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Ljóst er að tekjuskattstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 3. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. 3. minni hluti leggur því til að í stað þeirra tekjuskattshækkana og niðurskurðar útgjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp gistináttagjald sem leggist á hótel- og gistihúsarekstur. Gjald þetta verði 1.000 kr. (5,5 evrur) á gistinótt. Miðað við gistinætur ársins 2008

(sbr. skýrslur Hagstofu) gæti gjald þetta skilað tekjum upp á um 2,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti þetta gjald skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2008 (553.600 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 27,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds falli niður og að því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til styrkingar heilbrigðis-, velferðar- og menntamála.

Slík skattheimta sem að ofan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna hruns á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er miklu auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

3. minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er. Þótt erfitt geti verið að bæta úr því sem komið er mundu tillögur 3. minni hluta um nýja skattstofna gefa öllum hlutaðeigandi nægilegt svigrúm til að undirbúa betur breytingar á tekjuskattskerfinu og virka mun jákvæðar á almenning og fyrirtæki í landinu heldur en þær fyrirhuguðu skattahækkanir sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Alþingi, 11. des. 2009.

Þór Saari.

Fylgiskjal IV.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Efnahags- og skattanefnd hefur fundað frá morgni til kvölds síðustu daga vegna umfangsmikilla skattabreytinga og tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins. Þeirri yfirferð er ekki lokið og því getur efnahags- og skattanefnd ekki veitt tilhlýðilega umsögn eðli málsins samkvæmt.

Algjör glundroði er í vinnubrögðum Alþingis á síðustu dögum fyrir áramót. Fyrirhugaðar breytingar á skattkerfinu geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir tekjuhlið fjárlaganna enda hefur komið fram hjá umsagnaraðilum að verið sé að gera skattkerfið dýrara og óskilvirkara sem mun skila ríkissjóði lægri tekjum en núverandi staðgreiðslukerfi. Það er með öllu óásættanlegt að nú sé verið, á nokkrum dögum, að gera grundvallarbreytingar á íslenska skattkerfinu sem hefur verið þekkt fyrir einfaldleika. Allflestir umsagnaraðilar hafa gagnrýnt vinnulag stjórnarflokkanna og varað við því að hægt sé að gera mikil mistök undir mikilli tímapressu. Þessi hluti málsins setur tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins í mikla óvissu.

Vegna tímaskorts og ófullnægjandi yfirferðar um tekjuhliðina af hálfu efnahags- og skattanefndar er ekki hægt að gera fullnægjandi grein fyrir öllum hlutum er snerta tekjuhliðina, enda hefur ekki verið rætt við alla umsagnaraðila um frumvarpið. Forsendur tekjuhliðar eru vafasamar svo ekki sé meira sagt og verða nú reifuð nokkur álitamál.

- Samdráttur einkaneyslu er áætlaður 4,3% en kaupmáttarskerðing almennings er áætluð yfir 10%. Augljóslega ganga þessar áætlanir ekki upp – nema stjórnvöld geri ráð fyrir enn meiri skuldsetningu heimilanna sem eru nú þegar ofurskuldsett.
- Ekki er gert ráð fyrir flutningi vinnuafls frá landinu á næsta ári og því eru skatttekjur ríkissjóðs augljóslega ofmetnar. Það er alþekkt staðreynd að í kreppu verður tilflutningur á fólki. Íslensk þjóð er vel menntuð og einhverjir munu leita tækifæra á erlendri grundu.
- Verði grundvallarbreytingar gerðar á skatttkerfinu er ljóst að milljarðar króna munu glatast í innheimtu skatta.
- Nýtt virðisaukaskattþrep og hinn svokallaði sykurskattur mun óhjákvæmilega fækka störfum í matvælageiranum – svo skiptir hundruðum starfa.
- Umsagnaraðilar hafa einnig bent á að hækkun áfengisgjalds mun ekki skila þeim tekjum sem áætlaðar eru. Smygl og bruggframleiðsla eykst og því er ljóst að stórt neðanjarðarhagkerfi er að verða til með auknum álögum.
- Breytingar á skattumhverfi atvinnulífsins, sem eru í algjörri andstöðu við atvinnurekendur, setja stöðugleika á vinnumarkaði í hættu. Með breytingunum er endurreisn efnahagslífsins hamlað og boðað samráð virt að vettugi.

Hér eru einungis nokkur álitamál reifuð undir mikilli tímapressu. Álit þetta er samið meðan á fundi efnahags- og skattanefndar stendur. Vinnubrögð Alþingis hafa ekki verið óvandaðri og jafnhandahófskennd í lengri tíma – ef nokkurn tíma! Ljóst er að mikil vinna bíður efnhags- og skattanefndar á milli 2. og 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Það hversu seint skattbreytingar ríkisstjórnarinnar kom fram eru vítaverð vinnubrögð og þingi og þjóð ekki samboðin.

Alþingi, 11. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Á fund nefndarinnar komu Óðinn Helgi Jónsson og Eydís Eyjólfsdóttir frá forsætisráðuneyti, Haukur Guðmundsson og Jón Magnússon frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og Karl M. Kristjánsson frá skrifstofu Alþingis.

Æðsta stjórn ríkisins.

Nefndin fjallaði um æðstu stjórn ríkisins, þá sérstaklega Alþingi, stofnanir þess og dómstólana. Laun hæstaréttardómara voru lækkuð samkvæmt ákvörðun kjararáðs 10. mars 2009 um allt að 15%, eins og laun alþingismanna og ráðherra, en til viðbótar er Hæstarétti gert að skera niður um 10% og því er í reynd um tvöfaldan niðurskurð að ræða hjá réttinum. Meiri hlutinn telur mjög varhugavert að lækka framlög til dómstóla, sérstaklega þegar litið er til væntanlegrar aukningar dómsmála í tengslum við bankahrunið haustið 2008. Meiri hlutinn styður endurskoðun á skipulagi dómstóla samkvæmt þeim hugmyndum sem dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur lagt fram enda starfsálag og málafjöldi mismikill milli embætta. Þó vill meiri hlutinn vekja athygli á þeim beiðnum sem liggja fyrir ráðuneytinu af hálfu Hæstaréttar, svo og að auka þarf fjármagn til dómstóla almennt svo að þeir geti staðið undir lögbundnu hlutverki sínu og tryggt eðlilegan málshraða.

Fyrir nefndinni kom fram að fjárveitingar til Alþingis hefðu lækkað um 215 m.kr. eða 10% frá árinu 2008 til 2009. Aðgerðirnar fólu m.a. í sér að laun þingmanna voru lækkuð, reglur um töku varamanna inn á þing voru hertar, aðstoðarmönnum þingmanna var sagt upp, heimildir til ferða fastanefnda voru þrengdar, ferðaheimildir alþjóðastarfs þingmannanefnda þrengdar sem og aðhalds gætt í rekstri skrifstofu Alþingis, sérstaklega launaútgjöldum og tengdum kostnaði með því að ráða ekki starfsmenn í afleysingar vegna veikinda, fæðingarorlofs o.fl. Þá komu einnig til útgjöld í tengslum við mótmælin sem urðu í framhaldi af bankahruninu og í tengslum við kosningar. Lækkun fjárveitinga til Alþingis fyrir árið 2010 er 5% eða 100 m.kr. Sú fjárhæð endurspeglar ekki að öllu leyti þá raunlækkun á föstum kostnaði sem hefur orðið vegna tímabundinnar fjárveitingar að fjárhæð 40 m.kr. til að halda þing Norðurlandaráðs í Reykjavík á næsta ári. Meiri hlutinn telur að Alþingi hafi með niðurskurði útgjalda á þessu ári og í tillögum sínum fyrir næsta fjárlagaár tekið mjög alvarlega niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar og bendir á að varhugavert sé að ganga lengra í niðurskurði ef Alþingi á að geta sinnt hlutverki sínu með sóma. Meiri hlutinn bendir einnig á að við samanburð virðist sem sparnaður hjá Alþingi sé meiri en sumra aðalskrifstofa ráðuneyta.

Raunlækkun til stofnana Alþingis, Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis er 10% sem er í samræmi við þá meginstefnu sem fylgt er í fjárlagafrumvarpi um lækkun frá fjárlögum 2009 hjá stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum, sem og ráðuneytum.

Forsætisráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2010 eru áætluð 1.031 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 31 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.000 m.kr. og lækka um 1.048 m.kr. frá fjárlögum 2009 sem skýrist af flutningi verkefna til annarra ráðuneyta og vegur þar þyngst flutningur Hagstofu Íslands til efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Í frumvarpinu kemur fram að ráðuneytum og stofnunum ríkisins sé almennt ætlað að draga saman í rekstri um 10% frá fjárlögum 2009. Fram kom á fundum nefndarinnar að tekið hefði verið mið af þessu hjá forsætisráðuneyti og að niðurskurður þar hefði verið að meðaltali 8% í frumvarpinu, fyrir utan tilfærslu verkefna til annarra ráðuneyta.

Raunlækkun forsætisráðuneytisins milli ára miðað við þau verkefni sem enn eru hjá ráðuneytinu eftir tilfærslurnar eru 7,17% fyrir utan sparnað sem ráðuneytið leggur til í upplýsingaverkefnum en sú lækkun deilist samkvæmt frumvarpinu á mörg ráðuneyti.

Meiri hlutinn ræddi einnig um útgjöld til málefna upplýsingasamfélagsins sem er sameiginlegt verkefni allra ráðuneyta. Til verkefnisins var stofnað á árinu 1996 og hefur það verið í gangi alla tíð síðan. Kostnaður hefur verið allmikill og er það skoðun nefndarinnar að hægt sé að skera meira niður á þessum lið miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Á fjárlagalið 01-996-6.51 er varið 47 m.kr. til nýrra verkefna á vettvangi upplýsingasamfélagsins sem öll eru vistuð hjá forsætisráðuneyti. Þau verkefni eiga það sameiginlegt að vinna við þau er ekki hafin og því verður ekki um uppsagnir starfsmanna að ræða þótt þeim sé frestað. Meiri hlutinn leggur því til að þessi liður verði skorinn niður um 47 m.kr. Meiri hlutinn telur að þessa fjármuni megi t.d. nýta til meðferðargangs Litla-Hrauns sem ekki er fjárveiting fyrir samkvæmt fjárlagafrumvarpi.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Heildargjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis árið 2010 eru áætluð 26.215 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.673 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.418 m.kr. og lækka um 1.363 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

Á fundum nefndarinnar gerðu fulltrúar ráðuneytisins grein fyrir því hvernig ráðuneytið hygðist mæta 10% hagræðingarkröfu samkvæmt frumvarpinu en útfærslan er misjöfn eftir málaflokkum. Þannig er skorið niður um 12% hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 6% hjá dómstólunum og 8,2% hjá löggæslustofnunum og í öryggismálum. Það er skoðun nefndarinnar að unnið hafi verið sérstaklega vel að útfærslu niðurskurðartillagna í ráðuneytinu og í öllu farið að tilmælum um niðurskurð og sparnað. Meiri hlutinn telur því að ákveðnir þættir í starfsemi ráðuneytisins sem lúta að dómstólum, löggæslu og fangelsismálum hefðu átt að fá 6% hagræðingarkröfu í stað 10%. Byggir meiri hlutinn það á þeirri skoðun sinni að þeir teljist til grunnþjónustu samfélagsins og séu enn fremur grundvallarstoðir réttarríkisins. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu er einnig ljóst að það mun reyna mikið á þessa málaflokka á næstu missirum.

Fyrir nefndinni kom fram að ráðuneytið teldi að ekki væri unnt að mæta hagræðingarkröfu næstu ára nema með kerfisbreytingum á stofnunum og endurskoðun á verkefnum þeirra. Þessi afstaða fellur vel að ábendingum nefndarinnar í fyrri álitum um mikilvægi þess að litið sé til þess hvernig unnt er að hagræða í rekstri stofnana og embætta með sameiningu, samstarfi og samhæfingu verkefna. Í þessu sambandi vill meiri hlutinn vekja sérstaka athygli á Neytendastofu og embætti talsmanns neytenda sem fluttust yfir til ráðuneytisins með breytingum sem gerðar voru á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Meiri hlutinn tekur einnig

fram að það er í anda þeirrar sóknaráætlunar sem nú er í mótun á vegum ríkisstjórnarinnar og kemur fram í frumvarpinu og felst í að auka skilvirkni, einfalda stjórnsýslu og þjónustu til framtíðar en samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum verður landinu skipt upp í sex til sjö svæði. Meðal þeirra verkefna sem falla að áætluninni og unnið er að í ráðuneytinu er endurskipulagning allra fámennustu stofnananna, endurskipulagning lögregluembætta, endurskoðun á skipan sýslumannsembætta og sameining héraðsdómstóla í einn. Fram kom að endurskoðun á skipan sýslumannsembætta hefði verið frestað þar sem ekki hefði verið unnt að ljúka henni fyrir áramót. Ljóst er að breytingar sem þessar þarfnast nokkurs aðdraganda og koma áhrif þeirra því ekki fram fyrr en eftir nokkra mánuði eða jafnvel ár. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að fram fari mat á samfélagsáhrifum áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar og þess gætt að þjónusta við íbúa á landsbyggðinni verði ekki skert. Meiri hlutinn leggur engu síður áherslu á nauðsyn þess að vinna markvisst að þessum verkefnum og telur að með því að fækka embættum verði unnt að efla þau og þar með þjónustu við borgarana.

Nefndin ræddi sérstaklega um málefni dómstólanna en fyrir nefndinni kom fram að afstaða ráðuneytisins væri sú að mörkuð hefði verið skýr stefna af hálfu löggjafans með stofnun embættis sérstaks saksóknara til þess að taka mál tengd bankahruninu föstum tökum og því sé skýr vilji til þess að dómstólar geti einnig mætt þeim aukna málafjölda sem væntanlega mun fylgja í kjölfarið og hefur dómsmála- og mannréttindaráðherra því lagt fyrir ríkisstjórn erindi um aukafjárveitingu til málaflokksins. Meiri hlutinn fellst á þetta sjónarmið og styður að veitt verði fjárveiting til þessa.

Þá ræddi nefndin einnig um fjárveitingar til löggæslustofnana og kynnti sér skýrslu ríkislögreglustjóra, sem unnin var að beiðni ráðherra, um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim hlutverkum sem lögreglan gegnir og lögbundnum verkefnum hennar forgangsraðað. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um grunnþjónustuna sem löggæslan er og telur að skýrslan geti orðið góður grunnur að athugun á því hvernig unnt er að nýta sem best þá fjármuni sem veittir eru til löggæslu.

Nefndin hefur í álitum sínum sl. ár lagt sérstaka áherslu á fjárveitingar til fangelsismála. Nefndin kynnti sér stöðu þessara mála og heimsótti fangelsið á Litla-Hrauni og Hegningarhúsið Skólavörðustíg og átti fundi með forstöðumönnum þeirra, fulltrúum Fangelsismálastofnunar og fulltrúum félags fanga. Meiri hlutinn telur að mikið og gott starf hafi verið unnið síðustu ár í fangelsunum við mjög þröngan kost. Nefnir meiri hlutinn þar sérstaklega meðferðargang á Litla Hrauni sem er nýlegt úrræði þar sem fram fer mikil endurhæfing fanga sem felst m.a. í því að þeir sjá sjálfir um eldamennsku, þrif og þvotta. Úrræðið er eftirsótt meðal fanga og er biðlisti eftir því að komast að. Það hefur reynst sérstaklega vel fyrir einstaklinga með langan brotaferil og hefur fækkað endurkomum meðal þeirra.

Þá kom fram að fangelsi landsins eru nánast fullnýtt og kerfið býr því nú þegar við alvarlegan vanda. Sú staða er varhugaverð í ljósi þess að refsingar hafa verið að þyngjast, málum hefur fjölgað og útlit er fyrir að þeim fjölgi enn frekar á næstunni. Að óbreyttu verður því ekki unnt að fullnusta dóma. Fyrir liggur heimild ríkisstjórnar til ráðuneytisins að leigja hentugt húsnæði tímabundið til að bregðast við þessari þörf. Meiri hlutinn leggur mikla áherslu á að gengið verði frá samningum hið fyrsta.

Að lokum telur nefndin rétt að taka fram mikilvægi þess að standa vörð um grunnþjónustuna í þeim niðurskurði sem fyrirséður er á næstu árum.

Ásmundur Einar Daðason skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.
Valgerður Bjarnadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. nóv. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,
Atli Gíslason,
Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara,
Ásmundur Einar Daðason, með fyrirvara,
Róbert Marshall,
Þráinn Bertelsson.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga 2010 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar tekur undir flest þau meginsjónarmið sem fram koma í áliti meiri hluta nefndarinnar um fjárlagafrumvarpið. Minni hlutinn telur þó rétt að fjalla um nokkur atriði sérstaklega.

Minni hlutinn er fullkomlega ósammála þeirri forgangsröð sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og kemur m.a. fram í því að grundvallarstofnanir á sviði réttarvörslu í landinu er látnar sæta hinni almennu hagræðingarkröfu sem gerð er til stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana. Þetta leiðir m.a. til þess að verulegur niðurskurður kemur fram varðandi fjárveitingar til lögreglu og dómstóla á sama tíma og ljóst er að þessar stofnanir munu þurfa að takast á við stóraukið álag í störfum sínum. Stjórnvöld og Alþingi hafa þegar viðurkennt þessa staðreynd með umtalsverðum aukafjárveitingum til ákæruvaldsins – með stofnun embættis sérstaks saksóknara og auknum fjárveitingum til þess í ljósi umfangs þeirra verkefna sem það hefur með höndum. Á sama tíma verður hins vegar að horfast í augu við að sömu rök eru fyrir auknum fjárveitingum til annarra embætta sem fást við mikilvæg verkefni á þessu sviði.

Minni hlutinn minnir á að þegar fyrri ríkisstjórn mótaði stefnu um hagræðingu og sparnað í ríkisrekstrinum fyrir árið sem nú er að líða var nokkurt tillit tekið til þessara sjónarmiða og mun minni hagræðingarkrafa gerð til grundvallarstofnana á málefnasviði dómsmálaráðuneytis en almennt gilti um stofnanir ríkisins. Var litið til þess að um grunnþjónustu væri að ræða með sama hætti og grunnþjónustu á sviði mennta-, félags- og heilbrigðismála. Eðlilegt væri að núverandi ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti á þingi hefðu sömu sjónarmið uppi við fjárlagagerð fyrir næsta ár.

Hvað dómstóla varðar er ljóst að þegar hefur orðið mikil fjölgun á dómsmálum: skuldamálum, munnlega fluttum einkamálum og sakamálum. Allt bendir til þess að þessum málum

muni fjölga verulega á næstu missirum. Ekki er nóg með að mörg þeirra mála sem til rannsóknar eru hjá sérstökum saksóknara munu rata til dómstóla heldur er fyrirsjáanlegt að einkamálum muni líka fjölga umtalsvert vegna uppgjörs bankanna og margvíslegra annarra mála sem tengjast gjaldþrotum og fjárhagslegri endurskipulagningu í atvinnulífinu. Þá hefur brotum á öðrum sviðum einnig fjölgað með þeim afleiðingum að álagið á dómskerfið mun aukast.

Sömu sjónarmið eiga við um aðrar stofnanir ákæruvaldsins, þar á meðal embætti ríkissaksóknara og saksóknara efnahagsbrota. Þrátt fyrir að mál sem tengjast bankahruninu séu tekin sérstaklega fyrir af embætti sérstaks saksóknara bendir ekkert til annars en að málafjöldi á borðum ríkissaksóknara og saksóknara efnahagsbrota, svo dæmi séu nefnd, muni líka fara vaxandi.

Hvað lögregluna varðar á hið sama við. Þjóðfélagsástandið sem skapast hefur vegna efnahagskreppunnar og bankahrunsins gerir að verkum að mun meira reynir á lögregluna á mörgum sviðum. Á tímum sem þessum er einmitt sérstaklega mikilvægt að lögreglan hafi möguleika á að sinna hlutverki sínu við að koma í veg fyrir brot, bregðast við þeim og rannsaka hratt og örugglega. Það á jafnt við um hlutverk lögreglunnar við að gæta almannareglu og öryggis ríkisins og að takast á við önnur brot, hvort sem þau beinast að lífi og heilsu fólks eða fjárhagslegum hagsmunum. Óróleiki í þjóðfélaginu og óöryggi borgaranna eykst að sjálfsögðu ef lögreglan hefur ekki tök á að sinna þessu hlutverki sínu vegna manneklu og fjárskorts. Hér er því um einstaklega viðkvæmt svið að ræða og mikilvægt að taka ríkt tillit til þess við fjárlagagerðina.

Minni hluti allsherjarnefndar vill á þessu stigi ekki taka afstöðu til skipulagsbreytinga sem dómsmálaráðherra hefur boðað, varðandi skipan dómstóla og lögreglumála. Minni hlutinn telur að breytingar af því tagi þarfnist vandaðs undirbúnings og ákvarðanir sem teknar verða í þeim efni hljóti að taka mið af fjölmörgum öðrum sjónarmiðum en fjárhagslegri hagræðingu. Að sjálfsögðu er mikilvægt að vel sé farið með fé á þessum sviðum opinberrar þjónustu eins og annars staðar en þótt nú kreppi að í ríkisrekstrinum um sinn mega fagleg sjónarmið ekki víkja þegar skipan þessara mála er ákveðin til langrar framtíðar. Varðandi fjárlagagerð fyrir næsta ár verður líka að hafa í huga að ólíklegt er að skipulagsbreytingar muni leiða til mikils sparnaðar enda sýnir reynslan að skipulagsbreytingum á stofnunum fylgir jafnan kostnaður meðan þær eru að komast til framkvæmda. Telur minni hlutinn því óþarft og óráðlegt að tengja skipulagsbreytingar á þessum sviðum við fjárlagagerð fyrir næsta ár, ekki síst í ljósi þess að aðeins eru örfáar vikur til áramóta og skammt eftir af starfstíma þingsins.

Alþingi, 13. nóv. 2009.

Birgir Ármannsson,
Vigdís Hauksdóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar og gert tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Nefndin fékk á sinn fund Gísla Þór Magnússon, Auði Björgu Árnadóttur, Jenný Báru Jensdóttur og Hellen M. Gunnarsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Guðbjörgu Aðalbergsdóttur frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Kristínu Ingólfsdóttur frá samstarfsnefnd háskólastigsins, Líneyju Rut Halldórsdóttur og Ólaf Rafnsson frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Ágúst Guðmundsson, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Sigrúnu Birgisdóttur, Hjálmtý Heiðdal, Þuríði Sigurðardóttur, Pétur Gunnarsson, Kristínu Mjöll Jakobsdóttur og Björn Th. Árnason frá Bandalagi íslenskra listamanna.

Heildarútgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 64.707 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.876 m.kr. en þær nema 9,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 58.831 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.379 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.452 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. Heildarfjárveiting til háskóla og rannsókna lækka um 1.343,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem nema 497,5 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eru fjárframlög til háskóla og háskólastofnana lækkuð um 8,5%, aðrir liðir um 10% en ekkert er skorið niður til framlaga í rannsóknarsjóði. Framlag til Háskóla Íslands lækkar um 800 m.kr. en á móti kemur 360 m.kr. framlag vegna nemendafjölgunar. Meiri hlutinn vill benda á að jafnframt hefur verið frestað samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og háskólans um kennslu og rannsóknir þar sem kveðið var á um að rannsóknarframlög til skólans mundu hækka um 640 m.kr. árlega á árunum 2007–2011.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 709,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 5,5% frá fjárlögum 2009. Samkvæmt frumvarpinu verður dregið úr útgjöldum málaflokksins um 1.126,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga en á móti koma ýmsar útgjaldaskuldbindingar, til að mynda 128,5 m.kr. vegna nemendafjölgunar. Þá hefur nefndin fengið þær upplýsingar að sá árgangur sem nú lýkur grunnskóla sé álíka stór og sá á undan en þar var um óvenju stóran hóp að ræða. Meiri hlutinn telur að tryggja verði að fjármagn fylgi nemendum háskóla og framhaldsskóla og skólunum gert kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Einnig verði tryggt að fjarnám, dreifnám og fljótandi skil skólastiga þróist áfram á jákvæðan hátt.

Þegar draga þarf úr útgjöldum er augljóst að forgangsraða þarf verkefnum. Ekki verður um of áréttað mikilvægi þess að standa vörð um menntakerfið á öllum skólastigum í núverandi efnahagsástandi og þá er ljóst að eftirspurn í háskóla og framhaldsskóla eykst með

auknu atvinnuleysi. Til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi verði stærra félagslegt vandamál er nauðsynlegt að auðvelda fólki að fara aftur í nám. Þegar hefur verið gripið til aðgerða í þá veru með því að breyta reglum um tekjuviðmiðun þeirra sem fara í nám aftur eftir hlé og með því hækka grunnframfærslu námslána með tilheyrandi millifærslu frá atvinnuleysistryggingum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að menntun er raðað framar menningu í forgangsröðun mennta- og menningarmálaráðuneytis og telur meiri hlutinn slíkt eðlilegt við þær aðstæður sem nú eru. Ekki má þó draga úr samfélagslegu og félagslegu mikilvægi menningar og áréttar meiri hlutinn að þær aðhaldsaðgerðir sem farið er í verði tímabundnar þannig að aukning verði til fjárlagaliða er varða menningu og listir um leið og svigrúm er til í ríkisfjármálum.

Nefndin hefur tekið almennan hluta fjárlaga til ítarlegrar umfjöllunar og leggur meiri hlutinn ekki til breytingar á einstökum liðum. Hann telur þó rétt að árétta að tryggt verði nægt fjármagn til lögbundinna verkefna, svo sem til safna. Þá er í frumvarpinu í lið 02-978-1.01 Listasjóðir vísað til laga sem felld voru úr gildi samhliða nýjum lögum um listamannalaun, nr. 57/2009. Í ár falla niður ýmis tímabundin framlög til einstakra verkefna vegna mótvægisaðgerða. Beinir meiri hlutinn því til fjárlaganefndar að skoða þessa liði sérstaklega þar sem oft er um mikilvæg verkefni að ræða sem styrkja og hvetja fólk til að leita frekari menntunar og fjárframlag nauðsynlegt til stuðnings áframhaldandi starfsemi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 250 m.kr. lækkun á framlagi til jöfnunar námskostnaðar en það er um 32,5% frá fjárlögum 2009. Telur meiri hlutinn eðlilegt að ekki verði beitt flötum niðurskurði hjá jöfnunarsjóði heldur verði fremur farið í endurskoðun úthlutunarreglna. Framlag til Kvikmyndasjóðs var tekið til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni enda mjög skorið niður í framlögum til sjóðsins. Leggur meiri hlutinn til að áhrif þessara aðgerða verði skoðuð sérstaklega.

Nefndinni bárust 105 umsóknir um fjárveitingar af safnliðum og komu 40 umsækjendur á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn áréttar það sem komið hefur fram í álitum menntamálanefndar um fjárlög síðustu ára að nauðsynlegt er að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Áður hefur meiri hlutinn lagt áherslu á að farið yrði í slíka endurskoðun og ítrekar þau sjónarmið enn á ný. Meiri hlutinn bendir á að til staðar eru ýmsir sjóðir sem komið hefur verið á í þeim tilgangi að úthluta fjármunum til einstakra verkefna auk þess sem gerðir hafa verið menningarsamningar við sveitarfélög á landsbyggðinni. Meiri hlutinn telur að veita eigi fjármuni sem verið hafa á safnliðum til þessara sjóða og til menningarsamninga. Þannig má tryggja að úthlutun fjármuna verði byggð á faglegri forsendum, taki tillit til svæðisbundinna þarfa og auðvelda auk þess eftirlit með nýtingu fjármuna.

Nefndin leggur til að 48 umsækjendur fái styrk. Mikill niðurskurður er á framlögum til safnliða og er ljóst að ekki er hægt að verða við nema litlum hluta beiðna. Má þar til dæmis nefna safnlið 02-982-1.90, Listir, framlög, þar sem einungis 5 m.kr. eru til ráðstöfunar en umsóknir nema 141,6 m.kr. Vegna þessarar stöðu leggur meiri hlutinn fyrst og fremst áherslu á að styrkja verkefni sem stuðla að menntun og menningariðkun barna og unglinga eða að framlögin skapi atvinnutækifæri og stuðli að nýsköpun eða verðmætasköpun. Einnig leggur meiri hlutinn ekki til veitingu styrkja til stofnkostnaðar en mælir með að tekið verði tillit til þeirra umsókna við úthlutun á lið 02-919-6.90. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á svigrúm sé til að veita styrk til sögulega mikilvægra safna.

Hvað varðar lið 02-999-1.90, Ýmis framlög telur meiri hlutinn rétt að athugaðir verði möguleikar þess að setja Þórbergssetur inn á fast viðfang. Þá telur meiri hlutinn að skoða þurfi að sambærileg setur njóti sambærilegrar stöðu innan fjárlaga. Enn fremur telur meiri hlutinn nokkur rök hníga að því að Handverk og hönnun verði sett inn á fast viðfang. Um er

að ræða mikilvæga starfsemi sem eflir handverk og hönnun á landsvísu og styður þá sem eru að fóta sig á þessu sviði og telur meiri hlutinn slíkt mikilvægt á tímum sem þessum. Hvað varðar safnlið 02-919-1.90 er álit meiri hlutans að Leikminjasafn Íslands og Þjóðfræðistofa eigi heima á föstu viðfangi.

Meiri hlutinn leggur til að af lið 02-983-1.11 verði 3 m.kr. færðar á lið 02-999-1.90 og af sama lið 10,3 m.kr. á lið 02-919-1.90. Einnig er lagt til að 0,9 m.kr. verði færðar af lið 02-988-1.90 á lið 02-919-1.90.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Oddný Harðardóttir og Ásmundur Einar Daðason skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Oddný Harðardóttir, form., með fyrirvara,
Ásmundur Einar Daðason, með fyrirvara,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Lilja Mósesdóttir,
Anna Pála Sverrisdóttir.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrsti minni hluti getur ekki fellt sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð fjárlaga og þá einkum úthlutun menntamálanefndar sem hefur í gegnum árin ekki byggst á faglegum forsendum, verið tilviljunarkennd og jafnvel stjórnast af kjördæmapoti einstakra þingmanna.

Minni hlutinn leggur til að fyrirkomulag við úthlutun fjármuna af safnliðum sem heyra undir menntamálaráðuneytið verði endurskoðað og gerðar á því róttækar breytingar hið fyrsta svo að fagleg sjónarmið ráði för. Lagt er til að fjármunir á safnliðum 02-919-1.90, 02-919-1.98, 02-919-6.90, 02-919-6.45, 02-982-1.90, 02-983-1.11 og 02-999-1.90 verði færðir á fjárlagaliði sjóða sem hafa það lögbundna hlutverk að styrkja lista- og menningarstarfsemi. Sjóðunum ber að meta umsóknir á faglegum forsendum og meta allar umsóknir á sama kvarða. Auk þess hafa sjóðirnir ákveðið eftirlitshlutverk og eiga að ganga eftir því að fjármununum sé varið í þau verkefni sem þeim er úthlutað til en eftirlit af hálfu menntamálanefndar hefur ekki verið fyrir hendi. Bókmenntasjóður styrkir til að mynda ekki útgáfu bóka sem koma ekki út.

Sjóðirnir sem um ræðir eru bókmenntasjóður, safnasjóður, húsafriðunarsjóður, tónlistarsjóður, barnamenningarsjóður, fornleifasjóður og Kvikmyndasjóður en einnig má nefna starf-

semi atvinnuleikhópa. Eins hafa verið gerðir menningarsamningar við sveitarfélög á landsbyggðinni og mætti nota þessa fjármuni til að efla þá.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 19. október sl. Nefndin fékk á sinn fund Einar Gunnarsson, Pétur Ásgeirsson og Gunnlaugu Guðmundsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildarrekstrargjöld utanríkisráðuneytis árið 2010 nemi tæpum 11.633 m.kr. á rekstrargrunni sem samsvarar um 7% lækkun frá fjárlögum 2009. Heildarhagræðing innan ráðuneytisins nemur um 1392 m.kr. og þar af er 71% af liðum sem snúa að þróunarmálum. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands lækka um rúm 16% frá fjárlögum 2009 samkvæmt frumvarpinu og framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um rúm 24% frá fyrra ári. Meiri hluti nefndarinnar leggur engu síður áherslu á að til frambúðar verði áfram unnið að því markmiði stjórnvalda að framlög til þróunarmála verði 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu og telur að freista eigi þess að draga úr lækkun framlaga til þessa þáttar eins og svigrúm kann að leyfa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 250 m.kr. fjárveitingu í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Gert er ráð fyrir að framlagið verði tímabundið í tvö ár og að mestu notað í óhjákvæmilegan ferðakostnað og kaup á utanaðkomandi sérfræðiþjónustu. Meiri hlutinn beinir þeim tilmælum til utanríkisráðuneytis að gæta ýtrustu hagkvæmni til að draga úr líkum á því að til viðbótarfjárveitinga þurfi að koma.

Nefndinni voru kynntar hugmyndir á vinnslustigi um flutning verkefna Varnarmálastofnunar til Landhelgisgæslunnar og Flugstoða. Meiri hlutinn tekur undir þau stefnumótandi áform sem í þeim felast og hugmyndina um að Varnarmálastofnun verði lögð niður í núverandi mynd með þeim sparnaði og hagræðingu sem því getur fylgt.

Loks leggur meiri hlutinn áherslu á að kannað verði til þrautar hvort ásættanlegur hagnaður geti náðst, með langtímahagsmuni að leiðarljósi, við sölu fasteigna í eigu ríkisins sem notaðar eru fyrir sendiskrifstofur Íslands erlendis. Jafnframt vekur meiri hlutinn máls á því hvort ástæða sé til að fækka sendiráðum Íslands erlendis umfram það sem orðið er og efla

frekar starfsemi í þeim löndum sem eftir verða eða auka samstarf við önnur Norðurlandaríki um rekstur sendiskrifstofa þar sem slíkt getur reynst hagkvæmt.

Alþingi, 11. nóv. 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form.,
Valgerður Bjarnadóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Birgitta Jónsdóttir,
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009.

Nefndin fékk á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safnliðum.

Fram kom á fundi nefndarinnar að heildarútgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2010 eru áætluð 20.006 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.197 m.kr. en þær nema 6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.255 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.554 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.381,3 m.kr. og lækka því um 270,2 m.kr. milli ára. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Við þessa hagræðingu hefur ýmsu verið forgangsraðað þannig að ekki er um flatan niðurskurð að ræða. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.555,5 m.kr. og verða 14.267,4 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert nemi um 10.610,0 m.kr. á yfirstandandi ári, samtals munu samningarnir því nema um 53,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári. Nefndin telur æskilegt að halda framlagi til verkefnisins Bændur græða landið, sem er á fjárlagalið nr. 04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar, óbreyttu og telur að helst ætti að auka það frá fjárlögum fyrir árið 2009 og spara á móti á öðrum liðum, enda er verkefnið einkar mikilvægt. Gert er ráð fyrir um 10% skerðingu auk þess sem verkefnið var skert umtalsvert í fyrra. Einnig er vakin athygli fjárlaganefndar á mikilvægi þess að Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, haldi sínum hlut samkvæmt frumvarpinu á fjárlagalið 04-190-1.98.

Nefndin tók fyrir skiptingu safnliðar 04-190-1.90, Ýmis verkefni, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Nefndinni bárust fjölmargar umsóknir og tók nefndin á móti fjölda gesta í tengslum við safnliðina. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðar 04-190-1.90 eru í meðfylgjandi fylgiskjali og leggur nefndin til að safnlið 04-190-1.90 verði skipt samkvæmt sundurliðuninni sem þar er tilgreind. Nefndin ræddi mikilvægi þess að fé sé varið í verkefni sem ekki eru fjárfrek en eru líkleg til atvinnusköpunar og hafði nefndin þau sjónarmið að leiðarljósi við úthlutun. Í samræmi við það ákvað nefndin að styrkja verkefni á borð við Beint frá býli enn frekar þar sem það er mikilvægur vaxtarbroddur í íslenskum landbúnaði og getur þetta þýtt mikinn virðisauka og er atvinnuskapandi fyrir búin án þess að til mikilla fjárútláta þurfi að koma. Nefndin leggur til að verkefnið Beint frá býli fái 6 m.kr. heildarfjárveitingu, þ.e. 3 m.kr. eru veittar samkvæmt umsókn til að kosta verkefni félagsins samkvæmt kostnaðaráætlun en 3 m.kr. skal varið í nýtt verkefni sem snýr að því að athuga möguleika á að rýmka heimildir til heimaslátrunnar og kanna gjaldtöku fyrir slátrun hjá sláturleyfishöfum og reglusetningu ESB um heimaslátrun. Nefndin telur mikilvægt að framlög í verkefni af þessu tagi séu aukin því að þau skila sér margfalt til baka ef rétt er að staðið. Verkefnið hefur þegar sannað ágæti sitt.

Vakin er athygli fjárlaganefndar á styrkbeiðni frá Geitfjársetri sem vísað hefur verið á stofnfjárlið og leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að verkefni þessu verði veitt brautargengi. Rekstrarstaðan er slæm og fjárveitingin nauðsynleg til að hægt sé að halda starfseminni áfram. Þarna er á ferðinni mikið þjóðþrifamál sem er varðveisla og efling íslenska geitastofnsins en stofninn er talinn vera sá hreinasti en jafnframt minnsti sem vitað er um. Auk þess leggur nefndin til að 2 m.kr verði veitt í Geitfjársetur af fjármunum þeim sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur til ráðstöfunar á safnlið 04-190-1.90. Nefndin vill einnig vekja athygli fjárlaganefndar á verkefni sem snýr að endurgerð Skaftholtsrétta. Réttir þessar eru ævafornar, hafa verið endurbyggðar og hafa mikið menningarlegt gildi og leggur nefndin til að 1 m.kr. af ráðstöfunarfé nefndarinnar verði varið í verkefnið vegna endurbyggingarinnar. Þeirri fjárhæð sem eftir stendur af safnliðnum, 3 m.kr., leggur nefndin til að verði úthlutað jafnt til eftirfarandi verkefna, Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja, Selaseturs Íslands og Síldarminjasafnsins á Siglufirði, en það gerir 1 m.kr á hvert. Verkefni þessi eru öll á fjárlagalið 02-919-1.90 hjá menntamálanefnd en koma inn á svið sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og telur nefndin því rétt að leggja þeim lið.

Það er ljóst að á komandi missirum verður enn frekari niðurskurður sem verður mörgum greinum erfiður. Nefndin ítrekar því mikilvægi þess að við niðurskurðinn sé lögð áhersla á að halda inni verkefnum sem líkleg eru til að skapa atvinnu, spara gjaldeyri og auka gjaldeyristekjur en að saman skapi takmarka fjölda nýrra verkefna sem ráðist verður í.

Ögmundur Jónasson og Björn Valur Gíslason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi 12. nóvember 2009.

Atli Gíslason,
Ólína Þorvarðardóttir,
Róbert Marshall,
Helgi Hjörvar, með fyrirvara.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Fjárlög eru nú undirbúin við erfiðar aðstæður. Tekjur ríkisins hafa minnkað í takt við minnkandi umsvif þjóðarbúsins og útgjöld hafa á sama tíma aukist. Mikilvægt er við þessar aðstæður að gæta aðhalds við rekstur ríkisins og hvetur 1. minni hluti til þess. Það er yfirlýst af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki eigi að fara leið flats niðurskurðar og er það markmið sannarlega eðlilegt. Ráðuneytum og stofnunum þeirra eru hins vegar settir fjárlagarammar þar sem finna má mismunandi aðhaldsmarkmið eftir málaflokkum. Við þessar aðstæður er niðurskurður vandasamari og leggur meiri ábyrgð á herðar Alþingi. Nauðsynlegt er að meta einstök verkefni og þýðingu þeirra og setja þau inn í þá stefnumótun sem fjárlögum er ætlað að varða.

Hér verða ekki gerðar athugasemdir við þann almenna sparnaðarramma sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er settur, enda er hann í samræmi við þau áform sem eru uppi um útgjöld flestra annarra ráðuneyta. Á hinn bóginn er mikilvægt að skoða einstaka útgjaldaþætti lið fyrir lið. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur ekki haft aðstöðu til þess og umfjöllun hennar byggist því á sjálfstæðri skoðun á frumvarpinu og á fundi sem nefndin átti með fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að undirstrika sérstöðu þessa málaflokks í fjárlögunum. Þar er í fyrsta lagi að nefna útgjöld til þess að standa straum af greiðsluskuldbindingum vegna mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu. Hér er byggt á samningum bænda og ríkisvaldsins og er vakin athygli á að greiðslur vegna þeirra hafa verið lækkaðar frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Er þar í raun fylgt sömu stefnu fyrir næsta ár og mörkuð var í fjárlögum á yfirstandandi ári. Kostnaður vegna þessara þriggja samninga er áætlaður á næsta ári um 10,2 milljarðar kr.

Annað atriði sem ástæða er til þess að nefna er að drjúgur hluti útgjalda ráðuneytisins er vegna rannsókna og þróunarstarfsemi. Má þar nefna fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunarinnar, MATÍS, Veiðimálastofnunar, sjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs, rannsókna háskóla í þágu landbúnaðarins og rannsókna í skógrækt í þágu landbúnaðar. Alls eru áætlaðir um 2,4 milljarðar kr. til þessara viðfangsefna.

Þetta er hér undirstrikað til þess að vekja athygli á þeim skorðum sem hagræðingu eru hér settar. Annars vegar er um að ræða hlutfallslega stóra fjárlagaliði sem eru samningsbundnir og hins vegar fjárveitingar til málaflokka sem áhersla hefur verið lögð á að verja sérstaklega. Í þessu sambandi þarf að benda á að nettóútgjöld ríkissjóðs vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins nema tæpum 16,3 milljörðum kr.

Við niðurskurð ríkisútgjalda vill 1. minni hluti beina sjónum að Hafrannsóknastofnuninni, sérstaklega í ljósi þess að bent hefur verið á mikilvægi þess að fiskveiðiráðgjöf hennar sé sem áreiðanlegust og best. Í tengslum við niðurskurð þorskaflaheimilda var tekin ákvörðun um að auka fjárveitingar til stofnunarinnar, til þess að bæta grundvöll þeirra rannsókna sem stofnmat hennar byggist á. Hér er átt við svokallað togararall. Var veitt til þess 50 millj. kr. árlegt framlag. Nú hefur verið ákveðið að ekki verði framhald á þessari fjárveitingu, jafn-

framt því sem niður fellur sérstakur fjárlagaliður vegna rannsókna á Drekasvæðinu. Til viðbótar tekur stofnunin á sig samræmda hagræðingarkröfu. Ljóst má vera að rekstrarhagkvæmni stofnunarinnar minnkar við þetta og engum blöðum er um það að fletta að umfang rekstrarins verður mun minna á næsta ári. Mikilvægt er því að við gerð rekstraráætlana sé áfram gætt hagkvæmni og áhersla lögð á að draga sem minnst úr þeim rannsóknum sem eru undirstaða stofnmatsins. Á fundi nefndarinnar kom fram að áform eru um að draga mjög úr starfsemi samráðsnefndar Hafrannsóknastofnunarinnar en í henni eiga sæti sérfræðingar stofnunarinnar og fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna auk sérfræðinga utan stofnunarinnar, þar á meðal erlendir sérfræðingar. Þetta telur 1. minni hluti ranga áherslu og minnir á yfirlýsingar sem fram hafa komið víða um þýðingu þess að efla samstarf hagmunaaðila og sjómanna jafnframt því að kalla eftir viðhorfum vísindamanna utan stofnunarinnar.

Vakin er athygli á að samkvæmt fjárlagafrumvarpi er áætlað að greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda (LSB) verði lækkaðar um 45% á milli ára, eða úr 325 millj. kr. í 178 millj. kr. Ekkert formlegt samkomulag hefur verðið í gildi undanfarin ár á milli Bændasamtaka Íslands og ríkissjóðs um framlög til sjóðsins. Framlög til hans hafa verið skilgreind á fjárlögum undanfarin ár innan greiðslna til búvörusamninga sauðfjár og mjólkurframleiðslu. Þrátt fyrir að ekki hafi fengist formlegt samkomulag um framlög til sjóðsins hafa bændur haft réttmætar væntingar um að staðið yrði við verðgildi framlaga til LSB, enda hafa stjórnvöld ekki á undanförnum árum gert athugasemdir við framkvæmdina og haft sömu sjónarmið. Stjórnvöld hafa rækt hlutverk sitt samkvæmt sérlögum um LSB, skipað þar í stjórn og tekið þátt í rekstri sjóðsins. 1. minni hluti undirstrikar að eðlilegt er að um þessi mál sé gert samkomulag á milli Bændasamtakanna og ríkisvaldsins. Ljóst virðist að lægra framlag til lífeyrissjóðsins muni hafa áhrif á framtíðarmöguleika sjóðsins til útgreiðslu á lífeyri, nema um verði að ræða frekari inngreiðslu bænda til sjóðsins. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir að lækkaðar verði greiðslur til Bændasamtakanna. Enn hefur ekki verið gengið frá nýjum búnaðarlagasamningi sem fellur úr gildi í lok næsta árs. Gert hafði verið ráð fyrir að slíkur samningur hefði þegar verið endurskoðaður og framlengdur í tvö ár. Mjög bagalegt er við rekstur nauðsynlegrar búfjárræktar, héraðs- og landsþjónustu, að frá þessari samningsgerð hafi ekki verið gengið. Áréttað er að til þeirra verka verði gengið hið fyrsta.

1. minni hluti telur nauðsynlegt að vekja athygli á því að vegna aðildarumsóknar að ESB er ljóst að vinnuálag í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og stofnunum þess mun aukast. Mörg álitaefni sem einmitt snerta verksvið ráðuneytisins verða í forgrunni og hefur m.a. komið fram hjá ráðherra að gera þurfi ráð fyrir mikilli vinnu af þeim ástæðum. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þeirra verkefna í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fremur en öðrum ráðuneytum en eingöngu vísað til almenns fjárlagaliðar á vettvangi utanríkisráðuneytisins. Auljóslega þarf að svara á hvern veg verður tekið á því máli innan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í ljósi þess umfangsmikla starfs sem fyrirsjáanlega verður á herðum þess vegna aðildarumsóknar að ESB.

1. minni hluti tók þátt í skiptingu safnliða og gerir ekki ágreining við þá niðurstöðu sem þar fékkst. Unnið var innan þeirra fjárveitinga sem áætlaðar voru til þessa viðfangsefnis. Sérstaklega er vakin athygli á þeirri stefnumótun sem fram kemur í þessum úthlutunum varðandi viðfangsefnið Beint frá býli og áréttar minni hlutinn mikilvægi þessa verkefnis. Hins vegar er það álit 1. minni hluta að áfram eigi að halda með þá sjóvinnukennslu sem Alþingi hefur stutt við með fjárveitingum og að veita eigi til þess svipaða fjárhæð og á yfirstandandi ári. Er hér um að ræða vinsælt og eftirsótt verkefni á meðal grunnskólanema sem er liður í því

að skapa ungu fólki tækifæri til þess að kynnast starfi við þennan undirstöðuatvinnuveg, jafnframt því að vera holl og örvandi fræðsla um hafið og lífríki þess.

Alþingi, 17. nóv. 2009.

Einar K. Guðfinnsson,
Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Vísar 2. minni hluti til álits meiri hlutans er varðar gestalista og umsóknir til nefndarinnar.

Almennt má segja varðandi niðurskurð og hagræðingu að 2. minni hluti telur það miður að ekki sé lagt fram samhliða fjárlagafrumvarpinu áætlun til lengri tíma, til að mynda næstu þriggja ára. Þannig mætti setja sér raunverulegri markmið um sparnað í ríkisrekstri, sparnað sem væri raunverulegur og varanlegur. Sömu gagnrýni vill 2. minni hluti setja fram varðandi greinargerð með einstökum fjárlagaliðum en þar skortir á að sýnt sé fram á hinn raunverulega sparnað, þ.e. hvernig á að ná fram einstökum lækkunum hjá mismunandi stofnunum.

Þá bendir 2. minni hluti á að einstakir fjárlagaliðir virðast ekkert hafa með ríkisrekstur að gera og má þar nefna Fóðursjóð sem hækkar úr 115 millj. kr. 2009 í 1.400 millj. kr. 2010, verðmiðlun landbúnaðarvara og Búnaðarsjóð. Það er mat 2. minni hluta að eðlilegra væri að sjóðir sem eru að öllu leyti gegnumstreymissjóðir, þar sem tekjur standa undir útgjöldum, séu betur geymdir hjá viðkomandi atvinnugrein en ríkisvaldinu. Fjárlögin gætu verið gegnsærri með þeim hætti og endurspeglað betur raunverulegan rekstur ríkisins.

Varðandi einstök verkefni tekur 2. minni hluti undir álit meiri hlutans um verkefnið Bændur græða landið. Það er mat 2. minni hluta að það sé verðugt verkefni ríkisvaldsins að koma meira að einstökum landgræðsluverkefnum þar sem fjölmargir aðilar hafa lagt umtalsverða sjálfboðavinnu og fjármuni til slíkra verkefna.

Varðandi skiptingu safnliðarins 04-190-1.90 gerir 2. minni hluti, þrátt fyrir að skortur sé á markvissri stefnu í útdeilingu fjármuna til einstakra verkefna, ekki athugasemdir við niðurstöðuna sem fram kemur í fylgiskjali með áliti meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 16. nóv. 2009.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar, dagsett 19. október 2009.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytisins Sturlaugur Tómasson, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, Vilborg Ingólfsdóttir og Ágúst Þór Sigurðsson.

Heildarútgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess árið 2010 eru áætluð um 139.283 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.313 m.kr. en þær nema 1,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Útgjöld ráðuneytisins hækka um 19.373 m.kr. frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna á sviði öldrunarmála, tryggingamála og starfsendurhæfingar sem flytjast frá heilbrigðisráðuneyti.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 33.132 m.kr. og hækka um 1.542,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs eru rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið lækkaðar um alls 1.651,2 m. kr. Við samdráttinn var forgangsraðað svo að skerðing á fjárveitingu er mismikil eftir stofnunum og verkefnum. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 2.113 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 4.549 m.kr. og verða 101.050 m.kr. en eru 96.502 m.kr. í fjárlögum ársins 2009. Gert er ráð fyrir að lækka útgjöld um 6.800 m.kr. sem jafngildir 7,2% lækkun frá fjárlögum síðasta árs. Vegur þar þyngst 4.400 m.kr. lækkun í almannatryggingakerfi auk 12.330 m.kr. hækkunar til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna nýrrar spár um að atvinnuleysi aukist meira en áður var gert ráð fyrir. Greiðslur ráðuneytisins samkvæmt samningi við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni eru samtals áætlaðar um 4.037 m.kr. árið 2010. Það svarar til 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar og áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að velferðarkerfið sé sem skilvirkast og í útgjaldasamdrætti sé vörður staðinn um þá sem minnst mega sín. Meiri hlutinn telur rétt að leitað verði leiða til að gera stjórnsýsluna skilvirkari, til að mynda með sameiningu stofnana og verkefna og flutningi verkefna til sveitarfélaga. Þá áréttar meiri hlutinn að samningum við sveitarfélögin þurfi að ljúka sem fyrst enda verði verkefni ekki færð til þeirra án þess að tekjustofnar fylgi. Einnig telur meiri hlutinn rétt að gengið verði endanlega frá málefnum og verkaskiptingu Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands sem enn virðist ekki vera að fullu frágengin. Óvissa um verkaskiptingu dregur úr gagnsæi auk þess sem hætta er á að óvissa skapist um gjaldafærslur sem leiði til aukins kostnaðar.

Nefndin hefur kynnt sér þær tillögur um samdrátt í útgjöldum sem liggja fyrir. Ljóst er að til að lækka útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis þarf að fara inn í bótakerfið enda er það langstærsti hluti útgjaldanna. Meiri hlutinn telur mikilvægt að við aðhald og samdrátt í útgjöldum sé þess gætt að draga ekki úr nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Nefndin kynnti sér lækkanir á einstökum liðum sem lækka mikið frá fjárlögum þessa árs, t.d. lið 07-983-1.11, Bætur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, sem lækkar um 35,9% og lið 07-827-1.28, Vasapeningar ellilífeyrisþega, sem lækkar um 28,5%. Meiri hlutinn áréttar að ekki er um að ræða tillögur um lækkun til bótaþeganna heldur er verið að lækka liðina til samræmis við raunveruleg útgjöld af þeim. Liður 07-825-1.15, Umönnunargreiðslur, lækkar um 24,6% og er þar um skerðingu að ræða, bæði er bótafjárhæðin lækkuð en einnig er það nýmæli að leggja skal fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði. Þarna er um töluverða breytingu að ræða sem hagsmunaaðilar hafa gagnrýnt. Þetta er eini fjárlagaliðurinn sem meiri hlutinn leggur til að fjárlaganefnd veiti sérstaka athygli og kanni hvort hægt sé að draga úr skerðingu þessara bóta.

Meiri hlutinn lýsir yfir áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum fæðingarorlofs. Endanleg útfærsla hefur ekki verið kynnt en meiri hlutinn leggur áherslu á að við útfærslu þeirrar útgjaldalækkunar sem fyrirhuguð er verði reynt að gæta að jafnréttissjónarmiðum sem liggja til grundvallar fæðingarorlofskerfinu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að orlofsmánuðum verði ekki fækkað og að litið verði til þess að verja bætur þeirra sem hafa lægstar tekjur. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að aðgerðir verði tímabundnar og gangi þá til baka þegar fjárhagur ríkissjóðs leyfir.

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 52 og komu 24 aðilar á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn telur rétt að vekja athygli á því að Aflið er skráð með tvær umsóknir en þær upplýsingar fengust á fundi að einungis ein umsókn ætti að vera til staðar. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að 31 aðili fái styrk og er í flestum tilfellum um að ræða lækkun um 20% til einstakra aðila frá styrk þessa árs. Þó er gerð tillaga um hækkun styrks til nokkurra aðila vegna sérstakrar stöðu í samfélaginu, aðkallandi verkefna og aukins fjölda beiðna um aðstoð til hjálparsamtaka. Meiri hlutinn gerir almennt ekki tillögu um styrk til nýrra verkefna nema sérstök sjónarmið liggi að baki eða til að gæta dreifingar fjármuna til málaflokka.

Hjartaheill sóttu um styrk en félagið er með fasta fjárveitingu hjá heilbrigðisráðuneyti og tvær umsóknir um fé af safnlið þess ráðuneytis. Meiri hlutinn telur öll erindi félagsins eiga heima hjá heilbrigðisráðuneyti. Samfés sækir einnig um styrk til nefndarinnar og telur meiri hlutinn umsókn þeirra fremur heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Múlalundur og Sjálfsbjörg sækja um styrk vegna viðgerða og viðhalds á húsnæði en meiri hlutinn telur þessi verkefni eiga heima undir lið 07-795-5.21, Framkvæmdarsjóður fatlaðra, viðhald fasteigna, en leggur þó til að Sjálfsbjörg fái 2 m.kr. styrk í önnur verkefni.

Meiri hlutinn áréttar jafnframt þá skoðun sína að verkefni tengd starfsendurhæfingu eigi heima undir sérstökum lið ráðuneytisins, 07-988-1.10. Stýring á ráðstöfun fjármuna í verkefni af þessu tagi eigi að vera hjá ráðuneyti þar sem fram fer faglegt mat á verkefnum og jafnræðis er gætt um dreifingu eftir landshlutum og verkefnum auk þess sem fylgt er stefnumörkun stjórnvalda og þeirri hugmyndafræði sem mótuð er í ráðuneytinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að veitt sé nægilegt fjármagn í rekstur Vímulausrar æsku sem sækir um 13,5 m.kr. styrk til nefndarinnar. Ekki er lögð til styrkveiting en því beint til fjárlaganefndar og félags- og tryggingamálaráðuneytis að veita fé til félagsins af lið 07-999-1.55 sem ætlaður er til átaks í vímuvarnamálum.

Alþjóðahúsið ehf. sækir um 20,0 m.kr. en nokkur óvissa virðist vera um áframhaldandi þjónustusamning Reykjavíkurborgar við félagið sem hefur fengið stóran hluta rekstrarfjár síns frá borginni. Meiri hlutinn telur rétt að félags- og tryggingamálaráðuneytið leiti leiða til að virkja sveitarfélög í þjónustu við innflytjendur og fólk af erlendum uppruna. Meiri hlutinn telur Fjölmenningarsetrið á Ísafirði vera mikilvægan þátt í að samræma og efla slíka þjónustu

og beinir þeim tilmælum til fjárlaganefndar og félags- og tryggingamálaráðuneytis að setrinu verði tryggt fjármagn til að halda úti starfsemi sinni. Þá áréttar meiri hlutinn að hann telji ekki rétt að úthluta sveitarfélögum styrkjum af safnliðum.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform.
Árni Þór Sigurðsson,
Magnús Orri Schram,
Ólafur Þór Gunnarsson,
Lilja Rafney Gunnarsdóttir,
Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar og gert tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009.

Á fund nefndarinnar komu Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra, Dagný Brynjólfsdóttir og Hrönn Ottósdóttir af fjármálasviði heilbrigðisráðuneytisins, Halldór Jónsson og Þorvaldur Ingvarsson frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Svanhvít Jakobsdóttir og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Björn Zoëga, starfandi forstjóri Landspítalans, Árni Sverrisson og Ásgeir Thorlacius frá St. Jósefsspítala, Guðjón Brjánsson, Ásgeir Ásgeirsson og Steinunn Sigurðardóttir frá Heilbrigðisstofnun Akraness, Magnús Skúlason frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Sigríður Snæbjörnsdóttir og Elís Reynarsson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Einnig átti nefndin símafund með Einari Rafni Haraldssyni, Stefáni Þórarinssyni, Lilju Aðalsteinsdóttur, Þórhalli Harðarsyni og Kjartani Einarssyni hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að heildarútgjöld ráðuneytisins séu áætluð um 96.648 m.kr. á rekstrargrunni, sértekjur 5.310 m.kr. sem nemi 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins og gjöld umfram tekjur áætluð 93.339 m.kr. Einnig kemur fram að 92.881 m.kr verði fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði og 457 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Við nánari skoðun kom í ljós innsláttarvilla í greinargerð og heildarútgjöld nema því 98.648 m.kr., sbr. sundurliðun fjármála ríkisaðila í A-hluta, en ekki 96.648 m.kr. eins og prentast hafði. Nema sértekjur ráðuneytisins því 5,38% af heildarútgjöldum þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir töluverðri yfirfærslu verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Nemur lækkun útgjalda heilbrigðisráðuneytis vegna

reksturs öldrunarheimila 18.943,5 m.kr. og 431,5 m.kr. vegna sjúkratrygginga, þ.e. greiðslum daggjalda fyrir hjúkrunarrými. Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að vandað verði til þessara skipulagsbreytinga svo yfirfærsla allrar öldrunarþjónustu til sveitarfélaga megi takast vel.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins kemur fram að ráðuneytum og stofnunum sé ætlað að draga saman rekstur sinn um 10% frá fjárlögum 2009 til þess að unnt sé að ná þeirri áætlun sem sett hefur verið fram í efnahagsmálum, en ætlunin er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Nefndin fjallaði ítarlega um fyrirhugaðan niðurskurð í málaflokknum en í stað markmiða um 10% lækkun hjá stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum er velferðarstofnunum og velferðarþjónustu hlíft og niðurskurðarkröfur þar vægari eða 5% og falla sjúkrahúsin þar undir. Nemur lækkunin hjá heilbrigðisráðuneytinu og stjórnsýslustofnunum þess því 6,9% að raungildi.

Heildarfjárveiting til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúsþjónustu lækkar um 2.485,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Draga á úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 2.653,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Vegur þar þyngst 1.965,5 m.kr. lækkun til Landspítala. Gert er ráð fyrir 919,6 m.kr. lækkun til heilbrigðisstofnananna og 272,8 m.kr. til heilsugæslunnar.

Í hagræðingaraðgerðum ársins 2009 var haft að leiðarljósi að ná fram eins miklum sparnaði og mögulegt var án þess að það bitnaði á öryggi og gæðum þjónustunnar. Aðgerðirnar fólust m.a. í því að í stað uppsagna starfsmanna voru laun lækkuð, ekki ráðið í stöður sem losnuðu né heldur í afleysingar og sólarhringsdeildum var breytt í dagdeildir. Fram kom á fundum nefndarinnar að kostnaður hefði hins vegar aukist við innkaup á lyfjum og vörum vegna gengisþróunar og hefur það vegið þungt í rekstri einstakra stofnana. Innri skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á flestum stofnunum til að ná fram sparnaði og hjá þeim flestum verður vart lengra komist innan þess ramma sem leiðarljós yfirstandandi árs sagði til um. Þrátt fyrir vægari kröfu um niðurskurð í velferðarþjónustu en að jafnaði er gerð til annarrar opinberrar þjónustu verður erfitt að veita óskerta þjónstu og í raun nær ógerningur hjá mörgum stofnunum. Ljóst er, líkt og fram kom hjá forsvarsmönnum sjúkrahúsanna á fundum nefndarinnar, að mikilvægt er að skoða skipulagningu og endurmat á þjónustu almennt í landinu og að teknar verði ákvarðanir um hvaða þjónustu skuli veita á hverju svæði. Enn fremur kom fram í máli þeirra að slík heildarsýn væri nauðsynleg og í reynd forsenda fyrir gæðum þjónustunnar að farið yrði í heildstæðar skipulagsbreytingar þar sem ekki væri unnt að skera meira niður á næstu árum án þess að það kæmi niður á þjónustu við sjúklinga.

Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa frá heilbrigðisráðuneytinu til að kynna skipulagsbreytingar sem ráðuneytið er að vinna að, þ.e. svæðisbundna sameiningu heilbrigðisstofnana og hugmyndir að frekari sameiningum og samstarfsverkefnum heilbrigðisstofnana. Sérstök kynning var á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu og samstarfi og verkaskiptingu milli Landspítala St. Jósefsspítala, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Undirbúningsvinna hefur staðið yfir um nokkurn tíma en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Af málflutningi forstöðumanna viðkomandi stofnana mátti heyra að beðið er með nokkurri óþreyju eftir ákvörðun heilbrigðisráðherra í þessu máli þar sem niðurstaðan kemur til með að hafa mikil áhrif á rekstraráætlanir stofnananna á næsta ári. Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar eiga sér fyrirmynd í skýrslu sem ber heitið „Frá orði til athafna – Radíusverkefnið“ sem Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, vann ásamt fleiri sérfræðingum og felur í sér tímasetta aðgerðaráætlun um samstarf og markvissa verkaskiptingu milli heilbrigðisstofnana. Byggist áætlunin á þeim markmiðum að almenn heilbrigðisþjónusta verði veitt í nærumhverfi sjúklings, sérhæfð þjónusta verði skilgreind sér-

staklega á fáum stöðum, aðgengi að sérhæfðri þjónustu sé tryggt með greiðum og öruggum sjúkraflutningum, verkaskipting sjúkrahúsa skilgreind og þjónusta samræmd.

Telur meiri hlutinn ljóst að til þess að unnt sé að mæta fyrirhuguðum niðurskurði næstu ára verði að fara í gagngerar skipulagsbreytingar og skoða heildstætt framtíðarskipan heilbrigðisþjónustu á landinu öllu. Eingöngu með slíku endurmati er mögulegt að draga úr útgjöldum málaflokksins og halda uppi gæðum þjónustunnar og öryggi sjúklinga. Telur meiri hlutinn að skoða þurfi alla starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. hvort tveggja hina eiginlegu heilbrigðisþjónustu sem og stjórnsýslustofnanir. Meiri hlutinn telur að í því sambandi verði þó að hafa í huga viðkvæma stöðu lítilla og landfræðilega einangraðra öldrunarstofnana sem fá á sig fækkun hjúkrunarrýma samkvæmt mati, auk kröfu um hagræðingu í rekstri en þessar stofnanir njóta ekki samlegðaráhrifa, hvorki vegna fjarlægðar við aðrar heilbrigðisstofnanir né heldur samrekstrar hjúkrunar- og dvalarheimila. Getur hagræðingarkrafan því valdið því að ekki verði rekstrargrundvöllur til þess að halda úti þeirri þjónustu sem nauðsynleg er á svæðinu.

Nefndin ræddi uppbyggingu heilsugæslunnar hér á landi, nýtingu hennar og samspil við sérfræðiþjónustu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að gera átak í eflingu heilsugæslunnar og jafnframt að huga að tilvísunarkerfi til sérfræðiþjónustu að norrænni fyrirmynd. Skortur á sérfræðimenntuðum heilsugæslulæknum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur leitt til þess að fjöldi manns hefur ekki fastan heimilislækni og leitar því oftar en ekki beint til sérfræðinga utan heilsugæslunnar. Fram kom að ráðist hefur verið í miklar niðurskurðaraðgerðir hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að mæta niðurskurðarkröfu ríkisins og er áætlað að þær skili um 370 m.kr. á ársgrundvelli. Má þar helst nefna launalækkanir og fækkun starfa á sviði hjúkrunar og innan yfirstjórnar og stjórnsýslu. Fram kom á fundi nefndarinnar að heilsugæslan hefur takmarkaða möguleika til að hagræða í fasteignamálum þar sem mikill hluti starfsemi þeirra fer fram í leiguhúsnæði með óuppsegjanlegum 25 ára verðtryggðum húsaleigusamningum. Uppsafnaður halli reynist heilsugæslunni jafnframt erfiður þar sem mikill kostnaður fer í að greiða dráttarvexti. Frekari niðurskurðaraðgerðir leiða því óhjákvæmilega til uppsagna og skerðingar á þjónustu. Meiri hlutinn bendir á í þessu sambandi að rekstrarstaða heilbrigðisstofnana er þar að auki mismunandi þegar litið er til uppsafnaðs hallareksturs frá fyrra ári eða árum, þar má sérstaklega nefna Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og leggur áherslu á að tekið verði á þessum vanda í frumvarpi til fjáraukalaga.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að þrátt fyrir þann gífurlegan efnahagsvanda sem þjóðin stendur frammi fyrir þá verði að gæta þess að verja velferðarþjónustuna, þ.e. félagsþjónustu sveitarfélaga, heilsugæslu og öryggis- og bráðaþjónustu. Enn fremur verður að hafa í huga að aukið ofbeldi, m.a. kynferðisofbeldi, er líklegur fylgifiskur djúprar efnahagslægðar. Til þess þarf að taka sérstakt tillit í heilbrigðisþjónustu á komandi árum.

Sjúkrahús landsins hafa ráðist í gífurlegar hagræðingar til að mæta þeim kröfum sem gerðar voru vegna þessa fjárlagaárs og fyrirsjánlega verða á næstu árum. Einsýnt er að enn frekari niðurskurður muni bitna á þjónustu við sjúklinga frá því sem nú er. Þá bendir nefndin á að nokkur óvissa ríki um rekstur „kragasjúkrahúsanna“ þar sem ekki er búið að ganga endanlega frá fyrirhuguðum skipulagsbreytingum. Ljóst er að frekari sparnaði þarf að ná með skipulagsbreytingum, styrkingu svæða og eflingu svæðisbundinnar þjónustu, verkaskiptingu milli stofnana, samvinnu og rafrænum samskiptum svo sem átaki í að taka upp rafræna sjúkraskrá, auka notkun ódýrari lyfja og styðja innlenda framleiðslu. Áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að standa vörð um gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga og telur að leitast skuli við að vernda störf eftir því sem kostur er.

Mikið hefur verið rætt um að breyta skuli vinnulagi þingsins við undirbúning og gerð fjárlaga. Meiri hlutinn leggur áherslu á að við endurskoðun þess verði afgreiðslu safnliða breytt. Telur meiri hlutinn að í stað safnliða sé æskilegt að styrkja til þess bært sjóðakerfi til að taka við núverandi safnliðum. Við afgeiðslu fjárlaga verði tryggt að sjóðirnir geti staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna, ef ekki, þá leitar afgeiðsla styrkbeiðna aftur í sama farið. Úthlutun úr viðkomandi sjóðum ætti að fara eftir faglegu mati og forsendum sem ekki er til staðar hjá fagnefndum í dag. Þrátt fyrir framangreinda galla fer meiri hlutinn að núverandi verklagi og leggur til skiptingu safnliðs 08-399-1.90, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Við afgreiðslu safnliða innan fjárlaganefndar telur meiri hlutinn að skoða verði sérstaklega stöðu Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, Ljóssins og Mænuskaðastofnunar Íslands. Meiri hlutinn telur rétt að vísa erindi Miðstöðvar foreldra og barna til heilbrigðisráðuneytisins til úrlausnar enda er um að ræða fyrirtæki sem er ætlað að sinna brýnum meðferðar- og forvarnarverkefnum, þjónustu sem meiri hlutinn telur mikilvægt að verði aðgengileg fyrir starfsmenn heilsugæslu og skóla.

Álitinu fylgir tillaga nefndarinnar um skiptingu safnliða.

Þuríður Backman og Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Valgerður Bjarnadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. nóv. 2009.

Þuríður Backman, form., með fyrirvara,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, með fyrirvara,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara,
Anna Pála Sverrisdóttir.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um heilbrigðismálakafla fjárlagafrumvarpsins og var að venju einnig beðin um tilllögu að skiptingu á einstökum safnliðum.

Á fund nefndarinnar komu Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra, Dagný Brynjólfsdóttir og Hrönn Ottósdóttir af fjármálasviði heilbrigðisráðuneytisins, Halldór Jónsson og Þorvaldur Ingvarsson frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Svanhvít Jakobsdóttir og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Björn Zoëga, starfandi forstjóri Landspítala, Árni Sverrisson og Ásgeir Thorlacius frá St. Jósefsspítala, Guðjón Brjánsson, Ásgeir Ásgeirsson og Steinunn Sigurðardóttir frá Heilbrigðisstofnun Akraness, Magnús Skúlason frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Sigríður Snæbjörnsdóttir og Elís Reynarsson frá Heilbrigðis-

stofnun Suðurnesja. Einnig átti nefndin símafund með Einari Rafni Haraldssyni, Stefáni Þórarinssyni, Lilju Aðalsteinsdóttur, Þórhalli Harðarsyni og Kjartani Einarssyni hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Í máli sumra gesta kom fram almenn gagnrýni á að undirbúningur fyrir fjárlagagerðina hafi verið ómarkviss og óljós. Ákvarðanafælni hafi tafið og truflað eðlilegan undirbúning. Tekur 1. minni hluti undir framangreinda gagnrýni. Virðist sem sumarið og haustið hafi ekki verið nýtt sem skyldi til ákvarðanatöku almennt hjá fyrrum heilbrigðisráðherra, Ögmundi Jónassyni. Glöggt mátti sjá merki þess þegar í þingbyrjun er þingmálaskrá heilbrigðisráðherra var lögð fram. Í fylgiskjali með stefnuræðu forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, 5. október 2009 kemur fram hve mörg og hvaða mál ráðuneytin öll áætla að flytja á haustþingi og vorþingi. Í fylgiskjalinu kemur fram að ráðuneytin áætla að flytja að meðaltali tólf mál á haustþingi og fjögur mál á vorþingi. Heilbrigðsráðuneytið áætlar hins vegar einungis að flytja tvö mál á haustþingi og fimm á vorþingi. Vekur þetta athygli sökum þess hvers eðlis málin tvö sem flutt verða á haustþingi eru, en þau eru annars vegar endurflutningur á frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn, sem er samræming og endurskoðun, og hins vegar frumvarp um flutning dánarmeinaskrár frá Hagsstofu til landlæknis. Hefði mátt búast við talsvert öflugri og skýrari tillögum í þessum málaflokki í ljósi þess að gerð er mikil hagræðingarkrafa til heilbrigðisþjónustunnar nú um þessar mundir.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins kemur fram að ráðuneytin og stofnanir þeirra eiga að skera rekstur niður um 10% frá fjárlögum 2009 nema heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti sem eiga að skera niður um 5% og menntamálaráðuneytið um 7%. Stjórnsýslustofnanir framangreindra ráðuneyta eiga að skera niður um 10%. Nefndin fjallaði um fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðsmálum og ljóst er að niðurskurður hjá heilbrigðisráðuneytinu og stjórnsýslustofnunum þess er 6,9% að raungildi.

Heildarfjárveiting til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúsþjónustu lækkar um 2.485,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Draga á úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 2.653,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Vegur þar þyngst 1.965,5 m.kr. lækkun til Landspítala. Gert er ráð fyrir 919,6 m.kr. lækkun til heilbrigðisstofnana og 272,8 m.kr. til heilsugæslunnar. 1. minni hluti áréttar að þótt hagræðingarkrafa sé gerð á Landspítala verði að tryggja að hann geti áfram sinnt sínu mikilvæga hlutverki sem meginbráðasjúkrahús landsins og það sjúkrahús sem er í stakk búið til að veita sérhæfðustu þjónustuna á flestum sviðum heilbrigðiskerfisins.

Vegna almennrar niðurskurðarkröfu á velferðarþjónustu verður erfitt að veita óskerta þjónustu og í raun nær ógerningur. Því er mikilvægt að endurskipuleggja þjónustuna en skera ekki niður flatt. Gera þarf skipulagsbreytingar og ákveða hvaða þjónustu skuli veita hvar og hver skuli veita hana.

Fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins kynntu hugmyndir um svæðisbundna sameiningu heilbrigðisstofnana og aukin samstarfsverkefni heilbrigðisstofnana. Kynnt var vinnuskjal um verkefnið „Frá orðum til athafna – Radíusverkefnið“, sjá fylgiskjal nr. 1, sem Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala, vann ásamt sérfræðingum um skipulag heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, samstarf og verkaskiptingu milli Landspítala, St. Jósefsspítala, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi sem verður, ásamt sjö öðrum heilbrigðisstofnunum, hluti af Heilbrigðisstofnun Vesturlands 1. janúar 2010. Skýrslan hefur legið fyrir um skeið en heilbrigðisráðherra hefur ekki enn tekið pólitíska afstöðu um hvort fara eigi að tillögunum sem þar voru settar fram. Forstöðumenn viðkomandi stofnana gagnrýndu seinaganginn og ákvarðanafælnina með réttu því niðurstaðan kemur til með að hafa mikil áhrif á rekstraráætlanir stofnana þeirra. Því er

svo komið að mikil óvissa ríkir um hvernig svokölluð kragasjúkrahús eigi að mæta niðurskurðarkröfunni sem nú er gerð. Pólitísk ákvarðanafælni virðist hafa einkennt störf heilbrigðisráðherra í sumar og haust í aðdraganda fjárlagagerðarinnar eins og glöggt má sjá í viðtali í Fréttablaðinu 1. október er þáverandi heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, hljóp úr ríkisstjórninni. Svo segir í Fréttablaðinu: „Ögmundur segist skilja heilbrigðisráðuneytið eftir í góðum höndum þess starfsfólks sem þar vinnur, sem og í heilbrigðisgeiranum. Spurður út í þá stefnumörkun sem hann skilur eftir sig segir hann hana aðallega lúta að vinnubrögðum.“ Og síðar er haft eftir ráðherranum: „Stefnumótunin í þessu ráðuneyti og stofnunum þess er að verulegu leyti óháð ríkisstjórnum og ráðherrum. Hún snýr að framtíðarskipan heilbrigðismála í landinu. Ég hef hins vegar getað komið að málum sem lúta að vinnubrögðum og áherslum.“ Hér heldur ráðherrann því fram að stefnumörkunin sé óháð ráðherranum. Þessi fullyrðing stenst enga skoðun og er kolröng. Hins vegar sýnir þessi fáheyrða yfirlýsing að skort hefur pólitískt þrek til að taka ákvarðanir um forgangsröðun í málaflokknum í aðdraganda fjárlagagerðarinnar. Í kjölfarið gagnrýndi Hulda Gunnlaugsdóttir harkalega í fjölmiðlum áform um flatan niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni og sagði í Morgunblaðinu: „Það liggur því fyrir aðgerðaáætlun með sparnaðartölum sem hægt er að vinna eftir og draga þannig úr þeirri þjónustuskerðingu sem ella þyrfti að ráðast í. En ef farið verður í flatan niðurskurð án þess að ráðast í þær hagræðingaraðgerðir sem við höfum lagt til þá er það hættulegt …“ Um flatan niðurskurð sagði hún: „Það er auðveldasta leiðin en þá er ekki tekið á vandanum. Það þarf að gera stærri breytingar á þjónustu spítalanna og auðvitað er Landspítalinn þar ekki undanskilinn. En ef ráðist er í uppsagnir á 450–500 manns á Landspítalanum þá hefur það áhrif á öryggisnetið.“

Merki um að skort hafi ákvarðanatöku og vönduð vinnubrögð í aðdraganda fjárlagagerðarinnar mátti einnig greina í máli nokkurra forstöðumanna sjúkrahúsa sem komu á fund nefndarinnar, sjá einnig fylgiskjal nr. 2. Í skjalinu er m.a. rakið að síðla júlímánaðar hafi Heilbrigðisstofnun Suðurlands verið tilkynnt um 23,7 m.kr. viðbótarlækkun fjárheimilda á þessu ári. Þeirri lækkun skyldi fyrst og fremst ná með lækkun hæstu launa og kjarajöfnun. Tekjuhæstu menn stofnunarinnar eru þeir læknar sem sinna flestum vöktum og var því ákveðið að segja upp núverandi vaktafyrirkomulagi flestra lækna stofnunarinnar. Þær breytingar gátu ekki komið til framkvæmda fyrr en 1. nóvember í fyrsta lagi ef þeim hefði verið sagt upp fyrir 1. ágúst. Enn fremur kemur eftirfarandi fram í fylgiskjalinu: „Á fundi undirritaðs [forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands] með fyrrverandi heilbrigðisráðherra í lok júlí óskaði hann eftir, að framangreindar uppsagnir á vaktafyrirkomulagi lækna yrðu ekki sendar út fyrir 1. ágúst, heldur reynt að leita annarra leiða í samráði við stjórnendur stofnunarinnar.“ Síðar segir: „Framangreind viðbótarlækkun fjárveitinga á þessu ári hefur hinsvegar ekki verið dregin til baka og kemur fram í frv. til fjáraukalaga 2009. Þessu til viðbótar kom fram í frumvarpinu viðbótarlækkun um 6. m.kr., sem stofnuninni hafði ekki verið tilkynnt um áður.“

Eins og framangreind lýsing staðfestir er undirbúningur fjárlaga fyrir næsta ár ómarkviss og óljós. Bæði eru fyrri tilmæli dregin til baka, bætt er við niðurskurðartillögum seint á árinu og það sem er alvarlegast og ámælisvert er að ekki er búið að skilgreina verkefni Landspítalans og kragasjúkrahúsanna þrátt fyrir að tillögur um slíkt liggi fyrir og hafi gert um nokkurt skeið. 1. minni hluti bendir einnig á athyglisverðar hugmyndir um skipulagsbreytingar til hagræðingar í heilbrigðisþjónustu sem fram koma í fylgiskjali nr. 1. Þar er vikið að því að ef offramboð er á þjónustu þarf að draga úr slíkri þjónustu, ekki flytja hana til. Sem dæmi má nefnda ýmsa sérfræðiþjónustu. Einnig er vikið að möguleikum á samstarfi heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila, en á þjónustusvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eru t.d.

sjö hjúkrunarheimili rekin af öðrum aðilum sem eru með hátt í sambærilegan rekstrarkostnað og heilbrigðisstofnunin. Bent er á að sameiginleg símsvörun fyrir allt landið dregur úr álagi á vöktum heilsugæslulækna og þar með frítökurétti. Hún bætir þar með vinnuskilyrði heilsugæslulækna um landið.

Í fylgigögnum sem forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja afhentu heilbrigðisnefnd kom m.a. fram að fjárveiting til þeirrar stofnunar miðað við íbúa er talsvert miklu lægri en til sambærilegra stofnana. Telur 1. minni hluti að fjárlaganefnd þurfi að skoða rökin fyrir þessari ójöfnu skiptingu. Til dæmis kom fram að hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru fjárveitingar árið 2008 78.734 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands 101.013 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Akraness 138.403 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands 147.798 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, 159.002 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar 164.760 kr. á hvern íbúa, hjá Heilbrigðisstofnun Blönduóss 191.261 kr. á hvern íbúa og hjá Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks 200.976 kr. á hvern íbúa, sjá fylgiskjal nr. 3.

Sjúkrahús landsins hafa ráðist í talsvert mikla hagræðingu til að mæta niðurskurðarkröfum. Bent hefur verið á að gæta þurfi að stöðu lítilla, landfræðilega einangraðra stofnana, svo sem öldrunarstofnana, sem bæði fá á sig fækkun hjúkrunarrýma samkvæmt mati, auk kröfu um hagræðingu í rekstri en þessar stofnanir njóta ekki hagræðis vegna samlegðaráhrifa og nálægðar við aðrar heilbrigðisstofnanir. Því getur hagræðingarkrafan valdið því að ekki verði rekstrargrundvöllur til þess að halda úti þeirri þjónustu sem nauðsynleg er á svæðinu. Þessar ábendingar komu m.a. fram í viðræðum nefndarinnar við Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Í nefndinni kom fram að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur farið í gegnum mikla hagræðingu með kjaraskerðingu, fækkun starfa á sviði hjúkrunar og innan yfirstjórnar og stjórnsýslu. Áframhaldandi niðurskurður muni skerða þjónustu og leiða til frekari uppsagna. Nokkrar heilbrigðisstofnanir búa við talsverðan halla og af þeim sökum háa dráttarvexti. Hvetur 1. minni hluti til þess að fjárlaganefnd skoði þann vanda sérstaklega.

Margir gestir nefndarinnar nefndu að gera þyrfti átak í að koma á rafrænni sjúkraskrá. Slík sjúkraskrá mundi spara háar upphæðir fljótt og örugglega. 1. minni hluti telur að fjárlaganefnd eigi að skoða möguleika á að koma henni á.

Heilbrigðisnefnd hefur rætt lauslega um skipulagsbreytingar sem gætu sparað fjármagn án þess að skerða þjónustu. Meðal annars hefur nefndin rætt um hvort rétt væri að koma á sama kerfi og annars staðar á Norðurlöndunum hvað varðar tilvísanir til lækna. Rætt var um hvort rétt væri að koma á svokölluðu valfrjálsu stýrikerfi að danskri fyrirmynd. Það byggist á því að sjúklingur getur valið um tvær leiðir. Annars vegar getur hann farið til heilsugæslunnar til að fá úrbót meina sinna og eftir atvikum fengið tilvísun til sérfræðings ef á þarf að halda. Þessi leið ætti að vera ódýr kostur. Hins vegar gæti hann valið að fara hina leiðina, þ.e. farið beint til sérfræðilæknis en þá mundi hann ekki njóta niðurgreiðslu frá ríkinu eins og í dag heldur borga reikninginn upp í topp sjálfur. Með þessum hætti væri þjónustuflæði milli þjónustustiga eðlilegra og hagkvæmara en í dag, þ.e. fyrsti viðkomustaður yrði oftast heilsugæslan. Líklegt er að það tæki nokkur ár að koma framangreindri skipulagsbreytingu á þar sem styrkja þarf afl heilsugæslunnar til að taka við auknum fjölda sjúklinga. 1. minni hluti saknar þess að ekki skuli hafa verið lagt til hliðar fjármagn í fjárlagafrumvarpinu til að skoða og undirbúa slíka skipulagsbreytingu. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þess að talsmenn flestra flokka á Alþingi hafa lýst vilja til að skoða slíka skipulagsbreytingu til að nýta fjármagn betur en gert er nú. Nefndin hefur einnig rætt um að brýnt sé að efla forvarnir til að spara útgjöld til framtíðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á fjárhagsábyrgð milli heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna öldrunarmála. Lækkun útgjalda heilbrigðisráðuneytis vegna reksturs hjúkrunarheimila nemur 18.943,5 m.kr. og 431,5 m.kr. vegna sjúkratrygginga, þ.e. vegna greiðslu daggjalda á hjúkrunarrýmum. Þessar breytingar eru gerðar í andstöðu við heilbrigðisráðuneytið miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið í nefndinni og birtust fyrst í frumvarpi til fjárlaga án nokkurrar pólitískrar umræðu. Rökin fyrir þessari breytingu eru veigalítil og sögð vera þau að hjúkrunarheimili sé heimili aldraðs fólks sem þarf mikla og sérhæfða læknis- og hjúkrunarþjónustu. 1. minni hluti telur þessi rök ekki nægjanleg og bendir á að hjúkrunarheimili er í eðli sínu heilbrigðisstofnun enda er um helmingur starfsmanna á hjúkrunarheimili innan heilbrigðisstétta. 1. minni hluta skilst að á sama tíma og færa á fjárhagslega ábyrgð á hjúkrunarheimilum til félags- og tryggingamálaráðuneytis eigi fjárhagsleg ábyrgð á hjúkrunarrýmum á heilbrigðisstofnunum að vera áfram hjá heilbrigðisráðuneytinu. Verði málum háttað með þessum hætti verður fjárhagsleg ábyrgð á sömu þjónustu hjá tveimur ráðuneytum. Slíkt er óeðlilegt. 1. minni hluti telur því rangt að færa fjárhagsábyrgð á hjúkrunarheimilum til félags- og tryggingamálaráðuneytis og telur að sú ábyrgð eigi áfram að vera hjá heilbrigðisráðuneytinu. Einnig skal bent á að í 4. tölul. A-liðar 6. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 segir að heilbrigðisráðuneytið fari með heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum. Í 5. tölul. A-liðar 4. gr. segir enn fremur að félags- og tryggingamálaráðuneytið fari með uppbyggingu og öldrunarþjónustu á hjúkrunarheimilum. Engin rök eru því fyrir því að taka fjárhagslega ábyrgð á hjúkrunarheimilum frá heilbrigðisráðuneytinu.

Þar sem skera þarf niður fjármagn til heilbrigðismála á næstu árum þarf sérstaklega að gæta að og vakta hvort niðurskurðurinn auki opinber útgjöld annars staðar svo sem í formi örorkubóta, atvinnuleysisbóta eða félagslegra útgjalda sveitarfélaga.

Safnliðir.

Heilbrigðisnefnd skipti sér niður í hópa og tók viðtöl við aðila sem sótt hafa um fjárstyrki af safnlið. Nefndin ræddi um að breyta þyrfti vinnubrögðum við afgreiðslu safnliða almennt á Alþingi. Sú umræða hefur átt sér stað í nefndum Alþingis um árabil og er því ekki ný af nálinni. 1. minni hluti telur að í stað þess að alþingismenn velti fyrir sér hvort og þá hvaða félagasamtök og verkefni eigi að styrkja af safnliðum eigi ráðuneytin að afgreiða slík mál. Fagnefndir ættu frekar að gefa ráðuneytum tilmæli um helstu áherslur við úthlutunina en ættu ekki sjálfar að úthluta fé til einstakra verkefna og félaga. Núverandi úthlutun er ófagleg og ómarkviss. Einnig telur 1. minni hluti að lækka hefði mátt safnliði verulega í ljósi efnahagskreppunnar sem nú ríkir en nefndin hafði 44 m.kr. til úthlutunar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2010. Á tímabilinu 2006–2009 var úthlutunin eftirfarandi:

2004	2005	2006	2007	2008	2009	Frv. 2010
22.800	32.700	34.100	44.000	77.000	50.000	44.000

Annar minni hluti telur að breyta eigi vinnubrögðum við úthlutun safnliða í grundvallaratriðum þar sem um töluverða fjármuni er að ræða en árin 2004–2009 hafði nefndin samtals 260,6 m.kr. til úthlutunar.

Alþingi, 13. nóv. 2009.

Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjöl með álitinu:
1. Frá orði til athafna – Radíusverkefnið. Vinnuskjal.
2. Minnisblað frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. (9. nóvember 2009.)
3. Minnisblað frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. (9. nóvember 2009.)
4. Minnisblað frá St. Jósefsspítala – Sólvangi um starfsemina 2008.
5. Minnisblað frá framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri. (2. nóvember 2009.)

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um heilbrigðiskafla fjárlagafrumvarpsins og gert tilllögu að skiptingu á einstökum safnliðum.

Annar minni hluti bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til sjúkratrygginga lækki um 20% Ljóst er að hér er um mikla lækkun að ræða en hvorki hefur verið kynnt fyrir nefndinni né rætt innan hennar hvernig ætlað er að ná fram fyrirhuguðum sparnaði.

Í áliti meiri hluta nefndarinnar er fjallað um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar innan heilbrigðiskerfisins. 2. minni hluti tekur undir með meiri hlutanum um mikilvægi þess að flýta fyrirhuguðum skipulagsbreytingum. Aftur á móti vill 2. minni hluti árétta að ekki hafa verið kynntir fyrir nefndinni útreikningar heilbrigðisráðuneytisins á sparnaði við skipulagsbreytingar á kragasvæðinu svokallaða en á fundi nefndarinnar hefur það verið upplýst að fjárhagslegur ávinningur breytinganna geti numið um það bil 2 milljörðum kr. á ári. Ef frumvarpið nær fram að ganga mun það leiða til mikillar þjónustuskerðingar á Landspítala og til verða biðlistar sem ekki eru til staðar núna.

Enn fremur vill 2. minni hluti árétta að þótt mikilvægt sé að fara í endurskipulagningu heilbrigðisþjónustu á kragasvæðinu er ekki síður mikilvægt að hefja slíkt ferli fyrir landið allt. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir skipulagsbreytingum á landsbyggðinni en ljóst að fjárhagslegur ávinningur gæti þar orðið töluverður. Ef haldið verður áfram með flatan niðurskurð í stað skipulagsbreytinga verða til dæmis framlög til Sjúkrahússins á Akureyri 1 milljarði kr. lægri árið 2012 en þau voru árið 2008. 2. minni hluti telur öllum vera ljóst að slíkt hefði í för með sér algert hrun þjónustunnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir töluverðri yfirfærslu heilbrigðisþjónustu frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Þessi yfirfærsla verkefna hefur verið ákveðin án nokkurrar umræðu eða útskýringa. Fram kom í nefndinni að hugsanlega mætti ná fram meiri hagræðingu í rekstri með frekari samþættingu heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila. Er það álit 2. minni hluta að heilbrigðisþjónusta skuli vera á höndum heilbrigðisráðuneytis en ekki annarra ráðuneyta.

Annar minni hluti vill benda á að við útreikning á gengisáhrifum er ekki gert ráð fyrir raunverulegum áhrifum gengis á rekstur stofnana. Þetta kemur einstaklega illa niður á Land-

spítalanum þar sem gengisáhrif ársins 2009, umfram forsendur fjárlaga, hafa verið metin til 900 millj. kr. Telur 2. minni hluti mikilvægt að taka tillit til þessa við gerð fjárlaga fyrir árið 2010.

Jafnframt kom fram í máli gesta nefndarinnar að afskipti ráðherra af fjárlögum þessa árs hafi komið illa niður á rekstri stofnana. Þannig voru teknar af sértekjur hjá Landspítala og stofnuninni gert að skera niður sem þeirri upphæð nam. Var hér um að ræða um 152 millj. kr. og fékk stofnunin að vita af þessum aukna niðurskurði á miðju ári. Einnig stöðvaði ráðherra fyrirhugaðan sparnað á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem kallaði á 30 millj. kr. halla á stofnuninni sem flyst yfir á næsta ár.

Annar minni hluti vill árétta að fram hefur komið að stofnanir hafa mikla möguleika á að auka sértekjur sínar með því að leigja aðstöðu til læknistengdrar heilbrigðisþjónustu. Tekið hefur verið fyrir það af fyrrverandi ráðherra með þeim afleiðingum að stofnanirnar verða af tekjum. Er það álit 2. minni hluta að mikilvægt sé á þessum niðurskurðartímum að stofnanir geti nýtt sér leiðir til að auka tekjur sínar til að koma í veg fyrir skerðingu á öryggi og þjónustu við sjúklinga.

Annar minni hluti tekur ekki sérstaka afstöðu til tillögu meiri hlutans um úthlutun safnliða.

Alþingi, 13. nóv. 2009.

Guðlaugur Þór Þórðarson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Fylgiskjal XVII.

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 (10 Samgöngu- og sveitarstjónarráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 19. október 2009. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra, Ingilín Kristmannsdóttur skrifstofustjóra og Odd Einarsson rekstrarstjóra frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti til að gera grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snúa að ráðuneytinu.

Nefndin vekur athygli á því að sá málaflokkur sem heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er sá málaflokkur sem verður fyrir mestum niðurskurði og því er nauðsynlegt að vanda vel til verka og tryggja eins og framast er unnt að þjónusta skerðist ekki né störf glatist. Fram kom á fundi nefndarinnar að heildarútgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins árið 2010 eru áætluð 44.225 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.652 m.kr. en þær nema 15% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur

eru 37.573 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 21.336 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 16.162 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Í frumvarpinu dragast útgjöld samgöngu- og sveitarstjónarráðuneytisins saman um 13.605 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.771 m.kr. og lækka því um 614,8 m.kr. Í umfjöllun kom fram að rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 60,6 m.kr. og verða 14.471,8 m.kr. en eru 14.411,2 m.kr. í fjárlögum síðasta árs. Gert er ráð fyrir að viðhalds- og stofnkostnaður verði 15.330,2 m.kr. og er það 12.835,6 m.kr. lækkun milli ára til þess að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum, annars vegar lækkun á framlagi til vegaframkvæmda upp á 11.750 m.kr. og hins vegar 500 m. kr. lækkun á framlagi vegna viðhalds vega. Nefndin leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að við skipulag þjónustu í ljósi niðurskurðar, svo sem við snjómokstur, verði leitast við að tryggja greiðar og öruggar samgöngur. Skuldbindandi samningar sem ráðuneytið hefur gert nema um 4.869 m.kr. Samtals munu samningarnir því nema um 9,2% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Í ljósi áframhaldandi niðurskurðar á ríkisútgjöldum næstu árin leggur nefndin áherslu á að allar leiðir til hagræðingar séu kannaðar. Í ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála eru mörg verkefni og stofnanir sem má sameina og telur nefndin brýnt að sú vinna verði sett strax í forgang. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að reynt verði að ráðast í þau verkefni sem líkleg eru til að skapa atvinnu og leggur í því sambandi áherslu á ýmis viðhaldsverkefni í vegagerð. Nefndin vill einnig vekja athygli á því að nú stendur til að semja um aðkomu lífeyrissjóðanna í landinu að stærri samgönguframkvæmdum sem að mestu verða framkvæmdar á suðvesturhorni landsins. Í því ljósi bendir nefndin á að það rými sem slíkt ætti að skapa ríkissjóði sé rétt að nýta til framkvæmda á þeim svæðum landsins sem ekki njóta slíkra stórframkvæmda. Nefndin hvetur til þess að áfram verði unnið að sameiningu sveitarfélaga í samráði við heimamenn og reynt að treysta og efla byggðir landsins og gera þeim kleift að taka að sér aukin verkefni frá ríkinu. Loks vekur nefndin athygli á því að henni hefur enn ekki borist endurskoðuð samgönguáætlun til umfjöllunnar og ítrekar mikilvægi þess að hún verði lögð fram sem fyrst. Áliti þessu er því skilað með þeim fyrirvara að samgönguáætlun liggur ekki fyrir. Nefndin vekur athygli á því að í sumar var í tengslum við endurskoðun ríkisfjármála óheimilt að flytja ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári eins og heimilt hefur verið að gera. Nefndin bendir á að eðlilegar skýringar geti verið á því að ónýttar heimildir sé fluttar á milli ára svo sem er varðar þær framkvæmdir sem þegar eru í gangi og þarf að ljúka.

Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs liggur fyrir að ekki er bolmagn til að standa undir uppbyggingu samgöngukerfa og innviða eins og gert hefur verið undanfarin ár. Það er því óhjákvæmilegt að hægja á nýframkvæmdum en nefndin leggur áherslu á að leita jafnframt leiða til að veita áfram fjármagn til að viðhalda mannvirkjum.

Björn Valur Gíslason, Árni Johnsen og Oddný Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11.nóv. 2009.

Róbert Marshall, varaform.,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Björgvin G Sigurðsson,
Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara,
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XVIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 6.621 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.071 m.kr. sem nema 16,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.550 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.199 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 351 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis dragast saman um 834,2 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Eins og fram kemur í frumvarpinu má segja að breytingum á útgjöldum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að minnka útgjöld iðnaðarráðuneytis um 499 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Í öðru lagi falla til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 307,5 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 642,7 m.kr.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom í ljós að iðnaðarráðuneyti taldi að í tillögum sínum til fjármálaráðuneytis mundi rúmast aukin fjárveiting til annars vegar Tækniþróunarsjóðs og hins vegar fjárveiting til að reka markaðsstofur ferðamála á landsbyggðinni. Með öðrum orðum vonaðist ráðuneytið eftir að í frumvarpinu yrði fjárveiting til Tækniþróunarsjóðs aukin um 100 m.kr. Meiri hlutinn telur mikilvægt að sjóðurinn fái aukið fjármagn til samræmis við það sem ráðuneytið lagði upp með. Þá lagði ráðuneytið til 50 m.kr. fjárveitingu við fjármálaráðuneytið til að reka framangreindar markaðsstofur. Um síðarnefnda atriðið minnir meiri hlutinn á ummæli í athugasemdum við frumvarpið þar sem fram kemur að til skoðunar hafi verið að ríkið kæmi að starfi markaðsstofa á landsvísu og að þeirri skoðun yrði haldið áfram áður en frumvarpið yrði að lögum. Eins og fram kemur í frumvarpinu var ráðu-

neytum ætlað að undirbúa valkosti og tillögur um lækkun útgjalda sem næmi um 10% af heildarveltu. Hvað varðar þá málaflokka sem undir nefndina heyra hefur helst verið reynt að hlífa málaflokkum er snúa að atvinnuþróun og nýsköpun.

Nefndin stendur saman að skiptingu þeirra safnliða sem undir hana heyra, þ.e. lið 11-299-1.50 Nýsköpun og markaðsmál og lið 11-599-1.90 Ýmis ferðamál, sbr. tvö skjöl sem fylgja áliti þessu þar sem gerð er grein fyrir úthlutun nefndarinnar.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaform.,
Anna Pála Sverrisdóttir,
Atli Gíslason,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal XIX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 6.621 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.071 m.kr. sem nema 16,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.550 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.199 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 351 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Útgjöld iðnaðarráðuneytis dragast saman um 834,2 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009.

Minni hlutinn telur að of mörgum spurningum sé ósvarað varðandi þau málefni er heyra undir nefndina til að hægt sé að standa að áliti meiri hluta nefndarinnar. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa boðað viðamiklar breytingar á rekstarumhverfi þeirra fyrirtækja sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar Nægir þar að nefna iðnfyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Minni hlutinn lýsir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum hugmyndum um breytingar á skattalögum sem m.a. fyrirtækjum í iðnaði og ferðaþjónustu er ætlað að bera.

Misvísandi skilaboð ráðherra ríkisstjórnarinnar hafa, að mati minni hlutans, nú þegar skaðað orðspor og möguleika landsins til að auka við fjárfestingar sem þjóðarbúinu eru lífsnauðsynlegar. Leggur minni hlutinn áherslu á að ríkisstjórnarflokkarnir komi sér saman um stefnu í þessum málum eða lýsi því yfir að horfið verði frá skattlagningu þessara atvinnugreina.

Svo virðist sem uppi séu hugmyndir um að skattleggja ferðaþjónustuna með margvíslegum hætti. Rætt hefur verið um að hækka svokallað vitagjald, hækka virðisaukaskatt á hótelgistingu úr 7% í 14%, taka upp komugjöld og setja á kolefnisskatt sem leggjast mun á ferðir með flugi, langferðabílum og bílaleigubílum svo eitthvað sé nefnt. Þá er rætt um að setja á orkuskatta og kolefnisskatt sem er afar óljóst hvernig verða útfærðir. Afleiðingin verður sú að fjárfestingar í iðnaði dragast verulega saman á þeim tíma sem einmitt er þörf á frekari fjárfestingu. Minni hlutinn hvetur til þess að gætt sé hófs og einfaldleika við framkvæmd skattheimtu og bendir á að vænlegra sé t.d. hvað ferðamenn varðar að í stað þess að hækka alla mögulega skattstofna verði innheimtur skattur af einum skattstofni.

Minni hlutinn telur að nánari upplýsingar og útfærslur hefðu þurft að liggja fyrir áður en iðnaðarnefnd gefur endanlega umsögn um frumvarp til fjárlaga. Því hvetur minni hlutinn fjárlaganefnd til að kalla nú þegar eftir þessum upplýsingum.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom í ljós að iðnaðarráðuneyti taldi að í tillögum sínum til fjármálaráðuneytisins mundi rúmast aukin fjárveiting til annars vegar Tækniþróunarsjóðs og hins vegar að fjárveiting fengist til að reka markaðsstofur ferðamála á landsbyggðinni. Iðnaðarráðuneyti vonaðist með öðrum orðum eftir aukinni fjárveitingu til Tækniþróunarsjóðs upp á 100 m.kr. Minni hlutinn tekur undir áherslur ráðuneytisins hvað þetta varðar og leggur áherslu á mikilvægi Tækniþróunarsjóðs og lýsir undrun sinni á áherslum fjármálaráðuneytisins hvað þetta varðar.

Þá telur minni hlutinn það ekki í samræmi við fögur orð um mikilvægi ferðaþjónustunnar að skerða framlag til markaðsstofa á landsbyggðinni. Tekið er undir með meiri hlutanum um málefni markaðsstofa en þeirra er sérstaklega getið í athugasemdum við frumvarpið þar sem fram kemur að til skoðunar hafi verið að ríkið kæmi að starfi markaðsstofa á landsvísu og að þeirri skoðun yrði haldið áfram áður en frumvarpið yrði að lögum.

Tækifæri Íslands til að verða fyrsti valkostur ferðamanna hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Því leggur minni hlutinn áherslu á að allra leiða verði leitað til að stórauka fjármuni til markaðsstarfs erlendis því þeir fjármunir munu skila sér margfalt til baka.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Unnur Brá Konráðsdóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson,
Tryggvi Þór Herbertsson.

Fylgiskjal XX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti).

Frá viðskiptanefnd.

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis,

og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Nefndin hefur fengið á sinn fund Gunnar Andersen, Kristbjörn Bjarnason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, Helgu Óskarsdóttur og Jónínu S. Lárusdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu.

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 3.066,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 100,4 m.kr. sem nema 3,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.966,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.224,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.742 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Síðastliðið vor var ráðuneytum gert að undirbúa valkosti og tillögur um lækkun útgjalda sem næmi um 10% af heildarveltu. Fjárheimildir stofnana ráðuneytisins voru því lækkaðar sem því nemur. Rétt er að vekja athygli á því að útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hækka um samtals 499,5 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem hafa verið flutt til ráðuneytisins svo og vegna verkefna sem eru flutt til annarra ráðuneyta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins dragist saman um 166 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009 og má skipta breytingum á útgjöldum í þrjá þætti. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 148,3 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þá dragast aðrar útgjaldaskuldbindingar saman um samtals 11,7 m.kr. á árinu 2010. Loks falla niður tímabundin framlög að fjárhæð 6 m.kr.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var sjónum einkum beint að Samkeppniseftirlitinu. Fram kom að ráðuneytið hefði lagt til að stofnunin yrði efld með 90 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga og var Samkeppniseftirlitinu gert að hagræða um 30,8 m.kr. og hefur stofnunin ráðist í launalækkanir ásamt því að forgangsraða verkefnum. Nú þegar mikil endurskipulagning á sér stað í viðskiptalífinu verður hlutverk Samkeppniseftirlitsins æ brýnna og mikilvægt að sem fyrr haldi það vöku sinni. Nefndin leggur til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að afla tekna með því að innheimta gjald fyrir eftirlit með samruna fyrirtækja og með töku kærugjalda vegna kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Nefndin telur mikilvægt að báðar þessar leiðir verði farnar til tekjuöflunar þannig að starfsemi Samkeppniseftirlitsins skerðist ekki.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að rekstaráætlun Fjármálaeftirlitsins sem lögð var fyrir samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sumar er vanáætluð og mun Alþingi þurfa að taka á því vandamáli.

Alþingi, 12. nóv. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Árni Þór Sigurðsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Eygló Harðardóttir,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal XXI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar dagsett 19. október 2009.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfisráðuneyti.

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytis og stofnana þess árið 2010 eru áætluð um 8.896 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.100 m.kr. en þær nema 23,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Útgjöld ráðuneytisins hækka samkvæmt frumvarpinu um rúmar 8. m.kr. Inn í það reiknast ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 746 m.kr, þar af 632 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum. Á móti koma ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 394 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisfjármálum auk 344 m.kr. lækkunar sem er tilkomin vegna þess að tímabundin framlög til ýmissa verkefna falla niður.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.065,9 m.kr. og hækka um 87,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 314,5 m.kr. sem nemur um 8% að raungildi.

Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 333,7 m.kr. og munar mest um 139,9 m.kr. vegna flutnings rafmagnsöryggismála undir Brunamálastofnun ríkisins, 80 m.kr. aukin umsvif Úrvinnslusjóðs og 51,7 m.kr. vegna áformaðs flutnings Náttúrufræðistofnunar í nýtt húsnæði næsta haust. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 242,2 m.kr. og verða 2.219 m.kr. en voru í fjárlögum þessa árs 1.976,8 m.kr. Munar þar mest um 370 m.kr. hækkun hjá Endurvinnslunni hf. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 511,2 m.kr. og er það 165,7 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að nú fellur niður 200 m.kr. framlag til stuðnings fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar og kynnt sér samdráttartillögur umhverfisráðuneytisins. Meiri hlutinn telur sýnt að ráðuneytið hefur mætt þeim samdráttarmarkmiðum sem gerð var krafa um með því að skera niður útgjöld til einstakra liða. Skerðingin er þó mismikil á einstakar stofnanir og verkefni enda var hún útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins. Þá telur meiri hlutinn rétt að árétta að hækkun útgjalda hjá Endurvinnslunni og Úrvinnslusjóði er tilkomin vegna aukinna tekna enda kemur tekjufærsla á móti útgjöldum.

Meiri hlutinn áréttar einnig nauðsyn þess í efnahagsþrengingum að ekki sé gengið of nærri stofnunum og verkefnum og reynt að forðast fækkun starfa. Meiri hlutinn leggur auk þess þunga áherslu á að ráðuneyti og ríkisstjórn beiti sér fyrir því að efla umgjörð um og rekstrarskilyrði frjálsra félagasamtaka sem starfa á sviði umhverfismála á Íslandi. Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum í fjárlagafrumvarpinu. Stofna mætti umhverfisverndarsjóð sem samtök gætu sótt styrki í. Slík ráðstöfun mundi stuðla að faglegu og fræðilegu mati á verkefnum sem ráðstafað yrði til.

Nefndinni hafa borist fimmtán umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni, og komu sjö aðilar á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að ellefu umsóknir fái styrk. Við skiptingu styrkja var lögð áhersla á að fjármagn færi til þeirra sem standa fyrir fræðsluverkefnum, almannafræðslu og útgáfu kynningarefnis og frjálsra félagasamtaka. Auk þess telur meiri hlutinn mikilvægt að styrkja Náttúrufræðistofu Kópavogs og uppbyggingu náttúruseturs á Húsabakka í Svarfaðardal. Samkvæmt tillögum meiri hlutans er nokkuð skorið niður hjá flestum aðilum frá fyrri árum og áréttar hann að sótt hafi verið um til margra brýnna verkefna en ekki sé svigrúm til að veita öllum styrk. Skotveiðifélag Íslands sækir um styrk til tveggja verkefna og er tillaga að styrk ætluð til gerðar fræðsluefnis um hóflegar veiðar á rjúpu. Samkvæmt tillögum meiri hlutans er fé veitt til ýmissa landshluta og brýnna viðfangsefna. Gerð er tillaga að framlagi til tveggja verkefna er tengjast gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda og telur meiri hlutinn rétt að benda á að í Skorradal er verkefnið unnið í samvinnu við Veðurstofuna en þar er ein stærsta sumarbústaðabyggð landsins.

Meiri hlutinn telur rétt að ítreka þau sjónarmið sem komið hafa fram í álitum umhverfisnefndar vegna frumvarpa til fjárlaga fyrir árið 2009 og 2008 að rétt sé að íhuga vandlega hvort ekki sé ástæða og grundvöllur til að Náttúrufræðistofa Kópavogs fái lögformlega stöðu og verði látin heyra undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að Framkvæmdaráð Snæfellsness fái 10 m.kr. til að ljúka vinnu vegna verkefna sem tengjast Green Globe vottun sveitarfélaganna á nesinu. Á fundi nefndarinnar kom fram að sótt er um 15 m.kr. nú til að ljúka mikilvægum áföngum en svo er gert ráð fyrir því að verkefnið verði rekið af sveitarfélögum á svæðinu.

Meiri hlutinn gerir tillögu að 6,3 m.kr. styrk til Landverndar sem fagnar í ár 40 ára afmæli sínu. Þá er því beint til fjárlaganefndar að skoða möguleika á því að styðja frekar við Landvernd sem hefur unnið ómetanlegt starf á sviði náttúruverndar, umhverfismála og fræðslu um þessi málefni.

Að lokum telur meiri hlutinn rétt að benda á að umsóknir frá samtökunum Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð hafa verið sendar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til umfjöllunar en landgræðsluverkefni heyra undir umhverfisráðuneyti. Sama fyrirkomulag var viðhaft í fyrra og því brýnt að leiðrétta þetta fyrir fjárlagagerð næsta árs.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu álitsins.

Alþingi, 9. nóv. 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form.,
Ögmundur Jónasson,
Magnús Orri Schram,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgitta Jónsdóttir.

Fylgiskjal XXII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dagsett 19. október 2009.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfisráðuneyti.

Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 314,5 millj. kr. sem nemur einungis um 8% að raungildi og er því kröfu ríkisstjórnarinnar um 10% flatan niðurskurð ekki mætt hjá ráðuneytinu, t.d. er einungis skorið niður um 3,5% á aðalskrifstofu ráðuneytisins frá reikningi 2008. Er það harmað í þessu áliti, sérstaklega í ljósi þess að mörg brýnni verkefni í öðrum ráðuneytum sæta meiri niðurskurði.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar. Er það með miklum ólíkindum að í þeim mikla niðurskurði sem nú er boðaður hafi nefndin til umráða 32,4 millj. kr. á safnliði 14-190-1.90, Ýmis verkefni. Til að fyrirbyggja misskilning og til að koma í veg fyrir rangtúlkun er rétt að geta þess að þær fimmtán umsóknir sem bárust eru allar vel rökstuddar og þarfar. Það er ekki þar með sagt að þær séu það brýnar að þær krefjist sérúthlutunar. Því er hér sett fram sú tillaga að það fjármagn sem umhverfisnefnd er ætlað að gera tillögu um að úthluta verði varið til að standa undir kostnaði við þátttöku eins þingmanns frá hverjum stjórnarandstöðuflokkanna í Kaupmannahafnarráðstefnunni um loftslagsmál í desember nk. Afar brýnt er að sjónarmið allra flokka á Alþingi heyrist þar í þessu brýna hagsmunarmáli þjóðarinnar. Er þessi tillaga lögð fram í ljósi þess að ekki virðist vera til fjármagn til þess að þjóðkjörnir fulltrúar sinni lögbundnum skyldum sínum að taka þátt í alþjóðasamstarfi sem þessu.

Tekið er undir með meiri hluta umhverfisnefndar sem gerir tillögu um 6,3 millj. kr. styrk til Landverndar sem fagnar í ár 40 ára afmæli sínu á næsta ári. Því sem út af stendur verði ráðstafað til samningsbundinna verkefna ráðuneytisins eins og t.d. Hekluskóga en þar nam niðurskurðurinn um 50% á milli ára.

Tekið er undir það með meiri hlutanum að ráðuneyti og ríkisstjórn beiti sér fyrir því að efla umgjörð og rekstrarskilyrði frjálsra félagasamtaka sem starfa á sviði umhverfismála á Íslandi. Stofna mætti umhverfisverndarsjóð sem samtök gætu sótt styrki í. Slík ráðstöfun mundi stuðla að faglegu og fræðilegu mati á verkefnum sem ráðstafað yrði til en færi ekki eftir duttlungum meiri hlutans á Alþingi. Einnig er tekið undir það að Náttúrufræðistofa Kópavogs fái lögformlega stöðu og verði látin heyra undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Alþingi, 9. nóv. 2009.

Vigdís Hauksdóttir.

384. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	814,4	-15,0	799,4
b. 1.02 Framlög til þingflokka	65,0	-6,5	58,5
c. 1.06 Almennur rekstur	868,0	15,0	883,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.246,4*	*-6,5*	*2.239,9*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður: **00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit**			
a. 6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	0,0	95,0	95,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*95,0*	*95,0*
3. Við **00-401 Hæstiréttur**			
a. 1.01 Hæstiréttur	136,9	-8,0	128,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*136,9*	*-8,0*	*128,9*
4. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	320,4	-18,0	302,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*320,4*	*-18,0*	*302,4*
5. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag. Liðurinn orðast svo: 1.11 Hið íslenska fornritafélag	10,0	0,0	10,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	23,7	25,0	48,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*205,9*	*25,0*	*230,9*
6. Við **01-199 Ráðstöfunarfé**			
a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	-1,5	3,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-1,5*	*3,5*
7. Við **01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**			
a. 1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	39,5	9,5	49,0
b. 6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	47,0	-47,0	0,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*86,5*	*-37,5*	*49,0*
8. Við **02-199 Ráðstöfunarfé**			
a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	9,6	-2,9	6,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*9,6*	*-2,9*	*6,7*
9. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Háskóli Íslands	11.693,0	1,0	11.694,0
b. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	375,0	185,0	560,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.882,0*	*1,0*	*8.883,0*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*935,0*	*185,0*	*1.120,0*

10.	Við **02-217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum**			
	a. 1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	403,9	2,0	405,9
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*245,2*	*2,0*	*247,2*
11.	Við **02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands**			
	a. 1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	20,0	19,5	39,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*174,3*	*19,5*	*193,8*
12.	Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
	a. 6.10 Háskólinn á Akureyri	115,0	175,0	290,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*135,0*	*175,0*	*310,0*
13.	Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
	a. 1.90 Háskólastarfsemi	85,5	30,0	115,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*174,0*	*30,0*	*204,0*
14.	Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
	a. 1.12 Orlof kennara	175,4	2,6	178,0
	b. 1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði	0,0	108,0	108,0
	c. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	188,4	165,0	353,4
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.507,9*	*275,6*	*1.783,5*
15.	Við **02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands**			
	a. 1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	761,7	5,0	766,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*679,4*	*5,0*	*684,4*
16.	Við **02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar**			
	a. 1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	121,0	44,6	165,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*121,0*	*44,6*	*165,6*
17.	Við **02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**			
	a. 1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	38,0	36,6	74,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*36,2*	*36,6*	*72,8*
18.	Við **02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð**			
	a. 1.01 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	22,6	40,0	62,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*22,2*	*40,0*	*62,2*
19.	Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
	a. Við 120 Háskólasetur í Vestmannaeyjum. Liðurinn orðast svo: 1.20 Þekkingasetur Vestmannaeyja	24,5	-9,5	15,0
	b. 1.12 Námskeið og ráðgjöf	610,9	70,0	680,9
	c. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	26,1	4,0	30,1
	d. 1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga	32,4	5,0	37,4
	e. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	21,2	-3,0	18,2
	f. 1.31 Fræða- og þekkingarsetur	70,4	-10,0	60,4
	g. 1.32 Háskólasetur Vestfjarða	48,0	20,0	68,0
	h. 1.34 Þekkingarsetur Suðurlands	0,0	15,0	15,0
	i. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.255,3*	*91,5*	*1.346,8*
20.	Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
	a. 1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	9.185,0	-200,0	8.985,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*9.185,0*	*-200,0*	*8.985,0*

21.	Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
	a. 1.01 Jöfnun á námskostnaði	408,1	50,0	458,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*472,7*	*50,0*	*522,7*
22.	Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
	a. 1.01 Fornleifavernd ríkisins	89,2	20,9	110,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*86,3*	*20,9*	*107,2*
23.	Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
	a. 1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	227,5	75,0	302,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*218,7*	*75,0*	*293,7*
24.	Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
	a. 1.10 Listasafn ASÍ	0,0	2,1	2,1
	b. 1.17 Leikminjasafn Íslands	0,0	6,0	6,0
	c. 1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði	0,0	12,0	12,0
	d. 1.90 Söfn, ýmis framlög	39,5	-8,1	31,4
	e. 1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	94,7	-7,0	87,7
	f. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	50,8	-0,1	50,7
	g. *Greitt úr ríkissjóði*	*235,8*	*4,9*	*240,7*
25.	Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
	a. 1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	692,9	22,0	714,9
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*512,6*	*18,0*	*530,6*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*112,5*	*4,0*	*116,5*
26.	Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
	a. 6.10 Húsafriðunarsjóður	93,3	44,8	138,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*49,2*	*44,8*	*94,0*
27.	Við **02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands**			
	a. 1.10 Kvikmyndasjóðir	390,0	60,0	450,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*463,5*	*60,0*	*523,5*
28.	Við **02-982 Listir, framlög**			
	a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	11,4	8,6	20,0
	b. 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	45,4	1,0	46,4
	c. 1.90 Listir	5,0	20,0	25,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*826,2*	*29,6*	*855,8*
29.	Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
	a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	20,8	-13,3	7,5
	b. 1.52 Skriðuklaustur	16,7	1,4	18,1
	c. 1.55 Þórbergssetur	0,0	10,0	10,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*103,8*	*-1,9*	*101,9*
30.	Við **02-988 Æskulýðsmál**			
	a. 1.90 Æskulýðsmál	11,9	-0,9	11,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*200,3*	*-0,9*	*199,4*
31.	Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
	a. 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	145,5	15,0	160,5
	b. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,1	0,5	22,6
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*338,4*	*15,5*	*353,9*

32.	Við **02-999 Ýmislegt**			
	a. Við 1.90 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Liðurinn orðast svo: 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	131,7	0,0	131,7
	b. 1.90 Ýmis framlög	81,4	-5,2	76,2
	c. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	100,9	1,6	102,5
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*328,5*	*-3,6*	*324,9*
33.	Við **03-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	-1,5	3,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-1,5*	*3,5*
34.	Við **03-300 Sendiráð Íslands**			
	a. 1.01 Sendiráð Íslands	2.788,0	212,7	3.000,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.844,0*	*212,7*	*3.056,7*
35.	Við **03-611 Útflutningsráð Íslands**			
	a. 1.10 Útflutningsráð Íslands	363,0	2,7	365,7
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*363,0*	*2,7*	*365,7*
36.	Við **04-190 Ýmis verkefni**			
	a. Við 1.21 Landþurrkun. Liðurinn orðast svo: 1.21 Lífræn ræktun	4,5	0,0	4,5
	b. 1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	10,0	4,0	14,0
	c. 1.90 Ýmis verkefni	52,3	-4,7	47,6
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*378,4*	*-0,7*	*377,7*
37.	Við **04-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	-1,5	3,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-1,5*	*3,5*
38.	Við **04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar**			
	a. 1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	153,9	3,5	157,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*153,9*	*3,5*	*157,4*
39.	**Við 04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**			
	a. 1.11 Bændur græða landið	34,1	0,6	34,7
	b. 1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	23,2	0,4	23,6
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*57,3*	*1,0*	*58,3*
40.	Við **04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**			
	a. 1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	164,5	38,5	203,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*421,3*	*38,5*	*459,8*
41.	Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
	a. 1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	436,4	32,2	468,6
	b. 1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	85,0	-15,0	70,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*521,4*	*17,2*	*538,6*
42.	Við **06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	a. 1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	329,9	10,3	340,2
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*324,0*	*10,3*	*334,3*

43. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	0,0	3,5	3,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*270,3*	*3,5*	*273,8*
44. Við **06-199 Ráðstöfunarfé**			
a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0	-2,4	5,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8,0*	*-2,4*	*5,6*
45. Við **06-201 Hæstiréttur**			
a. 1.01 Hæstiréttur	106,5	16,0	122,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*99,0*	*16,0*	*115,0*
46. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
a. 1.01 Héraðsdómstólar	941,6	86,0	1.027,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*935,4*	*86,0*	*1.021,4*
47. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-303 Ríkislögreglustjóri			
a. 1.01 Ríkislögreglustjóri	0,0	1.374,6	1.374,6
b. 1.11 Rekstur lögreglubifreiða	0,0	278,7	278,7
c. 6.11 Bifreiðar	0,0	162,0	162,0
d. Sértekjur	0,0	-585,9	-585,9
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1.229,4*	*1.229,4*
48. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-305 Lögregluskóli ríkisins			
a. 1.01 Lögregluskóli ríkisins	0,0	217,7	217,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*217,7*	*217,7*
49. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu			
a. 1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	0,0	3.121,3	3.121,3
b. Sértekjur	0,0	-45,4	-45,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3.075,9*	*3.075,9*
50. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	890,2	890,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*890,2*	*890,2*
51. Við **06-313 Lögreglan**			
a. 1.01 Lögreglan	7.383,0	-7.383,0	0,0
b. 1.11 Rekstur lögreglubifreiða	279,0	-279,0	0,0
c. 6.11 Bifreiðar	162,0	-162,0	0,0
d. Sértekjur	-700,0	700,0	0,0
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*7.124,0*	*-7.124,0*	*0,0*
52. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
a. 1.16 Efling almennrar löggæslu	150,0	-138,6	11,4
b. 1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	0,0	13,5	13,5
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*192,2*	*-125,1*	*67,1*

53. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

a. 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík	0,0	318,1	318,1
b. Sértekjur	0,0	-7,8	-7,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*310,3*	*310,3*

54. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	74,9	74,9
b. 1.20 Löggæsla	0,0	102,6	102,6
c. Sértekjur	0,0	-1,8	-1,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*175,7*	*175,7*

55. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	60,8	60,8
b. 1.20 Löggæsla	0,0	103,1	103,1
c. Sértekjur	0,0	-4,8	-4,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*159,1*	*159,1*

56. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	79,7	79,7
b. 1.20 Löggæsla	0,0	90,9	90,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*170,6*	*170,6*

57. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

a. 1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal	0,0	25,2	25,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*25,2*	*25,2*

58. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

a. 1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	0,0	34,8	34,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*34,8*	*34,8*

59. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

a. 1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	0,0	31,3	31,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*31,3*	*31,3*

60. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	93,2	93,2
b. 1.20 Löggæsla	0,0	215,9	215,9
c. Sértekjur	0,0	-1,5	-1,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*307,6*	*307,6*

61. Við bætist nýr fjárlagaliður:

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

a. 1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík	0,0	28,0	28,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*28,0*	*28,0*

62. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	55,2	55,2
b. 1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	0,0	69,3	69,3
c. 1.20 Löggæsla	0,0	78,1	78,1
d. Sértekjur	0,0	-3,9	-3,9
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*198,7*	*198,7*

63. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	62,5	62,5
b. 1.20 Löggæsla	0,0	86,1	86,1
c. Sértekjur	0,0	-4,1	-4,1
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*144,5*	*144,5*

64. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

a. 1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	0,0	52,4	52,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*52,4*	*52,4*

65. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	167,4	167,4
b. 1.20 Löggæsla	0,0	315,0	315,0
c. Sértekjur	0,0	-7,6	-7,6
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*474,8*	*474,8*

66. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	77,3	77,3
b. 1.20 Löggæsla	0,0	98,3	98,3
c. Sértekjur	0,0	-0,7	-0,7
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*174,9*	*174,9*

67. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	74,1	74,1
b. 1.20 Löggæsla	0,0	102,5	102,5
c. Sértekjur	0,0	-8,7	-8,7
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*167,9*	*167,9*

68. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	78,9	78,9
b. 1.20 Löggæsla	0,0	162,2	162,2
c. Sértekjur	0,0	-2,4	-2,4
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*238,7*	*238,7*

69. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

a. 1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	0,0	35,5	35,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*35,5*	*35,5*

70. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	21,4	21,4
b. 1.05 Lögbirtingablað	0,0	23,2	23,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*21,4*	*21,4*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*23,2*	*23,2*
71. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	64,1	64,1
b. 1.20 Löggæsla	0,0	108,6	108,6
c. Sértekjur	0,0	-0,4	-0,4
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*172,3*	*172,3*
72. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	70,3	70,3
b. 1.20 Löggæsla	0,0	97,5	97,5
c. Sértekjur	0,0	-9,8	-9,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*158,0*	*158,0*
73. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	129,2	129,2
b. 1.20 Löggæsla	0,0	225,0	225,0
c. Sértekjur	0,0	-8,8	-8,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*345,4*	*345,4*
74. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ			
a. 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	0,0	144,9	144,9
b. Sértekjur	0,0	-0,1	-0,1
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*144,8*	*144,8*
75. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði			
a. 1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	0,0	188,9	188,9
b. Sértekjur	0,0	-1,9	-1,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*187,0*	*187,0*
76. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi			
a. 1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	0,0	197,8	197,8
b. Sértekjur	0,0	-0,9	-0,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*196,9*	*196,9*
77. Við **06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins**			
a. 1.01 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins	706,3	-706,3	0,0
b. Sértekjur	-11,7	11,7	0,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*694,6*	*-694,6*	*0,0*
78. Við **06-442 Sýslumaður Vesturlands**			
a. 1.01 Sýslumaður Vesturlands	215,3	-215,3	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*215,3*	*-215,3*	*0,0*

79.	Við **06-443 Sýslumaður Vestfjarða**			
	a. 1.01 Sýslumaður Vestfjarða	184,1	-184,1	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*184,1*	*-184,1*	*0,0*
80.	Við **06-445 Sýslumaður Norðurlands**			
	a. 1.01 Sýslumaður Norðurlands	419,1	-419,1	0,0
	b. 1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	15,9	-15,9	0,0
	c. Sértekjur	-1,2	1,2	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*433,8*	*-433,8*	*0,0*
81.	Við **06-446 Sýslumaður Austurlands**			
	a. 1.01 Sýslumaður Austurlands	171,9	-171,9	0,0
	b. Sértekjur	-0,4	0,4	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*171,5*	*-171,5*	*0,0*
82.	Við **06-447 Sýslumaður Suðurlands**			
	a. 1.01 Sýslumaður Suðurlands	264,4	-264,4	0,0
	b. 1.05 Lögbirtingablað	23,2	-23,2	0,0
	c. Sértekjur	-2,1	2,1	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*262,3*	*-262,3*	*0,0*
	e. *Innheimt af ríkistekjum*	*23,2*	*-23,2*	*0,0*
83.	Við **06-448 Sýslumaður Suðurnesja**			
	a. 1.01 Sýslumaður Suðurnesja	145,2	-144,9	0,3
	b. Sértekjur	-0,1	0,1	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*145,1*	*-144,8*	*0,3*
84.	Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
	a. 1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.199,0	140,8	1.339,8
	b. Sértekjur	-75,6	-3,6	-79,2
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.133,4*	*137,2*	*1.270,6*
85.	Við **06-601 Fasteignaskrá Íslands**			
	a. 1.01 Fasteignaskrá Íslands	568,2	167,0	735,2
	b. Sértekjur	-73,0	-167,0	-240,0
86.	Við **06-605 Þjóðskrá**			
	a. 1.01 Þjóðskrá	464,5	-167,0	297,5
	b. Sértekjur	-167,3	167,0	-0,3
87.	Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
	a. 6.28 Þingeyraklausturskirkja	0,0	1,8	1,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.347,7*	*1,8*	*1.349,5*
88.	Við **06-707 Kristnisjóður**			
	a. 1.10 Kristnisjóður	75,0	6,0	81,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*75,0*	*6,0*	*81,0*
89.	Við **06-733 Kirkjugarðar**			
	a. 1.11 Kirkjugarðar	917,7	-6,0	911,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*917,7*	*-6,0*	*911,7*
90.	Við **07-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	-1,5	3,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-1,5*	*3,5*
91.	Við **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi**			
	a. 1.30 Verndaðir vinnustaðir	0,0	1,4	1,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*360,8*	*1,4*	*362,2*

92.	Við **07-821 Tryggingastofnun ríkisins**			
	a. 1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.656,0	-632,0	1.024,0
	b. Sértekjur	-777,0	644,0	-133,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*931,0*	*12,0*	*943,0*
93.	Við **07-827 Lífeyristryggingar**			
	a. Greitt úr ríkissjóði	26.166,2	-171,6	25.994,6
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*22.520,8*	*171,6*	*22.692,4*
94.	Við **07-980 Vinnumálastofnun**			
	a. 1.01 Vinnumálastofnun	842,5	130,0	972,5
	b. Sértekjur	-556,7	-205,0	-761,7
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*285,8*	*-75,0*	*210,8*
95.	Við **07-982 Ábyrgðasjóður launa**			
	a. 1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	1.773,0	60,0	1.833,0
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*1.773,0*	*60,0*	*1.833,0*
96.	Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
	a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	28.350,0	-2.320,0	26.030,0
	b. 1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	370,0	205,0	575,0
	c. 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	222,0	690,0	912,0
	d. 1.81 Vaxtatekjur	440,0	-440,0	0,0
	e. *Innheimt af ríkistekjum*	*29.666,0*	*-1.865,0*	*27.801,0*
97.	Við **07-989 Fæðingarorlof**			
	a. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	579,0	-60,0	519,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*579,0*	*-60,0*	*519,0*
98.	Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
	a. 1.35 Félag heyrnarlausra	8,2	2,8	11,0
	b. 1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði	16,1	16,0	32,1
	c. 1.55 Átak í vímuvarnamálum	11,0	-11,0	0,0
	d. 1.90 Ýmis framlög	84,6	12,0	96,6
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*541,9*	*19,8*	*561,7*
99.	Við **08-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0	-4,4	3,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8,0*	*-4,4*	*3,6*
100.	Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
	a. 1.16 Lyf með S-merkingu	3.752,0	1.167,0	4.919,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*26.561,0*	*1.167,0*	*27.728,0*
101.	Við **08-373 Landspítali**			
	a. 1.01 Landspítali	35.055,0	-77,7	34.977,3
	b. Sértekjur	-2.954,0	120,5	-2.833,5
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*32.531,0*	*42,8*	*32.573,8*
102.	Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
	a. 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	108,4	-40,0	68,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*136,5*	*-40,0*	*96,5*
103.	Við **08-397 Lyfjastofnun**			
	a. 1.01 Lyfjastofnun	188,5	226,5	415,0
	b. Sértekjur	-28,7	-26,5	-55,2
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*159,8*	*200,0*	*359,8*

104.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	a. 1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	300,9	20,0	320,9
	b. 1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	95,0	55,3	150,3
	c. 1.90 Ýmis framlög	44,0	-0,3	43,7
	d. 1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	40,5	7,0	47,5
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.241,0*	*82,0*	*1.323,0*
105.	Við **08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ**			
	a. 1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.300,5	29,1	1.329,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.300,5*	*29,1*	*1.329,6*
106.	Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
	a. 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	95,6	-10,0	85,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*291,2*	*-10,0*	*281,2*
107.	Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
	a. 1.01 Almennur rekstur	101,1	8,8	109,9
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*281,1*	*8,8*	*289,9*
108.	Við **08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**			
	a. 1.21 Hjúkrunarrými	80,0	11,2	91,2
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*247,2*	*11,2*	*258,4*
109.	Við **08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**			
	a. 1.01 Heilsugæslusvið	187,4	5,0	192,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*806,4*	*5,0*	*811,4*
110.	Við **08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**			
	a. 1.01 Heilsugæslusvið	645,9	15,0	660,9
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.668,5*	*15,0*	*1.683,5*
111.	Við **08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur**			
	a. 1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.015,6	-57,8	957,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.364,0*	*-57,8*	*1.306,2*
112.	Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	a. 1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	672,0	-38,7	633,3
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*661,7*	*-38,7*	*623,0*
113.	Við **09-103 Fjársýsla ríkisins**			
	a. 1.43 Tekjubókhaldskerfi	363,5	18,2	381,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.400,1*	*18,2*	*1.418,3*
114.	Við **09-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	-1,5	3,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-1,5*	*3,5*
115.	Við **09-201 Ríkisskattstjóri**			
	a. 1.01 Almennur rekstur	587,9	-587,9	0,0
	b. 1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	192,3	-192,3	0,0
	c. 1.41 Skattvinnslukerfi	383,1	-383,1	0,0
	d. 6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	27,5	-27,5	0,0
	e. Sértekjur	-13,4	13,4	0,0
	f. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.088,4*	*-1.088,4*	*0,0*
	g. *Innheimt af ríkistekjum*	*89,0*	*-89,0*	*0,0*

116.	Við **09-202 Skattstofan í Reykjavík**			
	a. 1.01 Skattstofan í Reykjavík	419,8	-419,8	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*419,8*	*-419,8*	*0,0*
117.	Við **09-203 Skattstofa Vesturlands**			
	a. 1.01 Skattstofa Vesturlands	90,3	-90,3	0,0
	b. Sértekjur	-0,3	0,3	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*90,0*	*-90,0*	*0,0*
118.	Við **09-204 Skattstofa Vestfjarða**			
	a. 1.01 Skattstofa Vestfjarða	41,1	-41,1	0,0
	b. Sértekjur	-0,4	0,4	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*40,7*	*-40,7*	*0,0*
119.	Við **09-205 Skattstofa Norðurlands vestra**			
	a. 1.01 Skattstofa Norðurlands vestra	47,7	-47,7	0,0
	b. Sértekjur	-0,3	0,3	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*47,4*	*-47,4*	*0,0*
120.	Við **09-206 Skattstofa Norðurlands eystra**			
	a. 1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	129,9	-129,9	0,0
	b. Sértekjur	-0,6	0,6	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*129,3*	*-129,3*	*0,0*
121.	Við **09-207 Skattstofa Austurlands**			
	a. 1.01 Skattstofa Austurlands	58,2	-58,2	0,0
	b. Sértekjur	-0,3	0,3	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*57,9*	*-57,9*	*0,0*
122.	Við **09-208 Skattstofa Suðurlands**			
	a. 1.01 Skattstofa Suðurlands	71,9	-71,9	0,0
	b. Sértekjur	-0,4	0,4	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*71,5*	*-71,5*	*0,0*
123.	Við **09-209 Skattstofa Vestmannaeyja**			
	a. 1.01 Skattstofa Vestmannaeyja	29,3	-29,3	0,0
	b. Sértekjur	-0,2	0,2	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*29,1*	*-29,1*	*0,0*
124.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	09-210 Ríkisskattstjóri			
	a. 1.01 Almennur rekstur	0,0	1.970,0	1.970,0
	b. 1.41 Skattvinnslukerfi	0,0	383,1	383,1
	c. 6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	0,0	89,7	89,7
	d. Sértekjur	0,0	-20,1	-20,1
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2.333,7*	*2.333,7*
	f. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*89,0*	*89,0*
125.	Við **09-211 Skattstofa Reykjaness**			
	a. 1.01 Skattstofa Reykjaness	280,1	-280,1	0,0
	b. Sértekjur	-4,2	4,2	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*275,9*	*-275,9*	*0,0*
126.	**Við 09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**			
	a. 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	40,7	20,0	60,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*69,3*	*20,0*	*89,3*

127.	Við **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**			
	a. 1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.340,0	17,7	2.357,7
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*2.340,0*	*17,7*	*2.357,7*
128.	Við **09-393 Starfsendurhæfingarsjóður**			
	a. Við 1.11 Endurhæfingarsjóður. Liðurinn orðast svo: 1.11 Starfsendurhæfingarsjóður	150,0	0,0	150,0
129.	Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
	a. 1.11 Fjármagnstekjuskattur	2.707,0	1.940,0	4.647,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.468,0*	*1.960,0*	*4.428,0*
	c. *Viðskiptahreyfingar*	*239,0*	*-20,0*	*219,0*
130.	Við **09-811 Barnabætur**			
	a. 1.11 Barnabætur	9.100,0	1.000,0	10.100,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*9.100,0*	*1.000,0*	*10.100,0*
131.	Við **09-821 Vaxtabætur**			
	a. 1.11 Vaxtabætur	7.770,0	2.300,0	10.070,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*7.770,0*	*2.300,0*	*10.070,0*
132.	Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**			
	a. 1.11 Rekstur fasteigna	1.694,1	-80,7	1.613,4
	b. 5.21 Viðhald fasteigna	1.725,8	351,3	2.077,1
	c. Sértekjur	-3.528,8	-190,6	-3.719,4
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*80,0*	*80,0*
133.	Við **09-989 Ófyrirséð útgjöld**			
	a. 1.90 Ófyrirséð útgjöld	5.399,7	2.045,9	7.445,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5.232,1*	*2.045,9*	*7.278,0*
134.	Við **09-999 Ýmislegt**			
	a. 1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	371,5	-37,0	334,5
	b. 1.67 Þjóðlendumál	4,3	16,5	20,8
	c. 1.68 Endurskoðendaráð	10,0	-10,0	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.062,5*	*-20,5*	*1.042,0*
	e. *Innheimt af ríkistekjum*	*10,0*	*-10,0*	*0,0*
135.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	5,8	-5,8	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*300,7*	*-5,8*	*294,9*
136.	Við **10-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,5	-1,4	3,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4,5*	*-1,4*	*3,1*
137.	Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
	a. 1.01 Almennur rekstur	557,6	-14,2	543,4
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*638,5*	*-14,2*	*624,3*
138.	Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
	a. 6.80 Sjóvarnargarðar	63,6	100,0	163,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*596,9*	*97,0*	*693,9*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*293,6*	*3,0*	*296,6*

139.	Við **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
	a. 6.70 Hafnabótasjóður	382,6	-130,0	252,6
	b. 6.72 Landeyjahöfn	770,1	275,0	1.045,1
	c. 6.74 Lendingabætur	7,5	-7,5	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.185,5*	*137,5*	*1.323,0*
140.	Við **10-471 Flugmálastjórn Íslands**			
	a. 1.01 Flugmálastjórn Íslands	441,8	20,0	461,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*217,1*	*20,0*	*237,1*
141.	Við **10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**			
	a. 1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	281,9	30,7	312,6
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*269,6*	*30,7*	*300,3*
142.	Við **10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu**			
	a. 1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	38,4	-3,4	35,0
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*38,4*	*-3,4*	*35,0*
143.	Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
	a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	9.725,0	792,0	10.517,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*11.653,0*	*792,0*	*12.445,0*
144.	Við **11-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0	-2,4	5,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8,0*	*-2,4*	*5,6*
145.	Við **11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands**			
	a. Sértekjur	-635,5	20,1	-615,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*482,0*	*20,1*	*502,1*
146.	Við **11-242 Tækniþróunarsjóður**			
	a. 1.10 Tækniþróunarsjóður	670,0	50,0	720,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*670,0*	*50,0*	*720,0*
147.	Við **11-245 Samtök iðnaðarins**			
	a. 1.10 Samtök iðnaðarins	300,0	120,0	420,0
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*300,0*	*120,0*	*420,0*
148.	Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
	a. 1.19 Staðlaráð	50,4	0,4	50,8
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*50,4*	*0,4*	*50,8*
149.	Við **11-373 Niðurgreiðslur á húshitun**			
	a. 1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.099,0	30,8	1.129,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.099,0*	*30,8*	*1.129,8*
150.	Við **11-501 Ferðamálastofa**			
	a. 1.01 Ferðamálastofa	219,5	40,0	259,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*429,7*	*40,0*	*469,7*
151.	Við **11-599 Ýmis ferðamál**			
	a. 1.90 Ýmis ferðamál	44,6	6,9	51,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*246,7*	*6,9*	*253,6*
152.	Við **12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti,** aðalskrifstofa			
	a. 1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	209,6	50,2	259,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*208,8*	*50,2*	*259,0*

153.	Við **12-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0	-19,0	0,0
	b. 1.24 Endurskoðendaráð	0,0	10,0	10,0
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*21,0*	*-9,0*	*12,0*
154.	Við **12-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0	-0,9	2,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*3,0*	*-0,9*	*2,1*
155.	Við **12-501 Hagstofa Íslands**			
	a. 1.01 Hagstofa Íslands	737,6	34,5	772,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*667,6*	*34,5*	*702,1*
156.	Við **14-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.90 Ýmis verkefni	32,4	1,0	33,4
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*288,1*	*1,0*	*289,1*
157.	Við **14-199 Ráðstöfunarfé**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,5	-1,4	3,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4,5*	*-1,4*	*3,1*
158.	Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
	a. 1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	17,6	17,0	34,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*548,4*	*17,0*	*565,4*
159.	Við **14-212 Vatnajökulsþjóðgarður**			
	a. 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	165,4	100,0	265,4
	b. Sértekjur	-56,4	-40,0	-96,4
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*323,8*	*60,0*	*383,8*
160.	Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
	a. Sértekjur	-112,7	25,0	-87,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*383,5*	*25,0*	*408,5*
161.	Við **14-403 Náttúrustofur**			
	a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	9,4	6,4	15,8
	b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	9,4	6,4	15,8
	c. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	18,0	6,4	24,4
	d. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	9,4	6,4	15,8
	e. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	9,4	6,4	15,8
	f. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði	9,4	6,4	15,8
	g. 1.16 Náttúrustofa Húsavík	9,1	14,4	23,5
	h. *Greitt úr ríkissjóði*	*74,1*	*52,8*	*126,9*
162.	Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
	a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	99.570,0	-5.250,0	94.320,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*102.380,0*	*-12.035,0*	*90.345,0*
	c. *Viðskiptahreyfingar*	*-2.810,0*	*6.785,0*	*3.975,0*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	Þús. kr.
1. Eiríksstaðir í Haukadal	3.000
2. Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði	5.000

3. Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja, rekstur og sérsýningar	2.000
4. Kvennasögusafn Íslands	1.000
5. Melrakkasetur Íslands	3.000
6. Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, rekstur	2.500
7. Minjasafnið Burstarfelli	1.000
8. Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar	1.700
9. Selasetur Íslands	5.000
10. Skáldahúsin á Akureyri	3.000
11. Sögusetur íslenska hestsins ses.	4.200
Samtals	**31.400**

2. Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-919-1.98).

	Þús. kr.
1. Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	10.200
2. Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	6.000
3. Heklusetur Leirubakka, samningur	5.100
4. Galdrasýning á Ströndum, samningur	5.100
5. Tónlistarsafn Íslands, samningur	5.700
6. Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs	8.500
7. Safnahús í Búðardal	10.000
8. Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi – efling jarðfræðirannsókna	8.000
9. Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
10. Íslandsdeild ICOM	400
11. Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga	500
12. Þjóðbúningaráð	400
13. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2.000
14. Stafkirkja í Heimaey	3.000
15. Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksvið Safnasjóðs	12.300
16. Óskipt	4.500
Samtals	**87.700**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

	Þús. kr.
1. Bátasafn Breiðafjarðar	1.400
2. Bjarnarhöfn, sögusetur og hákarlaverkun	800
3. Byggðasafn Garðskaga	1.400
4. Byggðasafnið að Görðum, Akranesi – útisýningarsvæði	700
5. Félag áhugamanna um skrímslasetur	2.100
6. Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	700
7. Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar	700

8. Fræðasetur um náttúruhamfarir vegna gosa í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	1.100
9. Geitfjársetur	700
10. Grettisverkefnið í Húnaþingi vestra, uppbygging	2.800
11. Hraun í Öxnadal, menningarfélag, sýningarskáli	1.400
12. Iðnaðarsafnið á Akureyri	2.000
13. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	700
14. Íþróttasafn Íslands	700
15. Landbúnaðarsafn Íslands	1.400
16. Listervélasafn	700
17. Safn Leifs Eiríkssonar	1.400
18. Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	4.200
19. Saltfisksetur Íslands í Grindavík	2.800
20. Samgönguminjasafnið í Stóragerði	2.400
21. Samgöngusafnið í Skógum, geymslu- og verkstæðishús	2.100
22. Sauðfjársetur á Ströndum, kaup á húsnæði	1.700
23. Sjávarsafnið í Ólafsvík	700
24. Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	2.800
25. Sjóminjasafnið Ósvör	3.500
26. Strandagaldur, galdrasýning á Ströndum	2.800
27. Tæknimiðstöð, undirbúningur	700
28. Tækniminjasafn Austurlands, munageymsla	1.400
29. Tækniminjasafn Austurlands, sýningin Á ferli	700
30. Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging	2.800
31. Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	700
32. Víkin – sjóminjasafnið í Reykjavík, endurbætur á safnhúsi	700
Samtals	**50.700**

4. Listir (02-982-1.90).	Þús. kr.
1. Draumasmiðjan, döff-leikhús	2.000
2. Leikfélag Reykjavíkur	15.000
3. Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	1.000
4. LungA, listahátíð ungs fólks á Austurlandi	3.000
5. Músík í Mývatnssveit	1.000
6. Reykholtshátíð 2010	1.000
7. Skjaldborg, heimildarmyndahátíð	1.000
8. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.000
Samtals	**25.000**

5. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).	Þús. kr.
1. Charlie Strand, bók um íslenska tískuhönnun	1.500
2. Færeysk-íslensk orðabók	3.000
3. Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku	3.000
Samtals	**7.500**

6. Norræn samvinna (02-984-1.90).	Þús. kr.
1. Norræna félagið á Íslandi	7.300
Samtals	**7.300**

7. Æskulýðsmál (02-988-1.90).	Þús. kr.
1. AFS á Íslandi	2.000
2. Kiðagil, skólabúðir	4.000
3. Landssamband æskulýðsfélaga	5.000
Samtals	**11.000**

8. Ýmis framlög (02-999-1.90).	Þús. kr.
1. Akureyrarakademían	2.500
2. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
3. Handverk og hönnun ses.	14.500
4. Heimili og skóli	6.000
5. Kalak, sundkennsla grænlenskra barna	1.000
6. Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	2.000
7. Kirkjubæjarstofa	5.000
8. Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	3.000
9. Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.000
10. Kvenréttindafélag Íslands	3.900
11. Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
12. MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál	6.000
13. Múlastofa Kaupvangi, Vopnafirði	2.000
14. Músík og saga, munnleg geymd	1.000
15. Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
16. Orator, lögfræðiaðstoð	200
17. ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	3.000
18. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, kvennaslóðir	1.500
19. Rekstarfélag Sarps sf.	3.000
20. Safnahús Borgarfjarðar, Börn í 100 ár	500
21. Siðmennt	500
22. Spes – bygging barnaþorps fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum	1.500

23. Sturlustofa í Dölum	800
24. Vestfirðir á miðöldum	5.000
25. Virkt lýðræði á vefnum, opið kosningakerfi	2.000
26. Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar	1.000
27. Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.500
Samtals	**76.200**

9. Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).	Þús. kr.
1. Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	7.500
2. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	6.800
3. Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
4. Verkefnið Árvekniþjónusta á bókasöfnum, hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008–2012	2.000
5. Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.500
6. Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	8.000
7. Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	8.000
8. Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	9.000
9. Verkefni, samningar vegna íþróttamála	10.200
10. Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	1.600
11. Bókmenntahátíð í Reykjavík	1.400
12. Leiklistarsambandið	2.400
13. Bandalag íslenskra listamanna	1.800
14. Útflutningsmiðstöð tónlistar	2.000
15. Rithöfundasamband Íslands – höfundamiðstöð	2.000
16. Menningarrannsóknir	4.000
17. Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	14.400
18. Óskipt	20.100
Samtals	**131.700**

10. Ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).	Þús. kr.
1. Akureyrarbær, Landsmót UMFÍ 2009	10.500
2. Áttæringurinn Vigur-Breiður, viðgerð	700
3. Breiðdalssetur	3.100
4. Byggðasafn Vestfjarða, bátar	3.500
5. Byggðasafnið að Görðum, Akranesi – viðhald og endurgerð á bátasafni	700
6. Eikarbáturinn Húni II	2.800
7. Fuglasafn Sigurgeirs	2.800

8. Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður	7.000
9. Hálendismiðstöð að Hveravöllum	2.800
10. Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	10.500
11. Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	700
12. Íslenski bærinn, menningarsetur	700
13. Kjarvalsstofa, sýning og þjónustuhús	2.100
14. Landnámsbærinn í Herjólfsdal	700
15. Landnámssetur Íslands	5.600
16. Landsmót hestamanna á Vindheimamelum 2010	10.500
17. Mannvirkjasjóður Knattspyrnusambands Íslands	8.400
18. Nes, listamiðstöð á Skagaströnd	700
19. Orgelsjóður Stykkishólmskirkju, kaup og uppsetning á pípuorgeli	700
20. Sigurgeir ljósmyndari ehf., flokkun og skráning ljósmyndasafns	1.400
21. Skjálftafélagið, jarðskjálftasetur á Kópaskeri	2.800
22. Spákonuhof á Skagaströnd	2.800
23. Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging o.fl.	2.100
24. Svartárkot, menning – náttúra	3.500
25. Sögusetur um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum	1.400
26. Textílsetur Íslands, stofnun skóla og fræðaseturs	1.400
27. Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	4.200
28. Vestmannaeyjabær, „handritin heim“	2.800
29. Vestnorræna menningarhúsið Í Hafnarfirði	700
30. Vélbáturinn Blátindur VE 21	700
31. Þekkingar- og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	700
32. Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, stofnkostnaður vegna sýningar	3.500
Samtals	**102.500**

11. Ýmis verkefni (04-190-1.90).	Þús. kr.
1. Beint frá býli	2.000
2. Biopol, hrognkelsarannsóknir	3.000
3. Biopol, tæki	2.500
4. Dýragarðurinn Slakki	1.500
5. Eyðing kerfils og varnir gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
6. Fiskeldi í Súðavík, rannsóknaraðstaða	1.000
7. Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.500
8. Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
9. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
10. Landssamtök skógareigenda	7.000
11. Langanesbyggð, Strandabúið	1.500
12. Laxfiskar ehf., merking laxa með rafeindafismerkjum	2.300

13. Rannsóknir á glerál	1.700
14. Rannsóknir á lífríki á grunnsævi við Ísland	1.500
15. Rannsóknir á ósakola	1.500
16. Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.800
17. Tún, vottunarstofa	5.100
18. Vör, Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.200
19. Æðarræktarfélag Íslands	500
Samtals	**47.600**

12. Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).	Þús. kr.
1. Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	8.000
2. Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2.000
3. Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
4. Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	3.000
5. Hafréttarstofnun	6.000
6. Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	26.000
7. Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	20.000
8. Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	28.000
9. Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
Samtals	**116.000**

13. Ýmis framlög (07-999-1.90).	Þús. kr.
1. ADHD-samtökin	2.400
2. Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	1.600
3. Barnaheill, innlend verkefni	5.000
4. Blátt áfram, forvarnaverkefni	3.200
5. Blindrafélagið	8.000
6. Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur	2.000
7. Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
8. Félag einstæðra foreldra	2.400
9. Félag um foreldrajafnrétti	1.200
10. Fjölskylduhjálp Íslands	4.000
11. Geðhjálp, forvarnir og fræðsla	1.600
12. Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum	400
13. Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf	9.000
14. Hlutverk – samtök um vinnu- og verkþjálfun	500
15. Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	1.600

16. Jafnréttishús, námskeið	2.000
17. Kvennaráðgjöfin	1.000
18. Landssamband eldri borgara	4.000
19. Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur	8.000
20. MND-félagið á Íslandi	800
21. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	7.000
22. Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	300
23. Samtök áhugafólks um spilafíkn, forvarnir	600
24. Samtökin '78	5.200
25. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	2.000
26. Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	1.200
27. Systkinasmiðjan, námskeið	500
28. Táknmálsvefurinn	3.400
29. Táknsmiðjan	3.400
30. Umsjónarfélag einhverfra	1.200
31. Vernd, fangahjálp, rekstur áfangaheimilis	1.600
32. Vímulaus æska – foreldrahús	11.000
Samtals	**96.600**

14. Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).	Þús. kr.
1. Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	11.600
2. Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	7.000
3. Sjónarhóll	18.200
4. Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	23.500
5. Lög um líffæragjafa og bótagreiðslur vegna vinnutaps	21.500
Samtals	**81.800**

15. Ýmis framlög (08-399-1.90).	Þús. kr.
1. Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
2. Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki, sumarbúðir	700
3. Endurhæfingarhúsið Hver, Akranesi	2.000
4. FAAS – félag áhugafólks og aðstandenda alzheimerssjúklinga	3.500
5. Félag CP á Íslandi	1.000
6. Félag nýrnasjúkra, skrifstofukostnaður	500
7. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	800
8. Gigtarfélag Íslands, fræðsla og forvarnir	2.800
9. Heilaheill, félagsstarf og fræðsla	1.000
10. HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi	1.700
11. Hjartaheill, blóðfitumælingar	2.000
12. LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000

13. Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra	3.000
14. MS-félag Íslands, rekstur leiguíbúðar	600
15. MS-félag Íslands, rekstur skrifstofu	800
16. Mænuskaðastofnun Íslands	5.000
17. Parkinsonssamtökin á Íslandi, jafningjastuðningur	400
18. PKU-félagið	300
19. Samtök lungnasjúklinga	1.000
20. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.700
21. Samtök sykursjúkra	1.500
22. Samtökin Lífsvog	300
23. SEM, húsnæðisfélag, viðhald og rekstur íbúða	2.000
24. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Neyðarsjóður SKB	3.000
25. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumar- og helgardvöl í Reykjadal	5.000
26. Tilvera, samtök um ófrjósemi	300
27. Tourette-samtökin, útgáfa og fræðsla	400
28. Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir	400
Samtals	**43.700**

16. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).	Þús. kr.
1. Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2.400
2. Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3. Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni	33.700
4. Missoc-þátttökugjald	2.200
5. Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.200
6. Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda	2.600
7. Óskipt	2.400
Samtals	**47.500**

17. Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (10-190-1.98).	Þús. kr.
1. Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010	3.000
2. Sameining stofnana/hlutafélaga	4.000
3. Samþætting áætlana m.t.t. aðildar að Evrópusambandinu	3.000
4. Sameining sveitarfélaga	5.000
5. Endurskoðun á regluverki og upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélaga	3.000
6. Afnám einkaréttar í póstþjónustu	1.000
7. Óskipt	400
Samtals	**19.400**

18. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).	Þús. kr.
1. ÁTAK – Nýtækniþing	1.000
2. FABLAB-stofa, stafræn smiðja á Sauðárkróki	3.000
3. Framleiðsluþróun á þæfðri ull	2.500
4. Hátæknisetur Íslands, rannsóknir á basalttrefjum og undirbúningur byggingar verksmiðju	3.000
5. Murr ehf., gæludýrafóður, vöruþróun	1.000
6. Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	4.000
7. Skógarorka ehf., kurlkyndistöð á Hallormsstað	3.000
8. Valorka ehf., Rannsóknarmiðstöð sjávarorku	2.900
9. Vopnafjarðarhreppur, vöruþróun og markaðssetning á niðursoðinni hrognafylltri loðnu	2.000
10. Þjónusta við Drekasvæðið, Langanesbyggð	800
11. Þjónusta við Drekasvæðið, Vopnafjarðarhreppur	800
12. Þróunarsetur íslenskrar tónlistar	4.000
Samtals	**28.000**

19. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).	Þús. kr.
1. Loftslagsmál	3.000
2. Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	10.300
3. Verkefni á sviði nýsköpunarmála	10.000
4. Jafnréttismál	3.200
5. Hönnunarmiðstöð Íslands	10.000
6. Hátæknivettvangur	3.500
Samtals	**40.000**

20. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).	Þús. kr.
1. Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	4.100
2. Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.400
3. Olíumál	2.000
4. Alþjóðlegt samstarf	3.000
5. Erlendir orkusamningar	3.000
6. Norræn verkefni	3.000
Samtals	**23.500**

21. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).	Þús. kr.
1. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, markaðsátak í ferðamálum	5.000
2. Á slóðum Vatnsdælasögu	1.000

3.	Dimmuborgastofa, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	2.000
4.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, gistiskáli í Loðmundarfirði	2.000
5.	Ferðamálasamtök Íslands, samhæfðir vefir um ferðamál	1.500
6.	Ferðumst og fræðumst, ferðaverkefni	2.600
7.	Félag um Snjáfjallasetur	500
8.	Fjallabyggð, Iceland Midnight Sun Race	1.500
9.	Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum	2.500
10.	Jólasveinar í Mývatnssveit	1.500
11.	Malarhorn, kynningarefni um Strandir	500
12.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	3.500
13.	Markaðsstofa Austurlands	3.500
14.	Markaðsstofa Suðurlands	3.500
15.	Markaðsstofa Suðurnesja	3.500
16.	Markaðsstofa Vestfjarða	3.500
17.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	2.000
18.	Siglufjörður, miðstöð skútusiglinga í Norður-Atlantshafi	2.500
19.	Skaftárhreppur, upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn	1.900
20.	Söguslóðir Hrafnkelssögu Freysgoða	500
21.	Vesturlandsstofa, markaðsetning ferðaþjónustu á Vesturlandi	3.500
22.	Víkingar á Vestfjörðum	2.000
23.	Þingeyjarstofa, upplýsingagjöf til ferðamanna	1.000
	Samtals	**51.500**

22. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).		Þús. kr.
1.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	20.000
2.	Til markaðsstarfs og gestastofa	15.100
	Samtals	**35.100**

23. Ýmis verkefni (14-190-1.90).		Þús. kr.
1.	Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	300
2.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, Green Globe verkefnið	10.000
3.	Framtíðarlandið, náttúrukort (www.natturukortid.is)	2.000
4.	Gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda í Skorradal	1.000
5.	Landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs á Fljótsdalshéraði	1.000
6.	Landvernd, Grænfáninn	1.000
7.	Landvernd, rekstur	6.300
8.	Náttúran er ehf.	1.800
9.	Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	4.000
10.	Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal	4.000

11. Skotveiðifélag Íslands	800
12. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	1.000
13. Umhverfissamtökin Blái herinn	200
Samtals	**33.400**

24. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).	Þús. kr.
1. Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.500
2. Frjáls félagasamtök	11.500
3. Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.200
4. Staðardagskrá 21	5.700
5. Umhverfisfræðsluráð	1.900
6. Byggingastaðlar	900
7. Vistvæn innkaup	4.800
8. Loftslagsbreytingar – ný verkefni	15.000
9. Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
10. Byggingastaðlar – úttekt	1.000
11. Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins	7.500
12. Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi	2.000
13. Gerð kynningarefnis fyrir upplýsingamiðstöð á Álftanesi	1.000
14. Úttektir og hagræðing	2.000
Samtals	**83.000**

25. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).	Þús. kr.
1. Vesturland og Vestfirðir	6.000
2. Norðurland	20.000
3. Austurland	6.000
4. Suðurland	32.000
5. Heildarúttekt	2.400
Samtals	**66.400**

SÉRSTÖK YFIRLIT II
Hækkun á tryggingagjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa úr 7% í 8,65%.

Sundurliðun hækkunar á tryggingagjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa úr 7% í 8,65% sem sett var í einu lagi á fjárlagalið 09-989-1.90 og verður deilt niður á viðkomandi stofnanir eftir 2. umræðu.

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
00-101-1.01	Embætti forseta Íslands – Almennur rekstur	1,6
00-201-1.01	Alþingi – Alþingiskostnaður	9,0
00-201-1.06	Alþingi – Almennur rekstur	9,6
00-201-1.07	Alþingi – Sérverkefni	0,5
00-201-1.10	Alþingi – Rekstur fasteigna	0,4
00-301-1.01	Ríkisstjórn	3,2
00-401-1.01	Hæstiréttur	2,1
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	1,4
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	6,0
01-101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	3,3
01-190-1.40	Ýmis verkefni – Gjöf Jóns Sigurðssonar	0,1
01-190-1.56	Ýmis verkefni – Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	0,3
01-190-1.90	Ýmis verkefni	0,1
01-201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	0,3
01-203-1.01	Fasteignir Stjórnarráðsins – Almennur rekstur	0,1
01-241-1.01	Umboðsmaður barna	0,5
01-261-1.01	Óbyggðanefnd	0,7
01-271-1.01	Ríkislögmaður	0,8
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,7
01-996-1.01	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta – Rafræn þjónustuveita hins opinbera	0,5
02-101-1.01	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7,3
02-201-1.01	Háskóli Íslands	93,4
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	1,8
02-203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	3,6
02-209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	3,7
02-210-1.01	Háskólinn á Akureyri	12,5
02-216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	4,3
02-217-1.01	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	2,4
02-223-1.01	Námsmatsstofnun	1,2
02-225-1.01	Háskólinn á Bifröst	3,5
02-227-1.01	Háskólinn í Reykjavík	22,0
02-228-1.01	Listaháskóli Íslands	6,7
02-231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	1,0
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	2,4

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
02-234-1.12	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora – Launatengd gjöld	0,4
02-299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi – Háskólastarfsemi	0,2
02-299-1.91	Háskóla- og rannsóknastarfsemi – Háskólar, óskipt	0,3
02-301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	6,2
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	5,8
02-303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	1,8
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	8,8
02-305-1.01	Menntaskólinn við Sund	5,2
02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	3,3
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	3,0
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	8,6
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	4,1
02-316-1.05	Fasteignir framhaldsskóla –	0,3
02-319-1.11	Framhaldsskólar, almennt – Sameiginleg þjónusta	0,2
02-319-1.12	Framhaldsskólar, almennt – Orlof kennara	2,7
02-319-1.14	Framhaldsskólar, almennt – Sérkennsla	0,3
02-319-1.15	Framhaldsskólar, almennt – Prófkostnaður	0,3
02-319-1.16	Framhaldsskólar, almennt – Nýjungar í skólastarfi	0,4
02-319-1.17	Framhaldsskólar, almennt – Námsskrárgerð	0,5
02-319-1.18	Framhaldsskólar, almennt – Námsefnisgerð	1,4
02-319-1.20	Framhaldsskólar, almennt – Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	3,1
02-319-1.21	Framhaldsskólar, almennt – Nám tannsmiða	0,2
02-319-1.24	Framhaldsskólar, almennt – Iðnnemasamband Íslands	0,1
02-319-1.26	Framhaldsskólar, almennt – Verkefnasjóður skólasamninga	0,3
02-319-1.28	Framhaldsskólar, almennt – Mat á skólastarfi	0,8
02-319-1.29	Framhaldsskólar, almennt – Forvarnastarf í skólum	0,1
02-319-1.30	Framhaldsskólar, almennt – Endurmenntun	0,5
02-319-1.38	Framhaldsskólar, almennt – Menntun á sviði kvikmyndagerðar	0,5
02-319-1.39	Framhaldsskólar, almennt – Nám í listdansi	1,6
02-319-1.41	Framhaldsskólar, almennt – Framkvæmd nýrrar skólastefnu	1,4
02-319-1.90	Framhaldsskólar, almennt – Framhaldsskólar, óskipt	2,0
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	11,4
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	9,9
02-352-1.01	Flensborgarskóli	6,4
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8,2
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	5,8
02-355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2,0
02-356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,6
02-357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	8,8
02-358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	2,5
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	12,3
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5,9
02-361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1,4
02-362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	1,6

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
02-363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	1,7
02-365-1.01	Borgarholtsskóli	10,1
02-367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	2,0
02-368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	1,6
02-369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut	2,1
02-370-1.01	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,5
02-372-1.01	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,3
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0,5
02-441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	3,1
02-451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	0,1
02-451-1.31	Símenntun og fjarkennsla – Fræða- og þekkingarsetur	0,2
02-451-1.41	Símenntun og fjarkennsla – Íslenskukennsla fyrir útlendinga	1,6
02-504-1.01	Tækniskólinn	17,7
02-516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	6,6
02-541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,3
02-551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	0,3
02-581-1.01	Verslunarskóli Íslands	9,6
02-720-1.34	Grunnskólar, almennt – Sprotasjóður	0,5
02-720-1.37	Grunnskólar, almennt – Endurmenntun	0,3
02-725-1.01	Námsgagnastofnun	1,7
02-901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	1,0
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	3,5
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	2,2
02-903-1.11	Þjóðskjalasafn Íslands – Héraðsskjalasöfn	0,2
02-904-1.01	Þjóðmenningarhúsið	1,2
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	6,7
02-906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	0,2
02-907-1.01	Listasafn Íslands	1,4
02-907-1.02	Listasafn Íslands – Listasafn Ásgríms Jónssonar	0,1
02-908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	0,4
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	0,7
02-911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	0,2
02-913-1.01	Gljúfrasteinn – Hús skáldsins	0,4
02-918-1.10	Safnasjóður	0,2
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	1,0
02-973-1.01	Þjóðleikhúsið	9,5
02-974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	8,5
02-978-1.01	Listasjóðir – Listasjóðir samkvæmt lögum nr. 35/1991	5,7
02-979-1.01	Húsafriðunarnefnd	0,9
02-981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	0,5
02-983-1.17	Ýmis fræðistörf – Launasjóður höfunda fræðirita	0,2
02-983-1.52	Ýmis fræðistörf – Skriðuklaustur	0,2
02-984-1.90	Norræn samvinna	0,1
02-984-1.98	Norræn samvinna – Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	0,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
02-985-1.90	Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun – Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	0,1
02-989-1.22	Ýmis íþróttamál – Launasjóður stórmeistara í skák	0,3
02-989-1.25	Ýmis íþróttamál – Skákskóli Íslands	0,1
02-999-1.13	Ýmislegt – Útvarpsréttarnefnd	0,1
03-101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	9,8
03-111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	4,5
03-190-1.24	Ýmis verkefni – Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	0,1
03-190-1.25	Ýmis verkefni – Hafréttarstofnun Íslands	0,1
03-190-1.31	Ýmis verkefni – Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	0,1
03-214-1.01	Varnarmálastofnun	5,3
03-300-1.01	Sendiráð Íslands	8,8
03-390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands – Almennur rekstur	1,1
03-390-1.11	Þróunarsamvinnustofnun Íslands – Þróunaraðstoð	1,2
03-391-1.10	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi – Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	2,0
03-391-1.15	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi – Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	1,6
03-391-1.41	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi – Íslensk friðargæsla	3,5
04-101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4,5
04-190-1.36	Ýmis verkefni – Matvælasetur	0,1
04-190-1.98	Ýmis verkefni – Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	0,1
04-215-1.01	Fiskistofa	6,5
04-217-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	0,2
04-234-1.01	Matvælastofnun	7,8
04-331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	0,5
04-332-1.01	Suðurlandsskógar	0,5
04-334-1.01	Vesturlandsskógar	0,3
04-335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	0,2
04-336-1.01	Norðurlandsskógar	0,5
04-401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	10,4
04-405-1.01	Veiðimálastofnun	1,1
04-423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	0,8
04-481-1.01	Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	1,3
04-483-1.11	Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar – Bændur græða landið	0,3
04-483-1.15	Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar – Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	0,2
04-487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,3
04-821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	0,2
06-101-1.01	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	3,9
06-111-1.10	Kosningar	0,1

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
06-190-1.10	Ýmis verkefni – Fastanefndir	0,5
06-190-1.25	Ýmis verkefni – Tilkynningaskylda íslenskra skipa	0,2
06-190-1.26	Ýmis verkefni – Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	0,2
06-190-1.93	Ýmis verkefni – Dómsmál, ýmis kostnaður	0,2
06-201-1.01	Hæstiréttur	0,8
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	12,0
06-251-1.01	Persónuvernd	0,6
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	1,6
06-309-1.01	Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008 – Sérstakur saksóknari	2,3
06-313-1.01	Lögreglan	88,5
06-313-1.11	Lögreglan – Rekstur lögreglubifreiða	-0,2
06-390-1.10	Ýmis löggæslu- og öryggismál – Ýmis löggæslukostnaður	0,2
06-390-1.16	Ýmis löggæslu- og öryggismál – Efling almennrar löggæslu	2,3
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	19,2
06-398-1.01	Útlendingastofnun	1,6
06-441-1.01	Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins	8,2
06-442-1.01	Sýslumaður Vesturlands	2,7
06-443-1.01	Sýslumaður Vestfjarða	2,1
06-445-1.01	Sýslumaður Norðurlands – Sýslumaður Norðurlands eystra	4,9
06-445-1.05	Sýslumaður Norðurlands – Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	0,2
06-446-1.01	Sýslumaður Austurlands	2,0
06-447-1.01	Sýslumaður Suðurlands	3,2
06-448-1.01	Sýslumaður Suðurnesja	1,8
06-490-1.10	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta – Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,2
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	12,3
06-601-1.01	Fasteignaskrá Íslands	5,4
06-605-1.01	Þjóðskrá	2,7
06-701-1.01	Þjóðkirkjan – Biskup Íslands	17,9
06-707-1.10	Kristnisjóður	1,2
06-733-1.11	Kirkjugarðar	5,5
06-801-1.01	Neytendastofa	1,7
06-805-1.01	Talsmaður neytenda	0,2
07-101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3,8
07-190-1.10	Ýmis verkefni – Fastanefndir	0,5
07-190-1.23	Ýmis verkefni – Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	0,1
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari	0,5
07-313-1.01	Jafnréttisstofa	0,8
07-331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	5,2
07-400-1.01	Barnaverndarstofa – Almennur rekstur	3,5
07-400-1.20	Barnaverndarstofa – Heimili fyrir börn og unglinga	5,1
07-505-1.13	Öldrunarstofnanir, almennt – Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	9,6

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
07-521-1.01	Hrafnista, Reykjavík – Hjúkrunarrými	21,9
07-521-1.11	Hrafnista, Reykjavík – Dvalarrými	2,0
07-522-1.01	Hrafnista, Hafnarfirði – Hjúkrunarrými	14,1
07-522-1.11	Hrafnista, Hafnarfirði – Dvalarrými	2,1
07-522-1.15	Hrafnista, Hafnarfirði – Dagvist	0,3
07-523-1.01	Grund, Reykjavík – Hjúkrunarrými	16,2
07-523-1.11	Grund, Reykjavík – Dvalarrými	1,0
07-524-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi – Hjúkrunarrými	6,5
07-524-1.15	Sunnuhlíð, Kópavogi – Dagvist	0,2
07-525-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól – Hjúkrunarrými	9,5
07-526-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir – Hjúkrunarrými	15,1
07-526-1.15	Hjúkrunarheimilið Eir – Dagvist	0,6
07-527-1.01	Garðvangur, Garði – Hjúkrunarrými	3,6
07-528-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær – Hjúkrunarrými	6,2
07-528-1.71	Hjúkrunarheimilið Skógarbær – Endurhæfingardeild	1,2
07-529-1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum – Hjúkrunarrými	6,7
07-530-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu – Hjúkrunarrými	2,6
07-530-1.11	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu – Dvalarrými	0,1
07-531-1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði – Hjúkrunarrými	1,5
07-531-1.11	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði – Dvalarrými	0,2
07-531-1.15	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði – Dagvist	0,1
07-532-1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði – Hjúkrunarrými	1,6
07-532-1.11	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði – Dvalarrými	0,4
07-532-1.15	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði – Dagvist	0,1
07-533-1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn – Hjúkrunarrými	1,1
07-533-1.11	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn – Dvalarrými	0,1
07-534-1.01	Seljahlíð, Reykjavík – Hjúkrunarrými	1,9
07-535-1.01	Víðines – Hjúkrunarrými	3,3
07-536-1.01	Höfði, Akranesi – Hjúkrunarrými	4,2
07-536-1.11	Höfði, Akranesi – Dvalarrými	1,0
07-536-1.15	Höfði, Akranesi – Dagvist	0,2
07-537-1.01	Dvalarheimili aldraða Borgarnesi – Hjúkrunarrými	2,4
07-537-1.11	Dvalarheimili aldraða Borgarnesi – Dvalarrými	0,6
07-538-1.01	Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi – Hjúkrunarrými	0,8
07-538-1.11	Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi – Dvalarrými	0,3
07-539-1.01	Fellaskjól, Grundarfirði – Hjúkrunarrými	0,7
07-539-1.11	Fellaskjól, Grundarfirði – Dvalarrými	0,1
07-540-1.01	Jaðar, Ólafsvík – Hjúkrunarrými	0,8
07-540-1.11	Jaðar, Ólafsvík – Dvalarrými	0,2
07-541-1.01	Fellsendi, Búðardal – Hjúkrunarrými	2,1
07-542-1.01	Barmahlíð, Reykhólum – Hjúkrunarrými	1,1
07-542-1.11	Barmahlíð, Reykhólum – Dvalarrými	0,1
07-543-1.01	Dalbær, Dalvík – Hjúkrunarrými	2,0
07-543-1.11	Dalbær, Dalvík – Dvalarrými	0,6

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
07-543-1.15	Dalbær, Dalvík – Dagvist	0,1
07-544-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu – Hjúkrunarrými	13,9
07-544-1.11	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu – Dvalarrými	0,9
07-544-1.15	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu – Dagvist	0,5
07-545-1.01	Uppsalir, Fáskrúðsfirði – Hjúkrunarrými	1,1
07-545-1.11	Uppsalir, Fáskrúðsfirði – Dvalarrými	0,4
07-546-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu – Hjúkrunarrými	2,3
07-546-1.11	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu – Dvalarrými	0,2
07-546-1.15	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu – Dagvist	0,1
07-547-1.01	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri – Hjúkrunarrými	1,3
07-547-1.11	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri – Dvalarrými	0,1
07-548-1.01	Hjallatún, Vík – Hjúkrunarrými	1,0
07-548-1.11	Hjallatún, Vík – Dvalarrými	0,2
07-549-1.01	Kumbaravogur, Stokkseyri – Hjúkrunarrými	3,2
07-549-1.11	Kumbaravogur, Stokkseyri – Dvalarrými	0,2
07-550-1.01	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði – Hjúkrunarrými	2,6
07-550-1.11	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði – Dvalarrými	2,1
07-550-1.17	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði – Geðrými	2,2
07-551-1.01	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum – Hjúkrunarrými	2,5
07-551-1.11	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum – Dvalarrými	0,3
07-551-1.15	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum – Dagvist	0,1
07-552-1.01	Holtsbúð, Garðabæ – Hjúkrunarrými	3,5
07-552-1.15	Holtsbúð, Garðabæ – Dagvist	0,1
07-553-1.01	Vífilsstaðir, Garðabæ – Hjúkrunarrými	4,5
07-554-1.01	Sóltún, Reykjavík – Hjúkrunarrými	9,5
07-555-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur	5,4
07-556-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík	0,1
07-557-1.10	Hlíðabær, Reykjavík	0,5
07-558-1.10	Lindargata, Reykjavík	0,5
07-559-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	0,9
07-560-1.10	Múlabær, Reykjavík	0,8
07-561-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	0,4
07-562-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar	5,5
07-700-1.01	Málefni fatlaðra – Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	0,1
07-700-1.50	Málefni fatlaðra – Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	0,2
07-700-1.80	Málefni fatlaðra – Starfsþjálfun	0,4
07-700-1.83	Málefni fatlaðra – Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum	0,5
07-700-1.90	Málefni fatlaðra – Ýmis verkefni	1,8
07-701-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjavík – Almennur rekstur	39,1
07-701-1.30	Málefni fatlaðra, Reykjavík – Verndaðir vinnustaðir	1,0

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
07-701-1.86	Málefni fatlaðra, Reykjavík – Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða	2,7
07-702-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjanesi – Almennur rekstur	27,9
07-702-1.86	Málefni fatlaðra, Reykjanesi – Samningar við sveitarfélög um þjónustu við geðfatlaða	0,5
07-702-1.89	Málefni fatlaðra, Reykjanesi – Þjónusta á vegum félagasamtaka	0,2
07-703-1.01	Málefni fatlaðra, Vesturlandi – Almennur rekstur	5,0
07-704-1.01	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum – Almennur rekstur	3,0
07-705-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra – Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	5,7
07-706-1.85	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra – Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	2,0
07-706-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra – Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	13,9
07-707-1.01	Málefni fatlaðra, Austurlandi – Almennur rekstur	4,4
07-707-1.86	Málefni fatlaðra, Austurlandi – Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,4
07-708-1.01	Málefni fatlaðra, Suðurlandi – Almennur rekstur	5,8
07-708-1.72	Málefni fatlaðra, Suðurlandi – Skaftholt	0,8
07-708-1.86	Málefni fatlaðra, Suðurlandi – Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,6
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	9,6
07-720-1.70	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ – Vistheimilið Skálatúni	4,8
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	3,3
07-750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	4,9
07-755-1.01	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	2,4
07-795-1.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra – Almennur rekstur	0,1
07-821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	16,2
07-831-1.10	Eftirlaunasjóður aldraða	1,0
07-980-1.01	Vinnumálastofnun	2,9
07-981-1.10	Vinnumál – Félagsdómur	0,1
07-981-1.13	Vinnumál – Kjararannsóknarnefnd	0,5
07-981-1.90	Vinnumál – Ýmislegt	0,1
07-983-1.11	Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna – Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	1,6
07-985-1.10	Félagsmálaskóli alþýðu	0,1
07-999-1.10	Félagsmál, ýmis starfsemi – Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,4
07-999-1.34	Félagsmál, ýmis starfsemi – Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	0,4
07-999-1.40	Félagsmál, ýmis starfsemi – Kvennaathvarf í Reykjavík	0,5
07-999-1.41	Félagsmál, ýmis starfsemi – Stígamót	0,4
07-999-1.43	Félagsmál, ýmis starfsemi – Krossgötur, endurhæfingarheimili	0,3
07-999-1.44	Félagsmál, ýmis starfsemi – Athvarf fyrir heimilislausa	0,3
07-999-1.48	Félagsmál, ýmis starfsemi – Fjölmenningarsetur á Ísafirði	0,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
07-999-1.49	Félagsmál, ýmis starfsemi – Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	0,2
07-999-1.60	Félagsmál, ýmis starfsemi – Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	1,1
08-101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	6,3
08-202-1.01	Sjúkratryggingar Íslands	7,5
08-301-1.01	Landlæknir	3,1
08-305-1.01	Lýðheilsustöð	2,1
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1,3
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	0,8
08-340-1.10	Málefni fatlaðra – Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	2,0
08-340-1.15	Málefni fatlaðra – Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	0,6
08-340-1.20	Málefni fatlaðra – Sjálfsbjörg Akureyri	0,1
08-340-1.30	Málefni fatlaðra – Sumardvalarheimili í Reykjadal	0,3
08-340-1.40	Málefni fatlaðra – Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	0,3
08-340-1.60	Málefni fatlaðra – Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	0,1
08-340-1.70	Málefni fatlaðra – Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	0,1
08-358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	50,8
08-373-1.01	Landspítali	395,5
08-379-1.01	Sjúkrahús, óskipt – Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,4
08-384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	1,5
08-386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	2,8
08-388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	7,9
08-397-1.01	Lyfjastofnun	2,1
08-399-1.16	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Lyfjagreiðslunefnd	0,3
08-399-1.17	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Vísindasiðanefnd	0,3
08-399-1.30	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	0,2
08-399-1.31	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	3,4
08-399-1.35	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Hjartavernd, rannsóknarstöð	0,6
08-399-1.38	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Félagið Heyrnarhjálp	0,1
08-399-1.58	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi – Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,7
08-478-1.10	Vistheimilið Bjarg	0,6
08-479-1.10	Hlaðgerðarkot	0,9
08-491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ	16,0
08-492-1.10	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	5,8
08-493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	5,1
08-494-1.10	Hlein	1,3
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	0,9
08-500-1.11	Heilsugæslustöðvar, almennt – Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	0,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
08-500-1.12	Heilsugæslustöðvar, almennt – Heimahjúkrun	0,6
08-506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	49,6
08-508-1.01	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	11,1
08-517-1.01	Læknavaktin	3,3
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,6
08-553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	5,4
08-588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	3,9
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir – Almennur rekstur	1,1
08-716-1.01	Heilbrigðisstofnun Vesturlands – Heilsugæslusvið	11,2
08-716-1.11	Heilbrigðisstofnun Vesturlands – Sjúkrasvið	18,2
08-716-1.21	Heilbrigðisstofnun Vesturlands – Hjúkrunarrými	4,8
08-721-1.01	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði – Heilsugæslusvið	1,2
08-721-1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði – Sjúkrasvið	0,8
08-721-1.21	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði – Hjúkrunarrými	0,9
08-726-1.01	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða – Heilsugæslusvið	3,8
08-726-1.11	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða – Sjúkrasvið	5,6
08-726-1.21	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða – Hjúkrunarrými	2,8
08-745-1.01	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi – Heilsugæslusvið	1,3
08-745-1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi – Sjúkrasvið	1,2
08-745-1.21	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi – Hjúkrunarrými	2,0
08-751-1.01	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki – Heilsugæslusvið	1,9
08-751-1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki – Sjúkrasvið	5,1
08-751-1.21	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki – Hjúkrunarrými	3,6
08-756-1.01	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð – Heilsugæslusvið	1,7
08-756-1.11	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð – Sjúkrasvið	1,5
08-756-1.21	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð – Hjúkrunarrými	2,1
08-761-1.01	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – Heilsugæslusvið	3,8
08-761-1.11	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – Sjúkrasvið	6,3
08-761-1.21	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – Hjúkrunarrými	1,7
08-777-1.01	Heilbrigðisstofnun Austurlands – Heilsugæslusvið	10,2
08-777-1.11	Heilbrigðisstofnun Austurlands – Sjúkrasvið	10,3
08-777-1.21	Heilbrigðisstofnun Austurlands – Hjúkrunarrými	4,3
08-779-1.01	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands – Heilsugæslusvið	1,3
08-779-1.11	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands – Sjúkrasvið	0,8
08-781-1.01	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum – Heilsugæslusvið	2,1
08-781-1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum – Sjúkrasvið	5,2
08-781-1.21	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum – Hjúkrunarrými	1,1
08-787-1.01	Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Heilsugæslusvið	12,6
08-787-1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Sjúkrasvið	10,7
08-787-1.21	Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Hjúkrunarrými	3,4
08-791-1.01	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja – Heilsugæslusvið	7,6
08-791-1.11	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja – Sjúkrasvið	11,6
08-791-1.21	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja – Hjúkrunarrými	2,2
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	11,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
08-795-1.21	St. Jósefsspítali, Sólvangur – Hjúkrunarrými	5,3
09-101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7,5
09-103-1.01	Fjársýsla ríkisins – Almennur rekstur	5,7
09-201-1.01	Ríkisskattstjóri – Almennur rekstur	7,1
09-201-1.41	Ríkisskattstjóri – Skattvinnslukerfi	0,8
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	5,6
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	1,2
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	0,5
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,6
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	1,7
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	0,8
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	0,9
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	0,4
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	4,0
09-212-1.01	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld – Ýmis sameiginleg útgjöld	0,3
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	1,4
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	2,0
09-250-1.10	Innheimtukostnaður – Ýmis innheimtukostnaður	0,2
09-262-1.01	Tollstjórinn	20,8
09-381-1.01	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	61,0
09-381-1.04	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Lífeyrissjóður hjúkrunar-fræðinga	5,7
09-381-1.06	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	3,3
09-381-1.07	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	0,7
09-381-1.09	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	2,3
09-381-1.10	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	5,6
09-381-1.91	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun – Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	2,1
09-977-1.01	Bankasýsla ríkisins	0,7
09-980-1.05	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól – Rekstur tölvukerfis	0,6
09-999-1.10	Ýmislegt – Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	0,1
09-999-1.13	Ýmislegt – Kjarasamningar	0,2
09-999-1.15	Ýmislegt – Kjararannsóknir	0,1
09-999-1.45	Ýmislegt – Ýmsar nefndir	0,3
09-999-1.65	Ýmislegt – Kjararáð	0,5
09-999-1.90	Ýmislegt – Ýmis verkefni	0,4
10-101-1.01	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	4,1
10-190-1.11	Ýmis verkefni – Fastanefndir	0,1

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
10-211-1.01	Rekstur Vegagerðarinnar – Almennur rekstur	2,7
10-251-1.01	Umferðarstofa	2,2
10-281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa	0,4
10-335-1.01	Siglingastofnun Íslands – Almennur rekstur	7,0
10-381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,3
10-471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	2,9
10-481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,3
10-512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	2,6
11-101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2,3
11-205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	5,0
11-299-1.15	Iðja og iðnaður, framlög – Fjárfestingarstofan	0,3
11-299-1.30	Iðja og iðnaður, framlög – Alþjóðlegt samstarf	0,1
11-301-1.01	Orkustofnun	2,4
11-399-1.22	Ýmis orkumál – Vistvænir orkugjafar	0,1
11-399-1.98	Ýmis orkumál – Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	0,1
11-411-1.10	Byggðastofnun	2,2
11-411-1.11	Byggðastofnun – Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	1,6
11-501-1.01	Ferðamálastofa	1,0
11-501-1.13	Ferðamálastofa – Markaðs- og kynningarmál erlendis	1,2
12-101-1.01	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	2,0
12-190-1.15	Ýmis verkefni – Fastanefndir	0,3
12-411-1.01	Samkeppniseftirlitið	2,8
12-431-1.01	Einkaleyfastofan	2,1
12-501-1.01	Hagstofa Íslands	9,5
14-101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	3,3
14-190-1.10	Ýmis verkefni – Fastanefndir	0,1
14-190-1.12	Ýmis verkefni – Samvinnunefnd um miðhálendið	0,1
14-190-1.41	Ýmis verkefni – Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	0,1
14-190-1.42	Ýmis verkefni – Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	0,1
14-190-1.56	Ýmis verkefni – Vernd Breiðafjarðar	0,1
14-190-1.61	Ýmis verkefni – Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,4
14-190-1.98	Ýmis verkefni – Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	0,4
14-202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0,3
14-211-1.01	Umhverfisstofnun	6,3
14-211-1.11	Umhverfisstofnun – Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	0,2
14-212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	1,4
14-231-1.01	Landgræðsla ríkisins	3,8
14-241-1.01	Skógrækt ríkisins	2,4
14-287-1.01	Úrvinnslusjóður – Almennur rekstur	0,5
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	2,1
14-310-1.01	Landmælingar Íslands	2,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
14-321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	1,8
14-401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	3,0
14-403-1.10	Náttúrustofur – Náttúrustofa Neskaupstað	0,1
14-403-1.11	Náttúrustofur – Náttúrustofa Vestmannaeyjum	0,1
14-403-1.12	Náttúrustofur – Náttúrustofa Bolungarvík	0,1
14-403-1.13	Náttúrustofur – Náttúrustofa Stykkishólmi	0,1
14-403-1.14	Náttúrustofur – Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1
14-403-1.15	Náttúrustofur – Náttúrustofa Sandgerði	0,1
14-403-1.16	Náttúrustofur – Náttúrustofa Húsavík	0,1
14-407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	0,3
14-412-1.01	Veðurstofa Íslands – Almennur rekstur	11,5
	Samtals	2.161,6

385. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

m.kr

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	99.600,0	96.600,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	23.500,0	23.700,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**123.100,0**	**120.300,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.700,0	14.500,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	4.660,0	4.440,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.396,1	1.368,1
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.370,0	2.800,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**9.426,1**	**8.608,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**150.226,1**	**143.408,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	31.367,0	30.578,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	28.353,1	27.635,2
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**59.780,1**	**58.273,4**
	Tryggingagjöld	**59.780,1**	**58.273,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	1.860,4	1.798,8
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.418,6	2.357,7
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.279,0**	**4.156,5**

4	Eignarskattar	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.500,0	3.500,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.090,0	1.060,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.000,0	3.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	542,1	542,1
	Eignarskattar	**8.132,1**	**8.102,1**

5	Skattar á vörur og þjónustu		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	123.100,0	117.800,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.450,0	3.450,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.480,0	1.450,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.400,0	1.400,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.590,0	4.590,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	2.580,0	2.150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.260,0	6.260,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	30,5	30,5
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.890,0	1.730,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	190,0	170,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	520,0	520,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.299,2	10.289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.760,0	4.760,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.993,9	2.993,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.820,0	4.760,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.456,3	2.456,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**178.249,6**	**172.239,5**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	5.660,0	5.570,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	780,0	790,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	290,0	290,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	125,2	125,2
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	614,3	614,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.250,0	1.250,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	364,0	364,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	634,7	634,7
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.749,1**	**9.669,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**187.998,7**	**181.908,6**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	372,1	365,7
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**792,1**	**785,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	260,0	260,0
	Aðrir skattar	**1.052,1**	**1.045,7**
	Skatttekjur, samtals	**411.468,1**	**396.894,4**

II Aðrar rekstrartekjur

8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.387,0	1.387,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.540,0	1.390,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	18.413,0	18.236,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	15.426,8	14.551,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	60,2	60,2
	Aðrar eignatekjur	**35.440,0**	**34.237,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**36.827,0**	**35.624,2**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.721,0	1.721,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.200,0	1.050,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	211,0	211,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.790,0	1.790,0
9.1.3.35	Ýmislegt	494,9	494,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	421,2	421,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,7	49,7
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**6.789,7**	**6.638,9**
	Ýmsar tekjur	**6.789,7**	**6.638,9**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	600,0	600,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	660,0	660,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.295,0**	**1.295,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**44.996,4**	**43.642,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**

V	Fjárframlög	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	190,3	188,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**680,3**	**678,8**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	600,0	600,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	385,0	385,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.665,3**	**1.663,8**
	Fjárframlög, samtals	**1.665,3**	**1.663,8**
	Heildartekjur samtals	**458.729,8**	**442.801,0**

386. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Við 2. gr.

a. Við liðinn ***Fjármunahreyfingar:***
   a. Í stað fjárhæðarinnar „-270.000 m.kr.“ í Veitt lán til Seðlabanka Íslands komi: -220.000 m.kr.
   b. Á eftir Afborganir veittra lána komi nýr liður, svohljóðandi: Eiginfjárframlög til sparisjóðakerfisins, -20.000 m.kr.
   c. Liðurinn „Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög“ orðist svo: Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup.

b. Við liðinn ***Fjármögnun:***
   a. Í stað fjárhæðarinnar „270.000 m.kr.“ í Lántaka til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands komi: 220.000 m.kr.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „180.000 m.kr.“ í Önnur löng lán komi: 220.000 m.kr.

387. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Við 5. gr.

a. Í stað fjárhæðarinnar „allt að 450.000 m.kr.“ í 1. tölul. komi: allt að 460.000 m.kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „allt að 283.100 m.kr.“ í inngangsmálslið 2. tölul. komi: allt að 233.100 m.kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „allt að 270.000 m.kr.“ í lið 2.2 komi: allt að 220.000 m.kr.

388. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

1. Við 6. gr. Liður 2.4 falli brott.
2. Við 6. gr. Liður 2.12 orðist svo: Að selja húsnæði Háskólans á Akureyri við Þingvallastræti 23, Akureyri, og ráðstafa andvirðinu til nýbyggingar skólans.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.16 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
   2.17 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Langanesbyggð.
   2.18 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
   2.19 Að selja leigjanda gömul hús á Flatey II í Sveitarfélaginu Hornafirði.
   2.20 Að selja fasteignina Hátún 10D, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.13 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.
   3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um ráðstöfun eignarinnar.
   3.15 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
   3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hlíðarvegi 53, Fjarðabyggð.
   3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðngörðum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
5. Við 6. gr. Liðir 4.4, 4.7 og 4.8 falli brott.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
   4.9 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
   4.10 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
   4.11 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
   4.12 Að selja jörðina Grund (ekki lögbýli) í Skaftárhreppi.

7. Við 6. gr. Nýir liðir:
   5.4 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.
8. Við 6. gr. Liður 6.12 falli brott.
9. Við 6. gr. Nýir liðir:
   6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
   6.16 Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir landlæknisembættið.
   6.17 Að kaupa landspildur við Dimmuborgir við Mývatn.
   6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir lögreglu og sýsluskrifstofu á Neskaupstað og selja núverandi húsnæði að Miðstræti 18 og Melagötu 2a, Neskaupstað.
   6.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
   6.20 Að leigja hentugt húsnæði fyrir lögregluvarðstöð í Vík í Mýrdal.
   6.21 Að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.
   6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
   6.23 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Þjóðskrá.
10. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.12 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
   7.13 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
   7.14 Að undirbúa útboð vegna leigu ríkisins á nýjum Landspítala við Hringbraut.
   7.15 Að heimila Landspítalanum að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna.
   7.16 Að selja eða ráðstafa flugvél Landgræðslu ríkisins, Páli Sveinssyni TF-NPK, til félags eða sjálfseignarstofnunar sem sérstaklega verður stofnuð um rekstur og varðveislu hennar.
   7.17 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN.
   7.18 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.

389. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) orðist svo:

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	4.000,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**660,0**
Hagnaður (-tap)	**660,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	660,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	50,0
Handbært fé frá rekstri	**710,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	600,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-600,0**
Breyting á handbæru fé	**75,0**
Handbært fé í ársbyrjun	782,0
Handbært fé í árslok	857,0

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	23.344,0
Rekstrargjöld	22.728,6
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**625,4**
Hagnaður (-tap)	**625,4**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	625,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**750,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-498,1**
Handbært fé í ársbyrjun	709,5
Handbært fé í árslok	211,4

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	950,0
Rekstrargjöld	1.000,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Áhættufjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	105,0
Handbært fé í árslok	65,0

390. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Eftirfarandi breyting verði á sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**):
Liður **2-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** orðist svo:

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	8.684,2
Fjármagnsgjöld	4.898,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**325,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.985,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	654,0
Hagnaður (-tap)	**8.676,8**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	8.676,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.520,0
Handbært fé frá rekstri	**5.156,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	17.908,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12.587,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	13.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.928,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**7.172,0**
Breyting á handbæru fé	**-258,2**
Handbært fé í ársbyrjun	708,0
Handbært fé í árslok	449,8

391. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur, Lilju Mósesdóttur, Unni Brá Konráðsdóttur, Margréti Tryggvadóttur og Önnu Pálu Sverrisdóttur.

Breytingar á sundurliðun 2:

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Edda Heiðrún Backman	1.600
4.	Erró	1.600
5.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6.	Guðbergur Bergsson	1.600
7.	Guðmunda Elíasdóttir	1.600
8.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
9.	Hannes Pétursson	1.600
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
12.	Jón Nordal	1.600
13.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
14.	Jón Þórarinsson	1.600
15.	Jónas Ingimundarson	1.600
16.	Jórunn Viðar	1.600
17.	Kristbjörg Kjeld	1.600
18.	Kristján Davíðsson	1.600
19.	Magnús Pálsson	1.600
20.	Matthías Johannessen	1.600
21.	Megas	1.600
22.	Róbert Arnfinnsson	1.600
23.	Thor Vilhjálmsson	1.600
24.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
25.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
26.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
27.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
28.	Þráinn Bertelsson	1.600
29.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**46.400**

392. Frumvarp til laga [319. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2010“ í fyrri málslið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: 1. janúar 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fresta ákvæði um að leggja úrvinnslugjald á einnota drykkjarvöruumbúðir, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum, til 1. janúar 2011, eða um eitt ár, þannig að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði óbreytt til ársins 2011. Frumvarp þetta er unnið að höfðu samráði við Samtök iðnaðarins og Endurvinnsluna hf.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á 135. löggjafarþingi þar sem lagt var til að ákvæði til bráðabirgða I um álagningu úrvinnslugjalds á einnota drykkjarvöruumbúðir væri frestað um tvö ár eða til 1. janúar 2010 og var það frumvarp samþykkt. Ákvæðið var sett með það að markmiði að Endurvinnslan hf. hætti starfsemi í núverandi mynd og hluti af starfsemi fyrirtækisins færðist til Úrvinnslusjóðs. Miklar breytingar hafa orðið á allri tilhögun um úrvinnslu úrgangs frá því að lögin voru sett árið 2002 og er nú m.a. lögð aukin áhersla á ábyrgð framleiðenda vegna meðhöndlunar úrgangs. Þannig hefur verið sett á fót kerfi til að tryggja framleiðendaábyrgð vegna raf- og rafeindatækja, sbr. lög nr. 73/2008, um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem tóku gildi 14. júní 2008. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja áttu að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda fyrir 1. október 2008 og eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum og úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst tók gildi 1. janúar 2009. Unnið hefur verið í nokkurn tíma í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Endurvinnsluna hf. að breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs þar sem horft var til fyrirkomulags um meðhöndlun á raf- og rafeindatækjum. Samkvæmt V. kafla laga nr. 55/2003 skulu framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir lögin. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri. Ýmis ófyrirsjáanleg vandamál hafa komið upp vegna hins nýja kerfis og hefur verið unnið að því að sníða þá af. Það hefur gengið en tekið verulegan tíma. Ljóst er að ekki er komin löng reynsla af framkvæmd laganna. Talið er rétt að horfa til þessarar reynslu af framkvæmd kerfis vegna raf- og rafeindatækja þegar skoðuð er útfærsla þess að tryggja framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir úr plasti, gleri og áli og hvort aðrar leiðir séu betur til þess fallnar en það kerfi mælir fyrir um. Samhliða þessu þarf að horfa til hlutverks Úrvinnslusjóðs gagnvart framleiðendaábyrgð vegna meðhöndlunar úrgangs og kanna hvort aðlaga þurfi þá stofnun betur með þá ábyrgð í huga. Skoða þarf hvaða

fyrirkomulag geti hentað best fyrir söfnun og meðhöndlun á einnota drykkjarvöruumbúðum þannig að það þjóni best hagsmunum almennings. Vilji er fyrir því að setja drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum í kerfi sem framleiðendur bera ábyrgð á og gefa þarf rýmri tíma til að vinna að því verkefni m.a. með hliðsjón af reynslu af núverandi kerfum og er því lagt til að gildistöku þessa ákvæðis verði frestað um eitt ár. Um leið er mikilvægt að halda í þann góða árangur sem náðst hefur hér á landi í söfnun og endurvinnslu drykkjarvöruumbúða úr áli, stáli, gleri og plasti og að tryggja að neytendur hafi áfram góða möguleika á að skila af sér umræddum umbúðum.

393. Frumvarp til laga [320. mál]

um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Teha Investments S.a.r.l. og Novator (eigendurnir) og Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. (félögin) en félögin munu reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ (verkefnið). Í lögum þessum merkir hugtakið „félögin“ Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeigu þeirra, núverandi eða síðari, enda sé starfsemi þeirra í beinum tengslum við verkefnið.

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigendanna og félaganna sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félögin og starfsemina, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá undirritun samningsins.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum (fjárfestingarsamningurinn) um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félaganna skal vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið sem lög þessi taka til felur í sér að félögin reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ eins og nánar verður kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma laga þessara á milli iðnaðarráðherra, félaganna og eigendanna.

3. gr.
Undanþágur frá lögum.

Í beinum tengslum við verkefnið skulu félögin og hluthafar þeirra undanþegin takmörkunum sem kveðið er á um í reglum nr. 880/2009, um gjaldeyrismál, sem settar voru á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum, svo og hvers kyns sams konar eða efnislega svipaðra hafta sem síðar kynnu að verða sett á til viðbótar við slík höft eða í þeirra stað. Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða nánar á um slíka undanþágu.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þar sem sett eru þau skilyrði að ⅘ hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara, að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem þess er krafist að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi, svo og sambærilegum síðari ákvæðum.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, eiga ekki við um félögin. Félögin skulu viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

Félögin skulu undanþegin greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta, að því marki sem samþykkt verður milli félaganna og viðeigandi sveitarfélaga.

4. gr.

Skattlagning.

Félögin skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu félögin greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% skal hið hærra tekjuskattshlutfall ekki gilda um félögin fyrstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins.
   b. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% eftir fimm fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin næstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þ.e. frá fimmta til tíunda árs af gildistímanum, þó aldrei hærra en 18%.
   c. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 18% eftir tíu fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þó aldrei hærra en 25%.
   d. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lækkað niður fyrir 15% skal sú lækkun gilda um félögin.
2. Félögunum skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, sbr. þessa málsgrein, skal sama gilda um félögin.
3. Félögunum skal heimilt að fyrna að fullu kostnað af búnaði sem er notaður, eða er fyrirhugað að nota, í gagnaverinu, yfir líftíma búnaðarins. Til búnaðar telst m.a. rafbúnaður, vélbúnaður, upplýsingatæknibúnaður og fjarskiptabúnaður sem er nauðsynlegur til þess að halda uppi starfrækslu gagnaversins.
4. Félögin skulu undanþegin iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
5. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera

0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félögin gefa út eða stofnað er til í tengslum við byggingu gagnaversins.

6. Félögin skulu undanþegin ákvæðum 1.–5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
7. Félögin skulu þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, greiða skipulagsgjald, sem nemur 100.000 bandaríkjadölum, af nýbyggingum gagnavers. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar gagnaversins.
8. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta sem síðar kynnu að verða lagðir á til viðbótar við eða í stað fasteignaskatts, skulu félögin greiða Reykjanesbæ fasteignaskatt sem nemur 1,65% af áætluðu verðmæti allra bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félaganna eða á leigu hjá þeim, eða þá annað hlutfall fasteignaskatts sem Reykjanesbær kann almennt að leggja á byggingar af sama toga ef hann er lægri. Skattstofninn nemur 1.030.600.000 kr. að því er varðar núverandi fasteignir félaganna og breytist samkvæmt byggingarvísitölu allt frá þeim mánuði sem félögin hefja viðskipti við viðskiptavini. Skattstofninn fyrir síðari byggingar félaganna, sem reistar eru á lóð þeirra á Valhallarbraut, skal vera kostnaðurinn við gerð útveggja bygginganna eða 85.500 kr. á hvern fermetra, hvort sem lægra er, bundið byggingarvísitölu frá þeim mánuði sem byggingin er tekin í notkun, þ.e. þegar viðskiptavinir hefja að greiða fyrir afnot. Fasteignaskattur skal fyrst lagður á hinn 1. janúar 2011, þ.e. á árinu eftir að starfræksla gagnaversins hefst. Félögunum verður veittur frádráttur af síðari fasteignagjöldum að fjárhæð 44.660.298 kr. vegna skatta sem þegar hafa verið greiddir til Reykjanesbæjar eða eru gjaldfallnir, og Reykjanesbær mun ekki leggja á slíka skatta árið 2010. Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli fyrrgreinds álagningarstofns svo sem hann er framreiknaður á grundvelli byggingarvísitölu þess mánaðar sem viðskipti við viðskiptavini hefjast.
9. Félögunum skal ekki gert að greiða eignarskatt eða skatta og gjöld sem ekki eru tekjutengd og kunna að verða innleidd eftir undirritun fjárfestingarsamningsins og á gildistíma hans nema slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. öll önnur gagnaver. Hins vegar skulu félögin undanþegin öllum eignarskatti sem kann að verða tekinn upp í fimm ár frá gildistöku fjárfestingarsamningsins.
10. Uppfylli félögin og/eða fasteignir þeirra skilyrði til skráningar sem virðisaukaskattsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal félögunum ekki gert að leggja fram sérstaka tryggingu vegna skráningarinnar.

Félögin skulu undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns núgildandi og síðari gjöldum, enda telst þjónustan sem félögin veita ekki til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna.

11. Öll viðskipti milli félaganna og dótturfélaga þeirra skulu samrýmast 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og meginreglum OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu.

Í fjárfestingarsamningnum er heimilt að kveða á um að:

a. ekki skuli leggja á félögin umhverfisgjöld eða umhverfisskatta sem tengjast losun lofttegundarinnar CO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. öll önnur gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti,

b. ekki skuli leggja skatta eða gjöld á raforkukaup og/eða notkun félaganna nema slík gjöld eða skattar séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti,

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félögin. Í samræmi við almenn lög skal félögunum heimiluð samsköttun að uppfylltum almennum skilyrðum samsköttunar.

Á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins geta félögin valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um þau. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní almanaksárið áður en breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skulu félögin lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

Allar tilvísanir í fjárfestingarsamningnum til skatta taka til allra sambærilegra skatta sem kunna að koma í stað þeirra sem vísað er til.

5. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningi, sem gerður er samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félögin sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í slíkum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félögunum er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út ársreikninga sína í bandaríkjadölum eða annarri mynt að eigin vali í samræmi við landslög og á grundvelli reikningsskilareglna sem gefnar eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

6. gr.

Innflutningur.

Innflutningur og kaup félaganna eða einhvers fyrir þeirra hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir gagnaverið og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sem og sams konar sköttum eða gjöldum er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir framangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar gagnaversins.

7. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um aðilaskipti og framsal á réttindum og skuldbindingum félaganna og eigendanna á fjárfestingarsamningnum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í fjárfestingarsamningnum.

8. gr.
Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir eru innan ramma þessara laga skal lúta íslenskum lögum og lögsögu íslenskra dómstóla. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms eins og nánar er kveðið á um í fjárfestingarsamningnum.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórn Íslands og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd verði veitt heimild til að semja við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. og eigendur þeirra, Teha Investments S.a.r.l. og Novator, um gagnaver í Reykjanesbæ í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. um að félögin reisi og reki gagnaver í Reykjanesbæ. Þegar verkefninu er lokið er gert ráð fyrir allt að fjórum aðaltölvuverum og nokkrum stuðningsbyggingum sem hýsa meira en 20.000 fermetra tæknirými og nota 80–140 MW raforku til að knýja og kæla tölvubúnað. Kveðið er á um að félögin starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga.

Í öðru lagi er kveðið á um skattlagningu vegna byggingar og reksturs gagnaversins en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum.

Í þriðja lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla og stöðu gerðardóms, auk þess sem íslensk lög ráði um túlkun og skýringu fjárfestingarsamningsins.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir aðdraganda fjárfestingarsamnings við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. Einnig er að finna í frumvarpinu lýsingu á fyrirhuguðu gagnaveri og eignarhaldi þess, frávikum frá reglum um skatta og gjöld, umhverfismálum tengdum hinu fyrirhugaða gagnaveri og spá um áhrif þess á þjóðarhag.

Í fylgiskjölum með frumvarpinu er að finna lýsingu á fyrirhuguðu verkefni (fskj. I), helstu efnisatriðum fyrirhugaðs fjárfestingarsamnings (fskj. II), lýsingu á kaupsamningi um Valhallarbraut 868 (fskj. III), lýsingu á lóðarleigusamningi (fskj. IV), helstu ákvæðum samnings um leyfisveitingar og gjaldtöku við sveitarfélagið (fskj. V), helstu ákvæðum raforkusamnings við Landsvirkjun (fskj. VI) og helstu ákvæðum flutningssamnings við Landsnet (fskj. VII). Einnig er birt sem fylgiskjal starfsleyfi frá Umhverfisstofnun (fskj. VIII).

1. Aðdragandi fjárfestingarsamningsins.

Í nóvember 2007 var Verne Holdings ehf. skráð á Íslandi með stofnfé frá General Catalyst Partners og Novator. Í febrúar 2008 keypti Verne tvær stórar vörugeymslur og undirritaði samning við KADECO í Reykjanesbæ um leigu á jörð þar sem áður var herstöð NATO.

Í ljósi breyttra aðstæðna á Íslandi í efnahagsmálum kom Verne, í október 2008, til fundar við fulltrúa ríkisstjórnar Íslands frá iðnaðar- og fjármála ráðuneytum til að ræða mögulegan fjárfestingarsamning. Fulltrúar úr stjórn Verne útskýrðu þau áhrif sem gagnamiðstöðvaiðnaðurinn gæti haft á Ísland og nauðsyn þess að fjárfestingarsamningur væri fyrir hendi til að tryggja að viðskiptavinir og fjármögnun fengjust til verkefnisins. Viðræður fóru einnig fram varðandi mikilvægi þess að tryggja að Ísland léti í té skatta- og lagalegt umhverfi fyrir

gagnaver sem gerði þeim kleift að keppa á árangursríkan hátt við önnur lönd Evrópu og Norður-Ameríku.

Í janúar 2009 var fyrstu drögum að samkomulagi um fjárfestingarsamning dreift innan Verne, iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Sameiginlega var unnið að gerð fjárfestingarsamnings næstu mánuði þar á eftir.

Í október 2009 árituðu fulltrúar iðnaðarráðuneytis og Verne Holdings ehf. drög að fjárfestingarsamningi vegna gagnavers Verne. Landsvirkjun og Verne undirrituðu í sama mánuði orkusamning til 20 ára um allt að 25 MW af orku. Undirbúningur hófst að frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ. Einnig hófst undirbúningur að tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Í nóvember 2009 var undirritaður samningur milli sveitarfélagsins Reykjanesbæjar og Verne um þátt sveitarfélagsins í fjárfestingarsamningnum.

2. Lýsing á fyrirhuguðu gagnaveri í Reykjanesbæ.

Verne Holdings ehf. og dótturfyrirtæki þess (sameiginlega nefnd „fyrirtækið“, „félagið“ eða „Verne“) er fyrirtæki í einkaeigu sem vinnur að uppbyggingu fyrsta stóra gagnaversins á Íslandi. Gagnaverið mun þjóna hinum ört vaxandi hnattræna markaði fyrir örugga hýsingu tölvubúnaðar, en sá markaður mælist í milljörðum evra. Í dag er enga sambærilega starfsemi að finna á Íslandi. Verne hyggst taka forustu í uppbyggingu gagnaveraiðnaðar á Íslandi sem er nýr, sjálfbær, vaxandi og grænn iðnaður. Hann skapar varanleg störf fyrir faglært fólk og verkafólk í byggingariðnaði, eykur skatttekjur, hefur í för með sér umtalsverða erlenda fjárfestingu og nýtir grunngerð landsins á sviði orku og fjarskipta á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu.

Verne byggir um þessar mundir upp gagnaverssvæði við Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið keypti í upphafi verkefnisins tvær stórar vörugeymslur af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, KADECO. Nú standa yfir breytingar á þeim til afnota sem hluta af fyrirhugaðri aðstöðu með fleiri byggingum. Þegar verkefninu er lokið er gert ráð fyrir allt að fjórum aðaltölvuverum og nokkrum stuðningsbyggingum sem hýsa meira en 20.000 fermetra tæknirými og nota 80–140 MW raforku frá landsnetinu til að knýja og kæla tölvubúnað. Byggingarnar munu hýsa rafkerfi, vélakerfi og upplýsingakerfi til að reka og styðja tölvubúnaðinn. Stoðkerfi Verne eru hönnuð með öflugum varaleiðum og viðlagabúnaði til að tryggja stöðuga og örugga þjónustu.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við að ljúka við smíði allrar miðstöðvarinnar, samkvæmt núverandi áætlun, verði rúmar 470 milljónir evra (700 milljónir bandaríkjadala). Þegar henni er lokið munu u.þ.b. 100 manns gegna fullu starfi í gagnaverinu, annaðhvort beint eða á vegum íslenskra undirverktaka. Á áætluðum sjö ára byggingartíma er gert ráð fyrir að 80–120 manns muni starfa þar í byggingarvinnu að meðaltali, til viðbótar við starfslið gagnaversins. Verne hyggst ljúka fyrsta áfanga verkefnisins á árinu 2010, en hann mun kosta röskar 67 milljónir evra (100 milljónir bandaríkjadala). Auk þeirra grunnkerfa, sem komið verður upp til að þjóna viðskiptavinum Verne, mun félagið reisa nýja spennistöð fyrir hönd Landsnets sem verður hluti af grunngerð gagnaverssvæðisins og Ásbrúar.

Viðskiptalíkan Verne byggist á heildsölu gagnaversþjónustu til stórra viðskiptavina. Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum margvíslega þjónustu þar sem miklar kröfur eru gerðar um áreiðanleika, þ.m.t. raforku, kælingu, tæknirými, öryggi, tengingar innan rýmisins og annað sem þarf til reksturs tölvukerfa. Þjónustan er að jafnaði seld til langs tíma með 5–10

ára þjónustu- eða leigusamningnum. Væntanlegir viðskiptavinir Verne eru stórir notendur gagnaversþjónustu, m.a. á sviði fjármálaþjónustu, netmiðlunar og fjölmiðla, lífvísinda og genatækni, olíu- og gasfélög, auk mennta- og rannsóknastofnana á sviði afkastamikillar reiknitækni.

Verne mun einnig leita viðskiptavina meðal fyrirtækja sem samþætta og endurselja upplýsingatækni á hnattrænum markaði. Verne býður þó ekki almenna stjórnun upplýsingakerfa eða tengda þjónustu sem hluta af meginstarfsemi sinni. Verne gerir ráð fyrir að ráða íslenska samstarfs- og þjónustuaðila til að sinna verkefnum á því sviði eftir þörfum viðskiptavina sinna.

3. Eignarhald gagnaversins í Reykjanesbæ.

Verne Holdings ehf. er einkahlutafélag, skráð á Íslandi. Verne á þrjú dótturfyrirtæki, Verne Global Inc., skráð í Bandaríkjunum, Verne Global Ltd., skráð í Bretlandi, og Verne Real Estate ehf., skráð á Íslandi.

Verne Holdings ehf. er í eigu hóps hluthafa sem hver um sig á minni hluta í fyrirtækinu, en þeir tveir stærstu eru Novator og Teha Investments S.A.R.L. Novator er alþjóðlegur fjárfestir. Teha Investments S.A.R.L. er dótturfélag Teha Holdings, LLC, dótturfélags General Catalyst Partners V, sem er meðal sjóða í umsjón General Catalyst Partners LLC, bandarísks áhættufjárfestingarfyrirtækis með yfir 2 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Auk Novator og Teha eiga stjórnendur talsverðan hlut í fyrirtækinu. Hvorki Novator né Teha eiga meira en 40% í Verne.

Ætlun Verne er að fjármagna næstu áfanga verkefnisins með hlutafé frá nýjum fjárfestum sem munu bætast í hóp hluthafa félagsins.

4. Frávik frá reglum um skatta og gjöld.

Í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, í lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, og í lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík, er kveðið á um að þar tilgreind félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að reisa og reka viðkomandi álver, skuli greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í þeim lögum. Er síðan með tæmandi hætti talið upp í lögunum hvaða skattalegu frávik gilda fyrir viðkomandi félög, með sams konar hætti og talið er upp í fjárfestingarsamningum sem gerðir voru vegna álveranna.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er með sams konar hætti og í framangreindum lögum og fjárfestingarsamningum gert ráð fyrir því að almennar skattareglur gildi um Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. (félögin) vegna gagnavers í Reykjanesbæ (verkefnið), með tilteknum frávikum sem með tæmandi hætti eru tilgreind í frumvarpinu. Eru þau frávik að mörgu leyti sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Nánar er vísað til umfjöllunar um 4. gr. frumvarpsins varðandi upptalningu á þeim frávikum á sköttum og gjöldum sem lögð eru til með frumvarpinu, en í stuttu máli koma fram eftirfarandi þættir:

1. Tryggt er að tekjuskattshlutfall verði ekki hærra en 15% fyrstu 5 ár af gildistíma fjárfestingarsamningsins, 18% næstu 5 ár og 25% síðustu 10 árin.
2. Sérreglur varðandi fyrningu eigna.

3. Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.
4. Sérreglur varðandi stimpilgjald og skipulagsgjald.
5. Sérreglur varðandi útreikning fasteignaskatts.
6. Undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi.
7. Ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta.

Öll eru frávikin afmörkuð við félögin Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf., íslensk dótturfélög þeirra, og hið skilgreinda verkefni sem er gagnaverið í Reykjanesbæ, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við 61. gr. EES-samningsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) verið tilkynnt um þá ríkisaðstoð (byggðaaðstoð) sem í þessu fyrirkomulagi felst, með sama hætti og gert var vegna áðurgreindra laga nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009. Eins og fram kemur í drögum að fjárfestingarsamningi við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. verður hann gerður með fyrirvara um samþykki ESA.

5. Umhverfismál.

5.1. Starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Hinn 8. september 2009 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi til handa Verne Holdings ehf. til reksturs varaaflstöðvar með tilheyrandi búnaði á Valhallarbraut 868, Vallarheiði í Reykjanesbæ. Starfsleyfið sem gildir til 30. september 2021 er veitt í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið er birt í heild sinni sem fylgiskjal VII með frumvarpi þessu.

5.2 Byggingarleyfi.

Reykjanesbær hefur gefið út þrjú byggingarleyfi, öll dags. 28. maí 2009, vegna gagnavers að Valhallarbraut 868 í Reykjanesbæ. Byggingarleyfin taka til byggingar spennistöðvar (auðkennd KEF010, mhl. 05), byggingar dísilvaraaflsstöðvar (auðkennd KEF110, mhl. 01) og byggingar varaaflgjafarýmis og skrifstofa (auðkennd KEF101, 102 og 103). KEF101 er breyting á núverandi byggingu en hinar eru nýbyggingar.

6. Samningar vegna kaupa á raforku og flutningi á raforku til gagnaversins í Reykjanesbæ.

Gerður hefur verið raforkusamningur vegna fyrirhugaðs gagnavers við Landsvirkjun. Þá hefur Verne Holdings ehf. gert samning um flutning raforku fyrir rekstur gagnaversins við Landsnet hf. Lýsingar á þessum samningum er að finna í fylgiskjölum.

7. Áætluð samfélags- og efnahagsleg áhrif.

Í skýrslu KPMG frá 23. nóvember 2009 er fjallað um samfélags- og efnahagsleg áhrif af fyrirhuguðu gagnaveri á Ásbrúarsvæðinu við Reykjanesbæ á vegum Verne Holdings ehf. (sjá fylgiskjal IX við frumvarpið). Í skýrslunni kemur fram að Reykjanesbær og nærliggjandi sveitarfélög er svæði sem átt hefur undir högg að sækja varðandi hagvöxt á undanförnum árum og hefur verið skilgreint af Eftirlitsstofnun EFTA sem svæði sem fullnægi skilyrðum fyrir mögulegum ríkisstyrk. Gert er ráð fyrir að Verne muni skila Reykjanesbæ og landinu öllu bæði áþreifanlegum og óáþreifanlegum ávinningi ef af verkefninu verður, sbr. eftirfarandi greinargerð sem er útdráttur úr skýrslunni.

7.1 Atvinnusköpun.

Uppbygging og rekstur gagnaversins mun hafa mikilvæga atvinnusköpun í för með sér. Reiknað er með að tæplega 100 stöðugildi verði til að verkefninu loknu, aðallega fyrir háskólamenntað og sérfræðimenntað fólk á sviði rafmagnsverkfræði, vélaverkfræði og upplýsingatækni. Á sjö ára uppbyggingartímabili verkefnisins er gert ráð fyrir að um 100 störf verði til að meðaltali í byggingariðnaði.

Margföldunaráhrif á ársverk gætu verið á bilinu 2,2–3,0 störf tengd rekstri gagnaversins og um 2,7 störf í byggingariðnaði á uppbyggingartímanum sé stuðst við gögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Byggt á meðalgildum má því búast við að um 158 störf skapist til viðbótar við þau 100 sem verða í gagnaverinu sjálfu, og um 171 störf til viðbótar við þau 100 sem verða við uppbyggingu þess. Sköpuð störf geta verið m.a. ýmis þjónustustörf, vörustjórnun og gagnavinnsla. Óbein heildaratvinnusköpun gæti þannig numið allt að 330 stöðugildum.

Byggt á framangreindu gæti verkefni Verne lækkað núverandi atvinnuleysi allt að 35% sé gengið út frá þeirri forsendu að allt starfsfólk verði af Suðurnesjum. Margföldunaráhrif ársverka sem tengjast rekstri og uppbyggingu gagnaversins er erfitt að meta nákvæmlega.

7.2 Skatttekjur.

Verne gerir ráð fyrir að skila töluverðum skatttekjum til ríkisins og sveitarfélaga á svæðinu, samtals um 14 milljörðum íslenskra króna (108 milljónum bandaríkjadala) á tímabilinu 2010–2019 í formi tekjuskatts frá félaginu, tekjuskatts starfsfólks, fasteignagjalda og annarra gjalda.

7.3 Önnur gjöld og neysla.

Áætlanir Verne gera ráð fyrir að keypt verði umtalsvert magn af raforku til að knýja gagnaverið og kæla netþjóna sem hýstir eru í gagnaverinu. Á tímabilinu 2010–2019 gerir fyrirtækið ráð fyrir að kaupa raforku fyrir um 30–36 milljarða íslenskra króna (240–290 milljónir bandaríkjadala) auk þess sem tekjur innlendra fyrirtækja í viðskiptum við Verne með vörur og þjónustu munu aukast. Viðskiptavinir Verne munu auk þess verða stórnotendur að fjarskiptaþjónustu til og frá landinu, sem mun fyrst og fremst byggjast á tengingum um sæstreng.

7.4 Bein erlend fjárfesting.

Verkefnið er fjármagnað erlendis frá og felur því í sér beina erlenda fjárfestingu. Einnig ber að nefna að tekjur fyrirtækisins verða mestmegnis af útflutningi þjónustu til erlendra fyrirtækja sem mun skapa útflutningstekjur. Til að stuðla að efnahagslegum bata á Íslandi er mikilvægt að auka fjárfestingu erlendra aðila hérlendis og útflutningstekjur.

7.5 Athygli stórra alþjóðlegra fyrirtækja.

Ákvörðun Verne að fjárfesta hérlendis mun væntanlega vekja áhuga og traust alþjóðlegra fyrirtækja sem hefðu ekki annars litið til Íslands með fjárfestingar í huga. Markaður fyrir gagnaver er ört vaxandi og þjónusta þeirra höfðar til stórra fyrirtækja (Forbes Global 2000 fyrirtækja). Áhugi slíkra fyrirtækja er til þess fallinn að opna augu fjárfesta fyrir Íslandi sem fjárfestingarkosti og ákjósanlegu rekstrarumhverfi.

7.6 Í takt við fjárfestingarstefnu landsins.

Núverandi fjárfestingarstefna iðnaðarráðuneytis og Fjárfestingarstofu er að laða að eftirsóknarverðar nýfjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, hátækniiðnaði, nýsköpun og öðrum skapandi greinum. Starfsemi Verne er því vel í takt við þessa stefnu þar sem gagnaverið er umhverfisvænt, orkufrekt og mun nýta sér fjarskiptatækni í miklum mæli. Með þessari starfsemi mun fjölbreytni í atvinnulífi aukast á Íslandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra heimilað að ganga til samninga á grundvelli frumvarps þessa við Teha Investments S.a.r.l. og Novator (eigendur) og Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. (félögin) um byggingu og rekstur gagnavers í Reykjanesbæ. Í fjárfestingarsamningi við félögin skal kveðið á um skuldbindingar ríkisins og félaganna og eigenda þeirra sem hin fyrirhugaða starfsemi gefur til kynna. Þar skal einnig fjallað um framkvæmd ákvæða laganna, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Í samningnum skal kveðið á um gildistíma ákvæða hans sem ekki skal vera skemmri en 20 ár frá undirritun samnings.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingarsamningurinn um verkefnið verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda að undirritun lokinni. Þá skulu félögin starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum með þeim frávikum sem í frumvarpi þessu greinir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefnið sem lögin fjalla um. Verkefnið er skilgreint sem bygging gagnavers á Reykjanesi með tæknirými að stærð allt að 20.000 fermetrum. Um nánari lýsingu á verkefninu vísast til í 2. kafla almennra athugasemda og fylgiskjals I.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til tilteknar undanþágur frá almennum lögum vegna verkefnisins.

Í fyrsta lagi er lagt til að í beinum tengslum við verkefnið skulu félögin og hluthafar þeirra undanþegin takmörkunum sem kveðið er á um í reglum nr. 880/2009 (áður 1130/2008), um gjaldeyrismál, sem settar voru á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Er slík undanþága talin nauðsynleg í ljósi þess að erlendir aðilar eru eigendur að félögunum og þess að gagnaverið mun fyrst og fremst þjóna alþjóðlegum viðskiptavinum utan Íslands.

Þar sem erlendir aðilar eru eigendur að félögunum er í öðru lagi talið nauðsynlegt að heimila frávik frá því skilyrði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að ⅕ hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar. Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er það á færi ráðherra að veita undanþágur frá ákvæðinu en með tilliti til stærðar verkefnisins þykir eðlilegt að fjalla um undanþáguna í frumvarpi þessu.

Í þriðja lagi er með sama hætti lagt til að félögin skuli undanþegin ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem krafist er að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi.

Í fjórða lagi er lagt til að félögin verði, samkvæmt frumvarpi þessu, undanþegin ákvæðum laga um skyldutryggingar brunatjóns og viðlaga. Vegna stærðar verkefnisins fellur það illa

að ákvæðum laga um þessar skyldutryggingar. Þess í stað skulu eignirnar vera tryggðar á þann hátt sem tíðkast í sambærilegri starfsemi.

Í fimmta lagi er lagt til að félögin verið undanþegin greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 153/2006, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta, að því marki sem samningar um slíkt eru gerðir milli félaganna og viðeigandi sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Fjárfestingarsamningurinn sem vísað er til í frumvarpinu (og ráðgert er að gera á grundvelli laganna verði frumvarpið að lögum) byggist á því að íslensk skattalög gildi nema kveðið sé á um annað í fjárfestingarsamningnum og frumvarpi þessu. Í upphafi greinarinnar er sett fram sú aðalregla að félögin greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna gagnaversins samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem í greininni eru tilgreind. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning frávika frá aðalreglunni. Gert er ráð fyrir því að félögin verði sjálfstæðir skattaðilar.

Í 1. tölul. 1. mgr. er að finna ákvæði um tekjuskatt félaganna. Félögin munu greiða 15% tekjuskatt í samræmi við almennar reglur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirfarandi frávikum frá almennum skattlagningarreglum lögaðila að því er snýr að tekjuskatti.

Í a-lið 1. tölul. er kveðið á um að verði hækkanir á tekjuskattshlutfalli á hlutafélög, umfram 15%, þá skuli slík hækkun ekki gilda fyrir félögin á fyrstu fimm árum af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

Í b-lið 1. tölul. er kveðið á um að ef tekjuskattshlutfall á hlutafélög er hærra en 15% eftir fyrstu fimm árin af gildistíma samningsins skuli það tekjuskattshlutfall gilda fyrir félögin á næstu fimm árum af gildistíma samningsins (þ.e. frá 5 til 10 árs af gildistímanum), en þó aldrei vera hærra en 18% á því tímabili.

Í c-lið 1. tölul. er kveðið á um að ef tekjuskattshlutfallið er hærra en 18% eftir tíu fyrstu árin af gildistíma samningsins skuli það tekjuskattshlutfall gilda um félögin það sem eftir er af gildistíma samningsins, en þó aldrei vera hærra en 25%.

Í d-lið 1. tölul. er kveðið á um að ef tekjuskattshlutfall á hlutafélög er lækkað niður fyrir það sem nú er þá gildi hin nýja almenna skattprósenta einnig fyrir félögin. Þykir eðlilegt að félögin njóti þeirra breytinga í sama mæli og önnur fyrirtæki fram að þeim tíma er rekstur hefst.

Í 2. tölul. 1. mgr. er heimild til að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum með þeim skilyrðum sem fram koma í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartaps fleiri ára frá skattskyldum tekjum skuli hið sama gilda um félögin. Er ákvæðið í samræmi við 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003 þar sem umrædd heimild er tíu ár.

Í 3. tölul. 1. mgr. er ákvæði um fyrningu kostnaðar að fullu af búnaði sem notaður er eða er fyrirhugað að nota í gagnaverinu. Er nánar tilgreint hvað telst til búnaðar í þessu sambandi. Um fyrningu gilda að öðru leyti ákvæði laga um tekjuskatt.

Í 4. tölul. 1. mgr. eru félögin undanþegin iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002. Þetta þykir eðlilegt þar sem um er að ræða markaðar tekjur til verkefna sem félögin hafa ekki not af. Sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 5. tölul. 1. mgr. er stimpilgjald af öllum stimpilskyldum skjölum sem félögin gefa út eða stofnað er til í tengslum við byggingu gagnaversins ákveðið 0,15%. Sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 6. tölul. 1. mgr. eru félögin undanþegin tilteknum gjaldaákvæðum laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009. Þau rafföng sem félögin flytja inn og kunna að falla undir þessi ákvæði munu ekki fara á almennan markað og Neytendastofa mun ekki hafa eftirlit með þeim. Af þeim sökum þykir ekki óeðlilegt að félögin verði undanþegin gjaldtökunni.

Í 7. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til að ákveða að greiða skuli umsamda fjárhæð, 100.000 bandaríkjadali, sem skipulagsgjald samkvæmt lögum nr. 73/1997. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 8. tölul. 1. mgr. er kveðið á um fyrirkomulag fasteignaskatts sem félögin greiða til Reykjanesbæjar. Samkvæmt ákvæðinu skal fasteignaskatturinn nema 1,65% af áætluðu verðmæti allra bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félaganna eða á leigu hjá þeim. Í ákvæðinu er nánar kveðið á um skattstofninn og fleiri þætti sem snúa að fasteignaskatti. Sérákvæði um fasteignaskatta hefur áður verið að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 9. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að félögunum skuli ekki gert að greiða eignarskatt eða skatta og gjöld, sem ekki eru tekjutengd og kunna að verða innleidd eftir undirritun fjárfestingarsamnings þessa og á gildistíma hans, nema slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. öll önnur gagnaver. Hins vegar skulu félögin undanþegin öllum eignarskatti sem kann að verða tekinn upp í fimm ár frá gildistöku fjárfestingarsamnings þessa.

Í 10. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að uppfylli félögin og/eða fasteignir þeirra skilyrði til skráningar sem virðisaukaskattsskyldur aðili samkvæmt lögum um virðisaukaskatt skal félögunum ekki gert að leggja fram sérstaka tryggingu vegna skráningarinnar.

Í 11. tölul. 1. mgr. er lagt til að félögin skuli undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns núgildandi og síðari gjöldum, enda áskilið að þjónustan sem félögin veita teljist ekki til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna.

Í 12. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að öll viðskipti milli félaganna og dótturfélaga þeirra skuli samrýmast 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og meginreglum OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu. Efnislega svipuð ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að í fjárfestingarsamningi verði heimilt að kveða á um eftirtalin atriði:

a. Ekki skuli lögð umhverfisgjöld eða umhverfisskattar, sem tengjast losun lofttegundanna CO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum, á félögin nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi og mismuni ekki félögunum að öðru leyti. Í ákvæðinu felst að íslensk stjórnvöld munu ekki leggja umhverfisgjöld eða umhverfisskatta vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á félögin umfram það sem önnur sambærileg fyrirtæki á Íslandi kunna að þurfa að bera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.
b. Ekki skuli leggja á gjöld eða skatta í tengslum við raforkukaup og/eða raforkunotkun félaganna nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi og mismuni ekki félögunum að öðru leyti.

Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Í 3. mgr. er tekið fram með ótvíræðum hætti að félögin verði bundin af almennum reglum íslenskra laga varðandi skattframtal, álagningu, viðurlög og málskot. Ágreiningi um túlkun samningsákvæða má þó skjóta til gerðardóms samkvæmt ákvæðum fjárfestingarsamningsins. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009. Jafnframt skal félögunum heimiluð samsköttun að uppfylltum almennum skilyrðum samsköttunar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins sé félögunum heimilt að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Um 5. gr.

Í greininni er ákveðið að aðilar geti samið um sérstakar reikningsskilareglur fyrir félögin sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi. Heimila má félögunum að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, eða annarri mynt, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Alþjóðareikningsskilaráðsins. Efnislega svipuð ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Um 6. gr.

Samkvæmt tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og efnivörum til iðnaðarframleiðslu, svo og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Engin gjöld eru nú á hráefnum og efnivörum. Eins er um fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Í fyrri málslið greinarinnar er við það miðað að felldir verði niður tollar og vörugjöld af innflutningi og kaupum félaganna á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir gagnaverið og tengd mannvirki, sem kunna að verða flutt inn frá öðrum löndum og bera tolla eða vörugjöld. Í síðari málslið greinarinnar er veitt heimild til að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álversins. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að semja megi um að félögin og eigendum þess sé heimilt að framselja fjárfestingarsamninginn við tilteknar afmarkaðar aðstæður.

Um 8. gr.

Við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma laga þessara skal farið að íslenskum lögum. Heimild skal þó vera til þess að vísa ágreiningi til gerðardóms.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lýsing á fyrirhuguðu gagnaveri í Reykjanesbæ.

1. Bakgrunnur Verne og forsaga

Hvað er Verne?

Verne Holdings ehf. og dótturfyrirtæki þess (sameiginlega nefnd „fyrirtækið“, „félagið“ eða „Verne“) er fyrirtæki í einkaeigu sem vinnur að uppbyggingu fyrsta stóra gagnaversins á Íslandi. Gagnaverið mun þjóna hinum ört vaxandi hnattræna markaði fyrir örugga hýsingu tölvubúnaðar, en sá markaður mælist í milljörðum evra. Í dag er enga sambærilega starfsemi að finna á Íslandi. Verne hyggst taka forystu í uppbyggingu gagnaveraiðnaðar á Íslandi, sem er nýr, sjálfbær, vaxandi og grænn iðnaður. Hann skapar varanleg störf fyrir faglært fólk og verkafólk í byggingariðnaði; eykur skatttekjur; hefur í för með sér umtalsverða erlenda fjárfestingu; og nýtir grunngerð landsins á sviði orku og fjarskipta á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu.

Verne byggir um þessar mundir upp gagnaverssvæði við Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið keypti í upphafi verkefnisins tvær stórar vörugeymslur af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, KADECO. Nú standa yfir breytingar á þeim til afnota sem hluta af fyrirhugaðri aðstöðu með fleiri byggingum. Þegar verkefninu er lokið er gert ráð fyrir allt að fjórum aðaltölvuverum og nokkrum stuðningsbyggingum sem hýsa meira en 20.000 fermetra tæknirými og nota 80–140 MW raforku frá landsnetinu til að knýja og kæla tölvubúnað. Byggingarnar munu hýsa rafkerfi, vélakerfi og upplýsingakerfi til að reka og styðja tölvubúnaðinn. Stoðkerfi Verne eru hönnuð með öflugum varaleiðum og viðlagabúnaði til að tryggja stöðuga og örugga þjónustu.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við að ljúka við smíði allrar miðstöðvarinnar, samkvæmt núverandi áætlun, verði rúmar 470 milljónir evra (700 milljónir bandaríkjadala). Þegar henni er lokið munu u.þ.b. 100 manns gegna fullu starfi í gagnaverinu, annaðhvort beint eða á vegum íslenskra undirverktaka. Á áætluðum sjö ára byggingartíma er gert ráð fyrir að 80–120 manns muni starfa þar í byggingarvinnu að meðaltali, til viðbótar við starfslið gagnaversins. Verne hyggst ljúka fyrsta áfanga verkefnisins á árinu 2010, en hann mun kosta röskar 67 milljónir evra (100 milljónir bandaríkjadala). Auk þeirra grunnkerfa, sem komið verður upp til að þjóna viðskiptavinum Verne, mun félagið reisa nýja spennistöð fyrir hönd Landsnets sem verður hluti af grunngerð gagnaverssvæðisins og Ásbrúar.

Viðskiptalíkan Verne byggir á heildsölu gagnaversþjónustu til stórra viðskiptavina. Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum margvíslega þjónustu þar sem miklar kröfur eru gerðar um áreiðanleika, þ.m.t. raforku, kælingu, tæknirými, öryggi, tengingar innan rýmisins og annað sem þarf til reksturs tölvukerfa. Þjónustan er að jafnaði seld til langs tíma með 5–10 ára þjónustu- eða leigusamningnum. Væntanlegir viðskiptavinir Verne eru stórir notendur gagnaversþjónustu, m.a. á sviði fjármálaþjónustu, netmiðlunar og fjölmiðla, lífvísinda og genatækni, olíu- og gasfélög, auk mennta- og rannsóknarstofnana á sviði afkastamikillar reiknitækni.

Verne mun einnig leita viðskiptavina meðal fyrirtækja sem samþætta og endurselja upplýsingatækni á hnattrænum markaði. Verne býður þó ekki almenna stjórnun upplýsingakerfa eða tengda þjónustu sem hluta af meginstarfsemi sinni. Verne gerir ráð fyrir að ráða íslenska samstarfs- og þjónustuaðila til að sinna verkefnum á því sviði eftir þörfum viðskiptavina sinna.

Gagnaveramarkaðurinn og markaðsþróun að undanförnu

Gagnaveraiðnaðurinn veltir milljörðum evra á heimsvísu. Hlutverk gagnavera (sem stundum eru nefnd „netþjónabú“) er að hýsa tölvubúnað og fylgihluti á borð við fjarskipta- og geymslubúnað með öruggum hætti. Síaukin notkun og spurn eftir gögnum og rafrænni þjónustu frá neytendum og fyrirtækjum hefur leitt til stöðugs vaxtar iðnaðarins á undanförnum áratug sem nemur 15–25% á hverju ári. Þrátt fyrir núverandi ástand efnahagsmála er búist við að gagnaver stækki um 10–15% á árinu 2009.

Helstu breytingar sem nú standa yfir á sviði gagnavera eru meðal annarra:

- Aukinn vilji til að nota fjarlæg gagnaver
- Aukin útvistun uppbyggingar gagnavera og starfseminnar sjálfrar
- Hækkandi heildarkostnaður af því að eiga og reka eigið gagnaver
- Umtalsverð aukning orkunotkunar gagnavera og meiri kostnaður vegna hennar
- Aukin áhersla á nýja tækni til að auka hagkvæmni gagnavera
- Vaxandi áhyggjur innan iðnaðarins vegna áhrifa væntanlegrar löggjafar um losun koltvísýrings

Vaxandi orkuþörf gagnavera er mjög markverð. Orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna áætlar að þarlend gagnaver noti 60 milljónir kílóvattstunda árlega, sem jafngildir 2,0% af orkuframleiðslu landsins. Ráðuneytið telur að orkunotkun gagnavera verði orðin 2,5% af heildinni árið 2011. Þessi aukna notkun, ásamt hækkandi orkuverði í heiminum, hefur leitt til stóraukins kostnaðar við rekstur gagnavera.

Meiri orkunotkun fylgir aukinn útblástur koltvísýrings. McKinsey-ráðgjafar-fyrirtækið áætlar að útblástur koltvísýrings frá gagnaverum muni verða meiri en frá flugvélum árið 2020.

Af þessu leiðir að fyrirtæki leitast í auknum mæli við að finna leiðir til að takmarka áhættu sína af auknum orkukostnaði og útblæstri koltvísýrings. Hið síðarnefnda á einkum við í Evrópu og Bandaríkjunum vegna yfirvofandi reglna og útgjalda vegna losunarheimilda. Hægt er að bregðast við þessum vanda með því að reisa gagnaver á fjarlægum stöðum þar sem í boði er „græn“ orka á tiltölulega hagstæðum kjörum, svo sem á Íslandi.

Staðarval gagnavera tengist nokkrum þáttum og forsendum, m.a. hagstæðu skattaumhverfi, stöðugu orkuframboði, þróuðu regluverki um gagnaflutninga og -geymslu, og háþróuðum tæknigeira. Þessa þætti er að finna víðsvegar um heim en þó helst á tilteknum atvinnuþróunarsvæðum í Norður-Ameríku og Evrópu. Finna má gagnaver í öllum ríkjum Evrópu, en flest eru þau í Bretlandi og Írlandi. Það er engin tilviljun að þessi ríki samtvinna þéttofin samskiptanet og skattastefnu sem ætlað er að stuðla að vexti gagnavera og annars hátækniiðnaðar. Írum hefur gengið best að laða að sér gagnaver, með hvötum til uppbyggingar tækniiðnaðar í landinu. Svipaða hvata er að finna víðsvegar í Norður-Ameríku, einkum hjá ríkjum sem leggja áherslu á tækniiðnað. Það að gagnaveraklasar hafa sprottið upp á slíkum þróunarsvæðum, þar sem sérstakir hvatar eru fyrir hendi, sýnir að Ísland mun ekki laða að sér gagnaver eingöngu með hóflegum kostnaði og umhverfisvænum orkulindum. Ísland verður að hafa frumkvæði til að koma sér á kortið sem valkostur fyrir uppbyggingu gagnavera, og yfirstíga

þröskulda í huga viðskiptavina og fjárfesta varðandi meinta áhættu og erfitt rekstrarumhverfi í kjölfar efnahagshruns.

Gagnaver og Ísland

Þróun efnahagslífs og hagstærða í heiminum að undanförnu hafa gert það að verkum að nútíma gagnaveraiðnaður og Ísland henta hvort öðru einkar vel. Á Íslandi veitast nú tækifæri til að byggja upp stöðugt og varanlegt forskot til lengri tíma, og markverða markaðshlutdeild í gagnaveraiðnaði heimsins. Verne gegnir forystuhlutverki við að kynna Ísland gagnvart hinum hnattræna gagnaveramarkaði. Ef sú viðleitni gengur vel leiðir hún til umhverfishæfrar fjölbreytni í iðnaði, verulegrar beinnar erlendrar fjárfestingar, nýrra útflutningstekna, aukinna skatttekna frá fyrirtækjum og einstaklingum, sköpunar nýrra starfa fyrir faglært starfsfólk, sjálfbærrar nýtingar hinna öflugu orku- og fjarskiptakerfa Íslands, og aukins jákvæðs sýnileika Íslands í alþjóðlegu viðskiptalífi.

Þegar efnahagslægðin skall á landinu haustið 2008 glataði Ísland að mestu einni af helstu atvinnugreinum sínum, þ.e. fjármálageiranum. Útflutningstekjur landsins byggjast nú einkum á fiskveiðum, áliðnaði og ferðaþjónustu, og því er mikil þörf fyrir nýjan iðnað og fjölbreytni til að fylla í tóm sem til varð við hrun fjármálageirans.

Jafnframt eru Íslendingar að hugleiða vandlega iðnaðarstefnu sína, með áherslu á uppbyggingu umhverfisvæns og sjálfbærs iðnaðar til framtíðar. Gagnaver henta einkar vel í þessu skyni. Má nefna að þau nýta orku í jafnt vaxandi takti, án stórra stökka með tilheyrandi fjárbindingu í orkumannvirkjum, og veita öðrum gagnaverum í heiminum verðuga samkeppni með tilliti til hagkvæmrar orkunotkunar og nýtingar á endurnýjanlegum, „grænum“ orkulindum.

Ísland er vænlegur kostur fyrir gagnaver af ýmsum ástæðum:

- Meira en 99% rafmagns á Íslandi kemur frá endurnýjanlegum orkulindum
- Orka á Íslandi er í boði á samkeppnishæfu verði miðað við flest ríki Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Hægt er að tryggja rafmagn með langtíma-samningum sem dregur úr áhættu af óstöðugu orkuverði
- Lágur umhverfishiti á Íslandi gerir mögulegt að byggja upp afar orkusparandi gagnaver með því að nota „ókeypis kælingu“
- Ísland er mjög tæknivætt samfélag sem býr að hámenntuðu vinnuafli í rafmagns-, tækni- og upplýsingageiranum
- Grunnkerfi landsins á sviði orku og fjarskipta eru óvenjusterk og traust
- Nýleg viðbót tveggja nýrra sæstrengja með mikla bandbreidd, Danice og Greenland Connect, veitir landinu gnægð gagnaflutningsgetu með fjölbreyttum varaleiðum.

Yfirveguð nálgun að nýsköpun og fjölbreytni

Ísland ætti að hafa verulegan hag af því að stofnað verði til öflugs gagnaveraiðnaðar.

Efnahagslægðin hefur valdið töluverðu atvinnuleysi, hægt á innstreymi erlends gjaldeyris og leitt til mikils halla í ríkisfjármálum. Uppbygging gagnaveraiðnaðar á Íslandi hjálpar til við að draga úr þessum áhrifum, einkum ef gagnaver verða reist á þeim svæðum þar sem áhrifa efnahagslægðarinnar hefur gætt hvað mest, svo sem í Reykjanesbæ.

Eðlis síns vegna þarfnast gagnaver talsverðrar beinnar erlendrar fjárfestingar. Hún hefur í för með sér innstreymi gjaldeyris í landið og bætir stöðu íslensks byggingariðnaðar. Með tímanum skapast fjöldi nýrra tækifæra fyrir faglært starfsfólk til vinnu við gagnaverin. Jafn-

framt því mun uppbyggingin stuðla að ábyrgri og umhverfishæfri nýtingu orku- og fjarskiptakerfa landsins.

Margt bendir til þess að vöxtur upplýsingatæknigeirans verði meiri í umhverfi þar sem til staðar er spurn eftir háþróaðri fjarskiptaþjónustu, af sama tagi og sú sem nauðsynleg er fyrir stór gagnaver. Reynslan hefur sannað að gagnaver og fjarskiptakerfi haldast í hendur. Öflug grunngerð fjarskipta leiðir til uppbyggingar gagnavera sem aftur hefur í för með sér eflingu fjarskiptaþjónustu, upplýsingatæknigeiranum, viðskiptalífi og almenningi til ábata. Á Íslandi hefur grunnur þegar verið lagður að slíku ferli í grunnvirkjum landsins með lagningu Danice og Greenland Connect sæstrengjanna. Þróunin hefur einnig að jafnaði verið sú að þegar gagnaveraklasa hefur verið komið á laggirnar, fylgja viðskiptavinir gagnaveranna gjarnan á eftir með ýmissi viðbótarstarfsemi á tæknisviði.

Tilkoma Verne og gagnaveraiðnaðarins mun stuðla að skatttekjum á Íslandi með tekjusköttum einstaklinga, tekjusköttum fyrirtækja, fasteignasköttum og ýmsum staðbundnum gjöldum og sköttum.

Auk hinna beinu efnahagsáhrifa, sem stafa af erlendum fjárfestingum í útflutnings-iðnaði, getur uppbygging gagnavera á Íslandi orðið til þess að bæta ímynd landsins í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Við það bætist að hér er um að ræða iðnað sem styrkir Ísland sem sjálfbæran og samkeppnishæfan fjárfestingarvalkost, vegna einstakra orkulinda, á alþjóðavettvangi. Landið getur jafnframt lagt sitt af mörkum til að leysa þau erfiðu viðfangsefni sem gagnaveraiðnaðurinn stendur frammi fyrir nú á dögum, einkum sökum vaxandi orkukostnaðar og útblásturs koltvísýrings. Óvíða utan Íslands er að finna gnótt samkeppnishæfrar grænnar orku á stöðugu verði, og ókeypis kælingu að auki. Gagnaver á Íslandi getur dregið mjög úr heildarkostnaði gagnaversnotenda og um leið minnkað útblástur koltvísýrings verulega miðað við gagnaver á hefðbundnum stöðum í Norður-Ameríku eða Evrópu.

Laga- og reglugerðaumhverfi

Þrátt fyrir að á Íslandi sé að finna ýmsa þá þætti, sem nauðsynlegir eru til að laða alþjóða gagnaveraiðnaðinn til landsins, er um þessar mundir – sökum efnahagslægðarinnar – talið afar áhættusamt að fjárfesta og stunda viðskipti hér. Borgir og sveitarfélög víðsvegar um heim telja gagnaver æskilegan iðnað og hafa því ráðist í sérstakar aðgerðir til að hvetja til uppbyggingar þeirra. Þótt sum þessara ríkja geti ekki boðið upp á þá náttúrlegu kosti, sem eru til staðar á Íslandi, þá kunna fyrirtæki að ákveða, engu að síður, að leita til svæða sem hafa þegar reynst hagkvæm til fjárfestingar á þessu sviði, að teknu tilliti til áhættuþátta og fjárfestingarhvata. Það er því engin tilviljun að enn er ekki starfandi stórt gagnaver á Íslandi, þrátt fyrir þá kosti sem landið býr að frá náttúrunnar hendi.

Eðli gagnaveraiðnaðarins er með þeim hætti að skatta- og lagaumhverfi þarf að vera skýrt og tryggt fyrir fram, áður en til fjárfestinga kemur. Oft er það svo að þessir þættir vega *þyngst* við ákvörðun fjárfesta og viðskiptavina um staðsetningu gagnavers, enda getur fylgt því mikil áhætta að veðja á óstöðugt eða óskýrt lagaumhverfi.

Fjárfestingarsamningur Verne

Nýlega komust Verne og ríkisstjórn Íslands að samkomulagi um drög að fjárfestingarsamningi. Helstu stoðir samningsins eru hámörk á ýmsum opinberum gjöldum sem Verne muni greiða vegna uppbyggingar og reksturs gagnaversins. Ekki er um að ræða neina greiðslur úr ríkissjóði í samningnum, og í afar fáum tilvikum er breytt út frá gildandi skattalögum. Þessi í stað er tryggt samkvæmt fjárfestingarsamningnum að Verne verði ekki íþyngt með

umtalsverðri nýrri skattlagningu, þótt ríkisstjórn Íslands kunni að ákveða að hækka almenna skatta í framtíðinni. Mikil umræða stendur nú yfir um hækkanir fyrirtækja- og orkuskatta, og tekjuskatta einstaklinga á Íslandi. Mögulegir fjárfestar og viðskiptavinir eru ófúsir að ráðast í langtímaskuldbindingar og framkvæmdir á Íslandi ef veruleg áhætta er fyrir hendi að þessu leyti.

Fjárfestingarsamningurinn er nauðsynleg forsenda þess að Verne geti ráðist í næsta áfanga gagnaversverkefnisins. Við upphaf verkefnisins á miðju ári 2007 var lánsfjármögnun og fjármögnun með hlutafé til uppbyggingar nýs gagnavers víða fáanleg á hagstæðum kjörum. Nú hafa orðið nær algjör umskipti á þessu sviði og mun torsóttara er að afla nýs áhættufjár. Sú áskorun, sem Verne stendur frammi fyrir, er enn erfiðari viðfangs sökum þess að árið 2007 var Ísland talið öruggt og eftirsótt land til viðskipta, en nú álíta erlendir fjárfestar og viðskiptavinir Ísland vera áhættusamt og hugsanlega ótraust ríki sem glímir við ýmis þjóðhagfræðileg vandamál. Aðeins með ákvæðum fjárfestingarsamningsins og þeirri undirstöðu sem hann veitir, getur Verne unnið með ríkisstjórn Íslands að því að lágmarka þá áhættuþætti sem verka letjandi á viðskiptavini og fjárfesta.

Fjármagn fæst aðeins frá fjárfestum í umhverfi þar sem von er á viðskiptavinum. Þótt Verne hafi getað hafið framkvæmdir fyrir efnahagshrunið, getur fyrirtækið ekki haldið áfram með næstu áfanga og lokið framkvæmdum án þess að fjárfestingarsamningurinn liggi fyrir. Verne verkefnið í heild þarfnast fjármagns langt umfram núverandi fjármögnun fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gengið verði frá fjárfestingarsamningnum áður en fjárfestar í Verne, núverandi og væntanlegir, leggja fram nýtt áhættufjármagn.

Þeirri „tryggingu“ sem felst í fjárfestingarsamningnum, bæði gagnvart Verne og viðskiptavinum þess, er ætlað að hvetja til fjárfestingarinnar sjálfrar og ákvarðana um viðskipti fyrir fram; en ekki að hafa áhrif á rekstrarhagnað af starfseminni eftir að hún er komin á laggirnar. Þess ber að geta að mögulegur ávinningur af fjárfestingarsamningnum er vel undir hámörkum sem kveðið er á um í lögum og reglum um ríkisaðstoð.

Samantekt

Verne Holdings ehf. og ríkisstjórn Íslands eru á þröskuldi nýs og umhverfisvæns hátækniiðnaðar á Íslandi. Þó að á Íslandi sé ekki enn að finna neitt stórt gagnaver, eru aðstæður í landinu með þeim hætti að þar getur gagnaveraiðnaðurinn þrifist á samkeppnishæfan hátt til langrar framtíðar. Góður árangur Verne mun afar líklega leiða til stofnunar fleiri gagnaverafyrirtækja á Íslandi, með vísan til reynslu víðs vegar um heim hingað til. Þetta mun svo leiða til aukinnar fjölbreytni í iðnaði, og aukins hagvaxtar á landinu.

2. Eignarhald og skipulag Verne Holdings ehf.

Verne Holdings ehf. er einkahlutafélag, skráð á Íslandi. Verne á þrjú dótturfyrirtæki, Verne Global Inc., skráð í Bandaríkjunum, Verne Global Ltd., skráð í Bretlandi, og Verne Real Estate ehf., skráð á Íslandi.

Verne Holdings ehf. er í eigu hóps hluthafa sem hver um sig á minnihluta í fyrirtækinu, en þeir tveir stærstu eru Novator og Teha Investments S.A.R.L. Novator er alþjóðlegur fjárfestir. Teha Investments S.A.R.L. er dótturfélag Teha Holdings, LLC, dótturfélags General Catalyst Partners V, sem er meðal sjóða í umsjón General Catalyst Partners LLC, bandarísks áhættufjárfestingarfyrirtækis með yfir 2 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Auk Novator og Teha eiga stjórnendur talsverðan hlut í fyrirtækinu. Hvorki Novator né Teha eiga meira en 40% í Verne.

Ætlun Verne er að fjármagna næstu áfanga verkefnisins með hlutafé frá nýjum fjárfestum, sem munu bætast í hóp hluthafa félagsins.

3. Atburðarás í verkefninu

- *Nóvember 2007* – Verne Holdings ehf. er skráð á Íslandi með stofnfé frá General Catalyst Partners og Novator.
- *Febrúar 2008* – Verne kaupir tvær stórar vöruskemmur og undirritar lóðar-leigusamning við KADECO í Reykjanesbæ um lóð þar sem áður stóð herstöð Atlantshafsbandalagsins.
- *Október 2008* – Í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagsmálum á Ísland situr Verne fund með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands, frá iðnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, til að ræða hugsanlegan fjárfestingarsamning. Yfirmenn Verne lýsa mikilvægi gagnaveraiðnaðarins fyrir Ísland og hvers vegna miklu máli skiptir fyrir félagið, varðandi öflun viðskiptavina og fjármögnunarmöguleika, að undirrita fjárfestingarsamning. Viðræður fara einnig fram um mikilvægi þess að Ísland geri ráðstafanir til að tryggja skatta- og lagalegt umhverfi fyrir gagnaver, sem geri þeim kleift að keppa við önnur Evrópuríki og Norður-Ameríku.
- *Janúar 2009* – Fyrstu drögum að fjárfestingarsamningi er dreift milli Verne, iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins.
- *Vor og sumar 2009* – Verne og ríkisstjórn Íslands halda allmarga fundi til að vinna að og útfæra texta fjárfestingarsamningsins.
- *Október 2009* – Ríkisstjórn Íslands og Verne komast að samkomulagi um drög að fjárfestingarsamningi með fyrirvara. Landsvirkjun og Verne undirrita orku-samning til 20 ára um útvegun allt að 25 MW af orku. Undirbúningur frumvarps til að heimila endanlega gerð fjárfestingarsamningsins er hafinn. Auk þess er undirbúin tilkynning til Eftirlitsstofnunar EFTA.
- *Nóvember 2009* – Sveitarfélagið Reykjanesbær og Verne undirrita þann hluta fjárfestingarsamningsins sem snýr að sveitarfélaginu. Verne móttekur bréf frá fjármálaráðuneytinu, dags. 11. nóvember 2009, þar sem lýst er afstöðu ráðuneytisins til virðisaukaskatts varðandi viðskiptavini.

4. Staðsetning

Verne reisir gagnaver sitt við Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið hefur keypt tvær stórar vöruskemmur af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar (KADECO) og vinnur nú að breytingum á þeim sem hluta af fyrirhugaðri aðstöðu með fleiri byggingum.

Staðsetningin er nærri helstu samgönguleiðum, og í nágrenninu er að finna öflugt vinnuafl, gott aðgengi að orku- og fjarskiptavirkjum, auk þess sem þar er jarðskjálftavirkni ein sú minnsta á Íslandi.

5. Starfsemi gagnavera

Stór nútíma gagnaver eru afar flóknar byggingar tæknilega, sem hannaðar eru til að hýsa, tengja, knýja og kæla netþjóna og tengdan upplýsingatækni- og fjarskiptabúnað með öruggum hætti. Netþjónarnir vista, vinna úr og senda gögn í gegnum ljósleiðarafjarskiptakerfi sem nauðsynleg eru jafnt viðskiptalífi og einkaaðilum.

Gríðarlega orku þarf til að knýja netþjóna í nútíma gagnaverum. Einnig gefa þeir frá sér umtalsverðan hita og þörf er á stöðugu flæði lofts eða kælivökva til að koma í veg fyrir of-

hitnun. Stærsti hluti kostnaðar nútíma gagnavera er falinn í véla- og rafkerfum sem sjá netþjónunum fyrir stöðugri orku og kælingu.

Óskipulagður niðritími netþjóna vegna bilana í rafkerfum, kælikerfum eða tengingum getur haft í för með sér gríðarlegan kostnað, og því eru nútíma gagnaver að jafnaði hönnuð með tvöföldun eða umtalsverðri umframgetu kerfa í viðlagaskyni.

6. Fyrirhuguð þróun gagnavers Verne

Á næstu sjö árum hyggst Verne byggja upp gagnaver í fjórum aðalbyggingum á svæði félagsins við Ásbrú, auk nokkurra bygginga fyrir stoðkerfi. Framkvæmda-hraðinn mun ráðast af markaðseftirspurn og framboði á fjármagni. Verne hyggst standa í samfelldum framkvæmdum á þeim tíma sem um ræðir. Þegar framkvæmdum er lokið mun gagnaver félagsins ná yfir rúmlega 20.000 fermetra tæknirými fyrir netþjóna, og raforkuálag verður 80–140 megavött (MW). Í fyrstu byggingu Verne verður 4.800 fermetra tæknirými og raforkunotkunin verður 20 MW. Búist er við því að framkvæmdum verði lokið við fyrstu bygginguna og hún tekin í notkun og opnuð á árinu 2010.

Yfirlitsmynd af alþjóðlegu gagnaveri Verne

Hver gagnaversbygging hýsir stoðkerfi rafmagns, vélbúnaðar og fjarskipta sem þarf til að knýja, kæla og tengja netþjónana sem staðsettir eru innan byggingarinnar. Gagnaversbyggingunum er skipt í einingar sem nefndar eru tölvusalir viðskiptavina, þannig að ein bygging geti sinnt mörgum viðskiptavinum. Hver tölvusalur er einangraður frá öðrum hlutum byggingarinnar.

Auk þeirra fjögurra gagnaversbygginga, sem ætlað er að koma á laggirnar, mun aðstaða Verne einnig hafa innan sinna vébanda byggingar undir tengivirki, varaaflgjafa og byggingu til að hýsa almenna umsýslu.

- Í tengivirkinu eru hýstir spennubreytar og þar verða tengisvæðin þar sem Landsnet afhendir raforku til gagnaversins. Á fyrstu stigum starfseminnar mun tengivirki Verne

fá rafmagn á 33 kílóvolta (kV) spennu, sem spennt verður niður í 11 kílóvolt áður en rafmagninu er dreift til aðstöðunnar. Þegar orkuþörf Verne vex umfram 40 MW verður nauðsynlegt að auka getu tengivirkjanna, til að geta tengst veitukerfi á 132 kV eða jafnvel 220 kV spennu. Á þeim tíma mun Verne tengjast flutningskerfinu sem nú er áformað að notað verði til annarra iðnaðarverkefna á Reykjanesi.

- Vararafstöðvarbyggingarnar hýsa dísilknúna vararafala. Þessir rafalar eru nauðsynlegir til að tryggja að viðskiptavinir gagnaversins hafi ætíð aðgang að þeim upplýsingum sem stöðugt myndast í gagnaverinu. Að jafnaði mun Verne nota orku frá vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum sem mynda endurnýjanlegt orkukerfi Íslands. Rafalarnir, sem staðsettir eru í þar til gerðum byggingunum, verða aðeins ræstir vegna prófana og í þeim tilvikum þegar afhending raforku frá Landsneti rofnar af einhverri ástæðu.
- Í umsýslubyggingunni verður alhliða skrifstofuaðstaða fyrir Verne og viðskiptavini fyrirtækisins.

7. KEF101 - Fyrsta gagnaversbygging Verne



Aðstaða Verne Global KEF101

Helstu hlutar hverrar gagnaversbyggingar eru:

- Tölvusalir viðskiptavina: Þetta er „tæknirými“ þar sem netþjónar viðskiptavina eru varðveittir og starfræktir. Þar koma saman innviðir rafbúnaðar, sem veitir orku; innviðir vélbúnaðar, sem veitir kælingu; og endapunktar fjarskiptakerfanna sem flytja upplýsingar frá netþjónunum til umheimsins.
- Svæði rafbúnaðar: Allur tölvubúnaður í gagnaveraaðstöðunni þarfnast raforku. Þörf er á margvíslegum búnaði til að spenna niður og veita rafmagninu til búnaðarins á tryggan hátt. Þessir innviðir verða til húsa í röð rafmagnsdreifirýma sem ætlað er að verja og vernda búnaðinn sem veitir orku til netþjónanna.
- Svæði kælibúnaðar: Þeirri orku, sem berst um rafmagnsdreifikerfið, er að lokum breytt í upplýsingar í netþjónabúnaðinum og við það breytist raforkan í hita í tölvusölum. Því

er kælibúnaður, sem leiðir hitann úr tölvurýmunum út í umhverfið, mikilvægur hluti gagnaversins. Meðal búnaðar í vélasölunum eru varmaskiptar, rakakerfi og stýribúnaður.
- Afmörkunarsalir: Til að nýta þær upplýsingar, sem verða til í netþjónum, verður að tengja fjarskiptakerfi frá umheiminum við tölvusalina og hvern netþjón fyrir sig. Afmörkunarsalirnir eru þeir staðir þar sem fjarskiptakerfi utan við gagnamiðstöðina tengjast netkerfum innan hennar.
- Uppsetningarsvæði viðskiptavina: Viðskiptavinum fylgir stöðugt streymi búnaðar inn í gagnaverið, til viðbótar þeim kerfum sem þegar eru til staðar og til að endurnýja kerfi sem eru um það bil að úreldast. Til þess að auðvelda verkflæði viðskiptavinanna býður Verne afmörkuð og örugg svæði til uppsetningar þar sem viðskiptavinir geta geymt birgðir varahluta, tekið upp nýjan búnað og prófað hann áður en hann er tekinn í notkun í tölvusal.
- Öryggis- og móttökusvæði: Öryggi hefur forgang í gagnaverum. Öryggisráðstafanir í aðstöðunni sjálfri og við umsýslu hennar tryggja að viðskiptavinir geti uppfyllt skyldur sínar í samræmi við lög og reglugerðir. Á öryggis- og móttökusvæðunum eru ferlar og búnaður til vöktunar og móttöku búnaðar og fólks. Viðskiptavinir og birgjar gefa sig fram í umsýslustöð við öryggisinngang gagnaversins. Tekið er á móti búnaði á öruggu svæði þar sem hann er tekinn inn og metinn áður en hann er fluttur til uppsetningarsvæða og tölvusala viðskiptavina.
- Stoðkerfasvæði: Gagnaverið og viðskiptavinir þess þarfnast starfsfólks til að sjá um hin ýmsu verkefni og verkferla. Innan gagnaversins er að finna skrifstofuaðstöðu, afþreyingarsvæði og almenna tækniþjónustu.

8. Innviðir rafkerfa



Yfirlit yfir rafkerfi Verne Global

Í gagnaveri eru rafkerfainnviðir hannaðir með það að markmiði að tryggja stöðuga og ótruflaða raforku til netþjónanna. Verne gagnaverið býr að tveimur aðskildum og ólíkum uppsprettum raforku. Sú fyrri er fólgin í tengingum, með varaleiðum, við almennt veitukerfi Íslands, á vegum Landsnets. Orka frá Landsneti berst til tengivirkis í eigu Verne þar sem veituspenna er spennt niður í dreifispennu innan gagnaversins með stórum iðnaðardreifispennum. Dreifispennarnir eru a.m.k. einum fleiri en þarf til að sinna eðlilegu álagi í gagnaverinu. Raforkutengivirkið er aðaldreifistaður rafmagns til gagnaversins í heild.

Önnur uppspretta raforku er frá stórum og öflugum dísilknúnum rafölum. Þessir rafalar eru eingöngu ætlaðir til vara ef raforkuafhending frá Landsneti rofnar. Ef orka frá veitukerfinu er ekki aðgengileg verður gagnaverið knúið rafmagni sem framleitt er með dísilvélunum. Dísilknúnu rafalarnir eru tengdir saman með samhliða tengibrautum. Viðlagabúnaður er hannaður með þeim hætti að ef rafstraumur frá almenna veitukerfinu rofnar lengur en stutta stund, er hægt að starfrækja rafalana í ótiltekinn tíma með nægum birgðum af dísilolíu og fyrir atbeina sérþjálfaðs starfsfólks.

Þó að þessar tvær orkuuppsprettur láti saman í té stöðugan rafstraum, þá eru að auki gerðar afar strangar kröfur um gæði raforku til netþjónabúnaðar. Ef rafspennan, sem veitt til búnaðarins, fellur utan viðunandi marka, verður hann óstöðugur og gögn kunna að tapast, eða búnaðurinn kann að verða fyrir skemmdum. Því er ekki nægilegt að tengja netþjónabúnaðinn beint við rafkerfin, þar eð í þeim getur skyndilega orðið spennufall, spennuris eða aðrar truflanir. Til að vernda netþjónana eru notaðir varaaflgjafar (Uninterruptible Power Supply – UPS). Þeir lágmarka áhrif óstöðugrar orkuuppsprettu, jafna spennu og gera mögulegt að skipta til og frá dísilknúnu rafölunum með skipulegum hætti án þess að valda tjóni á búnaði.

Orkuuppsprettur veitukerfisins annars vegar og dísilknúnu rafalanna hins vegar eru sameinaðar í dreifipunktum rofabúnaðar. Með sama hætti eru varaaflgjafaverndaðar uppsprettur sameinaðar í dreifipunktum rofabúnaðar. Frá dreifipunktunum eru lögð kapalkerfi og tengdur búnaður sem dreifir raforku á áreiðanlegan hátt til hvers netþjóns innan tölvusalanna. Með sama hætti fá innviðir vélbúnaðar, svo sem kælikerfa, raforku frá dreifistöðvum rofabúnaðar sem finna má víðs vegar um gagnaverið.

9. Vélrænir innviðir
Ókeypis kæling



Einstök hönnun í tengslum við íslensk gagnaver hefst með kælikerfum. Þar eð árlegur meðalhiti á Reykjanesi er rétt yfir 6°C, og hæsti árshitinn er um eða undir 22°C, hefur Verne gagnaverið marga möguleika varðandi kælilausnir, t.d. svonefnda „ókeypis kælingu“ með því að nota kalt loft utan frá. Vegna hinna fjölmörgu kælimöguleika, sem eru fyrir hendi, fastákveður Verne ekki hönnun kælilausna fyrir fram. Fyrirtækið mun útvega rúmgott svæði við hlið hvers tölvusalar fyrir kælikerfi sem uppfyllir kröfur hvers viðskiptavinar um afköst, viðlagagetu, kostnað og heildarskilvirkni. Hægt verður að velja m.a. um beina kælingu með vatni, óbeina vatnskælingu með loftflæði, óbeina loftkælingu með því að nota loft-loft varmaskipta eða jafnvel beina loftkælingu.

Í fyrsta áfanga gagnavers Verne verður hinn lági útihiti árið um kring nýttur með sextán loft-loft varmaskiptum til notkunar í fyrsta tölvusal. Þessar sextán einingar verða búnar viðeigandi inntaksviftum og útblástursviftum með breytilegum hraða sem valinn er í samræmi við þarfir búnaðar viðskiptavinarins. Loftbúnaðurinn flytur loftið til rýmis undir kerfisgólfinu, sem er um það bil 1 metra hæð fyrir ofan burðarplötuna. Slík opin holrúmshönnun veitir viðskiptavininum mikinn sveigjanleika til að ákveða fyrirkomulag rekka og búnaðar.

Undan gólfinu streymir loftið gegnum loftflæðigólfplötur sem unnt er að stilla til stýringar á þrýstingsfalli og þar með loftflæði gegnum hverja plötu. Gólfplötunum verður komið fyrir þannig að þær veiti stanslaust streymi kalds lofts þangað sem netþjónarnir taka við því. Hringrásarviftur í netþjónunum draga kalda loftið gegnum varmaskipta og þrýsta út lofti sem getur verið allt að 40–45°C í næstu kynslóð tölvubúnaðar. Loftstreymi kemur aftur til varmaskiptanna gegnum lagnakerfi í lofti byggingarinnar, sem er stillanlegt miðað við kröfur viðskiptavina.

Þegar heita loftið kemur inn í varmaskiptaholrýmið flytur útblástursvifta kalt loft utan frá gegnum varmaskiptinn til að fjarlægja varmann sem netþjónabúnaðurinn hefur myndað. Hraði útblástursviftunnar og loftflæðið stillist þannig að tryggt sé að loftið í gagnaverinu, sem berst frá varmaskiptinum, sé innan þolmarka netþjónabúnaðar hvers viðskiptavinar. Sérhverjum viðskiptavini gefst kostur á því að vinna með innviði Verne Global til að fínstilla þau markgildi sem þarf til að ná hámarksskilvirkni eða hámarksáreiðanleika, eftir óskum.

10. Fjarskiptakerfi



Ljósleiðarakerfi Íslands

Þungamiðja gagnaversins er upplýsingar. Leiðin til að deila upplýsingum, sem myndast innan Verne Global gagnaversins, liggur um fjarskiptakerfi sem eru tengd netþjónabúnaðinum og veröldinni handan veggja gagnaversins. Þó að Verne ráði dreifingu kopar- og ljósleiðaralagna innan gagnaversins, verður félagið að hafa náið samstarf við fjarskiptafyrirtæki, svo sem Mílu, Fjarska og Farice, til að fá samband við uppsprettur upplýsinga víða um heim.

Innan gagnavers Verne eru fjarskiptatengsl afar einföld. Tvö algjörlega einangruð svæði, svokölluð afmörkunarrými, hýsa tengipunkta milli viðskiptavina Verne og utanaðkomandi fjarskiptaveita. Viðskiptavinir krefjast fullkomlega afmarkaðra og margfaldra tengibrauta með varaleiðum til að byggja fjarskiptarásir sínar á. Verne tryggir að sérhver viðskiptavinur hafi tvær aðskildar tengileiðir frá tölvusal sínum til afmörkunarrýmanna tveggja. Einnig verða sérhverju fjarskiptafyrirtæki tryggðir sjálfstæðir inntaksstaðir að gagnaverinu þannig að gagnaver Verne verði öruggur hlekkur í stærri fjarskiptakeðju og hringrás.

Utan gagnavers Verne munu viðskiptavinir fyrirtækisins, sem eru staðsettir víðsvegar um heim, líta til sæstrengja til að tengja netþjóna sína við meginland Evrópu, Norður-Ameríku og fjarlægari staði. Aðeins samkeppnishæfar fjarskiptaleiðir yfir hafið gera gagnaversiðnaðinum, og þar með gagnaveri Verne Global, mögulegt að þrífast á eyju í miðju Atlantshafi andspænis alþjóðlegri samkeppni.

11. Umhverfismál

Gagnaver Verne mun teljast eitt visthæfasta gagnaver sem völ er á í heiminum. Með hagkvæmu kælikerfi og vistvænum orkulindum, sem eru grundvöllur hins íslenska orkukerfis, væntir Verne þess að geta boðið viðskiptavinum „alvöru“ grænar gagnaverslausnir.

Til þess að ganga úr skugga um að Verne uppfyllti allar umhverfiskröfur, fór félagið fram á úrskurð Skipulagsstofnunar hvað varðar umhverfisþátt verkefnisins. Í svari hennar, dags. 22. apríl 2009, staðfestir Skipulagsstofnun að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna gagnaversins.

Að þeirri niðurstöðu fenginni var sótt um hefðbundið starfsleyfi, sem var gefið út 8. september 2009 fyrir rekstur á gagnaveri Verne og vararafstöð. Við rekstur gagnaversins mun verða minni háttar losun frá dísilvélum vegna prófunar búnaðar og ef rekstrartruflanir verða á veitukerfi Landsnets.

Til vitnis um umhverfisvæna hönnun og starfsemi gagnaversins mun Verne sækja um LEED-vottun frá bandaríska vistvæna byggingarráðinu (USGBC). Öll hönnun og byggingaráætlunin almennt er í samræmi við það markmið að öðlast LEED-gullvottun. Gagnaverið yrði fyrsta LEED-aðstaða sinnar tegundar samkvæmt LEED-verkefnaskrá USGBC.

Verne fékk byggingarleyfi 28. maí 2009 og rekstrarleyfi fyrir varaaflsstöð 10. september 2009.

12. Starfsmenn

Ein af mikilvægum forsendum fyrir því að hefja og viðhalda rekstri gagnaversins er aðgengi að hæfu starfsfólki. Einkum og sér í lagi er þörf fyrir hæft fastráðið starfsfólk í rekstrarteymi þar sem þörf er á verkfræðingum og tæknimönnum á sviði raforku, vélfræði (m.a. kælingar), fjarskipta og upplýsingatækni.

Meðan á framkvæmdum stendur notar Verne íslenskt vinnuafl, m.a. til að sinna verkefnastjórnun, vettvangsskoðunum, hönnun bygginga, verkfræðihönnun, ráðgjöf varðandi útboð á verkefnum, samvinnu söluaðila, þróun fjarskiptainnviða, samskiptum við yfirvöld, og lögfræðiráðgjöf. Þetta hefur krafist viðbótarþjálfunar fyrir íslenskt vinnuafl sem kemur að þróun gagnaversins, og hefur leitt af sér aukna þekkingu á nýjum iðnaði sem mun koma sér vel hvað varðar önnur tækifæri bæði innanlands sem utan. Fjöldi þeirra sem taka þátt í þróun og uppbyggingu gagnaversins verður breytilegur á mismunandi stigum framkvæmda, en Verne mun að meðaltali hafa um 100 manns í vinnu meðan á byggingarframkvæmdum stendur.

Byggingarferlið gæti tekið allt að sjö ár eða lengur, en það fer m.a. eftir tímaáætlunum viðskiptavina Verne og aðstæðum á fjármálamörkuðum.

Í öllum gagnaverum er þörf fyrir margháttaðan og samfelldan stuðning við reksturinn. Verne mun ráða starfsfólk með beinum hætti til rekstrar, og óbeint með því að nota verktaka innanlands eða samstarfsaðila á tæknisviði. Í hverri starfsstöð mun Verne þurfa að ráða framkvæmdastjórn, fagstjóra til að sjá um rafmagnsinnviði og innviði kælibúnaðar, umsjón með öryggismálum, skipulagsaðstoð fyrir viðskiptavini, rafmagnstæknifræðinga, tæknifræðinga með sérhæfingu í kæli- og stýrikerfum, og starfsfólk við netkerfi. Mikilvægt er að þetta starfsfólk búi nærri gagnaverinu svo að það sé tiltækt allan sólarhringinn alla daga vikunnar til að sinna ýmsum rekstrarþörfum. Auk daglegra verkefna þessara einstaklinga mun fagstjórnin treysta á utanaðkomandi verktaka, bæði fyrir reglubundið viðhald og vegna neyðartilvika í tengslum við mikilvæg rafmagnskerfi, svo sem spennubreyta, dísilknúna vélarafala, örugga varaaflgjafa og vélknúin kælikerfi. Til þess að veita viðskiptavinum örugga og samfellda þjónustu er mikilvægt að viðhaldssamningar séu gerðir við innlenda birgja búnaðarins.

Til viðbótar rekstrarteyminu sem sér um daglegan rekstur og lýtur stjórn Verne, þurfa viðskiptavinir ákveðna tækniþjónustu í tengslum við eigin búnað. Það er ekki ætlun Verne að veita slíka þjónustu með beinum hætti. Hins vegar er gert ráð fyrir því að íslensk fyrirtæki á sviði upplýsingatækni muni útvega tæknifólk til uppsetningar tölvubúnaðar og viðhalds stýrikerfa, kerfisfræðinga sérhæfða í rafrænum gagnavörslukerfum, sérfræðinga í netkerfum og tengiliði við viðskiptavini. Verne hyggst vinna náið með íslenskum upplýsingatæknifyrirtækjum til að tryggja að viðskiptavinir fái þá þjónustu á Íslandi sem þeir vilja kaupa.

Verne gerir ráð fyrir að sá mannafli, sem þörf er á í tengslum við fullbyggt gagnaver, sé í heild um eitt hundrað starfsmenn í fullri vinnu. Þá er talinn bæði sá hópur, sem Verne ræður beint á sínum vegum, og tæknifólk sem ráðið er á vegum einstakra viðskiptavina, beint og óbeint.

13. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Verne hefur tekið fyrstu skrefin í uppbyggingu gagnaversins og hefur til þessa lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu nauðsynlegustu raforkuvirkja. Viðskiptavinir Verne og fjármögnunaraðilar gera kröfu um að fjárfestingarsamningurinn taki gildi áður en þeir takast á hendur fjárhagslegar og samningsbundnar skuldbindingar um að ljúka framkvæmdum og taka gagnaverið í notkun. Án fjárfestingarsamnings mun framkvæmdum Verne seinka eða verða stöðvaðar.

Að því tilskildu að fjárfestingarsamningur, og skuldbinding viðskiptavina og fjárfesta liggi fyrir, hyggst Verne ljúka byggingarframkvæmdum við fyrsta áfanga gagnaversins og taka hann í notkun á árinu 2010.

Að því búnu stefnir Verne að því að byggja upp fjögurra bygginga aðstöðu í samfelldri lotu fram til ársins 2016. Endanleg tímasetning og ferli framkvæmdanna veltur fyrst og fremst á markaðsaðstæðum, langtímasamkeppnishæfni Íslands gagnvart öðrum ríkjum, eftirspurn viðskiptavina, aðgengi að orku og framboði fjármagns. Ferlið gæti því tekið lengri eða styttri tíma. Ef eftirspurn viðskiptavina og fjármögnunaráhugi verður áfram öflug stendur vilji Verne til þess að halda áfram þróun gagnavera á Íslandi til viðbótar við fjögurra bygginga aðstöðuna við Ásbrú. Verne áætlar að byggingarvinna í tengslum við fjögurra bygginga gagnaverið muni í heild nema um 700 ársverkum.

Fylgiskjal II.

Lýsing á meginatriðum í drögum að fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf., Novator and Teha Investments S.a.r.l.

1. Inngangur

Í fjárfestingarsamningi ríkisstjórnar Íslands (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“), Verne Holdings ehf. (hér eftir nefnt „Verne“ eða „félagið“), Verne Real Estate ehf., Novator and Teha Investments S.a.r.l. (hér eftir nefndur „fjárfestingarsamningurinn“ eða „samningurinn“) er kveðið á um grundvöll verkefnisins, undanþágur frá lögum, skatta og gjöld, reikningsskilareglur, leyfi, fyrirheit, upplýsingavernd, fjárfestingarvernd og fleira. Hér eftir fer stutt lýsing á einstökum greinum fjárfestingarsamningsins til útskýringa á efni hans, en lýsingunni er

ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn um efni hans. Rétt er að taka fram að samningurinn í heild sinn hefur verið birtur í B deild stjórnartíðinda.

2. Lýsing á einstökum ákvæðum samningsins

Inngangur

Í inngangi samningsins er fjallað um aðdraganda hans, aðila og undirbúning, uppbyggingu og markmið verkefnisins.

Kemur þar m.a. fram að það ríkisstjórnin hafi einsett sér að hvetja til erlendrar fjárfestingar og framkvæmda á Íslandi, með áherslu á verkefni sem munu hafa jákvæð efnahagsleg áhrif til framtíðar og stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á Íslandi. Í þessu skyni hafi ríkisstjórnin einsett sér að stuðla að stofnun til útflutningsiðnaðar á Íslandi, sem nýtir endurnýjanlegar orkulindir landsins með jákvæðum heildaráhrifum á umhverfið. Í því ljósi hafi ríkisstjórnin átt í viðræðum við félagið og fjárfesta þess, General Catalyst Group V, og tiltekinna einstaklinga, með hugsanlegri þátttöku frekari innlendra og erlendra fjárfesta (sameiginlega nefndir „fjárfestarnir“), um uppsetningu gagnamiðstöðvareksturs á Íslandi, sem talinn er að geti uppfyllt mörg af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar.

Þá segir að fjárfestarnir og félagið hafi unnið að nauðsynlegri undirbúningsvinnu, sem miði að uppsetningu gagnaveramiðstöðvar á Íslandi, er samanstendur af fjórum aðskildum byggingum sem hýsa munu rafmagns- og vélbúnað og upplýsingatæknibúnað, svo og öðrum mannvirkjum sem hýsa munu stjórnstöðvar og rafstýribúnað, en miðstöðin (hér eftir nefnd „gagnaverið“) mun fyrst og fremst þjóna alþjóðlegum viðskiptavinum utan Íslands og nota í starfsemi sinni raforku, sem m.a. verður látin í té af Landsvirkjun á langtímagrunni (hér eftir nefnt „verkefnið“).

Þá segir jafnframt að á fyrstu sjö árum fjárfestingar sinnar áætli félagið og fjárfestarnir að hugsanleg fjárfesting í verkefninu gæti verið umfram 700 milljónir bandaríkjadala og að orkuþörf gagnaversins gæti verið umfram 140 MW.

Þá segir enn fremur að gert sé ráð fyrir að Alþingi muni með heimildarlögum setja tilteknar reglur og veita félaginu og fjárfestum tilteknar undanþágur varðandi skipulag og starfsemi gagnaversins og heimila ríkisstjórninni að gera fjárfestingarsamning þennan, þar sem nánar er kveðið á um frekari skilmála slíkra undanþágna er við eiga um byggingu og rekstur gagnaversins. Hins vegar viðurkenna aðilar að bæði samþykki á efni hverrar greinar fyrir sig í samningi þessum og gildistaka hans eru alfarið háð vilja Alþingis og enn fremur geri aðilar allir aðilar sér ljóst að ekki er unnt að leita eftir neinu slíku samþykki fyrr en eftir tilkynningu og samþykki af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Grein 1.

Í 1. gr. er að finna skýringar á ýmsum hugtökum, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna umfjöllun um hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er að finna ýmsar undanþágur frá lögum. Kemur þar fram að í beinum tengslum við verkefnið skulu fjárfestarnir og félagið undanþegin takmörkunum skv. reglum nr. 1130/2008, um gjaldeyrismál, sem settar voru á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með áorðnum breytingum, svo og hvers kyns sams konar eða efnislega svipaðra hafta sem síðar kunna að vera sett á til viðbótar við slík höft eða í þeirra stað.

Þá kemur fram að félagið skuli undanþegið iðnaðarmálagjaldi skv. lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, markaðsgjaldi skv. lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, gatnagerðargjaldi skv. lögum nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, að því marki sem samið hefur verið um milli félagsins og Reykjanesbæjar. Undanþágurnar taka til hvers kyns núgildandi eða síðari gjalda. Félagið er jafnframt undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1992, um brunatryggingar, og ákvæðum laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með því skilyrði að félagið sjái um að eignirnar séu tryggðar á þann hátt sem teljist venjulegt í gagnaversiðnaðinum vegna gagnavera. Félagið er enn fremur undanþegið skilyrðinu í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1996, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, um að 4/5 hlutar hlutafjár skuli vera eign íslenskra ríkisborgara, að íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum, að stjórnendur skuli allir vera íslenskir ríkisborgarar og síðari ákvæðum að svipuðum toga. Að lokum er félagið undanþegið skilyrðinu í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, um að framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um meginreglur um framkvæmd skattlagningar. Kemur þar fram félagið skuli greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á Íslandi, nema öðru vísi sé um samið í samningnum.

Í greininni kemur einnig fram að dótturfélög félagsins, sem útvega vöru, þjónustu eða fjármagn til félagsins, falli undir 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (meginregluna um armslengdarkjör). Öll viðskipti milli félagsins og dótturfélaga skulu samrýmast 57. gr. laganna og meginreglum OECD um milliverðlagningu og túlkun á slíkum reglum.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um skatta sem ríkið leggur á. Í greininni kemur fram að félagið skuli greiða 15% tekjuskatt af hagnaði af viðskiptum félagsins, sem felst í sölu gagnaversþjónustu í gagnaverinu, samkvæmt sérákvæðum sem talin eru upp í samningnum. Helstu atriði sérákvæðanna eru:

a. Ef hinn almenni tekjuskattur, sem lagður er á hlutafélög, verður hærri en 15% skal hækkunin ekki gilda um félagið fyrstu 5 ár samningsins;
b. Ef hinn almenni tekjuskattur, sem lagður er á hlutafélög er hærra en 15% eftir fyrstu 5 ár af gildistíma samningsins þá skal sú álagning gilda um félagið, en skal þó aldrei vera hærra en 18% á næstu 5 árum samningsins (ár 5 til 10);
c. Ef hinn almenni tekjuskattur, sem lagður er á hlutafélög er hærra en 18% eftir fyrstu 10 ár af gildistíma samningsins þá skal sú álagning gilda um félagið, en skal þó aldrei vera hærra en 25% það sem eftir er af gildistíma samningsins;
d. Ef hinn almenni tekjuskattur, sem lagður er á hlutafélög verður lægra en 15% skal sú lækkun gilda um félagið;
e. Félaginu skal heimilt að færa rekstrartap milli ára til frádráttar frá skattskyldum hagnaði næstu tíu ár á eftir (eða lengur eftir því sem heimilt er skv. íslenskum lögum).

Í greininni kemur einnig fram að félaginu skuli heimilt að fyrna kostnað af búnaði, sem notaður er, eða sem fyrirhugað er að nota, í gagnaverinu („búnaðurinn“) yfir líftíma búnaðarins.

Þá er kveðið á um að félagið skuli ekki greiða eignarskatt eða skatta og gjöld sem ekki eru tekjutengd og kunna að vera innleidd eftir undirritun samningsins og á gildistíma hans, nema

slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. öll önnur gagnaver. Hins vegar skal félagið undanþegið öllum eignarskatti sem kann að vera tekinn upp í fimm ár frá gildistöku samningsins.

Að því gefnu að félagið, og/eða fasteignir þess, uppfylli skilyrði til skráningar sem virðisaukaskattsskyldur aðili, skv. lögum um virðisaukaskatt, skal félaginu ekki gert skylt að leggja fram sérstaka tryggingu vegna skráningarinnar.

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um aðflutningsgjöld. Þar segir að innflutningur eða kaup félagsins á byggingarefnum, vélum og búnaði og öðrum fastafjármunum og varahlutum til byggingar gagnaversins og tilheyrandi mannvirkja og reksturs þeirra sé undanþeginn íslenskum inn- og útflutningsgjöldum skv. tollalögum, nr. 88/2005, og vörugjöldum skv. lögum um vörugjald, nr. 97/1987.

Í greininni kemur einnig fram að félaginu verði veittur frestur til greiðslu á virðisaukaskatti (tollkrít) skv. lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu vegna viðkomandi uppgjörstímabils. Með sama hætti skal veittur frestur á greiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á rafmagni.

Að lokum segir að innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á hráefni eða öðrum aðföngum til framleiðslu, sem nauðsynleg eru til reksturs gagnaversins, skulu ekki bera vörugjöld eða íslensk innflutningsgjöld.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um aðra skatta og gjöld. Í greininni er kveðið á um að stimpilgjöld skv. lögum nr. 36/1978, af öllum stimpilskyldum skjölum, sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu gagnaversins skuli vera 0,15%.

Þá er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 35. gr. skipulagslaga nr. 73/1997 skuli félagið greiða fast skipulagsgjald, sem nemur 100.000 bandaríkjadölum, vegna byggingar gagnaversins. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar gagnaversins og bygginga sem viðskiptavinir nýta.

Einnig er kveðið á um að í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, skuli félagið greiða fasteignaskatt sem nemur 1,65% af áætluðu verðmæti allar bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félagsins eða á leigu hjá því, eða þá annan fasteignaskatt sem Reykjanesbær kann almennt að leggja á byggingar af sama toga ef hann er lægri. Skattstofninn skal nema 1.030.300.000 íslenskum krónum að því er varðar núverandi fasteignir félagsins og breytist skv. byggingarvísitölu allt frá þeim mánuði sem félagið hefur viðskipti við viðskiptavini. Skattstofninn fyrir síðari byggingar félagsins, sem reistar eru á lóð þess á Valhallarbraut, skal vera kostnaðurinn við byggingu útveggja bygginganna eða 85.500 kr. á fermetra, hvort sem lægra er, bundið byggingarvísitölu frá þeim mánuði sem byggingin er tekin í notkun. Kostnaðargrunnur bygginga, sem skráðar eru í Fasteignaskrá Íslands og nýttar eru af viðskiptavinum, skal reiknaður hlutfallslega í samræmi við nýtingarhlutfall.

Jafnframt er kveðið á um að ekki verð lögð nein umhverfisgjöld eða skattar á félagið eða fjárfestana sem tengjast losun lofttegundarinnar CO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarefnum, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. öll önnur gagnaver.

Loks er félagið undanþegið ákvæðum 1., 2., 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a í lögum nr. 69/2003, um póst- og fjarskiptastofnun, enda áskilið að félagið veiti ekki þjónustu sem teljist til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um endurskoðun skattafyrirkomulags. Í greininni er kveðið á um að á samningstímabilinu geti félagið valið að íslensk skattalög skuli gilda um það. Slík beiðni þarf að vera skrifleg og verður að vera komin fram fyrir 1. júní, ári áður en slík breyting skal koma til framkvæmda.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um reikningsskilavenjur. Þar kemur fram að við gerð fjárhagsyfirlita skuli beita reikningsskilareglum sem gefnar eru út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (e. International Accounting Standards Committee), enda séu þær ekki í andstöðu við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur segir að félaginu sé heimilt að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum.

Grein 9.

Í 9. gr. er fjallað um iðnaðar- og verslunarleyfi. Þar kemur fram að ríkisstjórnin muni greiða fyrir útgáfu og veitingu slíkra leyfa, eftir því sem nauðsynleg kann að teljast eða æskilegt til þess að framkvæma verkefnið og starfrækja gagnaverið.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um atvinnuleyfi. Þar kemur fram að ríkisstjórnin skuli gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða félagið eða viðskiptavini þess við að afla þeirra atvinnuleyfa sem nauðsynleg kunna að vera eða æskileg vegna starfsmanna þeirra eða starfsmanna verktaka félagsins eða viðskiptavina þess.

Grein 11.

Í 11. gr. er finna fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar segir að ríkisstjórnin skuli gera allt sem nauðsynlegt er til að tryggja að félagið og fjárfestarnir njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem þeim er veitt samkvæmt samningnum og að ekkert verið gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins.

Þar segir einnig að ríkisstjórnin skuldbindi sig til að ger það sem í hennar valdi stendur til að samhæfa og greiða fyrir verkefninu í heild sinni. Ríkisstjórnin mun eftir þörfum greiða fyrir útgáfu leyfa og veitingu undanþága í samræmi við samninginn.

Jafnframt er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á raforkulögum, nr. 65/2003, þar sem heimilar verður að gjaldskrá fyrir orkufrekan iðnað megi gilda um starfsemi félagsins á fyrstu fimm starfsárum þess, með því að breyta forsendum eða skilgreiningu á orkufrekum iðnaði.

Grein 12.

Í 12. gr. er fjallað um upplýsingavernd. Þar kemur fram að ríkisstjórnin hafi m.a. einsett sér að beita sér fyrir því að ná samningum við erlend stjórnvöld, sem gera kleift að flytja gögn til Íslands í samræmi við viðskiptaþarfir gagnaversins. Þá hafi ríkisstjórnin einsett sér

að uppfylla staðla sem settir hafa verið samkvæmt lögum Evrópusambandsins og teknir hafa verið upp á Evrópska efnahagssvæðinu, að því leyti sem þeir varða gagnavernd, öryggi upplýsinga, trúnað, persónuvernd og málsmeðferð sem því tengist (sameiginlega nefnt „persónuverndarlög“).

Grein 13.

Í 13. gr. er fjallað um fjárfestingarvernd. Þar kemur fram að ef ríkisstjórnin óskar eftir því að gera fjárfestingarsamning um byggingu og starfrækslu gagnavers með hagstæðari skilmálum en fram koma í samningi þessum þá muni ríkisstjórnin, ef félagið óskar þess, eiga fund með félaginu til að ræða mögulegar breytingar á samningnum. Félagið skal eiga rétt á því að fara fram á nákvæmar upplýsingar um meiri háttar frávik frá samningnum í því skyni að tryggja rétt sinn í þessu sambandi, en að fenginni slíkri beiðni skal ríkisstjórnin láta í té sanna og tæmandi lýsingu á slíkum frávikum.

Grein 14.

Í 14. gr. er fjallað um gagnkvæmar skuldbindingar um samstarf. Þar kemur fram að eftir undirritun samningsins munu aðilar halda áfram að vinna saman í góðri trú að öruggum lokum verkefnisins og að allir nauðsynlegri samningar verið undirritaðir eins fljótt og auðið er.

Grein 15.

Í 15. gr. er fjallað um skuldbindingar. Þar kemur fram að fjárfestarnir og félagið gagnist við skuldbindingum félagsins um að beita öllum raunhæfum ráðum til þess að flýta fyrir fullri starfrækslu gagnaversins. Þá skuldbindur félagið sig til að beita öllum raunhæfum ráðum til að nota íslenska verktaka og þjónustuaðila sem staðsettir eru á því landsvæði þar sem gagnaverið er staðsett, með fyrirvara um nauðsyn þess að uppfylla tækni- og gæðastaðla.

Grein 16.

Í 16. gr. er fjallað um framsal réttinda. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Í greininni er og kveðið á um að þrátt fyrir ofangreint skuli félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum án samþykkis ríkisstjórnarinnar til fjármögnunaraðila sem tryggingu vegna fjármögnunar á verkinu. Með fyrirvara um samning milli ríkisstjórnar og viðeigandi fjármögnunaraðila, sé gegnið að tryggingunni, er ríkisstjórninni skylt að samþykkja framsal réttinda félagsins samkvæmt samningi þessum til hvaða aðila sem er.

Grein 17.

Í 17. gr. er fjallað um ráðstöfun eigna. Þar kemur fram að félaginu skuli heimilt að ráðast í viðskipti til þess að selja hvaða eign sem er, leigja hana, framselja eða ráðstafa með öðrum hætti.

Grein 18.

Í 18. gr. er fjallað um lög þau sem gilda um samninginn. Þar segir að um samninginn og túlkun hans skuli fara samkvæmt íslenskum lögum. Sé ekki kveðið á um annað í samningnum skulu íslensk lög og reglugerðir gilda.

Grein 19.

Í 19. gr. er fjallað um lausn deilumála. Þar kemur fram að sérhvern ágreining skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla.

Þrátt fyrir ofangreint getur hvor aðilinn sem er vísað málinu til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna Alþjóðaverslunarráðsins (e. Rules of Arbitration of the International Chamber of Commerce) eins og þær eru í gildi á hverjum tíma.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað með gildum hætti. Aðilarnir eru sammála um að niðurstöður gerðardóms skuli vera endanlegar og bindandi frá þeim degi sem þær eru kveðnar upp.

Grein 20.

Í 20. gr. er fjallað um trúnað. Þar kemur fram að aðilar skuli halda trúnað um allar trúnaðarupplýsingar og upplýsingar sem bundnar eru eignarrétti og viðkomandi aðilar eða aðrir á þeirra vegum fá í hendur í tengslum við samninginn, með ákveðnum undantekningum sem fram koma í greininni. Trúnaðarskyldan skal halda gildi í þrjú ár eftir lok samningsins.

Grein 21.

Í 21. gr. er fjallað um gildistíma samningsins. Þar segir að með fyrirvara um ákvæði 28. gr. skuli samningurinn taka gildi þann dag sem aðilar undirrita hann og skal hann haldast í gildi í tuttugu ár eftir að hann tekur gildi.

Þá segir í greininni að á þeim tuttugu árum sem fara eftir undirritunardag skulu aðilar hafa lokið viðræðum um framlengingu samningsins í tuttugu ára tímabil eftir lokadag hans með skilmálum sem gagnkvæm sátt er um.

Grein 22.

Í 22. gr. er fjallað um viðurkenndan texta samningsins. Þar kemur fram að viðurkennt tungumál hans skulu vera enska og íslenska, en ef ósamræmi eða misræmi reynist á milli skuli enski textinn gilda.

Grein 23.

Í 23. gr. er fjallað um breytingar. Þar kemur fram að samningnum verði aðeins breytt með skriflegum og löglega undirrituðum viðaukasamningi sem aðilar gera með sér.

Grein 24.

Í 24. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins. Í greininni er að finna ákvæði um með hvaða hætti tilkynningar skuli sendar og hvert beri að senda tilkynningar til einstakra aðila samningsins.

Grein 25.

Í 25. gr. er fjallað um undanþágur. Þar kemur fram að engar undanþágur frá ákvæðum samningsins eða samningsbroti teljist gildar nema þær séu veittar skriflega og séu undirritaðar að þeim aðila sem bundinn verður af henni.

Grein 26.

Í 26. gr. er fjallað um gildi einstakra ákvæða. Þar kemur fram að ef eitthvert ákvæði samningsins verða talin ólögleg eða óvirk skulu aðilar gera allar mögulegar ráðstafanir til að endurgera samninginn þannig að hann standist ákvæði laga. Í slíkum tilvikum skulu önnur ákvæði samningsins vera áfram bindandi fyrir aðila.

Grein 27.

Í 27. gr. er fjallað um stöðu samningsins að lögum. Þar er kveðið á um að ríkisstjórnin muni birta samninginn í heild sinni á ensku og íslensku í B-deild stjórnartíðinda. Tekið er fram samningurinn öðlist gildi samkvæmt ákvæðum sínum óháð birtingunni. Fyrrnefnt gildir einnig um síðari breytingar á samningnum.

Þá segir í greininni að samhliða undirritun samningsins geri félagið samning við Landsnet um flutning raforku til gagnaversins. Enn fremur geri félagið og Verne Real Estate ehf. samning við sveitarfélagið um leyfisveitingar og gjöld.

Grein 28.

Í 28. gr. er fjallað um gildistöku og tilkynningar. Þar kemur fram að gildistaka samningsins sé háð samþykki stjórna félagsins og Verne Real Estate, heimildarlögunum, samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá eru aðilar sammála um að ef ekki nást samningar við Landsnet um þjónustu skuli samningurinn endurskoðaður og honum breytt.

Grein 29.

Í 29. gr. er fjallað um fjölda samningseintaka.

Viðaukar.

Samningnum fylgir einn viðauki, þ.e. Viðauki I um meginreglur tengsla aðila og milliverðlagningu.

Fylgiskjal III.

Lýsing á meginatriðum í kaupsamningi um Valhallarbraut 868 í Reykjanesbæ milli ríkissjóðs og Verne Real Estate ehf., dags. 26. febrúar 2008.

1. Inngangur

Einn þeirra samninga sem gerður var í tengslum við verkefnið var kaupsamningur milli ríkissjóðs („ríkissjóður“ eða „seljandi“) og Verne Real Estate ehf. („félagið“ eða“kaupandi“) um fasteignina Valhallarbraut 868, Reykjanesbæ (fastanúmer 230 8902), sem nýta á undir fyrirhugað gagnaver. Samningurinn er 11 greinar og hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn um efni hans.

2. Lýsing á einstökum atriðum samningsins
Grein 1

Í 1. gr. er að finna lýsingu á hinu selda. Um er að ræða eftirfarandi byggingar, sem staðsettar eru innan vallarmarka á Keflavíkurflugvelli, ásamt öllum búnaði og lögnum og viðbótum sem þar er að finna (hér eftir nefnd „fasteignin“):

a. Bygging nr. 868, fastanúmer 230 8902 (03 0101). Skráð stærð eignarinnar er samkvæmt yfirliti Fasteignamats ríkisins 10.064,0 m^2. Rétt er að taka fram að samkvæmt athugasemdum þinglýsingarstjóra við þinglýsingu er lóðin 11.064,0 m^2. Brunabótamat hafði ekki verið skráð við undirritun en fasteignamat var ISK 452.050.000. Byggingarár er 1955.
b. Bygging nr. 869, fastanúmer 230 8902 (04 0101). Skráð stærð eignarinnar er samkvæmt yfirliti Fasteignamats ríkisins 16.606,4 m^2. Brunabótamat hafði ekki verið skráð við undirritun en fasteignamat var ISK 578.550.000. Byggingarár er 1954.
c. Bygging nr. 872, fastanúmer 230 8902 (05 0101). Skráð stærð eignarinnar er samkvæmt yfirliti Fasteignamats ríkisins 1.009,3 m^2. Brunabótamat hafði ekki verið skráð við undirritun en fasteignamat var ISK 52.700.000. Byggingarár er 1954.
d. Bygging nr. 866, fastanúmer 230 8902 (02 0101). Skráð stærð eignarinnar er samkvæmt yfirliti Fasteignamats ríkisins 782,2 m^2. Brunabótamat hjá Fasteignamati ríkisins var ákveðið ISK 59.450.000 og fasteignamat var ISK 23.650.000. Rétt er að taka fram að samkvæmt athugasemd frá þinglýsingarstjóra við þinglýsingu er brunabótamatið ISK 62.900.000. Byggingarár er 1951.
e. Bygging nr. 864, fastanúmer 230 8902 (01 0101). Skráð stærð eignarinnar er samkvæmt yfirliti Fasteignamats ríkisins 1.564,7 m^2. Brunabótamat hafði ekki verið skráð við undirritun en fasteignamat var ISK 252.100.000. Byggingarár er 1955.

Þá er kveðið á um að gerður verði sérstakur lóðarleigusamningur á milli kaupanda og seljanda varðandi eignina til að skilgreina leigu lóðar sem skráð er undir númerinu 214 247 hjá Fasteignamati ríkisins. Stærð hennar er 9,6 hektarar.

Grein 2.

Í 2. gr. samningsins er að finna upplýsingar um kaupverð og fasteignina. Kemur þar fram að kaupverðið skuli vera USD 14.500.000, sem skuli greitt með eftirfarandi hætti:

1. 26. febrúar 2008 („innborgun“)	25.000
2. 26. mars 2008 („lokagreiðsla“)	14.175.000
Samtals	14.500.000

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um áhvílandi veðskuldir og kvaðir. Kemur þar fram að í gildi sé lóðarleigusamningur milli ríkissjóðs og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (KADECO) sem verði sagt upp 26. mars 2008, áður en nýr lóðarleigusamningur samningsaðila verður skráður.

Þá kemur fram að eftirfarandi kvaðir gildi um fasteignina:

1) Að kaupandi geri sér grein fyrir að þegar skipulagningu og svæðaskiptingu lýkur gætu mæri hafa færst aðeins til og lóðarstærðir tekið breytingum í samræmi við það. Einnig gætu vegir og aðrar aðgengisleiðir hafa breyst eða færst til. Þær breytingar gefi kaupanda engan rétt á fjárhagslegum bótum, svo fremi sem þær séu ekki efnislegs eðlis. Hafi hins

vegar lóðarstærð breyst umtalsvert mun lóðarleigusamningur og/eða kaupverð lóðar breytast í samræmi við það miðað við fermetraverð í USD.

2) Kaupandi skal tryggja seljanda leyfi til aðgengis að fasteigninni að aflokinni afhendingu til þess að viðhalda eða gera við skilti, rafmagnsstaura og þjónustulínur og lagnir (síma, hita, vatn, rafmagn o.s.frv.) sem fyrir eru, að því marki sem seljandi fer fram á þannig aðgengi. Ákveðnar forsendur eru þó fyrir slíku aðgengi sem nánar er lýst í samningnum.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um ástand hins selda. Kemur þar fram að fasteignin sé seld í núverandi ástandi í samræmi við lýsingar og ábyrgðir seljanda skv. 5. gr. samningsins, auk ábyrgðarskyldu seljanda eins og hún er nánar skilgreind í grein 4.4.

Þá kemur einnig fram að seljanda beri skylda til að verja kaupanda og félaga hans, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk og umboðsmenn, bæta þeim tjón og tryggja skaðleysi þeirra gagnvart öllum kröfum, dómum, skemmdum, refsingum, kostnaði, sektum, bótum (þar með taldar upphæðir sem greiddar eru til uppgjörs á kröfum) eða annað fjárhagslegt tjón, þar með taldar sanngjarnar þóknanir til lögmanna, ráðgjafa og sérfræðinga, og stöðvun viðskipta eða skyldan kostnað eða útgjöld, bein eða óbein, sem rísa vegna þess að hættuleg efni er að finna hjá, í, á eða undir fasteigninni eða sem berst frá henni, nema hvað varðar það magn sem seljandi getur sýnt fram á að rekja megi til kaupanda, starfsfólks hans, umboðsmanna eða verktaka. Þessi bótaskylda kemur til viðbótar en ekki í stað annarra réttinda eða úrbóta sem kaupandi hefur aðgang að.

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um afhendingu fasteignarinnar, umboð og ábyrgðir. Þar kemur fram að seljandi skuli afhenda kaupanda fasteignina þann 26. mars 2008.

Þá kemur einnig fram að seljandi skuli án tafar tilkynna kaupanda ef afhending fasteignarinnar dregst fram yfir samþykkt dagsetningu og láta kaupanda vita um öll atriði sem varða þróun eða breytingar sem máli kunna að skipta varðandi svæðaskiptingu, skipulag eða annað sem snerti fasteignina. Enn fremur gerir kaupandi sér grein fyrir að bygging nr. 864 sé búin dísilrafölum og gegnir nú hlutverki vararafstöðvar í rafveitukerfi svæðisins. Kaupandi og seljandi eru sammála um að viðhalda stöðinni sem vararafstöð fyrir svæðið á meðan verið er að endurbyggja dreifikerfið á næstu þremur árum.

Að lokum kemur fram að seljanda sé óheimilt að leigja fasteignina þriðja aðila eða heimila þriðja aðila afnot fasteignarinnar eftir undirritun samningsins.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um afhendingarkostnað fasteignarinnar. Þar samþykkir kaupandi að bera kostnað af stimplun og þinglýsingu skjala hjá fasteignaskrá sýslumannsins í Keflavík og þýðingu samningsins fyrir skráningu.

Grein 7.

Í 7. gr. koma fram skilmálar við afhendingu. Kemur þar fram að seljandi og kaupandi þurfi að uppfylla eftirfarandi skilmála svo kaupanda sé skylt að afhenda lokagreiðslu og samþykkja yfirtöku fasteignarinnar:

1) Seljandi, kaupandi og Reykjanesbær skulu gera þríhliða samkomulag varðandi samstarf um skipulag, svæðaskiptingu og leyfi vegna hinna seldu fasteigna. Forsenda samkomulags

samningsaðila ætti að vera uppkast að svæðisskipulagi sem kaupandi leggur fram.
2) Seljandi skal við afhendingu löggilda og afhenda lóðarleigusamning sem var hjálagður sem fylgigagn B.
3) Seljandi skal við afhendingu löggilda og afhenda önnur skjöl, eftir því sem þörf krefur eða viðeigandi er, til að ljúka viðskiptum sem samningurinn nær til.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um vanrækslu seljanda. Kemur þar fram að standi seljandi ekki við einhverjar skuldbindingar sínar eða þennan samning eða ef einhver framsetning eða ábyrgð seljanda í samningnum er röng eða villandi á einhvern efnislegan hátt, hefur kaupandi heimild til þess að slíta samningnum, fá skaðabætur og/eða leita úrbóta á hvern þann hátt er lög heimila.

Grein 9.

Í 9. gr. er fjallað um breytingar og viðbætur við samninginn. Kemur þar fram að hvorki megi bæta við hann, breyta eða þrengja á neinn hátt nema það sé gert skriflega og undirritað af báðum aðilum.

Þar segir jafnframt að fylgiskjöl með samningnum og hluti hans séu:

A. Löggild lýsing á hinni seldu fasteign.
B. Lóðarleigusamningur (óundirritaður).
C. „Leyfi fyrir 1. áfanga“.
D. Umhverfisskýrsla, dagsett 29. nóvember 2007.

Að lokum kemur fram að kaupandi megi framselja samninginn öllum dótturfyrirtækjum eða tengdum lögaðila sem kaupandi eða stjórnendur ráða yfir.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um varnarþing og lögsögu. Kemur þar fram að samninginn skuli túlka í samræmi við íslensk lög og heyra undir þau. Enn fremur að Héraðsdómur Reykjaness skuli taka til umfjöllunar öll þau mál sem kunna að rísa af samningnum.

Grein 11.

Í 11. gr. er fjallað um tungumál hans. Kemur þar fram að samningsaðilar geri samninginn á ensku með það fyrir augum að ensk tunga ráði túlkun hans þrátt fyrir að hann sé þýddur á íslenska tungu.

Fylgiskjal IV.

Lýsing á meginatriðum í lóðarleigusamningi milli ríkissjóðs Íslands og Verne Real Estate ehf., dags. 9. maí 2008.

1. Inngangur

Annar samningur sem gerður var í tengslum við verkefnið var lóðarleigusamningur milli ríkissjóðs Íslands („ríkissjóður“ eða „leigusali“) og Verne Real Estate („félagið“ eða „leigutaki“) um fasteign með fastanúmerið 230 8902 hjá Fasteignamati ríkisins, sem staðsett er innan marka herstöðvarinnar í Keflavík að Valhallarbraut 868 í Reykjanesbæ á 9,6 hektörum,

ásamt öllum búnaði og lögnum og viðbótum sem þar er að finna (hér eftir nefnd „eignin“). Samningurinn er 12 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins.

2. Lýsing á einstökum atriðum lóðarleigusamningsins
Grein 1.

Í 1. gr. er fjallað um leigusamninginn og framsal eignarinnar. Kemur þar fram að leigusali tryggi leigutaka rétt til að leita allra leyfa um skipulag, svæðaskiptingu og önnur leyfi og samþykktir fyrir og til að reisa aðstöðu eins og lýst er í „Aðalskipulagi B“ sem fylgir með samningnum sem fylgigagn B og allar þær breytingar sem leigutaki óskar eftir („nauðsynleg leyfi“). Leigutaki skal afla sér allra nauðsynlegra leyfa fyrir hverjum þeim aðgerðum sem nefndar eru í greininni og ber leigusala að starfa með leigutaka í því skyni að afla slíkra leyfa.

Þá kemur fram að leigutaki megi gera brunna til að sækja jarðvatn til notkunar og/eða ívarpsbrunna (e. injection wells) á eigninni.

Þar segir jafnframt að leigusali skuli ekki gera neina sölu- eða leigusamninga eða sambærilega samninga við neina starfrækjendur fjölnota tölvumiðstöðva á samkeppnismarkaði næstu þrjú ár eftir undirritun samningsins (9. maí 2008) án ótvíræðs skriflegs samþykkis leigutaka, og getur leigutaki neitað að láta það af hendi a eigin vild og geðþótta. Við þetta 36 mánaða einkaréttartímabil verður staðið að því gefnu að kaupandi hafi fjárfest fyrir að lágmarki USD 30.000.000 á 24 mánaða tímabili eftir 9. maí 2008.

Að lokum segir að leigjanda beri skylda til að verja kaupanda og félaga hans, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk og umboðsmenn, bæta þeim tjón og tryggja skaðleysi þeirra gagnvart öllum kröfum, dómum, skemmdum, refsingum, kostnaði, sektum, bótum (þar með taldar upphæðir sem greiddar eru til uppgjörs á kröfum) eða annað fjárhagslegt tjón, þar með taldar sanngjarnar þóknanir til lögmanna, ráðgjafa og sérfræðinga, og stöðvun viðskipta eða skyldan kostnað eða útgjöld, bein eða óbein, sem rísa vegna þess að hættuleg efni er að finna hjá, í, á eða undir eigninni eða sem berst frá henni, nema hvað varðar það magn sem leigusali getur sýnt fram á að rekja megi til kaupanda, starfsfólks hans, umboðsmanna eða verktaka. Þessar tjónabætur skulu ganga til og vera aðfararhæfar af leigutaka og (i) öllum leigutökum til framtíðar litið samkvæmt samningnum, (ii) öllum núverandi og framtíðareigendum allra úrbóta sem staðsettar eru a fasteigninni, og (iii) öllum lánveitendum sem útvega fjármagn til hverra þeirra aðila vegna fasteignarinnar eða viðkomandi úrbóta. Ákvæði greinarinnar skulu gilda þrátt fyrir að samningurinn gangi úr gildi eða verði sagt upp fyrir tímann. Þessi bótaskylda kemur til viðbótar en ekki í stað annarra réttinda eða úrbóta sem kaupandi hefur aðgang að.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um leiguskilmála. Kemur þar fram að skilmálar samningsins taki gildi frá og með degi sem eignin er afhent („gildistökudegi“) og gilda áfram um 99 ára tímabil. Skilmálar samningsins ganga úr gildi á síðasta degi leigutímabilsins án tilkynningar þar að lútandi („grunnleigutíma“). Leigan verður endurnýjuð sjálfkrafa í lok grunnleigutíma samningsins um fimm ára tímabil og að því búnu í lok hvers fimm ára tímabils, nema honum sé sagt upp með yfirlýsingu af öðrum hvorum samningsaðilanum. Slík yfirlýsing skal vera skrifleg og berast hinum samningsaðilanum að minnsta kosti ári fyrir lok grunnleigutíma eða fyrir lok hvers fimm ára viðbótartímabils.

Þar kemur jafnframt fram að hvorugur aðili geti sagt upp samningnum einhliða á samningstímabilinu, nema hinn samningsaðilinn hafi brotið alvarlega gegn honum og að ekki hafi verið bætt úr því innan þrjátíu daga eftir að hinum brotlega var tilkynnt skriflega um brotið. Undanteknir eru þó frá þessu sem nánar er lýst í samningnum.

Að lokum kemur fram að þrátt fyrir uppsögn á samningnum skuli leigutaki halda áfram eignarhaldi á þeim úrbótum sem staðsettar eru á eigninni og á en er ekki skyldugur til að fjarlægja allar eða hluta þessara úrbóta eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningurinn féll úr gildi.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um notkun fasteignarinnar. Þar kemur fram að leigutaka séu heimil óskorðuð afnot af eigninni. Skal leigusali ekki heimila einum öðrum en leigutaka nein afnot af eigninni nema leigutaki hafi samþykkt þau skriflega.

Grein 4.

Í 4. gr. er að finna yfirlýsingar, ábyrgðir, takmarkanir og viðbætur. Þar kemur fram að aðalmarkmið og helsta hlutverk leigusala sé að standa fyrir þróun og umbreytingu fyrrverandi bandarísku herstöðvarinnar í Keflavík á Íslandi til borgaralegrar nýtingar. Eignin er á meðal þeirra fasteigna sem leigusali hyggst breyta í fasteignir til borgaralegrar notkunar. Eftirfarandi kvaðir gilda um fasteignirnar:

1) Leigutaki gerir sér grein fyrir að þegar skipulagningu og svæðaskiptingu lýkur gætu mæri hafa færst aðeins til og lóðarstærðir tekið breytingum í samræmi við það. Einnig gætu vegir og aðrar aðgengisleiðir hafa breyst eða færst til. Þær breytingar gefa kaupanda engan rétt á fjárhagslegum bótum, svo fremi sem þær séu ekki efnislegs eðlis. Hafi hins vegar lóðarstærð breyst umtalsvert mun lóðarleigusamningur og/eða kaupverð lóðar breytast í samræmi við það miðað við fermetraverð í USD.
2) Leigutaki skal tryggja seljanda leyfi til aðgengis að fasteigninni að aflokinni afhendingu til þess að viðhalda eða gera við skilti, rafmagnsstaura og þjónustulínur og lagnir (síma, hita, vatn, rafmagn o.s.frv.) sem fyrir eru, að því marki sem seljandi fer fram á þannig aðgengi. Ákveðnar forsendur eru þó fyrir slíku aðgengi sem nánar er lýst í samningnum.

Að lokum kemur fram að eftirfarandi viðaukar og hjálögð gögn séu hluti af samningnum:

A. Löggild lýsing á leigðri fasteign.
B. „Aðalskipulag“.

Grein 5.

Í 5.gr. er fjallað um leigu. Þar kemur fram að heildarleiga fyrir eignina sé USD 0,80 (áttatíu bandarísk sent) á hvern m^2 eignarinnar.

Þá segir að leigutaki skuli greiða árlega leigu fyrir fram þann 5. janúar hvers árs eða fyrr fyrir viðkomandi almanaksár. Greiðsla leigu fyrir fyrsta árið skal greidd þann dag sem samningurinn er undirritaður. Hafi leigan ekki borist þrjátíu dögum eftir gjalddaga skulu hæstu leyfilegu dráttarvextir reiknast á greiðsluna eins og þeir eru skilgreindir af Seðlabanka Íslands.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um skatta og hlutfallsleg gjöld. Þar segir að leigutaka beri að greiða alla lögbundna skatta, hlutfallsleg gjöld og aðrar álögur sem lagðar verða á fasteignina á hvaða

tíma sem er eða á einhver þau réttindi og/eða hagsmuni sem leigutaki kann að hafa samkvæmt samningnum.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um tryggingar. Þar kemur fram að leigutaki ábyrgist að greiða öll tryggingaiðgjöld sem lögbundið er að greiða af eigninni.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um framsal, veðrétt og skráningu eignar. Þar kemur fram að leigutaka skuli vera heimilt að framselja eða úthluta samningnum eða hvaða fasteign sem er á eigninni, framleigja eignina eða hvaða hluta hennar sem er, heimila hvað hagsmuni, forréttindi eða leyfi sem vera kann í tengslum við samninginn, allt án samþykkis leigusala.

Þar segir jafnframt að leigutaki geti á samningstímanum veðsett hagsmuni sína í eigninni.

Leigusali skal hvorki yfirfæra eða úthluta öðrum þessum samningi (nema til aðila sér tengdum) eða veita öðrum neina hagsmuni, forréttindi eða leyfi af neinu tagi í tengslum við samninginn nema fyrir liggi ótvírætt skriflegt leyfi leigutaka.

Grein 9.

Í 9. gr. er fjallað um hagsmunagæslu lánveitenda. Þar koma fram úrræði leigusala vegna vanrækslu leigutaka og tilkynningar til mögulegra lánveitenda á slíkri vanrækslu.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um staðfestingarvottorð (Estoppel certificate). Kemur þar fram að leigusali og leigutaki skulu semja og afhenda hvor öðrum innan tíu daga eftir að beiðni þar að lútandi berst, vottorð sem eru nánar tilgreind í samningnum.

Grein 11.

Í 11. gr. er fjallað um varnarþing og lögsögu. Kemur þar fram að samninginn skuli túlka í samræmi við íslensk lög og heyra undir þau. Enn fremur að Héraðsdómur Reykjaness skuli taka til umfjöllunar öll þau mál sem kunna að rísa af samningnum.

Grein 12.

Í 12. gr. er fjallað um tungumál hans. Kemur þar fram að samningsaðilar geri samninginn á ensku með það fyrir augum að ensk tunga ráði túlkun hans þrátt fyrir að hann sé þýddur á íslenska tungu.

Þá segir að ef Reykjanesbær gerir samning um gagnaver geti félögin óskað eftir því að ákvæði slíks samnings, sem eru hagstæðari fyrir gagnaver á Íslandi en ákvæði þessa samnings, skuli einnig gilda fyrir félögin. Í slíkum tilvikum ber Reykjanesbæ, að beiðni félaganna, gera viðauka við samning þennan til að innleiða slík ákvæði. Félögin skulu hafa rétt til þess að óska eftir ítarlegum upplýsingum um slíka samninga, til að tryggja rétt sinn samkvæmt þessari grein. Skal Reykjanesbær láta í té afrit af slíkum upplýsingum eins fljótt og mögulegt er.

Fylgiskjal V.

Lýsing á meginatriðum í samningi um leyfisveitingar og gjöld milli Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf., Verne Global Inc. og Reykjanesbæjar, dags. maí 2009.

1. Inngangur

Í tengslum við verkefnið var einnig gerður samningur um greiðslu opinberra gjalda og leyfisveitingar. Samningurinn er milli Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf., Verne Global Inc. (hér eftir nefnd félögin“) og Reykjanesbæjar. Samningurinn er 12 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn um efni samningsins.

2. Lýsing á einstökum atriðum samningsins

Inngangur.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda samningsins og vísað til kaupsamnings um fasteignina Valhallarbraut í Reykjanesbæ, dags. 26. febrúar 2008 og lóðarleigusamnings um sömu eign, dags. 9. maí 2008. Báðum þessum samningum er lýst í fylgiskjölum III og IV.

Grein 1.

Í 1. gr. er fjallað um gatnagerðargjöld. Kemur þar fram að félögin skuli ekki greiða nein gatnagerðargjöld skv. lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjöld vegna núverandi fasteigna á Valhallarbraut í Reykjanesbæ.

Þá segir að vegna nýrra fasteigna á svæðinu munu félögin greiða gatnagerðargjöld skv. lögum nr. 153/2006, allt að 25% af viðeigandi gjöldum, að því gefnu að í framtíðinni muni félagið, á eigin kostnað, sjá um gatnagerðarframkvæmdir við Valhallarbraut 868 og að slík vinna sé í samræmi við þá vinnu sem almennt er innt af hendi af bæjarfélögum gegn greiðslu gatnagerðargjalda.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um fasteignagjöld. Þar kemur fram að félögin skuli greiða fasteignaskatt sem nemur 1,65% af áætluðu verðmæti allra bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félagsins eða á leigu hjá því, eða þá annan fasteignaskatt sem Reykjanesbær kann almennt að leggja á byggingar af sama toga ef hann er lægri.

Þá segir að skattstofninn nemi ISK 1.030.600.000 bundið byggingarvísitölu þess mánaðar þegar félögin hefja þjónustu til viðskiptavina. Verðmætið undanskilur verðmat á byggingum 864, 866 og 872, sem fyrirhugað er að rífa.

Skattstofninn fyrir síðari byggingar félagsins, sem reistar eru á lóð þess á Valhallarbraut, skal vera kostnaðurinn við byggingu útveggja bygginganna eða 85.500 kr. á hvern fermetra, hvort sem lægra er, bundið byggingarvísitölu frá þeim mánuði þegar fasteignin er tekin í notkun.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um vatns- og holræsagjöld. Kemur þar fram að slík gjöld samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og sambærileg gjöld skuli ekki lögð á félögin

umfram kostnað Reykjanesbæjar við veitingu holræsaþjónustu til félaganna. Heitt og kalt vatn er útvegað af HS-veitum.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um skipulags- og byggingarleyfi. Kemur þar fram að Reykjanesbær muni gefa út byggingarleyfi vegna byggingar á gagnaverinu og viðeigandi aðstöðu í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Þá segir að félögin muni ekki greiða nein byggingargjöld til Reykjanesbæjar vegna núverandi bygginga við Valhallarbraut. Vegna nýrra bygginga muni félögin hins vegar greiða byggingargjöld einu sinni í samræmi við stærð byggingarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

0–500 m^2	= 101.750 ISK
501–1000 m^2	= 184.140 ISK
1001–2000 m^2	= 272.910 ISK
2001–5000 m^2	= 409.310 ISK
5000 m^2 og stærri	= 545.710 ISK

Þá segir jafnframt að félögin muni borga skipulagsgjald vegna nýrra bygginga í samræmi við fjárfestingarsamning félaganna við ríkisstjórn Íslands (sjá fskj. II) („fjárfestingarsamningurinn“).

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um samningstímabil. Kemur þar fram að samningurinn skuli taka gildi frá og með sama degi og gilda í sama tíma og fjárfestingarsamningurinn („samningstíminn“).

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um varnarþing og lögsögu. Þar segir að með samninginn skuli farið að íslenskum lögum, nema kveðið sé á um annað í samningnum og að sérhvern ágreining skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla.

Þrátt fyrir ofangreint getur hvor aðilinn sem er vísað málinu til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi (e. Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce) eins og þær eru þegar samningurinn er undirritaður.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað með gildum hætti. Aðilarnir eru sammála um að niðurstöður gerðardóms skuli vera endanlegar og bindandi frá þeim degi sem þær eru kveðnar upp. Aðilar samningsins skulu halda áfram að sinna skyldum sínum samkvæmt samningnum þrátt fyrir útistandandi ágreining þeirra á milli.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um tungumál. Kemur þar fram að hið opinbera tungumál samningsins skuli vera enska.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um viðbætur við hann. Þar kemur fram að samningnum verði aðeins breytt með skriflegum og löglega undirrituðum samningi sem aðilar gera með sér.

Grein 9.

Í 9. gr. er fjallað um framsal. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Þá segir að þrátt fyrir framangreint skuli félögunum heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningum til aðila innan OECD ríkis, án samþykkis Reykjanesbæjar, að nánari skilyrðum uppfylltum sem fram koma í samningnum.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins. Í greininni er að finna ákvæði um með hvaða hætti tilkynningar skuli sendar og hvert beri að senda tilkynningar til einstakra aðila samningsins.

Grein 11.

Í 11. gr. er fjallað um skilyrði og fjárfestingarvernd. Kemur þar fram að gildistaka samningsins sé háð því skilyrði að gengið verði frá fjárfestingarsamningnum.

Þá segir að ef Reykjanesbær gerir samning um gagnaver þá geti félögin óskað eftir því að ákvæði slíks samnings, sem eru hagstæðari fyrir gagnaver á Íslandi en ákvæði samnings þessa, skuli gilda fyrir félögin. Í slíkum tilvikum ber Reykjanesbæ, að beiðni félaganna, gera viðauka við samning þennan til að innleiða slík ákvæði. Félögin skulu hafa rétt til þess að óska eftir ítarlegum upplýsingum um slíka samninga, til að tryggja rétt sinn samkvæmt þessari grein. Skal Reykjanesbær láta í té afrit af slíkum upplýsingum eins fljótt og mögulegt er.

Grein 12.

Í 12. gr. fjallað um fjölda samningseintaka.

Fylgiskjal VI.

Lýsing á meginatriðum í orkusamningi milli Landsvirkjunar og Verne Holdings ehf., dags. 22. október 2009.

1. Inngangur.

Gerður hefur verið raforkusamningur fyrir fyrirhugað gagnaver í Reykjanesbæ milli Landsvirkjunar og Verne Holdings ehf. („félagið“) (hér eftir nefndur „orkusamningurinn“ eða „samningurinn“). Hér á eftir fer stutt lýsing á samningnum til útskýringa á efni hans. Lýsingunni er hins vegar ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn um efni samningsins.

2. Lýsing á efni samningsins

Formáli og inngangur.

Í formála og inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins. Þá er fjallað um ástæður hans, viðauka og gildistöku. Enn fremur er ýmis hugtök skýrð, með tilliti til hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum.

Þar kemur fram að ástæður samningsins séu að setja niður skilmála og skilyrði fyrir sölu á raforku til starfsemi gagnavers og réttindi og skyldur aðila í því sambandi. Þá segir að

samningurinn skuli ekki taka gildi nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum sem fram koma í samningnum.

Afhending raforku.

Samningurinn kveður á um það magn raforku sem Landsvirkjun ber að hafa tiltækt fyrir félagið. Samkvæmt samningnum skal Landsnet hafa til afhendingar til félagsins raforku í eftirfarandi magni („frátekin raforka“) frá og með þeim degi þegar félagið hefur reglulega starfsemi sína („upphafsdagur“):

Geta: (á klst.)	25,0 MW
Orka á ári:	210,0 GWh

Frá og með upphafsdegi getur félagið nýtt framangreinda orku eftir þörfum félagsins í samræmi við nánari ákvæði í samningnum og viðeigandi ákvæði í lögum og reglugerðum („samningsbundin raforka“).

Flutningur á raforku frá Landsneti til gagnaversins mun vera samkvæmt flutningssamningi félagsins við Landsnet hf.

Komi til þess að félagið hafi þörf fyrir meiri raforku en sem nemur frátekinni raforku getur félagið óskað eftir slíkri auka orku. Skal Landsnet leggja sig fram við veita slíka auka orku allt að 50 MW.

Hvað varðar tryggð lágmarkskaup félagsins, þá skuldbindur það sig frá upphafsdegi til samningsloka að greiða fyrir 90% af samningsbundinni raforku á sérhverju 12 mánaða tímabili, óháð nýtingu.

Pöntun á raforku

Um pöntun á raforku fer samkvæmt reglum og skilyrðum settum af Landsneti hf. eða Landsvirkjun, sem eiga við um viðskiptavini í orkufrekum iðnaði, eins og þær eru á hverjum tíma.

Raforkuverð

Samkvæmt ákvæði samningsins um trúnað er ekki unnt að greina frá ákvæðum samningsins um raforkuverð.

Félaginu er heimilt að skila raforku í samræmi við nánari ákvæði í samningunum.

Almenn ákvæði

Almenn ákvæði samningsins eru sambærileg því sem tíðkast hefur í samningum um orkusölu til álversins á Grundartanga og álversins í Helguvík.

Samkvæmt samningnum er gildistími hans 20 ár frá upphafsdegi. Áður en framangreindum samningstíma er lokið skulu aðilar setjast niður og semja um framlengingu samningsins um 10 ár til viðbótar, nema félagið ákveði að hætta starfsemi.

Samningnum verður ekki rift nema af ástæðum sem tilgreindar eru í samningnum og miðast almennt við stórfelldan efndabrest.

Um efni samningsins gilda íslensk lög og sérhvern ágreining skal bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa máli til gerðardómsmeðferðar.

Efni samningsins er háð ströngum reglum um trúnað og er óheimilt að upplýsa um efni hans nema í samræmi við trúnaðarákvæði samningsins.

Breytingar á samningnum verða aðeins gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum samningi sem aðilar gera með sér.

Framsal réttinda og skyldna aðila samkvæmt samningnum er háð samþykki gagnaðila.

Önnur ákvæði

Landsvirkjun skal bundin af samningnum þrátt fyrir að gerðar verði breytingar á eignarhaldi fyrirtækisins á grundvelli breytinga á þeim lögum sem gilda um Landsvirkjun.

Ef samningsbundin raforka fer yfir 25 MW skulu aðilar hefja viðræður um útgáfu mögulegrar ábyrgðar eða annarra trygginga.

Í samningnum eru sett ákveðin skilyrði fyrir gildistöku hans. Öll skilyrðin lúta að félaginu og varða samninga þess við þriðju aðila, leyfi og fjármögnun.

Samningurinn kemur í stað fyrri samnings aðila frá 28. janúar 2008 og fellur sá samningur úr gildi við undirritun samnings þessa.

Fylgiskjal VII.

Lýsing á meginatriðum í drögum að tengi- og flutningssamningi milli Landsnets hf. of Verne Holdings ehf.

1. Inngangur

Einn af þeim samningum sem gerður verður vegna verkefnisins er samningum um flutning raforku fyrir rekstur gagnaversins milli Landsnets hf. (hér eftir nefnt „Landsnet“) og Verne Holdings ehf. (hér eftir nefnt „félagið“). Um er að ræða hefðbundinn samning við stórnotanda sem tengist flutningskerfi Landsnets. Hér fer á eftir stutt lýsing til útskýringa á efni samningsins. Lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni hans.

2. Lýsing á efni samningsins

Formáli

Í formála er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins. Samningurinn lýtur að flutningi á raforku til gagnavers í Reykjanesbæ. Verkefnið mun þarfnast um 20MW (á klst.) og allt að 185 GWh á ári. Spennan á orkuflutningnum mun verða 33 kV í samræmi við skilmála Landsnets um orkuflutning undir 132kV.

Umfang samningsins

Með samningnum skuldbindur Landsnet sig til að tryggja flutning á umsaminni raforku til gagnaversins og sjá um tengingu gagnaversins og orkuframleiðanda við flutningskerfið. Félagið skuldbindur sig til þess að móttaka umsamda raforku og að Landsneti verið greitt fyrri flutning þeirrar raforku. Samningurinn varðar því flutning umsaminnar orku frá afhendingarstað innmötunar og afhendingarstað úttektar.

Uppfylli félagið ekki lágmarksskilyrði fyrir stórnotendur skv. 1. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, innan þriggja ára frá því að flutningur hefst, fellur samningurinn niður og félagið verður viðskiptavinur viðkomandi dreifingaraðila.

Framkvæmdir við flutningskerfið

Í samningnum er mælt fyrir um að Landsnet muni hanna og byggja flutningsvirki sem tilbúin verða fyrir áætlaða afhendingardaga.

Tenging við flutningskerfi

Í samningnum segir að sú raforka sem Landsvirkjun hefur samið við félagið um verði afhent félaginu á núverandi virkjunum Landsvirkjunar og að Landsnet afhendi raforkuna við spennistöð.

Umsamin raforka

Með samningnum skuldbindur Landsnet sig til að flytja umsamda raforku til gagnaversins miðað við áformað afl og orkumagn.

Gæði umsaminnar raforku

Í samningnum eru þá ákvæði um straum og rafspennu. Landsnet mun ávallt hafa tiltækt reiðuafl vegna truflana á stærstu framleiðslueiningu flutningskerfisins. Skilgreining reiðuafls er að finna í skilmálum Landsnets.

Gjöld og skilmálar greiðslu

Félagið mun sjá til þess að Landsneti verði greidd flutningsgjöld umsaminnar raforku samkvæmt gjaldskrá og skilmálum Landsnets fyrir flutning raforku til stórnotenda.

Mælingar

Umsamin raforka sem afhent er gagnaverinu skal mæld á útgangandi rofa reit í spennustöðinni Ásbrú. Aflestur á mælum skal inntur af hendi af Landsneti, en mælt magn á meginraforkumælum skal notað til gjaldtöku.

Almenn ákvæði

Almenn ákvæði samningsins eru að mestu sambærileg því sem tíðkast hefur í tengi- og flutningssamningum til stóriðjufyrirtækja, td. samningum vegna álveranna á Grundartanga og í Helguvík.

Gildistími samningsins er frá undirritun og í 20 ár frá fyrsta afhendingardegi, nema honum hafi verið rift/slitið á samningstímanum í samræmi við ákvæði samningsins. Þá er mælt fyrir um að félagið geti framlengt samningnum um 5 ár með skriflegri tilkynningu þar að lútandi. Aðilar geta hvenær sem er innan 25 ára frá fyrsta afhendingardegi ákveðið að framlengja samningnum í ekki minna en 5 á frá lokadegi hans.

Samningnum verður ekki rift nema af ástæðum sem tilgreindar eru í samningnum og miðast almennt við stórfelldan efndabrest.

Í samningnum eru sett ákveðin skilyrði fyrir gildistöku hans, þ.á m. um samþykki stjórnar Landsnets og stjórnar félagsins.

Fylgiskjal VIII.

Umhverfisstofnun:

Starfsleyfi fyrir varaaflstöð Verne Holdings ehf. á Vallarheiði í Reykjanesbæ, kt. 620607-0120.

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Verne Holdings ehf., kt. 620607-0120, til reksturs varaaflstöðvar með tilheyrandi búnaði á Valhallarbraut 868, Vallarheiði í Reykjanesbæ. Verne Holdings er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstaraðila er heimilt að reka dísilrafstöðvar sem sjá gagnaveri hans fyrir allt að 55 MW varaafli þar sem raforka er framleidd með fjórgengisvélum. Gagnaverið er sérstaklega byggt utan um tölvubúnað og tilheyrandi raf- og kælibúnað. Varaaflstöðinni er ætlað að vera tiltæk ef rafmagn frá rafmagnsdreifikerfi bregst.

Rekstraraðila er heimilt að prófa varaaflstöðina til þess að ganga úr skugga um virkni hennar og reka hana tímabundið til eigin nota ef rafmagn fer af rafmagnsdreifikerfi.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques for Large Combustion Plants, July 2006“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri varaaflstöðvarinnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með

minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Ef varaaflstöðin er tekin í notkun eða prófuð eftir meira en hálfs árs hlé skal það tilkynnt til eftirlitsaðila.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

1.8 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

1.10 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

1.11 Aðgengi starfsleyfis

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af uppsetningu geyma, spenna, lagna og lekavarna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

2.VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

ELDSNEYTI

2.1 Gæði eldsneytis

Nota skal brennisteinssnauða dísilolíu sem eldsneyti, sambærilega við eldsneyti á íslenskum markaði á hverjum tíma og sem uppfyllir kröfur reglugerðar nr. 560/2007, um fljótandi eldsneyti.

2.2 Geymsla eldsneytis

Fljótandi eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Áfyllingarplan skal vera steinsteypt og niðurföll af því skulu tengjast olíuskilju.

LOFT

2.3 Útblástur

Skorsteinn skal vera a.m.k. 15 metra hár og útblásturshraði a.m.k. 15 m/sek.
Gera skal ráð fyrir að setja megi upp búnað til að hreinsa NO_x.

Rekstraraðili skal ná eftirfarandi markmiðum í útblæstri varaaflstöðvarinnar:

- Enginn sýnilegur reykur skal sjást eftir ræsingu véla.
- Útblástur CO, SO_2 og NO_x skal takmarkaður með almennum aðgerðum, svo sem brennisteinssnauðri dísilolíu, góðu viðhaldi og stillingu véla.

2.4 Framkvæmd á prófunum

Gæta skal þess að prófanir á varaaflstöðinni séu framkvæmdar þegar vindur er í átt frá næstu íbúðabyggð. Prófanir skulu fara fram á virkum degi eftir kl. 07:00 og skal lokið fyrir kl. 19:00.

VATN

2.5 Frárennsli

Frárennsli og yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni, svo sem olía eða önnur olíukennd efni, geti borist í vatnið, skal leitt í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskilju. Olíuskiljur skal hreinsa regulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

ÚRGANGUR

2.6 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs.

2.7 Úrgangsolía og annar úrgangur

Úrgangsolíu, annan úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Spilliefnum skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

2.8 Hreinsun á leka

Búnaður og efni, t.d. ídræg efni (uppþurrkunarefni) til hreinsunar á olíu sem kann að leka út eða misfarast, skal vera aðgengilegur.

2.9 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá varaaflstöðinni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)L_{Aeq} á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)L_{Aeq} í íbúðabyggð.

2.10 Skráning efna, leyfisveitingar og mat

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur. Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru eða framleidd séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH"), sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Mat á sótmengun skal fara fram við hverja uppkeyrslu. Gera skal úttekt á hávaða frá stöðinni a.m.k. á 5 ára fresti, í fyrsta skipti innan 12 mánaða frá upphafi starfseminnar. Eftirlitsaðili getur farið fram á mælingar á olíuleifum í fráveituvatni.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar í rekstrarhandbók um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarna- og vöktunarbúnaði.
- Tímasetningu og veðuraðstæður við prófanir á stöðinni, sbr. gr. 1.2 og 2.4.
- Niðurstöður mats á sótmengun sbr. gr. 3.1.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Tæmingu olíuskilja ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim.
- Efnainnihald eldsneytis.
- Magn og tegund úrgangs, spilliefna og úrgangsolíu sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar.
- Niðurstöður hávaðamælinga.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi varaaflstöðvarinnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og orku og því að losun mengunarefna frá varaaflstöðinni verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum varaaflstöðvarinnar og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstaraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.6 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999.

Þrátt fyrir flokkun starfseminnar skv. 5. kafla skal eftirlitsferðum fækkað í eina á ári að loknum tveggja ára starfstíma.

4.7 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða meiri tíðni hávaðamælinga en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk sbr. tl. 1.1 í I. viðauka í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2021.

Reykjavík 8. september 2009.
Umhverfisstofnun

Fylgiskjal IX.

Fyrirtækjasvið KPMG:

Verne Holdings ehf. Samfélags- og hagfræðileg áhrif gagnavers á Ásbrú.
(Nóvember 2009.)

Fyrirvari

- Fyrirtækjasviði KPMG (KPMG) var falið af fjármálastjóra Verne Holdings ehf. (Verne eða félagið) fyrir hönd eigenda félagsins að framkvæma úttekt á samfélags- og hagfræðilegum áhrifum gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Skýrsla um úttektina mun verða lögð fram sem stuðningsskjal við frumvarp til laga um fjárfestingarsamning á milli Verne og ríkisstjórnar Íslands. Útdráttur úr skýrslunni verður einnig sendur til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna tilkynningar um ívilnandi ákvæði fjárfestingasamningsins til handa félaginu.
- Vinnan er unnin í samræmi við ráðningarbréf dagsett 1. nóvember 2009 og fór fram á tímabilinu 3. til 20. nóvember 2009.
- Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum KPMG um þau samfélags- og hagfræðilegu áhrif sem svæðið í nágrenni við væntanleg gagnver getur orðið fyrir (Suðurnes). Áhrifin eru bæði sett fram í tölulega mælanlegum stærðum, m.v. gefnar forsendur, en einnig umfjöllun um annan mögulegan ávinning bæði í formi afleidds hagfræðilegs ávinnings og samfélagslegra áhrifa.
- Vinnan er byggð á upplýsingum frá ýmsum ytri aðilum, s.s. Hagstofu Íslands, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar (KADECO) og fleirum. Einnig er vitnað í og höfð til hliðsjónar sú vinna sem unnin var í tengslum við áhrif álvers í Helguvík. Upplýsingar um félagið, uppbyggingu gagnaversins, áætlanir um fjölda ársverka við uppbyggingu og rekstur gagnaversins auk áætlana um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga, koma frá fjármálastjóra félagsins.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem stuðst er við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. Athygli lesenda er vakin á að slík könnun eða villa í heimildum gætti leitt til annarrar niðurstöðu samfélags- og hagfræðilegra áhrifa. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert mat fór fram á undirliggjandi áætlunum stjórnenda af hálfu KPMG og hefur KPMG treyst á stjórnendur félagsins til að leggja fram gögn sem eru efnislega nákvæm, fullunnin og sett fram á sanngjarnan máta og mynda þar af leiðandi áreiðanlega undirstöðu fyrir greinagerð þessari. Eðli áætlunargerðar sem þessarar er háð óvissu og er lesandi hvattur til að mynda sér sjálfstæða skoðun á þeim.
- Skýrsla KPMG er einungis ætluð til notkunar samkvæmt því sem kveðið er á um í fyrrgreindu ráðningarbréfi. KPMG ber ekki ábyrgð á dreifingu skýrslunnar og því ekki á dreifingu þeirra trúnaðarupplýsinga sem í henni kunna að vera.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu úttektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá Verne Holdings ehf. og viðsemjendum þeirra eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

- KPMG fær greitt fyrir úttektina í samræmi við unna tíma og er því ekki háð árangurstengdri þóknun við vinnslu þess. Starfsmenn KPMG sem að verkefninu koma eiga engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í Verne Holdings ehf. né njóta beins fjárhagslegs ávinnings af því að af uppbyggingu gagnaversins verði.

Benedikt K. Magnússon
Partner

Samantekt

Fyrirhugað er að byggja gagnaver á Ásbrúarsvæðinu við Reykjanesbæ á vegum Verne Holdings ehf. („Verne“ eða „Fyrirtækið“). Alls er reiknað með að stærð tölvusala gagnaversins verði um 20.000 m² og að orkuþörf þess verði 80–140 MW þegar gagnaverið er fullnýtt. Reykjanesbær og nærliggjandi sveitarfélög er svæði sem átt hefur undir högg að sækja varðandi hagvöxt á undanförnum árum og hefur verið skilgreint af eftirlitsstofnun EFTA sem svæði sem fullnægi skilyrðum fyrir mögulegum ríkisstyrk.

Gert er ráð fyrir að Verne muni skila Reykjanesbæ og Íslandi bæði áþreifanlegum og óáþreifanlegum ávinningi ef af verkefninu verður.

Atvinnusköpun

Uppbygging og rekstur gagnaversins mun hafa mikilvæga atvinnusköpun í för með sér. Reiknað er með að tæplega 100 stöðugildi skapist að verkefninu loknu aðallega fyrir háskólamenntað og sérfræðimenntað á sviði rafmagns-, vélaverkfræði og upplýsingatækni.

Á sjö ára uppbyggingartímabili verkefnisins er gert ráð fyrir að um 100 störf skapist að meðaltali í byggingariðnaði.

Margföldunaráhrif á ársverk gætu verið á bilinu 2,2–3,0 störf tengd rekstri gagnaversins og um 2,7 störf í byggingariðnaði á uppbyggingartímanum sé byggt á gögnum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Byggt á meðalgildum má því búast við að um 158 störf skapist til viðbótar við þau 100 sem munu verða í gagnaverinu sjálfu, og um 171 störf til viðbótar við þau 100 sem munu verða við uppbyggingu þess. Sköpuð störf geta verið m.a. ýmis þjónustustörf, vörustjórnun og gagnavinnsla. Heildar óbein atvinnusköpun gæti þannig numið allt að 330 stöðugildum.

Byggt á ofangreindu gæti verkefni Verne lækkað núverandi atvinnuleysi allt að 35% sé gengið út frá þeirri forsendu að allt starfsfólk muni koma frá Suðurnesjum. Margföldunaráhrif ársverka tengd rekstri og uppbyggingu gagnaversins er erfitt að meta nákvæmlega.

Skatttekjur

Verne gerir ráð fyrir að skila töluverðum skatttekjum til ríkisins og sveitarfélaga á svæðinu eða samtals um 14 ma ISK (108 m USD) á tímabilinu 2010–2019 í formi tekjuskatts frá félaginu, tekjuskatts starfsfólks, fasteignagjalda og annarra gjalda.

Önnur gjöld og neysla

Áætlanir Verne gera ráð fyrir að kaupa umtalsvert magn af raforku til að knýja gagnaverið og kæla netþjóna sem hýstir eru í gagnaverinu. Á tímabilinu 2010–2019 gerir fyrirtækið ráð fyrir að kaupa raforku fyrir um 30-36 ma ISK (240 m USD–290 USD) auk þess sem tekjur innlendra fyrirtækja í viðskiptum við Verne með vörur og þjónustu munu aukast. Viðskipta-

vinir Verne mun auk þess verða stórnotandi að fjarskiptaþjónustu til og frá landinu sem mun fyrst og fremst byggja á tengingum um sæstreng.

Bein erlend fjárfesting

Verkefnið er fjármagnað erlendis frá og felur því í sér beina erlenda fjárfestingu. Einnig ber að nefna að tekjur fyrirtækisins verða mestmegnis vegna útflutnings á þjónustu til erlendra fyrirtækja sem mun skapa útflutningstekjur. Til að stuðla að efnahagslegum bata á Íslandi er mikilvægt að auka fjárfestingu erlendra aðila hérlendis sem og útflutningstekjur. Slíkt hefur auknar atvinnutekjur í för með sér ásamt því að auka traust, skapar jákvæðara viðhorf gagnvart frekari fjárfestingu í landinu og eykur trú erlendra banka og fjárfesta á landinu.

Athygli stórra alþjóðlegra fyrirtækja

Ákvörðun Verne að fjárfesta hérlendis mun væntanlega vekja áhuga og traust alþjóðlegra fyrirtækja sem hefðu ekki annars litið til Íslands með fjárfestingar í huga. Markaður fyrir gagnaver er ört vaxandi og þjónusta þeirra höfðar til stórra fyrirtækja (Forbes Global 2000 fyrirtækja).[1] Áhugi slíkra fyrirtækja er til þess fallið að opna augu fjárfesta fyrir Íslandi sem fjárfestingarkosti og ákjósanlegu rekstrarumhverfi.

Í takt við fjárfestingarstefnu landsins

Núverandi fjárfestingarstefna Iðnaðarráðuneytis og Fjárfestingastofu[2] er að laða að eftirsóknarverðar nýfjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, hátækniiðnaði, nýsköpun og öðrum skapandi greinum.[3] Starfsemi Verne er því vel í takt við þessa stefnu þar sem gagnaverið er umhverfisvænt, orkufrekt- og mun nýta sér fjarskiptatækni í miklum mæli. Með þessari starfsemi mun fjölbreytni í atvinnulífi aukast á Íslandi.

1 Inngangur

1.1 Lýsing á verkefninu

Til umfjöllunar í þessari skýrslu er mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum af fyrirhugaðri byggingu gagnavers á fyrrverandi athafnarsvæðis Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, nú nefnt Ásbrú, í Reykjanesbæ. Er með þeirri framkvæmd verið að sækja inn á ört vaxandi markað gagnahýsingar sem veltir milljörðum USD á ári. Framkvæmdaraðili er Verne Holdings ehf. og dótturfyrirtæki þess (Verne, fyrirtækið). Í dag eru engin sambærileg gagnaver á Íslandi sem geta laðað að og þjónað þörfum alþjóðlegra viðskiptavina sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Ísland er ákjósanleg staðsetning fyrir gagnaver þar sem mikið er af endurnýjanlegum orkugjöfum á samkeppnishæfu verði. Svalt loftslag býður upp á hagkvæma kælingu tölvubúnaðar, menntunarstig á Íslandi er hátt og gott aðgengi er að hæfu starfsfólki. Orku- og fjarskiptafyrirtæki á Íslandi eru tiltölulega þróuð og í boði eru góðar tengingar með mikilli bandvídd til Evrópu og Bandaríkjanna um sæstrengi.

Verne ætlar að vera leiðandi á íslenska gagnaversmarkaðinum. Með því býðst Íslendingum þátttaka í ört vaxandi atvinnugrein. Gagnaverið mun skapa störf í tæknigeiranum og í

---

[1] Forbes Global 2000 er árleg flokkun Forbes á 2000 stærstu skráðum fyrirtækjum í heiminum byggt á tekjum, hagnaði, eignum og markaðsvirði.

[2] Invest in Iceland Agency

[3] www.idnadarraduneyti.is/radherra/raedur-greina-KJ/nr/2787

byggingariðnaði auk þess að skapa auknar skatttekjur, erlenda fjárfestingu, umhverfislega ábyrga notkun á íslenskri orku og kaup á gagnaflutningaþjónustu.

Verne hyggst byggja gagnaverið á Ásbrú í Reykjanesbæ sem er á svæðinu þar sem bandaríski herinn hafði áður aðstöðu. Verne hefur keypt tvær stórar vörugeymslur af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, eða KADECO, og vinnur að því að setja þar upp gagnaver. Þegar starfsemin er komin á fullan skrið munu fjórar aðalbyggingar, alls um 20.000 m², hýsa gagnaverin sjálf auk minni bygginga sem tengjast starfseminni. Byggingarnar munu hýsa sérhæfðan tölvubúnað sem keyrir allan sólarhringinn og er gríðarlega orkufrekur og kallar á umtalsverð kaup fyrirtækisins á raforku. Gagnaver Verne eru hönnuð til að veita örugga og stöðuga tengingu á milli allra tækja og netþjóna innan gagnaversins.

Viðskiptahugmynd Verne er heildsala á gagnaversþjónustu. Fyrirtækið býður alþjóðlegum stórnotendum gagnavera aðgang að gagnahýsingarþjónustu sem innifelur tölvuinnviði svo sem orku, kælingu, rými fyrir tölvubúnað, öryggi og innbyggða tengingu til að starfrækja netþjóna. Þessi þjónusta er venjulega seld í formi 5–10 ára þjónustusamninga eða rekstrarleigu og er því stöðugleiki umhverfisins lykilforsenda fyrir væntanlega viðskiptavini. Viðskiptavinir Verne eru meðal annarra fjármálastofnanir, internet/fjölmiðlafyrirtæki, fyrirtæki á sviði lífvísinda, olíufyrirtæki og rannsóknarfyrirtæki. Auk þess höfðar Verne til upplýsingatæknifyrirtækja. Verne býður ekki upp á upplýsingatæknistjórnun eins og netþjónaviðhald og eftirlit en mun í stað þess nýta íslensk upplýsingatæknifyrirtæki til að veita þessa þjónustu. Starfsemi Verne mun ekki vera í samkeppni við íslenska aðila sem bjóða gagnaversþjónustu þar sem viðskiptavinir Verne eru stórir erlendir aðilar sem íslensk félög hafa ekki burði til að þjóna. Þar af leiðandi eru íslensk fyrirtæki ekki í markhópi Verne.

1.2 Matssvæði

Gagnaverið mun vera staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ. Mynd 1.1 sýnir loftmynd af svæðinu á Ásbrú þar sem gagnaverið mun starfa. Tilkoma gagnavers Verne mun hafa mest áhrif á sveitarfélögin á Suðurnesjum. Þau eru Reykjanesbær, Grindarvíkurbær, Sandgerði, Garður og Vogar.

Mynd 1.1 - Gagnaver Verne Holding á Ásbrú
Heimild: Verne Holdings ehf.

Eins og fram kemur á mynd 1.2, Reykjanesbær og nærliggjandi sveitarfélög falla innan þess svæðis sem skilgreint hefur verið af eftirlitsstofnun EFTA sem svæði sem fullnægi skilyrðum fyrir mögulegum ríkisstyrk. Þetta er svæði sem átt hefur undir högg að sækja varðandi hagvöxt á síðustu árum.

Mynd 1.2 - Svæði sem hafa rétt á styrk
Heimild: www.eftasurv.int

1.3 Markaður fyrir gagnaver

Á Íslandi eru Skýrr, Teris, TM Software og Þekking meðal helstu aðila á gagnahýsingarmarkaði. Starfsemi þessara aðila er af annarri stærðargráðu heldur en starfsemi fyrirtækja sem keppa á alþjóðlegum markaði eins og Verne. íslensku fyrirtækin hafa ekki getu til að þjónusta fyrirtækin sem Verne sækist eftir. Að sama skapi eru íslensk fyrirtæki of lítil til að Verne sækist eftir viðskiptum þeirra, samkvæmt stjórnendum Verne.

Til að svara aukinni eftirspurn hefur framboð gagnahýsingar verið aukið mikið á síðustu árum. Fjármagn sem bundið er í markaðnum hefur margfaldast með þessari þróun. Aukið umfang og þar af leiðandi aukin raforkunotkun hefur leitt til þess að raforkuframleiðslan losar nú meira magn gróðurhúsalofttegunda en áður. Í því sambandi er rétt að nefna að flest gagnaver nota raforku sem ekki telst endurnýjanleg eða græn.

Áður snerist gagnahýsing einungis um að viðhalda stöðugleika í rekstri gagnavera og svara aukinni eftirspurn. Framboð hefur aukist síðustu misseri svo samkeppni á markaði í dag snýst nú frekar um skilvirkni og lækkun kostnaðar.

Þrátt fyrir að mikið fjármagn sé bundið í gagnaverum fylgir þeim enn mikil óskilvirkni. Netþjónanýting er sjaldan betri en 6% og plássnýting[4] getur verið alveg niður í 50%.[5] Fjórum atriðum er helst um að kenna, óhagkvæm nýting á plássi, uppsetningu á tækjabúnaði er ábótavant, léleg nýting náttúrulegrar kælingar og skortur á skilvirkri stjórnun á upplýsingatæknikerfum. Auk þess hefur kostnaður raforku, tækjabúnaðar og fasteigna farið hækkandi samhliða fyrrnefndri vannýtingu. Orkunotkun gagnavera var t.d. um 0,5% af allri orkuframleiðslu í heiminum árið 2007 og áætlað er að þetta hlutfall fari hækkandi á komandi árum.

Á sama tíma og þörfin fyrir gagnaver hefur aukist hefur kostnaður fyrirtækja af hýsingu tölvubúnaðar hækkað svo mikið að hann er farinn að hamla fjárfestingu í nýrri tækni og því leita stjórnendur nýrra lausna.

Gagnaver eru orkufrek og árið 2008 losaði orkuframleiðsla í tengslum við starfsemi gagnavera heimsins frá sér jafnmikið af koltvísýringi og Argentína. Þetta jafngilti því að orkunotkun meðal gagnavers var álíka og hjá 25.000 heimilum. Ef vöxtur markaðarins heldur áfram á sömu braut munu koltvísýringslosunin fjórfaldast árið 2020 og gefa frá sér meiri koltvísýring heldur en flugsamgöngur. Endurnýjanlegir orkugjafar eru því mikilvægur þáttur í að leysa þetta vandamál sem steðjar að aðilum markaðarins.

Áætlað er að eftirspurn eftir gagnaverum muni vaxa um 10% árlega næsta áratuginn þar sem fyrirtæki gera fleiri ferli sjálfvirk, framkvæma flóknari greiningar, geyma meira af upplýsingum um viðskiptavini og nýta sér í meira mæli margmiðlunartækni.[6]

1.4 Gögn og nálgun

Þessi skýrsla gerir grein fyrir samfélagslegum og hagfræðilegum áhrifum af uppbyggingu og rekstri gagnavers Verne Holdings ehf.

Byggt er á gögnum og áætlunum Verne um væntanlega fjárfestingu og rekstur gagnaversins, þeirra starfa sem mun skapast auk skatttekna sem ríki og sveitarfélög munu hafa af verkefninu beint og óbeint.

Yfirlit er yfir þróun atvinnumála á svæðinu byggt á upplýsingum frá Byggðastofnun og Hagstofu Íslands. Samvinna var höfð við KADECO og Reykjanesbæ við öflun gagna og úr-

---

[4] e. facility utilization

[5] Mckinsey & Company, „Revolutionizing Data Center Energy Efficiency“ (2008).

[6] Environmental Protection Agency, Report to Congress (2007)

vinnslu. Leitað var álits Jóns Steinssonar aðstoðarprófessors við Columbia Háskóla í Bandaríkjunum varðandi mat á margföldunaráhrifum starfa sem gagnaverið skapar auk þess sem byggt var á úrvinnslu KPMG hér heima.

2 Einkenni samfélagsins

2.1 Efnahagslíf

Efnahagslíf Íslands hefur einkennst af miklum vexti síðustu ár, aðallega í tengslum við fjármála-, fasteigna- og aðra tengda þjónustu eins og má sjá á mynd 2.1. Á sama tíma hafa áhrif sjávarútvegs á heildarlandsframleiðslu landsins farið minnkandi.



Mynd 2.1 - Hagkerfi Íslands: Helstu atvinnugreinar

Heimild: Hagstofa Íslands

Samhliða þessari þróun var bein erlend fjárfesting[7] á Íslandi einnig umfangsmikil í tengslum við fjármálastarfsemi eins og kemur fram á Mynd 2.2. Bein erlend fjárfesting var neikvæð árin 2007 og 2008 en ástæður fyrir því geta t.d. verið arðgreiðslur, taprekstur eða sala rekstrareininga. Almennt má sjá talsverða lækkun fjárfestinga á árinu 2008 í aðdraganda bankahrunsins í október 2008 auk þess sem krónan veikist mikið á þessum tíma. Tölur fyrir 2009 frá Hagstofu Íslands liggja ekki fyrir, en allt bendir til þess að fjárfesting erlendra aðila hafi dregist saman.

[7] e. Foreign Direct Investment



Mynd 2.2 - Bein erlend fjárfesting á móti gengisþróun
Heimild: Seðlabanki Íslands

Á sama tíma og erlendar fjárfestingar drógust saman, hækkaði meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart Evru úr u.þ.b. 88 kr. árið 2007 í u.þ.b. 127 kr. árið 2008, eða um 45%. Íslenska krónan hefur haldið áfram að veikjast í kjölfar bankahrunsins og Seðlabanki Íslands áætlar að gengið muni haldast í kringum 170 kr. á Evru út spátímabil bankans (út árið 2012).

Með þessari miklu lækkun á beinni erlendri fjárfestingu samhliða veikingu krónunnar, setningu neyðarlaga og hruns íslensku bankanna, má draga þá ályktun að viðhorf erlendra fjárfesta gagnvart Íslandi sem fjárfestingarkosti sé orðið mjög neikvætt.

Þessar aðstæður hafa mjög neikvæð áhrif á hagkerfið til viðbótar við hækkun skulda, lækkun kaupmáttar, aukið atvinnuleysi og skort og hátt verð á lánsfjármagni.

Lánshæfismat íslenska ríkisins hefur lækkað mikið síðan um mitt ár 2008. Ríkið var með hæstu einkunn hjá þremur helstu matsaðilunum (Moody‘s, Fitch og S&P). Í byrjun nóvember 2009 lækkaði Moody‘s lánshæfi ríkissjóðs í Baa3 sem er næsta einkunn fyrir ofan svokölluð áhættubréf (junk bonds). Samkvæmt Moody‘s eru horfur stöðugar. Rökstuðningur Moody‘s fyrir lánshæfismatinu er að ríkissjóður skuldar háar fjárhæðir og mikil áhætta er í tengslum við mögulega málsókn vegna setningar svokallaðra neyðarlaga í september 2008. Neyðarlögin vernduðu eigendur bankainnistæðna á Íslandi með því að gera innistæður að forgangskröfum á kostnað almennra kröfuhafa. Moody‘s telur að efnahagslegur bati sé háður fjárfestingu í útflutningsiðnaði þar sem kaupmáttur innanlands mun líklega minnka næstu árin.

Lánshæfi ríkissjóðs samkvæmt S&P (nóv. 2008) og Fitch (október 2008) er BBB- sem er sambærilegt við mat Moody‘s. Fyrirtækin telja horfur vera neikvæðar en benda skal á að lánshæfismatið var unnið fyrir meira en ári síðan.

Til að stuðla að efnahagslegum bata á Íslandi er mikilvægt að auka fjárfestingu erlendra aðila hérlendis. Slíkt hefur ekki einungis auknar atvinnutekjur í för með sér heldur eykur einnig traust, skapar jákvæðara viðhorf gagnvart frekari fjárfestingu í landinu og eykur trú

erlendra lánastofnana á landinu. Með auknu trausti og jákvæðara viðhorfi aukast líkur á frekari erlendum fjárfestingum sem geta haft styrkjandi áhrif á efnahaglífið á komandi árum.

Hagkerfi Íslands

Hagvöxtur landsins hefur verið um 5,5% að meðaltali frá 2003 til 2008. Á sama tíma var verðbólga um 4,2% og atvinnuleysi um 2,2% að meðaltali. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 breyttist markaðsumhverfið og þar af leiðandi helstu hagstærðir landsins. Hagvöxtur minnkaði og á sama tíma jókst verðbólga verulega. Við þessar aðstæður má búast við auknu atvinnuleysi en aukningin kemur að jafnaði ekki fram um leið og dregur úr hagvexti þar sem það tekur tíma fyrir áhrifin að dreifast út í hagkerfið. Atvinnuleysi hefur þar af leiðandi aukist á árinu 2009. Það má einnig búast við því að atvinnuleysi minnki ekki um leið og hagvöxtur fer að aukast aftur þar sem að fyrirtæki bíða með nýráðningar. Í nýjustu spá Seðlabanka Íslands er efnahagssamdrætti spáð fram til 2011, þegar hagvexti er spáð á ný. Einnig er spáð að atvinnuleysi nái hápunkti í 10% árið 2010 en fari svo lækkandi. Seðlabankinn gerir ráð fyrir að verbólga fari lækkandi með ári hverju og nái verðbólgumarkmiði bankans eða 2,5% við lok spátímabilsins.



Mynd 2.3 - Hagstærðir Íslands
Heimild: Seðlabanki Íslands

Hagkerfi og skipting á Suðurnesjum

Hagvöxtur á Suðurnesjum var nánast enginn árin 2000–2004 á sama tíma og hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu var árlega um 4% að meðaltali.[8] Á árunum 2004 til 2006 var ráðist í stækkun á flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli og sköpuðust mörg þjónustustörf í kringum það á Suðurnesjum. Í Mynd 2.4 sést greinilega hagvaxtaraukning á Suðurnesjum vegna stækkunar flugstöðvarinnar. Árlegur meðaltalshagvöxtur á Suðurnesjum frá 2003 til 2006 var um 11% en 7,5% á höfuðborgarsvæði.

[8] www.byggdastofnun.is



Mynd 2.4 - Þróun efnahagsmála á Suðurnesjum
Heimild: Byggðastofnun

Árið 2006 hvarf Varnarliðið endanlega af landi brott sem hafði umtalsverð áhrif á samfélagið og atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. U.þ.b. 600 Íslendingar störfuðu á vegum Varnarliðsins og þar með fengu allir uppsagnarbréf við brottförin.[9] Þetta sést skýrt í atvinnuleysistölum fyrir svæðið þar sem atvinnuleysi er orðið varanlega hærra en á landinu öllu, frá 2006 (sjá umfjöllun í kafla 2.3).

Tölur fyrir 2007 og 2008 hafa ekki verið kláraðar af Hagstofu Íslands eða Byggðastofnun og því liggja ekki fyrir.

2.2 Íbúaþróun

Á Suðurnesjum eru fimm sveitarfélög. Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerði, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar. Hagstofa Íslands áætlar að þann 1. október 2009 hafi 21.408 manns búið á Suðurnesjum eða um 6,7% landsmanna. Þar af voru 51,8% íbúa karlmenn og 48,2% konur. Tafla 2.1 sýnir skiptingu íbúafjölda milli sveitarfélaganna.

Íbúafjöldi á Suðurnesjum 1. okt 2009			
Sveitarfélag	**Íbúafjöldi**	**Karlar**	**Konur**
Reykjanesbær	14.099	7.250	6.849
Grindavíkurbær	2.858	1.478	1.380
Sandgerði	1.738	915	823
Sveitarfélagið Garður	1.513	804	709
Sveitarfélagið Vogar	1.200	648	552
Samtals Suðurnes	**21.408**	**11.095**	**10.313**

Tafla 2.1 - Íbúafjöldi á Suðurnesjum
Heimild: Hagstofa Íslands

[9] http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1091667

Mikil íbúafjölgun varð á Suðurnesjum bæði á árunum 2005 til 2006 og milli áranna 2007 og 2008. Fyrri fjölgunarhrinuna má tengja miklu framboði á ódýrum lóðum og húsnæði þegar húsnæðisverð óx verulega á höfuðborgarsvæðinu. Seinna tímabilið, sem á sérstaklega við um Reykjanesbæ, má m.a. rekja til tilkomu námsmannaíbúða á Ásbrú í tengslum við stofnun Keilis, sem er háskóli með starfsemi á Ásbrú, auk þess sem íbúum í Njarðvík fjölgaði mikið. Fjölgun íbúa á Suðurnesjum hefur verið yfir landsmeðaltali síðastliðin fjögur ár. Mynd 2.5 sýnir samanburð á fjölgun íbúa á Suðurnesjum og á landinu öllu á tímabilinu 1999–2008. Myndin sýnir að fjölgun íbúa á Suðurnesjum hefur verið töluvert yfir landsmeðaltali frá árinu 2006.



Mynd 2.5 - Samanburður á íbúafjölgun
Heimild: Hagstofa Íslands

Alls hefur íbúum fjölgað úr 17.110 í 21.544 á árunum 2005–2009 eða um tæp 26%. Mynd 2.6 sýnir þróun íbúafjölda á Suðurnesjum eftir sveitarfélögum.



Mynd 2.6 - Íbúaþróun á Suðurnesjum
Heimild: Hagstofa Íslands

Búferlaflutningar

Búferlaflutningar vegna mikils lóðaframboðs og námsmannaíbúða útskýra fyrst og fremst íbúaaukningu á Suðurnesjum á árabilinu 2005–2009 að mestu. Rúmlega 3.600 íbúar fluttust til Suðurnesja umfram brottflutta á tímabilinu 2005–2008 en íbúum hefur fækkað það sem af er árinu 2009. Mynd 2.7 sýnir aðflutta umfram brottflutta á Suðurnesjum á árunum 2000 til 1. september 2009.



Mynd 2.7 - Aðfluttir umfram brottflutta á Suðurnesjum
Heimild: Hagstofa Íslands

Aldursdreifing

Þegar aldursdreifing Íslendinga er skoðuð sést að Íslendingar eru ung þjóð (sjá aldurspíramída á Mynd 2.8). Yfir 40% kvenna eru á barnaeignaraldri (sé miðað við að aldursbilið 15-45 ára sé barneignaraldur) samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Konur lifa lengur en karlar eins og sést á Mynd 2.8 sem sýnir hlutfall aldurshópa eftir kyni í landinu. Þær eru fleiri í aldursflokkunum yfir 65 ára en karlar eru fleiri í yngri aldursflokkunum. Frá árinu 2000 hafa fleiri drengir en stúlkur fæðst ár hvert. Séu gögn frá Hagstofu Íslands skoðuð frá 1958 þá hafa á tímabilinu 1958–2008 aðeins þrjú ár fæðst fleiri stúlkubörn en drengir, árin 1964, 1985 og 1999.

Hlutfall íbúa á aldrinum 0–39 er hærra á Suðurnesjum heldur en að meðaltali yfir landið allt.



Mynd 2.8 - Aldursdreifing á Suðurnesjum og landinu öllu
Heimild: Hagstofa Íslands

Mikil aukning íbúa hefur orðið í aldursflokknum 16–34 ára á árunum 2005–2009. Árið 2005 bjuggu 2.462 íbúar í þessum aldursflokki á Suðurnesjum. Árið 2009 var þessi tala komin í 3.377 íbúa eða um 37% fjölgun. Ástæðuna má að mestu rekja til tilkomu námsmannaíbúða á Ásbrú í tengslum við stofnun Keilis.

2.3 Atvinnumál

Alls voru 182.600 einstaklinga á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi árið 2009. Af þeim voru 171.600 með atvinnu og 11.000 atvinnulausir samkvæmt nýjustu hagtölum Hagstofu Íslands. Þeir sem höfðu atvinnu skiptust þannig milli kynja, 91.200 karlar og 80.400 konur. Fjöldi einstaklinga með atvinnu á 1. ársfjórðungi var 165.500 sem þýðir að þeim sem hafa atvinnu hefur fjölgað um 3,6% sem af er árinu.

Vinnumarkaður á Íslandi			
	Ársfj. 2009	Ársfj. 2009	Ársfj. 2009
Starfandi	165.500	167.500	171.600
- Karlar	86.700	88.600	91.200
- Konur	78.800	78.900	80.400
Atvinnulausir	12.700	16.700	11.000
- Karlar	8.700	10.600	6.400
- Konur	4.000	6.100	4.600
Vinnuafl	178.200	184.200	182.600

Tafla 2.2 - Vinnumarkaður á Íslandi
Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur á síðustu árum almennt fylgt ákveðnu mynstri þar sem það fer lækkandi á sumrin og hækkar aftur á veturna. Að meðaltali hefur atvinnuleysi á öllu landinu verið

um 2,5% miðað við 3,4% á Suðurnesjum frá 1. janúar 2000 til 1. október 2009. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur verið að meðaltali 12,8% á árinu 2009 en 8% á landinu öllu. Alls voru 14.369 atvinnulausir í lok október 2009 þar af voru 1.564 á Suðurnesjum, eða um 11% af heildarfjölda atvinnulausa. Atvinnuleysi mældist mest vorið 2009 en hefur minnkað síðan þrátt fyrir að vera mun meira heldur árin á undan. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur verið meira en meðalatvinnuleysi á landinu frá árinu 2006 eftir brottflutning Bandaríkjahers af svæðinu.



Mynd 2.9 - Atvinnuleysi á Suðurnesjum
Heimild: Vinnumálastofnun

Fjöldi atvinnulausra á landinu öllu í lok október 2009 var mestur meðal fólks innan aldurshóps 20 til 35 ára samkvæmt Vinnumálastofnun. Sama mynstur sést meðal atvinnulausra á Suðurnesjum.



Mynd 2.10 - Fjöldi atvinnulausra í lok október 2009
Heimild: Vinnumálastofnun

Þegar tölurnar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum, þá sést að atvinnuleysi eykst mest í mannvirkjagerð, verslun og viðgerðum auk fasteigna- og leigustarfsemi.[10]



Mynd 2.11 - Atvinnuleysi á Suðurnesjum eftir atvinnugrein
Heimild: Vinnumálastofnun

Mynd 2.11 sýnir skýrt þá þróun sem hefur orðið í byggingariðnaði og tengdum atvinnugreinum. Hér má sjá að atvinnuleysi hefur aukist mest hjá verkafólki og sölu og verslunarfólki.



Mynd 2.12 - Atvinnuleysi á Suðurnesjum eftir starfsstétt
Heimild: Vinnumálastofnun

[10] Umfjöllun og gröf taka til stærstu atvinnugreina en eru ekki tæmandi fyrir atvinnugreinar.

Atvinnuleysi hefur aukist meðal fólks á öllum menntunarstigum. Einnig sést að mesta hækkun er meðal þeirra sem eru með iðnnám og stúdentspróf að baki sem bendir til þess að atvinnuleysi meðal verkafólks og fólks án sérfræðiþekkingar hafi aukist mest. Þó ber að nefna að atvinnuleysi fólks með háskólanám hefur einnig aukist töluvert.



Mynd 2.13 - Atvinnuleysi á Suðurnesjum eftir menntun
Heimild: Vinnumálastofnun

2.4 Húsnæðis og skipulagsmál

Skipulagsmál og þróun byggðar

Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands hafa komið á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Suðurnesja.

Hver sveitarstjórn hefur kosið tvo fulltrúa í nefndina og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands sinn hvorn fulltrúann. Hver aðili að nefndinni fer með tvö atkvæði á fundum. Skipulagsstofnun tilnefnir fulltrúa til að starfa með nefndinni og hefur hann full réttindi nefndarmanns önnur en atkvæðisrétt.

Hlutverk samvinnunefndar er tvíþætt. Annars vegar að vinna nýtt svæðisskipulag fyrir Suðurnesin og hins vegar að fjalla um og afgreiða breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja.[11]

[11] http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d97259c1-f707-44e0-a215-724ef6804d15

Mynd 2.14 - Suðurnes
Heimild Kanon arkitektar ehf.

Húsnæðismál

Fjöldi fasteigna (óbyggðar lóðir innifaldar) á Suðurnesjum var 11.229 í lok árs 2008. Fasteignirnar skiptast í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptingu fasteigna niður á sveitarfélög og samanlagt virði þeirra samkvæmt Fasteignamati ríkisins 31.12.2008.

Fjöldi fasteigna á Suðurnesjum		
Sveitarfélag	**Fjöldi fasteigna**	**Fasteignamat samtals**
Reykjanesbær	7.529	142.330.225
Grindavík	1.344	28.207.187
Sandgerði	899	29.301.921
Garður	816	11.641.985
Vogar	641	11.004.133
Samtals	**11.229**	**222.485.451**

Tafla 2.3 - Fjöldi fasteigna á Suðurnesjum
Heimild: www.fmr.is

Íbúðarhúsnæði

Árið 2009 var kaupverð fasteigna á Suðurnesjum að meðaltali 79% af kaupverði sambærilegra eigna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Þó má greina mun á kaupverði fasteigna innan svæðisins en þannig hefur fasteignaverð verið um 20% hærra í Njarðvík og Grindavík miðað við í Sandgerðisbæ og Vogum.[12]

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Reykjanesbæ. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar er áætlun um að byggja 4.800 íbúðir á næstu árum, þó er rúm fyrir fleiri ef að eftirspurn skapast. Á næsta leyti er verið að úthluta 970 íbúðum í Dalshverfi ásamt 130 lóðum í Ásahverfi. Þessi hverfi eru hluti af þeirri framtíðaruppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu ásamt fleiri íbúðarsvæðum.[13]

Samkvæmt deiliskipulagi í Sandgerði er áætlað að byggja um 270 íbúðir á næstunni.[14] Einnig má búast við mikilli aukningu í Garðinum og Vogum þar sem fyrirhugað er að úthluta 300 lóðum.[15]

Á Suðurnesjum hefur orðið rúmlega 20% aukning á mannfjölda síðustu fimm ár. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hefur því aukist til muna. Aukninguna má rekja til ýmissa þátta, meðal annars til lægra íbúðarverðs en á höfuðborgarsvæðinu og einnig til mikillar fólksfjölgunar á Ásbrúarsvæðinu vegna Keilis sem að telur nú 1.800 íbúa.[16]

Varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli

Þegar bandarískt herinn yfirgaf varnarsvæði sitt eftir 60 ára veru var sérstakt félag, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., eða KADECO, stofnað til að vinna að þróun varnarsvæðisins. KADECO er í eigu ríkisins.[17] Ásbrú er nýtt nafn á þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað á varnarsvæðinu. Meginmarkmið og tilgangur Ásbrúar er að leiða þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til borgaralegra nota. Eftir ítarlega stefnumótunarvinnu var ákveðið að beita kröftum félagsins í að byggja upp og laða að fyrirtæki, félög og einstaklinga á þremur meginsviðum: sjálfbærri orkunýtingu, heilsu og samgöngum og flutningum. Félagið vinnur nú, ásamt samstarfsaðilum, að uppbyggingu og nýsköpun á þessum sviðum auk áherslu á menntatengda þætti í gegnum Keili. Áhersla Keilis er á frumkvöðlanám, tónlist, heilsutengt nám, flugtengt starf og nám, orkutækni og kerfisfræði. Orku- og tækniskóli Keilis býður upp á þverfaglegt nám í orkutæknifræði og mekatróník tæknifræði (e. mechatronics) í samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur skólans verði eftirsóttir starfskraftar fyrir bæði íslenskan sem og erlendan orku- og tækniiðnað.

Ásbrú hefur m.a. farið í framkvæmdir á skrifstofuhúsnæði til að koma af stað samstarfsverkefni um hugmyndahús. Hugmyndahúsið er samstarfsverkefni Ásbrúar, sveitarfélaganna á Suðurnesjum, Vinnumálastofnunar og verkalýðsfélaga ásamt fyrirtækjum og menntastofnunum á svæðinu. Önnur verkefni hafa aðallega verið endurbætur og niðurrif á byggingum á svæðinu.

---

[12] www.fmr.is
[13] http://reykjanesbaer.is/
[14] http://www.sandgerdi.is/
[15] http://www.sv-gardur.is/ og http://www.vogar.is/
[16] www.hagstofan.is
[17] www.asbru.is

Mynd 2.15 - Ásbrúarsvæðið
Heimild: Ásbrú

Fyrirtæki hafa einnig verið að flytjast inn á svæðið. Dæmi um fyrirtæki sem komin eru á svæðið er í neðangreindri mynd. Framtíðarsvæði Verne er auðkennt á mynd 2.15 með rauðum hring.

2.5 Innviðir og opinber þjónusta

Við uppbyggingu gagnaversstarfsemi á Suðurnesjum eru ákveðnir innviðir sem þurfa að vera til staðar svo mögulegt sé að hefja slíkan rekstur. Í þessu samhengi eru helstu atriðin aðgengileg og nægjanleg raforka og gagnaflutningsgeta. Einnig má nefna þjónustuþætti svæðisins eins og greiðar flugsamgöngur og skipaferðir. Aðrir þjónustuþættir snerta væntanlegt starfsfólk eru m.a. menntakerfi, heilbrigðisþjónusta og ýmis félagstengd þjónusta.

2.5.1 Raforka

Landsnet

Landsnet var stofnað á grundvelli raforkulaga sem samþykkt voru á Alþingi árið 2003.[18] Hlutverk fyrirtækisins er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins. Á Íslandi

[18] www.landsnet.is

er aðeins eitt skilgreint flutningskerfi raforku en mörg svæðisbundin dreifikerfi. Flutningskerfi Landsnets tekur við raforku beint frá aflstöðvum og flytur hana til stórnotenda og dreifiveitna. Orka af flutningskerfinu er afhent til dreifiveitna á 57 stöðum og til stórnotenda á fjórum stöðum víðs vegar um landið. Dreifiveitur flytja rafmagnið síðan áfram um eigið dreifikerfi til notenda. Helstu viðskiptavinir Landsnets eru m.a. Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK, Orkusalan og Samorka. Landsnet á og rekur allar megin flutningslínur rafmagns á Íslandi.

Hitaveita Suðurnesja (HS)

Innan HS eru tvær aðskildar rekstrareiningar, HS Orka og HS Veitur.[19] HS Orka rekur tvö orkuver sem framleiða raforku, hitaveituvatn og jarðsjó[20] með jarðvarma. Annars vegar er Svartsengi og hins vegar Reykjanesvirkjun. Svartengi hóf raforkuframleiðslu árið 1976 með jarðgufu, og var fyrsta orkuver landsins til að tvinna saman raforkuframleiðslu og orkuvinnslu til húshitunar. Heildarafl til raforkuframleiðslu er um 75 MW. Reykjanesvirkjun hóf raforkuframleiðslu inn á flutningskerfi landsins í maí 2006. Uppsett afl virkjunarinnar í dag er 100 MW. Nær öll framleiðsla beggja virkjana er seld til Norðuráls í Hvalfirði. HS Veitur sér um dreifingu á heitu vatni, neysluvatni og raforku á öllum Suðurnesjum.

Í maí 2009 komust KADECO og HS Veitur að samkomulagi um yfirtöku á veitukerfum vatnsveitu og rafveitu á svæðinu.[21] HS hafði annast alla þjónustu við veitukerfin frá brottför Bandaríkjahers af svæðinu. Samkvæmt samkomulaginu sér HS um uppbyggingu á nýju 50 Hz dreifikerfi raforku á svæðinu ásamt viðeigandi endurbótum á vatnsveitu svæðisins. Gengið er út frá þeirri forsendu og kröfu að slík vinna verði kláruð 1. október 2010.

Landsvirkjun

Landsvirkjun selur rafmagn til stóriðjunotenda og sölufyrirtækja á almennum markaði. Meðal viðskiptavina eru orkufyrirtæki landsins sem og stóriðjunotendur. Landsvirkjun framleiðir rafmagn í 16 virkjunum á landinu, 13 þeirra eru vatnsaflsvirkjanir, tvær jarðvarmavirkjanir og ein eldsneytisvirkjun. Raforkusala Landsvirkjunar inn á flutningskerfi Landsnets nam 12.345 GWst árið 2008 þar sem hlutur vatnsafls í framleiðslu raforku nam 11.866 GWst (96%) og jarðvarmavirkjana 479 GWst (4%). Heildarframleiðsla rafmagns í landinu árið 2008 var 16.467 GWst og nemur hlutur Landsvirkjunar þá um 75%. Raforkuframleiðsla í landinu skiptist þannig að 75,5% eru unnin með vatnsafli og 24,5% með jarðgufu. Þess má geta að heildarrafmagnsafl á landinu árið 2008 var um 1.880 MW.[22]

Gert er ráð fyrir að raforkuþörf gagnaversins verði á milli 80–140 MW. Þetta magn er á milli 4% og 7% af heildarrafmagnsafli landsins sem bendir til þess að þörf gagnaversins eru vel innan raforkugetu landsins.

---

[19] www.hs.is

[20] Jarðsjór úr allt að 2000 metra djúpum borholum er settur í gegnum ferli til framleiðslu á heitu vatni og rafmagni. Jarðvökvann er ekki hægt að nota til beinnar upphitunar vegna seltu og mikils steinefnainnihalds. Jarðvökvinn er því notaður til upphitunar á ferskvatni og framleiðslu á rafmagni.

[21] Ársskýrsla KADECO 2008

[22] 16.467 GWst eru 16,5 m MWst sem deilist með fjölda klukkustunda á ári eða 8.760 sem gefur u.þ.b. 1.880 MW á ári.

2.5.2 Fjarskipti

Á fjarskiptamarkaði starfa fjölmörg félög en helstu þjónustufyrirtækin eru Síminn, Vodafone, Tal og Nova.[23] Þessi fyrirtæki bjóða að hluta eða öllu leyti upp á almenna símaþjónustu, farsímaþjónustu og netþjónustu. Viðskiptavinir þessa fyrirtækja eru bæði einstaklingar og fyrirtæki. Starfsemi gagnaversins er háð því að hægt sé að flytja mikið magn gagna til og frá landinu. Miklu máli skiptir því fyrir Verne að fjarskiptanetið og tengdir innviðir séu til staðar til að þjónusta starfsemina. Fjarskiptaþjónusta fer að mestu um sæstrenginn Farice og Danice. Verið er að innleiða Greenland Connect og CANTAT-3 er varaleið ef Farice rofnar eða bilar.

Farice hf var stofnað í september 2002 í þeim tilgangi að undirbúa og reka sæstrenginn FARICE-1.[24] FARICE-1 er sæstrengur sem tengir saman Ísland, Færeyjar og Skotland. Íslenski strengurinn var tekinn í notkun í mars árið 2004 og tók við af CANTAT-3 sæstrengnum sem í dag er notaður sem varastrengur fyrir Færeyjar og Ísland.



Mynd 2.16 - Sæstrengir
Heimild: Invest in Iceland

Flutningsgeta þessa sæstrengs er um 2 x 2,5 Gb/s á meðan FARICE-1 sæstrengurinn hefur um 720 Gb/s í flutningsgetu. DANICE er sæstrengur sem liggur frá Íslandi til Danmerkur og er hann lagður með það í huga styðja við rekstur netþjónabúa á Íslandi.[25] DANICE sæstrengurinn hefur um 5,1 Tb/s í flutningsgetu. Greenland Connect er sæstrengur á vegum TeleGreenland símafélagsins sem verið er að prufukeyra og liggur hann á milli Bretlands og

[23] www.pfs.is
[24] www.farice.is
[25] www.invest.is

Kanada með tengingu við Ísland og Grænland.[26] Tilgangur Greenland Connect er að þjóna grænlenskum notendum og stærri fyrirtækjaaðilum. Strengurinn er 4.598 km langur og með flutningsgetu um 1,9 Tb/s.

Uppbygging og þróun sæstrengja, bandvídd þeirra, og vöxtur gagnavera eru að miklu leyti háð hvoru öðru. Með aðkomu fyrirtækja eins og gagnavera er líklegt að tenging og bandvídd tenginga Íslands við önnur lönd muni aukast. Slík þróun mun hafa jákvæð áhrif á fyrirtæki í öðrum geirum og laða að fleiri fyrirtæki sem gera kröfur um bandvídd og áreiðanlegar tengingar.

2.5.3 Menntun

Á Suðurnesjum eru reknir tíu grunnskólar, fjórtán leikskólar, fjórir tónlistarskólar og tveir framhaldsskólar. Í Reykjanesbæ er einnig Háskólinn Keilir, Tölvuskóli Suðunesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Reykjanesbær rekur níu leikskóla sem eru allir mismunandi að stærð. Mikil íbúafjölgun kallar á byggingu nýrra leikskóla og stækkun og endurbætur á þeim eldri og hefur nú þegar einn leikskóli verið færður í nýrra og stærra húsnæði.

Fjölbrautarskóli Suðurnesja (FS) býður upp á fjölbreytt bóklegt og verklegt nám. Skólinn var stofnaður árið 1976 við sameiningu Iðnskóla Keflavíkur og framhaldsdeildar Gagnfræðaskóla Keflavíkur. Skólinn er rekinn í samvinnu ríkis og sveitarfélaganna á Suðurnesjum.[27]

Háskólinn Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins. Keilir er byggður á fjórum mismunandi skólum auk Háskólabrúar sem er undirbúningsnám fyrir háskólanám. Skólarnir eru Heilsu- og uppeldisskóli, Orku- og tækniskóli, Samgöngu- og öryggisskóli og Skóli skapandi greina. Einnig hefur Keilir milligöngu um útleigu á námsmannaíbúðum og fóru fyrstu íbúðirnar í útleigu 2007 en allir nemar íslenskra háskóla hafa aðgang að íbúðunum.[28]

Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum hefur verið starfandi síðan 1997. Markmið miðstöðvarinnar eru að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs, skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar.[29] Þar er meðal annars hægt að stunda fjarnám frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Í Keflavík er Tölvuskóli Suðurnesja sem rekinn hefur verið frá 1993.

2.5.4 Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) rekur fullbúið sjúkrahús í Reykjanesbæ. HSS rekur einnig heilsugæslustöðvar og heldur úti þjónustu á svæðinu.[30] Stefna HSS er að mæta 80% af þjónustuþörf á svæðinu, þó þurfa íbúar sem krefjast sérstakrar sérfræðiþekkingar að sækja hana til Reykjavíkur. Apótek eru starfrækt á Suðurnesjum auk þess sem tannlæknaþjónusta er í boði á svæðinu.

---

[26] www.tele.gl
[27] www.fss.is
[28] www.keilir.net/
[29] www.mss.is
[30] www.hss.is/

2.5.5 Félagsþjónusta

Sveitafélög á Íslandi bera ábyrgð á félagsþjónustu fyrir fjölskyldu og einstaklinga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, húsaleigubætur, málefni aldraðra, málefni fatlaðra og barnaverndar.

2.5.6 Almannavarnir og öryggismál

Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar reka sameiginlega Brunavarnir Suðurnesja. Sandgerði og Grindavíkurbær reka hinsvegar sín eigin slökkvilið. Á Keflavíkurflugvelli er einnig starfrækt slökkvilið. Á vegum Sambands Sveitarfélaganna á Suðurnesjum er starfrækt sameiginleg almannavarnarnefnd.

2.5.7 Sorphirða og sorpeyðing

Sveitarfélögin reka í sameiningu sameignarfélagið Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sem sér um sorphirðu og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

2.5.8 Flugvellir

Á Miðnesheiði er Keflavíkurflugvöllur sem er miðstöð millilandaflugs. Flugvöllurinn er á 25 km^2 svæði sem hefur fjórar flugbrautir. Umferð hefur aukist mikið á undanförnum árum, eða rúmlega 30% frá árinu 2001.[31] Helstu flugfélög flugvallarins eru Icelandair og Iceland Express en mörg önnur erlend flugfélög hafa viðkomu þar.

Icelandair rekur bæði farþegaflug og flugfrakt. Icelandair flýgur í áætlunarflugi til um 27 áfangastaða, þar af sjö í Norður Ameríku og 20 í Evrópu.[32] Helstu áfangastaðirnir eru New York, Boston, Orlando, Toronto, Seattle, Minneapolis, Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólm, Helsinki, París, Berlín, Frankfurt, London og Amsterdam. Í flestum tilvikum er um beint flug að ræða og því að ljóst net flugleiða til og frá landinu auðveldar til muna að stunda viðskipti á alþjóðlegum grunni. Flugfraktþjónusta Icelandair undir nafninu Bluebird Cargo flýgur innan Evrópu, Norður Afríku, Miðausturlanda og Norður Ameríku.

Iceland Express flýgur til um 20 áfangastaða bæði í Norður Ameríku og Evrópu.[33] Helstu áfangastaðir, oftast í beinu flugi, eru New York, Osló, Kaupmannahöfn, París, London, Lúxemborg, Berlín og Barcelona.

Þrátt fyrir að þessi flugfélög séu lítil á heimsmælikvarða þá er tenging þeirra við Norður-Ameríku og Evrópu veigamikill þáttur í tengingu við viðskiptaheiminn.

2.5.9 Hafnir

Reykjanesbær rekur fimm hafnir og eru þær Helguvíkurhöfn, Höfn í Grófinni, Keflavíkurhöfn, Njarðvíkurhöfn og Hafnir. Einnig eru hafnir í Sandgerðisbæ, Vogum og Grindavík. Á Suðurnesjum eru því í heild átta hafnir, fimm fiskihafnir og þrjár smábátahafnir.

Keflavíkurhöfn er nýlega endurbyggð höfn með grjótvarnargarði og er auðveld innsigling. Boðið er upp á aðstöðu fyrir léttbáta, skemmtiferðaskip og útgerð og er góð tenging við þjónustu og verslanir í bænum. Keflavíkurhöfn er jafnframt tollhöfn. Vegna nálægðar sinnar við Keflavíkurflugvöll býður höfnin upp á séraðstöðu til farþega- og áhafnaskipta. Við-

---

[31] www.kefairport.is
[32] www.icelandair.is
[33] www.icelandexpress.is

legukantur er fyrir allt að 165 m löng skip með djúpristu að 7 til 13 m ásamt fjölda annarra viðlegukanta fyrir smærri skip.[34]

2.5.10 Vegir

Á Suðurnesjum eru allir stofnvegir komnir með varanlegt slitlag. Svæðið er fremur snjólétt og samgöngur almennt góðar. Greiðfært er til Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á að halda veginum að Keflavíkurflugvelli færum allan ársins hring.

2.5.11 Tómstundir, útivist og menning

Ýmis starfsemi er starfrækt á Suðurnesjum og er aðgengi að starfseminni almennt mjög gott. Sveitarfélögin bjóða upp á fjölbreytta þjónustu og má þar nefna skátafélög, björgunarsveitir, íþróttafélög, sundlaugar, félagsmiðstöðvar og margt fleira.

Á Suðurnesjum eru starfræktir fimm golfvellir. Grindavík býður upp á fjölbreytt svæði þar sem að má nálgast veiðar, golf og leigja kajak.[35]

2.5.12 Ferðaþjónusta

Á svæðinu er heilsulindin Bláa lónið en það var stofnað árið 1992 og er meginmarkmið félagsins að vera í forystu um uppbyggingu heilsu- og ferðaþjónustu á Íslandi. Öll starfsemi félagsins byggir á einstakleika og eiginleikum jarðsjávarins í Bláa lóninu.[36] Bláa lónið er þekkt um allan heim og laðar að sér mikinn fjölda af ferðamönnum ár hvert.

3 Hagræn áhrif á samfélagið

Ákjósanleg staðsetning

Áhugi Verne á Íslandi sem staðsetningu fyrir gagnaver byggist á hagstæðum aðgangi að endurnýjanlegum orkugjöfum, sterkum innviðum og góðri menntun tæknifólks. Líkt og í álframleiðslu þá er orkuþörfin mikil í rekstri gagnavera aðallega vegna orkuþarfar á tölvubúnaði. Önnur atriði sem skipta einnig miklu máli eru fjarskipti við útlönd (gagnaflutningar) þ.e.a.s. gæði tengingar við önnur lönd og áreiðanleiki þeirra. Dagleg starfsemi gagnaversins krefst einnig vel menntaðs starfsfólks og aðgengi að bestu tækniþjónustu sem völ er á. Skattkerfið og stöðugt rekstrarumhverfi eru önnur atriði sem ráða úrslitum þegar kemur að velja staðsetningu gagnavers. Ísland hefur verið valið sem staðsetning gagnavers Verne vegna eiginleika og getu til að þjóna áðurnefndum þörfum.

Ákvörðun Verne að hefja rekstur á Suðurnesjum hefur fjölmörg jákvæð áhrif á landið og landssvæðið í för með sér. Fyrir landið í heild tengjast áhrifin m.a. því að auknar líkur eru á frekari erlendum fjárfestingum sem munu hafa jákvæð áhrif á viðhorf heimsins gagnvart Íslandi sem ákjósanlegum fjárfestingakosti. Að laða að erlendar fjárfestingar er langtímaverkefni og þarfnast stefnumarkandi ákvarðanatöku og skýrra markmiða af hálfu stjórnvalda. Helsta markmið ríkistjórn nú er að koma á stöðugleika og vinna að styrkingu krónunnar. Fjárfesting Verne í gagnaveri er skref í þessa átt.

Auk skatttekna til ríkisins er ávinningur Suðurnesja auknar tekjur til sveitarfélagsins í formi fasteignagjalda, útsvars og annarra gjalda. Fyrirtækið, sem skráð er til heimilis í Reykjanesbæ, mun kaupa umtalsverða orku og gagnaflutningsþjónustu í tengslum við starf-

---

[34] http://reykjanesbaer.is/upload/files/Greinargerð_090525(1).pdf og http://hass.is/Hafnir/Keflavik/
[35] http://nat.is/golf/golfvellir_a_islandi.htm
[36] www.bluelagoon.is/

semina. Gera má ráð fyrir kaupum á öðrum vörum og efni við byggingarframkvæmdir, ekki síst á meðan á uppbyggingu stendur. Þar að auki er talið að margföldunaráhrif starfa geti verið á bilinu 2–2,5 þ.e.a.s. þann fjöldi starfa sem skapast hjá Verne auk annarra starfa í samfélaginu.

3.1 Rekstur á gagnaveri

Verne gerir ráð fyrir að byggja upp gagnaverið í fjórum byggingum, eða „campus“ á þróunarsvæði Ásbrúar við Reykjanesbæ. Nú þegar hefur fyrirtækið fest kaup á tveimur byggingum sem voru á svæðinu og stefnir að byggingu tveggja til viðbót. Gert er ráð fyrir að það að koma upp fjórum fullbúnum byggingum taki um sjö ár. Gert er ráð fyrir að lóð undir gagnaverið verði samtals 180.000 m² (18 ha) en tölvusalir gagnaversins, sem hýsa m.a. allan nauðsynlegan tækjabúnað og önnur kerfi viðskiptavina, verði um 20.000 m². Alls mun gagnaverið nota frá 80–140 MW sem fer eftir fjölda stöðva í notkun á innleiðingartímabilinu. Verne gerir ráð fyrir að þurfa að ráða um 100 starfsmenn til að sinna gagnaversstarfseminni og um 80–120 byggingarstarfsmenn. Til að reka gagnaverið þarf tæknimenntað fólk, þ.m.t. háskólamenntað á sviði tölvu- og verkfræði og tengdum sérfræðisviðum.

3.1.1 Fjárfesting og innleiðing

Fyrirhugað er að breyta tveimur vörugeymslum sem Verne keypti af KADECO í gagnaver og byggja tvær byggingar til viðbótar á aðliggjandi landi. Fyrsta byggingin verður skipt í sex álmur. Stjórnendur Verne áætla að verkefnið muni verða framkvæmt í þremur fösum. Í fyrsta fasa gerir Verne ráð fyrir að eldri byggingarnar tvær verði tilbúnar til notkunar árið 2010 og að sú fjárfesting muni nema um 100 m USD. Í öðrum fasa er gert ráð fyrir að fyrsta byggingin verði fullnýtt í árslok 2012. Í þriðja og seinasta fasa er gert ráð fyrir að allar fjórar byggingarnar verði komnar í fullan rekstur í árslok 2016. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting Verne vegna gagnavers á þróunarsvæði Ásbrúar muni verða rúmlega 87 ma ISK (700 m USD).

Sundurliðun á umræddri fjárfestingu er sett fram á Mynd 3.1 að neðan. Verne gerir ráð fyrir að meirihluti fjárfestingarinnar fari í raflagnir og rafkerfi, jarðvinnu, kælibúnað og loftræstingu.



Mynd 3.1 - Hlutfall af fjárfestingu
Heimild: Verne Holdings ehf.

3.1.2 Efnahagslíf

Með því að laða að fjárfestingar og fyrirtæki eins og Verne er verið að stuðla að frekari erlendri fjárfestingu hérlendis í framtíðinni. Slík aðkoma erlends fjármagns er lykilatriði við uppbyggingu á Íslandi og styrkir alþjóðlegt samstarf hins opinbera og einkaaðila. Með auknu samstarfi og fjárfestingum má gera ráð fyrir tekjuaukningu innlendra aðila auk þess sem það er til þess fallið að bæta ímynd Íslands og atvinnulífsins erlendis. Nauðsynlegt er fyrir Ísland að auka alþjóðlegt samstarf með því að laða að erlent fjármagn og stuðla að styrkingu krónunnar.

3.1.3 Skatttekjur og aðrar tekjur

Verne mun eins og önnur fyrirtæki á landinu borga tekjuskatt af hagnaði. Tekjuskattur er í dag 15% og miðað við það skatthlutfall og áætlanir Verne mun fyrirtækið borga 65,8 m USD í skatt samanlagt á tímabilinu 2012–2019 eða um 8,2 ma ISK miðað við gengi þann 30. október 2009. Hugsanlegt er að skattprósenta á fyrirtæki muni hækka á næstunni en það verður til hækkunar á þeim tölum sem hafa verið settar fram hér. Skattarnir sem fyrirtækið greiðir renna í ríkissjóð og hafa því óbein efnahagsleg áhrif á Suðurnes.

Verne mun einnig borga fasteignaskatt og fasteignagjöld af fasteignum sínum eftir að rekstur er hafinn í byggingunum. Byggingarnar verða, eins og áður hefur komið fram, fjórar alls. Tvær byggingar hafa verið keyptar af KADECO og breytt og tvær byggingar verða byggðar sérstaklega til að hýsa starfsemina. Samkvæmt útreikningum stjórnenda Verne mun fyrirtækið borga 11,8 m USD í fasteignaskatta og gjöld á tímabilinu 2010–2019 eða ríflega 1,5 ma ISK miðað við gengi 30. október 2009.

Verne áætlar að 180 til 220 manns fái störf á Íslandi á uppbyggingartímabilinu sem er sjö ár. Gert er ráð fyrir um 100 tæknistörfum og um 100 byggingastörfum. Miðað við tölur Hagstofu Íslands þá voru tæknisérfræðingar[37] með að meðaltali um 500 þúsund krónur í mánaðarlaun við árslok 2008. Á sama tíma voru iðnaðar- og verkamenn með að meðaltali á milli 340 og 480 þúsund krónur í mánaðarlaun. Starfsmenn félagsins munu borga tekjuskatt af sínum launum. Tekjuskatturinn skiptist í tekjuskatt sem rennur í ríkissjóð og útsvar sem fer til sveitarfélags þar sem launþegi er búsettur. Tekjuskatturinn er 24,1% og útsvar er mismunandi eftir sveitarfélögum. Í Reykjanesbæ er útsvar 13,28% en er á bilinu 12,10%–13,28% í sveitafélögum landsins. Áætlaður launakostnaður Verne er um 125 m USD eða um 96 m USD þegar launatengd gjöld hafa verið dregin frá. Ætla má að skatttekjur ríkis og sveitarfélaga vegna starfsmanna Verne verði rúm 37% af þessum 96 m USD eða í kringum 36 m USD sem er um 4,4 ma ISK. Tekjur ríkis yrðu miðað við þessar forsendur um 2,8 ma ISK og tekjur sveitarfélaga miðað við 13,28% útsvar um 1,6 ma ISK. Áætlað er að Verne og starfsmenn þess muni greiða samanlagt um 14 ma ISK í tekjuskatt og fasteignagjöldum.

Verne mun að auki kaupa raforku frá Landsvirkjun. Stjórnendur áætla að félagið muni kaupa raforku á áðurnefndu tímabili fyrir fjárhæð á bilinu 244-291 m USD eða á bilinu 30–36 ma ISK miðað við gengi þann 30. október 2009.

Þar fyrir utan mun Verne kaupa þjónustu Farice sem býður upp á gagnaflutninga í gegnum sæstreng, auk þess sem upplýsingatæknifyrirtæki ættu að geta selt þjónustu sína til viðskiptavina Verne. Þessi upptalning er ekki tæmandi og gera má ráð fyrir að fleiri fyrirtæki muni geta aukið sölu með tilkomu gagnaversins.

---

[37] Tæknar skv. Hagstofu Íslands

3.1.4 Íbúaþróun

Ekki er talið að starfsemi gagnaversins muni hafa afgerandi áhrif á íbúaþróun Suðurnesja þar sem um er að ræða 180 til 220 störf á svæði þar sem búa um 12.613 vinnufærir einstaklingar auk þar sem nokkuð atvinnuleysi er á svæðinu. Starfsemin mun auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu og mun hjálpa við að vinna gegn brottflutningi fólks af svæðinu. Líkur eru á að tæknimenntað fólk sjái sér hag í að setjast að á svæðinu þar sem krafa er um sérfræðiþekkingu við rekstur gagnaversins og er skortur af slíku starfsfólki á Suðurnesjum.

3.1.5 Atvinnumál

Við aðkomu Verne er gert ráð fyrir að um 100 hátæknistörf og um 100 byggingastörf muni skapast. Við októberlok voru 1.564 manns atvinnulaus á Suðurnesjum. Innan þessa hóps voru 720 iðnaðar- og verkamenn og 140 sérfræðingar og sérmenntað starfsfólk. Sé atvinnulausum skipt eftir atvinnugreinum voru 326 einstaklingar í mannvirkjagerð og 21 í upplýsingatækni og fjarskiptum án atvinnu. Í þessu samhengi er rétt að nefna að möguleiki er á flutningi fólks á svæðið ef skortur er á sérfræðingum. Einnig eru góð tækifæri á endurmenntun fólks á svæðinu við Keili.



Mynd 3.2 - Atvinnuleysi eftir starfsstétt og atvinnugrein
Heimild: Byggðastofnun

Ef gengið er út frá þeirri forsendu að allt starfsfólk muni koma frá Suðurnesjum má draga þá ályktun að atvinnuleysi gæti lækkað um 12% til 14%. Þó er líklegt að starfsfólk muni bæði koma frá Suðurnesjum og að hluta frá höfuðborgarsvæðinu. Mestu áhrifin eru á atvinnulausa iðnaðar- og verkamenn á svæðinu. Miðað við 328 atvinnulausa í mannvirkjagerð þá er mögulegt að verkefni á vegum Verne myndi tímabundið lækka þann fjölda um 25% til 35% ef allir starfsmennirnir kæmu af Suðurnesjum.

3.1.6 Húsnæðis- og skipulagsmál

Gagnaver á Ásbrú mun fyrst og fremst hafa áhrif á húsnæðis- og skipulagsmál á svæðinu við Ásbrú. Fyrirhugað er að byggja tvær byggingar fyrir hýsingu búnaðar viðskiptavina auk þess sem stoðdeildir starfseminnar munu vera hýstar í nærliggjandi húsnæði.



Mynd 3.3 - Framtíðarskipulag á Ásbrú
Heimild: KADECO

Verne mun byggja spennistöðvarbyggingu á svæðinu sem mun hýsa tengivirki Landsnets sem mun ekki hafa aðstöðu á svæðinu að öðru leiti. Vænta má framkvæmda í tengslum við gagnaflutninga auk þess sem mögulegt er að þjónustufyrirtæki færi starfsemi nær gagnaverinu þegar það hefur hafið rekstur.

3.1.7 Opinber þjónusta og innviðir

Gert er ráð fyrir fjárfestingum í innviðum vegna starfsemi Verne á Ásbrúarsvæðinu. Hér má nefna nauðsynlegar breytingar til að þjóna þeim þörfum sem fylgja starfsemi gagnaversins t.d. bygging á nýju tengivirki inn á Landsnet.

Raforka

Verne kemur til með að kaupa umtalsvert magn raforku af Landsvirkjun vegna reksturs gagnaversins. Samvinna er við Landsnet um að byggja upp tengivirki til að þjóna starfsemi gagnaversins.

Fjarskipti

Verne mun á næstu árum verða stórnotandi að fjarskiptaþjónustu til og frá Íslandi. Sæstrengir til Evrópu og Bandaríkjanna og flutningsgeta þeirra eru mikilvægir fyrirtækinu svo hægt sé veita þá þjónustu sem Verne ætlað að veita erlendum viðskiptavinum sínum.

Menntun

Tilkoma gagnaversins mun ekki hafa bein áhrif á menntun á Suðurnesjum en mun þó auka framboð á tækni- og verkfræðistörfum. Gagnaverið mun því hafa hvetjandi áhrif á tæknimenntun á Suðurnesjum og skapar tækifæri fyrir Keili að auka áherslu á slíka menntun.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Bein áhrif gagnavers á heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum eru engin. Hins vegar getur tilkoma gagnaversins óbeint bætt heilbrigðisþjónstuna þar sem skatttekjur sveitarfélaganna og ríkis aukast. Auknar tekjur geta þýtt að hærri fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu sem ætti að þýða betri þjónustu. Nálægð góðrar heilbrigðisþjónustu eykur einnig gæði gagnaversins sem starfsvettvangs bæði fyrir fasta starfsmenn og viðskiptavina sem þurfa tímabundið að starfa í tengslum við gagnaverið.

Bein áhrif á félagsþjónustu tengjast fyrst og fremst aðflutningi starfsmanna á svæðið en auknar tekjur sveitarfélagsins styðja við þann aukna kostnað sem kann að hljótast í tengslum við félagsþjónustuna. Gagnaverið hefur áhrif til lækkunar á atvinnuleysi sem minnkar álag á félagsþjónustuna.

Almannavarnir og öryggismál

Ekki er reiknað með því að nýtt gagnaver auki til muna álag á almannavarnakerfi svæðisins. Ný starfsemi mun þó hafa áhrif á brunavarnir og skipulag þeirra á svæðinu. Auk þess munu umsvif Vinnueftirlitsins aukast og reglulegt eftirlit með almenun öryggismálum á vinnustað mun aukast, bæði hjá stofnunum sem sinna þeim málaflokki auk öryggisþjónustu einkafyrirtækja.

Sorphirða og sorpeyðing

Starfsemi gagnavers er ekki þess eðlis að þar falli til meira sorp en almennt getur talist og áhrif á sorphirðu og sorpeyðingu á Suðurnesjum því minniháttar.

Flugvellir

Ekki má búast við að mælanleg breyting verði á Keflavíkurflugvelli vegna gagnaversins. Leiða má líkum að því að tekjur flugvallarins aukast í tengslum komur viðskiptavina gagnaversins til landsins, sú aukning er hinsvegar illmælanleg. Nálægð gagnaversins við flugvöllinn mun hins vegar hækka það þjónustustig sem gagnaverið býður upp á.

Hafnir

Hafnir á Suðurnesjum munu líklegast ekki verða fyrir áhrifum af tilkomu gagnaversins.

Vegir

Vegir munu að öllum líkindum vera lagðir á svæðinu við fyrirhugaðar nýjar byggingar til stækkunar gagnaversins.

Í umræðunni er að setja á laggirnar lest sem myndi keyra frá Suðurnesjum til Reykjavíkur. Aukin starfsemi á Suðurnesjum mun virka sem lóð á vogarskálar í þeirri umræðu.

Tómstundir, útivist og menning

Ekki er líklegt að tilkoma gagnaversins muni hafa áhrif á tómstundir, útivist og menningu á Suðurnesjum nema óbeint í gegnum skatttekjur.

Ferðaþjónusta

Viðskiptavinir gagnaversins munu líklega hafa áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu. Illmælanlegt er hve mikil þau áhrif munu verða. Áhrifin eru háð hversu mikið fulltrúar viðskiptavina munu vera á Íslandi. Telja verður að tilkoma gagnaversins muni vekja athygli erlendis og þannig hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Suðurnesjum sem og annarsstaðar á landinu.

3.2 Margföldunaráhrif

Efnahagslegur ávinningur af framkvæmd sem þessari felst ekki síst í fjölgun starfa og aukninni framleiðslu sem skapast við umsvif í kringum byggingu gagnavers og rekstrar þess í framtíðinni. Þannig má gera ráð fyrir margföldunaráhrifum í samfélaginu við það að Verne byggir upp gagnaver og að atvinnutækifærum fjölgi í tengslum við það. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á alþjóðlegum vettvangi á slíkum margföldunaráhrifum en einnig hafa verið framkvæmdar greiningar á Íslandi á undanförnum árum í tengslum við uppbyggingu stóriðju, t.d. í tengslum við framkvæmdir við álver Fjarðaráls á Reyðarfirði. Í tengslum við þá framkvæmd gerði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju á svæðinu, en í þeirri skýrslu eru settir fram margfaldarar fyrir framleiðslu og fjölda ársverka.[38]

Margfaldararnir byggja á einföldu línulegu sambandi á milli beinna, óbeinna og afleiddra áhrifa sem margfeldi af hinum beinu áhrifum. Sambandinu er lýst þannig:

$$V_B + V_Ó + V_A = M \times V_B$$

Þannig verða bein, óbein og afleidd áhrif ($V_B + V_Ó + V_A$) af aukningu í beinum áhrifum (V_B), jöfn margfeldinu M af beinu áhrifunum, þar sem M er umræddur margfaldari. Áhrifin sem um ræðir geta verið krónutölur, ársverk eða aðrar hagstærðir og er V_B þá viðbótin sem fæst við nýja framkvæmd (t.d. gagnaver Verne).

Framleiðslu- og ársverkamargfaldarar

Í skýrslu Hagfræðistofnunar eru leiddir út margfaldarar framleiðsluaukningar og fjölgunar ársverka út frá svokölluðu lokuðu líkani þar sem tekið er tillit til beinna, óbeinna og afleiddra áhrifa. Margfaldara nokkurra atvinnugreina sem settir eru fram í skýrslunni má sjá í töflu 3.1:

[38] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „Þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju Fjarðaáls á Reyðarfirði“, 2005.

Margfaldarar framleiðslu og ársverka		
Atvinnugrein	Framleiðsla	Ársverk
Landbúnaður og fiskveiðar	2,46	2,73
Iðnaður án áls og kísiliðju	1,93	1,87
Ál og kísiliðja	2,25	2,43
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	2,11	2,43
Byggingarstarfsemi	2,82	2,71
Veitinga- og hótelrekstur	2,48	1,88
Samgöngur	2,99	3,14
Peningastofnanir, tryggingar og þjónusta vegna atvinnureksturs	2,04	2,19
Ýmis þjónustustarfsemi	3,13	2,97

Tafla 3.1 - Margfaldarar framleiðslu og ársverka
Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „Þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju Fjarðaáls á Reyðarfirði“, 2005.

Framleiðslumargfaldari ákveðinnar atvinnugreinar segir til um hversu mikið heildarframleiðsla í hagkerfinu eykst að því gefnu að eftirspurn eftir framleiðslu þeirrar atvinnugreinar aukist um t.d. eina krónu. Á sama hátt segir ársverkamargfaldari til um hversu mörgum heildarársverkum er búist við ef skapast eitt ársverk í atvinnugrein (heildarársverk innifela ársverk atvinnugreinarinnar).

Margföldun ársverka í gagnaveri Verne

Bygging og rekstur gagnavers Verne mun kalla fram margföldunaráhrif í fleiri en einni af ofangreindum atvinnugreinum. Umtalsverð byggingarstarfsemi mun vera í gangi fyrstu árin á meðan á uppbyggingu gagnaversins stendur og að einhverju leiti í framhaldinu sem viðhaldsvinna. Eftir að rekstur er hafinn munu margföldunaráhrifin vera meira í líkingu við áhrif þjónustugreina eins og „þjónustu vegna atvinnureksturs“ eða „ýmis þjónustustarfsemi“.

Verne áætlar að meðalfjöldi ársverka við byggingu gagnaversins verði um 100 manns á árunum 2010–2016. Byggt á áætluðum margfeldisáhrifum í byggingariðnaði má reikna með að byggingaframkvæmdirnar gætu skapað önnur 171 störf.

Margföldunaráhrif tengd rekstri gagnaversins er erfitt að meta nákvæmlega en þau gætu verið á bilinu 2,19–2,97 ef tekið er mið af tveimur neðstu atvinnugreinaflokkunum sem nefndir eru í töflu 3.1. Ef miðað er við meðalgildi heildarmargfaldara þessara flokka fyrir ársverk, 2,58 má búast við að um 158 störf skapist til viðbótar við þau 100 sem búist er við í tengslum við rekstur gagnaversins þegar það er fullbyggt.

Heildar óbein atvinnusköpun gæti þannig numið allt að 330 stöðugildum. Byggt á ofangreindu gæti verkefni Verne lækkað núverandi atvinnuleysi allt að 35% sé gengið út frá þeirri forsendu að allt starfsfólk muni koma frá Suðurnesjum.

Önnur einföld nálgun

Jón Steinsson aðstoðar prófessor við Columbia háskóla í Bandaríkjunum hefur einnig sett fram einfalt líkan sem má nota til að meta margföldunaráhrif á ársverk á afmörkuðu svæði (litlu sveitar-/bæjarfélagi).[39] Jón setur fram einfaldar forsendur fyrir nálguninni; að öll fram-

[39] Viðauki: Jón Steinsson, Columbia Háskóli, „Afleidd störf í litlu bæjarfélagi“

leiðsla nýja verkefnisins sé til útflutnings, að bæjarfélagið sé lítill hluti landsins og að laun starfsmanna séu meðallaun bæjarfélagsins. Auk þess skilgreinir hann *y* sem hlutfall tekna starfsmanns af vöru og þjónustu sem framleidd er á svæðinu, og *x* heildarfjölda starfa nýja vinnustaðarins. Margföldunaráhrifunum er þannig lýst sem:

$$\frac{1}{(1-y)}.$$

Ef um 50% tekna færi í neyslu vöru og þjónustu sem framleidd er í heimabyggð væri margfaldarinn 2,0. Reikna má með að neysla vöru og þjónustu sé hærri í þeim tilfellum þar sem laun eru yfir meðallagi og þannig væri margfaldarinn 2,22 ef neysla vöru og þjónustu í heimabyggð væri 55% og 2,50 ef hún væri 60%. Neysluhlutfallið *y* má leiða út á nákvæmari hátt þar sem tekið er tillit til hlutfalla einka- og samneyslu auk fjárfestinga.

3.3 Áhrif á aðrar atvinnugreinar

Eitt af meginmarkmiðum KADECO fyrir Ásbrúarsvæðið er að byggja upp tæknigarða sem leggja áherslu á græna orku. Samhliða því er stefnt að því að auka fjölbreytni þeirra fyrirtækja sem hefja rekstur hérlendis frá því að hafa fyrst og fremst byggt upp stóriðju á seinustu árum. Aðkoma Verne að Ásbrú er því skref í þessa átt.

Klasamyndun á Suðurnesjum

Michael Porter, prófessor í Harvard háskóla og rithöfundur, skilgreinir klasa sem landfræðileg þéttni tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana á sérhæfðum sviðum sem eiga bæði í samkeppni og samvinnu.[40] Porter nefnir ennfremur að fyrirtæki og innviðir landsins þróast og verða samkeppnishæfari með klasamyndun. Klasar hafa almennt áhrif á samkeppnishæfni með því að auka framleiðni fyrirtækja og atvinnugreina, efla nýsköpunarstarfsemi og hvetja til stofnunar nýrra fyrirtækja sem styrkja og þróa áfram klasann.

Eins og hefur komið fram þá aukast líkurnar á að fleiri fyrirtæki horfi til Íslands sem fjárfestingakosts ef Verne hefur starfsemi sína hérlendis. Í þessu samhengi er ekki átt við að stefna ríkisins sé að byggja kjarna af gagnaverum heldur frekar kjarna af fyrirtækjum sem hafa sameiginlega eiginleika og þarfir. Áhuginn og aðkoma Verne að fjárfestingu hérlendis er eðlileg þróun sem partur af mótun klasa á Íslandi þar sem endurnýjanlegir orkugjafar er kjarninn. Kjarni klasans laðar að fyrirtæki úr ýmsum atvinnugreinum með beinar og óbeinar tengingar á milli. Ákvörðun um slíka uppbyggingu snýst ekki um skammtímaávinning heldur beinist hún frekar að því að ákveða raunhæfa langtímastefnu landsins miðað við samanburðar og samkeppnisforskot. Þar sem Ísland er meðal fremstu landa í endurnýjanlegum orkugjöfum og tengdri starfsemi þá er klárlega tækifæri til að skapa heildstæðan klasa byggt á þeim eiginleikum.

Eins og má sjá á Mynd 3.4 þá eru margir aðilar sem koma að því að mynda heildstæðan klasa. Hafa ber í hug að klasi er fyrirbæri þar sem aðilar þurfa að vera sveigjanlegir og virkir til að vera samkeppnishæfir. Hægra megin má sjá þá aðila sem sækjast eftir notkun og þjónustu frá klasa og þar eru m.a. gagnaver eins og Verne. Einnig má sjá að annar klasi, upplýsingatækni, tengist endurnýjanlegri orku og gagnaversstarfseminni.

---

[40] Michael Porter. On Competition. (1998)



Mynd 3.4 - Klasamyndun
Heimild: Greining KPMG

Porter tekur einnig fram að ein áhrifaríkasta leið til að stuðla að beinni erlendri fjárfestingu sé klasauppbygging þ.e.a.s. laða að fyrirtæki í tengdri starfsemi samhliða fjárfestingum í innviðum og öðrum sviðum innan klasaumhverfinu. Uppbygging á Ásbrú er mikilvægur grunnur að upphafi slíkrar klasamyndunar.

Athygli stórra alþjóðlegra fyrirtækja

Ákvörðun Verne að fjárfesta hérlendis mun vekja áhuga alþjóðlegra fyrirtækja sem hefðu ekki annars litið til Íslands með fjárfestingar í huga. Markaður fyrir gagnaver er ört vaxandi og þjónusta þeirra höfðar til stórra fyrirtækja (Forbes Global 2000 fyrirtækja).[41] Áhugi slíkra félaga mun opna augu manna enn frekar fyrir Íslandi sem fjárfestingarkosti og ákjósanlegu rekstrarumhverfi.

3.4 Fjárfestingarstefna Íslands

Núverandi fjárfestingarstefna Iðnaðarráðuneytis og Fjárfestingastofu[42] er að laða að eftirsóknarverðar nýfjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, hátækniiðnaði, nýsköpun og öðrum skapandi greinum.[43] Starfsemi Verne er því vel í takt við þessa stefnu þar sem gagnaverið er umhverfisvænt, orkufrekt- og mun nýta sér fjarskiptatækni í miklum mæli. Með þessari starfsemi mun fjölbreytni í atvinnulífi aukast á Íslandi.

---

[41] Forbes Global 2000 er árleg flokkun Forbes á 2000 stærstu skráðum fyrirtækjum í heiminum byggt á tekjum, hagnaði, eignum og markaðsvirði.
[42] Invest in Iceland Agency
[43] www.idnadarraduneyti.is/radherra/raedur-greina-KJ/nr/2787

Viðauki

Afleidd störf í litlu bæjarfélagi

Jón Steinsson
Columbia Háskóli

Þegar nýir stórir vinnustaðir opna í litlu bæjarfélagi getur það haft margfeldisáhrif á heildarfjölda starfa í bæjarfélaginu. Þetta á sérstaklega við ef sú vara og þjónusta sem framleidd er í hinum nýja vinnustað er flutt út úr bæjarfélaginu. Hluti af virðisaukanum verður þá eftir í bæjarfélaginu í formi launa til starfsmanna sem vinna á hinum nýja vinnustað. Starfsmenn hins nýja vinnustaðar eyða tekjum sínum að hluta í vöru og þjónustu sem framleidd er innan bæjarfélagsins og framkalla þannig aukna eftirspurn sem kallar á fleiri störf.

Ef sú vara og þjónusta sem framleidd er í nýja vinnustaðnum er ekki til útflutnings úr bæjarfélaginu heldur til neyslu innan bæjarfélagsins er þessu öðruvísi farið. Þá hefur hinn nýi vinnustaður þau áhrif að auka framboð á vörum og þjónustu innan bæjarfélagsins meira en eftirspurn. Það getur leitt til atvinnuleysis í bæjarfélaginu nema því takist að laða til sín önnur fyrirtæki sem framleiða vörur og þjónustu til útflutnings úr bæjarfélaginu.

Ljóst er að eðli þeirrar starfsemi sem fer fram á hinum nýja vinnustað hefur mikið með það að gera að hversu mörg afleidd störf tilkoma hans skapar. En margir aðrir þættir hafa einnig áhrif á fjölda afleiddra starfa. Það er því erfitt er að meta fjölda afleiddra stærða nákvæmlega. Þó er tiltölulega auðvelt að leggja gróft mat á fjölda afleiddra starfa að gefnum forsendum til einföldunar.

Helstu forsendur:

Gefum okkur að öll framleiðsla nýja vinnustaðarins sé til útflutnings úr bæjarfélaginu. Þetta er nokkuð raunsönn forsenda í mörgum tilvikum svo sem þegar um er að ræða álver, frystihús, gagnaver eða hótel.

Gefum okkur að bæjarfélagið sé lítill hluti landsins alls og að hinn nýi vinnustaður sé einnig lítill frá sjónarhóli landsins alls. Þessar forsendur gefum við okkur til þess að geta horft framhjá ruðningsáhrifum hins nýja vinnustaðar. Þegar litið er á landið í heild hefur fjölgun starfa á einum stað þau áhrif að störfum fækkar annars staðar, a.m.k. þegar jafnvægi ríkir á vinnumarkaði. Ef bæjarfélagið er stór hluti landsins alls þá myndi hluti af þessum ruðningsáhrifum koma fram í bæjarfélaginu sjálfu. Við gefum okkur að bæjarfélagið sé lítið til þess að geta horft framhjá

þessum áhrifum. Ef vinnustaðurinn er stór frá sjónarhóli landsins alls gerir tilkoma hans bæjarfélagið stórt frá sjónarhóli landsins og við þyrftum því aftur að taka tillit til ruðningsáhrifa.

Gefum okkur að laun starfsmanna hins nýja vinnustaðar séu að meðaltali þau sömu og meðaltalslaun í bæjarfélaginu og að neysluvenjur þessara starfsmanna séu einnig að meðaltali þær sömu og meðaltalsneysluvenjur fólks í bæjarfélaginu. Þessar forsendur einfalda útreikninga okkar þar sem af þeim leiðir að hver hinna nýju starfsmanna kallar að meðaltali fram neyslu í bæjarfélaginu sem jafngildir framleiðslu eins meðalstarfsmanns í bæjarfélaginu. Með öðrum orðum, hver hinna nýju starfsmanna skapar allt í allt eitt starf með neyslu sinni – þó minna en eitt heilt starf innan bæjarfélagsins þar sem hann eyðir hluta af tekjum sínum í vörur sem eru „innfluttar“ frá sjónarhóli bæjarfélagsins.

Gefum okkur að hver bæjarbúi eyði y hluta af tekjum sínum í vörur og þjónustu sem eru framleidd innan bæjarfélagsins en (1-y) hluta af tekjum sínum í vörur og þjónustu sem eru flutt inn í bæjarfélagið.

Gefum okkur loks að fjöldi starfa á hinum nýja vinnustað sé X.

Útreikningar:

Þar sem starfsmenn hins nýja vinnustaðar eyða y hluta tekna sinna í vörur og þjónustu sem framleidd er innan bæjarfélagsins skapar neysla þeirra yX ný störf í bæjarfélaginu. Þeir sem vinna þessi störf eyða einnig y hluta af tekjum sínum í vöru og þjónustu sem framleidd er innan bæjarfélagsins. Neysla þeirra skapar því y2X störf og koll af kolli. Heildarfjöldi starfa sem verður til vegna hins nýja vinnustaðar er því

$$(1) \qquad X + yX + y^2X + y^3X + \ldots = \frac{X}{1-y}.$$

Það er einnig gagnlegt að hugsa um þetta frá sjónarhóli viðskiptajafnaðar bæjarfélagsins. Gefum okkur að bæjarfélagið flytji inn jafn mikið af vörum og þjónustu og það flytur út áður en nýji vinnustaðurinn opnar. Vörurnar og þjónustan sem framleidd eru á hinum nýja vinnustað auka útflutning um X. Til þess að viðhalda jafnvægi á viðskiptajöfnuði bæjarfélagsins þarf innflutningur þess að einnig að aukast um X. Neysla starfsmanna hins nýja vinnustaðar auka innflutning um (1-y)X. Neysla þeirra yX starfsmanna sem verða til í fyrstu umferð röksemdafærslunnar að ofan auka innflutning um y(1-y)X og koll af kolli. Heildar innflutningur eykst því um

(2) $$(1-y)X + y(1-y)X + y^2(1-y)X + y^3(1-y)X + ... = X$$.

Þessi útreikningur sýnir að röksemdafærslan hér að ofan stenst þetta einfalda próf um að jafnvægi sé á viðskiptajöfnuði bæði fyrir og eftir opnun hins nýja vinnustaðar.

Kvörðun

Af útreikningunum að ofan má sjá að margfeldisáhrif nýs vinnustaðar af þeirri gerð sem við höfum gefið okkur eru 1/(1-y). Ef til dæmis y = 0,5 þá eru margfeldisáhrifin 2. Mat á margfeldisáhrifunum byggir því á mati á hlutfallinu y, þ.e. hlutfall heimavöru í heildarneyslu fólks í bæjafélaginu. Í flestum bæjarfélögum er stærstur hluti þjónustu framleiddur í heimabyggð (skólar, heilsugæsla, lögregla, húsnæði, viðgerðir, tómstundir, smásala, hárgreiðsla, o.sv.fr). Einnig eru ýmsar vörur framleiddar til heimaneyslu svo sem brauð. Þá er talsvert framleitt af fjárfestingarvöru í heimbyggð til heimaneyslu (svo sem húsnæði).

Það getur verið ögn snúið að meta y nákvæmlega vegna þess að talsverður munur er á því hversu vinnuaflsfrek hin mismunandi starfsemi er. Sú þjónusta sem húsnæði veitir í mörg ár eftir að það hefur verið byggt kallar til dæmis á mjög lítið vinnuafl á meðan bygging húsnæðis er mun vinnuaflsfrekari, líkt og hárgreiðsla og önnur snyrting.

Ef við hins vegar gefum okkur að starfsemi sem unnin er í heimabyggð sé að meðaltali jafn vinnuaflsfrek og starfsemi sem er aðflutt má meta y sem

(3) $$y = w_c y_c + w_g y_g + w_i y_i$$,

þar sem wc er vægi einkaneyslu í „VLF“ bæjarfélagsins, wg er vægi samneyslu, wi er vægi fjárfestingar og yc, yg og yi eru hlutföll einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar sem framleidd er í heimabyggð.

Ýmis gögn eru gagnleg til þess að leggja mat á þessar stærðir, svo sem þjóðhagsreikningar Hagstofunnar, vogir fyrir undirvísitölur vísitölu neysluverðs sem aðgengilegar eru á heimasíðu Hagstofu Íslands og gögn um útgjöld bæjarfélagsins og ríkisins til samneyslu í bæjarfélaginu.

Fylgiskjal X.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Markmið frumvarpsins er að veita iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands heimild til að ganga til samninga við Teha Investments, Novator, Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. um byggingu og rekstur gagnavers að Ásbrú í Reykjanesbæ í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Ákvæði samningsins skulu gilda eigi lengur en 20 ár frá undirritun samningsins. Viðskiptahugmund Verne Holdings ehf. er að bjóða upp á heildsölu á gagnaversþjónustu þar sem alþjóðlegum stórnotendum gagnavera er veittur aðgangur að gagnahýsingarþjónustu en slík þjónusta krefst meðal annars innviða eins og orku, kælingar, rýmis fyrir tölvubúnað, öryggis og innbyggðrar tengingar til að starfrækja netþjóna.

Í skýrslu KPMG um samfélagsleg áhrif gagnaversins er gert ráð fyrir að fjárfestingarþörf fullbúins gagnavers sé um 700 millj. bandaríkjadala og er reiknað með að 180–220 störf skapist á vegum Verne Holdings ehf. við framkvæmdina þegar mest er. Þar af er áætlað að 100 störf skapist á vegum félagsins þegar rekstur er kominn á fullan skrið og á sjö ára uppbyggingartímabili er reiknað með að um 100 störf skapist í byggingariðnaði. Alls er reiknað með að stærð bygginga gagnaversins verði um 20.000 m² og orkuþörf upp á 80–140 MW. Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að fyrsta áfanga verkefnisins verði lokið 2010 sem muni kosta um 100 millj. bandaríkjadala. Áætlað er að 108 millj. bandaríkjadala tekjur skili sér á tímabilinu 2010–2019 í formi tekjuskatts frá félaginu, tekjuskatts starfsfólks og fasteignagjalda. Þá er gert ráð fyrir að félagið kaupi raforku á þessu sama tímabili fyrir um 30–36 milljarða kr. auk þess sem gert er ráð fyrir að margföldunaráhrif tengd rekstri og uppbyggingu gagnaversins geti leitt af sér 150–160 viðbótarstörf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að almennar skattareglur skuli gilda um starfsemi gagnaversins í Reykjanesbæ verði því veittar ýmsar ívilnanir í formi frávika frá reglum um skatta og gjöld. Eru þau frávik þó að mestu leyti sambærileg þeim sem heimiluð hafa verið vegna fjárfestingarsamninga sem gerðir voru vegna álveranna á Grundartanga, á Reyðarfirði og í Helguvík. Ekki er þó gengið jafnlangt í ívilnunum samkvæmt frumvarpinu, t.d. gagnvart tekjuskatti lögaðila, og gert hefur verið í eldri fjárfestingarsamningum. Undanþágur þessar falla niður að öllu leyti eftir 20 ár og verður þá heimilt að semja upp á nýtt. Frávik þau sem gert er ráð fyrir að Verne Holdings ehf. skuli njóta frá reglum um skatta og gjöld samkvæmt frumvarpinu snúa að eftirfarandi þáttum en í greinargerð frumvarpsins er fjallað nánar um einstök skattaleg ákvæði frumvarpsins:

1. Að tryggt sé að tekjuskattshlutfall verði ekki hærra en 15% fyrstu fimm ár gildistíma fjárfestingarsamningsins, 18% næstu fimm ár og 25% síðustu tíu árin.
2. Sérreglur varðandi fyrningu eigna.
3. Undanþágu frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.
4. Sérreglur varðandi stimpilgjald og skipulagsgjald.
5. Sérreglur varðandi útreikning fasteignaskatts.
6. Undanþágu frá rafmagnsöryggisgjaldi.
7. Ýmsar takmarkanir varðandi upptöku nýrra skatta.

Í tengslum við frumvarpið fór fram vinna á vegum iðnaðarráðuneytisins þar sem fjárhagslegt umfang þessara tilteknu skattalegu ívilnana var metið. Í stórum dráttum er þar lagt mat á tekjur hins opinbera næstu 20 árin annars vegar miðað við gildandi skattareglur og hins vegar miðað við þau frávik frá þeim sem samningurinn gerir ráð fyrir. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar úttektar er fjárhagsleg ívilnun frumvarpsins metin að núvirði á um 5,4 millj. bandaríkjadala á þessu 20 ára tímabili. Sé miðað við að gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni sé 124, þá gera þetta alls um 670 m.kr. yfir tímabilið eða um 33,5 m.kr. að meðaltali á ári. Stærstu liðirnir snúa í fyrsta lagi að því að gert er ráð fyrir að félaginu verði veitt undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi en það er metið sem ívilnun að fjárhæð 2,2 millj. bandaríkjadala. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérreglum varðandi fasteignaskatta en það er metið sem ívilnun að fjárhæð 1,3 millj. bandaríkjadala. Í þriðja lagi gert ráð fyrir að félaginu verði veitt undanþága frá iðnaðarmálagjaldi sem er metið sem 1,1 millj. bandaríkjadala ívilnun. Þá er í fjórða lagi gert ráð fyrir að tekjuskattshlutfall gagnaversins skuli ekki vera hærra en 15% fyrstu fimm árin en það er metið sem ívilnun að fjárhæð 0,6 millj. bandaríkjadala þar sem gert er ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila skuli hækka í 18% á árinu 2010. Aðrir þættir vega minna. Ekki er hægt að segja fyrir um það hvort ákvæði um að tekjuskattshlutfall vegna starfsemi gagnaversins í Reykjanesbæ verði ekki hærra en 18 eða 25% á tímabilinu muni fela í sér ívilnun. Að öllu samanlögðu má því gera ráð fyrir, verði frumvarpið óbreytt að lögum og ráðist verður í framkvæmdirnar, að tekjur ríkissjóðs muni aukast og afkoma ríkissjóðs þar af leiðandi batna.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi umtalsverð bein áhrif á útgjaldahlið ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum að öðru leyti en því að greiðslur vegna atvinnuleysisbóta gætu orðið minni en ella næstu árin.

394. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

1. Inngangur.

Fjárlaganefnd hóf vinnu sína við frumvarp til fjárlaga næsta árs 28. september sl. og hefur átt viðtöl við einstaklinga, fulltrúa sveitarfélaga, einstakra félaga og hagsmunasamtaka, ráðuneyta og einstakra stofnana. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 38 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar.

Nefndin lauk sinni umfjöllun um frumvarpið 9. desember og fulltrúar ríkisstjórnarinnar mættu þann sama dag og kynntu tillögur ríkisstjórnarinnar allt til kl. 22.20 en þá komu síðustu tillögurnar fram. Frumvarpið var síðan tekið út úr nefnd í hádeginu daginn eftir, í andstöðu við stjórnarandstöðuna, enda hafði enginn tími gefist til að rýna í mikilvægar breytingar á forsendum frumvarpsins. Að auki hafði nefndinni ekki borist lögbundin umsögn efnahags- og skattanefndar um tekju- og lánsfjárgrein þess.

Í ljós kom, eins og stjórnarandstaðan hafði bent á, að þessi málsmeðferð samrýmdist ekki ákvæðum þingskapalaga og var því meiri hluti fjárlaganefndar knúinn til að taka málið að

nýju til meðferðar. Var þá fengið bráðabirgðaálit þriggja minni hluta efnahags- og skattanefndar sem bar með sér að málið var illa reifað og langt frá því að vera tilbúið til úttektar. Það felst m.a. annars í því að efnahags- og skattanefnd hafði ekki hitt alla gesti og umræður í nefndinni um tekjugrein frumvarpsins var ekki hafin. Engu síður afgreiddi meiri hluti fjárlaganefndar málið aftur út úr nefndinni í hádeginu föstudaginn 11. desember sl. gegn atkvæðum stjórnarandstöðu. Að öllum líkindum er þetta fordæmalaus afgreiðsla fjárlagafrumvarps í þingsögunni.

Lausatök í ríkisfjármálum.

Lausatök hafa einkennt framkvæmd fjárlaga ársins enda hefur fjármálaráðuneytið ekki kynnt neina skýrslu um framkvæmdina fyrir fjárlaganefnd Alþingis það sem af er árinu. Óskýr fyrirmæli um tilflutning fjárheimilda milli ára hafa valdið óróleika í fjármálastjórn ríkisins. Forsvarsmenn stofnana og fjárlagaliða ríkisins hafa á undanförnum árum gert áætlanir sem tekið hafa mið af óráðstöfuðum heimildum frá fyrri árum. Þannig hafa þeir getað dreift t.d. verkefnum milli ára. Í leiðarljósum ríkisstjórnarinnar frá því í lok júní sl. kemur fram að ætlunin sé að fella niður óhafnar fjárheimildir en útfærslan og kynning hennar hefur í mörgum tilfellum misfarist. Í því sambandi má benda á að í máli gesta sem hafa komið fyrir nefndina hefur komið fram að þeim hafa ekki verið kynntar þessar fyrirhuguðu ráðstafanir og þeir því ekki tekið tillit til þeirra í rekstri sínum. Er nú svo komið að við upphaf 2. umræðu um fjárlög 2010 hefur ekki enn bólað á skýrum ákvörðunum um meðferð þessara heimilda. Þá hefur fjársýslan ekki skilað yfirliti síðasta ársfjórðungs og borið við þeirri óvissu sem ríkir um óhafnar fjárheimildir. 1. minni hluti bendir á að þessi óvissa og stefnuleysi meiri hlutans kann ekki góðri lukku að stýra við fjármálastjórn næsta árs. 1. minni hluti hvetur ríkisstjórnina til að söðla um og gefa skýr fyrirmæli og setja skýr markmið öllum ríkisrekstrinum til hagsbóta því afleiðingin af núverandi ástandi er hringlandi og óvissa. Ástæðan virðist sú að ekki sé til staðar vilji til að taka á vandanum og tilhneiging til að skjóta erfiðum ákvörðunum á frest. Niðurstaðan er því miður sú að ekki virðist til staðar nægilega mikil fagleg verkstjórn í þessu þrátt fyrir fyrirheit um annað. Meiri hlutinn er sammála þessari skoðun 1. minni hluta eins og fram kemur í þskj. 174: „Ljóst er að agaleysi hefur verið og er í fjármálum ríkisins og eftirfylgni með fjárlögum óviðunandi. Hvetur meiri hlutinn því eindregið til breyttra vinnubragða við fjárlaga- og áætlunargerð ríkisins þar sem horft er til lengri tíma í senn og að markmið og stefnumótun liggi fyrir.“

2. Breytingar frá frumvarpi til 2. umræðu í stórum dráttum.

Tekjur og gjöld.

Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið til umfjöllunar í fjárlaganefnd fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarp ársins 2010 og að teknu tilliti til þeirra tillagna sem meiri hlutinn gerir eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 458,7 milljarðar kr. og heildargjöld 560,5 milljarðar kr. Þetta hefur í för með sér að áætlun um heildarjöfnuð versnar um 14,4 milljarða kr. og verður hann neikvæður um 101,7 milljarða kr. eða –6,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu, eins og hún var áætluð í þjóðhagsspá í október 2009. Frumjöfnuður er við 2. umræðu fjárlaga áætlaður verða neikvæður um 43,7 milljarða kr. og hefur þá versnað frá frumvarpinu um 18,3 milljarða kr. og verður að óbreyttu um –2,8% af VLF. Af þessum samanburði má ljóst vera að frumjöfnuður hefur ekki batnað um 3–4% af landsframleiðslu eins og áætlanir fjármálaráðuneytisins gerðu ráð fyrir.

6. gr. heimildir: Í lið 7.15 er Landspítalanum heimilað að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna. Heimild þessi er óútfærð, einnig heimild samkvæmt lið 7.14 að undirbúa útboð vegna leigu ríkisins á nýjum Landspítala við Hringbraut. Kostnaðarmat vegna útboðsins hefur ekki verið kynnt fjárlaganefnd. Hið sama á við um heimild til að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt lið 6.22 og heimild 6.21 til að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.

3. Efnahagslegar forsendur frumvarpsins.

Eftirfarandi þjóðhagsforsendur hefur fjárlaganefnd fengið frá fjármálaráðuneytinu fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010:

Þjóðhagsforsendur 2009 og 2010.

	des. 08 Fjárlög 2009	okt. 09 Áætlun 2009	des. 09 Endurskoðuð áætlun 2009	okt. 09 Frumvarp 2010	des. 09 Fjárlög 2010 2. umr.
Einkaneysla	–23,7%	–17,4%	–16,6%	–6,1%	–4,3%
Samneysla	2,9%	–1,9%	–1,1%	–1,3%	–3,6%
Fjárfesting	–32,2%	–45,5%	–45,7%	10,2%	4,8%
Þjóðarútgjöld	–19,6%	–20,3%	–19,3%	–2,5%	–3,0%
Útflutningur vöru og þjónustu	2,7%	–1,4%	1,1%	2,0%	1,7%
Innflutningur vöru og þjónustu	–22,3%	–30,0%	–26,4%	–1,8%	–2,3%
Verg landsframleiðsla	–9,6%	–8,4%	–7,9%	–1,9%	–2,3%
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	–6,6%	–7,0%	–6,4%	0,8%	–2,1%
Vísitala neysluverðs	13,8%	11,9%	12,0%	5,0%	6,0%
Atvinnuleysi, hlutfall mannafla	5,7%	8,6%	7,9%	10,6%	9,6%

Í efnahagslegum forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir 2. umræðu er gert ráð fyrir að hagvöxtur lækki um 2,3% milli ára, verðlag hækki um 6%, atvinnuleysi verði um 9,6% og viðskiptajöfnuður nemi –2,1% af VLF. Þó svo að umfjöllun um hagvöxt næstu ára sé ekki efni þessa álits getur 1. minni hluti ekki látið hjá líða að minnast á þær spár fjármálaráðuneytisins þar sem árið 2011 er gert ráð fyrir 2,8% hagvexti, 4,8% 2012 og 2,6% 2013. Þá er gert ráð fyrir að verðbólgan hjaðni niður í 2,3–2,6% á þessum árum. Að mati 1. minni hluta eru hagvaxtarspár þessar í hærri kanti þess sem má vænta á næstu árum. Samstarfsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins felur í sér að frumjöfnuður verði bættur um 16% á samkomulagstímanum. Batinn næmi 3–4% á ári en mestum árangri yrði náð á árinu 2010 með 1,6% neikvæðum frumjöfnuði. 1. minni hluti bendir á að ekki verður hægt að ná þessum árangri nema með verulegum samdrætti á fjárlögum og verður að ætla að hann sé fulllítill í ljósi þeirra efnahagslegu markmiða sem stjórnvöld hafa sett sér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarjöfnuður verði neikvæður um 87,4 milljarða kr., sem jafngildir 5,6% af VLF, frumjöfnuður verði neikvæður um 25,4 milljarða kr. eða sem

nemur 1,6% af VLF og lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 358,2 milljarða kr. Tillögur ríkisstjórnarinnar við 2. umræðu rúmast vart innan framangreindra viðmiða.

Í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins við kynningu á nýjum þjóðhagsforsendum kom fram að mikil óvissa ríkir um þau atriði sem þar koma fram og með vísan til þess telur 1. minni hluti afar brýnt að þær forsendur verði endurmetnar fyrir 3. umræðu og afgreiðslu fjárlaga ársins 2010.

Aðlögunarþörf 1. febrúar og yfirlýsingar ráðamanna.

Í febrúar sl. samþykkti ríkisstjórnin útlínur stefnumörkunar í ríkisfjármálum fyrir árin 2009–2013 sem var byggð á mati á horfum í ríkisfjármálum og efnahagsáætlun sem lögð var til grundvallar stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samkvæmt henni var gerð áætlun fyrir tekjur ríkissjóðs, gjöld og afkomu. Í upphaflegri áætlun íslenskra stjórnvalda samkvæmt samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var ekki gert ráð fyrir aðgerðum í ríkisfjármálum á árinu 2009 umfram það sem stefnt var að í fjárlögum. Fljótlega var talið að sú áætlun og þar með fjárlög fyrir árið 2009 mundu ekki standast vegna lækkunar á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009 og breyttra þjóðhagsforsendna, m.a. verðlags. Var talið nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða í ríkisfjármálum. Á tímabilinu mars til maí 2009 uppfærðu sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fjármálaráðuneytisins útreikninga á þeim aðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar voru taldar til að afkoman yrði innan þess ramma í ríkisfjármálum sem samþykktur var í ríkisstjórninni 24. febrúar 2009. Til að ná markmiðum um afkomu ríkissjóðs var aðlögunarþörf fjárlaga, þ.e. þörf fyrir hækkun tekna og lækkun gjalda að lágmarki, eftirfarandi:

	Mia. kr.	**% af VLF**
2009	–20	–1,4
2010	–56	–3,9
2011	–43	–2,8

Meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins er m.a. að ná tökum á hallarekstri, sbr. lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Við vinnu við endurskoðun á samkomulaginu milli fjármálaráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í maí voru útreikningar aðhaldsaðgerða uppfærðir. Þessar breytingar voru taldar nauðsynlegar til að afkoman yrði innan ríkisfjármálarammans sem samþykktur var í ríkisstjórninni 24. febrúar 2009.

Samkvæmt matinu er gert ráð fyrir að aðhaldsaðgerðir samkvæmt lögum nr. 70/2009 skili 22,3 milljörðum kr. til ársloka 2009 en að aðhaldsþörfin fyrir tímabilið 2009–2011 verði alls um 119 milljarðar kr.

Hreinar skuldir 80% af vergri landsframleiðslu?

Í kjölfar hruns allra stærstu banka Íslands í október 2008 hafa erlendar skuldir íslenska ríkisins aukist verulega, hvort sem litið er á vergar eða hreinar skuldir. Margt bendir til þess að erlendar skuldir Íslendinga geti numið um 300% af vergri landsframleiðslu.

Verði ytri þættir Íslendingum ekki hagfelldir getur reynst erfitt að standa skil á lánagreiðslum og versnandi skuldastaða getur leitt til lægra raungengis krónunnar sem m.a. hefur í för með sér versnandi lífskjör. 1. minni hluti ítrekar í þessu sambandi varnaðarorð Hagfræðistofnunar frá því í ágúst sl. um að með minnkandi lífsgæðum gæti mikill fjöldi Íslendinga flust úr landi.

Hreinar skuldir gætu numið um 80% af vergri landsframleiðslu í lok árs 2009. Þá ber að horfa til þess að á meðal eigna eru eignir sem ekki hefur staðið til að selja vegna mikilvægis þeirra. Við mat á sjálfbærni skuldastöðunnar má horfa til verðmætis útflutnings, innflutnings, lánskjara erlendra lána og ávöxtunar erlendra eigna Íslendinga. Takist ekki að skapa gjaldeyri til að mæta vöxtum og afborgunum verður þörf á frekari lántöku og jafnvel sölu eigna. Greiðslubyrði af erlendum lánum er þung og hátt hlutfall af vöru- og þjónustujöfnuði. Ef fisk- og álverð helst svipað og það er um þessar mundir gætu Íslendingar lent í erfiðleikum með að borga af erlendum lánum. Hækkun álverðs, fiskverðs og aukning á fiskveiðikvóta gæti haft jákvæð áhrif og hefur 1. minni hluti í því sambandi látið meta tilteknar breytingar á úthlutun kvóta. Verða niðurstöðurnar birtar síðar í áliti þessu.

4. Jöfnuður í ríkisfjármálum.

Í ljósi þeirra gríðarlegu áhrifa sem hrun íslensks fjármálakerfis hefur og mun hafa á fjárhag og afkomu heimila og fyrirtækja í landinu og þar með ríkissjóðs er afar áríðandi að auka festu í útgjaldastýringu ríkissjóðs og að stuðlað sé að því að aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera. Liður í því verkefni er að leggja fram með fjárlagafrumvarpinu stefnu í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára þar á eftir.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gerð slíkrar áætlunar sagt forgangsverkefni á sviði ríkisfjármála og í júní sl. var lögð fyrir Alþingi skýrsla um áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013. Þar kom fram að stefnt væri að því að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður á árinu 2011 og heildarjöfnuður sömuleiðis á árinu 2013. Vegna mikilvægis kröfunnar um aukinn aga og aðhald er áríðandi að þeirri áætlun sem gerð var verði fylgt og nauðsynlegt að meta framgang hennar í tengslum við gerð fjárlaga ársins 2010.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 kom fram að fjármálaráðherra mundi leggja fram endurskoðaða skýrslu um aðlögunaráætlunina við umfjöllun Alþingis um fjárlagafrumvarpið. Jafnframt voru gefin fyrirheit um það að unnið yrði að nánari útfærslu stefnumörkunar af hálfu ríkisstjórnarinnar bæði varðandi tekjuöflun ríkissjóðs svo og um einstakar áherslur á gjaldahlið og útgjaldaramma ráðuneyta. Þar sem allnokkur lausatök hafa verið á framkvæmd fjárlaga ársins 2009 er bagalegt, svo ekki sé kveðið fastar að orði, að ríkisstjórnin hafi ekki samhliða 2. umræðu um fjárlög næsta árs lagt fram endurskoðaða aðlögunaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að lagfæra það sem úr lagi er gengið í ríkisfjármálum á skömmum starfstíma ríkisstjórnarinnar.

Áætlun ríkisstjórnarinnar miðaðist við að ná fram verulegum afkomubata ríkissjóðs á árinu 2010, frumjöfnuður átti að verða neikvæður um 25,4 milljarða kr. og heildarhalli ríkissjóðs var áætlaður 87,4 milljarðar kr. Til að ná þessum markmiðum var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs mundu aukast um 61 milljarð kr. frá endurskoðaðri áætlun ársins 2009 og yrðu 468,2 milljarðar kr. Heildarútgjöld ársins 2010 voru áætluð 555,6 milljarðar kr. og gert ráð fyrir því að þau lækkuðu milli ára um 43 milljarða að frátöldum launa-, gengis- og verðlagshækkunum.

Samkvæmt þeim tillögum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram til umfjöllunar í fjárlaganefnd fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarp ársins 2010, og að teknu tilliti til þeirra tillagna sem meiri hlutinn gerir, eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 458,7 milljarðar kr., heildargjöld verða 560,5 milljarðar kr. Þetta hefur í för með sér að áætlun um heildarjöfnuð versnar um 14,4 milljarða kr. og verður hann neikvæður um 101,7 milljarða kr. eða –6,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu, eins og hún birtist í þjóðhagsspá í október 2009. Frumjöfnuður er við 2.

umræðu fjárlaga áætlaður neikvæður um 43,7 milljarða kr. og hefur versnað frá frumvarpi um 18,3 milljarða kr.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um breytingar á helstu lykiltölum fjárlagafrumvarpsins. Þar kemur fram að frumjöfnuður verður að óbreyttu um –2,8% af VLF og heildarjöfnuður um –6,5% af VLF. Af þessum samanburði má ljóst vera að frumjöfnuður hefur ekki batnað um 3–4% af landsframleiðslu eins og áætlanir fjármálaráðuneytisins gerðu ráð fyrir heldur hefur hann versnað. Fjármálaráðuneytið hefur í sínum útreikningum miðað við VLF 1.606 milljarða kr. í stað 1.520 milljarða kr. eins og gert er í útreikningum 1. minni hluta. Enginn rökstuðningur hefur verið birtur fjárlaganefnd fyrir þessari breyttu spá.

	Frumvarp 2010	Frumvarp 2 umræða	Breyting	%
Heildartekjur	468.245	458.730	-9.515	
Heildargjöld	555.603	560.485	-4.882	
Tekjujöfnuður:	**-87.358**	**-101.755**	**-14.397**	**-14,1%**
Frumtekjur	430.600	422.403	-8.197	
Frumgjöld	456.033	466.165	-10.132	
Frumjöfnuður	**-25.433**	**-43.762**	**-18.329**	**-41,9%**
Fjármagnstekjur	37.645	36.327	-1.318	
Fjármagnsgjöld	99.570	94.320	5.250	
Fjármagnsjöfnuður	**-61.925**	**-57.993**	**3.932**	**6,8%**
Verg landsframleiðsla		1.561.700		
Tekjujöfnuður:	**-5,6%**	**-6,5%**		
Frumjöfnuður	**-1,6%**	**-2,8%**		

Af framangreindum upplýsingum má ráða að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur og hyggst grípa til muni að óbreyttu ekki duga til þess að ná tökum á þeim vanda sem við er að glíma. Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem borist hafa og umfjöllun nefnda um útgjöld og þá sérstaklega tekjuhlið fjárlaga næsta árs má draga þær ályktanir að enn verði gefið eftir varðandi áform ríkisstjórnarinnar um aðhald í rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Að auki benda athugasemdir sem efnahags- og skattanefnd hafa borist við frumvörp ríkisstjórnarinnar í skattamálum til þess að full ástæða sé til þess að draga í efa að væntar skatttekjur muni skila sér í ríkissjóð á næsta ári. Þegar þess er einnig gætt að enn eru stórir útgjaldaliðir utan fjárlagafrumvarpsins verður að setja stór spurningarmerki við þá vegferð sem stjórnarmeirihlutinn virðist vilja feta við fjárlagagerðina. Í þessu sambandi skal látið nægja að nefna skuldbindingar vegna vaxtagreiðslna af láni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta af

Icesave-reikningum sem áætlaðar hafa verið um 35–40 milljarðar kr. Loks má nefna mikla óvissu um ýmsa þætti gjaldahliðarinnar sem lúta m.a. að fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga vegna tryggingagjalds og húsaleigubóta.

5. Tekjuhlið.

Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Tekjuöflunaratriði bandormsins svokallaða fólust í hækkun tryggingagjalds og gjalds vegna Ábyrgðasjóðs launa, breytingu á fyrirkomulagi virðisaukaskatts, tíðari skilum fjármagnstekjuskatts (skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi), hertu skatteftirliti og tímabundnum skatti á launatekjur einstaklinga umfram tilgreind mörk. Ráðstafanir þessar voru samþykktar sem lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum í júní sl.

Helstu þættir á tekna- og gjaldahlið fjárlaga sem lögunum var ætlað að tryggja má sjá í eftirfarandi töflu:

Aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum 2009–2013, markmið og aðgerðir.

	2009	2010
Þörf fyrir styrkingu á afkomu	**20.000**	**56.000**
Aukin tekjuöflun, allt að	**13.000**	**28.000**
Rekstur	**1.800**	**14.250**
Almennt aðhald (10% stjórnsýsla, 7% menntam., 5% velferðarþjón.)	1.800	14.250
Þ.m.t. sameiningar stofnana og skipulagsbreytingar		
Tilfærslur	**3.135**	**11.113**
Sjúkratryggingar	440	2.600
Barnabætur	0	1.000
Fæðingarorlof	70	350
Elli- og örorkulífeyrir	1.830	3.650
Önnur sértæk tilfærsluframlög	435	1.825
Almennt aðhald í tilfærslustyrkjum ráðuneyta	360	1.688
Viðhald og stofnkostnaður	**4.425**	**10.000**
Vegaframkvæmdir	3.500	8.250
Aðrar framkvæmdir	925	1.750
Samtals	**9.360**	**35.363**
Bætt afkoma	**22.360**	**63.363**

Fjárlaganefnd hefur ítrekað reynt að afla upplýsinga um árangur þessara aðgerða en ekki fengið fullnægjandi svör. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til

ágúst 2009 kemur fram að skattbreytingar sem gerðar voru í júní hafa „ekki skilað sér nema að litlu leyti í auknum tekjum. Hins vegar má segja að þær hafi forðað því að tekjur drægjust meira saman en áætlað var í fjárlögum.“ Í bréfi Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar frá 27. nóvember sl. telur stofnunin „óhætt að fullyrða að aðhaldsaðgerðir á miðju ári hafi ekki skilað sér nema að litlu leyti“. Jafnframt er bent á í skýrslunni og bréfum stofnunarinnar að vaxtatekjur hafi aukist verulega. Þá aflaði stofnunin upplýsinga frá fjármálaráðuneytinu um þann tekjuauka sem skattbreytingarnar hafa skilað og kom eftirfarandi fram í svari ráðuneytisins:

- Gert er ráð fyrir að 8% hátekjuskattur skili tæpum 2,0 milljörðum kr. á rekstrargrunni sem er heldur minna en reiknað var með.
- Tryggingagjald mun ekki skila jafn miklum tekjum og reiknað var með og kann þar að muna 1 milljarði kr. Skýringin er m.a. sú að áhrifin voru reiknuð út frá skattstofni fyrra árs sem hefur dregist saman um 10%.
- Áhrifin af sykurskattinum eru að litlu leyti komin fram en áætlun um tekjur af honum er þó óbreytt.
- Bensíngjald mun að öllum líkindum skila reiknuðum tekjuauka þar sem bensínsala er mun meiri en reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarpsins.
- Þá mun áfengisgjald skila meiri tekjuauka en reiknað var með en tóbaksgjald heldur minni tekjum vegna sölusamdráttar.

Í fyrrgreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga kemur fram að þær aðgerðir sem gripið var til í því skyni að hemja kostnað og bæta afkomu ríkissjóðs til ársloka hafi ekki skilað tilætluðum árangri hvað varði ýmsa stóra fjárlagaliði. Þá benda upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi ríkisins til þess að verulegur fjöldi stofnana sem átti ónotaðar fjárheimildir frá fyrri árum hafi notað þær á árinu, en það gengur þvert á fyrirætlanir stjórnvalda um að þeim yrði ekki ráðstafað. Enda hefur komið fram á fundum ráðuneyta með fjárlaganefnd að fyrirmæli hafa í nokkrum tilfellum verið óljós og misvísandi og því ekki við öðru að búast en að markmið aðhaldsaðgerða næðu ekki fram að ganga í þeim mæli sem að var stefnt. Vegna þess hve málefni yfirfærðra fjárheimilda eru illa frágengin og illa kynnt það sem af er árinu má búast við að þeir sem vilja standa sig vel í fjármálastjórn ríkisins hafi ekki til þess nauðsynlegan hvata þar sem við blasir að af þeim verður tekið það sem ekki hefur verið eytt. Minnir það á fyrri tíma þegar stjórnendur ríkisstofnana könnuðu undir árslok hve mikið var eftir af fjárveitingum og kappkostuðu að eyða þeim áður en árinu var lokað því annars var afgangurinn tekinn af þeim. Að mati 1. minni hluta er umhugsunarvert hvort þessi nýja stefna muni skila ávinningi fyrir ríkissjóð til framtíðar.

Að mati 1. minni hluta mun ekki nást sá árangur sem að er stefnt í fjármálastjórn ríkisins nema eftirlit með framkvæmd fjárlaga verði eflt og það fari fram mánaðarlega. Mun 1. minni hluti því beita sér fyrir því að fjárlaganefnd skoði fjárhagsstöðu ríkisins mánaðarlega og fari yfir þau frávik sem myndast frá áætlunum þannig að unnt verði að grípa til viðeigandi aðgerða til að snúa þeim liðum til betri vegar áður en í óefni er komið.

Áreiðanleiki tekjuhluta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni nema 468,2 milljörðum kr. og að þær aukist um 61,3 milljarða kr. frá áætlun 2009. Því er áætlað að þær verði 15% hærri en þær verða að líkindum árið 2009. Í bréfi Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar frá 2. nóvember sl. segir að frumvarpið beri þess merki að „tekjuáætlun hafi verið afgangsstærð við gerð þess“.

Í frumvarpinu er ekki gerð nema takmörkuð grein fyrir því hvernig stendur til að afla þessara auknu tekna. Í fyrrgreindu bréfi Ríkisendurskoðunar er bent á að tekjuáætlun fjárlaga einkennist oft af ákveðinni varfærni við mat á tekjum og því hafi þær iðulega orðið hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í bréfinu kemur fram „að segja má að stjórnvöld þurfi að fara út á ystu nöf til að láta enda ná saman í ríkisfjármálum“ og viðbúið er að slíkur innbyggður „tekjuslaki“ sé vart til staðar lengur.

Óljóst er hvernig gengur að ná þessum markmiðum. Erfitt er að meta stöðu tekjuhliðar vegna frávika ársins frá áætlun fjárlaga. Margt bendir til að samdráttur verði meiri í skatt- og þjónustutekjum en gert er ráð fyrir í forsendum frumvarpsins. Má þar nefna viðbrögð og viðvaranir aðila vinnumarkaðarins, ASÍ, SÍ og SA, um stöðugleikasáttmála, m.a. að áform stjórnvalda gangi gegn honum og t.d. vegna fyrirætlana um að afnema sjómannaafslátt. Aðrar ákvarðanir um hækkanir skatta og þjónustugjalda gefa til kynna að fyrirvara verði að hafa á tekjuáætluninni.

Mánaðaruppgjör A-hluta ríkissjóðs janúar–október 2009. Tekjuhlið, millj. kr.

Tekjur ríkissjóðs	Bókhald	Áætlun	Frávik frá áætlun	Fjárlög 2009
Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	66.063	72.668	–6.605	89.382
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	12.070	14.543	–2.473	22.100
Skattur á fjármagnstekjur	40.131	29.662	10.469	16.216
Eignarskattar	3.989	5.732	–1.743	7.063
Virðisaukaskattur	93.376	102.774	–9.398	128.196
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	42.253	42.274	–21	52.545
Tollar og aðflutningsgjöld	3.981	3.681	300	4.531
Skattar ótaldir annars staðar	6.186	7.014	–828	4.641
Tryggingagjöld	33.605	33.530	75	40.568
Fjárframlög	430	191	239	1.391
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	35.727	19.219	16.508	22.230
Arðgreiðslur	185	1.895	–1.710	1.920
Aðrar tekjur ótaldar annars staðar	6.677	4.622	2.055	5.416
Sala eigna	496	7.510	–7.014	6.300
Tekjur alls	**345.169**	**345.315**	**–146**	**402.499**

Samkvæmt framangreindu óendurskoðuðu yfirliti sem keyrt hefur verið úr bókhaldi ríkisins kemur fram að tekjuhlið fjárlaga er í heild í samræmi við áætlanir og er ástæðan sú að skattur á fjármagnstekjur, vaxtatekjur og lánatekjur er langt umfram áætlanir eða sem nemur tæpum 30 milljörðum kr. Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga eru 9% lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skattar á tekjur og hagnað lögaðila eru 17% lægri en áætlanir, virðisaukaskattur 9% lægri og tekjur af sölu eigna eru 93% lægri en ráð var fyrir gert, enda hafa bústaðir sendiráða erlendis ekki selst í þeim mæli sem að var stefnt. Einkaneysla hefur minnkað umfram forsendur fjárlaga ársins 2009 og er því nú spáð samkvæmt endurskoðuðum þjóðhagsforsendum í desember 2009 að hún minnki um 16,6%, samneysla um 1,1%, fjárfesting um 45,7% og þjóðarútgjöld um 19,3%. Verg landsframleiðsla mun samkvæmt áætluninni minnka um 7,9% í stað 8,6% eins og spáð var í október sl. Atvinnuleysi hefur aukist og laun hafa lækkað. Þetta endurspeglast í skatttekjum frá einstaklingum og trygginga-

gjaldi. Tekjuskattur lögaðila minnkar vegna verri afkomu fyrirtækja og hefur því verið spáð að mörg þeirra stefni í þrot og muni þar af leiðandi ekki skila sköttum í sama mæli og áður. Tekjur af stimpilgjaldi minnka þar sem lítil hreyfing er á fasteigna- og lánamarkaði.

Yfirlit um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins.

Tekjur ríkissjóðs.

Fyrirhugaðar aðgerðir í skattamálum samkvæmt framkomnum frumvörpum ríkisstjórnarinnar eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að skattlagning tekna og fjármagnstekna einstaklinga gefi af sér 123,1 milljarð kr. í stað 143,5 sem er 20 milljörðum kr. lægri fjárhæð en frumvarpið gerði ráð fyrir. Þar af er gert ráð fyrir 99,6 milljörðum kr. í tekjuskatti og 23,5 milljörðum kr. í fjármagnstekjuskatti. Auk þess gera stjórnvöld ráð fyrir að áfram verði heimilt að taka út séreignarsparnað að vissu hámarki og mun það geta skilað ríkissjóði allt að 5 milljörðum kr.
2. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts á lögaðila verði hækkað úr 15% í 18% og tekjuskattur lögaðila verði um 4,2 milljörðum kr. meiri en áætlað er í frumvarpinu. Reyndar telur 1. minni hluti að ekki sé rétt að hækka tekjuhluta frumvarpsins á rekstrargrunni um áætlaðan fyrirframgreiddan tekjuskatt stóriðjufyrirtækja sem nemur 1,2 milljörðum kr. á árunum 2010–2012, en samið var við stóriðjufyrirtækin vegna væntanlegrar álagningar tekjuskatts og annarra opinberra gjalda á árunum 2013–2018.
3. Reiknað er með að kerfisbreyting á virðisaukaskatti skili 5,2 milljarða kr. auknum tekjum í stað 8 milljarða kr. eins og áður var gert ráð fyrir. Hæsta skattþrepið fer úr 24,5% í 25%, 14% skattþrepið verður tekið upp aftur og færast í það vörur sem voru í 7% þrepinu, en það er sala veitinga- og kaffihúsa og sykraðar mat- og drykkjarvörur.
4. Breytingar á skattlagningu orku, umhverfis og auðlinda sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu að mundi skila ríkissjóði allt að 16 milljörðum kr. mun skila 5 milljörðum kr. og felst skatturinn nú í kolefnisgjaldi og sölu á raforku og heitu vatni. 1. minni hluti gagnrýnir að fyrirhuguðum fyrirtækjaskatti sé varpað að stórum hluta beint á heimilin og í staðinn láni stóriðjan fyrirframgreiðslur skatta sem skekkja greiðslustreymi ríkissjóðs.
5. Kolefnisgjald á bensín og dísilolíu skilar um 300 millj. kr. lægri tekjum en gert var ráð fyrir í fyrirhuguðu bensín- og olíugjaldi.
6. Lagt er til að skatthlutfall í tímabundnum auðlegðarskatti á einstaklinga sem eiga yfir 90 millj. kr. og 120 millj. kr. hjá samsköttuðum aðilum nemi 1,25% og skili 3,5 milljörðum kr. á árinu.
7. Gert er ráð fyrir að atvinnutryggingagjald hækki frá forsendum frumvarpsins en 1. minni hluti hefur ekki upplýsingar um útfærsluna.
8. Fyrirhugaðar voru hækkanir á aukatekjum ríkissjóðs og dómsmálagjöldum sem áttu að skila um 1,5 milljörðum kr. en á móti koma aukin útgjöld til dómskerfisins.

Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sköttum minnki frá forsendum fjárlagafrumvarpsins um allt að 20 milljörðum kr. að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2010

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp	Endursk. áætlun	Frávik	Áhrif aðgerða 1)	Endsk.áætlun án aðgerða
I. Skatttekjur og tryggingagjöld	**422.887**	**411.468**	**-11.419**	**55.725**	**355.743**
Skattar á tekjur og hagnað	**164.725**	**150.226**	**-14.499**	**27.900**	**122.326**
Tekjuskattur, einstaklingar 2)	143.500	123.100	-20.400	25.900	97.200
Tekjuskattur, lögaðilar	13.500	17.700	4.200	2.000	15.700
Ótalið annars staðar	7.725	9.426	1.701	0	9.426
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.720	4.660	1.940	0	4.660
Útvarpsgjald, gjald í Framkv.sj. Aldraðra	5.006	4.766	-240	0	4.766
Tryggingagjöld	**47.512**	**59.780**	**12.268**	**11.900**	**47.880**
Eignarskattar	**4.432**	**8.132**	**3.700**	**3.500**	**4.632**
Skattar á vöru og þjónustu	**201.461**	**187.999**	**-13.462**	**12.425**	**175.574**
Virðisaukaskattur	125.200	123.100	-2.100	5.200	117.900
Vörugjöld almenn	23.624	23.534	-90	0	23.534
Vörugjöld af ökutækjum	1.400	1.400	0	0	1.400
Vörugjöld af bensíni	12.540	12.010	-530	475	11.535
Olíugjald	6.480	6.260	-220	200	6.060
Aðrir sértækir veltuskattar	6.879	7.286	407	1.200	6.086
Bifreiðagjald	5.570	5.660	90	500	5.160
Kílómetragjald	780	780	0	0	780
Aðrir neyslu og leyfisskattar	2.988	3.309	321	200	3.109
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld	16.000	4.660	-11.340	4.650	10
Aðrir skattar	**4.757**	**5.331**	**574**	**0**	5.331
Aðrar rekstrartekjur	**43.277**	**44.997**	**1.720**	**1.300**	**43.697**
Arðgreiðslur	887	1.387	500	0	1.387
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	36.758	35.440	-1.318	0	35.440
Neyslu- og leyfisgjöld	4.252	6.790	2.538	1.300	5.490
Annað	1.380	1.380	0	0	1.380
Sala eigna	**600**	**600**	**0**	**0**	**600**
Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**
Fjárframlög	**1.481**	**1.665**	**184**	**0**	**1.665**
Heildartekjur ríkissjóðs	**468.245**	**458.730**	**-9.515**	**57.025**	**401.705**

1) Hér er ekki tekið tillit til þeirra þjóðhagslegu áhrifa sem fram kæmu á tekjuhlið án aðgerða.

2) Skv. grunndæmi hækkar persónuafsláttur um hækkun neysluvöruvísitölu og 2.000 krónur auk þess sem 8% hátekjuskattur og 15% fjármagnstekjuskattur helst óbreyttur. Þá þarf að taka tillit til þess að hluti af aukninguni er 5 milljarða tekjuauka vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar.

6. Gjaldahlið.

Eftirfarandi tafla sýnir gjöld ríkissjóðs eins og þau skiptast á milli ráðuneyta. Helsta frávikið er í fjármagnsgjöldum og er gerð grein fyrir því í frumvarpi til fjáraukalaga. 1. minni hluti vekur athygli á því að gjaldfærslur vegna fjármagnskostnaðar við Icesave eða gjaldfærslur ábyrgða Icesave koma ekki fram hér. Frávik dómsmálaráðuneytisins skýrist að stærstum hluta af því að Landhelgisgæslan fékk afhenta nýja flugvél án þess að fjárheimild

komi fram í áætlunum og er því um einsskiptisgjöld að ræða sem ekki varða fjárlagagerð næsta árs. Hins vegar koma hér fram vandamál ýmissa ríkisstofnana sem ekki hafa verið leyst. Má þar nefna Landspítalann, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Fjölbrautaskólann í Garðabæ, Hólaskóla, Útlendingastofnun, Flensborgarskóla og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Á þessum álitaefnum er ekki tekið í frumvarpinu fyrir 2. umræðu fjárlaga.

Gjaldahlið eftir málaflokkum, millj. kr.

	Bókhald	Áætlun	Frávik frá áætlun	Fjárlög 2009
Laun	99.358	102.906	–3.548	9.594
Lífeyrisskuldbindingar	6.726	4.267	2.459	632
Önnur gjöld	93.404	93.697	–293	9.536
Sértekjur stofnana	–30.598	–27.033	–3.565	–2.802
Rekstrargjöld:	168.890	173.837	–4.947	16.960
Fjármagnskostnaður:	57.582	39.281	18.301	20.942
Lífeyristryggingar	39.025	44.238	–5.213	3.961
Sjúkratryggingar	24.111	20.547	3.564	2.385
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	8.146	7.849	297	840
Fæðingarorlof	8.604	8.842	–238	829
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.537	7.644	–107	535
Afskriftir skattkrafna			0	
Barnabætur	9.976	10.100	–124	2.628
Vaxtabætur	10.307	7.685	2.622	134
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	10.181	9.669	512	867
Atvinnuleysistryggingasjóður	21.158	15.593	5.565	2.212
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.450	6.525	–75	
Ríkisútvarpið	2.979	2.406	573	298
Sóknargjöld	1.856	1.813	43	180
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	31.857	30.383	1.474	3.008
Rekstrar- og neyslutilfærslur:	182.187	173.294	8.893	17.877
Vegagerðin	3.993	4.640	–647	437
Fasteignir ríkissjóðs	1.533	2.321	–788	165
Annað viðhald	1.486	974	512	100
Viðhald:	7.012	7.935	–923	702
Vegagerðin	12.683	15.010	–2.327	2.056
Landhelgissjóður	4.464	213	4.251	43
Skólar	1.318	1.025	293	175
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	738	760	–22	42
Hafnamál	1.907	1.061	846	129
Flugvellir	968	214	754	
Annað	8.429	7.410	1.019	2.398
Fjárfesting samtals:	30.507	25.693	4.814	4.843
Gjöld alls	**446.178**	**420.040**	**26.138**	**61.324**

Taflan sýnir óendurskoðuð gjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum í samanburði við áætlanir fyrstu 10 mánuði ársins. Stærstu frávik eru í fjármagnsgjöldunum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, í vaxtabótum og rekstrar- og neyslutilfærslum. Launakostnaður er undir áætlun,

sértekjur hafa skilað sér umfram áætlanir. Fjárfesting er umfram áætlun og hefur helsta skýringin áður verið tilgreind.

Lífeyrisskuldbindingar.

Í töflunni koma lífeyrisskuldbindingar ekki fram sem skyldi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er með ríkisábyrgð. Hann hefur orðið fyrir gríðarlegu tjóni af hruninu sem hefur skert eignir hans. Skuldbindingar hans verða ekki reiknaðar út fyrr en á næsta ári í tengslum við uppgjör á ríkissjóði. Að mati 1. minni hluta getur hér verið um verulegar fjárhæðir að ræða sem koma til með að hafa veruleg áhrif á uppgjör ársins 2009. Þar sem ekki er gert ráð fyrir þessu að öllu leyti í fjárlagafrumvarpinu má gera ráð fyrir að gjaldaáætlanir lífeyrisskuldbindinga standist ekki.

Sparnaður í fjárlagafrumvarpi 2009.

Í breytingartillögum meiri hlutans felst að fallið er frá nokkrum aðgerðum sem ætlað var að leiða til sparnaðar í rekstri ríkisins. Í því sambandi hefur nú verið fallið frá sameiningu sýslumannsembætta, a.m.k. um sinn, og fallið frá skerðingu fæðingarorlofs. Þá er 2.000 kr. hækkun persónuafsláttar áfram aftengd vísitölu auk þess sem áform um lækkun vaxtabóta og barnabóta eru endurskoðuð. Þá eru nokkrir útgjaldaþættir vantaldir í frumvarpinu er varða stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkinu og varða tryggingagjald, vaxtakostnað vegna Icesave-reikninga, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir einkaframkvæmdum, svo sem LSH, Suðurlandsvegi, Vaðlaheiðargöngum og tónlistarhúsi.

Neðangreindar tillögur bera með sér að um einskiptisaðgerð er að ræða sem þýðir að ríkisstjórnin tekur ekki á vandanum, þ.e. grípur til aðhaldsaðgerða í rekstri ríkisins. Bróðurparturinn af aðhaldsaðgerðum fjárlagafrumvarpsins er fólginn í eftirtöldu:

Sparnaður í ríkisútgjöldum í frumvarpi 2010, millj. kr.

Menntamálaráðuneyti, viðhalds- og stofnkostnaður	500
Menntamálaráðuneyti, jöfnun á námskostnaði	200
Utanríkisráðuneyti, sendiráðsbústaðir	2.000
Utanríkisráðuneyti, varnarmálastofnun	264
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	6.200
Samgöngumál	8.000
Samtals	**17.164**

7. Breytingartillögur, áherslur og ábendingar.

Afleiðing skattalagafrumvarpa.

Það er mat 1. minni hluta að ríkisstjórnin sé að kasta ísmolum inn í hagkerfið með skattalagatillögum sínum sem seinka muni nauðsynlegum bata og ýta undir atvinnuleysi. 1. minni hluti telur mun vænlegra til árangurs að fara í aðgerðir sem stuðla að auknum tekjum ríkissjóðs, m.a. með því að skattleggja séreignarsparnað. Þá vekur 1. minni hluti athygli á því að í tíð fyrri ríkisstjórnar var sett í lög að persónuafsláttur ætti að hækka í samræmi við verðlag. Því til viðbótar samþykkti núverandi ríkisstjórn til lausnar á kjaradeilu á vinnumarkaði að hækka persónufrádrátt um 7.000 kr. í þremur áföngum. Þó svo að fyrsti áfanginn hafi komist til framkvæmda hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður annan áfangann en

lætur þann þriðja, sem nemur 2.000 kr. hækkun, koma til framkvæmda á næsta ári eins og þetta sé hennar framlag. Hið rétta er að búið var að ákveða þessa hækkun með lögum.

Í stað þess að stjórnvöld hafi tekist á við meginverkefni sitt, að leysa skuldavanda heimilanna, munu ákvarðanir þeirra leiða til hækkunar skuldanna. Auk þess munu skattaáform ríkisstjórnarinnar skerða ráðstöfunartekjur heimilanna og auka þar með vanda þeirra. Þá veldur hækkun skatta verri afkomu fyrirtækjanna og ýtir þannig undir samdrátt í efnahagslífinu og stuðlar að auknu atvinnuleysi. Telur 1. minni hluti að vegið sé að virkni skattkerfisins með því að taka upp fleiri skattþrep þar sem skattþegnum sem lenda í eftirágreiddum sköttum mun fjölga. Eftirágreiddir skattar skila sér síður til greiðslu en staðgreiðslan og mega stjórnvöld því eiga von á því að þurfa að afskrifa álagða skatta í ríkari mæli en áður. Þau dæmi sem 1. minni hluti hefur látið reikna út fyrir sig benda til þess að áhrif tillagna stjórnvalda um skattahækkanir á fjölskyldur verði verulega neikvæð. Sem almenna niðurstöðu má benda á að einstaklingur með 250 þús. kr. í mánaðartekjur þarf að greiða 60 þús. kr. meira í tekjuskatt á ári og 38 þús. kr. meira í neysluskatta. Ótalin eru þá áhrif þessara aðgerða á húsnæðis- og bílalán viðkomandi.

Tillaga um tekjur af séreignarsparnaði, 75 milljarðar kr.

Í samræmi við frumvarp til laga um skattlagningu séreignarsparnaðar (þskj. 255, 230. mál) leggur 1. minni hluti til að fallið verði frá skattaáformum ríkisstjórnarinnar og þess í stað verði gerðar breytingar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins í samræmi við fyrrgreint frumvarp og fylgiskjal.

Tillaga um aflaaukningu.

Þingflokkar Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna hafa lagt til að aflaheimildir yrðu auknar. Ákvörðun yrði tekin að höfðu samráði hagsmunaaðila og vísindasamfélagsins. Miðað við hugmyndir sem lágu til grundvallar tillögugerð þingflokkanna má gera ráð fyrir að áætlað útflutningsverðmæti sjávarafurða gæti aukist um 20–30 milljarða kr. Atvinnutekjur gætu numið 8–10 milljörðum kr. og beinar skatttekjur ríkissjóðs gætu numið allt að 2,5–4 milljörðum kr. Við mat á áhrifum aflaaukningarinnar á landsframleiðslu má þrefalda útflutningsverðmætið sem gæti samkvæmt þessu aukið landsframleiðslu um allt að 60–90 milljörðum kr. Veltuáhrif eru því veruleg.

Að auki mundu skatttekjur ríkissjóðs af auðlindagjaldi hækka í samræmi við þá aukningu veiðiheimilda sem ákveðin yrði.

Sparnaðaraðgerðir.

Að mati 1. minni hluta er nauðsynlegt að grípa til frekari aðhaldsaðgerða fyrir fjárlagaárið 2010. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir 10 milljarða kr. útgjaldaauka. Með því að draga lækkun vaxtagreiðslna frá fæst sú niðurstaða að útgjaldaaukning sé hátt á fimmta milljarð. Af þessu sést að stjórnarflokkunum tekst ekki að ná tökum á spennu á útgjaldahlið ríkisrekstrarins sem er grundvallaratriði til að koma böndum á aðsteðjandi vanda. Ef niðurstaðan verður þessi er ljóst að fjárlagagerðin fyrir árið 2011 verður mun sársaukafyllri en ella hefði orðið. 1. minni hluti vill því, á milli umræðna, leggja til frekari sparnaðartillögur til umræðna í fjárlaganefnd. 1. minni hluti telur ekki ástæðu til að koma með endanlegar útfærslur á sparnaðartillögum á þessu stigi, enda þarf að rýna málið í fjárlaganefnd. 1. minni hluti áskilur sér rétt til að leggja fram fyllri breytingartillögur á síðari stigum fjárlagavinnunnar.

Almenn sparnaðarkrafa til aðalskrifstofa ráðuneyta.

Í frumvarpinu er gerð almenn 10% sparnaðarkrafa til stjórnsýslustofnana. Við samanburð á heildarkostnaði aðalskrifstofa ráðuneytanna á milli ára kemur í ljós að sparnaður er mismikill og eru á því ýmsar skýringar. Athygli vekur að þrátt fyrir verkefnaflutning frá heilbrigðisráðuneytinu aukast heildarútgjöld aðalskrifstofu þess um ríflega 8% á milli ára.

Þá leggur 1. minni hluti til að sparnaðarkrafa til aðalskrifstofur ráðuneyta verði hækkuð um 3% sem gæti skilað um 160 millj. kr. á ársgrundvelli. Þá leggur 1. minni hluti til að ráðstöfunarfé ráðherra verði afnumið og mundu 47,3 millj. kr. sparast með þeim hætti til viðbótar við það sem meiri hlutinn leggur til. Einnig ætti að spara risnu og veislur á vegum ráðuneyta eins og kostur er.

Sóknaráætlun 20/20, 25 millj. kr.

Lagt er til að áform um sóknaráætlun forsætisráðuneytisins verði lögð til hliðar og að 25 millj. kr. sparist við það. Markmið og ávinningur sóknaráætlunarinnar er óljós enda hefur hún aldrei verið kynnt fyrir fjárlaganefnd.

Hagræðing í rekstri í A-hluta ríkissjóðs, 8 milljarðar kr.

Að mati 1. minni hluta er full ástæða að taka til við frekari sparnaðaraðgerðir milli 2. og 3. umræðu. 1. minni hluti telur að hægt sé að ná fram sparnaði allt að 8 milljörðum kr. með ýmiss konar sparnaðaraðgerðum í stjórnkerfinu. 1. minni hluti leggur því fram breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins um niðurskurð um 8 milljarða kr. og mun í vinnu nefndarinnar milli 2. og 3. umræðu leggja fram nánari útfærslu á því hvernig hægt sé að ná þessari niðurstöðu. Í framhaldi af því, verði ekki samkomulag um slíkar sparnaðartillögur í fjárlaganefnd, mun 1. minni hluti leggja til sjálfstæðar breytingartillögur við 3. umræðu.

Breytingar á 6. gr. fjárlaga.

Fyrsti minni hluti gerir tillögur um að eftirtaldar heimildir verði **felldar niður:**

2.14 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.6 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.10 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands og Vatnamælingar.
6.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn.

Þá leggur 1. minni hluti til að eftirfarandi breytingartillögum við 6. gr. fjárlaga verði **hafnað:**

Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir landlæknisembættið.

Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir þjóðskrá.

Áhrif breytingartillagna á frumjöfnuð.

Lauslegt mat á áhrifum framangreindra breytingartillagna 1. minni hluta á tekjujöfnuð og frumjöfnuð ríkissjóðs leiðir til eftirfarandi niðurstöðu: Í stað þess að heildarjöfnuður verði

neikvæður um 101,7 milljarða kr. samkvæmt tillögum meiri hlutans verður hann neikvæður um 75,7 milljarða kr. Frumjöfnuður samkvæmt tillögum 1. minni hluta verður neikvæður um 17,7 milljarða kr. í stað 43,7 milljarða kr. sem tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir. Sem hlutfall af VLF yrði frumjöfnuður samkvæmt tillögum 1. minni hluta neikvæður um 1,1% í stað þeirra 2,8% af VLF sem tillögur meiri hlutans leiða af sér.

Áherslur til breytinga frá 1. minni hluta.

Þá telur 1. minni hluti nauðsynlegt að benda meiri hluta fjárlaganefndar á atriði sem ekki hefur verið tekið á í áliti meiri hluta nefndarinnar. Hér er bæði um að ræða atriði sem varðar styrkingu grunnstoða samfélagsins og atriði sem kunna að skapa svigrúm til tekjuaukningar fyrir ríkissjóð, auk þess sem að bent er á aðsteðjandi vanda sveitarfélaga, sem ríkisvaldið verður að taka á.

1. Nauðsynlegt er að taka á hækkun tryggingagjalds gagnvart sveitarfélögunum. Hækkun vegna laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum jók álögur á sveitarfélögin um 650 millj. kr. á þessu ári og mun auka þær um 1,3 milljarða kr. árið 2010. Við kynningu ráðstafananna á fundi hjá fjárlaganefnd svaraði fjármálaráðherra því aðspurður að sveitarfélögunum yrði bættur þessi útgjaldaauki. Hvorki í frumvarpi til fjáraukalaga 2009 né í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir því svo að sveitarfélögin eru verr sett sem nemur tæplega 2 milljörðum kr. á einu og hálfu ári.
2. Á næsta ári mun Landhelgisgæslan fá afhent nýtt varðskip. Við þær aðstæður sem eru í þjóðarbúinu telur 1. minni hluti skynsamlegt að reyna að selja skipið eða leigja það út. Söluandvirði þess gæti numið allt að 5 milljörðum kr. Enn fremur er lagt til að kannaðir verði kostir þess að Landhelgisgæslan yfirtaki rekstur skipa Hafrannsóknastofnunarinnar, með það í huga að ná fram verulegum sparnaði með því að nýta Árna Friðriksson RE 200 til gæslustarfa samhliða hafrannsóknum.
3. Fyrsti minni hluti telur óhjákvæmilegt að framlag til löggæslumála verði hækkað. Í breytingartillögum meiri hlutans er lögð til aukning á fjármunum til dómskerfisins sem er nauðsynlegt vegna þess aukna álags sem þar hefur orðið í kjölfar falls bankanna. 1. minni hluti tekur undir þær tillögur meiri hlutans. Til þess að mæta kostnaðinum er lögð til hækkun á ýmsum gjöldum, þar á meðal dómsmálagjöldum. 1. minni hluti telur rétt að horft sé á þetta kerfi í heild sinni og telur að of harkalega hafi verið gengið fram gagnvart löggæslunni í landinu. Því er það mat 1. minni hluta að rétt sé að gera leiðréttingu vegna löggæslumála milli 2. og 3. umræðu.
4. Með vísan til niðurstöðu starfshóps núverandi heilbrigðisráðherra leggur 1. minni hluti til að milli 2. og 3. umræðu fjárlaga leggi fjárlaganefnd mat á það hagræði og sparnað sem felst í tillögum vinnuhópsins varðandi tilfærslu verkefna milli LSH og sjúkrahúsa í nágrannasveitarfélögum.
5. Fyrsti minni hluti leggur til að fjárheimildum til hjúkrunarheimila verði breytt á þann veg að hjúkrunarheimili verði færð frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis.

Fyrirframinnheimta tekna.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra annars vegar og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku hins vegar hafa undirritað sameiginlega yfirlýsingu um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu. Samkvæmt samkomulagi þessara aðila munu stóriðjufyrirtækin greiða árlega fyrir fram samtals 1,2 milljarða

kr. á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Skiptist fyrirframgreiðslan milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun og er bundin við uppgjörsmynt fyrirtækjanna sem í hlut eiga.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir þessa málsmeðferð og telur að þessi gjörningur feli í sér lántöku ríkissjóðs hjá viðkomandi fyrirtækjum sem síðan verði endurgreidd þegar kemur að greiðslu skatta. Um heimild fyrir slíkri lántöku þarf að sækja í 5. gr. fjárlaga en hún fjallar um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Skuldbindingar vegna Icesave-samningsins.

Fyrsti minni hluti telur að taka þurfi inn í fjárlagafrumvarp 2010 væntanleg áhrif af Icesave-samningunum og að meta þurfi þá áhættu sem þeir hafa í för með sér.

Áhættugreining samninganna ætti að að taka til mismunandi óháðra líkindaþátta. Þeir eru eftirfarandi:

- Forsenda um langtímaverðbólgu/verðhjöðnun í pundi og evru, þ.e. raunvexti.
- Forsenda um meðalhagvöxt (–3%, –1%, 1%, 3%, 5%) í 15 ár (eða 50 ár) og sérstaklega þróun innflutnings og neyslu (myndun fátæktar).
- Forsendur þess (og líkur á) að neyðarlögin haldi ekki.
- Forsendur þess að Ragnars Hall-ákvæðið haldi.
- Forsendur um hvað mikið innheimtist (í erlendri mynt, 90% af eignasafni Landsbankans er í erlendri mynt), 50%, 75%, 100% upp í forgangskröfur.
- Áhrif áframhaldandi gengisfalls krónunnar.
- Aðrir efnahagslegir þættir sem áhrif kunna að hafa á getu ríkissjóðs til að afla gjaldeyris til að standa skil á samningnum.
- Niðurstaða ætti að verða líkindadreifing fyrir því að ríkið geti staðið við samninginn, þ.e. hvað eru miklar líkur á að ríkið geti auðveldlega staðið við greiðslu vaxta og afborgana samkvæmt samningnum.
- Að ríkið geti með herkjum staðið við greiðslu vaxta og afborgana samkvæmt samningnum.
- Að ríkið geti einungis staðið við greiðslu vaxta og hver verður lánstíminn þá (verðbólga í pundum og evru).
- Að ríkið geti ekki staðið við greiðslu vaxta og ríkisábyrgðin haldi ekki

Tekin verði inn í myndina þekkt skuldastaða ríkisins og möguleikar atvinnulífsins.

Tónlistarhús.

Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar 23. mars. 2009 segir m.a. eftirfarandi:

„Til stóð að Portus tæki á sig undirbúningskostnað og kostnað við rekstur fram að opnun hússins sem áætlað er að geti numið um 700 millj. kr. Forráðamenn Austurhafnar–TR hafa gert fjárlaganefnd grein fyrir því að helmingur fjárhæðarinnar sé innifalinn í áætluðum stofnkostnaði hússins en að eigendur Austurhafnar–TR þurfi væntanlega að reiða fram hinn helminginn þótt hugsanlegt sé að tekjur af rekstri hússins geti borið hluta hans. Tekið er fram að áætlanir um þennan kostnað séu þó ekki endanlegar og verði þær yfirfarnar á næstunni.“

Samkvæmt upplýsingum frá Austurhöfn – TR munu nánari upplýsingar um undirbúningskostnað liggja fyrir í næstu viku, en þó megi reikna með að hlutur ríkisins sem þarf að mæta með framlagi á árinu 2010 sé um 200 millj. kr. Samkvæmt þessu þarf að afla fjárheimilda vegna þessa í fjárlögum 2010 (en ekki í lokafjárlögum 2009). 1. minni hluti telur óviðunandi

að kostnaður þessi verði greiddur af eigendum með öðru en hagnaði af rekstri hússins. Ekki eru fyrir hendi forsendur á fjárlögum til að leggja út í viðbótarkostnað vegna tónlistarhússins.

Markaðar tekjur.

Tekjum af vissum sköttum ríkissjóðs er ætlað að standa undir tilgreindum útgjöldum. Þannig renna mestallar tekjur bensíngjalds til vegagerðar. Sem annað dæmi má taka að í lögum kemur fram til hvaða þátta tekjur af tryggingagjaldi skuli renna. Almenna uppgjörsreglan gerir ráð fyrir að fjárheimild hækki sem nemur mismun á fjárheimild og endanlegum tekjum, en frá henni eru undantekningar. Þrátt fyrir aukna fjárheimild er stofnun óheimilt að ráðstafa hærri fjárhæð til rekstrar en nemur útgjaldaheimild fjárlaga og fjáraukalaga. Ráðstöfun á uppsöfnuðum höfuðstól er háð samþykki Alþingis. Að mati 1. minni hluta er eðlilegt að breyta lögum um markaðar tekjur á þann veg að allar markaðar tekjur renni í ríkissjóð og sé úthlutað samkvæmt ákvörðun þingsins hverju sinni. Við það lýkur tengingu skatta við einstök verkefni, ýmis bókhaldsmál verða einfaldari og svigrúm þingsins til fjárveitinga verður meira en þegar skattstofn er tengdur tilteknum verkefnum.

Kostnaður við upplýsingakerfi ríkisins.

Ríkissjóður rekur margs konar upplýsingakerfi og er kostnaður af notkun þeirra allhár. Rekstur dýrustu kerfanna hefur verið boðinn út til að lækka kostnað. Sem dæmi um þennan kostnað má taka að áætlað er að heildarkostnaður Fjársýslu ríkisins sem annast bókhald ríkisins muni nema um 1,4 milljörðum kr. árið 2010, þar af er rekstur og stofnkostnaður upplýsingakerfa 886 millj. kr. Er þá ótalinn sá bókhaldskostnaður sem fellur á stofnanir ríkisins. Rekstur og stofnkostnaður skattvinnslukerfis RSK er áætlaður 416 millj. kr., rekstur tollafgreiðslukerfis er áætlaður 228 millj. kr., rekstur tölvukerfis rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga ásamt tölvubúnaði 75 millj. kr. Alls nema þessar greiðslur um 2 milljörðum kr.

Ýmislegt fleira má tiltaka á þessu sviði. 1. minni hluti leggur til að tekinn verði saman heildarkostnaður af rekstri og viðhaldi þessara kerfa og í kjölfarið verði leitað leiða til að lækka hann.

Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

Á fjárlögum 2009 var veitt 400 millj. kr. framlag til byggingarinnar sem síðan var tekið til baka í frumvarpi til fjáraukalaga 2009. Árið 2008 var varið 247 millj. kr. til verkefnisins. Stjórnvöld hafa uppi áætlanir um að lífeyrissjóðir fjármagni byggingu hússins þannig að verkefnið verði utan fjárlaga. Að mati 1. minni hluta á ríkissjóður ekki að standa í framkvæmdum sem þessum nema möguleg fjárframlög ríkissjóðs vegna framkvæmdanna séu tryggð í fjárlögum og komi síðan fram í ríkisreikningi.

Samgönguframkvæmdir.

Í 6. gr. frumvarpsins eru heimildarákvæði vegna byggingar og reksturs Vaðlaheiðarganga og Suðurlandsvegar. Kostnaðarmat vegna þessara framkvæmda hefur ekki verið kynnt fjárlaganefnd. Að mati 1. minni hluta á ríkissjóður ekki að standa í framkvæmdum sem þessum nema þær séu fjármagnaðar af fjárlögum og komi síðan fram í ríkisreikningi.

Málefni sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert alvarlegar athugasemdir við að ítrekað séu lögð fram á Alþingi stjórnarfrumvörp sem hafa veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaga án þess

að áhrif þeirra á fjárhag sveitarfélaga hafi verið metin. Brýtur það í bága við ákvæði samkomulags Sambands íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra, dags. 30. desember 2005, um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum. Einnig brýtur það gegn svokölluðum Vegvísi um gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga sem undirritaður var af fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála ásamt forustumönnum sambandsins 1. október 2009.

Í fylgiskjali með áliti þessu má sjá þær athugasemdir sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent efnahags- og skattanefnd varðandi skattalagafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Þar eru ýmis áform gagnrýnd og þess m.a. krafist að fulltrúar ríkisvaldsins láti af þessum óvandvirku vinnubrögðum og standi við ákvæði framangreinds samkomulags.

Fyrsti minni hluti tekur undir þær athugasemdir sem sambandið hefur sett fram og þá sérstaklega þau atriði er lúta að tryggingagjaldsgreiðslum sveitarfélaga til ríkisins sem munu án mótvægisaðgerða auka útgjöld sveitarfélaga um 1,2 milljarða kr. árið 2010 ef ekki kemur til endurgreiðsla þessa kostnaðarauka til sveitarfélaganna eins og lofað hefur verið af hálfu forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Vegagerð, 4,4 milljarðar kr.

Lagt er til að Vegagerðinni verði heimilað að nýta óhafnar fjárveitingar um síðustu áramót. Framlag til vegamála verði þannig aukið um 4,4 milljarða kr. og verði því fé varið til mannaflsfrekra framkvæmda um land allt og frekar til smærri verkefna en stærri. Þessi aðgerð mundi bæði skapa atvinnu og skila virðisauka til samfélagsins. Hún mundi einnig koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot meðal verktaka, ekki síst þeirra smærri. 1. minni hluti leggur til að þessi breyting verði gerð við afgreiðslu lokafjárlaga.

8. Stefnumótun í orði og á borði.

Ríkisstjórnin hefur setið frá 1. febrúar sl. og haft allt árið til að leggja grunn að fjárlögum ársins 2010. Sá tími hefur ekki verið nýttur sem skyldi eins og fjárlagafrumvarpið ber með sér. Má þar nefna að tekjuhluti frumvarpsins var að verulegu leyti ófrágenginn við framlagningu þess og sér ekki enn fyrir endann á því vandamáli við 2. umræðu. Þá hafa ýmis skipulagsmál fjárlaga setið á hakanum.

Samanburður á þessu ástandi við þá stöðu sem upp kom í október 2008 vegna vinnslu fjárlaga ársins 2009 er ekki tækur. Á þeim tíma ríkti neyðarástand og á slíkum tímum er ósanngjarnt að gera sömu kröfu til fjárlagagerðarinnar og þegar ástand er eðlilegt. Núverandi ríkisstjórn hafði níu mánuði til ráðstöfunar en þáverandi stjórnarmeirihluti hafði einungis örfáar vikur til að vinna frá grunni nýtt fjárlagafrumvarp.

Minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum 1. febrúar sl. Strax voru gefnar út miklar yfirlýsingar um það að nú skyldi tekið á þeim vanda sem þjóðin stæði frammi fyrir og að nú ætti að láta verkin tala. Óhætt er að fullyrða að þeir tíu mánuðir sem liðnir eru hafi verið afar illa nýttir af hálfu þessarar ríkisstjórnar og hvað ríkisfjármálin varðar er síst minni óvissa nú en þegar ríkisstjórnin tók við.

Eftir kosningarnar í vor fékk ríkisstjórnin styrk til að standa á eigin fótum. Fyrsta hreina vinstri stjórnin var tekin við í landinu. Ríkisstjórnin boðaði ný vinnubrögð, aukið gagnsæi og samráð. Ríkisstjórnin ætlaði sér án tafar að hefja vinnu við það sem hún telur vera nauðsynlegar þjóðfélagsbreytingar. Óraunhæfar hugmyndir um að kollvarpa skattkerfi landsmanna og gera breytingar á aðstæðum grundvallaratvinnugreina þjóðarinnar voru boðaðar undir þeim formerkjum að allt átti að gerast strax.

Í stefnuræðu forsætisráðherra sagði svo um hin nýju vinnubrögð:

„Gamaldags skotgrafarhernaður, sem of lengi hefur einkennt íslensk stjórnmál, á ekki við á einum örlagaríkustu tímum í sögu þjóðar okkar. Það er kallað eftir þjóðarsamstöðu og það er kallað eftir nýjum vinnubrögðum. Það er kallað eftir gagnsæi, aukinni aðkomu almennings að ákvarðanatöku og lýðræðislegum vinnubrögðum í hvívetna.“

Lítið hefur farið fyrir þessum fögru fyrirheitum. Þvert á móti hefur þessi ríkisstjórn anað áfram án þess að tala við kóng eða prest um það sem fram undan er. Stórfelldar breytingar á skattkerfi landsmanna eru gerðar í fullkomnu samráðsleysi og ákvarðanir eru teknar um miðjar nætur um gríðarlega skuldsetningu landsmanna.

Að hluta til kann skýringin á þessu verklagi að vera sú að ríkisstjórnin gerir sér allt of háar hugmyndir um þjóðfélagsbreytingar við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu.

Meginverkefni Íslendinga núna er tvíþætt, annars vegar að skapa skilyrði til að afla nauðsynlegra tekna sem nýta þarf í að greiða af þeim miklu skuldum sem á þjóðarbúið hafa verið lagðar. Í því efni er það skylda ríkisstjórnarinnar að ýta undir verðmætasköpun í hvívetna og skapa skilyrði fyrir kröftugt atvinnulíf. Aðeins þannig munu skattstofnarnir ná sér að nýju og auka tekjur þjóðarbúsins. Hins vegar er óhjákvæmilegt að draga verulega saman í útgjöldum ríkissjóðs við þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífinu. 1. minni hluti telur að þær aðhaldsaðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu gangi of skammt. Nauðsynlegt er að auka enn frekar aðhald í starfsemi ríkisins eigi þjóðin að komast örugglega út úr þessum vanda. Því má ekki gleyma að aðsteðjandi vandi einskorðast ekki við árið 2010. Óhjákvæmilegt er að fara í verulegar aðhaldsaðgerðir fyrir árið 2011 og ríkisstjórninni ber skylda til að taka þær ákvarðanir sem þvílíkum verkefnum fylgja.

Ástæður þess aðgerðaleysis sem einkennir störf ríkisstjórnarinnar í þessum efnum má e.t.v. finna í eftirfarandi orðum forsætisráðherra sem því miður virðist ekki hafa verið fylgt eftir:

„Ríkisstjórnin mun standa vörð um lægstu launin við þessar aðstæður og tryggja velferð þeirra sem lakast standa. Á því byggist okkar forgangsröðun og ég er sannfærð um að þeir sem eru aflögufærir og standa sterkt eru sammála henni. Ríkið á að ganga á undan með góðu fordæmi, hagræða og einfalda stjórnkerfið þar sem það er hægt og lækka laun sem eru óhóflega há, þegar við blasir atvinnuleysi sem hefur lækkað ráðstöfunartekjur tugþúsunda manna umtalsvert. Það er grundvallaratriði að leggja nú grunn að nýrri sókn í íslensku atvinnulífi og betra samfélagi, samfélagsins sem mun skipa sér í fremstu röð í verðmætasköpun, velmegun, velferð og raunverulegum lífsgæðum.“

Síðan þessi orð féllu hefur ríkisstjórnin í aðgerðaleysi þráast við að taka nauðsynlegar ákvarðanir til að hrinda nýrri sókn af stað í verðmætasköpun til lands og sjávar og einbeitt sér að málum sem ekkert hafa með bráðavanda íslensku þjóðarinnar að gera.

Ríkisstjórnin hefur haft allt árið til að leggja grunn að fjárlögum ársins 2010. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram í október var tekjuhlutinn í ólestri og boðuð voru skattafrumvörp til stuðnings honum um miðjan nóvember. Staðreyndin er hins vegar sú að mælt var fyrir skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar 5. desember sl. Fjárlaganefnd fékk 7. desember sl. fyrst í hendur hugmyndir ríkisstjórnarinnar að breytingum frumvarpsins og fékk einungis sólarhring til að vinna með þær. Talnagögn fjármálaráðuneytisins tóku þrátt fyrir það stöðugum breytingum og svo rammt hefur kveðið að því að lykiltölur í sjóðstreymi ríkissjóðs tóku umtalsverðum breytingum rétt áður en meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi málið út úr nefndinni hið fyrra sinn til 2. umræðu.

Agaleysi og trúverðugleiki fjárlaga.

Ástæða er til að draga fram yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu en þar segir svo um trúverðugleika fjárlaga:

„Trúverðugleiki fjárlaga hefur afgerandi þýðingu þegar fram undan er árabil mikils og nauðsynlegs aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Trúverðugleikinn er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Áhersla er lögð á að öll lagafrumvörp sem tengjast fjárlögum 2010 og þurfa að afgreiðast frá Alþingi fyrir árslok 2009 hafi verið lögð fram á Alþingi um miðjan nóvember nk. Þá er við það miðað að einstaka ráðherrar skili til ráðherranefndar um ríkisfjármál í byrjun desember nk. drögum að breytingum á reglugerðum og útfærðum ákvörðunum sem tengjast áformuðum samdrætti í útgjöldum ríkisins eða tekjuöflun. Fjármálaráðherra mun á haustdögum leggja fyrir ríkisstjórn til afgreiðslu verklagsreglur og viðmiðanir sem auka á trúverðugleika fjárlaga og styrkja framkvæmd þeirra.“

Það er full ástæða til að spyrja að því hvar efndir þessara fögru fyrirheita séu. Fjárlagagerðin og öll umgjörð hennar hér í þinginu er í miklu hasti og nánast ófært fyrir nefndarmenn í fjárlaganefnd að leggja mat á þær upplýsingar sem fyrir nefndina hafa verið lagðar, svo mikið los hefur verið á vinnunni. Þessi vinnubrögð eru ekki til að skapa trúverðugleika og raunar er full ástæða til að óttast að mistök verði gerð í fjárlagagerðinni þegar svona er haldið á málum.

9. Samantekt.

Eitt veigamesta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu árum verður að koma böndum á útgjöld ríkissjóðs. Í stöðugleikasáttmálanum milli ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins var gert ráð fyrir að aðlögunarþörf ríkissjóðs skiptist í 45% aðlögun á tekjuhlið og 55% aðlögun á útgjaldahlið. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram hafði strax verið gefið eftir á útgjaldahliðinni og boðuð var 53% aðlögun þeim megin. Þessi breyting sem lítið lætur yfir sér þýðir þó að ætlunin var að sækja 12 milljarða kr. í aukna skatta umfram það sem ákveðið var í stöðugleikasáttmálanum. Fyrir 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins slakar stjórnarmeirihlutinn á aðhaldskröfu ríkisstjórnarinnar á útgjaldahlið fjárlaga. Tekjuhliðin er enn í frumumræðu í efnahags- og skattanefnd og ófyrirséð hvernig þeim þætti fjárlagagerðarinnar lýkur. Spurnir berast af því að stjórnarmeirihlutinn eigi í vandræðum með að standa að þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið á útgjaldahliðinni og því miður er ástæða til að óttast að gengið verði skemur í lokaafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins en þó var ætlunin við framlagningu þess.

Það er ástæða til að vara sérstaklega við þessu vinnulagi. Ríkisstjórnin mun ekki komast hjá því þegar til lengri tíma er litið að skera verulega niður í ríkisútgjöldum. Öðruvísi er ókleift fyrir þjóðina að komast í gegnum þennan brimskafl.

Ríkisútgjöld hafa þanist út á liðnum árum og lætur nærri að þau hafi aukist um 50% á síðustu tíu árum. Mest hefur aukningin orðið í útgjöldum til velferðar- og menntamála auk þess sem útgjöld til annarra liða ríkisrekstrarins hafa aukist stöðugt. Því eru það nokkur öfugmæli þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur segist ætla að byggja hér upp norrænt velferðarkerfi að tala um að hér þurfi að taka upp norrænt velferðarkerfi með himinháum sköttum þegar á Íslandi hefur orðið til samfélag hóflegra opinberra álaga og framúrskarandi velferðarþjónustu fyrir alla þjóðfélagshópa, ekki síst fyrir þá sem standa höllum fæti.

Það er gagnrýnisvert hversu mikið rekstur ríkisins þandist út á liðnum árum og það hefði verið ástæða til þess, þegar slátturinn í hagkerfinu var mikill, að draga úr opinberum rekstri í stað þess að bæta stöðugt í.

Nú er staðan hins vegar sú að nauðsynlegt er að grípa til sársaukafullra aðhaldsaðgerða til að rétta þjóðarskútuna við. En því miður kemur í ljós að við þær aðstæður er stjórnarmeirihlutinn vanbúinn til þeirra átaka. Augljós átök eru milli stjórnarflokkanna sem birtast m.a. í því að stjórnarliðar í fagnefndum takast á um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og breyta þeim, t.d. varðandi samdrátt útgjalda í Fæðingarorlofssjóð og atvinnuleysistryggingum. Í stað þess að binda enda á þennan ágreining í nefndum eru mál tekin út með hraði, óræddog illa ígrunduð, sbr. það einstaka tilvik í þingsögunni að fjárlaganefnd þurfti að taka fjárlagafrumvarp næsta árs tvisvar til afgreiðslu.

Í þingsköpum Alþingis er áskilnaður um að tekjuhluti fjárlagafrumvarpsins verði sendur til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd sem í kjölfarið rýnir í þennan þátt í heild. Fengnir eru aðilar til að leggja heildstætt mat á tekjuhliðina og áhrifin á þjóðarbúskapinn. Gjaldahliðin er hins vegar til umræðu í fjárlaganefnd.

Sú hefð hefur skapast að í þann hluta fjárlagafrumvarpsins er ekki rýnt heildstætt í vinnu nefndarinnar. Að mati 1. minni hluta er ástæða til að breyta þessu verklagi. Það er æskilegt að utanaðkomandi sérfræðingar verði fengnir til þess að meta heildræn áhrif gjaldaliðar fjárlagafrumvarpsins og setja fram gagnrýni á þessa hlið málsins. Hluti af slíkri gagnrýni gæti t.d. verið athugun á því hvort farið sé með sambærilegum hætti með fjármuni ríkisins.

Alþingi, 14. des. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Ólöf Nordal.	Ásbjörn Óttarsson.
	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.	

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá II. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2148–2150.

II. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá III. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2150–2152.

III. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá IV. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 5152–2153.

IV. Álit um frv. til fjárlaga 2010 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti), frá minni hluta allsherjarnefndar. Sjá VI. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2157–2158.

V. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti), frá 1. minni hluta menntamálanefndar. Sjá VIII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2161–2162.

VI. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti), frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Sjá XI. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2165–2167.
VII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti), frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Sjá VII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2167.
VIII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti) frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar. Sjá XV. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2173–2178.
IX. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti), frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar. Sjá XVI. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2178–2179.
X. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (11 Iðnaðarráðuneyti), frá minni hluta iðnaðarnefndar. Sjá XIX. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2182–2183.
XI. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (14 Umhverfisráðuneyti), frá 1. minni hluta umhverfisnefndar. Sjá XXII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2187.
XII. Tekjuáætlun ríkissjóðs 2010.
XIII. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Sambands íslenskra sveitarfélaga. (8. desember 2009.)
XIV. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Þróun húsaleigubóta í kjölfar samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008.
XV. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins (256. mál).

395. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti hefur farið vandlega yfir tekju- og útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar. Að mati 2. minni hluta eru þær grundvallarbreytingar sem gerðar eru á skattkerfinu að mörgu leyti mjög til bóta og mikilvægur áfangi til leiðréttingar á þeim losarabrag sem verið hefur á skattumhverfi á Íslandi undanfarin ár. Að auki eru þær tímabær leiðrétting á þeim ábyrgðarlausu skattalækkunum sem gerðar voru á hámarki þensluskeiðsins síðasta og virkuðu sem olía á eld þenslunnar.

Fjölþrepa virðisaukaskattskerfi þar sem markmiðið er að virðisaukaskattur á matvæli sé sem lægstur er æskilegt og þær breytingar sem nú eru gerðar með því að flokka t.d. gosdrykki ekki sem matvæli eru til bóta þótt 2. minni hluti telji að tveggja þrepa kerfi með einu lágu þrepi, um 7%, fyrir matvæli og öðru sem er hærra, eða um 20%, fyrir allt annað væri til bóta vegna mikillar einföldunar.

Fjölþrepa tekjuskattskerfi er einnig að mörgu leyti æskilegt og leiðir til meiri jöfnuðar þótt alltaf þurfi að varast að ganga of langt í að leggja einhvers konar hátekjuskatt á of lágar tekjur, sem og að hafa skattprósentuna það háa að hvatinn til vinnu dofni um of.

Fjölmargir hagsmunaaðilar og sérfræðingar komu fyrir nefndina og lýstu áhyggjum af auknu flækjustigi skattkerfisins með fjölgun skattþrepa. Eins vöknuðu upp efasemdir um innheimtu eftiráskatts sem verður til vegna vanáætlunar tekna sem gera þarf upp við álagningu, en fram kom að heimtur eftiráskatts eru oft rýrar. Einnig var varað við hugsanlegum vandræðum vegna þess knappa tíma sem til stefnu er til að breyta þeim kerfum sem notuð eru við útreikning og innheimtu skatta. Þessi tímaþröng er mikið áhyggjuefni og erfitt að sjá annað en að gerð verði mörg mistök um áramót og á fyrstu mánuðum næsta árs vegna þeirra miklu breytinga sem þarf að gera á tölvukerfum. Slík vandræði geta gert það að verkum að tiltrú manna á kerfið veikist og erfitt og tímafrekt er að fá nýtt skattkerfi sem fer af stað á brauðfótum til að standa almennilega í lappirnar. Veik tiltrú manna á skattkerfi eykur einnig til muna vilja til undanskota. Því er að mati 2. minni hluta vel þess virði að gaumgæfa hvort hægt sé að fresta þessum breytingum þannig að meiri tími gefist til undirbúnings. Hins vegar telur 2. minni hluti að aukið flækjustig og eftiráinnheimta þurfi ekki að verða vandamál vegna þess tækniþróaða umhverfis sem efnahagslífið býr við.

Hvað varðar áhrif skattbreytinganna á efnahagslífið almennt og þjóðarhag telur 2. minni hluti að sá rökstuðningur sem birtist í kaflanum „Áhrif skattheimtu“ í frumvarpi til laga um tekjuöflun ríkisins (þskj. 292 – 256. mál) gangi ekki upp við þær aðstæður sem uppi eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og talið er til misskilnings að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel gegnum tíðina sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem frumvarpið vill ná fram og hafa góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta hefði hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða

leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 2. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Ljóst er að tekjuskattstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 2. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. 2. minni hluti leggur því til að í stað þeirra tekjuskattshækkana og niðurskurðar útgjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp gistináttagjald sem leggist á hótel- og gistihúsarekstur. Gjald þetta verði 1.000 kr. (5,5 evrur) á gistinótt. Miðað við gistinætur ársins 2008 (sbr. skýrslur Hagstofu) gæti gjald þetta skilað tekjum upp á um 2,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta. Gjald þetta skal renna í ríkissjóð árin 2010 og 2011 en eftir það vera eyrnamerkt til uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti þetta gjald skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2008 (553.600 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 27,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds falli niður og að því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til styrkingar heilbrigðis-, velferðar- og menntamála.

Slík skattheimta sem að ofan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna hruns á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er miklu auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

Hvað varðar útgjaldahlið frumvarpsins er augljóst að alvarlegir meinbugir eru á starfsemi Alþingis þegar kemur að útgjaldahlið fjárlaga. Nefndarmenn eru vikum saman með viðtöl við fólk frá alls konar félögum, stofnunum og jafnvel einstaklinga sem koma á fund nefndarinnar til að biðja um peninga. Þetta virðist nefndarmönnum eðlileg framvinda mála og mátti oft heyra á máli þeirra, og þá sérstaklega nefndarmanna stjórnarmeirihlutans, að þeir yrðu að snúa bökum saman fyrir sitt kjördæmi. Þegar gestir komu svo á fund nefndarinnar og

sögðust vera spákonur og skrímslasérfræðingar og mývetnskir jólasveinaáhugamenn þá gerði 2. minni hluti sér ekki grein fyrir því að alvara fylgdi máli en reiknaði með að hér væri bara enn eitt dæmið um hina alræmdu íslensku ofurkurteisi að ræða og að hefð væri fyrir því að hlusta á alla.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað hins vegar að taka þetta fólk alvarlega og afhenda þeim milljónir af skattfé landsmanna. Það er með þetta eins og fjölmarga aðra útgjaldaliði í tillögum meiri hlutans að hér er ekki verið að fara skynsamlega með almannafé og í raun er þetta á mörkum hins siðlega. Meiri hlutinn hreinlega mokar fjármunum í alls kyns gæluverkefni heima í héraði á einhverri mestu ögurstund íslenskra ríkisfjármála þegar á hinn bóginn er verið að skera niður fé til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála. 333 millj. kr. til stjórnmálaflokka er svo enn eitt dæmið um hvernig sitjandi þingmenn reyna að tryggja sér áframhaldandi völd.

Það er mat 2. minni hluta að öllum þessum svokölluðu safnliðum beri að fresta. Flestir rúmast nú þegar innan starfssviða ýmissa sjóða og hinum ætti tafarlaust að koma fyrir annaðhvort innan ráðuneytanna eða nýrra, t.d. svæðisbundinna, sjóða sem gætu lagt faglegt mat á umsóknirnar og fylgt því eftir að fjármununum væri varið í þau verkefni sem ætlast er til.

Annar minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er. Þótt erfitt geti verið að bæta úr því sem komið er mundu tillögur 2. minni hluta um nýja skattstofna gefa öllum hlutaðeigandi nægilegt svigrúm til að undirbúa betur breytingar á tekjuskattskerfinu og virka mun jákvæðar á almenning og fyrirtæki í landinu heldur en þær fyrirhuguðu skattahækkanir sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Alþingi, 13. des. 2009.

Þór Saari.

396. Svar [205. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um veiðar á ref og mink.

1. *Hver hafa verið árleg fjárframlög ríkisins til veiða á ref og mink frá árinu 2005? Svar óskast sundurliðað eftir árum á núgildandi verðlagi.*

Fjárheimildir til veiða á ref og mink þróuðust þannig á árunum 2005–2009 á verðlagi ársins 2009:

Ár	Fjárheimild
2005	45,0 m.kr.
2006	44,3 m.kr.
2007	44,0 m.kr.
2008	33,2 m.kr.
2009	34,8 m.kr.
Samtals	**201,3 m.kr.**

2. *Hve mikið hefur verið innheimt af virðisaukaskatti á sama tíma vegna veiða á ref og mink? Svar óskast sundurliðað eftir árum á núgildandi verðlagi.*

Innheimtur virðisaukaskattur greinist þannig eftir árum á fyrrgreindu tímabil á verðlagi ársins 2009:

Ár	Innheimtur vsk.
2005	10,9 m.kr.
2006	11,1 m.kr.
2007	11,2 m.kr.
2008	11,9 m.kr.
2009	11,5 m.kr.
Samtals	**56,6 m.kr.**

3. *Hver eru markmiðin með kostnaðarþátttöku ríkisins við veiðar á ref og mink og hvernig verður unnið að þeim?*

Markmið með veiðum á ref og mink eru ólík. Minkurinn er innflutt tegund sem sloppið hefur út í náttúruna og veldur oft verulegu tjóni og getur haft umtalsverð áhrif í náttúrunni. Hann hefur ekki, þrátt fyrir mikla útbreiðslu í áttatíu ár í íslenskri náttúru, verið viðurkenndur sem íslensk tegund. Undanfarin þrjú ár hefur verið í gangi tilraunaverkefni sem miðar að því að kanna hvort gerlegt sé að útrýma mink úr íslenskri náttúru eða hvort mögulegt sé að halda ákveðnum mikilvægum svæðum minklausum. Verkefninu lýkur á næsta ári og fást þá vísbendingar um möguleika þess að draga úr dreifingu minksins eða útrýma honum úr náttúrunni. Meðan verið er að ljúka tilraunaverkefninu er markmiðið með veiðum á mink utan tilraunasvæðanna að halda mink í skefjum.

Markmið með veiðum á ref eru annars eðlis og miðast við að draga úr eða koma í veg fyrir tjón af völdum refa einkum á hlunnindum bænda. Refaveiðar eru á ábyrgð sveitarfélaganna en ríkinu er heimilt samkvæmt lögum að greiða allt að helmingi kostnaðar á móti þeim eftir því sem fjárlög veita svigrúm til. Þar sem refurinn er íslensk tegund er markmið með veiðunum fyrst og fremst að draga úr því tjóni sem hann veldur.

397. Svar [99. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um samskipti ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

1. *Hefur ríkisstjórnin mótmælt töfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands? Ef svo er, með hvaða hætti og eru til skrifleg gögn sem staðfesta þau mótmæli?*

Forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra hafa á fjölmörgum fundum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi og erlendis og á fundum með fulltrúum þjóða sem eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gert alvarlegar athugasemdir við ítrekaðar tafir á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands árið 2009. Þá hafa forsætisráðherra, fjármálaráð-

herra og utanríkisráðherra jafnframt ritað um þessar tafir meðal annars á erlendum vettvangi og rætt um þær ítrekað á fundum og í samtölum við fulltrúa þeirra ríkja sem málið varðar.

2. *Hvenær lá ljóst fyrir að afgreiðsla Icesave-málsins væri ein af forsendum þess að efnahagsáætlunin fyrir Ísland yrði endurskoðuð?*

Um mitt ár 2009 komu fram vissar vísbendingar um að litið væri á afgreiðslu Icesave-málsins, endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, lánveitingar Norðurlandaþjóða og annarra vinveittra þjóða, fjárfestingar erlendra aðila og framtíðaruppbyggingu efnahags- og fjármálakerfisins hér á landi í sterku samhengi. Meðal annars höfðu verið settir skýrir fyrirvarar í þingskjöl við afgreiðslu þjóðþinga í Svíþjóð og Noregi á láni til Íslendinga um að lausn Icesave-málsins lægi fyrir áður en lánin yrðu greidd út, en þau lán eru hluti af efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað því að taka ekki fyrir endurskoðun efnahagsáætlunarinnar þann 7. ágúst 2009 eins og stefnt hafði verið að. Það var gert með þeim rökum að sjóðurinn hefði staðreynt að fjármögnun efnahagsáætlunarinnar með greiðslum frá utanaðkomandi aðilum, m.a. Norðurlöndunum, hefði ekki verið tryggð. Umsamin norræn lán væru mikilvægur hluti efnahagsáætlunarinnar og yrði aðgengi að þeim að vera að fullu tryggt áður en framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins teldi sig geta gengið frá endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Þetta samhengi skýrðist enn frekar þegar Alþingi hafði þann 28. ágúst sl. samþykkt lög um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 96/2009. Þegar í kjölfar samþykkis laganna óskuðu íslensk stjórnvöld eftir því að endurskoðun efnahagsáætlunarinnar yrði tekin til umfjöllunar í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfirmenn sjóðsins upplýstu þá um fyrirstöðu annarra aðildarþjóða í því efni þar sem Icesave-málið teldist að þeirra mati ekki að fullu til lykta leitt. Í samtölum ráðherra í ríkisstjórn Íslands við ráðherra annarra Norðurlandaþjóða fékkst jafnframt staðfest að ekki kæmi til endurskoðunar á efnahagsáætluninni fyrr en endanleg niðurstaða væri fengin í Icesave-málinu. Þegar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., hafði verið lagt fram á Alþingi 19. október sl. var þegar tilkynnt um að framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stefndi að því að taka endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands fyrir á fundi sínum 28. október, eins og raun varð á.

398. Svar [72. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Erlingsdóttur um þjónustu á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra tryggja þjónustu sem fellur undir verkefnasvið löggæslu, sýslumanna og dómstóla á landsbyggðinni í ljósi þeirra niðurskurðar- og sameiningartillagna sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010?

Lögregla, dómstólar og sýslumenn gegna afar mikilvægu hlutverki og ber framkvæmdarvaldinu að tryggja að þessar stofnanir geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu um land allt, að því gefnu að fjárveitingar nægi til þess. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 gert að spara að jafnaði um 10% í rekstri stofnana sem undir það heyra. Sú staða, sem er uppi í ríkisfjármálunum, gerir þá kröfu til ráðuneytisins sem og annarra að sjá til þess að forgangsraðað sé við ráðstöfun opinberra fjármuna. Það krefst þess að allur rekstur á vegum hins opinberra sé tekinn til gagngerrar skoðunar til að athuga hvar grípa megi niður þótt það sé í fæstum tilvikum án afleiðinga eða sársauka.

Stofnanir héraðsdómstóla eru átta talsins og sýslumannsembætti eru 24, þar af eru 15 sýslumenn jafnframt lögreglustjórar. Þá eru ótalin embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóli Íslands. Einsýnt er að erfitt er fyrir þessar 34 stofnanir, sem hafa 80–90% rekstrarútgjalda bundin í launum, að ná fram sparnaði og hagræðingu næstu ára án þess að hugað sé að skipulagi þeirra. Er þetta sagt í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af sameiningu lögreglu- og sýslumannsembætta árið 2007, en sú sameining skilar nú áþreifanlegum árangri hjá einstökum embættum þegar hagræðingarkröfu ársins 2009 og 2010 er mætt.

Að þessu sögðu skal tekið fram að einfaldasta leiðin fyrir ráðuneytið væri að fela stofnununum sjálfum að skera niður um 10% á næsta ári. Það kæmi þá í hlut einstakra forstöðumanna að ná fram sparnaði. Slíkur flatur niðurskurður gæti vissulega gengið upp á einstökum stofnunum án þess að það bitnaði verulega á starfseminni þar sem embættin eru misjafnlega sett. En fyrirsjáanlegt er að þetta mundi bitna harkalega á starfsemi þeirra flestra. Væntanlega yrði einkum lausráðnum starfsmönnum sagt upp, t.d. yngstu lögreglumönnunum, auk þess sem sýslumannsembætti gætu stytt afgreiðslutíma og lokað afgreiðslustöðum. Hætta er á að þetta mundi leiða til þess að á einstökum embættum gæti komið upp sú staða að ekki væri til nægilegt rekstrarfé til að afgreiða þau mál sem berast. Það gæti leitt til þess að málsmeðferðartími lengdist, t.d. hvað varðar þinglýsingu skjala eða umsóknir um leyfi.

Með því að velja þennan kost væri fyrst og fremst verið að hlífa stofnanakerfinu og forstöðumönnunum. Ráðuneytið telur aftur á móti að unnt sé að gera þetta með öðrum hætti og leggur áherslu á að standa vörð um starfsemina sjálfa. Niðurskurðinum verði mætt að hluta til með því að spara í yfirstjórn og ráða bót á því óhagræði sem skapast af því að halda úti starfsemi í svo mörgum stofnunum sem raun ber vitni, en þær eru mjög misjafnar að umfangi.

Miklu skiptir hvernig staðið er að þeim breytingum sem þessu fylgja. Skal áréttað að boðaður og fyrirsjáanlegur niðurskurður í rekstri stofnana ráðuneytisins þýðir einfaldlega að ekki er fyrir hendi sá valkostur að reka þær með óbreyttu sniði. Valkostirnir snúa að því hvernig þær breytingar sem duga til að ná þeim sparnaði sem hér um ræðir verða útfærðar.

Þó fyrirspurnin lúti eingöngu að því hvernig þjónusta á sviði ráðuneytisins verður tryggð á landsbyggðinni er rétt að taka fram að þetta verkefni er ekki síður erfitt á höfuðborgarsvæðinu en í dreifðari byggðum. Í Kópavogi og Hafnarfirði nema t.d. fjárveitingar til sýslumannsembættanna á hvern íbúa aðeins um áttunda parti af því sem þær gera þar sem mest er.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur eins og fyrirspurnin ber með sér unnið að tillögum um sameiningu héraðsdómstóla, lögregluembætta og sýslumannsembætta með vísan í þau rök sem fram koma hér að framan. Nálgunin er sú að tryggja þjónustu þessara stofnana um land allt. Auk þess sem þjónustan er mikilvæg hafa komið fram sjónarmið um að það skipti miklu máli fyrir minni byggðarlög að hafa starfandi sýslumenn og dómara vegna þess vægis sem tilvist þessara embætta hefur fyrir samfélagið sem slíkt og atvinnustigið á staðnum. Tekið er undir þau sjónarmið og eru þau mjög til umræðu í sambandi við tillögur þær, sem enn eru í mótun í ráðuneytinu, og varða einkum embætti sýslumanna.

Nú er unnið frekar að gerð tillagna um breytingar á skipan sýslumannsembættanna og hefur ráðgjafarhópur með fulltrúum sveitarfélaga og sýslumanna tekið til starfa ásamt verkefnisstjóra. Gengið er út frá því að umdæmin verði stækkuð en afgreiðslur og útibú fylli út í myndina. Þannig verður stjórnendum fækkað og leitast við að hagræða í bakvinnslu. Á hinn bóginn er það markmið að skerða nærþjónustuna sem allra minnst og halda í það net afgreiðslustaða sem nú er fyrir hendi, eins og kostur er. Þannig gerir ráðuneytið ráð fyrir að á sýslumannsembætti í tilteknum landshluta geti bæði verið útibú með löglærðum fulltrúa og fullri þjónustu þar sem unnt er að fá hvers kyns mál tekin fyrir og að einnig geti verið um að ræða afgreiðslustaði þar sem unnt er að fá leiðbeiningar, leggja inn erindi og greiða fyrir þau, með svipuðum hætti og nú er hjá ýmsum sýslumannsembættum.

Mikilvægt er þannig að undirstrika að þegar talað er um að sameina embætti í færri stofnanir felst ekki í því fyrirætlun um að loka eða hætta starfsemi á einstökum starfsstöðvum þótt það kunni að reynast nauðsynlegt af fjárhagsástæðum í einhverjum tilvikum. Það er markmið ráðuneytisins að reyna að halda afgreiðsluneti sýslumannsembættanna eins þéttu og unnt er og telur ráðuneytið að leið að því markmiði sé að spara í þáttum á borð við yfirstjórn og bakvinnslu.

Það er óhjákvæmilegt að gera breytingar ef halda á sem mest í þjónustu og starfsemi þeirra stofnana sem hér um ræðir eins og fram kom hér að framan. Það segir sig sjálft að ekki er unnt að ábyrgjast jafngóða þjónustu við skertar fjárveitingar en ráðuneytið mun gera sitt ítrasta til að standa vörð um þá mikilvægu starfsemi sem rekin er á þessum stofnunum um land allt.

399. Svar [190. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um álag á dómara héraðsdómstóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er álag á dómara héraðsdómstóla reiknað út og hvað telur ráðherra að skýri eftirfarandi mun á álagi árin 2002–2008 (samkvæmt formúlu dómstólaráðs):

Héraðsdómur Vesturlands 95,04 á dómara,
Héraðsdómur Suðurlands 92,2 á dómara,
Héraðsdómur Norðurlands vestra 87,6 á dómara,
Héraðsdómur Austurlands 84,7 á dómara,
Héraðsdómur Reykjaness 76,3 á dómara,
Héraðsdómur Vestfjarða 73,4 á dómara,
Héraðsdómur Reykjavíkur 70,5 á dómara,
Héraðsdómur Norðurlands eystra 66 á dómara?

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið leitaði til dómstólaráðs eftir upplýsingum vegna þessarar fyrirspurnar. Rétt er að benda á að þær tölur sem koma fram í fyrirspurninni um álag á árunum 2002–2008 gefa ekki rétta mynd af stöðunni nú. Eins og fram kemur í töflunum hér á eftir er álagið á dómara þar sem það er mest (á Vesturlandi og Suðurlandi) 130% meira en þar sem það er minnst (á Vestfjörðum) miðað við aðferðafræði dómstólaráðs. Ástæður þessa felast ekki í aðferðafræðinni því að munur á álagi virðist alltaf mjög mikill, sama hvernig er talið. Þannig reynist heildarfjöldi mála á Reykjanesi meira en tvöfaldur á við það sem hann er á Norðurlandi vestra, jafnvel þótt honum sé deilt á aðstoðarmenn á Reykjanesi til jafns við dómara. Fjöldi munnlega fluttra einkamála á hvern dómara á Suðurlandi virðist alltaf margfaldur á við það sem hann er á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra – sama hvernig reiknað er.

Skýringin á þessum miklum mun á álagi virðist því sú að vinnuálag á dómara er í raun mjög mismunandi eftir landshlutum og að dómsmálayfirvöld hafa ekki nægjanlegar heimildir til að nýta héraðsdómara þar sem þeirra er mest þörf.

Málafjöldi 2008.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir heildarmálafjölda héraðsdómstólanna og skiptingu þeirra á milli eftir einstökum málaflokkum. Málin eru samtals 30.248.

				Málafjöldi 2008					
	Rvík	R.nes	V.land	V.firðir	Nl.vestra	Nl.eystra	A.land	S.land	Samtals
e-munn	896	267	28	8	12	45	45	54	**1.355**
e-skrif	11.287	3.783	427	252	193	711	287	893	**17.833**
s-ákæru	1.223	809	268	90	169	371	101	629	**3.660**
s-sekt	786	590	218	50	75	46	97	342	**2.204**
a-l+Ú	168	89	11	6	2	16	3	11	**306**
a-árit	242	47	5	3	0	22	2	16	**337**
d/g-mál	1.317	625	62	50	15	113	61	115	**2.358**
r-mál	698	593	28	22	7	30	19	102	**1.499**
ágrmál	68	24	6	2	2	7	4	13	**126**
önnur	376	111	11	5	3	28	10	26	**570**
samtals	**17.061**	**6.938**	**1.064**	**488**	**478**	**1.389**	**629**	**2.201**	**30.248**

Skýringar með töflu: e-munn: munnlega flutt einkamál, e-skrif: skriflega flutt einkamál, s-ákæru: sakamál, ákærumál, s-sekt: sektarboðsmál, a-l+Ú: aðfararbeiðnir, þ.m.t. innsetningarbeiðnir og útburðarbeiðnir, d/g: dánarbú og gjaldþrot, r-mál: rannsóknarúrskurðir.

Veginn málafjöldi 2008.

Í töflunni er gerð grein fyrir því að hvert munnlega flutt einkamál telst eitt mál, hvert skriflega flutt einkamál telst 1/70 af máli o.s.frv. Þannig teljast þessi 30 þúsund mál vera 3.345 einkamál sem síðan er skipt niður á dómara.

			Veginn málafjöldi 2008							
		Rvík	R.nes	V.land	V.firðir	Nl.vestra	Nl.eystra	A.land	S.land	Samtals
e-munn	st.1	896	267	28	8	12	45	45	54	**1355**
e-skrif	st. 1/70	161,2	54	6,1	3,6	2,8	10,2	4,1	12,8	**254,8**
s-ákæru	st. 1/3	407,7	269,7	89,3	30	56,3	123,7	33,7	209,7	**1220**
s-sekt	st.1/100	7,9	5,9	2,2	0,5	0,8	0,5	1	3,4	**22**
a-l+Ú	st.1/4	42	22,25	2,75	1,5	0,5	4	0,75	2,75	**76,5**
a-árit	st1/100	24,2	4,7	0,5	0,3	0	2,2	0,2	1,6	**33,7**
d/g-mál	st. 1/20	65,9	31,3	3,1	2,5	0,8	5,7	3,1	5,8	**117,9**
r-mál	st. 1/15	46,5	39,5	1,9	1,5	0,5	2	1,3	6,8	**99,9**
ágrmál	st. 1	36	24	4	2	9	13	4	16	**108**
önnur	st. 1/10	37,6	11,1	1,1	0,5	0,3	2,8	1	2,6	**57**
samtals		**1.725**	**729**	**139**	**50**	**83**	**209**	**94**	**315**	**3.345**

Fjöldi dómsmála (ígildi munnlega fluttra einkamála) á hvern dómara 2008.

Í næstu töflu er gerð grein fyrir fjölda ígildra dómara og veginna mála á hvert dómaraígildi.

Þessa töflu hefur dómstólaráð haft til hliðsjónar í upphafi hvers árs þegar litið er til álags á hvern einstakan dómstól.

Dómstólaráð hefur stuðst við þessa reikningsaðferð frá árinu 1998 til að skoða álag á dómstólana. Dómstólaráð telur einsýnt að þörf sé á að endurskoða þessa aðferðafræði og telur afar mikilvægt að reiknilíkan dómstólanna endurspegli vægi mála. Dómstólaráð hefur

ákveðið að ráðast í vinnu við gerð nýs reiknilíkans sem taki mið af mannaflaþörf og mun í því sambandi leita fyrirmynda annars staðar á Norðurlöndum.

			Fjöldi dómsmála (ígildi munnlega fluttra einkamála) á hvern dómara 2008							
		Rvík	R.nes	V.land	V.firðir	Nl.vestra	Nl.eystra	A.land	S.land	Samtals
Fjöldi	dómara	21,5	7	1,1	1,15	1,17	2,75	1,08	2,25	**38**
Fjöldi	aðst.m.	5	2	0,4	0	0	1	0,33	1	**9,73**
Alm.	dómarar	20,5	6	0,1	0,15	0,17	1,75	0,08	1,25	**30**
Vægi	dómstjóra	0,2	0,6	0,85	0,85	0,85	0,8	0,85	0,85	**5,85**
Vægi	dómara	20,7	6,6	0,95	1	1,02	2,55	0,93	2,1	**35,85**
Vægi	aðstm 60%	3	1,2	0,24	0	0	0,6	0,198	0,6	**5,838**
Vægi	dom/aðst	23,7	7,8	1,19	1	1,02	3,15	1,128	2,7	**41,688**
Stuðull	dreifbýli	1	1	0,9	0,9	0,9	0,95	0,85	0,9	
Ígildi	dómara	23,7	7,8	1,1	0,9	0,9	3	1	2,4	**40,77**
Vegin	mál	1.725	729	139	50	83	209	94	315	**3.345**
Ve.mál	**á íg. dóm.**	**72,8**	**93,5**	**129,7**	**56**	**90,3**	**69,8**	**98**	**129,8**	**82**

400. Svar [211. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða.

1. *Hver er þörfin á dvalar- og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða? Er fyrirsjáanlegur skortur á slíkum rýmum? Óskað er eftir sundurgreiningu miðað við dvalarrými annars vegar og hjúkrunarrými hins vegar.*

Fjöldi hjúkrunarrýma á landinu er nú 2587 og fjöldi dvalarrýma 711 en hvoru tveggja mun fækka nokkuð um áramótin 2009–2010 vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum. Á biðlista eftir hjúkrunarrýmum eru nú um 200 manns. Á biðlista eftir dvalarrýmum eru um 100 manns.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um fjölgun hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla frá 12. ágúst 2008 var stefnt að því að fram til ársins 2012 yrði hjúkrunarrýmum fjölgað um 400 á landsvísu til að mæta þeirri þörf sem þá var fyrirsjáanleg og byggja 380 rými til að fækka fjölbýlum. Sú áætlun er nú í endurskoðun því ákveðnar vísbendingar eru um að ekki þurfi að fjölga hjúkrunarrýmum í sama mæli á næstu árum og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir. Hins vegar hefur verið ákveðið að bæta mjög aðstöðu þeirra sem þurfa að dvelja í hjúkrunarrýmum. Nú eru 174 hjúkrunarrými í byggingu og munu þau leysa af hólmi eldra húsnæði.

Þá heimilaði ríkisstjórnin félags- og tryggingamálaráðherra 13. október sl. að vinna með fjármálaráðherra að því að efna fyrirheit í fyrrgreindri framkvæmdaáætlun með lánveitingum úr Íbúðalánasjóði og með samningum um greiðslu ríkissjóðs á húsaleigu fyrir 361 hjúkrunarrými í níu sveitarfélögum. Af þessari heildartölu verður raunfjölgun rýma einungis 60 hjúkrunarrými.

Ekki er fyrirhuguð frekari fjölgun dvalarrýma, fremur fækkun þar sem önnur úrræði, eins og þjónustuíbúðir og aukinn stuðningur heima, ættu að mæta þörf flestra sem óska eftir vistun í dvalarrými.

2. *Hefur ráðuneytið kannað kosti þess að nýta húsnæði sem nú stendur autt og ónotað til hagsbóta fyrir aldraða?*

Öldrunarþjónusta er nærþjónusta og því vinnur félags- og tryggingamálaráðuneytið með hverju sveitarfélagi fyrir sig að bættri þjónustu og aðstöðu fyrir aldraða. Eitt sveitarfélag óskaði eftir því snemma árs 2009 að ákveðið húsnæði yrði skoðað með tilliti til þess hvort unnt væri að nota það sem hjúkrunarrými fyrir aldraða. Á því húsnæði hefði þurft að gera töluverðar breytingar til að mæta grunnviðmiðum um innra skipulag hjúkrunarheimila. Viðkomandi sveitarfélag hefur ekki tekið málið aftur upp við félags- og tryggingamálaráðuneytið.

401. Svar [246. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um fjárhagsvanda sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er ríkisvaldið með áætlanir um að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaga með samræmdum hætti? Ef svo er, hvenær?

Ráðuneytið hefur fylgst náið með þróun í fjármálum sveitarfélaga síðustu mánuðina en ljóst er að efnahagskreppan hefur áhrif á öll sveitarfélög með einum eða öðrum hætti. Ráðuneytið hefur kappkostað að eiga gott samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin almennt um þessi málefni, auk samráðs eftir atvikum við einstök sveitarfélög. Hið nána samráð hefur m.a. leitt til þess að gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að skapa sveitarfélögunum betra svigrúm til að takast á við vandann. Hámarksútsvar var t.d. hækkað um 0,25 prósentustig um síðustu áramót, aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að einum milljarði króna var tryggt á þessu og næsta ári, auk ýmissa lagabreytinga. Þá hafa ákvarðanir um heimild til útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar þegar skilað sveitarfélögum auknum útsvarstekjum.

Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er misjöfn og þau eru misvel í stakk búin til að takast á við þær þrengingar sem nú ganga yfir. Þannig nýta t.d. um ¼ sveitarfélaganna ekki heimild til hámarksútsvarsálagningar á þessu ári sem gefur vísbendingar um ákveðið svigrúm, sömuleiðis er víða svigrúm hjá sveitarfélögum til að nýta frekar heimildir til álagningar fasteignaskatts. Þessi mismunandi staða birtist einnig í ársreikningum sveitarfélaganna árið 2008 og fjárhagsáætlunum þessa árs (sjá þskj. 282 í 135. máli 137. löggjafarþings). Almennt má draga þá ályktun að vaxtarsveitarfélög, þ.e. sveitarfélög þar sem íbúafjöldi hin síðari ár hefur vaxið meira en íbúafjöldi á landsvísu, eigi við meiri vanda að glíma vegna efnahagshrunsins en önnur sveitarfélög. Þannig virðist gengisfall krónunnar og mikil verðbólga haft neikvæð áhrif á þau sveitarfélög, auk þess sem mikið álag var á mörg þeirra vegna mikilla skila lóða frá október 2008. Enn fremur hefur

stóraukið atvinnuleysi komið illa við sveitarfélögin, ekki síst vaxtarsveitarfélögin sem og aukin félagsleg útgjöld, sem hafa aukist.

Það er því mat ráðuneytisins að fjárhagsstöðu sveitarfélaganna þurfi því að skoða í því samhengi að staða einstakra sveitarfélaga til að takast á við erfiðleikana eru misjöfn. Almennar aðgerðir geta átt rétt á sér eins og hækkun útsvars um síðustu áramót var dæmi um, hins vegar þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Öll sveitarfélög þurfa að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og sveitarfélögin hafa tekist það verkefni á hendur með ábyrgum hætti.

Samkvæmt VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, fylgist eftirlitsnefnd sveitarfélaga með fjármálum sveitarfélaga og gerir viðvart ef í óefni stefnir. Nefndin hefur, með hliðsjón af ársreikningum 2008 og fjárhagsáætlunum þessa árs, gert níu sveitarfélögum viðvart og átt í samskiptum við þau um stöðu og horfur í fjármálum. Af þessum níu hefur eitt sveitarfélag óskað með formlegum hætti eftir aðstoð nefndarinnar með vísan til 75. gr. sveitarstjórnarlaga og fer nú fram ítarleg greining á fjárhagslegum forsendum þess til skemmri og lengri tíma. Auk þessara samskipta er í gildi einn samningur eftirlitsnefndar við sveitarfélag um eftirlitsaðgerðir, en hann er frá því í desember 2008.

Rétt er að greina frá því að starfandi er nefnd sem hefur það hlutverk með höndum að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum frá nefndinni hefur meðal annars verið farið yfir fjárhagsleg málefni sveitarfélaga á landsvísu og áhrif efnahagskreppunnar á starfsemi þeirra. Rætt hefur verið um að nefndin skili áfangaskýrslu í lok þessa árs, en að heildartillögur verði settar fram í apríl eða maí á næsta ári. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, þrír fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Meðal verkefna nefndarinnar er að meta hvort þörf er á að breikka eða styrkja tekjustofna sveitarfélaga og væntir ráðuneytið þess að mat nefndarinnar verði traustur grundvöllur fyrir mati á því hvort og hvernig beri að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ráðuneytið leggur áherslu á að almenn samstaða sé um þessi mál er varða tekjustofna og fjármál sveitarfélaga.

402. Svar [248. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Kemur til greina að endurskoða framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til barnmargra sveitarfélaga, svo sem Álftaness? Ef svo er, hvenær?

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Um 70% af lögbundnum tekjum sjóðsins er í dag varið til greiðslu jöfnunarframlaga þar sem íbúafjöldi í hverju sveitarfélagi er lagður til grundvallar við útreikning framlaganna auk annarra þátta. Í þessu sambandi er rétt að benda sérstaklega á útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins og framlög til reksturs grunnskóla í kjölfar yfirfærslunnar 1. ágúst 1996.

Útgjaldajöfnunarframlög.

Framlögunum er ætlað að lýsa bæði almennum og sérstökum kostnaði í rekstri sveitarfélaga á grundvelli ákveðinna viðmiða. Um 44% framlaganna renna til jöfnunar á grundvelli fjölda íbúa á aldrinum 0–16 ára þar sem þjónustuþörfin er talin einna mest. Eftir því sem íbúarnir á tilteknu aldursskeiði eru fleiri því hærra hlutfall af heildinni fær viðkomandi sveitarfélag.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

Við útreikning almennra framlaga til reksturs grunnskóla er fjöldi barna á grunnskólaaldri í sveitarfélögum lagður til grundvallar ásamt öðrum þáttum. Fjölgun og fækkun barna hefur því áhrif í útreikningi framlaganna.

Eins og sjá má af framansögðu er í dag tekið tillit til barnmargra sveitarfélaga við útreikning einstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði og á það við Sveitarfélagið Álftanes eins og önnur sveitarfélög.

Endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í ársbyrjun 2009 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp til að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um sjóðinn. Markmið með endurskoðuninni er að tryggja markvissari jöfnunaraðgerðir, betri nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og aðlögun jöfnunarkerfisins að nýjum verkefnum sveitarfélaga og breytingum sem kunna að verða á næstu árum í umhverfi sveitarfélaga og geta haft áhrif á jöfnunarþörf, svo sem fækkun sveitarfélaga með sameiningum. Um heildarendurskoðun á öllu regluverki sjóðsins er að ræða og því munu reglur við útreikning framangreindra framlaga sjóðsins einnig verða teknar til skoðunar. Áætlað er að hópurinn ljúki störfum í lok febrúar nk.

403. Svar [247. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um afskriftir eða lengingu lána sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Kemur til greina að stjórnvöld beiti afskriftum eða lengi lán sveitarfélaga svo að þau eigi möguleika á að komast yfir tímabundna erfiða fjárhagsstöðu? Ef svo er, hvenær?

Í umræðum um fjárhagsvanda sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins hefur það komið upp í viðræðum ríkis og sveitarfélaga hvort og hvernig hægt væri að aðstoða þau sveitarfélög sem skuldsettust eru, hvort heldur er vegna erlendra eða innlendra lána. Mál þessi hafa t.d. verið til umræðu í svokallaðri Jónsmessunefnd, sem er samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga og starfar á grundvelli viðauka við samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga í tengslum við erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga um samvinnu við ríkið vegna endurfjármögnunar til sveitarfélaga og stofnana þeirra til að auðvelda endurgreiðslu höfuðstóls þeirra erlendu lána sem eru á gjalddaga á þessu ári og næsta ári. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíka samvinnu.

Ráðuneytið mun hins vegar meta hvert tilvik fyrir sig, því fjárhagsstaða sveitarfélaga er misjöfn og mörg þeirra hafa ágætar forsendur þrátt fyrir allt til að mæta þeim þrengingum sem við er að glíma þessi missirin. Eins og greint var frá í svari við annarri fyrirspurn (246. mál) er það hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að gera ráðuneytinu viðvart ef í óefni stefnir. Ráðuneytið hefur því ekki, að svo stöddu, lagt til að gripið verði til samræmdra aðgerða til að taka á skuldavanda sveitarfélaga en telur að upplýsingar um fjárhagsstöðu sveitarfélaga og samráð á grundvelli ferlis samkvæmt VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, varpi ljósi á aðstæður einstakra sveitarfélaga.

Ráðuneytið telur þó rétt að gera grein fyrir því, að á vegum samráðsnefndar um efnahagsmál, sem sömuleiðis starfar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga, er unnið að mótun hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli vegvísins þar að lútandi sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármálaráðherra og formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga undirrituðu 1. október sl. Meðal atriða í slíkum hagstjórnarsamningi verður ákvæði um samstarf hins opinbera varðandi lánamál, m.a. um skuldastýringu sem einnig taki til fyrirtækja í opinberri eigu. Tilgangurinn er að tryggja að lántökur opinberra aðila og afborganir og vextir af þeim séu í samræmi við stöðu gjaldeyrismála og stefnu í gengismálum hverju sinni.

404. Svar [245. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um sameiningu sveitarfélaga vegna fjárhagsstöðu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Verði sveitarfélög sameinuð vegna slakrar fjárhagsstöðu að frumkvæði ráðherra, sbr. 79. gr. sveitarstjórnarlaga, er þá tryggt að jafnræðis verði gætt gagnvart þeim sveitarfélögum sem þannig verða sameinuð öðrum sveitarfélögum?

Í VII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Samkvæmt kaflanum er það hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Leiði athugun eftirlitsnefndar í ljós að fjármál einstakra sveitarfélaga stefni í óefni skal nefndin vara viðkomandi sveitarfélög við og kalla eftir skýringum. Sveitarfélög geta enn fremur sjálf gert nefndinni viðvart og leitað ráða áður en mat eftirlitsnefndar fer fram enda er sú skylda lögð á sérhverja sveitarstjórn að hún gæti þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess, sbr. 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Komist sveitarfélög í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telji sér eigi unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar, sem lætur þá þegar fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri viðkomandi sveitarfélags. Nefndin getur skv. 4. mgr. 75. gr. laganna gripið til ákveðinna úrræða til að koma sveitarfélagi á réttan kjöl, svo sem með því að leggja til við ráðherra að veittur verði styrkur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og lagt til að lagt verði álag á útsvar um allt að 25%.

Í gildi er einn samningur eftirlitsnefndar um eftirlitsaðgerðir á grundvelli ofangreindrar lagaheimildar, en það er við sveitarfélagið Bolungarvík. Samningurinn er frá því í desember

2008 og felur í sé fjölþættar aðgerðir sem miða að því að koma sveitarfélaginu á réttan kjöl á tilteknu tímabili. Samningurinn fól jafnframt í sér skyldu sveitarfélagsins til að kanna hagkvæmni sameiningar þess við annað sveitarfélag. Þá er rétt að geta þess að eitt sveitarfélag til viðbótar, Sveitarfélagið Álftanes, hefur óskað aðstoðar eftirlitsnefndar með vísan til 75. gr. laganna og fer nú fram ítarleg greining á fjárhagslegum forsendum þess til skemmri og lengri tíma. Ráðuneytið á von á áliti og tillögum eftirlitsnefndar þar að lútandi á allra næstu dögum.

Sé fjárhagsstaða sveitarfélags hins vegar þannig að greiðslubyrði er svo mikið umfram greiðslugetu að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð getur ráðherra þá, að tillögu eftirlitsnefndar, svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn. Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að sex mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

Leiði það ekki til niðurstöðu fyrir viðkomandi sveitarfélag tekur fjárhaldsstjórn við stjórn fjármálanna. Um hlutverk og verkefni fjárhaldsstjórnar er fjallað í 78. gr. sveitarstjórnarlaga. Dugi hins vegar aðgerðir fjárhaldsstjórnar ekki til að koma fjárhag sveitarfélags eða stofnana þess á réttan kjöl getur ráðuneytið ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess, sbr. 79. gr. laganna. Ákvæðið kemur því fyrst til skoðunar hafi ráðstafanir samkvæmt 78. gr. laganna ekki dugað.

Rétt er að taka fram að ekkert sveitarfélag hefur verið svipt fjárhaldsstjórn á þessum tímapunkti þó ekki sé hins vegar útilokað að til þess kunni að koma vegna hinna miklu umskipta sem orðið hafa í efnahagsumhverfi sveitarfélaga. Þar af leiðandi er heldur ekki til skoðunar af hálfu ráðuneytisins að beita ákvæðum 79. gr. sveitarstjórnarlaga um sameiningu vegna fjárhagsörðugleika. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að reynt hafi á þetta ákvæði.

Komi hins vegar til þess að meta þurfi aðstæður sveitarfélags með hliðsjón af 79. gr. laganna, eftir að ljóst er að ekki verður unnið að fjárhagslegri endurreisn með öðrum aðgerðum, mun ráðuneytið að sjálfsögðu virða í hvívetna allar skráðar sem óskráðar málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttarins. Það er mat ráðuneytisins að meginmarkmið slíkra aðgerða, sem vissulega geta verið nauðsynlegar í ljósi alvarlegrar efnahagsstöðu sveitarfélags, sé að tryggja að réttur íbúa til þess að njóta lögbundinnar þjónustu sé í heiðri hafður og vanda vel til undirbúnings slíkrar ákvörðunar. Ráðuneytið lítur á þetta úrræði sem neyðarúrræði í sveitarstjórnarrétti, sem þó miðar að því að verja hagsmuni íbúanna og skapa um leið grundvöll fyrir fjárhagslega sjálfbærni viðkomandi samfélaga til lengri tíma litið.

405. Svar [209. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um nýframkvæmdir í samgöngumálum í Reykjavík.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er heildarfjárfesting ríkisins í nýframkvæmdum í samgöngumálum í Reykjavík árið 2009? Um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir framkvæmdir og kostnað.

Nýframkvæmdir 30.12.2009. Nýframkvæmdir innan Reykjavíkur.

Heiti verks	Kostnaður 2009 Spá pr. 30.12.2009	Lýsing á verki
Hönnun framtíðarverka í Reykjavík	55.000.000	Tvöföldun Suðurlands- og Vesturlandsvegar hönnun Hallsvegar
Umferðasrtýring, höfuðborgarsvæði	14.000.000	Endurbætur á umferðarljósastýringu
Höfuðborgarsvæðið, bætt umferðarflæði	400.000.000	Breytingar á gatnamótum v/Kringlumýrarbraut, strætóreinar Miklubraut o.fl. (Ath! hluti greiðist á árinu 2010)
Hringvegur, Þingvallavegur – Brautarholtsvegur	80.000.000	Undirgöng á Kjalarnesi
Reykjanesbraut, gatnamót Stekkjarbakka	3.600.000	Frágangur á göngubrú við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka
Sundabraut – Reykjanesbraut – Sæbraut – Hringbraut	35.222.000	Hönnun Sundabrautar (fær sérfjárveitingu)
Holtavegur – Reykjanesbraut – Sæbraut Holtabakki	817.000	Endurbætur austan Sæbrautar, frágangur – lokareikningur
	588.639.000	

406. Svar [299. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um inneignir íslenskra ríkisborgara á Icesave-reikningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir íslenskir ríkisborgarar áttu inneignir á svonefndum Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi árið 2008, hvar voru þeir búsettir og hversu háar voru fjárhæðirnar?

Landsbanki Íslands hf. var almennt hlutafélag skráð á markaði þar til í október 2008. Þó svo að Fjármálaeftirlitið, á grundvelli laga nr. 125/2008, hafi gripið inn í rekstur þess var það eftir sem áður viðskiptabanki á samkeppnismarkaði. Viðskiptabankar lúta reglum laga um

fjármálafyrirtæki og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglum settum á grundvelli þeirra, m.a. um meðferð trúnaðarupplýsinga.

NBI hf. er einnig hlutafélag og þótt ríkissjóður eigi hlutabréf í honum lýtur hann lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fer fjármálaráðherra með hluti ríkissjóðs í þessum viðskiptabanka.

Ráðuneytið hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Né hefur það undir höndum upplýsingar um bankainnstæður einstakra viðskiptamanna bankanna. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði er í höndum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nema lausafjáreftirlit sem Seðlabanki Íslands hefur á sinni könnu.

Þrátt fyrir framangreint leitaði ráðuneytið til slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. og innti eftir því hvort unnt yrði að gefa svar við fyrirspurninni. Svar slitastjórnar var svohljóðandi:

„Landsbanka Íslands hf. er ekki fært að upplýsa hverjir voru innlánseigendur að Icesave-reikningum bankans sakir bankaleyndar. Við stofnun á Icesave-reikningi á sínum tíma, þurftu væntanlegir innstæðueigendur að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi búsetu, persónuskilríki, lánshæfi og aðra þætti til að koma í veg fyrir svik og peningaþvætti. Þessum upplýsingum var safnað saman á þeirri forsendu að gætt yrði að réttarvernd einstaklinga á grunni persónuverndarlaga. Aðeins er hægt að birta þær vegna lagalegra ástæðna, þ.m.t. ef þar til bær stjórnvöld, s.s. vegna rannsóknar sakamála eða þ.u.l., hafa farið fram á það eða þá á grundvelli skriflegs samþykkis innstæðueigenda.“

407. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Guðríði Þorsteinsdóttur, sviðsstjóra laga- og stjórnsýslusviðs heilbrigðisráðuneytisins.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði að flytja samningsgerð er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili til Sjúkratrygginga Íslands. Í IV. kafla laganna er kveðið á um að sjúkratryggingastofnunin skuli annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu en samningsgerðin var áður í höndum heilbrigðisráðuneytisins og samninganefnda heilbrigðisráðherra. Samkvæmt gildistökuákvæði 56. gr. laganna er gert ráð fyrir að samningsgerðin muni flytjast til stofnunarinnar í þremur áföngum. Við gildistöku laganna, 1. október 2008, fluttist sá hluti sem áður hafði verið hjá samninganefnd heilbrigðisráðherra. Hluti samninga sem voru á hendi ráðuneytisins fluttist 1. júlí sl. og á áðurnefndur hluti samningsgerðar að flytjast til Sjúkratrygginga Íslands 1. janúar 2010.

Fram kom á fundi nefndarinnar að Sjúkratryggingar Íslands hafi þegar tekið við gerð þjónustusamninga en það hafi reynst stærra verk en áætlað var. Ástæður þess hafi meðal annars verið að framlag til þjónustusamninga hafi verið lækkað og því hafi stofnunin þurft að endursemja með tilliti til þess. Af þessum sökum er lagt til með frumvarpinu að fresta

gildistöku ákvæðisins er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2009.

Þuríður Backman, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Siv Friðleifsdóttir.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Valgerður Bjarnadóttir.	Anna Pála Sverrisdóttir.	

408. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Síðari málsliður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 28/2009, orðast svo: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. janúar 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að enn verði frestað hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Frestunin varðar eingöngu smásölu lyfja.

Gildistökunni hefur í þrígang verið frestað, fyrst með lögum nr. 120/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og þá til 1. janúar 2009. Með lögum nr. 146/2008 var gildistöku ákvæðisins að nýju frestað til 1. apríl 2009 og aftur með lögum nr. 28/2009 til 1. janúar 2010.

Ástæða þess að gildistöku hluta ákvæðisins var ítrekað frestað var sú að þær breytingar er snúa að afslætti af lyfjum í smásölu skyldu haldast í hendur við nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja sem fyrirhugað var að kæmi til framkvæmda á sama tíma.

Í nóvember sl. lagði heilbrigðisráðherra fram frumvarp til breytinga á lyfjalögum, nr. 93/1994, þess efnis að fella út orðin „eða smásöluaðilar“ í 3. málsl. 42. gr. laganna. Í því felst að fellt er brott ákvæði sem afnemur afslætti á smásölustigi lyfja og taka átti gildi 1. janúar 2010.

Nefndin sendi út umsagnarbeiðnir í meðferð sinni á málinu og fékk jafnframt til sín gesti frá hagsmunaaðilum. Telur nefndin að ágallar séu á ríkjandi fyrirkomulagi. Má þar til dæmis nefna flækjustig og ógagnsæi afsláttarfyrirkomulagsins, að erfitt er fyrir sjúklinga að gera verðsamanburð á milli lyfsala og verð geti verið mismunandi eftir samkeppnisstigi sem og á milli landshluta. Nefndin tekur undir jafnræðissjónarmið sem fram kom í umsögnum um að æskilegt væri að lyfjaverð sé samræmt um allt land líkt og er með aðra heilbrigðisþjónustu sem ríkið tekur þátt í kostnaði við. Þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur til lækkunar lyfjaverðs, m.a. með afnámi afsláttar á heildsöluverði og aukinni notkun samheitalyfja, áréttar nefndin að ástæða frestunar á gildistöku ákvæðisins er varðar smásöluaðila var fyrst og fremst mikilvægi þess að afnám afslátta skyldi haldast í hendur við nýtt greiðsluþátttökukerfi. Jafnframt var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að framkvæmd ákvæðis 3. málsl. 42. gr. lyfjalaga er lýtur að smásölum yrði mjög erfið tæki það gildi 1. janúar nk.

Nefndin bendir á að í athugasemdum við frumvarpið segir að óljóst sé hvort og þá hvenær nýtt greiðsluþátttökukerfi verður að veruleika. Nefndin áréttar mikilvægi þess að koma á nýju greiðsluþátttökukerfi með það að leiðarljósi að einfalda það, gera það gagnsærra og að reynt verði að tryggja jafnræði. Það er álit nefndarinnar að fresta skuli gildistöku ákvæðisins um afnám afslátta á smásölustigi áfram en ekki fella það brott líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Leggur nefndin þannig áherslu á að endurskoðun kerfisins verði að fara fram en telur aftur á móti að gefa verði raunhæfan frest svo að ráðrúm gefist til að vinna þetta með sem bestum hætti. Leggur nefndin því fram frumvarp þetta til frestunar á gildistöku þess hluta ákvæðisins er varðar smásöluaðila til 1. janúar 2012.

409. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárlagaliðir ... *199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra* falli brott.

410. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárlagaliðir ... *101-1.01 aðalskrifstofur ráðuneyta* lækki um 3%.

411. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 384 [Fjárlög 2010].

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Við 5. tölul. á þskj. 384. B-liður falli brott *[20/20 - Sóknaráætlun fyrir Ísland]*.

412. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 og brtt. á þskj. 388.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

1. Við 6. gr. Liður 2.14 falli brott.
2. Við 6. gr. Liðir 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.10, 6.12, 6.13 og 6.14 falli brott.
3. Við 9. tölul. á þskj. 388. Liðir 6.16 og 6.23 falli brott.

413. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar kom Bryndís Helgadóttir frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari og Snorri Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna.

Umsagnir bárust frá ríkislögreglustjóraembættinu, Landssambandi lögreglumanna og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnun embættis héraðssaksóknara verði frestað um tvö ár, til 1. janúar 2012. Embættið átti upphaflega að taka til starfa 1. janúar 2009 en þeirri gildistöku var frestað um eitt ár vegna þeirra aðstæðna sem voru í ríkisfjármálum. Frestunin nú byggist á sömu aðstæðum og er liður í sparnaðaraðgerðum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Nefndin telur mikilvægt að ákæruvaldið geti ætíð haldið uppi faglegum gæðum í öllum málaflokkum, auk getu sinnar til að takast á við flókin og skipulögð afbrot. Þá er ákæruvaldið einn hluti af þeirri heild sem hefst með rannsókn máls. Nefndin telur því nauðsynlegt að við þær skipulagsbreytingar sem eru fyrirhugaðar hjá lögreglu, ákæruvaldi, sýslumönnum og dómstólum sé mikilvægt að haft sé í huga að þessar stofnanir þurfi að vinna vel saman. Nefndin telur að unnt sé að efla stofnanirnar ásamt því að hagræða í rekstri, m.a. með því að

nýta mannauðinn betur og færa milli embætta eftir verkefnastöðu og þannig efla þjónustu við borgarana.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ólöf Nordal og Vigdís Hauksdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 12. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Árni Þór Sigurðsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Ásmundur Einar Daðason.	Róbert Marshall.

Þráinn Bertelsson.

414. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Eftirfarandi breytingar verði á númerum og heitum fjárlagaliða í sundurliðun 2, verkefni flytjist milli ráðuneyta:

1. Við 07-521 Hrafnista, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-405 Hrafnista, Reykjavík.
2. Við 07-522 Hrafnista, Hafnarfirði. Liðurinn orðist svo: 08-406 Hrafnista, Hafnarfirði.
3. Við 07-523 Grund, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-407 Grund, Reykjavík.
4. Við 07-524 Sunnuhlíð, Kópavogi. Liðurinn orðist svo: 08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi.
5. Við 07-525 Hjúkrunarheimilið Skjól. Liðurinn orðist svo: 08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól.
6. Við 07-526 Hjúkrunarheimilið Eir. Liðurinn orðist svo: 08-410 Hjúkrunarheimilið Eir.
7. Við 07-527 Garðvangur, Garði. Liðurinn orðist svo: 08-411 Garðvangur, Garði.
8. Við 07-528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær. Liðurinn orðist svo: 08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
9. Við 07-529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum. Liðurinn orðist svo: 08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.
10. Við 07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu. Liðurinn orðist svo: 08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu.
11. Við 07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði. Liðurinn orðist svo: 08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
12. Við 07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði. Liðurinn orðist svo: 08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.
13. Við 07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn. Liðurinn orðist svo: 08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.
14. Við 07-534 Seljahlíð, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-418 Seljahlíð, Reykjavík.

15. Við 07-535 Víðines. Liðurinn orðist svo: 08-421 Víðines.
16. Við 07-536 Höfði, Akranesi. Liðurinn orðist svo: 08-422 Höfði, Akranesi.
17. Við 07-537 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi. Liðurinn orðist svo: 08-423 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.
18. Við 07-538 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi. Liðurinn orðist svo: 08-424 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.
19. Við 07-539 Fellaskjól, Grundarfirði. Liðurinn orðist svo: 08-425 Fellaskjól, Grundarfirði.
20. Við 07-540 Jaðar, Ólafsvík. Liðurinn orðist svo: 08-427 Jaðar, Ólafsvík.
21. Við 07-541 Fellsendi, Búðardal. Liðurinn orðist svo: 08-428 Fellsendi, Búðardal.
22. Við 07-542 Barmahlíð, Reykhólum. Liðurinn orðist svo: 08-429 Barmahlíð, Reykhólum.
23. Við 07-543 Dalbær, Dalvík. Liðurinn orðist svo: 08-433 Dalbær, Dalvík.
24. Við 07-544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu. Liðurinn orðist svo: 08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.
25. Við 07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði. Liðurinn orðist svo: 08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.
26. Við 07-546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu. Liðurinn orðist svo: 08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.
27. Við 07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri. Liðurinn orðist svo: 08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.
28. Við 07-548 Hjallatún, Vík. Liðurinn orðist svo: 08-439 Hjallatún, Vík.
29. Við 07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri. Liðurinn orðist svo: 08-440 Kumbaravogur Stokkseyri.
30. Við 07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði. Liðurinn orðist svo: 08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.
31. Við 07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum. Liðurinn orðist svo: 08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
32. Við 07-552 Holtsbúð, Garðabæ. Liðurinn orðist svo: 08-443 Holtsbúð, Garðabæ.
33. Við 07-553 Vífilsstaðir, Garðabæ. Liðurinn orðist svo: 08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ.
34. Við 07-554 Sóltún, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-447 Sóltún, Reykjavík.
35. Við 07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur. Liðurinn orðist svo: 08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur.
36. Við 07-556 Vesturhlíð, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-470 Vesturhlíð, Reykjavík.
37. Við 07-557 Hlíðabær, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-472 Hlíðabær, Reykjavík.
38. Við 07-558 Lindargata, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-473 Lindargata, Reykjavík.
39. Við 07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga. Liðurinn orðist svo: 08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga.
40. Við 07-560 Múlabær, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-475 Múlabær, Reykjavík.
41. Við 07-561 Fríðuhús, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-476 Fríðuhús, Reykjavík.
42. Við 07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar. Liðurinn orðist svo: 08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar.

415. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Við 1. gr. Gjöld lækki um 8,0 milljarða kr.

416. Fyrirspurn [322. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kostnað við fiskveiðieftirlit hjá Fiskistofu.

Frá Jóni Gunnarssyni.

Hver er kostnaður við eftirlit veiðieftirlitsmanna á vegum Fiskistofu? Óskað er eftir upplýsingum annars vegar um kostnað eftirlits um borð í fiskiskipum og hins vegar við eftirlit í landi. Enn fremur er óskað eftir sundurliðun á launakostnaði, ferðakostnaði, dagpeningum og öðrum útlögðum kostnaði.

Skriflegt svar óskast.

417. Fyrirspurn [323. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um afla utan aflamarks.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu mikill afli var veiddur utan aflamarks á síðustu fimm fiskveiðiárum, hvernig er sá afli tilkominn og hvernig skiptist hann eftir tegundum?
2. Hvaða reglur gilda um afla utan aflamarks?

Skriflegt svar óskast.

418. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÓN, ÁsbÓ, HöskÞ).

Breytingar á sundurliðun 1:
Við I. kafla, Skatttekjur, bætist nýr liður, svohljóðandi:
Skattur á séreignarsparnað, 74.600,0 m.kr.

419. Svar [196. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um sérverkefni fyrir ráðuneyti frá 1. febrúar 2009.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Við hvaða ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklinga hefur verið samið um að sinna sérverkefnum fyrir ráðuneytin frá 1. febrúar 2009?*
2. *Hver voru tilefnin og hversu háar hafa greiðslur verið til hvers og eins?*
3. *Ef verkefnin standa enn, hvað má þá ætla að heildarkostnaður við þau verði?*
4. *Voru verkefnin boðin út?*
5. *Hefur sami aðili í einhverjum tilvikum sinnt tveimur eða fleiri sérverkefnum fyrir ráðuneytin?*

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Í tilefni af fyrirspurn þessari vill forsætisráðuneytið taka fram að með bréfi dags. 4. mars sl. fór ráðuneytið þess á leit að Ríkisendurskoðun færi yfir fyrirliggjandi samninga við utanaðkomandi ráðgjafa og verktaka á vettvangi forsætisráðuneytis, einkum í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér á landi haustið 2008, en slíkir samningar voru óvenju umfangsmiklir í kjölfar hrunsins. Óskað var eftir því að Ríkisendurskoðun yfirfæri samningana að því er varðar umfang þeirra, undirbúning, afmörkun, eftirfylgni og vinnubrögð að öðru leyti þegar um slíka samninga er að ræða. Jafnframt var óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gerði tillögu til ráðuneytisins um endurskoðun vinnubragða í þessu efni, ef tilefni þætti til, sem nýst gæti Stjórnarráðinu í framtíðinni við gerð samninga við utanaðkomandi sérfræðinga. Forsætisráðherra barst 22. júní sl. greinargerð Ríkisendurskoðunar þar sem teknir eru til sérstakrar skoðunar samningar við innlenda og erlenda ráðgjafa á vegum forsætisráðuneytis frá síðari hluta árs 2008 til fyrri hluta árs 2009. Ríkisendurskoðun tók til skoðunar alla samninga frá ársbyrjun 2008 til 1. apríl 2009. Samtals var fjárhagslegt umfang samninganna sem úttektin náði til u.þ.b. 388 millj. kr. Þar kemur m.a. fram að Ríkisendurskoðun gerir engar athugasemdir við mat forsætisráðuneytis á vali á ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum og telur að ráðuneytið fylgist vel með framkvæmd samninganna. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar koma jafnframt fram leiðbeiningar þar sem lagt til er að farið sé í gegnum einfalt og fyrir fram ákveðið ferli þegar þörf er talin á utanaðkomandi ráðgjöf eða annarri sérfræðiþjónustu.

Ferlið felst m.a. í því að útbúa og fylgja gátlista og rökstyðja þá niðurstöðu sem komist er að. Gátlistinn byggist á eftirfarandi meginatriðum:

- Ganga úr skugga um hvort nauðsynlega þekkingu sé að finna hjá ríkinu.
- Útbúa stutta en greinargóða verk- og markmiðalýsingu.
- Leggja mat á hugsanlegt umfang verkefnisins og kostnað við það.
- Meta hvort kaupin eru útboðsskyld.
- Rökstyðja val á ráðgjafa.
- Gera skriflegan samning við ráðgjafann um þjónustuna og þóknun fyrir hana.
- Fylgjast reglulega með vinnu ráðgjafans og hvort verkið er innan umsaminna tímamarka og fjárhagsáætlunar.
- Meta hvernig vinna ráðgjafanna nýtist og hvort hún hafi skilað þeim árangri sem vænst var.

Í leiðarljósum aðhaldsaðgerða sem fram koma í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 kemur fram að ekki skuli ráðnir utanaðkomandi ráðgjafar í verkefni hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins nema brýna nauðsyn beri til og sérfræðiþekking sé ekki til staðar meðal ríkisstarfsmanna. Forsætisráðuneytið hefur sent öllum ráðuneytum framangreindar leiðbeiningar og farið þess á leit að ráðuneytin virði þau í hvívetna.

Leitað var upplýsinga frá öllum ráðuneytum og tekið skal fram að litið er svo á að í fyrirspurninni sé spurt um alla aðkeypta sérfræðiráðgjöf ráðuneytanna sem samið hefur verið um kaup á eftir 1. febrúar sl.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir verkefni, sundurliðað eftir ráðuneytum.

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Forsætisráðuneytið					
ParX ehf.	255.000	Ráðgjöf vegna nýs skipulags	Ekki útboðsskylt	255.000	nei
Landform	2.142.958	Vinna vegna þjóðlendumála	Ekki útboðsskylt	2.142.958	nei
Landslög	2.187.595	Ýmis aðstoð lögmanna	Ekki útboðsskylt	2.187.595	já
Hjörleifur Guttormsson	95.518	Leiðsögn vegna ferðar forsætisráðherra Norðurlanda um Austurland	Ekki útboðsskylt	95.518	nei
Jóhann Thoroddsen	15.000	Fyrirlestur	Ekki útboðsskylt	15.000	nei
Magnum ehf.	75.000	Fyrirlestur	Ekki útboðsskylt	75.000	nei
Háskóli Íslands	50.000	Hlutdeild í kostnaði v/komu og fundar Yih-Jeou Wang verkefnisstj. OECD Government project	Ekki útboðsskylt	50.000	já
expectus	5.650.001	Verkefnastjórn sóknaráætlunar ríkisstjórnar	Ekki útboðsskylt	5.938.650	nei
Björn Georg Björnsson	1.773.000	Verkefnastjórn vegna undirbúnings 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar	Ekki útboðsskylt	1.800.000	nei
Björg Thorarensen	2.830.520	Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar	Ekki útboðsskylt	2.830.520	nei
Gísli Tryggvason lögfræðingur	571.875	Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar	Ekki útboðsskylt	571.875	nei
Bryndís Hlöðversdóttir	298.880	Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar	Ekki útboðsskylt	298.880	nei
Valgerður Stefánsdóttir	500.000	Ritun greinargerðar um stefnu í kennslu heyrnarlausra og um stöðu íslenska táknmálsins fyrir vistheimilanefnd	Ekki útboðsskylt	500.000	nei
LEX ehf.	1.843.920	Vinna fyrir nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins	Ekki útboðsskylt	3.500.000	nei

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Aðalheiður Jóhannsdóttir	8.000	Fundur með nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins	Ekki útboðsskylt	8.000	nei
	18.297.267			**20.268.996**	
Iðnaðarráðuneytið					
Arkiteo ehf.	384.705	Sérteikningar og efnisöflun	Ekki útboðsskylt	384.705	nei
Askja Energy Holdings ehf	958.650	Vinna v. skýrslu um vindorku og sjávarorku	Ekki útboðsskylt	958.650	nei
Árni Óskarsson	38.500	Yfirlestur á skýrslu „Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi“	Ekki útboðsskylt	38.500	nei
BBA Legal ehf.	3.621.956	Ráðgjöf vegna útgáfu rannsóknar og vinnsluleyfa á Drekasvæði		3.621.956	nei
Bonafide ehf.	560.250	Greiðsla vegna ráðgjafar við samningu frumvarps til vatnalaga	Ekki útboðsskylt	560.250	nei
eCom ehf	502.668	Athugun á lagaumhverfi netþjónabúa	Ekki útboðsskylt	502.668	nei
Efla hf.	21.611	Gera skýrslu og viðauka læsanlegt f. sjónskerta	Ekki útboðsskylt	21.611	já
Efla hf.	53.211	Vinna við skýrslu um þróun rafhitunar	Ekki útboðsskylt	53.211	já
Efla hf.	725.125	Vinna við greinargerð um flutningskerfi raforku	Ekki útboðsskylt	725.125	já
Efla hf.	668.005	Vinna við sviðsmyndir virkjana	Ekki útboðsskylt	668.005	já
Efla hf.	92.099	Vinna við að fara yfir EB texta	Ekki útboðsskylt	92.099	já
Efla hf.	200.943	Vinna við að skoða endurgreiðslu vsk.	Ekki útboðsskylt	200.943	já
Eiríkur Tómasson	179.280	Lögfræðiráðgjöf v/virkjanamála	Ekki útboðsskylt	179.280	nei
Íslenskar orkurannsóknir	515.463	Ráðgjöf vegna alþjóðlegs loftslagsverkefnis	Ekki útboðsskylt	515.463	nei
Mannvit hf.	6.406.878	Ráðgjafaþjónusta vegna hagkvæmniathugana á byggingu metanólverksmiðju	Ekki útboðsskylt	6.406.878	
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	31.120	Ráðgjöf og yfirlestur v/orkuverkefnis	Ekki útboðsskylt	31.120	
Páll Jensson	910.095	Útreikningar vegna álvers í Helguvík	Ekki útboðsskylt	910.095	nei
Reykjavík Geothermal ehf.	200.000	Skýrsla í framh. af heimsókn iðnaðarráðherra Rwanda um Geothermal Prospects of the Bugarama Graben Rwanda	Ekki útboðsskylt	200.000	nei
Sigurður G. Guðjónsson ehf.	84.660	Lögfræðiþjónusta vegna svars til umboðsmanns Alþingis	Ekki útboðsskylt	84.660	já
Sigurður G. Guðjónsson ehf.	105.825	Lögfræðiþjónusta v/stjórnsýslukvörtunar	Ekki útboðsskylt	105.825	já
Sigurður G. Guðjónsson ehf.	105.825	Lögfræðiþjónusta v/virkjanaleyfis v/Norðlingaölduveitu	Ekki útboðsskylt	105.825	já
Veðurstofa Íslands	31.125	Ráðgjöf og yfirlestur v/orkuverkefnis	Ekki útboðsskylt	31.125	nei
	16.397.994			**16.397.994**	
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið					
Parx ehf	244.717	Aðkeypt vinna v. hugarflugsfundar starfsmanna EVR	Ekki útboðsskylt	244.717	nei
LM Lögmenn sf.	560.250	Aðkeypt vinna v. frv. til br. á l. um sparisjóði	Ekki útboðsskylt	560.250	já
Kristín Benediktsdóttir	355.025	Aðkeypt lögfræðiaðstoð v. falls bankanna, fyrirlestur og vinna í jan. 2009	Ekki útboðsskylt	355.025	nei
Markús Sigurbjörnsson	297.500	Aðkeypt vinna frv. t. l. um br. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki	Ekki útboðsskylt	297.500	nei
Þekkingarmiðlun ehf.	90.000	Fyrirlestur fyrir starfsmenn EVR, Eyþór Eðvarðsson	Ekki útboðsskylt	90.000	já
Nýtt land ehf.	179.280	Aðkeypt vinna f. rh v. grein um Evrópumál í Mbl og ræður um sama efni	Ekki útboðsskylt	179.280	nei

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Nordica ráðgjöf ehf.	199.200	Ráðgjöf Hauks Inga Jónssonar v. starfsmenn SPRON	Ekki útboðsskylt	199.200	nei
Talnakönnun hf.	2.198.981	Aðkeypt vinna v. skýrslu um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	Ekki útboðsskylt	2.198.981	nei
Viðar Már Matthíasson	459.405	Aðkeypt vinna v. br. á frv. 161/2002	Ekki útboðsskylt	459.405	nei
Marag ehf.	336.500	Aðkeypt vinna v. br. á frv. 161/2002	Ekki útboðsskylt	336.500	nei
Landslög ehf.	90.620	Aðkeypt vinna v/lögfræðiaðstoð v. svar við erindi til ESA	Ekki útboðsskylt	90.620	já
LI Lögmenn sf.	289.462	Aðkeypt vinna v. frv. t. br. á l. um sparisjóði	Ekki útboðsskylt	289.462	já
Landslög ehf.	632.575	Aðkeypt lögfræðiaðstoð júní 2009 v. HM Treasury/Freezing Plant	Ekki útboðsskylt	632.575	já
Dóra Guðmundsdóttir	480.000	Aðkeypt vinna v. skýrslu um bankaleynd	Ekki útboðsskylt	480.000	nei
Advokatfirmaet Schjödt DA	538.435	Lögfræðiaðstoð vegna gjaldeyrishafta	Ekki útboðsskylt	538.435	nei
Admon ehf.	1.245.000	Þarfagreining á umhverfi rafrænna viðskipta á ísl. skv. samningi	Ekki útboðsskylt	1.245.000	nei
Hulda Kristín Magnúsdóttir	166.914	Aðkeypt vinna v. frv. br. á l. um samvinnufélög	Ekki útboðsskylt	166.914	nei
Skýrr ehf.	215.734	Ferðauppgjörskerfi uppsetning	Ekki útboðsskylt	215.734	nei
Hugsmiðjan ehf.	41.782	Aðkeypt vinna við vef v. EVR	Ekki útboðsskylt	41.782	nei
Capacent hf.	361.050	Ráðningarþjónusta	Ekki útboðsskylt	361.050	nei
Talent ráðningar ehf.	112.050	Ráðningarþjónusta	Ekki útboðsskylt	112.050	nei
Háskóli Íslands, Lagastofnun	1.992.000	Skýrsla um hlutafélagalög og einkahluta-félagalög og drög að frumvarpi í samræmi við skýrsluna	Ekki útboðsskylt	1.992.000	nei
Lovells LLP	1.572.161	Aðstoð og yfirlestur við samningu á frv. um slit fjármálafyrirtækja	Ekki útboðsskylt	1.572.161	nei
Háskóli Íslands	950.000	Ritun sögu viðskiptaráðun.	Ekki útboðsskylt	950.000	nei
	13.608.641			**13.608.641**	
Utanríkisráðuneytið					
Katelin Marit Parsons	121.695	Prófarkalestur og tungumálaráðgjöf, ESB svör	Ekki útboðsskylt	121.695	nei
Tara Kathleen Flynn	88.931	Prófarkalestur o.fl. vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	88.931	nei
Scriptorium ehf.	1.439.843	Þýðing löggjafar og texta vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	1.439.843	Já
Björg Thorarensen	271.296	Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	271.296	nei
Ragnhildur Helgadóttir	42.330	Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	42.330	nei
Hagfelld ehf.	160.000	Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	160.000	nei
Landslög ehf.	112.121	Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	112.121	nei
Ecom ehf.	35.386	Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista	Ekki útboðsskylt	35.386	nei
G. Valdimar Valdimarsson	100.000	Ráðgjöf vegna ákv. þátta á sviði landbún.- og byggðamála ESB	Ekki útboðsskylt	200.000	nei
	2.371.602			**2.471.602**	
Umhverfisráðuneytið					
Alta	250.000	Hugarflugsfundur í ráðuneyti	Ekki útboðsskylt		nei
Lex	592.004	Sameiginlegt mat vegna úrskurðar	Ekki útboðsskylt		nei
Þorsteinn Narfason	322.892	Vinna vegna Isat-staðla	Ekki útboðsskylt		nei
	1.164.896			**-**	

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Félags- og tryggingamálaráðuneytið					
Hula lögmenn ehf.	147.250	Álitsgerð v/meðferðarheimilis	Ekki útboðsskylt	147.250	nei
Evrópulög ehf.	96.000	Lögfræðiráðgjöf	Ekki útboðsskylt	96.000	nei
Lára V. Júlíusdóttir hrl. ehf.	170.500	Sérfr. v/jafnréttisnefndar	Ekki útboðsskylt	170.500	nei
KPMG hf.	52.150	Ráðgjöf v/lagafrumvarps	Ekki útboðsskylt	52.150	nei
VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf.	301.193	Ráðgjöf og úttekt vegna öryggiskerfis	Ekki útboðsskylt	301.193	nei
Barnasálfræðiþjónustan ehf.	656.000	Úttekt á starfsemi meðferðarheimilis	Ekki útboðsskylt	656.000	nei
Barnasálfræðiþjónustan ehf.	96.000	Mat á hæfni umsækj. um meðferð ungra gerenda í kynferðisbr.málum	Ekki útboðsskylt	96.000	nei
Dagsbirta ehf.	334.000	Tvær matsgerðir v/barnaverndarmál	Ekki útboðsskylt	334.000	nei
Kná ehf.	190.000	Vinna við rýnihóp meðal foreldra	Ekki útboðsskylt	190.000	já
Hrefna Friðriksdóttir	322.000	Vinna fyrir nefnd um stöðu barna	Ekki útboðsskylt	322.000	nei
Hrefna Friðriksdóttir	212.000	Sérfræðiráðgjöf v/frumvarps til breyt. á barnaverndarlögum	Ekki útboðsskylt	212.000	nei
Arnaldur Sölvi Kristjánsson	280.000	Útreikn. v/barnatrygginga	Ekki útboðsskylt	280.000	nei
Hagstofa Íslands	37.500	Sérfræðivinna	Ekki útboðsskylt	37.500	nei
Hagvangur ehf.	373.500	Ráðningarþjónusta	Ekki útboðsskylt	373.500	nei
Jón Björnsson		Gerð gæðaviðmiða í öldrunarþjón.	Ekki útboðsskylt	2.400.000	nei
Hildigunnur Ólafsdóttir	440.000	Sérfræðiráðgjöf I. Undirbúningur rannsóknar á kynbundnu ofbeldi	Ekki útboðsskylt	440.000	nei
Hildigunnur Ólafsdóttir	440.000	Sérfræðiráðgjöf II. Undirbúningur rannsóknar á kynbundnu ofbeldi	Ekki útboðsskylt	440.000	nei
Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd við H.Í.	2.200.000	Gerð rannsóknar hjá grunnskólum á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum	Ekki útboðsskylt	2.200.000	nei
Kná ehf.	100.000	Rýnihópur v/arvinnulausra ungmenna v/velferðarvaktar	Ekki útboðsskylt	100.000	já
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir	360.000	Sérfræðivinna v/jafnréttisvaktar	Ekki útboðsskylt	360.000	nei
Rannsóknarsetur í barna- og fjöldkylduvernd við H.Í.		Sérfæðiráðgjöf I hluti barnaverndarkönnun, v/velferðarvaktarinnar	Ekki útboðsskylt	300.000	nei
	6.808.093			**9.508.093**	
Mennta- og menningarmálaráðuneytið					
Capacent	1.641.185	Sparnaður í framhaldsskólum	Ekki útboðsskylt		nei
Parax	1.082.349	v/starfshóps um hagræðingu í grunnsk.	Ekki útboðsskylt		nei
Skýrr	1.984.690	Rafrænar umsóknir í framhaldsskóla	Ekki útboðsskylt		já
Ágústa Þorbergsdóttir	42.350	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Karl Kaaber	107.800	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	já
Minerva	255.000	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	já
Hildur Skarphéðinsdóttir	203.280	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
JR-Music	30.000	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Sigurður Flosason	202.500	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Kristín Stefánsdóttir	427.500	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Eydís Björnsdóttir	10.044	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Stefmennt	30.000	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Fræðslum. rafiðnaðarins	929.070	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Anna M. Hreinsdóttir	60.000	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
Jóhanna Einarsdóttir	158.190	Vinna við námskrá	Ekki útboðsskylt	Hluti af heildaráætlun	nei
BSI á Íslandi	700.000	Úttekt á grunnskólum	Ekki útboðsskylt	700.000	nei
Ísmat	1.280.000	Úttekt á grunnskólum	Ekki útboðsskylt	1.280.000	nei
Ingunn B. Vilhjálmsdóttir	1.360.000	Úttekt á grunnskólum	Ekki útboðsskylt	1.360.000	nei
Háskóli Íslands	603.000	Innleiðing grunnskólalaga	Ekki útboðsskylt	603.000	já
Háskólinn á Akureyri	2.890.000	Úttekt á grunnskólum	Ekki útboðsskylt	2.890.000	já
Minerva	500.000	Úttekt á fótaaðgerðakennslu	Ekki útboðsskylt		já
Marku Linna	1.482.200	Áhrif kreppu á fjármögnun háskóla	Ekki útboðsskylt		nei
IDEA Consult NV	3.493.170	Áhrif kreppu á fjármögnun háskóla	Ekki útboðsskylt		nei
	19.472.328				
Heilbrigðisráðuneytið					
Stefán Ólafsson	-	Endurskoðun á hlutverki og verkefnum eftirlits- og stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins	Ekki útboðsskylt	Tímagjald umsamið en umfang enn óljóst þar sem verið er að ræða um frekari vinnu	nei
Líf og sál sálfræðistofa ehf.	-	Að meta sálfélagslega áhættuþætti á Heil-brigðisstofnun Austurlands með sérstöku tilliti til þeirra erfiðleika sem hafa verið á heilsugæslunni í Fjarðabyggð undanfarin missiri	Ekki útboðsskylt	Sameiginlegur kostnaður með HSA 1.200.000 kr.	nei
Capacent	-	Mótun sparnaðar og umbótaverkefna. Sérstakt sparnaðarátak í ríkisrekstrinum með þátttöku allra ráðuneyta	Vísað er til fjár-málaráðuneytis sem heldur utan um verkefnið	Hlutur heilbrigðis-ráðuneytisins 6.000.000 kr.	nei
	-				
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið					
Parex – viðskiptaráðgjöf	2.955.500	Mat á möguleikum á samþættingu við framkvæmd verkefna stofnana ráðuneytisins	Ekki útboðsskylt	3.000.000	nei
Capacent	455.000	Sparnaðarátak – stjórnun hugarflugsfunda	Ekki útboðsskylt	1.500.000	nei
Guðjón Arnar Kristjánsson	2.300.000	Verkefni tengd fiskveiðistjórn	Ekki útboðsskylt	2.300.000	nei
Mandat lögmannsstofa, Ránargötu 18	971.741	Ráðgjöf vegna frumvarps um hvali	Ekki útboðsskylt	1.000.000	nei
	6.682.241			**7.800.000**	
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið					
Lex ehf.	3.959.100	Vinna við úrskurðardrög í tilteknu fjöldakæruáli á sviði útlendingamála	Ekki útboðsskylt	1.940.000	nei
Jónas Jóhannsson	836.640	Vinna við úrskurðardrög í tilteknu fjöldakæruáli á sviði útlendingamála	Ekki útboðsskylt	836.640	nei
Viðar Már Matthíasson	362.500	Vinna við lagafrumvarp um breytingu á skaðabótalögum	Ekki útboðsskylt	362.500	nei

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Trausti Fannar Valsson	693.600	Skýrsla un yfirferð á lögum og reglum um meðferð hælisumsókna	Ekki útboðsskylt	693.600	nei
	5.851.840			**3.832.740**	
Fjármálaráðuneytið					
Benedikt Bogason	360.000	Lögfræðiþjónusta vegna Icesave-skuldb.	Ekki útboðsskylt	360.000	nei
Eiríkur Tómasson	272.000	Lögfræðiþjónusta vegna Icesave-skuldb.	Ekki útboðsskylt	272.000	nei
Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson	976.000	Gerð lagafrv. um ríkisábyrgðir v. Icesave	Ekki útboðsskylt	976.000	nei
Juris hf.	2.622.445	V. málsóknar DekaBank á hendur ísl. ríkinu, eftirlaunaskuldbindingar LÍ og Icesave	Ekki útboðsskylt	2.622.445	nei
Landslög ehf.	3.809.995	Samningar við erlenda kröfuhafa og uppgjör milli gömlu og nýju bankanna. Ráðgjöf v. ríkisstyrkja í tengslum við málarekstur ESA	Ekki útboðsskylt	3.809.995	Ekki önnur en nefnd eru að framan
LI Lögmenn sf	3.472.500	Lögfræðiþjónusta í tengslum við stöðu sparisjóðanna og vegna annarra bankamála	Ekki útboðsskylt	3.472.500	Ekki önnur en nefnd eru að framan
Lögmenn Ránargötu ehf.	2.955.000	Lögfræðiþjónusta í tengslum við stöðu sparisjóðanna og vegna annarra bankamála	Ekki útboðsskylt	2.955.000	Ekki önnur en nefnd eru að framan
PricewaterhouseCoopers hf.	340.000	Þjónusta vegna stöðu Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur	Ekki útboðsskylt	340.000	já
Capacent Glacier hf.	3.614.458	Mat á ríkisábyrgð í tengslum við Icesave	Ekki útboðsskylt	3.614.458	nei
Hagrannsóknir og Ráðgjöf ehf.	352.000	Mat á þjóðhagslegum áhrifum af Icesave-skuldbindingunum	Ekki útboðsskylt	352.000	nei
PricewaterhouseCoopers hf.	746.500	Skýrslugerð, ráðgjöf vegna Byrs og sparisjóða Keflavíkur og Ólafsfjarðar	Ekki útboðsskylt	746.500	já
Talnakönnun hf.	154.000	Ráðgjöf vegna eftirlaunafrumvarpsins	Ekki útboðsskylt	154.000	nei
Arnaldur Axfjörð	1.995.210	Ráðgjöf um upplýsingatækni, s.s. samvirkni gagnagrunna	Ekki útboðsskylt	4.000.000	nei
Þorsteinn Þorsteinsson	9.905.020	Ráðgjöf vegna bankamála, svo sem uppgj. milli gömlu og nýju bankanna	Upphaflega var áætlaður kostnaður undir útboðsmörkum	11.500.000	nei
Jón Sigurðsson	8.062.513	Ráðgjöf um gjaldeyrislán frá öðrum ríkjum	Ekki útboðsskylt	8.062.513	nei
	39.637.641			**43.237.411**	
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið					
Capacent ehf.	270.303	Úttekt á skipulagi og stjórnun – Greinargerð um stefnumótunarvinnu	Ekki útboðsskylt	270.303	nei
Evrópuráðgjöf – Alþjóðatengsl ehf.	2.766.000	Rannsóknar- og stefnumótunarverkefni vegna sameiningar sveitarfélaga og eflingar sveitarstjórnarstigsins	Ekki útboðsskylt	2.766.000	nei
Hákon Gunnarsson	81.450	Fyrirlestur um stjórnun og stefnumótun	Ekki útboðsskylt	81.450	nei
VSÓ Ráðgjöf ehf.	171.570	Hagkvæmniathugun vegna lestarsamgangna á Suðvesturlandi	Ekki útboðsskylt	353.364	nei
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygg.	260.000	Gerð verkefniságrips vegna rafrænna kosninga	Ekki útboðsskylt	260.000	já
Juris hf.	490.000	Sérfræðiþjónusta vegna lagafrumvarps	Ekki útboðsskylt	490.000	nei
Sigurður G. Guðjónsson ehf.	221.000	Lögfræðiþjónusta vegna starfsmannamála	Ekki útboðsskylt	221.000	nei
Arkiteo ehf.	452.500	Arkitektaþjónusta vegna breytinga á húsnæði	Ekki útboðsskylt	452.500	nei
Verkfræðistofan Víðsjá ehf.	358.960	Verkfræðiþjónusta vegna breytinga á húsnæði	Ekki útboðsskylt	358.960	nei
Reykjavíkurborg	753.320	Ráðgjafarvinna vegna lestarathugunar	Ekki útboðsskylt	753.320	nei

Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur	Fjárhæð	Tilefni	Útboð	Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins	Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?
Hugsmiðjan ehf.	25.600	Sérfræðiþjónusta vegna vefseturs	Ekki útboðsskylt	25.600	nei
Hagvangur ehf.	759.450	Sérfræðiþjónusta vegna starfsmannaráðninga	Ekki útboðsskylt	759.450	nei
Feti ehf.	89.890	Sérfræðiþjónusta vegna breytinga á húsnæði	Ekki útboðsskylt	89.890	nei
	6.700.043			**6.881.837**	
Upplýsingasamfélagið – sameiginleg verkefni ráðuneyta					
Capacent hf.	79.600	Rannsókn: Spurning í spurningavagni	Ekki útboðsskylt	79.600	nei
Jóhann Thoroddsen	50.000	Fyrirlestur um áfallahjálp	Ekki útboðsskylt	50.000	nei
Kristbjörn Helgi Björnsson	140.000	Vinna við textaritun fyrir vefinn Ísland.is	Ekki útboðsskylt	140.000	nei
Oddrún Vala Jónsdóttir	2.955.895	Vinna við textaritun og innsetningu efnis ofl. fyrir vefinn Ísland.is	Ekki útboðsskylt	4.000.000	nei
Parx ehf.	2.670.000	Vinna við uppsetningu þjónustuvefs vegna innleiðingar þjónustutilskipunar ESB	Ekki útboðsskylt	4.500.000	nei
Pricewaterhousecoopers hf.	3.800.000	Gerð skýrslu o.fl. um arðsemi rafrænnar stjórnsýslu	Ekki útboðsskylt	3.800.000	nei
Ríkisskattstjóri	3.000.000	Prófun, mat og skýrslugerð varðandi notkun á OpenOffice-hugbúnaði	Ekki útboðsskylt	3.000.000	nei
Sjá-viðmótsprófanir ehf.	1.630.750	Úttekt á opinberum vefjum ríkis og sveitarfélaga	Ekki útboðsskylt	3.261.500	já
	14.326.245			**18.831.100**	

420. Frumvarp til laga [324. mál]

um breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Dvöl á sjúkrahóteli. Fyrir dvöl á sjúkrahóteli skulu sjúkratryggðir greiða gjald sem nemur að hámarki 20% af kostnaði við gistingu og fæði og skal gjaldið ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
   Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum þessum skulu greiða gjald fyrir dvöl á sjúkrahóteli sem nemur öllum kostnaði sem til fellur vegna dvalar á sjúkrahóteli í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heimild í lög um sjúkratryggingar til töku gjalds fyrir dvöl sjúklinga á sjúkrahóteli.

Sjúkrahótel hefur verið rekið allt frá árinu 1974 og stóð Rauði kross Íslands fyrir rekstrinum til ársins 2005. Frá þeim tíma hefur sjúkrahótelið verið rekið að Rauðarárstíg 18 í Reykjavík samkvæmt samningi Landspítala og Fosshótela ehf. Fosshótel sér sjúklingum sem þar dveljast fyrir gistingu og fullu fæði. Heilbrigðisþjónusta sem veitt er á sjúkrahótelinu í tengslum við dvölina er á vegum Landspítala og er hún sjúklingum að kostnaðarlausu. Um greiðslur fyrir lyf og fyrir heilbrigðisþjónustu sem sjúklingar sækja utan sjúkrahótelsins gilda almennar reglur um greiðsluþátttöku sjúklinga. Rekstur sjúkrahótelsins er að mestu kostaður af föstu framlagi í fjárlögum en að hluta til með innheimtu gjalds að fjárhæð 800 kr. á sólarhring fyrir sjúkratryggða sjúklinga og 5.000 kr. fyrir ósjúkratryggða sjúklinga. Þá hefur hótelið innheimt 2.500 kr. af aðstandendum sem dvalist hafa á sjúkrahótelinu. Gjaldið hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2005 þegar fyrrgreindur samningur tók gildi.

Sjúklingur kvartaði til umboðsmanns Alþingis vegna gjaldtöku á sjúkrahótelinu. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 17. september 2009 (mál nr. 5002/2007) segir m.a. að leggja verði „til grundvallar í ljósi efnisákvæða þjónustusamnings Landspítala og Fosshótela ehf. og þess lagagrundvallar, sem hann er reistur á, að gisting sjúklinga á sjúkrahótelinu sé í slíkum beinum og órjúfanlegum tengslum við þá lögskyldu og opinberu heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt af hálfu starfsmanna Landspítalans, sem jafnframt er eini tilgangur hlutaðeigandi sjúklinga fyrir dvöl þar, að gjaldtaka fyrir gistingu á sjúkrahótelinu verði eins og atvikum er háttað að teljast undirorpin almennum reglum um gjaldtöku hins opinbera.“ Þá segir jafnframt í álitinu: „Til að taka gjalda fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir teljist heimil [...] verður Alþingi með settum lögum að taka skýra afstöðu til gjaldtöku fyrir gistingu á sjúkrahóteli, og þá þannig að ráðið verði af lagaheimildinni með túlkun hvaða kostnaðarliðir verði lagðir til grundvallar við útreikning gjalda vegna þess þáttar í dvöl sjúklings á sjúkrahótelinu sem um ræðir.“ Loks beinir umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins „að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að endurskoða lagagrundvöll þeirrar gjaldtöku sem byggt er á í þjónustusamningi [...] og þá eftir atvikum með því að leita eftir því á vettvangi Alþingis að tryggð verði viðhlítandi lagastoð fyrir því fyrirkomulagi, sem samningurinn mælir fyrir um, ef ákveðið er að viðhalda því.“

Gisting á sjúkrahóteli fellur ekki undir þjónustu sem ríkinu er skylt að veita. Hér er annars vegar um að ræða úrræði fyrir sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar sem ekki krefst innlagnar á sjúkrahús en geta ekki búið heima vegna fjarlægðar eða heimilisaðstæðna. Hins vegar mætir sjúkrahótel þörfum sem skapast hafa við styttingu legutíma á sjúkrahúsum og vegna þess að ýmsar aðgerðir eru í auknum mæli framkvæmdar utan sjúkrahúsa. Hér er því bæði um að ræða mikilvæga aðstoð við sjúklinga sem þurfa að leita eftir heilbrigðisþjónustu fjarri heimili sínu og úrræði sem stytt getur legutíma á sjúkrahúsi og þannig stuðlað að betri nýtingu fjármuna.

Í a-lið 1. gr. er lagt til að bætt verði við 1. mgr. 29. gr. laganna tölulið þar sem kveðið er á um heimild til gjaldtöku fyrir dvöl á sjúkrahóteli. Gjaldið skal ákveðið með reglugerð og má að hámarki nema 20% af kostnaði við fæði og gistingu samkvæmt samningi um rekstur sjúkrahótels, eða samkvæmt kostnaðargreiningu, ef sjúkrahótel er rekið af heilbrigðisstofnun. Megintilgangur þessarar greinar er að skýra gjaldtökuheimildir sjúkrahótela og kveða á um hvernig gjald skuli ákveðið. Rekstur sjúkrahótela er að mestu kostaður af hinu opinbera með framlagi í fjárlögum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Eðlilegt þykir þó að áfram verði unnt að innheimta hóflegt gjald sem standi undir hluta kostnaðar við dvöl sjúklings á sjúkrahóteli.

Í b-lið 1. gr. er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 29. gr. þar sem kveðið er á um gjaldtöku vegna dvalar einstaklinga, sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögunum, á sjúkrahóteli. Samkvæmt ákvæðinu skulu þessir aðilar greiða raunkostnað af þeirri þjónustu sem þeir fá á sjúkrahóteli. Ef í gildi eru milliríkjasamningar um þjónustuna gilda þeir um gjaldtöku af hinum ósjúkratryggða.

421. Svar [222. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um sérverkefni fyrir forsetaembættið á núverandi kjörtímabili.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Við hvaða ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklinga hefur forsetaembættið samið um að sinna sérverkefnum fyrir sig frá síðasta endurkjöri forseta Íslands 28. júní 2008?*
2. *Hver voru tilefnin og hversu háar hafa greiðslur verið til hvers og eins?*
3. *Ef verkefnin standa enn, hvað má þá ætla að heildarkostnaður við þau verði?*
4. *Voru verkefnin boðin út?*
5. *Hefur sami aðili í einhverjum tilvikum sinnt tveimur eða fleiri sérverkefnum fyrir embættið?*
6. *Hefur einhver þessara aðila, eða annað ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklingur, unnið að verkefnum sem forseti Íslands eða forsetaembættið hefur tengst, en fengið greiðslur fyrir frá öðrum? Ef svo er:*
   a. *hvaða einstaklinga eða ráðgjafarfyrirtæki er um að ræða,*
   b. *hver voru tilefnin,*
   c. *hver var greiðandi verkefnanna,*
   d. *á hvaða tíma voru verkin unnin?*
7. *Hvaða verklagsreglur eru í gildi hjá forsetaembættinu um samskipti og aðstoð við fyrirtæki og athafnamenn?*

Í tilefni af fyrirspurninni fór forsætisráðuneytið þess á leit við forsetaembættið að það veiti svör við framangreindri fyrirspurn og voru svör skrifstofu forseta Íslands svohljóðandi:

„1. Á umræddu tímabili, frá 28. júní 2008 til dagsins í dag, hefur embætti forseta samið um sérstök verkefni við Alþjóðaver, Þýðingarstofu JC ehf., Skjal ehf. og Pétur Rasmussen þýðanda. Öllum þessum verkefnum er lokið. Ekki var um útboð vegna þeirra að ræða.

   Þau verkefni sem Þýðingarstofa JC ehf., Skjal ehf. og Pétur Rasmussen þýðandi unnu voru öll þýðingar texta, ráðgjöf og yfirlestur texta á erlendum tungumálum. Heildargreiðslur til þessara aðila voru:

   Þýðingarstofa JC ehf.: 556.565 kr.
   Skjal ehf.: 11.018 kr.
   Pétur Rasmussen þýðandi: 4.980 kr.

2. Greiðslur til Alþjóðavers eru samtals 1.020.900 kr. Þau verkefni sem Alþjóðaver kom að á tímabilinu voru þrjú:

   Forseti átti frumkvæði að alþjóðlegu samstarfsverkefni íslenskra og indverskra jöklafræðinga um rannsóknir á bráðnun jökla í Himalaya-fjallgarðinum. Á vegum Alþjóða-

vers lagði Dagfinnur Sveinbjörnsson forseta lið við að skipuleggja verkefnið og ýta því úr vör en fyrirmynd að framkvæmd þess er sótt til vinnu íslenskra jöklafræðinga og rannsókna þeirra á íslenskum jöklum. Lesa má um verkefnið á vefsetri forsetaembættisins, t.d. í fréttatilkynningu frá 7. febrúar 2008.

Forseti tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Dacca í Bangladesh um áhrif loftslagsbreytinga á gróðurfar og nýtingu landgræðslu til að hamla óafturkræfum loftslagsbreytingum. Forseti flutti einnig lokaræðu ráðstefnunnar. Dagfinnur Sveinbjörnsson vann rannsóknar- og undirbúningsvinnu á vegum Alþjóðavers vegna þátttöku forseta í ráðstefnunni og tók einnig þátt í henni og flutti þar fyrirlestur.

Alþjóðaver vann að undirbúningi og framkvæmd alþjóðlegrar ráðstefnu og sýningar um skipalestir bandamanna til Rússlands um Ísland í síðari heimsstyrjöldinni. Ráðstefnan var haldin á vegum Háskóla Íslands í júlí 2008 í samstarfi við sendiráð Bandaríkjanna, Bretlands, Rússlands, Noregs og Kanada. Forseti Íslands tók virkan þátt í skipulagningu ráðstefnunnar, var verndari hennar og flutti ávarp við setninguna.

Vegna 6. liðar fyrirspurnar Eyglóar Harðardóttur alþingismanns er rétt að taka fram að Alþjóðaver tók einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd Forvarnardagsins 2008 ásamt Rannsóknum og greiningu við Háskólann í Reykjavík en forseti er verndari og hvatamaður Forvarnardagsins sem árlega er haldinn í samstarfi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Skátahreyfingarinnar, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Embætti forseta hefur engar upplýsingar um greiðslur til Alþjóðavers vegna þeirrar vinnu.

3. Vegna 7. liðar fyrirspurnar Eyglóar Harðardóttur alþingismanns er því til að svara að engar formlegar verklagsreglur eru í gildi um þau efni sem spurningin varðar en tekið er mið af venjum sem skapast hafa á löngum tíma.“

422. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2010.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2010 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**411.468,1**	**396.894,4**
Skattar á tekjur einstaklinga	123.100,0	120.300,0
Skattar á tekjur lögaðila	17.700,0	14.500,0
Tryggingagjöld	59.780,1	58.273,4
Eignarskattar	8.132,1	8.102,1
Virðisaukaskattur	123.100,0	117.800,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	64.898,7	64.108,6
Skattar ótaldir annars staðar	14.757,2	13.810,3
Aðrar rekstrartekjur	**44.996,4**	**43.642,8**
Arðgreiðslur	1.387,0	1.387,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	35.440,0	34.237,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.169,4	8.018,6
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**1.665,3**	**1.663,8**
Tekjur alls	**458.729,8**	**442.801,0**
Æðsta stjórn ríkisins	3.527,7	3.527,7
Forsætisráðuneyti	975,6	975,6
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	60.266,4	60.266,4
Utanríkisráðuneyti	11.885,2	11.885,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.902,9	18.902,9
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	25.013,8	25.013,8
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	135.464,2	135.670,2
Heilbrigðisráðuneyti	95.566,9	95.566,9
Fjármálaráðuneyti	60.029,3	51.930,3
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	38.651,0	38.576,0
Iðnaðarráðuneyti	5.832,1	5.832,1
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.057,8	3.057,8
Umhverfisráðuneyti	6.991,6	6.991,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	94.320,0	90.345,0
Samtals	**560.484,5**	**548.541,5**
Tekjujöfnuður	**-101.754,7**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2010 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-101.754,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	462,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.636,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	88,0
Handbært fé frá rekstri	**-105.840.5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-220.000,0
Veitt önnur löng lán	-13.100,0
Afborganir veittra lána	20.500,0
Eiginfjárframlög til sparisjóðakerfisins	-20.000,0
Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-233.400.0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-339.240.5**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands	220.000,0
Önnur löng lán	220.000,0
Afborganir lána	-135.000,0
Fjármögnun samtals	**305.000.0**
Breyting á handbæru fé	**-34.240.5**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2010 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	660,0	0,0	40,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	625,4	1.000,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-40,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**1.245,4**	**1.000,0**	**330,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2010 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.676,8	17.908,0	79,0	13.100,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	401,0	0,0	10,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	747,0	20.500,0	9,0	24.087,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	26,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	198,0	0,0	5,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	414,0	35.000,0	25,0	41.690,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-19,0	90,0	2,0	0,0
Orkusjóður	6,6	0,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	46,9	3.000,0	0,0	4.000,0
Samtals	**10.497,3**	**76.498,0**	**131,0**	**82.877,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 460.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 233.100 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 13.100 m.kr.
   - 2.2 Seðlabanka Íslands allt að 220.000 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2010 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 25.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   - 3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 41.690 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 24.087 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.4 Byggðastofnun, allt að 4.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   - 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   - 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.5 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.6 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.7 Að selja fasteignina Stekkjartröð 1, Fljótsdalshéraði, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.8 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.9 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.10 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.11 Að selja húsnæði Háskólans á Akureyri við Þingvallastræti 23, Akureyri, og ráðstafa andvirðinu til nýbyggingar skólans.
2.12 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.13 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.14 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.15 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.16 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Langanesbyggð.
2.17 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
2.18 Að selja leigjanda gömul hús á Flatey II í Sveitarfélaginu Hornafirði.
2.19 Að selja fasteignina Hátún 10D, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.

3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27.
3.8 Að selja sendiherrabústað í New York og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.9 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.10 Að selja sendiherrabústað í London og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.11 Að selja sendiherrabústað í Tokyo og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í Bárugötu 19, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.
3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um ráðstöfun eignarinnar.
3.15 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hlíðarvegi 53, Fjarðabyggð.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðngörðum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.5 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.6 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.7 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.8 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.9 Að selja jörðina Grund (ekki lögbýli) í Skaftárhreppi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.4 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.4 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.6 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.8 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraða í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.10 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.11 Að kaupa eða leigja land við flugvöllinn á Stóra-Kroppi.
6.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands og Vatnamælingar.
6.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn.
6.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.15 Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir Landlæknisembættið.
6.16 Að kaupa landspildur við Dimmuborgir við Mývatn.
6.17 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir lögreglu og sýsluskrifstofu á Neskaupstað og selja núverandi húsnæði að Miðstræti 18 og Melagötu 2a, Neskaupstað.
6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.19 Að leigja hentugt húsnæði fyrir lögregluvarðstöð í Vík í Mýrdal.
6.20 Að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.
6.21 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Þjóðskrá.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2010 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2010, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að semja um byggingu og rekstur Vaðlaheiðarganga.
7.5 Að semja um byggingu og rekstur á hluta Suðurlandsvegar á milli Reykjavíkur og Hveragerðis.
7.6 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.

7.7 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.8 Að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði vegna málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum um lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar erlends stjórnvalds sem beint var að íslenskum lögaðila, eða lögaðilum, á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, ef ætla má að með málshöfðuninni fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.
7.9 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.10 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.11 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.12 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.13 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.14 Að undirbúa útboð vegna leigu ríkisins á nýjum Landspítala við Hringbraut.
7.15 Að heimila Landspítalanum að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna.
7.16 Að selja eða ráðstafa flugvél Landgræðslu ríkisins, Páli Sveinssyni TF-NPK, til félags eða sjálfseignarstofnunar sem sérstaklega verður stofnuð um rekstur og varðveislu hennar.
7.17 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	99.600,0	96.600,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	23.500,0	23.700,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**123.100,0**	**120.300,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.700,0	14.500,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	4.660,0	4.440,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.396,1	1.368,1
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.370,0	2.800,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**9.426,1**	**8.608,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**150.226,1**	**143.408,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	31.367,0	30.578,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	28.353,1	27.635,2
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**59.780,1**	**58.273,4**
	Tryggingagjöld	**59.780,1**	**58.273,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	1.860,4	1.798,8
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.418,6	2.357,7
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.279,0**	**4.156,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.500,0	3.500,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.090,0	1.060,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.000,0	3.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	542,1	542,1
	Eignarskattar	**8.132,1**	**8.102,1**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	123.100,0	117.800,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.450,0	3.450,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.480,0	1.450,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.400,0	1.400,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.590,0	4.590,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	2.580,0	2.150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.260,0	6.260,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	30,5	30,5
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.890,0	1.730,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	190,0	170,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	520,0	520,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.299,2	10.289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.760,0	4.760,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.993,9	2.993,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.820,0	4.760,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.456,3	2.456,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**178.249,6**	**172.239,5**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	5.660,0	5.570,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	780,0	790,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	290,0	290,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	125,2	125,2
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	614,3	614,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.250,0	1.250,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	364,0	364,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	634,7	634,7
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.749,1**	**9.669,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**187.998,7**	**181.908,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	372,1	365,7
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**792,1**	**785,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	260,0	260,0
	Aðrir skattar	**1.052,1**	**1.045,7**
	Skatttekjur, samtals	**411.468,1**	**396.894,4**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.387,0	1.387,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.540,0	1.390,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	18.413,0	18.236,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	15.426,8	14.551,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	60,2	60,2
	Aðrar eignatekjur	**35.440,0**	**34.237,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**36.827,0**	**35.624,2**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.721,0	1.721,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.200,0	1.050,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	211,0	211,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.790,0	1.790,0
9.1.3.35	Ýmislegt	494,9	494,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	421,2	421,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,7	49,7
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**6.789,7**	**6.638,9**
	Ýmsar tekjur	**6.789,7**	**6.638,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	600,0	600,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	660,0	660,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.295,0**	**1.295,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**44.996,4**	**43.642,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	190,3	188,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**680,3**	**678,8**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	600,0	600,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	385,0	385,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.665,3**	**1.663,8**
	Fjárframlög, samtals	**1.665,3**	**1.663,8**
	Heildartekjur samtals	**458.729,8**	**442.801,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	162,4
1.81 Opinberar heimsóknir	24,9
Almennur rekstur samtals	187,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**188,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,3

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	808,4
1.02 Framlög til þingflokka	58,5
1.03 Fastanefndir	15,9
1.04 Alþjóðasamstarf	144,2
1.06 Almennur rekstur	892,6
1.07 Sérverkefni	48,1
1.10 Rekstur fasteigna	277,2
Almennur rekstur samtals	2.244,9
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	14,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	22,6
Gjöld samtals	**2.281,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,1
Gjöld umfram tekjur	**2.259,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.259,4

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	95,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,0

00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnefnd	100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	214,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	131,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	114,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	114,9

	m.kr.
00-620 Ríkisendurskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	458,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,3
Gjöld umfram tekjur	**424,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,8
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**3.527,7**
Greitt úr ríkissjóði	**3.527,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	305,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,7

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	5,1
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,6
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	30,2
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	29,9
1.90 Ýmis verkefni	48,8
Almennur rekstur samtals	231,4
Gjöld samtals	**231,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,4

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	57,6

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 44,4

Gjöld samtals **102,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,0

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,2

Stofnkostnaður:
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins 18,0

Gjöld samtals **24,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 39,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,9

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 16,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,2

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 53,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,9

m.kr.

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 72,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,8

Gjöld umfram tekjur **66,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,3

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 75,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 31,0

Gjöld samtals **108,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -25,1

Gjöld umfram tekjur **83,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,0

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera 49,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,5

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **975,6**
Greitt úr ríkissjóði **975,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	631,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**628,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	628,4

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,7

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	11.811,5
1.13 Háskólasjóður	112,0
Almennur rekstur samtals	11.923,5
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	560,0
Gjöld samtals	**12.523,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.427,1
Gjöld umfram tekjur	**10.096,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.976,4
Innheimt af ríkistekjum	1.120,0

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	372,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-171,1
Gjöld umfram tekjur	**201,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,7
Innheimt af ríkistekjum	5,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	864,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-488,3
Gjöld umfram tekjur	**375,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,8

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	311,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,3
Gjöld umfram tekjur	**263,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,9

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.710,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -334,0

Gjöld umfram tekjur **1.376,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.313,1
Innheimt af ríkistekjum 63,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 1.037,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -510,6

Gjöld umfram tekjur **526,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,3
Innheimt af ríkistekjum 26,2

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 410,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **432,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -174,6

Gjöld umfram tekjur **257,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 249,6
Innheimt af ríkistekjum 8,0

m.kr.

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 168,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -45,8

Gjöld umfram tekjur **122,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,8
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Bifröst 332,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 332,9

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík 2.089,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.089,0

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 641,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 641,8

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 231,8

	m.kr.
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	39,5
Almennur rekstur samtals	271,3
Gjöld samtals	**271,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-76,5
Gjöld umfram tekjur	**194,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,8

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	156,1
1.12 Launatengd gjöld	28,6
Almennur rekstur samtals	184,7
Gjöld samtals	**184,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,7

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:	
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	315,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	315,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður	834,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**815,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	815,0

m.kr.

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 145,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -30,0

Gjöld umfram tekjur **115,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 115,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 5,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 290,0
6.15 Kennaraháskóli Íslands 10,0
Stofnkostnaður samtals 305,0

Gjöld samtals **310,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 11,6
1.73 Reykjavíkurakademían 16,2

	m.kr.
1.80 Vísindastarfsemi	24,0
1.90 Háskólastarfsemi	115,7
1.91 Háskólar, óskipt	17,0
Almennur rekstur samtals	204,5
Gjöld samtals	**204,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	204,5

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	494,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**482,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	475,4
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	528,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**507,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	501,5
Innheimt af ríkistekjum	6,3

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	177,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,4

Gjöld umfram tekjur **160,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,1
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 750,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -31,3

Gjöld umfram tekjur **719,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 709,6
Innheimt af ríkistekjum 9,6

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Sund 449,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -21,2

Gjöld umfram tekjur **428,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 422,7
Innheimt af ríkistekjum 6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 308,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -20,1

Gjöld umfram tekjur **288,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,4
Innheimt af ríkistekjum	2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	289,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,8
Gjöld umfram tekjur	**273,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	270,5
Innheimt af ríkistekjum	2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	772,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-75,6
Gjöld umfram tekjur	**696,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	688,3
Innheimt af ríkistekjum	8,3

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	332,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,7
Gjöld umfram tekjur	**307,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,9
Innheimt af ríkistekjum	4,7

m.kr.

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:
1.05 Fasteignir skóla 52,1

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 10,0

Gjöld samtals **62,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,6

Gjöld umfram tekjur **61,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,5

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík 240,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík 50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni 25,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 25,0
6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri 35,0
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum 15,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ 85,0
6.72 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð 33,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt 30,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni 50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt 39,0
Stofnkostnaður samtals 627,0

Gjöld samtals **627,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 627,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta 106,2

	m.kr.
1.12 Orlof kennara	180,7
1.14 Sérkennsla	40,4
1.15 Prófkostnaður	99,0
1.16 Nýjungar í skólastarfi	27,5
1.17 Námsskrárgerð	39,6
1.18 Námsefnisgerð	126,5
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	204,8
1.21 Nám tannsmiða	13,5
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	6,0
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	29,7
1.28 Mat á skólastarfi	86,4
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,7
1.30 Endurmenntun	37,7
1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði	108,0
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	21,9
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	22,9
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	8,0
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	42,5
1.39 Nám í listdansi	117,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	116,3
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	355,4
Almennur rekstur samtals	1.800,3
Gjöld samtals	**1.800,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.799,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.799,9

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	954,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-85,6
Gjöld umfram tekjur	**869,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	859,5
Innheimt af ríkistekjum	9,5

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	804,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-96,3
Gjöld umfram tekjur	**708,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	699,9
Innheimt af ríkistekjum	8,4

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	544,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,8
Gjöld umfram tekjur	**509,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	503,4
Innheimt af ríkistekjum	6,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	692,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,5
Gjöld umfram tekjur	**651,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	644,2
Innheimt af ríkistekjum	7,3

m.kr.

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	515,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,4
Gjöld umfram tekjur	**481,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	476,2
Innheimt af ríkistekjum	4,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	180,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**176,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,9
Innheimt af ríkistekjum	1,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	350,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,2
Gjöld umfram tekjur	**319,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,3
Innheimt af ríkistekjum	2,9

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	775,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-75,1
Gjöld umfram tekjur	**700,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	693,2
Innheimt af ríkistekjum	7,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	243,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,5
Gjöld umfram tekjur	**224,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,4
Innheimt af ríkistekjum	1,6

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.091,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**1.031,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.021,3
Innheimt af ríkistekjum	10,0

m.kr.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	497,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,3
Gjöld umfram tekjur	**467,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,6
Innheimt af ríkistekjum	5,7

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	124,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,2
Gjöld umfram tekjur	**112,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,2
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	139,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**134,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,2
Innheimt af ríkistekjum	1,1

m.kr.

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum 195,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -14,4

Gjöld umfram tekjur 181,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 180,1
Innheimt af ríkistekjum 1,0

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Borgarholtsskóli 884,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -63,4

Gjöld umfram tekjur 821,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 812,3
Innheimt af ríkistekjum 8,7

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga 206,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,0

Gjöld umfram tekjur 198,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 197,3
Innheimt af ríkistekjum 1,5

m.kr.

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar 167,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 167,2

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut 160,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,1

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ 75,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,4

Gjöld umfram tekjur **73,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,3
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð 62,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **62,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,5
Innheimt af ríkistekjum 0,1

m.kr.

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	86,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,6
Gjöld umfram tekjur	**67,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,8

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	243,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	243,8

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	88,3
1.11 Símenntun og fjarkennsla	6,7
1.12 Námskeið og ráðgjöf	680,9
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	16,0
1.15 Mímir, símenntun	14,0
1.20 Þekkingasetur Vestmannaeyja	15,0
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	21,2
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	18,4
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	30,1
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	18,4
1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga	37,4
1.26 Þekkingarnet Austurlands	41,9
1.27 Fræðslunet Suðurlands	18,2
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	21,2
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	21,2
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	14,0
1.31 Fræða- og þekkingarsetur	60,6

	m.kr.
1.32 Háskólasetur Vestfjarða	68,0
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,9
1.34 Þekkingarsetur Suðurlands	15,0
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	132,3
Almennur rekstur samtals	1.348,7
Gjöld samtals	**1.348,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.348,7

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	1.686,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.686,2

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	662,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,8
Gjöld umfram tekjur	**612,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	607,8
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	29,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,2

m.kr.

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 27,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,3

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 913,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 913,4

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 67,2
1.34 Sprotasjóður 50,9
1.37 Endurmenntun 24,7
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 55,3
Almennur rekstur samtals 198,1

Gjöld samtals **198,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 198,1

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 474,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,6

Gjöld umfram tekjur **456,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 456,9

m.kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 8.985,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.985,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 458,1
1.10 Skólaakstur 64,6
Almennur rekstur samtals 522,7

Gjöld samtals **522,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 522,7

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 111,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,9

Gjöld umfram tekjur **108,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,2

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 393,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins 70,0

Gjöld samtals **463,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,3

Gjöld umfram tekjur **408,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,3

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	304,7
1.11 Héraðsskjalasöfn	14,7
Almennur rekstur samtals	319,4
Gjöld samtals	**319,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,3
Gjöld umfram tekjur	**296,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,1

02-904 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	105,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**94,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,8

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	777,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-121,8
Gjöld umfram tekjur	**656,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	656,1

m.kr.

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Einars Jónssonar 18,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,3

Gjöld umfram tekjur 17,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,1

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 174,1
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 5,6
Almennur rekstur samtals 179,7

Gjöld samtals 179,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,3

Gjöld umfram tekjur 162,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,4

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 50,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,6

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 87,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,8

Gjöld umfram tekjur 80,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,3

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúruminjasafn Íslands 20,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,8

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins 34,8

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Gjöld samtals **37,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,8

Gjöld umfram tekjur **33,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,5

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Safnasjóður 94,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,4

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 2,1
1.11 Nýlistasafn 8,0

	m.kr.
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	8,5
1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands	8,5
1.15 Hönnunarsafn Íslands	8,8
1.17 Leikminjasafn Íslands	6,0
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði	12,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	31,4
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	87,7
Almennur rekstur samtals	173,0
Stofnkostnaður:	
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	17,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	50,7
Stofnkostnaður samtals	67,7
Gjöld samtals	**240,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,7

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
6.21 Endurbætur menningarstofnana	54,9
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	70,0
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.82 Geymsluhúsnæði safna	70,0
6.83 Lækningaminjasafn Íslands	25,0
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	287,9
Gjöld samtals	**287,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	3.218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.218,0

m.kr.

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 128,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,3

Gjöld umfram tekjur 120,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,4

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 916,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -208,7

Gjöld umfram tekjur 707,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 707,8

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 723,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -67,8

Gjöld umfram tekjur 655,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 537,6
Innheimt af ríkistekjum 118,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 37,6

	m.kr.
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	0,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
Almennur rekstur samtals	52,5
Gjöld samtals	**52,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9
Innheimt af ríkistekjum	51,6

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:	
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	373,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	373,8

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	74,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	138,1
Gjöld samtals	**212,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,0
Gjöld umfram tekjur	**94,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,9

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	7,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	74,0
1.10 Kvikmyndasjóðir	450,0
Almennur rekstur samtals	524,0
Gjöld samtals	**524,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	524,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	25,5
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	14,4
1.18 Bókmenntasjóður	42,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	20,0
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	4,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	60,4
1.25 Tónlistarsjóður	45,9
1.27 Tónlist fyrir alla	6,3
1.28 Barnamenningarsjóður	4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	11,6
1.30 Íslenska óperan	140,6
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	265,0
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	46,4
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,4
1.90 Listir	25,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	11,6
Almennur rekstur samtals	855,8
Gjöld samtals	**855,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	855,8

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	9,1
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,4
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,5
1.52 Skriðuklaustur	18,3
1.53 Snorrastofa	17,4
1.54 Fornleifasjóður	19,1
1.55 Þórbergssetur	10,0
Almennur rekstur samtals	102,3
Gjöld samtals	**102,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,3

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	7,4
1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	12,0
Almennur rekstur samtals	19,4
Gjöld samtals	**19,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	25,4
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	47,6
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	1.379,0
Almennur rekstur samtals	1.452,0
Gjöld samtals	**1.452,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.452,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,6
1.12 Ungmennafélag Íslands	104,7
1.13 Bandalag íslenskra skáta	30,2
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,6
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,6
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	30,2
1.18 Æskulýðsrannsóknir	6,0
1.19 Æskulýðssjóður	7,5
1.90 Æskulýðsmál	11,0
Almennur rekstur samtals	199,4
Gjöld samtals	**199,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,4

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	160,5
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	57,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,6
1.15 Skólaíþróttir	2,5
1.16 Íþróttasjóður	15,2
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,2
1.20 Glímusamband Íslands	4,1
1.21 Skáksamband Íslands	13,9
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	18,7
1.25 Skákskóli Íslands	7,9
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	25,5
1.30 Bridgesamband Íslands	11,2
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	354,3
Gjöld samtals	**354,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 354,3

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.13 Útvarpsréttarnefnd 10,3
1.52 Grænlandssjóður 1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 4,3
1.90 Ýmis framlög 76,2
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis 131,7
Almennur rekstur samtals 223,5

Stofnkostnaður:
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög 102,5

Gjöld samtals **326,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,0

Gjöld umfram tekjur **325,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 325,0

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **60.266,4**
Greitt úr ríkissjóði **58.624,1**
Innheimt af ríkistekjum **1.642,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.101,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,2
Gjöld umfram tekjur	**1.069,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.069,8

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	358,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**356,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	356,4

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	7,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	7,1
1.26 Nám í heimskautarétti	1,2
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,3
1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	250,0
Almennur rekstur samtals	287,5
Gjöld samtals	**287,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,5

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmálastofnun 938,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 30,0

Gjöld samtals **968,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 968,3

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 3.009,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 45,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 43,0

Gjöld samtals **3.097,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -32,0

Gjöld umfram tekjur **3.065,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.065,5

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	123,1
1.11 Þróunaraðstoð	1.257,2
Almennur rekstur samtals	1.380,3
Gjöld samtals	**1.380,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.380,3

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	194,2
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	10,0
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	24,5
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	130,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	152,4
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	118,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	250,9
1.41 Íslensk friðargæsla	256,8
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	425,8
Almennur rekstur samtals	1.562,6
Gjöld samtals	**1.562,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**1.556,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.556,4

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	109,0

	m.kr.
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	258,2
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	18,0
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	14,9
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	7,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	13,8
1.39 Evrópuráðið	61,6
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	91,3
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	103,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	97,2
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	155,4
1.72 EFTA-dómstóllinn	50,7
1.73 Þróunarsjóður EFTA	1.493,0
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	53,4
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	2,5
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	282,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0
Almennur rekstur samtals	2.831,8
Gjöld samtals	**2.831,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.831,8

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	365,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	365,7

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**11.885,2**
Greitt úr ríkissjóði	**11.519,5**
Innheimt af ríkistekjum	**365,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	477,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,7
Gjöld umfram tekjur	**456,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,5

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	1,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	2,0
1.21 Lífræn ræktun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	30,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	9,3
1.34 Eldi sjávardýra	19,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	14,0
1.36 Matvælasetur	6,5
1.49 Úrskurðarnefndir	26,1
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	16,4
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	95,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	11,5
1.90 Ýmis verkefni	47,6
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	116,1
Almennur rekstur samtals	401,6
Gjöld samtals	**401,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,7
Gjöld umfram tekjur	**377,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	377,9

m.kr.

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 791,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,7

Gjöld umfram tekjur **772,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 730,2
Innheimt af ríkistekjum 42,7

04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 14,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,4

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun 1.009,8

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **1.013,8**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,0

Gjöld umfram tekjur **958,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	765,4
Innheimt af ríkistekjum	193,4

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar	128,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,3

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Suðurlandsskógar	102,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,2

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Vesturlandsskógar	55,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,5

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum	43,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,7

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandsskógar	95,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,1

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 1.989,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -622,7

Gjöld umfram tekjur 1.367,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.367,2

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 215,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -107,1

Gjöld umfram tekjur 108,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,4

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 461,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 461,4

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins 236,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -201,0

Gjöld umfram tekjur 35,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0

04-415 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	305,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,8

04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	27,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	24,6
Gjöld samtals	**52,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,0
Gjöld umfram tekjur	**9,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,4

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	62,2

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**58,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,1

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	158,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,7

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.11 Bændur græða landið	35,0
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	23,8
Almennur rekstur samtals	58,8
Gjöld samtals	**58,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,8

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	28,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**25,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,6

m.kr.

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.681,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	115,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	139,0
1.06 Gripagreiðslur	553,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	161,0
Almennur rekstur samtals	5.649,0
Gjöld samtals	**5.649,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.649,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.122,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	63,0
1.11 Gæðastýring	1.110,0
1.12 Ullarnýting	371,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	347,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	53,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	99,0
Almennur rekstur samtals	4.165,0
Gjöld samtals	**4.165,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.165,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	227,6
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	203,0
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	29,2
Almennur rekstur samtals	459,8
Gjöld samtals	**459,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	459,8

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	468,6
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	70,0
Almennur rekstur samtals	538,6
Gjöld samtals	**538,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	538,6

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	320,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	320,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	222,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-74,0
Gjöld umfram tekjur	**148,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,3

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	312,0
Almennur rekstur samtals	405,0
Gjöld samtals	**405,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 405,0

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 1.400,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.400,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 149,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **147,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 147,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 26,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,6

Gjöld umfram tekjur **11,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,0

m.kr.

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-853 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 18.902,9
Greitt úr ríkissjóði 16.348,8
Innheimt af ríkistekjum 2.554,1
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	344,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**338,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,2

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	25,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,7
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	24,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,0

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	76,9
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	22,3
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	16,6
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	107,6
1.28 Neytendasamtökin	8,5
1.40 Alþjóðasamstarf	13,1
1.45 Mannréttindamál	18,0
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	3,5
1.90 Ýmislegt	5,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	37,5
Almennur rekstur samtals	318,5
Gjöld samtals	**318,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-42,1
Gjöld umfram tekjur	**276,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,9
Innheimt af ríkistekjum	1,5

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	123,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,5
Gjöld umfram tekjur	**115,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,8

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	1.039,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**1.033,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.033,4

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	673,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-292,7
Gjöld umfram tekjur	**380,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,5

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	240,8
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	249,1
Gjöld samtals	**249,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,5
Gjöld umfram tekjur	**235,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,6

m.kr.

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	70,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	68,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**66,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,4

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	134,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,3

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.392,5
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	279,0
Almennur rekstur samtals	1.671,5
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	162,0
Gjöld samtals	**1.833,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-586,4
Gjöld umfram tekjur	**1.247,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.247,1

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	220,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	220,6

06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	317,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	317,8

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.174,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,4
Gjöld umfram tekjur	**3.129,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.129,5

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	904,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	904,4

	m.kr.
06-325 Samræmd neyðarsvörun	
Almennur rekstur:	
1.10 Samræmd neyðarsvörun	290,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,9
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	13,0
1.16 Efling almennrar löggæslu	13,7
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	13,5
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	29,4
Almennur rekstur samtals	69,6
Gjöld samtals	**69,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,6
06-391 Húsnæði löggæslustofnana	
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.629,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	253,0
Gjöld samtals	**2.882,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-80,0
Gjöld umfram tekjur	**2.802,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.802,2

m.kr.

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 1.674,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,5

Gjöld umfram tekjur **1.655,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.655,8

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 122,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 122,3

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 221,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 221,7

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík 320,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,8

Gjöld umfram tekjur **312,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 312,2

m.kr.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	75,4
1.20 Löggæsla	103,3
Almennur rekstur samtals	178,7
Gjöld samtals	**178,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**176,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,9

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	61,2
1.20 Löggæsla	103,7
Almennur rekstur samtals	164,9
Gjöld samtals	**164,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**160,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,1

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	80,2
1.20 Löggæsla	91,5
Almennur rekstur samtals	171,7
Gjöld samtals	**171,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,7

m.kr.

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal 25,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,4

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði 35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík 31,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,5

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 93,7
1.20 Löggæsla 217,3
Almennur rekstur samtals 311,0

Gjöld samtals **311,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,5

Gjöld umfram tekjur **309,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 309,5

m.kr.

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík	28,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,2

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,5
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	69,8
1.20 Löggæsla	78,5
Almennur rekstur samtals	203,8
Gjöld samtals	**203,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,9

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	62,9
1.20 Löggæsla	86,7
Almennur rekstur samtals	149,6
Gjöld samtals	**149,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**145,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,5

	m.kr.
06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	52,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,7
06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	168,4
1.20 Löggæsla	317,1
Almennur rekstur samtals	485,5
Gjöld samtals	**485,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**477,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	477,9
06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	77,8
1.20 Löggæsla	98,9
Almennur rekstur samtals	176,7
Gjöld samtals	**176,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**176,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,0

m.kr.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	74,6
1.20 Löggæsla	103,1
Almennur rekstur samtals	177,7
Gjöld samtals	**177,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**169,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,0

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	79,4
1.20 Löggæsla	163,2
Almennur rekstur samtals	242,6
Gjöld samtals	**242,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**240,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,2

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	35,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,7

m.kr.

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	21,5
1.05 Lögbirtingablað	23,2
Almennur rekstur samtals	44,7
Gjöld samtals	**44,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,5
Innheimt af ríkistekjum	23,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,4
1.20 Löggæsla	109,3
Almennur rekstur samtals	173,7
Gjöld samtals	**173,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**173,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,3

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	70,8
1.20 Löggæsla	98,1
Almennur rekstur samtals	168,9
Gjöld samtals	**168,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,8
Gjöld umfram tekjur	**159,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,1

m.kr.

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	130,0
1.20 Löggæsla	226,4
Almennur rekstur samtals	356,4
Gjöld samtals	**356,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,8
Gjöld umfram tekjur	**347,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	347,6

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	145,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**145,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,7

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	190,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**188,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,1

m.kr.

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	199,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**198,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,1

06-448 Sýslumaður Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaður Suðurnesja	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	11,0
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	119,8
Almennur rekstur samtals	130,8
Gjöld samtals	**130,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,8

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.352,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**1.362,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -79,2

Gjöld umfram tekjur **1.282,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.282,9

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-601 Fasteignaskrá Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignaskrá Íslands 740,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -240,0

Gjöld umfram tekjur **500,6**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 500,6

06-605 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 300,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **299,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 184,4
Innheimt af ríkistekjum 115,5

m.kr.

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.408,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	11,4
6.22 Hallgrímskirkja	17,8
6.23 Hóladómkirkja	5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	5,4
6.28 Þingeyraklausturskirkja	1,8
Stofnkostnaður samtals	41,4
Gjöld samtals	**1.450,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-82,8
Gjöld umfram tekjur	**1.367,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.367,4

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	257,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	257,4

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	82,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,2

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	917,2

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 917,2

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1.800,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 240,0
Almennur rekstur samtals 2.040,0

Gjöld samtals **2.040,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.040,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 333,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 333,0

06-801 Neytendastofa

Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa 157,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -12,0

Gjöld umfram tekjur **145,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,4
Innheimt af ríkistekjum 25,8

06-805 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:
1.01 Talsmaður neytenda 15,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,8
06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**25.013,8**
Greitt úr ríkissjóði	**24.347,2**
Innheimt af ríkistekjum	**666,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	354,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,1
Gjöld umfram tekjur	**322,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	322,8

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	48,1
1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	1,9
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	8,1
1.90 Ýmislegt	96,6
Almennur rekstur samtals	154,7
Gjöld samtals	**154,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,7

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	436,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	642,0
Viðskiptahreyfingar	-206,0

m.kr.

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 62,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,5

Gjöld umfram tekjur **59,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,9

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 80,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,7

Gjöld umfram tekjur **61,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,3

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 496,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -52,0

Gjöld umfram tekjur **444,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 259,8
Innheimt af ríkistekjum 184,8

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 513,8

	m.kr.
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	450,2
Almennur rekstur samtals	964,0
Gjöld samtals	**964,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	964,0

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	917,0
Almennur rekstur samtals	1.017,4
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	60,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	61,0
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	255,5
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	135,8
Stofnkostnaður samtals	562,3
Gjöld samtals	**1.579,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-387,9
Gjöld umfram tekjur	**1.191,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.191,8

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	260,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	1.108,0
Gjöld samtals	**1.368,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1
Innheimt af ríkistekjum	1.368,1

07-521 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.939,4
1.11 Dvalarrými	208,1
Almennur rekstur samtals	2.147,5
Gjöld samtals	**2.147,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,9
Gjöld umfram tekjur	**2.125,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.125,6

07-522 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.252,8
1.11 Dvalarrými	219,4
1.15 Dagvist	28,6
Almennur rekstur samtals	1.500,8
Gjöld samtals	**1.500,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,2
Gjöld umfram tekjur	**1.485,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.485,6

07-523 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.439,1

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	98,1
Almennur rekstur samtals	1.537,2
Gjöld samtals	**1.537,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,1
Gjöld umfram tekjur	**1.519,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.519,1

07-524 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	578,7
1.15 Dagvist	19,5
Almennur rekstur samtals	598,2
Gjöld samtals	**598,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**591,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	591,1

07-525 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	845,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**834,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,5

m.kr.

07-526 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.339,2
1.15 Dagvist	64,8
Almennur rekstur samtals	1.404,0
Gjöld samtals	**1.404,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**1.387,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.387,2

07-527 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	315,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**311,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	311,2

07-528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	553,8
1.71 Endurhæfingardeild	108,0
Almennur rekstur samtals	661,8
Gjöld samtals	**661,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**655,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	655,0

m.kr.

07-529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	593,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**585,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	585,5

07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	227,4
1.11 Dvalarrými	10,5
Almennur rekstur samtals	237,9
Gjöld samtals	**237,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	**235,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,2

07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	133,1
1.11 Dvalarrými	22,9
1.15 Dagvist	6,7
Almennur rekstur samtals	162,7
Gjöld samtals	**162,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**161,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,0

m.kr.

07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	141,3
1.11 Dvalarrými	36,1
1.15 Dagvist	6,3
Almennur rekstur samtals	183,7
Gjöld samtals	**183,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**181,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,8

07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	96,1
1.11 Dvalarrými	9,5
1.15 Dagvist	3,9
Almennur rekstur samtals	109,5
Gjöld samtals	**109,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**108,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,2

07-534 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	165,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**163,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,5

m.kr.

07-535 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	291,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**288,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	288,2

07-536 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	375,4
1.11 Dvalarrými	99,2
1.15 Dagvist	21,8
Almennur rekstur samtals	496,4
Gjöld samtals	**496,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**491,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	491,7

07-537 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	215,0
1.11 Dvalarrými	62,8
Almennur rekstur samtals	277,8
Gjöld samtals	**277,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**274,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,7

	m.kr.
07-538 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	68,9
1.11 Dvalarrými	33,2
Almennur rekstur samtals	102,1
Gjöld samtals	**102,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**101,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,1
07-539 Fellaskjól, Grundarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	59,6
1.11 Dvalarrými	10,1
Almennur rekstur samtals	69,7
Gjöld samtals	**69,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**68,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,7
07-540 Jaðar, Ólafsvík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	73,2
1.11 Dvalarrými	16,2
1.15 Dagvist	2,2
Almennur rekstur samtals	91,6
Gjöld samtals	**91,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,0

Gjöld umfram tekjur **90,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,6

07-541 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 182,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,7

Gjöld umfram tekjur **179,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,4

07-542 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 101,7
1.11 Dvalarrými 6,6
Almennur rekstur samtals 108,3

Gjöld samtals **108,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,4

Gjöld umfram tekjur **106,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,9

07-543 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 178,7
1.11 Dvalarrými 65,7

	m.kr.
1.15 Dagvist	14,8
Almennur rekstur samtals	259,2
Gjöld samtals	**259,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**256,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	256,9

07-544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.230,7
1.11 Dvalarrými	93,5
1.15 Dagvist	54,2
Almennur rekstur samtals	1.378,4
Gjöld samtals	**1.378,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**1.361,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.361,9

07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	93,9
1.11 Dvalarrými	39,6
Almennur rekstur samtals	133,5
Gjöld samtals	**133,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**132,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,2

m.kr.

07-546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	204,9
1.11 Dvalarrými	19,3
1.15 Dagvist	6,8
Almennur rekstur samtals	231,0
Gjöld samtals	**231,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**228,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	228,5

07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	118,9
1.11 Dvalarrými	13,0
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	132,8
Gjöld samtals	**132,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**131,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,2

07-548 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	89,8
1.11 Dvalarrými	19,4
Almennur rekstur samtals	109,2
Gjöld samtals	**109,2**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**108,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,1

07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	287,1
1.11 Dvalarrými	23,3
Almennur rekstur samtals	310,4
Gjöld samtals	**310,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**306,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	306,3

07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	232,9
1.11 Dvalarrými	214,4
1.17 Geðrými	228,3
Almennur rekstur samtals	675,6
Gjöld samtals	**675,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**672,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	672,6

m.kr.

07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	222,6
1.11 Dvalarrými	26,2
1.15 Dagvist	11,0
Almennur rekstur samtals	259,8
Gjöld samtals	**259,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**256,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	256,8

07-552 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	313,4
1.15 Dagvist	10,7
Almennur rekstur samtals	324,1
Gjöld samtals	**324,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**320,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,2

07-553 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	395,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**390,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,4

m.kr.

07-554 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 973,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 973,4

07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 552,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 552,3

07-556 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

07-557 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 53,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,4

07-558 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

m.kr.

07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 96,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,5

07-560 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 79,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,9

07-561 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 39,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,7

07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 561,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 561,4

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra 11,9
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. 11,4
1.80 Starfsþjálfun 35,3
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra 8,1
1.83 Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum 38,0
1.90 Ýmis verkefni 239,2
Almennur rekstur samtals 343,9

Gjöld samtals **343,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	343,9

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2.999,5
1.30 Verndaðir vinnustaðir	64,5
1.86 Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða	223,6
Almennur rekstur samtals	3.287,6
Gjöld samtals	**3.287,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-69,0
Gjöld umfram tekjur	**3.218,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.218,6

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2.108,5
1.86 Samningar við sveitarfélög um þjónustu við geðfatlaða	33,9
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka	13,6
Almennur rekstur samtals	2.156,0
Gjöld samtals	**2.156,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-62,9
Gjöld umfram tekjur	**2.093,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.093,1

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	377,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -32,0

Gjöld umfram tekjur **345,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 345,9

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 229,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,9

Gjöld umfram tekjur **228,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 228,9

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,6
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra 400,3
Almennur rekstur samtals 401,9

Gjöld samtals **401,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 401,9

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,7
1.85 Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða 139,0
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 977,2
Almennur rekstur samtals 1.117,9

Gjöld samtals **1.117,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.117,9

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	338,7
1.30 Verndaðir vinnustaðir	1,4
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	31,7
Almennur rekstur samtals	371,8
Gjöld samtals	**371,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**367,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	367,0

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	446,3
1.72 Skaftholt	53,0
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	110,8
Almennur rekstur samtals	610,1
Gjöld samtals	**610,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**605,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	605,6

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	746,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 746,6

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 377,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 377,2

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 274,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 274,9

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 401,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -23,9

Gjöld umfram tekjur **377,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 377,6

07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

Almennur rekstur:
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta 303,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,2

Gjöld umfram tekjur **292,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 292,3

m.kr.

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	38,1
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	70,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	299,4
Gjöld samtals	**407,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,9
Gjöld umfram tekjur	**379,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	379,6

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.040,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	52,0
Gjöld samtals	**1.092,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-133,0
Gjöld umfram tekjur	**959,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	959,2

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	341,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.035,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	173,0

	m.kr.
1.25 Dánarbætur	58,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	2.090,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	123,0
1.41 Heimilisuppbót	3.140,0
1.51 Frekari uppbætur	603,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.567,0
1.55 Bifreiðakostnaður	1.343,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	10.503,0
Gjöld samtals	**10.503,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10.503,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.720,0
1.15 Örorkulífeyrir	5.030,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	1.976,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	15.700,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.351,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	352,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	90,0
1.31 Örorkustyrkur	172,0
1.35 Barnalífeyrir	2.840,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	48.687,0
Gjöld samtals	**48.687,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25.994,6
Innheimt af ríkistekjum	22.692,4

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	67,3

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**59,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,3

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	980,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-767,2
Gjöld umfram tekjur	**213,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,7

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	8,5
1.13 Kjararannsóknarnefnd	49,8
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	18,5
1.90 Ýmislegt	8,1
Almennur rekstur samtals	84,9
Gjöld samtals	**84,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,9

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	1.833,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.833,0

m.kr.

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	105,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,8

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	26.030,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	578,9
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	912,0
1.41 Framlög og styrkir	40,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
Almennur rekstur samtals	27.804,9
Gjöld samtals	**27.804,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**27.801,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	27.801,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu	14,0
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	3,0
Almennur rekstur samtals	17,0
Gjöld samtals	**17,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 21,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,9

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-988 Starfsendurhæfing

Almennur rekstur:
1.10 Starfsendurhæfing 309,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 309,1

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 88,9
1.11 Fæðingarorlofssjóður 9.013,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 519,0
Almennur rekstur samtals 9.620,9

Gjöld samtals **9.620,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **9.620,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 519,0
Innheimt af ríkistekjum 9.101,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 36,8
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 33,9

	m.kr.
1.35 Félag heyrnarlausra	11,0
1.36 Félagið Geðhjálp	20,7
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	10,8
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	40,2
1.41 Stígamót	33,2
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	25,1
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	29,1
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	3,1
1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði	32,3
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	48,8
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	100,1
1.90 Ýmis framlög	96,6
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	81,8
Almennur rekstur samtals	603,5
Gjöld samtals	**603,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-38,0
Gjöld umfram tekjur	**565,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,5
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**135.464,2**
Greitt úr ríkissjóði	**72.689,9**
Innheimt af ríkistekjum	**62.980,3**
Viðskiptahreyfingar	**-206,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	604,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**599,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	599,0

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,6

08-202 Sjúkratryggingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkratryggingar Íslands	790,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-313,4
Gjöld umfram tekjur	**477,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	477,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.290,0
1.15 Lyf	9.548,0
1.16 Lyf með S-merkingu	4.919,0
1.21 Hjálpartæki	3.279,0

	m.kr.
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	136,0
1.31 Þjálfun	1.591,0
1.35 Tannlækningar	1.672,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	352,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	1.289,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	243,0
1.55 Sjúkradagpeningar	243,0
1.91 Annað	166,0
Almennur rekstur samtals	27.728,0
Gjöld samtals	**27.728,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27.728,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	151,0
1.15 Bætur til framfærslu	399,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	60,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	676,0
Gjöld samtals	**676,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**636,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	576,0
Innheimt af ríkistekjum	60,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	120,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1

m.kr.

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	348,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	348,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	220,4
1.90 Forvarnasjóður	129,8
Almennur rekstur samtals	350,2
Gjöld samtals	**350,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**350,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,0
Innheimt af ríkistekjum	102,1

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	132,6
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**133,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,6
Gjöld umfram tekjur	**130,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,0

m.kr.

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 97,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,6

Gjöld umfram tekjur **79,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,1
Innheimt af ríkistekjum 5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 173,6
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða 56,1
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri 7,5
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 25,3
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 32,6
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 4,0
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 8,2
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 6,6
1.90 Ýmis starfsemi 2,4
Almennur rekstur samtals 316,3

Stofnkostnaður:
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda 4,4

Gjöld samtals **320,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 320,7

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri 4.381,8

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteign 79,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	78,0
Gjöld samtals	**4.538,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-402,0
Gjöld umfram tekjur	**4.136,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.136,8

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.375,6
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	237,0
6.70 Nýframkvæmdir	145,0
Stofnkostnaður samtals	382,0
Gjöld samtals	**35.935,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.833,5
Gjöld umfram tekjur	**33.102,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.972,1
Innheimt af ríkistekjum	130,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	68,8
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	28,1
Gjöld samtals	**96,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,9

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 91,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,8

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 129,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,2

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 654,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 654,0

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 417,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,2

Gjöld umfram tekjur **361,9**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 361,9

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	35,7
1.17 Vísindasiðanefnd	26,7
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	21,1
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	324,3
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	7,0
1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	10,6
1.34 Hjartaheill	5,3
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	65,7
1.36 Stórstúka Íslands	1,3
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	4,8
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	7,5
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	134,2
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	150,3
1.46 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma	46,7
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	220,0
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	67,5
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	18,8
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	21,2
1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir	49,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	16,4
1.90 Ýmis framlög	43,7
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,4
1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	47,5
Almennur rekstur samtals	1.333,6
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	25,0
Gjöld samtals	**1.358,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.328,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.328,6

m.kr.

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 58,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,8

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 89,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,7

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.345,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.345,6

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 553,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 553,6

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 486,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 486,3

m.kr.

08-494 Hlein

Almennur rekstur:	
1.10 Hlein	108,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,7

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	86,5
1.11 Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	20,7
1.12 Heimahjúkrun	51,2
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	68,0
Almennur rekstur samtals	226,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	52,9
6.21 Bygging heilsugæslustöðva	3,6
Stofnkostnaður samtals	56,5
Gjöld samtals	**282,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,9

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	518,8
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	134,1
1.15 Sjúkraflug	118,1
Almennur rekstur samtals	771,0
Gjöld samtals	**771,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	771,0

m.kr.

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.504,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-397,5
Gjöld umfram tekjur	**4.106,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.106,7

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	919,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	919,3

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	160,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**159,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,1

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	267,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,0
Gjöld umfram tekjur	**254,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,0

m.kr.

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 112,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,7

Gjöld umfram tekjur 104,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,5

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 475,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,5

Gjöld umfram tekjur 474,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 474,9

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 278,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,2

Gjöld umfram tekjur 278,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 278,1

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 111,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 30,0

	m.kr.
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	10,0
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	50,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	90,0
Stofnkostnaður samtals	180,0
Gjöld samtals	**291,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,0

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	967,0
1.11 Sjúkrasvið	1.528,9
1.21 Hjúkrunarrými	443,3
Almennur rekstur samtals	2.939,2
Gjöld samtals	**2.939,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-154,4
Gjöld umfram tekjur	**2.784,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.784,8

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	119,2
1.11 Sjúkrasvið	57,7
1.21 Hjúkrunarrými	92,1
Almennur rekstur samtals	269,0
Gjöld samtals	**269,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**261,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	261,3

m.kr.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	335,3
1.11 Sjúkrasvið	498,3
1.21 Hjúkrunarrými	254,7
Almennur rekstur samtals	1.088,3
Gjöld samtals	**1.088,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,1
Gjöld umfram tekjur	**1.020,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.020,2

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	119,2
1.11 Sjúkrasvið	88,6
1.21 Hjúkrunarrými	202,4
Almennur rekstur samtals	410,2
Gjöld samtals	**410,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,4
Gjöld umfram tekjur	**394,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	394,8

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	194,3
1.11 Sjúkrasvið	380,3
1.21 Hjúkrunarrými	329,0
Almennur rekstur samtals	903,6
Gjöld samtals	**903,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-81,6
Gjöld umfram tekjur	**822,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	822,0

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	170,6
1.11 Sjúkrasvið	100,1
1.21 Hjúkrunarrými	198,3
Almennur rekstur samtals	469,0
Gjöld samtals	**469,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,0
Gjöld umfram tekjur	**451,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	451,0

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	365,2
1.11 Sjúkrasvið	496,1
1.21 Hjúkrunarrými	157,9
Almennur rekstur samtals	1.019,2
Gjöld samtals	**1.019,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,3
Gjöld umfram tekjur	**925,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	925,9

m.kr.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	877,2
1.11 Sjúkrasvið	852,9
1.21 Hjúkrunarrými	425,3
Almennur rekstur samtals	2.155,4
Gjöld samtals	**2.155,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-126,2
Gjöld umfram tekjur	**2.029,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.029,2

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	116,4
1.11 Sjúkrasvið	67,7
Almennur rekstur samtals	184,1
Gjöld samtals	**184,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**184,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,0

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	193,8
1.11 Sjúkrasvið	409,8
1.21 Hjúkrunarrými	95,4
Almennur rekstur samtals	699,0
Gjöld samtals	**699,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -26,9

Gjöld umfram tekjur **672,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 672,1

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1.072,8
1.11 Sjúkrasvið 863,3
1.21 Hjúkrunarrými 316,6
Almennur rekstur samtals 2.252,7

Gjöld samtals **2.252,7**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -236,0

Gjöld umfram tekjur **2.016,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.016,7

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 668,5
1.11 Sjúkrasvið 989,0
1.21 Hjúkrunarrými 196,0
Almennur rekstur samtals 1.853,5

Gjöld samtals **1.853,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -148,6

Gjöld umfram tekjur **1.704,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.704,9

m.kr.

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	969,0
1.21 Hjúkrunarrými	471,1
Almennur rekstur samtals	1.440,1
Gjöld samtals	**1.440,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-117,4
Gjöld umfram tekjur	**1.322,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.322,7

08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**95.566,9**
Greitt úr ríkissjóði	**94.907,7**
Innheimt af ríkistekjum	**659,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	640,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,3
Gjöld umfram tekjur	**630,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	630,5

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	521,1
1.43 Tekjubókhaldskerfi	381,7
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	498,6
Almennur rekstur samtals	1.401,4
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	9,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	15,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.425,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**1.424,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.424,0

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

09-210 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.992,8
1.41 Skattvinnslukerfi	383,9
Almennur rekstur samtals	2.376,7
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	89,7
Gjöld samtals	**2.466,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,1
Gjöld umfram tekjur	**2.446,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.357,3
Innheimt af ríkistekjum	89,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	61,0
1.30 Þungaskattur	21,9
Almennur rekstur samtals	82,9
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	6,7
Gjöld samtals	**89,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,6

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	117,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,3

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 173,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 173,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 792,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -282,9

Gjöld umfram tekjur **509,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 509,1

09-262 Tollstjórinn

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn 1.770,9
1.45 Tollafgreiðslukerfi 228,2
Almennur rekstur samtals 1.999,1

Gjöld samtals **1.999,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -129,4

Gjöld umfram tekjur **1.869,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.843,2
Innheimt af ríkistekjum 26,5

m.kr.

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.024,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	378,7
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	218,3
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	43,7
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	153,3
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	367,6
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	141,1
Almennur rekstur samtals	5.326,7
Gjöld samtals	**5.326,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.536,7
Viðskiptahreyfingar	-2.210,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.357,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.357,7

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Starfsendurhæfingarsjóður	150,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	350,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,0

m.kr.

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 10.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 10.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 4.647,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.428,0
Viðskiptahreyfingar 219,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 10.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10.100,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 10.070,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10.070,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 148,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -148,1

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkiskaup	1.789,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.789,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:	
6.01 Ríkisábyrgðir	2.345,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.345,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	90,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	110,0
Gjöld samtals	**110,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	90,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	82,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,1

09-977 Bankasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Bankasýsla ríkisins	51,4

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,4

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 188,2
1.05 Rekstur tölvukerfis 70,3
Almennur rekstur samtals 258,5

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 19,0
6.41 Tölvubúnaður 5,0
Stofnkostnaður samtals 24,0

Gjöld samtals **282,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -251,5

Gjöld umfram tekjur **31,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 108,9
1.11 Rekstur fasteigna 1.613,4
Almennur rekstur samtals 1.722,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 2.077,1

Gjöld samtals **3.799,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.719,4
Gjöld umfram tekjur	**80,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	618,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	618,7

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:	
1.90 Ófyrirséð útgjöld	5.284,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-167,6
Gjöld umfram tekjur	**5.116,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.116,4

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	180,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	91,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,8

m.kr.

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	62,5
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,6
1.13 Kjarasamningar	17,1
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	55,2
1.15 Kjararannsóknir	11,1
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	334,5
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	28,6
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	4,5
1.60 Dómkröfur	243,7
1.65 Kjararáð	36,0
1.67 Þjóðlendumál	20,8
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3,0
1.90 Ýmis verkefni	119,0
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	15,0
Almennur rekstur samtals	1.034,6
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	15,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	5,8
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	34,0
Gjöld samtals	**1.068,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**1.043,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.043,6
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**60.029,3**
Greitt úr ríkissjóði	**49.457,1**
Innheimt af ríkistekjum	**2.473,2**
Viðskiptahreyfingar	**8.099,0**

m.kr.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

10-101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	418,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,3
Gjöld umfram tekjur	**384,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	384,2

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	11,3
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,1
1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	19,4
Almennur rekstur samtals	296,9
Gjöld samtals	**296,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**296,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,0
Innheimt af ríkistekjum	1,8

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

m.kr.

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	546,1
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	6.162,2
Almennur rekstur samtals	6.789,2
Gjöld samtals	**6.789,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6.162,2
Gjöld umfram tekjur	**627,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	627,0

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:	
1.07 Þjónusta	3.383,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.047,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	308,0
1.21 Rannsóknir	139,0
Almennur rekstur samtals	4.877,0
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	4.679,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	8.976,0
Gjöld samtals	**18.532,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.563,3
Innheimt af ríkistekjum	13.893,7
Viðskiptahreyfingar	75,0

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	436,9

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-234,1
Gjöld umfram tekjur	**202,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	202,8

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	31,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**29,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,2

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	705,5
1.11 Vaktstöð siglinga	309,0
Almennur rekstur samtals	1.014,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	32,0
6.80 Sjóvarnargarðar	163,6
Stofnkostnaður samtals	195,6
Gjöld samtals	**1.210,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-212,6
Gjöld umfram tekjur	**997,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	700,9
Innheimt af ríkistekjum	296,6

m.kr.

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	252,6
6.72 Landeyjahöfn	1.045,1
6.76 Ferjubryggjur	12,3
Stofnkostnaður samtals	1.310,0
Gjöld samtals	**1.323,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.323,0

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	39,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,2

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	464,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**460,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,0
Innheimt af ríkistekjum	220,0

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.122,0
1.11 Keflavíkurflugvöllur	1.402,0
Almennur rekstur samtals	2.524,0

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	65,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	258,0
Gjöld samtals	**2.847,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.241,7
Innheimt af ríkistekjum	605,4

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	42,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,2

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	315,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**302,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	302,9

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	35,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0

m.kr.

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:
6.41 Fjarskiptasjóður 97,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -13,0

Gjöld umfram tekjur **84,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 10.517,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 1.928,0
Almennur rekstur samtals 12.445,0

Gjöld samtals **12.445,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12.445,0

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **38.651,0**
Greitt úr ríkissjóði **22.390,8**
Innheimt af ríkistekjum **16.185,2**
Viðskiptahreyfingar **75,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 214,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,3

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,6

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1.128,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -621,6

Gjöld umfram tekjur **507,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 507,1

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 720,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 720,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 420,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 420,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 157,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 3,5
1.15 Fjárfestingarstofan 17,3
1.19 Staðlaráð 50,8
1.30 Alþjóðlegt samstarf 22,4
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 28,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 40,0
Almennur rekstur samtals 242,0

Gjöld samtals **242,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 191,2
Innheimt af ríkistekjum 50,8

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 1.066,8

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-415,2
Gjöld umfram tekjur	**651,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	651,6

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	36,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,9

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.129,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.129,8

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.22 Vistvænir orkugjafar	14,7
1.24 Notendur utan samveitna	44,7
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	23,6
Almennur rekstur samtals	83,0
Gjöld samtals	**83,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,0

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 317,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 317,6

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 210,3
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 155,4
Almennur rekstur samtals 365,7

Gjöld samtals **365,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 365,7

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 260,5
1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis 234,4
Almennur rekstur samtals 494,9

Gjöld samtals **494,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -22,1

Gjöld umfram tekjur **472,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 471,9
Innheimt af ríkistekjum 0,9

	m.kr.
11-599 Ýmis ferðamál	
Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	85,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	82,0
1.90 Ýmis ferðamál	51,5
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	35,1
Almennur rekstur samtals	253,6
Gjöld samtals	**253,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,6
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.832,1**
Greitt úr ríkissjóði	**5.360,4**
Innheimt af ríkistekjum	**471,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	261,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**261,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	261,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	22,6
1.20 Rafræn viðskipti	6,7
1.24 Endurskoðendaráð	10,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	27,9
Almennur rekstur samtals	67,2
Gjöld samtals	**67,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,2
Innheimt af ríkistekjum	12,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.040,5

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**1.021,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.021,5

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	287,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,8

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	197,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**186,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
Innheimt af ríkistekjum	181,6

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	782,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,6
Gjöld umfram tekjur	**711,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	711,6

m.kr.

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 520,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 520,0

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 3.057,8
Greitt úr ríkissjóði 1.322,7
Innheimt af ríkistekjum 1.735,1
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	317,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,3
Gjöld umfram tekjur	**300,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,1

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	6,4
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	4,8
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	14,3
1.35 Umhverfisvöktun	19,2
1.40 Alþjóðastofnanir	25,7
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	9,4
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	9,2
1.44 Skógræktarfélag Íslands	37,4
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,9
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	38,3
1.90 Ýmis verkefni	33,4
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	83,4
Almennur rekstur samtals	290,4
Gjöld samtals	**290,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,4

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	27,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**22,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,6

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	833,4
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	34,8
Almennur rekstur samtals	868,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	14,0
Gjöld samtals	**882,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-160,3
Gjöld umfram tekjur	**721,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	571,9
Innheimt af ríkistekjum	150,0

m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	266,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	214,8
Gjöld samtals	**481,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-96,4
Gjöld umfram tekjur	**385,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	385,2

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	654,7
1.90 Fyrirhleðslur	66,4
Almennur rekstur samtals	721,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,4
Gjöld samtals	**767,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-171,3
Gjöld umfram tekjur	**596,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	594,2
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	421,3

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **436,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -178,3

Gjöld umfram tekjur **258,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 22,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,6

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 64,0
1.10 Úrvinnslusjóður 568,0
Almennur rekstur samtals 632,0

Gjöld samtals **632,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -40,0

Gjöld umfram tekjur **592,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 592,0

m.kr.

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	1.610,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.610,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	184,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,7
Gjöld umfram tekjur	**173,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,8

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	50,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	38,4
Almennur rekstur samtals	88,4
Gjöld samtals	**88,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	88,4

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	244,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,6
Gjöld umfram tekjur	**232,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,1
Innheimt af ríkistekjum	3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	284,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**279,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	279,4

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	8,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	592,0
Gjöld samtals	**600,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-390,0
Gjöld umfram tekjur	**210,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	210,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	500,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-88,6
Gjöld umfram tekjur	**411,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	411,5

m.kr.

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	15,9
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	15,9
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	24,5
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	15,9
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	15,9
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	15,9
1.16 Náttúrustofa Húsavík	23,6
Almennur rekstur samtals	127,6
Gjöld samtals	**127,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	34,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**28,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,3

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.331,7
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	226,5
Almennur rekstur samtals	1.558,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.576,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-938,8
Gjöld umfram tekjur	**638,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	638,1
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.991,6**
Greitt úr ríkissjóði	**4.051,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.939,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	94.320,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90.345,0
Viðskiptahreyfingar	3.975,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**94.320,0**
Greitt úr ríkissjóði	**90.345,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.975,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Þús. kr.

1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).

1.	Eiríksstaðir í Haukadal	3.000
2.	Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði	5.000
3.	Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja, rekstur og sérsýningar	2.000
4.	Kvennasögusafn Íslands	1.000
5.	Melrakkasetur Íslands	3.000
6.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, rekstur	2.500
7.	Minjasafnið Burstarfelli	1.000
8.	Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar	1.700
9.	Selasetur Íslands	5.000
10.	Skáldahúsin á Akureyri	3.000
11.	Sögusetur íslenska hestsins ses.	4.200
	Samtals	**31.400**

2. Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-919-1.98).

1.	Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	10.200
2.	Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	6.000
3.	Heklusetur Leirubakka, samningur	5.100
4.	Galdrasýning á Ströndum, samningur	5.100
5.	Tónlistarsafn Íslands, samningur	5.700
6.	Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs	8.500
7.	Safnahús í Búðardal	10.000
8.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi – efling jarðfræðirannsókna	8.000
9.	Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
10.	Íslandsdeild ICOM	400
11.	Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga	500
12.	Þjóðbúningaráð	400
13.	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2.000
14.	Stafkirkja í Heimaey	3.000
15.	Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksvið Safnasjóðs	12.300
16.	Óskipt	4.500
	Samtals	**87.700**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Bátasafn Breiðafjarðar	1.400
2.	Bjarnarhöfn, sögusetur og hákarlaverkun	800
3.	Byggðasafn Garðskaga	1.400
4.	Byggðasafnið að Görðum, Akranesi – útisýningarsvæði	700
5.	Félag áhugamanna um skrímslasetur	2.100
6.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	700
7.	Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar	700
8.	Fræðasetur um náttúruhamfarir vegna gosa í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	1.100
9.	Geitfjársetur	700
10.	Grettisverkefnið í Húnaþingi vestra, uppbygging	2.800
11.	Hraun í Öxnadal, menningarfélag, sýningarskáli	1.400
12.	Iðnaðarsafnið á Akureyri	2.000
13.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	700
14.	Íþróttasafn Íslands	700
15.	Landbúnaðarsafn Íslands	1.400
16.	Listervélasafn	700
17.	Safn Leifs Eiríkssonar	1.400
18.	Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	4.200
19.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	2.800
20.	Samgönguminjasafnið í Stóragerði	2.400
21.	Samgöngusafnið í Skógum, geymslu- og verkstæðishús	2.100
22.	Sauðfjársetur á Ströndum, kaup á húsnæði	1.700
23.	Sjávarsafnið í Ólafsvík	700
24.	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	2.800
25.	Sjóminjasafnið Ósvör	3.500
26.	Strandagaldur, galdrasýning á Ströndum	2.800
27.	Tæknimiðstöð, undirbúningur	700
28.	Tækniminjasafn Austurlands, munageymsla	1.400
29.	Tækniminjasafn Austurlands, sýningin Á ferli	700
30.	Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging	2.800
31.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	700
32.	Víkin – sjóminjasafnið í Reykjavík, endurbætur á safnhúsi	700
	Samtals	**50.700**

4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Edda Heiðrún Backman	1.600

4.	Erró	1.600
5.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6.	Guðbergur Bergsson	1.600
7.	Guðmunda Elíasdóttir	1.600
8.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
9.	Hannes Pétursson	1.600
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
12.	Jón Nordal	1.600
13.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
14.	Jón Þórarinsson	1.600
15.	Jónas Ingimundarson	1.600
16.	Jórunn Viðar	1.600
17.	Kristbjörg Kjeld	1.600
18.	Kristján Davíðsson	1.600
19.	Magnús Pálsson	1.600
20.	Matthías Johannessen	1.600
21.	Megas	1.600
22.	Róbert Arnfinnsson	1.600
23.	Thor Vilhjálmsson	1.600
24.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
25.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
26.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
27.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
28.	Þráinn Bertelsson	1.600
29.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**46.400**

5. Listir (02-982-1.90).

1.	Draumasmiðjan, döff-leikhús	2.000
2.	Leikfélag Reykjavíkur	15.000
3.	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	1.000
4.	LungA, listahátíð ungs fólks á Austurlandi	3.000
5.	Músík í Mývatnssveit	1.000
6.	Reykholtshátíð 2010	1.000
7.	Skjaldborg, heimildarmyndahátíð	1.000
8.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.000
	Samtals	**25.000**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Charlie Strand, bók um íslenska tískuhönnun	1.500
2.	Færeysk-íslensk orðabók	3.000
3.	Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku	3.000
	Samtals	**7.500**

7. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norræna félagið á Íslandi	7.300
2.	Óskipt	100
	Samtals	**7.400**

8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	2.000
2.	Kiðagil, skólabúðir	4.000
3.	Landssamband æskulýðsfélaga	5.000
	Samtals	**11.000**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Akureyrarakademían	2.500
2.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
3.	Handverk og hönnun ses.	14.500
4.	Heimili og skóli	6.000
5.	Kalak, sundkennsla grænlenskra barna	1.000
6.	Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	2.000
7.	Kirkjubæjarstofa	5.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	3.000
9.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.000
10.	Kvenréttindafélag Íslands	3.900
11.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
12.	MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál	6.000
13.	Múlastofa Kaupvangi, Vopnafirði	2.000
14.	Músík og saga, munnleg geymd	1.000
15.	Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
16.	Orator, lögfræðiaðstoð	200
17.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	3.000
18.	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, kvennaslóðir	1.500
19.	Rekstrarfélag Sarps sf.	3.000
20.	Safnahús Borgarfjarðar, Börn í 100 ár	500
21.	Siðmennt	500

22.	Spes – bygging barnaþorps fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum ..	1.500
23.	Sturlustofa í Dölum	800
24.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
25.	Virkt lýðræði á vefnum, opið kosningakerfi	2.000
26.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar	1.000
27.	Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.500
	Samtals	**76.200**

10. Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	7.500
2.	Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	6.800
3.	Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
4.	Verkefnið Árvekniþjónusta á bókasöfnum, hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008–2012	2.000
5.	Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.500
6.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	8.000
7.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	8.000
8.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	9.000
9.	Verkefni, samningar vegna íþróttamála	10.200
10.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	1.600
11.	Bókmenntahátíð í Reykjavík	1.400
12.	Leiklistarsambandið	2.400
13.	Bandalag íslenskra listamanna	1.800
14.	Útflutningsmiðstöð tónlistar	2.000
15.	Rithöfundasamband Íslands – höfundamiðstöð	2.000
16.	Menningarrannsóknir	4.000
17.	Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna ..	14.400
18.	Óskipt	20.100
	Samtals	**131.700**

11. Ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Akureyrarbær, Landsmót UMFÍ 2009	10.500
2.	Áttæringurinn Vigur-Breiður, viðgerð	700
3.	Breiðdalssetur	3.100
4.	Byggðasafn Vestfjarða, bátar	3.500
5.	Byggðasafnið að Görðum, Akranesi – viðhald og endurgerð á bátasafni	700

6.	Eikarbáturinn Húni II	2.800
7.	Fuglasafn Sigurgeirs	2.800
8.	Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður	7.000
9.	Hálendismiðstöð að Hveravöllum	2.800
10.	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	10.500
11.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	700
12.	Íslenski bærinn, menningarsetur	700
13.	Kjarvalsstofa, sýning og þjónustuhús	2.100
14.	Landnámsbærinn í Herjólfsdal	700
15.	Landnámssetur Íslands	5.600
16.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum 2010	10.500
17.	Mannvirkjasjóður Knattspyrnusambands Íslands	8.400
18.	Nes, listamiðstöð á Skagaströnd	700
19.	Orgelsjóður Stykkishólmskirkju, kaup og uppsetning á pípuorgeli	700
20.	Sigurgeir ljósmyndari ehf., flokkun og skráning ljósmyndasafns	1.400
21.	Skjálftafélagið, jarðskjálftasetur á Kópaskeri	2.800
22.	Spákonuhof á Skagaströnd	2.800
23.	Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging o.fl.	2.100
24.	Svartárkot, menning – náttúra	3.500
25.	Sögusetur um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum	1.400
26.	Textílsetur Íslands, stofnun skóla og fræðaseturs	1.400
27.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	4.200
28.	Vestmannaeyjabær, „handritin heim“	2.800
29.	Vestnorræna menningarhúsið Í Hafnarfirði	700
30.	Vélbáturinn Blátindur VE 21	700
31.	Þekkingar- og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	700
32.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, stofnkostnaður vegna sýningar	3.500
	Samtals	**102.500**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Beint frá býli	2.000
2.	Biopol, hrognkelsarannsóknir	3.000
3.	Biopol, tæki	2.500
4.	Dýragarðurinn Slakki	1.500
5.	Eyðing kerfils og varnir gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
6.	Fiskeldi í Súðavík, rannsóknaraðstaða	1.000
7.	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.500
8.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000

9.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
10.	Landssamtök skógareigenda	7.000
11.	Langanesbyggð, Strandabúið	1.500
12.	Laxfiskar ehf., merking laxa með rafeindafismerkjum	2.300
13.	Rannsóknir á glerál	1.700
14.	Rannsóknir á lífríki á grunnsævi við Ísland	1.500
15.	Rannsóknir á ósakola	1.500
16.	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.800
17.	Tún, vottunarstofa	5.100
18.	Vör, Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.200
19.	Æðarræktarfélag Íslands	500
	Samtals	**47.600**

13. Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	8.000
2.	Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2.000
3.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
4.	Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	3.000
5.	Hafréttarstofnun	6.000
6.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	26.000
7.	Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	20.000
8.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	28.000
9.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
13.	Óskipt	100
	Samtals	**116.100**

14. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD-samtökin	2.400
2.	Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	1.600
3.	Barnaheill, innlend verkefni	5.000
4.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	3.200
5.	Blindrafélagið	8.000
6.	Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur	2.000
7.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
8.	Félag einstæðra foreldra	2.400
9.	Félag um foreldrajafnrétti	1.200
10.	Fjölskylduhjálp Íslands	4.000

11.	Geðhjálp, forvarnir og fræðsla	1.600
12.	Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum	400
13.	Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf	9.000
14.	Hlutverk – samtök um vinnu- og verkþjálfun	500
15.	Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	1.600
16.	Jafnréttishús, námskeið	2.000
17.	Kvennaráðgjöfin	1.000
18.	Landssamband eldri borgara	4.000
19.	Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur	8.000
20.	MND-félagið á Íslandi	800
21.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	7.000
22.	Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	300
23.	Samtök áhugafólks um spilafíkn, forvarnir	600
24.	Samtökin '78	5.200
25.	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	2.000
26.	Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	1.200
27.	Systkinasmiðjan, námskeið	500
28.	Táknmálsvefurinn	3.400
29.	Táknsmiðjan	3.400
30.	Umsjónarfélag einhverfra	1.200
31.	Vernd, fangahjálp, rekstur áfangaheimilis	1.600
32.	Vímulaus æska – foreldrahús	11.000
	Samtals	**96.600**

15. Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	11.600
2.	Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	7.000
3.	Sjónarhóll	18.200
4.	Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	23.500
5.	Lög um líffæragjafa og bótagreiðslur vegna vinnutaps	21.500
	Samtals	**81.800**

16. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
2.	Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki, sumarbúðir	700
3.	Endurhæfingarhúsið Hver, Akranesi	2.000
4.	FAAS – félag áhugafólks og aðstandenda alzheimerssjúklinga	3.500
5.	Félag CP á Íslandi	1.000

6.	Félag nýrnasjúkra, skrifstofukostnaður	500
7.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	800
8.	Gigtarfélag Íslands, fræðsla og forvarnir	2.800
9.	Heilaheill, félagsstarf og fræðsla	1.000
10.	HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi	1.700
11.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	2.000
12.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000
13.	Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra	3.000
14.	MS-félag Íslands, rekstur leiguíbúðar	600
15.	MS-félag Íslands, rekstur skrifstofu	800
16.	Mænuskaðastofnun Íslands	5.000
17.	Parkinsonssamtökin á Íslandi, jafningjastuðningur	400
18.	PKU-félagið	300
19.	Samtök lungnasjúklinga	1.000
20.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.700
21.	Samtök sykursjúkra	1.500
22.	Samtökin Lífsvog	300
23.	SEM, húsnæðisfélag, viðhald og rekstur íbúða	2.000
24.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Neyðarsjóður SKB	3.000
25.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumar- og helgardvöl í Reykjadal	5.000
26.	Tilvera, samtök um ófrjósemi	300
27.	Tourette-samtökin, útgáfa og fræðsla	400
28.	Vífill, félag einstakl. með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir	400
	Samtals	**43.700**

17. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2.400
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni	33.700
4.	Missoc-þátttökugjald	2.200
5.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.200
6.	Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda	2.600
7.	Óskipt	2.400
	Samtals	**47.500**

18. Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010	3.000
2.	Sameining stofnana/hlutafélaga	4.000

3.	Samþætting áætlana m.t.t. aðildar að Evrópusambandinu	3.000
4.	Sameining sveitarfélaga	5.000
5.	Endurskoðun á regluverki og upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélaga	3.000
6.	Afnám einkaréttar í póstþjónustu	1.000
7.	Óskipt	400
	Samtals	**19.400**

19. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	ÁTAK – Nýtækniþing	1.000
2.	FABLAB-stofa, stafræn smiðja á Sauðárkróki	3.000
3.	Framleiðsluþróun á þæfðri ull	2.500
4.	Hátæknisetur Íslands, rannsóknir á basalttrefjum og undirbúningur byggingar verksmiðju	3.000
5.	Murr ehf., gæludýrafóður, vöruþróun	1.000
6.	Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	4.000
7.	Skógarorka ehf., kurlkyndistöð á Hallormsstað	3.000
8.	Valorka ehf., Rannsóknarmiðstöð sjávarorku	2.900
9.	Vopnafjarðarhreppur, vöruþróun og markaðssetning á niðursoðinni hrognafylltri loðnu	2.000
10.	Þjónusta við Drekasvæðið, Langanesbyggð	800
11.	Þjónusta við Drekasvæðið, Vopnafjarðarhreppur	800
12.	Þróunarsetur íslenskrar tónlistar	4.000
	Samtals	**28.000**

20. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).

1.	Loftslagsmál	3.000
2.	Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	10.300
3.	Verkefni á sviði nýsköpunarmála	10.000
4.	Jafnréttismál	3.200
5.	Hönnunarmiðstöð Íslands	10.000
6.	Hátæknivettvangur	3.500
	Samtals	**40.000**

21. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).

1.	Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	4.100
2.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.400
3.	Olíumál	2.000
4.	Alþjóðlegt samstarf	3.000

5.	Erlendir orkusamningar	3.000
6.	Norræn verkefni	3.000
7.	Óskipt	100
	Samtals	**23.600**

22. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).

1.	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, markaðsátak í ferðamálum	5.000
2.	Á slóðum Vatnsdælasögu	1.000
3.	Dimmuborgastofa, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	2.000
4.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, gistiskáli í Loðmundarfirði	2.000
5.	Ferðamálasamtök Íslands, samhæfðir vefir um ferðamál	1.500
6.	Ferðumst og fræðumst, ferðaverkefni	2.600
7.	Félag um Snjáfjallasetur	500
8.	Fjallabyggð, Iceland Midnight Sun Race	1.500
9.	Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum	2.500
10.	Jólasveinar í Mývatnssveit	1.500
11.	Malarhorn, kynningarefni um Strandir	500
12.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	3.500
13.	Markaðsstofa Austurlands	3.500
14.	Markaðsstofa Suðurlands	3.500
15.	Markaðsstofa Suðurnesja	3.500
16.	Markaðsstofa Vestfjarða	3.500
17.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	2.000
18.	Siglufjörður, miðstöð skútusiglinga í Norður-Atlantshafi	2.500
19.	Skaftárhreppur, upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn	1.900
20.	Söguslóðir Hrafnkelssögu Freysgoða	500
21.	Vesturlandsstofa, markaðsetning ferðaþjónustu á Vesturlandi	3.500
22.	Víkingar á Vestfjörðum	2.000
23.	Þingeyjarstofa, upplýsingagjöf til ferðamanna	1.000
	Samtals	**51.500**

23. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).

1.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	20.000
2.	Til markaðsstarfs og gestastofa	15.100
	Samtals	**35.100**

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	300
2.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, Green Globe verkefnið	10.000

3.	Framtíðarlandið, náttúrukort (www.natturukortid.is)	2.000
4.	Gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda í Skorradal	1.000
5.	Landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs á Fljótsdalshéraði	1.000
6.	Landvernd, Grænfáninn	1.000
7.	Landvernd, rekstur	6.300
8.	Náttúran er ehf.	1.800
9.	Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	4.000
10.	Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal	4.000
11.	Skotveiðifélag Íslands	800
12.	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	1.000
13.	Umhverfissamtökin Blái herinn	200
	Samtals	**33.400**

25. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.500
2.	Frjáls félagasamtök	11.500
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.200
4.	Staðardagskrá 21	5.700
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.900
6.	Byggingastaðlar	900
7.	Vistvæn innkaup	4.800
8.	Loftslagsbreytingar – ný verkefni	15.000
9.	Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
10.	Byggingastaðlar – úttekt	1.000
11.	Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins	7.500
12.	Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi	2.000
13.	Gerð kynningarefnis fyrir upplýsingamiðstöð á Álftanesi	1.000
14.	Úttektir og hagræðing	2.000
15.	Óskipt	400
	Samtals	**83.400**

26. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	6.000
2.	Norðurland	20.000
3.	Austurland	6.000
4.	Suðurland	32.000
5.	Heildarúttekt	2.400
	Samtals	**66.400**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.000,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**660,0**
Hagnaður (-tap)	**660,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	660,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	50,0
Handbært fé frá rekstri	**710,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-35,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	600,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-600,0**
Breyting á handbæru fé	**75,0**
Handbært fé í ársbyrjun	782,0
Handbært fé í árslok	857,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	23.344,0
Rekstrargjöld	22.728,6
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**625,4**
Hagnaður (-tap)	**625,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	625,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**750,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-498,1**
Handbært fé í ársbyrjun	709,5
Handbært fé í árslok	211,4

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	950,0
Rekstrargjöld	1.000,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Áhættufjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	105,0
Handbært fé í árslok	65,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8.684,2
Fjármagnsgjöld	4.898,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**325,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.985,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	654,0
Hagnaður (-tap)	**8.676,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8.676,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.520,0
Handbært fé frá rekstri	**5.156,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	17.908,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12.587,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	13.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.928,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**7.172,0**
Breyting á handbæru fé	**-258,2**
Handbært fé í ársbyrjun	708,0
Handbært fé í árslok	449,8

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16.341,0
Fjármagnsgjöld	15.700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	211,0
Hreinar fjármunatekjur	**430,0**
Aðrar rekstrartekjur	43,0
Önnur rekstrargjöld	72,0
Hagnaður (-tap)	**401,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	401,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-7.005,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	8.883,0
Handbært fé frá rekstri	**2.279,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.888,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Annað (inn)	449,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5.327,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.819,0
Annað (út)	2.109,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-9.928,0**
Breyting á handbæru fé	**-2.322,0**
Handbært fé í ársbyrjun	11.528,0
Handbært fé í árslok	9.206,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	13.755,0
Fjármagnsgjöld	13.215,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	178,0
Hreinar fjármunatekjur	**362,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	642,0
Aðrar rekstrartekjur	36,0
Önnur rekstrargjöld	293,0
Hagnaður (-tap)	**747,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	747,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-5.897,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	7.477,0
Handbært fé frá rekstri	**2.327,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20.500,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.115,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9,0
Annað (inn)	378,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16.016,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	24.087,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.582,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	1.775,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**15.730,0**
Breyting á handbæru fé	**2.041,0**
Handbært fé í ársbyrjun	7.742,0
Handbært fé í árslok	9.783,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.053,0
Fjármagnsgjöld	1.011,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	14,0
Hreinar fjármunatekjur	**28,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	5,0
Hagnaður (-tap)	**26,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	26,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-451,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	572,0
Handbært fé frá rekstri	**147,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	315,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Annað (inn)	29,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**343,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	504,0
Annað (út)	136,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-640,0**
Breyting á handbæru fé	**-150,0**
Handbært fé í ársbyrjun	775,0
Handbært fé í árslok	625,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8.050,0
Fjármagnsgjöld	7.734,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	104,0
Hreinar fjármunatekjur	**212,0**
Aðrar rekstrartekjur	21,0
Önnur rekstrargjöld	35,0
Hagnaður (-tap)	**198,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	198,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.451,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.376,0
Handbært fé frá rekstri	**1.123,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	2.408,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Annað (inn)	221,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.624,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	3.852,0
Annað (út)	1.039,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.891,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.144,0**
Handbært fé í ársbyrjun	5.705,0
Handbært fé í árslok	4.561,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	40.430,0
Fjármagnsgjöld	38.843,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	522,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.065,0**
Aðrar rekstrartekjur	107,0
Önnur rekstrargjöld	758,0
Hagnaður (-tap)	**414,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	414,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-17.331,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	21.977,0
Handbært fé frá rekstri	**5.060,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	35.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	12.094,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	25,0
Annað (inn)	1.111,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-21.820,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	41.690,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19.344,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	5.218,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**17.128,0**
Breyting á handbæru fé	**368,0**
Handbært fé í ársbyrjun	25.250,0
Handbært fé í árslok	25.618,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	303,0
Fjármagnsgjöld	6,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	180,0
Hreinar fjármunatekjur	**117,0**
Önnur rekstrargjöld	136,0
Hagnaður (-tap)	**-19,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-19,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	196,0
Handbært fé frá rekstri	**177,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	140,0
Veitt löng lán	90,0
Afborganir af veittum löngum lánum	85,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	2,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.147,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-470,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.872,0
Handbært fé í árslok	1.402,0

m.kr.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,5
Hreinar fjármunatekjur	**8,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	36,9
Önnur rekstrargjöld	38,8
Hagnaður (-tap)	**6,6**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,6
Handbært fé frá rekstri	**6,6**
Breyting á handbæru fé	**6,6**
Handbært fé í ársbyrjun	73,5
Handbært fé í árslok	80,1

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.900,0
Fjármagnsgjöld	1.300,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	500,0
Hreinar fjármunatekjur	**100,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	361,9
Aðrar rekstrartekjur	15,0
Önnur rekstrargjöld	430,0
Hagnaður (-tap)	**46,9**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	46,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	500,0
Handbært fé frá rekstri	**546,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**300,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.153,1**
Handbært fé í ársbyrjun	1.627,4
Handbært fé í árslok	474,3

423. Framhaldsnefndarálit [10. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarpið hefur verið til athugunar í fjárlaganefnd Alþingis og hefur hún leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum á fjárbeiðnum um auknar fjárheimildir sem og á öðrum þáttum er lúta að rekstri ríkisins.

Um frumvarpið.

Eftirfarandi tafla sýnir þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu í meðförum nefndarinnar.

Hafa ber í huga að í tillögum meiri hlutans sem birtast í töflunni eru ekki taldar með verðbætur af skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands vegna krafna sem ríkissjóður keypti vegna lána Seðlabankans til viðskiptabankanna. Við umræður um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2009–2013, sem varð að lögum nr. 70/2009, kom fram að þessi fjárhæð gæti numið 20 milljörðum kr. Samkvæmt reikningsskilareglu sem gildir hjá ríkissjóði við uppreikning langtímalána færast áfallnar verðbætur yfir höfuðstólsreikning en ekki um rekstrarreikning. Verðbæturnar hækka því höfuðstól lánanna en mótfærslan er á endurmatsreikningi og hefur því ekki áhrif á fjármagnsgjöld í rekstrarreikningi. Þessi aðferð hefur verið notuð í fjöldamörg ár og byggist á gamalli samþykkt ríkisreikningsnefndar. Aðferðin hefur í för með sér að einungis raunvextir verðtryggðra lána koma að fullu til gjalda í rekstrarreikningi ríkissjóðs. Færslan vanmetur því vaxtagjöld verðtryggðra lána og skekkir samanburð á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána.

Frumvarp til fjáraukalaga 2009, millj. kr.

	Tekjur	**Gjöld**	**Jöfnuður**	**Uppsafnað**
Fjárlög 2009	402.499	555.641	-153.142	-153.142
Frumvarp til fjáraukalaga	4.412	26.893	-22.481	-175.623
2. umræða um frumvarp	1.609	-7.822	9.431	-166.192
3. umræða um frumvarp	8.766	-6.092	14.858	-151.334
Samtals:	**417.286**	**568.620**	**-151.334**	

Ríkisstjórnin hefur lagt fram breytingartillögur við 3. umræðu um frumvarpið og voru þær kynntar fjárlaganefnd á fundi 7. desember sl. Samkvæmt þeim hækka tekjur um 8.766 millj. kr. og útgjöld lækka um 6.092 millj. kr. Jöfnuður samkvæmt frumvarpinu batnar um 14.858 millj. kr. og verður neikvæður um 151.334 millj. kr. sem er ívið minni halli en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2009. Helstu breytingar samkvæmt tekjutillögu fyrir 3. umræðu eru:

- skattar á tekjur og rekstrarhagnað einstaklinga hækka um 2.000 millj. kr.,
- tekjuskattur lögaðila hækkar um 3.000 millj. kr.,
- skattur á fjármagnstekjur einstaklinga lækkar um 1.250 millj. kr.,
- vaxtatekjur af endurlánum hækka um 2.497 m.kr.,
- aðrar vaxtatekjur lækka um 1.210 millj. kr.

Samtals voru kynntar tekjuhækkanir að fjárhæð 15.266 millj. kr. og gjaldahækkanir að fjárhæð 408 millj. kr.

Bókhaldsæfingar.

Í tekjutillögum fjármálaráðuneytis var gert ráð fyrir að Arion banki hf. greiddi 6.500 millj. kr. í arð til ríkissjóðs sem síðan yrði lánaður strax til baka til bankans í formi víkjandi láns til allt að tíu ára. 1. minni hluti gerði athugasemdir við fyrirkomulagið í ljósi þess að aðalfundur bankans yrði að taka þessa ákvörðun eftir lokun reikningsárs og því væri ekki hægt að skuldbinda verðandi eigendur með þessum hætti. Þá lægju ekki fyrir upplýsingar sem staðfestu að rekstrarafkoma ársins leyfði arðgreiðsluna. Áform um greiðslu arðsins voru í meira lagi óljós og lítt rökstudd og sú skoðun mætti skilningi hjá meiri hlutanum. Athugasemdinni var vísað til nánari skoðunar hjá fjármálaráðuneytinu og til athugunar hjá Ríkisendurskoðun sem staðfesti að fyrirkomulagið gengi ekki upp. Því lækka tekjur um fjárhæð arðsins og vaxtagjöld sömuleiðis. Niðurstaða breytingarinnar verður eins og fram kemur í töflunni hér að framan. 1. minni hluti gagnrýnir þessar bókhaldsæfingar ríkisstjórnarinnar. Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar ekki enn, þegar þetta álit er skrifað, skilað umbeðnum upplýsingum, en fulltrúar þess hafa mætt til fundar við nefndina og kynnt nýjar tillögur til breytinga sem taka mið af þeim athugasemdum sem gerðar voru við fyrirhugaða tekjufærslu vegna arðgreiðslu Arion banka hf.

Tekjuhluti frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti telur óhjákvæmilegt að nánari grein verði gerð fyrir fjárbeiðni af þeirri stærðargráðu sem ríkisstjórnin leggur fram og óskar eftir að Alþingi staðfesti sem lög. 1. minni hluti bendir á nauðsyn þess að fjárlaganefnd Alþingis athugi nánar forsendur slíkra breytingartillagna og að veittar verði mun ítarlegri upplýsingar um hvernig ætlunin er að ná þeim tekjum sem þarna er gert ráð fyrir og ekki síður hvaða þættir í efnahagslífinu gefi tilefni til slíkar tillögugerðar. Ekki komu fram frekari breytingartillögur við tekjuáætlun frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti gerði á fyrri stigum miklar athugasemdir við áætlanir um tekjuauka af sköttum einstaklinga og lögaðila svo og áætlaða hækkun tekna af virðisaukaskatti þar sem hann telur vafasamt að þær nái fram að ganga 1. minni hluti vísar til ítarlegs nefndarálits síns við 2. umræðu um frumvarpið og telur að enn þá sé tekjuáætlunin ofmetin og gjaldahlið vanmetin. Þessa má sjá stað m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga í janúar–ágúst 2009 og í eftirfarandi töflu.

Í fyrrgreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skattbreytingar sem gerðar voru í júní hafa „ekki skilað sér nema að litlu leyti í auknum tekjum. Hins vegar má segja að þær hafi forðað því að tekjur drægjust meira saman en áætlað var í fjárlögum“. Í bréfi Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar frá 27. nóvember sl. telur stofnunin „óhætt að fullyrða að aðhaldsaðgerðir á miðju ári hafi ekki skilað sér nema að litlu leyti“. Jafnframt er í skýrslunni og bréfum stofnunarinnar bent á að vaxtatekjur hafi aukist verulega.

Mánaðaruppgjör A-hluta ríkissjóðs janúar–október 2009. Tekjuhlið, millj. kr.

Tekjur ríkissjóðs	Bókhald	Áætlun	Frávik frá áætlun	Fjárlög 2009
Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	66.063	72.668	–6.605	89.382
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	12.070	14.543	–2.473	22.100
Skattur á fjármagnstekjur	40.131	29.662	10.469	16.216
Eignarskattar	3.989	5.732	–1.743	7.063
Virðisaukaskattur	93.376	102.774	–9.398	128.196
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	42.253	42.274	–21	52.545
Tollar og aðflutningsgjöld	3.981	3.681	300	4.531
Skattar ótaldir annars staðar	6.186	7.014	–828	4.641
Tryggingagjöld	33.605	33.530	75	40.568
Fjárframlög	430	191	239	1.391
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	35.727	19.219	16.508	22.230
Arðgreiðslur	185	1.895	–1.710	1.920
Aðrar tekjur ótaldar annars staðar	6.677	4.622	2.055	5.416
Sala eigna	496	7.510	–7.014	6.300
Tekjur alls	**345.169**	**345.315**	**–146**	**402.499**

Samkvæmt framangreindu óendurskoðuðu yfirliti sem keyrt hefur verið úr bókhaldi ríkisins kemur fram að tekjuhlið fjárlaga er í heild í samræmi við áætlanir. Meginástæður þessa eru:

- skattur á fjármagnstekjur, vaxtatekjur og lánatekjur er langt umfram áætlanir,
- skattar á tekjur og hagnað einstaklinga eru 9% lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir,
- skattar á tekjur og hagnað lögaðila eru 17% lægri en samkvæmt áætlunum,
- virðisaukaskattur er 9% lægri en ætlað var,
- tekjur af sölu eigna eru 93% lægri en ráð var fyrir gert.

Einkaneysla hefur minnkað umfram forsendur fjárlaga ársins 2009 og er því nú spáð samkvæmt endurskoðuðum þjóðhagsforsendum í desember 2009 að hún minnki um 16,6%, samneysla minnki um 1,1%, fjárfesting um 45,7% og þjóðarútgjöld um 19,3%. Verg landsframleiðsla mun samkvæmt áætluninni dragast saman um 7,9% í stað 8,6% eins og spáð var í október sl. Atvinnuleysi hefur aukist og laun hafa lækkað. Bókhald ríkisins leiðir fram þróun þessara helstu hagstærða.

Þessi neikvæða þróun endurspeglast í skatttekjum frá einstaklingum og tryggingagjaldi. Tekjuskattar lögaðila dragast saman vegna verri afkomu fyrirtækja. Hefur því verið spáð að mörg fyrirtæki stefni í þrot og muni þar af leiðandi ekki skila sköttum í sama mæli og áður. Tekjur af stimpilgjaldi minnka þar sem lítil hreyfing er á fasteigna- og lánamarkaði.

Fjármögnun bankanna.

Ríkissjóður hefur nú tekið við ábyrgðinni á stjórn bankanna og tjónið af falli þeirra lendir beint á þegnum landsins. Má í því sambandi benda á minnisblað frá fjármálaráðuneytinu, dags. 7. des. 2009, sem fylgdi tillögum ríkisstjórnarinnar fyrir 3. umræðu um frumvarpið. Þar koma fram eiginfjárframlög til fjármálakerfisins að fjárhæð 159.610 millj. kr. en áður höfðu þau verið áætluð 297.000 millj. kr. Framlag til Arion banka hf. verður 9.360 millj. kr., framlag til Íslandsbanka verður 3.250 millj. kr. og framlag til NBI hf. 127.000 millj. kr. Lánveit-

ingar ríkissjóðs aukast um 35.200 millj. kr. Þar af fær Íslandsbanki hf. víkjandi lán að fjárhæð 25.000 millj. kr. og Arion banki hf. 30.500 millj. kr. en aðrar lánveitingar verða 6.700 millj. kr., þar af fær Askar Capital 6.300 millj. kr. Lánveiting til Seðlabanka Íslands lækkar hins vegar um 27.000 millj. kr. og er reiknað með að hún frestist fram á næsta ár. Einnig kemur fram í fjármögnunarhluta sjóðstreymisins að fjárhæð skuldabréfa vegna eiginfjárframlaga til fjármálakerfisins muni nema 209.000 millj. kr.

Þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði eru þess eðlis og umfang þeirra það mikið í fjárhæðum að nauðsynlegt hefði verið gefa nefndinni tíma til að fara ítarlega í gegnum þær. Að auki vantar faglegan rökstuðning fyrir umbeðnum tillögum svo að fullur skilningur væri að baki afgreiðslu málsins út úr nefndinni.

Að undanförnu hefur verið mikil uppstokkun á fjármálakerfinu. Skilanefnd Glitnis hf. hefur eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka hf. Þá hefur skilanefnd Kaupþings hf. eignast 87% hlutafjár í Arion banka hf. Ekki er enn búið að leysa vandamál sparisjóðanna.

Innbyggður halli á fjárlögum.

Fyrsti minni hluti vísar til þess sem áður hefur komið fram af hans hálfu um að stofnanir og ríkisaðilar, t.d. í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, menntamálum og samgöngumálum, muni að óbreyttu, samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu, hefja rekstur á næsta ári með halla. Auk þess eru fjárheimildir viðkomandi stofnana almennt lækkaðar í fjárlögum fyrir árið 2010. 1. minni hluti ítrekar gagnrýni sína á þetta ráðslag og óttast að óhjákvæmilegur sé mikill hallarekstur á næsta ári sem muni valda miklum erfiðleikum í rekstri þessara stofnana án þess að stjórnarmeirihlutinn hafi gefið skýr fyrirmæli um það hvernig samdrátturinn eigi að koma fram. Einu beinu fyrirmælin sem gefin hafa verið eru þau að ekki megi segja upp ríkisstarfsmönnum í þeim þrengingum sem fram undan eru. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar má öllum vera ljóst að mikil fjárhagsleg vandræði verða, t.d. í starfsemi Landspítalans og ýmissa skóla, á komandi árum. 1. minni hluti vísar allri ábyrgð í þeim efnum á heilbrigðisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og stjórnarmeirihlutann á Alþingi.

Í frumvarpinu eru lántökur vegna uppgjörs á Icesave-reikningum og tengdum innlánsreikningum í útibúum gömlu bankanna erlendis ekki tilgreindar. Líklegt er, miðað við framkomnar upplýsingar, að lántökurnar muni hlaupa á hundruðum milljarða króna með tuga milljarða króna árlegum vaxtakostnaði og gjaldfærslu á þeim hluta skuldbindingarinnar sem fellur til á árinu. Fjárlaganefnd hefur hins vegar ekki undir höndum sérfræðimat á því um hve háa fjárhæð getur verið að ræða árið 2009.

Framkvæmdir utan fjárlaga.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir þá aðferðafræði sem virðist ætla að ryðja sér til rúms við fjármögnun stórframkvæmda utan fjárlaga. Í því sambandi skal enn og aftur minnt á athugasemdir sem 1. minni hluti hefur haft uppi um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss og áform samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga um byggingu Landspítala og samgönguframkvæmda.

Að óbreyttu telur 1. minni hluti stefna í að fjárskuldbindingar ríkissjóðs vegna stórframkvæmda verði í æ ríkari mæli utan fjárlaga og efnahagsreikningur ríkissjóðs muni því ekki gefa rétta mynd af áföllnum skuldbindingum. Lög um fjárreiður ríkisins taka ekki með óyggjandi hætti á þessu viðfangsefni og nauðsynlegt er að mati 1. minni hluta að eyða sem fyrst þeirri óvissu sem núverandi tilhögun þessara verkefna hefur í för með sér.

Lokafjárlög.

Fjármálaráðherra sendi forseta Alþingis ríkisreikning 2008 með bréfi dagsettu 26. júní sl. 1. minni hluti bendir á að skv. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, ber að leggja fram lokafjárlög samhliða ríkisreikningi:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.“

Ekkert bólar á lokafjárlögunum nú við 3. umræðu um frumvarpið og er það ekki í samræmi við ákvæði laga þar um. 1. minni hluti telur brýnt að úr þessu verði bætt. Það er óþolandi öllum þingheimi að ekki sé farið að lögum. Ekki er ásættanlegt að fjárlaganefnd Alþingis og aðrir sem á þurfa að halda geti ekki haft þessar upplýsingar við hendina. Jafnframt minnir 1. minni hluti á tillögur sínar um að ríkisreikningur verði gefinn út fyrr á árinu. Eðlilegt er að stefnt sé að því að hann komi framvegis út í febrúar eða mars.

Niðurlag.

Fyrsti minni hluti getur ekki staðið að því að samþykkja fjáraukalög fyrir árið 2009 miðað við þær takmörkuðu forsendur sem liggja til grundvallar tillögum meiri hlutans. Margvíslegar upplýsingar skortir svo að Alþingi geti tekið upplýsta og vel rökstudda ákvörðun um breytingar á fjárlögunum. Að öðru leyti vísar 1. minni hluti til nefndarálits síns sem lagt var fram við 2. umræðu um frumvarpið. Þar er ítarlega fjallað um frumvarpið og framkomnar breytingartillögur. Fjáraukalög þessa árs eru að fullu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Alþingi, 14. des. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Ólöf Nordal.

Höskuldur Þórhallsson.

424. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Þóru M. Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Með frumvarpinu er lögð til breyting á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá embætti sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlitinu, ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði.

Í 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem ber heitið Ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis o.fl., er í 4. mgr. mælt fyrir um að ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu megi krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti. Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 4. mgr. 103. gr. í þá veru að frestur til að höfða riftunarmál skuli vera 24 mánuðir í stað sex mánaða. Er um að ræða viðbót við þær sérreglur sem þegar gilda um fjármálafyrirtæki skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki en á ekki við um gjaldþrotaskiptalögin sbr. ummæli í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fylgir frumvarpinu.

Heimildir laga um riftun gerninga hafa það að markmiði að gæta jafnræðis kröfuhafa, þ.e. að einstakir kröfuhafar séu ekki betur settir en aðrir vegna ráðstafana fjármálafyrirtækis áður en slitameðferð hefst. Ljóst er að sá frestur sem kveðið er á um í 1. mgr. 148. gr. gjaldþrotalaga er afar stuttur miðað við umfang margra þeirra fjármálafyrirtækja sem eru nú í slitameðferð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum gæti það lengt tímann sem slitameðferð tekur en jafnframt gefst rýmri tími til að vinda ofan af þeim gerningum sem kunna að hafa verið gerðir í aðdraganda falls fjármálafyrirtækjanna. Slíkir gerningar gætu í einhverjum tilvikum farið gegn hagsmunum almennra kröfuhafa.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 11. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Arndís Soffía Sigurðardóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

425. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Árnýju Guðmundsdóttur og Helgu Eysteinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands og Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Íbúðalánasjóði, Kauphöll Íslands, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum verði tekin upp í íslensk lög. Með tilskipuninni eru skv. 1. gr. hennar settar reglur um aukin réttindi og áhrif hluthafa í félögum sem hafa hluti skráða á skipulegan markað sem er staðsettur eða starfræktur í aðildarríki.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þær breytingar sem felast í 1., 2., 4. og 5. gr. frumvarpsins ná til hlutafélaga og einkahlutafélaga almennt en þar er gert ráð fyrir að umboð geti, auk þess að vera skriflegt, verið rafrænt og að kröfu um að fá mál tekið til meðferðar á hluthafafundi verði sömuleiðis komið rafrænt á framfæri.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við lög um hlutafélög bætist fimm nýjar greinar sem snerta eingöngu félög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Er helsta breytingin sú að skv. a-lið 3. gr. (88. gr. a) er lágmarksfrestur til að boða til hluthafafundar lengdur úr einni viku í þrjár. Frá þessu eru undantekningar sem eiga við þegar hluthafafundir eru rafrænir (tveggja vikna fyrirvari) og þegar framhaldshluthafafundir eru haldnir (10 daga fyrirvari). Þá er í b-lið 3. gr. (88. gr. b) fjallað um tilkynningu á fundarboði eða birtingu þess af félagsins hálfu sem skal tryggja skjótan aðgang að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Í d-lið 3. gr. (88. gr. d) eru tilgreindar þær upplýsingar sem er skylt að veita á vef félagsins en í tilskipuninni er gert ráð fyrir að skráð félög hafi þegar vefsetur.

Á grundvelli e-liðar 3. gr. frumvarpsins (88. gr. e) getur Fjármálaeftirlitið undanskilið rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða ákvæðum a–d-liðar 3. gr. Undanþágа þessi á sér stoð í 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Á fundum nefndarinnar var rætt um gildissvið tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins snertir það félög sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Gildissvið tilskipunarinnar, sbr. 1. gr. hennar, er þrengra þó svo að í fyrirsögn tilskipunarinnar sé vísað í skráð félög. Skv. 1. gr. tilskipunarinnar snertir hún félög sem hafa hlutabréf skráð á skipulegan markað sem er staðsettur í eða starfræktur í aðildarríki.

Nefndin telur rétt að gildissvið frumvarpsins samræmist ákvæði 1. gr. tilskipunarinnar og leggur til að það eigi við um félög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Því komið orðið „hlutur“ í stað orðsins „fjármálagerningur“ víðs vegar í 3. gr. frumvarpsins.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið að æskilegt væri að tilgreina í lögum um hlutafélög með hversu margra daga fyrirvara hluthafi skuli gera kröfu um að fá mál til meðferðar á hluthafafundi til að unnt sé að taka það fyrir á dagskrá fundar. Nefndin leggur ekki til að slíkt ákvæði verði lögfest að þessu sinni enda þarfnast þetta nánari skoðunar við. Ef kveðið væri á um það í lögunum með hversu margra daga fyrirvara krafa um að fá mál tekið til meðferðar þarf að hafa borist félagsstjórn mundi það útiloka að mál kæmist á dagskrá eftir það tímamark. Frekar þyrfti að setja reglu með möguleika á frávikum í ákveðnum tilvikum. Nefndin telur rétt að þetta atriði verði skoðað gaumgæfilega, m.a. með hliðsjón af framkvæmdinni.

Þá var því hreyft fyrir nefndinni að í lögum um hlutafélög væri ekki kveðið á um rétt hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði með tilliti til eignarhalds á tilteknum degi fyrir aðalfund. Samkvæmt lögunum væri hins vegar miðað við hlutaskrá. Svo virðist sem um þetta hafi orðið ágreiningur þegar eigendaskipti verða á hlutum í félögum skömmu fyrir aðalfund. Nefndin leggur einnig til að þetta atriði verði athugað frekar.

Nefndin bendir á að í fylgiskjali I með frumvarpinu er tilskipunin sem innleiða á með frumvarpinu. Þar virðist íslensk þýðing á enska orðinu „general meeting“ hafa misritast. Er það þýtt sem „aðalfundur“ en á að vera „hluthafafundur“. Með áliti nefndarinnar fylgir leiðrétt útgáfa af tilskipuninni.

Eygló Harðadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðanna „sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði“ í 1. mgr. a-liðar og orðanna „sem hefur fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði“ í 2. mgr. a-liðar, 1. mgr. b-liðar, c-lið og 1. mgr. d-liðar komi: þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Alþingi, 11. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Arndís Soffía Sigurðardóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/36/EB

frá 11. júlí 2007

um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 21. maí 2003, sem ber yfirskriftina „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu – Áætlun um þróun“, benti framkvæmdastjórnin á að rétt væri að gera ráðstafanir um ný sérsniðin framtaksverkefni til að auka réttindi hluthafa í skráðum félögum og að brýn þörf væri á að leysa vandamál varðandi atkvæðagreiðslu yfir landamæri.

2) Í ályktun sinni frá 21. apríl 2004 ([3]) lýsti Evrópuþingið yfir stuðningi sínum við fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að efla réttindi hluthafa, einkum með því að útvíkka reglur um gagnsæi, atkvæðisrétt með umboði, möguleikann á að taka þátt í hluthafafundum með rafrænum hætti og tryggja að unnt sé að nýta atkvæðisrétt yfir landamæri.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 42.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2007 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. júní 2007.

([3]) Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 714.

3) Handhöfum hlutabréfa með atkvæðisrétti skal heimilt að nýta sér þessi réttindi því þau eru innifalin í verðinu sem greiða verður við kaup á bréfunum. Enn fremur er skilvirkt eftirlit hluthafa forsenda fyrir góðum stjórnarháttum fyrirtækja og því ber að greiða fyrir því og hvetja til þess. Til að svo megi verða er því er nauðsynlegt að samþykkja ráðstafanir til þess að samræma lög aðildarríkjanna. Hindranir, sem koma í veg fyrir að hluthafar greiði atkvæði, s.s. þegar nýting atkvæðisréttar fellur undir kvöð um bann við viðskiptum með hlutabréf í tiltekinn tíma fyrir hluthafafund, skal afnema. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á gildandi löggjöf Bandalagsins um hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu eða um hlutdeildarskírteini sem eru keypt eða þeim ráðstafað í slíkum fyrirtækjum.

4) Núverandi löggjöf Bandalagsins er ekki fullnægjandi til að ná þessu markmiði. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([4]) er aðallega fjallað um þær upplýsingar sem útgefendur verða að veita markaðinum en ekki um það hvernig staðið skuli að sjálfri atkvæðagreiðslu hluthafa. Enn fremur er með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([5]) lögð sú kvöð á útgefendur að gera tilteknar upplýsingar og skjöl, sem skipta máli varðandi hluthafafundi, aðgengileg en slíkar upplýsingar og skjöl skulu vera aðgengileg í heimaríki útgefandans. Því ber að fastsetja lágmarkskröfur í því skyni að vernda fjárfesta og stuðla að því að hluthafar geti nýtt sér réttindin sem fylgja hlutabréfum með atkvæðisrétti á greiðan og skilvirkan hátt. Hvað önnur réttindi en atkvæðisrétt varðar er aðildarríkjunum heimilt að láta beitingu þessara lágmarksstaðla einnig taka til hlutabréfa án atkvæðisréttar ef slíkar kröfur gilda ekki þegar um þau.

5) Umtalsverður hluti hlutabréfa í skráðum félögum er í eigu hluthafa sem ekki eru með fasta búsetu í því aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu sína. Hluthafar sem eru með fasta búsetu erlendis skulu geta nýtt sér réttindi sín í tengslum við hluthafafund jafn auðveldlega og hluthafar sem eru með fasta búsetu í aðildarríkinu þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Til þess þarf að afnema núverandi hindranir á aðgangi þeirra hluthafa, sem hafa fasta búsetu erlendis, að upplýsingum sem skipta máli fyrir hluthafafundinn og nýtingu atkvæðisréttar án þess að þeir séu sjálfir viðstaddir hluthafafundinn. Þeir hluthafar með fasta búsetu, sem eru ekki eða geta ekki verið viðstaddir hluthafafund, skulu einnig njóta góðs af afnámi þessara hindrana.

6) Hluthafar skulu geta greitt atkvæði á upplýstan hátt á eða fyrir hluthafafund óháð því hvar þeir hafa fasta búsetu. Allir hluthafar skulu hafa nægilegan tíma til að skoða þau gögn sem á að leggja fram á hluthafafundi og ákveða hvernig þeir vilja nýta atkvæðisrétt sinn. Í því skyni skal tilkynna hluthafafund með nægum fyrirvara og hluthöfum látnar í té allar þær upplýsingar sem á að leggja fram á hluthafafundinum. Nýta skal þá möguleika sem nútímatækni býður upp á svo að hægt sé að nálgast upplýsingar þegar í stað. Í þessari tilskipun er gert ráð fyrir að öll skráð félög hafi þegar vefsetur.

7) Meginreglan skal vera sú að hluthöfum gefist kostur á að setja mál á dagskrá hluthafafundar og leggja fram drög að ályktunum fyrir dagskrárliði. Með fyrirvara um mismunandi tímaramma og aðferðir sem nú er stuðst við í Bandalaginu skal nýting þessara réttinda falla undir tvær grundvallarreglur, þ.e. að engin viðmiðunarmörk, sem krafa er gerð um vegna nýtingar þessara réttinda, skuli vera meira en 5% af hlutafé félagsins og að allir hluthafar skuli ávallt fá lokagerð dagskrárinnar með nægum fyrirvara til þess að undirbúa sig fyrir umræður og atkvæðagreiðslu fyrir hvern dagskrárlið.

8) Meginreglan skal vera sú að hverjum hluthafa gefist kostur á að leggja fram spurningar sem varða liði á dagskrá hluthafafundar og fá svör við þeim en aðildarríkjunum er látið eftir að ákvarða reglur um hvernig og hvenær spurningar skulu lagðar fram og þeim svarað.

9) Engar lagalegar hindranir skulu koma í veg fyrir að félög geti boðið hluthöfum sínum að taka þátt í hluthafafundi með rafrænum hætti. Atkvæðagreiðsla án þess að viðkomandi sé sjálfur á hluthafafundi, hvort sem það er bréflega eða með rafrænum hætti, skal ekki vera

([4]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).
([5]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

háð öðrum takmörkunum en þeim sem nauðsynlegar eru til að sannprófa auðkenni og öryggi rafrænna samskipta. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki reglur sem miða að því að tryggja að úrslit atkvæðagreiðslu endurspegli fyrirætlanir hluthafa undir öllum kringumstæðum, þ.m.t. reglur um aðstæður þar sem nýjar kringumstæður myndast eða koma í ljós eftir að hluthafi hefur greitt atkvæði bréflega eða með rafrænum hætti.

10) Góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast þess að atkvæðagreiðsla með umboði (e. proxy) gangi vel og greiðlega fyrir sig. Því ber að afnema núverandi takmarkanir og hindranir sem gera atkvæðagreiðslu með umboði flókna og kostnaðarsama. En góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast einnig fullnægjandi verndarráðstafana gegn hugsanlegri misnotkun á atkvæðagreiðslu með umboði. Umboðshafa skal því skylt að fylgja öllum fyrirmælum sem hann kann að hafa fengið frá hluthafa og aðildarríkjum skal gert kleift að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umboðshafi gæti ekki hagsmuna annarra en hluthafa, óháð því hvaða ástæður hafa leitt til hagsmunaárekstrana. Ráðstafanir gegn hugsanlegri misnotkun geta m.a. falist í fyrirkomulagi sem aðildarríkin kunna að koma á fót til þess að hafa eftirlit með starfsemi þeirra einstaklinga sem á virkan hátt safna umboðum eða sem í reynd hafa safnað meira en tilteknum fjölda umboða, einkum til að tryggja fullnægjandi áreiðanleika og gegnsæi. Hluthafar skulu hafa ótakmarkaðan rétt samkvæmt þessari tilskipun til þess að tilnefna slíka einstaklinga sem umboðshafa til þess að sækja hluthafafund og greiða atkvæði í þeirra nafni. Þessi tilskipun hefur þó á engan hátt áhrif á reglur eða viðurlög sem aðildarríkin kunna að setja vegna slíkra einstaklinga þar sem atkvæði hefur verið greitt með sviksamlegri notkun á þeim umboðum sem hefur verið safnað. Enn fremur skuldbindur þessi tilskipun ekki á nokkurn hátt félög til að sannreyna að umboðshafar greiði atkvæði í samræmi við fyrirmæli hluthafa, sem hafa tilnefnt þá, um atkvæðagreiðslu.

11) Með þátttöku fjármálamilliliða er árangur af atkvæðagreiðslu samkvæmt fyrirmælum að miklu leyti kominn undir því hve skilvirk keðja milliliðanna er þar eð fjárfestar geta oft ekki nýtt sér atkvæðisréttinn, sem fylgir hlutabréfum þeirra, án samstarfs við alla milliliði í keðjunni sem hugsanlega hafa ekki efnahagslegra hagsmuna að gæta í hlutabréfunum. Til þess að auðvelda fjárfesti að nýta sér atkvæðisrétt sinn yfir landamæri er því mikilvægt að milliliðir liði fyrir nýtingu atkvæðisréttar. Framkvæmdastjórnin skal taka þetta til frekari meðferðar með tilmælum í því skyni að tryggja að fjárfestar hafi aðgang að skilvirkri kosningaþjónustu og að atkvæðisréttur sé nýttur í samræmi við fyrirmæli þessara fjárfesta.

12) Ef tímasetning á upplýsingum til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar sem og til almennings um þau atkvæði, sem greidd eru fyrir hluthafafund með rafrænum hætti eða bréflega, skiptir miklu máli vegna stjórnarhátta fyrirtækja, geta aðildarríkin fastsett hana.

13) Ganga skal frá úrslitum atkvæðagreiðslu með aðferðum sem endurspegla áform hluthafa með atkvæðagreiðslunni og skulu þau birt eftir hluthafafund a.m.k. á vefsetri félagsins.

14) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að gera hluthöfum kleift að nýta réttindi sín með skilvirkum hætti alls staðar í Bandalaginu, á grundvelli núverandi löggjafar Bandalagsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

15) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([6]), eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru fastsettar kröfur í tengslum við nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa sem fylgja

([6]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

atkvæðisrétti í tengslum við hluthafafund félaga sem hafa skráða skrifstofu í aðildarríki en hlutabréf þeirra eru skráð á skipulegan markað sem er staðsettur í eða starfræktur í aðildarríki.

2. Aðildarríki sem bært er til að setja reglur um málefni sem falla undir þessa tilskipun skal vera það aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu og tilvísanir til „gildandi laga“ eru tilvísanir til laga þess aðildarríkis.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita eftirfarandi gerðum félaga undanþágu frá þessari tilskipun:

a) fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([7]),

b) fyrirtækjum sem einungis hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjár sem almenningur hefur lagt fram, starfa á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu en sækjast ekki eftir að ná lagalegum eða stjórnunarlegum yfirráðum yfir útgefendum undirliggjandi fjárfestinga sinna, að því tilskildu að lögbær yfirvöld hafi veitt þessum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu starfsleyfi, og þau heyri undir eftirlit þeirra og að þau annist vörsluþjónustu sem er jafngild þeirri sem um getur fyrir vörslufyrirtæki í tilskipun 85/611/EBE,

c) samvinnufélögum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([8]),

b) „hluthafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum,

c) „umboð“: heimild frá hluthafa til einstaklings eða lögaðila til þess að nýta sér einhver eða öll réttindi þessa hluthafa á hluthafafundi í hans nafni.

3. gr.

Frekari ráðstafanir á landsvísu

Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til þess að auðvelda hluthöfum að nýta sér þau réttindi sem um getur í þessari tilskipun.

II. KAFLI

HLUTHAFAFUNDIR

4. gr.

Jöfn meðferð hluthafa

Félagið skal tryggja jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu að því er varðar þátttöku og nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundi.

5. gr.

Upplýsingar fyrir hluthafafund

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 11. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ([9]) skulu aðildarríkin sjá til þess að félag boði til hluthafafundar á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en á 21. degi fyrir fundardag.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um það, ef félag gefur öllum hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði með rafrænum hætti, að hluthafafundur geti ákveðið að félagið boði til hluthafafundar, sem er ekki aðalfundur, á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en 14 dögum fyrir fundinn. Þessi ákvörðun skal tekin með a.m.k. tveimur þriðju hlutum þeirra atkvæða sem fylgja hlutabréfunum eða skráðu eigin fé, sem farið er með atkvæði fyrir, og skal hún eigi gilda lengur en fram að næsta aðalfundi.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita lágmarkstímanum, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, fyrir aðra eða síðari boðun til hluthafafundar þegar það er gert vegna þess að tilskilinn meirihluti fékkst ekki fyrir fundinn sem fyrst var boðað til, að því tilskildu að farið hafi verið að þessari grein í fyrsta fundarboðinu og að ekkert nýtt mál sé sett á dagskrá og að minnsta kosti tíu dagar líði milli lokaboðunar og dagsetningar hluthafafundar.

2. Með fyrirvara um frekari kröfur um tilkynningu eða birtingu, sem þar til bært aðildarríki mælir fyrir um, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr., skal gerð sú

([7]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.
([8]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

krafa að félagið gefi út fundarboðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á þann hátt að tryggður sé greiður aðgangur að því án mismununar. Aðildarríkið skal krefjast þess að félagið noti miðla sem unnt er að treysta með góðu móti að dreifi upplýsingum á skilvirkan hátt til almennings í Bandalaginu. Aðildarríkið má ekki gera það að skilyrði að einungis verði notaðir miðlar sem eru reknir af aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna í fyrirliggjandi hluthafaskrá, að því tilskildu að félagið sé skuldbundið til þess að senda fundarboð til allra skráðra hluthafa sinna.

Í hvorugu tilvikinu er félaginu heimilt að krefja um greiðslu sérstaks kostnaðar fyrir að senda út fundarboð með tilskildum hætti.

3. Í fundarboðinu, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. vera eftirfarandi:

a) nákvæmar upplýsingar um fundartíma og fundarstað og fyrirhuguð dagskrá hluthafafundar,

b) skýr og greinargóð lýsing á þeim reglum sem hluthafar verða að fylgja til þess að fá að taka þátt í fundinum og greiða atkvæði á hluthafafundi. Þetta tekur til upplýsinga um:

   i. réttindi hluthafa samkvæmt 6. gr., að því marki sem hægt er að nýta þessi réttindi eftir að fundarboð hefur verið sent, og samkvæmt 9. gr. svo og þá fresti sem gefnir eru til að nýta þessi réttindi. Fundarboðunin getur takmarkast við það að kveða einungis á um fresti sem veittir eru til að nýta þessi réttindi, að því tilskildu að í henni sé greint frá því að nánari upplýsingar um þessi réttindi sé að finna á vefsetri félagsins,

   ii. tilhögun atkvæðagreiðslu með umboði, einkum um eyðublöð sem á að nota við atkvæðagreiðslu með umboði og hvernig félagið er í stakk búið til að taka á móti rafrænum tilkynningum um tilnefningu á umboðshöfum og

   iii. ef við á, hvernig staðið skuli að bréflegri eða rafrænni atkvæðagreiðslu,

c) ef við á, tilgreining á skráningardegi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., og útskýring á því að einungis þeir sem eru hluthafar á þeim degi skuli hafa rétt til þess að taka þátt í hluthafafundi og greiða atkvæði,

d) tilgreining á því hvar og hvernig hægt er að fá allan, óstyttan texta skjala og draga að ályktunum sem um getur í c- og d-lið í 4. mgr.,

e) tilgreining á veffangi vefsetursins þar sem upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr., verða tiltækar.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að félagið geri hluthöfum sínum, á samfelldu tímabili sem hefst eigi síðar en á 21. degi fyrir hluthafafundardag, að meðtöldum hluthafafundardegi, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á vefsetri sínu:

a) fundarboðið, sem um getur í 1. mgr.,

b) heildarfjölda hlutabréfa og atkvæða á þeim degi sem boðað er til fundar (þ.m.t. sérstakar heildartölur fyrir hvern flokk hlutabréfa þar sem hlutafjáreign félagsins er skipt í tvo eða fleiri flokka hlutabréfa),

c) skjölin sem leggja á fram á hluthafafundi,

d) drög að ályktun eða, ef ekki er lagt til að samþykkja ályktun, athugasemd frá þar til bærum aðila innan félagsins, sem tilnefna skal samkvæmt gildandi lögum fyrir hvern lið á fyrirhugaðri dagskrá hluthafafundar. Auk þess skal setja drög að ályktunum frá hluthöfum á vefsetrið eins fljótt og auðið er eftir að félagið hefur fengið þau,

e) ef við á, eyðublöð sem nota á til að greiða atkvæði með umboði og til að greiða atkvæði bréflega nema þessi eyðublöð séu send beint til hvers hluthafa.

Ef ekki er unnt að sækja eyðublöðin, sem um getur í e-lið, á Netið af tæknilegum ástæðum skal félagið greina frá því á vefsetri sínu hvernig hægt er að fá eyðublöðin á pappír. Í því tilviki er félaginu skylt að póstsenda eyðublöðin endurgjaldslaust til hvers hluthafa sem þess óskar.

Ef, samkvæmt 4. mgr. 9. gr. eða 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2004/25/EB, eða annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, boðað er til hluthafafundar eigi síðar en 21 degi fyrir fund, skal fresturinn sem tilgreindur er í þessari grein, styttur í samræmi við það.

6. gr.

Réttur til setja mál á dagskrá hluthafafundar og til að leggja fram drög að ályktunum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega:

a) hafi rétt til þess að setja mál á dagskrá hluthafafundar, að því tilskildu að hverju slíku máli fylgi rökstuðningur eða drög að ályktun til samþykktar á hluthafafundinum og

b) hafi rétt til að leggja fram drög að ályktunum vegna mála sem eru felld eða verða felld inn í dagskrá hluthafafundar.

Aðildarríkin geta kveðið á um að einungis sé unnt að nýta réttindin, sem um getur í a-lið, í tengslum við aðalfund, að því tilskildu að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega, hafi rétt til að boða til hluthafafundar eða gera kröfu um að félagið boði til hluthafafundar, sem er ekki aðalfundur, með dagskrá sem tekur a.m.k. til allra þeirra mála sem þessir hluthafar óska eftir að fjallað verði um.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þessi réttindi séu nýtt skriflega (send með pósti eða rafrænt).

2. Ef einhver þeirra réttinda sem eru tilgreind í 1. mgr. eru með fyrirvara um að viðkomandi hluthafi eða hluthafar eigi lágmarkshlut í félaginu skal þetta lágmark ekki fara yfir 5% af hlutafé.

3. Hvert aðildarríki skal kveða á um einn frest, með tilliti til tiltekins dagafjölda fyrir hluthafafund eða fundarboð, þar sem hluthöfum er heimilt að nýta sér réttinn sem um getur í a-lið 1. mgr. Á sama hátt getur hvert aðildarríki kveðið á um frest vegna nýtingar á réttinum sem um getur í b-lið 1. mgr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess, ef nýting réttarins, sem um getur í a-lið 1. mgr., hefur í för með sér breytingu á dagskrá hluthafafundar sem þegar hefur verið tilkynnt hluthöfum, að félagið skuli gera endurskoðaða dagskrá tiltæka á sama hátt og fyrri dagskrá fyrir gildandi skráningardag, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., eða ef enginn skráningardagur gildir, með nægum fyrirvara fyrir dagsetningu hluthafafundar þannig að aðrir hluthafar geti tilnefnt umboðshafa, eða eftir atvikum, greitt atkvæði bréflega.

7. gr.

Kröfur vegna þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að réttindi hluthafa til að taka þátt í hluthafafundi og greiða atkvæði í tengslum við hvaða hlutabréf sín sem er séu ekki með fyrirvara um kröfur um að hlutabréfum hans sé komið fyrir í vörslu, þau séu flutt til eða skráð á neinn annan einstakling eða lögaðila fyrir hluthafafund og

b) að réttindi hluthafa til að selja eða flytja á annan hátt hlutabréf sín á tímabilinu frá skráningardegi, eins og hann er skilgreindur í 2. mgr., til hluthafafundar, sem þessi dagur á við um, séu ekki háð neinum takmörkunum sem gilda ekki um þau á öðrum tíma.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að réttindi hluthafa til að taka þátt í hluthafafundi og greiða atkvæði með tilliti til hlutabréfa sinna skuli ákvarðast með tilliti til hlutabréfanna í eigu þess hluthafa á tilteknum degi fyrir hluthafafund (skráningardegi).

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart þeim félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna á grundvelli fyrirliggjandi hluthafaskrár á þeim degi er hluthafafundur fer fram.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að einn skráningardagur gildi um öll félög. Þó getur aðildarríki kveðið á um einn skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út handhafahlutabréf og annan skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út skráð hlutabréf, að því tilskildu að einn skráningardagur gildi um hvert félag sem hefur gefið út báðar gerðir hlutabréfa. Skráningardagurinn skal vera innan 30 daga tímabils fyrir hluthafafundinn sem hann gildir um. Við framkvæmd á þessu ákvæði og 1. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki tryggja það að minnst átta dagar líði milli síðasta heimilaðs dags fyrir boðun til hluthafafundar og skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með. Við þær kringumstæður sem lýst er í þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr. geta aðildarríkin þó gert kröfu um að minnst sex dagar líði frá síðustu heimiluðu dagsetningu fyrir aðra hluthafafundarboðun og síðari boðanir til skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með.

4. Ekki er hægt að gera aðrar kröfur um sönnun um stöðu sem hluthafi nema þær sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um auðkenni hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

8. gr.

Þátttaka í hluthafafundi með rafrænum hætti

1. Aðildarríkin skulu heimila félögum að bjóða hluthöfum sínum hvers kyns leiðir til rafrænnar þátttöku í hluthafafundi, einkum eina eða allar eftirfarandi leiða til þátttöku, þ.e.:

a) rauntímaútsending frá hluthafafundi,

b) rauntímasamskipti í báðar áttir sem gera hluthöfum kleift að ávarpa hluthafafund úr fjarlægð,

c) fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, hvort heldur er fyrir eða meðan á hluthafafundi stendur, án þess að þurfa að tilnefna umboðshafa sem sækir fundinn í eigin persónu.

2. Einungis er heimilt að binda notkun rafrænna miðla, sem gera hluthöfum kleift að taka þátt í hluthafafundi, við kröfur og skilyrði, sem eru nauðsynleg til að tryggja auðkenningu hluthafa og öryggi rafrænna samskipta, og aðeins að því marki sem það er í réttu hlutfalli við þessi markmið.

Þetta er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar ferli ákvarðanatöku innan félagsins vegna innleiðingar eða framkvæmdar á hvers kyns rafrænum þátttökuleiðum.

9. gr.

Réttur til að leggja fram spurningar

1. Hver hluthafi skal eiga rétt á að leggja fram spurningar varðandi mál á dagskrá hluthafafundar. Félagið skal svara þeim spurningum sem hluthafar beina til þess.

2. Rétturinn til að leggja fram spurningar og skyldan til að svara þeim eru með fyrirvara um aðgerðir sem aðildarríkin kunna að grípa til eða gefa félögum kost á að gera til þess að tryggja auðkenningu á hluthöfum, gott fyrirkomulag hluthafafunda og undirbúning þeirra svo og verndun trúnaðarupplýsinga og viðskiptahagsmuna félaga. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa félögum að veita eitt heildarsvar við spurningum varðandi sama efni.

Aðildarríkin geta kveðið á um að svar teljist hafa verið veitt ef viðkomandi upplýsingar eru aðgengilegar á vefsetri félagsins í formi spurninga og svara.

10. gr.

Atkvæðagreiðsla með umboði

1. Hver hluthafi skal eiga rétt til þess að tilnefna hvaða einstakling eða lögaðila sem er sem umboðshafa til þess að mæta og greiða atkvæði á hluthafafundi í sínu nafni. Umboðshafi skal hafa sömu réttindi til að taka til máls og leggja fram spurningar á hluthafafundi og hluthafinn sem hann er í forsvari fyrir.

Að frátalinni þeirri kröfu að umboðshafi hafi gerhæfi skulu aðildarríkin afnema öll lagaákvæði sem takmarka eða heimila fyrirtækjum að takmarka möguleika einstaklinga til að vera tilnefndir sem umboðshafar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka tilnefningu umboðshafa við einn fund eða þá fundi sem kunna að verða haldnir á tilteknu tímabili.

Með fyrirvara um 5. mgr. 13. gr. er aðildarríkjunum heimilt að takmarka þann fjölda einstaklinga sem hluthafar geta tilnefnt sem umboðshafa í tengslum við einn tiltekinn hluthafafund. Eigi hluthafi hins vegar hlutabréf í félagi, sem eru á fleiri en einum verðbréfareikningi, kemur slík takmörkun ekki í veg fyrir að hluthafi geti tilnefnt sérstakan umboðshafa fyrir hlutabréf á hverjum verðbréfareikningi í tengslum við einn tiltekinn hluthafafund. Þetta hefur ekki áhrif á ákvæði í gildandi lögum sem banna að atkvæði séu greidd með mismunandi hætti fyrir hlutabréf sem eru í eigu eins og sama hluthafa.

3. Fyrir utan þær takmarkanir, sem skýrt eru heimilaðar í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríkin ekki takmarka eða leyfa félögum að takmarka nýtingu á réttindum hluthafa fyrir milligöngu umboðshafa í neinum öðrum tilgangi en þeim að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli umboðshafa og þess hluthafa sem umboðshafa er skylt að gæta hagsmuna fyrir og þá skal aðildarríki ekki gera aðrar kröfur en eftirfarandi:

a) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að umboðshafi láti í té sérstakar upplýsingar sem kunna að skipta máli til að hluthafi geti metið hugsanlega hættu á því að umboðshafi kunni að gæta annarra hagsmuna en hagsmuna hluthafans,

b) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka að hluthafi nýti sér réttindi sín fyrir milligöngu umboðshafa án sérstakra fyrirmæla um atkvæðagreiðslu fyrir hverja ályktun sem umboðshafi á að greiða atkvæði um fyrir hönd hluthafans,

c) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka framsal á umboði til annars aðila, en þetta á ekki að koma í veg fyrir að umboðshafi, sem er lögaðili, nýti sér þau réttindi sem honum hefur verið falið fyrir milligöngu einhvers úr félagsstjórn eða framkvæmdastjórn eða einhvers starfsmanna sinna.

Hagsmunaárekstrar í skilningi þessarar málsgreinar geta einkum orðið þegar umboðshafi:

i. er ráðandi hluthafi í félaginu eða er önnur eining undir yfirráðum slíks hluthafa,

ii. á sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn í félaginu eða er ráðandi hluthafi eða undireining eins og um getur í i. lið,

iii. er starfsmaður eða endurskoðandi félagsins eða fyrir ráðandi hluthafa eða undireining eins og um getur í i. lið,

iv. er tengdur fjölskylduböndum einstaklingi sem um getur í i.–iii. lið.

4. Umboðshafinn skal greiða atkvæði í samræmi við fyrirmælin frá hluthafanum sem tilnefnir hann.

Aðildarríkjum er heimilt að gera kröfu um að umboðshafar haldi skrá yfir fyrirmæli um atkvæðagreiðslu í tiltekinn lágmarkstíma og að þeir staðfesti, sé þess krafist, að fyrirmælunum um atkvæðagreiðslu hafa verið hlýtt.

5. Sem umboðsaðila er aðila heimilt að fara með umboð fleiri en eins hluthafa án þess að það takmarki fjölda þeirra hluthafa sem hann er í forsvari fyrir. Ef umboðshafi fer með umboð fyrir marga hluthafa skulu gildandi lög gera honum kleift að greiða atkvæði á annan hátt fyrir tiltekinn hluthafa en hann greiðir fyrir annan hluthafa.

11. gr.

Formsatriði vegna tilnefningar á umboðshafa og tilkynningar þar að lútandi

1. Aðildarríkin skulu heimila hluthöfum að tilnefna umboðshafa með rafrænum hætti. Auk þess skulu aðildarríkin heimila félögum að samþykkja tilkynningu um tilnefningu með rafrænum hætti og tryggja að hvert félag bjóði hluthöfum sínum a.m.k. eina skilvirka aðferð til að tilkynna með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hægt að tilnefna umboðshafa, og tilkynna félaginu um tilnefningu þeirra, nema skriflega. Að undanskilinni þessari formlegu grundvallarkröfu má tilnefning umboðshafa, tilkynning um tilnefningu til félagsins og útgáfa fyrirmæla til umboðshafa um atkvæðagreiðslu, ef um þau er að ræða, aðeins vera háð þeim formkröfum, sem nauðsynlegar eru til að tryggja auðkenningu hluthafa og umboðshafa, eða til að tryggja möguleika á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við þessi markmið.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um afturköllun á tilnefningu umboðshafa.

12. gr.

Bréfleg atkvæðagreiðsla

Aðildarríkin skulu heimila félögum að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega fyrir hluthafafund. Bréfleg atkvæðagreiðsla má aðeins vera háð þeim kröfum og takmörkunum sem eru nauðsynlegar til að tryggja auðkenningu hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

13. gr.

Afnám tiltekinna hindrana á skilvirkri nýtingu atkvæðisréttar

1. Þessi grein á við þegar einstaklingur eða lögaðili, sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum, kemur fram í viðskiptum fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila (umbjóðanda).

2. Ef í gildandi lögum eru gerðar kröfur um opinbera birtingu sem forsendu þess að hluthafi, sem um getur í 1. mgr., geti nýtt sér atkvæðisrétt sinn, skulu slíkar kröfur ekki vera umfram það að taka saman skrá sem veitir félaginu upplýsingar um auðkenni hvers umbjóðanda og fjölda þeirra atkvæða sem hafa verið greidd fyrir hans hönd.

3. Ef í gildandi lögum eru gerðar formlegar kröfur um leyfi hluthafa, sem um getur í 1. mgr., til að nýta atkvæðisrétt, eða fyrirmæli um atkvæðagreiðslu, skulu slíkar formlegar kröfur ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja auðkenningu á umbjóðandanum eða möguleikann á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og skulu þær vera í réttu hlutfalli við þau markmið.

4. Hluthafa, sem um getur í 1. mgr., skal heimilt að greiða atkvæði sem fylgja sumum hlutabréfum öðruvísi en fyrir önnur hlutabréf.

5. Ef gildandi lög takmarka fjölda aðila, sem hluthafa er heimilt að tilnefna sem umboðshafa, í samræmi við 2. mgr. 10. gr., skal slík takmörkun ekki koma í veg fyrir að hluthafi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, veiti hverjum umbjóðanda sínum umboð eða þeim þriðja aðila sem umbjóðandi hans tilnefnir.

14. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu

1. Fyrir hverja ályktun skal félagið greina a.m.k. frá fjölda hlutabréfa, sem greitt hafa gild atkvæði, hlutfall hlutafjár sem liggur að baki þessum atkvæðum, heildarfjölda gildra atkvæða svo og fjölda atkvæða sem greidd hafa verið með og á móti hverri ályktun og, þar sem við á, fjölda þeirra sem sátu hjá.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um eða heimila félögum að kveða á um, fari enginn hluthafi fram á að gerð sé full grein fyrir atkvæðagreiðslu, að nægilegt sé að greina frá úrslitum atkvæðagreiðslu

að því marki sem þörf er á til að tryggja að meirihluti náist fyrir hverri ályktun.

2. Innan þess tíma sem tiltekinn er í gildandi lögum, sem skal ekki vera umfram 15 daga frá hluthafafundi, skal félagið birta á vefsetri sínu úrslit atkvæðagreiðslu sem fengin eru í samræmi við 1. mgr.

3. Þessi grein er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar tilskilin formsatriði til þess að ályktun geti talist gild eða varðandi það að lögleg úrslit atkvæðagreiðslu kunni að verða vefengd síðar.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. ágúst 2009 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skulu þau aðildarríki þar sem 1. júlí 2006 voru í gildi innlend ákvæði, sem takmarka eða banna tilnefningu umboðshafa í því tilviki sem um getur í ii. lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 10. gr., samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 3. mgr. 10. gr. að því er varðar slíka takmörkun eða bann eigi síðar en 3. ágúst 2012.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda þeirra daga sem tilgreindir eru í 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. og allar síðari breytingar sem framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. júlí 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	M. LOBO ANTUNES
forseti.	*forseti.*

426. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rakel Sveinsdóttur frá Credit Info, Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Margréti Kristmannsdóttur og Höllu Tómasdóttur frá Félagi kvenna í atvinnurekstri, Skúla Jónsson frá fyrirtækjaskrá, Ingibjörgu Elíasdóttur frá Jafnréttisstofu og Guðrúnu Björk Bjarnadóttur og Hörð Vilberg frá Samtökum atvinnulífsins. Nefndinni bárust athugasemdir um frumvarpið frá Jafnréttisstofu, Persónuvernd, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvörp sama efnis voru afgreidd frá nefndinni á 136. og 137. löggjafarþingi en urðu ekki útrædd í þinginu (356. mál á 136. löggjafarþingi og 14. mál á 137. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um hlutafélög en ein þeirra tekur einnig til laga um einkahlutafélög. Í fyrsta lagi er með 1. og 5. gr. frumvarpsins lögð til breyting á ákvæðum laga um hlutafélög í þá veru að skylda stjórn hlutafélags til að sjá til þess að hlutaskrá, sbr. 30. gr. laganna, geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Þá skuli stjórn félags leggja fyrir aðalfund samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa, rétt þeirra til að greiða atkvæði og um breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skal stjórnin leggja fyrir aðalfund um samstæðutengsl félagsins. Tilgangur þessara ákvæða er að auka gagnsæi hvað varðar eignarhald og atkvæðisrétt í íslenskum hlutafélögum og koma þannig til móts við þá gagnrýni að það hafi skort í íslensku viðskiptalífi.

Þá er í öðru lagi með 2., 3., 8. og 9. gr. frumvarpsins lagt til að tekin verði upp í lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög ákvæði um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum og við ráðningu framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir því að í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutfall kynja í stjórn og jafnframt að í félögum þar sem starfa að jafnaði fleiri en 25 starfsmenn á ársgrundvelli skuli einnig sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félaganna. Upplýsingagjöf af þessu tagi þjónar því hlutverki að gera sýnilegan hlut karla og kvenna í starfsemi félaga til þess að leiðrétta megi halla sem slík upplýsingagjöf kann að leiða í ljós. Úr þessum upplýsingum mætti ráða hversu margir karlar og/eða hversu margar konur gegna stjórnunarstöðum í félagi miðað við heildarstarfsmannafjölda þess. Þannig verði náð því markmiði frumvarpsins að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.
1. minni hluti leggur til breytingu á þessum þætti frumvarpsins sem nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Í þriðja lagi er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að við lög um hlutafélög verði bætt ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Ákvæðið byggist m.a. á áliti nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi frá september 2004. Meiri hluti hennar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns. Í áliti nefndarinnar kom fram að hún teldi óæskilegt að stjórnarformenn væru í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda væri eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnar með félaginu. Fram hefur komið að ákvæðið er byggt á grein í

dönskum lögum um hlutafélög en þar á það þó aðeins við um félög sem eru skráð á markað. Um það var rætt í nefndinni að ákvæðið gæti orðið of íþyngjandi fyrir minni hlutafélög. Benda má á að hérlendis starfa mörg stór félög sem ekki eru skráð og má geta þess að yrði gerð breyting um að 4. gr. frumvarpsins næði aðeins til skráðra félaga mundi hún einungis ná til 12 hlutafélaga. 1. minni hluti ítrekar enn fremur að hlutverk stjórnarformanns er að stýra eftirliti stjórnarinnar með félagi. Því verður að telja hættu á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann stjórnar þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Með ákvæðinu er stefnt að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum en verði frumvarpið að lögum mun stjórn félags þó geta falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir hana.

Um það var rætt í nefndinni hvort ákvæði frumvarpsins þyrftu ekki að vera afdráttarlausari en svo að mæla fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum í stjórnum. Sumir gesta nefndarinnar töldu að ganga ætti lengra og var m.a. vísað til norskra laga um það efni en í þeim er tilgreindur lágmarksfjöldi af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga í hlutfalli við fjölda stjórnarmanna. Við setningu norsku laganna var félögum veittur rúmur tími til aðlögunar. Einnig kom fram það sjónarmið í umræðum í nefndinni að nú þegar hvíldu skyldur á félögum samkvæmt jafnréttislögum. Sumum þótti sú viðbót sem kveðið er á um í frumvarpinu óljós en aðrir gerðu ekki athugasemdir við að í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög væri að finna almenn hvatningarorð um að gætt skuli að jafnrétti kynjanna.

Um þetta bendir 1. minni hluti á að hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja er nokkuð lægra að meðaltali en annars staðar á Norðurlöndunum og reyndar talsvert lægra en í Noregi og Svíþjóð. Aðeins 15% allra fyrirtækja á Íslandi höfðu á árinu 2009 bæði kynin í stjórn. Þá hafa komið fram vísbendingar um að konum í stjórnum fyrirtækja hér á landi hafi fækkað eftir hrunið þrátt fyrir heitstrengingar um hið gagnstæða. Samkvæmt úttekt Hagstofu Íslands, Konur og karlar í áhrifastöðum 2008, kemur fram að um níu af hverjum tíu framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri séu karlar. Þar segir einnig að á tímabilinu 1999–2007 hafi kynjaskipting stjórnarmanna og stjórnarformanna nánast verið sú sama, 22% konur og 78% karlar.

Í Noregi er í gildi kvóti sem mælir fyrir um hlutfall hvors kyns fyrir sig í stjórnum sem hlutfall af heildarfjölda stjórnarmanna og að ef stjórnarmenn eru fleiri en fimm skuli hlutur hvors kyns ekki vera minni en 40%. Kvótinn hefur leitt til þess að Noregur stendur framar öllum öðrum þjóðum er kemur að jafnræði kynjanna í stjórnum fyrirtækja. Þegar kynjakvótinn var innleiddur árið 2004 var hlutfall kvenna 9% í stjórnum fyrirtækja sem skráð voru í Kauphöllinni í Osló en hækkaði upp í 36% árið 2009. Til stendur að endurskoða lögin þannig að þau nái til meðalstórra og minni fyrirtækja, þar á meðal þeirra sem eru að hluta til í eigu sveitarfélaga. Talið er að kynjakvótinn nái til um 500 hlutafélaga.

Þess má geta að mörg hlutafélög í Noregi áttu í erfiðleikum með að ná 40% hlutfalli kvenna á aðlögunartímanum en hann fól í sér að ná þurfti markinu í kosningum á tveimur aðalfundum. Forystufólk Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Viðskiptaráðs Íslands og fulltrúar allra stjórnmálaflokka skrifuðu undir samkomulag í maí 2009 þar sem hvatt er til fjölgunar kvenna í forystusveit íslensks atvinnulífs. Markmiðið er að í lok árs 2013 verði hlutfall hvors kyns ekki undir 40%.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna í Finnlandi og Damörku skila félög sem hafa stjórnarmenn af báðum kynjum eða kvenkyns forstjóra meiri arðsemi en þau félög sem hafa einsleitar stjórnir. Fram kemur í nýlegri rannsókn á 101 fyrirtæki hér á landi að jákvætt marktækt

samband sé milli þess að hafa bæði kynin í stjórn fyrirtækis og arðsemi eigin fjár og veikt en jákvætt samband sé við arðsemi heildareigna.

Með hliðsjón af framangreindu leggur 1. minni hluti til breytingu á 2. og 8. gr. frumvarpsins sem snertir opinber hlutafélög sem og hlutafélög og einkahlutafélög þar sem starfa að jafnaði fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli. Ákvæðin snerta því félög af þessari stærðargráðu og munu ná til um 352 fyrirtækja, þar af 129 hlutafélaga (hf.), 5 opinberra hlutafélaga (ohf.) og 218 einkahlutafélaga (ehf.). Nauðsynlegt þótt að láta ákvæðið ná til einkahlutafélaga í ljósi reynslunnar í Noregi en þar nær ákvæðið ekki til einkahlutafélaga og er talið að slíkt félagaform hafi orðið algengara vegna kynjakvótans. Er lagt til að þegar um hlutafélög ræðir skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórnarmenn eru þrír en þegar þeir eru fleiri en þrír skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Hvað einkahlutafélögin snertir er lagt til að þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrír skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn en þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Þá er gert ráð fyrir því í breytingartillögunni að ef niðurstaða stjórnarkjörs samræmist ekki ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum, megi samþykkja breytingu á því, þ.e. með nýrri ákvörðun hluthafafundar. Ákvæði um hvernig skuli leyst úr slíkum tilvikum skal félag setja í samþykktir sínar. Þessu gæti t.d. verið farið þannig að verði þrjár konur kjörnar í þriggja manna stjórn mundi ein þeirra skipta um sæti við karl í varastjórn, hann færi í félagsstjórn en konan tæki sæti í varastjórn. Áréttað skal að félag setji sér reglur um þetta í samþykktum. Þá er tekið fram að hlutföll kynjanna í stjórn og varastjórn skuli í heild vera sem jöfnust.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir rúmum aðlögunarfresti þannig að ákvæði laganna sem lúta að kynjahlutföllum í stjórnir öðlist gildi 1. september 2013 og fá þau félög sem ákvæðið nær til því rúman tíma til aðlögunar eða fjóra aðalfundi. Þannig gefst atvinnulífinu færi á að leiðrétta sjálft það misræmi sem hefur verið. Einnig miðast gildistakan við framangreindan samning FKA, SA og Viðskiptaráðs.

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Valgerður Bjarnadóttir.

427. Breytingartillögur [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar (LMós, MSchr, ArndS, VBj)

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:
   Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn. Í stjórnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki víðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félags. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:
   Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum manni skal valinn a.m.k. einn varamaður. Þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrír í félagi þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki víðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félags. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
3. Við 10. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu 2.–4. málsl. 2. gr. og 3.–5. málsl. 8. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

428. Svar [113. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur um endurskoðun raforkulaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir endurskoðun á ákvæði 8. mgr. 12. gr. laga nr. 65/2003 á þann hátt að tekið verði til skoðunar að heimila afnám tengigjalds við sértækar aðstæður og þá sem aðgerð í úrlausn á bættu raforkuöryggi?

Landsnet ber ábyrgð á rekstri flutningskerfisins og ber samkvæmt raforkulögum að tengja við flutningskerfið alla þá sem eftir því sækjast, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir tengingu og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Í 8. mgr. 12. gr. raforkulaga er kveðið á um að krefjast skuli greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Þá er og kveðið á um að með sama hætti skuli taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins. Tenging nýrra virkjana eða stórnotenda hefur að sjálfsögðu kostnað í för með sér, en ákvæðinu er ætlað að taka af tvímæli um að sú tenging megi ekki auka verulega kostnað annarra notenda flutningskerfisins.

Ráðuneytinu hefur borist erindi Vesturverks ehf. þar sem krafist er að raforkulögum verði breytt þannig að Landsnet fái lagalega heimild til að fella niður tengigjald vegna Hvalárvirkjunar. Ráðuneytið leitaði eftir afstöðu Landsnets til erindisins og í umsögn bendir fyrirtækið á að við núverandi lagaumhverfi telji fyrirtækið ekki mögulegt að fella niður tengigjöld einstakra viðskiptavina vegna þeirra áhrifa sem það hefði á almenna gjaldskrá. Þá er bent á að lagabreytingar í þessu efni kalli augljóslega á aðrar fjármögnunarleiðir, t.d. niðurgreiðslur úr ríkissjóði eða álagningu einhvers konar raforkujöfnunargjalda. Ráðuneytinu hefur enn fremur borist áskorun frá Ísafjarðarbæ, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Orkubúi Vestfjarða þar sem þeim eindregnu tilmælum er beint til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því að tengigjöld Hvalárvirkjunar verði greidd úr ríkissjóði.

Í samræmi við ákvæði raforkulaga er starfandi nefnd til að endurskoða raforkulögin. Þeirri endurskoðun á að ljúka fyrir 31. desember 2010. Erindi Vesturverks hefur verið kynnt nefndinni og mun hún taka afstöðu til þess hvort lagðar verði til breytingar á 8. mgr. 12. gr. sem og öðrum greinum raforkulaga. Þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir verður tekin afstaða til þeirra.

Þá er rétt að benda á að skipaður hefur verið ráðgjafahópur til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum. Hópnum er jafnframt falið að leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða með tilliti til möguleika svæðisins til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og fjalla um mismunandi möguleika á að nýta raforku til atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum á næstu árum. Hópnum er falið að skila ráðherra greinargerð fyrir lok ársins en honum ber í störfum sínum að hafa samráð við sveitarfélög á Vestfjörðum.

429. Svar [184. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um sparnað af fyrirhuguðum breytingum á héraðsdómstólum, sýslumannsembættum og lögreglu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklir fjármunir munu sparast við boðaðar breytingar varðandi:

a. héraðsdómstólana,
b. sýslumannsembættin,
c. lögreglu?

Héraðsdómstólar.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 er gerð krafa um að sparað verði um 50 millj. kr. í rekstri héraðsdómstólanna á næsta ári og verði heildarfjárveiting til þeirra á næsta ári 935,4 millj. kr. Hagræðingarkrafan á héraðsdómstólana samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er því 5% miðað við fjárveitingar fyrra árs. Ljóst er að héraðdómstólunum er gert að spara verulega fjármuni og næst það ekki án breytinga á rekstrarumhverfi dómtólanna. Frumvarpi ráðherra á þskj. 104 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, er m.a. ætlað að gera héraðsdómstólunum kleift að standa undir þessari hagræðingarkröfu.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu á það sér þann aðdraganda að dómstólaráð lagði í ársbyrjun 2009 tillögur fyrir ráðherra í tengslum við ráðagerðir um sparnað í rekstri héraðsdómstóla, þar sem því var m.a. hreyft að draga mætti talsvert úr kostnaði af þeim með því að sameina þá, en halda þó starfsemi þeirra áfram eftir þörfum um allt land á sérstökum starfsstöðvum. Með þessu mundi kostnaður minnka vegna yfirstjórnar og húsnæðis auk tækjabúnaðar og mannahalds, þó að dómurum yrði ekki fækkað. Um leið mætti stuðla að því að starfskraftar dómara nýttust betur með því að störf dómenda takmarkist ekki við tiltekið umdæmi og dómendur hvar sem er á landinu geti dæmt í málum sem fjallað er um á lægra dómstigi. Dómskerfið yrði þannig betur í stakk búið til að mæta álagi á einstökum starfsstöðvum þegar þörf krefði en nú sem stendur er málafjöldi mjög mismunandi eftir dómstólum. Á þennan hátt yrði búið í haginn til að mæta auknu álagi á héraðsdómstóla, sem reiknað hefur verið með vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Lagabreytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela einnig í sér beinan sparnað við yfirstjórn dómstólanna auk möguleika á frekari hagræðingu. Sparnaður af þeim breytingum sem fjallað er um í fyrrgreindu þingmáli er af ýmsu tagi, en ræðst mjög af því hvernig það svigrúm verður nýtt sem felst í sameiningu á umdæmum héraðsdómstólanna.

Það sem liggur fyrir er að með því að hafa einn dómstjóra í stað þess að deila 2,15 stöðugildum á átta dómstjóra sparast rúmlega 6 millj. kr. á ári.

Með því að vera með bakvaktir á tveimur stöðum á landinu í einum sameinuðum héraðsdómi mundu sparast rúmlega 20 millj. kr. til viðbótar á ári.

Ef farin yrði sú leið að spara í húsnæði með því að leggja niður fast aðsetur dómstóls á t.d. tveimur stöðum (án þess að í því fælist samsvarandi fækkun starfsfólks) mundu sparast eitthvað á annan tug milljóna í viðbót en ekkert liggur fyrir um að til slíkra breytinga þyrfti að koma.

Líklegt er þó að mesti sparnaðurinn liggi í því að lagaheimild fáist til þess dreifa álagi vegna málafjölda á héraðsdómara um allt land en erfiðara er að meta þann sparnað. Hann

kemur fram í því að síður þarf að bæta við héraðsdómurum á einstökum dómstólum þar sem álag er mest.

Komi til greiðslna vegna biðlaunaréttar vegna þessara breytinga er ekki unnt að gera ráð fyrir að öllum þessum sparnaði verði náð fram þegar við gildistöku þess frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi.

Sýslumannsembættin og lögregla.

Fram hefur komið að á vegum ráðuneytisins er unnið að tillögum um breytt skipulag sýslumannsembætta og lögreglu. Gert er ráð fyrir að lagt verði fram frumvörp þessa efnis á þessu löggjafarþingi. Starfshópur, skipaður af ráðherra, hefur þegar skilað tillögum sínum um sameiningar lögregluembætta. Þá eru tillögur um endurskipulagningu sýslumannsembætta til vinnslu og munu þær berast ráðuneytinu í febrúar nk. Þessi mál eru ekki á því stigi að unnt sé að slá föstu hve mikið sparast við umræddar breytingar, en við þessa vinnu hefur verið leitast við að útfæra breytingar með þeim hætti að sparnaður í útgjöldum ríkisins á þessum sviðum beinist að yfirstjórn embætta og hagræðingu í bakvinnslu, en beinist ekki af fullum þunga á kjarnastarfsemi lögreglu og sýslumanna. Þannig verði komið til móts við hagræðingarkröfu fjárlagafrumvarps næsta árs án þess að veruleg skerðing verði á grunnþjónustu löggæslu- og sýslumannsembætta.

Þess má geta að sameining lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 hefur gert lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu kleift að ráðast í umtalsverða rekstrarhagræðingu sem ella hefði ekki verið möguleg án stórfelldra uppsagna eða svipaðra aðgerða.

430. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frá Einari K. Guðfinnssyni og Jóni Gunnarssyni.

Við 72. gr. Við 2. efnismgr. b-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um dýrapróteín sem unnið er úr sjávarspendýrum fyrir einmaga dýr á innanlandsmarkað.

431. Frumvarp til laga [325. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 45. gr. er framhaldsskólum heimilt fram til loka skólaársins 2011–2012 að miða fjárhæð gjalds vegna náms sem þeir bjóða utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla og í fjarnámi við allt að þriðjung af meðalkennsluframlagi á nemanda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Annars reiknast gjaldið hlutfallslega miðað við fjölda námsgreina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 45. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, voru gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla þrengdar frá því sem var í lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Þannig var ákveðið í 4. mgr. ákvæðisins að hámarksfjárhæð gjaldsins skyldi miðast við 10% af meðalkennsluframlagi á nemanda samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Annars skyldi gjaldið reiknast hlutfallslega miðað við fjölda þeirra námsgreina sem yrðu valdar í kvöldskóla eða fjarnámi. Í reglugerð nr. 614/2009, um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla, var hámarkið útfært þannig að taka mætti allt að 2.500 kr. gjald fyrir hverja námseiningu.

Fyrir gildistöku laga nr. 92/2008 var framhaldsskólum heimilt að innheimta allt að þriðjungi kennslukostnaðar með nemendagjöldum. Framlög til skólanna í fjárlögum miðuðust þá við ⅔ af kostnaði við nemendaígildi. Eftirstandandi þriðjungi var mætt með nemendagjöldum. Til að mæta lækkun heimilda skóla til innheimtu kennslugjalda verður að hækka framlög í fjárlögum úr 67% í 90% af nemendaígildum í kvöldskóla. Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er slík breyting ekki í fjárlagaforsendum 2010. Því munu vanta um 20% upp á að framhaldsskólar fái framlög er samsvari kennslukostnaði í kvöldskóla. Að óbreyttum lögum er ljóst að lagabreytingin mun leiða til aukins kostnaðar fyrir framhaldsskóla sem boðið hafa upp á nám í kvöldskóla umfram þær kröfur sem gerðar hafa verið um hagræðingu innan framhaldsskólans. Í þessu ljósi er lagt til að ákvæði 2. mgr. 33. gr. eldri laga um heimildir framhaldsskóla til innheimtu gjalda gildi tímabundið eða út skólaárið 2011–2012.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Með frumvarpinu er lagt til að framhaldsskólum verði heimilt að miða fjárhæð gjalds, fyrir nám sem þeir bjóða utan reglubundins starfstíma framhaldsskóla og fjarnám við allt að þriðjung af meðalkennsluframlagi á nemanda samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Ákvæðið er til bráðabirgða og gildir fram til loka skólaársins 2011–2012. Samkvæmt gildandi lögum miðast gjaldtakan við 10% af meðalkennsluframlagi. Í forsendum frumvarps til fjárlaga 2010 var gert ráð fyrir því að gjaldtakan yrði um þriðjungur af meðalframlagi úr ríkissjóði. Í fjárlagafrumvarpinu er reiknað með að framlag á námseiningu sé um 25.000 kr. og að gjaldtaka á námseiningu verði um 8.250 kr. Gert er ráð fyrir að um 225 nemendur muni stunda fullt 35 eininga nám í kvöldskóla árið 2010.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja að forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir 2010 gangi eftir og að útgjöld skólanna vegna þessa náms verði ekki meiri en þar er gert ráð fyrir.

432. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarp þetta gengur út á það að landið verði gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Með því er stefnt að aukinni skilvirkni í störfum. Minni hlutinn fellst ekki á slíka framkvæmd án þess að vandað sé betur til verka:

a. *Samhliða stærstu skattkerfisbreytingu sem gerð hefur verið hér á landi í marga áratugi verði ekki farið í umfangsmiklar breytingar á skattumdæmum.* Það fer ekki saman og getur beinlínis reynst hættulegt. Miðað við umsagnir við málið og fleiri gögn, og þær breytingar sem eru fram undan á skattkerfinu, má telja víst að hér séu stjórnvöld að færast of mikið í fang með því að fara einnig út í þessar breytingar.
b. *Tillögur að breytingum verði unnar í nánu samráði við skattstjóraembættin út um landið.* Þvert á móti var það ekki gert heldur voru tillögur unnar af vinnuhópi ráðherra sem skipaði tvo skrifstofumenn úr ráðuneyti, ríkisskattstjóra og aðeins tvo af níu af skattstjórum landsins. Aðrir fengu ekki að koma að störfum hópsins. Þar að auki hafa komið fram upplýsingar við þinglega meðferð málsins um að hópnum hafi verið sagt hvernig niðurstöður hans ættu að verða.
c. *Vinna ætti málið í anda byggðastefnu stjórnvalda í stað þess að leggja fram tillögur sem í raun munu leggja niður skattstofur, m.a. í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Siglufirði.* Í þessu felst ómakleg aðför að landsbyggðinni þar sem engar ráðningar verða í stað

þeirra starfa sem losna. Rétt er að muna hversu miklu máli það getur skipt minni bæjarfélög ef jafnvel þrjú til fjögur störf eru lögð niður.

d. *Nánari útfærsla mála ætti að liggja fyrir til að auðvelda starfsfólki vinnu sína áður en farið er í lagabreytingar.* Þvert á móti er ekkert orðið ljóst um að hægt verði að dreifa verkefnum og ekkert orðið klárt varðandi framkvæmdarleg atriði. Það verður að gefa starfsmönnum skattsins frið og skattyfirvöldum kost á að kynna breytingarnar, enda eiga skrifstofur þeirra að vera tilbúnar að svara spurningum varðandi þær innan fárra daga.

e. *Mikilvægast er að komið sé fram af virðingu við starfsfólk.* Þvert á móti virðist fátt ef nokkuð vera fast í hendi fyrir það.

f. *Algjör vissa ætti að ríkja um hvort breytingar á skattumdæmum landsins spari 140 millj. kr. árið 2010.* Þvert á móti þykir líklegra að kostnaður við breytingarnar muni auka útgjöld ríkissjóðs.

Minni hlutinn mælist til þess að málið verði unnið með framangreindum hætti, sem sómi væri að, áður en Alþingi samþykkir lög í þessa veru.

Í ljósi þessa samþykkir Alþingi að aðhafast ekki frekar í málinu að svo stöddu og leggur til að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið fyrir því gild rök að ekki sé hægt að fallast á slíka framkvæmd, án þess að fjármálaráðherra vandi betur til verka, samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson, frsm.	Pétur H. Blöndal.	Tryggvi Þór Herbertsson.

433. Nefndarálit [81. og 82. mál]

um frv. til l. um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Guðrúnu J. Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Valdimar Össurarson frá Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Elínóru Ingu Sigurðardóttur frá Félagi kvenna í nýsköpun, Ágúst H. Ingþórsson frá Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands, Rögnvald J. Sæmundsson frá Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík, Finnboga Jónsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Hallgrím Jónasson frá Rannís, Þórð Friðjónsson, Pál Harðarson og Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöllinni og Frosta Sigurjónsson, Guðjón Má Guðjónsson og Hjálmar Gíslason. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra,

Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Seðlabanka Íslands, Ríkisendurskoðun, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Kauphöll Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Reykjavíkurakademíunni, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði Íslands, Byggðastofnun, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands, Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík, Rannsóknarmiðstöð Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi kvenna í nýsköpun, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands og Frosta Sigurjónssyni og fleiri stjórnendum í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum.

Markmið frumvarpsins er að styðja framlög til nýsköpunar og stuðla að aukinni verðmætasköpun. Annars vegar er lagt til að nýsköpunarfyrirtækjum sem taka á sig kostnað vegna rannsóknar- og þróunarverkefna verði að greindum skilyrðum heimilt að draga tiltekið hlutfall kostnaðarins frá álögðum tekjuskatti (skattfrádráttur). Hins vegar er lagt til að einstaklingum og lögaðilum verði heimilt að greindum skilyrðum að draga frá tekjuskattsstofni kostnað vegna kaupa á hlutabréfum útgefnum af nýsköpunarfyrirtækjum (skattafsláttur vegna hlutafjáraukningar). Ákvæði frumvarpsins koma ekki til framkvæmda fyrr en það hefur fengið staðfestingu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem lögmæt ríkisaðstoð.

Með nýsköpunarfyrirtæki er átt við þá lögaðila sem tilgreindir eru í 1. og 3. tölul. 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og hlotið hafa staðfestingu Rannís skv. 4. gr. frumvarpsins (82. mál). Skilyrði staðfestingar falla ekki að öllu leyti saman þegar sótt er um skattfrádrátt, sbr. 5. gr., annars vegar og hlutafjáraukningu, sbr. 6. gr., hins vegar. Lögaðili á þess kost að sækja um hvort tveggja. Synjun Rannís á staðfestingu sætir ekki stjórnsýslukæru.

Hlutverk skattyfirvalda er samkvæmt frumvarpinu að hafa eftirlit með framkvæmd skattfrádráttar og skattafsláttar vegna hlutafjáraukningar en um það gilda reglur III. kafla frumvarpsins og frumvarp sem lagt er fram samhliða til breytinga á lögum um tekjuskatt (81. mál).

Umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir í garð frumvarpsins og töldu að efling rannsókna og þróunarstarfs væri forsenda öflugs atvinnulífs. Samband íslenskra sveitarfélaga tók fram að tilgangur frumvarpsins réttlætti lækkun tekna opinberra aðila sem af samþykkt þess kynni að leiða í ljósi væntinga um aukna verðmætasköpun til framtíðar.

Við umfjöllun nefndarinnar var bent á þörfina fyrir að skilyrði frumvarpsins fyrir staðfestingu Rannís væru skýr og hlutlæg og enn fremur að orðskýringar veittu stofnuninni leiðsögn um hvort skilyrðin væru uppfyllt. Huga þyrfti vel að því hvað átt væri við með lykilhugtaki eins og „nýsköpun“ en markmið frumvarpsins væri að auka fjárfestingu í henni. Innan nefndarinnar komu fram ólíkar skoðanir á því hversu víðtæka merkingu hugtakið hefði og hvaða aðili væri best til þess fallinn að meta nýnæmi.

Rætt var hvort eðlilegt væri að fela Rannís vald til að staðfesta umsóknir lögaðila í ljósi þeirrar sérkunnáttu sem þar er til að dreifa og reynslu af rekstri ýmissa samkeppnissjóða. Töldu sumir að þessu valdi væri betur fyrir komið annars staðar og að jafnvel kæmi til greina að eftirláta löggiltum endurskoðendum þetta mat. Jafnframt var gagnrýnt að synjun Rannís á staðfestingu ætti samkvæmt frumvarpinu ekki að vera kæranleg til æðra stjórnvalds. Aðrir bentu á að tilgangur frumvarpsins væri ekki að niðurgreiða hvers konar breytingar sem horfðu til framfara innan fyrirtækja heldur að efla nýsköpun á sviði rannsókna. Hlutverk Rannís væri í því ljósi ekki óeðlilegt þótt e.t.v. mætti leyfa fulltrúum annarra aðila að taka þátt í staðfestingarferlinu eða gerð verklagsreglna sem liggja því til grundvallar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að verklagið verði ákveðið í samráði við helstu hagsmunaaðila og stofn-

anir á þessu sviði og þess verði gætt að umsóknarferlið verði einfalt, skýrt, hlutlægt og hraðvirkt.

Áhyggjuefni þótti að skilyrði skattfrádráttar kynnu að vera of íþyngjandi og stæðu í vegi fyrir því að smærri þekkingarfyrirtæki nytu góðs af frumvarpinu. Talsmenn þeirra lögðu því sérstaka áherslu á að lækka fjárhæðina í 2. tölul. 5. gr. frumvarpsins og hækka hlutfallstöluna í 1. mgr. 10. gr. (mál nr. 82). Fyrrnefnda greinin setur það sem skilyrði staðfestingar að lögaðili hafi varið a.m.k. 20 millj. kr. árlega til rannsókna og þróunar en hin síðarnefnda á við um hámark þess kostnaðar sem staðfestu nýsköpunarfyrirtæki er heimilt að leggja til grundvallar við útreikning á skattfrádrætti. Meiri hlutinn skilur framangreindar áhyggjur og leggur til að fjárhæðarmörkin lækki í 5 millj. kr. Einnig leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu á 3. tölul. 5. gr. frumvarpsins (82. mál) í þágu ungra fyrirtækja sem hafa oft ekki aðstöðu til rannsóknarstarfa.

Í tilefni af athugasemdum sem fram komu á fundum nefndarinnar var áréttað af hálfu fjármálaráðuneytisins að lögaðili sem hlyti staðfestingu Rannís til aukningar á hlutafé uppfyllti þegar af þeirri ástæðu skilyrði til að fá staðfestingu til skattfrádráttar en ekki öfugt. Meiri hlutinn telur þessa tilhögun eðlilega.

Nefndin ræddi árlegar heimildir skattaðila samkvæmt frumvörpunum (81. og 82. mál) til frádráttar frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga í viðurkenndu nýsköpunarfyrirtæki. Á hverju ári getur frádrátturinn numið 300.000 kr. í tilviki einstaklinga, 600.000 kr. hjá hjónum og 15 millj. kr. hjá lögaðilum. Sérstaklega var rætt hvort ástæða væri til að hækka þessi viðmiðunarmörk hjá einstaklingum eða heimila þeim að nýta á einu ári frádráttarheimildir næstu ára sem ætti að gera fjármögnun markvissari. Í annan stað var rætt hvort heimila ætti slíkan skattafslátt ekki aðeins þegar um beina fjárfestingu væri að ræða í nýsköpunarfyrirtæki heldur einnig þegar keypt væri hlutdeild í sjóði sem fjárfesti í slíkum fyrirtækjum. Voru færð rök fyrir því að sjóðirnir mundu auðvelda aðgengi fyrirtækjanna og draga úr áhættu fjárfesta vegna þessara viðskipta sem væru í eðli sínu áhættusöm. Af hálfu fjármálaráðuneytis var lagst gegn því að heimila skattafslátt vegna fjárfestingar í sjóðum þar sem skatteftirlit væri ekki undir það búið og í því efni vísað til fyrri reynslu af skattafslætti vegna hlutafjárkaupa. Jafnframt benti ráðuneytið á að yrði frumvarpið samþykkt kæmu lögin til endurskoðunar að liðnum tveimur árum. Meiri hlutinn fellst á sjónarmið ráðuneytisins. Einnig telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að rýmka heimildir einstaklinga til fjárfestingar á þessu stigi en hvetur til þess að vel verði fylgst með þróun nýsköpunar verði frumvarpið samþykkt eins og Samtök verslunar benda á í umsögn sinni. Meiri hlutinn telur enn fremur eðlilegt að við mat á því hvort umsókn lögaðila fullnægi skilyrðum til hlutafjáraukningar verði hugað að vernd fjárfesta og með þeim almenna fyrirvara að fjárfesting í nýsköpun sé í eðli sínu áhættusöm.

Við umfjöllun nefndarinnar var athygli vakin á því að skilgreining 6. tölul. 3. gr. (82. mál) á opinberu hlutafélagi sé hin sama og í 2. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Meiri hlutinn áréttar að Rannís er ríkisstofnun og er samkvæmt því almennt bundin af stjórnsýslulögum.

Að fengnum ábendingum Félags löggiltra endurskoðenda leggur meiri hlutinn til umorðun á orðalagi 3. mgr. 10. gr. (82. mál). Þá telur meiri hlutinn að tilvísun til sömu félagaforma í 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. sé óþörf enda komi skilgreining á nýsköpunarfyrirtæki fram í 5. tölul. 3. gr. (82. mál).

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ögmundur Jónasson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	

434. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, LMós, MSch, ÖJ, SII).

Í stað orðsins „vera” í 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. komi: nema.

435. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, LMós, MSch, ÖJ, SII).

1. Við 5. gr.
   a. Í stað tölunnar „20“ í 2. tölul. komi: 5.
   b. 3. tölul. orðist svo: starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.
2. Við 10. gr.
   a. Orðin „sbr. skilyrði reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Kostnaður sem ekki fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færist slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda.
3. Við 14. gr. Orðin „í sömu félagaformum“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.

436. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarp þetta gengur út á það að óheimilt verði til ársloka 2010 að hækka laun þeirra sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs, þó ekki forseta Íslands.

Við meðferð málsins hefur komið fram allhörð gagnrýni á tillöguna:

a. *Vegið að sjálfstæði dómsvalds og m.a. gengið gegn athugasemdum sérstakrar nefndar á vegum Evrópusamtaka dómara frá maí 2009 og alþjóðasamtaka dómara frá október 2009.*

Ljóst er að í kjölfar hrunsins mun málafjöldi og álag á dómstóla aukast gríðarlega. Þannig hefur málafjöldi þegar aukist um 40% hjá Hæstarétti og viðbúið að hann muni aukast enn frekar. Það er glapræði að halda dómarastéttinni í gíslingu og ógn við réttaröryggið. Ef alþjóðasamtök álykta á þeim nótum er viðbúið að traust á íslenska réttarríkinu mun dvína sem leiðir til vantrúar að hægt sé að framfylgja samningum sem aftur hamlar fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Að auki er brýnt að leita allra ráða til að styrkja trú Íslendinga sjálfra á stofnanir samfélagsins og er þessi ráðstöfun ekki liður í því.

b. *Verið er að eyðileggja launakerfi ríkisins því að kjararáð taki hvort sem er mið af launaþróun.*

Fram kom í máli framkvæmdastjóra kjararáðs að ráðstöfunin hefti ráðið í ákvörðunum sínum og stefndi í voða launakerfi ríkisins. Þá kom fram að ákvörðun þingsins um að setja lög sem lúta að því að gera forsætisráðherra að launahæsta ríkisstarfsmanninum hefði verið afar óheppileg. Ákvörðunarvaldið er tekið úr höndum réttbærra fagaðila og fært inn í sali Alþingis þar sem önnur sjónarmið ráða. Þetta verður að telja afar slæmt fyrir sjálfstæði stjórnskipaðra aðila sem falið er afmarkað viðkvæmt hlutverk fyrir ríkið. Það má vera að ríkisstjórnin nái fram einhverju settu markmiði sínu en um leið eru markmið kjararáðs virt að vettugi.

c. *Gengið er hættulega nærri samkeppnishæfni landsins hvað varðar viðkomandi starfsstéttir.*

Líklegt er að ráðstöfunin geti komið losi á starfsmenn sem hún nær til. Tilviljanakennd ákvörðun sem þessi er ekki í anda fagmennsku og gæti niðurstaðan allt eins orðið sú að erfitt verði að manna stöður sem heyra undir ráðið hæfum einstaklingum og að þeir sem fyrir eru sætti sig ekki við málsmeðferð og leiti til annarra landa eftir störfum.

d. *Tillagan felur í sér óraunsæja hugmynd um að launamönnum á þessu sviði muni almennt ekki fækka.*

Nafnlaun á almennum markaði hafa hækkað undanfarið og skýtur það mjög skökku við að viðhalda launalækkun sem ákvörðuð var fyrr á þessu ári. Líklegt er að starfsmenn leiti á önnur mið, sérstaklega þar sem álag á þessar stéttir hefur í mörgum tilfellum margfaldast í kjölfar hrunsins.

e. *Málið er ekki einungis táknræn aðgerð ríkisstjórnarinnar heldur allt að því lýðskrum.*

Framangreind atriði hafa ekki verið höfð í huga við ráðstöfunina heldur hafa önnur atriði verið höfð að leiðarljósi. Það er óásættanlegt að fagmennska sé virt að vettugi í viðleitni stjórnvalda við að slá ryki í augu fólks.

Ef það er einlægur ásetningur stjórnvalda að viðhalda launalækkuninni í krafti þess að hún sé táknræn leggur minni hlutinn til að þingmenn verði teknir út úr kjararáði og laun þeirra meðhöndluð á þann táknræna hátt sem ríkisstjórninni þykir best henta í ímyndarbaráttu sinni en aðrar stéttir verði ekki dregnar inn í hana. Slíkt kæmi til móts við markmið ríkisstjórnarinnar en stefndi ekki launakerfi ríkisins í voða. Auk þess sem hættan á spekileka yrði þá minnkuð.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. des. 2009.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. | Birkir Jón Jónsson. | Pétur H. Blöndal.

Þór Saari.

437. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóraembættinu, ríkisskattstjóra, Persónuvernd og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði ákvæði við skaðabótalög um að ef starfsmaður verður fyrir líkamstjóni í starfi skuli hann eiga rétt til fullra bóta fyrir tjón sitt samkvæmt lögunum nema hann hafi verið meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þá er jafnframt lagt til að þeir sem eiga rétt til bóta vegna missis framfæranda sem deyr vegna slíks tjónsatviks þurfi jafnframt ekki að sæta skerðingu á rétti sínum nema hinn látni hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bætur úr hendi vinnuveitanda til starfsmanns sem verður fyrir tjóni skerðast því ekki nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis starfsmannsins.

Frumvarpið var lagt fram af allsherjarnefnd á 136. löggjafarþingi (þskj. 888, 465. mál) og er lagt fram óbreytt af dómsmála- og mannréttindaráðherra. Forsaga málsins er sú að þáverandi ríkisstjórn Íslands lýsti því yfir í tengslum við frágang kjarasamninga snemma árs 2008 að hún mundi beita sér fyrir þeim breytingum á skaðabótalögum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Skaðabótaábyrgð starfsmanns vegna tjóns sem hann veldur í starfi sínu sætir verulegum takmörkunum samkvæmt gildandi lögum. Í 23. gr. skaðabótalaga er fjallað um bótaábyrgð starfsmanns en þar er vísað til sanngirnisreglu, þ.e. að vinnuveitandi geti einungis krafið starfsmanninn um bætur að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti. Sama gildir um skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola og má skerða bætur eða fella niður þyki það sanngjarnt. Þessi réttarregla byggist að nokkru á almennri útbreiðslu vátrygginga í atvinnurekstri.

Þróunin hefur því verið sú að létta skaðabótaábyrgð af starfsmanni eða takmarka hana ef hann veldur tjóni við framkvæmd starfa í þágu vinnuveitanda. Starfsmaður er hins vegar enn berskjaldaður ef hann verður sjálfur fyrir tjóni í starfi sínu sem hann kann að bera einhverja ábyrgð á. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þróun skaðabótaréttar á Norðurlöndunum hefur verið í þá veru að takmarka meðábyrgð starfsmanna sem verða fyrir líkamstjóni við vinnu sína við stórkostlegt gáleysi eða ásetning.

Nefndin fellst á að takmörkun þeirrar skaðabótaábyrgðar sé brýn, sérstaklega þegar starfsmaður verður fyrir líkamstjóni sem hefur varanlegar afleiðingar, t.d. umtalsverða starfsorkuskerðingu til frambúðar og er hann þá illa í stakk búinn til að bera sjálfur skaðabótaábyrgð þannig að bætur til hans verði lækkaðar.

Þá telur nefndin einnig eðlilegt að sömu takmarkanir verði gerðar á skaðabótaábyrgð hins látna og greiðslu bóta til þeirra sem eiga rétt á bótum vegna missis framfæranda.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að í greinargerð með frumvarpinu væri ekki tekið skýrt fram að með ákvæði um meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns sé ekki lögð til nein breyting á reglum um grundvöll ábyrgðar vinnuveitanda eða annars aðila sem kann að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem starfsmaður verður fyrir í starfi sínu. Nefndin telur ekki þörf á að fjalla sérstaklega um bótagrundvöllinn enda almennt ekki gert í skaðabótalögum heldur hefur hann ráðist af almennum óskráðum reglum og þess vegna getað þróast í takt við breytingar í þjóðfélaginu og t.d. aukna útbreiðslu hvers konar vátrygginga, einkum ábyrgðartrygginga og bendir einnig á að þessi sama nálgun hefur einnig tíðkast í Danmörku.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ólöf Nordal og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur álitinu.

Alþingi, 15. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.	Róbert Marshall.

438. Fyrirspurn [326. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um aðgerðir vegna meintra brota á gjaldeyrisreglum.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið og til hvaða aðgerða verður gripið af hálfu ráðuneyta, Seðlabanka, Fjármálaeftirlitis og annarra yfirvalda vegna þeirra meintu brota á gjaldeyrisreglum sem nú eru til skoðunar?
2. Hvað er unnt að gera til að koma í veg fyrir frekari brot á gjaldeyrisreglum?

Skriflegt svar óskast.

439. Fyrirspurn [327. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um jöklabréf og gjaldeyrishöft.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Hafa gjaldeyrishöft komið í veg fyrir greiðslur úr landi vegna jöklabréfa sem eru komin á gjalddaga?
2. Hvernig er eftirliti með þessum málum háttað?
3. Hvaða áhrif er talið að það muni hafa þegar dregið verður úr gjaldeyrishöftum?
4. Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir því að leysa málefni tengd jöklabréfum þannig að hægt verði að losa um gjaldeyrishöftin?
5. Eru viðurlög við því að koma andvirði bréfanna úr landi?

Skriflegt svar óskast.

440. Fyrirspurn [328. mál]

til heilbrigðisráðherra um rétt einhleypra kvenna til að fá gjafaegg.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

Hver er réttur einhleypra kvenna með skerta frjósemi til að fá gjafaegg, samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996?

Skriflegt svar óskast.

441. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Þór Sigurðsson, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur, Sturlaug Tómasson, Vilborgu Ingólfsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Sigríði Lillý Baldursdóttur, Rögnu Haraldsdóttur og Runólf Pétursson frá Tryggingastofnun ríkisins, Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun, Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði, Karl Björnsson og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stellu K. Víðisdóttur frá Reykjavíkurborg, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Árnason og Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Þórð Hjaltested frá Kennarasambandi Íslands, Guðríði Ólafsdóttur og Guðmund Magnússon frá Öryrkjabandalaginu, Helga Hjálmsson og Valgerði H. Jónsdóttur frá Landssambandi eldri borgara, Unnar Stefánsson, Sigurð Einarsson og Kristjönu H. Guðmundsdóttur frá Félagi eldri borgara og Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp. Umsagnir bárust nefndinni frá Velferðarvaktinni, Alþýðusambandi Íslands, Jafnréttisráði, Samtökum fjármálafyrirtækja, Þroskahjálp, Jafnréttisstofu, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Stúdentafélagi Hólaskóla, Nemendafélagi Landbúnaðarháskóla Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Ákvæði frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á sex lögum. Umfangsmestar eru breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Í fyrsta lagi er lagt til að valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga verði rýmkað. Í öðru lagi að hámarksfrestur úrskurðarnefndarinnar verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá. Í þriðja lagi verði kveðið á um aðfararhæfi endurkrafna ofgreiddra bóta. Í fjórða lagi verði örorkulífeyrir greiddur frá 18 ára aldri í stað 16 ára

sem hafi þó ekki áhrif á þá sem þegar fá greiddan lífeyri en hafa ekki náð 18 ára aldri. Í fimmta lagi að heimilt verði að greiða bætur í einu lagi eftir á óski bótaþegi þess og í sjötta lagi er lagt til að breytingar verði gerðar á reglum um innheimtu ofgreiddra bóta.

Þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, er m.a. ætlað að styrkja ríkjandi framkvæmd og veita henni skýra lagastoð. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæði um heimild til greiðslu barnalífeyris ef annar foreldra eða báðir eru látnir sem og ef annar foreldra eða báðir eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar. Önnur veigamikil breyting sem lögð er til er að heimilt verði að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 36 mánuði á grundvelli endurhæfingaráætlunar auk þess sem m.a. er ekki lengur skilyrði lífeyrisins að á undan hafi verið greiddir sjúkradagpeningar eða slysadagpeningar. Þá er lagt til að ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyri taki breytingum í samræmi við framkvæmd og ákvæði reglugerðar. Einnig er lagt til að það tímabil sem þarf að líða milli greiðslna uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða verði lögfest en það er fimm ár samkvæmt reglugerð.

Á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, eru lagðar til þær breytingar að kröfur lífeyrissjóða um lífeyrisiðgjöld í sjóðinn beri vexti til jafns við aðrar kröfur tengdar launum. Þá er lagt til að ábyrgðagjald í sjóðinn hækki úr 0,2% í 0,25% af gjaldstofni. Með þessu er verið að hverfa frá breytingum sem gerðar voru á lögunum og tóku gildi 1. júlí 2009.

Lagt er til að við lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, bætist ákvæði til bráðabirgða sem ætlað er að fresta greiðslum vegna þriðja sameiginlega mánaðar foreldra í orlofi þar til 36 mánuðir eru liðnir frá fæðingu barns eða frá því að barn kom inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Ákvæðin eiga að gilda frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um málefni aldraða, nr. 152/1999. Er þeim ætlað að hækka framlag í Framkvæmdasjóð aldraða, lagfæra orðalag ákvæðis um heimild Tryggingastofnunar til að halda eftir greiðslum vistunarframlags til daggjaldastofnunar og framlengja ákvæði um leiðréttingu kostnaðarþátttöku vistmanns í vistunarframlagi. Að auki er lagt til að Framkvæmdasjóði aldraða verði veitt heimild til að verja fé úr sjóðnum til reksturs hjúkrunarrýma fyrir aldraða rekstrarárin 2012–2013.

Að síðustu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem er ætlað að veita Íbúðalánasjóði heimild til að lána sveitarfélögum fyrir allt að 100% af framkvæmdakostnaði við kaup eða byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða.

Umfjöllun nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og kynnt sér þær breytingar sem í því felast auk þess sem nefndin hefur kynnt sér sjónarmið hinna ýmsu hagsmunahópa og aðila til frumvarpsins. Meiri hlutanum er ljóst að mikilvægt er að ljúka ákveðnum hluta frumvarpsins fyrir áramót vegna tengsla við fjárlagafrumvarp. Í því eru þó ákvæði sem hafa verið umdeild og gagnrýnd harðlega í samfélaginu. Hefur nefndin varið talsverðum tíma í að kynna sér sjónarmið aðila og leita lausna sem eru sársaukaminnstar í þeim niðurskurði sem gera þarf í ríkisfjármálum. Meiri hlutinn áréttar að þó að reynt sé að gæta að rétti þeirra sem hvað minnst hafa verður að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og er ekki hægt að skorast undan þeirri niðurskurðarkröfu sem gerð er. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að þær ráðstafanir sem gripið er til séu tímabundnar og gangi til baka þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa. Í frumvarpinu eru þó jafnframt ákvæði sem ríkir almenn sátt um, eru ívilnandi, ætluð til skýringar eða styrkja lagastoð framkvæmdar.

Breytingar á lögum um almannatryggingar.

Í I. kafla frumvarpsins er m.a. lagt til að valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga verði rýmkað og sá tími sem hún hefur til að kveða upp úrskurði sína verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að þrír mánuðir mundu ekki duga úrskurðarnefndinni til að vinna mál sín, málafjöldi væri nú þegar mjög mikill og miklar tafir á úrskurðum frá henni. Meiri hlutinn telur þó nauðsynlegt að réttaróvissu varðandi valdsvið úrskurðarnefndarinnar verði eytt og áréttar mikilvægi þess að fleiri eigi greiða leið að henni. Þrátt fyrir mikið álag á úrskurðarnefndinni virðist hún sátt við útfærslu valdsviðs og að málafjöldi verði aukinn. Telur meiri hlutinn því ekki rétt að standa í vegi fyrir þeim réttarbótum sem ákvæðinu fylgja en telur þó mikilvægt að starfsemi úrskurðarnefndarinnar verði skoðuð nánar, málafjöldi hennar kannaður sem og meðalafgreiðslutími með það fyrir augum að gera þær breytingar á starfsemi hennar sem þörf er á. Kemur þar m.a. til álita að mati meiri hlutans að skoðuð verði sameining við aðrar úrskurðarnefndir sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra.

Nefndin ræddi sérstaklega þær breytingar sem lagðar eru til á aldursviðmiði örorkubóta að því verði breytt úr 16 ára aldri í 18 ára aldur. Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er skýrt kveðið á um að einstaklingar undir 18 ára aldri séu börn og er það í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem til stendur að lögfesta. Þá er í mörgum lagaákvæðum miðað við 18 ára aldurinn, m.a. verða einstaklingar lögráða og fjárráða 18 ára og barnabætur, umönnunarbætur og meðlagsgreiðslur fást greiddar vegna barns til 18 ára aldurs þess. Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og telur meiri hlutinn rétt að leitað verði eftir því að samræma aldursviðmið í lögum almennt og telur eðlilegt að skoðað verði að gera slíkt við lögfestingu barnasáttmálans. Ljóst er að þær bætur sem foreldrar fá vegna langveiks eða fatlaðs barns eru lægri en örorkubætur sem einstaklingur fær og því þarf að gæta að því að breytingin verði ekki til þess að of þungar byrðar verði lagðar á fjölskyldur langveikra og fatlaðra barna. Almenn sátt virðist þó vera um ákvæðið, m.a. meðal hagsmunahópa, svo sem Öryrkjabandalags Íslands og Þroskahjálpar.

Heildarendurskoðun á greiðslum til foreldra langveikra og fatlaðra barna stendur fyrir dyrum, bæði hvað varðar umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og greiðslur til foreldra samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Nefndinni hefur verið tjáð að sú endurskoðun verði unnin í samráði við hagsmunasamtök þeirra foreldra sem hér um ræðir og þar verði tekið á öllum þeim þáttum sem lúta að málefnum langveikra og fatlaðra barna, svo sem umönnun, kostnaði og vinnutapi foreldra. Meiri hlutinn telur rétt að þeirri endurskoðun verði hraðað eftir föngum og lagðar til breytingar sem tryggja að heildstætt sé tekið á málefnum þessa hóps.

Í c-lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til að greiði lífeyrisþegar ekki ofgreiddar bætur til baka á 12 mánuðum eftir að krafa stofnaðist leggist 5,5% vextir á eftirstöðvar kröfunnar. Í athugasemdum með greininni kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að vera hvati fyrir einstaklinga til að endurgreiða fjárhæð sem þeir hafa fengið ofgreidda. Á fundum nefndarinnar kom fram að hér væri um lítinn hóp að ræða og oft einstaklinga sem fengju litlar bætur vegna tiltölulega hárra tekna utan kerfisins eða væru jafnvel komnir út úr kerfinu og því væri erfitt að draga ofgreiðslu af bótagreiðslum. Þá var nefndinni tjáð að um 90% ofgreiddra bóta væri hægt að skuldajafna en kröfur vegna ofgreiddra bóta námu um 1,7 milljörðum kr. á síðasta ári. Hér er því um verulegar fjárhæðir að ræða. Í lokamálslið ákvæðisins er kveðið á um að heimilt sé að falla frá kröfu um vexti ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og telur meiri hlutinn rétt að vextir verði einnig felldir niður hafi einstaklingur samið við Tryggingastofnun um

endurgreiðslu ofgreiddra bóta, þó svo greiðslur samkvæmt þeim samningi standi lengur en 12 mánuði. Standi einstaklingur ekki við samning sinn um endurgreiðslur verði þó heimilt að leggja vexti á eftirstöðvar kröfunnar í samræmi við ákvæðið.

Í frumvarpinu er lagt til að frítekjumark vegna atvinnutekna haldist óbreytt við útreikning tekjutryggingar örorkulífeyrisþega. Að auki er lagt til að bætur almannatrygginga og meðlagsgreiðslur hækki ekki í takt við launaþróun eða verðlagsþróun eins og kveðið er á um í 69. gr. laganna. Er það í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010 en þar er kveðið á um að ekki komi til hækkana á launum ríkisstarfsmanna eða á grunnfjárhæðum bótakerfanna, svo sem almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum og vegna annarra nýrra en óhjákvæmilegra útgjaldaskuldbindinga, sem leiða til mikillar skuldasöfnunar, hefur ríkið ekki bolmagn til slíkra hækkana, enda mundi það hafa í för með sér viðbótarútgjöld sem næmu ríflega 11 milljörðum kr. ef miðað er við verðbólguspá frumvarpsins og 3% launahækkun. Hér er um að ræða heildstæða ráðstöfun sem ljóst má vera að verður ekki gripið til nema af brýnni nauðsyn því að það mun óhjákvæmilega leiða til skerðingar kaupmáttar hjá þessum fjölmennu hópum, en jafnt mun yfir alla ganga. Í því sambandi þarf þó einnig að horfa til þess að bótaþegar sem eru með hámarkstryggingu fengu 20% hækkun um síðustu áramót og aðrir bótaþegar fengu tæplega 10% hækkun.

Meiri hlutinn áréttar að mikilvægt sé að verja þennan hóp fyrir niðurskurði en bendir jafnframt á að bætur eru ekki lækkaðar auk þess sem ákvæði um frítekjumark vegna atvinnuþátttöku öryrkja er framlengt. Þá áréttar meiri hlutinn að um bráðabirgðaákvæði er að ræða og að lagafrumvarp um breytingar á almannatryggingakerfinu, sem byggist á heildarendurskoðun sem hefur farið fram frá árinu 2007, verði væntanlega lagt fram á vorþingi 2010.

Breytingar á lögum um félagslega aðstoð.

Almenn sátt virðist ríkja um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um félagslega aðstoð. Þar eru lagðar til ívilnandi breytingar á greiðslu barnalífeyris vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára. Í gildandi lögum er eingöngu heimilt að greiða einfaldan barnalífeyri og er lagt til að sú regla verði felld brott þannig að séu skilyrði ákvæðisins fyrir hendi vegna beggja foreldra sé heimilt að greiða tvöfaldan barnalífeyri. Ungmenni getur því fengið greiddan tvöfaldan barnalífeyri hafi það misst báða foreldra sína, annað foreldra er látið og hitt er örorkulífeyrisþegi eða báðir foreldrar eru öryrkjar eða geta ekki greitt framlag til menntunar eða starfsþjálfunar vegna efnaleysis.

Önnur veigamikil breyting sem lögð er til er að heimilt verði að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 36 mánuði á grundvelli endurhæfingaráætlunar auk þess sem m.a. er ekki lengur skilyrði lífeyrisins að áður hafi verið greiddir sjúkradagpeningar eða slysadagpeningar. Meiri hlutinn er fylgjandi þessari breytingu og telur hana í anda þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á örorkumatskerfinu. Samkvæmt þeim á að leggja áherslu á starfsgetu einstaklinga og starfsendurhæfingu þeirra fremur en vangetu til starfa og að örorkumat verði þannig starfsgetumat sem taki mið af getu einstaklinga. Hér er um stórt hagsmunamál að ræða sem stuðlað getur að bættum kjörum örorkulífeyrisþega og virkari þátttöku þeirra í samfélaginu. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að frumvarp um nýtt kerfi verði lagt fram sem fyrst.

Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Í IV. kafla laganna eru lagðar til breytingar á fæðingar- og foreldraorlofi. Hörð gagnrýni hefur komið fram á breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og ber þar hæst sjónarmið um mikilvægi þess að börn njóti samvista við foreldra sína sem lengst. Margir umsagnaraðilar bentu á að varast skyldi að skerða þann tíma sem börn hefðu til samvista við foreldra sína á mikilvægum tíma í mótunarskeiði þeirra og að með þessari breytingu væri réttur barna einstæðra mæðra til samvista við foreldra í ákveðnum tilfellum skertur niður í fimm mánuði. Meiri hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og bendir jafnframt á að tillagan feli ekki í sér sparnað heldur frestun á útgjöldum ríkissjóðs um 3–4 ár. Ekki telst raunhæft að ætla að staða ríkissjóðs veiti svigrúm til að auka útgjöld vegna fæðingarorlofs sem óhjákvæmilega hlýst af því að frestaðir mánuðir bætast við útgjöld vegna fæðingarorlofs á árunum 2013 og 2014.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2010 er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs um 1.200 millj. kr. Það er sú fjárhæð sem vantar í sjóðinn til að hann geti staðið undir áætluðum útgjöldum ársins 2010.

Meiri hlutinn leggur til að í stað þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu skuli mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skv. 3. mgr. 13. gr. aldrei nema hærri fjárhæð en 300.000 kr. Þá leggur meiri hlutinn til að hlutfall af meðaltali launa og reiknaðs endurgjalds sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr. verði óbreytt, 80%, fyrir þann hluta launa sem er undir 200.000 kr. og 75% fyrir laun umfram 200.000 kr. Sömu reglur gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þannig er þrep sett inn í fæðingarorlofskerfið. Meiri hlutinn velur að leggja til blandaða leið, þ.e. að lækka bæði hámarksgreiðslur og hlutfall launa af launum umfram 200.000 kr. Ef hlutfallið hefði verið óbreytt hefði þurft að lækka mánaðarlegar greiðslur mun meira og ef hámarksfjárhæðin hefði verið óbreytt hefði hlutfallið þurft að lækka meira. Með þessari tillögu er staðinn vörður um kjör þeirra sem eru með lægri tekjur en jafnframt reynt að koma til móts við þá tekjuhærri. Þá er þrepið einnig sett inn til að mismuna ekki þeim sem eru í fullri vinnu samanborið við fólk í hlutastarfi.

Meiri hlutinn telur óheppilegt að verið sé að skerða fæðingarorlofið í þriðja sinn á stuttu tímabili. 1. janúar 2009 lækkuðu mánaðarlegar greiðslur úr 480.000 kr. í 400.000 kr. og 1. júlí voru þær lækkaðar í 350.000 kr. Meiri hlutinn telur að lengra verði ekki gengið og ef þær breytingar sem nú eru lagðar til dugi ekki verði að hækka tryggingagjaldið eða endurskoða fæðingarorlofskerfið í heild sinni.

Meiri hlutinn telur að skynsamlegra hefði verið að taka tillit til aukinnar fjárþarfar Fæðingarorlofssjóðs þegar tryggingagjaldið var hækkað 1. júlí sl. og í fyrirhugaðri hækkun 1. janúar 2010. Er það umhugsunarefni í ljósi þess að tryggingagjaldið er lögbundinn tekjustofn Fæðingarorlofssjóðs. Fæðingarorlofskerfið var mun örlátara tryggingakerfi en önnur tryggingakerfi og því réttlætanlegt í því ástandi sem nú ríkir að skerða greiðslur þess umfram aðrar tryggingagreiðslur en nú telur meiri hlutinn að ekki verði lengra gengið. Áætlað er að breytingartillaga meiri hlutans skili 1.000 millj. kr. sparnaði í stað 1.200 millj. kr. eins og kveðið er á um í fjárlagafrumvarpi. Þessi leið er valin þar sem ekki er komin reynsla á fyrri skerðingar ársins. Vísbendingar eru um að karlar taki fæðingarorlof í minna mæli nú á síðari hluta ársins. Meiri hlutinn treystir sér ekki til að meta hvort það er vegna skerðingar hámarksfjárhæðar eða vegna þess að fólk sé hræddara um stöðu sína á vinnumarkaði. Þá telur meiri hlutinn að yfirlýsingar sem heyrst hafa á opinberum vettvangi um að eðlilegt væri að skerða rétt feðra til fæðingarorlofs í sparnaðarskyni séu ekki til þess fallnar að hvetja feður til að taka fæðingarorlof né í anda þeirrar jafnréttishugsjónar sem er ein af grunnstoðum fæðingarorlofskerfisins.

Meiri hlutinn fer þess á leit við félags- og tryggingamálaráðherra að hann láti kanna áhrif skerðinga greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði á orlofstöku foreldra með tilliti til framangreindra skerðinga. Það er mjög alvarlegt ef foreldrar stytta fæðingarorlof með börnum sínum af fjárhagslegum ástæðum og slæmt fyrir jafnrétti til lengri tíma ef feður stytta fæðingarorlofstíma sinn hlutfallslega meira en mæður. Þá telur meiri hlutinn rétt að skoðað verði hvort þörf sé á að setja reglur um skörun fæðingarorlofs foreldra þannig að hámark sé sett á þann tíma sem foreldrar geta verið í orlofi á sama tíma. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að nú geti foreldrar tekið allan orlofsrétt sinn á sama tíma sem leiðir til þess að heildarsamvistartími með barni verður fjórir og hálfur mánuður. Telur meiri hlutinn mikilvægt að tryggja barni rétt til a.m.k. sex mánaða samvista með foreldrum sínum og bendir á að í nágrannalöndum okkar er sá tími sem foreldrar barns geta verið í orlofi á sama tíma takmarkaður. Meiri hlutinn hefur þó ekki upplýsingar um hvernig framkvæmd fæðingarorlofsins er hér á landi hvað þetta varðar og hefur því ekki grundvöll til að meta nauðsyn lagabreytingar að sinni. Meiri hlutinn beinir því til félags- og tryggingamálaráðherra að kanna þessa þætti enda geti takmörkun á skörun orðið til frestunar útborgunar úr sjóðnum ef algengt er að foreldrar taki stóran hluta orlofsins á sama tíma.

Meiri hlutinn áréttar að haldi svo fram sem horfir þarf að taka fjármögnun fæðingarorlofskerfisins alls til gagngerrar endurskoðunar. Því kerfi sem lagt var upp með við gildistöku laganna árið 2000 var ekki tryggt nægt fjármagn og nauðsynlegt er að tryggja kerfinu fjármagn jafnt í góðæri sem kreppu. Stefnir í metár í fæðingum á árinu og að þessi árgangur verði sá þriðji stærsti sögunnar á Íslandi. Meiri hlutinn telur rétt að fagna slíku fremur en að líta á það sem vandamál sem leiði til mikillar skerðingar réttinda. Meiri hlutinn ítrekar jafnframt að ákveðinn hluti tryggingagjalds á að fjármagna fæðingarorlofið en hefur þó ekki dugað til. Hefur nefndinni verið kynnt að hækka þurfi tryggingagjaldið um 0,17% til að tryggja fjármögnun sjóðsins miðað við gildandi lög. Meiri hlutinn áréttar að setja þurfi skýrar reglur um fjármögnun fæðingarorlofs og tryggja hana hvernig sem árar í efnahag þjóðarinnar. Mikilvægt er að standa vörð um fæðingarorlofskerfið og þá sátt sem um það ríkir enda náðist mikilvægur áfangi í jafnréttisbaráttu þegar kerfinu var komið á.

Þá telur meiri hlutinn rétt að árétta að þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar til skerðingar orlofsins hefur ávallt verið ætlað að vera tímabundnar eins og kemur skýrt fram í athugasemdum frumvarpa við þær breytingar. Telur meiri hlutinn mikilvægt að þessu sé viðhaldið og eigi við jafnt um þá breytingu sem nú er lögð til sem og þær sem á undan hafa komið. Mikilvægt er að þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa gangi skerðingarnar að fullu til baka.

Breytingar á lögum um málefni aldraða.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um málefni aldraða. M.a. er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða verði hækkað um 11,5%. Gjaldið hefur fram til þessa hækkað til samræmis við byggingarvísitölu og hefði samkvæmt því átt að hækka um 29,6%. Áætlað er að gjaldið skili í ríkissjóð 1.368 millj. kr. árið 2010 sem er sama fjárhæð og var í fjárlögum 2009.

Hvað varðar b-lið 19. gr. frumvarpsins sem ætlað er að veita Framkvæmdasjóði aldraða heimild til að standa fyrir rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma á árunum 2012–2013 telur meiri hlutinn rétt að árétta að eingöngu sé um tímabundna heimild að ræða og að hún verði bundin við þau tvö ár sem nefnd eru í ákvæðinu. Meiri hlutanum hafa verið kynntar upplýsingar þess efnis að um sé að ræða heimild fyrir 60 hjúkrunarrýmum. Sé gert ráð fyrir 7 millj. kr. kostn-

aði á rými er um að ræða 420 millj. kr. á ári. Telur meiri hlutinn mikilvægt að takmörk séu fyrir fjölda hjúkrunarrýmanna og þar með á fjárútlátum úr sjóðnum.

Breytingar á lögum um húsnæðismál.

Í VI. kafla er lagt til að Íbúðalánasjóður fái heimild til að veita sveitarfélögum 100% lán til að standa undir framkvæmdakostnaði við kaup eða byggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Meiri hlutinn telur ljóst að binda þarf lánin frekari skilyrðum og auka skýrleika ákvæðisins m.a. hvað varðar lánskjör. Meiri hlutinn leggur því til að lán vegna hjúkrunarheimila verði skilgreind sérstaklega í 2. gr. laga um húsnæðismál og að auki verði gerðar viðeigandi breytingar á ákvæði frumvarpsins um lánin. Mikilvægt er að lánin verði einungis veitt sé leyfi til staðar og þörf á rýmum í því sveitarfélagi sem sækir um slíkt lán. Leggur nefndin því til að gert verði að skilyrði fyrir veitingu lánsins að samkomulag hafi náðst við félags- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis. Að auki verði ákvæðið gert ítarlegra og skýrara. Þá hafa meiri hlutanum verið kynnt sjónarmið þess efnis að tryggja þurfi að fullnægjandi tryggingar standi að baki lánum af þessu tagi og leggur því til að tekinn verði af allur vafi um að veð í eigninni standi að baki en annars sé það Íbúðalánasjóðs að meta tryggingar. Jafnframt verði bætt við reglugerðarheimild þar sem ráðherra geti sett frekari ákvæði um skilyrði lána vegna hjúkrunarheimila, svo sem um lánsumsóknir, lánskjör og lánveitingu, þar með talið lánveitingu á framkvæmdatíma.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 2009.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ólína Þorvarðardóttir.
Þuríður Backman.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Björn Valur Gíslason.

442. Breytingartillögur [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar (SII, ÁÞS, ÓÞ, ÞBack, JRG, BVG).

1. Við 7. gr. Við lokamálslið c-liðar bætist: eða ef samningur um endurgreiðslu ofgreiddra bóta liggur fyrir og viðkomandi stendur við greiðsluskyldu sína samkvæmt samningnum.
2. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
   a. Á eftir orðunum „80% af meðaltali heildarlauna“ í 2. mgr. kemur: að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna sem umfram er.

b. Í stað „350.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 300.000 kr.
c. Á eftir orðunum „80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af“ í 5. mgr. kemur: að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals reiknaðs endurgjalds sem umfram er.

3. Í stað 20. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
a. (20. gr.)

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lán vegna hjúkrunarheimila eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum til kaupa eða byggingar hjúkrunarheimila á grundvelli samnings um byggingu og leigu hjúkrunarheimila fyrir aldraða milli félags- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og viðkomandi sveitarfélags hins vegar með veði í hlutaðeigandi eign.

b. (21. gr.)

Á eftir 29. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Lán vegna hjúkrunarheimila,** með einni nýrri grein, 30. gr., er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Almennt.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán vegna hjúkrunarheimila sem nemur allt að 100% af byggingarkostnaði eða kaupverði hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á grundvelli samnings sem gerður hefur verið milli félags- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og viðkomandi sveitarfélags hins vegar um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis.

Lán vegna hjúkrunarheimila skulu tryggð með veði á fyrsta veðrétti í hlutaðeigandi hjúkrunarheimili. Lánið er verðtryggt með föstum vöxtum án heimildar til uppgreiðslu þess. Lánstíminn má nema allt að 40 árum.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán á framkvæmdatíma sem nemur allt að 100% byggingarkostnaðar eins og kostnaðurinn er við lánveitingu á grundvelli samningsins um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis, sbr. 1. mgr., enda séu fullnægjandi tryggingar veittar að mati stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána vegna hjúkrunarheimila, svo sem lánsumsóknir, lánskjör og lánveitingu, þar með talið lánveitingu á framkvæmdatíma.

443. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um br. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Þór Sigurðsson, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur, Sturlaug Tómasson, Vilborgu Ingólfsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun, Karl Björnsson og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stellu

K. Víðisdóttur frá Reykjavíkurborg, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Árnason og Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Þórð Hjaltested frá Kennarasambandi Íslands, Ingólf B. Sigurgeirsson og Sigrúnu Ingibjörgu Gísladóttur frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Guðjón Þór Guðmundsson frá Nemendafélagi Háskólans á Bifröst, Nönnu Kristínu Tryggvadóttur frá Stúdentafélagi Háskólans í Reykjavík, Þorkel Einarsson, Sindra Snæ Einarsson frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Hjördísi Jónsdóttur frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis. Umsagnir bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Stúdentafélagi Hólaskóla og Nemendafélagi Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofu, Öryrkjabandalagi Íslands, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Árna Þorvaldi Jónssyni og Bændasamtökunum.

Frumvarpið.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að koma á meiri festu við framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins svo koma megi í veg fyrir misnotkun. Lagðar eru til breytingar sem m.a. er ætlað að skýra skyldur þeirra sem tryggðir eru samkvæmt lögunum auk þess sem þær miða að auknu eftirliti, strangari viðurlögum og lengri biðtíma. Frumvarpið rennir styrkari stoðum undir eftirlit Vinnumálastofnunar með því að tryggðir einstaklingar samkvæmt lögunum uppfylli skilyrði laganna m.a. um virka atvinnuleit. Að auki eru heimildir Vinnumálastofnunar styrktar, m.a. til innheimtu ofgreiddra bóta, auk þess sem stofnunin fær heimild til að halda eftir greiðslu hafi hún rökstuddan grun um að hinn atvinnulausi uppfylli ekki skilyrði laganna eða hafi fengið ofgreiddar bætur. Þá eru m.a. lagðar til breytingar þess efnis að námsmenn í námshléum teljast ekki tryggðir samkvæmt lögunum, hlutabætur til sjálfstætt starfandi einstaklinga eru takmarkaðar í tíma og úrskurðir úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta verði aðfararhæfir.

Auk breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar eru lagðar til breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þess efnis að sveitarfélagi verði heimilt að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags skilyrðum sem miða að því að tengja slíka aðstoð við virkni þeirra sem sækja um eða njóta slíkrar aðstoðar, svo sem við virka atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þess efnis að úrskurðir úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála um endurkröfu ofgreiðslna verði gerðir aðfararhæfir.

Atvinnuleysistryggingakerfið.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að breytingarnar sem boðaðar eru í frumvarpinu miði að því að styrkja atvinnuleysisbótakerfið, þétta það, skýra reglur og standa vörð um það svo að um það ríki sátt og fjármunum sé varið til þeirra sem á þurfa að halda, í samræmi við markmið kerfisins. Þá leggur meiri hlutinn ríka áherslu á að náið verði fylgst með framkvæmd laganna og virkni þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um. Mikilvægt sé að tryggja virkni þeirra og að unnið sé gegn misnotkun á kerfinu, en jafnframt þarf kerfið að vera mannsæmandi svo að þeir sem nýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta meðan atvinnuleysi varir séu ekki álitnir sökudólgar. Ekki má ganga svo hart fram að rofin verði sú sátt sem ríkir um atvinnuleysistryggingakerfið.

Meiri hlutinn áréttar að hertar reglur um eftirlit, aðhald og eftirfylgni Vinnumálastofnunar eigi að vera til hagsbóta fyrir fólk í atvinnuleit. Nauðsynlegt er að Vinnumálastofnun geti tímanlega gripið til nauðsynlegra vinnumarkaðsaðgerða og aðstoðar í þágu atvinnulausra og að þjónustan aukist eftir því sem einstaklingar eru lengur atvinnulausir.

Umfjöllun nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og kynnt sér þær breytingar sem í því felast auk sjónarmiða ýmissa hagsmunahópa og aðila. Meiri hlutanum er ljóst að mikilvægt er að ljúka ákveðnum hluta frumvarpsins fyrir áramót vegna tengsla við fjárlagafrumvarp, en sá tími sem nefndin hefur haft til vinnslu málsins hefur verið nokkuð knappur. Að auki eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem eru umdeildar og hafa verið gagnrýndar harðlega af aðilum vinnumarkaðarins, hagsmunafélögum stúdenta og sveitarfélögunum. Meiri hlutanum þykir einsýnt að á þeim samdráttartímum sem nú eru verði að gæta að útgjöldum ríkissjóðs og stýra þeim þannig að fjármunum sé varið á sem sanngjarnastan hátt og að sátt ríki í samfélaginu um þau bótakerfi sem fjármunum er varið til.

Þau málefni sem fengu mesta umfjöllun í meðförum nefndarinnar voru m.a. nauðsyn þess að tryggja sátt um atvinnuleysistryggingakerfið og virkni þess og jafnframt nauðsyn þess að tryggja eftirlit, aðhald og eftirfylgni Vinnumálastofnunar með atvinnuleitendum. Rætt var um nauðsyn aukinna vinnumarkaðsúrræða, atvinnuleysi ungmenna og aðkallandi þörf á aðgerðum þessum hópi til hagsbóta, rétt til atvinnuleysisbóta samhliða námi og samspil atvinnuleysistrygginga og námslánakerfisins. Þá var fjallað um hlutabætur og bætur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem og framfærsluskyldu sveitarfélaga og réttmæti þess að binda fjárhagsaðstoð sveitarfélaga ákveðnum skilyrðum.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins en telur að nokkur ákvæði þurfi frekari umræðu og leggur því til að þau verði felld brott úr frumvarpinu svo að hægt sé að fjalla betur um álitaefni þeim tengd. Nánari grein verður gerð fyrir tillögum meiri hlutans að breytingum og niðurfellingu greina hér á eftir.

Hertar reglur og nýjar heimildir.

Frumvarpið hefur að geyma nokkur ákvæði sem fela í sér hertar reglur og viðurlög, svo og nýjar heimildir til handa Vinnumálastofnun. Verður hér gerð grein fyrir helstu athugasemdum meiri hlutans hvað þessi ákvæði varðar.

Í 4. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að Vinnumálastofnun fái heimild til að boða atvinnuleitendur til sín með mjög skömmum fyrirvara og er í athugasemdum við ákvæðin talað um allt niður í sólarhrings fyrirvara. Nefndin fékk þær upplýsingar að í reynd væri þessi frestur oftast lengri en mikilvægt væri að heimild af þessu tagi væri til staðar svo að Vinnumálastofnun gæti tryggt að sá sem fær bætur greiddar samkvæmt lögunum uppfyllti sannanlega skilyrði þeirra um að vera á landinu og í virkri atvinnuleit. Gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við ákvæðið.

Í nokkrum greinum frumvarpsins er lagt til að biðtími eftir atvinnuleysisbótum verði lengdur um helming, þ.e. úr 10 virkum dögum í mánuð. Telur meiri hlutinn að breytingin sé ekki nægjanlega rökstudd og leggur því til að biðtíma verði haldið óbreyttum, þó með þeirri breytingu að miðað verði við hálfan mánuð í stað 10 virkra daga í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Í 19. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að þegar atvinnuleitandi sætir biðtíma í annað skipti á sama tímabili skv. 29. gr. laganna eigi hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en

hann hafi starfað í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði. Meiri hlutinn leggur til að ákvæði um viðurlög verði með sama hætti og er í gildandi lögum að því frátöldu að tíminn verði reiknaður í mánuðum í stað virkra daga og verður því eftir atvikum tveir eða þrír mánuðir en ekki sex mánuðir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að Vinnumálastofnun fái heimild til að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta þegar hún hefur rökstuddan grun um að skilyrði laganna séu ekki uppfyllt eða að viðkomandi hafi fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Vinnumálastofnun eru settar þröngar skorður við beitingu ákvæðisins og í athugasemdum við greinina kemur skýrt fram að hana á að túlka þröngt, gætt verði að ákvæðum stjórnsýslulaga og að greitt verði til baka með vöxtum komi í ljós að viðkomandi hafi átt rétt á greiðslunni eða hluta hennar. Telur meiri hlutinn því að heimildin sé nægilega afmörkuð og áréttar að hófs verði gætt við beitingu hennar.

Nefndin ræddi ítarlega þann frest til að tilkynna um tilfallandi vinnu sem veittur er með 11. gr. frumvarpsins en þar er lagt til að tilkynna þurfi um tilfallandi vinnu með minnst sólarhrings fyrirvara en samdægurs ef Vinnumálastofnun metur það svo að ekki hafi verið unnt að tilkynna fyrr. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að starfsmenn sem kallaðir væru til vinnu á kvöldvakt samdægurs mundu því brjóta gegn ákvæðinu og missa rétt sinn. Telur meiri hlutinn ákvæðið nauðsynlegt til að Vinnumálastofnun geti sinnt hlutverki sínu en áréttar þó að gæta þurfi að því að heimildin verði ekki til þess að tryggður einstaklingur missi rétt sinni vegna aðstæðna sem hann getur ekki haft áhrif á. Þess er getið í athugasemdum að gert sé ráð fyrir að tilkynning geti verið rafræn í gegnum vefsvæði stofnunarinnar og telur meiri hlutinn því vandséð að upp komi tilvik þar sem ekki er hægt að tilkynna samdægurs hið minnsta um tilfallandi vinnu. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að fylgst verði með virkni og beitingu ákvæðisins og gerðar breytingar sé þess þörf.

Í 13. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að álag á ofgreiddar atvinnuleysisbætur verði hækkað úr 15% í 30% og í athugasemdum við greinina kemur fram að breytingunni sé ætlað að auka fælingarmátt álagsins. Um 100% hækkun er að ræða og telur meiri hlutinn hana ekki nægilega rökstudda og leggur því til að hún verði felld brott og 15% álagið látið halda sér að sinni.

Í 23. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á viðurlögum sé litið svo á að atvinnuleysisbóta hafi verið aflað með sviksamlegum hætti. Á þetta við þegar atvinnuleitandi hefur vísvitandi veitt Vinnumálastofnun rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur svo að hann teljist ranglega tryggður að fullu eða hluta. Þá á þetta við um þann sem starfar á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma auk þess sem ákvæðið á við ef ætlaður atvinnuleitandi verður uppvís að þátttöku á vinnumarkaði án þess að hafa tilkynnt um tilfallandi vinnu. Samkvæmt gildandi lögum fær viðkomandi ekki bætur í tvö ár og varðar brotið sektum og má kæra til lögreglu. Breytingin felur í sér að viðkomandi verði að vinna 12 mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann getur sótt aftur um atvinnuleysisbætur og endurgreiði ofgreiddar bætur. Meiri hlutinn telur breytinguna mikilvæga til að sporna gegn misnotkun á atvinnuleysisbótum.

Meiri hlutinn áréttar að þótt að nokkru sé gengið til baka með þær breytingar og hertu reglur sem frumvarpið mælir fyrir um er ekki loku fyrir það skotið að gripið verði til þessara breytinga síðar. Meiri hlutinn telur jafnframt mikilvægt að verði ákvæðin sem hún leggur til að felld verði brott nú lögð til að nýju fylgi þeim greinargóður og ítarlegur rökstuðningur.

Námsmenn.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í 5. gr. frumvarpsins verða námsmenn ekki tryggðir samkvæmt lögunum í námshléum, enda uppfylli þeir ekki skilyrði laganna um virka atvinnuleit. Meiri hlutinn leggur til að greinin verði samþykkt óbreytt enda er hún hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í september sl. um að hækka framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna í um 120.000 kr. á mánuði í stað um 100.000 kr. til að draga úr þeim mun sem verið hafði á ráðstöfunartekjum fólks á atvinnuleysisbótum annars vegar og námslánum hins vegar. Breytingin miðaði að því að fjölga þeim sem sæju sér hag í því að fara í nám. Samtímis var tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar á reglum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem dregið gætu úr möguleikum fólks til að stunda einingabært háskólanám á atvinnuleysisbótum, sbr. 16. gr. frumvarpsins, og afnám réttar námsmanna til töku atvinnuleysisbóta í námsleyfum. Meiri hlutinn telur óheppilegt að ekki hafi verið hugað að sumarframfærslu námsmanna samfara þessari breytingu og beinir því til félags- og tryggingamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga að fara yfir þessi mál í sameiningu og samráði við námsmenn svo fundinn verði farvegur fyrir framfærslu námsmanna í námsleyfum.

Með 16. gr. frumvarpsins er atvinnulausum tryggður réttur til að stunda nám á háskólastigi sem nemi 10 ECTS-einingum á námsönn enda sé námshlutfall þá ekki þannig að það hindri hann í virkri atvinnuleit. Meiri hlutinn ræddi ákvæðið ítarlega og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum við greinina í frumvarpinu að mikilvægt sé að tryggja jafnræði milli námsmanna enda telur meiri hlutinn mikilvægt að komið sé í veg fyrir að námsmenn í nánast sambærilegum einingafjölda í lánshæfu námi sé mismunað þannig að annar sé á námslánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna en hinn fái framfærslu sína úr atvinnuleysistryggingum. Þá er mikilvægt að móta skýr skil milli þessara tveggja framfærslukerfa til að tryggja gott samspil milli þeirra. Meiri hlutinn telur ákvæðið ekki skýra þessi skil nægilega vel, hvað þá að það tryggi gott samspil milli kerfanna. Þá hafa fulltrúar hagsmunasamtaka námsmanna bent á að mikil hætta sé á að fólk lendi milli tveggja kerfa þannig að það geti hvorki átt rétt til atvinnuleysisbóta né til námsláns hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Því leggur meiri hlutinn til þá breytingu á ákvæðinu að Vinnumálastofnun fái heimild til að meta hvort sá sem stundar nám á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði laganna enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið sé ekki lánshæft. Meiri hlutinn telur þó ljóst að námsmenn sem eru í svo miklu námi geti ekki jafnframt talist í fullri virkri atvinnuleit og leggur því til að skilyrt sé að Vinnumálastofnun meti hvort námið komi til með að nýtast hinum tryggða beint við atvinnuleit auk þess sem atvinnuleysisbætur skerðist í samræmi við umfang náms.

Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að horft sé heildstætt á þetta mál og beinir því til félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að skýra nánar hvernig samspil náms og réttarins til atvinnuleysistrygginga fer saman þannig að tryggt sé að þeir sem eru atvinnulausir missi ekki hvatann til að sækja sér menntun.

Ungir atvinnulausir.

Meiri hlutinn fagnar því að samhliða frumvarpinu sé boðað að unnið verði sérstaklega að málefnum atvinnulausra ungmenna en 2.600 ungmenni á aldrinum 18–24 ára eru án atvinnu. Reynsla erlendis frá og rannsóknir sýna að þessi hópur er í hvað mestri hættu að lenda í langvarandi atvinnuleysi og verða varanlegir bótaþegar. Því er sú hætta til staðar að hópurinn

náist aldrei aftur út á vinnumarkað en því fylgja augljóslega félagsleg vandamál fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild.

Stór hluti ungra atvinnulausra er einungis með grunnskólamenntun, eða 77,4%, og því telur meiri hlutinn ljóst að leita þurfi úrræða sem tryggja að ungir atvinnulausir geti sótt sér menntun. Vinna þarf heildstætt að lausn á vandanum í náinni samvinnu félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra og leita leiða til að fjármagn fylgi þeim atvinnulausa inn í framhaldsskólann. Meiri hlutinn tekur undir sjónarmið fulltrúa námsmannahreyfinganna sem komu á fund nefndarinnar um að ekki sé nægilegt að horfa eingöngu til menntakerfisins. Þörf er á fjölbreyttum úrræðum fyrir þennan hóp og telur meiri hlutinn mikilvægt að aðgerðir verði sniðnar að þörfum hópsins. Leita verður margþættra leiða til að tryggja virkni ungs fólks og endurkomu þess á vinnumarkað.

Hlutabætur.

Í ákvæði frumvarpsins um hlutabætur til launamanna er m.a. lögð til sú breyting að skerðing starfshlutfalls launamanns þurfi að nema a.m.k. 20% til að hann eigi að rétt á hlutabótum. Að auki er lagt til að hámark verði sett á fjárhæð samanlagðra launa og bóta fyrir minnkað starfshlutfall og er við það miðað að hámarkið sé 521.318 kr. á mánuði. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að miðað sé við að hinn tryggði geti því haldið allt að 400 þús. kr. á mánuði fyrir hlutastarf án þess að til skerðingar á hlutabótum komi. Þar sem ákvæðið á við allt að 50% skerðingu starfs er því miðað við að mánaðarlaun séu mest 800.000 kr. fyrir skerðingu. Meiri hlutanum er ljóst að margir hafa orðið fyrir kjaraskerðingu í kjölfar hruns bankanna. Hjá stórum hópi hefur starfshlutfall verið minnkað og séu orsakir þess sérstakar aðstæður á vinnumarkaði sökum efnahagsástandsins eiga þeir nú rétt á hlutabótum vegna þess. Þá hafa margir af sömu ástæðum orðið fyrir því að mánaðarleg laun þeirra hafa lækkað vegna minnkaðrar yfirvinnu og afnáms annars konar umfram- og uppbótargreiðslna. Sá hópur á þó ekki rétt á bótum þrátt fyrir að hafa greitt af þessum launum sínum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Draga þarf umtalsvert úr útgjöldum ríkissjóðs og telur meiri hlutinn að gæta þurfi nokkurs samræmis í skerðingu bóta. Viðmiðunarfjárhæð þessa ákvæðis er umtalsvert hærri en í öðrum ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, laga um Ábyrgðasjóð launa og laga um fæðingar- og foreldraorlof. Leggur meiri hlutinn því til að samanlagðar tekjur fyrir hlutastarfið og atvinnuleysisbætur geti ekki verið hærri en 491.318 kr.

Lögð er til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða um hlutabætur til sjálfstætt starfandi einstaklings að slíkar bætur fáist greiddar samfellt í allt að þrjá mánuði en ekkert tímamark er fyrir. Þó er gerð sú undantekning að þeir sem þegar hafa fengið greiddar slíkar bætur geti fengið þær í allt að tvo mánuði til viðbótar óháð því hversu lengi þeir hafi fengið þær greiddar á undan. Er ákvæðinu ætlað að gefa sjálfstætt starfandi einstaklingum svigrúm til að mæta samdrætti í rekstri og gera ráðstafanir sem hugsanlega felast í því að loka rekstrinum. Telur meiri hlutinn hlutabætur mikilvægt tæki til skemmri tíma en augljóst að standi samdráttur yfir til langs tíma sé rekstrargrundvöllur hugsanlega brostinn. Þá hefur reynst erfitt að meta samdrátt í rekstri og því nokkur hætta á misnotkun ákvæðisins. Telur meiri hlutinn því eðlilegt að hlutabætur til sjálfstætt starfandi einstaklinga séu takmarkaðar með þessum hætti.

Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélögum verði heimilt að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð við virkni þeirra sem sækja um eða njóta slíkrar aðstoðar, svo sem við virka atvinnuleit og þátttöku þeirra í vinnumarkaðsaðgerðum. Meiri hlutinn áréttar að í lögunum

sé nú þegar heimild fyrir sveitarfélög að setja reglur um fjárhagsaðstoð en bendir á að sveitarfélög hafa framfærsluskyldu gagnvart íbúum sínum. Telur meiri hlutinn ákvæðið ekki nægilega ígrundað eða rökstutt og þarfnist frekari umfjöllunar. Leggur meiri hlutinn því til að það verði fellt brott.

Gildistími o.fl.

Auk þeirra breytinga sem gerð er grein fyrir hér að framan leggur meiri hlutinn til breytingu sem frestar gildistöku ákvæða sem miða að því að breyta fyrirkomulagi greiðslna atvinnuleysisbóta í mánaðargreiðslur í stað greiðslna fyrir virka daga. Meiri hlutinn leggur til að gildistöku ákvæðanna verði frestað til 1. maí nk. vegna kerfisbreytinga sem gera þarf vegna greiðslnanna. Þessar breytingar á gildistöku hafa ekki áhrif á tekjuöflunarþátt frumvarpsins. Þá eru lagðar til smávægilegar breytingar tæknilegs eðlis og til leiðréttingar á texta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 2009.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara.	Ólína Þorvarðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Þuríður Backman.	Björn Valur Gíslason.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

444. Breytingartillögur [273. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar
(SII, GStein, ÓÞ, ÁÞS, ÞBack, BVG, JRG).

1. Við 11. gr. Við efnisgr. bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Tilkynning um tilfallandi vinnu*.
2. Við 13. gr. A-liður falli brott.
3. Við 15. gr. Í stað orðsins „og“ komi: eða.
4. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „Umsækjandi um atvinnuleysisbætur“ í síðari málslið efnisgreinarinnar komi: Hinn tryggði.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er Vinnumálastofnun heimilt að meta þegar sérstaklega stendur á hvort sá er stundar nám á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði laganna enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skilyrði er að námið kunni að nýtast hinum tryggða beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumála-

stofnunar og skal hinn tryggði leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið. Hinn tryggði á þá rétt til skertra atvinnuleysisbóta fyrir sama tímabil og skal Vinnumálastofnun meta skerðinguna á tryggingahlutfalli sem hann á rétt til skv. 15. eða 19. gr. í samræmi við umfang námsins.

5. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna „einn mánuð“ í b-lið komi: hálfan mánuð.
   b. C-liður falli brott.
6. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „einn mánuð“ í b-lið komi: hálfan mánuð.
   b. C-liður falli brott.
7. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „60 dögum“ í 1. mgr. kemur: þremur mánuðum.
   b. Í stað orðanna „átta vikur“ í 3. mgr. kemur: tvo mánuði.
8. Við 20. gr.
   a. Í stað orðanna „einn mánuð“ í b-lið komi: hálfan mánuð.
   b. C-liður falli brott.
9. Við 21. gr.
   a. Í stað orðanna „einn mánuð“ í c-lið komi: hálfan mánuð.
   b. D-liður falli brott.
10. Við 22. gr.
   a. Í stað orðanna „einn mánuð“ í c-lið komi: hálfan mánuð.
   b. D-liður falli brott.
11. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „60 virkum dögum“ í 1. mgr. kemur: þremur mánuðum.
   b. Í stað orðanna „átta vikur“ í 3. mgr. kemur: tvo mánuði.
12. Við 25. gr. Í stað orðanna „521.318 kr. á mánuði“ í c-lið komi: 491.318 kr. á mánuði.
13. Við 28. gr. Greinin falli brott.
14. Við 32. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu 8. gr. og a- og b-liður 9. gr. taka gildi 1. maí 2010.
15. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

445. Fjáraukalög [10. mál]

fyrir árið 2009.

(Afgreidd frá Alþingi 15. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 333 (sbr. 10) með þessum breytingum:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2009, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**-5.780,7**	**-5.332,6**
Skattar á tekjur og hagnað	644,0	8.010,0
Tryggingagjöld	930,6	458,4
Eignarskattar	-2.228,0	-2.132,0
Skattar á vörur og þjónustu	-5.671,6	-12.117,8
Aðrir skattar	544,3	448,8
Aðrar rekstrartekjur	25.776,9	25.508,0
Sala eigna	-5.249,9	-6.749,9
Fjárframlög	40,8	40,8
Tekjur alls	**14.787,1**	**13.466,3**
Æðsta stjórn ríkisins	8,0	8,0
Forsætisráðuneyti	-1.125,2	-1.125,2
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	841,6	841,6
Utanríkisráðuneyti	-1.001,6	-1.001,6
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	1.621,4	1.521,4
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	4.011,4	4.011,4
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.514,7	2.889,7
Heilbrigðisráðuneyti	-385,5	-385,5
Fjármálaráðuneyti	6.081,4	5.994,4
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-3.122,7	-3.122,7
Iðnaðarráðuneyti	71,6	71,6
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	129,6	129,6
Umhverfisráðuneyti	859,4	859,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	2.475,0	8.200,0
Samtals	**12.979,1**	**18.892,1**
Tekjujöfnuður	**1.808,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	1.808,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-5.743,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-1.202,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-188,0
Handbært fé frá rekstri	**-5.325,8**
Fjármunahreyfingar	
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands	-385.000,0
Eiginfjárframlög til bankakerfisins	385.000,0
Eiginfjárframlög til fjármálakerfisins	-159.610,0
Veitt löng lán	-110.200,0
Afborganir veittra lána	11.000,0
Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-3.500,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-200,0
Sala verðbréfaeignar	33.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-229.510,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-234.835,8**
Fjármögnun	
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálakerfisins	209.000,0
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	48.000,0
Önnur löng lán	58.000,0
Fjármögnun samtals	**315.000,0**
Breyting á handbæru fé	**80.164,2**

Ýmis ákvæði
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

1. 1. tölulið orðist svo: Að taka lán allt að 475.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að10.000 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 113.500 m.kr.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.2 Seðlabanka Íslands jafngildi allt að 48.000 m.kr. í erlendri mynt.

c. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.3 Íslandsbanka hf. jafngildi allt að 25.000 m.kr. í erlendri mynt.
d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.4 Arion banka hf. jafngildi allt að 30.500 m.kr. í erlendri mynt.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
a. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 19.000 m.kr.
b. Í stað orðanna „allt að 130.014 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 42.000 m.kr.
c. Í stað orðanna „allt að 29.660 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 28.000 m.kr.

4. 4. töluliður fellur brott.

5. Við 5. tölul. bætist nýr liður, 5.6, svohljóðandi: Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð greiðslu á skuldabréfi Keflavíkurflugvallar ohf. að fjárhæð allt að 750 m.kr. vegna yfirtöku og uppgjörs félagsins á lífeyrisskuldbindingum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ýmis ákvæði
Heimildir

4. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2009:

Nýir liðir:
2.21 Að selja fasteignina Grænásveg 10, Reykjanesbæ.
2.22 Að selja fasteignina Hafnargötu 4a, Seyðisfirði.
2.23 Að selja fasteignina Skólastíg 7, Akureyri, og verja andvirðinu til uppbyggingar geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri.

3.20 Að selja eignarhluta ríkisins í Eyjaseli 2, Stokkseyri.
3.21 Að selja eignarhluta ríkisins í Eyrargötu 36, Eyrarbakka.
3.22 Að selja eða leigja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Austurvegi 28, Árborg.

5.4 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.5 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

6.35 Að kaupa landspildur við Dimmuborgir við Mývatn.
6.36 Að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.

7.21 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.22 Að breyta 563 m.kr. skuld RÚV ohf. við ríkissjóð í hlutafé.
7.23 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.600 m.kr.
7.24 Að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf.

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, (**Tekjur A-hluta**), hljóðar svo:

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-4.482,0	-6.109,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.669,0	18.244,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**187,0**	**12.135,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-1.300,0	-5.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.965,0	1.878,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-28,0	-28,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	-180,0	-575,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.757,0**	**1.275,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**644,0**	**8.010,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-4.296,8	-4.597,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.227,4	5.055,4
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**930,6**	**458,4**
	Tryggingagjöld	**930,6**	**458,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	300,0	283,4
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	8,9	-66,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**308,9**	**217,1**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	29,0	42,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	-2.257,0	-2.174,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**-2.228,0**	**-2.132,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-8.596,0	-13.988,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-1.032,0	-1.447,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	410,0	170,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-373,0	-335,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.132,8	1.133,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	233,1	233,7
5.1.2.1.33	Olíugjald	-254,2	-121,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	0,0	0,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	1.216,2	1.214,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	165,1	165,1
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	785,0	785,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	85,0	185,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-6.228,0**	**-12.005,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	67,0	49,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-520,5	-221,3
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-2,0	-2,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	15,0	15,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	930,0	-20,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	25,0	25,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	41,9	41,9
	Neyslu- og leyfisgjöld	**556,4**	**-112,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-5.671,6**	**-12.117,8**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	120,0	120,0
6.1.15	Markaðsgjald	-40,6	-44,3
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**79,4**	**75,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6.2.1	Sektir á skatttekjur	156,0	156,0
	Aðrir skattar	**235,4**	**231,7**
	Skatttekjur, samtals	**-5.780,7**	**-5.332,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-200,0	-200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-600,0	-600,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-800,0**	**-800,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-50,0	-210,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	17.300,0	17.802,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	8.860,0	8.400,0
	Aðrar eignatekjur	**26.110,0**	**25.992,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**25.310,0**	**25.192,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	130,0	130,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	870,0	720,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	25,9	25,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-377,4	-377,4
9.1.3.35	Ýmislegt	48,4	47,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	10,0	10,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**706,9**	**556,0**
	Ýmsar tekjur	**706,9**	**556,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-150,0	-150,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-90,0	-90,0
	Sektir	**-240,0**	**-240,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**25.776,9**	**25.508,0**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-5.049,9	-6.549,9
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-100,0	-100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-5.149,9**	**-6.649,9**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	-100,0	-100,0
	Sala eigna, samtals	**-5.249,9**	**-6.749,9**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	2,8	2,8
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	10,0	10,0
	Rekstrarframlög	**12,8**	**12,8**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	28,0	28,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**40,8**	**40,8**
	Fjárframlög, samtals	**40,8**	**40,8**
	Heildartekjur samtals	**14.787,1**	**13.466,3**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirfarandi liður í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, hljóðar svo:

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	2.475,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.200,0
Viðskiptahreyfingar	-5.725,0

446. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. laganna orðast svo: Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Lögin taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.

b. 2. mgr. orðast svo:

Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis. Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Skilgreining á hugtakinu „matvæli“ í 4. gr. laganna fellur brott en jafnframt bætast við eftirfarandi skilgreiningar:

1. Áhættugreining er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu.
2. Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.
3. Fæðubótarefni eru matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða líf-eðlisfræðileg áhrif.
4. Markaðssetning er að hafa umráð yfir matvælum með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
5. Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.
6. Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum, og er ætlað til neyslu eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
8. Neytandi er sá sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.
9. Opinberir eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í samræmi við 6. og 22. gr.
10. Rekjanleiki er sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í eða í snertingu við matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.
11. Stjórnandi matvælafyrirtækis er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn.
12. Smásala er meðhöndlun og/eða vinnsla matvæla og geymsla þeirra á staðnum þar sem þau eru seld eða afhent neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum og dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumarkaðir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: frumframleiðslu.
b. Á eftir a-lið koma þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
   b. innflutningi og útflutningi búfjárafurða,

c. kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskildum kjötvinnslum sem starfræktar eru í smásöluverslunum,
d. mjólkurstöðvum og eggjavinnslu.

c. Í stað „a–e-lið“ í f-lið kemur: a–h-lið.

5. gr.

Við IV. kafla laganna bætast þrjár nýjar greinar, 8. gr. a – 8. gr. c, svohljóðandi:

a. (8. gr. a.)

Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu örugg skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matvælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi af upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingum á merkimiða, eða öðrum upplýsingum sem neytendur hafa almennt aðgang að, þar sem fram kemur hvernig þeir geti forðast tiltekin matvæli eða tiltekinn matvælaflokk sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og/eða skammtímaáhrifum og/eða langtímaáhrifum þessara matvæla á heilsu þeirra sem neyta þeirra og einnig á næstu kynslóðir, í öðru lagi líklegum, uppsöfnuðum eituráhrifum og í þriðja lagi sérstöku næmi ákveðins hóps neytenda fyrir tilteknum matvælum ef matvælin eru ætluð þeim hópi.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu óhæf til neyslu skal hafa hliðsjón af því hvort matvælin séu óviðunandi til neyslu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða vegna mengunar eða vegna þess að þau eru rotin, spillt eða skemmd.

Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, og opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum skulu í störfum sínum tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Til að tryggja ýtrasta matvælaöryggi og vernda líf og heilsu manna og dýra skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.

b. (8. gr. b.)

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

c. (8. gr. c.)

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem hann hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla og hann hefur ekki lengur beint forræði yfir þeim skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Ef varan er komin í hendur neytenda skal stjórnandinn upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Álíti stjórnandi matvælafyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekin matvæli, sem hann hefur markaðssett, geti verið heilsuspillandi skal hann þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu fyrir neytandann og jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi matvæla.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá viðkomandi opinberum eftirlitsaðila, sbr. 20. gr., og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta eða sauðfjár- og hrossarækt þurfa ekki starfsleyfi en þurfa að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst. Heimilt er að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum, sbr. ákvæði í 2.–4. mgr.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita opinberum eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að gefa út starfsleyfi til bráðabirgða þannig að matvælafyrirtæki gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni enda sé um smávægilegar athugasemdir opinbers eftirlitsaðila að ræða.

Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Þrátt fyrir skilgreiningu á matvælafyrirtæki í 4. gr. er ráðherra heimilt að undanskilja frá starfsleyfis- eða tilkynningarskyldu aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni en þeir skulu þó uppfylla önnur skilyrði þessara laga og stjórnvaldsreglna sem settar eru með heimild í þeim.

Í sérlögum er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja.

Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum eða lögum um eftirlit með fóðri fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

7. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við reglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni, byggt á meginreglum hættugreiningar, til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang starfseminnar og byggjast á reglum sem ráðherra ákveður í reglugerð. Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis

við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að starfsfólkinu sé veitt fræðsla. Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla. Ef opinberir aðilar annast námskeiðahald er heimilt að taka gjald sem nemur raunkostnaði við það.

8. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.

9. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein sem verður 13. gr. a, svohljóðandi:

Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli, dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli. Einnig skulu stjórnendur geta tilgreint fyrirtæki sem þeir hafa afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar opinberum eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu matvæli vera merkt og auðkennd á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við framangreindar kröfur.

10. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Matvælaöryggi, framleiðsla, markaðssetning og rekjanleiki.**

11. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. a, svohljóðandi:

Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvælanna sem þeir neyta. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þ.m.t. lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd, sem og upplýsingum sem eru veittar um þau.

12. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna verður: **Framkvæmd, neytendavernd og fræðslustarfsemi.**

13. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. 9. gr. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

14. gr.

Við 22. gr. laganna bætast sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama matvælafyrirtæki, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal ráðherra úrskurða hvor aðilinn skuli fara með opinbert eftirlit og veita leyfi skv. 20. gr.

Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt lögum þessum.

Flutningur verkefna skv. 3. mgr. getur einnig tekið til ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 25. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti.

Matvælaeftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat að beiðni ráðherra eða Matvælastofnunar. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Matvælastofnun skal koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi matvælaeftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

15. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum opinbers eftirlitsaðila sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita honum upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hann ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við opinberan eftirlitsaðila, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir hann þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum og enn fremur um gerð samninga.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit matvælafyrirtækja, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu matvælaeftirliti.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur, sem hlotið hafa faggildingu á viðkomandi rannsóknar- eða prófunarsviði, skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Matvælaframleiðendum og dreifendum“ í 1. mgr. kemur: Matvælafyrirtækjum.
b. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim“ í 3. mgr. kemur: Heilbrigðisnefnd, aðilar sem hafa faggildingu og fara með tiltekin eftirlitsverkefni og matvælafyrirtæki.

17. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við matvælaeftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Opinber eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með matvælum þegar tiltekin starfsemi matvælafyrirtækis eða matvæli eru ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber matvælafyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits opinberra eftirlitsaðila og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar. Með sama hætti skulu sveitarfélögin gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld opinbers eftirlitsaðila vegna eftirlits sem hann felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 23. gr.

18. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Við lögin bætast þrjár nýjar greinar sem verða 27. gr. a – 27. gr. c, svohljóðandi:

a. (27. gr. a.)

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að matvælin séu heilsuspillandi eða óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum. Þegar nauðsyn krefur getur opinber eftirlitsaðili lagt fyrir stjórnanda matvælafyrirtækis að hann tilkynni honum, með hæfilegum fyrirvara, um flutning matvæla til landsins frá EES-ríkjum.

Viðtakandi búfjár- og sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu opinbers eftirlitsaðila.

b. (27. gr. b.)

Allur innflutningur búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsóknar á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðunar og sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða taka hana til annarra nota enda sé það talið öruggt.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Um innflutning sjávarafurða og lifandi sjávardýra vísast að öðru leyti til 22. og 23. gr. og 25.–27. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

c. (27. gr. c.)

Matvælafyrirtæki sem markaðssetja matvæli sem falla undir ákvæði 27. gr. a og 27. gr. b skulu starfrækja innra eftirlit og byggja á hættugreiningu, sbr. ákvæði 10. gr., til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

20. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaraðgerðir.

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 2. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun og sóttvarnalækni áður en til aðgerða er gripið.

21. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 28. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutaðeigandi opinberir eftirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna. Slíkar ráðstafanir opinbers eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er matvælin sem um er að ræða, tegund matvæla, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fram fer skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upplýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri eftir atvikum.

22. gr.

29. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

Í stað 30. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, sem verða 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d, svohljóðandi:

a. (30. gr.)

Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum.

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem er stunduð án tilskilins leyfis eða tilkynningarskyldu hefur ekki verið sinnt skv. 9. gr.

Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun matvæla, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvælin uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim. Þegar opinberir eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur opinber eftirlitsaðili jafnframt, til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, stjórnvaldsreglum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegt tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur opinber eftirlitsaðili afturkallað leyfi viðkomandi matvælafyrirtækis til reksturs skv. 9. gr., sbr. 20. gr.

b. (30. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur opinber eftirlitsaðili ákveðið matvælafyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er opinberum eftirlitsaðila heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi opinberum eftirlitsaðila en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi matvælafyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar.

c. (30. gr. b.)

Opinberum eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim ná til.

Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur opinber eftirlitsaðili ákveðið að matvælafyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd

eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (30. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Matvælastofnun skal sjá um samhæfingu aðgerða samkvæmt lögum þessum þegar upp kemur bráð eða alvarleg matarsýking, matareitrun eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu þegar í stað tilkynna Matvælastofnun um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu jafnframt tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu og sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

e. (30. gr. d.)

Við meðferð mála skv. 30. gr., 30. gr. a, 30. gr. b og 30. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

24. gr.

30. gr. a laganna verður 30. gr. e.

25. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður: **Varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið.**

26. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

27. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Viðurlög.**

28. gr.

Á undan 32. gr. laganna kemur ný grein sem verður 31. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu matvæla, hollustuhætti í matvæla-

iðnaði, rekjanleika matvæla og umbúða, merkingar matvæla, notkun fullyrðinga í merkingum matvæla, efnainnihald matvæla, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, neysluvatn, umbúðir og pökkun, erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra, tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla, matvælaeftirlit, innra eftirlit matvælafyrirtækja, um sölu framleiðanda af eigin framleiðslu beint til neytenda, um innflutning dýraafurða frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika og skipun ráðgefandi nefndar sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Einnig er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Þá er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 852/2004, frá 29. apríl 2004, um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá 29. apríl 2004, um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/ 2004, frá 29. apríl 2004, um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Ráðherra er jafnframt heimilt að innleiða með reglugerð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2004/41/EB, frá 21. apríl 2004, um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvælaiðnað og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007.

29. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.**

30. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta innleiðingu efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a og varða kjöt, mjólk og egg til 1. nóvember 2011. Sama gildir um hráar afurðir úr þessum matvælategundum og aðrar unnar afurðir úr mjólk.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

31. gr.

Við 4. gr. laganna bætist eftirfarandi skilgreining, í stafrófsröð: *Aukaafurðir úr dýrum:* Heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.

32. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði,
b. kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna,
c. hey og hálm,
d. hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,
e. hvers konar notaðan búnað til stangveiða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–e-lið, að fengnum meðmælum Matvælastofnunar, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sótthreinsast við tilbúning eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun. Ráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta stafað af varðandi heilbrigði dýra.

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

33. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra sem ekki teljast til úrgangs skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum sem ekki teljast til úrgangs, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.

34. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að skilgreina arfgerðir þeirra líflamba sem má ekki flytja yfir varnarlínur, þegar um er að ræða endurnýjun bústofns eftir niðurskurð vegna riðuveiki.

35. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein sem verður 29. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er ráðherra að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

III. KAFLI
Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

36. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögunum.

37. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal hafa sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa, en einnig er heimilt að ráða dýralækna og aðra eftirlitsmenn til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Skrifstofur Matvælastofnunar skulu vera í eftirfarandi umdæmum:

1. *Suðvesturumdæmi:* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. *Vesturumdæmi:* Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
3. *Norðvesturumdæmi:* Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.

4. *Norðausturumdæmi:* Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
5. *Austurumdæmi:* Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.
6. *Suðurumdæmi:* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Einnig ber þeim að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum. Þeir skulu annast eftirlit með velferð búfjár í samræmi við lög um búfjárhald. Þá ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Matvælastofnun getur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.

38. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar.

Fyrir bakvaktaþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.
3. Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.
4. Dalabyggð og Reykhólahreppur.
5. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

6. Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.
7. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.
8. Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
9. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.
10. Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
11. Sveitarfélagið Hornafjörður.
12. Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.
13. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

39. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

40. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal eftir þörfum ráða sérgreinadýralækna til að sinna verkefnum m.a. á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyfja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um störf sérgreinadýralækna.

41. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Viðkomandi starfsmönnum skulu boðin störf hjá Matvælastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi 1. janúar 2015.

Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

42. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um slátrun og sláturafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

43. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrað er. Skoðunina skal framkvæma innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 klukkustunda fyrir slátrun. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal merkja allar sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu sláturleyfishafar greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með sláturafurðum og sláturdýrum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir sláturleyfishafa eða framleiðanda eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis sláturafurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber sláturleyfishafi eða framleiðandi, eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að sláturafurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna Landssamtökum sláturleyfishafa og Bændasamtökum Íslands efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri eftirlits fyrir heilt rekstrarár.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar slátrun er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna sláturleyfishafa með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa sláturleyfishafa með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt

að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á sláturdýrum og afurðum sem slátrað er með heimild í 4. mgr. 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma samkvæmt lögum þessum.

44. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um meðferð aukaafurða úr sláturdýrum sem skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

46. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um slátrun og sláturafurðir.**

V. KAFLI
Breytingar á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Skilgreining á „fiskafurðum“ í 1. mgr. orðast svo: *Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla og hafbeitar-, vatna- og eldisfiski.
b. Skilgreining á „sjávarafurðum“ í 1. mgr. orðast svo: *Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan.
c. Skilgreining á „neysluvatni“ í 2. mgr. orðast svo: *Neysluvatn:* Vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og er ætlað til neyslu, eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
d. Við 2. mgr. bætast eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum í viðeigandi stafrófsröð:
    1. *Smásala:* Meðhöndlun og/eða vinnsla sjávarafurða og geymsla þeirra á staðnum þar sem þær eru seldar eða afhentar neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum, dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumörkuðum.
    2. *Stjórnandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsreglum í fyrirtækjum sem annast meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða undir hans stjórn.

48. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um sjávarafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: lög og stjórnvaldsreglur.
b. Í stað orðanna „af íslenskum yfirvöldum“ í 2. mgr. kemur: í lögum og stjórnvaldsreglum.
c. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld heimila“ í 3. mgr. kemur: heimiluð eru í lögum og stjórnvaldsreglum.

50. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

51. gr.

Við 2. málsl. 11. gr. laganna bætist: og skulu merkingar að öðru leyti vera í samræmi við 13. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, önnur en vinnsluskip, aðgerðarþjónustur og kæli- og frystigeymslur, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Matvælastofnun veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á. Í vinnsluleyfum skal tilgreina þær vinnslugreinar sem þau ná til.

53. gr.

Í stað orðanna „Forsvarsmenn vinnslustöðva“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Stjórnendur vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva.

54. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum Matvælastofnunar sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita Matvælastofnun upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Matvælastofnun ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við stofnunina, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Matvælastofnun þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu matvælaeftirliti.

55. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Stjórnendum vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva er skylt að veita Matvælastofnun og þeim faggiltu aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit samkvæmt samningi við Matvælastofnun allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þ.m.t. aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Matvælastofnun og faggiltir aðilar fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

56. gr.

Orðin „eða fóðurs“ í 1. mgr. 20. gr. laganna falla brott.

57. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á lifandi fiski og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að fiskurinn eða afurðirnar séu heilsuspillandi eða óhæfar til neyslu.

Viðtakandi sjávarafurða og lifandi fisks skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu Matvælastofnunar.

58. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Allur innflutningur lifandi fisks og sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsóknar á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í mjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis

að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að slíkt skuli einnig eiga við um fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting rækju.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka hana til annarra nota eða eyða henni.

59. gr.

Orðin „eða að nýta hana í fiskimjöl“ í 4. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

60. gr.

28. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn á undan greininni.

61. gr.

2. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: M.a. skal ráðherra setja gjaldskrá fyrir útgáfu starfsleyfa og útgáfu vinnsluleyfa, staðfestinga og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og fyrir skráningu og móttöku umsókna.
b. 2. mgr. fellur brott.

63. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu framleiðendur greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlit til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit með sjávarafurðum, eldisafurðum og aukaafurðum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis afurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber framleiðandi eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits Matvælastofnunar og faggiltra aðila og skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna hlutaðeigandi hagsmunasamtökum efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

Innheimta má eftirlitsgjald með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á afurðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 16. gr.

64. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um sjávarafurðir.**

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

65. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs og gæði áburðar og sáðvöru.

66. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aukaafurðir úr dýrum* eru heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.
2. *Aukefni* eru efni, efnablöndur eða örverur önnur en fóðurefni eða forblöndur sem eru notaðar í fóður eða vatn í því skyni að:
   a. bæta eiginleika fóðurs eða dýraafurða eða
   b. bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra eða
   c. fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs eða
   d. koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum búfjárhalds eða bæta umhverfi dýra eða
   e. verjast hnislum og/eða vefsvipungum.
3. *Áhættugreining* er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu.
4. *Forblöndur* eru blöndur aukefna í fóðri eða blöndur eins eða fleiri aukefna í fóðri við fóðurefni eða vatn, sem notuð eru sem burðarefni, ekki ætluð til nota beint sem fóður.

5. *Fóður* er hvers konar efni eða vörur, einnig aukefni, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem ætluð eru til fóðrunar dýra. Til fóðurs teljast einnig vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.
6. *Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki* er fyrirtæki eða einstaklingur sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, áburðar og sáðvöru, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á slíkum vörum til notkunar á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. *Markaðssetning fóðurs* er að hafa umráð yfir fóðri með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða það til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
8. *Rekjanleiki fóðurs* er sá möguleiki að rekja feril fóðurs, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður og matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.
9. *Stjórnandi fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtækis* er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um fóður, áburð eða sáðvöru í fyrirtækjum undir hans stjórn.

67. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

68. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki skulu tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að skrá fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki sem ekki sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Heimilt er að skilyrða starfsleyfi. Ef einnig er kveðið á um starfsleyfisskyldu í lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði þessara laga skal Matvælastofnun gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli laganna.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma, enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita Matvælastofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Matvælastofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum eða vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi fóðurs eða framkvæmd fóðureftirlits.

69. gr.

Við lögin bætist ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á að tiltekið fóður, áburður eða sáðvara hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra skal Matvælastofnun upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu dýra eða manna. Slíkar ráðstafanir Matvælastofnunar skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang áhættunnar. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er fóður, áburð og sáðvöru sem um er að ræða, tegund vörunnar, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstaf-

anir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna eftirlits skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt fyrirtæki eða fleiri í senn eftir atvikum.

70. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að tryggja framkvæmd laga þessara setur ráðherra reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til og varða fóður, áburð og sáðvöru. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, aukefni, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og óæskileg efni, umbúðir og pökkun, erfðabreytt fóður og merkingar þess, eftirlit Matvælastofnunar, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, frá 12. janúar 2005, um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 138/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreinda reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007

nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

71. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skráningarskylda og starfsleyfi, eftirlit og reglugerðarheimild.**

72. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Reglur um fóður,** með tíu nýjum greinum, 7. gr. a – 7. gr. j, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

a. (7. gr. a.)

Óheimilt er að markaðssetja fóður sem ekki er öruggt eða gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Fóður telst ekki öruggt til fyrirhugaðrar notkunar ef það er álitið heilsuspillandi fyrir menn og dýr eða verður þess valdandi að dýraafurðir verða óhæfar til manneldis. Ef fóður, sem staðfest hefur verið að standist ekki kröfur um öryggi fóðurs, er hluti af framleiðslueiningu, lotu eða sendingu fóðurs í sama flokki eða með sömu einkenni skal gert ráð fyrir að ekkert fóður í þeirri framleiðslueiningu, lotu eða sendingu standist kröfurnar nema ítarlegt mat hafi leitt í ljós að engar vísbendingar séu um að afgangurinn af framleiðslueiningunni, lotunni eða sendingunni standist ekki kröfur um öryggi fóðurs.

b. (7. gr. b.)

Dýrapróteín sem unnið er úr aukaafurðum úr dýrum má ekki nota í fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Einungis er heimilt að nota slík dýrapróteín til að framleiða fóður fyrir loðdýr, gæludýr og önnur dýr sem ekki eru alin til manneldis, og þá aðeins ef efnasamsetning, framleiðsluaðferðir, geymsla, flutningur og aðrar sérkröfur vegna þessara aukaafurða eru í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra skal setja um slíkar afurðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýrapróteín sem unnið er úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir búfé og eldisfisk.

Þó er bannað að fóðra dýr á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um notkun á fóðri og áburði sem búinn er til úr aukaafurðum úr dýrum. Þar er ráðherra heimilt að flokka þessar afurðir í áhættuflokka allt eftir því hversu mikil hætta stafar af þeim varðandi útbreiðslu á smitsjúkdómum, sem og að banna notkun á einstökum flokkum ef slíkt reynist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

c. (7. gr. c.)

Fóðureftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu innleiða, koma á og viðhalda framleiðsluaðferðum sem byggjast á meginreglum um hættugreiningu.

d. (7. gr. d.)

Stjórnandi fóðurfyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

e. (7. gr. e.)

Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að fóður, sem hann hefur flutt inn, framleitt, tilreitt, unnið eða dreift, sé ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrætt fóður af markaðnum og tilkynna það Matvælastofnun. Í þessum tilvikum eða þar sem framleiðslueiningin, lotan eða vörusendingin stenst ekki kröfur um öryggi fóðurs skal farga fóðrinu nema Matvælastofnun fallist á aðra lausn. Stjórnandi skal upplýsa notendur fóðursins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að það var tekið af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem þeim hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem ber ábyrgð á smásölu eða dreifingarstarfsemi sem hefur ekki áhrif á umbúðir, merkingu, öryggi eða heilnæmi fóðursins, skal gera ráðstafanir, innan þeirra marka sem ráðast af viðkomandi starfsemi, til að taka vörur af markaðnum ef þær eru ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs og stuðla að öryggi fóðurs með því að veita þær upplýsingar sem þarf til að rekja feril tiltekins fóðurs í samvinnu við framleiðendur, vinnsluaðila og/eða Matvælastofnun.

Álíti stjórnandi fóðurfyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekið fóður, sem hann hefur markaðssett, standist ekki kröfur um öryggi fóðurs skal hann þegar í stað tilkynna það Matvælastofnun. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu vegna notkunar þessa fóðurs. Þeir skulu jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi fóðurs.

Þegar nauðsyn krefur getur Matvælastofnun lagt fyrir stjórnanda fóðurfyrirtækis að hann tilkynni henni, með hæfilegum fyrirvara, um flutning fóðurs til landsins frá EES-ríkjum.

f. (7. gr. f.)

Á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril fóðurs dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður. Stjórnandi fóðurfyrirtækis skal geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent því fóður og hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður. Einnig skal stjórnandi geta tilgreint fyrirtæki sem fóðurfyrirtækið hefur afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar Matvælastofnun að beiðni hennar. Þá skulu fóðurvörur vera merktar og auðkenndar á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við fyrrgreindar kröfur.

g. (7. gr. g.)

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum fóðurs en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að sam-

þykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa fóðurs.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðið og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir skv. 1. mgr. geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun áður en til slíkra aðgerða er gripið.

h. (7. gr. h.)

Fóðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við rannsóknir og greiningu á fóðri skulu tilkynna Matvælastofnun ef í fóðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

i. (7. gr. i.)

Allur innflutningur fóðurs frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem inniheldur dýraafurðir skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand fóðursins og taka sýni til rannsóknar á rannsóknastofu. Skal hún í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að fóðrið sé heilsuspillandi og verði þess valdandi að dýraafurðir verði óhæfar til manneldis skal eyða því. Heimilt er þó að endursenda fóðrið að fengnu leyfi yfirvalda í útflutningslandi eða taka það til annarra nota enda sé það talið öruggt. Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

j. (7. gr. j.)

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd fóðureftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum Matvælastofnunar sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hún ákveður.

Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við Matvælastofnun, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir stofnunin þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit fóðurfyrirtækja, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu fóðureftirliti.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur, sem hlotið hafa faggildingu á viðkomandi rannsóknar- eða prófunarsviði, skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

73. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlit með fóðri, áburði eða sáðvöru:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með vöru þegar tiltekin starfsemi eða vara fyrirtækis er ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis vara vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma samkvæmt þessum lögum.

74. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

75. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna er verður IV. kafli verður: **Eftirlitsgjald vegna fóðurs, áburðar og sáðvöru.**

76. gr.

Í stað 9. gr. laganna koma sex nýjar greinar sem verða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e, svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Matvælastofnun er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að fóður, áburður eða sáðvara sé heilsuspillandi fyrir menn og dýr og verði þess valdandi að matvæli af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis verða óhæf til manneldis. Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án tilskilins leyfis eða hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu skv. 4. gr.

Einnig er Matvælastofnun heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun fóðurs, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu fóðurs, áburðar eða sáðvöru og leggja hald á slíka vöru þegar rökstuddur grunur er um að varan uppfylli ekki ákvæði í vörulýsingu eða ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Þegar Matvælastofnun leggur hald á fóður, áburð eða sáðvöru er henni heimil förgun vörunnar sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur Matvælastofnun jafnframt, til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur Matvælastofnun afturkallað leyfi viðkomandi fyrirtækis til reksturs skv. 4. gr.

b. (9. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Matvælastofnun ákveðið fyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir renna í ríkissjóð og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er Matvælastofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Matvælastofnun en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án dóms eða sáttar.

c. (9. gr. b.)

Matvælastofnun skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Einnig er Matvælastofnun heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná til.

Stjórnanda er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber honum endurgjaldslaust

að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur Matvælastofnun ákveðið að fyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (9. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir.

e. (9. gr. d.)

Við meðferð mála skv. 9. gr., 9. gr. a, 9. gr. b og 9. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

f. (9. gr. e.)

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð sakamála.

77. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna er verður V. kafli verður: **Þvingunarúrræði og refsiákvæði.**

VII. KAFLI
Staðfesting og gildistaka.

78. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 26. október 2007 nr. 133/2007, nr. 134/2007, nr. 135/2007, nr. 136/2007, nr. 137/2007 og nr. 138/2007.

79. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2010 að undanskildum II.–IV. kafla sem öðlast gildi 1. nóvember 2011. Þó tekur 43. gr. í IV. kafla gildi 1. mars 2010. 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. taka gildi 1. mars 2011 og frá sama tíma falla úr gildi samningar faggiltra skoðunarstofa við vinnslu- og starfsleyfishafa.

447. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. H-liður 1. mgr. fellur brott.
b. K-liður 1. mgr. orðast svo: Aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 3. gr. laganna:

a. Fyrirsögn orðskýringarinnar orðast svo: *Aðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.*
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: skattaráðgjöf.

3. gr.

Á eftir orðunum „skv. 1. mgr.“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: og afli upplýsinga um raunverulegan eiganda skv. 2. mgr.

4. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Auk þeirra tilvika sem nefnd eru í III. kafla, um auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann, er tilkynningarskyldum aðila ávallt skylt að gera auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann þegar aðstæður eru í eðli sínu þannig að aukin hætta er, samkvæmt áhættumati, á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Skal þá, við stofnun samningssambands eða áður en millifærsla er framkvæmd, aflað viðbótargagna um viðskiptamann og þess krafist að fyrsta færsla verði framkvæmd í nafni viðkomandi viðskiptamanns og af reikningi er hann hefur sjálfur stofnað til í starfandi fjármálafyrirtæki.

5. gr.

Fyrri málsliður a-liðar 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Lögaðilar sem falla undir a-lið 1. mgr. 2. gr., líftryggingafélög og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

6. gr.

Í stað orðanna „g–i-lið 1. mgr. 2. gr.“ í síðari málslið 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: g-lið 1. mgr. 2. gr. og þeir sem nefndir eru í k-lið sömu málsgreinar þegar þeir veita þjónustu skv. f-lið 6. tölul. 3. gr.

7. gr.

Við 2. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stundi einstaklingur sérfræðistörf, sem launamaður, hjá tilkynningarskyldum aðila skulu skyldur þær sem greinin kveður á um eiga við um hinn tilkynningarskylda aðila en ekki um viðkomandi launamann.

8. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu sjá til þess að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér skriflegar innri reglur sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 23. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: sérstakar reglur um bann við því að tilkynningarskyldir aðilar miðli upplýsingum til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki hafa sambærilegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

448. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
b. Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. málsl. kemur: ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna“ í 4. málsl. 1. mgr. 6. gr., 7. mgr. 12. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna og orðanna „umsjónarnefndar eftirlauna“ í 7. málsl. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðsins „úrskurðun“ í 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ákvörðun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
b. Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. málsl. kemur: ákvörðun stofnunarinnar.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 5. málsl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
b. Í stað orðanna „umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins ákveður.
b. Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Nefndin“ í 1. málsl. 2. mgr., orðsins „nefndinni“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðsins „nefndarinnar“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.
c. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: stofnunin.
d. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
e. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er að kæra ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

8. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og ákvörðunum stofnunarinnar, færir þær á viðskiptareikning hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

449. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fengið fjölmarga á fund sinn til þess að ræða fyrirliggjandi frumvarp og farið nokkuð ítarlega yfir efnisliði þess, þrátt fyrir skamman tíma. 1. minni hluti telur þó fullt tilefni til þess að gagnrýna þann flýti sem einkennt hefur þinglega meðferð frumvarpsins og varar við því að slíkur flýtir verði að meginreglu við afgreiðslu yfirgripsmikilla frumvarpa á hinu háa Alþingi. Störf þingsins undanfarna mánuði gefa ærið tilefni til þess að hafa áhyggjur af þessari þróun.

Í fyrirliggjandi frumvarpi eru lagðar til breytingar á sex lögum. 1. minni hluti lýsir sig sammála áliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar varðandi flest atriði þess, fyrir utan þau sem lúta að breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Fyrsti minni hluti er andsnúinn frekari skerðingum á fæðingarorlofsgreiðslum. Þegar hafa greiðslur í fæðingarorlofi verið skornar niður tvisvar sinnum á innan við ári. Hámarksgreiðslur voru lækkaðar úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr. 1. janúar sl. og niður í 350 þús. kr. 1. júlí sl. 1. minni hluti fagnar því að samstaða náðist í nefndinni um að falla algerlega frá fyrirliggjandi tillögu sem felst í 16. gr. frumvarpsins, um að foreldrum verði gert að fresta einum mánuði af töku fæðingarorlofs, og tekur undir röksemdir meiri hluta nefndarinnar gegn þeirri tillögu. 1. minni hluti er hins vegar ekki fylgjandi breytingartillögu meiri hlutans hvað þessa grein varðar, enda felur hún eftir sem áður í sér verulega skerðingu á fæðingarorlofsgreiðslum frá því sem nú er þótt aðferðin við skerðinguna sé vissulega skárri en sú sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Fyrsti minni hluti áttar sig á bágri stöðu ríkissjóðs og að niðurskurður í ríkisrekstri er nauðsynlegur. Hvað varðar Fæðingarorlofssjóð er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að sjóðurinn fær tekjur sínar af sérstökum tekjustofni samkvæmt lögum en ákveðið hlutfall tryggingagjalds skal renna til sjóðsins. Fjárþörf sjóðsins til þess að standa undir greiðslum samkvæmt núverandi fyrirkomulagi – eftir að búið er að skera niður hámarksgreiðslur tvisvar sinnum á einu ári – er áætluð um 1,2 milljarðar kr. Það vekur furðu að í þeirri endurskoðun á prósentuhlutfalli tryggingagjalds sem farið var í á þessu ári í samráði við aðila vinnumarkaðarins skuli ekki hafa verið tekið á fjárþörf hins berstrípaða sjóðs.

Barneignir eru þjóðfélaginu mikið hagsmunamál, auk þess að vera ákaflega fagur og innihaldsríkur hluti þess að vera til. Sterkar röksemdir eru fyrir því að um það verkefni að tryggja framfærslu þeirra sem eignast börn, og þurfa því að vera tímabundið frá vinnu, ríki sértakt kerfi samtryggingar. Samfélagið allt axlar þar með ábyrgð á því að gera þjóðfélagsþegnum á barneignaraldri það kleift að fjölga sér – bæði í kreppu og góðæri – án þess að bíða of mikinn fjárhagslegan skaða af því. Út frá þjóðhagslegu sjónarmiði er hér um mikilvægt langtímamarkmið að ræða. Tryggja þarf að í framtíðinni verði á vinnumarkaði nægur fjöldi ungs fólks til þess að standa undir sístækkandi velferðarkerfi. Mannfjölgun er því frá sjónarmiði þjóðarbúskaparins ákaflega mikilvæg hagstærð. Þar með er þó ekki tiltekinn megintilgangur fæðingarorlofsins sem felst vitaskuld í því að tryggja þann rétt barnsins að eiga foreldra sína óskipta í tiltekinn fjölda mánaða á mikilvægu upphafsskeiði ævinnar.

Fæðingarorlofskerfið íslenska hefur vakið eftirtekt fyrir að vera framsækið og er að margra mati til fyrirmyndar. Upp úr aldamótum stóð Framsóknarflokkurinn með stolti að því að koma á núverandi fæðingarorlofskerfi, þar sem réttur feðra til orlofs er tryggður til jafns við rétt mæðra. Það skref fól í sér mikilvægar umbætur út frá jafnréttissjónarmiðum og bætti stöðu kvenna á vinnumarkaði til muna.

Nú ríður á að eyðileggja ekki þetta góða kerfi. Sterkar röksemdir voru fyrir því að lækka þak hámarksgreiðslna eins og gert var og takmarka þar með fjárstreymi úr sjóðnum. Nú er hins vegar komið vel yfir sársaukamörk hvað það varðar. Greiðslur mega ekki vera svo lágar að stór hópur launþega, bæði karlar og konur, telji sér ekki fært að njóta fæðingarorlofs. Álit 1. minni hluta er að sjóðurinn megi ekki við frekari niðurskurði eigi hann að geta þjónað mikilvægum tilgangi sínum. Fjárþörf sjóðsins þurfi því að mæta eftir öðrum leiðum.

Í ljósi framangreinds leggur 1. minni hluti til að 16. gr. frumvarpsins falli brott og leggur til breytingartillögu þess efnis á sérstöku þingskjali. Hvað varðar aðra liði frumvarpsins lýsir 1. minni hluti sig í meginatriðum sammála áliti meiri hluta nefndarinnar og er fylgjandi tillögum til breytinga á þeim liðum sem meiri hlutinn leggur til, öðrum en á 16. gr.

Alþingi, 15. des. 2009.

Guðmundur Steingrímsson.

450. Breytingartillaga [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar (GStein).

16. gr. falli brott.

451. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Minni hlutinn gerir alvarlega athugasemd við þann hraða og óðagot sem einkennir framlagningu og vinnslu frumvarpsins en það var einungis viku til umfjöllunar í nefndinni. Það var samdóma álit gesta nefndarinnar og umsagnaraðila að tími til umsagna hefði verið allt of naumur enda voru þeim einungis gefnir þrír dagar til að skila athugasemdum um viða-

mikið mál. Þá var gagnrýnt í umsögnum sem og gestum að lítið sem ekkert samráð hefði verið haft við hagsmunaaðila. Minni hlutinn fordæmir þessi vinnubrögð.

Minni hlutinn tekur undir þann megintilgang frumvarpsins að koma á meiri festu við framkvæmd atvinnuleysistrygginga og koma í veg fyrir misnotkun og auka virkni atvinnuleitenda. Mikilvægt er að koma í veg fyrir misnotkun á kerfinu og því vekja breytingartillögur meiri hlutans furðu. Með þeim eru tennurnar í reynd dregnar úr frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur til að felld verði brott mörg af þeim ákvæðum sem kveða á um hert viðurlög við brotum á lögunum eða er ætlað að veita Vinnumálastofnun nauðsynleg tæki til að taka á þeim sem gerast brotlegir við lögin og auka fælingarmátt þess að brjóta gegn lögunum. Minni hlutinn telur slíkt óásættanlegt enda eru bótasvik mikið vandamál í atvinnuleysistryggingakerfinu og geta skaðað kerfið til langframa. Rétt er að benda á að þeir sem svíkja út atvinnuleysisbætur eru í reynd að taka fé með sviksamlegum hætti úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar. Minni hlutinn áréttar jafnframt að rík þörf er á því að endurskoða heildstætt viðurlög við brotum og svikum og tryggja að samræmis sé gætt í viðurlögum og refsiákvæðum sambærilegra brota í lögum um skatta og bætur.

Á fundum nefndarinnar kom fram að miðlun, eftirfylgni, aðstoð og annarri þjónustu Vinnumálastofnunar sé ábótavant og telur minni hlutinn að skoða beri alvarlega að flytja Atvinnuleysistryggingasjóð til aðila vinnumarkaðarins sem eru mun nær atvinnulífinu og betur til þess fallnir að sinna verkefninu. Þá tekur minni hlutinn undir þau sjónarmið sem höfð voru uppi við nefndina að stór hluti þess vandamáls sem glímt sé við nú sé skortur á atvinnu fremur en atvinnulaust fólk. Meiri hlutinn leggur ekki áherslu á sköpun starfa eða raunhæfar lausnir til eflingar atvinnulífi og átelur minni hlutinn hann fyrir það.

Samband íslenskra sveitarfélaga gagnrýnir harðlega að frumvarpið sé lagt fram án þess að metinn sé kostnaðarauki sveitarfélaganna vegna breytinganna eins og skylt er samkvæmt samkomulagi Sambands íslenska sveitarfélaga, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra frá 30. desember 2005 um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum. Sambandið telur að umtalsverður kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin felist í þessum breytingum, t.d. vegna framfærslu námsmanna í námshléum. Minni hlutinn tekur undir þessa gagnrýni og átelur að ekki hafi verið leitað leiða til að vinna úr þessu vandamáli í nefndinni eða einfaldlega hafna þessari breytingu þar til heildstæð lausn liggur fyrir.

Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélög geti sett þau skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð að sá sem sækir um slíka aðstoð sé í virkri atvinnuleit eða taki þátt í vinnumarkaðsaðgerðum. Minni hlutinn styður að fjárhagsaðstoð sé skilyrt á þennan hátt enda mikilvægt að halda atvinnulausu fólki virku og aðstoða það til vinnu á ný. Þá er ótækt að þeir sem hafna vinnu, eru ekki í virkri atvinnuleit eða neita þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum eigi óhindrað rétt á framfærslu hjá sveitarfélögum. Tryggja þarf að atvinnuleysistryggingakerfið vinni með sveitarfélögum. Augljóst er þó af þeim athugasemdum sem nefndinni voru kynntar að ákvæði frumvarpsins er óskýrt og ekki nægilega ígrundað. Minni hlutinn telur mikilvægt að vinna þetta atriði miklu betur og leggur til að nefndin vinni lagafrumvarp í samráði við hagsmunaaðila, sveitarfélög og félags- og tryggingamálaráðuneyti á fyrstu mánuðum ársins 2010.

Minni hlutinn ítrekar að það eru forkastanleg vinnubrögð að leggja frumvarpið svo seint fram sem raun ber vitni og afgreiða það eftir svo skamman tíma í nefnd. Þá telur minni hlutinn breytingartillögur meiri hlutans til þess fallnar að skaða málið.

Alþingi, 15. des. 2009.

Pétur H. Blöndal, frsm. Jón Gunnarsson.

452. Nefndarálit [81. og 82. mál]

um frv. til l. um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvörp þessi ganga út á bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf og stuðla þannig að aukinni atvinnusköpun á því sviði. Minni hlutinn fagnar því að ríkisstjórnin hafi með málunum ekki einungis tekið undir málflutning Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í nýsköpunarmálum heldur ákveðið að leggja fram frumvörp í samræmi við efnahagstillögur Sjálfstæðisflokksins og ítrekaða þingsályktunartillögu þingmanna Framsóknarflokksins frá 135. og 136. löggjafarþingi (þskj. 14 og 69):

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufjárhæð hvers árs.“

Tillaga Framsóknarmanna kom til þar sem skattaívilnanir til rannsókna og þróunar hafa um nokkurt skeið tíðkast í mörgum ríkjum OECD sem óbein leið til að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í rannsóknum og þróun. Markmiðið er m.a. að efla nýsköpun í atvinnulífinu sem leitt getur til efnahagslegra framfara og bættrar samkeppnisstöðu viðkomandi þjóða. Þess má geta að í dag veita 21 af 30 OECD-ríkjum einhvers konar skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar en það gerðu um 12 ríki árið 1996. Meðal þeirra sem hafa farið þessa leið eru Norðmenn.

Sköpun nýrra starfa og aukning á verðmætasköpun í þjóðfélaginu er lykilatriði málsins. Við þurfum að stuðla að aukinni fjárfestingu í samfélaginu þannig að hvorki þurfi að hækka skattana eins mikið né skera eins mikið niður í opinberri þjónustu. Því miður hefur borið á þeim takmarkaða skilningi að einungis komi til greina annaðhvort að skera niður í rekstri hins opinbera eða að hækka skatta. Þriðja leiðin er til en hún er að auka atvinnu, auka verðmætasköpun og fjárfestingu í samfélaginu. Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin ætli nú að beita sér fyrir þessari þriðju leið, en það er í raun og veru lagt til með þessum tveimur frumvörpum.

Mikilvægt er að skapa umhverfi hér á landi til þess að fólk geti stundað atvinnu sem tengist þeirri menntun sem það hefur hlotið innan lands og utan. Með lögum í þessa veru munu sprotafyrirtækin vaxa og störfum þar fjölga með tækifærum fyrir fólk til að fá störf í sam-

ræmi við menntun sína. Því miður ganga skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar og önnur mál þvert á þessu stefnu. Áhættufé, sem varð fyrir miklu áfalli í hruninu, er takmarkað og sætir aukinni skattlagningu og atvinna er skattlögð með stórhækkun tryggingagjalds.

Minni hlutinn fagnar því að frumvörpin í anda tillagna þingmanna Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins skuli loksins vera komin fram. Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í efnahags- og skattanefnd hafa unnið af miklum heilindum að afgreiðslu málanna, líkt og öðrum, því hér er um stórt hagsmunamál að ræða fyrir íslenska þjóð og íslenskt atvinnulíf. Með afgreiðslu málanna eru flutt uppörvandi skilaboð inn í samfélagið sem ekki veitir af á tímum sem þessum.

Við umfjöllun málsins í nefndinni lagði minni hlutinn áherslu á að frumvarpið í þeirri mynd sem það var lagt fyrir þingið gagnaðist ekki sprotafyrirtækjum, heldur stórum og meðalstórum fyrirtækjum. Þá sé lögð allt of mikil áhersla á háskólarannsóknir og nýsköpun á því takmarkaða sviði. Meiri hluti nefndarinnar hefur nú viðurkennt þessar ábendingar og gert tillögu um breytingar á frumvörpunum í þessa veru, m.a. um að krafa til fjárfestinga í rannsóknum og þróun á 12 mánaða tímabili er lækkuð úr 20 millj. kr. niður í 5 millj. kr. og að áhersla er færð frá grunnrannsóknum og nær markaðnum þar sem hugmyndir eru hagnýttar og nálægt því að þeim megi hrinda í framkvæmd. Jafnframt leggur meiri hlutinn enn til nokkrar breytingar á málunum:

a. Markmið sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins (82. mál) mættu gjarnan fela í sér skýrar og mælanlegar stærðir. Minni hlutinn leggur til að tölulegum stærðum um fjölda viðbótarstarfa í nýsköpun verði bætt inn í markmiðsákvæði frumvarpsins, sem reikna megi með að verði um 1.000 á tímabilinu 2010–2013, sem auki almenna fjárfestingu í nýsköpun um 3 milljarða og auki skatttekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga samtals um 1 milljarð á sama árabili.
b. Þar sem Rannís mun fara með ákvörðunarvald, verði frumvarpið samþykkt, leggur minni hlutinn áherslu á að sérstök fagnefnd skipuð mönnum með mikla reynslu úr nýsköpunarmálum komi að málsmeðferðinni.
c. Lagt er til að réttur nýsköpunarfyrirtækja til sérstaks frádráttar frá álögðum tekjuskatti verði hækkaður úr 15% upp í 20% af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna.
d. Lagt er til að árleg viðmiðunarmörk einstaklinga samkvæmt frumvörpunum (81. og 82. mál) til frádráttar frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga í viðurkenndu nýsköpunarfyrirtæki verði hækkuð úr 300.000 kr. í tilviki einstaklinga og 600.000 kr. hjá hjónum upp í 2.000.000 kr. í tilviki einstaklinga og 4.000.000 kr. hjá hjónum. Nefndin leggur auk þess áherslu á að skoðað verði sérstaklega, að liðnum tveimur árum, að rýmka heimildir skattaðila til fjárfestinga í fjárfestingarsjóðum sem sérhæfa sig í kaupum á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum. Með því er hægt að auka gæða fjárfestingarkosta og draga úr áhættu, sbr. ábendingu frá stjórnendum í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum (dbnr. 369).
e. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að Kauphöllin telur að svo frumvarpið nái tilgangi sínum sé rétt að huga betur að fjárfestavernd. Fjárfestar þarfnast upplýsinga til að geta lagt mat á fjárfestingar, hvort sem er í nýsköpunarfyrirtækjum eða í öðrum fjárfestingum. Þar sem miðað er við að almenningur geti sérstaklega fjárfest í nýsköpunarfyrirtækjum tekur minni hlutinn undir með umsögn Kauphallarinnar að brýnt sé að vanda upplýsingagjöf til fjárfesta. Byggja þarf upp glatað traust almennings á áhættufé almennt með nýjum reglum um gagnsæi og banni við lánum hlutafélaga til eigenda sinna og

kaupum þeirra á hlutabréfum eigenda sinna. Að lágmarki væri æskilegt að fyrirtækin lýstu rekstrinum, skiluðu fjárhagsupplýsingum reglulega og greindu frá öðru því sem verðmótandi gæti talist. Lögð er til breytingartillaga við 5. gr. frumvarpsins (82. mál) í þessu skyni.

Minni hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt,** en jafnframt verði gerðar breytingar sem minni hlutinn gerir tillögu um.

Alþingi, 14. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson, frsm.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Tryggvi Þór Herbertsson.

453. Breytingartillögur [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar (BJJ, PHB, TÞH).

Í stað orðanna „300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 2.000.000 kr. hjá einstaklingi og 4.000.000 kr. hjá hjónum.

454. Breytingartillögur [82. mál]

um frv. til l. um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar (BJJ, PHB, TÞH).

1. 1. gr. orðist svo:

   Markmið þessara laga er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf þannig að störfum fjölgi um allt að 1.000 á árabilinu 2010–2013 og að á sama tímabili aukist fjárfesting í nýsköpun með auknum skatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

   Þetta verður gert með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
2. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.
3. Við 8. gr. bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:

   Sérstök fagnefnd Rannís skipuð reynslumiklum mönnum úr nýsköpunarmálum kemur að málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.
4. Við 10. gr. Í stað tölunnar „15“ í 1. mgr. komi: 20.

455. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Annar minni hluti styður markmið frumvarpsins um að hafa sem jafnast hlutfall kynja í stjórnum og í æðstu stöðum í viðskiptalífinu en er ósammála þeirri aðferðafræði sem birtist í breytingartillögu 1. minni hluta. Bendir 2. minni hluti á að í ákvæði frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum í stjórnum, hafi falist ákveðin málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða um hvernig best væri að ná fram jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Þá má jafnframt benda á að fyrir rúmu ári öðluðust gildi lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar eru lagðar ríkar skyldur á fyrirtæki, m.a. um að skila skýrslum og setja sér jafnréttisáætlun. Telur 2. minni hluti ekki nægjanlega reynslu komna á þessa lagasetningu. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að forustufólk Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Viðskiptaráðs Íslands skrifaði sl. vor undir samstarfssamning þar sem hvatt er til fjölgunar kvenna í forustusveit íslensks atvinnulífs. Markmiðið er að í lok árs 2013 verði hlutfall hvors kyns ekki undir 40%. Studdu fulltrúar allra flokka sem eiga sæti á Alþingi samninginn með undirritun. Óskuðu framangreind samtök eftir ráðrúmi frá löggjafanum til að sjá árangur af þessu átaki sem atvinnulífið hefur ráðist í án þess að eiga yfir höfði sér aðgerðir á borð við þær sem felast í breytingartillögu 1. minni hluta.

Breytingartillaga 1. minni hluta lýtur að því að í einkahlutafélögum og hlutafélögum verði hlutfall hvors kyns að vera minnst 40% þegar stjórnarmenn eru tveir (þ.e. í einkahlutafélögum) eða fleiri. Það er mun víðtækara en ákvæði norskra laga sem mikið hefur verið vísað til þar sem 40% reglan snertir einungis hlutafélög. Kom reyndar fram það sjónarmið í nefndinni að í löggjöfinni ætti að gera meiri greinarmun á annars vegar hlutafélögum og hins vegar einkahlutafélögum. Væru hin síðarnefndu oft minni félög, stofnendur fáir o.s.frv. Þá verður að telja, og var á það bent á af hálfu umsagnaraðila, að ákvæði breytingartillögunnar passi illa við ákvæði laganna um stjórnarkjör, en þau ákvæði eru nokkuð sérstök í íslenskum rétti. Virðist 1. minni hluti ganga út frá því að ef niðurstaða stjórnarkjörs samræmist ekki ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum, verði að kjósa að nýju. Því er 2. minni hluti mótfallinn.

Á vef Félags kvenna í atvinnurekstri kemur fram að samkvæmt könnun Capacent séu minni líkur á því að konur veljist í stöðu framkvæmdastjóra eftir því sem fyrirtæki eru stærri. Hjá minnstu fyrirtækjunum séu konur 22% framkvæmdastjóra en aðeins 9% þeirra stærstu. Þá eru konur um fimmtungur stjórnarmanna íslenskra fyrirtækja en hlutfall þeirra virðist hærra í varastjórnum þar sem 51% varamanna í stjórnum eru konur.

Annar minni hluti tekur undir það sem fram kemur í sömu könnun um að farsælast væri að bæði kyn kæmu að stofnun og rekstri fyrirtækja. Sýna tölur um arðsemi fram á að árangur kvenkyns stjórnenda sé jafnvel betri en þegar karlar eru við stjórn. Þá eru fyrirtæki ólíklegri til að lenda í alvarlegum vanskilum ef framkvæmdastjórar þeirra eru konur, auk þess sem fyrirtæki stofnuð af báðum kynjum eru ólíklegri en önnur til að hætta rekstri, hvort sem er vegna gjaldþrots eða annarra ástæðna.

Annar minni hluti telur að í stað þess að koma á jafnrétti með boðum og bönnum ætti jákvæð hvatning til fyrirtækja að vera ríkari og áhersla lögð á samstarf við atvinnulífið. 2. minni styður það átak og samstarfssamning sem að framan er getið þar sem er unnið í þeim anda að atvinnulífið sjálft stuðli að auknu jafnrétti meðal kynjanna. Þá vill 2. minni hluti benda á að hið opinbera ætti að ganga á undan með góðu fordæmi en athygli hefur vakið að við skipun í skilanefndir og slitastjórnir bankanna virðist ekki hafa verið litið til sjónarmiða um sem jöfnust hlutföll kynjanna. Einnig er það óþolandi að stjórnir sem svo eru skipaðar af viðkomandi skilanefndum og slitastjórnum virða þessi sjónarmið einnig að vettugi.

Annar minni hluti styður ekki breytingartillögur 1. minni hluta nefndarinnar.

Alþingi, 16. des. 2009.

Ragnheiður E. Árnadóttir, frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson.

456. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Annar minni hluti gerir alvarlega athugasemd við þann hraða og óðagot sem einkennir framlagningu og vinnslu frumvarpsins sem var einungis eina viku til umfjöllunar hjá nefndinni auk þess sem aðilum voru gefnir þrír dagar til að skila inn skriflegum umsögnum um málið. Gestir nefndarinnar og umsagnaraðilar gagnrýndu þennan skamma frest harðlega. 2. minni hluti tekur undir þessa gagnrýni og telur ámælisvert að vinnubrögð sem þessi séu viðhöfð í hverju málinu á fætur öðru.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að færa lagareglur til samrýmis við framkvæmd og styður 2. minni hluti að slíkar breytingar séu gerðir. Útfærslu á valdsviði úrskurðarnefndar almannatrygginga telur 2. minni hluti til bóta en bendir þó á að óvíst er hvort lenging á fresti til að kveða upp úrskurði úr tveimur mánuðum í þrjá dugi til. Að mati 2. minni hluta þarf að gera þá kröfu að ekki dragist úr hófi að fá úrskurði í málum enda slíkt illþolanlegt fyrir bótaþega.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt verði að framlengja hámarkstímabil endurhæfingarlífeyris í allt að 36 mánuði. 2. minni hluti telur nauðsynlegt að leggja áherslu á endurhæfingu en þykir jafnframt ljóst að ákvæðið muni ekki nýtast sem skyldi enda þarf að styrkja endurhæfingarúrræði til muna. Ekki er nægilegt að kveða á um að leggja eigi áherslu á endurhæfingu ef engin úrræði eru til staðar fyrir þá sem þurfa á henni að halda.

Boðaðar eru breytingar á örorkumatskerfinu á næsta ári þar sem leggja á áherslu á starfsgetu en ekki vangetu til starfs. 2. minni hluti telur um mikilvæga endurskoðun að ræða en leggur jafnframt áherslu á að þörf er á því að endurskoða bótakerfið allt sem er ógagnsætt og flókið. Horfa þarf heildstætt á kerfið, einfalda það og gera það gegnsærra þannig að yfirsýn sé næg og komið verði í veg fyrir oftryggingu.

Fyrir nefndinni var gagnrýnt harðlega að gengið væri harðast gegn þeim hópi sem síst mætti við því. Í tillögum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum á að leggja áherslu á að gæta láglaunafólks í öllum stéttum og hafa öryrkjar sem fá hvað lægstar bætur gagnrýnt að það sama gildi ekki um þá. Þá hafa hagsmunahópar lífeyrisþega gagnrýnt að þeir skuli ekki fá neinn aðlögunartíma vegna þeirra breytinga sem þá varða þegar við aðrar breytingar, svo sem breytingar á sjómannaafslætti, er miðað við fjögur ár. 2. minni hluti telur sömu gagnrýni eiga við um þær breytingar sem lagðar eru til á fæðingarorlofskerfinu þar sem aðlögunartími er enginn.

Í frumvarpinu sem og breytingartillögum meiri hlutans er enn verið að veikja grundvöll fæðingarorlofskerfisins. 2. minni hluti varar við þeim afleiðingum fyrir jafnrétti kynjanna sem geta falist í lækkun á hámarki bóta. Í nefndaráliti meiri hlutans er gagnrýnt að fjármögnun sjóðsins sé ekki nægilega tryggð og telur 2. minni hluti því rétt að árétta að forgangsröðun við niðurskurð í ríkisfjármálum er í höndum ríkisstjórnar. Væri raunverulegur vilji fyrir hendi hefði verið hægt að tryggja að ekki kæmi til frekar skerðingar á fæðingarorlofi með því að forgangsraða þessu mikilvæga jafnréttismáli framar en gert er.

Gagnrýnt hefur verið að ójafnræði ríkir milli barna eftir því hvort þau eiga eitt eða tvö foreldri enda sé markmið kerfisins að tryggja samvistir barns með foreldrum eins lengi og mögulegt er. Í ljósi þessarar gagnrýni telur 2. minni hluti að við endurskoðun nefndarinnar á frumvarpinu hefði verið eðlilegt að skoða þetta ójafnvægi.

2. minni hluti gagnrýnir einnig að ekki skuli hafa verið frekar rætt um að takmarka þá skörun sem getur orðið á fæðingarorlofi foreldra. Réttur barnsins á að ráða í þessu máli. Með því að setja reglur sem takmarka skörun getur komið til útgjaldalækkunar hjá sjóðnum þar sem frestun verður á orlofstöku. Þá er ljóst að það að takmarka ekki með neinum hætti þann tíma sem foreldrar geta tekið saman í fæðingarorlofi eykur líkur á misnotkun kerfisins þar sem annað foreldrið getur unnið samhliða því að fá greitt fæðingarorlof. Slíkt gengur þvert á markmið kerfisins.

Með vísan til framangreinds telur 2. minni hluti ekki unnt að styðja málið.

Alþingi, 15. des. 2009.

Jón Gunnarsson, frsm. Pétur H. Blöndal.

457. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Guðlaugu Jónasdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Þorstein A. Jónsson frá refsiréttarnefnd, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Margréti Steinarsdóttur frá Stígamótum, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum, Helgu Rut Eysteinsdóttur og Rut Gunnarsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu.

Umsagnir bárust frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stígamótum, Fangelsismálastofnun ríkisins, Persónuvernd, ríkissaksóknara, BSRB, Lögreglustjórafélagi Íslands, ríkislögreglustjóraembættinu, Fjármálaeftirlitinu, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem varða hryðjuverk, mansal og peningaþvætti. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr heildstæður kafli um upptöku sem felur í sér rýmri heimild en er í gildandi lögum til upptöku eigna. Auk þess er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi. Markmiðið með frumvarpinu er að endurskoða gildandi lagaákvæði í þeim tilgangi að unnt sé að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samning) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að berjast gegn verslun með fólk, einkum konur og börn og enn fremur að gera mögulegt að fullgilda Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að gera verði þann fyrirvara að efni síðarnefnds samnings kunni að kalla á aðrar lagabreytingar svo að unnt verði að fullgilda hann en fyrir nefndinni kom fram að í dómsmálaráðuneytinu er unnið að tillögum að breytingum á útlendingalögum, sérstaklega varðandi dvalarleyfi fyrir fórnarlömb mansals.

Hvað varðar endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um upptöku eigna var í frumvarpinu einnig tekið tillit til athugasemda í annarri matsskýrslu GRECO (Samtaka ríkja gegn spillingu, e. Group of States Against Corruption) frá 2. júlí 2004. Þá er með frumvarpinu komið til móts við athugasemdir varðandi gildandi löggjöf um peningaþvætti sem fram koma í skýrslu FATF (Financial Action Task Force) um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það lagt fram á 135. löggjafarþingi (þskj. 197, 184. mál), 136. þingi (þskj. 33, 33. mál) og 137. þingi (þskj. 286, 161. mál) en varð ekki útrætt. Á 135. þingi skilaði nefndin áliti sínu og lagði til að málið yrði samþykkt en á 136. þingi lagði nefndin til að málið yrði samþykkt með nokkrum breytingum. Þegar málið var lagt fram enn að nýju á 137. þingi var tekið tillit til þessara breytingartillagna og athugasemda og er frumvarpið sem hér er til meðferðar samhljóða því.

Við meðferð málsins í nefndinni hefur verið litið nokkuð til þeirrar vinnu sem þegar hefur verið lögð í málið og einnig til þeirra umsagna sem hafa borist um það auk nýrra umsagna. Nefndin tekur undir flest þau sjónarmið sem koma fram í fyrri álitum allsherjarnefndar. Í umfjölluninni á 136. þingi kemur m.a. fram að nefndin hafi rætt nokkuð um þann kafla frumvarpsins sem fjallar um upptöku eigna og lagt er til að komi í stað 69. gr. almennra hegningarlaga. Markmiðið með frumvarpinu er að gera ákvæðin skýrari og færa þau í nútímalegt horf til að um upptöku gildi skýrar og ótvíræðar reglur og unnt sé að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti. Auk þess eru ákvæðin samræmd alþjóðlegum sáttmálum og skuldbindingum íslenska ríkisins. Veigamesta breytingin sem í kaflanum felst er í c-lið 2. gr. en þar er lagt til að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og brotið geti varðað a.m.k. sex ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum er lagt til að heimilt verði að gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi nema hann sýni fram á að verðmætanna hafi verið aflað með lögmætum hætti. Einnig er heimilt, að þrengri skilyrðum uppfylltum, að gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka, fyrrverandi maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila, sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Nefndin leggur áherslu á að hér er um sérstaka sönnunarreglu að ræða sem er frávik frá

meginreglunni um sönnunarbyrði ákæruvaldsins og sá sem hefur verið sakfelldur fyrir brot sem getur varðað a.m.k. sex ára fangelsi og er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning, þarf að sýna fram á að eignanna hafi verið aflað á lögmætan hátt. Viðkomandi þarf þó ekki að hafa fengið sex ára dóm heldur þarf brotið einungis að varða a.m.k. sex ára fangelsi. Þá telur nefndin rétt að taka fram að í greinargerð með frumvarpinu er ítarlega fjallað um samræmingu þessa ákvæðis við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði mannréttindasamninga og með vísan til þeirrar umfjöllunar fellst nefndin á að útfærsla ákvæðanna samræmist þeim. Þá telur nefndin einnig rétt að taka fram að við samningu ákvæðanna var litið til sambærilegra ákvæða í dönskum og norskum lögum en bendir auk þess á að gengið er lengra í sambærilegum lagaákvæðum í öðrum ríkjum og því í reynd farið nokkuð varlegar hér. Hefur verið litið svo á að hagsmunir almennings af skilvirkum reglum um upptöku væru nauðsynlegar í baráttunni gegn brotastarfsemi í ágóðaskyni og hefðu meira vægi en sá möguleiki að heimildin leiddi til þess að eignir sem ekki hefði verið aflað með refsiverðri háttsemi, yrðu gerðar upptækar.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt það nýmæli sem lagt er til að lögfest verði varðandi andvirði upptekinna verðmæta, en verði frumvarpið að lögum verður unnt að nýta andvirðið til greiðslu skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot, t.d. fórnarlambs mansals. Telur nefndin sanngjarnt að slíkar bætur verði almennt ákvarðaðar í samræmi við eðli mansals og þær afleiðingar sem það hefur í för með sér fyrir fórnarlömb þess, sé gerð um það krafa.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð rætt um ákvæði 5. gr. frumvarpsins sem felur í sér að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög sem geri refsivert að taka þátt í skipulagðri brotastarfsemi. Ákvæðið byggir á Palermó-samningnum en þar er áskilið að skipulögð brotastarfsemi taki til stórfelldra brota. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að ekki sé áskilið að um sé að ræða brot á ákvæðum almennra hegningarlaga heldur er áskilið að brotið varði að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi. Fyrir nefndinni var vakin athygli á því að í 5. gr. frumvarpsins er tekið fram að brotið varði minnst fjögurra ára fangelsi og að það geti verið túlkað þannig að ákvæðið eigi einungis við brot þar sem refsiramminn er með lágmarksrefsinguna fjögur ár. Nefndin tekur því sérstaklega fram að hér er átt við brot sem varða að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi og leggur því til lagfæringu á 5. gr. að þessu leyti. Þá tekur nefndin í þessu sambandi einnig fram að ákvæðið er ekki bundið við að niðurstaða dómstóla verði fjögurra ára fangelsi eða meira heldur einungis að brotið geti varðað að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi.

Nefndin ræddi einnig kostnaðarumsögn þá er fylgir frumvarpinu en þar kemur fram að ekki sé ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum. Fyrir nefndinni var vakin athygli á þeirri staðreynd að þegar ný lög öðlast gildi þar sem hámarksrefsing er þyngd eða ný háttsemi gerð refsiverð eins og lagt er til í frumvarpinu verði ekki hjá því komist að föngum fjölgi, refsingar þyngist og þar með kostnaður við fullnustu refsinga. Nefndin hefur í álitum sínum til fjárlaganefndar vegna meðferðar fjárlaga bent á stöðu fangelsismála og þörfina á úrbótum í þeim og ítrekar það sjónarmið í áliti þessu.

Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar frá 135. þingi kemur fram að í umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarpið sé fjallað um það grundvallaratriði skattaréttar að aðila hafi hlotnast skattlögð verðmæti, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þess efnis að aðilar telji sér til tekna þau verðmæti sem þeim hafi hlotnast. Í skattalöggjöf er ekki tekið á því álitaefni hvaða réttaráhrif það hafi á ákvarðaðan skattstofn að skattlögð verðmæti séu

gerð upptæk. Taldi skattrannsóknarstjóri að með hliðsjón af framangreindu ákvæði laga um tekjuskatt væri a.m.k. vafa undirorpið að eignaupptöku og skattlagningu verði beitt samhliða. Beindi meiri hlutinn því þá til fjármálaráðherra að kannað yrði hvort gera þyrfti breytingar á skattalöggjöf hvað þetta atriði varðar og ítrekaði nefndin það á 136. þingi. Við meðferð málsins nú leitaði nefndin eftir upplýsingum um þetta hjá ráðuneytinu og var upplýst að það teldi ekki nauðsynlegt að gera breytingar á skattalöggjöf vegna tilgreindra ákvæða um upptöku eigna. Í núverandi skattalöggjöf eru fyrir hendi ákvæði sem gefa vísbendingu um með hvaða hætti farið yrði með tekjur sem gefnar hafa verið upp til tekjuskatts en síðar gerðar upptækar. Þannig er í 27. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, fjallað um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri og þar segir í 3. mgr.: „Hafi ólöglegur ágóði verið sannanlega talinn til tekna, en síðar verður upptækur, má draga hann frá tekjum þess skattárs, er hann var framtalinn.“ Nefndin fellst á að ákvæði reglugerðarinnar hafi, þótt hún sé nokkuð við aldur, leiðbeinandi gildi eftir því sem þau stangast ekki á við ákvæði yngri heimilda.

Nefndin telur rétt að taka fram að við flutning verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem tók gildi 1. október sl. fluttist ábyrgð á mansalsmálum í heild yfir til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Að því er varðar þær breytingar sem stafa af fullgildingu Evrópuráðssamnings um varnir gegn hryðjuverkum var það álit nefndarinnar á 136. þingi, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, að rétt væri að fresta þeim þætti málsins og gefa ráðuneytinu þannig betra ráðrúm til að fara yfir framkomnar athugasemdir. Fyrir nefndinni kom fram að þessi þáttur er til skoðunar hjá refsiréttarnefnd.

Nefndin telur að árangri í baráttu við skipulagða brotastarfsemi verði ekki náð nema með markvissum samræmdum aðgerðum og því nauðsynlegt að samræma löggjöf alþjóðlegum skuldbindingum.

Nefndin gerir tillögur um smávægilegar lagfæringar á frumvarpinu og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað orðanna „minnst 4 ára fangelsi“ í 1. og 2. efnismgr. komi: að minnsta kosti 4 ára fangelsi.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „ráðstöfun eða flutningi ávinnings“ í 1. efnismgr. komi: eða ráðstöfun ávinnings.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Ögmundur Jónasson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Róbert Marshall.		Þráinn Bertelsson.

458. Lög [56. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 447.

459. Lög [83. mál]

um breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 84.

460. Lög [165. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 184.

461. Lög [166. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 185.

462. Lög [199. mál]

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 223.

463. Lög [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 448.

464. Frumvarp til laga [70. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

(Eftir 2. umr., 16. des.)

I. KAFLI

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „skriflegt og dagsett umboð“ í 2. mgr. 81. gr. laganna kemur: skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

2. gr.

Í stað orðanna „gerir skriflega kröfu“ í 86. gr. laganna kemur: gerir skriflega eða rafræna kröfu.

3. gr.

Á eftir 88. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 88. gr. a – 88. gr. e, svohljóðandi:

a. (88. gr. a.)

Í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund.

Hafi félag þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ákveðið að allir hluthafar geti greitt atkvæði á hluthafafundum rafrænt, sbr. 80. gr. a, getur hluthafafundur ákveðið að boða skuli til hluthafafundar, þó ekki aðalfundar, minnst tveimur vikum fyrir fund, enda sé hann boðaður almennt á Evrópska efnahagssvæðinu eða tilkynn-

ingar þar að lútandi sendar skráðum hluthöfum á grundvelli hlutaskrár. Ákvörðun skal tekin með þeim meiri hluta sem þarf til að breyta félagssamþykktum og skal hún ekki gilda lengur en til næsta aðalfundar.

Ekki þarf að fara eftir ákvæðum um lágmarksfrest í 1. og 2. mgr. ef boðað er til eins eða fleiri framhaldshluthafafunda í þargreindum félögum vegna skorts á ályktunarhæfi á fundinum sem fyrst var boðað til. Slíkt er þó háð því að fyrsti fundurinn hafi verið boðaður lögum samkvæmt og ekkert nýtt atriði hafi verið sett á dagskrá. Þurfa a.m.k. tíu dagar að líða milli síðasta fundarboðs og dagsetningar hluthafafundar.

b. (88. gr. b.)

Auk hugsanlegra frekari krafna skráningarríkis félags þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði um tilkynningu á fundarboði eða birtingu þess skal félag gefa út fundarboð skv. 88. gr. a með þeim hætti að tryggður sé skjótur aðgangur að því á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki má kveða á um að einungis megi nota miðla sem starfræktir eru í einu ríki.

Ekki er skylt að beita 1. mgr. varðandi notkun miðils um þargreint félag sem hefur nöfn og heimilisföng hluthafa skráð í hlutaskrá, enda sé því skylt að senda hverjum skráðum hluthafa fundarboð.

Hvort heldur fylgt er 1. eða 2. mgr. skal ekki innheimta kostnað sérstaklega fyrir útgáfu fundarboðs.

c. (88. gr. c.)

Í fundarboði skv. 88. gr. a í félagi þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal a.m.k. greina:

1. Fundarstað, sbr. 83. gr., fundartíma, sbr. 1. mgr. 84. gr. og 85. gr., og drög að dagskrá, sbr. 84. gr. og 3. mgr. 88. gr.
2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. M.a. skal upplýsa um:
   a. Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, sbr. 86. og 89. gr., og leggja fram ályktunartillögur sé slíkt unnt eftir útgáfu fundarboðs, sbr. 88. gr., svo og spyrja spurninga, sbr. 5. mgr. 80. gr. a, auk frests til að nýta þennan rétt. Í fundarboði nægir að greina einungis frá fresti ef þar er vitnað í nánari upplýsingar um réttinn á vef félags.
   b. Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eftir atvikum eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félag sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns.
   c. Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á, sbr. 80. gr. a og 82. gr.
3. Hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta skv. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 88. gr. d.
4. Veffang þar sem finna má upplýsingar skv. 88. gr. d.

d. (88. gr. d.)

Félag þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal samfellt í 21 dag fyrir hluthafafund og auk þess fundardaginn veita hluthöfum sínum a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi á vef félagsins:

1. Fundarboð skv. 88. gr. a.
2. Heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, sundurliðað eftir flokkum ef við á.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
4. Ályktunartillögu eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærri stofnun í félaginu að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
5. Eftir atvikum eyðublöð sem umboðsmaður skal nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu nema þau séu send hverjum hluthafa.

Þar sem ekki er af tæknilegum ástæðum unnt að setja eyðublöð skv. 5. tölul. 1. mgr. á vef félags skv. 1. mgr. skal það greina frá því á vef sínum hvernig nálgast megi eyðublöðin í pappírsformi. Í þeim tilvikum skal félagið senda eyðublöðin í pósti hverjum þeim hluthafa er þess óskar, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Sé fundarboð vegna hluthafafundar í félagi skv. 1. mgr. gefið út síðar en þremur vikum fyrir fund, sbr. 88. gr. a, skal stytta frest sem því nemur.

Innan fimmtán daga frá hluthafafundi í félagi skv. 1. mgr. skal birta úrslit kosninga á fundinum á vef félagsins nema það hafi ákveðið að veita ítarlegri upplýsingar um atkvæðagreiðslur.

e. (88. gr. e.)

Fjármálaeftirlitið getur undanþegið rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða ákvæðum 88. gr. a – 88. gr. d.

II. KAFLI
Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „skriflegt og dagsett umboð“ í 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.

5. gr.

Í stað orðanna „gerir skriflega kröfu“ í 61. gr. laganna kemur: gerir skriflega eða rafræna kröfu.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

6. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

465. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

(Eftir 2. umr., 16. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Stjórnin skal gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Í hlutaskrána skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.

2. gr.

1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn. Í stjórnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félags. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

3. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

4. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

6. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna bætist: og hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 153. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „(2. mgr. 70. gr.)“ kemur: samantekt um samstæðutengsl o.fl. (4. mgr. 84. gr.).
b. Í stað orðanna „4. mgr. 84. gr.“ kemur: 5. mgr. 84. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

8. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum manni skal valinn a.m.k. einn varamaður. Þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrír í félagi þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félags. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

9. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

III. KAFLI
Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu 2.–4. málsl. 2. gr. og 3.–5. málsl. 8. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

466. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Angantý Einarsson frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson frá ríkisskattstjóra, Stefán Skjaldarson frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, Steinþór Haraldsson frá skattstofunni á Suðurlandi, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árni Stefán Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna. Þá átti nefndin símafund með Inga Tómasi Björnssyni frá skattstofunni í Vestmannaeyjum, Rósu Helgu Ingólfsdóttur frá skattstofunni á Ísafirði og Hönnu Björnsdóttur frá skattstofunni á Siglufirði.

Í frumvarpinu er lagt til að landið skuli vera eitt skattumdæmi og að starfsstöðvum verði skipað niður samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Skattumdæmin verða samkvæmt því sameinuð undir embætti ríkisskattstjóra sem eitt umdæmi og eitt stjórnsýslustig. Staðbundin valdmörk skattstjóra sem nú eru níu talsins verða með breytingunum felld niður og skattákvarðanir verða teknar óháð búsetu gjaldanda.

Tillögur fjármálaráðuneytis sem búa að baki frumvarpinu gera ráð fyrir að fimm skattstofur verði reknar á landinu auk skrifstofu ríkisskattstjóra, þar af verði ein skattstofa á höfuðborgarsvæðinu og fjórar á landsbyggðinni, þ.e. á Vesturlandi/Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Megintilgangur breytinganna er að færa rekstrarkostnað skattkerfisins til samræmis við markmið fjárlagafrumvarpsins og jafnframt að auka skilvirkni í störfum þess.

Í athugasemdum við frumvarpið er lögð áhersla á að þessum skipulagsbreytingum sé ekki ætlað að leiða til fækkunar starfa með uppsögnum, skerts þjónustustigs eða lakari stöðu landsbyggðarinnar. Hins vegar megi búast við að störf verði endurskilgreind og verkefni sameinuð til að unnt verði að ná rekstrarhagræðingu. Það geti orðið til þess að starfseiningum fækki á næstu árum.

Nefndin ræddi áhrif frumvarpsins á stöðu starfsmanna skattkerfisins og áhyggjur af því hvernig þjónustu verði háttað á þeim stöðum þar sem skattstofur verða ekki lengur starfandi. Í umsögn embættis ríkisskattstjóra kemur fram að ekki standi til að segja fastráðnu starfsfólki upp vegna áformaðra breytinga en að líkur séu á að ekki verði endurráðið í störf þeirra sem hætta af eðlilegum ástæðum. Fyrirsjáanlega muni starfsmönnum skattkerfisins fækka á næstu árum en að sú fækkun verði mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Fram kom að við niðurlagningu embætta skattstjóra myndaðist réttur til biðlauna en almennt væri gert ráð fyrir að þeir yrðu áfram við stjórn skattstofa sinna.

Að mati ríkisskattstjóra er sameining skattumdæma til þess fallin að hafa mikil samlegðaráhrif sem birtist m.a. í samræmdari skattframkvæmd og sérhæfingu verkefna innan skattkerfisins sem í mörgum tilvikum er hægt að vinna óháð staðsetningu. Aðrir telja aðdraganda breytinganna of skamman í ljósi aðstæðna og að þröng verkaskipting skattstofa geti skaðað nærþjónustu á landsbyggðinni. Fækkun starfa geti auk þess haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir lítil bæjarfélög.

Nefndin er hlynnt sameiningu skattumdæma en leggur áherslu á að landsbyggðin njóti góðs af útvistun verkefna. Nefndin leggur einnig til breytingar á frumvarpinu sem miða allar að því að í stað þess að lokaákvörðun á stjórnsýslustigi um tiltekin atriði verði hjá ríkisskatt-

stjóra verði unnt að skjóta ákvörðunum hans til yfirskattanefndar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu á stjórnsýslustigi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykk**t með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Lokamálsliður 4. gr. falli brott.
2. C-liður 7. gr. falli brott.
3. A-liður 24. gr. orðist svo: 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, ívilnun skv. 65. gr. og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr., ekki rétt ákveðinn og getur hann þá sent rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, studda nauðsynlegum gögnum, til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið.
4. B-liður 25. gr. falli brott.

Alþingi, 14. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ögmundur Jónasson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari.

467. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Flm.: Anna Pála Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Illugi Gunnarsson,
Ásmundur Einar Daðason, Margrét Tryggvadóttir, Þráinn Bertelsson,
Arndís Soffía Sigurðardóttir, Árni Johnsen, Árni Þór Sigurðsson, Ásbjörn Óttarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgir Ármannsson, Birgitta Jónsdóttir, Birkir Jón Jónsson,
Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason,
Einar K. Guðfinnsson, Eygló Harðardóttir, Guðbjartur Hannesson,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórsson, Guðmundur Steingrímsson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Helgi Hjörvar, Höskuldur Þórhallsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir,
Magnús Orri Schram, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Ólöf Nordal,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir,
Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þór Saari,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að skipa starfshóp um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hópurinn verði skipaður einum fulltrúa dómsmála- og mannréttindaráðherra, einum fulltrúa félags- og tryggingamálaráðherra, einum fulltrúa tilnefndum af Samtökum um Kvennaathvarf og einum fulltrúa tilnefndum af Útlendingastofnun. Hlutverk starfshópsins verði að skila dómsmála- og mannréttindaráðherra fullmótuðum tillögum um úrbætur og hugsanlegar laga- eða reglugerðarbreytingar. Markmiðið með úrbótum verði fyrst og fremst að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi. Telji starfshópurinn rökrétt að hluti vinnunnar nái til stöðu allra erlendra kvenna sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum skulu tillögurnar taka mið af því. Hópurinn skili niðurstöðum þremur mánuðum frá dagsetningu skipunarbréfs.

Greinargerð.

Kvennaathvarfið kynnti 2. desember sl. skýrslu um rannsókn sem unnin var á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er skelfileg staða kvenna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru beittar ofbeldi af mökum sínum en háðar þeim um landvist.

Vert er að taka fram að um fámennan hóp í íslensku samfélagi er að ræða, eins og segir í skýrslunni, þar sem aðeins lítill hópur kvenna af erlendum uppruna leitar í Kvennaathvarfið vegna ofbeldisfulls maka.

Rannsókn Kvennaathvarfsins náði til allra kvenna af erlendum uppruna sem þangað komu. Hér er hins vegar tekinn út sá hópur sem kemur frá löndum utan EES-svæðisins, þar sem rannsóknin sýndi mikinn mun á stöðu þeirra og kvenna sem koma frá EES-löndum Þær síðarnefndu eru mun betur settar vegna reglna um frjálst flæði vinnuafls innan EES-svæðisins. Með orðum Hildar Guðmundsdóttur mannfræðings og vaktstýru Kvennaathvarfsins, sem

gerði rannsóknina: „Í sumum tilvikum eru konur frá löndum utan EES háðar maka varðandi dvalarleyfi í landinu, sem gerir þær berskjaldaðri fyrir ofbeldi eiginmanna sinna. Ókunnugleiki og tungumálaerfiðleikar auðvelda misnotkun og geta stuðlað að einangrun. Vitað er til þess að fleiri en ein erlend kona hefur komið vegna sama manns og svo virðist sem einstaka ofbeldismenn velji kerfisbundið konur frá löndum utan EES og telji þær auðveldari fórnarlömb ofbeldis vegna stöðu þeirra í íslensku samfélagi.“

Í skýrslu Kvennaathvarfsins eru útlistuð ýmis dæmi um það ofbeldi og misnotkun sem konurnar eru beittar.

Sumir karlar halda konunum einangruðum á heimilum sínum og leyfa þeim ekki að eiga samskipti við annað fólk. T.d. kom ein kvennanna í Kvennaathvarf og vissi ekki sitt eigið heimilisfang þrátt fyrir að hafa búið hérlendis nokkur ár en henni hafði verið haldið einangraðri. Meiri hluti kvennanna hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og sumar fyrir ýmiss konar kynferðisofbeldi, en um það segir í skýrslunni: „Af frásögn kvennanna má ráða að karlarnir telji að konurnar séu eign þeirra og þeir geti leyft sér að koma fram við þær eins og þeim sýnist og að þeir eigi rétt á að fá öllum kynferðislegum hugarórum sínum fullnægt. Eiginmennirnir hóta konunum óspart „heimsendingu“ ef þær neita að hlýða.“ Sumar kvennanna eru beittar fjárhagslegri misnotkun af ýmsu tagi, látnar þræla sér út í láglaunavinnu til að sjá fyrir makanum, látnar skrifa undir fjárhagslegar skuldbindingar fyrir þá eða vinna launalaust fyrir þá. Þær eru niðurlægðar af mökum sínum á marga vegu og þeim til dæmis sagt að þær séu keyptar. Makarnir ljúga til um hagi sína og bakgrunn og villa á sér heimildir meðan á viðkynningu stendur.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsakanda koma sumar kvennanna endurtekið í Kvennaathvarfið en fara aftur til maka síns á milli. Gjarnan með því hugarfari að þær verði einfaldlega að láta ofbeldið yfir sig ganga í nokkur ár, meðan þær eru háðar makanum um landvist. Þetta gera þær fyrir börn sín eða vegna þess að þær eiga ekki afturkvæmt á heimaslóðir.

Rétt er að taka fram að í 6. mgr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, sem breytt var með lögum nr. 86/2008, er að finna ákvæði sem sérstaklega var ætlað að koma til móts við þann hóp kvenna sem tillaga þessi fjallar um. Ákvæðið hljóðar svo:

„Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 11. gr. Skal þá m.a. litið til lengdar hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar og tengsla útlendings við landið.“

Ljóst virðist að þetta ákvæði hafi haft í för með sér formlega réttarbót. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur hins vegar lítið sem ekkert reynt á ákvæðið. Af þeirri staðreynd má draga þá ályktun að meira þurfi til að koma, svo sem fræðsla um réttindi. Flutningsmenn taka ekki afstöðu til þess hvort ákvæðið veiti efnislega fullnægjandi vernd og er starfshópnum falið að fara yfir það atriði. Eins er hópnum falið að hafa skýrslu Kvennaathvarfsins til hliðsjónar við vinnu sína en hann hefur að öðru leyti frjálsar hendur um vinnulag.

Eins og fyrr segir er hlutverk starfshópsins að skila fullmótuðum tillögum um úrbætur og hugsanlegar laga- og reglugerðarbreytingar. Markmiðið með þeim úrbótum er að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan EES og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi. Flutningsmenn leggja áherslu á að árangur í málinu náist hið fyrsta. Því er lagt til að hópurinn hafi þrjá mánuði til að skila tillögum sínum um þetta afmarkaða verk-

efni. Flutningsmönnum finnst þó eðlilegt að setja starfshópnum ekki stólinn fyrir dyrnar ef hluti vinnunnar getur nýst í þágu kvenna frá löndum innan EES, þótt þeirra aðstaða að lögum sé gjörólík. Starfshópnum er því falið að meta hvort rökrétt sé að hluti vinnunnar nái til stöðu allra erlendra kvenna sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum og skulu þá tillögurnar taka mið af því.

Samsetning hópsins er þannig hugsuð að þekking á aðstæðum kvennanna og framkvæmd útlendingalöggjafar fáist með fulltrúum frá Kvennaathvarfi og Útlendingastofnun. Dómsmála- og mannréttindaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra skipi svo hvor sinn fulltrúa en nokkur skörun er á verksviði ráðuneytanna í útlendingamálum. Ráðherrunum er falið að ákveða sín á milli hvor fulltrúa þeirra verði formaður starfshópsins.

Vernd kvenna gegn ofbeldi maka snertir grunninn að tilveru þeirra og öryggi. Ef veruleikinn er sá að ofbeldismenn hérlendis velja konur frá löndum utan EES vegna lakari stöðu þeirra í íslensku samfélagi þurfa íslensk stjórnvöld að bregðast hratt og vel við. Styrkja þarf réttarstöðu þessara kvenna svo að þær eigi greiða leið út úr ofbeldissamböndum. Þannig ættu einnig að nást fram fyrirbyggjandi áhrif, með skýrum skilaboðum um að þess háttar ofbeldi og misnotkun á konum verði undir engum kringumstæðum liðið.

Tillagan er lögð fram í kjölfar 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi árið 2009. Líta flutningsmenn á það sem framlag þingmanna úr öllum þingflokkum Alþingis til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi.

468. Svar [268. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um fiskveiðikvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða byggðarlög hafa aukið mest við sig fiskveiðikvóta á síðustu 10 árum?*
2. *Hvaða byggðarlög hafa tapað mestum fiskveiðikvóta á sama tíma?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar:

Meðfylgjandi eru upplýsingar um úthlutanir eftir heimahöfnum skipa á umbeðnu tímabili. Magnið hefur verið reiknað upp í þorskígildistonn. Niðurstaðan byggist á hlutfalli aflaheimilda af heildarúthlutun og samanburði á breytingum sem hafa orðið á framangreindu tímabili. Reiknuð er breyting frá úthlutun á fyrsta ári sem litið er til og síðasta árs. Sveiflur geta hafa verið í millitíðinni.

Um er að ræða bæði *upphafsúthlutun* sem grundvallast á aflahlutdeild veiðiskipa og *bætur* skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006.

Úthlutun á aflaheimildum í þorskígildistonnum eftir heimahöfnum veiðiskipa fiskveiðiárin 2000/2001 til 2009/2010.

Um er að ræða upphafsúthlutun og bætur. Tölur eru í kg – Fiskistofa 14. desember 2009

	Fiskveiðiár									
Höfn	**2000/01**	**2001/2002**	**2002/2003**	**2003/2004**	**2004/2005**	**2005/2006**	**2006/2007**	**2007/2008**	**2008/2009**	**2009/2010**
Vestmannaeyjar	23.498.257	25.957.392	26.790.760	29.338.304	29.445.082	30.386.842	35.360.520	32.074.242	26.525.254	27.506.980
Stokkseyri	1.686.594	1.865.058	2.038.433	2.166.325	2.190.899	2.601.445	2.775.495	2.241.748	2.209.563	2.182.693
Eyrarbakki	502.452	428.592	543.676	551.181	553.275	659.122	622.613	141.243	87.787	124.150
Selfoss		6.381			18.365	17.815	0	0		
Þorlákshöfn	11.064.278	11.074.231	10.433.706	10.354.029	9.391.278	8.405.117	7.764.931	5.486.288	4.676.771	4.829.302
Grindavík	18.167.952	21.281.809	20.984.588	21.078.163	24.632.170	28.044.440	34.623.853	28.363.647	24.286.413	25.699.138
Sandgerði	3.875.024	2.793.709	2.759.385	2.440.882	1.971.977	1.780.670	1.059.541	1.514.575	1.323.354	1.278.468
Garður	7.737.126	10.007.201	9.054.423	9.185.068	14.873.138	11.274.951	12.968.965	10.904.804	7.731.146	7.882.087
Keflavík	3.955.583	4.238.116	2.459.307	3.665.483	5.550.493	4.988.320	4.916.453	4.510.604	3.637.819	3.458.282
Njarðvík	66	225.846	266.309	201.920	100.726	78.215	70.488	107.946	91.772	
Vogar	893.948	1.179.349	2.565.514	2.596.632	2.521.228	2.822.120	1.170.635	2.894.776	2.430.950	2.607.668
Hafnarfjörður	9.391.915	8.845.982	16.209.007	13.358.766	10.013.399	11.744.758	11.563.729	8.615.611	6.173.827	6.476.769
Garðabær		54.146	27.431	28.005	64.311	57.678	25.744	18.044	17.328	19.778
Kópavogur	43.639	235.000	288.138	284.296	442.888	365.912	312.456	150.238	115.895	142.903
Reykjavík	26.962.589	26.694.892	29.399.371	30.583.602	27.312.958	34.872.828	33.073.643	41.739.126	30.389.226	36.422.325
Akranes	8.930.291	9.598.387	13.120.292	12.626.535	11.938.696	13.282.623	14.110.292	11.194.392	9.173.447	10.545.024
Borgarnes		42.564	23.470	23.719	262.386	269.478	43.873	57.001	55.363	39.325
Arnarstapi	167.132	514.573	746.941	742.445	817.096	994.477	929.180	843.807	782.245	864.605
Hellnar		11.967	11.332	11.012	22.645					
Hellissandur	284.448	762.014	535.587	679.501	1.447.635	1.486.118	1.745.729	1.369.750	1.436.583	1.502.209
Rif	11.448.681	11.108.334	6.238.217	9.533.094	10.994.782	12.142.525	12.258.920	6.710.216	9.938.641	9.031.166
Ólafsvík	5.632.457	7.165.159	7.193.318	7.053.848	6.791.823	7.341.751	6.346.606	5.396.338	4.425.349	4.363.017
Grundarfjörður	14.137.069	10.059.743	12.303.685	10.710.418	10.440.167	11.682.054	11.341.518	8.036.905	6.570.922	7.109.095
Stykkishólmur	4.183.880	3.407.417	3.516.453	2.934.901	4.119.933	4.065.705	3.511.339	3.988.401	3.004.248	3.782.717
Flatey á Breiðafirði	423	35.628	19.771	9.981	9.630	0	0	0	8.987	
Búðardalur	0	3.470	5.181	290	12.566	12.177	0		0	0

Höfn	2000/01	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Reykhólar	100.262	96.549	98.987	112.413	132.431	17.078				
Brjánslækur	164.236	471.767	353.075	342.876	255.418	326.057	232.512	89.395	59.891	65.445
Haukabergsvaðall	50	35	23	21	19	23	0			
Patreksfjörður	3.349.254	3.582.690	3.256.144	3.151.280	3.544.663	4.119.282	4.285.694	3.492.756	3.132.404	3.207.909
Tálknafjörður	1.885.902	2.273.999	1.125.248	1.195.623	1.429.856	1.363.692	1.495.813	985.117	1.497.090	1.133.424
Bíldudalur	2.320.405	1.966.935	1.845.709	971.513	472.938	396.889	200.878	434.615	128.128	140.713
Þingeyri	1.120.460	1.751.135	947.089	952.136	1.246.988	2.833.502	2.750.626	3.555.703	1.650.146	1.780.026
Flateyri	1.561.555	2.267.434	2.814.813	2.832.483	2.993.001	2.146.783	2.508.826	936.671	230.634	241.032
Suðureyri	7	1.006.368	1.611.971	1.699.374	1.657.320	1.719.259	1.617.841	1.458.733	1.064.226	915.508
Bolungarvík	3.801.330	4.692.812	5.786.377	6.736.562	5.722.279	6.746.045	6.975.372	5.299.731	4.658.628	5.179.852
Hnífsdalur	6.074.974	4.906.426	3.616.301	3.620.477	3.628.247	3.601.046	3.500.929	3.960.903	3.578.871	3.710.738
Ísafjörður	5.952.520	5.459.879	8.785.197	8.561.399	8.046.965	8.824.461	7.682.446	6.480.877	5.199.653	5.955.292
Súðavík	2.899.845	4.093.448	4.456.511	3.530.699	1.575.073	1.292.350	1.183.017	412.601	405.928	504.482
Norðurfjörður	4.601	123.144	93.088	85.684	227.428	180.508	134.290	82.137	76.838	88.519
Djúpavík	71.648	83.853	56.115	54.773	82.814	43.404	22.037	23.094	51.557	64.266
Drangsnes	543.979	901.580	1.173.485	1.025.309	814.915	838.217	555.870	440.742	362.767	408.814
Hólmavík	2.469.230	739.595	612.280	636.763	494.762	348.511	442.738	328.995	288.895	320.916
Hvammstangi	440.110	82.329	90.951	108.861	193.954	154.650	46.893	34.649	30.170	46.646
Blönduós	1.123.815	1.031.067	1.087.964	646.868	515.652	543.684	303.743	230.264	102.326	293.726
Skagaströnd	6.554.581	5.492.866	6.666.255	6.733.443	6.836.846	7.444.077	11.459.154	9.090.662	7.494.755	8.391.307
Sauðárkrókur	8.599.925	7.184.326	8.835.584	8.526.391	8.195.251	8.711.573	4.795.579	3.776.658	2.920.664	3.401.268
Hofsós	194.988	367.288	385.578	407.553	116.988	215.581	494.526	23.459	28.222	26.999
Haganesvík		101.856	155.910	64.450	49.823	123.981	220.390	103.087	93.422	95.620
Siglufjörður	8.414.668	6.644.725	7.343.177	6.095.320	5.830.147	4.632.893	3.360.195	3.549.851	2.534.150	3.334.204
Ólafsfjörður	9.004.645	8.929.553	9.803.219	10.322.746	9.687.517	10.169.842	10.489.444	6.996.922	9.191.603	9.767.588
Grímsey	916.117	1.549.924	1.398.454	1.594.555	1.566.631	1.805.861	2.204.070	1.932.563	1.803.469	1.980.199
Hrísey	607.392	635.729	857.382	707.174	608.057	541.793	90.746	102.083	212.044	220.666
Dalvík	7.087.864	6.261.460	7.581.938	7.672.337	6.332.145	7.245.497	8.385.532	7.415.561	4.779.498	4.763.210
Árskógssandur	78.576	92.674	57.374	173.337	376.645	621.499	264.072	375.921	364.419	373.168
Árskógsströnd		12.621	79.772	86.888	97.879	381.832	554.545	196.833	182.877	191.805
Hauganes	199.601	239.925	239.258	236.339	248.095	235.769	211.696	148.132	141.221	158.226

Höfn	**2000/01**	**2001/2002**	**2002/2003**	**2003/2004**	**2004/2005**	**2005/2006**	**2006/2007**	**2007/2008**	**2008/2009**	**2009/2010**
Hjalteyri	26.639	18.960	18.511	18.587	19.236	18.730				
Akureyri	31.432.470	29.485.700	34.682.415	32.276.228	26.953.016	25.212.269	28.053.559	11.252.188	10.556.829	12.583.916
Grenivík	2.781.534	2.881.318	3.694.196	3.822.696	4.231.879	5.013.605	6.153.600	6.186.572	4.390.015	4.864.698
Húsavík	7.002.876	7.489.334	8.789.329	7.988.088	5.070.379	4.361.382	3.811.645	3.589.358	3.640.159	4.112.339
Kópasker	450.676	1.259.784	676.289	450.759	297.747	263.796	174.610	39.266	44.152	48.471
Raufarhöfn	692.946	1.215.438	1.104.407	1.095.802	1.293.936	833.088	557.007	626.316	430.713	542.659
Þórshöfn	2.825.125	1.068.164	1.230.053	1.153.133	2.123.059	2.369.681	2.452.981	1.528.453	1.343.642	1.443.303
Bakkafjörður	458.618	478.246	508.409	498.974	765.576	1.682.502	541.803	405.394	390.917	370.941
Vopnafjörður	2.663.347	2.301.099	3.858.393	3.724.930	3.995.297	3.601.579	2.680.073	1.537.628	61.754	68.989
Borgarfjörður eystri	241.750	585.092	562.214	554.376	628.275	670.867	648.006	439.024	418.449	459.612
Seyðisfjörður	2.398.260	2.279.927	2.688.159	2.353.734	3.531.667	2.769.697	2.964.900	2.381.859	1.960.588	2.110.528
Mjóifjörður	85.929	185.886	115.549	119.668	115.961	122.657	122.658	1.881	18.529	2.053
Neskaupstaður	6.384.953	6.533.208	7.934.434	7.587.682	7.458.908	6.998.417	6.499.331	2.252.053	4.220.484	4.536.237
Eskifjörður	2.274.536	2.136.786	1.082.309	1.043.401	3.739.517	3.784.701	4.977.508	3.856.857	3.189.128	3.496.681
Reyðarfjörður	65.961	128.940	132.910	130.702	156.344	132.814	85.146	38.006	36.818	44.754
Fáskrúðsfjörður	3.014.201	2.722.545	2.821.787	2.884.694	2.969.462	3.228.601	3.452.339	2.518.711	2.138.886	2.245.567
Stöðvarfjörður	2.094.829	2.726.004	615.371	510.721	283.881	254.532	403.607	275.399	178.791	199.479
Breiðdalsvík	579.043	909.767	1.209.952	971.012	781.809	302.001	45.616	30.817	0	0
Djúpivogur	6.389.157	6.143.922	4.224.892	3.974.622	3.655.598	4.160.483	3.274.730	2.539.538	2.191.649	2.348.340
Hornafjörður	6.813.582	7.233.013	10.092.854	10.308.049	12.215.807	13.200.764	13.651.920	10.604.131	9.539.600	10.096.705
Skarðsstöð	18.077	17.619	70	63	18.173	66.442				
Samtals	**306.800.852**	**308.441.701**	**334.792.026**	**330.511.965**	**329.225.820**	**346.051.387**	**353.617.038**	**288.421.869**	**242.108.490**	**262.204.542**

Hlutdeild heimahafna veiðiskipa í úthlutun á aflaheimildum í þorskígildistonnum fiskveiðiárin 2000/2001 til 2009/2010. Breyting milli 2000/01 og 2009/10.

Höfn	2000/01	2001/02	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09	2009/10	Breyting
Vestmannaeyjar	7,7%	8,4%	8,0%	8,9%	8,9%	8,8%	10,0%	11,1%	11,0%	10,5%	2,8%
Stokkseyri	0,5%	0,6%	0,6%	0,7%	0,7%	0,8%	0,8%	0,8%	0,9%	0,8%	0,3%
Eyrarbakki	0,2%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,0%	0,0%	0,0%	–0,1%
Selfoss	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Þorlákshöfn	3,6%	3,6%	3,1%	3,1%	2,9%	2,4%	2,2%	1,9%	1,9%	1,8%	–1,8%
Grindavík	5,9%	6,9%	6,3%	6,4%	7,5%	8,1%	9,8%	9,8%	10,0%	9,8%	3,9%
Sandgerði	1,3%	0,9%	0,8%	0,7%	0,6%	0,5%	0,3%	0,5%	0,5%	0,5%	–0,8%
Garður	2,5%	3,2%	2,7%	2,8%	4,5%	3,3%	3,7%	3,8%	3,2%	3,0%	0,5%
Keflavík	1,3%	1,4%	0,7%	1,1%	1,7%	1,4%	1,4%	1,6%	1,5%	1,3%	0,0%
Njarðvík	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Vogar	0,3%	0,4%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,3%	1,0%	1,0%	1,0%	0,7%
Hafnarfjörður	3,1%	2,9%	4,8%	4,0%	3,0%	3,4%	3,3%	3,0%	2,6%	2,5%	–0,6%
Garðabær	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Kópavogur	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,0%
Reykjavík	8,8%	8,7%	8,8%	9,3%	8,3%	10,1%	9,4%	14,5%	12,6%	13,9%	5,1%
Akranes	2,9%	3,1%	3,9%	3,8%	3,6%	3,8%	4,0%	3,9%	3,8%	4,0%	1,1%
Borgarnes	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Arnarstapi	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%
Hellnar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hellissandur	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,4%	0,4%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,5%
Rif	3,7%	3,6%	1,9%	2,9%	3,3%	3,5%	3,5%	2,3%	4,1%	3,4%	–0,3%
Ólafsvík	1,8%	2,3%	2,1%	2,1%	2,1%	2,1%	1,8%	1,9%	1,8%	1,7%	–0,2%
Grundarfjörður	4,6%	3,3%	3,7%	3,2%	3,2%	3,4%	3,2%	2,8%	2,7%	2,7%	–1,9%
Stykkishólmur	1,4%	1,1%	1,1%	0,9%	1,3%	1,2%	1,0%	1,4%	1,2%	1,4%	0,1%
Flatey á Breiðafirði	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Búðardalur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Reykhólar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Brjánslækur	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Haukabergsvaðall	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Patreksfjörður	1,1%	1,2%	1,0%	1,0%	1,1%	1,2%	1,2%	1,2%	1,3%	1,2%	0,1%
Tálknafjörður	0,6%	0,7%	0,3%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,6%	0,4%	–0,2%
Bíldudalur	0,8%	0,6%	0,6%	0,3%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	–0,7%
Þingeyri	0,4%	0,6%	0,3%	0,3%	0,4%	0,8%	0,8%	1,2%	0,7%	0,7%	0,3%
Flateyri	0,5%	0,7%	0,8%	0,9%	0,9%	0,6%	0,7%	0,3%	0,1%	0,1%	–0,4%
Suðureyri	0,0%	0,3%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,4%	0,3%	0,3%
Bolungarvík	1,2%	1,5%	1,7%	2,0%	1,7%	1,9%	2,0%	1,8%	1,9%	2,0%	0,7%
Hnífsdalur	2,0%	1,6%	1,1%	1,1%	1,1%	1,0%	1,0%	1,4%	1,5%	1,4%	–0,6%
Ísafjörður	1,9%	1,8%	2,6%	2,6%	2,4%	2,6%	2,2%	2,2%	2,1%	2,3%	0,3%
Súðavík	0,9%	1,3%	1,3%	1,1%	0,5%	0,4%	0,3%	0,1%	0,2%	0,2%	–0,8%

Höfn	2000/01	2001/02	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09	2009/10	Breyting
Norðurfjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Djúpavík	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Drangsnes	0,2%	0,3%	0,4%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,2%	0,0%
Hólmavík	0,8%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	–0,7%
Hvammstangi	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	–0,1%
Blönduós	0,4%	0,3%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	–0,3%
Skagaströnd	2,1%	1,8%	2,0%	2,0%	2,1%	2,2%	3,2%	3,2%	3,1%	3,2%	1,1%
Sauðárkrókur	2,8%	2,3%	2,6%	2,6%	2,5%	2,5%	1,4%	1,3%	1,2%	1,3%	–1,5%
Hofsós	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	–0,1%
Haganesvík	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Siglufjörður	2,7%	2,2%	2,2%	1,8%	1,8%	1,3%	1,0%	1,2%	1,0%	1,3%	–1,5%
Ólafsfjörður	2,9%	2,9%	2,9%	3,1%	2,9%	2,9%	3,0%	2,4%	3,8%	3,7%	0,8%
Grímsey	0,3%	0,5%	0,4%	0,5%	0,5%	0,5%	0,6%	0,7%	0,7%	0,8%	0,5%
Hrísey	0,2%	0,2%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	–0,1%
Dalvík	2,3%	2,0%	2,3%	2,3%	1,9%	2,1%	2,4%	2,6%	2,0%	1,8%	–0,5%
Árskógssandur	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%
Árskógsströnd	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Hauganes	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%
Hjalteyri	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Akureyri	10,2%	9,6%	10,4%	9,8%	8,2%	7,3%	7,9%	3,9%	4,4%	4,8%	–5,4%
Grenivík	0,9%	0,9%	1,1%	1,2%	1,3%	1,4%	1,7%	2,1%	1,8%	1,9%	0,9%
Húsavík	2,3%	2,4%	2,6%	2,4%	1,5%	1,3%	1,1%	1,2%	1,5%	1,6%	–0,7%
Kópasker	0,1%	0,4%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	–0,1%
Raufarhöfn	0,2%	0,4%	0,3%	0,3%	0,4%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,0%
Þórshöfn	0,9%	0,3%	0,4%	0,3%	0,6%	0,7%	0,7%	0,5%	0,6%	0,6%	–0,4%
Bakkafjörður	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,5%	0,2%	0,1%	0,2%	0,1%	0,0%
Vopnafjörður	0,9%	0,7%	1,2%	1,1%	1,2%	1,0%	0,8%	0,5%	0,0%	0,0%	–0,8%
Borgarfjörður eystri	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%
Seyðisfjörður	0,8%	0,7%	0,8%	0,7%	1,1%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,8%	0,0%
Mjóifjörður	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Neskaupstaður	2,1%	2,1%	2,4%	2,3%	2,3%	2,0%	1,8%	0,8%	1,7%	1,7%	–0,4%
Eskifjörður	0,7%	0,7%	0,3%	0,3%	1,1%	1,1%	1,4%	1,3%	1,3%	1,3%	0,6%
Reyðarfjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Fáskrúðsfjörður	1,0%	0,9%	0,8%	0,9%	0,9%	0,9%	1,0%	0,9%	0,9%	0,9%	–0,1%
Stöðvarfjörður	0,7%	0,9%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	–0,6%
Breiðdalsvík	0,2%	0,3%	0,4%	0,3%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	–0,2%
Djúpivogur	2,1%	2,0%	1,3%	1,2%	1,1%	1,2%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%	–1,2%
Hornafjörður	2,2%	2,3%	3,0%	3,1%	3,7%	3,8%	3,9%	3,7%	3,9%	3,9%	1,6%
Skarðsstöð	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

469. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Gunnar Andersen, Ragnar Hafliðason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson og Sigurð Viðarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helga Þórsson frá Tryggingamiðstöðinni og Stefán Árna Auðólfsson fyrir hönd samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Nefndinni bárust umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lánasjóði sveitarfélaga, ríkisskattstjóra, Tryggingamiðstöðinni, samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila og Viðskiptaráði Íslands.

Efnahags- og viðskiptaráðherra leggur árlega fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Til grundvallar frumvarpinu liggur skýrsla Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs, athugun efnahags- og viðskiptaráðherra á henni og álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. gr. laganna.

Á yfirstandandi ári er áætlað álagt eftirlitsgjald 766 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1.022 millj. kr. árið 2010. Nemur áætluð hækkun á milli ára 255 millj. kr. eða um 33%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2009 er 954 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2010 nemur 1.111 millj. kr. sem er hækkun um 157 millj. kr. eða tæp 17%.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lögð til breytt álagningarhlutföll á einstakar tegundir eftirlitsskyldra aðila. Um er að ræða hækkuð hlutföll hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlunum, rekstrarfélögum, verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, kauphöllum, verðbréfamiðstöðvum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði. Hins vegar lækka álagningarhlutföll vátryggingafélaga en hlutföll vátryggingamiðlara haldast óbreytt. Gert er ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða. Í greininni eru tvö nýmæli. Annars vegar er lagt til að lagt verði eftirlitsgjald á einstaklinga og lögaðila sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu sem er skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hins vegar er gert ráð fyrir að lagt verði eftirlitsgjald á erlenda vörsluaðila séreignarsparnaðar sem hafa fengið staðfestingu fjármálaráðuneytis samkvæmt reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Á fundi nefndarinnar lagði Fjármálaeftirlitið fram gögn um endurmat áætlaðs kostnaðar eftirlitsins á árinu 2010 sem skýrist af óförum á fjármálamarkaði undanfarið ár. Fjármálaeftirlitið hefur þörf fyrir fleiri starfsmenn til að sinna brýnum endurreisnar- og eftirlitsverkefnum. Þá hefur rannsóknarvinna tengd bankahruninu reynst meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Samkvæmt nýrri endurskoðaðri áætlun Fjármálaeftirlitsins er samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda 1.193 millj. kr. á árinu 2010 en hún var 1.111 millj. kr. í upphaflegri áætlun. Hækkun frá fyrri áætlun er því 7,4% og heildarhækkunin frá endurskoðaðri áætlun árisins 2009 er 25,1%. Í áður framlagðri rekstraráætlun fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að eftirlitsgjaldið á því ári yrði 1.022 millj. kr. Í nýrri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að eftirlits-

gjaldið verði 1.104 millj. kr. sem er hækkun um 8% og heildarhækkun frá endurskoðaðri áætlun ársins 2009 er 44%.

Um það var rætt á fundum nefndarinnar að gera yrði greinarmun á starfsemi eftirlitsins eftir því annars vegar hvort litið væri eftir starfsemi fjármálafyrirtækis sem er starfandi og hins vegar hvort um væri að ræða rannsókn vegna bankahrunsins. Það er álitamál hvort starfandi fjármálafyrirtæki eigi að standa undir kostnaði við rannsóknir á föllnum fjármálafyrirtækjum. Nefndin telur að svo eigi ekki að vera og leggur til hækkun á fastagjaldi gildandi laga sem er óbreytt í 9. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Leggur nefndin til að fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn greiði hærra gjald en samkvæmt gildandi lögum. Ef um er að ræða viðskiptabanka verði fastagjaldið 21.000.000 kr., aðrar lánastofnanir 11.000.000 kr. og önnur fjármálafyrirtæki 5.000.000 kr. Breytingartillagan miðar að því að tryggja sanngjarna fjármögnun á kostnaði Fjármálaeftirlitsins við rannsóknir á föllnum fjármálafyrirtækjum en fram hefur komið að kostnaðurinn við þessar rannsóknir er mun meiri en þær 4 millj. kr. sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Þá leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ný grein sem mæli fyrir um breytingu á 6. gr. laganna. Breytingin miðar að því að greiðsla eftirlitsgjalds vegna þeirra fyrirtækja sem eru undir stjórn skilanefnda, slitastjórna eða bráðabirgðastjórna dreifist ekki líkt og hjá öðrum fjármálafyrirtækjum. Hin fyrrnefndu eru ekki í hefðbundnum rekstri og er tekjuinnstreymi þeirra því ekki sambærilegt og hjá hinum síðarnefndu.

Við umfjöllun um málið í nefndinni komu fram sjónarmið um það hvort gera ætti greinarmun á álagningarhlutföllum vátryggingarfélaga eftir því hvort um er að ræða frumtryggingu eða endurtryggingu. Með öðrum orðum var talið að greiða ætti lægra gjald vegna endurtryggingastarfsemi. Nefndin hefur til umfjöllunar frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi (229. mál). Í því er m.a. er lagt til að innleidd verði EB-tilskipun um endurtryggingar sem kveður á um að eftirlit með endurtryggingastarfsemi á EES-svæðinu verði sambærilegt og með frumtryggingastarfsemi. Því telur nefndin ekki rök fyrir því að breyta ákvæðinu á framangreindan hátt.

Mörg þeirra verkefna sem Fjármálaeftirlitið glímir við um þessar mundir eru tímabundin og þar sem gera má ráð fyrir að nýja fjármálakerfið verði umfangsminna má búast við að störf Fjármálaeftirlitsins taki mið af því.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Árni Þór Sigurðsson.	Eygló Harðardóttir.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.		Margrét Tryggvadóttir.

470. Breytingartillögur [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 9. efnismgr. orðist svo:
   Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur takmarkað starfsleyfi eða ekki, greiðir fast gjald samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, viðskiptabankar 21.000.000 kr., aðrar lánastofnanir 11.000.000 kr., önnur fjármálafyrirtæki 5.000.000 kr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Lokamálsliður 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð og innheimta skal í einni greiðslu 1. febrúar, né til eftirlitsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr.

471. Fyrirspurn [331. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um vinnslu á afla strandveiðibáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað fór mikill afli svokallaðra strandveiðibáta til vinnslu í höfninni þar sem honum var landað og hversu mikill hluti var það af lönduðum afla þessara báta? Svar óskast sundurliðað eftir höfnum.

Skriflegt svar óskast.

472. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá Lilju Mósesdóttur.

Við 10. gr. Í stað orðanna „skulu 2.–4. málsl. 2. gr.“ komi: skulu ákvæði 2.–4. málsl. 2. gr. um önnur hlutafélög en opinber hlutafélög.

473. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Jónína Rós Guðmundsdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir,
Arndís Soffía Sigurðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson,
Tryggvi Þór Herbertsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XVI í lögunum orðast svo:
Ákvæði 2.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 29. maí 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, sem fólu m.a. í sér þá breytingu á 14. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, að gerð var krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja yrði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009 í stað þess að eingöngu væri krafist bókhaldslegs aðskilnaðar. Í kjölfar lagabreytinganna hafa bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur unnið að undirbúningi þess að aðskilja starfsemina í samræmi við ákvæði laganna. Á hluthafafundi í Hitaveitu Suðurnesja hf. 1. desember 2008 var samþykkt að skipta fyrirtækinu í HS Orka hf., sem annast skyldi virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem skyldi taka við veitustarfsemi fyrirtækisins. Formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. átti sér stað 1. janúar 2009.

Í kjölfar beiðni frá Orkuveitu Reykjavíkur var gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga frestað til 1. janúar 2010 með samþykkt laga nr. 30/2009, um breytingu á raforkulögum. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækja varðandi fjármögnun er talið rétt að framlengja tímabundna frestun á framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja. Önnur ákvæði er varða opinbert eignarhald og bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum hafa hins vegar þegar öðlast gildi.

Með vísan til þessa er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2011.

474. Svar [78. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Önnu Margrétar Guðjónsdóttur um lán hjá fjármálastofnunum Evrópusambandsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra látið kanna hvort mögulegt er að fá lán hjá fjármálastofnunum Evrópusambandsins, svo sem Fjárfestingarbanka Evrópu, þegar formlegri stöðu aðildarviðræðuríkis gagnvart sambandinu er náð og ef svo er, hvaða kostir og kjör bjóðast á slíku láni?*
2. *Ef þetta hefur ekki verið kannað, hyggst ráðherra láta gera það?*

Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) veitir eingöngu lán til fjárfestingarverkefna og hefur bankinn lánað til fjölmargra verkefna hér á landi á sl. árum. Meðal lántakenda eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja. Nefna má að lánasamningur að fjárhæð 170 milljónir evra var undirritaður á milli EIB og Orkuveitu Reykjavíkur í nóvember sl. Sérstakt samkomulag er milli EFTA-ríkjanna og EIB um lánaramma fyrir lánveitingar til þeirra. Sá lánarammi var nýlega endurnýjaður og gildir til ársloka 2013 og svara ætlaðar lánveitingar til 3,3 milljarða evra fyrir EFTA-ríkin öll. Ekki hefur komið til álita að leita eftir almennri lánafyrirgreiðslu frá EIB gagnvart ríkissjóði, en lánveitingar bankans eru ýmist verkefnabundnar eða felast í lánalínum til banka eða annarra fjármálastofnana.

Evrópusambandið hefur boðið nokkrum ríkjum sem sótt hafa um aðild að sambandinu og öðrum nágrannaríkjum sérstaka lánafyrirgreiðslu sem alla jafna er veitt í tengslum við framkvæmd sérstakra efnahagsáætlana (e. macro-financial assistance). Lánin hafa einkum verið veitt til ríkja í Austur-Evrópu, landa við Miðjarðarhaf og ríkja á Balkanskaga. Rætt hefur verið um að slík lánafyrirgreiðsla standi íslenskum stjórnvöldum til boða og er það mál í athugun í fjármálaráðuneyti og Seðlabanka Íslands.

475. Framhaldsnefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Nefndin telur rétt að árétta heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um framsal á eftirliti með reglugerð eins og gerð var tillaga um í nefndaráliti við 2. umræðu. Ráðherra setur reglugerð í samráði við Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitssvæði sveitarfélaga um framsal eftirlits með kjötvinnslu á grundvelli 14. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum einnig með framleiðslu mjólkur og mjólkurvara á bændabýlum og mótar þannig reglur um það í hvaða tilvikum heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga geta sinnt eftirliti með framangreindum afurðum. Í ljósi umfjöllunar um framsal eftirlits vill nefndin árétta að meginmarkmið með slíku

framsali á að vera hagkvæmni þess og skilvirkni þannig að hagkvæmasti kosturinn hverju sinni sé valinn. Þess vegna er nauðsynlegt að meta hvort framsal er fjárhagslega hagkvæmt fyrir hlutaðeigandi aðila, eftirlitsþola, ríki og sveitarfélög.

Þá leggur nefndin til tæknilega lagfæringu á b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

B-liður 2. gr. orðist svo: 2. mgr. orðast svo:

Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis.

Alþingi, 17. des. 2009.

Ólína Þorvarðardóttir, frsm.	Helgi Hjörvar.	Ásmundur Einar Daðason.
Arndís Soffía Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Björn Valur Gíslason.
Jón Gunnarsson.	Sigurður Ingi Jóhannsson, með fyrirvara.	

476. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land. Markmiðið er að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf að huga sérstaklega að hvernig hægt er að tryggja samkeppnishæfni landsins til lengri tíma. Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Heildstæð sýn og sameiginleg markmið tryggja markvissari og öflugri áætlanagerð. Með sóknaráætlun skal ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu,

menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Við stefnu mótunina skal sérstaklega huga að hópum sem hætt er við atvinnuleysi til langs tíma í kjölfar efnahagshrunsins, gera áætlanir sem miða að samfélagslegri þátttöku og virkni allra auk þess að styrkja samfélagslega innviði velferðarþjónustu, menntakerfis og menningarlífs. Samþætta þarf kynjasjónarmið allri áætlanagerð og tryggja að uppbygging samfélags og atvinnulífs taki mið af báðum kynjum.

Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, byggðaáætlun sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, nr. 90/2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur skal flétta saman áætlanir til að vinna gegn atvinnuleysi, sí- og endurmenntunaráætlanir, aðrar áætlanir í mennta- og menningarmálum, áætlanir um þróun vísinda- og nýsköpunarumhverfisins, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs og áætlanir í umhverfis- og skipulagsmálum. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið sem heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði, sjá viðauka. Ætlunin er að hver landshlutaáætlun byggist á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis fyrir sig þar sem dregin er fram lykilhæfni svæðisins og atvinnugreina innan þess, skýr forgangsröðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um. Landsvæðin eru: Vestursvæði, Vestfjarðasvæði, Norðvestursvæði, Norðaustursvæði, Austursvæði, Suðursvæði, Suðurnes og Höfuðborgarsvæði. Þá verði sérstaklega skoðaðir sameiginlegir sóknarmöguleikar svokallaðs Suðvestursvæðis (stórhöfuðborgarsvæðis) sem nái til alls suðvesturhluta landsins, þ.e. frá Borgarbyggð í vestri til Árborgar í suðri.

Samþætt sóknaráætlun verði lögð fram á haustþingi 2010. Áherslur og forgangsröðun sóknaráætlunar munu síðar birtast í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim, framkvæmd þeirra og fjárveitingum til þeirra.

Viðauki.

Svæðaskipting sóknaráætlunar.



Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja undirbúning að nýrri sókn til eflingar atvinnulífs og samfélags um allt land. Þetta er liður í efnahagslegri endurreisn þjóðarbúsins og hefur það að markmiði að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Þetta verkefni hefur fengið nafnið *20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland*.

Forsætisráðherra hefur skipað stýrihóp sem hafi yfirstjórn með undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Formaður stýrihópsins er Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar.

Verkefnið felur í sér stefnumörkun og áform um fjárfestingu sem tekur til atvinnustefnu og nauðsynlegra innviða efnahagslífsins, menntunar og mannauðs, nýsköpunar og þróunar og samfélagslegra innviða. Í sóknaráætluninni skal ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og opinbera þjónustu. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.



Lögð er áhersla á að breið samstaða náist um sameiginlega framtíðarsýn og lykilákvarðanir í endurreisnarstarfinu. Stýrihópnum er því ætlað að vinna verkefnið í góðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, landshlutasamtök sveitarfélaga, hagsmunaaðila og hugmyndaríkt fólk á viðkomandi svæðum. Þá munu hlutaðeigandi ráðuneyti og undirstofnanir þeirra vinna með stýrihópnum að afmörkuðum þáttum.

Mótun framtíðarsýnar.

Ein grunnstoð verkefnisins er að kalla fram framtíðarsýn fyrir landið í heild og einstaka landshluta. Lagt verður heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri og hvernig sækja megi fram, ekki síst á sviði mennta- og atvinnumála. Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafa unnið stöðumatsskýrslu fyrir ríkisstjórnina og rýnt hefur verið í greiningar og stefnumótun sem fjölmargir aðrir hafa unnið að undanförnu, t.d. Vísinda- og tækniráð, Samtök atvinnulífsins, verkalýðshreyfingin og ýmsar stofnanir.

Á vegum iðnaðarráðuneytis og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafa verið unnar svokallaðar sviðsmyndir sem verða nýttar sem grundvöllur fyrir stefnumótunarvinnuna.

Sviðsmyndir henta vel til að ná fram sameiginlegum skilningi ólíkra aðila á framtíðinni og myndræn framsetning þeirra auðveldar miðlun til stærri hóps. Af þessum sökum hefur aðferðin verið mikið notuð við gerð landshluta- og svæðisáætlana víða um heim og er sömuleiðis algeng við mótun og uppbyggingu klasa.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að niðurstöður og hugmyndir sem fram komu á Þjóðfundi sem haldinn var í nóvember að frumkvæði sjálfsprottins hóps sjálfboðaliða verði nýttar og samþættar stefnumótun sóknaráætlunar.

Framtíðarsýninni er ætlað að leggja grunn að meginmarkmiðum sóknaráætlunar.

Grunnur forgangsröðunar verkefna og fjármuna.

Önnur grunnstoð verkefnisins er hagræn greining til næsta áratugar, greining á samkeppnishæfni og mótun atvinnustefnu.

I. Hagræn greining.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið mun hafa forustu um gerð hagrænnar greiningar til næsta áratugar. Þar verða skilgreindir lykilþættir sem áhrif geta haft á verðmætasköpun og hagsæld. Jafnframt verða dregnir fram styrkleikar og veikleikar íslensks efnahagslífs og lykilviðfangsefni sem stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Greiningin verður unnin í samvinnu við Seðlabanka og fjármálaráðuneyti, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Á grundvelli hennar verður sett fram forgangsröðun áherslna, verkefna og fjárfestinga í sóknaráætlun.

II. Samkeppnishæfni.

Auk framangreindrar greiningar mun efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafa forustu um að meta stöðu Íslands, m.a. með hliðsjón af alþjóðlegum mælikvörðum. Þá verða árangursviðmið skilgreind og þeim fylgt frá ári til árs í þeim tilgangi að meta og bæta jafnt og þétt framvindu á einstökum sviðum. Í því augnamiði hefur verið settur á fót verkefnishópur um samkeppnishæfni sem er ætlað að móta áherslur sem aukið geta samkeppnishæfni landsins. Við mælingu á samkeppnishæfni er að grunni til gengið út frá greiningum og mælingum Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum, WEF) sem Ísland er þátttakandi í. Að auki mun verkefnahópurinn líta til alþjóðlegra samantekta, rannsókna og verkefna á þessu sviði sem geti orðið mikilvæg eða áhugaverð viðbót við mælingar Alþjóðaefnahagsráðsins. Fimm hópar, skipaðir sérfræðingum úr atvinnulífi, stjórnsýslu og háskólaumhverfinu, munu rýna í mælingar og gera tillögur til umbóta hver á sínu sviði sem skiptast þannig:

– Grunngerð og stofnanir, þ.e. stofnanir (institutions), grunnstoðir/innviðir (infrastructure), efnahagslegur stöðugleiki (macroeconomic stability).

– Skilvirkni og markaðir, þ.e. markaðsstærð, skilvirkir markaðir, skilvirkt vinnuafl, hæfni fjármálamarkaða og viðskipti.
– Menntun og vísindi, þ.e. grunnmenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun.
– Nýsköpun og þróun, þ.e. tæknigrunnur og nýsköpun.
– Lífsgæði, heilbrigði og jöfnuður.

Framangreindum verkefnishópi er einnig ætlað að gera tillögur um og sjá til þess að þróaðir verði mælikvarðar til að meta árangur í einstökum landshlutum og aðra þætti sem skipta máli til að sóknaráætlunin nái markmiðum sínum, svo sem lífsgæði og jöfnuð.

Verkefnishópurinn mun standa fyrir a.m.k. tveimur opnum fundum ár hvert. Að vori þar sem fjallað verður um umbótatillögur grunnsviðanna og eftirfylgni þeirra, í fyrsta sinn vorið 2010, og í vetrarbyrjun þar sem gerð verður grein fyrir árlegri skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegum samanburði.

III. Atvinnustefna.

Settur hefur verið á fót samráðshópur til þess að halda utan um vinnu við mótun atvinnustefnu. Honum ber m.a. að hafa víðtækt samráð við atvinnulíf, félags- og hagsmunasamtök. Atvinnustefnan skal m.a. taka til:

– efnahags- og samfélagsuppbyggingar sem ætla má að nýtist Íslandi best með tilliti til styrkleika og veikleika landsins,
– þess hlutverks sem þjóðin ætlar sér í efnahagskerfi heimsins til langs tíma,
– fyrirtækja- og þekkingarklasa sem áhersla verður lögð á að byggja upp.

Sóknarfæri hefðbundinna atvinnuvega verða skoðuð en megináhersla verður á ný tækifæri til sóknar. Alþjóðlegir mælikvarðar verða m.a. notaðir til að meta núverandi stöðu og sem árangursviðmið frá ári til árs í þeim tilgangi að bæta jafnt og þétt framvindu á einstökum sviðum.

Samþætting áætlana.

Þriðja grunnstoð verkefnisins er samþætting opinberra áætlana sem miða að því að efla atvinnu, menntun og opinbera þjónustu. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun, áætlanir í ferðamálum, áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Enn fremur áætlanir í mennta- og menningarmálum, áætlanir um þróun vísinda- og nýsköpunarumhverfisins, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs og áætlanir í umhverfis- og skipulagsmálum. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið í heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði, sbr. kort í viðauka við tillöguna, sem hvert um sig stefni að sameiginlegum markmiðum til samfélagslegrar uppbyggingar. Landsvæðin eru: Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðvesturland („stórhöfuðborgarsvæði“), þ.m.t. Suðurnes. Ætlunin er að hver áætlun byggi á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis, skýrri forgangsröðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um.

Samþætt sóknaráætlun skal lögð fram á haustþingi 2010. Í sóknaráætlun fyrir landið í heild verður lagt heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri og hvernig sækja megi fram, ekki síst á sviði mennta- og atvinnumála. Í áætluninni mun m.a. koma fram meginmarkmið, undirmarkmið, forgangssvið og forgangsverkefni sem miði að því að efla hagsæld og vel-

megun landsins í heild og auka lífsgæði og getu efnahags- og atvinnulífs til að standast alþjóðlegan samanburð. Sóknaráætlun landshluta er ætlað að stuðla að því og tryggja eftir föngum að hver og einn landshluti nýti kosti sína og styrkleika til hins ýtrasta í þágu sömu heildarhagsmuna. Við núverandi aðstæður er skiptingu landsins í svæði jafnframt ætlað að skapa viðspyrnu í endurreisnarstarfinu og stuðla að sterkum samfélögum og lífsgæðum til framtíðar.

Með svæðaskiptingunni er leitast við að:

1. styrkja samkeppnishæfni svæða og landsins í heild,
2. byggja á markvissan hátt upp opinbera þjónustu um allt land og gera verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga skilvirkari,
3. efla getu svæða og sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni og stuðla þannig að aukinni valddreifingu,
4. auka samstarf sveitarfélaga og skilvirkni við nýtingu fjármagns,
5. tryggja virkt samspil öflugrar landsbyggðar og öflugs höfuðborgarsvæðis þar sem hvort styður við annað.

Grunnur að svæðaskiptingunni var unninn af hópi verkefnisstjóra ráðuneytanna sem best þekkja til opinberrar áætlanagerðar, stjórnsýslu og þjónustu sem byggir á skiptingu landsins í svæði. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Að fengnum ábendingum hinna síðarnefndu byggist svæðaskiptingin að verulegu leyti á núverandi starfssvæðum þeirra.

Landshlutasamtök sveitarfélaga munu gegna mikilvægu hlutverki við gerð áætlunar á hverju svæði. Gengið er út frá því að sveitarfélögin á hverju svæði vinni saman að ákveðnum verkefnum og að náin samvinna verði á milli svæða. Markmiðið er m.a. að efla burði svæða og sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni og auka valddreifingu. Sameinuð sveitarfélög innan svæða eða öflugt samstarf sveitarfélaga á hverju svæði fyrir sig er því í raun forsenda fyrir slíkum verkefnaflutningi.

Skipulagðir verða vinnufundir á hverju svæði undir handleiðslu ráðgjafa þar sem settir eru fram stefnumótandi valkostir og þeir ræddir. Gert er ráð fyrir að þau svæði sem skarast samræmi vinnuna á fyrstu stigum hennar. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) falla innan marka „stórhöfuðborgarsvæðisins“ en til viðbótar þurfa Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) að vinna saman við gerð þeirrar áætlunar eða alls fjögur landshlutasamtök. Sóknaráætlun á þessu svæði kallar á samvinnu þessara samtaka og sveitarfélaga innan þeirra marka. Það þýðir að SASS og SSV koma að gerð tveggja áætlana þar sem þau koma einnig að gerð áætlana fyrir sín svæði óskert. Árborg mun því t.d. falla undir tvær áætlanir, þ.e. annars vegar sem þjónustukjarni fyrir Suðurland og hins vegar sem jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Eðlilegt er að í upphafi vinnunnar verði tekin afstaða til þess hvort ástæða er til að vinna sérstaka sóknaráætlun fyrir Suðurnes eða að hún verði alfarið unnin sem hluti heildstæðrar áætlunar fyrir allt svæðið.

Svo að vel takist til við gerð sóknaráætlunar fyrir einstök svæði þarf að fara fram greining á styrkleikum og veikleikum hver svæðis. Þannig er gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands og Byggðastofnun leggi til upplýsingar sem snýr að mannauðinum, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti leggi til upplýsingar um náttúruauðlindir og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti leggi til upplýsingar um innviði á vegum hins opinbera. Að lokinni greiningarvinnu verði boðað til víðtæks samráðs innan hvers lands-

hluta þar sem öllum áhugasömum gefst kostur á að koma að mótun helstu kosta sem unnið verður með við gerð sóknaráætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun, starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélög, menntastofnanir og setur og velferðarstofnanir í viðkomandi landshlutum hafi samvinnu um að veita landshlutasamtökunum ráðgjöf við gerð sóknaráætlunarinnar.

Sóknaráætlun hvers landshluta mun fela í sér stefnumörkun og áherslur á eftirfarandi sviðum:

1. Atvinnuþróun. Þar verður lögð áhersla á möguleika í nýsköpun og skapandi greinum, sjálfbærni í nýtingu auðlinda, svo sem jarðorku og vatnsorku og uppbyggingu og þróun í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði.
2. Mannauður. Þar verður lögð áhersla á að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla þannig að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Horft verður til aldursskiptingar og hvernig skuli brugðist við hugsanlegu misvægi í aldursþróun. Þá verði samræmdar áherslur og skipulag í grunnmenntun, framhaldsmenntun og starfsþjálfun á viðkomandi svæði.
3. Félagsauður. Þar verður lögð áhersla á skipulag heilbrigðisþjónustu og skipulag félagsþjónustu með tilliti til aldraðra, öryrkja, fatlaðra og atvinnulausra. Hér er um kostnaðarsama þjónustu að ræða og því mikilvægt að samþætta þjónustuna innan svæðisins og við nærliggjandi svæði og þar með að samnýta það fé sem veitt er til þessa málaflokka. Þá verður einnig áhersla lögð á gott framboð frístundastarfs á sviði menningar og íþrótta og athugað hvernig virkja megi einstaklinga og félagasamtök við skipulagningu þess starfs.
4. Innviðir. Þar verður lögð áhersla á samgöngumannvirki, fjarskipti, orku- og veitukerfi og opinbera þjónustu, svo sem umhverfismál, lagaumhverfi, eftirlits- og öryggismál og skattkerfi. Horft verður til þess að innviðir samfélagsins stuðli að framförum og eflingu atvinnulífs og samfélags.
5. Leikreglur. Þar verður lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð, almennar siðareglur og agaða forgangsröðun framkvæmda þar sem arðsemi og aukin samkeppnishæfni verða höfð að leiðarljósi. Áhersla á vandaða áætlanagerð og eftirfylgni framkvæmda þannig að bæði kostnaðar- og tímaáætlanir standist.
6. Mælanleg markmið um árangur. Áhersla er lögð á að sóknaráætlunin verði þannig fram sett að jafnhliða verði sett fram árangursmarkmið til að stefna að og kvarðar til að mæla árangur.

Þegar drög að sóknaráætlun liggur fyrir verða á ný opnar vinnustofur í hverjum landshluta þar sem áætlunin verður kynnt og íbúum gefinn kostur á að koma með athugasemdir.

Í sóknaráætlun fyrir hvern landshluta mun liggja fyrir forgangsröðun og áherslur á ýmsum sviðum sem ætla má að víðtæk sátt sé um. Samhliða þessu og í kjölfarið verða lögbundnar og ólögbundnar áætlanir felldar að sömu áherslum. Miklu skiptir fyrir árangur þessarar vinnu að landshlutasamtök horfi á sóknarfæri til framtíðar á breiðum grunni og líti einnig til nærliggjandi svæða.

Með því móti næst meiri viðspyrna í atvinnumálum og grunnur fyrir öflugri verkefni. Þannig ættu einnig að gefast ný og spennandi tækifæri til að setja fram sýn um nánari samvinnu og samþættingu í allri opinberri þjónustu og verkefnum sem snúa að atvinnu- og byggðamálum. Sumum verkefnum væri hægt sinna á sameiginlegum þjónustumiðstöðvum ríkis og sveitarfélaga, svo sem á sviði velferðarþjónustu ef málaflokkar yrðu ekki fluttir í heild til sveitarfélaga. Almennt ætti þó að huga að því að hafa verkaskiptingu ríkis og sveitar-

félaga sem skýrasta, tryggja að tekjustofnar fylgi með verkefnum og forðast þannig ágreining í kjölfar flutnings. Í því efni þarf jafnframt að hafa í huga stjórnsýsluverkefni sem nú eru hjá sveitarstjórnum en eiga betur heima hjá ríkinu. Óháð því hvaða verkefnaflutningur verður formlega í fyllingu tímans og hvernig honum verður áfangaskipt er mikilvægt að á hverju svæði verði sett fram sýn um möguleg samlegðaráhrif, samvinnu og samrekstur þar sem við á. Þess vegna er mikilvægt að samræma umdæmi og þjónustusvæði allrar opinberrar þjónustu til að stuðla að einfaldari samskiptum og samvinnu, óháð því hvaða verkefni eru og verða á hendi ríkisins og sveitarfélaga. Þá er ljóst að sum hinna sjö svæða eru svo fámenn að skynsamlegt er að stjórnsýsluumdæmi nái yfir fleiri en eitt svæði. Mikilvægt er hluti af gerð sóknaráætlunar verði að horfa til slíks samstarfs einstakra svæða við nærliggjandi svæði.

Nánar um einstök svæði:

Höfuðborgarsvæði.

Lagt er til að Höfuðborgarsvæðið nái til Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness.

Suðurnes.

Lagt er til að Suðurnes séu sérstakt svæði sem nái til Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.

Suðvestursvæði („stórhöfuðborgarsvæði“).

Lagt er til að útbúin verði sóknaráætlun fyrir Suðvestursvæði (stórhöfuðborgarsvæði). Svæðið nái til alls suðvesturhluta landsins, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness í vestri, Árborgarsvæðis í austri og Akraness/Borgarfjarðar í norðri. Þetta styðst við þau rök að í raun er svæðið að verulegu leyti eitt atvinnusvæði sem verður að skoða heildstætt. Á hinn bóginn tilheyra jaðrar þess í austri og norðri jafnframt öðrum landshlutum.

Vestursvæði.

Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit og Akranes, sem hafa um 7.500 íbúa, eru innan stærra Suðvestursvæðisins en þar er einnig þjónustukjarni fyrir Vesturland. Á Vesturlandi, frá stærra Suðvestursvæðinu að Vestfjörðum, búa um 9.000 manns og þar af tæplega 4.000 í Borgarbyggð. Svæðið nýtur góðs af sterkri tengingu við Suðvestursvæðið.

Vestfjarðasvæði.

Á Vestfjörðum búa um 7.000 manns. Líkt og Norðvestursvæðið er Vestfjarðasvæðið fámennt svæði og þyrfti uppbygging þar og skipulag samgöngubóta og opinberrar þjónustu að vera í góðu samhengi við Vestursvæði.

Íbúar Bæjarhrepps horfa til Húnaþings vestra frekar en Vestfjarða og eftir að vegur um Arnkötludal verður aðalvegurinn til Vestfjarða er talið að hreppurinn eigi frekar samleið með Norðvestursvæðinu en Vestursvæðinu.

Norðvestursvæði.

Á Norðvestursvæði búa um 7.500 manns. Sé einungis litið til fólksfjölda er svæðið nokkuð fámennt en styrkleikar þess eru m.a. að þar eru ýmsir möguleikar á öflugu samstarfi innan svæðisins og við nærliggjandi svæði.

Svæðið liggur að Norðaustursvæði en þar er sterkur þjónustukjarni í Eyjafirði sem ætti að geta skapað sóknarfæri og samvinnu milli þessara tveggja svæða, t.d. í atvinnumálum. Þá ætti tenging svæðisins við Vestursvæðið og tenging þess svæðis við Suðvestursvæðið einnig að vera styrkur fyrir Norðvestursvæðið.

Norðaustursvæði.

Á Norðausturlandi er Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið áberandi sterk miðja. Á Eyjafjarðarsvæðinu búa 24.000 manns og um 5.000 manns austan Eyjafjarðar. Svæðið í heild hefur því tæplega 30.000 íbúa og þar með alla burði til þess að verða öflugt. Svæðið ætti einnig að geta verið styrkur fyrir nálæg fámennari svæði, þ.e. Austursvæði og Norðvestursvæði. Lagt er til að Langanesbyggð og sveitarfélögin þar fyrir vestan tilheyri Norðaustursvæði, sem er í samræmi við vilja íbúanna og fyrirsjáanlegar samgöngubætur munu tengja sveitarfélögin frekar Norðaustursvæðinu en Austursvæðinu.

Austursvæði.

Á Austurlandi án Hornafjarðar búa tæplega 11.000 manns. Þar af eru um 8.500 í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði sem mynda sterka miðju í annars dreifbýlu svæði. Ekki er talinn grundvöllur fyrir því að sameina þetta svæði Norðaustur- eða Suðursvæði vegna fjarlægðar frá þjónustukjarna þeirra.

Suðursvæði.

Á Suðurlandi búa um það bil 26.000 manns, þar af rúmlega 12.000 manns í Ölfusi, Árborg og Hveragerði. Árborg, með 8.000 íbúa, er í senn innan stærra Suðvestursvæðisins og sterkur þjónustukjarni fyrir Suðursvæðið en um Árborg fara flestir af Suður- og Austurlandi sem leið eiga til höfuðborgarsvæðisins.

Um sveitarfélagið Hornafjörð, sem hefur rúmlega 2.000 íbúa og lagt er til að tilheyri Suðursvæði, gilda svipuð rök og um Langanesbyggð nema ljóst er að fjöldi íbúa þar gæti skipt máli fyrir Austursvæðið. Vegna stærðar byggðarinnar og fjarlægðar frá stærri þjónustukjörnum hvort heldur er á Austur- eða Suðurlandi verður ákveðin grunnþjónusta að vera á Hornafirði. Talið er að vilji íbúanna standi til að tilheyra Suðursvæðinu og að það eigi að ráða úrslitum.

Fjármögnun verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland.

Verkefnið *20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland* er komið vel af stað. Í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hefur verið lagt upp með að takmarka bein útgjöld ríkisins eins og kostur er. Þannig er t.d. lögð áhersla á að þeir hagsmunaaðilar sem koma að áætluninni standi undir kostnaði sem af þátttöku þeirra leiðir. Þeim tilmælum hefur verið beint til ráðuneyta og stofnana þeirra að þær standi straum af kostnaði sínum tengdum verkefninu.

Ríkisstjórnin mun leggja verkefninu til 20 millj. kr. á árinu 2009 og reiknað er með að veittar verði til þess 25 millj. kr. á fjárlögum fyrir árið 2010. Þessum fjármunum er ætlað að standa undir kostnaði við verkefnastjórn heildarverkefnisins og samræmda ráðgjöf, gagnaöflun og verkstjórn við gerð sóknaráætlana fyrir einstök sóknarsvæði. Enn fremur er fjármununum ætlað að standa undir kostnaði við kynningarfundi, ráðstefnur og útgefið efni.

477. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Vigdís Hauksdóttir, Eygló Harðardóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Endurgreiða skal 50% olíugjalds af olíu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
b. Í stað orðanna „endurgreiðslu skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: endurgreiðslur skv. 1. og 3. mgr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna skal endurskoðað í upphafi árs 2012.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 135. löggjafarþingi og aftur á 136. þingi og er nú endurflutt. Lagt er til að flutningsaðilar sem stunda farmflutninga í skilningi i- og j-liðar 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga skuli fá endurgreidd 50% olíugjalds vegna starfsemi sinnar. I-liður fjallar um farmflutninga í atvinnuskyni sem eru skilgreindir svo: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi. Í j-lið er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

Við fyrri flutning málsins hefur komið fram sú gagnrýni að endurgreiðsluleiðin sem lögð er til í frumvarpinu sé mjög flókin, tímafrek og kostnaðarsöm í framkvæmd. Ríkisskattstjóri tók m.a. fram að einfaldara væri að undanþiggja bifreiðar, 10 tonn og yfir, kílómetragjaldi ef vilji stæði til þess. Aðrir bentu á að olíugjald sé markaður tekjustofn til vegagerðar og að hvergi komi fram hvernig bæta eigi upp tekjutap sem af frumvarpinu leiðir. Vegagerðin taldi frumvarpið fara gegn því meginsjónarmiði að kostnaður af uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins skuli borinn af notandanum.

Í ljósi framangreindra umsagna má rifja það upp að í maí 2008 skilaði starfshópur á vegum fjármálaráðherra, um heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis,

skýrslu þar sem fram kemur að gildandi lög og reglugerðir á þessu sviði skattlagningar séu uppfull af sértækum reglum, afsláttum og undanþágum, fyrir hina og þessa hagsmunaaðila. Frumvarpinu er ætlað að treysta hagsmuni landsbyggðarinnar í formi lægri flutningskostnaðar og þá viðleitni styðja meðal annarra Bændasamtök Íslands.

Fram kemur í 2. mgr. 23. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald að innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi renni til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar skerðist en eftir sem áður er lögð rík áhersla á að stofnunin fái það tekjutap bætt með framlögum úr ríkissjóði. Ekki þykir sérstakt tilefni til að taka afstöðu til þess með hvaða hætti þær tekjur eiga að fást, hvort heldur með skerðingu útgjalda eða hækkun skatta. Að öðru leyti má vísa til athugasemda sem fram koma í forverum þessa frumvarps.

478. Frumvarp til laga [274. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta eða greiðslna samkvæmt lögum þessum kveður sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, upp úrskurð í málinu. Sama gildir um ágreining um endurkröfurétt, ofgreiðslur og innheimtu þeirra, sbr. 55. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tveimur“ í 6. mgr. kemur: þremur.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar en stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta, sbr. 55. gr.

3. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfur ofgreiðslna skv. 1. mgr. 7. gr. eru aðfararhæfir.

4. gr.

Í stað „16 til 67 ára“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 18 til 67 ára.

5. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. laganna bætist: með þeirri undantekningu að réttur til örorkulífeyris reiknast frá 16 ára aldri.

6. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er heimilt, að ósk umsækjanda eða bótaþega, að fresta greiðslu bóta og greiða bætur í einu lagi eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur umsækjanda eða bótaþega á bótagreiðsluárinu liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „bótaþega“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða dánarbúi hans.
b. Á eftir orðunum „um tekjuaukninguna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða aðrar breyttar aðstæður.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Ofgreiddar bætur skal að jafnaði draga frá greiðslum til bótaþega á næstu 12 mánuðum eftir að krafa stofnast. Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, nema samið sé um annað, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu. Hafi endurkrafa vegna ofgreiddra bóta ekki verið greidd á 12 mánuðum frá því að krafa stofnaðist skal greiða 5,5% ársvexti á eftirstöðvar kröfunnar. Heimilt er að falla frá kröfu um vexti ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi eða ef samningur um endurgreiðslu ofgreiddra bóta liggur fyrir og viðkomandi stendur við greiðsluskyldu sína samkvæmt samningnum.
d. Á eftir orðinu „honum“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: eða dánarbúi hans.
e. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta samkvæmt ákvæði þessu eru aðfararhæfar, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

14. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2010 hafa 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.
15. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., ekki breytast á árinu 2010.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.

11. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila og eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Heimilt er að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 18 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um endurhæfingarlífeyri gilda ákvæði a-liðar 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Um aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum og gilda um örorkulífeyri, sbr. þó 1. mgr. 10. gr. þessara laga. Sjúkrahúsvist í endurhæfingarskyni skemur en eitt ár samfellt hefur ekki áhrif á bótagreiðslur.

Tryggingastofnun ríkisins hefur eftirlit með því að endurhæfingaráætlun sé framfylgt og að skilyrði fyrir greiðslum séu að öðru leyti uppfyllt.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um hvaða aðila skuli falið að annast gerð endurhæfingaráætlunar.

12. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Uppbætur á lífeyri.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega uppbót á lífeyri vegna kostnaðar sem ekki fæst greiddur eða bættur með öðrum hætti ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér án uppbótar skal taka tillit til eigna og tekna.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir 180.000 kr. á mánuði. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem ekki fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir 153.500 kr. á mánuði.

Til tekna samkvæmt ákvæði þessu teljast allar skattskyldar tekjur, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi.

Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um tekju- og eignamörk.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita uppbót á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.
b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrk á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

14. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Kröfur skv. a–d-lið 5. gr. skulu bera vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga þeirra til þess dags er Ábyrgðasjóður launa greiðir kröfuna.

15. gr.

Í stað „0,2%“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 0,25%.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „80% af meðaltali heildarlauna“ í 2. mgr. kemur: að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna sem umfram er.
b. Í stað „350.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 300.000 kr.
c. Á eftir orðunum „80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af“ í 5. mgr. kemur: að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals reiknaðs endurgjalds sem umfram er.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað „7.534“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 8.400.
b. Í stað „1.143.362“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 1.361.468.

18. gr.

4. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Nú tekst stofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

19. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VI.)

Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010 unnt að óska eftir því að Tryggingastofnun ríkisins beri saman útreikning vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og laga nr. 17/2008. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils til samræmis við það.

b. (VII.)

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að verja fé úr sjóðnum til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða rekstrarárin 2012 og 2013.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

20. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lán vegna hjúkrunarheimila eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum til kaupa eða byggingar hjúkrunarheimila á grundvelli samnings um byggingu og leigu hjúkrunarheimila fyrir aldraða milli félags- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og viðkomandi sveitarfélags hins vegar með veði í hlutaðeigandi eign.

21. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Lán vegna hjúkrunarheimila,** með einni nýrri grein, 30. gr., er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Almennt.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán vegna hjúkrunarheimila sem nemur allt að 100% af byggingarkostnaði eða kaupverði hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á grundvelli samnings sem gerður hefur verið milli félags- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og viðkomandi sveitarfélags hins vegar um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis.

Lán vegna hjúkrunarheimila skulu tryggð með veði á fyrsta veðrétti í hlutaðeigandi hjúkrunarheimili. Lánið er verðtryggt með föstum vöxtum án heimildar til uppgreiðslu þess. Lánstíminn má nema allt að 40 árum.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán á framkvæmdatíma sem nemur allt að 100% byggingarkostnaðar eins og kostnaðurinn er við lánveitingu á grundvelli samningsins um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis, sbr. 1. mgr., enda séu fullnægjandi tryggingar veittar að mati stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána vegna hjúkrunarheimila, svo sem lánsumsóknir, lánskjör og lánveitingu, þar með talið lánveitingu á framkvæmdatíma.

VII. KAFLI
Gildistaka.
22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði 14. gr. á við um kröfur sem hafa fallið í gjalddaga 1. júlí 2009 eða síðar.

Ákvæði 17. gr. kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2010 vegna tekna ársins 2009.

479. Frumvarp til laga [273. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.
1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sá sem telst tryggður á grundvelli laga þessara skal upplýsa Vinnumálastofnun um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, svo sem um námsþátttöku, tekjur sem hann fær fyrir tilfallandi vinnu og hversu lengi vinnan stendur yfir.

b. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lífeyrissjóðir“ í 4. mgr. kemur: Fangelsismálastofnun.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sá sem telst tryggður á grundvelli laga þessara skal eftir að umsókn hans skv. 1. mgr. hefur verið samþykkt og á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum hafa reglulegt samband við Vinnumálastofnun eftir nánara fyrirkomulagi sem stofnunin ákveður.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um nánari framkvæmd ákvæðisins, þar á meðal um rafrænar umsóknir, svo sem hvernig standa skuli að undirskrift rafrænnar umsóknar og skilum á öðrum gögnum sem fylgja skulu rafrænni umsókn, sem og nánar um fyrirkomulag þess hvernig umsækjendur skulu hafa reglulegt samband við stofnunina.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta eru aðfararhæfir.

3. gr.

Við 4. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta, sbr. 6. mgr. 39. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. C-liður 1. mgr. orðast svo: er búsettur og staddur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að boða þann tryggða til stofnunarinnar með sannanlegum hætti á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum, meðal annars til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum. Skal hinn tryggði þá vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara.

5. gr.

Á eftir 4. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá sem hefur verið skráður í nám, sbr. c-lið 3. gr., á síðustu námsönn án þess að hafa sannanlega lokið náminu og hyggst halda námi áfram á næstu námsönn telst ekki vera í virkri atvinnuleit í námsleyfi samkvæmt kennslu- og/eða námskrá hlutaðeigandi skóla. Hið sama gildir um námsmenn sem skipta um skóla milli námsanna eða fara milli skólastiga.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. C-liður 1. mgr. orðast svo: er búsettur og staddur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að boða þann tryggða til stofnunarinnar með sannanlegum hætti á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum, meðal annars til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum. Skal hinn tryggði þá vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað „36“ í 1. mgr. kemur: 72.
b. Í stað „48“ í 3. mgr. kemur: 84.
c. Í stað „36“ í 4. mgr. kemur: 72.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 1. mgr. kemur: hálfan mánuð.
b. 5. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „4.431 kr. á dag“ í 2. mgr. kemur: 149.523 kr. á mánuði.
b. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að ráðstafa grunnatvinnuleysisbótum hins tryggða til vinnumarkaðsaðgerða fyrir hlutaðeigandi enda sé það tryggt að hinn tryggði njóti hærri launa meðan þátttaka hans í vinnumarkaðsaðgerð stendur yfir. Frestast þá greiðsla tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 32. gr. eftir því sem við á.

10. gr.

Við 35. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að halda eftir greiðslu atvinnuleysisbóta sem hinum tryggða hefur áður verið ákvörðuð í allt að einn mánuð frá því að greiðsluna átti að inna af hendi þegar stofnunin hefur rökstuddan grun um að hinn tryggði uppfylli ekki lengur skilyrði laganna eða hafi þegar fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Þegar slíkur grunur vaknar skal Vinnumálastofnun án ástæðulauss dráttar og að lágmarki fimm virkum dögum fyrir næsta greiðsludag atvinnuleysisbóta skv. 1. mgr. tilkynna hlutaðeigandi með sannanlegum hætti að fyrirhugað sé að halda eftir greiðslu. Skal stofnunin jafnframt hefja athugun á málinu þegar í stað skv. 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og veita hlutaðeigandi andmælarétt skv. 13. gr. sömu laga. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda að öðru leyti um málsmeðferðina.

Komist Vinnumálastofnun að því eftir að hafa upplýst málið nægjanlega að hinn tryggði hafi átt rétt á þeirri greiðslu, að hluta eða öllu leyti, sem haldið var eftir skv. 2. mgr. ber stofnuninni að greiða þá fjárhæð í síðasta lagi næsta greiðsludag skv. 1. mgr. ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

11. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tilkynning um tilfallandi vinnu.

Þeim sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum ber að tilkynna til Vinnumálastofnunar með að minnsta kosti eins dags fyrirvara um tilfallandi vinnu sem hann tekur á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum. Heimilt er þó að tilkynna samdægurs um tilfallandi vinnu enda sé um að ræða tilvik sem er þess eðlis að mati Vinnumálastofnunar að ekki var unnt að tilkynna um hina tilfallandi vinnu fyrr. Í tilkynningunni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um hver vinnan er, um vinnustöðina og um lengd þess tíma sem hinni tilfallandi vinnu er ætlað að vara.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
b. Í stað orðanna „og fjármagnstekjur hins tryggða“ í 1. mgr. kemur: greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem eru komnar til vegna óvinnufærni að hluta, fjármagnstekjur hins tryggða og aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá frá öðrum aðilum.

c. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Umönnunargreiðslur sem ætlaðar eru til að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns, styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem ekki eru ætlaðir til framfærslu hins tryggða og styrkir úr opinberum sjóðum eða sambærilegum sjóðum sem hinn tryggði fær til þróunar eigin viðskiptahugmyndar skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þegar um er að ræða aðrar áður ótaldar greiðslur sem ekki eru ætlaðar til framfærslu hins tryggða skal Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki hvort þær skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 1. mgr.

Þegar hinn tryggði fær greiðslur frá sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem eru til komnar vegna óvinnufærni að hluta, sbr. 1. mgr., skal hinn tryggði jafnframt leggja fram vottorð til Vinnumálastofnunar um vinnufærni sína ásamt staðfestingu frá sjúkrasjóði stéttarfélags um hversu mikla óvinnufærni verið er að bæta en að öðrum kosti gildir 1. mgr. 51. gr. um þær greiðslur.

13. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra atvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar, sbr. þó 4. mgr. 12. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „í a.m.k. þrjá mánuði“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: a.m.k. síðasta mánuðinn.

15. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem nýtur slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem koma til vegna óvinnufærni að fullu telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

16. gr.

2. og 3. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. er hinum tryggða heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingum á námsönn enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Hinn tryggði skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er Vinnumálastofnun heimilt að meta þegar sérstaklega stendur á hvort sá er stundar nám á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði laganna enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skilyrði er að námið kunni að nýtast hinum tryggða beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skal hinn tryggði leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið. Hinn tryggði á þá rétt til skertra atvinnuleysisbóta fyrir sama tímabil og skal Vinnumálastofnun meta skerðinguna á tryggingahlutfalli sem hann á rétt til skv. 15. eða 19. gr. í samræmi við umfang námsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: hálfan mánuð.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: hálfan mánuð.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „60 dögum“ í 1. mgr. kemur: þremur mánuðum.
b. Í stað orðanna „átta vikur“ í 3. mgr. kemur: tvo mánuði.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: hálfan mánuð.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „40 dögum“ í 1. mgr. kemur: tveimur mánuðum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar hinn tryggði mætir ekki til Vinnumálastofnunar á áður boðuðum tíma skv. 6. mgr. 9. gr., 3. mgr. 13. gr. eða 3. mgr. 18. gr.
c. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: hálfan mánuð.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Sá sem lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar skv. h-lið 1. mgr. 14. gr. eða um annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við þegar hinn tryggði hefur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, sbr. 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 14. gr. Skal honum jafnframt verða gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur skv. 39. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Veiti hann Vinnumálastofnun ekki nauðsynlegar upplýsingar á þeim tíma eða tilkynni um breytingar á högum getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.
c. Í stað orðanna „tíu virka daga“ í 3. mgr. kemur: hálfan mánuð.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Látið hjá líða að veita upplýsingar eða látið hjá líða að tilkynna um breytingar á högum.*

23. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Sá sem veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta samkvæmt lögum þessum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað a.m.k. tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Hið sama gildir um þann sem starfar á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum án þess að hafa tilkynnt Vinnumálastofnun um að atvinnuleit sé hætt skv. 10. gr. eða um tilfallandi vinnu skv. 35. gr. a. Skal honum jafnframt verða gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur skv. 39. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „60 virkum dögum“ í 1. mgr. kemur: þremur mánuðum.
b. Í stað orðanna „átta vikur“ í 3. mgr. kemur: tvo mánuði.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. og 22. gr. vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda hafi fyrra starfshlutfall verið lækkað um 20% hið minnsta og hinn tryggði haldið að lágmarki 50% starfshlutfalli. Þessi tímabundna breyting á ráðningarsamningi skal vara í þrjá mánuði í senn.
b. Í stað „2. mgr. 36. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 4. mgr. 36. gr.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 2. mgr. skulu laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall og atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. samanlagt aldrei nema hærri fjárhæð en 491.318 kr. á mánuði.
d. Á eftir orðunum „að hluta vegna“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: tímabundins.
e. Á eftir 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þeir sem þegar fá greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu skulu uppfylla skilyrði ákvæðisins frá 1. janúar 2010.
f. Í stað orðanna „31. desember 2009“ í 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: 30. júní 2010.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sjálfstætt starfandi einstaklingur á rétt á að fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa samfellt í allt að þrjá mánuði. Þeir sem þegar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa á tímabilinu frá 21. nóvember 2008 til

31. desember 2009 eiga rétt á að fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðisins í allt að tvo mánuði að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

b. Í stað orðanna „31. desember 2009“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 30. júní 2010.

27. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. skulu elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum samtals að fjárhæð 1.000.000 kr. sem hafa verið eða verða teknar út á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 ekki koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Skilyrði er að fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila.

b. (IX.)

Ákvæði 25. gr. skal gilda um þá sem töldust tryggðir samkvæmt lögum þessum en hættu þátttöku á vinnumarkaði til að stunda nám eftir 1. júlí 2006.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

28. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir.

29. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 6. mgr. 15. gr. a laganna.

30. gr.

Við 15. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu ofgreiddra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 2. mgr. eru aðfararhæfar.

III. KAFLI
Gildistaka.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Þó skulu 8. gr. og a- og b-liður 9. gr. taka gildi 1. maí 2010.

480. Lög [70. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 464.

481. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sérstakur frádráttur nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

2. gr.

Við B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf lögaðila sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

3. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 15.000.000 kr.

Til keyptra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að skattaðili eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef skattaðili kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

4. gr.

Við 4. mgr. 112. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá álögðum tekjuskatti lögaðila sem falla undir 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skal draga fjárhæð sem ákvörðuð er skv. 11. gr. þeirra laga áður en greiðsluskylda samkvæmt þessari málsgrein er ákvörðuð. Sé engin eða lægri greiðsluskylda fyrir hendi skal greiða frádráttinn út að hluta eða öllu leyti. Reglur um skuldajöfnun skattfrádráttar á móti opinberum gjöldum eða vörslusköttum til ríkissjóðs, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekjuársins 2010.

482. Frumvarp til laga [82. mál]

um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessara laga er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til viðurkenndra nýsköpunarfyrirtækja, þó ekki til eftirtalinna aðila:

1. Háskóla, opinberra stofnana (náttúrustofa, sjálfseignarstofnana o.fl.) né opinberra hlutafélaga.
2. Fyrirtækja sem ekki uppfylla skilyrði II. kafla.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aukning hlutafjár:* Hækkun hlutafjár í skilningi V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
2. *Framlag til nýsköpunar:* Útlagður kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.
3. *Hlutabréfakaup:* Kaup á hlutabréfum til aukningar á hlutafé fyrirtækisins, sbr. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
4. *Nýsköpun:* Starfsemi sem leiðir til nýrrar og endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferlis og markaðslegs ávinnings.
5. *Nýsköpunarfyrirtæki:* Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem vinna að nýsköpun.
6. *Opinber hlutafélög:* Hlutafélög eða einkahlutafélög sem eru beint eða óbeint í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á vegum þeirra.
7. *Rannís:* Rannsóknamiðstöð Íslands sem er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.
8. *Rannsóknar- og þróunarkostnaður:* Beinn kostnaður, svo sem vegna sérhæfðra starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og aðfanga.
9. *Rannsóknir:* Tilraunir eða fræðileg vinna sem innt er af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á undirstöðum fyrirbæra og atburða.
10. *Skattaðili:* Aðili sem er skattskyldur skv. I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og á rétt á frádrætti skv. 30. og 31. gr. sömu laga.
11. *Skattafsláttur:* Frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 30. og 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

12. *Skattfrádráttur:* Frádráttur frá álögðum tekjuskatti eða endurgreiðsla samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.
13. *Verkferlar:* Skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstöðu til starfsins.
14. *Viðskiptaáætlun:* Greinargerð um viðskiptahugmynd fyrirtækis, starfsemi þess og möguleika.
15. *Þróun:* Kerfisbundin vinna byggð á fyrirliggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu og miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki.

II. KAFLI
Umsóknarferli.

4. gr.
Umsóknir til Rannís.

Umsóknir samkvæmt lögum þessum skulu sendar Rannís á þar til gerðu eyðublaði eða með öðrum sambærilegum hætti.

Lögaðili sem óskar eftir staðfestingu Rannís á að teljast nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum skal senda umsókn þess efnis til Rannís í síðasta lagi 1. september ár hvert. Tilgreina skal hvort sótt er um staðfestingu vegna skattfrádráttar, sbr. 5. gr., eða hlutafjáraukningar, sbr. 6. gr. Sami lögaðili getur sótt um hvort tveggja.

5. gr.
Staðfesting vegna skattfrádráttar.

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 5 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn.

6. gr.
Staðfesting vegna hlutafjáraukningar.

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningum lögaðilans undanfarin tvö af þremur árum næst á undan umsóknarári hafi numið meira en 1,5% af rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða varið hafi verið a.m.k. 40 millj. kr. til rannsókna og þróunar á ári undanfarin tvö ár, og
2. að verkferlar séu vel skilgreindir, þ.e. skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstaða sé til starfsins, og
3. að hluthafafundur hafi tekið ákvörðun um aukningu hlutafjár skv. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og

4. að upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn.

Hafi rannsóknar- og þróunarkostnaður ekki verið sérgreindur í ársreikningi skal umsækjandi gera ítarlega grein fyrir honum með öðrum sannanlegum hætti.

7. gr.

Samstarfsverkefni.

Ef um er að ræða samstarfsverkefni fleiri en eins umsækjanda skal hver um sig hafa hlotið staðfestingu Rannís, sbr. 5. og/eða 6. gr.

8. gr.

Málsmeðferð.

Sérstök fagnefnd Rannís skipuð reynslumiklum mönnum úr nýsköpunarmálum kemur að málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar taka ákvörðun um hvort lögaðili hljóti staðfestingu skv. 5. eða 6. gr. og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna til embættis ríkisskattstjóra um lögaðila sem uppfyllt hafa annars vegar skilyrði 5. gr. og hins vegar 6. gr.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir lögaðila sem hlotið hafa staðfestingu Rannís og skal hún vera öllum aðgengileg.

Um meðferð umsókna hjá Rannís fer eftir lögum þessum og öðrum lögum sem um stofnunina gilda.

Ákvarðanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Gildistími staðfestingar.

Staðfesting Rannís skv. 5. og/eða 6. gr. skal miðast við umsóknarár og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1. apríl. Rannís skal taka umsókn um framlengingu til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá móttöku hennar. Fallist Rannís á framlengingu gildir staðfestingin fyrir það ár.

III. KAFLI

Framkvæmd.

10. gr.

Skattfrádráttur.

Nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á tekjuárinu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 15 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skal vera 50.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hámark kostnaðar samtals vera 75.000.000 kr. Sé um að ræða samstarfsverkefni, sbr. 7. gr., skal sama hámark gilda

fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli nýsköpunarfyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. X. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Kostnaður sem ekki fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færist slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda.

Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um skiptingu og meðferð óbeins kostnaðar, þ.m.t. um fyrningu, fjármagnskostnað og launakostnað, sem til fellur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna í þessu sambandi.

11. gr.

Greiðsla skattfrádráttar.

Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Við ákvörðun á skattalegu tapi í þessu sambandi skal einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem það hlýtur staðfestingu skv. 5. gr.

12. gr.

Opinberar styrkveitingar og útseldar rannsóknir.

Hafi lögaðili hlotið styrk frá opinberum aðila til sama nýsköpunarverkefnis og umsókn um skattfrádrátt skv. 5. gr. tekur til getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr. að viðbættri styrkfjárhæð aldrei orðið hærri en 70% af hámarkskostnaði við verkefnið.

13. gr.

Kostnaður á umsóknarári.

Á því rekstrarári sem nýsköpunarfyrirtæki fær staðfestingu Rannís á að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt skal heimilt að telja til rannsóknar- og þróunarkostnaðar í skilningi laganna þau útgjöld sem beint tengjast viðkomandi verkefni og lagt hefur verið í á árinu. Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís telst ekki með í þessu sambandi.

14. gr.

Skattafsláttur vegna hlutafjáraukningar.

Skattaðili sem kaupir hlutabréf í nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur staðfestingu Rannís skv. 6. gr., getur dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum á tekjuárinu innan þeirra marka sem um getur í 3. tölul. 1. mgr. B-liðar 30. gr. og 12. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sama gildir um nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 1. málsl., heimilisfast innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir því sem við á sem hlotið hefur viðurkenningu sambærilegrar stofnunar og Rannís.

Skattafsláttur skv. 1. mgr. er bundinn því skilyrði að um hlutafjáraukningu sé að ræða í viðkomandi nýsköpunarfyrirtæki, sbr. V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og V. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

15. gr.

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hafi lögaðili, sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. og/eða 6. gr., jafnframt notið annars opinbers stuðnings til sama rannsóknar- og þróunarverkefnis getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr., að viðbættri annarri ríkisaðstoð, aldrei orðið hærri en leyfilegt hámarkshlutfall af styrkhæfum kostnaði vegna viðkomandi verkefnis eftir því sem nánar er kveðið á um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til verkefna á sviði nýsköpunar eða rannsókna og þróunar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Lögin skulu koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

483. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

19. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og í bókun við þann samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, frá 15. nóvember 2000.
20. Fyrir háttsemi sem greinir í Evrópuráðssamningi um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005.

2. gr.

Í stað 69. gr. laganna kemur nýr kafli, er verður VII. kafli A, **Upptaka,** með átta nýjum greinum er orðast svo:

a. (69. gr.)

Gera má upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

Kostnaður sem tengist framkvæmd brots dregst ekki frá fjárhæð ávinnings.

b. (69. gr. a.)

Gera má upptæka með dómi:

1. Hluti sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til notkunar eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots.
2. Hluti sem hafa orðið til við brot.
3. Hluti sem með öðrum hætti tengjast framningu brots.

Í stað upptöku á hlutum skv. 1. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Nú er félagi slitið með dómi og má þá gera fjármuni, bækur, skjöl og aðrar eignir þess upptækar.

c. (69. gr. b.)

Gera má upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar:

1. brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og
2. það getur varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem núverandi eða fyrrverandi maki eða sambúðarmaki þess sem framið hefur brot hefur aflað nema:

1. verðmætanna hafi verið aflað meira en 5 árum áður en brotið var framið eða
2. viðkomandi hafi ekki verið í hjúskap eða sambúð á þeim tíma sem verðmætanna var aflað.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í. Sama gildir ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans rennur til viðkomandi. Upptaka er þó ekki heimil ef verðmætin hafa runnið til lögaðilans meira en 5 árum áður en brotið var framið.

Nú sýnir viðkomandi fram á að verðmætanna hafi verið aflað á lögmætan hátt og skulu þau þá ekki gerð upptæk.

Í stað upptöku á tilgreindum verðmætum skv. 1.–3. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

d. (69. gr. c.)

Nú hefur ávinningi af broti verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti og má þá gera þær eignir upptækar allt að matsvirði þess ávinnings sem blandað var við þær.

e. (69. gr. d.)

Upptaka skv. 69. gr. má fara fram hjá þeim sem notið hefur ávinnings af broti.

Upptaka skv. 1. og 2. mgr. 69. gr. a má fara fram hjá þeim sem framið hefur brot og þeim sem hann hefur unnið fyrir.

Tryggingarréttindi yfir hlutum sem sæta upptöku geta aðeins fallið brott samkvæmt ákvörðun dómstóls þegar rétthafi er grandsamur.

Hafi einhver þeirra sem nefndur er í 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningi eða hlut sem gera á upptækan má gera ávinninginn eða hlutinn upptækan hjá þriðja manni hafi hann vitað um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða sýnt af sér stórfellt gáleysi í því sambandi. Sama gildir þegar um gjöf er að ræða.

Upptöku verður ekki komið við hafi viðkomandi látist, nema um sé að ræða upptöku skv. 69. gr.

f. (69. gr. e.)

Hafi einhver beðið tjón við brot má í dómi ákveða að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi.

Hafi dómfelldi greitt skaðabætur til brotaþola í slíkum tilvikum, eftir uppkvaðningu dóms, skal lækka þá fjárhæð sem gerð er upptæk í sama hlutfalli.

g. (69. gr. f.)

Nú er krafist upptöku á ávinningi, hlutum, munum, verðmætum eða eignum annarra en sakbornings og skal þá beina þeirri kröfu að eigandanum eða handhafa réttindanna.

Nú er ekki vitað hver er eigandi eða handhafi réttindanna eða hann hefur ekki þekktan dvalarstað hér á landi og má dómstóll þá beita upptöku í máli gegn sakborningi.

Nú er ekki vitað hver hefur gerst brotlegur eða er handhafi réttindanna og má þá beita upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður.

Nú hefur verið lagt hald á verðmæti við rannsókn máls og ekki er vitað hver eigandi þeirra er og enginn gerir lögmætt tilkall til þeirra innan 5 ára og má þá gera þau upptæk.

h. (69. gr. g.)

Það sem gert er upptækt er eign ríkissjóðs nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Það á þó ekki við þegar andvirðið er nýtt til að greiða skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot, sbr. 69. gr. e.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að ákveða að því sem gert er upptækt sé skipt á milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja. Við slíka ákvörðun skal m.a. leggja til grundvallar þau útgjöld sem málið hefur leitt af sér í ríkjunum, hvort þar hafi orðið tjón vegna málsins og hvaðan upptækt verðmæti er runnið. Skipting samkvæmt þessari málsgrein má ekki leiða til þess að bótagreiðslur til tjónþola séu takmarkaðar.

3. gr.

Orðin „3. tölul.“ í lokamálslið 6. mgr. 82. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Upphafsmálsliður 1. mgr. 100. gr. a laganna orðast svo: Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða er-

lend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.

5. gr.

Á eftir 175. gr. laganna kemur ný grein, 175. gr. a, er orðast svo:

Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.

6. gr.

227. gr. a laganna orðast svo:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi.
2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.
3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr.

Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónuskilríki.
2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.
3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

7. gr.

264. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. skal sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. gildir þá eftir því sem við á.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 12 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Sé brot skv. 1. mgr. framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

484. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Álagningarstofnar eftirlitsgjalds eftirlitsskylds aðila skv. 1.–9. og 11. tölul. 1. mgr. 5. gr., þó ekki þeirra er greiða skulu fast gjald, eru efnahags- eða rekstrarliðir samkvæmt ársreikningi eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast er álagningarstofn eftirlitsgjalds hins sameinaða aðila samanlagðir efnahags- eða rekstrarliðir þessara aðila samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir næstliðið ár.

c. 3. mgr. orðast svo:

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi vegna fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota efnahags- eða rekstrarliði samkvæmt honum sem álagningarstofn. Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila. Þegar um er að ræða nýtt vátryggingafélag sem tekið hefur að öllu leyti við vátryggingarstofni eldra félags skal álagningarstofn vera bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi eldra félagsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,0176%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,0159%.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,353% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.

6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0175% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,91% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Kauphallir skulu greiða 0,69% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00982% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 790.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.270.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.220.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.130.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.780.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0036% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
13. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálafyrirtæki, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðs-

virðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur takmarkað starfsleyfi eða ekki, greiðir fast gjald samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, viðskiptabankar 21.000.000 kr., aðrar lánastofnanir 11.000.000 kr., önnur fjármálafyrirtæki 5.000.000 kr.

3. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð og innheimta skal í einni greiðslu 1. febrúar, né til eftirlitsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila eru eftirfarandi:

1. Vegna viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja og vátryggingafélaga 1.000.000 kr.
2. Vegna verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og verðbréfamiðstöðva 500.000 kr.
3. Vegna annarra eftirlitsskyldra aðila 100.000 kr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast gjalds fyrir afgreiðslu og skráningu sértækrar staðfestingar og mats sem leiðir af starfsemi stofnunarinnar en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirliti. Gjöld fyrir þessa þjónustu skulu tilgreind í gjaldskrá.

b. 2. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:

Gjaldskrá fyrir eftirlit skv. 1. mgr., afgreiðslu umsókna skv. 2. mgr. og þjónustu skv. 3. mgr. skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

485. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. tölul. og 3. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr., 1. málsl. 2. mgr. 10. gr., 2. og 3. málsl. 3. mgr. 18. gr., 4. málsl. 1. mgr. 27. gr., tvívegis í 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. og 2. málsl. 6. tölul. 37. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. og orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðanna „skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

3. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. 58. gr. laganna og orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. sömu greinar kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

4. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur ríkisskattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

5. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 60. gr. laganna og orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. sömu greinar kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

6. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóra“ í 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. og orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. 64. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra; og: Ríkisskattstjóri.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 6. mgr. og 3. málsl. 7. mgr. A-liðar og 1. málsl. 12. mgr. og 2. málsl. 13. mgr. B-liðar kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað 3. og 4. málsl. 8. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.
c. Í stað 4. og 5. málsl. 12. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 3. málsl. 1. tölul. og 2. málsl. 7. tölul. 73. gr. og í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 78. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:
   Landið er eitt skattumdæmi og skal starfsstöðvum skipað niður samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.
b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:
   Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn. Engan má skipa í það embætti nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:
   1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
   2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
   3. Sé íslenskur ríkisborgari.
   4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

   Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.
b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

12. gr.

86. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ráða umboðsmenn til að sinna afmörkuðum verkefnum vegna skattframkvæmdar.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

14. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 88. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

15. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna orðast svo: **Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri o.fl.**

16. gr.

89. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanni hans“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

b. Í stað orðsins „skattstjóra“ og orðanna „skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

c. Í stað orðsins „skattstjóra“ og orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanni hans“ í 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

b. Í stað orðanna „afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu“ í 6. mgr. kemur: honum sé afhent skýrsla.

19. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. 93. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur.

21. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1.–4. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóri“ hvarvetna í 1.–3. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr.,1. og 2. málsl. 4. mgr. og í 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal innan tveggja mánaða að jafnaði kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun álagningar og senda hann í ábyrgðarbréfi, almennri póstsendingu eða rafrænt til skattaðila eða þess sem framtalsskyldan hvílir á.
c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið álagningu á skattaðila skal hann; og orðin „í umdæminu“ í sama málslið falla brott.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 3., 4. og 5. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
c. Orðin „ríkisskattstjóra og“ í 5. málsl. 1. mgr. falla brott.
d. Í stað orðanna „skulu skattstjórar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: skal ríkisskattstjóri; og orðin „í umdæminu“ í sama málslið falla brott.
e. Orðin „í hverju sveitarfélagi“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
f. Í stað orðanna „Skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, ívilnun skv. 65. gr. og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr., ekki rétt ákveðinn og getur hann þá sent rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, studda nauðsynlegum gögnum, til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið.
b. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. og orðsins „skattstjóri“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
c. Í stað 4.–6. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurðir ríkisskattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi, almennri póstsendingu eða rafrænt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
d. Orðin „ríkisskattstjóra og“ í 7. málsl. 1. mgr. falla brott.
e. 2. mgr. orðast svo:

   Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af ríkisskattstjóra eða þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa til þess sérstaka heimild.
f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kærur til ríkisskattstjóra.*

25. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 100. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

26. gr.

101. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Ríkisskattstjóri skal í því skyni setja framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Ríkisskattstjóri skal enn fremur birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu.

Ríkisskattstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni leiðrétt álagningu á skattaðila ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra var byggð á. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

27. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Skatteftirlit tekur til hvers konar könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu manna og lögaðila.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á.
b. Orðin „og 5. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
d. Orðin „skattstjórum og“ í 3. mgr. falla brott.
e. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra“ í 6. mgr. kemur: sbr. 96. og 97. gr.

29. gr.

105. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

1. málsl. 1. mgr. 106. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar.

31. gr.

Orðið „skattstjórum“ í 107. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 108. gr. laganna og í stað orðsins „skattstjóra“ í 4. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. sömu greinar kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

33. gr.

Í stað orðanna „Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 117. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

34. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 5. mgr. 119. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „Ríkisskattstjóra“ í 120. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

35. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins.

36. gr.

123. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. og þrisvar í 2. málsl. 3. mgr. og í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 3. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Úrskurður ríkisskattstjóra samkvæmt ákvæði þessu skal vera endanleg úrlausn málsins á staðgreiðsluári.
c. 4. mgr. fellur brott.

38. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. og 3. málsl. 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og 1. og 2. málsl. 4. mgr. 12. gr., 1. og 3. málsl. 2. mgr. 14. gr. og 2. málsl. og fyrirsögn 21. gr. laganna og í stað orðsins „skattstjóri“ í 4. málsl. 4. mgr. 11. gr., 5. málsl. 2. mgr. 20. gr. og 1. málsl. 21. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

39. gr.

21. gr. a laganna fellur brott.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðið „skattstjórum“ í 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn sem hann felur.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum. Skatteftirlit tekur til hvers konar könnunar á réttmæti staðgreiðsluskila og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um staðgreiðsluskyldu, stofn og afdrátt staðgreiðslu.
b. Í stað orðanna „skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 5. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri vísar til hans, sbr. 6. mgr. 96. gr.
c. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt“ í 3. mgr. falla brott.

43. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 4. mgr. 28. gr. og 1. málsl. 4. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 4. mgr. og 6. mgr. 28. gr. og orðsins „skattstjórar“ í 33. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið ákvörðun og álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., skal hann útbúa skrá um þessa álögðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.
b. Í stað orðanna „Að móttekinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða“ í 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal ákveða.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Orðið „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „skattstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

47. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr., 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og í stað orðsins „Skattstjórar“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. og orðsins „Skattstjóri“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., 3. og 4. málsl. 5. mgr. 9. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri.

48. gr.

3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
c. Í stað orðanna „og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaráðherra felur tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóri fer með.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 5. mgr. 2. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. og 4. mgr. og orðsins „skattstjóra“ í 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóri; og: ríkisskattstjóra.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. A laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélagið er heimilisfast“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

54. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 4. mgr. 6. gr., 2. málsl. 7. mgr. 16. gr., 3. mgr., 1. og 4. málsl. 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 24. gr., 2. málsl. 5. mgr. 25. gr., 3. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 2. mgr., 3. málsl. 3. mgr. og 4. málsl. 4. mgr. 26. gr., 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 29. gr., 1. málsl. 1. mgr. 33. gr., 1. málsl. 3. mgr. 35. gr. og 4. málsl. 1. mgr. 42. gr. og orðsins „skattyfirvöldum“ í 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra;

og í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 4. mgr. 6. gr., 1. mgr., 2., 4. og 5. málsl. 2. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr., 3. og 4. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 25. gr., tvívegis í 1. málsl. og 2. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og tvívegis í 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. og í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ábyrgðarbréfi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: almennri póstsendingu eða rafrænt.
b. 3. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. Orðin „skattstjóri eða“ í 6. mgr. falla brott.

56. gr.

Á eftir orðinu „ábyrgðarbréfi“ í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: almennri póstsendingu eða rafrænt.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
b. Í stað orðanna „skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1.–3. mgr. falla brott.
b. Orðin „skattstjóri eða“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjórum“ í 3. málsl. 4. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
d. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra“ í 5. mgr. falla brott.

59. gr.

45. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu“ í 1. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri skal.
b. Orðin „í umdæminu“ í 1. málsl. falla brott.
c. Í stað orðanna „Skattstjóri eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri.

61. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar, skattrannsóknarstjóri ríkisins, ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 47. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

62. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. og orðsins „skattstjóri“ í 4. og 6. mgr. kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.
b. 7. mgr. fellur brott.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.
b. Í stað orðanna „Þeir skulu“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Hann skal.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „Skattstjórum“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

66. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri úrskurðar um.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „skattstjóra og“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Viðkomandi sveitarfélagi er eftir atvikum heimilt að kæra úrskurði ríkisskattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

68. gr.

Orðin „skattstjóra eða“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Hafi sveitarfélag kært úrskurð ríkisskattstjóra.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðið „skattstjóra“ tvívegis í 2. mgr. fellur brott.
d. Orðin „frá skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

70. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ tvívegis í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nefndin skal tilkynna skattaðila og umboðsmanni hans um þá ákvörðun.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hafa legið fyrir skattstjóra“ í 1. málsl. kemur: lágu fyrir.
b. 5. málsl. fellur brott.

73. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gefa út“ kemur: birta á vefsíðu sinni.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Birting úrskurða.*

74. gr.

Orðin „samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra“ í 1. málsl. 18. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

75. gr.

Í stað orðsins „Skattstjórum“ í 3. mgr. 79. gr. laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

76. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

77. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

78. gr.

Í stað orðsins „skattstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 3. mgr. 21. gr. og 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. og orðsins „skattstjórar“ í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. og 31. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

80. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi skattstjóra“ í 7. mgr. 24. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

81. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri semur skrá um álagt útsvar í hverju sveitarfélagi að lokinni álagningu.

82. gr.

Orðin „eða ábendingu skattstjóra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

83. gr.

10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins og yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

84. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 3. mgr. 1. gr., 2.–4. mgr. 9. gr., 1. málsl. 2. mgr. og tvívegis í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr., 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. og 1. málsl. 1. mgr., 2. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 6. mgr. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 13. gr., 1. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 6. mgr. 17. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

85. gr.

5. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „skattstjórum“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

b. Í stað orðanna „geta skattstjóri og ríkisskattstjóri krafist“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: er ríkisskattstjóra heimilt að krefjast.
c. Í stað orðanna „hafa þessir aðilar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hefur ríkisskattstjóri.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit.
b. 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans skv. 1. mgr. svo og 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri vísar til hans skv. 1. mgr. svo og 6. mgr. 96. gr.
d. Orðin „nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt“ í 3. mgr. falla brott.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

90. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra eða umboðsmanns hans“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Orðin „á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
d. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. tölul. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XVI. KAFLI

Breyting á áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum.

92. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum.

93. gr.

Orðin „skattstjóra eða“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

94. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjórar leggja“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri leggur.
b. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 5. málsl. 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

95. gr.

Í stað orðsins „Skattstjóra“ í 1. málsl. 9. mgr. 7. gr. a laganna kemur: Ríkisskattstjóra.

96. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. og 3. málsl. 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skattstjórar“ í 2. málsl. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. 3. málsl. fellur brott.

98. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 10. gr. a og orðsins „Skattstjóri“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: Ríkisskattstjóri.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kæru skal beint til tollstjóra eða til ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattstjóri“ í 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra.

XX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra í sínu skattumdæmi“ í 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

101. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra í sínu umdæmi“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

102. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1.–3. málsl. 9. gr., þrisvar í 1. málsl. og 2. málsl. 1. mgr. og 2.–4. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri; og í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

103. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

XXI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

104. gr.

3. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

XXII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja.

105. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXIII. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

106. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 3. tölul. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXIV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðanna „skattstjórar leggja“ í 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri leggur.

XXV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

108. gr.

Í stað orðanna „viðkomandi skattstjóra“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

XXVI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. og orðsins „skattstjóri“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra; og: ríkisskattstjóri.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

110. gr.

Í stað orðsins „skattstjóri“ í 1. mgr. 59. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóri.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

111. gr.

Í stað orðanna „lagðir á af skattstjóranum í Reykjavík“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: lagðir á af ríkisskattstjóra.

112. gr.

Í stað orðanna „skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra“ í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins.

113. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ríkisskattstjóri skal taka við öllum óloknum málum skattstjóra á hvaða stigi sem þau kunna að standa þegar lög þessi öðlast gildi. Þannig skal ríkisskattstjóri taka við öllum óloknum kærum, erindum, fyrirspurnum og öðrum þeim málum þar sem skattstjóri hefur ekki lokið málsmeðferð samkvæmt þeim lögum sem honum er falin framkvæmd á. Ákvæði um réttindi og skyldur þar sem vísað er til fyrri ákvarðana skattstjóra skulu halda gildi sínu þrátt fyrir að ríkisskattstjóri komi í þeirra stað.

II.

Stöður skattstjóra skv. 85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eru lagðar niður frá og með 1. janúar 2010 og skal þeim sem gegna embætti skattstjóra boðið starf hjá embætti ríkisskattstjóra. Um biðlaunarétt gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frá og með 1. janúar 2010 skulu störf starfsmanna skattstjóra færast til embættis ríkisskattstjóra. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

486. Lög [46. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 46.

487. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Orkustofnun, ríkisskattstjóra og Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík, sem tóku gildi 15. maí 2009. Á grundvelli þeirra laga var 7. ágúst sl. undirritaður fjárfestingarsamningur á milli ríkisstjórnar Íslands, Century Aluminum Company og Norðuráls Helguvík ehf. um byggingu og rekstur álvers í Helguvík.

Tilurð frumvarpsins eru athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um tvö atriði samningsins. Í lögunum er kveðið á um að samningurinn skuli eigi gilda skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu. ESA benti á að samningur um veitingu ríkisaðstoðar megi ekki gilda lengur en í 20 ár og gerði athugasemd við að upphaf gildistíma hans væri miðað við það tímamark er framleiðsla hefst í álverinu. Er því mælt fyrir um breytt tímamark í ákvæðum frumvarpsins. Jafnframt eru í lögunum ívilnandi reglur fyrir Norðurál Helguvík ehf. um greiðslu stimpilgjalds bæði hvað varðar byggingu og rekstur álversins sem og endurfjármögnun.

Vegna athugasemda ESA er í frumvarpinu lagt til að heimildin verði þrengd á þann veg að frávik frá greiðslu stimpilgjalda verði eingöngu afmörkuð við skjöl sem eru gefin út í beinum tengslum við byggingu álversins en ekki rekstur þess, auk þess sem ákvæðið nær ekki til endurfjármögnunar.

Unnur Brá Konráðsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Arndís Soffía Sigurðardóttir og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 9. des. 2009.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, frsm.
Anna Pála Sverrisdóttir.
Arndís Soffía Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.
Margrét Tryggvadóttir.

488. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson, Hrefnu Gísladóttur, Jóhann Guðmundsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Árna Múla Jónasson og Auðun Ágústsson frá Fiskistofu, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssamband íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Jóhann Sigurjónsson og Þorstein Sigurðsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandinu, Guðmund Ragnarsson frá VM – Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Gunnar Tómasson og Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Jón Stein Elíasson og Albert Svavarsson frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda.

Umsagnir bárust frá Þorvaldi Garðarssyni, formanni Árborgar, félags smábátaeigenda á Suðurlandi, Arnari Atlasyni, f.h. hóps leigjenda aflamarks, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Fiskistofu, Starfsgreinasambandinu, Sjómannasambandi Íslands, VM – Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hvíldarkletti ehf., Sumarbyggð ehf., Samtökum atvinnulífsins, Hafrannsóknastofnuninni, Viðskiptaráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda og Landssambandi smábátasjómanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til átta meginbreytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er um að ræða að heimilað verði að stunda veiðar í atvinnuskyni á sama tímabili og frístundaveiðar eru stundaðar. Í öðru lagi verði dregið úr heimild til að flytja aflamark milli fiskveiðiára úr 33% í 15%. Lagt er til að línuívilnun verði aukin. Í fjórða lagi verði ráðherra heimilt með reglugerð að kveða á um vinnsluskyldu á uppsjávarfiski. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að svokölluð veiðiskylda verði aukin. Í sjötta lagi er lagt til að heimildir til flutnings aflamarks frá skipi verði takmarkaðar í þeim tilgangi að stuðla að því að aflaheimildir séu nýttar til veiða. Í sjöunda lagi er í frumvarpinu bráðabirgðaákvæði er lýtur að veiðistjórn á skötusel og gjaldtöku fyrir úthlutun aflamarks. Loks er lagt til að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í gullkarfa og djúpkarfa.

Ekki var ágreiningur um 1. gr. og er mat meiri hlutans að hún sé til þess fallin að renna styrkari stoðum undir útgerð frístundafiskiskipa. Meiri hlutinn telur mikilvægt að huga að þessari atvinnugrein þar sem hún er ný, veiðarnar eru atvinnuskapandi auk þess að laða að ferðamenn sem skapar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Í ljósi þessa leggur meiri hlutinn til þá breytingu að heimila ráðherra á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 að ráðstafa allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gegn greiðslu gjalds verði heimilt að ráðstafa aflaheimildum þessum til skipa sem leyfi hafa til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna, vegna afla sem fenginn er við frístundaveiðar. Nánari útlistun þessa ákvæðis er að finna í breytingartillögum meiri hlutans.

Rætt var hvort rétt væri að lækka heimild til að flytja aflamark milli fiskveiðiára úr 33% í 15%. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að réttast væri að miða við óbreytta heimild. Meiri hlutinn vekur athygli því að heimild þessi var hækkuð úr 20% í 33% af aflamarki hverrar botnfisktegundar á síðasta ári. Hlutfallið var meðal annars hækkað þar sem talið var heppilegt að nýta slíka heimild í ýsu þar sem líklegt var að leyfilegur ýsuafli

mundi dragast saman á þessu ári (sbr. þskj. 123, 114. mál 136. löggjþ.). Að athuguðu máli telur meiri hlutinn rétt að heimildin sé lækkuð til að ná því markmiði að auka hagkvæma nýtingu fiskstofna. Gert er ráð fyrir að hafi ráðherra heimild til að hækka þetta hlutfall verði það til að stuðla að betri nýtingu tegundar, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Er það mat meiri hlutans að skynsamlegt sé að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika í kerfinu á þennan hátt.

Jafnframt telur meiri hlutinn að breytingartillögur sem miða að því að auka veiðiskyldu geti stuðlað að aukinni veiði. Að sama skapi telur meiri hlutinn að hugmyndir um að takmarka heimildir til að flytja aflamark milli skipa við 50% ýti undir að aflaheimildir séu nýttar til veiða. Auk þess sem þetta ákvæði er til þess fallið að takmarka málamyndagjörninga með aflaheimildir.

Töluvert var rætt um að ráðherra fái heimildir til að skylda útgerðir skipa til að vinna hluta aflans. Rædd voru þau sjónarmið hvort réttara væri að hlutaðeigandi aðilar legðu sjálfir mat á vinnsluaðferðir. Niðurstaða meiri hlutans er að á þennan hátt megi best tryggja að hámarksverðmæti fáist við nýtingu stofnanna þannig að fiskur sem vel er hæfur til manneldis endi ekki í bræðslu. Það er mat meiri hlutans að mikilvægt sé að ganga með ábyrgum hætti um nytjastofna sjávar og hlúa að þeirri ímynd sem við höfum á alþjóðavettvangi sem ábyrg fiskveiðiþjóð.

Í frumvarpinu er einnig lögð til breyting á ákvæði laganna sem snýr að línuívilnun. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ívilnunin hjá bátum sem nota landbeitta línu verði aukin úr 16% í 20% umfram þann afla sem reiknast til aflamarks. Meiri hlutinn telur þessar breytingar jákvæðar og þess eðlis að skapa fleiri störf í landi. Meiri hlutinn áréttar þó mikilvægi þess að við ákvörðun heildaraflamarks sé tekið mið af áætluðum afla fengnum með línuívilnun svo að sá afli bætist ekki ofan á það magn sem að var stefnt miðað við ráðgjöf. Á fundum nefndarinnar komu fram þau sjónarmið umsagnaraðila að í þessu fælist mismunun þar sem bátar með beitingarvélar fengju ekki línuívilnun. Meiri hlutinn vekur athygli á því að beiting með beitingarvélum um borð er ekki til þess fallin að skapa fleiri störf en markmiðið með þessari heimild er að skapa störf í landi.

Á fundum sínum fjallaði nefndin um aukna úthlutun aflaheimilda í skötusel á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011. Fram kom að skötuselurinn er ágengur og vaxandi fiskstofn á Íslandsmiðum og hefur hann hefur dreifst mjög hratt. Þegar stofninn var upphaflega settur í kvóta var það ekki að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofninn stækkaði hratt á tímabilinu 2002–2005 samfara vaxandi útbreiðslu og hefur afli fimmfaldast úr 5–600 tonnum tímabilið 1973–1996 í 2.300–2.900 tonn á árunum 2004–2008. Hins vegar telur meiri hlutinn að rannsóknir á vexti og viðgangi skötuselsstofnsins skorti og þörf sé á frekari rannsóknum á þessum þáttum, sem og áhrifum skötuselsins á vöxt og viðgang annarra nytjastofna. Meiri hlutinn vekur athygli á að hér er um að ræða tímabundið bráðabirgðaákvæði til tveggja ára sem veitir ráðherra heimild til að ráðstafa allt að 2.000 tonnum umfram aflamark. Engu síður telur meiri hlutinn mikilvægt að við úthlutun veiðiheimilda í skötusel hafi ráðherra samráð við Hafrannsóknastofnunina. Við umfjöllunina var rætt hvort rétt væri að fjalla fyrst um þessi mál í sáttanefnd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um framtíðarskipan í fiskveiðistjórn. Í því samhengi vekur meiri hlutinn athygli á að umdeildasta ákvæðið sem hér er til umræðu er til einungis til bráðabirgða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjur af aflaheimildum renni í ríkissjóð og skuli þeim ráðstafað á þann veg að 40% renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs en 60% verði varið til byggðaáætlunar. Meiri hlutinn gerir þá breytingartillögu að 60% tekna af aflaheimildum skötusels renni í Átak til atvinnusköpunar í stað byggðaáætlunar, enda er það skjótvirk og skilvirk leið til atvinnueflingar.

Meiri hlutinn telur brýnt að flýta skiptingu karfa í djúpkarfa og gullkarfa eins og kostur er. Tillaga sú sem lögð er fram í frumvarpinu er afrakstur vinnu starfshóps á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem falið var að gera tillögur um reglur við framkvæmd skiptingar heildaraflamarks fyrir gullkarfa og djúpkarfa. Meiri hlutinn telur þessa leið skynsamlega og stuðla að betra eftirliti með hvorum stofni fyrir sig og vísar í því samhengi til þess að Hafrannsóknastofnunin hefur í nokkur ár lagt til í ráðgjöf sinni að aflamarki í gullkarfa og djúpkarfa verði úthlutað aðskildu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „byggðaáætlun“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I komi: Átak til atvinnusköpunar.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa aflaheimildum þessum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna, vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera meðalverð í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda í reglugerð.

   Um tekjur af aflaheimildum þessum fer skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

Alþingi, 17. des. 2009.

Ólína Þorvarðardóttir, varaform., frsm.	Helgi Hjörvar.	Ásmundur Einar Daðason.
Björn Valur Gíslason.	Róbert Marshall.	Arndís Soffía Sigurðardóttir, með fyrirvara.

489. Breytingartillaga [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá Lilju Mósesdóttur.

Efnismálsliður 3. gr. orðist svo: Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð né til eftirlitsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr. en þessi gjöld skal innheimta í einni greiðslu 1. febrúar.

490. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að innheimtir verði tvenns konar nýir skattar: kolefnisgjald, sem skattur á fljótandi jarðefnaeldsneyti, og auðlindagjald, sem skattur á söluverð raforku og heits vatns. Kolefnisgjaldinu er ætlað að sporna við koldíoxíðmengun (CO_2-mengun) sem veldur hlýnun jarðar samkvæmt gróðurhúsakenningunni en auðlindaskattinum er ætlað að gefa ríkissjóði tekjur af orkuauðlindum landsins.

Í I. kafla frumvarpsins er kveðið á um að svokallað kolefnisgjald skuli vera föst krónutala á hvern lítra en mismunandi eftir tegund eldsneytis, þ.e. eftir því hvort um er að ræða bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti eða brennsluolíu. Ekki er fjallað um grunnmarkmið frumvarpsins, sem er að skattleggja og takmarka þannig brennslu kolefnisatómsins sem myndar CO_2, t.d. með því að bera saman hversu mikilli koldíoxíðmengun hver lítri mismunandi eldsneytis veldur. Þá er ekki lagður skattur á kol, viðarkol, gas eða önnur brennanleg kolefnissambönd.

Rétt er að fram komi að ekki er knýjandi nauðsyn á þessum skatti nú þegar efnahagsástandið á Íslandi er jafn slæmt og raun ber vitni. Skatturinn eykur útgjöld heimila og fyrirtækja og dregur þannig úr eftirspurn í hagkerfinu og seinkar efnahagsbatanum. Þá verður að hafa í huga að orkunotkun hér á landi byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum að mestu leyti, um 80%, en í öðrum löndum er þessu öfugt farið. Ábyrgð Íslands á meintu vandamáli er því langt því frá jafnmikil hlutfallslega og annarra ríkja.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að lagður verði skattur á sölu á raforku og heitu vatni. Skal hann nema 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2,0% af smásöluverði á heitu vatni. Með frumvarpi þessu er í fyrsta skipti lagt til að teknir verði upp skattar á auðlindir landsins ef frá er talið veiðileyfagjaldið. Þó tekur frumvarpið þessar auðlindir nokkuð mismunandi tökum þar sem skattlagning á heitt vatn er í öfugu hlutfalli við verðmæti auðlindarinnar. Þær hitaveitur sem eru hvað arðbærastar selja heita vatnið á mjög lágu verði og borga því minnst en þær hitaveitur eru skattlagðar hátt sem eru með dýrt aðgengi að auðlindinni eða ef hún er ekki mjög gjöful, t.d. vegna lágs hitastigs. Miklu nær hefði verið að skattleggja heita vatnið við borholu eða lind og því meira sem það er heitara. Sama á við um skatt á raforku. Þar ætti í raun að skattleggja virkjanir (jafnvel eftir reiknaðri arðsemi) en ekki söluverð til notenda ef ætlunin er að skattleggja á annað borð. Í báðum tilfellum ættu framleiðendur orkunnar að mega koma hækkuninni áfram til endanlegra kaupenda. Slík aðferð mundi fækka skattgreiðendum til muna, gera kerfið skilvirkara og ná betur markmiði frumvarpsins. Samanlagt eiga kolefnisgjaldið og skattur á sölu á raforku og heitu vatni að skila árlega 4,7 milljarða kr. tekjum í ríkissjóð. Umsagnaraðilar bentu á að mjög margar lágar færslur myndast í kerfinu sem gerir allt eftirlit og umsýslu mjög viðamikla. Þessi umfangsmikla skattlagning eykur hvorki gagnsæi kerfisins né skerpir skilning skattgreiðanda á því hvaða skatta hann er að greiða eða hvort þeir eru réttir.

Miklar athugasemdir komu fram í umsögnum hagsmunaaðila um frumvarpið. 1. minni hluti tekur undir margar af þeim athugasemdum. Má þar helst nefna Samtök atvinnulífsins sem telja að skattformið sé óæskilegt og komi niður á atvinnulífinu, sér í lagi orkufrekum iðnaði, sjávarútvegi, flutningastarfsemi, flugrekstri og ferðaþjónustu. Enn fremur telja samtökin að verði frumvarpið óbreytt að lögum hafi það í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir

fjárfestingaráform atvinnulífsins sem lengi hafa verið í undirbúningi. Ljóst er að mati 1. minni hluta að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það skaða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja erlendis. Má þar m.a. nefna sjávarútveg og ferðamannaþjónustu. Þessir atvinnuvegir afla, ásamt stóriðju, stærsta hlutans af gjaldeyristekjum landsins og upptaka kolefnisgjalds mun hafa mikil neikvæð áhrif á rekstur þessara greina. Í veikingu krónunnar felast miklir möguleikar í ferðaþjónustu hér á landi. Hún kemur með erlendan gjaldeyri inn í landið og auk þess skapast ýmis störf. Talsmenn flugfélaganna hafa þannig bent á að hækkun þotueldsneytis leiði beint til hækkunar farmiða og að 1% hækkun farmiða leiði til 1% fækkunar erlendra ferðamanna. Þetta er afar slæmt í ljósi þess að ferðamenn skapa mikinn gjaldeyri og umsvif í hagkerfinu. Skatturinn leiðir þannig beint til minni gjaldeyristekna og er að því leyti vanhugsaður.

1. minni hluti bendir á að ekki hefur farið fram umræða um auðlindagjaldið sem slíkt – réttmæti þess, kosti þess og galla. Hér er um algjöra stefnubreytingu að ræða og er óásættanlegt að skella skattinum á svo til fyrirvaralaust og nánast án umræðu. Efnahagslegar afleiðingar skattsins hafa ekki verið ígrundaðar, svo sem afleiðingar fyrir samkeppnishæfni landsins, erlenda fjárfestingu og skilvirkni. Skatturinn hamlar fjárfestingu í gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum sem Íslendingar þurfa svo mjög á að halda. Þá er rétt að benda á að auðlindaskatturinn svokallaði hefur ekkert með auðlindaskatta að gera eins og hann er útfærður. Eiginlegur auðlindaskattur er lagður á í þeim tilgangi að innheimta hluta auðlindarentunnar af notanda auðlindar. Þessi skattur er hins vegar skattur beint á neytanda. Þetta er sambærilegt við að skattleggja fiskflök í fiskbúðinni og segja að með því sé verið að skattleggja auðlindarentu í fiskveiðum.

1. minni hluti áréttar einnig að heimili landsins muni ekki fara varhluta af innheimtu kolefnisgjalds og bendir á, líkt og fram kemur í umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda, að með þeim hækkunum sem hafa orðið á olíu- og bensíngjaldi á árinu og þeim hækkunum sem fyrirhugaðar eru, bæði með frumvarpi til laga um ráðstafanir í skattamálum (þskj. 273, 239. mál) og því sem hér um ræðir, hækkar dísilolía um 11 kr. (11,1%) og bensín um 26,1 kr. (15,5%) vegna nýrra skatta á einu ári. Miðað við meðalnotkun á dísilknúnum bíl nemur það um 38.000 kr. á ári og um 52.000 kr. á bensínknúnum bíl. Hér er um miklar hækkanir að ræða sem koma til með að bitna jafnt á tekjulágum einstaklingum og þeim sem hærri tekjur hafa. Þá eru áhrif á neysluverðsvísitölu með þeim hætti að skuldir heimila og fyrirtækja hækka beint við skattinn.

Skatturinn hefur einnig alvarleg áhrif á stöðu landsbyggðarinnar þar sem hann hækkar orkukostnað og sérstaklega flutningskostnað. Fyrirtæki á landsbyggðinni og heimilin munu þurfa að taka þennan kostnað á sig.

Enn fremur áréttar 1. minni hluti það sem áður sagði að ekki verður séð að sérstök umhverfissjónarmið liggi að baki upptöku kolefnisgjalds þar sem fjárhæð gjaldsins er ekki í tengslum við magn af losun kolefnis. Ef umhverfissjónamið eru ástæða skattsins væri eðlilegra að skattleggja kolefnisatómið sjálft og væri þá öll losun þess skattlögð sama hvar það er notað.

1. minni hluti leggur áherslu á að ekki sé rétt við þær aðstæður sem nú eru í íslensku efnahagslífi að fara í aðgerðir og auknar álögur sem dregið geta úr fjárfestingum í atvinnulífinu. Forsenda þess að hægt sé að vinna sig upp úr því ástandi sem hér ríkir er að fjárfestingar séu efldar og þannig stutt við uppbyggingu atvinnulífsins. Bæði framkvæmd skattlagningarinnar og tímasetning hennar eru illa ígrundaðar og geta dregið úr fjárfestingu hjá stórnotendum raforku. Erlendir fjárfestar líta til alls umhverfis fyrirtækja og skyndileg hækkun á gjöldum þvert á samninga kann að fæla þá frá að velja Ísland til fjárfestinga. Ein meginforsenda þess

að erlendir fjárfestar horfi til Íslands er traust á stöðugu fjárfestingarumhverfi. Stjórnvöld draga með þessu frumvarpi úr þeim stöðugleika sem hér þarf að ríkja.

1. minni hluti áréttar einnig að skattlagning á sölu á raforku og heitu vatni til endanlegra notenda mun hækka framfærslukostnað heimilanna í landinu.

1. minni hluti leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og minnir á að tekjurnar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu geta fengist með skattlagningu séreignarsparnaðar, sbr. þskj. 255, 230. mál.

Alþingi, 17. des. 2009.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. Pétur H. Blöndal.

491. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund þau Sigurberg Björnsson og Veru Sveinbjörnsdóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðuneytinu, Hrafnkel Gíslason forstjóra og Björn Geirsson lögfræðing frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Umsagnir bárust frá Neytendasamtökunum, Símanum hf., Póst- og fjarskiptastofnun og Neytendastofu.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur, annars vegar að lækka álagningarprósentu (gjaldhlutfall) jöfnunargjalds í jöfnunarsjóð alþjónustu og hins vegar að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingar á reglugerð nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki í almennum farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21EB. Reikireglugerðin var formlega innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1046/2008. Tilgangur reikireglugerðarinnar er að ná fram öflugri neytendavernd og um leið tryggja samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og að smásöluverð fyrir reikiþjónustu innan EES endurspegli á sanngjarnan hátt undirliggjandi kostnað sem felst í að veita þessa þjónustu.

Fram kom á fundi nefndarinnar með hagsmunaaðilum nauðsyn þess að innleiða breytingar á reikireglugerðinni sem fyrst. Boðaðar breytingar eru til þess fallnar að efla neytendavernd og styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart fjarskiptafyrirtækjum með margvíslegum hætti. Með þessum breytingum geta farsímafyrirtæki fengið reikiþjónustu á EES-svæðinu á betri kjörum sem leiðir til lækkaðs kostnaðar fyrir neytendur á ferðum erlendis, en þekkt vandamál er að háir reikningar hafa komið til eftir símnotkun erlendis. Nefndin telur boðaðar breytingar til bóta þar sem þær munu styrkja stöðu neytenda á fjarskiptamarkaði meðal annars í formi hagstæðari kjara.

Nefndin fjallaði einnig um tillögu um lækkun á álagningarprósentu jöfnunargjalds í jöfnunarsjóð alþjónustu. Fram kom á fundi nefndarinnar að álagningarprósentan hefði verið hækkuð úr 0,12% í 0,65% með lögum nr. 143/2007, sem var gert til mæta útgjaldaaukningu

sem varð þegar úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála úrskurðaði Símanum hf. ákveðið framlag úr sjóðnum vegna hluta af kostnaði fyrirtækisins við uppbyggingu gagnaflutningsþjónustu. Nú er svo komið að ekki hefur verið sótt um meiri framlög úr sjóðnum. Nefndin telur því eðlilegt að lækka álagningarprósentuna eins og gerð er tillaga um í frumvarpinu.

Björgvin G. Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 18. des. 2009.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Oddný G. Harðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ásbjörn Óttarsson.	Árni Johnsen.

492. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Sigurð Örn Guðleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Georg Lárusson forstjóra og Ásgrím L. Ásgrímsson, yfirmann vaktstöðvar siglinga, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Indriða Óskarsson frá Hvíldarkletti ehf., Finn Jónsson frá Sumarbyggð ehf. og Gunnar Val Sveinsson frá samtökum ferðaþjónustunnar.

Umsagnir bárust frá Félagi skipstjórnarmanna, Landhelgisgæslunni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Siglingastofnun Íslands og Ferðamálastofu.

Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi og setja reglur um frístundafiskiskip. Lagt er til að frístundafiskiskip verði sérstaklega skilgreind í lögunum auk þess sem gerðar verði ákveðnar kröfur um hæfi þeirra sem stjórna slíkum skipum og að eigandi frístundafiskiskips beri ábyrgð á því að stjórnendur hafi fullnægjandi réttindi á skipið. Loks er lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð.

Umsagnaraðilar sem mættu á fund nefndarinnar voru flestir jákvæðir í garð frumvarpsins og töldu að með ákvæðum þess sé rennt styrkari stoðum undir þessa nýju atvinnugrein. Nefndin vill þó árétta mikilvægi þess að sett séu skýr stærðartakmörk og skýrar reglur um þær kröfur sem gerðar eru til frístundafiskiskipa og stjórnenda þeirra í reglugerð, sbr. 3. efnismgr. 5. gr. frumvarpsins. Nefndin telur frumvarpið vera mikilvægt skref í rétta átt með lögfestingu hæfnisskilyrða skipstjórnarmanna á frístundafiskiskipum.

Björgvin G. Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 18. des. 2009.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Oddný Harðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ásbjörn Óttarsson.	Árni Johnsen.

493. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Sigurð Örn Guðleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins.

Umsagnir bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Siglingastofnun Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Markmið frumvarpsins er að gera lagaákvæði um gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hefur heimild til að taka gjald. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að kveðið er á um að Siglingastofnun geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði. Gert er ráð fyrir að greina skuli kostnað allra verkefna og á kostnaður við þessa sérhæfðu þjónustu að vera fjárhagslega aðskilinn frá lögmæltum verkefnum stofnunarinnar. Í frumvarpinu er einnig það nýmæli að taldir eru upp þeir kostnaðarliðir sem gjöldum, sem kveðið er á um í ýmsum sérlögum fyrir þjónustu Siglingastofnunar, er ætlað að standa straum af. Er þetta sérstaklega gert til að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis sem hefur margsinnis gert athugasemdir við óskýrleika gjaldtökuheimilda þar sem ekki hefur legið fyrir hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi er ætlað að standa undir.

Það er mat nefndarinnar að fyrrgreindar tillögur séu til þess gerðar að styrkja stöðu Siglingastofnunar og gera stofnuninni kleift að nýta þá sérfræðiþekkingu sem hún býr yfir. Nefndin telur einnig að greitt sé úr þeirri óvissu sem uppi hefur verið um gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar í sérlögum og leggur áherslu á mikilvægi þess að reynt sé að koma til móts við sjónarmið umboðsmanns Alþingis. Nefndin telur þó mikilvægt að sérstaklega sé áréttað að við gjaldtöku sé miðað við raunkostnað við veitta þjónustu og gerir nefndin breytingartillögu þess efnis.

Björgvin G. Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðinu „kostnað“ í 3. málsl. 3. efnismgr. komi: sem hlýst af því að veita viðkomandi þjónustu.

Alþingi, 19. jan. 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Oddný G. Harðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ásbjörn Óttarsson.	Árni Johnsen.

494. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vitamál, nr. 132/1999.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Sigurð Örn Guðleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, Ágúst Ágústsson frá Cruise Iceland, Gísli Gíslason frá Hafnasambandi Íslands, Signý Sigurðardóttir frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, flutningasviði, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Ólafur Jónsson frá Skeljungi hf.

Umsagnir bárust frá Skeljungi, Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, Samtökum verslunar og þjónustu, VM – Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Hafnarsambandi Íslands, Byggðastofnun, Landssambandi smábátaeigenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Cruise Iceland.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur. Annars vegar er gerð tillaga um að hækka vitagjald í samræmi við verðlagsbreytingar og þróun gengis frá því að gjaldið var hækkað með lögum nr. 142/2002. Með frumvarpinu er lagt til að vitagjald verði 156,50 kr. á hvert brúttótonn sem er 100% hækkun í samræmi við þróun gengisbreytinga og hækkun neysluvísitölu. Vísitalan hefur hækkað um 39% frá 2002 til 2009 og evran um 100%. Hins vegar er lögð til í frumvarpinu sú breyting að vitagjaldið megi ekki einungis nota í verkefni skv. 2. gr. laga um vitamál heldur til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands og framkvæmdir á hennar vegum.

Á fundum nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að umrædd hækkun gæti haft alvarlegar afleiðingar, t.d. fækkun ferðamanna sem ferðast með skemmtiferðaskipum til landsins. Umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við að hækkun gjaldsins væri tengd við þróun gengis evru og töldu að 100% hækkun gjaldsins eins og hér er lagt til væri óviðunandi. Auk þess var gagnrýnt að heimiluð yrði nýting vitagjaldsins til almenns rekstrar Siglingastofnunar þar sem það væri ekki tilgangur gjaldsins, heldur væri það í eðli sínu þjónustugjald en ekki skattur.

Nefndin fjallaði um málið og fór yfir þau sjónarmið sem fram komu á fundum nefndarinnar. Er það mat nefndarinnar að hér sé um eðlilega og nauðsynlega breytingu að ræða en að

sama skapi er það mat nefndarinnar að rétt sé að takmarka hækkunina við 60% sem lætur nærri að sé hækkun neysluverðsvísitölu frá því að gjaldskránni var síðast breytt 30. september 2002 til dagsins í dag. Nefndin gerir því sérstaka breytingartillögu þess efnis. Auk þess áréttar nefndin mikilvægi þess að gjaldskrár séu uppfærðar reglulega í samræmi við verðlagsþróun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað fjárhæðarinnar „156,50“ í a-lið 2. gr. komi: 125,12.

Björgvin G. Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 2009.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Oddný G. Harðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.

495. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Vilhjálm Egilsson, Hannes G. Sigurðsson og Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Elínu Björgu Jónsdóttur og Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna, Jón Steindór Valdimarsson og Ragnheiði Héðinsdóttur frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Þór Ásgeirsson frá Alcan, Ragnar Guðmundsson frá Norðuráli, Gunnar Jónsson hrl., f.h. Alcoa Fjarðaáls, Gunnar H. Sigurðsson frá Sementsverksmiðjunni, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Árna Gunnarsson, Ernu Hauksdóttur og Gunnar Val Sveinsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Birki Hólm Guðnason og Björgólf Jóhannsson frá Icelandair, Matthías Imsland, Bjarna Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árni Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmund Ragnarsson frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Friðrik Jón Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sigríði Ósk Sigurðardóttur frá ÁTVR, Andrés Magnússon og Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Finn Oddsson og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Almar Guðmundsson frá

Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðjón Rúnarsson og Helgu Jónsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Braga Gunnarsson frá Nýja Landsbankanum, Tanya Zharov frá Auði Capital, Örn Gústafsson frá Okkar líf, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Unnar Stefánsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Kristjönu H. Guðmundsdóttur frá Félagi eldri borgara í Kópavogi, Helga K. Hjálmsson og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur frá Landssambandi eldri borgara, Guðmund Magnússon og Sigríði Hönnu Ingólfsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Karl Björnsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson, Markús Möller, Þórarin Gunnar Pétursson og Þorvarð Tjörva Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Svein Agnarsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Axel Hall frá Háskólanum í Reykjavík, Þóri H. Ólafsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Friðgeir Sigurðsson og Elínu Árnadóttur frá PricewaterhouseCoopers, Völu Valtýsdóttur og Garðar Valdimarsson frá Deloitte, Sigurð Jónsson, Alexander Edvardsson og Sigurjón Pál Högnason frá KPMG, Árna Stefánsson og Gunnar Birgisson frá Vífilfelli, Ingvar J. Rögnvaldsson, Guðrúnu J. Jónsdóttur, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Jón Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Runólf Birgi Leifsson, Sigurð Grétarsson og Rögnu Haraldsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Stefán Skjaldarson frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Eddu Símonardóttur frá tollstjóra og Barbara Wdowiak og Magdalenu Láru Gestsdóttur frá Félagi viðurkenndra bókara.

Þá bárust umsagnir og athugasemdir frá Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bílum og fólki ehf., Bændasamtökum Íslands, Deloitte hf., Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna sameiginlega, Félagi ferðaþjónustubænda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Félagi viðurkenndra bókara, Fjármálaeftirlitinu, fjármálaráðuneyti, Guðmundi Tyrfingssyni ehf., Hagsmunasamtökum heimilanna, Háskólanum í Reykjavík, Íbúðalánasjóði, Jafnréttisstofu, Kauphöll Íslands, KPMG hf., Landssambandi eldri borgara, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva sameiginlega, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi veiðifélaga, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lýðheilsustöð, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Olíuverslun Íslands hf., Orkustofnun, Orkuveitu Húsavíkur, Persónuvernd, PricewaterhouseCoopers hf, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi garðyrkjubænda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku – Samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtök iðnaðarins o.fl. (SA , SI, SART, SFF, LÍÚ, SAF, SF, SVÞ) sameiginlega, Seðlabanka Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Skattstofu Suðurlandsumdæmis, Skattstofu Vestfjarðaumdæmis, SkattVís slf., Skeljungi hf., Strætó bs., SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Tónastöðinni, Tryggingastofnun ríkisins, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands, Vínbúðinni – ÁTVR og Æðarræktarfélagi Íslands.

Í kjölfar efnahagshrunsins horfir íslenskt samfélag fram á mikla erfiðleika. Íslenskar fjölskyldur hafa orðið fyrir miklu áföllum sem og íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Ríkissjóður er ekki undanskilinn frá þeim miklu erfiðleikum eins og ráða má af frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 þar sem mikill niðurskurður er boðaður á flestum sviðum. Ríkissjóður verður einnig að leita nýrra leiða til að afla tekna til að standa straum af þeim kostnaði sem af efnahagshruninu hlýst. Nefndin hefur fengið til umfjöllunar þrjú frumvörp sem varða sérstakar tekjuöflunaraðgerðir, sbr. mál nr. 239 (ráðstafanir í skattamálum), nr. 256 (tekjuöflun ríkis-

sjóðs) og nr. 257 (orku- og umhverfisskattar). Nefndarálit þetta varðar síðastnefnda frumvarpið en í ljósi aðdragandans samþykkti nefndin að ræða málin saman.

Frumvarpið kveður á um upptöku sérstaks kolefnisgjalds á fljótandi jarðefnaeldsneyti sem og að lagður verði skattur á sölu á raforku og heitu vatni. Í I. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um að gjald á jarðefnaeldsneyti sé föst krónutala á hvern lítra eldsneytisins og skulu gjaldskyldir aðilar standa skil á kolefnisgjaldinu við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu í tilviki innlendrar framleiðslu eða aðvinnslu. Gjaldtakan byggist á kolefnisinnihaldi hverrar tegundar eldsneytis fyrir sig og tekur mið af söluverði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB (EU ETS) eins og það hefur verið síðastliðið ár. Samkvæmt frumvarpinu skal fjárhæð gjaldsins vera 2,90 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 3,10 kr. á hvern lítra af brennsluolíu. Skal tollstjóri annast álagningu og innheimtu ásamt því að hafa á hendi eftirlit með greiðslu gjaldsins.

Í athugasemdum við frumvarpið er áætlað að kolefnisgjald muni árlega skila rúmlega 2,5 milljörðum kr. í ríkissjóð og að áhrif þess á vísitölu neysluverðs geti orðið 0,07% til hækkunar.

Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um að innheimta skuli skatt af seldri raforku og heitu vatni fram til ársloka 31. desember 2012. Skal skattur á hverja kílóvattstund af seldri raforku nema 0,12 kr. og skattur af heitu vatni vera 2,0% af smásöluverði á heitu vatni. Skattskyldan nær til þeirra sem selja raforku og heitt vatn til endanlegra notenda og eiga söluaðilarnir að innheimta skattinn og skila honum í ríkissjóð. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að skattskyldan nái til aðila sem framleiða raforku og/eða heitt vatn til eigin nota. Aftur á móti er ekki innheimtur skattur á raforku eða heitt vatn sem afhent er öðrum skattskyldum aðila né þegar slíkt er notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu. Álagning og innheimta skattsins sem ríkisskattstjóri annast er byggð á sams konar sjónarmiðum og eiga við um virðisaukaskatt. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að skattskyldir aðilar vegna sölu á raforku og heitu vatni geti dregið frá skilum sínum þá fjárhæð er nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum.

Áætlað er að skattur á sölu raforku skili tæpum 2 milljörðum kr. í tekjur fyrir ríkissjóð á hverju ári og skattur af heitu vatni um 200 millj. kr. Talið er að áhrif þessara skatta séu um 0,04% til hækkunar á vísitölu neysluverðs.

Kolefnisgjald.

Fulltrúar atvinnulífs, stóriðju og iðnaðar gagnrýndu samráðsleysi stjórnvalda við gerð fjárlagafrumvarpsins og töldu að áform sem þar voru kynnt um upptöku orku-, umhverfis- og kolefnisskatts hefðu verið óásættanleg og til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á erlenda fjárfestingu. Frumvarp þetta væri afrakstur málamiðlunar en að auki hefðu álverin skuldbundið sig til að fyrirframgreiða samtals árlega 1200 millj. kr. á næstu þremur árum upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum. Sjónarmið komu fram um að kolefnisgjaldið kæmi ásamt öðrum fyrirhuguðum skatta og gjaldahækkunum illa við atvinnulífið og að mikilvægt væri að lögfesta kolefnisgjaldið ekki varanlega heldur að hafa það tímabundið eins og til stæði varðandi skatt á raforku og heitt vatn.

Einstakir flugrekstraraðilar sem komu á fund nefndarinnar telja hagsmuni ríkissjóðs vera meiri af því að laða ferðamenn til landsins í stað þess að taka upp nýjar álögur sem aðilar í ferðaþjónustu eiga erfitt með að standa undir. Einnig var á það bent að olíukostnaður væri stór útgjaldaliður útgerðarinnar og hækkun drægi úr samkeppnishæfni sjávarútvegsfyrirtækja.

Á fundum nefndarinnar gerðu hagsmunaaðilar einnig sérstaka grein fyrir erfiðri stöðu á byggingarmarkaði og í verslun og þjónustu.

Talsmenn heimila sem komu á fund nefndarinnar tóku fram að upptaka kolefnisgjalds samhliða öðrum fyrirhuguðum skatta- og gjaldahækkunum mundi koma illa við heimili landsins og gæti orðið umfram greiðslugetu þeirra m.a. vegna áhrifa á verðlag og vísitölu. Gagnrýnt var að yfirlýstur tilgangur gjaldtökunnar um vernd umhverfisins viki í frumvarpinu fyrir sjónarmiðum um tekjuöflun ríkisins. Jafnframt mætti búast við að gjaldtakan yrði sérstaklega íþyngjandi fyrir íbúa landsbyggðarinnar þar sem hún mundi leiða til hækkunar flutningskostnaðar.

Við umfjöllun nefndarinnar var athygli vakin á því að kolefnisgjaldið væri einskorðað við fljótandi eldsneyti en ekki eldsneyti á öðru formi, þ.e. kol og gas, auk þess sem gerð var athugasemd við að álagningin ætti að vera bundin tegundarheitum en ekki tollskrárnúmerum. Sumir töldu það ekki heldur samræmast uppbyggingu skattkerfisins að fela tollstjóra að annast álagningu gjaldsins á innlenda framleiðslu en af hálfu fjármálaráðuneytis var bent á að fyrir því séu fordæmi.

Skattur á raforku og heitt vatn.

Á fundum nefndarinnar var undirstrikað að raforka og heitt vatn væru mikilvægir rekstrarliðir í hvers kyns iðnaði, landbúnaði og nauðsynlegu heimilishaldi. Fram kom að raforka væri nú þegar undirorpin mikilli gjaldtöku sem notendur bera endanlegan kostnað af og þá geti slæm fjárhagsstaða margra orkufyrirtækja gefið tilefni til frekari hækkana.

Samband íslenskra garðyrkjubænda mótmælti aukinni skattlagningu á raforku og benti á að kostnaður vegna raforkukaupa hefði hækkað umtalsvert á árinu samhliða hækkun annarra rekstrarliða. Fjármálaráðuneytið afhenti nefndinni minnisblað þar sem fram kemur að stjórnvöld áforma að endurgreiða garðyrkjubændum skattinn með tilgreindum hætti og að það sama eigi að gera vegna íbúa á köldum svæðum.

Nefndin ræddi þá hugmynd Orkustofnunar um að fela Landsneti að standa ríkissjóði skil á innheimtu skatts á raforku en að fengnum viðbrögðum fjármálaráðuneytis sér meiri hlutinn ekki ástæðu til þess þar sem hann telur að þessi tilhögun verði ekki til einföldunar á framkvæmd skattsins.

Nefndin ræddi kosti og galla þess að miða álagningarstofn við smásöluverð á heitu vatni. Samband íslenskra sveitarfélaga benti á að verð á heitu vatni réðist almennt af kostnaði við heitavatnsöflun og dreifikerfi og því mætti búast við að skatturinn bitnaði harðar á landsbyggðinni. Fjármálaráðuneyti telur hins vegar að munur álagningar sé ekki það mikill að ástæða sé til að fara í kostnaðarsamar aðgerðir til þess að jafna greiðslur hvers og eins notanda. Fellst meiri hlutinn á það sjónarmið ráðuneytisins.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að með skatti á heitt vatn sé ríkið að skattleggja almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum. Einnig tók sambandið fram að umsýsla skattsins mundi leiða til kostnaðar fyrir veitufyrirtæki vegna breytinga á innheimtu- og bókhaldskerfum sem aftur væri til þess fallið að hækka verð til endanlegra notenda.

Líkt og að framan greinir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu skatts af raforku og heitu vatni, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í tilefni af athugasemdum hans leggur meiri hlutinn áherslu á að skoðað verði hvort Fjársýsla ríkisins hafi með höndum umsýslu og skrárhald tengt þessari skattlagningu.

Gerðar voru athugasemdir varðandi 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem felur í sér heimild til að draga frá, við uppgjör skatts af raforku og heitu vatni, þá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti. Voru þau sjónarmið viðhöfð fyrir

nefndinni að hér væri um of þrönga og óskýra heimild að ræða og lagt til að orðið „sannanlega“ yrði fellt út. Það er álit meiri hlutans að ekki sé hægt að fallast á slíkt þar sem með því yrði það í höndum skattskylds aðila að meta hvenær útistandandi krafa teljist töpuð. Skattyfirvöld gera þá kröfu að um sé að ræða gjaldþrot eða aðrar aðferðir við innheimtu sem sýni að krafa muni sannanlega ekki fást greidd.

Tillögur til breytinga.

Meiri hlutinn leggur til að notkun eigin framleiðslu á heitu vatni eða raforku verði undanþegin skattlagningu og að sama eigi við um þá sem selja raforku eða heitt vatn fyrir minna en 500.000 kr. á ári. Við það fækkar skattskyldum aðilum umtalsvert og eftirlit verður mun einfaldara. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti verður tekjuskerðing ríkissjóðs vegna þessarar breytingar tiltölulega lítil.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa ráðherra að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd vegna undanþágu frá greiðslu skatts af raforku og heitu vatni. Það er mat meiri hlutans að orðalagið þurfi nánari skýringa við þannig að tryggt sé að ráðherra sé ekki í sjálfsvald sett að undanþiggja skattaðila skattskyldu.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að kolefnisgjald verði tímabundið og að gjaldtakan falli úr gildi 31. desember 2012. Þá telur meiri hlutinn að fengnum ábendingum einfaldara að álagningargrunnur brennsluolíu verði í kílógrömmum en ekki lítrum. Aðferð við útreikning verður eftir sem áður sams konar og notuð væri við útreikning í lítrum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „3,10 kr. á hvern lítra“ í 2. mgr. komi: 3,60 kr. á hvert kílógramm.
2. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Undanþegnir skattskyldu skv. 1. mgr. eru þeir sem selja raforku eða heitt vatn fyrir minna en 500.000 kr. á ári.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „á vatnsorku og jarðvarmanotkun er“ í 2. mgr. komi: af raforku og heitu vatni sé.
4. Við 9. gr. Orðin „og eigin nota“ í 1. mgr. falli brott.
5. Við 10. gr. Orðin „og eigin notkun“ í 2. mgr. falli brott.
6. 13. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Lögin falla úr gildi 31. desember 2012.

Alþingi, 17. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Lilja Mósesdóttir. | Magnús Orri Schram.

Ögmundur Jónasson. | Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

496. Lög [274. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraða og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 478.

497. Framhaldsnefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin fjallaði að nýju um frumvarpið eftir 2. umræðu. Nefndin fékk á sinn fund Benedikt Bogason fyrir hönd réttarfarsnefndar.

Við 2. umræðu var velt upp þeirri spurningu hvort ákvæði frumvarpsins væru afturvirk. Var með því átt við hvort með frumvarpinu væri hreyft við ákvæðum sem gilda um hversu langt aftur í tímann miðað við frestdag megi rifta ráðstöfunum.

Nefndin áréttar að með frumvarpinu er einungis lagt til að lengdur verði frestur til að höfða riftunarmál skv. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þessi frestur er ekki liðinn nú þegar í tilfelli þeirra fjármálafyrirtækja sem nú eru í slitameðferð en upphafsfrestur hans miðast við lok kröfulýsingarfrests.

XX. kafli laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ber yfirskriftina Riftun ráðstafana þrotamanns o.fl. Þar er mælt fyrir um hversu langt aftur í tímann megi rifta gerningum miðað við frestdag en fresturinn er mislangur eftir því um hvers konar gerning er að ræða. Til dæmis má skv. 1. mgr. 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. krefjast riftunar á gjafagerningi ef gjöf var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Þá má skv. 1. mgr. 133. gr. krefjast riftunar á greiðslu á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag vegna greiðslu þrotamanns til nákominna á launum o.fl. ef greiðslan var bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Ekki er með frumvarpi þessu lögð til breyting á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sem mæla fyrir um slíka fresti.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 17. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Björn Valur Gíslason.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

498. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að innheimtur verið skattur af sölu á raforku og heitu vatni auk skatts af tilgreindum flokkum af fljótandi jarðefnaeldsneyti. Tilgangurinn er að afla aukinna tekna fyrir ríkissjóð sem nemur 4,7 milljörðum kr.

Annar minni hluti er fylgjandi kolefnis- og umhverfissköttum og auðlindagjöldum. Hann gerir hins vegar tillögur um heppilegri framkvæmd við skattlagninguna.

Röng notkun á hugtökum.

Annar minni hluti setur fram alvarlegar athugasemdir við þá þversögn að nefna skattheimtuna „auðlindaskatta“ eins og lagt er til í frumvarpinu. Í frumvarpinu hefur verið lagt til að innheimta skattinn af notendum í stað þess að skattleggja auðlindina sjálfa.

Því meira sem 2. minni hluti hefur skoðað málið styrkist sú von að um misskilning á hugtökum sé að ræða af hálfu frumvarpshöfunda, en ekki beina pólitíska ákvörðun um að leggja skattinn á almenning í stað auðlindarinnar. Þversögnin er að kalla skatt af notkun almennings „auðlindaskatt“.

Auðlindarentan er ekki skattlögð með frumvarpinu, eins og venja er þegar talað er um auðlindaskatta. Ef það væri raunverulega ætlunin ætti 1. mgr. 5. gr. frv. að orðast svo:

„Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af *virkjaðri* raforku og *unnu* heitu vatni eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Orkuskattur en ekki auðlindaskattur.

Annar minni hluti hefur talað fyrir upptöku auðlindaskatts í sjávarútveginum. Ef ríkisstjórnin ætlaði að beita sömu aðferð við innheimtu auðlindaskatts af fiskveiðiauðlindinni og gert er í þessu frumvarpi, þá yrðu fiskflök og fiskbollur í borðum kjörbúða skattlögð en ekki aflaheimildirnar. Engum hefur dottið slík aðferð í hug.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að ýmsar leiðir hefðu verið skoðaðar af framkvæmdarvaldinu til að innheimta auðlindaskatta af raforku og heitu vatni. Niðurstaðan varð sú að leggja til þá leið að skattleggja notkun almennings á auðlindinni.

Annar minni hluti varar við því að leið ríkisstjórnarinnar að þessu sinni verði í framtíðinni túlkuð sem fordæmi sem hægt verði að vísa til og geti þar með haft áhrif á alla umgjörð lagasetningar um auðlindagjöld.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð verndar stóriðjuna.

1. Pólitísk ákvörðun undanskilur raforkufyrirtækin.

Nefna má mörg dæmi um mikla notkun sem ekki verður skattlögð samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar, t.d. vegna raforkuframleiðslu á háhitasvæðum þar sem 88% af auðlindinni sem notuð er við raforkuvinnslu úr heitu vatni fer til spillis. Einungis 12% af auðlindinni nýtast til raforkuvinnslunnar. Niðurstaðan er að enginn hvati verður hjá orkufyrirtækjunum til að nýta auðlindina betur eða þróa tækni til þess og undirbúa slíkar framkvæmdir með hliðsjón af betri nýtingu.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram að Norðmenn hafi verið með tvenns konar útgáfu af auðlindaskatti. Annars vegar það sem leggst á hverja kílóvattstund og hins vegar upphæð sem leggst á hverja virkjun eftir ákveðinn árafjölda, þ.e. eftir hæfilegan afskriftatíma.

Jafnframt kom fram að ef farið væri að skattleggja orkufyrirtækin beint yrði nærri þeim gengið þar sem stærstur hluti sölu þeirra er til stóriðju. Vegna stóriðjusamninga væri orkufyrirtækjunum ekki heimilt að breyta verði á seldri orku, og samningarnir um söluverðið giltu til áratuga.

Annar minni hluti hefur einnig bent á að stóriðjan er með orkukaupasamninga til langs tíma en það sama gildi til dæmis um útgerðina, sem telur sig vera með aflaheimildir til óendanlegrar framtíðar. Samt eru menn að ræða ýmsar útfærslur til að takast á við þá stöðu mála.

Annar minni hluti hefur bent á hversu gagnrýnivert er að ekki sé minnst einu orði á þetta í áliti meiri hlutans.

2. Pólitísk ákvörðun undanskilur gasnoktun álvera frá skatti.

Annar minni hluti benti jafnframt á það við vinnslu málsins að kolefnisgjald ætti aðeins að innheimta af fljótandi jarðefnaeldsneyti. Þannig verða undanskildir stærstu gasnotendur á Íslandi, sem eru álverin sem fá reglulega tankskip fyllt gasi til landsins. Gasið er nýtt til að halda áli bráðnu meðan það er í vinnsluferli. Um gríðarlegt magn af gasi er að ræða sem tekin hefur verið upplýst ákvörðun um að halda fyrir utan hið nýja kolefnisgjald.

Af því leiðir ákveðinn vandræðagangur, þar sem í 1. gr. frumvarpsins þarf að telja upp hvaða tegundir af kolefnisorkuberum á að skattleggja.

Bókun 2. minni hluta.

Við meðferð málsins í nefndinni lét 2. minni hluti bóka: „Það er alveg skýrt, miðað við alla eðlilega hugtakanotkun á auðlindagjöldum og rentu, að hér er ekki um auðlindagjald að ræða heldur eitthvað allt annað.“

Tillögur 2. minni hluta um heppilegri leiðir.

Á vettvangi fjárlaganefndar hefur fulltrúi Hreyfingarinnar lagt til leiðir til að afla ríkinu aukinna tekna á sviði umhverfis- og auðlindamála.

Í fyrsta lagi lagði 2. minni hluti til að tekinn verði upp raforkuskattur af raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku frá auðlindinni sjálfri. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til

Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við að útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í öðru lagi lagði 2. minni hluti til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2008 (553.600 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 27,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds falli niður og því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til að stykja heilbrigðis-, velferðar- og menntamál.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gistináttagjald sem leggist á hótel- og gistihúsarekstur. Gjald þetta verði 500 kr. á gistinótt. Miðað við gistinætur ársins 2008 (sbr. skýrslur Hagstofu) gæti þetta skilað tekjum upp á um 1,3 milljarða kr. á ári. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta. Gjald þetta renni í ríkissjóð árin 2010 og 2011 en verði eftir það eyrnamerkt til uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Slík skattheimta sem að framan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna hruns á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er mun auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

Niðurstaða.

Annar minni hluti mælist til þess að málið verði sett fram með réttum hætti og bætt úr göllum þess áður en Alþingi samþykkir lög í þessa veru.

Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti til að Alþingi aðhafist ekki frekar í málinu að svo stöddu og því verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið fyrir því gild rök að:

a. vegna rangrar notkunar á hugtökum í frumvarpi ríkisstjórnarinnar,
b. vegna tilraunar til að leggja orkuskatt á notkun almennings í stað þess að taka raunverulega rentu af auðlindinni sjálfri,
c. vegna verndunar á stóriðju – bæði raforkuvera og álvera – þar sem hvorki er minnst á auðlindarentu né gas,

sé ekki hægt að fallast á slíka framkvæmd samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 2009.

Þór Saari.

499. Lög [273. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 479.

500. Lög [170. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 189.

501. Lög [319. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 392.

502. Lög [321. mál]

um breyting á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 408.

503. Lög [324. mál]

um breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 420.

504. Lög [226. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 485.

505. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að innheimtur verið skattur af sölu á raforku og heitu vatni auk skatts af tilgreindum flokkum á fljótandi jarðefnaeldsneyti. Tilgangurinn er að afla aukinna tekna fyrir ríkissjóð sem nemur 4,7 milljörðum kr.

Skattur á heitt vatn.

Þriðji minni hluti bendir á að með frumvarpinu er lögð til skattlagning frá öfugum enda. Hún ætti að vera næst auðlindinni, og væri það í anda stefnu Framsóknarflokksins. Ríkisstjórnin gæti rétt eins sett skatt á útseldan fisk í fiskbúðum í stað þess að innheimta auðlindaskatt af sjávarauðlindinni.

Kostnaðarsamt er að fara í eftirlit með þeirri framkvæmd sem lögð er til í frumvarpinu. Ríkisskattstjóri benti nefndinni á við meðferð málsins að allt eftirlit yrði erfiðara ef frumvarp ríkisstjórnarinnar yrði að lögum. Um er að ræða fjölmargar lágar tölur vegna raforkugjaldsins, sem yrðu á bilinu 40–50 kr. á hvern greiðanda í hverjum mánuði, mismunandi eftir notendum.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram ábending frá ríkisskattstjóra um að umsýsla og skráarhald tengt fyrirhuguðum umhverfis- og auðlindasköttum ætti betur heima hjá Fjársýslu ríkisins og tekjubókhaldskerfi þess. Það mál er órætt milli stofnananna tveggja og alls óljóst hvort ráðist verður í kostnað hjá ríkisskattstjóra til að aðlaga kerfi þeirrar stofnunar rétt áður en verkefnin verða færð yfir til Fjársýslunnar með lagabreytingu frá Alþingi í lok janúar 2010. Sýnir þetta dæmi í hnotskurn hvernig málsmeðferðin hefur verið til þessa varðandi skattkerfisbreytingarnar. Málin eru unnin í miklum flýti og undir pressu og bestu leiðir til

að útfæra hugmyndirnar hafa ekki verið ræddar. Þá má spyrja hvernig eftirliti verði háttað þótt gera megi ráð fyrir að ríkisskattstjóri fari eftir sem áður með þann hluta.

Skattlagning á sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Atvinnulífið fer ekki varhluta af upptöku kolefnisgjalds og má þar helst nefna ferðaþjónustu, sjávarútveg og flutningastarfsemi. Áréttar 3. minni hluti að hlutfall olíukostnaðar af tekjum í sjávarútvegi hefur verið um 17% vegna ársins 2008 og verður nálægt 14% nú í ár en þetta hlutfall hefur verið á bilinu 8–10% fram til ársins 2004. Er hér því um mikinn kostnaðarauka að ræða fyrir sjávarútveginn. Enn fremur vill 3. minni hluti benda á að í Noregi eru nokkrar atvinnugreinar undanþegnar kolefnisgjaldinu, til að mynda fiskiskipaflotinn sem og samgöngur flugvéla og kaupskipa á milli landa.

Nái frumvarpið fram að ganga mun ferðaþjónustuiðnaðurinn verða fyrir miklum skakkaföllum enda munu hækkanirnar bitna á hópbifreiðafyrirtækjum sem setið hafa eftir án mótvægisaðgerða vegna fyrri hækkana og má ætla að um 222 millj. kr. kostnaðarauka sé að ræða fyrir allar hópbifreiðar á Íslandi nái frumvarp þetta fram að ganga sem og hækkanir á olíu- og bensíngjaldi samkvæmt frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Er þá ekki með talinn kostnaðarauki vegna hækkunar á bifreiðagjöldum og tryggingagjaldi. Að öllu töldu er um að ræða um 600 millj. kr. hækkun á ársgrundvelli.

Það er álit 3. minni hluta að hlúa verði að hvoru tveggja sjávarútveginum og ferðamannaiðnaðinum í því árferði sem hér ríkir enda afla þessir atvinnuvegir gjaldeyristekna og skapa störf um landið allt. Telur 3. minni hluti að hér sé um mikið hagsmunamál fyrir þjóðarbúið að ræða og fara verði varlega í auknar álögur þeirra greina sem hér um ræðir.

Hækkun á bensíni og olíu fyrir heimili landsins – landsbyggðarskattur.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að gjald verði lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti, þ.e. gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu. Með upptöku þessa gjalds er áætlað að rúmlega 2,5 milljarðar kr. skili sér í ríkissjóð á hverju ári og hafi verðlagsáhrif sem nemur 0,07%.

Ljóst er að mati 3. minni hluta að skattlagning sem þessi mun koma þungt niður á heimili landsins sem nú þegar hafa þurft að þola gríðarlega tekjuskerðingu. Enn fremur má nefna að hvort tveggja olíu- og bensíngjald voru hækkuð fyrr á þessu ári og nú liggur jafnframt fyrir að hækka skuli þau gjöld enn frekar nái frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum fram að ganga. Samanlagt nema þessar hækkanir um 19 kr. á hvern lítra dísilolíu eða um 11,1% og 26,1 kr. á hvern lítra af bensíni eða um 15,5% á einu ári. Miðað við meðalnotkun bifreiða er um að ræða árlegar hækkanir upp á 38.000 kr. fyrir dísilbíl og 52.000 kr. fyrir bensínbíl. Jafnframt bendir 3. minni hluti á að þessar hækkanir skila sér út í vísitölu neysluverðs og hafa þar með áhrif á höfuðstóla verðtryggðra lána. Mun tilkoma þessa gjalds, ásamt öðrum álögum, auka mjög allan flutningskostnað sem án efa mun skila sér út í verðlag á landsbyggðinni og hafa hagsmunaaðilar jafnvel gengið svo langt og segja að hér sé um eins konar „samgönguskatt“ að ræða. Hafa verður í huga að oft verður fólk sem býr úti á landi að sækja atvinnu og þjónustu um langan veg.

Það er álit 3. minni hluta að þessar hækkanir komi illa við landsbyggðina og geti haft í för með sér ákveðna mismunun.

Skattur á raforku.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að lagður verði skattur á sölu á raforku og heitu vatni, 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku og 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

Líkt og með skattlagningu heita vatnsins bendir 3. minni hluti á að með frumvarpinu er lögð til skattlagning á raforku frá öfugum enda.

Um aðrar athugasemdir 3. minni hluta, svo sem um kostnað og eftirlit með framkvæmdinni, vísast til kaflans hér að framan um skattlagningu á heitu vatni.

Þriðji minni hluti veltir hins vegar upp þeirri spurning hvernig endurgreiðslum til heimila á köldum svæðum verði háttað?

Verið að flækja kerfið.

Með málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar er verið að gera kerfið kostnaðarsamara og óskilvirkara auk þess sem flækjustig eykst til muna. Má þar nefna nokkur atriði:

a. *Flóknari skattframkvæmd.*
b. *Aukið flækjustig í skattkerfinu eykur kostnað þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn beint til notenda bæði vegna auðlindaskattsins og virðisaukaskattsins.*
c. *Kostnaður skattyfirvalda við eftirlit eykst.* Ríkisskattstjóri benti nefndinni á við meðferð málsins að allt eftirlit yrði erfiðara ef frumvarp ríkisstjórnarinnar yrði að lögum.
d. *Dýrmætum tíma skattyfirvalda eytt í aukið eftirlit með framkvæmd.*
e. *Eftirspurn gæti minnkað.* Íslenskir neytendur eru mjög virkir og ljóst að eftirspurn er mjög næm fyrir verðbreytingum.
f. Neikvæð áhrif á atvinnustig.
g. Kostnaðarauki fyrirtækja vegna aðlögunar. Fyrirtækin sem selja raforku og heitt vatn í landinu fá skamman frest til að aðlaga tölvu- og bókhaldskerfi sín að þessum breytingum.

Það er álit 3. minni hluta að hækkanir ríkisstjórnarinnar komi illa við ferðamannaiðnaðinn, sjávarútveginn og landsbyggðina í heild og geti haft í för með sér mismunun. Hér er um mikið hagsmunamál fyrir þjóðarbúið að ræða og fara verður varlega í auknar álögur á þær greinar sem hér um ræðir.

Málsmeðferðin hefur verið slík að unnið er í miklum flýti og undir pressu og bestu leiðir til að útfæra hugmyndirnar hafa ekki verið ræddar. Ekki liggur skýrt fyrir hver muni innheimta skattinn þegar hann kemur til innheimtu. Þá er grundvallaratriði að ríkisstjórnin ætlar að skattleggja frá öfugum enda. Því leggur 3. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson.

506. Fyrirspurn [334. mál]

til forseta Alþingis, sbr. 3. mgr. 8. gr. þingskapa, um endurskoðun laga um landsdóm.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Telur forseti og forsætisnefnd ástæðu til að taka til sérstakrar athugunar það fyrirkomulag við skipan landsdóms að Alþingi kjósi hlutfallskosningu hluta dómara, sbr. þau sjónarmið sem rakin eru í skýrslu vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu?
2. Telur forseti og forsætisnefnd ástæðu til að hefja almenna endurskoðun laga um landsdóm, nr. 3/1963, og laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, við þær aðstæður sem nú eru?

Skriflegt svar óskast.

507. Svar [285. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Ráðherra hefur átt fundi með ýmsum fulltrúum erlendra ríkja um Icesave-málið og málið hefur borið á góma á fundum með slíkum aðilum. Eins hefur það komið til tals í símtölum sem ráðherra hefur átt við þessa aðila. Engar fundargerðir hafa verið haldnir um þessa fundi eða þeir skráðir fremur en venja hefur verið um samskipti af þessu tagi. Ekki hefur verið venja að birta einhliða frásagnir af samskiptum sem þessum, enda mundi slíkt rýra gildi funda sem þessara og grafa undan trausti í samskiptum við erlend ríki.

Í viðræðum vegna Icesave málsins eftir 28. ágúst sl. tóku f.h. ráðherra þátt starfsmenn ráðuneyta og Seðlabanka Íslands og aðrir eftir því sem tilefni var til. Engar fundargerðir voru ritaðar á fundunum. Fyrstu fundirnir voru haldnir til gagnkvæmrar kynningar á málinu og stöðu þess. Eftir þá fundi voru tekin saman minnisblöð sem kynnt voru ríkisstjórn og fjárlaganefnd Alþingis og gerð hafa verið aðgengileg. Niðurstaða þeirra viðræðna sem á eftir fóru kemur fram í samningunum og þeim gögnum sem fylgja. Engar fundargerðir viðræðufunda eða önnur hliðstæð gögn liggja fyrir, önnur en þau sem nefnd hafa verið og frammi liggja.

508. Svar [291. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um fjárfestingarsamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mörgum fjárfestingarsamningum telur ráðherra að verði lokið á næstu:

a. 4 vikum,
b. 8 vikum,
c. 32 vikum,
d. 52 vikum?

Alþingi hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um heimild til undirritunar fjárfestingarsamningsins vegna byggingar og rekstrar gagnavers Verne Holdings ehf. í Reykjanesbæ. Drög að þeim fjárfestingarsamningi voru árituð 23. október sl. Óvíst er hve langan tíma Alþingi telur sig þurfa til umfjöllunar um frumvarpið svo að ekki er hægt að tímasetja hvenær samningur verður undirritaður. Undirritun er með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Þekkt er að það ferli getur tekið frá þremur og upp í átta mánuði.

Alþingi hefur einnig til lokastaðfestingar, eftir athugasemdir ESA, heimildarlög vegna fjárfestingarsamnings um uppbyggingu álvers í Helguvík.

Á vegum ráðuneytisins standa ekki yfir aðrar formlegar viðræður um frágang fjárfestingarsamninga. Þótt Fjárfestingarstofa vinni nú að nokkrum fjárfestingarverkefnum í samvinnu við erlenda aðila er ekki unnt að tímasetja fjárfestingarákvarðanir eða óskir um fjárfestingarsamninga nú. Þá veltur það m.a. á staðarvali fjárfestingarverkefnanna hvort þau muni falla undir þau svæði á byggðakorti ESA þar sem heimilt er að beita ívilnunum.

Af hálfu ráðherra er að því stefnt að fjárfestingarsamningar byggðir á sértækum heimildarlögum og með fyrirvara um samþykki ESA heyri senn sögunni til með samþykkt nýrrar rammalöggjafar um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga. Fyrrnefndur fjárfestingarsamningur vegna álvers í Helguvík, sem Alþingi hefur nú til umfjöllunar öðru sinni, sýnir hve langur og ógagnsær núverandi ferill er. Frumvarp um rammalöggjöf um ívilnanir verður lagt fram á vorþingi 2010 með það að markmiði að örva fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og tryggja markvissa beitingu ívilnana til fjárfestinga, innan þess ramma sem ákvæði EES-samningsins setja. Frumvarpið er unnið í kjölfar skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra frá því í apríl 2009.

509. Framhaldsnefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um málið að nýju eftir 2. umræðu og fékk á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Ragnar Hafliðason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirliti. Rætt var um stöðu Lánasjóðs sveitarfélaga en ljóst þykir að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun álagt eftirlitsgjald á sjóðinn aukast umtalsvert.

Fram kom á fundinum að skýring þessarar hækkunar sé annars vegar sú að stofn sem myndar fjárhæð eftirlitsgjalds hefur hækkað hlutfallslega meira hjá sjóðnum en hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Með öðrum orðum hefur efnahagsreikningur sjóðsins vaxið meðan um minnkun er að ræða hjá öðrum lánastofnunum. Hins vegar eru samkvæmt frumvarpinu lögð til hærri álagningarhlutföll hvað snertir lánastofnanir vegna hækkaðs hlutfalls þeirra í verkefnum eftirlitsins.

Samkvæmt a-lið 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður álagningarhlutfall viðskiptabanka 0,0176% af eignum og verður því hærra en álagningarhlutfall lánafyrirtækja o.fl. aðila skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. þar sem hlutfallið er 0,0159%. Til flokks lánafyrirtækja heyra, ásamt Lánasjóði sveitarfélaga, Byggðastofnun, kreditkortafyrirtæki o.fl.

Bent var á að um Íbúðalánasjóð gildir sérregla sbr. 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þá má geta þess að samið var um að Íbúðalánasjóður væri undanþeginn því að teljast lánastofnun þegar Íslands gerðist aðili að EES-samningnum og um hann gilda sérlög, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Meiri hlutinn telur að ef endurskoða á það fyrirkomulag sem gildir um það hvar í flokki einstaka eftirlitsskyldir aðilar lenda þarfnist slíkt gaumgæfilegrar skoðunar. Ekki er heppilegt að undanskilja tiltekinn eftirlitsskyldan aðila þeirri álagningu sem á við um sambærilegar stofnanir án þess að huga að málum í stærra samhengi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 18. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Árni Þór Sigurðsson.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Eygló Harðardóttir.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Margrét Tryggvadóttir.

510. Framhaldsnefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og fékk á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Ragnar Hafliðason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu. Var að ósk minni hlutans rætt um stöðu Lánasjóðs sveitarfélaga en ljóst þykir að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun álagt eftirlitsgjald á sjóðinn hækka umtalsvert.

Bent var á að sérákvæði giltu um Íbúðalánasjóð en um hann gildir sérregla skv. 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þess má geta að samið var um að Íbúðalánasjóður væri undanþeginn því að teljast lánastofnun þegar Íslands gerðist aðili að EES-samningnum og um hann gilda sérlög, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Minni hlutinn telur augljóst að ef vilji væri fyrir því að samræma betur reglur um sambærilegar stofnanir þá væri það hægt. Ekki var vilji hjá meiri hlutanum til þess að fara í þá vinnu. Telur minni hlutinn það miður og leggur áherslu á í þá vinnu verði farið sem fyrst.

Alþingi, 18. des. 2009.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Ragnheiður E. Árnadóttir.

511. Lög [17. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 446 með þessari breytingu.

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Lögin taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.

b. 2. mgr. orðast svo:

Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis.

512. Frumvarp til laga [257. mál]

um umhverfis- og auðlindaskatta.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu.

Fjárhæð kolefnisgjalds skal vera 2,90 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 3,60 kr. á hvert kílógramm af brennsluolíu.

Gjaldskyldir aðilar.

2. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vöru sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, vinna að framleiðslu hennar eða setja saman, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Gjaldskyldum aðilum ber að standa skil á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða en við afhendingu í tilviki innlendrar framleiðslu eða aðvinnslu.

Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

3. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu kolefnisgjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Ýmis ákvæði.

4. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi kolefnisgjald, skv. I. kafla laga þessara, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr.

88/2005, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI

Skattur af raforku og heitu vatni.

5. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku og heitu vatni eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Fjárhæð skatts af raforku skal vera 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) af seldri raforku.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af raforku og heitu vatni við áætlaða sölu.

Skattskyldir aðilar.

6. gr.

Skattskyldan nær til þeirra aðila sem selja raforku og heitt vatn á síðasta stigi viðskipta, þ.e. sölu til notenda, en notandi telst vera sá sem endurselur ekki raforku eða heitt vatn.

Undanþegnir skattskyldu skv. 1. mgr. eru þeir sem selja raforku eða heitt vatn fyrir minna en 500.000 kr. á ári.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt þessari grein. Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en starfsemi hefst.

7. gr.

Til skattskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. Raforka eða heitt vatn sem afhent er öðrum skattskyldum aðila.
2. Raforka eða heitt vatn sem afhent er eða notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd vegna undanþágu frá greiðslu skatts af raforku og heitu vatni.

8. gr.

Skattskyldir aðilar skulu við sölu eða afhendingu á raforku eða heitu vatni gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Útgáfudagur.
2. Útgáfustaður.
3. Afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður.
4. Nafn og kennitala seljanda.
5. Nafn og kennitala kaupanda.
6. Magn, einingarverð og heildarverð á raforku eða heitu vatni.

Auk upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort skattur af raforku og heitu vatni sé lagður á og hver fjárhæð hans er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald.

Álagning.

9. gr.

Ríkisskattstjóri annast álagningu skatts af raforku og heitu vatni á þá aðila sem skráningarskyldir eru skv. 6. gr., vegna sölu þeirra á raforku eða heitu vatni.

Uppgjör og innheimta.

10. gr.

Skylda til að innheimta skatt af raforku og heitu vatni og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þeim aðilum sem selja raforku eða heitt vatn til endanlegra notenda, í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967.

Skattskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr. skulu greiða skatt af raforku og heitu vatni fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu.

Við uppgjör skatts af raforku og heitu vatni má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti, sbr. 4. mgr. 5. gr., af raforku og heitu vatni sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

Uppgjörstímabil og skýrslur.

11. gr.

Uppgjörstímabil skatts af raforku og heitu vatni er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 6. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu yfir magn gjaldskyldrar raforku og heits vatns á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd varðandi skatt af raforku og heitu vatni, skv. II. kafla laga þessara, skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Skattur, sem lagður er á samkvæmt lögum þessum, myndar gjaldstofn til virðisaukaskatts.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Lögin falla úr gildi 31. desember 2012.

513. Lög [16. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 483.

514. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Með frumvarpinu er lagt til að héraðsdómurum verði fjölgað um fimm og að heildarfjöldi þeirra verði tímabundið 43. Þá er lagt til að ekki skuli skipa í embætti dómara sem losna eftir 1. janúar 2013 fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. laganna.

Markmið frumvarpsins er að mæta þeim aukna málafjölda sem er tilkominn sérstaklega vegna þeirra atburða er leiddu til falls bankanna haustið 2008. Fyrir liggur að hjá embætti sérstaks saksóknara eru til meðferðar umfangsmikil og tímafrek mál auk fjölda rannsóknarúrskurða. Þá hefur þingfestum einkamálum fjölgað mikið sem og sakamálum hjá ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra. Til viðbótar þessu hefur dómstólum nýlega verið falið mikilvægt hlutverk við gerð nauðasamninga til greiðsluaðlögunar og við tímabundna greiðsluaðlögun fasteignalána.

Í 61. gr. stjórnarskrár er kveðið á um sjálfstæði dómara og því er ekki unnt að ráða þá tímabundið til starfa. Með frumvarpinu er því lögð til þessi tímabundna fjölgun og gert ráð fyrir að ekki verði skipað að nýju í embætti dómara fyrr en fjöldi þeirra fer undir 38, eins og gildandi lög gera ráð fyrir.

Nefndin hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að tryggja að dómstólarnir geti sinnt sínu lögbundna hlutverki og telur því óhjákvæmilegt að fjölga dómurum svo unnt sé að mæta þessum mikla málafjölda. Nefndin telur það einnig til mikilla bóta að gert skuli vera ráð fyrir fjölgun aðstoðarmanna dómara í þingmáli sem einnig er til meðferðar í nefndinni og varðar sameiningu héraðsdómstóla (þskj. 104 – 100. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Birgir Ármannsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 18. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Ólöf Nordal.		Róbert Marshall.

515. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarp þetta gengur út á breytingar á ýmsum lögum til að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við forsendur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010: á lögum um virðisaukaskatt, lögum um bifreiðagjald, lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um olíugjald og kílómetragjald, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um aukatekjur ríkissjóðs og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, o.fl..

Annar minni hluti telur að fjölþrepa virðisaukaskattskerfi, þar sem markmiðið er að virðisaukaskattur á matvæli sé sem lægstur, sé æskilegt. Þó gerir 2. minni hluti athugasemd við að samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans verði gosdrykkir áfram flokkaðir sem matvæli.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 2. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Heimilin standa ekki undir frekari skattahækkunum. Það er mat 2. minni hluta að slík hugmyndafræði, um enn frekari hækkanir skatta á heimili, eigi ekki við um þær aðstæður sem eru á Íslandi í dag. 2. minni hluta vonar að hér sé um tímabundið ástand að ræða en ómögulegt er að segja til um hvað það vari lengi. Ljóst er að aukin skattheimta leiðir til að kreppan dregst á langinn.

Annar minni hluti leggur áherslu á að hækkun á tekjuskatti og aukin tekjuöflun ríkisins vegna hans fari í að greiða vexti af skuldum. Hinir auknu fjármunir vegna hækkunar á sköttum munu því ekki leiða til að peningarnir fari aftur í hagkerfið heldur í afborganir ríkisins af erlendum lánum sem leiðir aftur til dýpri kreppu.

Þörf er á að afla ríkissjóði tekna með öðrum hætti, þ.e. í gegnum útflutningsgreinarnar. Þar er hægt að koma leggja mjög hófleg gjöld á auðlindina sem fyllilega standa undir þeim útgjöldum sem þarf að inna af hendi. Jafnframt mundu þessir atvinnuvegir greiða sanngjörn og hófleg gjöld af því sem þeir hafa hingað til fengið ókeypis. Það væri ábyrg og skynsamleg leið.

Annar minni hluti lætur í ljósi þá skoðun sína að stjórnvöld hafi látið undan þrýstingi áliðnaðarins og samtaka atvinnulífsins. Hinn almenni borgari hefur ekki verið spurður álits. Svo virðist sem þrýstihópar hafi knúið ríkisstjórnina til að samþykkja lausn.

Annar minni hluti hefur bent á að undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í aðferðum ríkisstjórnarinnar sem hún segir auka eftirspurn.

Annar minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er.

Alþingi, 18. des. 2009.

Þór Saari.

516. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarp þetta gengur út á það að afla ríkinu aukinna tekna með breytingum á ýmsum lögum, m.a. um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, fjármagnstekjur og tryggingagjald.

Fjölþrepa tekjuskattskerfi er að mörgu leyti æskilegt og leiðir til meiri jafnaðar þótt alltaf þurfi að varast að ganga of langt í að leggja einhvers konar hátekjuskatt á of lágar tekjur, sem og að hafa skattprósentuna það háa að hvatinn til vinnu dofni um of.

Hvað varðar áhrif skattbreytinganna á efnahagslífið almennt og þjóðarhag telur 2. minni hluti að sá rökstuðningur sem er í frumvarpinu gangi ekki upp við þær aðstæður sem eru í íslensku efnahagslífi nú um stundir. Þær byggjast á því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) en 2. minni hluti telur jafnframt til misskilnings að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukin útgjöld ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Ljóst er að tekjuskattsstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem frumvarpið vill ná fram og hafa góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta hefði hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Annar minni hluti leggur til að tekið verði tillit til þeirra breytinga sem Hreyfingin hefur lagt til fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga.

Alþingi, 17. des. 2009.

Þór Saari.

517. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Álfheiði Ingadóttur og Lilju Jónasdóttur frá Þingvallanefnd.

Umsagnir bárust frá Landssambandi sumarhúsaeigenda, Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga og Bláskógabyggð.

Frumvarpið er endurflutt frá 136. löggjafarþingi og lagði allsherjarnefnd þá til að það yrði samþykkt (þskj. 924 – 386. mál). Þar kom fram að markmið frumvarpsins væri að tryggja að Þingvallanefnd gæti samið um lengd leigutíma á lóðum undir sumarhús óháð ákvæðum laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, en þau áskilja að leigusamningar frístundahúsa séu gerðir til 20 ára. Þeir samningar sem í gildi eru í þjóðgarðinum eru til styttri tíma, eða 10 ára, og þykir það nauðsynlegt svo að unnt sé að grípa til ráðstafana með tiltölulega skömmum fyrirvara til að tryggja að markmið laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum náist, enda er Þingvallanefnd falið að fara með málefni þjóðgarðsins.

Nefndin bendir á að jafnframt kunna ýmis önnur ákvæði laga um frístundabyggð að vera í nokkru ósamræmi við lög um þjóðgarðinn, en nefndin minnir einnig á þá meginreglu að sérlög ganga framar almennum lögum og vísar í því sambandi til sérstöðu þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Nefndin fjallaði um kosningu og kjörtíma Þingvallanefndar. Samkvæmt gildandi lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, skal Alþingi kjósa sjö alþingismenn í Þingvallanefnd í upphafi hvers þings. Fyrir gildistöku þeirra laga var þriggja manna Þingvallanefnd kosin í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Rökin fyrir breytingunni 2004 var að vel færi á því að sama gilti um Þingvalla-

nefnd og fastanefndir þingsins, sem þá voru kosnar í upphafi hvers þings. Með breytingum á þingsköpum 2007 var kjörtími þingnefnda lengdur þannig að kosningin gildir allt kjörtímabil alþingismanna. Nefndin leggur til að kjörtími Þingvallanefndar verði færður til samræmis við þessa breytingu á kjörtíma þingnefnda þannig að ekki þurfi að kjósa nýja nefnd á hverju löggjafarþingi. Þá leggur nefndin einnig til að tryggt verði með bráðabirgðaákvæði að sú Þingvallanefnd sem kosin var í upphafi yfirstandandi þings sitji áfram þar til ný nefnd hefur verið kjörin eftir næstu alþingiskosningar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðsins „þings“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: kjörtímabils.
2. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin eftir næstu alþingiskosningar.

Birgir Ármannsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 18. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Ólöf Nordal.		Róbert Marshall.

518. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson og Mörtu Skúladóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Guðbjörgu Aðalbergsdóttur frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Lárus H. Bjarnason frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og Þorkel Einarsson frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema.

Með frumvarpinu er lagt til að framhaldsskólum verði tímabundið heimilt að miða fjárhæð gjalds fyrir nám sem þeir bjóða upp á utan reglubundins starfstíma framhaldsskóla og fjarnám við allt að þriðjung af meðalkennsluframlagi á nemanda samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Ef nemandi er ekki í fullu námi skal gjaldið reiknast hlutfallslega miðað við fjölda námseininga. Í lögunum er kveðið á um að hámarksfjárhæð gjaldsins skuli miðast við 10% af meðalkennsluframlagi á nemanda samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám.

Ákvæði gildandi laga leiðir óbreytt til aukinna útgjalda framhaldsskóla vegna kvöldnáms, sumarnáms og fjarnáms sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010. Nefndin telur mikilvægt að kostnaður komi ekki í veg fyrir að framhaldsskólar geti boðið upp á nám af þessu tagi, enda nauðsynlegt að tryggja að námsúrræði standi öllum landsmönnum til boða óháð búsetu. Þá skiptir miklu máli að fólk geti aukið við menntun sína og þar sem nám í framhaldsskóla er sjaldan lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna þurfa að tryggja að áfram sé mögulegt að bjóða upp á nám utan reglubundins starfstíma. Nefndin áréttar að gæta þurfi að því að skapa sem flestum tækifæri til náms og leggur því áherslu á að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða.

Nefndin fjallaði sérstaklega um það viðmiðunargjald sem lagt er til að framhaldsskólum verði heimilt að miða við og taldi að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um þær fjárhæðir sem um væri að ræða. Í eldri lögum um framhaldsskóla var við það miðað að fjárhæð gjaldsins gæti numið þriðjungi kennslulauna vegna kennslu í öldungadeildum, sbr. enn fremur 8. gr. reglugerðar nr. 279/1997, um fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Í framkvæmd gat kostnaður milli skóla því verið mismunandi og því mun við ákvörðun gjaldsins hafa verið miðað við meðalframlag á nemanda eins og það var ákveðið í fjárlögum hvers árs. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 er meðalframlag á nemanda ákveðið 758.000 kr. miðað við heilt skólaár. Nefndin leggur því til að í stað þess að miða hámark gjaldsins við allt að þriðjung af meðalframlagi samkvæmt fjárlögum á ársnemanda, þ.e. nemanda sem er í fullu námi á framhaldsskólastigi, er lagt til að gjaldið miðist við námseiningu. Fullt nám í framhaldsskóla miðað við heilt skólaár er 35 einingar. Samkvæmt því telur nefndin rétt að miða við að fjárhæð gjaldsins megi nema allt að 7.500 kr. á hverja námseiningu, en námsáfangar í framhaldsskóla eru almennt þrjár einingar. Nefndin tekur fram að þar sem meðalframlag til hvers skóla er mismunandi þykir rétt að kveða á um að fjárhæð gjaldsins megi þó aldrei vera hærri en sem leiðir af meðalframlagi til hvers skóla í fjárlögum. Sé meðalframlag skóla t.d. ákveðið 730.000 kr. ætti hámarksfjárhæð gjaldsins á hverja námseiningu að taka mið af því og vera 6.883 kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 45. gr. er framhaldsskólum heimilt fram til loka skólaársins 2011–2012 að taka sérstakt gjald af nemendum sem nema má allt að 7.500 kr. á hverja námseiningu en þó aldrei hærra en leiðir af meðalframlagi á ársnemanda hvers skóla eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Eygló Harðardóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Anna Pála Sverrisdóttir og Margrét Tryggvadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 2009.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir, með fyrirvara.
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman.	Unnur Brá Konráðsdóttir, með fyrirvara.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

519. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Frumvarpið mælir fyrir um miklar hækkanir á alls kyns gjöldum hins opinbera, breytingar á lögum um virðisaukaskatt, lögum um bifreiðagjald, lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um olíugjald, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um aukatekjur ríkissjóðs og lögum um skyldatryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Gjaldahækkanir.

Í ljósi tímapressu, vegna þess hve ríkisstjórnin lagði frumvarpið seint fram, fór nefndin ekki ítarlega yfir áhrif hækkananna. Sökum hraða í málsmeðferð gafst ekki tími til að fara yfir einstakar gjaldahækkanir (jafnvel þótt verið sé að breyta 161 af 176 gjöldum, þ.e. aðeins 15 eru skilin eftir óbreytt í öllum lagabálkinum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991).

Óæskileg áhrif á stöðu heimilanna.

Þriðji minni hluti telur ljóst að áhrif skattahækkana stjórnvalda munu hafa óæskileg áhrif á stöðu heimilanna sem mörg hver eru yfirskuldsett.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa bent á að verði allar skattbreytingar og gjaldahækkanir ríkisstjórnarinnar að veruleika muni skuldir heimilanna hækka um 11.900 millj. kr. Ofan á þessar 11.900 millj. kr. eiga síðan eftir að bætast verðbætur og vextir í framtíðinni, þannig að uppsöfnuð áhrif aðgerðanna fyrir heimilin eru álitin verða nálægt 50.000 millj. kr. þegar upp verður staðið. Sú staða er þvert á það sem heimilin þurfa nú á að halda, sem er lækkun á höfuðstól skulda þannig að vandamálið verði viðráðanlegra en það er nú.

Hækkun á eldsneytissköttum mun koma sérstaklega niður á heimilunum, ekki síst á landsbyggðinni. Kostnaður við eldsneyti á meðalbílinn hefur aukist um 30–50 þús. kr. á ári hjá dísil- og bensínknúnum bílum.

Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Merkilegt er að sjá forgangsröðun stjórnvalda þegar kemur að skattlagningu á hinum ýmsu atvinnugreinum. Hópferðabifreiðarnar munu þegar tillit er tekið til allra hækkana greiða um 600 millj. kr. meira í álögur heldur en fyrir breytingar. Málflutningur stjórnarliða um mikilvægi ferðaþjónustunnar í þessu samhengi er beinlínis hlægilegur.

Ef horft er til skattlagningar á stóriðju annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar kemur fyrrnefnda atvinnugreinin mun hagstæðar út – ekki er jafnræði í skattatillögum ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum atvinnugreinum.

Til viðbótar þessari mismunun liggur í loftinu gríðarleg hækkun Keflavíkurflugvallar á lendingargjöldum sem mun hafa veruleg áhrif á uppbyggingu og fjölgun ferðamanna á Íslandi til framtíðar.

Umhverfisskattar og afsal loftslagsheimilda.

Verið er að setja hér á umhverfisskatta um leið og íslensk stjórnvöld eru nú að afsala sér loftslagsheimildum með því að sækjast ekki eftir áframhaldandi undanþágu (Kyoto-bókunin). Til framtíðar litið mun þetta hafa mjög neikvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf og samkeppnishæfni þess. Það leiðir aftur af sér að störfum mun fækka og íslensk þjóð verður því lengur að ná sér upp úr þeim öldudal efnahagskreppunnar. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar.

Í ljósi margra afleitra ákvarðana ríkisstjórnarinnar í efnahags- og skattamálum styður 3. minni hluti það að almenningur geti tekið út séreignarsparnað sinn, allt að 1,5 millj. kr. Margar fjölskyldur geta því miður ekki framfleytt sér í núverandi árferði. Hækkaðir skattar, hækkun á verðlagi, auknar afborganir og lægri laun eru meðal annars ástæða þess.

Hækkun á virðisaukaskatti.

Nú er verið að leggja til að virðisaukaskattsstigin verði áfram þrjú en hæsta þrepið verði hækkað enn meira þannig að virðisaukaskattsstigin verði 0%, 7% og 25,5%. Meiri hlutinn gerir ráð fyrir því, þótt efsta stigið verði hækkað um 1%, að hlutfallslega breytist ekki innheimta af viðkomandi skattstigi. Það er afar hæpið að gefa sér slíkt í ljósi verðteygniáhrifa. Þessi grundvallarbreyting var fyrst kynnt og afgreidd af meiri hlutanum kl. 20.30 á föstudagskvöldi og til stendur að ræða málið á laugardegi. Fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni óskaði eftir því að fá viðbrögð hagsmunaaðila við þessum breytingum á frumvarpinu en við því varð ekki orðið. Þau vinnubrögð sem ástunduð eru við breytingar á skattkerfinu eru fáheyrð, ef ekki einsdæmi.

Afleit málsmeðferð.

Sú málsmeðferð sem hefur verið viðhöfð í þessu máli er ekki Alþingi Íslendinga til sóma og ekki íslenskum almenningi bjóðandi. Verklag Alþingis frá hruninu 2008 hefur verið með þeim hætti að mörg lagafrumvörp hafa verið „keyrð í gegn“ á stuttum tíma og afleiðing þess hefur í einhverjum tilfellum verið sú að mistök hafa verið gerð í lagasetningunni. Nú er verið að breyta margvíslegum lögum sem snerta viðkvæmt skattkerfi og nær öruggt að mati 3. minni hluta að einhverjar meinlegar villur séu í þeim frumvörpum er snerta skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Slíkt getur orðið ríkissjóði dýrkeypt og þar með almenningi og íslenska velferðarkerfinu.

Þriðji minni hluti leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari meðhöndlunar enda hefur undirbúningur málsins verið óásættanlegur.

Alþingi, 18. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson.

520. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að afla ríkinu aukinna tekna með breytingum á ýmsum lögum, m.a. um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, fjármagnstekjur og tryggingagjald.

Flækjustig aukið.

Gert er ráð fyrir að skattþrep hjá einstaklingum verði þrjú og skiptist þannig að af fyrstu 2,4 millj. kr. tekjum einstaklings greiðist 24,1% tekjuskattur, 27% af næstu 5,4 millj. kr. og 33% ef tekjur eru yfir 7,8 millj. kr. Þegar skattaðilar eru samskattaðir skal taka tillit til þess ef annar er undir 7,8 millj. kr. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 2.000 kr. og ákvæði um að afslátturinn fylgi vísitölu neysluverðs á að falla brott.

Þriðji minni hluti bendir á að fjölgun skattþrepa sem ríkisstjórnin leggur til mun hafa í för með sér alls kyns flækjur í skattframkvæmdinni og verða dýr í rekstri. Undirbúningstíminn er nánast enginn – aðeins örfáir dagar – og aðlögun launakerfa fyrirtækja landsins tekur tíma og er dýr. Ljóst er að þungi framkvæmdarinnar lendir verulega á launagreiðendum. Fyrirsjáanlegt er að um verði að ræða verulega eftirávinnu að tekjuári loknu og að staðgreiðsluskil versni til muna frá því sem nú er.

Þá er launakerfum landsmanna ætlað veigamikið hlutverk í framkvæmd breyttrar staðgreiðslu. Ljóst er að búast má við erfiðri byrjun ef af breytingunum verður og ýmislegt sem úrskeiðis getur farið. Þetta kemur á sama tíma og verulegur niðurskurður hefur farið fram innan skattkerfisins og aðhaldsaðgerðir verið í mannahaldi.

Kostnaður skattgreiðenda við þessar breytingar verður verulegur og að margra áliti mjög vanmetinn í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis. Gera má ráð fyrir því að breytingarnar muni kosta um 200–300 millj. kr. en ekki gafst tími til að fara ítarlega ofan í forsendur og hvað sé raunhæft í þessum efnum vegna tímaskorts. Nú þegar hver einasta króna á að vera vegin og metin í útgjöldum ríkisins kemur spánskt fyrir sjónir að sjá vilja stjórnvalda til að eyða fjármunum almennings í þessar breytingar.

Jafnframt er það viðurkennt að eftirágreiðsla skatta er ekki eins skilvirk og staðgreiðslan og því minni fjármunir sem munu renna í ríkissjóð. Hér gæti verið um hundruð milljóna að ræða – jafnvel milljarða. Það að hafa mörg skattþrep getur skapað hvata hjá einstaklingi sem er að vinna hjá fleiri en einum atvinnurekanda að telja allar sínar tekjur fram í lægsta skattþrepi og fresta vandanum um sinn og fá himinháan bakreikning frá skattinum sem óljóst er hversu vel mun innheimtast.

Nefndarálit þetta er ritað seint á föstudagskvöldi en á laugardagsmorgni hyggst meiri hlutinn kynna þær breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu. Ekki er hægt að fjalla um þær breytingar hér þar sem ekki er fyllilega vitað hverjar þær verða. Frumvarpið á að taka út úr nefnd í beinu framhaldi og ræða í sölum Alþingis sama dag. Þetta verklag er óásættanlegt og vitlaust og má segja að kannski beri skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar þess merki. Ótal aðilar sem hafa veitt umsagnir um frumvarpið hafa gagnrýnt málsmeðferðina og samráðsleysið. Þrátt fyrir það hlustar meiri hlutinn ekki og heldur sinni stefnu – sama hvað hverjum finnst.

Í ljósi þess hversu vanreifað málið er og vinnubrögðin ótrúlega handahófskennd leggur 3. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. des. 2009.

Birkir Jón Jónsson.

521. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bernódusson og Ásmund Helgason frá skrifstofu Alþingis, Bryndísi Hlöðversdóttur prófessor og Andra Árnason hrl., Sigrúnu Jóhannesdóttir frá Persónuvernd og Ólaf Ásgeirsson frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að frestur nefndarinnar til að skila skýrslu verði færður til janúarloka svo að nefndinni verði unnt að ljúka úrvinnslu gagna og ganga frá skýrslunni til Alþingis. Þá er lagt til hvernig meðferð Alþingis á skýrslunni skuli háttað, m.a. með kosningu níu þingmanna í nefnd til að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Einnig eru lögð til ákvæði um það hvernig varðveislu og aðgangi að rafrænum gagnagrunnum, sem orðið hafa til í vinnu nefndarinnar, skuli háttað. Þá er lagt til að þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni verði tryggð ákveðin friðhelgi gegn hugsanlegum málsóknum vegna starfs síns í þágu rannsóknarinnar.

Frumvarp þetta er lagt fram af forsætisnefnd og hefur þar verið gert samkomulag um fyrirkomulag á meðferð Alþingis á skýrslu sem rannsóknarnefndin skal skila Alþingi og mun innihalda rökstuddar niðurstöður rannsóknarinnar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur.

Skil rannsóknarnefndarskýrslu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að vinna rannsóknarnefndarinnar og úrvinnsla gagna var mun umfangsmeiri og tímafrekari en áætlað var og því ljóst að ekki yrði unnt að skila fullbúinni skýrslu fyrir 1. nóvember 2009. Við meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 142/2008 lá ekki ljóst fyrir hvert umfang verkefnisins yrði og því kveðið á um það í lögunum að stefnt skyldi að því að skila skýrslunni fyrir þennan tíma. Nefndin telur eðlilegt að fresturinn verði færður til janúarloka á næsta ári eins og rannsóknarnefndin hefur óskað eftir.

Sérstök þingmannanefnd.

Nefndin ræddi það ákvæði frumvarpsins sem kveður á um kosningu níu þingmanna í nefnd sem er ætlað að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Um þingmannanefndina gilda ákvæði laga um þingsköp Alþingis. Verkefni nefndarinnar verður mjög umfangsmikið og vandasamt og fellur undir eftirlitshlutverk þingsins sem engri fastanefnd er falið samkvæmt núverandi skipulagi þingsins. Í frumvarpinu kemur fram að með skipun sérstakrar nefndar gefist þingflokkunum tækifæri til að velja sérstaklega fulltrúa sem verður trúað fyrir þessu vandasama verkefni. Forsætisnefnd telur auk þess æskilegt að þingflokkarnir komi sér saman um einn lista sem boðinn verður fram. Nefndin telur að þessi umgjörð sé til þess fallin að tryggja að þingmannanefndin geti staðið undir því mikilvæga verkefni að móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem ætlað er að varpa ljósi á og draga fram sannleikann um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Nefndin ræddi einnig heimildir þingmannanefndarinnar til að kalla til sérfræðinga telji hún nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um einstök atriði. Getur hún þá falið einum eða fleiri sérfróðum aðilum að rannsaka þau og gefa sér skýrslu um niðurstöðuna. Um slíka framhaldsrannsókn gilda II., III. og VI. kafla laganna, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga. Nefndin telur að með þessu verði unnt að viðhalda því trausti sem byggst hefur upp gagnvart starfi rannsóknarnefndarinnar.

Viðfangsefni þingmannanefndarinnar.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð rætt hvort leggja ætti til að þingmannanefndin skilaði tillögum sínum innan ákveðins frests frá kosningu. Fyrir liggur að viðfangsefni þingmannanefndarinnar og þingsins í heild mun ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Hlutverk þingmannanefndarinnar verður væntanlega að fylgja eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar varðandi breytingar á lögum og reglum. Þá mun hún væntanlega fjalla um hvaða lærdóm er hægt að draga af efnahagsáföllunum og eftir atvikum móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það fellur undir hlutverk þingsins. Nefndin telur að í ljósi mikilvægis málsins og þeirrar áherslu að rannsóknarnefndinni er ætlað að skila skýrslu innan tiltölulega skamms tíma miðað við það viðfangsefni sem henni var fengið sé heppilegt að kveða á um að þingmannanefndin skuli skila tillögum sínum á þessu löggjafarþingi. Í því samhengi telur nefndin rétt að taka fram að samkvæmt frumvarpinu er þingmannanefndinni heimilt að kalla til aðstoðar sérfræðinga eins og rannsóknarnefndinni er heimilt og því nokkur rök fyrir því að unnt sé að viðhalda vinnsluhraða málsins án þess að það komi niður á starfinu.

Nefndin fjallaði einnig um það hlutverk þingmannanefndarinnar að móta afstöðu til hugsanlegrar ábyrgðar í málinu og kemur ráðherraábyrgð þar til skoðunar en Alþingi er handhafi ákæruvalds gagnvart ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skv. 14. gr. stjórnarskrár, lögum um ráðherraábyrgð og lögum um landsdóm. Nokkru fyrir bankahrunið eða í júní 2008 fól forsætisnefnd vinnuhópi að fara yfir gildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga væri þörf. Skýrsla starfshópsins um eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu kom út sl. haust og fékk nefndin tvo fulltrúa starfshópsins á sinn fund. Kom fram að starfshópurinn teldi að eftirlitshlutverkið væri ekki nægilega vel skilgreint í lögum, t.d. væri ekki gert ráð fyrir sérstakri þingskapa- eða eftirlitsnefnd í skipulagi Alþingis eins og er víða í löggjafarþingum Norðurlanda. Nefndin telur þó ljóst að úr því sé bætt með því að kjósa sérstaka þingmannanefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar og að

í því felist í reynd tækifæri fyrir flokkana til að velja sérstaklega þá fulltrúa sem þeir vilja trúa fyrir þessu mikilvæga verkefni.

Meðferð gagnagrunna.

Nefndin fjallaði nokkuð um þann hluta frumvarpsins sem varðar meðferð gagnagrunna, varðveislu og aðgang að þeim. Í 2. gr. er fjallað um þá gagnagrunna sem rannsóknarnefnd mun afhenda Þjóðskjalasafni til varðveislu. Í umsögn Persónuverndar um frumvarpið kemur fram að skilja megi orðalag 2. gr. á þann hátt að safnið megi gera tvenns konar afrit, annars vegar afrit sem hafi að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar, hins vegar sérstök afrit til fræðilegra rannsókna, en þær upplýsingar sem þar verði þurfi ekki að verða með öllu ópersónugreinanlegar. Persónuvernd gerir þann fyrirvara að henni er hvorki kunnugt um efni, uppbyggingu né umfang þeirra gagna sem um ræðir og því skortir hana í raun forsendur til að meta hvort framangreint sé framkvæmanlegt. Almennt verður þó að ætla að verulegir annmarkar séu á því. Því varar hún við lögfestingu ákvæðisins í óbreyttri mynd. Auk framangreinds minnir stofnunin einnig á efni dóms Hæstaréttar nr. 151/2003 um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Lög um gagnagrunninn, nr. 139/1998, gerðu ráð fyrir því að handhafar framkvæmdarvalds mundu sjá um að gera gögnin ópersónugreinanleg. Um þetta segir í dóminum:

„Í einstaka ákvæðum laga nr. 139/1998 er ítrekað skírskotað til þess að heilsufarsupplýsingar í gagnagrunni á heilbrigðissviði eigi að verða ópersónugreinanlegar. Eins og fyrrnefndum reglum um þau atriði, sem um ræðir í 7. gr. og 10. gr. laganna, er háttað skortir á hinn bóginn mjög á að tryggt sé nægilega með ákvæðum settra laga að þessu yfirlýsta markmiði verði náð. Vegna þeirra skyldna, sem 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar leggur samkvæmt áðursögðu á löggjafann til að tryggja friðhelgi einkalífs, getur ekki komið hér í staðinn ýmiss konar eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sem lagt er í hendur opinberra stofnana og nefnda án þess að þær hafi við ákveðnar og lögmæltar viðmiðanir að styðjast í störfum sínum. Nægir heldur ekki í þessu skyni að leggja í hendur ráðherra að setja skilmála í rekstrarleyfi eða fela öðrum handhöfum opinbers valds að setja eða samþykkja um þessi efni verklagsreglur, sem á öllum stigum geta verið breytingum háðar innan þeirra lítt afgerandi marka, sem ákvæði laga nr. 139/1998 setja.“

Með vísan til framangreinds fellst nefndin á að nokkur ákvæði 2. gr. séu ekki nægilega skýr, sérstaklega þegar litið er til ákvæðis stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og leggur því til nokkrar breytingar á greininni. Nefndin leggur til að í stað 2.–4. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar. Sú fyrri hljóðar svo: „Þegar rannsóknarnefndin afhendir gagnagrunna til Þjóðskjalasafns skal hún merkja þá eftir því hvort um er að ræða gagnagrunn með ópersónugreinanlegum upplýsingum eða persónugreinanlegum. Þjóðskjalasafni er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum í persónugreinanlegum gagnagrunnum nema að því marki sem reglur upplýsingalaga um aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga leyfa. Þjóðskjalasafni Íslands er hins vegar heimilt að afhenda afrit af þeim gagnagrunnum sem hafa að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem verða ekki raktar til nafngreindra fyrirtækja.“

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að Persónuvernd komi að vinnslu umræddra upplýsinga inni á Þjóðskjalasafni, þ.e. að aðgerðum til að fækka persónugreinandi þáttum og öðru sem lýtur að öryggi. Í umsögn sinni lagði Persónuvernd til, í ljósi eðlis stofnunarinnar sem eftirlits- og úrskurðaraðila með vinnslu, að þessu yrði breytt og þjóðskjalaverði, sem ábyrgðaraðila gagnanna, falið þetta verkefni. Rísi hins vegar ágreiningur um ákvarðanir hans þyrfti úrlausn mála að vera á hendi Persónuverndar með sama hætti og almennt er. Þá er, að mati Persónuverndar, ekki skýrt hvers vegna sérstaklega er vikið að eyðingu persónuauð-

kenna af gögnum sem tengjast launaupplýsingum, þ.e. í málsgrein um fræðilegar rannsóknir, og leggur hún til að það ákvæði verði fellt brott. Telur stofnunin að skoða þurfi hvort þörf sé á sérstöku ákvæði um þessar upplýsingar og sé svo þurfi að ákveða hvar því skuli fyrir komið.

Nefndin fellst á þessar tillögur stofnunarinnar og leggur því til að 4. mgr., sem verður 3. mgr., orðist svo: „Taka skal sérstakt afrit af gagnagrunnunum til fræðilegra rannsókna. Þjóðskjalavörður ákveður hvort afmá beri persónuauðkenni úr gagnagrunnunum eða nota aðrar aðferðir til þess að vernda persónuupplýsingar. Persónuvernd úrskurðar um ágreining sem rís um ákvarðanir hans.“

Þá telur Persónuvernd rétt að árétta að því fylgi mikill kostnaður að ganga þannig frá umræddum gagnagrunnum varðandi dulkóðun og bjögun upplýsinga að hægt sé að leyfa fræðimönnum aðgang að gagnagrunnunum sjálfum til þess að framkvæma vísindarannsóknir. Á meðan ekki hefur verið gengið þannig frá gagnagrunnunum er að mati Persónuverndar ekki hægt að nota þá nema fyrir milligöngu starfsmanns Þjóðskjalasafns eða trúnaðarmanns sem framkvæma mundi þær aðgerðir eða rannsóknir sem um væri beðið og afhenda ópersónugreinanlegar niðurstöður á kostnað verkkaupa. Í 9. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarmaður rannsóknar, sem óskar eftir að gera fræðilega rannsókn á gagnagrunnum um bankahrunið, skuli greiða fyrir allan kostnað sem hlýst af framkvæmd rannsóknarinnar og eftirliti með því að reglum og skilmálum sé fylgt auk kostnaðar við það ef Þjóðskjalasafn þarf að kalla til sérfræðiaðstoð við framkvæmd eða eftirlit með rannsókninni. Nefndin fellst einnig á þessar athugasemdir og telur eðlilegt að ábyrgðarmaður rannsóknar beri einnig kostnað sem til fellur vegna eftirlits Persónuverndar og leggur því til að það verði tekið skýrt fram í 9. mgr.

Friðhelgi rannsóknarnefndarinnar.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 3. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um vernd þeirra einstaklinga sem unnið hafa að rannsókninni gagnvart málsóknum út af atriðum sem koma fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar eða öðrum skýrslum eða frásögnum í tengslum við rannsóknina. Nauðsynlegt er að kveða á þennan hátt fyrir um skaðleysi nefndarmanna í rannsóknarnefndinni og þeirra sem tóku sæti í vinnuhópum rannsóknarnefndarinnar. Þá mun ákvæðið einnig ná til þeirra sem munu vinna að framhaldsrannsókn í samræmi við frumvarp þetta. Byggist reglan á meginreglu um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna og gilda sömu sjónarmið varðandi skaðleysi þessara einstaklinga og gilda varðandi dómara en málsókn gegn þeim er útilokuð og ber ríkið skaðabótaábyrgð á gerðum þeirra. Reglan er þó ekki takmörkuð við skaðabótaábyrgð heldur nær hún til hvers konar viðurkenningarkrafna, krafna um ómerkingu ummæla og annars konar einkaréttarkrafna. Fyrir nefndinni kom fram að fordæmi sé fyrir reglunni í norskum rétti. Nefndin fellst á nauðsyn þess að kveða á um skaðleysi þessara einstaklinga vegna eðlis starfa þeirra enda vart sanngjarnt að þeir verði þvingaðir til að grípa til varna fyrir það lögmælta verkefni sem þeim var trúað til af Alþingi og hugsanlega bera af því fjárhagslegt tjón.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Ólöf Nordal.		Róbert Marshall.

522. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Við 1. efnismgr. b-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin skal skila tillögum sínum á núverandi löggjafarþingi.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað 2.–4. efnismgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Þegar rannsóknarnefndin afhendir gagnagrunna til Þjóðskjalasafns skal hún merkja þá eftir því hvort um er að ræða gagnagrunn með ópersónugreinanlegum upplýsingum eða persónugreinanlegum. Þjóðskjalasafni er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum í persónugreinanlegum gagnagrunnum nema að því marki sem reglur upplýsingalaga um aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga leyfa. Þjóðskjalasafni Íslands er hins vegar heimilt að afhenda afrit af þeim gagnagrunnum sem hafa að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem verða ekki raktar til nafngreindra fyrirtækja.

      Taka skal sérstakt afrit af gagnagrunnunum til fræðilegra rannsókna. Þjóðskjalavörður ákveður hvort afmá beri persónuauðkenni úr gagnagrunnunum eða nota aðrar aðferðir til þess að vernda persónuupplýsingar. Persónuvernd úrskurðar um ágreining sem rís um ákvarðanir hans.
   b. B-liður 5. efnismgr. orðist svo: þær upplýsingar sem er veittur aðgangur að má ekki fara með út úr húsnæði safnsins og ekki birta í rannsóknaniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt eða þannig að þær verði raktar til nafngreindra fyrirtækja.
   c. Við síðari málslið 9. efnismgr. bætist: þar á meðal kostnað sem til fellur vegna eftirlits Persónuverndar.
   d. Í stað orðanna „5. og 6. mgr.“ í 11. efnismgr. komi: 4. eða 5. mgr.

523. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá Þór Saari.

1. Við 1. gr. B-liður orðist svo: Í stað 2. og 3. mgr. koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Alþingi kýs sex þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, einn úr hverjum flokki, ásamt þingmanni utan flokka. Enginn nefndarmanna skal hafa átt sæti á Alþingi fyrir október 2008 eða hafi óumdeilanlega nokkur tengsl við þá atburði eða gerendur þeirra atburða sem getið er í heiti laganna. Nefndin skal í störfum sínum:

   a. móta viðbrögð Alþingis við niðurstöðum skýrslunnar, þar á meðal hvaða lærdóma eigi að draga af þeim atburðum sem urðu haustið 2008, aðdraganda þeirra og afleiðingum,
   b. kanna grundvöll ábyrgðar á þeim atburðum sem leiddu til falls bankanna, kerfishruns og djúpstæðrar kreppu í fjármálalífi þjóðarinnar sem og algers samfélagslegs siðrofs,
   c. móta tillögur og leggja til breytingar á lögum og reglum í því skyni að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi, sem urðu hérlendis haustið 2008, endurtaki sig.

   Um þingmannanefndina gilda ákvæði þingskapa um fastanefndir, eftir því sem við á, en nefndin setur sér að öðru leyti verklagsreglur. Hún skilar tillögum og skýrslum til Alþingis.

   Nefndin skal kanna einstaka þætti skýrslunnar og getur gert tillögur um úrbætur, sem einstakar fastanefndir fjalla frekar um og útfæra í lagaform, eða óskað eftir því að ríkisstjórn láti undirbúa heildarendurskoðun laga á ákveðnum sviðum.

   Nefndin skal láta rannsaka einstaka þætti málsins betur sem og atriði sem rannsóknarnefndin hefur ekki fjallað sérstaklega um ef tilefni gefur til. Hún felur þá einum eða fleiri sérfróðum aðilum umsjón framhaldsrannsóknarinnar. Reglur II., III. og VI. kafla þessara laga gilda um slíka framhaldsrannsókn eftir því sem við á, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu.

   Nefndin skal svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort einhverjum hluta rannsóknargagna verði skilað síðar til Þjóðskjalasafns en áætlað er ef til framhaldsrannsóknar kemur. Þeir sem annast framhaldsrannsókn eiga aðgang að öllum þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað. Komi til slíkrar rannsóknar skal skýrslu um hana skilað til Alþingis og hún kynnt opinberlega.

   Þingmannanefndin skal ljúka störfum fyrir 1. maí 2010.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein sem verður 15. gr. a og orðast svo:

   Alþingi kýs nefnd fimm valinkunnra manna utan þings sem njóta óumdeilanlegs trausts þorra almennings. Nefndin hafi það hlutverk að fjalla um þá þætti skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem snerta alþingismenn og ráðherra, núverandi og/eða fyrrverandi, og fjölskyldur þeirra. Nefndin skal fjalla um öll atriði sem snerta Alþingi sjálft sem stofnun og koma fram í skýrslunni.

   Nefndin skal í störfum sínum:

a. koma með tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum skýrslunnar, þar á meðal hvaða lærdóma megi draga af þeim atburðum sem urðu haustið 2008, aðdraganda þeirra og afleiðingum,
b. kanna grundvöll ábyrgðar á þeim atburðum sem leiddu til falls bankanna, kerfishruns og djúpstæðrar kreppu í fjármálalífi þjóðarinnar sem og algers samfélagslegs siðrofs,
c. móta tillögur að breytingum á lögum og reglum í því skyni að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi, sem urðu hér á landi haustið 2008, endurtaki sig.

Nefndin setur sér eigin verklagsreglur og skilar tillögum og skýrslum til þingmannanefndarinnar sem kveðið er á um í 15. gr. og kynnir þær opinberlega.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 15. mars 2010.

3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Við birtingu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis skulu öll gögn sem aflað hefur verið færð á Þjóðskjalasafn Íslands og þau gerð opinber. Tryggt verði að allar upplýsingar að baki skýrslunni sem og að baki skýrslum beggja nefnda skv. 15. gr. og 15. gr. a verði opnar öllum frá fyrsta birtingardegi. Ákvæði laga um persónuvernd skulu ekki gilda um upplýsingar þessar nema í algerum undantekningartilvikum og skulu þá rækilega rökstudd með tilliti til mikilvægustu persónuverndarsjónarmiða.

Greinargerð.

Hreyfingin leggur áherslu á að höfð sé í huga sú umræða sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu varðandi hvaða aðilar það eru sem bera höfuðábyrgð á því ástandi sem nú ríkir á Íslandi. Það er mat þinghóps Hreyfingarinnar að hætt sé við að tengsl og hagsmunaárekstrar muni gera trúverðugleika þingmannanefndarinnar að engu. Til að mark verði takandi á störfum nefndarinnar er það grundvallaratriði að þingmenn ákvarði ekki það verklag er varðar aðra þingmenn sem og ráðherra í þeirri vinnu sem framundan er.

Með kosningu nefndar fimm manna utan þings, sem njóta óumdeilanlegs trausts þorra almennings, sem hefur það hlutverk sem breytingartillögur Hreyfingarinnar gera ráð fyrir er auk þess tryggt að Alþingi verði ekki sett í þá stöðu að veita sjálfu sér aðhald heldur fái stofnunin sjálf og hlutaðeigandi aðilar nauðsynlegt utanaðkomandi aðhald.

Þá er vert að hafa í huga að þingið nýtur lítils trausts meðal borgara landsins og frumvarp forsætisnefndar óbreytt mun ekki verða til þess að þingið auki veg sinn og virðingu meðal landsmanna. Þvert á móti mun þetta verða til þess að breikka enn gjána á milli þjóðar og þings.

Þeir atburðir sem hér hafa átt sér stað eru þess eðlis að nauðsynlegt er að tryggja að þeir geti ekki endurtekið sig. Því er mikilvægt að aðgangur að þeim gögnum sem til verða við vinnu rannsóknarnefndarinnar sé eins opinn og frekast sé kostur svo hægt verði að rannsaka málið til fullnustu og læra af mistökum fortíðarinnar.

Þar sem hlutverk og skyldur þingmannanefndarinnar eru ekki nægjanlega afmörkuð er hætt við því að rannsóknarskýrslan fái ekki viðeigandi meðferð. Það kann að hafa þær afleiðingar að þeir aðilar sem bera ábyrgð í því máli sem hér er til umfjöllunar verði ekki látnir axla þá ábyrgð. Að auki eru engin tímamörk sett á vinnu þingmannanefndarinnar. Þess vegna er mikil hætta á því að störf hennar geti dregist út í hið óendanlega eða uns ráðherraábyrgð fyrnist. Í því samhengi ber að hafa í huga leyfð tímamörk um málshöfðun skv. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð, en umrædd þingmannanefnd mun ein hafa ákvörðunarvald um hvort landsdómur verður kallaður saman vegna mála sem Alþingi kann að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra.

Þinghópur Hreyfingarinnar telur að það verði að loka fyrir alla möguleika á að Alþingi tefji að taka afstöðu til rannsóknarskýrslunnar eða að skýrslunni verði sópað undir teppið. Ekki fæst séð að framlagt frumvarp uppfylli þau skilyrði.

524. Frumvarp til laga [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Flm.: allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bertina Bjarney Överby, f. 1993 í Taílandi.
2. Hannes Auðunsson, f. 1988 á Íslandi.
3. Ólafur Jóhann Sigurðsson, f. 1968 á Íslandi.
4. Maria Carolina C. Feo La Cruz, f. 1981 í Venesúela.
5. Kateryna Sæmundsson, f. 1975 í Úkraínu.
6. Olga Alekseenko, f. 1960 í Hvíta-Rússlandi.
7. Rico Robert Saccani, f. 1952 í Bandaríkjunum.
8. Monica Lucia Becerra Lopera, f. 1975 í Kólumbíu.
9. Wasana P. G. Wedagedara, f. 1982 á Srí Lanka.
10. John Swanholm Magnússon, f. 1956 á Íslandi.
11. Bozo Marijan, f. 1951 í Króatíu.
12. Ian Mark Wilson, f. 1975 í Bretlandi.
13. Richie Mesa Paraiso, f. 1981 á Filippseyjum.
14. Agim Osmani, f. 1978 í Serbíu.
15. Senad Babic, f. 1965 í Bosníu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

525. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Vilhjálm Egilsson, Hannes G. Sigurðsson og Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Elínu Björgu Jónsdóttur og Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna, Jón Steindór Valdimarsson og Ragnheiði Héðinsdóttur frá Samtökum

iðnaðarins, Sigurð Þór Ásgeirsson frá ÍSAL, Ragnar Guðmundsson frá Norðuráli, Gunnar Jónsson hrl. fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls, Gunnar H. Sigurðsson frá Sementsverksmiðjunni, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Árna Gunnarsson, Ernu Hauksdóttur og Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Birki Hólm Guðnason og Björgólf Jóhannsson frá Icelandair, Matthías Imsland og Bjarna Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna og fiskimannasambandi Íslands, Guðmund Ragnarsson frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Friðrik Jón Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sigríði Ósk Sigurðardóttur frá ÁTVR, Andrés Magnússon, Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Finn Oddsson og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Almar Guðmundsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðjón Rúnarsson og Helgu Jónsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Braga Gunnarsson frá Nýja Landsbankanum, Tönyu Zharov frá Auði Capital, Örn Gústafsson frá Okkar líf, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Unnar Stefánsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Kristjönu H. Guðmundsdóttur frá Félagi eldri borgara í Kópavogi, Helga K. Hjálmsson og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur frá Landssambandi eldri borgara, Guðmund Magnússon og Sigríði Hönnu Ingólfsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Karl Björnsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson, Markús Möller, Þórarin Gunnar Pétursson og Þorvarð Tjörva Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Svein Agnarsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Axel Hall frá Háskólanum í Reykjavík, Þóri H. Ólafsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Friðgeir Sigurðsson og Elínu Árnadóttur frá PriceWaterhouseCoopers hf., Völu Valtýsdóttur og Garðar Valdimarsson frá Deloitte hf., Sigurð Jónsson, Alexander Eðvardsson og Sigurjón Pál Högnason frá KPMG, Árna Stefánsson og Gunnar Birgisson frá Vífilfelli, Ingvar J. Rögnvaldsson, Guðrúnu J. Jónsdóttur, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Jón Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Runólf Birgi Leifsson, Sigurð Grétarsson og Rögnu Haraldsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Stefán Skjaldarson frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Eddu Símonardóttur frá tollstjóra, Barböru Wdowiak og Magdalenu Láru Gestsdóttur frá Félagi viðurkenndra bókara.

Þá bárust umsagnir og athugasemdir frá Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bílum og fólki ehf., Bændasamtökum Íslands, Deloitte hf., Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna sameiginlega, Félagi ferðaþjónustubænda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Félagi viðurkenndra bókara, Fjármálaeftirlitinu, fjármálaráðuneytinu, Guðmundi Tyrfingssyni ehf., Hagsmunasamtökum heimilanna, Háskólanum í Reykjavík, Íbúðalánasjóði, Jafnréttisstofu, Kauphöll Íslands, KPMG hf., Landssambandi eldri borgara, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva sameiginlega, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi veiðifélaga, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lýðheilsustöð, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Olíuverslun Íslands hf., Orkustofnun, Orkuveitu Húsavíkur, Persónuvernd, PriceWaterhouseCoopers hf., Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi garðyrkjubænda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtök iðnaðarins o.fl. (SA, SI, SART, SFF, LÍÚ, SAF, SF, SVÞ) sameiginlega, Seðlabanka Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Skattstofu

Suðurlandsumdæmis, Skattstofu Vestfjarðaumdæmis, Skattvís slf., Skeljungi hf., Strætó bs., SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Tollstjóranum í Reykjavík, Tónastöðinni, Tryggingastofnun ríkisins, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands, Vínbúðinni – ÁTVR og Æðarræktarfélagi Íslands.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til að auka tekjur ríkissjóðs sem, eins og alkunna er, stendur illa eftir fall bankanna í október 2008. Fela þær fyrst og fremst í sér breytingar á sviði helstu vörugjalda og virðisaukaskatts en jafnframt eru þar lagðar til hækkanir á aukatekjum ríkissjóðs ásamt framlengingu heimildar til tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar. Þá er í frumvarpinu kveðið á um framhald ýmissa skattalegra ívilnana sem m.a. felast í endurgreiðslu virðisaukaskatts og niðurfellingu stimpilgjalds við tilgreindar aðstæður. Áætlaðar tekjur af þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér eru 14.700 millj. kr. á ársgrundvelli en verða einungis 13.900 millj. kr. árið 2010 þar sem lagt er til að breytingar á virðisaukaskatti komi til framkvæmda í tveimur áföngum. Áætluð verðlagsáhrif með samþykkt frumvarpsins eru 0,85%.

Virðisaukaskattur.

Meiri hlutinn leggur til að efra þrep virðisaukaskatts hækki úr 24,5% í 25,5% en frumvarpið gerir ráð fyrir 25%.

Nefndin ræddi nýtt 14% þrep í virðisaukaskatti sem lagt er til í frumvarpinu að taki til tilgreindra matvæla og veitingareksturs. Að margra mati er þessi breyting varasöm vegna hættu á að hún flæki skattkerfið og auki hættu á skattundanskotum. Aðilar í veitingarekstri og fulltrúar verslunar og þjónustu bentu á að erfitt geti verið að gæta jafnræðis í skattframkvæmd milli aðila og að einfaldara hefði verið að hækka neðra þrep skattsins um nokkur prósentustig til að auka tekjur ríkissjóðs. Samtímis komu fram sjónarmið innan nefndarinnar um mikilvægi þess fyrir heimili að láta hækkun virðisaukaskatts ekki taka til undirstöðumatvöru almennt.

Meiri hlutinn telur gild rök vera fyrir nýju virðisaukaskattsþrepi en í ljósi gagnrýni sem fram kom leggur hann til að fallið verði frá því. Þetta gerir meiri hlutinn að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti og með hliðsjón af miklum skattkerfisbreytingum samfara sameiningu skattumdæma og fyrirhuguðum breytingum á tekjuskatti. Enn fremur bendir meiri hlutinn á að horfur um tekjur ríkisins á árinu 2010 hafa batnað að mati fjármálaráðuneytis um rúmlega 3 milljarða kr. þar af eru um 1.600 millj. kr. vegna skatta á vöru og þjónustu.

Upplýst var á fundum nefndarinnar að matvæli sem til stæði að færa upp í nýja þrepið væru hin sömu og lögð voru á vörugjöld síðastliðið haust. Samtök iðnaðarins telja að ef tilgangurinn er að skattleggja sykur í þágu lýðheilsusjónarmiða sé miklu nær að skatturinn legðist á allar sykraðar vörur. Fjármálaráðuneytið tók fram að þessar hugmyndir væru í skoðun samhliða endurskoðun á umræddu vörugjaldafyrirkomulagi. Meiri hlutinn telur eðlilegt að við þá vinnu verði einnig tekið tillit til athugasemda Lýðheilsustöðvar og annarra umsagnaraðila.

Olíugjald, bensíngjald og bifreiðagjald.

Í I. og II. kafla frumvarpsins er kveðið á um hækkun á olíu- og bensíngjaldi. Er um að ræða hækkun á olíugjaldi um 1,65 kr. á lítra og 2,5 kr. á bensíngjaldi á hvern lítra. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af þessari hækkun eru 600 millj. kr. og verðlagsáhrif 0,10%. Einnig er lagt til í IV. kafla að bifreiðagjöld hækki um 0,85 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, um 1,15 fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg og um 282 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram 3.000 kg. Er jafnframt lagt til að gjaldið skuli ekki vera lægra en 4.650 kr. og ekki hærra en 5.074 kr. á hverju gjaldtímabili. Talið er að þessar hækkanir bifreiðagjalda muni skila ríkissjóði 500 millj. kr. en engin verðlagsáhrif verða við þessa hækkun. Þá er í III. kafla mælt fyrir um framlengingu á ákvæði til bráðabirgða IX í lögum um vörugjald sem felur í sér að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni.

Á fundum nefndarinnar kom fram gagnrýni á að hér sé, í annað skiptið á árinu, verið að hækka olíu- og bensíngjald. Þegar lagðar væru saman hækkanir á olíu- og bensíngjaldi ásamt fyrirhuguðu kolefnisgjaldi væri um talsverðar fjárhæðir að ræða sem væru mjög íþyngjandi fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu og hefðu einnig áhrif til hækkunar vísitölu neysluverðs. Jafnframt var bent á að þessar álögur muni leiða til hækkunar í flutningskostnaði sem hefði neikvæð áhrif á samgöngur, ekki síst á landsbyggðinni. Bent var á að þetta kæmi einnig illa við rekstur ýmissa aðila í ferðaþjónustu sem hefðu nú þegar gefið út verðskrá fyrir komandi ár.

Áfengisgjald og tóbaksgjald.

Í fimmta kafla frumvarpsins er lögð til hækkun á gjaldi af áfengi og tóbaki. Er um að ræða jafna almenna hækkun um 10% utan pakka af vindlingum (20 stk.) sem hækka um 9,3%. Gert er ráð fyrir að ríkið muni afla tekna upp á 1.100 millj. kr. við þessar hækkanir og að verðlagsáhrifin verði 0,15%.

Á fundum nefndarinnar var athygli vakin á að hækkanir á áfengis- og tóbaksgjaldi gætu í raun dregið úr tekjum ríkissjóðs og þannig haft öfug áhrif þar sem neytendur væru nú næmari fyrir verðbreytingum en áður. Svo mikið gæti dregið úr sölu áfengis að tekjur ríkissjóðs yrðu minni við hækkun gjaldanna en þær væru að óbreyttu. Aftur á móti kom fram í gögnum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að þrátt fyrir um 10% magnsamdrátt mætti gera ráð fyrir að áfengisgjöld af sölu muni hækka nokkuð. Meiri hluti nefndarinnar telur samt sem áður að fara þurfi varlega í frekari gjaldahækkanir af þessum toga.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar og starfsemi lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði VIII í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, um heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verði framlengd. Með lögum nr. 13/2009 var heimild veitt til útgreiðslu í áföngum og upp að 1. millj. kr. sem tæki jafnt til allra rétthafa. Í frumvarpinu er kveðið á um að rétthafar geti innleyst allt að 1,5 millj. kr. til viðbótar. Landssamtök lífeyrissjóða tóku fram að sjóðirnir væru færir um að standa undir þessari viðbót en lögðu til aðra útfærslu við útgreiðslu. Að virtum þeim athugasemdum og að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti leggur meiri hlutinn til breytingu sem ætlað er að auðvelda framkvæmdina. Miðar breytingin að því að samanlagður útgreiðslutími fjárhæðar sem nemur 2.500.000 kr. verði 23 mánuðir í stað 18 mánaða þannig að mánaðarleg greiðsla verði jafnhá mánaðarlegri greiðslu samkvæmt gildandi bráðabirgðaákvæði VIII.

Meiri hlutinn leggur einnig til að útgreiðsla séreignarsparnaðar hafi ekki áhrif á bætur skv. lögum 22/2006.

Meiri hlutinn leggur einnig til að bráðabirgðaákvæði VI í lögum nr. 129/1997 verði framlengt um eitt ár en það varðar heimil vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða. Í ákvæðinu kemur fram að mörkin geti numið allt að 15% sem er frávik frá almennu reglunni í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna. Vísar meiri hlutinn til röksemda sem fram koma í áliti efnahags- og skattanefndar þegar umrætt bráðabirgðaákvæði var sett, sbr. lög nr. 171/2008. Er um að ræða heimildarákvæði sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér en líkt og á síðasta ári er útlit fyrir að einhverjir sjóðir séu með neikvæða stöðu yfir 10%.

Við afgreiðslu umræddra breytingarlaga, nr. 171/2008, lagði efnahags- og skattanefnd einnig til að sjóðunum yrði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum í þeim tilgangi að hraða endurreisn atvinnulífsins, sbr. nú bráðabirgðaákvæði VII. Lagði nefndin jafnframt til að þessi heimild yrði tímabundin til 31. desember 2013. Meiri hlutinn telur að þörf sé á að breyta þessu ákvæði þannig að sjóðunum verði gert kleift að halda allt að 20% eignarhlut í félögum sem þeir hafa fjárfest í fram yfir umrætt tímamark en að nýjar fjárfestingar í slíkum félögum þaðan af skuli lúta almennri reglu 4. málsl. 5. mgr. 36. gr.

Við meðferð málsins óskuðu Landssamtök lífeyrissjóða eftir að tekin yrðu af öll tvímæli um heimildir lífeyrissjóðanna til að fjárfesta í verðbréfum sem geta falið í sér skuldbindingu yfir tiltekið tímabil og jafnframt að sjóðunum yrði heimilað að gera kröfu um að iðgjaldagreiðslur næðu tilteknu lágmarki til að réttur skapist til örorkulífeyris. Meiri hlutinn telur að þetta þurfi að skoða nánar.

Stimpilgjald o.fl.

Að fengnum ábendingum fjármálaráðuneytis leggur meiri hlutinn til að nýrri málsgrein verði bætt við bráðabirgðaákvæði II í lögum um stimpilgjald. Nokkuð hefur borið á því að útbúin hafi verið skuldabréf sem ekki bera vexti, en af þeim er greitt 0,5% stimpilgjald skv. 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna. Síðan er þessum bréfum skilmálabreytt þannig að þau beri vexti og við þá breytingu fæst stimpilgjaldið endurgreitt. Hér er lögð til breyting á gildandi bráðabirgðaákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir slíka málamyndagjörninga.

Meiri hlutinn tekur fram að á fundum nefndarinnar hafi komið fram sá skilningur fjármálaráðuneytis og skattyfirvalda að endurskoða þurfi verklag við álagningu virðisaukaskatts á sölu vef- og rafbóka, hljóðbóka, nótnabóka, landabréfa o.þ.h.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ögmundur Jónasson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	

526. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, LMós, MSch, ÖJ, SII).

1. Við 10. gr.
   a. Í stað „1. júlí 2010“ komi: 31. desember 2010.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við ákvæðið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Undanþágan á ekki við þegar skilmálabreyting verður til þess að skjalið uppfyllir skilyrði 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna.
2. Við 11. gr. Í stað „1. júlí 2010“ komi: 31. desember 2010.
3. Við 12. gr. Í stað „1. júlí 2010“ komi: 31. desember 2010.
4. Við 13. gr. Í stað „80%“ komi: 79,68%.
5. Við 14. gr.
   a. Í stað „80%“ í a-lið komi: 79,68%.
   b. B–e-liður falli brott.
6. Við 15. gr.
   a. Í stað „25%“ í a-lið komi: 25,5%.
   b. B-liður falli brott.
7. Við 16. gr. Í stað „20%“ komi: 20,32%.
8. Við 17. gr.
   a. Í stað „20%“ í a-lið komi: 20,32%.
   b. B-liður falli brott.
9. Við 18. gr. Í stað „20%“ komi: 20,32%.
10. 20. gr. falli brott.
11. Á undan 40. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (39. gr.)
      Í stað ártalsins „2008“ í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 2009.
   b. (40. gr.)
      Ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum orðast svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum. Nýjar fjárfestingar eða nýjar skuldbindingar í slíkum félögum, umfram mörk skv. 4. málsl. 5. mgr. 36. gr., eru ekki heimilar eftir 31. desember 2013.
12. Við 40. gr. Greinin verði 42. gr. og orðist svo:
   Í stað „1. október 2010“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. apríl 2011.
13. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.
   Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem 1. janúar 2010 nemur samanlagt allt

að 2.500.000 kr. óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í 23 mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 2.500.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 2.500.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2010. Greiðslum samkvæmt eldra ákvæði skal vera lokið áður en greiðslur hefjast samkvæmt ákvæði þessu.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

14. Við 42. gr. Greinin falli brott.

15. Við 43. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði 1.–6. gr. og 10.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7.–9. gr. og 13.–42. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010.

527. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpi þessu eru meðal annars lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt, lögum um bifreiðagjald, lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um olíugjald, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um aukatekjur ríkissjóðs og lögum um skuldatryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingartillögur á framangreindum lögum varða tekjuöflun ríkissjóðs í samræmi við forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2010. Samanlagt er talið að breytingarnar skili ríkissjóði um 14,7 milljörðum kr. á heilu ári. Hafa verður í huga að áætlaðar breytingar á virðisaukaskatti eiga að koma til framkvæmda í tveimur áföngum og eru tekjuáhrif frumvarpsins árið 2010 því áætluð um 13,9 milljarðar kr.

Breytingar á virðisaukaskattskerfi og afleiðingar þess.

Samkvæmt frumvarpinu verða gerðar grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi neysluskatta. Má þar nefna tilfærslu ýmissa vara í hærra virðisaukaskattsþrep og fjölgun þrepa. Í fyrsta lagi verður efra þrepið hækkað til jafns við heimsmetið sem m.a. Danir eiga, úr 24,5% upp í 25%. Í öðru lagi verður búið til nýtt 14% milliþrep frá 1. mars 2010, en undir það falla sykurvörur og óáfengar drykkjarvörur, auk sölu veitinga í veitingahúsum og kaffihúsum samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Stuttur fundur efnahags- og skattanefndar og grundvallarbreytingar.

Á stuttum fundi efnahags- og skattanefndar kl. 20.30 18. desember samþykkti meiri hlutinn grundvallarbreytingar á frumvarpinu sem felast í því að horfið er frá nýju 14% skattþrepi en í staðinn er ætlunin að hækka hæsta þrepið upp í 25,5% í stað hækkunar í 25% eins og frumvarpið gerði ráð fyrir en sá skattur er núna 24,5% og hefur verið lengi. Verður því heimsmet Dana slegið ef samþykkt verður. Kostir fylgja þessari breytingu sem og miklir gallar.

Það verður að gera alvarlegar athugasemdir við svona skyndiákvarðanir. Að sjálfsögðu var ekki leitað umsagna um breytingarnar eða gestir fengnir á fund nefndarinnar. Þess vegna er ekkert vitað hvernig atvinnulífið og fulltrúar launþega, öryrkja, aldraða og annarra, sem málið varðar, meti slíka breytingu.

Kosturinn er sá að ekki er um kerfisbreytingu og mikla flækingu virðisaukaskattkerfisins að ræða eins og mjög margir umsagnaraðilar höfðu bent á og varað við. Nokkuð einfalt ætti að vera að koma þessari breytingu í gegn þar sem einungis er um breytingu úr 24,5% í 25,5% að ræða auk afleiddra breytinga (t.d. fer endurgreiðsla eða hluti virðisaukaskatts í útsöluverði úr 19,6787% í 20,3187%). Er að því leyti farið að ábendingum umsagnaraðila og gesta.

Stærsti ókosturinn er að vegna mikilla kjaraskerðingar og lítilla fjárráða heimila hefur verðskyn almennings stóraukist, sem er jákvætt, og verðteygni þar með. Við slíkar aðstæður kann hærra verð vöru að minnka umsvif með vöruna og því kynni lækkun virðisaukaskatts jafnvel að auka tekjur ríkissjóðs. Hækkun virðisaukaskattsins um heilt prósent hækkar verð allra vara og þjónustu í hæsta þrepinu um 0,803% að öðru óbreyttu. Slík hækkun getur minnkað skattstofninn og því aukast tekjur ríkissjóðs ekki um þau 1%/24,5% = 4,08% sem óbreyttur skattstofn gæfi og tekjur ríkissjóðs gætu jafnvel lækkað. Skattstofninn kann að

lækka vegna þess að rekstur eða umsvif leggjast af eða minnka, verslun erlendis vex, smygl vex eða önnur undanskot. Þessi áhrif hefðu líklega ekki orðið eins sterk ef neðra skattþrepið hefði verið hækkað t.d. úr 7% í 9% þar sem skatturinn er ekki eins þungbær. Mjög erfitt er að geta sér til um hvaða áhrif þessar breytingar hafa og kann reynslan ein að leiða það í ljós þó að mjög margir aðrir þættir geti haft áhrif á skattstofninn eins og t.d. uppsöfnuð þörf heimilanna fyrir ný rafmagnstæki, fatnað eða bíla.

Fyrir hina skyndilegu breytingu meiri hlutans.

Engin haldbær rök fylgja umræddum breytingum frumvarpsins. Fyrsti minni hluti er eindregið mótfalinn tillögum ríkisstjórnarinnar í frumvarpinu, líkt og nær allir umsagnaraðilar málsins. Þar að auki virðist sem aðeins annar stjórnarflokkurinn, Samfylkingin, styðji málið heils hugar en hinn flokkurinn í ríkisstjórninni, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, fylgi í humátt á eftir.

Fyrsti minni hluti vekur sérstaka athygli á því að í nánast öllum umsögnum sem nefndinni bárust varðandi þetta frumvarp er varað við upptöku nýs þreps í virðisaukaskatti. Bent hefur verið á augljósar afleiðingar af lögleiðingu tillagna ríkisstjórnarinnar um upptöku milliþreps á virðisaukaskatti:

a. *Flóknari skattframkvæmd og aukinn kostnaður.* Vinna skattyfirvalda við eftirlit með röðun vöruheita á skattflokka vex og fjöldi álitamála og vafaatriða eykst. Ríkisskattstjóri benti nefndinni á við meðferð málsins að allt eftirlit yrði tímafrekara og erfiðara en nú er yrði frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum.
b. *Aukið flækjustig í skattkerfinu - kostnaðarauki fyrirtækja.* Vinna fyrirtækja, álitamál og vafaatriði við röðun vöruheita á skattflokka vex. Fyrirtækin í landinu fá skamman frest til að aðlaga tölvu- og bókhaldskerfi sín að þessum breytingum. Mörg fyrirtæki, sérstaklega minni verslunarfyrirtæki, eru ekki með tölvukerfi sem ráða við þessa breytingu og þurfa þau að fara út í dýra endurnýjun tölvukerfa eða hugbúnaðarvinnu og hafa til þess afar skamman tíma.
c. *Eykur hættu á mistökum.* Í umsögn sinni til nefndarinnar bendir ríkisskattstjóri sjálfur á að hættan við upptöku á nýju 14% virðisaukaskattsþrepi auki hættu á mistökum við tekjuskráningu, fyrst og fremst við innslátt í sjóðsvél.
d. *Möguleikar á skattsniðgöngu aukast.* Möguleikar á undanskotum aukast vegna þeirrar freistingar að færa einfaldlega veltu í lægsta þrep virðisaukaskatts auk þess sem oft getur verið vafi um hvar flokka eigi vöru þegar skattstigunum er fjölgað.
e. *Óeðlileg mismunun í skattlagningu samskonar vara og milli innlendra framleiðenda.* 1. minni hluti bendir á að til dæmis muni sykraðar mjólkurvörur og morgunkorn á borð við Coco puffs, sem inniheldur 40,5% sykur, áfram vera í 7% skattþrepi en t.d. ávaxtasafar munu bera 14% virðisaukaskatt. Telur 1. minni hluti að hér sé um misheppnaða neyslustýringu að ræða og óþarfa mismunun milli vörutegunda og þar með atvinnugreina. Gefur 1. minni hluti lítið fyrir þau rök að verið sé að halda nauðþurftum í lægra skattþrepi enda sé ljóst að þegar að kreppir færist neysla fólks í mjög ódýran mat en fylgir síður hollustustigi hans.
f. *Mismunun á grundvelli þjónustustigs.* Þetta á t.d. við um hækkun tiltekinna matvara í matvöruverslunum með 7% vsk. sem og sölu veitingahúsa, mötuneyta og hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu í því sambandi með 14% vsk., t.d. á grilluðum kjúklingi. Með öðrum orðum munu veitingahús sem selja tilbúinn mat sem ætlaður er til neyslu í heimahúsi koma til með að bera 14% virðisaukaskatt en til að mynda matvöruverslanir sem jafnframt selja heitan mat munu áfram vera í 7% skattþrepi. Þjónustan

í þessu tilfelli er sú sama, þ.e. maturinn er hitaður og afhentur í sams konar umbúðum. Oft á tíðum er um algjörlega sambærilegar vörur að ræða sem koma til með að vera skattlagðar á mismunandi hátt eftir því hvar þær eru seldar. 1. minni hluti áréttar að verði b-liður 15. gr. að lögum mun koma fram mismunun á grundvelli þjónustustigs. Að lögleiða slíka mismunun, sem í raun fer eftir rekstrarleyfi viðkomandi aðila, telur 1. minni hluti fráleitt og afturhvarf til flóknara kerfis sem skekkti samkeppnisstöðu fyrirtækja og eftirlit ríkisins var verulega ábótavant. Þá má líka benda á bakarí, sem ýmist selja vöru út úr versluninni eða til neyslu inni í versluninni.

g. *Eftirspurn gæti minnkað.* Íslenskir neytendur eru orðnir mjög virkir eftir að kreppan skall á og því ljóst að eftirspurn er mjög næm fyrir verðbreytingum. Þess vegna er alls endis óvíst hvort hækkun virðisaukaskatts gefi ríkissjóði þær tekjur, sem að er stefnt. Sérstaklega varar 1. minni hluti við hækkun hæsta þreps úr 24,5% í 25% sem er alls óvíst að gefi nokkrar tekjur í ríkissjóð vegna þess að skattstofninn kann að dragast saman. Jafnvel má færa rök fyrir því að aukinn verðteygni eftirspurnar kunni að hafa valdið samdrætti skattstofnsins þannig að lækkun hæsta þreps kunni jafnvel að auka tekjur ríkissjóðs.

h. *Neikvæð áhrif á atvinnustig.* Hvað varðar hækkun skattlagningu á sérstakar vörur, líkt og sælgæti og drykkjarvörur áréttar 1. minni hluti að verið er að skekkja samkeppni íslenskra framleiðslufyrirtækja gagnvart innflutning á sambærilegum vörum. Slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt atvinnulíf þar sem störf geta tapast og innflutningur eykst.

i. *Neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna.* Þær hækkanir sem stjórnvöld leggja nú til koma til með að hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna hér á landi en líkt og kom fram í máli aðila ferðaþjónustunnar hefur þegar verið gefin út verðskrá fyrir næsta árs sem ekki er hægt að kvika frá. Er hér einnig um að ræða aukningu í kostnaði við rekstur langferðabíla. Horfir ferðaþjónustan því fram á að þurfa að taka á sig verulega tekjuskerðingu. Enn fremur munu tekjur í ríkissjóð af erlendum ferðamönnum dragast saman til muna þegar fyrirhugaðar hækkanir koma fram í verðlagningu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Einnig áréttar 1. minni hluti að innkoma gjaldeyris mun þar með dragast saman sem og fækkun ársverka með tilheyrandi atvinnumissi fólks um land allt.

Allt framangreint er svo utan hinnar augljósu aðlögunar sem átt hefur sér stað hjá heimilum og fyrirtækjum landsins: umtalsverðum samdrætti í einkaneyslu, meira en 10 þúsund töpuðum störfum, hruni í fjárfestingu einkaaðila, fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði.

Fyrsti minni hluti telur að eðlilegra hefði verið að hækka neðra þrepið í staðinn til að ná þeim tekjumarkmiðum sem að er stefnt. Einnig hefur 1. minni hluti bent á að taka mætti upp hreinan sykurskatt og útfæra hann samkvæmt tillögu Samtaka iðnaðarins: setja vörugjald á sykur (tollnúmer 1701 og 1702), leggja af endurgreiðslukerfi til íslenskra framleiðenda vegna vörugjalda af hráefnum og að sykurskattur verði lagður á sykurinnihald í öllum innfluttum matvörum.

Gjaldahækkanir.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um 4% hækkun á bensíngjald, 3% hækkun á olíugjalds og 10% hækkun bifreiðagjalds. Þær hækkanir sem gerðar hafa verið að undanförnu sem og fyrirhugaðar hækkanir samkvæmt frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um umhverfis- og auðlindaskatt koma þungt niður heimilum landsins. Áréttar 1. minni hluti að þessi skattlagning leggst bæði á tekjuminni einstaklinga og þá sem hærri hafa launin en þó hlutfalls-

lega þyngra á þá fyrrnefndu. Þá bendir 1. minni hluti á að þessi aukni kostnaður getur komið harðar niður á landsbyggðinni. Þar geta vegalengdir milli vinnustaðar og heimilis verið töluverðar, sækja þarf almenna þjónustu um lengri veg sem og að flutningskostnaður út á land kemur án efa til með að hækka. Getur þetta leitt til ákveðinnar mismununar eftir búsetu. Slíkt getur 1. minni hluti ekki fallist á. Einnig bendir 1. minni hluti á samlegðaráhrif fyrrgreindra hækkana á atvinnulífið. Er þess skemmst að minnast að enn er gengið að ferðaþjónustunni sem jafnframt verður fyrir auknum kostnaði vegna hækkunar á álögum á olíu og bensíni sem og upptöku nýs kolefnisgjalds.

Frumvarpið gerir ráð fyrir um 10% hækkun á gjöldum á áfengi og tóbaki. Fram kom í gögnum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að áfengisgjald af sölu áfengis hjá þeim hafi verið 6,7 milljarðar kr. árið 2008 og er áætlað að það verði um 7,8 milljarðar kr. árið 2009. Enn fremur kemur fram að áfengisneysla hefur fylgt þróun ráðstöfunartekna nokkuð vel á tímabilinu 1995–2005. Með tilliti til þeirrar þróunar og þegar gert er ráð fyrir um 10% magnsamdrætti í sölu áfengis árið 2010 með sömu hlutfallstölu milli styrkleika er áætlað að gjöldin verði tæplega 7,5 milljarðar kr. fyrir árið 2010. Ef miðað er við sömu forsendur en jafnframt 10% hækkun á áfengisgjaldi er áætlað að gjöldin nemi 8,2 milljörðum kr. árið 2010. Það er álit 1. minni hluta að neytendur séu nú næmari fyrir breytingum á verði en áður eins og áður hefur komið fram, þ.e. verðteygni fari vaxandi. Með þeim miklu skerðingum sem heimili verða fyrir á ráðstöfunartekjum sínum, nái tillögur stjórnvalda fram að ganga, telur 1. minni hluti að áætlaðar tekjur ríkisins af þessari miklu hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi muni ekki skila sér þar sem salan mun dragast meira saman en gert er ráð fyrir.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á gjöldum sem um getur í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Áréttar 1. minni hluti að þessi þáttur frumvarpsins hlaut litla sem enga umfjöllun innan nefndarinnar og ekki kemur fram hver hefði verið eðlileg hækkun þessara gjalda hvers um sig með tilliti til hækkunar verðlags sem 1. minni hluti gæti að vissu leyti tekið undir. Í flestum tilvikum er um að ræða yfir 50% hækkun á gjöldum en jafnframt má sjá mörg hundruð prósenta hækkanir og jafnvel upp í yfir 1000% hækkun þegar kemur að gjaldi fyrir útgáfu stefnu við meðferð einkamáls í héraði. Geldur 1. minni hluti varhug við slíkum breytingum og telur að þótt hugsanlega mætti auka tekjur ríkissjóðs með endurskoðun gjaldanna í huga verði að fara varlega í miklar hækkanir og áréttar að gæta verður að aðgengi einstaklinga að dómstólum, óháð efnahag, sé tryggt.

Séreignarsparnaður.

Í IX. kafla frumvarpsins er lagt til að heimila einstaklingum sem eiga frjálsan séreignarsparnað að taka út allt að 1,5 millj. kr. fyrir staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars til viðbótar þeirri 1 millj. kr. sem nú þegar er heimil. Enn fremur er lagt til að núgildandi heimild sem og sú sem frumvarpið kveður á um gildi til 1. apríl 2011. Fram kemur í frumvarpinu að áætlað er að heimilin í landinu innleysi um 20 milljarða kr. á grundvelli viðbótarheimildar en þó kemur fram að þessi fjárhæð er mikilli óvissu háð. Varar 1. minni hluti við þessari almennu upplausn á sparnaði heimilanna á sama tíma og skuldsetning heimilanna er hættulega mikil. Ef markmiðið er að leysa úr vanda þeirra heimila, sem eru í sérstökum óviðráðanlegum skuldavanda bendir 1. minni hluti á að þessi lausn gengur í flestum tilfellum allt of skammt til að leysa alvarlegan vanda og bendir á lausnin á þessum vanda kemur fram á breytingartillögu við frumvarp við til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, sbr. þskj. 668, 321 mál, sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi.

Það er álit 1. minni hluta að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú er í þjóðfélaginu verði að leita annarra mögulegra leiða til að afla ríkissjóði tekna án þess að leggja auknar álögur á heimilin og fyrirtækin í landinu. Má í því tilliti líta til eignar ríkis og sveitarfélaga sem þau eiga í séreignarsjóðum og felst í frestuðum skattgreiðslum á innstæður, séreign einstaklinga. Eignin felst í því að iðgjöld atvinnurekenda og launþega hafa ekki komið til tekjuskatts eða útsvars en útgreiðslur verða skattaðar þegar þær falla til.

Bendir 1. minni hluti á að frumvarp um slíkt hefur nú þegar verið lagt fram á þinginu, sbr. þskj. 255, 230. mál. Yrði það frumvarp að lögum fengi íslenska ríkið eingreiðslu í formi tekjuskatts upp á um 74,6 milljarða kr. en 6,8 milljarða kr. í nýjar tekjur á árinu 2010 og svo árlega næstu ár. Útsvarstekjur sveitarfélaganna gætu numið 40,5 milljörðum kr. í eitt skipti og tekjuaukinn 2010 (og áfram) gæti numið 3,7 milljörðum kr. Fjárhæð af þessari stærðargráðu gæti komið í stað allra þeirra skattahækkana sem nú eru boðaðar af ríkisstjórninni og hindrað þannig aukna erfiðleika atvinnulífsins og lækkun á ráðstöfunartekjum heimilanna. Sú skerðing á ráðstöfunartekjum mun án efa koma niður á innanlandsframleiðslu sem mun óumflýjanlega minnka með tilheyrandi lækkun á tekjum ríkissjóðs. Út úr slíkri neikvæðri þróun er erfitt að vinna sig en hún veldur samdrætti í efnahagslífinu og lengir og dýpkar þá kreppu sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 18. des. 2009.

Pétur H. Blöndal, frsm. Tryggvi Þór Herbertsson.

528. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Vilhjálm Egilsson, Hannes G. Sigurðsson og Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Elínu Björgu Jónsdóttur og Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna, Jón Steindór Valdimarsson og Ragnheiði Héðinsdóttur frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Þór Ásgeirsson frá ÍSAL, Ragnar Guðmundsson frá Norðuráli, Gunnar Jónsson hrl. fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls, Gunnar H. Sigurðsson frá Sementsverksmiðjunni, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Árna Gunnarsson, Ernu Hauksdóttur og Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Birki Hólm Guðnason og Björgólf Jóhannsson frá Icelandair, Matthías Imsland og Bjarna Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmund Ragnarsson frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Friðrik Jón Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sigríði Ósk Sigurðar-

dóttur frá ÁTVR, Andrés Magnússon og Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Finn Oddsson og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Almar Guðmundsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðjón Rúnarsson og Helgu Jónsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Braga Gunnarsson frá Nýja Landsbankanum, Tönyu Zharov frá Auði Capital, Örn Gústafsson frá Okkar lífi, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Unnar Stefánsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Kristjönu H. Guðmundsdóttur frá Félagi eldri borgara í Kópavogi, Helga K. Hjálmsson og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur frá Landssambandi eldri borgara, Guðmund Magnússon og Sigríði Hönnu Ingólfsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Karl Björnsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson, Markús Möller, Þórarin Gunnar Pétursson og Þorvarð Tjörva Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Svein Agnarsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Axel Hall frá Háskólanum í Reykjavík, Þóri H. Ólafsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Friðgeir Sigurðsson og Elínu Árnadóttur frá PriceWaterhouseCoopers hf., Völu Valtýsdóttur og Garðar Valdimarsson frá Deloitte hf., Sigurð Jónsson, Alexander Eðvardsson og Sigurjón Pál Högnason frá KPMG, Árna Stefánsson og Gunnar Birgisson frá Vífilfelli, Ingvar J. Rögnvaldsson, Guðrúnu J. Jónsdóttur, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Jón Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Runólf Birgi Leifsson, Sigurð Grétarsson og Rögnu Haraldsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Stefán Skjaldarson frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Eddu Símonardóttur frá tollstjóra og Barböru Wdowiak og Magdalenu Láru Gestsdóttur frá Félagi viðurkenndra bókara.

Þá bárust umsagnir og athugasemdir frá Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bílum og fólki ehf., Bændasamtökum Íslands, Deloitte hf., Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna sameiginlega, Félagi ferðaþjónustubænda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Félagi viðurkenndra bókara, Fjármálaeftirlitinu, fjármálaráðuneytinu, Guðmundi Tyrfingssyni ehf., Hagsmunasamtökum heimilanna, Háskólanum í Reykjavík, Íbúðalánasjóði, Jafnréttisstofu, Kauphöll Íslands, KPMG hf., Landssambandi eldri borgara, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva sameiginlega, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi veiðifélaga, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lýðheilsustöð, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Olíuverslun Íslands hf., Orkustofnun, Orkuveitu Húsavíkur, Persónuvernd, PriceWaterhouseCoopers hf., Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi garðyrkjubænda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtök iðnaðarins o.fl. (SA, SI, SART, SFF, LÍÚ, SAF, SF, SVÞ) sameiginlega, Seðlabanka Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Skattstofu Suðurlandsumdæmis, Skattstofu Vestfjarðaumdæmis, Skattvís slf., Skeljungi hf., Strætó bs., SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Tónastöðinni, Tryggingastofnun ríkisins, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands, Vínbúðinni – ÁTVR og Æðarræktarfélagi Íslands.

Markmið stjórnvalda í ríkisfjármálum gera ráð fyrir að áhersla sé meiri á niðurskurð en tekjuöflun, þ.e. 55% á móti 45%. Á fundum nefndarinnar var gagnrýnt að stjórnvöld legðu of mikinn þunga á skattahækkanir til að ná markmiðunum og að gögn skorti um hvort heimili og fyrirtæki hefðu burði til að standa undir þeim. Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu

væri sú hætta til staðar að skattstofnar mundu dragast saman við auknar álögur vegna neikvæðra áhrifa á eftirspurn.

Í eftirfarandi umfjöllun verður gerð grein fyrir þeim þáttum frumvarpsins sem nefndin ræddi helst en í grófum dráttum lúta þeir að tvennu, annars vegar tekjuöflun ríkisins og hins vegar rekstrarumhverfi fyrirtækja.

1. Tekjuöflun ríkisins.

Þrepaskiptur tekjuskattur.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp þrepaskipt tekjuskattkerfi. Um er að ræða grundvallarbreytingar sem felast í þremur skattþrepum með stighækkandi skatthlutföllum. Með þessari breytingu er stefnt að sanngjarnari skattlagningu þar sem reynt er að vernda tekjulægri hópa. Að jafnaði miðast tekjuskattsstofn við tekjur einstaklinga en jafnframt er heimild fyrir ákveðnum tilfærslum milli samsköttunaraðila. Í frumvarpinu er lagt til að tenging persónuafsláttar við vísitölu neysluverðs verði afnumin, sbr. b-lið 15. gr. Jafnframt verður fallið frá þeim hækkunum sem áttu að eiga sér stað í upphafi árs 2010 og 2011, sbr. -ákvæði til bráðabirgða XXII í tekjuskattslögunum. Á móti kemur hækkun á persónuafslættinum í 530.446 kr., sbr. a-lið 15. gr. frumvarpsins.

Í máli umsagnaraðila komu fram skiptar skoðanir um upptöku þrepaskipts tekjuskattskerfis. Fögnuðu m.a. Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eflingu á jöfnunarhlutverki og uppbyggingu á réttlátara skattkerfi. Aftur á móti var einnig varað við flækjustigi þessara tillagna sem mundi leiða til mikilla eftirágreiðslna, innheimtuhlutfall mundi lækka og sú skylda að launamaður skuli tilkynna atvinnurekanda hvaða skatthlutfalli hann tilheyrði væri erfiðleikum bundin og í sumum tilfellum ómöguleg. Enn fremur var bent á að hin fulla samsköttun á tekjur samskattaðra aðila yrði rofin en bætur yrðu eftir sem áður miðaðar við samanlagðar tekjur.

Töluverðar athugasemdir voru gerðar við afnám vísitölubindingar persónuafsláttar við neysluverð og á það bent að kaupmáttur almenns launafólks hefði lækkað í kjölfar verðbólgu. Enn fremur var því haldið fram að hækkun tekna þeirra hefði að óbreyttum lögum orðið meiri enda væri í frumvarpinu fallið frá hækkun persónuafsláttarins árin 2010 og 2011 samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í tekjuskattslögum. Á móti var bent á að hækkun persónuafsláttar kæmi öllum launamönnum jafnt til góða, óháð efnahag, en ekki aðeins þeim tekjulægstu og að þrepaskiptur tekjuskattur væri betra tæki til tekjudreifingar.

Meiri hlutinn fellst á þessi sjónarmið og leggur jafnframt til að skatthlutfall þrepa verði tengt við launavísitölu en þó einungis til hækkunar.

Meiri hlutinn gerir enn fremur breytingu sem ætlað er að koma til móts við þá samskattuðu aðila sem mögulega eiga rétt á millifærslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. tekjuskattslaga þannig að heimilt verði að endurgreiða ofgreidda staðgreiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fyrir álagningu opinberra gjalda. Gert er ráð fyrir að heimild til endurgreiðslu verði bundin við tiltekið lágmark og hámark og er það gert í varúðarskyni þar sem við framtalsgerð og álagningu koma oft á tíðum fram skattskyldar tekjur sem eru undanþegnar staðgreiðslu. Jafnframt er gert ráð fyrir að réttur til endurskoðunar verði ekki virkur fyrr en á síðasta ársfjórðungi staðgreiðsluársins þegar ljóst þykir að sameiginlegar tekjur samskattaðra aðila muni verða innan viðmiðunarmarka og er það í samræmi við gildandi framkvæmd.

Afnám sjómannaafsláttar í áföngum.

Í 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um afnám sjómannaafsláttar. Er lagt til að hann fari stiglækkandi á næstu árum og verði síðast veittur við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013. Í athugasemdum með frumvarpinu eru færð þau rök að sjómenn búi við aðrar aðstæður en áður og að mikilvægt sé að tryggja jafna stöðu atvinnugreina.

Á fundum nefndarinnar kom fram mikil andstaða af hálfu aðila sjávarútvegarins sem telja rökin fyrir sjómannaafslættinum enn vera í fullu gildi vegna erfiðra vinnuaðstæðna til sjós og langrar fjarveru frá heimili. Jafnframt kæmi afnám fullrar samsköttunar á tekjur samsköttunaraðila sér einkar illa fyrir sjómannsfjölskyldur þar sem annar aðilinn hefði ekki kost á öðru en að vera heimavinnandi. Rétt er að benda á að fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna eru tilbúnir til viðræðna við stjórnvöld um upptöku annars konar fyrirkomulags og var í því sambandi rætt um dagpeningagreiðslur sem ýmsar starfsstéttir njóta.

Tryggingagjald.

Í 39. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sá hluti tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði hækkað um 1,6% svo að hægt sé að mæta auknum útgjöldum sjóðsins. Gjald þetta hefur verið breytilegt og tekið mið af atvinnuástandi í landinu. Einnig er ljóst að auka þarf tekjur sjóðsins vegna áætlaðs viðvarandi atvinnuleysis næstu árin.

Sumir telja að hækkun tryggingagjalds sé skaðlegt fyrir atvinnustig vegna fyrirsjáanlega aukins kostnaðar launagreiðenda. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins gerðu hins vegar ekki athugasemdir við þessa hækkun heldur vísuðu til stöðugleikasáttmálans og töldu að hækkunina mætti leiða af lögum um tryggingagjald.

Tekjuskattur lögaðila.

Kveðið er á um hækkun tekjuskatts á lögaðila í a- og b-lið 18. gr. frumvarpsins. Er lagt til að tekjuskattur skattskyldra aðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., þ.m.t. hlutafélög og einkahlutafélög, hækki úr 15% í 18%. Jafnframt er mælt fyrir um að skattskyldir aðilar skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 5. gr., þ.m.t. samlagsfélög og sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila o.fl., greiði 32,7% tekjuskatt í stað 23,5% líkt og nú.

Fram kom í sameiginlegri umsögn Samtaka atvinnulífisins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka fjármálafyritækja, Landssambands íslenskra útvegsmanna o.fl. gagnrýni á fyrrgreinda breytingu og telja þeir hana raska samhengi á milli nafnhlutfalla hinna ólíku rekstrarforma. Þá var athygli vakin á því að tekjuskattur lögaðila væri almennt kvikur skattstofn en meiri hlutinn fellst ekki á það sjónarmið að með hækkun tekjuskattsprósentu um 3% sé höggvið nærri þeim mörkum í alþjóðlegu tilliti.

Skattlagning gengishagnaðar af innlánsreikningum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting er varðar það hvernig reikna skuli gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Í athugasemdum er tekið fram að ekki sé um að ræða efnisbreytingu heldur aðeins umorðun á greininni. Á fundum nefndarinnar komu hins vegar fram athugasemdir um að gildandi regla væri óframkvæmanleg.

Fulltrúar ríkisskattstjóra viðurkenndu að misbrestur hefði verið á að þessi tegund gengishagnaðar væri talin fram í framkvæmd. Í ljósi lagaskyldu fjármálafyrirtækja um að veita embættinu upplýsingar um innstæður á bankareikningum og áforma í 35. gr. frumvarpsins um að telja innleystan gengishagnað til staðgreiðsluskyldra vaxtatekna mætti þó búast við að þetta stæði til bóta auk þess sem fyrirtækin hefðu yfir að ráða fullkominni tölvutækni til

að halda utan um inn- og útborganir á innlánsreikningum. Aftur á móti var fallist á athugasemdir um að erfitt væri í framkvæmd að finna tækt viðmið til útreiknings á gengishagnaði

Að fengnum ábendingum ríkisskattstjóra og að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti leggur meiri hlutinn til að gengishagnaður verði skattlagður á þeim tímapunkti sem hann verður til óháð úttekt eða innlausn svo sem gert er hjá rekstraraðilum. Tekin verður þannig upphafsstaða innlánsreiknings í ársbyrjun 2010 eða við innlögn á því ári og umreiknuð í íslenskar krónur og lokastaða í árslok, eða við úttekt innan ársins, og umreiknuð í íslenskar krónur. Jákvæður mismunur þessara fjárhæða í íslenskum krónum telst skattskyldar tekjur.

Meiri hlutinn leggur til að breytingin komi til framkvæmda við staðgreiðslu árið 2010 og að þess verði gætt að henni verði ekki beitt með afturvirkum hætti, þ.e. um gengishagnað sem er áfallinn til og með 31. desember 2009.

Fjármagnstekjuskattur einstaklinga.

Í frumvarpinu er lagt til að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skuli hækka úr 10% í 18%, sbr. b-lið 14. gr.

Á fundum nefndarinnar kom fram sú gagnrýni að vextir hefðu undanfarið ekki haldið í við verðlagsþróun og að áhrif hækkunar skattsins gætu haft verulega neikvæð áhrif á sparnað. Aðrir bentu á að misræmi væri til staðar í skattlagningu fjármagnstekna og launatekna og væri eðlilegt að draga úr þeim mun.

Auðlegðarskattur.

Í 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um upptöku auðlegðarskatts. Er um að ræða tímabundinn 1,25% skatt á eignir manna að frádregnum skuldum sem eru yfir 90 millj. kr. hjá einstaklingum en 120 millj. kr. hjá samsköttunaraðilum. Lagt er til að skatturinn verði lagður á við álagningu 2010, 2011 og 2012. Við ákvörðun skattlagningarstofns hlutabréfa er lagt til að reynt verði að taka mið af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Gerður er greinarmunur á því, við mat á skattlagningarstofninum, hvort hlutabréfaeignin sé í félagi sem er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði eða ekki. Sé hlutafélagið skráð skal miða við markaðsverðmæti í lok viðmiðunarárs en ef hlutafélagið er ekki skráð skal miða við hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags. Ákvæðið gerir enn fremur ráð fyrir því að allir framteljendur geri grein fyrir eign sinni í hlutafélögum og einkahlutafélögum með þessum hætti.

Á fundum nefndarinnar hefur komið fram mikil gagnrýni á áður nefnt ákvæði og framkvæmd þess, til að mynda í máli fulltrúa endurskoðendafyrirtækja sem benda á að einstaklinga skorti fullnægjandi forsendur til að meta raunvirði félaga sem þeir eiga eignarhluti í.

Meiri hlutinn telur rétt, með tilliti til framkominnar gagnrýni, að leggja til breytingar á greininni. Með þeirri tillögu sem hér er sett fram er lagt til að lögaðilum sem eiga hlut í öðrum félögum verði gert að telja þann eignarhlut sinn fram miðað við raunvirði annaðhvort miðað við markaðsvirði ef um félög er að ræða sem skráð eru á opinberum hlutabréfamarkaði eða hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé. Með þessari breytingu verður framtal manna bæði einfaldara og réttara enda verður þá búið að taka tillit til raunvirðis eignarhluta félags í öðrum félögum. Mönnum er síðan gert að telja fram eignarhlut sinn í félögum í samræmi við framanritað.

Álagning opinberra gjalda á menn fer fram í lok júlí ár hvert en á lögaðila í lok október. Raunvirði eignarhluta í félögum liggur þannig oft ekki fyrir þegar framtalsfresti manna lýkur. Við frumálagningu verður því einungis unnt að ákvarða skattstofn á grundvelli nafn- eða stofnverðs eignarhluta í félögum. Af þeim sökum er lagt til að mönnum verði gert að telja

þann hluta eigna sinna í félögum sem er umfram nafnvirði eða stofnverð fram í skattframtölum 2011, 2012 og 2013 vegna eignarhluta í árslok 2009, 2010 og 2011. Auðlegðarskattsstofn verður þannig endurákvarðaður og auðlegðarskattur endurreiknaður sérstaklega samhliða almennri álagningu skattsins vegna næstliðins árs, að teknu tilliti til raunvirðis eignarhluta í félögum og viðmiðunarmarka. Með þessu móti getur komið til þess að auðlegðarskattur ákvarðist í álagningu 2013 vegna eignar í árslok 2011.

2. Rekstrarumhverfi fyrirtækja og fleira.

Skattlagning arðs sem launatekna.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þegar heimil úthlutuð arðgreiðsla fari yfir tiltekin mörk skuli tilgreindir skattaðilar reikna sér til tekna sem laun 50% af þeim arði sem umfram er. Nánar tiltekið er átt við það þegar arðsúthlutun fer yfir 20% af skattalega bókfærðu eigin fé og móttakanda arðsins ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald. Ákvæðinu er ætlað að koma á meiri festu í framkvæmd reglna um reiknað endurgjald og bæta um leið sveitarfélögum tekjumissi sem þau hafa orðið fyrir á liðnum árum vegna yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélagaformið.

Í minnisblaði ríkisskattstjóra sem sent var nefndinni í tilefni af athugasemdum umsagnaraðila kemur fram að með hugtakinu skattalega bókfærðu eigin fé sé átt við það eigið fé sem fram kemur í skattframtali, þ.e. mismunur á eignum og skuldum. Einnig kemur fram að í skattframkvæmd liggi fyrir ítarlegar upplýsingar um það hverjum beri að reikna sér endurgjald. Meiri hlutinn fellst á sjónarmið skattyfirvalda sem telja að ákvæðið sé vel framkvæmanlegt og til þess fallið að stemma stigu við misnotkun einkahlutafélagaformsins. Meiri hlutinn er heldur ekki sammála athugasemdum um að ákvæðið vinni óeðlilega gegn uppsöfnun eigin fjár í slíkum félögum.

Skattlagning afleiðna.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sérregla um skattalega meðferð afleiðusamninga verði afnumin, en hún gildir aðeins um afmarkaðan þátt afleiðuviðskipta, sbr. álit efnahags- og skattanefndar við afgreiðslu laga nr. 38/2008. Af hálfu ríkisskattstjóra hefur verið lögð áhersla á að samræmi sé í skattlagningu afleiðna óháð undirliggjandi verðmætum en aðrir hafa lagt áherslu á að umræddri afmörkun verði viðhaldið. Meiri hlutinn fellst á sjónarmið ríkisskattstjóra og leggur til að sams konar orðalag og í 4. gr. frumvarpsins falli brott úr 9. tölul. a 31. gr. laganna.

Skattlagning lífeyrisgreiðslna.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ef mótframlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda fer yfir 2 millj. kr. á ári skuli það sem umfram er teljast launþega til tekna, þó ekki lægri fjárhæð en kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags kveða á um. Gildir einu hvort launagreiðandi greiðir til öflunar skyldubundinna réttinda eða séreignar. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda gildandi ákvæði 5. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna með því að miða við tiltekna fjárhæð. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að viðmiðunarfjárhæðin sé það rúm að hún snerti ekki við eðlilegum greiðslum af þessu tagi. Þá kemur fram í umsögn ríkisskattstjóra að gildandi viðmið hafi ekki verið nægjanlega virkt í skattframkvæmd vegna þess hve flókið það er. Þannig hafa launþegar komist upp með að semja um há mótframlög úr hendi vinnuveitenda án þess að það reiknist þeim til tekna.

Á fundum nefndarinnar kom fram töluverð gagnrýni á þessa breytingu. Var bent á að greinin viðhéldi ákveðinni mismunun á skattlagningu mótframlags eftir því hvort einstakling-

ar byggðu laun sín á kjarasamningum eða einstaklingsbundnum ráðningarkjörum. Þannig þurfi tekjuháar starfsstéttir, sem byggja laun sín á kjarasamningum, ekki að sæta skattlagningu mótframlags á meðan aðrir einstaklingar, oft með nokkuð lægri tekjur, sæti skattlagningu. Jafnframt var bent á að breytingin gæti leitt til þess að þeir aðilar sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóð eða hafa stutta starfsævi hafi ekki færi á að afla sér sambærilegra lífeyrisréttinda og aðrir. Einnig þyrftu þeir einstaklingar sem standa utan kjarasamninga og fá greitt yfir 2 millj. kr. í mótframlag á ári að sæta tvísköttun á hluta mótframlags síns.

Meiri hlutinn telur rétt að koma til móts við framangreinda gagnrýni og leggur til að mótframlag launagreiðanda teljist til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.

Frádráttarbærni arðs og hagnaðar á milli félaga.

Í b- og c-lið 7. gr. frumvarpsins eru lögð til frekari skilyrði fyrir frádrætti arðs og söluhagnaðar félaga. Hvað arðinn varðar bætast við tvö ný, annars vegar að frádráttur skuli því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað og hins vegar að móttakandi arðs eigi í lok árs sem arður er greiddur a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn. Hvað söluhagnað hlutabréfa varðar er nú þegar í lögunum skilyrði um að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað en með frumvarpinu er bætt við samhljóða skilyrði varðandi 10% hlut í viðkomandi lögaðila.

Í athugasemdum frumvarpsins er tillaga þessi rökstudd með vísan til þess að verið sé að gæta samræmis við reglur ESB um móður- og dótturfélög. Sætti sá rökstuðningur gagnrýni af hálfu Samtaka atvinnulífsins og fleiri umsagnaraðila sem jafnframt bentu á að tillagan væri til þess fallin að takmarka dreifða eignaraðild í félögum. Meiri hlutinn bendir á að skattfrelsi arðs og söluhagnaðar í höndum félaga er ekki óumdeild ráðstöfun og vísar í því sambandi til umsagna sem fram komu við meðferð laga nr. 38/2008.

Meiri hlutinn leggur til að gildistöku 1. efnismálsl. b-liðar og efnismálsliðar c-liðar 7. gr. verði frestað til 1. janúar 2011.

Skuldsettar yfirtökur.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að vextir af skuldum, sem stofnað er til í þeim tilgangi að yfirtaka fyrirtæki með þeim hætti að fyrirtækin sjálf fjármagni kaup hluthafanna eða beinar úttektir þeirra úr fyrirtækjunum, séu ekki frádráttarbærir frá tekjum. Í athugasemdum frumvarpsins er útskýrt hvers vegna skattyfirvöld álíta þessa reglu vera hluta gildandi réttar. Athygli nefndarinnar hefur einnig verið vakin á því að yfirvöldin hafa nú þegar til meðferðar mál þar sem tekist er á um tilvist reglunnar. Eins og hér háttar til telur meiri hlutinn, að gættum sjónarmiðum um afturvirkni, eðlilegra að viðeigandi úrskurðaraðilar skeri úr þessu. Leggur meiri hlutinn því til að 8. gr. frumvarpsins falli brott.

Meiri hlutinn bendir á að komið hafa fram sjónarmið þess efnis að reglur um þunna eiginfjármögnun vanti hér á landi og bent hefur verið á að endurskoða þurfi m.a. ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Einnig kann innleiðing slíkra reglna að kalla á breytingar á tekjuskattslögum.

Tekjudreifing – eigin atvinnurekstur.

Í 12. gr. frumvarpsins eru lögð til sú breyting að afnema heimild þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu til að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%. Í athugasemdum

kemur fram að ákvæðið sé barn síns tíma og taki til fárra einstaklinga og seldrar þjónustu í þröngum skilningi. Það hafi því falið í sér ákveðna mismunun.

Á fundi nefndarinnar voru gerðar athugasemdir við brottfall þessarar heimildar. Um mikilvæga heimild sé að ræða, sér í lagi nú þegar erfitt getur verið að fá greiddar útistandandi kröfur. Eins þykir rökstuðningurinn fyrir afnámi heimildarinnar, þ.e. að um eins konar sérreglu sé að ræða, skjóta skökku við þar sem eftir stendur mun þrengri regla sem heimilar tekjudreifingu milli ára hjá þeim sem selja eigin verk.

Takmörkuð skattskylda.

Í 17. gr. frumvarpsins eru skýrð tengsl 70. gr. tekjuskattslaga við 3. gr. laganna sem varða skatthlutfall aðila með takmarkaða skattskyldu. Var það almennt mat gesta sem nefndin ræddi við að breytingin væri til mikillar einföldunar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ögmundur Jónasson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	

529. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, LMós, MSch, ÖJ, SII).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Gengishagnað af hvers konar innlánsreikningum í erlendri mynt á því ári sem gengisbreyting á sér stað skal færa til tekna og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok eða á úttektardegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 1. mgr. 5. tölul. orðast svo: Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.
   b. 2.–3. mgr. 5. tölul. falla brott.
3. Við 7. gr. bætist nýr liður er verði c-liður, svohljóðandi: Orðin „og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 9. tölul. a falla brott.
4. 8. gr. falli brott.
5. Við 13. gr.
   a. Við bætist nýr stafliður er verði b-liður, svohljóðandi: 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
   b. Lokamálsliður b-liðar falli brott.
6. Við 14. gr. Við a-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns skv. 1.–4. tölul. skulu taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils. Breytingarnar á framangreindum viðmiðunarmörkum skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs í fyrsta sinn í árslok 2010.
7. Við d-lið 25. gr. (XXXIII).
   a. Í stað „og 2012“ í 1. málsl. komi: 2012 og 2013.
   b. B-liður orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.
      Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa stafliðar. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð skal telja fram í skattframtali 2011, 2012 og 2013.
   c. Við h-lið bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Auðlegðarskattsstofn vegna áranna 2009, 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar skv. b-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. málsl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013.
8. Við 29. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Það sama á við þegar sýnt þykir að heildarárstekjur samskattaðs aðila muni nema lægri fjárhæð en 7.800.000 kr. Þá skal heimilt að taka tillit til ákvæða 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og endurreikna þá staðgreiðslu sem innt hefur verið af hendi. Þó skal slík endurgreiðsla aldrei nema lægri fjárhæð en 50.000 kr. eða hærri fjárhæð en 100.000 kr.

9. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn í árslok af reikningum í innlánsstofnunum. Sama á við um gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu, sbr. þó 3. og 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr.
10. Á eftir 39. gr. (er verði 38. gr.) komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (39. gr.)
      Í stað hlutfallstölunnar „0,25%“ í 18. gr. laganna kemur: 0,325%.
   b. (40. gr.)
      Við 22. gr. laganna bætist: og meðferð framlagsins í uppgjöri sjóðanna.
11. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr., a-liður 7. gr., 8.–9. gr., 18.–20. gr., 24. gr. og a-liður 32. gr. öðlast þegar gildi.
   2.–6. gr., 2. efnismálsl. b-liðar og c-liður 7. gr., 10.–12. gr., 1.–4. tölul. a-liðar og b- og c-liður 13. gr., 14.–17. gr., 21.–23. gr., 25.–31. gr., b-liður 32. gr. og 33.–40. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.
   1. efnismálsl. b-liðar og d-liður 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012.
   5. tölul. a-liðar 13. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda á staðgreiðsluárinu 2011 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2012.

530. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu er ríkisstjórnin að leggja til grundvallarbreytingar á íslensku skattkerfi. Nái þær fram að ganga óbreyttar verður það mesta breyting sem orðið hefur á skattkerfinu í áratugi. Fyrirvarinn við breytinguna er sex virkir dagar sem er algjörlega óviðunandi að mati 1. minni hluta. Breytingarnar sem boðaðar eru fela í sér mikla afturför og óvissu í skattframkvæmd og ekki liggur fyrir hverju þær munu skila í auknum tekjum til ríkissjóðs.

Í kjölfar hrunsins skruppu skattstofnar ríkisins gríðarlega saman vegna lækkunar launa, minni hagnaðar, eignahruns, samdráttar í fjárfestingu og minni neyslu. Á sama tíma jukust útgjöld ríkisins vegna kostnaðar við hrunið, aukins atvinnuleysis og aukins vaxtakostnaðar. Augljóst er að til margvíslegra aðgerða þarf að grípa til að leiðrétta þessa stöðu. Ríkisstjórnin hefur kosið þá leið að skera niður útgjöld og hækka skatta.

Staðan í ríkisfjármálum.

Í samstarfsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda frá því í nóvember 2008 er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 150 milljarða kr. halla á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður á árinu 2011 og tekjujöfnuður verði jákvæður árið 2013. Nú liggur fyrir að halli ársins 2009 er mun meiri en gert er ráð fyrir í samstarfsáætlun sjóðsins og stjórnvalda. Þannig er nú gert ráð fyrir að hallinn á þjóðhagsgrunni verði 253 milljarðar kr. á árinu. Stafar hækkunin af því að stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að framfylgja fjárlögum ársins af nægjanlegri festu eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á. Þá eru verðbætur á lán ríkisins hjá Seðlabanka miklar, um 23 milljarðar kr., og áfallnir vextir af Icesave-lánunum um 40 milljarðar kr., auk gengishækkunar sem nemur um 100 milljörðum kr. Agaleysi við framkvæmd fjárlaga hefur því myndað 40 milljarða kr. umframhalla á tekjugrunni.

Ríkisstjórnin hefur kosið að mæta verkefninu með því að hækka þá skatta sem fyrir eru og kynna til sögunnar nýja, svo sem umhverfis- og auðlindaskatta. Þá eru jafnframt í frumvarpi um tekjuöflun ríkisins lagðar til mjög viðamiklar breytingar á tekjuskattskerfinu, bæði því sem snýr að fyrirtækjum og heimilum. Þá er áður aflagður skattur, eignarskattur, endurvakinn og nefndur auðlegðarskattur og sjómannaafslátturinn felldur niður á fjórum árum.

Þjóðhagsforsendur.

Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarpsins, eins og þær birtast í fyrri hluta þess, eru óraunhæfar enda voru þær settar fram áður en fyrir lá hvernig tekjuöflun ríkisins yrði endanlega háttað og vekur það furðu 1. minni hluta. Gert er ráð fyrir að eftirspurn muni dragast verulega saman á næsta ári. Þó er því spáð að einkaneysla dragast einungis saman um 6,1%, þrátt fyrir að ráðstöfunartekjur á mann muni dragast saman um 7% og kaupmáttur um 11,4%. Þá er gert ráð fyrir að samneysla muni dragast saman um 3,6%. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að fjárfesting muni vaxa um 4,8%, en sú spá virðist ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum eins og hann lítur út um þessar mundir. Þá er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld muni dragast saman um 3%.

Gert er ráð fyrir því að beinir og óbeinir skattar muni hækka um rúma 44 milljarða kr. á næsta ári og telur 1. minni hluti ljóst að það muni hafa neikvæðari eftirspurnaráhrif en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu vegna eðlis þeirra skatta sem lagðir verða á ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Samdráttur í eftirspurn mun minnka skattstofna. Því er það álit 1. minni hluta að forsendur tekjuhlutans séu byggðar á afar ótraustum grunni og tekjur muni aukast minna en að er stefnt.

Skattlagning atvinnu.

Fyrsti minni hluti áréttar að í eðli sínu er tryggingagjald skattur á atvinnu þar sem hann leggst á laun allra starfsmanna. Sú mikla hækkun sem boðuð er á tryggingagjaldi veldur því að dýrara verður fyrir fyrirtæki að hafa fólk í vinnu sem leiðir til þess að minna verður ráðið af fólki og meiri hætta er á uppsögnum. Hjá illa stöddum fyrirtækjum kann þessi skattahækkun að verða kornið sem fyllir mælinn. Enn fremur eru margvíslegir skattar á áhættufé hækkaðir. Áhættufé er nauðsynlegt fyrir nýsköpun og fjárfestingar í atvinnulífi og mikilvægt að standa vörð um það, sérstaklega þegar lánardrottnar eru áhættufælnir eins og nú um stundir vegna hrunsins, en talið er að allt að 70 þúsund manns á öllum aldri hafi tapað um 5 millj. kr. hver að meðaltali. Mikilvægt er að skapa aftur traust á áhættufé þannig að fjárfesting örvist og störf skapist.

Aðgangur fyrirtækja að áhættufé er forsenda þess að ný störf skapist. Að mati 1. minni hluta beinast frumvörpin, að því er virðist, gegn tilkomu nýrra starfa þótt það hafi eflaust ekki verið tilgangurinn. Þetta gæti aukið atvinnuleysi sem aftur skaðar afkomu ríkissjóðs því að sérhver maður sem missir starf sitt breytist úr skattgreiðanda í bótaþega – tekjur ríkissjóðs minnka og gjöld hækka. Hvert starf sem glatast mun auka hallann um 4 millj. kr. Þá leiða nýir skattar á kolefni og orku til aukins kostnaðar fyrir heimili og fyrirtæki sem kemur fram í minni eftirspurn og rýrnandi skattstofnum, auk þess sem tilviljanakennd og fyrirvaralaus upptaka skattanna kann að skaða ímynd Íslands sem lands með stöðugt stjórnarfar.

Flækjustig.

Fyrsti minni hluti geldur varhug við því flækjustigi sem fjölþrepaskattkerfi hefur í för með sér. Nái breytingar frumvarpsins fram að ganga er ljóst að staðgreiðsluframkvæmd mun verða flóknari og ónákvæmari. Sér í lagi þegar það verður jafnframt á ábyrgð launþega að upplýsa atvinnurekanda um það í hvaða skattþrepi hann skuli skattlagður. Fyrir hinn almenna launþega getur verið erfitt að átta sig á hvaða skatta hann skuli raunverulega greiða, enda eru heimilar ákveðnar tilfærslur á milli skattþrepa. Enn fremur bendir 1. minni hluti á að fyrirsjáanlegt er að staðgreiðsluskil versni og að eftirágreiðslur aukist mikið.

Önnur leið.

Á heildina litið virðast forsendur tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins óraunhæfar enda voru þær gefnar áður en fyrir lá hvernig skattheimtu yrði háttað á næsta ári. Telur 1. minni hluti slík vinnubrögð bæði ófagleg og furðuleg í meira lagi.

Nú liggja fyrir frumvörp ríkisstjórnarinnar um hvernig skattheimtu verður háttað á næsta ári. Tillögurnar setja allar forsendur sem gefnar eru í fjárlagafrumvarpi í algjört uppnám. 1. minni hluti efnahags- og skattanefndar gerir það því að tillögu sinni að þjóðhagsspá sem myndar grunninn að tekjuáætlun ríkissjóðs verði endurgerð með nýjar forsendur um skattlagningu að leiðarljósi. Jafnframt bendir 1. minni hluti fjárlaganefndar á að breytingar á skattlagningu séreignarsparnaðar, sbr. þskj. 255, 230. mál, getur frestað og komið í veg fyrir boðaðar skattahækkanir. Þá gæfist betra tóm til að vinna að tillögunum en hraðinn á þessum flóknu skattabreytingum er hættulega mikill. Skattlagning séreignarsparnaðar snýr eingöngu að mjög fáum skattgreiðendum og er vel afmörkuð og einföld. Mundi sú ráðstöfun leiða til mun minni eftirspurnaráhrifa en boðuð leið ríkisstjórnarinnar og um leið tryggari skattgrunna og raunhæfari fjárlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Í meginatriðum má skipta frumvarpinu í breytingar á skattkerfinu sem snúa að fyrirtækjum, sbr. 3.–11. gr. og 39. gr., og breytingar sem snúa að heimilum, sbr. 2. gr. og 12.–38. gr. Nú verður fjallað um hverja grein fyrir sig og síðan almennt um frumvarpið.

Gengishagnaður innlánsreikninga.

Í 2. gr. er lögð til breyting á 8. gr. tekjuskattslaganna að því er varðar skattlagningu gengishagnaðar af innlánsreikningum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að verið sé að kveða skýrar að orði án þess að um efnisbreytingu sé að ræða. Það orðalag sem lagt er til í frumvarpinu er, að mati 1. minni hluta, hins vegar ekki skýrt og tæpast til bóta. Á sínum tíma, þegar þetta ákvæði var sett inn í tekjuskattslögin, var Seðlabanka Íslands falið að gera tillögu að framkvæmd greinarinnar. Það er skemmst frá því að segja að eftir 13 ára vinnu

Seðlabankans hafa reglurnar ekki litið dagsins ljós. Skýringin á þessum drætti er að svo til ómögulegt er að reikna gengishagnað af úttekt af bankareikningi hjá einstaklingum.

Fyrsti minni hluti bendir á að hægt er að reikna gengishagnað af viðskiptum einstaklinga með hvers konar verðbréf (skráð sem óskráð) og afleiðusamninga, en hið sama á ekki við um bankareikninga. Bankareikningar eru ekki verðbréf. Innstæður bankareikninga eru í raun annað form á peningum, að því frátöldu að innlánseigandi tekur kreditáhættu á innlánsstofnun þá sem hann ávaxtar fjármuni sína hjá. Þegar fólk tekur peninga út af bankareikningi, er það einfaldlega að breyta formi peningaeignar úr innláni í seðla eða tékka. Það myndast enginn gengishagnaður við þá aðgerð.

Þeir sem komnir eru á miðjan aldur hafa margir átt bankareikninga í erlendum gjaldeyri í nokkra áratugi, innan lands og utan. Á þeim tíma hafa hundruð eða jafnvel þúsundir inn og útfærslur átt sér stað. 1. minni hluti spyr af hvaða stofni eigi að reikna áfallinn gengishagnað? Er ætlunin að fólk haldi nákvæmt bókhald um allar inn- og útfærslur í fjölda áratuga og skrái samtímis gengi viðkomandi gjaldmiðils miðað við íslensku krónuna til þess að geta reiknað út vegið verðmæti viðkomandi bankareikninga í hvert sinn sem það hreyfir innstæðu?

Fyrsti minni hluti leggur til að þetta ákvæði verði fellt út úr frumvarpinu þar sem það er nær óframkvæmanlegt.

Skattur af arðgreiðslum.

Í 3. gr. er lögð til breyting á skattlagningu manna við tilteknar aðstæður. Nánar tiltekið af arðgreiðslum sem þeir fá á grundvelli hlutareignar sinnar í félögum með takmarkaðri ábyrgð. Þetta ákvæði er ekki nægilega skýrt að mati 1. minni hluta. Það er nokkuð ljóst að ætlunin er að koma því svo við að þeir sem þiggja laun hjá eigin fyrirtækjum komist ekki undan því að greiða fullan skatt af vinnuframlagi sínu. Ekki er hægt að gera athugasemd við það markmið. Það þarf hins vegar að vera mun skýrar að aðrir eigendur hlutafjár séu ekki settir í sömu stöðu, þ.e. að þeir sem fjárfesta í hlutafélagi, en starfa ekki hjá því, séu ekki skattlagðir umfram fjármagnstekjuskatt.

Aðstæður þær sem breyttri skattlagningu er ætlað að taka til eru tvíþættar. Annars vegar þær að félag úthlutar arði til eigenda sem er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félags og hins vegar þær að hluthafi sem arðinn fær starfar fyrir félag og ber þess vegna að reikna sér endurgjald fyrir vinnuframlag sitt. Breytingin felst í að við þessar aðstæður skuli helmingur arðsins skattlagður sem launatekjur og helmingur sem tekjur af arði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun í skattframkvæmd enn frekar reyna á hið óljósa hugtak „ráðandi aðili“ en gert hefur hingað til. Telur 1. minni hluti að nær væri að kveða skýrar á um hverjir skuli reikna sér endurgjald. Þá er í tillögunni ekkert horft til þess hvað það var sem skapaði hagnað til arðsúthlutunar né á hve löngum tíma eigið fé félags hefur byggst upp. Sem dæmi gæti hagnaður verið kominn til vegna söluhagnaðar á atvinnuhúsnæði. Í ákvæðinu felst að þyngri álögur verða lagðar á aðila sem hafa byggt upp fyrirtæki sitt með eigin fé en ekki lánsfé og fer það augljóslega gegn mikilvægum jafnræðissjónarmiðum.

Með hliðsjón af framangreindu leggst 1. minni hluti gegn þessu ákvæði og mælir með því að reglur um reiknað endurgjald verði fremur endurskoðaðar.

Afleiðusamningar með hlutabréf.

Í 4. gr. er lagt til að orðin „og afleiðusamningar sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðbréf eru eingöngu hlutabréf“ verði felld brott. Til að varðveita hagkvæmni er mikilvægt að hlutabréf og hvers konar afleiður af þeim verði skatt-

lögð með sama hætti. Að öðrum kosti er skilvirkni og uppbyggingu markaða með hlutabréfa-afleiður stefnt í voða að mati 1. minni hluta.

Skattlagning lífeyrisréttinda.

Með 5. gr. er lagt til að framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda umfram 2 millj. kr. verði skattlagt sem tekjur en þó ekki ef framlagið er samkvæmt kjarasamningi. Við þessa grein gerir 1. minni hluti tvær athugasemdir. Fyrir einstakling með 1 millj. kr. í mánaðarlaun jafngildir þetta 16,7% lífeyrissjóðsframlagi launagreiðanda. Það er ekki nægilega mikið til þess að einstaklingur með stutta starfsævi geti byggt upp viðeigandi lífeyri. Þá kveður frumvarpið á um að mismuna skuli fólki eftir því hvort það á aðild að stéttarfélagi og þiggur laun samkvæmt kjarasamningum eða semji sjálft um laun sín. Ekki er ólíklegt að slíkt brjóti í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og að hér geti orðið um tvísköttun á lífeyrisframlagi að ræða.

Fyrsti minni hluti leggur til að í stað 2 millj. kr. hámarks verði hámarkið 2 millj. kr., eftir að lögbundið lágmarksframlag, nú 12%, hefur verið greitt. Þá er lagt til að í stað kjarasamnings verði miðað við ráðningarsamning.

Frádráttarbærni arðs.

Í 7. gr. er lagt til að heimild félaga til þess að færa frádrátt, sem nemur fengnum arði og hagnaði af sölu hlutabréfa, verði takmörkuð við að félag eigi minnst 10% í félagi sem arðinn greiðir. Í athugasemdum er tillagan sögð vera samræming við tilskipun 90/435/EBE um móður- og dótturfélög frá Evrópusambandinu. Skilyrðið um 10% eignarhald er lágmark sem ríki EES verða að undanþiggja hvað varðar arð ef um 10% eignarhald er að ræða. Samkvæmt sömu tilskipun er óheimilt að takmarka frádrátt með því að ganga fyrst á yfirfæranlegt tap félags.

Áréttar 1. minni hluti að þessi breyting mun hafa neikvæð áhrif á uppbyggingu efnahagslífs landsins auk þess sem hún mun að öllum líkindum skila ríkissjóði óverulegum viðbótartekjum, nema ef til vill fyrsta árið. Með því að innheimta skatt af tekjum af arði og gengishagnaði af sölu hlutabréfa í eigu hlutafélaga er gerð tilraun til þess að tvískattleggja þessar tekjur: fyrst þegar viðkomandi hlutafélag greiðir skatt af tekjum og síðan þegar þessi hagnaður er greiddur til eigenda félagsins í formi arðs. Afleiðingin verður sú að menn munu leysa upp íslensk eignarhalds- og fjárfestingarfélög eða flytja fjárfestingar sínar úr landi. Þessu fylgir viðskiptakostnaður sem myndar engan virðisauka fyrir samfélagið og hefur því neikvæð efnahagsleg áhrif. Þá heftir ákvæðið dreifða eignaraðild ef það nær fram að ganga.

Frádráttarbærni vaxtagjalda við skuldsettar yfirtökur.

Með ákvæði 8. gr. er lagt til að við samruna félaga falli niður réttur sameinaðs félags til þess að telja til frádráttarbærra gjalda vexti af lánum sem sameinað félag hefur tekið til fjármögnunar kaupa á hlutum í félagi sem sameinast er.

Sé ætlunin að stuðla að takmörkun á hversu mikið af vaxtagjöldum fyrirtækja sé hægt að draga frá skattskyldum rekstrartekjum með það að markmiði að draga úr hvata fyrirtækja til þess að fjármagna sig um of með lánsfé í stað eigin fjár þá er sú leið sem lagt er til að fara illa til þess fallin að mati 1. minni hluta. Verði tillagan að lögum er líklegt að hún verði erfið í framkvæmd. Hún mun skila litlum tekjum fyrir ríkissjóð en efnahagslegt tjón af henni kann að verða þónokkuð. Áréttar 1. minni hluti að það væri mun æskilegra að vinna faglega úttekt á því hvort æskilegt sé að innleiða takmarkanir á hlutfalli lánsfjár í fjármögnun fyrirtækja við útreikning á heimild til frádráttar á skattskyldum rekstrartekjum (e. thin capitalisation rules),

líkt og tíðkast í ýmsum löndum. Verði niðurstaðan sú að slíkt sé æskilegt væri eðlilegt að leggja í kjölfarið fram vandað frumvarp þess efnis fremur en að samþykkja illa ígrundaða og mögu

Þrepaskipt skattkerfi einstaklinga.

Í 14. gr. er lögð til umbylting á núverandi tekjuskattskerfi einstaklinga. Lagt er til að innleitt verði þrepaskipt skattkerfi og að horfið verið frá samsköttun hjóna að nokkru leyti. Ljóst er að þessi ráðstöfun gerir skattkerfið flókið og alla skattframkvæmd erfiðari og kostnaðarsamari. Undanskot verða auðveldari og eftirágreiðslur aukast í kerfinu. Þetta eru helstu gallar á nýju kerfi en aðalmarkmiðið er aukin tekjujöfnun sem talin er vera kostur. Stjórnarliðar hafa sagt að hér sé verið að taka upp kerfi svipað því sem tíðkast á Norðurlöndunum og er það sagt vera í þeim tilgangi að innleiða hér „norrænt velferðarkerfi“. Því er ekki úr vegi að skoða nánar hverjir eiginleikar nýs kerfis eru og bera saman við Norðurlöndin. Á meðfylgjandi mynd eru jaðaráhrif í kerfinu sýnd.



Eins og sést á myndinni mun nýtt kerfi ekki breyta eðli tekjuskattskerfisins. Í íslenska kerfinu er mun hærri persónufrádráttur en annars staðar á Norðurlöndum, bæði fyrir og eftir skattkerfisbreytinguna. Íbúar hinna norrænu ríkjanna greiða skatt af mun lægri tekjum en Íslendingar. Skattbyrði er lægri hér á landi í öllum tekjuhópum sem sýndir eru á myndinni. Ef tillögur sem hér eru kynntar ná fram að ganga eykst skattbyrðin í millitekju- og hátekjuhópunum og verður við um 800 þús. kr. mánaðarlaun næsthæst á Norðurlöndunum, á eftir Svíþjóð. Ef markmiðið með breytingunum er að færa skattbyrði tekjulægstu hópanna á svipað stig og annars staðar á Norðurlöndunum hefur röng leið verið valin. Ef ná hefði átt því markmiði hefði þurft að lækka frítekjumarkið til muna og auka skattbyrðina á tekjulægstu hópana. Í töflunni má sjá frítekjumark í hlutfalli við meðallaun í þjónustu og iðnaði.

Frítekjumark í hlutfalli við meðallaun í þjónustu og iðnað 2007

Ísland		28%
Finnland	Neðri	2%
	Efri	3%
Danmörk	Neðri	12%
	Efri	14%
Noregur	Neðri	16%
	Efri	24%
Svíþjóð	Neðri	4%
	Efri	9%

Heimild: OECD

Eins og sjá má er frítekjumarkið á Íslandi um 28% af meðallaunum í þjónustu og iðnaði sem er mun hærra en annars staðar á Norðurlöndum. Þessi staðreynd sýnir að einstaklingurinn byrjar mun seinna að greiða skatt af tekjum sínum á Íslandi og því þarf að lækka persónufrádrátt mikið á Íslandi ef taka á upp „norrænt velferðarkefi“ hvað varðar skattlagningu á Íslandi. Það er ekki nóg að taka upp þrepaskipt skattkerfi. Skattleysismörkin eru líkt og girðing sem skapar hindrun í tekjujöfnun. Há mörk, líkt og eru hér á landi, kalla fram háa jaðarskatta. Hins vegar er hægt að hafa áhrif á tekjudreifinguna með lágum skattleysismörkum og fjölþrepaskattkerfi með lágum jaðarsköttum á lægstu tekjuhópana. Þegar jaðarskattar eru orðnir 46%, framlag í lífeyrissjóð er 12% með framlagi vinnuveitenda og tryggingagjaldið er orðið 8% – samtals 66% – þá er ekki mikið eftir af síðustu krónum launa í efsta þrepinu.

Fyrir nefndinni kom fram að gestir voru allir sammála um að eftirágreiðslur mundu aukast í kerfinu. Dæmi um það er einstaklingur sem er með 270 þús. kr. hjá vinnuveitanda A og 250 þús. kr. hjá vinnuveitanda B. Vinnuveitandi A á að draga 24,1% í staðgreiðslu að viðbættu útsvari af launþeganum og vinnuveitandi B á með réttu auk útsvars að draga 27% af 200 þús. kr. og 33% af 50 þús. kr. Það er sett í hendur launþegans að tilkynna vinnuveitendum A og B hvaða skattþrepi hann er í (sjá nánar 28. gr., b-lið). Nú er það svo að margir launþegar hirða ekki um reglur sem þessar. Skattlagningin er þá leiðrétt eftir á og til álagningar kemur með 2,5% álagi ári síðar. Fyrrverandi ríkisskattstjóri, Garðar Valdimarsson, setti þær upplýsingar fram á fundum efnahags- og skattanefndar að við upptöku staðgreiðslukerfisins hér á landi hefði reynslan sýnt að um 95% tekna innheimtust í staðgreiðslukerfinu og um 50% í eftirágreiddu kerfi. Það er því ekki ólíklegt að tekjuáætlun vegna þessa sé ofmetin og skattstofnar verði ekki jafnsterkir og nú er.

Nú eru mörg lönd með fjölþrepaskattkerfi og virðast ekki glíma við þetta vandamál. Þá er til þess að taka að Íslendingar eru óvenjulegir að því leyti til að þeir vinna margir á fleiri en einum vinnustað. Þá er í öðrum löndum búið að girða fyrir vandamálið eins og til dæmis Danir hafa gert með því að veita vinnuveitendum aðgang að upplýsingum um hvar einstaklingurinn vinnur annars staðar. Þannig er hægt að leggja ábyrgðina á herðar vinnuveitendum en ekki er víst að allir væru ánægðir með slíka upplýsingagjöf.

Þá er í tillögunni sett fram það nýmæli að ekki er litið á hjón og sambúðaraðila sem eina einingu við skattlagningu. Þannig gætu hjón þar sem annað er heimavinnandi og hitt með háar tekjur borgað hærri skatta en hjón sem bæði eru útivinnandi, þrátt fyrir að tekjur heimilanna væru þær sömu. Það er álit 1. minni hluta að þetta sé óréttlátt og óskiljanlegt af hverju þessi agnúi er ekki sniðinn af nýju kerfi.

Gestir nefndarinnar sýndu jafnframt fram á að upptaka þrepaskattkerfis kallaði á að uppfæra þyrfti launakerfi fyrirtækja. Núverandi kerfi réðu ekki við þrepaskatt. Áætlað er að uppfærsla á launakerfi geti kostað um 100 þús. kr. á fyrirtæki. Kostnaður 1.000 fyrirtækja er því um 1 milljarður kr. auk þjálfunarkostnaðar sem gæti verið annað eins.

Við almenna skattframkvæmd þykir mikill kostur að tekjuskattskerfið sé einfalt og gagnsætt. Það tryggi skilvirkni. Benda má á að Danir hafa nýlega fækkað þrepum úr þremur í tvö og Svíar glíma við að lækka jaðarskatta hjá hæstu tekjuhópunum. Þá leikur þrepaskattkerfi starfsstéttir með sveiflukennd laun, til að mynda sjómenn, grátt.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að hlutfall skatts á fjármagnstekjur verði hækkað úr 10% í 18%. 1. minni hluti bendir á að þetta geti leitt til fjárflótta, en fjármagn leitar þangað sem skattar eru lægstir. Þá er hér um skattlagningu nafnvaxta að ræða en ekki raunvaxta. Vegna verðbólgu eru nafnvextir mun hærri og er því í mörgum tilfellum verið að skattleggja höfuðstól, sem er í meira lagi ósanngjarnt.

Fyrsti minni hluti leggur til að upptöku þrepaskatts verði frestað um eitt ár, ef vilji stjórnarmeirihlutans er einbeittur, þannig að ráðrúm gefist til að sníða af augljósa agnúa og er bent á skattlagningu séreignarsparnaðar sem leið til tekjuöflunar í stað hækkunar tekjuskatts einstaklinga.

Persónuafsláttur.

Í 15. og 24. gr. frumvarpsins eru gerðar verulegar breytingar á persónuafslætti. Í 15. gr. er lagt til að afnema vísitölutengingu persónuafsláttar. Í 24. gr. eru lagðar til breytingar á bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaganna og felldar úr gildi lögbundnar hækkanir sem taka áttu gildi í upphafi árs 2010 og 2011. Ekki liggur fyrir neysluverðsvísitala í desember en spár ganga út frá 8,6% ársvexti, sem gæfi 358,7. Persónuafslátturinn á samkvæmt gildandi lögum að hækka 1. janúar 2010 í hlutfalli við hækkun neysluverðsvísitölu frá desember 2008 til desember 2009 og ætti því að hækka úr 42.205 kr. í 45.471 kr. Að auki á persónuafslátturinn að hækka um 2.000 kr. og ætti því að verða 47.471 kr. að óbreyttum lögum. Ef staðgreiðsluprósentan yrði óbreytt, 37,2% (sem er háð meðalútsvari), yrðu frítekjumörk að óbreyttu 138.707 kr. fyrir þann sem sparar 4% í séreignarsparnað. Hér á eftir fylgir tafla yfir samanburð á tekjusköttum miðað við gildandi lög og frumvarpið:

	Gildandi lög	Frumvarp		
Persónuafsláttur	47.471	44.206		
Staðgreiðsluprósenta	37,20%	37,20%	**Mismunur á lögum og frumvarpi**	
Iðgjald	8%	8%	kr.	%
Frítekjumark	138.707	129.165		
120.000	0	0	0	0,0%
125.000	0	0	0	0,0%
130.000	0	286	286	0,2%
135.000	0	1.997	1.997	1,5%
140.000	443	3.708	3.266	2,3%
145.000	2.154	5.419	3.266	2,3%
150.000	3.865	7.131	3.266	2,2%
160.000	7.287	10.553	3.266	2,0%
170.000	10.710	13.975	3.266	1,9%
180.000	14.132	17.398	3.266	1,8%
190.000	17.555	20.820	3.266	1,7%
200.000	20.977	24.243	3.266	1,6%
250.000	38.089	42.225	4.136	1,7%
300.000	55.201	60.671	5.470	1,8%
350.000	72.313	79.117	6.804	1,9%
400.000	89.425	97.563	8.138	2,0%
500.000	123.649	134.455	10.806	2,2%
600.000	157.873	171.347	13.474	2,2%
700.000	192.097	208.239	16.142	2,3%
800.000	226.321	250.291	23.970	3,0%
900.000	260.545	292.703	32.158	3,6%
1.000.000	294.769	335.115	40.346	4,0%
1.100.000	328.993	377.527	48.534	4,4%
1.200.000	363.217	419.939	56.722	4,7%

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu.

Í 17. gr. er að finna tillögur sem færa fjölda tekjuflokka aðila með takmarkaða skattskyldu hérlendis í bruttóskattlagningu. Tekjur þeirra verða þá skattlagðar í 15% hlutfalli án frádráttar. Hér er meðal annars um að ræða greiðslur fyrir þjónustu, tekjur af leigu, afnot af einkaleyfum, lausafé, arð og söluhagnað og vaxtatekjur, en þær voru undanþegnar skatti þar til í september á þessu ári.

Nái tillagan fram að ganga munu erlendir aðilar bera þyngri skatta en innlendir þar sem þeim verður óheimilt að draga kostnað frá tekjum. Erlendum lánveitendum verður fyrirmunað, þrátt fyrir tvísköttunarsamninga, að fá skattlagninguna bætta. Því getur heildarskattlagning vegna vaxtagreiðslna orðið hærri en nettótekjur lánveitandans vegna lánsins. Augljóst er að þetta mun gera fjármögnun íslenskra fyrirtækja erfiðari og dýrari. Það er því álit 1. minni hluta að breyta eigi greininni þannig að um nettóskattlagningu verði að ræða í stað bruttóskattlagningar.

Tekjuskattur lögaðila.

Hvað varðar 18. gr. frumvarpsins varar 1. minni hluti enn og aftur við því að leið skattlagningar verði farin við að vinna Ísland út úr núverandi efnahagsörðugleikum eins og þessi tillaga felur í sér. Enn og aftur er minnt á skattlagningu séreignarsparnaðar sem valkost við tekjuöflun ríkissjóðs.

Auðlegðarskattur.

Í d-lið 25. gr. frumvarpsins er að finna tillögu sem gengur út á að vekja til lífsins aflagða eignarskatta og endurnefna þá auðlegðarskatta. Skattstofn mynda nettóeignir einstaklinga sem eru umfram 90 millj. kr. og hjá hjónum 120 millj. kr.

Fyrsti minni hluti gerir alvarlegar athugasemdir við að hjón og sambúðarfólk séu skattlögð á annan hátt en einstaklingar. Það er óréttlátt og ekki í anda jafnræðis.

Þá gerir 1. minni hluti alvarlegar athugasemdir við hvernig skattstofn er ákvarðaður. Best er að taka dæmi af óhagræðinu sem felst í auðlegðarskattinum til að undirstrika afleiðingarnar. Hugsum okkur einstaklinga sem eiga saman fyrirtæki og vinna í því. Þessir einstaklingar hafa aldrei tekið út arð, greitt sér eðlileg laun og alltaf rekið fyrirtækið með hagnaði. Eigið fé hefur byggst upp í fyrirtækinu og myndar nú skattstofn fyrir auðlegðarskatt. Eftir að auðlegðarskattur hefur verið lagður á er engin leið önnur en að hefja útgreiðslu arðs til að standa undir skattgreiðslum. Það veikir eiginfjárgrunn fyrirtækisins og þar með rekstrargrunn þess til lengri tíma. Þessum einstaklingum er refsað fyrir að hafa lagt allt sitt í fyrirtækið í stað þess að greiða sér arð og skuldsetja það.

Skattframkvæmdin á tillögunni er einnig vanhugsuð að mati 1. minni hluta. Samkvæmt tillögunni er það *skattalega bókfært eigið fé* sem myndar skattstofn í fyrirtækjum. Í fyrsta lagi er framtalsdagsetning fyrirtækja mörgum mánuðum á eftir dagsetningu einstaklinga. Hvernig á einstaklingur að geta talið fram mörgum mánuðum áður en fyrirtækið telur fram skattalegt bókfært eigið fé? Hvernig á einstaklingurinn að fá upplýsingar um skattalegt bókfært eigið fé í erlendum fyrirtækjum, þar sem hann á lítinn hlut í óskráðum félögum o.s.frv.? Hver er skattstofn manns sem á í mörgum fyrirtækjum þar sem sum eru með neikvætt eigið fé en önnur með jákvætt? Á að mismuna slíkum einstaklingi og þeim sem á eitt félag með röð fyrirtækja undir sér sem eru í sömu stöðu?

Erfitt er að sjá fyrir sér skattframkvæmd varðandi þetta ákvæði og bendir 1. minni hluti á að þessi grein verði hugsuð til enda, eins og reyndar gildir um öll lög sem Alþingi samþykkir.

Upplýsingaskylda launamanns.

Fyrsti minni hluti gerir alvarlegar athugasemdir við b-lið 28. gr. en þar er lagaskylda sett á launamann að upplýsa vinnuveitanda um hvaða skatthlutfall skuli innheimta. Vísast hér til umfjöllunar 14. gr. frumvarpsins um nánari umfjöllun um vandamál sem þessari grein eru fylgjandi.

Almennt má af þessari umfjöllun sjá að frumvarpið er varla nema ófullburða drög og leggur 1. minni hluti til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. des. 2009.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. Pétur H. Blöndal.

531. Lög [330. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 473.

532. Lög [89. mál]

um breyting á lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 91.

533. Lög [257. mál]

um umhverfis- og auðlindaskatta.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 512.

534. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur og framkvæmdir á vegum Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „78,20 kr.“ kemur: 125,12 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ kemur: 4.900 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

535. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

5. og 6. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 3. gr. a og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjur Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands aflar sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með innheimtu þjónustugjalda sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna lögmæltra verkefna á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. útgáfu starfsleyfa og atvinnuskírteina og veitingu undanþágna til starfa á skipum.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna.
4. Með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði.
5. Með gjaldtöku sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands skal greina kostnað allra verkefna, hvort sem fjármögnun byggist á sértekjum eða framlögum úr ríkissjóði. Kostnaðargreining tekur til alls kostnaðar.

Gjöld skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem samgönguráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Til sérlaga skv. 1. tölul. 1. mgr. teljast lög um eftirlit með

skipum, nr. 47/2003, lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, lög um skipamælingar, nr. 146/2002, lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, lög um köfun, nr. 31/1996, lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, lög um siglingavernd, nr. 50/2004, hafnalög, nr. 61/2003, lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, og lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007. Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað sem hlýst af því að veita viðkomandi þjónustu vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu siglinga, auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda tekur mið af kostnaði sem hlýst af eftirliti og þjónustu í hverju tilviki.

Gjöld skv. 4. tölul. 1. mgr. skulu ákvörðuð í viðmiðunargjaldskrá sem Siglingastofnun setur. Þann hluta starfsemi Siglingastofnunar Íslands sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

536. Lög [228. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 484 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Lokamálsliður 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð né til eftirlitsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr. en þessi gjöld skal innheimta í einni greiðslu 1. febrúar.

537. Lög [258. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 294.

538. Lög [74. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 534.

539. Lög [75. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 535.

540. Lög [57. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 57.

541. Lög [59. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Afgreidd frá Alþingi 19. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 59.

542. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján L. Möller ráðherra og Karl Alvarsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Ólaf Sveinsson stjórnarformann og Þorgeir Pálsson forstjóra frá Flugstoðum og Jón Gunnarsson stjórnarformann og Björn Óla Hauksson frá Keflavíkurflugvelli.

Markmiðið með frumvarpinu er að heimila samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að samþykkja samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt opinbert hlutafélag. Flugstoðir ohf. tóku til starfa 1. janúar 2007 og tóku við rekstri og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi af Flugmálastjórn Íslands. Einnig var Flugstoðum ohf. falið að annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug. Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. 1. janúar 2009. Félaginu var falið að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar (Keflavíkurflugvallar) o.fl.

Forsaga málsins er sú að í janúar 2009 skipaði ráðherra starfshóp um sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Í honum áttu sæti Jón Karl Ólafsson, Margrét S. Björnsdóttir og Ólafur Nilsson. Fram kom í niðurstöðum að starfshópurinn telur að sameinað félag, með vel skilgreindum rekstrarþáttum og markmiðum, gæti betur en núverandi félög haft heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og væri jafnframt hæfara til að móta stefnu um samþættingu verkefna, til að ná auknu hagræði í rekstri og fjárfestingum. Sameinað félag gæti veitt betri þjónustu og væri færara um hvers kyns þróun og sókn í málaflokknum.

Eftir umfjöllun um málið er það niðurstaða nefndarinnar að sú tilhögun sem kynnt er í frumvarpi þessu sé mjög jákvæð og til þess fallin að auka hagræði í rekstri. Nefndin telur rétt að ráðist sé í þessar aðgerðir eins fljótt og kostur er í því skyni að ná fram þeirri hagræðingu og rekstrarhagkvæmni sem talið er að samruninn muni leiða af sér strax á árinu 2010. Á fundi nefndarinnar var rætt um það félagaform sem byggt er á. Í því samhengi var vikið að skipun stjórnar og hvort ef til vill ætti að kveða á um skipun hennar í lögunum á svipaðan hátt og gert er í lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Nefndin áréttar að þrátt fyrir heimild hins nýja félags til að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum sem og heimild til að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi félagsins á sem hagkvæmastan hátt, sbr. 4. gr., er megintilgangur félagsins lögbundinn og á að vera á hendi félagsins. Að þessu sögðu

áréttar nefndin mikilvægi þess að allar leiðir til hagræðingar séu kannaðar, þó þannig að reynt sé að tryggja að störf glatist ekki.

Björn Valur Gíslason og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 31. janúar 2010.

Alþingi, 19. des. 2009.

Róbert Marshall, varaform., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Guðmundur Steingrímsson.
Árni Þór Sigurðsson.	Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.	Ólína Þorvarðardóttir.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

543. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað áfram um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 13. desember sl. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 3. umræðu nema samtals 229,8 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 461.881,3 m.kr. en það er hækkun um 3.151,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir við 2. umræðu um frumvarpið. Reiknað er með að tekjuskattur af útgreiddum séreignarsparnaði verði 700 m.kr. hærri en áætlað var, tryggingagjald verði 900 m.kr. hærra og virðisaukaskattur er áætlaður hækka um 1.600 m.kr. Hækkun tekjuáætlunar frumvarpsins leiðir til minni halla sem nemur um 2,9 milljörðum kr. Tekjujöfnuður verður því neikvæður sem nemur 98,9 milljörðum kr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á fjármunahreyfingum í 2. gr. frumvarpsins, sjóðstreymi ríkissjóðs, að önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup verði -2.000 m.kr. í stað -1.000 m.kr. Það er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til með nýrri heimildagrein um að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar með 1.000 m.kr. stofnframlagi.

Meiri hluti fjárlaganefndar telur í ljósi bréfs Ríkisendurskoðunar, dags. 15. desember 2009, til verkefnastjórnar um byggingu nýs Landspítala að ástæða sé til að taka undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar.

Mælt er fyrir um, þrátt fyrir að verkefnið byggist á reglugerð nr. 343/2006 um þjónustukaup og samninga þess lútandi, að sérlög verði sett um byggingu nýs Landspítala, jafnvel þótt ákvæði 30. gr. fjárreiðulaga gildi.

Í breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið er að finna 6. gr. heimild sem lýtur að stofnun undirbúningsfélags og lóðarréttindum því tengdum. Óháð því telur meiri hlutinn að sérlaga sé þörf um verkefnið og að nauðsynlegt sé að huga að því áður en meiri háttar skuldbindingar hefjast. Nú eru til staðar fjárheimildir í verkefnið á fjárlagalið 08-376, en ljóst er að fyrr en síðar þarf að horfa til frekari fjármögnunar í ljósi mikils umfangs.

Verkefnið skuldbindur ríkið til langs tíma og um leið er verið að ráðstafa eignum og kveða á um fyrirkomulag framkvæmda. Með sérlögum verður öllum efa eytt og skilgreiningar verkefnisins munu liggja betur fyrir. Slík sérlög geta því komið fram síðar óháð afgreiðslu fjárlaga 2010.

Í framhaldi af þessu er það mat meiri hlutans samhljóða mati Ríkisendurskoðunar að nauðsynlegt sé að tilgreina í fjárlögum hvers árs í framtíðinni þær greiðslur og skuldbindingar sem falla til á viðkomandi fjárlagaári.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til þriggja verkefna: Mínar síður á Ísland.is, 3 m.kr., Netríkið Ísland í fyrirrúmi, 3 m.kr., og Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, 4 m.kr. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn felldur brott en hér er lögð til fjárveiting til þriggja verkefna sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu á þessum lið. Hins vegar eru fjögur önnur verkefni sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu felld brott að fjárhæð 10 m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 86,9 m.kr.

216 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands. Gerð er tillaga um 70 m.kr. hækkun á fjárveitingu til skólans. Fyrir nokkrum árum var komið á fót námi við skólann í umhverfisfræðum á háskólastigi sem tekur til náttúru- og umhverfisvísinda, skipulags- og landslagsarkitektúrs, skógfræði og endurheimtar landgæða. Hefur nemendum í deildinni fjölgað ár frá ári en ekki hefur þó til þessa verið gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til að fjármagna þá námsbraut. Tillagan gerir ráð fyrir að fjárheimildir skólans verði aðlagaðar að forsendum reiknilíkans mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir háskólanám miðað við núverandi nemendafjölda. Í undirbúningi er gerð samnings við Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem tekið verði á helstu markmiðum í starfsemi hans. Í samningsdrögunum er ákveðin grein sem snýr að aðlögun að reglum um fjárveitingar til háskóla. Ljóst er að fjárframlög til kennslu skólans eru mun lægri en þörf er á til að standa undir núverandi námsframboði í umhverfisfræðum. Jafnframt er að störfum vinnuhópur sem kannar kosti þess að sameina Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

og Landbúnaðarháskóla Íslands og þykir nauðsynlegt að fjármögnun skólanna verði reist á sama grunni til að unnt verði að skoða slíkan samruna á sambærilegum forsendum.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Forsvars á Hvammstanga vegna fjarvinnslu.

911 Náttúruminjasafn Íslands.

1.01 Náttúruminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Náttúruminjasafns Íslands.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 2,9 m.kr. tímabundið framlag til tveggja verkefna. Þau eru annars vegar Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi, 2,5 m.kr., og hins vegar gamla félagsheimilið Dagsbrún í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum, 0,4 m.kr.

982 Listir, framlög.

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Lagt er til að 4,5 m.kr. tímabundið framlag verði veitt til Sjálfstæðu leikhúsanna.

983 Ýmis fræðistörf.

1.52 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna til viðbótar við 1,4 m.kr. framlag sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið.

989 Ýmis íþróttamál.

1.21 Skáksamband Íslands og *1.22 Launasjóður stórmeistara í skák.* Lögð er til 1,5 m.kr. hækkun á framlagi til Skáksambands Íslands en á móti lækkar framlag í Launasjóð stórmeistara í skák um sömu fjárhæð.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum og er framlagið ætlað Sögufélagi. Í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 9. yfirlit í samræmi við það.

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis. Lagt er til að fellt verði niður 2 m.kr. framlag til verkefnisins árvekniþjónusta á bókasöfnum. Í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 10. yfirlit í samræmi við það. Á móti hækkar framlag til verkefna á liðnum 01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta, eins og þar greinir.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 4 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á liðnum. Framlagið er ætlað samtökunum Beint frá býli í samræmi við tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar og kemur til viðbótar við 2 m.kr. framlag sem þeim var veitt við 2. umræðu um frumvarpið. Í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 12. yfirlit í samræmi við það.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði lækkuð um 2 m.kr.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að fellt verði niður 2 m.kr. framlag til verkefnisins lögreglustöð á netinu. Á móti hækkar framlag til verkefna á liðnum 01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta, eins og þar greinir.

434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ.

1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ.

og

448 Sýslumaður Suðurnesja.

1.01 Sýslumaður Suðurnesja. Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur ákveðið að fresta framlagningu frumvarpa til breytinga á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að frumvörpin verði undirbúin frekar og lögð fram á vorþingi. Gerðar voru tillögur við 2. umræðu um frumvarpið um að nýir fjárlagaliðir fyrir umdæmi sýslumanna sem voru í frumvarpinu yrðu felldir niður og að fjárheimildirnar yrðu fluttar aftur á fyrri fjárlaganúmer sýslumanns- og lögregluembætta. Við frágang málsins við 2. umræðu misfórst millifærsla fjárheimilda í tengslum við þessar breytingar þannig að 0,3 m.kr. urðu eftir á fjárlagalið 06-448 sem nú er lagt til að verði leiðrétt með millifærslu á fjárlagalið 06-434.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 6.636,5 m.kr.

207 Varasjóður húsnæðismála.

6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga. Gerð er tillaga um 30 m.kr. fjárveitingu til Varasjóðs húsnæðismála. Til sjóðsins var stofnað árið 2002 og tók hann við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs viðbótarlána og Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Starfsemi sjóðsins byggist á lögum um húsnæðismál, sérstakri reglugerð og samkomulagi félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fyrst var gert árið 2002. Samkomulagið var endurnýjað árið 2006 og gildir til ársloka 2009. Árlegt framlag ríkisins til sjóðsins hefur undanfarin ár verið 60 m.kr. auk þess sem sveitarfélögin hafa með Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lagt honum til 20 m.kr.á ári. Fjármagnið hefur verið nýtt til að borga upp mismun á söluverði og áhvílandi lánum við sölu íbúða í eigu sveitarfélaga úr félagslega íbúðakerfinu þar sem söluverð hefur verið lægra en áhvílandi lán. Enn eru nokkur sveitarfélög í erfiðleikum með að afsetja slíkar félagslegar íbúðir. Framlagið er ætlað til að áfram verði hægt að styðja við félagslega íbúðakerfið og halda þessu fyrirkomulagi gangandi þótt gera verði ráð fyrir talsvert minni sölu íbúða úr félagslega kerfinu en undanfarin ár vegna erfiðra aðstæðna á fasteignamarkaði.

505 Öldrunarstofnanir, almennt.

6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt. Lagt er til að framlög til liðarins lækki um 35 m.kr. og að á móti hækki framlög til umönnunarbóta.

Samkvæmt samkomulagi félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra eru málefni nokkurra hjúkrunarheimila auk tveggja samninga við sveitarfélög um öldrunarþjónustu færð frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis til eins árs. Eftirfarandi fjárlagaliðir flytjast til heilbrigðisráðuneytis:

524 Sunnuhlíð, Kópavogi.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.15 Dagvist.

525 Hjúkrunarheimilið Skjól.
1.01 Hjúkrunarrými.

526 Hjúkrunarheimilið Eir.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.15 Dagvist.

528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.71 Endurhæfingardeild.

529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.
1.01 Hjúkrunarrými.

541 Fellsendi, Búðardal.
1.01 Hjúkrunarrými.

544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.11 Dvalarrými.
1.15 Dagvist.

546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.11 Dvalarrými.
1.15 Dagvist.

554 Sóltún, Reykjavík.
1.01 Hjúkrunarrými.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
1.15 Umönnunargreiðslur. Lagt er til að framlög til umönnunarbóta hækki um 200 m.kr. Á móti lækkar ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar um 20 m.kr., vasapeningar ellilífeyrisþega um 35 m.kr. og stofnkostnaður öldrunarheimila um 35 m.kr. Nettóhækkun nemur þannig 110 m.kr.

827 Lífeyristryggingar.
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega. Lagt er til að framlög til liðarins lækki um 35 m.kr. og að á móti hækki framlög til umönnunarbóta.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 6.806,3 m.kr.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri.
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til sjúkrahússins vegna læknanema.

Samkvæmt samkomulagi félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra eru málefni nokkurra hjúkrunarheimila auk tveggja samninga við sveitarfélög um öldrunarþjónustu færð frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneyti til eins árs. Eftirfarandi fjárlagaliðir flytjast til heilbrigðisráðuneytis frá félags- og tryggingamálaráðuneyti:

408 Sunnuhlíð, Kópavogi.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.15 Dagvist.

409 Hjúkrunarheimilið Skjól.
1.01 Hjúkrunarrými.

410 Hjúkrunarheimilið Eir.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.15 Dagvist.

412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.71 Endurhæfingardeild.

413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.
1.01 Hjúkrunarrými.

428 Fellsendi, Búðardal.
1.01 Hjúkrunarrými.

434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.11 Dvalarrými.
1.15 Dagvist.

437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými.
1.11 Dvalarrými.
1.15 Dagvist.

447 Sóltún, Reykjavík.
1.01 Hjúkrunarrými.

515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík.
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla. Gerð er tillaga um 5,8 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins og uppfærslu vegna hækkunar á tryggingagjaldi misfórst útreikningur á þessum lið.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 1.250 m.kr.

989 Ófyrirséð útgjöld.
1.90 Ófyrirséð útgjöld. Lagt er til að fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á þessum lið lækki um 1.230 m.kr. Svarar það til aukinna framlaga til sveitarfélaga í tengslum við samkomulag við þau um að þeim verði bætt hækkun launakostnaðar sem leiðir af hækkun tryggingagjalds vegna áforma um aukna tekjuöflun ríkissjóðs. Fjárheimild þessa liðar er ætluð til að mæta óvissum útgjöldum sem kann að leiða af frávikum í forsendum fjárlaga eða ákvörðunum um ýmis stærri mál eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram. Vegna ýmissa aukinna útgjalda sem fallið hafa til við frekari umfjöllun frumvarpsins í þinginu, sérstaklega vegna framangreindra framlaga til sveitarfélaga við 3. umræðu, þykir vera tilefni til þess að nýta þessa fjárheimild í samræmi við tilgang hennar. Þar með skerðist jafnframt það svigrúm sem er til staðar á þessum lið til að mæta öðrum ófyrirséðum útgjöldum eftir setningu fjárlaganna.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir.

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar lækki um 20 m.kr. og að á móti hækki framlög til umönnunarbóta.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis verði aukin um 1.204,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.11 Fastanefndir. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til eftirlits með fjármálum sveitarfélaga vegna aukinna verkefna.

1.23 Slysavarnaskóli sjómanna. Gerð er tillaga um 2,1 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins og uppfærslu vegna hækkunar á tryggingagjaldi misfórst útreikningur á þessum lið.

1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Lagt er til að fellt verði niður 3 m.kr. framlag til tilraunar með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Í 18. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fellur því 1. tölul. brott. Á móti hækkar framlag til verkefna á liðnum 01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta, eins og þar greinir.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Almennur rekstur. Hækkun á vitagjaldi verður 50 m.kr. minni en áformað var. Gert hafði verið ráð fyrir að ríkistekjur stofnunarinnar hækkuðu um 145 m.kr. með hækkun vitagjalds samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um vitamál, nr. 132/1999. Við afgreiðslu frumvarpsins var gjaldið hækkað minna sem nemur 50 m.kr. Markaðar tekjur Siglingastofnunar lækka því um þá fjárhæð og framlag úr ríkissjóði hækkar samsvarandi.

6.80 Sjóvarnargarðar. Við 2. umræðu um frumvarpið var veitt 30 m.kr. tímabundið framlag á liðnum 10-335-6.80 til að byggja sjóvarnargarð við Reykhólahöfn. Framlagið átti hins vegar að vera á liðnum 10-335-6.70 Hafnabótasjóður og er nú fært yfir á þann lið.

336 Hafnarframkvæmdir.

6.70 Hafnabótasjóður. Við 2. umræðu um frumvarpið var veitt 30 m.kr. tímabundið framlag á liðnum 10-335-6.80 til að byggja sjóvarnargarð við Reykhólahöfn. Framlagið átti hins vegar að vera á liðnum 10-335-6.70 Hafnabótasjóður og er nú fært yfir á þann lið.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Gerð er tillaga um að sjóðurinn fái sérstakt viðbótarframlag sem nemi 1.200 m.kr. til að mæta hækkun á launakostnaði sveitarfélaga í kjölfarið á hækkun á tryggingagjaldi í samræmi við samkomulag þar um. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði sveitarfélögum út framlög vegna þessarar kostnaðarhækkunar í samræmi við upplýsingar um skil þeirra á tryggingagjaldi eða launaveltu.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði lækkuð um 3 m.kr.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Lagt er til að fellt verði niður 3 m.kr. framlag til gagnvirkrar þjónustumiðstöðvar fyrir einstaklinga og fyrirtæki um stofnun og rekstur fyrirtækja. Á móti hækkar framlag til verkefna á liðnum 01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta, eins og þar greinir.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

211 Umhverfisstofnun.

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Gerð er tillaga um 10 m.kr. til verkefna í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 19. des. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Oddný G. Harðardóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason, Lúðvík Guðjónsson, Elínu Guðjónsdóttur, Sigurð Guðmundsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti. Umfjöllun nefndarinnar í þessu máli er reist á 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Fulltrúar ráðuneytisins gerðu nefndinni grein fyrir breytingum á lánsfjárheimildum sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpi 2010 við 2. umræðu og nema þær nú um 460 milljörðum kr. Helming heimildarinnar á að nýta til innlendrar lántöku, þar af eru 135 milljarðar kr. vegna afborgana á gjalddaga, 85 milljarðar kr. vegna halla á ríkissjóði og 20 milljarðar kr. vegna

eiginfjárframlaga ríkis til sparisjóða. Erlend lántaka á næsta ári er heimil 220 milljarðar kr. og varðar hún lán samstarfsþjóða vegna fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Á fundinum var sérstaklega rætt hvernig fara skyldi með skuldbindingar í reikningum ríkisins og áhersla lögð á að bókhaldið væri gagnsætt. Þá var vísað til þess að umræða um þessi mál væri í brennidepli á vettvangi OECD.

Nefndin fékk kynningu á uppfærðri tekjuáætlun fyrir árið 2010 þar sem fram kom það mat fjármálaráðuneytis að tekjur yrðu 3,2 milljörðum kr. meiri á rekstrargrunni en í fyrri áætlunum. Fulltrúar ráðuneytisins tóku fram að óvissa væri mikil en uppfærslan byggðist á innheimtum tekjum fyrir desember auk samtala við starfsmenn Hagstofu Íslands um þjóðhagsforsendur. Reiknað er með að skattar á tekjur og rekstrarhagnað hækki um 700 millj. kr., tryggingagjöld um 900 millj. kr. og skattar á vöru og þjónustu um 1,6 milljarða kr.

Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á að iðnaðarnefnd hefur vísað til efnahags- og skattanefndar tveimur stjórnarfrumvörpum til umsagnar, annað varðar fyrirframgreiðslu tekjuskatts (mál nr. 318) en hitt heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (mál nr. 320).

Meiri hlutinn fagnar batnandi horfum á tekjuhlið ríkisrekstrarins.

Alþingi, 18. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form.,
Lilja Mósesdóttir,
Magnús Orri Schram,
Ögmundur Jónasson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir yfirfærslu verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Nemur lækkun útgjalda heilbrigðisráðuneytis vegna reksturs öldrunarheimila 18.943,5 m.kr. og 431,5 m.kr. vegna sjúkratrygginga, þ.e. greiðslum daggjalda fyrir hjúkrunarrými.

Nefndin hefur kynnt sér þær breytingar sem þessi yfirfærsla hefur í för með sér, aðdraganda þeirra og ástæður. Hefur nefndin fengið á sinn fund fulltrúa verkefnisstjórnar í öldrunarmálum en í henni sitja Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneyti, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneyti og Örn Hauksson frá fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Hallgrímur Guðmundsson, sérfræðingur af fjármálasviði félags- og tryggingamálaráðuneytis, Margrét Björnsdóttir og Margrét Sigurðardóttir, frá heilbrigðisráðuneyti, Gísli Páll Pálsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Elsa B. Friðfinnsdóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Þorbjörg Guðmunds-

dóttir frá landlæknisembættinu, Pálmi V. Jónsson frá vistunarmatsnefnd höfuðborgarsvæðisins og Kristjana H. Gunnarsdóttir, Valgerður Katrín Jónsdóttir og Ragnheiður Stephensen frá Landssambandi eldri borgara.

Með breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, fluttist yfirstjórn öldrunarmála til félags- og tryggingamálaráðuneytis 1. janúar 2008. Með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 munu nú flytjast fjárheimildir vegna öldrunarmála og þar á meðal fjárheimildir til hjúkrunarrýma til félags- og tryggingamálaráðuneytis og verður daggjaldi þeirra ekki skipt. Aftur á móti verður faglegt eftirlit með hjúkrunarrýmum og fjárheimildir til heimahjúkrunar áfram hjá heilbrigðisráðuneyti.

Nefndin gekk fast eftir þeim rökum sem að baki þessara breytinga liggja. Í svörum verkefnastjórnar félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sem falin er samræming og framkvæmd verkefnaflutningsins, kom fram að þetta væri lokahnykkur á margræddri yfirfærslu málaflokksins og verið væri að hrinda í framkvæmd grundvallarstefnu Landssambands eldri borgara um að öll málefni aldraða ættu að flytjast til félags- og tryggingamálaráðuneytisins en Landssamband eldri borgara leggur áherslu á að öldrun sé ekki sjúkdómur. Einnig kom fram að fjarlægjast beri núverandi stofnanaþjónustu, líta bæri á öldrunarheimili sem heimili dvalargesta, að huga þyrfti betur að félagslegri stöðu þeirra einstaklinga sem dveldust á öldrunarheimilum og efla ætti samþættingu allra þjónustuaðila aldraðra, þ.m.t. heimahjúkrun. Jafnframt var nefnt að ríkið væri að litlu leyti veitandi öldrunarþjónustu heldur fyrst og fremst ábyrgðaraðili, kaupandi og greiðandi þjónustunnar. Með fyrirhuguðum breytingum yrði það félags- og tryggingamálaráðuneytið sem færi í kaupandahlutverk á móti verksölum og sjálfstætt starfandi rekstraraðilum sem eru í hlutverki seljanda. Yrði þetta sambærilegt við meðferðarheimili þar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið keypti þjónustu ýmissa aðila. Inn á meðferðarheimili er síðan keypt sú heilbrigðisþjónusta sem við ætti. Meiri hlutinn áréttar að í tilviki hjúkrunarheimila er heilbrigðisþjónusta algjör grundvallarþjónusta og mikilvægt að þeir einstaklingar sem dvelja á hjúkrunarrýmum njóti bestu heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga kost á. Í nýsamþykktum lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, er frestað flutningi samningsgerðar er varðar samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili til Sjúkratrygginga Íslands. Þessir samningar verða því enn á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis. Heilbrigðisnefnd hefur ekki fengið skýr svör við því hvernig ráðuneytin munu fara með samningagerð með tilliti til þessa. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að öryggi og fagleg rök séu ávallt sett í öndvegi þegar ráðist er í skipulagsbreytingar innan heilbrigðisþjónustunnar og vel sé staðið að öllum undirbúningi.

Meiri hlutinn tekur heilshugar undir þau sjónarmið að öldrun sé ekki sjúkdómur en vill árétta að þeir einstaklingar sem fá úthlutað hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati þurfa mikla umönnun, óháð aldri, og er rétt að undirstrika að ungt fólk dvelst í dag einnig á hjúkrunarheimilum aldraðra. Á fundum nefndarinnar kom fram að slíkt mat byggist fyrst og fremst á mati á vitrænni getu og líkamlegri færni einstaklingsins en ekki félagslegri aðstöðu. Þessir einstaklingar þurfi fyrst og fremst af heilsufarsástæðum á mikilli heilbrigðisþjónustu að halda, hvort tveggja hjúkrunarþjónustu og læknisþjónustu, en einungis að mjög litlum hluta á félagslegum úrræðum. Þeir einstaklingar sem í dag vistast á hjúkrunarheimilum, hjúkrunarrýmum dvalarheimila og hjúkrunarrýmum aldraðra á sjúkrastofnunum þurfa mun meiri umönnun en áður og allar líkur benda til að sú þróun haldi áfram, þ.e. að margs konar heilbrigðisvandamál verði helsta ástæða vistunar, auk líknandi meðferðar. Á fundum nefndarinnar kom jafnframt í ljós að við undirbúning þessa flutnings hefði mátt vera í betra samráð við hagsmunaaðila. Var það almennt viðhorf þeirra hagsmunaaðila sem komu á fund nefndarinnar að með þessari yfirfærslu væri rofin ákveðin samfella í faglegu eftirliti á hjúkrunarrým-

um og var óttast að gæði mundu minnka með ráðningu ófaglærðs starfsfólks í störf sem faglærðir sinni nú. Meiri hlutinn tekur undir þessar áhyggjur og áréttar mikilvægi þess að fagleg vinnubrögð og gæði heilbrigðisþjónustunnar haldist og skerðist ekki við þessa yfirfærslu. Nefndin gerir ekki lítið úr félagslegum þætti í lífi eldra fólks og bendir á að fjölga þarf úrræðum fólks sem vistast á öldrunarheimilum og þeirra einstaklinga sem ekki eru líkamlega eða andlega nógu hraustir til að búa í einir í heimahúsi eða eru félagslega einangraðir en uppfylla ekki skilyrði vistunarmats hjúkrunarheimila. Meiri hlutinn leggur því áherslu á að starfsemi hverrar stofnunar heyri einungis undir eitt ráðuneyti og að yfirfærsla öldrunarþjónustu frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis verði tekin í áföngum og í fyrsta áfanga 2010 flytjist sá þáttur sem að mestu er tengt félagslegri þjónustu en hjúkrunarheimili verði yfirfærð síðar.

Það er stefna núverandi sem og fyrrverandi stjórnvalda að búa svo um að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsum, að nærþjónusta verði efld með tilheyrandi fækkun hjúkrunarrýma og byggist samkomulag ráðherra félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á þessum grunni. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að sú yfirfærsla sem frumvarpið boðar valdi ekki töfum eða erfiðleikum á þessari þróun og hvetur því verkefnastjórnina til samráðs við alla er málið varðar. Sá fjárhagslegi ávinningur sem hlýst af fækkun hjúkrunarrýma í framtíðinni verði að renna til uppbyggingar og samþættingar annarrar þjónustu við aldraða, til að mynda heimahjúkrun sem áfram verður á fjárhagslega ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins. Meiri hlutinn áréttar að hún muni fylgjast náið með framkvæmd yfirfærslunnar, áhrifum hennar á gæði heilbrigðisþjónustu sem veitt er á hjúkrunarrýmum sem og að þeir fjármunir sem falla til við fækkun hjúkrunarrýma verði nýttir til samþættingar og uppbyggingar á til að mynda heimaþjónustu og heimahjúkrun.

Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að öldrunarþjónusta verði færð úr þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Akureyri og Höfn í Hornafirði yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Meiri hlutinn varar við því að brjóta upp þá samninga sem í alla staði hafa reynst íbúum viðkomandi sveitarfélags vel og hvetur til þess að samningarnir verði á ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins enn um sinn.

Alþingi, 21. des. 2009.

Þuríður Backman, form.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.
Anna Pála Sverrisdóttir.

544. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, GLG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**			
a. 6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	0,0	10,0	10,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*49,5*	*10,0*	*59,5*
2. Við **02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands**			
a. 1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.037,1	70,0	1.107,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*500,3*	*70,0*	*570,3*
3. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	393,6	5,0	398,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*408,3*	*5,0*	*413,3*
4. Við **02-911 Náttúruminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Náttúruminjasafn Íslands	20,8	4,5	25,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*20,8*	*4,5*	*25,3*
5. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
a. 6.10 Húsafriðunarsjóður	138,1	2,9	141,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*94,9*	*2,9*	*97,8*
6. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	60,4	4,5	64,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*855,8*	*4,5*	*860,3*
7. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.52 Skriðuklaustur	18,3	1,0	19,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*102,3*	*1,0*	*103,3*
8. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.21 Skáksamband Íslands	13,9	1,5	15,4
b. 1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	18,7	-1,5	17,2
9. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.90 Ýmis framlög	76,2	1,0	77,2
Við 9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist: Sögufélag, 1 m.kr.			
b. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmála-ráðuneytis	131,7	-2,0	129,7
Í 10. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fellur 4. tölul. brott.			
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*325,0*	*-1,0*	*324,0*

10.	Við **04-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.90 Ýmis verkefni	47,6	4,0	51,6
	Í 12. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verður 1. tölul. svohljóðandi: Beint frá býli, 6 m.kr.			
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*377,9*	*4,0*	*381,9*
11.	Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
	a. 1.01 Ríkislögreglustjóri	1.392,5	-2,0	1.390,5
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.247,1*	*-2,0*	*1.245,1*
12.	Við **06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**			
	a. 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	145,8	0,3	146,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*145,7*	*0,3*	*146,0*
13.	Við **06-448 Sýslumaður Suðurnesja**			
	a. 1.01 Sýslumaður Suðurnesja	0,3	-0,3	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,3*	*-0,3*	*0,0*
14.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	07-207 Varasjóður húsnæðismála			
	a. 6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga	0,0	30,0	30,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,0*	*30,0*
15.	Við **07-505 Öldrunarstofnanir, almennt**			
	a. 6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	135,8	-35,0	100,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.191,8*	*-35,0*	*1.156,8*
16.	Við **07-524 Sunnuhlíð, Kópavogi**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	578,7	-578,7	0,0
	b. 1.15 Dagvist	19,5	-19,5	0,0
	c. Sértekjur	-7,1	7,1	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*591,1*	*-591,1*	*0,0*
17.	Við **07-525 Hjúkrunarheimilið Skjól**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	845,1	-845,1	0,0
	b. Sértekjur	-10,6	10,6	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*834,5*	*-834,5*	*0,0*
18.	Við **07-526 Hjúkrunarheimilið Eir**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	1.339,2	-1.339,2	0,0
	b. 1.15 Dagvist	64,8	-64,8	0,0
	c. Sértekjur	-16,8	16,8	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.387,2*	*-1.387,2*	*0,0*
19.	Við **07-528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	553,8	-553,8	0,0
	b. 1.71 Endurhæfingardeild	108,0	-108,0	0,0
	c. Sértekjur	-6,8	6,8	0,0
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*655,0*	*-655,0*	*0,0*
20.	Við **07-529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	593,4	-593,4	0,0
	b. Sértekjur	-7,9	7,9	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*585,5*	*-585,5*	*0,0*

21.	Við **07-541 Fellsendi, Búðardal**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	182,1	-182,1	0,0
	b. Sértekjur	-2,7	2,7	0,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*179,4*	*-179,4*	*0,0*
22.	Við **07-544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	1.230,7	-1.230,7	0,0
	b. 1.11 Dvalarrými	93,5	-93,5	0,0
	c. 1.15 Dagvist	54,2	-54,2	0,0
	d. Sértekjur	-16,5	16,5	0,0
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.361,9*	*-1.361,9*	*0,0*
23.	Við **07-546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	204,9	-204,9	0,0
	b. 1.11 Dvalarrými	19,3	-19,3	0,0
	c. 1.15 Dagvist	6,8	-6,8	0,0
	d. Sértekjur	-2,5	2,5	0,0
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*228,5*	*-228,5*	*0,0*
24.	Við **07-554 Sóltún, Reykjavík**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	973,4	-973,4	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*973,4*	*-973,4*	*0,0*
25.	Við **07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
	a. 1.15 Umönnunargreiðslur	1.035,0	200,0	1.235,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*10.503,0*	*200,0*	*10.703,0*
26.	Við **07-827 Lífeyristryggingar**			
	a. 1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	352,0	-35,0	317,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*25.994,6*	*-915,0*	*25.079,6*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*22.692,4*	*880,0*	*23.572,4*
27.	Við **08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**			
	a. 1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.381,8	4,0	4.385,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.136,8*	*4,0*	*4.140,8*
28.	Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	578,7	578,7
	b. 1.15 Dagvist	0,0	19,5	19,5
	c. Sértekjur	0,0	-7,1	-7,1
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*591,1*	*591,1*
29.	Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól**			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	845,1	845,1
	b. Sértekjur	0,0	-10,6	-10,6
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*834,5*	*834,5*

30. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1.339,2	1.339,2
b. 1.15 Dagvist	0,0	64,8	64,8
c. Sértekjur	0,0	-16,8	-16,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1.387,2*	*1.387,2*

31. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	553,8	553,8
b. 1.71 Endurhæfingardeild	0,0	108,0	108,0
c. Sértekjur	0,0	-6,8	-6,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*655,0*	*655,0*

32. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	593,4	593,4
b. Sértekjur	0,0	-7,9	-7,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*585,5*	*585,5*

33. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-428 Fellsendi, Búðardal

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	182,1	182,1
b. Sértekjur	0,0	-2,7	-2,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*179,4*	*179,4*

34. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1.230,7	1.230,7
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	93,5	93,5
c. 1.15 Dagvist	0,0	54,2	54,2
d. Sértekjur	0,0	-16,5	-16,5
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1.361,9*	*1.361,9*

35. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	204,9	204,9
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	19,3	19,3
c. 1.15 Dagvist	0,0	6,8	6,8
d. Sértekjur	0,0	-2,5	-2,5
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*228,5*	*228,5*

36. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-447 Sóltún, Reykjavík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	973,4	973,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*973,4*	*973,4*

37. Við **08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**

a. 1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	160,6	5,8	166,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*159,1*	*5,8*	*164,9*

38.	Við **09-989 Ófyrirséð útgjöld**			
	a. 1.90 Ófyrirséð útgjöld	5.284,0	-1.230,0	4.054,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5.116,4*	*-1.230,0*	*3.886,4*
39.	Við **09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir**			
	a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	180,0	-20,0	160,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*180,0*	*-20,0*	*160,0*
40.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.11 Fastanefndir	11,3	5,0	16,3
	b. 1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,1	2,1	61,2
	c. 1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Í 18. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fellur 1. tölul. brott.	19,4	-3,0	16,4
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*295,0*	*4,1*	*299,1*
41.	Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
	a. 6.80 Sjóvarnargarðar	163,6	-30,0	133,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*700,9*	*20,0*	*720,9*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*296,6*	*-50,0*	*246,6*
42.	Við **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
	a. 6.70 Hafnabótasjóður	252,6	30,0	282,6
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.323,0*	*30,0*	*1.353,0*
43.	Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
	a. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.928,0	1.200,0	3.128,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*12.445,0*	*1.200,0*	*13.645,0*
44.	Við **11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands**			
	a. 1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1.128,7	-3,0	1.125,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*507,1*	*-3,0*	*504,1*
45.	Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
	a. 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	14,0	10,0	24,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*571,9*	*10,0*	*581,9*

545. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, GLG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Við 2. gr. Við liðinn ***Fjármunahreyfingar:***
Í stað fjárhæðarinnar „-1.000,0 m.kr.“ í Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup komi: -2.000,0 m.kr.

546. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, GLG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

1. Við 6. gr. Liður 7.15 orðist svo: Að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.18 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN.
   7.19 Að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar þannig að hún verði því sem næst 10% í árslok 2010 með allt að 1.000 m.kr. stofnfjárframlagi.

547. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, GLG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

m.kr.

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	100.300,0	97.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	23.500,0	23.700,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**123.800,0**	**121.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.700,0	14.500,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	4.660,0	4.440,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.396,1	1.368,1
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.370,0	2.800,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**9.426,1**	**8.608,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**150.926,1**	**144.108,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	32.267,0	31.458,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	28.353,1	27.635,2
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**60.680,1**	**59.153,4**
	Tryggingagjöld	**60.680,1**	**59.153,4**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	1.860,4	1.798,8
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.418,6	2.357,7
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.279,0**	**4.156,5**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.500,0	3.500,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.090,0	1.060,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.000,0	3.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	542,1	542,1
	Eignarskattar	**8.132,1**	**8.102,1**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	124.700,0	119.400,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.450,0	3.450,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.480,0	1.450,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.400,0	1.400,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.590,0	4.590,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	2.580,0	2.150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.260,0	6.260,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	30,5	30,5
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.890,0	1.730,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	190,0	170,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	520,0	520,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.299,2	10.289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.760,0	4.760,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.993,9	2.993,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.820,0	4.760,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.456,3	2.456,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**179.849,6**	**173.839,5**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	5.660,0	5.570,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	780,0	790,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	240,0	240,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	125,2	125,2
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	614,3	614,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.250,0	1.250,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	364,0	364,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	634,7	634,7
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.699,1**	**9.619,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**189.548,7**	**183.458,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	372,1	365,7
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**792,1**	**785,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	260,0	260,0
	Aðrir skattar	**1.052,1**	**1.045,7**
	Skatttekjur, samtals	**414.618,1**	**400.024,4**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.387,0	1.387,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.540,0	1.390,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	18.413,0	18.236,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	15.426,8	14.551,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	60,2	60,2
	Aðrar eignatekjur	**35.440,0**	**34.237,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**36.827,0**	**35.624,2**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.721,0	1.721,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.200,0	1.050,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	211,0	211,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.790,0	1.790,0
9.1.3.35	Ýmislegt	494,9	494,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	421,2	421,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,7	49,7
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**6.789,7**	**6.638,9**
	Ýmsar tekjur	**6.789,7**	**6.638,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	600,0	600,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	660,0	660,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.295,0**	**1.295,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**44.996,4**	**43.642,8**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	191,8	190,3
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**681,8**	**680,3**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	600,0	600,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	385,0	385,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.666,8**	**1.665,3**
	Fjárframlög, samtals	**1.666,8**	**1.665,3**
	Heildartekjur samtals	**461.881,3**	**445.932,5**

548. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Guðrúnu Zoega frá kjararáði, Magnús Guðmundsson og Gissur Pétursson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana og Ingveldi Einarsdóttur og Grétu Baldursdóttur frá Dómarafélagi Íslands. Þá hafa borist umsagnir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Seðlabanka Íslands, Dómarafélagi Íslands, kjararáði, Viðskiptaráði Íslands og Félagi starfsmanna Alþingis.

Í frumvarpinu er lagt til að kjararáði verði á næsta ári óheimilt að endurskoða úrskurði til hækkunar sem kveðnir hafa verið upp á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 47/2006. Rökin fyrir þessari ráðstöfun eru hin sömu og áður og má um það m.a. vísa til álita efnahags- og skattanefndar við afgreiðslu laga nr. 148/2008 annars vegar og laga nr. 87/2009 hins vegar.

Við umfjöllun nefndarinnar áréttuðu fulltrúar frá Dómarafélagi Íslands og Félagi forstöðumanna fyrri athugasemdir sem fram komu í tengslum við setningu umræddra laga og varða íhlutun löggjafans í launakjör dómara og embættismanna. Dómarafélagið lagði auk þess áherslu á að við launaákvarðanir yrði gætt jafnræðis meðal þeirra er undir ráðið heyra. Þá ræddi nefndin áhrif frumvarpsins á launakerfi ríkisins og störf kjararáðs.

Ábendingar komu fram um að orðalag 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins væri óskýrt og af því yrði ekki ráðið með fullnægjandi hætti hvort kjararáði bæri við ákvörðun launa nýrra aðila að gæta samræmis við 5–15% launalækkun sem alþingismenn og ráðherrar sættu á grundvelli umrædds bráðabirgðaákvæðis í lögunum eða launaviðmiðs forsætisráðherra, sem kom inn með lögum nr. 87/2009.

Einnig voru gerðar athugasemdir við það að ákvæði 1. málsl. 1. efnismgr. frumvarpsins yrði bundið við úrskurði sem kveðnir voru upp á árinu 2009 þar sem úrskurður um lækkun launa alþingismanna og ráðherra á grundvelli umræddsákvæðis til bráðabirgða var kveðinn upp í lok árs 2008 en ekki 2009.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði einnig látið taka til alþingismanna og ráðherra og jafnframt að við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið verði gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast er unnt og að teknu tilliti til laga nr. 87/2009. Rökin að baki þessari tillögu eru m.a. þau að gefa kjararáði umbeðið svigrúm til að taka tillit til sérstakra aðstæðna án þess að raska megintilgangi frumvarpsins.

Meiri hlutinn áréttar að við afgreiðslu umræddra laga taldi efnahags- og skattanefnd að orðalag þeirra veitti kjararáði svigrúm til að taka mið af sérstöðu dómsvaldsins sem meiri hlutinn leggur áherslu á að sé gert.

Loks leggur meiri hlutinn til að frumvarpið gildi til 30. nóvember 2010 þegar kjarasamningar BSRB o.fl. sem gerðir voru í júlí sl. renna út.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætist ein ný málsgrein, svohljóðandi:

Til og með 30. nóvember 2010 er óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir hafa verið upp á grundvelli 1. málsl. 1. mgr. til hækkunar. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skal gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast er unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga þessara.

Alþingi, 14. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ögmundur Jónasson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	

549. Frumvarp til laga [239. mál]

um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „51,12 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 52,77 kr.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „20,44 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 22,94 kr.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða VII, IX og X í lögunum kemur: 31. desember 2010.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 31. desember 2010.

5. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðauka I við lögin: 1906.9024, 2106.9061, 2106.9069.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað fjárhæðanna „8,45 kr.“, „11,40 kr.“, „2.818 kr.“, „4.227 kr.“ og „50.976 kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 9,30 kr.; 12,55 kr.; 3.100 kr.; 4.650 kr.; og: 56.074 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „75,95 kr.“ í 1. tölul. kemur: 83,54 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „68,31 kr.“ í 2. tölul. kemur: 75,14 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „91,57 kr.“ í 3. tölul. kemur: 100,73 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „295,57 kr.“ í 1. tölul. kemur: 325,13 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,50 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3,85 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „10,57 kr.“ í 3. tölul. kemur: 11,63 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „371,27 kr.“ í 1. tölul. kemur: 408,40 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „18,55 kr.“ í 2. tölul. kemur: 20,41 kr.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ kemur: 31. desember 2010.
b. Við ákvæðið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Undanþágan á ekki við þegar skilmálabreyting verður til þess að skjalið uppfyllir skilyrði 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna.

11. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: 31. desember 2010.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laganna skulu skjöl sem gefin eru út á tímabilinu frá og með 1. desember 2009 til og með 31. desember 2010 og fela í sér breytingar á skilmálum á bílalánum einstaklinga vera undanþegin greiðslu stimpilgjalds, að því tilskildu að sömu aðilar séu að bílaláninu og hinu nýja skjali.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „80,32%“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 79,68%.

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „80,32%“ í 3. og 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: 79,68%.

15. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „24,5%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 25,5%.

16. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 2. og 8. mgr. 16. gr. laganna kemur: 20,32%.

17. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: 20,32%.

18. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „19,68%“ í 6. mgr. 42. gr. laganna kemur: 20,32%.

19. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða X og XI í lögunum kemur: 31. desember 2010.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 15.000 kr.
b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Fyrir þingfestingu:
   a. Af stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. . . . . 15.000 kr.
   b. Af stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu . . . . . 30.000 kr.
   c. Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . . . 90.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 15.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 250 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 50.000 kr.

f. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu:
   a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. . . . . 25.000 kr.
   b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu . . . . . 50.000 kr.
   c. Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . . 130.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 25.000 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 5. tölul. 2. mgr. kemur: 50.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 3. mgr. kemur: 15.000 kr.

21. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 15.000 kr.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 3. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 1. málsl. kemur: 15.000 kr.
b. Við 6. og 8. tölul. bætist: þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. a laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í a-lið kemur: 15.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í b-lið kemur: 15.000 kr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.900 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. mgr. kemur: 19.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 3. mgr. kemur: 9.500 kr.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „11.350 kr.“ í 1. mgr. kemur: 17.100 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „38.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 58.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.900 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „12.700 kr.“ í 1. mgr. kemur: 19.100 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „18.900 kr.“ í 2. mgr. kemur: 28.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 2. mgr. kemur: 9.500 kr.

26. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „6.300 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 9.500 kr.

27. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 2.000 kr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í 2. mgr. kemur: 3.850 kr.

c. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.900 kr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 8.300 kr.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Leyfi til náms- og starfsráðgjafa.
c. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.650 kr.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 3.–6. og 10.–13. tölul. kemur: 166.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 7., 9., 14., 15. og 17. tölul. kemur: 83.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 18. tölul. kemur: 8.300 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „18.500 kr.“ í a- og b-lið 20. tölul. kemur: 24.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „24.500 kr.“ í c-lið 20. tölul. kemur: 31.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „74.500 kr.“ í d-lið 20. tölul. kemur: 96.500 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „161.500 kr.“ í e-lið 20. tölul. kemur: 208.500 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „18.500 kr.“ í a-lið 21. tölul. kemur: 24.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „124.500 kr.“ í b-lið 21. tölul. kemur: 161.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „161.500 kr.“ í c-lið 21. tölul. kemur: 208.500 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „6.000 kr.“ í 22. tölul. kemur: 8.000 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „20.000 kr.“ í 23. tölul. kemur: 26.000 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í a-lið 24. tölul. kemur: 7.100 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í b-lið 24. tölul. kemur: 32.500 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í c-lið 24. tölul. kemur: 64.500 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 27., 35. og 36. tölul. kemur: 166.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „16.500 kr.“ í 28. tölul. kemur: 25.000 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „33.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 50.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 30. tölul. kemur: 8.300 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 83.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í 33. og 34. tölul. kemur: 41.500 kr.
v. Í stað fjárhæðarinnar „88.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 133.000 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „106.000 kr.“ í a-lið 40. tölul. kemur: 160.000 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „176.000 kr.“ í b-lið 40. tölul. kemur: 265.000 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „246.000 kr.“ í c-lið 40. tölul. kemur: 370.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í a-lið 41. tölul. kemur: 5.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „24.200 kr.“ í b-lið 41. tölul. kemur: 36.500 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „48.400 kr.“ í c-lið 41. tölul. kemur: 73.000 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „72.600 kr.“ í d-lið 41. tölul. kemur: 110.000 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „121.000 kr.“ í e-lið 41. tölul. kemur: 182.500 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í a-lið 43. tölul. kemur: 83.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „33.000 kr.“ í b-lið 43. tölul. kemur: 50.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í c-lið 43. tölul. kemur: 16.600 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 45., 46., 48. og tvívegis í 49. tölul. kemur: 8.300 kr.
ii. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 50. tölul. kemur: 2.000 kr.
jj. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í a-lið 51. tölul. kemur: 41.500 kr.
kk. Í stað fjárhæðarinnar „2.750 kr.“ í b-lið 51. tölul. kemur: 4.150 kr.

ll. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 52. tölul. kemur: 8.300 kr.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 5.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 8.300 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „27.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 41.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „16.500 kr.“ í 5. tölul. kemur: 25.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 6. og 7. tölul. og 10.–16. tölul. kemur: 5.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.600 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 10.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 17. og 18. tölul. kemur: 8.300 kr.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „165.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 250.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „82.500 kr.“ í 2. og 7. tölul. kemur: 124.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 66.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „55.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 83.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 6. tölul. kemur: 8.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 8. tölul. kemur: 1.650 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „4.400 kr.“ í 12. tölul. kemur: 6.600 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „550 kr.“ í 13. tölul. kemur: 830 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 16.500 kr.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í a-lið 1. tölul. kemur: 7.700 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.100 kr.“ í b-lið 1. tölul. kemur: 15.200 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í c-lið 1. tölul. kemur: 3.850 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.900 kr.“ í a-lið 2. tölul. kemur: 2.900 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.750 kr.“ í b-lið 2. tölul. kemur: 5.650 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „950 kr.“ í c-lið 2. tölul. kemur: 1.450 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í a-lið 3. tölul. kemur: 7.700 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „10.100 kr.“ í b-lið 3. tölul. kemur: 15.200 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „1.900 kr.“ c-lið 3. tölul. kemur: 2.900 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „3.750 kr.“ í d-lið 3. tölul. kemur: 5.650 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „5.200 kr.“ í 5.–13. tölul. kemur: 7.800 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „90 kr.“ í 13. tölul. kemur: 140 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „5.100 kr.“ í 16. tölul. kemur: 7.700 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „3.100 kr.“ í 17. tölul. kemur: 4.700 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „2.550 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 3.850 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 20.–22. tölul. kemur: 2.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 23. tölul. kemur: 1.500 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „1.350 kr.“ í 24. tölul. kemur: 2.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „4.400 kr.“ í 26. tölul. kemur: 6.600 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í a-lið 27. tölul. kemur: 15.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í b-lið 27. tölul. kemur: 7.500 kr.

v. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 28. tölul. kemur: 5.900 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „2.200 kr.“ í 29. tölul. kemur: 3.300 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.650 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 31. tölul. kemur: 8.300 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í a-lið 32. tölul. kemur: 6.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í b-lið 32. tölul. kemur: 3.000 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í a-lið 33. tölul. kemur: 3.000 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í b-lið 33. tölul. kemur: 1.500 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „8.000 kr.“ í a- og b-lið 34. tölul. kemur: 12.000 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í c-lið 34. tölul. kemur: 6.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í a- og b-lið 35. tölul. kemur: 6.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í c-lið 35. tölul. kemur: 3.000 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 36. tölul. kemur: 3.000 kr.

34. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 14. gr. a og 14. gr. b laganna kemur: 2.250 kr.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.300 kr.“ í 1. tölul. og a-lið 5. tölul. kemur: 5.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.900 kr.“ í 2. tölul. kemur: 5.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.500 kr.“ í 3. tölul. kemur: 8.300 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 16.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „8.300 kr.“ í b-lið 5. tölul. kemur: 12.500 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „41.500 kr.“ í c-lið 5. tölul. kemur: 62.500 kr.

36. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „20 kr.“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: 30 kr.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 1. mgr. kemur: 250 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.650 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „150 kr.“ í 2. mgr. kemur: 250 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „50 kr.“ í 2. mgr. kemur: 125 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „450 kr.“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: 700 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: 600 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „1.100 kr.“ í 3. tölul. 4. mgr. kemur: 1.650 kr.

38. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 18. gr. laganna kemur: 7.500 kr.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

39. gr.

Í stað ártalsins „2008“ í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 2009.

40. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum. Nýjar fjárfestingar eða nýjar skuldbindingar í slíkum félögum, umfram mörk skv. 4. málsl. 5. mgr. 36. gr., eru ekki heimilar eftir 31. desember 2013.

41. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem 1. janúar 2010 nemur samanlagt allt að 2.500.000 kr. óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í 23 mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 2.500.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 2.500.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2010. Greiðslum samkvæmt eldra ákvæði skal vera lokið áður en greiðslur hefjast samkvæmt ákvæði þessu.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

42. gr.

Í stað „1. október 2010“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. apríl 2011.

X. KAFLI

Gildistaka.

43. gr.

Ákvæði 1.–6. gr. og 10.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7.–9. gr. og 13.–42. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010.

550. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Þór Saari, Margréti Tryggvadóttur og Birgittu Jónsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	99.600,0	-12.400,0	87.200,0
b. 2.2.1.1 Tryggingargjald, almennt	31.367,0	-12.600,0	18.767,0
c. 5.2.2.25.1.26 Auðlindagjald af úthlutuðum aflaheimildum	0,0	27.700,0	27.700,0
d. 5.2.26 Gistináttagjald	0,0	1.400,0	1.400,0
e. 5.2.27 Auðlindagjald af raforkusölu til stóriðju	0,0	12.400,0	12.400,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við bætist nýr fjárlagaliður **02-998 Styrking í menntamálum**			
1.01 Til mótvægis við boðaðan niðurskurð	0,0	3.775,0	3.775,0
3. Við bætist nýr fjárlagaliður: **07-998 Styrking í félagsmálum**			
1.01 Til mótvægis við boðaðan niðurskurð	0,0	3.775,0	3.775,0
4. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-998 Styrking í heilbrigðismálum**			
1.01 Til mótvægis við boðaðan niðurskurð	0,0	7.550,0	7.550,0
5. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
5.50 Uppbygging ferðamannastaða	0,0	1.400,0	1.400,0

551. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Þór Saari, Margréti Tryggvadóttur og Birgittu Jónsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni *[20/20 - Sóknaráætlun fyrir Ísland]*	48,8	-25,0	23,8
2. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	111,1	-111,1	0,0
3. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	138,1	0,0	138,1
4. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	160,5	-160,5	0,0
5. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	3,5	-3,5	0,0
6. Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
a. 1.01 Biskup Íslands	1.408,8	-563,5	845,3
b. 6.28 Þingeyrarklausturskirkja	1,8	-1,8	0,0
7. Við **06-705 Kirkjumálasjóður**			
1.10 Kirkjumálasjóður	257,4	-128,7	128,7
8. Við **06-707 Kristnisjóður**			
1.10 Kristnisjóður	82,2	-41,1	41,1
9. Við **06-735 Sóknargjöld**			
a. 1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.800,0	-1.800,0	0,0
b. 1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	240,0	-240,0	0,0
10. Við **06-736 Jöfnunarsjóður sókna**			
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	333,0	-166,5	166,5
11. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	334,5	-200,7	133,8
12. Við **11-245 Samtök iðnaðarins**			
1.10 Samtök iðnaðarins	420,0	-420,0	0,0
13. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	34,8	-17,4	17,4

Greinargerð.

Um 3. tölul.: Við 2. umræðu um frumvarpið var samþykkt að veita 44,8 m.kr. til verkefna á vegum húsafriðunarnefndar sem listuð voru upp í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 383. Flutningsmenn tillögu þessarar leggja til að framlagið haldist óbreytt en að ekki verði skilyrt til hvaða verkefna það renni heldur verði það ákvörðun húsafriðunarnefndar.

552. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Þór Saari, Margréti Tryggvadóttur og Birgittu Jónsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-918 Safnasjóður**			
1.10 Safnasjóður	94,4	169,8	264,2
2. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.90 Söfn, ýmis framlög	31,4	-31,4	0,0
1. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
b. 1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningar-málaráðuneytis	87,7	-87,7	0,0
2. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
c. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	50,7	-50,7	0,0
3. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
3. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.18 Bókmenntasjóður	42,5	7,5	50,0
b. 1.90 Listir	25,0	-25,0	0,0
5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
4. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5	-7,5	0,0
6. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
5. Við **02-984 Norræn samvinna**			
1.90 Norræn samvinna	7,4	-7,4	0,0
7. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
6. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.19 Æskulýðssjóður	7,5	11,0	18,5
b. 1.90 Æskulýðsmál	11,0	-11,0	0,0
8. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.			
7. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.90 Ýmis framlög	76,2	-60,0	16,2
9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:			

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).	*Þús. kr.*
1. Akureyrarakademían	*2.500*
2. Heimili og skóli	*6.000*
3. Kalak, sundkennsla grænlenskra barna . . .	*1.000*
4. MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál	*6.000*
5. Orator, lögfræðiaðstoð	*200*
6. Siðmennt	*500*
***Samtals** . . . . .*	***16.200***

b. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningar-málaráðuneytisins . . . . . 131,7 -96,0 35,7

10. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:

10. Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).	***Þús. kr.***
1. Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	*7.500*
2. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	*6.800*
3. Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	*20.000*
4. Bókmenntahátíð í Reykjavík	*1.400*
Samtals	***35.700***

c. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög . . . . . 102,5 -102,5 0

11. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.

8. Við **04-190 Ýmis verkefni**

a. 1.90 Ýmis verkefni . . . . . 47,6 -40,5 7,1

12. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).	*Þús. kr.*
1. Beint frá býli	*2.000*
2. Tún, vottunarstofa	*5.100*
Samtals	***7.100***

b. 1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytisins . . . . . 116,1 -116,1 0,0

13. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.

9. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**

a. 1.50 Nýsköpun og markaðsmál . . . . . 28,0 -11,6 16,4

19. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).	*Þús. kr.*
1. FABLAB-stofa, stafræn smiðja á Sauðárkróki	*3.000*
2. Framleiðsluþróun á þæfðri ull	*2.500*
3. Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	*4.000*
4. Valorka ehf., Rannsóknarmiðstöð sjávarorku	*2.900*
5. Þróunarsetur íslenskrar tónlistar	*4.000*
Samtals	***16.400***

b. 1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytisins . . . . . 40,0 -40,0 0,0

20. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.

10. Við **11-399 Ýmis orkumál**

1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytisins . . . . . 23,6 -23,6 0,0

21. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.

11. Við **11-599 Ýmis ferðamál**

a. 1.90 Ýmis ferðamál	51,5	-28,0	23,5

22. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:

21. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).	*Þús. kr.*
1. Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum	*2.500*
2. Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	*3.500*
3. Markaðsstofa Austurlands	*3.500*
4. Markaðsstofa Suðurlands	*3.500*
5. Markaðsstofa Suðurnesja	*3.500*
6. Markaðsstofa Vestfjarða	*3.500*
7. Vesturlandsstofa, markaðsetning ferðaþjónustu á Vesturlandi	*3.500*
Samtals	***23.500***

b. Við 1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytisins . . .	35,1	-35,1	0

23. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli brott.

12. Við **14-190 Ýmis verkefni**

a. 1.90 Ýmis verkefni	33,4	-1,8	31,6

24. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90).	*Þús. kr.*
1. Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	*300*
2. Framkvæmdaráð Snæfellsness, Green Globe verkefnið	*10.000*
3. Framtíðarlandið, náttúrukort (www.natturukortid.is)	*2.000*
4. Gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda í Skorradal	*1.000*
5. Landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs á Fljótsdalshéraði	*1.000*
6. Landvernd, Grænfáninn	*1.000*
7. Landvernd, rekstur	*6.300*
8. Náttúran er ehf.	*1.800*
9. Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	*4.000*
10. Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal .	*4.000*
11. Umhverfissamtökin Blái herinn	*200*
Samtals	***31.600***

b. 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	83,4	-66,9	16,5

25. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta verði svohljóðandi:

25. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).	*Þús. kr.*
1. Frjáls félagasamtök	*11.500*
2. Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	*5.000*
Samtals	***16.500***

553. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Á milli 2. og 3. umræðu hafnaði stjórnarmeirihlutinn boði 1. minni hluta um samstarf um lækkun útgjalda ríkissjóðs sem nauðsynleg er til að ná tökum á ríkisfjármálunum. Tillögur meiri hlutans við vinnu fjárlagagerðarinnar leiða til enn aukinna útgjalda ríkissjóðs frá upphaflegu frumvarpi í stað þess að gripið sé til sparnaðarráðstafana. Þessi niðurstaða bendir því miður til þess að stjórnarmeirihlutinn geri sér ekki fulla grein fyrir þeim vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir. Það er óhjákvæmilegt að ráðast í umfangsmikinn sparnað þegar á næsta ári auk þess sem ríkisstjórnin verður nú þegar að skapa skilyrði til þess að unnt sé að afla frekari tekna fyrir íslenskt þjóðarbú eigi það að standa undir sómasamlegri velferðarþjónustu og þeim skuldum sem á því hvíla. Sú nauðsynlega tekjuaukning sem þarf að eiga sér stað getur aldrei byggst á endalausum skattaálögum heldur verður að grípa til ráðstafana til að efla atvinnulíf í landinu, stækka kökuna í stað þess að minnka hana. Það er afar brýnt fyrir þessa ríkisstjórn að gera sér grein fyrir þessu grundvallarsamhengi hlutanna.

Breytingartillögur.

Fyrsti minni hluti mun flytja aftur þær breytingartillögur sem lagðar voru fram við 2. umræðu og fela í sér sparnað á gjaldahlið ríkissjóðs. Gerð var ítarleg grein fyrir þessum tillögum í nefndaráliti 1. minni hluta á þingskjali nr. 394. 1. minni hluti mun aftur leggja fram tillögu um skattlagningu séreignarlífeyrissparnaðar enda er það eindregin skoðun hans að skattatillögur ríkisstjórnarinnar beri vott um skilningsleysi á getu heimila og fyrirtækja til að standa undir þessum auknu álögum auk þess sem svo víðtækar skattahugmyndir draga mjög úr getu hagkerfisins til að takast á við efnahagsvandann.

Vandamálum slegið á frest – dulinn halli á fjárlögum

Í umræðum á Alþingi um fjáraukalög og fjárlagafrumvarp nú hefur margoft komið fram að verulegur fjöldi ríkisstofnana á við fjárhagsvanda að etja. Aðeins ein þeirra fær lausn sinna mála við 2. umræðu, en vandamál annarra eru hvorki leyst í fjáraukalögum né á fjárlögum. Af þeim stofnunum glímir Landspítalinn við mestan vanda þar sem uppsafnaður halli hans nemur um 2,8 milljörðum kr. í árslok. Þá er gerð hagræðingarkrafa til hans að fjárhæð 3,2 milljarðar kr. Samtals má ætla að fjárhagsvandi hans nemi 6 milljörðum kr. sem eru um 20% af framlagi til spítalans. Að mati 1. minni hluta er ekki mögulegt fyrir Landspítalann að laga starfsemi sína að þessum markmiðum án þess að skerða veitta þjónustu til mikilla muna. 1. minni hluti telur að stjórnvöldum beri að gefa skýr fyrirmæli um með hvaða hætti á að haga starfseminni innan þeirra fjárveitinga sem spítalanum er úthlutað. Starfsemi hans og fleiri stofnana sem svipað er ástatt um er því í uppnámi án þess að fyrir liggi skýr fyrirmæli stjórnarmeirihlutans um hvernig þeim er ætlað að skerða þá þjónustu sem ríkisaðilum ber að veita samkvæmt lögum. Að mati 1. minni hluta er fráleitt að skilja þannig við fjárlagafrumvarpið að stofnunum ríkisins sé haldið í fjárhagslegri gíslingu í mörg ár eins og dæmi eru um. Þá er ekki síður mikilvægt að skoða fjármál þeirra stofnana sem virðast auka fjárheimildir sínar jafnt og þétt. Með vísan til þess hefur 1. minni hluti lagt áherslu á að lögum um markaðar tekjur ríkisstofnana verði breytt í þá veru að þær skuli allar renna í ríkis-

sjóð og Alþingi ákveði á fjárlögum hvers árs viðkomandi stofnunum þann ramma sem starfsemi þeirra er ætlað að rúmast innan.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum harðlega gagnrýnt framkvæmd fjárlaga án þess að framkvæmdarvaldið hafi brugðist við. Með sama hætti má segja að Alþingi hafi brugðist skyldu sinni með því að samþykkja fjárlög vitandi um verulegan rekstrarvanda fjölmargra stofnana eins og fram hefur komið.

Tekjur.

Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs á næsta ári. Afar óljóst er hins vegar hvort markmið um tekjuauka náist í ljósi mikillar óvissu um þróun helstu þjóðhagsstærða á næsta ári svo sem einkaneyslu, verðlagsþróunar, fjárfestingar og kaupmáttar ráðstöfunartekna. Tekjuhlið ríkissjóðs á næsta ári er háð mörgum óvissuþáttum og hefur ekki verið jafnbrothætt í mörg ár.

Flestir þeirra aðila sem mætt hafa til fundar við efnahags- og skattanefnd hafa lýst yfir mikilli andstöðu við framkomnar tillögur ríkisstjórnarinnar til tekjuöflunar og ekki síður hefur gangrýnin beinst að þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við vinnslu tillagnanna.

Svo illa eru breytingarnar undirbúnar að ráðherrar ríkisstjórnarinnar viðurkenndu strax við framlagningu fjárlagafrumvarpsins að tillögur ríkisstjórnarinnar væru ekki fullunnar og var í raun boðað strax við 1. umræðu um frumvarpið að þeim tillögum sem þar lágu fyrir yrði breytt.

Ljóst er að ríkisstjórnin verður að fylgjast mjög vel með þróun tekju- og gjaldahliðar ríkissjóðs á næsta ári og vera tilbúin að grípa til viðeigandi aðgerða.

Óvönduð vinnubrögð.

Upplýsingagjöf og samráð er grundvallaratriði þegar taka á þýðingarmiklar ákvarðanir, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða ríkisaðila. Því miður hefur háttað svo til við afgreiðslu fjárlaga ársins 2010 að töluvert skortir á að framangreindum grundvallaratriðum hafi verið fylgt. Mikill hraði var á umfjöllun um breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við frumvarpið í nefndinni og þessi tímapressa við vinnslu málsins er í senn óþolandi og skapar aðstæður fyrir óvönduð vinnubrögð og mistök. 1. minni hluti gagnrýndi þetta vinnulag í ítarlegu áliti í þingskjali 394.

Sem dæmi um flumbruganginn má nefna að í ljós kom eftir samþykkt fjáraukalaga fyrir árið 2009 að ríkisstjórnina skorti heimild frá Alþingi til þess að selja hlut ríkisins í Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. Framganga ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er fordæmalaus og ekki til eftirbreytni. Þegar hafðar eru í huga þær athugasemdir sem stjórnarandstaðan hafði uppi við þennan þátt fjárlagagerðarinnar sem lýtur að endurreisn fjármálakerfis landsins má ljóst vera að betur hefði verið farið að ráðgjöf hennar og tilmælum um meðferð þessa hluta verksins.

Aðrir þættir í burðarvirki fjárlagaársins eru enn fremur illa ígrundaðir. Takmarkaðar upplýsingar hafa verið lagðar fyrir fjárlaganefndina t.d. varðandi grunnstærðir í 2. gr. fjárlaganna, um sjóðstreymi ríkissjóðs.

Þessi tvö dæmi eru að mati 1. minni hluta lýsandi fyrir það að þinginu er ekki gefinn kostur á að setja sig almennilega inn í málin. Því geta þingmenn almennt ekki gert sér fulla grein fyrir þeim áhrifum sem frumvarpið og breytingartillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér og lagt mat á hver heildaráhrifin verða fyrir samfélagið. Umfjöllun og afgreiðsla fjárlaganna er með þeim hraða og tætingslega hætti að þingmenn hafa hreinlega ekki þær forsendur sem nauðsynlegar eru til þess að setja sig eins vel inn í málin og vera þyrfti.

Skýrasta dæmið um framgöngu ríkisstjórnarinnar er að finna í því makalausa skipulagsleysi sem einkennir þá gjörbyltingu skattkerfis landsins sem að er stefnt. Svo ótrúlegt sem það nú er þá var það ekki fyrr en 5. desember sem tillögur stjórnarinnar í þessum grundvallarmálum litu dagsins ljós og tóku sífelldum breytingum við meðferð þingsins allt fram á síðasta dag. Í ljósi þess efnahagsástands sem er í þjóðfélaginu er óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli stöðugt verða uppvís að svo flaustursleg um vinnubrögðum.

Arfleifðin: Icesave, aldraðir og öryrkjar.

Arfleifð þessarar ríkisstjórnar verður hið alræmda Icesave mál. Auk þess verður hennar sennilega helst minnst fyrir að vega fyrst að þeim þjóðfélagshópum sem síst skyldi, þ.e. samtökum aldraðra og öryrkja. Um það snerust m.a. fyrstu tillögur ríkisstjórnarinnar í vor. Í frumvarpi að fjárlögum næsta árs er svo gengið enn lengra í skerðingum á lífskjörum þessara þjóðfélagshópa þrátt fyrir hávær mótmæli þeirra. Nú hefur stjórnarmeirihlutinn gengið enn lengra við að skerða kjör eldri borgara. Við lokaafgreiðslu fjárlaga stendur til að stórskerða greiðslur dagpeninga til þessa viðkvæma hóps.

Eftirmæli ríkisstjórnarinnar á þessu fyrsta starfsári hennar varðandi málefni þeirra sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni eru því heldur nöturleg. Heggur sá er hlífa skyldi.

Sveitarfélögin.

Þær upplýsingar sem nefndin hefur um stöðu sveitarfélaga benda til þess að ríkisstjórnin velti hluta þess vanda sem við blasir í ríkisrekstrinum yfir á sveitarfélögin. Stöðugt er þrengt að sveitarsjóðum landsins með þeim afleiðingum að þjónusta þeirra mun óhjákvæmilega dragast enn frekar saman en orðið er. Sveitarstjórnir landsins brugðust skjótt við samdrætti tekjna og gripu til aðhaldsaðgerða og hagræðingar í starfsemi sinni sem ríkisvaldið hrifsaði til sín í einu vetfangi með hækkun tryggingargjaldsins. 1. minni hluti benti á fyrir 2. umræðu að rétt væri að bregðast við þessum stöðugu álögum á sveitarfélögin með nauðsynlegum leiðréttingum og líta heildstætt á vanda ríkis og sveitarfélaga.

Bókhaldsbrellur og fyrirframinnheimta tekna.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra annars vegar og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku hins vegar hafa undirritað sameiginlega yfirlýsingu um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu. Samkvæmt samkomulagi þessara aðila munu stóriðjufyrirtækin greiða árlega fyrir fram samtals 1,2 milljarða kr. á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Nú liggur fyrir álit Ríkisendurskoðunar á því að „fyrirframgreiðsla skatta til þriggja ára er í eðli sínu lánveiting til ríkissjóðs og það væri andstætt grunnforsendum reikningsskila að færa hana til tekna“. 1. minni hluti telur ljóst að ekki verði unnt að skrifa upp á ríkisreikning nema með fyrirvara um færslur af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir sem ganga gegn reikningshaldsstöðlum. Með fyrirframinnheimtu hefur rekstrarhalli ríkissjóðs ekki verið bættur þó að greiðsluafkoma kunni að batna tímabundið. Enn fremur bendir 1. minni hluti á þá gengisáhættu sem er þessu samfara.

Bankar seldir án heimildar.

Fjárlaganefnd ritaði Ríkisendurskoðun bréf 15. desember 2009 og óskaði eftir að Ríkisendurskoðun legði mat á hvort um sölu væri að ræða á Íslandsbanka hf. og Arion banka hf., en nýverið eignaðist skilanefnd Glitnis hf. fyrir hönd kröfuhafa 95% hlutafjár í Íslandsbanka hf. Einnig eignaðist skilanefnd Kaupþings nýverið fyrir hönd kröfuhafa 87% hlutafjár í Arion banka hf. Þá hefur ríkisstjórnin einnig selt hluta af eign ríkissjóðs í NBI hf.

Í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árið 2008 er heimild fyrir stofnun bankanna: „7.14 Að stofna þrjú ný fjármálafyrirtæki á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og leggja hverju þeirra til 775 m.kr. í stofnfé.“ Í 6. gr. fjárlaga 2009 er eftirfarandi heimild: „7.18 Að leggja þremur nýjum fjármálafyrirtækjum sem stofnuð hafa verið á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., samtals allt að 385 milljarða kr. í eigið fé.“

Ríkisendurskoðun telur að í yfirtöku á meiri hluta hlutabréfa í Íslandsbanka og Arion banka felist ráðstöfun á eignum ríkisins sem gera þurfi grein fyrir í 6. gr. fjáraukalaga 2009, sbr. til hliðsjónar ákvæði 29. gr. fjáraukalaga. Til að leysa úr þessum ágreiningi var Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytinu falið að semja frumvarp sem heimilaði þessa gjörninga ríkisstjórnarinnar.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir að heimildar sé aflað eftir á þar sem nægur tími var til að afla hennar fyrir fram. Það er mat 1. minni hluta að eignarhlutirnir hafi verið seldir án heimilda og vísar allri ábyrgð af þessum gjörningi yfir á ríkisstjórnina.

Lokaorð.

Ríkisstjórnarmeirihlutinn er strax á fyrsta starfsári sínu orðinn afar þreyttur og þrotinn að kröftum. Þetta er fyrst og fremst heimatilbúinn vandi sem stafar af innbyrðis átökum, illa ígrunduðum vinnubrögðum, hugmyndaskorti, pukri og svikum stjórnarflokkanna við gefin fyrirheit til kjósenda sinna.

Meiri hlutinn virðist ákveðinn í því að umbylta þjóðfélaginu í hendingskasti á grundvelli lítt ígrundaðra hugmynda. Samráð er ekkert og fram undan er mikill glundroði þegar öryggi og festa ættu að vera grundvallaratriði. Réttast væri fyrir meiri hlutann að einbeita sér að brýnum verkefnum við endurreisn íslensks samfélags og hætta nú þegar gagnslausri tilraunastarfsemi.

Ríkisstjórnin hefur sýnt virðingarleysi gagnvart fjárlögum og agaleysi við stjórn ríkisfjármála. Væntanleg fjárlög fyrir árið 2010 eru því miður þessu marki brennd.

Alþingi, 21. des. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. | Ólöf Nordal. | Ásbjörn Óttarsson.

Höskuldur Þórhallsson
með fyrirvara.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá II. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2148–2150.

II. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá III. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2150–2152.

III. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs, frá 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá IV. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2152–2153.

IV. Álit um frv. til fjárlaga 2010 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti), frá minni hluta allsherjarnefndar. Sjá VI. fylgiskjal þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2157–2158.

V. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti), frá 1. minni hluta menntamálanefndar. Sjá VIII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2161–2162.

VI. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti), frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Sjá XI. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2165–2167.

VII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti), frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Sjá XII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2167.

VIII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti) frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar. Sjá XV. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009– 2010, bls. 2173–2178.

IX. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (08 Heilbrigðisráðuneyti), frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar. Sjá XVI. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2178–2179.

X. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (11 Iðnaðarráðuneyti), frá minni hluta iðnaðarnefndar. Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar. Sjá XIX. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2182–2183.

XI. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (14 Umhverfisráðuneyti), frá 1. minni hluta umhverfisnefndar. Sjá XXII. fylgiskjal í þskj. 383 (1. mál 138. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2009–2010, bls. 2187.

554. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal og Ásbirni Óttarssyni.

Breytingar á sundurliðun 2:

Fjárlagaliðir *... 199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra* falli brott.

555. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti hefur farið vandlega yfir tekju- og útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar. Breytingartillögur meiri hlutans við þriðju umræðu fjárlaga nema 229,8 millj. kr. til hækkunar á fjármálum ríkisaðila í A-hluta fjárlaga. Endurskoðuð tekjuáætlun fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir 461.881,3 millj. kr. tekjum sem er hækkun um 3.151,5 millj. kr. frá síðustu umræðu. Gert er ráð fyrir að innheimta tekjuskatts af útgreiddum séreignarsparnaði hækki um 700 millj. kr. frá því sem áður var gert ráð fyrir, tryggingagjald hækki um 900 millj. kr. og virðisaukaskattur hækki um 1.600 millj. kr. Hækkun tekna lækkar halla fjárlaga um 2,9 milljarða kr. og verður tekjujöfnuðurinn neikvæður um 98,9 milljarða kr.

Annar minni hluti bendir í þessu sambandi á væntanlega tekjufærslu ríkissjóðs af fyrirframinnheimtu skattgreiðslna hjá tilteknum stóriðjufyrirtækjum, en tilgangurinn er að auka tekjur ríkissjóðs. 2. minni hluti telur að ekki séu til staðar heimildir í lögum um bókhald eða í reikningsskilastöðlum til að tekjufæra þessar greiðslur fyrr en þeirra verður aflað og því beri að lækka tekjuáætlunina um 1,2 milljarða kr. Hér má í raun segja að ríkissjóður sé að taka lán hjá erlendum stórfyrirtækjum, auðhringum sem hafa sumir haft vafasamt orðspor gegnum tíðina og telur 2. minni hluti einfaldlega varhugavert af hálfu ríkisvaldsins að fara þá leið að fjármagna ríkissjóð með þessum hætti.

Að mati 2. minni hluta eru þær grundvallarbreytingar sem gerðar eru á skattkerfinu að mörgu leyti mjög til bóta og mikilvægur áfangi til leiðréttingar á þeim losarabrag sem verið hefur á skattumhverfi á Íslandi undanfarin ár. Að auki eru þær tímabær leiðrétting á þeim ábyrgðarlausu skattalækkunum sem gerðar voru á hámarki þensluskeiðsins og virkuðu sem olía á eld þenslunnar.

Fjölþrepa virðisaukaskattskerfi þar sem markmiðið er að virðisaukaskattur á matvæli sé sem lægstur er æskilegt enda eru matvæli einfaldlega lífsnauðsyn og matarskattar mjög órétt-látir. Flokkun ríkisstjórnarinnar er hins vegar einkennileg svo ekki sé meira sagt þar sem t.d. gosdrykkir og ferðaþjónusta eru sett í sama flokk og matvæli. Til einföldunar væri betra að hafa eitt lágt þrep, um 7%, fyrir matvæli eingöngu og svo annað hærra þrep, eða um 20%, fyrir allt annað.

Fjölþrepa tekjuskattskerfi er einnig að mörgu leyti æskilegt og leiðir til meiri jöfnuðar þótt alltaf þurfi að varast að ganga of langt í að leggja einhvers konar hátekjuskatt á of lágar tekj-

ur, sem og að hafa skattprósentuna það háa að hvatinn til vinnu dofni um of. Þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar og sérfræðingar hafa lýst áhyggjum af auknu flækjustigi skattkerfisins með fjölgun skattþrepa er að mati 2. minni hluta vel þess virði að gaumgæfa hvort hægt sé að fresta þessum breytingum þannig að meiri tími gefist til undirbúnings. Lítill undirbúningstími getur leitt til alvarlegra vandamála strax um áramótin og í byrjun næsta árs. Ef nýtt skattkerfi fer af stað á brauðfótum getur verið erfitt að rétta það við og gera það trúverðugt en trúverðugleiki skattkerfa er einmitt einn mikilvægasti þáttur þeirra. Hins vegar telur 2. minni hluti að aukið flækjustig og eftiráinnheimta skatta vegna fjölgunar þrepa þurfi ekki að verða vandamál vegna þess tækniþróaða umhverfis sem efnahagslífið býr við, svo fremi að nægur tími gefist til undirbúnings.

Hvað varðar áhrif skattbreytingana á efnahagslífið alment og þjóðarhag telur 2. minni hluti að sá rökstuðningur sem að baki liggur í frumvarpinu og birtist í kaflanum „Áhrif skattheimtu“ í athugasemdum með frumvarpi til laga um tekjuöflun ríkisins (þskj. 292) gangi ekki upp við þær aðstæður sem uppi eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og talið er til miskilnings að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel gegnum tíðina sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem frumvarpið vill ná fram og hafa góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta hefði hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 2. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa. Ljóst er að tekjuskattsstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram. Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið

í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 2. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. Þingmenn Hreyfingarinnar leggja því til að í stað þeirra tekjuskattshækkana og niðurskurðar útgjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp gistináttagjald sem leggist á hótel- og gistihúsarekstur og landgöngugjald fyrir komufarþega á skemmtiferðaskipum. Gjald þetta verði 500 kr. Miðað við gistinætur ársins 2008 (sbr. skýrslur Hagstofu) gæti gjald þetta skilað tekjum upp á um 1,4 milljarða kr. á ári. Ekki hefur enn tekist að afla upplýsinga um fjölda farþega skemmtiferðaskipa vegna þess hve stutt er síðan tekjutillögur ríkisstjórnarinnar komu fram. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta. Gjald þetta renni í ríkissjóð árin 2010 og 2011 en verði eftir það eyrnamerkt til uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku og heitu vatni. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við að útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2008 (553.600 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 27,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds falli niður og að því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til styrkingar heilbrigðis-, velferðar- og menntamála.

Áhrif þessara breytinga eru að álagður tekjuskattur á einstaklinga minnkar um 12,4 milljarða kr. og tekjur af tryggingagjaldi minnka um 12,6 milljarða kr. miðað við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Þá aukast framlög til heilbrigðismála um 7,55 milljarða kr., um 3,775 milljarða kr. til velferðarmála og um 3,775 milljarða kr. til menntamála.

Þá leggja þingmenn Hreyfingarinnar til breytingar sem varða ýmsa safnliði og fasta fjárlagaliði. Það er mat 2. minni hluta að flestöllum úthlutunum á svokölluðum safnliðum beri að fresta. Flestir rúmast nú þegar innan starfssviða ýmissa sjóða og hinum ætti tafarlaust að koma fyrir annaðhvort innan ráðuneytanna eða nýrra sjóða, t.d. svæðisbundinna, sem gætu lagt faglegt mat á umsóknirnar og fylgt því eftir að fjármununum væri varið í þau verkefni sem ætlast er til. Í þessu skyni er lagt til að fjárlaganefndarmenn hætti að úthluta framlögum sjálfir til húsafriðunar en þess í stað annist sérfræðingar húsafriðunarnefndar þessa úthlutun á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar. Lagt er til að framlög til Íþrótta- og ólympíusambands Íslands falli niður en þau nema 160,5 millj. kr. eftir 2. umræðu frumvarpsins. Íþróttahreyfingin fær mikla fjármuni frá t.d. Lottói og einstök íþróttafélög fá umtalsverðan stuðning frá sveitarfélögum. Á samdráttartímum sem þessum telur 2. minni hluti að svo kostnaðarsöm afþreying verði einfaldlega að dragast meira saman en aðrir nauðsynlegri útgjaldaliðir. Þá er lögð til veruleg lækkun á framlögum til þjóðkirkjunnar, Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna. Lagt er til að ríkissjóður hætti innheimtu sóknargjalda fyrir þjóðkirkjuna og trúfélög og að innheimtu fyrir Samtök iðnaðarins verði einnig hætt.

Loks leggja þingmenn Hreyfingarinnar til ýmsar breytingar á safnliðum með það að markmiði að fela fagaðilum úthlutun styrkja þannig að fjárlaganefndarmenn hætti umsýslu þeirra. Jafnframt eru lagðar til sambærilegar breytingar á þeim safnliðum fjárlaga sem ráðuneytin annast. Í tillögunum er reynt að gæta þess að staðið verði við þá samninga sem gerðir hafa verið við ýmsa aðila. Að mati 2. minni hluta ver fjárlaganefnd alltof miklum tíma í smáu málin og of litlum í þau stærri sem í reynd mynda grunn fjárlaganna. Vikum saman standa yfir viðtöl við fólk frá alls konar félögum og stofnunum og jafnvel einstaklinga sem koma á fund nefndarinnar til að biðja um peninga.

Áður hefur 2. minni hluti vakið athygli á gestum fjárlaganefndar sem sögðust vera spákonur og skrímslasérfræðingar og mývetnskir jólasveinaáhugamenn. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að taka þetta fólk alvarlega og afhenda þeim milljónir af skattfé landsmanna og meiri hlutinn, oft í samvinnu við hluta minni hlutans, hreinlega mokar fjármunum í alls kyns gæluverkefni heima í héraði á einhverri mestu ögurstund íslenskra ríkisfjármála þegar verið er að skera niður fé til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála. Meiri hlutinn vill til dæmis úthluta 334 millj. kr. til stjórnmálaflokka sem er í raun dæmi um það hvernig sitjandi þingmenn reyna að tryggja sér og sínum flokki áframhaldandi völd. Því leggja þingmenn Hreyfingarinnar til að framlög til stjórnmálaflokka verði lækkuð um 60% eða 200,7 millj. kr. og verði 133,8 millj. kr. enda eru stjórnmálaflokkar frjáls félagasamtök sem eiga ekki að vera á framfæri skattgreiðenda. 2. minni hluti gerir sér hins vegar grein fyrir mikilvægi stjórnmálasamtaka og lagt er til að í framtíðinni fái þau fé sem nægi til reksturs á skrifstofu og fundaraðstöðu af hóflegri stærð og til greiðslu launa fyrir framkvæmdastjóra og einn starfsmann að auki. Í framhaldinu er lagt til að framlaginu verði skipt jafnt á milli stjórnmálaflokkanna því léttvæg rök eru fyrir því að greiða þeim sem flesta þingmenn hafa hærri styrk en þeim sem hafa fáa.

Annar minni hluti vill að lokum ítreka undrun sína á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd, og vonast til að framangreindar tillögur verði til þess að bæta þá þætti fjárlagavinnunnar sem hér hafa verið gagnrýndir.

Alþingi, 19. des. 2009.

Þór Saari.

556. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal og Ásbirni Óttarssyni.

Breytingar á sundurliðun 2:
Fjárlagaliðir ... *101-1.01 aðalskrifstofur ráðuneyta* lækki um 3%.

557. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal og Ásbirni Óttarssyni.

Eftirfarandi breytingar verði á númerum og heitum fjárlagaliða í sundurliðun 2, verkefni flytjist milli ráðuneyta:

1. Við 07-521 Hrafnista, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-405 Hrafnista, Reykjavík.
2. Við 07-522 Hrafnista, Hafnarfirði. Liðurinn orðist svo: 08-406 Hrafnista, Hafnarfirði.
3. Við 07-523 Grund, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-407 Grund, Reykjavík.
4. Við 07-527 Garðvangur, Garði. Liðurinn orðist svo: 08-411 Garðvangur, Garði.
5. Við 07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu. Liðurinn orðist svo: 08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu.
6. Við 07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði. Liðurinn orðist svo: 08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
7. Við 07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði. Liðurinn orðist svo: 08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.
8. Við 07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn. Liðurinn orðist svo: 08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.
9. Við 07-534 Seljahlíð, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-418 Seljahlíð, Reykjavík.
10. Við 07-535 Víðines. Liðurinn orðist svo: 08-421 Víðines.
11. Við 07-536 Höfði, Akranesi. Liðurinn orðist svo: 08-422 Höfði, Akranesi.
12. Við 07-537 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi. Liðurinn orðist svo: 08-423 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.
13. Við 07-538 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi. Liðurinn orðist svo: 08-424 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.
14. Við 07-539 Fellaskjól, Grundarfirði. Liðurinn orðist svo: 08-425 Fellaskjól, Grundarfirði.
15. Við 07-540 Jaðar, Ólafsvík. Liðurinn orðist svo: 08-427 Jaðar, Ólafsvík.
16. Við 07-542 Barmahlíð, Reykhólum. Liðurinn orðist svo: 08-429 Barmahlíð, Reykhólum.
17. Við 07-543 Dalbær, Dalvík. Liðurinn orðist svo: 08-433 Dalbær, Dalvík.
18. Við 07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði. Liðurinn orðist svo: 08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.
19. Við 07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri. Liðurinn orðist svo: 08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.
20. Við 07-548 Hjallatún, Vík. Liðurinn orðist svo: 08-439 Hjallatún, Vík.

21. Við 07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri. Liðurinn orðist svo: 08-440 Kumbaravogur Stokkseyri.
22. Við 07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði. Liðurinn orðist svo: 08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.
23. Við 07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum. Liðurinn orðist svo: 08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
24. Við 07-552 Holtsbúð, Garðabæ. Liðurinn orðist svo: 08-443 Holtsbúð, Garðabæ.
25. Við 07-553 Vífilsstaðir, Garðabæ. Liðurinn orðist svo: 08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ.
26. Við 07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur. Liðurinn orðist svo: 08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur.
27. Við 07-556 Vesturhlíð, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-470 Vesturhlíð, Reykjavík.
28. Við 07-557 Hlíðabær, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-472 Hlíðabær, Reykjavík.
29. Við 07-558 Lindargata, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-473 Lindargata, Reykjavík.
30. Við 07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga. Liðurinn orðist svo: 08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga.
31. Við 07-560 Múlabær, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-475 Múlabær, Reykjavík.
32. Við 07-561 Fríðuhús, Reykjavík. Liðurinn orðist svo: 08-476 Fríðuhús, Reykjavík.
33. Við 07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar. Liðurinn orðist svo: 08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar.

558. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal og Ásbirni Óttarssyni.

1. Við 6. gr. Liður 2.13 falli brott.
2. Við 6. gr. Liðir 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.10, 6.12, 6.13, 6.15 og 6.22 falli brott.

559. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal og Ásbirni Óttarssyni.

Breytingar á sundurliðun 1:
Við I. kafla, Skatttekjur, bætist nýr liður, svohljóðandi:
Skattur á séreignarsparnað, 74.600,0 m.kr.

560. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá Guðbjarti Hannessyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	355,4	10,0	365,4

561. Lög [239. mál]

um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 549.

562. Lög [307. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 359.

563. Frumvarp til laga [325. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 45. gr. er framhaldsskólum heimilt fram til loka skólaársins 2011–2012 að taka sérstakt gjald af nemendum sem nema má allt að 7.500 kr. á hverja námseiningu en þó aldrei hærra en leiðir af meðalframlagi á ársnemanda hvers skóla eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

564. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „þings“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: kjörtímabils.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þjóðgarðurinn er að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin eftir næstu alþingiskosningar.

565. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skýrslunni skal skilað fyrir lok janúar 2010.
b. Í stað 2. og 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Alþingi kýs níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Nefndin skal skila tillögum sínum á núverandi löggjafarþingi.

Um þingmannanefndina gilda ákvæði þingskapa um fastanefndir, eftir því sem við á, en nefndin setur sér að öðru leyti verklagsreglur. Hún gefur Alþingi skýrslu um störf sín, sbr. 26. og 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur lagt fram tillögur að öðrum þingmálum eftir því sem efni máls krefur og fylgt eftir ábendingum í skýrslunni um úrbætur á reglum með því að vísa þeim til viðkomandi fastanefndar ef ástæða er til.

Ef nefndin telur nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um einstök atriði getur hún falið einum eða fleiri sérfróðum aðilum að rannsaka þau og gefa sér skýrslu um niðurstöðuna. Reglur II., III. og VI. kafla laga þessara gilda um slíka framhaldsrannsókn eftir því sem við á, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu.

Nefndin skal svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort einhverjum hluta rannsóknargagna verði skilað síðar til Þjóðskjalasafns en áætlað er, sbr. 5. mgr. 17. gr., út af fyrirhugaðri framhaldsrannsókn. Þeir sem annast framhaldsrannsókn eiga aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað að því marki sem nauðsynlegt er í þágu rannsóknarinnar.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Rannsóknarnefndin afhendir Þjóðskjalasafni Íslands þá gagnagrunna sem orðið hafa til í störfum hennar, sbr. 5. mgr. 17. gr. Rannsóknarnefndin tekur ákvörðun um hverjum af þeim gögnum sem nefndin hefur safnað ber að skila sem gagnagrunni samkvæmt þessu ákvæði og hvaða upplýsingar koma þar fram. Þjóðskjalasafni Íslands er heimilt að gera samning við aðra ríkisstofnun á grundvelli 30. gr. fjárreiðulaga um að rækja starfsskyldur safnsins um ákveðinn tíma samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þegar rannsóknarnefndin afhendir gagnagrunna til Þjóðskjalasafns skal hún merkja þá eftir því hvort um er að ræða gagnagrunn með ópersónugreinanlegum upplýsingum eða persónugreinanlegum. Þjóðskjalasafni er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum í persónugreinanlegum gagnagrunnum nema að því marki sem reglur upplýsingalaga um aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga leyfa. Þjóðskjalasafni Íslands er hins vegar heimilt að afhenda afrit af þeim gagnagrunnum sem hafa að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem verða ekki raktar til nafngreindra fyrirtækja.

Taka skal sérstakt afrit af gagnagrunnunum til fræðilegra rannsókna. Þjóðskjalavörður ákveður hvort afmá beri persónuauðkenni úr gagnagrunnunum eða nota aðrar aðferðir til þess að vernda persónuupplýsingar. Persónuvernd úrskurðar um ágreining sem rís um ákvarðanir hans.

Þjóðskjalavörður getur heimilað aðgang að afriti skv. 3. mgr. í öruggri aðstöðu safnsins til þess að gera fræðilega rannsókn, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. ábyrgðarmaður rannsóknar og aðrir sem sjá um tölvuvinnslu á hans vegum heiti því að gæta þagmælsku um þær persónugreinanlegu upplýsingar sem þeir fá aðgang að sem og fjárhagsupplýsingar sem rekja má til nafngreindra fyrirtækja og undirriti skriflega yfirlýsingu þar um,
b. þær upplýsingar sem er veittur aðgangur að má ekki fara með út úr húsnæði safnsins og ekki birta í rannsóknaniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt eða þannig að þær verði raktar til nafngreindra fyrirtækja,
c. virtar séu í hvívetna öryggisreglur sem þjóðskjalavörður skal setja um gagnagrunnana í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þjóðskjalavörður getur sett frekari skilyrði um hvernig haga beri aðgangi að gagnagrunnunum að fenginni umsögn Persónuverndar, m.a. til þess að tryggja öryggi gagnanna.

Í umsókn ábyrgðarmanns skal gera ítarlega grein fyrir markmiði rannsóknarinnar, fræðilegu gildi hennar og hvernig staðið verði að framkvæmd hennar.

Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda að öðru leyti um gagnagrunna um bankahrunið, þ.m.t. eftirlit og úrræði Persónuverndar.

Ábyrgðarmaður rannsóknar, sem óskar eftir að gera fræðilega rannsókn á gagnagrunnum um bankahrunið, skal greiða fyrir allan kostnað sem hlýst af framkvæmd rannsóknarinnar og eftirliti með því að reglum og skilmálum sé fylgt. Þurfi Þjóðskjalasafn að kalla til sérfræðing við framkvæmd eða eftirlit með rannsókninni skal ábyrgðarmaður rannsóknar jafnframt greiða þann kostnað samkvæmt reikningi, þar á meðal kostnað sem til fellur vegna eftirlits Persónuverndar.

Ef maður, sem fengið hefur leyfi til þess að gera fræðilega rannsókn, eða annar aðili sem vinnur að rannsókninni brýtur ákvæði 4. eða 5. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar það að gera rannsókn án leyfis eða á annan hátt en sótt var um.

Nú brýtur maður 4. eða 5. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varða bætur fyrir fjártjón og miska.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 19. gr. og orðast svo:

Kröfum í einkamáli og málum skv. 2. og 3. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, út af atriðum er koma fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar eða öðrum skýrslum eða frásögnum í tengslum við rannsóknina, verður ekki beint gegn þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni. Sama gildir ef mál er höfðað út af málsmeðferð í tilefni af henni. Íslenska ríkið ber ábyrgð á athöfnum þeirra eftir almennum reglum hvort sem mál er höfðað fyrir innlendum eða erlendum dómstóli. Verði mál höfðað fyrir erlendum dómstóli gegn einstaklingi sem unnið hefur að rannsókninni, þrátt fyrir 1. málsl., greiðir íslenska ríkið allan kostnað hans við rekstur málsins og aðrar áfallnar kröfur af því tilefni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

566. Frumvarp til laga [256. mál]

um tekjuöflun ríkisins.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 8. tölul. 3. gr. laganna kemur: í eigin nafni.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Gengishagnað af hvers konar innlánsreikningum í erlendri mynt á því ári sem gengisbreyting á sér stað skal færa til tekna og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok eða á úttektardegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

4. gr.

Orðin „og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. 5. tölul. orðast svo: Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.
b. 2.–3. mgr. 5. tölul. falla brott.

6. gr.

4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. málsl. 9. tölul. og 2. málsl. 1. mgr. 9. tölul. a kemur: aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Við 9. tölul. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið eru þau að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu.
c. Orðin „og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 9. tölul. a falla brott.
d. Við 3. mgr. 9. tölul. a bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er það skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessum tölulið að seljandi hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Sé hlutafélagi skipt þannig að öllum eignum og skuldum sé skipt á milli hins skipta félags og/eða þeirra félaga sem urðu til við skiptin, og hluthafar í félaginu sem skipt var fái eingöngu hlutabréf í þeim félögum sem eignir og skuldir deildust á við skiptin, skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. a laganna:
a. Á eftir orðinu „tvísköttun“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: eða annan alþjóðasamning.
b. Á eftir orðinu „EES-ríki“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:
a. Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru. Ákvörðun reiknaðs endurgjalds samkvæmt þessari málsgrein er óháð ákvörðun launa skv. 11. gr.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: þessar.

11. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári, þó að hámarki fjórum árum. Einnig er ríkisskattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir.
b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Berist umsókn eftir að kærufresti skv. 99. gr. lýkur er ríkisskattstjóra heimilt að taka hana til afgreiðslu enda séu skilyrði 2. mgr. 101. gr. uppfyllt.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað 1. tölul. 1. mgr. koma fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   1. Af tekjuskattsstofni að 2.400.000 kr. reiknast 24,1% tekjuskattur.
   2. Af næstu 5.400.000 kr. reiknast 27% tekjuskattur.
   3. Af því sem umfram er 7.800.000 kr. reiknast 33% tekjuskattur.
   4. Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 7.800.000 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 27% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 7.800.000 kr., þó reiknast 27% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.700.000 kr. við þessar aðstæður.
   5. Fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns skv. 1.–4. tölul. skulu taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils. Breytingarnar á framangreindum viðmiðunarmörkum skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs í fyrsta sinn í árslok 2010.
b. Í stað „10%“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 18%.
c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þó skal ekki reikna tekjuskatt skv. 1. málsl. af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 100.000 kr. á ári hjá manni og 30% af tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „385.800 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. A-liðar kemur: 530.466 kr.
b. 2. málsl. 1. mgr. A-liðar fellur brott.
c. Í stað „$^{10}/_{36}$“ í 4. málsl. 2. mgr. A-liðar kemur: $^{18}/_{37}$.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir 5. málsl. 1. mgr. A-liðar koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða.
b. Orðin „þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr.“ í 4. málsl. 4. mgr. A-liðar falla brott.
c. Á eftir 5. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um fólk sem sannanlega er í sambúð og heldur heimili saman þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. 1. mgr. 2. tölul. orðast svo: Tekjuskattur manns sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. skal nema 15% af tekjuskattsstofni hans.
b. 1. málsl. 3. mgr. 2. tölul. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 67. gr.
c. 3. tölul. orðast svo: Tekjuskatt aðila sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal reikna sem hér segir:
   a. 15% af greiðslunni ef um menn er að ræða. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þ.m.t. flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort maður kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.
   b. 18% af greiðslunni ef um lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. er að ræða.
   c. 32,7% af greiðslunni ef um aðra lögaðila er að ræða.
d. 4. tölul. orðast svo: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. án persónuafsláttar skv. A-lið 67. gr. ef um mann er að ræða,
   b. 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. er að ræða,
   c. 32,7% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um aðra lögaðila er að ræða.

   Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.
e. Við bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 5. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um menn er að ræða. Þó skal ekki leggja tekjuskatt á 30% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði,
   b. 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um lögaðila er að ræða.
f. Við bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi: Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 6. tölul. 3. gr. skal vera 18% af tekjum.
g. Við bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um mann er að ræða,
   b. 15% af tekjum ef um lögaðila er að ræða.
h. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 8. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
   a. 18% af tekjum ef um mann er að ræða. Þó skal ekki reikna tekjuskatt af vaxtatekjum að 100.000 kr. á ári.
   b. 15% af tekjum lögaðila.
i. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi: Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 9. tölul. 3. gr. skal reikna á sama hátt og greinir í 4.–8. tölul. þessarar greinar.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1. mgr. kemur: 18%.
b. Í stað „23,5%“ í 2. mgr. kemur: 32,7%.
c. Í stað „10%“ í 3. mgr. kemur: 18%.
d. Í stað „10%“ í 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. kemur: 18%.

18. gr.

3. málsl. 1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri getur gert lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að skila skýrslu í tölvutæku formi.

19. gr.

Í stað orðsins „nafnskírteini sitt“ í 5. mgr. 92. gr. laganna kemur: persónuskilríki.

20. gr.

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

21. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Í upphafi hvers árs skal ríkisskattstjóri að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

4. mgr. 119. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

2. og 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða XXII falla brott.

24. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXX.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. skal fjárhæð sjómannaafsláttar á hvern dag vera með eftirfarandi hætti:

a. 740 kr. við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.
b. 493 kr. við álagningu 2013 vegna tekjuársins 2012.
c. 246 kr. við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013.

Ákvæði B-liðar 67. gr. fellur brott frá og með 1. janúar 2014.

b. (XXXI.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr., sbr. reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2010.

c. (XXXII.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir sem þar eru tilgreindar vera 246.944 kr., 317.589 kr., 408.374 kr. og 900 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

d. (XXXIII.)

Á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok áranna 2009, 2010 og 2011 skal við álagningu 2010, 2011, 2012 og 2013 leggja auðlegðarskatt sem hér segir á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 4.–9. tölul. 3. gr.:

a. Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs. Frá eignum aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi. Frá eignum aðila sem um ræðir í 5.–9. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

b. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.

Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa stafliðar. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð skal telja fram í skattframtali 2011, 2012 og 2013.

c. Auðlegðarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og b-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði a-liðar. Auðlegðarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.

d. Auðlegðarskatt skal miða við auðlegðarskattsstofn skattaðila í árslok.

e. Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Auðlegðarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna auðlegðarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. h-lið. Sama gildir um sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr. Auðlegðarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr., sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá

andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis, enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju.

f. Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.
g. Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. Ríkisskattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði h-liðar.
h. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 90.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 120.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,25%. Auðlegðarskattsstofn vegna áranna 2009, 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar skv. b-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. málsl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013.
i. Allir þeir sem hafa auðlegðarskattsstofn sem er umfram þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í h-lið skulu gera grein fyrir honum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „1. gr. og 1.“ í 1. málsl. A-liðar kemur: og 2.
b. 2. málsl. A-liðar orðast svo: Enn fremur til tekjuskatts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi án nokkurs frádráttar, sbr. skatthlutföll í 3., 6., 7. og 8. tölul. 70. gr. þeirra laga.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera með eftirfarandi hætti:
   a. á tekjur á bilinu 0–200.000 kr. á mánuði 24,1% að viðbættu útsvari,
   b. á tekjur á bilinu 200.001–650.000 kr. á mánuði 27% að viðbættu útsvari,
   c. á tekjur yfir 650.000 kr. á mánuði 33% að viðbættu útsvari.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Útsvar í staðgreiðslu skal vera hið sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.
c. 4. mgr. orðast svo:

   Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru skv. 2. og 3. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað

í 70. gr. þeirra laga að viðbættu útsvari, sbr. 1. mgr. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru skv. 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga og skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts þeirra aðila vera fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „launamanns“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sbr. 9. gr.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Launamanni sem starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda á sama launatímabili ber að upplýsa launagreiðendur um rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu, sbr. 9. gr., þannig að afdráttur verði með sem réttustum hætti.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „starfsbreyting“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: starfs- eða launabreyting.
b. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Það sama á við þegar sýnt þykir að heildarárstekjur samskattaðs aðila muni nema lægri fjárhæð en 7.800.000 kr. Þá skal heimilt að taka tillit til ákvæða 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og endurreikna þá staðgreiðslu sem innt hefur verið af hendi. Þó skal slík endurgreiðsla aldrei nema lægri fjárhæð en 50.000 kr. eða hærri fjárhæð en 100.000 kr.

29. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamaður sem starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda ber ábyrgð á að rétt innheimtuhlutfall verði ákvarðað við afdrátt staðgreiðslu.

30. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um launamenn sem starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda og hafa ekki sætt réttum afdrætti staðgreiðslu af launum skv. 9. gr.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað „10%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 18%.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: skv. 1., 2., 4., 5. og 7. tölul.
b. Í stað „10%“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: 18%.

33. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um aðila skv. 1. og 2. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn í árslok af reikningum í innlánsstofnunum. Sama á við um gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu, sbr. þó 3. og 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr.

35. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna bætist: óháð undirliggjandi verðmætum.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum.

36. gr.

Í stað „50.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 75.000 kr.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað „15%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 18%.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað „2,21%“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3,81%.

39. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,25%“ í 18. gr. laganna kemur: 0,325%.

40. gr.

Við 22. gr. laganna bætist: og meðferð framlagsins í uppgjöri sjóðanna.

VII. KAFLI
Gildistaka.

41. gr.

1. gr., a-liður 7. gr., 8.–9. gr., 18.–20. gr., 24. gr. og a-liður 32. gr. öðlast þegar gildi.

2.–6. gr., 2. efnismálsl. b-liðar og c-liður 7. gr., 10.–12. gr., 1.–4. tölul. a-liðar og b- og c-liður 13. gr., 14.–17. gr., 21.–23. gr., 25.–31. gr., b-liður 32. gr. og 33.–40. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

1. efnismálsl. b-liðar og d-liður 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012.

5. tölul. a-liðar 13. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda á staðgreiðsluárinu 2011 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2012.

567. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til ársloka 2010 er óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir voru upp á árinu 2009 til hækkunar. Málsgrein þessi gildir ekki um forseta Íslands.

Við ákvörðun launa nýrra aðila sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs skal gætt samræmis við 1. mgr. ákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

568. Frumvarp til laga [275. mál]

um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Heimild til samruna opinberra hlutafélaga.

Heimilt er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að ákveða samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt opinbert hlutafélag sem stofna skal af þessu tilefni. Við gildistöku samrunans skulu allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar opinberu hlutafélaganna, án sérstakra skuldaskila, renna til nýs félags.

2. gr.

Framkvæmd samruna, slit, tilkynning o.fl.

Ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gilda ekki um framkvæmd samruna samkvæmt lögum þessum. Yfirteknu félögunum telst slitið í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 127. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, við tilkynningu til hlutafélagaskrár um gildistöku samrunans. Stjórn félags sem stofnað er skv. 1. gr. skal annast tilkynningu samrunans til hlutafélagaskrár.

3. gr.

Eignarhald og forræði á hlutafé.

Hlutafé í félagi sem stofnað er skv. 1. gr. skal allt vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og önnur ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra skal fara með hlut ríkisins í félaginu.

4. gr.

Tilgangur félags o.fl.

Tilgangur yfirtökufélags skv. 1. gr. skal vera í samræmi við tilgang hinna yfirteknu félaga. Honum skal nánar lýst í samþykktum þess. Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Félaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

5. gr.

Yfirtaka réttinda og skyldna.

Við samruna samkvæmt lögum þessum skal yfirtökufélag skv. 1. gr. taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki samningsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða, heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

Að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995 (opinber hlutafélög), um félag þetta.

6. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnfundur nýs félags sem stofnað er skv. 1. gr. skal haldinn fyrir 31. janúar 2010. Skal á stofnfundi leggja fram til samþykktar stofnyfirlýsingu og samþykktir fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Á þeim fundi skal kjósa félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi félagsins, svo og endurskoðanda félagsins. Heimilt er að stofna hlutafélagið með stofnfé að fjárhæð 10 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði.

Á stofnfundi félagsins skal taka ákvörðun um samruna skv. 1. gr. og hvenær hann tekur gildi, sem skal vera innan fjögurra mánaða, en tímamark samruna skal miðast við áramót 2009–2010. Stofnefnahagsreikningur yfirtökufélags skal liggja fyrir eigi síðar en 31. mars 2010. Þegar stofnefnahagsreikningur liggur fyrir skal halda framhaldsstofnfund þar sem stofnefnahagsreikningurinn er lagður fram og hlutafé hins nýja félags ákveðið á grundvelli efnahagsreikninga hinna sameinuðu félaga. Tilkynning skv. 2. gr. skal send til hlutafélagaskrár innan mánaðar frá því að samruninn hefur tekið gildi og telst þá Flugstoðum ohf. og Keflavíkurflugvelli ohf. slitið með samruna við hið nýja félag.

569. Lög [81. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 481.

570. Lög [82. mál]

um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 482.

571. Frumvarp til laga [336. mál]

um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, OH).

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands er heimilt að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf. við skilanefndir Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf., allt í tengslum við samninga sem gerðir hafa verið um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá í október 2008 á grundvelli laga nr. 125/2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokallaðra neyðarlaga, var að heimila mjög róttæk inngrip ríkisins í bankakerfið til að bjarga því frá algeru hruni þannig að unnt yrði að halda uppi órofinni bankastarfsemi í landinu. Strax í október 2008 beitti Fjármálaeftirlitið þeim heimildum sem veittar voru í lögunum og yfirtók stjórn Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Samhliða voru stofnuð þrjú ný fjármálafyrirtæki af hálfu ríkisins. Stofnhlutafé umræddra fyrirtækja var lágmarksframlag til stofnunar slíkra fjármálafyrirtækja. Eftir stofnun fyrirtækjanna voru á grundvelli laga nr. 125/2008 og samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fluttar tilteknar skuldbindingar og eignir gömlu bankanna yfir í hin nýju fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skipaði í framhaldinu alþjóðlega sérfræðinga til að meta sannvirði eigna og skulda sem færðar voru yfir í hina nýju banka. Segja má að félögin sem stofnuð voru á grundvelli framangreindra laga hafi í raun verið nokkurs konar umgjörð utan um þær eignir og skuldbindingar sem færðar voru úr gömlu bönkunum en þá lá þegar fyrir að endanlegri fjármögnun yrði ekki lokið fyrr en niðurstaða fengist um uppgjör við gömlu bankana. Þrátt fyrir að ríkissjóður hafi við stofnun félaganna verið skráður eigandi alls hlutafjár í þessum félögum lá fyrir að það framlag mundi ekki nægja til að fjármagna starfsemi bankanna til framtíðar eða til uppgjörs fyrirliggjandi skuldbindinga þar sem uppgjör eigna og skulda á grundvelli neyðarlaganna hafði ekki farið fram. Sú niðurstaða sem nú liggur fyrir varðandi uppgjör vegna uppskiptingar Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. og fyrirliggjandi breytingar á eignarhlutföllum nýju bankanna byggist m.a. á mati hinna sérfróðu aðila sem skipaðir voru af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 125/2008, ásamt niðurstöðu af langvinnum viðræðum ríkisins við skilanefndir gömlu bankanna og kröfuhafa. Í þeim samningum hafa verið útkljáð ýmis mál sem tengjast verðmati eignanna sem fluttar voru til nýju bankanna svo og endurgjaldi fyrir eignirnar sem m.a. felast í því að uppgjörskröfum gömlu bankanna hefur verið umbreytt í hlutafé í hinum nýju bönkum.

Fyrir liggur skýr afstaða fjármálaráðuneytisins um að sú breyting sem varð á eignarhlutföllum nýju bankanna við umrædda samninga hafi verið í samræmi við niðurstöður af framangreindu verðmati og samningaviðræður um skuldaskil og uppgjör milli ríkisins og þeirra aðila sem í raun áttu stærstan hluta allra verðmæta í nýju bönkunum. Uppgjörið og þær

breytingar sem urðu á eignarhlutföllunum hafi verið í beinum og órofa tengslum við lög nr. 125/2008 og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá í október 2008 um að færa yfir í hin nýstofnuðu fjármálafyrirtæki eignir og skuldir hinna föllnu banka. Af þessum ástæðum taldi fjármálaráðuneytið að 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, ætti ekki við þar sem umrædd lagagrein mælir fyrir um að afla skuli heimildar í lögum til að selja eignarhluta í félögum. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur ríkið ekki selt eignarhluta sinn, enda á ríkið enn stofnframlag sitt eða jafngildi þess í nýju bönkunum þrátt fyrir að eignarhluti þess sé ekki 100% eins og við stofnun félaganna. Eignarhlutföll eins og þau eru á grundvelli þeirra samninga sem nú liggja fyrir byggjast á raunverulegum eignarhlutföllum ríkisins og kröfuhafa miðað við þær eignir sem eru í nýju bönkunum og það fjármagn sem aðilar munu þurfa að leggja til þeirra. Ríkið hefur því í raun ekki selt þá hluti sem það hefur skráð sig fyrir í nýju bönkunum þótt eignarhlutföll hafi breyst með aukningu hlutafjár af hendi skilanefnda gömlu bankanna.

Í bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 15. desember sl., til fjárlaganefndar Alþingis í framhaldi af umsagnarbeiðni frá nefndinni vegna þessa máls er hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu. Ríkisendurskoðun telur að samkomulag ríkisins við skilanefndir bankanna um yfirtöku á umræddum eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjunum teljist vera ráðstöfun á eignum ríkisins skv. 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Ekki skipti máli í þessu sambandi að fyrirkomulag á ráðstöfun þessara eignarhluta sé óvenjulegt og ekki fylgt hefðbundnu söluferli samkvæmt verklagsreglum um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Ekki skipti heldur máli að mati Ríkisendurskoðunar að ósamið hafi verið um endurgjald af hálfu ríkisins um uppgjör vegna mismunar á virði eigna og skulda frá gömlu bönkunum sem lagðar voru til þeirra nýju. Jafnframt bendir Ríkisendurskoðun á að verið sé að minnka eignarhlut ríkissjóðs í umræddum fjármálafyrirtækjum.

Í ljósi þess vafa sem upp virðist kominn um þörf á sérstakri lagaheimild vegna umræddra samninga ríkisins er lagt til í frumvarpi þessu að lögfest verði skýr og afdráttarlaus heimild fyrir fjármálaráðherra til að staðfesta breytingar á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf. við skilanefndir Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. í tengslum við samninga sem gerðir hafa verið um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá í október 2008 á grundvelli laga nr. 125/2008. Eðli máls samkvæmt er ekki aflað heimildar til að selja tiltekna hluti heldur mælt fyrir um staðfestingu á þeim ráðstöfunum sem leiðir af samningum fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs og þessara aðila um endurfjármögnun og uppgjör og snerta eignarhald ríkisins í hinum nýju bönkum.

572. Fyrirspurn [337. mál]

til utanríkisráðherra um þvinganir gegn Ísraelsríki vegna mannréttindabrota í Palestínu.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

Telur ráðherra að nauðsynlegt geti verið að beita Ísraelsríki viðskiptaþvingunum vegna mannréttindabrota í Palestínu og ólöglegrar landtöku Ísraela þar? Hver er skoðun ráðherra á þeirri fullyrðingu að nú sé orðið tímabært að beita slíkum þvingunum?

Skriflegt svar óskast.

573. Svar [334. mál]

forseta Alþingis, sbr. 3. mgr. 8. gr. þingskapa, við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um endurskoðun laga um landsdóm.

1. *Telur forseti og forsætisnefnd ástæðu til að taka til sérstakrar athugunar það fyrirkomulag við skipan landsdóms að Alþingi kjósi hlutfallskosningu hluta dómara, sbr. þau sjónarmið sem rakin eru í skýrslu vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu?*

Í skýrslu vinnuhóps sem fór yfir reglur um þingeftirlit frá september 2009 er ekki lagt til að víkja frá landsdómsfyrirkomulaginu, þ.e. að sérstakur dómstóll dæmi í málum út af embættisbrotum ráðherra. Hins vegar er á það bent að breyta megi samsetningu dómsins og draga úr pólitísku ívafi hans. Með því er skírskotað til þess að átta af fimmtán dómendum í landsdómi eru kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu til sex ára í senn. Aðrir dómendur eru fimm af níu dómurum Hæstaréttar Íslands, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands.

Þessi skipan dómsins virðist hafa þann tilgang að tryggja þekkingu dómenda á ólíkum hliðum á störfum og hlutverki ráðherra. Fyrirkomulagið á sér sögulegar rætur í stjórnskipulagi nágrannaríkjanna þar sem víða tíðkaðist að ákæruvald út af embættisbrotum ráðherra væri í höndum löggjafarþinganna og úrskurðarvald um viðurlög væri hjá sérdómstólum sem skipaðir voru bæði lögfræðimenntuðum embættismönnum og dómendum sem kjörnir voru af löggjafarþingunum. Þetta fyrirkomulag var tekið upp í stjórnskipun Evrópuríkja áður en þingræði komst þar á og á þeim tíma var málsókn gegn ráðherra eina úrræðið sem þingin höfðu til að skapa ríkisstjórninni aðhald og sjá til þess að ráðherrar virtu fyrirmæli löggjafans. Þegar þingræði festist í sessi í Evrópu dró verulega úr málsóknum gegn ráðherrum og víða hefur þetta fyrirkomulag verið afnumið á síðari árum. Bæði í Danmörku og Noregi hefur þó verið haldið í þetta fyrirkomulag en þar er helmingur dómenda eða ríflega það kjörinn af löggjafarþingunum. Sú skipan hefur einkum verið rökstudd með því að tryggja þurfi ákveðna þekkingu innan réttarins á pólitískum hliðum á störfum ráðherra og samskiptum hans við þingið. Í eina tilvikinu þar sem reynt hefur á þetta fyrirkomulag í Danmörku á síðari hluta

20. aldar, í Tamílamálinu svonefnda, var skipan dómsins borin undir Mannréttindadómstól Evrópu (sjá úrskurð frá 18. maí 1999 í máli nr. 28972/95: Erik Ninn-Hansen gegn Danmörku). Niðurstaða hans var að fyrirmæli laga um þetta efni í Danmörku færu ekki í bága við 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það eitt að dómarar væru kjörnir af þinginu leiddi því ekki til þess að dómstóllinn teldist vilhallur.

Forsætisnefnd hefur tekið afstöðu til þess hvernig beri að haga frekari úrvinnslu á mörgum af þeim ábendingum sem komu fram í skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit. Eftir er að ákveða hvernig brugðist verður við þeim atriðum er lúta að endurskoðun laga um ráðherraábyrgð og landsdóm. Tillaga hefur komið fram um að nefnd verði skipuð, með fulltrúum allra flokka svo og forsætisnefndar og forsætisráðuneytis, sem yrði falið að endurskoða lögin og semja drög að frumvörpum. Við slíka endurskoðun er full ástæða til að skipan landsdóms verði tekin til sérstakrar athugunar, þar á meðal hvort rétt sé að draga úr pólitísku ívafi dómsins. Rétt er að taka fram að engin skilyrði eru sett í 14. gr. stjórnarskrárinnar um hvernig landsdómur skuli skipaður. Ekki þarf því að breyta stjórnarskrá til að breyta skipan dómsins.

2. *Telur forseti og forsætisnefnd ástæðu til að hefja almenna endurskoðun laga um landsdóm, nr. 3/1963, og laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, við þær aðstæður sem nú eru?*

Í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar komu fram nokkrar ábendingar um atriði í lögum um ráðherraábyrgð og landsdóm sem ástæða þykir að endurskoða. Áður er getið ábendingar um skipan landsdóms. Að auki er talið nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um ráðherraábyrgð með tilliti til kröfunnar um skýrleika refsiheimilda. Þar er einkum vísað til 10. gr. laganna þar sem fjallað er um brot þar sem ráðherra „misbeitir stórlega valdi sínu“ án þess að fara beinlínis út fyrir embættistakmörk sín samkvæmt lögum eða „stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu“ án þess að framkvæmdin sé sérstaklega bönnuð í lögum. Þá er í skýrslunni bent á að skýra þurfi að hve miklu leyti ákvæðum í almennum hluta hegningarlaga, nr. 19/1940, og eins ákvæði um tilraun í 20. gr. þeirra laga, verði beitt um brot gegn lögum um ráðherrábyrgð.

Eins og fram kemur í svari við fyrri lið spurningarinnar hefur ekki verið endanlega ákveðið hvernig bregðast eigi við ábendingum vinnuhópsins um þessi atriði. Tillaga hefur komið fram um að skipa nefnd sem verði falið að endurskoða löggjöf á þessu sviði og semja drög að frumvörpum. Ætla yrði þeirri vinnu nokkurn tíma enda eru í skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar ekki útfærðar tillögur að þeim breytingum sem rétt þykir að gera. Þó að þessi undirbúningur hæfist fljótlega mundu tillögur að öllum líkindum ekki koma til afgreiðslu fyrr en þau mál sem nú eru efst á baugi yrðu yfirstaðin.

Komi til þess að það reyni á lög um ráðherraábyrgð og landsdóm áður en þeim yrði breytt verður að ætla að fyrirmæli þeirra verði túlkuð til samræmis við kröfur 69. gr. stjórnarskrárinnar um lögbundnar refsiheimildir og 70. gr. um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Með breytingum sem gerðar voru á lögum um landsdóm með lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála, hefur enn fremur verið tryggt að meðferð mála út af embættisbroti ráðherra taki nú í meginatriðum mið af almennum kröfum til málsmeðferðar í sakamálum.

574. Svar [242. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um fjárframlög til ÍSÍ og KSÍ.

1. Hver hafa fjárframlög úr ríkissjóði til ÍSÍ verið síðastliðin fimm ár? Hver hefur hlutdeild KSÍ í þeim verið?

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands nýtur stuðnings úr ríkissjóði sem æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu. Hlutverk sambandsins hefur verið að setja hinn almenna ramma utan um íþróttastarfið og móta stefnu um hin ýmsu málefni íþróttahreyfingarinnar. Auk þess sér íþróttahreyfingin um verkefni tengd almenningsíþróttum, lyfjaeftirliti, Ólympíuleikum, smáþjóðaleikum og fleira. Á fjárlögum er annars vegar skilgreint beint framlag til Íþrótta- og Ólympíusambandsins undir fjárlagalið 02-989-110 og hins vegar framlög af ýmsum liðum til verkefna sambandsins sem samningar hafa verið gerðir um, t.d. samningar um Ferðasjóð ÍSÍ á fjárlagalið 02-989-111, Afrekssjóð ÍSÍ á fjárlagalið 02-989-129 og lyfjaeftirlit á fjárlagalið 02-989-131. Fyrirspurnin lýtur einnig að fjárframlögum úr ríkissjóði til ÍSÍ síðastliðin fimm ár, eða 2005–2009, og hlutdeild KSÍ í þeim. Frá árinu 2006 hefur verið gert ráð fyrir framlagi til sérsambanda ÍSÍ í framlagi til ÍSÍ samkvæmt samningi sem ráðuneytið gerði við ÍSÍ um fjárframlög til sérsambanda ÍSÍ. Samningurinn rennur út í árslok 2009 og er gert ráð fyrir að hann verði endurnýjaður. Í eftirfarandi töflu má sjá framlög til ÍSÍ síðastliðin fimm ár og hlutdeild KSÍ í þeim:

Framlag til ÍSÍ samkvæmt fjárlögum á verðlagi hvers árs, millj. kr.

	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Framlög ÍSÍ, Ólympíuleikar, fræðsluverkefni, rekstur o.fl.	74,7	78,7	82,5	102,9	107,9
Framlög til sérsambanda sem ÍSÍ sér um að úthluta		30	40	60	70
Framlög til Ferðasjóðs ÍSÍ (eingöngu ætlaður íþróttafélögum)			30	59	60
Framlög til Afrekssjóðs ÍSÍ	25	30	30	30	30
Framlög til lyfjaeftirlits sem ÍSÍ sér um		7	10	12	12
Framlög til sérverkefna, svo sem Lífshlaup, norræn verkefni o.fl.	0,5	0,92		0,6	0,75
Samtals framlög	**100,2**	**146,62**	**192,5**	**264,5**	**280,65**
Hlutdeild KSÍ í framlögum sem veitt eru ÍSÍ					
Hlutdeild KSÍ af framlögum til sérsambanda			3,2	3,6	3,8
Hlutdeild KSÍ af framlögum til Afrekssjóðs	4	4	4	4	7
Samtals framlög	**4**	**4**	**7,2**	**7,6**	**10,8**

Samkvæmt ársreikningi ÍSÍ 2008 námu tekjur sambandsins 515.840.318 kr. og gjöld 520.149.275 kr. Þessu til viðbótar er framlag ríkisins til sérsambanda sem nam 60 millj. kr. árið 2008 en ÍSÍ sér um að úthluta þeim fjármunum. Rekstrarniðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því neikvæð um 4.308.957 kr. árið 2008. Með fjármagnstekjum var hagnaður ársins hins vegar 42.029.747 kr. Þess ber að geta inni í þessum tekjum er hlutdeild ÍSÍ í Íslenskri getspá en rekstrarárið 2008 nam sú upphæð 257.665.070 kr., þeirri fjárhæð var dreift á íþróttahreyfinguna og verkefni sérsambanda og héraðssambanda, auk þess sem hlutdeild ÍSÍ fór í verkefni sjóða ÍSÍ. Samtals var úthlutað úr þeim sjóðum 165.623.679 kr. Framlag ríkisins

rekstrarárið 2008, 264,5 millj. kr. sem hlutfall heildartekna sambandsins námu því 46% af heildartekjum ÍSÍ og er þá 60 millj. kr. framlag til sérsambanda með í útreikningnum.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu KSÍ voru heildartekjur sambandsins samkvæmt ársreikningi 2008 um það bil 871 millj. kr. og er rekstrarstyrkur ríkisins 7,6 millj. kr. af því.

3. *Hver eru áætluð fjárframlög til ÍSÍ í fjárlagafrumvarpi 2010 og hver er áætluð hlutdeild KSÍ í þeim?*

Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er lagt til að fjárveitingar til ÍSÍ verði 145,5 millj. kr. Af því er skilgreint framlag til sérsambanda 63,7 millj. kr. Reikna má með að hlutdeild KSÍ verði 3,4 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Ferðasjóður ÍSÍ verði 57 millj. kr., að framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ verði 25 millj. kr. og að framlag vegna lyfjaeftirlits verði 12 millj. kr. Sérsambönd sækja um styrki úr Afrekssjóði og því ekki hægt að áætla hlut KSÍ fyrir árið 2010.

4. *Hefur KSÍ fengið önnur fjárframlög úr ríkissjóði síðastliðin fimm ár? Hver eru þau og um hvaða fjárhæðir er að ræða?*

KSÍ hefur nokkra sérstöðu meðal sérsambanda ÍSÍ með tilliti til umfangs starfseminnar. Iðkendur knattspyrnu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ eru um 19.200. Á síðustu árum hafa verið veittir stofnstyrkir til verkefna sem KSÍ hefur staðið fyrir eitt sér eða í samstarfi við ríki og sveitarfélög af fjárlagaliðum 02-989-6.57, 02-989-6.58 og 02-999-690. Fjárframlög til sambandsins frá árinu 2005 eru eftirfarandi:

Stofnkostnaðarframlög til KSÍ samkvæmt fjárlögum á verðlagi hvers árs, millj. kr.

	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50	50	47,5	50	0
Sparkvellir sem unnið var í samstarfi við sveitarfélög	25	25	25	25	0
Mannvirkjasjóður KSÍ	0	0	0	15	12
Stuðningur vegna kvennalandsliðsins	0	0	0	0	2
Samtals framlög	**75**	**75**	**72,5**	**90**	**14**

575. Svar [140. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um nema í dreifnámi, fjarnámi og staðnámi.

1. *Hver er fjöldi fjarnema annars vegar og dreifnema hins vegar? Hver er aldursdreifing þeirra, kyn og búseta?*

Í upplýsingaöflun um fjölda nemenda hefur ekki verið gerður greinarmunur á fjarnámi og dreifnámi. Dreifnemar eru því taldir með fjarnemum í upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem ráðuneytið styðst við.

Haustið 2008 voru fjar- og dreifnemar á framhaldsskólastigi 4.782 af 25.590 nemendum samtals. Þar af eru 3.482 nemendur einnig skráðir í dagskóla eða kvöldskóla.

Á háskólastigi stunda 3.340 nemendur fjar- og/eða dreifnám af 18.104 nemendum alls.

Eftirfarandi töflur sýna aldursdreifingu, kyn og búsetu fjarnema.

Aldursdreifing og búseta fjarnema haustið 2008 í framhaldsskóla- og háskólanámi.

Aldursfl.	Fjöldi	Reykja-vík	Hbsv. utan Rvíkur	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Erlendis
<20 ára	1.532	549	401	34	61	35	30	167	93	143	19
20-24 ára	1.423	462	321	108	73	47	24	156	89	114	29
25-29 ára	1.235	410	259	118	70	26	30	133	54	86	49
30-39 ára	1.897	484	420	158	126	57	73	230	115	172	62
40-49 ára	1.333	335	288	119	83	55	50	165	97	124	17
50 ára+	702	227	174	28	54	23	29	78	36	48	5
	8.122	**2.467**	**1.863**	**565**	**467**	**243**	**236**	**929**	**484**	**687**	**181**

Kyn og búseta fjarnema haustið 2008 í framhaldsskóla- og háskólanámi.

Kyn	Fjöldi	Reykja-vík	Hbsv. utan Rvíkur	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Erlendis
Karlar	2.466	856	623	155	102	65	44	296	117	164	44
Konur	5.656	1.611	1.240	410	365	178	192	633	367	523	137
	8.122	**2.467**	**1.863**	**565**	**467**	**243**	**236**	**929**	**484**	**687**	**181**

2. *Hver er áætlaður kostnaður á námseiningu hjá staðnemum, dreifnemum og fjarnemum, eftir skólastigum og námsleiðum?*
3. *Eru greiðslur til skóla fyrir nemendagildi mismunandi eftir því hvort um er að ræða staðnema, dreifnema eða fjarnema?*

Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að framlag á einingu í framhaldsskólanámi sé að meðaltali um 25.000 kr. Ekki er gerður greinarmunur á framlagi til eininga sem teknar eru í dagskóla og í fjarnámi. Námsleiðir eru enn fremur margar og ólíkar og hlutfall bók- og verknáms innan þeirra getur verið mjög mismunandi. Því er erfitt að svara spurningunni um kostnað eftir námsleiðum án frekari afmörkunar. Auk þessa er nokkur hreyfing á nemendum á milli námsleiða en reiknilíkan fyrir framhaldsskólann miðar við fjölda þeirra eininga sem nemandinn stundar nám í.

Í reiknilíkani háskóla er gert ráð fyrir ákveðnu framlagi fyrir hvern ársnema þar sem ársnemi er skilgreindur sem nemandi sem þreytir próf í 30 námseiningum (60 ECTS-einingum). Um nokkra reikniflokka er að ræða og því ólíkar greiðslur eftir því um hvaða nám ræðir. Verð á hvern ársnema er frá 501 þús. kr. til 2.650 þús. kr. og er nám á sviði félags- og mannvísinda ódýrast en nám í tannlækningum dýrast. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort nemendur eru í staðnámi, dreifnámi eða fjarnámi. Meðalverð á hverjar 30 námseiningar (60 ECTS-einingar) var 751,5 þús. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2009 en það svarar til 25.050 kr. á hverja námseiningu að meðaltali (hverjar tvær ECTS-einingar). Rétt er að taka fram að landbúnaðarháskólarnir, þ.e. Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, fá ekki enn framlög samkvæmt reiknilíkani háskóla og því liggja ekki fyrir upplýsingar um kostnað á hverja námseiningu við þá skóla.

Hægt er að sjá lista yfir verðflokka náms á háskólastigi í frumvarpi til fjárlaga ár hvert, sjá bls. 245 í frumvarpi til fjárlaga 2009 og bls. 250 í frumvarpi til fjárlaga 2010. Í sama kafla fjárlaganna er jafnframt að finna upplýsingar um meðalverðhlutfall en það er birt neðst í töflu sem sýnir fjölda ársnema sem ríkið greiðir eftir skólum og reikniflokkum.

576. Svar [260. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við dagskrárliði í ríkissjónvarpinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður og kostnaður sundurliðaður eftir vinnulaunum, verktakagreiðslum og öðrum kostnaði við eftirtalda dagskrárliði í ríkissjónvarpinu:

a. Kastljós,
b. Silfur Egils,
c. Fréttaaukann,
d. Kiljuna,
e. fréttir kl. 22?

Ráðherra óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Meðfylgjandi er svar Ríkisútvarpsins:

Heildarframleiðslukostnaður dagskrárdeildar samanstendur m.a. af samnýtingu á starfsfólki, tækjum, húsnæði og öðrum búnaði sem þarf til framleiðslunnar. Það er því tæknilega erfitt að sundurliða kostnað eða sundurgreina viðbótarkostnað sem verður til við framleiðslu einstakra þátta. Fréttamenn RÚV vinna sem dæmi að framleiðslu fjölmargra frétta og fréttatengdra þátta, jafnt í útvarpi, sjónvarpi sem á vefnum, og vinna við það á vöktum alla daga ársins. Kostnaður við tíufréttir sjónvarps er tiltölulega lítill viðbótarkostnaður. Samnýting starfsfólks gildir einnig um þá sem koma að gerð annarra innlendra þátta.

Í töflunni hér á eftir má sjá upplýsingar um beinan kostnað við gerð þáttanna sem um er spurt án ýmiss tæknikostnaðar (aðstaða og tæknibúnaður), hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði viðkomandi deildar og hlutdeildar í sameiginlegum rekstri RÚV, svo sem húsnæðis, tækjabúnaðar, stoðdeilda og yfirstjórnar auk gjalda sem lenda á félaginu í heild (t.d. fjármagnskostnaður og kostnaður vegna rétthafa).

Kostnaður við gerð þátta, millj. kr.

Dagskrárliður	Samtals á ári
a. Kastljós	130
b. Silfur Egils	14
c. Fréttaaukinn	21
d. Kiljan	24
e. Tíufréttir	22

Ef ákvörðun er tekin um að hætta með einn þátt getur það haft í för með sér að einingaverð á öðrum þáttum hækki.

577. Svar [294. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um fríverslunarsamninga.

1. *Hvaða viðskiptasamningum, fríverslunarsamningum sem og öðrum samningum sem tengjast verslun, viðskiptum og þjónustu, á Ísland aðild að og frá hvað tíma gilda þeir samningar?*

Í þessari samantekt eru taldir upp þeir fjölþjóðasamningar og tvíhliða samningar sem Ísland á aðild að og tengjast verslun, viðskiptum og þjónustu. Um er að ræða fríverslunar- og landbúnaðarsamninga, tvísköttunarsamninga, upplýsingaskiptasamninga um skattamál, fjárfestingarsamninga og loftferðasamninga. Sumir þessara samninga hafa tekið örum breytingum og er aðeins getið um helstu breytingarnar í listanum hér að neðan.

Að auki er í gildi fjöldi annarra tvíhliða samninga milli Íslands og annarra ríkja þar sem er að finna almenn ákvæði um samskipti ríkjanna, m.a. á sviði viðskipta og verslunar.[1] Margir þessara samninga eru komnir til ára sinna og hafa ekki lengur raunhæfa þýðingu.

I. Fjölþjóðasamningar:

- Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), ásamt Genfarbókun frá 30. júní 1967, öðlaðist gildi 21. apríl 1968.
  Genfarbókun 1979, öðlaðist gildi 15. apríl 1980.
- Marakess-samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, öðlaðist gildi 1. janúar 1995.
  Bókun 4 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti, öðlaðist gildi 16. desember 1997.
  Bókun 5 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti, öðlaðist gildi 1. mars 1999.
- Samningur um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), öðlaðist gildi 1. mars 1970.
  Breytingar 21. júní 2001, öðluðust gildi 1. júní 2002 (nýr stofnsamningur EFTA, Vaduz-samningurinn).
- Samningur um Evrópska efnahagssvæðið, öðlaðist gildi 1. janúar 1994.
- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Chile, öðlaðist gildi 1. desember 2004.
- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Arabíska lýðveldisins Egyptalands, öðlaðist gildi 1. ágúst 2007.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísraels, öðlaðist gildi 1. ágúst 1993.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og konungsríkisins Jórdaníu, öðlaðist gildi 1. september 2002.

---

[1] Frekari upplýsingar um samninga Íslands við erlend ríki, m.a. samninga sem að hluta til tengjast verslun og viðskiptum, er að finna í skrá utanríkisráðuneytisins um samninga Íslands við erlend ríki (miðað við 1. janúar 2005) en hún er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins: http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/.

- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Kanada, öðlaðist gildi 1. júlí 2009.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu, öðlaðist gildi 1. ágúst 2002.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanon, öðlaðist gildi 1. janúar 2007.
- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Makedóníu, öðlaðist gildi 1. maí 2002.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og konungsríkisins Marokkós, öðlaðist gildi 1. desember 1999.
- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Mexíkó, öðlaðist gildi 1. október 2001.
- Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, öðlaðist gildi 1. nóvember 2000.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Singapúr, öðlaðist gildi 1. janúar 2003.
- Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (SACU), öðlaðist gildi 1. maí 2008.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis, öðlaðist gildi 1. mars 2006.
- Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tyrklands, öðlaðist gildi 1. september 1992.
- Samningur milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Suður-Kóreu, öðlaðist gildi 1. október 2006.

II. Tvíhliða samningar:

a. Fríverslunar- og landbúnaðarsamningar:

- Viðbótarsamningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Chile, öðlaðist gildi 1. desember 2004.
- Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og Arabíska lýðveldisins Egyptalands, öðlaðist gildi 1. ágúst 2007.
- Samningur um landbúnaðarafurðir milli Íslands og Ísraels, öðlaðist gildi 1. ágúst 1993.
- Bókun um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Jórdaníu, öðlaðist gildi 1. september 2002.
- Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Kanada, öðlaðist gildi 1. júlí 2009.
- Bókun um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Króatíu, öðlaðist gildi 1. ágúst 2002.
- Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Líbanon, öðlaðist gildi 1. janúar 2007.
- Bókun um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og Makedóníu, öðlaðist gildi 1. maí 2002.
- Bókun um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Marokkós, öðlaðist gildi 1. desember 1999.
- Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Mexíkó, öðlaðist gildi 1. október 2001.

- Bókun um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, öðlaðist gildi 1. nóvember 2000.
- Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Singapúr, öðlaðist gildi 1. janúar 2003.
- Samningur um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja (SACU), öðlaðist gildi 1. maí 2008.
- Bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Túnis, öðlaðist gildi 1. mars 2006.
- Samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Tyrklands, öðlaðist gildi 1. september 1992.
- Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Suður-Kóreu, öðlaðist gildi 1. október 2006.
- Samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir sem er komið á á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlaðist gildi 1. mars 2007.
- Fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja (Hoyvíkursamningurinn), öðlaðist gildi 1. nóvember 2006.
- Samningur um viðskipti Íslands og Grænlands, öðlaðist gildi 1. febrúar 1985.

b. Tvísköttunarsamningar:

- Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 15. desember 2008.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Belgíu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 19. júní 2003.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum, öðlaðist gildi 19. desember 1991.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Eistlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 11. nóvember 1995.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska lýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 1. júní 1992.
- Samningur milli Íslands og lýðveldisins Grikklands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 7. ágúst 2008.
- Samningur milli Íslands og Grænlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 23. desember 2003.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Hollands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 26. desember 1998.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 17. desember 2004.

- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Ítalíu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 14. október 2008.
- Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Indlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 21. desember 2007.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Kanada til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 30. janúar 1998.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Kína til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 5. febrúar 1997.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Lettlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 27. desember 1995.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Litháens til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 17. júní 1999.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 19. september 2001.
- Samningur milli Íslands og Möltu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 19. apríl 2006.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 10. desember 2008.
- Samningur milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 11. maí 1997.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Portúgals til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 11. maí 2002.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Póllands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 20. júní 1999.
- Samningur milli Íslands og Rúmeníu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 21. september 2008.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandslýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 21. júlí 2003.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Slóvakíu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 19. júní 2003.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Spánar til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 2. ágúst 2002.

- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Kóreu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 23. október 2008.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandsríkisins Sviss til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 20. júní 1989.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Ungverjalands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 7. febrúar 2006.
- Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Úkraínu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 9. október 2008.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Tékklands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 28. desember 2000.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnam til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, öðlaðist gildi 27. desember 2002.
- Samningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, öðlaðist gildi 2. nóvember 1973.

c. Upplýsingaskiptasamningar um skattamál:

- Samningur milli Íslands og Manar um upplýsingaskipti um skattamál, öðlaðist gildi 28. desember 2008.
- Samningur milli Íslands og Jersey um upplýsingaskipti um skattamál, öðlaðist gildi 3. desember 2009.
- Samningur milli Íslands og Guernsey um upplýsingaskipti um skattamál, öðlaðist gildi 26. nóvember 2009.

d. Fjárfestingarsamningar:

- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Kína um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd, öðlaðist gildi 1. mars 1997.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Indlands um eflingu og vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 16. desember 2008.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Lettlands um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 1. maí 1999.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Litháens um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 18. apríl 2003.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnams um eflingu og vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 10. júlí 2003.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Chile um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 29. mars 2006.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga, öðlaðist gildi 28. apríl 2006.

Þess ber að geta að í framangreindum samningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Singapúr, sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003, eru ákvæði um vernd fjárfestinga.

Einnig skal þess getið að þrjú aðildarríkja EFTA, Ísland, Sviss og Liechtenstein, gerðu fjárfestingarsamning við Suður-Kóreu sem öðlaðist gildi 1. janúar 2006.

e. Loftferðasamningar:

- Samningur um flutninga í lofti milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, öðlaðist gildi 12. október 1995.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, öðlaðist gildi 14. júní 1972.
- Loftferðasamningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Danmerkur, öðlaðist gildi 22. mars 1950.
- Samningur í formi erindaskipta um flugumferðarþjónustu milli Íslands og Danmerkur í hluta af loftrými Grænlands, öðlaðist gildi 1. janúar 1976.
- Loftferðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Finnlands, öðlaðist gildi 10. mars 1960.
- Loftflutningasamningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands, öðlaðist gildi 22. mars 1950.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og stjórnvalda á sérstjórnarsvæðinu Makaó í alþýðulýðveldinu Kína um flugþjónustu, öðlaðist gildi 5. nóvember 2004 að undanskilinni 12. gr. samningsins sem öðlaðist gildi 11. nóvember 2004.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og stjórnvalda á sérstjórnarsvæðinu Hong Kong í alþýðulýðveldinu Kína um flugþjónustu, öðlaðist gildi 29. október 2004 að undanskilinni 10. gr.
- Samningur um flutninga í almenningsflugi milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Kína, öðlaðist gildi 2. apríl 2003.
- Loftflutningasamningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar stórhertogadæmisins Lúxemborgar, öðlaðist gildi 23. október 1952.
- Loftferðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs, öðlaðist gildi 14. júlí 1951.
- Loftferðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, öðlaðist gildi 19. febrúar 1999.
- Loftferðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Spánar, öðlaðist gildi 1. desember 1965.
- Loftferðasamningur milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Svíþjóðar, öðlaðist gildi 12. maí 1960.
- Loftferðasamningur milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Taílands, öðlaðist gildi 22. janúar 1957.
- Loftferðasamningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands, öðlaðist gildi 5. janúar 1961.
- Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Króatíu um flugþjónustu, öðlaðist gildi 7. apríl 2006.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Singapúr, öðlaðist gildi 20. nóvember 2009.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Mongólíu, öðlaðist gildi 28. maí 2007.

2. *Er unnið að einhverjum samningum núna, og þá hverjum, og hefur verið unnið að samningum við aðrar þjóðir eða viðskiptablokkir á liðnum árum eða mánuðum án þess að niðurstaða hafi fengist? Ef svo er, þá hverjum?*

a. Fríverslunarsamningar.

Aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hafa undirritað fríverslunarsamninga við Albaníu, Serbíu, Kólumbíu og Samstarfsráð Persaflóaríkja, en aðild að því eiga Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Samningarnir hafa ekki verið fullgiltir og hafa því ekki öðlast gildi. Þá hafa EFTA-ríkin lokið samningaviðræðum við Perú og eiga í fríverslunarviðræðum við Alsír, Indland, Taíland og Úkraínu.

Fríverslunarviðræður hófust milli Íslands og Kína árið 2007.

b. Tvísköttunarsamningar.

Árituð hafa verið drög að tvísköttunarsamningum milli Íslands og eftirtalinna ríkja: Albaníu, Austurríkis, Búlgaríu, Króatíu, Slóveníu, Þýskalands (endurskoðun á samningi) og Katar. Samningsdrögin við Þýskaland ná til tekna og eigna en samningsdrög við önnur ríki ná einungis til tekna.

Með árituðum samningsdrögum er átt við að búið er að ganga frá samningi efnislega, samninganefndir ríkjanna hafi áritað samningsdrög en undirritun og fullgildingu er enn ólokið.

Þá eiga íslensk stjórnvöld í viðræðum um gerð tvísköttunarsamninga við Barbados og Kýpur.

c. Upplýsingaskiptasamningar um skattamál.

Undirritaðir hafa verið upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála milli Íslands og eftirtalinna ríkja: Anguilla, Arúba, Bermúda, Bresku Jómfrúreyja, Cayman, Cook-eyja, Gíbraltar, Hollensku Antillaeyja og Samóa. Samningarnir hafa ekki verið fullgiltir.

Einnig hafa verið áritaðir sams konar samningar við eftirtalin ríki: Andorra, Bahamaeyjar, Mónakó, Mauritius, Montserrat, San Marinó og St. Kitts og Nevis.

Þá eru viðræður í gangi milli Íslands og Liechtenstein um gerð upplýsingaskiptasamnings um skattamál.

d. Fjárfestingarsamningar.

Fjárfestingarsamningur milli Íslands og Egyptalands var undirritaður 8. janúar 2008 en hefur ekki verið fullgiltur.

Fjárfestingarsamningur milli Íslands og Líbanon var undirritaður 24. júní 2004 en hefur ekki verið fullgiltur af Líbanon.

Fjárfestingarsamningur milli Íslands og Úganda var áritaður 17. september 2008 en hefur ekki verið undirritaður.

Ísland og Albanía annars vegar og Ísland og Tyrkland hins vegar hafa skipst á tillögum að texta fjárfestingarsamnings og til skoðunar er að hefja formlegar viðræður við þau ríki.

Viðræður voru hafnar á milli stjórnvalda Íslands og Úkraínu um gerð fjárfestingarsamnings, en var hætt þegar aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hófu samningaviðræður við Úkraínu um gerð fríverslunarsamnings.

Fyrir allmörgum árum óskuðu íslensk stjórnvöld eftir gerð fjárfestingarsamnings við Bandaríkin en eftir hryðjuverkaárásina 11. september 2001 settu bandarísk stjórnvöld áform

um gerð slíkra samninga í bið. Hins vegar var gerður samningur um samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga (TIFA) milli Íslands og Bandaríkjanna sem öðlaðist gildi 15. janúar 2009.

Um tíma voru viðræður í gangi um gerð fjárfestingarsamnings við Rússland. Viðræðurnar strönduðu þegar rússnesk stjórnvöld gerðu kröfu um að stuðst yrði við þeirra samningsfyrirmynd fremur en fyrirmynd OECD sem íslensk stjórnvöld hafa ætíð stuðst við og hafa ekki viljað hvika frá.

Einnig stóðu yfir þreifingar um gerð fjárfestingarsamnings við Marokkó fyrir nokkrum árum, en þeim viðræðum var ekki haldið áfram. Á árunum 2008 og 2009 hafa komið fram beiðnir um gerð fjárfestingarsamninga frá Benín og Makedóníu. Að svo komnu máli hefur engin ákvörðun verið tekin um viðræður við þessi ríki.

e. Loftferðasamningar.

Ísland hefur lokið samningaviðræðum og áritað loftferðasamninga við Aserbaídsjan, Barein, Danmörku, Dóminíska lýðveldið, Egyptaland, Kanada, Katar, Kúveit, Indland, Indónesíu, Líbanon, Malasíu, Mexíkó, Noreg, Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Svíþjóð, Suður-Kóreu, Sýrland, Túrkmenistan, Tyrkland og Víetnam. Samningarnir hafa ekki verið undirritaðir og fullgiltir og hafa því ekki öðlast gildi. Í sumum tilvikum hafa viðkomandi ríki þó fallist á að beita ákvæðum viðkomandi samninga til bráðabirgða frá áritun þeirra.

Ísland hefur einnig undirritað samning um samevrópskt loftrými en hann hefur ekki öðlast gildi. 17. desember 2009 var undirritaður samningur um aðild Íslands og Noregs að loftferðasamningi ESB og Bandaríkja Norður-Ameríku.

3. Hvaða samningar munu gilda áfram ef til aðildar Íslands að Evrópusambandinu kæmi og hvaða samningar falla úr gildi?

Sameiginleg viðskiptastefna Evrópusambandsins (ESB) snýst m.a. um viðskipti við ríki utan ESB og gerð viðskiptasamninga við þau ríki. Framkvæmdastjórn ESB annast gerð viðskiptasamninga sem falla undir sameiginlegu viðskiptastefnuna. Því fer framkvæmdastjórnin með forræði í samningagerð við ríki utan sambandsins fyrir hönd og í samráði við aðildarríkin. Af því leiðir að ef til aðildar að ESB kemur mun Ísland ekki lengur hafa forræði í gerð viðskiptasamninga.

Ef til aðildar Íslands að ESB kemur má gera ráð fyrir að segja þurfi upp eða breyta viðskiptasamningum til samræmis við þær skuldbindingar sem Ísland tæki á sig við aðild, þ.e. til samræmis við sameiginlegu viðskiptastefnuna og regluverk ESB á því sviði. Í því tilviki mundi Ísland þess í stað fá aðild að viðskiptasamningum ESB.

Hvað varðar tvíhliða fríverslunarsamninga og samninga á vettvangi EFTA mun Ísland þurfa að segja upp slíkum samningum ef til aðildar kemur. Þess í stað mundi Ísland fá aðild að fríverslunarsamningum ESB.[2] Í mörgum tilvikum hafa aðildarríki EFTA og ESB gert fríverslunarsamninga við sömu ríki þó á því séu nokkrar undantekningar. Þannig hafa EFTA-ríkin t.d. gert fríverslunarsamninga við Kólumbíu, Kanada, Suður-Kóreu, Singapúr, Bots-

---

[2] Frekari upplýsingar um fríverslunarsamninga og viðskiptasamninga ESB við þriðju ríki og ríkjahópa er að finna í yfirlitinu *EC Regional Trade Agreements*, dags. 14. október 2009, á eftirfarandi vefslóð: http://trade.ec.europa.eu/doclib/docs/2006/december/tradoc_111588.pdf.

vana, Lesótó, Namibíu, Svasíland og Samstarfsráð Persaflóaríkja. ESB hefur gert fríverslunarsamninga við Alsír, Bosníu og Hersegóvínu, Svartfjallaland og Sýrland.

Þess ber þó að geta að ESB hefur nýlega lokið fríverslunarviðræðum við Suður-Kóreu og á í fríverslunarviðræðum m.a. við Indland, Kólumbíu, Kanada, Perú og Samstarfsráð Persaflóaríkja.[3] Hvað varðar Hoyvíkursamninginn við Færeyjar má gera ráð fyrir að hann muni falla úr gildi nánast að öllu leyti ef til aðildar kemur en þó er ekki útilokað að einhverjir þættir hans gætu haldið gildi sínu. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur falla að sjálfsögðu einnig úr gildi þeir tvíhliða samningar sem Ísland hefur gert við ESB.

Tvísköttunarsamningar gilda áfram óbreyttir ef til aðildar að ESB kemur. Loftferðasamningar halda gildi sínu ef til aðildar kemur en breyta þarf þó þeim hluta þeirra sem samræmist ekki löggjöf ESB. Fjárfestingarsamningum þyrfti að sama skapi að breyta í samræmi við löggjöf ESB.

Sem liður í undirbúningi fyrir fyrirhugaðar aðildarviðræður Íslands og ESB felst greining regluverks ESB af Íslands hálfu. Þar verður m.a. borið saman viðskiptasamninganet Íslands og ESB. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur má gera ráð fyrir að segja þurfi upp eða breyta þeim viðskiptasamningum sem Ísland á aðild að ef þeir samræmast ekki hinni sameiginlegu viðskiptastefnu ESB og regluverki sambandsins. Hér er m.a. átt við skuldbindingar Íslands innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), fríverslunarsamninga, fjárfestingarsamninga, loftferðasamninga og aðra viðskiptasamninga. Í fyrirhugaðri greiningarvinnu má gera ráð fyrir að Hoyvíkursamningurinn verði skoðaður sérstaklega.

---

[3] Nánari upplýsingar um fríverslunarviðræður ESB við þriðju ríki er að finna í yfirlitinu *Overview of FTA and other Trade Negotiatons*, dags. 15. október 2009, sjá slóðina: http://trade.ec.europa.eu/doclib/docs/2006/december/tradoc_118238.pdf.

578. Svar [290. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við verktaka, styrkþega og sendinefndir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður við verktaka, styrkþega og sendinefndir á vegum utanríkisráðuneytisins árin 2007, 2008 og það sem af er árinu 2009?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Kostnaður við verktaka, styrkþega og sendinefndir, millj. kr.

	2007	2008	2009
Kostnaður við verktaka[1]	107,4	103,7	144,4[2]
Kostnaður við styrki[3]	20,5	22,6	14,7
Kostnaður við sendinefndir[4]	6,0	15,4	4,5

[1] Greiðslur vegna þjónustu- og verkkaupa.

[2] Þar af er kostnaður vegna EXPO 2010 alls 40,4 millj. kr.

[3] Framlög til þróunarmála og framlög sérgreind í fjárlögum eru frátalin.

[4] Kostnaður ráðuneytisins vegna sendinefnda sem utanríkisráðherra hefur skipað með fulltrúabréfi.

579. Svar [261. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um greiðslur, styrki og ferðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir aðrir en fastir starfsmenn ráðuneytisins hafa fengið greiðslur, þegið styrki eða verið sendir til útlanda, og þá hvert, á vegum ráðuneytisins árin 2007, 2008 og það sem af er árinu 2009?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi listum.

Styrkir og greiðslur:[*]

2007

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.
Bandalag íslenskra námsmanna
Birna Bjarnadóttir
Cantomedia
Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Fiskidagurinn mikli
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjúkrun í Kenía
Iðntæknistofnun Íslands
Íslenska lögregluforlagið ehf.
Jónína Elísabet Þorsteinsdóttir

[*] Samningsbundin framlög til þróunarmála og framlög sérgreind í fjárlögum eru ekki talin með. Ráðuneytið túlkar fyrirspurnina svo að ekki sé átt við reglubundnar greiðslur vegna kaupa á vörum og þjónustu. Umfang slíks yfirlits yrði gríðarmikið þar sem um er að ræða bróðurhluta allra reikninga sem ráðuneytinu hafa borist á tímabilinu.

Kirkjukór Húsavíkur
Kolviður, sjóður
Krabbameinsfélag Íslands
Kristín Ástgeirsdóttir
Kvenfélagasamband Íslands
Kvennakór Reykjavíkur
Kvenréttindafélag Íslands
Kvikmyndafélag Íslands ehf.
Nonnahús, minjasafn
Orator, félag laganema
ORG-ættfræðiþjónustan ehf.
Rauði kross Íslands
Samband ungra framsóknarmanna
SASS-ráðstefna í New York
Skákskóli Hróksins
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
Þroskahjálp, landssamtök
BIE, heimssýningarsamtök
Björk Bjarnadóttir
Canada Iceland Art Festival
Gimli Film Festival
Hulda Stefánsdóttir
Lögberg-Heimskringla
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
Steinþór Guðbjartsson
Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar
Þjóðræknisfélag Íslendinga

2008
Alþýðusamband Íslands
BISER International
Daufblindrafélag Íslands
FRÍ ehf.
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag
Greenland National Museum
Háskóli Íslands
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn í Reykjavík
Íslenska lögregluforlagið ehf.
Íþróttasamband fatlaðra
Kvennakórinn Vox Feminae
Landssamband lögreglumanna
Matthildur Á. Helgad. Jónudóttir
PHK Books ehf.
Rauði kross Íslands
Samband íslenskra kristniboðsfélaga
Sigrún Hjálmtýsdóttir
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
Sjálfseignarstofnunin Ljósið
Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum
Úlfljótur, tímarit laganema
Vernd, fangahjálp
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Kvenréttindafélag Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Euroclio Secretariat
SASS-ráðstefna í New York
Marta Seratini
BIE, heimssýningarsamtök
Birgir Guðmundsson
Gimli Film Festival
Gísli Pálsson
Hannes Rúnar O. Lárusson
Lögberg-Heimskringla
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
Þjóðræknisfélag Íslendinga
Þórarinn Ólafsson

2009
Benedikta Guðrún Svavarsdóttir
Bókafélagið Ugla ehf.
Charles Matthew Strand
Félag starfsmanna utanríkisþjónustunnar
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag
Grafarvogssókn
Guðbjörg Bergmundsdóttir
Guðmundur Páll Ólafsson
Gunnhildur Árnadóttir
Háteigsskóli
IISD, útgáfa Earth Negotiations
Íslenska lögregluforlagið ehf.
Kvenréttindafélag Íslands
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
NóNó ehf.
Rannsóknastofnanir atvinnuvega
Rauði kross Íslands
Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Seylan ehf.
Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum
Canada – Iceland Arts Festival
Baggalútur ehf.
BIE, heimssýningarsamtök
Gimli Film Festival
Jafninginn ehf.
Kirkjukór Lágafellssóknar
Lögberg-Heimskringla
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
Steinþór Guðbjartsson
Þjóðræknisfélag Íslendinga

Ferðir:
2007

Nafn	*Tilefni*
Almar Grímsson	Vestur-Íslendingamál, Winnipeg, Kanada
Angantýr Einarsson	Þróunarsjóður EFTA, Brussel
Anna Kristín Gunnarsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Kyrgistan
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Ráðgjafarnefnd EFTA, Gdansk, Ósló og Vaduz
Ágúst Ólafur Ágústsson	Fundir um Evrópumál, Brussel
Björgvin Guðni Sigurðsson	Ráðherrafundur EFTA, Vaduz, Liechtenstein
Drífa Kristín Sigurðardóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Úkraínu
Egill Aðalsteinsson	Ferð til samstarfslanda ÞSSÍ, Úganda
Erna Guðmundsdóttir	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel
Gerður Jónsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Guðlaugur Stefánsson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel og Ósló
Guðmundur Steingrímsson	Iceland Naturally, New York
Guðmundur Steingrímsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Kasakstan
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Úsbekistan
Hafliði Pétur Gíslason	NATO, NRC SPS-nefndin (friðar- og öryggisfræði), Brussel
Halldór Runólfsson	Hoyvíkur-fundur, Færeyjar
Halldór Þór Grönvold	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Gdansk, Ósló og Vaduz
Hallgrímur N. Sigurðsson	NATO, DATMSG nefndin (flugumferðarstjórn), Brussel
Haraldur Ingi Birgisson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Gdansk og Vaduz
Herdís Þorgeirsdóttir	Evrópuráðsfundur, Feneyjum
Hildur Blöndal Sveinsdóttir	Ráðstefna EUFASA, Berlín
Hjörtur Torfason	Evrópuráðsfundur, Feneyjum
Ingimundur Sigfússon	Global Energy International Prize 2007, St. Pétursborg
Ingólfur Bjarni Sigfússon	ÖSE, kosningaeftirlit, Kasakstan
Jóhanna Einarsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Jón Björgvin Guðnason	Fundur um loftrýmiseftirlit, Belgíu
Jón S. Valdimarsson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Gdansk og Vaduz
Jónína Einarsdóttir	Norræna Afríkustofnunin, Kaupmannahöfn
Kári Jónasson	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Margrét Sigrún Björnsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Kyrgistan
Óskar Bragi Valdimarsson	Kaup bústaðar aðalræðismanns, Færeyjum
Páll Helgi Hannesson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Gdansk og Vaduz

Nafn	*Tilefni*
Rán Tryggvadóttir	Ráðstefna EUFASA, Berlín
Sigurður Ásbjörnsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Úkraínu
Sigurður Magnús Magnússon,	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, Vín
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin, Noregi og Indlandi
Stefanía J Reinhardsdóttir	UNHCR-fundur, Sýrlandi
Svavar Halldórsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Albaníu
Sveinn Halldór Guðmarsson	Ferð til samstarfslanda ÞSSÍ, Úganda
Valur Ingimundarson	NATO-Rússlandsráðið, St.Pétursborg og Moskva
Þórhildur Þorleifsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Úkraínu
Þuríður Backman	ÖSE, kosningaeftirlit, Serbíu

2008

Almar Grímsson	Vestur-Íslendingamál, Winnipeg, Kanda
Andri Óttarsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Ráðgjafarnefnd EFTA, Svalbarða, Bergen og Sviss
Auðunn Arnórsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Bergljót Sigríður Einarsdóttir	Norrænn samráðsfundur um húsnæðismál (NKU), Helsinki
Bjarni Már Gylfason	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Svalbarða og Sviss
Björgvin Guðni Sigurðsson	Þing Norðurlandaráðs, Helsinki og ráðherrafundur EFTA, Genf
Björk Hakansson	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Davíð Gunnarsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Bandaríkjunum
Davíð Örn Guðjónsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Svartfjallalandi
Elínborg Þóra Þorbergsdóttir	Ráðstefna EUFASA, París
Geir G. Waage	Vestur-Íslendingamál, Winnipeg, Kanada
Guðlaugur Stefánsson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Svalbarða, Bergen og Sviss
Guðmundur Steingrímsson	Iceland Naturally, Toronto, Kanada
Guðrún Sigríður Þorgeirsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Hvíta-Rússlandi
Hafliði Pétur Gíslason	NATO, NRC SPS-nefndin (friðar- og öryggisfræði), Brussel
Hafþór Þorleifsson	Ráðstefna EUFASA, París
Halla Gunnarsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Halldór Halldórsson	Grannverkefni, Grænland
Halldór Þór Grönvold	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Svalbarða og Sviss
Haraldur Ingi Birgisson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Svalbarða og Sviss
Heiðar Örn Sigurfinnsson	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Helga Vala Helgadóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Hvíta-Rússlandi
Herdís Þorgeirsdóttir	Evrópuráðsfundur, Feneyjum
Hjörtur Bragi Sverrisson	ÖSE, kosningaeftirlit, Bandaríkjunum
Hjörtur Torfason	Evrópuráðsfundur, Feneyjum
Hrafn Grétarsson	Leiðtogafundur NATO, Búkarest, Rúmeníu
Hrund Gunnsteinsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Hvíta-Rússlandi
Irma Jóhanna Erlingsdóttir	RIKK, jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna, New York

Nafn	*Tilefni*
Jón Kaldal	ÖSE, kosningaeftirlit, Svartfjallalandi
Jón Þór Sturluson	Ráðherrafundur um norrænu víddina, St. Pétursborg, Rússlandi
Jónína Einarsdóttir	Norræna Afríkustofnunin, Ósló
Kristján Guy Burgess	Eyjaverkefnið: New York, Barbados og London
Margrét Kristjana Sverrisdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Mörður Árnason	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Páll Helgi Hannesson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Brussel, Svalbarða og Sviss
Pia Elísabeth Hansson	ÖSE, kosningaeftirlit, Armeníu
Ragna Sara Jónsdóttir	Icelandic Business Outreach – UNDP, Kaupmannahöfn
Rún Ingvarsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Svartfjallalandi
Sigurður Daði Friðriksson	Fundir hjá Sameinuðu þjóðunum, New York
Sigurður Magnús Magnússon	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, Vín
Sjöfn Vilhelmsdóttir	Women's Economic Empowerment, Alþjóðabankinn, Washington, D.C.
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin, Túnis
Stefanía J Reinhardsdóttir	Gender in the Economy and Decision Making, Líbanon
Þórhallur Arason	Skoðun sendiherrabústaða, Kaupmannahöfn og Berlín
Þórhallur Árnason	ÖSE, kosningaeftirlit, Georgíu
Þórunn Sveinbjarnardóttir	EES-ráðsfundur og FAO, Brussel og Róm
Össur Skarphéðinsson	Opinber heimsókn forseta Íslands, Katar
2009	
Almar Grímsson	Vestur-Íslendingamál, Winnipeg, Kanada
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Sveitarstjórnarmál EFTA, Hamar, Noregi
Arnbjörg Hafliðadóttir	EXPO 2010, Shanghai, Kína
Ásgeir Þór Ásgeirsson	Leiðtogafundur NATO, Strassborg/Kehl
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir	Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins, Tromsö, Noregi
Bergljót Sigríður Einarsdóttir	Norrænn samráðsfundur um húsnæðismál (NKU), Berlín
Bjarni Már Gylfason	Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregi og Brussel
Edda Jónsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Albaníu
Erna Bjarnadóttir	Aðildarviðræður við ESB, Brussel
Finnbogi R. Alfreðsson	PROFISH, Washington, D.C.
Gylfi Magnússon	Treasury Select Committee, London
Halldór Þór Grönvold	Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregi og Brussel
Haraldur Ingi Birgisson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregi og Brussel
Helgi Ágústsson	Loftferðaráðstefna, Istanbúl, Tyrklandi
Hildur Jónsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Moldóvu
Hrafn Grétarsson	Leiðtogafundur NATO, Strassborg og Kehl
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	IWC, Jerúsalem
Jóhanna María Vilhelmsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Makedoníu
Jón Baldvin Hannibalsson	Varnar- og öryggismál, Tallinn, Eistlandi
Magnús Gehringer	ESMAP, Washington, D.C.
Magnús Viðar Sigurðsson	EXPO 2010, Shanghai, Kína
Ólafur Friðriksson	Aðildarviðræður við ESB, Brussel

Nafn	*Tilefni*
Óskar Valdimarsson	EXPO 2010, Shanghai, Kína
Páll Helgi Hannesson	Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregi og Brussel
Páll Hjaltason	EXPO 2010, Shanghai, Kína
Sigurður Magnús Magnússon	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, Vín
Sigurgeir Þorgeirsson	Aðildarviðræður við ESB, Brussel
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin, Ungverjaland
Svanborg Sigmarsdóttir	Námskeið fyrir fjölmiðlafræðinga á viðbragðslista UNICEF, Kaupmannahöfn
Sveinn H. Guðmarsson	Námskeið fyrir fjölmiðlafræðinga á viðbragðslista UNICEF, Kaupmannahöfn
Þorbjörg Inga Jónsdóttir	ÖSE, kosningaeftirlit, Makedoníu
Þórhallur Arason	Sala sendiherrabústaða. Washington og New York

580. Lög [256. mál]

um tekjuöflun ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 566.

581. Lög [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 524.

582. Lög [325. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 563.

583. Lög [275. mál]

um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 568.

584. Lög [195. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 567.

585. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Valgerði Maríu Sigurðardóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Útlendingastofnun, Landssambandi lögreglumanna, embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi sem gildir um framsal manna milli Norðurlandanna og byggjast þær á samningi um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna. Hugtakinu framsal er skipt út fyrir afhendingu. Afhendingarfyrirkomulagið er frábrugðið gildandi framsalsfyrirkomulagi í fjórum atriðum, þ.e. norræn handtökuskipun kemur í stað venjubundinnar framsalsbeiðni. Norrænu ríki ber að handtaka mann og afhenda því ríki sem gaf beiðnina út nema til staðar séu nánar tilgreindar synjunarástæður. Þá verður dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu ekki blandað í málsmeðferðina heldur er ríkissaksóknara falið að sjá um hana og enn fremur munu stuttir frestir gilda um málsmeðferð og afhendingu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að með frumvarpinu er lagt til einfaldara og skilvirkara fyrirkomulag á afhendingu sakamanna milli norrænu ríkjanna. Kom fram að samningurinn byggist á gagnkvæmri viðurkenningu á ákvörðun dómsmálayfirvalda viðkomandi ríkja. Þörfin fyrir nýtt fyrirkomulag byggist m.a. á því að í auknum mæli eiga afbrot sér ekki landamæri og eru skipulögð. Talið er að afhendingarfyrirkomulagið sé árangursríkara tæki í baráttu gegn afbrotum en gildandi ákvæði um framsal.

Fyrir nefndinni var vakin athygli á því að í 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um valkvæðar synjunarástæður, væri ekki að finna heimild til handa íslenskum yfirvöldum til að synja um afhendingu á manni á þeim forsendum að rannsókn vegna sama máls hér á landi hafi ekki leitt til útgáfu ákæru (rannsókn hætt, mál fellt niður eða fallið frá saksókn) en í 4. tölul. 5. gr. samningsins sem frumvarpið byggist á er gert ráð fyrir að heimilt sé að synja um afhendingu á þessum grundvelli. Á fundum nefndarinnar kom fram að ekki hefði verið ætlunin að undanskilja þetta ákvæði samningsins en það hefði farist fyrir að taka það upp í frumvarpið. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu sem felur í sér að við 6. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: dómsmálayfirvöld í landinu sem beðið er um fullnustu hafa ákveðið annaðhvort að hefja ekki saksókn vegna afbrotsins sem norræna handtökuskipunin grundvallast á eða hafa hætt við saksókn sem hafin er, eða hinn eftirlýsti hefur hlotið dóm í öðru norrænu landi vegna sömu háttsemi sem kemur í veg fyrir frekari saksókn.

Nefndin ræddi nokkuð gildistökuákvæði frumvarpsins. Þar er ráðherra falið að ákveða hvenær lögin öðlist gildi gagnvart hverju ríki sem um getur í 1. gr. en þar er vísað til norrænna ríkja. Í skýringum í greinargerð kemur fram að ástæðan fyrir þessari útfærslu ákvæðisins sé sú að stefnt sé að því að fyrirkomulag þetta á afhendingu á eftirlýstum mönnum milli Norðurlanda öðlist gildi á sama tíma í öllum ríkjunum. Í samningnum kemur fram að hann öðlist gildi þremur mánuðum eftir að öll norrænu löndin, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, hafa veitt samþykki sitt til að vera bundin af samningnum. Fyrir liggur að Ísland og Svíþjóð eru einu aðildarlöndin sem eiga eftir að gera nauðsynlegar lagabreytingar svo að samningurinn geti tekið gildi en gert er ráð fyrir að það verði á árinu 2010. Varðandi Grænland og Færeyjar gilda sérreglur en samningurinn tekur fyrst gildi þremur mánuðum eftir að danska dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytum Grænlands og Færeyja að samningurinn skuli gilda að því er þau varðar.

Nefndin telur að með þessari útfærslu felist of mikið valdframsal til ráðherra og leggur því til breytingu á gildistökuákvæðinu sem feli í sér að lögin öðlist gildi þegar samningur um framsal vegna refsiverðra verknaða milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun) tekur gildi í öllum aðildarríkjunum, þ.e. Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, og skal ráðherra birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistökuna enda eiga við gildistökuna að falla brott gildandi lög um framsal sakamanna milli Norðurlanda. Nefndin telur þó rétt að fela ráðherra þá heimild að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum að lögin öðlist gildi fyrr gagnvart þeim einstöku aðildarríkjum sem hafa skuldbundið sig samkvæmt samningnum. Fyrir nefndinni kom fram að ætlunin er að láta samninginn taka gildi í öllum ríkjunum samhliða og jafnvel áður en Svíar hafa gert nauðsynlegar lagabreytingar.

Nefndin telur ekki koma nægilega skýrt fram við hvaða ríki er átt með tilvísun gildistökuákvæðisins í 1. gr. sem vísar almennt til norrænna ríkja í 1. gr. og leggur því til að í stað norrænna ríkja komi upptalning á aðildarlöndum samningsins, þ.e. Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Nefndin leggur til smávægilega lagfæringu á heiti ráðuneytisins svo að samræmis sé gætt í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 21. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm. Arndís Soffía Sigurðardóttir. Valgerður Bjarnadóttir.

Siv Friðleifsdóttir. Ásmundur Einar Daðason. Róbert Marshall.

586. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „norrænu ríki um að biðja annað norrænt ríki“ komi: Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð um að biðja eitthvert þessara ríkja.
2. Við 6. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: dómsmálayfirvöld í landinu sem beðið er um fullnustu hafa ákveðið annaðhvort að hefja ekki saksókn vegna afbrotsins sem norræna handtökuskipunin grundvallast á eða hafa hætt við saksókn sem hafin er, eða hinn eftirlýsti hefur hlotið dóm í öðru norrænu landi vegna sömu háttsemi sem kemur í veg fyrir frekari saksókn.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í d-lið 1. mgr. komi: dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi öðlast gildi þegar samningur um framsal vegna refsiverðra verknaða milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun) tekur gildi í öllum aðildarríkjunum, þ.e. Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, og skal ráðherra birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistökuna. Þó er ráðherra heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum að lögin öðlist gildi fyrr gagnvart þeim aðildarlöndum sem hafa skuldbundið sig samkvæmt samningnum. Við gildistöku laga þessara falla brott lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

587. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkisábyrgð á skuldbindingum Landsbankans vegna Icesave-reikninganna.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Guðmundur Steingrímsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari.

Alþingi ályktar að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort staðfesta eigi nýja ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinganna. Spurningin sem lögð yrði fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu hljóði svo: „Á Alþingi Íslendinga að samþykkja breytingar á ríkisábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands hf. vegna Icesave-reikninganna, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009.“

Greinargerð.

Tillaga þessi, sem nú er endurflutt, gerir ráð fyrir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort veita eigi ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinganna í kjölfar viðaukasamninga sem ríkisstjórnin hefur gert við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands um lyktir Icesave-deilunnar. Enn liggur ekki ljóst fyrir hverjar endanlegar skuldbindingar ríkissjóðs verða enda fer það eftir virði eignasafns Landsbanka Íslands hf. Aftur á móti er ljóst að heildarfjárhæð sem íslenska ríkið þarf að greiða gæti numið 700–750 milljörðum kr. Um er að ræða gríðarlega hagsmuni sem geta haft veruleg áhrif á hag þjóðarinnar og afkomu hennar til langs tíma og því er rétt að þjóðin taki sjálf þessa ákvörðun.

Sú leið sem ríkisstjórnin hefur valið til lausnar á Icesave-deilunni er umdeild. Nægir að nefna álitsgerðir Lárusar Blöndal hæstaréttarlögmanns og Stefáns Más Stefánssonar prófessors í lögum við Háskóla Íslands. Telja þeir að ríkissjóður beri ekki fjárhagslega ábyrgð á atburðarás þeirri sem varð við hrun íslensku bankanna. Hafa þeir fært rök fyrir því að galli í reglugerðarsetningu hjá Evrópusambandinu geri íslenska ríkið skaðlaust. Þá hafa fjölmargir fræðimenn innlendir sem erlendir sett fram skoðanir í svipuðum dúr. Enn fremur hafa komið fram sjónarmið, til að mynda hjá Ragnari H. Hall hæstaréttarlögmanni, um að útgreiðslur úr þrotabúi Landsbankans séu ekki í samræmi við túlkun á gjaldþrotalögunum sem almennt hefur verið uppi, þ.e. það ákvæði í samningunum sem áréttar að tryggingarsjóðirnir njóti jafnræðis og fái upp í kröfur sínar í jöfnum hlutföllum. Undir þetta sjónarmið hefur Eiríkur Tómasson lagaprófessor jafnframt tekið.

Lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., voru samþykkt á Alþingi 28. ágúst 2009. Með þeim var fjármálaráðherra veitt heimild til ríkisábyrgðar með skýrum fyrirvörum, þar á meðal að hollensk og bresk stjórnvöldum mundu samþykkja þá. Það gerðu þau ekki og þar með er óhjákvæmilegt annað en líta svo á að lögin séu úr gildi fallin. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að ganga til samningsviðræðna að nýju við Breta og Hollendinga og gerðir voru viðaukasamningar 19. október sl. til að reyna að samræma lánasamninga frá 5. júní 2009 lögum nr. 96/2009. Afrakstur þessa er að finna í lagafrumvarpi til breytinga á fyrrnefndum lögum, sbr. þskj. 76, 76. mál, sem nú liggur fyrir þing-

inu. Af þessu er ljóst að ekki er til staðar ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinganna, nema hollensk og bresk stjórnvöld gangi að fyrirvörum Alþingis samkvæmt lögum nr. 96/2009. Er því sú spurning sem sett er fram í tillögunni nánast samhljóða þeirri sem lögð var fram á 137. löggjafarþingi, sbr. þskj. 185, 132. mál. Spurningin orðist svo: „Á Alþingi Íslendinga að samþykkja breytingar á ríkisábyrgð vegna skuldbindinga Landsbanka Íslands hf. vegna Icesave-reikninganna, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009.“ Er hér um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sbr. þskj. 76, 76. mál.

Mikilvægt er að spurningin sjálf komi fram í tillögugreininni svo að framsetning spurningarinnar vefjist ekki fyrir þeim þingmönnum sem greiða tillögunni atkvæði sitt og færi spurningin því óbreytt í dóm þjóðarinnar.

Ljóst er að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar yrðu ekki bindandi í sjálfu sér. Þó má telja að Alþingi og ríkisstjórnin mundu í kjölfarið lúta niðurstöðu hennar, eins og títt er í nágrannalöndum okkar um þjóðaratkvæðagreiðslur sem ekki eru bindandi fyrir stjórnvöld. Lagt er til að atkvæðagreiðslan fari fram eins fljótt og auðið er og í samræmi við frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur sem nú er til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd þingsins, sbr. þskj.5, 5. mál.

588. Lög [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 564.

589. Fyrirspurn [339. mál]

til umhverfisráðherra um staðfestingu ráðuneytis á aðalskipulagi sveitarfélaga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Aðalskipulag og breytingar á aðalskipulagi hvaða sveitarfélaga bíða staðfestingar ráðherra? Óskað er eftir lista yfir viðkomandi sveitarfélög ásamt upplýsingum um hve lengi þau hafa beðið staðfestingar, þ.e. hvenær viðkomandi skipulag var samþykkt í sveitarstjórn og hvenær Skipulagsstofnun sendi það til staðfestingar. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir staðfestingar ráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga frá 21. desember 2004 til 21. desember 2009, þ.e. lista yfir sveitarfélög og þann tíma sem það tók ráðuneytið að fara yfir málin áður en ráðherra staðfesti aðalskipulagið.

2. Hvað telur ráðherra eðlilegan tíma til að fara yfir aðalskipulag eða breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga áður en ráðherra staðfestir það?
3. Hver er lögformlegur stjórnsýslufrestur sem ráðherra hefur til að staðfesta aðalskipulag sveitarfélags og breytingar á því?

Skriflegt svar óskast.

590. Fyrirspurn [340. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fjármagn til verkefna.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Getur ráðherra upplýst hver staða Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varðandi fjármögnun verkefna sem samþykkt voru á árinu 2009? Er fjármagn tryggt?
2. Getur ráðherra upplýst hvort búið er að staðfesta fjármagn til byggingar Flóaskóla eins og heitið var? Ef svo er, hve miklir eru þeir fjármunir?

Skriflegt svar óskast.

591. Svar [282. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Icesave-málið hefur borið á góma á ýmsum fundum og í samtölum sem forsætisráðherra hefur átt með erlendum aðilum frá því að lög nr. 96/2009 voru samþykkt 28. ágúst sl. Meðal annars má nefna fund með öllum forsætisráðherrum Norðurlanda á Norðurlandaráðsþingi í Svíþjóð í lok október sl., nýlegan fund með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og viðræður og samtöl við forsætisráðherra og þjóðarleiðtoga nokkurra ríkja á lofstlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í síðastliðinni viku. Þá hafa embættismenn og aðrir starfs-

menn ráðuneytisins setið fundi hér á landi og erlendis með sendiherrum og öðrum fulltrúum Breta og Hollendinga á sama tímabili og átt fjölmörg símtöl við þá. Ennfremur hefur verið haft samráð í síma við forsætisráðuneyti Bretlands og Hollands um framgang viðræðna ríkjanna. Formlegar fundargerðir hafa ekki verið haldnar á þessum fundum, né skipulega skráð hvers efnis samtöl eru. Ræðst það af aðstæðum hvaða skriflegu gögn eru til í formi minnispunkta.

Framkvæmd varðandi skráningu upplýsinga um fundi eða samtöl af þessu tagi hefur verið svipuð undanfarin ár og hér hefur verið lýst. Það hefur verið venja í forsætisráðuneytinu eins og öðrum ráðuneytum alla tíð að birta ekki opinberlega einhliða frásagnir af samskiptum við erlenda aðila. Það styðst við þau augljósu rök að ella yrði grafið mjög undan trausti í samskiptum Íslands við önnur ríki. Þegar greint er opinberlega frá efni funda eða samtala er slík frásögn unnin í sameiningu af hlutaðeigandi í formi fundargerðar eða fréttatilkynningar.

592. Svar [203. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um fjármögnun verkefna af hálfu lífeyrissjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða verkefni eru á forgangslista ríkisstjórnarinnar hvað varðar fjármögnun af hálfu lífeyrissjóða? Hvernig eru þau verkefni valin og hvaða mat er lagt til grundvallar við forgangsröðunina?

Verklegum framkvæmdum sem komu til skoðunar var skipt í þrennt. Í fyrsta lagi framkvæmdir þar sem aflað hefur verið tilskilinna leyfa þótt enn kunni að vera fyrir hendi óvissuþættir, í öðru lagi framkvæmdir sem hafa verið til skoðunar og unnt væri að hleypa af stað með einkaframkvæmd og loks orkutengdar framkvæmdir sem eru til umfjöllunar á ýmsum stigum.

Verkefni þar sem fjármögnun af hálfu lífeyrissjóðanna kæmi til yrðu líklegast framkvæmdir undir formerkjum einkaframkvæmdar.

Verkefni sem hafa komið til skoðunar eru eftirfarandi:

- bygging Landspítala,
- breikkun Suðurlandsvegar,
- uppbygging þjóðgarða og ferðatengdrar þjónustu,
- samgöngumiðstöð/flugstöð í Reykjavík,
- Búðarhálsvirkjun.

Ríkisstjórnin skipaði í júní sl. viðræðunefnd við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda. Af hálfu stjórnvalda voru eftirtaldir skipaðir í viðræðunefndina: Ögmundur Jónasson alþingismaður, skipaður án tilnefningar, Ingimar Jóhannsson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri, samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, samkvæmt tilnefningu samgönguráðherra, Skúli Helgason alþingismaður, samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, og Vilborg Hauksdóttir sviðsstjóri, samkvæmt tilnefningu heilbrigðisráðherra. Formaður nefndarinnar er Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Lífeyrissjóðir

og aðilar vinnumarkaðarins skipuðu svo níu manna aðgerðahóp sem tekur þátt í viðræðum fyrir þeirra hönd.

Við val á verkefnunum hefur verið horft til þess að framkvæmdir séu arðbærar og stuðli að aukinni atvinnu. Einstakar framkvæmdir verði fjármagnaðar sérstaklega og markaðir tekjustofnar og/eða þjónustusamningur standi undir fjármagnskostnaði vegna framkvæmdanna. Afmörkun einstakra verkefna þar sem fyrirhuguð fjárfesting yrði með formi einkaframkvæmdar stuðlar því ekki að beinni skuldaaukningu ríkissjóðs.

593. Svar [283. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um fundi við erlenda aðila um Icesave-málið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu marga fundi, símtöl/samtöl, hefur ráðherra eða aðrir á hans vegum átt við erlenda aðila um Icesave-málið frá því að lög um ríkisábyrgð voru samþykkt 28. ágúst sl. og við hverja? Hvaða fundargerðir, formlegar eða óformlegar, minnisblöð, skriflegar frásagnir eða önnur skrifleg gögn liggja fyrir af þeim fundum? Stendur til að birta þau gögn?

Ráðherra hefur gert grein fyrir þeim fundum sem hann átti á tímabilinu í sérstöku svari til Alþingis við munnlegri fyrirspurn (sbr. þskj. 308, 270. mál á yfirstandandi þingi). Ráðherra átti á tímabilinu formlega fundi með 21 evrópskum utanríkisráðherra, fjórum varautanríkisráðherrum, tveimur Evrópuráðherrum og þremur þjóðhöfðingjum.* Auk þess átti ráðherra fund með aðalframkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stækkunar- og félagsmálastjórum ESB.

Á næstum öllum þessum fundum ræddi ráðherra Icesave-málið og tengd mál.

Ráðherra hefur auk þess gert grein fyrir Icesave-málinu á fundum með sendiherrum Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Þýskalands, Bretlands, Frakklands, Hollands, Írlands, Portúgals, Eistlands, Litháen, Rúmeníu og Belgíu. Þá hefur hann útskýrt málið fyrir öðrum forsvarsmönnum sendiskrifstofa á Íslandi og tekið upp á fundi með sendiherra Evrópusambandsins, tilvonandi yfirmanni sendiskrifstofu ESB á Íslandi og fyrrverandi sendiherra ESB á Íslandi en hann er sérlegur erindreki forseta ráðherraráðs Evrópusambandsins. Þá gerði ráðherra grein fyrir Icesave-málinu á fundi með forseta sænska þingsins og sendinefnd sænskra þingmanna.

Ráðherra hefur einnig átt önnur „símtöl/samtöl … við erlenda aðila“ um Icesave-málið á þessum tíma, svo sem við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, forsætisráðherra Noregs og utanríkisráðherra Króatíu, auk nokkurra framangreindra utanríkisráðherra.

---

* Fundir utanríkisráðherra voru með utanríkisráðherrum Svíþjóðar, Spánar, Danmerkur, Finnlands, Hollands, Austurríkis, Möltu, Rúmeníu, Lúxemborgar, Kýpur, Ungverjalands, Slóvakíu, Slóveníu, Bretlands, Noregs, Liechtenstein, Ítalíu og Belgíu (núverandi forsætisráðherra), Eistlands, Lettlands og Litháen, tveimur varautanríkisráðherrum Þýskalands, varautanríkisráðherrum Ítalíu og Búlgaríu, Evrópumálaráðherrum Spánar og Frakklands og utanríkisviðskiptaráðherrum Svíþjóðar og Finnlands. Þá tók ráðherra þátt í fundum forseta Íslands með þjóðhöfðingjum Tékklands, Póllands og Finnlands.

Samtímis hefur málið borið hátt á fundum embættismanna ráðuneytisins og fulltrúar þess heima og erlendis átt fjölda funda og „símtöl/samtöl“ við fulltrúa erlendra stjórnvalda þar sem Icesave-málið hefur verið rætt.

Eins og fram kom í svari utanríkisráðherra við áðurnefndri fyrirspurn (þskj. 308) voru ekki teknar formlegar fundargerðir, samþykktar af báðum aðilum, en af sumum fundum teknir saman minnispunktar. Engin hefð er fyrir því að einhliða minnispunktar séu birtir opinberlega enda mundi slík birting geta grafið undan trausti í samskiptum við erlend ríki.

594. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 422 með þessum breytingum:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2010 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**414.618,1**	**400.024,4**
Skattar á tekjur einstaklinga	123.800,0	121.000,0
Skattar á tekjur lögaðila	17.700,0	14.500,0
Tryggingagjöld	60.680,1	59.153,4
Eignarskattar	8.132,1	8.102,1
Virðisaukaskattur	124.700,0	119.400,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	64.848,7	64.058,6
Skattar ótaldir annars staðar	14.757,2	13.810,3
Aðrar rekstrartekjur	**44.996,4**	**43.642,8**
Arðgreiðslur	1.387,0	1.387,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	35.440,0	34.237,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.169,4	8.018,6
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**1.666,8**	**1.665,3**
Tekjur alls	**461.881,3**	**445.932,5**
Æðsta stjórn ríkisins	3.527,7	3.527,7
Forsætisráðuneyti	985,6	985,6

Mennta- og menningarmálaráðuneyti	60.363,3	60.363,3
Utanríkisráðuneyti	11.885,2	11.885,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.906,9	18.906,9
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	25.011,8	25.011,8
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	128.827,7	129.033,7
Heilbrigðisráðuneyti	102.373,2	102.373,2
Fjármálaráðuneyti	58.779,3	50.680,3
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	39.855,1	39.780,1
Iðnaðarráðuneyti	5.829,1	5.829,1
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.057,8	3.057,8
Umhverfisráðuneyti	7.001,6	7.001,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	94.320,0	90.345,0
Samtals	**560.724,3**	**548.781,3**
Tekjujöfnuður	**-98.843,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:

Árið 2010 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-98.843,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	462,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.656,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	88,0
Handbært fé frá rekstri	**-102.948,8**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-220.000,0
Veitt önnur löng lán	-13.100,0
Afborganir veittra lána	20.500,0
Eiginfjárframlög til sparisjóðakerfisins	-20.000,0
Önnur eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-2.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta.	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-234.400,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-337.348,8**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands	220.000,0
Önnur löng lán	220.000,0
Afborganir lána	-135.000,0

Fjármögnun samtals	**305.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-32.348,8**

Heimildir

6. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 1, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.5 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.6 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.7 Að selja fasteignina Stekkjartröð 1, Fljótsdalshéraði, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.8 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.9 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.10 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.11 Að selja húsnæði Háskólans á Akureyri við Þingvallastræti 23, Akureyri, og ráðstafa andvirðinu til nýbyggingar skólans.
2.12 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.13 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.14 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.15 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.16 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Langanesbyggð.
2.17 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
2.18 Að selja leigjanda gömul hús á Flatey II í Sveitarfélaginu Hornafirði.
2.19 Að selja fasteignina Hátún 10D, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.

3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27.
3.8 Að selja sendiherrabústað í New York og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.9 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.10 Að selja sendiherrabústað í London og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.11 Að selja sendiherrabústað í Tokyo og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í Bárugötu 19, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.
3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um ráðstöfun eignarinnar.
3.15 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hlíðarvegi 53, Fjarðabyggð.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðngörðum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.5 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.6 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.7 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.8 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.9 Að selja jörðina Grund (ekki lögbýli) í Skaftárhreppi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.

5.3 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.4 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

Kaup og leiga fasteigna
6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.4 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.6 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.8 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraða í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.10 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.11 Að kaupa eða leigja land við flugvöllinn á Stóra-Kroppi.
6.12 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands og Vatnamælingar.
6.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn.
6.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.15 Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir Landlæknisembættið.
6.16 Að kaupa landspildur við Dimmuborgir við Mývatn.
6.17 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir lögreglu og sýsluskrifstofu á Neskaupstað og selja núverandi húsnæði að Miðstræti 18 og Melagötu 2a, Neskaupstað.
6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.19 Að leigja hentugt húsnæði fyrir lögregluvarðstöð í Vík í Mýrdal.
6.20 Að leigja hentugt húsnæði fyrir bráðabirgðafangelsi í nágrenni fangelsisins að Litla-Hrauni.
6.21 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Þjóðskrá.

Ýmsar heimildir
7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2010 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2010, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að semja um byggingu og rekstur Vaðlaheiðarganga.
7.5 Að semja um byggingu og rekstur á hluta Suðurlandsvegar á milli Reykjavíkur og Hveragerðis.
7.6 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.7 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.8 Að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði vegna málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum um lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar erlends stjórnvalds sem beint var að íslenskum lögaðila, eða lögaðilum, á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, ef ætla má að með málshöfðuninni fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.
7.9 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.10 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.11 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.12 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.13 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.14 Að undirbúa útboð vegna leigu ríkisins á nýjum Landspítala við Hringbraut.
7.15 Að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna.
7.16 Að selja eða ráðstafa flugvél Landgræðslu ríkisins, Páli Sveinssyni TF-NPK, til félags eða sjálfseignarstofnunar sem sérstaklega verður stofnuð um rekstur og varðveislu hennar.
7.17 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.
7.18 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN.
7.19 Að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar þannig að hún verði því sem næst 10% í árslok 2010 með allt að 1.000 m.kr. stofnfjárframlagi.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	100.300,0	97.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	23.500,0	23.700,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**123.800,0**	**121.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.700,0	14.500,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	4.660,0	4.440,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.396,1	1.368,1
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.370,0	2.800,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**9.426,1**	**8.608,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**150.926,1**	**144.108,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	32.267,0	31.458,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	28.353,1	27.635,2
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**60.680,1**	**59.153,4**
	Tryggingagjöld	**60.680,1**	**59.153,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	1.860,4	1.798,8
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.418,6	2.357,7
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.279,0**	**4.156,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.500,0	3.500,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.090,0	1.060,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.000,0	3.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	542,1	542,1
	Eignarskattar	**8.132,1**	**8.102,1**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	124.700,0	119.400,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.450,0	3.450,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.480,0	1.450,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.400,0	1.400,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.590,0	4.590,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	2.580,0	2.150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.260,0	6.260,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	30,5	30,5
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.890,0	1.730,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	190,0	170,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	520,0	520,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.299,2	10.289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.760,0	4.760,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.993,9	2.993,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.820,0	4.760,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.456,3	2.456,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**179.849,6**	**173.839,5**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	5.660,0	5.570,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	780,0	790,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	240,0	240,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	125,2	125,2
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	614,3	614,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.250,0	1.250,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	364,0	364,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	634,7	634,7
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.699,1**	**9.619,1**
	Skattar á vörur og þjónustu	**189.548,7**	**183.458,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	372,1	365,7
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**792,1**	**785,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	260,0	260,0
	Aðrir skattar	**1.052,1**	**1.045,7**
	Skatttekjur, samtals	**414.618,1**	**400.024,4**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.387,0	1.387,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.540,0	1.390,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	18.413,0	18.236,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	15.426,8	14.551,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	60,2	60,2
	Aðrar eignatekjur	**35.440,0**	**34.237,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**36.827,0**	**35.624,2**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.721,0	1.721,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.200,0	1.050,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	211,0	211,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.790,0	1.790,0
9.1.3.35	Ýmislegt	494,9	494,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	421,2	421,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,7	49,7
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**6.789,7**	**6.638,9**
	Ýmsar tekjur	**6.789,7**	**6.638,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	600,0	600,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	660,0	660,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.295,0**	**1.295,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**44.996,4**	**43.642,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	191,8	190,3
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**681,8**	**680,3**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	600,0	600,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	385,0	385,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.666,8**	**1.665,3**
	Fjárframlög, samtals	**1.666,8**	**1.665,3**
	Heildartekjur samtals	**461.881,3**	**445.932,5**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirfarandi liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, bætast við eða breytast og hljóða svo:

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:	
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	49,5
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	10,0
Gjöld samtals	**59,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,5

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.107,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-510,6
Gjöld umfram tekjur	**596,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	570,3
Innheimt af ríkistekjum	26,2

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	106,2
1.12 Orlof kennara	180,7
1.14 Sérkennsla	40,4
1.15 Prófkostnaður	99,0
1.16 Nýjungar í skólastarfi	27,5
1.17 Námsskrárgerð	39,6
1.18 Námsefnisgerð	126,5

1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	204,8
1.21 Nám tannsmiða	13,5
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	6,0
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	29,7
1.28 Mat á skólastarfi	86,4
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,7
1.30 Endurmenntun	37,7
1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði	108,0
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	21,9
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	22,9
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	8,0
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	42,5
1.39 Nám í listdansi	117,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	116,3
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	365,4
Almennur rekstur samtals	1.810,3
Gjöld samtals	**1.810,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.809,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.809,9

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	398,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	70,0
Gjöld samtals	**468,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,3
Gjöld umfram tekjur	**413,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	413,3

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúruminjasafn Íslands	25,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,3

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	74,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	141,0
Gjöld samtals	**215,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-118,0
Gjöld umfram tekjur	**97,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,8

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	25,5
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	14,4
1.18 Bókmenntasjóður	42,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	20,0
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	4,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	64,9
1.25 Tónlistarsjóður	45,9
1.27 Tónlist fyrir alla	6,3
1.28 Barnamenningarsjóður	4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	11,6
1.30 Íslenska óperan	140,6
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	265,0
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	46,4
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,4
1.90 Listir	25,0

1.91 Menningarstofnanir, óskipt	11,6
Almennur rekstur samtals	860,3
Gjöld samtals	**860,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	860,3

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	9,1
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,4
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,5
1.52 Skriðuklaustur	19,3
1.53 Snorrastofa	17,4
1.54 Fornleifasjóður	19,1
1.55 Þórbergssetur	10,0
Almennur rekstur samtals	103,3
Gjöld samtals	**103,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,3

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	160,5
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	57,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,6
1.15 Skólaíþróttir	2,5
1.16 Íþróttasjóður	15,2
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,2
1.20 Glímusamband Íslands	4,1
1.21 Skáksamband Íslands	15,4
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	17,2
1.25 Skákskóli Íslands	7,9
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	25,5
1.30 Bridgesamband Íslands	11,2
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	354,3
Gjöld samtals	**354,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 354,3

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.13 Útvarpsréttarnefnd 10,3
1.52 Grænlandssjóður 1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 4,3
1.90 Ýmis framlög 77,2
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis 129,7
Almennur rekstur samtals 222,5

Stofnkostnaður:
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög 102,5

Gjöld samtals **325,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,0

Gjöld umfram tekjur **324,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 324,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Framkvæmd búvörusamnings 1,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 2,0
1.21 Lífræn ræktun 4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 30,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins 9,3
1.34 Eldi sjávardýra 19,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 14,0
1.36 Matvælasetur 6,5
1.49 Úrskurðarnefndir 26,1
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 16,4
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT) 95,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC 11,5
1.90 Ýmis verkefni 51,6
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 116,1
Almennur rekstur samtals 405,6

Gjöld samtals	**405,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,7
Gjöld umfram tekjur	**381,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	381,9

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.390,5
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	279,0
Almennur rekstur samtals	1.669,5
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	162,0
Gjöld samtals	**1.831,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-586,4
Gjöld umfram tekjur	**1.245,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.245,1

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	146,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**146,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,0

Fjárlagaliðurinn **06-448 Sýslumaður Suðurnesja** féll brott (millifærsla fjárheimilda frá 06-448 á lið 06-434)

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:	
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	917,0
Almennur rekstur samtals	1.017,4
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	60,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	61,0
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	255,5
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,8
Stofnkostnaður samtals	527,3
Gjöld samtals	**1.544,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-387,9
Gjöld umfram tekjur	**1.156,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.156,8

Eftirfarandi fjárlagaliðir féllu brott (millifærsla frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis)

07-524 Sunnuhlíð, Kópavogi
07-525 Hjúkrunarheimilið Skjól
07-526 Hjúkrunarheimilið Eir

07-528 Hjúkrunarheimilið Skógarbær
07-529 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum
07-541 Fellsendi, Búðardal
07-544 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu
07-546 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu
07-554 Sóltún, Reykjavík

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	341,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.235,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	173,0
1.25 Dánarbætur	58,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	2.090,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	123,0
1.41 Heimilisuppbót	3.140,0
1.51 Frekari uppbætur	603,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.567,0
1.55 Bifreiðakostnaður	1.343,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	10.703,0
Gjöld samtals	**10.703,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10.703,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.720,0
1.15 Örorkulífeyrir	5.030,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	1.976,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	15.700,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.351,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	317,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	90,0
1.31 Örorkustyrkur	172,0
1.35 Barnalífeyrir	2.840,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	48.652,0
Gjöld samtals	**48.652,0**

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25.079,6
Innheimt af ríkistekjum	23.572,4

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.385,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	79,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	78,0
Gjöld samtals	**4.542,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-402,0
Gjöld umfram tekjur	**4.140,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.140,8

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	578,7
1.15 Dagvist	19,5
Almennur rekstur samtals	598,2
Gjöld samtals	**598,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**591,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	591,1

8-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	845,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**834,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,5

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.339,2
1.15 Dagvist	64,8
Almennur rekstur samtals	1.404,0
Gjöld samtals	**1.404,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**1.387,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.387,2

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	553,8
1.71 Endurhæfingardeild	108,0
Almennur rekstur samtals	661,8
Gjöld samtals	**661,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**655,0**

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	655,0

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	593,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**585,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	585,5

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	182,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	179,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,4

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.230,7
1.11 Dvalarrými	93,5
1.15 Dagvist	54,2
Almennur rekstur samtals	1.378,4
Gjöld samtals	**1.378,4**

Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**1.361,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.361,9

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	204,9
1.11 Dvalarrými	19,3
1.15 Dagvist	6,8
Almennur rekstur samtals	231,0
Gjöld samtals	**231,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**228,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	228,5

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	973,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	973,4

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	166,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**164,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,9

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:
1.90 Ófyrirséð útgjöld 4.054,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -167,6

Gjöld umfram tekjur **3.886,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.886,4

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Fastanefndir 16,3
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003 207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna 61,2
1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 16,4
Almennur rekstur samtals 301,0

Gjöld samtals **301,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,1

Gjöld umfram tekjur **300,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 299,1
Innheimt af ríkistekjum 1,8

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	705,5
1.11 Vaktstöð siglinga	309,0
Almennur rekstur samtals	1.014,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	32,0
6.80 Sjóvarnargarðar	133,6
Stofnkostnaður samtals	165,6
Gjöld samtals	**1.180,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-212,6
Gjöld umfram tekjur	**967,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	720,9
Innheimt af ríkistekjum	246,6

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	282,6
6.72 Landeyjahöfn	1.045,1
6.76 Ferjubryggjur	12,3
Stofnkostnaður samtals	1.340,0
Gjöld samtals	**1.353,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.353,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	10.517,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	3.128,0

Almennur rekstur samtals	13.645,0
Gjöld samtals	**13.645,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13.645,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1.125,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-621,6
Gjöld umfram tekjur	**504,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	504,1

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	833,4
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	34,8
Almennur rekstur samtals	868,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	24,0
Gjöld samtals	**892,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-160,3
Gjöld umfram tekjur	**731,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	581,9
Innheimt af ríkistekjum	150,0

Sundurliðun 2
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Eftirfarandi yfirlit í **Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta** breytast og hljóða svo:

		Þús. kr.
9. Ýmis framlög (02-999-1.90).		
1.	Akureyrarakademían	2.500
2.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
3.	Handverk og hönnun ses.	14.500
4.	Heimili og skóli	6.000
5.	Kalak, sundkennsla grænlenskra barna	1.000
6.	Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	2.000
7.	Kirkjubæjarstofa	5.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	3.000
9.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.000
10.	Kvenréttindafélag Íslands	3.900
11.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
12.	MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál	6.000
13.	Múlastofa Kaupvangi, Vopnafirði	2.000
14.	Músík og saga, munnleg geymd	1.000
15.	Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
16.	Orator, lögfræðiaðstoð	200
17.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	3.000
18.	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, kvennaslóðir	1.500
19.	Rekstrarfélag Sarps sf.	3.000
20.	Safnahús Borgarfjarðar, Börn í 100 ár	500
21.	Siðmennt	500
22.	Spes – bygging barnaþorps fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum	1.500
23.	Sturlustofa í Dölum	800
24.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
25.	Virkt lýðræði á vefnum, opið kosningakerfi	2.000
26.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar	1.000
27.	Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.500
28.	Sögufélag	1.000
	Samtals	**77.200**

10. Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).		
1.	Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	7.500
2.	Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	6.800
3.	Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
4.	Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.500
5.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	8.000
6.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	8.000

7.	Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	9.000
8.	Verkefni, samningar vegna íþróttamála	10.200
9.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	1.600
10.	Bókmenntahátíð í Reykjavík	1.400
11.	Leiklistarsambandið	2.400
12.	Bandalag íslenskra listamanna	1.800
13.	Útflutningsmiðstöð tónlistar	2.000
14.	Rithöfundasamband Íslands – höfundamiðstöð	2.000
15.	Menningarrannsóknir	4.000
16.	Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	14.400
17.	Óskipt	20.100
	Samtals	**129.700**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Beint frá býli	6.000
2.	Biopol, hrognkelsarannsóknir	3.000
3.	Biopol, tæki	2.500
4.	Dýragarðurinn Slakki	1.500
5.	Eyðing kerfils og varnir gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
6.	Fiskeldi í Súðavík, rannsóknaraðstaða	1.000
7.	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.500
8.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
9.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
10.	Landssamtök skógareigenda	7.000
11.	Langanesbyggð, Strandabúið	1.500
12.	Laxfiskar ehf., merking laxa með rafeindafismerkjum	2.300
13.	Rannsóknir á glerál	1.700
14.	Rannsóknir á lífríki á grunnsævi við Ísland	1.500
15.	Rannsóknir á ósakola	1.500
16.	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.800
17.	Tún, vottunarstofa	5.100
18.	Vör, Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.200
19.	Æðarræktarfélag Íslands	500
	Samtals	**51.600**

18. Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Sameining stofnana/hlutafélaga	4.000
2.	Samþætting áætlana m.t.t. aðildar að Evrópusambandinu	3.000
3.	Sameining sveitarfélaga	5.000
4.	Endurskoðun á regluverki og upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélaga	3.000
5.	Afnám einkaréttar í póstþjónustu	1.000
6.	Óskipt	400
	Samtals	**16.400**

595. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.

Frá meiri hluti iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera viðauka við fjárfestingarsamninga við þær stóriðjur sem eru í landinu um fyrirkomulag skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012. Tilgangur frumvarpsins er að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við markmið áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum.

Verði frumvarpið að lögum verður fjármálaráðherra heimilt að kveða á um það í reglugerð að tiltekin stóriðjufyrirtæki skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu opinberra gjalda á árunum 2013–2018. Skiptist greiðslan milli aðila í réttu hlutfalli við raforkunotkun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 22. des. 2009.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, form., frsm. Anna Pála Sverrisdóttir. Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Árni Þór Sigurðsson. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

596. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins og vísar til álits 1. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarpið.

Alþingi, 22. des. 2009.

Unnur Brá Konráðsdóttir, frsm. Gunnar Bragi Sveinsson. Birgir Ármannsson.

Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Með tölvupósti 18. desember sl. óskaði iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn fjárlaganefndar um 318. mál, á þingskjali 370. Óskað var eftir því að umsögn bærist eigi síðar en á mánudagsmorgun 21. desember nk.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar hefur farið yfir frumvarpið og telur að ekki sé unnt að samþykkja það í óbreyttri mynd. Samkvæmt frumvarpinu verður ráðherra heimilt að kveða með reglugerð á um að tiltekin stóriðjufyrirtæki greiði árlega fyrir fram í þremur greiðslum 1,2 milljarða kr. á árunum 2010–2012. Greiðslan kæmi upp í væntanlega álagningu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda á árunum 2013–2018 hjá tilteknum stóriðjufyrirtækjum og yrði tekjufærð í bókhaldi ríkisins á næstu þremur árum. Þær færslur eru ekki í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla. Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru skattar lagðir á og greiddir af tekjum og hagnaði liðins árs. Þó svo að tekjuskattur einstaklinga sé greiddur í staðgreiðslu er hann lagður á eftirá. Hið sama á við um fyrirtæki. Reikningsskil ríkisins eru færð á rekstrargrunni og ber samkvæmt því að tekjufæra tekjur þegar þeirra er aflað án tillits til þess hvenær þær eru innheimtar. Í 26. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, kemur fram að tekjur sem innheimtar eru á rekstrarárinu en varða síðari reikningsár skuli færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Þá ber að sýna þær sérstaklega ef um verulegar fjárhæðir er að ræða eða geta þeirra í skýringum með ársreikningi en skýringar eru hluti ársreiknings. Á hinn bóginn eru tekjur reikningsársins sem innheimtast eftir lok þess eignfærðar í efnahagsreikningi.

Af þessu má sjá að þó svo að heimilað verði að innheimta umrædda skatta fyrir fram verður ekki unnt að tekjufæra þá nema lagabreyting komi til. Þá er fyrirframinnheimtur skattur sem þessi ekkert annað en lánveiting sem færist á efnahagsreikning en ekki rekstrarreikning.

Fyrirframgreiðsla skatta getur bætt greiðslustöðu ríkissjóðs til skamms tíma en ekki stöðu samkvæmt rekstrargrunni. Þá telur 1. minni hluti óeðlilegt að skattar séu innheimtir fyrir fram þar sem slík innheimta sé í reynd í mótsögn við það meginsjónarmið að sköttum ársins sé ráðstafað á sama ári. Þá vekur 1. minni hluti athygli á þeirri gengisáhættu sem kann að vera samfara þessari aðgerð. Auk þess telur 1. minni hluti að ekki sé við hæfi að ríkissjóður gangi á undan með slæmu fordæmi og brjóti bókhaldslög enda þótt lagaheimild sé veitt í íslenskum lögum til þessarar innheimtu. Innleiðing á regluverki Evrópusambandsins felur í sér aðlögun íslenskra laga. Líklega er því ekki heimilt að setja þessi lög vegna alþjóðlegra

skuldbindinga, auk þess sem þau ganga gegn alþjóðlegum stöðlum um reikningshald og uppgjör.

Alþingi 19. desember 2009.

Kristján Þór Júlíusson.
Ásbjörn Óttarsson.
Þór Saari.

597. Lög [336. mál]

um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 571.

598. Lög [318. mál]

um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 370.

599. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu. Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund Árna Þór Sigurðsson, formann utanríkismálanefndar Alþingis, Lilju Mósesdóttur, formann viðskiptanefndar Alþingis, Magnús Orra Schram, Eygló Harðardóttur og Guðlaug Þór Þórðarson frá viðskiptanefnd Alþingis, Helga Hjörvar,

formann efnahags- og skattanefndar Alþingis, Tryggva Þór Herbertsson frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, Lárentínus Kristjánsson, Einar Jónsson og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf., Herdísi Hallmarsdóttur, Kristin Bjarnason og Halldór Backman frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmann, Sigurð Líndal prófessor, Ragnhildi Helgadóttur prófessor, Björgu Thorarensen prófessor, Eirík Tómasson prófessor, Helga Áss Grétarsson lögfræðing, Pál Þórhallsson, skrifstofustjóra hjá forsætisráðuneyti, Stefán Má Stefánsson prófessor, Eirík Svavarsson, Agnar Helgason og Sigurð Hannesson frá Indefence, Nigel Ward, lögfræðing og ráðgjafa, sem tók þátt í símafundi, Ásgeir Daníelsson og Daníel Svavarsson frá Seðlabanka Íslands, Sigrúnu Helgadóttur, Jón Guðna Ómarsson, Eirík Elís Þorláksson og Áslaugu Árnadóttur frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Benedikt Bogason héraðsdómara, Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra, Indriða H. Þorláksson, aðstoðarmann fjármálaráðherra, Einar Gunnarsson ráðuneytisstjóra og Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra.

I. Inngangur.

Hinn 4. desember sl. var af hálfu forseta Alþingis gert samkomulag við fulltrúa stjórnarandstöðunnar um meðferð þessa máls milli annarrar og þriðju umræðu. Jafnframt var þess óskað að aflað yrði gagna af fundum íslenskra ráðherra og erindreka þeirra með erlendum aðilum varðandi þetta mál, sem og að málið kæmi til umfjöllunar hjá fastanefndum Alþingis. Á lista stjórnarandstöðunnar voru sextán atriði, þar af fjórtán efnisatriði.

Fjárlaganefnd hefur nú fengið álit og gögn frá utanríkismálanefnd, efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd um málið, auk þess sem óskað var eftir viðbótargögnum frá ákveðnum aðilum eins og nánar greinir í áliti þessu. Í framhaldsnefndaráliti þessu verður gerð grein fyrir þeim meginatriðum sem komið hafa fram um lagalega-, efnahagslega- og pólitíska þætti málsins. Ætlunin er að fjalla um hin fjórtán efnisatriði samhliða því sem í ríkum mæli verður vísað til gagna sem lýsa einstökum atriðum nánar og eru aðgengileg í erindaskrá málsins á vef Alþingis.

II. Lagaleg álitamál.

Telja verður að efnisatriði 1., 11., 12. og 13. á listanum frá 4. desember sl. varði aðallega lagaleg álitamál. Hér að neðan verður fjallað um þau í réttri röð.

Álitamál sem tengjast stjórnarskránni og frumvarpinu (1. efnisatriði).

Settar hafa verið fram skoðanir þess efnis að frumvarp þetta kunni að vera andstætt stjórnarskránni. Þetta hefur verið byggt á því að frumvarpið feli í sér of mikla skerðingu fullveldis (brot á 1. gr. stjórnarskrárinnar), dómsvald sé framselt til erlendra dómstóla (brot á 2. gr. stjórnarskrárinnar) og krafa um skýra lagaheimild sé ekki uppfyllt (brot á 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar). Samkvæmt áliti Bjargar Thorarensen og Eiríks Tómassonar, prófessora við lagadeild Háskóla Íslands, dags. 15. desember sl., samrýmist frumvarpið framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í álitinu er ítarlega rakið á hvaða forsendum þessi niðurstaða er reist en í aðalatriðum er hún í fyrsta lagi byggð á því að ríkisábyrgð á Icesave-lánasamningunum feli ekki í sér neins konar afsal á löggjafarvaldi til annarra ríkja eða alþjóðastofnana þannig að stjórnarskrárbundnu fullveldi sé stefnt í hættu, í öðru lagi að Icesave-lánasamningarnir séu einkaréttarlegs eðlis og með þeim hafi aðilar þeirra ráðstafað tilteknum álitaefnum án þess að það hafi nokkur áhrif á stjórnskipulega stöðu dómstóla, og í þriðja lagi sé lagaheimild til veitingar ríkis-

ábyrgðar skýr þar sem höfuðstóll lánanna sem ábyrgjast á liggur fyrir í hollenska lánasamningnum og að ákveðið hámark er tiltekið í þeim breska. Í báðum samningunum reiknast svo vextir á höfuðstólinn og því er engin óvissa um mestu mögulega skuldbindingu íslenska ríkisins.

Til viðbótar við álit Bjargar og Eiríks sendi Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, tölvupóst til nefndasviðs Alþingis 11. desember sl. Þar kom m.a. fram að hann telji að 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins brjóti ekki í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndinni barst einnig samantekt Helga Áss Grétarssonar, sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands, dags. 2. desember sl., um álitaefni er lutu að því hvort frumvarpið bryti í bága við 1., 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar. Niðurstaða hans var sú að frumvarpið bryti ekki í bága við þessi ákvæði stjórnarskrárinnar.

Með vísan til þessara gagna, sem fylgja málinu, telur meiri hluti fjárlaganefndar að því sé afdráttarlaust svarað að ekkert í frumvarpinu fari í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Lögfræðiálit sérfræðinga í enskum lögum á texta samningana og þýðingu þess að ensk lög gildi um samningana (12. og 13. efnisatriði).

Fjárlaganefnd hefur fengið álit bresku lögmannsstofunnar Ashurst á texta lánasamninganna, dags. 16. desember sl. (12 bls.), og bresku lögmannsstofunnar Mishcon de Reya, dags. 19. desember sl. (86 bls.), en þessi álit voru veitt eftir að fjárlaganefnd hafði beint fjórum spurningum til lögmannsstofanna með bréfi, dags. 10. desember sl. Þessar lögmannsstofur höfðu áður komið að ráðgjöf fyrir íslensk stjórnvöld í þessu máli. Ashurst lögmannsstofan veitti stjórnvöldum álit á lánasamningunum frá 5. júní sl. með greinargerð, dags. 25. júní sl., og Nigel Ward, einn lögmanna stofunnar, aðstoðaði stjórnvöld við gerð viðaukasamninganna sem undirritaðir voru 19. október sl. Lögmannsstofan Mishcon de Reya veitti stjórnvöldum ráðgjöf um afmarkaða þætti málsins í mars á þessu ári.

Það er mat Ashurst að texti lánasamninganna sé hefðbundinn og í samræmi við alþjóðlega lánasamninga, í nokkrum tilvikum sé þar að finna ákvæði sem séu óvenjuleg en þá yfirleitt íslenska tryggingarsjóðnum og íslenska ríkinu í hag. Fram kemur í álitinu að erfitt sé að fullyrða um hvort samningsaðilar hafi staðið jafnt að vígi við gerð samninganna. Aðstaða allra aðila hafi verið nokkuð óvenjuleg. Hollensk og bresk stjórnvöld vildu fá hluta af því fé til baka sem þau höfðu greitt út til innstæðueigenda á Icesave-reikningum útibús Landsbankans og íslensk stjórnvöld vildu fá aðgang að lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum ríkjum. Mat lögmannsstofunnar er að bresk og hollensk stjórnvöld hafi sýnt samningsvilja með því að gera viðaukasamningana frá 19. október sl. og þannig komið til móts við þau skilyrði sem sett voru við veitingu ríkisábyrgðarinnar með lögum nr. 96/2009.

Fram kemur í áliti Ashurst að venjubundið sé að ensk lög ráði réttarstöðu aðila í alþjóðlegum lánasamningum, sú skipan skipti hins vegar takmörkuðu eða engu máli þegar kemur að úthlutun eigna úr búi Landsbanka Íslands hf. en samkvæmt ákvæðum viðaukasamninganna breytast viss ákvæði lánasamninganna ef tiltekin niðurstaða fæst hjá dómstólum. Afsal friðhelgisréttinda íslenska ríkisins hafa takmarkaðri þýðingu nú eftir gerð viðaukasamninganna. Af þessu leiðir að telja verður nær útilokað fyrir bresk og hollensk stjórnvöld að fá dómi, sem kveður á um greiðsluskyldu íslenska ríkisins á grundvelli samninganna, fullnægt með aðför.

Í álitsgerð Mishcon de Reya er farið mjög rækilega yfir einstök ákvæði lánasamninganna annars vegar og hins vegar ákvæði uppgjörssamnings bresku og íslensku tryggingarsjóðanna.

Miðað við hversu ítarlega umfjöllun öll ákvæði lánasamninganna hafa fengið fram til þessa þykir ekki ástæða til að fara í saumana á einstökum atriðum sem koma fram í álitsgerðinni. Margt í álitsgerðinni felur í sér málefnalega gagnrýni á hvernig staðið var að frágangi samkomulagsins 5. júní sl., svo sem að sum ákvæði samninganna um heimildir lánveitenda til að gjaldfella samninganna séu honum hagstæð. Þegar á heildina er litið metur lögmannsstofan samkomulagið ósanngjarnt fyrir íslenska ríkið og telur samningana ekki nægjanlega ljósa í nokkrum atriðum.

Að mati meiri hlutans kemur fátt nýtt fram í álitsgerðinni um þau atriði sem varða sérstaklega breytingarnar sem gerðar hafa verið með viðaukasamningunum. Í álitsgerðinni koma fram vangaveltur um að munur sé á bresku og hollensku lánasamningunum hvað varðar ábyrgð ríkisins. Sú ábyrgð sé ríkari samkvæmt breska samningnum vegna þess að sá samningur sé í tveimur hlutum. Meiri hlutinn getur ekki tekið undir þetta sjónarmið. Uppgjörssamningur bresku og íslensku tryggingarsjóðanna er samkvæmt breska lánasamningnum skilgreindur sem fjármálaskjal og hann er því hluti af heildarsamningum aðila, sbr. t.d. 1. kafla og kafla 3.6 í almennum athugasemdum við frumvarpið og III. kafla í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, dags. 16. nóvember sl. Einnig leiðir af eðli máls að lækki skuld tryggingarsjóðsins vegna greiðslna úr þrotabúi Landsbanka Íslands mun ábyrgð íslenska ríkisins á skuldbindingum tryggingarsjóðsins lækka sem því nemur. Að mati meiri hlutans er það ekki vafa undirorpið að látið verður á það reyna hvort íslenski tryggingarsjóðurinn njóti forgangs við úthlutun krafna í búi Landsbankans vegna sömu innstæðu. Hagstæð niðurstaða í því efni mun lækka umtalsvert fjárhæð ríkisábyrgðar, sbr. það sem síðar segir (4. efnisatriði).

Í álitsgerð Mishcon de Reya er að finna úttekt á evrópskum réttarreglum um innstæðutryggingar. Þar eru sett fram rök bæði með og móti þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið beri ábyrgð á þessum skuldbindingum. Niðurstaðan er sú að þetta sé ekki skýrt og óvíst hvernig dómstólar mundu leysa úr málinu. Áður hefur komið fram að íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram allt frá upphafi Icesave-deilunnar að lagaleg óvissa sé um skuldbindingar Íslands, og ef út í það er farið annarra EES ríkja, á grundvelli tilskipunar EB 94/19 um innlánatryggingakerfi. Í greinargerð Íslands vegna gerðardómsmeðferðar í kjölfar Ecofin-fundar í nóvember 2008 eru rök Íslands gegn ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta tíundaðar ítarlega. Álitsgerð Mishcon de Reya bætir litlu við röksemdir sem þar koma fram gegn skyldu Íslands til að ábyrgjast lágmarksinnstæðutryggingar dugi eignir sjóðsins ekki til. Álitsgerðin gefur hins vegar gott yfirlit yfir röksemdir fyrir gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. að Íslandi beri að ábyrgjast lágmarks innstæðutryggingar, og dregur þannig skýrt fram þá áhættu sem í því fælist að ná ekki samningsniðurstöðu í Icesave-deilunni.

Mat á áhrifum endurskoðunar á löggjöf ESB um innlánstryggingarkerfi á skuldbindingar Íslands samkvæmt samningunum (13. efnisatriði).

Í álitsgerðum bresku lögmannsstofanna er fjallað um ýmsa fleti þessa atriðis en fram kemur í þeim báðum að endurskoðun ESB á innlánstryggingakerfinu hafi samkvæmt samningunum engin áhrif á þá. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart. Um þetta málefni er einnig fjallað í minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 14. desember 2009. Að mati meiri hlutans hafa ekki verið leidd fram gögn eða heimildir sem auka líkur á að breytingar í framtíðinni á skipulagi innstæðutrygginga í Evrópu muni hafa sjálfkrafa áhrif á réttarstöðu íslenska ríkisins gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum. Hins vegar er í þessu sambandi rétt að vísa til sameiginlegrar yfirlýsingar fjármálaráðherra Íslands, Hollands og Bretlands um að málsaðilar lýsi sig tilbúna til að ræða málefni lánasamninganna ef aðstæður

krefjast þess. Þó svo að umrædd yfirlýsing hafi ekki lagalegt gildi hefur hún á hinn bóginn mikið pólitískt vægi og vitnar um afstöðu aðila til ýmissa álitaefna.

III. Efnahagsleg álitamál.

Telja verður að 2.–8. efnisatriði á áðurnefndum lista frá 4. desember varði aðallega efnahagsleg álitamál. Þessum atriðum verð nú gerð skil í stuttu máli en að öðru leyti vísað til skjala sem fylgja framhaldsnefndaráliti þessu.

Mat á hversu miklar fjárhagsskuldbindingar Icesave-lánasamningarnir fela í sér (2. efnisatriði).

Fjárhagsskuldbindingar íslenska ríkisins sem ábyrgðaraðila eru reistar á þeirri skuldbindingu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta að greiða breska ríkinu til baka allt að 2,35 milljarða punda og hollenska ríkinu tæpa 1,3 milljarða evra. Á móti þessum skuldbindingum fær sjóðurinn framseldar kröfur á hendur þrotabúi Landsbanka Íslands. Samkvæmt mati skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans frá 23. nóvember sl. er áætlað að 89% af forgangskröfum muni endurheimtast úr búinu sem er mun betra endurheimtuhlutfall en gert var ráð fyrir í upphafi þegar áætlaðar endurheimtur námu 75%. Sé skuldbinding ríkissjóðs vegna Icesave-lánasamninganna núvirt, miðað við þar tilgreindar forsendur, þá stendur skuldin nú í 183 milljörðum kr., sbr. bls. 2. í minnisblaði fjármálaráðuneytisins, dags. 14. desember 2009, og minnisblað Seðlabankans, dags. 21. október 2009. Þessar forsendur geta tekið breytingum og þannig breytt fjárskuldbindingum ríkisins, bæði til hækkunar og lækkunar.

Mat á hættu á því að kveða á um skilyrðislausa greiðsluskyldu á vöxtum (3. efnisatriði).

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins, dags. 15. desember sl., var metið hver væri áhættan tengd því að kveða á um skilyrðislausa greiðsluskyldu á vöxtum. Matið miðaðist við tilteknar forsendur um endurheimtur forgangskrafna í búi Landsbankans, grunnforsendur Seðlabankans um hagvöxt, gengi og fleira. Niðurstaðan var sú að vextir héldust ávallt undir greiðsluhámarki samninganna. Það sama mundi gerast ef endurheimtur yrðu lægri. Því voru taldar óverulegur líkur á því að vaxtagreiðslur yrðu einhvern tíma hærri en árlegt greiðsluhámark samkvæmt samningunum.

Mat á fjárhagslegri þýðingu breytinga á efnahagslegum fyrirvörum (4. efnisatriði).

Hinir efnahagslegu fyrirvarar héldu að mestu leyti gildi sínu fyrir utan að vextir skulu ávallt greiddir og óumdeilt er orðið að höfuðstóll lánanna mun ekki falla sjálfkrafa niður. Fjallað hefur verið um áhrif þess að vextir skulu ávallt greiddir en talið er að það hafi óverulega þýðingu miðað við þær forsendur sem liggja nú fyrir.

Mat á fjárhagslegri þýðingu á breytingu fyrirvara er varða reglur um úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. (5. efnisatriði).

Í viðaukasamningunum er nú kveðið á um að jafnstöðuákvæði lánasamninganna vegna úthlutunar úr þrotabúi Landsbankans víki komist íslenskir dómstólar að niðurstöðu sem ekki sé í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, um að íslenski tryggingarsjóðurinn njóti forgangs umfram breska tryggingarsjóðinn og hollenska seðlabankann við úthlutun úr þrotabúi bankans. Verði þetta niðurstaðan er það til verulegra hagsbóta fyrir ríkissjóð og má áætla að skuldbinding hans lækki umtalsvert, sbr. minnisblað fjármálaráðuneytisins, dags. 15.

desember sl. Fjallað er nánar um lagaleg áhrif reglunnar í minnisblaði íslenska tryggingarsjóðsins, dags. 14. desember sl.

Mat á gengisáhættu samninganna (6. efnisatriði).

Varðandi gengisáhættu Icesave-lánasamninganna er vísað til minnisblaða Seðlabanka Íslands, dags. 15. júlí 2009 og 21. október 2009. Ítrekaðar eru skýringar meiri hluta fjárlaganefndar um þetta atriði í nefndaráliti á þskj. 247.

Mat á fjárhagslegri þýðingu þess að vextir samkvæmt samningunum séu fastir (5,55%) en ekki breytilegir (7. efnisatriði).

Með tilliti til þess að verulegur hluti erlendra skulda ríkisins og Seðlabankans ber breytilega vexti þótti óráðlegt í Icesave-samningunum að auka vaxtaáhættu ríkissjóðs enn frekar með lánum með breytilegum vöxtum. Útreikningar sem sýna kosti og galla þess að hafa breytilega og fasta vexti eru m.a. útskýrðir í minnisblaði Seðlabankans, dags. 11. desember sl. Þar kemur fram að líklegast eru vaxtakjör íslenska ríkisins samkvæmt Icesave-samningunum hagstæðari til lengri tíma litið en samkvæmt lánasamningum milli Íslands og Norðurlanda og milli Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á greiðsluþoli ríkissjóðs (8. efnisatriði).

Samkvæmt minnisblaði Seðlabankans, dags. 18. desember sl., hefur nýtt mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um greiðsluþol ríkissjóðs ekki breytt miklu. Niðurstaðan er sú að verg skuld hins opinbera í árslok 2010 verður nokkru minni en gert var ráð fyrir í síðustu áætlun sjóðsins.

IV. Pólitísk álitamál.

Á listanum frá 4. desember sl. er óskað eftir nánari upplýsingum um atriði sem telja verður pólitísk í eðli sínu, sbr. 9., 10. og 14. efnisatriði. Með áliti utanríkismálanefndar, dags. 19. desember sl., fylgja skjöl sem skýra 9. og 10. efnisatriði en í álitsgerðum bresku lögmannsstofanna er m.a. fjallað um 14. efnisatriði.

Nánari upplýsingar frá fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um hverjar forsendur Brussel-viðmiðanna voru (9. efnisatriði).

Í minnisblaði utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, dags. 14. desember sl., er gerð grein fyrir aðdraganda að gerð svokallaðra Brussel-viðmiða. Fram kemur í minnisblaði fyrrv. utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að með hinum sameiginlegu viðmiðum hafi verið reynt að tryggja að í viðræðum Íslands, Bretlands og Hollands yrði gætt jafnvægis milli þeirra skuldbindinga sem Íslendingar tækju á sig og þeirra „erfiðu og fordæmalausu“ aðstæðna sem ríktu á Íslandi en það orðalag vísaði til skuldaþols ríkissjóðs og greiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir stjórn sjóðsins á fordæmalausum aðstæðum á Íslandi, þar sem bæði ríkti fjármála- og gjaldeyriskreppa. Fyrrv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, skilaði einnig minnisblaði til utanríkismálanefndar, dags. 19. desember sl. Fyrrv. forsætisráðherra og fyrrv. utanríkisráðherra voru sammála um Brussel-viðmiðunum hafi verið ætlað að leggja nýjan grunn að samningaviðræðum milli aðila frá því samkomulagi sem gert var um ákveðna grundvallarþætti málsins milli íslenskra og hollenskra stjórnvalda, dags. 11. október 2008.

Forsendur Brussel-viðmiðanna byggðust á að pólitísku samkomulagi yrði náð um lausn deilunnar og að mati fyrrv. utanríkisráðherra fólu þau í sér pólitíska skuldbindingu sem á hinn bóginn skuldbatt Ísland ekki að þjóðarétti ef ný stjórnvöld vildu hafa þau að engu. Fram kom í minnisblaði Geirs H. Haarde að fulltrúi Frakklands, þáverandi formennskuríkis ESB, hafi mætt á viðræðufundi í Haag í byrjun desember 2008, en það hafi verið til að undirstrika að stofnanir ESB og EES mundu taka áfram þátt í samningsferlinu, sbr. 3. tölul. Brussel-viðmiðanna.

Skýra misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á ákvæðum samninganna (10. efnisatriði).

Forsætisráðuneytið ritaði utanríkismálanefnd minnisblað, dags. 14. desember sl., um meint misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á ákvæðum Icesave-lánasamninganna. Fram kemur í minnisblaðinu að ekki felist misræmi í bréfum ráðherranna heldur sé lögð áhersla á mismunandi atriði í samningunum sem stangist engan veginn á.

Mat á afleiðingum þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt eða að dráttur verði á samþykkt þess (14. efnisatriði).

Í álitsgerðum bresku lögmannsstofanna er nokkuð ítarlega fjallað um þetta efnisatriði, ekki síst í álitsgerð lögmannsstofunnar Mishcon de Reya. Jafnframt er um þetta fjallað í minnisblaði fjármálaráðuneytisins, dags. 16. desember sl., ásamt því sem að fyrir lá greining Seðlabanka Íslands á afleiðingum tafa á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands, dags. 6. október sl., og greinargerð efnahags- og viðskiptaráðuneytisins um sama efni, dags. 8. október sl. Með minnisblaði fjármálaráðuneytisins fylgdi bréf danska fjármálaráðuneytisins til fjármálanefndar danska þingsins um lánafyrirgreiðslu til Íslands, dags. 23. nóvember sl., en í því minnisblaði kemur skýrt fram að fyrirgreiðslan miðast við að íslenska ríkið gangi frá samningum um lausn Icesave-málsins.

Fram kemur í álitsgerðum bresku lögmannsstofanna að höfnun frumvarpsins muni að öllum líkindum leiða til þess að bresk og hollensk stjórnvöld reyni að fá ýtrustu kröfum sínum framgengt fyrir dómstólum. Að mati þeirra beggja er óvíst hver úrslit slíks máls yrðu. Yrði niðurstaðan íslenska ríkinu óhagstæð yrðu greiðsluskilmálar væntanlega mun óhagstæðari en þeir sem kveðið er á um í fyrirliggjandi samningum. Málaferlin yrðu einnig tafsöm. Einnig er í álitsgerðunum bent á efnahagslegar- og pólitískar afleiðingar þess að hafna frumvarpinu. Í álitsgerð Mishcon de Reya er vakin athygli á þeim valkosti að tefja afgreiðslu málsins í þeirri von að bæta samningsstöðu íslenska ríkisins.

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins er talið að höfnun frumvarpsins hefði alvarlegar efnahagslegar afleiðingar. Endurskoðun efnahagsáætlunar íslenska ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mundi frestast. Trúverðugleiki landsins biði enn frekari hnekki. Afnám gjaldeyrishafta mundi tefjast verulega. Erfiðara yrði að endurfjármagna lán opinberra aðila og fyrirtækja í eigu þeirra. Að mati fjármálaráðuneytisins mundi lánshæfismat líklegast lækka og gengi krónunnar sömuleiðis.

Telja verður að framangreindar heimildir veiti skýrar vísbendingar um afleiðingarnar verði frumvarpið ekki samþykkt eða að dráttur verði á samþykkt þess. Í öllum aðalatriðum er sú staða óbreytt að án lausnar Icesave-málsins fást ekki þau gjaldeyrislán sem efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er reist á. Hugmyndir um að íslensk stjórnvöld geti tryggt sér enn betri samning en þann sem nú liggur fyrir, með því að draga að samþykkja hann eða samþykkja frumvarpið með breytingum, eru að mati meiri hluta fjárlaganefndar

óraunhæfar. Óvíst er hver yrði niðurstaða dómstóla ef úr málinu yrði leyst þar. Meiri hluti fjárlaganefndar er sammála því mati fjármálaráðuneytisins að efnahagslegar afleiðingar þess að ljúka ekki málinu geti orðið alvarlegar.

V. Heildarmat.

Umfjöllun um uppgjör Íslendinga vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi hefur verið umfangsmeiri og ítarlegri en í nokkru öðru mál sem rætt hefur verið á Alþingi Íslendinga. Umræður um þá samninga sem gerðir voru við Breta og Hollendinga um lausn málsins hafa staðið yfir nær sleitulaust frá undirritun samninganna til dagsins í dag. Málið er byggt á ítarlegum gögnum, rætt langtímum saman á Alþingi og í fastanefndum þingsins og hefur auk þess fengið mikið rými og vægi í þjóðfélagslegri umræðu.

Vart þarf að undirstrika enn og aftur þá miklu hagsmuni sem í húfi eru fyrir íslenskt efnahagslíf að samningar náist um þetta mál. Afar brýnt er að lausn finnist á málinu einkum svo að Ísland öðlist að nýju góðan aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum á góðum kjörum en það skiptir sköpum við endurreisn efnahagslífs þjóðarinnar.

Almennt álit Evrópuþjóða er að íslensk stjórnvöld verði að bera ábyrgð á lágmarkstryggingu innstæðna og álit sömu þjóða er að Íslendingum beri að semja um lausn Icesave-deilunnar. Góð og traust samskipti við önnur lönd er lykilatriði í því uppbyggingarstarfi sem stjórnvöld standa nú frammi fyrir og í því ljósi hafa þau allar götur frá því í október 2008 unnið að því að ná eins hagfelldri niðurstöðu í þessu máli og kostur er.

Í því frumvarpi sem hér um ræðir er lagt til að íslenska ríkið, í formi ábyrgðaraðila, styðji við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á uppgjöri við sparifjáreigendur í hollenskum og breskum útibúum Landsbanka Íslands. Með þeirri ábyrgð nást fram samningar um uppgjör sjóðsins þar sem eignir Landsbankans koma til lækkunar höfuðstóls, um hagstæða vexti, sveigjanlegan lánstíma og möguleika á virkri skuldastýringu. Nærtækast er að bera kjör samninganna við Breta og Hollendinga saman við önnur lán sem ríkið hefur tekið vegna efnahagshrunsins. Í þeim samanburði hljóta kjör lánasamningana að teljast hagstæð eins og áður hefur komið fram.

Miðað við þá valkosti sem íslenska ríkið stendur frammi fyrir í þessu máli telur meiri hlutinn að nauðsynlegt sé að ljúka málinu með samþykkt þessa frumvarps. Ráða má af álitsgerðum bresku lögmannsstofanna Ashurst og Mishcon de Reya að verði frumvarpinu hafnað geti það leitt til ráðstafana af hálfu breskra og hollenskra yfirvalda sem óvíst er hvernig ljúki. Frekari gögn hafa verið lögð fram á fyrri stigum þessa máls sem hníga í þessa sömu átt. Hinar efnahagslegu og pólitísku afleiðingar sem það hefði í för með sér myndi hægja mjög á endurreisn íslensks efnahagslífs með enn meiri og alvarlegri afleiðingum en þegar hafa orðið vegna efnahagshrunsins.

Með vísan til þeirra röksemda sem koma fram í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og í nefndaráliti meiri hlutans, er lagt til að frumvarp þetta verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 22. des. 2009.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason, með fyrirvara.	Björn Valur Gíslason.
Oddný G. Harðardóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.

Fylgiskjal I.

Gögn fjárlaganefndar í málinu.
(Dagsetningar miðast við komudag.)

- Samninganefnd: Gögn um Icesave. (3. nóv. 2009.)
- Seðlabanki Íslands: Minnisblað um Icesave-skuldbindingar og erlenda skuldastöðu. (9. nóv. 2009.)
- Landsbanki Íslands: Starfsemi og staða. (10. nóv. 2009.)
- Ríkisendurskoðun: Svör um endurlánaheimildir og ríkisábyrgðir. (11. nóv. 2009.)
- Landsbanki Íslands, skilanefnd: Svör við spurningum um gengisáhættu sem tengist eignum. [Trúnaðarmál.] (13. nóv. 2009.)
- Indefence-hópurinn: Fréttatilkynning. (16. nóv. 2009.)
- Seðlabanki Íslands: Efnahagslegir þættir 76. máls. (16. nóv. 2009.)
- Álit 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál. (16. nóv. 2009.) Fylgiskjal með álitinu:
  - Minnisblað frá Seðlabanka Íslands. (9. nóvember 2009.)
- Álit 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál. (16. nóv. 2009.)
- Álit 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál. (16. nóv. 2009.)
- Álit 4. minni hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál. (16. nóv. 2009.)
- Seðlabanki Íslands: Svör við spurningum Vigdísar Hauksdóttur. (23. nóv. 2009.)
- Sigurður Líndal o.fl.: Stjórnarskráin og Icesave. (1. des. 2009.)
- Helgi Áss Grétarsson: Icesave og stjórnarskráin. (3. des. 2009.)
- Davíð Þór Björgvinsson: Icesave og stjórnarskráin. (11. des. 2009.)
- Skúli Magnússon: Icesave og stjórnarskráin. (12. des. 2009.)*
- Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson: Álit á Icesave og stjórnarskrá. (16. des. 2009.)
- Ashurst (lögmannastofa): Álit um lánasamningana. (17. des. 2009.)
- Ashurst (lögmannastofa): Álit síðan í júní 2009 – uppfært í desember. (17. des. 2009.)
- Álit meiri hluta viðskiptanefndar um 76. mál [eftir 2. umr.]. (17. des. 2009.)
- Seðlabanki Íslands: Mat á skuldastöðu. (18. des. 2009.)
- Álit meiri hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál [eftir 2. umr.]. (19. des. 2009.) Fylgiskjöl með álitinu:
  - Minnisblað frá Seðlabanka Íslands. (12. des. 2009.)
  - Minnisblað frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (12. des. 2009.)
  - Minnisblað frá IFS ráðgjöf ehf. (12. des. 2009.)
  - Minnisblað frá Friðriki Má Baldurssyni. (12. des. 2009.)
- Álit utanríkismálanefndar um 76. mál [eftir 2. umr.]. (19. des. 2009.) Fylgiskjöl með álitinu:
  - Minnisblað frá utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti um Brussel-viðmiðin. (14. desember 2009.)
  - Minnisblað um meint misræmi frá forsætisráðuneyti. (14. desember 2009.)
  - Minnisblað frá Geir H. Haarde. (19. desember 2009.)
  - Minnisblað frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. (18. desember 2009.)
- Landsbanki Íslands: Skýrsla um greiðslustöðvun o.fl. (19. des. 2009.)
- Mishcon de Reya (lögmannastofa): Álit um lánasamningana. (21. des. 2010.)

* Afsvar við beiðni um álitsgerð.

- Utanríkisráðuneyti, þýðingarmiðstöð: Álit frá Ashurst. (21. des. 2009.)
- Fyrirspurnir frá Ragnheiði Elínu Árnadóttur um Icesave-málið og svör ráðherra (þingskjöl). (21. des. 2009.)
- IFS: Áhættugreining, glærur. (21. des. 2009.)
- Eiríkur Tómasson: Svar við fyrirspurn frá formanni fjárlaganefndar. (21. des. 2009.)
- Seðlabanki Íslands: Skuldastaða hins opinbera, uppfært. (22. des. 2009.)
- Álit minni hluta viðskiptanefndar um 76. mál [eftir 2. umr.]. (28. des. 2009.)
- Álit 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar um 76. mál [eftir 2. umr.]. (28. des. 2009.)
- Álit 2. minni hluta viðskiptanefndar, um 76. mál [eftir 2. umr.]. (28. des. 2009.)

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. [eftir 2. umr.].

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Efnahags- og skattanefnd barst 10. des. sl. beiðni formanns fjárlaganefndar um álit á tilgreindum efnisþáttum málsins og fékk nefndin af því tilefni á sinn fund Arnór Sighvatsson og Ásgeir Daníelsson frá Seðlabanka Íslands, Gunnar Haraldsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Friðrik Má Baldursson frá Háskólanum í Reykjavík, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Oddgeir Ágúst Ottesen, Snorra Jakobsson og Ólaf Ásgeirsson frá IFS Ráðgjöf ehf.

Á fundum nefndarinnar voru ræddar efnahagslegar forsendur sem Seðlabanki Íslands lagði til grundvallar í minnisblaði til nefndarinnar frá 9. nóvember 2009 og áhættu samfara því að í frumvarpinu skuli vextir undanþegnir fyrirvara um hámarksgreiðslubyrði íslenska ríkisins. Þá voru gestir inntir skriflegs álits á ýmsum áhættuþáttum eins og vaxtaáhættu, gengisáhættu og skuldaþoli þjóðarbúsins.

Meðfylgjandi eru gögn sem nefndin aflaði frá Seðlabanka Íslands, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, IFS ráðgjöf ehf. og Friðriki Má Baldurssyni.

Alþingi, 21. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form.,
Lilja Mósesdóttir,
Magnús Orri Schram,
Ögmundur Jónasson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fylgiskjöl með álitinu:
- Minnisblað frá Seðlabanka Íslands. (12. des. 2009.)
- Minnisblað frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (12. des. 2009.)
- Minnisblað frá IFS ráðgjöf ehf. (12. des. 2009.)
- Minnisblað frá Friðriki Má Baldurssyni. (12. des. 2009.)

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. [eftir 2. umr.].

Frá utanríkismálanefnd.

Fjárlaganefnd hefur nú til meðferðar 76. mál, ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (Icesave-reikningar). Með bréfi dags. 10. desember sl. óskaði fjárlaganefnd eftir því við utanríkismálanefnd að upplýst yrði nánar um hvaða forsendur bjuggu að baki Brussel-viðmiðunum frá nóvember 2008 og að í því sambandi yrði óskað eftir minnisblaði frá utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti, auk þess sem aflað yrði upplýsinga frá þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra um forsendurnar. Þá óskaði fjárlaganefnd eftir því að farið yrði yfir misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og forsætisráðherra Bretlands á samningunum, m.a. með því að aflað yrði minnisblaðs frá forsætisráðherra um málið.

Utanríkismálanefnd kom saman 12. desember sl. og tók erindið fyrir ásamt embættismönnum frá forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyt. Á fundinum voru lögð fram tvö minnisblöð, annars vegar um Brussel-viðmiðin og hins vegar um misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á samningunum. Minnisblöðin fylgja áliti þessu sem fylgiskjöl 1 og 2.

Í sameiginlegu minnisblaði utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis er farið yfir forsögu málsins, hvað viðmiðin feli í sér og tengsl við efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Gerð er grein fyrir því að af Íslands hálfu hafi verið litið svo á að með hinum sameiginlegu viðmiðum væri komin upp ný staða í samningaviðræðunum við Breta og Hollendinga og að meira tillit yrði tekið til hinna fordæmalausu aðstæðna á Íslandi en gert hafði verið fram að því. Því fælist nokkurs konar núllstilling í Brussel-viðmiðunum. Hins vegar hefði strax komið í ljós að meira þyrfti til að ná afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nauðsynlegt hefði verið að herða á orðalagi í 9. lið viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda til framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en það hefði verið gert á þeirri forsendu að í viðbótinni fælust engin ný réttaráhrif.

Í minnisblaði forsætisráðuneytisins er því lýst að ekki felist misræmi í bréfum ráðherranna heldur sé lögð áhersla á mismunandi atriði í samningum ríkjanna sem stangist engan veginn á.

Utanríkismálanefnd óskaði einnig eftir minnisblöðum frá fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra í framhaldi af ósk fjárlaganefndar. Minnisblöðin fylgja áliti þessu sem fylgiskjöl 3 og 4.

Í minnisblaði fyrrverandi forsætisráðherra kemur fram að með Brussel-viðmiðunum hafi verið lagður nýr grunnur að viðræðum við Breta og Hollendinga um hið vandasama Icesave-mál óháð því sem aðilum hafði áður farið í milli og að segja megi að „málið hafi þá verið núllstillt“. Sérstaklega mikilvægt hafi verið að tekið var fram að í samningaviðræðum skyldi tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland var í á þeim tíma og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gerðu Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

Í minnisblaði fyrrverandi utanríkisráðherra er farið yfir forsendur Brussel-viðmiðanna. Þar kemur m.a. fram að með hinum sameiginlegu viðmiðum hafi verið reynt að tryggja að í viðræðum ríkjanna yrði gætt jafnvægis milli þeirra skuldbindinga sem Íslendingar tækju á sig og þeirra „erfiðu og fordæmalausu“ aðstæðna sem ríktu á Íslandi en það orðalag vísaði til skuldaþols ríkissjóðs og greiningar AGS-skýrslu til sjóðsstjórnar á fordæmalausum aðstæðum hér þar sem bæði ríkti fjármálakreppa og gjaldeyriskreppa. Að mati fyrrverandi utanríkisráðherra var þar með „samkomulagið við Hollendinga frá 11. okt. úr sögunni“.

Alþingi, 19. desember 2009.

Árni Þór Sigurðsson, formaður,
Valgerður Bjarnadóttir,
Bjarni Benediktsson,
Helgi Hjörvar,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Birgitta Jónsdóttir,
Ragnheiður E. Árnadóttir.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Fylgiskjöl með álitinu:

- Minnisblað frá utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti um Brussel-viðmiðin. (14. desember 2009.)
- Minnisblað um meint misræmi frá forsætisráðuneyti. (14. desember 2009.)
- Minnisblað frá Geir H. Haarde. (19. desember 2009.)
- Minnisblað frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. (18. desember 2009.)

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. [eftir 2. umr.].

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann þátt málsins sem fjárlaganefnd vísaði til hennar með bréfi dags. 10. desember 2009. Þar var þess farið á leit við nefndina að hún aflaði upplýsinga um hversu miklar fjárskuldbindingar fælust í Icesave-samningnum. Einnig var óskað eftir því að nefndin leitaði upplýsinga frá skilanefnd Landsbanka Íslands um fjárflæði úr þrotabúi hans.

Nefndin fékk á sinn fund Ársæl Hafsteinsson aðstoðarmann skilanefndar Landsbanka Íslands, Herdísi Hallmarsdóttur úr slitastjórn bankans og Kristin Bjarnason aðstoðarmann Landsbankans í greiðslustöðvun, en hann á einnig sæti í slitastjórn bankans. Gestirnir lögðu fyrir nefndina gögn um mat á eignum Landsbanka Íslands. miðað við 30. september 2009 og skýrslu um greiðslustöðvun og önnur málefni Landsbanka Íslands hf. Einnig kom á fund nefndarinnar Ásgeir Daníelsson frá Seðlabanka Íslands.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram, með fyrirvara um endanlegar fjárhæðir, að búist væri við að heildareignir Landsbankans væru um 1.164 milljarðar kr. miðað við stöðu bankans 30.9.2009. Einnig kom fram að áætlað fjárflæði heildareignanna inn í búið yrði á árinu 2009 um 190 milljarðar kr., árið 2010 112 milljarðar kr., á árinu 2011 78 milljarðar kr., á árinu 2012 182 milljarðar kr. og á árinu 2013 55 milljarðar kr. Eftir það tímamark væri gert ráð fyrir að fjárflæði til bankans næmi samtals um 534 milljörðum kr., þar af væru greiðslur frá NBI hf. vegna útgáfu 10 ára gengistryggðs skuldabréfs (upphaflegur höfuðstóll 260 milljarðar kr.) að fjárhæð um 332 milljarðar kr. Í 5 ár eða til ársins 2013 verða aðeins greiddir vextir af skuldabréfinu. Samið var um að skuldabréfið væri afborgunarlaust fyrstu fimm árin, en síðan greitt niður á árunum 2014–2018, þegar gjaldeyrismarkaður verður kominn í eðlilegt horf. Vegna stærðar skuldabréfsins er samið um afborgunarferil þess með tilliti til áætlana um greiðslujöfnuð landsins gagnvart útlöndum á næstu árum. Þá kom fram að í tölum um áætlað fjárflæði heildareignanna inn í búið fyrir árin 2010 og síðar eru ekki áfallnir vextir á eignasafnið og þá væri ekki tekið tillit til rekstrarkostnaðar bankans en vaxtagreiðslur mundu a.m.k. standa straum af honum.

Hvað varðar fjárflæði úr þrotabúinu verður meðferð krafna á hendur bankanum áfram á forræði slitastjórnar hans. Kröfulýsingarfrestur rann út 30. október 2009 og fór fyrsti kröfuhafafundur um lýstar kröfur fram 23. nóvember s.á. Að honum loknum gaf slitastjórn út kröfuskrá þar sem fram kom hvaða kröfum var lýst og með hvaða rétthæð. Slitastjórn hefur tekið afstöðu til lýstra krafna skv. 109.–112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með þeim hætti sem er tilgreint í kröfuskrá.

Kröfuhöfum sem lýstu kröfum sem hefur ekki verið tekin afstaða til var tilkynnt að frestað yrði að taka afstöðu til þeirra krafna. Einnig var tilkynnt að afstaða til greindra krafna yrði

tekin eins fljótt og kostur væri og að kröfuhafafundi um lýstar kröfur yrði framhaldið 24. febrúar nk. um þær kröfur sem þá hefði verið tekin afstaða til frá fyrsta fundi.

Leitast verður við að jafna ágreining um kröfur að því leyti sem afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar krafna verður mótmælt. Takist ekki að jafna ágreining verður ágreiningi vísað til dómstóla til úrlausnar, skv. 171. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Óljóst er hvenær vænta má endanlegra dóma í slíkum ágreiningsmálum.

Samkvæmt 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009, er slitastjórn heimilt að loknum fyrsta kröfuhafafundi að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir bankans hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur verið endanlega hafnað við slitin. Fram kemur í ákvæðinu að þess skuli gætt að allir sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt eða samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur þeirra beri vexti fram að greiðslu. Slitastjórn gæti samkvæmt þessu byrjað að greiða inn á þær kröfur sem hlutu endanlega viðurkenningu á fyrsta kröfuhafafundi að honum loknum enda væru önnur skilyrði uppfyllt. Þar sem lýst hefur verið ágreiningi um afstöðu til viðurkenningar krafna sem annars væri unnt að greiða upp í mundu greiðslur bíða þar til endanleg niðurstaða dómstóla lægi fyrir. Óljóst er hvenær verður dæmt í málunum. Unnið verður að undirbúningi útgreiðslna þannig að unnt verði að ráðstafa peningaeign til kröfuhafa um leið og lagaskilyrði standa til þess.

Óvissa um fjárflæði út úr þrotabúinu kom í veg fyrir að Seðlabanki Íslands gæti lagt mat á hversu miklar fjárskuldbindingar felist í Icesave samningum.

Alþingi, 16. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Björn Valur Gíslason,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Oddný G. Harðardóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. [eftir 2. umr.].

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Með bréfi dags. 10. desember 2009 óskaði fjárlaganefnd eftir því, í tengslum við umfjöllun hennar um framangreint frumvarp, að viðskiptanefnd aflaði ákveðinna upplýsinga um málið. Var þess farið á leit við viðskiptanefnd að hún annars vegar leitaði eftir upplýsingum um hversu miklar fjárskuldbindingar fælust í Icesave-samningunum. Hins vegar var óskað eftir upplýsingum frá skilanefnd Landsbanka Íslands um fjárflæði úr þrotabúi bankans.

Minni hlutinn bendir á að einungis var fjallað um þetta stóra mál á einum fundi nefndarinnar. Á fundinn komu fulltrúar skilanefndar og slitastjórnar Landsbanka Íslands auk Ásgeirs Daníelssonar frá Seðlabanka Íslands.

Fulltrúar Landsbanka Íslands upplýstu að heildareignir Landsbankans væru metnar á um 1.164 milljarða kr. miðað við stöðu bankans 30. september 2009. Einnig kom fram að áætlað fjárflæði heildareignanna inn í búið yrði á árinu 2009 um 190 milljarðar kr., 112 milljarðar kr. árið 2010, 78 milljarðar kr. árið 2011, 182 milljarðar kr. árið 2012 og 55 milljarðar kr. árið 2013. Eftir það væri gert ráð fyrir að fjárflæði til bankans næmi samtals um 534 milljörðum kr. Þar af væru greiðslur frá NBI hf. vegna útgefins skuldabréfs (upphaflegur höfuðstóll 260 milljarðar kr.) að fjárhæð um 332 milljarðar kr. Í fimm ár eða til ársins 2013 verða aðeins greiddir vextir af skuldabréfinu. Samið var um að skuldabréfið yrði afborgunarlaust fyrstu fimm árin, en síðan greitt niður á árunum 2014–2018, þegar gjaldeyrismarkaður ætti að vera kominn í betra horf. Upphæð skuldabréfsins, eða um 332 milljarðar kr., er álíka upphæð og Seðlabanki Íslands og Fjármálaráðuneytið áætluðu að mundi falla á ríkið vegna ríkisábyrgðarinnar á Icesave. Vegna stærðar skuldabréfsins og þeirrar staðreyndar að afborgunarferill bréfsins fellur að hluta saman við greiðslur ríkisins af Icesave-skuldbindingunni var samið um að afborganirnar tækju tillit til áætlana um greiðslujöfnuð landsins gagnvart útlöndum á næstu árum.

Minni hlutinn gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Verklag nefndarinnar. Erfiðlega gekk að fá upplýsingar um þær fjárskuldbindingar sem munu leiða af samþykkt frumvarpsins. Fulltrúar meiri hlutans tóku ákvörðun um að afgreiða álitið frá viðskiptanefnd þrátt fyrir að ekki væri búið að svara spurningunum frá fjárlaganefnd.

Eftir mikil mótmæli minni hlutans, þar sem bent var á að þessi afgreiðsla væri brot á samkomulagi við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu málsins, varð fjármálaráðuneytið við því að láta uppfæra áætlanir um fjárskuldbindingar vegna Icesave og útreikninga um greiðsluflæði ríkissjóðs á næstu árum miðað við nýjar upplýsingar um eignir þrotabúsins og uppgjör á milli NBI hf. og Landsbanka Íslands.

Útreikningar þeirra sem bárust 22. desember 2009 gera ráð fyrir að áætlaðar greiðslur af Icesave, miðað við 88% endurheimtur eigna, verði árið 2016 75,5 milljónir evra, 178,7 milljónir evra árið 2017, 217,3 milljónir evra árið 2018, 272,7 milljónir evra árið 2019, 337,6 milljónir evra árið 2020, 404,5 milljónir evra 2021, 222,4 milljónir evra árið 2022, 205,8 milljónir evra árið 2023 og 96,6 milljónir evra árið 2024 eða samtals um 2012,1 milljónir evra. (Gengi miðast við dagslokagengi 6.11.2009)

2. Óvissa um upphaf útgreiðslu úr þrotabúinu. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum Landsbanka Íslands var ítrekuð óvissan um hvenær yrði byrjað að greiða út úr þrotabúinu. Þegar í sumar lýstu fulltrúar bankans því yfir að ekki yrði byrjað að greiða út úr þrotabúinu fyrr en búið væri að fá niðurstöðu um helsta ágreining á milli kröfuhafa búsins. Áætlað er að það muni taka um eitt og hálft til tvö ár að fá niðurstöðu dómstóla um ágreiningsefni.

Þetta þýðir að íslenskir skattgreiðendur munu greiða vexti af öllum höfuðstólnum í a.m.k. 2–3 ár. Vextir eru eftirstæðar kröfur og því er ljóst að allur vaxtakostnaður vegna Icesave-samninganna mun falla á íslenska ríkið og þar af leiðandi íslenska skattgreiðendur.

3. Óvissa um endurheimtur eigna. Nýjustu tölur um mat á verðmæti eigna Landsbanka Íslands eru frá 30. september 2009. Mikil óvissa er um endurheimtur þessara eigna en það endurspeglast í miklum niðurfærslum á verðmæti þeirra. Þrátt fyrir það getur eignasafnið rýrnað enn frekar ef ekki verður gætt fyllstu varúðar við umsýslu og vörslu þess. Um 30% af eignasafni bankans eru skuldabréfið frá NBI hf. Þar af leiðandi mun góð afkoma og rekstur NBI hf. skipta miklu máli.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á þá miklu áhættu sem fólgin er í ágreiningi við kröfuhafa og endurheimtur eigna bankanna. Þótt stjórnvöld hafi náð samkomulagi við slitastjórnina eru engar líkur á að ná samkomulagi við kröfuhafa.

4. Óvissa um greiðslugetu ríkisins. Þann 22. desember 2009 fengu viðskiptanefnd og fjárlaganefnd upplýsingar um heildarendurgreiðslur íslenska ríkisins á árunum 2009 til 2024. Árin 2011 til 2015 eru heildargreiðslur íslenska ríkisins vegna eldri lána og vaxtagreiðslna áætlaðar um 4.063 milljónir evra sem eru 756,2 milljarðar kr. miðað við dagslokagengi 6. nóvember 2009. Þessi upphæð er hærri en allt það fjármagn sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og önnur lönd hafa lofað að lána Íslandi sem hluta af efnahagsáætlun sjóðsins, og ætlað er að styrkja varagjaldeyrisforðann. Ljóst er að nauðsynlegt verður að endurfjármagna og lengja í þeim lánum sem koma til greiðslu á árunum 2011–2015. Ekki verður séð að ríkissjóður verði í aðstöðu til að safna sjóðum til að standa undir greiðslum á Icesave.

Árin 2016–2024 eru heildargreiðslur ríkissjóðs áætlaðar 4.290 milljónir evra og þar af er Icesave skuldbindingin um 2.012 milljónir evra eða um 47% af heildargreiðslum ríkissjóðs á þessu tímabili. Ekki verður heldur séð hvernig ríkissjóður muni geta staðið undir afborgunum og vaxtagreiðslum af öllu þessu og því má telja nokkuð ljóst að áfram verður að endurfjármagna og lengja í lánum.

Ekki liggur fyrir hvert verður hægt að sækja endurfjármögnun þessara lána né á hvaða kjörum þau munu bjóðast. Vegna mikillar skuldsetningar Íslands má þó gera ráð fyrir að þau kjör verði slæm. Til samanburðar má benda á Litháen sem gaf nýlega út skuldabréf á alþjóðlegum mörkuðum og greiðir um 8% í vexti af þeirri lántöku. Það eru um helmingi hærri vextir en bjóðast nú í gegnum samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og frá Norðurlöndunum og Póllandi.

Í ljósi alls þessa lýsir minni hlutinn yfir gífurlegum áhyggjum af greiðslugetu ríkissjóðs á næstu árum og áratugum. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig íslenska ríkið ætlar að standa undir þeim skuldbindingum sem það hefur þegar gengist undir, hvað þá er það bætir við þeirri fjárhagslegu skuldbindingu sem felst í Icesave-samingunum.

Alþingi, 28. des. 2009.

Eygló Harðardóttir,
Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. [eftir 2. umr.].

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar..

Með bréfi til formanns efnahags- og skattanefndar, dags. 10. desember 2009, eftir að frumvarpi til laga um breytingar á Icesave-lögunum svokölluðu hafði verið vísað til fjárlaganefndar á milli 2. og 3. umræðu, óskaði fjárlaganefnd eftir að efnahags- og skattanefnd kannaði eftirfarandi efnisþætti málsins:

1. Lagt yrði mat á efnahagslega áhættu af því að hafa skilyrðislausa greiðsluskyldu á vöxtum af Icesave-lánunum.
2. Lagt yrði mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á efnahagslegu fyrirvörunum frá því í sumar.
3. Gerður yrði samanburður á föstum vöxtum og breytilegum. Enn fremur að leitað verði eftir samanburði á vöxtum Icesave-samninganna og öðrum sambærilegum lánasamningum eða erlendum lánum.
4. Lagt yrði mat á gengisáhættu samninganna.
5. Lagt yrði mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á greiðsluþoli ríkissjóðs.
6. Lagt yrði mat á afleiðingar þess að frumvarpið verði ekki samþykkt eða að það dragist.

Málið var lauslega rætt í efnahags- og skattanefnd og rætt um að fá áhættugreiningu á samninginn. Málið var svo tekið út úr nefndinni án frekari umræðu þrátt fyrir mótmæli stjórnarandstæðinga í nefndinni 22. des. 2009. Seinna kom í ljós að fjárlaganefnd Alþingis óskaði eftir framangreindri áhættugreiningu hjá IFS greiningu. Hér á eftir fer álit 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar um framangreind atriði.

1. Efnahagsleg áhætta af skilyrðislausri greiðsluskyldu á vöxtum af Icesave-lánunum.

Í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að sé miðað við 50% endurheimtur úr búi Landsbanka Íslands, veldur ákvæðið um að alltaf skuli greiða áfallna vexti því að fyrstu tvö árin verða greiðslur af lánunum hærri en hámarksgreiðslan samkvæmt þeim fyrirvörum sem settir voru með Icesave-lögunum, nr. 96/2009. Seðlabankinn telur þó ákvæðið um skilyrðislausa greiðsluskyldu af vöxtum ekki hafa áhrif verði endurheimtur 75% eða 90%. Í útreikningum Seðlabankans er þó ekki tekið tillit til gengisáhættu.

Í minnisblaði sínu til efnahags- og skattanefndar bendir Friðrik Már Baldursson á að nauðsynlegt er að gera áhættugreiningu á því að vextir skuli greiðast að fullu. Slík greining hafði ekki farið fram sem telja verður gagnrýnivert en þó er komið inn á þetta vandamál í áður nefndri áhættugreiningu IFS greiningar. Þrátt fyrir að setja upp líkan telur Friðrik nauðsynlegt að gera fullkomnari áhættugreiningu af þeirri áhættu sem felst í greiðsluákvæðum frumvarpsins.

Í áliti sínu bendir Daniel Gros á að samkvæmt nýjustu upplýsingum frá AGS um efnahagshorfur í heiminum muni Ísland greiða vexti af Icesave-lánunum í langan tíma eftir 2016 og skiptir miklu máli hvort hagvöxtur á Íslandi verði yfir nafnvöxtum Icesave-lánanna, 5,55%. Gros kemst í áliti sínu að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að hagvöxtur hér verði lægra prósentuhlutfall en vextir af lánunum. Hættan á þessu sé mikil og gangi Ísland í Evrópusambandið og myntbandalagið virðist hún aukast enda hafi landið þá ekki lengur stjórn á vexti vergrar landframleiðslu. Hækki gengi punds gagnvart evru telur Gros að ástandið muni verða enn verra.

Í niðurlagi inngangs áhættugreiningar IFS greiningar á bls. 5 segir:

„Varfærið mat á óvissuþáttum gefur mat á líkum á verulegum greiðsluerfiðleikum (greiðslufalli) séu 10%. Niðurstaða okkar er að það mun reyna á fyrirvarana í viðaukum. Við gerðum fjórar sviðsmyndir og í öllum sviðsmyndum eru afborganir af Icesave hærri en sem nemur 6% af aukningu vergrar landsframleiðslu fyrstu ár greiðslutímans.“

Þá er rætt um áhættu vegna gengissveiflna krónunnar þar sem forgangskröfur í Landsbankann eru frystar í krónutölu miðað við 22. apríl 2009 en 90% af eignum Landbankans eru í erlendum myntum. Ef þær myntir hækka í verði vegna gengisfalls krónunnar getur Landsbankinn greitt meira upp í forgangskröfur og hefur það verið að gerast frá 22. apríl. Ef krónan félli um 6% til viðbótar á næstu 2–3 árum færi Landsbankinn að greiða almennar kröfur sem eru fleiri þúsund milljarðar kr. Við þetta sama gengisfall hafa kröfur Breta og Hollendinga á innlánstryggingarsjóð hins vegar vaxið hlutfallslega þannig að staða hans hefur versnað þó að hann fái aukinn hluta af krónufrystri forgangskröfu sinni greiddan. Í áhættugreiningu IFS greiningar, bls. 7, kemur fram að eftirstöðvar skulda vegna Icesave geti sveiflast frá 171 milljarði kr. til 707 milljarða kr. eftir því hvort krónan styrkist um 5% á ári eða fellur um 6% á ári.

Þá hefur komið fram að nærri 200 milljarðar kr. af eignum Landsbankans eru laust fé sem fær því ekki mikla ávöxtun (sennilega undir 1%) í núverandi stöðu skammtímavaxta á erlenda mynt á meðan innlánstryggingarsjóður greiðir ofurvexti, 5,55%. Það ætti að koma til skoðunar að Landsbankinn láni innlánstryggingarsjóði þessa fjármuni með t.d. 1,5% vöxtum sem mundi létta á þeim síðarnefnda þeim ofurvöxtum, 5,55%, sem eru á Icesave-samningunum.

Í áhættugreiningu IFS greiningar eru skoðaðar fjórar sviðsmyndir af mismunandi verðbólgu, raungengi og hagvexti. Niðurstaða er sú að í öllum sviðsmyndum mun reyna á fyrirvara samningsins og lánstíminn lengist í allt að 37 ár. Ekki er gert ráð fyrir verðhjöðnun í Bretlandi eða evrulöndum í þessum sviðsmyndum og reyndar er gert ráð fyrir að verðbólga í Bretlandi verði ekki undir 1,5% á ári.

Þá er í áhættugreiningunni rætt um áhættu af verðsveiflum á fiski og áli. Einnig er rætt um neikvæð áhrif mikillar skuldsetningar á hagvöxt. Þá er rætt um nýjar virkjanir og álver og áhrif þess á útflutningstekjur og komið inn á fólksflótta og neikvæð áhrif hans. Þá eru færð rök fyrir því að skynsamlegra væri að nota breytilega vexti í ljósi þess hve háir föstu vextirnir eru og að jákvæð fylgni er milli breytilegra vaxta og verðs fyrir ferðamennsku, ál og fisk.

2. Breytingar sem gerðar hafa verið á efnahagslegum fyrirvörum Icesave-laganna.

Í 3. gr. laga nr. 96/2009 er kveðið á um að hámarksafborgun af skuldbindingum vegna Icesave-lánanna verði 6% af hagvexti hvers árs að því gefnu að landsframleiðsla ársins 2016 verði hærri en ársins 2009 mælt í pundum eða evrum. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkis-

ábyrgðin falli niður árið 2024. Þessir fyrirvarar hafa nú verið aftengdir og þar með eru efnahagslegir fyrirvarar að engu orðnir.

Veigamestu efnahagslegu breytingarnar eru tvær:

– Ríkisábyrgðin er ekki takmörkuð í tíma.
– Ætíð skal greiða 5,55% vexti af skuldbindingunum árlega frá 2016 án tillits til efnahagslegrar stöðu Íslands á hverjum tíma.

Í nýjum Icesave-samningum er kveðið á um að ávallt skuli greiða vexti af höfuðstóli lánanna en að höfuðstólsgreiðsla sé takmörkuð við 6% af hagvexti. Ef forsendur um hagvöxt bresta verða lánin framlengd allt þar til að þau eru að fullu greidd. Vaxtagreiðslan miðað við 300 milljarða kr. höfuðstól verður því 16,5 milljarðar kr. árlega ef ekkert er greitt af höfuðstólnum. Þetta ber með sér mikla hættu ef illa gengur með hagvöxtinn í framtíðinni. Mikilvægt er að hafa reynslu Japana frá 8.og 9. áratug síðustu aldar í huga. Eftir kreppuna þar tók við langvarandi stöðnunarskeið, m.a. vegna mikillar skuldabyrði. Hagvöxtur var lítill sem enginn og efnahagslífinu hnignaði. Ef svipuð staða kæmi upp hér á landi í framtíðinni, sem er alls ekki óhugsandi ef núverandi atvinnu- og skattastefna er höfð í huga, gæti aftenging efnahagsfyrirvarans leitt miklar efnahagslegar hörmungar yfir landið.

Í efnahagslegu fyrirvörunum er gert ráð fyrir að ef hagvaxtarreglan leiðir af einhverjum orsökum til þess að eitthvað stendur eftir af höfuðstóli árið 2024 verða lánin framlengd allt þar til þau hafa verið greidd upp. Vísbendingin sem er falin í því að lán hafi verið framlengd eftir 2024 er að hagvaxtarforsendur hafi brostið. Ef svo fer verður íslenskt efnahagslíf fast í vítahring stöðnunar og versnandi lífskjara og ekki er tekið mið af Brussel-viðmiðunum. Óásættanlegt er að setja enn auknar byrðar á Íslendinga við slíkar aðstæður. Á þessu atriði tók efnahagslegi fyrirvarinn sem aftengdur var.

3. Vextir.

Samband nafnvaxta, verðbólgu og raunvaxta.

Fjármagn, t.d. 100 pund, sem ber t.d. 5,55% nafnvexti í 1,5% verðbólgu vex um nafnvextina á einu ári í 105,55 pund. Verðbólgan, 1,5%, gerir það að verkum að allar vörur hafa hækkað að jafnaði úr 1 pundi í 1,015 pund. Til þess að finna hversu mikið má kaupa fyrir 105,55 pund miðað við árið áður þarf að deila með 1,015, þ.e. 105,55/1,015 = 103,9901. Þess vegna er hægt að kaupa 3,9901% meiri vörur en árið áður fyrir 100 pund auk 5,55% vaxta. 3,9901% er raunvextir sem 5,55% nafnvextir gefa í 1,5% verðbólgu. Stærðfræðilega er þetta samband sett upp sem $1+r = (1+v)/(1+i)$ og því fást raunvextirnir:

$$r = (1+v) / (1+i) - 1.$$

Hér eru r raunvextir, v eru vextir og i er verðbólga.

Dæmi: Sparifjáreigandi (á Íslandi!) fékk 10% nafnvexti í 18% verðbólgu á síðasta ári. Raunvextirnir voru því:

$$r = 1,10 / 1,18 - 1 = -6,78\%.$$

Hann tapaði 6,78% af upphæðinni (og greiddi auk þess 10% fjármagnstekjuskatt sem jók tapið í $r = 1,09 / 1,18 - 1 = -7,63\%$).

Tvöföldunartími og helmingunartími raunverðs.

Mikilvægasti þátturinn við langtímaávöxtun fjár eru raunvextirnir því þeir segja til um hvað raunverðmæti fjárins vex á hverjum tíma. Ef raunvextir eru jákvæðir yfir langan tíma vex raunverðmæti eignarinnar en minnkar ef raunvextir eru neikvæðir, þ.e. ef verðbólga er meiri en nafnvextir. Þegar fastir árlegir vextir (nafnvextir eða raunvextir) bætast við höfuðstól má margfalda upphaflega upphæð með (1 + v) og svo aftur og aftur. Eftir t.d. sjö og hálft ár (en það er tíminn frá því að vextir byrjuðu að reiknast, 1. janúar 2009 til 1. greiðsludags, 5. júní 2016) er 1 pund með 5,55% vöxtum orðið að 1 x $(1+5{,}55\%)^{7{,}5} = 1{,}0555^{7{,}5} = 1{,}5$. Icesave-lánið hefur því vaxið um 50% í evrum og pundum á þessum tíma. Til frádráttar koma innborganir frá gamla Landsbankanum. sem skuldar þessar fjármuni.

Að því gefnu að verðbólga verði 1,5% allan tímann í bæði pundi og evru verða raunvextir 3,99% eins og að framan greinir. Þá verður raunskuldin $(1+r)^{7{,}5} = 1{,}0399^{7{,}5} = 1{,}341$. Skuldin hefur vaxið um rúman þriðjung að raungildi og það þýðir að flytja þarf út þriðjungi fleiri tonn af fiski eða áli eða þjónusta þriðjungi fleiri ferðamenn til þess að greiða skuldina eftir 7,5 ár, að því gefnu að verðbólga verði 1,5% í þessum myntum og verð á áli og fiski og gistingu fylgi verðlagi almennt í þessum löndum.

Þetta er alveg sérstaklega mikilvægt núna þegar búið er að kippa burt þeim fyrirvörum, sem áttu að tryggja þjóðina fyrir óvæntum áföllum og eru í gildandi lögum frá 2. september sl. Núna geta skuldbindingarnar orðið ævarandi og því hafa raunvextir æ sterkara vægi. Í töflu 1 og mynd 1 er að finna áhrif mismundi raunvaxta á raunvirði eigna/skulda.

Tafla 1. Raunverð háð raunvöxtum.

	Raunvextir					
Ár	-6%	-3%	0%	3%	6%	9%
0	100	100	100	100	100	100
5	73	86	100	116	134	154
10	54	74	100	134	179	237
15	40	63	100	156	240	364
20	29	54	100	181	321	560
25	21	47	100	209	429	862
30	16	40	100	243	574	1.327
35	11	34	100	281	769	2.041
40	8	30	100	326	1.029	3.141



Talað er um tvöföldunartíma raunávöxtunar sem þann tíma sem það tekur fjármagn sem nýtur þeirrar ávöxtunar að tvöfaldast að raunvirði. Það er $(1 + r)^t = 2$. Auðvelt er að finna þann tíma með því að taka lógaritma báðum megin: $t \log(1+r) = \log(2) \rightarrow t = \log(2)/\log(1+r)$. Helmingunartími er á sambærilegan hátt skilgreindur sem sá tími sem neikvæð raunávöxtun þarf til að helminga eign að raunvirði. $(1 + r)^t = ½$. Eins og áður fylgir að $t \log (1 + r) = \log(½) = - \log(2) \rightarrow t = -\log(2)/\log(1+r)$ (ath. $\log(1+r)$ er neikvæð tala ef r er neikvæð tala). Þessi tvö hugtök skipta meginmáli þegar meta skal fjárfestingar eða lántökur. Í töflu 2 er að finna samband raunvaxta og tvöföldunartíma og helmingunartíma.

Tafla 2. Samband raunvaxta og tvöföldunartíma og helmingunartíma.

	„Helmingunartími“ ár	„Tvöföldunartími“ ár
-6,0%	11,2	
-4,5%	15,1	
-3,0%	22,8	
-1,5%	45,9	
0,0%		
1,5%		46,6
3,0%		23,4
4,5%		15,7
6,0%		11,9
7,5%		9,6
9,0%		8,0

Samanburður á vöxtum Icesave-lánanna og vöxtum á sambærilegum lánasamningum eða erlendum lánum.

Í áliti sínu bendir Daniel Gros á að 5,55% vextir Icesave-lánanna gætu vel reynst hærri en langtímahagvöxtur en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar til langs tíma. Að hans mati er líklegt að hagvöxtur verði hér minni en vextir af lánunum. Gros bendir einnig á að innstæðutryggingakerfi Breta og Hollendinga séu að miklu leyti fjármögnuð af lánum úr ríkis

sjóði landanna. Þeir útlánsvextir sem yfirvöld í Bretlandi bjóði innstæðutryggingasjóði sínum séu 1,5% eða 4% lægri en vextirnir sem krafist er af íslenska innstæðutryggingarsjóðnum. Sjóðurinn í Hollandi krefst engra vaxta.

Gros bendir á að íslensk yfirvöld séu beðin um að koma eins fram við íslenska og erlenda innstæðueigendur og telur því að á móti sé hægt að fara fram á það við bresk yfirvöld að þeir mismuni ekki og komi eins fram við þarlenda og erlenda innstæðutryggingasjóði. Eðlileg er því að sambærileg vaxtakjör bjóðist íslenska sjóðnum og vextir af Icesave-lánunum lækki í 1,5%, a.m.k. tímabundið.

Gros bendir á að breski ríkissjóðurinn hefur samþykkt að á næstu þremum árum muni þarlenda bankakerfið ekki undir nokkrum kringumstæðum þurfa að greiða meira en 1 milljarð punda í vexti af öllum fjármunum sem fara til breska innstæðutryggingasjóðsins frá ríkissjóði. Ef sambærilegt þak ætti við um Ísland væru efri mörk á vaxtagreiðslur um 5 milljón evrur á ári þar sem hagkerfi Bretlands er um 200 sinnum stærra en það íslenska.

4. Gengisáhætta Icesave-samninganna.

Kröfur í þrotabú Landsbanka Íslands hf. miðast við gengi íslensku krónunnar 22. apríl 2009. Krafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í búið er því fryst við gengi þess dags og nemur 670 milljörðum kr. sem var jafnvirði lána Breta og Hollendinga miðað við gengi krónunnar þennan dag. Veikist gengi krónunnar frá því sem var í apríl eins og nú hefur gerst mun virði eigna þrotabúsins hækka í krónum talið og þá getur komið upp sú staða að þrotabú Landsbankans geti ekki greitt allar forgangskröfur, sem þýðir að þak er á þeirri úthlutun sem tryggingarsjóðurinn getur fengið. Skuldbindingar sjóðsins gagnvart Bretum og Hollendinum breytast aftur á móti ekki. Af þessu leiðir að almennir kröfuhafar í þrotabúið hafa af því hag að krónan verði sem veikust því þá aukast möguleikar þeirra til að fá greiðslur úr búinu.

Verðbólga eða verðhjöðnun í pundum eða evru.

Þegar horft er til Icesave-skuldbindinganna er sennilega einn stærsti áhættuþátturinn hvernig verðlag þróast í Bretlandi og evrulöndum. Lítil reynsla er enn komin af evrunni þar sem hún var tekin upp fyrir tíu árum en þann tíma hefur verðbólga í evru verið um 2% en hefur lækkað mikið undanfarið (verðhjöðnun júní til okt.). Mörghundruð ára reynsla er hins vegar af verðbólgu í pundum. Tvö tímabil skera sig þat úr. Árin 1921 til og með 1934, í 14 ár, var verðhjöðnun í Bretlandi. Hún var mest 14% 1922 og var um 3,31% að meðaltali (geometrískt) allt tímabilið. Slík verðhjöðnun yfir allan tíma Icesave-skuldbindinganna gæfi r = (1+5,55%)/(1-3,31%) - 1 = 9,16% raunvexti. Þeir tvöfalda raunvirði hins vegar skuldarinnar á 7,9 árum. Það þýðir að í upphafi greiðslutímans, 2016, þyrfti nánast tvöfalt fleiri tonn af áli og fiski til að greiða af skuldinni en verðlag í pundum í upphafi samnings gerði ráð fyrir að því gefnu að verð á áli, fiski og ferðaþjónustu í pundum þróist í takt við verðlag almennt í Bretlandi, þ.e. lækki í verði um 3,31% á ári. Ljóst er að slík staða yrði mjög þungbær, sérstaklega ef slík verðhjöðnun héldi áfram.

Annað tímabil eru árin frá 1969 til og með 1982, 14 ár sem einkenndust af verðbólgu í Bretlandi, sem varð mest 24,2% árið 1975. Að meðaltali (geometrískt) varð verðbólgan 11,93% yfir allt tímabilið. Ef slík staða kæmi upp allan tíma Icesave-skuldbindinganna yrðu raunvextir neikvæðir, -5,70%, sem gæfi að helmingunartíminn yrði 11,8 ár. Þá þyrfti, að gefnum áðurnefndum forsendum, einungis um helming af þeim fiski og áli til að greiða skuldbindingarnar.

Mjög mismunandi álit og spár eru um þróun verðlags á Bretlandi og evrulöndum á næsta áratug og lengur. Margir telja að gífurleg prentun peninga á þessum svæðum til bjargar fjármálakerfinu geti ekki annað en komið fram sem verðbólga. Aðrir telja að mjög mikil áhættufælni og það að opinberir aðilar stjórni bönkunum í auknum mæli kunni að leiða til stöðnunar og verðhjöðnunar. Bent er á reynslu Japana í því sambandi. Þó ætti að vera ljóst að verðbólguþróun í evru og pundum getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir greiðslubyrði af Icesave-samningunum og jafnljóst ætti að vera að íslensk stjórnvöld hafa engin áhrif á þá þróun.

5. Afleiðingar þess að frumvarpið verði ekki samþykkt eða að það dragist.

Margir virðast þeirrar skoðunar að samþykkt ríkisábyrgðarinnar flýti endurreisninni og því sé rétt að afgreiða málið hið snarasta. Í þessari skoðun felst grundvallarmisskilningur. Vissulega væri einu vandamálinu færra til skamms tíma ef Icesave væri frá og aðilar á fjármálamarkaði gætu með meiri vissu metið hvort lána bæri Íslandi til endurreisnarinnar eður ei. En þar með er ekki öll sagan sögð. Nægilega margar vísbendingar hafa komið fram sem benda í þá átt að lífskjörum muni hraka mjög á næstu árum ef landið þarf að standa undir skuldabyrðinni sem Icesave fylgir. Fáir efast um að Ísland geti staðið við skuldbindingarnar en það verður þá á kostnað einhvers annars, hér gilda hin augljósu sannindi að sömu krónunni verður ekki eytt oftar en einu sinni. Hrakandi lífskjörum fylgir fólksflótti og landið getur þannig hæglega fest sig í vítahring versnandi lífskjara og landflótta. Um þetta orsakasamband eru nægjanlega mörg dæmi úr efnahagssögu heimsins til hægt sé að líta fram hjá því.

En hvað með að hafna samningnum? Nokkuð augljóst er að það mun gera endurreisnina erfiðari í bráð. Óvissan sem fylgir höfnun fælir frá erlenda fjárfestingu og viðheldur vantrú á Íslandi á fjármálamörkuðum erlendis. Ísland yrði þá að byggjast upp á því sem aflað er í landinu. Til lengri tíma litið munu lífskjör þó verða betri vegna þess að ekki þyrfti að standa undir skuldabyrðinni vegna Icesave. Krónunni sem eytt hefði verið í Icesave yrði veitt til fjárfestingar innan lands og þar með hagvaxtar og bættra lífskjara. Af framangreindu má sjá að samþykkt felur í sér skammtímaábata en verri lífskjör til lengri tíma litið. Höfnun felur í sér að kreppan lengist eitthvað en framtíðarhorfurnar batna. Valið snýst því milli skammtíma- og langtímasjónarmiða. Í því felst sennilega ástæðan fyrir því að stjórnarflokkarnir vilja samþykkja ríkisábyrgðina. Meginhugsun þeirra er byggð á skammtímasjónarmiðum – að halda völdum.

Daniel Gros bendir á í áliti sínu að verði frumvarpið ekki samþykkt geti það þýtt að framboð utanaðkomandi fjármögnunar minnki til skamms tíma. Hann bætir því þó við að óvíst sé að svo verði og erfitt sé að meta hvað verði um framboð erlends fjármagns. Gros telur slíkt heldur ekki vera aðalmálið þar sem þörf Íslands fyrir aðgang að erlendu fjármagni verði lítið á næstunni.

Gros bendir á að það að hafna frumvarpinu geti haft neikvæð áhrif til skamms tíma en telur efnahag Íslands þó betur borgið með því að hafna því.

Í ljósi framangreinds leggur 1. minni hluti til að málinu verði hafnað.

Alþingi, 28. desember 2009.

Tryggvi Þór Herbertsson.
Pétur H. Blöndal.

600. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Fram lagt er enn einu sinni álit 1. minni hluta fjárlaganefndar um ríkisábyrgð á Icesave-skuldbindingunum en mál þetta er orðið eitthvert hið glórulausasta mál íslenskra stjórnmála fyrr og síðar. 1. minni hluti vill í upphafi átelja harðlega málsmeðferð fjárlaganefndar og málsmeðferð Alþingis sjálfs í þessu máli. Í fjárlaganefnd hefur meiri hlutinn hafnað því að ræða ýmis brýn álitamál varðandi greiðslugetu þjóðarbúsins, efnahagslegar forsendur Icesave-samkomulagsins og óvissuþætti sem upp gætu komið. Meiri hlutinn hafnaði því einnig að lagt væri mat á nýjustu tölur sem sýna fram á að erlendar skuldir ríkissjóðs eru mjög líklega orðnar óviðráðanlegar.

Ljóst er að skuldsetning þjóðarbúsins erlendis er komin langt umfram það sem gerist hjá mjög skuldugum þjóðum heims og miklar líkur á að þjóðarbúið komist í greiðsluþrot haldi ekki þær forsendur sem stjórnvöld gefa sér varðandi endurheimtuhlutfall á eignum Landsbanka Íslands, hagvöxt á Íslandi, gengi krónunnar, mannfjöldaþróun og verðlag í Bretlandi og á evrusvæðinu. Í líklegri sviðsmynd frá IFS-greiningu sem ekki fékk efnislega umfjöllun í fjárlaganefnd eru taldar umtalsverðar líkur á að íslendingar muni vera að borga Icesave skuldbindinguna til ársins 2044 eða í 35 ár. Önnur niðurstaða IFS-greiningar er svo að miðað við mjög varfærnislegt mat eru 10% líkur á því að ríkissjóður komist í greiðsluþrot. Mikilvægt er að fram komi að skýrsla IFS-greiningar hefur ekki verið rædd í fjárlaganefnd og málið var tekið út úr nefndinni gegn atkvæðum minni hlutans áður en þessi atriði fengust rædd.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nú unnið að mati á skuldaþoli þjóðarbúsins fyrir næstu fimm árin í meira en heilt ár og hefur það tekið breytingum eftir því hvernig vindurinn blæs hverju sinni og skuldaþolið hækkað eftir því sem uppvíst hefur orðið um hærri og hærri skuldir. Skuldaþolsútreikningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem eru til næstu fimm ára ná ekki heldur fram til þess tíma þegar byrja þarf að greiða af Icesave-láninu. Fram kom að fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi taldi í sumar að skuldahlutfall á bilinu 240–260% væri enn viðráðanlegt (e. sustainable). Þess má hins vegar geta að í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í nóvember 2008 (sjá fylgiskjal 51 á island.is) stendur á bls. 55 í íslenskri þýðingu: „Erlendar skuldir eru gríðarlega viðkvæmar fyrir áföllum – sérstaklega gengi. Frekari lækkun á gengi um 30% mundi valda áframhaldandi lóðréttri hækkun á skuldahlutfallinu (í 240% af VLF árið 2009) og klárlega vera óviðráðanlegt.“ („External debt remains extremely vulnerable to shocks – most notably the exchange rate. A further depreciation of the exchange rate of 30 percent would cause a further precipitous rise in the debt ratio (to 240 percent of GDP in 2009) and would clearly be unsustainable.“) Ástæður þess að skuldaþolið er enn viðráðanlegt að mati fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru m.a. meiri afgangur af vöruskiptajöfnuði en gert hafði verið ráð fyrir en eins og fram kemur hér að aftan er sá vænti afgangur að því er virðist skáldskapur einn. Eins hefur komið fram á fundum með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að skuldir þjóðarbúsins eru ekki viðráðanlegar (e. sustainable)

næstu fimm árin en því fylgir sú ótrúlega fullyrðing að eftir það verði að líkindum nægur hagvöxtur til að standa undir skuldbindingunum.

Greiðslur af Icesave-lánunum eru í erlendri mynt (evrum og pundum) og þarf að afla þess gjaldeyris með afgangi af útflutningstekjum. Tölur Seðlabankans sýna hins vegar að halli á vöru- og þjónustujöfnuði hefur verið neikvæður 12 af síðustu 19 árum. Afgangur hefur mest verið 22 milljarðar kr. árið 1994 og fyrir þau sjö ár á tímabilinu 1990–2008 þegar ekki var halli á viðskiptunum var afgangurinn samanlagt um 76 milljarðar kr. Samanlagður halli á vöru- og þjónustujöfnuði frá árinu 2000 er 632 milljarðar kr. eða 70 milljarðar kr. halli að meðaltali á hverju ári. Umsögn Seðlabankans frá í sumar gerir hins vegar ráð fyrir 163 milljarða kr. afgangi af viðskiptum við útlönd á hverju ári að meðaltali næstu 10 árin. Nýjustu spár Seðlabankans gera einnig ráð fyrir að útflutningstekjur verði um helmingur vergrar landsframleiðslu, hlutfall sem er algerlega óraunhæft og sögulega hefur þetta hlutfall hæst náð um 33% af vergri landsframleiðslu þegar best var. Þess má geta að við afgreiðslu málsins í sumar sem leið taldi Seðlabankinn óraunhæft að þetta sögulega hlutfall breyttist.

Í ljósi þróunar á viðskiptum við útlönd undanfarna áratugi og þeirrar staðreyndar að Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og getur því ekki hindrað flæði vöru og þjónustu virðist spá Seðlabankans einfaldlega vera algerlega óraunhæf, svo óraunhæf að hún virðist jaðra við skáldskap. Rétt er að fram kom bæði í máli Seðlabankans og máli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að sá gríðarlegi afgangur af vöruskiptajöfnuði sem spáð er, er fenginn með því að reikna út nauðsynlegan afgang með tilliti til þeirra skuldbindinga sem fyrir liggja. Það er, það er byrjað á öfugum enda á jöfnunni og hún látin ganga upp, ekki miðað við einhverjar raunhæfar forsendur heldur miðað við það sem þarf til að þjóðin komist ekki í greiðsluþrot. Slíkt lýsir algerri uppgjöf fyrir staðreyndum málsins og óskhyggjan um að þetta reddist einhvern veginn er látin ráða. Hér er hins vegar um algert ábyrgðarleysi að ræða og það að Alþingi skuli taka afstöðu til mála með þessum hætti er forkastanlegt.

Skoða þarf skuldastöðu þjóða með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi. Spurningin er ekki hvort ríkið geti staðið undir skuldbindingum sínum – heldur hvort þjóðin geti það. Ríkið getur staðið í skilum með því einfaldlega að taka þessa fjárhæð af þjóðinni í formi hærri skatta og/eða skertrar þjónustu. Málið snýst um efnahag Íslands meðan á greiðslum stendur en hugsanlegt er að farið verði svo djúpt í skattlagningu að upp úr því verði seint komist. Með nýlega afgreiddu frumvarpi til fjárlaga er þetta skref stigið og almenningur, sem við aðstæður dagsins er ekki aflögufær, skal látinn borga en þær atvinnugreinar sem mest bera úr býtum, einmitt vegna efnahagsástandsins, þ.e. útflutningsgreinarnar sem fá auðlindirnar ókeypis, eru áfram stikkfrí.

Fólk og fyrirtæki eru hins vegar hreyfanleg og mörg þeirra munu flýja land ef ríkið gengur of langt í skattheimtu og skerðingu lífskjara til að standa í skilum með erlend lán þjóðarbúsins. Afar lítið af mannauði landsins er hins vegar bundinn við landið og þá ekki nema sá hluti sem starfar við landbúnað, stóriðju og hluta af fiskveiðunum.

Þetta ber að hafa í huga þegar sú staðreynd liggur fyrir að vaxtakostnaður ríkissjóðs af Icesave-skuldbindingunni eingöngu er um 100 millj. kr. á dag hvern einasta daga ársins eða hátt í 40 milljarðar kr. á ári og að allur innheimtur tekjuskattur yfir 70.000 einstaklinga fer eingöngu í það að greiða vexti að Icesave-skuldinni ef hún verður samþykkt óbreytt.

Samkvæmt nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að um 104 milljarðar kr. fari í vaxtakostnað eingöngu sem eru um 23% af öllum tekjum ríkissjóðs. Þá er ekki talinn með vaxtakostnaður af Icesave-skuldbindingunum en að honum viðbættum nemur vaxtakostnaður ríkissjóðs um 32% af öllum tekjum ársins. Þess ber að geta að í útreikningum fjármálaráðu-

neytisins á skatttekjum næsta árs er ekki gert ráð fyrir brottflutningi fólks þrátt fyrir umtalsvert auknar álögur en frekari brottflutningur fólks er einmitt mjög líklegur og ef af verður segir slíkur brottflutningur mjög til sín bæði í minni hagvexti og minni tekjum fyrir ríkissjóð. Það er augljóst mál að hér er um að ræða stöðu sem ekki gengur upp. Ríkissjóður er einfaldlega kominn upp að vegg og ríkisstjórnin verður að grípa til annarra ráða en að takast á hendur frekari skuldir vegna hrunsins. Það er einfaldlega komið að leiðarlokum í þeim efnum og því fyrr sem fjármálaráðherra viðurkennir það því betra.

Varðandi lánshæfismat ríkissjóðs hafa sumir haldið því fram að staðfesting Alþingis á fyrirliggjandi Icesave-samningum muni bæta lánshæfismatið og Alþingi hefur setið undir stöðugum hótunum fjármálaráðherra um að þingmenn stefni Íslandi í svokallaðan ruslflokk hvað skuldir varðar með frekari töfum á málinu. Þessar staðhæfingar fjármálaráðherra eru mjög langsóttar og virðast frekar vera rangar en réttar þar sem með samþykkt ríkisábyrgðarinnar fylgir gríðarleg óvissa um hvernig ríkissjóður ætlar að standa undir skuldbindingunum. Áður ríkti óvissa um hversu mikið íslenska ríkið þyrfti að taka á sig, þannig að lánshæfisfyrirtækin gátu ekki leyft sér að gera ráð fyrir að ríkið tæki á sig alla skuldbindinguna. Með því að samþykkja þessa skuldbindingu aukast skuldir Íslands hins vegar umtalsvert og skuldaþolið verður líklega óviðráðanlegt. Slík staða getur einfaldlega ekki haft jákvæð áhrif á lánshæfismatið og nægir í því sambandi að benda á að reiknað er með að ársvextir af Icesave-lánum verði nálægt 40 milljörðum kr. Því er líklegra að sú skuldastaða sem upp kemur eftir samþykkt þessa frumvarps leiði til enn verra lánshæfismats heldur en hitt.

Hvað varðar mat á eignum þrotabús Landsbanka Íslands hf. þá hefur enginn, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, fengið að sjá hverjar þessar eignir eru fyrir utan skilanefnd bankans. Gert er ráð fyrir að 75% og jafnvel 90% eignanna í eignasafninu gangi upp í skuldina vegna Icesave-reikninganna. Við venjubundin gjaldþrot teljast 20% endurheimtur á eignum góðar en 30% endurheimtur mjög góðar.

Í skýrslu finnska fjármálaeftirlitsins frá árinu 2003 kom fram að eignir finnsku bankanna hefðu verið ofmetnar og skuldirnar vanmetnar í a.m.k. ár eftir að bankarnir lentu í erfiðleikum við upphaf fjármálakreppunnar á tíunda áratug síðustu aldar. Miðað við þá reynslu má telja líklegt að eignir Landsbankans séu enn ofmetnar og skuldir vanmetnar og þá bendir 1. minni hluti á að ekki hefur enn fengist gefið upp hversu stór hluti af eignum Landsbankans sé veðsettur. 1. minni hluti bendir á að ofmat á eignum bankans mun þýða að minna endurheimtist af þeim á næstu árum, þannig að höfuðstóll Icesave-lána verði hærri eftir sjö ár en gert er ráð fyrir. Þess má geta að íslenskir ráðamenn hafa haldið því á lofti að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi á sínum tíma lagt blessun sína yfir matið á eignum Landsbankans en af hálfu fulltrúa sjóðsins á Íslandi hefur þvert á móti verið staðfest að það hafi aldrei verið gert.

Fram hefur komið að svokallaður „Ragnars H. Hall fyrirvari“ í lögunum frá sl. sumri sé orðinn gagnslaus með þessu frumvarpi en geti þó hugsanlega virkað ef EFTA-dómstóllinn er svo örlátur að gefa Hæstarétti Íslands samþykki sitt fyrir að Hæstiréttur megi fara eftir íslenskum lögum. Einnig hefur komið fram að ríkisábyrgðin er óbundin í tíma og umfangi og því hugsanlega ólögleg. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur kosið að fá „ráðgefandi“ álit á þessum atriðum frá m.a. þeim sem komu beint að samningagerðinni eða voru til ráðgjafar um hana. Niðurstaðan er því óljós og enn er álitamál hvort samningarnir stangist á við stjórnarskrána. Hér eru stjórnvöld því komin í einhvers konar loftfimleika með sjálfa stjórnarskrána og ætla sér að láta svo stóralvarlegt mál í léttu rúmi liggja.

Fjárlaganefnd hefur fengið álit bresku lögmannsstofanna Ashurst og Mischon de Reya til að meta samningana fyrir hönd Íslands. Þess ber að geta að Ashurst kom beint að samninga-

gerðinni fyrir Íslands hönd og því ólíklegt annað en að álit þeirra yrði vilhallt ríkisstjórninni. Álit Mischon de Reya var gagnrýnið á samningana og kemur fram eins og áður frá þeim að þeir telja að hægt hafi verið að gera mun betur.

Afstaða meiri hluta fjárlaganefndar til nánast allra efasemda um málið hefur hins vegar verið á þá leið að ekki væri um neinar nýjar upplýsingar að ræða og í mörgum tilvikum var reynt að gera lítið úr því fólki sem hafði uppi álit sem ekki voru samrýmanleg álit meiri hlutans. Efnisleg umfjöllun í nefndinni var nánast engin og þá eingöngu til málamynda og greinilegt að nú skyldi málið keyrt í gegn, sama hvað hver segði. Þetta skilur eftir sig þá bitru en þó líklegu staðreynd að meiri hlutinn hafi ákveðið niðurstöðuna fyrir fram og fundir hennar því e.t.v. ekki annað en leiktjöld í leikriti sem samið er af forsætis- og fjármálaráðherra með þegar kunnan endi.

Þegar haft er í huga að minnihlutastjórnin sem tók við í febrúar síðastliðnum fór á bak við Framsóknarflokkinn sem varði ríkisstjórnina falli, með því að upplýsa ekki um samningaviðræður um Icesave-málið, sem þó hafði gagngert verið lofað, og þegar einnig er haft í huga að sama ríkisstjórn gekk til kosninga í apríl án þess að upplýsa almenning um stöðu málsins í aðdraganda kosninganna, þá virðist ljóst að stjórnvöld hafi verið tilbúin til að ganga fram af óheilindum á öllum stigum málsins. Ótrúleg framganga framkvæmdarvaldsins hefur verið til skammar en enn skammarlegri er þó þjónkun meiri hluta þingmanna og forseta þingsins við framkvæmdarvaldið með þeirri aðgerð að taka málið aftur upp eftir að Alþingi hafði samþykkt lög um Icesave í lok sumars. Kynning framkvæmdarvaldsins á þeirri lagasetningu fyrir breskum og hollenskum stjórnvöldum var algert klúður og var greinilegt að þeir embættismenn sem inntu þá kynningu af hendi vissu ekki um hvað málið snerist en mæting þeirra fyrir efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd leiddi það greinilega í ljós. Ekki er vitað hvort um afglöp þeirra sjálfra er að ræða eða hvort um má kenna ónógum undirbúningi af hálfu fjármálaráðuneytisins. Niðurstaðan er hins vegar sú að forsætis- og fjármálaráðherra hafa að kröfu Breta og Hollendinga ákveðið að láta Alþingi lúta í duftið sem löggjafarvald á Íslandi. Í huga 1. minni hluta er hér um að ræða aðför að þingræðinu og þegar höfð er í huga mörg önnur lagasetning hér á Alþingi á haustdögum og vinnubrögðin sem þar hafa verið viðhöfð, þá virðist sem þingræðið sé e.t.v. eingöngu til í orði en ekki á borði. Slík framganga sem hér um ræðir gerist þó ekki nema með vitund og vilja þingsins sjálfs og er dapurlegt til þess að hugsa að forseti Alþingis og hugsanlega meiri hluti þingmanna er því samþykkur að Alþingi sé bara einhvers konar leikrit.

Fyrsti minni hluti ítrekar að hann telur afgreiðslu meiri hlutans gagnrýnisverða og telur það lýsa fádæma þjónkun við framkvæmdarvaldið að þingnefnd skuli afgreiða frumvarp sem felur í sér svo veigamiklar breytingar á lögum sem Alþingi sjálft er nýlega búið að samþykkja nánast umyrðalaust. Aðkoma fjárlaganefndar að málinu ber einkenni sýndarmennsku í stað vandaðrar úttektar á þeim efnisatriðum málsins sem nefndin átti að fjalla um. Fjárlaganefnd fjallaði ekki heldur efnislega um álit efnahags- og skattanefndar sem hún hafði þó óskað eftir. 1. minni hluti telur einfaldlega hneykslanlegt að ekki skuli hafa verið vandað betur til verka við þetta mál á öllum stigum þess og t.d. skoðað að fá ítarlega úttekt á fram lögðum gögnum frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu og 1. minni hluti telur það ábyrgðarlaust af hálfu meiri hlutans að afgreiða málið með þessum hætti.

Þessu frumvarpi fylgir mikil óvissa um greiðslugetu ríkissjóðs sem og um greiðslugetu þjóðarbúsins í heild og það er einfaldlega mjög varasamt að rýmka þá fyrirvara sem Alþingi samþykkti við ríkisábyrgðina sl. sumar, hvað þá heldur að slá þá að mestu leyti af eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Í ljósi alls þessa og að með samþykkt Icesave-samninganna verður skuldabyrði þjóðarbúsins líklega komin yfir mörk þess að vera viðráðanleg, og að lítið eða ekkert megi út af bregða til að þjóðin lendi í greiðsluþroti, telur 1. minni hluti sig ekki geta mælt með að Alþingi samþykki nýja útgáfu af ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Það eru einfaldlega of miklar líkur á að þjóðin geti ekki staðið undir skuldum á næstu árum til að slíkt samþykki sé forsvaranlegt.

Alþingi, 26. des. 2009.

Þór Saari.

601. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

1. Inngangur.

Framsóknarflokkurinn hefur frá upphafi haft uppi hörð mótmæli gegn því að Íslendingar taki á sig Icesave-skuldbindingarnar. Barist hefur verið fyrir því frá upphafi málsins að öll gögn væru lögð fram, allar upplýsingar væru uppi á borðinu og að skýr og hlutlaus mynd yrði dregin upp af þeim atriðum sem lúta að Icesave-nauðasamningunum. Því miður hefur hörð andstaða þingmanna Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við það að upplýsa málið gert það að verkum að baráttan hefur verið löng og strembin.

Eftir að hafa haft uppi stanslausar aðvaranir í um 1 ár og háð stanslausa baráttu í um sex mánuði frá því að frumvarpið um ríkisábyrgðina vegna Icesave var lagt fram af hálfu fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar telur 2. minni hluti að hann hafi gert allt sem í hans valdi stendur til að benda fólki á um hversu óaðgengilegir Icesave-samningarnir eru fyrir íslensku þjóðina. Allir sem skilning hafa á afleiðingum þess að frumvarpið verði samþykkt hafa einnig lagst eindregið gegn samþykkt þess. Því miður er enn lítill hluti þjóðarinnar sem neitar að horfast í augu við sannleikann, hvað þá að kynna sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Sama ábyrgðarleysi hefur því miður einkennt stóran hluta meiri hlutans sem frá upphafi hefur barist fyrir því að ríkisábyrgð yrði veitt á Icesave-samningana, jafnvel að þeim óséðum. Aðvörunarorð okkar færustu sérfræðinga sem stigið hafa fram án hagsmunatengingar við aðra en þjóðina hafa einnig algjörlega verið hunsuð.

Annar minni hluti hætti efnislegri umfjöllun um málið eftir aðra umræða gegn því skilyrði að farið yrði vandlega yfir 16 atriði sem lúta að þeirri lagalegu og efnahagslegu óvissu sem ríkisábyrgðin á Icesave-skuldbindingunum mun setja Íslendinga í. Einnig lýsti formaður fjárlaganefndar því yfir í ræðustól að fylgt yrði því verklagi sem minni hluti fjárlaganefndar lagði fram eftir að formaður og varaformaður fjárlaganefndar lýstu því yfir að þeir væru ekki skuldbundnir því samkomulagi sem forseti Alþingis og formenn stjórnar- og stjórnarand-

stöðu gerðu sín á milli. Í stuttu máli var samkomulagið svikið af hálfu meiri hluta fjárlaganefndar af þingmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

2. Lok annarrar umræðu um ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinganna.

Önnur umræða um breytingu á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave er sú lengsta sem fram hefur farið á Alþingi. Helgast það fyrst og fremst af þeirri staðreynd að Alþingi hefur ekki áður haft til umfjöllunar frumvarp sem mun hafa áhrif á afkomu þjóðarbúsins til næstu tugi ára og áhrif á lífsafkomu komandi kynslóða. Einnig sú staðreynd að fjölmörg álitaefni voru enn ókönnuð, réttarstaða Íslendinga óljós eftir breytingarnar og efnahagsleg áhætta þjóðarbúsins hafði ekki verið metin. Þá hafði engin efnisleg umræða hafði farið fram innan fjárlaganefndar, hvað þá öðrum nefndum þingsins um málið.

Stjórnarandstaðan hætti umræðum eftir að samkomulag var gert við formenn stjórnarflokkanna og forseta Alþingis um að fjölmörg atriði yrðu könnuð og til þess fengnir hlutlausir einstaklingar.

Samkomulagið var svohljóðandi:

„Verði málið áfram til meðferðar á þinginu krefst stjórnarandstaðan þess að vandlega verði farið yfir þau fjölmörgu álitamál sem enn er ósvarað. Þau varða m.a.:

- Hvort frumvarpið samrýmist ákvæðum stjórnarskrár Íslands
- Hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér
- Efnahagslegar hættur af því að hafa skilyrðislausa greiðsluskyldu á vöxtum
- Áhrif breytinga sem gerðar voru á efnahagslegu fyrirvörunum frá því í sumar
- Áhrif breyttra reglna um úthlutun úr þrotabúi Landsbankans (Ragnars Hall ákvæðið)
- Gera þarf betur grein fyrir mögulegri gengisáhættu í málinu
- Gera nákvæmari samanburð á áhrifum þess að hafa vexti fasta en ekki breytilega
- Nýjar upplýsingar varðandi mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs benda til þess að hann ráði ekki við þær skuldbindingar sem í samningunum felast
- Upplýsa þarf nánar hvaða forsendur bjuggu að baki Brussel-viðmiðanna
- Fyrir liggur misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands sem þarf að skoða
- Mat sérfræðinga í enskum lögum á texta samninganna liggur ekki fyrir
- Lögfræðilegt mat skortir á afleiðingum þess að ensk lög gildi um samninginn en ekki íslensk verði látið á ákvæði þeirra reyna fyrir dómstólum
- Óljóst er hvaða áhrif það hefur á skuldbindingar íslenska ríkisins verði ráðist í endurskoðun á innlánstryggingakerfi ESB, sem mun vera hafin
- Hvaða afleiðingar það mun hafa verði frumvarpið ekki samþykkt eða verði dráttur á lyktum deilunnar

Stjórnarandstaðan leggur mikla áherslu á að gangi frumvarpið til lokaatkvæðagreiðslu og verði það samþykkt verði tryggt að forseti Íslands, en ekki handhafar forsetavalds, taki það til frekari meðferðar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár.“

Daginn eftir að samkomulagið var gert fór fram fundur í fjárlaganefnd Alþingis. Stjórnarandstaðan stóð í þeirri meiningu að þar yrði fjallað um það verklag sem haft yrði við að afla þeirra álita sem 16 punkta samkomulagið fjallaði um. Eftir að formaður og varaformaður nefndarinnar lýstu því yfir að fjárlaganefnd væri óbundin af samkomulaginu gengu fulltrúar Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar á dyr. Fóru þá fram langar samningaviðræður á milli formanna stjórnmálaflokkanna, þingflokksformanna, forseta Alþingis ásamt formanni fjárlaganefndar sem urðu til þess að formaður fjárlaganefndar gaf yfirlýsingu úr ræðustól Alþingis:

„Hæstv. forseti. Í framhaldi af umræðum sem áttu sér stað í dag um Icesave-málið með fulltrúum úr fjárlaganefnd langar mig að lesa eftirfarandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Formaður fjárlaganefndar hefur fengið tillögu stjórnarandstöðunnar um málsmeðferð í nefndinni vegna ofangreinds máls“ – þ.e. meðferð málsins á milli 2. og 3. umr. Málsmeðferð í nefndinni mun byggja á nefndum tillögum og að öðru leyti leita samkomulags um þau atriði sem taka þarf ákvörðun um. Varðandi hið breska lögfræðiálit mun verða leitað álits lögmannsstofunnar Mishcon de Reya sem samninganefnd ríkisstjórnarinnar leitaði til á fyrri stigum“ – að vísu um aðra þætti málsins en hér er til umfjöllunar. Sá fyrirvari gildir þó að samþykki Mishcon de Reya að taka að sér verkið“ – það er náttúrlega forsendan – „og að það sem krafist er til endurgjalds fyrir vinnuna verði ekki hærra en sambærilegar stofur eru reiðubúnar að vinna verkið fyrir.“

Aðilar eru sammála um þessi atriði og eru þau lögð inn í umræðuna í von, ósk og vissu um að það muni liðka fyrir umræðunum í þinginu þannig að málið komist til umræðu í fjárlaganefnd og afgreiðslu í framhaldinu.“

Í ræðunni vísaði formaðurinn til eftirfarandi samkomulags um verklag sem haft yrði að leiðarljósi við vinnu fjárlaganefndar.

„Í samræmi við yfirlýsingu og samkomulag forseta Alþingis og stjórnarandstöðu er samkomulag um að eftirfarandi verklag verði viðhaft við meðferð málsins innan fjárlaganefndar Alþingis, og annarra fastanefnda Alþingis, milli 2. og 3. umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2009.

Fengið verði álit bresku lögfræðistofunnar Mishcon de Reya á eftirfarandi álitaefnum:

Óskað er eftir lögfræðilegu álit á texta samninganna með hliðsjón af hagsmunum samningsaðila málsins. Er þar einkum óskað eftir lögfræðiáliti á efni og gerð samningsins, hvort þau teljist hefðbundin með hliðsjón af samningsákvæðum sambærilegra samninga og hvort þau beri það með sér að jafnræðis hafi verið gætt milli samningsaðila við samningsgerðina.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir hagsmuni íslenska ríkisins eða íslenska aðila, sem hugsanlega munu í framtíðinni höfða dómsmál vegna samninganna, að um þá gildi ensk lög en ekki íslensk? Leiða slík samningsákvæði til þess að réttarstaða íslenska ríkisins eða íslenskra aðila, s.s. Landsbanka Íslands hf., skerðist og að sama skapi til þess að réttarstaða breska ríkisins styrkist?

Hvaða áhrif mun hugsanleg endurskoðun á löggjöf ESB um innlánstryggingakerfi hafa á efnislegt gildi samninganna og skuldbindingar Íslands samkvæmt þeim, einkum með hliðsjón af þeim lagalegu skuldbindingum sem núverandi löggjöf ESB um innstæðutryggingar hefur í för með sér fyrir íslenska ríkið?

Hvaða afleiðingar hefði það í för með sér fyrir samningsaðila ef afgreiðsla frumvarps fjármálaráðherra Íslands, um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, myndi dragast eða það hlyti ekki samþykki sem lög frá Alþingi? Í framhaldi er óskað eftir áliti hinnar bresku lögmannsstofu á því með hvaða hætti hún teldi að við slíkar aðstæður væri skynsamlegast fyrir báða aðila málsins að leiða málið til lykta.

Lögfræðiálit sérfræðinga í enskum lögum á texta samninganna.

Lögfræðiálit á þýðingu þess að ensk lög gildi um samningana en ekki íslensk, verði látið reyna á ákvæði þeirra fyrir dómstólum.

Mat á áhrifum endurskoðunar á löggjöf ESB um innlánstryggingakerfi á skuldbindingar Íslands samkvæmt samningunum.

Mat á afleiðingum þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt eða að dráttur verði á samþykkt þess.

Fengin verði skrifleg álit þeirra Guðrúnar Erlendsdóttur og Péturs Hafstein á álitaefnum sem tengjast umræðum um framsal dómsvalds og umfang ríkisábyrgðar:

Lögfræðiálit um hvort frumvarpið standist ákvæði stjórnarskrár.

Efnahags- og skattanefnd fái til umsagnar eftirfarandi atriði. Nefndin skal leita álits Centre for European Policy Studies við vinnu sína.

Auk þess verði IFS-greining kölluð til viðtals vegna greiningar fyrirtækisins á sjálfbærni skulda og gengisáhættu samninganna.

Viðskiptanefnd leiti eftir upplýsingum frá skilanefnd LÍ um fjárflæði úr þrotabúinu. Starfsmaður skilanefndar verði kallaður fyrir nefndina vegna þessa.

Mat á því hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér

Mat á hættu á því að kveða á um skilyrðislausa greiðsluskyldu á vöxtum

Mat á fjárhagslegri þýðingu breytinga á efnahagslegum fyrirvörum

Mat á fjárhagslegri þýðingu á breytingu fyrirvara er varða reglur um úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. (Ragnars Hall ákvæðið)

Mat á gengisáhættu samninganna.

Mat á fjárhagslegri þýðingu þess að vextir samkvæmt samningunum séu fastir (5,55%) en ekki breytilegir

Mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs.

Fengin verði álit frá Seðlabanka Íslands og Hagfræðistofnunar Háskólans á áhættu þjóðarbúsins vegna lánasamninganna. Sérstaklega verði eftirfarandi álitaefni greind og um niðurstöður þeirra verði haldinn sameiginlegur fundur fjárlaganefndar og efnahags- og skattanefndar:

Mat á fjárhagslegri þýðingu þess að vextir samkvæmt samningunum séu fastir (5,55%) en ekki breytilegir.

Mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs

Ræða þarf og leita skýringa á vegum fjárlaganefndar á eftirfarandi álitaefnum. Kalla þarf fyrir nefndina fyrrverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde og fyrrv. utanríkisráðherra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Nánari upplýsingar frá fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um hverjar forsendur Brüssel-viðmiðanna voru.

Skýra misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á ákvæðum samninganna.

Vegna eftirfarandi atriða verði fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon kallaður til fundar við fjárlaganefnd:

Mat á afleiðingum þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt eða að dráttur verði á samþykkt þess.

Mat á áhrifum endurskoðunar á löggjöf ESB um innlánstryggingakerfi á skuldbindingar Íslands samkvæmt samningunum.

Formaður fjárlaganefndar mun hafa forgöngu um að eftirfarandi atriði verði fullnustað.

Þær fundargerðir, skrifleg gögn og frásagnir, sem óskað hefur verið eftir á Alþingi, af fundum íslenskra ráðherra og erindreka þeirra við erlenda aðila.

Í samræmi við yfirlýsingu forseta Alþingis mun fjárlaganefnd fara rækilega yfir þau álitamál sem út af kunna að standa varðandi þau atriði sem að ofan greinir sem og þau álit nefnda sem kunna að veita fjárlaganefnd umsögn sína.“

Eftir að samkomulagið var staðfest lauk 2. umræðu um málið í trausti þess að staðið yrði við samkomulagið.

3. Atburðarás málsins eftir aðra umræðu.

Því miður reyndist það meiri hluta fjárlaganefndar um megn að standa við framangreint samkomulag.

Í fyrsta lagi var þeim aðilum sem leitað var til veittur afar skammur frestur til að veita álit á því hvort frumvarpið samrýmdist stjórnarskrá Íslands. Var beiðni send út á föstudegi en sagt um leið að álitið þyrfti að liggja fyrir á miðvikudeginum þar á eftir þrátt fyrir samkomulag um að nefndin tæki sér þann tíma sem hún þyrfti til að afla álitsins. Útilokað er að færustu sérfræðingar geti klárað jafn mikilvægt og viðamikið álitaefni á jafn skömmum tíma.

Í annan stað var leitað til Eiríks Tómassonar lagaprófessors og Bjargar Thorarensen, deildarforseta Lagadeildar HÍ, um að þau mundu veita skriflegt álit um álitaefnið en þau höfðu áður gefið munnlega skýrslu fyrir fjárlaganefnd um álitaefnið. Taldi 2. minni hluti að þar sem þau höfðu veitt nýrri samninganefnd fulltingi og almenna ráðgjöf í málinu ásamt Nigel Ward hjá Ashurst-lögmannsstofunni, Benedikt Bogasyni héraðsdómara og Helga Áss Grétarssyni, sérfræðingi hjá Lagastofnun HÍ, samkvæmt fréttatilkynningum forsætisráðuneytis, mætti líta á þau sem vanhæf til að meta hvort eigin ráðgjöf stangaðist á við stjórnarskrána. Leit 2. minni hluti svo á að samkomulag hefði verið um að leita til óháðra sérfræðing en við það var ekki staðið.

Að sama skapi telur 2. minni hluti í þriðja lagi gagnrýnisvert að meiri hlutinn hafi óskað eftir áliti frá Ashurst-lögmannsstofunni um mat á enskum lögum á texta samningsins en sú lögmannsstofa var til ráðgjafar við samningsgerðina eins og áður hefur komið fram. Taldi 2. minni hluti nægjanlegt að leita til hinnar virtu bresku lögmannsstofu Mishcon De Reya, sér í lagi vegna þess að þegar frumvarpið var í fyrsta sinn lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar var í greinargerðinni með frumvarpinu sérstaklega vísað til þess að ríkisstjórnin hefði leitað aðstoðar þeirrar lögmannsstofu.

Í fjórða lagi var samkomulag um að leita til Centre for European Policy Studies, sem er virt stofnun innan Evrópusambandsins, til að kanna hinn efnahagslega óvissuþátt málsins. Það var ekki gert.

Í fimmta lagi ákvað meiri hlutinn að taka málið út úr nefndinni án þess að viðeigandi gögn, m.a. frá IFS-greiningu ehf. hefðu borist. Að mati 2. minni hluta var um að ræða svik við það samkomulag sem gert var.

Í sjötta lagi átti að fara fram efnisleg umræða um þau álit sem bærust fjárlaganefnd. Við það var ekki staðið. Fór svo að málið var tekið út úr nefndinni í ágreiningi þar sem minni hluti nefndarmanna greiddi atkvæði gegn því að málið færi til 3. umræðu. Bókaði 2. minni hluti af því tilefni andmæli við það vinnulag.

4. Breytingar á fyrirvörum í lögum nr. 96/2009.

Eins og kom fram í áliti 2. minni hluta eftir 1. umræðu um frumvarpið uppfylla hinir nýju og útþynntu fyrirvarar sem ríkisstjórnin leggur til að verði samþykktir á engan hátt þau skilyrði að gæta hagsmuna Íslendinga. Má segja að þeir séu marklausir. Þau álit sem borist hafa fjárlaganefnd bera það líka flest með sér. Þannig segir Ragnar H. Hall að fyrirvarinn sem kenndur eru við hann sé nánast að engu orðinn. Einnig bendir lögmannsstofan Mishcon de Reya á að samningarnir séu ekki bara ósanngjarnir, þeir séu einnig óskýrir og óvíst sé að þeir verði túlkaðir Íslendingum í hag. Undir þau sjónarmið taka Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður og Stefán Már Stefánsson og Sigurður Líndal lagaprófessorar sem segja að álit Mishcon de Reya staðfesti gagnrýni þeirra á samningana. Lárus bendir sérstaklega á að óvarlegt sé að samþykkja ríkisábyrgðina sem myndi höggva nærri fullveldi Íslands. Þá hafa

IFS-greining ehf. og greiningarfyrirtækið CMA bent á að töluverðar líkur séu á að íslenska ríkið verði gjaldþrota og að lífsskilyrði á landinu muni versna til mikilla muna. Sérstaklega er athyglisvert að flestir ef ekki allir, þar á meðal Seðlabanki Íslands, eru sammála um að skuldastaða þjóðarinnar sé um eða yfir 300% af vergri þjóðarframleiðslu. Þá skal vakin athygli á því að þær fullyrðingar sem fram komu um að núverandi samningar séu sambærilegir, ef ekki betri en fyrirvararnir sem birtast í lögum nr. 96/2009, eru hljóðnaðar. Enda stóðust þær engan veginn nánari skoðun. Ef sú væri raunin lægi það einnig fyrir að Bretar og Hollendingar hefðu meiri áhuga á að gæta íslenskra hagsmuna en ríkisstjórn Íslands.

5. Lögfræðileg álitaefni.

a. Útgreiðsla úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf.

Annar minni hluti hefur ítrekað bent á að fyrirvari kenndur við Ragnar H. Hall hrl., sem fjallar um útgreiðslur úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf., sé útþynntur og í reynd marklítill. Þetta staðfestir Ragnar sjálfur og segir að álit Mishcon de Reya staðfesti að fyrirvarinn hafi verið þynntur verulega út. Þarna sé um að ræða mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga enda getur kostnaður ríkisins vegna málsins hækkað um hundruð milljóna króna fái íslenski tryggingarsjóðurinn ekki úthlutun úr búinu á undan þeim breska og hollenska. Staðfestir Ragnar að álit bresku lögmannsstofunnar hafi verið ítarlegt og vandað.

b. Almennir lagalegir fyrirvarar.

Mishcon de Reya fjallar ítarlega um þá almennu fyrirvara sem settir hafa verið við ríkisábyrgðina en þeir fela í sér að Íslendingar fái notið þess ef dómur eða úrskurður fellur þeim í hag. Þessir fyrirvarar eru verulega útþynntur í breytingartillögum meiri hlutans. Segir í áliti Mishcon de Reya að greinilegur lögfræðilegur vafi leiki á hvort ríkisstjórn Íslands beri skylda til að greiða lágmarkstrygginguna þar sem tryggingarsjóðurinn getur ekki staðið undir henni. Lögfræðistofan bendir á að í nýlegri skýrslu breska fjármálaeftirlitsins (FSA), um áhættuhorfur í fjármálakerfinu 2009, séu ummæli sem aðeins sé hægt að skilja þannig að aðildarríkjum beri engin skylda til að standa við bakið á tryggingarsjóðum. Í skýrslu FSA kemur fram að gjaldþrot Landsbankans hafi sýnt fram á veikleika í regluverki Evrópusambandsins um viðskiptabanka. Innstæðueigendur í einu ríki séu í veikri stöðu við hrun banka í öðru ríki, þ.e. ef viðkomandi ríki hafi ekki getu til að takast á við gjaldþrot banka, hafi ekki burði eða vilja til að koma bönkum til bjargar eða ef tryggingarsjóður innstæðueigenda sé ekki nægjanlega vel fjármagnaður. Lögfræðistofan bendir þó á að ekki hafi fallið dómur um þetta álitamál í tilskipun Evrópusambandsins um tryggingarsjóði innstæðueigenda og því sé ekki að finna skýr og ótvíræð ákvæði um þetta efni. Þótt það komi greinilega fram í álitinu að engin dómafordæmi séu fyrir hendi fjallar lögfræðistofan um niðurstöður í forúrskurði Evrópudómstólsins í máli frá 2004 sem 2. minni hluti hefur þegar bent á og fjallar um þýska fjármálastofnun sem hafði fengið leyfi til fjármálastarfsemi án þess að vera hluti af tryggingarsjóði innstæðueigenda þar í landi. Það er niðurstaða lögfræðistofunnar að greinilegur lögfræðilegur vafi leiki á um hvort ríki beri skylda til að tryggja að sérhver innstæðueigandi fái lágmarkstryggingu ef tryggingarsjóður getur ekki innt hana af hendi.

c. Brussel-viðmiðin.

Eins og 2. minni hluti hefur ítrekað bent á hefði verið æskilegt að þjóðréttarleg staða íslenska ríkisins hefði verið betur tryggð í Icesave-samningunum. Einnig að ekki hafi verið um neina tilvísun að ræða til hinna umsömdu Brussel-viðmiða. Þeim má skipta í þrennt. Í fyrsta

lagi að tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um EES og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum ESB. Í öðru lagi að tekið yrði tillit til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.“ Í þriðja lagi var lögð sérstök áhersla á að stofnanir ESB og EES tækju áframhaldandi þátt í samningaferlinu sem færi fram í samráði við þær. Þær væru því í hlutverki nokkurs konar milligönguaðila ef á þyrfti að halda.

Þetta staðfestir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fv. utanríkisráðherra, í minnisblaði sem hún ritaði utanríkismálanefnd Alþingis 18. desember sl. Þar bendir hún á að hin svonefndu Brussel-viðmið hafi verið kjarni málsins fyrir Íslendinga í Icesave-deilunni. Þau hafi ekki einungis tekið tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna Íslands, heldur kveðið á um aðkomu Evrópusambandsins að deilunni. ESB þurfti að skynja ábyrgð sína, því Ísland sem EES-ríki átti ekki að hafa lakari stöðu í deilunni en sem ESB-ríki. Þessu var hinsvegar ekki fylgt eftir í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga í Icesave-deilunni. Segir Ingibjörg enn fremur um Brussel viðmiðin: „þannig mörkuðu þau nýtt upphaf auk þess sem tíminn hefur unnið með okkur, því í október/nóvember voru öll stjórnvöld í Evrópu eins og þaninn strengur af ótta við óróann á fjármálamörkuðum og áhlaup á banka hver hjá sér. Sú staða hefur róast.“ Þá minnir hún á að samkvæmt Brussel-samkomulaginu 14. nóvember 2008 hafi minnisblaði MOU við Hollendinga frá 11. október verið úr sögunni, en það hefur oft skotið upp kollinum í opinberri umræðu upp á síðkastið.

Ingibjörg telur ótvírætt að Brussel viðmiðin hafi verið svikin í samningaviðræðum milli Íslendinga, Breta og Hollendinga. Af Íslands hálfu hefur verið lögð mikil áhersla á að framhald yrði á aðkomu ESB enda höfðu verið gefin skýr fyrirheit í þá veru, og þess vegna segi í þriðja lið viðmiðanna: „Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær. Ástæðan fyrir þessu var fyrst og fremst sú að við litum ekki einvörðungu á þetta sem tvíhliða deilu við Hollendinga og Breta heldur væri sú deila afleiðing af því gallaða regluverki sem gilti um evrópska fjármálamarkaðinn. Mikilvægt væri að ESB skynjaði ábyrgð sína gagnvart íslandi sem þátttakanda í hinum innri markaði með frjálsu flæði fjármagns þó það væri ekki aðildarríki að bandalaginu.“

Er ljóst af þessum ummælum Ingibjargar að hún hrekur með öllu fullyrðingar núverandi ríkisstjórnar um að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar hafi ákveðið þetta allt saman og að ekkert sé hægt að gera meira í málinu. 2. minni hluti hefur ítrekað bent á sömu sjónarmið jafnvel þó hann fallist á að sú ríkisstjórn hafi gert margvísleg mistök. Staðfestir Ingibjörg að samninganefndin fór langt út fyrir skyldur okkar Íslendinga og niðurstaða samningaviðræðnanna voru ekki í samræmi við það sem rætt var um í upphafi. Kemst Ingibjörg Sólrún í samantekt sinni að þeirri niðurstöðu sem hún sendi utanríkismálanefnd Alþingis að núverandi stjórnvöld séu ekki pólitískt bundin samningnum. Lítur 2. minni hluti svo á að þar með sé allri ábyrgð varpað á núverandi ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og að þau skref sem hún stígur muni vald varanlegri lífskjaraskerðingu heillar kynslóðar.

6. Efnahagsleg álitaefni.

Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði jákvæður árið 2011 og fari fljótt í 2,5%. IFS-greining bendir á að í finnsku kreppunni á tíunda áratugnum var hagvöxtur neikvæður í fjögur ár. Samkvæmt IFS-greiningu hefur engin bankakreppa verið jafn stór og sú

íslenska og er niðurstaða þeirra sú að hagvaxtarspá Seðlabankans sé sú spá sem við vonumst eftir að rætist ef allt fer á besta veg. M.ö.o. kemur fram í skýrslu IFS að efnahagsspár Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins séu full bjartsýnar og að verulegur vafi leiki á að þjóðin rísi undir þessum skuldbindingum og er niðurstaða skýrslunnar að „varfarið mat á líkum á verulegum greiðsluerfiðleikum (greiðslufalli) séu 10%“. Þeir komast einnig að þeirri niðurstöðu að það muni reyna á fyrirvarana í viðaukum í öllum þeim sviðsmyndum sem þeir lögðu fram og að samningurinn sé bæði óskýr og ósanngjarn.

Greiningarfyrirtækið CMA greindi frá því að skuldatryggingarálagið á íslenska ríkið væri 413 punktar og að líkurnar á greiðslufalli Íslands um 25%. Í samanburði má nefna að líkur á greiðslufalli furstadæmisins Dubai um þessar mundir eru taldar vera um 27% og Grikklands um 22%. Þá bendir Mishcon de Reya á að bresk og hollensk stjórnvöld heimti allt of háa vexti vegna Icesave-samkomulagsins. Þá er ótrúlegt að samkvæmt skýrslu IFS-greiningar hafi mönnum ekki verið orðin ljós gjaldeyrisáhættan fyrr en á haustmánuðum og að ekki sé gert ráð fyrir gjaldeyrisáhættu í mati Seðlabankans á Icesave-samningunum „sem birt var í júní 2009.“

Að teknu tilliti til alls þessa er ótrúlegt til þess að hugsa að fjármálaráðherra Íslands skuli hafa látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum þegar honum voru kynntar þessar niðurstöður að ekki væri „hyggilegt að ræða málin áfram“. Þetta minnir óneitanlega á eiginleika frosksins en ef hann er settur í kalt vatn og vatnið hitað smátt og smátt þá aðlagast hann hitastiginu alveg upp í suðu. Það virðist ekki skipta máli hvaða upplýsingar berast, hversu alvarlegar sem þær eru, engin viðbrögð eru af hálfu ríkisstjórnarinnar.

7. Breytingartillögur.

Hinn 28. ágúst sl. voru samþykkt fyrrgreind lög nr. 96/2009 sem kveða á um að íslenska ríkið gangist í ábyrgð fyrir skuldbindingum innstæðutryggingarsjóðsins að vissum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum fyrirvörum. Í því fólst að ábyrgðin mundi takmarkast ef tiltekin atvik ættu sér stað. Þetta varð niðurstaðan eftir margra mánaða vinnu alþingismanna í fjárlaganefnd til að reyna að ná sáttum í málinu. Það kom þó skýrt fram í þjóðfélagsumræðunni að fjölmargir töldu engu síður of langt gengið í veitingu ríkisábyrgðar. Þar á meðal voru þingmenn Framsóknarflokksins sem töldu að hinir lagalegu fyrirvarar þyrftu að vera sterkari og skýrari til þess að ná markmiði sínu og lögðu því til ýmsa fyrirvara til þess að styrkja ríkisábyrgðina enn frekar og gæta þar með hagsmuna íslenskra borgara sem og komandi kynslóða. Lítið bar hins vegar á því að menn teldu of skammt gengið. Þessi niðurstaða var vissulega betri en skilyrðislaus ríkisábyrgð eins og hugur margra þingmanna ríkisstjórnarinnar stóð til að samþykkja, jafnvel óséða. Fullyrða má að skilyrðislaus ríkisábyrgð við þær aðstæður sem nú eru uppi á Íslandi sé lögfræðilega og siðferðilega ótæk.

Annar minni hluti leggur fram að nýju breytingartillögur sínar frá því að lög nr. 96/2009 voru samþykkt. Þeir fyrirvarar sem þar koma fram eru sterkir og gæta hagsmuna Íslendinga. Ítrekar 2. minni hluti rökstuðning sinn við fyrrgreindar breytingartillögur og vísar til álits síns við frumvarp sem varð að lögum nr. 96/2009 (þskj. 338, 136. mál).

8. Niðurlag.

Gjá hefur myndast á milli þings og þjóðar. Um 70% þjóðarinnar vilja að ákvörðun um veitingu ríkisábyrgðar á Icesave-reikningunum verði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta staðfestir skoðanakönnun Viðskiptablaðsins. Þá hefur komið fram í skoðanakönnun sem Gallup lét gera og í rafrænni kosningu sem vefmiðillinn Eyjan.is lét gera að skýr meiri hluta

þjóðarinnar vill að Alþingi hafni frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þá telur 2. minni hluti að líkur á að til greiðslufalls þjóðarinnar geti komið geti numið allt að 25% séu óásættanlegar. Í raun gengur ekki að þjóð sé látin ganga að slíkum afarkostum, hvað þá að leggja slíkar byrðar á komandi kynslóðir sem ekki stofnuðu til þessara skuldbindinga.

Annar minni hluti hefur frá upphafi gagnrýnt þá málsmeðferð sem hefur verið viðhöfð af hálfu meiri hlutans og bendir á að ef ekki hefði komið til ákveðin andstaða af hálfu 2. minni hluta hefðu Icesave-samningarnir jafnvel verið samþykktir óséðir eins og til stóð í upphafi. Einnig er gagnrýnt það sinnuleysi sem stjórnvöld hafa sýnt ítrekuðum aðvörunarorðum innlendra og erlendra sérfræðinga. Hefur ríkisstjórnin keppst við að leita álits launaðra sem ólaunaðra sérfræðinga sem raunverulegur vafi leikur á um að séu hæfir til að fjalla um málið sökum persónulegra tengsla og fyrri aðkomu að málinu. Er það til marks um óheppileg vinnubrögð og veltir einungis upp þeirri spurningu hvort stjórnvöld séu að misbeita valdi sínu til að ná fram andstæðri skoðun varðandi tiltekin atriði. Er þá hægt að segja í umræðunni að ágreiningur sé um efnið og úr honum verði því ekki skorið.

Fullt tilefni var til að gera þetta álit ítarlegra. Ekki gafst þó tími til þess þar sem forseti Alþingis ætlaðist til að það yrði unnið yfir jólahátíðina. Ítarlegur listi er í nefndaráliti meiri hlutans yfir þau gögn sem bárust nefndinni og vísar 2. minni hluti til þeirra fylgiskjala og hinna fjölmörgu aðvörunarorða sem þar er að finna og vert hefði verið að gera nákvæmari skil.

Þar sem fram hefur komið að:

a. mörg álitaefni og gallar eru á málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar við þinglega meðferð málsins,
b. samningarnir eru ekki í samræmi við umboð Alþingis frá 5. desember 2008 sem kvað á um að mál skyldu leidd til lykta á grundvelli hinna umsömdu viðmiða, Brussel-viðmiðanna svokölluðu, og
c. endurskoðunarákvæði samninganna eru þegar virk vegna skuldastöðu þjóðarinnar

leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að taka upp viðræður á nýjan leik við bresk og hollensk stjórnvöld á grundvelli Brussel-viðmiðanna. Leitað verði eftir pólitískum farvegi til lausnar deilumálinu eða samningsniðurstöðu á sanngjarnari forsendum.

Alþingi, 28. des. 2009.

Höskuldur Þórhallsson.

602. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarp fjármálaráðherra, um breytingu á lögum nr. 96/2009, varðar án vafa mestu þjóðarhagsmuni sem Alþingi Íslendinga hefur fjallað um í langri sögu sinni. Samþykkt þess stríðir alvarlega gegn hagsmunum íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar. Byggist sú skoðun 3. minni hluta meðal annars á því að:

- skuldbindingar samkvæmt frumvarpinu fela í sér greiðsluskyldu sem hvorki byggist á lagaskyldu né niðurstöðu dómstóls;
- skuldbindingar samkvæmt frumvarpinu byggjast á pólitískum afarkostum og þvingunum;
- vafi leikur á því hvort frumvarpið samrýmist ákvæðum stjórnarskrár Íslands;
- frumvarpið vegur að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og fullveldi hennar;
- óljóst er hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér fyrir ríkissjóð því ríkisábyrgð samkvæmt frumvarpinu er ótakmörkuð og ótímabundin;
- efni frumvarpsins er ekki í samræmi við hin umsömdu Brussel-viðmið;
- vaxtakjör samkvæmt samningunum sem frumvarpið lýtur að eru með öllu óásættanleg og mun verri en nú þekkjast á lánsfjármörkuðum í sambærilegum samningum;
- skilyrðislaus greiðsluskylda vaxta felur í sér mikla efnahagslega áhættu fyrir þjóðarbúið;
- þeir efnahagslegu fyrirvarar sem Alþingi samþykkti 28. ágúst sl. eru að engu orðnir;
- þeir lagalegu fyrirvarar sem Alþingi samþykkti 28. ágúst sl. eru að engu orðnir;
- reglur um úthlutun eigna úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. eru ekki í samræmi við íslensk lög;
- gengisáhætta samkvæmt samningunum er gríðarleg og getur haft mjög alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir íslenska ríkið;
- óljóst er hvaða áhrif endurskoðun á innlánstryggingakerfi ESB mun hafa á skuldbindingar íslenska ríkisins;
- innlendir og erlendir sérfræðingar hafa varað sterklega við samþykkt frumvarpsins;
- íslensk stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að eiga viðræður á æðstu stigum við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi og þeim hefur mistekist að halda uppi vörnum fyrir íslensku þjóðina;
- enn eru að koma fram vísbendingar um að öll gögn málsins hafi ekki verið lögð fram;
- nýjar málshöfðunarleiðir gegn breskum stjórnvöldum sem bent hefur verið á hafa ekki verið kannaðar.

Því telur 3. minni hluti að vísa beri frumvarpinu frá með rökstuddri dagskrá, eins og hér greinir.

Frumvarpið.

Frumvarpið felur í sér alvarlega íhlutun í efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga og sjálfstæði Alþingis og íslenskra dómstóla. Í húfi er sjálfsmynd Íslendinga og þjóðarstolt.

Við meðferð fjárlaganefndar komu fram athugasemdir og upplýsingar sem fela í sér alvarleg álitamál og umdeild. Allir stjórnmálaflokkar á Alþingi hafa þó fram til þessa verið sammála um grundvallaratriði málsins. Engin lagaleg skylda, hvorki samkvæmt íslenskum né evrópskum rétti, hvílir á Íslendingum gagnvart Bretum og Hollendingum varðandi greiðslu þeirra fjárhæða sem þeir hafa krafist með afar óbilgjörnum hætti að íslenskir skattgreiðendur ábyrgist. Með málatilbúnaði sínum fer því ríkisstjórnin fram á að íslenska þjóðin takist á herðar skuldbindingar sem hún hefur aldrei undirgengist.

Icesave-frumvarpið, sem nú er til umræðu á Alþingi, varðar án vafa mestu þjóðarhagsmuni sem það hefur fjallað um í langri sögu sinni. Íslendingar heyja nú harða baráttu fyrir sjálfstæði sínu. Fyrir því má færa skýr efnahagsleg rök en einnig og ekki síður þjóðréttarleg og lagaleg rök sem byggjast á því að samningarnir hafa verið gerðir á grundvelli pólitískra afarkosta og þvingana. Til allra óheilla hefur ríkisstjórn Íslands látið undan þessum þvingunum erlendra ríkja og skrifað undir samninga sem beinlínis vega að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Því miður er full ástæða til að óttast að þessar gríðarlegu skuldbindingar muni stefna fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í stórkostlega hættu. Ekki verður séð að þjóðin geti staðið undir þeim nema hér á landi verði mikill hagvöxtur á gildistíma samninganna eða þá með varanlegri lífskjaraskerðingu heillar kynslóðar Íslendinga.

Því miður hafa forustumenn ríkisstjórnarflokkanna, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ekki haft neitt samstarf við stjórnarandstöðuflokkana eða leitað eftir neinni samstöðu við lausn þessa máls, hvorki innan Alþingis né utan. Það er miður, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægt það er að í þessu máli snúi forustumenn allra stjórnmálaflokka bökum saman og vinni saman að hagsmunum þjóðarinnar þegar að henni er sótt.

Að mati 3. minni hluta er frumvarpið um Icesave-samningana algerlega óásættanlegt. Enda þótt ríkisstjórnin hafi fram til þessa brugðist því mikilvæga hlutverki sínu að vinna málstað Íslands stuðning hjá öðrum Evrópuþjóðum er nauðsynlegt að fela henni að taka málið upp við forustu Evrópusambandsins og fara fram á að hún hlutist til um sanngjarna lausn málsins þar sem höfð verði hliðsjón af því að löggjöf Evrópusambandsins hefur reynst meingölluð. Reynist það ómögulegt er augljóst að hafna á ríkisábyrgð í málinu og viðsemjendur Íslands verða þá að sækja kröfur sínar fyrir dómstólum á Íslandi.

Þriðji minni hluti hefur þegar gert ítarlega grein fyrir skoðunum sínum og athugasemdum í málflutningi og þingskjölum um Icesave-samningana, viðaukasamningana, frumvarpið og lagalega fyrirvara Alþingis sem samþykktir voru sem lög nr. 96/2009 (þskj. 258 í 76. máli og þskj. 337 og 350 í 136. máli 137. löggjafarþings). Í ljósi þess verða í áliti þessu eingöngu reifuð einstök atriði í ljósi nýrra gagna og álitsgerða og athugasemdir sem 3. minni hluti telur rétt að árétta og ítreka.

Gagnrýni á samningana.

Málinu var vísað aftur til fjárlaganefndar eftir 2. umræðu og í samræmi við yfirlýsingu og samkomulag forseta Alþingis og formanna stjórnarandstöðuflokkanna samdi fjárlaganefnd um að skoðuð yrðu tiltekin 16 atriði við meðferð málsins milli 2. og 3. umræðu. Fjárlaganefnd óskaði í kjölfarið eftir álitum efnahags- og skattanefndar, utanríkismálanefndar og viðskiptanefndar um tiltekin atriði málsins auk þess sem m.a. var óskað álits bresku lögfræðistofunnar Mishcon de Reya á ákveðnum þáttum og lögfræðiálits um hvort frumvarpið stæðist

ákvæði stjórnarskrár. Jafnframt var farið fram á að skuldastaða íslensks þjóðarbús yrði skoðuð og unnin yrði áhættugreining á efni Icesave-samninganna.

Ástæða er til að nefna að álit Mishcon de Reya um efni Icesave-samninganna er fyrsta erlenda sérfræðiálitið sem aflað hefur verið um þetta mál. Ríkisstjórnin hefur aldrei hlutast til um að efni þessara samninga sé rýnt og metið hvernig unnt sé að standa undir þeim. Allt fram til loka 2. umræðu um þetta mál hefur málaumleitunum af hálfu stjórnarandstöðu um að hlutlausir aðilar kæmu að málinu verið hafnað. Það var ekki fyrr en á elleftu stundu að stjórnarmeirihlutinn lét undan sjálfsögðum óskum stjórnarandstöðu um að hlutlaus aðili væri fenginn að málinu. Hlýtur þessi málsmeðferð að sæta verulegri furðu þegar svo ríkir þjóðhagslegir hagsmunir eru undir.

Í áliti Mishcon de Reya kemur fram veruleg gagnrýni á efni þessara samninga. Þar kemur m.a. fram að allmörg ákvæði séu óskýr og ósamrýmanleg ákvæðum íslenskra laga eða lagalegu fyrirvaranna í lögum nr. 69/2009. Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við allnokkur ákvæði þar sem virðist halla óeðlilega á Íslendinga. Lögmannsstofan tekur fram að Icesave-samningarnir séu hvorki skýrir né sanngjarnir og að ákveðnir hlutar þeirra virðist byggjast á misskilningi. Þá telur stofan möguleika á því að fresta samþykkt frumvarpsins og athuga hvort ekki sé hægt að leita samninga að nýju við Breta og Hollendinga. Hið minnsta sé þörf á að skýra merkingu og áhrif vissra hugtaka samninganna sem um ríkir bæði óvissa og ósamræmi.

Í málflutningi stjórnarflokkanna hefur því verið haldið fram að þeir lagalegu fyrirvarar sem Alþingi setti með lögum nr. 96/2009 hafi nú verið teknir upp í viðaukasamningana að mestu leyti og því sé óþarft að hafa þá í lögunum. 3. minni hluti átelur slíkan málflutning og bendir á að fráleitt sé að bera saman lagaákvæði sem takmarki ríkisábyrgð á lánum og einkaréttarlegan samning um lánin. Þeir fyrirvarar sem færðir voru í lög nr. 96/2009 eiga við um ríkisábyrgð á lánunum en Icesave-samningarnir eru í grunninn samningar um lán til tryggingarsjóðsins. Hér er um að ræða umsnúning á efninu og réttarstöðunni. Þá er íslenska ríkið ekki aðili að breska uppgjörssamningnum og eins og breska lögmannsstofan Mishcon de Reya hefur bent á getur það orðið til þess að ákveðnir fyrirvarar sem „færðir“ eru í samningana og felldir brott úr lögunum verði að engu.

Ný gögn í kjölfar skilyrða stjórnarandstöðunnar.

Í samræmi við skilyrði stjórnarandstöðuflokkanna og samkomulag í fjárlaganefnd var frekari gagna óskað vegna málsins. Efnahags- og skattanefnd bárust 13. desember minnisblað frá Friðriki Má Baldurssyni og 15. desember umsögn Daniel Gros úr bankaráði Seðlabanka Íslands. 10. desember barst fjárlaganefnd lögfræðilegt álit lögmannsstofunnar Ashurst. Utanríkismálanefnd bárust minnisblöð frá fyrrverandi utanríkisráðherra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur 18. desember og frá fyrrverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde 19. desember. Þá barst minnisblað frá Seðlabanka Íslands 18. desember. Að auki skilaði breska lögmannsstofan Mishcon de Reya til fjárlaganefndar 19. desember ítarlegri umsögn um Icesave-samningana, viðbótarsamningana við Breta og Hollendinga, frumvarpið og stöðu Íslands. Þá kynntu efnahags- og skattanefnd, utanríkismálanefnd og viðskiptanefnd álit sín á afmörkuðum þáttum á fundi fjárlaganefndar 21. desember 2009. 23. desember, degi eftir að meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi málið úr nefnd, barst svo skýrsla IFS-greiningar um áhættugreiningu Icesave-samninganna og skuldabyrði þjóðarinnar.

Í skýrslu Mishcon de Reya, bls. 7, 13. tölul., kemur fram að 11. mars 2009 hafi íslenska samninganefndin óskað eftir því við lögfræðistofuna að hún kannaði ákveðin atriði varðandi

Icesave-deiluna til undirbúnings fundi utanríkisráðherra íslands með David Milibrand utanríkisráðherra Bretlands. 26. mars skilaði lögfræðistofan íslensku samninganefndinni niðurstöðum sínum. Þær niðurstöður er ekki að finna í gögnum fjárlaganefndar, hvorki opinberum né þeim sem eru bundin trúnaði. Því var þess óskað á fundi fjárlaganefndar 22. desember 2009 að þessi gögn yrðu lögð fram og var því heitið að svo yrði gert milli jóla og nýárs.

Afgreiðsla fjárlaganefndar.

Á 45. fundi fjárlaganefndar á 138. löggjafarþingi sem haldinn var 22. desember 2009 kl. 12.59 var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5 að taka málið út úr nefnd. Við það tækifæri óskuðu fulltrúar 3. minni hluta að eftirfarandi yrði fært til bókar:

„Sjálfstæðismenn í fjárlaganefnd mótmæla harðlega því verklagi sem viðhaft er við yfirferð Icesave-frumvarpsins. Mjög mikilvæg gögn hafa verið að berast nefndinni fram á síðustu stundu – mitt í jólaönnum þingsins – og engin efnisleg meðferð hefur farið fram. Gert var samkomulag milli forseta og formanna stjórnarandstöðuflokkanna um meðferð málsins milli umræðna. Í því samkomulagi fólst að aflað yrði ákveðinna gagna. Nú hefur meiri hluti fjárlaganefndar ákveðið að taka málið út úr nefndinni án þess að viðeigandi gögn, m.a. frá IFS, hafi borist. Að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er hér um að ræða svik við það samkomulag sem gert var.

Hér á Alþingi hafa farið fram stöðugar umræður og atkvæðagreiðslur um grundvallarbreytingar á skattkerfi landsmanna auk fjárlagafrumvarps næsta árs, fyrir utan önnur viðfangsefni. Ofan í þetta er fulltrúum í fjárlaganefnd ætlað að taka afstöðu til þessa gríðarlega mikla hagsmunamáls sem Icesave-málið er. Það er útilokað fyrir alþingismenn í þessum önnum að kynna sér til hlítar þessi gögn sem lögð hafa verið fram og því síður hafa þeir tækifæri til umræðu um efnislega meðferð og afgreiðslu. Engin efnisleg rök hafa verið færð fram um það að nauðsynlegt sé að ljúka málinu nú. Að mati sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd er ábyrgðarlaust að halda svona á hagsmunum Íslendinga í nútíð og framtíð og vísa ábyrgð á þessari málsmeðferð á hendur ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar.“

Pólitískur veruleiki.

Frá upphafi var þess gætt af íslenskum stjórnvöldum að ítreka þá lagalegu óvissu sem er um hvort íslenska ríkið skuli ábyrgjast innstæðutryggingakerfi sem það kemur sannanlega á fót í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi. Í áliti Mishcon de Reya er farið á greinargóðan hátt yfir þær skyldur sem tilskipunin leggur á aðildarríki og er það tekið fram að með henni sé ekki kveðið beinum orðum á um að stjórnvöld aðildarríkja skuli tryggja greiðslu hinnar samræmdu innstæðutryggingar til innstæðueigenda, sjá bls. 61. Ítarlega er farið yfir orðalag tilskipunarinnar, viðeigandi ákvæði hennar og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í máli Peter Paul C-222/02 og komist að þeirri niðurstöðu að það sé augljóslega lagaleg og raunveruleg óvissa um það hvort íslensk stjórnvöld séu á nokkurn hátt skuldbundin því að tryggja greiðslur lágmarkstryggingar þegar innstæðutryggingarsjóðurinn getur ekki greitt, sbr. bls. 63. Þá bendir Mishcon de Reya á að athugasemdir breska fjármálaeftirlitsins í nýlegu skjali séu í samræmi við að það aðildarríki beri ekki ábyrgð á innstæðutryggingakerfi sínu. Þá bendir lögmannsstofan á að margoft hefur komið fram að tilskipunin og innstæðutryggingakerfið sem hún kveður á um var aldrei ætlað til þess að mæta algjöru bankahruni. 3. minni hluti áréttar að hann hefur ávallt haldið þessu sjónarmiði á lofti sem og bent á eigin sök Evrópusambandsins vegna þessa „galla“ í Evrópulöggjöfinni.

Undir þessa skoðun taka fyrrverandi forsætisráðherra Geir H. Haarde og fyrrverandi utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í minnisblöðum til utanríkismálanefndar. Þar kemur glöggt fram að af hálfu íslenskra stjórnvalda í tíð fyrri ríkisstjórnar var umtalsverðri orku og tíma varið í að kynna sjónarmið Íslands og árétta þá lagalegu óvissu sem væri í málinu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kveður fast að orði þegar hún lýsir atburðarásinni haustið 2008 en hún telur að hvorki orð né gerðir fyrri ríkisstjórnar hafi bundið hendur stjórnvalda í samningaviðræðum.

Skilmálar samninganna.

Líkt og að framan greinir hefur 3. minni hluti þegar gert athugasemdir við einstök ákvæði samninganna, breytingar viðaukasamninganna og lagalega fyrirvara Alþingis, sbr. lög nr. 96/2009. Athugasemdir Mishcon de Reya við efni samninganna eru í fullu samræmi við þann málflutning sem 3. minni hluti hefur haft uppi frá því að málið kom fyrst fram.

Í áliti lögmannsstofunnar Mishcon de Reya kemur fram að allmörg ákvæði samninganna séu óskýr og ósamrýmanleg ákvæðum íslenskra laga eða lagalegu fyrirvaranna í lögum nr. 96/2009, sbr. m.a. athugasemd stofunnar um hættu á að Ísland verði bundið af ríkisábyrgðinni þrátt fyrir að dómstóll kvæði upp úr um að ríkisábyrgð væri ekki fyrir hendi samkvæmt tilskipuninni. Meðal annarra athugasemda stofunnar eru að leynd hvíli á breska uppgjörssamningnum en 3. minni hluti hefur alla tíð gagnrýnt harðlega þá leynd sem hvílt hefur á gögnum og skjölum málsins. Í áliti Mishcon de Reya kemur fram að það sé umdeilanlegt að trúnaður ríki á skjali þar sem samningsskilmálar komi fram, sjá bls. 24. Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við allnokkur ákvæði sem virðast halla óeðlilega á Íslendinga og undir lok álitsins er meira að segja gengið svo langt að segja að Icesave-samkomulagið, eða a.m.k. ákveðnir hlutar þess, virðist byggjast á misskilningi.

Óvissa um fjárhæð ríkisábyrgðar – alvarlegar athugasemdir.

Mishcon de Reya bendir á að greiðslur til innstæðueigenda í Bretlandi séu framkvæmdar af breska tryggingarsjóðnum og fari fram eftir reglum hans en ekki þess íslenska. Þá bendir stofan á að samkvæmt ákvæði í breska samningnum samþykki íslenski tryggingarsjóðurinn að mótmæla ekki reglum sem geta haft áhrif til hækkunar á þeirri upphæð sem hann er ábyrgur fyrir, t.d. ef breski sjóðurinn breytir reiknireglu við útreikning til innstæðueigenda frá því sem íslenski sjóðurinn hefði notað. Slík útvíkkun á fjárhagslegri ábyrgð tryggingarsjóðsins mundi eiga við ríkisábyrgðina einnig þar sem hún er samkvæmt lögunum bundin við höfuðstól lánanna eins og þau standa að sjö árum liðnum en ekki ákveðna fjárhæð. Samkvæmt þessu er því allsendis óvíst hversu há sú fjárhæð er sem ríkið gengst í ábyrgð fyrir. Verði frumvarpið samþykkt og efnahagslegu fyrirvararnir þar með teknir úr sambandi hefur íslenska ríkið samkvæmt þessum skilningi misst alla stjórn á heildarskuldbindingunni. Að mati 3. minni hluta er ófært að skilja við þetta mál þannig að þessi álitaefni séu ekki rannsökuð ofan í kjölinn. Hér er um að ræða enn einn vitnisburðinn um að á þessa samninga sé ekki hægt að fallast.

Lagalegir fyrirvarar og viðaukasamningar.

Í nefndaráliti 3. minni hluta fjárlaganefndar fyrir 2. umræðu (þskj. 258) eru raktar þær breytingar á lögum nr. 96/2009 sem lagðar eru til í frumvarpinu auk þess sem bornir eru saman þeir fyrirvarar sem í lögunum eru og viðaukasamningarnir við Breta og Hollendinga. Er því vísað til þeirrar umfjöllunar hvað þessi atriði varðar en þó þykir rétt að árétta í þessu

framhaldsnefndaráliti atriði sem koma fram í hinum nýju gögnum. Þá telur 3. minni hluti að ítreka beri að viðaukasamningar sem gerðir hafa verið eru einkarréttarlegs eðlis og hafa því ekki sama gildi og þeir fyrirvarar sem lögfestir voru með lögum nr. 96/2009.

Í lögfræðilegu áliti sínu bendir Mishcon de Reya m.a. á að þó svo að í viðaukasamningnum segi að umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins staðfesti að þeim sé kunnugt um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda kunni að leita úrskurðar þar til bærra úrskurðaraðila um að kröfur hans á hendur búi Landsbankans gangi framar öðrum kröfum vegna sömu innlána, eigi hvorki breska fjármálaráðuneytið né Ísland hlut að breska uppgjörssamningnum og telur stofan því ólíklegt að breskir dómstólar muni taka tillit til lagalegra áhrifa slíkrar niðurstöðu þar sem hún mundi einungis eiga við lánasamningum svo breyttan miðað við viðaukasamninginn. Af þessu má ljóst vera að með því að fella fyrirvarann brott úr lögunum, líkt og frumvarpið leggur til, og gera þess í stað viðbót við breska lánssamninginn yrði fyrirvarinn í reynd að engu orðinn. Ísland væri enn bundið ríkisábyrgðinni þrátt fyrir að dómstóll kvæði upp úrskurð sem væri í þágu landsins og þess efnis að samkvæmt tilskipuninni væri engin ríkisábyrgð fyrir hendi.

Uppgjör úr þrotabúi.

Í áliti Mishcon de Reya er gerð athugasemd við uppgjörsskilmála samninganna og við að ein krafa verði að tveimur jafnstæðum kröfum, enda sé gert ráð fyrir að greiðslur vegna eigna úr búi Landsbankans gangi að jöfnu til íslenska innstæðutryggingarsjóðsins og til Bretlands eða Hollands. Lögmannsstofan telur það að hver innstæða sé ein óskipt krafa slíka grundvallarlagareglu að hún hljóti að gilda jafnframt í íslenskum gjaldþrotarétti, enda breytist ekki eðli kröfunnar gagnvart Landsbanka Íslands hf.

Þetta er sá skilningur sem 3. minni hluti hefur haldið fram í málinu frá upphafi og bendir á að hinn svokallaði Ragnars Hall fyrirvari var settur til að leiðrétta þetta og tryggja að greiðslur vegna eigna úr búi Landsbankans færu fram eftir íslenskum lögum. Tilraun til að flétta þennan fyrirvara inn í viðaukasamningana hefur ekki tekist sem skyldi. Að mati 3. minni hluta er nauðsynlegt að halda honum í lögunum. Þetta er einnig í samræmi við þá afstöðu sem Ragnar H. Hall lýsti á fundi í fjárlaganefnd. Rétt er að minna á að þessi fyrirvari var, ásamt lagalegum áskilnaði og efnahagslegum skilyrðum, sá sem hvað mest var barist fyrir í sumar, þegar Alþingi greip til sinna ráða til varnar hagsmunum þjóðarinnar. Þessi fyrirvari er nú kominn út í veður og vind.

Friðhelgisákvæði.

Ástæða er til að staldra við afstöðu Mishcon de Reya og breska lögmannsins Matthew Collings um friðhelgisákvæði samninganna.

Mishcon de Reya bendir á að þrátt fyrir að viðaukasamningarnir taki nokkurt tillit til þeirra fyrirvara sem Alþingi setti við friðhelgisákvæði samninganna sé enn óljóst hvaða eignir eru undanþegnar aðför. Þá sé túlkunaratriði hvað í raun teljist náttúruauðlindir og það sé ekki skýrt nánar. Matthew Collings lýsir mikilli undrun á því að sjálfstæð þjóð skuli hafa undirgengist slíkt afsal á friðhelgi en hann orðar það svo:

„Ég hefði haldið að þarna væri á ferðinni meira grundvallaratriði en deila um það að hvaða marki friðhelgi hafi verið afsalað, eða hvort rétt sé að afsala henni yfir höfuð. Þarna er um að ræða sjálfsmynd Íslendinga og þjóðarstolt.“

Því miður er engu við þessi orð Matthew Collings að bæta.

Nýjar málshöfðunarleiðir ekki kannaðar.

Í lögfræðiáliti Mishcon de Reya og Matthew Collings er vísað til þess að málshöfðun Kaupþings banka hf. gegn breska fjármálaráðuneytinu hafi ekki borið árangur. Í áliti sínu bendir Matthew Collings hins vegar á að hann sé reiðubúinn til þess að veita ráðgjöf um nýjar málshöfðunarleiðir gegn breskum stjórnvöldum sem valda mundu ríkisstjórn Bretlands verulegu hugarangri og vandræðum.

Við meðferð málsins í fjárlaganefnd gafst ekki tækifæri til þess að fara yfir það í hverju slíkar málshöfðunarleiðir kynnu að felast þó ríkar ástæður væru fyrir hendi.

Efnahagsleg álitaefni.

Um leið og meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi frumvarpið út úr nefndinni 22. desember sl. var lagt fram mat Seðlabanka Íslands á skuldastöðu þjóðarbúsins. Samkvæmt mati bankans verða skuldir okkar í árslok 2010 340% af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt kemur þar fram að skuldin vegna Icesave-reikninganna er nú metin um 800 milljarðar kr. Er það umtalsvert meira en nefnt hefur verið fram til þessa. Það þarf vart að taka það fram að þetta mat Seðlabanka Íslands var ekki tekið til efnislegrar umræðu í fjárlaganefnd.

Þá er ástæða til að benda á álit Daniels Gros, en hann færir veigamikil rök fyrir því að rangt sé að hafa fasta vexti 5,55% í þessum samningum, auk þess sem hann gagnrýnir þá niðurstöðu að viðsemjendur Íslendinga líti á þessa samningsgerð sem hvern annan viðskiptagerning þar sem þeir hagnast verulega á vaxtamun. Matthew Collings gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þessa háu föstu vexti í skorinortu áliti sínu.

Á Þorláksmessu barst svo álitsgerð frá IFS-greiningu, sem meiri hluti fjárlaganefndar hirti ekki um að bíða eftir, þótt Alþingi hafi sjálft farið fram á að sú vinna yrði unnin. Lýsir það makalausri vanvirðingu við tíma og vinnu fólks í landinu. Í þessu áliti kemur fram það mat að 10% líkur séu á gjaldþroti Íslands. Að sjálfsögðu liggur svo mikið á að keyra þetta mál í gegnum þingið að óþarft virðist þeim að staldra við og velta fyrir sér á hvaða vegferð þessi ríkisstjórn er. Hér er verið að véla um framtíðarhagsmuni íslensku þjóðarinnar, ófæddra Íslendinga, og er það gert að lítt athuguðu máli þar sem menn loka hreinlega augunum fyrir staðreyndum. 3 minni hluti á varla til nógu sterk orð til að lýsa hneykslun sinni á þessum vinnubrögðum. Það hefur enginn leyfi til að ganga svona fram þegar undir eru ríkir þjóðhagslegir hagsmunir um langa framtíð.

Afstaða 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Þriðji minni hluti telur ljóst af því sem að framan greinir að þeir fyrirvarar sem settir voru með lögum nr. 96/2009, verði með frumvarpinu og viðbótarsamningum við Breta og Hollendinga að engu. Það hefur ekki verið gefinn neinn tími í fjárlaganefnd til að fara yfir ítarlegar álitsgerðir frá Mishcon de Reya og IFS-greiningu um efni þessara samninga. Enn virðist ríkisstjórnin leyna trúnaðargögnum um þessa samningsgerð, sem telja verður hreint ábyrgðarleysi af ríkisstjórn, ekki síst þegar um er að ræða mál sem varðar þjóðarheill. Flestir þeir sérfræðingar sem fengnir hafa verið á fund nefndarinnar gagnrýna þessa samningagerð harðlega, en illu heilli hefur ekki verið hlustað á þá og raunar hefur fjármálaráðherra þjóðarinnar lagt sig fram við að gera lítið úr þeim álitsgerðum sem fengist hafa – þegar hann ætti þvert á móti að fagna því að menn taki málstað Íslendinga.

Þessir samningar, eins og þeir nú standa, vega að sjálfstæði þjóðarinnar. Þeir stefna tækifærum ungra Íslendinga í voða og að mati 3. minni hluta hefur Alþingi Íslendinga á árinu 2009 ekki leyfi til að binda hendur ófæddra Íslendinga á jafnveikum grunni og þarna er gert.

Þetta eru stórhættulegir gjörningar sem alls ekki má samþykkja. Á fyrri öldum stóðu Íslendingar saman gegn ofríki erlendra þjóða. Því er vart hægt að trúa að nú ætli ráðamenn þjóðarinnar að leggjast flatir fyrir slíku valdi. Nú reynir á þingheim – það eina rétta í þessari ömurlegu stöðu er að þingmenn sameinist um að verja hagsmuni og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar gegn þessum samningum.

Þriðji minni hluti leggur til að þessu máli verði vísað frá og úrslitatilraun verði gerð til að verja hagsmuni þjóðarinnar. Augljóst er að ekki er hægt að fara í samningaumleitanir við þessar þjóðir nema að því komi formenn allra flokka á Alþingi. Verði þessi tillaga felld er það eindregin afstaða 3. minni hluta að hafna með öllu þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir. Viðsemjendur okkar verða þá að láta sér það lynda að fara með ágreining þennan í eðlilegan lagalegan farveg fyrir íslenskum dómstólum. Þeirri niðurstöðu munum við Íslendingar að sjálfsögðu hlíta.

Niðurstaða.

Í ljósi alls framangreinds leggur 3. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. des. 2009.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Ólöf Nordal.

Fylgiskjöl með álitinu:

I. Álit frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar. (28. desember 2009.)
II. Minnisblað frá Indefence um álit Mishcon de Reya. (28. desember 2009.)
III. IFS-greining: Áhættugreining Icesave-samnings og skuldabyrðar þjóðarinnar. (23. desember 2009.)

603. Svar [302. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Vinnumálastofnun.

1. *Hverjar eru lögbundnar tekjur Fæðingarorlofssjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá gildistöku laga nr. 95/2000?*

Fæðingarorlofssjóður fær tekjur af gjaldstofni til tryggingagjalds og hefur sjóðurinn fengið 1,08% hlutdeild í gjaldinu frá árinu 2005 en árin á undan var hlutdeildin 0,85%.

2. *Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?*
3. *Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?*

Lög nr. 95/2000 komu til framkvæmda 1. janúar 2001. Taflan sýnir árlegar tekjur og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs frá og með árinu 2001 og stöðu sjóðsins um hver áramót.

Ef áætlun um tekjur og gjöld á árinu 2009 gengur eftir verður sjóðurinn með jákvæða eiginfjárstöðu í árslok 2009, en sjóðurinn hefur verið með neikvæða eiginfjárstöðu frá árinu 2004.

Fæðingarorlofssjóður. Tekjur og útgjöld 2001–2009 (millj. kr.).

	2001	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**[1]
Tekjur	3.554	3.892	3.966	4.152	5.898	7.381	8.066	9.505	10.044
Gjöld	2.853	4.654	5.682	6.716	6.724	7.069	8.161	9.753	10.325
Tekjuafgangur/halli fyrir ríkisframlag	701	–762	–1.716	–2.564	–826	312	–95	–248	–248
Ríkisframlag	412	362	361	422	435	479	493	514	579
Tekjuafgangur/halli ársins	**1.113**	**–400**	**–1.355**	**–2.142**	**–391**	**791**	**398**	**266**	**331**
Eiginfjárstaða í lok árs	**2.519**	**2.531**	**1.176**	**–966**	**–1.538**	**–737**	**–328**	**–79**	**252**

[1]Áætlaðar tekjur í fjárlögum 2009.

604. Svar [262. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um útboð á sérleyfum til olíuleitar.

*Hvað telur ráðherra geta skýrt meiri áhuga á útboði Grænlendinga á sérleyfum til olíuleitar en útboði Íslend*inga?

Olíuleit við Grænland hefur staðið yfir með hléum frá árinu 1969. Umsvif vegna olíuleitarinnar hafa sveiflast í takt við olíuverð en mikill uppgangur hefur verið í olíuleit við Grænland undanfarin ár. Leitin hófst vestur af landinu, sunnan Diskóflóa, á hafsvæði sem einkennist af því að lítið er um hafís og því hægt að stunda siglingar allt árið um kring. Miklar mælingar hafa verið gerðar á jarðlögum með jarðeðlisfræðilegum aðferðum ásamt því að boraðar hafa verið olíuleitarholur. Fimm holur voru boraðar á tímabilinu 1976–1977 án nokkurs árangurs og eftir það lagðist olíuleit á því svæði í dvala um margra ára skeið. Á árunum 1985–1989 voru gerðar olíurannsóknir á Jameson-landi á Austur-Grænlandi sem sýndu að á hluta svæðisins eru aðstæður fyrir hendi til að olía eða gas gætu hafa myndast. Um 1990 tók olíuleitin aftur við sér, m.a. með hljóðendurvarpsmælingum sem gerðar voru af jarðfræðistofnun Danmerkur og Grænlands og með rannsóknum á landi sem sýndu ummerki um olíu en þó ekki í vinnanlegu magni. Árið 2000 var boruð sjötta leitarholan vestur

af Grænlandi. Engin ummerki um olíu eða gas fundust, en mikilvægar upplýsingar bættust við þekkingu á jarðlögum á svæðinu.

Landgrunnið norðvestan og norðaustan við Grænland er talið hafa mikla olíumöguleika, en þessi hafsvæði eru ísilögð stóran hluta ársins. Til að koma af stað rannsóknum á þessum erfiðu svæðum var KANUMAS-hópurinn stofnaður en í houm eru sex olíufélög (Statoil, BP, ExxonMobil, ChevronTexaco, Shell og Japan Oil, Gas and Metals National Corporation) sem munu hafa forgang að sérleyfum í útboði sem verður haldið 2012 fyrir svæðið norðaustur af Grænlandi. Rannsóknirnar sem KANUMAS-hópurinn hefur fjármagnað gefa góða mynd af olíujarðfræði þessara svæða.

Fyrsta útboð sérleyfa á Grænlandi var haldið árið 1992 fyrir svæði vestur af landinu, sunnan 66°N. Engar umsóknir bárust í því útboði. Árið 1998 var lagaramminn um leyfisveitingar endurskoðaður og næsta útboð haldið árið 2002, fyrir svæði vestur af landinu, milli 63°N og 68°N, með nýjum útboðsreglum sem veittu m.a. grænlenska ríkisolíufélaginu heimild til þátttöku í sérleyfum. Eitt sérleyfi var veitt í útboðinu til tveggja félaga en þau eru kanadíska félagið Encana Coporation og breska félagið Capricorn Atammik Limited. Næsta útboð var haldið árið 2004 fyrir fjögur leyfissvæði vestur af landinu, eitt sérleyfi var veitt fyrir einn hluta leyfissvæðanna til Encana Corporation og Capricorn Lady Franklin Limited sem einnig er breskt félag. Síðasta útboð fór fram í tveimur hlutum árið 2006 fyrir átta svæði vestur af Grænlandi, milli 67°N og 71°N. Sjö sérleyfi voru veitt í útboðinu, fyrirtækin sem eiga aðild að leyfunum í mismunandi hlutföllum eru:

- Husky Oil Operations Limited (Kanada),
- Esso Exploration Greenland Limited (Bandaríkin),
- Chevron Greenland Exploration A/S (Bandaríkin),
- DONG Grønland (Danmörk),
- Capricorn Greenland Exploration Limited (Bretland),
- PA Resources AB (Svíþjóð).

Ekkert þessara félaga tekur þátt í öllum sérleyfunum sem veitt voru eftir útboðið árið 2006 heldur taka þau þátt í leyfunum ýmist eitt eða í hópi sem í eru allt að þremur af þessum félögum. Nunaoil, ríkisolíufélag Grænlendinga, heldur 12,5% hlut í öllum sérleyfum sem veitt hafa verið frá og með 2002 án þess að greiða samsvarandi hluta af kostnaðinum en þátttaka Nunaoil er eitt af útboðsskilyrðum Grænlendinga.

Umsóknarfrestur í næsta útboði sérleyfa fyrir svæðið norðvestur af Grænlandi er 1. maí 2010, en í tengslum við útboðið bárust 13 umsóknir frá fyrirtækjum um heimildir til að gerast rekstraraðilar í leyfum sem veitt verða í útboðinu. Þessar umsóknir eru ekki bindandi og því ekki víst að öll þessi fyrirtækinu taki þátt í útboðinu.

Þrátt fyrir að töluvert sé til af gögnum um jarðlögin á íslenska landgrunninu, og þá sérstaklega á Drekasvæðinu, þá er það minna en það sem til er fyrir grænlenska landgrunnið. Viðamiklar rannsóknir voru gerðar með sameiginlegum mælingum Íslendinga og Norðmanna árin 1985 og 1988. Niðurstaða þeirra var að miðað við olíuverð þess tíma og tækniþekkingu þá væri olíuvinnsla á Drekasvæðinu ekki hagkvæm. Aðstæður breyttust með hækkandi olíuverði ásamt aukinni tækniþekkingu og í kjölfarið jókst áhuginn aftur um 2000. Árin 2001 og 2002 voru gerðar mælingar af olíuleitarfélögum í samræmi við leitarleyfi sem þeim voru veitt. Þessi gögn ásamt gögnunum frá 1985 og 1988 gefa góða heildarmynd af jarðfræði Drekasvæðisins. Engar boranir hafa hins vegar farið fram á Drekasvæðinu.

Í fyrsta útboði sérleyfa til olíuleitar á Drekasvæðinu sem haldið var fyrri hluta þessa árs bárust tvær umsóknir sem byggðust á þeim gögnum og þekkingu sem fyrir hendi er. Efna-

hagsástand í heiminum á útboðstímabilinu og lágt olíuverð hefur eflaust haft áhrif á niðurstöður útboðsins og bárust Orkustofnun fregnir af öðrum félögum sem voru við það að senda inn umsókn en hættu við á síðustu stundu vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum. Þrátt fyrir þetta ástand ákváðu tvö fyrirtæki að olíulíkurnar á svæðinu væru nægilegar miklar til að sækja um sérleyfi en drógu síðar umsóknir sínar til baka.

Á Grænlandi hafa einnig fundist ummerki um olíu á landi, þ.e. sýnt hefur verið fram á að olía hefur myndast, sem eykur verulega líkur á því að olíuleit heppnist í samsvarandi jarðlögum á hafsbotni. Miklu máli skiptir fyrir olíufélögin þegar metið er hvort sækja eigi um sérleyfi á nýjum svæðum að líkur þess að finna megi olíu séu nægilega miklar en ummerki um olíu á landi auka þær mikið. Ekki hefur enn verið sýnt fram á að olía eða gas hafi myndast á Drekasvæðinu, en grundvöllurinn að núverandi mati eru m.a. rannsóknir sem gerðar hafa verið á Austur-Grænlandi. Bandaríska jarðfræðistofnunin (U.S. Geological Survey) hefur nýverið lagt mat á líklegt magn af olíu sem gæti verið að finna við Vestur- og Austur-Grænland og komst að þeirri niðurstöðu að um sjö milljarða tunna gæti verið að ræða vestan Grænlands en um níu milljarða tunna gæti verið að ræða austan Grænlands. Í þessari sömu rannsókn var niðurstaðan sú að ekki væri til nægilega mikið af gögnum til að leggja mat á mögulegt olíumagn á Drekasvæðinu með aðferðafræðinni sem beitt var við rannsóknina.

Olíuleit á og við Grænland á sér því lengri sögu en olíuleit við Ísland. Ekki hefur fundist olía við Grænland í vinnanlegu magni, en ummerki um olíu hafa fundist í borkjörnum á landi. Helsta skýring þess að meiri áhugi er á útboði Grænlendinga á sérleyfum til olíuleitar en útboði Íslendinga felst í því að mun meiri þekking er á olíujarðfræðinni við Grænland en við Ísland, auk þess sem um víðfeðmari svæði er að ræða við Grænland. Í rauninni byggist þekking á olíujarðfræði Drekasvæðins að hluta til á rannsóknum á Austur-Grænlandi. Við mat fyrirtækja á því hvort sækja eigi um sérleyfi á nýjum svæðum líta til fyrirtækin einkum til jarðfræðinnar.

Mikilvægt er fyrir Íslendinga að halda áfram að byggja á reynslu nágrannaþjóða, eins og Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna. Hafa ber í huga að olíufundur í nágrenni við Ísland hefði jákvæð áhrif á olíuleit hér ásamt því sem olíufundur hér myndi hafa jákvæð áhrif á olíuleit í nágrannalöndunum. Reynsla Grænlendinga og Færeyinga á olíuleit sýnir að um er að ræða langt ferli og að framgangur leitarinnar tengist aðstæðum í heiminum á hverjum tíma.

605. Framhaldsnefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og fjallað um fyrningu hugsanlegra embættisbrota ráðherra. Á fund nefndarinnar komu Ásmundur Helgason frá Alþingi og Björg Thorarensen frá Háskóla Íslands.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, getur málshöfðun út af embættisbroti ráðherra ekki átt sér stað ef þrjú ár eru liðin frá því að brot var framið. Í 2. mgr. 14. gr. er þó kveðið á um að skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að athuga störf ráðherra rjúfi fyrninguna og að þá geti Alþingi jafnan samþykkt málshöfðun innan árs frá kosningu rannsóknarnefndarinnar. Þessi heimild getur því lengt fyrningarfrestinn sem þessu nemur.

Ljóst er að skipun rannsóknarnefndar utanþingsmanna, sbr. lög nr. 142/2008, rýfur ekki fyrningu mögulegra embættisbrota ráðherra. Komi fram ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndarinnar um mistök sem ráðherra ber ábyrgð á kemur það í hlut þingnefndarinnar sem er ætlað að vinna úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar að meta hvort leggja eigi til að höfðað verði mál gegn viðkomandi ráðherra. Í frumvarpinu er þingnefndinni hins vegar ekki skýrlega veitt staða rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar og henni falið að athuga störf ráðherra. Kosning hennar leiðir því sennilega ekki til rofs á fyrningu embættisbrota ráðherra nema lögjafnað verði frá 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð. Nefndin telur óvarlegt að ganga út frá því að fallist verði á slíka lögjöfnun. Niðurstaðan er því sú að gefi skýrsla rannsóknarnefndarinnar tilefni til að athuga störf ráðherra í ljósi laga um ráðherraábyrgð, og út frá því er gengið að kosning þingnefndarinnar rjúfi ekki fyrningu slíkra brota, kunna einhver mál að fyrnast meðan á athugun nefndarinnar stendur.

Nefndin bendir á að ekki verður gert kunnugt um efni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fyrr en í lok janúar 2010. Því er enn óljóst hvort ráðherrum hafi orðið á mistök í aðdraganda hrunsins, hvort þau mistök varði við lög um ráðherraábyrgð, hvenær þau hafi átt sér stað og hvort þau teljist þá fyrnd. Ekki er þó hægt að útiloka að á þetta kunni að reyna. Eins og frumvarpið liggur fyrir yrði í slíku tilviki undir þingnefndinni komið og hversu hratt hún ynni hvort mál kæmi til með að fyrnast. Bagalegt væri ef hún teldi sig knúna til að hraða svo mjög athugun sinni, til að koma í veg fyrir fyrningu sakar, að ekki gæfist tóm til að íhuga slíkt mál frá öllum hliðum. Nefndin telur ekki fært að þingnefndinni verði gert að starfa undir slíkum þrýstingi og að það skapi hættu á óvandaðri málsmeðferð. Því telur nefndin ástæðu til að bregðast við þessu atriði að því marki sem stjórnarskráin leyfir.

Innan nefndarinnar var rætt um hvort rétt væri að ljá þingnefndinni stöðu rannsóknarnefndar þingmanna skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Komi fram ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um mistök ráðherra í starfi yrði það meðal verkefna hennar að taka þau atriði í störfum hans til athugunar. Til að þessi leið hafi tilætluð áhrif þarf að ganga út frá því að með breytingunni sé fullnægt kröfum 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð og að fyrning ætlaðra embættisbrota muni rofna þegar skýrslan kemur fram.

Önnur leið kom einnig til umræðu. Hún felst í því að bæta við lögin fyrirmælum um að kosning þingnefndarinnar hefði sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að athuga störf ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð. Þessi leið fæli í sér að fyrning hugsanlegra embættisbrota ráðherra rofnaði við kosningu þingnefndarinnar með sama hætti og kosning rannsóknarnefndar þingmanna rýfur fyrningu ef henni er falið er að athuga störf ráðherra.

Fyrri leiðin er að mati nefndarinnar í góðu samræmi við gildandi rétt, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherrábyrgð. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar eru ekki gerðar ákveðnar kröfur til þess hvernig rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðinu skuli komið á fót og fordæmi er fyrir því að skipan slíkrar nefndar sé reist á lögum en ekki þingsályktun. Á hinn bóginn þykir nefndinni ekki að öllu leyti ljóst hvort þessi leið muni hafa tilætluð áhrif. Ekki er hægt að útiloka að sá skilningur yrði lagður í 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð að til að rjúfa fyrningu

þyrfti Alþingi að kjósa rannsóknarnefnd út af tilteknum atriðum í störfum ákveðins ráðherra. Það er því alls ekki víst að það leiði til rofa á fyrningu ef þingmannanefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar fær það verkefni að fjalla um ákveðin störf ráðherra án þess að Alþingi hafi beinlínis tekið afstöðu til þess að þau störf kalli á rannsókn.

Síðari leiðin er að mati nefndarinnar skýrari og í betra samræmi við þau skref sem þegar hafa verið stigin við rannsókn efnahagsáfallanna. Hún er reist á þeirri forsendu að kosning þingnefndar sem hefur það hlutverk að gera tillögur um viðbrögð Alþingis í tilefni af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sé í öllum meginatriðum hliðstæð því að Alþingi kjósi rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin bendir á að rannsóknarnefnd Alþingis sé samkvæmt lögum nr. 142/2008 ætlað að fjalla um ábyrgð manna á mistökum, þ.m.t. ráðherra, og gefa þeim sem ætla má að hafi orðið á mistök færi á að tjá sig áður en skýrslunni verður skilað. Þegar málið kemur til kasta þingnefndarinnar hefur rannsókn á þætti einstakra manna í hruninu því farið fram á vettvangi rannsóknarnefndarinnar og þeir fengið aðilastöðu. Rannsóknin ætti því að vera komin mun lengra á veg gagnvart einstökum mönnum en almennt þegar rannsóknarnefnd þingmanna er skipuð til að athuga störf ráðherra. Ef gripið er til samlíkingar við almenn sakamál má segja að málið sé með skýrslugjöf rannsóknarnefndar Alþingis komið á ákærustig að lokinni rannsókn.

Nefndin hefur skoðað sérstaklega hvort með síðari leiðinni sé gengið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum hugsanlegra sakborninga. Það getur þó aðeins átt við þá sem kunna að hafa gerst sekir um brot gegn lögum um ráðherraábyrgð sem hefðu að óbreyttum lögum átt að fyrnast á tímabilinu frá kosningu þingnefndarinnar og fram að samþykkt ályktunar um saksókn. Gagnvart þeim vaknar sú spurning hvort verið sé að breyta lögunum afturvirkt þannig að það fari í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin hefur kynnt sér dóm Hæstaréttar frá 29. apríl 2004 í máli nr. 32/2004 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði sem færði upphafstíma fyrningar á kynferðisbrotum gegn börnum fram til 14 ára aldurs brotaþola gæti ekki átt við um brot sem voru framin fyrir gildistöku ákvæðisins. Nefndin telur að breyting á reglum sem fjalla um það með hvaða hætti Alþingi getur rofið fyrningu refsiverðra brota ráðherra, sem fyrnast almennt á þremur árum, sé ekki sambærileg því að breyta upphafstíma fyrningar hegningarlagabrota sem fyrnast á 15 árum eins og í því tilviki sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar. Þá verði að skoða málið í samhengi við að Alþingi hefði getað og er raunar hvenær sem er heimilt að bregðast við ætluðum brotum ráðherra með skipun rannsóknarnefndar þingmanna. Samkvæmt gildandi lögum rýfur sú aðgerð fyrningu slíkra brota, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð. Ráðherrar, sem kunna að hafa gerst sekir um brot af þessu tagi, geta því ekki út frá gildandi lögum bundið tilteknar væntingar við að fyrning brotanna rofni ekki fyrr en á einhverjum tilteknum tímapunkti. Aftur á móti eiga þeir að geta vænst þess að gildandi reglum um upphafstíma fyrningar eða lengd hennar verði ekki breytt afturvirkt sakborningi í óhag. Að mati nefndarinnar verður enn fremur að gæta þess að breyta ekki reglum um rof fyrningar afturvirkt þannig að heimilt verði að refsa út af brotum sem voru fyrnd þegar reglurnar tóku gildi.

Eftir að hafa farið yfir þau sjónarmið sem komið hafa fram í nefndinni er það mat hennar að það stangist ekki á við stjórnarskrá að samþykkja breytingu á frumvarpinu sem leggur kosningu þingnefndar, sem er m.a. ætlað að gera tillögur um viðbrögð þingsins við ábendingum rannsóknarnefndar Alþingis um mistök einstakra ráðherra, að jöfnu við kosningu rannsóknarnefndar þingmanna til að athuga störf ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð. Þessi ályktun byggist á eftirfarandi sjónarmiðum:

1. Ekki er verið að breyta reglum um rof fyrningar afturvirkt þannig að verið sé að heimila málshöfðun út af brotum sem verða fyrnd við gildistöku laganna.
2. Ekki er hróflað við upphafstíma fyrningar eða lengd fyrningartímans. Um þessi atriði gilda óbreyttar reglur.
3. Þeir sem kunna að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð geta út frá þeim lögum sem í gildi voru þegar ætlað brot var framið ekki vænst þess að fyrning þess rofni ekki fyrr en á tilteknum tímapunkti. Alþingi getur hvenær sem er rofið fyrninguna með því að kjósa rannsóknarnefnd alþingismanna skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að athuga störf ráðherra.
4. Rannsókn á ábyrgð einstakra manna á mistökum í aðdraganda að falli bankanna stendur yfir og lýkur með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Alþingi verður m.a. í ljósi 14. gr. stjórnarskrárinnar að bregðast við henni. Formleg athugun á störfum ráðherra í tengslum við efnahagsáföllin er því í raun lengra á veg komin nú en hún hefði verið ef sú leið hefði verið farin að kjósa rannsóknarnefnd alþingismanna til að athuga málið. Fyrning mögulegrar sakar hefur þó ekki átt sér stað eins og gerst hefði ef rannsóknarnefnd alþingismanna hefði verið skipuð.
5. Ekki er eðlilegt að hugsanlegir sakborningar njóti betri stöðu með tilliti til fyrningar út af því hvernig Alþingi kaus að málið yrði rannsakað.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við b-lið 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kosning þingmannanefndarinnar hefur sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Birgir Ármannsson og Vigdís Hauksdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 28. des. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Arndís Soffía Sigurðardóttir.
Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ásmundur Einar Daðason.
Róbert Marshall.		Þráinn Bertelsson.

606. Svar [310. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um skuldameðferð sjávarútvegsfyrirtækja í bönkum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið af skuldum útgerðarfyrirtækja varð eftir í þrotabúum gömlu bankanna þriggja, sundurliðað eftir bönkum?*
2. *Hve stór hluti skulda útgerðarfyrirtækja fluttist yfir í nýju bankana þrjá, sundurliðað eftir bönkum?*
3. *Hvaða verklagsreglur voru viðhafðar við mat á yfirfærslu skulda sjávarútvegsfyrirtækja úr gömlu bönkunum í þá nýju?*
4. *Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið afskrifuð eftir bankahrunið og ef svo er, í hve miklum mæli?*
5. *Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið og ef svo er, hvaða upphæðir er um að ræða og til hve langs tíma?*

Viðskiptabankarnir Landsbanki Íslands hf., Glitnir hf. og Kaupþing hf. voru almenn hlutafélög skráð á markaði þar til í október 2008. Þó svo að Fjármálaeftirlitið, á grundvelli laga nr. 125/2008, hafi gripið inn í rekstur bankanna voru þeir eftir sem áður viðskiptabankar á samkeppnismarkaði. Viðskiptabankar lúta reglum laga um fjármálafyrirtæki og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglum settum á grundvelli þeirra, m.a. um meðferð trúnaðarupplýsinga.

NBI hf., Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. eru einnig hlutafélög og þótt ríkissjóður eigi, eða kunni að eignast, hlutabréf í einhverjum þeirra, eða öllum, lúta þeir lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fer fjármálaráðherra með hluti ríkissjóðs í þessum viðskiptabönkum.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Né hefur það undir höndum upplýsingar um skuldir einstakra viðskiptamanna bankanna. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði er í höndum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, utan lausafjáreftirlit sem Seðlabanki Íslands hefur á sinni könnu.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir er ekki unnt að veita svar við einstökum liðum fyrirspurnarinnar.

607. Svar [80. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Davíðs Stefánssonar um forvarnir og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi.

1. *Hversu miklum fjármunum er varið árlega í annars vegar forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og hins vegar viðbrögð við afleiðingum kynbundins ofbeldis?*

Félags- og tryggingamálaráðuneytið vinnur að framkvæmd þeirra aðgerða í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá september 2006 vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis

sem falla undir málefnasvið þess. Áætlunin er til fjögurra ára og gildir til ársins 2011. Um er að ræða aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir á gildistíma aðgerðaáætlunarinnar til að fyrirbyggja heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi og bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar. Samráðsnefnd fjögurra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga, undir stjórn félags- og tryggingamálaráðuneytisins, fylgir áætluninni eftir. Aðgerðaáætlunin lýtur bæði að forvörnum og viðbrögðum við afleiðingum kynbundins ofbeldis. Félags- og tryggingamálaráðherra hyggst leggja til að umrædd aðgerðaáætlun verði endurmetin í upphafi árs 2010 í ljósi reynslu síðustu ára.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur árlega haft 9,5 millj. kr. til umráða vegna þeirra verkefna sem falla undir málefnasvið þess síðastliðin þrjú ár, eða samtals 28,5 millj. kr. Þau verkefni sem þegar hafa verið framkvæmd eru eftirfarandi:

Fræðslurit um ofbeldi í nánum samböndum.

Þekking, fræðsla og menntun þeirra sem vinna að málefnum kvenna sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum hefur mikilvægt forvarnagildi. *Ofbeldi í nánum samböndum – Orsakir, afleiðingar, úrræði* er heiti fræðslurita fyrir fagstéttir sem félags- og tryggingamálaráðuneytið gaf út í janúar 2009 fyrir tilstuðlan samráðsnefndarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Markmið útgáfunnar er að efla fræðslu og þekkingu þeirra sem sinna og vinna með konum sem hafa verið beittar ofbeldi af nákomnum aðilum. Fræðsluritin eru fimm talsins. Eitt þeirra fjallar á almennan hátt um ýmsar staðreyndir varðandi ofbeldi gegn konum í nánum samböndum, rannsóknir sem gerðar hafa verið, birtingarmyndir ofbeldisins og afleiðingar þess. Þetta rit er einkum ætlað til kennslu. Hin ritin fjögur eru skrifuð með það að markmiði að nýtast tilteknum stéttum í starfi. Eitt ritanna er fyrir ljósmæður, annað fyrir aðrar heilbrigðisstéttir, þriðja fyrir starfsfólk félagsþjónustu og fjórða ritið er ætlað lögreglunni. Sjá nánar: http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4153.

Rannsókn á ofbeldi í nánum samböndum.

Rannsóknir á kynbundnu ofbeldi leiða til aukinnar þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum þess. Er það nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að vinna að forvörnum og skýrri stefnumótun á þessu sviði. Rannsóknir leiða einnig til upplýstrar umræðu um viðfangsefnið og geta þannig orðið mikilvægur þáttur í að brjóta niður þann þagnarmúr sem hefur þótt einkenna þennan málaflokk.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið ber samkvæmt aðgerðaáætluninni eitt ábyrgð á að framangreind rannsókn verði gerð. Markmiðið er að umfang og eðli kynbundins ofbeldis hér á landi verði rannsakað í þeim tilgangi að kanna hversu útbreitt það sé, til hvaða aðgerða sé rétt að grípa og að sérstaklega verði litið til samanburðar við önnur lönd að þessu leyti. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í ráðuneytinu, en Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands var falið að framkvæma rannsóknina.

Rannsóknin skiptist í sex hluta. Fyrsti hlutinn var umfangskönnun sem fór þannig fram að hringt var í 3.000 konur á aldrinum 18–80 ára með tilviljunarkenndu úrtaki úr þjóðskrá. Rannsóknin var gerð í september–desember 2008. Svarhlutfall var 68%. Sjá nánar: http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4329.

Auk símakönnunar var ákveðið að rannsaka hvaða viðbrögð og þjónustu konur, sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum, fá hjá þeim stofnunum samfélagsins sem þær leita til. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð hér á landi en rannsóknin var gerð hjá félags-

þjónustu sveitarfélaga og barnavernd annars vegar og grunnskólum hins vegar. Báðar þær rannsóknir fóru fram með viðtölum við starfsmenn í nokkrum sveitarfélögum og lauk í október 2009. Sjá nánar: http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4532.

Þá er hafinn undirbúningur á rannsókn hjá heilbrigðisþjónustunni. Gert er ráð fyrir að hún hefjist í ársbyrjun 2010 og áætlað að henni ljúki sumarið sama ár. Einnig er ætlunin á næsta ári að gera rannsókn hjá félagasamtökum sem fást við ofbeldi gegn konum, svo sem hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum. Ætlunin var að gera rannsókn hjá lögreglu, en sú könnun er þegar í vinnslu hjá öðrum aðila og mun félags- og tryggingamálaráðuneytið fá skýrslu um hana hjá Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd.

Leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélög.

Mikilvægt er að sveitarfélög landsins starfi markvisst að forvörnum, þar á meðal fræðslu til almennings, svo koma megi í veg fyrir kynbundið ofbeldi meðal íbúa þess. Hafin er vinna á vegum fyrrnefndrar samráðsnefndar að gera slíka áætlun með sveitarfélögum. Sérstök undirnefnd samráðsnefndarinnar heldur utan um þá vinnu. Í þessari áætlun munu meðal annars koma fram leiðir að forvörnum og skimun á ofbeldi og afleiðingum þess. Ein af þeim leiðum er að koma á þverfaglegu samstarfi í þessum málaflokki. Mjög mikilvægt er að tryggja að nærþjónusta við þolendur sé skilvirk og ljóst sé hvert leita skuli aðstoðar ef á þarf að halda. Þá er ekki síður mikilvægt að ólíkir þjónustuaðilar innan sveitarfélaganna tryggi gott samstarf sín á milli.

Karlar til ábyrgðar.

Í maí 2006 skrifaði þáverandi félagsmálaráðherra undir samning um framkvæmd verkefnisins *Karlar til ábyrgðar.* Markmið verkefnisins er að gerendur sem beitt hafa konur kynbundnu ofbeldi eigi kost á meðferð í þeim tilgangi að rjúfa mynstrið og að þeir fái meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar vegna þess að þeir hafa beitt ofbeldi. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðartilboðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Reynslan af slíku meðferðarstarfi er góð, bæði hér á landi og erlendis, en talið er að árlega séu um 1.100 konur beittar ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Sálfræðingar annast meðferðarstarfið. Áhersla er lögð á að gerendur komi sjálfviljugir í meðferð og axli sjálfir ábyrgð á ofbeldinu. Meðferðin byggist á einstaklingsviðtölum og getur staðið frá sex mánuðum til tveggja ára.

Samhliða meðferðarstarfinu starfar sérstök verkefnisstjórn með þátttöku Jafnréttisstofu, heilbrigðisráðuneytis og Samtaka um Kvennaathvarf og er fulltrúi Jafnréttisstofu verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og standa fyrir mati á árangri verkefnisins. Árlega eru veittar 6,5 millj. kr. í umrætt verkefni.

Neyðarkort.

Kortið var fyrst gefið út árið 2005 en var endurútgefið sumarið 2008. Kortið ber heitið „Við hjálpum“ og á því eru símanúmer sem þolendur kynbundins ofbeldis geta hringt í þarfnist þær hjálpar. Kortið er á íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku. Karlanefnd Femínistafélags Íslands hefur séð um að dreifa kortinu á útiskemmtunum um verslunarmannahelgar. Eintök af kortinu voru jafnframt send til fjölmargra stofnana, sveitarfélaga og annarra aðila og þeir hvattir til að hafa þau aðgengileg þeim sem til þeirra leita og kortin gætu hugsanlega komið til góða.

Árlega er gert ráð fyrir fjárframlagi úr ríkissjóði á grundvelli fjárlaga til Kvennaathvarfsins í Reykjavík og Stígamóta. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2009 fékk Kvennaathvarfið í Reykjavík 43,1 millj. kr. og Stígamót 35,7 millj. kr.

Þess má einnig geta að félags- og tryggingamálaráðherra hefur veitt styrki í þennan málaflokk af ráðstöfunarfé sínu. Árið 2008 veitti þáverandi ráðherra tæpar 8,5 millj. kr. í styrki til félagasamtaka sem sinna forvarnaverkefnum gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum eða verkefnum sem ætluð eru til að veita þolendum aðstoð og stuðning. Verkefnin sem um ræðir styðja við markmið áætlunar ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Styrkir til samtaka sem aðstoða þolendur kynbundins ofbeldis voru veittir Samtökum um kvennaathvarf, Stígamótum og Sólstöfum, kvennaathvarfi á Vestfjörðum. Styrkir til forvarnaverkefna voru veittir samtökunum Blátt áfram til námskeiðahalds fyrir starfsfólk sem vinnur með fötluðum börnum og Þekkingarsetri styrktarfélagsins Ás til námskeiðahalds fyrir þroskaheft og heyrnarlaus börn og ungmenni.

2. *Hvaða skilgreiningar notar ráðuneytið til að afmarka annars vegar forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og hins vegar viðbrögð við afleiðingum þess?*

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki stuðst við ákveðnar skilgreiningar um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og viðbrögð við afleiðingum þess en leggur ávallt áherslu á að fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað á þessu sviði hverju sinni, meðal annars með samráði við frjáls félagasamtök. Í því sambandi má nefna að sú breyting var gerð á skipan Jafnréttisráðs með lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að Samtök um kvennaathvarf og Stígamót eiga þar einn sameiginlegan fulltrúa. Ráðinu er ætlað að vera félags- og tryggingamálaráðherra sem og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Í athugasemdum við frumvarpið er varð að þeim lögum er tekið fram að það þyki sérstaklega mikilvægt að Samtök um kvennaathvarf og Stígamót eigi þar fulltrúa enda sé það eitt af markmiðunum að unnið sé gegn kynbundnu ofbeldi. Enn fremur hefur fulltrúi ráðuneytisins tekið þátt í samstarfi á vettvangi Evrópuráðsins um smíði nýs samnings um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og ofbeldi í nánum samböndum (e. *draft convention on preventing and combating violence against women and domestic violence*).

608. Svar [292. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við fréttaritara í Brussel.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er áætlaður árlegur heildarkostnaður við áform Ríkisútvarpsins um að koma á starfi fréttaritara í Brussel?

Óskað var eftir upplýsingum fra Ríkisútvarpinu ohf. um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Eftirfarandi er svar þess:

Í ljósi þröngs fjárhags Ríkisútvarpsins ákvað félagið fyrir nokkru að hætta við áform um að hafa fréttamann staðsettan í Brussel.

609. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (HöskÞ).

Varatillögur (sbr. frávísunartillögu í frhnál. á þskj. 601):

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vaxtagreiðslur miðast við 23. október 2009.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Í stað greinarinnar komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      a. Í stað „4%“ og „2%“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 3,85%, og: 1,94%.
      b. 5. mgr. orðast svo:
         Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. og þar með eftirstöðvar í lok lánatímabilsins árið 2024 fellur ríkisábyrgðin á eftirstöðvunum niður.
   b. (3. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
      a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sami fyrirvari á við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð sé ekki til staðar, einnig ef í ljós kemur að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands hf.
      b. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. kemur einn nýr málsliður, svohljóðandi: Ábyrgðin er bundin við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti á það reyna fyrir slita- eða skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands hf. hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu og hagi kröfulýsingu sinni þannig að reynt geti á þennan rétt, með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar.
      c. 3. mgr. fellur brott.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
   Ríkisábyrgðin grundvallast á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka. Til að fyrirbyggja greiðslufall ríkissjóðs fellur ríkisábyrgðin niður ef:
   a. hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu fer yfir 240%,
   b. hlutfall erlendra skulda opinberra aðila af skatttekjum fer yfir 250%,
   c. hlutfall erlendra afborgana og vaxta af útflutningstekjum fer yfir 150%.

610. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 2. mgr., að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna skuldbindinga sjóðsins sem stafa af lánum hans frá breska og hollenska ríkinu samkvæmt samningum dags. 5. júní 2009 og viðaukasamningum 19. október sama ár til að standa straum af lágmarksgreiðslum, sbr. 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Þessi heimild takmarkast ekki af öðrum ákvæðum laganna. Ábyrgðin, sem í samræmi við lánasamningana gengur í gildi 5. júní 2016, ræðst einvörðungu af ákvæðum samninganna.

Bera skal heimild fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. undir þjóðaratkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra manna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en sex vikum frá gildistöku laganna. Heimildin skal veitt sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi því.

611. Tillaga til þingsályktunar [341. mál]

um árlega ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Birkir Jón Jónsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðuneyti og umhverfisráðuneyti að vinna ásamt Háskólanum á Akureyri að undirbúningi árlegrar ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna. Jafnframt verði leitað alþjóðlegs samstarfs og stuðnings við verkefnið.

Greinargerð.

Í september 2008 var í fyrsta sinn haldið alþjóðlegt þing á Akureyri um lögfræðileg málefni heimskautasvæðanna (Looking Beyond the International Polar Year). Háskólinn á Akureyri stóð fyrir ráðstefnunni og var Háskóli Sameinuðu þjóðanna í Tókýó meðal þeirra sem tóku þátt í undirbúningnum. Ráðstefnunni var ætlað að vera upphafið að árlegu ráðstefnuhaldi með yfirskriftinni „The Polar Law Symposium“. Þingið sátu helstu sérfræðingar á sviði heimskautaréttar og vakti ráðstefnan athygli víða um heim.

Í ávarpi sínu í upphafi þings sagði dr. Bakary Kante, yfirmaður laga- og sáttmáladeildar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP), að hann sæi fyrir sér að Akureyri yrði eins konar Davos umhverfismála og mundi hann leggja sitt af mörkum til að svo mætti verða. Dr. Kante sagði árlega ráðstefnu á Akureyri m.a. geta snúist um fjölþjóðlega umhverfissáttmála, hvernig þeir gætu verndað heimskautasvæðin, leyst vandamál og ógnir sem við er að glíma og á hvern hátt þeir gætu vísað leiðina við stjórn á umhverfismálum á heimskautasvæðunum þar sem allir jarðarbúar eiga verulegra hagsmuna að gæta. Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur gefið út skýrslu um ráðstefnuna og er þar helstu niðurstöðum þingsins lýst.

Í september 2009 var haldin önnur alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni The Polar Law Symposium. Í nóvember kom út fyrsta bindi árbókar heimskautaréttarins (The Yearbook of Polar Law, Martinus Nijhoff Publishers, Leiden – Boston 2009). Þar birtust flestir fyrirlestrarnir sem fluttir voru á ráðstefnunni árið áður (Looking Beyond the International Polar Year).

Þegar er hafinn undirbúningur að þriðju alþjóðlegu ráðstefnunni um málefni heimskautaréttarins undir yfirskriftinni The Polar Law Symposium sem ætlunin er að halda 9.– 11. september 2010. Ráðstefnuhaldið hefur frá upphafi tengst meistaraprófsnámi í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri en það hófst haustið 2008. Eins og ljóst má vera af áðurgreindu er mikilvægt að fylgja þessu framtaki eftir og missa ekki það frumkvæði sem hefur verið staðfest með tveimur fyrstu alþjóðaráðstefnunum á sviði heimskautaréttar. Þannig má treysta Akureyri í sessi sem vettvang á heimsvísu í umræðunni um stöðu heimskautasvæðanna.

612. Svar [250. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum skilanefnda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um skipan skilanefnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings banka og bankaráða með tilliti til jafnréttislaga og hefur Fjármálaeftirlitið beint einhverjum tilmælum til þessara aðila um hvernig beri að fara að jafnréttislögum?*
2. *Hafa fyrrnefndar skilanefndir skipað fólk í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja sem skilanefndirnar hafa tekið yfir að hluta eða öllu leyti? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
3. *Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa skilanefndirnar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
4. *Hafa skilanefndirnar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*

Viðskiptabankarnir Landsbanki Íslands hf., Glitnir hf. og Kaupþing hf. voru almenn hlutafélög skráð á markaði þar til í október 2008. Þó svo að Fjármálaeftirlitið, á grundvelli laga nr. 125/2008, hafi gripið inn í rekstur bankanna voru þeir eftir sem áður viðskiptabankar á samkeppnismarkaði. Viðskiptabankar lúta reglum laga um fjármálafyrirtæki og laga um

opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglum settum á grundvelli þeirra, m.a. um meðferð trúnaðarupplýsinga.

NBI hf., Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. eru einnig hlutafélög og þótt ríkissjóður eigi, eða kunni að eignast, hlutabréf í einhverjum þeirra, eða öllum, lúta þeir lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fer fjármálaráðherra með hluti ríkissjóðs í þessum viðskiptabönkum.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Né hefur það undir höndum upplýsingar um hvaða aðilar sitja í stjórnum yfirtekinna fyrirtækja fyrir hönd bankanna. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði er í höndum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, utan lausafjáreftirlit sem Seðlabanki Íslands hefur á sinni könnu.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir sendi ráðuneytið Fjármálaeftirlitinu bréf og óskaði eftir að það tæki saman svör við fyrirspurninni á grundvelli þeirra upplýsinga sem stofnunin kynni að búa yfir.

Svar Fjármálaeftirlitsins er svohljóðandi:

1. Fjármálaeftirlitið hefur ekki sett reglur um skipan skilanefnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings banka og bankaráða með tilliti til jafnréttislaga né hefur Fjármálaeftirlitið beint tilmælum til tilgreindra aðila um hvernig beri að fara að jafnréttislögum. Skipan í skilanefndir tilgreindra banka í október 2008 var með mjög skömmum fyrirvara og gafst ekki tími til að huga að jafnræði hvað varðar kynjahlutföll. Við undirbúning að skipan skilanefnda í þremur fjármálafyrirtækjum í mars 2009 var hins vegar haft í huga að sem jöfnust skipting yrði milli kynja.

2.–4. Vísað er í eftirfarandi upplýsingar með bréfi þessu (bréfi Fjármálaeftirlitsins til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins) sem geyma svör Landsbanka Íslands hf., Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf.

Í bréfi Landsbanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins kemur eftirfarandi fram:

Skilanefnd hefur haft aðkomu að skipan í stjórnir nokkurra félaga sem bankinn eignaðist við fullnustu á kröfum sínum. Skilanefnd hefur ekki sett reglur um hvernig skuli skipa í stjórnir enda telur hún mikilvægt að litið sé til aðstæðna og stöðu hvers félags fyrir sig við skipun í stjórn. Við stjórnarskipun hefur skilanefnd leitað liðsinnis einstaklinga sem hafa sérþekkingu á rekstri umræddra/sams konar félags, að teknu tilliti til rekstrarstefnu félagsins, sem skilanefnd telur að séu til þess fallnir að framkvæma markmið skilanefndar með eignarhaldi, þ.e. að auka virði félagsins til hagsbóta fyrir LBI innan ákveðins tímaramma. Þá er og litið til hæfni og reynslu þeirra stjórnarmanna er aðrir eigendur hyggjast/hafa skipað. Við ákvarðanatöku um stjórnarskipan er ávallt tekið tillit til jafnréttissjónarmiða.

Hér að aftan eru tilgreind umrædd félög sem og þeir stjórnarmenn er skilanefnd hefur stutt til stjórnarsetu:

Byr	LBI á 7 58% hlut í Byr og fer samkvæmt lögum með 5% atkvæðafjölda. Við stjórnarkjör í Byr studdi LBI A-listann. Á þeim lista sátu í aðalstjórn Sveinn Margeirsson, Arnar Bjarnason, Hörður Árnason, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Ingunn Guðmundsdóttir og í varastjórn Stefán D. Franklín og Eggert Þór Aðalsteinsson.
Eimskip	LBI á 42% hlut í Icelandair. LBI tilnefndi Braga Ragnarsson og Ólaf Helga Ólafsson í stjórn félagsins.
Icelandair	LBI á 24 5% hlut í Eimskip. Skilanefnd tilnefndi Pétur Eiríksson í stjórn félagsins.

Þá er ótalið eitt félag þar sem LBI tók nýlega yfir meiri hluta hlutafjár. Skilanefnd telur sér ekki fært að greina frá nafni þess félags að svo stöddu enda hefur eigendabreyting ekki verið tilkynnt með formlegum hætti. Þó skal upplýst að fyrir hönd LBI mun taka sæti í stjórn félagsins einstaklingur sem hefur verulega sérþekkingu á rekstri slíks félags en umræddur einstaklingur er starfsmaður LBI.

Fyrirspurnin lýtur að skipun í stjórnir fyrirtækja sem skilanefnd hefur tekið yfir. Til viðbótar þeim hefur skilanefnd skipað stjórnir í hinum ýmsu dóttur- og rekstrarfélögum LBI. Þeir einstaklingar er eiga sæti í umræddum félögum sitja þar sökum stöðu sinnar innan bankans. Takmörkuð starfsemi er í flestum félögum utan Labki Finance Ltd. en þar sitja í stjórn félagsins skilanefndarmenn auk Robert Korne, lögfræðings LBI í Kanada, og Ólafur Þorsteinsson, framkvæmdastjórn LABKI.

Í bréfi Kaupþings til Fjármálaeftirlitsins kemur eftirfarandi fram:

Skilanefnd Kaupþings hefur fylgt þeirri stefnu að skipa stjórnarmenn í innlend fyrirtæki sem heyra undir nefndina samkvæmt ákvörðunum FME um skiptingu eigna á milli Kaupþings og Nýja Kaupþings banka (nú Arion banki/„Arion“). Ekkert þeirra félaga (Circuit Investments ehf., Kirna ehf., Kaupþing fjármögnun ehf. og Tessera Holding ehf.) er í virkum rekstri, heldur er um að ræða dótturfélög skilanefndar.

Þá hefur skilanefndin skipað stjórnarmenn (tímabundið) í stjórn Arion samkvæmt sérstöku samkomulagi við íslenska ríkið, en í kjölfar ákvörðunar skilanefndar um að taka yfir 87% hlutafjár í Arion er gert ráð fyrir að skilanefnd muni skipa fjóra stjórnarmenn hjá Arion til framtíðar litið og er stefnt að því að þar verði um að ræða tvo erlenda sérfræðinga og tvo innlenda sérfræðinga, þar af einn skilanefndarmann. Loks hefur skilanefnd til bráðabirgða skipað þrjá stjórnarmenn í Kaupskil ehf., tilvonandi eignarhaldsfélag utan um hlutafjáreign í Arion, en til stendur að gera breytingar á þeirri stjórn í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku.

Það hefur því ekki komið til þess að skilanefnd hafi þurft, sem lánveitandi, að skipa stjórnarmenn í innlend félög vegna yfirtöku þeirra í tengslum við fullnustu eða endurskipulagningu.

Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa skilanefndirnar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.

Yfirlit yfir innlend hlutafélög/einkahlutafélög – varamaður (V), formaður (F).

Dótturfélög	
Circuit Investments ehf.	Jóhannes Rúnar Jóhannesson, Knútur Þórhallsson (V)
Kirna ehf.	Theodór S. Sigurbergsson, Knútur Þórhallsson (V)
Kaupþing fjármögnun ehf.*	Theodór S. Sigurbergsson (F), Knútur Þórhallsson, Steinar Þór Guðgeirsson
Tessera Holding ehf.	Jóhannes Rúnar Jóhannesson, Theodór S. Sigurbergsson
Kaupskil ehf.**	Steinar Þór Guðgeirsson (F), Jóhannes Rúnar Jóhannesson, Theodór S. Sigurbergsson

* Ákveðið hefur verið að stjórnarmönnum í félaginu verði fækkað; Theodór S. Sigurbergsson verði einn stjórnarmaður og Steinar Þ. Guðgeirsson varamaður.

** Bráðabirgðastjórn.

Arion banki	
Arion banki hf.***	Jóhannes Rúnar Jóhannesson, Theodór S. Sigurbergsson, Steinar Þór Guðgeirsson (V) og Knútur Þórhallsson (V)

*** Bráðabirgðastjórnarmenn.

Hafa skilanefndirnar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.

Í öllum þeim tilvikum sem að framan greinir hefur verið talið æskilegt að skilanefndarmenn sitji í stjórnum framangreindra dótturfélaga, sbr. jafnframt slíka heimild í 6. gr. starfsreglna skilanefndar. Með vísan til þeirrar lagalegu ábyrgðar sem fylgir stjórnarsetu í félögunum hefur m.a. ekki verið talið æskilegt að fela einstökum starfsmönnum bankans slíka stjórnarsetu.

Skilanefnd var skipuð af Fjármálaeftirlitinu og í skilanefnd eins og hún er nú skipuð situr engin kona. Skýrir það ójafna kynjaskiptingu í töflunni hér að framan.

Sem fyrr segir hefur ekki komið til þess að skilanefnd hafi þurft, sem lánveitandi, að skipa stjórnarmenn í innlend félög vegna yfirtöku þeirra í tengslum við fullnustu eða endurskipulagningu. Kæmi til þess mundi skilanefnd hins vegar fylgja því viðmiði, sem samþykkt hefur verið af skilanefnd, að umsjónarmenn lánamála (lánastjórar) taki ekki sæti í stjórnum þeirra félaga sem bankinn á hlutafé í.

Kaupþing banki hf. setti sér jafnréttisáætlun árið 2004 og lítur skilanefnd svo á sem sú áætlun sé enn í fullu gildi að því er varðar starfsmenn skilanefndar.

Frá Skilanefnd Glitnis barst eftirfarandi tafla:

Fulltrúar Glitnis í stjórnum félaga.

Félag	**Fulltrúi/ar Glitnis**
Glitnir eignarhaldsfélag ehf.	Heimir Haraldsson Kristján Óskarsson Þórdís Bjarnadóttir
Steinvirki ehf.	Heimir Haraldsson Kristján Óskarsson Þórdís Bjarnadóttir
Litla Fasteignafélagið kt. 550708–940 Framkvæmdastjóri Eiríkur S. Jóhannsson, kt. 080268–4839	Heimir V. Haraldsson, stjórnarformaður Páll Eiríksson, meðstjórnandi Þórdís Bjarnadóttir, meðstjórnandi
Á23 ehf.	Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarmaður Ásmundur Ingvi Ólason, varamaður
Lyfjablóm ehf., kt. 540100–3570 Framkvæmdastjóri Eiríkur S. Jóhannsson, kt. 080268–4839	Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarmaður Haraldur Örn Ólafsson, varamaður
Eignarhaldsfélagið SK ehf., kt. 680404–3050	Sama og í Lyfjablómi
Eignarhaldsfélagið SK II ehf. kt. 531006–3480	Sama og í Lyfjablómi
Eignarhaldsfélagið SKE ehf., kt. 640904–3990	Sama og í Lyfjablómi
Eignarhaldsfélagið SKE II ehf., kt. 531006–3560	Sama og í Lyfjablómi

Félag	Fulltrúi/ar Glitnis
Gnúpur fjárfestingarfélag ehf., kt. 580706–1260	Eftir er að skipa stjórn, verður þó Eiríkur S. Jóhannsson
GL Investments ehf.	Heimir Haraldsson Kristján Óskarsson Þórdís Bjarnadóttir
Moderna Finance AB	Erla S. Árnadóttir Jóhannes Sigurðsson
Försäkringsaktiebolaget Assuransinvest MF	Erla S. Árnadóttir
MFG Holding AB	Erla S. Árnadóttir
MFG Holding II AB (áður Atlantica AB)	Erla S. Árnadóttir
MFG Holding III AB (áður Invik Trading AB)	Erla S. Árnadóttir
SAT eignarhaldsfélag ehf.	Heimir V. Haraldsson, formaður stjórnar Kristján Óskarsson Þórdís Bjarnadóttir
Sjóvá Almennar tryggingar hf.	Heimir V. Haraldsson, formaður stjórnar Kristján Ragnarsson Þórhildur Ólöf Helgadóttir Þórólfur Jónsson
SJ eignarhaldsfélag hf.	Heimir V. Haraldsson, formaður stjórnar Ásmundur Ingvi Ólason Bjarni Þórður Bjarnason Eiríkur S. Jóhannsson Þórólfur Jónsson
Stoðir hf. (áður FL Group)	Eiríkur Elís Þorláksson, formaður stjórnar
Landic Property hf.	Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar
Landic Property Ísland ehf.	Guðbrandur Sigurðsson
Askar Capital hf.	Heimir V. Haraldsson, formaður stjórnar Eiríkur S. Jóhannsson Þórólfur Jónsson
Plastprent hf.	Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar Helgi Hólmar Ófeigsson
Nopco	Edward Hope, formaður stjórnar Kristinn Geirsson Victoria Jenkinson
All Saints	Einar Sigurðsson
Iceland Foods Group	Einar Sigurðsson
ISB Holding ehf.	?, formaður stjórnar Ólafur Ísleifsson María Björg Ágústsdóttir

613. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal,
Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Ásbjörn Óttarsson, Jón Gunnarsson.

1. gr.

19., 22., 24., 26. og 27. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangurinn með lagafrumvarpi þessu er að draga úr millifærslukerfi í landbúnaði og gera verðlagningu gagnsærri. Ætla má að með þessu verði skilyrði fyrir samkeppni einnig bætt og innlendum mjólkurafurðastöðvum gert betur kleift að takast á við samkeppni frá útlöndum. Þá mun skilgreindur opinber stuðningur við landbúnað lækka um allt að 400 millj. kr.

Frumvarp um skylt mál var flutt á 135. löggjafarþingi (þskj. 218, 203. mál). Málið fékk jákvæðar viðtökur fulltrúa tveggja af þremur þeirra stjórnmálaflokka sem til máls tóku í 1. umræðu. Fram kom það sjónarmið þingmanns Samfylkingarinnar að ganga ætti lengra í átt til frjálsrar verðlagningar. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, taldi hinn bóginn að verið væri „að fella niður eina af þeim stoðum sem settar voru til að standa undir félagslega uppbyggðu landbúnaðarkerfi, bæði framleiðslu, úrvinnslu og dreifingu á mjólk og mjólkurvörum …“.

Því miður hlaut málið ekki endanlega afgreiðslu. Það frumvarp sem nú er flutt byggist að talsverðu leyti á þeim hugmyndum sem þá voru settar fram en er þó sett fram í nokkuð öðrum búningi.

Hér verður gerð grein fyrir núgildandi fyrirkomulagi þessara mála og þess freistað að varpa ljósi á hvernig þau hafa þróast. Í upphafi skal dreginn fram munur á verðmiðluninni annars vegar og verðtilfærslunni hins vegar.

1. Verðmiðlunargjaldið.

Í 19. gr. laganna segir m.a. um verðmiðlunargjald.

„Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
b. til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.“

Samkomulag var um það í verðlagsnefnd, við verðlagningu 1. janúar 2006, að beina því til stjórnvalda að hætta innheimtu verðmiðlunargjalds, með breytingu á lögum þar sem ekki

væri þörf á því eftir sameiningu fyrirtækja í mjólkuriðnaði. Fulltrúar ráðuneytis, launþegahreyfingarinnar (ASÍ/BSRB), fulltrúar bænda og fulltrúar afurðastöðva voru sammála um þessa ráðstöfun. Þetta var hluti af verðlagsákvörðun nefndarinnar 1. janúar 2006.

2. Verðtilfærslan.

Samkvæmt búvörulögum er ákvæðum um verðtilfærslu mjólkurvara er skipt í tvennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hinn lögbundna þátt skv. 22. gr. laganna (2,65 kr. á lítra innan greiðslumarks). Þennan lögbundna hluta verðtilfærslunnar verður að framkvæma með innheimtu samkvæmt lögum (2,65 kr. á lítra) og útgreiðslu miðað við lítra og/eða kíló vöru samkvæmt verðskrá verðlagsnefndar búvöru eins og nefndin ákveður hverju sinni. Innheimtan samsvarar um 310–320 millj. kr. á ári. Greitt er úr sjóðnum með vörum eins og nýmjólk, smjöri og undanrennudufti o.fl., þ.e. vörum sem eru undirverðlagðar. Þannig er verðlagningu á þessum vöruflokkum haldið niðri með því að verðleggja aðra vöruflokka hærra. Fjárreiðum og rekstri þessara sjóða er haldið aðskildum frá öðru og er ársreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda sendur Fjársýslu ríkisins ár hvert. Þessi upphæð kemur inn í fjárlög (inn- og útgreiðslur) án þess þó að vera eiginleg ríkisútgjöld. Engu síður eru þessar greiðslur túlkaðar sem opinber stuðningur þegar metinn er opinber stuðningur við íslenskan landbúnað vegna samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilkynninga þar að lútandi. Ástæðan er sú að þessi ráðstöfun er gerð fyrir tilstilli hins opinbera með löggjöf, jafnvel þótt að hér sé eingöngu verið að færa til rekstrarfé afurðastöðva milli vöruflokka mjólkur. Ríkið leggur ekki til fjármuni úr ríkissjóði til þessa verkefnis, eins og fyrr segir.

Hitt ákvæðið sem varðar verðmiðlun er svokölluð frjáls verðmiðlun skv. 13. gr. laganna þar sem innheimt er af seldum lítrum og/eða kílóum af tilteknum vörum með háa framlegð og greitt út á vörur með lága eða neikvæða framlegð eftir seldu magni.

Tekjustofn þessa hluta og útgreiðslur eru eftirfarandi: Sjóðurinn hefur tekjur af vöruflokkum með háa framlegð svo sem rjómaís, jógúrtvörum og sérostum. Gjöld sjóðsins felast í því að greitt er með vörum sem hafa lága/neikvæðaframlegð. Magur ostur, skyr og drykkjarmjólk undangengin ár.

Í 13. gr. laganna, sem heimilar þessa tilfærslu, segir:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.“

Á undangengnum árum hefur verðlagsnefnd, í samkomulagi við mjólkuriðnaðinn, nýtt þennan hluta verðtilfærslu til að greiða niður drykkjarmjólk (nýmjólk) þar sem tekjustofn lögbundins hluta hefur verið fullnýttur og ekki svigrúm til frekari gjalda. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á þessum hluta verðmiðlunar, þ.e. hinni frjálsu verðmiðlun sem á sér stað innan afurðastöðvanna sjálfra, án atbeina ríkisvaldsins.

Lagt er til í frumvarpinu að 19. gr. búvörulaga um álagningu verðmiðlunargjalds verði felld brott. Breytingunni er ætlað að færa form og ábyrgð rekstrar til afurðastöðvanna. Sú breyting sem hefur orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja í mjólkuriðnaði gerir þetta verðmiðlunarkerfi þess utan óþarft. Lagt er til að verðtilfærslugjald skv. 22. gr. búvörulaga verði afnumið og form og ábyrgð rekstrar þannig fært til afurðastöðvanna. Nokkur forsaga er að baki verðtilfærslu milli einstakra mjólkurafurða. Á sínum tíma voru niðurgreiðslur á verði mjólkur og mjólkurafurða mjög breytilegar sem hlutfall af verði hverrar afurðar. Niðurgreiðslur voru afnumdar árið 1992 en þess í stað teknar upp beinar greiðslur til bænda og var ákveðið, til að valda ekki röskun á markaði, að heimila tilfærslur á milli verðs einstakra af-

urða. Verðtilfærsla milli mjólkurafurða hefur verið stunduð síðan þá. Ljóst er hins vegar að þetta fyrirkomulag stuðlar að umdeilanlegri verðmyndun og tekur ekki nægjanlegt tillit til raunverulegs framleiðslukostnaðar. Allt að einu er það ekki talið eðlilegt að opinber stýring af þessu tagi stýri verðlagningu einstakra vörutegunda og vöruflokka þar sem verðlagning á einni vörutegund er notuð til þess að lækka eða hækka verð á annarri vörutegund.

Jafnframt er lagt til að felldar verði brott greinar sem fjalla um framkvæmd verðmiðlunar og verða óþarfar að samþykktum þeim breytingum sem í frumvarpinu felast.

614. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Náin tengsl:* Það teljast náin tengsl þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:
   a. bein eignartengsl eða bein yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða atkvæðavægi fyrirtækis,
   b. yfirráð,
   c. varanleg tengsl þeirra við þriðja aðila gegnum hvers konar yfirráðatengsl; hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð, börn, foreldrar og systkini teljast í nánum tengslum nema unnt sé að sýna fram á hið gagnstæða að mati Fjármálaeftirlitsins.
2. *Hópur tengdra viðskiptamanna:* Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
   a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru ein og sama áhættan, nema þeir geti sýnt fram á hið gagnstæða, vegna þess að einn þeirra, beint eða óbeint, ræður yfir hinum;
   b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru ein og sama áhættan, jafnvel þótt ekki sé um yfirráðatengsl skv. a-lið að ræða, vegna þess að þeir eru tengdir á þann hátt að ef einn þeirra lendir í fjárhagslegum erfiðleikum kann slíkt að hafa áhrif á getu einhvers eða allra hinna til þess að endurgreiða skuldir sínar.
3. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
4. *Óbein hlutdeild:* Með óbeinni hlutdeild er átt við að aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, eigi rétt á að afla atkvæðisréttar, ráðstafa atkvæðisrétti eða neyta atkvæðisréttar sem:
   a. þriðji aðili fer með og viðkomandi aðili hefur gert samkomulag við hann sem skyldar þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu um stjórn hlutaðeigandi útgefanda,

b. þriðji aðili fer tímabundið með gegn endurgjaldi á grundvelli samkomulags við viðkomandi aðila,
c. fylgir hlutum sem viðkomandi aðili hefur tekið að veði eða fengið sem tryggingu, að því tilskildu að viðkomandi aðili ráði jafnframt yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist neyta hans,
d. viðkomandi aðili fer með á grundvelli samkomulags um lífstíðarbundin réttindi hans yfir hlutunum sem atkvæðisrétturinn fylgir,
e. dótturfélag viðkomandi aðila í skilningi 6. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, fer með eða má neyta á grundvelli a–d-liðar,
f. fylgir hlutum sem viðkomandi aðili varðveitir og getur neytt samkvæmt eigin ákvörðun berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna,
g. þriðji aðili fer með í eigin nafni en fyrir hönd viðkomandi aðila,
h. umboðsmaður fer með, að því tilskildu að hann geti neytt atkvæðisréttarins samkvæmt eigin ákvörðun berist ekki sérstök fyrirmæli frá eigendum hlutanna.

5. *Samstarf:* Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að mati Fjármálaeftirlitsins:
   a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn, foreldrar og systkini aðila.
   b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
   c. Félög sem aðili á, með beinum eða óbeinum hætti, verulegan eignarhlut í, þ.e. ef aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
   d. Tengsl eru milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
6. *Framkvæmdastjóri:* Maður sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.
7. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

2. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Gildissvið. Orðskýringar.**

3. gr.

F-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Takmörkuð afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja einstaka starfsstöðvum fjármálafyrirtækis sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi.

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hlutafé og stofnfé.

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs skal að lágmarki nema 5 milljónum evra (EUR).

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 730 þúsundum evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur a.m.k. eina af starfsheimildum a–c-liðar þessarar málsgreinar, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar, skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra:

a. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,
b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða
c. eignastýringu.

Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 250 milljónir evra. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó ekki að fara yfir 10 milljónir evra. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sé hlutafé eða stofnfé skv. 1.–6. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Í fjármálafyrirtæki, þó ekki í verðbréfamiðlunum og rafeyrisfyrirtækjum, skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjöldi starfsmanna innri endurskoðunardeildar skal endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Enginn starfsmaður innri endurskoðunardeildar má vera hluthafi í viðkomandi fjármálafyrirtæki eða aðili að kaupaukakerfi sem kann að vera í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Áður en forstöðumaður tekur formlega til starfa skal tilkynna ráðningu hans til Fjármálaeftirlitsins sem metur hæfi viðkomandi og gerir stjórn fjármálafyrirtækis grein fyrir niðurstöðum sínum.

Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka athugasemdir innri endurskoðunar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar.

Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.

Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

7. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta niðurstöður þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja, og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

8. gr.

Á eftir 17. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (17. gr. a.)

Uppfærð skuldbindingaskrá.

Fjármálafyrirtæki skal halda sérstaka skrá um alla þá sem njóta lánafyrirgreiðslu þess. Til lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein teljast beinar lánveitingar til viðkomandi, kaup á skuldabréfum útgefnum af viðkomandi, kaup á eignasafni annars lánveitanda þar sem er að finna kröfu á viðkomandi og hvers konar önnur fyrirgreiðsla sem jafna má til lánafyrirgreiðslu, enda nemi brúttóskuld viðkomandi við fjármálafyrirtækið minnst 0,25% af heildarútlánum fjármálafyrirtækisins og að lágmarki 750 millj. kr.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót. Skal skráin greinast í nöfn og kennimerki lántakenda. Enn fremur skal senda sambærilega skrá um tengda aðila og hópa tengdra viðskiptamanna, að svo miklu leyti sem þeir aðilar eru ekki á fyrrnefndri skrá. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um meðferð upplýsinga sem skráin hefur að geyma.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um innihald skrárinnar.

b. (17. gr. b.)

Skylda lántaka til að veita upplýsingar.

Telji Fjármálaeftirlitið að lántökur einstaks aðila, sem er á skuldbindingaskrá skv. 17. gr. a og lýtur ekki opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, geti haft kerfislæg áhrif er því heimilt að krefja viðkomandi um upplýsingar um skuldbindingar hans. Til skuldbindinga samkvæmt þessari grein teljast beinar lántökur, ádregnar lánalínur, útgáfa á skuldaskjölum viðkomandi, kaup á skuldatryggingu eða greiðsluvátryggingu vegna lántöku, kaup- og söluréttur og hvers konar önnur fyrirgreiðsla, innan eða utan efnahagsreiknings, sem viðkomandi hefur notið og jafna má til lánafyrirgreiðslu eða ábyrgðar.

Neiti aðili að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið fyrirskipað eftirlitsskyldum aðilum að ekki verði um frekari fyrirgreiðslu af hálfu eftirlitsskyldra aðila við viðkomandi að ræða. Sama á við ef upplýsingagjöf viðkomandi er ófullnægjandi.

9. gr.

2. og 3. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Við 19. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samningi milli efnahags- og viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja, svo og samkvæmt samþykktum er hún setur sér. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra annast birtingu samþykkta nefndarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingar um viðskiptamenn.

Aðgangur að skrá um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn fjármálafyrirtækis er óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laga þessara eða samkvæmt öðrum lögum.

Starfsmaður fjármálafyrirtækis sem kemur að meðferð máls viðskiptamanns og þarf á upplýsingum um hann að halda við úrlausn eða úrvinnslu þess skal hafa aðgang að upplýsingunum með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim.

Gera skal viðskiptamanni fjármálafyrirtækis, sem þess óskar, grein fyrir því hver ber ábyrgð á umsjón með þeim upplýsingum er kunna að vera í skránni og varða hann. Á viðskiptamaður fjármálafyrirtækis rétt á því að fá upplýsingar frá ábyrgðarmanni um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skránni, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um aðgang og meðferð upplýsinga í skrá um viðskiptamenn, hvernig staðið skuli að varðveislu upplýsinga og veitingu þeirra til annarra.

12. gr.

8. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

13. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 1. málsl. séu fyrir hendi og getur sett fjármálafyrirtæki tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka við fjárhagslega endurskipulagningu.

14. gr.

G-liður 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

15. gr.

Orðin „og 29. gr.“ í 5. mgr. 28. gr. laganna falla brott.

16. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess má ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár fyrirtækisins. Eignist viðkomandi meira af hlutafénu eða stofnfénu vegna lúkningar viðskipta, sbr. 22. gr., skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja mánaða frest til að koma eignarhlutnum niður í lögmælt mark. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Við útreikning skv. 1. málsl. 1. mgr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf.

17. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein, 29. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Lánveitingar.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga bannreglu skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita stjórnarmanni, lykilstarfsmanni eða þeim sem á virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda, lán eða aðra fyrirgreiðslu, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum. Fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. 1. málsl. skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni en má þó nema allt að 100 millj. kr.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindingar skv. 2. mgr. og um hvað teljast traustar tryggingar.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni til að tryggja að ekki sé hætta á að lánveitingin skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um lánveitingar dótturfélaga eftir því sem við á.

18. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluta og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

Sé lánveiting skv. 1. málsl. 1. mgr. vegna móður- eða dótturfélags fjármálafyrirtækisins eða vegna dótturfélags, eða dótturfélaga móðurfélagsins, skulu mörkin þó vera 20% af eiginfjárgrunni lánveitanda.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið lægri hlutföll en tilgreind eru í 1. og 4. mgr. fyrir einstök fjármálafyrirtæki að teknu tilliti til stærðar, eðlis og áhættu í starfsemi þeirra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.

20. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

21. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

22. gr.

Í stað orðanna „traust og eftirlit“ í 2. málsl. 39. gr. laganna kemur: traust eða eftirlit.

23. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

24. gr.

41. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingar í tilkynningu.

Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 40. gr. skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstaða þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.
8. Reynsla þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarseta eða önnur þátttaka þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi annarra lögaðila.
10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum þessum hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis. Sama á við ef aðilinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

25. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2.

málsl., bætist bið eftir upplýsingunum við dagafjölda skv. 4. málsl., þó ekki umfram tuttugu virka daga.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindra eðlilegt eftirlit.
5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

26. gr.

43. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. áður en niðurstaða þess er kunngerð.

27. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Dráttur. Endurnýjun tilkynningar.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá

fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 40.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

28. gr.

45. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 41.–43. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

29. gr.

46. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

30. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Hömlur á meðferð hlutar meðan tímafrestur stendur.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart fjármálafyrirtækinu sem um ræðir fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka málið til skoðunar skv. 42. gr. er liðinn eða niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, hafi eftirlitið tekið tilkynningu um hin fyrirhuguðu kaup eða aukningu til frekari skoðunar. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins.

31. gr.

47. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármála-

eftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að fjármálafyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjáraukningar.

32. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning fjármálafyrirtækis um aðilaskipti.

Þegar hlutafjár- eða stofnfjáreign í fjármálafyrirtæki fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra. Sama á við um eigendur stofnfjár.

33. gr.

49. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingaskylda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

34. gr.

Á eftir 49. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 49. gr. a og 49. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (49. gr. a.)

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því, að mati Fjármálaeftirlitsins, hver sé eða verði raunverulegur eigandi virks eignarhlutar skal það tilkynna þeim sem sendi tilkynningu skv. 40. gr. eða fjármálafyrirtækinu sjálfu, ef ekki næst til þess sem tilkynnti, að eftirlitið telji viðkomandi ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

b. (49. gr. b.)

Náin tengsl.

Ákvæði 40.–49. gr. gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

35. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða dóttur- eða hlutdeildarfélag fjármálafyrirtækisins eða félag sem er dótturfélag eða hlutdeildarfélag félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

Stjórnarseta skv. 5. mgr. skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt.

36. gr.

Á eftir 52. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 52. gr. a, 52. gr. b og 52. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (52. gr. a.)

Stjórn fjármálafyrirtækis boðar til aðalfundar félagsins.

Nú boðar stjórn ekki til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar og skal Fjármálaeftirlitið þá boða til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem er atkvæðisbær á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra í þeim tilvikum og skal stjórn afhenda honum skrá yfir þá sem eru atkvæðisbærir, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

b. (52. gr. b.)

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og fjármálafyrirtæki öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

c. (52. gr. c.)

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnarformanni í fjármálafyrirtæki er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

38. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um viðskipti þess við framkvæmdastjóra og aðra lykilstarfsmenn. Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá sem eru í nánum tengslum við framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega. Skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

39. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 57. gr. a og 57. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (57. gr. a.)

Kaupaukakerfi.

Að teknu tilliti til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er fjármálafyrirtæki heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

b. (57. gr. b.)

Starfslokasamningur.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár

starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og fjármálafyrirtækis hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

40. gr.

77. gr. laganna fellur brott.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.
b. 5. mgr. orðast svo:

   Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa eða stofnfjárbréfa, viðskiptavild, reiknaðri skattinneign og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eigin fé dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum. Leiði núvirðing skuldbindinga til myndunar eigin fjár skal draga það eigið fé frá eiginfjárþætti A.
c. Á eftir 10. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem eru taldir í 5. mgr. dragist frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „1. málsl.“ í 2. mgr. falla brott.

43. gr.

Við 2. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að kjósa sama endurskoðunarfyrirtæki oftar en fimm ár í röð.

44. gr.

Orðin „sbr. 2. mgr. 18. gr.“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

45. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki,
3. 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir,
4. 3. mgr. 17. gr. um reglur Fjármálaeftirlitsins,
5. 17. gr. a um skyldu til að halda sérstaka skuldbindingaskrá og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins,
6. 2. mgr. 17. gr. b um að eftirlitsskyldur aðili skuli fara að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins,
7. 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði,
8. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
9. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
10. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
11. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
12. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
13. 1., 3., 4. og 5. mgr. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
14. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
15. 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis,
16. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
17. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
18. 47. gr. um tilkynningu eiganda,
19. 48. gr. um tilkynningu fjármálafyrirtækis,
20. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
21. 2., 3., 4. og 7. mgr. 52. gr. um hæfisskilyrði, setu stjórnarmanna í stjórn annars fjármálafyrirtækis og vanrækslu á tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins,
22. 52. gr. b um tilkynningu stjórnar móðurfélags,
23. 52. gr. c um tilkynningu stjórnar og framkvæmdastjóra til Fjármálaeftirlitsins,
24. 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar,
25. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
26. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
27. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
28. 57. gr. um starfsreglur,
29. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
30. 57. gr. b um starfslokasamninga,
31. 58. gr. um þagnarskyldu,
32. 2. mgr. 63. gr. um að halda og uppfæra skrá yfir stofnfjáreigendur,

33. 3. mgr. 66. gr. um að setja og fylgja reglum um viðskipti með stofnfé,
34. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
35. 2. mgr. 69. gr. um skyldur sparisjóðs,
36. 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja,
37. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
38. 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
39. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
40. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
41. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
42. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
43. 91. gr. um hæfi endurskoðanda,
44. 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda,
45. 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
46. 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess,
47. 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins,
48. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

46. gr.

112. gr. b laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 2. mgr. 17. gr. b um upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins,
3. 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði,
4. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
5. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
6. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
7. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
8. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
9. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
10. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
11. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
12. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,

13. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
14. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
15. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
16. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
17. 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
18. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
19. 57. gr. b um starfslokasamninga,
20. 58. gr. um þagnarskyldu,
21. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
22. 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
23. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
24. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
25. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
26. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
27. 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.

47. gr.

Við 117. gr. laganna bætist: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða I–IV falla brott.
b. Ákvæði til bráðabirgða VI fellur brott.
c. Við bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki hafa ráðrúm til næsta aðalfundar eftir samþykkt laga þessara til að uppfylla hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn innri endurskoðunardeilda hafa ráðrúm til 31. desember 2010 til að uppfylla hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. B-liður 48. gr. öðlast þó gildi 31. desember 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði 29. desember 2008 til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar. Skipunin kom í kjölfar fjármálaáfallsins á haustdögum 2008 er augu manna beindust nokkuð að því hvort eitthvað í innlendu regluverki kynni að hafa brugðist eða hvort bæta mætti virkni þess, ekki síst með það að markmiði að komið yrði í veg fyrir að sambærilegir erfiðleikar endurtækju sig. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni ætlað að huga sérstaklega að því hvort tilefni væri til að endurskoða ákvæði um viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja við slík fyrirtæki, töku hlutabréfa fjármálafyrirtækja sem veð gegn láni, hlutverk, hæfisskilyrði og reglur stjórna, eignarhald, takmarkanir á stórum áhætt-

um og náin tengsl. Skyldi nefndin hafa til hliðsjónar þá vinnu sem fram færi á vegum Evrópusambandsins í tengslum við breytingar á reglum vegna fjármálaáfallsins.

Í nefndinni áttu sæti Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árný J. Guðmundsdóttir, lögfræðingur í Fjármálaeftirlitinu, tilnefnd af eftirlitinu, Birgir Örn Arnarson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi banka, tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja, og Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum fjárfesta. Á starfstíma nefndarinnar lét Birgir Örn af störfum en sæti hans tók Sverrir Örn Þorvaldsson, forstöðumaður hjá Íslandsbanka. Starfsmenn nefndarinnar voru Ómar Þór Eyjólfsson og Sigríður Rafnar Pétursdóttir, lögfræðingar í efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Um skýrslu Kaarlo Jännäri.

Ríkisstjórn Íslands ákvað í nóvember 2008 að fá reyndan bankaeftirlitsmann til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur. Framkvæmd slíks mats er hluti af samkomulagi stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Fyrrum forstjóri finnska fjármálaeftirlitsins, Kaarlo Jännäri, var fenginn til verksins. Hann var einn af yfirmönnum finnska seðlabankans um tíma og hefur víðtæka reynslu af alþjóðlegri bankastarfsemi, m.a. vegna starfa fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, OECD og Seðlabanka Evrópu.

Kaarlo Jännäri var einkum falið að meta regluverk varðandi lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, stórar áhættuskuldbindingar, krosseignatengsl og loks mat á hæfi eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja (e. fit and proper). Samkomulag varð um að matsskýrslan yrði gerð opinber og að hún skyldi vera tilbúin í lok mars 2009. Skýrslugerðinni var lokið á tilsettum tíma og er endanleg skýrsla aðgengileg á vefsíðu forsætisráðuneytis, sbr. fréttatilkynningu, dags. 30.3.2009.

Að loknum inngangi hefst skýrslan á yfirliti þar sem lýst er stofnanalegri umgjörð reglusetningar og eftirlits á sviði fjármálastarfsemi á Íslandi (2. hluti). Þá greinir höfundur frá bankahruninu á Íslandi haustið 2008 og aðdraganda þess (3. hluti). Í 4.–9. hluta skýrslunnar er að finna lýsingu á meginþáttum þeirra sviða sem matinu var einkum ætlað að ná til, þ.e. lausafjárstýringu og -áhættu; gjaldeyrisáhættu; útlánaáhættu, stórum áhættuskuldbindingum og lánveitingum til tengdra aðila; krosseignatengslum; mati á hæfi eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja; reglum um virka eignarhluti; upplýsingagjöf og gagnsæi, fyrirtækjamenningu og stjórnarháttum innan fyrirtækja o.fl. Loks er í 10. hluta að finna niðurstöður skýrsluhöfundar og helstu tillögur hans um framtíðarskipan mála. Í skýrslunni er að finna fjölda ábendinga um atriði sem betur mega fara í lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi, en eftirfarandi eru helstu tillögur Kaarlo Jännäri, í átta liðum:

1. Fækka ber ráðuneytum sem sinna málefnum fjármálamarkaðar á Íslandi.
2. Sameina ber Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið eða a.m.k. setja þessar stofnanir undir einn hatt líkt og í Finnlandi og á Írlandi.
3. Auka ber valdheimildir Fjármálaeftirlitsins og hvetja stofnunina til að beita þeim af meiri krafti.
4. Koma ber upp útlánaskrá (e. national credit registry) hjá Fjármálaeftirlitinu til að draga úr útlánaáhættu í fjármálakerfinu og til að betri yfirsýn fáist yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu.
5. Setja ber strangari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, lánveitingar til tengdra aðila og hæfi eigenda og framfylgja þeim af krafti.

6. Fjölga ber vettvangskönnunum hjá eftirlitsskyldum aðilum til að styðja við skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins og úttektir þess sem byggjast á innsendum gögnum, einkum að því er varðar útlánaáhættu, lausafjáráhættu og gjaldeyrisáhættu.
7. Innstæðutryggingakerfið verður að endurskoða og bæta, í nánu samhengi við þróun mála á þessu sviði innan ESB.
8. Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði löggjafar og eftirlits með fjármálastarfsemi er mikilvæg, einkum innan EES og ESB.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Er hér um að ræða eftirfylgni við niðurstöður í 3.–5. tölul. í skýrslunni. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta til þess að fylgja eftir tillögum skv. 7. tölul.

Þagnarskylda (bankaleynd) og upplýsingagjöf.

Ekki síst í kjölfar hruns bankanna haustið 2008 hefur hugtakið bankaleynd verið nokkuð í umræðunni hér á landi. Í samfélaginu hafa heyrst háværar raddir um mikilvægi gagnsæis, m.a. um rétt almennings til að fá upplýsingar um hvað gerðist í aðdraganda hrunsins og að sá réttur sé t.d. ríkari en þeirra sem bera við bankaleynd.

Á nýliðnu hausti hélt viðskiptaráðuneytið (nú efnahags- og viðskiptaráðuneytið) ráðstefnu um bankaleynd í samráði við Háskóla Íslands. Þá fékk ráðuneytið sérfræðing sl. vor til að vinna skýrslu um bankaleynd. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármála- og eftirlitsstofnana og samanburð við sambærilegar reglur í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Bretlandi. Jafnframt er gerður almennur samanburður á íslenskum reglum og reglum Sviss, Lúxemborgar og Liechtenstein, sem þekkt eru fyrir ríka bankaleynd. Höfundur skýrslunnar kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármála- og eftirlitsstofnana séu í aðalatriðum sambærileg reglum samanburðarríkjanna.

Við samningu þessa frumvarps voru skoðuð sérstaklega ákvæði laganna um þagnarskyldu, (58.–60. gr.) og hvort ástæða væri til að gera breytingar á greinunum. Rétt er að hafa í huga að bankaleynd er ekki skilgreint hugtak en margvísleg rök búa að baki reglunum. Einkum má nefna vernd samningssambands aðila og samningsfrelsi. Þá mætti nefna vernd viðskiptahagsmuna auk verndar trúnaðarsambands sérfræðistétta við viðskiptavini (t.d. milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra og lækna og sjúklinga) og síðast en ekki síst vernd þeirra grundvallarréttinda sem felast í friðhelgi til einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Jafnframt er rétt að hafa í huga að reglur um bankaleynd sæta margvíslegum undantekningum vegna aukins eftirlits, sem ekki síst byggjast á almannahagsmunum, t.d. vegna fjármála-, samkeppnis- og skatteftirlits og vegna baráttu gegn refsiverðum brotum, m.a. baráttu gegn peningaþvætti.

Við athugun á því hvort ástæða væri til að breyta ákvæðum laganna um þagnarskyldu (bankaleynd) sem, líkt og fyrr segir, hefur verið nokkuð í umræðunni vegna hruns bankanna þótti rétt að skoða nánar til hvaða úrræða stjórnvöld hafa þegar gripið í þessu sambandi og þar sem þagnarskyldu hefur verið vikið til hliðar. Hér má nefna setningu laga um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, og lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008. Jafnframt var haft í huga mikilvægi þess að almenningur hefði traust á fjármálakerfinu en svo virðist sem ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármála- og eftirlitsstofnana séu í aðalatriðum sambærileg reglum nágrannalandanna, sbr. niðurstöður áðurnefndrar skýrslu. Eftir nokkuð ítarlega

skoðun og með vísan í framangreint var ákveðið, við samningu þessa frumvarps, að ekki væri þörf á að gera breytingar á þagnarskylduákvæðum laganna.

Í víðu samhengi leiddi athugunin hins vegar til þeirrar niðurstöðu að ástæða kynni að vera til að heimila frekari upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila en nú er, einkum með það að markmiði að styrkja eftirlit enn frekar og stöðugleika fjármálakerfisins. Hér mætti nefna rýmri heimildir Fjármálaeftirlitsins til miðlunar upplýsinga, t.d. til skattyfirvalda og Samkeppniseftirlitsins, en heimildirnar yrðu gagnkvæmar. Rýmkun slíkra heimilda mundi kalla á mótun sérstakra samskiptareglna hlutaðeigandi eftirlitsaðila, sem stofnað yrði til á grundvelli sérstakra samstarfssamninga. Þar væri kveðið á um ýmsa þætti sem varða samstarf og nákvæmlega skilgreind regluleg upplýsingaskipti á milli aðila. Fyrirmyndar mætti leita í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, þar sem kveðið er á um regluleg samskipti við Seðlabanka Íslands á grundvelli sérstaks samstarfssamnings, sbr. 15. gr. laganna og í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, um upplýsingaskipti milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, á grundvelli samstarfssamnings, sbr. 4. mgr. 35. gr. laganna. Í báðum tilvikum, þ.e. bæði í 15. gr. laga nr. 87/1998 og í 35. gr. laga nr. 36/2001 er áskilið að upplýsingar sem veittar eru samkvæmt greinunum séu háðar þagnarskyldu samkvæmt lögunum.

Verði niðurstaðan sú að vilji standi til þess að heimila frekari upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila en nú er, til samræmis við það sem hér að framan er reifað, má sjá að slíkt mundi ekki krefjast breytinga á þagnarskylduákvæðum laga nr. 161/2002 heldur kalla á breytingar annarra laga, m.a. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

- Fjármálaeftirlitið fær auknar eftirlitsheimildir. Fjölgað er þeim ákvæðum þar sem Fjármálaeftirlitið fær heimildir til að leggja mat á rekstur eða hegðun eftirlitsskylds aðila.
- Aukin er ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda og áhættustýringar. Þrengd eru tímamörk starfstíma sem endurskoðunarfyrirtæki hafa vegna starfa sinna fyrir einstök fjármálafyrirtæki.
- Halda skal sérstaka skrá um stærri lántakendur. Aðilum sem ekki lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins en eru á skuldbindingaskrá verður skylt að veita eftirlitinu upplýsingar um allar skuldbindingar sínar. Skráin er mikilvægt verkfæri til þess að unnt sé að tengja saman aðila og leggja mat á kerfislæg áhrif, komi til erfiðleika í rekstri þeirra. Endurskoða þarf samstarfssamning Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til þess að tryggja að skráin komi að fullum notum.
- Skerpt er á ákvæðum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Lagt er til að lögfest verði tilvist úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
- Lögð eru til ný ákvæði um meðferð upplýsinga um viðskiptamenn.
- Þrengd eru tímamörk sem fjármálafyrirtæki hafa til þess að afsetja fullnustueignir.
- Þrengd eru og skilgreind nánar skilyrði fjármálafyrirtækja til þess að mega eiga eigin hluti. Eignarhlutur dótturfélaga telst nú með svo og samningar utan efnahags um eigin hlutabréf.
- Bann er lagt við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum.
- Settar eru þröngar skorður við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna og Fjármálaeftirlitinu falið víðtækara hlutverk við eftirlit með slíkum viðskiptum.

- Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvernig lán sem tryggð eru með veði í eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni.
- Skýrðar og þrengdar eru reglur um stórar áhættuskuldbindingar.
- Auknar eru heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að snúa við sönnunarbyrði við mat á þeim sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut.
- Auknar eru kröfur til stjórnarmanna, ábyrgð þeirra á eftirliti með rekstri aukin og bann sett við starfandi stjórnarformönnum. Fjármálaeftirlitinu er ætlað aukið hlutverk við eftirlit með starfi stjórna.
- Settar eru reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við starfsmenn.
- Settar eru reglur um hvernig standa má að hvatakerfum, kaupaukakerfum, og um starfslokasamninga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til að auðveldara sé að átta sig á merkingu hugtaka, sem þegar er að finna á víð og dreif í gildandi lögum, er í frumvarpinu lagt til að hugtökin verði færð í sérstaka grein þar sem merking þeirra er skýrð. Farið hefur verið yfir hugtökin með tilliti til frumtexta þeirra og þau lagfærð. Á þetta einkum við um skilgreiningar á hugtökunum náin tengsl og hópur tengdra viðskiptamanna. Sérstök athygli er vakin á því að gerð er tillaga um skilgreiningu á hugtakinu framkvæmdastjóri. Þykir það nauðsynlegt í ljósi þess að ekki er, í reynd, um að ræða samræmda notkun á heiti yfir helstu stjórnendur fjármálafyrirtækja.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum er víða að finna ýmis hugtök þótt hvergi sé í þeim að finna sjálfstæða grein með orðskýringum. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri grein verði bætt við I. kafla laganna er verði 1. gr. a og innihaldi orðskýringar. Er því nauðsynlegt að leggja til breytt heiti I. kafla laganna.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð tillaga um breytingu á f-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sem tiltekur hvaða starfsemi samkvæmt lögunum er leyfisskyld, þess efnis að til viðbótar leyfisskyldu til umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar, líkt og krafist er í núgildandi lögum, verði einnig krafist leyfis til töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Breytingin er lögð til vegna samræmingar við 1. mgr. 52. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Um 4. gr.

Starfsleyfi fjármálafyrirtækis tekur til starfsemi fyrirtækisins í aðalstöðvum þess og útibúum, eftir eðli rekstrar. Þótt gildandi lög, og frumvarp þetta, geri ráð fyrir því að starfsleyfi taki til alls þess rekstrar sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur með höndum, er engu síður talið nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið geti við tilteknar aðstæður gripið inn í rekstur, án þess að til eiginlegrar starfsleyfissviptingar komi. Aðstæður geta t.d. verið með þeim hætti að meginhluti eiginlegrar starfsemi fjármálafyrirtækis fer fram í einu útibúi fyrirtækisins, eða málum þannig háttað að tiltekið útibú vegur það þungt í rekstrinum að ástæða þykir til að hafa sérstakt eftirlit með því.

Rétt þykir að taka fram að frumvarpsgreinin stríðir í engu gegn heimildum fjármálafyrirtækja til að stunda starfsemi á öllu EES-svæðinu, eða frá þeim starfsstöðvum sem hentugast þykir. Einungis er leitast við að tryggja Fjármálaeftirlitinu mildara úrræði en það hefur nú, telji það rekstri einstakra starfsstöðva ábótavant.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um kröfur um hlutafé og stofnfé sem ávallt er skylt að uppfylla. Með 1.–6. mgr. greinarinnar er lagt til að horfið verði frá þeirri leið að tilgreina fyrst lágmarksfjárhæð hlutafjár og stofnfjár í íslenskum krónum en þess í stað lagt til að lágmarksfjárhæðin verði tilgreind í evrum en slíkt fyrirkomulag er til samræmis við tilskipanir Evrópusambandsins.

Þar sem þróun gengis íslensku krónunnar er háð ýmsum óvissuþáttum er gerð tillaga um nýja 7. mgr. þess efnis að ef hlutafé eða stofnfé er skráð í íslenskum krónum skuli miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Nauðsynlegt er fyrir þau fjármálafyrirtæki þar sem eiginfjárgrunnur kann að vera nálægt lágmörkum að hafa borð fyrir báru til að geta mætt gengissveiflum.

Í frumvarpinu er ekki að finna efnislegar breytingar á þremur síðustu málsgreinum greinarinnar frá gildandi lögum en þær færast þó aftur í röð þar sem lögð er til ný 7. mgr., sbr. hér að framan.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að verulega verði skerpt á ákvæðum er varða endurskoðunardeildir sem starfa skulu við fjármálafyrirtæki og annast innri endurskoðun. Gerð er krafa um að við innri endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja starfi ákveðinn fjöldi starfsmanna þótt ekki sé tiltekið nákvæmlega hver sá fjöldi skuli vera. Hann skal hins vegar endurspegla stærð viðkomandi fjármálafyrirtækis og það hversu viðamikil og flókin starfsemi fyrirtækisins er. Þá er gert ráð fyrir því að starfsmenn innri endurskoðunardeilda megi hvorki vera hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki né aðilar að kaupaukakerfum sem þar kunna að vera til staðar.

Til samræmis við gildandi lög er áfram, skv. 2. mgr., gert ráð fyrir því að stjórn fjármálafyrirtækis skuli ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins, sem fari með innri endurskoðun í umboði stjórnar. Hins vegar er lagt til það nýmæli að gerð verði tiltekin hæfisskilyrði til slíks forstöðumanns. Þannig skal viðkomandi hafa lokið háskólanámi sem nýtist í starfi, ásamt því að búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Er hér vísað til þess að viðkomandi hafi aflað sér starfsreynslu á fjármálamarkaði. Hvorki er talið nauðsynlegt að afmarka beinlínis hversu víðtæk slík reynsla skuli vera, enda aðstæður og starfsemi hinna ýmsu fjármálafyrirtækja mismunandi, né heldur að tiltaka nákvæmlega hver sú háskólamenntun skuli vera sem nýtast megi í starfi. Þótt vissulega mætti vísa á tilteknar faggreinar sem líklegar eru til að veita viðkomandi menntunarforskot, svo sem viðskiptafræði, lögfræði, er ekki talin ástæða að tiltaka sérstaklega slíkar faggreinar. Enda er það svo að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið hafi um það lokaorð hvort viðkomandi telst hafa burði til að gegna umræddu starfi. Til viðbótar framangreindum skilyrðum verður áskilið að viðkomandi hafi hvorki verið úrskurðaður gjaldþrota né í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt nánar tilgreindum lögum. Efnislega er áskilnaður þessi nánast sambærilegur þeim sem gerður er til hæfis stjórnar og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja, sbr. núgildandi 1. mgr. 52. gr. laganna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti tekið hæfi forstöðumanns til sérstakrar skoðunar.

Í 3. mgr. er lagt til að innri endurskoðun skuli gera stjórn fjármálafyrirtækis grein fyrir starfsemi sinni. Ekki síst með vísan til þeirrar ríku ábyrgðar sem stjórn fjármálafyrirtækis hefur þykir eðlilegt að leggja til slíkt fyrirkomulag. Þá þykir rétt, einkum með það að markmiði að tryggja gagnsæi, að gera þá kröfu að á stjórnarfundum sé skylt að taka fyrir allar athugasemdir innri endurskoðunar og færa til bókar en skv. 4. mgr. skal innri endurskoðun tilkynna sérstaklega til Fjármálaeftirlitsins þær athugasemdir sem það hefur gert og sent til stjórnar. Þessi skipan þykir til þess fallin að enn frekar sé gagnsæi tryggt ásamt því sem Fjármálaeftirlitinu er gefið tækifæri til að beita þeim úrræðum sem það hefur, telji það þörf á að beita þeim, enda berist því athugasemd innri endurskoðunar án ástæðulauss dráttar. Með athugasemdum er einkum átt við formlegar athugasemdir sem innri endurskoðun telur gefa tilefni til að komið verði á framfæri við stjórn. Ekki er því gengið svo langt að leggja það til að viðkomandi þurfi að færa til bókar minni háttar athugasemdir eða það sem telja má vera almennar ábendingar. Loks er gert ráð fyrir því að innri endurskoðun geri Fjármálaeftirlitinu, eigi sjaldnar en árlega, grein fyrir niðurstöðum kannana sinna.

Líkt og heimilt er í gildandi lögum er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti áfram, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar og sett þeim fjármálafyrirtækjum sem slíka undanþágu fá tiltekin skilyrði. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu gæti t.d. verið á þá lund að gerð yrði krafa um að komið yrði á laggirnar annars konar innra eftirliti. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá einstökum þáttum starfsemi innri endurskoðunardeilda, sbr. orðalag ákvæðisins.

Um 7. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað núgildandi 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar. Í þeirri fyrri er lagt til að fjármálafyrirtæki framkvæmi reglulega álagspróf og að niðurstöður slíkra álagsprófa séu skjalfestar. Þetta fyrirkomulag er talið geta verið til þess fallið að fyrr sé hægt að grípa í taumana ef einhver hætta gæti verið fyrir hendi í þá veru að kröfur um eigin fé standist ekki álag auk þess sem prófanir sem þessar stuðla að auknu gagnsæi og trúverðugleika.

Í þeirri síðari er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti sett frekari reglur, ekki einungis um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa líkt og kveðið er á um í núgildandi lögum, heldur geti eftirlitið einnig sett slíkar reglur um framkvæmd áhættustýringar. Til viðbótar við gildandi lög er enn fremur lagt til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um stöðu áhættustýringar innan fjármálafyrirtækja. Er slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að áhættustýringu sé gert nægilega hátt undir höfði innan fjármálafyrirtækja og þannig t.d. ekki litið svo á að hún geti verið aukastarf sem lágt settur starfsmaður sinni.

Framangreindar breytingar hafa þann tilgang að tryggja að uppfylltar séu kröfur um fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja, þ.e. kröfur um eigið fé og laust fé.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við lögin tveimur nýjum greinum, 17. gr. a og 17. gr. b. Með nýrri 17. gr. a er lagt til að fjármálafyrirtæki skuli halda sérstaka skrá yfir þá aðila sem þau eiga skuldbindingar á hendur. Til þess að utanumhald slíkrar skrár verði ekki um of íþyngjandi eru tilgreind þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að lántakendur, eða aðrir sem fjármálafyrirtæki eiga kröfur á, lendi á skránni. Megintilgangur

skrárinnar er að tryggja að eftirlitsaðilar, í þessu tilviki Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands, geti haft nægilega yfirsýn yfir stöðu þeirra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja sem eru það kerfislega mikilvægir, eða stórir, að áföll í rekstri þeirra kunni að hafa áhrif út fyrir viðskiptasamband þeirra og viðkomandi fjármálafyrirtækja. Til að tryggja að upplýsingar úr skránni nýtist bæði Fjármálaeftirlitinu, sem eftirlitsaðila með starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja, og Seðlabanka Íslands, sem eftirlitsaðila með lausafé og með kerfislægri áhættu, kann að þurfa að endurskoða ákvæði samstarfssamnings á milli þessara tveggja eftirlitsaðila.

Ásamt þeim tillögum sem lagðar eru til annars staðar í frumvarpinu, einkum að því er varðar tengsl viðskiptamanna og auknar skyldur sem lagðar eru á eftirlitsskylda aðila til þess að tengja aðila saman, er þess vænst að tillaga þessi megi verða til þess að fyrr sé unnt að koma auga á atburðarás sem kann að leiða til kerfisáhættu.

Með nýrri 17. gr. b er horft til þess að til að upplýsingar um aðila á skránni, sem kveðið er á um í nýrri 17. gr. a, þjóni þeim tilgangi að eftirlitsaðilar geti brugðist við kerfislægri áhættu vegna stórra aðila á skránni, sé nauðsynlegt að þeir geti aflað upplýsinga beint frá viðkomandi um stöðu þeirra gagnvart öðrum en þeim sem sent hafa inn upplýsingar. Er hér m.a. um að ræða skuldbindingar þeirra gagnvart erlendum lánveitendum eða öðrum erlendum aðilum.

Í greininni eru einnig lögð til úrræði fyrir Fjármálaeftirlitið sem það getur gripið til bregðist aðili ekki við ósk eftirlitsins um upplýsingar eða ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi.

Um 9. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýja grein, 1. gr. a, þar sem verði að finna orðskýringar nokkurra hugtaka sem lögin vísa til, m.a. um það hvað náin tengsl merkja í lögunum. Verði frumvarpið að lögum verða 2. og 3. mgr. 18. gr. núgildandi laga, þar sem fjallað er um náin tengsl, óþarfar og er því samhliða gerð tillaga um að þær falli brott.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. núgildandi laga skulu fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Þótt engum dyljist mikilvægi þessa þá hefur 19. gr. laganna sætt nokkurri gagnrýni fyrir þær sakir að þykja óskýr. Þrátt fyrir að sjá megi af eldri lögskýringargögnum að Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeinandi reglur í þessu sambandi þá hafa þær, til þessa, enn ekki litið dagsins ljós.

Við hrun bankanna haustið 2008 varð fjármálakerfi landsins fyrir miklum hnekki og verulega hefur dregið úr trúverðugleika fjármálafyrirtækja. Mikilvægt er að endurheimta fyrri trúverðugleika og með það í huga er í frumvarpinu gerð tillaga um að bætt verði við 19. gr. nýrri 2. mgr. þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um það hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir á fjármálamarkaði. Jafnframt er gerð krafa um að fjármálafyrirtæki hafi aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna rísi ágreiningur milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Með tillögu þessa efnis er ekki síst litið til þess að með hruni bankanna og við þær sérstöku aðstæður sem síðan hafa ríkt í efnahagslífinu hér á landi hefur fjöldi viðskiptamanna fjármálafyrirtækja lent í fjárhagslegum erfiðleikum, bæði einstaklingar og fyrirtæki.

Fjármálafyrirtækjum hefur með lögum nr. 107/2009 verið lögð sú skylda á herðar að setja skýrar reglur um verklag við úrlausn mála þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þá hafa fjármálafyrirtækin með undanþágu frá samkeppnisyfirvöldum

lagt drög að samræmdum reglum sem beita má við úrlausn slíkra skuldamála en hvert fyrirtæki setur svo endanlega eigin reglur sem háðar eru samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ljóst er að staða fyrirtækja sem eru í viðskiptum við fjármálafyrirtæki getur verið mjög mismunandi. Helstu rekstrarstærðir og staða efnahagsreiknings getur verið mjög ólík og úrlausn skuldavanda því háð aðstæðum hvers aðila fyrir sig. Yrði nær ómögulegt að lögfesta almennar reglur um hvernig fjármálafyrirtækja eigi að standa að endurskipulagningu skulda. Þó er ljóst að fjármálafyrirtæki hafa ekki algjörlega frjálsar hendur um hvernig staðið skuli að þessum málum. Eins og áður segir ber þeim að setja um þetta skýrar reglur sem háðar eru samþykki Fjármálaeftirlitsins. Þá eru fjármálafyrirtækin háð ákvæðum samkeppnislaga, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fram álit um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Sömuleiðis skulu fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Samkvæmt því geta eftirlitsaðilar, þ.e. Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið, látið til sín taka ef misbrestur verður á. Þetta frumvarp gerir einnig ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Slíkar reglur geta, eftir atvikum, gert fjármálafyrirtækjum skylt að fylgja tilteknum leikreglum komi þau að fjárhagslegri endurskipulagningu eigna og skulda viðskiptamanna.

Aukið umfang greiðsluerfiðleika getur leitt til þess að hefðbundin úrræði réttarfarslaga eigi ekki jafn vel við og í eðlilegu árferði. Mikilvægt er því, ekki síst á þeim erfiða tíma sem gengur nú yfir íslensku þjóðina, að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja séu vel upplýstir um þau réttarúrræði sem þeim bjóðast og að fjármálafyrirtækin hafi aðgengilegar upplýsingar um það hvaða réttarúrræði standi viðskiptavinum þeirra til boða rísi ágreiningur. Er því í frumvarpinu gerð tillaga um framangreint en fyrirkomulag sem þetta þykir jafnframt betur til þess fallið að tryggja gagnsæi að þessu leyti og að öllum viðskiptavinum bjóðist sambærileg úrræði. Byggist tillaga frumvarpsins á sambærilegu ákvæði í lögum um vátryggingarsamninga.

Með tillögu um nýja 3. mgr. er lagastoðum skotið undir tilvist nefndar sem þegar er starfandi, þ.e. úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Reynslan hefur sýnt að hinar ýmsu úrskurðarnefndir, sbr. t.d. úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, hafa reynst neytendum fljótvirk og hagkvæm leið til að fá skorið úr ágreiningi sem kann að rísa milli þeirra og viðkomandi fyrirtækja.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að settur verði lagarammi um hvernig haldið skuli utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn fjármálafyrirtækja.

Er lagt til að hin almenna regla verði sú að enginn eigi aðgang að upplýsingum um viðskiptamann nema hann hafi raunverulegt tilefni til. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta verið eðlilegar ástæður fyrir því að starfsmenn afli sér upplýsinga um stöðu einstakra viðskiptamanna. Það á t.d. við þegar starfsmaður fjármálafyrirtækis er að vinna að málum viðkomandi, er varðar endurskipulagningu á rekstri hans eða hvað varðar samþykki eða framlengingu á yfirdráttarheimild.

Enn fremur er lagt til að viðskiptamaður fjármálafyrirtækis, sem þess óskar, geti fengið upplýsingar um það hvaða starfsmaður fjármálafyrirtækis hafi umsjón með þeim upplýsingum er kunna að vera í skránni og varða hann. Jafnframt að viðskiptamaður fjármálafyrirtækis eigi rétt á því að fá upplýsingar frá ábyrgðarmanni um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skránni, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi.

Loks er lagt til að ráðherra geti sett reglugerð um nánari útfærslu ákvæðanna.

Um 12. gr.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á greininni að til viðbótar því að starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða geti tekið til þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskiptum sem tengjast slíkum útboðum, líkt og núgildandi lög kveða á um, þá komi það fram með skýrum hætti að starfsemin geti jafnframt náð til töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Tillagan um breytingu á greininni er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. þessa frumvarps, á f-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, þess efnis að krafist verði leyfis til töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 13. gr.

Tillaga um að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 22. gr. laganna byggist á því að eðlilegt þykir að Fjármálaeftirlitið geti metið hvort skilyrði 1. málsl. ákvæðisins séu fyrir hendi. Þannig geti eftirlitið sett fjármálafyrirtækjum tiltekin skilyrði til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Ekki síst þykir nauðsynlegt að tiltaka sérstaklega tímafrest enda eru þau úrræði sem ákvæðið býður upp á tímabundin í eðli sínu. Ætíð skuli því haft að markmiði að fjárhagslegri endurskipulagningu ljúki sem fyrst.

Um 14. gr.

Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 3. og 11. gr. frumvarpsins þykir rétt að leggja til breytingu á g-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna þannig að skýrt sé að verðbréfafyrirtæki hafi heimildir til töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði til viðbótar því að geta haft umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.

Um 15. gr.

Með þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpinu um breytingar og uppskiptingu á efni 29. gr. laganna er lagt til að tilvísun 5. mgr. 28. gr. laganna í 29. gr. falli brott.

Um 16. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á 29. gr. laganna í þá veru að ákvæðum greinarinnar verði beint bæði að móðurfélögum og dótturfélögum en í gildandi lögum er ekki fjallað um áhrif ákvæðanna á dótturfélög. Þannig er gert ráð fyrir því að samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess megi ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnvirði innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár fyrirtækis. Tillaga um breytingu miðar að því að tryggja að ekki sé hægt að koma eignarhlutum fyrir í dótturfélögum og þannig fara á svig við reglur um hámark eigin hluta. Við samningu frumvarpsins kom til álita að lækka hin heimiluðu mörk, 10%, en fallið frá því vegna tengingarinnar við dótturfélög. Þá er kveðið á um skyldu til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar ef viðkomandi eignast meira af hlutafé eða stofnfé vegna lúkningar viðskipta, sbr. 22. gr. laganna, en Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja mánaða frest til að koma eignarhlut niður í lögmælt mark. Líkt og kveðið er á um í gildandi lögum er þess áfram getið að um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gildi að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að við útreikning skv. 1. málsl. 1. mgr. skuli taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf.

Loks er með breytingunni gert ráð fyrir því að felld verði brott núgildandi 2. mgr. greinarinnar um lánveitingar enda verði ákvæði um lánveitingar sett í sérstaka grein, sbr. nánar í 16. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Verði frumvarpið að lögum er fjármálafyrirtæki í fyrsta lagi með öllu óheimilt að lána til kaupa á hlutafé/stofnfjárbréfum í fyrirtækinu ef veðandlagið eru sjálf hlutabréfin/stofnfjárbréfin. Af sjálfu sér leiðir að bannreglan er ófrávíkjanleg, þ.e. ekki nægir að fá sjálfskuldarábyrgð samhliða veðsetningu hlutabréfanna/stofnfjárbréfanna til þess að lána megi til kaupanna.

Í öðru lagi er fjármálafyrirtæki óheimilt nema með þröngum skilyrðum að veita lán til stjórnarmanns, lykilstjórnanda eða þess sem á virkan eignarhlut í viðkomandi fjármálafyrirtæki, verði frumvarpið að lögum. Bæði skulu vera trygg veð fyrir slíkum lánveitingum og eins má fjárhæð láns ekki vera hærri en svo að nemi 1% af áhættuskuldbindingum eða umfram 100 millj. kr. Er við það miðað að eðlileg lánafyrirgreiðsla, t.d. í tengslum við húsnæðiskaup, rúmist innan heimildanna. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja það að menn seilist ekki til áhrifa í fjármálafyrirtækjum í þeim höfuðtilgangi að eiga aðgengi umfram aðra að lánsfé. Enn fremur er ákvæðinu ætlað að tryggja rétt smærri hluthafa sem eiga mikið undir því að fjármálafyrirtæki sé ekki rekið sem einkafjárfestingarsjóður tiltölulega fárra stórra eigenda.

Í þriðja lagi er með ákvæðinu reynt að girða fyrir það að farið sé á svig við bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða til eigenda virkra eignarhluta með því að banna að slíkar lánveitingar fari í gegnum dótturfélög.

Til þess að koma ekki í veg fyrir að hlutabréf fjármálafyrirtækis sem eru í eigu lántakanda geti verið hluti af allsherjarveði í eignum lántakanda er þó gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti undanskilið slíka, og sambærilega, samninga bannreglu 3. mgr.

Um 18. gr.

Lagt er til að fjármálafyrirtæki sé skylt, ef vafi leikur á því hverjir teljast innbyrðis tengdir viðskiptamenn, að tengja aðila saman nema því aðeins að viðkomandi fjármálafyrirtæki geti með fullnægjandi hætti sýnt fram á hið gagnstæða. Gera má ráð fyrir að einstök fjármálafyrirtæki setji sér vinnureglur og kynni þær fyrir Fjármálaeftirlitinu þannig að ljóst sé hvaða almennu reglu fjármálafyrirtæki beitir til að komast að niðurstöðu um tengsl aðila. Þegar vafi leikur á tengslum bóki fjármálafyrirtæki rökstuðning sinn fyrir því að tengsl séu ekki til staðar annaðhvort þegar fyrirgreiðsla er veitt eða þegar slíkur vafi kemur fram. Láti fjármálafyrirtæki undir höfuð leggjast að tengja viðskiptamenn getur Fjármálaeftirlitið beitt viðurlögum skv. XIV. kafla laganna.

Annað nýmæli er að lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að hámark stórra áhættuskuldbindinga skuli vera lægra en 25% líkt og er hin almenna regla. Í þeim tilfellum, svo dæmi sé tekið, sem fjármálafyrirtæki hafa vaxið verulega umfram meðaltal sambærilegra fyrirtækja eða ef stjórnendur vilja leggja aukna áherslu á áhættusamari rekstur er ekki óeðlilegt að eftirlitsaðili geti gert auknar öryggiskröfur. Er ákvæðinu ætlað að veita þann möguleika.

Þá er lagt til að þegar um er að ræða lánveitingu innan tiltekins hóps tengdra aðila skuli mörkin ekki fara yfir 20%. Er regla þessi í samræmi við ákvæði 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Um 19. gr.

Í gildandi lögum er tilskilið að Fjármálaeftirlitið geti aðeins bannað stofnun útibús innlends fjármálafyrirtækis í öðru aðildarríki ef það hefur ástæðu til að ætla að bæði stjórnun og fjárhagsstaða þess sé ábótavant. Í greininni er tekinn af allur vafi um að annað hvort framangreindra tilvika nægi til þess að unnt sé að meina fjármálafyrirtæki opnun útibús.

Um 20.–22. gr.

Sjá athugasemd við 18. gr.

Um 23. gr.

Í VI. kafla gildandi laga er gert ráð fyrir því að afla þurfi fyrirframsamþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum, eða aukningu, á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Tilskipun Evrópusambandsins 2007/44/EB (e. Directive 2007/44/EC of the European Parliament and of the Council of 5 September 2007 amending Council Directive 92/49/EEC and Directives 2002/83/EC, 2004/39/EC, 2005/68/EC and 2006/48/EC as regards procedural rules and evaluation criteria for the prudential assessment of acquisitions and increase of holdings in the financial sector) sem lagt er til að verði innleidd með 22.–29. gr. mælir hins vegar fyrir um það að ekki þurfi að afla samþykkis fyrir kaupum á virkum eignarhlut. Tilskipunin gerir ráð fyrir því að fyrirhuguð kaup, eða aukning, sé tilkynningarskyld til eftirlitsaðila sem hafi síðan tiltekinn frest til þess að gera athugasemdir við kaupin. Er tiltekið í tilskipuninni við hvaða skilyrði eftirlitsaðili getur gert athugasemdir eða hafnað kaupunum. Þótt hér sé aðeins um stigsmun að ræða frá gildandi reglum verður ekki fram hjá því litið að tilskipunin bindur á vissan hátt hendur eftirlitsaðila við mat á þeim sem hyggst ráðast í fjárfestinguna.

Auk innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar eru í frumvarpinu tillögur að viðbrögðum eftirlitsaðila láti kaupandi undir höfuð leggjast að tilkynna um kaupin, kaupi eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir þá niðurstöðu eftirlitsaðilans, Fjármálaeftirlitsins, að viðkomandi sé ekki bær til þess að ráðast í fjárfestinguna.

Þá er rétt að vekja sérstaka athygli á 33. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti sett sig upp á móti kaupum á virkum eignarhlut ef það telur vafa leika á því hver sé hinn raunverulegi kaupandi. Með þessu er leitast við að bregðast við því ef reynt er að fela raunverulegt eignarhald með flóknu neti eignarhaldsfélaga.

Um 24. gr.

Til þess að Fjármálaeftirlitið geti metið hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sinn verða að liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um viðkomandi. Þótt ekki séu í frumvarpinu lagðar til efnislegar breytingar varðandi það hvaða upplýsingar skuli fylgja tilkynningu er ljóst, miðað við að Fjármálaeftirlitið hefur mun afmarkaðri tímaramma til að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi sé hæfur til að fara með hlutinn en áður var, að það er fjárfesti í hag að gefa sem fyllstar upplýsingar. Ber viðkomandi hallann af því að upplýsingagjöf sé ófullnægjandi.

Um 25. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti lagt fleiri atriði til grundvallar mati sínu á því hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé til þess

hæfur. Tilskipun 2007/44/EB tilgreinir hins vegar sérstaklega að aðeins þau atriði sem talin eru upp í greininni megi hafa til hliðsjónar.

Þótt við fyrstu sýn megi ætla að þar með séu möguleikar Fjármálaeftirlitsins til að setja sig upp á móti fjárfestingunni takmarkaðir þá er svo ekki. Í sjálfu sér má halda því fram að töluliðirnir samanlagt innihaldi öll þau atriði sem eftirlitsaðili þarf á að halda til þess að geta lagt mat á kaupandann.

Samkvæmt 1. tölul. metur Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut á grundvelli þess orðspors sem hann hefur aflað sér og skv. 2. tölul. metur það orðspor þess sem fyrirhugað er að veita muni starfseminni forstöðu. Ætla má að við það mat horfi eftirlitið til fyrri starfa viðkomandi og aðkomu, eða þátttöku, í atvinnurekstri, og þá án tillits til þess hvaða formlegu stöðu viðkomandi kann að hafa gegnt. Þannig gæti aðili sem ekki hefur reynslu af þeirri starfsemi sem fjármálafyrirtæki stundar en viðkomandi hefði hins vegar reynslu úr áhættusækinni starfsemi á öðrum vettvangi þurft að fara í gegnum þrengra nálarauga en aðili sem á að baki farsælan feril á fjármálamarkaði.

Við mat skv. 3. tölul. hefur Fjármálaeftirlitið til hliðsjónar hvernig sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjármagna kaupin. Séu þau t.d. fjármögnuð að verulegu leyti með lántöku frá öðru fjármálafyrirtæki og viðkomandi setur, eða hyggst setja, eignarhlutina að veði fyrir láni til kaupanna, leggur Fjármálaeftirlitið mat á það hver geti verið áhrif þess ef aðilinn getur ekki staðið í skilum með greiðslu á láni. Slíkt mat næði bæði til áhrifa á þann sem lánið veitir og þann sem kaupa á í. Með þeim hætti er eftirlitinu gert kleift að meta smithættu á milli fjármálafyrirtækja.

Um 26. gr.

Í tilskipun 2007/44/EB er ekki gert ráð fyrir umsókn um heimild til þess að mega fara með virkan eignarhlut. Tilskipunin gefur eftirlitsstjórnvöldum hins vegar ákveðinn frest til að setja sig upp á móti kaupunum; með öðrum orðum að hafna því í reynd að kaupandi megi fara með eignarhlutinn, þ.e. nýta atkvæðisrétt og önnur þau réttindi sem hlutnum fylgja. Berist ekki viðbrögð frá eftirlitsstjórnvaldi innan tilskilins frests eignast kaupandi sjálfkrafa öll réttindi yfir hlutnum.

Um 27. gr.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hlotið jákvæða niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins en ekki ráðist í hina fyrirhuguðu fjárfestingu innan sex mánaða er gert ráð fyrir því að ferli skv. 40.–43. gr. hefjist að nýju. Rökin að baki tillögu um ákvæði sem þetta eru þau að á því tímabili hefur Fjármálaeftirlitið ekki eftirlit með hæfi viðkomandi. Á þeim tíma kunna aðstæður hjá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut að breytast og e.t.v. að gera viðkomandi síður til þess fallinn að fara með eignarhaldið.

Um 28. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæðum greinarinnar mótast af því að tilskipun 2007/44/EB gerir ekki ráð fyrir fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlut, eins og áður hefur verið fjallað um, sjá nánar athugasemdir við 22. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Greinin tiltekur þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur fylgi aðili ekki þeim fyrirmælum sem fram koma í tilkynningu þess um að hann sé ekki hæfur til þess að fara með hlutinn. Í greininni er litið til meðalhófs og aðila gefinn möguleiki á að öðlast yfirráð yfir hlut sem hann átti áður eftir að hafa selt það sem hann eignaðist án samþykkis. Þótt slíkt sé ekki lagt til í frumvarpinu hefði vel komið til greina að líta svo á að aðili sem hunsaði alfarið niðurstöðu eftirlitsaðilans væri ekki hæfur til þess að fara með virkan eignarhlut og skyldi sviptur atkvæðisrétti til frambúðar, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 42. gr.

Um 30. gr.

Ef ekki kæmu til hömlur á meðferð eignarhlutar á meðan eftirlitsaðilinn er að meta hæfi þess sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut væri aðilanum í lófa lagið, væri hann þannig innréttaður, að skaða félagið eða rýra hagsmuni annarra hluthafa. Ákvæðinu er ætlað að tryggja hagsmuni allra hlutaðeigandi á meðan Fjármálaeftirlitið hefur hæfi þess sem eignast hefur eða aukið við eignarhlut sinn til skoðunar.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða greininni eins og hún er í gildandi lögum að því undanskildu að bætt hefur verið við nýjum málslið. Með honum er sama skylda lögð á viðkomandi rýrni hlutur hans vegna aðgerða sem fjármálafyrirtækið sjálft grípur til og ef hann seldi hlut sinn að hluta til eða öllu leyti.

Um 32. gr.

Ekki er lögð til efnisleg breyting á ákvæðum greinarinnar, en ákvæðið er að finna í 48. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Til þess að geta viðhaldið virku eftirliti með fjármálafyrirtækjum og metið hæfi þeirra sem eiga virkan eignarhlut í þeim er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir til þess að geta, á hverjum tíma, tekið hæfi þeirra til athugunar.

Um 34. gr.

Um a-lið.

Ef upplýsingar þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eru ófullnægjandi getur Fjármálaeftirlitið óskað fyllri upplýsinga, sbr. 42. gr., eða lagt mat á hæfi viðkomandi á grundvelli innsendra upplýsinga og þá, eftir atvikum, hafnað því að af kaupunum verði. Séu innsendar upplýsingar um væntanlegan kaupanda þess eðlis að Fjármálaeftirlitið telur vafa leika á því hver sé raunverulegur kaupandi skal það tilkynna viðkomandi að það telji hann ekki hæfan til að fara með hlutinn. Tilvik af þessu tagi gætu t.d. verið að væntanlegur kaupandi væri eignarhaldsfélag og óljóst væri hverjir séu raunverulegir eigendur þess, eða eigendur þess væru aðilar skrásettir í lögsögu sem ekki væri með samning við Fjármálaeftirlitið um virk skipti á upplýsingum. Með tilliti til heilbrigðs og trausts fjármálamarkaðar er Fjármálaeftirlitinu ætlað að ganga tryggilega úr skugga um það hverjir fari með virkan eignarhlut.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um að aðili sé ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut skal ætíð rökstudd, sbr. 43. gr. Sama á við um niðurstöðu byggða á ákvæði 49. gr. a. Í slíku

tilviki ætti sá sem tilkynnti um áform sín möguleika á að gera betur grein fyrir því hver hinn raunverulegi eigandi er. Fjármálaeftirlitið hefði þá, eftir aðstæðum, tilefni til að endurskoða niðurstöðu sína.

Um b-lið.

Auk eftirlits með þeim sem eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki er það nauðsynlegur þáttur í virku eftirliti að fylgjast með myndun náinna tengsla. Eðlilegt er að þau viðmið sem fram koma í greinum frumvarpsins um athuganir Fjármálaeftirlitsins og úrræði varðandi mat á hæfi aðila til þess að fara með virkan eignarhlut gildi einnig um náin tengsl, eftir því sem við á.

Um 35. gr.

Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á ákvæðum 52. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi má nefna að lagt er til það nýmæli að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis megi ekki hafa hlotið dóm vegna brota á samkeppnislögum eða sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, þar á meðal lögum um fjármálafyrirtæki.

Í öðru lagi er skerpt á öðrum hæfisskilyrðum. Eru lögð til þrengri og skýrari ákvæði um fjárhagsstöðu, menntun, starfsreynslu og starfsferil stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, auk þess sem gert er ráð fyrir að bæði stjórnarmenn sem framkvæmdastjórar fari í sérstakt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Er það m.a. lagt til í tilefni af því að í frumvarpinu er víða að finna ríkari kröfur til stjórnarmanna og að þeir geri sér fulla grein fyrir þeirri persónulegu ábyrgð sem þeir bera á meðan þeir sitja í stjórn. Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvað teljast skuli fjárhagslegt sjálfstæði. Slíkar reglur geta m.a. innihaldið ákvæði um að stjórnarmaður skuli ekki skulda fjármálafyrirtækjum verulega fjármuni, e.t.v. sem hlutfall af árstekjum hans, að hann sé ekki í verulegum ábyrgðum fyrir aðra eða að hann sé ekki eigandi eða stjórnandi fyrirtækis sem stendur fjárhagslega höllum fæti.

Í þriðja lagi eru lögð til þrengri skilyrði til stjórnarsetu. Af ákvæðinu leiðir að stjórnarmanni er á sama tíma óheimilt að eiga sæti bæði í viðskiptabanka og vátryggingafélagi, eða viðskiptabanka og kauphöll. Á samkeppnismarkaði er mikilvægt að eignarhald og stjórnarseta skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Mikilvægt er t.d. að móðurfélag sem á sem dótturfélög annars vegar vátryggingafélag og hins vegar fjármálafyrirtæki gæti þess að sömu stjórnarmenn séu ekki tilnefndir til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækinu og vátryggingafélaginu. Þetta er mikilvægt t.d. í því tilviki þegar fjármálafyrirtækið á í samstarfi við annað vátryggingafélag sem á í samkeppni við dótturfélag móðurfélagsins. Svonefnd krossstjórnarseta af því tagi sem hér um ræðir getur valdið aukinni hættu á hagsmunaárekstrum og orðsporsáhættu.

Um 36. gr.

Um a-lið.

Til þess að tryggja að haldnir séu aðalfundir, þótt stjórn hafi vanrækt eða þumbast við að halda hann, gerir frumvarpið ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti sjálft staðið fyrir slíkum fundi. Þótt halda megi því fram að ákvæði hlutafélagalaga um boðun aðalfunda eigi að vera fullnægjandi fyrir fjármálafyrirtæki er svo ekki þegar kemur að því að fylgja eftir þeim atriðum í frumvarpinu sem lúta að því að auka ábyrgð stjórnarmanna. Án þessara ákvæða

væri Fjármálaeftirlitinu ókleift að beita stjórnvaldssektum hunsi stjórn óskir eða að sinna lögboðinni skyldu til að standa fyrir aðalfundi.

Um b-lið.

Ákvæði b-liðar er samhljóða ákvæði um sama efni í lögum um vátryggingastarfsemi. Er ákvæðinu ætlað að gefa eftirlitsaðila tækifæri til að bregðast við breytingum á stöðu fjármálafyrirtækis með tilliti til samruna eða annars sem kallar á breytt verklag við eftirlit.

Um c-lið.

Gera verður þá kröfu til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja að þeir hafi heildaryfirsýn yfir þann rekstur sem þeim er trúað fyrir. Á þetta bæði við þegar vel gengur og eins, og jafnvel enn frekar, þegar á móti blæs. Meðal þess sem kann að hafa úrslitaáhrif á áframhaldandi rekstur er aðgengi að lánamörkuðum og hömlur sem kunna að vera á sölu eða annað framsal eignarhluta. Þá eru ákvæði í lánasamningum sem heimila lánveitendum að gjaldfella eða segja slíkum samningum upp, verði breytingar á stjórnendateymi lántakanda, ekki til þess fallin að auðvelda endurskipulagningu fjármálafyrirtækis sem kann að standa í erfiðri baráttu, m.a. vegna slælegrar frammistöðu stjórnenda. Þótt aldrei verði unnt að tilgreina í lagatexta, þannig að tæmandi sé, hvaða atriði það eru sem stjórnendur skulu tilkynna til Fjármálaeftirlitsins verður að gera þá kröfu að þeir beri skynbragð á það hvað haft getur áhrif á áframhaldandi starfsemi.

Um 37. gr.

Um a-lið.

Þótt ákvæði frumvarpsins geri ráð fyrir verulegri þrengingu heimilda fjármálafyrirtækja til lánveitinga, m.a. banni við lánveitingum til þeirra sem eiga virkan eignarhlut og banni við lánveitingum til kaupa á eigin hlutabréfum með veði í þeim, þykir ekki rétt að banna með öllu lánveitingar til stjórnarmanna. Að baki slíkum lánveitingum geta legið mjög eðlilegar ástæður. Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur um slík viðskipti og gefst þá tækifæri til að fylgjast með að farið sé að þeim reglum.

Um b-lið.

Ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn byggist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004 (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Íslenskt viðskiptaumhverfi (Reykjavík, nefndarálit, september 2004)).

Meiri hluti nefndarinnar sem vann að gerð frumvarpsins lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Skilaði einn nefndarmaður séráliti og taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög.

Í 1. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um kosningu formanns félagsstjórnar. Þá er þar jafnframt kveðið á um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 54. gr. laganna þar sem kveðið verði á um að stjórnarformanni í fjármálafyrirtæki skuli óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns félagsstjórnar. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir undantekningu frá meginreglunni að því er varðar einstök verkefni sem félagsstjórn felur stjórnarformanni að vinna fyrir stjórnina.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna enda sjá þeir m.a. um að stýra fundum stjórnar og boða til stjórnarfunda, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni

stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Eins og kemur fram hér að framan leggur 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Nokkuð hefur hins vegar borið á því hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið að orka nokkurs tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum sem hafa starfandi stjórnarformann er oft nokkuð skýr verkaskipting á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Almennt er ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda er eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann fer þá í raun með eftirlit með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Efnislega byggist ákvæði þetta á sambærilegu ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) sem liggur fyrir Alþingi. Þar sem það frumvarp hefur ekki hlotið afgreiðslu þykir rétt að halda tillögu þessari inni í frumvarpi þessu.

Um 38. gr.

Lagðar eru til miklar breytingar á ákvæðum gildandi laga um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur sem stjórn setur um viðskipti félagsins við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Samkvæmt ákvæðinu mun því Fjármálaeftirlitið skilgreina það hverjir teljast vera lykilstarfsmenn fjármálafyrirtækja. Nærtækt gæti verið að skilgreina lykilstarfsmann sem aðila í stjórnunarstarfi sem hefur verulega áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir því að reglurnar nái einnig yfir viðskipti við þá sem eru í nánum tengslum við framkvæmdastjóra. Náin tengsl eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að stjórn fjármálafyrirtækis setji reglur, sem birtar skulu opinberlega, um viðskipti félagsins við starfsmenn. Er miðað við að viðskipti milli fjármálafyrirtækis og starfsmanna lúti almennt sömu reglum og sambærileg viðskipti við almenna viðskiptamenn. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu, enda komi það fram í reglunum að starfsmenn, sé þeim gert að hafa öll eða megnið af bankaviðskiptum sínum við félagið, njóti þess í einhverju, t.d. með afslætti frá færslugjöldum, svo að dæmi sé tekið.

Um 39. gr.

Í a-lið er gerð tillaga um nýja grein, 57. gr. a, þar sem kveðið er á um hvernig standa megi að afkomutengdu hvatakerfi í fjármálafyrirtækjum. Ekki síst vegna efnahags- og fjármálakreppunnar hafa slík umbunarkerfi verið mikið í sviðsljósinu bæði hér á landi og erlendis. Þegar hafa verið gefin út tilmæli ESB um slík kerfi og má fastlega reikna með því að ekki líði á löngu þar til fyrir liggja ákveðnar tillögur sambandsins um fyrirkomulag slíkra umbunar- eða hvatakerfa. Af ráðnum hug er því lagt til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvatakerfi til þess að ekki þurfi að taka ákvæði laganna til sífelldrar endurskoðunar eftir því sem umræður þróast á alþjóðlegum vettvangi. Reglum Fjármálaeftirlitsins er ætlað að hafa til hliðsjónar tilmæli ESB og aðrar þær reglur um efnið sem samþykktar, eða viðurkenndar, kunna að verða. Helstu atriði tilmæla ESB um starfskjarastefnu í fjármálageiranum eru eftirfarandi:

- Reglurnar gildi fyrir öll fjármálafyrirtæki.
- Aðildarríkin setji reglur sem tryggi að starfskjarastefna fyrir starfsmenn sem taki áhættu (e. risk-taking staff) sé í samræmi við og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustjórnun en hvetji ekki til of mikillar áhættutöku.
- Jafnvægi skuli vera milli fastra launa og bónusgreiðslna og greiðslu meginhluta bónusgreiðslna skal frestað þannig að unnt sé að taka tillit til sveiflna í viðskiptalífinu og hagkerfinu sem haft geta áhrif á árangur (e. minimum deferment period). Aðildarríkin ættu að tryggja að starfskjarastefna fjármálastofnana setji hámark á bónusgreiðslur (breytilegir umbunarþættir).
- Mælingar á frammistöðu taki til lengri tíma (e. multi-year framework) svo að tryggt sé að tekið sé tillit til langtímaárangurs og undirliggjandi þátta varðandi áhættu, fjármagnskostnað og aðgang að lánsfé.
- Fjármálafyrirtæki eigi þess kost að halda eftir bónusgreiðslum að öllu leyti eða að hluta þegar mælikvarða um frammistöðu er ekki mætt. Fjármálafyrirtæki ætti einnig að eiga kost á því að halda eftir bónusgreiðslum þegar aðstæður í rekstri versna til muna. Fjármálastofnanir ættu einnig að geta krafist endurgreiðslu á bónusgreiðslum ef í ljós kemur að þær hafi verið byggðar á röngum upplýsingum.
- Greiðslur vegna starfslokasamninga (e. early termination of a contract) skulu tengjast frammistöðu sem hefur náðst á lengri tíma og í þeim má ekki felast umbun fyrir mistök.
- Starfskjarastefna sé uppfærð reglulega til að tryggja að hún mæti breyttri stöðu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Einnig ætti hún að vera endurskoðuð af óháðri stjórnunareiningu með tilliti til þess að hún samrýmist verklagsreglum og ferlum sem yfirstjórn hefur sett.
- Starfskjarastefna skuli vera gagnsæ og skýr og innihalda ákvæði til að draga úr hagsmunaárekstrum.
- Stjórn og annað starfslið sem kemur að samningu og eftirfylgni eigi ekki afkomu sína undir starfskjarastefnunni.
- Upplýsa skuli hluthafa um starfskjarastefnuna á skýran og skiljanlegan hátt.
- Eftirlitsaðilar á fjármálamarkaði eiga að yfirfara og leggja mat á starfskjarastefnu fjármálastofnana til að tryggja að stefnan sé í samræmi við skilvirka áhættustjórnun.

Í b-lið er gerð tillaga um að við lögin verði bætt nýrri grein, 57. gr. b, þess efnis að hömlur skuli lagðar á það hvernig staðið skuli að starfslokasamningum við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Í fyrsta lagi verður óheimilt, verði frumvarp þetta að lögum, að gera starfslokasamning við fráfarandi framkvæmdastjóra nema hagnaður hafi verið af rekstri. Ekki er

talið forsvaranlegt að verðlauna framkvæmdastjóra sem ekki hefur tekist að reka fjármálafyrirtæki með hagnaði með digrum sjóðum við lok starfsferils hans. Er talið nægja að viðkomandi haldi umsömdum launagreiðslum út uppsagnarfrest. Þá takmarkar ákvæðið bæði form og tímalengd starfslokasamninga.

Um 40. gr.

Í gildandi lögum er að finna undanþáguákvæði frá lágmarksstofnfé sparisjóða. Er viðmiðunardagsetning þessarar undanþágu stofnfjár eins og var við gildistöku laga nr. 43/1993. Engum dylst mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki, jafnt sparisjóðir sem önnur, búi að traustri innri gerð. Á þetta ekki síst við um fjárhagslegan styrk þeirra. Þótt reynslan hafi kennt mönnum að það eitt að standast formlegar kröfur um fjárhagslegan styrk, hvort sem hann er mældur í rauntölum eða sem hlutfall, nægi ekki til að rekstur fjármálafyrirtækis geti gengið áfallalaust verður ekki fram hjá því litið að án fullnægjandi fjárhagslegs styrks eru engar líkur til þess að fyrirtæki eigi framtíð fyrir sér og geti staðið við skuldbindingar sínar.

Um 41. gr.

Breyting sú sem lögð er til í a-lið felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 136. gr. tilskipunar 2006/48/EB um starfsemi lánastofnana. Við innleiðingu á umræddri tilskipun var ákvæðið ekki innleitt með réttum hætti. Úr þessu er bætt nú.

Samkvæmt b-lið er lögð til sú breyting að draga beri reiknaða skattinneign frá eiginfjárþætti A. Er framangreint gert með hliðsjón af því að þar sem eigið fé er hugsað sem eins konar stuðpúði til að mæta óvæntum áföllum er rökrétt að reiknuð skattinneign eða aðrir sambærilegir eignaliðir, sem verða verðlausir við gjaldþrot, séu ekki taldir með eignum í eiginfjárútreikningi skv. 84. og 85. gr. laganna. Jafnframt bætist nýr málsliður við 5. mgr. 84. gr. laganna þess efnis að ef núvirðing skuldbindinga leiðir til myndunar eigin fjár skuli draga það eigið fé frá eiginfjárþætti A. Um er að ræða innleiðingu á 4. mgr. 64. gr. tilskipunar 2006/48/EB um starfsemi lánastofnana. Við innleiðingu á umræddri tilskipun láðist að innleiða tilvitnað ákvæði. Úr þessu er bætt nú.

Með ákvæði c-liðar er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem eru taldir í 5. mgr. 84. gr. laganna dragist frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi þessa heimild til að hægt sé með skjótum hætti að bregðast við því ef í ljós kemur að nauðsynlegt sé að draga fleiri þætti frá eiginfjárgrunni vegna þess að í viðkomandi þáttum felst ekki nægjanlega traust eigið fé með hliðsjón af tilgangi þess. Framangreint er í samræmi við 1. mgr. 61. gr. tilskipunar 2006/48/EB um starfsemi lánastofnana er heimilar frekari frádráttarliði.

Um 42. gr.

Hér er lagt til að eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum komi að fullu leyti til frádráttar frá eiginfjárgrunni. Er lagt til að undanþága frá þessum frádrætti sem er að finna í 2. málsl. 1. mgr. 85. gr. laganna verði felld brott.

Með ákvæðinu er leitast við að bregðast við smitáhættu sem upp getur komið ef hlutir fjármálafyrirtækis A í fjármálafyrirtæki B rýrna mjög og hafa óæskileg áhrif á eiginfjárgrunn A. Þótt vissulega megi fullyrða að slíkt verðfall hefði áhrif á A, verði frumvarpið að lögum, hefur það ekki áhrif á stöðu eigin fjár.

Um 43. gr.

Endurskoðendur hafa ekki farið varhluta af gagnrýni vegna þeirra hremminga sem dunið hafa yfir fjármálakerfi heimsins. Þykir mörgum sem trúverðugleiki þeirra sem sérfræðinga er votta fjárhagslega stöðu, og heilbrigði, fjármálafyrirtækja hafi beðið hnekki.

Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði heimilt að sama endurskoðunarfyrirtæki sjái um endurskoðun fjármálafyrirtækis lengur en fimm ár. Tilgangur ákvæðisins er tvíþættur. Í fyrsta lagi er verið að reyna að sporna við því að endurskoðendur verði um of fjárhagslega háðir einu fyrirtæki og í öðru lagi að sú vissa sem þeir standa frammi fyrir að samkeppnisaðilar geta skoðað verk þeirra að ráðningartíma liðnum muni leiða til vandaðri vinnubragða.

Um 44. gr.

Sjá athugasemd við 9. gr.

Um 45. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til leiðir af öðrum breytingum í frumvarpinu. Þó er lagt til að lágmark sektarfjárhæða verði hækkað úr 20 þús. kr. í 100 þús. kr. í tilviki einstaklinga og úr 50 þús. kr. í 500 þús. kr. í tilviki lögaðila.

Um 46. gr.

Sjá athugasemd við 43. gr.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Ekki er ástæða til að halda inni ákvæðum til bráðabirgða I–IV þar sem ákvæði þeirra eiga ekki lengur við. Þá er lagt til að ákvæði til bráðabirgða VI falli ekki úr gildi fyrr en í árslok 2010, sbr. gildistökuákvæði.

Eðlilegt þykir einnig að gefa aðilum svigrúm til þess að uppfylla hæfisskilyrði.

Um 49. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki þegar gildi, nema b-liður 48. gr., og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka á ýmsum ákvæðum núgildandi laga um fjármálafyrirtæki sem talið er að hafi átt sinn þátt í því fjármálaáfalli sem varð hér á landi haustið 2008 og leiddi í framhaldinu til mikilla efnahagslegra erfiðleika á Íslandi. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa það að markmiði að bæta innlent regluverk á sviði fjármálamarkaðar

í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að sambærilegir erfiðleikar endurtaki sig. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnbréfum. Í öðru lagi eru þröngar skorður settar við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna. Í þriðja lagi eru settar reglur um hvernig standa má að hvatakerfum, kaupaukakerfum, og starfslokasamningum. Í fjórða lagi eru gerðar auknar kröfur til stjórnarmanna, ábyrgð þeirra á eftirliti með rekstri aukin og bann sett við starfandi stjórnarformönnum. Í fimmta lagi er skerpt á ákvæðum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti auk þess sem eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru auknar. Þá eru í sjötta lagi settar reglur um viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja auk þess sem aukið er á ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda og áhættustýringar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins verði auknar. Hugsanlega mun því eftirlitsverkefnum stofnunarinnar fjölga sem kann að hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað. Ekki liggja þó fyrir áætlanir um aukið umfang vegna slíkra verkefna á þessu stigi. Þar sem rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með eftirlitsgjöldum sem lögð eru á eftirlitsskylda aðila verður þó ekki séð að frumvarpið muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

615. Tillaga til þingsályktunar [344. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 30. desember 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 26. janúar 2010.

616. Lög [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

(Afgreidd frá Alþingi 29. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 605 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skýrslunni skal skilað fyrir lok janúar 2010.
b. Í stað 2. og 3. mgr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Alþingi kýs níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Nefndin skal skila tillögum sínum á núverandi löggjafarþingi.

Um þingmannanefndina gilda ákvæði þingskapa um fastanefndir, eftir því sem við á, en nefndin setur sér að öðru leyti verklagsreglur. Hún gefur Alþingi skýrslu um störf sín, sbr. 26. og 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur lagt fram tillögur að öðrum þingmálum eftir því sem efni máls krefur og fylgt eftir ábendingum í skýrslunni um úrbætur á reglum með því að vísa þeim til viðkomandi fastanefndar ef ástæða er til.

Ef nefndin telur nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um einstök atriði getur hún falið einum eða fleiri sérfróðum aðilum að rannsaka þau og gefa sér skýrslu um niðurstöðuna. Reglur II., III. og VI. kafla laga þessara gilda um slíka framhaldsrannsókn eftir því sem við á, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu.

Nefndin skal svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort einhverjum hluta rannsóknargagna verði skilað síðar til Þjóðskjalasafns en áætlað er, sbr. 5. mgr. 17. gr., út af fyrirhugaðri framhaldsrannsókn. Þeir sem annast framhaldsrannsókn eiga aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað að því marki sem nauðsynlegt er í þágu rannsóknarinnar.

Kosning þingmannanefndarinnar hefur sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

617. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Birkir Jón Jónsson, Einar K. Guðfinnsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að starfrækja innlánsdeildir eða taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

2. gr.

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991.

Orðin „og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 2. gr. a laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 137. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju óbreytt. Í því er lagt til að skýrð sé staða stofnana og félaga sem með lögum er heimilað að starfrækja sérstakar innlánsdeildir eða að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Lagt er til að orðalagi 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, verði breytt þannig að vafalaust sé að ákvæðið taki til þessara stofnana og félaga. Í 2. gr. a laga um samvinnufélög, nr. 22/1991, er slíkum félögum heimilt að starfrækja sérstakar innlánsdeildir sem taka mega við innlögnum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum. Lagt er til að felld verði úr lögum sú takmörkun 4. mgr. nefndrar lagagreinar að innlánsdeildin teljist ekki innlánsstofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

Innlánsdeildum er nauðsyn, eins og sparisjóðum og bönkum, að geta átt í innstæðuviðskiptum við Seðlabankann til að tryggja stöðu innstæðueigenda. Hér er því um jafnræðismál að ræða milli þeirra sem hafa heimild til að taka við fjármunum til ávöxtunar frá almenningi og eykur þar með öryggi viðskiptaaðila innlánsdeildar. Innlánsdeildir starfa samkvæmt lögum og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins og greiða í sérstakan tryggingarsjóð.

618. Svar [94. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Davíðs Stefánssonar um opinn aðgang að gögnum opinberra stofnana.

1. *Hver er afstaða ráðherra til þess að öll gögn opinberra stofnana sem ekki varða brýna hagsmuni eða þjóðaröryggi verði gerð aðgengileg?*

Afstaða ráðherra er að skoða beri til hlítar hvaða leiðir séu færar til að auka aðgengi almennings og fjölmiðla að gögnum og upplýsingum hjá hinu opinbera, að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða, m.a. um einkalífsvernd, almannahagsmuni og þjóðaröryggi. Í þessu skyni hefur ráðherra sett á fót starfshóp sem hefur það verkefni að endurskoða upplýsingalög, nr. 50/1996. Starfshópnum er m.a. ætlað að skoða í ljósi reynslunnar af upplýsingalögum og framkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál hvernig megi rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Jafnframt er starfshópnum ætlað að skoða hvort möguleiki sé á að víkka út gildissvið upplýsingalaganna, t.d. þannig að þau nái til einkaaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélaga, sem alfarið eru í eigu hins opinbera. Er starfshópnum ætlað að taka mið af löggjöf í nágrannalöndum og sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum upplýsingum. Þá er gert ráð fyrir að starfshópurinn leiti eftir viðhorfum almennings og blaðamanna til málefnisins. Áætlað er að hópurinn skili niðurstöðum sínum og tillögum til ráðherra á vordögum.

2. *Hefur ráðherra kynnt sér þá framsæknu hugmyndafræði sem áhugafólk um opinn aðgang að gögnum aðhyllist og þá möguleika til nýsköpunar sem felast í nýtingu slíkra gagna?*

Ráðherra hefur kynnt sér þá hugmyndafræði sem vísað er til í fyrirspurninni, en upplýsingar um hana má m.a. finna á vefsíðunni opingogn.net. Ráðherra mun beina því til framangreinds starfshóps að hafa þessa hugmyndafræði til hliðsjónar, ásamt öðru, við endurskoðun upplýsingalaga.

619. Fyrirspurn [346. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um einkarétt á póstþjónustu.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hyggst ráðherra fresta afnámi einkaréttar á póstþjónustu en að öllu óbreyttu verður hann afnuminn 1. janúar 2011?

620. Fyrirspurn [347. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um lágmarksframfærslu.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

Telur ráðherra að setja eigi opinber viðmið eða lög um lágmarksframfærslu?

Skriflegt svar óskast.

621. Fyrirspurn [348. mál]

til fjármálaráðherra um laun hjá hinu opinbera og lágmarksframfærslu.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Telur ráðherra ásættanlegt að hið opinbera greiði í sumum tilvikum svo lág laun að Útlendingastofnun telur að þau dugi ekki til framfærslu?
2. Telur ráðherra að setja eigi opinber viðmið eða lög um lágmarksframfærslu?

Skriflegt svar óskast.

622. Fyrirspurn [349. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Frá Önnu Pálu Sverrisdóttur.

1. Hversu mikil er losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum? Óskað er eftir tölum um bæði brúttó- og nettólosun, um losun á mann og losun miðað við þjóðarframleiðslu. Þá er óskað eftir samanburði við önnur iðnríki annars vegar og þróunarríki hins vegar.
2. Hversu mikil yrði losunin ef við bættist útblástur frá 360.000 tonna álveri í Helguvík, 346.000 tonna álveri á Bakka og/eða stækkuðu álveri í Straumsvík?

Skriflegt svar óskast.

623. Fyrirspurn [350. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjartasjúklinga og bráðamóttöku Landspítala.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Mun tíminn sem líður frá því að t.d. hjartasjúklingur kemur á bráðamóttöku í Fossvogi og kemst í hendur sérfræðinga við Hringbraut lengjast frá því sem er við sameiningu bráðamóttöku á einn stað?
2. Hvernig verður þjónustu sem veitt er t.d. á hjartadeild Landspítala háttað eftir sameiningu bráðamóttöku?

Skriflegt svar óskast.

624. Fyrirspurn [351. mál]

til heilbrigðisráðherra um sameiningu á bráðamóttöku Landspítala.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hver er heildarkostnaður við að sameina bráðamóttöku Landspítala á einn stað í Fossvogi?
2. Er áformað að byggja við slysadeildina í Fossvogi og ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd?

625. Þingsályktun [344. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 615.

626. Lög [76. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 30. desember 2009.)

Samhljóða þskj. 76.

627. Svar [280. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um áminningar vegna eyðslu umfram fjárheimildir.

1. *Hversu mörgum forstöðumönnum ríkisstofnana hefur verið veitt áminning í starfi á síðustu tíu árum vegna eyðslu umfram fjárheimildir?*

Alls hefur þremur forstöðumönnum ríkisstofnana verið veitt áminning á síðustu tíu árum vegna eyðslu umfram fjárheimildir.

2. *Hvaða tíu stofnanir hafa farið mest fram úr fjárheimildum á síðustu tíu árum?*

Þær tíu stofnanir sem hafa farið mest fram úr fjárheimildum á síðustu tíu árum eru:

- Landspítali,
- lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu,
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins,
- Landbúnaðarháskóli Íslands,
- Landhelgisgæsla Íslands,
- Póst- og fjarskiptastofnun,
- Háskólinn á Akureyri,
- Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal,
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands,
- Fjölbrautaskóli Vesturlands.

Við úrvinnslu var stuðst við tekjujöfnuð ársins, eins og hann er samkvæmt ríkisreikningi 1999–2008 á verðlagi hvers árs. Á þessu tímabili hefur verið talsvert um sameiningar stofnana. Tekið var saman yfirlit yfir stofnanir sem eru starfandi núna en litið fram hjá stofnunum sem hafa verið lagðar niður. Ef um sameiningu stofnana var að ræða var rekstrarsaga einungis tekin frá og með sameiningu.

3. Hversu margir forstöðumenn þeirra tíu stofnana hafa verið áminntir í starfi?

Þeir þrír forstöðumenn sem hafa fengið áminningu í starfi á síðustu tíu árum vegna eyðslu umfram fjárheimildir hafa jafnframt veitt stofnun forstöðu sem er í hópi þeirra sem hafa farið mest fram úr fjárheimildum á síðustu tíu árum.

628. Frumvarp til laga [352. mál]

um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en fyrsta laugardag í mars 2010 skal fara fram, í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar, almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um dagsetningu atkvæðagreiðslunnar að höfðu samráði við landskjörstjórn.

2. gr.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslunni skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og skulu liggja frammi hjá sveitarstjórnum í heila viku fyrir kjördag.

Meiri hluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

3. gr.

Á kjörseðli skal borin upp eftirfarandi spurning: „Eiga lög nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem Alþingi samþykkti en forseti synjaði staðfestingar, að halda gildi?“

Á kjörseðli skulu gefnir tveir möguleikar á svari: „Já, þau eiga að halda gildi“ eða „Nei, þau eiga að falla úr gildi“.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera kjörseðla til afnota við atkvæðagreiðsluna. Kjörseðlar sem nota skal við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skulu gerðir í öðrum lit.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal auglýsa kjördag skv. 1. gr. eigi síðar en þremur vikum fyrir atkvæðagreiðsluna. Þá skal einnig viku fyrir kjördag birta spurninguna skv. 3. gr., sem lögð verður fyrir kjósendur, með auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að lög nr. 1/2010, frumvarp til laganna og öll skjöl varðandi meðferð málsins á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

6. gr.

Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu vera hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal hefjast svo fljótt sem kostur er eftir að kjörseðlar hafa verið fullgerðir. Um framkvæmd hennar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og við alþingiskosningar.

9. gr.

Að þjóðaratkvæðagreiðslunni lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla. Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn til að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála. Ekki skal meta atkvæði ógilt nema um það megi villast hvernig kjósandi greiðir atkvæði.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn dómsmálaráðuneytinu um niðurstöður sínar.

Ráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Verði lögin felld úr gildi í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal ráðuneytið auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda daginn eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

11. gr.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, sem og undirbúning hennar, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um þjóðaratkvæðagreiðsluna að svo miklu leyti sem við getur átt.

12. gr.

Kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skulu sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 10. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðargildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem Alþingi samþykkti en forseti Íslands synjaði staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar 5. janúar 2010. Þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki áður farið fram og hafa almenn lög ekki verið sett um slíkar atkvæðagreiðslur. Í því ljósi er frumvarp þetta lagt fram enda verður það talið æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu gildi sett lög frá Alþingi þannig að umgjörð og framkvæmd hennar liggi ljós fyrir og sé ekki dregin í efa.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

1. Byggt er á reglum um forsetakosningar og kosningar til Alþingis.

Lagt er til að framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar taki, eftir því sem við á, mið af því kosningakerfi sem þegar er til í landinu. Frumvarpið byggist þannig í meginatriðum á sömu skipan og kemur fram í lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sem gera aftur ráð fyrir að um kjörið gildi lög um alþingiskosningar, að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf. Hér er m.a. litið til fordæmis sem sett var við framkvæmd síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu, um sambandsslitin við Danmörku og hina nýju lýðveldisstjórnarskrá árið 1944. Af því tilefni voru sett sérstök lög, nr. 17/1944, um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

Í frumvarpinu er því vísað almennum orðum til ákvæða laga um kosningar til Alþingis sem skulu þá gilda um kjörskrár, kjörstjórnir, kosningarathöfnina sjálfa, atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörstað.

2. Meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum.

Í frumvarpinu er lagt til að meiri hluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Með öðrum orðum eru engin skilyrði sett um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall kjósenda þurfi til að ná fram niðurstöðu, enda verður ekki talið að 26. gr. stjórnarskrárinnar heimili löggjafanum að setja slík skilyrði.

3. Tilhögun og framsetning spurningar sem borin er upp í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem leggja skal fyrir kjósendur. Miðar tillagan að því að framsetningin verði skýr og afdráttarlaus og með þeim hætti að hlutlægni verði ekki dregin í efa. Er framsetning spurningarinnar í samræmi við þá tillögu sem gerð var í skýrslu starfshóps sem forsætisráðherra skipaði árið 2004 til að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar í kjölfar þess að forseti Íslands synjaði fjölmiðlalögunum svokölluðu staðfestingar.

4. Hverjir eru atkvæðisbærir.

Eins og áður hefur verið lýst er gengið út frá því að reglur um atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu séu þær sömu og eiga við í forsetakosningum og þar með í alþingiskosningum. Í dönskum, norskum og sænskum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur er einnig miðað við að sömu reglur gildi um atkvæðisrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu og í almennum þingkosningum. Í ljósi þess að kosið er um lög sem Alþingi hefur samþykkt þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslunni við þann rétt sem gildir í alþingiskosningum.

Reglan um kosningarrétt við kosningar til Alþingis kemur fram í 33. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að slíkan rétt hafi allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Í 2. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er nánar tilgreint að íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og átt lögheimili hér á landi, hafi einnig kosningarrétt, annars vegar í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, og einnig eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum sem lýst er í 2. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fyrsta laugardag í mars 2010 skuli fara fram, í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar, almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Ráðherra tekur ákvörðun um dagsetningu atkvæðagreiðslunnar að höfðu samráði við landskjörstjórn.

Um 2. gr.

Stefnt er að því með frumvarpinu að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslunnar fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands, lögum nr. 36/1945, með síðari breytingum. Þau lög gera síðan ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna

er ekki þörf. Var þessi háttur hafður á þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fór síðast fram árið 1944, sbr. sérstök lög, nr. 17/1944, sem sett voru af því tilefni. Mælt er fyrir um að kjörskrár skuli liggja frammi hjá sveitarstjórnum í heila viku fyrir kjördag.

Um kosningarrétt gilda einnig sömu skilyrði og eiga við í alþingiskosningum, sbr. einnig 33. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkan rétt hafa því allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en nánari reglur um það er að finna í 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Ljóst er að skilyrði kosningarréttar eru nokkuð þrengri en í kosningum til sveitarstjórna, nr. 5/1998, en skv. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga eiga enn fremur kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

Í ljósi þess að kosið er um lög sem Alþingi hefur samþykkt þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslunni við þann rétt sem gildir í alþingiskosningum.

Um rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni gilda jafnframt sömu reglur og við kosningar til Alþingis varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis, sbr. 59. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Loks er í 2. mgr. greinarinnar mælt fyrir um þá reglu að meiri hluti greiddra atkvæða ráði niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Um 3. gr.

Hér er gerð tillaga um framsetningu og orðalag þeirrar spurningar sem borin skal upp á kjörseðli og er hún svohljóðandi:

„Eiga lög nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem Alþingi samþykkti en forseti synjaði staðfestingar, að halda gildi?

☐ Já, þau eiga að halda gildi.

☐ Nei, þau eiga að falla úr gildi.“

Miðar tillagan að því að framsetning spurningarinnar á atkvæðaseðlinum verði skýr og afdráttarlaus og með þeim hætti að hlutlægni verði ekki dregin í efa. Er framsetning spurningarinnar í samræmi við tillögu sem gerð var í skýrslu starfshóps sem forsætisráðherra skipaði árið 2004 til að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar í kjölfar þess að forseti Íslands synjaði fjölmiðlalögunum svokölluðu staðfestingar.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að dómsmálaráðuneytið láti gera kjörseðla til afnota við atkvæðagreiðsluna og að kjörseðlar sem nota skal við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skuli gerðir í öðrum lit til auðkenningar. Í þessu felst að nota skal prentaða kjörseðla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. einnig 7. gr., en ekki auða seðla eins og tíðkast í öðrum kosningum hér á landi. Með þessu er leitast við að tryggja að kostir kjósenda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar séu eins skýrir og unnt er.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að dómsmálaráðuneytið skuli auglýsa kjördag skv. 1. gr. eigi síðar en þremur vikum fyrir atkvæðagreiðsluna. Þá skal einnig viku fyrir kjördag birta spurninguna skv. 3. gr., sem lögð verður fyrir kjósendur, með auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að lög nr. 1/2010, frumvarp til laganna og öll skjöl varðandi meðferð málsins á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

Um 6. gr.

Hér er annars vegar lagt til í 1. mgr. að undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn séu hinar sömu og við alþingiskosningar og hins vegar í 2. mgr. að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skuli vera hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum.

Greinin sækir beina fyrirmynd til 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, en eins og áður hefur komið fram er stefnt að því að hafa sama hátt á í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og á við um forsetakosningar. Þegar vísað er til þess að mörk kjördæma verði hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum er átt við að ákvörðun landskjörstjórnar um mörk Reykjavíkurkjördæmanna fyrir síðustu alþingiskosningar muni gilda um mörk Reykjavíkurkjördæma í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skuli hefjast svo fljótt sem kostur er eftir að kjörseðlar hafa verið fullgerðir. Í þessu felst að nota skal prentaða kjörseðla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu en ekki auða seðla eins og tíðkast í öðrum kosningum hér á landi. Með þessu er leitast við að tryggja að kostir kjósenda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar séu eins skýrir og unnt er. Verða kjörseðlar sem notaðir eru utan kjörfundar prentaðir í öðrum lit og auðkenndir með þeim hætti. Um framkvæmdina fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 1. og 2. málsl. 5. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 9. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Eins og í flestum öðrum atriðum er gengið út frá því að fylgt sé reglum sem gilda í alþingiskosningum varðandi talningu atkvæða, en það þýðir að yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi hefur yfirumsjón með atkvæðatalningu. Er hér hafður sami háttur á og þegar þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram um lýðveldisstjórnarskrána og sambandsslitin við Danmörku, sbr. lög nr. 17/1944, sem sett voru af því tilefni. Við meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 17/1944 var m.a. tekin sérstök afstaða til þess að talning atkvæða skyldi eiga sér stað í hverju kjördæmi eins og í þingkosningum, þannig að atkvæðum yrði safnað saman í hverju einstöku kjördæmi og talin þar en ekki á öllu landinu í heild (Alþt. 1944, B deild, dálkur 912). Er í frumvarpinu lagt til að sama skipan verði viðhöfð hér.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis verður kjörseðill ekki að ágreiningsseðli nema umboðsmaður framboðslista dragi í efa úrskurð yfirkjörstjórnar um gildi atkvæðisins. Þar sem slíkum umboðsmönnum verður ekki til að dreifa við þjóðaratkvæðagreiðsluna er í

frumvarpinu mælt fyrir um að landskjörstjórn skipi umboðsmenn sem hafi það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga og úrlausn ágreiningsmála með sama hætti og umboðsmenn framboðslista samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um aðgerðir yfirkjörstjórna að lokinni talningu atkvæða. Er hér um sambærilegt ferli að ræða eins og á við í forsetakosningum, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum.

Þá er í 2. mgr. greinarinnar mælt fyrir um skyldu dómsmálaráðuneytisins til þess að auglýsa úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Í 3. mgr. kemur fram sérregla um birtingu niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar skv. 26. gr. í A-deild Stjórnartíðinda verði lögin felld úr gildi í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ljóst er að lagafrumvarp sem forseti neitar að undirrita skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar öðlast þó allt að einu gildi sem lög og glatar því ekki nema það sé fellt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ætla verður að um birtingu laga sem öðlast gildi við þessar aðstæður verði að fylgja þeim reglum sem fram koma í 27. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005. Verði frumvarpið, eða í raun réttri lögin, því um þetta er orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar óskýrt, samþykkt í atkvæðagreiðslunni þarf sú niðurstaða ekki frekari auglýsingar við en þeirrar sem getið er í 2. mgr. varðandi birtingu í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi. Verði lögin á hinn bóginn felld í atkvæðagreiðslunni falla þau úr gildi. Hér er því lagt til að ráðuneytið birti sérstaka auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda strax næsta dag eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir þar sem tilkynnt er að lögin séu fallin úr gildi, verði niðurstaðan sú.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna almennar tilvísanir til laga um kosningar til Alþingis varðandi framkvæmd og tilhögun atkvæðagreiðslunnar að svo miklu leyti sem við getur átt, sbr. einnig 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um hugsanlegar kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar og meðferð þeirra og mælt fyrir um að þær skuli sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 9. gr. Er hér um sambærilegt fyrirkomulag að ræða og á við í forsetakosningum, sbr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum. Dómstólar eiga svo úrskurðarvald um gildi ákvörðunar landskjörstjórnar í samræmi við almennar reglur ef á reynir.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjaast lán Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðargildi laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. sem Alþingi samþykkti 30. desember 2009 en forseti Íslands synjaði staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar þann 5. janúar 2010. Þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki áður farið fram og almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið sett.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á sömu skipan og kemur fram í lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sem gera aftur ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar, að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf. Í frumvarpinu er því vísað almennum orðum til ákvæða laga um kosningar til Alþingis sem skulu þá gilda um kjörskrár, kjörstjórnir, kosningaathöfnina sjálfa, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað og talningu atkvæða. Á nýafstöðnu haustþingi var endurflutt frá síðastliðnu sumarþingi frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur og var kostnaður ríkissjóðs í umsögn með því frumvarpi áætlaður um 160 m.kr. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að sú áætlun var þó ekki byggð á nægjanlega nákvæmum upplýsingum. Samkvæmt bókhaldi ríkissjóðs var kostnaður við alþingiskosningarnar vorið 2009 um 230 m.kr. Ætla má að kostnaður við þjóðaratkvæðagreiðsluna samkvæmt þessu frumvarpi gæti orðið ámóta og við þær þær alþingiskosningar.

629. Tillaga til þingsályktunar [353. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 8. janúar 2010 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 29. janúar 2010.

630. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur, Hjalta Zóphóníasson og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Ágúst Geir Ágústsson frá forsætisráðuneyti, Ástráð Haraldsson og Ásmund Helgason frá landskjörstjórn, Eirík Tómasson frá Háskóla Íslands, Magnús Árna Magnússon frá félagsvísindastofnun, Þóru Ásgeirsdóttur og Þorlák Karlsson sérfræðinga í félagsvísindum.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., sem Alþingi samþykkti en forseti Íslands synjaði staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar 5. janúar sl.

Nefndin fjallaði sérstaklega um orðalag spurningarinnar en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tillagan miði að því að framsetningin verði skýr og afdráttarlaus. Á fund nefndarinnar komu m.a. sérfræðingar í félagsvísindum sem bentu sérstaklega á að orðalagið gæti verið of flókið og til þess fallið að valda misskilningi. Nefndin telur að það sé afar mikilvægt að orðalagið sé skýrt. Nefndin leggur því til að spurningin í 3. gr. verði efnislega óbreytt en umorðist þannig: „Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?“

Jafnframt er lagt til að á kjörseðli verði gefnir tveir möguleikar á svari, þ.e. „Já, þau eiga að halda gildi“ og „Nei, þau eiga að falla úr gildi“.

Nefndin telur rétt að taka fram að spurningin þannig fram sett er í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar og lögskýringargögn, eins og fram kom í máli Eiríks Tómassonar lagaprófessors fyrir nefndinni.

Þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins telur nefndin rétt að taka fram að rétt er að flýta þjóðaratkvæðagreiðslunni eins og kostur er.

Nefndin ræddi einnig nokkuð um mörk kjördæma og talningu atkvæða á einum stað í stað þess fyrirkomulags sem tíðkast við Alþingiskosningar. Nefndin taldi í ljósi þess skamma fyrirvara sem hún hefur haft til umfjöllunar um málið og hversu skammt er til þjóðaratkvæðagreiðslunnar að ekki sé rétt að hreyfa við þessu fyrirkomulagi. Einnig var rætt um málskot til Hæstaréttar eins og mælt er fyrir um í lögum um forsetakosningar en nefndin taldi ekki rétt að gera breytingar á því og minnir á að allsherjarnefnd hefur til meðferðar frumvörp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur þar sem þetta verður skoðað.

Á fundi nefndarinnar var einnig rætt um mikilvægi hlutlausrar kynningar á þjóðaratkvæðagreiðslunni og var upplýst af hálfu dómsmálaráðuneytisins að nú þegar hafa verið tekin frá tvö lén sem unnt væri að nota í því skyni.

Nefndin telur rétt að leggja til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Sú fyrsta varðar 2. gr. þar sem lagt er til að tekinn verði af allur vafi um að meiri hluti greiddra atkvæða á landinu öllu ræður niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Með öðrum orðum þýðir það að öll atkvæði eru jafngild, þ.e. einn maður, eitt atkvæði.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 7. gr. um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar en þar kemur fram að atkvæðagreiðsla skuli hefjast svo fljótt sem kostur er eftir að kjörseðlar hafa verið fullgerðir. Nefndin telur ekki rétt að atkvæðagreiðsla sem þessi geti hafist á mismunandi tímum eftir landsvæðum og leggur því til að hún hefjist á sama tíma um land allt að undangenginni auglýsingu.

Nefndin telur að í 9. gr. þar sem talað er um umboðsmenn andstæðra fylkinga sé réttara að tala um umboðsmenn tveggja ólíkra sjónarmiða. Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingu í lok 9. gr. varðandi ógildingu atkvæða en orðalag frumvarpsins kann að vera villandi. Loks leggur nefndin til að verði lögin felld úr gildi samkvæmt 10. gr. skuli dómsmálaráðuneytið birta sérstaka auglýsingu þess efnis um leið og úrslit liggja fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Valgerður Bjarnadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Birgitta Jónsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 8. jan. 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Atli Gíslason.
Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Ólöf Nordal.	Róbert Marshall.	Þráinn Bertelsson.

631. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „atkvæða“ í 2. mgr. komi: á landinu öllu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á kjörseðli skal koma fram eftirfarandi: „Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?“
   Á kjörseðli skulu gefnir tveir möguleikar á svari, þ.e. „Já, þau eiga að halda gildi“ og „Nei, þau eiga að falla úr gildi“.
3. Við 7. gr. Í stað orðanna „svo fljótt sem kostur er“ komi: á sama tíma um land allt að undangenginni auglýsingu.
4. Við 9. gr. 3. og 4. málsl. orðist svo: Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn til að gæta tveggja ólíkra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála. Ekki skal meta atkvæði ógilt nema óljóst sé hvernig kjósandi hefur greitt atkvæði.
5. Við 10. gr. Í stað orðanna „daginn eftir að“ í 3. mgr. komi: um leið og.

632. Frumvarp til laga [352. mál]

um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Eftir 2. umr., 8. jan.)

1. gr.

Svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en fyrsta laugardag í mars 2010 skal fara fram, í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar, almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um dagsetningu atkvæðagreiðslunnar að höfðu samráði við landskjörstjórn.

2. gr.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslunni skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og skulu liggja frammi hjá sveitarstjórnum í heila viku fyrir kjördag.

Meiri hluti greiddra atkvæða á landinu öllu ræður niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

3. gr.

Á kjörseðli skal koma fram eftirfarandi: „Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?“

Á kjörseðli skulu gefnir tveir möguleikar á svari, þ.e. „Já, þau eiga að halda gildi“ og „Nei, þau eiga að falla úr gildi“.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera kjörseðla til afnota við atkvæðagreiðsluna. Kjörseðlar sem nota skal við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skulu gerðir í öðrum lit.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal auglýsa kjördag skv. 1. gr. eigi síðar en þremur vikum fyrir atkvæðagreiðsluna. Þá skal einnig viku fyrir kjördag birta spurninguna skv. 3. gr., sem lögð verður fyrir kjósendur, með auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að lög nr. 1/2010, frumvarp til laganna og öll skjöl varðandi meðferð málsins á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

6. gr.

Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu vera hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal hefjast á sama tíma um land allt að undangenginni auglýsingu eftir að kjörseðlar hafa verið fullgerðir. Um framkvæmd hennar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og við alþingiskosningar.

9. gr.

Að þjóðaratkvæðagreiðslunni lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakass-

ana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla. Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn til að gæta tveggja ólíkra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála. Ekki skal meta atkvæði ógilt nema óljóst sé hvernig kjósandi hefur greitt atkvæði.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn dómsmálaráðuneytinu um niðurstöður sínar.

Ráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Verði lögin felld úr gildi í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal ráðuneytið auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda um leið og úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

11. gr.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, sem og undirbúning hennar, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um þjóðaratkvæðagreiðsluna að svo miklu leyti sem við getur átt.

12. gr.

Kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skulu sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 10. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

633. Lög [352. mál]

um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 8. janúar 2010.)

Samhljóða þskj. 632.

634. Þingsályktun [353. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 8. janúar 2010.)

Samhljóða þskj. 629.

635. Svar [281. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um opinber störf á vegum ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fjölgað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?*
2. *Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fækkað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?*

Störfum á vegum ríkisins, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum, hefur hlutfallslega fjölgað mest í Norðvesturkjördæmi síðustu 10 árin, en raunfjölgun stöðugilda er mest í Reykjavíkurkjördæmunum síðustu 10 árin.

Störfum á vegum ríkisins, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum, hefur ekki fækkað í neinu kjördæmi landsins síðustu 10 árin.

Hafa verður í huga að fram til ársins 2006 var hluti heilbrigðisstofnana ríkisins með sjálfstæða launaafgreiðslu. Á árinu 2006 færa þessar heilbrigðisstofnanir launaafgreiðslu sína yfir til Fjársýslu ríkisins og hefur það í för með sér fjölgun stöðugilda í þeim gögnum sem fjármálaráðuneytið hefur aðgang að þó svo að ekki sé um fjölgun að ræða hjá ríkinu.

Í svarinu er tekið mið af fjölda stöðugilda hjá ríkinu í október ár hvert og kjördæmaskipan eins og hún er samkvæmt lögum nr. 24/2000 að því frátöldu að litið er á Reykjavík sem eitt kjördæmi. Þar sem þónokkrar ríkisstofnanir og opinber hlutafélög hafa starfsstöðvar í fleiri en einu kjördæmi tekur svarið mið af fjölda stöðugilda í því kjördæmi sem ríkisstofnun eða opinbert hlutafélag hefur aðalstarfsstöð sína.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkinu árin 1999–2009, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum.

Kjördæmi	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**Fjölgun stöðugilda**	
Norðaustur	709	700	737	769	795	838	870	1.271	1.801	1.858	1.777	**1.068**	151%
Norðvestur	454	463	468	482	479	506	592	1.030	1.155	1.189	1.182	**728**	160%
Reykjavík	11.237	11.310	12.332	12.432	12.910	12.808	12.830	13.265	14.002	13.905	13.376	**2.139**	52%
Suður	415	395	413	417	417	443	460	877	920	999	975	**560**	135%
Suðvestur	1.125	1.164	1.264	1.297	1.313	1.358	1.315	1.499	1.480	1.266	1.510	**384**	34%
Samtals	**13.940**	**14.032**	**15.216**	**15.397**	**15.914**	**15.953**	**16.067**	**17.942**	**19.359**	**19.216**	**18.819**		

636. Svar [331. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um vinnslu á afla strandveiðibáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað fór mikill afli svokallaðra strandveiðibáta til vinnslu í höfninni þar sem honum var landað og hversu mikill hluti var það af löndуðum afla þessara báta? Svar óskast sundurliðað eftir höfnum.

Töluleg gögn í svari þessu eru unnin af Fiskistofu og stuðst er við upplýsingar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Rétt er að upplýsa að Fiskistofa fylgir afla ekki lengra en að fyrsta kaupanda hans. Því er ekki unnt að greina hvort og þá í hvaða vinnslu afli af einstökum bátum fer. Hins vegar er hægt að greina „löndunartegundina“, þ.e. hvort um er að ræða bein kaup milli útgerðar og fiskvinnslu, hvort kaupandinn kaupir á innlendum fiskmarkaði til eigin vinnslu eða útflutnings í gámum eða hvort útgerðin sjálf selur aflann beint á markað erlendis.

Í svarinu er sundurliðun, fyrir hverja löndunarhöfn, eftir því hvort kaupandi aflans er í sömu höfn eða ekki, og innan hvors hluta fyrir sig er aflinn flokkaður eftir löndunartegund.

Þar sem Fiskistofa fylgir ekki aflanum lengur eftir en að fyrsta kaupanda er ekki hægt að fullyrða að fiskvinnsla, sem kaupir afla og er staðsett í sömu höfn og löndun strandveiðibáts á sér stað, hafi sannanlega unnið hann eða ekki.

Afli strandveiðibáta eftir löndunarhöfnum, sundurliðað eftir staðsetningu kaupanda.

(Fiskistofa 5. janúar 2010. Magn í kg óslægt.)

Skýringar:
Keypt af aðila í löndunarhöfn: Afli sem var landað í tiltekinni höfn og seldur á markaði eða til vinnslu í sama bæjarfélagi.
Selt aðila utan löndunarhafnar: Afli sem var landað í tiltekinni höfn og seldur beint til aðila utan þess bæjarfélags.
Bein kaup: Vinnsla kaupir beint af skipi. *Á markaði:* Vinnsla kaupir afla á fiskmarkaði. *Til útflutnings:* Afli keyptur af markaði og fluttur út. *Beint í gám:* Afli endanlegar vigtaður og fluttur óunninn út.

Löndunarhöfn	**Landað samtals**	**Keypt af aðila í löndunarhöfn**					**Selt aðila utan löndunarhafnar**					
		Bein kaup	**Á markaði**	**Til útfl.**	**Sam-tals**	**% alls**	**Bein kaup**	**Á markaði**	**Til útfl.**	**Beint í gám**	**VS-afli**	**Samtals**
Vestmannaeyjar	38.444	18.083	1.094		**19.177**	49,9	290	18.977				**19.267**
Þorlákshöfn	5.472						147	5.325				**5.472**
Grindavík	88.171	9.160	6.788		**15.948**	18,1	22.826	49.394	3			**72.223**
Sandgerði	170.558	1.059	26.059	955	**28.073**	16,5	44.621	97.382	482			**142.485**
Keflavík	8.179		104		**104**	1,3	6.436	1.557	82			**8.075**
Njarðvík	34.994			222	**222**	0,6	28	34.446	298			**34.772**
Hafnarfjörður	71.308	3.422	7.997		**11.419**	16,0	1.740	57.982	167			**59.889**
Reykjavík	74.182	3.926	12.977		**16.903**	22,8	5.706	50.672	865	36		**57.279**
Akranes	52.525						2.511	48.812	1.096	106		**52.525**
Arnarstapi	71.925						5.205	61.406	2.977	2.337		**71.925**
Rif	194.167	15.195	4.456		**19.651**	10,1	17.140	146.177	8.215	2.984		**174.516**
Ólafsvík	187.132	684	5.660	35	**6.379**	3,4	5.065	163.250	8.586	3.852		**180.753**
Grundarfjörður	99.832						1.915	91.105	6.812			**99.832**
Stykkishólmur	103.067						46.829	55.171	1.067			**103.067**

Löndunarhöfn	Landað samtals	Keypt af aðila í löndunarhöfn					Selt aðila utan löndunarhafnar					
		Bein kaup	Á markaði	Til útfl.	Sam-tals	% alls	Bein kaup	Á markaði	Til útfl.	Beint í gám	VS-afli	Samtals
Brjánslækur	3.755							3.755				**3.755**
Patreksfjörður	253.534						13.663	236.000	3.871			**253.534**
Tálknafjörður	82.525	35.759			**35.759**	43,3	6.399	40.367				**46.766**
Bíldudalur	7.691						658	6.797	236			**7.691**
Þingeyri	45.687						41.488	4.199				**45.687**
Flateyri	79.554	79.372			**79.372**	99,8		182				**182**
Suðureyri	70.561	63.079	882		**63.961**	90,6	704	4.646	1.250			**6.600**
Bolungarvík	220.302	80.499	8.924		**89.423**	40,6	6.234	120.941	3.685	19		**130.879**
Ísafjörður	91.793						14.050	76.093	1.650			**91.793**
Norðurfjörður	19.801						1.588	18.172	41			**19.801**
Drangsnes	32.611	433	497		**930**	2,9	1.753	28.092	1.836			**31.681**
Hólmavík	15.440						40	15.184	117		99	**15.440**
Skagaströnd	42.595						12.762	27.623	2.206	4		**42.595**
Sauðárkrókur	73.261						10.776	60.973	1.512			**73.261**
Hofsós	41.100						8.706	29.648	2.718	28		**41.100**
Siglufjörður	161.677	4.687			**4.687**	2,9	41.463	113.198	1.646	472	211	**156.990**
Ólafsfjörður	64.947	5.046	2.533		**7.579**	11,7	2.294	53.819	1.255			**57.368**
Grímsey	215.641	35.246			**35.246**	16,3	37.908	132.174	9.539	774		**180.395**
Hrísey	634	634			**634**	100,0						
Dalvík	177.030	14.930	33.448	139	**48.517**	27,4	4.040	122.058	2.415			**128.513**
Árskógssandur	9.082	3.088			**3.088**	34,0	3.552	2.442				**5.994**
Hauganes	639						639					**639**
Akureyri	2.378	1.211	82		**1.293**	54,4	17	1.068				**1.085**
Grenivík	1.353							1.353				**1.353**
Húsavík	169.524	55.766	6.978		**62.744**	37,0	33.317	71.739	1.676	48		**106.780**
Kópasker	40.930						12.969	27.443	465		53	**40.930**
Raufarhöfn	101.124						47.929	53.195				**101.124**
Þórshöfn	88.687						8.831	79.856				**88.687**
Bakkafjörður	131.196	29.885			**29.885**	22,8	7.231	94.033	47			**101.311**
Vopnafjörður	74.228						2.719	71.509				**74.228**
Borgarfjörður eystri	56.111	56.111			**56.111**	100,0						
Seyðisfjörður	16.220	3.427			**3.427**	21,1		11.830	963			**12.793**
Neskaupstaður	65.512						4.053	58.062	3.397			**65.512**
Eskifjörður	70.005						3.823	63.406	2.776			**70.005**
Fáskrúðsfjörður	29.528						834	28.694				**29.528**
Stöðvarfjörður	157.083						12.993	137.768	6.322			**157.083**
Breiðdalsvík	69.387						8.911	56.838	3.638			**69.387**
Djúpivogur	31.734	3.503	786		**4.289**	13,5	3.854	22.889	702			**27.445**
Hornafjörður	111.745	70.509			**70.509**	63,1	2.311	37.451	1.468	6		**41.236**
Samtals	**4.126.561**	**594.714**	**119.265**	**1.351**	**715.330**	**17,3**	**518.968**	**2.795.153**	**86.081**	**10.666**	**363**	**3.411.231**

637. Svar [298. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um sjóði í vörslu ráðuneytisins.

1. *Hver eru verkefni fóðursjóðs, búnaðarsjóðs, garðávaxtasjóðs og verðmiðlunar landbúnaðarvara?*

Fóðursjóður.

Fóðursjóður er starfræktur samkvæmt 31. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en greinin hljóðar svo;

„Andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, skal renna í sérstakan sjóð, fóðursjóð, sem skal vera í vörslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða innflytjendum eða kaupendum fóðurs fé úr fóðursjóði sem samsvarar tollum þeim sem þeir hafa greitt við innflutning vörunnar eða fóðurkaup. Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Ráðherra getur falið Bændasamtökum Íslands að annast greiðslur samkvæmt þessari grein og skal þá Ríkisendurskoðun endurskoða reikninga sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi fóðursjóðs og tilhögun greiðslna.“

Með skírskotun til reglugerðar nr. 431/1995, með síðari breytingum, hefur andvirði fóðurtolla á hráefni til fóðurgerðar verið endurgreitt að fullu til innflytenda, sama á við um fóðurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Búnaðarsjóður.

Búnaðargjald er innheimt samkvæmt lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, og nemur það 1,2% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Tekjum af gjaldinu er varið í samræmi við viðauka við lögin, þ.e. til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasambanda og Bjargráðasjóðs.

Garðávaxtasjóður.

Frá og með 1. janúar 2008 varð breyting á Garðávaxtasjóði, sem stjórn Framleiðnisjóðs hafði annast um árabil, í samræmi við 22. gr. laga nr. 58/2007, um breytingu á búvörulögum, en þar segir:

„Styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.“

Sjóðurinn hefur verið sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins, samkvæmt þessari lagabreytingu.

Verðmiðlun.

Verðmiðlunargjald, verðskerðingargjald og verðtilfærslugjald eru lögð á samkvæmt 19., 20. og 22. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og eru eftirfarandi:

„19. gr.

Innheimta skal verðmiðlunargjald á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár og telst gjaldið til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af verðlagsnefnd búvöru. Verðmiðlunargjaldið skal vera 0,65 kr. á lítra af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
b. til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Við ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjaldi er heimilt að taka tillit til stærðar og staðsetningar afurðastöðva svo að unnt sé að styrkja sérstaklega rekstur þeirra þar sem það þykir hagkvæmur kostur vegna landfræðilegrar einangrunar.

Áður en ráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Bændasamtökum Íslands og samtökum þeirra afurðastöðva sem um ræðir.“

Síðustu árin hefur fé sem safnast hefur í sjóðinn verið ráðstafað með hlutfallslegri endurgreiðslu til þeirra lögaðila sem greiddu gjöldin.

„20. gr.

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda og skal gjaldið vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og skal gjaldið vera 2 kr. á kg.

Verðskerðingargjaldi skal varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts.“

„22. gr.

Frá og með 1. september 1998 skal innheimta verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjald þetta telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af verðlagsnefnd. Verðtilfærslugjaldið skal vera 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist út á tilteknar mjólkurafurðir við sölu innan lands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.“

2. *Hversu mikið fjármagn höfðu þessir sjóðir til ráðstöfunar árin 2007, 2008 og 2009 og hversu mikið er áætlað að þeir hafi 2010?*

Með vísun til fjárlaga nam ráðstöfunarfé þessara sjóða eftirfarandi:

Millj. kr.		**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
04-827	Fóðursjóður	615	315	115	1.400
04-818	Búnaðarsjóður	280	310	320	320
04-828	Garðávaxtasjóður	5	5	5	5
04-824	Verðmiðlun landbúnaðarvara	383	89	-	405

Eins og sést á töflunni hafa tölur yfir Fóðursjóð og verðmiðlun landbúnaðarvara sveiflast nokkuð milli ára. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 segir m.a.: „Þá er gert er ráð fyrir að verðtilfærslugjald á mjólk verði fellt niður árið 2008 og að Fóðursjóður verði lagður niður í áföngum á næstu þremur árum. Á árinu 2008 munu fjárveitingar vegna niðurfellingar verðtilfærslugjalds lækka um 307 m.kr. og um 300 m.kr. vegna fóðursjóðs.“ Þetta gekk ekki eftir.

3. *Kemur til greina að mati ráðherra að leggja sjóðina niður eða færa þá til greinanna sjálfra?*

Ekki eru uppi nein áform um breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

638. Svar [323. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um afla utan aflamarks.

1. *Hversu mikill afli var veiddur utan aflamarks á síðustu fimm fiskveiðiárum, hvernig er sá afli tilkominn og hvernig skiptist hann eftir tegundum?*

Hér er gerð grein fyrir afla íslenskra skipa eftir fiskveiðiárum. Í viðauka er að finna nánari sundurliðun eftir fisktegundum ásamt sundurliðun á afla sem ekki er reiknaður til kvóta. Orðskýringar við töflur í þessum hluta svarsins er að finna í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar. Rétt er að taka fram að upplýsingarnar eru sóttar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og ná yfir allan afla íslenskra skipa (sjá viðauka). Nákvæmar upplýsingar um veiðar erlendra skipa í íslenskri lögsögu er að finna á vef Fiskistofu.

Fiskveiðiárið 2004/05.

Á fiskveiðiárinu 2004/05 veiddu íslensk skip 28.763 tonn á Íslandsmiðum utan aflamarks. Skiptingin milli aflagerða er eftirfarandi:

Aflagerð	**Afli (lestir)**
VS-afli (Hafró-afli)	2.139
Línuívilnun	4.973
Undirmálsafli	3.001
Afli ekki reiknaður til aflamarks	18.650
Alls	**28.763**

Í flokknum „afli ekki reiknaður til aflamarks“ var mest veitt af kúfiski (4.802) og gulllaxi (4.210). Afli veiddur í rannsóknaskyni er 243 tonn.

Fiskveiðiárið 2005/06.

Á fiskveiðiárinu 2005/06 veiddu íslensk skip 26.783 tonn á Íslandsmiðum utan aflamarks. Skiptingin milli aflagerða er eftirfarandi:

Aflagerð	Afli (lestir)
VS-afli (Hafró-afli)	1.750
Línuívilnun	5.342
Undirmálsafli	3.613
Afli ekki reiknaður til aflamarks	16.075
Alls	**26.783**

Í flokknum „afli ekki reiknaður til aflamarks“ var mest veitt af gulllaxi (4.787) og hlýra (3.594). Afli veiddur í rannsóknaskyni var 219 tonn.

Fiskveiðiárið 2006/07.

Á fiskveiðiárinu 2006/07 veiddu íslensk skip 60.449 tonn á Íslandsmiðum utan aflamarks. Skiptingin milli aflagerða er eftirfarandi:

Aflagerð	Afli (lestir)
VS-afli (Hafró afli)	1.965
Línuívilnun	4.757
Undirmálsafli	4.311
Afli ekki reiknaður til kvóta	49.416
Alls	**60.449**

Í flokknum „afli ekki reiknaður til aflamarks“ var mest veitt af makríl (30.833) og gulllaxi (5.052). Afli veiddur í rannsóknaskyni var 132 tonn.

Fiskveiðiárið 2007/08.

Á fiskveiðiárinu 2007/08 veiddu íslensk skip 132.072 tonn á Íslandsmiðum utan aflamarks. Skiptingin milli aflagerða er eftirfarandi:

Aflagerð	Afli (lestir)
VS-afli (Hafró-afli)	3.031
Línuívilnun	3.878
Undirmálsafli	4.162
Afli ekki reiknaður til kvóta	121.001
Alls	**132.072**

Í flokknum „afli ekki reiknaður til aflamarks“ var mest veitt af makríl (98.523) og kúfiski (6.414) Afli veiddur í rannsóknaskyni var 345 tonn og afli úr sjóstangaveiði var 200 tonn.

Fiskveiðiárið 2008/09.

Á fiskveiðiárinu 2008/09 veiddu íslensk skip 191.968 tonn á Íslandsmiðum utan aflamarks. Skiptingin milli aflagerða er eftirfarandi:

Aflagerð	**Afli (lestir)**
VS-afli (Hafró-afli)	4.254
Línuívilnun	4.052
Undirmálsafli	3.066
Afli ekki reiknaður til kvóta	180.596
Alls	**191.968**

Í flokknum „afli ekki reiknaður til aflamarks“ var mest veitt af makríl (114.679), gulldeplu (38.388) og gulllaxi (7.982). Afli veiddur í rannsóknaskyni var 172 tonn, afli úr sjóstangaveiðimótum var 220 tonn og strandveiðar voru 4.105 tonn.

2. Hvaða reglur gilda um afla utan aflamarks?

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni, sbr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Þó er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessu og heimila að ísfiski sé landað í erlendri höfn enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Þetta kemur jafnframt fram í reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, en þar segir í 1. gr. að reglugerðin gildi um vigtun og skráningu alls afla sem landað er hér á landi, án tillits til þess hvar hann er veiddur, sbr. einnig IX. kafla reglugerðar nr. 224/2006 þar sem er að finna ákvæði og skilyrði varðandi vigtun og skráningu afla á viðurkenndum erlendum fiskmörkuðum.

Almennt gilda því að þessu leyti sömu reglur um veiðar á tegundum utan aflamarks og tegundum í aflamarki. Sértækar reglur gilda um að í ákveðnum tilvikum skuli afli reiknast með álagi til aflamarks eða ekki að fullu til aflamarks. Þessar reglur hafa tekið ýmsum breytingum á því tímabili sem fyrirspurnin nær til en gildandi ákvæði um svonefnt útflutningsálag er að finna í 7. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 og 1. gr. reglugerðar nr. 1050/2009, um breytingu á reglugerð um veiðar í atvinnuskyni 2009/2010. Gildandi ákvæði um svonefnda línuívilnun er að finna í 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 og reglugerð nr. 674/2009, um línuívilnun. Gildandi ákvæði um svonefndan Verkefnasjóðsafla (VS-afla) er að finna í 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 og 59. gr. reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun sjávarafla, sbr. einnig reglugerð nr. 692/2008. Gildandi ákvæði um svonefndan undirmálsafla er að finna í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 676/2009, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010, og 58. gr. reglugerðar nr. 224/2006. Líkt og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar getur verið um svokallaðan rannsóknarafla að ræða, þ.e. afla sem fæst við rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt heimild sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veitir á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þá er í þessu sambandi einnig rétt að nefna afla sem fæst á sjóstangaveiðimótum sem ráðherra heimilar skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 sem ekki telst til aflamarks, afla sem fæst við tómstundaveiðar til eigin neyslu og ekki má fénýta og ekki reiknast til aflamarks, sbr. 1. mgr. sömu greinar, og einnig er rétt að vekja athygli á ákvæðum um svonefndar frístundaveiðar (ferðaþjónustuaðila) sem ekki voru í gildi á því tímabili sem fyrirspurnin nær til en gilda nú en þau er að finna í 6. gr. laga nr. 116/2006.

Einnig er rétt að nefna hér reglu um svonefnda tegundatilfærslu sem er að finna í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 en samkvæmt henni er heimilt að tilteknu marki að draga afla í einni aflamarksbundinni tegund (þó ekki í þorski) frá aflamarki í annarri tegund. Afli sem er meðhöndlaður þannig reiknast því til aflamarks í annarri tegund og er miðað við verðmæti viðkomandi tegunda í þorskígildum reiknað.

Varðandi afla erlendra skipa í íslenskri lögsögu gildir almenna reglan um vigtun á hafnarvog, sé honum landað á Íslandi. Skipstjórum erlendra fiskiskipa er að auki skylt að skila Fiskistofu afladagbók að veiðum loknum en upplýsingar úr þeim fara ekki í aflaskráningarkerfi Fiskistofu en eru skráðar hjá Hafrannsóknastofnuninni. Sá afli sem landað er hérlendis kemur fram í svari við 1. tölul. Sé aflanum landað erlendis kemur hann ekki fram þar sem upplýsingarnar eru sóttar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Nákvæmar upplýsingar um afla erlendra skipa eftir fisktegundum er að finna á vef Fiskistofu.

VIÐAUKI

Afli utan aflamarks flokkaður eftir skipaflokkum og fisktegundum.

Fiskveiðiárið 2004/2005									
	Aflamarks-heimild	**Eingöngu grásleppu-leyfi**	**Króka-aflamarks-bátur**	**Núll-flokkur**	**Rann-sóknaskip**	**Skip með aflamark**	**Skuttogari**	**Smábátur með aflamark**	**Smábátur með sóknardaga**
(Nef)broddabakur						158			
„Annað“			66			2.560	2.277	597	
„Annar flatfiskur“						121	53	7	
Áll									
Beitukóngur	77.873		66			161.755		736.820	
Blágóma									
Blálanga			8.780		432	331.575	1.043.671	113	
Bretahveðnir									
Búrfiskur							7296		
Dílamjóri									
Djúpkarfi					13.168				
Flundra									
Geirnyt			17			153	31	3	5
Grálúða					2739				
Grásleppa		0	131			8.689	2.666	12.809	
Grásleppuhrogn									
Gulldepla/ Norræna gulldepla									
Gulllax/ Stóri gulllax						7.444	4.202.653		
Háfur			15.330			72.552	3.041	17.651	
Hákarl					0	6.716	47.584	951	
Hámeri						689	130	311	
Hlýri			304.053	0	2.826	1.229.467	1.808.809	13.757	
Hrognkelsi						2.692		1.293	
Humar/Leturhumar					923				
Hvítaskata			68			18.437	1.195	166	
Höfrungur									
Ígulker			2.606			27.666		48.599	
Karfi/Gullkarfi					18.418				
Keila					320				
Kræklingur/ Bláskel									
Kúfiskur/ Kúskel						4.801.825			
Langa					1.610				

	Aflamarks-heimild	Eingöngu grásleppu-leyfi	Króka-aflamarks-bátur	Núll-flokkur	Rann-sóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark	Smábátur með sóknardaga
Langlúra					1.785				
Lax						93			
Litla brosma									
Litli karfi			57	45		6	154		
Lúða	0		103.274	0	233	278.430	150.549	15.360	
Lýr									
Lýsa			122.086	168		643.797	179.921	17.593	
Makríll			65			18	151	40	
Mjóri									
Náskata			1.063		9	8.229	4.039	5	
„Ósundurliðað“			384	0		18.818	11.680	732	
Rauðmagi			4.441			33.761	2.417	29.503	
Rækja					4.034				
Sandhverfa			18			102	0	23	
Sandkoli			4.775			224.975	239	17.023	
Skarkoli					244				
Skata			13.670		45	81.320	55.488	16.063	
Skrápflúra			3.750	0	820	211.530	15.435	22.138	
Skötuselur					2.503				
Slétti langhali							77.135		
Smokkfiskur						1	82		
Snarphali						0	3.361		
Spærlingur									
Steinbítur					982				
Stinglax							12.190	0	
Stóra brosma									
Stóri bramafiskur									
Stórkjafta/ Öfugkjafta						138.324	7.130	100	
Svartháfur									
Sæbjúga/ Hraunpussa						53.380		13.165	
Tindaskata			80.776	0		500.636	149.935	42.992	
Trjónukrabbi						34		2	
Tröllakrabbi									
Túnfiskur									
Ufsi					18.420				
Vogmær									
Ýsa					62.588				
Þorskur					110.771			390	
Þykkvalúra/Sólkoli					424				
Samtals	**77.873**	**0**	**665.476**	**213**	**243.294**	**8.865.953**	**7.789.312**	**1.008.206**	**5**

Fiskveiðiárið 2005/2006						
	Krókaafla-marksbátur	**Núllflokkur**	**Rann-sóknaskip**	**Skip með aflamark**	**Skuttogari**	**Smábátur með aflamark**
(Nef)broddabakur				93	0	
„Annað“	76	0		4.489	137	2..294
„Annar flatfiskur“				537	60	
Áll						
Beitukóngur						1.052..824
Blágóma						
Blálanga	7.360		653	376.758	1.101.362	57
Bretahveðnir						
Búrfiskur					2.346	
Dílamjóri						
Djúpkarfi			12..778			
Flundra						

	Krókaafla-marksbátur	Núllflokkur	Rann-sóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark
Geirnyt	194			610	256	0
Grálúða			3.027			
Grásleppa	82			15.078	1.574	4.895
Grásleppuhrogn						
Gulldepla/Norræna gulldepla						
Gulllax/Stóri gulllax	1			4.171	4.783.057	
Háfur	11.839			46.857	646	10.453
Hákarl				7.719	22.676	675
Hámeri	4			56		161
Hlýri	523.764		2.163	1.499.431	1.557.902	10.968
Hrognkelsi	6			616	399	1.369
Humar/Leturhumar						
Hvítaskata	27			7.427	3.816	
Höfrungur						
Ígulker						
Karfi/Gullkarfi			18.735			
Keila			22			
Kræklingur/Bláskel	56					
Kúfiskur/Kúskel				1.015.194		
Langa			9			
Langlúra						
Lax				3		
Litla brosma	7					
Litli karfi	24				10.435	1
Lúða	128.065	34	118	226.486	137.207	11.223
Lýr						
Lýsa	140.012	175		613.524	129.618	11.053
Makríll	32			501.423	260.000	50
Mjóri				80		
Náskata	128		6	16.282	452	
„Ósundurliðað“	198			26.442	18.339	204
Rauðmagi	5.399			28.093		22.976
Rækja			6.567			
Sandhverfa	0			115		14
Sandkoli	3.350			117.112		4.510
Skarkoli			2.629			
Skata	12.161	0		90.648	40.380	2.195
Skrápflúra	5.582			105.853	19.696	551
Skötuselur			4			
Slétti langhali					55.638	
Smokkfiskur					2	
Snarphali					7.147	
Spærlingur	0					
Steinbítur			2.903			
Stinglax				0	28.526	
Stóra brosma						
Stóri bramafiskur						
Stórkjafta/Öfugkjafta	1			227.578	13.241	357
Svartháfur						
Sæbjúga/Hraunpussa				193.280		
Tindaskata	70.255			326.480	155.043	7.512
Trjónukrabbi				108		
Tröllakrabbi						
Túnfiskur						
Ufsi			8.605			
Vogmær						
Ýsa			83.136			
Þorskur			77.747			
Þykkvalúra/Sólkoli						
Samtals	**908.623**	**209**	**219.102**	**5.452.543**	**8.349.955**	**1.144.342**

Fiskveiðiárið 2006/2007						
	Krókaafla-marksbátur	**Núllflokkur**	**Rann-sóknaskip**	**Skip með aflamark**	**Skuttogari**	**Smábátur með aflamark**
(Nef)broddabakur					0	
„Annað“	486	0		3.282	21.056	1.485
„Annar flatfiskur“				392	203	
Áll						
Beitukóngur				246.612		341.897
Blágóma						
Blálanga	15.537		1.487	754.145	1.308.686	293
Bretahveðnir						
Búrfiskur					929	
Dílamjóri						
Djúpkarfi						
Flundra						
Geirnyt	67			1.041	0	
Grálúða			3.215			
Grásleppa	48			6.723	219	170
Grásleppuhrogn	3.116					
Gulldepla/ Norræna gulldepla						
Gulllax/Stóri gulllax	2		335	1.509	5.050.484	
Háfur	33.518			39.189	220	1.562
Hákarl	163			619	2.271	
Hámeri				393		20
Hlýri	523.967		1.241	1.464.182	1.323.394	7.238
Hrognkelsi	70			209		958
Humar/Leturhumar			3.527			
Hvítaskata	30			6.221	478	
Höfrungur						
Ígulker				109.456		
Karfi/Gullkarfi			48.258			
Keila			120			
Kræklingur/Bláskel						130
Kúfiskur/Kúskel				4.259.402		
Langa			2.165			
Langlúra						
Lax					4	
Litla brosma				1.292		
Litli karfi	378			16	26.207	
Lúða	99.054	425	268	195.560	125.275	16.247
Lýr					297	
Lýsa	225.905	574	109	512.497	273.871	17.451
Makríll	26			20.786.648	10.046.501	5
Mjóri	10					
Náskata	124			21.517	402	56
„Ósundurliðað“	132			27.600	25.141	138
Rauðmagi	4.107			21.842		16.695
Rækja			4.805			
Sandhverfa	76			67	6	22
Sandkoli	3.437			212.280	64	2.071
Skarkoli			483			
Skata	13.517		3	72.577	45.777	1.042
Skrápflúra	5.253			83.066	9.865	1.688
Skötuselur						
Slétti langhali					33.949	2
Smokkfiskur						
Snarphali					2.955	
Spærlingur						
Steinbítur			2.074			

	Krókaafla-marksbátur	Núllflokkur	Rann-sóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark
Stinglax				10	7.978	
Stóra brosma						
Stóri bramafiskur						
Stórkjafta/Öfugkjafta	3			221.461	12.653	73
Svarthöfur						
Sæbjúga/Hraunpussa				48		
Tindaskata	73.592			452.361	44.818	4.504
Trjónukrabbi				815		
Tröllakrabbi				103		
Túnfiskur						
Ufsi			8.712			
Vogmær						
Ýsa			29.208			
Þorskur			25.975			
Þykkvalúra/Sólkoli			22			
Samtals	**1.002.618**	**999**	**132.007**	**29.503.135**	**18.363.703**	**413.747**

Fiskveiðiárið 2007/2008						
	Eingöngu grásleppuleyfi	Krókaafla-marksbátur	Rannsóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark
(Nef)broddabakur		8		2		2
„Annað“						
„Annar flatfiskur“				54	68	
Áll						
Beitukóngur				312.534	0	290.445
Blágóma		96		0	33	
Blálanga		30.498	1.221	1.502.281	1.315.782	645
Bretahveðnir						
Búrfiskur					3.737	
Dílamjóri						
Djúpkarfi			22.551			
Flundra						112
Geirnyt		891		354		0
Grálúða			3.863			
Grásleppa		1.142		16.124	11.754	5.501
Grásleppuhrogn	4.025	858.306		0		482.710
Gulldepla/ Norræna gulldepla						
Gulllax/Stóri gulllax		1		386	4.804.325	
Háfur		21.024		12.573	1.007	16.919
Hákarl		8.233	738	503	25.493	
Hámeri				73	286	100
Hlýri		310.855	724	667.695	1.019.595	8.759
Hrognkelsi						
Humar/Leturhumar						
Hvítaskata		20		8.652	146	
Höfrungur		86		44		
Ígulker				111.307		1.178
Karfi/Gullkarfi			15.675			
Keila			580			
Kræklingur/Bláskel						3.368
Kúfiskur/Kúskel				6.413.670		
Langa			405			
Langlúra						
Lax				4		
Litla brosma		3		317		
Litli karfi		558	22	27	8.250	14
Lúða		100.224	42	223.091	121.969	18.089
Lýr		364	60	52		43
Lýsa		271.325	625	970.978	538.632	30.584

	Eingöngu grásleppuleyfi	Krókaafla-marksbátur	Rannsóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark
Makríll		7.400	9	71.193.712	27.321.425	447
Mjóri						
Náskata		140		2.603	416	341
„Ósundurliðað“		81		12.209	15.259	
Rauðmagi		8.614		13.588	23	15.027
Rækja			4.158			
Sandhverfa		6		80	37	8
Sandkoli		4.771	64	103.310	76	9.843
Skarkoli			971			
Skata		9.033	44	85.058	23.412	565
Skrápflúra		11.944		69.324	7.984	3.726
Skötuselur			5			
Slétti langhali		7			21.887	
Smokkfiskur		2		20	2.270	
Snarphali		8			425	
Spærlingur				8		
Steinbítur			5.699			
Stinglax				40	160	
Stóra brosma		82		1.420		
Stóri bramafiskur		30		464		176
Stórkjafta/Öfugkjafta		3		165.754	28.694	84
Svartháfur						
Sæbjúga/Hraunpussa		0		555.775		
Tindaskata		90.821		265.512	36.599	6.743
Trjónukrabbi		46		70		
Tröllakrabbi						
Túnfiskur				18		
Ufsi			29.906			
Vogmær				1		
Ýsa			41.646			
Þorskur			216.017			
Þykkvalúra/Sólkoli						
Samtals	**4.025**	**1.736.622**	**345.025**	**82.709.687**	**35.309.744**	**895.429**

Fiskveiðiárið 2008/2009									
	Eingöngu grásleppu-leyfi	Króka-aflamarks-bátur	Núll-flokkur	Rann-sóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark	Strand-veiðar	Þróunar-sjóður
(Nef)broddabakur					0				
„Annað“									
„Annar flatfiskur“									
Áll		24			2				
Beitukóngur					60.518				
Blágóma		37			200		49		
Blálanga		44.198		1.979	2.223.213	1.807.471	1.063		
Bretahveðnir					1.666				
Búrfiskur						132			
Dílamjóri		13			61				
Djúpkarfi				15.140				38	
Flundra		0							
Geirnyt		37	0		1.332	109		36	
Grálúða				4.963					
Grásleppa		35.658			13.035	7.188	29.619		
Grásleppuhrogn	5.511	856.056					471.240	280	
Gulldepla/ Norræna gulldepla					27.308.650	11.079.075			
Gulllax/Stóri gulllax					64.881	7.916.725			
Háfur		5.636			68.904	3.376	19.443		
Hákarl					2.410	23.765	741		
Hámeri		325			668	138			

	Eingöngu grásleppu-leyfi	Króka-aflamarks-bátur	Núll-flokkur	Rann-sóknaskip	Skip með aflamark	Skuttogari	Smábátur með aflamark	Strand-veiðar	Þróunar-sjóður
Hlýri		351.229		967	874.615	997.862	5.023	25	
Hrognkelsi									
Humar/Leturhumar									
Hvítaskata		11			10.557	205			
Höfrungur		441					199		
Ígulker					2.750		116.579		
Karfi/Gullkarfi				35.973				39.774	0
Keila				1.282				1.330	
Kræklingur/Bláskel									
Kúfiskur/Kúskel					1.806.239				
Langa				587				1.802	
Langlúra									
Lax					6				
Litla brosma		6			2.129	2			
Litli karfi		3.204			64	14.128	0	14	
Lúða		93.661		5	234.120	139.645	14.106	173	
Lýr		121		6	112	14	55		
Lýsa		321.579	0	645	1.014.345	603.280	30.633	13.382	
Makríll		7.978	0	22	82.268.097	32.402.275	118	613	
Mjóri									
Náskata		344			26.725	292			
„Ósundurliðað“		6			7.510	269			
Rauðmagi		11.944			12.968		16.042		
Rækja				4.191					
Sandhverfa		15			127	51	51		
Sandkoli		5.214		7	97.861	2.788	9.179		
Skarkoli				844					
Skata		10.774			82.280	25.813	2.713		
Skrápflúra		10.855		0	61.278	1.264	6.802		
Skötuselur				3				2	
Slétti langhali					259	41.684			
Smokkfiskur					397	5.568			
Snarphali						3.212			
Spærlingur					2.577	758			
Steinbítur				1.695				1.209	
Stinglax					289	9.360			
Stóra brosma		7			23.182				
Stóri bramafiskur		605			3.288	193		43	
Stórkjafta/Öfugkjafta					226.607	78.086	208		
Svartháfur					1.122				
Sæbjúga/Hraunpussa					1.137.228				
Tindaskata		207.761			501.685	69.192	17.323		
Trjónukrabbi		38			1.299				
Tröllakrabbi									
Túnfiskur									
Ufsi				20.773				574.174	0
Vogmær		4			4.231	0			
Ýsa				40.267				21.527	
Þorskur				262.704				3.450.959	0
Þykkvalúra/Sólkoli				43					
Samtals	**5.511**	**1.967.781**	**0**	**392.096**	**118.149.487**	**55.233.920**	**741.186**	**4.105.381**	**0**

Afli eftir aflagerð.

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Fiskveiðiárið 2004/2005				
(Nef)broddabakur			158	
„Annað“			5.500	
„Annar flatfiskur“			181	
Áll				
Beitukóngur			976.514	
Blágóma				
Blálanga			1.384.571	
Bretahveðnir				
Búrfiskur			7.296	
Dílamjóri				
Djúpkarfi	0		13.168	6.087
Flundra				
Geirnyt			209	
Grálúða	0		2.739	
Grásleppa			24.295	
Grásleppuhrogn				
Gulldepla/Norræna gulldepla				
Gulllax/Stóri gulllax			4.210.097	
Háfur			108.574	
Hákarl			55.251	
Hámeri			1.130	
Hlýri			3.358.912	
Hrognkelsi			3.985	
Humar/Leturhumar	238		923	117.801
Hvítaskata			19.866	
Höfrungur				
Ígulker			78.871	
Karfi/Gullkarfi	6.368		18.418	498.460
Keila	98.623		320	
Kræklingur/Bláskel				
Kúfiskur/Kúskel			4.801.825	
Langa	46.202		1.610	
Langlúra	3.369		1.785	
Lax			93	
Litla brosma				
Litli karfi			262	
Lúða			547.846	
Lýr				
Lýsa			963.565	
Makríll			274	
Mjóri				
Náskata			13.345	
„Ósundurliðað“			31.614	
Rauðmagi			70.122	
Rækja			4.034	
Sandhverfa			143	
Sandkoli	4		247.012	
Síld				
Skarkoli	33.822		244	
Skata			166.586	

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Skrápflúra	3		253.673	
Skötuselur	6.643		2.503	
Slétti langhali			77.135	
Smokkfiskur			83	
Snarphali			3.361	
Spærlingur				
Steinbítur	4.351	551.208	982	
Stinglax			12.190	
Stóra brosma				
Stóri bramafiskur				
Stórkjafta/Öfugkjafta			145.554	
Svarthöfur				
Sæbjúga/Hraunpussa			66.545	
Tindaskata			774.339	
Trjónukrabbi			36	
Tröllakrabbi				
Túnfiskur				
Ufsi	42.464		18.420	20.017
Vogmær				
Ýsa	78.105	1.486.556	62.588	723.179
Þorskur	1.816.622	2.935.362	111.161	1.635.720
Þykkvalúra/Sólkoli	2.077		424	
Samtals	**2.138.891**	**4.973.126**	**18.650.332**	**3.001.264**
Fiskveiðiárið 2005/2006				
(Nef)broddabakur			93	
„Annað“			6.996	
„Annar flatfiskur“			597	
Áll				
Beitukóngur			1.052.824	
Blágóma				
Blálanga			1.486.190	
Bretahveðnir				
Búrfiskur			2.346	
Dílamjóri				
Djúpkarfi			12.778	3.491
Flundra				
Geirnyt			1.060	
Grálúða	305		3.027	
Grásleppa			21.629	
Grásleppuhrogn				
Gulldepla/Norræna gulldepla				
Gulllax/Stóri gulllax			4.787.229	
Háfur			69.795	
Hákarl			31.070	
Hámeri			221	
Hlýri			3.594.228	
Hrognkelsi			2.390	
Humar/Leturhumar	0			129.769
Hvítaskata			11.270	
Höfrungur				
Ígulker				
Karfi/Gullkarfi	5.789		18.735	349.370

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Keila	43.968		22	
Kræklingur/Bláskel			56	
Kúfiskur/Kúskel			1.015.194	
Langa	10.761		9	
Langlúra	1.503			
Lax			3	
Litla brosma			7	
Litli karfi			10.460	
Lúða			503.133	
Lýr				
Lýsa			894.382	
Makríll			761.505	
Mjóri			80	
Náskata			16.868	
„Ósundurliðað“			45.183	
Rauðmagi			56.468	
Rækja			6.567	
Sandhverfa			129	
Sandkoli	82		124.972	
Síld				
Skarkoli	31.435		2.629	
Skata			145.384	
Skrápflúra	0		131.682	
Skötuselur	10.473		4	
Slétti langhali			55.638	
Smokkfiskur			2	
Snarphali			7.147	
Spærlingur			0	
Steinbítur	63.887	679.165	2.903	
Stinglax			28.526	
Stóra brosma				
Stóri bramafiskur				
Stórkjafta/Öfugkjafta			241.177	
Svarthöfur				
Sæbjúga/Hraunpussa			193.280	
Tindaskata			559.290	
Trjónukrabbi			108	
Tröllakrabbi				
Túnfiskur				
Ufsi	9.139		8.605	3.533
Vogmær				
Ýsa	89.841	1.625.916	83.136	1.087.118
Þorskur	1.482.276	3.037.153	77.747	2.040.041
Þykkvalúra/Sólkoli	309			
Samtals	**1.749.768**	**5.342.234**	**16.074.774**	**3.613.322**
Fiskveiðiárið 2006/2007				
(Nef)broddabakur			0	
„Annað“			26.309	
„Annar flatfiskur“			595	
Áll				
Beitukóngur			588.509	
Blágóma				

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Blálanga			2.080.148	
Bretahveðnir				
Búrfiskur			929	
Dílamjóri				
Djúpkarfi				2.873
Flundra				
Geirnyt			1.108	
Grálúða	2		3.215	
Grásleppa			7.160	
Grásleppuhrogn			3.116	
Gulldepla/Norræna gulldepla				
Gulllax/Stóri gulllax			5.052.330	
Háfur			74.489	
Hákarl			3.053	
Hámeri			413	
Hlýri			3.320.022	
Hrognkelsi			1.237	
Humar/Leturhumar	0		3.527	127.490
Hvítaskata			6.729	
Höfrungur				
Ígulker			109.456	
Karfi/Gullkarfi	4.474		48.258	331.254
Keila	37.095		120	
Kræklingur/Bláskel			130	
Kúfiskur/Kúskel			4.259.402	
Langa	7.890		2.165	
Langlúra	54			
Lax			4	
Litla brosma			1.292	
Litli karfi			26.601	
Lúða			436.829	
Lýr			297	
Lýsa			1.030.407	
Makríll			30.833.180	
Mjóri			10	
Náskata			22.099	
„Ósundurliðað“			53.011	
Rauðmagi			42.644	
Rækja			4.805	
Sandhverfa			171	
Sandkoli	289		217.852	
Síld				
Skarkoli	19.264		483	
Skata			132.916	
Skrápflúra	0		99.872	
Skötuselur	10.280			
Slétti langhali			33.951	
Smokkfiskur				
Snarphali			2.955	
Spærlingur				
Steinbítur	184.818	549.399	2.074	
Stinglax			7.988	
Stóra brosma				

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Stóri bramafiskur				
Stórkjafta/Öfugkjafta			234.190	
Svarthöfur				
Sæbjúga/Hraunpussa			48	
Tindaskata			575.275	
Trjónukrabbi			815	
Tröllakrabbi			103	
Túnfiskur				
Ufsi	12.516		8.712	9.108
Vogmær				
Ýsa	54.295	1.752.533	29.208	2.015.770
Þorskur	1.633.913	2.455.382	25.975	1.824.202
Þykkvalúra/Sólkoli	58		22	
Grand Total	1.964.948	4.757.314	49.416.209	4.310.697
Fiskveiðiárið 2007/2008				
(Nef)broddabakur			12	
„Annað“				
„Annar flatfiskur“			122	
Áll				
Beitukóngur			602.979	
Blágóma			129	
Blálanga			2.850.427	
Bretahveðnir				
Búrfiskur			3.737	
Dílamjóri				
Djúpkarfi	702		22.551	2.798
Flundra			112	
Geirnyt			1.245	
Grálúða			3.863	
Grásleppa			34.521	
Grásleppuhrogn			1.345.041	
Gulldepla/Norræna gulldepla				
Gulllax/Stóri gulllax			4.804.712	
Háfur			51.523	
Hákarl			34.967	
Hámeri			459	
Hlýri			2.007.628	
Hrognkelsi				
Humar/Leturhumar	143			120.503
Hvítaskata			8.818	
Höfrungur			130	
Ígulker			112.485	
Karfi/Gullkarfi	57.479		15.675	474.626
Keila	23.203		580	
Kræklingur/Bláskel			3.368	
Kúfiskur/Kúskel			6.413.670	
Langa	14.467		405	
Langlúra	2.512			
Lax			4	
Litla brosma			320	
Litli karfi			8.871	
Lúða			463.415	

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Lýr			519	
Lýsa			1.812.144	
Makríll			98.522.993	
Mjóri				
Náskata			3.500	
„Ósundurliðað“	18		27.549	
Rauðmagi			37.252	
Rækja			4.158	
Sandhverfa			131	
Sandkoli	623		118.064	
Síld			0	
Skarkoli	9.242		971	
Skata			118.112	
Skrápflúra	54		92.978	
Skötuselur	5.237		5	
Slétti langhali			21.894	
Smokkfiskur			2.292	
Snarphali			433	
Spærlingur			8	
Steinbítur	106.900	439.756	5.699	
Stinglax			200	
Stóra brosma			1.502	
Stóri bramafiskur			670	
Stórkjafta / Öfugkjafta			194.535	
Svartháfur				
Sæbjúga /Hraunpussa			555.775	
Tindaskata			399.675	
Trjónukrabbi			116	
Tröllakrabbi				
Túnfiskur			18	
Ufsi	7.444		29.906	5.478
Vogmær			1	
Ýsa	20.005	1.733.546	41.646	2.192.494
Þorskur	2.782.654	1.704.660	216.017	1.366.467
Þykkvalúra/Sólkoli	24			
Samtals	**3.030.707**	**3.877.962**	**121.000.532**	**4.162.366**
Fiskveiðiárið 2008/2009				
(Nef)broddabakur			0	
„Annað“				
„Annar flatfiskur“				
Áll			26	
Beitukóngur			60.518	
Blágóma			286	
Blálanga			4.077.924	
Bretahveðnir			1.666	
Búrfiskur			132	
Dílamjóri			74	
Djúpkarfi	11.093		15.178	445
Flundra			0	
Geirnyt			1.514	
Grálúða			4.963	

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Grásleppa			85.500	
Grásleppuhrogn			1.333.087	
Gulldepla/Norræna gulldepla			38.387.725	
Gulllax/Stóri gulllax			7.981.606	
Háfur			97.359	
Hákarl			26.916	
Hámeri			1.131	
Hlýri			2.229.721	
Hrognkelsi				
Humar/Leturhumar				97.382
Hvítaskata			10.773	
Höfrungur			640	
Ígulker			119.329	
Karfi/Gullkarfi	166.658		75.747	285.663
Keila	32.665		2.612	
Kræklingur/Bláskel				
Kúfiskur/Kúskel			1.806.239	
Langa	8.949		2.389	
Langlúra	45			
Lax			6	
Litla brosma			2.137	
Litli karfi			17.410	
Lúða			481.710	
Lýr			308	
Lýsa			1.983.864	
Makríll			114.679.103	
Mjóri				
Náskata			27.361	
„Ósundurliðað“	174		7.785	
Rauðmagi			40.954	
Rækja			4.191	
Sandhverfa			244	
Sandkoli	445		115.049	
Síld			0	
Skarkoli	11.672		844	
Skata			121.580	
Skrápflúra	0		80.199	
Skötuselur	6.503		5	
Slétti langhali			41.943	
Smokkfiskur			5.965	
Snarphali			3.212	
Spærlingur			3.335	
Steinbítur	131.733	621.393	2.904	
Stinglax			9.649	
Stóra brosma			23.189	
Stóri bramafiskur			4.129	
Stórkjafta/Öfugkjafta			304.901	
Svartháfur			1.122	
Sæbjúga/Hraunpussa			1.137.228	
Tindaskata			795.961	
Trjónukrabbi			1.337	
Tröllakrabbi				
Túnfiskur				

	VS-afli	Línuívilnun	Ekki reiknað til kvóta	Undirmálsafli
Ufsi	5.770		594.947	4.403
Vogmær			4.235	
Ýsa	14.674	1.573.696	61.794	1.292.890
Þorskur	3.863.256	1.857.090	3.713.663	1.385.537
Þykkvalúra/Sólkoli	608		43	
Samtals	**4.254.245**	**4.052.179**	**180.595.362**	**3.066.320**

639. Svar [295. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um samninganefnd um aðildarviðræður við ESB.

1. *Hverjir skipa samningahópa á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs sem starfa munu með samninganefndinni um aðildarviðræður við ESB?*

Eftirtalin skipa þá samningahópa sem óskað er upplýsinga um:

Samningahópur um landbúnaðarmál.

Sigurgeir Þorgeirsson	Formaður
Níels S. Olgeirsson	Alþýðusamband Íslands
Þráinn Hallgrímsson	Alþýðusamband Íslands
Elín Björg Jónsdóttir	BSRB
Erna Bjarnadóttir	Bændasamtök Íslands
Sigurbjartur Pálsson	Bændasamtök Íslands
Baldur Helgi Benjamínsson	Bændasamtök Íslands
Steinþór Skúlason	Landssamtök sláturleyfishafa
Þórhallur Arason	Fjármálaráðuneytið
Inga Ósk Jónsdóttir	Iðnaðarráðuneytið
Guðmundur Stefánsson	Landgræðsla ríkisins
Jóhannes Gunnarsson	Neytendasamtökin
Páll Magnússon	Samband íslenskra sveitarfélaga
Finnbogi Rögnvaldsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Jóhannes Finnur Halldórsson	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Pálmi Vilhjálmsson	Samtök atvinnulífsins
Erna Hauksdóttir	Samtök ferðaþjónustunnar
Ragnheiður Héðinsdóttir	Samtök iðnaðarins
Guðmundur Sigþórsson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Ólafur Friðriksson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Aðalsteinn Sigurgeirsson	Skógrækt ríkisins
Harald Aspelund	Utanríkisráðuneytið
Kristján Andri Stefánsson	Utanríkisráðuneytið
Baldur P. Erlingsson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, starfsmaður samningahóps

Arnór Snæbjörnsson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, starfsmaður samningahóps
Ingólfur Friðriksson	Utanríkisráðuneytið, starfsmaður samningahóps
Andri Júlíusson	Utanríkisráðuneytið, starfsmaður samningahóps

Samningahópur um sjávarútvegsmál.

Kolbeinn Árnason	Formaður
Hólmgeir Jónsson	Alþýðusamband Íslands
Guðmundur Þ. Ragnarsson	Alþýðusamband Íslands
Skúli Thoroddsen	Alþýðusamband Íslands
Guðmundur Gunnarsson	Alþýðusamband Íslands
Guðjón Ármann Einarsson	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Árni Múli Jónasson	Fiskistofa
Magnús Ó. Hafsteinsson	Fjármálaráðuneytið
Jóhann Sigurjónsson	Hafrannsóknarstofnun
Georg Lárusson	Landhelgisgæslan
Adolf Guðmundsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Eiríkur Tómasson	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Friðrik J. Arngrímsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Arthur Bogason	Landssamband smábátaeigenda
Ingólfur Örn Þorbjörnsson	Nýsköpunarmiðstöð
Vilhjálmur Egilsson	Samtök atvinnulífsins
Helgi Jóhannesson	Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda
Arnar Sigurmundsson	Samtök fiskvinnslustöðva
Hermann Stefánsson	Samtök fiskvinnslustöðva
Arndís Á. Steinþórsdóttir	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Steinar I. Matthíasson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Tómas H. Heiðar	Utanríkisráðuneytið
Anna Jóhannsdóttir	Utanríkisráðuneytið
Ævar Rafn Björnsson	Utanríkisráðuneytið, starfsmaður samningahóps
Þórður Jónsson	Utanríkisráðuneytið, starfsmaður samningahóps

Nánari upplýsingar um hlutverk samningahópana auk erindisbréfa þeirra er að finna á Evrópuvef utanríkisráðuneytisins.[1]

2. Hvaða ástæður eða rök lágu fyrir vali einstakra nefndarmanna í samninganefndinni?

Við skipan í samninganefnd um fyrirhugaðar aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) var fyrst og fremst horft til nefndarálits meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis um þingsályktunartillöguna um aðildarviðræður. Í álitinu kemur fram áhersla á breiða aðkomu úr stjórnsýslunni og frá hagsmunaaðilum að aðildarferlinu og að kallaðir verði til verka einstaklingar með þekkingu og reynslu sem nýtast kunni í aðildarviðræðunum.

Aðalsamningamaður Íslands, Stefán Haukur Jóhannesson, er einn reyndasti samningamaður Íslands á alþjóðavettvangi. Stefán hefur verið sendiherra Íslands gagnvart ESB í Brussel frá árinu 2005 og hefur þar að auki gegnt fjöldamörgum trúnaðarstörfum fyrir Íslands hönd

---

[1] Sjá *http://evropa.utanrikisraduneyti.is/samninganefnd/samningahopar/*

síðan hann hóf störf í utanríkisþjónustunni fyrir tæpum aldarfjórðungi. Hann hefur einnig ítrekað verið kallaður til ábyrgðarstarfa af alþjóðasamfélaginu og nú síðast hafa Rússar farið fram á það við íslensk stjórnvöld að hann haldi áfram störfum sínum sem formaður vinnuhóps um aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO. Að baki ákvörðun um aðalsamningamann liggur víðtækt óformlegt samráð við stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila. Hinu sama gegndi í raun um skipan formanna í þá samningahópa sem fjalla munu um veigamestu hagsmunamál Íslands í aðildarviðræðum við ESB en þeir sitja einnig í samninganefndinni.

Varaformenn samninganefndarinnar eru þau Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og Þorsteinn Gunnarsson, fyrrv. rektor Háskólans á Akureyri. Þau koma úr háskólasamfélaginu en hafa að auki víðtæka reynslu af alþjóðasamstarfi og úr stjórnsýslunni.

Tíu formenn einstakra samningahópa sitja í samninganefndinni. Þeir voru valdir sökum þekkingar sinnar og reynslu af viðkomandi málaflokki sem felst ekki síst í samningareynslu þeirra á alþjóðavettvangi, svo sem í samningum við ESB og í fríverslunarsamningum og í alþjóðasamningum um fiskveiðar. Þá sitja sex einstaklingar í nefndinni sem utanríkisráðherra taldi æskilegt að hafa í henni sökum þekkingar þeirra og reynslu af ESB og alþjóðlegri samningagerð, rannsóknarstörfum og stjórnmála- og þjóðmálaþátttöku. Þannig er það mat utanríkisráðherra að í samninganefndinni sé samankominn hópur einstaklinga með víðtæka reynslu í alþjóðlegum samningum auk þess að hafa breiðan bakgrunn og víðtækt þekkingarsvið. Þá eru í nefndinni fulltrúar úr háskólasamfélaginu og fólk sem þekkir vel til hagsmunamála landsbyggðarinnar.

Síðast en ekki síst er rétt að geta þess að jafnréttissjónarmið voru höfð til hliðsjónar við skipan samninganefndarinnar, en í nefndinni sitja níu konur og níu karlar.

Nánari upplýsingar um einstaka nefndarmenn og æviágrip þeirra er að finna á Evrópuvef utanríkisráðuneytisins.[2] Að sama skapi er þar að finna upplýsingar um alla þá einstaklinga sem skipaðir hafa verið í einstaka samningahópa.

3. Hvert er hlutverk nefndarinnar? Óskað er eftir að erindisbréf hennar verði lagt fram.

Hlutverk samninganefndarinnar er skýrt í erindisbréfi hennar sem fylgir svari þessu en það er jafnframt aðgengilegt á Evrópuvef utanríkisráðuneytisins.[3]

Fylgiskjal.

ERINDISBRÉF

Efni: Samninganefnd um aðildarviðræður við ESB.

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samninganefnd um aðildarviðræður við ESB.

---

2 Sjá: *http://evropa.utanrikisraduneyti.is/samninganefnd/*

3 Sjá: *http://evropa.utanrikisraduneyti.is/media/evropa/samningahopar/Adalsamninganefnd.pdf.*

Hlutverk samninganefndarinnar er að vera aðalsamningamanni til ráðgjafar og stuðnings í samningaviðræðum við ESB. Þá er nefndinni ætlað að fjalla um samningsafstöðu Íslands í viðræðunum á grundvelli tillagna samningahópa á einstökum samningssviðum. Nefndin skal einnig fjalla um viðræðuáætlun og framkvæmd hennar og vera upplýsinga- og samráðsvettvangur formanna einstakra samningahópa.

Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) var fjallað um þá meginhagsmuni sem lúta að aðildarviðræðum við ESB og lögð áhersla á að þeir yrðu afmarkaðir og samningsmarkmið byggð á þeim. Þessir hagsmunir varða m.a. orku- og auðlindamál, sjávarútvegsmál, landbúnaðar- og byggðamál, umhverfismál, atvinnu- og iðnaðarmál, almannaþjónustu og félagsmálefni, gjaldmiðilsmál, málefni tengd EES-samningnum, öryggis- og varnarmál, skatta- og tollamál og fjárhagsleg málefni er tengjast aðild. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að stjórnvöld standi vörð um íslenska þjóðmenningu og þjóðhætti, stöðu íslenskrar tungu og að hún verði eitt af opinberum tungumálum ESB. Að öðru leyti er vísað til álitsins, en samninganefndin skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Aðalsamningamaður stýrir aðildarviðræðunum í umboði utanríkisráðherra, stjórnar starfi nefndarinnar og skiptir verkum innan hennar eftir því sem þörf er talin á. Aðalsamningamaður getur kveðið á um að einstakir nefndarmenn taki þátt í störfum samningahópa eins og þurfa þykir.

Nefndarmenn eru:
Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður og formaður
Björg Thorarensen, varaformaður (lagamál)
Þorsteinn Gunnarsson, varaformaður
Anna Jóhannsdóttir (EES II, félagsmál –- þjónusta – fjárfestingar – umhverfismál o.fl.)
Bryndís Kjartansdóttir (EES I, vörur – orka – samkeppnismál o.fl.)
Gréta Gunnarsdóttir
Högni S. Kristjánsson
Kolbeinn Árnason (sjávarútvegsmál)
Kolfinna Jóhannesdóttir
María Erla Marelsdóttir (utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál)
Maríanna Jónasdóttir (fjárhagsmálefni)
Martin Eyjólfsson
Már Guðmundsson (myntbandalag)
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (byggða- og sveitarstjórnarmál)
Ragnhildur Helgadóttir (dóms- og innanríkismál)
Sigurgeir Þorgeirsson (landbúnaðarmál)
Sturla Sigurjónsson
Þorsteinn Pálsson

Utanríkisráðuneytið leggur nefndinni til starfsaðstöðu og starfsmenn eftir þörfum.

Nefndin mun óska eftir aðstoð erlendra sem innlendra sérfræðinga eftir því sem þurfa þykir.

640. Svar [348. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um laun hjá hinu opinbera og lágmarksframfærslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Telur ráðherra ásættanlegt að hið opinbera greiði í sumum tilvikum svo lág laun að Útlendingastofnun telur að þau dugi ekki til framfærslu?*
2. *Telur ráðherra að setja eigi opinber viðmið eða lög um lágmarksframfærslu?*

Eins og fram kemur á vef Útlendingastofnunar þarf útlendingur sem sækir um dvalarleyfi að sýna fram á að framfærsla hans sé trygg þann tíma sem hann sækir um að fá að dvelja hérlendis. Lágmarksframfærsla er miðuð við útgefinn framfærslustuðul sveitarfélaganna sem nú er 125.540 kr. Reglur Útlendingastofnunar um trygga framfærslu miðuðust við að tekjur að frádregnum sköttum væru ekki lægri en fyrrgreindur framfærslustuðull. Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar í lok nýliðins árs þar sem bent var á að með því að miða framfærslu við tekjur eftir skatta væri mögulega verið að gera ríkari kröfur til útlendinga en íslenskra ríkisborgara ákvað Útlendingastofnun að endurskoða þær reglur sem lagðar hafa verið til grundvallar við mat á getu til framfærslu.

Það má til sanns vegar færa að framfærslustuðull sveitarfélaganna sé opinbert viðmið um lágmarksframfærslu rétt eins og lágmarksfjárhæð lífeyris sem Tryggingastofnun greiðir ellilífeyris- og örorkubótaþegum. Um tekjur launafólks gilda aðrar reglur því að um þær er samið í kjarasamningum. Því hefur lengi verið haldið fram að lágmarkslaun hér séu of lág og á síðustu missirum hafa kjarasamningar, bæði á almennum og opinberum markaði, einmitt miðað að því að hækka mest laun þeirra tekjulægstu. Hingað til hefur það verið í höndum aðila vinnumarkaðarins að semja sín á milli um kaup og kjör launafólks en lögbinding lágmarkslauna fæli í sér inngrip af hálfu löggjafarvaldsins í málefni sem nú eru á forræði aðila vinnumarkaðarins.

641. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun.

Flm.: Guðmundur Steingrímsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Þuríður Backman, Margrét Tryggvadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að koma á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk á Íslandi með það að markmiði að fatlað fólk geti almennt notið sjálfstæðis í lífi sínu til jafns við ófatlað fólk. Ráðherra leggi fram tillögu að útfærslu á þjónustunni ásamt frumvarpi til nauðsynlegra lagabreytinga á haustþingi 2010.

Greinargerð.

I.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) við fatlað fólk hefur rutt sér mjög til rúms á Norðurlöndum og víðar á undanförnum árum, en er komin skammt á veg hér á landi. Notendastýrð persónuleg aðstoð byggist á alþjóðlegri hugmyndafræði sem er í raun einföld og snýst um það, í stuttu máli, að fatlaðir einstaklingar sem þurfa varanlega aðstoð eigi rétt á því að stjórna lífi sínu sjálfir þrátt fyrir þörfina fyrir aðstoð annarra. Réttinn til sjálfstæðis megi tryggja með því að gefa fötluðu fólki kost á því að ráða sér aðstoðarfólk sem hjálpi viðkomandi einstaklingum eftir þörfum í daglegu lífi þeirra. Hugmyndafræðin gerir þannig ráð fyrir að fatlað fólk stjórni þjónustunni við sig sjálft, í stað þess að þiggja þjónustuna inni á stofnunum eða eftir forskrift þeirra.

Hugmyndafræðin á sér ríka stoð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar segir í 19. gr.: „Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólki megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar ...“

Stefna í þessum anda hefur verið mörkuð af félagsmálaráðuneytinu til dæmis með yfirgripsmikilli skýrslugerð um aðgengi fyrir alla og með metnaðarfullri markmiðssetningu um þjónustu við fötluð börn og fullorðna til 2016, undir yfirskriftinni „Mótum framtíð“ sem gefin var út á vegum ráðuneytisins í mars 2007. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og uppbygging notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlað fólk samræmist mjög þessari stefnumörkun. Á grunni hennar var ráðist í tilraunir hér á landi með notendastýrða persónulega aðstoð og nefnd sett á laggirnar um hana. Tilraunin þykir hafa gefist vel og má meðal annars lesa um hana í áfangaskýrslu nefndarinnar frá 2007. Í ræðu og riti hefur núverandi félags- og tryggingamálaráðherra jafnframt lýst ríkum áhuga á verkefninu.

Nú er tímabært að stíga næstu skref. Í ljósi þess er tillagan lögð fram. Í mörg horn er að líta. Til þess að aðstoðarfólk bjóðist í nægilegum mæli þarf að setja upp þjónustu sem fatlað fólk um allt land getur nýtt sér. Til þess þarf ekki að byggja upp stofnanir, heldur einungis að tryggja að nægur fjöldi aðstoðarfólks verði til staðar innan þjónustunnar sem fatlað fólk, hvar á landi sem er, getur ráðið sér. Margs konar fyrirkomulag þjónustu má hugsa sér. Samvinnufélagsformið hefur t.d. reynst nytsamlegt víða sem umgjörð rekstrar, þar sem notendurnir eru sjálfir eigendur að félaginu og geta ráðið sér aðstoðarfólk í gegnum það.

Þjónustan þarf að gera viðkomandi einstaklingum kleift að ráða sér aðstoðarfólk eftir eigin þörfum. Þörfin fyrir aðstoð yrði fyrir fram metin í hverju tilviki fyrir sig samkvæmt reglum þar um, þar sem tekið yrði ríkt tillit til rökstuddra óska notendanna. Hið opinbera – t.d. sveitarfélögin í gegnum þjónustusamning við ríkið og/eða almannatryggingakerfið – greiddi síðan laun aðstoðarfólksins. Til dæmis mætti hugsa sér að það yrði gert með beinu framlagi til notandans, samkvæmt þörfinni, sem sæi þá um að ráðstafa fénu til aðstoðarfólks í gegnum þá þjónustu sem í boði yrði. Slíkar beingreiðslur eru víða við lýði í þeim löndum þar sem notendastýrð persónuleg aðstoð er til staðar.

Ætla má að þjónusta af þessu tagi geti með tíð og tíma komið í staðinn fyrir hið opinbera stofnanakerfi að stórum hluta, en það kerfi er dýrt og tryggir ekki á sama hátt rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs. Hér yrði því að öllum líkindum um að ræða hagræðingu – eins og rannsóknir benda sterklega til – í rekstri velferðarkerfisins í sömu andrá og mikilvægar grundvallarumbætur yrðu gerðar hvað varðar lífsskilyrði fatlaðs fólks og mannréttindi þeirra. Í því felst raunar megininntak fyrirliggjandi tillögu: Að fá fram afstöðu löggjafans til þeirrar

lykilspurningar hvort rétt sé að stefna að því að fatlað fólk njóti sömu skilyrða til sjálfstæðs lífs og annað fólk, eins og m.a. er kveðið á um í áðurnefndum samningi Sameinuðu þjóðanna. Notendastýrð persónuleg aðstoð er raunhæf leið, og líklega besta leiðin, að því marki.

Tvöfaldur ávinningur hlytist jafnframt af þjónustunni með aukinni virkni þjóðfélagsþegna. Annars vegar yrðu möguleikar fatlaðs fólks til þess að vera þátttakendur í atvinnulífinu, og í samfélaginu yfirleitt, efldir til muna. Slíkt er lykilatriði. Hins vegar yrðu með þjónustunni sköpuð innihaldsrík og gefandi störf í talsverðum mæli við að aðstoða fatlaða einstaklinga sem henta mundu fjölda fólks sem jafnvel er atvinnulaust nú um stundir. Þannig má segja að uppbygging þjónustunnar fæli í sér mikilvægan samfélagslegan hliðarávinning.

Í Svíþjóð, svo að dæmi sé tekið, njóta yfir 15 þúsund manns persónulegrar aðstoðar sem stýrð er af notendunum sjálfum, en þar er fjöldi aðstoðarmanna yfir 50 þúsund. Ef þær tölur yrðu heimfærðar upp á Ísland mundi það jafnast á við að um 250 Íslendingar fengju notendastýrða persónulega aðstoð og að í stétt aðstoðarmanna væru um 1.500 manns. Þess má geta að sænsku lögin um slíka aðstoð voru sett árið 1994 þegar ríkið var í miðri bankakreppu.

Til þess að notendastýrð persónuleg aðstoð geti orðið að veruleika hér á landi þarf annars vegar að tryggja fjármögnun þjónustunnar og hins vegar að skapa þjónustunni nauðsynlegan lagaramma. Lög og reglur þurfa t.d. að kveða á um eftirlit með gæðum þjónustunnar, fyrirkomulag mats á aðstoðarþörf, hæfni aðstoðarfólks og rekstrarfyrirkomulag þjónustunnar. Jafnframt er nauðsynlegt að lögin tryggi jafnræði einstaklinga um land allt til þess að njóta hennar.

Hugsanlegar leiðir til fjármögnunar gætu falið í sér framlag úr ríkissjóði, tímabundið samstarf við lífeyrissjóði, breytingar á lögum um framkvæmdasjóð fatlaðra og/eða samstarf við Vinnumálastofnun í ljósi þess hve atvinnuskapandi notendastýrt aðstoðarmannakerfi er. Allar þessar leiðir og aðrar mögulegar þarf að skoða kerfisbundið í því augnamiði að tryggja fjármögnun þjónustunnar fyrstu árin. Síðar má gera ráð fyrir að áhrifa hennar til hagræðingar og sparnaðar í rekstri velferðarþjónustunnar, miðað við núverandi áherslur, verði farið að gæta að fullu.

II.

Áhugi á notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk hefur vaxið mjög á undanförnum árum og talsverð vinna hefur verið unnin við að kynna slíka þjónustu innan stjórnsýslunnar, sem m.a. hefur leitt til þeirrar stefnumörkunar sem áður var rakin. Í þessu kynningarstarfi hafa farið fremst í flokki ýmis grasrótarsamtök fatlaðs fólks sem og ýmsir framsæknir einstaklingar, innlendir og erlendir, sem hafa verið óbilandi að benda á kosti notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Fullyrða má að víðtækur skilningur ríki nú á nauðsyn þess að koma á slíkri þjónustu. Með samþykkt fyrirliggjandi tillögu yrði þessum áhuga og skilningi beint í skilgreindan farveg sem Alþingi markaði. Þar með hæfist vinna við að koma þjónustunni á með skýru umboði löggjafarvaldsins.

Þjónustan þarf ekki að verða til á einni nóttu, heldur má hugsa sér uppbyggingu hennar í skrefum. Aðalatriðið er að markmiðið sé skýrt. Í vinnunni þarf jafnframt að huga vel að samspili þjónustunnar við aðra nauðsynlega þjónustu, eins og til dæmis hjúkrunarþjónustu.

Á Íslandi búa yfir 5.000 einstaklingar í stofnanarými, á hjúkrunarheimilum, sambýlum eða vistheimilum og kostnaður er mikill. Eru þá aldraðir taldir með. Þótt ekki sé það lagt til sérstaklega í þessari tillögu er þó að mörgu leyti eðlilegt að hugað sé samhliða að uppbyggingu einhvers konar notendastýrðrar þjónustu við aldraða, í svipuðum anda og hér hefur verið lýst.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ráðherra hafi víðan ramma til þessa að leita leiða til þess að koma á þjónustunni. Lagt er til að hann leggi fram tillögur sínar um útfærslur og nauðsynleg lagafrumvörp á haustþingi 2010. Skynsamlegt hlýtur að teljast að ráðherra stofni samráðshóp um verkið þar sem í sætu t.d. fulltrúar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti, ásamt fulltrúum ýmissa samtaka fatlaðs fólks, eins og ÖBÍ, Þroskahjálpar, ViVe – virkari velferð, samtaka um sjálfstætt líf, NPA-hópsins og Sjálfsbjargar. Lykilatriði er að fulltrúar notenda komi með sem víðtækustum hætti að mótun þjónustunnar. Einnig má nefna Samband íslenskra sveitarfélaga. Áætluð tilfærsla málaflokks fatlaðra yfir til sveitarfélaga 1. janúar 2011 gerir það að verkum að samráð við þau um útfærslu þjónustunnar hlýtur að vera grundvallaratriði í þessari vinnu. Sú tilfærsla getur einmitt skapað hentugan tímapunkt til þess að koma þjónustunni á, ef vel er haldið á spöðunum.

III.

Notendastýrð persónuleg aðstoð af því tagi sem hér er lögð til fæli í sér róttækar þjóðfélagsumbætur. Það er mat flutningsmanna að með því að byggja upp slíka þjónustu af röggsemi verði réttur fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs bættur til muna. Íslendingar stæðust þar með samanburð við nágrannaþjóðir í þjónustu við fatlað fólk og hefðu í kjölfarið forsendur til þess að vera til fyrirmyndar í þeim efnum.

Fyrst og síðast, og á það er vert að leggja áherslu í lokin, yrði um að ræða úrbætur í þágu sjálfsagðra mannréttinda fyrir stóran hóp Íslendinga.

642. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Á sumarþingi 2009 olli vinnulag meiri hluta umhverfisnefndar þegar þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun var afgreidd út úr nefndinni án efnislegrar umfjöllunar hörðum viðbrögðum minni hlutans. Málið náði ekki fram að ganga á því þingi og kom því að nýju til umfjöllunar í umhverfisnefnd á yfirstandandi þingi. Við fyrri umræðu málsins vöktu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins athygli á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð höfðu verið á sumarþingi og gagnrýndu þá smánarlegu málsmeðferð sem málið fékk og kölluðu jafnframt eftir vandaðri og faglegri umfjöllun um tillöguna í nefndinni. Sjónarmið sjálfstæðismanna fengu ágætar undirtektir við umræðuna, m.a. frá umhverfisráðherra sem sagði: „Ég vil að lokum lofa þingmönnum því að ég er talsmaður þess að náttúruverndaráætlun fái ítarlega og góða vinnu í umhverfisnefnd og vænti mikils af þeirri vinnu.“

Miðað við viðbrögð umhverfisráðherra við gagnrýninni var búist við ítarlegri og málefnalegri umfjöllun um málið. Það gekk hins vegar ekki eftir og var málið að nýju afgreitt frá umhverfisnefnd nánast án umfjöllunar. Því er enn á ný þörf á að gagnrýna málsmeðferð og vinnubrögð stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Minni hlutinn telur óviðunandi að engir hagsmunaaðilar skuli hafa verið kallaðir á fund nefndarinnar þrátt fyrir fjölmargar umsagnir og margs konar athugasemdir í þeim umsögnum sem rétt hefði verið að fjalla um og fá nánari skýringar á.

Að mati minni hlutans er ástæðulaust að taka öll mál út úr nefndum þingsins í ósætti og telur minni hlutinn dapurlegt að ekki sé hægt að standa við fögur fyrirheit, fylgja eftir vilja umhverfisráðherra og fjalla ítarlega um málið í umhverfisnefnd. Mikilvægt er að Alþingi leiti leiða til að skapa sem breiðasta sátt um efni náttúruverndaráætlunar.

Almennt gerir minni hlutinn þá athugasemd að alger samráðsskortur virðist vera við vinnslu þessa máls. Sveitarfélögin sem málið varðar hafa í umsögnum sínum bent á skort á samráði og svo virðist sem athugasemdir þeirra séu alfarið virtar að vettugi. Jafnframt birtist í tillögunni viðleitni til þess að fara inn á valdsvið sveitarfélaganna sem fara með skipulagsvaldið í landinu samkvæmt lögum.

Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.

Nýtt aðalskipulag Fljótsdalshéraðs var undirritað af umhverfisráðherra 21. desember sl. Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram tillaga Fljótsdalshéraðs um hvaða svæði er lagt til við umhverfisráðherra að verði friðlýst. Við gerð aðalskipulagsins fór sveitarfélagið eftir tillögum Helga Hallgrímssonar, náttúrufræðings á Egilsstöðum, um svæði til friðlýsingar og eru Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar ekki þar á meðal. Jafnframt hafa ábúendur Egilsstaða sent inn umsögn vegna málsins þar sem þessum kafla tillögunnar að náttúruverndaráætlun er mótmælt. Tillagan er því í algerri andstöðu við vilja bæði ábúenda og bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og sætir furðu þrátt fyrir vandaðan undirbúning heimamanna að þessi tillaga sé enn til umfjöllunar á Alþingi.

Á 136. löggjafarþingi lagði umhverfisnefnd til að áform um friðlýsingu Egilsstaðaskógar og Egilsstaðakletta yrðu felld brott úr tillögu að náttúruverndaráætlun þar sem skorti á samráð við heimamenn. Miðað við umsögn Fljótsdalshéraðs og landeigenda Egilsstaða hefur sú staða ekki breyst og því ekki forsvaranlegt að samþykkja tillögu um friðun þessa svæðis.

Skaftárhreppur.

Í tillögunni er lagt til að svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti verði friðuð sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Á því svæði er staðan sú að mikill aurburður hefur valdið miklum spjöllum á landi og ljóst er að sá vandi kallar á framkvæmdir sem hafa í för með sér rask. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um aðalskipulag á þessum svæðum, þar á meðal með tilliti til þeirra ágreiningsmála sem uppi eru um verndun og nýtingu þeirra. Vinnuhópurinn á bráðlega að skila niðurstöðu. Verkið hefur verið tímafrekt enda er viðfangsefnið viðamikið og flókið en það er unnið í samráði við Landgræðsluna sem óskað hefur verið eftir að vinni tillögur að því hvernig megi sporna við aurburðinum. Að mati minni hlutans er mikilvægt að vinnu heimamanna verði lokið áður en Alþingi tekur afstöðu til þess hversu stórt svæði á Síðuafrétti og í Skaftártungum verði friðað enda hefur sveitarstjórn óskað eftir því í umsögn sinni.

Sveitarfélögin í landinu fara samkvæmt lögum með skipulagsvaldið og þess vegna er ávallt viðkvæmt þegar ríkið er að gera áætlanir sem þessa sem fela í sér stefnumótandi áherslur varðandi friðun svæða. Náttúruverndaráætlun er slík áætlun og þess vegna er eðlilega rík ástæða til að viðhafa umtalsvert og náið samráð við þau sveitarfélög sem málið varðar. Sveitarfélögin hafa mikinn metnað í þessum málaflokki og því er full ástæða til að taka mark á því áliti sem sveitarfélögin hafa á því efni sem sett er fram í náttúruverndaráætlun. Skipulagsvaldið er þeirra og íbúar sveitarfélaganna sem lifa með landinu þekkja best hvaða áherslur þarf að leggja við náttúruvernd.

Á 136. löggjafarþingi var fjallað um náttúruverndaráætlun sem var að flestu leyti samhljóða þeirri tillögu sem lögð er fram hér. Sú tillaga náði ekki fram að ganga en umhverfisnefnd hafði fjallað um þessi atriði er varða Skaftárhrepp og taldi nefndin mikilvægt að mikið og náið samráð yrði haft við heimamenn um þetta atriði.

Full ástæða hefði verið til þess að fara yfir þessi álitaefni í umhverfisnefnd til að fá betur fram afstöðu heimamanna til friðunarinnar og leita leiða til að skapa sátt um efni náttúruverndaráætlunarinnar. Þar sem það hefur ekki verið gert telur minni hlutinn ekki forsvaranlegt að þeim kafla er lýtur að friðun svæðis í Skaftártungum og á Síðuafrétti verði haldið í áætluninni enda óásættanlegt að slík ákvæði komi inn í náttúruverndaráætlun án samráðs við heimamenn.

Hvannstóð undir Reynisfjalli.

Minni hlutinn fagnar þeirri breytingartillögu meiri hlutans að falla frá áformum um friðlýsingu verndarsvæðis brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli enda mættu þær fyrirætlanir harðri andstöðu heimamanna og óásættanlegt að slík ákvæði komi inn í náttúruverndaráætlun án samráðs við heimamenn.

Stærra friðland í Þjórsárverum.

Mikilvægt er að leitað verði leiða til að skapa sátt um útfærslu stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Umhverfisráðuneytið skipaði sérstakan starfshóp árið 2006 til að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, endurskoða mörk friðlandsins og skilmála friðlýsingar. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum sveitarfélaganna á svæðinu auk fulltrúa Umhverfisstofnunar. Starfshópurinn skilaði sameiginlegri niðurstöðu í mars 2007 og má því segja að sátt hafi náðst við heimamenn um útfærslu stækkunar friðlandsins. Í tillögu þeirri sem hér liggur fyrir er vikið verulega frá niðurstöðu starfshópsins en friðlandið er stækkað umtalsvert til suðurs miðað við niðurstöðu starfshópsins en ekki er ljóst á hvaða rökum það byggist.

Samkvæmt tillögunni er auk þess ætlunin að leggja bann við röskun innan svæðisins og kveða á um það í friðlýsingarskilmálum. Umfjöllun um þetta atriði í tillögunni er með nokkrum ólíkindum og ljóst að hér birtist á beinan hátt virðingarleysi gagnvart þeirri staðreynd að sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið.

Mikilvægt hefði verið að umhverfisnefnd fjallaði um skörun efnis náttúruverndaráætlunar við þá vinnu sem unnin er við gerð rammaáætlunar. Heppilegra hefði verið að ný náttúruverndaráætlun hefði litið dagsins ljós að lokinni rammaáætlun þar sem ljóst er að efni hennar skarast að miklu leyti við efni náttúruverndaráætlunar.

Þá telur minni hlutinn að skýra þurfi nánar rökstuðning og afmörkun þess svæðis sem lagt er til að friðað verið við Orravatnsrústir.

Náttúrustofur.

Náttúrustofurnar eru grónar og góðar vísindastofnanir á landsbyggðinni. Þær hafa fyrir löngu sannað gildi sitt á því sviði sem þær starfa. Þær eru líka einn af hornsteinum þeirrar uppbyggingar á vísinda- og rannsóknarsviði sem hefur átt sér stað utan höfuðborgarsvæðisins. Það hefur hins vegar reynst nauðsynlegt að berjast mjög fyrir tilveru þeirra. Einn liður í því að treysta forsendur þeirra væri að ætla þeim meira hlutverk í náttúruverndaráætlunum, enda falla þær algjörlega að því lögformlega hlutverki sem stofunum er ætlað.

Einar K. Guðfinnsson tók þessi mál upp á Alþingi 17. nóvember sl. þegar mælt var fyrir tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun. Er skemmst er frá því að segja að umhverfisráðherra brást afar vel og jákvætt við og sagði: „Ég þakka sérstaklega hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa ádrepu um Náttúrustofurnar og mikilvægi þeirra því að ég sannarlega deili þeirri upplifun og þeirri skoðun að mikilvægi þeirra er gríðarlegt. Þetta eru ekki bara umsagnaraðilar heldur ekki síður mikilvægar burðarstoðir oft og einatt í sveitarfélögunum.“

Enn fremur sagði ráðherra í ræðu sinni: „Ég mun ekki gera neitt annað … en styðja og standa með þingmanninum í því að Náttúrustofurnar hafi meiri hlutverk og ef það er verkefni sem umhverfisnefnd getur tekið að sér í umfjöllun og meðförum varðandi náttúruverndaráætlun sé ég ekkert því til fyrirstöðu, þ.e. að samstarfið við náttúrustofurnar sé aukið og styrkt að því er varðar framkvæmdina á náttúruverndaráætlun og að það sérstaklega nefnt í þingsályktuninni þegar hún verður afgreidd út úr þinginu finnst mér bara eðlilegt og jákvætt.“

Þess vegna vekur furðu sú afstaða meiri hlutans að sniðganga þessar mikilvægu vísindastofnanir á landsbyggðinni þegar kemur að því að móta verklag við náttúruverndaráætlanir. Brýnt er því að bæta úr þessu og hrinda í framkvæmd því stefnumarkandi atriði sem umhverfisráðherra lagði áherslu í ræðu sinni. Það getur varla hafa verið ætlun meiri hlutans að virða tilmæli ráðherrans að vettugi.

Niðurstaða.

Mikilvægt er að náttúruverndaráætlun fái ítarlega og vandaða umfjöllun á Alþingi og að hagsmunaaðilar fái að rökstyðja sjónarmið sín fyrir þeirri nefnd þingsins sem um málið fjallar. Vinnubrögð meiri hlutans valda miklum vonbrigðum í ljósi forsögu málsins og þess anda sem m.a. kom fram í ræðu umhverfisráðherra við flutning tillögunnar á þessu þingi. Minni hlutinn telur brýnt að umhverfismálum sé sýnd sú virðing að ekki sé gefinn afsláttur af vönduðum vinnubrögðum þegar jafnmikilvæg mál eins og hér um ræðir koma til afgreiðslu á Alþingi. Jafnframt telur minni hlutinn ljóst að við undirbúning málsins af hálfu umhverfisráðuneytis hefði átt að leita frekara samráðs við heimamenn og hagsmunaaðila.

Þar sem fram hefur komið:

a. að umtalsverðir gallar eru á málsmeðferðinni,
b. að ekki var leitað fullnægjandi samráðs við hagsmunaaðila og þær sveitarstjórnir sem fara með skipulagsvaldið þar sem tilgreind friðunarandlög eru staðsett, og
c. að mjög óheppilegt er að afgreiða jafnmikilvægt mál í ósætti Alþingis, sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila

leggur minni hlutinn til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að taka upp samráð á nýjan leik við sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila. Leitað verði eftir hugmyndum þeirra að friðlýsingum með það fyrir augum að skapa sem mesta sátt um tillöguna.

Alþingi, 1. febr. 2010.

Birgir Ármannsson.

643. Breytingartillaga [200. mál]

við till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Náttúrustofur komi að undirbúningi og framkvæmd náttúruverndaráætlana í samræmi við margháttað hlutverk þeirra samkvæmt lögum.

644. Fyrirspurn [355. mál]

til fjármálaráðherra um störf viðræðunefndar um einkaframkvæmdir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar um viðræður við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda sem skipuð var í júní 2009?
2. Hafa verið teknar ákvarðanir um hvaða verkefni verða boðin út á grundvelli einkaframkvæmdar?
3. Hvenær verða fyrstu verkin boðin út og hefur verið ákveðið hvaða verk það verða?

645. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Það frumvarp sem hér er fjallað um hefur þann yfirlýsta tilgang að draga úr sveigjanleika og þar með hagkvæmni í sjávarútvegi. Þetta kann að vekja furðu en kom þó fram í ræðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er hann fylgdi málinu úr hlaði 13. nóvember sl. Þar vék ráðherra að því sem hann taldi ágalla í fiskveiðistjórnarkerfinu og sagði: „Hluta af ósætti þjóðarinnar má beint rekja til þeirrar stöðugu kröfu útgerða að skapað verði sem mest svigrúm og sveigjanleiki í fiskveiðistjórnarkefinu.“ Síðar í ræðunni sagði ráðherrann: „En engu að síður er það mín skoðun að of langt hafi verið gengið í ýmsum þessum efnum og næg tilefni séu til að taka skref til baka.“

Með þessu frumvarpi má ótvírætt segja að verið sé að stíga skref afturábak, draga úr hagkvæmni, hverfa frá ýmsum úrræðum sem gerðu fyrirtækjum í sjávarútvegi kleift að bregðast við sveiflum í heildarafla, feta slóðina inn á fyrningarleið þótt í smáu sé og gera breytingar á vel heppnaðri línuívilnun sem kemur til með að raska stöðu beitningavélabáta og enn fremur felur frumvarpið í sér breytingar á framsali sem munu setja ýmsar einyrkjaútgerðir í uppnám.

En síðast en ekki síst er þetta frumvarp rof á þeim griðum sem ríkisstjórnin lofaði að ríkja mundu um sjávarútveginn á meðan tóm gæfist til að fara ofan í helstu álitamálin í sjávarútvegsstefnunni. Þeirri vinnu var fundinn vettvangur í sérstakri nefnd er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði og í eiga sæti fulltrúar þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þetta frumvarp hefur truflað mjög starf nefndarinnar sem hafði hafist handa við vinnu sína. Minni hlutinn telur það furðum sæta að stjórnvarfrumvarp sem lagt er fram af þeim sama ráðherra og nefndina skipaði sé þannig úr garði gert að það leggi stein götu þeirrar nefndarvinnu sem unnin er að frumkvæði ráðherrans. Ekki skal fullyrt að slíkt tiltæki sé einsdæmi, en fádæmi eru það mikil. Sérstaklega í ljósi þess að ráðherrann óskaði sjálfur sérstaklega eftir því hálfum mánuði áður en hann mælti fyrir frumvarpinu að nefndin fengi starfsfrið. Það gerði hann á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna er hann sagði: „Eins og þið þekkið þá ákvað ég á grundvelli samstarfsyfirlýsingar þessarar ríkisstjórnar að setja á fót vinnuhóp til þess að fara yfir stóru drættina og álitaefnin í fiskveiðistjórnarkerfinu og koma með tillögur til úrbóta. Meginmarkmiðið með skipan þessa vinnuhóps er að freista þess að ná fram tillögum sem skapa meiri sátt um það meðal þjóðarinnar. Ég vil tiltaka hér sérstaklega að ég hef fyrir löngu ákveðið að gefa vinnuhópnum það svigrúm sem hann þarf. Með þessu á ég við að hann mun fá frið til verka sinna án sérstakrar íhlutunar af minni hálfu. Ég tel mikilvægt að aðrir sem hér eiga hlut að máli haldi þessari sömu stefnu í heiðri.“

Minni hlutinn vekur athygli á að með frumvarpinu er, gagnstætt tilgreindum orðum, komið í veg fyrir að vinnuhópurinn fái frið til verka sinna án íhlutunar ráðherrans. Allir aðrir fóru að tilmælum hans. Griðin voru bara rofin af hálfu ríkisstjórnarinnar, enda hafa nánast allir umsagnaraðilar úr sjávarútvegi, þar með talin öll sjómannsamtökin, óskað eftir því að frumvarpið verði dregið til baka til þess að skapa starfsfrið í vinnuhópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ótrúlegt er að ekki skuli brugðist við þessum tilmælum með jákvæðum hætti.

Mótsagnakennd ákvæði.

Að öðru leyti er frumvarpið afar mótsagnakennt. Þar rekur sig hvað á annars horn. Í öðru orðinu er sagt að brýnt sé að draga úr framsali aflaheimilda og gengur hluti frumvarpsins út á það. Í hinu orðinu er kveðið á um mikilvægi þess að stuðla að auknum leigukvóta og ganga breytingar frumvarpsins í þá átt.

Ákvæði um línuívilnun hafa verið umdeild í fiskveiðistjórnarlögunum. Minni hlutinn telur óumdeilt að þau hafi skapað aukinn veiðirétt í mörgum byggðarlögum og orðið þar til að efla útgerð. Yfirlýstur tilgangur þessa fyrirkomulags hefur verið byggðalegur ávinningur, jafnframt því að stuðla að aukinni línuútgerð og atvinnusköpun í sjávarbyggðunum. Að mati þeirra sem gera út á línu hefur línuílvilnun upp á 16% verið þannig að hún hefur verið hvetjandi til línuútgerðar, en þó ekki komið í veg fyrir að menn nýttu sér beitningavélatækni hafi þeir talið það skynsamlegt. Mat þessara sömu manna er hins vegar það að hækkun prósentunnar muni stuðla að því að útgerðarmenn grípi til þess ráðs að taka vélarnar úr bátum sínum og þar með er í raun steinn lagður í götu framþróunar í sjávarútvegi. Er það væntanlega gert með hliðsjón af þeim ásetningi ráðherra að draga úr sveigjanleika og hagkvæmni í útgerð.

Minni hlutinn vekur athygli á að frumvarpið felur ekki í sér stækkun á línuívilnunarpottinum í þorski, sem er lögbundinn. Einvörðungu er verið að opna fleirum leið að línuívilnuninni. Það sem þá verður til skiptanna verður minna fyrir hvern og einn.

Forræðishyggja.

Þá birtist í frumvarpinu mikil forræðishyggja þar sem leitað er heimildar til handa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til þess að stýra vinnslu á uppsjávarfiski. Hingað til hefur ekki verið talin ástæða til þess að stjórn á vinnsluþáttum einstakra fisktegunda fari fram í ráðuneytinu, heldur séu þær ákvarðanir í höndum útgerða og fiskvinnslu. Hér er vísað til d-liðar 2. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um ráðstöfun uppsjávarafla.

Með góðu skipulagi veiðanna og miklum tækniframförum hefur tekist að stórauka manneldisvinnslu á uppsjávarfiski án þess að um það gildi einhverjar sérstakar vinnslureglur sem skrifaðar eru við ráðuneytisborð. Þannig hefur verðmætaaukningin orðið mikil á þessum sviðum, ef litið er til þess hráefnismagns sem til ráðstöfunar er. Eðlilegast er vitaskuld að ákvarðanir um vinnslu á einstökum tegundum sé í höndum þeirra sem standa fyrir rekstri í sjávarútvegi en ekki stjórnsýslunnar. Reynslan sýnir að fólki í sjávarútvegi er treystandi til þess verks. Með því að taka upp fiskveiðistjórn við makrílveiðar, líka þeim sem tíðkast við aðrar uppsjávarveiðar, er enginn vafi á því að verðmætaaukning yrði gríðarleg og hafa verið nefndar tölur allt að 6 til 8 milljarða í því sambandi. Sú veiðistjórn sem nú ríkir felur því í sér mikla sóun, sem mikilvægt er að hverfa frá. Tilskipanaverk úr ráðuneyti og stofnunum er ekki líklegt til að stuðla að slíku. Skynsamlegast er að nýta þann ramma fiskveiðistjórnarlaganna sem vel hefur gefist við uppsjávarveiðarnar og stuðlað að stóraukinni manneldisvinnslu og þar með verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu.

Ákvæði um skötusel.

Það atriði frumvarpsins sem hvað mesta athygli vekur er ákvæðið um skötuselinn. Þetta ákvæði gerir ráð fyrir að aflaheimildir í skötusel verði auknar um 80% umfram ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunarinnar. Er þetta að sjálfsögðu gert þvert á ráðleggingar vísindamanna og þeirra sem hafa reynt að vinna okkur sess á alþjóðavettvangi sem ábyrgri auðlindanýtingarþjóð. Í ákvæðinu er einnig með beinum hætti verið að feta leið inn á braut fyrningar. Það er að vísu gert undir öðrum formerkjum, en þarna sjá áhugamenn um fyrningarleið, fordæmið sem vísa má til, eins og fram hefur komið í umræðunni.

Þau rök sem beitt er hljóta að teljast afar hæpin svo ekki sé meira sagt. Fyrir liggur í fyrsta lagi að veiðin verði langt umfram þau mörk sem talið er ráðlegt. Ljóst er að þótt slíka tilraunastarfsemi megi viðhafa um sinn gengur það ekki til lengdar. Fyrr eða síðar verður að sveigja aflann að ráðlögðu aflamarki. Í annan stað er vísað til þess að útbreiðslusvæði skötusels hafi aukist. Það er rétt en það á einnig við um aðrar tegundir. Er það ætlunin að beita þessari aðferð gagnvart öðrum fiskstofnum þegar fram líður? Alþekkt er að útbreiðslusvæði ýsunnar hefur aukist. Síldin veiðist nú að mestu við vestanvert landið en ekki um landið austanvert. Verða þessir tveir fiskstofnar þá teknir sömu tökunum og hafin á þeim fyrning?

Vel má koma til móts við vanda þeirra sem nú veiða skötusel, en höfðu ekki veiðireynslu er tegundin var kvótasett, með því að setja inn sérstakt meðaflaákvæði og leggur minni hlutinn það til.

Veiðiskylda – veiðiréttur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir mikilli aukningu á veiðiskyldu. Þetta er sannarlega umdeilt mál. Margir hafa talið að mikið framsal veiðiheimilda sé ein helsta meinsemd aflamarkskerfisins. Hafa samtök sjómanna og útvegsmanna farið fram á að veiðiskyldan verði aukin til þess að draga úr leiguviðskiptum með kvóta. Aðrir, þar á meðal margir smábátasjómenn,

hafa varað við því að það verði gert, að minnsta kosti ekki án einhvers aðlögunartíma. Bent hefur verið á að aukin veiðiskylda og þar með talið minna framsal, dragi úr nýliðun og aðgengi minni útgerða.

Sú leið sem minni hlutinn leggur til styðst við þær tillögur sem fram komu á sínum tíma hjá samtökum sjómanna og Landssambandi íslenskra útvegsmanna í bréfi til þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þó er farið nokkuð gætilega í sakirnar og gert ráð fyrir aðlögunartíma til þess að valda ekki óbærilegri röskun hjá minni útgerðum sem hafa tiltölulega litla aflahlutdeild.

Sérstök ástæða er til þess að vara alvarlega við áformum sem fram koma í frumvarpinu um að draga úr geymslurétti á fiskveiðiheimildum á milli fiskveiðiára. Þetta ákvæði er gríðarlega þýðingarmikið til þess að stuðla að skynsamlegri sókn, það dregur úr sóknartengdum kostnaði, gefur markaðslegan sveigjanleika og jafnar sveiflur á afla. Geymsluréttur hefur verið við lýði í kvótakerfinu frá upphafi og jafnan verið ágreiningslaus. Aukinn geymsluréttur síðustu missirin hefur hins vegar verið gagnrýndur og talið að hann dragi úr leiguframboði á kvóta. Það er þó alröng fullyrðing. En kostulegt hlýtur að teljast að í frumvarpi sem ætlað er að stemma stigu við leiguframsali á aflaheimildum sé sérstakt ákvæði um skerðingu geymsluréttar sem beinlínis er ætlað að auka leiguframsal á kvóta. Hér er augljóst að vinstri hönd stjórnarmeirihlutans veit ekki hvað sú hægri gjörir. Einu ákvæðinu í frumvarpinu er augljóslega stefnt gegn öðru.

Úthlutun á aflaheimildum í karfa.

Þá eru bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu sem varða skiptingu úthlutunar karfaaflaheimilda í gullkarfa og djúpkarfa. Þetta er sjálfsagt mál og er niðurstaða nefndar sem vann að þessum málum. Þó er ljóst að sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu mun hafa margs konar óhagræði í för með sér. Ekki er reynt að átta sig á hver sé raunveruleg veiðireynsla einstakra skipa í hvorri tegund fyrir sig. Vitað er að einkanlega minni togskipin hafa ekki neina raunverulega veiðireynslu í djúpkarfa, einfaldlega vegna þess að toggeta þeirra hefur ekki gert þeim kleyft að veiða þá tegund. Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum munu þessi skip hins vegar fá úthlutun í djúpkarfa án þess að geta nýtt sér hana.

Eðlilegt hefði því verið að freista þess að kalla fram upplýsingar um veiðireynslu skipanna í hvorri tegundinni fyrir sig og úthluta veiðiréttinum á grundvelli þessara upplýsinga. Til þess að svo megi verða þarf að vinna þetta mál betur og ítarlegar. Eðlilegt er því að fresta afgreiðslu þessa tiltekna ákvæðis og leggja í nauðsynlega vinnu til þess að varpa betra ljósi á málið.

Tillaga til frávísunar.

Þetta frumvarp ógnar stöðugleikanum, gerir rekstrarskilyrði sjávarútvegsins verri, fetar sig inn á óútfærða fyrningarbraut, er ávísun á óábyrgar veiðar og stórskaðar markaðsstarf okkar. Á þessu þarf þjóðfélag okkar ekki að halda.

Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Frumvarp þetta er gjörsamlega vanbúið, stefnir í ranga átt auk þess að vera illa úr garði gert og er mikill skaði þegar sjávarútvegurinn þarf mjög á stöðugleika og vissu um framtíðina að halda. Frumvarpið gerir rekstrarskilyrði sjávarútvegsins verri auk þess að vera

ávísun á óábyrgar veiðar og stórskaðar það markaðsstarf sem unnið hefur verið. Samkvæmt framansögðu samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. febr. 2010.

Einar K. Guðfinnsson, frsm. Jón Gunnarsson. Sigurður Ingi Jóhannsson.

646. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Varatillögur (sbr. frávísunartillögu í nál. á þskj. 645):

1. Við 3. gr.
   a. A-liður orðist svo: 5. mgr. orðast svo:
      Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 25% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins. Sé aflahlutdeild flutt á milli skipa í eigu sama aðila skal heimilt að flytja aflamark sem úthlutað hefur verið vegna aflahlutdeildarinnar ásamt aflahlutdeildinni.
   b. B-liður falli brott.
   c. C-liður orðist svo: 6. mgr. fellur brott.
   d. D-liður orðist svo: 7. mgr. fellur brott.
2. Við 4. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. efnismálsl. a-liðar 3. gr. skal miða við 42% í stað 25% fiskveiðiárið 2010/2011 og 36% í stað 25% fiskveiðiárið 2011/2012.
3. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
   Heimilt er að hluti heildarafla í skötusel hjá skipum sem ekki stunda beinar skötuselsveiðar sé utan aflamarks. Ráðherra útfærir heimildina frekar í reglugerð auk þess að tiltaka nákvæma prósentutölu heimilaðs meðafla.

647. Fyrirspurn [356. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úttekt á aflareglu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Er lokið úttekt Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á 20% aflareglu við þorskveiðar næstu fimm árin, sem ráðherra sendi beiðni um í maí í fyrra? Ef svo er, hver var niðurstaðan?
2. Hvert er markmiðið með þessari úttekt á aflareglunni?
3. Hvaða þýðingu hefur slík úttekt fyrir ákvörðun um hámarksafla þorsks næstu fimm árin?
4. Er ætlunin að móta aflareglu við nýtingu fleiri fisktegunda á næstunni?

648. Svar [340. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fjármagn til verkefna.

1. *Getur ráðherra upplýst hver staða Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varðandi fjármögnun verkefna sem samþykkt voru á árinu 2009? Er fjármagn tryggt?*

Á grundvelli f-liðar 1. gr., sbr. b-lið 3. gr. reglna nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að koma að stofnframkvæmdum við grunn- og leikskólamannvirki hjá sameinuðum sveitarfélögum. Heimildin er byggð á 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Við útreikning og ákvörðun um mögulega kostnaðarþátttöku sjóðsins í framangreindum framkvæmdum er tekið mið af eðlilegri þörf viðkomandi sveitarfélags hvað grunn- og leikskólarými varðar, svokallaðri „normstærð“, sem tekur mið af fjölda þeirra barna og nemenda í sveitarfélaginu sem skólana sækja. Til frádráttar kemur það grunn- og leikskólarými sem fyrir er á staðnum. Mismunurinn myndar grunn til allt að 50% kostnaðarþátttöku í viðkomandi framkvæmd, að teknu tilliti til „normkostnaðar“. Sé raunkostnaður framkvæmdar lægri en normkostnaður hennar tekur þátttaka Jöfnunarsjóðs mið af raunkostnaði.

Hvað árið 2009 varðar þá voru engar nýjar framkvæmdir samþykktar hjá sjóðnum. Eingöngu var um úthlutanir og greiðslur framlaga að ræða vegna framkvæmda í sameinuðum sveitarfélögum sem samþykktar höfðu verið og voru hafnar fyrir 1. janúar 2009. Gert var ráð fyrir þeim við gerð greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins fyrir árið 2009. Greiðslurnar gengu í öllum tilfellum eftir að teknu tilliti til framvindu framkvæmdanna.

2. *Getur ráðherra upplýst hvort búið er að staðfesta fjármagn til byggingar Flóaskóla eins og heitið var? Ef svo er, hve miklir eru þeir fjármunir?*

Í erindi Flóahrepps, dags. 8. nóvember 2008, er gerð grein fyrir þeim vilja íbúa sveitarfélagsins að taka nemendur í 8.–10. bekk grunnskólans heim en þeir nemendur hafa sótt skóla

á Selfossi. Óskað var eftir kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í framkvæmdinni á grundvelli bliðar 3. gr. reglna nr. 295/2003.

Í bréfi Jöfnunarsjóðs til Flóahrepps, dags. 25. mars 2009, er greint frá mögulegri kostnaðarþátttöku sjóðsins í nýframkvæmdum við Flóaskóla.

Í tölvupósti sveitarfélagsins, dags. 5. ágúst 2009, kemur fram að sveitarstjórn hafi samþykkt að hefja framkvæmdir við viðbyggingu Flóaskóla.

Í ljósi yfirstandandi efnahagsástands og mögulegra áhrifa þess á ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs ákvað ráðuneytið, sbr. bréf til Flóahrepps, dags. 26. ágúst 2009, að fresta ákvörðun um úthlutun framlags til sveitarfélagsins vegna viðbyggingar Flóaskóla þar til niðurstaða lægi fyrir hvað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á árinu 2009 varðaði og fjárlög ársins 2010 hefðu verið samþykkt. Enda lá ákvörðun Flóahrepps um framkvæmdir við Flóaskóla ekki fyrir fyrr en í ágúst 2009 og þar af leiðandi var ekki gert ráð fyrir þeim við gerð greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins fyrir árið 2009.

Í ljósi þess hvert áætlað ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á grundvelli fjárlaga ársins 2010 var liggur nú fyrir ákvörðun ráðuneytisins um úthlutun framlags vegna framkvæmda við I. áfanga viðbyggingar Flóaskóla. Samþykkt kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs í þeim framkvæmdum nemur um 33,7 millj. kr. og kemur sú fjárhæð til greiðslu í ár gangi fyrirhugaðar framkvæmdir sveitarfélagsins við I. áfanga verksins eftir.

649. Svar [300. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kröfur fjárfesta á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir fjárfestar munu geta gert kröfu á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna reiðufjár eða verðbréfa sem voru í vörslu, umsjón eða umsýslu banka og sparisjóða sem eru nú í þrotameðferð?*
2. *Hver gæti verið upphæð þeirra krafna?*
3. *Mun sjóðurinn geta staðið við greiðsluskyldu sína gagnvart fjárfestum, og þá hvernig?*
4. *Hver er réttarstaða fjárfesta borið saman við réttarstöðu innstæðueigenda, hér á landi og erlendis, gagnvart sjóðnum og íslenska ríkinu?*

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Þannig hefur ráðuneytið hvorki upplýsingar um fjölda viðskiptamanna, eða fjárfesta, sem eiga viðskipti við einstök fjármálafyrirtæki, né hefur það undir höndum upplýsingar um hvort verðbréf í eigu einstakra viðskiptamanna og í vörslu einstakra fjármálafyrirtækja kynnu að hafa misfarist hjá aðilum.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir, þ.e. að efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki bein afskipti af rekstri vörsluaðila verðbréfa og býr þar af leiðandi ekki yfir þeim upplýsingum sem um er spurt, sendi ráðuneytið Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, TIF, bréf og óskaði eftir að sjóðurinn tæki saman svör við fyrirspurninni á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann kynni að búa yfir.

Svar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er eftirfarandi:

1. og 2.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki gefið út álit þess efnis að greiðsluskylda hafi fallið á verðbréfadeild TIF vegna banka eða sparisjóða sem nú eru í þrotameðferð.

Sjóðnum hafa ekki borist kröfur á verðbréfadeild sjóðsins vegna þeirra banka og sparisjóða sem nú eru í þrotameðferð.

Með hliðsjón af ofanrituðu er það mat TIF að upphæð réttmætra krafna sé 0 kr.

3.

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 skal heildareign verðbréfadeildar sjóðsins vera að lágmarki 100 millj. kr. Ekki er kveðið á um hámarksgreiðslu en dugi eignir verðbréfadeildar sjóðsins hins vegar ekki til að bæta tjón að fullu er gert ráð fyrir því við greiðslu að krafa hvers kröfuhafa sé bætt að fullu að fjárhæð 20.887 EUR en allt umfram þessa fjárhæð skuli bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hrökkva til.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2008 námu heildareignir verðbréfadeildar 204.051.374 kr.

Í frumvarpi um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta sem nú er í meðferð Alþingis (255. mál) er lagt til að heildareignir verðbréfadeildar skuli nema að lágmarki 200 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 20.000 EUR hámarksgreiðslu úr verðbréfadeild sjóðsins til hvers fjárfestis vegna tryggðra verðbréfa og reiðufjár. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu.

Einnig má vísa í umfjöllun um verðbréfadeild í skýrslu Talnakönnunar sem unnin var fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og er fylgiskjal með umræddu frumvarpi.

4.

Sjóðurinn hefur ekki undir höndum sérstakan samanburð eða úttekt á réttarstöðu eins og beðið er um.

Hvað varðar mismunandi réttarstöðu fjárfesta og innstæðueigenda hér á landi vísast til núgildandi löggjafar. Samkvæmt henni er í raun ekkert þak á greiðslur til einstakra kröfuhafa enda dugi eignir viðkomandi deildar sjóðsins fyrir kröfum. Dugi eignir viðkomandi deildar sjóðsins hins vegar ekki er gert ráð fyrir við greiðslu úr hvorri deild að krafa hvers kröfuhafa sé bætt að fullu að fjárhæð 20.887 (EUR) en allt umfram þessa fjárhæð hlutfallslega bætt jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til.

Í áðurnefndu frumvarpi (255. mál) sem nú er til meðferðar Alþingis er horfið frá lágmarksvernd. Þess í stað er gert ráð fyrir þaki á tryggingarvernd þannig að hámarksgreiðsla úr innstæðudeild geti numið allt að 50.000 EUR og hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild 20.000 EUR.

650. Tillaga til þingsályktunar [357. mál]

um jöfnun samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni með endurskoðun á reglum ÁTVR.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að taka til endurskoðunar reglur um móttöku og dreifingu ÁTVR í þeim tilgangi að jafna stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 136. löggjafarþingi en er endurflutt nú. Hún byggist á vinnu starfshóps um fyrirkomulag flutningsjöfnunar sem skipaður var af viðskiptaráðherra árið 2007 og skilaði af sér skýrslu í júlí 2008. Í skýrslunni eru kynntar tillögur nefndarinnar til að jafna flutningskostnað þannig að hann verði fyrirtækjum ekki verulega íþyngjandi. Rannsóknir hafa sýnt að kostnaður við flutning á vöru til og frá fyrirtækjum sem starfa utan helsta þéttbýlissvæðis landsins skekkir samkeppnisstöðu þeirra á innanlandsmarkaði og í útflutningi.

Í reglum ÁTVR um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, nr. 481/2008, sem settar eru með heimild í 8. gr. reglugerðar nr. 883/2005 um Áfengis og tóbaksverslun ríkisins, er að finna dæmi um regluverk þar sem flutningskostnaður er íþyngjandi fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni. Þar segir að hverja pöntun skuli afhenda sérstaklega í vöruhúsi ÁTVR í Reykjavík. Samkvæmt reglum þessum hefur ÁTVR eina móttökustöð fyrir áfengi á landinu öllu. Það gefur augaleið að þetta fyrirkomulag skekkir mjög samkeppnisstöðu áfengisframleiðenda á landsbyggðinni þar sem ÁTVR sér um alla dreifingu fyrir framleiðendur sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Í framangreindri 8. gr. reglugerðarinnar er m.a. kveðið á um að reglurnar skuli „tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum“. Með því að kveða á um eina móttökustöð er mjög dregið úr möguleikum þeirra framleiðenda sem eru á landsbyggðinni og því augljós brotalöm í regluverkinu. Þessu mætti auðveldlega breyta og ekkert virðist standa því í vegi að ÁTVR taki á móti vörum á fleiri stöðum á landinu, t.d. í hverjum landsfjórðungi. Þannig mætti koma í veg fyrir að vörum yrði ekið fram og til baka um landið með tilheyrandi kostnaði og óþarfa fyrirhöfn. Auk þess starfar fjöldi fólks á landsbyggðinni við framleiðslustörf af þessu tagi en þau störf gætu verið í hættu vegna þessa mismunar á aðstöðu framleiðenda. Fyrir þessari breytingu má færa bæði þjóðhagsleg rök og byggðarök auk þess sem almenn sanngirnissjónarmið hníga að því að reglunum verði breytt, hlutur landsbyggðarinnar réttur og samkeppnisstaða framleiðenda þar styrkt.

Loks er rétt að geta þess að í fyrrnefndri skýrslu starfshóps um fyrirkomulag flutningsjöfnunar kemur fram að veittar hafa verið óformlega undanþágur til afhendingar á öðrum dreifingarstað. Hefur það verið gert á grundvelli undanþáguákvæðis í umræddum reglum sem kveður þó á um að sérstakar aðstæður skuli vera fyrir hendi. Ekki liggur fyrir hvaða aðstæður um ræðir og eðlilegra að hafa reglur sem þessar almennt orðaðar og skýrar. Þá er augljóst af framkvæmdinni og þeim undanþágum sem veittar hafa verið að hægur vandi er að breyta framkvæmdinni.

651. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að tryggja að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Ísland undan Norðausturlandi. Leitað verði samstarfs við erlenda aðila um rannsóknir eftir því sem við á og við staðarval verði stuðst við fyrri rannsóknir.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að iðnaðarráðherra verði falið að tryggja að hafnar verði olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi. Fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna að olíu eða gas sé að finna í setlögum á svæðinu, til að mynda á Tjörnesbeltinu, og því er eingöngu horft til þess svæðis í tillögunni. Eðlilegt verður að telja að stuðst verði við fyrri rannsóknir við staðarval og byggt á þeim grunni sem nú þegar er til svo ekki sé stofnað til ónauðsynlegra rannsókna eða tíma og fé sóað. Mikilvægt er að fá sem fyrst fullnægjandi niðurstöður um setlögin en til þessa hafa niðurstöður rannsókna verið ófullnægjandi.

Á 121. löggjafarþingi lagði Guðmundur Hallvarðsson ásamt fimm öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokks fram tillögu til þingsályktunar þess efnis að hafnar yrðu rannsóknir á því hvort olíu eða gas væri að finna á landgrunni Íslands. Ályktunin tók nokkrum breytingum í meðförum iðnaðarnefndar og samþykkt tillaga var á þá leið að iðnaðarráðherra var falið að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er skyldi meta hvort rétt væri að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas fyndist á landgrunninu.

Tjörnesbrotabeltið undan Norðurlandi var á árunum 2000–2004 að nokkru kortlagt og rannsakað. Beltið nær u.þ.b. 150 km frá Skaga í vestri til Öxarfjarðar í austur og frá ströndum Norðurlands um 50 km leið allt að Kolbeinseyjarhrygg. Fundust á svæðinu merki um bæði lífrænt gas og efni. Árin 2003 og 2004 var sérstök áhersla lögð á Skjálfanda í rannsóknarvinnu enda hafði fjölgeislakort af svæðinu vakið áhuga vísindamanna og vakið vonir um að þar væri að finna olíu í setlögum. Gerðar voru á svæðinu margs konar rannsóknir sem þó veittu ekki fullnægjandi niðurstöðu, m.a. vegna þess að ekki tókst að ná eins löngum borkjörnum og æskilegt var. Bjarni Richter jarðfræðingur skrifaði í Mannlíf 19. apríl 2007 (5. tbl. 24. árg.) að til að fá tæmandi upplýsingar um hvort olíu eða gas væri að finna í einhverjum mæli í Tjörnesbrotabeltinu þyrfti að standa fyrir frekari athugunum á svæðinu. Hann taldi þó að sýnt hefði verið fram á að gas- og jafnvel olíumyndandi ferli geti átt sér stað á svæðinu.

Á undanförnum missirum hefur Drekasvæðið verið í brennidepli hvað olíuvinnslu varðar. Nú virðist þó sem Drekasvæðisævintýrið sé úti að sinni hér við land enda hafa báðir umsækjendur sem sóttu um vinnsluleyfi á svæðinu dregið umsóknir sínar til baka, m.a. vegna bágs efnahagsástand á útboðstímabilinu með tilheyrandi skorti á nýju fjármagni og mikilli áhættu sem fylgir því að hefja rannsóknir á nýju svæði eins og Drekasvæðið er.

Ekki verður horft fram hjá því að Drekasvæðið er mjög erfitt svæði til olíuvinnslu. Aðstæður og veðrátta er erfið, dýpi er mikið og vinnsla öll því mjög kostnaðarsöm. Jafnframt hefur komið fram að vegna þess mikla dýpis sem er á svæðinu yrði erfitt eða jafnvel ógerlegt

að koma þar upp hefðbundnum borpöllum og því þyrfti að leita annarra og nýrra leiða til að ná olíu upp sé hún til staðar.

Óljóst er hvers vegna áhersla í olíuvinnslu hefur verið bundin við Drekasvæðið þegar enn er órannsakað svæði á landgrunni Íslands sem mun hægara og kostnaðarminna væri að vinna olíu úr. Er þessi tillaga því lögð fram enda líkur til að hagkvæmara og auðveldara yrði að vinna olíu á öðrum svæðum á landgrunni Íslands en á Drekasvæðinu.

Nauðsynlegt er að kannað verði til þrautar hvort olíuvæn setlög eða gas sé að finna á landgrunni Íslands. Miklir hagsmunir eru í húfi og sé nýtanlegar auðlindir að finna á landgrunninu getur það gjörbreytt efnahag þjóðarinnar og stuðlað að aukinni atvinnusköpun sem og betri lífsgæðum. Er þetta verkefni ekki síst mikilvægt í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú ríkir.

652. Frumvarp til laga [359. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði um tilhögun slíkra vísindaveiða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um stjórn fiskveiða að ákvæði 3. gr. laganna um vísindaveiðar verði gert víðtækara og skilvirkara en verið hefur, þannig að veiðar samkvæmt ákvæðinu get nýst til frekari gagnaöflunar og aukið þann þekkingarforða sem Hafrannsóknastofnunin byggir veiðiráðgjöf á og stjórnvöld ákvarðanir um nýtingu fiskistofnanna við landið.

Breytingin miðar að því að tryggja að vísindaveiðar fari fram undir vísindalegri stjórn á vettvangi hefðbundinna veiða þar sem stuðst er við rannsóknargögn, fengin á vettvangi, og þar sem reynsla og þekking sjómanna nýtist við vísindalega úrvinnslu þeirra gagna sem verða til við veiðarnar. Þar með er unnt að taka mið af reynslu og þekkingu sjómanna á Íslandsmiðum sem mikilsvert er að nýtist við mat á fiskistofnunum við landið um leið og stjórnvöld hafa þá einnig gleggri upplýsingar að miða við þegar ákvarðanir eru teknar um aflamark fisktegunda og sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna. Til að tryggja sem breiðastan þekkingargrunn fyrir stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun að vinna með má gera ráð fyrir því að yfirumsjón slíkra veiða verði á höndum sjálfstæðra vísindastofnana, hérlendra eða erlendra, sem ýmist starfa sjálfstætt eða í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og útvegsmenn.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af vísindaveiðum verði greiddur með tekjum af afla sem fæst við veiðarnar.

Tölur Hafrannsóknastofnunarinnar um stofnstærðir helstu nytjastofna í hafinu sýna að spár stofnunarinnar hafa gengið misvel eftir í áranna rás. Veiðar á Íslandsmiðum eru nú einungis lítill hluti af því sem var á níunda áratug síðustu aldar þegar árlega voru veidd hér við land 300–500 þúsund tonn. Á síðasta ári var heildarafli úr íslenska þorskstofninum aðeins 147 þúsund tonn, en það er minnsti ársafli í hartnær 70 ár.

Hið sveiflukennda mat á stofnstærðum í hafinu hefur leitt til áralangs ágreinings um aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og árlega ákvörðun stjórnvalda um úthlutun aflamarks. Auk gagnrýni frá sjómönnum hafa komið fram efasemdir frá fiskifræðingum um ágæti hefðbundinna aðferða við fiskveiðistjórn. Sú staðreynd gefur stjórnvöldum tilefni til þess að kalla eftir ítarlegri gagnaöflun og skapa skilyrði til þess að breikka þekkingargrunninn um ástand fiskistofnanna við landið.

Í því sambandi má líta til þróunarinnar í Barentshafi þar sem rannsóknir VNIRO, hafrannsóknastofnunarinnar í Murmansk, hafa leitt í ljós að þorskstofninn í Barentshafi er umtalsvert stærri en áður var talið. Þær niðurstöður fengust með því að vísindamenn fylgdust náið með fiskiskipum að veiðum, aflabrögðum þeirra og yfirborðshita og ástandi sjávar hverju sinni. Tekið var tillit til þess við úrvinnsluna hvernig skip voru á veiðum á hverjum stað, gerðar veiðarfæranna, toghraða og afla á togtíma. Niðurstaða mælinganna gaf til kynna að þorskstofninn í Bartentshafi væri meira en helmingi stærri en Alþjóðahafrannsóknastofnunin hafði áður talið.

Þarna var í reynd um að ræða vísindaveiðar af þeim toga sem lög um stjórn fiskveiða heimila og nánar er kveðið á um í fyrirliggjandi frumvarpi.

Með þeirri breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem frumvarpið kveður á um væri ráðherra heimilt að leyfa takmörkuðum fjölda íslenskra fiskiskipa – togara, línubáta, snurvoðarbáta, netabáta og handfærabáta – að veiða frjást í tiltekinn tíma og safna um leið mikilvægum upplýsingum til þess að byggja veiðiráðgjöf og ákvarðanir á. Þarna gætu akademísk vísindi og reynsluvísindi sameinast á árangursríkan hátt.

Mikið er í húfi. Fiskimiðin við landið eru okkar verðmætasta auðlind. Það hefur aldrei verið brýnna en einmitt nú að nýta auðlindirnar með sjálfbærum hætti þannig að arðsemi þeirra renni inn í þjóðarbúið. Það hefur heldur aldrei verið brýnna að ná sátt um málefni þeirrar undirstöðuatvinnugreinar sem sjávarútvegurinn er. Til þess að það megi taskast þarf þó að liggja fyrir þekking á auðlindinni og þeim möguleikum sem í nýtingu hennar eru fólgnir.

Þannig verður helst uppfyllt það markmið fiskveiðistjórnunarlaga að „stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu“ fiskistofna og tryggja með því „trausta atvinnu og byggð í landinu“.

653. Frumvarp til laga [171. mál]

um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

(Eftir 2. umr., 2. febr.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreining á norrænni handtökuskipun.

Norræn handtökuskipun er ákvörðun sem tekin er í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð um að biðja eitthvert þessara ríkja um að handtaka og afhenda eftirlýstan mann vegna meðferðar á sakamáli sem getur varðað fangelsisrefsingu eða annars konar frjálsræðissviptingu í ríkinu sem hefur gefið handtökuskipunina út eða til fullnustu á fangelsisrefsingu eða annarri ákvörðun um frjálsræðissviptingu.

2. gr.
Form og innihald norrænnar handtökuskipunar.

Handtökuskipun skal vera rituð á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar sem fram koma á eyðublaði fyrir norræna handtökuskipun:

a. persónuauðkenni og ríkisfang eftirlýsts manns,
b. nafn, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang þess sem hefur gefið handtökuskipunina út,
c. hvort fyrir liggi endanlegur dómur, handtökuskipun eða önnur ákvörðun sem hefur sömu réttaráhrif,
d. tegund afbrots ásamt upplýsingum um hvar og hvenær það var framið og hver var þáttur eftirlýsts manns í því,
e. um dæmda refsingu eða refsiramma sem gildir um afbrotið í því ríki sem gaf handtökuskipunina út,
f. aðrar afleiðingar afbrotsins eftir því sem unnt er.

Evrópsk handtökuskipun sem gefin er út af norrænu ríki í samræmi við rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 13. júní 2002 um evrópska handtökuskipun og málsmeðferð um afhendingu milli aðildarríkjanna telst einnig norræn handtökuskipun.

Nú er eftirlýstur maður skráður í Schengen-upplýsingakerfið og skal slík skráning teljast norræn handtökuskipun ef skráningin hefur að geyma þær upplýsingar sem fram koma í 1. mgr.

3. gr.
Tengsl við lög um meðferð sakamála.

Þegar annað er ekki tekið fram í þessum lögum gilda ákvæði laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

II. KAFLI
Skilyrði afhendingar samkvæmt norrænni handtökuskipun.

4. gr.
Skylda til að afhenda eftirlýstan mann.

Skylt er að afhenda mann sem eftirlýstur er í norrænni handtökuskipun nema fyrir hendi séu synjunarástæður skv. 5. eða 6. gr.

Nú er handtökuskipunin gefin út vegna fleiri refsiverðra verknaða en eins og skal þá afhenda eftirlýstan mann þótt skilyrði fyrir afhendingu séu einungis varðandi einn af verknuðunum. Ef skyldubundin synjunarástæða skv. 5. gr. er fyrir hendi varðandi einn eða fleiri af verknuðunum skal setja það skilyrði fyrir afhendingu að eftirlýstur maður sæti ekki málsmeðferð vegna viðkomandi verknaða. Ef valkvæð synjunarástæða skv. 6. gr. er fyrir hendi er heimilt að setja slíkt skilyrði.

5. gr.
Skyldubundnar synjunarástæður.

Eftirlýstur maður verður ekki afhentur þegar:

a. veitt hefur verið sakaruppgjöf hér á landi vegna sama verknaðar,
b. hann getur ekki sökum aldurs borið refsiábyrgð hér á landi vegna verknaðarins,
c. hann hefur verið dæmdur fyrir sama verknað hér á landi með endanlegum dómi og refsingin hefur þegar verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana,
d. hér á landi liggur fyrir endanlegur dómur þar sem beitt hefur verið öryggisráðstöfunum gagnvart honum vegna sama verknaðar og þeim hefur þegar verið aflétt, verið er að framkvæma þær eða ekki lengur unnt að framkvæma þær,
e. hér á landi liggur fyrir endanleg viðurlagaákvörðun vegna sama verknaðar sem þegar hefur verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana,
f. mál gegn honum vegna sama verknaðar hefur verið afgreitt með ákærufrestun hér á landi nema forsendur séu til að taka mál upp að nýju, eða
g. ríkissaksóknari hefur upplýsingar um að honum hafi verið refsað fyrir sama verknað með endanlegum dómi í ríki sem er þátttakandi í Schengen-samstarfinu eða önnur endanleg ákvörðun í slíku ríki kemur í veg fyrir frekari málsmeðferð vegna sama verknaðar og slík ákvörðun hefur verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða ekki lengur unnt að fullnusta hana.

6. gr.
Valkvæðar synjunarástæður.

Heimilt er að synja beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni þegar:

a. rannsókn vegna sama verknaðar er í gangi hér á landi og hún beinist að hinum eftirlýsta,
b. verknaðurinn er framinn að hluta eða að öllu leyti á íslensku yfirráðasvæði eða í íslenskri refsilögsögu og er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum,
c. ríkissaksóknari hefur vitneskju um að í ríki sem ekki er þátttakandi í Schengen-samstarfinu hafi honum verið refsað fyrir sama verknað með endanlegum dómi, refsingin hefur þegar verið fullnustuð, verið er að fullnusta hana eða hún er fallin niður samkvæmt lögum viðkomandi ríkis,
d. handtökuskipunin varðar fullnustu refsivistar samkvæmt dómi og sá sem er eftirlýstur er búsettur eða dvelst á Íslandi eða er íslenskur ríkisborgari og íslensk stjórnvöld skuld-

binda sig til að fullnusta refsingu dómsins eða ákvörðun um frjálsræðissviptingu samkvæmt honum, eða

e. dómsmálayfirvöld í landinu sem beðið er um fullnustu hafa ákveðið annaðhvort að hefja ekki saksókn vegna afbrotsins sem norræna handtökuskipunin grundvallast á eða hafa hætt við saksókn sem hafin er, eða hinn eftirlýsti hefur hlotið dóm í öðru norrænu landi vegna sömu háttsemi sem kemur í veg fyrir frekari saksókn.

7. gr.

Skilyrt afhending.

Þegar handtökuskipun varðar afhendingu eftirlýsts manns vegna málsmeðferðar og hann er búsettur hér á landi eða íslenskur ríkisborgari er heimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu að viðkomandi verði sendur aftur hingað til lands til að afplána hugsanlega refsingu.

8. gr.

Skilyrði fyrir afhendingu. Sérreglan.

Setja skal það sem skilyrði fyrir afhendingu eftirlýsts manns að hann verði ekki framseldur eða afhentur til ríkis utan Norðurlanda vegna verknaðar sem framinn er fyrir afhendinguna nema:

a. hann samþykki það sjálfur,
b. hann hafi ekki yfirgefið landið sem hann var afhentur, enda hafi hann átt þess kost í 45 daga,
c. hann hafi sjálfviljugur farið aftur til landsins sem hann var afhentur eftir að hafa yfirgefið það, eða
d. dómsmála- og mannréttindaráðuneyti samþykki framsalið eða afhendinguna.

Heimilt er að hefja málsmeðferð gegn manni sem afhentur er frá Íslandi eða fullnusta refsingu gagnvart honum vegna verknaðar sem framinn er fyrir afhendingu nema:

a. fyrir hendi séu skyldubundnar synjunarástæður skv. 5. gr., eða
b. verknaðurinn sé framinn að hluta eða að öllu leyti á íslensku yfirráðasvæði eða í íslenskri refsilögsögu, hann sé ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum og ríkissaksóknari ekki veitt samþykki fyrir málsmeðferð eða fullnustunni.

III. KAFLI

Málsmeðferð vegna norrænnar handtökuskipunar.

9. gr.

Framsending til ríkissaksóknara.

Handtökuskipun frá öðru norrænu ríki skal send til ríkissaksóknara. Nú berst handtökuskipun til annars stjórnvalds hér á landi og skal það þá strax framsenda hana til ríkissaksóknara og tilkynna þeim sem gaf handtökuskipunina út um framsendinguna.

10. gr.

Handtaka, gæsluvarðhald og beiting annarra þvingunarráðstafana.

Ríkissaksóknari skal þegar gera ráðstafanir til að eftirlýstur maður verði handtekinn, nema ljóst sé að synja beri um afhendingu skv. 5. gr. eða að hennar verði synjað skv. 6. gr. Við handtöku skal eftirlýstur maður upplýstur um handtökuskipunina, um hugsanlega málsmeðferð vegna annarra verknaða, um þýðingu samþykkis fyrir afhendingu og hann spurður hvort hann samþykki afhendingu. Jafnframt skal honum skipaður verjandi.

Nú er eftirlýstur maður ekki afhentur í beinu framhaldi af handtöku og skal þá gera kröfu um að hann sæti gæsluvarðhaldi. Við mat á beiðni um gæsluvarðhald skal dómur leggja til grundvallar upplýsingar í handtökuskipuninni nema þær séu augljóslega rangar. Þegar fallist er á beiðni um gæsluvarðhald skal því ekki markaður lengri tími en tvær vikur, sem heimilt er að framlengja um sama tíma í hvert sinn. Þessi tímamörk gilda ekki þegar fyrir liggja fleiri ósamrýmanlegar handtökuskipanir eða framsalsbeiðnir eða viðkomandi hefur verið framseldur hingað til lands frá ríki utan Norðurlanda. Beita má vægari þvingunarráðstöfunum þegar þær teljast fullnægjandi til að koma í veg fyrir að eftirlýstur maður strjúki. Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Hæstaréttar er einn sólarhringur.

11. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

Nú nýtur eftirlýstur maður forréttinda eða friðhelgi varðandi málsmeðferð eða fullnustu refsingar hér á landi og skal ríkissaksóknari þá strax senda viðkomandi stjórnvöldum beiðni um að afnema forréttindin eða friðhelgina.

12. gr.

Afhending á eftirlýstum manni sem áður hefur verið afhentur eða framseldur til Íslands.

Nú hefur eftirlýstur maður verið afhentur hingað til lands á grundvelli norrænnar handtökuskipunar og er þá heimilt að afhenda hann áfram til annars norræns ríkis á grundvelli norrænnar handtökuskipunar vegna refsiverðs verknaðar sem framinn var fyrir afhendingu hingað.

Nú hefur eftirlýstur maður verið framseldur hingað til lands frá ríki utan Norðurlanda og skal viðkomandi þá ekki afhentur ef það gengur gegn skilyrðum framsals hingað. Í slíkum tilvikum skal senda beiðni til viðkomandi ríkis og óska eftir samþykki til afhendingar.

13. gr.

Ákvörðun um afhendingu.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni.

Nú samþykkir eftirlýstur maður afhendingu og skal ríkissaksóknari þá strax og í síðasta lagi innan þriggja sólarhringa frá því að samþykki var gefið taka ákvörðun um hvort skilyrði séu fyrir afhendingu. Eftirlýstur maður getur einnig samþykkt málsmeðferð vegna annarra refsiverðra verknaða sem framdir voru fyrir afhendingu. Samþykki skal vera skriflegt og gefið eftir að viðkomandi hefur verið upplýstur um þýðingu samþykkis. Unnt er að afturkalla samþykki. Samþykki um málsmeðferð vegna annarra refsiverðra verknaða verður einungis afturkallað að samþykki um afhendingu sé afturkallað.

Nú vill ríkissaksóknari afhenda eftirlýstan mann í samræmi við beiðni í handtökuskipun en hann samþykkir ekki afhendingu eða dregur samþykki til baka fyrir afhendingu og skal málið þá lagt fyrir héraðsdóm. Með úrskurði ákveður héraðsdómur hvort skilyrði séu til afhendingar. Ef unnt er skal fjallað um það atriði í sama þinghaldi og þegar fjallað er um beiðni um gæsluvarðhald. Þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar nema þær séu augljóslega rangar. Heimilt er að kæra úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru leyti en því að kærufrestur er

einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Ef dómur úrskurðar að skilyrði séu til afhendingar ákveður ríkissaksóknari innan þriggja sólarhringa hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu. Ef unnt er skal ákvörðun um afhendingu á eftirlýstum manni í þessum tilvikum tekin innan 30 daga frá handtöku.

Frestir skv. 2. og 3. mgr. byrja ekki að líða fyrr en ríkissaksóknari hefur móttekið fullnægjandi upplýsingar til að taka ákvörðun. Nú nýtur eftirlýstur maður forréttinda eða friðhelgi hér á landi vegna þess verknaðar sem tilgreindur er í handtökuskipuninni og byrjar frestur í slíkum tilvikum ekki að líða fyrr en forréttindin eða friðhelgin hafa verið afnumin. Nú eiga ákvæði 2. mgr. 12. gr. við og byrja frestir þá ekki að líða fyrr en viðkomandi ríki hefur veitt samþykki sitt.

Ef ekki reynist í sérstökum tilvikum unnt að taka ákvörðun í máli innan tilgreindra fresta skal ríkissaksóknari strax skýra þeim sem gaf handtökuskipun út frá því.

Ákvörðun ríkissaksóknara um afhendingu á eftirlýstum manni er endanleg.

Nú liggur ákvörðun um afhendingu fyrir og skal ríkissaksóknari þá þegar tilkynna það til þess aðila sem gaf handtökuskipunina út.

Ráðherra getur sett reglur um upplýsingagjöf til eftirlýsts manns og samþykki.

14. gr.

Ákvörðun um afhendingu þegar beiðnum lýstur saman.

Nú liggja fleiri en ein norræn handtökuskipun fyrir varðandi sama einstakling og ákveður ríkissaksóknari þá við hvaða beiðni verður orðið.

Þegar framsalsbeiðni frá ríki utan Norðurlanda liggur fyrir til viðbótar við eina eða fleiri norrænar handtökuskipanir ákveður dómsmála- og mannréttindaráðuneytið við hvaða beiðni verður orðið.

Við mat á því við hvaða handtökuskipun eða framsalsbeiðni skuli orðið skal taka tillit til grófleika afbrots, hvar það var framið, hvenær handtökuskipanirnar voru gefnar út og hvort þær eru gefnar út vegna málsmeðferðar eða til fullnustu refsingar.

15. gr.

Frestur til afhendingar.

Þegar endanleg ákvörðun um afhendingu liggur fyrir skal afhenda eftirlýstan mann eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi fimm sólarhringum eftir að ákvörðunin um afhendingu var tekin. Nú er ekki unnt vegna sérstakra aðstæðna að afhenda eftirlýstan mann innan framangreindra tímamarka og skal ríkissaksóknari þá strax semja um nýjan frest við þann sem gaf handtökuskipunina út.

Heimilt er að fresta afhendingu vegna mjög mikilvægra mannúðarástæðna.

16. gr.

Frestur og tímabundin afhending.

Heimilt er að fresta afhendingu eftirlýsts manns vegna máls hér á landi gegn honum vegna annars refsiverðs verknaðar eða vegna fullnustu refsingar vegna annars afbrots.

Í stað þess að fresta afhendingu er heimilt að afhenda eftirlýstan mann tímabundið samkvæmt skilyrðum sem samið er um í skriflegu samkomulagi milli ríkissaksóknara og þess sem gaf handtökuskipunina út.

IV. KAFLI
Afhending til Íslands.

17. gr.
Útgáfa norrænnar handtökuskipunar.

Ríkissaksóknari getur gefið út handtökuskipun sem send er til annars norræns ríkis vegna meðferðar máls gegn eftirlýstum manni þegar grunur leikur á að hann hafi framið refsiverðan verknað sem getur varðað fangelsisrefsingu. Sama gildir um fullnustu refsingar þegar fyrir liggur endanlegur dómur sem felur í sér fangelsisrefsingu eða aðra frjálsræðissviptingu.

Efni og form handtökuskipunar skal vera í samræmi við 2. gr. og skal hún send til þess stjórnvalds sem samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis er bært til að taka á móti handtökuskipun.

18. gr.
Frádráttur gæsluvarðhalds við fullnustu refsingar.

Nú er eftirlýstur maður sendur hingað til lands vegna fullnustu á refsingu hér á landi og skal þá draga frá refsingunni þann tíma sem hann var sviptur frjálsræði vegna meðferðar beiðninnar um afhendingu í því ríki sem tók á móti handtökuskipuninni. Sama gildir þegar eftirlýstur maður er afhentur vegna málsmeðferðar verði hann dæmdur í fangelsisrefsingu hér á landi vegna þess verknaðar sem tilgreindur er í handtökuskipuninni.

19. gr.
Málsmeðferð vegna annars refsiverðs verknaðar.

Sækja má þann til saka sem fluttur er hingað til lands fyrir önnur afbrot en þau sem hann er afhentur vegna, framin fyrir afhendinguna, nema:

a. í því ríki sem afhenti viðkomandi eigi við þau atriði er greinir í a–f-lið 5. gr. eða fyrir liggi upplýsingar um atriði er greinir í g-lið 5. gr., eða
b. verknaðurinn sé að hluta eða í heild framinn á landsvæði þess ríkis sem afhenti viðkomandi eða á stað sem jafna má til þess og verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt löggjöf þess ríkis nema það ríki samþykki málsmeðferðina.

Þrátt fyrir að ákvæði í b-lið 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt að sækja þann til saka sem afhentur er hingað til lands vegna afbrota sem framin eru fyrir afhendinguna þegar:

a. hann hefur ekki yfirgefið landið, enda hafi hann getað gert það í 45 daga, eða
b. hann hefur komið sjálfviljugur til baka til landsins eftir að hafa yfirgefið það, eða
c. hann hefur fyrir eða eftir afhendinguna samþykkt málsmeðferð vegna annarra verknaða.

20. gr.
Framsal einstaklings sem afhentur er hingað til lands frá öðru norrænu ríki.

Einungis er heimilt að framselja mann, sem afhentur hefur verið hingað til lands, til þriðja ríkis að:

a. sá sem er eftirlýstur samþykki það,
b. sá sem er eftirlýstur hafi ekki yfirgefið landið, enda hafi hann getað gert það í 45 daga,
c. sá sem er eftirlýstur hafi komið sjálfviljugur til baka til landsins eftir að hafa yfirgefið það, eða
d. ríkið sem afhenti eftirlýstan mann hingað til lands samþykki frekara framsal.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið tekur ákvörðun um frekara framsal til ríkis utan Norðurlanda samkvæmt ákvæðum í almennum lögum um framsal sakamanna.

V. KAFLI
Önnur ákvæði í sambandi við afhendingu.

21. gr.
Haldlagning og afhending muna.

Ríkissaksóknari skal láta leggja hald á mun og afhenda hann þegar munurinn telst hafa þýðingu sem sönnunargagn í málinu sem tilgreint er í handtökuskipuninni eða er ágóði af refsiverða verknaðinum. Sama gildir þegar eftirlýstur maður er látinn eða horfinn.

Ríkissaksóknari getur látið halda muninum, sbr. 1. mgr., eða afhent hann tímabundið þegar það telst hafa þýðingu vegna sönnunar í tengslum við mál sem rekið er hér á landi.

Afhending hefur ekki áhrif á gildandi réttindi varðandi muninn. Heimilt er að setja skilyrði fyrir afhendingu ef það er nauðsynlegt til að verja slík réttindi.

22. gr.
Gegnumflutningur.

Heimilt er að flytja mann sem Danmörk, Finnland, Noregur eða Svíþjóð afhendir til eins af þessum ríkjum um íslenskt yfirráðasvæði án sérstaks samþykkis.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi þegar samningur um framsal vegna refsiverðra verknaða milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun) tekur gildi í öllum aðildarríkjunum, þ.e. Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, og skal ráðherra birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistökuna. Þó er ráðherra heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum að lögin öðlist gildi fyrr gagnvart þeim aðildarlöndum sem hafa skuldbundið sig samkvæmt samningnum. Við gildistöku laga þessara falla brott lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

24. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. 6. gr. laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, orðast svo:

   Nú er maður fluttur samkvæmt ákvæðum 5. gr. til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar til að afplána fangelsisrefsingu og skal þá, eftir því sem við á, farið eftir ákvæðum 8. gr. laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum:
   a. 3. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

      Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er þó heimilt að veita ef fyrir hendi eru skilyrði laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).
   b. 2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

c. 3. málsl. 4. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 15/2000, orðast svo: Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir ekki heldur fyrra skilyrði 1. málsl.
d. 4. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Fyrsti málsliður gildir ekki varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er beiðni um framsal sakamanns til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar móttekin fyrir gildistöku laga þessara og fer þá um meðferð hennar samkvæmt lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

654. Þingsályktun [200. mál]

um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

(Afgreidd frá Alþingi 2. febrúar 2010.)

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu ellefu svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Náttúrustofur komi að undirbúningi og framkvæmd náttúruverndaráætlana í samræmi við margháttað hlutverk þeirra samkvæmt lögum.

Eftirtalin svæði og tegundir lífvera verði á náttúruverndaráætlun 2009–2013:

I. Plöntusvæði.

a. Snæfjallaströnd – Kaldalón.
b. Eyjólfsstaðaskógur.
c. Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.
d. Gerpissvæðið.
e. Steinadalur í Suðursveit (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

II. Dýrasvæði.

a. Undirhlíðar í Nesjum.
b. Tjarnir á Innri-Hálsum í Berufirði.

III. Vistgerðir á hálendinu.

Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar, rústamýravist og breiskjuhraunavist. Verndun þeirra verði m.a. tryggð með því að friðlýsa eftirtalin svæði:

a. Orravatnsrústir,
b. stærra friðland í Þjórsárverum,
c. svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti (sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

IV. Jarðfræðisvæði.

Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

V. Tegundir plantna og dýra.

Friðlýstar verði:

a. 24 tegundir háplantna,
b. 45 tegundir mosa,
c. 90 tegundir fléttna,
d. þrjár tegundir hryggleysingja: tröllasmiður, tjarnarklukka og brekkubobbi.

Svæði sem eru á fyrstu náttúruverndaráætlun og unnið verður með áfram.

Áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun. Staða í undirbúningi friðlýsingar þessara svæða er mjög misjöfn, en reynt verður að friðlýsa sem flest á tímabilinu.

655. Fyrirspurn [360. mál]

til umhverfisráðherra um tilfærslu verkefna frá Umhverfisstofnun til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Stendur til að færa verkefni frá Umhverfisstofnun til Heilbrigðiseftirlits Austurlands eins og heimilt er samkvæmt reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, og lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003?
2. Ef svo er, hvenær má ætla að af því verði?
3. Ef ekki, hver er ástæða þess og hyggst ráðherra þá beita sér fyrir slíkri tilfærslu verkefna?

656. Fyrirspurn [361. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um dagskrár- og kvikmyndagerð hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu innlendrar dagskrár- og kvikmyndagerðar hjá Ríkisútvarpinu?

657. Fyrirspurn [362. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um starfsstöðvar Ríkisútvarpsins.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra standa vörð um starfsstöðvar Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni?

658. Fyrirspurn [363. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýliðun í landbúnaði.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir aukinni nýliðun í landbúnaði?
2. Hvað hefur ráðherra gert nú þegar í þeim efnum?

659. Svar [306. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um stöðugildi á aðalskrifstofum ráðuneyta.

1. *Hvaða breyting hefur orðið á fjölda stöðugilda á aðalskrifstofum ráðuneyta árin 1995–2009, sundurliðað eftir ráðuneytum?*

Samkvæmt launavinnslukerfi ríkisins voru 425,5 stöðugildi (ársverk í dagvinnu) á aðalskrifstofum ráðuneytanna árið 1995 en árið 2009 voru ársverk í dagvinnu 511,2. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir fjölda ársverka sundurliðað eftir aðalskrifstofum ráðuneyta.

Á tímabilinu voru gerðar skipulagsbreytingar á verkefnum aðalskrifstofa ráðuneytanna sem hafa áhrif á ársverkafjölda þeirra. Árið 1998 var launadeild starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis flutt til Ríkisbókhalds (nú Fjársýslu ríkisins) og með henni 15 starfsmenn í 13,5 stöðugildum. Við gildistöku laga nr. 51/2002, um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóð-

hagsstofnun, fluttust tvö stöðugildi frá Þjóðhagsstofnun til fjármálaráðuneytis. Árið 2008 var fjárhagur þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins aðskilin frá aðalskrifstofu ráðuneytisins og fækkaði stöðugildum á aðalskrifstofunni sem því nam, eða um 22 stöðugildi. 1. janúar 2008 tóku gildi ný lög um Hagstofu Íslands þar sem henni var breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun sem heyrði undir forsætisráðuneyti.

Á tímabilinu voru einnig aðrar breytingar gerðar á aðalskrifstofum og verkefnum ráðuneyta. Árið 2007 var rekstur iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis aðskilinn. Árið 2008 var starfsemi sjávarútvegsráðuneytis annars vegar og landbúnaðarráðuneytis hins vegar sameinuð í eitt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. 1. október 2009 tók gildi breyting á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, þegar heiti viðskiptaráðuneytis var breytt í efnahags- og viðskiptaráðuneyti, heiti dóms- og kirkjumálaráðuneytis var breytt í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, heiti menntamálaráðuneytis var breytt í mennta- og menningarmálaráðuneyti og heiti samgönguráðuneytis var breytt í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Á sama tíma tóku gildi ýmsar breytingar á verkefnum og skipulagi ráðuneytanna.

2. *Hvaða hreyfingar hafa verið á starfsfólki innan stjórnarráðsins eða til sveitarfélaga vegna flutnings verkefna á tímabilinu?*

Fjármálaráðuneytið aflaði eftirfarandi upplýsinga frá aðalskrifstofum ráðuneyta í Stjórnarráðinu.

Árið 1996 voru verkefni grunnskóla flutt frá menntamálaráðuneyti til sveitarfélaga og með þeim eitt stöðugildi.

Árið 2008 fluttust málefni aldraða, uppbygging og öldrunarþjónusta á hjúkrunarheimilum, lífeyristryggingar almannatrygginga og félagsleg aðstoð og málefni langveikra barna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis og með þeim fimm stöðugildi.

Árið 2008 voru ferðamál flutt frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis og með þeim eitt stöðugildi.

Árið 2008 voru sveitarstjórnarmálefni flutt frá félagsmálaráðuneyti til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og með þeim fimm stöðugildi.

Árið 2009 fluttist Norðurlandaskrifstofa frá forsætisráðuneyti til utanríkisráðuneytis og með henni fjögur stöðugildi. Sama ár fluttust efnahagsmál frá forsætisráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis og með þeim tvö stöðugildi.

Árið 2009 fluttust neytendamál frá viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og með þeim eitt stöðugildi.

Árið 2009 fluttust bókhalds- og endurskoðunarlög frá fjármálaráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis og með þeim fjögur stöðugildi.

Fjöldi ársverka í dagvinnu á aðalskrifstofum ráðuneyta 1995–2009.

Upplýsingar úr launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins.

Ársverk í dagvinnu	Ár														
Ráðuneyti	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Forsætisráðuneyti	14,9	14,1	14,3	17,8	18,2	19,6	23,3	22,5	22,0	22,6	23,4	23,9	23,3	24,9	26,5
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	67,8	70,0	66,9	65,4	65,2	66,5	64,9	66,1	70,5	70,2	66,7	70,9	70,8	71,7	70,6
Utanríkisráðuneyti	56,8	59,3	61,3	65,4	71,5	82,5	79,6	81,8	86,1	94,6	104,5	92,6	98,7	93,8	89,5
Landbúnaðarráðuneyti	17,1	18,1	17,2	17,3	19,2	17,4	17,2	15,2	18,0	17,7	19,0	17,9	17,1		
Sjávarútvegsráðuneyti	16,0	16,0	17,3	17,8	19,9	18,3	17,3	18,4	18,4	18,6	20,2	18,9	20,0		
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti														34,7	33,9
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	26,9	29,1	31,5	31,3	28,5	26,8	27,0	28,4	29,6	32,0	32,6	31,8	33,6	35,9	34,6
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	18,8	19,3	18,3	20,4	21,7	19,5	22,6	24,4	24,7	26,0	30,8	31,1	32,2	31,0	34,4
Heilbrigðisráðuneyti	28,9	27,5	33,1	33,9	35,3	36,9	37,0	38,3	39,5	41,6	44,0	46,5	49,7	47,4	45,9
Fjármálaráðuneyti	81,9	90,0	81,8	64,7	60,7	58,8	62,1	62,9	68,2	69,3	66,3	64,6	64,2	64,9	70,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	16,0	18,6	18,5	19,6	18,6	18,8	21,3	22,3	21,3	20,8	20,4	21,4	23,4	32,1	35,1
Iðnaðarráðuneyti	12,6	13,0	13,7	14,3	14,4	15,6	14,3	15,4	16,1	9,6	12,6	14,0	12,0	19,2	20,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	12,2	12,7	14,0	13,8	12,8	12,1	11,6	11,8	11,5	17,3	15,7	15,6	17,1	18,4	20,6
Hagstofa Íslands	38,2	59,7	62,2	68,9	74,1	77,6	79,3	86,7	96,6	92,7	97,8	89,5	80,0		
Umhverfisráðuneyti	17,5	21,0	21,5	21,4	22,6	26,7	25,8	27,2	28,4	28,1	28,2	27,7	28,0	29,8	30,2
Samtals	**425,5**	**468,3**	**471,7**	**472,1**	**482,7**	**497,0**	**503,5**	**521,2**	**550,8**	**561,1**	**582,3**	**566,4**	**570,0**	**503,8**	**511,2**

660. Fyrirspurn [364. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um gjaldeyrishöft.

Frá Erlu Ósk Ásgeirsdóttur.

Hver var kostnaður Seðlabanka Íslands árið 2009 við að viðhalda gjaldeyrishöftunum?

Skriflegt svar óskast.

661. Fyrirspurn [365. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um jarðgöng milli Norðfjarðar og Eskifjarðar.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi og framkvæmdum við jarðgöng á milli Norðfjarðar og Eskifjarðar?

662. Fyrirspurn [366. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um nemendur í framhaldsskólum.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hversu margir nemendur sóttu um inngöngu í framhaldsskóla um síðustu áramót?
2. Hversu margir þeirra fengu synjun um skólavist?
3. Hversu margir nemendur voru skráðir í framhaldsskóla um síðustu áramót og hversu margir voru þeir um áramótin 2008–2009?

663. Svar [124. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um förgun og endurvinnslu sorps.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fellur til árlega af flokkuðu sorpi, hvað er gert við það og hvernig er förgun þess og/eða endurvinnslu nákvæmlega varið? Svar óskast um eftirfarandi flokka úrgangs: bylgjupappi – fyrirtæki, bylgjupappi – heimili, pappír og umbúðir úr sléttum pappa (svo sem

mjólkurfernur og aðrar matarumbúðir), filmuplast – fyrirtæki, föt og klæði, garðaúrgangur, gras, grófur úrgangur, heyrúlluplast, hjólbarðar, húsbúnaður, jarðvegur, kertaafgangar, kjötvinnslu- og sláturúrgangur, kælitæki, ljósaperur, lyf, málmar, net, kaðlar, troll, plastumbúðir – fyrirtæki, plastumbúðir – heimili, raftæki, rafhlöður, sjónvörp og skjáir, skilagjaldsskyldar umbúðir, skrifstofupappír, hvítur afskurður, skór, spilliefni, steinefni, stór raftæki, timbur, trjágreinar, trúnaðargögn og tölvur.

Umhverfisstofnun safnar saman upplýsingum um meðhöndlun úrgangs og fól ráðuneytið Umhverfisstofnun, í samvinnu við Úrvinnslusjóð, að taka saman yfirlit yfir þá úrgangsflokka sem spurt er um og eru niðurstöður þeirrar samantektar settar fram í meðfylgjandi töflu.

Í töflunni kemur fram heildarmagn flokkaðs sorps fyrir hvern úrgangsflokk sem fyrirspurnin tekur til að svo miklu leyti sem hægt var að greina magnið á einstaka úrgangsflokka. Í töflunni kemur fram hversu stór hluti flokkaðs sorps fór til endurvinnslu, magn sem fór til endurvinnslu, hversu mikið magn fór til annarrar endurnýtingar, þ.m.t. til brennslu með orkunýtingu, og magn sem fór til förgunar, þ.m.t. til urðunar. Gögnin eru fyrir árið 2007, sem eru þau nýjustu sem liggja fyrir yfir heilt ár.

Úrgangsflokkar	Heildarmagn [tonn]	Endurvinnsla	Önnur endurnýting	Förgun
Bylgjupappi frá fyrirtækjum	4.962	4.729	233	0
Bylgjupappi frá heimilum	1.662	1.495	167	0
Pappír (þ.m.t. skrifstofupappír, afskurður, trúnaðargögn og dagblöð)	20.691	20.027	0	664
Umbúðir úr sléttum pappa	1.726	830	896	0
Filmuplast frá fyrirtækjum	733	576	157	0
Filmuplast frá heimilum	409	81	328	0
Fatnaður og skór*	1.270	0	0	0
Garða- og garðyrkjuúrgangur (þ.m.t. gras og trjágreinar)	10.051	2.028	0	8.023
Grófur úrgangur (rúmfrekur úrgangur)	5.368	0	0	5.368
Heyrúlluplast**	1.481	927	551	3
Hjólbarðar	6.489	3.472	2.463	554
Jarðvegur og steinefni (þ.m.t. mengaður jarðvegur)	37.383	0	21.786	15.597
Sláturúrgangur	19.000	7.712	298	10.990
Raftæki (þ.m.t. kælitæki, sjónvörp og skjáir, tölvur, stór raftæki og ljósaperur)	3.514	3.514	0	0
Málmar og ökutæki	53.361	53.283	0	78
Veiðarfæri (þ.m.t. net, kaðlar og troll)	1.100	473	4	623
Plastumbúðir frá fyrirtækjum	114	17	97	0
Plastumbúðir frá heimilum	327	4	323	0
Skilagjaldsskyldar umbúðir	7.502	2.963	4.539	0
Timbur	43.249	27.569	1.113	9.567
Rafhlöður	38	0	0	38
Önnur spilliefni (þ.m.t. lyf)	10.193	9.601	404	188
Heildarmagn	230.623	139.301	33.359	51.693

* Fór til endurnotkunar hjá RKÍ.

** Gögn fyrir árið 2008. Árið 2007 kom nokkuð mikið uppsafnað magn til urðunar og því gefa gögn fyrir það ár ekki rétta mynd af hefðbundinni stærð úrgangsflokksins.

Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um magn lyfjaúrgangs sem til fellur en sum lyf teljast spilliefni og eru talin með þeim flokki í töflunni. Stofnunin hefur heldur ekki upplýsingar um magn húsbúnaðar en í ársskýrslu SORPU bs. má finna að árið 2007 var tekið á móti 1.242 tonnum af úrgangi sem síðan var seldur í Góða hirðinum. Telst það endurnotkun úrgangs. Í sömu skýrslu kemur fram að SORPA bs. tók á móti 0,35 tonnum af kertaafgöngum árið 2007.

664. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um skipan rannsóknarnefndar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason,
Árni Þór Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, Eygló Harðardóttir,
Guðbjartur Hannesson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Helgi Hjörvar,
Höskuldur Þórhallsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Magnús Orri Schram,
Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir,
Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Sigurður Ingi Jóhannsson, Skúli Helgason,
Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þór Saari,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman.

Alþingi samþykkir að skipa nefnd sex þingmanna í því skyni að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að þáverandi ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Nefndin fái í hendur öll gögn stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir, sem varpað geti ljósi á þetta ferli. Hún hafi einnig heimild til þess að kalla hvern þann til fundar við sig sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.

Þingmannanefndin njóti aðstoðar nefndasviðs Alþingis, en henni verði einnig heimilt að leita eftir óháðri sérfræðiaðstoð. Nefndarsetan verði ólaunuð, en útlagður kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Nefndarstarfinu ljúki með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. október 2010.

Greinargerð.

Sama dag og herlið Bandaríkjanna, Stóra-Bretlands og fleiri ríkja hóf innrásina í Írak 20. mars 2003 bárust fréttir af því að blaðafulltrúi Bandaríkjaforseta, Ari Fleischer, hefði lýst því yfir á blaðamannafundi í Washington að lýðveldið Ísland væri á lista yfir þau ríki sem hefðu lýst sérstökum stuðningi við þessa innrás.

Næstu daga kom í ljós að forsætisráðherra og utanríkisráðherra höfðu með einhverjum hætti gefið leyfi sitt til að Ísland yrði talið með á þessum lista sem kenndur var við „viljugar“ eða „staðfastar“ þjóðir. Óljóst var í fyrstu hvort ríkin á listanum teldust þátttakendur í innrásinni. Aðspurðir sögðu íslensku ráðherrarnir svo ekki vera. Hins vegar var frá upphafi skýrt að ríkin tækju siðferðilega og pólitíska ábyrgð á stríðinu í Írak og afleiðingum þess.

Ráðherrarnir báru ákvörðun sína um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis. Sérstaklega er þó kveðið á um það í 24. gr. laga um þingsköp Alþingis að það skuli gert í slíkum tilvikum: „Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Enn hefur ekki komið fram hvers vegna ráðherrarnir ákváðu að fara á svig við þetta skýra ákvæði í þingskapalögunum.

Þá hefur ekki komið fram hvort lagt var sjálfstætt mat á rökstuðning innrásarríkjanna fyrir hernaðaraðgerðum sínum í aðdraganda stuðningsyfirlýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Í ljós hefur komið að aðalforsendur bandarískra og breskra yfirvalda fyrir innrásinni stóðust ekki, og hafa forustumenn þessara ríkja viðurkennt þetta. Í báðum ríkjunum hafa þessar forsendur verið rannsakaðar sérstaklega af opinberri hálfu. Nefnd Butlers lávarðar rannsakaði aðdraganda ákvörðunar bresku ríkisstjórnarinnar um innrásina í Írak og á Bandaríkjaþingi var skipuð sérstök rannsóknarnefnd öldungadeildarþingmanna. Báðar skiluðu skýrslum í sumar og komust um margt að svipuðum niðurstöðum. Svo virðist sem gögn leyniþjónustu ríkjanna tveggja beggja vegna Atlantshafsins hafi verið úrelt og ónákvæm, og auk þess ekki verið næg þekking fyrir hendi innan stofnananna til þess að lesa og greina upplýsingarnar rétt. Í stuttu máli sagt reyndust CIA og MI6 ekki vandanum vaxin, en stjórnvöld í ríkjunum sáust ekki fyrir og létu vilja sinn ráða umfram staðreyndir og rök.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, hefur (viðtal við BBC 16. september 2004) lýst því yfir að innrásin í Írak hafi verið ólögmæt samkvæmt alþjóðalögum þar sem einhliða ákvörðun ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands standist ekki stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessi yfirlýsing beinir kastljósinu enn eindregnar að stuðningsákvörðun íslensku ráðherranna.

Halldór Ásgrímsson, sem gegndi störfum utanríkisráðherra í mars 2003, hefur viðurkennt að mjög hafi skort á réttmæti upplýsinga sem hann fékk áður en afstaða ráðherranna var tilkynnt í Washington. Um þetta sagði Halldór í sjónvarpsviðtali 17. september 2004: „En það er ljóst að það er margt í þessu máli sem menn hefðu viljað sjá öðruvísi og ýmsar upplýsingar sem bæði ég og aðrir fengu á sínum tíma sem stóðust ekki.“ Ráðherrann bætti síðan við að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum vegna rangra upplýsinga í þessu efni.

Þessi ummæli sýna að nauðsynlegt er að brjóta til mergjar ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað í marsmánuði 2003 að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak.

Meginforsendur innrásarinnar voru þær að Íraksstjórn byggi yfir gereyðingarvopnum sem heimsbyggðinni stæði hætta af. Nú er viðurkennt, m.a. í Washington og Lundúnum, að Írak sher átti engin slík vopn. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, undir forustu Hans Blix, sögðust í skýrslu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna stuttu fyrir innrásina ekki hafa neinar haldbærar sannanir fyrir tilvist gereyðingarvopna í Írak og óskuðu þess að fá meiri tíma til þess að rannsaka málið. Á þá var hins vegar ekki hlustað.

Önnur rök, einkum haldið fram af hálfu Bandaríkjastjórnar, voru þau að stjórnin í Bagdad væri í nánum tengslum við þann hryðjuverkahóp íslamista sem m.a. stóð fyrir ódæðinu í New York og víðar 11. september 2001, Al-Kaída. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á nein slík tengsl. Hins vegar er ljóst að þessi samtök, eða margvíslegir hópar sem þeim tengjast, líta eftir innrásina á Írak sem kjörlendi fyrir verk sín og sem einkar heppilega uppeldis- og liðssöfnunarstöð í Miðausturlöndum. Bandaríkjastjórn lýsti því einnig yfir að aðgerðum hennar í Írak væri ætlað að auka veg lýðræðis og frelsis í arabaríkjunum og öðrum ríkjum múslima. Árangurinn hefur enginn orðið. Þvert á móti hefur stíðið í Írak fært ríki araba og múslima

heldur fjær vestrænum lýðræðisgildum en áður var, og mjög torveldað gagnkvæman skilning milli þeirra menningarheima sem um ræðir. Þar sem innrásin hefur leitt til þess að öfgaöflunum hefur vaxið fiskur um hrygg meðal múslima, áhrif lýðræðissinna dvínað og dregið úr stöðugleika í stjórnarfari í ríkjum þeirra hafa styrjöld og hernám í Írak í reynd afvegaleitt alþjóðlega baráttu gegn hryðjuverkum og um leið dregið úr öryggi og stöðugleika um allan heim.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að ákvörðun um stuðning við Íraksstríðið innan ríkisstjórnarinnar. Sú nefnd sem hér er lagt til að taki að sér það verk á meðal annars að athuga:

a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins,
b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan,
c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat,
d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar,
e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert,
f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins,
g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti,
h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

Mikilvægt og eðlilegt er að upplýst verði um aðkomu íslenskra stjórnvalda, stjórnmálamanna og embættismanna að ákvörðuninni um stuðning Íslands við innrásina í Írak svo að hægt sé að gera upp þennan atburð og læra af honum.

Stefnt verði að því að fundir rannsóknarnefndarinnar verði opnir og haldnir í heyranda hljóði eftir því sem mögulegt er og aðgengi almennings að öllum skjölum og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir og varða ákvörðun um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak verði tryggt.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir ákveði Alþingi næstu skref. Flutningsmenn telja það brýnt að efla eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu og vísa í framkomnar tillögur í skýrslu nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis sem forsætisnefnd lét vinna sl. haust.

665. Fyrirspurn [368. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarviðræður.

Frá Erlu Ósk Ásgeirsdóttur.

1. Hver er staða fríverslunarviðræðna milli Íslands og Kína og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?
2. Hver er staða fríverslunarviðræðna EFTA við Hong Kong, Perú, Indland, Tæland, Alsír og Úkraínu og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?
3. Ætlar ríkisstjórnin að eiga frumkvæði að slíkum fríverslunarviðræðum eða tvíhliðaviðræðum við önnur ríki á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

666. Fyrirspurn [369. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um brottflutta einstaklinga með íslenskan ríkisborgararétt.

Frá Erlu Ósk Ásgeirsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar með íslenskan ríkisborgararétt hafa flust af landi brott árið 2009?
2. Hvernig skiptast þeir eftir atvinnugreinum og aldri?
3. Hver er tekjumissir hins opinbera af brottfluttum einstaklingum 2009?

Skriflegt svar óskast.

667. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári hefur ráðherra til ráðstöfunar 6.000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á mánuði og landsvæði. Þá skal ráðherra með reglugerð stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers mánaðar verði náð.

Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Frá og með árinu 2011 er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga og laugardaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt

þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða.

2. gr.

Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aflaheimildir skv. 6. gr. a.

3. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gjald vegna strandveiða miðast við landaðan afla í strandveiðum.

4. gr.

Við 1. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjalddagi veiðigjalds vegna afla sem veiddur er við strandveiðar er 1. október.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 2009 voru fyrstu hugmyndir um svokallaðar strandveiðar kynntar. Yfirlýst markmið með heimild til strandveiða var nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum væri gert mögulegt að stunda veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Með strandveiðunum var þannig opnað fyrir takmarkaðar veiðar meðal annars þeirra aðila sem hafa yfir að ráða aflamarki eða krókaaflamarki. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vann að nánari útfærslu og fyrirkomulagi veiðanna og var frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða lagt fram á vorþingi 2009.

Strandveiðar hófust í lok júní 2009 eftir að Alþingi hafði samþykkt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 66/2009, um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Bráðabirgðaákvæði þetta gilti aðeins til loka fiskveiðiársins 2008/2009 en boðað var að á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga mætti af strandveiðum það ár yrði reynslan af þeim metin. Var Háskólasetur Vestfjarða fengið til þess að gera úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna. Úttektin liggur nú fyrir og sýna niðurstöður hennar að nokkuð almenn ánægja hafi verið um fyrirkomulag veiða meðal þeirra sem úttektin náði til.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimild til strandveiða verði lögfest og fyrirkomulag veiðanna verði í meginatriðum það sama og það fyrirkomulag sem komið var á með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/2009. Gert er ráð fyrir að strandveiðar muni einkum takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna eða allt að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski. Er landinu skipti í fjögur landsvæði og gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skiptingu landsvæða og þær aflaheimildir sem heimilt er að veiða á hverju landsvæði í hverjum mánuði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að heimilt verði, á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst á hverju fiskveiðiári, heimilt að veiða allt að 6.000 lestir af óslægðum botnfiski sem ekki falli undir aflamarkskerfið eða krókaaflamarkskerfið.

Í 2. mgr. er kveðið á um að landinu skuli skipt í fjögur landsvæði. Þá er kveðið á um að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um afmörkun landsvæða og hvernig aflaheimildum er ráðstafa til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra skipti þessum aflaheimildum á einstaka mánuði og að veiðar verði síðan stöðvaðar með reglugerð þegar tilgreindu magni er náð.

Samkvæmt 3. mgr. er lagt til að veiðarnar verði háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Hér eftir eru þær nefndar strandveiðar og leyfin strandveiðileyfi. Strandveiðileyfin eru háð sömu skilyrðum og hin almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni sem tilgreind eru í 5. gr. laganna. Lúta þau skilyrði að því að fiskiskip hafi haffærisskírteini, sé skráð hjá Siglingastofnun Íslands og að eigendur þess og útgerð fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Útgerð í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila, er einungis heimilt að fá leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Takmörkun þessi er sett með tilvísun til þess markmiðs að sem flestum verði gert mögulegt að stunda frjálsar veiðar með ströndinni á sjálfbæran hátt. Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að strandveiðar séu stundaðar af aðilum sem eiga yfir mörgum skipum að ráða.

Í frumvarpinu er lagt til að frá og með fiskveiðiárinu 2010/2011 verði skipum sem flutt hafa frá sér aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til skips, á yfirstandandi fiskveiðiári, ekki heimilt að stunda strandveiðar. Enn fremur er gert ráð fyrir að skip sem fengið hefur leyfi til strandveiða geti ekki flutt frá sér aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til skips. Í þeim tilvikum er ráð fyrir því gert að Fiskistofa stöðvi flutning aflamarks frá viðkomandi skipi. Þegar útgerð velur að flytja frá sér aflamark umfram það aflamark sem flutt er til skips þykir ekki tilefni til að veita skipi hennar rétt til strandveiða.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að útgáfa á leyfi til strandveiða leiði til þess að önnur leyfi sem viðkomandi fiskiskip kann að hafa til veiða falli, tímabundið, niður út fiskveiðiárið. Fiskiskip getur þannig ekki stundað frjálsar handfæraveiðar á sama tíma og aðrar leyfisskyldar veiðar eru stundaðar. Þá segir í þessari málsgrein að útgefið strandveiðileyfi miðist við það landsvæði þar sem heimilisfesti útgerðar er og að skipi sé jafnframt skylt að landa öllum afla sínum innan sama landsvæðis sem leyfi þess er bundið við. Þá verði hverju skipi aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á veiðitímabilinu.

Í 5. mgr. eru tilgreind þau skilyrði sem strandveiðileyfin eru háð. Skilyrðin miða að því að hið leyfilega veiðimagn dreifist sem mest bæði í tíma og með tilliti til landsvæða og að dregið verði úr því að of mikið kapp verði í veiðunum og meðferð afla sé sem best. Tilefni er til að árétta að ráðherra er veitt sérstök heimild til að banna strandveiðar, auk föstudaga og laugardaga, á almennum frídögum, svo sem frídegi verslunarmanna. Þá er afli hverrar veiðiferðar takmarkaður við 650 kg af kvótabundnum tegundum, í þorskígildum talið. Er þetta breyting frá fyrra ári þegar heimilt var að veiða 800 kg af kvótabundnum tegundum. Er um sambærilegt magn að ræða þar sem þorskígildi eru látin ráða. Með þessu móti er dregið úr hvata til brottkasts á öðrum tegundum en þorski.

Í 6. mgr. er tekið fram að gjald, samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, er lagt á afla sem veiddur er umfram það hámark sem leyfilegt er að veiða í veiðiferð. Gert er ráð fyrir að afli umfram leyfilegan daglegan hámarksafla skiptist

í sömu hlutföllum milli tegunda og heildarafli báts í viðkomandi veiðiferð. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Með þessu er álagning gjaldsins gerð einfaldari og hægt að framkvæma hana með skjótari hætti en annars. Loks er ákvæði sem heimilar ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd strandveiða.

Um 2. gr.

Í greininni segir að aflaheimildir sem ætlaðar eru til strandveiða skulu dregnar frá leyfilegum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Fyrirkomulag þetta er nauðsynlegt til þess að tryggt sé að þær veiðiheimildir sem ráðstafað er til strandveiðanna séu dregnar frá þeim heildarafla sem ákveðinn er fyrir þær tegundir sem um ræðir á hverju fiskveiðiári.

Um 3. gr.

Í greininni er sett sérstök regla um strandveiðar þar sem tímabil veiðanna er lögbundið fjóra mánuði á ári. Þannig er gjaldinu einungis ætlað að taka til þess afla sem veiddur er á strandveiðum.

Um 4. gr.

Þar sem strandveiðar standa yfir einungis hluta ársins er, samkvæmt þessari grein, gert ráð fyrir að einungis verði um að ræða einn gjalddaga við innheimtu veiðigjalds í stað þriggja eins og almennt á við.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild til strandveiða verði lögfest og fyrirkomulag veiðanna verði í meginatriðum það sama og komið var á með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/2009. Með strandveiðum yfir sumarmánuðina er opnað fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni. Með veiðunum er þannig opnað á takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki eru handhafar aflamarks eða krókaflamarks eða þeirra sem uppfylla sett skilyrði. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda. Gert er ráð fyrir að strandveiðar muni einkum takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna eða allt að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski. Er landinu skipti í fjögur landsvæði og gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skiptingu landsvæða og þær aflaheimildir sem heimilt er að veiða á hverju landsvæði í hverjum mánuði. Strandveiðar verða háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og mun stofnunin jafnframt hafa eftirlit með því að reglum um veiðarnar verði framfylgt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að kostnaður Fiskistofu vegna aukins eftirlits með strandveiðum verði greiddur af leyfisgjaldi til strandveiða sem er kr. 17.500,- skv. lögum nr. 33/2000. Miðað við reynslu af strandveiðum sumarið 2009 má gera ráð fyrir að allt að 500 aðilar taki þátt og greiði tæpar 9 m.kr. í leyfisgjald. Auk þessa má gera ráð fyrir einhverju auknu álagi við starfrækslu stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar eins og á síðasta ári, sem ætti þó ekki að vera umfram það sem rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar. Er því ekki gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

668. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við útgáfu leyfis til strandveiða skal, auk greiðslu fyrir leyfi skv. 1. mgr., greiða 50.000 kr. í strandveiðigjald. Fiskistofa innheimtir gjaldið. Tekjum af strandveiðigjaldi skal ráðstafa til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Eftir lok

veiðitímabils skal Fiskistofa á grundvelli aflaupplýsingakerfis Fiskistofu greiða hverri höfn sinn hlut í hlutfalli viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn er við strandveiðar á því tímabili, reiknað í þorskígildum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggur nú fram frumvarp til breytinga á lögum um veiðieftirlitsgjald þar sem fyrirhuguð er sérstök gjaldtaka vegna strandveiða. Þegar hefur verið lagt fram frumvarp til breytinga á lögum 116/2006, um stjórn fiskveiða, þar sem gert er ráð fyrir að heimild til svokallaðra strandveiða verði lögfest. Þar er gert ráð fyrir að fyrirkomulag veiðanna verði í meginatriðum það sama og það fyrirkomulag sem komið var á með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/2009, þar sem fiskiskipum sem leyfi hafa til strandveiða er heimilað á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst að veiða 650 kg af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð, að undanskildum föstudögum og laugardögum. Afli þessi reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks fiskiskipa. Strandveiðar takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna eða allt að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski sem ráðherra skiptir á fjögur veiðisvæði umhverfis landið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að auk gjalds vegna almenns leyfis til strandveiða greiði útgerðir fiskiskipa, sem leyfi fá til strandveiða, sérstakt gjald að fjárhæð 50.000 kr. Verði fjöldi leyfa til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári svipaður og á því síðasta, eða á bilinu 400–600 leyfi, má gera ráð fyrir að tekjur af strandveiðigjaldinu nemi um 20–30 millj. kr. Gert er ráð fyrir að tekjum þessum verði ráðstafað til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Fiskistofa innheimtir gjaldið og skal hún á grundvelli aflaupplýsinga greiða höfnum þeirra hlut. Hlutfall hverrar hafnar skal vera það sama og hlutfall hafnarinnar er í heildarafla sem fenginn var við strandveiðar og landað var hjá viðkomandi höfn á tímabilinu og skal aflinn reiknaður í þorskígildum. Samkvæmt skráningu Fiskistofu voru 595 leyfi til strandveiða gefin út á síðasta fiskveiðiári. Afla sem fenginn var við strandveiðar var landað á 55 höfnum. Á þeim tíma sem strandveiðar eru stundaðar þurfa starfsmenn hafnanna, sérstaklega smærri hafna, að vera viðbúnir þeirri auknu umsýslu sem fylgir strandveiðum og þykir því rétt að koma til móts við hafnir hvað þetta varðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að aðilar sem fá úthlutað leyfi til strandveiða greiði sérstakt strandveiðigjald að fjárhæð kr. 50.000 sem komi til viðbótar almennu gjaldi fyrir leyfi til strandveiða. Samkvæmt lögum skal nú greiða kr. 17.500 fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni sem ætlað er til eftirlits með veiðum. Gert er ráð fyrir því að sérstakt strandveiðigjald renni til hafna landsins í hlutfalli við landaðan afla í hverri höfn samkvæmt aflaskýrslum Fiskistofu í lok veiðitímabils. Tilfærslur þessar kæmu þannig fram sem sérstakur styrkur til viðkomandi hafna sem sveitarfélögin reka og til viðbótar tekjum sem þær hafa í samræmi við gjaldskrár samkvæmt ákvæðum hafnarlaga. Miðað við reynslu af sambærilegum veiðum á síðasta ári má gera ráð fyrir að 400 til 600 aðilar fái leyfi til strandveiða árlega og tekjur vegna sérstaks strandveiðigjalds gætu því orðið á bilinu 20-30 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu tilfærsluframlög til hafna færast á gjaldahlið ríkissjóðs og auka útgjöld um allt að 30 m.kr. Á móti færast jafnháar tekjur af gjaldinu á strandveiðar á tekjuhlið og verður afkoma ríkissjóðs þannig óbreytt eftir sem áður.

669. Fyrirspurn [372. mál]

til heilbrigðisráðherra um niðurskurð í Norðvesturkjördæmi.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hversu mikið er sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum í Norðvesturkjördæmi gert að skera niður á árinu 2010, skipt eftir stofnunum?
2. Til hvaða aðgerða hafa stofnanirnar, hver fyrir sig, nú þegar gripið?
3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar hjá þessum stofnunum, hverri fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

670. Fyrirspurn [373. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisstofnanir á Blönduósi og Sauðárkróki.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Er áætlað að kostnaður þeirra sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnananna á Blönduósi og Sauðárkróki aukist vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

671. Svar [339. mál]

umhverfisáðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um staðfestingu ráðuneytis á aðalskipulagi sveitarfélaga.

1. *Aðalskipulag og breytingar á aðalskipulagi hvaða sveitarfélaga bíða staðfestingar ráðherra? Óskað er eftir lista yfir viðkomandi sveitarfélög ásamt upplýsingum um hve lengi þau hafa beðið staðfestingar, þ.e. hvenær viðkomandi skipulag var samþykkt í sveitarstjórn og hvenær Skipulagsstofnun sendi það til staðfestingar. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir staðfestingar ráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga frá 21. desember 2004 til 21. desember 2009, þ.e. lista yfir sveitarfélög og þann tíma sem það tók ráðuneytið að fara yfir málin áður en ráðherra staðfesti aðalskipulagið.*

Eftirfarandi er listi yfir aðalskipulög og breytingar á aðalskipulögum sveitarfélaga sem biðu staðfestingar umhverfisráðherra 22. desember 2009:

Málsheiti	Samþykkt í sveitarstjórn	Sent frá Skipulagsstofnun til ráðuneytis
Breyting á aðalskipulagi Gundarfjarðar 2003-2015, dreifibýlið	12.11.2009	18.12.2009
Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, suðvesturlínur og tengivirki á Sandskeiði, Mosfellsbæ	9.9.2009	16.11.2009
Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 vegna flutningskerfis raforku á Suðvesturlandi, suðvesturlínur	27.8.2009	22.10.2009
Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020	20.8.2009	15.10.2009
Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, suðvesturlínur, Kópavogsbæ	8.9.2009	28.9.2009
Breyting á aðalskipulagi Holta - og Landsveitar 2002-2014, breytt vegstæði yfir Þjórsá í landi Vindáss og Minni-Valla, Rangárþing ytra	2.7.2009	11.9.2009
Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, tengivegur frá Þjórsárdalsvegi að Landvegi	5.5.2009	30.7.2009
Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018, fyrrum Villingaholtshreppi *	19.3.2008	4.3.2009
Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, virkjanir í Þjórsá *	23.6.2008	28.11.2008

* Aðalskipulag Flóahrepps og breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps var afgreitt með ákvörðun umhverfisráðherra 29. janúar 2010.

Eftirfarandi er listi yfir staðfestingar umhverfisráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga frá 21. desember 2004 til 21. desember 2009:

Málsheiti	Sent frá Skipulagsstofnun til ráðuneytis	Auglýst í Stjórnartíðindum	Daga-fjöldi*
Aðalskipulag Fljótdalshérað 2008-2028	27.11.2009	21.12.2009	24
Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-220	18.8.2009	24.8.2009	6
Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027	17.7.2009	24.8.2009	37
Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016	24.6.2009	24.8.2009	60
Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018	18.6.2009	24.8.2009	66
Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026	5.1.2009	2.2.2009	27
Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026	9.10.2008	21.10.2008	12
Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020	14.8.2008	5.9.2008	21
Aðalskipulag Eyjafjarðar 2005-2025	7.9.2007	22.11.2007	75
Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017	19.6.2007	12.9.2007	83
Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025	29.3.2007	18.5.2007	49
Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018	7.12.2006	15.12.2006	8
Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018	15.11.2006	15.12.2006	30
Aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025	14.11.2006	1.12.2006	17
Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018	10.11.2006	15.12.2006	35
Aðalskipulag Leirár- og Melahrepps 2002 - 2014	26.6.2006	15.8.2007	409
Aðalskipulag Hvítársíðuhrepps 2003-2015	29.5.2006	28.9.2006	119
Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016	23.5.2006	12.7.2006	49
Aðalskipulag Álftaness 2005-2024	26.4.2006	19.5.2006	23
Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2005 - 2017	19.4.2006	23.5.2006	34
Aðalskipulag Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002 - 2014	12.4.2006	18.5.2006	36
Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014	4.4.2006	15.8.2007	491
Aðalskipulag Innri-Akraneshrepps 2002-2014	4.4.2006	18.5.2006	44
Aðalskipulag Akraness 2005-2017	30.3.2006	26.4.2006	26
Aðalskipulag Seltjarnarness 2006 - 2024	22.3.2006	16.5.2006	54
Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016	2.3.2006	6.4.2006	34
Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015	24.2.2006	28.3.2006	34
Aðalskipulag Árborgar 2005-2025	24.2.2006	23.3.2006	29
Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024	23.2.2006	23.3.2006	30
Aðalskipulag Bláskógabyggðar Þingvallasveit 2004-2016	27.10.2005	17.5.2006	200
Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015	26.10.2005	20.12.2005	54
Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003 - 2015	5.9.2005	20.10.2005	45
Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016	12.7.2005	16.9.2005	64
Aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015	1.7.2005	16.9.2005	75
Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014	22.2.2005	4.3.2005	12

* Dagafjöldi er reiknaður í excel sem gerir ráð fyrir 360 dögum í ári eða 12 30 daga mánuðum.

2. *Hvað telur ráðherra eðlilegan tíma til að fara yfir aðalskipulag eða breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga áður en ráðherra staðfestir það?*

Í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, eru ekki tilgreindir tímafrestir varðandi afgreiðslu ráðherra á aðalskipulagi eða breytingu á því og er þannig ekki um að ræða lögbundna afgreiðslufresti ráðherra í þessu sambandi. Ef ekki eru vísbendingar um einhverja ágalla eða annmarka á viðkomandi skipulagstillögu hefur jafnan verið miðað við að afgreiða

erindi þessi í ráðuneytinu eigi síðar innan fjögurra til sex vikna frá því að tillaga berst. Ef hins vegar fram koma athugasemdir í umsögn Skipulagsstofnunar varðandi tillöguna eða málsmeðferð hjá sveitarstjórn getur vissulega þurft að kanna málið nánar og fer það þá eftir atvikum og eðli máls hversu langan tíma það tekur. Í þessu sambandi þykir rétt að halda því til haga að aðalskipulag telst til stjórnvaldsfyrirmæla og fellur því ekki innan gildissviðs stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Það er því atvikabundið hvaða tímamörk geta talist eðlileg fyrir ráðherra að afgreiða aðalskipulag, sbr. og 19. gr. skipulags- og byggingarlaga í þessu sambandi, þótt reynt sé að hraða hverju máli eins og kostur er og innan þeirra tímamarka sem áður er getið.

3. *Hver er lögformlegur stjórnsýslufrestur sem ráðherra hefur til að staðfesta aðalskipulag sveitarfélags og breytingar á því?*

Líkt og vísað er til í svari við 2. tölul. hér að framan eru tímafrestir fyrir afgreiðslu ráðherra vegna aðalskipulags eða breytinga á því ekki tilgreindir í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Aðalskipulag er einnig utan stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem áður segir og því á t.d. 9. gr. þeirra laga um málshraða ekki við sem slík. Hins vegar er það svo að vegna óskráðra meginreglna stjórnsýsluréttar er leitast við að afgreiða skipulagstillögur eins fljótt og unnt er í ráðuneytinu. Eins og áður greinir hefur verið sett sú viðmiðun í ráðuneytinu að afgreiða mál þessi eigi síðar en innan fjögurra til sex vikna frá því að þau berast ráðuneytinu. Í umfangsmiklum eða flóknum málum getur þó tekið lengri tíma að afgreiða úrlausnarefnið, svo sem ef einstakir þættir þeim tengdir falla innan valdsviðs annarra ráðuneyta, en þá getur ráðuneytið þurft að bíða þess að afstaða eða úrlausn viðkomandi fagráðuneytis liggi fyrir.

672. Svar [252. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Tryggva Þórs Herbertssonar um laun og eignir skattgreiðenda og fjölda þeirra.

1. *Hversu margir bætast í hóp skattgreiðenda samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar, sem hefur verið kynnt, um að afnema tengingu persónuafsláttar við neysluverðsvísitölu (sem hefði leitt til 6.600 kr. hækkunar frádráttarins um næstu áramót) og í stað þess að hækka persónuafsláttinn um 2.000 kr. sem leiðir til fjölgunar skattgreiðenda í lægsta tekjuhópnum?*

Svar við þessari fyrirspurn er byggt á forsendum fjármálaráðuneytisins um tekjuþróun milli ára sem fjárlög byggjast á. Borin hefur verið saman niðurstaða á útreikningum tekjuskatts og útsvars þegar beitt er þeim reglum sem nú hafa verið samþykktar sem lög og ef fyrri ákvæði um breytingu persónuafsláttar milli ára (breyting samkvæmt hækkun neysluverðsvísitölu auk 2.000 kr. hækkunar á mánuði). Skattgreiðendum fjölgar ekki frá því sem áður var með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum. Með breytingunum hækka skattleysismörk úr um 113.500 kr. í um 118.800 kr. Þar af leiðir að skattgreiðendum mun að óbreyttum launum fækka nokkuð. Á móti kemur fjölgun vegna þeirra sem áður voru undir skattleysismörkum en hækka um a.m.k. 4,7% í launum. Án þeirra lagabreytinga sem gerðar voru og að því gefnu að skatthlutfallið hefði verið látið vera óbreytt hefði gjaldendum tekjuskatts

einungis fækkað. Með þeim breytingum sem gerðar voru er dregið úr þeirri fækkun sem nemur um 6 þúsund manns, eða sem svarar til 2,3% gjaldenda.

2. *Hversu margir skattgreiðendur er áætlað að verði á næsta ári með mánaðartekjur:*
   a. *119.000–200.000 kr.,*
   b. *200.000–650.000 kr.,*
   c. *650.000–1.000.000 kr.,*
   d. *1.000.000 og meira?*

Miðað er við sömu forsendur og í svari við 1. lið. Einungis er reiknað með tekjum sem teljast til tekjuskattsstofns. Hjón og samskattaðir teljast sem einn skattgreiðandi. Niðurstaðan er eftirfarandi:

a. 63.300
b. 141.900
c. 9.400
d. 3.400

Þess má geta að 94.800 aðilar eru fyrir neðan neðstu mörk tekna í þessari flokkun.

3. *Hversu mikla skatta og útsvar er áætlað að þessir tekjuhópar greiði á næsta ári?*

Í töflunni hér fyrir neðan er áætlað hversu mikið útsvar og tekjuskatt hver af ofangreindum hópum muni greiða. Ekki er reiknað með skatttekjum af séreignasparnaði eða áhrifum af breytingum á heimiluðum arðgreiðslum einkahlutafélaga í þessari áætlun.

Millj. kr.	Útsvar	Tekjuskattur
a.	9.456,1	85,9
b.	72.871,3	63.363,1
c.	11.020,2	16.927,8
d.	6.798,6	13.078,2

4. *Hversu margir skattgreiðendur, einstaklingar og hjón, eiga hreinar eignir sem nema 90 millj. kr. og meira og hvernig skiptast þeir í eftirfarandi aldurshópa:*
   a. *25–50 ára,*
   b. 50–67 ára,
   c. 67 ára og eldri?

Í töflu hér fyrir neðan er sýnd áætlun fjármálaráðuneytisins á því hversu mörg hjón annars vegar og einstaklingar hins vegar er álitið að eigi eignir umfram þau mörk hreinnar eignar sem nýsamþykkt lagaákvæði um auðlegðargjald segja til um. Mörkin eru 90 millj. kr. hrein eign einstaklings og 120 millj. kr. hrein eign hjóna.

	Hjón		Einstaklingar	
Aldursflokkar	Fjöldi	Hlutfall af flokki	Fjöldi	Hlutfall af flokki
25–50 ára	344	0,9%	73	0,1%
51–66	706	3,6%	191	1,1%
67+	360	4,0%	232	1,5%

673. Svar [304. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um sjómannaafslátt og sveitarfélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarupphæð sjómannaafsláttar árið 2008, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*
2. *Hver var sjómannaafsláttur í einstökum sveitarfélögum sem hlutfall af sjómannaafslætti í heild?*
3. *Hver er íbúafjöldi einstakra sveitarfélaga sem hlutfall af íbúafjölda landsins?*

Svar við fyrirspurninni er að finna í eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. 2009	Sjómanna-afsláttur 2008	Hlutfall af íbúafjölda	Hlutfall af sjómanna-afslætti
Reykjavík	118.427	131.450.205	37,29%	11,90%
Kópavogur	30.314	37.333.854	9,54%	3,38%
Seltjarnarnes	4.406	4.300.080	1,39%	0,39%
Garðabær	10.587	7.168.548	3,33%	0,65%
Hafnarfjörður	25.872	49.079.682	8,15%	4,44%
Sveitarfélagið Álftanes	2.524	5.940.578	0,79%	0,54%
Mosfellsbær	8.527	8.622.010	2,68%	0,78%
Kjósarhreppur	195	5.687	0,06%	0,00%
Reykjanesbær	14.081	43.825.051	4,43%	3,97%
Grindavíkurbær	2.841	45.084.462	0,89%	4,08%
Sandgerði	1.711	17.181.272	0,54%	1,56%
Sveitarfélagið Garður	1.520	7.788.214	0,48%	0,71%
Sveitarfélagið Vogar	1.195	2.729.502	0,38%	0,25%
Akranes	6.555	34.302.752	2,06%	3,11%
Skorradalshreppur	61	0	0,02%	0,00%
Hvalfjarðarsveit	626	652.878	0,20%	0,06%
Borgarbyggð	3.543	3.024.836	1,12%	0,27%
Grundarfjarðarbær	910	22.559.688	0,29%	2,04%
Helgafellssveit	64	320.758	0,02%	0,03%
Stykkishólmur	1.090	17.152.076	0,34%	1,55%
Eyja- og Miklaholtshreppur	139	146.832	0,04%	0,01%
Snæfellsbær	1.701	64.918.679	0,54%	5,88%
Dalabyggð	696	663.366	0,22%	0,06%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. 2009	Sjómanna-afsláttur 2008	Hlutfall af íbúafjölda	Hlutfall af sjómanna-afslætti
Bolungarvík	968	20.884.433	0,30%	1,89%
Ísafjarðarbær	3.897	52.170.996	1,23%	4,72%
Reykhólahreppur	292	1.517.309	0,09%	0,14%
Tálknafjarðarhreppur	297	9.695.282	0,09%	0,88%
Vesturbyggð	938	15.597.598	0,30%	1,41%
Súðavíkurhreppur	205	3.120.180	0,06%	0,28%
Árneshreppur	50	5.244	0,02%	0,00%
Kaldrananeshreppur	114	5.143.641	0,04%	0,47%
Bæjarhreppur	96	190.532	0,03%	0,02%
Strandabyggð	506	3.610.494	0,16%	0,33%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.137	23.530.702	1,30%	2,13%
Húnaþing vestra	1.122	1.678.954	0,35%	0,15%
Blönduóssbær	879	2.254.046	0,28%	0,20%
Sveitarfélagið Skagaströnd	519	16.169.000	0,16%	1,46%
Skagabyggð	106	889.732	0,03%	0,08%
Húnavatnshreppur	433	407.284	0,14%	0,04%
Akrahreppur	208	0	0,07%	0,00%
Akureyri	17.563	86.207.689	5,53%	7,80%
Norðurþing	2.929	28.765.514	0,92%	2,60%
Fjallabyggð	2.082	36.966.044	0,66%	3,35%
Dalvíkurbyggð	1.951	24.096.218	0,61%	2,18%
Grímseyjarhreppur*	.	5.204.670	0,00%	0,47%
Arnarneshreppur	177	265.696	0,06%	0,02%
Eyjafjarðarsveit	1.030	697.452	0,32%	0,06%
Hörgárbyggð	429	1.433.360	0,14%	0,13%
Svalbarðastrandahreppur	414	1.845.014	0,13%	0,17%
Grýtubakkahreppur	337	5.668.764	0,11%	0,51%
Skútustaðahreppur	374	62.928	0,12%	0,01%
Tjörneshreppur	56	111.872	0,02%	0,01%
Þingeyjarsveit	941	914.204	0,30%	0,08%
Svalbarðshreppur	107	430.008	0,03%	0,04%
Langanesbyggð	519	10.249.398	0,16%	0,93%
Seyðisfjörður	706	8.296.905	0,22%	0,75%
Fjarðabyggð	4.637	41.093.336	1,46%	3,72%
Vopnafjarðarhreppur	682	5.445.894	0,21%	0,49%
Fljótsdalshreppur	89	0	0,03%	0,00%
Borgarfjarðarhreppur	135	3.463.157	0,04%	0,31%
Breiðdalshreppur	209	930.142	0,07%	0,08%
Djúpavogshreppur	439	7.890.072	0,14%	0,71%
Fljótsdalshérað	3.465	3.779.176	1,09%	0,34%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.089	32.303.063	0,66%	2,92%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. 2009	Sjómanna-afsláttur 2008	Hlutfall af íbúafjölda	Hlutfall af sjómanna-afslætti
Vestmannaeyjar	4.129	94.011.230	1,30%	8,51%
Sveitarfélagið Árborg	7.810	17.687.138	2,46%	1,60%
Mýrdalshreppur	511	287.546	0,16%	0,03%
Skaftárhreppur	450	8.740	0,14%	0,00%
Ásahreppur	190	236.854	0,06%	0,02%
Rangárþing eystra	1.744	1.421.998	0,55%	0,13%
Rangárþing ytra	1.545	920.322	0,49%	0,08%
Hrunamannahreppur	789	443.992	0,25%	0,04%
Hveragerði	2.302	3.678.333	0,72%	0,33%
Sveitarfélagið Ölfus	1.945	17.023.834	0,61%	1,54%
Grímsnes- og Grafningshreppur	415	72.542	0,13%	0,01%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	519	524.400	0,16%	0,05%
Bláskógabyggð	937	319.010	0,30%	0,03%
Flóahreppur	595	783.978	0,19%	0,07%
Samtals	317.593	1.104.656.930	100,00%	100,00%

* Úthlutað var sjómannaafslætti í skrám ríkisskattstjóra þar sem lögheimili er skráð í Grímseyjarhreppi sem hafði verið sameinaður Akureyrarkaupstað árið 2008.

674. Frumvarp til laga [374. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2010 vera þannig að framlög ríkisins til þjóðkirkjunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar munu lækka um 160 millj. kr. Með sama hætti skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs skerðast um 9 millj. kr. á árinu 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í aðgerðaáætlun hennar í ríkisfjármálum 2009–2013 er annars vegar stefnt að aukningu tekna og hins vegar að því að draga verulega úr útgjöldum. Í því sambandi var ákveðið að hagræðingarkrafa á hendur þjóðkirkjunni skyldi vera 10% á árinu 2010. Framlag til þjóðkirkjunnar af fjárlögum byggist einkum á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, sem byggjast á samkomulagi frá 10.

janúar 1997 milli dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og biskups Íslands um kirkjujarðir og kirkjueignir og laun til ákveðins fjölda presta og starfsmanna hjá þjóðkirkjunni, þar sem nánar er kveðið á um fjármálaleg samskipti ríkis og kirkju.

Ljóst er að framlagi ríkisins til þjóðkirkjunnar verður ekki breytt nema með breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Einnig var talið nauðsynlegt að ríkið og þjóðkirkjan gerðu viðaukasamning við fyrrgreint samkomulag frá 10. janúar 1997 um skerðinguna á fjárframlagi ríkisins samkvæmt samkomulaginu. Var gengið frá samningi hinn 10. nóvember 2009 um tímabundna skerðingu á fjárframlögum ríkisins samkvæmt samkomulaginu frá 10. janúar 1997 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Viðaukasamningurinn var lagður fyrir kirkjuþing sem samþykkti hann fyrir sitt leyti. Í samningnum felst að að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem nema 37 millj. kr., er um 160 millj. kr. hagræðingarkröfu til þjóðkirkjunnar að ræða á árinu 2010. Þá er einnig gerð hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði um 9 millj. kr. umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hafa tekið. Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 60. gr. laganna, þar sem kveðið er á um launagreiðslur starfsmanna þjóðkirkjunnar, skuli skuldbinding ríkisins lækka um 160 millj. kr. á árinu 2010 og með sama hætti skuli framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs skerðast um 9 millj. kr. árinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlag ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar verði lækkað um 160 m.kr. á árinu 2010 frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum og jafnframt að framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs verði lækkað samsvarandi um 9 m.kr.

Framlag til þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs á fjárlögum hvers árs byggist á sérstöku reiknilíkani með forsendum fyrir fjölda presta og prófasta og rekstri Biskupsstofu, ásamt spá um þróun launa og verðlags á hverjum tíma. Skilgreiningin á líkaninu byggist á samkomulagi á milli kirkjunnar og ríkisins frá 10. janúar 1997 sem staðfest hefur verið í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í framhaldi af hruni bankakerfisins hefur ríkissjóður orðið að draga úr kostnaði á öllum sviðum til að mæta eins og kostur er lækkuðum tekjum og aukinni skuldsetningu þjóðarbúsins. Við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2010 var sett markmið um hagræðingu í rekstri þjóðkirkjunnar eins og gagnvart öðrum aðilum sem fá fé úr ríkissjóði til sinnar starfsemi. Vegna þeirrar sérstöðu sem þjóðkirkjan býr við að um forsendur framlagsins gilda sérstök lög er nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum samhliða lækkun á fjárveitingu til hennar í fjárlögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu framlög til þjóðkirkjunnar annars vegar og Kristnisjóðs hins vegar verða í samræmi við fjárlög ársins 2010.

675. Svar [208. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um Danice-verkefnið.

1. *Hver er staðan á Danice-verkefninu?*

Lagningu DANICE-sæstrengsins er lokið og hófu viðskiptavinir að nota strenginn í september sl. Notendur í dag eru:

a. Íslensk síma- og fjarskiptafélög sem nota strenginn ásamt FARICE-strengnum.
b. Erlent félag (Nordunet A/S í Danmörku) sem tengir íslenska háskóla- og rannsóknasamfélagið við hliðstæð samfélög á Norðurlöndum og víðar um báða sæstrengina, DANICE og FARICE.

2. *Hverjar eru forsendur þess að verkefnið gangi upp fjárhagslega?*

Tvær meginástæður eru fyrir því að ráðist var í DANICE-verkefnið:

a. Til þess að tryggja öryggi landsins í samböndum til útlanda var talið mikilvægt að leggja annan sæstreng sem hefði sambærilega flutningsgetu og Farice strengurinn og í raun alltaf á áætlun, allt frá árinu 2004. Flutningsgeta CANTAT-3 sæstrengsins, sem þjónað hafði sem varaleið fyrir FARICE-sæstrenginn, var löngu orðin allt of lítil, og voru líkur á því að rekstri þess sæstrengs yrði hætt.
b. Þegar umræðan um gagnaver á Íslandi hófst fyrir alvöru fyrir 3–4 árum var ljóst að ein forsenda þess að áform um gagnaver yrðu að veruleika var að a.m.k. tveir sambærilegir sæstrengir lægju milli Íslands og Evrópu.

Áætlað er að fjarskiptaumferð vegna gagnavera hefjist um báða sæstrengi fyrri hluta ársins 2010. Tekjur af þessari umferð, auk tekna frá síma- og fjarskiptafélögum, þurfa að standa undir rekstri beggja sæstrengjanna, auk fjármagnskostnaðar. Frekari tafir á umferð gagnavera en þegar hafa orðið hafa neikvæð áhrif á afkomu E-Farice ehf og Farice hf.

3. *Hversu mikið þarf umferð um sæstrengi að aukast til að fjárfestingin borgi sig?*

Við lagningu sæstrengja verður að ákveða í upphafi hver hönnunarstærð sæstrengs skyldi vera. Í tilfelli DANICE er hönnunarstærðin 5120 Gbit/s en einungis settur upp endabúnaður fyrir 100 Gbit/s flutning í upphafi. Fjárfest verður í stækkunum endabúnaðar umfram 100 Gbit/s í takt við þarfir hverju sinni. Í viðskiptaáætlunum fyrir DANICE (og FARICE) er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu rekstrar innan 3–5 ára, háð umferð gagnavera og annarra.

4. *Hver er ávöxtunarkrafan við þessa fjárfestingu?*

Sæstrengir sem slíkir eru langtímafjárfesting, langmestur hluti fjárfestingarinnar verður til í upphafi, en líftími er 20–25 ár. Hvað Ísland varðar má skilgreina sæstrengi sem eins konar „þjóðvegi“, þ.e. meginleiðir þjóðfélagsins til þess að eiga samskipti við aðrar þjóðir. Rök hluthafanna til þess að taka þátt í uppbyggingu og rekstri sæstrengskerfa eru því mismunandi, t.d. hlýtur þáttur hins opinbera að vega þungt, því hér er um að ræða eins konar grunnkerfi sem verður að vera til staðar. Ávöxtunarkrafan er því frekar lág.

5. *Hvaða afleiðingar gætu tafir á lagningu strengsins haft á uppbyggingu gagnavera?*

Nokkurs misskilnings gætir um stöðu DANICE-sæstrengsins. Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. er lagningu strengsins nú lokið og hann kominn í rekstur. Áætlað var að tekjur yrðu allnokkrar af starfsemi gagnavera þegar á árinu 2009 en ljóst er að þær tekjur frestast

nokkuð. Í dag eru þrír sæstrengir til reiðu, þ.e. FARICE og DANICE til Evrópu og GREENLAND CONNECT, sem er í eigu Tele Greenland, en sá strengur liggur um Grænland til Kanada. Íslendingar hafa því í dag alla burði til að mæta kröfum gagnavera um áreiðanleika og flutningsgetu fjarskiptaleiða til og frá landinu. Íslensk fyrirtæki og almenningur njóta þess nú þegar í auknu öryggi í samskiptum við útlönd.

676. Frumvarp til laga [375. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, með tveimur nýjum greinum, 16. og 17. gr., svohljóðandi:

a. (16. gr.)

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar í kjölfar samráðs á ráðherrafundi.

Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

b. (17. gr.)

Forsætisráðherra skipar til þriggja ára í senn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fulltrúi fjármálaráðherra, tveir fulltrúar samtaka ríkisstarfsmanna og tveir aðrir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Forsætisráðuneytið sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu.

Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru:

a. að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita fjármálaráðuneytinu, sem fer með starfsmannamál ríkisins, og öðrum stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu,
b. að veita umsögn um drög að siðareglum á grundvelli laga þessara og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,
c. að beita sér fyrir upplýsingaöflun og fræðirannsóknum á málefnasviði nefndarinnar,
d. að stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við ábendingum eftirlitsembætta Alþingis og öðrum tiltækum upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu,

e. að taka þátt í samstarfi við félagasamtök, stofnanir og embætti hér á landi og erlendis sem vinna gegn spillingu í opinbera geiranum,
f. að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram ef ástæða þykir til tillögur til fjármálaráðuneytis og annarra stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi.

Til þess að tryggja samræmi við störf umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar skal samhæfingarnefndin hafa reglulegt samráð við þau embætti.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, vandaða stjórnsýsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Fyrri málsliður b-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Hann getur látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn vönduðum stjórnsýsluháttum eða siðareglum settum á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að láta starfsmann gjalda þess að hann greini viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hefur orðið áskynja um í starfi.

5. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá ber honum að taka mið af gildandi siðareglum sem eiga við um starf hans.

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra staðfestir almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins. Kjósi forstöðumenn stofnana, annarra en ráðuneyta, að útfæra þær nánar með sértækari hætti skal haft um það samráð við viðkomandi starfsmenn og félög þeirra. Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

7. gr.

Á eftir orðunum „ósamrýmanlegar starfinu“ í 21. gr. laganna kemur: m.a. vegna brots á siðareglum sem um það gilda.

8. gr.

Á eftir orðunum „að öðru leyti“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: m.a. vegna brots á siðareglum sem um það gilda.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

9. gr.

Á eftir orðunum „önnur landslög“ í 2. gr. laganna kemur: brotið gegn siðareglum sem um embættið gilda.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Undirbúningur frumvarps.

Í stefnuyfirlýsingu fyrsta ráðuneytis Jóhönnu Sigurðardóttur sem tók við stjórnartaumunum í byrjun febrúar 2009 segir að settar verði siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar og stjórnsýslu ríkisins. Áður höfðu hliðstæð áform komið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar þar sem sagði: „Verkaskipting ráðuneyta verði endurskipulögð og ráðherrum, alþingismönnum og stjórnsýslu ríkisins settar siðareglur.“ Hvað ráðherra snertir þá var samþykkt í ríkisstjórn 17. mars 2009 að ráðherrar skyldu gera almenningi grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum sem þeir gegna í samræmi við reglur forsætisnefndar Alþingis.

Settur var á fót starfshópur í mars 2009 til að undirbúa siðareglur fyrir ráðherra og stjórnsýslu ríkisins. Í honum áttu sæti Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri forsætisráðuneytinu, formaður, Jón Ólafsson, prófessor í heimspeki við Háskólann á Bifröst, og Halldóra Friðjónsdóttir, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Starfshópurinn hafði samráð við samtök starfsmanna Stjórnarráðsins, skrifstofustjóra lagaskrifstofa ráðuneytanna, umboðsmann Alþingis og Vilhjálm Árnason, formann siðahóps rannsóknarnefndar Alþingis. Starfshópurinn skilaði af sér 15. september 2009 og voru tillögur hans þá sendar öllum ráðuneytum til umsagnar. Tekið var tillit til umsagnanna og tillögurnar kynntar á heimasíðu forsætisráðuneytisins 9. október 2009. Frestur var gefinn til 9. nóvember til að senda inn athugasemdir. Þá ákvað ríkisstjórnin að við setningu siðareglna yrði tekið mið af niðurstöðum Þjóðfundarins sem haldinn var í Reykjavík 14. nóvember 2009.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er byggt á tillögu starfshópsins um að lögfesta umgjörð um siðareglur og tryggja samhæfingu milli ólíkra aðila innan stjórnkerfisins sem vinna að því að bæta vinnubrögð hjá starfsmönnum ríkisins. Skýrsla starfshópsins þar sem koma fram drög að siðareglum fyrir ráðherra og starfsfólk Stjórnarráðsins fylgir frumvarpinu til kynningar. Í skýrslunni er jafnframt að finna tillögu um góðar siðvenjur í stjórnsýslu sem gætu orðið grunnur að þeim almennu siðareglum fyrir ríkið og stofnanir þess sem fjármálaráðherra gefur út. Rétt er að geta þess að tillögum starfshópsins er ekki fylgt í einu og öllu. Þannig gerir frumvarpið ekki ráð fyrir siðanefnd forsætisráðherra heldur samhæfingarnefnd sem hefur annað hlutverk. Þess í stað er umboðsmanni Alþingis falið það eftirlitshlutverk sem siðanefndin átti að gegna. Þá er fjármálaráðherra falið það fræðsluhlutverk samkvæmt frumvarpinu sem starfshópurinn lagði til að forsætisráðherra hefði með höndum.

2. Samráð.

Starfshópur forsætisráðherra um siðareglur skilaði af sér fyrstu tillögum 15. september sl. eins og áður segir. Í framhaldi af því voru tillögur hópsins sendar öllum ráðuneytum til umsagnar. Athugasemdir ráðuneytanna beindust einkum að beitingu reglnanna en í tillögum starfshópsins var gert ráð fyrir úrskurðarnefnd og sérstökum ráðgjöfum innan hvers ráðuneytis sem áttu að hafa það hlutverk að gefa ráð um álitamál. Einnig var bent á að störf úrskurðarnefndarinnar gætu skarast við störf sérfræðinganefndar sem kveðið er á um í 27. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem væri óheppilegt. Nokkrar ábendinganna lutu að ákvæði um að starfsmönnum beri að upplýsa ráðuneytisstjóra um fjárhag sinn séu starfsskyldur þess eðlis að til hagsmunaárekstra geti komið. Þá bárust gagnlegar ábendingar varðandi orðalag og orðanotkun. Sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnréttismálum vakti sérstaka athygli á aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali en í lið 22 í áætluninni segir að stjórnvöld eigi að tryggja að kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers konar kynlífsþjónustu verði ekki liðin.

Tekið var tillit til ábendinganna og endurbættar tillögur birtar á heimasíðu forsætisráðuneytisins 9. október 2009. Almenningi gafst kostur á að senda inn athugasemdir og var gefinn frestur til 9. nóvember sl. 14 einstaklingar nýttu sér þann möguleika. Nokkrir fögnuðu því framtaki að setja ætti siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn stjórnsýslunnar þótt einnig væru þeir til sem töldu að um sýndarmennsku og tímasóun væri að ræða. Ábendingar komu meðal annars fram um að drögin að siðareglum væru í sumum tilfellum of almenn eins og til dæmis varðandi það hvað fælist í „persónulegum tengslum“ og „hagsmunaárekstrum“; lagt var til að banna ætti ráðherrum og embættismönnum að segja ósatt, hagræða sannleikanum og hygla vinum, ættingjum og kunningjum; athugasemdir voru gerðar við að tekið skyldi sérstaklega fram að kaup á kynlífsþjónustu væru brot á siðareglum því þar væri væntanlega um lögbrot að ræða; banna ætti ráðherrum að halda dýrar veislur fyrir ríkisfé nema öllum almenningi væri þá boðið og einnig að skera ætti niður öll fríðindi ráðamanna; taka ætti fyrir það að ráðherrar og starfsfólk Stjórnarráðsins þægju styrki sem ætlaðir væru námsmönnum, lista- eða fræðimönnum; þá var kallað eftir því að skýr viðurlög væru við brotum á siðareglum.

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við umboðsmann Alþingis að því er varðar breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að því er varðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá var haft samráð við forráðamenn Þjóðfundarins sem haldinn var í Reykjavík í nóvember 2009. Í því sambandi komu fram sjónarmið um að stjórnsýslan gerði grunngildi Þjóðfundarins að sínum: heiðarleika, virðingu, réttlæti og jafnrétti. Ekki er tekin afstaða til þess í frumvarpinu enda mun sú stefnumörkun einkum fara fram í kjölfar lagasetningar. Eðlilegt má telja að þegar fjármálaráðherra gefur út almennar siðareglur fyrir stjórnsýslu ríkisins verði þar í inngangi rakin grunngildi sem fara eigi eftir. Grunngildi Þjóðfundarins eru að mörgu leyti hliðstæð þeim sem starfshópur um siðareglur lagði til, þ.e. óhlutdrægni, ábyrgð, þjónusta og heilindi, sjá fylgiskjal II.

3. Meginefni frumvarps.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi: 1. Siðareglur fái lagastoð þannig að fjármálaráðherra staðfesti almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, en forsætisráðherra siðareglur fyrir ráðherra og aðstoðarmenn þeirra og enn fremur siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins. 2. Setningu siðareglna verði fylgt eftir með víðtækri fræðslu fyrir ríkisstarfsmenn.

Fjármálaráðuneytið mun bera ábyrgð á því að skipuleggja og hrinda slíkri fræðslu í framkvæmd. Sérstök samhæfingarnefnd forsætisráðherra fylgist með því að siðareglur nái tilætluðum árangri og gerir tillögur til stjórnvalda um leiðir til að draga úr hættu á spillingu og hagsmunaárekstrum. Samhæfingarnefndin hafi samráð við umboðsmann Alþingis og ríkisendurskoðanda. 3. Meginábyrgð á framfylgd siðareglna verði á herðum stjórnenda hjá ríkinu. Því til viðbótar taki umboðsmaður Alþingis við kærum um brot á siðareglum og gefi álit. Kveðið verði skýrt á um vernd ríkisstarfsmanna sem greina viðeigandi aðilum frá brotum á siðareglum og lögbrotum almennt sem þeir verða áskynja um í starfi. 4. Kveðið verði á um að liggi fyrir að siðareglur hafi verið brotnar geti það leitt til agaviðurlaga samkvæmt starfsmannalögum. Einnig verði lögum um ráðherraábyrgð breytt þannig að ljóst sé að brot á siðareglum geti leitt til viðurlaga samkvæmt þeim lögum.

4. Viðmið frá alþjóðastofnunum.

Undanfarin ár hefur mikil umræða átt sér stað á alþjóðavettvangi um gildi siðareglna í opinberri stjórnsýslu. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur verið leiðandi á því sviði. Undirliggjandi í þessari þróun er vaxandi skilningur á því að heilindi (e. integrity) eru hornsteinn góðra stjórnhátta og skilyrði þess að stjórnvöld séu talin lögmæt, þeim sé treyst og að þau séu skilvirk. Rannsóknir af hálfu OECD sýna að það getur aukið skilvirkni stjórnsýslunnar að verja mannafli og fjármunum í að efla siðferði. Með heilindum er átt við að opinberir aðilar starfi í raun í anda almennt viðurkenndra gilda og viðmiða, en séu ekki undir áhrifum annarlegra eða óviðkomandi sjónarmiða og hagsmuna (sjá vinnuskjal OECD, Towards a Sound Integrity Framework: Instruments, Processes, Structures and Conditions for Implementation, GOV/PGC/GF(2009)1, bls. 9).

Aukna umræðu um siðferði í opinberri stjórnsýslu má einnig rekja til ýmissa hneykslismála er varða spillingu eða ósiðlega framkomu af hálfu ráðherra eða opinberra starfsmanna. Þá er þörf á því að skýra kröfur til stjórnsýslunnar og skerpa á þeim við aðstæður sem hafa breyst frá því sem áður var. Hlutverk starfsmanna stjórnsýslunnar við að móta stefnu hefur aukist, almenningur krefst aukins gagnsæis, og opinberar stofnanir hafa tekið upp ýmsar aðferðir einkafyrirtækja. Þar má til dæmis nefna aðferðir árangursstjórnunar, gæðastjórnunar og mannauðsstjórnunar. Flóknara og margþættara hlutverk stjórnsýslunnar hefur orðið til þess að fjölga siðferðilegum álitamálum.

OECD hefur á síðustu árum lagt áherslu á nýja hugsun í baráttu gegn spillingu í opinberri stjórnsýslu sem byggist á því fyrst og fremst að efla hvata til góðrar breytni. Í þeim anda er leitast við að móta leiðir til að leggja mat á heilindi í opinberri stjórnsýslu og skilgreina ramma eða mörk æskilegrar framgöngu í starfi. Um leið er reynt að koma auga á áhættuþætti, þ.e. aðstæður sem geta orðið til þess að skapa eða viðhalda spillingu.

Í tilmælum OECD frá 1998 um að bæta siðferði í almannaþjónustu voru tilgreind eftirfarandi meginatriði: 1. Siðferðilegir mælikvarðar almannaþjónustu þurfa að vera skýrir. 2. Siðferðilegir mælikvarðar ættu að endurspeglast í lögum. 3. Starfsmenn þurfa að eiga kost á ráðgjöf um siðferðileg efni. 4. Starfsmenn þurfa að kunna skil á réttindum sínum og skyldum komi þeir upp um brot. 5. Stjórnmálamenn þurfa að styrkja siðvitund almennra starfsmanna með stuðningi við bætt siðferði. 6. Opinberar ákvarðanir þurfa að vera gagnsæjar og þola skoðun. 7. Viðmið um samskipti opinbera geirans og einkageirans þurfa að vera skýr. 8. Stjórnendur þurfa að sýna og hvetja til hegðunar sem stenst siðferðilegar kröfur. 9. Stjórnunarstefna, ferli og venjur eiga að hvetja til hegðunar sem stenst siðferðilegar kröfur. 10. Vinnuumhverfi hjá ríkinu og mannauðsstjórnun eiga að hvetja til hegðunar sem stenst sið-

ferðilegar kröfur. 11. Almannaþjónusta þarf að ráða yfir fullnægjandi leiðum til að tryggja ábyrgð. 12. Viðeigandi ferli og viðurlög þurfa að vera til svo hægt sé að bregðast við brotum (sjá Principles for Managing Ethics in the Public Service. OECD Recommendation. OECD, 1998 bls. 3–5, vefslóð: http://www.oecd.org/dataoecd/60/13/1899138.pdf).

OECD hefur lagt ríka áherslu á það á undanförnum árum að hugað sé vel að virkum aðgerðum í ljósi þessara meginatriða til að sjá til þess að opinberir starfsmenn leitist í raun við að starfa í anda góðs siðferðis. Það er ljóst að engin ein aðgerð, á borð við setningu siðareglna, getur komið í veg fyrir eða upprætt spillingu. Séu siðareglur settar þarf að gæta þess vel að þær hafi í raun áhrif á dagleg störf. Eins er mikilvægt að siðareglurnar haldist í hendur við grunngildi, endurspegli anda þeirra og þann starfsanda sem allir starfsmenn stjórnsýslunnar geta verið sammála um að eigi að ríkja í starfsumhverfi þeirra.

Áhrif vel heppnaðra siðareglna eru einkum þrenns konar. Þær hafa í fyrsta lagi leiðsagnargildi, sem ræðst að hluta til af því hversu ítarlegar þær eru og hversu vel þær eiga við um tilteknar aðstæður. Í öðru lagi eru þær stýrandi í þeim skilningi að reglur sem starfsfólk fer eftir og tileinkar sér móta störf þess almennt. Í þriðja lagi hafa reglurnar eftirlitsgildi ef þær eru nógu skýrar til að hægt sé að beita þeim til að bregðast við óæskilegri framkomu eða hegðun, til dæmis ef mögulegt er að kæra brot á þeim og úrskurða um slík brot.

Það er mikilvægt við undirbúning siðareglna að ljóst sé að þær eru ekki settar til höfuðs einhverjum. Við gerð siðareglna er gengið út frá því að allt starfsfólk, hvort sem það er hjá fyrirtæki í einkarekstri eða opinberri stofnun, vilji leggja sig fram og líti á það sem metnaðarmál að standa sig sem best í starfi. Siðareglur eiga að auðvelda því að ná þessu markmiði.

Þegar sett eru markmið um átak á vegum stjórnsýslunnar sem miðar að því að efla gott siðferði og efla heilindi eftir því sem kostur er skiptir mestu máli að skapa aðstæður sem tryggja að aðgerðir sem gripið er til hafi tilætluð áhrif. Siðareglurnar eru eitt skref í þessa átt, en um leið er mikilvægt að fræðsla og þátttaka í umræðum um gott siðferði í stjórnsýslunni komi til, einnig virkt eftirlit og eftirfylgni séu siðareglur brotnar eða vafasamir starfshættir látnir viðgangast. Einnig þarf að huga að fleiri þáttum, svo sem að efla vitund um og þekkingu á alþjóðlegum sáttmálum gegn spillingu, svo sem sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, sáttmálum Evrópuráðsins gegn spillingu og samþykktum GRECO – samtaka ríkja gegn spillingu.

Þegar siðferði í opinberri stjórnsýslu er nálgast með þessum hætti er gagnlegast að gera ráð fyrir að best verði unnið að heilindum með samspili allra þátta sem máli skipta. Ekkert eitt atriði er mikilvægara en annað. Það má segja að kerfið skipti máli frekar en einstakir þættir þess. Eins þarf kerfið að vera opið, stjórnsýslan er ekki einangrað fyrirbæri heldur þróast hún í samspili við önnur kerfi sem hún tekur mið af og þau af henni. Það er mjög mikilvægt að stjórnsýslan sé fær um að veita leiðsögn og ráða ferðinni þegar það á við, frekar en að hún til dæmis tileinki sér gagnrýnislaust venjur og starfshætti einkageirans. Það hlutverk stjórnsýslunnar að þjóna almannahagsmunum og vernda þá þarf að móta samskipti hennar út á við.

Þegar lagt er mat á spillingu er oft dregin upp sú mynd af stjórnkerfi ríkis eða starfsháttum opinberra stofnana að þar sé annaðhvort spillingu að finna eða ekki – eða að spillingu sé þar hugsanlega að finna að vissu marki. OECD hefur gagnrýnt aðferðir af þessu tagi á undanförnum árum og bent á að það gefi iðulega ranga mynd að mæla eða meta spillingu sem fasta eða staðreynd. Árangursríkara sé að meta áhættuþætti í hverju kerfi fyrir sig og reyna með því móti að meta hættu á spillingu með tilliti til kringumstæðna hverju sinni. Þannig fæst miklu raunhæfari mynd af aðstæðum. Sem dæmi má nefna að kerfi sem afgreiðir tiltekin mál

mjög hægt er líklegt til að skapa aðstæður þar sem starfsmenn eru í aðstöðu til að liðka fyrir einstökum umsækjendum og getur því stuðlað að spillingu. Það má vera að nákvæmt eftirlit eða ströng viðurlög dragi aftur úr hættunni eða geri hana að engu, en meginatriðið er ekki hvort spurt sé hvort spilling viðgangist í raun, heldur hvort kerfið feli í sér ranga hvata og vinni því sjálft gegn því markmiði að starfsmenn ræki störf sín af heilindum.

Að mati OECD má draga þann lærdóm af reynslu undangenginna áratuga að innan stjórnkerfa þurfi að móta siðaramma sem nýtist við tvennt: a) koma í veg fyrir spillingu, draga úr siðferðisbrotum með því að kortleggja hætturnar og grípa til gagnaðgerða; b) stuðla að bættu siðferði með því að auka skilning, og hæfni til að taka ákvarðanir í siðferðilegum efnum, og leggja áherslu á siðferðilegar skuldbindingar starfsmanna gagnvart ákvörðunum sem þeir eiga aðild að eða ber að framkvæma.

Þegar settar eru siðareglur þurfa allir starfsmenn að koma að því að hrinda þeim í framkvæmd. Mikilvægast er að yfirmenn á öllum stigum láti engan vafa leika á afstöðu sinni gagnvart reglunum en á hverju sviði og í hverju starfi innan stofnunar þurfa starfsmenn einnig að verða sér meðvitaðir um siðferðileg álitamál og leiðir til að taka á þeim. Starfsmenn þurfa einnig að upplifa reglurnar svo að þær endurspegli góða starfshætti frekar en að þær setji fram kröfur sem sveigja skuli starfshætti undir. Siðareglur og umræður um starfshætti sem þurfa að fylgja í kjölfarið varða þennan skilning á reglum og á þeim ramma sem leitast er við að móta utan um heilindi í starfi.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti 11. maí 2000 tilmæli nr. R(2000) 10 um háttsemisreglur fyrir opinbera starfsmenn. Þar segir meðal annars að opinberir starfsmenn skuli í athöfnum gæta hlutleysis í pólitískum efnum og að þeir megi ekki torvelda framgang lögmætrar stefnu stjórnvalda. Opinberir starfsmenn eigi að vera heiðarlegir, óhlutdrægir og skilvirkir og inna skyldur sínar af hendi af færni, sanngirni og skilningi með almannahagsmuni eina að leiðarljósi og aðstæður í hverju máli. Þar eru sérstök ákvæði um hvernig opinber starfsmaður eigi að bregðast við verði hann var við spillingu og um vernd starfsmanna komi þeir slíkum ábendingum á framfæri. Þá er mælt með því að við ráðningu nýrra starfsmanna eða stöðuhækkanir sé gengið úr skugga um heilindi þeirra. Þá er að finna ákvæði um að fyrrverandi opinberir starfsmenn skuli ekki í tiltekinn tíma taka við störfum hjá aðilum utan stjórnsýslunnar hafi þeir í sínu opinbera starfi haft með ákvarðanir að gera sem vörðuðu viðkomandi aðila.

Þá er rétt að geta samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, sbr. ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 58/4 frá 31. október 2003. Í 8. gr. samningsins er fjallað um siðareglur opinberra starfsmanna. Þar er mælt með beitingu siðareglna innan opinbera geirans, ráðstöfunum sem gera opinberum starfsmönnum kleift að tilkynna viðeigandi yfirvöldum um spillingu, skyldu fyrir opinbera starfsmenn að upplýsa um hagsmunaárekstra og að þeir verði beittir viðurlögum brjóti þeir gegn siðareglum.

Hinn 24. nóvember árið 2004 samþykktu fulltrúar allra Evrópusambandsríkja skjal sem ber heitið: Megindrættir í siðferðilegri umgjörð opinbera geirans (e. Main features of an Ethics Framework for the Public Sector). Þar kemur fram að lykilatriði í stefnumörkun varðandi heilindi í opinberri þjónustu sé að finna jafnvægi milli stefnu sem er mótuð ofan frá og frumkvæðis sem kemur frá ríkisstarfsmönnum sjálfum. Þá sé mikilvægt að hafa áhrif á ríkjandi viðhorf innan opinbera geirans. Æskilegt sé að ná fram óþvinguðu vinnuumhverfi þar sem er svigrúm til að axla ábyrgð á því að meta hvað sé ásættanlegt og hvað ekki. Í sumum tilvikum kunni þó að vera þörf á strangari reglum og ósveigjanlegri um tiltekin málefni.

Fram kemur að æskilegt sé að „siðareglur“ samanstandi af þrennu: þ.e. umgjörð til að takast á við siðferðileg álitamál, sérstökum reglum og raunhæfum dæmum. Ríkisstarfsmenn verði að gera sér grein fyrir að það sé ógerningur að setja ítarlegar reglur um siðferðilega breytni og þeir verði að ætíð að einhverju leyti að treysta á eigin dómgreind. Að gegna opinberu starfi með sóma sé spurning um afstöðu – siðferðilega afstöðu. Siðareglur séu tæki til að koma af stað umræðu um viðmið og gildi og til að draga stöðugt athyglina að þessu viðfangsefni. Til þess að siðareglur nái fram að ganga til fulls þurfi stöðugt samráð milli stjórnmálamanna við völd, yfirmanna og undirmanna. Siðareglur ættu ef vel á að vera að leggja áherslu á ábyrgð hvers og eins ríkisstarfsmanns. Með því að staðfesta mikilvægustu siðferðisreglurnar eru líka send skilaboð til þjóðfélagsins um hvers sé að vænta af opinberri þjónustu.

Mikilvægustu gildin fyrir ríkisstarfsmenn eru í þessu sameiginlega skjali fulltrúa ríkja Evrópusambandsins sögð vera: 1. Að stjórnsýslan sé lögbundin en í því felst m.a. að athafnir stjórnsýslunnar þurfa að eiga sér stoð í landslögum, ESB-rétti eða þjóðarétti. 2. Óhlutdrægni/hlutlægni. 3. Áreiðanleiki/gagnsæi. 4. Aðgát/hófsemi. 5. Kurteisi/tillitssemi. 6. Fagmennska/ábyrgð.

Í þessu ljósi eru viðfangsefni siðareglna talin þessi helst: Meðferð upplýsinga/trúnaður og tjáningarfrelsi; viðtaka gjafa; aðgerðir til að afstýra hagsmunaárekstrum, þ.m.t. varðandi aukastörf, fjárhagslega hagsmuni og verktöku fyrrverandi ríkisstarfsmanna; notkun opinberra fjármuna, tækja og eigna og loks opinber innkaup.

Til þess að innleiða virðingu fyrir gildum og siðareglum er rétt að mati fulltrúa Evrópusambandsríkja að huga að eftirfarandi þáttum: a) Þegar nýtt fólk er ráðið til starfa ætti að ganga úr skugga um að viðkomandi búi yfir skilningi á siðferðislegum efnum. b) Námskeið og þjálfun fyrir starfsmenn. c) Hreyfanleiki, en markviss stefna á því sviði getur hindrað að spilling nái að skjóta rótum. d) Miðla verður upplýsingum til starfsmanna um það til hvers er ætlast af þeim. e) Þáttur stjórnenda er mikilvægur, bæði vegna þess að þeir eru fyrirmyndir og vegna þess að á þeim hvílir að koma siðareglum til skila til starfsmanna og verðlauna góða hegðun og beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerast brotlegir.

Leiðir þurfa að vera færar fyrir starfsmenn til að greina frá brotum: Vitanlega geta komið upp tilvik þar sem ekki er ljóst hvort reglur nái yfir. Í slíkum tilvikum er æskilegt að ríkisstarfsmenn geti leitað til samstarfsmanna, yfirmanns eða siðferðisráðgjafa. En hvað eiga ríkisstarfsmenn að gera ef þeir verða vitni að brotum á reglum eða viðmiðum? Iðulega hvílir sú skylda á ríkisstarfsmönnum samkvæmt hegningarlögum viðkomandi ríkis að kæra brot á lögum til yfirvalda. Til álita kæmi, að mati fulltrúa Evrópusambandsríkja, að víkka þessa skyldu út þannig að hún næði til brota á siðareglum. Jafnhliða þyrfti að mæla skýrlega fyrir um meðferð kvartana af þessu tagi og tryggja að viðkomandi ríkisstarfsmaður þurfi ekki að gjalda fyrir.

5. Aðstæður á Íslandi.

Í lögum sem gilda um starfsemi ríkisins er að finna ýmis grundvallarviðmið sem starfsmenn stjórnsýslunnar eigi að fara eftir. Þannig er fjallað um skyldur ríkisstarfsmanna í IV. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en þær eru að: a) auðsýna kurteisi og lipurð og leiðbeina þeim sem til hans leita, b) gæta réttsýni, c) gæta að virðingu sinni og starfsins eða starfsgreinar, d) hlýða löglegum fyrirskipunum, e) sýna stundvísi, f) gæta þagmælsku, g) sýna fagmennsku og vandvirkni í starfi, og h) taka ekki við launuðu starfi hjá öðrum nema það samrýmist starfi hans hjá ríkinu.

Einnig segir í lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, að umboðsmaður skuli gæta að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti (1. mgr. 2. gr.). Þá fjalla ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, m.a. um vanhæfi, jafnræði og meðalhóf við beitingu opinbers valds. Loks fjalla ákvæði IV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot í opinberu starfi.

Hvað ráðherra snertir sérstaklega, þ.e. ráðherra sem sæti eiga á þingi, má nefna 4. mgr. 64. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, þar sem segir að enginn þingmaður megi greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín sem er ákvæði er hamlar gegn hagsmunaárekstrum. Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, kveða á um ábyrgð ráðherra ef hann hefur af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Einnig er þar ákvæði í a-lið 10. gr. um að ráðherra verði sekur eftir lögunum ef hann misbeitir stórlega valdi sínu.

Umboðsmaður Alþingis hefur í álitum sínum fjallað um vandaða stjórnsýsluhætti. Þar birtast kröfur sem skarast að einhverju leyti við þær kröfur sem að jafnaði koma fram í siðareglum. Ekki síst af þeirri ástæðu er mikilvægt að huga vel að samspili umboðsmanns Alþingis og þeirra úrræða sem sett verða á fót til að framfylgja siðareglum.

Umræða um siðareglur fyrir stjórnsýsluna á sér nokkra sögu á Íslandi. Þannig fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. þingsályktunartillögu um siðareglur í stjórnsýslunni á 131. löggjafarþingi 2004–2005. Þar var lagt til að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmiðið væri að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Tillagan var ekki afgreidd.

Á 122. löggjafarþingi hafði Jóhanna Sigurðardóttir ásamt fleirum flutt tillögu til þingsályktunar um bætt siðferði í opinberum rekstri. Tillagan var samþykkt í breyttri mynd 2. júní 1998 og í samræmi við þá ályktun Alþingis var skipuð nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Skýrsla forsætisráðherra um framangreint efni var lögð fram á 125. löggjafarþingi. Þar er minnt á þá staðreynd að ekki hafi verið settar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn á Íslandi. Á hinn bóginn séu mörg lög, sem taka til athafna opinberra starfsmanna, byggð á siðferðisreglum. Í niðurstöðukafla segir enn fremur: „Í skýrslunni er minnt á að á sumum sviðum stjórnsýslunnar kunni það að vera álitlegur kostur að setja opinberum starfsmönnum siðareglur. Svo að siðareglur komi á hinn bóginn að sem mestu gagni þurfa þær jafnan að vera sniðnar sérstaklega að aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar. Oft ræðst það af skýrleika gildandi réttarreglna á ákveðnu sviði hvort þörf er fyrir sérstakar siðareglur. Sem dæmi um svið þar sem til álita kemur að taka saman sérstakar siðareglur er nefnt það álitamál hvaða gjafir, sem falla utan við gildissvið 128. gr. almennra hegningarlaga um mútur, opinberir starfsmenn megi þiggja frá þeim sem eftirlitið lýtur að. Áréttað var að enda þótt vandaðar og ítarlegar siðareglur verði teknar saman geti þær þó ekki leyst allan vanda því sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.“

Ekki hafa verið settar almennar reglur á Íslandi til að vernda réttindi ríkisstarfsmanna þegar þeir greina frá spillingu á starfsvettvangi sínum. Hins vegar hefur verið sett sérregla um þetta efni í 12. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þar segir að óheimilt að sé að láta mann gjalda þess ef hann hefur látið rannsóknarnefndinni sem starfar á grundvelli laganna í té upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

Þá er rétt að geta þess að nú þegar eru í gildi viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna, sbr. dreifibréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins nr. 1/2006 sem gefið var

út í janúar 2006. Þar er lögð áhersla á að ríkisstarfsmaður starfi í þjónustu ríkisins og honum beri að haga störfum sínum í samræmi við það. Í því felist fyrst og fremst að hann skuli virða lög og stjórnarskrá og hafa grunnreglur lýðræðis og mannréttinda í heiðri. Hann skuli enn fremur leggja sig fram um að sinna starfi sínu af alúð, trúmennsku, heiðarleika og ábyrgð. Sjá einnig til hliðsjónar „Siðareglur í opinberri stjórnsýslu“, gefnar út af Ríkisendurskoðun árið 2003. Þá hafa tvö ráðuneyti, þ.e utanríkisráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, þegar sett sér siðareglur, en einnig ýmsar ríkisstofnanir.

6. Upplýsingar um önnur lönd.

Verður nú vikið að stöðunni í nokkrum öðrum ríkjum.

Danmörk: Í stefnuyfirlýsingu dönsku ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2005 kemur fram vilji til að auka gagnsæi um fjárhagslega stöðu ráðherra. Ákveðið var að hver og einn ráðherra mundi fylla út eyðublað um fjárhagsstöðu og fjármálaleg tengsl og aðild að félögum atvinnurekenda (sk. VL-grupper). Eyðublaðið er birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins, http://www.stm.dk. Gagnrýnt hefur verið að á eyðublaðinu er farið fram á sambærilegar upplýsingar um fjárhagsstöðu maka ráðherra.

Í júní 2007 gaf danska fjármálaráðuneytið út leiðbeiningar til ríkisstarfsmanna um vandaða stjórnsýsluhætti (God adfærd i det offentlige). Þar er fjallað um grundvallargildi starfs hjá ríkinu og þær meginreglur sem við eiga. Síðan eru tekin fyrir afmörkuð efni eins og hlýðniskyldan og takmörk hennar, tjáningarfrelsi, þagnarskylda, hæfi, móttaka gjafa, heimildir til að gegna aukastarfi, viðurlög sem beita má starfsmenn og möguleikar þeirra til málskots. Tilgangur leiðbeininganna er meðal annars að afstýra því að upp komi mál sem gefi tilefni til að draga vinnubrögð hjá hinu opinbera í efa.

Noregur: Ekki hafa verið settar almennar siðareglur fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar eða ráðherra. Hins vegar hafa nýverið verið settar reglur sem setja því tímabundnar hömlur að ráðherra og pólitískt ráðnir embættismenn og aðstoðarmenn, sem láta af störfum, taki að sér tiltekin störf í einkageiranum. Á það við þegar starfið er á því málefnasviði sem viðkomandi sinnti. Tilgangurinn með því að leggja bann við því að viðkomandi taki að sér tiltekin störf er þrenns konar. Í fyrsta lagi kann að vera ástæða til að hindra að trúnaðarupplýsingar berist frá stjórnsýslunni til viðkomandi fyrirtækis sem gæti t.d. haft í för með sér óréttmætt samkeppnisforskot. Í öðru lagi kann að vera ástæða til að vernda viðskiptaleyndarmál er varða önnur fyrirtæki í sama geira og viðkomandi kann að þekkja til. Í þriðja lagi kann að vera nauðsynlegt að standa vörð um traust til stjórnsýslunnar. Ef stjórnmálamaður gengur beint úr embætti í tiltekið starf í einkageiranum kann að vakna grunur um að verið sé að launa honum greiðvikni á meðan hann gegndi embætti. Sérstök nefnd hefur verið sett á fót sem úrskurðar um bann við því að viðkomandi taki að sér starf í einkageiranum. Bannið getur varað í allt að sex mánuði. Sé slíkt bann lagt á kann viðkomandi stjórnmálamaður að eiga rétt á bótum sem nema þeim launum sem hann hafði í opinberu embætti og í þann tíma sem bannið varir. (Sjá Retningslinjer om informasjonsplikt, karantene og saksforbud for politikere, fastsatt af Moderniseringsdepartementet den 29. september 2005.)

Bretland: Í Bretlandi gefur forsætisráðherra út *siðareglur fyrir ráðherra.* Þær nýjustu eru staðfestar af Gordon Brown og eru frá júlí 2007. Þar er fjallað um hvaða málefni eigi að bera upp á ríkisstjórnarfundum, hina sameiginlegu ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hvaða þýðingu hún hafi.

Þá er fjallað um skyldur ráðherra gagnvart þinginu og afleiðingar þess ef ráðherra gefur þinginu vísvitandi rangar upplýsingar. Þá kemur fram að ráðherrar eigi að vera opinskáir

gagnvart þinginu og almenningi og eigi ekki að synja um upplýsingar nema almannahagsmunir krefjist þess og lög heimili. Þá beri ráðherrum að sjá til þess opinberir starfsmenn sem komi fyrir þingnefndir af þeirra hálfu gefi sem bestar upplýsingar.

Ráðherrar verða jafnframt að gæta þess að opinberar skyldur þeirra rekist ekki né sýnist rekast á við einkahagsmuni þeirra. Ekki megi þeir þiggja gjafir eða greiðasemi sem gæti haft áhrif, eða virst hafa áhrif, á dómgreind þeirra eða skuldbundið þá með óeðlilegum hætti. Árlega er birtur listi yfir gjafir til ráðherra sem eru metnar á meira en 140 pund. Þegar ráðherrar taka til starfa verða þeir að láta ráðuneytisstjórum í té lista yfir hagsmunatengsl sín, maka og nánustu fjölskyldu, sem gætu valdið árekstrum. Árlega er birtur listi yfir þau hagsmunatengsl ráðherra sem talin eru hafa þýðingu.

Þá verða ráðherrar sem jafnframt eru þingmenn að halda þessu tvennu aðgreindu. Ráðherrar mega ekki nota opinber gæði í flokkspólitískum tilgangi. Þá ber ráðherrum að standa vörð um pólitískt hlutleysi hinnar opinberu þjónustu og óheimilt er að biðja opinbera starfsmenn að aðhafast nokkuð sem mundi stríða gegn siðareglum þeirra.

Í siðareglunum er jafnframt fjallað um ferðalög ráðherra. Það eigi að vera keppikefli að sendinefndir á ferðalögum erlendis séu sem minnstar. Árlega verði birtur listi yfir ferðalög ráðherra sem kosti meira en 500 pund sem og heildarferðakostnaður ráðherra. Þegar ferðalag sé að hluta til í flokkspólitískum tilgangi sé mikilvægt að viðkomandi stjórnmálaflokkur greiði sinn hluta kostnaðar. Þá er lagt bann við því að ferðamílur sem ráðherrar safna í opinberum ferðum renni til einkanota.

Forsætisráðherra metur hvort brotið hefur verið gegn siðareglunum og hvaða afleiðingar brot hefur. Hann getur leitað álits óháðs ráðgjafa ef þörf krefur.

Í Bretlandi hafa enn fremur verið settar sérstakar siðareglur fyrir *pólitíska ráðgjafa ráðherra*.

Að því er embættismenn varðar hafa verið settar sérstakar starfsreglur (Civil Service Code) og er nýjasta útgáfan frá 6. júní 2006. Þar eru tíunduð grundvallargildi embættismanna stjórnsýslunnar sem eru heilindi, heiðarleiki, hlutlægni og hlutleysi. Tilteknar almennar háttsemisreglur eru svo leiddar af þessum grundvallargildum. Þannig fellur til dæmis undir heilindi sú regla að embættismenn skuli ekki misnota opinbera stöðu sína í einkaþágu, t.d. með því að hagnýta sér upplýsingar sem þeir hafi komist að í starfi. Undir heiðarleika fellur sú regla að embættismenn megi ekki villa um fyrir ráðherrum, þinginu eða öðrum. Í hlutlægni er talið felast að embættismenn megi ekki leiða hjá sér óþægilegar staðreyndir eða sjónarmið sem skipta máli þegar þeir veita ráð eða taka ákvarðanir. Undir hlutleysi fellur sú regla að embættismenn skuli þjóna ríkisstjórninni óháð stjórnmálaviðhorfum sem þar ríki. Jafnframt skuli þeir gæta að pólitísku hlutleysi sínu óháð eigin skoðunum.

Kanada: Forsætisráðherra Kanada gaf árið 2007 út leiðbeiningar til ráðherra og aðstoðarráðherra undir yfirskriftinni Ábyrg stjórn eða „Accountable Government“. Þar eru settar fram þær meginreglur að ráðherrar verða að vera heiðarlegir og óhlutdrægir; háttsemi þeirra í embætti og í einkalífi verður að standast ströngustu skoðun af hálfu almennings; þeir beri ábyrgð á því að hagkvæmni og heilindi ráði ferð í rekstri ráðuneyta; þeir verði að halda sig innan ramma þess sem lög og venjur mæla fyrir um; þá beri þeir ábyrgð gagnvart þinginu á meðferð þess valds sem þeim er falið og verði að vera til staðar í þinginu til að svara heiðarlega og nákvæmlega fyrir ábyrgðarsvið sitt; enn fremur að ráðherrar standi saman, beri sameiginlega ábyrgð á verkum ríkisstjórnarinnar og tali til þings og þjóðar einni röddu, sem krefjist opinskárrar umræðu innan ríkisstjórnar og trúnaðar um aðdraganda ákvarðanatöku;

þá verða ráðherrar að virða hlutleysi hinnar opinberu þjónustu og mega því ekki fela opinberum starfsmönnum verkefni sem falla utan ramma þess sem eðlilegt má teljast.

Nýverið hafa verið sett lög í Kanada um hagsmunaárekstra. Samkvæmt þeim er sett á fót embætti eftirlitsmanns með hagsmunaárekstrum sem starfar á vegum þingsins. Eftirlitsmaðurinn gefur álit á því hvort brotið hefur verið gegn lögunum. Þar er mælt svo fyrir um að enginn þingmaður eða ráðherra megi taka við gjöfum eða greiðasemi sem tengist beint eða óbeint því hvernig hann sinni starfi sínu. Þetta á þó ekki við um umbun sem heimiluð er með lögum eða venju eða þegar hún er þess eðlis að ekki sé með skynsamlegum hætti hægt að ætla að hún muni hafa áhrif á embættisfærslu viðkomandi. Allar gjafir að verðmæti meira en 500 dalir verður að tilkynna eftirlitsmanninum.

Þá eru því settar hömlur að þingmenn og ráðherrar geti stofnað til nýrra samninga við ríkið. Óheimilt er að ganga til samninga við fyrrverandi ráðherra í sex mánuði frá því þeir láta af störfum. Eins eru settar skorður við því að ráðherrar reki fyrirtæki.

Mælt er fyrir um að þingmenn og ráðherrar skuli víkja sæti við afgreiðslu mála þar sem um hagsmunaárekstra er að ræða (þ.e. möguleiki á því að taka ákvörðun sem kemur viðkomandi persónulega til góða).

Þá er kveðið á um að þingmenn og ráðherrar skuli innan 60 daga frá kjöri gefa yfirlýsingu sem varðveitt er af eftirlitsmanni með hagsmunaárekstrum þar sem greint er frá eignum og skuldum hans og nánustu fjölskyldu, tekjum undanfarna 12 mánuði og samningum við ríkið sem þau eru aðilar að. Þessa yfirlýsingu skal endurnýja á ársfresti. Eftirlitsmaðurinn gefur síðan út opinbera yfirlýsingu á grundvelli þessara gagna þar sem:

– lýst er uppruna og eðli tekna, eigna og skulda viðkomandi þingmanns eða ráðherra án þess að tilgreina fjárhæðir,
– tilgreindir eru aðilar sem eiga hagsmuna að gæta varðandi viðkomandi eignir og skuldir,
– tilgreindir eru samningar við ríkið sem viðkomandi er aðili að,
– tilgreind eru fyrirtæki sem viðkomandi tengist,
– tilgreindar eru gjafir yfir ákveðinni lágmarksfjárhæð.

Í **Hollandi** var í mars 2006 sett á fót skrifstofa til að stuðla að siðferði og heilindum í opinbera geiranum. Á heimasíðu skrifstofunnar kemur fram að heilindi séu einn mikilvægasti þátturinn í vönduðum stjórnarháttum. Borgararnir séu háðir opinberri þjónustu og henni verði einungis treyst ef ríkisstarfsmenn hegði sér á siðferðilega réttan hátt. Þetta sé mikilvægt málefni sem njóti vaxandi athygli. Heilindi séu nú álitin skilyrði fyrir gæðum og eðlilegri starfsemi opinbera geirans. Innanríkisráðherra Hollands fer með þessi málefni. Til að tryggja sjálfstæði skrifstofunnar var henni valinn staður utan ráðuneytanna og er hún hluti af stærsta þekkingarsetri Hollands á sviði opinbera vinnumarkaðarins. Helsta markmið skrifstofunnar er að auka þekkingu opinberra stofnana til þess að þeim verði gert kleift að móta eigin siða- og heilindastefnu. Heilindahugtakið er skilið víðum skilningi og nær yfir mun fleira en lög, reglur og ferla. Jafnmikilvægt er talið að stuðla að opnu starfsumhverfi, að stjórnendur séu til fyrirmyndar og styrkja siðvitund starfsmanna með menntun og þjálfun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, í nýjum kafla, III. kafla. Ljóst er að traust almennings til stjórnsýslunnar hefur beðið hnekki í tengslum við bankahrunið og mikilvægt er að grípa til markvissra aðgerða til að endurreisa það

traust. Þar leikur virðing við þau siðferðisgildi sem eiga við um opinbera stjórnsýslu stórt hlutverk.

Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og þær eigi við um störf embættismanna og allra annarra starfsmanna Stjórnarráðsins. Þá er einnig ráðgert að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar. Reglur þessar verði settar að höfðu samráði við hlutaðeigandi. Þá er einnig gert ráð fyrir að sérstakar reglur verði settar um pólitíska aðstoðarmenn ráðherra sem taki mið bæði af siðareglum fyrir starfsmenn og siðareglum ráðherra.

Þá er lagt til að forsætisráðherra skipi sérstaka samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Sú nefnd mun hafa fjölþætt samræmingar- og leiðbeiningarhlutverk að því er varðar aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hættunni á spillingu og efla virðingu við grundvallargildi starfsemi ríkisins. Til að tryggja samræmi milli hinna ýmsu siðareglna er gert ráð fyrir að samhæfingarnefndin veiti umsögn um drög að þeim. Ekki síst er þetta mikilvægt varðandi þær almennu siðareglur sem fjármálaráðherra mun gefa út, sbr. síðar, og siðareglur fyrir Stjórnarráð Íslands sem forsætisráðherra mun gefa út. Þá mun nefndin hafa samráð við umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun en þau embætti hafa öðrum þræði það hlutverk að stuðla að vandaðri stjórnsýslu, sem getur tengst mjög siðareglum og beitingu þeirra. Lagt er til að samhæfingarnefndin gefi forsætisráðherra árlega skýrslu um störf sín og að hún verði kynnt Alþingi. Þar mundu koma fram eftir atvikum ábendingar um atriði sem betur mættu fara.

Um 2. og 3. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis nr. 85/1997. Þar er tekið af skarið um að umboðsmaður Alþingis hafi það hlutverk að hafa eftirlit með siðareglum sem settar hafa verið í stjórnsýslu ríkisins hvort sem þær varða ráðherra, aðstoðarmenn eða Stjórnarráðið eða ríkisstofnanir. Umboðsmaður mundi því taka við kvörtunum frá almenningi eða ríkisstarfsmönnum um brot á siðareglum. Að því er varðar tilefni umfjöllunar umboðsmanns má vísa til 4. og 5. gr. laga nr. 85/1997 þar sem kemur fram að hann getur aðhafst á grundvelli kæru frá aðila sem telur sig hafa orðið fyrir rangsleitni en einnig getur umboðsmaður tekið mál upp að eigin frumkvæði.

Þótt ekki sé það tekið sérstaklega fram má gera ráð fyrir að umboðsmaður muni í samræmi við heimildir laga meta hvort tilefni sé til að fjalla um brot á siðareglum ef telja má að viðkomandi stjórnvald eða starfsmaður hafi verið innan þess svigrúms sem siðareglur láta í té. Er þá haft í huga að reglur af því tagi eru oft almenns eðlis og bjóða upp á mismunandi túlkanir. Leggja verður áherslu á að einn megintilgangur siðareglna er að efla umræðu innan stjórnsýslunnar um siðferðilega hlið starfsins. Eftirlit er vissulega nauðsynlegt líka en þarf að taka mið af eðli reglnanna. Af þessum sökum má gera ráð fyrir að umboðsmaður Alþingis muni eiga samskipti við stjórnvöld á fundum ekki síður en bréflega þegar meint brot á siðareglum eiga í hlut.

Um 4.–8. gr.

Í þessum ákvæðum er lagðar til breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Breytingarnar skýra sig að mestu leyti sjálfar.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði upplýstrunarákvæði á þann veg að starfsmenn megi ekki gjalda þess ef þeir greina viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum. Þarna er því um að ræða vörn fyrir starfsmenn og jafnframt hvatningu til að að-

hafast verði þeir áskynja um lögbrot eða brot á siðareglum. Með viðeigandi aðilum er átt við næsta yfirmann í ráðuneyti eða ríkisstofnun sem ekki er sjálfur viðriðinn málið. Einnig mundi umboðsmaður Alþingis falla undir hugtakið „viðeigandi aðili“ eða eftir atvikum önnur embætti sem hafa eftirlit með stjórnsýslunni.

Í 5. og 7. og 8. gr. frumvarpsins er skýrlega kveðið á um annars vegar að starfsmönnum ríkisins sé skylt að fara eftir siðareglum sem um starfið gilda og hins vegar að brot á þeim geti leitt til agaviðurlaga. Siðareglur koma því viðbótar hinum lögbundnu skyldum sem hvíla á starfsmönnum skv. IV. kafla starfsmannalaga. Rétt er að taka fram að ekki ber að túlka lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á þann veg að skyldur séu þrengdar með vísan til siðareglna.

Fjármálaráðherra er í 6. gr. frumvarpsins falið að staðfesta almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins. Þær reglur munu útfæra nánar, en með mjög almennum hætti samt, grundvallargildi sem eiga við um starf í opinberri þjónustu eins og þau birtast meðal annars í lögum. Ekki er tekið sérstaklega fram hvernig fjármálaráðherra skuli haga undirbúningi að slíkum reglum. Má í því sambandi vísa til 52. gr. starfsmannalaga þar sem kveðið er á um samráð við félög ríkisstarfsmanna. Einnig kemur fram í ákvæðinu að vera kann að einstakar stofnanir vilji setja sér sértækari siðareglur sem taki þá mið af þeim almennu.

Um 9. gr.

Til samræmis við breytingar á starfsmannalögum er hér lagt til að breyting verði gerð á lögum um ráðherraábyrgð til að ljóst sé að brot ráðherra á siðareglum geti leitt til viðurlaga. Eftir sem áður yrði það að sjálfsögðu mat Alþingis hvort ákært yrði og landsdóms hvernig dæmt yrði í slíku tilfelli.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Aðgerðaáætlun um bætt siðferði í stjórnsýslu ríkisins.

1. Lög sett.
2. Samhæfingarnefnd skipuð, reglulegu samráði við umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðanda komið á fót.
3. Fjármálaráðherra staðfestir almennar siðareglur fyrir stjórnsýslu ríkisins að teknu tilliti til niðurstöðu Þjóðfundar sem haldinn var í nóvember 2009.
4. Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og ráðherra, eftir atvikum settar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra.
5. Skipulagning fræðslu af hálfu fjármálaráðuneytis til stjórnenda og annarra starfsmanna.
6. Umboðsmaður Alþingis sér til þess að í starfsliði sínu sé starfsmaður með þekkingu á siðfræðilegum efnum.
7. Einstakar ríkisstofnanir setja sér siðareglur að höfðu samráði við starfsmenn, fjármálaráðuneytið og eftir atvikum samhæfingarnefnd (mun gerast smám saman).

8. Ríkisstarfsmönnum og almenningi kynntir möguleikar á að skjóta meintum brotum á siðareglum til umboðsmanns Alþingis.
9. Samhæfingarnefnd skilar fyrstu ársskýrslu til forsætisráðherra.
10. Ársskýrsla lögð fyrir Alþingi.

Fylgiskjal II.

Siðareglur fyrir ráðherra og starfsfólk Stjórnarráðsins.

(Skýrsla starfshóps um siðareglur, 9. október 2009.)

Inngangur: Stutt greinargerð um reglurnar

Á vormánuðum 2009 skipaði forsætisráðherra starfshóp tveggja starfsmanna úr stjórnsýslunni og eins utanaðkomandi sérfræðings til að leggja drög að siðareglum fyrir ráðherra og starfsmenn ráðuneyta. Reglurnar eiga að tjá gildi og meginreglur stjórnsýslunnar og stuðla að faglegri þróun hennar. Um þessar siðareglur gildir sama og um aðrar slíkar reglur; þær eru viðbót við formlegar kröfur til stjórnsýslunnar, þ.e. þau lög og reglur sem um hana gilda. Þessvegna skiptir líka miklu máli að um setningu þeirra sé fullt samráð haft við starfsfólk stjórnsýslunnar og þátttaka þess í gerð reglnanna sé tryggð.

Starfshópurinn taldi rétt að gera eingöngu tillögu um siðareglur fyrir ráðherra annars vegar og starfsmenn ráðuneyta hins vegar. Of umfangsmikið væri á þessu stigi að undirbúa siðareglur fyrir stjórnsýslu ríkisins almennt. Auk þess væri örðugt að ná með samfelldum hætti yfir starfsemi ólíkra ríkisstofnana. Siðareglurnar koma ekki í veg fyrir að einstök ráðuneyti setji sér ítarlegri reglur eftir því sem við á. Einn hópur starfsmanna verður útundan þegar dregin eru skil á milli ráðherra annarsvegar og starfsfólks Stjórnarráðsins hinsvegar. Þetta eru aðstoðarmenn ráðherra sem oft eru ráðnir á pólitískum forsendum og hætta störfum með ráðherra. Eðlilegt er að um þá gildi reglur um starfsfólk og reglur um ráðherra eftir því sem best á við hverju sinni.

Reglurnar sem hér liggja fyrir í drögum eru þríþættar. Í fyrsta hluta eru sett fram fjögur megingildi eða leiðarljós sem lagt er til að stjórnsýslan geri að sínum. Í öðrum hluta er að finna 20 almennar siðvenjur sem leiða má af þessum fjórum megingildum og gilda um öll dagleg störf ráðherra og starfsmanna ráðuneyta. Í þriðja og fjórða hluta eru sértækari reglur annars vegar fyrir ráðherra og hins vegar fyrir annað starfsfólk ráðuneyta. Sértæku reglurnar veita leiðsögn um rétta hegðun við ýmsar aðstæður sem upp geta komið. Fyrsti og annar hluti reglnanna er samhljóða fyrir starfsfólk ráðuneyta og ráðherra. Öðru máli gegnir um þriðja hlutann, þar sem ólíkar aðstæður ráðherra annars vegar og starfsfólks Stjórnarráðsins hins vegar gera að verkum að ekki er hægt að hafa reglurnar að öllu leyti samhljóða. Samt er mikilvægt að hafa í huga að siðareglur eru alltaf almenns eðlis og siðferðilegar kröfur sem menn gera til sjálfra sín og annarra breytast ekki þó að aðstæður breytist. Í fimmta hluta eru síðan ákvæði um innleiðingu og framkvæmd reglnanna.

Megingildin eða leiðarljósin eiga að endurspegla þá hugmynd að hægt sé að gera ítrustu kröfur til opinberrar stjórnsýslu um heilindi, óhlutdrægni, ábyrgð og þjónustu. Heilindi er leiðarhugtak í allri umræðu um gæði stjórnsýslu, en heilindahugtakið byggir í þessu samhengi á því að allt starfsfólk leggi sig fram um óhlutdrægni í starfi, sé búið undir þá ábyrgð

sem í almannaþjónustu felst og að sjónarmið gagnsæis, ráðvendni og sanngirni séu alltaf ríkjandi í störfum þess.

Megingildin þarfnast þess hinsvegar að af þeim sé hægt að draga almenn en viðeigandi boð eða reglur sem gilda í daglegu starfi. Í drögunum er þetta gert í öðrum hluta, en þar er safn almennra reglna sem í heild lýsa góðum starfsvenjum starfsfólks Stjórnarráðsins, ráðherra þar með talinna. Það er mikilvægt að hafa í huga að um leið og kröfur af þessu tagi eru settar í orð, skapast líka sú almenna skylda starfsfólks að stuðla að því að stjórnkerfið allt starfi með þeim hætti sem siðareglurnar lýsa. Þó að möguleikar fólks til að hafa áhrif á aðra séu að sjálfsögðu mjög misjafnir, leikur hver einasti starfsmaður alltaf stórt hlutverk sem fyrirmynd annarra, hvort sem um samstarfsmenn er að ræða eða þá sem taka við störfum manna síðar. Í siðareglum er oftast gengið út frá því að hver starfsmaður sjái starf sitt í samhengi við það hlutverk sem stjórnkerfið hefur í heild sinni. Þannig ber til dæmis að skilja almennar reglur á borð við að starfsfólk eigi að stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum, hafa forystu um lausnir á málum þegar það á við, styðja samstarfsfólk í að leita réttar síns og svo framvegis.

Í þriðja og fjórða hluta er svo komið að hinum eiginlegu siðareglum, sem taka á tilteknum aðstæðum og ákveðnum spurningum. Það má hugsa sér að þessi hluti reglnanna, eins og hann er settur fram í fyrirliggjandi drögum, breytist í tímans rás, þar sem hann endurspeglar að sumu leyti þau atriði sem efst eru á baugi hverju sinni.

Áhrif siðareglna eru einkum þrenns konar. Þær hafa í fyrsta lagi leiðsagnargildi, sem ræðst að hluta til af því hversu ítarlegar þær eru og hversu vel þær eiga við um tilteknar aðstæður. Í öðru lagi eru þær stýrandi í þeim skilningi að reglur sem starfsfólk fer eftir og tileinkar sér móta störf þess almennt. Í þriðja lagi hafa reglurnar eftirlitsgildi ef þær eru nógu skýrar til að hægt sé að beita þeim til að bregðast við óæskilegri framkomu eða hegðun, til dæmis ef mögulegt er að kæra brot á þeim og úrskurða um slík brot.

Það er mikilvægt við setningu siðareglna, að þeim sé ekki beint að ákveðnum hópi eða þær settar til höfuðs einhverjum. Við gerð siðareglna er gengið út frá því að allt starfsfólk (hvort sem um er að ræða fyrirtæki í einkarekstri eða opinbera stofnun) vilji leggja sig fram og líti á það sem metnaðarmál sitt að standa sig sem best í starfi. Siðareglur eiga að auðvelda því að ná þessu markmiði. Þess vegna skiptir einnig miklu máli að allir starfsmenn eigi þess kost að koma að setningu siðareglna og að sem flestir nýti sér það tækifæri. Siðareglur sem settar eru ofan frá án samráðs við þá sem eiga að nota þær missa gjarnan marks.

Nánari skýringar

Starfshópurinn telur rétt að skýra fáein atriði í reglunum til að auðvelda fólki að gera athugasemdir og breytingartillögur við þær áður en þær taka á sig endanlega mynd.

Gert er ráð fyrir því að haldin verði námskeið fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins eftir að reglurnar hafa verið staðfestar sem hluti af innleiðingu þeirra. Í framtíðinni verði boðið reglulega upp á námskeið um hagnýta siðfræði og siðareglur og ætlast verði til að nýir starfsmenn sæki slíkt námskeið innan árs frá því að þeir hefja störf. Námskeið, málstofur og skipulagðar umræður um siðfræði eru besta leiðin til að tryggja að siðareglurnar séu virkar í öllu starfi stjórnsýslunnar og hafi raunveruleg áhrif. Það er ekki nauðsynlegt að fjalla um reglurnar sjálfar nema að litlu leyti með slíkum hætti, en með kerfisbundinni umfjöllun um siðfræði innan stjórnsýslunnar á starfsfólk þess kost að fjalla um og rökræða spurningar um starfshætti, sem og um viðhorf til þeirra vandamála sem upp kunna að koma í daglegu starfi.

Það hefur sýnt sig að umræður og námskeiðahald af þessu tagi gerir starfsfólk öruggara í starfi, auðveldar því að leysa úr flóknum álitamálum og taka réttar ákvarðanir.

Siðareglurnar verður því að setja í víðara samhengi en svo að með þeim sé búið til nýtt regluverk til að taka á brotum sem reglur af öðru tagi ná ekki til. Siðareglur hjálpa til við að móta venjur á því svæði sem er utan laga og reglugerða, ekki með því að leggja auknar kvaðir á starfsfólk, heldur með því að leiðbeina og stýra. Siðareglur eiga þannig að gera fólki lífið auðveldara, ekki flækja það, ef svo má að orði komast. Spurningarnar sem siðareglur geta hjálpað við að svara koma upp alveg óháð því hvort siðareglur eru til eða ekki, en með siðareglum sem beitt er á virkan og lifandi hátt í daglegu starfi, er auðveldara að takast á við þessar spurningar.

Eftirfylgni

Rétt er að hafa í huga að siðareglurnar, þótt opinberar séu, eru fyrst og fremst ætlaðar til að efla innra starf Stjórnarráðsins, þær mega ekki vera refsivöndur sem hægt er að nota í pólitískum tilgangi eða menn geta freistast til að misbeita. Þessvegna er aðalatriðið að reglurnar séu starfsfólki Stjórnarráðsins, sem og ráðherrum og aðstoðarmönnum þeirra, traustur leiðarvísir um rétta og lofsverða framkomu í starfi.

Það er misjafnt hvort siðareglur fyrirtækja og opinberra stofnana gera ráð fyrir kærum við brotum. Tillaga starfshópsins er að skipuð verði siðanefnd til að fjalla um ábendingar um brot á reglunum og fella viðeigandi úrskurð. Nefndin myndi þá einnig hafa heimild til að fjalla um mál að eigin frumkvæði og sömuleiðis rannsaka mál eftir því sem nauðsynlegt þykir hverju sinni. Í drögunum er ekki endanleg tillaga um samsetningu siðanefndar, en gert er ráð fyrir að forsætisráðherra skipi hana og að í henni eigi sæti tveir sérfræðingar á sviði siðfræði og stjórnsýslulaga auk 2–3 annarra nefndarmanna. Það má hugsa sér að siðanefndin hafi víðtækara úrskurðarhlutverk en sem varðar siðareglur, til dæmis um álitamál í sambandi við agareglur starfsmannalaga.

Almenna reglan er sú á vinnustöðum að starfsmenn sem vilja benda á siðferðilega ámælisvert athæfi samstarfsmanna, eða lögbrot, snúi sér til næsta yfirmanns sem bregst við ábendingunni eða kemur henni áfram til æðstu stjórnenda. Þessi regla á að sjálfsögðu ekki við ef næsti yfirmaður er sjálfur tengdur því athæfi sem kvartað er yfir eða ef starfsmaðurinn getur ekki treyst yfirmanni sínum af öðrum ástæðum. Við slíkar aðstæður ber að leita til samstarfsmanna eða yfirstjórnar. Þetta getur átt við hvort sem í gildi eru siðareglur eða ekki. Einn af kostunum við að hafa siðanefnd eins og hér er lagt til er sá að kvörtunarferlið er einfaldara en annars væri, og minni hætta á að einstaklingar sem koma ábendingum á framfæri beint við nefndina gjaldi fyrir það. Það mætti hugsa sér að hægt sé að óska nafnleyndar þegar ábendingu er komið á framfæri við siðanefndina.

Heilbrigð skynsemi

Siðareglur geta verið misalmennar í orðalagi og kröfum. Í þessum drögum er farinn sá millivegur að gerðar eru almennar kröfur um framkomu og vinnubrögð en vísað til heilbrigðrar skynsemi um viðeigandi mörk hverju sinni. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir því að starfsfólk taki ekki við persónulegum gjöfum yfir hóflegum kostnaðarmörkum, en gjafir sem þegnar eru í krafti embættis renni til viðkomandi ráðuneytis. Nú má ekki skilja þetta svo að smágjafir til embættis- eða stjórnmálamanna sem jafnvel má telja hluta af eðlilegum mannlegum samskiptum eða kurteisisvenjum, skuli undantekningalaust afhenda í viðkomandi

ráðuneyti. Starfsfólk þarf sjálft að meta hvar slík mörk liggja. Einnig má hugsa sér að einstök ráðuneyti setji sér nákvæmari reglur, sé talin þörf á því.

Með sama hætti er á nokkrum stöðum í drögunum vísað í „viðeigandi“ ráðstafanir hverju sinni. Hér verður mat fólks á því hvernig reglurnar eru best uppfylltar að koma til, en einstök ráðuneyti geta einnig haft skýrari viðmið. Það er hluti af innleiðingarferli reglnanna að viðmið verði til um einstök atriði hvort sem þau eru orðuð í reglunum með skýrum hætti, eða hluti af menningu og eðlilegum starfsháttum stjórnsýslunnar.

Við gerð þessara reglna hefur verið stuðst við viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 2006, þær siðareglur sem þegar eru fyrir hendi í ráðuneytum hér á landi, og margvíslegar leiðbeiningar OECD og fleiri alþjóðlegra stofnana, svo sem Evrópuráðsins. Þá hefur fyrirkomulag þessara mála í öðrum ríkjum verið haft til hliðsjónar.

Samráð

Í vinnu sinni til þessa hefur starfshópurinn haft samráð við félög starfsmanna Stjórnarráðsins og skrifstofustjóra lagaskrifstofa ráðuneytanna. Þá hefur starfshópurinn átt fundi með umboðsmanni Alþingis og Vilhjálmi Árnasyni prófessor sem á sæti í Vinnuhópi um siðferði en hann starfar með rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið. Það er mjög mikilvægt að skapa umræður um reglurnar þannig að starfsmenn ráðuneyta fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að og hafa áhrif á endanlega gerð þeirra. Drögin hafa verið kynnt fyrir öllum ráðuneytum og hefur verið tekið tillit til athugasemda frá þeim.

Lagt er til að drögin verði nú kynnt almenningi á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Þau verði svo endurskoðuð í ljósi athugasemda áður en til staðfestingar þeirra og útgáfu kemur. Starfshópurinn fagnar þeim áformum, sem fram kom á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, að siðareglurnar fái stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands. Þannig má festa reglurnar í sessi og jafnframt er einsýnt að umfjöllun á Alþingi um siðareglur fyrir stjórnsýsluna verið mjög gagnleg.

Reykjavík, 9. október 2009

Páll Þórhallsson
Halldóra Friðjónsdóttir
Jón Ólafsson

Valið efni sem stuðst hefur verið við:

Útgefið efni OECD um gott siðferði í opinberri stjórnsýslu og baráttu gegn spillingu. Sjá:
http://www.oecd.org/topic/0,3373,en_2649_34135_1_1_1_1_37447,00.html
Handbók Evrópuráðsins um siðferði í opinberri þjónustu. Sjá:
https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1378293&Site=DG1-CDLR&BackColorInternet=B9BDEE&BackColorIntranet=FFCD4F&BackColorLogged=FFC679
Siðareglur opinberra starfsmanna í Bretlandi. Sjá:
http://www.civilservice.gov.uk/Assets/cs_code_tcm6-2444.pdf
Siðareglur opinberra starfsmanna í Ástralíu. Sjá:
http://www.apsc.gov.au/values/conductguidelines.htm
Siðareglur opinberra starfsmanna á Nýja Sjálandi. Sjá:
http://www.ssc.govt.nz/upload/downloadable_files/Code-of-conduct-StateServices.pdf

Viðmið um góða starfshætti ríkisstarfsmanna. Sjá:
http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/dreifibref/yfirlit/2006/02/15/nr/5544
Siðareglur utanríkisþjónustunnar. Sjá:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/Sidareglur_utanrikistjonustunnar.PDF
Siðareglur samgönguráðuneytis. Sjá:
http://www.samgonguraduneyti.is/sidareglur/

I. hluti: Grunngildi stjórnsýslunnar

Óhlutdrægni

Stjórnarráð Íslands starfar á grundvelli laga í þágu almennings. Öll stefnumótun og ákvarðanataka mótast af sanngirni og virðingu fyrir lögum. Sérhagsmunir stýra ekki málsmeðferð né niðurstöðu mála. Leitast er við að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og þess gætt að almennir borgarar hafi jafnan aðgang að starfsfólki Stjórnarráðsins.

Ábyrgð

Starfsfólk Stjórnarráðsins og ráðherrar bera ábyrgð á gjörðum sínum sem einstaklingar og vinna störf sín þannig að forsendur og ástæður ákvarðana séu ljósar og opinberar eftir því sem kostur er og almannahagsmunir krefjast. Hófs er gætt í meðferð fjármuna, ákvarðanir byggðar á bestu fáanlegum upplýsingum og meðalhófs gætt í öllum ákvörðunum og aðgerðum.

Þjónusta

Stjórnarráðið reynir að koma sem best til móts við þarfir og óskir borgaranna með skilvirku samstarfi ráðuneyta og starfsfólks, gagnsærri stjórnsýslu og greiðri upplýsingamiðlun til almennings. Starfsfólk sýnir frumkvæði í einstökum málum eftir því sem við á, vinnur að bestu lausnum hverju sinni og sýnir borgurunum fulla virðingu í öllum samskiptum við þá.

Heilindi

Ráðherrar og starfsfólk Stjórnarráðsins leita lausna sem eru í senn sanngjarnar, skilvirkar og í almannaþágu. Samskipti innan Stjórnarráðsins og við almenning byggjast á trausti, gagnkvæmri virðingu, heiðarleika og hreinskilni. Í daglegu starfi er sýnd ráðdeild og ráðvendni og leitast við að sætta ólík sjónarmið í þágu almennings.

II. hluti: Góðar siðvenjur í stjórnsýslu

Starfsfólk ráðuneyta og ráðherrar

- Sinna starfi sínu af alúð, trúmennsku og heiðarleika.
- Starfa í almannaþágu af vandvirkni og samkvæmt bestu dómgreind.
- Sýna einstaklingum sem til þeirra leita virðingu og háttvísi.
- Kosta kapps um skilvirkt samstarf við Alþingi og eftirlitsstofnanir þess.
- Stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum á eigin starfsvettvangi.
- Tryggja að undirmenn og samstarfsfólk njóti sannmælis og viðurkenningar fyrir vinnuframlag sitt, frumkvæði og atorku.
- Styðja rétt undirmanna og samstarfsfólks til að leita réttar síns telji þau á sér brotið.
- Vinna gegn einelti á vinnustað.
- Leitast við að skapa traust á og virðingu fyrir eigin stöðu og embætti með trúverðugri og heilsteyptri framkomu.

- Afgreiða mál með skýrum hætti jafnskjótt og því verður við komið.
- Hafa forystu um lausnir þegar það á við.
- Leitast við að bæta vinnubrögð og starfshætti.
- Forðast sóun og ómarkvissa meðferð fjármuna.
- Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og krefjast hins sama af öðrum.
- Standa vörð um hlutleysi og faglegt sjálfstæði starfsmanna.
- Virða jafnræði og forðast mismunun.
- Standa vörð um skoðana- og tjáningarfrelsi.
- Virða mörk stjórnmála og stjórnsýslu.
- Vekja athygli viðeigandi aðila á ólögmætum ákvörðunum og athöfnum.
- Forðast hagsmunaárekstra og gæta þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf.

III. hluti: Siðareglur ráðherra

1. Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar

- Ráðherra veitir almenningi sem gleggstar upplýsingar um fjárhag sinn, tekjur, eignir og skuldir. Hann upplýsir einnig um tengsl sín við stofnanir, félög eða félagasamtök sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfi. Þetta gildir um tekjuöflun utan embættis, viðtöku persónulegra gjafa yfir hóflegum mörkum, hverskyns fríðindi, boðsferðir og sérkjör.
- Ráðherra gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á embættisstörf. Sé hætta á slíku, eða líkur til að ákvarðanir séu túlkaðar í ljósi slíkra tengsla, ber að gera viðeigandi ráðstafanir.
- Ráðherra notfærir sér ekki stöðu sína, eða upplýsingar sem hún veitir honum sérstakan aðgang að, til persónulegs ávinnings.
- Ráðherra ber að hafa í huga í öllum samskiptum sínum við hagsmunahópa að skyldur hans eru við almenning. Varast skal óeðlileg áhrif hagsmunahópa á stefnumótun og gæta að sanngirni þegar komið er til móts við óskir hagsmunahópa.
- Ráðherra beitir sér fyrir því innan ráðuneytis að tekið sé á hagsmunaárekstrum strax og þeir koma upp og að starfsfólk sé sér meðvitað um mögulega hagsmunaárekstra og leiðir til að koma í veg fyrir þá.

2. Ákvarðanir og meðferð verðmæta

- Ráðherra axlar með viðeigandi hætti ábyrgð á ákvörðunum sínum og gjörðum, sem skulu vera almenningi til heilla og í samræmi við stjórnarskrá og landslög. Ráðherra axlar með sama hætti ábyrgð á ákvörðunum og gjörðum undirmanna sinna.
- Forsendur ákvarðana skulu vera opinberar nema almannahagsmunir krefjist annars. Æskilegt er að skriflegum gögnum um slíkar forsendur sé haldið til haga.
- Ráðherra beitir ekki valdi sínu í þeim tilgangi að þjóna persónulegum hagsmunum og gætir þess að starfsfólk ráðuneytis virði sömu reglu.
- Ráðherra sýnir ráðdeild við meðferð fjármuna hins opinbera og hvetur starfsfólk ráðuneytis síns til hins sama.
- Útgjöld vegna ferðalaga, veisluhalda, gestamóttöku o.þ.h. ber að takmarka við það sem nauðsynlegt er vegna skyldna embættisins.

3. Hegðun og framganga

- Ráðherra skal sýna virkan samstarfsvilja séu störf hans rannsökuð af hálfu Alþingis eða eftirlitsstofnana Alþingis og eins þegar þingmenn óska eftir upplýsingum á grundvelli laga um þingsköp.
- Ráðherra ber að draga skýr mörk á milli einkalífs síns og opinberra skyldustarfa og hefur ekki einkanot af gæðum starfsins umfram það sem reglur hvers ráðuneytis leyfa.
- Hafi ráðherra einkanot af hlunnindum sem tilheyra viðkomandi embætti skal telja þau fram til skatts eftir því sem við á. Gjafir sem ráðherra þiggur í krafti embættis síns renna til viðkomandi ráðuneytis.
- Ráðherra forðast allt athæfi sem líklegt er til að vekja grunsemdir um að hann notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.
- Ráðherra gætir þess að framganga hans gefi starfsmönnum ekki tilefni til að ætla að litið verði framhjá brotum á lögum eða siðareglum.
- Ráðherra ber að tryggja að mistök eða misskilningur sem varðar ákvarðanir, meðferð mála eða samskipti við almenning séu leiðrétt eins fljótt og mögulegt er og valdi sem minnstu tjóni.
- Ráðherra gerist ekki sérstakur fulltrúi eða talsmaður einstakra fyrirtækja innanlands eða á erlendum vettvangi.
- Ráðherra stuðlar að kynningu þessara siðareglna og leggur sig fram um að tryggja víðtæka notkun þeirra.
- Ráðherra gætir þess að rýra ekki virðingu embættis síns með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi við manngildi og mannréttindi, svo sem með kaupum á kynlífsþjónustu.

4. Vinnubrögð

- Ráðherra byggir ákvarðanir sínar á bestu fáanlegum upplýsingum og leitar faglegs mats embættismanna og annarra sérfróðra aðila áður en ákvarðanir eru teknar um einstök mál eftir því sem við á.
- Ráðherra leitast við að vera í sem bestum tengslum við almenning. Í þessu skyni gefur hann almennum borgurum kost á viðtölum við sig, aðstoðarmann eða starfsmann ráðuneytis eftir því sem við á. Gæta skal þess að biðtími sé innan skynsamlegra marka og aðgengi jafnt.
- Ráðherra gerir skýran greinarmun á flokkspólitísku starfi, svo sem í tengslum við kosningar, og verkefnum ráðuneytis síns hverju sinni. Hann felur starfsmönnum ráðuneyta, öðrum en aðstoðarmanni, ekki verkefni sem tengjast stjórnmálastarfi hans.

5. Upplýsingagjöf

- Ráðherra veitir þær upplýsingar sem lög kveða á um að veita skuli fljótt og vel og sér til þess að starfsmenn ráðuneytis hans vinni í sama anda.
- Ráðherra leynir ekki upplýsingum sem hann býr yfir um málefni sem varða almannahag nema lög bjóði eða almannahagsmunir krefjist þess að öðru leyti. Ráðherra ber að hafa frumkvæði að birtingu slíkra upplýsinga sé hún í almannaþágu.
- Ráðherra gætir þess að fyrirspurnum þingmanna sé svarað ítarlega og af fyllstu hreinskilni.
- Ráðherra leggur sig fram um að upplýsa almenning og fjölmiðla með reglulegum og skipulegum hætti og af hreinskilni um störf ráðuneytis síns.

6. Samskipti við samstarfsfólk og almenning
- Ráðherra gerir skýran greinarmun á pólitísku hlutverki sínu og hlutverki sínu sem æðsta yfirmanns ráðuneytis. Hann krefst þess af starfsfólki ráðuneytis síns að það láti pólitísk sjónarmið ekki hafa áhrif á störf sín og virðir um leið pólitískt hlutleysi þess.
- Ráðherra tekur mark á og bregst við ábendingum starfsmanna um siðferðilega ámælisvert eða ólögmætt athæfi í ráðuneyti hans eða á starfssviði ráðuneytisins. Hann gætir þess að starfsmenn sem benda á slíkt gjaldi ekki fyrir það.
- Ráðherra leitast við að eiga greið og opin samskipti við frjáls félagasamtök, fagfélög og hagsmunahópa.

IV. hluti: Siðareglur starfsfólks stjórnarráðsins

1. Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar
- Starfsfólki ráðuneyta ber að upplýsa ráðuneytisstjóra um fjárhag sinn, tekjur, eignir og skuldir, séu starfsskyldur þess eðlis að til hagsmunaárekstra geti komið. Starfsfólk upplýsir einnig um tengsl sín við stofnanir, félög eða félagasamtök sem geta valdið hagsmunaárekstrum, þar á meðal tekjuöflun utan starfsins og viðtöku persónulegra gjafa frá hagsmunaaðilum.
- Starfsfólk gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á störf þess. Sé hætta á slíku, eða líkur til að ákvarðanir séu túlkaðar í ljósi slíkra tengsla, ber að gera viðeigandi ráðstafanir.
- Starfsfólk notfærir sér ekki stöðu sína, eða upplýsingar sem hún veitir því sérstakan aðgang að, til persónulegs ávinnings.
- Í samskiptum við hagsmunahópa ber starfsfólki Stjórnarráðsins að hafa í huga að skyldur stjórnsýslunnar eru við almenning. Gæta skal að jafnræði hagsmunaaðila þegar komið er til móts við óskir hagsmunahópa.

2. Ákvarðanir og meðferð verðmæta
- Hver starfsmaður Stjórnarráðsins er ábyrgur fyrir athöfnum sínum og gjörðum, sem skulu vera almenningi til heilla og í samræmi við stjórnarskrá og landslög.
- Yfirmenn bera ábyrgð á ákvörðunum undirmanna sinna með þeim.
- Starfsfólki Stjórnarráðsins ber að sýna ráðdeild við meðferð fjármuna hins opinbera og stuðla að því sama meðal samstarfsmanna.
- Útgjöld vegna ferðalaga, veisluhalda, gestamóttöku o.þ.h. ber að takmarka við það sem nauðsynlegt má telja vegna skyldna viðkomandi ráðuneytis.

3. Hegðun og framganga
- Við hvers kyns rannsóknir af hálfu Alþingis eða eftirlitsstofnana Alþingis og eins þegar þingmenn óska eftir upplýsingum á grundvelli laga um þingsköp ber starfsfólki stjórnsýslunnar að sýna virkan samstarfsvilja.
- Starfsfólki Stjórnarráðsins ber að draga skýr mörk á milli einkalífs síns og opinberra skyldustarfa og hafa ekki einkanot af gæðum starfsins umfram það sem reglur hvers ráðuneytis segja til um.
- Hafi starfsmaður stjórnarráðsins einkanot af hlunnindum sem tilheyra starfi hans skal telja þau fram til skatts. Gjafir sem starfsmaður þiggur vegna embættis síns eða opinbers hlutverks renna til viðkomandi ráðuneytis.

- Starfsfólk Stjórnarráðsins forðast allt athæfi sem líklegt er til að vekja grunsemdir um að það notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.
- Mistök eða misskilning sem varðar ákvarðanir, meðferð mála eða samskipti við almenning ber að leiðrétta eins fljótt og mögulegt er og með minnstu mögulegu tjóni.
- Starfsfólk gengur ekki á mála hjá fyrirtækjum eða beitir sér í þágu tiltekinna fyrirtækja umfram önnur innanlands eða á erlendum vettvangi.
- Starfsfólk Stjórnarráðsins gætir þess að rýra ekki trúverðugleika ráðuneytis síns með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi við manngildi og mannréttindi, s.s. með kaupum á kynlífsþjónustu.

4. Vinnubrögð
- Ákvarðanir ber að byggja á bestu fáanlegum upplýsingum.
- Leita skal faglegs mats sérfróðra aðila um einstök mál eftir því sem við á.
- Starfsfólk Stjórnarráðsins leitast við að auðvelda öll samskipti við almenning og leitast við að mismuna borgurunum ekki um aðgang að stjórnsýslunni.

5. Upplýsingagjöf
- Starfsfólk Stjórnarráðsins veitir almenningi upplýsingar sem lög kveða á um að veita skuli fljótt og vel.
- Starfsmaður stuðlar að því að upplýsingar sem geta haft áhrif á málsmeðferð og niðurstöður mála séu aðgengilegar samstarfsfólki og yfirmönnum.
- Starfsfólk heldur ekki vitneskju sinni um málefni sem varða almannahag leyndri, nema brýnt sé að gera það vegna almannahagsmuna.

6. Samskipti við samstarfsfólk og almenning
- Bregðast skal við ábendingum samstarfsfólks og undirmanna um siðferðilega ámælisvert eða ólögmætt athæfi. Starfsfólk Stjórnarráðsins leitast við að koma í veg fyrir að einstaklingar gjaldi fyrir slíkar ábendingar.
- Starfsfólk leitast við að eiga greið og opin samskipti við frjáls félagasamtök, fagfélög og hagsmunahópa.
- Starfsfólk leitast við að auðvelda öll samskipti við almenning og sjá til þess að upplýsingar séu veittar greiðlega og með kerfisbundnum hætti.

V. hluti: Framkvæmd

1. Siðanefnd
- Forsætisráðherra skipar siðanefnd sem tekur við ábendingum um brot á siðareglunum og fjallar um þær. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði.
- Siðanefnd beitir sér fyrir breytingum á reglunum eftir því sem ástæða er til.

2. Námskeið, fræðsla
- Nýir starfsmenn Stjórnarráðsins, ráðherrar og aðstoðarmenn þeirra sækja námskeið um siðareglur svo fljótt sem auðið er eftir að þeir hefja störf. Forsætisráðuneytið efnir til reglulegra fræðslufunda um siðferði í opinberri stjórnsýslu og beitir sér fyrir því að efla vitund um siðareglur og virka notkun þeirra.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði umgjörð um siðareglur fyrir ráðherra, starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og fyrir almenna ríkisstarfsmenn. Frumvarpið miðar jafnframt að því að tryggja samhæfingu milli ólíkra aðila innan stjórnkerfisins sem vinna að því að bæta vinnubrögð hjá starfsmönnum ríkisins.

Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði á fót samhæfingarnefnd, sem hafi það hlutverk að stuðla að því að grunngildi stjórnsýslu ríkisins og siðareglur byggðar á þeim nái fram að ganga, að höfðu nánu samráði við eftirlitsembætti Alþingis. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að forsætisráðherra fái heimild til að staðfesta siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og fái auk þess heimild til að setja ráðherrum í ríkisstjórn sértækar siðareglur. Í þriðja lagi að fjármálaráðherra fái heimild til að staðfesta almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins. Jafnframt verði áréttað hlutverk fjármálaráðuneytisins, sem fer með starfsmannamál ríkisins, við fræðslu og eftirfylgni með siðareglum. Í fjórða lagi er lagt til að lögum um umboðsmann Alþingis verði breytt þannig að það hlutverk sem hann hefur haft við að gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum nái einnig til siðareglna sem settar hafa verið með formlegum hætti. Í fimmta lagi er lagt til að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði breytt þannig að gert verði ljóst að brot á siðareglum geti leitt til agaviðurlaga. Auk þess er kveðið skýrlega á um að ríkisstarfsmenn verði ekki látnir gjalda þess ef þeir greina viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglunum sem þeir verða áskynja um í starfi. Loks er lagt til að lögum um ráðherraábyrgð verði breytt þannig að ljóst sé að brot á siðareglum geti leitt til viðurlaga samkvæmt þeim lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir einhverjum lítils háttar kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Ekki hefur verið lagt endanlegt mat á kostnaðinn en gera má ráð fyrir einhverjum sérfræðikostnaði vegna setu í samhæfingarnefndinni. Hversu hár sá kostnaður verður fer eftir því hvernig skipast í nefndina. Verði nefndin alfarið skipuð ríkisstarfsmönnum verður ekki um aukinn kostnað að ræða en gæti orðið allt að 2 til 3 m.kr. árlega verði sérfræðingar utan ríkiskerfisins allt að þrír talsins í nefndinni. Kostnaðar við upplýsingaöflun, fræðirannsóknir og námskeiðshald hefur ekki verið metinn sérstaklega en gera verður ráð fyrir að námskeiðshaldið verði að stærstum hluta greitt af þátttökugjöldum frá viðkomandi stofnunum eins og tíðkast hefur hjá hinu opinbera, t.d. í tengslum við kynningu á stjórnsýslu- og upplýsingalögum fyrir ríkisstarfsmönnum. Kostnaður við gerð kynningarefnis og önnur aukin verkefni viðkomandi aðila ætti varla að vera það mikill að hann geti ekki rúmast innan núverandi fjárheimilda.

677. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. tölul. 4. mgr. orðast svo: Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
b. 2. málsl. 6. mgr. orðast svo: Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tölul. 4. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.
c. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 3. mgr. kemur: 15%.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.
c. Í stað 1. og 2. málsl. 8. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.
d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.
c. 6. mgr. orðast svo:

   Tefjist skip frá veiðum í fimm mánuði samfellt vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

d. 7. mgr. orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2010 að undanskildum ákvæðum c-liðar 2. gr. um línuívilnun sem taka gildi 1. mars 2010, ákvæðum 3. gr. sem taka gildi 1. september 2010 og ákvæði til bráðabirgða I sem tekur gildi 15. febrúar 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar, auk aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, allt að 2.000 lestir af skötusel hvort fiskveiðiár. Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip gegn greiðslu gjalds allt að 5 lestum í senn. Fiskistofa annast úthlutun aflaheimildanna. Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessari grein eru ekki framseljanlegar og eru veiðar á skötusel á grundvelli þessara aflaheimilda óheimilar á svæðinu á milli línu réttvísandi suður úr Krísuvíkurbergsvita 63°49´8 N og 22°04´2 V og línu réttvísandi suðaustur úr Hvítingum (grp. 18) 64°23´9 N og 14°28´0 V. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skötusels er 120 kr. hvert kg og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Tekjur af aflaheimildum skulu renna í ríkissjóð og skal þeim ráðstafað á þann veg að 40% þeirra renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs og 60% renni í Átak til atvinnusköpunar með það að markmiði að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

II.

Frá og með fiskveiðiárinu 2010/2011 skal skipta leyfilegum heildarafla í karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund í upphafi fiskveiðiársins 2010/2011 vera hin sama og hún hefði að óbreyttum lögum orðið í karfa.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 15. gr. laganna skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2009/2010 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna, sbr. a-lið 2. gr. laga þessara, er á fiskveiðiárinu 2009/2010 einungis heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar.

V.

Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa aflaheimildum þessum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna, vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera meðalverð í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda í reglugerð.

Um tekjur af aflaheimildum þessum fer skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

678. Lög [171. mál]

um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun).

(Afgreidd frá Alþingi 16. febrúar 2010.)

Samhljóða þskj. 653.

679. Fyrirspurn [376. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvaða áform eru um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi?

Skriflegt svar óskast.

680. Fyrirspurn [377. mál]

til utanríkisráðherra um stjórnsýslubreytingar vegna mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu.

Frá Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni.

Hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á íslensku stjórnkerfi áður en Ísland getur orðið aðili að Evrópusambandinu? Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi liði:

a. hvaða stofnunum eða skipulagsheildum er nauðsynlegt að koma á fót,
b. hver er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd,
c. hvað er áætlað að framangreindar breytingar kalli á mörg viðbótarársverk í stjórnkerfinu?

681. Fyrirspurn [378. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um samgönguáætlun.

Frá Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni.

1. Hvenær má búast við að endurskoðuð eða ný samgönguáætlun verði birt?
2. Má vænta þess að í þeirri endurskoðun verði kynntar nýjar vegaframkvæmdir í Norðvesturkjördæmi?
3. Hefur verið rætt um mögulega tengingu milli Suður- og Vesturlands með heilsársvegi um Uxahryggi að Þingvöllum?

682. Fyrirspurn [379. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um matvæli og fæðuöryggi á Íslandi.

Frá Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni.

1. Er til einhver opinber stefna um fæðuöryggi í landinu?
2. Eru einhver viðmið til um það hversu mikið þarf að vera til af matvælum í landinu á hverjum tíma?

683. Fyrirspurn [380. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um reglugerð um gjafsókn.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hyggst ráðherra breyta reglugerð nr. 45/2008, um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, með því að:
a. hækka tekjuviðmið, sem er nú 1.600.000 kr. fyrir einstakling og 2.500.000 kr. fyrir umsækjanda í hjúskap eða sambúð, sbr. 7. gr.,
b. veita atvinnulausum undanþágu frá tekjuákvæðum,
c. auðvelda á annan hátt og einfalda ferli við að sækja um gjafsókn?

684. Fyrirspurn [381. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um rekstur Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er heildarkostnaður eftirfarandi liða hjá Ríkisútvarpinu ohf. sl. þrjú starfsár, sundurliðað eftir árum miðað við sjónvarp og hljóðvarpsrásir:
   a. stjórn Ríkisútvarpsins ohf.,
   b. fjármagnskostnaður,
   c. fréttadeild,
   d. innlend dagskrárdeild,
   e. erlend dagskrárdeild,
   f. tæknideild,
   g. markaðs- og auglýsingadeild,
   h. dreifikerfi,
   i. safnadeild,
   j. leikmyndadeild,
   k. annað?
2. Hver er heildarkostnaður við kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum og hvernig skiptist hann eftir verkefnum?
3. Hver er heildarkostnaður við gerð innlends dagskrárefnis innan Ríkisútvarpsins ohf. og hvernig skiptist hann eftir verkefnum?
4. Hverjir eru starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf., skipt eftir deildum, og hvert er starfsheiti þeirra?
5. Hver er hlutfallsleg skipting sýningartíma milli eftirfarandi efnisflokka íslensks sjónvarpsefnis á kjörtíma:
   a. leikið efni,
   b. skemmtiefni,
   c. íþróttir,
   d. fréttir,
   e. fréttatengt efni,
   f. heimildarþættir,
   g. listir og menning,
   h. barna- og unglingaefni,
   i. annað, svo sem tónlist, vísindi o.fl.?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Með fyrirspurn þessari er leitað eftir ítarlegri kostnaðartölum í starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. en fram kemur í ársskýrslum félagsins. Ríkisútvarpið ohf. er í eigu íslenska ríkisins og er ætlað að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, sbr. lög nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Fyrirspurninni er jafnframt ætlað að varpa frekara ljósi á innviði Ríkisútvarpsins ohf. sem nú eru flestum huldir. Það er forsenda fyrir auknu faglegu aðhaldi sem hingað til hefur skort verulega á. Hefur það fyrst og fremst komið frá kvikmyndagerðarmönnum sem hafa þekkingu á stofnuninni og vilja henni vel en gagnrýna stjórnun hennar. Út frá þeim gögnum sem óskað er eftir fást til að mynda upplýsingar um skiptingu innlendrar dagskrár. Þá er hægt að meta hvernig þróunin hefur verið í dagskrársetningu innlends efnis á tímabilinu og bera saman við samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem undirritaður var 23. mars 2007 af þáverandi menntamálaráðherra og útvarpsstjóra og gildir til 31. mars 2012.

685. Svar [191. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um íbúðalán í eigu Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve mikið á Seðlabanki Íslands af íbúðalánum í krónum talið?*
2. *Hversu mörg lán eru að baki þessari upphæð?*
3. *Hvert er bókfært verð þessara lána í bókum bankans?*
4. *Hvaða banki eða bankar settu húsnæðislán sín að veði í bankanum?*

1.–3. Seðlabankinn hefur ekki eignast nein íbúðalán og því eru engin slík lán á bókum bankans. Hins vegar hefur bankinn tekið veð í slíkum lánum í tengslum við lánafyrirgreiðslu til einstakra fjármálafyrirtækja.

4. Með vísan til ákvæða í 35. gr. laga nr. 36/2001 telur Seðlabankinn sér ekki heimilt að veita upplýsingar um hvaða bankar eða banki hafi sett húsnæðislán sín að veði í Seðlabankanum.

686. Frumvarp til laga [382. mál]

um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um atvinnurekendur, og starfsmenn þeirra, sem reka starfsemi á innlendum vinnumarkaði, hvort sem hún er ótímabundin eða tímabundin, eða senda starfsmenn hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu innan tiltekinna atvinnugreina, sbr. 2. mgr.

Samtök aðila vinnumarkaðarins skulu semja nánar um það í kjarasamningum sín á milli til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lög þessi taka til á hverjum tíma. Skulu þeir kjarasamningar sem og aðrir samningar sem gerðir eru milli aðila um nánari framkvæmd laga

þessara gilda um alla atvinnurekendur sem starfa innan þeirra atvinnugreina á innlendum vinnumarkaði sem tilgreindar eru í samningum aðila.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda með lista yfir þær atvinnugreinar sem lögin skulu taka til á hverjum tíma samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. 2. mgr.

Með atvinnurekanda er átt við lögaðila og sjálfstætt starfandi einstaklinga.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

3. gr.

Vinnustaðaskírteini.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að hann sjálfur og starfsmenn hans, hvort sem starfsmennirnir eru ráðnir beint til atvinnurekanda á grundvelli ráðningarsamnings eða koma til starfa með milligöngu starfsmannaleigu, fái vinnustaðaskírteini er þeir hefja störf.

Atvinnurekanda og starfsmönnum hans ber að hafa vinnustaðaskírteinin á sér við störf sín.

Í vinnustaðaskírteini skal koma fram nafn og kennitala atvinnurekanda eða annað auðkenni hans og nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd af starfsmanni.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja um nánari útfærslu vinnustaðaskírteina í samningum sín á milli.

4. gr.

Eftirlit á vinnustöðum.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi.

Í eftirlitsheimsóknum skulu eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu sýna vinnustaðaskírteini skv. 3. gr. sé óskað eftir því.

Eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skulu senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið upplýsingarnar vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins sem sinna eftirliti ber að sýna skírteini við störf sín sem samtökin gefa sameiginlega út.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um framkvæmd eftirlitsins, svo sem hvaða gögnum fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem sinna eftirliti skulu hafa aðgang að eða eftir atvikum fá afhent og hverjar trúnaðarskyldur eftirlitsfulltrúa þeirra skuli vera.

5. gr.

Eftirfylgni eftirlits.

Hafi opinber stofnun sem hefur fengið upplýsingar sendar frá eftirlitsfulltrúum skv. 4. gr. rökstuddan grun um að lög þau sem stofnunin annast framkvæmd á hafi verið brotin metur hún hvort ástæða sé til að kanna málið frekar á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur samkvæmt þeim lögum.

Skal hlutaðeigandi stofnun, sbr. 1. mgr., jafnframt upplýsa eftirlitsfulltrúa skv. 4. gr. um fyrirhugaða rannsókn án nánari tilgreiningar á því í hverju brotin kunni að felast enda fari slík upplýsingagjöf ekki gegn þeim lögum er stofnunin starfar eftir. Eftirlitsfulltrúum er óheimilt að láta öðrum í té þær upplýsingar þegar ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um málsmeðferð í málum þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn ákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga aðila, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

6. gr.

Dagsektir.

Ef eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda skv. 1. mgr. 4. gr. eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda skv. 2. mgr. 3. gr. geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Sé um ítrekað brot atvinnurekanda að ræða getur Vinnumálastofnun krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkum innan sólarhrings.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 krónum hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna atvinnurekanda og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

7. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra til félags- og tryggingamálaráðuneytis ákvarðanir Vinnumálastofnunar skv. 6. gr. innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hana hefur að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar skv. 6. gr.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

8. gr.
Reglugerðarheimild.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðarins.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við stöðugleikasáttmála Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 25. júní 2009. Þar kemur meðal annars fram að „[a]ðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.“ Í tilvitnaðri bókun frá 17. febrúar 2008 kemur meðal annars fram að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins ákveði „að vinna áfram að innleiðingu og notkun vinnustaðaskilríkja þar sem það á við og beina fyrst sjónum einkum að byggingariðnaði“. Enn fremur segir að „[f]yrirtæki get[i] tekið upp vinnustaðaskilríki á eigin forsendum þar sem nafn þeirra og auðkenni koma fram. Kröfurnar sem vinnustaðaskilríki þurfa að uppfylla er að á þau komi fram nafn, mynd og kennitala viðkomandi starfsmanna eða sjálfvirkur möguleiki á tengingu frá starfsmannanúmeri til kennitölu ef hún er ekki skráð á skilríkið.“

Í samræmi við efni stöðugleikasáttmálans og framangreindrar bókunar er lagt til í frumvarpi þessu að tekin verði upp vinnustaðaskírteini á innlendum vinnumarkaði innan þeirra atvinnugreina sem samtök aðila vinnumarkaðarins semja um á hverjum tíma. Þannig verði styrkari stoðum rennt undir eftirlit fulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins á vinnustöðum enda er markmið frumvarpsins að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Það fyrirkomulag sem lagt er til með frumvarpinu byggist á þeirri viðteknu venju að aðilar vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði í kjarasamningsviðræðum sín á milli. Hafa þeir samningar gilt sem lágmarkskjör hér á landi fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgreinum á svæðum þeim er samningarnir taka til, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Þannig hafa atvinnurekendur þurft að taka mið af kjarasamningum aðilanna við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra sem kjósa að standa utan félaga en í fyrrnefndum lögum er sérstaklega tekið fram að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli ógildir. Með hliðsjón af þeirri meginreglu á íslenskum vinnumarkaði hefur enn fremur verið litið svo á að eftirlit með að kjarasamningar skuli haldnir sé einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra. Þar af leiðandi hefur hvorki tíðkast að opinberir aðilar hafi viðhaft sérstakt eftirlit með því að atvinnurekendur haldi gerða kjarasamninga né hvort efni þeirra brjóti hugsanlega í bága við innlenda löggjöf. Verður það því að teljast eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins semji

jafnframt um það í frjálsum samningaviðræðum hvernig eftirliti með launum og öðrum starfskjörum launafólks skuli háttað telji þeir sérstaka þörf á því. Er því gert ráð fyrir að frumvarp þetta feli í sér ákveðinn ramma sem ætlað er að gilda um gerð vinnustaðaskírteina og fyrrnefnt eftirlit aðila vinnumarkaðarins sem slíkt en jafnframt feli frumvarpið í sér ríkar heimildir til handa samtökum aðila vinnumarkaðarins til að semja nánar um inntak eftirlitsins, þar á meðal til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lögunum er ætlað að taka til hverju sinni. Með samtökum aðila vinnumarkaðarins er átt við heildarsamtök á vinnumarkaði en á almennum vinnumarkaði teljast Alþýðusamband Íslands sem heildarsamtök launafólks og Samtök atvinnulífsins sem heildarsamtök atvinnurekenda. Á opinberum vinnumarkaði teljast Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna sem heildarsamtök launafólks. Viðsemjendur þeirra eru fjármálaráðuneytið og launanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í bókun Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 17. febrúar 2008 kemur fram að aðilarnir hafi hug á að beina sjónum fyrst að byggingariðnaði. Má jafnframt gera ráð fyrir að einnig verði samið um að ákvæði frumvarpsins eigi við um rekstur gististaða og veitingarekstur. Miðað er við að kjarasamningar þeir sem samtök aðila vinnumarkaðarins gera á grundvelli frumvarps þessa hafi sama almenna gildi og kjarasamningar almennt hafa skv. 1. og 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að atvinnurekandi skuli sjá til þess að hann sjálfur sem og starfsmenn hans fái vinnustaðaskírteini og er við það miðað að starfsmennirnir fái slík skírteini um leið og þeir hefja störf hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda hvort sem þeir eru ráðnir beint til viðkomandi atvinnurekanda á grundvelli ráðningarsamnings eða koma til starfa með milligöngu starfsmannaleigna. Jafnframt er mælt fyrir um að atvinnurekandi sjálfur sem og starfsmenn hans skuli bera vinnustaðaskírteinin á sér við störf á vegum atvinnurekanda. Þykir þetta mikilvægt svo unnt verði að koma á skilvirku eftirliti á vinnustöðum, meðal annars í því skyni að ganga úr skugga um með tiltölulega einföldum hætti hvort atvinnurekandi og starfsmenn hans fari að þeim lögum og kjarasamningum sem þeim ber. Enn fremur er tekið fram hvaða upplýsingar gert er ráð fyrir að komi fram í vinnustaðaskírteinunum.

Í samræmi við markmið frumvarpsins er lagt til að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins verði veittur aðgangur að vinnustöðum atvinnurekanda í sérstökum eftirlitsheimsóknum en gert er ráð fyrir að eftirlitsfulltrúarnir sendi til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, hlutaðeigandi lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þær upplýsingar sem fram koma á vinnustaðaskírteini sem þeir meta hvort ástæða sé til að kanna frekar í eftirlitsheimsóknum sínum. Er þetta lagt til þannig að hver stofnun fyrir sig geti nýtt upplýsingarnar í því skyni að meta hvort ástæða er til að kanna frekar hvort hlutaðeigandi atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við þá löggjöf sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á sem og eftirlit lögum samkvæmt. Í kjölfar þeirra upplýsinga sem gert er ráð fyrir að eftirlitsfulltrúarnir sendi fyrrnefndum stofnunum er gert ráð fyrir að viðkomandi stofnun meti hvort ástæða sé til að kanna málið frekar á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur samkvæmt hlutaðeigandi lögum hafi stofnunin rökstuddan grun um að lög þau sem stofnunin annast framkvæmd á hafi verið brotin.

Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að verði eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda í tengslum við eftirlitið eða atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda geti eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin geti í kjölfarið krafist

þess skriflega með sannanlegum hætti að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum sem gert er ráð fyrir að renni í ríkissjóð. Þá er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að kæra til félags- og tryggingamálaráðuneytisins ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gildissvið laganna taki til atvinnurekenda, og starfsmanna þeirra, sem reka starfsemi á innlendum vinnumarkaði, hvort sem sú starfsemi er ótímabundin eða tímabundin. Engu síður er gert ráð fyrir að gildissvið laganna verði nánar afmarkað með kjarasamningum milli samtaka aðila vinnumarkaðarins sem skuli semja nánar um það sín á milli til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lögin taka á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. ákvæðis þessa. Er gert ráð fyrir að í samningum milli aðila komi fram tilvísun í ÍSAT2008 að því er varðar þær atvinnugreinar sem lögunum og samningum aðila er ætlað að taka til á hverjum tíma eftir því sem tilefni er til sem og einnig til deilda og starfaflokka ÍSTARF95. Á sama hátt er lagt til að gildissvið laganna taki jafnframt til atvinnurekenda sem senda starfsmenn hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu innan þessara sömu tilteknu atvinnugreina. Af hálfu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins er í upphafi gert ráð fyrir að kjarasamningar þessara aðila á almennum vinnumarkaði takmarki gildissvið laganna við atvinnurekendur og starfsmenn þeirra sem vinna við byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða eða veitingarekstur samkvæmt nánari skilgreiningum byggðum á ÍSAT2008 og ÍSTARF95. Er gert ráð fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins geti samið um að samningar þeirra taki til annarra atvinnugreina verði talin þörf á því og þar með falli þær greinar innan gildissviðs laganna. Þá er lagt til að félags- og tryggingamálaráðuneytið birti auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda með lista yfir þær atvinnugreinar sem lögin taka til á hverjum tíma með vísun til gildandi kjarasamninga samtaka aðila vinnumarkaðarins um sama efni.

Með atvinnurekanda er í frumvarpinu átt við lögaðila og sjálfstætt starfandi einstaklinga en í því sambandi er átt við hlutafélög, sameignarfélög, einkahlutafélög og hvers konar önnur félagaform sem og þá sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er með þessu undirstrikað mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins annist það eftirlit með að lögum og kjarasamningum sé framfylgt á innlendum vinnumarkaði sem þeir telja nauðsynlegt að sé viðhaft hverju sinni. Með því að samþætta að ákveðnu marki eftirlit aðila vinnumarkaðarins við lögboðið eftirlit stjórnvalda með atvinnustarfsemi er því með frumvarpi þessu verið að renna styrkari stoðum undir það fyrirkomulag sem hefur tíðkast hér á landi hvað varðar fyrrnefnt eftirlit aðila vinnumarkaðarins með því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum og reglugerðum sem og kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Á það ekki síst við í ljósi þess að reynslan hefur meðal annars sýnt að upp geta komið tilvik þar sem eftirlitsaðilar samtaka aðila vinnumarkaðarins þurfa að leita atbeina opinberra aðila til að framfylgja eftirliti sínu. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir að eftirlitsfulltrúar geti tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar hafi þeim verið

neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda eða atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda. Getur Vinnumálastofnun þá krafist þess að atvinnurekandi bæti úr þeim annmörkum innan hæfilegs frests, sbr. 6. gr. frumvarps þessa. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að atvinnurekandi skuli sjá til þess að hann sjálfur sem og starfsmenn hans fái vinnustaðaskírteini og er við það miðað að starfsmennirnir fái slík skírteini um leið og þeir hefja störf hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda. Gert er ráð fyrir að þetta eigi við hvort sem starfsmennirnir eru ráðnir beint til viðkomandi atvinnurekanda á grundvelli ráðningarsamnings eða koma til starfa með milligöngu starfsmannaleigu. Jafnframt er mælt fyrir um að atvinnurekandi sjálfur sem og starfsmenn hans skuli bera vinnustaðaskírteinin á sér við störf á vegum atvinnurekanda. Þykir þetta mikilvægt svo unnt verði að koma á skilvirku eftirliti á vinnustöðum, meðal annars í því skyni að ganga úr skugga um með tiltölulega einföldum hætti hvort atvinnurekandi og starfsmenn hans fari að þeim lögum og kjarasamningum sem þeim ber.

Enn fremur er tekið fram hvaða upplýsingar gert er ráð fyrir að komi fram í vinnustaðaskírteinunum. Er lagt til að þar komi fram nafn og kennitala atvinnurekanda eða annað auðkenni hans og nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd af starfsmanni. Með öðru auðkenni er átt við virðisaukaskattsnúmer fyrirtækis eða aðra sambærilega heimild um starfsemi fyrirtækisins. Á það sérstaklega við í þeim tilvikum þegar um er að ræða erlent fyrirtæki sem sendir starfsmenn tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu tengda starfsemi fyrirtækisins en þá er gert ráð fyrir að auðkenni fyrirtækisins sé þess eðlis að það sýni fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Er talið nægilegt að þessar upplýsingar komi fram á vinnustaðaskírteinum en þegar um er að ræða erlend fyrirtæki sem lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra eiga við um er gengið út frá því að eftirlitsmenn aðila vinnumarkaðarins geti þegar ástæða þykir til fengið upplýsingar hjá Vinnumálastofnun um hver sé fulltrúi fyrirtækisins hér á landi skv. 10. gr. sömu laga. Þá er lagt til að samtökum aðila vinnumarkaðarins verði gert heimilt að semja um nánari útfærslu vinnustaðaskírteina í samningum sín á milli. Er þar meðal annars vísað til þess að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru að þróa sérstakt skráningarkerfi þar sem tilgangurinn er að skrá vettvangsheimsóknir á vinnustaði í því skyni að skrá og sannreyna upplýsingar varðandi þá sem sæta eftirliti. Það kann því að verða nægilegt síðar meir að starfsmannanúmer komi fram í vinnustaðaskírteini sem hefur sjálfvirkan möguleika á tengingu við kennitölu starfsmanna sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfsemina.

Um 4. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að styrkja framkvæmd eftirlits samtaka aðila vinnumarkaðarins með því að atvinnurekendur og starfsmenn á innlendum vinnumarkaði fari að þeim lögum, reglugerðum og kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem þeim ber. Í því skyni er lagt til að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins verði veittur aðgangur að vinnustöð-

um atvinnurekanda í sérstökum eftirlitsheimsóknum. Gert er ráð fyrir að í eftirlitsheimsóknunum hafi eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans sem og að atvinnurekandi og starfsmenn hans sýni vinnustaðaskírteini skv. 3. gr. frumvarps þessa óski eftirlitsfulltrúarnir eftir því. Jafnframt er gert ráð fyrir að eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem sinna fyrrnefndu eftirliti sýni skírteini við störf sín sem samtökin gefa sameiginlega út. Þá er lagt til að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins verði heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Enn fremur er lagt til að eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skuli senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini sem þeir kanna í eftirlitsheimsóknum sínum til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, hlutaðeigandi lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár. Er þetta lagt til þannig að hver stofnun fyrir sig geti nýtt upplýsingarnar í því skyni að kanna hvort hlutaðeigandi atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við þá löggjöf sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á sem og eftirlit lögum samkvæmt. Er með þessu stefnt að ákveðinni samþættingu á eftirliti samtaka aðila vinnumarkaðarins við eftirlit opinberra aðila til að auka árangur eftirlitsins sem og að stuðla að ákveðinni hagræðingu.

Gert er ráð fyrir að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins verði óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemi hlutaðeigandi atvinnurekanda en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að þeim sé óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila sem þeir hafa fengið vitneskju um vegna eftirlits síns sé ástæða til þess að ætla að þeim upplýsingum skuli haldið leyndum.

Þá er lagt til að samtökum aðila vinnumarkaðarins verði heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um framkvæmd eftirlitsins, svo sem hvaða gögnum eftirlitsfulltrúarnir skuli hafa aðgang að eða eftir atvikum fá afhent og hverjar trúnaðarskyldur eftirlitsfulltrúanna skuli vera. Þessi heimild byggist á þeirri venju að aðilar vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði í frjálsum kjarasamningum. Hefur því jafnframt verið litið svo á að eftirlit með að kjarasamningar séu haldnir sé einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra og þeir semji þá sín á milli um það með hvaða hætti eftirlit með að slíkir samningar séu virtir skuli fara fram eftir atvikum innan þess ramma er lög kunna að setja. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hafi opinber stofnun sem fengið hefur upplýsingar sendar frá eftirlitsfulltrúum skv. 4. gr. frumvarps þessa rökstuddan grun um að lög þau sem stofnunin annast framkvæmd á lögum samkvæmt hafi verið brotin meti stofnunin hvort ástæða sé að kanna málið frekar á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur samkvæmt þeim lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi stofnun upplýsi eftirlitsfulltrúa skv. 4. gr. frumvarps þessa um fyrirhugaða rannsókn skv. 1. mgr. ákvæðisins án nánari tilgreiningar á því í hverju brotin kunni að felast enda fari slík upplýsingagjöf ekki í bága við þau lög sem stofnunin starfar eftir. Er hér meðal annars vísað til þeirrar ríku þagnarskyldu sem lögð er á starfsmenn skattyfirvalda á grundvelli skattalaga. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að eftirlitsfulltrúunum verði óheimilt að láta öðrum í té þær upplýsingar þegar ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum.

Þá er í ákvæðinu lagt til að samtökum aðila vinnumarkaðarins verði heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um málsmeðferð í málum þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn ákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga aðila, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta sem og athugasemda við 4. gr. frumvarps þessa.

Um 6. gr.

Lagt er til að verði eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda skv. 1. mgr. 4. gr. frumvarps þessa eða atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarps þessa geti eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Í því skyni að gera eftirlit samtaka aðila vinnumarkaðarins skilvirkara en ella og tryggja þar með að einstakir atvinnurekendur geti ekki komist hjá eftirlitinu með því einu að synja eftirlitsfulltrúunum um aðgengi að vinnustöðum sínum er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti í kjölfarið krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum sem gert er ráð fyrir að renni í ríkissjóð. Eðli málsins samkvæmt þarf í slíkum tilvikum að koma til kasta opinberra aðila og er lagt til að Vinnumálastofnun verði þannig fengið það hlutverk að fylgja því eftir við atvinnurekendur að þeir fari að ákvæðum frumvarps þessa gerist þess þörf.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun tilkynni skriflega á sannanlegan hátt um ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. ákvæðisins þeim aðila sem ákvörðunin beinist að. Er þar gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun tilkynni hlutaðeigandi aðila um ákvörðunina með ábyrgðarbréfi eða öðrum sambærilegum hætti. Lengd þess frests sem Vinnumálastofnun gefur atvinnurekanda til að bæta úr annmörkum fer eftir því í hverju hið ætlaða brot felst en hæfilegur frestur verður að jafnaði talinn fimm virkir dagar þegar útbúa þarf vinnustaðaskilríki en skemmri tími ef eftirlitsmönnum hefur til dæmis eingöngu verið synjað um aðgang að vinnustað. Þegar um ítrekað brot er að ræða kann hæfilegur frestur að vera eftir atvikum einn sólarhringur. Miðað er við að dagsektir geti numið allt að 100.000 krónum fyrir hvern dag en við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til fjölda starfsmanna hlutaðeigandi atvinnurekanda og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Um 7. gr.

Lagt er til að heimilt verði að kæra til félags- og tryggingamálaráðuneytis ákvarðanir Vinnumálastofnunar skv. 6. gr. frumvarps þessa innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Gert er ráð fyrir að kæra teljist nægilega snemma fram komin ef bréf sem hana hefur að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn. Jafnframt er lagt til að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar skv. 6. gr. frumvarps þessa. Þá er lagt til að ráðuneytið skuli leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar en að öðru leyti fari um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 8. og 9. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Með frumvarpinu er lagt til að leidd verði í lög áform sem fram komu í stöðugleikasáttmálanum sem undirritaður var 25. júní 2009. Þar segir m.a. að stjórnvöld muni í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins taka upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun með kjarasamningi ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 og einnig að ríkistjórnin muni beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.

Megintilgangurinn með slíkri lagasetningu er að tryggja að launafólk njóti umsaminna réttinda og að þannig verði stuðlað að aukinni skilvirkni gildandi laga og reglugerða um kjarasamninga. Enn fremur er lögunum ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta.

Samkvæmt frumvarpinu eiga samtök aðila vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ sem heildarsamtök launafólks á almennum vinnumarkaði og SA sem heildarsamtök atvinnurekenda, að semja um það sín á milli til hvaða atvinnugreina lögin taka. Einnig eiga þessir aðilar að sjá um alla framkvæmd útgáfu vinnustaðaskírteina og eftirlit á vinnustöðum. Atvinnurekendur eiga að sjá um að starfsmenn þeirra fái vinnustaðaskírteini.

Kostnaðurinn sem fylgir útgáfu skírteinanna og eftirlitinu á vinnustöðum mun að öllu leyti falla á framkvæmdaraðila og tekur ríkið því ekki þátt í þeim kostnaði. Hins vegar kann eftirfylgni vegna gruns um brot á lögum að leiða til einhverrar aukningar í umsvifum hjá þeim opinberu stofnunum sem málin varða. Öll slík vinna fellur innan lögbundinna verkefna viðkomandi stofnana og er ekki gert ráð fyrir að sá eftirlitskostnaður aukist að ráði í tengslum við þetta fyrirkomulag.

Gera má ráð fyrir að aukin skilvirkni eftirlits á vinnustöðum sem frumvarpið miðar að geti leitt til sparnaðar fyrir ríkissjóð í formi lægri útgjalda vegna atvinnuleysisbóta og hærri skatttekna vegna minni svartrar atvinnustarfssemi. Ekki liggja fyrir neinar áætlanir þar um en ekki er þó talið að um verulegar fjárhæðir verði að ræða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

687. Svar [301. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. *Hverjar eru lögbundnar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá og með árinu 2001?*

Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður með svokölluðu atvinnutryggingagjaldi sem er hluti tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, með síðari breytingum. Atvinnu-

tryggingagjaldið er 3,81% af gjaldstofni tryggingagjaldsins skv. 1. mgr. 2. gr. laga um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Árið 2001 var atvinnutryggingagjaldið 0,8% af gjaldstofni tryggingagjaldsins. Atvinnutryggingagjaldinu var breytt með lögum nr. 90/2004, um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, þannig að hlutfall þess af gjaldstofni tryggingagjaldsins var lækkað úr 0,8% í 0,65%. Lögin tóku gildi 1. janúar 2005. Hlutfall það sem atvinnutryggingagjaldið nam af gjaldstofni tryggingagjaldsins var hækkað með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, í 2,21% en lögin tóku gildi 1. júlí 2009. Atvinnutryggingagjaldið var síðan hækkað í 3,81% af gjaldstofni tryggingagjaldsins með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, en þau lög tóku gildi 1. janúar 2010.

2. *Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?*
3. *Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1. Tekjur og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 2001–2009 í millj. kr.

Ár	2001	2002	2003	2004	2005*	2006	2007	2008	2009**
Tekjur	3.443	3.689	3.692	3.978	3.524	4.370	4.796	5.670	10.500
Gjöld	1.988	3.387	4.655	4.936	3.737	2.996	3.054	5.299	26.200
Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur	1.455	302	-963	-958	-213	1.374	1.742	371	-15.700
Fjármunatekjur	580	538	344	379	541	864	1.317	1.831	500
Tekjuafgangur/halli ársins	2.035	840	-619	-579	328	2.238	3.059	2.202	-15.200

*Leiðrétting á höfuðstól um 100 millj. kr. til lækkunar á lokafjárlögum 2005.

** Áætlaðar tekjur í fjárlögum 2009.

Heimild: Vinnumálastofnun.

Tafla 2. Eiginfjárstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs í lok hvers árs 2001–2009.

Ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009*
Eiginfjárstaða í lok árs	8.281	9.122	8.503	7.924	8.152	10.390	13.475	15.649	449

*Áætlun í árslok 2009.

Heimild: Vinnumálastofnun.

688. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

Flm.: Birgitta Jónsdóttir, Atli Gíslason, Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason, Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Eygló Harðardóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Mósesdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,Vigdís Hauksdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Þór Saari, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Í þessu skyni verði:

a. gerð úttekt á lagaumhverfinu svo að hægt sé að afmarka viðfangsefnið og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf,
b. litið til löggjafar annarra ríkja með það að markmiði að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis,
c. komið á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland, Íslensku tjáningarfrelsisverðlaununum.

Við starfið verði leitað aðstoðar sérfróðra erlendra aðila.

Markmiðið verði lýðræðisumbætur þar sem traustum stoðum verði komið undir útgáfustarfsemi og ásýnd landsins í alþjóðasamfélaginu efld.

Mennta- og menningarmálaráðherra upplýsi Alþingi um framfylgd verkefna innan Stjórnarráðsins skv. 1.–4. mgr. á þriggja mánaða fresti frá samþykkt ályktunarinnar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er samin með stuðningi frá þingmönnum allra flokka. Fjölmargir virtir sérfræðingar og samtök, bæði innlend og erlend, hafa veitt ráðgjöf við vinnuna að þingsályktunartillögu þessari og hafa heitið áframhaldandi ráðgjöf til handa íslenskum yfirvöldum ef hún nær fram að ganga.

Framtíðarsýn fyrir Ísland.

„*Tjáningarfrelsi – sér í lagi fjölmiðlafrelsi – tryggir þátttöku almennings í ákvörðunum og framkvæmd ríkisvaldsins, þátttaka almennings er kjarni lýðræðis.*“ – Corazon Aquino – þjóðkjörinn forseti Filippseyja (1986–1992).

Þjóðin stendur nú á krossgötum og breytinga á lagaumhverfinu er þörf. Á slíkum tímum er nauðsynlegt að uppgjörið gangi ekki aðeins út á að horfast í augu við fortíðina heldur jafnframt að móta skýra framtíðarstefnu fyrir land og þjóð.

Tillögurnar í greinargerðinni eru til þess fallnar að umbreyta landinu þannig að hér verði framsækið umhverfi fyrir skráningu og starfsemi alþjóðlegra fjölmiðla og útgáfufélaga, sprotafyrirtækja, mannréttindasamtaka og gagnaversfyrirtækja. Slíkar breytingar mundu treysta stoðir lýðræðis, verða hvati til nauðsynlegra umbóta hérlendis og auka gagnsæi og aðhald. Stefnumörkunin gæti gefið þjóðinni aukið vægi á erlendum vettvangi og orðið lyfti-

stöng í atvinnu- og efnahagsmálum. Þá er einnig lagt til að fyrstu alþjóðaverðlaunin sem kennd yrðu við Ísland yrðu að veruleika: Íslensku tjáningarfrelsisverðlaunin.

Meginþorri heimspressunnar er í þann mund að hasla sér völl á netinu, og þar með er útgáfa ekki lengur háð staðsetningu. Lesandinn verður þess t.d. ekki var ef efni á vefsíðu The Guardian er gefið út í Reykjavík eða New York. Á sama tíma er viðurkennt að vandaðri blaðamennsku er hætta búin.

Ákvörðunin um hvaðan netútgáfa er rekin er byggð á skilyrðum eins og t.d. fjarlægð og fjarskiptagetu, kostnaði við netþjóna – svo sem kælingu – og lagaumhverfi. Fyrstu tvö skilyrðin eru Íslandi í hag. Öflugir sæstrengir milli sumra stærstu markaðanna fyrir upplýsingaþjónustu og hrein orka og svalt loftslag gera landið að raunhæfum valkosti fyrir þá sem halda úti og reka netþjónustu.

Mögulegt er að hrinda í framkvæmd heildrænni stefnu til að tryggja lagaumhverfi til verndar málfrelsinu sem er nauðsynlegt fyrir þá sem stunda rannsóknarblaðamennsku eða gefa út efni sem telst mikilvægt í pólitísku samhengi. Upplýsingasamfélagið má sín lítils ef stöðugt er vegið að leiðum til að koma á framfæri upplýsingum sem viðurkennt er að almenningur eigi rétt á. Þótt sum lönd hafi lögfest fyrirmyndir á þessu sviði hefur ekkert ríki enn sameinað allt það besta til að skapa sér sérstöðu svo sem sem hér er kynnt. Ísland hefur því einstakt tækifæri til að taka afgerandi forustu með því að búa til traustvekjandi lagaramma sem væri byggður á bestu löggjöf annarra ríkja.

Dæmi um velheppnuð lög í þessa veru er t.d. nýleg löggjöf frá New York ríki sem hindrar að hinni illræmdu bresku meiðyrðamálaflakkslöggjöf sem skerðir fjölmiðlafrelsi og tjáningarfrelsi sé beitt þar, belgísk lög frá árinu 2005 sem vernda samskipti blaðamanna við heimildarmenn sína og fjölmiðlafrelsislögin í Svíþjóð sem sett voru með stoð í stjórnarskrá.

Lagarammi byggður á þessum fyrirmyndum á einstökum sviðum og öðrum verndarákvæðum mundi laða til landsins öflug fjölmiðla- og mannréttindasamtök sem eiga undir högg að sækja í heimalöndum sínum. Bresk útgáfufyrirtæki neyðast t.d. í auknum mæli til þess að fjarlægja greinar og upplýsingar úr gagnagrunnum sínum til að reyna að losna undan síauknum lögsóknum stórfyrirtækja og komast hjá leynilegum tilraunum til þöggunar (e. secret gag orders). Heimspressan mundi hafa tilhneigingu til að vekja athygli á lagarammanum og standa vörð um hann. Til lengri tíma litið mundi það styrkja lýðræði hérlendis. Ekki er langt síðan við fengum smjörþefinn af slíkri tilraun til þöggunar þegar Kaupþing fékk það í gegn í ágúst 2009 að lögbann var sett á fréttaflutning af lánabókum bankans.

Vegna traustrar fjölmiðlalöggjafar í Svíþjóð hafa margar virtar og mikilvægar fréttaveitur sem og mannréttindasamtök flutt rafrænt aðsetur sitt til landsins. Einnig má nefna að netmiðillinn *Malaysia Today* flutti starfsemi sína til Bandaríkjanna eftir ofsóknir í heimalandinu. Þar sem lögfræði- og málskostnaður fyrir þátttakendur í upplýsingahagkerfinu hefur farið úr böndunum vegna gallaðrar lagasetningar víða um heim leita sífellt fleiri logandi ljósi að landi sem setur málaferlum gegn útgefendum skýr mörk. Að öðrum kosti er geta þeirra skert til að miðla óhlutdrægum fréttum og upplýsingum.

Ekki verður metinn til fjár sá óbeini ávinningur sem umbætur á þessu sviði gætu falið í sér, en áhrifunum af því að tvinna óbeint saman áhuga heimspressunnar og hagsmuni þjóðarinnar má líkja við leiðtogafund Reagans og Gorbatsjovs. Sú tillaga sem hér hefur verið reifuð mundi marka Íslandi sérstöðu á alþjóðavettvangi og ávinna okkur velvilja og virðingu meðal þjóða.

Það er erfitt að ímynda sér magnaðri upprisu lands úr rústum víðtækrar fjármálaspillingar og leyndarhyggju en að bjóða upp á viðskiptalíkan gagnsæis og réttlætis.



Hugsjónin.

Hér á eftir verður farið yfir þá þætti sem meta þarf í þeim tilgangi að skapa öruggt lagaumhverfi til þess að hugsjónin um að gera Ísland að miðstöð tjáningarfrelsis geti orðið að veruleika. Ljóst er að gera þyrfti miklar breytingar á lögum til þess að ná því markmiði. Því er lagt til að málið verði skoðað sem fyrst með aðstoð erlends sérfræðingateymis á þessu sviði, sambærilegu því sem var til ráðgjafar við undirbúning þessarar þingsályktunartillögu.

Heimildarvernd.

Núverandi vernd fyrir heimildarmenn blaða- og fréttamanna felst í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Frumvarp að heildarlögum um fjölmiðla sem nú er í vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur að geyma nýtt ákvæði um vernd heimildarmanna. Þar segir að fjölmiðlamönnum sé óheimilt að gefa upp heimildarmenn sína nema með samþykki þeirra eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Flutningsmenn telja þetta ákvæði fela í sér óþarflega víðtæka undantekningu á svo mikilvægri reglu sem vernd heimildarmanna er og telja að það geti stangast á við þriðju forsendu í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins (R (2000)7) sem fjallar um rétt fjölmiðlamanna til að halda heimildum sínum og heimildarmönnum leyndum. Í ljósi þess að frumvarpsdrögin eru m.a. byggð á áðurnefndum tilmælum telja flutningsmenn æskilegt að styrkja heimildavernd talsvert umfram það sem fram kemur í þeim.

Vernd afhjúpenda.

Tölfræðilegar upplýsingar benda til að afhjúpendur (e. whistleblowers) hafi komið upp um mörg spillingarmál, bæði í einkageiranum og þeim opinbera. Ýta ætti undir slíkar afhjúpanir og telja flutningsmenn rétt að íhuga hvort mögulegt sé að setja sértækar reglur sem auka hvatann til þess að afhjúpa óeðlilega starfshætti. Í því skyni kæmi m.a. til greina að veita órjúfanlegan rétt til að afhenda þingmönnum upplýsingar.

Í Bandaríkjunum eru nú í gildi lög sem vernda þá sem tilkynna um fjársvik gegn ríkissjóði og veita þeim aukinn hvata (sjá 31 U.S.C. §§3729-3733, Federal False Claims Act). Samkvæmt ríkisendurskoðun Bandaríkjanna endurheimti ríkið 9,6 milljarða bandaríkjadala samkvæmt þessari löggjöf árið 2006. Meðal ráðstafana sem felast í henni eru starfs- og launatrygging fyrir afhjúpendur, ásamt 15–30% hlutdeild í endurheimtri fjárhæð.

Skoða ætti hvort gera eigi breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, varðandi þagnarskyldu til að almannahagsmunir varðandi upplýsingafrelsi séu sem best tryggðir. Sama gildir um ákvæði í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, varðandi

sveitarstjórnarmenn. Tillögur þessa efnis hafa þrisvar verið lagðar fyrir Alþingi, á þskj. 41 á 130. löggjafarþingi, þskj. 994 á 132. löggjafarþingi og þskj. 330 á 133. löggjafarþingi. Einnig var þar lagt til að breyta 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þannig að refsilaust yrði að greina frá leynilegum upplýsingum í þágu almannaheilla.

Samskiptavernd og vernd millilíða.

Frá árinu 2005 hefur löggjöf í Belgíu miðað að því að vernda öll samskipti heimildarmanna og fjölmiðla, og eru báðir hóparnir vítt skilgreindir. Slík vernd hefur þó takmörkuð áhrif ef þriðji aðili geymir sjálfkrafa skýrslur um samskipti þeirra á milli.

Gildandi íslensk lög um fjarskipti, nr. 81/2003, gilda um fjarskiptafyrirtæki og samkvæmt þeim er krafist varðveislu fjarskiptagagna í sex mánuði í þágu rannsóknar sakamála eða almannaöryggis. Enn fremur er tekið fram að fjarskiptafyrirtæki sé aðeins heimilt að veita lögreglu eða ákæruvaldi aðgang að viðkomandi upplýsingum.

Fjarskiptalöggjöfin er m.a. byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum, með síðari breytingum. Áætluð er endurskoðun tilskipunarinnar haustið 2010 og búist við að þýski stjórnarskrárdómstóllinn dæmi um það hvort núverandi ákvæði hennar stangist á við mannréttindasáttmála Evrópu. Í ljósi þessarar þróunar telja flutningsmenn tillögunnar að nauðsynlegt kunni að vera að endurskoða íslensku lögin.

Annan þátt samskiptaverndar í íslenskum lögum er að finna í V. kafla laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þar er takmörkuð ábyrgð milligönguaðila á borð við netveitur og hýsingaraðila. Undantekningar á þessari takmörkun eru fáar og flestar vel skilgreindar í lögunum, en almenn undantekning vegna lögbanns í 14. gr. án nánari skilgreiningar veldur flutningsmönnum áhyggjum. Þetta atriði yrði helst bætt með því að skýra betur undir hvaða kringumstæðum lögin leiða til undantekinga á ábyrgð milligönguaðila í fjarskiptum.

Lögbann á útgáfu fyrirbyggt.

Hömlur á tjáningarfrelsi er sérhver lagaleg aðgerð sem hægt er að nota til að hindra að efni sé gefið út áður en til útgáfu kemur. Slíkar hindranir hafa afar slæm áhrif á tjáningarfrelsi. Í flestum lýðræðisríkjum eru sterk og jafnvel algild takmörk á þeim. Kanna þarf hvernig tryggja megi að lög verði ekki misnotuð í tilraunum til þöggunar sem takmarka og tálma tjáningarfrelsið sem tryggt er í stjórnarskránni.

Réttarfarsvernd.

Jafnt aðgengi að dómstólum og réttlát málsmeðferð er mikilvægur þáttur lýðræðis. Í ýmsum löndum þar sem lagavernd er sterk er aðgangur að dómstólum erfiður því að þótt lögin veiti vernd getur t.d. verið fjárhagslega erfitt fyrir útgefendur, fjölmiðla og almenning allan að leita til dómstóla. Jafnvel þegar útgefandi hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að verjast fyrir dómstólum getur það verið andstætt hagsmunum hans ef litlar líkur eru á að kostnaðurinn vegna málsins náist til baka. Dæmi um þetta er mál *Time Magazine* í Bandaríkjunum þar sem blaðið var kært fyrir að birta forsíðugrein um vísindakirkjuna (Church of Scientology). *Time Magazine* vann málið að lokum en þurfti að eyða um milljarði dala til að sækja rétt sinn, allt upp í hæstarétt Bandaríkjanna (sjá: United States Supreme Court, Docket for 00-1683 (2001)). Útilokað hefði verið fyrir minni útgefanda að takast á við slíkt mál, og

jafnvel *Time Magazine* mundi ekki ráða við mörg slík. Þetta hefur svokölluð kælingaráhrif á rannsóknarblaðamennsku.

Það ætti alltaf að borga sig fyrir lítinn útgefanda að verja sig gegn vel fjármögnuðum kæranda sem ætlar sér að leyna upplýsingum, og almennt ættu smærri aðilar að geta varið sig gegn hinum stærri. Ein leið til að ná þessu marki væru ákvæði í anda löggjafar í Kaliforníu (svokallaðrar Strategic Lawsuits Against Public Participation, eða „anti-SLAPP“-löggjafar) sem mælir fyrir um möguleika almennings á gagnsókn við málaferlum. Í krafti slíkra laga getur sakborningur farið fram á að litið verði svo á að mál hans snúist um tjáningarfrelsið. Ef fallist er á það taka ýmis verndarákvæði í þágu sakbornings gildi á meðan málaferlum stendur. Ef dæmt er sakborningi í hag er tryggt að allur málskostnaður fellur á þann sem kærði.

Vernd gagnagrunna og -safna.

Hinn 9. mars 2009 felldi Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg dóm í máli *Times* í London sem valdið hefur óvissu fyrir útgefendur. Dómstóllinn úrskurðaði, hvað meiðyrðalöggjöf varðaði, að efni útgefið á netinu skuli teljast útgefið í hvert sinn sem lesandi skoðar það. Jafnframt taldi dómstóllinn að meiðyrðamál sem eru höfðuð talsvert löngu eftir birtingu mættu hefta tjáningarfrelsi fjölmiðla, nema við mjög sérstakar kringumstæður. Dómstóllinn taldi það undir aðildarríkjunum komið innan hvaða tímamarka þyrfti að leggja fram kæru í tengslum við meiðyrði í greinasöfnum.

Sú túlkun að rafræn gagnasöfn séu gefin út í hvert sinn sem þau eru skoðuð hefur ítrekað verið misnotuð til að fjarlægja greinar úr rafrænum greinasöfnum dagblaða. Sem dæmi má nefna að breska dagblaðið *Guardian* fjarlægði ítrekað greinar úr safni sínu árið 2009 til að komast hjá málsóknarkostnaði. Greinarnar voru upphaflega birtar árið 2003 í tengslum við dóm yfir milljarðamæringi sem flæktur var í *Elf-Aquitaine*-málið svokallaða.

Til að vernda útgefendur mælast flutningsmenn til þess að stefnur á hendur útgefendum verka þurfi, að franskri fyrirmynd, að birta innan tveggja mánaða frá upphaflegri útgáfu verks og að hámark skaðabóta nemi jafngildi tíu þúsund evra.

Vernd gegn meiðyrðamálaflakki.

Misnotkun á breskri meiðyrðalöggjöf hefur mikið verið rædd á undanförnum árum og nýlega voru samþykkt lög í New York ríki í Bandaríkjunum sem kalla má lög gegn meiðyrðahryðjuverkum (e. New York Libel Terrorism Protection Act). Sams konar lög tóku gildi í Flórída-ríki 1. júlí 2009 (e. Act relating to grounds for nonrecognition of foreign defamation judgments). Á alríkisgrundvelli hefur verið lagt fram frumvarp til sambærilegra laga. Áðurnefnd lög gegn meiðyrðamálaflakki mæla fyrir um að ekki skuli fullnusta dómsúrskurði sem ganga gegn ákvæðum bandarísku stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og gera gagnsókn jafnframt mögulega.

Í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er fjallað um meiðyrði. Vandamál hafa komið upp hér á landi þegar dómstólar í öðrum löndum hafa haldið því fram að þeir hafi lögsögu yfir verkum, greinum eða ummælum sem hafa verið birt eða látin falla á Íslandi. Meiðyrðamál gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni í Bretlandi fékk á sínum tíma mikla umfjöllun, m.a. með tilliti til fullnustu dómsins, lögsögu dómstóla og hinnar ströngu meiðyrðalöggjafar í Bretlandi.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja lögfesta ákvæði sambærileg þeim sem nýlega voru sett í New York ríki. Í því tilliti þarf að skoða reglur Lúganó-samningsins um fullnustu dóma

í einkamálum í Evrópu. Jafnframt telja þeir rétt að lögfesta ákvæði sem mundi gera íslenskum aðilum sem hlotið hafa dóm erlendis kleift að höfða mál hérlendis gegn sækjanda erlenda dómsmálsins í þeim tilfellum sem dómurinn og fullnusta hans telst ganga gegn allsherjarreglu eða almennum lagaákvæðum. Slík ákvæði mundu einnig gera íslenskum aðilum kleift að sækja bætur til upphaflega gagnaðilans.

Upplýsingafrelsi.

Upplýsingalögum, nr. 50/1996, hefur verið breytt sex sinnum síðan þau tóku gildi, en fyrirmyndir þeirra voru fyrst og fremst dönsk og norsk upplýsingalöggjöf.

Flutningsmenn telja núgildandi upplýsingalög ekki samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1049/2001 um aðgang almennings að skjölum Evrópuþingsins, -ráðsins og framkvæmdarstjórnarinnar. Einnig telja þeir að upplýsingalögin mæti ekki þeim almennu gæðaviðmiðum sem eru sett fram í Árósarsamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þingsályktunartillaga þessi skapar tækifæri til að stórbæta gagnsæi með nútímalegri, betri og alþjóðlega viðurkenndri upplýsingalöggjöf.

Flutningsmenn telja að endurbætur á upplýsingalögum ætti eingöngu að gera eftir ræki-lega skoðun á ráðleggingum Evrópuþingsins og ráðsins og nútímalegum þáttum upplýsingalaga í Eistlandi, Skotlandi, Bretlandi og Noregi. Viðmiðin í Árósarsamningnum sem lúta að hraðri málsmeðferð og kæruheimildum ættu að vera viðmið í hvers kyns upplýsingalöggjöf.

Flutningsmenn telja að strangar takmarkanir ættu að vera á möguleikum fyrirtækja til að hindra birtingu skjala með upplýsingum um þau.

Engin miðlæg skrá er til yfir skjöl í vörslu ríkisstofnana og ekki eru til staðlaðar beiðnir um upplýsingar frá ríkisstofnunum. Flutningsmenn telja að auka mætti gagnsæi með því að halda miðlæga skrá yfir öll gögn í vörslu ríkisstofnana, svo sem málaskrár og aðrar skrár yfir þau gögn og gagnasöfn sem þær ráða yfir, og veita aðgang að henni á netinu. Tillaga þessa efnis hefur verið lögð fram á þessu löggjafarþingi, sjá þskj. 188, 169. mál. Mögulegt á að vera að óska eftir aðgengi að upplýsingum um tiltekið efni og því er nauðsynlegt að fyrirspyrjandi hafi aðgang að miðlægri skrá svo að hann geti vitað af tilvist skjals fyrir fram.

Einnig þyrfti að hafa í huga að tryggja að upplýsingalög gildi bæði um hefðbundin skjöl á pappír og rafræn gögn. Jafnframt mætti íhuga að innleiða fyrirkomulag, sem er viðhaft víða erlendis, þar sem sérstakur aðili fylgist með framkvæmd upplýsingalaga og hefur heimild til að úrskurða um aðgang að gögnum. Viðkomandi aðili gæti jafnframt haft eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt að í miðlægri skrá á netinu yrðu tæmandi talin gögn í vörslu opinberra aðila og einkaaðila, að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald, og þannig væri tryggður réttur borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins á þessu málasviði, í ljósi jafnræðis og vandaðra stjórnsýsluhátta og í samræmi við lög. Búast má við að slíkt fyrirkomulag minnkaði álag á dómskerfið þar sem líklega yrði fáum fyrirspurnum beint til dómstóla eftir úrskurð viðkomandi aðila.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja að ávallt verði að taka tillit til almannahags við ákvörðun um aðgang að gögnum. Almennt ættu allar takmarkanir á upplýsingum sem varða opinbera aðila að ganga sem skemmst. Þannig ættu upplýsingar sem verða til í starfi viðkomandi alla jafna að vera aðgengilegar. Til greina kæmi kerfi þar sem beiting undanþágu til að hindra birtingu skjala væri tilkynnt jafnóðum og öll slík skjöl yrðu sjálfkrafa birt þegar undanþágan rynni út.

Flutningsmenn telja því að almennt eigi að gera öll skjöl aðgengileg öllum á netinu. Slík meginregla um fullan aðgang nema sérstakar vel afmarkaðar aðstæður mundi auka gagnsæi verulega.

Rafrænt aðsetur á Íslandi.

Flutningsmenn telja rétt að kannað verði vandlega hvernig því verði við komið að alþjóðlegir fjölmiðlar og samtök geti flutt rafrænt aðsetur sitt hingað til lands. Fyrirmyndina að því er að finna í Vermont-ríki í Bandaríkjunum, þar sem í gildi eru lög um stofnun og rekstur sýndarfyrirtækja (e. Virtual Limited Liability Company). Áður en slíku lagaumhverfi yrði komið á þyrfti m.a. að skoða þær reglur sem gilda hér um starfsemi fjölmiðla á netinu, með hliðsjón af alþjóða- eða fjölþjóðasamningum, svo sem EES-samningnum. Jafnframt þarf að huga að ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 30/1995, laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, og að ákvæðum í væntanlegu frumvarpi um fjölmiðla sem varða lögsögu yfir fjölmiðla-þjónustuveitendum sem miðla myndefni og nota til þess íslenska jarðstöð eða gervitungl sem tilheyrir Íslandi.

Að loknum nauðsynlegum lagabreytingum gætu fjölmiðlar og samtök tekið ákvörðun um að flytja hingað til lands rafrænt aðsetur með rafræna útgáfu í huga enda er hún ekki háð staðsetningu að öðru leyti. Þar með gætu þessir aðilar fallið undir þá vernd sem með tillögunni er lagt til að eigi við um aðila sem hafa aðsetur hér á landi.

Íslensku tjáningarfrelsisverðlaunin.

Flutningsmenn leggja til að stofnað verði til fyrstu alþjóðlegu verðlaunanna sem kennd yrðu við Ísland, íslensku tjáningarfrelsisverðlaunanna (The Icelandic Freedom of Expression Awards). Þau yrðu veitt þeim aðila eða aðilum sem talið er að hafi hvað best stuðlað að vernd tjáningarfrelsisins á ári hverju. Í þeim hópi gætu hæglega verið blaðamenn, afhjúpendur, mannréttindafrömuðir og útgefendur.

Fylgiskjal.

Lög o.fl. sem geta orðið fyrirmynd við úrvinnslu málsins hér á landi.

Bandaríkin.

- Lög um upplýsingafrelsi (e.US Freedom of Information Act).
  http://www.justice.gov/oip/foia_updates/Vol_XVII_4/page2.htm
- Lög um meiðyrðahryðjuverk, gilda í New York ríki (e. New York Libel Terrorism Act).
  http://www.casp.net/statutes/ny-stat(2009).pdf
- Frumvarp um meiðyrðamálaflakk, lagt fram í Flórída-ríki.
  http://www.flsenate.gov/data/session/2009/Senate/bills/billtext/pdf/s1066.pdf
- Frumvarp til alríkislöggjafar um meiðyrðamálaflakk (e. Free Speech Protection Act of 2009), lagt fram í fulltrúadeild Bandaríkjaþings 4. mars 2009.
  http://frwebgate.access.gpo.gov/cgi-bin/getdoc.cgi?dbname=111_cong_bills&docid=f:h1304ih.txt.pdf

- Lög um meðferð einkamála, gilda í Kaliforníu-ríki (e. California Code of Civil Procedure § 425.16) sem mæla m.a. fyrir um möguleika almennings á gagnsókn í málaferlum (e. Strategic Lawsuits Against Public Participation, „anti-SLAPP“).
  http://www.leginfo.ca.gov/cgi-bin/displaycode?section=ccp&group=00001-01000&file=425.10-425.18
- Lög um samskiptavelsæmi (e. US Communications Decency Act).
  http://www4.law.cornell.edu/uscode/47/230.html
- Lög um rangar sakir, sem veita þeim sem tilkynna um fjársvik gagnvart ríkisstjórninni vernd og hvatningu (e. 31 U.S.C. §§3729–3733, Federal False Claims Act).
  http://www.law.cornell.edu/uscode/31/usc_sec_31_00003729----000-.html
- Lög um stofnun og rekstur sýndarfyrirtækja, gilda í Vermont-ríki (e. Virtual Limited Liability Company).
  http://vermontvirtual.org/Main_Page

Evrópusamstarf.

- Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Birtist í íslenskri þýðingu í fskj. I við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu hans frá árinu 2001, sjá þskj. 1032 á 126. löggjafarþingi.
  http://www.althingi.is/altext/126/s/1032.html
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1049/2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.
  http://www.europarl.europa.eu/RegData/PDF/r1049_en.pdf
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EC um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“).
  http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/A8FD6939C793930800256ACE00478A0D/$file/300L0031.pdf
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum.
  http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/655CCB08B9E8FB5F00256EC1004A50BC/$file/302L0058.pdf
- Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins (R (2000)7) sem fjalla um rétt fjölmiðlamanna til að halda heimildum sínum og heimildarmönnum leyndum.
  http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/media/doc/cm/rec(2000)007&expmem_EN.asp
- Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg frá 9. mars 2009 í máli Times Newspapers Ltd (Nos. 1 and 2) gegn Bretlandi.
  http://cmiskp.echr.coe.int/tkp197/view.asp?action=html&documentId=848220&portal=hbkm&source=externalbydocnumber&table=F69A27FD8FB86142BF01C1166DEA398649
- Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg frá 15. febrúar 2005 í máli Steel and Morris gegn Bretlandi.
  http://cmiskp.echr.coe.int/tkp197/view.asp?action=html&documentId=717965&portal=hbkm&source=externalbydocnumber&table=F69A27FD8FB86142BF01C1166DEA398649

Belgía.
- Lög um vernd heimilda.
  http://www.psw.ugent.be/Cms_global/uploads/publicaties/dv/05recente_publicaties/Belgium.Lawsources.version2008.pdf (óopinber þýðing)

Bretland.
- Upplýsingalög Bretlands.
  http://www.opsi.gov.uk/acts/acts2000/pdf/ukpga_20000036_en.pdf

Eistland.
- Upplýsingalög Eistlands.
  http://www.legaltext.ee/en/andmebaas/tekst.asp?loc=text&dok=X40095K4&keel=en&pg=1&ptyyp=RT&tyyp=X&query=information

Georgía.
- Stjórnarskrá Georgíu.
  http://www.parliament.ge/files/68_1944_951190_CONSTIT_27_12.06.pdf

Ísland.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Þskj. 330 á 133. löggjafarþingi, einnig flutt á 130. og 132. löggjafarþingi.
  http://www.althingi.is/altext/133/s/0330.html
- Tillaga til þingsályktunar um opin gögn. Þskj.188 á 138. löggjafarþingi.
  http://www.althingi.is/altext/138/s/0188.html

Noregur.
- Upplýsingalög Noregs.
  http://www.regjeringen.no/en/dep/jd/Documents-and-publications/Laws-and-rules/reglement/2005/The-Freedom-of-Information-Act.html?id=107581#

Skotland.
- Upplýsingalög Skotlands.
  http://www.opsi.gov.uk/legislation/scotland/acts2002/pdf/asp_20020013_en.pdf

Svíþjóð.
- Lög nr. 562/2002, um rafræn viðskipti og upplýsingasamfélagið (s. Lag om elektronisk handel och andra informationssamhällets tjänster).
  http://www.notisum.se/RNP/sls/lag/20020562.htm
- Lög nr. 844/1996, um útvarp og sjónvarp (s. Radio- och TV-lag)
  http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/19960844.htm

Lög nr. 389/2003, um rafræn samskipti (s. Lag om elektronisk kommunikation).
  http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/20030389.htm
- Lög nr. 41/1989, um fjármögnun útvarps og sjónvarps í almannaþágu (s. Lag om finansiering av radio och TV i allmänhetens tjänst).
  http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/19890041.htm

– Lög nr. 121/2000, um útvarps- og fjarskiptaendabúnað (s. Lag om radio- och teleterminalutrustning).
http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/20000121.htm
– Lög nr. 1559/1991, með reglugerðum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi (s. Lag med föreskrifter på tryckfrihetsförordningens och yttrandefrihetsgrundlagens områden).
http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/19911559.htm

689. Svar [249. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum NBI, Íslandsbanka, Nýja Kaupþings (Arion banka).

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa NBI, Íslandsbanki, Nýja Kaupþing (Arion banki) eða dótturfélög bankanna skipað fólk í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja sem bankarnir hafa tekið yfir að hluta eða öllu leyti? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
2. *Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa fyrrgreindir bankar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
3. *Hafa fyrrgreindir bankar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*

Ráðuneytið hefur ekki haft undir höndum upplýsingar um skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum NBI, Íslandsbanka eða Nýja Kaupþings (Arion banka) sem spurt er um í fyrirspurn þessari. Til að afla þessara upplýsinga var bönkunum þremur ritað bréf þar sem óskað var eftir framangreindum upplýsingum. Hér á eftir fara svör bankanna.

NBI hf.

NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“) staðfestir að bankinn og dótturfélög hans hafa skipað fólk í stjórnir fyrirtækja sem bankinn hefur tekið yfir að hluta eða að öllu leyti.

Starfsreglur bankaráðs Landsbankans kveða á um að ef bankaráð telur rétt að bankaráðsmaður taki sæti í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélags skuli við slíka ákvörðun fjalla ítarlega um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk viðkomandi bankaráðsmanns og um nauðsyn þess að hann taki sæti í þeirri stjórn.

Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. er dótturfélag Landsbankans sem ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun eignarhalds í atvinnufyrirtækjum sem bankinn fær í hendur í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, þ.e. þar sem kröfum bankans er breytt í hlutafé eða sem koma til við skuldaskil viðskiptavina bankans. Í starfsreglum Vestia segir varðandi skipun aðila í stjórnir atvinnufyrirtækja að félaginu sé heimilt að skipa fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem Vestia fer með eignarhlut í. Ákvörðun um slíkt skal í öllum tilfellum vera háð samþykki stjórnar Vestia. Viðkomandi stjórnarmenn geta verið starfsmenn Vestia eða utanaðkomandi sérfræðingar, eftir því sem hentugast þykir. Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn félagsins taka sæti í stjórnum hlutafélaga skulu þeir ekki þiggja sérstök laun fyrir þann starfa heldur skulu stjórnarlaun þau er ella hefðu fallið í skaut þeirra renna til félagsins.

Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Félagið ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun fasteigna eða fasteignafélaga, sem Landsbankinn kann að eignast vegna umbreytingar krafna í hlutafé eða vegna fullnustugjörninga. Félaginu er heimilt að skipa fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem félagið fer með eignarhluti í. Ákvörðun um slíkt skal í öllum tilfellum vera háð samþykki stjórnar félagsins. Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn félagsins taka sæti í stjórnum hlutafélaga skulu þeir ekki þiggja sérstök laun fyrir þann starfa, heldur skulu stjórnarlaun þau er ella hefðu fallið þeim í skaut renna til félagsins.

Landsbankinn hefur sett sér virka jafnréttisstefnu sem gildir einnig um skipun manna í stjórnir á vegum bankans. Jafnréttisstefna bankans tekur mið af jafnréttislögum.

Eftirtaldir aðilar hafa verið skipaðir í stjórnir fyrirtækja fyrir hönd Landsbankans, Regins ehf. og/eða Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. sem félögin hafa tekið yfir að hluta eða að öllu leyti sem hluta af fullnustu eða fjárhagslegri endurskipulagningu:

Fasteignafélag Íslands hf.
Helgi S. Gunnarsson, stjórnarformaður – framkvæmdastjóri Regins ehf.
Anna Sif Jónsdóttir – starfsmaður Regins ehf.
Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf.
Helgi S. Gunnarsson, stjórnarformaður – framkvæmdastjóri Regins ehf.
Anna Sif Jónsdóttir – starfsmaður Regins ehf.
Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

Formaco N ehf.
Friðrik Stefán Halldórsson, stjórnarformaður – starfsmaður Landsbankans
Jón Hólmar Steingrímsson – starfsmaður Landsbankans

Húsasmiðjan hf.
Steinþór Baldursson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Þórður Ólafur Þórðarson – starfsmaður Vestia
Hrönn Sveinsdóttir – utanaðkomandi sérfræðingur, skipuð af Vestia

Parlogis ehf.
Steinþór Valur Ólafsson – starfsmaður Vestia, stjórnarformaður
Kristinn Pálmason – starfsmaður Vestia

Stoðir hf.
Sigurður Jón Björnsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

Teymi hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia,
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

Askja ehf.
Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

Landic Property hf.
Hermann Hermannsson – starfsmaður Landsbankans

Og fjarskipti ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
Skýrr ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
Kögun ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
Landsteinar Strengur ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
EJS ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
HugurAx ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
Eskill ehf. – dótturfélag Teymis hf.
Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia
Geysir Green Energy ehf.
Þórður Ólafur Þórðarson – starfsmaður Vestia
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia
Plastprent hf.
Steinþór Valur Ólafsson – starfsmaður Vestia, stjórnarformaður
Kristinn Pálmason – starfsmaður Vestia

Íslandsbanki hf.

Minnisblað vegna fyrirspurnar um kynjahlutfall í stjórnum.
Spurning nr. 1: Höfum við skipað fólk í stjórnir?
Svar: Já.
Spurning nr. 2a: Í stjórnir hvaða fyrirtækja?
Svar: Sjá lista hér að neðan.
Spurning nr. 2b: Hverjir hafa verið skipaðir?
Svar Sjá lista hér að neðan.
Spurning 2c: Hvernig er skipting eftir kyni?
Svar: Karlar 74%, konur 26%.

Spurning 2d: Hverjir hafa verið skipaðir formenn?
Svar: Sjá lista hér að neðan.
Spurning 3: Hefur bankinn sett reglur um stjórnarskipanir?
Svar: Nei.

Félag	Fyrirtæki	Nafn	Tengsl	Kyn
Breiðengi	Capa Invest	Rósant Már Torfason	Starfsmaður	Karl
Breiðengi	Frumtak GO	Haukur Skúlason	Starfsmaður	Karl
Breiðengi	IMG Holding	Hafsteinn Bragason	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Einar Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Einar Örn Davíðsson (varamaður)	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Hafslóð	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Laugarakur	Guðrún Gunnarsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Laugarakur	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Laugarakur	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Norðurturninn	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Rivilus	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Rivilus	Una Steinsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Rivilus	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Strandhögg í Norðri	Guðrún Gunnarsdóttir (varam.)	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Strandhögg í Norðri	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eignarhaldsfélagið Fasteign	Þorkell Sigurlaugsson	Tilnefndur	Karl
Engigerði	Hafslóð	Örn Kjærnested	Tilnefndur	Karl
Fjárengi	Auðengi	Rósant Már Torfason	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Auðengi	Tómas Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Auðkenni	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Fjölgreiðslumiðlun	Einar Páll Tamimi	Tilnefndur	Karl
Fjárengi	Median–rafræn miðlun	Jónas Jónatansson	Tilnefndur	Karl
Laufengi	NG1 eignarhaldsfélag	Tómas Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	NG1 eignarhaldsfélag	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Sjóklæðagerðin	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Steypustöðin	Guðrún Gunnarsdóttir	Starfsmaður	Kona
Laufengi	Steypustöðin	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Steypustöðin	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Skeljungur og S-Fasteignir	Einar Þór Þórhallsson	Tilnefndur	Karl
Laufengi	Skeljungur og S-Fasteignir	Þórarinn V Þórarinsson	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Ingvi Hrafn Óskarsson	Starfsmaður	Karl
Miðengi	Miðengi	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Starfsmaður	Kona
Miðengi	Miðengi	Gunnar Svavarsson (formaður)	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Gylfi Árnason	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Kristín Flygenring	Tilnefndur	Kona

Félag	Fyrirtæki	Nafn	Tengsl	Kyn
Útengi	Háskólavellir	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Útengi	Klasi	Ríkharð Ottó Ríkharðsson	Starfsmaður	Karl
Önnur félög sem eru ekki undir Miðengi:				
Önnur félög	Borgun	Agla Hendriksdóttir (varamaður)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög	Borgun	Guðný Sigurðardóttir	Starfsmaður	Kona
Önnur félög	Borgun	Rósa Guðmundsdóttir (varam.)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög	Borgun	Rósant Már Torfason (formaður)	Starfsmaður	Karl
Önnur félög	Endurskoðunarnefnd RB	Ágúst Hrafnkelsson	Starfsmaður	Karl
Önnur félög	Íslandssjóðir	Steinunn Bjarnadóttir (formaður)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög	RB	Sigurjón Birgir Hákonarson	Starfsmaður	Karl
Önnur félög	Icelandair	Katrín Olga Jóhannesdóttir	Tilnefndur	Kona
Önnur félög	Icelandair	Sigurður Helgason (formaður)	Tilnefndur	Karl
Önnur félög	Kreditkort	Árni Geir Pálsson	Tilnefndur	Karl
Önnur félög	Kreditkort	Kristján Jóhannsson	Tilnefndur	Karl
Önnur félög	Kreditkort	Vilborg Lofts (formaður)	Tilnefndur	Kona

Hlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja.

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Karl	37	74%
Kona	13	26%

Arion banki hf.

Þótt fyrirspurnin virðist fyrst og fremst lúta að skipun stjórna í „úrvinnslufélögum“ vill Arion banki engu síður nota tækifærið og upplýsa ráðuneytið og þingheim um skipan í stjórnir rekstrarfélaga innan samstæðunnar og þau meginsjónarmið sem þar gilda.

A. Rekstrarfélög samstæðu.

Við val á stjórnarmönnum í rekstrarfélögum samstæðu bankans eru þrjú meginsjónarmið höfð að leiðarljósi. Í fyrsta lagi að velja hæfa einstaklinga, í öðru lagi að utanaðkomandi einstaklingar setjist í stjórnir ásamt starfsfólki bankans og loks að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Veigamestu rekstrarfélög samstæðunnar eru (stjórnarformenn nafngreindir):

Félag	Fjöldi	Karlar	Konur	Utanað.	Stjórnarformaður
Arion verðbréfavarsla hf.	5	2	3	2	Finnur Sveinbjörnsson
Okkar líftryggingar hf.	5	3	2	2	Finnur Sveinbjörnsson
Stefnir hf. (rekstur verðbréfasjóða)	5	3	2	3	Hrund Rudolfsdóttir
AFL-sparisjóður	5	3	2	2	Þórbergur Guðjónsson
Sparisjóður Ólafsfjarðar	5	2	3	1	Þórdís Úlfarsdóttir
Ekort ehf.	3	0	3	0	Jóhanna Birgisdóttir
Eignasel ehf. (eignarhlutir í yfirteknum félögum)	3	2	1	3	Bergþór Konráðsson

Landfestar ehf. (yfirtekið atvinnuhúsnæði í útleigu)	3	1	2	3	Hrönn Pétursdóttir
Landey ehf. (yfirtekin fasteignaþróunarverkefni)	3	2	1	0	Sigurjón Pálsson
Landsel ehf. (yfirteknir vörulagerar)	2	1	1	0	Sigurjón Pálsson

B. Úrvinnsluverkefni.

Í þessum flokki eru einstök félög eða eignarhlutir sem bankinn hefur eignast tímabundið í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félags. Þessi verkefni eru mislangt á veg komin. Oftar en ekki eru því núverandi stjórnarmenn til bráðabirgða á vegum bankans. Þess er gætt að lánasérfræðingar eða aðrir starfsmenn á sviði hefðbundinnar bankaþjónustu setjist ekki í stjórnir félaga í þessum flokki. Þá er stefnt að jafnrétti kynjanna við skipun í stjórnir félaga í þessum flokki. Vegna ákvæða laga um trúnaðarskyldu verður eingöngu greint frá félögum sem hafa verið í opinberri umræðu (stjórnarformenn sem eru starfsmenn bankans eru nafngreindir):

Félag	Fjöldi	Karlar	Konur	Utanað.	Stjórnarformaður
1998 ehf.	3 af 3	3	0	1	Halldór Bj. Lúðvígsson
Atorka Group hf.	1 af 5	1	0	0	Halldór Bj. Lúðvígsson
Hekla ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson
Hekla fasteignir ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson
Landic Property hf.	1 af 5	1	0	0	
Landic Property Ísland ehf.	2 af 5	1	1	0	
Penninn á Íslandi ehf.	3 af 3	2	1	1	Klemens Arnarson
Stoðir hf.	1 af 3	1	0	0	
Þyrping ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson

690. Svar [215. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um upptöku evru.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Er hafin vinna í ráðuneytinu við að meta kosti og galla á upptöku evru, í ljósi umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu?*
2. *Hvaða áhrif hefði upptaka evru á lán með verðtryggingu?*
3. *Hvaða áhrif hefði upptaka evru á stöðu Íbúðalánasjóðs og lánasafn hans?*
4. *Hvernig þyrfti peningastefnan að vera ef taka á upp evru sem gjaldmiðil?*

1. Ekki er hafin formleg vinna í ráðuneytinu við að meta kosti og galla á upptöku evru í ljósi umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Sérfræðingar ráðuneytisins fylgjast hins vegar grannt með þróun á gjaldeyris- og fjármálamörkuðum.

Í kjölfar umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu hafa verið settar á fót sérhæfðar samninganefndir. Ein nefndanna fjallar um gjaldeyrismál og er undir formennsku

seðlabankastjóra. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið á fulltrúa í þeirri nefnd. Gera má ráð fyrir að nefndin muni í starfi sínu fjalla ítarlega um áhrif af upptöku evru. Ráðuneytið hefur einnig hafið undirbúning að mati á möguleikum Íslands varðandi mótun umgjarðar peningastefnu til framtíðar.

2. Í umhverfi þar sem verðbólga er lág og jöfn ættu lántakendur (og fjárfestar) að vera jafnsettir hvort sem tekin eru verðtryggð eða óverðtryggð lán. Í ljósi umræðunnar hér á landi um galla verðtryggingar má þó búast við því að íslenskir lántakendur leiti í auknum mæli í óverðtryggð langtímalán, líkt og bjóðast á evrusvæðinu, ef evra yrði tekin upp sem gjaldmiðill á Íslandi í stað þeirra verðtryggðu lána sem hafa verið ráðandi á íslenskum fjármálamarkaði. Hins vegar er vert að benda á að verðbólga hefur verið lægri og stöðugri á evrusvæðinu en á Íslandi undanfarin ár og því virðist áhætta lántakenda af verðtryggðum langtímalánum á evrusvæðinu vera minni en af sams konar lánum á Íslandi.

Áhrif upptöku evru á lán með verðtryggingu ræðst þó fyrst og fremst af því að verðtryggð íslensk lán eru í flestum tilfellum með föstum, eða tregbreytanlegum, vöxtum til langs tíma. Ef íslenskir raunvextir lækka við upptöku evru er því hugsanlegt að lántakendur greiði upp eldri verðtryggð lán og leiti nýrrar og ódýrari fjármögnunar. Lántakendur meta þá hlutfallslegan ábata þess af því að greiða upp lán og taka nýtt lán á lægri vöxtum.

Stóru viðskiptabankarnir hafa allir afnumið uppgreiðslukostnað húsnæðislána. Íbúðalánasjóður býður í dag bæði upp á lán án uppgreiðslukostnaðar og með uppgreiðsluákvæði en lægri vöxtum. Um 15 % lánasafns Íbúðalánasjóðs eru með uppgreiðsluákvæði. Gera má ráð fyrir að það hlutfall geti hækkað þar sem u.þ.b. sex af hverjum tíu sem taka lán hjá sjóðnum núna taka lán með uppgreiðslukostnaði.

Erfitt er að spá fyrir um þróun raunvaxta á Íslandi við hugsanlega upptöku evru. Langtímaraunvaxtamunur milli Íslands og evrusvæðisins (áður Þýskalands) hefur verið 2–2,5% síðustu tvo áratugi (munur á verðtryggðum ríkistryggðum bréfum á Íslandi og evrusvæðinu er nú um 2%). Reynsla annarra ríkja sem tekið hafa upp evru gefur til kynna að vextir í viðkomandi ríki lækki í átt að vöxtum evrusvæðisins, en erfitt er að spá fyrir um hversu mikil lækkunin verður. Fastlega má því búast við að við upptöku evru lækki vaxtabandið og raunvaxtastigið á Íslandi nálgist raunvaxtastig evrusvæðisins. Ekki er þó ólíklegt að raunvaxtastigið á Íslandi verði áfram hærra en að meðaltali á evrusvæðinu vegna álagsþátta sem eru ótengdir gjaldmiðlinum.

3. Vegna þessarar fyrirspurnar fór ráðuneytið þess á leit við félags- og tryggingamálaráðuneytið að það gæfi álit á áhrifum af upptöku evru á stöðu Íbúðalánasjóðs og lánasafns sjóðsins. Í svari félags- og tryggingamálaráðuneytisins kom fram að áhrif upptöku evru á stöðu Íbúðalánasjóðs og lánasafns hans ráðist einkanlega af breytingum á íslenskum fjármagnsmarkaði í kjölfarið og af því hversu margir núverandi lánþegar sjóðsins ákveða að greiða upp sín lán. Unnt er að grípa til aðgerða í aðdraganda upptöku evru sem lágmarkað geta eða eytt áhættu Íbúðalánasjóðs að þessu leyti.

Íbúðalánasjóður ber uppgreiðsluáhættu af um 75% af lánasafni sínu. Uppgreiðsluálag er á tæplega 16% lána sjóðsins en breytilegt álag er á innan við 10% lána hans. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur þó heimild til þess að leggja á sérstakt uppgreiðsluálag við sér-

stakar aðstæður gagnvart rúmum meiri hluta þeirra lána sem sjóðurinn ber nú uppgreiðsluáhættu af (lán sem veitt eru eftir 1. júní 2004).

Aðeins um 6,5% af skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði hafa uppgreiðsluákvæði. Það eru svokölluð húsbréf sem hafa útdrætti í samræmi við uppgreiðslu lána.

Íbúðalánasjóður hefur látið meta möguleg áhrif upptöku evru á fjárhag sjóðsins ef ekkert yrði aðhafst til að draga úr áhættu sjóðsins. Í því mati er gert ráð fyrir að breytingar á vaxtamarkaði gerist hratt. Miðað er við að nýir útlánsvextir sjóðsins verði að jafnaði um 3,5% og ríkiskrafa á markaði 3%. Miðað er við að uppgreiðslur muni nema um 38% af heildarútlánum sem er í samræmi við söguleg gögn sjóðsins.

Áhrif þessarar atburðarásar yrði neikvæð fyrir sjóðinn. Stafar það annars vegar af breytingum á stöðu eigna og skulda, og hins vegar af lakari vaxtajöfnuði. Sjóðurinn gæti greitt skuldbindingar á hærri ákvöxtunarkröfu og það drægi úr neikvæðum áhrifum. Miðað við fyrrgreindar forsendur yrðu afkomuáhrif vegna breytinga eigna og skulda neikvæð um 5,5 milljarða kr. Miðað við sögulega endurfjármögnunarþörf Íbúðalánasjóðs má áætla að það tæki um fjögur ár að endurfjármagna uppgreiðslur. Áætlað vaxtatap sjóðsins yfir það tímabil yrði um 2,5 milljarðar kr.

Heimild til að innleysa öll húsbréf mundi draga úr áhrifum uppgreiðslna sem nemur 1,2 milljörðum kr., þannig að breytingar eigna og skulda yrðu neikvæð um 4,3 milljarða kr. í stað 5,5 milljarða kr. Þess ber að geta að samkvæmt reglugerð nr. 544/2004 getur ráðherra sett á sérstakt uppgreiðslugjald sem mundi bæta Íbúðalánsjóði upp neikvæðan vaxtamun. Ef slíkt yrði gert má gera ráð fyrir að áhrifin á sjóðinn yrðu lítil sem engin.

Til þess að mæta þessum hugsanlegu neikvæðu áhrifum er í áætlunum félags- og tryggingamálaráðuneytisins gengið út frá því að efnt yrði til skiptiútboðs á vegum Íbúðalánasjóðs þegar viðmiðunargegni krónu gagnvart evru verði ljóst. Í slíku útboði yrði öllum eigendum verðtryggðra íbúðabréfa án uppgreiðsluheimildar boðið að skipta yfir í óverðtryggð evrubréf með skiptiálagi. Markaðurinn mundi þá verðmeta þann mismun á verðmæti sem um væri að ræða milli eldri bréfa og þeirra nýrri. Útboð sem þessi eru alþekkt og sem dæmi má nefna að á þennan hátt var andvirði um 300 milljarða kr. í húsbréfum skipt út fyrir ný íbúðabréf árið 2004. Skilmálar slíks skiptiboðs yrðu hannaðir með það fyrir augum að tryggja jákvæðan árangur útboðsins með útgáfu nýrri og markaðshæfari bréfa. Samhliða yrði skuldurum Íbúðalánasjóðs gefinn kostur á að skipta lánum úr verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í óverðtryggð evrulán á föstum vöxtum. Greiðsluflæði sjóðsins mundi á þann hátt ná fullu jafnvægi og gengisáhætta og vaxtaáhætta ekki aukast. Ef góður árangur næst í slíku skiptiútboði getur Íbúðalánasjóður takmarkað eða komist alfarið undan neikvæðum afleiðingum upptöku evru á fjárhag sjóðsins.

4. Áður en aðildarríki Evrópusambandsins getur tekið upp evru sem gjaldmiðil er gengi viðkomandi ríkis fest við gengi evru með allt að ±15% vikmörkum. Seðlabanka viðkomandi ríkis er falið í samstarfi við Seðlabanka Evrópu að halda gengi gjaldmiðilsins innan tilgreindra vikmarka. Þetta gengisfyrirkomulag nefnist ERM II.

Ríkjum sem hafa verið í ERM II-kerfinu í tvö ár og uppfylla svokölluð Maastricht-skilyrði býðst að taka upp evru sem gjaldmiðil. Eitt þessara skilyrða snýr beint að peningastefnu. Samkvæmt því má verðbólga ekki vera hærri en sem nemur 1,5 % hærri en í þeim þremur ESB-löndum er hafa hagstæðustu verðbólguþróunina. Peningastefnan á þessum tíma þyrfti því að stefna að því að tryggja lága og stöðuga verðbólgu. Í kjölfar upptöku evru yrði peningastefnan í höndum Seðlabanka Evrópu.

691. Fyrirspurn [384. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um styrki til útgáfumála og eftirlit með notkun fjár.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hvaða verkefnum frá árunum 2000–2010 á fjárlagalið 02-983-1.11, styrkir til útgáfumála, hefur verið lokið með útgáfu?
2. Hver er staða annarra verkefna, hvenær verður þeim lokið?
3. Hvaða reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af fjárlagalið 02-983-1.11?
4. Hvernig hefur eftirliti með notkun fjárins verið háttað af hálfu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar?
5. Hafa fjárveitingar til verkefna verið stöðvaðar vegna þess að skilyrði fyrir veitingu fjár voru ekki uppfyllt? Ef svo er óskast gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum.
6. Var óskiptum fjárveitingum í einhverjum tilfellum ráðstafað? Ef svo er, til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

692. Fyrirspurn [385. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um netarall.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Hverjar voru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar af netaralli árin 2007, 2008 og 2009?
2. Hver var kostnaður stofnunarinnar við netarall sömu ár og hvernig skiptist hann?

Skriflegt svar óskast.

693. Svar [296. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um Schengensamstarfið.

1. Hvaða ávinningur er að mati ráðherra af Schengen-samstarfinu?

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið.

Í upphafi er rétt að minna á að Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og því gilda hér reglur hans um frjálsa för fólks innan svæðisins. Þessar reglur, sem byggj-

ast á EES-samningnum og eru hluti fjórfrelsisins, tryggja ríkisborgurum aðildarríkjanna, þ.m.t. íslenskum ríkisborgurum og aðstandendum þeirra, víðtækan rétt til að fara óhindrað milli EES-ríkjanna hvort heldur er til heimsóknar eða lengri dvalar. Aðildarríkin hafa aðeins þröngar heimildir til að vísa EES-borgurum frá landi en þær heimildir eru tengdar sakaferli viðkomandi og framferði.

Schengen-samstarfið og afnám persónueftirlits á innri landamærum Schengen-svæðisins er í raun þróun frjálsrar farar. Áhersla skal lögð á það að frelsi ríkisborgara EES-ríkjanna og aðstandenda þeirra til vinnu og dvalar hér á landi er réttur grundvallaður á EES-samningnum en ekki Schengen-samstarfinu.

Afnám persónueftirlits á innri landamærum Schengen-svæðisins.

Nauðsynlegt er að gera hér skýra grein fyrir inntaki Schengen-samningsins hvað varðar afnám persónueftirlits. Persónueftirlitið er afnumið við för yfir innri landamæri (för innan Schengen-svæðisins), en ekki ytri landamæri (för út af Schengen-svæðinu eða inn á það).

Lögreglan ber ábyrgð á og annast framkvæmd landamæraeftirlits skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 1212/2007. Eftirlit á landamærastöð gengur út á að skoða hvort einstaklingur, samgöngutæki og hlutir í hans vörslu uppfylli skilyrði fyrir för yfir ytri landamæri og eftir atvikum dvöl á Schengen-svæðinu.

Ytri landamæri eru landamæri Schengen-ríkjanna á landi, sjó, vötnum og höfnum, þ.m.t. flughöfnum, sem ekki eru innri landamæri. Fólk sem er á leið yfir ytri landamærin þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, allt eftir þjóðerni og tilgangi farar. Útlendingar, aðrir en EES/EFTA-ríkisborgarar, skulu við komu og brottför frá landinu lúta ítarlegu eftirliti.

Framkvæmd lögregluvalds á innri landamærum.

Fara má yfir innri landamærin hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt. Afnám persónueftirlits á innri landamærum hefur þó hvorki áhrif á framkvæmd lögregluvalds þar til bærra yfirvalda, samkvæmt löggjöf hvers samningsaðila á gjörvöllu yfirráðasvæði hans, né þær skyldur sem kveðið er á um í löggjöf hans. Þetta felur m.a. í sér kröfu til útlendings um að eiga, hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkum.

Þannig lýtur framkvæmd lögregluvalds á innri landamærum að lögreglueftirliti sem hefur það að markmiði að stemma stigu við ólögmætum komum eða brottförum einstaklinga til eða frá landinu um innri landamærin.

Einn af grunnþáttum við framkvæmd lögregluvalds á innri landamærum er öflun gagna úr upplýsingakerfum, greining þeirra og úrvinnsla. Sjá nánar umfjöllun um upplýsingakerfin hér á eftir. Lögð er til grundvallar nefndri vinnu krafa ríkislögreglustjóra skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um greiningardeild ríkislögreglustjóra nr. 404/2007 varðandi komu fólks og brottför frá landinu.

Upplýsingar sem fengnar eru með nefndri vinnu eru lagðar til grundvallar skilvirku eftirliti og hugsanlegum afskiptum af fólki. Við framkvæmd eftirlits með útlendingum, skoðar lögregla skilríki hjá útlendingi, persónuskilríki, ferðaskilríki eða farseðla, með það að markmiði að kanna hvort þau séu í lagi, hvort aðili sé sá sem skilríkin segja til um og hvort hann sé hér í lögmætum tilgangi. Lögregla metur svo í framhaldinu hvort kanna eigi mál viðkomandi nánar eða hætta afskiptum.

Schengen-upplýsingakerfið (SIS).

Schengen-upplýsingakerfið (SIS) er talið eitt mikilvægasta tæki til lögreglusamvinnu innan Evrópu. Íslensk stjórnvöld öðlast aðgang að því á grundvelli Schengen-samningsins. Kerfið er sameiginlegur upplýsingabanki aðildarríkja Schengen um útlendinga sem meina skal aðgang að Schengen-svæðinu, einstaklinga sem óskað er að verði handteknir, farartæki, skotvopn, skilríki, verðbréf o.fl. sem óskast haldlögð í tengslum við sakamálarannsóknir o.fl. Kerfið virkar þannig að slegið er inn leitarorð, t.d. nafn, og skilar kerfið upplýsingum um hvort viðkomandi er skráður eða ekki. Frekari upplýsingar um skráninguna fást svo beint frá lögregluyfirvöldum í ríkinu þar sem atriði var skráð. Hvert aðildarríkja Schengen hefur sett upp svokallaða SIRENE-skrifstofu (Supplementary Information Request on National Entry). Starfsmenn hennar fara yfir og leggja mat á allar þær upplýsingar sem skráðar eru í gagnabankann. Skrifstofa þessi er einnig eins konar miðpunktur lögregluembætta í viðkomandi landi sem og gagnvart öðrum Schengen-löndum þegar dreifa skal upplýsingum í gegnum gagnabankann. Ef t.d. franska lögreglan lýsir eftir peningafalsara í SIS og sá finnst á Íslandi munu SIRENE-skrifstofur þessara tveggja landa sjá um dreifingu allra nauðsynlegra upplýsinga á milli landanna og varða til að mynda handtökuna og væntanlegt framsal hins handtekna til Frakklands.

Auk alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra hafa öll lögregluyfirvöld landsins (þar á meðal landamæralögreglan á Keflavíkurflugvelli) aðgang að SIS til að fletta upp nöfnum á útlendingum sem þeir hafa afskipti af, bæði vegna venjubundins eftirlits sem og af einhverju öðru sérstöku tilefni til að kanna hvort í kerfinu sé að finna upplýsingar um viðkomandi einstakling. Eftirlit sem þetta hjá lögreglu er einn af lykilþáttum þess að Schengen-samstarfið virki sem skyldi og því mjög mikilvægt að því sé sinnt af kostgæfni.

Visa-upplýsingakerfið (VIS).

Aðildarríki Schengen-samstarfsins hafa samvinnu um vegabréfsáritanir inn á Schengen-svæðið en aðildarríki Schengen fara öll eftir sameiginlegum lista um lönd þar sem ríkisborgarar þurfa vegabréfsáritun til að komast inn á Schengen-svæðið. Þá hafa ríkin sett sér sameiginleg skilyrði um útgáfu vegabréfsáritana. Um þessar mundir er í þróun nýtt kerfi á þessum vettvangi, hið svokallaða Visa-upplýsingakerfi (VIS) en það er miðlægt upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir fyrir aðildarríki Schengen-samstarfsins. Í kerfinu verða geymdar upplýsingar um umsóknir um vegabréfsáritanir. Gangsetning kerfisins er áætluð árið 2010. Með gangsetningu kerfisins mun hin samræmda stefna Schengen-ríkjanna í áritanamálum verða mun öruggari og þar með eykst öryggi á Schengen-svæðinu.

Þá hafa Schengen-ríkin með sér náið samstarf við greiningu falsaðra ferðaskilríkja og annarra skjala og starfrækja m.a. sérstakan gagnabanka í því skyni (FADO) sem íslensk stjórnvöld hafa fullan aðgang að vegna þátttöku í Schengen.

Önnur alþjóðleg samvinna byggð á Schengen.

Auk samvinnu lögreglu í gegnum Schengen-upplýsingakerfið og samvinnu um vegabréfsáritanir gerir Schengen-samningurinn ráð fyrir ýmiss konar annarri samvinnu sem getur haft þýðingu í einstökum málum, en ekki er hér talin upp öll sú lögreglusamvinna sem grundvallast á samningnum. Þá er ekki heldur fjallað sérstaklega um aðild Íslands að stofnunum Evrópusambandsins sem tengjast Schengen, nánar tiltekið Evrópsku lögreglunni (Europol), Evrópsku réttaraðstoðinni sem felur í sér samvinnu saksóknara (Eurojust), Evrópska lögreglu-

skólanum (Cepol) og Landamærastofnun Evrópu (Frontex). Aðild Íslands að öllu þessu samstarfi byggist á Schengen-samstarfinu.

Ávinningur af Schengen-samstarfinu.

Að öllu þessu virtu er ávinningurinn af Schengen-samstarfinu fyrst og fremst fólginn í samstarfi lögreglu- og dómsmálayfirvalda aðildarríkjanna, en yfirlýst markmið hinnar evrópsku lögreglusamvinnu er baráttan gegn alþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi. Afnám reglubundins landamæraeftirlits á innri landamærum, með tilheyrandi kostnaði, hefur líka verið nefnt sem ávinningur, en hefur þó einnig í för með sér sérstök úrlausnarefni svo sem nánar er komið inn á í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar hér á eftir.

2. Hverja telur ráðherra kosti samstarfsins og hverja gallana?

Um kosti samstarfsins má vísa til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar hér að framan. Gallarnir við Schengen-samstarfið eru þeir sem aukinni lögreglu- og dómsmálasamvinnu er ætlað að vega upp á móti. Er þar átt við afnám landamæraeftirlits á innri landamærum Shengensvæðisins, sem getur gert afbrotamönnum hægara um vik við háttsemi sína og við undankomu til annarra ríkja. Úrræði á borð við endurkomubann og farbann geta orðið næsta haldlítil þegar í hlut eiga brotamenn sem staddir eru innan svæðisins, þ.m.t. evrópskir borgarar, sem staðráðnir eru í að koma aftur til landsins. Rétt er að taka fram að þó að dæmi séu um að lögregla hafi haft afskipti af evrópskum brotamönnum sem hér hafa verið í trássi við endurkomubönn hefur hingað til ekki verið um umfangsmikinn vanda að ræða vegna þessa.

Álitaefnið um að hætta þátttöku í Schengen og taka upp landamæraeftirlit.

Þegar rætt er um þessa galla í því samhengi að hægt verði að losna við þá með því að hætta þátttöku í Schengen og taka upp landamæraeftirlit þarf að vega saman ólíka hópa einstaklinga og mismunandi möguleika til að hafa eftirlit með þeim. Landamæraeftirlit mundi vissulega auka möguleika íslenskra yfirvalda til að framfylgja endurkomubönnum gagnvart þeim fámenna hópi EES-borgara sem hefur verið vísað brott með tilheyrandi endurkomubanni og upplýsingar eru skráðar um í landskerfi lögreglu hér á landi. Þetta landamæraeftirlit mundi hins vegar engu breyta um að íslensk yfirvöld stæðu berskjölduð gagnvart margfalt stærri hópi erlendra glæpamanna sem hér gæti hlaupið í skjól frá handtökuskipunum sem skráðar hafa verið í SIS-kerfið.

Með virku eftirliti lögreglu með útlendingum hér innan lands, m.a. með aðstoð Schengenupplýsingakerfisins sem hver einasti lögreglumaður landsins hefur nú aðgang að, má draga úr neikvæðum áhrifum ekki síður en með eftirliti á landamærum. Sá möguleiki er nú aðeins fyrir hendi með þátttöku í Schengen, en engin ríki utan ESB geta fengið aðgang að upplýsingakerfunum nema þau sem taka fullan þátt í Schengen-samstarfinu.

Er mögulegt að taka upp tímabundið landamæraeftirlit í ríkara mæli en nú er?

Í reglum Schengen-samstarfsins er að finna heimild fyrir aðildarríki til tímabundinnar upptöku landamæraeftirlits á innri landamærum vegna alvarlegrar ógnar við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi í allt að 30 daga eða eins lengi og fyrirsjáanleg ógn stendur yfir ef um lengri tíma en 30 daga er að ræða. Umrædd heimild hefur verið innleidd í íslenska löggjöf með ákvæði 29. gr. reglugerðar nr. 1212/2007 um för yfir landamæri og hefur heimildinni um tímabundna upptöku landamæraeftirlits tvívegis verið beitt.

Settur var á fót sérstakur vinnuhópur á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins til að kanna möguleika innan gildandi laga og alþjóðlegs samstarfs til að efla eftirlit með útlendingum og tryggja að nýttar væru þær heimildir sem til staðar eru til þess að uppræta skipulagða glæpastarfsemi hér á landi. Meðal annars var vinnuhópnum falið að skoða hvort unnt væri að taka upp tímabundið vegabréfaeftirlit eða ókerfisbundið eftirlit bæði á landamærum og innan þeirra og hópnum falið að koma með tillögur um úrbætur. Skilaði vinnuhópurinn skýrslu sinni í janúar sl. og setti hann fram 16 tillögur til úrbóta. Er þegar hafið starf til að fylgja þeim eftir.

Vinnuhópurinn leggur meðal annars til að lögregla nýti betur þá kosti sem felast í Schengen-samstarfinu. Aðgangur að gagnabönkum, fagstofnunum og aðild að alþjóðlegum samningum stuðli að sterkari stöðu lögreglu á Íslandi í baráttunni við skipulagða alþjóðlega brotastarfsemi. Vinnuhópurinn leggur þó ekki til breytingar á framkvæmd landamæraeftirlits, þ.e. að beitt verði tímabundnu eftirliti í ríkara mæli en nú er, en leggur hins vegar til að tekið verið upp nánara samstarf lögreglu og tollgæslu við svæðisbundið eftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem byggt verður á grundvelli áhættugreiningarlíkans. Þá verði framkvæmd brottvísana skilvirkari. (Sjá nánar skýrslu vinnuhópsins á: http://www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/6923.)

Getur Ísland farið sömu leið og Bretar og Írar?

Bretland og Írland eru aðildarríki Evrópusambandsins og taka þar af leiðandi þátt í lögreglusamvinnu ESB og eiga aðild að löggæslustofnunum ESB á þeim grundvelli. Staða Íslands er í þessu efni önnur en staða Breta og Íra, þar sem aðild Íslands að lögreglusamvinnunni og stofnunum ESB byggist á Schengen-samstarfinu.

3. *Hver er kostnaður Íslands af samstarfinu, annars vegar á ári og hins vegar í heild frá upphafi til dagsins í dag?*

Sérgreindur kostnaður vegna Schengen-þátttöku Íslands hefur undanfarin ár verið sem hér greinir:

06-397

Ár	Fjárhæð	Skýring
2009	94.596.517	Til 15. desember 2009
2008	137.457.731	
2007	71.452.251	
2006	98.255.946	
2005	46.866.831	
2004	42.535.092	
2003	72.424.774	
2002	64.554.426	
2001	111.858.921	
2000	105.671.973	
1999	113.169.287	
1998	5.852.476	
1997	7.249.742	
1996	4.835.401	
	976.781.368	

Um er að ræða greiðslur Íslands til stofnana ESB auk kostnaðar sem sérstaklega er stofnað til hér á landi vegna samstarfsins, ferðakostnað o.fl. Áréttað skal að hér er um brúttókostnað að ræða, en óvíst er að kostnaður yrði minni af því að taka upp landamæraeftirlit með öllum farþegum á leið til Íslands frá Evrópu.

4. *Er allur kostnaður kominn fram eða á einhver kostnaður eftir að falla til við að koma á fullnægjandi eftirliti samkvæmt Schengen-samningnum og ef svo er, hver er hann og í hverju fólginn?*

Schengen-samstarfið er viðvarandi og felur í sér umfangsmiklar ráðstafanir og rekstur. Af því leiðir árlegan rekstrarkostnað sem fer vaxandi en á móti kemur að á hverju ári sparast töluvert í landamæragæslu á innri landamærunum og vegna sameiginlegrar áritanaútgáfu. Í byrjun næsta árs kemur í fyrsta sinn til greiðslu á framlagi Íslands í landamærasjóð, en gera verður ráð fyrir að framlög til Íslands úr sjóðnum verði verulega lægri en nemur greiðslum Íslands í sjóðinn. Gera má ráð fyrir að framtíðarrekstrarkostnaður vegna Schengen verði um 150 millj. kr. á ári, að meðaltali, en ef ákveðið verður að stækka landamærasjóð ESB gæti sú upphæð hækkað. Erfiðara er að meta þann sparnað sem næst fram með afnámi persónueftirlits á innri landamærunum og sameiginlegum vegabréfsáritunum, en líklega er þó um að ræða fjárhæð af svipaðri stærðargráðu.

Uppbygging flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefur síðustu ár miðast við reglur Schengen-samstarfsins um aðskilnað farþega sem ferðast innan Schengen-svæðisins og þeirra sem ferðast utan þess. Tekið skal fram að áður en ákvörðun var tekin af hálfu ríkisstjórnar Íslands um þátttöku í Schengen-samstarfinu lá fyrir að uppbygging og úrbætur á aðstöðu í flugstöðinni voru nauðsynlegar. Kostnaður til uppbyggingar var því óhjákvæmilegur. Sá stofnkostnaður sem þá þurfti að stofna til sérstaklega vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er hins vegar allur löngu kominn fram

Rétt er að taka fram að til þess að hægt verði að taka upp landamæraeftirlit í flugstöðinni með öllu millilandaflugi þyrfti að ráðast í viðamiklar breytingar innviðum flugstöðvarinnar en á þessu stigi er ekki hægt að segja til um þann heildar kostnað sem af því hlytist.

Ef tekið yrði upp eftirlit eins og það var fyrir 25. mars 2001 (gildistöku Schengen) má ætla að tæplega milljón farþegar sættu landamæraeftirliti miðað við umferð þessa árs. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að kostnaðarauki ríkisins vegna vegabréfaeftirlits yrði umtalsverður, líklega um það bil 100 millj. kr. á ári.

Hvaða aðrar leiðir væru færar til að halda sem flestum kostum Schengen-samstarfsins en losna um leið við helstu galla þess?

Aðrir möguleikar hafa ekki verið kannaðir, hvorki með formlegum né óformlegum hætti. Í þessu samhengi er áréttað að stöðu Íslands verður ekki líkt við t.d. stöðu eyríkjanna Bretlands, Írlands og Kýpur. Þau eru ekki aðilar að Schengen en aftur á móti aðildarríki ESB og þannig þátttakendur í samvinnu ESB bæði á sviði dóms- og innanríkismála og á innri markaðinum.

Svo sem nefnt var í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar þróaðist Schengen-samstarfið út frá reglunum um frjálsa för sem miðuðu frá upphafi að því að opna innri landamæri aðildarríkjanna. Schengen-reglurnar útfæra þá opnun innri landamæra og styrkingu ytri landamæra, en mikilvægastar má þó telja hliðarráðstafanirnar, samvinnu lögreglu og Schengen-upplýsingakerfið, sem er það öryggisnet sem gerir opnun innri landamæranna mögulega í raun. Til þess

að njóta kosta frjálsrar farar sem felst í EES-samningnum er því mikilvægt að hafa jafnframt aðgang að öryggisnetinu sem felst í Schengen-samstarfinu.

694. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 113. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Með sama hætti er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 6. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að hvers konar upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 94. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að verði gerð fésekt. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin á og þeirra sem síðar eru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem ætlað er að auka við eftirlits- og fullnustuheimildir stjórnvalda, meðal annars til kyrrsetningar, var lagt fram á 137. löggjafarþingi á þingskjali 320, 166. máli. Því var vísað til 2. umræðu og efnahags- og skattanefndar þar sem það var rætt nokkuð ítarlega en var ekki afgreitt. Það er nú lagt fram að nýju með breyttu sniði þar sem tekið er mið af athugasemdum sem gerðar voru við fyrra frumvarpið við meðferð þess á þinginu.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirri hættu sem getur skapast, vegna þess hversu hversu langan tíma málsmeðferð mögulegra skattalagabrota tekur, að eignum sé komið undan

áður en mál er fullrannsakað. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að veita stjórnvöldum auknar heimildir til varnar því að þeir aðilar sem málið varðar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda og mögulegra fésekta vegna skattalagabrota með því að færa eignir sínar í hendur öðrum eða með öðrum hætti koma þeim undan. Í frumvarpi þessu er að finna tillögur þess efnis, þ.e. um kyrrsetningu eigna vegna rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Jafnframt er lagt til að tollstjóri sem innheimtumaður ríkissjóðs annist rekstur þessara mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Mál er sæta rannsókn vegna gruns um brot gegn skattalögum eru oft afar vandmeðfarin og taka auk þess eðli máls samkvæmt mun lengri tíma en venjulegar skattákvarðanir. Vegna langs rannsóknartíma getur verið hætta á að eignum sé komið undan enda er skattaðilum oftast ljóst þegar við upphaf rannsóknar að til endurákvörðunar opinberra gjalda muni koma og að lögbundnum fésektum verði beitt. Það er því mikilvægt að tryggt sé að þeir aðilar sem eru til rannsóknar geti ekki með skipulegum hætti komið eignum undan og er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir það. Með ákvæðinu er greiðsla í ríkissjóð vegna yfirvofandi skattkrafna ríkisins og fésektarkrafna mun betur tryggð. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu gagnvart skattaðilanum sjálfum og öðrum þeim er bera ábyrgð á skattgreiðslum hans skv. 116. gr., sem og öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi beinist að og kann þar af leiðandi að verða gert að greiða fésekt vegna refsiverðra brota.

Ákvæðið tekur mið af 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Skv. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fer skattrannsóknarstjóri ríkisins við rannsókn mála eftir lögum um meðferð sakamála, með takmörkunum þó. Er því nærtækt að heimild til kyrrsetningar verði fengin vegna rannsóknar mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og kyrrsetningu beitt strax á stigi rannsóknar hjá því embætti, enda liggi fyrir mat embættisins á væntanlegri enduráætlun og sektarfjárhæð.

Lagt er til að tollstjóri annist rekstur mála vegna kyrrsetningarkröfu að undangenginni sérstakri tilkynningu skattrannsóknarstjóra ríkisins til tollstjóra. Lagt er til að almennar reglur um kyrrsetningu fjármuna gildi um kyrrsetningu samkvæmt greininni eftir því sem við á, en þar er einkum vísað til laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Þó er gert ráð fyrir að reglur um tryggingu fyrir kyrrsetningu, málshöfðun og lögboðin gjöld vegna ráðstafanna taki ekki til kyrrsetningar tollstjóra. Er það í samræmi við áðurgreint ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Þá er lagt til að ráðstafanir samkvæmt greininni falli niður um leið og ljóst er að rannsókn skattrannsóknarstjóra muni ekki leiða til hækkunar á sköttum eða fésekt. Að sama skapi getur skattaðili fengið kyrrsetningarráðstafanir felldar brott með því að inna af hendi greiðslur sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Er þar með sama hætti tekið mið af ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimildum frumvarpsins verði beitt vegna mála sem rannsókn er þegar hafin á til jafns við þau sem síðar verða rannsökuð hjá skattrannsóknarstjóra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði í lög um tekjuskatt ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur annarra. Þannig verður skattaðila, eftir að skattrannsóknarstjóri tilkynnir um rannsókn, óheimilt að ráðstafa eignum sínum með sölu þeirra, veðsetningu eða öðrum löggerningum, til tryggingar skaðlausum efndum væntanlegrar skattkröfu.

Tollstjóra, sem innheimtumanni ríkissjóðs, verður heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila eða öðrum þeim sem kunna að bera fésektarábyrgð til að tryggja væntanlegar skattkröfur ef hætta þykir á að eignum verði skotið undan eða þær glatist eða rýrni í verði. Sömu reglur gilda um kyrrsetningar samkvæmt þessu frumvarpi eins og um kyrrsetningar fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar og ekki verða greidd gjöld fyrir ráðstafanirnar. Kyrrsetningin fellur niður ef rannsóknin leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum sem refsiábyrgð kunna að bera verði gerð fésekt.

Óvissa er um í hvaða mæli grípa þarf til þessara úrræða á næstunni. Skattyfirvöld kunna að þurfa að taka til rannsóknar ýmis mál þar sem á þau kynni að reyna í kjölfar efnahagshrunsins. Ef um nokkurn fjölda mála af þessum toga yrði að ræða gæti þurft að fjölga starfsmönnum við innheimtuaðgerðir tollstjóra tímabundið um einn til tvo. Um er að ræða tiltölulega lítinn kostnaðarauka fyrir málaflokkinn sem gert er ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

695. Fyrirspurn [387. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakaupum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Er hætta á að ákveðinn hópur sjúklinga sem þarfnast lyfja fái ekki lyf með nægjanlegri virkni vegna þess að dregið hefur verið stórlega úr greiðsluþátttöku ríkisins í kaupum á ýmsum lyfjum?
2. Getur stórlega minni greiðsluþátttaka ríkisins í lyfjakaupum leitt til aukinnar sjúkdómatíðni og þar með verulegs kostnaðar fyrir ríkið til lengri tíma?

Skriflegt svar óskast.

696. Fyrirspurn [388. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfandi lækna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað voru margir a) útskrifaðir læknar og b) starfandi læknar hér á landi ár hvert 1999–2009?
2. Hve hátt hlutfall íslenskra lækna sem stundað hafa framhaldsnám erlendis hefur snúið heim að námi loknu til starfa hér? Svar óskast sundurliðað eftir árum 1999–2009.
3. Er útlit fyrir að erfitt verði að manna stöður lækna á sjúkrahúsum vegna aðgerða stjórnvalda árin 2010, 2011 og 2012? Ef svo er, er öryggi sjúklinga í hættu vegna læknaskorts á komandi árum?

Skriflegt svar óskast.

697. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú er leitað nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili og um er að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og ber þá sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta í allt að þrjá mánuði töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður að fullnægðum sömu skilyrðum verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum í allt að þrjá mánuði.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. ágúst 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 23/2009 var ákveðið að fresta skyldi að ósk gerðarþola nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Með lögum nr. 108/2009, sem tóku gildi 6. nóvember 2009, var fallið frá frekari almennri frestun á nauðungarsölu fasteigna. Þess í stað var kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða að sýslumanni bæri að verða við ósk gerðarþola um að fresta

fram yfir 28. febrúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað væri nauðungarsölu skv. 6. gr. laga nr. 90/1991. Þetta var þó bundið við þá fasteign þar sem gerðarþoli héldi heimili og hefði skráð lögheimili. Þá þurfti og að vera um að ræða húsnæði sem ætlað væri til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Í þeim tilvikum þar sem ráðstöfun fasteignar, sem uppfyllti framangreind skilyrði, hafði þegar verið ákveðin við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign var mælt fyrir um að sýslumaður skyldi verða við ósk gerðarþola um frestun þeirra aðgerða fram yfir framangreint tímamark.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðarþolar geti í þeim tilvikum þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði samkvæmt framansögðu óskað eftir því við sýslumann að töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði verði frestað í allt að þrjá mánuði. Tekur heimild þessi gildi þegar við gildistöku laganna og er miðað við að umrædda beiðni megi leggja fram allt til 31. ágúst 2010. Ber sýslumanni að verða við beiðni þar að lútandi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Frestur á nauðungarsölu að beiðni gerðarþola hefur verið talinn nauðsynlegur svo að skuldurum væri gefinn kostur á að nýta þennan tímafrest til að leita tiltækra úrræða til að ná tökum á greiðsluvanda sínum en á síðustu missirum hafa verið sett í lög ýmis ákvæði til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum. Þar sem hin nýju úrræði hafa verið í boði í tiltölulega stuttan tíma er lagt til að þessi frestur verði enn og aftur framlengdur svo að skuldarar fái möguleika á að nýta sér þau úrræði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða um að gerðarþoli geti óskað eftir frestun á nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laganna til 31. ágúst 2010 að uppfylltum öllum sömu skilyrðum og gilt hafa um slíka fresti til þessa. Um sé að ræða fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sama gildir um ráðstöfun slíkrar fasteignar sem þegar hefur verið ákveðin við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

698. Frumvarp til laga [390. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skipar fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, og skal að minnsta kosti annar þeirra ekki vera starfandi dómari. Tilnefnir dómstólaráð þriðja nefndarmanninn en Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar.

Óheimilt er að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu dómsmálaráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. Ráðherra skal þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.
b. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði 4. gr. a gilda að breyttu breytanda við skipun í embætti héraðsdómara.

4. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun dómnefndar skv. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd skv. 4. gr. a laga um dómstóla skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni

sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra á grundvelli tillagna nefndar sem falið var að gera tillögur um breytingar á reglum um skipun dómara. Eitt af stefnumálum ríkisstjórnarinnar er að endurskoða reglur um skipun í embætti dómara. Í því skyni skipaði dómsmálaráðherra 3. mars 2009 sérstaka nefnd sem falið var að endurskoða reglur um skipan dómara og gera tillögur að nýjum reglum. Í nefndinni sátu Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, sem var formaður hennar, Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður og Ómar Hlynur Kristmundsson stjórnmálafræðingur og dósent við Háskóla Íslands. Þá var samhliða skipaður sérstakur samráðshópur nefndarinnar en í honum sátu fulltrúar ASÍ, BHM, BSRB, Mannréttindastofnunar Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Í skýrslu nefndarinnar frá 7. október 2009 komu fram ýmsar tillögur um breytingu á fyrirkomulagi við skipun dómara og lutu tillögur nefndarinnar bæði að skipun í embætti héraðsdómara og embætti hæstaréttardómara. Lagði nefndin til að dómnefnd mæti hæfi dómaraefna og að nefndarmönnum yrði fjölgað. Yrði dómnefndin skipuð fimm eða sex mönnum, þar af væru tveir til þrír dómarar, einn lögmaður og tveir fulltrúar almennings, en nefndinni yrði falið að skila ráðherra faglegu og rökstuddu mati um alla umsækjendur um dómaraembætti. Gengið var út frá því að dómsmálaráðherra færi áfram með skipunarvaldið, en það nýmæli var lagt til að ef til þess kæmi að ráðherra vildi skipa annan en þann sem dómnefndin teldi hæfasta umsækjandann yrði að leggja tillögu um skipun annars hæfs umsækjanda fyrir Alþingi. Samþykkti Alþingi tillögu ráðherra mætti skipa þann mann í embættið, en annars yrði ráðherra bundinn af niðurstöðu dómnefndar. Þá var að auki lagt til að felld yrðu niður ákvæði 4. mgr. 4. gr. dómstólalaga þar sem kveðið er á um að ráðherra leiti umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda, en í stað þess gæfi Hæstiréttur umsögn til dómnefndar um hverjar væru þarfir réttarins hverju sinni. Að auki lagði nefndin til að lögfest yrðu þau sjónarmið sem gilda eiga við mat dómnefndar um hæfni umsækjenda. Skýrsla nefndarinnar var birt á vef dómsmálaráðuneytisins og óskað eftir umsögnum og sjónarmiðum um skýrsluna og barst ráðuneytinu ein umsögn.

Núgildandi reglur um skipun dómara.

Í skýrslu nefndarinnar er gerð grein fyrir núgildandi reglum um skipun dómara sem eru í 4. og 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Í öðrum lögum er einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 29. nóvember 1985 grundvallarreglur um sjálfstæði dómstóla (Basic Principles on the Independence of the Judiciary) þar sem meðal annars segir að sjálfstæði dómstóla skuli tryggt af ríkisvaldinu og varið af stjórnarskrá eða lögum ríkis og að öllum stofnunum ríkisvaldsins og öðrum stofnunum sé skylt að virða sjálfstæði dómstóla. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On

the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Yfirvald það sem tekur ákvörðun um þetta á að vera óháð ríkisstjórninni. Í þeim löndum þar sem gert er ráð fyrir því að dómarar séu skipaðir af ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum á að tryggja að tilhögun á skipun sé gegnsæ og óháð í framkvæmd og að engin önnur sjónarmið hafi áhrif á ákvörðunina en hlutlæg sjónarmið. Í Sáttmála dómenda í Evrópu frá júlí 1998 (European Charter on the Statute for Judges) er mælt með því að sérstöku stjórnvaldi, sem sé óháð handhöfum framkvæmdar- og löggjafarvalds, verði falið að taka ákvarðanir um skipun dómara og önnur atriði sem varða stöðu þeirra. Minnst helmingur þeirra sem þar eigi sæti séu dómarar, kjörnir til þeirra starfa af dómurum.

Því er ljóst að taka verður tillit til fjölda atriða þegar settar eru reglur um skipun dómara. Mikilvægt er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og tryggja sem best að þeir verði óháðir hinum tveimur þáttum ríkisvaldsins sem þeir hafa eftirlit með. Í athugasemdum við frumvarp til laga um dómstóla, nr. 15/1998, er tekið fram að einn megintilgangur þess sé að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og meðal annars auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra. Tryggja verði í sem ríkustum mæli að dómstólarnir verði óháðir hinum tveimur þáttum ríkisvaldsins. Ekki sé nægilegt að sjálfstæði dómstólanna sé tryggt í raun, heldur verði sjálfstæðið og trúverðugleikinn, sem því fylgir, að vera öllum sýnilegur.

Í II. kafla dómstólalaga er fjallað um Hæstarétt Íslands. Í 4. gr. eru reglur um fjölda dómara í Hæstarétti og helstu almennu skilyrðin sem umsækjandi um embætti hæstaréttardómara verður að fullnægja til að fá skipun í það. Í greininni segir eftirfarandi: „Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra. Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum: 1. Hefur náð 35 ára aldri. 2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt. 3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu. 4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu. 5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta. 6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt. 7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu. 8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar. Áður en skipað verður í dómaraembætti skal dómsmálaráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsækjanda verður ekki veitt embættið ef í umsögninni kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr.“

Í III. kafla dómstólalaga er fjallað um héraðsdómara. Í 12. gr. eru ákvæði um fjölda héraðsdómara og skilyrði fyrir skipun þeirra auk reglna um dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Skv. 12. gr. eru dómarar í héraði 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti af dómsmálaráðherra. Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þeim skilyrðum að hafa náð 30 ára aldri og uppfyllir sömu skilyrði og um getur í 2.–6. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna og hefur að auki í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða

stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmanna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt. Dómnefndin skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara, en ráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar.

Dómnefndin, sem nú er fjallað um í 3. mgr. 12. gr. dómstólalaga, á rætur að rekja til ákvæða í lögum nr. 92/1989, sem tóku gildi 1. júlí 1992, en með þeim var í fyrsta sinn sett á stofn dómnefnd til að fjalla um hæfni þeirra sem sækja um embætti héraðsdómara. Reglur nr. 40/1992 voru settar um störf þeirrar nefndar, en núgildandi reglur um þetta efni eru nr. 693/1999. Í 4. gr. þeirra segir að dómnefndin skuli kanna hvort umsækjendur uppfylli skilyrði 2. mgr. 12. gr. dómstólalaga, en í reglunum kemur fram að nefndin skuli við mat á hæfni umsækjenda hafa til hliðsjónar starfsferil þeirra, fræðilega þekkingu, almenna og sérstaka starfshæfni og tök á íslensku máli. Þá setti dómnefndin sér frekari verklagsreglur 22. mars 2001 sem staðfestar voru af ráðherra. Skv. 5. gr. reglna nr. 693/1999 skal dómnefndin skila skriflegri umsögn um umsækjendur þar sem fram komi rökstutt álit um hæfni hvers þeirra og hvern eða hverja nefndin telur hæfastan og eftir atvikum samanburður og röðun á umsækjendum eftir hæfni. Dómnefndin sendir síðan dómsmálaráðherra umsögn sína ásamt umsóknum og fylgigögnum, sem hún hefur aflað sér, sbr. 7. gr. reglnanna. Tekið er fram að umsögn nefndarinnar sé ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara.

Í íslenskum lögum eru ekki almennar reglur um hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar við skipun í opinber störf. Litið hefur verið svo á að það sé komið undir mati þess sem veitir starfið hvaða sjónarmið skuli leggja sérstaka áherslu á. Sú óskráða meginregla stjórnsýsluréttar gildir þó um slíka ákvörðun að hún verði að vera byggð á málefnalegum sjónarmiðum eins og til dæmis um menntun, starfsreynslu, hæfni og persónulega eiginleika. Auk þess er gengið út frá því í stjórnsýslurétti að þar gildi sú meginregla að velja beri þann umsækjanda sem talinn er hæfastur, þannig að frjálsu mati stjórnvaldsins eru settar skorður. Skv. 12. gr. dómstólalaga á dómnefndin eingöngu að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, en skv. 4. mgr. 4. gr. laganna skal ráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda áður en skipað er í dómaraembætti í Hæstarétti.

Erlendar reglur um skipun dómara.

Íslenskar reglur um skipun dómara hafa löngum tekið mið af dönskum og norskum reglum um það efni. Í Svíþjóð og Finnlandi eru reglurnar nokkuð á annan veg. Í Svíþjóð fara lögfræðingar yfirleitt til starfa innan dómstólanna beint eftir lagapróf og eru skipaðir í embætti dómara eftir að hafa aflað sér talsverðrar reynslu í þeim störfum. Dómarar eru kallaðir til starfa ef embætti er laust, en æðstu dómaraembættin eru ekki auglýst laus til umsóknar. Í Finnlandi er svipað kerfi og í Svíþjóð. Forsetinn skipar dómara eftir umsögn sérstaks ráðs, sem skipað er að meiri hluta af dómurum. Í Englandi útnefnir Lord Chancellor dómara, en hann á einnig sæti í ríkisstjórninni. Á Ítalíu er sérstakt dómstólaráð sem skipar dómara. Ráðið skipa 32 menn. Forseti lýðveldisins er formaður þess, forseti Hæstaréttar varaformaður, 20

dómarar eiga þar sæti og 10 lögmenn og lagaprófessorar. Í langflestum ríkjum Vesturlanda eru sérstakar dómnefndir sem gefa umsögn um dómaraefni til ríkisstjórnar.

Skiptar skoðanir hafa verið um hver eigi að taka ákvörðun um skipun dómara. Ef ákvörðunarvaldið væri hjá dómstólunum hefur verið talið hætt við því að dómarar yrðu of einsleitir. Almennt hefur verið litið svo á að ábyrgðin á útnefningu dómara þurfi að vera hjá þeim sem beint eða óbeint sækir umboð sitt til þjóðarinnar. Dómarar bera hvorki lagalega né pólitíska ábyrgð gagnvart þjóðþingi og hefur það verið talið mæla gegn því að leggja þetta vald að öllu leyti til dómstólanna. Í sumum ríkjum koma dómarar ekkert að skipun í æðstu dómaraembætti, eins og t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þar tilnefnir forsetinn dómaraefni, en öldungadeild þingsins verður að samþykkja tilnefninguna áður en skipað er í embættið. Reynslan í þeim ríkjum þar sem þingið kemur að útnefningu dómara hefur þótt benda til þess að pólitísk sjónarmið geti oft haft veruleg áhrif á útnefninguna og skapað þannig hættu á að efast verði um sjálfstæði og óhlutdrægni dómara, sem skaðar traust almennings á dómstólum. Gegn þessari tilhögun mælir einnig að það er hlutverk dómstóla að hafa eftirlit með löggjafanum. Með því að láta ráðherra útnefna dómara er á hinn bóginn tryggt að valdið liggur hjá stjórnvaldi sem ber ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þinginu. Þannig er þetta í flestum löndum Evrópu. Þar hefur almennt verið reynt að hafa hæfilegt vægi milli ríkisstjórnar og dómstóla við skipun dómara og þá einkum með því að setja reglur um dómnefndir, sem að meiri hluta til eru skipaðar dómurum. Dómnefndum sem þessum er ætlað að takmarka vald framkvæmdarvaldsins við skipun dómara með því að þær gefi faglega umsögn um hæfni umsækjenda. Skiptar skoðanir hafa verið um hvort ráðherra eigi að vera bundinn af umsögn af þessum toga, en með því mundi dómnefnd í raun ráða hverjir verði skipaðir dómarar. Ef ráðherra væri undantekningarlaust skylt að fara eftir áliti dómnefndar væri ábyrgðin á skipun dómara hjá stjórnvaldi sem er ekki ábyrgt gagnvart þinginu, en slík tilhögun hefur sums staðar þótt orka tvímælis.

Fyrirkomulag við skipun dómara í Danmörku.

Samkvæmt dönsku stjórnarskránni skipar þjóðhöfðinginn dómara og er það gert eftir tillögu dómsmálaráðherra. Gildandi reglur um skipun í dómaraembætti eru frá árinu 1999, en þar höfðu þó lengi verið við lýði venjur og reglur um að ráðherra leiti tillagna dómstóla um þetta efni og fór hann næstum undantekningarlaust eftir slíkum tillögum. Með lagabreytingum 1999 var sett á stofn sérstakt tilnefningarráð (dommerudnævnelsesråd) sem gerir tillögu til ráðherra um það hver eigi að hljóta dómaraembætti, þar á meðal við Hæstarétt. Ráðið er skipað sex mönnum, þremur dómurum, einum lögmanni og tveimur fulltrúum almennings. Dómararnir eru tilnefndir af Hæstarétti, landsréttunum og danska dómarafélaginu, lögmaðurinn er tilnefndur af lögmannafélaginu, en fulltrúar almennings eru tilnefndir af sambandi sveitarfélaga og samráði um almannafræðslu. Við setningu þessara reglna þótti nauðsynlegt að helmingur ráðsins kæmi úr röðum dómara sem þekktu af eigin raun starfsemi dómstólanna, en rétt þótti einnig að hafa lögmann með reynslu af málflutningi. Litið var svo á að svokallaðir fulltrúar almennings gætu fært inn í ráðið sjónarmið sem tækju ekki eingöngu mið af þröngum, faglegum atriðum, en þetta yrðu að vera vel metnir menn í samfélaginu, sem hefðu víðtæka þekkingu. Gengið var út frá því að þetta þyrftu ekki að vera lögfræðingar, en þeir mættu ekki eiga sæti á þingi eða í sveitarstjórn. Ráðið er skipað til fjögurra ára og getur sami maður ekki átt þar sæti sem aðalmaður nema eitt tímabil. Varamenn eru skipaðir á sama hátt fyrir hvern aðalmann. Hæstaréttardómarinn er formaður ráðsins og hefur atkvæði hans tvöfalt vægi. Tillaga ráðsins á að vera rökstudd og tilnefnir það aðeins einn umsækj-

anda. Við skipun dómara við Hæstarétt gildir sú regla að umsækjanda verður ekki veitt embættið nema hann hafi áður samið þar atkvæði að dómi til reynslu með fullnægjandi árangri að mati réttarins. Ráðið óskar eftir tillögu frá Hæstarétti um hverjum úr röðum umsækjenda skuli gefinn kostur á að greiða á þennan hátt atkvæði til reynslu og hefur rétturinn þannig í raun úrslitavald um hver hljóti embættið.

Í 43. gr. dönsku réttarfarslaganna segir að við skipun í dómaraembætti eigi að byggja á heildstæðu mati á hæfi umsækjenda. Sérstaka áherslu eigi að leggja á lögfræðilega og persónulega hæfni umsækjenda, en einnig taka tillit til þess hversu fjölbreytta starfsreynslu þeir eigi að baki. Við matið á að jafnframt taka mið af því að við dómstólana starfi dómarar með mismunandi reynslu af lögfræðistörfum.

Í dönskum lögum er ekki kveðið á um að dómsmálaráðherra sé bundinn af tilnefningu umsækjanda í tillögu tilnefningarráðsins, en þar hefur á hinn bóginn verið gengið út frá því, m.a. á grundvelli lögskýringargagna, að ráðherra geti ekki nema í algjörum undantekningartilvikum vikið frá slíkri tillögu og að honum yrði þá rétt að hafa áður samráð við þá fastanefnd þjóðþingsins sem fjallar um málefni á sviði réttarfars. Vegna þess að einungis einn umsækjandi er tilnefndur hverju sinni af tilnefningarráðinu eru hendur ráðherra í raun bundnar, en engin dæmi eru um annað en að ráðherra hafi farið eftir tillögum ráðsins frá því að framangreindar reglur tóku gildi.

Fyrirkomulag við skipun dómara í Noregi.

Samkvæmt 55. gr. norsku dómstólalaganna skipar konungur dómara, en ríkisstjórnin ber fram tillögu dómsmálaráðherra um skipunina. Með breytingu á lögunum á árinu 2001 var komið á fót sérstöku tilnefningarráði (innstillingsråd) sem leggur mat á umsækjendur áður en skipað er í dómaraembætti, þar á meðal hæstaréttardómara. Í ráðinu eru sjö menn, þrír dómarar, einn lögmaður, einn lögfræðingur í opinberri þjónustu og tveir fulltrúar almennings sem ekki eru lögfræðingar. Konungur skipar menn í ráðið til fjögurra ára í senn og er heimilt að skipa þar sama mann í mesta lagi tvisvar. Ráðið mælir með þremur umsækjendum, skipar þeim í röð eftir hæfni og rökstyður þá niðurstöðu, en ríkisstjórnin er ekki bundin af henni. Vilji hún hins vegar skipa einhvern sem ekki er tilnefndur af ráðinu verður áður en það er gert að óska eftir umsögn þess um þann umsækjanda. Umsækjandi sem minni hluti ráðsins vill tilnefna skoðast einnig sem tilnefndur.

Í 2. mgr. 55. gr. norsku dómstólalaganna segir að velja skuli sem dómara einstaklinga sem standast ríkar kröfur um faglega hæfni og persónulega eiginleika. Dómara eigi að velja úr hópi lögfræðinga sem hafa mismunandi starfsreynslu að baki. Í skýrslu norsku nefndarinnar um dómstóla (NOU 1999:19) kemur fram að breytingar á samfélaginu undanfarna áratugi krefjist breiðari samsetningar dómara, sem verði að geta fylgst með þróuninni, en gerðar eru aðrar kröfur til dómara nú en áður fyrr. Því sé nauðsynlegt að dómarar komi frá fjölbreyttum sviðum, bæði hvað menntun og reynslu snertir. Í æ vaxandi mæli líti almenningur gagnrýnum augum á opinberar stofnanir og starfsemi þeirra og eigi það einnig við um dómstóla. Ekki sé nægilegt að sjálfstæði dómstólanna sé tryggt í raun heldur verður sjálfstæðið og trúverðugleikinn, sem því fylgir, að vera öllum sýnilegur. Mikilvægt sé að almenningur beri traust til dómstólanna, en grunur um að skipaðir séu dómarar sem fullnægi ekki þeim faglegu og persónulegu kröfum sem fyrir hendi þurfa að vera sé til þess fallinn að veikja þetta traust. Því verði að gera sérstakar kröfur um persónulega hæfni dómara. Hann verði að hafa víðtæka og almenna lögfræðilega menntun og þekkingu, hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og

getu til að setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Gera verði kröfu um skilvirkni og vinnusemi og góð samskipti við aðra.

Meginefni frumvarpsins.

Efni frumvarps þessa lýtur að breytingum á reglum um skipun dómara, sem fara með einn hluta ríkisvaldsins skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem mælt er fyrir um þrígreiningu þess í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, en með það fara dómendur. Skipun dómsvaldsins verður ekki ákveðin nema með lögum, sbr. 59. gr. stjórnarskrárinnar. Hlutverk dómstóla er að skera úr um réttindi manna og skyldur, en þeim er líka ætlað að hafa eftirlit með löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu, sbr. meðal annars 60. gr. stjórnarskrárinnar. Í 70. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um rétt manna til að fá úrlausn um rétt sinn og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem dómarar hafa í íslenskri stjórnskipun er brýnt að vanda vel alla málsmeðferð við skipun þeirra. Frumvarpið er að meginstefnu til byggt á tillögum áðurgreindrar nefndar sem skipuð var til að endurskoða reglur um skipun dómara. Felast helstu breytingar frá gildandi rétti í því að lögð er til breytt skipun dómnefndar og aukið vægi hennar, auk þess sem lagt er til að henni verði falið að meta hæfi umsækjenda um embætti dómara bæði við Hæstarétt og héraðsdóm. Lagt er til að felld verði brott ákvæði um að umsagnar Hæstaréttar verði aflað við skipun í embætti hæstaréttardómara. Þá er lagt til að dómsmálaráðherra verði bundinn af niðurstöðu dómnefndar, en þó geti hann vikið frá henni með því að Alþingi samþykki tillögu hans um að skipa í embætti annan hæfan umsækjanda en dómnefnd hefur talið standa fremst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að fellt verði brott ákvæði 4. mgr. 4. gr. dómstólalaga þar sem nú er kveðið á um að dómsmálaráðherra skuli leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda um embætti dómara við réttinn áður en skipað verður í það. Jafnframt segir í ákvæðinu að umsækjanda verði ekki veitt embættið ef í umsögninni komi fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna, en þessir töluliðir lúta annars vegar að því að dómaraefni megi hvorki hafa gerst sekt um refsivert athæfi sem telja megi svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta og hins vegar að dómaraefni verði að teljast hæft til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í frumvarpinu er í stað þessa lagt til að dómnefnd sem fjallað er um í 2. gr. meti hæfi og hæfni umsækjenda bæði um embætti héraðsdómara og hæstaréttardómara. Með vísan til þess sem lagt er til um samsetningu og störf nefndarinnar er ekki talin þörf á að hafa lengur reglur um að leitað skuli umsagnar Hæstaréttar um umsækjendur. Er þetta einnig í samræmi við tillögur nefndarinnar sem falið var að endurskoða reglur um skipun í embætti dómara. Þess skal þó getið að ekki þykir rétt að leggja til að lögfest verði sú tillaga nefndarinnar að Hæstiréttur gefi umsögn til dómnefndar um hverjar séu þarfir réttarins hverju sinni, enda hljóta þær eðli máls samkvæmt umfram allt að vera þær að hæfasti umsækjandinn hljóti embættið, auk þess sem lagt er til í frumvarpinu að í dómnefndinni sitji tveir menn tilnefndir af Hæstarétti.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að dómnefnd meti hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og hæstaréttardómara. Samkvæmt gildandi lögum metur dómnefnd einungis hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, en hér er lögð til sú breyting að nefndinni verði falið að meta hæfni allra dómaraefna.

Í 1. mgr. eru lagðar til breytingar á skipun dómnefndarinnar. Skv. 3. mgr. 12. gr. dómstólalaga eiga þrír menn nú sæti í dómnefnd, einn tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af Dómarafélagi Íslands úr röðum starfandi dómara og sá þriðji tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands úr hópi starfandi lögmanna. Í tillögum nefndarinnar, sem skipuð var til að endurskoða reglur um skipun dómara, var sem áður segir lagt til að dómnefndin yrði skipuð fimm til sex mönnum, tveimur til þremur dómurum, einum lögmanni og tveimur fulltrúum almennings. Í þessari grein frumvarpsins er hins vegar lagt til að dómnefndin verði skipuð þannig að tveir nefndarmanna séu tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, en að minnsta kosti annar þessara manna skuli ekki vera starfandi dómari. Þá er gert ráð fyrir því að dómstólaráð tilnefni einn nefndarmann og Lögmannafélag Íslands sömuleiðis, en Alþingi kjósi að auki einn nefndarmann. Þá er lagt til að varamenn verði skipaðir á sama hátt. Hér er því lagt til að dómstólaráð og Hæstiréttur Íslands tilnefni til samans þrjá menn í dómnefndina. Í frumvarpinu er ekki áskilið að nokkur þeirra þurfi að vera úr röðum starfandi dómara, en á hinn bóginn tekið fram að annar þeirra dómnefndarmanna sem Hæstiréttur tilnefnir megi ekki vera starfandi dómari. Þótt frumvarpið bindi að öðru leyti en þessu ekki Hæstarétt, dómstólaráð eða Lögmannafélag Íslands um val á dómnefndarmönnum verður að ganga út frá því að eðlilegt sé að tveir þeir fyrstnefndu tilnefni starfandi eða fyrrverandi dómara og sá síðastnefndi starfandi lögmann, en þetta er þó sem fyrr segir lagt að þessu leyti í hendur þeirra sem tilnefna. Hæstiréttur gæti samkvæmt þessu tilnefnt í dómnefndina einn eða tvo menn úr háskólasamfélaginu eða úr röðum starfandi hæstaréttarlögmanna, fyrrverandi dómara við réttinn eða héraðsdómara, en sá sem tilnefndur væri þyrfti ekki að vera lögfræðingur og gæti þannig skoðast sem eins konar fulltrúi almennings. Þess skal getið að lagt er til að dómstólaráði verði falið að tilnefna einn mann í dómnefndina í stað Dómarafélags Íslands, svo sem nú er, en ekki þótti rétt að leggja til að dómstólaráð tilnefni fleiri nefndarmenn í ljósi þess að dómnefndinni er ætlað að fjalla m.a. um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara.

Það nýmæli er einnig lagt til að Alþingi kjósi einn mann í dómnefndina. Í skýrslu nefndarinnar, sem skipuð var til að endurskoða reglur um skipun dómara, var lagt til að í dómnefndinni sætu tveir fulltrúar almennings sem þyrftu ekki að vera lögfræðingar en gætu verið það. Þeir þyrftu að búa yfir víðtækri þekkingu á samfélagsmálum og vera vel metnir borgarar og væri hlutverk þeirra einkum að hafa nokkurs konar innra eftirlit með starfi nefndarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að í nefndinni verði fulltrúi almennings einn, enda má líta svo á að sá nefndarmaður sem Hæstiréttur tilnefnir og má ekki vera starfandi dómari geti í vissum skilningi verið í hliðstæðri stöðu. Þá er jafnframt lagt til að fulltrúi almennings verði kosinn af Alþingi. Hér á landi er ekki auðvelt að finna á meðal frjálsra félagasamtaka einhver ein sem talist gæti samnefnari fyrir þau öll eða flest og eðlilegt væri að leita til um tilnefningu í dómnefndina. Þar sem hér eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi við skipun í embætti dómara er talið tryggast að fela Alþingi það hlutverk að kjósa fulltrúa almennings til setu í nefndinni, enda starfar Alþingi í umboði þjóðarinnar. Brýnt er að vandað sé til þessa vals og fulltrúinn verði ekki kosinn á pólitískum grundvelli. Einnig er nauðsynlegt að hann

hafi víðtæka þekkingu á samfélagsmálum og sé að öllu leyti vel metinn borgari eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar.

Lagt er til að skipunartími nefndarmanna verði fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns renni út hvert ár. Þá er lagt til að sami maður verði ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt. Í tengslum við þetta eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 38. gr. dómstólalaga í 4. gr. frumvarps þessa.

Í 2. mgr. 2. gr. er fjallað um hlutverk dómnefndarinnar. Þar kemur fram að hún skuli láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Þar eigi að koma fram skýr afstaða dómnefndar til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt sé að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna í því efni. Brýnt er að vandað verði til allrar málsmeðferðar hjá dómnefndinni, en ekki er gert ráð fyrir því að hún raði öllum umsækjendum um embætti í tiltekna flokka líkt og núverandi dómnefnd hefur gert. Hlutverk dómnefndarinnar er að fjalla um umsækjendur um embætti dómara, draga fram hæfustu umsækjendurna og gera jafnframt grein fyrir því hvern eða hverja hún telur hæfasta úr hópi þeirra.

Almenn hæfisskilyrði um dómaraefni koma fram í 2. mgr. 4. gr. og 12. gr. dómstólalaga. Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 12. gr. þannig að samhljóða skilyrði gildi um dómaraefni í Hæstarétti og héraðsdómi, þar á meðal að dómaraefni teljist vera hæft til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, en samkvæmt gildandi lögum er sú krafa eingöngu nefnd varðandi dómaraefni í Hæstarétti. Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.

Reglur nr. 693/1999 hafa verið settar um dómnefnd sem metur hæfi umsækjenda um héraðsdómaraembætti og starfar skv. 12. gr. dómstólalaga, auk þess sem nefndin hefur sem áður segir sett sér verklagsreglur sem voru samþykktar af dómsmálaráðherra 22. mars 2001. Gert er ráð fyrir að þau viðmið sem dómnefndin hefur stuðst við fram að þessu verði áfram í reglum um störf hennar, sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji samkvæmt frumvarpinu. Þau atriði sem nefndin hefur tekið tillit til eru meðal annars starfsreynsla, þátttaka í félagsstarfi, menntun, sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í störfum, stjórnun og skipulagning starfa, vald á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari, dómasamning, stjórn á þinghöldum og mannleg samskipti. Einnig hefur verið litið til persónulegra hæfileika og lífsreynslu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um störf dómnefndarinnar, þar sem meðal annars yrði kveðið á um þau atriði sem nefndin skal leggja til grundvallar og taka mið af við mat sitt á hæfni umsækjenda, sem og reglur um meðferð mála í nefndinni. Hvað varðar meðferð mála fyrir nefndinni er brýnt að umsækjendur fái meðal annars að njóta andmælaréttar áður en dómnefndin lýkur máli endanlega. Enn fremur skal nefndin gæta sjálf

að hæfi sínu. Þá verður í reglunum að taka afstöðu til þess hvort birta eigi opinberlega niðurstöður dómnefndarinnar áður en skipað er í embættið. Í skýrslu nefndarinnar sem falið var að endurskoða reglur um skipun dómara kom fram að skiptar skoðanir hefðu verið um þetta atriði, en talið heppilegt að umsögnin væri opinber svo að rökstuðningur dómnefndarinnar lægi ljós fyrir þótt erfitt gæti verið að birta sumar persónulegar upplýsingar, auk þess sem það gæti fælt menn frá því að sækja um embætti. Með tilliti til þess væri æskilegt að takmarka opinbera birtingu við niðurstöður dómnefndarinnar um hæfnisröðun umsækjenda.

Í 3. mgr. 2. gr. eru lögð til þau nýmæli að dómsmálaráðherra verði bundinn af áliti dómnefndarinnar, þótt hann hafi enn hið formlega skipunarvald. Lagt er til að óheimilt verði að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Þó megi víkja frá þessari reglu ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um að skipa annan nafngreindan umsækjanda. Í slíku tilviki verði dómsmálaráðherra að leggja tillöguna fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá að því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verði tillagan að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram á þinginu, en ella verði ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar. Er þessi regla í samræmi við tillögu nefndarinnar sem skipuð var til að endurskoða reglur um skipun dómara. Í þessu felst að dómsmálaráðherra tekur við áliti dómnefndar þar sem fram kemur umsögn um alla umsækjendur og jafnframt afstaða nefndarinnar til þess hvaða umsækjandi eða eftir atvikum umsækjendur teljist hæfastir til að verða skipaðir í embættið. Ekki er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra leiti eftir afstöðu umsækjenda til niðurstöðu dómnefndarinnar, enda ætti hún að veita umsækjendum andmælarétt áður en hún tæki endanlega ákvörðun í málinu. Þó gæti komið til þess að ráðherra þyrfti að óska eftir nýrri umsögn nefndarinnar ef í ljós kæmi verulegur annmarki á undirbúningi ákvörðunar hennar.

Ef dómsmálaráðherra leggur til að annar en sá sem dómnefnd hefur talið hæfastan sé skipaður í embættið skal hann skv. 3. mgr. 2. gr. bera þá tillögu fyrir Alþingi. Gert er ráð fyrir því að slík tillaga hljóti sömu málsmeðferð og nú gildir um kosningu umboðsmanns Alþingis, meðal annars að hún gangi án umræðu til þeirrar nefndar sem forseti Alþingis leggur til. Fyrir slíkri málsmeðferð er nú ekki lagastoð, en samhliða frumvarpi þessu er unnið að tillögu til breytingar á þingskapalögum, þar sem ráðgert er að mælt verði fyrir um afgreiðslu erinda sem Alþingi á samkvæmt lögum að taka afstöðu til. Þess skal getið varðandi þetta ákvæði að rétt þykir að ganga út frá því að nægilegt verði að tillaga ráðherra fái fylgi meiri hluta á Alþingi. Er þá horft til þess að áskilnaður um aukinn meiri hluta sem nefndin, sem skipuð var til að endurskoða reglur um skipun dómara, gerði tillögu um gæti leitt til þess að regla um þetta yrði í reynd óvirk og hefði í för með sér að dómnefndin færi með veitingarvald en ekki ráðherra. Verður að ætla að reglur í þeim búningi sem hér er lagður til þjóni nægilega tilgangi án þess að lengra verði gengið í þessu efni. Að öðru leyti er ástæða til að benda á að í lok 3. mgr. 2. gr. er tekið fram að ráðherra sé bundinn af umsögn dómnefndar ef tillaga hans er felld á Alþingi eða nær þar ekki fram að ganga innan þess frests sem tiltekinn er í málsgreininni. Í því tilviki gæti ráðherra ekki auglýst dómaraembættið að nýju þannig að nýtt skipunarferli hæfist, heldur væri hann eins og fram kemur í ákvæðinu bundinn af umsögn dómnefndarinnar.

Um 3. gr.

Eins og fyrr var getið er með a-lið þessarar greinar gerð tillaga til að samræma orðalag reglna um almenn hæfisskilyrði héraðsdómara og hæstaréttardómara, en efnislega felst þó

ekki breyting í þessu ákvæði. Þá er í b-lið greinarinnar mælt fyrir um að dómnefndin sem ráðgert er að reglur verði framvegis um í 4. gr. a dómstólalaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins, meti hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara á sama hátt og dómaraefna fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir breyttri skipan dómnefndar og breyttu fyrirkomulagi við tilnefningu í hana er lagt til að skipun eldri dómnefndar, sem nú starfar eftir 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, falli niður og ný dómnefnd verði skipuð. Þá er jafnframt lagt til að þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd skuli einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

Með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði nýjar reglur um hvernig staðið skuli að skipan dómara bæði við Hæstarétt og héraðsdóm. Breytingin felst meðal annars í því að lagt er til að skipan dómnefndar sem metur hæfi umsækjenda um dómarastöður verði breytt og nefndarmönnum fjölgað úr þremur í fimm. Hæstarétti er gert að tilnefna tvo fulltrúa í nefndina, þar af annan þeirra sem formann og skal að minnsta kosti annar þeirra ekki vera starfandi dómari. Dómstólaráð og Lögmannafélag Íslands skipa hvort um sig einn fulltrúa og skal fimmti nefndarmaðurinn vera fulltrúi almennings í nefndinni kosinn af Alþingi. Lagt er til að nefndinni verði falið að meta hæfi umsækjenda um embætti dómara bæði við Hæstarétt og héraðsdóm. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði gildandi laga um að umsagnar Hæstaréttar verði aflað við skipun í embætti hæstaréttardómara þar sem nefndinni verður falið það hlutverk að meta umsækjendur. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra verði bundinn af niðurstöðu dómnefndar, en þó geti hann vikið frá henni með því að Alþingi samþykki tillögu hans um að skipa í embætti annan hæfan umsækjanda en dómnefnd hefur talið standa fremst.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir óverulegum kostnaðarauka vegna fjölgunar nefndarmanna sem rúmist innan núverandi fjárheimilda dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.

699. Frumvarp til lokafjárlaga [391. mál]

fyrir árið 2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2008 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	6,3	6,3
Menntamálaráðuneyti	293,2	351,5
Utanríkisráðuneyti	28,1	22,8
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	1.674,2	1.660,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	102,0	109,9
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-317,0	-316,4
Heilbrigðisráðuneyti	120,7	127,4
Fjármálaráðuneyti	442,8	369,2
Samgönguráðuneyti	-65,8	-51,6
Iðnaðarráðuneyti	208,0	174,5
Viðskiptaráðuneyti	119,2	125,2
Umhverfisráðuneyti	-65,5	-78,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**2.546,2**	**2.500,6**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2008 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	171,4	171,4
Forsætisráðuneyti	181,4	181,4
Menntamálaráðuneyti	76,3	76,3
Utanríkisráðuneyti	2.166,9	2.166,9
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	507,6	507,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-90,0	-90,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.136,8	2.136,8
Heilbrigðisráðuneyti	1.520,4	1.520,4
Fjármálaráðuneyti	-227.743,3	1.448,1
Samgönguráðuneyti	4.214,0	4.214,0
Iðnaðarráðuneyti	194,8	194,8
Viðskiptaráðuneyti	242,2	242,2
Umhverfisráðuneyti	-35,8	-35,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-2.796,1	0,0
Samtals	**-219.253,4**	**12.734,1**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2008 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 6,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,3

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 6,3
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum 6,3
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands 43,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 43,4

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 4,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,1
Viðskiptahreyfingar ..... -1,6

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 2,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,7

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands ..... -1,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1,5

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 7,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,3

m.kr.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum . . . . . -0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,6

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Akureyri . . . . . -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,1

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni . . . . . -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,2

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 8,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 8,5

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 3,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,3

m.kr.

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,7

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 31,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 31,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla 64,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 64,1

m.kr.

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 7,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,9

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 7,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,1

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands 3,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,3

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands 3,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,9

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri 30,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 30,8

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 12,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 12,3

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 0,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,5

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík 1,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,5

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum . . . . . -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,1

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Borgarholtsskóli 6,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,2

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar . . . . . -0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,6

m.kr.

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík . . . . . -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,2

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 60,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 110,3
Viðskiptahreyfingar . . . . . -50,3

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 16,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 16,4

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga . . . . . -33,4
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 7,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 0,2
Almennur rekstur samtals . . . . . -26,2

Gjöld samtals . . . . . **-26,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-19,8
Viðskiptahreyfingar	-6,4
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**293,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**351,5**
Viðskiptahreyfingar	**-58,3**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	28,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22,8
Viðskiptahreyfingar	5,3

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**22,8**
Viðskiptahreyfingar	**5,3**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa ..... -6,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -7,0
Viðskiptahreyfingar 0,8

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun 41,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 39,5
Viðskiptahreyfingar 1,5

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins ..... -8,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -27,3
Viðskiptahreyfingar 18,4

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður ..... -32,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -15,4
Viðskiptahreyfingar ..... -17,2

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 3,9

	m.kr.
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	311,9
Almennur rekstur samtals	315,8
Gjöld samtals	**315,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	317,0
Viðskiptahreyfingar	-1,2

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Fóðursjóður	1.005,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	995,7
Viðskiptahreyfingar	9,9

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	354,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	353,1
Viðskiptahreyfingar	1,7

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	4,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,7

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.674,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1.660,3**
Viðskiptahreyfingar	**13,9**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 24,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 21,6
Viðskiptahreyfingar 3,1

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 19,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 19,1

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 3,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,9

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.40 Tollgæsla 48,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 50,3
Viðskiptahreyfingar ..... -1,5

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 3,7

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,7

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.05 Lögbirtingablað 1,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,3
Viðskiptahreyfingar . . . . . -9,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **102,0**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **109,9**
Viðskiptahreyfingar . . . . . **-7,9**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 62,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 63,5
Viðskiptahreyfingar . . . . . -0,6

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 8,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 8,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 73,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 73,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur . . . . . -485,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -485,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður 24,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 24,4

	m.kr.
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-317,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-316,4**
Viðskiptahreyfingar	**-0,6**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna 20,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 22,9
Viðskiptahreyfingar . . . . . -2,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Landlæknir . . . . . -2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður 1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,7

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,5
Viðskiptahreyfingar 0,2

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali 2,2

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,2
08-397 Lyfjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	96,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	101,1
Viðskiptahreyfingar	-4,9
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**120,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**127,4**
Viðskiptahreyfingar	**-6,7**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 13,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 13,4
Viðskiptahreyfingar 0,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 4,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,2

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 36,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 36,0
Viðskiptahreyfingar 0,7

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða 251,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 163,7
Viðskiptahreyfingar 87,3

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 93,4

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	91,0
Viðskiptahreyfingar	2,4

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.11 Rekstur fasteigna	43,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	60,9
Viðskiptahreyfingar	-17,2

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**442,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**369,2**
Viðskiptahreyfingar	**73,6**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,1

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa . . . . . -9,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -9,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 12,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 10,5
Viðskiptahreyfingar 2,1

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands 3,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,5
Viðskiptahreyfingar . . . . . -3,2

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta . . . . . -35,2
1.11 Keflavíkurflugvöllur 84,1
Almennur rekstur samtals 48,9

Gjöld samtals **48,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 56,1
Viðskiptahreyfingar . . . . . -7,2

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 28,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 34,2
Viðskiptahreyfingar . . . . . -6,0

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu . . . . . -152,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -153,0
Viðskiptahreyfingar 0,1

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . -65,8
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -51,6
Viðskiptahreyfingar . . . . . -14,2

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 202,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 170,2
Viðskiptahreyfingar 31,8

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 5,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,2
Viðskiptahreyfingar 1,7

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 208,0
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum 174,5
Viðskiptahreyfingar 33,5

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	0,8
1.20 Icepro-nefnd	0,8
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	6,2
Almennur rekstur samtals	7,8
Gjöld samtals	**7,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	7,6
Viðskiptahreyfingar	0,2

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	-5,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-6,5
Viðskiptahreyfingar	0,6

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	63,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	67,8
Viðskiptahreyfingar	-4,1

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	75,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	75,2
Viðskiptahreyfingar	0,4

	m.kr.
12-811 Flutningssjóður olíuvara	
Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	-22,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-18,9
Viðskiptahreyfingar	-3,1
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**119,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**125,2**
Viðskiptahreyfingar	**-6,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	21,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	23,6
Viðskiptahreyfingar	-2,6

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	6,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,2

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	2,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,5

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	3,2
1.10 Úrvinnslusjóður	-132,7
Almennur rekstur samtals	-129,5
Gjöld samtals	**-129,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-119,3
Viðskiptahreyfingar	-10,2

m.kr.

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun 23,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -12,2
Viðskiptahreyfingar 35,8

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 10,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 20,7
Viðskiptahreyfingar . . . . . -10,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . -65,5
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -78,5
Viðskiptahreyfingar 13,0

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.81 Opinberar heimsóknir	2,4
Sértekjur:	
Sértekjur	0,6
Gjöld umfram tekjur	**3,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	147,5
1.03 Fastanefndir	-43,2
1.04 Alþjóðasamstarf	170,8
1.06 Almennur rekstur	-35,1
1.07 Sérverkefni	23,3
1.09 Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna	46,9
1.10 Rekstur fasteigna	-92,7
Almennur rekstur samtals	217,5
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	-139,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-114,7
Gjöld samtals	**-36,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	112,5
Gjöld umfram tekjur	**75,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,8

m.kr.

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 53,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,9

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 7,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,1

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 1,0

Sértekjur:
Sértekjur 3,9

Gjöld umfram tekjur **4,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,9

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun . . . . . -175,5

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir . . . . . -0,5

Gjöld samtals . . . . . **-176,0**

Sértekjur:
Sértekjur 202,7

Gjöld umfram tekjur **26,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,7

	m.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**171,4**
Greitt úr ríkissjóði	**171,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	92,8
Sértekjur:	
Sértekjur	12,5
Gjöld umfram tekjur	**105,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,3

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,6
1.18 Stjórnarskrárnefnd	25,9
1.20 Jafnréttissjóður	1,9
1.21 Öryggismálanefnd	16,0
1.29 Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða	10,6
Almennur rekstur samtals	71,0
Gjöld samtals	**71,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	0,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 1,9

Gjöld umfram tekjur **2,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,8

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið . . . . . -57,3

Sértekjur:
Sértekjur 59,1

Gjöld umfram tekjur **1,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,8

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **181,4**
Greitt úr ríkissjóði **181,4**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	-4.217,5
1.13 Háskólasjóður	407,9
Almennur rekstur samtals	-3.809,6
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	-752,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-120,1
Gjöld samtals	**-4.681,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	4.681,7
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-242,0
Sértekjur:	
Sértekjur	225,3
Gjöld umfram tekjur	**-16,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-16,7

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjasjóður	-187,1
Sértekjur:	
Sértekjur	209,7
Gjöld umfram tekjur	**22,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,6

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 24,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,6

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.90 Háskólastarfsemi . . . . . -0,3

Sértekjur:
Sértekjur 14,1

Gjöld umfram tekjur **13,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,8

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.13 Forfallakennsla . . . . . -46,8
1.28 Mat á skólastarfi 6,9
1.29 Forvarnastarf í skólum 2,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík 0,2
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu 1,2
Almennur rekstur samtals . . . . . -36,5

Gjöld samtals . . . . . **-36,5**

Sértekjur:
Sértekjur 5,7

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-30,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -30,8

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla . . . . . -39,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 63,6

Gjöld umfram tekjur **24,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja . . . . . -86,8

Sértekjur:
Sértekjur 107,2

Gjöld umfram tekjur **20,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,4

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum . . . . . -14,3

Sértekjur:
Sértekjur 15,8

Gjöld umfram tekjur **1,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 6,9

Sértekjur:
Sértekjur 18,1

Gjöld umfram tekjur **25,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík ..... -12,8

Sértekjur:
Sértekjur 24,0

Gjöld umfram tekjur **11,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,2

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.11 Símenntun og fjarkennsla 18,2
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar 0,1
1.31 Fræða- og þekkingasetur 6,5
Almennur rekstur samtals 24,8

Gjöld samtals **24,8**

Sértekjur:
Sértekjur 0,4

Gjöld umfram tekjur **25,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,2

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fjöltækniskóli Íslands 0,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,1

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík ..... -293,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	284,4
Gjöld umfram tekjur	**-8,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,6

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	-117,3
Sértekjur:	
Sértekjur	133,0
Gjöld umfram tekjur	**15,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	-1,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,7

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Byggða- og minjasöfn	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	-12,0
Sértekjur:	
Sértekjur	14,1
Gjöld umfram tekjur	**2,1**

m.kr.

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 14,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 14,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.27 Tónlist fyrir alla 0,2
1.56 Frönsk menningarkynning á Íslandi . . . . . -26,2
1.91 Menningarstofnanir, óskipt 2,2
Almennur rekstur samtals . . . . . -23,8

Gjöld samtals . . . . . **-23,8**

Sértekjur:
Sértekjur 20,6

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-3,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3,2

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:
1.90 Norræn samvinna . . . . . -1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,3

Greitt úr ríkissjóði . . . . . -7,5

m.kr.

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.91 Aðildargjöld ESB ..... -60,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -60,4

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 1,6
1.90 Æskulýðsmál 4,6
Almennur rekstur samtals 6,2

Gjöld samtals **6,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,2

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,6

02-994 Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni

Almennur rekstur:
1.01 Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni ..... -25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -25,0

02-995 Tungutækni

Stofnkostnaður:
6.51 Verkefnissjóður tungutækni 0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

	m.kr.
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**76,3**
Greitt úr ríkissjóði	**62,3**
Innheimt af ríkistekjum	**14,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,9
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	10,2
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	6,2
Almennur rekstur samtals	23,3
Gjöld samtals	**23,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**23,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,4

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Varnarmálastofnun	85,4
Sértekjur:	
Sértekjur	187,4
Gjöld umfram tekjur	**272,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,8

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Ratsjárstofnun	-33,3
Sértekjur:	
Sértekjur	14,0
Gjöld umfram tekjur	**-19,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-19,3

m.kr.

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	-293,2
Stofnkostnaður:	
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	-12,1
6.27 Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn	-48,5
6.29 Bústaður aðalræðismanns í Þórhöfn, Færeyjum	-7,1
Stofnkostnaður samtals	-67,7
Gjöld samtals	**-360,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	638,9
Gjöld umfram tekjur	**278,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Þróunaraðstoð	-22,5
Sértekjur:	
Sértekjur	135,4
Gjöld umfram tekjur	**112,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,9

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,1
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	12,1
Almennur rekstur samtals	12,2
Gjöld samtals	**12,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,2

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-3,6
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	4,1
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-6,8
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-0,2
1.39 Evrópuráðið	-2,1
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	49,3
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	-68,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-2,4
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	28,8
1.72 EFTA-dómstóllinn	10,9
1.73 Þróunarsjóður EFTA	1.339,6
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	8,5
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,8
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	-31,1
1.87 Íslensk friðargæsla	42,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	41,5
Almennur rekstur samtals	1.412,7
Gjöld samtals	**1.412,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	74,2
Gjöld umfram tekjur	**1.486,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.486,9

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.166,9**
Greitt úr ríkissjóði	**2.166,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	47,1
Sértekjur:	
Sértekjur	21,2
Gjöld umfram tekjur	**68,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,3

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,0
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	29,7
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	6,9
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	-0,6
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-2,7
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	-37,5
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	-0,6
1.90 Ýmis verkefni	-2,5
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	24,6
Almennur rekstur samtals	21,3
Stofnkostnaður:	
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	13,3
Gjöld samtals	**34,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,2
Gjöld umfram tekjur	**36,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,8

	m.kr.
04-199 Ráðstöfunarfé	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1
04-215 Fiskistofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	-51,3
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	-8,7
Gjöld samtals	**-60,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	130,0
Gjöld umfram tekjur	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0
04-412 Gengismunasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Gengismunasjóður	-4,9
Sértekjur:	
Sértekjur	4,7
Gjöld umfram tekjur	**-0,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,2
04-418 Tækjasjóður matvælarannsókna	
Almennur rekstur:	
1.01 Tækjasjóður matvælarannsókna	-0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,3

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna . . . . . -97,8

Sértekjur:
Sértekjur 157,8

Gjöld umfram tekjur **60,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

04-425 Sjávarútvegshús, undirbúningur

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegshús, undirbúningur . . . . . -81,4

Sértekjur:
Sértekjur 81,2

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda . . . . . -7,7
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi 0,1
1.06 Gripagreiðslur 0,1
Almennur rekstur samtals . . . . . -7,5

Gjöld samtals . . . . . **-7,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -7,5

m.kr.

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-2,9
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	-26,6
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	-80,9
Almennur rekstur samtals	-110,4
Gjöld samtals	**-110,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-110,4

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	-0,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,2

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	250,0
Sértekjur:	
Sértekjur	140,6
Gjöld umfram tekjur	**390,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	390,6

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki	0,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,8

	m.kr.
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**507,6**
Greitt úr ríkissjóði	**117,0**
Innheimt af ríkistekjum	**390,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	88,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-81,9
Gjöld umfram tekjur	**6,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	6,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,3

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðasamstarf	-0,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**-1,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,0

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-296,1
Sértekjur:	
Sértekjur	139,8
Gjöld umfram tekjur	**-156,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -156,3

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð . . . . . -67,7
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga . . . . . -0,4
Almennur rekstur samtals . . . . . -68,1

Gjöld samtals . . . . . **-68,1**

Sértekjur:
Sértekjur 10,6

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-57,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -57,5

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 3,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -21,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-17,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -17,9

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 26,1

Sértekjur:
Sértekjur 7,1

Gjöld umfram tekjur **33,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,2

m.kr.

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 9,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,2
1.20 Löggæsla . . . . . -45,6
Almennur rekstur samtals . . . . . -25,4

Gjöld samtals . . . . . **-25,4**

Sértekjur:
Sértekjur 25,4

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal . . . . . -0,8

Sértekjur:
Sértekjur 0,9

Gjöld umfram tekjur **0,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,1

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík 2,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,8

Gjöld umfram tekjur **3,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,3

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar 9,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,3

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði 20,2

Sértekjur:
Sértekjur 1,4

Gjöld umfram tekjur **21,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,6

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 117,6
1.20 Löggæsla . . . . . -149,9
1.40 Tollgæsla . . . . . -35,2
Almennur rekstur samtals . . . . . -67,5

Gjöld samtals . . . . . **-67,5**

Sértekjur:
Sértekjur 67,4

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-0,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,1

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 61,9

	m.kr.
1.20 Löggæsla	-75,3
Almennur rekstur samtals	-13,4
Gjöld samtals	**-13,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	13,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	-27,2
1.40 Tollgæsla	-0,6
Almennur rekstur samtals	-27,8
Gjöld samtals	**-27,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	31,7
Gjöld umfram tekjur	**3,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,9

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,0
1.20 Löggæsla	-22,3
1.40 Tollgæsla	-10,9
Almennur rekstur samtals	8,8
Gjöld samtals	**8,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	34,3
Gjöld umfram tekjur	**43,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,1

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 6,6

Sértekjur:
Sértekjur 2,0

Gjöld umfram tekjur **8,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,6

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn . . . . . -0,2
1.05 Lögbirtingablað 2,5
Almennur rekstur samtals 2,3

Gjöld samtals **2,3**

Sértekjur:
Sértekjur 6,1

Gjöld umfram tekjur **8,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,4

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 6,1
1.20 Löggæsla . . . . . -17,3
Almennur rekstur samtals . . . . . -11,2

Gjöld samtals . . . . . **-11,2**

Sértekjur:
Sértekjur 21,1

Gjöld umfram tekjur **9,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,9

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-2,3
1.20 Löggæsla	-26,2
1.40 Tollgæsla	-2,3
Almennur rekstur samtals	-30,8
Gjöld samtals	**-30,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	30,8
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-28,0
1.20 Löggæsla	-4,5
1.40 Tollgæsla	-0,7
Almennur rekstur samtals	-33,2
Gjöld samtals	**-33,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	33,3
Gjöld umfram tekjur	**0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	-28,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-28,3

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,7

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 5,6
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 0,3
Almennur rekstur samtals 5,9

Gjöld samtals **5,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,9

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,1

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -0,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . **-90,0**
Greitt úr ríkissjóði . . . . . **-90,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	19,7
1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	45,1
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	13,1
1.90 Ýmislegt	-39,5
Almennur rekstur samtals	38,4
Gjöld samtals	**38,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	41,8
Gjöld umfram tekjur	**80,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,2

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	8,4
Sértekjur:	
Sértekjur	10,3
Gjöld umfram tekjur	**18,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,7

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-233,0
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	241,1
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	-258,4
Almennur rekstur samtals	-250,3
Gjöld samtals	**-250,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	250,3
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	86,4
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.38 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	-7,1
6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0
6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,9
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	299,3
Stofnkostnaður samtals	692,5
Gjöld samtals	**692,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	11,7
Gjöld umfram tekjur	**704,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	704,2

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	8,3
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	23,5
1.90 Ýmis verkefni	69,0
Almennur rekstur samtals	100,8
Gjöld samtals	**100,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	31,9
Gjöld umfram tekjur	**132,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,7

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-15,9
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-64,7
Almennur rekstur samtals	-80,6
Gjöld samtals	**-80,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	80,6
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	2,9
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	0,3
Almennur rekstur samtals	3,2
Gjöld samtals	**3,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-55,6
1.30 Verndaðir vinnustaðir	2,5
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,9
Almennur rekstur samtals	-52,2
Gjöld samtals	**-52,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	53,1
Gjöld umfram tekjur	**0,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-46,7
1.72 Skaftholt	7,4
Almennur rekstur samtals	-39,3
Gjöld samtals	**-39,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	39,3
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	17,3
1.15 Umönnunargreiðslur	-114,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	-8,4
1.25 Dánarbætur	-5,1
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	36,2
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	-7,1
1.41 Heimilisuppbót	270,2
1.51 Frekari uppbætur	43,1
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	194,1
Almennur rekstur samtals	426,3
Gjöld samtals	**426,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	426,3

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	80,4
1.15 Örorkulífeyrir	-28,3

	m.kr.
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	2.195,6
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	46,0
1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega	9,5
1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega	44,8
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	51,7
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	6,0
1.31 Örorkustyrkur	-2,9
1.35 Barnalífeyrir	-60,5
1.91 Annað	-761,4
Almennur rekstur samtals	1.580,9
Gjöld samtals	**1.580,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	5,6
Gjöld umfram tekjur	**1.586,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.586,5

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	-6,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**-7,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,6

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	4,6
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	-0,3
1.90 Ýmislegt	49,8
Almennur rekstur samtals	54,1
Gjöld samtals	**54,1**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	0,7
Gjöld umfram tekjur	**54,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	-74,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-74,7

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	52,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-1.282,6
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-9,2
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	110,2
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	22,3
1.41 Framlög og styrkir	80,0
1.45 Starfsmenntasjóður	-1,7
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	-2,6
1.81 Vaxtatekjur	-15,5
Almennur rekstur samtals	-1.099,1
Gjöld samtals	**-1.099,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	193,7
Gjöld umfram tekjur	**-905,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-905,4

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	13,0
Sértekjur:	
Sértekjur	13,2
Gjöld umfram tekjur	**26,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	26,2

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-3,3
1.11 Fæðingarorlofssjóður	-132,6
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	24,4
Almennur rekstur samtals	-111,5
Gjöld samtals	**-111,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	36,9
Gjöld umfram tekjur	**-74,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,4
Innheimt af ríkistekjum	-99,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	19,9
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	31,3
1.55 Átak í vímuvarnamálum	33,0
1.90 Ýmis framlög	10,1
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	18,4
Almennur rekstur samtals	112,7
Gjöld samtals	**112,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,7
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.136,8**
Greitt úr ríkissjóði	**3.189,7**
Innheimt af ríkistekjum	**-1.052,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	-171,2
1.15 Lyf	-67,3
1.21 Hjálpartæki	-24,5
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	-15,3
1.31 Þjálfun	-18,7
1.35 Tannlækningar	43,1
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-44,9
1.45 Brýn meðferð erlendis	-115,4
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	2,2
1.55 Sjúkradagpeningar	8,3
1.91 Annað	7,5
Almennur rekstur samtals	-396,2
Gjöld samtals	**-396,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-396,2

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	-32,6
1.15 Bætur til framfærslu	-41,2
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	28,7
1.21 Stjórnunarkostnaður	-22,5
Almennur rekstur samtals	-67,6
Gjöld samtals	**-67,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	10,6
Gjöld umfram tekjur	**-57,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-57,0

m.kr.

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:
1.11 Sjúklingatrygging 87,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,1

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal . . . . . -0,1
1.80 Gigtarráð 0,9
Almennur rekstur samtals 0,8

Gjöld samtals **0,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,8

08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans 382,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 382,2

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 78,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,9

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi . . . . . -18,0
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum . . . . . -14,3

	m.kr.
1.44 Átak í vímuvarnamálum	20,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	0,9
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	0,5
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	0,1
1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	3,9
Almennur rekstur samtals	-6,9
Gjöld samtals	**-6,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,9

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	-691,4
1.09 Ný hjúkrunarrými	430,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-162,1
Almennur rekstur samtals	-423,2
Gjöld samtals	**-423,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	364,0
Gjöld umfram tekjur	**-59,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-59,2

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	296,7
1.11 Dvalarrými	64,5
Almennur rekstur samtals	361,2
Gjöld samtals	**361,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,0
Gjöld umfram tekjur	**364,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	364,2

m.kr.

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-24,9
1.11 Dvalarrými	30,3
1.15 Dagvist	0,8
Almennur rekstur samtals	6,2
Gjöld samtals	**6,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	1,9
Gjöld umfram tekjur	**8,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,1

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	22,5
1.11 Dvalarrými	53,8
Almennur rekstur samtals	76,3
Gjöld samtals	**76,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,3
Gjöld umfram tekjur	**78,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,6

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	19,0
1.15 Dagvist	-0,1
Almennur rekstur samtals	18,9
Gjöld samtals	**18,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	0,9
Gjöld umfram tekjur	**19,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,8

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	12,2
Sértekjur:	
Sértekjur	1,4
Gjöld umfram tekjur	**13,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-7,8
1.15 Dagvist	-1,4
Almennur rekstur samtals	-9,2
Gjöld samtals	**-9,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,1
Gjöld umfram tekjur	**-7,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,1

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	8,5
Sértekjur:	
Sértekjur	0,5
Gjöld umfram tekjur	**9,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 2,2
1.71 Endurhæfingardeild 2,8
Almennur rekstur samtals 5,0

Gjöld samtals **5,0**

Sértekjur:
Sértekjur 0,9

Gjöld umfram tekjur **5,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,9

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 2,7

Sértekjur:
Sértekjur 1,0

Gjöld umfram tekjur **3,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,7

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1,8
1.11 Dvalarrými 7,8
Almennur rekstur samtals 9,6

Gjöld samtals **9,6**

Sértekjur:
Sértekjur 0,4

Gjöld umfram tekjur **10,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,7
1.11 Dvalarrými	4,1
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	9,7
Gjöld samtals	**9,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**9,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,9

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	15,3
1.11 Dvalarrými	3,9
1.15 Dagvist	0,1
Almennur rekstur samtals	19,3
Gjöld samtals	**19,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**19,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,6

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,5

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	10,4
1.15 Dagvist	3,6
Almennur rekstur samtals	16,5
Gjöld samtals	**16,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**16,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,7

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	42,0
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	**42,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,4

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-1,2
Sértekjur:	
Sértekjur	0,5
Gjöld umfram tekjur	**-0,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,7

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-8,3

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	1,9
1.15 Dagvist	-0,3
Almennur rekstur samtals	-6,7
Gjöld samtals	**-6,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,6
Gjöld umfram tekjur	**-6,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,1

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-6,7
1.11 Dvalarrými	15,7
Almennur rekstur samtals	9,0
Gjöld samtals	**9,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**9,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,3

08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	3,5
1.11 Dvalarrými	0,7
Almennur rekstur samtals	4,2
Gjöld samtals	**4,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**4,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3

m.kr.

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	6,0
1.11 Dvalarrými	7,1
Almennur rekstur samtals	13,1
Gjöld samtals	**13,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**13,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,2

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	10,7
1.11 Dvalarrými	-0,1
1.15 Dagvist	1,0
Almennur rekstur samtals	11,6
Gjöld samtals	**11,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**11,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	30,4
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	**30,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,8

m.kr.

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-1,1
1.11 Dvalarrými	-0,4
Almennur rekstur samtals	-1,5
Gjöld samtals	**-1,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**-1,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,3

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,0
1.11 Dvalarrými	5,1
1.15 Dagvist	-0,5
Almennur rekstur samtals	6,6
Gjöld samtals	**6,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**6,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,9

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	10,9
1.11 Dvalarrými	95,0
1.15 Dagvist	29,6
Almennur rekstur samtals	135,5
Gjöld samtals	**135,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	2,1
Gjöld umfram tekjur	**137,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,6

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-5,6
1.11 Dvalarrými	1,4
Almennur rekstur samtals	-4,2
Gjöld samtals	**-4,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**-4,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,0

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-30,6
1.11 Dvalarrými	23,4
1.15 Dagvist	-0,7
Almennur rekstur samtals	-7,9
Gjöld samtals	**-7,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**-7,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,6

m.kr.

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	23,9
1.11 Dvalarrými	1,5
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	26,3
Gjöld samtals	**26,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**26,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,5

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-1,8
1.11 Dvalarrými	0,1
Almennur rekstur samtals	-1,7
Gjöld samtals	**-1,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**-1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	35,1
1.11 Dvalarrými	8,2
Almennur rekstur samtals	43,3
Gjöld samtals	**43,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	0,5
Gjöld umfram tekjur	**43,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,8

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-2,5
1.11 Dvalarrými	35,3
1.17 Geðrými	33,9
Almennur rekstur samtals	66,7
Gjöld samtals	**66,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**67,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,0

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	10,1
1.11 Dvalarrými	7,4
1.15 Dagvist	1,9
Almennur rekstur samtals	19,4
Gjöld samtals	**19,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	**19,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,8

m.kr.

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-6,1
1.15 Dagvist	5,0
Almennur rekstur samtals	-1,1
Gjöld samtals	**-1,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,5
Gjöld umfram tekjur	**-0,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,6

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-2,1
Sértekjur:	
Sértekjur	0,6
Gjöld umfram tekjur	**-1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-72,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-72,6

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	109,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,3

m.kr.

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 6,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,7

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík . . . . . -2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -2,6

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík . . . . . -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,0

08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga . . . . . -1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,3

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík . . . . . -6,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -6,2

m.kr.

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík ..... -3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,0

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar ..... -43,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -43,3

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 449,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 35,9

Gjöld samtals **485,5**

Sértekjur:
Sértekjur 0,5

Gjöld umfram tekjur **486,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 486,0

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Stofnkostnaður:
6.77 Heilbrigðisstofnun Austurlands ..... -11,2
6.99 Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt ..... -136,0
Stofnkostnaður samtals ..... -147,2

Gjöld samtals ..... **-147,2**

Sértekjur:
Sértekjur 223,7

Gjöld umfram tekjur **76,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,5

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	74,6
1.11 Sjúkrasvið	-177,8
1.21 Hjúkrunarrými	-17,7
Almennur rekstur samtals	-120,9
Gjöld samtals	**-120,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	120,9
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	27,5
1.11 Sjúkrasvið	-228,2
1.21 Hjúkrunarrými	159,2
Almennur rekstur samtals	-41,5
Gjöld samtals	**-41,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	41,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	18,7
1.11 Sjúkrasvið	-113,5
1.21 Hjúkrunarrými	91,5
Almennur rekstur samtals	-3,3
Gjöld samtals	**-3,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	3,3
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	150,8
1.11 Sjúkrasvið	-343,3
1.21 Hjúkrunarrými	62,1
Almennur rekstur samtals	-130,4
Gjöld samtals	**-130,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	130,3
Gjöld umfram tekjur	**-0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-76,7
1.11 Sjúkrasvið	35,3
1.21 Hjúkrunarrými	-92,7
Almennur rekstur samtals	-134,1
Gjöld samtals	**-134,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	134,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-104,2
1.11 Sjúkrasvið	233,6

	m.kr.
1.21 Hjúkrunarrými	-382,8
Almennur rekstur samtals	-253,4
Gjöld samtals	**-253,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	253,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-55,1
1.11 Sjúkrasvið	108,3
1.21 Hjúkrunarrými	-74,9
Almennur rekstur samtals	-21,7
Gjöld samtals	**-21,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	22,0
Gjöld umfram tekjur	**0,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-56,8
1.11 Sjúkrasvið	-414,9
1.21 Hjúkrunarrými	-339,4
Almennur rekstur samtals	-811,1
Gjöld samtals	**-811,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	811,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

	m.kr.
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.520,4**
Greitt úr ríkissjóði	**1.520,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-139,4
1.41 Skattvinnslukerfi	-12,7
Almennur rekstur samtals	-152,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	70,8
Gjöld samtals	**-81,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	81,3
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestfjarða	0,4
Sértekjur:	
Sértekjur	1,2
Gjöld umfram tekjur	**1,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,6

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	15,2
Sértekjur:	
Sértekjur	4,9
Gjöld umfram tekjur	**20,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,1

m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	10,0
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	0,8
1.10 Skatteftirlit	3,2
1.30 Þungaskattur	4,7
Almennur rekstur samtals	18,7
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	9,0
Gjöld samtals	**27,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,7

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	13,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	92,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,5
Gjöld umfram tekjur	**46,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,8

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	-162,3
1.45 Tollafgreiðslukerfi	-58,2
Almennur rekstur samtals	-220,5

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-168,6
Gjöld samtals	**-389,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	389,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-32.227,6
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-4.277,8
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	275,1
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	72,1
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	67,8
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	469,4
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	128,7
Almennur rekstur samtals	-35.492,3
Gjöld samtals	**-35.492,3**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-35.492,3

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	229,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	229,9

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	255,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	255,9

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	-1.528,5
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-1.528,5

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	506,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	506,3

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	-5,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,3

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

09-831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega

Almennur rekstur:	
1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega	93,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,7

m.kr.

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir . . . . . -40,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -40,9

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins . . . . . -99,6

Sértekjur:
Sértekjur 170,0

Gjöld umfram tekjur **70,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,4

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 14,5
6.15 Tjónabætur . . . . . -5,9
6.21 Tapaðar kröfur . . . . . -174.902,6
6.22 Tapaðar kröfur . . . . . -17.282,5
Stofnkostnaður samtals . . . . . -192.176,5

Gjöld samtals . . . . . **-192.176,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,9
Viðskiptahreyfingar . . . . . -192.170,6

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs . . . . . -18,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -18,8

m.kr.

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	-138,3
1.05 Rekstur tölvukerfis	-80,7
Almennur rekstur samtals	-219,0
Gjöld samtals	**-219,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	219,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.40 Tollhúsið við Tryggvagötu	50,0
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	0,1
Stofnkostnaður samtals	50,1
Gjöld samtals	**50,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,1

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	23,9
Sértekjur:	
Sértekjur	22,6
Gjöld umfram tekjur	**46,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,5

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	125,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,3

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	-64,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-64,5

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	6,2
1.13 Kjarasamningar	55,1
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	44,2
1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta	31,9
1.31 Lífeyrissjóður bænda	37,1
1.45 Ýmsar nefndir	6,8
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	26,8
1.60 Dómkröfur	-327,6
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3,8
1.90 Ýmis verkefni	91,5
Almennur rekstur samtals	-24,2
Stofnkostnaður:	
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	68,0
Gjöld samtals	**43,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	43,0
Gjöld umfram tekjur	**86,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,8

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-227.743,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.218,2**
Innheimt af ríkistekjum	**229,9**
Viðskiptahreyfingar	**-229.191,4**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-71,8
Sértekjur:	
Sértekjur	83,1
Gjöld umfram tekjur	**11,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,3

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	-24,0
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,6
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	22,6
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	16,0
Almennur rekstur samtals	34,2
Gjöld samtals	**34,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,8
Gjöld umfram tekjur	**35,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:	
1.07 Þjónusta	-588,7
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	-20,1
1.21 Rannsóknir	77,1
Almennur rekstur samtals	-531,7
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	1.963,8

	m.kr.
Gjöld samtals	**1.432,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	710,7
Gjöld umfram tekjur	**2.142,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.142,8

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	-345,5
Sértekjur:	
Sértekjur	671,7
Gjöld umfram tekjur	**326,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	326,2

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-619,8
Sértekjur:	
Sértekjur	699,3
Gjöld umfram tekjur	**79,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,5

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-43,6
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	400,0
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	8,0

	m.kr.
6.74 Lendingabætur	4,4
6.81 Vestmannaeyjaferja	66,7
Stofnkostnaður samtals	479,1
Gjöld samtals	**435,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	243,6
Gjöld umfram tekjur	**679,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	679,1

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	22,6
Sértekjur:	
Sértekjur	0,9
Gjöld umfram tekjur	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	-3.889,6
Sértekjur:	
Sértekjur	3.928,9
Gjöld umfram tekjur	**39,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,3

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	140,0

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	191,6
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	486,0
Gjöld samtals	**817,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	817,6

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	59,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,7

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.214,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.887,8**
Innheimt af ríkistekjum	**326,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -15,4

Sértekjur:
Sértekjur 46,6

Gjöld umfram tekjur **31,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,2

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... -3,5
1.30 Alþjóðlegt samstarf 2,9
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál ..... -6,8
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 20,8
Almennur rekstur samtals 18,4

Gjöld samtals **18,4**

Sértekjur:
Sértekjur 31,9

Gjöld umfram tekjur **50,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,3

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 16,5

Sértekjur:
Sértekjur 3,2

Gjöld umfram tekjur **19,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,7

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	12,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,7

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	0,3
1.22 Vistvænir orkugjafar	66,6
1.24 Notendur utan samveitna	4,2
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	9,6
Almennur rekstur samtals	80,7
Gjöld samtals	**80,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	1,7
Gjöld umfram tekjur	**82,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,4

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis ferðamál	-3,9
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	2,4
Almennur rekstur samtals	-1,5
Gjöld samtals	**-1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5

		m.kr.
11	**Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**194,8**
	Greitt úr ríkissjóði	**194,8**
	Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
	Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	13,4
Gjöld umfram tekjur	**10,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,9

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Icepro-nefnd	2,5
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	1,2
Almennur rekstur samtals	3,7
Gjöld samtals	**3,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	1,4
Gjöld umfram tekjur	**5,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,6
Innheimt af ríkistekjum	2,5

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	20,2
Sértekjur:	
Sértekjur	56,0
Gjöld umfram tekjur	**76,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,2

m.kr.

12-831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 242,2
Greitt úr ríkissjóði 239,7
Innheimt af ríkistekjum 2,5
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-100,8
Sértekjur:	
Sértekjur	107,8
Gjöld umfram tekjur	**7,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðastofnanir	7,0
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	-0,2
1.90 Ýmis verkefni	3,0
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	-95,1
Almennur rekstur samtals	-85,3
Gjöld samtals	**-85,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	103,1
Gjöld umfram tekjur	**17,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:	
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-37,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-37,5

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín ..... -23,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -23,1

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -1.453,1
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug ..... -53,2
Almennur rekstur samtals ..... -1.506,3

Gjöld samtals ..... **-1.506,3**

Sértekjur:
Sértekjur 1.434,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-72,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -72,1

14-411 Vatnamælingar

Almennur rekstur:
1.01 Vatnamælingar 67,5

Sértekjur:
Sértekjur 4,6

Gjöld umfram tekjur **72,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,1

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-35,8**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-12,7**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-23,1**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-2.796,1
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-2.796,1
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-2.796,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-2.796,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika í ríkistekjum stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga 2008 og gerðar tillögur um niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í lok ársins. Frumvarpið er einnig til staðfestingar á niðurstöðum ríkisrekstrarins samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2008. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður um afgangsheimildir og umframgjöld í rekstri ríkissjóðs á árinu 2008 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum og fjáraukalögum og skýringa í ríkisreikningi fyrir árið 2008 um framvindu ríkisfjármála það ár. Einnig liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2008.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2008 bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Þar er um að ræða fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjáraukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2008 voru 489.363,3 m.kr., útgjöld samkvæmt reikningi urðu 687.862,7 m.kr. og staða fjárheimilda í árslok er því neikvæð um 198.499,4 m.kr. Veldur þar mestu gjaldfærsla í rekstrarreikning ríkisins á rúmlega 192 milljarða kr. afskrift af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands eftir fall bankanna og af verðbréfalánum til aðalmiðlara eins og síðar verður vikið að. Því til viðbótar voru gjaldfærðar ríflega 35 milljarða kr. lífeyrisskuldbindingar umfram áætlun vegna neikvæðrar ávöxtunar og áfalla sem lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna urðu fyrir í kjölfar bankakreppunnar. Að þessum tveimur óreglulegu liðum frátöldum var staða fjárheimilda í árslok 2008 því jákvæð um 29,2 milljarða kr. Taflan hér á eftir sýnir heildarsamtölur fyrir uppruna fjárheimilda og árslokastöðu samkvæmt fylgiskjali 2.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Flutt frá fyrra ári	19.438,6
Fjárlög	434.231,5
Fjáraukalög	33.146,6
Millifært	0,4
Lokafjárlög	2.546,2
Alls heimildir	489.363,3
Reikningur	687.862,7
Staða í árslok	**-198.499,4**

Um mitt ár 2009 vann fjármálaráðuneytið tillögur sem lutu að því að felldar yrðu niður afgangsheimildir á tilteknum liðum fjárlaga þar sem safnast hafa upp mjög umtalsverðar ónotaðar fjárheimildir og fyrir lá að ekki var þörf fyrir að óbreyttum skuldbindingum, enda

yrði þá aukið enn meira við útgjöld og áætlaðan halla á rekstri ríkissjóðs á árinu 2009 með tilheyrandi skuldasöfnun. Í flestum tilvikum var um að ræða framkvæmdaliði og ýmis sérverkefni fremur en reglubundna starfsemi ríkisins. Í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem lögð var fram á 137. löggjafarþingi kom fram að þrengdar yrðu heimildir til að nota óráðstafaðar fjárheimildir fyrri ára. Eitt af þeim viðmiðum eða leiðarljósum, sem tilgreind eru í skýrslunni sem tilmæli til ráðuneyta og stofnana ríkisins við ákvarðanir og framfylgd aðgerða til að lækka útgjöld ríkissjóðs, er að felldar verði niður verulegar háar afgangsheimildir sem myndast hafa á undanförnum árum á ýmsum liðum, m.a. vegna framkvæmda sem ekki hefur orðið af, og einnig rekstrarfjárheimildir sem ekki hafa verið nýttar og eru umfram tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Um er að ræða hluta af aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna. Í framhaldi af því var sett fram viðmið um að í almennum stofnanarekstri og reglubundnum rekstrarverkefnum yrði almennt sett hámark á árlegan flutning afgangsheimilda sem næmi 4% af fjárlagaveltu viðkomandi stofnana og verkefna en þó þannig að til lengri tíma litið yrði heimilt að safna upp afgangsheimildum sem næmu allt að 10% af veltu. Tilgangur þess að setja takmarkanir á flutning afgangsheimilda milli ára er að koma í veg fyrir það að efna megi til umtalsverðra útgjalda umfram fjárlög enda auka útgjöld, sem efnt er til á grundvelli ónotaðra fjárheimilda frá fyrri árum, kostnað ríkissjóðs og skuldasöfnun á sama hátt og önnur útgjöld sem byggja á fjárveitingum ársins. Við undirbúning frumvarpsins var farið yfir allar slíkar afgangsstöður með fagráðuneytum miðað við að flutningur afgangsheimilda í rekstri takmarkist við þessi viðmið nema sérstakar ástæður hafi verið taldar til annars. Dæmi um slík tilvik er ef framkvæmd verkefnis hefur frestast yfir áramót eða stofnað hefur verið til skuldbindingar á árinu 2009 á grundvelli fjárveitingar sem veitt var í fjáraukalögum 2008 eða ef ráðuneyti hefur heimilað stofnun ráðstöfun á geymdri fjárheimild í tiltekið verkefni og ef ljóst má vera að öðrum kosti stefndi rekstur á árinu 2009 í verulegan halla. Við þá yfirferð kom í ljós að málsatvik voru í mjög mörgum tilvikum með þeim hætti að ráðuneyti töldu nauðsynlegt að flytja meiri afgangsheimildir til ársins 2009 en áformað hafði verið. Að öðru leyti hefur, eins og jafnan áður við undirbúning lokafjárlaga, verið farið yfir alla fjárlagaliði og tillögur um flutning eða niðurfellingar ákveðnar með hliðsjón af málsatvikum skv. sömu viðmiðunarreglum og áður. Nánari grein er gerð fyrir þeim hér á eftir í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Lagagreinar og sundurliðanir. Í 1. gr. frumvarpsins, sbr. yfirlit í sundurliðun 1, eru lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta og einstakra fjárlagaliða vegna frávika markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun ríkistekna stofnana og verkefna í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf við skil ríkissjóðs á þessum tekjum til viðkomandi reyndist vera. Slíkar breytingar á fjárheimildum

ríkisaðila og ráðstöfun á ríkistekjum verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og í fjárlögum og fjáraukalögum. Stuðst er við sömu vinnureglur og í fyrri lokafjárlögum um uppgjör fjárheimilda vegna markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjárlaga og fjáraukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á tekjunum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. Í slíkum tilvikum kann fjárþörf að hafa verið metin meiri eða minni en álagðar tekjur ársins.
3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjárlögum og fjáraukalögum þótt ríkistekjur stofnana hafi orðið meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað, eða að útgjaldaheimildir eru ákvarðaðar út frá verkefnum án tillits til hugsanlegra breytinga í fjármögnum með ríkistekjum. Þar má t.d. nefna framlög til vegagerðar og annarra stofnkostnaðarverkefna og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar eins og fram kemur í viðskiptahreyfingum á tekjuliðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í 2. gr. frumvarpsins, sbr. yfirlit í sundurliðun 2, er lagt til að tilteknar stöður fjárheimilda ráðuneyta og einstakra fjárlagaliða í árslok verði felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Getur þar bæði verið um að ræða afgangsheimildir og útgjöld umfram fjárheimildir. Áður hefur verið fjallað um ný viðmið varðandi flutning á afgangsheimildum í rekstri og niðurfellingu afgangsheimilda á fjárlagaliðum þar sem verulega háar ónotaðar heimildir hafa safnast upp á umliðnum árum. Að öðru leyti er eins og áður stuðst við þá meginreglu að ef útgjöld ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum er staðan ekki flutt yfir til næsta árs heldur felld niður. Dæmi um slíkt eru útgjöld almannatrygginga. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Eins er við það miðað að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður, og er þessi afgreiðsla með sama hætti og verið hefur um langt árabil.

Í fylgiskjali 1 eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum ársins 2009 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 2008 sem ráðgert er að falli ekki niður heldur flytjist yfir til ársins 2009, svonefndar yfirfærslur milli ára.

Staða fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem áttu afgang á fjárheimildum og þeirra þar sem útgjöld voru umfram fjárheimildir ársins. Eins og fyrr sagði er staða fjárheimilda í árslok 2008 neikvæð um 198,5 milljarða kr. en jákvæð um 29,2 milljarða kr. þegar afskrift veðlána Seðlabankans og verðbréfalána aðalmiðlara og hækkun skuldbindingar vegna lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna eru frátaldar. Að þessum tveimur óreglulegu liðum frátöldum skiptist ársloka staðan þannig að afgangsheimildir eru um 40,5 milljarðar kr. en umframgjöld 11,3 milljarðar kr. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum í árslok. Afgangsheimildir og umframgjöld í töflunni eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangs-heimildir	Umfram-gjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins	488,5	0,0	488,5
01 Forsætisráðuneyti	925,7	-14,9	910,8
02 Menntamálaráðuneyti	4.810,4	-1.152,4	3.658,0
03 Utanríkisráðuneyti	2.816,6	-19,3	2.797,3
04 Landbúnaðarráðuneyti	3.095,2	-123,2	2.972,0
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.757,0	-849,0	908,0
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti	4.179,3	-1.182,3	2.997,0
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.210,5	-3.253,3	-42,8
09 Fjármálaráðuneyti	5.323,0	-1.813,1	3.509,9
10 Samgönguráðuneyti	9.299,5	-9,8	9.289,7
11 Iðnaðarráðuneyti	1.380,6	0,0	1.380,6
12 Viðskiptaráðuneyti	982,9	-3,0	979,9
14 Umhverfisráðuneyti	2.204,2	-87,6	2.116,6
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	-2.796,1	-2.796,1
Samtals án óreglulegra liða	**40.473,4**	**-11.304,0**	**29.169,4**
Óreglulegar gjaldfærslur afskrifta og lífeyrisskuldbindinga	0,0	-227.668,8	-227.668,8
Samtals, alls	**40.473,4**	**-238.972,8**	**-198.499,4**

Eins og áður segir eiga stærstu frávikin frá fjárlögum og fjáraukalögum rætur að rekja til ríflega 192 milljarða kr. afskrifta af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands eftir hrun bankanna. Til að tryggja eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands yfirtók ríkissjóður í desemberlok 270.005 m.kr. kröfur sem Seðlabankinn hafði til tryggingar veð- og daglánum til fjármálafyrirtækja og greiddi ríkissjóður bankanum fyrir með verðtryggðu skuldabréfi. Við mat á kröfunum út frá áhættu var ákveðið að afskrifa þær strax um 174.903 m.kr. Einnig yfirtók ríkissjóður tryggingabréf vegna ríkisverðbréfalána bankans til aðalmiðlara ríkisverðbréfa sem ekki hafa innheimst. Ríkisverðbréfin námu 97.853 m.kr. en á móti fengust tryggingabréf sem talið var unnt að innheimta að andvirði 80.571 m.kr. en 17.282 m.kr. eru gjaldfærðar í ríkisreikningi sem tapaðar kröfur. Annað stærsta frávikið kemur fram í gjaldfærslu á 35,5 milljarða kr. hækkun á skuldbindingum vegna lífeyrissjóða

ríkisstarfsmanna umfram áætlun fjárlaga sem að mestu leyti stafa af rýrnun á eignastöðu og neikvæðri raunávöxtun sjóðanna í kjölfar áfallanna á fjármálakerfið.

Sé að öðru leyti litið til þess hvaða fjárlagaliðir það eru þar sem frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest kemur í ljós að oft er þar um að ræða ýmsa stofnkostnaðarliði, tilfærsluliði og óreglulega liði fremur en eiginlega rekstrarliði. Útgjöld þessara liða eru oft á tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöldin á árinu. Sem dæmi má nefna útgjöld almannatrygginga, afskriftir skattkrafna og vaxtagjöld. Leitast er við að endurskoða fjárheimildir slíkra liða í fjáraukalögum hvers árs en yfirleitt er um að ræða flókið samspil margra áhrifaþátta sem erfitt getur verið að spá fyrir um, eða þá að gjaldfærsla í ríkisreikningi ræðst af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið.

Mestar afgangsheimildir í árslok eru 3.892,9 m.kr. á fjárlagaliðnum *10-212 Samgönguverkefni*. Munar þar mest um 4.337,9 m.kr. ónotaðar fjárheimildir á viðfangi *6.10 Framkvæmdir* á móti 568,1 m.kr. umframgjöldum á viðfangi *1.07 Þjónusta*. Næst hæsti afgangurinn eru 1.731,4 m.kr. á lið fjármálaráðuneytis *09-999 Ýmislegt*, en þar af eru 700 m.kr. framlag í fjáraukalögum ársins 2008 vegna vatnslagnar til Vestmannaeyja sem ekki var greitt út fyrr en á árinu 2009 og 558,5 m.kr. til greiðslu kostnaðar og ótryggðra tjóna sem urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í maí 2008. Í þriðja lagi 1.704 m.kr. á liðnum *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*, þar af 1.313,8 m.kr. ónotuð stofnkostnaðarframlög. Í fjórða lagi 1.652,4 m.kr. á liðnum *03-401 Alþjóðastofnanir*, þar af 1.360,3 m.kr. vegna fjárveitinga umfram greiðslur til Þróunarsjóðs EFTA. Í fimmta lagi 1.613,6 m.kr. á liðnum *10-336 Hafnarframkvæmdir*, þar af 603,5 m.kr. á viðfangsefni Landeyjahafnar og 627,5 m.kr. á viðfangsefni Hafnabótasjóðs. Í sjötta lagi 1.586,5 m.kr. á liðnum *07-827 Lífeyristryggingar* vegna minni elli- og örorkulífeyrisgreiðslna en áætlað hafði verið. Í sjöunda lagi 1.245 m.kr. á liðnum *07-505 Öldrunarstofnanir, almennt* vegna minni framkvæmdakostnaðar við ný hjúkrunarheimili en áætlað hafði verið. Í áttunda lagi 1.045,4 m.kr. á liðnum *06-396 Landhelgissjóður Íslands* vegna frestunar á greiðslum vegna kaupa á nýrri flugvél og varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Í níunda lagi 1.026,7 m.kr. á liðnum *09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll*. Í tíunda lagi 836,3 m.kr. á lið *10-521 Fjarskiptasjóður*. Af samtals 40.473,4 m.kr. afgangsheimildum í árslok standa 16.334,2 m.kr. eða 40% allra afgangsheimilda á þessum 10 fjárlagaliðum.

Útgjöld umfram heimildir eru langsamlega mest 192.176,5 m.kr., á liðnum *09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur* og 35.492,3 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*. Af samtals 238.972,8 m.kr. umframgjöldum í árslok standa 227.668,8 m.kr. eða 95% þeirra á þessum tveimur liðum. Umframgjöld fyrrnefnda liðarins markast eins og áður hefur komið fram af áföllum sem tengdust bankahruninu og erfiðleikum á fjármálamarkaði. Hvað umframgjöld síðarnefnda liðarins varðar þá námu gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 41.544 m.kr. á árinu 2008. Þar af færast 40.494,3 m.kr. hjá fjármálaráðuneyti en í fjárlögum hafði verið áætlað fyrir 5.002 m.kr. hækkun á gjaldfærðum lífeyrisskuldbind-

ingum. Um lífeyrisskuldbindingar að öðru leyti er vísað til nánari skýringa í ríkisreikningi. Af öðrum fjárlagaliðum með verulega mikil gjöld umfram heimildir má nefna lið *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs* með 2.796,1 m.kr. umframgjöld, lið *08-373 Landspítali* með 1.635,7 m.kr. umframgjöld og lið *09-711 Afskriftir skattkrafna* með 1.528,5 m.kr. umframgjöld.

Hér verður að öðru leyti ekki ráðast í að tilgreina ástæður þess að í gegnum árin hafa safnast upp afgangsheimilir á einstökum fjárlagaliðum eða útgjöld verið umfram fjárheimildir verkefna. Sú staða endurspeglast yfirleitt í höfuðstól viðkomandi stofnunar eða verkefnis og vísað er í endurskoðaða reikninga og ársskýrslur viðkomandi stofnana um frekari skýringar. Almennt má þó segja að staðan í árslok í fylgiskjali 2 með þessu frumvarpi ásamt dálki yfir framlög í fjáraukalögum sýni hvernig viðkomandi ráðuneytum og stjórnendum stofnana hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í fjárlögum.

Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Í inngangskafla hér á undan er fjallað um niðurfellingar á afgangsheimildum nokkurra fjárlagaliða þar sem upp hafa safnast háar ónotaðar fjárheimildir og ný viðmið sem takmarka flutning afgangsheimilda yfir áramót við tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Að öðru leyti byggja ráðstafanir á fjárheimildastöðum einstakra stofnana og verkefna í árslok á sömu viðmiðunarreglum og verið hefur þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru lögbundin eða kerfislæg, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana sem eru innan framangreindra viðmiða er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. framlög til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður í árslok enda eru þau útgjöld í flestum tilvikum lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum á þeim. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöldin ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna.

Tilgangur með yfirfærslu á fjárheimildastöðum milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var í fjárlögum þá losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp með framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af fjárveitingum sem til er kominn vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok heldur fluttur yfir á næsta ár, en þó upp að tilteknu hámarki af veltu, og getur þannig nýst til verkefna viðkomandi stofnunar á því ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs. Við ákvörðun um flutning á ónotuðum fjárheimildum milli ára er þó mikilvægt að farið sé vand-

lega yfir málavexti í hverju tilviki þar sem ekki er tilefni til að yfirfæra afganga þegar fjárþörf er ekki fyrir hendi eða t.d. þegar hann hefur myndast vegna þess að fjárveitingar hafa verið ofáætlaðar eða umfang þjónustu verið skert. Tillögur fjármálaráðuneytis um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt

1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagaliði og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagalið á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.

1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.

1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

2.1. Afgangsheimild liðar í árslok sem nemur allt að 10% af veltu kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.

2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum, eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.

2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum.

2.4. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld

3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.2–1.4 eigi fremur við.

3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok 2008 neikvæð um 198.499,4 m.kr. og skiptist staðan í 40.473,4 m.kr. afgangsheimildir og 238.972,8 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annað hvort felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Í samræmi við það er í 2. gr., sbr. sundurliðun 2, lagt til að í árslok falli niður 219.253,4 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða. Sú staða skiptist í

15.301,6 m.kr. afgangsheimildir og 234.555 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða en eins og áður hefur komið fram stafa 227,7 milljarðar kr. umframgjaldanna af óreglulegum gjaldfærslum í tengslum við afskrifaðar veðlánakröfur og lífeyrisskuldbindingar. Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins er nánar fjallað um fjárheimildastöður sem lagt er til að falli niður í árslok.

Í fylgiskjali 1 er skrá yfir fjárheimildir sem gert er ráð fyrir að færist yfir til ársins 2009. Gert er ráð fyrir að heimildir til rekstrar verði auknar um 7.352,5 m.kr., tilfærsluheimildir auknar um 3.519 m.kr., heimildir til viðhaldsframkvæmda lækkaðar um 232,7 m.kr. og stofnkostnaðarheimildir auknar um 10.115,2 m.kr. Er þannig fyrirhugað að hrein aukning nýrra heimilda umfram skerðingu nemi 20.754 m.kr. á árinu 2009 vegna þessara ráðstafana, eða sem svarar til 3,7% af fjárlögum ársins 2009. Skipist staðan þannig að yfirfærðar afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða eru samtals 25.381,6 m.kr. en yfirfærð umframgjöld samtals 4.627,6 m.kr. Til samanburðar var 19.438,6 m.kr. jákvæð staða yfirfærð á árið 2008 í lokafjárlögum 2007, sem skiptist í 22.912,8 m.kr. afgangsheimildir og 3.474,2 m.kr. umframgjöld.

Af háum afgangsheimildum sem gert er ráð fyrir að flytjist til næsta árs munar mest um 1.750,1 m.kr. afgang á lið *10-212 Samgönguverkefni*. Í öðru lagi 1.644,6 m.kr. á liðnum *09-999 Ýmislegt*, þar af 700 m.kr. ógreitt framlag vegna vatnslagnar til Vestmannaeyja og 558,5 m.kr. til greiðslu kostnaðar og ótryggðra tjóna sem urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í maí 2008. Í þriðja lagi 1.045,4 m.kr. á lið á lið *06-396 Landhelgissjóður Íslands* vegna kaupa á flugvél og varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Í fjórða lagi 1.026,7 m.kr. á lið *09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll* vegna reksturs og umsjónar ásamt framkvæmdum við breytingar á mannvirkjum og hreinsun á svæðinu. Í fimmta lagi 934,5 m.kr. á lið *10-336 Hafnarframkvæmdir*, þar af 603,5 m.kr. á viðfangsefni Landeyjahafnar og 227,5 m.kr. á viðfangi Hafnabótasjóðs. Í sjötta lagi 886,4 m.kr. á lið *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*. Í sjöunda lagi 836,3 m.kr. á lið *10-521 Fjarskiptasjóður* þar sem framkvæmdir á vegum sjóðsins hafa farið seinna af stað en reiknað hafði verið með. Í áttunda lagi 821,3 m.kr. á lið *14-287 Úrvinnslusjóður*. Í níunda lagi 700,5 m.kr. á lið *14-381 Ofanflóðasjóður* og í tíunda lagi 644,3 m.kr. á lið *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*. Af samtals 25.381,6 m.kr. afgangsheimildum sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til næsta árs standa 10.290,1 m.kr., eða 40% af heildinni, á þessum 10 fjárlagaliðum.

Af gjöldum umfram fjárheimildir sem gert er ráð fyrir að flytjist til næsta árs munar mest um 1.635,7 m.kr. á lið *08-373 Landspítali*. Í öðru lagi 419,7 m.kr. á lið *08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*. Í þriðja lagi 265,7 m.kr. á lið *02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands*. Í fjórða lagi 187,5 m.kr. á lið *06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli*. Í fimmta lagi 162,4 m.kr. á lið *06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu*. Af samtals 4.627,6 m.kr. umframgjöldum sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til næsta árs standa 2.671 m.kr., eða 58% af heildinni, á þessum 5 fjárlagaliðum.

Mismunandi framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Þegar tölur um fjárheimildir í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru skoðaðar þarf að hafa í huga að framsetning þeirra getur verið mismunandi. Í ríkisreikningi 2008 eru fjárheimildir stofnana sýndar með tvenns konar hætti. Annars vegar í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* þar sem sýnd er fjárheimild ársins samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum. Hins vegar í ritinu *Heildaryfirlit* þar sem í rekstrarreikningi ríkissjóðs og í séryfirlitum 2 og 5 eru einnig tilgreindar fluttar fjárheimildir frá fyrra ári. Samkvæmt séryfirliti 5 í ríkisreikningi, *Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum*, í ritinu *Heildaryfirlit* námu fluttar fjárheimildir frá fyrra ári alls 19.927 m.kr. Fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningum einstakra A-hluta stofnana í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* eru því lægri sem þessari fjárhæð nemur en þær heimildir sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum reikningsins. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna aftur á móti ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Hafa verður þetta í huga þegar fjárheimildir einstakra verkefna í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru bornar saman. Rekstrarreikningar A-hluta aðila í ríkisreikningi sýna þannig stöðu stofnana gagnvart fjárheimildum sem veittar eru í fjárlögum og fjáraukalögum ársins og draga fram hvort stofnun er að auka eða ganga á eigið fé innan ársins. Uppsöfnuð staða fjárheimildar í árslok á hins vegar að koma fram í höfuðstól stofnunarinnar í efnahagsreikningi. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela hins vegar heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangs eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávika í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

Nýting lántökuheimilda á árinu 2008. Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2008 var ríkissjóði heimilað að taka að láni allt að 660 milljarða kr. skv. 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af allt að 7.563 m.kr. skv. 2. tölulið. Í sjóðstreymi ríkissjóðs í 2. gr. var auk þess gert ráð fyrir 385 milljarða kr. yfirtöku tryggingabréfa frá Seðlabanka Íslands, sem við það verða kröfur í eigu ríkissjóðs, og 43,5 milljarða kr., jafngildi 300 milljóna evra, vegna endurláns til Seðlabanka Íslands í því skyni að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2008 námu langtímalántökur ríkissjóðs um 534,3 milljörðum kr. og voru lántökur því 125,7 milljörðum kr. innan heimilda. Veitt ný löng lán ríkissjóðs námu alls um 448,4 milljörðum kr. á árinu 2008. Að stærstum hluta var um að ræða yfirtöku ríkissjóðs á veðlánum frá Seðlabanka Íslands eftir fall bankanna eða um 396,7 milljarða kr. Jafnframt var um 43,6 milljarða kr. erlent lán endurlánað Seðlabanka Íslands og endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 7 milljörðum kr. Aðrar smærri lánveitingar námu samtals 1,1 milljarði kr. Nánari skýringar á lánsfjármálum og samanburð við heimildir eru í ríkisreikningi 2008 og skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2008.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að mega ráðstafa þessum tekjum til verkefna viðkomandi stofnana, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er hér að framan í kaflanum *Lagagreinar og sundurliðanir*. Í samræmi við það er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að fjárheimildum einstakra stofnana og verkefna verði af þessum sökum breytt um 2.546,2 m.kr., nettó, til hækkunar frá því sem ákveðið var í fjárlögum og fjáraukalögum. Hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða nemur samtals 3.430,6 m.kr. en lækkun á heimildum annarra liða er samtals 884,4 m.kr.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar hækkunar á fjárheimildum eru í fyrsta lagi 1.005,6 m.kr. á lið *04-827 Fóðursjóður* vegna meiri tekna af aðflutningsgjöldum á fóður. Í fjárlögum 2008 var fjárheimild sjóðsins lækkuð um 300 m.kr. þar sem að í forsendum þeirra var reiknað með að sjóðurinn yrði lagður niður í áföngum en ekki hefur orðið af því. Í öðru lagi 354,8 m.kr. á lið *04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins*, þar af 288,2 m.kr. endurgjald vegna framsals á vatnsréttindum í eigu ríkisins vegna Kárahnjúkavirkjunar og 61,2 m.kr. vegna meiri jarðasölu en áætlað var í fjárlögum. Í þriðja lagi 315,8 m.kr. á lið *08-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara*. Í fjárlögum 2008 var fjárheimild liðarins lækkuð um 296 m.kr. þar sem að í forsendum þeirra var reiknað með að verðtilfærslugjald á mjólk yrði aflagt en ekki hefur orðið af því. Í fjórða lagi 251 m.kr. á lið *09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða* vegna meiri tekna af tryggingagjaldi en áætlað var. Í fimmta lagi 202 m.kr. á lið *11-245 Samtök iðnaðarins* vegna tekna af iðnaðarmálagjaldi. Af samtals 3.430,6 m.kr. hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna ríkistekjufrávika eru 2.129,2 m.kr. eða 62% á þessum 5 fjárlagaliðum.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar lækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru í fyrsta lagi 485,9 m.kr. á lið *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður* vegna minni fjárþarfar sjóðsins en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum. Í öðru lagi 152,9 m.kr. á lið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu* þar sem tekjur á árinu 2008 af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja urðu mun lægri en reiknað hafði verið með. Í þriðja lagi 129,5 m.kr. á lið *14-287 Úrvinnslusjóður* vegna minni tekna af úrvinnslugjald en reiknað var með í fjárlögum. Af samtals 884,4 m.kr. lækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna ríkistekjufrávika eru 768,3 m.kr. eða 87% á þessum 3 fjárlagaliðum. Nánara yfirlit um breytingar á fjárheimildum einstakra stofnana og verkefna vegna frávika ríkistekna frá fjárlögum og fjáraukalögum er í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á stöðum fjárheimilda í árslok. Breytt viðmið um hámark á flutningi afgangsheimilda í rekstri leiða til þess að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að niður falli nokkur hluti af ónotuðum fjárheimildum ýmissa aðila sem áður hafa yfirleitt verið fluttir óskertir yfir áramót. Í þeim tilvikum þar sem afgangsheimild liðar er að hluta til felld niður og að hluta yfirfærð til næsta árs eru fluttar heimildastöður ýmist settar fram sem önnur gjöld eða tilfærslur og ræður í því efni tegundaskipting á fjárveitingu viðkomandi verkefnis í fjárlögum. Vegna þessa falla niður gjaldastöður, sem í gegnum tíðina hafa safnast upp á mörgum liðum, á móti uppsöfnuðum sértekjustöðum þessara sömu liða. Í sumum tilvikum getur verið um háar stöður að ræða, sem sýnir að misbrestur hefur verið á að samræmi hafi verið á milli tegundaskiptingu fjárveitinga í fjárlögum og tegundaskiptingu reikningsfærðra útgjalda í ríkisreikningi.

Að öðru leyti er eins og jafnan áður gert ráð fyrir að niður falli fjárheimildastöður stofnana og verkefna þar sem útgjöld eru lög- eða samningsbundin og fela einnig í mörgum tilvikum í sér tiltekin bótaréttindi einstaklinga þannig að útgjöldunum verður ekki stýrt innan ársins nema með breytingum á viðkomandi lögum eða samningum. Sama gildir um liði þar sem útgjöldin eru hagræns eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila. Einnig eru felldar niður stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna þar sem framkvæmdum er lokið. Varðandi nánari skýringar vísast í viðmiðunarreglur um þessar ráðstafanir sem lýst er hér að framan í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Gjöld umfram fjárheimildir sem lagt er til að falli niður nema 219.253,4 m.kr., nettó, á rekstrargrunni en á greiðslugrunni falla niður 12.734,1 m.kr. heimildir umfram útgjöld, nettó. Munur á milli rekstrargrunns og greiðslugrunns í niðurfelldum fjárheimildastöðum er því 231.987,5 m.kr. og liggur hann að langsamlega mestu leyti í niðurfellingu á 192.176,5 m.kr. umframgjöldum á lið *09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur* sem áður hefur verið fjallað um og niðurfellingu á 35.492,3 m.kr. umframgjöldum á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* en í báðum þessum tilvikum er um að ræða reikningshaldslegar gjaldfærslur sem hafa engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Framangreind -219.253,4 m.kr. nettóstaða sem gert er ráð fyrir að falli niður skiptist í 15.301,6 m.kr. afgangsheimildir og 234.555 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Af afgangsheimildum sem lagt er til að falli niður munar mest um 2.142,8 m.kr. á liðnum *10-212 Samgönguverkefni*, þá 1.586,5 m.kr. á lið *07-827 Lífeyristryggingar*, því næst 1.486,9 m.kr. á lið *03-401 Alþjóðastofnanir*, að mestu vegna Þróunarsjóðs EFTA, og 817,6 m.kr. á liðnum *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*. Þá falla niður stöður á rekstrarviðfangsefnum öldrunarstofnana hjá heilbrigðisráðuneyti, samtals 868,8 m.kr. heimildir umfram útgjöld, á sama hátt og gert var þegar fjárveitingar til þessara verkefna voru á fjárlagaliðum almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð. Fyrir utan áðurnefnd umframgjöld á liðunum *09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur* og *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*,

sem lagt er til að falli niður, munar mest um niðurfellingu á 2.796,1 m.kr. umframgjöldum á lið *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, 1.528,5 m.kr. umframgjöld á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna* og 905,4 m.kr. á lið *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður*. Nánari skipting á niðurfelldum fjárheimildastöðum í árslok er sýnd í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**7.352,5**	**3.519,0**	**-232,7**	**10.115,2**	**20.754,0**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***167,9***		***10,0***	***139,2***	***317,1***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-5,4**		**10,0**		**4,6**
101-1.01	Almennur rekstur	-6,5				-6,5
101-1.81	Opinberar heimsóknir	1,1				1,1
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			10,0		10,0
00-201	**Alþingi**	**82,6**				**82,6**
201-1.01	Alþingiskostnaður	31,7				31,7
201-1.03	Fastanefndir	1,2				1,2
201-1.04	Alþjóðasamstarf	3,6				3,6
201-1.06	Almennur rekstur	32,6				32,6
201-1.07	Sérverkefni	1,8				1,8
201-1.09	Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna	4,0				4,0
201-1.10	Rekstur fasteigna	7,7				7,7
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**139,2**	**139,2**
205-6.55	Framkvæmdir á Alþingisreit				139,2	139,2
00-207	**Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008**	**30,0**				**30,0**
207-1.01	Rannsóknarnefnd	30,0				30,0
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**12,2**				**12,2**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	12,2				12,2
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**48,5**				**48,5**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	48,5				48,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01 Forsætisráðuneyti		***173,3***	***216,5***	***37,2***	***302,4***	***729,4***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**35,0**				**35,0**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	35,0				35,0
01-190	**Ýmis verkefni**	**77,7**	**215,1**			**292,8**
190-1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag		4,0			4,0
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	-4,7	22,2			17,5
190-1.16	Nefnd um þróun Evrópumála	-0,4	-0,2			-0,6
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,3				2,3
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	20,0				20,0
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	20,8	16,8			37,6
190-1.22	Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	33,1				33,1
190-1.23	Hrafnseyri		12,5			12,5
190-1.29	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða		1,6			1,6
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-1,8	9,9			8,1
190-1.51	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðs	2,5				2,5
190-1.56	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	3,6				3,6
190-1.90	Ýmis verkefni	2,3	148,3			150,6
01-199	**Ráðstöfunarfé**		**4,4**			**4,4**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		4,4			4,4
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**-2,3**		**23,0**		**20,7**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-2,3				-2,3
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			23,0		23,0
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**1,0**			**207,7**	**208,7**
203-1.01	Almennur rekstur	1,0				1,0
203-6.25	Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins				207,7	207,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**3,1**	**0,1**			**3,2**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	3,1	0,1			3,2
01-241	**Umboðsmaður barna**	**9,4**				**9,4**
241-1.01	Umboðsmaður barna	9,4				9,4
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**10,1**		**6,0**		**16,1**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	10,1				10,1
251-5.21	Fasteignir			6,0		6,0
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**-0,8**	**3,1**			**2,3**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-0,8	3,1			2,3
01-255	**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**	**-1,6**	**-0,1**	**6,3**	**12,8**	**17,4**
255-1.01	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	-1,6	-0,1			-1,7
255-5.21	Viðhald			6,3		6,3
255-6.21	Framkvæmdir				12,8	12,8
01-261	**Óbyggðanefnd**	**7,8**				**7,8**
261-1.01	Óbyggðanefnd	7,8				7,8
01-271	**Ríkislögmaður**	**13,2**				**13,2**
271-1.01	Ríkislögmaður	13,2				13,2
01-401	**Hagstofa Íslands**	**11,0**	**-0,2**			**10,8**
401-1.01	Hagstofa Íslands	11,0	-0,2			10,8
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-4,5**	**-5,9**	**1,9**	**-6,4**	**-14,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-4,5	-5,9			-10,4
902-5.01	Fasteignir			1,9		1,9
902-6.01	Nýframkvæmdir				-6,4	-6,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	**14,2**			**88,3**	**102,5**
996-1.01	Rafræn þjónustuveita hins opinbera	14,2				14,2
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta				88,3	88,3
02 Menntamálaráðuneyti		***2.090,3***	***-22,9***	***222,1***	***1.292,2***	***3.581,7***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-1,7**	**7,9**		**-5,5**	**0,7**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,7	7,9			6,2
101-6.10	Bifreiðar				-5,5	-5,5
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**-1,2**	**7,1**			**5,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-1,2	7,1			5,9
02-201	**Háskóli Íslands**	**1.075,8**	**9,7**	**-5,8**	**-1.087,7**	**-8,0**
201-1.01	Háskóli Íslands	1.075,8				1.075,8
201-1.13	Háskólasjóður		9,7			9,7
201-5.50	Fasteignir			-5,8		-5,8
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-1.087,7	-1.087,7
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**0,2**	**-9,5**			**-9,3**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	0,2	-9,5			-9,3
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**3,8**	**-46,4**			**-42,6**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	3,8	-46,4			-42,6
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-131,8**	**30,6**			**-101,2**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-131,8	30,6			-101,2
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**127,3**	**-25,8**			**101,5**
215-1.01	Kennaraháskóli Íslands	127,3	-25,8			101,5
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-287,0**	**21,3**			**-265,7**
216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-287,0	21,3			-265,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	**-175,7**	**3,3**	**29,8**	**72,8**	**-69,8**
217-1.01	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-175,7	3,3			-172,4
217-5.01	Viðhald fasteigna			29,8		29,8
217-6.20	Fasteignir og lóðir				72,8	72,8
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-30,4**	**0,5**			**-29,9**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-30,4	0,5			-29,9
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**16,3**	**-27,1**			**-10,8**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	35,5	-45,8			-10,3
231-1.05	Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-19,2	18,7			-0,5
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-15,3**	**27,8**			**12,5**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	12,0				12,0
234-1.12	Launatengd gjöld	-27,3	27,8			0,5
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**				**177,8**	**177,8**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni				177,8	177,8
02-236	**Rannsóknasjóður**	**-19,0**	**55,9**			**36,9**
236-1.10	Rannsóknasjóður	-19,0	55,9			36,9
02-238	**Tækjasjóður**				**277,8**	**277,8**
238-6.60	Tækjasjóður				277,8	277,8
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-2,0**	**-81,4**			**-83,4**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-2,0	-81,4			-83,4
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**53,6**	**505,3**	**558,9**
269-5.21	Viðhald			53,6		53,6
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum				25,4	25,4
269-6.09	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum				250,0	250,0
269-6.10	Háskólinn á Akureyri				211,0	211,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands				14,2	14,2
269-6.28	Listaháskóli Íslands				4,7	4,7
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**126,1**	**-94,7**			**31,4**
299-1.31	Rannsókna- og háskólanetið	10,0				10,0
299-1.80	Vísindastarfsemi	13,2	-7,7			5,5
299-1.90	Háskólastarfsemi	13,6				13,6
299-1.91	Háskólar, óskipt	89,3	-87,0			2,3
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**34,6**	**-3,9**			**30,7**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	34,6	-3,9			30,7
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**89,1**	**-99,1**			**-10,0**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	89,1	-99,1			-10,0
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**0,2**	**-1,0**			**-0,8**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	0,2	-1,0			-0,8
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**62,9**	**-2,5**			**60,4**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	62,9	-2,5			60,4
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-3,1**	**-0,2**			**-3,3**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	-3,1	-0,2			-3,3
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-21,6**	**-3,6**			**-25,2**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-21,6	-3,6			-25,2
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**13,4**	**-3,0**			**10,4**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	13,4	-3,0			10,4
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**29,5**	**-25,6**			**3,9**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	29,5	-25,6			3,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**15,7**	**-2,7**			**13,0**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	15,7	-2,7			13,0
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**44,7**	**-14,0**	**123,9**		**154,6**
316-1.05	Fasteignir skóla	44,7	-14,0			30,7
316-5.21	Viðhald			123,9		123,9
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**542,2**	**542,2**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík				-46,8	-46,8
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum				20,0	20,0
318-6.52	Flensborgarskóli				-69,7	-69,7
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja				-48,4	-48,4
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands				-3,6	-3,6
318-6.56	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra				24,9	24,9
318-6.58	Verkmenntaskóli Austurlands				34,5	34,5
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ				50,0	50,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum				27,3	27,3
318-6.70	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ				36,1	36,1
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				410,7	410,7
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				107,2	107,2
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**771,9**	**-633,3**			**138,6**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	5,8	-6,2			-0,4
319-1.12	Orlof kennara	19,2	-6,6			12,6
319-1.14	Sérkennsla	66,8	-43,4			23,4
319-1.15	Prófkostnaður	-4,2	-0,1			-4,3
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	7,6	-7,5			0,1
319-1.17	Námsskrárgerð	11,1	10,4			21,5
319-1.18	Námsefnisgerð	148,8	-126,1			22,7
319-1.19	Kennslueftirlit	-2,4				-2,4
319-1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	189,3	-179,7			9,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
319-1.21	Nám tannsmiða	6,2	-6,8			-0,6
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	6,7	-7,3			-0,6
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		0,3			0,3
319-1.26	Þróunarsjóður framhaldsskóla	9,7	20,5			30,2
319-1.28	Mat á skólastarfi	5,2				5,2
319-1.29	Forvarnastarf í skólum		0,6			0,6
319-1.30	Endurmenntun	-37,7	37,0			-0,7
319-1.39	Nám í listdansi	89,2	-85,4			3,8
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	9,6				9,6
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	241,0	-233,0			8,0
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-109,2**	**-3,0**			**-112,2**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-109,2	-3,0			-112,2
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**84,1**				**84,1**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	84,1				84,1
02-352	**Flensborgarskóli**	**-21,5**	**-9,2**			**-30,7**
352-1.01	Flensborgarskóli	-21,5	-9,2			-30,7
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**69,3**				**69,3**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	69,3				69,3
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-46,8**	**-1,9**			**-48,7**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-46,8	-1,9			-48,7
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**18,0**				**18,0**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	18,0				18,0
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**9,0**	**-2,3**			**6,7**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	9,0	-2,3			6,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**22,5**	**-11,0**			**11,5**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	22,5	-11,0			11,5
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**18,9**	**-10,4**			**8,5**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	18,9	-10,4			8,5
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**63,6**	**-53,8**			**9,8**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	63,6	-53,8			9,8
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**10,3**	**-15,0**			**-4,7**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10,3	-15,0			-4,7
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**13,5**				**13,5**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	13,5				13,5
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**12,8**				**12,8**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	12,8				12,8
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-0,9**	**-0,4**			**-1,3**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-0,9	-0,4			-1,3
02-365	**Borgarholtsskóli**	**84,1**	**-20,0**			**64,1**
365-1.01	Borgarholtsskóli	84,1	-20,0			64,1
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-17,6**	**-0,8**			**-18,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-17,6	-0,8			-18,4
02-368	**Menntaskóli Borgarfjarðar**	**32,2**				**32,2**
368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	32,2				32,2
02-369	**Menntaskólinn Hraðbraut**	**-30,2**				**-30,2**
369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut	-30,2				-30,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**0,2**				**0,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0,2				0,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**4,9**				**4,9**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	4,9				4,9
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**71,5**	**109,2**			**180,7**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	-0,1				-0,1
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	7,5				7,5
451-1.19	Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvun	-1,2	132,0			130,8
451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra		4,0			4,0
451-1.31	Fræða- og þekkingasetur		35,1			35,1
451-1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar		8,0			8,0
451-1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	65,3	-69,9			-4,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**82,4**				**82,4**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	82,4				82,4
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,4**				**0,4**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,4				0,4
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**	**0,3**				**0,3**
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	0,3				0,3
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-11,5**	**-1,0**			**-12,5**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-11,7	2,4			-9,3
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-2,2	2,9			0,7
720-1.37	Endurmenntun	10,9	-2,1			8,8
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarver	-2,5	2,3			-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-6,0	-6,5			-12,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-725	**Námsgagnastofnun**	**29,3**	**0,9**			**30,2**
725-1.01	Námsgagnastofnun	29,3	0,9			30,2
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-10,4**	**55,4**			**45,0**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-10,4	34,2			23,8
884-1.10	Skólaakstur		21,2			21,2
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-6,8**	**8,7**			**1,9**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-6,8	8,7			1,9
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**29,9**	**5,0**	**20,6**		**55,5**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	19,4	5,0			24,4
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	10,5				10,5
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins			20,6		20,6
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**65,5**	**18,0**			**83,5**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	67,1	6,6			73,7
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	-1,6	11,4			9,8
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**38,1**	**2,9**			**41,0**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	38,1	2,9			41,0
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**10,2**				**10,2**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	10,2				10,2
02-907	**Listasafn Íslands**	**-3,5**	**0,1**			**-3,4**
907-1.01	Listasafn Íslands	-22,5	0,1			-22,4
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	19,0				19,0
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**4,8**				**4,8**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	4,8				4,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-21,4**	**9,5**			**-11,9**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-21,4	9,5			-11,9
02-911	**Náttúruminjasafn Íslands**	**3,1**				**3,1**
911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	3,1				3,1
02-918	**Safnasjóður**	**10,5**	**-7,6**			**2,9**
918-1.10	Safnasjóður	10,5	-7,6			2,9
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-17,6**	**95,3**		**17,0**	**94,7**
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	-8,5	15,8			7,3
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-9,1	79,5			70,4
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður				17,0	17,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**				**644,3**	**644,3**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands				10,2	10,2
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana				-16,6	-16,6
969-6.23	Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík				5,4	5,4
969-6.73	Þjóðleikhúsið				8,1	8,1
969-6.82	Geymsluhúsnæði safna				70,0	70,0
969-6.95	Menningarhús				560,0	560,0
969-6.96	Byggðasöfn				7,2	7,2
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**24,4**	**-13,5**			**10,9**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	24,4	-13,5			10,9
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-21,5**	**14,2**			**-7,3**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-21,5	14,2			-7,3
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	**-21,2**	**-7,6**			**-28,8**
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-21,2	-7,6			-28,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-978	**Listasjóðir**	**-5,6**	**141,0**			**135,4**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-5,6	141,0			135,4
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**-47,5**			**64,2**	**16,7**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-47,5				-47,5
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				64,2	64,2
02-980	**Listskreytingasjóður**				**10,1**	**10,1**
980-6.01	Listskreytingasjóður				10,1	10,1
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**1,6**	**239,4**			**241,0**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	18,1	5,1			23,2
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	-16,5	234,3			217,8
02-982	**Listir, framlög**	**-15,3**	**162,6**			**147,3**
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	-3,0	10,0			7,0
982-1.18	Bókmenntasjóður	-6,7	70,7			64,0
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-5,8	11,1			5,3
982-1.25	Tónlistarsjóður	-2,6	5,2			2,6
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-3,2	6,4			3,2
982-1.57	Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	58,0	-1,1			56,9
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	-50,4	52,2			1,8
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	-1,6	2,1			0,5
982-1.90	Listir		4,3			4,3
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt		1,7			1,7
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-7,3**	**34,0**			**26,7**
983-1.10	Fræðistörf	-11,9	14,2			2,3
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,1	4,8			4,9
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-4,7	3,2			-1,5
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-0,7	13,5			12,8
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-2,7	8,5			5,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
983-1.52	Skriðuklaustur	14,2	-23,6			-9,4
983-1.54	Fornleifasjóður	-1,6	13,4			11,8
02-984	**Norræn samvinna**	**-1,9**	**10,5**			**8,6**
984-1.98	Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	-1,9	10,5			8,6
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-68,8**	**-0,1**			**-68,9**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-68,8	-0,1			-68,9
02-988	**Æskulýðsmál**	**-8,2**	**32,1**			**23,9**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins		4,5			4,5
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	-7,4	12,0			4,6
988-1.19	Æskulýðssjóður	-0,8	15,6			14,8
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-4,2**	**35,1**		**10,0**	**40,9**
989-1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands		4,0			4,0
989-1.15	Skólaíþróttir	-0,5	1,5			1,0
989-1.16	Íþróttasjóður	-3,7	10,8			7,1
989-1.90	Ýmis íþróttamál		18,8			18,8
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði				10,0	10,0
02-999	**Ýmislegt**	**51,1**	**70,5**		**63,9**	**185,5**
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	4,1				4,1
999-1.90	Ýmis framlög	7,9	23,8			31,7
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	39,1	46,7			85,8
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög				69,7	69,7
999-6.91	Þróunarmál í upplýsingatækni				-5,8	-5,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03 Utanríkisráðuneyti		***301,1***	***305,9***	***37,1***	***-13,7***	***630,4***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**46,1**	**-12,8**		**-0,6**	**32,7**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	46,1	-12,8			33,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-0,6	-0,6
03-111	**Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis**	**16,1**	**-0,1**			**16,0**
111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	16,1	-0,1			16,0
03-190	**Ýmis verkefni**	**75,0**	**-7,8**			**67,2**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-1,6	-1,5			-3,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-4,0	0,5			-3,5
190-1.15	Heimssýning í Aichi í Japan	4,0	-0,2			3,8
190-1.16	Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína	70,0				70,0
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	4,2	-2,0			2,2
190-1.23	Mannréttindamál		1,2			1,2
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	0,6				0,6
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	1,3				1,3
190-1.90	Ýmis verkefni	0,5	-5,8			-5,3
03-213	**Varnarmál**	**152,5**	**-142,0**			**10,5**
213-1.01	Varnarmál	152,5	-142,0			10,5
03-300	**Sendiráð Íslands**	**21,2**		**37,1**	**10,4**	**68,7**
300-1.01	Sendiráð Íslands	21,2				21,2
300-5.21	Viðhald fasteigna			37,1		37,1
300-6.01	Tæki og búnaður				10,4	10,4
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**47,9**	**-32,6**		**-23,5**	**-8,2**
390-1.01	Almennur rekstur	2,5	-32,6			-30,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
390-1.11	Þróunaraðstoð	45,4				45,4
390-6.11	Bifreiðar				-23,5	-23,5
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-190,7**	**468,7**			**278,0**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-160,0	220,5			60,5
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		8,1			8,1
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM		53,4			53,4
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	40,6				40,6
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð		22,5			22,5
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-71,3	164,2			92,9
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**133,0**	**32,5**			**165,5**
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)		32,5			32,5
401-1.87	Íslensk friðargæsla	133,0				133,0
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti		***1.315,0***	***550,9***	***28,9***	***569,6***	***2.464,4***
04-101	**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**45,0**				**45,0**
101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	45,0				45,0
04-190	**Ýmis verkefni**	**71,0**	**-3,2**		**9,3**	**77,1**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	8,0				8,0
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-0,1	-3,2			-3,3
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	30,0				30,0
190-1.34	Eldi sjávardýra		0,4			0,4
190-1.35	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	-4,9	6,6			1,7
190-1.36	Matvælasetur	7,4	-7,0			0,4
190-1.49	Úrskurðarnefndir	-1,4				-1,4
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	32,0				32,0
190-6.42	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna				9,3	9,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-215	**Fiskistofa**	**42,7**				**42,7**
215-1.01	Fiskistofa	42,7				42,7
04-217	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**14,9**	**-3,8**			**11,1**
217-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	14,9	-3,8			11,1
04-234	**Matvælastofnun**	**-13,6**	**12,5**	**28,9**		**27,8**
234-1.01	Matvælastofnun	-13,6	12,5			-1,1
234-5.90	Dýralæknisbústaðir			28,9		28,9
04-331	**Héraðs- og Austurlandsskógar**	**73,9**	**-48,6**			**25,3**
331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	73,9	-48,6			25,3
04-332	**Suðurlandsskógar**	**6,1**	**-10,4**			**-4,3**
332-1.01	Suðurlandsskógar	6,1	-10,4			-4,3
04-334	**Vesturlandsskógar**	**-10,3**	**17,2**			**6,9**
334-1.01	Vesturlandsskógar	-10,3	17,2			6,9
04-335	**Skjólskógar á Vestfjörðum**	**-1,0**	**3,1**			**2,1**
335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	-1,0	3,1			2,1
04-336	**Norðurlandsskógar**	**34,6**	**-30,3**			**4,3**
336-1.01	Norðurlandsskógar	34,6	-30,3			4,3
04-401	**Hafrannsóknastofnunin**	**180,3**	**-73,3**		**-5,4**	**101,6**
401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	180,3	-73,3			107,0
401-6.11	Bifreiðar				-5,3	-5,3
401-6.21	Húsnæði				-0,1	-0,1
04-405	**Veiðimálastofnun**	**0,8**	**20,9**		**-1,8**	**19,9**
405-1.01	Veiðimálastofnun	0,8	20,9			21,7
405-6.11	Bifreiðar				-1,8	-1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-411	**Matvælarannsóknir**	**15,0**				**15,0**
411-1.01	Matvælarannsóknir	15,0				15,0
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**307,3**	**89,8**			**397,1**
413-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	307,3	89,8			397,1
04-414	**Sjávarspendýrasjóður**	**1,4**	**1,7**			**3,1**
414-1.10	Sjávarspendýrasjóður	1,4	1,7			3,1
04-415	**Sjóður til síldarrannsókna**	**85,0**	**112,4**			**197,4**
415-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	85,0	112,4			197,4
04-416	**Veiðarfærarannsóknir**	**1,4**	**3,3**			**4,7**
416-1.10	Veiðarfærarannsóknir	1,4	3,3			4,7
04-417	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**	**-27,7**	**33,5**			**5,8**
417-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	-27,7	33,5			5,8
04-421	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**11,0**			**31,5**	**42,5**
421-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	11,0				11,0
421-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				31,5	31,5
04-423	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**20,5**				**20,5**
423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	20,5				20,5
04-426	**Húsbyggingarsjóður**	**190,0**				**190,0**
426-1.10	Húsbyggingarsjóður	190,0				190,0
04-483	**Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**	**45,0**	**-40,0**			**5,0**
483-1.11	Bændur græða landið	45,0	-40,0			5,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-487	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**0,7**				**0,7**
487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,7				0,7
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**-0,2**			**-0,2**
805-1.11	Gæðastýring		0,4			0,4
805-1.15	Nýliðunar- og átaksverkefni		-0,6			-0,6
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**102,7**	**-85,4**			**17,3**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda		24,8			24,8
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	102,7	-112,9			-10,2
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna		2,7			2,7
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**99,0**	**14,6**			**113,6**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	99,0	14,6			113,6
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**391,0**	**391,0**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				391,0	391,0
04-840	**Stuðningur við fiskeldi**		**170,0**			**170,0**
840-1.01	Stuðningur við fiskeldi		170,0			170,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**-6,6**	**364,7**			**358,1**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	-6,6	364,7			358,1
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**25,9**	**2,4**		**145,0**	**173,3**
891-1.14	Átak í hrossarækt	26,0	-11,6			14,4
891-1.91	Loðdýrafóður	-0,1	14,0			13,9
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála				55,0	55,0
891-6.93	Landsmótssvæði fyrir hestamenn að Gaddstaðaflötum				90,0	90,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***-123,9***	***5,1***	***-10,0***	***1.126,8***	***998,0***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**19,9**	**-8,9**			**11,0**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	19,9	-8,9			11,0
06-102	**Stjórnartíðindi**	**-0,8**				**-0,8**
102-1.01	Stjórnartíðindi	-0,8				-0,8
06-103	**Lagasafn**	**7,0**				**7,0**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	7,0				7,0
06-106	**Þjóðskrá**	**-26,0**	**-0,8**		**14,8**	**-12,0**
106-1.01	Þjóðskrá	-26,0	-0,8			-26,8
106-6.01	Tæki og búnaður				14,8	14,8
06-190	**Ýmis verkefni**	**-49,3**	**25,7**			**-23,6**
190-1.10	Fastanefndir	-4,4	-1,3			-5,7
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	6,7	-3,5			3,2
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-34,0	27,4			-6,6
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		0,2			0,2
190-1.45	Mannréttindamál		3,9			3,9
190-1.51	Innheimta meðlaga	-4,6				-4,6
190-1.90	Ýmislegt	5,1	4,5			9,6
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	-18,1	-5,5			-23,6
06-201	**Hæstiréttur**	**7,5**	**-0,1**			**7,4**
201-1.01	Hæstiréttur	7,5	-0,1			7,4
06-210	**Héraðsdómstólar**	**34,5**	**-0,7**			**33,8**
210-1.01	Héraðsdómstólar	34,5	-0,7			33,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-251	**Persónuvernd**	**7,9**	**-0,4**			**7,5**
251-1.01	Persónuvernd	7,9	-0,4			7,5
06-301	**Ríkissaksóknari**	**-5,0**	**-0,1**			**-5,1**
301-1.05	Ríkissaksóknari	-5,0	-0,1			-5,1
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-16,2**	**-36,5**		**34,4**	**-18,3**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	4,8	-36,4			-31,6
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-21,0	-0,1			-21,1
303-6.11	Bifreiðar				34,4	34,4
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**21,1**				**21,1**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	21,1				21,1
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	**-159,9**	**-2,5**			**-162,4**
310-1.01	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-159,9	-2,5			-162,4
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugv**	**-176,6**	**-10,9**			**-187,5**
312-1.01	Yfirstjórn	-443,6	-4,3			-447,9
312-1.20	Löggæsla	-508,7	-4,8			-513,5
312-1.30	Öryggisverkefni	103,7	-0,6			103,1
312-1.40	Tollgæsla	672,0	-1,2			670,8
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**-20,8**	**-0,7**			**-21,5**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	-20,8	-0,7			-21,5
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**25,0**				**25,0**
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	25,0				25,0
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**29,9**	**-13,7**			**16,2**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	33,5	-23,7			9,8
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði		10,0			10,0
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-3,6				-3,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**				**17,9**	**17,9**
391-6.21	Fasteignir				17,9	17,9
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-64,3**	**-7,9**	**-68,4**	**-14,2**	**-154,8**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-64,3	-7,9			-72,2
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta			-68,4		-68,4
395-6.01	Tæki og búnaður				-14,2	-14,2
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**1.045,4**	**1.045,4**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				1.045,4	1.045,4
06-397	**Schengen-samstarf**	**2,0**	**57,6**			**59,6**
397-1.01	Schengen-samstarf	2,0	57,6			59,6
06-398	**Útlendingastofnun**	**-18,0**	**-0,3**			**-18,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	-18,0	-0,3			-18,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**6,8**				**6,8**
411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	6,8				6,8
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**11,3**				**11,3**
412-1.01	Yfirstjórn	7,3				7,3
412-1.20	Löggæsla	4,0				4,0
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-5,3**				**-5,3**
413-1.01	Yfirstjórn	-2,4				-2,4
413-1.20	Löggæsla	-2,9				-2,9
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**9,2**				**9,2**
414-1.01	Yfirstjórn	10,3				10,3
414-1.20	Löggæsla	-1,1				-1,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**2,4**				**2,4**
415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	2,4				2,4
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**1,1**				**1,1**
416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1,1				1,1
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**0,1**				**0,1**
417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	0,1				0,1
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**-1,4**				**-1,4**
418-1.01	Yfirstjórn	-5,3				-5,3
418-1.20	Löggæsla	20,5				20,5
418-1.40	Tollgæsla	-16,6				-16,6
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**2,8**				**2,8**
419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	2,8				2,8
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**31,2**				**31,2**
420-1.01	Yfirstjórn	4,3				4,3
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	20,2				20,2
420-1.20	Löggæsla	6,7				6,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-2,0**	**-0,2**			**-2,2**
421-1.01	Yfirstjórn	1,0	-0,2			0,8
421-1.20	Löggæsla	-3,0				-3,0
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**5,8**				**5,8**
422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði	5,8				5,8
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**15,8**				**15,8**
424-1.01	Yfirstjórn	5,4				5,4
424-1.20	Löggæsla	9,9				9,9
424-1.40	Tollgæsla	0,5				0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**1,2**				**1,2**
425-1.01	Yfirstjórn	0,5				0,5
425-1.20	Löggæsla	0,7				0,7
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**20,0**				**20,0**
426-1.01	Yfirstjórn	7,6				7,6
426-1.20	Löggæsla	10,0				10,0
426-1.40	Tollgæsla	2,4				2,4
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**25,0**				**25,0**
428-1.01	Yfirstjórn	8,0				8,0
428-1.20	Löggæsla	16,0				16,0
428-1.40	Tollgæsla	1,0				1,0
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**3,9**				**3,9**
429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	3,9				3,9
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**4,9**				**4,9**
430-1.01	Yfirstjórn	2,7				2,7
430-1.05	Lögbirtingablað	2,2				2,2
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**16,1**				**16,1**
431-1.01	Yfirstjórn	5,8				5,8
431-1.20	Löggæsla	10,3				10,3
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**6,7**				**6,7**
432-1.01	Yfirstjórn	2,5				2,5
432-1.20	Löggæsla	3,5				3,5
432-1.40	Tollgæsla	0,7				0,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**32,8**				**32,8**
433-1.01	Yfirstjórn	4,9				4,9
433-1.20	Löggæsla	27,5				27,5
433-1.40	Tollgæsla	0,4				0,4
06-434	**Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**	**9,7**	**-0,3**			**9,4**
434-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	9,7	-0,3			9,4
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**11,6**	**-0,2**			**11,4**
436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	11,6	-0,2			11,4
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**13,6**	**-2,0**			**11,6**
437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi	13,6	-2,0			11,6
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**50,9**	**-2,4**			**48,5**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	50,9	-2,4			48,5
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**29,7**	**24,9**	**54,6**
491-5.01	Viðhald húseigna			29,7		29,7
491-6.01	Tæki og búnaður				3,5	3,5
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði				3,2	3,2
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				18,2	18,2
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**-15,5**	**9,9**	**28,7**		**23,1**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	-15,5	9,9			-5,6
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			28,7		28,7
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**3,6**	**3,6**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				3,6	3,6
06-701	**Þjóðkirkjan**	**-0,5**	**-2,3**			**-2,8**
701-1.01	Biskup Íslands	-0,5	-2,3			-2,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-707	**Kristnisjóður**		**2,8**			**2,8**
707-1.10	Kristnisjóður		2,8			2,8
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti		***313,6***	***-51,3***	***-302,3***	***900,2***	***860,2***
07-101	**Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,1**	**1,7**			**-4,4**
101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-6,1	1,7			-4,4
07-190	**Ýmis verkefni**	**28,8**				**28,8**
190-1.10	Fastanefndir	8,4				8,4
190-1.12	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	0,2				0,2
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3,0				3,0
190-1.90	Ýmislegt	17,2				17,2
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**6,4**				**6,4**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	6,4				6,4
07-313	**Jafnréttisstofa**	**24,7**	**-5,5**			**19,2**
313-1.01	Jafnréttisstofa	24,7	-5,5			19,2
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**8,8**	**-12,5**			**-3,7**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	8,8	-12,5			-3,7
07-400	**Barnaverndarstofa**	**8,4**				**8,4**
400-1.01	Almennur rekstur	1,8				1,8
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	5,0				5,0
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	1,6				1,6
07-505	**Öldrunarstofnanir, almennt**				**540,8**	**540,8**
505-6.27	Jaðar, Ólafsvík				29,8	29,8
505-6.82	Hjúkrunarheimili í Kópavogi				366,3	366,3
505-6.85	Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri				14,0	14,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
505-6.86	Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík				30,7	30,7
505-6.99	Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt				100,0	100,0
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraðra**				**172,8**	**172,8**
515-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur				172,8	172,8
07-700	**Málefni fatlaðra**	**88,3**	**-29,8**			**58,5**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	2,0				2,0
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	1,6				1,6
700-1.80	Starfsþjálfun	32,2	-29,8			2,4
700-1.90	Ýmis verkefni	52,5				52,5
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-34,0**	**32,4**			**-1,6**
701-1.01	Almennur rekstur	-34,0	27,4			-6,6
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir		5,0			5,0
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-67,2**	**22,7**			**-44,5**
702-1.01	Almennur rekstur	-56,0	31,5			-24,5
702-1.61	Dagvistun Keflavík	2,7	-9,7			-7,0
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-13,9	0,9			-13,0
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**8,9**				**8,9**
703-1.01	Almennur rekstur	7,2				7,2
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	1,7				1,7
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**14,5**	**1,7**			**16,2**
704-1.01	Almennur rekstur	14,5	1,7			16,2
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**0,1**				**0,1**
705-1.10	Svæðisráð	0,1				0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-9,2**				**-9,2**
706-1.10	Svæðisráð	-2,5				-2,5
706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	1,0				1,0
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	-7,7				-7,7
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**3,2**				**3,2**
707-1.01	Almennur rekstur	3,2				3,2
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**1,4**				**1,4**
708-1.01	Almennur rekstur	1,2				1,2
708-1.72	Skaftholt	0,2				0,2
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**41,5**	**-2,1**			**39,4**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	41,5	-2,1			39,4
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**111,3**	**-44,2**	**-302,3**	**178,6**	**-56,6**
795-1.01	Almennur rekstur	111,3	-44,2			67,1
795-5.21	Viðhald fasteigna			-302,3		-302,3
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				178,6	178,6
07-821	**Tryggingastofnun ríkisins**	**50,6**	**-5,6**		**8,0**	**53,0**
821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	50,6	-5,6			45,0
821-6.01	Tæki og búnaður				8,0	8,0
07-980	**Vinnumálastofnun**	**-24,3**	**79,8**			**55,5**
980-1.01	Vinnumálastofnun	-24,3	-0,3			-24,6
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit		80,1			80,1
07-981	**Vinnumál**	**2,9**	**1,0**			**3,9**
981-1.10	Félagsdómur	0,9				0,9
981-1.13	Kjararannsóknarnefnd		1,0			1,0
981-1.90	Ýmislegt	2,0				2,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**54,6**	**-90,9**			**-36,3**
999-1.37	Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		-1,0			-1,0
999-1.45	Þjónusta við blinda og sjónskerta	4,7				4,7
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa		0,1			0,1
999-1.48	Fjölmenningarsetur á Ísafirði	2,8	-5,1			-2,3
999-1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	6,5	-79,1			-72,6
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	10,6	-5,8			4,8
999-1.98	Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	30,0				30,0
08 Heilbrigðisráðuneyti		***-1.468,1***	***570,1***	***-525,4***	***-139,8***	***-1.563,2***
08-101	**Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-26,4**	**10,4**		**-3,6**	**-19,6**
101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	-26,4	10,4			-16,0
101-6.10	Bifeiðar				-3,6	-3,6
08-202	**Umsýsla sjúkratrygginga**	**16,9**				**16,9**
202-1.01	Umsýsla sjúkratrygginga	16,9				16,9
08-301	**Landlæknir**	**45,9**	**-18,1**			**27,8**
301-1.01	Landlæknir	45,9	-18,1			27,8
08-305	**Lýðheilsustöð**	**-326,8**	**340,6**			**13,8**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-301,7	290,3			-11,4
305-1.90	Forvarnasjóður	-25,1	50,3			25,2
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-17,3**	**9,0**		**7,0**	**-1,3**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-17,3	9,0			-8,3
324-6.10	Fasteign				7,0	7,0
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-136,0**	**133,0**			**-3,0**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-136,0	133,0			-3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**3,7**	**-3,2**			**0,5**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	3,7	-3,2			0,5
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-7,0**	**8,0**		**10,7**	**11,7**
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	-7,0	3,6			-3,4
340-1.80	Gigtarráð		0,5			0,5
340-1.90	Ýmis starfsemi		3,9			3,9
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				10,7	10,7
08-358	**Sjúkrahúsið á Akureyri**	**-10,8**	**-1,9**	**-69,6**	**66,9**	**-15,4**
358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	-10,8	-1,9			-12,7
358-5.01	Fasteign			-69,6		-69,6
358-6.01	Tæki og búnaður				85,2	85,2
358-6.50	Nýbygging				-18,3	-18,3
08-373	**Landspítali**	**-211,8**	**-155,9**	**-633,6**	**-634,4**	**-1.635,7**
373-1.01	Landspítali	-211,8	-155,9			-367,7
373-5.60	Viðhald			-633,6		-633,6
373-6.01	Tæki og búnaður				-253,9	-253,9
373-6.70	Nýframkvæmdir				-380,5	-380,5
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**				**260,0**	**260,0**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans				260,0	260,0
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**6,6**			**93,3**	**99,9**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	6,6				6,6
379-6.50	Stofnkostnaður				93,3	93,3
08-383	**Sjúkrahótel**	**1,8**				**1,8**
383-1.01	Sjúkrahótel	1,8				1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**-7,2**	**-0,1**			**-7,3**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-7,2	-0,1			-7,3
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-37,0**				**-37,0**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-37,0				-37,0
08-397	**Lyfjastofnun**	**-78,8**	**-2,5**			**-81,3**
397-1.01	Lyfjastofnun	-78,8	-2,5			-81,3
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**-131,6**	**238,9**		**15,8**	**123,1**
399-1.10	Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	48,6				48,6
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	-1,5				-1,5
399-1.17	Vísindasiðanefnd	-2,2	-0,1			-2,3
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	0,4	0,2			0,6
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	-59,8	60,5			0,7
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp		0,4			0,4
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,5	-1,0			0,5
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	-50,1	98,4			48,3
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	-108,6	64,6			-44,0
399-1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	46,1				46,1
399-1.90	Ýmis framlög	-14,0	15,9			1,9
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	8,0				8,0
399-6.91	Upplýsingatæknimál				15,8	15,8
08-474	**Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga**				**-14,5**	**-14,5**
474-6.21	Húsnæði				-14,5	-14,5
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**93,2**		**38,3**	**58,6**	**190,1**
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	93,2				93,2
500-5.01	Viðhald			38,3		38,3
500-6.01	Tæki og búnaður				35,0	35,0
500-6.21	Bygging heilsugæslustöðva				23,6	23,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-501	**Sjúkraflutningar**	**21,6**				**21,6**
501-1.11	Sjúkraflutningar	0,2				0,2
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,1				0,1
501-1.15	Sjúkraflug	21,3				21,3
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-423,1**	**3,4**			**-419,7**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-423,1	3,4			-419,7
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-25,4**	**-0,5**			**-25,9**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-25,4	-0,5			-25,9
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**1,0**	**-0,3**			**0,7**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,0	-0,3			0,7
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,9**				**0,9**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,9				0,9
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**1,4**				**1,4**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,4				1,4
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-13,6**				**-13,6**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-13,6				-13,6
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**7,1**				**7,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	7,1				7,1
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**9,5**				**9,5**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	9,5				9,5
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**			**139,5**	**0,4**	**139,9**
700-5.50	Viðhald heilbrigðisstofnana			139,5		139,5
700-6.01	Tæki og búnaður				37,7	37,7
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði				-186,3	-186,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
700-6.61	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga				9,0	9,0
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands				-205,5	-205,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja				25,9	25,9
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt				319,6	319,6
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**12,7**				**12,7**
711-1.01	Heilsugæslusvið	1,9				1,9
711-1.11	Sjúkrasvið	9,6				9,6
711-1.21	Hjúkrunarrými	1,2				1,2
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**	**5,6**				**5,6**
715-1.01	Heilsugæslusvið	1,3				1,3
715-1.11	Sjúkrasvið	3,5				3,5
715-1.21	Hjúkrunarrými	0,8				0,8
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**3,5**				**3,5**
721-1.01	Heilsugæslusvið	1,5				1,5
721-1.11	Sjúkrasvið	0,7				0,7
721-1.21	Hjúkrunarrými	1,3				1,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**2,3**				**2,3**
725-1.01	Heilsugæslusvið	0,6				0,6
725-1.11	Sjúkrasvið	1,2				1,2
725-1.21	Hjúkrunarrými	0,5				0,5
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**-14,5**				**-14,5**
731-1.01	Heilsugæslusvið	37,9				37,9
731-1.21	Hjúkrunarrými	-52,4				-52,4
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-6,3**				**-6,3**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-9,6				-9,6
735-1.11	Sjúkrasvið	41,7				41,7
735-1.21	Hjúkrunarrými	-38,4				-38,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-23,3**				**-23,3**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-55,7				-55,7
741-1.11	Sjúkrasvið	52,6				52,6
741-1.21	Hjúkrunarrými	-20,2				-20,2
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**10,9**				**10,9**
745-1.01	Heilsugæslusvið	2,9				2,9
745-1.11	Sjúkrasvið	2,6				2,6
745-1.21	Hjúkrunarrými	5,4				5,4
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**11,3**				**11,3**
751-1.01	Heilsugæslusvið	2,2				2,2
751-1.11	Sjúkrasvið	4,5				4,5
751-1.21	Hjúkrunarrými	4,6				4,6
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**24,7**				**24,7**
755-1.01	Heilsugæslusvið	3,4				3,4
755-1.11	Sjúkrasvið	14,6				14,6
755-1.21	Hjúkrunarrými	6,7				6,7
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-20,3**				**-20,3**
761-1.01	Heilsugæslusvið	371,1				371,1
761-1.11	Sjúkrasvið	-895,3				-895,3
761-1.21	Hjúkrunarrými	503,9				503,9
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**19,6**				**19,6**
777-1.01	Heilsugæslusvið	7,9				7,9
777-1.11	Sjúkrasvið	7,9				7,9
777-1.21	Hjúkrunarrými	3,8				3,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-7,5**				**-7,5**
781-1.01	Heilsugæslusvið	33,0				33,0
781-1.11	Sjúkrasvið	-221,0				-221,0
781-1.21	Hjúkrunarrými	180,5				180,5
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-74,8**	**-0,2**			**-75,0**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-237,5	-0,1			-237,6
787-1.11	Sjúkrasvið	148,4	-0,1			148,3
787-1.21	Hjúkrunarrými	14,3				14,3
08-791	**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**	**-79,0**				**-79,0**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-278,7				-278,7
791-1.11	Sjúkrasvið	242,4				242,4
791-1.21	Hjúkrunarrými	-42,7				-42,7
08-795	**St. Jósefsspítali, Sólvangur**	**-89,8**	**9,5**			**-80,3**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	178,4	9,5			187,9
795-1.21	Hjúkrunarrými	-268,2				-268,2
09	***Fjármálaráðuneyti***	***1.804,3***	***834,1***	***166,7***	***779,3***	***3.584,4***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**52,2**	**-6,4**			**45,8**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	52,2	-6,4			45,8
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**152,6**	**-19,4**		**-3,3**	**129,9**
103-1.01	Almennur rekstur	23,2	-19,4			3,8
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	12,6				12,6
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	116,8				116,8
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				7,3	7,3
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins				-10,6	-10,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**0,7**			**0,7**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		0,7			0,7
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**65,4**	**7,0**			**72,4**
201-1.01	Almennur rekstur	4,4				4,4
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	61,0	7,0			68,0
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**14,5**	**-5,6**			**8,9**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	14,5	-5,6			8,9
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,8**				**-0,8**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,8				-0,8
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**4,0**				**4,0**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	4,0				4,0
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**1,3**	**-0,4**			**0,9**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	1,3	-0,4			0,9
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**12,6**				**12,6**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	12,6				12,6
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**5,2**				**5,2**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	5,2				5,2
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-4,2**	**-0,6**			**-4,8**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-4,2	-0,6			-4,8
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-0,9**				**-0,9**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-0,9				-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**23,2**	**-2,9**			**20,3**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	23,2	-2,9			20,3
09-214	**Yfirskattanefnd**	**11,4**				**11,4**
214-1.01	Yfirskattanefnd	11,4				11,4
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**18,7**	**-2,3**			**16,4**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	18,7	-2,3			16,4
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**90,1**				**90,1**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	83,0				83,0
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	7,1				7,1
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**149,3**	**-14,8**			**134,5**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	149,3	-14,8			134,5
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**23,0**	**-4,1**			**18,9**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	23,0	-4,1			18,9
09-905	**Ríkiskaup**	**58,4**	**-8,1**			**50,3**
905-1.01	Ríkiskaup	58,4	-8,1			50,3
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**1,2**			**-5,5**	**-4,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	1,0				1,0
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	0,2				0,2
980-6.21	Húsnæði				-13,2	-13,2
980-6.41	Tölvubúnaður				7,7	7,7
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			**445,9**		**445,9**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga			70,9		70,9
981-5.25	Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti			375,0		375,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**136,0**	**-1,1**	**-279,2**		**-144,3**
984-1.01	Yfirstjórn	-9,5	-1,1			-10,6
984-1.11	Rekstur fasteigna	145,5				145,5
984-5.21	Viðhald fasteigna			-279,2		-279,2
09-985	**Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll**	**1.026,7**				**1.026,7**
985-1.01	Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	1.026,7				1.026,7
09-999	**Ýmislegt**	**-35,6**	**892,1**		**788,1**	**1.644,6**
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	-115,0	180,0			65,0
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarver	1,8				1,8
999-1.13	Kjarasamningar	0,7				0,7
999-1.15	Kjararannsóknir	8,1				8,1
999-1.45	Ýmsar nefndir	3,1				3,1
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	0,6				0,6
999-1.61	Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	25,0	100,0			125,0
999-1.65	Kjararáð	-6,8				-6,8
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-19,0				-19,0
999-1.67	Þjóðlendumál	4,5	15,0			19,5
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-38,6	597,1			558,5
999-1.90	Ýmis verkefni	100,0				100,0
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins				5,4	5,4
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis				40,7	40,7
999-6.81	Framlag til Vestmannaeyjabæjar vegna vatnslagnar				700,0	700,0
999-6.95	Þróunarmál í upplýsingatækni				42,0	42,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10	***Samgönguráðuneyti***	***807,3***	***-141,1***	***30,5***	***4.379,0***	***5.075,7***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**34,8**				**34,8**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	34,8				34,8
10-190	**Ýmis verkefni**	**1,4**				**1,4**
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	1,4				1,4
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**164,2**	**-21,0**			**143,2**
211-1.01	Almennur rekstur	82,3	-4,6			77,7
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	81,9	-16,4			65,5
10-212	**Samgönguverkefni**	**131,6**	**-104,2**	**17,8**	**1.704,9**	**1.750,1**
212-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	126,7	-104,2			22,5
212-1.21	Rannsóknir	4,9				4,9
212-5.10	Viðhald			17,8		17,8
212-6.10	Framkvæmdir				1.704,9	1.704,9
10-251	**Umferðarstofa**	**67,5**				**67,5**
251-1.01	Umferðarstofa	67,5				67,5
10-281	**Rannsóknanefnd umferðarslysa**	**0,4**				**0,4**
281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa	0,4				0,4
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**177,1**			**156,1**	**333,2**
335-1.01	Almennur rekstur	182,6				182,6
335-1.11	Vaktstöð siglinga	-5,5				-5,5
335-6.60	Vitabyggingar				1,7	1,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar				154,4	154,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-336	**Hafnarframkvæmdir**	**80,6**			**853,9**	**934,5**
336-1.01	Almennur rekstur	80,6				80,6
336-6.70	Hafnabótasjóður				227,5	227,5
336-6.72	Bakkafjöruhöfn				603,5	603,5
336-6.73	Tollaðstaða á Seyðisfirði				5,4	5,4
336-6.74	Lendingabætur				4,6	4,6
336-6.76	Ferjubryggjur				6,9	6,9
336-6.81	Vestmannaeyjaferja				6,0	6,0
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**3,8**				**3,8**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	3,8				3,8
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	**40,7**				**40,7**
471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	40,7				40,7
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	**45,8**	**0,1**	**12,7**	**827,8**	**886,4**
475-1.01	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	45,8				45,8
475-1.11	Keflavíkurflugvöllur		0,1			0,1
475-5.41	Viðhald			12,7		12,7
475-6.41	Framkvæmdir				827,8	827,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-4,9**	**1,9**			**-3,0**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-4,9	1,9			-3,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**63,2**	**-10,0**			**53,2**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	63,2	-10,0			53,2
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	**1,1**	**-7,9**			**-6,8**
513-1.10	Jöfnunarsjóður alþjónustu	1,1	-7,9			-6,8
10-521	**Fjarskiptasjóður**				**836,3**	**836,3**
521-6.41	Fjarskiptasjóður				836,3	836,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11	***Iðnaðarráðuneyti***	***150,6***	***1.035,2***			***1.185,8***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**18,5**				**18,5**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	18,5				18,5
11-205	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	**210,2**	**-69,0**			**141,2**
205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	210,2	-69,0			141,2
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**6,2**	**33,4**			**39,6**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	6,2	33,4			39,6
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**84,3**	**129,7**			**214,0**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	84,3	129,7			214,0
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,6**	**58,1**			**57,5**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,6	58,1			57,5
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**9,8**	**69,1**			**78,9**
299-1.10	Fastanefndir	0,8				0,8
299-1.19	Staðlaráð	-7,2	10,9			3,7
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	2,2				2,2
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar		50,2			50,2
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál		8,0			8,0
299-1.98	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	14,0				14,0
11-301	**Orkustofnun**	**-156,2**	**221,8**			**65,6**
301-1.01	Orkustofnun	-156,2	221,8			65,6
11-399	**Ýmis orkumál**	**120,2**	**-44,8**			**75,4**
399-1.12	Jarðhitaleit	101,8	-48,6			53,2
399-1.21	Nýskipan orkumála	6,4				6,4
399-1.22	Vistvænir orkugjafar	5,8				5,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
399-1.24	Notendur utan samveitna	6,2				6,2
399-1.98	Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis		3,8			3,8
11-401	**Byggðaáætlun**	**-8,6**	**290,3**			**281,7**
401-1.10	Byggðaáætlun	-8,6	290,3			281,7
11-501	**Ferðamálastofa**	**-17,6**	**184,8**			**167,2**
501-1.01	Ferðamálastofa	-56,1	86,3			30,2
501-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	0,1	48,3			48,4
501-1.11	Ferðamálasamtök landshluta		1,5			1,5
501-1.13	Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu		80,0			80,0
501-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-19,3	21,0			1,7
501-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	57,7	-52,3			5,4
11-599	**Ýmis ferðamál**	**-115,6**	**161,8**			**46,2**
599-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-63,4	79,8			16,4
599-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-57,3	71,0			13,7
599-1.53	Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti		1,0			1,0
599-1.90	Ýmis ferðamál	5,1				5,1
599-1.98	Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis		10,0			10,0
12 Viðskiptaráðuneyti		***671,5***	***66,2***			***737,7***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**16,3**				**16,3**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	16,3				16,3
12-190	**Ýmis verkefni**	**-4,5**	**68,7**			**64,2**
190-1.10	Neytendasamtökin		-5,4			-5,4
190-1.15	Fastanefndir	-0,1				-0,1
190-1.20	Icepro-nefnd		0,8			0,8
190-1.23	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	-4,4	69,6			65,2
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál		3,7			3,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**527,8**	**0,2**			**528,0**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	527,8	0,2			528,0
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**-3,3**	**0,3**			**-3,0**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	-3,3	0,3			-3,0
12-421	**Neytendastofa**	**76,3**				**76,3**
421-1.01	Neytendastofa	76,3				76,3
12-425	**Talsmaður neytenda**	**1,2**				**1,2**
425-1.01	Talsmaður neytenda	1,2				1,2
12-431	**Einkaleyfastofan**	**57,7**	**-3,0**			**54,7**
431-1.01	Einkaleyfastofan	57,7	-3,0			54,7
14 Umhverfisráðuneyti		***1.149,6***	***150,3***	***72,5***	***780,0***	***2.152,4***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**26,8**				**26,8**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	26,8				26,8
14-190	**Ýmis verkefni**	**185,0**	**1,8**			**186,8**
190-1.10	Fastanefndir	7,4	-8,2			-0,8
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	3,9				3,9
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	3,5	-6,8			-3,3
190-1.35	Umhverfisvöktun		16,9			16,9
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	76,9				76,9
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	10,4	-10,7			-0,3
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	9,4	-9,5			-0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	-0,1	1,6			1,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	8,4	-5,5			2,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-9,2	8,0			-1,2
190-1.90	Ýmis verkefni		16,0			16,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	74,4				74,4
14-199	**Ráðstöfunarfé**		**10,0**			**10,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		10,0			10,0
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**4,0**	**-1,6**		**-0,7**	**1,7**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	4,0	-1,6			2,4
202-6.11	Bifreiðar				-0,7	-0,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	**70,2**	**21,7**	**84,8**		**176,7**
211-1.01	Umhverfisstofnun	70,2	-0,3			69,9
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink		22,0			22,0
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			84,8		84,8
14-212	**Vatnajökulsþjóðgarður**	**21,8**	**-14,1**		**13,1**	**20,8**
212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	21,8	-14,1			7,7
212-6.41	Framkvæmdir				13,1	13,1
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	**-12,5**	**72,8**	**-15,2**	**-12,0**	**33,1**
231-1.01	Landgræðsla ríkisins	15,6	-27,8			-12,2
231-1.90	Fyrirhleðslur	-28,1	100,6			72,5
231-5.01	Viðhald fasteigna			-15,2		-15,2
231-6.01	Tæki og búnaður				-12,0	-12,0
14-241	**Skógrækt ríkisins**	**-25,0**	**26,5**	**2,9**	**18,8**	**23,2**
241-1.01	Skógrækt ríkisins	-25,0	26,5			1,5
241-5.01	Viðhald fasteigna			2,9		2,9
241-6.20	Fasteignir				18,8	18,8
14-243	**Hekluskógar**	**3,6**	**-2,3**			**1,3**
243-1.01	Hekluskógar	3,6	-2,3			1,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**822,1**	**-0,8**			**821,3**
287-1.01	Almennur rekstur	394,4	-0,8			393,6
287-1.10	Úrvinnslusjóður	427,7				427,7
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-17,5**	**5,2**			**-12,3**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-17,5	5,2			-12,3
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**-0,4**	**13,7**			**13,3**
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-0,4	13,7			13,3
14-310	**Landmælingar Íslands**	**13,3**	**9,9**			**23,2**
310-1.01	Landmælingar Íslands	13,3	9,9			23,2
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**-6,3**	**-0,5**			**-6,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	-6,3	-0,5			-6,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**16,9**	**-2,0**		**685,6**	**700,5**
381-1.01	Almennur rekstur	16,9	-2,0			14,9
381-6.60	Ofanflóðasjóður				685,6	685,6
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-27,7**	**10,4**		**-3,9**	**-21,2**
401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-27,7	10,4			-17,3
401-6.11	Bifreiðar				-3,9	-3,9
14-403	**Náttúrustofur**		**1,1**			**1,1**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað		0,3			0,3
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		0,1			0,1
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík		0,3			0,3
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		0,1			0,1
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki		0,1			0,1
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		0,1			0,1
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík		0,1			0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2009 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2008

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**12,0**	**-1,5**			**10,5**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	12,0	-1,5			10,5
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**45,4**			**79,1**	**124,5**
410-1.01	Almennur rekstur	39,6				39,6
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	5,8				5,8
410-6.01	Tæki og búnaður				76,1	76,1
410-6.11	Bifreiðar				3,0	3,0
14-411	**Vatnamælingar**	**17,9**				**17,9**
411-1.01	Vatnamælingar	17,9				17,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
Samtals öll ráðuneyti		**19.438,6**	**434.231,5**	**33.146,6**	**0,4**	**2.546,2**	**489.363,3**	**687.862,7**	**-198.499,4**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***266,1***	***3.652,4***	***43,0***	***84,4***		***4.045,9***	***3.557,4***	***488,5***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**15,0**	**196,4**	**3,0**	**4,2**		**218,6**	**211,0**	**7,6**
101-1.01	Almennur rekstur	4,9	167,4		4,1		176,4	182,9	-6,5
101-1.81	Opinberar heimsóknir	4,1	28,0		0,1		32,2	28,1	4,1
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald	6,0	1,0	3,0			10,0		10,0
00-201	**Alþingi**	**170,6**	**2.429,1**	**-240,0**	**50,6**		**2.410,3**	**2.251,9**	**158,4**
201-1.01	Alþingiskostnaður	130,5	791,9	10,0	25,5		957,9	778,6	179,3
201-1.02	Framlög til þingflokka		65,0				65,0	65,0	
201-1.03	Fastanefndir	-47,3	30,6		0,1		-16,6	16,5	-33,1
201-1.04	Alþjóðasamstarf	163,5	90,5		0,1		254,1	79,4	174,7
201-1.06	Almennur rekstur	104,8	796,8		22,9		924,5	895,4	29,1
201-1.07	Sérverkefni	23,5	44,2		1,0		68,7	43,1	25,6
201-1.09	Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þin		98,8				98,8	47,9	50,9
201-1.10	Rekstur fasteigna	-49,6	192,7		1,0		144,1	225,5	-81,4
201-5.20	Fasteignir	-89,5	24,0				-65,5	55,2	-120,7
201-6.01	Tæki og búnaður	-65,3	44,6				-20,7	45,3	-66,0
201-6.21	Fasteignir		250,0	-250,0					
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**	**16,2**	**50,0**	**250,0**			**316,2**	**177,0**	**139,2**
205-6.55	Framkvæmdir á Alþingisreit	16,2	50,0	250,0			316,2	177,0	139,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
00-207	**Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 200**			**30,0**			**30,0**		**30,0**
207-1.01	Rannsóknarnefnd			30,0			30,0		30,0
00-301	**Ríkisstjórn**		**247,0**		**9,6**		**256,6**	**202,7**	**53,9**
301-1.01	Ríkisstjórn		247,0		9,6		256,6	202,7	53,9
00-401	**Hæstiréttur**		**138,9**		**4,0**		**142,9**	**135,8**	**7,1**
401-1.01	Hæstiréttur		138,9		4,0		142,9	135,8	7,1
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**19,5**	**122,2**		**2,6**		**144,3**	**127,2**	**17,1**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	19,5	122,2		2,6		144,3	127,2	17,1
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**44,8**	**468,8**		**13,4**		**527,0**	**451,8**	**75,2**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	41,8	457,3		13,4		512,5	436,8	75,7
620-6.21	Fasteignir	3,0	11,5				14,5	15,0	-0,5
01 Forsætisráðuneyti		***553,6***	***2.165,5***	***448,8***	***198,2***	***6,3***	***3.372,4***	***2.461,6***	***910,8***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**150,9**	**253,2**	**-10,5**	**17,6**		**411,2**	**270,9**	**140,3**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	150,9	253,2	-10,5	17,6		411,2	270,9	140,3
01-190	**Ýmis verkefni**	**177,0**	**260,8**	**329,9**	**128,9**		**896,6**	**532,8**	**363,8**
190-1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0	14,0				18,0	14,0	4,0
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaða								
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag			22,2			22,2	4,7	17,5
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	1,7	14,9				16,6		16,6
190-1.16	Nefnd um þróun Evrópumála	7,2					7,2	7,8	-0,6
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,5	4,7				7,2	4,9	2,3
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	32,7	14,9		0,2		47,8	1,9	45,9
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	12,1	49,9	30,0			92,0	54,4	37,6
190-1.20	Jafnréttissjóður	0,9	10,0				10,9	9,0	1,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
190-1.21	Öryggismálanefnd	16,0	14,5	-14,5			16,0		16,0
190-1.22	Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingá	13,3	30,0	25,0			68,3	35,2	33,1
190-1.23	Hrafnseyri		22,9				22,9	10,4	12,5
190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi		28,0				28,0	28,0	
190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal		2,0				2,0	2,0	
190-1.29	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða	14,1					14,1	1,9	12,2
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	8,5	6,0		0,2		14,7	6,6	8,1
190-1.42	Grænlandssjóður								
190-1.51	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja ald	-0,3	5,1				4,8	2,3	2,5
190-1.56	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheim			17,2	11,1		28,3	24,7	3,6
190-1.90	Ýmis verkefni	64,3	40,9	250,0	117,4		472,6	322,0	150,6
190-5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum		3,0				3,0	3,0	
01-199	**Ráðstöfunarfé**	**4,0**	**5,0**		**-4,6**		**4,4**		**4,4**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,0	5,0		-4,6		4,4		4,4
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**3,6**	**76,2**	**27,5**	**7,5**		**114,8**	**94,1**	**20,7**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	2,0	48,8		1,3		52,1	54,4	-2,3
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis	1,6	27,4	27,5	6,2		62,7	39,7	23,0
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**128,0**	**235,0**	**30,0**	**-21,2**		**371,8**	**163,1**	**208,7**
203-1.01	Almennur rekstur	1,3	6,0				7,3	6,3	1,0
203-6.25	Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	126,7	229,0	30,0	-21,2		364,5	156,8	207,7
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**6,2**	**162,0**		**16,8**		**185,0**	**181,3**	**3,7**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	6,2	36,4		0,8		43,4	40,2	3,2
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar		125,6		16,0		141,6	141,1	0,5
01-241	**Umboðsmaður barna**	**7,6**	**36,0**	**5,0**	**1,1**		**49,7**	**37,5**	**12,2**
241-1.01	Umboðsmaður barna	7,6	36,0	5,0	1,1		49,7	37,5	12,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**7,2**	**111,9**		**3,6**		**122,7**	**104,8**	**17,9**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	7,2	91,9		3,6		102,7	90,8	11,9
251-5.21	Fasteignir		20,0				20,0	14,0	6,0
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**2,5**	**8,9**				**11,4**	**9,1**	**2,3**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	2,5	8,9				11,4	9,1	2,3
01-255	**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**	**4,3**	**31,7**	**15,0**	**1,2**		**52,2**	**34,8**	**17,4**
255-1.01	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	-0,9	29,2		1,2		29,5	31,2	-1,7
255-5.21	Viðhald	5,2	2,5				7,7	1,4	6,3
255-6.21	Framkvæmdir			15,0			15,0	2,2	12,8
01-261	**Óbyggðanefnd**	**-6,4**	**87,8**	**22,0**	**1,9**		**105,3**	**97,5**	**7,8**
261-1.01	Óbyggðanefnd	-6,4	87,8	22,0	1,9		105,3	97,5	7,8
01-271	**Ríkislögmaður**	**12,1**	**59,6**		**2,0**		**73,7**	**60,5**	**13,2**
271-1.01	Ríkislögmaður	12,1	59,6		2,0		73,7	60,5	13,2
01-401	**Hagstofa Íslands**	**-15,7**	**663,9**	**29,9**	**53,8**		**731,9**	**721,1**	**10,8**
401-1.01	Hagstofa Íslands	-15,7	663,9	29,9	53,8		731,9	721,1	10,8
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**3,7**	**76,1**		**2,6**	**6,3**	**88,7**	**103,6**	**-14,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1,9	43,1		2,6	6,3	53,9	64,3	-10,4
902-5.01	Fasteignir	4,0	2,0				6,0	4,1	1,9
902-6.01	Nýframkvæmdir	-2,2	31,0				28,8	35,2	-6,4
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verk**	**68,6**	**97,4**		**-13,0**		**153,0**	**50,5**	**102,5**
996-1.01	Rafræn þjónustuveita hins opinbera		40,4				40,4	26,2	14,2
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkef	68,6	57,0		-13,0		112,6	24,3	88,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02 Menntamálaráðuneyti		***1.943,6***	***53.378,1***	***1.828,9***	***2.031,4***	***293,2***	***59.475,2***	***55.817,2***	***3.658,0***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**2,0**	**596,4**	**4,0**	**42,0**		**644,4**	**643,7**	**0,7**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2,0	596,4	4,0	42,0		644,4	638,2	6,2
101-6.10	Bifreiðar							5,5	-5,5
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**16,9**	**18,0**		**-29,0**		**5,9**		**5,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	16,9	18,0		-29,0		5,9		5,9
02-201	**Háskóli Íslands**	**-262,2**	**7.232,0**	**236,3**	**446,8**	**43,4**	**7.696,3**	**7.704,3**	**-8,0**
201-1.01	Háskóli Íslands	775,9	6.802,0		446,6	43,4	8.067,9	6.782,6	1.285,3
201-1.13	Háskólasjóður	203,0	215,0	36,3	0,2		454,5	36,9	417,6
201-5.50	Fasteignir	-466,8	40,0				-426,8	190,4	-617,2
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-774,3	175,0	200,0			-399,3	694,4	-1.093,7
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**-3,6**	**184,2**	**3,5**	**10,1**	**4,5**	**198,7**	**208,0**	**-9,3**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-3,6	184,2	3,5	10,1	4,5	198,7	208,0	-9,3
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-23,4**	**354,9**		**17,8**		**349,3**	**391,9**	**-42,6**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	-23,4	354,9		17,8		349,3	391,9	-42,6
02-209	**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**	**-1,4**	**258,5**		**14,6**		**271,7**	**288,4**	**-16,7**
209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-1,4	258,5		14,6		271,7	288,4	-16,7
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-335,6**	**1.300,7**	**233,5**	**68,1**	**2,7**	**1.269,4**	**1.370,6**	**-101,2**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-335,6	1.300,7	233,5	68,1	2,7	1.269,4	1.205,7	63,7
210-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni							164,9	-164,9
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**69,7**	**1.653,5**		**144,7**	**-1,5**	**1.866,4**	**1.764,9**	**101,5**
215-1.01	Kennaraháskóli Íslands	69,7	1.653,5		144,7	-1,5	1.866,4	1.343,1	523,3
215-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni							421,8	-421,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-116,0**	**477,4**		**25,4**	**7,3**	**394,1**	**659,8**	**-265,7**
216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-116,0	477,4		25,4	7,3	394,1	659,8	-265,7
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	**-94,6**	**235,2**	**169,2**	**8,6**	**-0,6**	**317,8**	**387,6**	**-69,8**
217-1.01	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-175,0	213,0	169,2	8,6	-0,6	215,2	387,6	-172,4
217-5.01	Viðhald fasteigna	25,6	4,2				29,8		29,8
217-6.20	Fasteignir og lóðir	54,8	18,0				72,8		72,8
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-76,1**	**115,8**	**52,0**	**3,3**		**95,0**	**124,9**	**-29,9**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-76,1	115,8	52,0	3,3		95,0	124,9	-29,9
02-225	**Háskólinn á Bifröst**	**28,3**	**274,9**		**43,1**		**346,3**	**346,3**	
225-1.01	Háskólinn á Bifröst	28,3	274,9		43,1		346,3	346,3	
02-227	**Háskólinn í Reykjavík**	**2,9**	**1.858,6**		**101,3**		**1.962,8**	**1.962,8**	
227-1.01	Háskólinn í Reykjavík	2,9	1.858,6		101,3		1.962,8	1.962,8	
02-228	**Listaháskóli Íslands**	**-1,3**	**586,7**		**28,5**		**613,9**	**613,9**	
228-1.01	Listaháskóli Íslands	-1,3	586,7		28,5		613,9	613,9	
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**-19,0**	**159,3**	**12,0**	**4,9**		**157,2**	**168,0**	**-10,8**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	-19,0	139,3	12,0	4,9		137,2	147,5	-10,3
231-1.05	Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda		20,0				20,0	20,5	-0,5
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**6,5**	**169,4**		**-163,4**		**12,5**		**12,5**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	6,5	141,6		-136,1		12,0		12,0
234-1.12	Launatengd gjöld		27,8		-27,3		0,5		0,5
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**	**72,7**	**160,0**				**232,7**	**54,9**	**177,8**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni	72,7	160,0				232,7	54,9	177,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-236	**Rannsóknasjóður**	**-59,8**	**750,0**				**690,2**	**653,3**	**36,9**
236-1.10	Rannsóknasjóður	-59,8	750,0				690,2	653,3	36,9
02-238	**Tækjasjóður**	**317,2**	**115,0**				**432,2**	**131,8**	**300,4**
238-6.60	Tækjasjóður	317,2	115,0				432,2	131,8	300,4
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-77,4**	**90,0**				**12,6**	**96,0**	**-83,4**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-77,4	90,0				12,6	96,0	-83,4
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk**	**233,0**	**640,0**				**873,0**	**289,5**	**583,5**
269-5.21	Viðhald	47,3	10,0				57,3	3,7	53,6
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	42,1	5,0				47,1	21,7	25,4
269-6.09	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	8,3	300,0				308,3	33,7	274,6
269-6.10	Háskólinn á Akureyri	124,1	290,0				414,1	203,1	211,0
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands	1,5	30,0				31,5	17,3	14,2
269-6.28	Listaháskóli Íslands	9,7	5,0				14,7	10,0	4,7
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**31,9**	**320,6**	**36,8**	**-153,4**		**235,9**	**190,7**	**45,2**
299-1.15	Nýsköpunarsjóður		20,0				20,0	20,0	
299-1.31	Rannsókna- og háskólanetið			10,0			10,0		10,0
299-1.73	Reykjavíkurakademían		21,0				21,0	21,0	
299-1.80	Vísindastarfsemi	-4,9	33,0		-3,5		24,6	19,1	5,5
299-1.90	Háskólastarfsemi	-27,0	135,7		49,3		158,0	130,6	27,4
299-1.91	Háskólar, óskipt	63,8	110,9	26,8	-199,2		2,3		2,3
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**45,5**	**458,1**		**42,3**		**545,9**	**515,2**	**30,7**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	45,5	458,1		42,3		545,9	515,2	30,7
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-22,2**	**461,2**		**33,8**	**-0,1**	**472,7**	**482,7**	**-10,0**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	-22,2	461,2		33,8	-0,1	472,7	482,7	-10,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-5,4**	**145,6**		**9,3**	**-0,2**	**149,3**	**150,1**	**-0,8**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	-5,4	145,6		9,3	-0,2	149,3	150,1	-0,8
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**59,2**	**651,9**		**109,7**	**8,5**	**829,3**	**768,9**	**60,4**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	59,2	651,9		109,7	8,5	829,3	768,9	60,4
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**15,7**	**399,2**		**23,2**		**438,1**	**441,4**	**-3,3**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	15,7	399,2		23,2		438,1	441,4	-3,3
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-10,8**	**228,5**		**20,4**	**3,3**	**241,4**	**266,6**	**-25,2**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-10,8	228,5		20,4	3,3	241,4	266,6	-25,2
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**11,2**	**243,7**		**19,6**	**1,6**	**276,1**	**265,7**	**10,4**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	11,2	243,7		19,6	1,6	276,1	265,7	10,4
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**5,4**	**677,1**		**58,1**	**1,7**	**742,3**	**738,4**	**3,9**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	5,4	677,1		58,1	1,7	742,3	738,4	3,9
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**22,7**	**292,5**		**33,5**	**0,1**	**348,8**	**335,8**	**13,0**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	22,7	292,5		33,5	0,1	348,8	335,8	13,0
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**111,7**	**75,8**		**125,9**		**313,4**	**158,8**	**154,6**
316-1.05	Fasteignir skóla	148,7	65,8		-149,1		65,4	34,7	30,7
316-5.21	Viðhald	-37,0	10,0		275,0		248,0	124,1	123,9
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**	**367,9**	**723,0**	**15,0**	**-145,0**		**960,9**	**418,7**	**542,2**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík	-117,8	300,0				182,2	229,0	-46,8
318-6.01	Menntaskólinn í Reykjavík		50,0		-50,0				
318-6.03	Menntaskólinn á Laugarvatni		25,0		-25,0				
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum		20,0				20,0		20,0
318-6.08	Menntaskólinn í Kópavogi	7,0			-7,0				
318-6.52	Flensborgarskóli	158,1			-158,1			69,7	-69,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	151,6			-151,6			48,4	-48,4
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-30,0	35,0				5,0	8,6	-3,6
318-6.56	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra		25,0				25,0	0,1	24,9
318-6.58	Verkmenntaskóli Austurlands		20,0		22,5		42,5	8,0	34,5
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10,0	40,0				50,0		50,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum	12,3		15,0			27,3		27,3
318-6.67	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	20,0			-20,0				
318-6.70	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		80,0				80,0	43,9	36,1
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt	66,5	35,0		314,2		415,7	5,0	410,7
318-6.92	Héraðsskólahúsið á Laugarvatni		50,0		-50,0				
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt	90,2	43,0		-20,0		113,2	6,0	107,2
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**-24,4**	**1.647,3**	**44,0**	**-499,5**		**1.167,4**	**1.059,6**	**107,8**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	-46,3	99,8		13,1		66,6	67,0	-0,4
319-1.12	Orlof kennara	-8,4	156,3		-128,6		19,3	6,7	12,6
319-1.13	Forfallakennsla	-65,5	112,1		-93,4		-46,8		-46,8
319-1.14	Sérkennsla	-11,6	49,5		42,0		79,9	56,5	23,4
319-1.15	Prófkostnaður	8,5	88,7		-23,3		73,9	78,2	-4,3
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	1,5	23,5		7,9		32,9	32,8	0,1
319-1.17	Námsskrárgerð	5,9	43,0		2,0		50,9	29,4	21,5
319-1.18	Námsefnisgerð	11,4	156,6		6,5		174,5	151,8	22,7
319-1.19	Kennslueftirlit		7,2		0,2		7,4	9,8	-2,4
319-1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla		179,7		-170,1		9,6		9,6
319-1.21	Nám tannsmiða	-0,1	11,4		0,5		11,8	12,4	-0,6
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	-3,1	3,1		3,6		3,6	4,2	-0,6
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		5,8		0,3		6,1	5,8	0,3
319-1.26	Þróunarsjóður framhaldsskóla	29,4	40,1		-2,1		67,4	37,2	30,2
319-1.28	Mat á skólastarfi	-23,8	51,7		31,1		59,0	41,3	17,7
319-1.29	Forvarnastarf í skólum	2,7	5,6		0,3		8,6	6,0	2,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
319-1.30	Endurmenntun	5,1	32,1		1,4		38,6	39,3	-0,7
319-1.33	Myndlistarskólinn Akureyri		19,1				19,1	19,1	
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	0,2	24,1		9,9		34,2	34,0	0,2
319-1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi		8,4				8,4	8,4	
319-1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar		29,5		1,2		30,7	30,7	
319-1.39	Nám í listdansi	4,3	106,1		-21,2		89,2	85,4	3,8
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	6,1	96,4		-17,8		84,7	73,8	10,9
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	59,3	297,5	44,0	-163,0		237,8	229,8	8,0
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-50,0**	**905,0**		**-6,3**	**31,7**	**880,4**	**992,6**	**-112,2**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-50,0	905,0		-6,3	31,7	880,4	992,6	-112,2
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**132,5**	**749,5**		**79,7**	**64,1**	**1.025,8**	**917,4**	**108,4**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	132,5	749,5		79,7	64,1	1.025,8	917,4	108,4
02-352	**Flensborgarskóli**	**-29,5**	**458,1**		**52,6**	**1,7**	**482,9**	**513,6**	**-30,7**
352-1.01	Flensborgarskóli	-29,5	458,1		52,6	1,7	482,9	513,6	-30,7
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**107,0**	**664,6**		**7,7**	**7,9**	**787,2**	**697,5**	**89,7**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	107,0	664,6		7,7	7,9	787,2	697,5	89,7
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-23,6**	**386,5**		**78,4**	**0,9**	**442,2**	**490,9**	**-48,7**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-23,6	386,5		78,4	0,9	442,2	490,9	-48,7
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**26,6**	**176,1**		**22,3**	**0,3**	**225,3**	**205,8**	**19,5**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	26,6	176,1		22,3	0,3	225,3	205,8	19,5
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**3,7**	**316,8**		**26,0**	**7,1**	**353,6**	**346,9**	**6,7**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,7	316,8		26,0	7,1	353,6	346,9	6,7
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**23,8**	**599,1**		**58,5**	**3,3**	**684,7**	**673,2**	**11,5**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	23,8	599,1		58,5	3,3	684,7	673,2	11,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**16,4**	**166,8**		**27,0**	**3,9**	**214,1**	**205,6**	**8,5**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	16,4	166,8		27,0	3,9	214,1	205,6	8,5
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**2,7**	**910,6**		**123,0**	**30,8**	**1.067,1**	**1.057,3**	**9,8**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	2,7	910,6		123,0	30,8	1.067,1	1.057,3	9,8
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-15,4**	**416,4**		**60,0**	**12,3**	**473,3**	**478,0**	**-4,7**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-15,4	416,4		60,0	12,3	473,3	478,0	-4,7
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**32,3**	**124,8**		**11,8**	**0,5**	**169,4**	**130,9**	**38,5**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	32,3	124,8		11,8	0,5	169,4	130,9	38,5
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**26,7**	**121,3**		**14,5**	**1,5**	**164,0**	**140,0**	**24,0**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	26,7	121,3		14,5	1,5	164,0	140,0	24,0
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-8,5**	**138,2**	**10,0**	**9,2**	**-0,1**	**148,8**	**150,1**	**-1,3**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-8,5	138,2	10,0	9,2	-0,1	148,8	150,1	-1,3
02-365	**Borgarholtsskóli**	**78,8**	**779,6**		**114,9**	**6,2**	**979,5**	**915,4**	**64,1**
365-1.01	Borgarholtsskóli	78,8	779,6		114,9	6,2	979,5	915,4	64,1
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-5,6**	**177,4**		**17,3**	**0,3**	**189,4**	**207,8**	**-18,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-5,6	177,4		17,3	0,3	189,4	207,8	-18,4
02-368	**Menntaskóli Borgarfjarðar**	**3,8**	**90,3**		**36,7**	**-0,6**	**130,2**	**98,0**	**32,2**
368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	3,8	90,3		36,7	-0,6	130,2	98,0	32,2
02-369	**Menntaskólinn Hraðbraut**		**173,2**		**-21,9**		**151,3**	**181,5**	**-30,2**
369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut		173,2		-21,9		151,3	181,5	-30,2
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarske**	**-8,1**	**60,7**		**2,4**		**55,0**	**54,8**	**0,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-8,1	60,7		2,4		55,0	54,8	0,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**6,1**	**200,1**		**10,4**		**216,6**	**211,7**	**4,9**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6,1	200,1		10,4		216,6	211,7	4,9
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**239,5**	**1.005,9**	**112,0**	**46,3**		**1.403,7**	**1.197,8**	**205,9**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins		72,1				72,1	72,2	-0,1
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	28,2	41,4		-21,0		48,6	22,5	26,1
451-1.12	Námskeið og ráðgjöf		222,3	100,0			322,3	322,3	
451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	0,1	12,4		-12,4		0,1		0,1
451-1.15	Mímir, símenntun		11,4				11,4	11,4	
451-1.19	Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum o	100,0	100,0				200,0	69,2	130,8
451-1.20	Háskólasetur í Vestmannaeyjum		20,0				20,0	20,0	
451-1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi		15,0		3,0		18,0	18,0	
451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5,0	20,0				25,0	25,0	
451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra		15,0	4,0	3,0		22,0	18,0	4,0
451-1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar		15,0				15,0	15,0	
451-1.25	Fræðslumiðstöð Þingeyinga		15,0		-15,0				
451-1.26	Fræðslunet Austurlands		15,0		-15,0				
451-1.27	Fræðslunet Suðurlands		15,0		3,0		18,0	18,0	
451-1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum		15,0		3,0		18,0	18,0	
451-1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja		15,0		3,0		18,0	18,0	
451-1.30	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík		11,4				11,4	11,4	
451-1.31	Fræða- og þekkingasetur	23,4	126,8	8,0	88,9		247,1	205,5	41,6
451-1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar		8,0				8,0		8,0
451-1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	82,8	240,1		5,8		328,7	333,3	-4,6
02-504	**Tækniskólinn**			**772,9**	**45,9**		**818,8**	**818,8**	
504-1.01	Tækniskólinn			772,9	45,9		818,8	818,8	
02-505	**Fjöltækniskóli Íslands**		**327,8**	**-183,2**	**58,2**		**202,8**	**202,7**	**0,1**
505-1.01	Fjöltækniskóli Íslands		327,8	-183,2	58,2		202,8	202,7	0,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**9,0**	**1.191,2**	**-493,5**	**55,5**	**-0,2**	**762,0**	**770,6**	**-8,6**
514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	9,0	1.191,2	-493,5	55,5	-0,2	762,0	770,6	-8,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**121,0**	**519,7**		**45,5**	**0,7**	**686,9**	**588,8**	**98,1**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	121,0	519,7		45,5	0,7	686,9	588,8	98,1
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**	**25,1**		**3,9**		**29,1**	**28,7**	**0,4**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,1	25,1		3,9		29,1	28,7	0,4
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		**23,5**		**1,4**		**24,9**	**24,6**	**0,3**
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað		23,5		1,4		24,9	24,6	0,3
02-581	**Verslunarskóli Íslands**		**837,1**		**50,9**		**888,0**	**888,0**	
581-1.01	Verslunarskóli Íslands		837,1		50,9		888,0	888,0	
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-3,9**	**104,6**		**0,9**		**101,6**	**114,1**	**-12,5**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-12,1	22,7		0,1		10,7	20,0	-9,3
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	4,2	3,0				7,2	6,5	0,7
720-1.37	Endurmenntun	10,8	21,4		0,5		32,7	23,9	8,8
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	-0,2	42,9				42,7	42,9	-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-6,6	14,6		0,3		8,3	20,8	-12,5
02-725	**Námsgagnastofnun**	**22,6**	**379,9**		**4,5**		**407,0**	**376,8**	**30,2**
725-1.01	Námsgagnastofnun	22,6	379,9		4,5		407,0	376,8	30,2
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		**5.938,0**				**5.938,0**	**5.939,7**	**-1,7**
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna		5.938,0				5.938,0	5.939,7	-1,7
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**		**570,3**				**570,3**	**525,3**	**45,0**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði		520,2				520,2	496,4	23,8
884-1.10	Skólaakstur		50,1				50,1	28,9	21,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-9,2**	**81,2**	**6,0**	**2,1**		**80,1**	**78,2**	**1,9**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-9,2	81,2	6,0	2,1		80,1	78,2	1,9
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**47,2**	**487,8**	**9,0**	**11,7**		**555,7**	**494,6**	**61,1**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	19,2	339,1	9,0	11,7		379,0	354,6	24,4
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	12,9	78,7				91,6	75,5	16,1
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	15,1	70,0				85,1	64,5	20,6
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**35,8**	**291,3**	**21,8**	**6,4**		**355,3**	**271,8**	**83,5**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	25,8	277,2	21,8	5,8		330,6	256,9	73,7
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	10,0	14,1		0,6		24,7	14,9	9,8
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**23,9**	**597,7**		**38,2**		**659,8**	**618,8**	**41,0**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	23,9	597,7		38,2		659,8	618,8	41,0
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**12,5**	**16,4**		**0,6**		**29,5**	**17,2**	**12,3**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	12,5	16,4		0,6		29,5	17,2	12,3
02-907	**Listasafn Íslands**	**25,6**	**147,0**		**7,7**		**180,3**	**183,7**	**-3,4**
907-1.01	Listasafn Íslands	10,9	141,8		7,5		160,2	182,6	-22,4
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	14,7	5,2		0,2		20,1	1,1	19,0
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**8,9**	**47,5**		**2,6**		**59,0**	**53,8**	**5,2**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	8,9	47,5		2,6		59,0	53,8	5,2
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**2,5**	**84,4**		**4,4**		**91,3**	**103,2**	**-11,9**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	2,5	84,4		4,4		91,3	103,2	-11,9
02-911	**Náttúruminjasafn Íslands**	**7,6**	**31,0**		**0,3**		**38,9**	**19,1**	**19,8**
911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	7,6	31,0		0,3		38,9	19,1	19,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-918	**Safnasjóður**	**6,9**	**87,7**		**0,5**		**95,1**	**92,2**	**2,9**
918-1.10	Safnasjóður	6,9	87,7		0,5		95,1	92,2	2,9
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**36,2**	**329,2**	**47,0**			**412,4**	**317,6**	**94,8**
919-1.10	Listasafn ASÍ		6,4				6,4	6,4	
919-1.11	Nýlistasafn		9,9				9,9	9,9	
919-1.12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		10,4				10,4	10,4	
919-1.15	Hönnunarsafn Íslands	0,1	10,3				10,4	10,3	0,1
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	8,3	43,1				51,4	44,1	7,3
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	25,8	86,1	18,0			129,9	59,5	70,4
919-6.36	Síldarminjasafnið á Siglufirði		10,0				10,0	10,0	
919-6.45	Víkinganaust í Reykjanesbæ		20,0				20,0	20,0	
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður	2,0	133,0	29,0			164,0	147,0	17,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	**343,5**	**277,9**	**270,0**			**891,4**	**254,6**	**636,8**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands	-9,8	20,0				10,2		10,2
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana	-30,4	24,9				-5,5	11,1	-16,6
969-6.23	Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	2,7	75,0				77,7	72,3	5,4
969-6.73	Þjóðleikhúsið	33,1	20,0				53,1	45,0	8,1
969-6.82	Geymsluhúsnæði safna		70,0				70,0		70,0
969-6.84	Hönnunarsafn Íslands							7,5	-7,5
969-6.95	Menningarhús	350,0	40,0	270,0			660,0	100,0	560,0
969-6.96	Byggðasöfn	-2,1	28,0				25,9	18,7	7,2
02-971	**Ríkisútvarpið**		**2.930,0**	**196,8**		**60,0**	**3.186,8**	**3.172,8**	**14,0**
971-1.10	Ríkisútvarpið, afnotagjöld		2.930,0	196,8		60,0	3.186,8	3.172,8	14,0
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**9,5**	**102,9**		**5,7**		**118,1**	**107,2**	**10,9**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	9,5	102,9		5,7		118,1	107,2	10,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-68,9**	**648,9**	**80,0**	**36,5**		**696,5**	**703,8**	**-7,3**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-68,9	648,9	80,0	36,5		696,5	703,8	-7,3
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		**571,6**	**16,0**	**30,1**	**16,4**	**634,1**	**662,9**	**-28,8**
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands		571,6	16,0	30,1	16,4	634,1	662,9	-28,8
02-977	**Höfundarréttargjöld**		**78,8**			**-26,2**	**52,6**	**53,6**	**-1,0**
977-1.11	Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga		71,0			-33,4	37,6	37,6	
977-1.13	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myn		2,7			7,0	9,7	9,7	
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við g		1,0				1,0	2,0	-1,0
977-1.15	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við já		4,1			0,2	4,3	4,3	
02-978	**Listasjóðir**	**100,2**	**334,2**		**16,4**		**450,8**	**315,4**	**135,4**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	100,2	334,2		16,4		450,8	315,4	135,4
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**17,7**	**218,8**		**0,9**		**237,4**	**220,7**	**16,7**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-49,7	33,5		0,9		-15,3	32,2	-47,5
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	67,4	185,3				252,7	188,5	64,2
02-980	**Listskreytingasjóður**	**11,8**	**7,1**				**18,9**	**8,8**	**10,1**
980-6.01	Listskreytingasjóður	11,8	7,1				18,9	8,8	10,1
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**170,9**	**631,7**		**2,5**		**805,1**	**564,1**	**241,0**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	24,8	71,7		2,5		99,0	75,8	23,2
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	146,1	560,0				706,1	488,3	217,8
02-982	**Listir, framlög**	**99,9**	**897,8**	**36,8**	**44,3**		**1.078,8**	**934,7**	**144,1**
982-1.14	Bókasafnssjóður höfunda		30,0				30,0	30,0	
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	-3,0	18,0	10,0			25,0	18,0	7,0
982-1.18	Bókmenntasjóður	30,1	50,0				80,1	16,1	64,0
982-1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga		28,4				28,4	28,4	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
982-1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga		8,3				8,3	8,3	
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	7,0	66,1				73,1	67,8	5,3
982-1.25	Tónlistarsjóður	2,2	54,0				56,2	53,6	2,6
982-1.27	Tónlist fyrir alla	0,2	7,9				8,1	7,9	0,2
982-1.28	Barnamenningarsjóður	5,8	4,9				10,7	7,5	3,2
982-1.29	Íslenska tónverkamiðstöðin		14,1		0,3		14,4	14,4	
982-1.30	Íslenska óperan		175,7				175,7	175,7	
982-1.44	Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menn	10,0			-10,0				
982-1.45	Samningar við sveitarfélög um menningarmál		279,0		68,0		347,0	347,0	
982-1.56	Frönsk menningarkynning á Íslandi	-5,2					-5,2	0,4	-5,6
982-1.57	Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	50,0		25,0	-1,1		73,9	17,0	56,9
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþir		50,4	1,8			52,2	50,4	1,8
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	-0,1	8,5				8,4	7,9	0,5
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík		36,0				36,0	36,0	
982-1.90	Listir	2,8	49,8				52,6	48,3	4,3
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	0,1	16,7		-12,9		3,9		3,9
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**13,6**	**184,8**		**1,5**		**199,9**	**173,2**	**26,7**
983-1.10	Fræðistörf	-0,3	13,5				13,2	10,9	2,3
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	4,9	55,6				60,5	55,6	4,9
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-0,2	19,2		0,7		19,7	21,2	-1,5
983-1.20	Iðnsaga Íslands	9,6	3,8		0,1		13,5	0,7	12,8
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	6,2	4,2		0,1		10,5	4,7	5,8
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		19,7				19,7	19,7	
983-1.52	Skriðuklaustur	-10,7	24,7		0,6		14,6	24,0	-9,4
983-1.53	Snorrastofa		19,1				19,1	19,1	
983-1.54	Fornleifasjóður	4,1	25,0				29,1	17,3	11,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-984	**Norræn samvinna**	**-1,3**	**23,5**				**22,2**	**14,9**	**7,3**
984-1.90	Norræn samvinna	-1,3	9,0				7,7	9,0	-1,3
984-1.98	Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norræ		14,5				14,5	5,9	8,6
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-64,0**	**814,2**		**306,8**		**1.057,0**	**1.186,3**	**-129,3**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-64,0	41,4		0,2		-22,4	46,5	-68,9
985-1.91	Aðildargjöld ESB		758,3		306,6		1.064,9	1.125,3	-60,4
985-1.95	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna		14,5				14,5	14,5	
02-988	**Æskulýðsmál**	**26,3**	**242,8**				**269,1**	**239,0**	**30,1**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	6,3	2,9				9,2	3,1	6,1
988-1.12	Ungmennafélag Íslands		123,4				123,4	123,4	
988-1.13	Bandalag íslenskra skáta		36,6				36,6	36,6	
988-1.14	Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni		3,9				3,9	3,9	
988-1.15	Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi		3,9				3,9	3,9	
988-1.17	Landssamband KFUM og KFUK		32,6				32,6	32,6	
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	2,4	7,5				9,9	5,3	4,6
988-1.19	Æskulýðssjóður	12,9	9,8				22,7	7,9	14,8
988-1.90	Æskulýðsmál	4,7	22,2				26,9	22,3	4,6
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**26,8**	**484,9**	**74,0**	**1,2**		**586,9**	**543,4**	**43,5**
989-1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands		162,9	4,0			166,9	162,9	4,0
989-1.11	Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands		59,0				59,0	59,0	
989-1.12	Ólympíunefnd fatlaðra		3,0				3,0	3,0	
989-1.14	Íþróttasamband fatlaðra		22,6				22,6	22,6	
989-1.15	Skólaíþróttir	0,4	3,0				3,4	2,4	1,0
989-1.16	Íþróttasjóður	11,8	17,9				29,7	22,6	7,1
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	1,7	3,6				5,3	5,3	
989-1.20	Glímusamband Íslands		4,9				4,9	4,9	
989-1.21	Skáksamband Íslands		18,7				18,7	18,7	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	2,2	16,7		0,9		19,8	17,2	2,6
989-1.25	Skákskóli Íslands		8,6		0,3		8,9	8,9	
989-1.29	Afrekssjóður ÍSÍ		30,0				30,0	30,0	
989-1.30	Bridgesamband Íslands		15,0				15,0	15,0	
989-1.31	Lyfjaeftirlit		12,0				12,0	12,0	
989-1.90	Ýmis íþróttamál	-0,5	7,0	70,0			76,5	57,7	18,8
989-6.52	Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð		10,0				10,0	10,0	
989-6.53	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	-1,8	35,0				33,2	33,2	
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	13,0	5,0				18,0	8,0	10,0
989-6.58	Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík		50,0				50,0	50,0	
02-994	**Uppbygging menntunar og menningar á landsby**	**-25,0**					**-25,0**		**-25,0**
994-1.01	Uppbygging menntunar og menningar á landsbygg	-25,0					-25,0		-25,0
02-995	**Tungutækni**	**3,8**					**3,8**	**3,4**	**0,4**
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni	3,8					3,8	3,4	0,4
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**								
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið								
02-999	**Ýmislegt**	**85,7**	**633,8**	**47,0**	**29,1**		**795,6**	**610,1**	**185,5**
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	12,0	10,1		-0,5		21,6	17,5	4,1
999-1.90	Ýmis framlög	31,2	135,6		24,6		191,4	159,7	31,7
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	29,3	155,0	27,0	-15,2		196,1	110,3	85,8
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög	19,3	333,1	20,0			372,4	302,7	69,7
999-6.91	Þróunarmál í upplýsingatækni	-6,1			20,2		14,1	19,9	-5,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
03 Utanríkisráðuneyti		***2.359,6***	***8.908,0***	***104,4***	***1.244,7***	***28,1***	***12.644,8***	***9.847,5***	***2.797,3***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**55,0**	**912,5**		**57,5**		**1.025,0**	**992,3**	**32,7**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	55,0	912,5		53,0		1.020,5	987,2	33,3
101-1.53	Þýðingamiðstöð								
101-6.01	Tæki og búnaður				4,5		4,5	5,1	-0,6
03-111	**Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis**	**0,4**	**137,4**	**29,0**	**4,2**		**171,0**	**155,0**	**16,0**
111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	0,4	137,4	29,0	4,2		171,0	155,0	16,0
03-190	**Ýmis verkefni**	**30,5**	**46,4**	**70,0**	**0,7**		**147,6**	**57,0**	**90,6**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-4,2	6,0				1,8	4,9	-3,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES	-2,0	2,5				0,5	4,0	-3,5
190-1.15	Heimssýning í Aichi í Japan	3,2					3,2	-0,6	3,8
190-1.16	Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína			70,0			70,0		70,0
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,8	2,7				4,5	2,3	2,2
190-1.23	Mannréttindamál	1,0	4,0				5,0	3,8	1,2
190-1.24	Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahi		6,7		0,2		6,9		6,9
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	10,7	6,1		0,1		16,9	6,1	10,8
190-1.26	Nám í heimskautarétti	8,0	5,0				13,0	13,0	
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,5	13,4		0,4		25,3	17,7	7,6
190-1.90	Ýmis verkefni	0,5					0,5	5,8	-5,3
03-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
03-213	**Varnarmál**	**30,3**	**533,8**		**-202,7**		**361,4**	**350,9**	**10,5**
213-1.01	Varnarmál	30,3	491,8		-202,7		319,4	308,9	10,5
213-6.01	Tæki og búnaður		42,0				42,0	42,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
03-214	**Varnarmálastofnun**			**479,7**	**203,0**		**682,7**	**409,9**	**272,8**
214-1.01	Varnarmálastofnun			479,7	203,0		682,7	409,9	272,8
03-217	**Ratsjárstofnun**		**822,3**	**-479,7**	**13,9**		**356,5**	**375,8**	**-19,3**
217-1.01	Ratsjárstofnun		822,3	-479,7	13,9		356,5	375,8	-19,3
03-300	**Sendiráð Íslands**	**34,2**	**1.902,0**		**599,5**		**2.535,7**	**2.189,0**	**346,7**
300-1.01	Sendiráð Íslands	37,0	1.814,0		599,5		2.450,5	2.092,5	358,0
300-5.21	Viðhald fasteigna	1,9	45,0				46,9	9,8	37,1
300-6.01	Tæki og búnaður	-9,9	43,0				33,1	22,7	10,4
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín	-10,1					-10,1	-6,9	-3,2
300-6.27	Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn	17,2					17,2	65,7	-48,5
300-6.29	Bústaður aðalræðismanns í Þórhöfn, Færeyjum	-1,9					-1,9	5,2	-7,1
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**66,5**	**1.551,4**		**332,9**		**1.950,8**	**1.846,1**	**104,7**
390-1.01	Almennur rekstur	-22,1	115,3		2,9		96,1	126,2	-30,1
390-1.11	Þróunaraðstoð	88,6	1.436,1		330,0		1.854,7	1.696,4	158,3
390-6.11	Bifreiðar							23,5	-23,5
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**128,4**	**1.421,6**	**7,6**	**48,7**		**1.606,3**	**1.316,1**	**290,2**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	39,0	206,3		8,1		253,4	192,9	60,5
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóða		6,7	7,6	2,6		16,9	16,8	0,1
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		50,0				50,0	37,9	12,1
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF		70,0				70,0	70,0	
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	2,0	154,5		6,1		162,6	154,5	8,1
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróu	2,9	87,5				90,4	37,0	53,4
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herz	40,6					40,6		40,6
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-10,5	309,1		7,7		306,3	283,8	22,5
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	54,4	537,5		24,2		616,1	523,2	92,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**2.014,3**	**1.172,1**		**192,0**		**3.378,4**	**1.726,0**	**1.652,4**
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		55,7		21,8		77,5	81,1	-3,6
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNE		9,2		3,6		12,8	8,7	4,1
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA		7,6		3,0		10,6	17,4	-6,8
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO		3,2		1,7		4,9	4,9	
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)		32,5				32,5		32,5
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið		6,3		1,3		7,6	7,8	-0,2
401-1.39	Evrópuráðið		34,5		16,1		50,6	52,7	-2,1
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD		33,6		15,7		49,3		49,3
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO		65,2		30,5		95,7	163,8	-68,1
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA		47,3		22,1		69,4	71,8	-2,4
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA		75,7				75,7	46,9	28,8
401-1.72	EFTA-dómstóllinn		24,7		11,5		36,2	25,3	10,9
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	1.619,1	88,7				1.707,8	347,5	1.360,3
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE		26,0		4,3		30,3	21,8	8,5
401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn		1,3		0,5		1,8		1,8
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	-29,8	170,1		43,9		184,2	215,3	-31,1
401-1.87	Íslensk friðargæsla	383,5	460,5		16,0		860,0	631,0	229,0
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja	41,5	30,0				71,5	30,0	41,5
03-611	**Útflutningsráð Íslands**		**403,5**	**-2,2**		**28,1**	**429,4**	**429,4**	
611-1.10	Útflutningsráð Íslands		403,5	-2,2		28,1	429,4	429,4	
04	***Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti***	***2.488,3***	***16.350,4***	***928,8***	***132,9***	***1.674,2***	***21.574,6***	***18.602,6***	***2.972,0***
04-101	**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskr**	**85,8**	**433,0**	**22,3**	**11,6**		**552,7**	**439,4**	**113,3**
101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifst	85,8	433,0	22,3	11,6		552,7	439,4	113,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-190	**Ýmis verkefni**	**108,5**	**369,6**	**8,0**	**36,2**		**522,3**	**408,4**	**113,9**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	10,4	4,7		0,1		15,2	3,2	12,0
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-1,2	5,7		0,2		4,7	8,0	-3,3
190-1.21	Landþurrkun		4,5				4,5	4,5	
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	36,5	41,1		9,0		86,6	24,7	61,9
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	4,0	14,4		4,5		22,9	16,0	6,9
190-1.34	Eldi sjávardýra	0,4	19,1				19,5	19,1	0,4
190-1.35	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	5,0	17,0				22,0	20,3	1,7
190-1.36	Matvælasetur	0,1	7,0		0,3		7,4	7,0	0,4
190-1.49	Úrskurðarnefndir	-0,8	2,3		0,1		1,6	3,0	-1,4
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		5,3		1,3		6,6	7,2	-0,6
190-1.52	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO		8,7		3,6		12,3	15,0	-2,7
190-1.53	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICC		33,9		10,4		44,3	81,8	-37,5
190-1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC		8,2		1,4		9,6	10,2	-0,6
190-1.90	Ýmis verkefni	-9,1	65,5				56,4	58,9	-2,5
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðune	33,4	127,2	8,0	5,3		173,9	117,3	56,6
190-6.41	Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	11,2	5,0				16,2	2,9	13,3
190-6.42	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	18,6					18,6	9,3	9,3
04-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**9,0**		**-9,0**		**-0,1**		**-0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	9,0		-9,0		-0,1		-0,1
04-215	**Fiskistofa**	**101,1**	**701,1**	**14,7**	**26,5**	**-6,2**	**837,2**	**724,5**	**112,7**
215-1.01	Fiskistofa	101,1	701,1	14,7	26,5	-6,2	837,2	715,8	121,4
215-6.11	Bifreiðar							8,7	-8,7
04-217	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**21,8**	**15,1**		**0,4**		**37,3**	**26,2**	**11,1**
217-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	21,8	15,1		0,4		37,3	26,2	11,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-234	**Matvælastofnun**	**-11,6**	**864,5**	**53,5**	**18,2**	**41,0**	**965,6**	**937,8**	**27,8**
234-1.01	Matvælastofnun	-40,3	860,5	53,5	18,2	41,0	932,9	934,0	-1,1
234-5.90	Dýralæknisbústaðir	28,7	4,0				32,7	3,8	28,9
04-331	**Héraðs- og Austurlandsskógar**	**39,1**	**154,0**		**1,8**		**194,9**	**169,6**	**25,3**
331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	39,1	154,0		1,8		194,9	169,6	25,3
04-332	**Suðurlandsskógar**	**7,6**	**125,8**		**2,0**		**135,4**	**139,7**	**-4,3**
332-1.01	Suðurlandsskógar	7,6	125,8		2,0		135,4	139,7	-4,3
04-334	**Vesturlandsskógar**	**-12,0**	**67,7**		**1,0**		**56,7**	**49,8**	**6,9**
334-1.01	Vesturlandsskógar	-12,0	67,7		1,0		56,7	49,8	6,9
04-335	**Skjólskógar á Vestfjörðum**	**-2,7**	**51,2**		**0,8**		**49,3**	**47,2**	**2,1**
335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	-2,7	51,2		0,8		49,3	47,2	2,1
04-336	**Norðurlandsskógar**	**11,8**	**114,7**		**1,9**		**128,4**	**124,1**	**4,3**
336-1.01	Norðurlandsskógar	11,8	114,7		1,9		128,4	124,1	4,3
04-401	**Hafrannsóknastofnunin**	**-10,5**	**1.431,8**	**55,0**	**36,1**		**1.512,4**	**1.410,8**	**101,6**
401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	-10,5	1.409,8	55,0	36,1		1.490,4	1.383,4	107,0
401-6.11	Bifreiðar							5,3	-5,3
401-6.21	Húsnæði		22,0				22,0	22,1	-0,1
04-405	**Veiðimálastofnun**	**8,5**	**74,4**	**8,5**	**1,9**		**93,3**	**73,4**	**19,9**
405-1.01	Veiðimálastofnun	8,5	74,4	8,5	1,9		93,3	71,6	21,7
405-6.11	Bifreiðar							1,8	-1,8
04-411	**Matvælarannsóknir**	**34,7**	**395,3**	**15,0**			**445,0**	**430,0**	**15,0**
411-1.01	Matvælarannsóknir	34,7	395,3	15,0			445,0	430,0	15,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-412	**Gengismunasjóður**	**-0,2**					**-0,2**		**-0,2**
412-1.10	Gengismunasjóður	-0,2					-0,2		-0,2
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**248,4**	**35,0**			**-8,9**	**274,5**	**-122,6**	**397,1**
413-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	248,4	35,0			-8,9	274,5	-122,6	397,1
04-414	**Sjávarspendýrasjóður**	**2,6**					**2,6**	**-0,5**	**3,1**
414-1.10	Sjávarspendýrasjóður	2,6					2,6	-0,5	3,1
04-415	**Sjóður til síldarrannsókna**	**159,2**					**159,2**	**-38,2**	**197,4**
415-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	159,2					159,2	-38,2	197,4
04-416	**Veiðarfærarannsóknir**	**5,2**					**5,2**	**0,5**	**4,7**
416-1.10	Veiðarfærarannsóknir	5,2					5,2	0,5	4,7
04-417	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfa**	**6,2**	**335,0**				**341,2**	**335,4**	**5,8**
417-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	6,2	335,0				341,2	335,4	5,8
04-418	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**-0,3**					**-0,3**		**-0,3**
418-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	-0,3					-0,3		-0,3
04-421	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**38,5**	**10,4**				**48,9**	**6,4**	**42,5**
421-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	17,4					17,4	6,4	11,0
421-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	21,1	10,4				31,5		31,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-423	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**55,3**	**64,2**		**2,7**		**122,2**	**41,7**	**80,5**
423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	55,3	64,2		2,7		122,2	41,7	80,5
04-425	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**113,3**					**113,3**	**113,5**	**-0,2**
425-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	113,3					113,3	113,5	-0,2
04-426	**Húsbyggingarsjóður**	**119,8**					**119,8**	**-70,2**	**190,0**
426-1.10	Húsbyggingarsjóður	119,8					119,8	-70,2	190,0
04-481	**Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar**		**160,0**				**160,0**	**160,0**	
481-1.01	Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar		160,0				160,0	160,0	
04-483	**Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**		**137,8**				**137,8**	**132,8**	**5,0**
483-1.11	Bændur græða landið		45,0				45,0	40,0	5,0
483-1.13	Fyrirhleðslur		67,8				67,8	67,8	
483-1.15	Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar		25,0				25,0	25,0	
04-487	**Hagþjónusta landbúnaðarins**		**24,2**		**0,8**		**25,0**	**24,3**	**0,7**
487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins		24,2		0,8		25,0	24,3	0,7
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**	**130,0**	**5.004,0**	**227,9**			**5.361,9**	**5.369,4**	**-7,5**
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda		4.102,0	256,4			4.358,4	4.366,1	-7,7
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		198,0				198,0	198,0	
801-1.05	Kynbóta- og þróunarstarfsemi	-1,6	120,0	8,9			127,3	127,2	0,1
801-1.06	Gripagreiðslur	112,0	504,0	-78,4			537,6	537,5	0,1
801-1.07	Óframleiðslutengdur stuðningur	19,6	80,0	41,0			140,6	140,6	
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**3.648,0**	**253,3**			**3.901,3**	**4.011,9**	**-110,6**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		1.813,0	85,5			1.898,5	1.901,4	-2,9
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda		110,0				110,0	110,0	
805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður							26,6	-26,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
805-1.11	Gæðastýring		949,0	90,1			1.039,1	1.038,7	0,4
805-1.12	Ullarnýting		317,0	30,8			347,8	347,8	
805-1.13	Markaðsstarf og birgðahald		329,0	33,5			362,5	362,5	
805-1.14	Svæðisbundinn stuðningur		45,0	4,2			49,2	49,2	
805-1.15	Nýliðunar- og átaksverkefni		85,0	9,2			94,2	94,8	-0,6
805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt							80,9	-80,9
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**-10,0**	**350,3**	**136,3**			**476,6**	**459,5**	**17,1**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda	33,0	217,0	20,8			270,8	246,0	24,8
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	-49,8	105,4	112,8			168,4	178,6	-10,2
807-1.07	Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	6,8					6,8	7,0	-0,2
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og enc		27,9	2,7			30,6	27,9	2,7
04-811	**Bændasamtök Íslands**		**533,8**	**41,7**			**575,5**	**575,5**	
811-1.11	Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt		418,8	41,7			460,5	460,5	
811-1.13	Þróunarverkefni og markaðsverkefni		115,0				115,0	115,0	
04-818	**Búnaðarsjóður**		**310,0**			**-32,6**	**277,4**	**277,4**	
818-1.10	Búnaðarsjóður		310,0			-32,6	277,4	277,4	
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**53,9**	**160,0**				**213,9**	**100,3**	**113,6**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	53,9	160,0				213,9	100,3	113,6
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**		**89,0**			**315,8**	**404,8**	**404,8**	
824-1.10	Verðmiðlun landbúnaðarvara		89,0			3,9	92,9	92,9	
824-1.11	Verðtilfærslugjald á mjólk					311,9	311,9	311,9	
04-827	**Fóðursjóður**		**315,0**			**1.005,6**	**1.320,6**	**1.320,6**	
827-1.10	Fóðursjóður		315,0			1.005,6	1.320,6	1.320,6	
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	**852,5**	**74,0**	**-303,0**		**354,8**	**978,3**	**196,7**	**781,6**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	852,5	74,0	-303,0		354,8	978,3	196,7	781,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-840	**Stuðningur við fiskeldi**		**170,0**				**170,0**		**170,0**
840-1.01	Stuðningur við fiskeldi		170,0				170,0		170,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**38,9**	**23,5**	**305,6**		**4,7**	**372,7**	**14,6**	**358,1**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	38,9	23,5	305,6		4,7	372,7	14,6	358,1
04-851	**Greiðslur vegna riðuveiki**		**52,0**				**52,0**	**51,2**	**0,8**
851-1.90	Greiðslur vegna riðuveiki		52,0				52,0	51,2	0,8
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**293,0**	**47,0**	**90,0**			**430,0**	**256,7**	**173,3**
891-1.14	Átak í hrossarækt	0,2	25,0				25,2	10,8	14,4
891-1.91	Loðdýrafóður	14,8	22,0				36,8	22,9	13,9
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála	278,0					278,0	223,0	55,0
891-6.93	Landsmótssvæði fyrir hestamenn að Gaddstaðaflöt			90,0			90,0		90,0
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***1.290,7***	***23.460,7***	***315,0***	***1.648,3***	***102,0***	***26.816,7***	***25.908,7***	***908,0***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**17,7**	**341,1**		**40,8**		**399,6**	**388,6**	**11,0**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	17,7	341,1		40,8		399,6	388,6	11,0
06-102	**Stjórnartíðindi**					**24,7**	**24,7**	**25,5**	**-0,8**
102-1.01	Stjórnartíðindi					24,7	24,7	25,5	-0,8
06-103	**Lagasafn**	**10,4**					**10,4**	**-3,1**	**13,5**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	10,4					10,4	-3,1	13,5
06-106	**Þjóðskrá**	**18,9**	**293,2**		**10,1**	**19,1**	**341,3**	**353,3**	**-12,0**
106-1.01	Þjóðskrá	-2,5	293,2		10,1	19,1	319,9	346,7	-26,8
106-6.01	Tæki og búnaður	21,4					21,4	6,6	14,8
06-111	**Kosningar**		**171,3**	**-160,0**	**1,5**		**12,8**	**6,5**	**6,3**
111-1.10	Kosningar		171,3	-160,0	1,5		12,8	6,5	6,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-190	**Ýmis verkefni**	**0,3**	**204,4**	**30,0**	**14,3**	**3,9**	**252,9**	**277,5**	**-24,6**
190-1.10	Fastanefndir	-11,0	24,0		0,7	3,9	17,6	23,3	-5,7
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	0,4	3,7		0,1		4,2	1,0	3,2
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-3,5	30,2		0,7		27,4	34,0	-6,6
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		14,3		0,2		14,5	14,3	0,2
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg	0,4	83,5	30,0			113,9	113,9	
190-1.40	Alþjóðasamstarf		7,1		2,6		9,7	10,7	-1,0
190-1.45	Mannréttindamál	3,8	18,0				21,8	17,9	3,9
190-1.46	Stöðupróf í íslensku vegna veitingar ríkisborgararé		2,0				2,0	2,0	
190-1.47	Íslensk ættleiðing		9,5				9,5	9,5	
190-1.48	Hollvinasamtök varðskipsins Óðins		5,0		1,0		6,0	6,0	
190-1.51	Innheimta meðlaga	-5,5	4,0				-1,5	3,1	-4,6
190-1.82	Biblíuþýðingar		0,6				0,6	0,6	
190-1.90	Ýmislegt	10,0			9,0		19,0	9,4	9,6
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	5,7	2,5				8,2	31,8	-23,6
06-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-201	**Hæstiréttur**	**11,1**	**98,2**		**2,3**		**111,6**	**104,2**	**7,4**
201-1.01	Hæstiréttur	11,1	98,2		2,3		111,6	104,2	7,4
06-210	**Héraðsdómstólar**	**41,5**	**924,5**		**29,8**		**995,8**	**962,0**	**33,8**
210-1.01	Héraðsdómstólar	41,5	924,5		29,8		995,8	924,7	71,1
210-1.11	Meðdómsmenn							36,1	-36,1
210-6.01	Tæki og búnaður							1,2	-1,2
06-231	**Málskostnaður í opinberum málum**		**355,0**				**355,0**	**511,3**	**-156,3**
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		355,0				355,0	511,3	-156,3
06-232	**Opinber réttaraðstoð**		**186,2**				**186,2**	**243,7**	**-57,5**
232-1.10	Opinber réttaraðstoð		177,9				177,9	235,0	-57,1
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamı		4,0				4,0	4,4	-0,4
232-1.16	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana		4,3				4,3	4,3	
06-235	**Bætur brotaþola**		**60,0**				**60,0**	**77,9**	**-17,9**
235-1.10	Bætur brotaþola		60,0				60,0	77,9	-17,9
06-251	**Persónuvernd**	**20,0**	**61,0**		**3,5**		**84,5**	**77,0**	**7,5**
251-1.01	Persónuvernd	20,0	61,0		3,5		84,5	77,0	7,5
06-301	**Ríkissaksóknari**	**6,8**	**121,2**		**3,5**		**131,5**	**136,6**	**-5,1**
301-1.05	Ríkissaksóknari	6,8	121,2		3,5		131,5	136,6	-5,1
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-29,4**	**1.201,3**		**99,7**		**1.271,6**	**1.289,9**	**-18,3**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-16,3	1.206,9		107,9		1.298,5	1.330,1	-31,6
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-31,5	-124,6		-8,2		-164,3	-143,2	-21,1
303-6.11	Bifreiðar	18,4	119,0				137,4	103,0	34,4
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**82,6**	**211,3**		**7,1**		**301,0**	**246,7**	**54,3**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	82,6	211,3		7,1		301,0	246,7	54,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	**-64,7**	**2.930,0**		**244,0**		**3.109,3**	**3.271,7**	**-162,4**
310-1.01	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-64,7	2.930,0		244,0		3.109,3	3.271,7	-162,4
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaður**	**-85,6**	**968,9**	**200,0**	**86,9**	**48,8**	**1.219,0**	**1.406,5**	**-187,5**
312-1.01	Yfirstjórn	-288,3	68,5		3,4		-216,4	231,5	-447,9
312-1.20	Löggæsla	-602,4	424,5	200,0	57,2		79,3	592,8	-513,5
312-1.30	Öryggisverkefni	154,2	136,7		7,4		298,3	195,2	103,1
312-1.40	Tollgæsla	650,9	339,2		18,9	48,8	1.057,8	387,0	670,8
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**-18,1**	**172,1**		**84,9**		**238,9**	**260,4**	**-21,5**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	-18,1	172,1		84,9		238,9	260,4	-21,5
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**10,7**	**56,8**		**-33,1**		**34,4**		**34,4**
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	10,7	56,8		-33,1		34,4		34,4
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**-19,6**	**173,4**	**62,0**	**-140,7**		**75,1**	**58,9**	**16,2**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-29,5	133,9	62,0	-140,7		25,7	15,9	9,8
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftave	10,0	15,0				25,0	15,0	10,0
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,1	24,5				24,4	28,0	-3,6
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**	**23,9**	**10,0**		**-15,7**		**18,2**	**0,3**	**17,9**
391-6.21	Fasteignir	23,9	10,0		-15,7		18,2	0,3	17,9
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-101,6**	**2.317,6**	**20,9**	**265,1**	**3,7**	**2.505,7**	**2.660,5**	**-154,8**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-45,3	2.170,6	20,9	265,1	3,7	2.415,0	2.487,2	-72,2
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	-40,9	147,0				106,1	174,5	-68,4
395-6.01	Tæki og búnaður	-15,4					-15,4	-1,2	-14,2
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**	**620,8**	**1.927,8**		**600,0**		**3.148,6**	**2.103,2**	**1.045,4**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands	620,8	1.927,8		600,0		3.148,6	2.103,2	1.045,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-397	**Schengen-samstarf**	**102,1**	**94,5**		**0,5**		**197,1**	**137,5**	**59,6**
397-1.01	Schengen-samstarf	102,1	94,5		0,5		197,1	137,5	59,6
06-398	**Útlendingastofnun**	**3,6**	**210,9**	**30,0**	**4,9**		**249,4**	**267,7**	**-18,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	3,6	210,9	30,0	4,9		249,4	267,7	-18,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**23,0**	**310,8**		**15,1**		**348,9**	**342,1**	**6,8**
411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	23,0	310,8		15,1		348,9	342,1	6,8
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**7,2**	**171,8**		**16,6**		**195,6**	**184,3**	**11,3**
412-1.01	Yfirstjórn	32,3	71,9		4,0		108,2	77,3	30,9
412-1.20	Löggæsla	-25,1	99,9		12,6		87,4	107,0	-19,6
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**12,3**	**152,1**		**8,5**		**172,9**	**178,2**	**-5,3**
413-1.01	Yfirstjórn	2,8	58,7		1,7		63,2	65,6	-2,4
413-1.20	Löggæsla	9,5	93,4		6,8		109,7	112,6	-2,9
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**8,9**	**157,1**		**10,8**		**176,8**	**167,6**	**9,2**
414-1.01	Yfirstjórn	7,3	67,1		2,0		76,4	66,1	10,3
414-1.20	Löggæsla	1,6	90,0		8,8		100,4	101,5	-1,1
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**2,0**	**23,7**		**4,0**		**29,7**	**27,2**	**2,5**
415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	2,0	23,7		4,0		29,7	27,2	2,5
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**1,6**	**35,4**		**1,4**		**38,4**	**37,3**	**1,1**
416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1,6	35,4		1,4		38,4	37,3	1,1
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**1,0**	**25,1**		**1,3**		**27,4**	**27,3**	**0,1**
417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	1,0	25,1		1,3		27,4	27,3	0,1
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**2,0**	**290,7**		**30,2**		**322,9**	**324,3**	**-1,4**
418-1.01	Yfirstjórn	-3,8	76,7		16,7		89,6	94,9	-5,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
418-1.20	Löggæsla	20,0	208,3		13,3		241,6	221,1	20,5
418-1.40	Tollgæsla	-14,2	5,7		0,2		-8,3	8,3	-16,6
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**5,7**	**28,3**		**2,2**		**36,2**	**30,1**	**6,1**
419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	5,7	28,3		2,2		36,2	30,1	6,1
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**25,9**	**176,2**	**15,0**	**11,1**		**228,2**	**187,7**	**40,5**
420-1.01	Yfirstjórn	8,7	52,9		1,7		63,3	59,0	4,3
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	11,8	52,2	15,0	1,8		80,8	51,3	29,5
420-1.20	Löggæsla	5,4	71,1		7,6		84,1	77,4	6,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**0,1**	**135,9**		**18,7**		**154,7**	**156,9**	**-2,2**
421-1.01	Yfirstjórn	2,5	56,4		5,9		64,8	64,0	0,8
421-1.20	Löggæsla	-2,4	79,5		12,8		89,9	92,9	-3,0
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**17,9**	**58,3**		**2,3**		**78,5**	**51,1**	**27,4**
422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði	17,9	58,3		2,3		78,5	51,1	27,4
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**20,6**	**472,1**		**31,1**		**523,8**	**508,1**	**15,7**
424-1.01	Yfirstjórn	117,2	163,4		4,6		285,2	155,0	130,2
424-1.20	Löggæsla	-81,9	295,7		26,2		240,0	335,7	-95,7
424-1.40	Tollgæsla	-14,7	13,0		0,3		-1,4	17,4	-18,8
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**1,3**	**168,2**		**11,0**		**180,5**	**179,3**	**1,2**
425-1.01	Yfirstjórn	52,6	73,9		1,7		128,2	65,5	62,7
425-1.20	Löggæsla	-51,3	94,3		9,3		52,3	113,8	-61,5
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**39,1**	**188,9**		**9,0**		**237,0**	**213,1**	**23,9**
426-1.01	Yfirstjórn	5,7	76,8		2,1		84,6	77,0	7,6
426-1.20	Löggæsla	5,2	93,7		6,2		105,1	109,9	-4,8
426-1.40	Tollgæsla	28,2	18,4		0,7		47,3	26,2	21,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**80,7**	**242,9**		**16,6**		**340,2**	**272,1**	**68,1**
428-1.01	Yfirstjórn	65,1	77,2		2,1		144,4	80,6	63,8
428-1.20	Löggæsla	16,1	157,5		14,2		187,8	181,2	6,6
428-1.40	Tollgæsla	-0,5	8,2		0,3		8,0	10,3	-2,3
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**8,9**	**38,5**		**1,6**		**49,0**	**36,5**	**12,5**
429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	8,9	38,5		1,6		49,0	36,5	12,5
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**7,8**	**48,1**		**1,7**	**1,8**	**59,4**	**46,1**	**13,3**
430-1.01	Yfirstjórn	4,0	26,6		1,7		32,3	28,4	3,9
430-1.05	Lögbirtingablað	3,8	21,5			1,8	27,1	17,7	9,4
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**23,4**	**160,0**		**9,3**		**192,7**	**166,7**	**26,0**
431-1.01	Yfirstjórn	14,6	57,8		3,7		76,1	62,0	14,1
431-1.20	Löggæsla	8,8	102,2		5,6		116,6	104,7	11,9
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**4,6**	**166,7**		**8,7**		**180,0**	**173,3**	**6,7**
432-1.01	Yfirstjórn	0,9	65,2		1,7		67,8	66,5	1,3
432-1.20	Löggæsla	6,9	85,0		6,6		98,5	91,7	6,8
432-1.40	Tollgæsla	-3,2	16,5		0,4		13,7	15,1	-1,4
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**38,7**	**328,9**	**24,0**	**27,9**		**419,5**	**386,6**	**32,9**
433-1.01	Yfirstjórn	-1,0	121,3		8,5		128,8	138,8	-10,0
433-1.20	Löggæsla	40,0	196,8	24,0	19,1		279,9	237,1	42,8
433-1.40	Tollgæsla	-0,3	10,8		0,3		10,8	10,7	0,1
06-434	**Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**	**5,4**	**150,0**		**7,4**		**162,8**	**153,4**	**9,4**
434-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	5,4	150,0		7,4		162,8	153,4	9,4
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**5,8**	**190,0**		**10,5**		**206,3**	**194,9**	**11,4**
436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	5,8	190,0		10,5		206,3	194,9	11,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**7,8**	**175,5**		**8,6**		**191,9**	**180,3**	**11,6**
437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi	7,8	175,5		8,6		191,9	180,3	11,6
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**95,2**	**175,0**	**-40,0**	**-61,9**		**168,3**	**148,1**	**20,2**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	95,2	82,1	-40,0	-54,4		82,9	34,4	48,5
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur r		92,9		-7,5		85,4	113,7	-28,3
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**	**26,5**	**24,5**	**40,0**	**-12,4**		**78,6**	**24,0**	**54,6**
491-5.01	Viðhald húseigna	24,7	5,0				29,7		29,7
491-6.01	Tæki og búnaður	11,4	4,5		-12,4		3,5		3,5
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði	-9,6	15,0				5,4	2,2	3,2
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna			40,0			40,0	21,8	18,2
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**73,4**	**1.003,4**		**57,0**		**1.133,8**	**1.110,7**	**23,1**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	53,7	993,4		57,0		1.104,1	1.109,7	-5,6
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga	19,7	10,0				29,7	1,0	28,7
06-591	**Fangelsisbyggingar**	**76,5**	**8,4**		**36,0**		**120,9**	**117,3**	**3,6**
591-6.10	Stofnframkvæmdir	76,5	8,4		36,0		120,9	117,3	3,6
06-701	**Þjóðkirkjan**	**2,9**	**1.474,4**		**41,2**		**1.518,5**	**1.521,3**	**-2,8**
701-1.01	Biskup Íslands	2,9	1.431,8		41,2		1.475,9	1.478,7	-2,8
701-6.21	Skálholtsstaður		11,4				11,4	11,4	
701-6.22	Hallgrímskirkja		17,8				17,8	17,8	
701-6.23	Hóladómkirkja		5,0				5,0	5,0	
701-6.25	Dómkirkjan í Reykjavík		5,4				5,4	5,4	
701-6.28	Þingeyraklausturskirkja		3,0				3,0	3,0	
06-705	**Kirkjumálasjóður**		**283,9**	**7,9**			**291,8**	**291,1**	**0,7**
705-1.10	Kirkjumálasjóður		283,9	7,9			291,8	291,1	0,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-707	**Kristnisjóður**		**89,7**		**2,8**		**92,5**	**89,7**	**2,8**
707-1.10	Kristnisjóður		89,7		2,8		92,5	89,7	2,8
06-733	**Kirkjugarðar**	**2,4**	**820,1**		**29,6**		**852,1**	**852,1**	
733-1.11	Kirkjugarðar	2,4	820,1		29,6		852,1	852,1	
06-735	**Sóknargjöld**		**2.220,0**	**74,9**			**2.294,9**	**2.289,0**	**5,9**
735-1.10	Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar		1.986,0	55,3			2.041,3	2.035,7	5,6
735-1.20	Sóknargjöld til annarra trúfélaga		234,0	19,6			253,6	253,3	0,3
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**		**367,4**	**10,3**			**377,7**	**376,6**	**1,1**
736-1.10	Jöfnunarsjóður sókna		367,4	10,3			377,7	376,6	1,1
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**10,7**			**-11,0**		**-0,3**		**-0,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	10,7			-11,0		-0,3		-0,3
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti		***1.122,7***	***85.413,5***	***-721,4***	***630,7***	***-317,0***	***86.128,5***	***83.131,5***	***2.997,0***
07-101	**Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifsto**	**-11,2**	**297,6**		**9,3**		**295,7**	**300,1**	**-4,4**
101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-11,2	297,6		9,3		295,7	300,1	-4,4
07-190	**Ýmis verkefni**	**116,7**	**100,5**	**24,0**	**1,9**		**243,1**	**134,1**	**109,0**
190-1.10	Fastanefndir	41,3	60,9		1,8		104,0	75,7	28,3
190-1.12	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	43,4	1,9				45,3		45,3
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	10,4	12,0		0,1		22,5	6,4	16,1
190-1.90	Ýmislegt	21,6	25,7	24,0			71,3	52,0	19,3
07-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
07-205	**Leiguíbúðir**		**1.100,0**				**1.100,0**	**1.100,0**	
205-6.21	Leiguíbúðir		1.100,0				1.100,0	1.100,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-207	**Varasjóður húsnæðismála**		**60,0**				**60,0**	**60,0**	
207-6.21	Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða		60,0				60,0	60,0	
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**26,0**	**62,0**		**1,5**		**89,5**	**64,4**	**25,1**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	26,0	62,0		1,5		89,5	64,4	25,1
07-313	**Jafnréttisstofa**	**9,7**	**61,7**		**1,6**		**73,0**	**53,8**	**19,2**
313-1.01	Jafnréttisstofa	9,7	61,7		1,6		73,0	53,8	19,2
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**20,4**	**415,7**		**16,7**	**62,9**	**515,7**	**519,4**	**-3,7**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	20,4	415,7		16,7	62,9	515,7	519,4	-3,7
07-400	**Barnaverndarstofa**	**-0,9**	**839,0**		**29,1**		**867,2**	**858,8**	**8,4**
400-1.01	Almennur rekstur	-146,5	179,9		3,3		36,7	226,0	-189,3
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	366,5	500,3		18,9		885,7	442,6	443,1
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-220,9	158,8		6,9		-55,2	190,2	-245,4
07-505	**Öldrunarstofnanir, almennt**	**526,3**	**962,3**	**-100,0**			**1.388,6**	**143,6**	**1.245,0**
505-6.15	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	72,3	14,1				86,4		86,4
505-6.17	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn								
505-6.27	Jaðar, Ólafsvík	50,0	40,0				90,0	10,2	79,8
505-6.38	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	4,7					4,7	0,1	4,6
505-6.82	Hjúkrunarheimili í Kópavogi		350,0				350,0	-16,3	366,3
505-6.83	Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ		93,0				93,0		93,0
505-6.84	Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ		159,0				159,0		159,0
505-6.85	Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri		11,5				11,5	-14,4	25,9
505-6.86	Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík		194,7				194,7	164,0	30,7
505-6.99	Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofna	399,3	100,0	-100,0			399,3		399,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraða**	**-209,5**	**1.276,4**	**16,0**			**1.082,9**	**910,1**	**172,8**
515-5.21	Viðhald fasteigna öldrunarstofnana		219,8				219,8	219,8	
515-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur	-209,5	1.056,6	16,0			863,1	690,3	172,8
07-700	**Málefni fatlaðra**	**100,4**	**599,4**	**72,3**	**-356,8**		**415,3**	**224,1**	**191,2**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	10,2	19,6		0,2		30,0	19,7	10,3
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	8,0	16,2		0,9		25,1		25,1
700-1.80	Starfsþjálfun	-0,1	30,8		1,4		32,1	29,7	2,4
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		7,7		0,2		7,9	7,9	
700-1.90	Ýmis verkefni	82,3	525,1	72,3	-359,5		320,2	166,8	153,4
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**9,2**	**2.425,1**		**254,6**		**2.688,9**	**2.690,5**	**-1,6**
701-1.01	Almennur rekstur	0,1	2.369,0		246,2		2.615,3	2.621,9	-6,6
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	9,1	56,1		8,4		73,6	68,6	5,0
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-6,6**	**1.617,6**	**30,0**	**182,2**		**1.823,2**	**1.867,7**	**-44,5**
702-1.01	Almennur rekstur	12,4	1.583,2	30,0	180,1		1.805,7	1.830,2	-24,5
702-1.61	Dagvistun Keflavík	-7,0	22,8		1,4		17,2	24,2	-7,0
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-12,0	11,6		0,7		0,3	13,3	-13,0
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-9,2**	**269,5**	**15,0**	**44,2**		**319,5**	**310,6**	**8,9**
703-1.01	Almennur rekstur	0,4	227,5	15,0	41,4		284,3	257,1	27,2
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-9,6	42,0		2,8		35,2	53,5	-18,3
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**13,4**	**183,7**		**21,1**		**218,2**	**202,0**	**16,2**
704-1.01	Almennur rekstur	13,4	183,7		21,1		218,2	202,0	16,2
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**2,7**	**336,5**		**26,0**		**365,2**	**361,9**	**3,3**
705-1.10	Svæðisráð	2,4	1,4		0,1		3,9	0,9	3,0
705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi	0,3	335,1		25,9		361,3	361,0	0,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-1,8**	**898,8**		**58,3**		**955,3**	**964,5**	**-9,2**
706-1.10	Svæðisráð	-2,8	1,5		0,1		-1,2	1,3	-2,5
706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	1,0	113,4		7,4		121,8	120,8	1,0
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða		783,9		50,8		834,7	842,4	-7,7
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**5,9**	**295,2**		**32,1**		**333,2**	**329,1**	**4,1**
707-1.01	Almennur rekstur	-15,1	264,6		30,5		280,0	293,3	-13,3
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	20,1	3,0				23,1	6,6	16,5
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónu	0,9	27,6		1,6		30,1	29,2	0,9
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**13,1**	**499,0**		**92,7**		**604,8**	**603,4**	**1,4**
708-1.01	Almennur rekstur	8,6	363,0		36,5		408,1	414,3	-6,2
708-1.72	Skaftholt	4,4	46,6		3,2		54,2	46,6	7,6
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við	0,1	89,4		53,0		142,5	142,5	
07-711	**Styrktarfélag vangefinna**		**612,9**		**92,9**		**705,8**	**705,8**	
711-1.01	Styrktarfélag vangefinna		612,9		92,9		705,8	705,8	
07-720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**		**319,9**		**26,7**		**346,6**	**346,6**	
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		319,9		26,7		346,6	346,6	
07-722	**Sólheimar í Grímsnesi**		**240,5**		**17,7**		**258,2**	**258,2**	
722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi		240,5		17,7		258,2	258,2	
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**20,0**	**381,9**		**14,3**		**416,2**	**376,8**	**39,4**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	20,0	381,9		14,3		416,2	376,8	39,4
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**224,4**	**673,6**		**0,1**	**8,5**	**906,6**	**963,2**	**-56,6**
795-1.01	Almennur rekstur	59,5	4,2		0,1		63,8	-3,3	67,1
795-5.21	Viðhald fasteigna	-241,9	70,0				-171,9	130,4	-302,3
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	406,8	599,4			8,5	1.014,7	836,1	178,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-821	**Tryggingastofnun ríkisins**	**97,5**	**853,2**	**62,0**	**44,0**		**1.056,7**	**1.003,7**	**53,0**
821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	57,6	784,1	62,0	44,0		947,7	902,7	45,0
821-6.01	Tæki og búnaður	39,9	69,1				109,0	101,0	8,0
07-825	**Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**		**8.065,0**	**263,0**			**8.328,0**	**7.901,7**	**426,3**
825-1.11	Mæðra- og feðralaun		319,0	12,0			331,0	313,7	17,3
825-1.15	Umönnunargreiðslur		1.193,0	44,0			1.237,0	1.351,0	-114,0
825-1.21	Makabætur og umönnunarbætur		150,0	6,0			156,0	164,4	-8,4
825-1.25	Dánarbætur		50,0	2,0			52,0	57,1	-5,1
825-1.31	Endurhæfingarlífeyrir		1.564,0	57,0			1.621,0	1.584,8	36,2
825-1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar		95,0	3,0			98,0	105,1	-7,1
825-1.41	Heimilisuppbót		2.890,0	73,0			2.963,0	2.692,8	270,2
825-1.51	Frekari uppbætur		1.522,0	56,0			1.578,0	1.534,9	43,1
825-1.55	Uppbætur vegna bifreiðakaupa		282,0	10,0			292,0	97,9	194,1
07-827	**Lífeyristryggingar**		**45.030,0**	**882,3**			**45.912,3**	**44.325,8**	**1.586,5**
827-1.11	Ellilífeyrir		8.358,0	316,0			8.674,0	8.593,6	80,4
827-1.15	Örorkulífeyrir		5.999,0	161,0			6.160,0	6.188,3	-28,3
827-1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega		16.492,0	160,0			16.652,0	14.456,4	2.195,6
827-1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega		10.972,0	73,0			11.045,0	10.999,0	46,0
827-1.26	Sérstök viðbót ellilífeyrisþega			9,5			9,5		9,5
827-1.27	Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega			44,8			44,8		44,8
827-1.28	Vasapeningar ellilífeyrisþega		412,0	15,0			427,0	375,3	51,7
827-1.29	Vasapeningar örorkulífeyrisþega		78,0	3,0			81,0	75,0	6,0
827-1.31	Örorkustyrkur		137,0	5,0			142,0	144,9	-2,9
827-1.35	Barnalífeyrir		2.310,0	85,0			2.395,0	2.455,5	-60,5
827-1.91	Annað		272,0	10,0			282,0	1.037,8	-755,8
07-831	**Eftirlaunasjóður aldraðra**		**72,3**				**72,3**	**79,9**	**-7,6**
831-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra		72,3				72,3	79,9	-7,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-980	**Vinnumálastofnun**	**69,0**	**253,9**	**5,0**	**6,2**		**334,1**	**278,6**	**55,5**
980-1.01	Vinnumálastofnun	7,4	229,4	5,0	6,2		248,0	272,6	-24,6
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	61,6	24,5				86,1	6,0	80,1
07-981	**Vinnumál**	**47,5**	**86,6**		**1,6**		**135,7**	**77,0**	**58,7**
981-1.10	Félagsdómur	7,4	9,3		0,2		16,9	11,4	5,5
981-1.13	Kjararannsóknarnefnd		48,5		1,0		49,5	48,5	1,0
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO		8,3				8,3	8,6	-0,3
981-1.90	Ýmislegt	40,1	20,5		0,4		61,0	8,5	52,5
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		**555,4**	**360,0**		**73,1**	**988,5**	**1.063,2**	**-74,7**
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		555,4	360,0		73,1	988,5	1.063,2	-74,7
07-983	**Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barı**		**137,6**				**137,6**	**84,9**	**52,7**
983-1.11	Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra		137,6				137,6	84,9	52,7
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		**5.995,0**	**-2.976,0**		**-485,9**	**2.533,1**	**3.438,5**	**-905,4**
984-1.11	Atvinnuleysisbætur		6.285,0	-2.553,0		-485,9	3.246,1	4.498,5	-1.252,4
984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		71,0				71,0	80,2	-9,2
984-1.16	Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumála		187,0				187,0	187,0	
984-1.25	Styrkir til fiskvinnslustöðva		295,0				295,0	184,8	110,2
984-1.35	Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði		112,0				112,0	89,7	22,3
984-1.41	Framlög og styrkir		175,0				175,0	95,0	80,0
984-1.45	Starfsmenntasjóður		60,0				60,0	61,7	-1,7
984-1.51	Rekstur úthlutunarnefnda		70,0				70,0	63,7	6,3
984-1.81	Vaxtatekjur		-1.260,0	-423,0			-1.683,0	-1.822,1	139,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-985	**Félagsmálaskóli alþýðu**		**25,3**				**25,3**	**25,3**	
985-1.10	Félagsmálaskóli alþýðu		20,8				20,8	20,8	
985-1.20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu		4,5				4,5	4,5	
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakling**							**-26,2**	**26,2**
987-1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga							-26,2	26,2
07-989	**Fæðingarorlof**		**8.789,0**	**865,0**		**24,4**	**9.678,4**	**9.753,0**	**-74,6**
989-1.01	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		93,0				93,0	59,4	33,6
989-1.11	Fæðingarorlofssjóður		8.187,0	860,0		24,4	9.071,4	9.204,0	-132,6
989-1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar		509,0	5,0			514,0	489,6	24,4
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**59,7**	**1.016,4**	**-240,0**	**17,7**		**853,8**	**777,4**	**76,4**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþ		32,8		0,9		33,7	13,8	19,9
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003		190,8				190,8	190,8	
999-1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		32,7		0,8		33,5	33,5	
999-1.35	Félag heyrnarlausra		9,2				9,2	9,2	
999-1.36	Félagið Geðhjálp		23,0				23,0	23,0	
999-1.37	Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		12,0				12,0	13,0	-1,0
999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík		39,5		1,0		40,5	40,5	
999-1.41	Stígamót		32,4		1,1		33,5	33,5	
999-1.43	Krossgötur, endurhæfingarheimili		24,0		0,6		24,6	24,6	
999-1.44	Athvarf fyrir heimilislausa		30,5		0,8		31,3		31,3
999-1.45	Þjónusta við blinda og sjónskerta		16,0				16,0	11,3	4,7
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa		8,3		0,1		8,4	8,3	0,1
999-1.48	Fjölmenningarsetur á Ísafirði	-4,5	43,3		0,5		39,3	41,6	-2,3
999-1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	16,2	45,1		0,4		61,7	134,3	-72,6
999-1.55	Átak í vímuvarnamálum		33,0				33,0		33,0
999-1.59	Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti		250,0	-250,0					
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	1,1	19,0	10,0	1,5		31,6	26,8	4,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
999-1.90	Ýmis framlög	10,3	104,6				114,9	104,8	10,1
999-1.98	Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	36,6	70,2		10,0		116,8	68,4	48,4
08	***Heilbrigðisráðuneyti***	***-61,8***	***101.824,4***	***3.858,0***	***6.383,0***	***120,7***	***112.124,3***	***112.167,1***	***-42,8***
08-101	**Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,1**	**491,0**	**-5,6**	**30,7**		**510,0**	**529,6**	**-19,6**
101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	-6,1	491,0	-5,6	30,7		510,0	526,0	-16,0
101-6.10	Bifeiðar							3,6	-3,6
08-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
08-202	**Umsýsla sjúkratrygginga**		**374,9**	**45,3**			**420,2**	**403,3**	**16,9**
202-1.01	Umsýsla sjúkratrygginga		374,9	45,3			420,2	403,3	16,9
08-206	**Sjúkratryggingar**		**18.561,0**	**777,0**	**2.423,5**		**21.761,5**	**22.157,7**	**-396,2**
206-1.11	Lækniskostnaður		4.235,0	777,0			5.012,0	5.183,2	-171,2
206-1.15	Lyf		7.266,0		1.954,0		9.220,0	9.287,3	-67,3
206-1.21	Hjálpartæki		2.145,0		155,0		2.300,0	2.324,5	-24,5
206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum		114,0				114,0	129,3	-15,3
206-1.31	Þjálfun		1.853,0				1.853,0	1.871,7	-18,7
206-1.35	Tannlækningar		1.424,0				1.424,0	1.380,9	43,1
206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands		290,0				290,0	334,9	-44,9
206-1.45	Brýn meðferð erlendis		747,0		314,5		1.061,5	1.176,9	-115,4
206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis		123,0				123,0	120,8	2,2
206-1.55	Sjúkradagpeningar		211,0				211,0	202,7	8,3
206-1.91	Annað		153,0				153,0	145,5	7,5
08-208	**Slysatryggingar**		**638,9**	**-75,0**		**20,9**	**584,8**	**641,8**	**-57,0**
208-1.11	Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar		137,9				137,9	170,5	-32,6
208-1.15	Bætur til framfærslu		310,0				310,0	347,7	-37,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
208-1.16	Kaup og aflahlutur sjómanna		125,0	-75,0		20,9	70,9	42,2	28,7
208-1.21	Stjórnunarkostnaður		66,0				66,0	81,4	-15,4
08-209	**Sjúklingatrygging**		**190,1**				**190,1**	**103,0**	**87,1**
209-1.11	Sjúklingatrygging		190,1				190,1	103,0	87,1
08-301	**Landlæknir**	**33,2**	**279,6**	**5,6**	**63,1**	**-2,0**	**379,5**	**351,7**	**27,8**
301-1.01	Landlæknir	33,2	279,6	5,6	63,1	-2,0	379,5	351,7	27,8
08-305	**Lýðheilsustöð**	**9,7**	**298,6**	**10,7**	**5,6**	**1,7**	**326,3**	**312,5**	**13,8**
305-1.01	Lýðheilsustöð	9,7	204,5	13,1	5,6		232,9	244,3	-11,4
305-1.90	Forvarnasjóður		94,1	-2,4		1,7	93,4	68,2	25,2
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**24,2**	**121,5**		**78,8**		**224,5**	**225,8**	**-1,3**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	17,0	120,5		78,8		216,3	224,6	-8,3
324-6.10	Fasteign	7,2	1,0				8,2	1,2	7,0
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**44,9**	**175,2**		**4,5**		**224,6**	**227,6**	**-3,0**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	44,9	175,2		4,5		224,6	227,6	-3,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**6,1**	**72,2**		**2,8**	**1,7**	**82,8**	**82,3**	**0,5**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	6,1	72,2		2,8	1,7	82,8	82,3	0,5
08-340	**Málefni fatlaðra**	**11,9**	**284,8**		**21,7**		**318,4**	**305,9**	**12,5**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatla		155,8		12,1		167,9	167,9	
340-1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða		39,4		6,6		46,0	46,0	
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	-3,4	6,8		0,2		3,6	7,0	-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	-0,1	21,2		0,8		21,9	22,0	-0,1
340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Rey		29,5		1,1		30,6	30,6	
340-1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands		3,6		0,1		3,7	3,7	
340-1.60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands		7,5		0,3		7,8	7,8	
340-1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Aku		8,9		0,3		9,2	9,2	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
340-1.80	Gigtarráð	3,7	4,7		0,2		8,6	7,2	1,4
340-1.90	Ýmis starfsemi	4,0	2,4				6,4	2,5	3,9
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	7,7	5,0				12,7	2,0	10,7
08-358	**Sjúkrahúsið á Akureyri**	**-54,7**	**3.941,0**	**200,0**	**225,0**		**4.311,3**	**4.326,7**	**-15,4**
358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	-23,0	3.794,0	200,0	184,6		4.155,6	4.168,3	-12,7
358-5.01	Fasteign	-63,5	25,0		40,0		1,5	71,1	-69,6
358-6.01	Tæki og búnaður	62,8	89,0		0,4		152,2	67,0	85,2
358-6.50	Nýbygging	-31,0	33,0				2,0	20,3	-18,3
08-373	**Landspítali**	**-449,8**	**33.209,5**	**1.530,2**	**1.759,4**	**2,2**	**36.051,5**	**37.687,2**	**-1.635,7**
373-1.01	Landspítali	324,6	32.665,5	1.530,2	1.797,9	2,2	36.320,4	36.688,1	-367,7
373-5.60	Viðhald	-449,6	178,0				-271,6	362,0	-633,6
373-6.01	Tæki og búnaður	82,3	201,0		-78,5		204,8	458,7	-253,9
373-6.70	Nýframkvæmdir	-407,1	165,0		40,0		-202,1	178,4	-380,5
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**	**89,1**	**800,0**				**889,1**	**246,9**	**642,2**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	89,1	800,0				889,1	246,9	642,2
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**139,8**	**228,9**		**-161,9**		**206,8**	**28,0**	**178,8**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	46,3	163,9		-96,9		113,3	27,8	85,5
379-6.50	Stofnkostnaður	93,5	65,0		-65,0		93,5	0,2	93,3
08-383	**Sjúkrahótel**	**1,8**	**81,9**				**83,7**	**81,9**	**1,8**
383-1.01	Sjúkrahótel	1,8	81,9				83,7	81,9	1,8
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**1,3**	**111,2**		**6,4**		**118,9**	**126,2**	**-7,3**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	1,3	111,2		6,4		118,9	126,2	-7,3
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-13,1**	**193,4**		**16,6**		**196,9**	**233,9**	**-37,0**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-13,1	193,4		16,6		196,9	233,9	-37,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-388	**Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**		**602,2**		**58,8**		**661,0**	**661,0**	
388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið		602,2		58,8		661,0	661,0	
08-397	**Lyfjastofnun**	**-17,7**	**165,8**		**5,8**	**96,2**	**250,1**	**331,4**	**-81,3**
397-1.01	Lyfjastofnun	-17,7	165,8		5,8	96,2	250,1	331,4	-81,3
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**107,5**	**1.172,1**	**13,3**	**-78,2**		**1.214,7**	**1.098,5**	**116,2**
399-1.10	Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðu	35,7	30,3		0,4		66,4	17,8	48,6
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	9,1	30,8		0,8		40,7	42,2	-1,5
399-1.17	Vísindasiðanefnd	-0,4	24,7		0,7		25,0	27,3	-2,3
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	0,2	18,5		0,4		19,1	18,5	0,6
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbame		310,0				310,0	310,0	
399-1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir		13,0				13,0	13,0	
399-1.33	Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga		12,0				12,0	12,0	
399-1.34	Hjartaheill		6,0				6,0	6,0	
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	-0,7	59,8		1,4		60,5	59,8	0,7
399-1.36	Stórstúka Íslands		1,5				1,5	1,5	
399-1.37	Skrifstofa líknarfélaga		5,5				5,5	5,5	
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp	0,2	7,4		0,2		7,8	7,4	0,4
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	0,6	2,9		0,1		3,6	3,1	0,5
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarni		94,8				94,8	112,8	-18,0
399-1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum		50,0	8,3			58,3	72,6	-14,3
399-1.44	Átak í vímuvarnamálum		34,0		-7,5		26,5	6,5	20,0
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talme		140,6		-72,2		68,4	20,1	48,3
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,6	62,5		1,5		64,6	108,6	-44,0
399-1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna		20,0				20,0	20,0	
399-1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn		11,2				11,2	10,3	0,9
399-1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir		46,1				46,1		46,1
399-1.74	Bláa lónið, styrkur		25,0				25,0	25,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO		8,4		3,2		11,6	11,1	0,5
399-1.90	Ýmis framlög	14,4	77,0	5,0	14,5		110,9	109,0	1,9
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	0,1	5,7		-5,7		0,1		0,1
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	14,7	21,4		-5,0		31,1	19,2	11,9
399-6.91	Upplýsingatæknimál	33,0	53,0		-11,0		75,0	59,2	15,8
08-401	**Öldrunarstofnanir, almennt**		**942,0**	**-806,3**	**-111,9**		**23,8**	**83,0**	**-59,2**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt		241,9	-800,0	-31,4		-589,5	101,9	-691,4
401-1.09	Ný hjúkrunarrými		407,3		23,0		430,3		430,3
401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana		665,8	-6,3	-103,5		556,0	717,1	-161,1
401-1.83	Greiðslur frá vistmönnum		-373,0				-373,0	-736,0	363,0
08-405	**Hrafnista, Reykjavík**		**1.841,3**	**132,5**	**124,6**		**2.098,4**	**1.734,2**	**364,2**
405-1.01	Hjúkrunarrými		1.617,5	104,2	107,2		1.828,9	1.529,2	299,7
405-1.11	Dvalarrými		223,8	28,3	17,4		269,5	205,0	64,5
08-406	**Hrafnista, Hafnarfirði**		**1.237,7**	**36,1**	**81,9**		**1.355,7**	**1.347,6**	**8,1**
406-1.01	Hjúkrunarrými		1.030,4	24,6	68,4		1.123,4	1.146,4	-23,0
406-1.11	Dvalarrými		184,5	9,4	12,5		206,4	176,1	30,3
406-1.15	Dagvist		22,8	2,1	1,0		25,9	25,1	0,8
08-407	**Grund, Reykjavík**		**1.303,5**	**48,0**	**87,8**		**1.439,3**	**1.360,7**	**78,6**
407-1.01	Hjúkrunarrými		1.181,9	48,0	78,9		1.308,8	1.284,0	24,8
407-1.11	Dvalarrými		121,6		8,9		130,5	76,7	53,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**		**497,0**	**48,3**	**32,6**		**577,9**	**558,1**	**19,8**
408-1.01	Hjúkrunarrými		481,3	48,3	31,9		561,5	541,6	19,9
408-1.15	Dagvist		15,7		0,7		16,4	16,5	-0,1
08-409	**Hjúkrunarheimilið Skjól**		**702,4**	**50,0**	**46,7**		**799,1**	**785,5**	**13,6**
409-1.01	Hjúkrunarrými		702,4	50,0	46,7		799,1	785,5	13,6
08-410	**Hjúkrunarheimilið Eir**		**1.176,5**	**77,2**	**77,1**		**1.330,8**	**1.337,9**	**-7,1**
410-1.01	Hjúkrunarrými		1.122,9	72,4	74,7		1.270,0	1.275,7	-5,7
410-1.15	Dagvist		53,6	4,8	2,4		60,8	62,2	-1,4
08-411	**Garðvangur, Garði**		**253,3**	**20,1**	**16,3**		**289,7**	**280,7**	**9,0**
411-1.01	Hjúkrunarrými		253,3	20,1	16,3		289,7	280,7	9,0
08-412	**Hjúkrunarheimilið Skógarbær**		**556,3**	**22,8**	**35,9**		**615,0**	**609,1**	**5,9**
412-1.01	Hjúkrunarrými		460,6	22,8	30,5		513,9	510,8	3,1
412-1.71	Endurhæfingardeild		95,7		5,4		101,1	98,3	2,8
08-413	**Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**		**541,3**	**43,0**	**35,9**		**620,2**	**616,5**	**3,7**
413-1.01	Hjúkrunarrými		541,3	43,0	35,9		620,2	616,5	3,7
08-414	**Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**		**211,3**	**6,5**	**13,4**		**231,2**	**221,2**	**10,0**
414-1.01	Hjúkrunarrými		194,4	4,6	12,2		211,2	209,0	2,2
414-1.11	Dvalarrými		16,9	1,9	1,2		20,0	11,5	8,5
414-1.15	Dagvist							0,7	-0,7
08-415	**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**		**139,1**	**9,0**	**8,8**		**156,9**	**147,0**	**9,9**
415-1.01	Hjúkrunarrými		115,9	8,0	7,4		131,3	126,4	4,9
415-1.11	Dvalarrými		19,7	1,0	1,3		22,0	17,9	4,1
415-1.15	Dagvist		3,5		0,1		3,6	2,7	0,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-416	**Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**		**166,8**	**3,2**	**10,5**		**180,5**	**160,9**	**19,6**
416-1.01	Hjúkrunarrými		131,9	3,2	8,4		143,5	127,9	15,6
416-1.11	Dvalarrými		29,7		1,8		31,5	27,6	3,9
416-1.15	Dagvist		5,2		0,3		5,5	5,4	0,1
08-417	**Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**		**95,5**	**5,9**	**6,1**		**107,5**	**90,8**	**16,7**
417-1.01	Hjúkrunarrými		76,0	1,8	5,0		82,8	80,1	2,7
417-1.11	Dvalarrými		16,0	4,1	1,0		21,1	10,7	10,4
417-1.15	Dagvist		3,5		0,1		3,6		3,6
08-418	**Seljahlíð, Reykjavík**		**180,9**	**24,4**	**12,7**		**218,0**	**175,6**	**42,4**
418-1.01	Hjúkrunarrými		180,9	24,4	12,7		218,0	175,6	42,4
08-421	**Víðines**		**233,8**	**5,6**	**15,7**		**255,1**	**255,8**	**-0,7**
421-1.01	Hjúkrunarrými		233,8	5,6	15,7		255,1	255,8	-0,7
08-423	**Höfði, Akranesi**		**397,7**	**28,6**	**25,3**		**451,6**	**457,7**	**-6,1**
423-1.01	Hjúkrunarrými		302,0	14,3	19,4		335,7	343,4	-7,7
423-1.11	Dvalarrými		78,1	1,6	5,1		84,8	82,9	1,9
423-1.15	Dagvist		17,6	12,7	0,8		31,1	31,4	-0,3
08-424	**Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi**		**223,4**	**10,1**	**14,3**		**247,8**	**238,5**	**9,3**
424-1.01	Hjúkrunarrými		147,8	4,2	9,3		161,3	167,7	-6,4
424-1.11	Dvalarrými		75,6	5,9	5,0		86,5	70,8	15,7
08-425	**Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi**		**86,8**	**1,5**	**5,6**		**93,9**	**89,6**	**4,3**
425-1.01	Hjúkrunarrými		60,0	1,5	3,9		65,4	61,8	3,6
425-1.11	Dvalarrými		26,8		1,7		28,5	27,8	0,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**		**78,6**	**1,4**	**5,2**		**85,2**	**72,0**	**13,2**
426-1.01	Hjúkrunarrými		59,4	1,4	4,0		64,8	58,7	6,1
426-1.11	Dvalarrými		19,2		1,2		20,4	13,3	7,1
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**		**71,8**	**1,4**	**4,6**		**77,8**	**66,1**	**11,7**
427-1.01	Hjúkrunarrými		56,4	1,4	3,7		61,5	50,7	10,8
427-1.11	Dvalarrými		13,4		0,9		14,3	14,4	-0,1
427-1.15	Dagvist		2,0				2,0	1,0	1,0
08-428	**Fellsendi, Búðardal**		**168,1**	**24,4**	**10,9**		**203,4**	**172,6**	**30,8**
428-1.01	Hjúkrunarrými		168,1	24,4	10,9		203,4	172,6	30,8
08-429	**Barmahlíð, Reykhólum**		**89,1**	**2,0**	**5,8**		**96,9**	**98,2**	**-1,3**
429-1.01	Hjúkrunarrými		83,6	2,0	5,4		91,0	91,9	-0,9
429-1.11	Dvalarrými		5,5		0,4		5,9	6,3	-0,4
08-433	**Dalbær, Dalvík**		**210,5**	**17,5**	**13,4**		**241,4**	**234,5**	**6,9**
433-1.01	Hjúkrunarrými		144,8	4,7	9,4		158,9	156,6	2,3
433-1.11	Dvalarrými		53,4	10,3	3,4		67,1	62,0	5,1
433-1.15	Dagvist		12,3	2,5	0,6		15,4	15,9	-0,5
08-434	**Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónu**		**1.270,0**	**30,7**	**81,1**		**1.381,8**	**1.244,2**	**137,6**
434-1.01	Hjúkrunarrými		1.066,3	25,7	68,8		1.160,8	1.147,8	13,0
434-1.11	Dvalarrými		168,7	5,0	10,7		184,4	89,4	95,0
434-1.15	Dagvist		35,0		1,6		36,6	7,0	29,6
08-436	**Uppsalir, Fáskrúðsfirði**		**116,9**	**5,4**	**7,6**		**129,9**	**133,9**	**-4,0**
436-1.01	Hjúkrunarrými		84,0	2,0	5,4		91,4	96,8	-5,4
436-1.11	Dvalarrými		32,9	3,4	2,2		38,5	37,1	1,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-437	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öl**		**213,2**	**4,1**	**13,5**		**230,8**	**238,4**	**-7,6**
437-1.01	Hjúkrunarrými		168,9	4,1	10,8		183,8	214,1	-30,3
437-1.11	Dvalarrými		38,8		2,4		41,2	17,8	23,4
437-1.15	Dagvist		5,5		0,3		5,8	6,5	-0,7
08-438	**Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**		**121,6**	**6,2**	**7,8**		**135,6**	**109,1**	**26,5**
438-1.01	Hjúkrunarrými		109,8	2,6	7,0		119,4	95,3	24,1
438-1.11	Dvalarrými		11,0	3,6	0,7		15,3	13,8	1,5
438-1.15	Dagvist		0,8		0,1		0,9		0,9
08-439	**Hjallatún, Vík**		**85,0**	**12,0**	**5,5**		**102,5**	**104,0**	**-1,5**
439-1.01	Hjúkrunarrými		68,6	1,6	4,5		74,7	76,3	-1,6
439-1.11	Dvalarrými		16,4	10,4	1,0		27,8	27,7	0,1
08-440	**Kumbaravogur, Stokkseyri**		**291,4**	**23,9**	**19,1**		**334,4**	**290,6**	**43,8**
440-1.01	Hjúkrunarrými		262,9	22,1	16,9		301,9	266,3	35,6
440-1.11	Dvalarrými		28,5	1,8	2,2		32,5	24,3	8,2
08-441	**Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**		**579,6**	**7,9**	**34,0**		**621,5**	**554,5**	**67,0**
441-1.01	Hjúkrunarrými		164,5	4,1	10,6		179,2	181,4	-2,2
441-1.11	Dvalarrými		214,8	3,8	13,6		232,2	196,9	35,3
441-1.17	Geðrými		200,3		9,8		210,1	176,2	33,9
08-442	**Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**		**235,2**	**12,4**	**14,9**		**262,5**	**242,7**	**19,8**
442-1.01	Hjúkrunarrými		196,5	4,7	12,5		213,7	203,2	10,5
442-1.11	Dvalarrými		30,1	7,7	2,0		39,8	32,4	7,4
442-1.15	Dagvist		8,6		0,4		9,0	7,1	1,9
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**		**272,1**	**6,3**	**17,8**		**296,2**	**296,8**	**-0,6**
443-1.01	Hjúkrunarrými		263,3	6,3	17,4		287,0	292,6	-5,6
443-1.15	Dagvist		8,8		0,4		9,2	4,2	5,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**		**324,8**	**21,1**	**21,6**		**367,5**	**369,0**	**-1,5**
444-1.01	Hjúkrunarrými		324,8	21,1	21,6		367,5	369,0	-1,5
08-447	**Sóltún, Reykjavík**		**894,5**		**41,0**		**935,5**	**1.008,1**	**-72,6**
447-1.01	Hjúkrunarrými		894,5		41,0		935,5	1.008,1	-72,6
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**		**553,5**	**19,4**	**35,4**		**608,3**	**499,0**	**109,3**
460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur		553,5	19,4	35,4		608,3	499,0	109,3
08-470	**Vesturhlíð, Reykjavík**		**13,0**		**0,7**		**13,7**	**7,0**	**6,7**
470-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík		13,0		0,7		13,7	7,0	6,7
08-472	**Hlíðabær, Reykjavík**		**42,5**		**2,1**		**44,6**	**47,2**	**-2,6**
472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík		42,5		2,1		44,6	47,2	-2,6
08-473	**Lindargata, Reykjavík**		**39,5**		**1,9**		**41,4**	**42,4**	**-1,0**
473-1.10	Lindargata, Reykjavík		39,5		1,9		41,4	42,4	-1,0
08-474	**Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga**		**92,1**		**3,7**		**95,8**	**111,6**	**-15,8**
474-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga		77,1		3,7		80,8	82,1	-1,3
474-6.21	Húsnæði		15,0				15,0	29,5	-14,5
08-475	**Múlabær, Reykjavík**		**59,9**		**3,0**		**62,9**	**69,1**	**-6,2**
475-1.10	Múlabær, Reykjavík		59,9		3,0		62,9	69,1	-6,2
08-476	**Fríðuhús, Reykjavík**		**32,0**		**1,6**		**33,6**	**36,6**	**-3,0**
476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík		32,0		1,6		33,6	36,6	-3,0
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**		**273,8**	**0,5**	**13,4**		**287,7**	**331,0**	**-43,3**
477-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar		273,8	0,5	13,4		287,7	331,0	-43,3
08-478	**Vistheimilið Bjarg**		**49,2**		**2,4**		**51,6**	**51,6**	
478-1.10	Vistheimilið Bjarg		49,2		2,4		51,6	51,6	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-479	**Hlaðgerðarkot**		**78,3**		**1,4**		**79,7**	**79,7**	
479-1.10	Hlaðgerðarkot		78,3		1,4		79,7	79,7	
08-491	**Reykjalundur, Mosfellsbæ**		**1.236,9**	**43,5**	**68,7**		**1.349,1**	**1.349,1**	
491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ		1.236,9	43,5	68,7		1.349,1	1.349,1	
08-492	**Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**		**500,4**		**25,1**		**525,5**	**525,5**	
492-1.10	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands		500,4		25,1		525,5	525,5	
08-493	**Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnu**		**407,6**		**27,3**		**434,9**	**434,9**	
493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun		407,6		27,3		434,9	434,9	
08-494	**Hlein**		**98,8**		**6,7**		**105,5**	**105,5**	
494-1.10	Hlein		98,8		6,7		105,5	105,5	
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**372,6**	**894,3**		**-463,2**		**803,7**	**127,6**	**676,1**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	216,3	735,0		-424,5		526,8	76,9	449,9
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsu	60,8	55,5		-16,7		99,6	6,4	93,2
500-5.01	Viðhald	53,8	31,8		-3,0		82,6	44,3	38,3
500-6.01	Tæki og búnaður	21,7	68,4		-19,0		71,1		71,1
500-6.21	Bygging heilsugæslustöðva	20,0	3,6				23,6		23,6
08-501	**Sjúkraflutningar**	**34,8**	**739,3**		**19,5**		**793,6**	**772,0**	**21,6**
501-1.11	Sjúkraflutningar	29,3	511,7		-17,8		523,2	523,0	0,2
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-37,2	115,7		37,3		115,8	115,7	0,1
501-1.15	Sjúkraflug	42,7	111,9				154,6	133,3	21,3
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-418,7**	**4.262,3**	**450,0**	**419,7**		**4.713,3**	**5.133,0**	**-419,7**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-418,7	4.262,3	450,0	419,7		4.713,3	5.133,0	-419,7
08-515	**Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**		**141,5**		**6,0**		**147,5**	**147,5**	
515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla		141,5		6,0		147,5	147,5	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-517	**Læknavaktin**		**246,4**		**7,6**		**254,0**	**254,0**	
517-1.01	Læknavaktin		246,4		7,6		254,0	254,0	
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-6,0**	**126,0**		**16,0**		**136,0**	**161,9**	**-25,9**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-6,0	126,0		16,0		136,0	161,9	-25,9
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**0,3**	**87,5**		**9,6**		**97,4**	**96,7**	**0,7**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,3	87,5		9,6		97,4	96,7	0,7
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**-0,8**	**57,2**		**5,9**		**62,3**	**61,4**	**0,9**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-0,8	57,2		5,9		62,3	61,4	0,9
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-1,5**	**83,2**		**9,4**		**91,1**	**89,7**	**1,4**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-1,5	83,2		9,4		91,1	89,7	1,4
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-11,8**	**58,2**		**2,8**		**49,2**	**62,8**	**-13,6**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-11,8	58,2		2,8		49,2	62,8	-13,6
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**7,4**	**88,2**		**5,4**		**101,0**	**93,9**	**7,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	7,4	88,2		5,4		101,0	93,9	7,1
08-553	**Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu**		**438,2**		**32,2**		**470,4**	**470,4**	
553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu		438,2		32,2		470,4	470,4	
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**17,4**	**220,6**		**11,9**		**249,9**	**240,4**	**9,5**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	17,4	220,6		11,9		249,9	240,4	9,5
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**	**257,3**	**543,0**		**-67,1**		**733,2**	**516,8**	**216,4**
700-5.50	Viðhald heilbrigðisstofnana	97,1	73,4		-31,0		139,5		139,5
700-6.01	Tæki og búnaður	39,7	34,1		-36,1		37,7		37,7
700-6.45	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	-30,7			30,7				
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	-84,3	60,0				-24,3	162,0	-186,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
700-6.61	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	7,6	37,0				44,6	35,6	9,0
700-6.77	Heilbrigðisstofnun Austurlands	-49,6			49,6			0,5	-0,5
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-250,3	278,0				27,7	233,2	-205,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	20,9	60,5				81,4	55,5	25,9
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt	506,9			-80,3		426,6	30,0	396,6
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-9,9**	**1.414,6**	**43,3**	**113,1**		**1.561,1**	**1.548,4**	**12,7**
711-1.01	Heilsugæslusvið	56,0	207,0		23,2		286,2	224,6	61,6
711-1.11	Sjúkrasvið	-47,9	1.071,3	43,3	83,7		1.150,4	1.168,3	-17,9
711-1.21	Hjúkrunarrými	-18,0	136,3		6,2		124,5	155,5	-31,0
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**	**7,4**	**346,9**		**28,9**		**383,2**	**377,6**	**5,6**
715-1.01	Heilsugæslusvið	15,6	80,4		4,5		100,5	66,6	33,9
715-1.11	Sjúkrasvið	-106,9	214,3		21,6		129,0	311,0	-182,0
715-1.21	Hjúkrunarrými	98,7	52,2		2,8		153,7		153,7
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-0,6**	**234,1**	**15,0**	**15,6**		**264,1**	**260,6**	**3,5**
721-1.01	Heilsugæslusvið	-4,2	94,1		6,5		96,4	95,2	1,2
721-1.11	Sjúkrasvið	-57,5	50,1	15,0	3,6		11,2	102,9	-91,7
721-1.21	Hjúkrunarrými	61,1	89,9		5,5		156,5	62,5	94,0
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**2,5**	**769,4**	**21,8**	**53,9**		**847,6**	**845,4**	**2,2**
725-1.01	Heilsugæslusvið	152,1	202,9		20,6		375,6	192,0	183,6
725-1.11	Sjúkrasvið	-176,2	407,1	21,8	25,1		277,8	505,0	-227,2
725-1.21	Hjúkrunarrými	26,6	159,4		8,2		194,2	148,4	45,8
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**-3,2**	**140,3**	**8,4**	**16,3**		**161,8**	**176,3**	**-14,5**
731-1.01	Heilsugæslusvið		69,7	8,4	12,0		90,1	52,2	37,9
731-1.21	Hjúkrunarrými	-3,2	70,6		4,3		71,7	124,1	-52,4
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-15,8**	**133,9**	**19,7**	**17,6**		**155,4**	**161,7**	**-6,3**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-18,9	58,1		13,6		52,8	62,4	-9,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
735-1.11	Sjúkrasvið	23,6	8,3	19,7	0,4		52,0	10,3	41,7
735-1.21	Hjúkrunarrými	-20,5	67,5		3,6		50,6	89,0	-38,4
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-8,5**	**248,7**	**25,9**	**13,8**		**279,9**	**303,2**	**-23,3**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-60,1	78,2		4,5		22,6	78,3	-55,7
741-1.11	Sjúkrasvið	59,5	39,5	25,9	2,6		127,5	74,9	52,6
741-1.21	Hjúkrunarrými	-7,9	131,0		6,7		129,8	150,0	-20,2
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**2,8**	**367,2**	**12,4**	**24,8**		**407,2**	**396,3**	**10,9**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-60,3	95,2		6,4		41,3	110,4	-69,1
745-1.11	Sjúkrasvið	69,7	87,2	12,4	8,6		177,9	97,3	80,6
745-1.21	Hjúkrunarrými	-6,6	184,8		9,8		188,0	188,6	-0,6
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**-1,8**	**775,2**	**8,0**	**53,2**		**834,6**	**823,3**	**11,3**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-114,6	154,7		12,4		52,5	153,1	-100,6
751-1.11	Sjúkrasvið	352,5	303,4	8,0	22,5		686,4	274,4	412,0
751-1.21	Hjúkrunarrými	-239,7	317,1		18,3		95,7	395,8	-300,1
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**27,5**	**369,6**		**21,3**		**418,4**	**393,4**	**25,0**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-72,0	79,8		4,1		11,9	77,9	-66,0
755-1.11	Sjúkrasvið	161,3	128,4		8,4		298,1	128,1	170,0
755-1.21	Hjúkrunarrými	-61,8	161,4		8,8		108,4	187,4	-79,0
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-40,6**	**814,3**	**71,4**	**63,2**		**908,3**	**928,6**	**-20,3**
761-1.01	Heilsugæslusvið	336,0	292,7		31,5		660,2	289,1	371,1
761-1.11	Sjúkrasvið	-742,7	390,4	71,4	25,1		-255,8	639,5	-895,3
761-1.21	Hjúkrunarrými	366,1	131,2		6,6		503,9		503,9
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-52,1**	**1.647,3**	**297,2**	**134,9**		**2.027,3**	**2.007,7**	**19,6**
777-1.01	Heilsugæslusvið	165,9	646,3		83,1		895,3	624,8	270,5
777-1.11	Sjúkrasvið	16,1	678,0	260,3	36,9		991,3	954,2	37,1
777-1.21	Hjúkrunarrými	-234,1	323,0	36,9	14,9		140,7	428,7	-288,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-779	**Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands**		**171,3**		**5,7**		**177,0**	**177,0**	
779-1.01	Heilsugæslusvið		112,5		3,8		116,3	116,3	
779-1.11	Sjúkrasvið		58,8		1,9		60,7	60,7	
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-29,2**	**618,5**	**69,3**	**43,7**		**702,3**	**709,8**	**-7,5**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-4,0	164,7		12,4		173,1	140,1	33,0
781-1.11	Sjúkrasvið	-119,7	354,5	69,3	27,1		331,2	552,2	-221,0
781-1.21	Hjúkrunarrými	94,5	99,3		4,2		198,0	17,5	180,5
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-23,0**	**1.751,1**	**50,7**	**116,2**		**1.895,0**	**1.970,0**	**-75,0**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-130,4	795,4		77,6		742,6	980,2	-237,6
787-1.11	Sjúkrasvið	119,5	700,5	50,7	31,4		902,1	753,8	148,3
787-1.21	Hjúkrunarrými	-12,1	255,2		7,2		250,3	236,0	14,3
08-791	**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**	**-40,8**	**1.477,7**	**122,9**	**86,1**		**1.645,9**	**1.724,9**	**-79,0**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-324,4	446,5	12,6	36,8		171,5	450,2	-278,7
791-1.11	Sjúkrasvið	336,3	853,9	110,3	41,5		1.342,0	1.099,6	242,4
791-1.21	Hjúkrunarrými	-52,7	177,3		7,8		132,4	175,1	-42,7
08-795	**St. Jósefsspítali, Sólvangur**	**-55,6**	**1.270,1**	**133,9**	**67,9**		**1.416,3**	**1.496,6**	**-80,3**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	83,0	866,8	133,9	43,8		1.127,5	939,6	187,9
795-1.21	Hjúkrunarrými	-138,6	403,3		24,1		288,8	557,0	-268,2
09 Fjármálaráðuneyti		***1.642,7***	***48.417,3***	***12.702,0***	***-12.757,6***	***442,8***	***50.447,2***	***274.606,1***	***-224.158,9***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**38,3**	**616,2**		**18,8**		**673,3**	**627,5**	**45,8**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	38,3	616,2		18,8		673,3	627,5	45,8
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**140,9**	**1.221,3**		**18,0**		**1.380,2**	**1.250,3**	**129,9**
103-1.01	Almennur rekstur	-3,8	496,5		29,1		521,8	518,0	3,8
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	33,3	293,5		-4,6		322,2	309,6	12,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	119,3	407,3		-6,5		520,1	403,3	116,8
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	15,2	9,0				24,2	16,9	7,3
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerf	-23,1	15,0				-8,1	2,5	-10,6
09-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,3**	**6,0**		**-5,0**		**0,7**		**0,7**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,3	6,0		-5,0		0,7		0,7
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**89,2**	**1.071,3**		**24,4**	**13,8**	**1.198,7**	**1.126,3**	**72,4**
201-1.01	Almennur rekstur	-51,6	592,8		22,3	13,8	577,3	657,2	-79,9
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	80,1	149,4				229,5	161,5	68,0
201-1.41	Skattvinnslukerfi	-42,1	301,6		2,1		261,6	274,3	-12,7
201-6.01	Tæki og búnaður							2,3	-2,3
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	102,8	27,5				130,3	31,0	99,3
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**12,3**	**409,5**		**18,4**		**440,2**	**431,3**	**8,9**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	12,3	409,5		18,4		440,2	431,3	8,9
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-2,4**	**82,5**		**11,6**		**91,7**	**92,5**	**-0,8**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-2,4	82,5		11,6		91,7	92,5	-0,8
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**8,3**	**39,2**		**1,7**		**49,2**	**43,6**	**5,6**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	8,3	39,2		1,7		49,2	43,6	5,6
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**-0,3**	**41,9**		**2,8**		**44,4**	**43,5**	**0,9**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	-0,3	41,9		2,8		44,4	43,5	0,9
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**30,6**	**125,2**		**5,4**		**161,2**	**128,5**	**32,7**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	30,6	125,2		5,4		161,2	128,5	32,7
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**5,1**	**55,8**		**2,4**		**63,3**	**58,1**	**5,2**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	5,1	55,8		2,4		63,3	58,1	5,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,1**	**65,1**		**16,6**		**81,6**	**86,4**	**-4,8**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,1	65,1		16,6		81,6	86,4	-4,8
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**0,1**	**26,6**		**1,6**		**28,3**	**29,2**	**-0,9**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	0,1	26,6		1,6		28,3	29,2	-0,9
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**13,6**	**271,9**		**13,0**		**298,5**	**278,2**	**20,3**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	13,6	271,9		13,0		298,5	278,2	20,3
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**		**73,3**		**-23,4**		**49,9**	**22,2**	**27,7**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld		36,5		-23,5		13,0	3,0	10,0
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa		1,0				1,0	0,2	0,8
212-1.10	Skatteftirlit		4,7		0,1		4,8	1,6	3,2
212-1.30	Þungaskattur		21,4				21,4	16,7	4,7
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið		9,7				9,7	0,7	9,0
09-214	**Yfirskattanefnd**	**16,4**	**113,6**		**3,2**		**133,2**	**108,4**	**24,8**
214-1.01	Yfirskattanefnd	16,4	113,6		3,2		133,2	108,4	24,8
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**17,0**	**166,9**		**5,2**		**189,1**	**172,7**	**16,4**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	17,0	166,9		5,2		189,1	167,3	21,8
215-6.01	Tæki og búnaður							5,4	-5,4
09-250	**Innheimtukostnaður**		**380,2**		**0,3**	**4,2**	**384,7**	**337,9**	**46,8**
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður		380,2		0,3	4,2	384,7	337,9	46,8
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**177,9**	**1.306,9**		**38,1**	**36,7**	**1.559,6**	**1.469,5**	**90,1**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-568,5	1.099,9		784,6	36,7	1.352,7	1.055,4	297,3
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	802,8	177,0		-802,8		177,0	228,1	-51,1
262-6.01	Tæki og búnaður	-56,4	30,0		56,3		29,9	186,0	-156,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-381	**Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**		**5.002,0**				**5.002,0**	**40.494,3**	**-35.492,3**
381-1.01	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		3.803,0				3.803,0	36.030,6	-32.227,6
381-1.04	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		368,0				368,0	4.645,8	-4.277,8
381-1.06	Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands		146,0				146,0	-129,1	275,1
381-1.07	Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands		42,0				42,0	-30,1	72,1
381-1.09	Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofn		149,0				149,0	81,2	67,8
381-1.10	Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardó		357,0				357,0	-112,4	469,4
381-1.91	Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun		137,0				137,0	8,3	128,7
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**		**1.478,0**	**14,7**		**251,0**	**1.743,7**	**1.513,8**	**229,9**
391-1.11	Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða		1.478,0	14,7		251,0	1.743,7	1.513,8	229,9
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**152,2**	**558,0**		**12,2**	**93,4**	**815,8**	**681,3**	**134,5**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	152,2	558,0		12,2	93,4	815,8	681,3	134,5
09-405	**Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins**			**548,8**	**-548,8**				
405-1.01	Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins			548,8	-548,8				
09-481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		**190,0**	**210,0**	**-144,1**		**255,9**		**255,9**
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		190,0	210,0	-144,1		255,9		255,9
09-711	**Afskriftir skattkrafna**		**10.000,0**				**10.000,0**	**11.528,5**	**-1.528,5**
711-1.11	Afskriftir skattkrafna		10.000,0				10.000,0	11.528,5	-1.528,5
09-721	**Fjármagnstekjuskattur**		**2.665,0**	**564,0**			**3.229,0**	**2.722,7**	**506,3**
721-1.11	Fjármagnstekjuskattur		2.665,0	564,0			3.229,0	2.722,7	506,3
09-811	**Barnabætur**		**8.800,0**	**70,0**			**8.870,0**	**8.875,3**	**-5,3**
811-1.11	Barnabætur		8.800,0	70,0			8.870,0	8.875,3	-5,3
09-821	**Vaxtabætur**		**5.880,0**	**1.142,0**			**7.022,0**	**7.013,0**	**9,0**
821-1.11	Vaxtabætur		5.880,0	1.142,0			7.022,0	7.013,0	9,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-831	**Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega**			**590,0**			**590,0**	**496,3**	**93,7**
831-1.11	Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega			590,0			590,0	496,3	93,7
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**22,0**	**2,7**				**24,7**	**5,8**	**18,9**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	22,0	2,7				24,7	5,8	18,9
09-905	**Ríkiskaup**	**38,6**					**38,6**	**-11,7**	**50,3**
905-1.01	Ríkiskaup	38,6					38,6	-11,7	50,3
09-971	**Ríkisábyrgðir**							**40,9**	**-40,9**
971-6.01	Ríkisábyrgðir							40,9	-40,9
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**82,0**					**82,0**	**11,6**	**70,4**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	82,0					82,0	11,6	70,4
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**		**100,0**		**-9,0**		**91,0**	**192.267,5**	**-192.176,5**
973-1.01	Tapaðar kröfur							-0,2	0,2
973-6.11	Tapaðar kröfur		80,0				80,0	65,7	14,3
973-6.15	Tjónabætur		20,0		-9,0		11,0	16,9	-5,9
973-6.21	Tapaðar kröfur							174.902,6	-174.902,6
973-6.22	Tapaðar kröfur							17.282,5	-17.282,5
09-976	**Lánaumsýsla ríkissjóðs**		**75,0**				**75,0**	**93,8**	**-18,8**
976-1.01	Lánaumsýsla ríkissjóðs		75,0				75,0	93,8	-18,8
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarh**	**11,1**	**29,4**		**2,7**		**43,2**	**47,5**	**-4,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	133,2			-121,2		12,0	-8,5	20,5
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-74,1	11,1		75,6		12,6	31,9	-19,3
980-6.21	Húsnæði	-100,5	5,3		100,5		5,3	18,5	-13,2
980-6.41	Tölvubúnaður	52,5	13,0		-52,2		13,3	5,6	7,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**	**390,3**	**397,5**		**-268,3**		**519,5**	**23,5**	**496,0**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga	57,3	14,5		-0,9		70,9		70,9
981-5.25	Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasa	333,0	333,0		-291,0		375,0		375,0
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu		50,0				50,0		50,0
981-6.91	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga				23,6		23,6	23,5	0,1
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**-61,0**			**251,1**	**43,7**	**233,8**	**378,1**	**-144,3**
984-1.01	Yfirstjórn	466,5	78,8		-464,1		81,2	91,8	-10,6
984-1.11	Rekstur fasteigna	581,2	-1.322,2		-583,7	43,7	-1.281,0	-1.426,5	145,5
984-5.21	Viðhald fasteigna	-1.108,7	1.243,4		1.298,9		1.433,6	1.712,8	-279,2
09-985	**Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll**		**1.500,6**				**1.500,6**	**473,9**	**1.026,7**
985-1.01	Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll		1.500,6				1.500,6	473,9	1.026,7
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		**4.290,0**	**7.737,0**	**-11.980,5**		**46,5**		**46,5**
989-1.90	Launa- og verðlagsmál		4.290,0	7.737,0	-11.980,5		46,5		46,5
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**	**131,4**	**200,0**		**-206,1**		**125,3**		**125,3**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin	131,4	200,0		-206,1		125,3		125,3
09-994	**Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu**		**71,2**				**71,2**	**135,7**	**-64,5**
994-1.01	Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu		71,2				71,2	135,7	-64,5
09-999	**Ýmislegt**	**329,5**	**1.104,5**	**1.825,5**	**-19,9**		**3.239,6**	**1.508,2**	**1.731,4**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		35,4		0,2		35,6	27,8	7,8
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir			180,0			180,0	115,0	65,0
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	2,8	7,0				9,8	8,0	1,8
999-1.13	Kjarasamningar	43,5	18,5		0,5		62,5	6,7	55,8
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum		42,8	72,5			115,3	71,1	44,2
999-1.15	Kjararannsóknir	12,3	10,9		0,3		23,5	15,4	8,1
999-1.18	Framlög til stjórnmálasamtaka		371,5				371,5	371,5	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		30,0				30,0	30,0	
999-1.23	Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta		32,0				32,0	0,1	31,9
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda		75,0				75,0	37,9	37,1
999-1.45	Ýmsar nefndir		30,5		0,9		31,4	21,5	9,9
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	27,3	5,8				33,1	5,7	27,4
999-1.60	Dómkröfur		149,0				149,0	476,6	-327,6
999-1.61	Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn			125,0			125,0		125,0
999-1.65	Kjararáð	-15,8	34,0		1,1		19,3	26,1	-6,8
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-22,2	15,6		0,6		-6,0	13,0	-19,0
999-1.67	Þjóðlendumál	-0,7	24,0	15,0	22,0		60,3	40,8	19,5
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi			733,0	-38,6		694,4	135,9	558,5
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		5,0				5,0	1,2	3,8
999-1.90	Ýmis verkefni	182,7	143,5		9,8		336,0	103,1	232,9
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	2,1	20,0		-16,7		5,4		5,4
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og A	36,7	4,8				41,5	0,8	40,7
999-6.81	Framlag til Vestmannaeyjabæjar vegna vatnslagnar			700,0			700,0		700,0
999-6.95	Þróunarmál í upplýsingatækni	60,8	49,2				110,0		110,0
10 Samgönguráðuneyti		***4.126,5***	***54.908,8***	***1.139,7***	***59,4***	***-65,8***	***60.168,6***	***50.878,9***	***9.289,7***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**59,8**	**319,5**		**31,1**		**410,4**	**364,3**	**46,1**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	59,8	319,5		31,1		410,4	364,3	46,1
10-190	**Ýmis verkefni**	**48,8**	**160,6**	**250,0**	**-55,0**		**404,4**	**368,0**	**36,4**
190-1.11	Fastanefndir	-17,6	9,5		0,3		-7,8	17,4	-25,2
190-1.12	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	21,2	1,9				23,1	1,5	21,6
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	6,7	59,6		1,3		67,6	67,6	
190-1.34	Flugskóli Íslands		23,6				23,6	23,6	
190-1.35	Átak í umferðaröryggismálum	29,2	50,0		-56,6		22,6		22,6
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reyk	1,5					1,5	0,1	1,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
190-1.52	Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á		7,5				7,5	7,5	
190-1.59	Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti			250,0			250,0	250,0	
190-1.98	Ýmis framlög samgönguráðuneytis	7,8	8,5				16,3	0,3	16,0
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**194,6**	**592,2**			**3,1**	**789,9**	**646,7**	**143,2**
211-1.01	Almennur rekstur	112,6	529,9			3,1	645,6	567,9	77,7
211-1.02	Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna		62,3				62,3	62,3	
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	82,0					82,0	16,5	65,5
10-212	**Samgönguverkefni**	**459,3**	**30.547,7**	**110,0**			**31.117,0**	**27.224,1**	**3.892,9**
212-1.07	Þjónusta	-189,5	3.349,9				3.160,4	3.728,5	-568,1
212-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	170,1	905,9				1.076,0	1.053,5	22,5
212-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	51,1	281,4				332,5	352,6	-20,1
212-1.21	Rannsóknir	69,4	123,5				192,9	90,0	102,9
212-5.10	Viðhald	131,2	3.349,6				3.480,8	3.463,0	17,8
212-6.10	Framkvæmdir	227,0	22.537,4	110,0			22.874,4	18.536,5	4.337,9
10-251	**Umferðarstofa**	**468,3**	**449,5**	**-117,5**	**50,0**	**-9,0**	**841,3**	**447,6**	**393,7**
251-1.01	Umferðarstofa	468,3	449,5	-117,5	50,0	-9,0	841,3	447,6	393,7
10-281	**Rannsóknanefnd umferðarslysa**	**-3,3**	**27,1**		**7,3**		**31,1**	**30,7**	**0,4**
281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa	-3,3	27,1		7,3		31,1	30,7	0,4
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**346,0**	**915,8**		**25,9**	**12,6**	**1.300,3**	**887,6**	**412,7**
335-1.01	Almennur rekstur	216,1	499,2		25,9	12,6	753,8	491,7	262,1
335-1.11	Vaktstöð siglinga	3,9	267,0				270,9	276,4	-5,5
335-6.60	Vitabyggingar	3,8	24,4				28,2	26,5	1,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar	122,2	125,2				247,4	93,0	154,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
10-336	**Hafnarframkvæmdir**	**811,8**	**2.109,4**	**9,7**			**2.930,9**	**1.317,3**	**1.613,6**
336-1.01	Almennur rekstur	300,1	11,8	-11,8			300,1	19,5	280,6
336-6.70	Hafnabótasjóður	493,4	1.059,8	6,0			1.559,2	931,7	627,5
336-6.72	Bakkafjöruhöfn		835,0				835,0	231,5	603,5
336-6.73	Tollaðstaða á Seyðisfirði		82,3				82,3	68,9	13,4
336-6.74	Lendingabætur	1,6	7,3	1,5			10,4	1,4	9,0
336-6.76	Ferjubryggjur	16,7	9,4	14,0			40,1	33,2	6,9
336-6.81	Vestmannaeyjaferja		103,8				103,8	31,1	72,7
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**19,1**	**38,2**		**0,9**		**58,2**	**30,9**	**27,3**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	19,1	38,2		0,9		58,2	30,9	27,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	**118,7**	**403,4**		**9,5**	**3,3**	**534,9**	**454,9**	**80,0**
471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	118,7	403,4		9,5	3,3	534,9	454,9	80,0
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta								
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	**524,1**	**6.383,6**	**491,0**		**48,9**	**7.447,6**	**5.743,6**	**1.704,0**
475-1.01	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	202,0	1.075,4	130,0		-35,2	1.372,2	1.186,4	185,8
475-1.11	Keflavíkurflugvöllur		2.811,0	-33,0		84,1	2.862,1	2.862,0	0,1
475-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugm		115,4				115,4	115,4	
475-5.41	Viðhald	77,9	409,0				486,9	282,6	204,3
475-6.41	Framkvæmdir	244,2	1.972,8	394,0			2.611,0	1.297,2	1.313,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**1,8**	**42,1**		**0,7**		**44,6**	**47,6**	**-3,0**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	1,8	42,1		0,7		44,6	47,6	-3,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**29,9**	**288,7**	**-26,0**	**7,8**	**28,2**	**328,6**	**275,4**	**53,2**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	29,9	288,7	-26,0	7,8	28,2	328,6	275,4	53,2
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	**1,1**		**201,5**		**-152,9**	**49,7**	**56,5**	**-6,8**
513-1.10	Jöfnunarsjóður alþjónustu	1,1		201,5		-152,9	49,7	56,5	-6,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
10-521	**Fjarskiptasjóður**	**1.046,5**	**440,0**	**-57,0**	**-13,8**		**1.415,7**	**579,4**	**836,3**
521-6.41	Fjarskiptasjóður	1.046,5	440,0	-57,0	-13,8		1.415,7	579,4	836,3
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**12.176,0**	**278,0**			**12.454,0**	**12.394,3**	**59,7**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög		10.476,0	-146,0			10.330,0	10.270,3	59,7
801-1.11	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframl		1.700,0	424,0			2.124,0	2.124,0	
10-811	**Bjargráðasjóður**		**10,0**				**10,0**	**10,0**	
811-1.10	Bjargráðasjóður		10,0				10,0	10,0	
11	***Iðnaðarráðuneyti***	***978,7***	***5.498,4***	***614,4***	***22,0***	***208,0***	***7.321,5***	***5.940,9***	***1.380,6***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**68,4**	**211,3**	**10,0**	**-14,1**		**275,6**	**225,9**	**49,7**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	68,4	211,3	10,0	-14,1		275,6	225,9	49,7
11-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
11-205	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	**112,1**	**382,6**	**45,0**	**30,8**		**570,5**	**429,3**	**141,2**
205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	112,1	382,6	45,0	30,8		570,5	429,3	141,2
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**24,8**	**17,0**	**6,0**			**47,8**	**8,2**	**39,6**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	24,8	17,0	6,0			47,8	8,2	39,6
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**155,3**	**600,0**				**755,3**	**541,3**	**214,0**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	155,3	600,0				755,3	541,3	214,0
11-245	**Samtök iðnaðarins**		**259,3**	**40,7**		**202,0**	**502,0**	**502,0**	
245-1.10	Samtök iðnaðarins		259,3	40,7		202,0	502,0	502,0	
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslan**	**25,0**	**75,0**	**50,0**			**150,0**	**92,5**	**57,5**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	25,0	75,0	50,0			150,0	92,5	57,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**58,5**	**257,7**	**7,9**	**20,6**	**5,9**	**350,6**	**221,4**	**129,2**
299-1.10	Fastanefndir	3,6	8,6	-6,1	0,2		6,3	3,9	2,4
299-1.15	Fjárfestingarstofan	0,2	15,9		0,5		16,6	16,6	
299-1.19	Staðlaráð	11,3	55,7			5,9	72,9	69,2	3,7
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	16,4	21,8		0,3		38,5	24,9	13,6
299-1.45	Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mýv	5,0					5,0		5,0
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	0,2	75,0				75,2	25,0	50,2
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,6	32,0				45,6	26,1	19,5
299-1.98	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarrá	8,2	48,7	14,0	19,6		90,5	55,7	34,8
11-301	**Orkustofnun**	**73,6**	**579,9**	**88,8**	**8,2**		**750,5**	**684,9**	**65,6**
301-1.01	Orkustofnun	73,6	579,9	88,8	8,2		750,5	684,9	65,6
11-371	**Orkusjóður**		**34,1**				**34,1**	**34,1**	
371-1.01	Rekstur Orkusjóðs		34,1				34,1	34,1	
11-373	**Niðurgreiðslur á húshitun**		**1.135,0**	**201,0**			**1.336,0**	**1.316,3**	**19,7**
373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis		1.135,0	201,0			1.336,0	1.316,3	19,7
11-375	**Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku**		**245,0**				**245,0**	**232,3**	**12,7**
375-1.11	Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku		245,0				245,0	232,3	12,7
11-399	**Ýmis orkumál**	**123,7**	**197,7**	**-15,0**	**0,5**		**306,9**	**149,1**	**157,8**
399-1.12	Jarðhitaleit	50,0	50,0				100,0	46,8	53,2
399-1.13	Hafsbotnsrannsóknir	0,3	15,0	-15,0			0,3		0,3
399-1.21	Nýskipan orkumála	14,2					14,2	7,8	6,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
12 Viðskiptaráðuneyti		***396,4***	***2.323,2***	***660,7***	***58,0***	***119,2***	***3.557,5***	***2.577,6***	***979,9***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**11,7**	**170,2**	**22,7**	**47,0**		**251,6**	**224,4**	**27,2**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	11,7	170,2	22,7	47,0		251,6	224,4	27,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**63,2**	**87,0**	**6,1**	**-2,1**	**7,8**	**162,0**	**92,7**	**69,3**
190-1.10	Neytendasamtökin	0,1	8,5				8,6	14,0	-5,4
190-1.15	Fastanefndir	8,8	14,3	6,1	0,3	0,8	30,3	30,4	-0,1
190-1.20	Icepro-nefnd	2,6	8,0			0,8	11,4	8,1	3,3
190-1.23	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	44,4	19,0			6,2	69,6	4,4	65,2
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	7,3	37,2		-2,4		42,1	35,8	6,3
12-199	**Ráðstöfunarfé**	**3,0**	**3,0**		**-6,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0	3,0		-6,0				
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**87,4**	**935,7**	**531,9**		**-5,9**	**1.549,1**	**1.021,1**	**528,0**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	87,4	935,7	531,9		-5,9	1.549,1	1.021,1	528,0
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**3,5**	**277,0**		**5,9**		**286,4**	**289,4**	**-3,0**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	3,5	277,0		5,9		286,4	289,4	-3,0
12-421	**Neytendastofa**	**151,7**	**251,1**		**7,3**	**63,7**	**473,8**	**321,3**	**152,5**
421-1.01	Neytendastofa	151,7	251,1		7,3	63,7	473,8	321,3	152,5
12-425	**Talsmaður neytenda**	**1,0**	**15,7**		**2,8**		**19,5**	**18,3**	**1,2**
425-1.01	Talsmaður neytenda	1,0	15,7		2,8		19,5	18,3	1,2
12-431	**Einkaleyfastofan**	**74,9**	**133,5**		**3,1**	**75,6**	**287,1**	**232,4**	**54,7**
431-1.01	Einkaleyfastofan	74,9	133,5		3,1	75,6	287,1	232,4	54,7
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**300,0**	**100,0**		**-22,0**	**378,0**	**378,0**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		300,0	100,0		-22,0	378,0	378,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
12-831	**Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga**		**150,0**				**150,0**		**150,0**
831-1.10	Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga		150,0				150,0		150,0
14 Umhverfisráðuneyti		***2.331,5***	***6.166,8***	***288,3***	***265,0***	***-65,5***	***8.986,1***	***6.869,5***	***2.116,6***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**41,1**	**291,8**		**8,1**		**341,0**	**307,2**	**33,8**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	41,1	291,8		8,1		341,0	307,2	33,8
14-190	**Ýmis verkefni**	**198,6**	**293,0**	**6,0**	**17,1**		**514,7**	**310,1**	**204,6**
190-1.10	Fastanefndir	3,3	9,1		-2,4		10,0	10,8	-0,8
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	0,8	12,0		0,2		13,0	9,1	3,9
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-3,6	19,7		0,1		16,2	19,5	-3,3
190-1.35	Umhverfisvöktun	14,4	28,0				42,4	25,5	16,9
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	105,1					105,1	28,2	76,9
190-1.40	Alþjóðastofnanir		16,4		6,5		22,9	15,9	7,0
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg	-0,3	10,2				9,9	10,2	-0,3
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mei	-0,5	10,0		0,4		9,9	10,0	-0,1
190-1.44	Skógræktarfélag Íslands		35,6				35,6	35,6	
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	5,6			-5,8		-0,2		-0,2
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,6	1,1				1,7	0,2	1,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	1,9	8,1		0,2		10,2	7,3	2,9
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	9,8	34,1		0,8		44,7	45,9	-1,2
190-1.90	Ýmis verkefni	6,0	27,2	6,0			39,2	20,2	19,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	55,5	81,5		17,1		154,1	71,7	82,4
14-199	**Ráðstöfunarfé**	**5,0**	**5,0**				**10,0**		**10,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	5,0				10,0		10,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-0,5**	**14,8**		**0,5**		**14,8**	**13,1**	**1,7**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-0,5	14,8		0,5		14,8	12,4	2,4
202-6.11	Bifreiðar							0,7	-0,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	**54,5**	**651,5**	**97,8**	**27,8**	**21,0**	**852,6**	**675,9**	**176,7**
211-1.01	Umhverfisstofnun	16,4	556,9	97,8	26,5	21,0	718,6	648,7	69,9
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o	15,4	30,6		1,3		47,3	25,3	22,0
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	22,7	64,0				86,7	1,9	84,8
14-212	**Vatnajökulsþjóðgarður**	**54,5**	**233,4**	**15,0**	**2,6**		**305,5**	**284,7**	**20,8**
212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	53,8	72,9	15,0	2,6		144,3	136,6	7,7
212-6.41	Framkvæmdir	0,7	160,5				161,2	148,1	13,1
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	**88,7**	**432,9**	**7,0**	**98,6**	**6,2**	**633,4**	**600,3**	**33,1**
231-1.01	Landgræðsla ríkisins	42,9	386,5		56,9	6,2	492,5	504,7	-12,2
231-1.90	Fyrirhleðslur	93,1		7,0			100,1	27,6	72,5
231-5.01	Viðhald fasteigna	61,2	8,0		-41,5		27,7	42,9	-15,2
231-6.01	Tæki og búnaður	-108,5	38,4		83,2		13,1	25,1	-12,0
14-241	**Skógrækt ríkisins**	**-5,0**	**262,3**		**50,3**	**2,5**	**310,1**	**286,9**	**23,2**
241-1.01	Skógrækt ríkisins	-126,1	247,0		155,6	2,5	279,0	277,5	1,5
241-5.01	Viðhald fasteigna	21,7	6,2		-15,6		12,3	9,4	2,9
241-6.20	Fasteignir	99,4	9,1		-89,7		18,8		18,8
14-243	**Hekluskógar**	**-3,1**	**50,0**				**46,9**	**45,6**	**1,3**
243-1.01	Hekluskógar	-3,1	50,0				46,9	45,6	1,3
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**		**200,0**				**200,0**	**237,5**	**-37,5**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga		200,0				200,0	237,5	-37,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**1.004,8**	**700,0**			**-129,5**	**1.575,3**	**754,0**	**821,3**
287-1.01	Almennur rekstur	267,1	55,0			3,2	325,3	-68,3	393,6
287-1.10	Úrvinnslusjóður	737,7	645,0			-132,7	1.250,0	822,3	427,7
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**985,0**	**285,0**		**23,6**	**1.293,6**	**1.293,6**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		985,0	285,0		23,6	1.293,6	1.293,6	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-14,2**	**157,9**	**10,3**	**7,9**		**161,9**	**174,2**	**-12,3**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-14,2	157,9	10,3	7,9		161,9	174,2	-12,3
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**51,3**	**155,0**				**206,3**	**216,1**	**-9,8**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem		110,0				110,0	133,1	-23,1
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	51,3	45,0				96,3	83,0	13,3
14-310	**Landmælingar Íslands**	**17,1**	**221,0**		**6,5**	**10,7**	**255,3**	**232,1**	**23,2**
310-1.01	Landmælingar Íslands	17,1	221,0		6,5	10,7	255,3	232,1	23,2
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**0,7**	**124,1**		**3,7**		**128,5**	**135,3**	**-6,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	0,7	124,1		3,7		128,5	135,3	-6,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**691,6**	**288,9**	**-135,0**			**845,5**	**145,0**	**700,5**
381-1.01	Almennur rekstur	-7,0	7,9		-1,0		-0,1	-15,0	14,9
381-6.60	Ofanflóðasjóður	698,6	281,0	-135,0	1,0		845,6	160,0	685,6
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-21,5**	**308,1**	**2,2**	**10,3**		**299,1**	**320,3**	**-21,2**
401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-21,5	308,1	2,2	10,3		299,1	316,4	-17,3
401-6.11	Bifreiðar							3,9	-3,9
14-403	**Náttúrustofur**	**0,2**	**128,6**		**0,9**		**129,7**	**128,6**	**1,1**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,2	17,2		0,1		17,5	17,2	0,3
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		17,2		0,1		17,3	17,2	0,1
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík		25,4		0,3		25,7	25,4	0,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2008, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		17,2		0,1		17,3	17,2	0,1
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki		17,2		0,1		17,3	17,2	0,1
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		17,2		0,1		17,3	17,2	0,1
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík		17,2		0,1		17,3	17,2	0,1
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-0,6**	**33,4**		**0,8**		**33,6**	**23,1**	**10,5**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-0,6	33,4		0,8		33,6	23,1	10,5
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**69,4**	**594,7**		**29,9**		**694,0**	**641,6**	**52,4**
410-1.01	Almennur rekstur	-24,9	574,7		29,9		579,7	615,2	-35,5
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	8,8					8,8		8,8
410-6.01	Tæki og búnaður	82,5	20,0				102,5	26,4	76,1
410-6.11	Bifreiðar	3,0					3,0		3,0
14-411	**Vatnamælingar**	**98,9**	**35,4**				**134,3**	**44,3**	**90,0**
411-1.01	Vatnamælingar	98,9	35,4				134,3	44,3	90,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***21.764,0***	***10.936,0***			***32.700,0***	***35.496,1***	***-2.796,1***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**21.764,0**	**10.936,0**			**32.700,0**	**35.496,1**	**-2.796,1**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		21.764,0	10.936,0			32.700,0	35.496,1	-2.796,1

700. Frumvarp til laga [392. mál]

um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Birgitta Jónsdóttir,
Þór Saari, Ólöf Nordal, Ólína Þorvarðardóttir, Þráinn Bertelsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Atli Gíslason, Erla Ósk Ásgeirsdóttir.

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú er ágreiningur milli aðila um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging). Hyggist aðili höfða mál vegna slíks ágreinings getur hann óskað eftir því að málið sæti meðferð eftir ákvæðum XIX. kafla um flýtimeðferð einkamála.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2010.

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að fresta fram yfir 31. desember 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu skv. 6. gr. á grundvelli lána eða kaupleigusamninga sem eru tilgreindir í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging). Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar eignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður við gildistöku þessara laga fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. desember 2010.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 12. febrúar sl. féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-7206/2009 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði lánasamnings um gengistryggingu væru ólögmæt verðtrygging þar sem lánið var veitt í íslenskum krónum. Áður hafði fallið annar dómur (E-4501/2009) við sama dómstól þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu í mjög svipuðu máli.

Því er ljóst að fullkomin réttaróvissa er um þessi álitaefni og að úr henni verður ekki skorið nema með dómi í Hæstarétti. Að öllu óbreyttu má ætla að niðurstaða Hæstaréttar liggi ekki fyrir fyrr en í fyrsta lagi undir næstu áramót.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um bílalán í erlendri mynt (gengistryggð lán) frá því í júlí 2009 kom fram að 40.414 einstaklingar eru með fjármögnun bifreiðar í slíku lánsformi. Í flestum tilvikum eru bílasamningarnir þannig að lánafyrirtækið hefur fyrsta veðrétt í bifreiðinni eða eignarleigufyrirtæki með eignarrétt á bifreiðinni meðan

á samningstíma stendur. Ef skuldari stendur ekki í skilum er bifreiðin seld og skuldara ber að greiða eftirstöðvar skuldarinnar rétt eins og um veðskuld sé að ræða. Heildarupphæð þessara samninga er ætluð rétt ríflega 115 milljarðar kr. Í svari félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Helgu Sigrúnar Harðardóttur um gengistryggð húsnæðislán kom fram að gengisbundin skuldabréf til heimila voru um 315 milljarðar kr. í lok september og voru 107 milljarðar kr. skilgreindir sem erlend íbúðalán. Ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda en um 6.200 erlend lán með veði í íbúðarhúsnæði voru útistandandi hjá stærstu innlánsstofnunum. Í lok september voru þannig tæp 9% af húsnæðisskuldum heimilanna gengisbundin lán samkvæmt skilgreiningu innlánsstofnana en verðtryggð húsnæðislán til heimilanna voru á sama tíma um 122.000 talsins, samtals að fjárhæð 1.100 milljarðar kr. Þá eru ónefndir sambærilegir lánasamningar fyrirtækja. Af þessu er ljóst að gífurlegir hagsmunir eru af því að fá úr því skorið sem allra fyrst hvort þessi lána- og kaupleigusamningar séu löglegir eða ekki.

Þótt ýmsir hafi lagt áherslu á mikilvægi þess að flýta meðferð þessara mála liggur fyrir að dómstólar taka ekki við fyrirmælum um forgang mála hvorki frá ráðherrum né öðrum. Því má telja einsýnt að dómstólar telji sér óheimilt að flýta málum þar sem reynir á lögmæti innlendra lána- og kaupleigusamninga í erlendri mynt og/eða gengistryggðra, umfram önnur mál, en óvenjumikið álag er nú á dómstólum landsins í kjölfar bankahrunsins. Þá hafa lögfræðingar og nú einnig efnahags- og viðskiptaráðherra bent á að gengistryggðir lánasamningar eru ekki allir af sama toga og þar með ekki sjálfgefið að nýi dómurinn hafi almennt fordæmisgildi.

Því er í þessu frumvarpi lagt til í 1. gr. að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, þar sem heimilt verði að óska eftir flýtimeðferð þegar um mál ræðir þar sem deilt er um lán eða kaupleigusamning sem er tilgreindur í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging).

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nauðungarsölum vegna lána- eða kaupleigusamninga sem eru tilgreindir í íslenskum krónum en miðast við dagsgengi erlendra gjaldmiðla (gengistrygging) verði frestað sjálfkrafa til 31. desember 2010. Í ljósi réttaróvissunnar sem skapast hefur er hreinlega ósanngjarnt, óheiðarlegt og hættulegt fyrir sáttina í samfélaginu að þeir einstaklingar og fjölskyldur sem hlut eiga að máli þurfi að þola nauðungarsölur meðan beðið er niðurstöðu dómstóla. Þá ber sérstaklega að hafa í huga þá staðreynd að samkvæmt gildandi lögum er lánardrottnum hér á landi heimilt að halda áfram innheimtu hjá lánþegum eftir að veðtrygging hefur verið fullnustuð og sækja áfram að lánþegum með eftirstöðvar samninga. Lýkur slíkum innheimtum oftast með aðfarargerðum og í mörgum tilfellum gjaldþroti lánþega. Miklu varðar því að komist verði hjá svo alvarlegum aðgerðum í garð lánþega á meðan fullkomin óvissa er um lögmæti þessara samninga. Með þessu ákvæði er einnig verið að vernda hagsmuni fjármálastofnana þar sem þær gætu reynst bótaskyldar gagnvart neytendum ef þær innheimta ólögmæt gengislán. Í yfirlýsingum stjórnenda fjármálafyrirtækja eftir að dómur í máli nr. E-7206/2009 féll virtist svo vera sem stjórnendur þeirra fyrirtækja væru ekki nægilega upplýstir um ákvæði í lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu þar sem segir, sbr. 1. mgr. 86. gr. laga um nauðungarsölu: „Hafi gerðarbeiðandi krafist nauðungarsölu sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til ber honum að bæta allt það tjón sem aðrir hafa beðið af þeim sökum.“

Talsmaður neytenda benti á þetta á vefsíðu sinni 30. desember 2009. Þar kemur einnig fram að ekki sé útilokað að jafnvel stjórnendur fyrirtækja og jafnvel almennir starfsmenn beri meðábyrgð á hugsanlegu tjóni neytenda ef og þegar Hæstiréttur staðfestir ólögmæti gengis-

bundinna lána, sbr. sanngirnismælikvarða 1. málsl. 2. mgr., sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga þar sem kveðið er á um að líta skuli til „sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti“ og „hagsmuna tjónþola“ en 24. gr. sömu laga getur einnig komið til álita til mildunar á hugsanlegri skaðabótaábyrgð.

Af því sem að framan er rakið er ljóst að miklu varðar að skorið verði úr um lögmæti þessara lánasamninga, enda má sjá fyrir sér mikinn ófrið og jafnvel upplausnarástand í samfélaginu ef innheimtum og fullnustugerðum verður fram haldið á meðan þessi mikla óvissa varir. Nauðsynlegt er því að lögin öðlist þegar gildi til að draga sem mest úr réttaróvissunni, forða hugsanlegum bótamálum og tryggja hraða meðferð þessara mála í dómskerfinu.

701. Frumvarp til laga [393. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 (hópmálsókn).

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ólöf Nordal, Siv Friðleifsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ögmundur Jónasson, Magnús Orri Schram, Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Þór Saari.

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli a, **Hópmálsókn,** með tólf nýjum greinum, 23. gr. a – 23. gr. l, sem orðast svo:

a. (23. gr. a.)

Ákvæði þessa kafla taka til sérreglna um málsóknir í einkamálum fyrir íslenskum dómstólum af hálfu hóps aðila og til málsókna þar sem hópi manna er stefnt sameiginlega. Þar sem ákvæðum þessa kafla sleppir gilda önnur ákvæði laga þessara.

b. (23. gr. b.)

Hópi einstaklinga eða lögaðila er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eru einsleitar að mati dómstóla.

c. (23. gr. c.)

Skilyrði fyrir höfðun hópmáls, hvort sem er af hálfu hóps manna eða lögaðila eða á hendur hópi manna eða lögaðila, eru:

a. að dómkröfur séu einsleitar bæði efnislega og lagalega,
b. að hópmálsókn sé heppilegasta úrræðið til þess að fá úr dómkröfum skorið, að mati dómstóla,
c. að viðkomandi dómstóll sé bær til þess að taka kröfur a.m.k. eins aðila hópsins til meðferðar,
d. að mögulegt sé að afmarka, tiltaka og hafa samband við þá aðila sem mynda hópinn,
e. að hægt sé að tilnefna umboðsmann hópmálsóknar skv. 23. gr. i.

d. (23. gr. d.)

Forræði til höfðunar hópmáls hefur:

a. aðili sem tilheyrir viðkomandi hóp, þó þannig að aðili teljist einungis tilheyra hópnum ef viðkomandi hefði sjálfur getað höfðað dómsmál á grundvelli kröfu sinnar. Dómstóll á mat um það hvort viðkomandi aðili falli undir hópinn,
b. félag, einkaréttarleg stofnun eða önnur samtök enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem málsóknin tekur til,
c. opinber aðili sem lagaheimild hefur til höfðunar máls.

e. (23. gr. e.)

Hópmál skal höfða í samræmi við almennar reglur í lögum þessum. Í stefnu þarf, auk almennra atriða í XIII. kafla, að tiltaka hvort og hvernig skilyrðum hópmálsóknar skv. 23. gr. c er fullnægt. Í stefnu þarf einnig að tiltaka hvort um hópmálsókn skuli fara eftir 23. gr. g eða 23. gr. h.

f. (23. gr. f.)

Dómstóll sem stefnu er beint til skal taka afstöðu til hópmálsóknar og hvort málsóknin uppfylli skilyrði laga. Uppfylli stefnan ekki skilyrði ber dómstól að vísa henni frá.

g. (23. gr. g.)

Hópmálsókn getur tekið til krafna þeirra aðila sem hafa tilkynnt sig sem þátttakendur í málsókninni. Slíka tilkynningu um þátttöku skal senda viðkomandi dómstól innan frests sem dómari veitir við fyrstu fyrirtöku málsins.

h. (23. gr. h.)

Hópmálsókn getur einnig byggst á kröfum ótiltekins fjölda aðila án þess að viðkomandi tilkynni sig sem þátttakanda í málsókninni. Skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis eru:

a. að kröfurnar sem um ræðir séu það smávægilegar og möguleg bótafjárhæð það lág að ekki megi ætla að höfðað yrði sérstakt dómsmál til staðfestingar á hverri og einni kröfu,
b. að ekki sé hagræði af því að fara með málsóknina eftir 23. gr. g,
c. að mál sé höfðað af hálfu opinbers aðila sem lagaheimild hefur til slíkrar málshöfðunar.

Vilji kröfuhafi hins vegar ekki standa að hópmálsókninni getur viðkomandi sagt sig frá málsókninni með tilkynningu til viðkomandi dómstóls og innan tiltekins frests sem dómari veitir.

i. (23. gr. i.)

Hópmálsókn skal vera stýrt af umboðsmanni sem tilnefndur er af viðkomandi dómstól. Þeir sem geta orðið umboðsmenn fyrir tiltekinn hóp eru þeir aðilar sem tilgreindir eru í 23. gr. d. Dómstóll getur ákveðið að umboðsmaður hópmálsóknar skuli leggja fram tryggingu fyrir hönd hópsins til greiðslu á málskostnaði gagnaðila.

j. (23. gr. j.)

Umboðsmaður hópmálsóknar skal tilkynna stefnendum um niðurstöðu hópmálsóknar, ákvarðanir, fresti eða annað það sem dómari tilkynnir við meðferð málsins.

k. (23. gr. k.)

Umboðsmaður hópmálsóknar og gagnaðili geta lokið hópmálsókn með sáttargerð. Slík sáttargerð þarf að hljóta staðfestingu viðkomandi dómstóls. Dómstól er ekki heimilt að staðfesta sáttargerð ef hún brýtur gegn jafnræði aðila eða er sýnilega óréttlát.

l. (23. gr. l.)

Dómstól ber að tilkynna aðilum hóps um endanlega niðurstöðu dómsins með endurriti af dómsúrskurðinum.

Hópi er heimilt að áfrýja ákvörðun dómstóls í hópmálsókn og gilda um áfrýjun sömu reglur og um málsókn í þessum kafla.

Ef tilnefndur umboðsmaður vill ekki áfrýja dómsúrskurði fyrir hönd hópsins er heimilt að annar umboðsaðili verði tilnefndur af dómnum.

Einnig getur sérhver aðili í hópmálsókn kosið að áfrýja einungis sinni eigin kröfu, þó innan sama áfrýjunarfrests og veittur var hópnum í heild.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2010.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt óbreytt frá 136. löggjafarþingi og felur í sér viðbót við lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem innleiðir réttarúrræðið hópmálsókn í íslenskt réttarfar. Úrræðið hefur gengið undir íslenska heitinu hópmálsókn en einnig undir heitinu fjöldamálsókn. Var við samningu frumvarps þessa ákveðið að notast við orðið hópmálsókn þar sem hentugast þótti að notast við hugtakið hópur í lagatexta frumvarpsins.

Í úrræðinu felst heimild til handa hópi aðila, bæði einstaklinga og lögaðila, til þess að höfða sameiginlega dómsmál til kröfu um bætur vegna tjóns eða lögbrota. Nú þegar er í lögum um meðferð einkamála úrræði þar sem aðilar dómsmáls eru fleiri en einn og má þar helst nefna ákvæði 18. gr. um samaðild, ákvæði 19. gr. um samlagsaðild, ákvæði 3. mgr. 25. gr. um málsóknarumboð félaga og samtaka og ákvæði 27. gr. um kröfusamlag. Þrátt fyrir úrræði þessi er það mat flutningsmanna frumvarps þessa að sérstakt úrræði um hópmálsókn sé nauðsynleg viðbót við íslenskt réttarfar. Stafar það af því að áðurnefnd úrræði sem þegar eru í lögum ganga styttra en úrræðið hópmálsókn enda eru núverandi úrræði yfirleitt túlkuð fremur þröngt og hafa þann tilgang helstan að vera til hagræðis auk þess sem nokkur óvissa er um hvort eiginleg hópmálsókn geti fallið undir ákvæði 19. gr. einkamálalaga. Með því að innleiða sérstaklega úrræði um hópmálsókn er orðið til viðurkennt úrræði fyrir hóp manna sem eiga einsleitar kröfur til þess að leita einkaréttarlegra úrræða og bóta vegna tjóns eða brots sem viðkomandi aðilar hafa orðið fyrir. Það verður því að teljast vera þörf á réttarfarsúrræði sem á skilvirkan hátt tekur til ágreiningsmála þar sem um er að ræða fjölda sams konar krafna og þá einkum í þeim tilfellum þar sem kröfurnar eru svo lágar að þeim er ekki fylgt eftir af einstaklingum meðal annars vegna kostnaðar og óvissu í tengslum kröfuna.

Úrræðið hópmálsókn tryggir hópi aðila einkaréttarlegt úrræði til viðbótar við opinber úrræði vegna tjóns eða brota. Þannig eru starfandi ýmsar opinberar kærunefndir eða úrskurðarnefndir sem neytendur eða aðilar geta leitað með mál sín til. Slíkar nefndir hafa þá heimild til að úrskurða um réttarbrot og í sumum tilfellum heimild til þess að leggja á viðkomandi brotlegan aðila stjórnvaldssekt. Hins vegar er ekki til heimild hjá úrskurðar- eða kærunefndum til þess að úrskurða tjónþolum bætur. Er því nauðsynlegt að til staðar séu einkaréttarleg

úrræði fyrir neytendur og aðila að fá tjón sitt bætt. Helstu kostir slíks einkaréttarlegs kerfis eru að það veitir nokkurt aðhald, bæði til handa því fyrirtæki sem málið snertir og til handa hinum opinbera úrskurðaraðila. Þá er þetta úrræði líklegt til þess að hafa veruleg varnaðaráhrif á fyrirtæki og líklegast muni það valda því að virðing fyrir reglum og úrskurðum opinberra aðila eða kærunefnda aukist.

Nágrannalönd Íslands hafa öll innleitt í löggjöf sína úrræðið um hópmálsókn. Svíar urðu fyrstir til og settu sér löggjöf um hópmálsókn árið 2003 en löggjöf Norðmanna, Dana og Finna um hópmálsóknir tók gildi 1. janúar 2008. Ísland er þannig eitt Norðurlandanna sem skortir ákvæði um hópmálsókn. Þá hefur nokkur umræða verið um þetta réttarúrræði víðar í Evrópu og hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefið út bæði grænbók árið 2005 og hvítbók í apríl árið 2008 um tillögur að reglum um „collective consumer redress actions“ og er þar um að ræða reglur sem taka til hópmálsókna á sviði samkeppnismála sérstaklega. Þá er þetta úrræði vel þekkt í bandarískum rétti undir heitinu „class action“ og í tengslum við viðurlagatengdar bætur sem dæmdar eru hópnum í heild. Úrræðið hefur verið mikið notað og haft þónokkur áhrif á hegðun og virðingu sem fyrirtæki sýna gildandi lögum og reglum. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af löggjöf Norðurlandanna, einkum Danmerkur.

Þá hefur talsmaður neytenda í nokkurn tíma beitt sér fyrir innleiðingu á úrræði þessu ásamt því að bæði Neytendastofa og Samkeppniseftirlitið hafa lýst yfir áhuga á að skoða þetta úrræði til þess að styrkja samkeppnis- og neytendamál hér á landi.

Eins og áður hefur komið fram er hópmálsókn talin heppilegt úrræði til þess að taka á einsleitum kröfum hóps manna sem veitir betri réttarfarslega meðferð en gildandi reglur í einkamálalögum gera. Einn fulltrúi hóps telst vera aðili málsins fyrir allan hópinn. Auk þessa verður úrræðið að teljast þjóðfélagslega hagkvæmt þar sem það treystir samtakamátt einstaklinga og hefur varnaðaráhrif fyrir fyrirtæki. Þá getur þetta úrræði verið sérstaklega hagkvæmt í tilfellum þegar mikill fjöldi neytenda á verðlitlar kröfur á hendur tilteknum aðila. Þá veitir frumvarpið möguleika á að opinber aðili höfði mál gegn viðkomandi brotlegu fyrirtæki til þess að sækja bætur vegna tjóns sem fjöldinn hefur orðið fyrir. Slíkt úrræði styður þannig framgang réttmætra krafna sem annars hefðu vegna kostnaðar ekki ratað til dómstóla.

Við athugun á löggjöf um hópmálsókn á Norðurlöndum kom í ljós að tvær leiðir eru mögulegar í því efni og eru ýmist báðar færar eða önnur. Annars vegar er svokölluð „opt-in“ leið, sem nefna mætti „innleið“, þar sem aðilar verða að sækjast eftir því að fá að vera með í hópmálsókn og hins vegar svokölluð „opt-out“ leið eða „útleið“ þar sem aðilar verða að láta vita ef þeir hyggjast ekki taka þátt í hópmálsókn. Á öllum Norðurlöndunum nema Finnlandi gerir löggjöfin ráð fyrir því að báðar leiðirnar séu færar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í Danmörku og Svíþjóð er það umboðsmaður neytenda einn sem má fara með fyrirsvar fyrir hóp þegar „útleiðin“ er farin. Í Finnlandi einskorðast löggjöfin hins vegar við „innleiðina“ og er gert ráð fyrir því að umboðsmaður neytenda einn höfði slík hópmálsóknarmál. Ástæður þess að löggjöfin var höfð svo takmörkuð þar í landi voru einkum þær að ákveðin hræðsla var við fjölda hópmálsókna með ófyrirséðum kostnaði fyrir finnsk fyrirtæki.

Gríðarleg þjóðfélagsleg hagkvæmni er fyrirséð af því að heimila hópmálsóknir í stað þess að allir sem hagsmuni kunna að eiga af niðurstöðu máls fyrir dómstólum fari hver fyrir sig í mál. Þetta leiðir til hagræðis bæði í kerfinu þar sem minni tími fer í málarekstur og undirbúning og fyrir þátttakendur í málsókn er sparnaðurinn augljós af því að deila kostnaði við mál með mörgum öðrum sem eiga sömu hagsmuna að gæta. Þá má benda á forvarnaáhrif hópmálsókna sem réttarúrræðis, en það hefur sýnt sig þar sem úrræðið hefur verið tekið upp

að virðing fyrir lögum hefur aukist. Ef búast má við hópmálsókn hafa menn tilhneigingu til að fylgja lögum frekar og nákvæmar eftir.

Talsmaður neytenda hefur bent á nokkur dæmi þar sem hópmálsókn hefur sárlega vantað hér á landi til að sækja bætur til neytenda. Skemmst er að minnast samráðs olíufélaganna þar sem samkeppnisbrot voru framin gegn neytendum um árabil. Þá má einnig benda á úrskurð samgönguráðuneytis frá 2. ágúst 2007 í máli nr. 11/2007 til staðfestingar ákvörðunar Neytendastofu frá 28. júlí 2006 í máli nr. 9/2006 varðandi gengishækkun pakkaferða, sem og ákvörðun Neytendastofu nr. 12/2006 frá 25. október 2006 varðandi umsýsluþóknun fasteignasala. Þá mætti nefna ákvarðanir um seðilgjöld og ýmis mál sem varða öryggi neytenda og skaðsemisábyrgð, t.d. í tengslum við kampýlóbakter-sýkingar, sbr. dóm Hæstaréttar 2000: 8.12 (441/2000).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að við 1. þátt laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr kafli, III. kafli a, sem beri heitið Hópmálsókn. Kaflinn hefur að geyma tólf nýjar greinar sem verða 23. gr. a – 23. gr. l í lögunum.

Í a-lið er skilgreint til hvers ákvæði kaflans ná, þ.e. sérreglna um málsóknir í einkamálum fyrir íslenskum dómstólum af hálfu hóps aðila, sem og til málsókna þar sem hópi manna er stefnt sameiginlega. Þar sem ákvæðum III. kafla a sleppir gilda að öðru leyti önnur ákvæði laga um meðferð einkamála.

B-liður setur það sem skilyrði fyrir hópmálsókn að dómkröfur einstaklinga eða lögaðila séu einsleitar. Mat á einsleitni liggur hjá dómstólum.

Í c-lið eru skilyrði fyrir höfðun hópmálsóknar nánar tilgreind. Upptalningin er tæmandi, þ.e. öll skilyrðin þurfa að vera uppfyllt til að höfða megi mál samkvæmt ákvæðum kaflans.

D-liður skilgreinir hverjir það eru sem geta haft forræði á því að höfða hópmál. Sé um einkaaðila að ræða er það skilyrði að viðkomandi hefði sjálfur getað höfðað dómsmál á grundvelli kröfu sinnar, þ.e. eigi lögvarinna hagsmuna að gæta. Dómstóll metur hvort viðkomandi aðili fellur undir hópinn. Eins getur félag, einkaréttarleg stofnun eða önnur samtök haft forræði á höfðun hópmáls, enda sé hagsmunagæslan samrýmanleg tilgangi félagsins eða samtakanna. Loks getur opinber aðili sem hefur lagaheimild til höfðunar máls höfðað hópmál. Þar má t.d. hugsa sér að talsmaður neytenda geti farið í mál fyrir hönd tilgreinds eða ótilgreinds hóps aðila. Kostnaður við slíka málshöfðun yrði greiddur úr ríkissjóði.

Í e- og f-lið er tilgreint hvaða atriði þurfa að koma fram í stefnu þegar um hópmálsókn er að ræða og að dómstóll skuli taka afstöðu til þess hvort hún uppfylli skilyrði laga, ellegar vísa henni frá.

G- og h-liður segja til um hverjir geta verið þátttakendur í hópmálsókn. Í g-lið er um að ræða svokallaða „innleið“ (opt-in leið) þar sem aðilar þurfa að tilkynna sig sem þátttakendur í hópmálsókn, en í h-lið er tilgreint að hópmálsókn geti einnig byggst á „útleiðinni“ (opt-out leið), þ.e. hún geti byggst á kröfum ótiltekins fjölda aðila án þess að viðkomandi tilkynni sig sem þátttakanda í málsókninni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Eitt skilyrðanna er að kröfur í hópmálsókninni séu það smávægilegar og möguleg bótafjárhæð hvers og eins aðila það lág að ekki megi reikna með að höfðað yrði sérstakt dómsmál til staðfestingar á hverri og einni kröfu. Þegar reynsla er komin á framkvæmd hópmálsókna mætti hugsa sér að í greininni yrðu tilgreind föst viðmið eða hámarksfjárhæð sem kröfur hvers og eins aðila mættu ekki fara upp fyrir til að hægt væri að höfða mál samkvæmt þessu.

Í i-lið er það sett sem skilyrði að svokallaður umboðsmaður hópmálsóknar stýri hópmálsókn. Hann skal vera tilnefndur af þeim dómstól sem fær mál til meðferðar. Þeir aðilar sem tilgreindir eru í d-lið með forræði á höfðun hópmáls geta verið tilnefndir sem umboðsmenn. Gert er ráð fyrir því að dómari geti ákveðið að umboðsmaður hópmálsóknar skuli leggja fram tryggingu fyrir hönd hópsins til greiðslu á málskostnaði gagnaðila.

Í j-lið er áfram talað um umboðsmann og skyldur hans, sem eru einkum þær að tilkynna aðilum hóps um niðurstöðu hópmálsóknar, ákvarðanir, fresti eða annað sem dómari tilkynnir við meðferð málsins.

Í k-lið er að finna heimild til handa umboðsmanni og gagnaðila til að ljúka hópmálsókn með sáttargerð. Skilyrði fyrir því er að sáttargerðin hljóti staðfestingu viðkomandi dómstóls og að hún brjóti ekki á jafnræði aðila eða sé sýnilega óréttlát í garð aðila.

Loks segir í l-lið greinarinnar að dómstóli beri að kynna aðilum hóps endanlega niðurstöðu dómsins, auk þess sem tekið er fram að heimilt sé að áfrýja ákvörðun dómstóls í hópmálsókn að uppfylltum sömu reglum og tilgreindar eru í kaflanum.

Um 2. gr.

Í greininni segir að lögin öðlist gildi 1. september 2010. Þótt brýnt sé að koma réttarúrræðinu hópmálsókn á er engu að síður nauðsynlegt að gefa frest til að kynna það fyrir almenningi, sem og að gefa talsmanni neytenda, dómstólum og öðrum aðilum færi á að undirbúa meðferð hópmálsókna.

702. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sex menn sem iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára, þ.m.t. eru formaður og varaformaður. Þeim sem eru skipaðir er einungis heimilt að sitja tvö tímabil í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tækniþróunarsjóður starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Tækniþróunarsjóður hefur það hlutverk að fjalla um nýjungar sem eiga að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Af þeim ástæðum

er mikilvægt að í stjórn sjóðsins sitji fólk með margs konar reynslu til að tryggja stöðuga endurnýjun og nýjar hugmyndir. Með slíku fyrirkomulagi er starfsemi sjóðsins haldið í takt við þróun nútímans og fyrirsjáanlegrar framtíðar.

Í 12. gr. núgildandi laga nr. 75/2007 er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi sjö menn til setu í stjórn Tækniþróunarsjóðs til þriggja ára í senn. Í frumvarpi þessu er lagt til að ráðherra skipi menn til tveggja ára og að stjórnarmönnum verði einungis heimilt að sitja tvö tímabil í senn. Einnig kemur nú fram með skýrum hætti að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann. Verður að telja að framangreint fyrirkomulag tryggi með bestum hætti stöðuga endurnýjun og nýjar hugmyndir hjá sjóðnum. Í ljósi þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð árið 2007 er enn fremur lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi nú einn fulltrúa í stað tveggja áður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra skipi stjórn Tækniþróunarsjóðs til tveggja ára í senn en í gildandi lögum er stjórnin skipuð til þriggja ára í senn. Jafnframt er nú kveðið á um það með skýrum hætti að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann. Enn fremur er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi einn fulltrúa í stað tveggja áður í ljósi þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð árið 2008. Þannig verða sex menn í stjórninni í stað sjö samkvæmt gildandi lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

703. Svar [192. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um eigendur banka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hverjir eru eigendur íslensku bankanna, Kaupþings, Landsbanka og Íslandsbanka?

Í svari þessu er gert ráð fyrir að fyrirspyrjandi eigi við hina svokölluðu nýju banka sem nú heita Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn (NBI hf.).

Ríkissjóður stofnaði hlutafélög um hvern hinna þriggja banka í október 2008 með 775 millj. kr. hlutafjárframlagi til hvers þeirra og skuldbindingu um að fullfjármagna bankana á síðari stigum á grundvelli neyðarlaganna. Að loknum samningum við gömlu bankana um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda var Arion banki fullfjármagnaður með viðbótarfjárframlagi að fjárhæð 71.225 millj. kr. og Íslandsbanki með 64.225 millj. kr. viðbótarframlagi.

Hluti af samkomulaginu við gömlu bankana, Glitni hf. og Kaupþing banka hf., var að þeir hefðu kost á að leysa til sín meiri hluta þess hlutafjár sem ríkið lagði til Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. Seint á árinu 2009 tóku þeir ákvörðun um að nýta þessa heimild í samningunum og leysa til sín meiri hluta hlutafjár í nýju bönkunum tveimur. Glitnir banki hf. hefur leyst til sín 95% af hlut ríkisins í Íslandsbanka hf. og Kaupþing banki hf. hefur leyst til sín 87% af hlut ríkisins í Arion banka. Yfirtökurnar voru háðar samþykki Samkeppniseftirlits og Fjármálaeftirlits og hafa báðar eftirlitsstofnanir nú lagt blessun sína yfir þessa gjörninga. Ákvörðuninni var fylgt eftir með sérstakri heimild í lögum nr. 138/2009, um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf. Eignarhlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka hf. er nú 5% og 13% í Arion banka hf.

Eitt af skilyrðum Fjárámálaeftirlitsins var að eignarhaldi nýju bankanna væri haldið aðskildu frá gömlu bönkunum þannig að þeim var gert að stofna sérstök eignarhaldsfélög er færu með eignarhlutina í nýju bönkunum. Eignarhaldsfélagið ISB Holding ehf. fer með um 95% hlut í Íslandsbanka hf. en eignarhaldsfélagið Kaupskil ehf. fer með um 87% hlut í Arion banka hf.

Samningar um uppgjör milli Landsbanka Íslands hf. (LBI) og Landsbankans (NBI hf.) voru undirritaðir 15. desember 2009. Hluti af skuldauppgjöri NBI við LBI fer fram með hlutabréfum þannig að LBI eignast 28.000 millj. kr. hlut í NBI. Heildarhlutafé NBI er ákveðið 150.000 millj. kr. og hefur ríkissjóður því lagt bankanum til 121.225 kr. viðbótarhlutafé, sem er um 81% eignarhlutur. Um 19% verður þá í eigu eignarhaldsfélags sem LBI hefur stofnað í þessu skyni og ber nafnið Landskil ehf.

Gömlu bankarnir eru þrotabú sem stjórnað er af sérstökum slitastjórnum í samræmi við lög. Slitastjórnirnar hafa m.a. það hlutverk að vernda og hámarka þau verðmæti sem í búunum eru. Eins og með hefðbundin þrotabú má segja að þær þúsundir eða tugþúsundir kröfuhafa sem lýst hafa kröfum í þrotabú hinna föllnu banka séu í raun eigendur búanna. Þegar slitastjórnirnar hafa farið yfir og metið allar þær kröfur sem gerðar hafa verið í búin liggur fyrir hvernig verðmæti búanna skiptist niður á einstaka kröfueigendur.

704. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Þór Saari,
Þráinn Bertelsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra í samvinnu við heilbrigðisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnaskyni sem bjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þykir svo að þeir geti búið sem lengst heima.

Greinargerð.

Á seinni árum hefur þjónusta við eldri borgara aukist. Megináherslan hefur verið á að bæta lífsgæði aldraðra með því að gefa þeim færi á að búa sem lengst heima. Félagsþjónusta sveitarfélaga, með aðstoð við þrif og matarinnkaup, sem og heimaþjónusta ríkisins frá heilsugæslustöðvum með heimahjúkrun, eiga að tryggja að sem flestir geti búið heima sem lengst.

Meginþema velferðarnefndar Norðurlandaráðs er lífsgæði eldri borgara á Norðurlöndum. Í nefndinni eiga sæti þingmenn allra Norðurlandanna, en fyrir Íslands hönd eru þær Siv Friðleifsdóttir sem formaður og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Nefndin hefur kynnt sér lífsgæði eldri borgara í Danmörku en þar hafa stjórnvöld tekið markviss skref með því að grípa snemma inn í til að fyrirbyggja að smávægilegur heilsubrestur vindi of hratt upp á sig þannig að hinn aldraði þurfi stofnanavist. Danir hafa komið upp nokkurs konar forvarnakerfi í þessu sambandi sem felst í því að öllum íbúum sem eru 75 ára og eldri er boðin heimsókn einu sinni til tvisvar á ári af öldrunarþjónustufulltrúa. Öllum sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að bjóða upp á slíkar heimsóknir.

Í heimsókninni til hins aldraða er farið yfir alla þætti sem varða heilsu og aðstæður hans og metið hvort viðkomandi þurfi á einhverri aðstoð að halda eða ekki. Aðstoðin getur falist í tímabundinni aðstoð við þrif, innkaup, þjálfun eða annað slíkt. Sveitarfélagið Kaupmannahöfn hefur lagt áherslu á það að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og því er gjarnan gripið inn í með þjálfun til að viðkomandi einstaklingur geti sjálfur séð um þrif, innkaup o.þ.h. Ef slík úrræði duga ekki fær fólk langvarandi aðstoð af sama tagi og eftir atvikum heimahjúkrun.

Dönsk stjórnvöld telja að með slíkum árlegum heimsóknum hafi tekist að tryggja fleiri eldri borgurum bætt lífsgæði heima fyrir í stað stofnanainnlagnar. Einnig hafi á þennan hátt sparast fé sem nýtt hefur verið á skynsaman hátt innan öldrunarþjónustunnar.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að fólk eigi að geta búið heima eins lengi og kostur og vilji er til, meðal annars með því að samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun. Samkvæmt samanburðartölum OECD þar sem skoðað er hve hátt hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri vistast í hjúkrunarrýmum (utan sjúkrahúsa) árið 2007 kemur í ljós að á Íslandi vistast 6% eldri borgara (65+) í hjúkrunarrýmum, 5,5% í Noregi, 4,6% í Finnlandi og 4,5% í Danmörku. Í Svíþjóð er hlutfallið hærra eða 6,8% árið 2006, en ekki kom fram hlutfallið árið 2007. Samkvæmt skýrslu OECD um heilbrigðismál á Íslandi frá 2008 erum við Íslendingar með hlutfallslega mörg hjúkrunarrými (langtímarými) fyrir aldraða, 65 ára og eldri, en jafnframt kom fram að framboð rýma á ákveðnum landsvæðum er ekki í samræmi við þörf. Þannig er líklega offramboð rýma á ákveðnum svæðum en skortur á öðrum. Í skýrslunni segir að þessi staðreynd komi á óvart í ljósi þess hve íslenska þjóðin er ung en að hugsanlega

megi skýra hátt hlutfall hjúkrunarrýma á Íslandi til þess að framboð heimaþjónustu sé ekki nægilegt og að það vanti millilausnir, svo sem íbúðir fyrir aldraða í nálægð hjúkrunarheimila.

Þar sem hlutfall aldraðra fer hækkandi og gerðar eru meiri kröfur en fyrr um góða þjónustu er brýnt að veita þá þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Það er því hagur allra að taka upp árlegar heimsóknir til eldri borgara 75 ára og eldri svo að unnt sé að veita þjónustu við hæfi á sem skilvirkastan hátt og þannig fyrirbyggja óþarfa stofnanavist og auka lífsgæði eldri borgara. Mikilvægt er að náið samráð verði haft við sveitarfélög í samræmi við fyrirætlanir um að flytja málefni aldraðra alfarið yfir til þeirra.

Í dönsku lögunum um fyrirbyggjandi heimsóknir til eldri borgara (lov om forebyggende hjemmebesøg til ældre m.v.) er kveðið á um að sveitarstjórnir eigi að gefa öllum sem orðnir eru 75 ára og eldri og búa í sveitarfélaginu kost á fyrirbyggjandi heimsókn. Sveitarstjórn skal skipuleggja heimsóknirnar eftir þörfum og á hver eldri borgari rétt á a.m.k. tveimur árlegum fyrirbyggjandi heimsóknum. Sveitarstjórnir geta undanskilið þá sem þegar fá bæði persónulega og almenna þjónustu skv. 83. gr. laganna um félagslega þjónustu (lov om social service).

Innanríkisráðherra og félagsmálaráðherra geta í samráði við heilbrigðisráðherra sett reglur um skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögunum, m.a. um að samþætta þjónustuna við aðrar almennar fyrirbyggjandi og uppbyggjandi aðgerðir sveitarfélagsins.

705. Tillaga til þingsályktunar [396. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, frá 9. júní 2009, um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, frá 9. júní 2009, um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Tillaga að þjónustutilskipun var fyrst lögð fram á vettvangi ESB í janúar 2004. Markmiðið var að greiða fyrir og auka þjónustuviðskipti milli landa en þrátt fyrir ákvæði um innri markað voru töluverðar hindranir á frjálsu

flæði þjónustu ennþá til staðar sem komu niður á bæði þjónustuveitendum og neytendum. Tillagan fékk mikla athygli og var pólitískt umdeild, sér í lagi vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru upphaflega hluti af tillögunni. Hin svokallaða upprunalandsregla var einnig afar umdeild og óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð en samkvæmt henni giltu um þjónustuveitanda reglur þess lands þar sem hann var með staðfestu en ekki þar sem þjónustan var veitt.

Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem tillagan hlaut lagði framkvæmdastjórnin fram nýja tillögu þar sem tekin voru út ákvæði um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt og verulegar breytingar gerðar á upprunalandsreglunni og var sú tillaga samþykkt í desember 2006. Tilskipunin fékk töluverða athygli í Noregi og gerðu Norðmenn ítarlegar úttektir á hinum ýmsu afleiðingum tilskipunarinnar. Að lokum náðist þó samstaða um hana og var hún eins og áður segir tekin upp í EES-samninginn 9. júní 2009.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Bæði Ísland og Noregur gerðu fyrirvara við innleiðingu tilskipunarinnar þegar hún var tekin upp í EES-samninginn. Þeir voru sambærilegir en með þeim voru löndin að skerpa á því að tilskipunin gildi ekki um vinnurétt og að hún hafi ekki áhrif á rétt stjórnvalda til að ákveða hvaða þjónusta er veitt af hinu opinbera og hvernig sú þjónusta er skipulögð og fjármögnuð. Það var mat framkvæmdastjórnarinnar að fyrirvarar landanna tveggja hefðu ekki áhrif á efni hennar. Í Noregi hafa nú verið sett lög um þjónustuviðskipti (Lov om tjenestevirksomhet) sem byggjast á ákvæðum tilskipunarinnar, líkt og frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins gerir. Það var lagt fyrir á yfirstandandi þingi og í kjölfar 1. umræðu var því vísað til viðskiptanefndar (277. mál á 138. löggjafarþingi).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum

fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Efni gerðarinnar.

Tilgangur.

Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu, sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu í formi lægra verðs og meiri gæða.

Gildissvið.

Tilskipunin er rammatilskipun sem reglusetur og útfærir gildandi EES-rétt á sviði þjónustu, bæði almennt og á sérstökum sviðum, en ákvæði hennar víkja fyrir ákvæðum annarra sérstakra tilskipana EES-réttar. Eins og áður hefur komið fram var henni upprunalega ætlað að ná yfir nánast öll svið þjónustu, en um það náðist ekki samstaða innan Evrópusambandsins. Margs konar þjónustusvið eru því undanskilin gildissviði hennar.

Staðfesturéttur þjónustuveitenda og frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

Í tilskipuninni er gerður greinarmunur annars vegar á þjónustu sem veitt er á grundvelli staðfesturéttar þjónustuveitanda (9.–15. gr. tilskipunarinnar) og hins vegar því þegar þjónustuveitandi veitir þjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem hann hefur staðfestu (16.–21. gr. tilskipunarinnar). Að auki eru svo almennar reglur sem gilda óháð því hvort þjónustuveitandi hyggst vera með staðfestu í aðildarríki eða veita þjónustu án staðfestu.

Eins og áður hefur komið fram byggðist upphaflega tillagan á því að um alla þjónustu á gildissviði tilskipunarinnar mundi gilda fyrrgreind upprunalandsregla en sú ætlun olli töluverðum deilum. Málamiðlunin var því sú að láta upprunalandsregluna einungis gilda þegar þjónusta er veitt án staðfestu og er það ástæða fyrrgreindrar kaflaskiptingar.

Einföldun leyfisferla og yfirferð yfir löggjöf.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er gerð krafa um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi eins og kostur er. Einföldun ferla kemur sér ekki einungis vel fyrir þjónustuveitendur heldur er hún til þess fallin að minnka álag og útgjöld stjórnvalda. Horfa verður til þess hvort gögn sem farið er fram á að þjónustuveitandi leggi fram séu nauðsynleg, hvort hann þurfi nauðsynlega að leggja þau fram sjálfur eða hvort stjórnvald geti nálgast þau, t.d. frá öðru stjórnvaldi. Samkvæmt tilskipuninni er stjórnvaldi einnig óheimilt að krefjast frumrits, staðfests endurrits eða að löggild þýðing fylgi skjali nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess eða önnur EES-löggjöf. Leiki vafi á því hvort skjal sé ófalsað ætti að vera auðvelt að nálgast þær upplýsingar með samvinnu milli ríkja en um slíka samvinnu hefur tilskipunin að geyma sérstök ákvæði eins og nánar er komið að síðar. Ríki verða einnig að samþykkja skjöl frá öðrum aðildarríkjum sem augljóslega þjóna sama tilgangi og það sem beðið er um eða þar sem skýrt kemur fram að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu þjónustu. Ráðuneyti fengu hvert og eitt það hlutverk að fara yfir leyfisferli og löggjöf á sínu sviði til að einfalda leyfisferli og afmá skilyrði sem ekki samrýmast ákvæðum tilskipunarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga aðstoðaði sveitarfélög við að gera slíkt hið sama.

Rafræn málsmeðferð.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða þjónustuveitendur að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti. Að sama skapi eiga þau að geta fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti.

Viðtakendur þjónustu.

Í tilskipuninni eru ákvæði sem lúta að réttindum viðtakenda þjónustu og er m.a. ætlað að auka upplýsingar og gagnsæi varðandi þjónustuveitendur og þjónustu þeirra. Ákvæðin leggja ákveðnar skyldur á þjónustuveitendur, t.d. um að hafa tilteknar upplýsingar aðgengilegar fyrir neytendur sem og kvaðir á aðildarríkin um að breyta löggjöf á ákveðnum sviðum.

Samvinna stjórnvalda.

Til að markmið tilskipunarinnar um aukið flæði þjónustu með afnámi hindrana og einfaldun ferla náist er afar mikilvægt að aðildarríkin eigi með sér gott samstarf. Á vegum Evrópusambandsins hefur því verið komið upp sérstöku evrópsku upplýsingakerfi sem ætlað er að auðvelda lögbærum yfirvöldum ólíkra landa að hafa samskipti sín á milli. Samvinna stjórnvalda er einnig afar mikilvæg til að tryggja nægjanlegt eftirlit með þjónustuveitendum.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar var ákveðið að semja rammafrumvarp þar sem helstu efnisákvæði tilskipunarinnar eru tekin upp en það nefnist frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Það var lagt fyrir yfirstandandi þing og í kjölfar 1. umræðu var því vísað til viðskiptanefndar (277. mál á 138. löggjafarþingi).

Tilgangur frumvarpsins er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan EES. Gildissvið frumvarpsins er víðtækt en þó eru mörg stór og mikilvæg þjónustusvið undanskilin, svo sem heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og fjármálaþjónusta. Í frumvarpinu er kveðið á um í hvaða tilfellum heimilt verði að láta aðgang að því að veita þjónustu vera háðan leyfum og hvaða skilyrði óheimilt verði að setja fyrir veitingu leyfa. Þá gilda mismunandi reglur eftir því hvort þjónustuveitandi hyggst veita þjónustu með eða án staðfestu. Ef aðgangur að því að veita þjónustu með staðfestu er háður leyfum skulu skilyrði fyrir veitingu leyfa vera án mismununar, nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna og í samræmi við meðalhóf. Hins vegar er eingöngu heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu ef það er nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar.

Til að tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu er í frumvarpinu kveðið á um rafræna málsmeðferð en það felur í sér að þjónustuveitandi á að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína rafrænt og fengið rafræn svör frá leyfisveitendum.

Einnig er þar að finna ákvæði er lúta að gildistíma leyfa og málsmeðferð við leyfisveitingar. Eins er kveðið á um að óheimilt sé að mismuna viðtakendum þjónustu og að þeir eigi rétt á aðgangi að ákveðnum upplýsingum um þjónustuveitendur. Að auki eiga viðtakendur rétt á ákveðinni aðstoð frá íslenskum stjórnvöldum við að leita sér upplýsinga um hvaða reglur gilda um veitingu þjónustu í öðrum EES-ríkjum, einkum hvað varðar réttindi neytenda.

Auk framangreindra lagabreytinga er nauðsynlegt að leggja fram bandorm sem leggur til breytingar á ýmsum lögum í samræmi við fyrrgreinda yfirferð hvers ráðuneytis yfir löggjöf á sínu sviði. Það nefnist frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Líkt og áðurnefnt frumvarp hefur það verið lagt fyrir yfirstandandi þing og var í kjölfar 1. umræðu vísað til viðskiptanefndar (278. mál á 138. löggjafarþingi). Í því eru lagðar til eftirfarandi lagabreytingar:

– Lagt er til að lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, verði breytt þannig að skilyrðið sem kveður á um að búseta á Íslandi sé forsenda rekstrarleyfis samkvæmt lögunum gildi ekki um ríkisborgara og lögaðila innan EES, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Lagt er til að sams konar breytingar verði gerðar á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur. Að sama skapi er lögheimilisskilyrði fellt niður í lögum nr. 36/1994, um húsaleigu. Samkvæmt núgildandi vopnalögum, nr. 16/1998, skal beina umsóknum um leyfi til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Það gerir það að verkum að eingöngu þeir sem eiga lögheimili á Íslandi geta sótt um leyfi en það skilyrði er ósamrýmanlegt þjónustutilskipuninni. Af þeim sökum er lagt til að ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja skuli beina umsókn um leyfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
– Með breytingum á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti falið einum sýslumanni að veita leyfi til sölu notaðra ökutækja og leyfi til uppboðsstjóra í stað þess að hver og einn sýslumaður veiti leyfi í sínu umdæmi. Er slík tilfærsla til einföldunar og hagræðingar.
– Í lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, er lagt til að orðalagi hvað varðar starfsábyrgðartryggingar verði breytt og allur vafi tekinn af um að heimilt er að taka starfsábyrgðartryggingu hjá öðrum vátryggingafélögum en íslenskum, hafi umrædd félög öðlast heimild til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.
– Lagt er til að tímabinding leyfa samkvæmt lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, og samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, verði felld niður en þau eru nú veitt til fimm ára í senn.
– Lagt er til að hvor tveggja lögin öðlist gildi 28. desember 2009 en þann dag skal vera búið að innleiða tilskipunina í landsrétt.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2009

frá 9. júní 2009

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2007 frá 7. desember 2007 ([1]).

2) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2009 frá 24. apríl 2009 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([3]).

4) Gerðir, sem lúta að hljóð- og myndmiðlun og nú er vísað til í X. viðauka, eiga framvegis að falla undir XI. viðauka.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

X. og XI. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/123/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 27, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 22.
([2]) Stjtíð. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 28, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 13.
([3]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009

X. og XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. X. viðauki hljóði svo:

„ALMENN ÞJÓNUSTA

Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðir, sem vísað er til í þessum viðauka, fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðaratriða, sem eru sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

– inngangsorð,

– viðtakendur gerða bandalagsins,

– vísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,

– vísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum og

– vísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gilda ákvæði bókunar 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **32006 L 0123:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í stað orðanna „reglur sáttmálans“ í 3. mgr. 3. gr. komi orðin „reglur EES-samningsins“.

   b) Í stað orðanna „50. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 4. gr. komi orðin „37. gr. EES-samningsins“.

   c) Í stað orðanna „48. gr. sáttmálans“ í 2. og 3. mgr. 4. gr. komi orðin „34. gr. EES-samningsins“.

   d) Í stað orðanna „43. gr. sáttmálans“ í 5. mgr. 4. gr. komi orðin „31. gr. EES-samningsins“.

   e) Ákvæði 8. mgr. 4. gr. hljóði svo:

      „ „brýnir almannahagsmunir“: með fyrirvara um ákvæði 6. gr. EES-samningsins þeir hagsmunir sem viðurkenndir hafa verið sem slíkir í dómum Dómstóls Evrópubandalaganna, meðal annars eftirtalið: allsherjarregla, almannaöryggi, lýðheilsa, varðveisla fjárhagslegs grundvallar almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, þjónustuþega og starfsmanna, sanngirni í viðskiptum, barátta gegn svikum, umhverfisvernd og vernd þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum,“.

   f) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 7. mgr. 15. gr.:

      „Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um tilkynningar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við staflið d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um tilkynningar sem berast frá EFTA-ríkjunum.“.

   g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 21. gr.:

      „Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um nöfn, póstföng og þess háttar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins

annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við staflið a) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni.“.

h) Ákvæði stafliðar d) í 1. mgr. 22. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna.

i) Eftirfarandi bætist við í 8. mgr. 28. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar skal Eftirlitsstofnun EFTA hafa það með höndum að upplýsa þau með reglulegu millibili um framkvæmd ákvæða um gagnkvæma aðstoð.“.

j) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 39. gr.:

„Með fyrirvara um ákvæði stafliðar d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórnin framsenda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslur, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, til dreifingar hjá EFTA-ríkjunum, og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda upplýsingar, sem berast frá EFTA-ríki, öðrum EFTA-ríkjum, fastanefnd EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórninni, til dreifingar hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum um athugasemdir sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar.“.

k) Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 39. gr.:

„EFTA-ríkjunum er einnig heimilt að leggja skýrslur og athugasemdir fyrir nefndina.“.

l) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr. 39. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um kröfur, sem tilkynntar eru af hálfu aðildarríkja Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar, í samræmi við staflið d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um kröfur sem tilkynntar eru af hálfu EFTA-ríkjanna.“ “

2. Í stað núverandi fyrirsagnar XI. viðauka, „FJARSKIPTAÞJÓNUSTA“, komi „RAFRÆN FJARSKIPTI, HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ“.

3. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 5o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB) í XI. viðauka:

„Hljóð- og myndmiðlun

5p. **389 L 0552:** Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23) eins og henni var breytt með:

– **397 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað orðanna „52. gr. og áfram í stofnsáttmála Evrópubandalagsins“ í 5. mgr. 2. gr. komi orðin „31. gr. og áfram í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“.

b) Að því er EFTA-ríkin varðar eru verkin, sem um getur í staflið c) í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, einnig verk sem verða til, eins og lýst er í 3. mgr. 6. gr., hjá og með framleiðendum sem hafa staðfestu í þriðju Evrópulöndum sem viðkomandi EFTA-ríki hefur gert samninga við á þessu sviði.

Hyggist samningsaðili gera samning af því tagi, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., ber honum að tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Samráð um efni slíkra samninga getur átt sér stað að beiðni eins og sérhvers samningsaðila.

c) Eftirfarandi bætist við ákvæði 15. gr. tilskipunarinnar:

„EFTA-ríkjunum er frjálst að skylda kapaldreifingarfyrirtæki, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, að trufla eða breiða með öðrum hætti yfir auglýsingar á áfengum drykkjum í dagskrárliðum sjónvarpsstöðva sem einkum er horft á í einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES. Við mat á því hvort tiltekinn dagskrárliður eða tiltekin auglýsing fellur undir þennan aðlögunarlið skal meðal annars höfð hliðsjón af eftirtöldum atriðum:

– hvort útsendingin næst í raun aðallega í einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES,

– hvort varan eða þjónustan, sem auglýst er, fæst keypt í landinu þar sem útsendingin næst,

– hvort tungumál landsins, þar sem útsendingin næst, er notað í dagskrárliðum eða auglýsingum,

– hvort vísað er í auglýsingunum til sölustaða í landinu þar sem útsendingin næst,

– hvort verð er gefið upp í gjaldmiðli landsins þar sem útsendingin næst.

Þegar auglýsingar eru truflaðar eða breitt yfir þær með öðrum hætti má það ekki hafa þau áhrif að takmarka endurútsendingu á einstökum hlutum dagskrárliða öðrum en auglýsingum á áfengum drykkjum.

Samningsaðilar skulu endurskoða þessa undanþágu í sameiningu árið 2003.“

Nánari tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna einn fulltrúa lögbæra yfirvaldsins, sem hvert EFTA-ríki tilgreinir, til þátttöku í fundum tengslanefndar um sjónvarpsrekstur sem um getur í 23. gr. a í tilskipun ráðsins 89/552/EBE.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum boð á fundi tengslanefndarinnar og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.

5q. **398 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fólginn skilyrtan aðgang (Stjtíð. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54).“

4. Eftirfarandi bætist við á eftir 30. lið (ályktun ráðsins 96/C 376/01) í XI. viðauka:

„Hljóð- og myndmiðlun

31. **394 Y 0702(02):** Ályktun ráðsins 94/C 181/02 frá 27. júní 1994 um stefnumótun bandalagsins varðandi stafrænar sjónvarpssendingar (Stjtíð. EB C 181, 2.7. 1994, bls. 3).

32. **398 X 0560:** Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar (Stjtíð. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48).

33. **499 Y 0205(01):** Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, 1999/C 30/01 frá 25. janúar 1999 um opinberan útvarpsrekstur (Stjtíð. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1).

34. **32005 H 0865:** Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2005/865/EB frá 16. nóvember 2005 um kvikmyndaarf og samkeppnishæfni tengdrar atvinnustarfsemi (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 57).“

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/123/EB

frá 12. desember 2006

um þjónustu á innri markaðnum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópubandalagið leitast við að koma á sífellt nánari tengslum milli ríkja og þjóða Evrópu og að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. sáttmálans myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjáls þjónustustarfsemi er tryggð. Í samræmi við 43. gr. sáttmálans er staðfesturéttur tryggður. Í 49. gr. sáttmálans er kveðið á um réttinn til að veita þjónustu innan Bandalagsins. Mikilvægt er að fjarlægja hindranir í vegi þróunar þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna í því skyni að efla samþættingu þjóða Evrópu og stuðla að jafnvægum og sjálfbærum efnahagslegum og félagslegum framförum. Þegar slíkum hindrunum er rutt úr vegi er mikilvægt að tryggja að þróun þjónustustarfsemi stuðli að því að þeim markmiðum, sem mælt er fyrir um í 2. gr. sáttmálans, verði náð, að í Bandalaginu öllu verði stuðlað að samstilltri, jafnvægri og sjálfbærri þróun atvinnustarfsemi, háu atvinnustigi og félagslegri vernd, jafnrétti milli karla og kvenna, sjálfbærum hagvexti án verðbólgu, mikilli samkeppnishæfni og samleitni efnahagslegs árangurs, háu stigi verndar og aukinna gæða umhverfisins, bættum lífskjörum og lífsgæðum og efnahagslegri og félagslegri samheldni og einingu meðal aðildarríkjanna.

2) Mikilvægt er að samkeppni sé á markaði fyrir þjónustu í því skyni að stuðla að hagvexti og atvinnusköpun í Evrópusambandinu. Sem stendur kemur fjöldi hindrana á innri markaðnum í veg fyrir að þjónustuveitendur, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, færi kvíarnar út fyrir landamæri eigin ríkis og nýti sér innri markaðinn til fulls. Þetta dregur úr samkeppnishæfni þjónustuveitenda frá Evrópusambandinu um heim allan. Frjáls markaður, sem skyldar aðildarríkin til að ryðja úr vegi takmörkunum á að veita þjónustu yfir landamæri jafnframt því að auka gagnsæi og upplýsingaflæði til neytenda, gæfi neytendum kost á meira úrvali og betri þjónustu á lægra verði.

3) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar *Ástand innri markaðarins fyrir þjónustu* eru tilgreindar fjölmargar hindranir sem koma í veg fyrir eða hægja á þróun þjónustu milli aðildarríkjanna, einkum þjónustu sem lítil og meðalstór fyrirtæki veita en þau eru ráðandi á þjónustusviðinu. Í skýrslunni er komist að

([1]) Stjtíð. ESB C 221, 8.9.2005, bls. 113.
([2]) Stjtíð. ESB C 43, 18.2.2005, bls. 18.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 16. febrúar 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. júlí 2006 (Stjtíð. ESB C 270 E, 7.11.2006, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2006. Ákvörðun ráðsins frá 11. desember 2006.

þeirri niðurstöðu að áratug eftir að fyrirhugað var að innri markaðnum yrði komið á er enn breitt bil milli framtíðarsýnarinnar um samþætt efnahagslíf Evrópusambandsins og raunveruleikans eins og evrópskir ríkisborgarar og þjónustuveitendur upplifa hann. Hindranirnar hafa áhrif á margs konar þjónustustarfsemi á öllum stigum starfsemi þjónustuveitanda og þær hafa nokkur sameiginleg einkenni, m.a. að þær stafa oft af íþyngjandi stjórnsýslu, lagalegri óvissu sem tengist starfsemi yfir landamæri og af því að gagnkvæmt traust skortir milli aðildarríkja.

4) Þar eð þjónustustarfsemi er drifkraftur hagvaxtar og stendur undir 70% vergrar landsframleiðslu og atvinnu í flestum aðildarríkjum hefur þessi skipting innri markaðarins neikvæð áhrif á evrópskt efnahagslíf í heild, einkum á samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á för launþega, og hindrar aðgang neytenda að auknu úrvali þjónustu á samkeppnishæfu verði. Mikilvægt er að benda á að þjónustugeirinn er einkum mikilvægur vettvangur fyrir atvinnu kvenna og að ávinningur þeirra verði því mikill með tilkomu innri markaðar fyrir þjónustustarfsemi. Evrópuþingið og ráðið hafa lagt áherslu á að það sé forgangsmál að ryðja lagalegum hindrunum úr vegi við stofnun raunverulegs innri markaðar svo að ná megi því markmiði, sem leiðtogaráðið setti í Lissabon 23. og 24. mars 2000, að bæta atvinnuástand og efla félagslega samheldni og ná fram sjálfbærum hagvexti til að gera Evrópusambandið að samkeppnishæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í heiminum fyrir árið 2010 með fleiri og betri störfum. Það að ryðja þessum hindrunum úr vegi ásamt því að tryggja háþróað, evrópskt velferðarkerfi er þannig grundvallarskilyrði fyrir því að sigrast á erfiðleikunum við framkvæmd Lissabonáætlunarinnar og fyrir því að blása nýju lífi í evrópskt efnahagslíf, einkum með tilliti til atvinnu og fjárfestinga. Því er mikilvægt að koma á innri markaði fyrir þjónustu þar sem jafnvægi ríkir milli opnunar markaðarins og varðveislu opinberrar þjónustu, félagslegra réttinda og réttinda neytenda.

5) Því er nauðsynlegt að fjarlægja hindranir sem standa í vegi fyrir því að þjónustuveitendur geti nýtt sér staðfesturéttinn í aðildarríkjunum og hindranir í vegi fyrir frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna og að tryggja viðtakendum og veitendum þjónustu nauðsynlegt réttaröryggi til að þeir geti nýtt sér þessar tvær tegundir grundvallarfrelsis sem kveðið er á um í sáttmálanum. Þar eð hindranir í vegi fyrir innri markaðnum fyrir þjónustu hafa bæði áhrif á atvinnurekendur sem óska eftir staðfestu í öðrum aðildarríkjum og þá sem veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar staðfestu er nauðsynlegt að gera þjónustuveitendum kleift að þróa þjónustustarfsemi sína á innri markaðnum, annaðhvort með því að fá staðfestu í aðildarríki eða með því að nýta sér frjálsa þjónustustarfsemi. Þjónustuveitendum skal gert kleift að velja á milli þessara tveggja tegunda frelsis eftir því hver afstaða þeirra er til vaxtar í hverju aðildarríki.

6) Ekki er unnt að fjarlægja þessar hindranir með því að styðjast einvörðungu við beina beitingu 43. og 49. gr. sáttmálans þar eð það yrði annars vegar afar flókið fyrir stofnanir í ríkjunum og stofnanir Bandalagsins, einkum eftir stækkunina, að stofna til málsmeðferðar vegna brots gegn viðkomandi aðildarríkjum í hverju einstöku tilviki og hins vegar, þegar mörgum hindrunum er rutt úr vegi, þurfa einstök ríki að hafa samræmt löggjöf sína fyrir fram, m.a. með því að koma á samvinnu á sviði stjórnsýslu. Eins og Evrópuþingið og ráðið hafa viðurkennt gerir lagagerningur Bandalagsins það kleift að koma á raunverulegum innri markaði fyrir þjónustu.

7) Með þessari tilskipun er settur almennur lagarammi til hagsbóta fyrir margs konar þjónustu og jafnframt tekið tillit til þess sem er sérkennandi fyrir hverja tegund starfsemi eða starfsgreinar og reglukerfis hennar. Þessi rammi byggist á virkri aðferð sem bundin er vali og hefur það sem forgangsverkefni að fjarlægja fyrst hindranir sem fljótlegt er að ryðja úr vegi og, að því er hinar hindranirnar varðar, að hleypa af stokkunum matsferli, samráðsferli og frekari samræmingu tiltekinna atriða sem mun gera kleift að nútímavæða smám saman og á samræmdan hátt reglukerfi fyrir þjónustustarfsemi í ríkjunum sem er mikilvægt í því skyni að koma á raunverulegum innri markaði fyrir þjónustu fyrir árið 2010. Séð skal til þess að fyrir hendi sé jafnvæg blanda ráðstafana sem nær til valinnar samræmingar, samvinnu stjórnvalda, frelsis til að veita þjónustu og hvatningar til þess að þróaðar séu siðareglur starfsstétta um tiltekin málefni. Þessi samræming á löggjöf ríkjanna skal tryggja mikla samþættingu laga

í Bandalaginu og víðtæka gæslu almannahagsmuna, einkum neytendavernd, sem er nauðsynlegt til að traust myndist milli aðildarríkja. Í þessari tilskipun er einnig tekið tillit til annarra almannahagsmuna, m.a. verndunar umhverfisins, almannaöryggis og lýðheilsu, svo og þess að fara þarf að vinnulöggjöfinni.

8) Rétt er að ákvæðin í þessari tilskipun, að því er varðar staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi, gildi því aðeins að viðkomandi starfsemi sé opin fyrir samkeppni svo að aðildarríkin séu ekki þvinguð til að auka frelsi í þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, til að einkavæða opinberar stofnanir sem veita slíka þjónustu eða til að afnema núverandi einokun að því er varðar aðra starfsemi eða tiltekna dreifingarþjónustu.

9) Þessi tilskipun gildir einungis um kröfur sem hafa áhrif á aðgang að þjónustustarfsemi eða á það að stunda þá starfsemi. Hún gildir því ekki um kröfur, s.s. reglur um umferð á vegum, reglur um þróun eða notkun lands, borgar- og landsbyggðarskipulag, byggingarstaðla svo og stjórnvaldssektir sem beitt er vegna þess að ekki er farið að slíkum reglum sem stýra ekki sérstaklega eða hafa sérstaklega áhrif á þjónustustarfsemina en sem þjónustuveitendur verða að virða þegar þeir stunda atvinnustarfsemi sína á sama hátt og einstaklingar sem taka sér eitthvað fyrir hendur í eigin nafni.

10) Þessi tilskipun varðar ekki kröfur í tengslum við aðgang tiltekinna þjónustuveitenda að almannafé. Þar er m.a. um að ræða kröfur þar sem mælt er fyrir um skilyrði sem þjónustuveitendur verða að uppfylla til að eiga rétt á opinberum fjárframlögum, þ.m.t. tilteknir samningsskilmálar, einkum gæðastaðlar sem þjónustuveitendur verða að fylgja til að geta fengið fjármuni frá hinu opinbera, t.d. að því er varðar félagsþjónustu.

11) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir sem aðildarríki grípa til, í samræmi við lög Bandalagsins, í tengslum við vernd eða eflingu menningarlegrar fjölbreytni, margbreytileika tungumála og fjölbreyttrar fjölmiðlunar, þ.m.t. fjármögnun þeirra. Með þessari tilskipun er ekki komið í veg fyrir að aðildarríkin geti beitt grundvallarreglum sínum og meginreglum sem tengjast prentfrelsi og tjáningarfrelsi. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lög aðildarríkja sem banna mismunun á grundvelli þjóðernis eða af ástæðum eins og þeim sem eru settar fram í 13. gr. sáttmálans.

12) Með tilskipun þessari er stefnt að því að smíða lagaramma til að tryggja staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna en ekki verið að samræma eða hafa áhrif á hegningarlög. Aðildarríkin skulu þó ekki geta takmarkað frelsi til að veita þjónustu með því að beita ákvæðum hegningarlaga sem hafa sérstaklega áhrif á aðgang að þjónustustarfsemi eða á það að stunda þá starfsemi og sniðgengið með því reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

13) Jafnmikilvægt er að þessi tilskipun virði að fullu framtaksverkefni Bandalagsins, sem byggjast á 137. gr. sáttmálans, í því skyni að ná fram markmiðunum í 136. gr. hans um eflingu atvinnu og bætt lífskjör og vinnuskilyrði.

14) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðningarskilmála og -skilyrði, þ.m.t. hámarksvinnutími og lágmarkshvíldartími, lágmarksfjöldi greiddra, árlegra frídaga, lágmarkslaun, svo og heilbrigði og öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, sem aðildarríki beita í samræmi við lög Bandalagsins, og hefur ekki áhrif á samskipti milli aðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. rétturinn til að semja um og ganga frá kjarasamningum og rétturinn til að fara í verkfall og grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og -venjur sem virða lög Bandalagsins, né heldur gildir hún um þjónustu sem starfsmannaleigur veita. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á almannatryggingalöggjöf aðildarríkjanna.

15) Í þessari tilskipun er virt nýting grundvallarréttinda, sem gilda í aðildarríkjunum, eins og þau eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og í skýringunum, sem honum fylgja, þar sem þau eru samræmd við grundvallarfrelsið sem mælt er fyrir um í 43. og 49. gr. sáttmálans. Þessi grundvallarréttindi fela í sér rétt til að grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og -venjur sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.

16) Þessi tilskipun varðar aðeins þjónustuveitendur með staðfestu í aðildarríki og tekur ekki til ytri þátta. Hún varðar ekki samningaviðræður innan alþjóðastofnana um viðskipti með þjónustu, einkum innan ramma hins

almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS).

17) Þessi tilskipun tekur aðeins til þjónustu sem er veitt gegn endurgjaldi. Skilgreiningin í 50. gr. sáttmálans tekur ekki til þjónustu í almannaþágu og fellur þjónustan því ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þjónusta, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, er þjónusta sem er veitt gegn endurgjaldi og fellur því undir gildissvið þessarar tilskipunar. Tiltekin þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, t.d. á sviði flutninga, fellur þó utan gildissviðs þessarar tilskipunar og önnur tiltekin þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, t.d. á sviði póstþjónustu, er háð undanþágu frá ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu sem sett er fram í þessari tilskipun. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um fjármögnun þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og gildir ekki um kerfi aðstoðar sem aðildarríkin veita, einkum á sviði félagsmála, í samræmi við samkeppnisreglur Bandalagsins. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um eftirfylgni við hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu í almannaþágu.

18) Fjármálaþjónusta fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar þar eð sú starfsemi er háð sértækri löggjöf Bandalagsins sem miðar að því, eins og þessi tilskipun, að koma á raunverulegum innri markaði fyrir þjónustu. Öll fjármálaþjónusta, s.s. á sviði bankaviðskipta, lána, vátrygginga, þ.m.t. endurtrygging, starfstengdur lífeyrir og séreignarlífeyrir, verðbréf, fjárfestingarsjóðir, greiðslu- og fjárfestingarráðgjöf, þ.m.t. þjónusta sem er talin upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]), fellur því utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

19) Með tilliti til þess að árið 2002 var samþykkt safn lagagerninga um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, svo og um tilheyrandi tilföng og þjónustu, þar sem settur er fram reglurammi sem auðveldar aðgang að þessari starfsemi á innri markaðnum, einkum með því að leggja að mestu niður sérstakt fyrirkomulag leyfisveitinga, er nauðsynlegt að mál, sem þessir gerningar fjalla um, falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

20) Undanþágurnar frá gildissviði þessarar tilskipunar að því er varðar málefni rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ([2]), í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ([3]), í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([4]), í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([5]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([6]), skulu ekki aðeins gilda um álitamál sem sérstaklega er fjallað um í þessum tilskipunum heldur einnig um mál sem aðildarríkin geta með hliðsjón af skýrum ákvæðum í tilskipununum gert tilteknar ráðstafanir um á landsvísu.

21) Flutningaþjónusta, þar á meðal flutningar í þéttbýli, leigubílar og sjúkrabílar, svo og hafnaþjónusta, fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

22) Heilbrigðisþjónusta, sem fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar, tekur til heilbrigðis- og lyfjaþjónustu sem fagfólk í heilbrigðisþjónustu veitir sjúklingum til að meta, viðhalda eða endurheimta heilsu þeirra þegar þessi starfsemi er bundin lögvernduðum heilbrigðisstarfsgreinum í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.
([3]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.
([4]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.
([5]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.
([6]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/24/EB (Stjtíð. ESB L 105, 13.4.2006, bls. 54).

23) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á endurgreiðslu heilbrigðisþjónustu sem veitt er í öðru aðildarríki en því þar sem sá sem nýtur heilbrigðisþjónustunnar hefur aðsetur. Dómstóllinn hefur margsinnis fjallað um þetta mál og hann hefur viðurkennt réttindi sjúklinga. Mikilvægt er að fjalla um þetta mál í öðrum lagagerningi Bandalagsins í því skyni að ná fram auknu réttaröryggi og skýrleika að svo miklu leyti sem ekki er þegar fjallað um þetta mál í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([1]).

24) Myndmiðlunarþjónusta, burtséð frá flutningsaðferðinni, þ.m.t. í kvikmyndahúsum, skal einnig falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun gildir ekki heldur um aðstoð sem aðildarríki veita í hljóð- og myndmiðlageiranum sem samkeppnisreglur Bandalagsins taka til.

25) Fjárhættustarfsemi, þar á meðal happdrætti og veðmálaviðskipti, fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar vegna sérstaks eðlis þeirrar starfsemi sem felur í sér að aðildarríkin hrindi í framkvæmd stefnu viðvíkjandi allsherjarreglu og neytendavernd.

26) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu 45. gr. sáttmálans.

27) Þessi tilskipun tekur ekki til þeirrar félagsþjónustu á sviði húsnæðismála, barnagæslu og stuðnings við fjölskyldur og einstaklinga, sem þurfa á aðstoð að halda, sem ríkið sér um á innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi og þjónustuaðilar með umboð frá ríkinu eða viðurkennd góðgerðarfélög veita með það að markmiði að tryggja stuðning við þá sem þurfa á honum að halda, viðvarandi eða tímabundið, vegna ónógra fjölskyldutekna eða vegna þess að þeir eru öðrum háðir, að nokkru eða öllu leyti, og við þá sem eiga á hættu að lenda utangarðs. Þessi þjónusta er afar mikilvæg í því skyni að tryggja grundvallarrétt til mannlegrar reisnar og friðhelgi og hún er vitnisburður um meginreglurnar um félagslega samheldni og samstöðu og hefur þessi tilskipun ekki áhrif á hana.

28) Þessi tilskipun fjallar ekki um fjármögnun félagsþjónustunnar eða stuðningskerfið sem henni tengist. Hún hefur heldur ekki áhrif á viðmiðanirnar eða skilyrðin sem aðildarríkin setja til að tryggja að félagsþjónustan ræki starf sitt á skilvirkan hátt í þágu almannaheilla og félagslegrar samheldni. Að auki hefur þessi tilskipun ekki áhrif á meginregluna um alþjónustu í félagsþjónustu aðildarríkjanna.

29) Þar eð með sáttmálanum er lagður sérstakur, lagalegur grunnur fyrir skattlagningu og þar eð Bandalagið hefur þegar samþykkt lagagerninga á þessu sviði er nauðsynlegt að svið skattlagningar falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

30) Fyrirliggjandi löggjöf Bandalagsins um þjónustustarfsemi er umfangsmikil. Þessi tilskipun byggist á gerðum Bandalagsins og er þannig viðbót við þær. Misræmi milli þessarar tilskipunar og annarra gerninga Bandalagsins hefur verið skilgreint og í þessi tilskipun er tekið á því, m.a. með undanþágum. Nauðsynlegt er þó að setja reglu um önnur tilvik og undantekningar ef misræmi er milli ákvæðis þessarar tilskipunar og ákvæðis annars gernings Bandalagsins. Ákvarða skal slíkt misræmi í samræmi við reglur sáttmálans um staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi.

31) Þessi tilskipun er í samræmi við og hefur ekki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([2]). Hún fjallar um álitamál önnur en þau sem tengjast faglegri menntun og hæfi, t.d. starfsábyrgðartryggingar, viðskiptaorðsendingar, þverfaglega starfsemi og einföldun stjórnsýslu. Að því er varðar tímabundna veitingu þjónustu yfir landamæri tryggir undanþágа frá ákvæðinu í þessari tilskipun um frjálsa þjónustustarfsemi að það hefur ekki áhrif á II. bálk í tilskipun 2005/36/EB um frelsi til að veita þjónustu. Ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu hefur því ekki áhrif á neinar ráðstafanir sem gilda samkvæmt þessari tilskipun í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt.

([1]) Stjtíð EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

32) Þessi tilskipun er í samræmi við löggjöf Bandalagsins um neytendavernd, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ([2]).

33) Þjónustan, sem þessi tilskipun tekur til, varðar fjölbreytta og síbreytilega starfsemi, þ.m.t. viðskiptaþjónusta s.s. rekstrarráðgjöf, vottun og prófun, viðhald og ræsting aðstöðu, þ.m.t. viðhald skrifstofa, auglýsingar, ráðningarþjónusta og þjónusta umboðsaðila. Tilskipunin tekur einnig til þjónustu sem veitt er bæði fyrirtækjum og neytendum, eins og lögfræði- eða skattaráðgjafar, fasteignaþjónusta, s.s. fasteignasala, byggingarstarfsemi, þ.m.t. þjónusta arkitekta, dreifingarstarfsemi, skipulagningar kaupstefna, bílaleiga og ferðaskrifstofa. Tilskipunin tekur einnig til neytendaþjónustu s.s. á sviði ferðamála, þ.m.t. leiðsögumenn, afþreyingarþjónusta, íþróttamiðstöðvar og skemmtigarðar og, að því marki sem hún fellur ekki utan gildissviðs tilskipunarinnar, til stuðningsþjónustu við heimili, s.s. aðstoð við aldraða. Undir þessa starfsemi getur fallið þjónusta sem krefst þess að veitandi þjónustunnar og viðtakandi hennar séu nærri hvor öðrum, þjónusta sem krefst þess að viðtakandi eða þjónustuveitandi ferðist og þjónusta sem unnt er að fjarmiðla, þ.m.t. um Netið.

34) Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins verður að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekin starfsemi, einkum starfsemi sem er fjármögnuð af almannafé eða sem opinberar stofnanir veita, telst vera „þjónusta“ og þá verður að hafa í huga öll einkenni hennar, einkum hvernig hún er veitt, skipulögð og fjármögnuð í viðkomandi aðildarríki. Dómstóllinn hefur úrskurðað að grundvallareinkenni þóknunar felist í því að hún er endurgjald fyrir viðkomandi þjónustu og hann hefur viðurkennt að einkenni þóknunar séu ekki fyrir hendi í starfsemi sem ríkið annast eða sem aðrir sjá um fyrir hönd ríkisins, og ekki er tekið endurgjald fyrir, í tengslum við skyldur ríkisins á sviði félags-, menningar-, mennta- og dómsmála, s.s. kennsla innan menntakerfis ríkis eða rekstur almannatryggingakerfa sem stunda ekki atvinnustarfsemi. Þegar viðtakandi þjónustu greiðir gjald, t.d. gjald sem námsmenn greiða fyrir kennslu eða innritun í því skyni að leggja fé af mörkum til rekstrarkostnaðar kerfis, telst það í sjálfu sér ekki vera þóknun vegna þess að þjónustan er eftir sem áður aðallega fjármögnuð af opinberu fé. Skilgreiningin á þjónustu í 50. gr. sáttmálans tekur því ekki til þessarar starfsemi og hún fellur þar af leiðandi ekki innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

35) Íþróttastarf áhugamanna, sem er ekki rekið í hagnaðarskyni, gegnir þýðingarmiklu félagslegu hlutverki. Markmið þess eru oft aðeins félagsleg eða tengjast tómstundastarfi. Það telst því ekki vera atvinnustarfsemi í skilningi laga Bandalagsins og skal falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

36) Hugtakið „þjónustuveitandi“ skal taka til hvers þess einstaklings sem er ríkisborgari í aðildarríki eða hvers þess lögaðila sem stundar þjónustustarfsemi í aðildarríki og nýtir sér annaðhvort staðfesturétt eða frjálsa þjónustustarfsemi. Þjónustuveitandahugtakið skal því ekki einskorðast við veitingu þjónustu yfir landamæri innan ramma frjálsrar þjónustustarfsemi heldur skal það einnig taka til tilvika þar sem rekstraraðili setur upp starfsstöð í aðildarríki í því skyni að þróa þjónustustarfsemi sína þar. Á hinn bóginn skal þjónustuveitandahugtakið ekki taka til útibúa fyrirtækja frá þriðju löndum í aðildarríki vegna þess að skv. 48. gr. sáttmálans getur staðfesturéttur og frjáls þjónustustarfsemi aðeins komið þeim fyrirtækjum til góða sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð innan Bandalagsins. Hugtakið „viðtakandi“ skal einnig taka til ríkisborgara þriðja lands sem njóta nú þegar góðs af réttindum sem gerðir Bandalagsins hafa veitt þeim, eins og reglugerð (EBE) nr. 1408/71, tilskipun ráðsins 2003/109/EB frá 25. nóvember 2003 um ríkisborgara þriðju landa sem hafa stöðu einstaklinga með fasta búsetu

([1]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.
([2]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með tilskipun 2005/29/EB.

([1]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 frá 14. maí 2003 um að láta ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsra flutninga og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ([3]). Aðildarríki geta enn fremur rýmkað merkingu viðtakandahugtaksins þannig að það nái til annarra ríkisborgara þriðja lands sem eru staddir á yfirráðasvæði þeirra.

37) Ákvarða skal hvar þjónustuveitandi hefur staðfestu í samræmi við dómaframkvæmd Dómstólsins en samkvæmt henni felst í hugtakinu staðfesta að rekin er virk atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð. Einnig er unnt að fullnægja þessari kröfu ef félag er stofnað til tiltekins tíma eða ef það leigir bygginguna eða stöðina þar sem það stundar starfsemi sína. Einnig er unnt að fullnægja henni ef aðildarríki veitir leyfi aðeins vegna tiltekinnar þjónustu í takmarkaðan tíma. Starfsstöð þarf ekki að vera í formi dótturfélags, útibús eða umboðsaðila heldur getur hún verið skrifstofa sem starfsfólk þjónustuveitanda rekur eða sjálfstæður aðili sem hefur ótímabundna heimild til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eins og þegar um umboðsaðila er að ræða. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem gerir kröfu um raunverulega atvinnustarfsemi á þeim stað þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, telst póstkassi ekki jafngilda starfsstöð. Ef þjónustuveitandi hefur staðfestu á mörgum stöðum er mikilvægt að ákvarða frá hvaða starfsstöð viðkomandi eiginleg þjónusta er veitt. Ef erfitt er að ákvarða, þegar um marga staðfestustaði er að ræða, frá hvaða staðfestustað tiltekin þjónusta er veitt telst staðfestustaðurinn vera sá staður þar sem þjónustuveitandinn veitir aðallega þessa tilteknu þjónustu.

38) Hugtakið „lögaðilar“ gerir, samkvæmt ákvæðum sáttmálans um staðfestu, rekstraraðilum kleift að velja sér það rekstrarform að lögum sem þeir álíta viðeigandi fyrir starfsemi sína. Í samræmi við það merkir „lögaðilar“, í skilningi sáttmálans, allar einingar sem eru stofnaðar samkvæmt lögum aðildarríkis eða falla undir þau, óháð því hvert rekstrarform þeirra er að lögum.

39) Hugtakið „fyrirkomulag leyfisveitinga“ skal m.a. taka til stjórnsýslumeðferðar við veitingu leyfa, heimilda, samþykkta eða sérleyfa en einnig til þeirrar skyldu að vera, í því skyni að geta stundað tiltekna starfsemi, skráður félagi í starfsgreinafélagi eða vera á skrá, á lista eða í gagnagrunni, opinberlega aðili að samtökum eða handhafi skírteinis sem staðfestir aðild að tiltekinni starfsgrein. Ekki er aðeins unnt að veita leyfi með formlegri ákvörðun heldur einnig með óbeinni ákvörðun, t.d. vegna þess að lögbært yfirvald lætur ekki í sér heyra eða vegna þess að hagsmunaaðilinn verður að bíða eftir staðfestingu á viðtöku yfirlýsingar til þess að geta hafið umrædda starfsemi eða til þess að hún verði lögmæt.

40) Hugtakið „brýnir almannahagsmunir“, sem vísað er til í tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar, hefur þróast hjá Dómstólnum í dómaframkvæmd hans í tengslum við 43. og 49. gr. sáttmálans og getur haldið áfram að þróast. Eftirfarandi svið a.m.k. falla undir hugtakið eins og það er viðurkennt í dómaframkvæmd Dómstólsins: allsherjarregla, almannaöryggi og lýðheilsa í skilningi 46. og 55. gr. sáttmálans, viðhald reglu í samfélaginu, félagsleg stefnumið, vernd viðtakenda þjónustu, neytendavernd, starfsmannavernd, þ.m.t. félagsleg vernd starfsmanna, velferð dýra, varðveisla fjárhagslegs jafnvægis almannatryggingakerfisins, forvarnir gegn svikum, forvarnir gegn ósanngjarnri samkeppni, vernd umhverfisins og þéttbýlis, þ.m.t. borgar- og landsbyggðarskipulag, vernd lánardrottna, vernd öruggrar réttarvörslu, umferðaröryggi, vernd hugverka, markmið í menningarstefnu, þ.m.t. vernd tjáningarfrelsis á mismunandi sviðum, einkum félagslegra, menningarlegra, trúarlegra og heimspekilegra gilda samfélagsins, þörfin fyrir að tryggja góða menntun, viðhald fjölbreyttrar fjölmiðlunar og efling þjóðtungunnar, varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs og stefna í dýraheilbrigðismálum.

41) Hugtakið „allsherjarregla“, eins og Dómstóllinn túlkar það, tekur til verndar gegn raunverulegri og nægilega alvarlegri ógnun við

([1]) Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 44.
([2]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77.

grundvallarhagsmuni samfélagsins og getur einkum falið í sér mál sem tengjast mannlegri reisn, vernd barna undir lögaldri og fullorðinna í áhættuhópi og velferð dýra. Á sama hátt felur hugtakið um almannaöryggi í sér málefni er varða öryggi borgaranna.

42) Reglurnar, sem varða stjórnsýslumeðferð, skulu ekki miða að samræmingu stjórnsýslumeðferða heldur að því að afnema óþarflega íþyngjandi fyrirkomulag leyfisveitinga, verklag og formsatriði sem standa í vegi fyrir staðfesturéttinum og þar með stofnun nýrra þjónustufyrirtækja.

43) Eitt helsta vandkvæðið, sem einkum lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir að því er varðar aðgang að þjónustustarfsemi og rekstur hennar, er hve stjórnsýslumeðferðin er flókin, tímafrek og hve lagaleg óvissa hennar er mikil. Af þeirri ástæðu og með tiltekin framtaksverkefni um nútímavæðingu og góðar stjórnsýsluvenjur, sem ráðist hefur verið í innan Bandalagsins og í ríkjunum, að fyrirmynd er nauðsynlegt að fastsetja meginreglur um einföldun stjórnsýslunnar, t.d. með því að takmarka kröfuna um fyrirframleyfi við þau tilvik þar sem það er mikilvægt og með því að taka upp meginregluna um þegjandi samþykki af hálfu lögbærra yfirvalda eftir að tiltekinn frestur er liðinn. Með slíkum aðgerðum til nútímavæðingar er ætlunin, jafnframt því sem þeim er ætlað að viðhalda kröfum um gagnsæi og uppfærslu upplýsinga um rekstraraðila, að útrýma töfum, kostnaði og letjandi áhrifum sem t.d. verða vegna ónauðsynlegra eða óþarflega flókinna og íþyngjandi starfshátta, tvíverknaðar, skriffinnsku við framlagningu skjala, handahófskenndrar beitingar valds af hálfu lögbærra yfirvalda, ótiltekins eða óþarflega langs afgreiðslutíma, takmarkaðs gildistíma veittra leyfa og óhóflegra gjalda og viðurlaga. Slíkar venjur hafa sérstaklega letjandi áhrif á þjónustuveitendur sem vilja þróa starfsemi sína í öðrum aðildarríkjum og þurfa á samhæfðri nútímavæðingu að halda innan stækkaðs innri markaðar um tuttugu og fimm aðildarríkja.

44) Aðildarríkin skulu innleiða, þar sem við á, samræmd eyðublöð á vettvangi Bandalagsins, eins og framkvæmdastjórnin hefur ákvarðað, sem verða jafngild vottorðum, staðfestingum eða hvers konar öðrum skjölum í tengslum við staðfestu.

45) Í því skyni að kanna hvort þörf sé á að einfalda málsmeðferð og formsatriði skulu aðildarríkin einkum geta tekið tillit til þess hvort þau eru nauðsynleg, til fjölda þeirra, hugsanlegs tvíverknaðar, kostnaðar, gagnsæis og aðgengis, svo og til tafa og erfiðleika sem þau gætu valdið viðkomandi þjónustuveitanda.

46) Nauðsynlegt er, í því skyni að auðvelda aðgang að þjónustustarfsemi og að stunda hana á innri markaðnum, að fastsetja markmið, sem er sameiginlegt öllum aðildarríkjunum, um einföldun stjórnsýslunnar og að mæla fyrir um ákvæði, m.a. um réttinn til upplýsinga, rafrænnar málsmeðferðar og til þess að settur verði rammi um fyrirkomulag leyfisveitinga. Aðrar ráðstafanir, sem eru samþykktar í ríkjunum til að ná fram því markmiði, gætu falist í því að draga úr því hversu oft er gripið til málsmeðferðar og formsatriða sem gilda um þjónustustarfsemi og að takmarka slíka málsmeðferð og formsatriði við það sem eru nauðsynlegt til að þjóna almannahagsmunum og skarast ekki að því er varðar efni eða tilgang.

47) Í þeim tilgangi að einfalda stjórnsýsluna skal ekki gera almennar, formlegar kröfur, eins og um að leggja fram frumrit skjala, staðfest endurrit eða löggilta þýðingu, nema þar sem það er rökstutt á hlutlægan hátt með vísan til brýnna almannahagsmuna, t.d. verndar starfsmanna, lýðheilsu, verndar umhverfisins eða neytendaverndar. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að leyfi heimili alla jafna aðgang að þjónustustarfsemi eða að hún sé stunduð á öllu yfirráðasvæði ríkis nema það sé rökstutt efnislega með brýnum almannahagsmunum að nýtt leyfi þurfi fyrir hverja starfsstöð, t.d. fyrir hvern nýjan risamarkað, eða að leyfi sé takmarkað við tiltekinn hluta yfirráðasvæðis ríkis.

48) Í því skyni að einfalda stjórnsýslumeðferð frekar þykir rétt að tryggja að hver þjónustuveitandi þurfi aðeins að fara á einn stað þar sem hann getur lokið allri málsmeðferð og gengið frá formsatriðum (hér á eftir nefndur „upplýsinga- og þjónustumiðstöð“). Fjöldi upplýsinga- og þjónustumiðstöðva í hverju aðildarríki getur verið mismunandi eftir svæðisbundnu eða staðbundnu valdsviði eða viðkomandi starfsemi. Stofnun upplýsinga- og þjónustumiðstöðva skal ekki hafa áhrif á skiptingu starfa milli lögbærra yfirvalda inn-

an kerfis hvers ríkis. Ef mörg, lögbær yfirvöld eru á svæðis- eða staðarvísu getur eitt þeirra tekið að sér hlutverk upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar og samræmingaraðila. Yfirvöld á sviði stjórnsýslu eru ekki ein um að geta sett upp upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar heldur getur aðildarríki ákveðið að fela verslunarráðum eða starfsgreinafélögum, fagfélögum eða einkaaðilum að gera það. Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki við að aðstoða þjónustuveitendur, annaðhvort sem það yfirvald sem með beinum hætti er til þess bært að gefa út þau skjöl sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að þjónustustarfsemi eða sem milliliður milli þjónustuveitanda og þeirra yfirvalda sem eru til þess bær milliliðalaust.

49) Gjaldið, sem upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar geta krafist, skal vera í réttu hlutfalli við kostnað af þeirri málsmeðferð og formsatriðum sem þær fást við. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin feli upplýsinga og þjónustumiðstöðvum að innheimta önnur umsýslugjöld, eins og þóknun til eftirlitsaðila.

50) Veitendum og viðtakendum þjónustu er nauðsynlegt að hafa greiðan aðgang að tilteknum tegundum upplýsinga. Það skal vera á valdi hvers aðildarríkis að ákvarða, innan ramma þessarar tilskipunar, með hvaða hætti þjónustuveitendur og viðtakendur fá upplýsingar. Einkum gæti verið unnt að uppfylla þá skyldu, sem hvílir á herðum aðildarríkjanna, að tryggja að þjónustuveitendur og -viðtakendur eigi greiðan aðgang að viðeigandi upplýsingum, með því að veita almenningi hindrunarlausan aðgang að upplýsingunum á vefsetri. Allar upplýsingar skal veita á skýran og ótvíræðan hátt.

51) Upplýsingar til veitenda og viðtakenda þjónustu skulu einkum fela í sér upplýsingar um málsmeðferð og formsatriði, um hvernig unnt er að ná sambandi við lögbær yfirvöld, um skilyrði fyrir aðgangi að opinberum skrám og gagnagrunnum og um tiltæk úrræði og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök og stofnanir þar sem þjónustuveitendur eða -viðtakendur geta fengið hagnýta aðstoð. Sú skylda lögbærra yfirvalda að aðstoða þjónustuveitendur og -viðtakendur skal ekki fela í sér lagalega ráðgjöf í einstökum tilvikum. Engu að síður skal veita almennar upplýsingar um hvernig kröfur eru alla jafna túlkaðar eða hvernig þeim er beitt. Aðildarríkin skulu ákvarða um málefni eins og ábyrgð sem fylgir því að veita rangar eða villandi upplýsingar.

52) Afar brýnt er, vegna einföldunar stjórnsýslunnar á sviði þjónustustarfsemi, að í fyrirsjáanlegri framtíð verði komið á aðferðum til að ljúka málsmeðferð og ganga frá formsatriðum með rafrænum hætti, til hagsbóta fyrir þjónustuveitendur, þjónustuviðtakendur og lögbær yfirvöld. Hugsanlega þarf að aðlaga landslög og aðrar reglur, sem gilda um þjónustu, í því skyni að uppfylla skuldbindinguna um að ná árangri. Þessi skuldbinding skal ekki koma í veg fyrir að auk rafrænna aðferða leggi aðildarríkin til aðrar aðferðir til að ljúka slíkri málsmeðferð og ganga frá formsatriðum. Það að unnt skuli vera að ljúka þessari málsmeðferð og ganga frá formsatriðum með fjarmiðlun felur einkum í sér að aðildarríkin verða að sjá til þess að unnt sé að ganga frá þeim yfir landamæri. Skuldbindingin um að ná árangri tekur ekki til málsmeðferðar eða formsatriða sem eðlis þeirra vegna er ekki unnt að ganga frá með fjarmiðlun. Enn fremur hefur þetta ekki áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um notkun tungumála.

53) Við veitingu leyfa fyrir tiltekna þjónustustarfsemi geta lögbær yfirvöld þurft að boða umsækjanda í viðtal í því skyni að meta ráðvendni hans og hæfi til að veita viðkomandi þjónustu. Í slíkum tilvikum kann að vera óviðeigandi að ganga frá formsatriðum með rafrænum hætti.

54) Möguleiki á að fá aðgang að þjónustustarfsemi skal því aðeins háður leyfi lögbærra yfirvalda að ákvörðunin uppfylli skilyrði um bann við mismunun, um að hún sé nauðsynleg og að með henni sé gætt meðalhófs. Þetta felur einkum í sér að fyrirkomulag leyfisveitinga skal því aðeins vera leyfilegt að skoðun eftir á yrði árangurslaus vegna þess að útilokað væri að ganga úr skugga um galla á viðkomandi þjónustu eftir á, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættu og hættu sem gæti stafað af því að ekki var skoðað fyrir fram. Ekki er þó hægt að reiða sig á ákvæði þess efnis í þessari tilskipun í því skyni að réttlæta fyrirkomulag leyfisveitinga sem aðrir gerningar Bandalagsins banna, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins

varðandi rafrænar undirskriftir ([1]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([2]). Niðurstöður gagnkvæms mats munu gera kleift að ákvarða, á vettvangi Bandalagsins, hvers konar starfsemi skal ekki falla undir fyrirkomulag leyfisveitinga.

55) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á þann möguleika aðildarríkjanna að afturkalla leyfi eftir að þau hafa verið gefin út ef skilyrðin fyrir leyfisveitingunni eru ekki lengur uppfyllt.

56) Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins falla lýðheilsa, neytendavernd, heilbrigði dýra og vernd þéttbýlisumhverfis undir brýna almannahagsmuni. Slíkir brýnir almannahagsmunir geta réttlætt notkun fyrirkomulags leyfisveitinga og annarra takmarkana. Ekkert slíkt fyrirkomulag leyfisveitinga eða takmörkun skal þó mismuna á grundvelli þjóðernis. Að auki skal ávallt virða nauðsynjarregluna (principle of necessity) og meðalhófsregluna.

57) Ákvæði þessarar tilskipunar um fyrirkomulag leyfisveitinga skulu varða tilvik þar sem aðgangur rekstraraðila að þjónustustarfsemi, eða það að stunda slíka starfsemi, er háð ákvörðun lögbærs yfirvalds. Þetta varðar hvorki ákvarðanir lögbærra yfirvalda um að setja á stofn opinberan aðila eða einkaaðila til að veita tiltekna þjónustu né samningagerð lögbærra yfirvalda vegna veitingar tiltekinnar þjónustu sem lýtur reglum um opinber innkaup, þar eð þessi tilskipun fjallar ekki um reglur um opinber innkaup.

58) Í því skyni að auðvelda aðgang að þjónustustarfsemi og það að stunda hana er mikilvægt að meta og gefa skýrslu um fyrirkomulag leyfisveitinga og rökin fyrir því. Þessi kvöð um skýrslugjöf varðar aðeins það hvort fyrir hendi er fyrirkomulag leyfisveitinga en ekki viðmiðanir og skilyrði fyrir veitingu leyfis.

59) Leyfið skal að jafnaði gera þjónustuveitandanum kleift að hafa aðgang að þjónustustarfsemi eða að stunda slíka starfsemi á öllu yfirráðasvæði ríkis nema unnt sé að færa rök fyrir því að takmarka svæðið með vísan til brýnna almannahagsmuna. Vernd umhverfisins getur t.d. réttlætt kröfu um að fá sérstakt leyfi fyrir hverju mannvirki á yfirráðasvæði ríkis. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á svæðisbundnar eða staðbundnar valdheimildir til leyfisveitinga innan aðildarríkjanna.

60) Þessi tilskipun, einkum ákvæðin um fyrirkomulag leyfisveitinga og gildissvæði leyfis, skal ekki hafa áhrif á skiptingu svæðisbundinna og staðbundinna valdheimilda innan aðildarríkjanna, þ.m.t. svæðisbundin og staðbundin sjálfstjórn og notkun opinberra tungumála.

61) Ákvæðið um að skilyrði fyrir veitingu leyfis skuli ekki skarast kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti sett eigin skilyrði eins og tilgreint er í fyrirkomulagi leyfisveitinga. Í því er einungis gerð krafa um að lögbær yfirvöld taki, þegar þau íhuga hvort umsækjandi uppfylli þessi skilyrði, tillit til samsvarandi skilyrða sem umsækjandinn hefur þegar uppfyllt í öðru aðildarríki. Með þessu ákvæði er ekki gerð krafa um að beitt sé skilyrðum fyrir veitingu leyfis sem kveðið er á um í fyrirkomulagi leyfisveitinga í öðru aðildarríki.

62) Ef fjöldi leyfa fyrir starfsemi er takmarkaður vegna þess að náttúruauðlindir eða tæknigeta eru af skornum skammti skal samþykkja aðferð til að velja á milli nokkurra hugsanlegra umsækjenda í þeim tilgangi að auka gæði á og bæta skilyrði fyrir framboð á þjónustu sem notendum stendur til boða í frjálsri samkeppni. Slík aðferð skal veita tryggingu fyrir gagnsæi og óhlutdrægni og leyfið, sem þannig er veitt, skal ekki gilda of lengi, það skal ekki endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér ávinning fyrir þjónustuveitanda sem er með nýútrunnið leyfi. Lengd leyfis, sem hefur verið veitt, skal einkum ákvarðað þannig að frjáls samkeppni takmarkist ekki eða skerðist umfram það sem nauðsynlegt er í því skyni að gera þjónustuveitanda kleift að endurheimta fjárfestingarkostnaðinn og fá sanngjarna ávöxtun á því fjármagni sem er fjárfest. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti takmarkað fjölda leyfa af öðrum ástæðum en þeim að náttúruauðlindir eða tæknigeta séu af skornum skammti. Þessi leyfi skulu undir öllum kringumstæðum vera með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar til

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

skipunar að því er varðar fyrirkomulag leyfisveitinga.

63) Ef ekki er um annað fyrirkomulag að ræða skal litið svo á að leyfi hafi verið veitt hafi svar ekki borist innan tiltekins frests. Þó má nota annars konar fyrirkomulag að því er varðar tiltekna starfsemi ef það er rökstutt með tilliti til brýnna almannahagsmuna, þ.m.t. lögmætir hagsmunir þriðja aðila. Annars konar fyrirkomulag af þessu tagi getur falið í sér landsreglur þar sem kveðið er á um að umsókn hafi verið hafnað ef svar berst ekki frá lögbæru yfirvaldi en að skjóta megi niðurstöðunni til dómstóla.

64) Til að koma á raunverulegum innri markaði fyrir þjónustu er nauðsynlegt að afnema allar takmarkanir á staðfesturétti og frjálsri þjónustustarfsemi sem enn eru bundnar í lög tiltekinna aðildarríkja og samrýmast ekki 43. og 49. gr. sáttmálans. Takmarkanirnar, sem skal banna, hafa einkum áhrif á innri markaðinn fyrir þjónustu og skal afnema þær kerfisbundið eins fljótt og auðið er.

65) Staðfesturéttur grundvallast einkum á meginreglunni um jafna meðferð sem leiðir af sér að öll mismunun á grundvelli þjóðernis er ekki aðeins bönnuð heldur einnig öll óbein mismunun á öðrum grundvelli sem getur leitt til sömu niðurstöðu. Aðgangur að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana í aðildarríki, annaðhvort sem meginstarfsemi eða aukastarfsemi, skal því ekki vera kominn undir viðmiðunum eins og staðfestustað, búsetustað, lögheimili eða hvar meginstarfsstöð þjónustustarfseminnar er staðsett. Viðmiðanir þessar skulu þó ekki taka til krafna þess efnis að þjónustuveitandi eða einn starfsmanna hans eða fulltrúi verði að vera til staðar þegar starfsemin fer fram þegar það er réttlætt með vísan til brýnna almannahagsmuna. Enn fremur skal aðildarríki ekki takmarka gerhæfi eða rétt félaga, sem hafa verið lögformlega stofnuð í samræmi við lög annars aðildarríkis, þar sem þau hafa aðalstarfsstöð sína, til að hefja málarekstur. Auk þess skal aðildarríki ekki vera unnt að veita þjónustuveitendum, sem hafa sérstök félagsleg og hagræn tengsl á landsvísu eða staðarvísu, neins konar ávinning, né heldur skal því vera unnt að takmarka frelsi þjónustuveitanda, á grundvelli þess hvar hann hefur staðfestu, til að afla sér, nýta eða ráðstafa réttindum og vörum eða til að fá aðgang að mismunandi lánum eða húsnæði að því leyti sem þetta val er gagnlegt vegna aðgangs að þessari starfsemi eða til að gera stundað hana á skilvirkan hátt.

66) Aðgangur að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana á yfirráðasvæði aðildarríkis skal ekki vera háður efnahagslegri greiningu. Bann við efnahagslegri greiningu sem nauðsynlegri forsendu fyrir veitingu leyfis skal taka til efnahagslegrar greiningar sem slíkrar en ekki til krafna sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt með vísan til brýnna almannahagsmuna, eins og verndar þéttbýlisumhverfis, félagsmálastefnu eða lýðheilsu. Bannið skal ekki hafa áhrif á það hvernig yfirvöld, sem eru ábyrg fyrir beitingu samkeppnislaga, beita valdheimildum sínum.

67) Að því er varðar fjárhagslegar ábyrgðir eða tryggingu skal bannið aðeins varða skuldbindingu um að fjárhagslegar ábyrgðir eða trygging, sem óskað er eftir, verði að koma frá fjármálastofnun með staðfestu í viðkomandi aðildarríki.

68) Að því er varðar forskráninguna skal bannið aðeins varða þá skuldbindingu að þjónustuveitandi hafi verið á skrá í tiltekinn tíma í viðkomandi aðildarríki áður en hann öðlast staðfestu.

69) Í því skyni að samræma nútímavæðingu landsreglna þannig að þær samrýmist kröfum innri markaðarins er nauðsynlegt að meta tilteknar innlendar kröfur sem mismuna ekki og sem, eðlis síns vegna, gætu mjög takmarkað eða jafnvel komið í veg fyrir aðgang að starfsemi eða að hún verði stunduð samkvæmt staðfesturéttinum. Þetta mat takmarkast við að þessar kröfur samrýmist viðmiðunum þeim sem Dómstóllinn hefur þegar ákvarðað um staðfesturétt. Það skal ekki varða beitingu samkeppnislaga Bandalagsins. Ef slíkar kröfur mismuna eða eru ekki rökstuddar á hlutlægan hátt með vísan til brýnna almannahagsmuna eða ef þær eru óhóflegar verður að fella þær niður eða breyta þeim. Niðurstaða þessa mats verður mismunandi eftir eðli starfseminnar og viðkomandi almannahagsmunum. Slíkar kröfur gætu átt fullan rétt á sér þegar með þær eru til framfylgdar markmiðum félagsmálastefnu.

70) Í þessari tilskipun og með fyrirvara um 16. gr. sáttmálans getur þjónusta aðeins talist vera þjónusta sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu ef hún er veitt til að sinna sér-

stöku verkefni í almannaþágu sem viðkomandi aðildarríki hefur falið þjónustuveitanda. Þetta verkefni skal inna af hendi með stuðningi við eina réttarreglu eða fleiri og ákveður viðkomandi aðildarríki form þeirra og skilgreinir nákvæmlega hvað felst í þessu sérstaka verkefni.

71) Gagnkvæma matsferlið, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á frelsi aðildarríkja til að setja í löggjöf sína víðtæka vernd almannahagsmuna, einkum að því er varðar markmið félagsmálastefnu. Enn fremur er nauðsynlegt að í gagnkvæma matsferlinu sé tekið fullt tillit til sérstöðu þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og verkefna sem felld hafa verið undir hana. Þetta getur réttlætt tilteknar takmarkanir á staðfesturéttinum, einkum ef slíkar takmarkanir varða vernd lýðheilsu og markmið félagsmálastefnu og ef þær uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í a- til c-lið 3. mgr. 15 gr. Að því er varðar skuldbindinguna um að hafa tiltekið, lögákveðið rekstrarform til að stunda vissa þjónustu á sviði félagsmála hefur Dómstóllinn þegar viðurkennt að það geti t.d. verið réttlætanlegt að krefjast þess að þjónustuveitandi stundi ekki rekstur í hagnaðarskyni.

72) Undir þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eru felld mikilvæg verkefni sem tengjast félagslegri og svæðisbundinni samheldni. Matsferlið, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal ekki standa í vegi fyrir því að þessi verkefni séu unnin. Þetta ferli skal ekki hafa áhrif á kröfur sem eru nauðsynlegar til að ljúka slíkum verkefnum jafnframt því að fjallað skal um óréttmætar takmarkanir á staðfesturéttinum.

73) Meðal krafna sem þarf að rannsaka eru innlendar reglur, sem af öðrum ástæðum en þeim sem tengjast faglegri menntun og hæfi, einskorða aðgang að tiltekinni starfsemi við tiltekna þjónustuveitendur. Þessar kröfur taka einnig til skuldbindinga sem lagðar eru á herðar þjónustuveitanda um að hann hafi tiltekið, lögákveðið rekstrarform, einkum að hann sé lögaðili, fyrirtæki í einstaklingseigu, samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni eða félag sem er að öllu leyti í eigu einstaklinga, svo og krafna sem tengjast hlutafjáreign í félagi, einkum skuldbindinga um að ráða yfir lágmarkshlutafé að því er varðar tiltekna þjónustustarfsemi eða um að uppfylla ákveðin skilyrði til að geta átt hlutafé í eða stjórnað tilteknum félögum. Mat á því hvort föst lágmarks- og/eða hámarksgjöld samrýmast staðfesturéttinum varðar aðeins gjöld sem lögbær yfirvöld leggja sérstaklega á í því skyni að veita tiltekna þjónustu og varðar t.d. ekki almennar reglur um verðákvörðun, eins og á húsaleigu.

74) Gagnkvæma matsferlið felur í sér að á lögleiðingartímabilinu verða aðildarríkin fyrst að skima löggjöf sína í því skyni að komast að raun um hvort einhverjar framangreindra krafna eru fyrir hendi í réttarkerfum þeirra. Aðildarríkin skulu, í síðasta lagi við lok lögleiðingartímabilsins, gera skýrslu um niðurstöður þessarar skimunar. Hver skýrsla verður send til allra annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila. Aðildarríkin hafa þá sex mánuði til að senda inn athugasemdir sínar við þessar skýrslur. Framkvæmdastjórnin skal semja yfirlitsskýrslu í síðasta lagi einu ári eftir lögleiðingu þessarar tilskipunar og láta fylgja með henni tillögur að frekari framtaksverkefnum, ef við á. Ef nauðsyn krefur gæti framkvæmdastjórnin aðstoðað aðildarríkin, í samstarfi við þau, við að útfæra sameiginlega aðferð.

75) Það að í þessari tilskipun eru tilgreindar nokkrar kröfur sem aðildarríkin verða að fella niður eða meta á lögleiðingartímabilinu hefur ekki áhrif á málsmeðferð vegna brota gegn aðildarríki fyrir að hafa ekki uppfyllt skuldbindingar sínar skv. 43. eða 49. gr. sáttmálans.

76) Þessi tilskipun varðar ekki beitingu 28.–30. gr. sáttmálans að því er varðar frjálsa vöruflutninga. Takmarkanirnar, sem eru bannaðar samkvæmt ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu, eiga við um kröfur um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana en ekki um þær kröfur sem gilda um vörur sem slíkar.

77) Þegar rekstraraðili fer til annars aðildarríkis til að stunda þar þjónustustarfsemi skal gera greinarmun á aðstæðum sem staðfesturétturinn tekur til og aðstæðum sem frjáls þjónustustarfsemi tekur til vegna tímabundins eðlis viðkomandi starfsemi. Að því er varðar greinarmun á staðfesturétti og frjálsri þjónustustarfsemi er lykilatriðið, samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins, það hvort rekstraraðilinn hefur staðfestu í aðildarríkinu þar sem hann veitir viðkomandi þjónustu eða

ekki. Ef rekstraraðilinn hefur staðfestu í aðildarríkinu þar sem hann veitir þjónustu sína skal hann falla undir gildissvið staðfesturéttarins. Ef rekstraraðilinn hefur á hinn bóginn ekki staðfestu í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt skal starfsemi hans falla undir frjálsa þjónustustarfsemi. Í samræmi við dómaframkvæmd Dómstólsins skal tímabundið eðli viðkomandi starfsemi ekki aðeins ákvarðað í ljósi lengdar þjónustutímabils heldur einnig í ljósi þess hversu reglubundin, tíð eða samfelld hún er. Það að starfsemin er tímabundin skal þó ekki hindra þjónustuveitanda í að koma sér upp ýmsum grunnvirkjum í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt, s.s. skrifstofu, lögmannsstofu eða lækningastofu, að því leyti sem slíkt grunnvirki er nauðsynlegt í þeim tilgangi að veita viðkomandi þjónustu.

78) Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd frjálsrar þjónustustarfsemi og tryggja að viðtakendur og veitendur geti nýtt sér og veitt þjónustu í öllu Bandalaginu óháð landamærum er nauðsynlegt að skýra að hve miklu leyti er unnt að gera þær kröfur sem gilda í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt. Óhjákvæmilegt er að sjá til þess að ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu komi ekki í veg fyrir að aðildarríkið, þar sem þjónustan er veitt, geti sett fram sérstakar kröfur sínar í samræmi við a- – c-lið 1. mgr. 16. gr. með vísan til allsherjarreglu eða almannaöryggis eða til verndar lýðheilsu eða umhverfis.

79) Í samræmi við dómaframkvæmd Dómstólsins halda aðildarríkin þeim rétti að grípa til ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir að þjónustuveitendur geti nýtt sér meginreglur innri markaðarins á ólögmætan hátt. Sýna skal fram á misnotkun af hálfu þjónustuveitanda í hverju tilviki fyrir sig.

80) Nauðsynlegt er að tryggja að þjónustuveitendur geti tekið með sér búnað, sem er órjúfanlegur þáttur í veitingu þjónustu þeirra, þegar þeir ferðast til að veita þjónustu í öðru aðildarríki. Einkum er mikilvægt að forðast tilvik þar sem ekki væri unnt að veita þjónustuna án búnaðarins eða aðstæður þar sem þjónustuveitendur stofna til viðbótarkostnaðar, t.d. með því að leigja eða kaupa búnað sem er frábrugðinn þeim sem þeir nota alla jafna eða ef þeir þurfa að víkja verulega frá því hvernig þeir stunda alla jafna starfsemi sína.

81) Hugtakið „búnaður“ vísar ekki til efnislegra hluta sem þjónustuveitandi annaðhvort afhendir viðskiptavininum eða sem verða þáttur í efnislegum hlut sem felst í þjónustunni, m.a. byggingarefni eða varahlutir, eða sem er neytt eða eru skildir eftir á staðnum á meðan þjónustan er veitt, t.d. eldsneyti, sprengiefni, flugeldar, varnarefni, eiturefni eða lyf.

82) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti beitt reglum um ráðningarskilmála. Reglur í lögum og stjórnsýslufyrirmælum skulu, í samræmi við sáttmálann, vera rökstuddar með ástæðum sem varða vernd starfsmanna og vera án mismununar, nauðsynlegar og í þeim gætt meðalhófs, í samræmi við túlkun Dómstólsins, og í samræmi við önnur viðeigandi lög Bandalagsins.

83) Nauðsynlegt er að tryggja að ekki sé unnt að víkja frá ákvæði um frelsi til að veita þjónustu nema á þeim sviðum sem undanþágur taka til. Þessar undanþágur eru nauðsynlegar svo að tekið sé tillit til stöðu samrunaferlis innri markaðarins eða til tiltekinna gerninga Bandalagsins vegna þjónustu þar sem þjónustuveitandi er háður beitingu annarra laga en þeirra sem gilda í staðfestuaðildarríkinu. Auk þess skal í undantekningartilvikum einnig samþykkja ráðstafanir gegn tilteknum þjónustuveitanda í einstökum tilvikum og samkvæmt tilteknum ströngum skilyrðum um málsmeðferð og efnisskilyrðum. Að auki skal aðeins í undantekningartilvikum heimila takmörkun á frjálsri þjónustustarfsemi ef hún er í samræmi við þau grundvallarréttindi sem eru óaðskiljanlegur hluti almennra meginreglna laga sem eru réttarfarið í Bandalaginu hefur að geyma.

84) Undanþága frá ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu að því er varðar póstþjónustu skal bæði taka til starfsemi sem er bundin við veitanda altækrar þjónustu og annarrar póstþjónustu.

85) Undanþágan frá ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu í sambandi við innheimtu skulda fyrir dómi og vísan til hugsanlegs samræmingargernings í framtíðinni skal einungis varða aðgang að starfsemi sem nánar tiltekið felst í því að höfða mál fyrir dómstólum vegna innheimtu skulda og það að stunda hana.

86) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á ráðningarskilmála sem gilda, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu ([1]), um starfsmenn sem hafa verið sendir til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Í slíkum tilvikum er mælt fyrir um það í tilskipun 96/71/EB að þjónustuveitendur verði að fara að ráðningarskilmálum á nokkrum tilgreindum sviðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt. Um er að ræða eftirfarandi svið: hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, lágmarksfjölda greiddra orlofsdaga, lágmarkslaun, þ.m.t. yfirvinna, skilyrði fyrir framráðningu starfsmanna, einkum vernd starfsmanna sem eru framráðnir af afleysingafyrirtækjum, heilbrigði, öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, verndarráðstafanir að því er varðar ráðningarskilmála vanfærra kvenna eða kvenna, sem hafa nýlega alið barn, og barna og ungs fólks og jöfn réttindi karla og kvenna og önnur ákvæði um bann við mismunun. Þetta varðar ekki aðeins ráðningarskilmála sem kveðið er á um í lögum heldur einnig þá sem kveðið er á um í kjarasamningum eða gerðardómum sem opinberlega hefur verið lýst yfir að gildi eða gilda almennt í reynd í skilningi tilskipunar 96/71/EB. Auk þess skal þessi tilskipun ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti beitt ráðningarskilmálum í öðrum málum en þeim sem eru talin upp í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 96/71/EB á grundvelli allsherjarreglu.

87) Þessi tilskipun skal ekki heldur hafa áhrif á ráðningarskilmála í tilvikum þar sem starfsmaður, sem starfar við að veita þjónustu yfir landamæri, er ráðinn í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt. Þessi tilskipun skal heldur ekki hafa áhrif á þann rétt aðildarríkisins, þar sem þjónustan er veitt, að ákvarða hvort fyrir hendi er ráðningarsamband og greinarmunur gerður á sjálfstætt starfandi einstaklingum og launþegum, þ.m.t. „falskir sjálfstætt starfandi einstaklingar“. Að því leyti skal grundvallareinkenni ráðningarsambands í skilningi 39. gr. sáttmálans vera það að í tiltekinn tíma veitir einstaklingur þjónustu fyrir annan einstakling og undir stjórn hans og þiggur greiðslu fyrir. Öll starfsemi, sem einstaklingur innir af hendi utan sambands yfirmanns og undirmanns, skal flokkuð sem starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklings skv. 43. og 49. gr. sáttmálans.

88) Ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu skal ekki gilda í tilvikum þar sem starfsemi í aðildarríki er, í samræmi við lög Bandalagsins, bundin við tiltekna starfsgrein, t.d. kröfur um að veiting lögfræðilegrar ráðgjafar sé bundin við lögfræðinga.

89) Undanþágan frá ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu varðandi skráningu ökutækja, sem eru tekin á leigu í öðru aðildarríki en því þar sem þau eru notuð, stafar af dómaframkvæmd Dómstólsins sem hefur viðurkennt að aðildarríki geti sett slíka kvöð í tilviki ökutækja sem eru notuð á yfirráðasvæði þess með skilyrðum þar sem meðalhófs er gætt. Sú undanþága tekur ekki til tilfallandi eða tímabundinnar leigu.

90) Samningsbundin tengsl milli þjónustuveitanda og viðskiptavinar, svo og milli starfsmanns og vinnuveitanda, skulu ekki falla undir þessa tilskipun. Gildandi lög um samningsbundnar eða aðrar skuldbindingar þjónustuveitanda skulu ákvarðast af reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

91) Nauðsynlegt er að gefa aðildarríkjum kost á því, í undantekningartilvikum og metið í hverju tilviki fyrir sig, að gera ráðstafanir til að víkja frá ákvæðinu um frelsi til að veita þjónustu að því er varðar þjónustuveitanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki vegna öryggis þjónustunnar. Þó skal aðeins vera unnt að gera slíkar ráðstafanir þegar samræmingu skortir á vettvangi Bandalagsins.

92) Takmarkanir á frjálsri þjónustustarfsemi, sem eru andstæðar þessari tilskipun, geta ekki aðeins komið upp vegna ráðstafana sem beitt er gegn þjónustuveitendum heldur einnig vegna fjölmargra hindrana í vegi fyrir því að viðtakendur, sérstaklega neytendur, geti notað þjónustuna. Í þessari tilskipun eru nefndar sem dæmi tilteknar tegundir takmarkana sem beitt er gegn viðtakanda sem óskar eftir því að nýta þjónustu veitanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki. Þetta nær einnig til tilvika þar sem viðtakendur þjónustu eru skuldbundnir til að afla leyfis frá lögbærum yfirvöldum sínum eða senda þeim yfirlýsingu í því skyni að fá þjónustu frá veitanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki. Þetta varðar

([1]) Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1.

ekki almennt fyrirkomulag leyfisveitinga sem gildir einnig um notkun á þjónustu sem veitandi, sem hefur staðfestu í sama aðildarríki, býður fram.

93) Hugtakið „fjárhagsaðstoð sem er veitt vegna notkunar á tiltekinni þjónustu“ skal ekki gilda um aðstoð sem aðildarríkin veita, einkum á sviði félagsmála eða í menningargeiranum, sem samkeppnisreglur Bandalagsins taka til, né heldur skal það gilda um almenna fjárhagsaðstoð sem tengist ekki notkun tiltekinnar þjónustu, t.d. um styrki eða lán til námsmanna.

94) Í samræmi við reglur sáttmálans um frjálsa þjónustustarfsemi er bannað að mismuna á grundvelli þjóðernis viðtakandans eða þess í hvaða landi eða á hvaða stað hann býr. Slík mismunun gæti falist í skuldbindingu sem aðeins væri lögð á herðar ríkisborgara annars aðildarríkis um að leggja fram frumrit skjala, staðfest endurrit, vottorð um ríkisfang eða löggilta þýðingu á skjölum í því skyni að geta notið þjónustu eða fengið hagstæðari skilmála eða verð. Bann við kröfum sem leiða til mismununar skal þó ekki koma í veg fyrir að tilteknir viðtakendur geti notið ávinnings, einkum að því er varðar gjöld, ef slíkur ávinningur byggist á lögmætum og hlutlægum viðmiðunum.

95) Meginreglan um bann við mismunun á innri markaðnum þýðir að ekki megi meina viðtakanda, og sérstaklega neytanda, aðgang að þjónustu sem almenningi býðst eða takmarka hann á grundvelli viðmiðunar um þjóðerni eða búsetustað viðtakandans sem er að finna í almennum skilyrðum sem almenningi eru tiltæk. Af þessu leiðir ekki að um ólöglega mismunun sé að ræða ef í almennum skilyrðum er ákvæði um að mismunandi gjöld og skilyrði gildi við veitingu þjónustu ef þessi gjöld, verð og skilyrði eru rökstudd með hlutlægum rökum sem geta verið mismunandi frá einu landi til annars, s.s. viðbótarkostnaður sem stofnað er til vegna fjarlægðar eða tæknilegir eiginleikar þjónustunnar eða mismunandi markaðsaðstæður, s.s. meiri eða minni eftirspurn vegna áhrifa árstíðabundinna þátta, mismunandi orlofstími í aðildarríkjunum og mismunandi verðlagning samkeppnisaðila eða viðbótaráhætta sem tengist reglum sem eru ólíkar reglum í staðfestuaðildarríkinu. Af þessu leiðir heldur ekki að það sé ólögleg mismunun að veita neytanda ekki þjónustu vegna þess að nauðsynleg hugverkaréttindi eru ekki fyrir hendi á tilteknu yfirráðasvæði.

96) Rétt þykir að kveðið sé á um að meðal þeirra leiða sem þjónustuveitandi getur farið til að gera þær upplýsingar, sem honum ber skylda til að veita, vel aðgengilegar viðtakanda sé að hann skýri frá netfangi sínu og slóð vefseturs síns. Enn fremur skal sú skylda að tilteknar upplýsingar séu aðgengilegar í upplýsingaskjölum þjónustuveitanda, þar sem er að finna nákvæmar upplýsingar um þjónustu hans, ekki taka til viðskiptaorðsendinga sem eru almenns eðlis, eins og auglýsingar, heldur til skjala sem gefa nákvæmri lýsingu á þjónustunni, sem í boði er, þ.m.t. skjöl á vefsetri.

97) Í þessari tilskipun er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar reglur um mikil gæði þjónustu, einkum að tryggja kröfur um upplýsingar og gagnsæi. Þessar reglur skulu gilda bæði þegar um er að ræða þjónustu, sem er veitt yfir landamæri milli aðildarríkja, og þjónustu í aðildarríki þar sem veitandi hennar hefur staðfestu, án þess að lagðar séu óþarfar byrðar á lítil og meðalstór fyrirtæki. Þær skulu ekki á neinn hátt koma í veg fyrir að aðildarríki geti, í samræmi við þessa tilskipun og önnur lög Bandalagsins, beitt kröfum um aukin gæði eða annars konar gæði.

98) Rekstraraðilar, sem veita þjónustu sem felur í sér beina og sérstaka áhættu fyrir heilbrigði, öryggi eða fjármálaáhættu viðtakanda eða þriðja aðila, skulu að jafnaði hafa viðeigandi starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðir sem eru jafngildar eða sambærilegar, sem felur einkum í sér að slíkur rekstraraðili skal jafnan hafa viðunandi tryggingar vegna þjónustu sem er veitt í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum en staðfestuaðildarríkinu.

99) Vátryggingin eða ábyrgðin skal hæfa eðli og umfangi áhættunnar. Af þeim sökum þarf þjónustuveitandinn aðeins að hafa tryggingu sem gildir yfir landamæri ef hann veitir í raun þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Aðildarríkin skulu ekki setja nákvæmari reglur um vátryggingavernd og ákvarða t.d. lágmarksvátryggingarfjárhæðir eða takmarkanir á undanþágum frá vátryggingaverndinni. Þjónustuveitendur og vátryggingafélög skulu sýna nægilegan sveigjanleika til að semja um vátryggingar sem hæfa nákvæmlega eðli og

umfangi áhættunnar. Enn fremur er ekki nauðsynlegt að gera kaup á viðeigandi tryggingum að lagalegri skyldu. Það á að vera nægilegt að tryggingarskyldan sé hluti siðareglna sem fagfélög setja. Loks skulu vátryggingafélög ekki vera skyldug að veita vátryggingavernd.

100) Nauðsynlegt er að binda enda á algjört bann við viðskiptaorðsendingum frá lögvernduðum starfsgreinum, ekki með því að afnema bann á efni viðskiptaorðsendingar heldur með því að afnema þau bönn, sem almennt gilda um eina eða fleiri gerðir viðskiptaorðsendinga hjá tiltekinni starfsgrein, s.s. bann við öllum auglýsingum í einum tilteknum fjölmiðli eða nokkrum fjölmiðlum. Að því er efni og aðferðir við viðskiptaorðsendingar varðar er nauðsynlegt að hvetja fagaðila til að semja siðareglur starfsstétta á vettvangi Bandalagsins í samræmi við lög þess.

101) Nauðsynlegt er, í þágu viðtakenda, einkum neytenda, að tryggja að þjónustuveitendur geti boðið fram þjónustu á mörgum sviðum og að takmarkanir að þessu leyti einskorðist við það sem nauðsynlegt er til að tryggja óhlutdrægni, sjálfstæði og ráðvendni lögverndaðra starfsgreina. Þetta hefur ekki áhrif á takmarkanir eða bönn við því að stunda tiltekna starfsemi sem miðar að því að tryggja sjálfstæði í tilvikum þar sem aðildarríki felur þjónustuveitanda tiltekið verkefni, einkum á sviði þéttbýlisskipulags, né heldur skal þetta hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna.

102) Í því skyni að auka gagnsæi og stuðla að mati, sem byggist á sambærilegum viðmiðunum að því er varðar gæði þjónustu sem í boði er og veitt er viðtakendum, er nauðsynlegt að upplýsingar um merkingu gæðamerkja og annarra kennimerkja varðandi þessa þjónustu séu aðgengilegar. Gagnsæisskyldan er sérstaklega mikilvæg á sviðum eins og ferðaþjónustu, einkum í hótelrekstri, þar sem notkun flokkunarkerfa er mjög útbreidd. Auk þess er rétt að kanna að hve miklu leyti evrópsk stöðlun getur auðveldað samræmingu og gæði þjónustu. Evrópskir staðlar eru samdir af evrópskum aðilum sem annast setningu staðla, Staðlasamtökum Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI). Framkvæmdastjórnin getur, ef við á og í samræmi við málsmeðferðir sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ([1]) sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, gefið út umboð um að semja sértæka evrópska staðla.

103) Í því skyni að leysa hugsanleg vandamál í sambandi við að fara að dómsniðurstöðum er rétt að kveðið sé á um að aðildarríkin viðurkenni jafngildar ábyrgðir sem eru varðveittar hjá stofnunum eða aðilum eins og bönkum, vátryggingaaðilum eða öðrum aðilum sem veita fjármálaþjónustu og sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki.

104) Þróun nets yfirvalda neytendaverndar í aðildarríkjunum, sem fjallað er um í reglugerð (EB) nr. 2006/2004, er til viðbótar því samstarfi sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Beiting löggjafar um neytendavernd í tilvikum sem ná yfir landamæri, einkum að því er varðar nýja tegund markaðssetningar- og viðskiptahátta, svo og nauðsyn þess að fjarlægja tilteknar sértækar hindranir í vegi samstarfs á þessu sviði, þarfnast aukins samstarfs milli aðildarríkja. Einkum er nauðsynlegt á þessu sviði að tryggja að aðildarríkin skyldi rekstraraðila til að láta af ólöglegum starfsháttum á yfirráðasvæði sínu sem beinast að neytendum í öðru aðildarríki.

105) Samstarf á sviði stjórnsýslu er mikilvægt til að innri markaðurinn á sviði þjónustu starfi eðlilega. Skortur á samstarfi milli aðildarríkja veldur því að reglur, sem gilda um þjónustuveitendur, verða fleiri eða veldur tvíverknaði við eftirlit á starfsemi yfir landamæri og viðskiptaaðilar, sem starfa ekki innan ramma laganna, geta einnig nýtt sér þennan skort til að komast hjá eftirliti eða til að fara í kringum gildandi landsreglur um þjónustu. Því er mikilvægt að leggja aðildarríkjum skýrar, lagalega bindandi skyldur á herðar um að hafa með sér skilvirkt samstarf.

106) Að því er varðar kaflann um samstarf á sviði stjórnsýslu skal „eftirlit“ taka til starfsemi eins og vöktunar og gagnaöflunar, lausnar vandamála, fullnustu og setningar viðurlaga og síðari eftirfylgni.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

107) Undir eðlilegum kringumstæðum skal gagnkvæm aðstoð veitt með beinum tengslum milli lögbærra yfirvalda. Tengiliðunum sem aðildarríkin tilgreina skal því aðeins gert að auðvelda þetta ferli að upp komi erfiðleikar, t.d. ef aðstoðar er þörf til að benda á viðeigandi lögbært yfirvald.

108) Vissar skuldbindingar um gagnkvæma aðstoð skulu gilda um öll málefni sem þessi tilskipun tekur til, þ.m.t. þau sem varða tilvik þar sem þjónustuveitandi setur upp starfsstöð í öðru aðildarríki. Aðrar skuldbindingar um gagnkvæma aðstoð skulu aðeins gilda ef um ræðir þjónustu sem er veitt yfir landamæri þar sem ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu gildir. Frekari skuldbindingar skulu gilda ætíð þegar þjónusta er veitt yfir landamæri, þ.m.t. svæði sem ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu tekur ekki til. Veiting þjónustu yfir landamæri skal taka til veitingar fjarþjónustu og þegar viðtakandi ferðast til staðfestuaðildarríkis þjónustuveitanda í því skyni að veita þjónustu viðtöku.

109) Þegar þjónustuveitandi flytur tímabundið til aðildarríkis, annars en þess þar sem hann hefur staðfestu, er nauðsynlegt að kveða á um gagnkvæma aðstoð milli þessara tveggja aðildarríkja svo að hið fyrrnefnda geti framkvæmt athuganir, skoðun og rannsóknir að beiðni staðfestuaðildarríkisins eða framkvæmt slíkar athuganir að eigin frumkvæði ef þær eru aðeins gerðar til að kanna staðreyndir.

110) Aðildarríkjunum á ekki að vera unnt að fara í kringum reglurnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þ.m.t. ákvæðið um frelsi til að veita þjónustu, með því að framkvæma athuganir, skoðun eða rannsóknir sem mismuna eða eru ekki í samræmi við tilefnið.

111) Ákvæði þessarar tilskipunar varðandi upplýsingaskipti um góðan orðstír þjónustuveitenda skulu ekki hafa áhrif á framtaksverkefni á sviði samstarfs lögreglu og dómstóla í sakamálum, einkum að því er varðar upplýsingaskipti milli löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og að því er varðar sakaskrár.

112) Samstarf milli aðildarríkja þarf á starfhæfu, rafrænu upplýsingakerfi að halda til þess að lögbær yfirvöld geti auðveldlega skilgreint viðeigandi viðmælendur í öðrum aðildarríkjum og átt samskipti á skilvirkan hátt.

113) Nauðsynlegt er að kveða á um að aðildarríkin, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, hvetji hagsmunaaðila til að semja siðareglur starfsstétta á vettvangi Bandalagsins sem miða einkum að því að stuðla að gæðum þjónustunnar og taka tillit til sérstaks eðlis hverrar starfsgreinar. Þessar siðareglur starfsstétta skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins, sérstaklega samkeppnislög. Þær skulu samrýmast lagalega bindandi reglum um siðferðilega breytni starfsstétta í aðildarríkjunum.

114) Aðildarríkin skulu hvetja til þess að einkum fagfélög, -stofnanir og -samtök semji siðareglur starfsstétta á vettvangi Bandalagsins. Þessar siðareglur starfsstétta skulu fela í sér, eftir því sem hæfir sérstöku eðli hverrar starfsgreinar, reglur um viðskiptaorðsendingar lögverndaðra starfsgreina og reglur um siðferðilega breytni lögverndaðra starfsgreina sem miða einkum að því að tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni og þagnarskyldu. Að auki skulu slíkar siðareglur starfsstétta taka til þeirra skilyrða sem lúta að starfsemi fasteignasala. Aðildarríkin skulu gera hliðarráðstafanir til þess að hvetja fagfélög, -stofnanir og -samtök til að taka siðareglur starfsstétta, sem eru samþykktar á vettvangi Bandalagsins, upp á landsvísu.

115) Siðareglum starfsstétta á vettvangi Bandalagsins er ætlað setja lágmarkskröfur um breytni og þær eru til viðbótar við kröfur í lögum aðildarríkjanna. Þær koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti, í samræmi við lög Bandalagsins, gert strangari ráðstafanir samkvæmt lögum eða að fagfélög á landsvísu geti veitt aukna vernd í siðareglum starfsstétta fyrir sitt land.

116) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð fram markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að fjarlægja hindranir sem eru í vegi fyrir staðfesturétti þjónustuveitenda í aðildarríkjunum og í vegi fyrir frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkja, og auðveldara verður að ná þeim fram á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs aðgerðanna getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

117) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

118) Aðildarríkin eru hvött, í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]), til að setja fram fyrir sig og í þágu Bandalagsins sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og birta þær.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari tilskipun eru sett almenn ákvæði sem greiða fyrir því að þjónustuveitendur geti nýtt sér staðfesturétt og veitt frjálsa þjónustustarfsemi en haldið jafnframt hágæðaþjónustu.

2. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um aukið frelsi í þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og bundin er við opinbera aðila eða einkaaðila, né heldur er í henni fjallað um einkavæðingu opinberra stofnana sem veita þjónustu.

3. Í þessari tilskipun er ekki fjallað um afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi né heldur um aðstoð sem aðildarríki veita og fellur undir samkeppnisreglur Bandalagsins.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Bandalagsins, það sem þau telja vera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir sem gerðar eru á vettvangi Bandalagsins eða í viðkomandi löndum, í samræmi við lög Bandalagsins, til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun.

5. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á refsirétt aðildarríkjanna. Aðildarríkin geta þó ekki takmarkað frelsi til að veita þjónustu með því að beita ákvæðum hegningarlaga sem sérstaklega stýra eða hafa áhrif á aðgang að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana og sniðgengið með því reglurnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

6. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á vinnulöggjöf, þ.e. lagaleg eða samningsbundin ákvæði um ráðningarskilmála, vinnuskilyrði, þ.m.t. heilbrigði og öryggi á vinnustað og tengslin milli vinnuveitenda og starfsmanna, sem aðildarríki beita í samræmi við landslög sem eru í samræmi við lög Bandalagsins. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á almannatryggingalöggjöf aðildarríkjanna.

7. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á nýtingu grundvallarréttinda eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum og í lögum Bandalagsins. Hún hefur heldur ekki áhrif á réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum og grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og venjur sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun skal gilda um þjónustu sem veitendur með staðfestu í aðildarríki veita.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um eftirtalda starfsemi:

a) þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga,

b) fjármálaþjónustu, s.s. bankaviðskipti, lánaþjónustu, vátryggingar og endurtryggingar, starfstengdan lífeyri eða séreignasjóði, verðbréf, fjárfestingarsjóði, greiðslu- og fjárfestingaráðgjöf, þ.m.t. þjónusta sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,

c) rafræna fjarskiptaþjónustu og net og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu að því er varðar málefni sem tilskipanir 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB, 2002/22/EB og 2002/58/EB taka til,

d) þjónustu á sviði flutninga, þ.m.t. hafnarþjónusta, sem fellur innan gildissviðs V. bálks sáttmálans,

e) þjónustu fyrirtækja um framleigu starfsmanna,

f) heilbrigðisþjónustu, hvort sem hún er veitt fyrir milligöngu heilbrigðisstofnana eða ekki og óháð því hvernig hún er skipulögð og fjármögnuð á landsvísu eða hvort hún er opinber eða einkarekin,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

g) myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. kvikmyndaþjónusta, hver sem aðferðin við framleiðslu, dreifingu og útsendingu hennar er, og útvarpssendingar,

h) fjárhættustarfsemi sem felur í sér að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. happdrætti, fjárhættustarfsemi í spilavítum og veðmálaviðskipti,

i) starfsemi sem tengist framkvæmd opinbers valds eins og fram kemur í 45. gr. sáttmálans,

j) félagsþjónustu að því er varðar félagsbústaði, barnagæslu og stuðning við fjölskyldur og einstaklinga, sem eru aðstoðar þurfi um stundarsakir eða til frambúðar, og sem ríkið, þjónustuveitendur með umboð frá ríkinu eða góðgerðarfélög, sem eru viðurkennd sem slík af ríkinu, veita,

k) öryggisþjónustu á vegum einkaaðila,

l) þjónustu lögbókenda og fógetafulltrúa sem eru skipaðir af hinu opinbera.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um skattamál.

3. gr.

Tengsl við önnur ákvæði í lögum Bandalagsins

1. Ef ákvæði þessarar tilskipunar stríða gegn ákvæði annarrar gerðar Bandalagsins sem gildir um sérstaka þætti aðgangs að þjónustustarfsemi í ákveðnum geirum eða það að stunda hana eða í ákveðnum starfsgreinum skal ákvæði hinnar gerðar Bandalagsins ganga framar og gilda um þau sérstöku svið eða starfsgreinar. Þessar gerðir eru m.a.:

a) tilskipun 96/71/EB,

b) reglugerð (EBE) nr. 1408/71,

c) tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ([1]),

d) tilskipun 2005/36/EB.

2. Þessi tilskipun varðar ekki reglur um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum á það við um reglur um lög sem gilda um samningsbundnar skuldbindingar og aðrar skuldbindingar, þar á meðal þær sem tryggja að neytendur njóti ávinnings af vernd sem felst í reglum um neytendavernd sem kveðið er á um í gildandi neytendalöggjöf í aðildarríki þeirra.

3. Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessarar tilskipunar í samræmi við reglur sáttmálans um réttinn til staðfestu og frjálsrar þjónustustarfsemi.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þjónusta“: öll sjálfstæð atvinnustarfsemi, sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun, eins og um getur í 50. gr. sáttmálans,

2) „þjónustuveitandi“: einstaklingur, sem er ríkisborgari aðildarríkis, eða lögaðili, sem um getur í 48. gr. sáttmálans og hefur staðfestu í aðildarríki, sem býður eða veitir þjónustu,

3) „viðtakandi“: einstaklingur, sem er ríkisborgari aðildarríkis eða nýtur góðs af réttindum sem honum eru veitt með gerðum Bandalagsins, eða lögaðili, sem um getur í 48. gr. sáttmálans og hefur staðfestu í aðildarríki, sem nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu, starfs síns vegna eða af annarri ástæðu,

4) „staðfestuaðildarríki“: aðildarríki þar sem veitandi viðkomandi þjónustu hefur staðfestu,

5) „staðfesta“: raunveruleg atvinnustarfsemi þjónustuveitanda, eins og um getur í 43. gr. sáttmálans, í ótiltekinn tíma og í traustu grunnvirki þaðan sem þjónustan er veitt í reynd,

6) „fyrirkomulag leyfisveitinga“: hver sú málsmeðferð þar sem krafa er gerð um að þjónustuveitandi eða viðtakandi geri ráðstafanir í því skyni að fá formlega ákvörðun eða óbeina ákvörðun frá lögbæru yfirvaldi um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana,

7) „krafa“: hver sú skuldbinding, bann, skilyrði eða takmörkun sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna eða vegna dómaframkvæmdar, stjórnsýsluvenju, reglna fagfélaga eða vegna sameiginlegra reglna sem fagsamtök og aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis; ekki skal litið svo á að reglur, sem kveðið er á um í kjarasamningum, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um, séu kröfur í skilningi þessarar tilskipunar,

8) „brýnir almannahagsmunir“: hagsmunir sem eru viðurkenndir sem slíkir í dómaframkvæmd Dómstólsins, þ.m.t. eftirfarandi: allsherjarregla, almannaöryggi, lýðheilsa, varðveisla fjárhagslegs jafnvægis almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, viðtakenda þjónustu og starfsmanna,

([1]) Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

sanngirni í viðskiptum, barátta gegn svikum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum,

9) „lögbært yfirvald“: hver sá aðili eða yfirvald sem gegnir eftirlits- eða stjórnunarhlutverki í aðildarríki í tengslum við þjónustustarfsemi og má þar einkum nefna stjórnvöld, þ.m.t. dómstólar sem starfa sem slíkir, fagfélög og þau fagsamtök eða aðrar fagstofnanir sem, á grundvelli lagalegs sjálfstæðis, setja sameiginlegar reglur um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana,

10) „aðildarríki þar sem þjónusta er veitt“: aðildarríki þar sem þjónustuveitandi með staðfestu í öðru aðildarríki veitir þjónustu,

11) „lögvernduð starfsgrein“: atvinnustarfsemi eða ýmsar hliðar atvinnustarfsemi eins og um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

12) „viðskiptaorðsending“: hver sú orðsending sem ætlað er að kynna, beint eða óbeint, vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, samtaka eða einstaklings sem leggur stund á starfsemi á sviði viðskipta, iðnaðar eða iðnar eða lögverndaða starfsgrein. Eftirfarandi telst í sjálfu sér ekki vera viðskiptaorðsending:

a) upplýsingar sem gera mönnum kleift að fá beinan aðgang að starfsemi fyrirtækis, stofnunar eða aðila, má þar einkum nefna lénsheiti eða netfang,

b) orðsending sem varðar vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, stofnunar eða aðila og sem tekin er saman á sjálfstæðan hátt, einkum þegar hún er lögð fram án endurgjalds.

II. KAFLI

EINFÖLDUN STJÓRNSÝSLU

5. gr.

Einföldun málsmeðferðar

1. Aðildarríkin skulu taka til athugunar þá málsmeðferð og þau formsatriði sem gilda um aðgang að þjónustustarfsemi og um það að stunda hana. Ef málsmeðferð og formsatriði sem eru tekin til athugunar samkvæmt þessum lið eru ekki nægilega einföld skulu aðildarríkin einfalda þau.

2. Framkvæmdastjórnin getur tekið upp samræmd eyðublöð á vettvangi Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr. Þessi eyðublöð skulu vera jafngild vottorðum, staðfestingum og öllum öðrum skjölum sem krafist er af þjónustuveitanda.

3. Ef aðildarríkin krefjast þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi leggi fram vottorð, staðfestingu eða hvers konar önnur skjöl, sem sanna að krafa hafi verið uppfyllt, skulu þau viðurkenna hvert það skjal frá öðru aðildarríki sem þjónar sama tilgangi eða þar sem kemur skýrt fram að viðkomandi krafa hafi verið uppfyllt. Þau geta ekki krafist þess að skjal frá öðru aðildarríki sé í frumriti eða að það sé staðfest endurrit eða löggilt þýðing nema í tilvikum sem kveðið er á um í öðrum gerningum Bandalagsins eða ef slík krafa er rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna, þ.m.t. allsherjarregla og almannaöryggi.

Fyrsta undirgrein skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að krefjast þýðingar, sem ekki er löggilt, á skjölum yfir á eitt opinberra tungumála þeirra.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki aðeins gilda um skjölin sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og 50. gr. í tilskipun 2005/36/EB, í 3. mgr. 45. gr., 46., 49. og 50. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([1]), í 2. mgr. 3. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi ([2]), í fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([3]) og í elleftu tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til ([4]).

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2083/2005 (Stjtíð. ESB L 333, 20.12.2005, bls. 28).

([2]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 36. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

([3]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB (Stjtíð. ESB L 221, 4.9.2003, bls. 13).

([4]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

6. gr.

Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjónustuveitendum sé gert kleift að ljúka eftirfarandi málsmeðferð og formsatriðum fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva:

a) allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum vegna aðgangs að þjónustustarfsemi þeirra, einkum öllum yfirlýsingum, tilkynningum eða umsóknum sem eru nauðsynlegar vegna leyfis frá lögbærum yfirvöldum, þ.m.t. umsóknir um að komast í skrá, lista eða gagnagrunn, eða vegna skráningar í fagfélag eða -samtök,

b) öllum nauðsynlegum umsóknum um leyfi til að stunda þjónustustarfsemi sína.

2. Uppsetning upplýsinga- og þjónustumiðstöðva skal ekki hafa áhrif á skiptingu starfsemi og valds meðal yfirvalda á landsvísu.

7. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu auðveldlega aðgengilegar þjónustuveitendum og viðtakendum í upplýsinga- og þjónustumiðstöðvunum:

a) kröfur sem gilda um þjónustuveitendur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, einkum kröfur varðandi málsmeðferð og formsatriði sem verður að ganga frá til að fá aðgang að þjónustustarfsemi og til að stunda hana,

b) upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við lögbær yfirvöld svo að hægt sé að hafa beint samband við þau, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau yfirvöld sem bera ábyrgð á málum sem tengjast því að stunda þjónustustarfsemi,

c) leiðir til og skilyrði fyrir því að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu,

d) úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur milli lögbærra yfirvalda og þjónustuveitanda eða viðtakanda eða milli þjónustuveitanda og viðtakanda eða milli þjónustuveitenda,

e) upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, aðrar en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur geta fengið hagnýta aðstoð.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þjónustuveitendur og viðtakendur geti, þegar þeir þess óska, fengið aðstoð frá lögbærum yfirvöldum í formi upplýsinga um það hvernig kröfurnar, sem um getur í a-lið 1. mgr., eru alla jafna túlkaðar og hvernig þeim er beitt. Slík ráðgjöf skal, ef við á, fela í sér einfaldar leiðbeiningar um hvert skref fyrir sig. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýru og skiljanlegu máli.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar og aðstoðin, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu sett fram á skýran og ótvíræðan hátt, að aðgengi að þeim sé auðvelt með fjarmiðlun og með rafrænum hætti og að þær séu uppfærðar.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar og lögbær yfirvöld bregðist svo fljótt sem auðið er við fyrirspurnum um upplýsingar eða aðstoð, sem um getur í 1. og 2. mgr., og í þeim tilvikum þar sem beiðni er gölluð eða ekki á rökum reist verði umsækjandanum tafarlaust greint frá því.

5. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera hliðarráðstafanir í því skyni að hvetja upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar til að gera upplýsingarnar, sem kveðið er á um í þessari grein, tiltækar á öðrum tungumálum Bandalagsins. Þetta hefur ekki áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um notkun tungumála.

6. Sú skylda lögbærra yfirvalda að aðstoða þjónustuveitendur og viðtakendur gerir þessum yfirvöldum ekki skylt að veita lögfræðilega ráðgjöf í einstökum tilvikum heldur aðeins að þau veiti almennar upplýsingar um það hvernig kröfur eru alla jafna túlkaðar eða þeim beitt.

8. gr.

Rafræn málsmeðferð

1. Aðildarríkin skulu tryggja að auðvelt sé að ljúka allri málsmeðferð og formsatriðum, sem tengjast aðgangi að þjónustustarfsemi og því að stunda hana, með fjarmiðlun og með rafrænum hætti, fyrir milligöngu viðkomandi upplýsingaog þjónustumiðstöðva og hjá viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um skoðun á húsnæði þar sem þjónusta er veitt eða á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða um áþreifanlega skoðun á getu þjónustuveitanda eða ráðvendni hans eða starfsmanna hans sem bera ábyrgð.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr., samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd 1. mgr. þessarar greinar í því skyni að greiða fyrir rekstrarsamhæfi upplýsingakerfa og notkun rafrænnar málsmeðferðar milli aðildarríkja með hliðsjón af sam-

eiginlegum stöðlum sem hafa verið þróaðir á vettvangi Bandalagsins.

III. KAFLI

STAÐFESTURÉTTUR ÞJÓNUSTUVEITENDA

1. ÞÁTTUR

Leyfi

9. gr.

Fyrirkomulag leyfisveitinga

1. Aðildarríkinu skulu ekki gera aðgang að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana háða fyrirkomulagi leyfisveitinga nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) fyrirkomulag leyfisveitinga felur ekki í sér mismunun gagnvart viðkomandi þjónustuveitanda,

b) þörfin á fyrirkomulagi leyfisveitinga er rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna,

c) markmiðið, sem að er stefnt, næst ekki með minna takmarkandi ráðstöfunum, einkum vegna þess að skoðun eftir á færi fram of seint til að skila raunverulegum árangri.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 39. gr., skulu aðildarríkin tilgreina eigið fyrirkomulag við leyfisveitingar og sýna fram á að það sé í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þessi þáttur skal ekki gilda um þá þætti fyrirkomulags leyfisveitinga sem lúta öðrum gerningum Bandalagsins beint eða óbeint.

10. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis

1. Fyrirkomulag leyfisveitinga skal grundvallað á viðmiðunum sem koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti beitt matsvaldi sínu handahófskennt.

2. Viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera:

a) án mismununar,

b) rökstuddar með vísan til brýnna almannahagsmuna,

c) í réttu hlutfalli við það markmið um almannahagsmuni,

d) skýrar og ótvíræðar,

e) hlutlægar,

f) birtar fyrir fram,

g) gagnsæjar og aðgengilegar.

3. Aðildarríki er óheimilt að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að uppfylla í öðru eða sama aðildarríki. Tengiliðirnir, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., og þjónustuveitandi skulu aðstoða lögbært yfirvald með því að veita allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi þessar kröfur.

4. Leyfið skal gera þjónustuveitanda kleift að fá aðgang að þjónustustarfsemi eða að stunda þá starfsemi á öllu yfirráðasvæði lands, þar á meðal með því að setja upp umboð, dótturfélög, útibú eða skrifstofur, nema leyfi fyrir hverri einstakri starfsstöð eða leyfi, sem er takmarkað við ákveðinn hluta yfirráðasvæðisins, sé rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna.

5. Leyfið skal veitt um leið og gengið hefur verið úr skugga um, með viðeigandi athugun, að skilyrðin fyrir leyfi hafi verið uppfyllt.

6. Að undanskilinni veitingu leyfis skulu allar ákvarðanir lögbærra yfirvalda, þar á meðal synjun eða afturköllun leyfis, vera að fullu rökstuddar og heimilt að bera þær undir dómstóla eða aðra áfrýjunaraðila.

7. Þessi grein skal ekki vefengja skiptingu valdheimilda, á stað- eða svæðisbundnum vettvangi, þeirra yfirvalda í aðildarríkjunum sem veita leyfi.

11. gr.

Gildistími leyfis

1. Leyfi til þjónustuveitanda skal ekki gilda í takmarkaðan tíma nema:

a) leyfið endurnýist sjálfkrafa eða það sé aðeins háð því að kröfur séu áfram uppfylltar,

b) fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna

eða

c) hægt sé að réttlæta takmarkaðan gildistíma leyfisins með vísan til brýnna almannahagsmuna.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki varða þann hámarkstíma sem þjónustuveitandi hefur til að hefja í reynd starfsemi sína eftir að hann fær leyfið.

3. Aðildarríkin skulu skylda þjónustuveitanda til að upplýsa viðkomandi upplýsinga- og þjónustumið-

stöð, sem kveðið er á um í 6. gr., um eftirfarandi breytingar:

a) stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur innan gildissviðs fyrirkomulags leyfisveitinga,

b) breytingar á aðstæðum hans sem leiða til þess að skilyrðin fyrir leyfi eru ekki lengur uppfyllt.

4. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að afturkalla leyfi þegar skilyrðin fyrir leyfi eru ekki lengur uppfyllt.

12. gr.

Val úr hópi nokkurra umsækjenda

1. Þegar fjöldi tiltækra leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skulu aðildarríkin, við val milli þeirra sem koma til álita, beita aðferð þar sem óhlutdrægni og gagnsæi eru að fullu tryggð, má þar einkum nefna fullnægjandi kynningu á því hvenær málsmeðferðin hefst, hvernig hún fer fram og hvenær henni lýkur.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í 1. mgr., skal veita leyfi í tiltekinn tíma, svo sem þurfa þykir og ekki skal vera hægt að endurnýja það sjálfkrafa né heldur skal það fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda sem er með nýútrunnið leyfi eða annan aðila sem hefur einhver tiltekin tengsl við þann þjónustuveitanda.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. og um 9. og 10. gr. geta aðildarríkin, þegar þau setja reglur um valaðferðina, tekið tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, markmið félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og aðra brýna almannahagsmuni í samræmi við lög Bandalagsins.

13. gr.

Málsmeðferð við leyfisveitingar

1. Málsmeðferð við leyfisveitingar og formsatriði skal vera skýr, birt fyrir fram og til þess fallin að veita umsækjendum tryggingu fyrir því að umsókn þeirra fái hlutlæga og óhlutdræga meðferð.

2. Málsmeðferð við leyfisveitingar og formsatriði skal ekki vera letjandi og hún skal ekki flækja eða tefja að óþörfu fyrir veitingu þjónustu. Greiður aðgangur skal vera að henni og öll gjöld sem umsækjendur kunna að stofna til vegna umsóknar sinnar skulu vera sanngjörn og í réttu hlutfalli við kostnað vegna viðkomandi málsmeðferðar við leyfisveitingu og skulu ekki vera hærri en kostnaðurinn við málsmeðferðina.

3. Málsmeðferð við leyfisveitingar og formsatriði skal veita umsækjendum tryggingu fyrir því að umsókn þeirra fái eins skjóta meðferð og unnt er og undir öllum kringumstæðum innan sanngjarns frests sem er fastsettur og birtur fyrir fram. Fresturinn hefst ekki fyrr en öllum gögnum hefur verið skilað inn. Lögbært yfirvald getur framlengt frestinn einu sinni, í takmarkaðan tíma, þegar unnt er að réttlæta það með því hvað málefnið er flókið. Framlengingin og tímalengd hennar skal vera tilhlýðilega rökstudd og skal tilkynna umsækjandanum um það áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

4. Ef ekki hefur borist svar innan veitts frests eða framlengingar á honum í samræmi við 3. mgr. skal litið svo á að leyfi hafi verið veitt. Þó er hægt að koma á annars konar fyrirkomulagi ef það er rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna, þ.m.t. lögmætir hagsmunir þriðju aðila.

5. Viðtaka allra umsókna um leyfi skal staðfest eins fljótt og auðið er. Í staðfestingunni skal tilgreina eftirfarandi:

a) frestinn, sem um getur í 3. mgr.,

b) tiltækar kæruleiðir,

c) að litið skuli svo á, ef svo ber undir, að leyfið hafi verið veitt hafi svar ekki borist innan tilgreinds frests.

6. Þegar umsókn er ábótavant skal tilkynna umsækjanda eins og fljótt og auðið er um að hann þurfi að leggja fram viðbótargögn, svo og um öll hugsanleg áhrif á frestinn sem um getur í 3. mgr.

7. Þegar beiðni er hafnað af því að hún er ekki í samræmi við viðeigandi málsmeðferð eða formsatriði skal umsækjanda tilkynnt um synjunina eins fljótt og auðið er.

2. ÞÁTTUR

Kröfur sem eru bannaðar eða háðar mati

14. gr.

Bannaðar kröfur

Aðildarríkjunum er óheimilt að setja fram einhverja af eftirfarandi kröfum vegna aðgangs að þjónustustarfsemi eða þess að stunda hana á yfirráðasvæði sínu:

1) kröfur sem fela í sér mismunun og grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, þegar um fyrir-

tæki er að ræða, staðsetningu skráðrar skrifstofu, má þar einkum nefna:

a) kröfur um þjóðerni þjónustuveitanda, starfsmanna hans, aðila sem eru eigendur hlutafjár eða stjórnarmenn í framkvæmdastjórn eða hjá eftirlitsaðila þjónustuveitanda,

b) kröfu um að þjónustuveitandi, starfsmenn hans, aðilar sem eru eigendur hlutafjár eða stjórnarmenn í framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þjónustuveitanda séu búsettir á yfirráðasvæðinu,

2) bann við því að hafa starfsstöð í fleiri en einu aðildarríki eða við því að þjónustuveitandi sé færður í skrár eða skráður í fagfélög eða -samtök í fleiri en einu aðildarríki,

3) takmarkanir á frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar og aukastarfsstöðvar, einkum þá skyldu að þjónustuveitandi hafi aðalstarfsstöð sína á yfirráðasvæði þeirra eða takmarkanir á frelsi til að velja á milli þess að starfsstöðin verði í formi umboðs, útibús eða dótturfélags,

4) skilyrði um gagnkvæmni við aðildarríkið þar sem þjónustuveitandi hefur þegar starfsstöð, að undanskildum skilyrðum um gagnkvæmni sem kveðið er á um í gerningum Bandalagsins varðandi orku,

5) að efnahagslegri greiningu verði beitt í hverju tilviki fyrir sig og þar með verði veiting leyfis undir því komin að færðar séu sönnur á að efnahagsleg þörf eða eftirspurn á markaði sé fyrir hendi, mat á hugsanlegum eða núverandi efnahagslegum áhrifum af starfseminni eða mat á því hvort starfsemin eigi rétt á sér með tilliti til markmiða hagrænna áætlana sem lögbært yfirvald hefur sett; bann þetta lýtur ekki að kröfum áætlanagerðar sem eru án hagrænna markmiða heldur þjóna brýnum almannahagsmunum,

6) beina eða óbeina aðild samkeppnisaðila, þ.m.t. innan ráðgefandi stofnana, að veitingu leyfa eða að samþykkt annarra ákvarðana lögbærra yfirvalda, að undanskildum fagfélögum og -samtökum eða öðrum stofnunum sem gegna hlutverki lögbærs yfirvalds; bann þetta lýtur ekki að samráði stofnana, s.s. verslunarráða eða aðila vinnumarkaðarins, um önnur málefni en einstakar umsóknir um leyfi eða samráði við almenning í heild,

7) skyldu til að veita eða eiga aðild að fjárhagslegri ábyrgð eða kaupa tryggingu frá þjónustuveitanda eða aðila með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra. Þetta hefur ekki áhrif á að aðildarríkin geti gert kröfu um vátryggingar eða fjárhagslegar ábyrgðir sem slíkar, né heldur hefur þetta áhrif á kröfur um aðild að sameiginlegum jöfnunarsjóði, t.d. fyrir félagsmenn fagfélaga eða -stofnana,

8) kvöð um að hafa verið forskráður í tiltekinn tíma í skrár á yfirráðasvæði þeirra eða að hafa áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á yfirráðasvæði þeirra.

15. gr.

Kröfur sem skal meta

1. Aðildarríkin skulu kanna hvort í réttarkerfi þeirra sé að finna einhverjar af þeim kröfum sem eru taldar upp í 2. mgr. og þau skulu sjá til þess að allar slíkar kröfur séu í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr. Aðildarríkin skulu aðlaga lög sín og stjórnsýslufyrirmæli svo að þau samrýmist þessum skilyrðum.

2. Aðildarríkin skulu kanna hvort réttarkerfi þeirra gerir aðgang að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana háð því að farið sé að einhverri af eftirtöldum kröfum sem fela ekki í sér mismunun:

a) fjöldatakmörkunum eða svæðisbundnum takmörkunum, einkum mörkum sem eru fastsett miðað við fólksfjölda eða landfræðilega lágmarksfjarlægð milli þjónustuveitenda,

b) kvöð á þjónustuveitanda um að hafa tiltekið, lögákveðið rekstrarform,

c) kröfum sem tengjast hlutafjáreign í félagi,

d) kröfum, öðrum en þeim sem varða málefni sem tilskipun 2005/36/EB tekur til eða sem kveðið er á um í öðrum gerningum Bandalagsins, sem binda aðgang að viðkomandi þjónustustarfsemi við tiltekna þjónustuveitendur með skírskotun til sérstaks eðlis starfseminnar,

e) banni við því að hafa fleiri en eina starfsstöð á yfirráðasvæði sama ríkis,

f) kröfum um lágmarksfjölda starfsmanna,

g) fastsettum lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrám sem þjónustuveitandi verður að fara eftir,

h) kvöð á þjónustuveitanda um að reka tiltekna þjónustustarfsemi samhliða þjónustu sinni.

3. Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að kröfurnar, sem um getur í 2. mgr., uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) bann við mismunun: kröfurnar mega ekki, hvorki beint né óbeint, mismuna á grundvelli þjóðernis, né heldur, að því er varðar félög, á grundvelli staðsetningar skráðrar skrifstofu,

b) nauðsyn: færa verður rök fyrir kröfum með vísan til brýnna almannahagsmuna,

c) meðalhóf: kröfur verða að vera til þess fallnar að tryggja að markmiðið, sem stefnt er að, náist; þær mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði og ekki má vera hægt að láta aðrar ráðstafanir sem eru ekki jafn takmarkandi en sem ná sama árangri koma í þess þessara krafna.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu aðeins gilda um löggjöf á sviði þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu að því marki sem beiting þessara málsgreina kemur ekki í veg fyrir framkvæmd þess verkefnis sem fellur undir þjónustuna, hvorki að lögum né í reynd.

5. Í gagnkvæmu matsskýrslunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 39. gr., skulu aðildarríkin tilgreina eftirfarandi:

a) þær kröfur sem þau ætla að viðhalda og ástæðurnar fyrir því að þau telja þessar kröfur í samræmi við skilyrðin sem koma fram í 3. mgr.,

b) þær kröfur sem hafa verið felldar niður eða mildaðar.

6. Frá 28. desember 2006 skulu aðildarríkin ekki koma fram með nýja kröfu af þeirri tegund sem er talin upp í 2. mgr. nema hún uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

7. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll ný lög eða stjórnsýslufyrirmæli þar sem settar eru fram kröfur, sem um getur í 6. mgr., svo og um ástæðurnar fyrir þessum kröfum. Framkvæmdastjórnin skal senda viðkomandi ákvæði til annarra aðildarríkja. Tilkynning af því tagi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti samþykkt viðkomandi ákvæði. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja mánaða frá því að hún tekur við tilkynningunni, kanna hvort nýjar kröfur séu í samræmi við lög Bandalagsins og, ef við á, taka ákvörðun um að óska eftir því að viðkomandi aðildarríki láti hjá líða að samþykkja þær eða felli þær niður. Tilkynning um frumvarp til laga í samræmi við tilskipun 98/34/EB skal uppfylla tilkynningaskylduna sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

IV. KAFLI

FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI

1. ÞÁTTUR

Frelsi til að veita þjónustu og tengdar undanþágur

16. gr.

Frelsi til að veita þjónustu

1. Aðildarríkin skulu virða rétt þjónustuveitenda til að veita þjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem hann hefur staðfestu.

Aðildarríkið, þar sem þjónustan er veitt, skal tryggja frjálsan aðgang að þjónustustarfsemi og frelsi til að stunda hana innan yfirráðasvæðis síns.

Aðildarríkin skulu ekki gera aðgang að þjónustustarfsemi eða það að stunda hana á yfirráðasvæði sínu háð því að farið sé að kröfum sem virða ekki eftirfarandi meginreglur:

a) bann við mismunun: krafan má hvorki beint né óbeint mismuna á grundvelli þjóðernis eða, þegar um er að ræða lögpersónur, á grundvelli aðildarríkisins þar sem þær hafa staðfestu,

b) nauðsyn: krafan verður að vera réttlætt á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða verndar umhverfisins,

c) meðalhóf: krafan verður að vera til þess fallin að markmiðið, sem stefnt er að, náist og hún má ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

2. Aðildarríkin mega ekki takmarka frelsi til að veita þjónustu, þegar um er að ræða þjónustuveitanda, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki, með því að setja fram einhverja af eftirtöldum kröfum:

a) að lögð sé á þjónustuveitanda sú kvöð að hafa starfsstöð á yfirráðasvæði þeirra,

b) að lögð sé á þjónustuveitanda sú kvöð að fá leyfi frá lögbærum yfirvöldum þeirra, þ.m.t. upptaka í skrá eða skráning í fagfélag eða -samtök á yfirráðasvæði þeirra, nema þar sem kveðið er á um það í þessari tilskipun eða öðrum lagagerningum Bandalagsins,

c) að þjónustuveitanda sé bannað að setja upp tiltekið form eða tegund grunnvirkis á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. skrifstofa eða lögmannsstofa sem þjónustuveitandi þarfnast til að geta veitt viðkomandi þjónustu,

d) að beitt sé sérstöku, samningsbundnu fyrirkomulagi milli þjónustuveitanda og viðtakanda sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu,

e) að lögð sé á þjónustuveitanda sú kvöð að hafa undir höndum vottorð, sem lögbær yfirvöld gefa út, um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi,

f) kröfur, sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja, sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar, nema þær sem eru nauðsynlegar vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað,

g) takmarkanir á frelsi til að veita þjónustuna sem um getur í 19. gr.

3. Ekki skal staðið í vegi fyrir því að aðildarríki, sem þjónustuveitandi flytur til, setji fram kröfur að því er varðar þjónustustarfsemi ef þær eru rökstuddar með tilliti til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða verndunar umhverfisins og í samræmi við 1. mgr. Ekki skal heldur staðið í vegi fyrir því að aðildarríki beiti, í samræmi við lög Bandalagsins, reglum sínum um ráðningarskilmála, þ.m.t. þær sem kveðið er á um í kjarasamningum.

4. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Bandalagsins, skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar greinar fyrir 28. desember 2011 og skal hún fjalla um hvort nauðsynlegt sé að gera tillögu um samræmingarráðstafanir að því er varðar þjónustustarfsemi sem þessi tilskipun tekur til.

17. gr.

Viðbótarundanþágur frá frelsi til að veita þjónustu

Ákvæði 16. gr. gilda ekki um:

1) Þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og er veitt í öðru aðildarríki, t.d.:

   a) þjónustu í póstgeiranum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu ([1]) tekur til,

   b) þjónustu í raforkugeiranum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ([2]) tekur til,

   c) þjónustu í gasgeiranum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas ([3]) tekur til,

   d) þjónustu við dreifingu og afhendingu vatns og skólpþjónustu,

   e) meðhöndlun úrgangs.

2) Mál sem tilskipun 96/71/EB tekur til.

3) Mál sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([4]) tekur til.

4) Mál sem tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu ([5]) tekur til.

5) Starfsemi við innheimtu skulda fyrir dómi.

6) Mál sem II. bálkur tilskipunar 2005/36/EB tekur til, svo og kröfur í aðildarríkjunum þar sem þjónustan er veitt um að starfsemi sé bundin við tiltekna starfsgrein.

7) Mál sem reglugerð (EBE) nr. 1408/71 tekur til.

8) Að því er varðar stjórnsýsluleg formsatriði varðandi frjálsa för fólks og búsetu þess, mál sem ákvæði tilskipunar 2004/38/EB, sem kveður á um stjórnsýsluleg formsatriði lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem þjónustan er veitt sem rétthafar verða að fara að, taka til.

9) Að því er varðar ríkisborgara þriðja lands, sem flytja til annars aðildarríkis vegna þjónustustarfsemi, möguleika aðildarríkja til að krefja ríkisborgara þriðja lands um vegabréfsáritun eða dvalarleyfi ef þeir falla ekki undir gagnkvæma viðurkenningarferlið, sem kveðið er á um í 21. gr. í samningnum um framkvæmd Schengensamkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamær-

---

([1]) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/653/EB (Stjtíð. ESB L 270, 29.9.2006, bls. 72).

([3]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.

([4]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([5]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

um ([1]), eða möguleikann til að skylda ríkisborgara þriðja lands til að tilkynna sig til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt þegar þeir koma til landsins eða eftir að þeir eru komnir.

10) Að því er varðar flutning úrgangs, mál sem reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([2]) tekur til.

11) Höfundarrétt, skyld réttindi og réttindi sem tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna ([4]) taka til, svo og eignarrétt á sviði iðnaðar.

12) Verk þar sem lög gera kröfu um aðkomu lögbókanda.

13) Mál sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga ([5]) tekur til.

14) Skráningu ökutækja sem eru tekin á leigu í öðru aðildarríki.

15) Ákvæði varðandi samningsbundnar skuldbindingar og skuldbindingar sem eru ekki samningsbundnar, þ.m.t. form samninga, sem ákvarðast samkvæmt reglum um alþjóðlegan einkamálarétt.

18. gr.

Undanþágur í einstökum tilvikum

1. Þrátt fyrir 16. gr. og aðeins í undantekningartilvikum getur aðildarríki gert ráðstafanir varðandi öryggi í þjónustu að því er varðar þjónustuveitanda með staðfestu í öðru aðildarríki.

2. Aðeins má grípa til ráðstafananna, sem kveðið er á um í 1. mgr., ef farið er að málsmeðferð um gagnkvæma aðstoð sem mælt er fyrir um í 35. gr. og ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) ákvæði landslaga, sem ráðstöfunin er gerð í samræmi við, hafa ekki orðið tilefni samræmingar á sviði öryggis í þjónustu,

b) ráðstafanirnar kveða á um meiri vernd viðtakanda en ráðstafanir sem staðfestuaðildarríkið myndi gera í samræmi við ákvæði landslaga sinna,

c) staðfestuaðildarríkið hefur ekki gert neinar ráðstafanir eða hefur gert ráðstafanir sem eru ófullnægjandi miðað við þær sem um getur í 2. mgr. 35. gr.,

d) gætt sé meðalhófs í ráðstöfunum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ákvæðin, sem mælt er fyrir um í gerningum Bandalagsins, sem tryggja frelsi til að veita þjónustu eða heimila undanþágur frá þeim.

2. ÞÁTTUR

Réttindi viðtakenda þjónustu

19. gr.

Bannaðar takmarkanir

Aðildarríkin geta ekki gert kröfur til viðtakanda sem takmarka notkun þjónustu sem þjónustuveitandi með staðfestu í öðru aðildarríki veitir, einkum eftirfarandi kröfur:

a) gert það að skyldu að afla leyfis hjá lögbærum yfirvöldum þeirra eða gefa þeim yfirlýsingu,

b) sett takmarkanir á veitingu fjárhagsaðstoðar sem mismuna á grundvelli þess að þjónustuveitandi hefur staðfestu í öðru aðildarríki eða á grundvelli staðsetningar þjónustunnar.

20. gr.

Bann við mismunun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðtakandi sé ekki beittur mismunun á grundvelli þjóðernis hans eða búsetu.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að í almennum skilyrðum fyrir aðgangi að þjónustu, sem þjónustuveitandi býður öllum almenningi, séu ekki ákvæði sem mismuna á grundvelli þjóðernis eða búsetu viðtakanda en sem útiloka ekki að gert sé ráð fyrir mismunandi skilyrðum fyrir aðgangi þegar þessi mismunur er rökstuddur beint með hlutlægum viðmiðunum.

([1]) Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19. Samningnum var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1160/2005 (Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 18).
([2]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 24, 27.1.1987, bls. 36.
([4]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20.
([5]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

21. gr.

Aðstoð við viðtakendur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðtakendur geti fengið eftirfarandi upplýsingar í aðildarríkinu þar sem þeir eru búsettir:

a) almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum aðildarríkjum varðandi aðgang að þjónustustarfsemi og það að stunda hana, einkum kröfur varðandi vernd neytenda,

b) almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda,

c) upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. miðstöðvar í Evrópuneti neytendamiðstöðva, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur geta fengið hagnýta aðstoð.

Ef við á skulu ráð frá lögbærum yfirvöldum fela í sér einfaldar leiðbeiningar um hvert skref fyrir sig. Upplýsingar og aðstoð skal veita á skýran og ótvíræðan hátt, aðgengi að þeim skal vera auðvelt með fjarmiðlun, þ.m.t. með rafrænum hætti, og þær skulu vera uppfærðar.

2. Aðildarríkin geta falið upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum ábyrgð verkefnisins sem um getur í 1. mgr. eða öðrum aðilum, s.s. miðstöðum í Evrópuneti neytendamiðstöðva, neytendasamtökum eða evrópskum upplýsingamiðstöðvum. Aðildarríkin skulu skýra framkvæmdastjórninni frá nafni tilnefndra aðila og frá því hvernig unnt er að ná sambandi við þá. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingarnar til allra aðildarríkja.

3. Til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 1. og 2. mgr. skal aðilinn, sem viðtakandi hefur snúið sér til, hafa samband við viðeigandi aðila í viðkomandi aðildarríki, ef nauðsyn krefur. Hinn síðarnefndi skal senda umbeðnar upplýsingar eins fljótt og auðið er til aðilans sem óskar eftir þeim og skal sá framsenda þær til viðtakandans. Aðildarríkin skulu tryggja að þessir aðilar veiti hvor öðrum gagnkvæma aðstoð og þau skulu gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að samstarfið verði árangursríkt. Aðildarríkin skulu ásamt framkvæmdastjórninni setja á laggirnar hentugt fyrirkomulag sem er nauðsynlegt vegna framkvæmdar 1. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr. samþykkja ráðstafanir um framkvæmd 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og tilgreina sérstaklega tæknilegar aðferðir við upplýsingaskipti milli aðila í hinum ýmsu aðildarríkjum og einkum rekstrarsamhæfi upplýsingakerfa, að teknu tilliti til sameiginlegra staðla.

V. KAFLI

GÆÐI ÞJÓNUSTU

22. gr.

Upplýsingar um þjónustuveitendur og þjónustu þeirra

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þjónustuveitendur hafi eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir viðtakanda:

a) nafn þjónustuveitanda, réttarstöðu hans og rekstrarform að lögum, heimilisfang, þar sem hann hefur staðfestu, og nákvæmar upplýsingar um hvernig unnt er að komast fljótt í samband og hafa bein samskipti við hann og, eftir atvikum, með rafrænum hætti,

b) ef þjónustuveitandi er skráður í viðskiptaskrá eða aðra sambærilega, opinbera skrá, heiti skrárinnar og skráningarnúmer þjónustuveitanda eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá,

c) ef starfsemi er háð fyrirkomulagi leyfisveitinga, upplýsingar um viðkomandi lögbært yfirvald eða upplýsinga- og þjónustumiðstöðina,

d) ef þjónustuveitandi stundar starfsemi sem er virðisaukaskattsskyld, virðisaukanúmerið, sem um getur í 1. mgr. 22.gr. sjöttu tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt -sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur ([1]),

e) þegar um er að ræða lögverndaðar starfsgreinar, öll fagfélög eða sambærilegar stofnanir, þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og aðildarríkið þar sem starfsheitið var veitt,

f) almenn skilyrði og ákvæði, ef einhver eru, sem þjónustuveitandi notar,

g) hvort fyrir hendi er samningsákvæði sem þjónustuveitandinn notar að því er varðar lögin sem gilda um samninginn og/eða varðandi þar til bæra dómstóla,

h) hvort fyrir hendi er ábyrgð eftir sölu sem er ekki lögbundin,

([1]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/18/EB (Stjtíð. ESB L 51, 22.2.2006, bls. 12).

i) verð þjónustunnar ef þjónustuveitandi hefur ákveðið verðið fyrir tiltekna tegund þjónustu fyrir fram,

j) helstu þættir þjónustunnar ef ekki má þegar ráða þá af samhenginu,

k) vátrygging eða ábyrgðir sem um getur í 1. mgr. 23. gr., einkum upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða yfirráðasvæði vátryggingin og ábyrgðirnar eru bundnar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., samkvæmt eigin vali þjónustuveitanda:

a) séu veittar af þjónustuveitanda að hans frumkvæði,

b) séu vel aðgengilegar viðtakanda á þeim stað þar sem þjónustan er veitt eða samningurinn er gerður,

c) séu vel aðgengilegar viðtakanda með rafrænum hætti á vistfangi sem þjónustuveitandi leggur fram,

d) komi fram í öllum upplýsingaskjölum, sem þjónustuveitandinn afhendir viðtakandanum, þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni sem hann veitir.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjónustuveitendur leggi fram, að beiðni viðtakanda, eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) verð þjónustunnar, ef þjónustuveitandi hefur ekki ákveðið það fyrir fram, eða, ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð, aðferðina sem notuð er til að reikna út verðið svo að viðtakandi geti kannað það, eða nægilega nákvæmt áætlað verð,

b) að því er varðar lögverndaðar starfsgreinar, tilvísun í starfsreglur sem gilda í staðfestuaðildarríkinu og hvernig unnt er að nálgast þær,

c) upplýsingar um starfsemi þeirra á mörgum sviðum og samstarf sem tengist beint viðkomandi þjónustu og um ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar til að komast hjá hagsmunaárekstrum. Þessar upplýsingar skulu vera í öllum upplýsingaskjölum þar sem þjónustuveitendur gefa nákvæma lýsingu á þjónustu sinni,

d) allar siðareglur starfsstéttar sem þjónustuveitandi er bundinn af og upplýsingar um hvar unnt er að kynna sér þessar siðareglur með rafrænum hætti og um það á hvaða máli þær eru tiltækar,

e) ef þjónustuveitandi er bundinn af siðareglum starfsstéttar eða er félagi í atvinnugreinasamtökum eða fagfélagi þar sem kveðið er á um aðstoð við úrlausn deilumála utan dómstóla, upplýsingar þar að lútandi. Þjónustuveitandi skal tiltaka hvernig nálgast megi nákvæmar upplýsingar um hvað einkennir lausn deilumála utan réttar og skilyrðin fyrir notkun þeirra aðferða.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar, sem þjónustuveitandi verður að leggja fram í samræmi við þennan kafla, séu tiltækar eða settar fram á skýran og ótvíræðan hátt og tímanlega áður en samningur er gerður eða áður en þjónustan er veitt, ef ekki er um skriflegan samning að ræða.

5. Upplýsingakröfur, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, eru til viðbótar þeim kröfum sem þegar er kveðið á um í lögum Bandalagsins og þær koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti gert kröfur um viðbótarupplýsingar frá þjónustuveitendum með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra.

6. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr., tiltekið efni upplýsinganna, sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt sérstöku eðli tiltekinnar starfsemi og getur hún tiltekið raunhæfar leiðir til að hrinda 2. mgr. þessarar greinar í framkvæmd.

23. gr.

Starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir

1. Aðildarríkin geta séð til þess að veitendur þjónustu, sem hefur beina og sérstaka áhættu í för með sér fyrir heilbrigði eða öryggi viðtakanda eða þriðja manns eða fyrir fjárhagslegt öryggi viðtakanda, kaupi starfsábyrgðartryggingu sem hæfir umfangi og eðli áhættunnar eða leggi fram ábyrgð eða bjóði svipað fyrirkomulag sem er jafngilt eða í meginatriðum sambærilegt að því er varðar tilgang.

2. Þegar þjónustuveitandi hefur öðlast staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna er þeim óheimilt að krefjast starfsábyrgðartryggingar eða ábyrgðar ef þjónustuveitandi er þegar tryggður í öðru aðildarríki en því þar sem hann hefur þegar staðfestu með ábyrgðartryggingu sem er jafngild eða í meginatriðum sambærileg að því er varðar tilgang og þá tryggingavernd sem hún veitir með tilliti til áhættunnar sem tryggt er gegn, tryggingafjárhæðarinnar eða efri marka ábyrgðarinnar og þess sem hugsanlega fellur utan ábyrgðarinnar. Ef tryggingin eða ábyrgðin eru aðeins jafngildar að hluta geta aðildarríkin krafist viðbótarábyrgðar vegna þeirra þátta sem falla ekki þegar undir ábyrgðina eða trygginguna.

Þegar aðildarríki gerir kröfu um að þjónustuveitandi með staðfestu á yfirráðasvæði þess kaupi starfsábyrgðartryggingu eða leggi fram aðra ábyrgð skal það aðildarríki taka staðfestingu á slíkri tryggingu, sem lánastofnanir og vátryggjendur gefa út í öðrum aðildarríkjum, sem fullgilda sönnun.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á fyrirkomulag starfsgreinatrygginga eða ábyrgða sem kveðið er á um í öðrum gerningum Bandalagsins.

4. Við framkvæmd 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við stjórnsýslumeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 40. gr., tekið saman skrá yfir þjónustu sem hefur þau einkenni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin getur einnig, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 40. gr., samþykkt ráðstafanir til breytingar á veigaminni atriðum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana og setja sameiginlegar viðmiðanir vegna skilgreiningar á því hvað hæfir eðli og umfangi áhættunnar vegna vátryggingarinnar eða ábyrgðanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

5. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „bein og sérstök áhætta“: áhætta sem er bein afleiðing þess að veita þjónustuna,

— „heilbrigði og öryggi“: í tengslum við viðtakanda eða þriðja aðila, það að koma í veg fyrir dauðsfall eða alvarleg slys á fólki,

— „fjárhagslegt öryggi“: í tengslum við viðtakanda, það að koma í veg fyrir verulegt fjárhagslegt tap eða að verðmæti eigna lækki,

— „starfsábyrgðartrygging“: vátrygging sem þjónustuveitandi tekur vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar gagnvart viðtakendum og, ef við gagnvart, þriðja aðila í tengslum við þjónustuna.

24. gr.

Viðskiptaorðsendingar lögverndaðra starfsgreina

1. Aðildarríkin skulu afnema allt allsherjarbann við viðskiptaorðsendingum lögverndaðra starfsgreina.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að viðskiptaorðsendingar lögverndaðra starfsgreina séu í samræmi við starfsreglur, í samræmi við lög Bandalagsins, sem tengjast einkum sjálfstæði, reisn og friðhelgi starfsgreinarinnar, svo og þagnarskyldu, svo að það samrýmist sértæku eðli hverrar starfsgreinar. Starfsreglur um viðskiptaorðsendingar skulu vera án mismununar, rökstuddar með vísan til brýnna almannahagsmuna og í þeim gætt meðalhófs.

25. gr.

Þverfagleg starfsemi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjónustuveitendur séu ekki bundnir af kröfum sem skylda þá til að stunda einvörðungu tiltekna starfsemi eða kröfum sem takmarka að ýmiss konar starfsemi sé stunduð í sameiningu eða í samstarfi við aðra. Þó geta eftirfarandi þjónustuveitendur verið bundnir af slíkum kröfum:

a) lögverndaðar starfsgreinar, að því marki sem réttlætanlegt er til að unnt sé að ábyrgjast að farið sé að reglum um siðferðilega breytni starfsstétta sem eru mismunandi eftir eðli hverrar starfsgreinar og nauðsynlegt er til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni,

b) þjónustuveitendur sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, að því marki sem réttlætanlegt er til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

2. Ef þverfagleg starfsemi þjónustuveitenda, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., er heimiluð skulu aðildarríkin tryggja eftirfarandi:

a) að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra og misræmi milli tiltekinna tegunda starfsemi,

b) að sjálfstæði og óhlutdrægni, sem krafist er vegna tiltekinnar starfsemi, séu tryggð,

c) að reglur um siðferðilega breytni starfsstétta fyrir mismunandi starfsemi samrýmist hver annarri, sérstaklega að því er varðar málefni sem lúta að þagnarskyldu.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 39. gr., skulu aðildarríkin tilgreina hvaða þjónustuveitendur eru bundnir af kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, efni þeirra krafna og ástæðurnar fyrir því að þau líta svo á að þær séu réttlætanlegar.

26. gr.

Stefna um gæði þjónustu

1. Aðildarríkin skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, gera hliðarráðstafanir til að hvetja þjónustuveitendur til að grípa til aðgerða af fúsum og frjálsum vilja til að tryggja gæði þjónustustarfsemi, einkum með einni eftirfarandi aðferða:

a) með vottun eða mati sjálfstæðra eða faggiltra aðila á starfsemi þeirra,

b) með gerð eigin gæðasáttmála eða með þátttöku í gæðasáttmálum eða gæðamerkingum sem fagfélög fastsetja á vettvangi Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um þýðingu tiltekinna gæðamerkinga og um viðmiðanir vegna notkunar þessara gæðamerkinga og annarra gæðamerkja að því er varðar þjónustu séu aðgengilegar þjónustuveitendum og viðtakendum.

3. Aðildarríkin skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, gera hliðarráðstafanir til að hvetja fagfélög, svo og verslunarráð, samtök handiðna og neytendasamtök á yfirráðasvæði sínu til að starfa saman á vettvangi Bandalagsins í því skyni að efla gæði þjónustu, sérstaklega með því að auðvelda mat á hæfni þjónustuveitanda.

4. Aðildarríkin skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, gera hliðarráðstafanir til að hvetja til þróunar á sjálfstæðu mati, einkum af hálfu neytendasamtaka, á kostum og göllum þjónustu, einkum þróunar á vettvangi Bandalagsins á samanburðartilraunum eða -prófunum og miðlun niðurstaðna.

5. Aðildarríkin skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, hvetja til þróunar á valfrjálsum evrópskum stöðlum í þeim tilgangi að greiða fyrir samhæfi þeirrar þjónustu sem þjónustuveitandi býður í mismunandi aðildarríkjum, upplýsingum til viðtakanda og gæðum þjónustunnar.

27. gr.

Lausn deilumála

1. Aðildarríkin skulu gera almennar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónustuveitendur leggi fram nákvæmar upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við þá, einkum póstfang, bréfsímanúmer eða netfang og símanúmer sem allir viðtakendur, þ.m.t. þeir sem eru búsettir í öðru aðildarríki, geta beint kvörtun til eða beiðni um upplýsingar um veitta þjónustu. Þjónustuveitendur skulu tilgreina lögheimili sitt ef það er ekki venjulegt póstfang þeirra. Aðildarríkin skulu gera almennar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónustuveitendur bregðist við kvörtunum þeim, sem um getur í fyrstu undirgrein, á sem skemmstum tíma og að þeir geri sitt besta til að finna viðunandi lausn.

2. Aðildarríkin skulu gera almennar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónustuveitendur séu skyldaðir til að sýna fram á að þeir fari að skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að því er varðar veitingu upplýsinga og til að sýna fram á að upplýsingarnar séu réttar.

3. Ef þörf er á fjárhagslegri ábyrgð til að fara að dómsúrskurði skulu aðildarríkin viðurkenna jafngildar ábyrgðir sem eru varðveittar hjá lánastofnun eða vátryggjanda með staðfestu í öðru aðildarríki. Slíkar lánastofnanir verða að hafa starfsleyfi í aðildarríki í samræmi við tilskipun 2006/48/EB og slíkir vátryggjendur verða, eftir því sem við á, að hafa starfsleyfi í samræmi við fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([2]).

4. Aðildarríkin skulu gera almennar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónustuveitendur, sem eru bundnir af siðareglum starfsstéttar eða eru félagar í atvinnugreinasamtökum eða fagfélagi, sem býður aðstoð við úrlausn deilumála utan réttar, upplýsi viðtakandann þar um og geti þess í öllum skjölum þar sem þjónusta þeirra er tíunduð í smáatriðum og tilgreini hvernig unnt er að fá nánari upplýsingar um úrlausnir af þessu tagi og skilyrði fyrir notkun þeirra.

VI. KAFLI

SAMVINNA Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU

28. gr.

Gagnkvæm aðstoð – almennar skuldbindingar

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og gera ráðstafanir til að starfa saman á árangursríkan hátt í því skyni að tryggja eftirlit með þjónustuveitendum og þjónustunni sem þeir veita.

2. Með tilliti til þessa kafla skulu aðildarríkin tilgreina einn eða fleiri tengiliði og skal hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni tilkynnt hvernig unnt er að ná sambandi við þá. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tengiliði og uppfæra hana reglulega.

3. Óskir um upplýsingar og óskir um athuganir, skoðun og rannsóknir samkvæmt þessum kafla skulu vera tilhlýðilega rökstuddar, einkum skal tilgreina ástæðuna fyrir beiðninni. Upplýsingar, sem skipst er á, skal aðeins nota að því er varðar málið sem liggur til grundvallar beiðninni.

4. Þegar aðildarríkin fá beiðni um aðstoð frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis skulu þau tryggja að þjónustuveitendur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum sínum

---

([1]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/68/EB.

allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með starfsemi þeirra í samræmi við landslög.

5. Ef erfitt reynist að koma til móts við beiðni um upplýsingar eða að framkvæma athuganir, skoðun eða rannsóknir skal viðkomandi aðildarríki strax tilkynna það aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, með það í huga að finna lausn.

6. Aðildarríkin skulu veita upplýsingarnar, sem hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin óskar eftir, með rafrænum hætti og eins fljótt og við verður komið.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að skrár, sem veitendur hafa verið skráðir í og sem lögbær yfirvöld á yfirráðasvæði þeirra geta skoðað, séu einnig aðgengilegar, samkvæmt sömu skilmálum, jafngildum lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

8. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um tilvik þar sem önnur aðildarríki uppfylla ekki skuldbindingu sína um gagnkvæma aðstoð. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. þær sem kveðið er á um í 226. gr. sáttmálans, í því skyni að tryggja að viðkomandi aðildarríki standi við skuldbindingu sína um gagnkvæma aðstoð. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum reglulega um framkvæmd ákvæðanna um gagnkvæma aðstoð.

29. gr.

Gagnkvæm aðstoð – almennar skuldbindingar staðfestuaðildarríkisins

1. Staðfestuaðildarríkið skal, að því er varðar þjónustuveitendur sem veita þjónustu í öðru aðildarríki, veita upplýsingar um þjónustuveitendur með staðfestu á yfirráðasvæði þess þegar annað aðildarríki óskar eftir þeim og það skal einkum staðfesta að þjónustuveitandi hafi staðfestu á yfirráðasvæði þess og að hann stundi ekki starfsemi sína á ólögmætan hátt, eftir því sem best er vitað.

2. Staðfestuaðildarríkið skal framkvæma þær athuganir, skoðun og rannsóknir sem annað aðildarríki óskar eftir og upplýsa það um niðurstöðurnar og, eftir atvikum, um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til. Lögbær yfirvöld skulu í þessu sambandi haga gerðum sínum í samræmi við þær valdheimildir sem þau hefur í eigin aðildarríki. Lögbær yfirvöld geta ákveðið hvaða ráðstafanir eiga best við í hverju einstöku tilviki til að verða við beiðni frá öðru aðildarríki.

3. Þegar staðfestuaðildarríki fær áreiðanlega vitneskju um að þjónustuveitandi, með staðfestu á yfirráðasvæði þess sem veitir þjónustu í öðrum aðildarríkjum, sýni af sér háttsemi eða aðhafist á tiltekinn hátt sem, eftir því sem best er vitað, gæti valdið alvarlegu tjóni á heilsu eða öryggi einstaklinga eða á umhverfinu, skal það upplýsa öll önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina um það eins fljótt og við verður komið.

30. gr.

Eftirlit af hálfu staðfestuaðildarríkisins ef þjónustuveitandi flyst tímabundið til annars aðildarríkis

1. Staðfestuaðildarríkið skal, að því er varðar þau tilvik sem falla ekki undir 1. mgr. 31. gr., sjá til þess að eftirlit með því að farið séð að kröfum þess sé í samræmi við eftirlitsvaldheimildir sem kveðið er á um í landslögum þess, einkum með eftirlitsráðstöfunum á þeim stað þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu.

2. Staðfestuaðildarríkið skal ekki láta hjá líða að grípa til ráðstafana til eftirlits eða til að framfylgja lögum á yfirráðasvæði sínu á þeirri forsendu að þjónustan var veitt eða olli skaða í öðru aðildarríki.

3. Skuldbindingin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki fela í sér skyldu af hálfu staðfestuaðildarríkisins til að stunda raunverulegar athuganir og eftirlit á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þjónustan er veitt. Yfirvöld aðildarríkisins, þar sem þjónustuveitandinn hefur tímabundna staðfestu, skulu hafa þessar athuganir og eftirlit með höndum, að beiðni yfirvalda staðfestuaðildarríkisins og í samræmi við 31. gr.

31. gr.

Eftirlit af hálfu aðildarríkisins þar sem þjónustan er veitt ef þjónustuveitandinn flytur sig tímabundið um set

1. Að því er varðar kröfur í hverju ríki, sem kunna að vera settar fram skv. 16. eða 17. gr., er aðildarríkið, þar sem þjónustan er veitt, ábyrgt fyrir eftirliti með starfsemi þjónustuveitandans á yfirráðasvæði sínu. Í samræmi við lög Bandalagsins skal aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt:

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þjónustuveitandi fari að þessum kröfum að því er varðar aðgang að starfseminni og það að stunda hana,

b) framkvæma athuganir, skoðun og rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með veittri þjónustu.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkis, þangað sem þjónustuveitandi flytur tímabundið til að veita þjónustu

án þess að hafa þar staðfestu, skulu taka þátt í eftirliti með þjónustuveitandanum í samræmi við 3. og 4. mgr. að því er varðar aðrar kröfur en þær sem um getur í 1. mgr.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, þar sem þjónustan er veitt, skulu, að beiðni staðfestuaðildarríkisins, framkvæma athuganir, skoðun og rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að tryggja árangursríkt eftirlit af hálfu staðfestuaðildarríkisins. Lögbær yfirvöld skulu í þessu sambandi haga aðgerðum sínum í samræmi við valdheimildir sínar í eigin aðildarríki. Lögbæru yfirvöldin geta ákvarðað hvaða ráðstafanir eiga best við í hverju einstöku tilviki í því skyni að uppfylla beiðni frá staðfestuaðildarríkinu.

4. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt geta, að eigin frumkvæði, framkvæmt athuganir, skoðun og rannsóknir á staðnum að því tilskildu að þessar athuganir, eftirlit eða rannsóknir mismuni ekki, að þær séu ekki rökstuddar með því að þjónustuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki og að í þeim sé gætt meðalhófs.

32. gr.

Fyrirkomulag um viðvaranir

1. Ef aðildarríki fær vitneskju um alvarlega tiltekna atburði eða kringumstæður í tengslum við þjónustustarfsemi, sem gætu valdið alvarlegu tjóni á heilsu eða öryggi einstaklinga eða á umhverfinu á yfirráðasvæði þess eða á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja skal það upplýsa staðfestuaðildarríkið, hin aðildarríkin sem hlut eiga að máli og framkvæmdastjórnina um það eins fljótt og við verður komið.

2. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að og taka þátt í rekstri á evrópsku neti yfirvalda í aðildarríkjunum í því skyni að hrinda 1. mgr. í framkvæmd.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja og uppfæra reglulega, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr., ítarlegar reglur um stjórnun netsins sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

33. gr.

Upplýsingar um góðan orðstír þjónustuveitenda

1. Aðildarríkin skulu, að beiðni lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki, leggja fram upplýsingar, í samræmi við eigin landslög, um aðgerðir vegna agabrota eða stjórnsýsluaðgerðir eða refsiviðurlög og ákvarðanir varðandi greiðsluþrot eða gjaldþrot þar sem svik koma við sögu, sem lögbær yfirvöld þeirra hafa tekið að því er varðar þjónustuveitanda, enda hafi það beina þýðingu fyrir starfshæfi þjónustuveitandans eða faglegan áreiðanleika hans. Aðildarríkið, sem leggur fram upplýsingarnar, skal upplýsa þjónustuveitandann þar um. Beiðni, sem er sett fram samkvæmt fyrstu undirgrein, verður að vera vel rökstudd, einkum að því er varðar ástæður fyrir því að farið er fram á upplýsingar.

2. Aðeins skal tilkynna um þau viðurlög og aðgerðir sem um getur í 1. mgr. ef lokaákvörðun hefur verið tekin. Aðildarríkið, sem leggur fram upplýsingarnar, skal, að því er varðar aðrar framfylgjanlegar ákvarðanir sem um getur í 1. mgr., tilgreina hvort tiltekin ákvörðun sé endanleg eða hvort henni hafi verið áfrýjað en í því tilviki skal viðkomandi aðildarríki gefa vísbendingu um hvenær vænta megi ákvörðunar um áfrýjunina.

Auk þess skal aðildarríkið tilgreina þau ákvæði landslaga sem lágu til grundvallar því að þjónustuveitandinn var fundinn sekur eða honum refsað.

3. Framkvæmd 1. og 2. mgr. verður að vera í samræmi við reglur um veitingu persónuupplýsinga og réttindi sem einstaklingum, sem hafa verið fundnir sekir eða hefur verið refsað í viðkomandi aðildarríkjum, eru tryggð, þar á meðal af fagfélögum. Allar viðkomandi upplýsingar sem eru opinberar skulu vera aðgengilegar neytendum.

34. gr.

Hliðarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, setja á laggirnar rafrænt kerfi, með hliðsjón af núverandi upplýsingakerfum, til að aðildarríkin geti skipst á upplýsingum.

2. Aðildarríkin skulu, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar, grípa til hliðarráðstafana til að auðvelda skipti á embættismönnum sem hafa umsjón með framkvæmd gagnkvæmrar aðstoðar og starfsþjálfun slíkra embættismanna, þ.m.t. þjálfun í notkun tungumála og tölvuþjálfun.

3. Framkvæmdastjórnin skal meta þörfina á að setja á laggirnar áætlun til margra ára í því skyni að skipuleggja viðeigandi embættismannaskipti og starfsþjálfun.

35. gr.

Gagnkvæm aðstoð ef um er að ræða undanþágur í einstökum tilvikum

1. Ef aðildarríki hyggst gera ráðstafanir skv. 18. gr. skal málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2.–6. mgr. þessarar greinar, gilda án þess að hafa áhrif á málarekstur fyrir dómstóli, þ.m.t. frummeðferð og athafnir í tengslum við rannsókn á sakamáli.

2. Aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., skal biðja staðfestuaðildarríkið um að gera ráðstafanir að því er varðar þjónustuveitandann og leggja fram allar upplýsingar í tengslum við viðkomandi þjónustu og um málsatvik. Staðfestuaðildarríkið skal kanna, eins fljótt og við verður komið, hvort þjónustuveitandinn stundi löglegan rekstur og sannreyna þær forsendur sem beiðnin byggist á. Það skal upplýsa aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, eins fljótt og við verður komið, um ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða, eftir atvikum, um ástæður fyrir því að það hefur ekki gert neinar ráðstafanir.

3. Í kjölfar orðsendingar staðfestuaðildarríkisins, sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr., skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilkynna framkvæmdastjórninni og staðfestuaðildarríkinu um þá fyrirætlan sína að grípa til aðgerða og greina frá eftirfarandi:

a) ástæðunum fyrir því að það telur ráðstafanirnar sem staðfestuaðildarríkið hefur gert eða fyrirhugað ófullnægjandi,

b) ástæðunum fyrir því að það telur ráðstafanirnar, sem það hyggst gera, uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Ekki má gera ráðstafanirnar fyrr en fimmtán virkum dögum eftir dagsetningu tilkynningarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um möguleika aðildarríkisins sem leggur fram beiðni um að gera viðkomandi ráðstafanir við lok frestsins sem er tilgreindur í 4. mgr., kanna eins fljótt og við verður komið hvort ráðstafanirnar, sem hafa verið tilkynntar, samrýmist lögum Bandalagsins. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin samrýmist ekki lögum Bandalagsins skal hún samþykkja ákvörðun þar sem viðkomandi aðildarríki er beðið um að grípa ekki til fyrirhugaðra ráðstafana sem hafa verið lagðar til eða binda tafarlaust enda á ráðstafanirnar.

6. Ef um bráðatilvik er að ræða getur aðildarríki, sem hyggst grípa til aðgerða, fengið undanþágu frá 2., 3. og 4. mgr. Í slíkum tilvikum skal tilkynna framkvæmdastjórninni og staðfestuaðildarríkinu um aðgerðirnar eins fljótt og við verður komið og greina frá ástæðum þess að aðildarríkið telur að um bráðatilvik sé að ræða.

36. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 40. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem ætlað er að breyta veigaminni atriðum í þessum kafla með því að bæta við hann tímafrestinum sem kveðið er á um í 28. og 35. gr. Framkvæmdastjórnin skal einnig samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 40. gr., fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna, einkum ákvæði um rekstrarsamhæfi upplýsingakerfa.

VII. KAFLI

SAMLEITNIÁÆTLUN

37. gr.

Siðareglur starfsstétta á vettvangi Bandalagsins

1. Aðildarríkin skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, gera hliðarráðstafanir til að stuðla að því á vettvangi Bandalagsins, einkum meðal fagfélaga, -stofnana og -samtaka, að samdar verði siðareglur starfsstétta sem miða að því að greiða fyrir því að unnt sé að veita þjónustu eða að þjónustuveitandi öðlist staðfestu í öðru aðildarríki, í samræmi við lög Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þær siðareglur starfsstétta, sem um getur í 1. mgr., séu aðgengilegar með fjarmiðlun, með rafrænum hætti.

38. gr.

Viðbótarsamræming

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 28. desember 2010, meta möguleikann á því að leggja fram tillögur um samræmingarskjöl um eftirfarandi viðfangsefni:

a) aðgang að starfsemi við innheimtu skulda fyrir dómi,

b) einkarekna öryggisþjónustu og flutning á reiðufé og verðmætum.

39. gr.

Gagnkvæmt mat

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 28. desember 2009, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með upplýsingum sem eru tilgreindar í eftirfarandi ákvæðum:

a) ákvæðum 2. mgr. 9. gr. um leyfisveitingakerfi,

b) ákvæðum 5. mgr. 15. gr. um kröfur sem skal meta,

c) ákvæðum 3. mgr. 25. gr. um starfsemi á mörgum sviðum.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., til aðildarríkjanna sem

skulu leggja fram athugasemdir sínar um hverja skýrslu innan sex mánaða frá viðtöku þeirra. Innan sama tíma skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við hagsmunaaðila um þessar skýrslur.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar og athugasemdir aðildarríkjanna fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 40. gr. og hefur heimild til að gera athugasemdir.

4. Í ljósi athugasemdanna, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 28. desember 2010, leggja yfirlitsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum um viðbótarframtaksverkefni ef við á.

5. Eigi síðar en 28. desember 2009 skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um kröfur í hverju ríki um sig, sem við beitingu gætu fallið undir þriðju undirgrein 1. mgr. 16. gr. og fyrsta málslið 3. mgr. 16. gr., þar sem gefnar eru ástæður fyrir því að þau telja beitingu þessara krafna uppfylla þær viðmiðanir sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 16. gr. og í fyrsta málslið 3. mgr. 16. gr.

Eftir það skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar breytingar á kröfum sínum, þ.m.t. nýjar kröfur, eins og um getur hér að framan, ásamt ástæðunum fyrir þeim.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um sendar kröfur. Slík sending skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti samþykkt viðkomandi ákvæði. Framkvæmdastjórnin skal árlega eftir það leggja fram greiningu og stefnumið um beitingu þessara ákvæða í tengslum við þessa tilskipun.

40. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

41. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 28. desember 2011 og á þriggja ára fresti eftir það, gefa Evrópuþinginu og ráðinu ítarlega skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar. Skal sú skýrsla, í samræmi við 4. mgr. 16. gr., einkum fjalla um beitingu 16. gr. Í henni skal einnig fjallað um þörf fyrir viðbótarráðstafanir að því er varðar málefni sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Með henni skulu fylgja, ef við á, tillögur um breytingar á þessari tilskipun sem miða að því að koma á innri markaði fyrir þjónustu.

42. gr.

Breyting á tilskipun 98/27/EB

Eftirfarandi liður bætist við í viðaukann við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([1]):

„13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. EB L 376, 27.12. 2006, bls. 36)“.

43. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Við framkvæmd og beitingu þessarar tilskipunar og einkum ákvæða hennar um eftirlit skal farið að reglum um vernd persónuupplýsinga eins og kveðið er á um í tilskipun 95/46/EB og 2002/58/EB.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

44. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 28. desember 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

([1]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/29/EB.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

45. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

46. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	M. PEKKARINEN
forseti.	*forseti.*

706. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB inniheldur tæknileg ákvæði er varða virka eignarhluti í lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta. Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Efni gerðarinnar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB geymir tæknileg ákvæði er varða virka eignarhluti í lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta. Helstu breytingarnar sem hún mælir fyrir um eru eftirfarandi:

- Breyting á skilgreiningu hugtaksins virkur eignarhlutur (e. *qualifying holding*).
- Ekki er lengur gert ráð fyrir umsókn um samþykki fyrir því að mega eignast eða fara með virkan eignarhlut.
- Nákvæmari reglur um viðbrögð lögbærs stjórnvalds við tilkynningu aðila um að hann hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut, svo sem tímafresti.
- Reglur um framkvæmd mats lögbærs stjórnvalds á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut. Upptalning viðmiða sem hafa skal hliðsjón af við slíkt hæfismat.
- Lögbært yfirvald getur sett sig upp á móti kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut á grundvelli tæmandi viðmiða. Ef þau gera ekki athugasemd innan tiltekins tímafrests öðlast viðkomandi sjálfkrafa rétt til að fara með hlutinn.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing tilskipunar 2007/44/EB kallar á tilteknar breytingar á ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi og lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Meginbreytingin frá gildandi lögum er að ekki er gert ráð fyrir umsókn til Fjármálaeftirlitsins um að mega fara með virkan eignarhlut, aðeins tilkynningu. Sá sem tilkynnir getur þó ekki farið með eignarhlutinn fyrr en liðinn er sá tímafrestur sem Fjármálaeftirlitið hefur til þess að setja sig upp á móti kaupunum eða aukningunni. Við mat sitt á hæfi þess sem tilkynnir verður Fjármálaeftirlitið

að styðjast eingöngu við þau viðmið sem upp eru talin í tilskipuninni og verða lögfest við innleiðingu hennar. Þá eru tímafrestir Fjármálaeftirlitsins styttir frá því sem nú er. Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi hefur verið lagt fram á Alþingi og verið tekið til fyrstu umræðu en í kjölfar hennar var því vísað til viðskiptanefndar (229. mál á 138. löggjafarþingi). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki hefur verið lagt fram á Alþingi og bíður 1. umræðu (343. mál).

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats á öflun og aukningu eignarhlutdeildar á sviði fjármála ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.
([2]) Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB), 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB):

„– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

3. Liður 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE) breytist sem hér segir:

i) Núverandi aðlögunarliður a) verði aðlögunarliður b).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarlið b):

„a) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

4. Liður 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB) breytist sem hér segir:

i) Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarlið b):

„a) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a og 20. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

5. 11. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) breytist sem hér segir:

i) Núverandi aðlögunarliðir b), c) og d) verði aðlögunarliðir c), d) og e).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið a):

„b) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

6. 14. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) breytist sem hér segir:

i) Núverandi aðlögunarliðir c) og d) verði aðlögunarliðir d) og e).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið b):

„c) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a, 19. gr. b, 20. gr. og 3. mgr. 21. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

7. Liður 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB) breytist sem hér segir:

i) Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).

ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarlið b):

„a) Ákvæði 10. gr., 10. gr. a og 10. gr. b um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/44/EB

frá 5. september 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([4]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([5]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) ([7]) eru settar reglur um aðstæður þar sem einstaklingur eða lögaðili hefur tekið ákvörðun um að yfirtaka eða auka virka eignarhlutdeild í lánastofnun, líftryggingafélagi, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, eða fjárfestingarfyrirtæki.

2) Í lagarammanum hefur, fram til þessa, hvorki verið kveðið á um nákvæmar viðmiðanir vegna varfærnismats við fyrirhugaða yfirtöku né reglur um beitingu þeirra. Nánari útlistunar er þörf á viðmiðunum og fyrirkomulagi varfærnismats til að stuðla að nauðsynlegu réttaröryggi, skýrleika og áreiðanleika að því er varðar matsferlið, svo og niðurstöður þess.

3) Hlutverk lögbærra yfirvalda, bæði í málum innanlands og yfir landamæri, er að framkvæma varfærnismat innan ramma skýrrar og gagnsærrar málsmeðferðar og á grundvelli afmarkaðs fjölda skýrra matsviðmiðana sem eru alfarið varfærnislegar. Því er nauðsynlegt að fastsetja þær viðmiðanir sem nota skal við mat til eftirlits með hluthöfum og stjórn í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku og skilgreina skýra málsmeðferð við beitingu þeirra. Þessi tilskipun kemur í veg fyrir að upphafleg skilyrði fyrir leyfi séu sniðgengin með því að yfirtaka virka eignarhlutdeild í félaginu, sem fyrirhugað er að yfirtaka. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld taki tillit til skuldbindinga, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili tekur á sig til þess að uppfylla varfærniskröfur samkvæmt matsviðmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að það hafi ekki

([1]) Stjtíð. ESB C 93, 27.4.2007, bls. 22.
([2]) Stjtíð. ESB C 27, 7.2.2007, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB C 27, 7.2.2007, bls. 1. Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 28. júní 2007.
([4]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2006/101/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 238).
([6]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/31/EB (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).
([7]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB (Stjtíð. ESB L 87, 28.3.2007, bls. 9).

áhrif á réttindi fyrirhugaðs yfirtökuaðila samkvæmt þessari tilskipun.

4) Varfærnismat á fyrirhugaðri yfirtöku skal á engan hátt fella niður tímabundið eða það koma í staðinn fyrir kröfur um viðvarandi varfærniseftirlit og önnur viðeigandi ákvæði, sem gilt hafa um félagið, þar sem yfirtakan er áformuð, frá því það fékk upphaflega leyfi.

5) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að markaðsaðilar starfi á virkan hátt á verðbréfamarkaði. Upplýsingarnar, sem þörf er á til að meta fyrirhugaða yfirtöku, svo og matið á því hvort mismunandi viðmiðanir eru virtar, skulu því m.a. vera í réttu hlutfalli við þátttöku fyrirhugaðs yfirtökuaðila í stjórn félagsins sem fyrirhugað er að yfirtaka. Lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við góða stjórnsýsluvenjur, ganga frá mati sínu án tafar og tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila einnig um það ef niðurstaða matsins er jákvæð, a.m.k. ef fyrirhugaður yfirtökuaðili fer fram á slíkt.

6) Á mörkuðum sem verða æ samþættari og þar sem samstæðuskipulag kann að ná til margra aðildarríkja er yfirtaka á virkri eignarhlutdeild háð athugun í mörgum aðildarríkjum. Það skiptir því miklu máli að málsmeðferð og varfærnismat séu eins samræmd og hægt er innan Bandalagsins og að aðildarríkin setji ekki strangari reglur. Því skal samræma, eins og kostur er, viðmiðunarmörk fyrir tilkynningu um fyrirhugaða yfirtöku eða ráðstöfun á virkri eignarhlutdeild, matsmeðferð, skrána yfir matsviðmiðanir og önnur ákvæði þessarar tilskipunar sem beitt verður við varfærnismat í fyrirhuguðum yfirtökum. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin krefjist þess að lögbærum yfirvöldum sé tilkynnt um yfirtökur eignarhlutdeildar, sem eru undir þeim viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, enda kveði aðildarríki ekki á um fleiri en eitt viðbótarviðmiðunarmark undir 10% í þessu sambandi. Hún kemur ekki heldur í veg fyrir að lögbær yfirvöld veiti almennar leiðbeiningar um hvenær slík eignarhlutdeild telst hafa í för með sér veruleg áhrif.

7) Til að tryggja skýrleika og áreiðanleika matsmeðferðarinnar skal ákveða takmarkað hámarkstímabil til að ganga frá varfærnismati. Á meðan matsmeðferð stendur skulu lögbær yfirvöld ekki geta gert hlé á þessum tíma nema einu sinni og þá einungis til þess að óska eftir viðbótarupplýsingum og að því loknu skulu þau, undir öllum kringumstæðum, ljúka við matið innan hámarksmatstíma. Þetta kemur ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld fari fram á frekari skýringar, jafnvel eftir að frestinum til að ganga frá umbeðnum upplýsingum eða gera fyrirhuguðum yfirtökuaðila kleift að leggja fram viðbótarupplýsingar lýkur, hvenær sem er innan hámarksmatstíma, að því tilskildu að sá tími sé virtur. Þetta kemur ekki heldur í veg fyrir að lögbær yfirvöld andmæli fyrirhugaðri yfirtöku, eftir því sem við á, hvenær sem er á hámarksmatstímanum. Samstarf milli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og lögbærra yfirvalda skal því eiga sér stað á öllu matstímabilinu. Regluleg samskipti milli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og lögbærra yfirvalda eftirlitsskylda félagsins, sem fyrirhugað er að yfirtaka, geta einnig hafist áður en kemur að formlegri tilkynningu. Í slíku samstarfi skal felast raunveruleg viðleitni til gagnkvæmrar aðstoðar, t.d. svo að hægt sé að komast hjá óvæntum beiðnum um upplýsingar eða að upplýsingar séu óvænt lagðar fram seint á matstímabilinu.

8) Að því er varðar varfærnismat felur viðmiðunin „orðspor fyrirhugaðs yfirtökuaðila“ í sér ákvörðun um hvort einhverjar efasemdir séu uppi um ráðvendni og starfshæfni fyrirhugaðs yfirtökuaðila og hvort þær efasemdir eigi við rök að styðjast. Slíkar efasemdir kunna t.d. að vakna vegna fyrri viðskiptahátta. Mat á orðspori skiptir einkum máli ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er óeftirlitsskylt félag en greiða skal fyrir því ef yfirtökuaðili hefur starfsleyfi og heyrir undir eftirlit innan Evrópusambandsins.

9) Í skrá sem aðildarríkið tekur saman skal tilgreina þær upplýsingar, sem hægt er að fara fram á vegna mats, nákvæmlega eftir þeim viðmiðunum sem settar eru fram í þessari tilskipun. Upplýsingarnar skulu vera í réttu hlutfalli við það hvers eðlis fyrirhuguð yfirtaka er og lagaðar að því, einkum ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er óeftirlitsskylt félag eða með staðfestu í þriðja landi. Einnig skal gera ráðstafanir til þess að fara megi fram á stuttorðaðri upplýsingar í rökstuddum tilvikum.

10) Brýnt er að lögbær yfirvöld hafi náið samstarf sín á milli þegar þau meta hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila ef um er að ræða eftirlitsskylt félag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða í öðrum geira. Þótt talið sé við hæfi að lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með félaginu sem fyrirhugað er að yfirtaka, taki áfram endanlega ákvörðun að því er varðar varfærnismat, skal það taka fullt tillit til álits lögbæra yfir-

valdsins sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirhuguðum yfirtökuaðila, einkum að því er varðar matsviðmiðanir sem tengjast þeim aðila beint.

11) Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við þau réttindi og skyldur, sem kveðið er á um í sáttmálanum, geta fylgst með beitingu ákvæða um varfærnismat við yfirtökur til þess að hún geti sinnt þeim verkefnum sem henni hafa verið falin með tilliti til framkvæmdar laga Bandalagsins. Með hliðsjón af 296. gr. sáttmálans skulu aðildarríkin hafa samstarf við framkvæmdastjórnina með því að láta henni í té, að lokinni matsmeðferð, upplýsingar sem varða varfærnismat sem lögbær yfirvöld hafa framkvæmt, ef beðið er um slíkar upplýsingar í þeim tilgangi einum að ganga úr skugga um hvort aðildarríkjunum hafi láðst að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

12) Í framtíðinni kann að vera þörf á að breyta þessum matsviðmiðunum til að taka mið af markaðsþróun og þörfinni fyrir samræmda beitingu alls staðar í Bandalaginu. Samþykkja skal slíkar tæknilegar breytingar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

13) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, sem er að koma á samræmdum málsmeðferðarreglum og matsviðmiðunum alls staðar í Bandalaginu, og þar eð því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

14) Bandalagið hefur áform um að hafa fjármálamarkaði sína áfram opna fyrir umheiminum og stuðla þannig að auknu frelsi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í þriðju löndum. Það væri öllum markaðsaðilum til hagsbóta að fá jafnan aðgang að fjárfestingum alls staðar í heiminum. Aðildarríkin skulu skýra framkvæmdastjórninni frá tilvikum þar sem lánastofnanir Bandalagsins, fjárfestingarfyrirtæki, aðrar fjármálastofnanir eða vátryggingafélög, sem yfirtaka lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki, aðrar fjármálastofnanir eða vátryggingafélög í þriðju löndum, fá ekki sömu meðferð og innlendir yfirtökuaðilar og sæta verulegum hindrunum. Framkvæmdastjórnin skal leggja til ráðstafanir til úrbóta í slíkum tilvikum eða vekja máls á þeim á réttum vettvangi.

15) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að birta þær.

16) Því ber að breyta tilskipunum 92/49/EBE, 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 92/49/EBE

Tilskipun 92/49/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað annarrar málsgreinar í g-lið 1. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar þessa skilgreiningu, í tengslum við 8. og 15. gr. og annars konar eignarhlutdeild, sem um getur í 15. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttarins, sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB ([*]), svo og skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5 mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB ([**]), að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

([*]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

2. ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (hér á eftir nefndir fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í vátryggingafélagi eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í vátryggingafélagi svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að vátryggingafélagið yrði dótturfélag hans (hér á eftir nefnd fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki vátryggingafélagsins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 15. gr. b. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

b) ákvæði 1. mgr. a falli brott.

c) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í vátryggingafélagi, tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu hann hyggst ráða yfir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild sína svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að vátryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

3. eftirfarandi greinar bætist við:

„15. gr. a

1. Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem krafist er skv. 1. mgr. 15. gr., sem og frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 virka daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 15. gr. b (hér á eftir nefnt matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. b (hér á eftir nefnt matið).

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

2. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

3. Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipunum 85/611/EBE (*), 2002/83/EB (**), 2004/39/EB, 2005/68/EB (***) eða 2006/48/EB (4)*.

4. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu,

tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

5. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

7. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

15. gr. b

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. og upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 15. gr. a, skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun vátryggingafélagsins sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á vátryggingafélagið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum vátryggingafélagsins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í vátryggingafélaginu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort vátryggingafélagið getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggjast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar tiltekið tilskipun 73/239/EBE, 98/78/EB (5)*, 2002/13/EB (6)* og 2002/87/EB (7)*, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB (8)*, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

2. Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggi haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, séu ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 15. gr. Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku og lagaðar að því. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli varðandi varfærnismatið.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sama vátryggingafélagi skal, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. 15. gr. a, meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

15. gr. c

1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi 2. liðar 1. gr. a í tilskipun 85/611/EBE (hér á eftir nefnt rekstrarfélag verðbréfasjóðs) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, fjár-

festingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð, eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hver öðrum allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur vátryggingafélaginu, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

(*) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1), Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2007/44/EB.

4)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. EB L 177, 30.6.2006, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

5)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum í vátrygginga- eða endurtryggingahópi (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/68/EB.

6)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

7)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

8)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).“

4. í 51. gr. bætist eftirfarandi undirliður við:

„— breytingar á viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 15. gr. b, með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/83/EB

Tilskipun 2002/83/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað annarrar undirgreinar j-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar þessa skilgreiningu, í tengslum við 8. og 15. gr. og annars konar eignarhlutdeild, sem um getur í 15. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB (*), svo og skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB (**), að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 145, 30.4. 2004, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“

2. ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (hér á eftir nefndir fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í líftryggingafélagi eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í líftryggingafélagi svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að líftryggingafélagið yrði dótturfélag hans (hér á eftir nefnd fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki líftryggingafélagsins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 15. gr. b. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr., beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

b) ákvæði 1. mgr. a falli brott.

c) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í líftryggingafélagi, tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu hann hyggst halda eftir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild sína svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða það mikið að líftryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

3. eftirfarandi greinar bætist við:

„15. gr. a

Matstímabil

1. Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem krafist er skv. 1. mgr. 15. gr., sem og frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 15. gr. b (hér á eftir nefnt matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. b (hér á eftir nefnt matið).

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

2. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

3. Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipun 85/611/EBE (*), 92/49/EBE (**),

2004/39/EB, 2005/68/EB eða 2006/48/EB (***).

4. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

5. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

7. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

15. gr. b

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. og upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 15. gr. a, skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun líftryggingafélagsins, sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á líftryggingafélagið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum líftryggingafélagsins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í líftryggingafélaginu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort líftryggingafélagið getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar tiltekið tilskipun 98/78/EB (4)* og 2002/87/EB (5)*, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB (6)*, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

2. Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggi haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, séu ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 15. gr. Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku og lagaðar að því. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli varðandi varfærnismat.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sama líftryggingafélagi skal, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. 15. gr. a, meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

15. gr. c

Yfirtökur af hálfu eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja

1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi 2. liðar 1.

gr. a í tilskipun 85/611/EBE (hér á eftir nefnt rekstrarfélag verðbréfasjóðs) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð, eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hver öðrum allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur líftryggingafélaginu, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

(*) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

(**) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

4)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum í vátrygginga- eða endurtryggingahópi (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/68/EB.

5)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB.

6)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).“

4. í 64. gr. bætist eftirfarandi undirliður við:

„— breytingar á viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 15. gr. b, með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.“

3. gr

Breytingar á tilskipun 2004/39/EB

Tilskipun 2004/39/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað 27. liðar í 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„27) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í fjárfestingarfyrirtæki sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti, eins og sett er fram í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB (*), að teknu tilliti til skilyrða um samlagningu eignarhluta, sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar, eða annað sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fjárfestingarfyrirtækisins sem eignarhlutdeildin er í,

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

2. í stað 3. og 4. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (hér á eftir nefndir fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í fjárfestingarfyrirtæki eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í fjárfestingarfyrirtæki svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að fjárfestingarfyrirtækið yrði dótturfélag hans (hér á eftir nefnd fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki fjárfestingarfyrirtækisins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 10. gr. b.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í fjárfestingarfyrirtæki, tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu hann hyggst halda eftir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild sína svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að fjárfestingarfyrirtækið hætti að vera dótturfélag hans.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar fyrir virka eignarhlutdeild, sem um getur í þessari grein, séu uppfylltar, skulu aðildarríki ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga, eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

4. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. b (hér á eftir nefnt matið) ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð, eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hver öðrum allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur fjárfestingarfyrirtækinu, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.“

3. eftirfarandi greinar bætist við:

„10. gr. a

Matstímabil

1. Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem krafist er skv. fyrstu undirgrein 3. mgr. 10. gr., sem og frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 virka daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 10. gr. b (hér á eftir nefnt matstímabil) til þess að framkvæma matið.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

2. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf. Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

3. Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipun 85/611/EBE, 92/49/EBE (*), 2002/83/EB, 2005/68/EB (**) eða 2006/48/EB (***).

4. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

5. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

7. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

10. gr. b

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 3. mgr. 10. gr., og upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 10. gr. a, skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun fjárfestingarfyrirtækisins sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á fjárfestingarfyrirtækið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum fjárfestingarfyrirtækisins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í fjárfestingarfyrirtækinu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort fjárfestingarfyrirtækið getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar tiltekið tilskipun 2002/87/EB (4)* og 2006/49/EB (5)*, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB (6)*, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

Með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar er framkvæmdastjórninni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr., heimilt að samþykkja framkvæmdaráðstafanir til að aðlaga viðmiðanirnar sem settar eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggi haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, séu ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 3. mgr. 10. gr. Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku og lagaðar að því. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli varðandi varfærnismatið.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sama fjárfestingarfyrirtæki skal, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. a, meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

(*) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8. 1992, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2007/44/EB.

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

4)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

5)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201).

6)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11. 2005, bls. 15).“

4. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/68/EB

Tilskipun 2005/68/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar j-lið 1. mgr., í tengslum við 12. gr. og 19.–23. gr. og annars konar eignarhlutdeild, sem um getur í 19.–23. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttarins, sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB (*), svo og skilyrða um samlagningu eignarhluta, sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

2. í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Yfirtökur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (hér á eftir nefndir fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í endurtryggingafélagi eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í endurtrygg-

ingafélagi svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að endurtryggingafélagið yrði dótturfélag hans (hér á eftir nefnd fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki endurtryggingafélagsins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 19. gr. a. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

2.Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem og frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 19. gr. a (hér á eftir nefnt matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr. a (hér á eftir nefnt matið).

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

3.Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

4.Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipun 85/611/EBE (*), 92/49/EBE, 2002/83/EB, 2004/39/EB eða 2006/48/EB (**).

5. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

6. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

7. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

8. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

(*) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.“

3. eftirfarandi grein bætist við:

„19. gr. a

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr., og upplýsingunum, sem um getur í 3. mgr. 19. gr., skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun endurtryggingafélagsins, sem fyrirhugað er að yfirtaka, og,

að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á endurtryggingafélagið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum endurtryggingafélagsins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagsleg trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í endurtryggingafélaginu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort endurtryggingafélagið getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar tiltekið tilskipun 98/78/EB og 2002/87/EB, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB (6)*, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

2.Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggi haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, séu ófullnægjandi.

3.Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4.Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 19. gr. Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku og lagaðar að því. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli varðandi varfærnismatið.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sama endurtryggingafélagi skal, með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. 19. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).“

4. í stað 20. gr. komi eftirfarandi:

„20. gr.

Yfirtökur af hálfu eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja

1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánnastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi 2. liðar 1. gr. a í tilskipun 85/611/EBE (hér á eftir nefnt rekstrarfélag verðbréfasjóðs) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð, eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hver öðrum allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem

veitt hefur endurtryggingafélaginu, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert“.

5. Í stað annarrar málsgreinar í 21. gr. komi eftirfarandi:

„Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild sína svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að endurtryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

6. eftirfarandi liður bætist við í 56. gr.:

breytingar á viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 19. gr. a, með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/48/EB

Tilskipun 2006/48/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað annarrar undirgreinar í 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar fyrir virka eignarhlutdeild, í tengslum við þessa grein, séu uppfylltar ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB (*), svo og til skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB (**), að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 145, 30.4. 2004, bls. 1).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1)“

2. í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (hér á eftir nefndir fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í lánastofnun eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í lánastofnun svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að lánastofnunin yrði dótturfélag hans (hér á eftir nefnd fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum í ríki lánastofnunarinnar, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða, eins og um getur í 4. mgr. 19. gr. a. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

2. Lögbær yfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem og frá hugsanlegri viðtöku síðar á upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir viðtöku.

Lögbær yfirvöld skulu hafa mest 60 daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 19. gr. a (hér á eftir nefnt matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr. a (hér á eftir nefnt matið).

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

3. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upp-

lýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

4. Lögbær yfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem ekki heyrir undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipunum 85/611/EBE (*), 92/49/EBE (**), 2002/83/EB (***), 2004/39/EB eða 2005/68/EB (4)*.

5. Ákveði lögbær yfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni, að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

6. Andmæli lögbær yfirvöld ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

7. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

8. Aðildarríkin geta ekki gert strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda eða sett strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

(*) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(**) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8. 1992, bls. 1).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

(4)* Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1),Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2007/44/EB.“;

3. eftirfarandi greinar bætist við:

„19. gr. a

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr., og upplýsingunum, sem um getur í 3. mgr. 19. gr., skulu lögbær yfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnunarinnar, sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á lánastofnunina, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum lánastofnunarinnar í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í lánastofnuninni sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort lánastofnunin getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggjast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar tiltekið tilskipun 2000/46/EB, 2002/87/EB og 2006/49/EB, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem hún verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfir-

valda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB (*), eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynd í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

2. Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggi haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, séu ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 19. gr. Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku og lagaðar að því. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli varðandi varfærnismatið.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sömu lánastofnun skal, með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. 19. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

19. gr. b

1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi 2. liðar 1. gr. a í tilskipun 85/611/EBE (hér á eftir nefnt ‚rekstrarfélag verðbréfasjóðs) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, líftryggingafélags, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, líftryggingafélagi, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir því, og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur lánastofnuninni, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).“

4. í stað 20. gr. komi eftirfarandi:

„20. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í lánastofnun, tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum og skýri þeim frá hve stórum hluta í stofnuninni hann hyggst halda eftir. Hluthafeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild sína svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að lánastofnunin hætti að vera dótturfélag hans. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr., beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.“

5. í stað 3. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„3. Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar fyrir virka eignarhlutdeild í tengslum við 19. og 20. gr. og þessa grein séu uppfylltar ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, svo og skilyrða um

samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar um virka eignarhlutdeild, sem um getur í þessari grein, séu uppfylltar, skulu aðildarríki ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa, sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.“

6. í 2. mgr. 150. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„f) breytingar á viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 19. gr. a, með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.“

6. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. mars 2011 og í samráði við aðildarríkin, endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og senda skýrslu þar að lútandi til Evrópuþingsins og ráðsins, ásamt viðeigandi tillögum að breytingum.

7. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 21. mars 2009. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Gildistaka

1. Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Matsmeðferð vegna fyrirhugaðra yfirtaka, sem tilkynntar hafa verið lögbærum yfirvöldum, skv. 1. gr. (2. mgr.), 2. gr. (2. mgr.), 3. gr. (2. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) og 5. gr. (2. mgr.), áður en nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari taka gildi, skal fara fram í samræmi við gildandi landslög aðildarríkjanna á þeim tíma þegar tilkynning er send.

9. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 5. september 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	M. LOBO ANTUNES
forseti.	*forseti.*

707. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE.

Innan Evrópu hafa gilt mismunandi ráðstafanir varðandi rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem æskilegt þótti að samræma í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið. Að auki þótti rétt að gera ráðstafanir til að samræma kröfur varðandi innihald þungmálma og merkingar þessara vara til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og koma í veg fyrir að samkeppni raskist innan svæðisins. Af þessum sökum þótti tilefni til setningar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, en í henni er að finna ákvæði sem setja fram reglur og viðmið sem ætlað er að ná þessum markmiðum.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Efni gerðarinnar.

Meginmarkmið tilskipunar 2006/66/EB er að draga úr neikvæðum áhrifum rafhlaðna og rafgeyma og notaðra rafgeyma og rafhlaðna á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda,

varðveita og bæta gæði umhverfisins. Í henni er kveðið á um markaðssetningu rafhlaðna og rafgeyma. Settar eru fram reglur um bann við markaðssetningu þeirra þegar umræddar vörur innihalda ákveðin hættuleg efni. Einnig eru settar fram sérstakar reglur um söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til að bæta viðeigandi löggjöf um úrgang og stuðla að söfnun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Undir tilskipunina falla allar gerðir rafhlaðna og rafgeyma, einnig þær sem tilskipanir 2000/53/EB (úr sér gengin ökutæki) og 2002/96/EB (raftækjaúrgangur) ná yfir.

Á grundvelli tilskipunarinnar er lagt bann við því að markaðssetja rafhlöður eða rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005% kvikasilfur. Litlar færanlegar rafhlöður eða rafgeymar sem ekki eru notuð í iðnaði eða bílum mega ekki innihalda meira kadmíum en sem nemur 0,002% af þyngd. Í ákveðnum tilvikum er þó heimilt að víkja frá þessum reglum.

Aðildarríki skulu hvetja til flokkunar og söfnunar á notuðum rafhlöðum og rafgeymum. Söfnunarstaðir fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma skulu vera til staðar þannig að almenningur geti, sér að kostnaðarlausu, fargað þeim á þægilegan hátt. Dreifingaraðilum færanlegra rafhlaðna og rafgeyma skal gert að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum, um leið og ný(r) rafhlaða/rafgeymir er afhent(ur) nema önnur söfnunarkerfi séu til staðar sem nái markmiðum tilskipunarinnar. Til að koma fyrirkomulagi söfnunar í framkvæmd er aðildarríki heimilt að krefjast þess að framleiðendur setji upp slík kerfi, að krefjast þess að aðrir rekstraraðilar taki þátt í slíkum kerfum eða að viðhalda núverandi kerfi.

Framleiðendum eða þriðju aðilum fyrir þeirra hönd er óheimilt að neita að taka við notuðum iðnaðarrafhlöðum og iðnaðarrafgeymum frá notendum. Óháðum þriðju aðilum er einnig heimilt að taka við iðnaðarrafhlöðum og iðnaðarrafgeymum. Söfnun á notuðum rafhlöðum og rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki skal fara fram á grundvelli reglna um úrvinnslu ökutækja.

Aðildarríkjum er heimilt að nota fjárhagsleg stjórntæki til að stuðla að því að notuðum rafhlöðum og rafgeymum sé safnað og hvetja til notkunar á minna mengandi rafhlöðum eða rafgeymum.

Aðildarríki skulu reikna út söfnunarhlutfall færanlegra notaðra rafhlaðna og rafgeyma í fyrsta sinn fyrir fimmta heila almanaksárið eftir gildistöku tilskipunarinnar. Frá og með 26. september 2012 skal lágmarkssöfnunarhlutfall, miðað við sölutölur síðustu þriggja ára, vera 25% en hækka í 45% frá og með 26. september 2016. Aðildarríki skulu fylgjast með að söfnunarhlutfalli sé náð og útreikningar á því skulu fara fram í samræmi við kerfi sem sett er fram í I. viðauka við tilskipunina. Skýrslum um söfnunarhlutfall skal skila til framkvæmdastjórnarinnar árlega eftir að útreikningar hefjast.

Framleiðendum skal gert að hanna tæki þannig að auðvelt sé að fjarlægja úr þeim notaðar rafhlöður og rafgeyma og að þeim fylgi leiðbeiningar um hvernig best sé að fjarlægja rafhlöðurnar og rafgeymana á öruggan hátt. Eigi síðar en 26. september 2009 skulu framleiðendur eða þriðju aðilar setja upp kerfi þar sem besta fáanlega tækni er notuð við meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma. Skilyrði um lágmarksmeðhöndlun eru listuð í A-hluta III. viðauka við tilskipunina. Ef rekin eru sameiginleg söfnunarkerfi fyrir notaðar rafhlöður, rafgeyma og raf- og rafeindabúnaðarúrgang skal fjarlægja rafhlöður eða rafgeyma úr raf- og rafeindabúnaðarúrganginum. Að auki skal banna að notuðum rafhlöðum og rafgeymum fyrir iðnað eða vélknúin ökutæki verði fargað á urðunarstöðvum eða með brennslu.

Heimilt verður að flytja notaðar rafhlöður og rafgeyma úr landi til meðhöndlunar og endurvinnslu að því tilskildu að slíkt samræmist reglum um meðhöndlun og flutning úrgangs milli landa og ákvæðum tilskipunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd standi straum af þeim kostnaði sem felst í söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma, iðnaðarrafhlaðna og iðnaðarrafgeyma sem og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki.

Ríki skulu halda skrá yfir framleiðendur, en nánari útfærsla á skráningu verður unnin af nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar skv. 24. gr. tilskipunarinnar. Sérákvæði munu gilda fyrir litla framleiðendur.

Aðildarríki skal sjá til þess að almenningur sé ítarlega upplýstur um hættuleg efni í rafhlöðum og rafgeymum. Að auki skal veita almenningi upplýsingar og leiðbeiningar um ávinning flokkunar, söfnunar og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Tryggja skal að allar rafhlöður og rafgeymar séu merkt á viðeigandi hátt með tákni sem sýnt er í II. viðauka við tilskipunina, sbr. núverandi merkingarreglur.

Aðildarríki skulu, á þriggja ára fresti, senda skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar til framkvæmdastjórnarinnar og skal fyrsta skýrslan ná yfir tímabilið til 26. september 2012.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, en í þeim er kveðið á um meðhöndlun, endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Að auki eru ráðgerðar reglugerðarbreytingar til nánari útfærslu einstakra ákvæða.

Lagafrumvarp til breytinga á framangreindum lögunum verður lagt fram af umhverfisráðherra á komandi vorþingi. Verði frumvarpið að lögum munu framangreind lög innihalda ákvæði um framleiðendaábyrgð, þ.e. um skyldu framleiðenda til að fjármagna söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma, greiðslu úrvinnslugjalds af rafhlöðum, um uppsetningu framleiðenda á sérstökum söfnunarstöðum sem eingöngu taka við færanlegum rafhlöðum og rafgeymum án þess þó að sérstakra starfsleyfa sé þörf. Að auki munu þau kveða á um að framleiðendum eða þriðju aðilum fyrir þeirra hönd verði gert skylt að taka við notuðum rafgeymum og rafhlöðum frá iðnaði og úr vélknúnum ökutækjum auk þess sem dreifingaraðilum verði gert skylt að taka við þeim þegar ný rafhlaða eða rafgeymir er afhent(ur). Einnig munu bætast við þau ákvæði sem fela í sér reglur um skráningu á framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma.

Auk framangreindra lagabreytinga leiðir af tilskipuninni að setja þarf nýja reglugerð um rafhlöður og rafgeyma í stað núgildandi reglugerðar um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum, nr. 946/1999, sem sett er með stoð í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Að auki þarf að gera breytingar á reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, og reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003, sem settar eru með stoð í lögum nr. 7/1998 og lögum nr. 55/2003. Það þarf að gera í þeim tilgangi að setja strangari kröfur um hámarksinnihald þungmálma í öllum rafhlöðum og rafgeymum. Í þeim þarf einnig að kveða á um flokkun og söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma, notkun hagrænna hvata við söfnun, skráningu framleiðenda og aukna upplýsingagjöf til almennings. Einnig þarf að kveða á um hvernig tilhögun færanlegra notaðra rafhlaðna og rafgeyma skuli háttað þannig að söfnunarmarkmið náist auk þess sem kveða þarf á um að framleiðendum verði gert að fjármagna söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma og fjarlægingu þeirra úr raftækjum og hlutum fyrir meðhöndlun. Í reglugerð þarf einnig að setja ákvæði um leiðbeiningar sem skulu fylgja með raftækjum sem í eru rafhlöður og rafgeymar auk leiðbeininga um það hvernig best sé að fjar-

lægja þau úr tækjunum. Að auki þarf að tilgreina bann við förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma úr iðnaði og vélknúnum ökutækjum. Ef stuðst verður við núverandi kerfi þarf einnig að breyta reglugerð nr. 1124/2005, um úrvinnslugjald, sem sett var með stoð í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

Áhrifa innleiðingar tilskipunarinnar mun fyrst og fremst gæta hjá framleiðendum eða þriðju aðilum fyrir þeirra hönd vegna kostnaðar við söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma. Að auki mun áhrifa gæta hjá Umhverfisstofnun hvað varðar skráningu framleiðenda og leiðbeiningar og upplýsingagjöf til almennings þannig að markmið tilskipunarinnar náist auk þeirrar vinnu sem felst í skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd og útreikning á söfnunarhlutfalli.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 141/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2007 frá 28. september 2007 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE ([2]), ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 58.

3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/66/EB fellur úr gildi, frá 26. september 2008 að telja, tilskipun ráðsins 91/157/EBE ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samning-inn og ber því að fella hana úr samningnum frá 26. september 2008 að telja.

([1]) Stjtíð. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 29, og EES-viðbætir nr. 9, 21.2.2008, bls. 24.
([2]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12w (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 850/2004):

„12x. **32006 L 0066**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 58.“

2. Brott falli, frá 26. september 2008 að telja, texti 11. liðar (tilskipun ráðsins 91/157/EBE).

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/66/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 58, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/66/EB

frá 6. september 2006

um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr og 1. mgr. 95. gr. að því er varðar 4., 6. og 21. gr. þessarar tilskipunar,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 22. júní 2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Æskilegt er að samræma landsbundnar ráðstafanir varðandi rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma. Helsta markmið þessarar tilskipunar er að draga úr neikvæðum áhrifum rafhlaðna og rafgeyma og notaðra rafgeyma og rafhlaðna á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins. Ákvæði 1. mgr. 175. gr. sáttmálans er því lagagrundvöllur hennar. Einnig þykir rétt að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins á grundvelli 1. mgr. 95. gr. sáttmálans til að samræma kröfur varðandi innihald þungmálma og merkingar rafhlaðna og rafgeyma og tryggja þannig snurðulausa starfsemi innri markaðarins og koma í veg fyrir að samkeppni raskist innan Bandalagsins.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um endurskoðun á áætlun Bandalagsins varðandi meðhöndlun úrgangs eru settar viðmiðunarreglur um framtíðarstefnu Bandalagsins meðhöndlun úrgangs. Í orðsendingunni er lögð áhersla á nauðsyn þess að draga úr magni hættulegra efna í úrgangi og bent á hugsanlegan ávinning þess að koma á reglum sem gilda alls staðar í Bandalaginu og miða að því að halda í lágmarki innihaldi slíkra efna í framleiðsluvörum og framleiðsluferlinu. Einnig kemur fram að þegar ekki er hægt að komast hjá því að úrgangur myndist skuli endurvinna úrganginn eða endurnýta efnivið hans eða orku.

3) Í ályktun ráðsins frá 25. janúar 1988 um aðgerðaráætlun Bandalagsins gegn umhverfismengun af völdum kadmíums ([5]) er lögð áhersla á að takmarka notkun kadmíums við tilvik þar sem aðrir hentugir og öruggir kostir eru ekki í boði og söfnun og endurvinnsla rafhlaðna, sem innihalda kadmíum, er mikilvægur þáttur í aðgerðum gegn kadmíummengun í þágu heilsu- og umhverfisverndar.

4) Tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin, hættuleg efni ([6]) hefur leitt til samræmingar á lögum aðildarríkjanna á þessu sviði. Markmiðin með þeirri tilskipun hafa þó ekki náðst til fulls. Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002

([1]) Stjtíð. ESB C 96, 21.4.2004, bls. 29.
([2]) Stjtíð. ESB C 117, 30.4.2004, bls. 5.
([3]) Stjtíð. ESB C 121, 30.4.2004, bls. 35.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 354), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júlí 2005 (Stjtíð. ESB C 264 E, 25.10.2005, bls. 1) and afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 4. júlí 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 18. júlí 2006.

([5]) Stjtíð. EB C 30, 4.2.1988, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/101/EB (Stjtíð. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1).

um sjöttu aðgerðaráætlun Bandalagsins ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([2]) er einnig lögð áhersla á nauðsyn þess að endurskoða tilskipun 91/157/EBE. Til glöggvunar ber því að endurskoða og skipta út tilskipun 91/157/EBE.

5) Til að umhverfismarkmið þessarar tilskipunar náist er bannað að setja á markað tilteknar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda kvikasilfur eða kadmíum. Í tilskipuninni er jafnframt hvatt til mikillar söfnunar og endurvinnslu rafhlaðna og rafgeyma og aukinnar umhverfisvitundar allra rekstraraðila sem koma að málum á endingartíma rafhlaðna og rafgeyma, t.d. framleiðenda, dreifingaraðila og notenda og einkum þeirra rekstraraðila sem koma á beinan hátt að meðhöndlun og endurvinnslu rafhlaðna og rafgeyma. Þær sértæku reglur, sem eru nauðsynlegar í þessum tilgangi, eru viðbót við gildandi löggjöf Bandalagsins um úrgang, einkum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([3]), tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([5]).

6) Til að koma í veg fyrir að notuðum rafhlöðum og rafgeymum sé fleygt á þann hátt að þau mengi umhverfið og til að forðast það að notendur ruglist á mismunandi kröfum um meðhöndlun úrgangs fyrir mismunandi rafhlöður og rafgeyma skal þessi tilskipun gilda um allar rafhlöður og rafgeyma sem sett eru á markað í Bandalaginu. Svo vítt gildissvið tryggir einnig stærðarhagkvæmni söfnunar og endurvinnslu og auk þess er ekki gengið á auðlindir meira en nauðsyn krefur.

7) Áreiðanlegar rafhlöður og rafgeymar eru nauðsynlegar fyrir öryggi margra framleiðsluvara, búnaðar og þjónustustarfsemi og eru mikilvægir orkugjafar í þjóðfélagi okkar.

8) Rétt þykir að greina á milli færanlegra rafhlaðna og rafgeyma annars vegar og iðnaðarrafhlaðna og -rafgeyma og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki hins vegar. Bannað skal vera að farga iðnaðarrafhlöðum og -rafgeymum og rafhlöðum og rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki á urðunarstöðum eða með brennslu.

9) Dæmi um iðnaðarrafhlöður og -rafgeyma eru rafhlöður og rafgeymar sem notuð eru sem neyðaraflgjafar eða varaaflgjafar á sjúkrahúsum, flugvöllum eða skrifstofum, rafhlöður og rafgeymar sem eru notuð í lestum eða flugvélum og rafhlöður eða rafgeymar sem notuð eru á olíuborpöllum á hafi úti eða í vitum. Til þessa flokkast einnig rafhlöður og rafgeymar sem eru eingöngu ætluð fyrir handstýrðar greiðsluvélar í verslunum og veitingahúsum, strikamerkjaskanna í verslunum, myndflutningstæki fyrir sjónvarpsrásir og myndver til nota í atvinnuskyni, ljós fyrir námuverkamenn og kafara sem fest eru á námu- og kafarahjálma fagmanna, vararafhlöður og -rafgeymar fyrir rafknúnar hurðir til að koma í veg fyrir að fólk festist eða klemmist, rafhlöður og rafgeymar sem notuð eru í tæki eða í ýmsar tegundir mælitækja og tækjabúnaðar og rafhlöður og rafgeymar sem notuð eru í tengslum við sólarrafhlöðuplötur, sólarhlöður og annan tækjabúnað sem gengur fyrir endurnýjanlegri orku. Undir iðnaðarrafhlöður og -rafgeyma falla einnig rafhlöður og rafgeymar sem notuð eru í rafknúnum ökutækjum, t.d. rafknúnum bifreiðum, hjólastólum, reiðhjólum, flugvallarökutækjum og sjálfvirkum þjörkum til færslu og flutninga. Auk þess sem tilgreint er í þessari skrá, sem ekki er tæmandi, teljast rafhlöður og rafgeymar, sem ekki eru innsigluð og eru ekki notuð til að knýja ökutæki, vera til notkunar í iðnaði.

10) Dæmi um færanlegar rafhlöður og rafgeyma, sem eru alveg innsigluð, og rafgeyma, sem venjulegt fólk getur borið í hendi án erfiðleika og eru hvorki rafhlöður eða rafgeymar, sem notuð eru til að knýja ökutæki né iðnaðarrafhlöður og -rafgeymar, eru rafhlöður með einu hlaði, (t.d. AA- og AAA-rafhlöður) og rafhlöður og rafgeymar, sem neytendur eða fagmenn nota í farsímum, fartölvum, vélknúnum, snúrulausum handverkfærum, leikföngum og heimilistækjum, t.d. rafknúnum tannburstum, rakvélum og handryksugum (einnig í svipuðum búnaði sem notaður er í skólum, verslunum, veitingahúsum, flugvöllum, skrifstofum eða sjúkrahúsum), og aðrar rafhlöður eða raf-

---

([1]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/108/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106).
([3]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.
([4]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

geymar sem neytendur geta notað við venjuleg heimilisstörf.

11) Framkvæmdastjórnin skal meta hvort þörf er á að laga þessa tilskipun að fyrirliggjandi vísinda- og tækniþekkingu. Einkum skal framkvæmdastjórnin endurskoða undanþágur frá kadmíumbanni sem kveðið er á um varðandi færanlegar rafhlöður og rafgeyma sem ætluð eru til notkunar í vélknúnum, snúrulausum handverkfærum. Dæmi um vélknúin, snúrulaus handverkfæri eru verkfæri sem neytendur og fagmenn nota til að renna, sverfa, slípa, fínpússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, hamra, hnoða, skrúfa eða fægja eða svipuð vinnsla timburs, málma eða annarra efna, auk tækja til sláttar, klippingar eða annarrar garðvinnu.

12) Framkvæmdastjórnin skal einnig vakta tækniframfarir sem bæta vistvænleika rafhlaðna og rafgeyma allan endingartíma þeirra, m.a. með þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS), og aðildarríkin skulu styðja slíkar framfarir.

13) Til að vernda umhverfið skal safna notuðum rafhlöðum og rafgeymum. Koma skal á laggirnar söfnunarkerfum sem safna sem mestu af færanlegum rafhlöðum og rafgeymum. Þetta merkir að setja skal söfnunarkerfin þannig upp að notendurnir geti fargað öllum notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum á þægilegan hátt og án endurgjalds. Viðeigandi er að hafa mismunandi söfnunarkerfi og haga fjármögnun á mismunandi hátt fyrir hinar ýmsu tegundir rafhlaðna og rafgeyma.

14) Æskilegt er að aðildarríkin nái háu söfnunar- og endurvinnsluhlutfalli fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma í þeim tilgangi að ná fram víðtækri umhverfisvernd og endurnýtingu efniviðar í gervöllu Bandalaginu. Í þessari tilskipun skal því setja markmið um lágmarkssöfnun og -endurvinnslu í aðildarríkjunum. Rétt þykir að reikna út söfnunarhlutfallið á grundvelli árlegrar meðalsölu undanfarinna ára svo að öll aðildarríkin geti sett fram samanburðarhæf markmið sem eru í hlutfalli við notkun rafhlaðna og rafgeyma á landsvísu.

15) Sértækum endurvinnslukröfum skal komið á fyrir kadmíum- og blýrafhlöður og kadmíum- og blýrafgeyma til að unnt sé að ná mikilli endurheimt í gervöllu Bandalaginu og til að koma í veg fyrir misræmi milli aðildarríkja.

16) Allir hagsmunaaðilar skulu geta verið aðilar að söfnunar-, meðhöndlunar- og endurvinnslukerfum. Kerfin skulu hönnuð þannig að þau feli hvorki í sér mismunun gagnvart innfluttum rafhlöðum eða rafgeymum, viðskiptahindranir né röskun á samkeppni.

17) Lögð skal áhersla á söfnunar- og endurvinnslukerfin, einkum í þeim tilgangi að lágmarka kostnað og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna flutninga. Í meðhöndlunar- og endurvinnslukerfunum skal nota bestu, fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]). Skilgreiningin á endurvinnslu tekur ekki til endurnýtingar orku. Hugtakið endurnýting orku er skilgreint í öðrum gerningum Bandalagsins.

18) Hægt er að safna rafhlöðum og rafgeymum hverjum um sig í tengslum við landsbundin söfnunarkerfi rafhlaðna eða með raf- og rafeindabúnaðarúrgangi í tengslum við landsbundin söfnunarkerfi sem komið er á fót á grundvelli tilskipunar 2002/96/EB. Í síðara tilvikinu skal að lágmarki vera skylt að fjarlægja rafhlöður og rafgeyma frá raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem safnað hefur verið. Þegar rafhlöður og rafgeymar hafa verið fjarlægð úr raf- og rafeindabúnaðarúrganginum falla þau undir kröfur þessarar tilskipunar, sem merkir að heimilt er að reikna þau með í söfnunarmarkmiðinu og þau þurfa að uppfylla endurvinnslukröfurnar.

19) Grundvallarreglur um það hvernig meðhöndlun á notuðum rafhlöðum og rafgeymum skuli fjármögnuð skulu settar á vettvangi Bandalagsins. Tilhögun fjármögnunar skal stuðla að háu söfnunar- og endurvinnsluhlutfalli og framfylgja meginreglunni um ábyrgð framleiðenda. Skrá skal alla framleiðendur samkvæmt skilgreiningu þessarar tilskipunar. Framleiðendur skulu fjármagna kostnaðinn við að safna, meðhöndla og endurvinna allar rafhlöður og rafgeyma sem safnað er, að frádregnum hagnaði af sölu endurheimts efniviðar. Við tilteknar kringumstæður má hins vegar réttlæta beitingu minniháttarreglna (de minimis rule) gagnvart litlum framleiðendum.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

20) Til að söfnunin verði árangursrík er nauðsynlegt að upplýsa notendur um þörfina á aðskilinni söfnun, um tiltæk söfnunarkerfi og hlutverk notenda við meðhöndlun notaðra rafhlaðna og rafgeyma. Útfæra skal nánara fyrirkomulag á merkingarkerfi sem veitir notendum gagnsæjar, traustar og skýrar upplýsingar um rafhlöður og rafgeyma og alla þungmálma sem þau innihalda.

21) Ef aðildarríkin nota efnahagsleg stjórntæki, t.d. mismunandi gjaldflokka, til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar og einkum til að uppfylla sérstök söfnunar- og endurvinnsluhlutföll skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

22) Áreiðanleg og sambærileg gögn um magn rafhlaðna og rafgeyma, sem sett er á markað, er safnað og endurunnið eru nauðsynleg til þess að hafa eftirlit með hvort markmið þessarar tilskipunar hafi náðst.

23) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

24) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamnings um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana um lögleiðingu þeirra.

25) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

26) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar svo vel sé, nánar tiltekið að vernda umhverfið og tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, og að auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

27) Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis-, gæða- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ([3]) og tilskipun 2002/96/EB.

28) Að því er varðar ábyrgð framleiðenda eru framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma og framleiðendur annarra vara, sem innihalda rafhlöðu eða rafgeymi, ábyrgir fyrir meðhöndlun úrgangs úr rafhlöðum og rafgeymum sem þeir setja á markað. Sveigjanleg tilhögun er viðeigandi til að fjármögnunarkerfi geti tekið tillit til mismunandi, landsbundinna aðstæðna og haft til hliðsjónar kerfi sem þegar eru til, einkum þau kerfi sem komið er á fót til að uppfylla skilyrði tilskipana 2000/53/EB og 2002/96/EB, en jafnframt skal komast hjá tvöfaldri gjaldtöku.

29) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([4]) gildir ekki um rafhlöður og rafgeyma sem notuð eru í raf- og rafeindabúnaði.

30) Rafhlöður og rafgeymar til nota í vélknúnum ökutækjum og iðnaðarrafhlöður og -rafgeymar skulu uppfylla kröfurnar í tilskipun 2000/53/EB, einkum 4. gr. hennar. Því skal banna notkun kadmíums í iðnaðarrafhlöðum og -rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki nema þau falli undir undanþágu á grundvelli II. viðauka við þá tilskipun.

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([3]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2005/673/EB (Stjtíð. ESB L 254, 30.9.2005, bls. 69).

([4]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/310/EB (Stjtíð. ESB L 115, 28.4.2006, bls. 38).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak

Í þessari tilskipun eru fastsettar:

1) reglur um setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað og einkum bann við því að setja á markað rafhlöður og rafgeyma sem innihalda hættuleg efni og

2) sérstakar reglur um söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til að bæta viðeigandi löggjöf Bandalagsins um úrgang og stuðla að mikilli söfnun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Markmiðið er að bæta vistvænleika rafhlaðna og rafgeyma og atferli allra rekstraraðila sem koma að málum á endingartíma rafhlaðna og rafgeyma, t.d. framleiðenda, dreifingaraðila og notenda og einkum þeirra rekstraraðila sem koma á beinan hátt að meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um allar tegundir rafhlaðna og rafgeyma, án tillits til lögunar þeirra, rúmmáls, þyngdar, efnissamsetningar eða notkunar. Hún gildir með fyrirvara um tilskipanir 2000/53/EB og 2002/96/EB.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um rafhlöður og rafgeyma sem notuð eru í:

a) búnað sem tengist vernd grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, vopn, skotfæri og hergögn, að undanskildum vörum sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til nota í hernaðarlegum tilgangi,

b) búnað sem er ætlaður til sendingar út í geim.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafhlaða“ eða „rafgeymir“: sérhver uppspretta raforku sem fæst við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði (primary cell) eða fleiri (ekki endurhlaðanlegum) eða einu endurhlaði (secondary cell) eða fleiri (endurhlaðanlegum),

2) „rafhlöðupakki“: sérhver samstæða af rafhlöðum eða rafgeymum sem eru tengd saman og/eða lokuð inni í ytra byrði og mynda fullbúna einingu sem notandanum er ekki ætlað að skipta eða opna,

3) „færanleg rafhlaða eða rafgeymir“: sérhver rafhlaða, hnapparafhlaða, rafhlöðupakki eða rafgeymir sem:

   a) eru innsigluð og

   b) unnt er að bera í hendi og

   c) er hvorki iðnaðarrafhlaða né -rafgeymir né rafhlaða eða rafgeymir fyrir vélknúin ökutæki,

4) „hnapparafhlaða“: sérhver lítil, kringlótt, færanleg rafhlaða eða rafgeymir sem er meiri um sig að þvermáli en hæð og sem er notuð í sérstökum tilgangi, t.d. í heyrnartæki, úr, lítil ferðatæki og sem varaorka,

5) „rafhlaða eða rafgeymir fyrir vélknúin ökutæki“: sérhver rafhlaða eða rafgeymir sem notað er til að ræsa vél, til lýsingar eða sem kveikjubúnaður,

6) „iðnaðarrafhlaða eða -rafgeymir“: sérhver rafhlaða eða rafgeymir sem er eingöngu ætlaður til notkunar í iðnaði eða til faglegrar notkunar eða sem notaður er í allar tegundir rafknúinna ökutækja,

7) „notuð rafhlaða eða rafgeymir“: sérhver rafhlaða eða rafgeymir sem flokkast undir úrgang í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

8) „endurvinnsla“: það að efni eru unnin á ný innan framleiðsluferlis úrgangsefna í sama tilgangi og þau voru upphaflega unnin eða í öðrum tilgangi, að undanskilinni endurnýtingu orku,

9) „förgun“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB,

10) „meðhöndlun“: öll starfsemi í tengslum við notaðar rafhlöður og rafgeyma eftir að komið hefur verið með þau til stöðvar til flokkunar, undirbúnings fyrir endurvinnslu eða undirbúnings fyrir förgun,

11) „tæki“: allur raf- og rafeindabúnaður eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2002/96/EB sem er knúinn eða knýja má að öllu leyti eða að hluta með rafhlöðum eða rafgeymum,

12) „framleiðandi“: aðili í aðildarríki sem setur, óháð sölutækni sem notuð er, þ.m.t. notkun fjarsamskiptamiðla eins og þeir eru skilgreindir í tilskip-

un Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]), rafhlöður eða rafgeyma, þ.m.t. þau sem eru hluti af tækjabúnaði eða ökutækjum, á markað í fyrsta skipti í atvinnuskyni innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis,

13) „dreifingaraðili“: sá sem í atvinnuskyni sér notanda fyrir rafhlöðum og rafgeymum,

14) „setning á markað“: það að sjá þriðja aðila innan Bandalagsins fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds, þ.m.t. innflutningur á tollsvæði Bandalagsins,

15) „rekstraraðilar“: allir sem sjá um framleiðslu, dreifingu, söfnun eða endurvinnslu eða þeir sem annast annars konar meðhöndlun,

16) „vélknúið, snúrulaust handverkfæri“: sérhvert handverkfæri sem er knúið með rafhlöðu eða rafgeymi og er ætlað til viðhalds-, smíða- eða garðvinnu,

17) „söfnunarhlutfall“: hundraðshlutinn, fyrir tiltekið aðildarríki á tilteknu almanaksári, sem fæst með því að deila þyngd færanlegra, notaðra rafhlaðna og rafgeyma, sem safnað er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar eða tilskipun 2002/96/EB á því almanaksári, í meðalþyngd færanlegra rafhlaðna og rafgeyma sem framleiðendur selja annaðhvort beint til notenda eða afhenda þriðju aðilum í þeim tilgangi að selja notendum í því aðildarríki á því almanaksári og næstliðnum tveimur almanaksárum.

4. gr.

Bönn

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/53/EB skulu aðildarríkin banna að setja á markað:

a) allar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, hvort sem þau eru hluti af tækjum eða ekki, og

b) færanlegar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,002% af kadmíumi miðað við þyngd, að meðtöldum þeim sem eru hluti af tækjum.

2. Bannið, sem sett er fram í a-lið 1. mgr., gildir ekki um hnapparafhlöður sem innihalda ekki meira en 2% af kvikasilfri miðað við þyngd.

3. Bannið, sem sett er fram í b-lið 1. mgr., gildir ekki um færanlegar rafhlöður eða rafgeyma sem ætluð eru til nota í:

a) neyðar- og viðvörunarkerfi, að meðtöldum neyðarlýsingum,

b) lækningabúnað eða

c) vélknúin, snúrulaus handverkfæri.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða undanþágurnar sem um getur í c-lið 3. mgr. og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 26. september 2010, ásamt viðeigandi tillögum, eftir því sem við á, með bannið á kadmíumi í rafhlöðum og rafgeymum í huga.

5. gr.

Aukinn vistvænleiki

Aðildarríkjum, sem hafa framleiðendur á yfirráðasvæði sínu, ber að stuðla að rannsóknum og hvetja til betri heildarárangurs varðandi vistvænleika rafhlaðna og rafgeyma allan endingartíma þeirra og þróunar og markaðssetningu rafhlaðna og rafgeyma sem innihalda minna magn af hættulegum efnum eða sem innihalda minna af mengandi efnum, einkum sem staðgönguefni fyrir króm, kadmíum og blý.

6. gr.

Setning á markað

1. Aðildarríkjunum er óheimilt, á grundvelli ástæðna sem fjallað er um í þessari tilskipun, að hindra, banna eða takmarka á yfirráðasvæði sínu setningu rafhlaðna og rafgeyma, sem uppfylla kröfur tilskipunarinnar, á markað.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rafhlöður og rafgeymar, sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar, séu ekki sett á markað eða að þau séu tekin af markaði.

7. gr.

Meginmarkmið

Aðildarríkin skulu, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa vegna flutninga, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hámarka aðskilda söfnun á notuðum rafhlöðum og rafgeymum og halda því í lágmarki að rafhlöðum og rafgeymum sé fargað með blönduðu, óflokkuðu húsasorpi í þeim tilgangi að ná mikilli endurvinnslu allra notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/29/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

8. gr.

Söfnunarkerfi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi söfnunarkerfi séu tiltæk fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma. Slík kerfi:

a) skulu gera notendum kleift að fleygja notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum á aðgengilegri söfnunarstöð í grenndinni, að teknu tilliti til þéttleika byggðar,

b) skulu krefja dreifingaraðila um að taka aftur við notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum án endurgjalds ef þeir selja slíkar rafhlöður og rafgeyma, nema mat leiði í ljós að önnur tiltæk kerfi séu a.m.k. jafn árangursrík við að ná umhverfismarkmiðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu birta slíkt mat opinberlega,

c) skulu hvorki fela í sér neitt gjald af hálfu notenda þegar þeir fleygja notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum né neina skyldu til að kaupa nýja rafhlöðu eða rafgeymi,

d) má reka í tengslum við kerfin sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/96/EB. Söfnunarstöðvar, sem komið er á til að uppfylla a-lið þessarar málsgreinar, skulu ekki falla undir kröfurnar um skráningu eða leyfi í tilskipun 2006/12/EB eða tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([1]).

2. Aðildarríkjunum er heimilt, að því tilskildu að kerfin uppfylli þær viðmiðanir sem skráðar eru í 1. mgr.:

a) að krefjast þess að framleiðendur setji upp slík kerfi,

b) að krefjast þess að aðrir rekstraraðilar taki þátt í slíkum kerfum,

c) að viðhalda núverandi kerfum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur iðnaðarrafhlaðna og -rafgeyma, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, neiti ekki að taka við notuðum iðnaðarrafhlöðum og -rafgeymum frá notendum, án tillits til efnasamsetningar þeirra eða uppruna. Óháðum þriðju aðilum er einnig heimilt að safna iðnaðarrafhlöðum og -rafgeymum.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki, eða þriðju aðilar, komi á kerfum til söfnunar á notuðum rafhlöðum og rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki frá notendum eða frá aðgengilegri söfnunarstöð í nágrenni þeirra ef þeim er ekki safnað samkvæmt kerfunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2000/53/EB. Þegar um er að ræða rafhlöður og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki sem koma frá vélknúnum ökutækjum sem eru í einkaeigu og eru ekki notuð í atvinnuskyni skulu slík kerfi hvorki fela í sér gjald af hálfu notenda þegar þeir fleygja notuðum rafhlöðum eða rafgeymum né skyldu til að kaupa nýja rafhlöðu eða rafgeymi.

9. gr.

Fjárhagsleg stjórntæki

Aðildarríkjunum er heimilt að nota fjárhagsleg stjórntæki til að stuðla að því að notuðum rafhlöðum og rafgeymum sé safnað eða til að stuðla að notkun rafhlaðna og rafgeyma sem innihalda efni sem menga minna, t.d. með því að taka upp mismunandi gjaldflokka. Ef þau gera það skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem varða framkvæmd þeirra gerninga.

10. gr.

Söfnunarmarkmið

1. Aðildarríkin skulu reikna út söfnunarhlutfallið í fyrsta skipti fyrir fimmta heila almanaksárið eftir gildistöku þessarar tilskipunar. Með fyrirvara um tilskipun 2002/96/EB skulu rafhlöður og rafgeymar, sem eru hluti af tækjum, falla undir tölur um söfnun og sölu.

2. Aðildarríkin skulu að lágmarki ná eftirfarandi söfnunarhlutfalli:

a) 25% eigi síðar en 26. september 2012,

b) 45% eigi síðar en 26. september 2016.

3. Aðildarríkin skulu fylgjast með söfnunarhlutföllum á ársgrundvelli samkvæmt kerfinu sem sett er fram í I. viðauka. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ([2]) skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslur innan sex mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig nauðsynlegra gagna til að reikna söfnunarhlutfallið var aflað.

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 166/2006.

([2]) Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 783/2005 (Stjtíð. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 38).

4. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.:

a) er heimilt að mæla fyrir um bráðabirgðafyrirkomulag til að takast á við vanda sem aðildarríki stendur frammi fyrir við að uppfylla kröfurnar í 2. mgr. vegna sérstakra aðstæðna innan þess ríkis,

b) skal koma á sameiginlegri aðferð til að reikna út árlega sölu færanlegra rafhlaðna og rafgeyma til notenda eigi síðar en 26. september 2007.

11. gr.

Fjarlæging notaðra rafhlaðna og rafgeyma

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur hanni tæki þannig að auðvelt sé að fjarlægja úr þeim notaðar rafhlöður og rafgeyma. Tækjum, sem rafhlöður og rafgeymar eru hluti af, skulu fylgja leiðbeiningar um hvernig fjarlægja megi rafhlöðurnar og rafgeymana á öruggan hátt og, eftir því sem við á, upplýsa notendur um tegund þeirra. Þessi ákvæði gilda ekki ef stöðug rafmagnstenging er nauðsynleg með tilliti til öryggis, afkastagetu, læknisfræðilegra þátta eða heilleika gagna og hún krefst órofinnar tengingar milli tækisins og rafhlöðunnar eða rafgeymisins.

12. gr.

Meðhöndlun og endurvinnsla

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, eigi síðar en 26. september 2009:

a) að framleiðendur eða þriðju aðilar setji upp kerfi þar sem besta, fáanlega tækni með tilliti til verndar heilbrigðis og umhverfis er notuð til að meðhöndla og endurvinna notaðar rafhlöður og rafgeyma og

b) að allar rafhlöður og rafgeymar, sem er safnað í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar eða við tilskipun 2002/96/EB, fari til meðhöndlunar og endurvinnslu samkvæmt kerfum sem samræmast að lágmarki löggjöf Bandalagsins, einkum að því er varðar heilbrigði, öryggi og meðhöndlun úrgangs.

Aðildarríkjunum er þó heimilt, í samræmi við sáttmálann, að farga færanlegum rafhlöðum og rafgeymum, sem hefur verið safnað og innihalda kadmíum, kvikasilfur eða blý, á urðunarstöðum eða koma þeim fyrir í neðanjarðargeymslum ef ekki er völ á heppilegum lokamörkuðum (end market).

Aðildarríkjunum er einnig heimilt, í samræmi við sáttmálann, að farga færanlegum rafhlöðum og rafgeymum, sem hefur verið safnað og innihalda kadmíum, kvikasilfur eða blý, á urðunarstöðum eða koma þeim fyrir í neðanjarðargeymslum sem hluta af áætlun um að leggja af í áföngum notkun þungmálma komi í ljós, á grundvelli ítarlegs mats á umhverfistengdum, efnahagslegum og félagslegum áhrifum, að þessi förgunarkostur er betri en endurvinnsla. Aðildarríkjunum ber að birta þetta mat opinberlega og tilkynna framkvæmdastjórninni drög að ráðstöfunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]).

2. Meðhöndlunin skal uppfylla lágmarkskröfurnar í A-hluta III. viðauka.

3. Ef rafhlöðum og rafgeymum er safnað með raf- og rafeindabúnaðarúrgangi á grundvelli tilskipunar 2002/96/EB skal taka rafhlöður og rafgeyma úr raf- og rafeindabúnaðarúrganginum sem safnað hefur verið.

4. Endurvinnsluferlin skulu, eigi síðar en 26. september 2010, uppfylla ákvæði um endurvinnslunýtni og tengd ákvæði sem eru tilgreind í B-hluta III. viðauka.

5. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um hvaða endurvinnslustigi hefur verið náð á viðkomandi almanaksári og hvort þeirri nýtni sem um getur í B-hluta III. viðauka hefur verið náð. Þau skulu leggja upplýsingarnar fyrir framkvæmdastjórnina innan sex mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs.

6. Heimilt er að aðlaga III. viðauka eða bæta við hann til að taka tillit til framfara í tækni og vísindum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Einkum og sér í lagi:

a) skal bæta við ítarlegum reglum varðandi útreikninga á endurvinnslunýtni eigi síðar en 26. mars 2010 og

b) skal meta lökustu endurvinnslunýtnina reglulega og laga hana að bestu, fáanlegu tækni og í ljósi þróunarinnar sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.

7. Áður en framkvæmdastjórnin leggur til breytingar á III. viðauka skal hún hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum framleiðendur, endurvinnsluaðila, þá sem koma að meðhöndlun, um-

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

hverfissamtök, neytendasamtök og starfsmannasamtök. Hún skal upplýsa nefndina sem um getur í 1. mgr. 24. gr. um niðurstöður þessa samráðs.

13. gr.

Ný tækni við endurvinnslu

1. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar á nýrri tækni við endurvinnslu og meðhöndlun og stuðla að rannsóknum á aðferðum sem eru umhverfisvænar og kostnaðarhagkvæmar fyrir allar tegundir rafhlaðna og rafgeyma.

2. Aðildarríkin skulu hvetja meðhöndlunarstöðvar til að koma á fót vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ([1]).

14. gr.

Förgun

Aðildarríkin skulu banna að notuðum iðnaðarrafhlöðum og -rafgeymum og rafhlöðum og rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki sé fargað á urðunarstöðvum eða með brennslu. Þó er heimilt að farga leifum rafhlaðna og rafgeyma, sem hafa bæði verið meðhöndluð og endurunnin í samræmi við 1. mgr. 12. gr., á urðunarstöðum eða með brennslu.

15. gr.

Útflutningur

1. Meðhöndlun og endurvinnsla getur átt sér stað utan viðkomandi aðildarríkis eða utan Bandalagsins, að því tilskildu að flutningur notaðra rafhlaðna og rafgeyma sé í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([2]).

2. Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem eru flutt út úr Bandalaginu í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1420/1999 frá 29. apríl 1999 um sameiginlegar reglur og málsmeðferð við flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ([3]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1547/1999 frá 12. júlí 1999 um eftirlitsaðferðir samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 sem gilda um flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa, sem lokagerð ákvörðunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), C(92)39, gildir ekki um ([4]), skulu því aðeins teljast uppfylla skyldur og ákvæði um nýtni, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa tilskipun, að áreiðanlegar sannanir séu fyrir því að endurvinnslan hafi farið fram við aðstæður sem svara til krafnanna í þessari tilskipun.

3. Mæla skal fyrir um nákvæma framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 24. gr.

16. gr.

Fjármögnun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, standi undir hreinum kostnaði sem hlýst af:

a) söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu allra notaðra rafhlaðna og rafgeyma sem er safnað í samræmi við 1. og 2. mgr. 8. gr. og

b) söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu allra notaðra iðnaðarrafhlaðna og -rafgeyma og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki sem er safnað í samræmi við 3. og 4. mgr. 8. gr.

2. Við framkvæmd 1. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma, sem safnað er samkvæmt kerfum sem komið er á í samræmi við tilskipun 2000/53/EB eða tilskipun 2002/96/EB, verði ekki fyrir tvöfaldri gjaldtöku.

3. Aðildarríkin skulu skuldbinda framleiðendur, eða þriðju aðila fyrir þeirra hönd, til að standa undir hreinum kostnaði sem hlýst af upplýsingaherferðum um söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu allra notaðra, færanlegra rafhlaðna og rafgeyma.

4. Við sölu á nýjum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum skal ekki upplýsa notendur sérstaklega um kostnað við söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu þeirra.

([1]) Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 196/2006 (Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 4).

([2]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 166, 1.7.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 105/2005 (Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 9).

([4]) Stjtíð. EB L 185, 17.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 105/2005.

5. Framleiðendur og notendur iðnaðarrafhlaðna og -rafgeyma og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki geta samið um aðrar fjármögnunarleiðir en þær sem um getur í 1. mgr.

6. Þessi grein gildir um allar notaðar rafhlöður og rafgeyma, án tillits til þess hvaða dag þau voru sett á markað.

17. gr.

Skráning

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sérhver framleiðandi sé skráður. Skráning skal háð sömu kröfum um málsmeðferð í hverju aðildarríki. Slíkar kröfur um skráningu skulu settar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

18. gr.

Smærri framleiðendur

1. Aðildarríkin geta veitt framleiðendum, sem setja mjög lítið magn af rafhlöðum og rafgeymum á innanlandsmarkað miðað við stærð markaðarins í viðkomandi ríki, undanþágu frá kröfunum í 1. mgr. 16. gr. með því skilyrði að það hindri ekki eðlilega starfsemi söfnunar- og endurvinnslukerfanna sem sett eru upp á grundvelli 8. og 12. gr.

2. Aðildarríkin skulu birta drög að slíkum ráðstöfunum opinberlega, svo og rökin fyrir því að leggja þær til og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum á vettvangi nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 24. gr.

3. Framkvæmdastjórnin samþykkir eða hafnar drögunum að ráðstöfunum innan sex mánaða frá því að þau eru tilkynnt eins og um getur í 2. mgr. er hún hefur gengið úr skugga um að þau séu í samræmi við sjónarmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. og feli ekki í sér handahófskennda mismunun eða duldar hömlur á viðskipti milli aðildarríkjanna. Liggi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ekki fyrir áður en þessu tímabili lýkur skal líta svo á að drögin að ráðstöfununum hafi verið samþykkt.

19. gr.

Þátttaka

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir rekstraraðilar og öll opinber, lögbær yfirvöld geti tekið þátt í þeim söfnunar-, meðhöndlunar- og endurvinnslukerfum sem um getur í 8. og 12. gr.

2. Þessi kerfi gilda einnig um rafhlöður og rafgeyma sem eru flutt inn frá þriðju löndum við skilyrði án mismununar og skulu hönnuð þannig að þau feli ekki í sér viðskiptahindranir eða röskun á samkeppni.

20. gr.

Upplýsingar til notenda

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, einkum með upplýsingaherferðum, að notendur séu ítarlega upplýstir um:

a) hugsanleg áhrif efnanna, sem notuð eru í rafhlöður og rafgeyma, á umhverfið og heilbrigði manna,

b) að æskilegt sé að farga ekki notuðum rafhlöðum og rafgeymum með óflokkuðu húsasorpi og að taka þátt í því að safna þeim sérstaklega svo að auðvelda megi meðhöndlun og endurvinnslu,

c) söfnunar- og endurvinnslukerfi sem þeir hafa aðgang að,

d) hlutverk sitt í að stuðla að endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma,

e) merkingu táknsins af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum sem sýnt er í II. viðauka og efnatáknanna Hg, Cd og Pb.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að rekstraraðilar leggi fram, að hluta til eða að öllu leyti, upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

3. Ef aðildarríkin krefjast þess að dreifingaraðilar taki við notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum skv. 8. gr. skulu þau sjá til þess að dreifingaraðilarnir upplýsi notendur um að hægt sé að koma notuðum rafhlöðum og rafgeymum til förgunar á sölustöðum þeirra.

21. gr.

Merking

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rafhlöður, rafgeymar og rafhlöðupakkar séu öll merkt á viðeigandi hátt með tákninu sem sýnt er í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að afkastageta allra færanlegra rafhlaðna og rafgeyma og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki sé tilgreind á sýnilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt eigi síðar en 26. september 2009. Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar kröfu, þ.m.t. um samræmdar aðferðir til að ákvarða afkastagetu og heppilega notkun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr. og eigi síðar en 26. mars 2009.

3. Rafhlöður, rafgeymar og hnapparafhlöður, sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri, meira en 0,002% af kadmíumi eða meira en 0,004% af blýi, skulu merktar með efnatákninu fyrir viðkomandi málm: Hg, Cd eða Pb. Táknið, sem tilgreinir innihald þungmálmsins, skal prentað fyrir neðan táknið sem sýnt er í II. viðauka og skal þekja flöt sem er a.m.k. fjórðungurinn af stærð þess tákns.

4. Táknið, sem sýnt er í II. viðauka, skal þekja a.m.k. 3% af yfirborði stærstu hliðar rafhlöðunnar, rafgeymisins eða rafhlöðupakkans en vera að hámarki 5 × 5 cm. Ef um er að ræða sívala rafhlöðu skal táknið þekja a.m.k. 1,5% af yfirborðsfleti rafhlöðunnar eða rafgeymisins og ekki vera stærra en 5 × 5 cm.

5. Ef stærð rafhlöðunnar, rafgeymisins eða rafhlöðupakkans er slík að táknið myndi verða minna en 0,5 × 0,5 cm þarf ekki að merkja rafhlöðuna, rafgeyminn eða rafhlöðupakkann en tákn, sem er a.m.k. 1 × 1 cm að stærð, skal prentað á umbúðirnar.

6. Táknin skal prenta þannig að þau séu vel sýnileg, læsileg og óafmáanleg.

7. Heimila má undanþágur frá kröfum um merkingar í þessari grein í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

22. gr.

Landsbundnar framkvæmdaskýrslur

1. Aðildarríkin skulu, á þriggja ára fresti, senda skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar til framkvæmdastjórnarinnar. Fyrsta skýrslan skal þó spanna tímabilið til 26. september 2012.

2. Skýrslurnar skulu samdar á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem ákveðið er í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr 24. gr. Senda ber aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið sex mánuðum áður en fyrsta tímabilið hefst sem skýrslan á að taka til.

3. Aðildarríkin skulu einnig gefa skýrslu um allar ráðstafanir sem þau gera til að hvetja til þróunar sem skiptir máli fyrir áhrif sem rafhlöður og rafgeymar hafa á umhverfið, einkum um:

a) þróun, þ.m.t. ráðstafanir sem framleiðendur gera að eigin frumkvæði til að draga úr magni þungmálma og annarra hættulegra efna sem rafhlöður og rafgeymar innihalda,

b) nýja tækni við endurvinnslu og meðhöndlun,

c) þátttöku rekstraraðila í umhverfisstjórnunarkerfum,

d) rannsóknir á þessum sviðum og

e) ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

4. Skýrslan skal vera aðgengileg framkvæmdastjórninni eigi síðar en níu mánuðum eftir lok þriggja ára tímabilsins sem um ræðir og fyrsta skýrslan þá eigi síðar en 26. júní 2013.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og um áhrif þessarar tilskipunar á umhverfið og á starfsemi innri markaðarins eigi síðar en níu mánuðum eftir að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni í samræmi við 4. mgr.

23. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar og áhrif þessarar tilskipunar á umhverfið og á starfsemi innri markaðarins eftir að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni í annað sinn í samræmi við 4. mgr. 22. gr.

2. Í annarri skýrslunni, sem framkvæmdastjórnin birtir í samræmi við 5. mgr. 22. gr., skal vera mat á eftirfarandi þáttum í þessari tilskipun:

a) á því hvort frekari áhættustjórnunarráðstafanir fyrir rafhlöður og rafgeyma sem innihalda þungmálma séu viðeigandi,

b) á því hvort lágmarksmarkmið fyrir söfnun allra notaðra rafhlaðna og rafgeyma, sem sett eru fram í 2. mgr. 10. gr,. séu viðeigandi og hvort mögulegt sé að setja frekari markmið fyrir komandi ár með hliðsjón af tækniþróun og fenginni reynslu í aðildarríkjunum,

c) á því hvort lágmarkskröfur um endurvinnslu, sem settar eru fram í B-hluta III. viðauka, séu viðeigandi með hliðsjón af upplýsingum sem aðildarríkin veita, tækniþróun og fenginni reynslu í aðildarríkjunum.

3. Tillögur um endurskoðun á tengdum ákvæðum þessarar tilskipunar skulu fylgja með skýrslunni ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót skv. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með

hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

25. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn landsbundnum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir fyrir 26. september 2008 og skulu gera henni tafarlaust grein fyrir hvers kyns breytingum sem gerðar eru síðar á þeim.

26. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. september 2008. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði allra gildandi laga og stjórnsýslufyrirmæla sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

27. gr.

Frjálsir samningar

1. Aðildarríkjunum er heimilt að taka upp ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 8., 15. og 20. gr., með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra rekstraraðila sem um er að ræða, að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru fram í þessari tilskipun, hafi náðst. Þessir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þeir skulu vera framfylgjanlegir,

b) í þeim verður að tilgreina markmið ásamt samsvarandi tímamörkum,

c) þeir skulu birtir í stjórnartíðindum hvers ríkis eða í opinberu skjali sem almenningur hefur sama aðgang að og þeir skulu sendir framkvæmdastjórninni.

2. Regluleg vöktun skal vera með þeim niðurstöðum sem fást, gefa skal lögbærum yfirvöldum og framkvæmdastjórninni skýrslu um þær og þeim skal komið á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í samningnum.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að fram fari athugun á þeim framförum sem verða vegna samningsins.

4. Ef ekki er staðið við samninginn skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

28. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 91/157/EBE er felld úr gildi frá og með 26. september 2008. Líta ber á tilvísun í tilskipun 91/157/EBE sem tilvísun í þessa tilskipun.

29. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

30. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. september 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	P. LEHTOMÄKI
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ ÞVÍ HVERSU VEL TEKST AÐ NÁ SÖFNUNARMARKMIÐUM SKV. 10. GR.

Ár	Gagnasöfnun		Útreikningar	Skýrslugjafarskylda
X (*)+1	Sala á 1. ári S1)			
X+2	Sala á 2. ári (S2)	—	—	
X+3	Sala á 3. ári (S3)	Söfnun á 3. ári (C3)	Söfnunarhlutfall (CR3) = 3*C3/(S1 + S2 + S3)	
X+4	Sala á 4. ári (S4)	Söfnun á 4. ári (C4)	Söfnunarhlutfall (CR4) = 3*C4/(S2 + S3 + S4) (Söfnunarmarkmið: 25 %.)	
X+5	Sala á 5. ári (S5)	Söfnun á 5. ári (C5)	Söfnunarhlutfall (CR5) = 3*C5/(S3 + S4 + S5)	CR4
X+6	Sala á 6. ári (S6)	Söfnun á 6. ári (C6)	Söfnunarhlutfall (CR6) = 3*C6/(S4 + S5 + S6)	CR5
X+7	Sala á 7. ári (S7)	Söfnun á 7. ári (C7)	Söfnunarhlutfall (CR7) = 3*C7/(S5 + S6 + S7)	CR6
X+8	Sala á 8. ári (S8)	Söfnun á 8. ári (C8)	Söfnunarhlutfall (CR8) = 3*C8/(S6 + S7 + S8) (Söfnunarmarkmið: 45 %.)	CR7
X+9	Sala á 9. ári (S9)	Söfnun á 9. ári (C9)	Söfnunarhlutfall (CR9) = 3*C9/(S7 + S8 + S9)	CR8
X+10	Sala á 10. ári (S10)	Söfnun á 10. ári (C10)	Söfnunarhlutfall (CR10) = 3*C10/(S8 + S9 + S10)	CR9
X+11	O.s.frv.	O.s.frv.	O.s.frv.	CR10
O.s.frv.				

(*) Ár X er árið sem dagsetningin, sem getið er um í 26. gr., fellur á.

II. VIÐAUKI

TÁKN FYRIR SÉRSTAKA SÖFNUN RAFHLAÐNA, RAFGEYMA OG RAFHLÖÐUPAKKA

Táknið sem gefur til kynna „aðskilda söfnun“ allra rafhlaðna og rafgeyma skal vera mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum eins og sýnt er hér á eftir:

III. VIÐAUKI

NÁKVÆMAR KRÖFUR UM MEÐHÖNDLUN OG ENDURVINNSLU

A-HLUTI: MEÐHÖNDLUN

1. Meðhöndlunin skal að lágmarki fela í sér fjarlægingu allra vökva og sýra.
2. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla, á meðhöndlunarstöðvum skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld eða í viðeigandi gámum.

B-HLUTI: ENDURVINNSLA

3. Endurvinnsluferli skulu ná að lágmarki fram eftirfarandi endurvinnslunýtni:
   a) endurvinnslu á 65% af meðalþyngd blýrafhlaðna og blýrafgeyma, þ.m.t. svo mikilli endurvinnslu á blýinnihaldi sem framast er tæknilega gerlegt án þess að því fylgi óhóflegur kostnaður,
   b) endurvinnslu á 75% af meðalþyngd nikkelkadmíumrafhlaðna og -rafgeyma, þ.m.t. svo mikilli endurvinnslu á kadmíuminnihaldi sem framast er tæknilega gerlegt án þess að því fylgi óhóflegur kostnaður og
   c) endurvinnslu á 50% af meðalþyngd annarra notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

708. Svar [328. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um rétt einhleypra kvenna til að fá gjafaegg.

Fyrirspurn er svohljóðandi:

Hver er réttur einhleypra kvenna með skerta frjósemi til að fá gjafaegg samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996?

Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, með síðari breytingum, er ekki heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafrjóvgun einhleyprar konu.

Frumvarp um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun þess efnis að einhleypum konum með skerta frjósemi verði heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafrjóvgun er nú í undirbúningi og gert er ráð fyrir að það verði lagt fram á vorþingi.

709. Svar [327. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um jöklabréf og gjaldeyrishöft.

1. *Hafa gjaldeyrishöft komið í veg fyrir greiðslur úr landi vegna jöklabréfa sem eru komin á gjalddaga?*

Já, andvirði jöklabréfa sem fallið hafa á gjalddaga liggur nú að miklu leyti inni á krónureikningum í erlendum bönkum eða er bundið í innlendum skammtímabréfum. Höftin koma í veg fyrir að hægt sé að skipta andvirði þessara eigna í erlendan gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði.

2. *Hvernig er eftirliti með þessum málum háttað?*

Seðlabankinn hefur komið upp gjaldeyriseftirliti sem starfar sem sjálfstæð eining innan bankans og heyrir beint undir seðlabankastjóra. Gjaldeyriseftirlitið starfar náið með öðrum sviðum bankans. Hefur það verið eflt mjög að undanförnu um leið og fyrstu skrefin í þá átt að leysa höftin eru undirbúin. Frumskoðun á meintum brotum fer fram á vegum gjaldeyriseftirlitsins, en komi fram rökstuddur grunur um saknæmt athæfi er málið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu sem tekur ákvörðun um hvort málið verður kært til lögreglu eða stjórnvaldssektum beitt.

3. *Hvaða áhrif er talið að það muni hafa þegar dregið verður úr gjaldeyrishöftum?*

Áformað er að draga úr höftunum í áföngum með það að leiðarljósi að áhrifin af hverju skrefi verið sem minnst. Hversu fljótt eða hratt verður óhætt að afnema höftin ræðst m.a. af aðstæðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og framvindu efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

4. *Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir því að leysa málefni tengd jöklabréfum þannig að hægt verði að losa um gjaldeyrishöftin?*

Það eru raunar engin mál útistandandi varðandi svokölluð jöklabréf, þ.e. skuldabréf sem gefin voru út erlendis af erlendum aðilum og að mestu leyti seld erlendum fjárfestum. Fyrrnefndar innstæður erlendra aðila eru hins vegar afsprengi útgáfu svokallaðra jöklabréfa. Í áætlun Seðlabankans um afnám haftanna, sem birt var sl. sumar, er gert ráð fyrir því að hömlum verði aflétt fyrst á ákveðnum flokkum langtímaskuldabréfa. Gera má ráð fyrir að innan tíðar verði ákveðnir flokkar langtímaskuldabréfa að mestu leyti komnir í eigu innlendra fagfjárfesta eða erlendra langtímafjárfesta (nýfjárfesting hefur nú þegar verið heimiluð). Að því gefnu að Icesave-deilan verði til lykta leidd og þar af leiðandi nægur gjaldeyrisforði til staðar ætti því að vera hægt að leysa höft af fjármagnshreyfingum tengdum viðskiptum með langtímaskuldabréf tiltölulega fljótlega. Næstu skref þar á eftir munu ráðast af því hvernig til tekst um fyrsta skrefið, en gert er ráð fyrir að eigendum skammtímafjármagns (sem líklega eru í mörgum tilvikum fyrrverandi eigendur jöklabréfa) verði að lokum boðið að skipta á krónubréfum og skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum í útboði.

5. *Eru viðurlög við því að koma andvirði bréfanna úr landi?*

Viðurlög við broti á reglum um gjaldeyrismál eru sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Þannig getur Fjármálaeftirlitið ákveðið sektir vegna brota einstaklinga frá 10.000 kr. til

20.000.000 kr., og vegna brota lögaðila frá 50.000 kr. til 75.000.000 kr. Þá er jafnframt heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál.

710. Álit fjárlaganefndar [399. mál]

á ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2008.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2008 og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig.

Skýrslan er í senn starfsskýrsla til þingsins og samantekt á upplýsingum um þau mál sem stofnunin hefur fjallað um á árinu 2008 og telur rétt að kynna.

Ríkisendurskoðun endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur annast stofnunin eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun er sjálfstæð og óháð stofnun sem starfar í umboði Alþingis. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Eins og ársskýrslan ber með sér eru viðfangsefnin fjölbreytt. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu virkra vinnustunda eftir viðfangsefnum.

Hlutfall virkra vinnustunda

	2008
Fjárhagsendurskoðun	45,0
Stjórnsýsluendurskoðun	16,0
Innri endurskoðun	8,0
Úttektir á upplýsingakerfum	6,0
Önnur verkefni	9,0
Yfirstjórn, rekstur og stoðþjónusta	16,0
	100,0

Undir önnur verkefni falla eftirlit með framkvæmd fjárlaga, lögfræðilegar álitsgerðir, eftirlit með fjárreiðum sjálfseignarstofnana og eftirlit með fjárreiðum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Þá hafði stofnun nýrra banka í eigu ríkisins í för með sér ný verkefni fyrir stofnunina, en þar sem hún hafði ekki yfir að ráða þeirri sérfræðiþekkingu sem þarf til að endurskoða viðskiptabanka var ákveðið að bjóða út það verkefni. Engu að síður áritar stofnunin stofnefnahagsreikninga og fyrsta ársreikning nýju bankanna og mun fylgjast með endurskoðuninni sem kaupandi þjónustunnar.

Einnig hefur Ríkisendurskoðun hrint af stað átaksverkefnum til að efla enn frekar eftirlit með framkvæmd fjárlaga, virkni innra eftirlits, framkvæmd sparnaðaraðgerða og til að meta áhrif skertra fjárveitinga á gæði og magn þjónustu sem ríkisaðilar veita. Þar sem reynslan hefur sýnt að almennt er meiri hætta á fjármálamisferli á tímum efnahagsþrenginga hefur stofnunin sent forstöðumönnum ríkisstofnana bréf og hvatt þá til að kynna sér þessi mál.

Hjá stofnuninni voru unnin 47,5 ársverk og er það svipaður fjöldi og árið áður. Fjöldi virkra vinnustunda við endurskoðunar- og eftirlitsstörf var svipaður og árið áður. Mestur tími

fór í að endurskoða og hafa eftirlit með fjárlagaliðum sem heyra undir fjármálaráðuneytið (um 25%), menntamálaráðuneytið (14%), heilbrigðisráðuneytið (13%) og dómsmálaráðuneytið (11%).

Afköst fjárhagsendurskoðunar hafa verið metin út frá fjölda áritaðra ársreikninga og fjölda endurskoðunarbréfa og skilvirknin metin með því að deila fjölda virkra vinnustunda með samanlögðum fjöldanum. Á milli áranna 2008 og 2007 fækkaði árituðum reikningum og endurskoðunarbréfum. Skilvirknin jókst á sama tíma. Ríkisendurskoðun hefur leitast við að meta árangur stjórnsýsluendurskoðunar með því að kanna viðbrögð stjórnvalda og stofnana við ábendingum sem fram koma í skýrslum. Að teknu tilliti til fyrirvara um að áhöld geta verið um hvort eða að hve miklu leyti farið hefur verið eftir ábendingum þá telur stofnunin að um 90% þeirra hafi verið framkvæmdar, að fullu eða að hluta til, þremur árum eftir að ábendingar voru settar fram. Til að meta árangur innri endurskoðunar kannar Ríkisendurskoðun hvernig stofnanir bregðast við ábendingum skýrslna. Árangurinn var metinn 65% árið 2008.

Á síðasta ári gengu í gildi ný lög um endurskoðendur, 79/2008, sem eiga rætur sínar að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins. Í þeim er hert á lögboðnum kröfum sem gerðar eru til endurskoðenda og munu lögin hafa áhrif á fjárhagsendurskoðun Ríkisendurskoðunar.

Á árinu varð 30 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar og nemur uppsafnaður tekjuafgangur, sem eru ónotaðar fjárheimildir, 75,4 m.kr. Er það um 16,1% af framlagi á fjárlögum ársins. Helsta skýringin á góðri afkomu er sú að ekki var ráðið í laus störf fyrr en undir haust.

Hjá stofnuninni var lokið við nýja starfsáætlun á fyrri helmingi ársins 2009 sem gildir fyrir tímabilið 2009–2011.

Fjárlaganefnd telur mikilvægt að lagt verði mat á hvort Ríkisendurskoðun sé í stakk búin til að takast á við ný verkefni sem tengjast hruninu. Ríkisendurskoðun þarf að vera reiðubúin til að leggja ítarlegt mat á þær stofnanir sem mest mæddi á í aðdraganda hrunsins. Starfsskýrslan vekur spurningar um hvort stofnunin hefur lagt réttar áherslur í verkefnum sínum við þessar erfiðu aðstæður og hvort Alþingi fyrir atbeina forsætisnefndar ætti að hafa virkara frumkvæði varðandi verkefni Ríkisendurskoðunar.

Það er mikilvægt fyrir fjárlaganefnd og þingmenn að fá með skýrslu sem þessari innsýn í eftirlitsstarfsemi Ríkisendurskoðunar, en slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að styrkja það sjálfstæða eftirlitshlutverk sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Alþingi setti snemma árs 2008 reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar og er í þeim gert ráð fyrir að þær séu sendar viðeigandi fagnefndum þingsins til umfjöllunar. Síðan þá hefur stofnunin gefið út um 10 skýrslur, en aðeins um helmingur þeirra hefur verið kynntur í þingnefnd. Fjárlaganefnd tekur undir það mat ríkisendurskoðanda að skýrslur Ríkisendurskoðunar mundu nýtast þinginu betur við eftirlit þess með framkvæmdarvaldinu ef ávallt

væri fjallað skipulega um þær í nefndum. Þá er það mat nefndarinnar að eðlilegt sé að hún komi til með að fjalla um mun fleiri skýrslur Ríkisendurskoðurnar en nú er.

Alþingi 16. febrúar 2010.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Kristján Þór Júlíusson.
Oddný G. Harðardóttir.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Þór Saari, með fyrirvara.	Þuríður Backman.

711. Fyrirspurn [400. mál]

til fjármálaráðherra um skuldameðferð og skuldastöðu sjávarútvegsfyrirtækja í íslenskum bönkum.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hvaða verklagsreglur eru eða hafa verið viðhafðar við mat á yfirfærslu skulda sjávarútvegsfyrirtækja úr gömlu bönkunum í þá nýju?
2. Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið afskrifuð eftir bankahrunið og ef svo er, í hve miklum mæli?
3. Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið og ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða og til hve langs tíma?
4. Hve mikið af skuldum útgerðarfyrirtækja varð eftir í þrotabúum gömlu bankanna þriggja, sundurliðað eftir bönkum?
5. Hve stór hluti skulda útgerðarfyrirtækja fluttist yfir í nýju bankana þrjá, sundurliðað eftir bönkum?

Skriflegt svar óskast.

712. Svar [368. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Erlu Óskar Ásgeirsdóttur um fríverslunarviðræður.

1. *Hver er staða fríverslunarviðræðna milli Íslands og Kína og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?*

Fríverslunarviðræður á milli Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Fjórar samningalotur hafa verið haldnar, sú fyrsta í apríl 2007, önnur í júní 2007, þriðja í október 2007 og sú fjórða í apríl 2008.

Í viðræðunum hefur komið fram að talsvert ber enn á milli samningsaðila á nokkrum sviðum, t.d. hvað varðar markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir, þjónustuviðskipti og aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Bæði ríkin hafa lagt fram tilboð á sviði vöruviðskipta. Í tilboði Íslands er boðin niðurfelling tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum, svo og lækkun eða niðurfelling tolla á tilteknum landbúnaðarvörum. Tilboð Kína felur í sér niðurfellingu tolla á vörum að undanskildum nokkrum vörutegundum. Þá hefur Kína farið fram á fimm eða tíu ára aðlögunartíma á niðurfellingu tolla af tilteknum vörutegundum, m.a. á tilteknum sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru hér á landi. Íslenska samninganefndin hefur sótt fast að fá Kína til að falla frá kröfu sinni um aðlögunartíma en án árangurs. Af Íslands hálfu hefur verið lögð rík áhersla á niðurfellingu allra tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru á Íslandi þegar við gildistöku samningsins.

Bæði ríkin hafa enn fremur gert kröfur og lagt fram tilboð á sviði þjónustuviðskipta, en þar ber enn nokkuð á milli samningsaðila. Af hálfu Kína hafa verið gerðar kröfur um tímabundinn aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Á þessu stigi máls er erfitt að segja til um hvenær samningaviðræðunum lýkur. Frá síðustu samningalotu árið 2008 hefur ekki fengist samþykki Kína fyrir að hefja næstu lotu.

2. *Hver er staða fríverslunarviðræðna EFTA við Hong Kong, Perú, Indland, Tæland, Alsír og Úkraínu og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?*

Fríverslunarviðræður við Hong Kong hófust í janúar 2010. Vonast er til að þeim ljúki á þessu ári.

Samningaviðræðum um fríverslunarsamning við Perú er lokið og er unnið að lokafrágangi samningsins. Vonast er til að hann verði undirritaður á næstu mánuðum.

Fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna og Indlands var ýtt úr vör á árinu 2008 og hafa fjórar samningalotur verið haldnar. Ljóst er að viðræðurnar verða tímafrekar og erfitt er að áætla hvenær þeim lýkur.

Samningaviðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tælands hófust árið 2005. Þegar herforingjastjórn tók völdin í Bangok í september 2006 var ákveðið að fresta viðræðum um óákveðinn tíma. Þingkosningar fóru fram í Tælandi í desember 2007 og hafa EFTA-ríkin lýst því yfir að þau séu reiðubúin að hefja viðræður að nýju.

Fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Alsír hófust í nóvember 2007 og hafa fjórar samningalotur verið haldnar. Á þessu stigi máls er erfitt að segja til um hvenær samningaviðræðum lýkur. Erfið mál eru óleyst og samningafundir hafa ekki verið haldnir í rúmt ár.

Fríverslunarviðræður hófust milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu í apríl 2009. Samningafundir hafa gengið vel fyrir sig og stefna ríkin að því að viðræðunum ljúki á fyrri hluta þessa árs.

3. *Ætlar ríkisstjórnin að eiga frumkvæði að slíkum fríverslunarviðræðum eða tvíhliða viðræðum við önnur ríki á þessu ári?*

Á ráðherrafundum EFTA-ríkjanna sem haldnir eru tvisvar á ári eru teknar ákvarðanir um fríverslunarviðræður.

Sameiginlegur starfshópur EFTA-ríkjanna og Rússlands mælti með því árið 2008 að hefja viðræður um fríverslunarsamning. Á ráðherrafundi EFTA í desember 2009 ræddu ráðherrarnir framvindu mála varðandi Rússland og samþykktu að ljúka undirbúningi að samningaviðræðum svo að þær gætu hafist á árinu 2010. Rússland stofnaði tollabandalag með Hvíta-Rússlandi og Kasakstan 1. janúar 2010. EFTA-ríkin og Rússland ræða nú hvaða áhrif tollabandalagið getur haft á framþróun mála.

EFTA-ríkin og Indónesía luku í árslok 2006 sameiginlegri könnun á því hvort hefja ætti fríverslunarviðræður. Niðurstaðan var sú að mæla með gerð fríverslunarsamnings og er vonast til að viðræður hefjist á þessu ári.

Búist er við að EFTA-ríkin og Víetnam hefji á þessu ári sameiginlega hagkvæmnikönnun um gerð fríverslunarsamnings.

Unnið er að gerð sameiginlegra yfirlýsinga um samstarf EFTA-ríkjanna við Malasíu og Panama. Slíkar yfirlýsingar geta í einhverjum tilvikum verið fyrstu skref í átt að samningaviðræðum.

Síðastliðin ár hafa íslensk stjórnvöld lýst yfir áhuga á að gera fríverslunarsamning við Japan og hefur það reglulega verið áréttað gagnvart Japan. Það var síðast gert á tvíhliða fundi ríkjanna 11. febrúar sl.

Á undanförnum árum hefur Ísland lýst yfir áhuga á að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin en möguleiki á gerð slíks samnings hefur verið kannaður ítarlega, fyrst og fremst á vettvangi EFTA. Þar sem ekki náðist að koma á viðræðum milli EFTA-ríkjanna og Bandaríkjanna lýsti Ísland yfir áhuga á gerð tvíhliða samnings. Í kjölfarið kannaði Ísland möguleikann á að gera fríverslunarsamning milli ríkjanna.

Niðurstaða þeirra kannana sem gerðar hafa verið er sú að ekki sé til staðar grundvöllur til að hefja fríverslunarviðræður við Bandaríkin, hvorki á vettvangi EFTA né tvíhliða. Ræður tvennt þar mestu um. Í fyrsta lagi hafa Bandaríkin á undanförnum árum margsinnis gefið til kynna í viðræðum við íslensk stjórnvöld að í ljósi takmarkaðra viðskiptahagsmuna hafi þau ekki áhuga á tvíhliða fríverslunarsamningi við Ísland. Í öðru lagi hafa Bandaríkin gefið skýrt til kynna að forsenda fríverslunarsamnings væri sú að markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur, þ.m.t. viðkvæmar landbúnaðarvörur svo sem kjöt- og mjólkurvörur, yrði bættur mjög verulega frá því sem nú er. Hin skýra afstaða Bandaríkjanna varðandi markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur hefur leitt til þess að ekki hefur verið talið raunhæft af hálfu EFTA-ríkjanna eða Íslands að óska eftir formlegum fríverslunarviðræðum við Bandaríkin.

713. Svar [337. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um þvinganir gegn Ísraelsríki vegna mannréttindabrota í Palestínu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra að nauðsynlegt geti verið að beita Ísraelsríki viðskiptaþvingunum vegna mannréttindabrota í Palestínu og ólöglegrar landtöku Ísraela þar? Hver er skoðun ráðherra á þeirri fullyrðingu að nú sé orðið tímabært að beita slíkum þvingunum?

Viðskiptaþvingunum er einungis beitt þegar önnur úrræði hafa verið fullreynd. Í málefnum Ísraels og Palestínu hafa viðskiptaþvinganir á Ísrael ekki komið til alvarlegrar skoðunar, a.m.k. enn sem komið er, hvorki í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, innan Evrópusambandsins eða í öðrum ríkjahópum sem Ísland á samstarf við. Alþjóðasamfélagið hefur því ekki talið tímabært að beita slíkum þvingunum og hefur Ísland, sem og önnur Norðurlönd, verið því samstiga. Þess í stað hefur meginhersla verið lögð á að endurvekja friðarviðræðurnar og að fá Ísrael til að stöðva landtöku á hernumdu svæðunum á Vesturbakkanum, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem. Íslensk stjórnvöld hafa stutt þessa nálgun og í því samhengi lagt þunga áherslu á skyldu Ísraelsríkis að virða mannréttindi Palestínumanna og uppfylla skyldur sínar sem hernámsaðila samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Þessu hefur verið komið á framfæri bæði tvíhliða við Ísraelsstjórn og einnig í málflutningi á alþjóðavettvangi, m.a. í ræðu utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York síðastliðið haust og á fundum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf. Einnig tók utanríkisráðherra þá ákvörðun í janúar 2009, þá sem starfandi utanríkisráðherra, að afþakka heimsókn þáverandi menntamálaráðherra Ísraels við þær aðstæður að loftárásir ísraelska hersins gengu yfir Gaza-svæðið á sama tíma. Með því undirstrikaði ráðherra harða fordæmingu íslenskra stjórnvalda á óverjandi og óásættanlegum loftárásum Ísraela á Gaza fyrir réttu ári síðan.

Viðskiptaþvinganir eru úrræði sem alþjóðasamfélagið getur beitt gegn einstökum ríkjum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Fjallað er um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir í lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93 frá 12. júní 2008. Þar eru taldar upp þær aðgerðir sem til greina koma, m.a. bann við viðskiptum, fjárfestingum o.fl.

Í málflutningi sínum um málefni Ísrael og Palestínu hefur Ísland lagt áherslu á eftirfarandi:

- Brýnt er að endurvekja friðarferlið og friðarviðræður þurfa að hefjast þegar í stað.
- Kringumstæður krefjast þess að alþjóðasamfélagið taki virkari þátt í friðarferlinu.
- Landtökustefnu Ísraels verður að stöðva. Hún er ólögleg samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum og kemur í veg fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.
- Umsátursástandinu um Gaza verður að aflétta. Mannúðarástandið þar er óþolandi og hóprefsingar, sem eru ólögmætar samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum, eru aldrei réttlætanlegar.
- Aflétta verður takmörkunum á ferðafrelsi, bæði á Gaza og Vesturbakkanum.
- Aðskilnaðarmúrinn svokallaði, sem Ísrael hefur byggt á Vesturbakkanum og er nær að 90% hluta byggður á palestínsku landi, er ólöglegur og torveldar friðarsamninga. Auk þess brýtur múrinn gegn ferðafrelsi Palestínumanna með afdrifaríkum hætti, og hefur afar neikvæð efnahagsleg áhrif.

- Stöðva þarf niðurrif húsa og útburð Palestínumanna frá heimilum sínum á hernumdu svæðunum, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem.
- Gagnrýna ber Ísraelsstjórn fyrir að neita að vinna með rannsóknarnefnd Richards Goldstone, sem mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna setti á fót til að kanna ásakanir um stríðsglæpi í hernaðinum á Gaza í desember 2008 og janúar 2009.

Auk málflutnings á alþjóðavettvangi hafa íslensk stjórnvöld, líkt og önnur Norðurlönd, látið málstað stofnana Sameinuðu þjóðanna á svæðinu sig miklu varða. Má þar sérstaklega nefna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn (UNRWA). Íslenska friðargæslan hefur undanfarin missiri sent sérfræðinga til starfa á hernumdu svæðunum, þ.m.t. Austur-Jerúsalem. Á vegum hennar starfar þar í dag sérfræðingur í alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum við Skrifstofu samþættingar mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum (UN OCHA), sem vinnur með Palestínumönnum sem sæta ofbeldi, ólöglegri eignaupptöku og útburði vegna hernámsins. Framlög sem þessi eru þýðingarmikil, enda starfa slíkir sérfræðingar að því að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og mannúðarlögum og upplýsa alþjóðasamfélagið um brot á þeim.

Brýnt er að alþjóðasamfélagið, ekki síst Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið, beiti sér með virkari hætti í friðarferlinu. Takist ekki að endurvekja friðarviðræðurnar og sýna fram á raunverulegan árangur á næstu missirum er ekki útilokað að alþjóðastofnanir eða ríkjahópar horfi til þess að beita nýjum úrræðum til að knýja fram niðurstöðu í málinu og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og mannúðarlögum.

714. Skýrsla [401. mál]

Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra um velferðarvaktina.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Inngangur

Félags- og tryggingaráðherra skipaði í febrúar 2009 stýrihóp um velferðarvakt í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar sama ár. Stýrihópnum er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Í upphafi voru sextán manns skipaðir í stýrihópinn en honum barst öflugur liðsauki bæði þegar heilbrigðisráðherra óskaði eftir því að landlæknir tæki sæti í hópnum og þegar formaður Jafnréttisráðs og forstjóri Vinnumálastofnunar voru einnig skipaðir í hópinn á síðastliðnu hausti. Í stýrihópnum sitja því nítján manns, þar á meðal fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, hagsmunasamtaka, sveitarfélaga, stofnana og ráðuneyta auk tveggja starfsmanna eða alls 21 einstaklingur. Fylgiskjal I hefur að geyma nöfn þeirra sem eiga sæti í stýrihópnum.

Eitt helsta einkenni stýrihópsins hefur verið öflugt starf vinnuhópa sem fjallað hafa um eftirtalin viðfangsefni: Börn og ungmenni, ungt fólk 15–25 ára, fjármál heimilanna, þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir efnahagshrunið, heilsufar og kreppu, fólk án atvinnu, félagsvísa og grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Á fylgiskjali II má sjá skipurit velferðarvaktarinnar.

Stýrihópurinn hefur sent frá sér tvær áfangaskýrslur sem finna má á vefsvæði vaktarinnar.[1] Þar er einnig að finna skýrslur vinnuhópanna, fundargerðir stýrihópsins auk margs konar fróðleiks og gagnlegra upplýsinga sem meðal annars tengjast afleiðingum kreppunnar.

Í þessari skýrslu eru birtar tillögur stýrihópsins sem hann setti fram í mars, ágúst og nóvember 2009 og tillögur grunnþjónustuhópsins frá desember 2009. Enn fremur er í stuttu máli greint frá starfi vinnuhópanna og helstu verkefnum sem stýrihópurinn hefur ýtt úr vör. Að lokum er fjallað um starfið framundan hjá velferðarvaktinni, meðal annars við að halda til haga upplýsingum um afleiðingar efnahagsástandsins og koma þeim til skila til stjórnvalda og hagsmunaaðila.

Þegar skýrsla þessi er lögð fram er atvinnuleysi 8% miðað við tölur Vinnumálastofnunar[2] fyrir nóvember 2009 eða rúmlega 15.000 manns. Atvinnuleysið er 8,5% hjá körlum á móti 7,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi fór hæst í 9,1% í apríl 2009, fór niður í 7,2% í september sama ár en hefur farið vaxandi síðan, en atvinnuleysi hér á landi var innan við 2% árum saman allt til nóvember 2008. Fjöldi þeirra sem hafa verið án vinnu lengur en sex mánuði er nú um 50% allra á atvinnuleysisskrá. Enn fremur hefur þeim fjölgað verulega sem hafa verið á atvinnuleysisskrá í eitt ár eða lengur og eru nú alls 2.538. Rétt er að benda á að 18% allra atvinnulausra eru á aldrinum 16–24 ára og alls voru tæp 10.000 börn á heimilum þar sem foreldri var atvinnulaust og af þeim voru um 350 börn á heimilum þar sem báðir foreldrar voru án atvinnu í október síðastliðnum (fylgiskjal III). Velferðarvaktin hefur lagt ríka áherslu á að gæta velferðar barna og barnafjölskyldna í hvívetna og er mikilvægt að huga sérstaklega að velferð þessara barna.

Hátt atvinnustig er forsenda þess að vel takist til við úrvinnslu erfiðleikanna sem nú blasa við og mikilvægt að stjórnvöld íhugi fjölbreyttar leiðir til að styðja við atvinnusköpun og atvinnufyrirtæki í rekstri til að vernda störf. Enn fremur er mikilvægt að allra úrræða sé beitt til að tryggja virkni ungs fólks án atvinnu með viðeigandi námstilboðum og fjölbreyttum vinnumarkaðsúrræðum. Samhliða verður að standa vörð um grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga, gæta jafnræðis og meðalhófs við hagræðingu og koma í veg fyrir að hún leiði til aukinna útgjalda á sviðum hins opinbera. Snemma í starfi sínu ákvað velferðarvaktin að hafa eftirfarandi kjörorð:

Hreyfing, næring, svefn og félagsskapur

I. Tillögur velferðarvaktarinnar á árinu 2009

Velferðarvaktin lagði fram tillögur til stjórnvalda í áfangaskýrslum sínum í mars og ágúst 2009. Enn fremur lagði grunnþjónustuhópur vaktarinnar fram tillögur um aðferðir við hagræðingu í skýrslu frá desember síðastliðnum og tillögur í bréfi sínu til félags- og tryggingamálaráðherra dagsettu 1. desember sama ár. Hér á eftir eru þessar tillögur birtar á ný, en margar þeirra hafa þegar komið til framkvæmda og er nánar greint frá framkvæmd þeirra tillagna sem komu í hlut velferðarvaktarinnar í II. kafla þessarar skýrslu.

---

[1] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/

[2] http://vinnumalastofnun.is/files/nov09_1754053980.pdf

I.I Tillögur stýrihóps velferðarvaktarinnar sem lagðar voru fram í mars 2009.[3]

1. Stofnaður verði mótvægissjóður velferðarvaktarinnar og fé varið til:
   a) nauðsynlegra velferðarrannsókna,
   b) samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og samstarfsaðila,
   c) að styðja starfsfólk sem vinnur með þeim sem verst hafa orðið úti í kreppunni,
   d) átaksverkefna fyrir tiltekna hópa sem efnahagsástandið hefur bitnað verst á og
   e) annarra nauðsynlegra verka.
2. Sérfræðingar verði fengnir til að útbúa félagsvísa/félagsbókhald þar sem fylgst verður með ástandinu með reglubundum hætti.
3. Tryggt verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins.
4. Aðstæður ungra barnafjölskyldna verði kannaðar sérstaklega.
5. Að aðgangur barna og barnafjölskyldna að fagfólki sé tryggður og áhersla lögð á fjölskylduvinnu hjá heilsugæslu og félagsþjónustu.
6. Horft verði heildstætt á úrlausnir gagnvart fjárhagsvanda heimilanna og til verði eins konar úrræðakeðja sem miðar að því að:
   a) hjálpa þeim sem eru í mestum vanda,
   b) aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda og
   c) styðja við þá sem enn geta spjarað sig og gætu með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda minnkað greiðslubyrði sína og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.
7. Komið verði á fót einfaldara kerfi fyrir einstaklinga í varanlegum greiðsluvanda til að semja um skuldir sínar.
8. Tryggt verði að versnandi fjárhagur fólks hindri ekki aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustuþega í áhættuhópum, að þjónustustig heilsugæslunnar verði ekki skorið niður og að fylgst verði grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu.
9. Ungu fólki (18–25 ára) í sérstökum aðstæðum verði gert fjárhagslega kleift að stunda nám í framhaldsskóla, að framhaldsskólar taki við öllum nemendum sem sækja um skólavist og tryggt að verknámsnemar geti lokið námi.
10. Tryggð verði áframhaldandi námskeið ásamt náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnulausa með styttri menntun sem fram fer hjá fræðsluaðilum í símenntun og fullorðinsfræðslu.
11. Farið verði af stað með sérstök úrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk sem er að stíga fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Höfðað verði til samfélagslegrar ábyrgðar atvinnulífsins, sérstaklega ríkis og sveitarfélaga, gagnvart því að ráða ungt fólk af atvinnuleysisskrá í afleysingar og sumarstörf.
12. Hugað verði að samræmdum aðgerðum sveitarfélaga, ríkis og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að koma í veg fyrir að atvinnulaust fólk festist í bótakerfinu.
13. Áætlun um endurskoðun almannatrygginga verði hraðað þar sem örorkumatskerfið og fyrirkomulag örorkulífeyris verði skoðað sérstaklega. Einnig verði vinnu við endurskoðun á reglum um hámarkskostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu lokið sem fyrst.
14. Gott samstarf Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins verði byggt upp.

---

[3] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/FyrstaAfangaskyrslaStyrihops.pdf

15. Störf þriðja geirans verði samræmd og félagsauður nýttur með markvissum aðgerðum.

Velferðarvaktinni var falið að fylgja eftir fjölda aðgerða sem settar voru fram í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð sem samþykkt var í mars 2009, en aðgerðirnar voru að miklu leyti byggðar á tillögum stýrihóps velferðarvaktarinnar.

I.II Tillögur stýrihóps velferðarvaktarinnar sem lagðar voru fram í ágúst 2009.[4]

1. Stýrihópur velferðarvaktarinnar beiti sér fyrir auknu samstarfi við fjölmiðla.
2. Farið verði með skipulegum hætti yfir alla upplýsingamiðlun stjórnvalda í samstarfi við þriðja geirann og leiðir fundnar sem tryggja skilvirka miðlun upplýsinga um úrræði og tilboð til þeirra sem á þurfa að halda, bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur, svo og fyrir ráðgjafa jafnt innan sem utan stjórnsýslunnar. Það er mikilvægt að fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin velferð, ekki síst fjármálin, og greinargóðar upplýsingar eru forsenda þess.
3. Þjónustustofnanir ríkis og sveitarfélaga skilgreini hvað heyri undir *grunnþjónustu*, forgangsraði verkefnum í samræmi við það og tryggi að sú þjónusta verði ekki skert, þar með talið í skólum, hjá heilsugæslu og félagsþjónustu.
4. Grunnfélagsvísar verði birtir mánaðarlega og stjórnvöld geri enn fremur samstarfssamning um gagnasöfnun við valin sveitarfélög sem endurspegla margbreytileika íslensks samfélags þar sem nánari upplýsingum verður haldið til haga.
5. Samstarf Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaganna verði aukið, ekki síst gagnvart ungu fólki, langtímaatvinnulausum og þeim sem eru í atvinnuleit án bótaréttar.
6. Kannað verði í samvinnu við Vinnumálastofnun og félagsþjónustur sveitarfélaganna hvort og með hvaða hætti megi aðstoða barnafjölskyldur þar sem báðir foreldrar eru í atvinnuleit.
7. Háskólafólki og þeim sem lokið hafa starfsréttindanámi verði boðin starfsþjálfunarpláss í atvinnulífinu án þess að fólkið missi bætur.
8. Úrræði stjórnvalda vegna greiðsluvanda heimilanna verði metin og greind með reglubundnum hætti með sérstakri áherslu á þá sem veikast standa. Úrræðin verði endurskoðuð ef þörf krefur.
9. Ýtt verði úr vör aðgerðum fyrir þá sem enn geta spjarað sig en hætta er á að lendi í greiðsluvanda svo koma megi í veg fyrir hópurinn sem er í greiðsluvanda stækki.
10. Stjórnvöld gefi út með skýrum hætti hvort frekar verði komið til móts við fólk í greiðsluvanda vegna gengistryggðra íbúðalána.
11. Stjórnvöld setji af stað úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda vegna bílalána í erlendri mynt.
12. Huga þarf sérstaklega að stöðu jaðarhópa í samfélaginu, þ.e. fatlaðra, langveikra, innflytjenda og öryrkja.

I.III Tillögur stýrihóps velferðarvaktarinnar til félags- og tryggingamálaráðherra frá 1. desember 2009, unnar upp úr niðurstöðum málstofu sem hópurinn efndi til í Virkjun í Reykjanesbæ 12. nóvember 2009 um úrræði og aðgerðir fyrir ungt fólk í atvinnuleit.

1. Velferðarvaktin beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að láta ekki ungt fólk í atvinnuleit afskiptalaust og komið verði í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum að það einangrist í aðgerðaleysi. Samfélaginu ber skylda til að tryggja þeim ungmennum sem eru í dag utan vinnumarkaðar og skóla tækifæri og aðhald

---

[4] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Lokaskjal2_stoduskyrsla.pdf

til að þau megi öðlast þá færni sem nauðsynleg er til að vera virkur þátttakandi á vinnumarkaðnum.
2. Mörg ungmenni hafa ekki afmarkað áhugasvið, því verða úrræðin að vera fjölbreytt og skapa sem flestum áhugaverð tækifæri og mikilvægt er að nálgast þau út frá þeirra eigin forsendum. Jákvæð hvatning til virkni með fjölbreyttum tækifærum og sveigjanlegri nálgun gagnvart ungmennum er því mikilvæg.
3. Varast ber að fjalla um ungt fólk í atvinnuleit sem einn hóp. Það hefur ólíkan bakgrunn, þarfir og fjölbreytt áhugasvið. Ungt fólk á það sameiginlegt að hafa afar takmarkaða reynslu af vinnumarkaðnum. Þetta reynsluleysi er meðal þess sem greinir unga fólkið frá öðrum sem eru í atvinnuleit.
4. Það þarf að beita einstaklingsmiðaðri nálgun greina styrkleika þeirra, félagslega stöðu og menntun. Huga verður sérstaklega að þeim sem hafa einungis grunnskólapróf, sníða sérstök úrræði þeim til handa og fjölga menntunartækifærum, meðal annars í verklegu námi og listsköpun.
5. Öllum atvinnulausum ungmennum verður að standa til boða einstaklingsmiðuð ráðgjöf, í daglegu tali kallað „maður á mann“. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að samnýta alla krafta, þar með talda ráðgjafa Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaganna og þriðja geirans.
6. Fjölga verður ráðgjöfum Vinnumálastofnunar og styrkja þá í starfi. Enn fremur ætti foreldrum og fjölskyldum ungmenna sem eru í atvinnuleit að standa til boða sérstök fjölskylduráðgjöf, til dæmis símaráðgjöf.
7. Virkja verður unga fólkið sjálft á öllum stigum til samstarfs við að byggja upp og útfæra úrræðin í anda jafningjafræðslu og við að kynna þau, en öll úrræði og tækifæri sem standa ungmennum í atvinnuleit til boða verður að kynna rækilega með öllum tiltækum ráðum.
8. Greina verður þau úrræði sem hafa tekist vel, svo sem Fjölsmiðjuna og Nýttu kraftinn, og nota þau sem fyrirmyndir við útfærslu á tilboðum fyrir ungmenni í atvinnuleit og fjölga náms- og starfsþjálfunarsamningum Vinnumálastofnunar.
9. Efla þarf og styrkja samstarf ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans á þessum vettvangi.

I.IV Tillögur grunnþjónustuhóps velferðarvaktarinnar lagðar fram í desember 2009[5] um aðferðir við hagræðingu:

Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um að draga úr tiltekinni þjónustu vegna efnahagsástandsins verður að gæta að eftirfarandi:

1. Standa verður vörð um grunnþjónustuna og má ekki draga úr henni gagnvart viðkvæmustu hópunum.
2. Fullnægjandi upplýsingar verða að vera fyrir hendi um áhrif og afleiðingar ákvörðunar á notendur. Í því felst að ákvörðunina er best að taka í anda opins lýðræðis í fullu samráði við þá sem hún snertir, þar með talda notendur og þeirra samtök ef við á og eftir atvikum aðstandendur og sérfræðinga á viðkomandi sviði. Enn fremur ber að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins þegar ákvörðunin snertir þá.
3. Flötum niðurskurði verður ekki beitt sem leggst af fullum þunga á notendur heldur er ákvörðun tekin um hagræðingu á afmörkuðu sviði og samhliða hugað að mótvægisaðgerðum sem mildar afleiðingar niðurskurðarins.

---

[5] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4747

4. Gæta verður jafnræðis, samræmis og meðalhófs í hvívetna og að tilteknir hópar notenda finni ekki meira en aðrir fyrir hagræðingaraðgerðum.
5. Hagræðing og sparnaður á einum stað má ekki leiða til aukinna útgjalda og álags á öðrum sviðum hins opinbera. Sérstaklega þarf að gæta að því að útgjaldaliðir séu ekki færðir milli ríkis og sveitarfélaga án þess að gerðar séu um leið breytingar á tekjustofnum.
6. Þegar ákvörðun um hagræðingu er birt skal tekið fram hvort um sé að ræða tímabundna ráðstöfun og þá til hve langs tíma eða varanlega ákvörðun. Allar neyðaraðgerðir sem gripið er til á erfiðum tímum þurfa að vera þess eðlis að unnt sé að leiðrétta þær aftur þegar betur árar, án þess að skaði hafi orðið af.
7. Við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann.

II. Helstu verkefni velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktinni var falið að fylgja eftir fjölda aðgerða sem settar voru fram í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð sem samþykkt var í mars 2009, en aðgerðirnar voru að miklu leyti byggðar á tillögum stýrihóps velferðarvaktarinnar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum aðgerðum auk ýmissa annarra aðgerða sem velferðarvaktin hefur staðið að á undanförnum misserum.

Mótvægissjóður velferðarvaktarinnar

Mótvægissjóður velferðarvaktarinnar var stofnaður og reglur um settar um hann síðastliðið sumar. Reglurnar er að finna á vefsvæði velferðarvaktarinnar.[6] Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn innan skamms, en hluta sjóðsins er varið til sérstakra verkefna á vegum velferðarvaktarinnar, svo sem a) vegna samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans, b) til greiðslu sérfræðivinnu við gerð félagsvísa og c) til greiðslu starfsmanns við þróunarverkefni við úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög hvött til að nýta sér vinnumarkaðsaðgerðir Vinnumálastofnunar

Velferðarvaktin sendi öllum ríkisstofnunum og sveitarfélögum bréf á síðastliðnu vori með hvatningu um að þau nýti sér þær fjölmörgu vinnumarkaðsaðgerðir sem starfræktar eru á vegum Vinnumálastofnunar, meðal annars gerð starfsþjálfunarsamninga.

Könnun á félagsþjónustu og barnavernd sveitarfélaganna í mars 2009

Velferðarvaktin kannaði í mars síðastliðnum hvort og með hvaða hætti félagsþjónustur sveitarfélaganna hefðu orðið varar við afleiðingar efnahagskreppunnar.[7] Svör bárust frá 25 félagsmálastjórum sem starfa fyrir 42 sveitarfélög en í þeim búa 92% landsmanna. Nánast allar félagsþjónusturnar höfðu fundið beint fyrir kreppunni í starfsemi sinni og var fjölgun umsókna um fjárhagsaðstoð og beiðna um félagslega ráðgjöf oftast nefnd, aukið álag í barnavernd var einnig áberandi. Margir félagsmálastjórar nefndu nýjan hóp notenda í miklum kröggum sem á ekki rétt á fjárhagsaðstoð, málin séu þyngri en áður og þeir sem stóðu höllum

---

[6] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Reglur_um_motvaegissjod.pdf
[7] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/11082009KonnunVelferdarvaktar.pdf

fæti fyrir kreppu standi enn verr í kreppunni. Að mati félagsmálastjóranna eru viðkvæmustu fjölskyldurnar ungar barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar og lágtekjufólk, þar með taldir lífeyrisþegar og langtímaatvinnulausir. Sveitarfélögin hafa brugðist við með fjölbreyttum hætti, meðal annars með auknu samstarfi milli sviða innan sveitarfélaga, milli sveitarfélags og ríkisstofnana og með eflingu samvinnu við þriðja geirann.

Gerð félagsvísa

Unnið er að gerð *félagsvísa* í sérstökum sérfræðingahópi á vegum velferðarvaktarinnar. Starfsmaður hefur verið ráðinn í fullt starf í sex mánuði til að vinna með félagsvísahópnum. Félagsvísar eiga að greina þróun velferðar að teknu tilliti til félagslegra aðstæðna og heilsufars íbúa í landinu í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulags þjónustu og gera samanburð mögulegan, milli landa, tímabila og sveitarfélaga. Félagsvísar eiga að styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun þjónustu til framtíðar. Ekki síst eru þeir tæki sem greina hópa í vanda þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri. Í stöðuskýrslu félagsvísahópsins frá síðastliðnu sumri er að finna nánari útfærslu á þessu verkefni.[8]

Öll börn fái hádegisverð í skólum

Velferðarvaktin sendi öllum sveitarstjórnum og skólanefndum áskorun í upphafi vetrar 2009 um að tryggt verði með öllum tiltækum ráðum og fylgst með að börn í skólum á þeirra vegum fái hádegisverð alla skóladaga. Bréfið var sent í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til að tryggja þetta (fylgiskjal IV).

Skuldastaða heimilanna

Vinnuhópur um fjármál heimilanna fór sérstaklega yfir úrræði vegna *skuldastöðu heimilanna* og er gerð grein fyrir þeim í stöðuskýrslu hópsins frá ágúst 2009.[9] Vinnuhópurinn stóð enn fremur fyrir opnum morgunverðarfundi 11. nóvember síðastliðinn þar sem fjallað var un aðgerðir stjórnvalda við skuldavanda heimilanna, um greiðslujöfnun verðtryggðra og gengistryggðra lána og um samræmdar verklagsreglur Íbúðalánasjóðs. Hagsmunasamtök heimilanna kynntu einnig sjónarmið sín á málþinginu. Gögn frá fundinum er að finna á vefslóð vaktarinnar.[10]

Rannsókn á fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda

Velferðarvaktin gerði samning við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd um rannsókn á fjölgun barnaverndartilkynninga milli áranna 2008 og 2009 miðað við fyrri hluta árs og skýringum á fjölguninni. Rannsóknin tók í reynd yfir lengra tímabil út frá tölulegum upplýsingum í gögnum Barnaverndarstofu og tók mið af fyrstu sex mánuðum áranna 2005–2009. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem birtar voru í nóvember 2009, er að finna á vefslóð velferðarvaktarinnar.[11] Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru eftirfarandi:

---

[8] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Felagsvisar_stoduskyrsla.pdf

[9] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Fjarmal_heimilannastoduskyrsla.pdf

[10] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/FrettirVelferd/nr/4596

[11] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Fjolgun_barnaverndartilkynninga_2005-2009081209.pdf

- Á landinu öllu hefur tilkynningum til barnaverndar á árunum 2005–2009 fjölgað um 20–32% á fyrstu sex mánuðum hvers árs, nema árið 2008 en þá fækkaði þeim.
- Sú fjölgun sem varð á tilkynningum til barnaverndarnefnda fyrri hluta árs 2009 er því sambærileg við fjölgun á undanförnum árum, að frátöldu árinu 2008.
- Ekkert í gögnum bendir til að fjölgun tilkynninga fyrri hluta árs 2009 sé afleiðing efnahagsþrenginga eða aukins atvinnuleysis í kjölfar efnahagskreppunnar. Svo virðist sem ástæður hennar séu þær sömu og aukningar undanfarinna ára.
- Samkvæmt sískráningu er ekki að sjá meginbreytingar milli ára á eðli þess vanda sem tilkynntur er eða hverjir það eru sem tilkynna til barnaverndar á fyrstu sex mánuðum áranna 2005–2009.

Bent er á að með þessu sé tilgátunni um að afleiðingar efnahagsástandsins hafi eða muni hafa áhrif á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda ekki hafnað. Þær afleiðingar geta komið fram síðar og er vísað til reynslu Finna sem bendir til að áhrif efnahagsþrenginganna komi ekki fram fyrr er að fimm til sjö árum liðnum og birtist í fjölgun barna sem þurfa á aðstoð barnaverndar að halda.

Grunnþjónusta ríkis og sveitarfélaga

Velferðarvaktinni var falið í tengslum framfylgd stöðugleikasáttmálans frá 25. júní 2009 „að leita leiða í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga“. Var þessi ákvörðun tekin á fundi aðila 8. júlí 2009. Stýrihópur velferðarvaktarinnar myndaði sérstakan grunnþjónustuhóp til að taka að sér þetta verkefni og félags- og tryggingamálaráðherra studdi það sjónarmið stýrihópsins að grunnþjónustuhópurinn fjallaði einnig um grunnþjónustu ríkisins. Í hópnum sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, hagsmunasamtaka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneyta.

Í greinargerð grunnþjónustuhópsins frá desember 2009[12] er meðal annars lögð áhersla á að stjórnvöld nýti sem best aðstæðurnar sem skapast hafa vegna efnahagsástandsins og hagræði á sem flestum sviðum innan stjórnsýslunnar en standi samhliða vörð um velferðarkerfið. Velferðarvaktin hefur í öllu sínu starfi brýnt fyrir stjórnvöldum að þjónustu við börn og barnafjölskyldur verði hlíft við niðurskurði og minnir hópurinn á að glötuð tækifæri í æsku verða ekki bætt síðar á lífsleiðinni.

Grunnþjónusta er nýtt hugtak í stjórnsýslunni sem mikið hefur verið vitnað til í umræðu um hagræðingu og niðurskurð á undanförnum misserum. Einhugur er almennt um að leitast við að vernda grunnþjónustuna en flóknara er að komast að niðurstöðu um hvað felist í hugtakinu, en nauðsynlegt er að greina milli grunnþjónustu og annarrar þjónustu. Hópurinn komst að eftirfarandi niðurstöðu varðandi skilgreiningu á grunnþjónustu:

Grunnþjónusta er í fyrsta lagi lögbundin þjónusta, í öðru lagi tiltekið þjónustustig lögbundinnar þjónustu, sem hefð hefur skapast um að einstaklingum og fjölskyldum standi til boða þrátt fyrir að þjónustustigið sé ekki lögbundið, en telja verður nauðsynlega þjónustu, og í þriðja lagi ólögbundin þjónusta sem einstaklingar með sérþarfir vegna fötlunar eða heilsubrests þurfa á að halda við athafnir daglegs lífs og til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Í II. kafla hér að framan er að finna tillögur grunnþjónustuhópsins um aðferðir við hagræðingu innan stjórnsýslunnar vegna efnahagsástandsins.

---

[12] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4747

Tilraunaverkefni um samnýtingu krafta í þágu atvinnulausra ungmenna

Velferðarvaktin hefur ýtt úr vör tilraunaverkefni með það að markmiði að nýta betur en nú er gert alla tiltæka krafta, hvort sem um er að ræða þekkingu, mannafla eða aðstöðu til að sporna við félagslega neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis á ungt fólk í Reykjavík. Samráðshópur hefur verið stofnaður með fulltrúum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og stýrihóps velferðarvaktarinnar. Er þetta samstarf meðal annars í samræmi við áherslu velferðarvaktarinnar á aukið samstarf milli félagsþjónustu sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Starfsmaður hefur verið ráðinn í hálft starf í sex mánuði til að vinna að þessu verki með samráðshópnum.

Úrræði fyrir ungt fólk í atvinnuleit og ályktun til félagsog tryggingamálaráðherra

Velferðarvaktin hélt málstofu um úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu í Virkjun í Reykjanesbæ 12. nóvember 2009. Voru nýjustu atvinnuleysistölurnar kynntar, fjallað var um niðurstöður rýnihópa um ungt fólk án atvinnu og um virkni atvinnuleitenda, einkum ungs fólks. Í framhaldi var hópastarf þar sem fjallað var um skilyrðingu bóta, hverjar séu óskir ungra atvinnuleitenda, hvaða úrræði virka, hvernig best megi koma upplýsingum til unga fólksins og hvort ungt fólk án atvinnu þurfi önnur úrræði en eldra fólk. Unnar voru niðurstöður úr hópavinnunni og félags- og tryggingamálaráðherra afhent ályktun um úrræði og aðgerðir fyrir ungt fólk án atvinnu.[13] Vinnuhóparnir um ungt fólk 15–25 ára og fólk án atvinnu höfðu umsjón með málstofunni í samvinnu við félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Tveir fulltrúar velferðarvaktarinnar tóku þátt í starfi vinnuhóps á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir til að virkja atvinnulausa, um nám sem þeim stendur til boða og úrbætur þeim til handa. Hópurinn sendi frá sér skýrslu undir heitinu *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun.*[14]

Geta má þess að ýtt hefur verið úr vör átaki í uppbyggingu fjölbreyttra tækifæra fyrir ungt fólk án atvinnu. Vinnumálastofnun mun stýra átakinu sem hefur það markmið að aldrei skuli líða meira en þrír mánuðir frá því einstaklingur verður atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verkefnum. Fyrst mun sjónum beint að þeim sem eru yngri en 25 ára.[15]

Fylgst með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu og eftirlit með þjónustunni

Velferðarvaktin fylgist reglulega með því hvort breytingar verða á aðsókn að heilbrigðisþjónustu í gegnum landlækni sem er í stýrihópi vaktarinnar. Landlæknisembættið, fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins, fylgist með lykiltölum í notkun á heilbrigðisþjónustu, svo sem aðsókn að ýmsum þáttum þjónustunnar, dánartölum og þá sérstaklega um sjálfsvíg og lyfjanotkun, einkum notkun geðlyfja og lyfja sem sjúklingur þarf að greiða sjálfur. Enn sem komið er hafa engar breytingar orðið sem tengjast kreppunni. Landlæknir og heilbrigðisráðuneytið hafa fundað með sérfræðiteymi um félagsvísa, sem fjallað er um framar í þessari skýrslu, og munu teymið og landlæknir hafa samráð um gagnaöflun hvað þetta varðar. Í greinargerð landlæknis um eftirlit með heilbrigðisþjónustu má sjá áherslur embættisins vegna efnahagsþrenginganna.[16] Landlæknir kom á fund grunnþjónustuhóps velferðarvaktarinnar 9.

---

[13] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/FrettirVelferd/nr/4588
[14] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4587
[15] http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4720
[16] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/FrettirVelferd/nr/4709

nóvember 2009 og greindi frá hagræðingaraðgerðum heilbrigðisstofnana. Helstu aðgerðirnar eru eftirfarandi:

Leitast hefur verið við að draga úr kostnaði vegna samninga við starfsfólk. Ýmsar fastar greiðslur er varða yfirvinnu, akstur og viðlíka samninga hafa verið lagðar af eða skertar. Vaktafyrirkomulag hefur verið endurskoðað. Einkum með því að skera niður vaktir sem talið er að bitni ekki á öryggi þjónustunnar. Einnig er verið að lengja vaktir sem krefjast færri starfsmanna eins og næturvaktir. Ekki er ráðið í afleysingar nema brýn nauðsyn krefji. Starfsfólki hefur verið sagt upp eða starfshlutfall minnkað. Dregið hefur verið úr kostnaði við tækjabúnað, lyf, hjúkrunarvörur og annan rekstrarkostnað. Lögð hafa verið drög að sameiningu stofnana eða deilda/sviða innan stofnana. Tilhögun þjónustu eins og sjúkraflutninga hefur verið breytt. Stofnanir hafa dregið úr stoðog sérfræðiþjónustu. (Úr bréfi landlæknis til heilbrigðisráðherra, dags. 25. september 2009.)

Landlæknisembættið leggur áherslu á að gætt sé að öryggisviðmiðum varðandi umönnun. Einnig er áhersla lögð á að horfa á heilbrigðisþjónustuna heildrænt þegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð þannig að aðgerðir einnar stofnunar leiði ekki til aukins álags á aðrar stofnanir eða þjónustu. Þá leggur embættið áherslu á skipulega forgangsröðun svo nauðsynleg þjónusta verði ekki skert með ófyrirséðum kostnaði þegar efnahagsástandið batnar.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar fékk Engilbert Sigurðsson, formann nefndar um sálfélagsleg viðbrögð við efnahagskreppunni og yfirlækni á Landspítala, á fund sinn til að kynna niðurstöður nefndarinnar sem birtar voru í skýrslu sumarið 2009. Þar er meðal annars bent að hinn mikli niðurskurður í finnska félags- og heilbrigðiskerfinu hafi bitnað illa á börnum og ungu fólki og leitt til fjölgunar öryrkja meðal ungs fólks.[17]

Yfirlit um þróun húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna 2008 og 2009

Velferðarvaktin kannaði greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar hjá fjölmennustu sveitarfélögunum á árunum 2008 og 2009. Enn fremur var gerð töluleg úttekt á almennum húsaleigubótum sveitarfélaganna. Niðurstöður sýna að greiðslur bæði vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta hafa vaxið verulega milli ára og notendum fjölgað.

Heildarfjárhæð *almennra húsaleigubóta* hefur haldist nokkuð stöðug árin 2005–2007, en milli áranna 2007 og 2008 hækkaði heildargreiðslan um 37% og aftur um 47% milli 2008 og 2009 sé mið tekið af fyrstu þremur ársfjórðungunum samkvæmt tölum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (fylgiskjal VI). Samtals nam heildarfjárhæð almennra húsaleigubóta á fyrstu níu mánuðunum 1.539.253 þúsund krónum árið 2008 og 2.262.817 þúsund krónum árið 2009. Notendum fjölgaði um 30% á sama tímabili, en meðaltal þeirra var 6.490 árið 2008 en þeir voru orðnir 8.445 árið 2009. Grunnfjárhæð húsaleigubóta hækkaði 1. apríl 2008 sem einnig hefur áhrif á hækkun heildarfjárhæðarinnar.

Heildarfjárhæð *fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna* hækkaði umtalsvert milli áranna 2008 og 2009 eða um 65% á fyrstu átta mánuðum áranna hjá fjölmennustu sveitarfélögunum og notendum fjölgaði um 35% á sama tímabili meðan íbúum fjölgaði óverulega (fylgiskjal V). Grunnfjárhæðin sem miðað er við hækkaði 1. janúar 2009 sem skýrir hækkunina að hluta. Fjárhagsaðstoð er greidd einstaklingum sem hafa tekjur eða bætur sem nema lægri fjárhæð en grunnfjárhæð til framfærslu samkvæmt viðmiði viðkomandi sveitarfélags. Nam grunnfjárhæðin til einstaklinga á síðastliðnu ári um 116.000 kr. á mánuði og 185.000 kr. til hjóna eða sambýlisfólks sem er tekjulaust. Í reglum flestra sveitarfélaga eru einnig möguleikar á að

---

[17] http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Lokaskyrsla_sal-efn_nefndar.pdf

greiða sérstakar heimildargreiðslur. Grunnfjárhæðin mun hækka í 126.000 kr. fyrir einstakling og 201.000 kr. til hjóna eða sambýlisfólks í janúar 2010, sbr. leiðbeiningar félags- og tryggingamálaráðuneytis.[18]

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er að undirbúa átak til að virkja fólk sem fær fjárhagsaðstoð, enn betur en nú er gert, í samræmi við tillögur sem samþykktar voru í velferðarráði borgarinnar í desember 2009. Gert er ráð fyrir að fimm nýir starfsmenn/virkniráðgjafar verði ráðnir sem munu starfa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar

Fylgst með skólastarfi

Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í stýrihópi velferðarvaktarinnar hefur miðlað upplýsingum um stöðu skólanna í ljósi efnahagsástandsins. Ráðuneytið hefur gripið til ýmissa aðgerða frá því í október 2008 vegna ástandsins. Send hafa verið út tilmæli og leiðbeiningar til skóla, stofnana og samtaka og kerfisbundin upplýsingaöflun velferðavísa stendur yfir. Einnig hefur reglum verið breytt og leitað eftir tillögum og hugmyndum um frekari aðgerðir. Innan ráðuneytisins starfar sérstakur velferðarhópur sem hefur það hlutverk að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á starfsemi stofnana ráðuneytisins, fyrst og fremst líðan nemenda og starfsmanna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur, í samráði við Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og íþróttafélög, fylgst með skólastarfi, þar á meðal þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi sem og brottfalli nemenda úr leikskólum og framhaldsskólum. Sérstakir spurningalistar um virkni og líðan nemenda og þátttakenda hafa verið sendir til framhaldsskóla og íþrótta- og æskulýðssamtaka og niðurstöður kynntar velferðarvaktinni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur frá upphafi tekið þátt í samráðshópi með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auk fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka iðnaðarins, Iðunnar og Vinnumálastofnunar. Hópurinn vaktar breytingar á vinnumarkaði og metur mögu-leikana til að bregðast við þróuninni, athugar jafnframt hvar og hvernig megi beita þeim úrræðum sem þegar eru tiltæk, gerir tillögur um úrræði fyrir einstaka hópa og breytingar á forgangsröðun verkefna sem leitt geta til góðs. Menntamálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins komust í tengslum við vinnu hópsins að samkomulagi um endurskilgreiningu á forgangsröðun verkefna samkvæmt samningi ráðuneytisins og miðstöðvarinnar þar sem sérstök áhersla var lögð á ráðgjöf og námsframboð fyrir fólk sem misst hefur vinnuna. Samtals var 65 m.kr. ráðstafað árið 2009 til þessa verkefnis. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur aflað upplýsinga frá símenntunarmiðstöðvum um allt land og fylgst er með þróun mála vegna vinnu hópsins og brugðist meðal annars við með endurskilgreiningu á forgangsröðun verkefna eftir því sem ástæða þykir til.

Úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna var breytt í byrjun september 2009 til að hækka grunnframfærslu sjóðsins um 20%, samhliða ýmsum aðgerðum til að tryggja sparnað í námslánakerfinu og atvinnuleysistryggingakerfinu sem þessari hækkun svarar.

Hjá Reykjavíkurborg hafa þeir sem vinna með börnum og unglingum tekið höndum saman undir yfirskriftinni Börnin í borginni og stofnað teymi sem hefur fengið það hlutverk að:

a) fylgjast með líðan barna og starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar,
b) leita leiða til að minnka og hafa áhrif á vanlíðan vegna álags og streitu,

---

[18] http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/reglur/

c) fylgjast með tölulegum upplýsingum sem gefa vísbendingar um breytta fjárhagsstöðu heimilanna og
d) stuðla að samvinnu þeirra aðila sem koma að málefnum barna og unglinga í borginni.

Í teyminu sitja fulltrúar Menntasviðs, Leikskólasviðs, Velferðarsviðs, Íþrótta- og tómstundasviðs, Mannréttindaskrifstofu og Menningar- og ferðamálasviðs. Auk þeirra eru fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í teyminu.[19]

Í greinargerð grunnþjónustuhóps velferðarvaktarinnar má sjá upplýsingar um hagræðingu sveitarfélaganna í skólamálum.[20]

Staða þeirra sem veikast standa

Velferðarvaktin hefur lagt áherslu á að standa vörð um réttindi þeirra sem veikast standa. Meðal þeirra eru viðkvæmar barnafjölskyldur, fatlaðir, langveikir, öryrkjar, fátækt aldrað fólk, fólk án átvinnu og þeir sem nota fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna til framfærslu. Flest þeirra sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa enn verr í dag. Tekjur þeirra sem hafa úr minnstu að spila eftir skatt liggja á bilinu 115–155.000 kr. á mánuði fyrir einstakling (fylgiskjal VII). Langvarandi efnahagslægð og takmörkuð tækifæri til að auka tekjur leiða til varanlegs vanda hjá þessum fjölskyldum sem birtist í varanlegri fátækt, félagslegri einangrun og litlu sjálfstrausti.

Tengsl eru milli heilsufars og efnahags og getur fátækt leitt til varanlegs heilsubrests og þunglyndis sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar, jafnt fyrir þann sem veikist, aðstandendur og samfélagið í heild. Í því samhengi er mikilvægt að vinna af krafti að eflingu félags- og efnahagslegra þátta sem hafa áhrif á heilsu barna og ungs fólks til að forðast ójöfnuð í heilsu. Á sömu forsendum er mikilvægt að huga áfram að markvissri heilsueflingu og forvarnaraðgerðum meðal barna og ungs fólks. Sjá má nánari upplýsingar um sálfélagsleg viðbrögð við efnahagskreppunni í skýrslu nefndar á vegum heilbrigðisráðuneytis.[21]

Staða sveitarfélaganna

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stýrihópi velferðarvaktarinnar upplýsir vaktina reglulega um hagræðingaraðgerðir í sveitarfélögunum. Nánari upplýsingar um þessar aðgerðir má finna á heimasíðu sambandsins.[22] Aðgerðir sveitarfélaganna hafa meðal annars beinst að auknu samstarfi við þriðja geirann og meira samráði og samstarfi milli sveitarfélaganna innbyrðis. Í greinargerð grunnþjónustuhópsins sem vitnað er til hér að framan má einnig sjá nánari umfjöllun um hagræðingaraðgerðir sveitarfélaganna.

III. Starfsemi vinnuhópanna

Fyrstu sex vinnuhóparnir tóku til starfa í marsmánuði 2009, skömmu eftir að stýrihópurinn var skipaður og hafa ríflega 100 manns tekið þátt í starfi þeirra eða lagt þeim lið með einum eða öðrum hætti.[23] Þessir hópar eru: Barnahópur, hópur ungt fólk 15–25 ára, hópur um fjármál heimilanna, hópur um fólk án atvinnu, hópur um heilsugæslu og hópur um fjármál

---

[19] http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1488/2281_read-12722/
[20] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4747
[21] http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Lokaskyrsla_sal-efn_nefndar.pdf
[22] http://www.samband.is/frettir/
[23] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/um//nr/4293

heimilanna. Formenn hópanna koma allir úr röðum stýrihóps velferðarvaktarinnar og aðrir fulltrúar í hópunum hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og koma víða að úr samfélaginu. Fyrstu hóparnir störfuðu ötullega fyrstu tvö misserin og skiluðu efnismiklum skýrslum til stýrihóps velferðarvaktarinnar sem voru grunnur að tillögum velferðarvaktarinnar til stjórnvalda og birtar voru skýrslum hennar í mars og ágúst 2009.[24] Þrír nýir hópar hafa síðan verið stofnaðir: Ráðgjafahópur um rannsóknir, félagsvísahópur og hópur um grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Segja má ráðgjafahópurinn hafi runnið inn í félagsvísahópinn en í þeim hópi eru margir fræðimenn.

Tillögur velferðarvaktarinnar sem birtar eru í I. kafla skýrslu þessarar eru að miklu leyti byggðar á tillögum frá vinnuhópunum og í II. kafla er greint frá ýmsum verkefnum sem hóparnir hafa komið að með einum eða öðrum hætti. Í þessum kafla er leitast við að lýsa megináherslum þeirra á undanförnum misserum.

Barnahópur

Barnahópur vaktarinnar hefur aflað upplýsinga víða að um stöðu barna í samfélaginu og áhrifum efnahagsástandsins á þau. Hópurinn hefur lagt áherslu á að fyrirliggjandi þekking um áhrif kreppu á aðstæður barna séu notaðar bæði við uppbyggingu á þjónustu og við stefnumótun. Hópurinn hefur bent á að þeir sem fóru verst út úr finnsku kreppunni hafi verið skjólstæðingar barnaverndar og barnafólk á atvinnuleysisbótum. Enn fremur leggur hópurinn áherslu á að aðgerðaáætlun til fjögurra ára (2007–2011) til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi í júní 2007 komist til framkvæmda.[25]

Hópur um ungmenni og ungt fólk 15–25 ára

Hópurinn um ungmenni og ungt fólk 15–25 ára hefur undirstrikað mikilvægi þess að ungu atvinnulausu fólki standi til boða fjölbreytt úrræði í námi, starfi eða starfsþjálfun, meðal annars að framhaldsskólarnir geti tekið við öllum umsóknum. Veruleg hætta er á að þessi hópur komist ekki aftur inn á vinnumarkaðinn, einkum þau ungmenni sem eru að stíga sín allra fyrstu skref á vinnumarkaði og er þörf er á sérstökum úrræðum svo koma megi í veg fyrir að þetta unga fólk festist varanlega utan vinnumarkaðarins. Hópurinn skipulagði í samvinnu við hópinn um fólk án atvinnu málstofu í Virkjun sem haldin var í nóvember 2009 um virkni ungs fólks í atvinnuleit. Tillögur frá þeim fundi er að finna II. kafla þessarar skýrslu.

Hópur um þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar hefur frá upphafi haft stöðu þeirra sem veikast standa í samfélaginu í forgrunni og var stofnaður vinnuhópur um þá sem standa höllum fæti og stóðu höllum fæti fyrir kreppu. Það er mat hópsins að þeir sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa enn verr og niðurskurður í velferðarkerfinu bitni iðulega fyrst á þessum hópi. Hópurinn hefur meðal annar beint sjónum sínum að atvinnulausum, einkum þeim sem eru 60 og eldri og svo ungu fólki sem er að stíga fyrstu skrefin á vinnumarkaði. Hópurinn hefur dregið fram aðstæður þeirra sem standa utan vinnumarkaðar og telur að flokka megi þann hóp í þrennt: Þeir sem eru í atvinnuleit án bótaréttar, þeir sem eiga sér ekki langa atvinnusögu sökum veikinda, nýlegra námsloka að annarra ástæðna og eiga ekki rétt á annarri aðstoð en

---

[24] http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/skyrslur/
[25] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/3366

félagsþjónustu sveitarfélags og svo hinn ört vaxandi hópur þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en þrjá mánuði. Enn fremur er bent á að bætur almannatrygginga hafi verið skertar og lyfja- og lækniskostnaður sé mörgum þungbær.

Fjármál heimilanna

Fjármál heimilanna hafa verið til umfjöllunar í sérstökum hópi sem hefur fylgst með þeim úrræðum sem sett hafa verið af stað til að aðstoða heimili í greiðsluvanda og reynt að meta hvernig þau úrræði nýtast heimilunum til að endurskipuleggja fjármál sín. Einnig hefur hópurinn leitast við að meta hvar mesti vandi heimilanna liggur í dag og benti í fyrri skýrslu sinni á þann vanda sem hann taldi þá brýnast að takast á við með frekari úrræðum eða aðgerðum stjórnvalda og/eða fjármálafyrirtæki. Þegar í mars 2009 lagði hópurinn meðal annars ríka áherslu á að stutt yrði við þá sem gátu spjarað sig og gætu með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda minnkað greiðslubyrði og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera. Hópurinn skipulagði morgunverðarfund um skuldastöðu heimilanna sem var haldinn í nóvember síðastliðinn eins og áður er fram komið.

Fólk án atvinnu

Hópurinn um *fólk án atvinnu* hefur meðal annars vaktað tölulegar upplýsingar atvinnuleysið í landinu og dregið fram mikilvæg atriði, svo sem að yfir 50% þeirra sem eru á atvinnuleysiskrá hafa einungis lokið grunnskólaprófi. Þá hefur hópurinn bent á að þörf sé á mun ítarlegri greiningu á upplýsingum Vinnumálastofnunar og að gagnlegt væri að fá upplýsingar um fjölskylduaðstæður, áhrif atvinnuleysis á líðan, heilsufar og virkni, um stuðningi og aðstoð og viðhorf atvinnulausra til þeirrar aðstoðar sem í boði er. Þá er talið brýnt að efla bæði samvinnu Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaganna og ekki síður að fara vel yfir samspil Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnumálastofnunar varðandi sameiginlega notendur. Hópurinn skipulagði í samvinnu við hópinn um ungt fólk málstofuna í Virkjun sem haldin var í nóvember síðastliðnum um virkni ungs fólks í atvinnuleit.

Heilsufar og heilsugæsla

Vinnuhópurinn um heilsufar og heilsugæslu hefur bent á að úrvinnsla áfalls verði flóknari þegar um er að ræða erfiðleika af mannavöldum, ekki síst ef enginn tekur á sig ábyrgð, sjálfsmynd og félagsstaða versnar og áhrifaleysi á lausnir ríkir. Viðvarandi streita auki mjög hættu á sjúkdómum og mikilvægt sé að minna á margfeldisáhrif í samspili viðvarandi streitu og sjúkdóma á félagslega hæfni eins og vinnugetu. Börn og unglingar eru í sérstakri hættu í þessu ástandi þar sem þyngsli og spenna geta orðið ráðandi á heimili, börnin verði þolendur og með því eykst hætta á vanrækslu og ofbeldi gegn þeim. Um þetta má nánar lesa í skýrslu hópsins frá mars 2009.[26] Þá verði tryggja að versnandi fjárhagur hindri ekki aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að ná til þjónustuþega í áhættuhópum, að þjónustustig heilsugæslunnar verði ekki skorið niður, að þar til bærir aðilar fylgist grannt með breytingum á aðsókn að heilbrigðisþjónustu og að fylgst verði með tíðni veikindafjarvista frá vinnu.

---

[26] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/HeilsufarOgKreppaLoka.pdf

Hópur um félagsvísa

Félagsvísahópurinn vinnur nú að gerð fyrstu félagsvísa á Íslandi sem eiga að koma að svipuðum notum og hagsvísar sem þegar eru í notkun hér á landi. Eins og áður er fram komið eiga félagsvísar að greina þróun velferðar með tilliti til félagslegra aðstæðna og heilsufars íbúa í landinu í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulags þjónustu. Þeir eiga að styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun þjónustu til framtíðar með hliðsjón af upplýsingum sem þeir veita og draga þar með upp heildarmynd af ástandi þegar best lætur þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna eru í brennidepli. Félagsvísar eru fyrst og fremst tæki sem á að greina breytingar á lífsgæðum og hópa í vanda og þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri. Nánari upplýsingar um fyrstu skrefin við þetta verk er að finna á heimasíðu velferðarvaktarinnar, en starfsmaður vinnur að þessu verki í tímabundu starfi á vegum velferðarvaktarinnar.[27]

Grunnþjónustuhópur

Í framhaldi af stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009 var velferðarvaktinni falið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins að leita leiða til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga. Stýrihópur velferðarvaktarinnar myndaði sérstakan *grunnþjónustuhóp* um þetta verkefni og horfði einnig til þjónustu á vegum ríkisins. Tillögur hópsins má sjá í I. kafla þessarar skýrslu og nánar er fjallað um verkefnið í II. kafla. Grunnþjónustuhópurinn leggur meðal annars áherslu á að stjórnvöld hagræði á sem flestum sviðum innan stjórnsýslunnar en samhliða verði vörður staðinn um velferðarkerfið.[28]

IV. Starf velferðarvaktarinnar framundan

Velferðarvaktin hóf vetrarstarfið með starfsdegi 18. september 2009 þar sem horft var yfir farinn veg og fram á við varðandi stöðu og verkefni vaktarinnar. Ein af niðurstöðum starfsdagsins var að vinnuhóparnir myndu framvegis sinna afmörkuðum verkefnum og nýir hópar stofnaðir í kringum þau ef þörf krefur í samræmi við ákvörðun stýrihópsins hverju sinni. Hóparnir hafa eftir sem áður svigrúm til að vinna að öðrum verkefnum sem þeir vilja leggja áherslu á. Vinnuhóparnir um grunnþjónustu, félagsvísa og þá sem standa höllum fæti eru allir virkir og með næg verkefni. Aðrir hópar standa vaktina og eru til reiðu ef á þarf að halda, meðal annars sáu hóparnir um ungt fólk og um fólk í atvinnuleit um málstofuna í Virkjun sem haldin var í nóvember 2009 um virkni ungs fólks í atvinnuleit og hópurinn um fjármál heimilanna um málþing sem einnig var haldið í nóvember sama ár.

Velferðarvaktin mun leggja aukna áherslu á stöðu þeirra sem veikast standa og beina sjónum sínum sérstaklega að stöðu innflytjenda og barna þeirra og aðstæðum einstæðra foreldra, einkum mæðra. Hópurinn um þá sem veikast standa mun leiða þetta starf.

Það er mat stýrihópsins að bæði vinnulag og samstarf í stýrihópnum hafi reynst vel og er einhugur um að vaktin vinni áfram að þeim verkefnum sem hún hefur þegar lagt grunn að og fylgi þeim eftir ásamt nýjum verkefnum. Stýrihópurinn telur þrátt fyrir það nauðsynlegt að skerpa á hlutverki vaktarinnar, einkum hvað varðar úrvinnslu og eftirfylgni tillagna. Í því sambandi hefur stýrihópurinn óskað eftir nýju umboði frá félags- og tryggingamálaráðherra.

---

[27] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/27082009_Felagsvisar_stoduskyrsla.pdf
[28] http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4747

Stýrihópurinn vill fara nánar yfir með hvaða hætti velferðarvaktin geti orðið sýnilegri og komið niðurstöðum sínum frá sér með skipulögðum og skýrum hætti. Í því sambandi verði unnið markvisst að því að tilteknar ákvarðanir og niðurstöður vaktarinnar verði settar í fréttabúning. Þá er nauðsynlegt að fara skipulega yfir vefsvæði vaktarinnar og bæta úr ef þörf er á.

Velferðarvaktin hefur fullan hug á að fylgja eftir tillögum grunnþjónustuhópsins um aðferðir við hagræðingu sem birtar eru í skýrslu hópsins og kynna sem víðast skilgreiningu sína á því hvað felist í hugtakinu grunnþjónusta.

Afleiðingar efnahagskreppunnar á stöðu kynjanna hafa ekki verið til sérstakrar umfjöllunar hjá stýrihópnum. Formaður Jafnréttisráðs var skipaður í stýrihópinn í desember 2009 í þeim tilgangi að styrkja starf velferðarvaktarinnar á vettvangi jafnréttis kynjanna. Mun velferðarvaktin vakta sérstaklega áhrif kreppunnar á stöðu kynjanna og mun meðal annars hafa skýrslu jafnréttisvaktarinnar frá síðastliðnu vori[29] til hliðsjónar við starfið.

Mörg verkefni eru þegar í gangi sem vaktin mun áfram vinna að. Má þar nefna vinnu við félagsvísa, tilraunaverkefni um úrræði og samnýtingu krafta í þágu ungs fólks án atvinnu í Reykjavík, öflun tölulegra upplýsinga um fjárhagslegar aðstæður þeirra sem veikast standa og eftirfylgni barnaverndarkönnunarinnar sem gerð var á liðnu hausti.

Fylgiskjal I: Skipan velferðarvaktarinnar

Eftirfarandi eru fulltrúar í stýrihópi velferðarvaktarinnar og starfsmenn í desember 2009:

- Lára Björnsdóttir formaður, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra,
- Gissur Pétursson, án tilnefningar,
- Þórhildur Þorleifsdóttir, án tilnefningar,
- Sigurrós Kristinsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands,
- Valgerður Halldórsdóttir, tiln. af Bandalagi háskólamanna,
- Garðar Hilmarsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,
- Vilborg Oddsdóttir, tiln. af Biskupsstofu,
- Ása Ólafsdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneyti,
- Rafn Sigurðsson, tiln. af fjármálaráðuneyti,
- Guðrún Sigurjónsdóttir, tiln. af heilbrigðisráðuneyti,*
- Matthías Halldórsson , tiln. af heilbrigðisráðuneyti,
- Eiríkur Jónsson, tiln. af Kennarasambandi Íslands,
- Stefán Stefánsson, tiln. af menntamálaráðuneyti,
- Kristján Sturluson, tiln. af Rauða krossi Íslands,
- Stella K. Víðisdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg,
- Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Guðrún Björk Bjarnadóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins,
- Margrét Sæmundsdóttir, tiln. af viðskiptaráðuneyti,
- Guðríður Ólafsdóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Með stýrihópnum starfa Ingibjörg Broddadóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

---

[29] http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Afangaskyrsla_jafnrettisvaktarinnar.pdf

Á starfstímanum hafa orðið þær breytingar að Björn Ragnar Björnsson, tiln. af fjármálaráðuneyti, og Páll Ólafsson, tiln. af Bandalagi háskólamanna, hættu störfum í hópnum og nýir fulltrúar tóku við.

* Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur í heilbrigðisráðuneyti hefur einnig starfað með stýrihópnum frá upphafi.

Fylgiskjal II: Skipurit velferðarvaktarinnar

Fylgiskjal III: Börn atvinnulausra 2009

Samantekt um börn atvinnulausra		júní	júlí	ágú	sept	okt	nóv
Allir	Heildarfjöldi atvinnulausra	15.548	15.217	14.371	13.748	14.369	15.017
	Heimili þar sem báðar fyrirv. eru atvinnulausar	431	423	399	350	382	394
	Heimili þar sem einn er atvinnulaus	14.686	14.371	13.573	13.048	13.605	14.229
	Samtals heimili þar sem er atvinnuleysi	15.117	14.794	13.972	13.398	13.987	14.623
Barnlausir	Barnlaust fólk atvinnulaust	8.776	8.482	8.000	7.792	8.220	8.670
	Barnlaus heimili, báðar fyrirvinnur atv.lausar	119	109	116	103	116	112
	Barnlaus heimili þar sem einn er atv.laus	8.538	8.264	7.768	7.586	7.988	8.446
	Barnlaus heimili þar sem er atvinnuleysi	8.657	8.373	7.884	7.689	8.104	8.558
Barnafólk	Fjöldi atvinnulausra sem eiga börn	6.772	6.735	6.371	5.956	6.149	6.347
	Heimili með börn, báðar fyrirvinnur atv.lausar	312	314	283	247	266	282
	Heimili með börn þar sem einn er atv.laus	6.148	6.107	5.805	5.462	5.617	5.783
	Heimili með börn þar sem er atvinnuleysi	6.460	6.421	6.088	5.709	5.883	6.065
Börn	Heildarfj. barna sem eiga atvl. foreldra	**10.923**	**10.875**	**10.290**	**9.681**	**9.978**	**10.309**
	Börn með báða for. atvlausa	**416**	**429**	**389**	**327**	**350**	**364**
	Börn með annað for. atv.laust	**10.507**	**10.446**	**9.901**	**9.354**	**9.628**	**9.945**
	Meðalfjöldi barna á heimilum þar sem eru börn	1,69	1,69	1,69	1,70	1,70	1,70

Ath. *Þegar talað er um báða foreldra er miðað við fjölskyldunúmer, þ.e. einstaklingar sem búa saman og það eru börn á heimilinu. Ekki eru til upplýsingar um það hvort báðir foreldrar eru atvinnulausir ef þeir búa ekki sama, þ.e. ef þeir tengjast ekki með fjölskyldunúmeri.*

Hjúskaparstaða skv. Hagstofuupplýsingum	okt-09	nóv-09		
Ógiftur og barnlaus	5.081	5.404	36%	margir trúlega í sambúð, en óskráð hjá Hagstofu þar af ríflega 200 sem búa saman
Gift(ur)/sambúð, barnlaus	2.002	2.107	14%	
Óviss hjúskaparstaða, barnlaus	1.137	1.159	8%	
Einstæðir foreldrar	3.486	3.635	24%	margir trúlega í sambúð, en óskráð hjá Hagstofu þar af ríflega 500 sem búa saman
Giftir/í sambúð með börn	2.577	2.627	17%	
Óviss hjúskaparstaða, með börn	86	85	1%	
Samtals	**14.369**	**15.017**	**100%**	

Heimild: Vinnumálastofnun, desember 2009.

Fylgiskjal IV: Hvatning til sveitarfélaga um skólamáltíðir

Velferðarvaktin
Félags- og tryggingamálaráðuneyti 16. september 2009

Til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaganna.

Tryggt verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins

Velferðarvaktin var skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra í febrúar síðastliðnum í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2009. Vaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Í fyrstu áfangaskýrslu sinni til félags- og tryggingamálaráðherra í mars lagði stýrihópur velferðarvaktarinnar það til að tryggt yrði að öll börn fái hádegisverði í skólum landsins. Þessi tillaga vaktarinnar var tekin upp í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá mars 2009 þar sem lagt var til að leitað yrði leiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga til að tryggja að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins. Rétt er í þessu sambandi að greina frá því að Finnar telja að sú staðreynd að öll börn í finnskum grunnskólum hafi fengið hádegisverð í skólum landsins hafi átt ríkan þátt í að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagskreppunnar á börn þar í landi í upphafi 10. áratugar síðustu aldar.

Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga beinir velferðarvaktin því til sveitarstjórna og skólanefnda að tryggt verði með öllum tiltækum ráðum og fylgst með að börn í skólum á þeirra vegum fái alla skóladaga hádegisverð. Í þessu sambandi er athygli vakin á 23. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, en þar segir meðal annars: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.“

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna á heimasíðu vaktarinnar
http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/

Með góðum kveðjum,

Lára Björnsdóttir

formaður velferðarvaktarinnar

Fylgiskjal V: Fjárhagsaðstoð 16 fjölmennustu sveitarfélaganna

Fjárhagsaðstoð janúar–ágúst 2009

Sveitarfélag	Ár	Íbúafjöldi*	Fjöldi notenda	Fjárhagsaðstoð
Reykjavíkurborg	2008	119.900	2.066	619.148
	2009	119.021	2.778	1.040.629
	Breyting	-0,7%	34,5%	68,1%
Kópavogsbær	2008	29.795	244	79.897
	2009	30.395	302	108.415
	Breyting	2,0%	23,8%	35,7%
Seltjarnarneskaupstaður	2008	4.445	26	5.177
	2009	4.393	39	8.014
	Breyting	-1,2%	50,0%	54,8%
Garðabær	2008	10.272	28	6.723
	2009	10.503	50	14.743
	Breyting	2,2%	78,6%	119,3%
Hafnarfjarðarkaupstaður	2008	25.434	205	58.231
	2009	26.109	334	121.734
	Breyting	2,7%	62,9%	109,1%
Mosfellsbær	2008	8.479	22	5.077
	2009	8.463	39	10.590
	Breyting	-0,2%	77,3%	108,6%
Reykjanesbær	2008	14.029	205	32.627
	2009	14.109	306	56.496
	Breyting	0,6%	49,3%	73,2%
Akraneskaupstaður	2008	6.549	74	18.256
	2009	6.586	106	27.974
	Breyting	0,6%	43,2%	53,2%
Borgarbyggð	2008	3.715	16	3.720
	2009	3.608	14	4.813
	Breyting	-2,9%	-12,5%	29,4%
Ísafjarðarbær	2008	3.941	40	3.364
	2009	3.965	40	5.298
	Breyting	0,6%	0,0%	57,5%
Sveitarfélagið Skagafjörður	2008	4.062	26	3.703
	2009	4.119	38	6.108
	Breyting	1,4%	46,2%	64,9%
Akureyrarkaupstaður	2008	17.390	265	45.547
	2009	17.527	280	47.553
	Breyting	0,8%	5,7%	4,4%
Fjarðabyggð	2008	5.033	15	3.098
	2009	4.652	21	6.130
	Breyting	-7,6%	40,0%	97,9%
Fljótsdalshérað	2008	4.040	20	3.598
	2009	3.612	16	2.592
	Breyting	-10,6%	-20,0%	-28,0%
Vestmannaeyjabær	2008	4.039	27	4.743
	2009	4.137	34	7.108
	Breyting	2,4%	25,9%	49,9%
Sveitarfélagið Árborg	2008	7.817	44	7.371
	2009	7.933	106	19.188
	Breyting	1,5%	140,9%	160,3%

	Íbúafjöldi*	Fjöldi notenda	Fjárhagsaðstoð
Samtals 2008	268.940	3.323	900.280
Samtals 2009	269.132	4.503	1.487.385
Mismunur	192	1.180	587.105
Hlutfallsl. br.	0,1%	35,5%	65,2%

Samtals íbúar í 16 sveitarfélögunum	269.132
Íbúafjöldi á landinu árið 2009	319.355
Hlutfall íbúa í sveitarfélögum sem skila upplýsingum	84,3%

* Miðársmannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum

Unnið af velferðarvaktinni, nóvember 2009.

Fylgiskjal VI: Húsaleigubætur janúar–september 2005–2009 í þúsundum króna

Sveitarfélag	**Janúar–september**				
	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Reykjavíkurborg	573.329	557.954	536.917	748.523	1.054.469
Kópavogsbær	63.453	62.429	65.712	82.308	135.213
Seltjarnarneskaupstaður	6.242	6.443	7.183	9.494	14.097
Garðabær	11.634	11.705	10.564	14.925	25.809
Hafnarfjarðarkaupstaður	64.455	65.090	69.575	86.048	160.959
Mosfellsbær	13.075	13.282	13.138	18.858	32.641
Reykjanesbær	48.352	49.295	53.957	111.156	187.536
Akraneskaupstaður	16.963	16.355	16.713	24.338	42.701
Borgarbyggð	16.734	18.206	19.633	27.113	34.168
Ísafjarðarbær	20.102	19.430	19.595	27.085	30.280
Sveitarfélagið Skagafjörður	15.009	14.332	13.349	17.716	22.474
Akureyrarkaupstaður	76.311	78.276	79.790	106.994	143.945
Fjarðabyggð	11.059	12.353	10.008	10.771	23.766
Fljótsdalshérað	11.223	11.052	10.346	13.473	19.743
Vestmannaeyjabær	13.221	13.200	12.969	15.097	22.162
Sveitarfélagið Árborg	20.077	21.027	23.050	31.336	47.973
Samtals stærstu sveitarfélögin	**981.239**	**970.429**	**962.500**	**1.345.235**	**1.997.935**
Önnur sveitarfélög	**152.440**	**147.360**	**148.384**	**194.018**	**264.882**
Samtals öll sveitarfélög	**1.133.679**	**1.117.789**	**1.110.884**	**1.539.253**	**2.262.817**



Unnið af velferðarvaktinni úr gögnum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nóvember 2009.

Fylgiskjal VII: Tekjur einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009

Samanburður á tekjum einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009

	Örorka	Atvinnuleysisbætur	Lágmarkslaun	Fjárhagsaðstoð
Barnlausir einstaklingar				
Tekjur fyrir skatt (grunnupphæð)	180.000	152.000	157.000	116.000
Tekjur eftir skatt	155.000	133.000	136.000	115.000
Einstæðir foreldrar með tvö börn á leikskólaaldri				
Tekjur eftir skatt*	152.000	145.000	139.000	115.000
Tekjur eftir skatt að viðbættum greiðslum vegna barna **	280.000	240.000	235.000	211.000

Allar tölur eru í krónum og námundaðar að næsta heila þúsundi.

* Innifalið í tekjum eftir skatt eru mæðra- og feðralaun og greiðslur með börnum þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum, sem hvort tveggja er skattskylt.
** Greiðslur vegna barna eru barnabætur og meðlög sem eru ekki skattskyldar tekjur.

Forsendur:
- Allar upplýsingar taka mið af stöðu í nóvember 2009.
- Taflan lýsir tekjum einstaklings og einstæðra foreldra með tvö börn á leikskólaaldri án tillits til annarra tilfærslna tekna.
- Skattstofn er grunnfjárhæð á mánuði, mæðra- og feðralaun og greiðslur vegna barna atvinnulausra, að frádregnum greiðslum í lífeyrissparnað og stéttarfélagsgjald. Allt er þetta eftir því sem við á í hverju tilviki.
- Upplýsingar um námslán eru fengnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, um lágmarkslaun frá Eflingu, um örorku frá Tryggingastofnun ríkisins, um atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun og um framfærslustyrk frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.
- Tekjuútreikningur fyrir atvinnuleysisbætur, lágmarkslaun og fjárhagsaðstoð er byggður á útreikningi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Námslán taka mið af námslánakerfinu eftir breytingar í september 2009. Lán námsmanns (einstaklings) fer að skerðast við 750.000 kr. tekjur. Fyrir þá sem eru að koma úr fullri vinnu í sex mánuði eða lengur er frítekjumark 3.750.000 kr.
- Örorkubætur eru hér miðaðar við 75% örorku og engar tekjur af atvinnu, engar greiðslur úr lífeyrissjóðum eða aðrar tekjur, svo sem fjármagnstekjur.

(Velferðarsvið félags- og tryggingamálaráðuneytis, nóvember 2009.)

715. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um að gerðarþoli geti óskað eftir því að töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði verði frestað í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laganna til 31. ágúst 2010 að uppfylltum sömu skilyrðum og gilt hafa um slíka fresti til þessa.

Með lögum nr. 23/2009 var ákveðið að fresta skyldi að ósk gerðarþola almennum nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Með lögum nr. 108/2009, sem tóku gildi 7. nóvember 2009, var fallið frá frekari almennri frestun á nauðungarsölu fasteigna en kveðið á um, í ákvæði til bráðabirgða, að sýslumanni bæri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 28. febrúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað væri nauðungarsölu skv. 6. gr. laga nr. 90/1991. Skilyrði þessa var að um væri að ræða fasteign þar sem gerðarþoli héldi heimili og hefði skráð lögheimili auk þess sem húsnæðið þyrfti að vera ætlað til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda.

Á fundum sínum ræddi nefndin nokkuð um ástæður þessara framlengdu fresta en upphaflega var ætlunin að gefa skuldurum kost á að nýta tímann til að leita tiltækra úrræða til að ná tökum á greiðsluvanda sínum. Þá höfðu verið lögfest ýmis ákvæði til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum en úrræðin verið í boði í tiltölulega stuttan tíma. Þegar nefndin ræddi síðast um framlengingu þessa frests tók hún fram að þrátt fyrir að fram kæmi í greinargerð að ekki væri gert ráð fyrir frekari frestun á nauðungarsölum eftir þann tíma, teldi hún ekki rétt að útiloka þann möguleika heldur teldi hún eðlilegt að málið yrði skoðað sérstaklega í ljósi reynslunnar og þá hvort nauðsyn krefði. Fyrir nefndinni nú kom fram að þau úrræði sem hafa verið lögfest, m.a. reglur um sértæka skuldaaðlögun, eru kannski ekki orðin nægilega virk og jafnvel ekki öll komin að fullu til framkvæmda. Nefndin fellst á að það sé nauðsynlegt að veita gerðarþola á ný heimild til framlengingar svo að honum gefist meiri tími til að leita tiltækra úrræða, virkja þau og ná tökum á greiðsluvandræðum sínum.

Fyrir nefndinni kom fram að skuldarar eru almennt ekki nægilega vel upplýstir um þau úrræði sem í boði eru en einnig að hjá bönkum og Íbúðalánasjóði sé unnið að því að hafa samband við þá sem eru í greiðsluvandræðum og kynna þeim úrræðin og telur nefndin það mjög þarft. Nefndin leggur áherslu á að stjórnvöld og fjármálastofnanir nýti þennan tíma sem best til að kynna úrræðin sem í boði eru á aðgengilegan hátt og vinna að lausnum fyrir þá sem eru í greiðsluerfiðleikum.

Samkvæmt frumvarpinu er heimildin tímabundin, þ.e. fram til 31. ágúst 2010 ber sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta í allt að þrjá mánuði töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði. Verði frumvarpið að lögum fyrir lok febrúarmánaðar munu frestir gerðarþola renna út á tímabilinu frá lokum maí til loka nóvember allt eftir því hvenær beiðnin kemur fram og hversu langt málin eru komin í framhaldssölu eða ráðstöfun á almennum markaði.

Nefndin telur óheppilegt að heimildin gildi einungis til 31. ágúst, sérstaklega þegar litið er til starfstíma þingsins þar sem gert er ráð fyrir örfáum fundum í september og að þingið komi síðan aftur saman 1. október. Þá telur nefndin ekki heppilegt að síðustu þriggja mánaða frestirnir muni renni út í nóvember og nauðungarsölu því framhaldið og væntanlega lokið í desember. Nefndin leggur því til að fresturinn verði framlengdur til 31. október.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „31. ágúst 2010“ í 2. efnismgr. 1. gr. komi: 31. október 2010.

Þór Saari sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. febr. 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Erla Ósk Ásgeirsdóttir, með fyrirvara.	Valgerður Bjarnadóttir.
Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.	Þráinn Bertelsson.

716. Álit allsherjarnefndar [402. mál]

um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2008.

Allsherjarnefnd skilar nú í þriðja skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með breytingunum var að tryggja betur en áður tengsl embættis umboðsmanns og þingsins sjálfs og undirstrika mikilvægi þess að skýrsla umboðsmanns fái viðeigandi umfjöllun í þeirri fastanefnd þingsins sem fjallar um málefni embættisins. Eitt mikilvægasta hlutverk Alþingis er að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, ríkisstjórn og stjórnsýslu ríkisins og hvernig hún er framkvæmd. Embætti umboðsmanns er mikilvægur hluti markviss þingeftirlits og í reynd sá hluti sem borgararnir geta leitað til með gagnrýni og kvartanir.

Árið 2008 var afmælisár embættisins en þá voru 20 ár liðin frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Hlutverk hans er að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og auk þess að stuðla að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Á þessum tveimur áratugum hefur umboðsmaður náð að festa sig í sessi sem sjálfstæður og óháður málsvari borgaranna og hefur veitt stjórnvöldum raunverulegt aðhald í störfum sínum ásamt því að koma með tillögur að úrbótum. Þannig hefur hann haft mikil áhrif og mótað stjórnsýsluna.

Allsherjarnefnd fjallaði um skýrslu umboðsmanns um afmælisárið 2008 á opnum fundi sem var haldinn í beinni útsendingu á vef Alþingis með Tryggva Gunnarssyni, kjörnum um-

boðsmanni, og Róberti Ragnari Spanó, settum umboðsmanni frá ársbyrjun 2009. Markmiðið með reglum forsætisnefndar um opna fundi er að opna umræðu um efni sem eiga sérstakt erindi við borgarana. Telur nefndin að þegar litið er til mikilvægis þess verkefnis sem umboðsmaður fer með, þ.e. eftirlits- og aðhaldshlutverkið gagnvart stjórnvöldum, sé nauðsynlegt að skýrslan fái opnari umfjöllun í nefndinni og var niðurstaða hennar því að halda opinn fund um skýrsluna. Fundurinn var haldinn 24. nóvember sl. í beinni útsendingu og er upptaka af honum aðgengileg á vef þingsins. Þetta er í fyrsta skipti sem fjallað er um skýrslu umboðsmanns í beinni útsendingu og telur nefndin að með því sé skref stigið til þess að auka vægi umfjöllunarinnar um skýrsluna bæði innan Alþingis og utan þess. Þannig er aðhald aukið með stjórnvöldum á hverjum tíma auk þess sem ætla má að forvarnaráhrifin verði meiri þegar umfjöllunin fær veglegri sess. Fyrirmynd þessa er fengin frá Danmörku en þar hefur skýrsla þarlends umboðsmanns verið rædd á slíkum fundum frá árinu 2002. Þar hefur þróunin verið sú að almenningur hefur getað tekið þátt í fundnum með því að beina spurningum til umboðsmanns og telur nefndin rétt að á vegum Alþingis verði hugað að því hvernig unnt er að undirbúa slíka umræðu.

Ársskýrsla umboðsmanns Alþingis er nokkurs konar spegill þess hvernig til hefur tekist í stjórnsýslunni á hverju ári og telur nefndin vert á þessum tímamótum að líta til baka og skoða eldri skýrslur embættisins. Þær gefa yfirlit yfir starfið og þau áhrif sem það hefur haft á stjórnsýsluna á hverjum tíma. Á þeim árum sem liðið hafa frá stofnun embættisins hefur umfang stjórnsýslunnar aukist mikið og samhliða því eru gerðar auknar kröfur til málsmeðferðar. Þá eru borgararnir almennt betur upplýstir um réttindi sín og leita eftir þeim innan stjórnsýslunnar sem einnig er vísbending um að kæruleiðirnar skili árangri. Því er ljóst að árangur embættisins er mikill, hvort sem litið er til þess að tryggja réttindi borgaranna í stjórnsýslunni eða veita stjórnsýslunni nauðsynlegt aðhald. Nefndin leggur áherslu á að eftirlit umboðsmanns er til þess fallið að gera stjórnsýsluna vandaðri og afkastameiri og auka jafnframt traust borgaranna á henni.

Umfang stjórnsýslunnar fer ört vaxandi og á fundinum kom fram að aldrei hefðu fleiri mál verið afgreidd en á afmælisárinu, eða 354 mál, en í árslok voru 104 mál óafgreidd. Þegar málafjöldi er skoðaður aftur í tímann sést að nokkuð mikil aukning hefur orðið strax á fyrstu tíu árum embættisins en þá fimmfaldaðist fjöldi skráðra mála, úr 70 málum á fyrsta árinu í 360 á því tíunda. Eftir það fækkar skráðum málum nokkuð og þau verða um og yfir 300 á ári hverju. Fram kom að umboðsmaður hefur sett sér viðmiðunarreglur um málshraða, þ.e. að afgreiða mál innan sex mánaða frá kæru en það hefur ekki alltaf tekist, m.a. vegna þess að oft fjallar hann um úrlausnarefni sem ekki hefur verið fjallað um áður og þarf að gefa sér tíma til þess.

Á fundinum kom fram að á árinu voru viðfangsefni svipuð og síðustu ár og fjallað um sömu málaflokka. Stærsti einstaki málaflokkurinn er eins og áður tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála, eða 17% af heildinni, og er það heldur fleiri mál en síðustu ár. Nefndin telur mikilvægt að viðkomandi stjórnvöld taki sig verulega á í þessu efni og bæti úr enda er það tiltölulega auðvelt fyrir þau og varðar málsaðila oft mjög miklu. Telur nefndin tafir á afgreiðslu mála sérstaklega ámælisverðar þegar málsmeðferðartími er ákveðinn samkvæmt lögum og lagði á 136. löggjafarþingi ríka áherslu á það í áliti sínu um skýrslu ársins 2007 að við þær aðstæður sem ríktu í efnahagsmálum væri enn ríkari ástæða en áður til að leysa úr málum innan lögbundinna fresta, m.a. með endurupptöku þeirra þegar þess gerist þörf. Þannig væri unnt að viðhalda og auka traust almennings á stjórnsýslunni.

Í nokkrum málaflokkum varð fjölgun milli ára, m.a. í málum er lutu að fangelsum en þeim hafði fækkað verulega á síðastliðnum árum. Þá fjölgaði málum milli ára er lutu að opinberum starfsmönnum, sköttum og gjöldum, almannatryggingum, aðgangi að gögnum og upplýsingum og skipulags- og byggingarmálum. Málum sem falla undir flokkinn málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunnar fækkaði nokkuð milli ára en sérstaka athygli vakti þar í hve hlutfallslega mörgum málum reyndi á rannsóknarskyldu stjórnvalda en það voru 11 mál. Í skýrslunni kemur fram að í fimm málum reyndi á rannsóknarregluna við úrlausn á réttarstöðu þeirra sem sækja um opinber störf eða við lausn frá störfum.

Við umfjöllun nefndarinnar var nokkuð rætt um álit umboðsmanns vegna skyldu til að auglýsa opinber störf. Kom fram að í árslok 2006 hefði umboðsmaður ákveðið að eigin frumkvæði að taka til athugunar hvernig ákvæðum laga og reglna um auglýsingar lausra embætta og starfa hefði verið fylgt. Tók athugunin til áranna 2005 og 2006 og var takmörkuð við setningar, skipanir og ráðningar í störf hjá ráðuneytum og þau tilvik þar sem ráðherra fer með veitingarvaldið, t.d. störf forstöðumanna ríkisstofnana eða önnur störf hjá ríkinu. Tilefni þessa voru ábendingar sem bárust um að misbrestur væri á að störf og embætti væru auglýst. Kom fram að þrátt fyrir athugasemdir umboðsmanns og skýrar reglur sé dæmunum alltaf að fjölga og þau verði fjölbreyttari. Niðurstaða umboðsmanns hefur því tekið lengri tíma en áætlað var og er væntanleg á vormánuðum. Nefndin tekur undir mikilvægi þess að umboðsmaður fylgist með því að farið sé að settum reglum og bendir á að þeim er ætlað að tryggja að stjórnvöld geti valið úr sem flestum hæfum umsækjendum um hverja stöðu. Nefndin telur þó einnig að þessi fjölmörgu dæmi gefi ákveðna vísbendingu um þörf á endurskoðun reglnanna.

Sérkenni stjórnsýslunnar er að þær reglur sem fylgja þarf eru oft einungis að hluta til festar í lög. Margar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins eru óskráðar, m.a. reglan um skyldubundið mat stjórnvalda. Nokkuð reyndi á slík mál en þá hefur löggjafinn falið stjórnvöldum að taka ákvörðun og setja reglur um hvernig leysa eigi úr tilteknum málum og eru nefnd nokkur dæmi í skýrslunni. Þá lagði umboðsmaður áherslu á skyldu stjórnvalda til að svara fyrirspurnum og samspil þess við vandaða stjórnsýsluhætti. Nefndin telur að sú ábending snúi einnig að ásýnd stjórnsýslunnar, þ.e. að viðkomandi aðilar fái að fylgjast með gangi mála innan stjórnsýslunnar og bendir á að þar mætti nýta rafræna miðla mun meira.

Á fundinum var einnig rætt hvernig hið opinbera ætti að fara með eignir sínar og fjármuni en settur umboðsmaður benti á að það væri eitt stærsta verkefni Alþingis að taka afstöðu til þess. Ljóst er að hinu opinbera eigendavaldi eiga að vera önnur mörk sett en þau sem gilda gagnvart hefðbundnum einkaréttarlegum lögmálum enda ólíkir hvatar sem búa að baki. Reglur stjórnsýsluréttarins gilda um opinbera aðila sem eiga að gæta almannahagsmuna og vinna fyrir fólkið í landinu. Taldi umboðsmaður ljóst að ein viðbrögðin yrðu þau að eftirlitsumhverfinu með fjármálamarkaðinum verði breytt og inngrip hins opinbera aukið. Minnti umboðsmaður í því sambandi á mikilvægi þess að við setningu laga sé skýrt hvaða valdheimildir stjórnvöldum séu veittar, til þess að réttarstaðan sé skýrari, réttaröryggi borgaranna meira og eftirlit umboðsmanns þjóni tilgangi sínum.

Nefndin ræddi frumkvæðismálin sérstaklega en það eru mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði og eru mikilvægur þáttur í starfi hans. Umboðsmaður upplýsti að embættinu bærust fjölmargar ábendingar, auk þess sem hann fylgdist með því sem er að gerast í samfélaginu en hann þyrfti að vera vandlátur á hvaða mál væru tekin til athugunar. Þróunin hefði verið að almennt sé byggt á því sjónarmiði að málin hefðu almenna þýðingu, horfi til umbóta og séu liður í að bæta réttaröryggi borgaranna. Tók hann sérstaklega fram að frum-

kvæðismálum hefði ekki verið beitt vegna tiltekinna mála einstaklinga eða lögaðila þó að þau gætu lotið að tilvikum sem snertu einstaklinga en byggt væri á að þau hefðu almenna þýðingu.

Fjöldi frumkvæðismála hefur aukist úr 6 í 14 milli áranna 2008 og 2009. Fram kom að á því gæti verið sú skýring að þegar bréf er sent frá umboðsmanni til stjórnvalds og óskað eftir upplýsingum sé það í upphafi skráð sem frumkvæðismál. Stór hluti erinda sem settur umboðsmaður hefði sent á árinu 2009 væri til þess að óska eftir upplýsingum frá viðkomandi stjórnvaldi um atriði sem gæti þarfnast frekari skoðunar. Ef svo væri, hæfist hin formlega frumkvæðisathugun en annars væri málinu lokið.

Yfirleitt fara stjórnvöld eftir tilmælum umboðsmanns sem geta verið almenns eðlis eða sérstök tilmæli. Kom fram að í tveimur málum hefði ekki verið farið eftir sérstökum tilmælum umboðsmanns, þ.e. máli er varðaði stimpilgjöld og var til meðferðar hjá fjármálaráðuneyti og máli hjá óbyggðanefnd er varðaði rökstuðning málskostnaðarákvörðunar. Nefndin telur mjög mikilvægt að farið sé eftir tilmælum umboðsmanns enda sé markmiðið með eftirliti hans að bæta stjórnsýsluna og veita stjórnvöldum aðhald sem verður grundvöllur þess að undirbyggja traust á þeim.

Umboðsmaður lagði sérstaka áherslu á að ekki náist árangur í að bæta stjórnsýsluna nema með því að fræða starfsfólk stjórnsýslunnar um reglur stjórnsýsluréttarins, sem og um alþjóðlegar reglur sem innifela fjölþjóðlegar skuldbindingar um réttindi borgaranna, enda sé það grundvallaratriði fyrir réttaröryggi borgaranna að starfsfólkið viti hvaða reglum á að fylgja. Nefndin tekur sérstaklega undir þetta sjónarmið eins og áður og telur sérstaklega mikilvægt í því þjóðfélagsumróti sem nú ríkir að ráðuneyti og stofnanir geri átak til þess að bæta úr þessu enda bera þau ábyrgð á því að þjónustan sem borgurunum er veitt uppfylli gæðakröfur laga og réttarreglna. Nefndin telur mikilvægt að skoðað verði hvort leggja eigi meiri áherslu á þekkingu á reglum stjórnsýsluréttarins, t.d. við ráðningar starfsmanna stjórnsýslunnar eða með því að nýir starfsmenn sitji námskeið. Jafnframt verði hugað sérstaklega að endurmenntun innan stjórnsýslunnar en í máli umboðsmanns kom fram að fjöldi manna innan stjórnsýslunnar hefði ekki fengið neina slíka menntun.

Nefndin fjallaði um þá þróun innan stjórnsýslunnar að einkaréttarlegar leiðir eru notaðar í auknum mæli við lausn á ýmsum málum. Umboðsmaður nefnir dæmi um þetta í skýrslu sinni, svo sem að opinbera fyrirtækið ÁTVR reikni sér arð og að samið sé um uppgjör bóta vegna niðurskurðar á búfé. Umboðsmaður vakti athygli á því við umfjöllun um skýrslu ársins 2007 að það færðist í aukana að þjónusta við borgarana sé með samningum færð til einkaréttarlegra aðila sem taki að sér að sjá um þjónustuna og benti hann á mikilvægi þess að við þá samningsgerð sé gætt að settum lögum og reglum á viðkomandi sviði varðandi réttindi borgaranna. Nefndin tók undir það í áliti sínu og taldi að með slíkum samningum væri oft unnt að bæta þjónustu við borgarana en taldi mikilvægt að lögbundin réttindi yrðu ekki skert. Þá taldi nefndin einnig mikilvægt að vanda samninga opinberra aðila við einkaaðila, svo sem einkaskóla og einkafyrirtæki á heilbrigðissviði, vegna réttaröryggis og hugsanlegra skaðabóta, þar reyndi á forsvaranlega stjórnsýslu og meðferð fjármuna. Ítrekar nefndin þessi sjónarmið nú.

Á fundinum vakti settur umboðsmaður athygli á því að í júlí sl. lauk hann frumkvæðisathugun varðandi skyldur sem kunna að hvíla á ráðherra til að gæta að störfum undirstofnana. Var niðurstaðan sú að á þeim gæti hvílt bein jákvæð skylda til að grípa til virkra úrræða til að haga innra skipulagi og málsmeðferð með þeim hætti sem áskilið er í lögum. Byggist það

á yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðherra sem bundinn er af almennum leiðbeiningarsjónarmiðum ekki síst út á við, gagnvart borgurum, og inn á við, gagnvart undirstofnunum.

Á fundinum var rætt um starfsemi kærunefnda í stjórnsýslunni en markmiðið með þeim er að auka skilvirkni og réttaröryggi innan stjórnsýslunnar. Umboðsmaður hefur metið hvernig það fyrirkomulag virkar í raun og hvort þessi tilhögun þjónar þeim tilgangi sínum að auka skilvirkni og réttaröryggi. Fram kom að umboðsmaður hefði stundum efasemdir um að starfsemin virkaði nægilega vel og benti á að oft væri takmörkuð þekking á efnisreglum og málsmeðferðarreglum innan nefndanna og að til þeirra kæmu of fá mál til þess að unnt væri að viðhalda sérhæfingu. Nefndin tekur undir það og bendir á álit sitt frá 136. löggjafarþingi á síðustu skýrslu þar sem hún taldi rétt með vísan til þessara ábendinga og enn fremur réttaröryggissjónarmiða, að leggja til að fram færi skoðun á því hvort unnt væri að styrkja kærunefndir innan stjórnsýslunnar með því að fækka þeim, jafnvel sameina þær eða færa verkefni þeirra til viðkomandi ráðuneyta sem gæti falið í sér ákveðna hagræðingu í rekstri. Nefndin ítrekar þessar ábendingar sínar nú og telur að með vísan til réttaröryggis og mögulegrar hagræðingar sé nauðsynlegt að skoða þetta.

Á fundinum var vikið að setningu neyðarlaganna og því kerfi skilanefnda og slitastjórna sem komið var á í mikilli skyndingu eftir bankahrunið haustið 2008 og hvort umboðsmaður hefði fjallað um það. Fram kom að umboðsmaður hefði fylgst nokkuð með því en hann teldi nauðsynlegt að gefa andrými til að skoða hver framvinda málsins yrði. Taldi settur umboðsmaður að ákveðin álitaefni gætu verið uppi, t.d. hvort ákvarðanir séu teknar á mörkum lögfræðinnar innan einkaréttar eða opinbers réttar og lagði áherslu á mikilvægi þess að þingmönnum sem handhöfum löggjafarvalds yrði að vera það ljóst við setningu laga innan hvaða réttarsviðs þau væru.

Þá taldi hann takmarkanir á því að hvaða marki honum væri unnt að fjalla um ákvarðanir einkaaðila, þ.e. ef þeim hefði verið fengið opinbert vald. Alþingi hefði með lögum nr. 44/2009, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, tekið ákveðna stefnumarkandi ákvörðun, þ.e. fært stöðu skilanefndanna úr upprunalegu horfi og þeim tengslum sem þær höfðu við Fjármálaeftirlitið og einnig úr hinu stjórnsýslulega eftirlitskerfi yfir í núverandi hlutverk skilanefndanna þar sem þær eru mikilvægur liður í slitameðferð gömlu bankanna. Taldi umboðsmaður því lítið svigrúm fyrir hann til að bregðast við kvörtunum er lúta að störfum gömlu bankanna í ljósi þess hvernig Alþingi sjálft hefði komið þessu kerfi á með lagabreytingu í apríl 2009. Þá eru nýju bankarnir ný hlutafélög sem starfa á einkaréttarlegum forsendum. Umboðsmaður benti þó á að í lok október hefðu verið samþykkt lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem m.a. settu lagaramma um sérstæka skuldaaðlögun þar sem gert væri ráð fyrir ákveðnu eftirlitskerfi, þ.e. eftirlitsnefnd, sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar og hefur eftirlit með samræmdri beitingu reglna um sértæka skuldaaðlögun sem Fjármálaeftirlitið staðfestir. Taldi umboðsmaður að aðkoma opinberra aðila þar kynni að vera verkefni sem umboðsmaður gæti haft eftirlit með en kerfið væri í sjálfu sér þannig að eftirlitsmöguleikar hans væru verulega takmarkaðir. Nefndin telur þessar athugasemdir umboðsmanns mjög gagnlegar og leggur áherslu á að gætt verði að því við samningu frumvarpa og lagasetningu hver réttaráhrif viðkomandi löggjafar verði.

Umboðsmaður benti enn á ný á mikilvægi vandaðrar lagasetningar og nauðsyn þess að í undirbúningsgögnum með lagafrumvörpum sé tekin afstaða til þess hvernig þau falli að stjórnarskrá og alþjóðareglum, sem gera ákveðnar kröfur um hvernig haga eigi þessum málum. Umboðsmaður benti á að í nágrannalöndunum sé ekki eingöngu gerð formleg prófun á

því hvernig reglur eiga að virka í framkvæmd heldur einnig hvað þær hafa í för með sér og hvernig þær falla að efni stjórnarskrár og stjórnsýsluréttarins. Í áliti sínu frá 136. löggjafarþingi tók nefndin undir svipaðar athugasemdir umboðsmanns og taldi þá mikilvægt að við samningu frumvarpa yrði almennt gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi mál fellur að þeim lagaramma sem stjórnarskráin setur og enn fremur að almennt verði tekin afstaða til þessa við lagasetningu Alþingis og afgreiðslu mála hjá fastanefndum þingsins. Nefndin ítrekar þessi sjónarmið og telur nauðsynlegt að þessari gagnrýni verði mætt enda til þess fallin að tryggja réttaröryggi borgaranna til framtíðar.

Skýrslan fyrir afmælisárið 2008 er eins og áður mjög vönduð og verðskuldar mikla athygli og umræðu auk þess sem að hún er mikilvæg heimild við túlkun reglna á réttarsviði stjórnsýsluréttarins sem enn eru að miklu leyti óskráðar. Eðli umboðsmannseftirlits er eftirá-eftirlit til þess fallið að læra af og er skýrslan nauðsynlegur leiðarvísir til þess að unnt sé að meta hvort breyta þarf löggjöf eða starfsháttum stjórnsýslunnar. Nefndin telur ljóst að fá rit séu jafnupplýsandi um ástand lýðræðisins og stjórnsýslunnar eins og skýrsla umboðsmanns.

Allsherjarnefnd telur að með þeirri umfjöllun sem skýrslan fékk í nefndinni sé enn eitt skrefið stigið til þess að auka nauðsynlegt aðhald með stjórnvöldum og að mikilvægt sé að þróa umfjöllunina áfram, t.d. með aðkomu almennings. Mikilvægt er að byggja upp traust á stjórnvöldum og stjórnsýslustofnunum í því þjóðfélagsumróti sem nú er og telur nefndin að embætti umboðsmanns hafi veigamikið hlutverk við það stóra verkefni. Í því sambandi skiptir þó mestu máli hvernig stjórnvöld og stofnanir bregðast við álitum umboðsmanns og stærsta vísbendingin um að stjórnsýslan vinni vel og að réttaröryggi sé tryggt er að málum fækki hjá umboðsmanni Alþingis. Skýrslan er eins og áður gífurlega fjölbreytileg, bæði viðfangsefnin og lögfræðileg málefni, en að nokkru leyti eru umfjöllunarefnin þau sömu og árin á undan. Nefndin telur því að stjórnvöld og stofnanir þurfi að skoða hverju það sætir og hvernig unnt sé að bæta úr til að endurvekja það traust sem nauðsynlegt er að stjórnsýslan hafi.

Nefndin leggur áherslu á að skýrslan fái enn meiri umfjöllun en verið hefur á vettvangi Alþingis. Þannig ætti að stefna að útkomu skýrslunnar fyrr þannig að á haustþingi hverju sinni gæfist ráðrúm til almennrar umræðu meðal þingmanna um skýrsluna.

Nefndin telur að embætti umboðsmanns njóti verðskuldaðs trausts meðal almennra borgara og stofnana stjórnsýslunnar enda er almennt farið eftir tilmælum hans.

Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 23. febr. 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Erla Ósk Ásgeirsdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.	Þráinn Bertelsson.

717. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú er leitað nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili og um er að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og ber þá sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta í allt að þrjá mánuði töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður að fullnægðum sömu skilyrðum verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum í allt að þrjá mánuði.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. október 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

718. Lög [389. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

(Afgreidd frá Alþingi 25. febrúar 2010.)

Samhljóða þskj. 717.

719. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (leiðrétting vegna laga um tekjuöflun ríkisins).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Berist umsókn eftir að kærufresti skv. 99. gr. lýkur er ríkisskattstjóra heimilt að taka hana til afgreiðslu enda séu skilyrði 2. mgr. 101. gr. uppfyllt.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, koma ákvæði 17. og 37. gr. þeirra laga til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2011 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2010 eða síðar á því ári.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. og 2. gr. koma til framkvæmda á árinu 2010. 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu haustþingi voru lögð fram tvö frumvörp um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrra frumvarpið fól fyrst og fremst í sér breytta skipan á skattstjórnsýslunni með sameiningu embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra. Með síðara frumvarpinu voru settar fram efnisbreytingar á ákvæðum laganna og var framsetning breytingartillagnanna miðuð við að frumvarpið um sameininguna yrði að lögum á undan hinu. Birting laganna, þ.e. annars vegar laga nr. 128/2009 (efnisákvæði) og hins vegar laga nr. 136/2009 (skattumdæmi), varð hins vegar öndverð við það sem lagt hafði verið upp með, sem varð þess valdandi að breytingar samkvæmt tveimur greinum laga nr. 128/2009 urðu marklausar. Breytingum þeim sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er ætlað að rétta af framangreindar misfellur. Ákvæði 1. og 2. gr. frumvarpsins varða formreglur, þ.e. afgreiðslu ívilnunarbeiðna og erinda skv. 65. gr. og 101. gr. tekjuskattslaga, en eðli máls samkvæmt verður að vera samfella í málsmeðferðarheimildum skattstjóra og ríkisskattstjóra við sameininguna. Því er lagt til að umrædd ákvæði komi til framkvæmda vegna afgreiðslu ívilnunarbeiðna og erinda ársins 2010.

Þá var með lögum nr. 128/2009 gerð sú breyting að tekjuskattur lögaðila var hækkaður úr 15% í 18%. Breyting þessi skyldi koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2011. Lagt er til að áréttað verði að hækkun skatthlutfalls félaga með annað reikningsár en almanaksárið taki ekki til þeirra félaga sem ljúka því reikningsári sem hófst árið 2009 á árinu 2010. Hækkun á tekjuskattshlutfalli félaga sem svo háttar til um kemur þannig fyrst til þegar álagning fer fram á árinu 2011 eða síðar vegna þess reikningsárs sem hefst á árinu 2010. Frumvarpið felur ekki í sér neinar efnisbreytingar að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lagfærðar verði misfellur sem orsökuðust af gildistökuákvæðum tvennra laga sem samþykkt voru á liðnu haustþingi um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrra frumvarpið fól fyrst og fremst í sér breytta skipan á skattstjórnsýslunni með sameiningu embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra. Með síðara frumvarpinu voru gerðar tillögur um efnisbreytingar á ákvæðum laganna og var framsetning breytingartillagnanna miðuð við að frumvarpið um sameininguna yrði fyrr að lögum. Birting laganna, þ.e. annars vegar laga nr. 128/2009 (efnisákvæði) og hins vegar laga nr. 136/2009 (skattumdæmi), varð hins vegar öndverð við það sem lagt hafði verið upp með sem varð þess valdandi að breytingar samkvæmt tveimur greinum laga nr. 128/2009 urðu marklausar vegna andstæðrar gildistöku þessara laga. Breytingum þeim sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er ætlað að rétta af framangreindar misfellur sem orsökuðust af gildistökuákvæðum og framkvæmd birtingar þessara laga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni koma til með að hafa í för með sé aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

720. Fyrirspurn [404. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kynjaskiptingu barna í íþróttum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Er almennt skipt eftir kyni í íþrótta- og frístundastarfi barna hjá íþróttafélögum, bæði á æfingum og á keppnismótum?
2. Ef svo er, liggja fyrir einhverjar rannsóknir um ástæður þess? Er þetta misjafnt eftir íþróttagreinum?
3. Hvenær má ætla að munur verði á líkamsgetu drengja og stúlkna í íþróttum, miðað við þroska og aldur?
4. Hver er skoðun ráðherra á kynjaskiptingu barna í íþróttum?

721. Fyrirspurn [405. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir í ferðaþjónustu í samanburði við aðrar atvinnugreinar.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hve miklum fjármunum hefur verið varið til rannsókna í ferðaþjónustunni undanfarin fimm ár samanborið við aðrar helstu atvinnugreinar landsins?

Skriflegt svar óskast.

722. Fyrirspurn [406. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um skelrækt.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir bættu starfsumhverfi skelræktar á Íslandi og ef svo er, með hvaða hætti?

723. Fyrirspurn [407. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um höfuðstöðvar FLUG-KEF ohf.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að færa höfuðstöðvar hins nýja opinbera hlutafélags FLUG-KEF ohf. til Keflavíkurflugvallar?

724. Fyrirspurn [408. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um óeðlileg undirboð í vegagerð og byggingariðnaði.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hafa óeðlileg undirboð í vegagerð og byggingariðnaði verið skoðuð sérstaklega á síðustu mánuðum?

725. Frumvarp til laga [409. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um hlutaskrá og safnreikninga.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ögmundur Jónasson, Ásmundur Einar Daðason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Skúli Helgason, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við 9. gr. a. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega skrá yfir eignarhluti í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem varðveittir eru á safnreikningi ásamt upplýsingum um hverjir séu eigendur þeirra.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

7. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu hlutafélags og skal hún öllum aðgengileg.

3. gr.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

6. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu félags og skal hún öllum aðgengileg.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi efnahagsaðstæður hafa vakið upp áleitnar spurningar um hverra hagsmunir hafi ráðið för í starfsemi hinna föllnu banka og í rekstri rótgróinna fyrirtækja fyrir bankahrunið. Leidd hafa verið rök að því að hulið eignarhald og flókin hagsmunatengsl fárra viðskiptablokka hafi átt þátt í að illa fór. Þess vegna sé mál til komið að gera auknar kröfur um gagnsæi eignarhalds enda óljóst hvað sé því til fyrirstöðu að hluthafar gangist opinberlega við eignarhaldi sínu.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutaskrá hlutafélaga og einkahlutafélaga skuli vera öllum aðgengileg en fram til þessa hefur aðgangsheimildin verið einskorðuð við hluthafa og stjórnvöld. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði skylt að birta skrá yfir hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem varðveita eignarhluti sína á safnreikningum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, og lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, leggja þær skyldur á herðar stjórnum félaga að útbúa hlutaskrá með upplýsingum um hluti þar sem tekið er fram nafn eigenda, kennitala og heimilisfang. Ákvæðið mælir aftur á móti ekki fyrir um skyldu stjórnar til þess að uppfæra skrána þegar eigendaskipti verða að hlut nema um það berist tilkynning frá aðilunum. Hluthafi getur þó almennt ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið fært í skrána eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum.

Sérregla gildir í hlutafélagalögum um skráningu í hlutaskrá ef hluthafar kjósa að varðveita eignarhluti á safnreikningi en þá nægir að geta um nöfn, kennitölu og heimilisfang viðkomandi aðila sem heimild hefur til safnskráninga. Safnreikningum fylgir ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum hvorki af hálfu raunverulegs eiganda né vörsluaðila.

Skyldu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt frumvarpinu til að birta skrá yfir hluthafa sem varðveita eignarhluti sína á safnreikningum er ætlað að tryggja að markmið þess nái fram að ganga og er í anda breytinga sem gerðar voru á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. lög nr. 20/2009. Tilgangur þeirra laga var að auka gagnsæi í störfum stofnunarinnar með því að veita henni heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Safnskráning er leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, sbr. 12. gr., og í því ljósi er eðlilegt að Fjármálaeftirlitið birti umræddar upplýsingar. Einnig verður að ætla, með hliðsjón af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar, að hún verji hluta af tíma sínum í að átta sig á tengslum lögaðila innbyrðis til að komast að því hverjir séu raunverulegir eigendur fjármálafyrirtækja. Þau tengsl virðast ekki hafa legið ljós fyrir í aðdraganda hrunsins.

726. Beiðni um skýrslu [410. mál]

frá félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu barna og ungmenna.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Þuríði Backman, Guðbjarti Hannessyni, Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni, Lilju Mósesdóttur, Örnu Láru Jónsdóttur, Pétri H. Blöndal og Magnúsi Orra Schram.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu barna og ungmenna. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Framkvæmd aðgerðaáætlunar til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 13. júní 2007, m.a.:
   a. hvernig hafi til tekist að framfylgja áætluninni,
   b. hverju hafi þegar verið hrundið í framkvæmd og hver kostnaður þeirra aðgerða hafi verið,
   c. hvaða aðgerðir eru áætlaðar á þessu ári og hver er áætlaður kostnaður við þær,
   d. þau atriði í áætluninni sem stendur til að fresta eða hætta við,
   e. upplýsingar um fundi samráðshóps sem settur var saman í kjölfar samþykktar ályktunarinnar, þar á meðal fjölda funda og upplýsingar um niðurstöður og ákvarðanatökur funda.
2. Aðgerðir sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar til að styrkja stöðu ungmenna á vinnumarkaði og auka virkni ungra atvinnulausra.
3. Upplýsingar um stöðu barna og ungmenna í kjölfar efnahagshrunsins og hvort gripið hafi verið til aðgerða til að styrkja stöðu þeirra.

4. Tölulegar upplýsingar um fjölda mála og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda:
   a. flokkað eftir sveitarfélögum,
   b. flokkað eftir því hvort tilkynningar leiða til barnaverndarmála,
   c. flokkað eftir alvarleika mála.
5. Upplýsingar um framkvæmd og vinnuferli við barnaverndarmál sem og úrræði sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til og hvort breytingar á ferlinu og úrræðum séu fyrirhugaðar.
6. Samspil barnalaga og barnaverndarlaga, sýslumanna og barnaverndaryfirvalda og aðgerðir til að tryggja að kerfin vinni betur saman.
7. Aðgerðir til að sporna við ofbeldi gegn börnum sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar.
8. Leiðir til að styrkja barnaverndaryfirvöld til að ráða við aukinn málafjölda eða fleiri tilkynningar.

Greinargerð.

Árið 2007 var á sumarþingi samþykkt metnaðarfull aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna (þingsályktun nr. 2/134). Í áætluninni er tiltekinn fjöldi aðgerða og verkefna sem lagt var upp með að yrði ráðist í á árunum 2007–2011. Nú þegar sígur á seinni hluta þess tímabils telur félags- og tryggingamálanefnd rétt að gerð verði úttekt á framkvæmd áætlunarinnar. Þá er augljóst að vegna efnahagshrunsins þarf að fylgjast náið með stöðu barna og ungmenna og grípa til aðgerða sé þeirra þörf.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur á yfirstandandi þingi haldið nokkra fundi um málefni barna og ungmenna og kallað til sín gesti jafnt frá stofnunum sem og félagasamtökum. Meðal þeirra atriða sem nefndin hefur lagt áherslu á að kynna sér er staða barna og ungmenna í kjölfar efnahagshrunsins og aukins atvinnuleysis. Þá hefur nefndin til að mynda leitað upplýsinga um stöðu barnaverndar, hvaða úrræði séu til og hvar aðilar telji mega gera betur í málefnum barna. Í kjölfar fjölmiðlaumræðu um ofbeldi gegn börnum á síðari hluta ársins 2009 kynnti nefndin sér þau mál sérstaklega. Við umfjöllun frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar í lok síðasta árs ræddi nefndin jafnframt ítarlega málefni atvinnulausra, m.a. með tilliti til mikils fjölda ungra atvinnulausra og nauðsynjar þess að grípa til sérstakra aðgerða í þágu þess hóps og virkja hann. Þá ræddi nefndin málefni barna þar sem foreldri eða foreldrar hafa misst vinnu sína.

Í kjölfar funda um málefnið telur félags- og tryggingamálanefnd fulla þörf á því að gerð verði úttekt á fyrrnefndri aðgerðaáætlun og barnavernd. Nefndin óskar því eftir að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna þar sem m.a. verði farið yfir stöðu aðgerðaáætlunarinnar, hverju hafi þegar verið hrundið í framkvæmd, hvað sé á döfinni og hvort líkur séu á að fresta þurfi einhverjum verkefnum. Þá telur nefndin mikilvægt í ljósi reynslu annarra landa að í skýrslunni verði farið yfir hvort og þá til hvaða aðgerða hafi verið gripið til að styrkja og tryggja stöðu barna og ungmenna vegna efnahagshrunsins. Nefndin telur einnig nauðsynlegt að í skýrslunni komi fram aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til eða eru áætlaðar til að styrkja stöðu ungmenna á vinnumarkaði. Vert er þó að athuga þegar áhrif kreppunnar á stöðu barna og ungmenna eru metin að atvinnuleysi getur bitnað jafnt á ungmennum sem missa vinnu sína sem og á börnum þar sem foreldri eða foreldrar eru atvinnulausir en samkvæmt upplýsingum eiga um 11.000 börn atvinnulaust foreldri.

Óskað er eftir því að í skýrslunni verði barnaverndarmál og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda flokkaðar eftir sveitarfélögum, alvarleika mála og hversu margar tilkynningar leiða til barnaverndarmála. Að auki verði greint frá því hvernig framkvæmd og vinnuferli vegna barnaverndarmála sé háttað og hvort fyrirhugaðar séu breytingar þar á. Á fundum nefndarinnar var talsvert rætt um stöðu barna þegar kæmi að umgengnismálum og barnaverndarmálum. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að styrkja þyrfti samspil barnalaga og barnaverndarlaga sem og samvinnu sýslumanna og barnaverndaryfirvalda m.a. svo að skýrt væri hver færi með mál hverju sinni. Því telur nefndin nauðsynlegt að í skýrslunni verði farið yfir það hvernig lögin og kerfin fara saman og hvort nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að tryggja samþættingu kerfanna.

Auk framangreindra atriða er m.a. óskað eftir því að í skýrslunni verði greint frá því hvort barnaverndarmálum og tilkynningum hafi fjölgað en nefndinni hafa verið kynntar upplýsingar um að vanrækslutilkynningar hafi aukist um þriðjung. Þá sé mikilvægt að greina hvað veldur þessu, hvort tilkynningar og mál séu alvarlegri en áður og hversu margar tilkynningar leiði til barnaverndarmáls. Óskað er eftir að fram komi hvaða aðgerðum er beitt og er hægt að beita til að sporna við ofbeldi gegn börnum og hvaða vinnuferli sé notað við tilkynningar og mál af þessu tagi sem og hvort einhverjar breytingar hafi orðið þar á. Einnig er óskað eftir að skýrslan greini leiðir til að styrkja barnaverndaryfirvöld til að ráða við aukinn málafjölda og/eða fleiri tilkynningar.

727. Beiðni um skýrslu [411. mál]

frá félags- og tryggingamálaráðherra um fæðingar- og foreldraorlof.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Þuríði Backman, Guðbjarti Hannessyni, Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni, Lilju Mósesdóttur, Örnu Láru Jónsdóttur, Pétri H. Blöndal og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Upplýsingar um töku fæðingarorlofs eftir kyni og hvort, og þá hvaða, breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðustu árum auk upplýsinga um áhrif fæðingarorlofs og fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði og launamun kynjanna.
2. Áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur fæðingarorlofs,
   a. úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr., sbr. lög nr. 173/2008,
   b. úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr., sbr. lög nr. 70/2009,
   c. úr 350 þús. kr. í 300 þús. kr., sbr. lög nr. 120/2009,

   á orlofstöku foreldra, m.a. með tilliti til
   i. lengdar orlofs,
   ii. kyns foreldris,
   iii. tekna foreldris.

3. Upplýsingar um töku foreldraorlofs, m.a. með tilliti til:
   a. kyns foreldris,
   b. tekna foreldris,
   c. aldurs barns.
4. Áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs, með tilliti til lengdar orlofsins, tekna foreldris eða kyns foreldris.
5. Hvernig staðið hefur verið að fjármögnun fæðingarorlofskerfisins hingað til.
6. Upplýsingar um núverandi og áætlaða fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs sem og fjárþörf sjóðsins ef ekki hefði komið til þeirra skerðinga sem vísað er til í 2. lið beiðninnar.
7. Leiðir til að tryggja fjármögnun fæðingarorlofskerfisins.
8. Úttekt á því hvaða reglur gilda í nágrannalöndum um takmörkun á því að báðir foreldrar taki fæðingarorlof á sama tíma.
9. Yfirlit yfir í hversu miklum mæli foreldrar hér á landi taka fæðingarorlof á sama tíma.
10. Fjárhagsleg áhrif á Fæðingarorlofssjóð ef sá tími sem báðir foreldrar geta verið í fæðingarorlofi á sama tíma yrði takmarkaður.
11. Upplýsingar um hvort unnið sé að áframhaldandi þróun fæðingar- og foreldraorlofs út frá sjónarhorni barnsins.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti þann 18. desember sl. breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. lög nr. 120/2009. Í nefndaráliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar um málið eru tiltekin nokkur atriði sem rædd voru í nefndinni og ástæða þótti til að kanna nánar. Í álitum bæði minni hluta og meiri hluta nefndarinnar má einnig lesa áhyggjur nefndarmanna af frekari skerðingu á orlofinu og hvaða áhrif þær geti haft á fæðingarorlofskerfið og launamun kynjanna. Þá liggja enn ekki fyrir upplýsingar um áhrif þeirra aðgerða og skerðinga sem þegar hefur verið gripið til á töku orlofs og jafnréttisgrundvöll fæðingarorlofskerfisins. Af þessum sökum óskar félags- og tryggingamálanefnd eftir því að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof þar sem m.a. verði tilteknar almennar upplýsingar um töku fæðingarorlofs á undanförnum árum, auk þess sem þar komi fram upplýsingar um áhrif fæðingarorlofskerfisins á vinnumarkað, launamun kynjanna og jafnrétti.

Þá er þess óskað að farið verði yfir áhrif þeirra skerðinga sem þegar hafa verið gerðar á töku fæðingarorlofs foreldra á síðustu missirum og hvort breytingar hafi orðið þar á sem rekja megi til skerðinganna. Er sérstaklega beðið um að skoðaðir verði ákveðnir þættir, þ.e. lengd orlofsins, kyn foreldris og tekjur. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að fá upplýsingar um töku foreldraorlofs, hvort algengt sé að foreldrar taki slíkt orlof, hversu gamalt barn sé ef og þegar foreldraorlof er tekið og hvort einstakir þættir ráði einhverju um töku orlofsins, svo sem kyn foreldris og tekjur. Enn fremur væri áhugavert að vita hvort verið sé að skoða hvernig fæðingar- og foreldraorlof ásamt framlagi sveitarfélaga og atbeina vinnuveitenda geti lengt þann tíma sem börn geta verið heima í umsjón foreldra sinna án fjárhagslegra fórna fjölskyldunnar.

Þá er óskað eftir því að í skýrslunni verði skoðað hvort ástand á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins hafi haft áhrif á töku fæðingarorlofs og hvort merkja megi breytingar á lengd orlofs eða hvort dregið hafi úr töku orlofs hjá ákveðnum tekjuhópi eða kyni. Nefndin óskar jafnframt eftir því að í skýrslunni komi fram upplýsingar um fjárþörf Fæðingarorlofs-

sjóðs sem og hver fjárþörfin hefði verið ef ekki hefði komið til skerðinga. Þá verði farið yfir fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs.

Auk framangreinds er þess m.a. óskað að skoðuð verði samtímis taka fæðingarorlofs hjá foreldrum. Hvað þennan síðasttalda þátt varðar telur nefndin rétt að skoðuð verði löggjöf nágrannaríkja og hvort þar séu í gildi reglur sem takmarka skörun fæðingarorlofs hjá foreldrum. Þá verði metin þörf á slíkum reglum hér á landi, m.a. á grundvelli fjárhagslegra áhrifa slíkra reglna á Fæðingarorlofssjóð.

728. Fyrirspurn [412. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um sértæka skuldaaðlögun.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu margir einstaklingar og fyrirtæki hafa sótt um sértæka skuldaaðlögun í samræmi við lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins, og hversu margir hafa fengið slíka skuldaaðlögun, sundurliðað eftir fjármálafyrirtækjum?
2. Hve margir hafa ekki fengið sértæka skuldaraðlögun og hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.

729. Fyrirspurn [413. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um lækkun fóðurkostnaðar í loðdýrarækt.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til lækkunar fóðurkostnaðar í loðdýrarækt frá árinu 2004, sundurliðað eftir árum?
2. Eftir hvaða meginreglum fór þessi úthlutun fram? Hefur jafnræðis milli fóðurstöðva verið gætt við úthlutun fjárins?
3. Hefur ráðuneytið látið fara fram endurskoðun á úthlutunarreglunum?
4. Hverjar eru eftirstöðvar upphaflegs fjár?
5. Er áformað að verja frekari fjármunum til þessa verkefnis?

Skriflegt svar óskast.

730. Fyrirspurn [414. mál]

til utanríkisráðherra um undanþágur frá reglum Evrópusambandsins.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hafa einhver aðildarríki Evrópusambandsins fengið varanlegar og ótímabundnar undanþágur frá reglugerðum, tilskipunum eða öðrum lagafyrirmælum Evrópusambandsins? Ef svo er, hvaða aðildarríki?
2. Ef undanþágur hafa verið veittar, í hverju fólust þær?

Skriflegt svar óskast.

731. Svar [349. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

1. *Hversu mikil er losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum? Óskað er eftir tölum um bæði brúttó- og nettólosun, um losun á mann og losun miðað við þjóðarframleiðslu. Þá er óskað eftir samanburði við önnur iðnríki annars vegar og þróunarríki hins vegar.*

Árið 2007 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 4482 Gg CO_2-ígildi (Gg = þúsund tonn). Þá er ekki með talin losun og binding vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF: Land Use, Land Use Change and Forestry). Þegar losun á milli landa er borin saman er venjan að bera saman tölur án LULUCF þar sem losunin tekur þá til þeirra uppsprettna sem teljast til Kyoto-bókunarinnar. Hluti af losun/bindingu vegna LULUCF getur þó talist til losunar/bindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Í tilfelli Íslands er þar um að ræða verkefni í skógrækt og landgræðslu sem ráðist var í eftir árið 1990. Binding koldíoxíðs með landgræðslu og skógrækt árið 2007 nam 279 Gg. Nettólosun Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni var því 3690 Gg. Nettólosun vegna LULUCF árið 2007 var 1212 Gg. Vegur þar langþyngst losun frá fyrrum mýrlendi sem framræst var fyrir 1990, en á móti kemur binding koldioxíðs vegna landgræðslu og skógræktar.

Losun á hvern íbúa á Íslandi árið 2006 var 14,1 tonn (hér er miðað við útstreymi án LULUCF). Losun miðað við þjóðarframleiðslu árið 2006 var 387 tonn á hverja milljón bandaríkjadala. Meðfylgjandi myndir sýna samanburð við þau ríki sem talin eru upp í viðauka B við Kyoto-bókunina. Annars vegar er um að ræða losun á hvern íbúa og hins vegar miðað við þjóðarframleiðslu.

Ekki er auðvelt að finna samanburðarhæfar tölur á heimsvísu varðandi losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa. Ríki sem eru ekki á viðauka I við loftslagssamninginn (þróunarlönd) skila ekki árlega tölum til skrifstofu samningsins og er skráning þeirra ónákvæm. Ýmsir aðilar hafa dregið fram mat sitt á losun gróðurhúsalofttegunda og er mikið til af upplýsingum

um losun koldíoxíðs, sem er langmikilvægasta gróðurhúsalofttegundin. Forsendur þeirra og efnistök eru hins vegar mismunandi og ekki er alltaf ljóst hvernig viðkomandi tölur eru fengnar.

Samkvæmt World Resources Institute var losun koldíoxíðs á hvern íbúa í heiminum 4,27 tonn árið 2005. Þá var losun iðnríkja 11,52 tonn/íbúa, losun þróunarríkja 2,38 tonn/íbúa og losun á Íslandi 7,61 tonn/íbúa. Í þessum tölum um losun koldíoxíðs er eingöngu um að ræða losun koldíoxíðs vegna eldsneytisbrennslu og sementsframleiðslu.

2. *Hversu mikil yrði losunin ef við bættist útblástur frá 360.000 tonna álveri í Helguvík, 346.000 tonna álveri á Bakka og/eða stækkuðu álveri í Straumsvík?*

Ef gert er ráð fyrir ofangreindri framleiðsluaukningu í áliðnaði yrði áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (án LULUCF) um 5760 Gg CO_2-ígildi. Hér er þá miðað við að álverið í Straumsvík verði stækkað í 230.000 tonn. Ef álverið yrði hins vegar stækkað í 460.000 tonn (samkvæmt starfsleyfi fyrirtækisins) yrði losunin um 6160 Gg. Hér er miðað við losun miðað við þá ársframleiðslu sem beðið er um, eftir að eðlilegur rekstur kemst á (þ.e. ekki er gert ráð fyrir áhrifum stækkunar eða gangsetningar í þessum tölum).

Losun gróðurhúsalofttegunda frá áliðnaði (Gg CO_2-ígildi)

Verksmiðja	Viðbót Gg CO_2-ígildi
Alcan (230.000 t)	80
Alcan (460.000 t)	470
Helguvík (360.000 t)	610
Bakki (346.000 t)	590
Samtals (Alcan 230.000 t)	1280
Samtals (Alcan 460.000 t)	1670

Myndir úr skýrslu sérfræðinganefndar (2009), *Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.*
(Birt á vef umhverfisráðuneytis.)





Samanburður á útstreymi á íbúa í löndum sem talin eru upp í viðauka B við Kyoto bókunina, árin 1990 og 2006, tonn á íbúa (heimild European Environmental Agency, dataservice, FCCC/ SBI/2008/12 og CIA	*Samanburður á útstreymi m.v. þjóðarframleiðslu (tonn CO_2-ígildi á milljón $) í löndum sem talin eru upp í viðauka B við Kyoto bókunina, árin 1990 og 2006 (heimild: FCCC/SBI/2008/12, WRI database)*

732. Fyrirspurn [415. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um lækkun dráttarvaxta og sparnað heimila og fyrirtækja.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hver er talinn heildarsparnaður fyrirtækja annars vegar og heimila og einstaklinga hins vegar af lækkun dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 159/2008, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, en þá lækkuðu vextirnir úr 11% í 7%?

733. Fyrirspurn [416. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur ráðuneytið aflað lögfræðiálits (eins eða fleiri) um lögmæti gengistryggðra lána?
2. Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?
3. Ef svo er:
   a. Hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu?
   b. Var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?

Skriflegt svar óskast.

734. Fyrirspurn [417. mál]

til utanríkisráðherra um álit framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hyggst ráðherra láta þýða á íslensku álit framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðildarumsókn Íslands að ESB?
2. Hvernig hyggst ráðherra kynna álitið fyrir þingi og þjóð áður en það verður tekið fyrir á fundi leiðtoga Evrópusambandsríkjanna í lok þessa mánaðar?

735. Fyrirspurn [418. mál]

til fjármálaráðherra um kynjaða hagstjórn.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig var staðið að innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar við fjárlagagerð ársins 2010? Óskað er dæma um ákvarðanir við fjárlagagerðina þar sem tillit var tekið til kynjasjónarmiða.
2. Hvernig er ætlunin að standa að innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar við fjárlagagerð ársins 2011? Óskað er dæma um ákvarðanir við fjárlagagerðina þar sem tillit er tekið til kynjasjónarmiða.

736. Fyrirspurn [419. mál]

til heilbrigðisráðherra um bólusetningar og skimanir.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum bólusetningum og skimunum vegna smitsjúkdóma og krabbameina?

737. Fyrirspurn [420. mál]

til fjármálaráðherra um rýmkun heimilda til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að rýmka enn heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 13/2009 og 130/2009, þannig að einstaklingar geti tekið út að fullu þá inneign sem þeir eiga í séreignarsjóðum?

738. Fyrirspurn [421. mál]

til heilbrigðisráðherra um markaðsleyfi fyrir lyf.

Frá Valgerði Bjarnadóttur.

1. Hve margar umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf liggja hjá Lyfjastofnun?
2. Hversu margar þessara umsókna um markaðsleyfi hafa beðið afgreiðslu Lyfjastofnunar umfram lögboðinn tímafrest?
3. Hver er áætlaður árlegur sparnaður af því ef markaðsleyfi þessara lyfja yrðu afgreidd innan lögboðins tímafrests?

739. Fyrirspurn [422. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

Hyggst ráðherra, og þá hvernig, bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem skapast hefur vegna slæms ástands Gilsfjarðar- og Kollafjarðarlínu?

740. Frumvarp til laga [423. mál]

um fjölmiðla.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á fót samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað er.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. *Aðgangskassi* er tæki sem ætlað er að taka á móti og vinna úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og senda til sjónvarpstækja, þar á meðal þegar við á að veita aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni sem einungis er aðgengilegt gegn endurgjaldi.
2. *Auglýsing* er viðskiptaorðsending sem í felst hvers konar tilkynning sem miðlað er gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaþjónustuveitanda og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu.
3. *Ábyrgðarmaður* er einstaklingur sem fer með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ef fjölmiðlaþjónustuveitandi er einstaklingur telst sá einstaklingur sjálfkrafa ábyrgðarmaður.
4. *Dagskrá* er heildarsamsetning dagskrárliða.
5. *Dagskrárliður* er safn hljóðskráa og/eða hreyfimynda sem mynda stakan lið innan áætlunar eða dagskrár sem veitandi fjölmiðlaþjónustu setur saman og er að formi og efni til sambærilegt hljóðvarpi eða sjónvarpsútsendingu.
6. *Dulin viðskiptaorðsending* er kynning í máli eða myndum á vörum, þjónustu, heiti, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárliðum þegar slík kynning er til þess ætluð af hálfu fjölmiðlaþjónustuveitanda að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir neytendum að því er eðli hennar varðar.
7. *Efnisstjóri* er starfsmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sem ber ábyrgð á efnisvali hverju sinni og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri, fréttastjóri og aðrir sambærilegir stjórnendur.
8. *Erlent endurvarp* er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending frá erlendum fjölmiðlaþjónustuveitanda sem móttekin er af innlendum fjölmiðlaþjónustuveitanda og hann endurvarpar til notenda hér á landi um þráð eða þráðlaust.
9. *Evrópskt efni* er það hljóð- og myndmiðlunarefni sem fellur undir n-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins 89/552/EB, með síðari breytingum.
10. *Fjarskiptafyrirtæki* er einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

11. *Fjarskiptanet* er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi og háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og myndmiðlun.
12. *Fjarsala* er hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem í felst beint tilboð eða sala á vöru og þjónustu, þ.m.t. fasteignum, til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein, eða fleiri, fjarskiptaaðferðir án þess að neytandi og seljandi hittist. Til fjarsölu teljast bæði fjarsöluþættir og fjarsöluinnskot. Fjarsöluþættir eru heildstæðir dagskrárliðir en fjarsöluinnskot er efni sem miðlað er á milli dagskrárliða og lýtur sömu reglum og viðskiptaorðsendingar.
13. *Fjölmiðill* er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.
14. *Fjölmiðlaþjónusta* er sú þjónusta sem fjölmiðlar veita.
15. *Fjölmiðlaþjónustuveitandi* er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil.
16. *Flutningur* samkvæmt reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu tekur til flutnings og dreifingar á myndefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til aðgangskassa notenda.
17. *Flutningsreglur* eru reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu.
18. *Flutningsréttur* felur í sér að fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjarskiptafyrirtækis um dreifingu á efni.
19. *Flutningsskylda* felur í sér að fjarskiptafyrirtækjum er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjölmiðlaþjónustuveitenda um dreifingu efnis.
20. *Gagnvirk auglýsing* er auglýsing sem gerir móttakanda hljóð- og myndefnis kleift að nálgast auglýsingar að eigin frumkvæði í gegnum hvers konar viðtæki.
21. *Hlaðvarp* kallast það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurhals.
22. *Hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni* er annars vegar viðskiptaorðsending og hins vegar fjarsala.
23. *Hljóðmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar hljóðvarp og hins vegar hlaðvarp eða annars konar hljóðmiðlun eftir pöntun.
24. *Hljóðmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg hljóðmiðlun) er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður án tillits til þess viðtækis sem notað er til móttöku útsendingarinnar og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur hlustað á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaþjónustuveitanda.
25. *Hljóðvarp* (línuleg hljóðmiðlun) er hvers konar miðlun hljóðefnis án tillits til þess viðtækis sem notað er til móttöku efnisins þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður fram samtímis hlustun á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
26. *Kostun* er hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun eða framleiðslu hljóð- eða myndverka.
27. *Læst útsending* er hljóðvarp eða sjónvarpsútsending þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana.

28. *Myndmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar sjónvarpsútsending og hins vegar myndmiðlun eftir pöntun.
29. *Myndmiðlun* eftir pöntun (ólínuleg myndmiðlun) er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður, án tillits til þess viðtækis sem notað er til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaþjónustuveitanda.
30. *Prentmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni á prentuðu eða öðru sambærilegu formi, svo sem dagblöð og tímarit.
31. *Rafrænn ritmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni með rafrænum hætti, svo sem netútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem dreift er með tölvupósti og aðrir netmiðlar.
32. *Ritefni* er texti sem miðlað er sjálfstætt. Til ritefnis teljast jafnframt uppdrættir, teikningar, myndir, nótur o.fl.
33. *Ritmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar miðlun ritefnis á prentuðu eða öðru sambærilegu formi og hins vegar miðlun ritefnis með rafrænum hætti.
34. *Ritstjórn* felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er.
35. *Sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.
36. *Sjónvarpsútsending* (línuleg myndmiðlun) er hvers konar miðlun myndefnis án tillits til þess viðtækis sem notað er til móttöku útsendingarinnar þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður fram samtímis áhorf á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
37. *Skjáskipt auglýsing* er auglýsing þar sem á hluta skjás er birt auglýsing samhliða útsendingu hvers kyns myndmiðlunarefnis.
38. *Sýndarauglýsing* er auglýsing sem ekki er til staðar á vettvangi upptöku myndefnis en er bætt við þannig að hún birtist við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.
39. *Viðskiptaorðsendingar* eru texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.
40. *Viðtæki* er hvert það tæki sem tekur á móti og miðlar fjölmiðlaefni, svo sem sjónvarp, hljóðvarp, tölva, lófatölva, farsími.
41. *Vöruinnsetning* er viðskiptaorðsending sem tekur til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis hennar með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.
42. *Útvarpsmerki* er sendibylgja, hvort heldur sem er um þráð eða þráðlaus, sem ber hljóð- og myndmiðlunarefni til viðtækja eða aðgangskassa, ýmist á stafrænu eða hliðrænu formi.

II. KAFLI
Gildissvið og lögsaga.

3. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla fjölmiðla er miðla efni sem ætlað er almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti.

4. gr.
Lögsaga yfir fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni.

Íslenska ríkið hefur lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og hafa staðfestu á Íslandi. Slíkur aðili telst hafa staðfestu hér á landi:

a. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar hér á landi,
b. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfi hér á landi,
c. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í báðum ríkjum, eða
d. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, og viðkomandi hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Íslenska ríkið hefur jafnframt lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki ef þeir uppfylla annað eftirfarandi skilyrða:

a. nota jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl, eða
b. nota flutningsgetu gervitungls sem tilheyrir Íslandi ef ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl.

Komi upp vafi um það hvort fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar myndefni heyri undir lögsögu íslenska ríkisins eða annars EES-ríkis, og ekki reynist unnt að skera úr um það á grundvelli 1. eða 2. mgr., skal úr því leyst á grundvelli ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

5. gr.
Tímabundin stöðvun á móttöku myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum.

Þrátt fyrir skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku sjónvarpsútsendinga frá öðrum EES-ríkjum getur Fjölmiðlastofa stöðvað slíka móttöku tímabundið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. útsendingin brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 27. eða 28. gr.,
b. viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar,

c. Fjölmiðlastofa hefur tilkynnt viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til verði brot endurtekið, eða
d. samráð við þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

Þegar um er að ræða myndmiðlun eftir pöntun er heimilt að stöðva tímabundið móttöku myndefnis frá öðru EES-ríki á grundvelli sömu sjónarmiða og tiltekin eru í a-lið 1. mgr., sem og ef það myndefni sem um ræðir er að öðru leyti talið stríða gegn allsherjarreglu, verndun lýðheilsu, almannaöryggi eða neytendavernd.

Fjölmiðlastofa skal þó einungis stöðva móttöku myndefnis skv. 2. mgr. ef þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda hefur ekki orðið við beiðni stofnunarinnar um að grípa til aðgerða gagnvart þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem í hlut á eða þær aðgerðir sem það hefur gripið til eru ófullnægjandi. Þá skal Fjölmiðlastofa tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, um fyrirhugaða stöðvun á móttöku efnis áður en til hennar kemur.

Í bráðatilvikum er heimilt að víkja frá ákvæði 3. mgr. Slíkt skal þó án tafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, og þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki og það rökstutt sérstaklega að um bráðatilvik hafi verið ræða.

6. gr.

Ráðstafanir gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja.

Telji Fjölmiðlastofa að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara getur Fjölmiðlastofa farið fram á það við þar til bær stjórnvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Telji Fjölmiðlastofa þá niðurstöðu sem fæst með beitingu 1. mgr. ekki fullnægjandi og að sá fjölmiðlaþjónustuveitandi sem um ræðir hafi öðlast staðfestu í viðkomandi EES-ríki gagngert í því skyni að sniðganga íslensk lög er henni heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn fjölmiðlaþjónustuveitandanum samkvæmt lögum þessum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. að hún hafi tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, sem og þar til bærum yfirvöldum í viðkomandi EES-ríki um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og rökstutt þær, og
b. að Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, hafi staðfest að ráðstafanir þær sem um ræðir samrýmist ákvæðum EES-samningsins og að mat Fjölmiðlastofu skv. 1. og 2. mgr. sé rétt.

Komist framkvæmdastjórnin eða eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins skal Fjölmiðlastofa ekki grípa til umræddra ráðstafana.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

7. gr.
Fjölmiðlastofa.

Fjölmiðlastofa er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir mennta- og menningarmálaráðherra. Stofnunin annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og annast daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Stofnunin annast þó ekki eftirlit með viðskiptaorðsendingum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda samkvæmt sérlögum þar að lútandi.

Ákvörðunum Fjölmiðlastofu samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Kostnaður við starfsemi Fjölmiðlastofu greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.
Stjórn Fjölmiðlastofu.

Með yfirstjórn Fjölmiðlastofu fer þriggja manna stjórn sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og annar samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann þriðja skal ráðherra skipa án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður stjórnar. Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Ráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjölmiðlastofu. Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða sérrefsilagaákvæðum.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um hvað teljist til meiri háttar ákvarðana, sbr. 2. mgr. Reglurnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.
Starfsmenn Fjölmiðlastofu.

Forstöðumaður Fjölmiðlastofu skal ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála. Kjararáð ákveður starfskjör forstjóra og stjórn stofnunarinnar setur honum starfslýsingu.

Forstöðumaður skal í umboði stjórnar stofnunarinnar annast daglega stjórnun á starfsemi hennar og rekstri. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum Fjölmiðlastofu, ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber að öðru leyti ábyrgð á starfsmannahaldi hennar.

10. gr.
Starfssvið Fjölmiðlastofu.

Með starfsemi Fjölmiðlastofu skal stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laga þessara verði náð. Skal hún vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum

og standa jafnframt vörð um tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga og stuðla sérstaklega að því að vernd barna samkvæmt fyrirmælum laga þessara sé virt.

Fjölmiðlastofa skal fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Fjölmiðlastofa skal m.a.:

a. fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laga þessara, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á,
b. fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi,
c. annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum,
d. annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur séu til staðar, og
e. annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaorðsendinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

11. gr.

Málsmeðferð.

Erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara skal beint til Fjölmiðlastofu. Fjölmiðlastofa tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst stofnuninni gefi nægar ástæður til meðferðar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Fjölmiðlastofu heimilt að raða málum í forgangsröð. Þá er Fjölmiðlastofu heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Fjölmiðlastofa skal, eins fljótt og við verður komið, taka ákvörðun í málum vegna erinda sem til hennar er beint.

Fjölmiðlastofa skal eftir því sem við á gæta trúnaðar við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast á grundvelli laga þessara.

12. gr.

Sérstök rannsóknarheimild.

Fjölmiðlastofa getur krafið fjölmiðlaþjónustuveitendur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara og skulu slíkar upplýsingar og gögn þá veitt innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Fjölmiðlastofa getur við rannsókn ætlaðra brota gegn þeim ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaorðsendingar og fjarsölu gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fjölmiðlaþjónustuveitanda eða stað þar sem gögn eru varðveitt þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn umræddum ákvæðum. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála, um leit og hald á munum.

13. gr.

Upplýsingaskipti.

Fjölmiðlastofu er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og framkvæmdastjórn ESB eða, eftir því sem við á, Eftirlitsstofnun EFTA, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga þessara í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal eftir því sem við á setja sem skilyrði að:

a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar, og

c. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki Fjölmiðlastofu og í þeim tilgangi sem kveðið er á um.

IV. KAFLI
Skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl.

14. gr.
Skráning fjölmiðla.

Öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna og ekki er leyfisskyld er skráningarskyld. Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem ekki stunda leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skulu tilkynna Fjölmiðlastofu um starfsemi sína áður en hún hefst.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa að geyma upplýsingar um heiti viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, kennitölu hans, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti fjölmiðils eða fjölmiðla sem hann starfrækir, nafn ábyrgðarmanns, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir.

Ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitenda skal hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda ber að tilkynna Fjölmiðlastofu um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar tilkynningu hans skv. 2. mgr.

15. gr.
Erlent endurvarp hljóð- og myndefnis.

Hljóð- og myndmiðlunarefni sem endurvarpað er erlendis frá af fjölmiðlaþjónustuveitanda sem fellur undir gildissvið laganna ber að tilkynna til Fjölmiðlastofu. Tilkynning skal vera skrifleg og skal koma fram nafn þess erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni, heimili hans, netfang, vefsetur og kallmerki. Þá skal veita upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda ef tiltækar eru.

16. gr.
Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Til hljóð- og myndmiðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins, sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þarf leyfi Fjölmiðlastofu, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

Fjölmiðlastofa getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, annars vegar almennt leyfi til allt að sjö ára í senn og hins vegar skammtímaleyfi að hámarki til þriggja mánaða. Leyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta.

17. gr.
Umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Umsókn um almennt leyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal vera skrifleg og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. nafn umsækjanda, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur,
b. nafn ábyrgðarmanns,

c. fyrirhugaða dagskrárstefnu,
d. kallmerki,
e. upplýsingar um aðra fjölmiðlastarfsemi umsækjanda,
f. eignarhald á umsækjanda,
g. hvort sótt er um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli og ástæður þess,
h. hvort sótt er um leyfi fyrir landið allt eða staðbundið leyfi,
i. hvort tilskilinna leyfa hafi verið aflað frá rétthöfum efnis,
j. hvenær fyrirhugað sé að hefja miðlun hljóð- og myndefnis,
k. til hve langs tíma leyfis er óskað.

Umsókn um skammtímaleyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal einnig vera skrifleg og hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. að undanskildu því sem fram kemur í e- og f-lið.

Umsækjandi um almennt leyfi skal skila vottorðum um heimilisfesti, lögræði og búsforræði ábyrgðarmanns og vottorði fyrirtækjaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar við á.

Umsækjandi um leyfi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild annarra til að starfrækja hljóð- eða myndmiðlun fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

18. gr.

Meðferð umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Fjölmiðlastofa skal áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi leita umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tiltæka tíðni og útgeislað afl. Að fenginni þeirri umsögn ákveður Fjölmiðlastofa hvort leyfi skuli veitt.

Nú er leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar veitt og skal þá tekið fram í skilmálum leyfis hver sé handhafi þess, hvort um sé að ræða leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, við hvaða landsvæði það afmarkast, gildistími þess, kallmerki, dagskrárstefna viðkomandi sem og önnur atriði sem þýðingu kunna að hafa.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem úthlutað hefur verið leyfi, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

19. gr.

Sérstakar skyldur leyfishafa.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum leyfishafa. Fjölmiðlastofa getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum leyfishafa, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Stjórn og starfsmenn Fjölmiðlastofu eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

Leyfi til hljóð og myndmiðlunar verður ekki framselt, leigt eða flutt með öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta og/eða ábyrgðarmaður uppfyllir ekki skilyrði þau sem fram koma í 3. mgr. 17. gr. og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

20. gr.

Breyting á skilmálum og endurnýjun og niðurfelling leyfis.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda ber að tilkynna Fjölmiðlastofu allar breytingar sem á leyfistímanum kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar umsókn hans skv. 17. gr.

Óski leyfishafi eftir því að breyting verði gerð á skilmálum leyfis skal hann sækja um slíkt sérstaklega til Fjölmiðlastofu.

Óski leyfishafi eftir endurnýjun leyfis skal sótt um það til Fjölmiðlastofu eigi síðar en tveimur mánuðum áður en gildandi leyfi rennur út.

Hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi innan sex mánaða frá uppgefnu tímamarki skv. j-lið 1. mgr. 17. gr. fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé starfsemi hætt og hún ekki hafin á ný innan fjögurra mánaða telst leyfi sjálfkrafa niður fallið. Leyfishafa ber að tilkynna Fjölmiðlastofu þegar starfsemi lýkur varanlega.

21. gr.

Upplýsingagjöf á heimasíðu Fjölmiðlastofu.

Á heimasíðu Fjölmiðlastofu skal birta upplýsingar um:

a. nafn þess sem tilkynnt hefur starfsemi sína eða hlotið leyfi, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur og gildistíma leyfis þegar slíkt á við,
b. nafn ábyrgðarmanns,
c. dagskrárstefnu hljóð- og myndmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
d. ritstjórnarstefnu prentmiðla og rafrænna ritmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
e. eignarhald á fjölmiðlaþjónustuveitanda,
f. reglur fjölmiðlaþjónustuveitanda um ritstjórnarlegt sjálfstæði, ef við á, og
g. ákvarðanir Fjölmiðlastofu í málum fjölmiðlaþjónustuveitenda; úr hinni birtu útgáfu úrskurðar skal þó fella brott upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

22. gr.

Tilkynningarskylda um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitanda.

Við sölu á hlut í fjölmiðlaþjónustuveitanda bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send Fjölmiðlastofu. Tilkynning um söluna skal hafa borist Fjölmiðlastofu innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélögum og hlutafélögum sem eru skráningarskyld eða hafa hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum skal stjórn félagsins senda Fjölmiðlastofu hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Stjórn hlutafélags sem er skráningarskylt eða hefur hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til Fjölmiðlastofu.

23. gr.

Skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt að senda Fjölmiðlastofu árlega skýrslu sem hefur að geyma upplýsingar um eftirfarandi atriði, eftir því sem við á:

a. hlutfall evrópsks myndefnis í línulegri dagskrá,
b. hlutfall myndefnis frá sjálfstæðum framleiðendum í línulegri dagskrá,
c. hlutfall íslensks myndefnis í línulegri dagskrá,
d. hlutfall pantana á evrópsku myndefni í ólínulegri dagskrá,
e. hlutfall pantana á myndefni frá sjálfstæðum framleiðendum í ólínulegri dagskrá,
f. hlutfall pantana á íslensku myndefni í ólínulegri dagskrá,
g. aðgerðir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda til að efla kynningu og framboð á evrópsku myndefni,
h. aðgerðir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni hans, og
i. annað sem nauðsynlegt er til að mæla stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu láta Fjölmiðlastofu skýrslu sína skv. 1. mgr. í té eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna nýliðins árs.

Að undangenginni beiðni Fjölmiðlastofu er fjölmiðlaþjónustuveitendum, á öðrum tímum og þegar sérstaklega stendur á, jafnframt skylt að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. innan hæfilegs frests sem stofnunin veitir.

Fjölmiðlastofa getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur fjölmiðlaþjónustuveitenda skv. 1. og 3. mgr. Fjölmiðlastofa greiðir þann kostnað sem af störfum skoðunarstofu hlýst.

Skoðunarstofa og starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnisins skv. 4. mgr. og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI

Réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda.

24. gr.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sinna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Slíkar reglur skulu samdar í samráði við viðkomandi starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:

a. starfsskilyrði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaþjónustuveitandans,
b. starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðlaþjónustuveitandans, og
c. skilyrði áminningar og brottvikningar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar Fjölmiðlastofu til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega. Tilkynna skal Fjölmiðlastofu þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

25. gr.

Vernd heimildarmanna.

Starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitenda er óheimilt að upplýsa hver sé heimildarmaður að grein, riti, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitanda er jafnframt óheimilt að láta af hendi gögn sem hafa að geyma upplýsingar um heimildarmann eða höfund í slíkum tilvikum.

Bann 1. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðlaþjónustuveitanda eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er eða hefur undir höndum gögn þar að lútandi.

Heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verður einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

26. gr.

Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og virða tjáningarfrelsi. Þeir skulu miðla fjölbreyttu efni og stuðla að því að mismunandi sjónarmið komi fram í umdeildum málum. Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu eftir fremsta megni gefa ólíkum hópum samfélagsins kost á að tjá skoðanir sínar og sjónarmið og stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum mismunandi hópa í samfélaginu. Þó skal fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur þann yfirlýsta tilgang að beita sér fyrir tilteknum málstað vera óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins.

27. gr.

Bann við hatursáróðri.

Í fjölmiðlum er óheimilt að kynda undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu í samfélaginu.

28. gr.

Vernd barna gegn skaðlegu efni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla hljóð- og myndefni er óheimilt að miðla efni, þar á meðal hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni, sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

Frá bannákvæði 1. mgr. má gera eftirfarandi undantekningar:

a. Eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana í báðum tilvikum er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því fari skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki þegar um miðlun myndefnis er að ræða allan þann tíma sem efninu er miðlað.
b. Heimilt er að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna.

c. Heimilt er að miðla hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því.
d. Heimilt er að miðla fréttum og fréttatengdu efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé nauðsynlegur hluti af fréttaþjónustu viðkomandi fjölmiðils og að á undan því fari skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki þegar um miðlun myndefnis er að ræða allan þann tíma sem efninu er miðlað verði því við komið.

Undantekningarákvæði a- og b-liðar 2. mgr. taka ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna.

Aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu kappkosta að efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim hvorki aðgengilegt né því miðlað til þeirra.

29. gr.

Tal og texti á íslensku.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu eftir því sem við á stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaþjónustuveitandi, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Ákvæði 2. mgr. á heldur ekki við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku, sbr. 1. mgr.

30. gr.

Aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni.

Þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing.

31. gr.

Skyldur vegna almannaheilla.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda er, ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst, skylt að miðla endurgjaldslaust tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og rjúfa línulega dagskrá ef þörf krefur.

32. gr.

Skylda til auðkenningar.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- eða myndefni í línulegri dagskrá er skylt að birta nafn sitt eða annað auðkenni þegar um myndmiðlun er að ræða og kynna nafn sitt þegar

um hljóðmiðlun er að ræða. Slík auðkenning skal eiga sér stað a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar verði því við komið.

Efnisskrá fjölmiðlaþjónustuveitanda sem starfrækir hljóð- eða myndmiðlun eftir pöntun skal hafa að geyma upplýsingar um það hver veitandi þjónustunnar er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar ritefni á prentuðu formi skal nafngreindur í hverju eintaki sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar ritefni á rafrænu formi skal nafngreina sig með fullnægjandi hætti í viðkomandi miðli sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

33. gr.

Framboð myndefnis.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni eftir pöntun skulu eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði þeirra.

34. gr.

Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

35. gr.

Skylda til varðveislu á fjölmiðlaefni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu í a.m.k. 18 mánuði varðveita efni sem miðlað hefur verið fari það ekki í bága við réttindi rétthafa. Miða skal upphaf tímafrest skv. 1. málsl. við það tímamark þegar efninu er fyrst miðlað.

36. gr.

Réttur til andsvara.

Aðili sem telur að lögmætir hagsmunir hans, einkum æra hans eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hefur rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Þegar um prentmiðil eða rafrænan ritmiðil er að ræða skal birta andsvör með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal andsvörum miðlað á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest og með þeim hætti sem best hæfir miðlun þess efnis er beiðnin tekur til. Fjölmiðlaþjónustuveitanda er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi getur synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

a. ef andsvarið fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins,

b. ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaþjónustuveitandanum,
c. ef andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaþjónustuveitandann skaðabótaskyldan eða er andstætt almennu siðferði,
d. ef andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila,
e. ef aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, og
f. ef upplýsingarnar sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Synjun skv. 2. mgr. skal tilkynnt hlutaðeigandi innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni um andsvar er sett fram.

Synji fjölmiðlaþjónustuveitandi beiðni um andsvar skv. 2. mgr. eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þeirra tímamarka sem þar eru tilgreind getur hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlastofu sem tekur ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skal tekin innan viku frá því að Fjölmiðlastofu berst erindi þar um og skal stofnunin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Skylt er að láta þeim sem telur á sér brotið og rétt á til andsvara skv. 1. og 2. mgr. endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein má einnig bera undir Fjölmiðlastofu til ákvörðunar.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu hafa aðgengilegt á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, hvert aðili geti leitað telji hann að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Gefa skal upp nafn, símanúmer og/eða netfang þess sem leita skal til hjá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda.

VI. KAFLI
Viðskiptaorðsendingar og fjarsala.

37. gr.
Almennar meginreglur.

Viðskiptaorðsendingar og fjarsala skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni.

Duldar viðskiptaorðsendingar eru óheimilar. Í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Viðskiptaorðsendingar og fjarsala skulu ekki:

a. skerða virðingu fyrir mannlegri reisn,
b. fela í sér nokkra mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, ríkisfangs, trúarbragða eða trúarskoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar,
c. hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi, eða
d. hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd.

Viðskiptaorðsendingar og fjarsala fyrir tóbaksvörur, áfengi og lyfseðilsskyld lyf sem og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi eru óheimilar. Þó er framleiðendum og söluaðilum lyfseðilsskyldra lyfja heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun hljóð- og myndmiðlunarefnis, án þess þó að um sé að ræða kynningu á einstökum lyfseðilsskyldum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð.

38. gr.

Vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarsölu.

Viðskiptaorðsendingar og fjarsala skulu þannig gerðar að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í viðskiptaorðsendingum og fjarsölu er óleyfilegt að:

a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni,
b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
c. hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif og ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur,
d. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks, eða
e. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

39. gr.

Vöruinnsetning í hljóð- og myndefni.

Vöruinnsetning er heimil í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum gerðum fyrir fjölmiðlaþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám.

Vöruinnsetning er jafnframt heimil í öðru hljóð- og myndmiðlunarefni þar sem ekki er um að ræða greiðslu heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið.

Vöruinnsetning gegn greiðslu er þó aldrei heimil í hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er börnum.

Hljóð- og myndmiðlunarefni með vöruinnsetningu skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a. Vöruinnsetningin má ekki snerta innihald hljóð- og myndmiðlunarefnisins að öðru leyti né hafa áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar.
b. Ekki skal beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu.
c. Varan eða þjónustan sem um ræðir skal ekki sett fram á óþarflega áberandi hátt.
d. Áhorfendum skal greint frá því á skýran hátt sé um vöruinnsetningu að ræða sem og frá hverjum hún stafar, m.a. þannig að dagskrárliðir með vöruinnsetningu séu auðkenndir á viðeigandi hátt við upphaf og lok þeirra og þegar slíkir dagskrárliðir hefjast aftur eftir auglýsingahlé.

Hafi veitandi fjölmiðlaþjónustunnar ekki sjálfur framleitt það hljóð- og myndmiðlunarefni sem um ræðir eða það verið framleitt í umboði veitanda þjónustunnar eða í fyrirtæki tengdu honum má falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr.

40. gr.

Sýndarauglýsingar í myndefni.

Sýndarauglýsingar eru heimilar í myndmiðlunarefni að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a. staðsetning auglýsingarinnar sé eðlilegur hluti af umhverfi viðkomandi dagskrárliðar og raski ekki möguleikum áhorfenda á að fylgjast með framvindu hans,
b. auglýsingin sé hvorki í andstöðu við efni dagskrárliðarins né skerði rétt rétthafa, og
c. áhorfendum sé greint frá því á skýran hátt að sýndarauglýsingar komi fyrir í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum þær stafa, m.a. þannig að dagskrárliður með sýndarauglýs-

ingum sé auðkenndur á viðeigandi hátt við upphaf og lok hans og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé.

Sýndarauglýsingar eru þó aldrei heimilar í hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er börnum.

41. gr.

Tímar fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot í hljóð- og myndefni.

Auglýsingum eða fjarsöluinnskotum er heimilt að skjóta inn í dagskrárliði með þeim hætti að það hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa.

Við myndmiðlun skal hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan hverrar klukkustundar ekki fara yfir 20%. Í merkingu þessa ákvæðis telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

a. Tilkynningar frá fjölmiðlaþjónustuveitanda um myndmiðlunarefni hans sjálfs og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni, kostunartilkynningar og tilkynningar um vöruinnsetningu og sýndarauglýsingar.
b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vera óheimilt að rjúfa útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum og heimildarmyndum), kvikmyndaverka og fréttaþátta með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum oftar en einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er að minnsta kosti 30 mínútur.

Óheimilt er að rjúfa útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum.

Auglýsingar og fjarsöluinnskot eru óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur.

42. gr.

Kostun hljóð- og myndefnis.

Heimilt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald, efnistök eða tímasetningu kostaðs efnis og raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaþjónustuveitandans.

Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni.

Nú er efni kostað og má þá innihald þess ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.

Kostað hljóð- og myndmiðlunarefni skal vera auðkennt sem slíkt með kynningu, nafni, vörumerki, öðru auðkenni kostanda eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Auðkenning skal eiga sér stað í upphafi efnisþáttar, á meðan á honum stendur og/eða við lok hans.

Óheimilt er að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitandi kosti almennt dagskrá miðilsins þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

43. gr.

Fjölmiðlaþjónusta á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarsölu og kynningu í eigin þágu og fjarsöluþættir.

Ákvæði laga þessara gilda að breyttu breytanda um fjölmiðlaþjónustu á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarsölu eða kynningu í eigin þágu. Ákvæði 33., 34. og 41. gr. gilda þó ekki um slíka þjónustu.

Um fjarsöluþætti í fjölmiðlaþjónustu sem ekki er eingöngu helguð fjarsölu gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
b. Þeir skulu skýrt auðkenndir með myndskilti, hljóðmerki eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er.

Ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skulu gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Reglur um flutning myndefnis.

44. gr.

Flutningsskylda á myndefni.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt stafrænt fjarskiptanet sem notað er til flutnings sjónvarpsútsendinga er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjölmiðlaþjónustuveitenda um flutning á sjónvarpsútsendingum, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. það efni sem óskað er eftir að flutt verði um fjarskiptanet sé sjónvarpsútsending fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum sjónvarpsútsendingum sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu,
b. um sé að ræða sjónvarpsútsendingu sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum, og
c. umtalsverður hluti notenda í landinu eða á tilteknu landsvæði nýti sér viðkomandi fjarskiptanet til að taka á móti sjónvarpsútsendingum.

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt er fjarskiptafyrirtæki aðeins skylt að flytja sjónvarpsútsendingar samkvæmt ákvæðinu, sem nemur einum þriðja af flutningsgetu viðkomandi fjarskiptanets. Ef fleiri óska eftir flutningi en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær sjónvarpsútsendingar sem hafa mest áhorf. Ávallt skal þó flytja sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins sé þess óskað.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi skal sjá um að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi.

45. gr.

Flutningsréttur á myndefni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um að fjarskiptafyrirtæki fái að flytja sjónvarpsútsendingar á stafrænu fjarskiptaneti sínu að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. Flutningur sjónvarpsútsendinga til notenda um viðkomandi fjarskiptanet sé af fullnægjandi gæðum og einnig með nægilegu öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis. Ef um er að ræða læstar sjónvarpsútsendingar skal vera mögulegt að nota aðgangsstýringu. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um lágmarkskröfur varðandi útsendingargæði og öryggi.

b. Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet sé íslensk sjónvarpsútsending fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsútsending sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþrótta- eða listviðburðir.
c. Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara, standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um seinkaðar sjónvarpsútsendingar og útsendingar á háskerpustaðli eða öðrum stöðlum er krefjast umtalsvert meiri bandbreiddar.

Nú hefur fjölmiðlaþjónustuveitandi staðbundið leyfi og nær þá flutningsréttur samkvæmt þessari grein ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna leyfi tekur til.

Við kaup á sjónvarpsefni er fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um öll stafræn fjarskiptanet sem fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

46. gr.

Málsmeðferð og framkvæmd.

Nú er óskað eftir samningum um flutning á sjónvarpsútsendingu sem fellur undir 44. eða 45. gr. og skulu þá fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjarskiptafyrirtæki semja um það svo fljótt sem verða má. Við gerð samninga skal gæta jafnræðis um flutning sjónvarpsútsendinga skv. 44. og 45. gr. og við framkvæmd þeirra. Setja skal viðsemjendum sömu skilmála í sams konar viðskiptum og veita þjónustu og upplýsingar með sömu skilmálum og af sömu gæðum og veitt eru eigin þjónustudeildum, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum. Nú flytur fjarskiptafyrirtæki sjónvarpsútsendingu á grundvelli samnings eða ákvörðunar og skal fjarskiptafyrirtækið gæta jafnræðis milli íslenskra sjónvarpsútsendinga og hafa allar slíkar útsendingar jafnaðgengilegar notendum. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki láta sjónvarpsútsendingar með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu framar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. Þetta ákvæði gildir þó ekki um sjónvarpsútsendingar sem starfrækja á skemur en eitt ár og sjónvarpsútsendingar sem einskorðast við fjarsölu.

Ef ekki tekst samkomulag um flutning eða ef til ágreinings kemur um flutning á síðari stigum getur aðili beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin skal þá leita sátta með aðilum. Takist ekki að ná sáttum skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið. Áður en ákvörðun er tekin skal Póst- og fjarskiptastofnun leita álits Fjölmiðlastofu.

Heimili Póst- og fjarskiptastofnun flutning og aðilar ná ekki samkomulagi um stjórnun áskriftarkerfis getur stofnunin ákveðið að kröfu aðila hvort stjórnun áskriftarkerfis skuli vera í höndum fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtækis. Með sama hætti getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið endurgjald í samræmi við nánari fyrirmæli 47. gr. Við mat Póst- og fjarskiptastofnunar skal m.a. taka tillit til atriða varðandi hagkvæmni, hagsmuni notenda og eflingu samkeppni.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka ákvörðun til bráðabirgða, enda sé hætta á því að dráttur á ákvörðun valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt. Endanleg ákvörðun skal tekin svo fljótt sem unnt er.

Við meðferð mála samkvæmt þessari grein er aðilum skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

Heimilt er að bera ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt þessari grein undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstóla eftir því sem segir í 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga samkvæmt þessum kafla. Áður en til setningar reglugerðar kemur skal aflað tillagna Póst- og fjarskiptastofnunar og umsagnar Fjölmiðlastofu.

Á þriggja ára fresti skal Fjölmiðlastofa láta gera úttekt á aðgengi almennings að sjónvarpsútsendingum og meta hvort aðstæður kalli á breytingar á ákvæðum VI. kafla um flutningsreglur.

47. gr.

Ákvörðun endurgjalds vegna flutnings myndefnis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið, nái aðilar ekki samkomulagi þar að lútandi, hvort fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaþjónustuveitandi fær greiðslu fyrir flutning eða efni og fjárhæð þeirra greiðslna. Við ákvörðun endurgjalds fyrir flutning sjónvarpsútsendinga skal líta til stofn- og rekstrarkostnaðar búnaðar og þjónustu, afskrifta og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna. Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin með hagkvæmum hætti, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á gjaldi. Við ákvörðun á gjaldi fyrir flutning skal m.a. taka tillit til þeirrar bandbreiddar sem sjónvarpsútsending tekur á fjarskiptaneti og fjölda notenda viðkomandi þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið gjald fyrir ýmsa þjónustuþætti sem tengjast flutningi sjónvarpsútsendinga og skal við slíka ákvörðun miða við sömu sjónarmið og gilda um flutninginn sjálfan eftir því sem við á.

Við ákvörðun á endurgjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtækið stýrir áskriftarkerfinu er heimilt að byggja á kostnaði við öflun viðkomandi sjónvarpsefnis auk hæfilegrar álagningar eða miða við hæfilegan afslátt af því verði sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn býður notendum sínum sjálfur.

Heimilt er að taka áður ákveðið gjald fyrir flutning eða sjónvarpsefni til endurskoðunar ef annar hvor aðila setur fram kröfu um það ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn endurákvörðunar gjaldsins.

VIII. KAFLI

Takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni.

48. gr.

Aðgangur almennings að myndmiðlun frá þýðingarmiklum viðburðum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkarétt fjölmiðlaþjónustuveitenda til myndmiðlunar frá innlendum og erlendum viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðkomandi viðburðum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn

fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli vera sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem aflar sér einkaréttar fyrir Ísland og/eða önnur EES-ríki til myndmiðlunar frá viðburði sem tiltekinn er í reglugerð skv. 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það til Fjölmiðlastofu sem skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

Bjóði einkaréttarhafi öðrum fjölmiðlaþjónustuveitanda leyfi til myndmiðlunar frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal það boðið gegn sanngjörnu endurgjaldi. Rísi ágreiningur um endurgjald getur hvor aðili um sig leitað ákvörðunar Fjölmiðlastofu um sanngjarnt endurgjald fyrir leyfið. Endurgjaldið skal Fjölmiðlastofa meta með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðun Fjölmiðlastofu skv. 3. mgr. skal einkaréttarhafi engu síður eftirláta viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda leyfi til hljóð- og myndmiðlunar frá þeim viðburði sem um ræðir, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu endurgjaldsins sem Fjölmiðlastofa metur fullnægjandi.

49. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum, sem lúta íslenskri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til myndmiðlunar frá viðburðum sem annað EES-ríki hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi EES-ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

Fjölmiðlastofa skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

IX. KAFLI
Ábyrgð, viðurlög, fullnusta o.fl.

50. gr.

Ábyrgð á hljóð- og myndefni.

Ef hljóð- eða myndmiðlunarefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur sem tjáir sig í eigin nafni, flytur eða miðlar efni sem hann sjálfur hefur samið eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun ber á því ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
c. Í öðrum tilvikum bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á því efni sem miðlað er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun hljóð- og myndefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

51. gr.
Ábyrgð á ritefni.

Ef ritefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni haft beint eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi viðskiptaorðsendingar, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar, sé hann heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
c. Í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í a- og b-lið bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á því efni sem miðlað er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

52. gr.
Bann við miðlun hljóð- og myndefnis og afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis.

Fjölmiðlastofa getur að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt lögum þessum bannað með ákvörðun miðlun efnis sem telst andstætt ákvæðum laga.

Fjölmiðlastofa getur afturkallað leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna brota á ákvæðum laga þessara, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

53. gr.
Dagsektir.

Fjölmiðlastofa getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. vanrækir að verða við ákvörðun Fjölmiðlastofu um afhendingu skriflegra upplýsinga og gagna skv. 1. mgr. 12. gr.,
b. vanrækir að verða við ákvörðun Fjölmiðlastofu um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum skv. 19. gr.,
c. vanrækir að senda Fjölmiðlastofu hlutaskrá félags skv. 2. mgr. 22. gr.,
d. vanrækir að senda Fjölmiðlastofu skýrslu skv. 23. gr.,
e. vanrækir að verða við ákvörðun Fjölmiðlastofu um skyldu til að birta andsvör skv. 4. mgr. 36. gr. og um afhendingu efnis skv. 5. mgr. 36. gr. og sinnir ekki upplýsingaskyldu skv. 6. mgr. 36. gr., eða
f. miðlar efni sem Fjölmiðlastofa hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. ekki fer að ákvörðunum um flutningsrétt eða flutningsskyldu skv. 2., 3. og 4. mgr. 46. gr., eða

b. vanrækir að veita upplýsingar eða gögn skv. 5. mgr. 46. gr.

Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

54. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjölmiðlastofa leggur stjórnvaldssektir á lögaðila sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.
d. 1. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur.
g. 27. gr. um bann við hatursáróðri.
h. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
i. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
j. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
k. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
l. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
m. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
n. VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarsölu.
o. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
p. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem Fjölmiðlastofa hefur bannað.
q. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
r. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Fjölmiðlastofa skal þó ekki leggja stjórnvaldssektir á fjölmiðlaþjónustuveitendur skv. 1. mgr. ef brot varðar refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Fjölmiðlastofa skal leggja stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda komi í ljós að þeir hafi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skv. 1. mgr. 22. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun leggur stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. og/eða 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.

Sektir skv. 1., 3. og 4. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaþjónustuveitanda af broti þegar það á við.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta.

55. gr.

Fullnusta.

Ákvarðanir Fjölmiðlastofu samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Nú vill aðili ekki una ákvörðun Fjölmiðlastofu og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjölmiðlastofu. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjölmiðlastofu nema svo standi á sem kveðið er á um í 6. mgr.

Ákvarðanir Fjölmiðlastofu um stjórnvalds- og dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvalds- og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjölmiðlastofu skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu, nema Fjölmiðlastofa ákveði það sérstaklega.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar um dagsektir skv. 1. eða 2. mgr. 53. gr. innan 14 daga frá því að viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir því að málið hljóti flýtimeðferð, er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar slíkrar ákvörðunar leggjast dagsektir áfram á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda.

56. gr.

Refsingar.

Ábyrgðarmaður, starfsmenn fjölmiðlaþjónustuveitanda eða stjórnarmenn, sem framkvæma eða láta framkvæma brot gegn eftirtöldum ákvæðum laganna skulu sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.
d. 1. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 25. gr. um vernd heimildarmanna.
g. 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur.
h. 27. gr. um bann við hatursáróðri.
i. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
j. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
k. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
l. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
m. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
n. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
o. VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarsölu.
p. 4. og 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.
q. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
r. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem Fjölmiðlastofa hefur bannað.
s. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
t. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera honum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

57. gr.

Kæra mála til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu eða þegar við á Póst- og fjarskiptastofnunar.

Varði brot á lögum þessum bæði refsiábyrgð fyrir einstakling og lögaðila metur Fjölmiðlastofa, eða eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort mál skuli kært til lögreglu að hluta eða í heild. Ef brot eru meiri háttar er viðkomandi stjórnvaldi skylt að vísa þeim til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru stjórnvalds skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun um að kæra mál til lögreglu.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent mál sem varðar brot á lögum þessum og gögn því tengd til Fjölmiðlastofu eða Póst- og fjarskiptastofnunar, eftir því sem við á, til meðferðar og ákvörðunar.

58. gr.

Þagnarréttur.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjölmiðlastofa eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

59. gr.

Birting dóms.

Nú er fjölmiðlaþjónustuveitanda eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt lögum þessum dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar, og má þá ákveða í dómi að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Þegar um ritmiðil er að ræða skal birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

60. gr.

Óheimil hagnýting fjölmiðlaefnis.

Notendum fjölmiðla er óheimilt án leyfis viðkomandi rétthafa að hagnýta sér efni þeirra til tekjuöflunar með nokkrum hætti, svo sem með upptöku efnis, útgáfu þess eða annarri miðlun.

61. gr.

Óheimill aðgangur að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað í því skyni að veita aðila sem ekki hefur innt af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald aðgang að læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun.

Óheimilt er að nota aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað til þess að taka á móti læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun án þess að inna af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald.

62. gr.

Setning reglugerðar.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Í slíkri reglugerð er m.a. heimilt að fjalla nánar um og útfæra eftirfarandi þætti laganna:

a. Nánari fyrirmæli um starfsemi Fjölmiðlastofu, þ.m.t. málsmeðferð, sbr. III. kafla.
b. Nánari fyrirmæli á grundvelli IV. kafla, svo sem um tilhögun skráningar fjölmiðlaþjónustuveitenda, form og efni umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar og tilhögun slíkra leyfa; tilhögun lögboðinna tilkynninga um breytingar á starfsemi og starfsgrundvelli fjölmiðlaþjónustuveitenda, þ.m.t. form og efni tilkynninga um breytt eignarhald skv. 22. gr.; form upplýsingagjafar á heimasíðu Fjölmiðlastofu og upplýsingagjöf skv. 23. gr.
c. Einstakar skyldur og réttindi fjölmiðlaþjónustuveitanda skv. V. kafla, þ.m.t. um vernd barna gegn skaðlegu efni skv. 28. gr. og form andsvarsréttar skv. 36. gr.
d. Nánari útfærslu einstakra forma viðskiptaorðsendinga og fjarsölu, þ.m.t. um skilyrði undanþágu og frávika frá meginreglum VI. kafla.
e. Nánari fyrirmæli um framkvæmd og málsmeðferð vegna flutnings hljóð- og myndefnis skv. VII. kafla.
f. Aðgang almennings að þýðingarmiklum viðburðum í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 48. gr. og gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja skv. 49. gr.
g. Form og tilhögun álagningar dagsekta skv. 53. gr. og stjórnvaldssekta skv. 54. gr.; afturköllun leyfis skv. 2. mgr. 52. gr. og frágang kæru til lögreglu skv. 57. gr.

Áður en kemur til setningar reglugerðar skal aflað tillagna Fjölmiðlastofu. Við setningu nánari reglna um flutning hljóð- og myndmiðlunarefnis skv. e-lið 1. mgr. skal jafnframt aflað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2010. Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi útvarpslög, nr. 53/2000.

64. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessa verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um prentrétt, nr. 57/1956.*
   a. Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lög þessi taka ekki til rita sem teljast til fjölmiðla samkvæmt lögum um fjölmiðla.
   b. 9., 10., 14.–22. og 31. gr. laganna falla brott.
2. *Höfundalög, nr. 73/1972.*
   a. Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sendi útvarpsstöð út stutt myndskeið með heimild í 4. mgr. 48. gr. er heimilt að útsendingin taki einnig til verks sem verndað er samkvæmt lögunum.
   b. Við 48. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Nú sendir útvarpsstöð er nýtur verndar samkvæmt lögum þessum út viðburð, sem vekur mikinn áhuga á meðal almennings, á grundvelli samnings um einkarétt til útsendingar og er þá, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., annarri útvarpsstöð sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu heimilt að senda út stutt myndskeið að eigin vali frá viðkomandi viðburði. Heimild þessi nær þó eingöngu til útsendingar slíkra myndskeiða í almennum fréttaþáttum. Sé myndskeið sýnt með heimild í þessari málsgrein skal nafn eða annað auðkenni þeirrar útvarpsstöðvar sem einkaréttinn á birt ef unnt er.
      Skilmálar útvarpsstöðvar sem er aðili einkaréttarsamnings fyrir nýtingu skv. 4. mgr. skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og kynntir með góðum fyrirvara.
3. *Fjarskiptalög, nr. 81/2003.* 55. gr. laganna fellur brott.
4. *Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.*
   a. 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Um mat á sýningarhæfi annars dagskrárefnis í hljóð- og myndmiðlum en fellur undir 2. tölul. 1. gr. fer eftir ákvæðum laga um fjölmiðla.
   b. Í stað orðsins „Barnaverndarstofa“ og orðsins „Barnaverndarstofu“ hvarvetna í 5. gr. laganna kemur: Fjölmiðlastofa; og: Fjölmiðlastofu.
5. *Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007.*
   a. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Tekjur af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess. Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Þá er vöruinnsetning óheimil í öllum dagskrárliðum hvort heldur sem er í línulegri eða ólínulegri dagskrá. Bann við vöruinnsetningu nær þó einungis til þess efnis sem Ríkisútvarpið ohf. hefur framleitt sjálft eða efnis sem hefur verið framleitt í umboði þess eða tengdra fyrirtækja.
   b. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
      Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið ohf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og lög um fjölmiðla á hverjum tíma.
6. *Lyfjalög, nr. 93/1994, með síðari breytingum.* 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1995, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda Fjölmiðlastofu nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. febrúar 2010. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. c-lið 1. mgr. 53. gr.

II.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu senda Póst- og fjarskiptastofnun alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Nú heimilar gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa, sem gilda mun til lengri tíma en þriggja ára frá gildistöku laga þessara, ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. og skal þá fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er fjölmiðlaþjónustuveitanda óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

III.

Við gildistöku laga þessara skal skipa stjórn Fjölmiðlastofu í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

IV.

Við gildistöku laga þessara skal mennta- og menningarmálaráðherra skipa nefnd til að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Telji nefndin að slík samþjöppun sé óeðlileg skal hún gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir eignarhalds á fjölmiðlum. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa hvers þingflokks sem sæti á á Alþingi við skipan hennar. Þess utan skipar mennta- og menningarmálaráðherra formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir vera sérfróðir um fjölmiðlamál. Nefndin skal í störfum sínum og eftir því sem við getur átt taka sérstakt mið af forsendum og niðurstöðum fjölmiðlanefndar þeirrar sem lauk störfum með skýrslu í apríl 2005. Nefndin skal skila tillögum sínum, eftir atvikum í frumvarpsformi, fyrir 1. september 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan mennta- og menningarmálaráðherra. Vinna við frumvarpið hefur staðið með litlum hléum síðan í ársbyrjun 2008 og hafði þá raunar átt sér nokkurn aðdraganda. Að undirbúningi þess og gerð stóð óformlegur vinnuhópur sem skipaður var Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Elfu Ýri Gylfadóttur, fjölmiðlafræðingi og deildarstjóra fjölmiðladeildar mennta- og menningarmálaráðuneytis, og Huldu Árnadóttur hdl. LLM. Þá samdi Ragnar Karlsson fjölmiðlafræðingur fylgiskjal I með frumvarpinu þar sem fjallað er um þróun fjölmiðlamarkaðar hér á landi. Enn fremur komu meðal annarra að gerð frumvarpsins þau Erla S. Árnadóttir hrl., Sigurjón Ingvason hdl., Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Benedikt Bogason, héraðsdómari og formaður útvarpsréttarnefndar. Þá var haft nauðsynlegt samráð við viðeigandi stjórnvöld. Í því sambandi skal í fyrsta lagi getið Póst- og fjarskiptastofnunar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sem samþykkt hefur þær tillögur að reglum um flutning myndefnis sem fram koma í VII. kafla. Í öðru lagi var víðtækt samráð haft við dómsmálaráðuneytið vegna þeirra reglna frumvarpsins sem nú eru í lögum nr. 57/1956, um prentrétt. Í því sambandi var sú tilhögun afráðin að færa umræddan málaflokk í heild frá dómsmálaráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Loks var haft nauðsynlegt samráð við önnur stjórnvöld sem málaflokknum tengjast.

Fjölmiðlar eru afar mikilvægir, ekki síst nú á tímum. Tilvera þeirra þykir svo sjálfsögð og þeir svo samofnir umhverfinu að líklega mundu fáir átta sig á því hvaða þýðingu fjölmiðlar hafa í raun nema þeir þyrftu að vera án þeirra. Þeir gegna lykilhlutverki í sérhverju samfélagi sem vill teljast lýðræðislegt og eru vettvangur umræðu og skoðanaskipta, upplýsinga og afþreyingar.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta skipti að því stefnt að setja eina, heildstæða löggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Með því er lagt til að samræmdar verði og sameinaðar þær reglur sem nú gilda og ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla, sbr. útvarpslög, nr. 53/2000, með síðari breytingum, og hins vegar til prentmiðla, sbr. lög um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum. Þar með er þó ekki nema hálf sagan sögð enda verður æ erfiðara að fóta sig þegar ætlunin er að skilgreina hugtakið fjölmiðil í tæknivæddu samfélagi 21. aldarinnar og þau lög sem hér hefur verið vitnað til um margt börn síns tíma, ekki síst lög um prentrétt frá 1956. Fjölmiðlar nútímans nota margvíslegar leiðir til þess að dreifa þeim upplýsingum sem þeir afla. Það er gert á pappír í dagblaði eða tímariti, í útvarpi eða sjónvarpi og síðast en ekki síst á netinu eða með öðrum sambærilegum hætti. Um síðastnefnda vettvanginn hafa engin ein ákveðin lög gilt.

Tilurð frumvarpsins og helsta hvata að gerð þess má upphaflega rekja til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (hér eftir nefnd hljóð- og myndmiðlunartilskipunin).

Þó svo að gildandi útvarpslög, nr. 53/2000, séu ekki gömul í árum talið var allt að einu talið bæði nauðsynlegt og eðlilegt að endurskoða löggjöfina í heild sinni, samhliða lögleiðingu þeirra breytinga sem efni tilskipunarinnar felur í sér. Sú tilhögun styðst við fjölþætt rök. Í fyrsta lagi hafa þróun og tækniframfarir á þessu sviði verið afar hraðar frá setningu gildandi útvarpslaga. Þau eru því nú þegar orðin úrelt um margt, þ.m.t. gildissvið þeirra og ýmis viðmið. Má einnig nefna að grundvallarhugtök eins og sjónvarp og sjónvarpsstöð eru skilgreind með of þröngum hætti í gildandi löggjöf, bann er lagt við því að byggja upp fjölrásasjónvarp á því tíðnisviði sem nágrannaþjóðir Íslendinga nota og skortur er á jafnræði milli sjónvarpsstöðva af þeirri einföldu ástæðu að gildandi lög gera ekki ráð fyrir slíkum tækniframförum. Í öðru lagi er það svo að samanburður við grannríki Íslands leiðir í ljós að þau eru komin miklum mun lengra í þróun þeirrar löggjafar og umhverfis sem ljósvakamiðlar 21. aldarinnar kalla óhjákvæmilega á. Það er nauðsynlegt að bregðast við nú þegar þannig að íslenskt lagaumhverfi á sviði fjölmiðlunar dragist ekki frekar aftur úr miðað við löggjöf grannríkjanna í starfsumhverfi sem verður æ alþjóðlegra og óháð landamærum. Loks eru ákvæði hinnar nýju tilskipunar viðamikil og útheimta þá þegar verulegar breytingar á gildandi lögum.

Frá gildistöku gildandi útvarpslaga hafa átt sér stað miklar breytingar á samsetningu og gerð íslensks fjölmiðlamarkaðar. Í kjölfar þess hafa umræður spunnist í samfélaginu um frekari reglusetningu og skipan mála á þessu sviði. Hafa a.m.k. tvær viðamiklar skýrslur verið unnar af þessu tilefni á síðustu árum. Árið 2004 setti Alþingi lög um breytingu ýmissa ákvæða sem þetta svið varðar, en þau lög voru síðar felld úr gildi eftir synjun forseta Íslands á staðfestingu þeirra. Þá hefur í tvígang verið mælt fyrir frumvarpi til breytinga á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, þótt frumvarpið hafi ekki verið samþykkt á Alþingi. Ýmislegt af þeim tillögum sem fram koma í tilvitnuðum skýrslum og varða grundvallaratriði í rekstri og starfsumhverfi fjölmiðla þykir eiga erindi í ný lög á þessu sviði, svo sem nánar verður rakið hér síðar.

Þegar vinna við frumvarp til nýrra laga, sem leysa skyldu útvarpslögin af hólmi, var vel á veg komin kviknaði því sú hugmynd að stíga skrefið til fulls og sameina í eina löggjöf þær reglur sem lúta að fjölmiðlum og starfsemi þeirra í víðtækasta skilningi. Áform í þá veru voru m.a. tekin upp í sáttmála ríkisstjórnar þeirrar sem tók við í maí 2009. Var þá öðru fremur horft til ákvæða laga um prentrétt, að því marki sem þau lög taka til fjölmiðla á prentuðu formi, þ.e. dagblaða, tímarita o.s.frv. Þá þótti ekki síður ástæða til þess að huga að stöðu rafrænna ritmiðla, sem svo eru kallaðir, og þá fyrst og fremst fjölmiðla sem miðla ritefni með rafrænum hætti, svo sem netútgáfna dagblaða og tímarita og annarra sambærilegra netmiðla. Í raun má segja að lagaleg staða þeirra hafi í besta falli verið afar óljós í þeirri hröðu þróun fjölmiðla og tækni tengdri þeim sem átt hefur sér stað á liðnum árum, svo sem tæpt var á hér að framan.

Við samningu frumvarpsins þótti jafnframt nauðsynlegt að víkka sjóndeildarhringinn verulega frá þeirri afmörkun sem liggur gildandi útvarpslögum og að sínu leyti prentlögum til grundvallar. Þetta felst m.a. í tillögum um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, reglum um aðgang efnisveitna að ólíkum dreifiveitum og flutningsrétt dreifiveitna á efni, auk grundvallarbreytinga á stjórnsýslu á þessu sviði. Þá eru ábyrgðarreglur samræmdar þannig að ekki gildi mismunandi ábyrgð um mismunandi fjölmiðla. Er þá fátt eitt nefnt. Auk smíði nýrrar heildarlöggjafar útheimtir þetta breytingar á ákvæðum nokkurra annarra laga, svo sem höfundalaga, laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og svo mætti áfram telja.

Við samningu frumvarps þessa var víða leitað fanga. Aflað var álits fjölmargra sérfróðra aðila og hagsmunaaðila og fyrirmynda leitað erlendis frá. Í aðdraganda þeirrar vinnu sem til var stofnað við samningu frumvarpsins stóð mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir málþingi í apríl 2008 um hina nýju tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/65/EB. Höfundar frumvarpsins sóttu fundi í Brussel, heimsóttu m.a. yfirvöld og stofnanir fjölmiðlaeftirlits í Noregi og tóku þátt í samráði og samvinnu Norðurlandaþjóðanna um tilhögun við innleiðingu efnis tilskipunarinnar í landsrétt. Þá vann Capacent Gallup markaðsrannsókn á viðhorfi til auglýsinga í barnaefni í sjónvarpi á tímabilinu mars–apríl 2008. Enn fremur voru yfirfarin tilmæli, yfirlýsingar og leiðbeinandi reglur Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um fjölmiðla. Samhliða þessu var við samningu frumvarpsins stuðst við þá faglegu vinnu sem á liðnum árum hefur verið unnin á þessu sviði hér innan lands og vísast þá sérstaklega til skýrslu þverpólitískrar nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla frá því í apríl 2005 og frumvarps sem önnur nefnd menntamálaráðherra skilaði á vordögum 2006 og unnið var á grundvelli tilvitnaðrar skýrslu.

Efni og tilhögun greinargerðar þessarar er með þeim hætti að í framhaldi af inngangi verður vikið að þróun og sögu löggjafar um fjölmiðla hér á landi, frá öndverðu til nútímans (I). Því næst verður sérstaklega vikið að þeirri tækniþróun sem átt hefur sér stað á vettvangi fjölmiðlunar og sjónum þó fyrst og fremst beint að tilkomu stafrænnar sjónvarpstækni. Sú tækni er óneitanlega afar samofin þeirri löggjöf sem um þá gerð fjölmiðla gildir að öðru leyti (II). Að þessu búnu verður fjallað um efnisréttindi hljóð- og myndmiðlunarefnis (III). Þá verður sjónum sérstaklega beint að samstarfi Evrópuríkja á þessum vettvangi, bæði innan Evrópusambandsins og Evrópuráðsins (IV). Einnig er að finna stutt yfirlit yfir stjórnsýslu fjölmiðlamála í helstu samanburðarlöndum Íslands (V). Í tengslum við frumvarp þetta lét menntamálaráðuneytið, svo sem fyrr segir, gera markaðsrannsókn á viðhorfi til auglýsinga í barnaefni í sjónvarpi og verða helstu niðurstöður þeirra kannana reifaðar (VI). Þá þykir þörf á því að fjalla sérstaklega um sjónarmið tengd eignarhaldi fjölmiðla og gagnsæi þess sama eignar-

halds (VII). Enn fremur verður grein gerð fyrir helstu efnisatriðum, breytingum og nýmælum sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum (VIII). Loks koma skýringar við einstakar greinar. Í fylgiskjali I við frumvarpið er fjallað um þróun fjölmiðlamarkaðar hér á landi í víðtækum skilningi

I.

Þróun og saga löggjafar um fjölmiðla frá öndverðu til nútímans.

Saga fjölmiðlunar er að sönnu ekki ýkja löng á Íslandi en prentunin sem slík á sér hins vegar lengri sögu. Á Íslandi hafa verið starfræktar prentsmiðjur frá því um 1530 en biskupar landsins réðu lengst af mestu um það hvað þar var prentað, þannig að lítið kom frá þeim annað en kristilegt ritmál. Fyrsta prentsmiðjan sem ekki var undir yfirráðum kirkjunnar fékk starfsleyfi árið 1772 og var sett niður í Hrappsey á Breiðafirði. Þar var árið 1773 prentað fyrsta blaðið sem kom út hér á landi en það hét Islandske Maanedstidender og var sennilega frekar ætlað áskrifendum í Danmörku en lesendum á Íslandi. Prentsmiðja þessi mátti prenta allt annað en guðsorð og skólabækur, en á því hafði Hólaprentsmiðja einkarétt. Fyrir tilstuðlan Magnúsar Stephensens, lögmanns og landfógeta og síðar dómstjóra landsyfirréttar, var einkaréttur þessi á prentun guðsorðs og kennslubóka afnuminn en Hið íslenska landsuppfræðingarfélag keypti prentsmiðjuna árið 1795 og flutti hana í heimahaga Magnúsar, Leirárgarða í Leirársveit. Skömmu síðar eignaðist hann Hólaprentsmiðju og sameinaði hana Hrappseyjarprentsmiðjunni að Leirárgörðum. Magnús var nánast einráður í íslenskum prentiðnaði þar til hann lést árið 1833, en þá hafði prentsmiðjan verið flutt í Viðey. Á þessum tíma var blaðaútgáfa lítil og einhæf.

Haustið 1848 hóf Þjóðólfur göngu sína og var fyrsta blaðið sem prentað var á Íslandi og ekki gefið út af embættismönnum. Þjóðólfur kom út hálfsmánaðarlega og velgdi ritstjórinn, séra Sveinbjörn Hallgrímsson, stjórnvöldum undir uggum með skrifum sínum. Þau brugðust ókvæða við og urðu nokkrir hnökrar á því að fá blaðið prentað og í febrúar 1850 var Sveinbirni tilkynnt að Landsprentsmiðjan í Viðey mundi hætta prentun Þjóðólfs. Prentfrelsi hafði þegar þetta gerðist verið staðfest með stjórnarskrá í Danmörku, en ekki gefin út sérstök lög um það, hvorki þar né hér á landi. Þessi ákvörðun yfirvalda á Íslandi stríddi þó gegn anda dönsku stjórnarskrárinnar, því að hún jafngilti ritskoðun þar sem öðrum prentsmiðjum var ekki til að dreifa á landinu. Útgáfusögu Þjóðólfs lauk þó ekki þarna því að Sveinbirni tókst með góðra manna hjálp að safna nægu fé til að prenta blaðið í Danmörku. Það nefndist þá Hljóðólfur og kom aftur út 25. apríl 1850. Þegar Sveinbjörn kom aftur til Íslands höfðu viðhorf yfirvalda til útgáfu Þjóðólfs breyst með Trampe greifa, nýjum stiftamtmanni, og blaðið fékkst prentað á ný á Íslandi.

Eiginleg ritskoðun mun lítt hafa verið tíðkuð hér þótt hún hafi verið lögboðin á Íslandi með danskri tilskipun frá 27. september 1799. Prentfrelsislög felldu svo þá tilskipun úr gildi þegar þau voru samþykkt á Alþingi 5. maí 1855. Prenteinokunin sjálf var rofin fáum árum áður með stofnun Prentsmiðju norður- og austuramtsins á Akureyri 1852. Prentsmiðjan var í almannaeigu og þar hófst útgáfa annars frjáls blaðs, mánaðarblaðsins Norðra í febrúar 1853.

Fyrsta tilraunin til að gefa út dagblað var Dagskrá Einars Benediktssonar, skálds, sem átti að koma út daglega yfir þingmánuðina sumarið 1897. Blaðið hafði þá komið út frá haustinu 1896 einu sinni til tvisvar í viku en kom þetta sumar út fjórum til fimm sinnum í viku fram í byrjun október. Þá fækkaði útgáfudögum á ný og í september 1898 seldi Einar Dagskrá. Hún kom þó áfram út til ársins 1899 en ekki sem dagblað.

Fyrsta dagblaðið sem náði að halda uppi samfelldri útgáfu var Vísir. Fyrsta tölublaðið kom út í desember 1910 og hét þá Vísir til dagblaðs í Reykjavík. Dagblöðunum fjölgaði smátt og smátt. Morgunblaðið hóf göngu sína 1913 og Alþýðublaðið 1919 en Þjóðviljinn á fjórða áratugnum svo að þeirra helstu og þekktustu sé getið.

Prentmiðlar voru einráðir á fjölmiðlamarkaði fram á þriðja áratuginn. Þá fóru erlendar útvarpsstöðvar að nást hér á landi en fyrsta íslenska útvarpsstöðin, Útvarp hf., fékk starfsleyfi árið 1925 og hóf útsendingar árið eftir. Ýmsir vankantar voru á rekstrinum, útvarpstæki voru dýr, afnotagjöldin þóttu há og stöðin átti við fjárhagsvanda að etja. Hana dagaði uppi eftir rúmlega tveggja ára rekstur. Þá höfðu verið samþykkt heimildarlög á Alþingi um ríkisrekið útvarp og Ríkisútvarpið hóf útsendingar 20. desember 1930.

Sjónvarpsútsendingar á vegum Ríkisútvarpsins hófust svo 30. september 1966. Íslendingar höfðu því aðgang að einni íslenskri sjónvarpsrás og einni útvarpsrás til 1. desember 1983 þegar Rás 2 fór í loftið. Varnarliðið á Miðnesheiði fékk að vísu leyfi til sjónvarpsútsendinga árið 1955 en til þess var séð að það næðist ekki langt út fyrir vallarmörkin enda þótti rétt að varna því að amerísk áhrif spilltu íslenskri ásku. Árið 1961 var þó styrkurinn aukinn þannig að útsendingar náðust ágætlega um Faxaflóasvæðið en skömmu áður en Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar 30. september 1966 tilkynntu forráðamenn „Kanasjónvarpsins“ svokallaða að útsendingarstyrkur yrði takmarkaður á ný þar sem stöðin fengi efni sitt á lágu verði og mætti ekki keppa við aðrar sjónvarpsstöðvar.

Þó svo fyrstu tilraunir með útvarpsrekstur hafi, svo sem fyrr segir, hafist á þriðja áratug síðustu aldar voru almenn lög um ljósvakamiðla hér á landi ekki sett fyrr en á árinu 1985, þegar rekstur útvarps var gefinn frjáls og útvarpslög nr. 68/1985 tóku gildi. Þau leystu af hólmi útvarpslög nr. 19/1971, sem eðli málsins samkvæmt fjölluðu eingöngu um starfsemi Ríkisútvarpsins er þá hafði einkarétt á útvarpsrekstri.

Í þeirri miklu og á stundum heitu umræðu sem geisað hefur um fjölmiðlamál á undanförnum árum, hefur stundum gleymst að útvarpslögin frá 1985 hafa í tvígang farið í gegnum verulega endurskoðun. Með lögum nr. 82/1993 voru lögin frá 1985 löguð að fyrirmælum tilskipunar ráðsins 89/552/EBE sem jafnan var kennd við sjónvarp án landamæra (hér eftir nefnd sjónvarpstilskipunin). Með gildandi útvarpslögum, nr. 53/2000, var ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu og ákvæði um Ríkisútvarpið voru flutt í sérlög, eins og víðast þekkist í nágrannalöndum Íslands. Jafnframt var brugðist við setningu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB um breytingu á sjónvarpstilskipuninni (hér eftir nefnd breytingartilskipunin). Það er því ekki nýtt að endurskoðun íslensku útvarpslöggjafarinnar eigi rætur að rekja til þeirra skuldbindinga sem Íslendingar undirgengust með aðildinni að EES-samningnum á árinu 1993.

Löggjöf um prentmiðla hefur á hinn bóginn verið minni að vöxtum og um hana hefur verið sæmileg sátt. Til marks um það eru gildandi lög um prentrétt frá árinu 1956.

Miðlun hvers konar efnis á netinu fyrir almenning á sér svo um fimmtán ára sögu hér á landi þó svo að tæknin hafi verið fyrir hendi mun lengur. Um netið og þá miðlun sem þar á sér stað hefur engin sérstök löggjöf verið sett hér að landsrétti en einstök ákvæði ýmissa laga komið við sögu, beinlínis eða fyrir lögjöfnun. Þeirri hröðu þróun sem orðið hefur á þessu sviði á umræddum tíma verður helst líkt við rússíbanareið, svo hraðar og miklar breytingar hafa orðið. Sú staðreynd hefur eðli málsins samkvæmt ekki einfaldað hugmyndir um lagasetningu á þessu sviði.

Eftirtalin lagafyrirmæli mynda öðru fremur hið almenna umhverfi sem íslenskir fjölmiðlar starfa í: 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, lög um prentrétt, nr. 57/1956, útvarpslög, nr.

53/2000, lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, fjarskiptalög, nr. 81/2003, samkeppnislög, nr. 44/2005, og lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Skiptar skoðanir kunna að vera um það hvort undir þennan flokk eigi að fella fleiri lög, auk þess sem ljóst er að lögleiðing frumvarps þessa mun leiða til þess að um skörun við önnur og fleiri lög verður að ræða.

Íslendingar hafa frá árinu 1985 búið við eina frjálslegustu fjölmiðlalöggjöf í Evrópu. Hér eru til dæmis engar takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla að lögum, engin skylda til upplýsingagjafar um eignarhald einstakra fjölmiðla, engar kröfur um að einkamiðlar sinni almannaþjónustu og svo mætti áfram telja. Allt frá árinu 1985 hafa Íslendingar hins vegar upplifað endurtekna umræðu um lagalega stöðu og umhverfi íslenskra fjölmiðla, samhliða framangreindu fjölmiðlafrelsi. Árið 1995 ákvað þáverandi menntamálaráðherra að setja á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um breytingar á útvarpslögum, m.a. með tilliti til breyttra aðstæðna á íslenska ljósvakanum, fjölgunar stöðva, aukinnar samkeppni og tæknibreytinga. Starfshópurinn skilaði skýrslu um endurskoðun á þágildandi útvarpslögum árið 1996. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um að skerpa opinbert þjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins og efla menningarhlutverk einkarekinna ljósvakamiðla. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki skyldi kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds á ljósvakamiðlum í útvarpslögum. Þrátt fyrir aukið frelsi og grósku í ljósvakaiðnaðinum bæri ekki brýna nauðsyn til þess að fylgja þeirri þróun eftir með hertum reglum um eignarhald. Þvert á móti skyldi leitast við að varðveita það frelsi sem lögin frá 1985 fælu í sér. Þau lög kvæðu á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Væru þessi atriði tryggð yrði hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli. Þessi grundvallarniðurstaða byggðist m.a. á þeirri staðreynd að lög af þessu tagi hefðu oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða í nágrannalöndum Íslands. Það hefði reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit hefði verið kostnaðarsamt og þó að þeim væri ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi virtust þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum. Nefndin lagði jafnframt til að stjórnsýslu útvarpsmála yrði breytt í nokkrum grundvallaratriðum en þær tillögur gengu ekki eftir í lagaformi.

Við aldamót 20. og 21. aldar urðu síðan miklar breytingar á dagblaðamarkaðnum hér á landi. Gömlu flokksblöðin lögðu upp laupana og nýir miðlar sem eingöngu höfðu tekjur af auglýsingasölu en ekki áskriftargjöldum ruddu sér til rúms. Þá voru miklar breytingar að eiga sér stað á sviði hljóð- og myndmiðlunar, jafnt í tækni og öllu starfsumhverfi. Síðast en ekki síst var netið komið til sögunnar og með því opnuðust enn nýjar gáttir. Í kjölfarið á þessari gjörbreyttu heimsmynd fór að bera á því að ákveðnir stjórnmálamenn efuðust um kosti þess frjálsræðis sem hér hafði sannarlega ríkt. Nefnd var skipuð til að meta hvort tilefni væri til að setja löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Skilaði nefndin skýrslu í apríl 2004 þar sem grunnforsendan var hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Áhersla var lögð á mikilvægi skoðana- og tjáningarfrelsis og fjölbreytni í fjölmiðlum. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að samþjöppun eignarhalds væri mikil og óheppileg út frá alþjóðlegum viðmiðunum og í því ljósi voru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta sem stjórnvöld gátu valið úr. Í framhaldinu var unnið frumvarp að lögum er síðar var lagt fram á Alþingi og samþykkt sem lög nr. 48/2004. Tilurð þessara laga og örlög eru flestum kunn, en forseti synjaði þeim staðfestingar og voru þau í framhaldinu felld úr gildi sumarið 2004.

Í kjölfar þessa skipaði þáverandi menntamálaráðherra þverpólitíska nefnd haustið 2004 til þess að ná sátt um málið og leysa deiluna. Verkefni nefndarinnar voru m.a. skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Skoða þróun í evrópskri fjölmiðlalöggjöf.
- Leggja mat á þróun, m.a. stafræna þróun.
- Fjalla um hlutverk Ríkisútvarpsins.
- Skoða samþjöppun eignarhalds.
- Meta hvaða breytingar og nýmæli væru æskileg í íslenskri löggjöf.

Niðurstöður nefndarinnar, sem skilaði skýrslu í apríl 2005, urðu í aðalatriðum þessar:

- Að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp í eigu allra landsmanna.
- Að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
- Að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar.
- Að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hefðu ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilaðan eignarhluta.
- Að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fengju aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fengju flutningsrétt á fjölbreyttu efni.
- Að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.
- Að stjórnsýsla yrði einfölduð.

Veturinn 2005–2006 vann sérstök nefnd þáverandi menntamálaráðherra frumvarp á grundvelli framangreindra tillagna. Frumvarp þetta var þó aldrei afgreitt af Alþingi en það var lagt fram í tvígang, á 132. og 133. löggjafarþingi.

Sem fyrr er rakið voru síðan lögð drög að þeirri vinnu sem nú lítur dagsins ljós í frumvarpi þessu á árunum 2008 og 2009.

II.

Tækniþróun á vettvangi fjölmiðlunar.

Fjölmiðlar hafa breyst mikið undanfarin ár og áratugi. Má raunar segja að algjör bylting hafi orðið á þessu sviði og það oftar en einu sinni. Með samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur fjölmiðlalandslagið breyst til muna þar sem ýmiss konar fjölmiðlun á netinu er orðin hluti af daglegu lífi fólks. Má í þessu sambandi benda á að skilin milli fjölmiðla (til dæmis mbl.is og eyjan.is) og samskipta einstaklinga og hópa (til dæmis á Facebook og Twitter) eru orðin óljós. Margmiðlun er sú aðferð að nota tvo eða fleiri miðla saman til að koma efni á framfæri. Þessir miðlar geta t.d. verið hljóð, myndir, kvikmyndir, texti, tónlist, gröf eða annað slíkt. Margmiðlun felur í sér getu viðtækja til að samþætta framangreinda miðla í eina heild, sem getur til dæmis verið tölvuleikur, auglýsing eða annars konar kynning á efni, svo sem fræðsluefni. Hugtakið gagnvirk margmiðlun nær til allrar þessarar nýju samskipta- og fjölmiðlatækni og er því lykilhugtak. Með gagnvirkri margmiðlun verða skilin milli ólíkra forma fjölmiðlunar, svo sem hljóðvarps, sjónvarps og ritmiðla, því æ óljósari. Í framhaldinu verður nánar hugað að þessu þýðingarmikla fyrirbæri.

2.1 Gagnvirk margmiðlun.

Gagnvirk margmiðlun gefur notendum kost á því að vera ekki aðeins áhorfendur eða lesendur heldur virkir þátttakendur. Gagnvirk margmiðlun á við um sérhvert tölvustýrt rafrænt kerfi sem leyfir notendum að stjórna, meðhöndla og blanda saman mismunandi formum miðlunar, eins og texta, hljóði, grafík og lifandi myndum. Í gagnvirkri margmiðlun verður samruni milli fjölmiðlunar, tölvu- og fjarskiptatækni. Miðlarnir yfirtaka að hluta hlutverk hver annars en skapa á sama tíma alveg nýja vídd í fjölmiðlun, upplýsingatækni og samskipt-

um, hvað varðar innihald og aðgengi í tíma og rúmi. Í raun má segja að sjónvörp, tölvur og símar séu ólík viðtæki sem notuð eru við ólíkar aðstæður til að nálgast sama efnið.

Þróun gagnvirkrar margmiðlunar er samspil menningar og tækni sem er enn á upphafsskeiði en hefur þegar breytt lífsháttum fólks hvað varðar til dæmis afþreyingu, fréttaöflun, samskipti, nám, störf, viðskipti, ferðalög og verslun. Margir vilja koma böndum á þróunina sem getur reynst erfitt þar sem hraði breytinga á þessu sviði er svo mikill að gömul viðmið og reglur riðlast. Örar breytingar leiða til krafna um sífellt endurmat, nýjar skilgreiningar, breyttar reglur og stjórnunarhætti, ekki síst á tímum alþjóðavæðingar og fjölmenningar. Afleiðing þessa er sú að lagaumhverfið hefur vart undan því að aðlagast nýjum aðstæðum.

Mikilvæg forsenda gagnvirkrar margmiðlunar er háhraðanettenging notanda á heimili hans eða vinnustað eða þegar hann er á ferðinni. Þá er hugtakið aðgangskerfi æ oftar notað sem samheiti yfir ýmiss konar fjarskiptakerfi sem nýtt eru fyrir tal, texta eða gagna- eða myndflutning. Aðgangskerfin hafa hvert sína kosti og galla og nýtast misjafnlega eftir staðháttum, forsendum, hefðum, menningarþörfum og gildandi leikreglum. Eftirtektarvert er að um leið og samruni á sér stað í talsímaþjónustu og gagna- og myndflutningi bjóðast notendum fleiri gerðir aðgangstenginga en áður. Að því gefnu að samskipti fólks við umheiminn í formi gagnvirkrar margmiðlunar hafi gildið 100 er staðan sú að notendur fá um 90–95% af gögnum til sín í formi sjónvarpsefnis og annars konar gagna en senda einungis frá sér u.þ.b. 5–10% gagna á sama tíma. Ný form samskipta og fjölmiðla gera það að verkum að þessi hlutföll taka breytingum, m.a. með tilkomu bloggs í kvikmyndaformi (e. video blog). Við núverandi aðstæður þarf gagnaflutningsgetan alla jafna að vera mun meiri til notenda en frá þeim.

Gera þarf greinarmun á gagnvirkri margmiðlun og stafrænni sjónvarpstækni, en stafrænt sjónvarp þarf ekki að vera gagnvirk margmiðlun, þótt hluti stafrænnar hljóð- og myndmiðlunar geti flokkast sem gagnvirk margmiðlun. Í framhaldinu verður gerð grein fyrir mismunandi birtingarmyndum stafrænnar fjölmiðlunar. Í kaflanum verður fyrst fjallað um stafræna myndmiðlun og kosti og eiginleika hennar jafnt fyrir notendur sem fyrirtæki auk þess sem fjallað verður um stafræna hljóð- og ritmiðlun.

2.2 Möguleikar stafrænnar myndmiðlunar fyrir notendur.

Segja má að stafræn (digital) myndmiðlun hafi orðið upphaf mikilla breytinga fyrir notendur en með henni hefur framboð og úrval sjónvarpsefnis aukist til muna. Með því að breyta hliðrænni (analog) myndmiðlun í stafræna nýtist tíðnisviðið betur. Stafrænu sjónvarpsmerki er hægt að þjappa saman líkt og með gagnaþjöppun í tölvum. Sjónvarpsrás, sem áður flutti eina hliðræna dagskrá, getur í stafrænu dreifikerfi flutt fleiri. Með fyrirliggjandi þjöppunartækni er fræðilega hægt að tífalda fjöldann en í reynd er algengt að sjónvarpsrásin flytji fjórar til sex dagskrárútsendingar. Með dreifikerfi í lofti skilar stafræn tækni jafnframt betri mynd- og hljómgæðum til notenda. Móttökuskilyrði eru jafnari á þjónustusvæði stafrænnar sendistöðvar en á þjónustusvæði hliðrænna stöðva. Það er jafnframt eðli stafrænna dreifikerfa að skarpari skil eru á þjónustusvæðinu og þess vegna ætti „snjór“ á skjánum að heyra sögunni til. Annar kostur stafrænna dreifikerfa er að minni líkur er á „draugum“ í mynd vegna þess að endurkast, til dæmis frá byggingum eða fjöllum, kemur ekki eins að sök og í hliðrænum dreifikerfum.

Með gagnvirkri stafrænni myndmiðlunartækni gefst einnig tækifæri til að bjóða alls kyns þjónustu auk þess sem farið er að bjóða grafískt notendaviðmót í sjónvarpinu. Notendaviðmótinu má að nokkru líkja við textavarp en verður þó líkara því viðmóti sem notandi þekkir

frá netinu og gegnir æ mikilvægara hlutverki sem upplýsingaveita í sjónvarpi. Þar geta notendur fengið aðgang að ítarlegri sjónvarpsdagskrá með rafrænum dagskrárvísi þar sem hægt er að velja dagskrárliði til upptöku eða áhorfs fram í tímann. Þá geta notendur tekið þátt í leikjum með hinni stafrænu tækni, auk þess sem ýmis önnur gagnvirk þjónusta mun verða í boði í náinni framtíð.

Talsvert hröð þróun hefur verið í háskerpusjónvarpi (High Definition Television eða HDTV), jafnt í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem hið opinbera hefur víða haft frumkvæði að slíkri þróun. Búast má við að HDTV verði ráðandi tækni í sjónvarpi innan fárra ára, ekki síst þegar miðlun hreinnar grafíkur og texta eykst til muna. Nú þegar má sjá ýmsar háskerpusjónvarpsrásir í nágrannalöndum Íslands, m.a. er slíkt í boði hjá SVT í Svíþjóð. Þá má jafnframt geta þess að með Evrópukeppninni í knattspyrnu árið 2008 urðu að vissu leyti vatnaskil þar sem sjónvarpsstöðvar kepptust við að bjóða þessa vinsælu keppni á háskerpustaðli fyrir áhorfendur í Evrópu.

Í háskerpusjónvarpi eru myndgæðin meiri en þekkist í sjónvarpi núna og líkjast myndgæðum í kvikmyndahúsi enda er tæknin nýtt í heimabíókerfum. Muninn má að nokkru greina með því að lesa texta á tölvuskjá og texta á sjónvarpsskjá. Til þess að geta boðið notendum upp á háskerpusjónvarp þarf meiri bandbreidd en fyrir venjulegt sjónvarp og þrátt fyrir stöðugar framfarir í þjöppunartækni má búast við að háskerpumynd muni fyrst um sinn krefjast nær sömu bandbreiddar og hliðræn mynd gerir nú. Með enn frekari endurbótum í þjöppun í framtíðinni mun bandbreiddarþörf háskerpusjónvarps þó minnka.

Með stafrænu sjónvarpi opnast einnig leið að netaðgangi í sjónvarpi og þar með tölvupóstnotkun. Þess ber þó að geta að þar sem skerpa á sjónvarpsskjám núna er mun minni en á tölvuskjám eru venjulegar heimasíður ekki mjög læsilegar í sjónvarpi. Ýmis hugbúnaður hefur þó verið þróaður til að gera síðurnar aðgengilegri, m.a. með því að nota RSS-tækni. Þar sem háskerpusjónvörp eru orðin æ algengari verður mikilvægt að þau dreifikerfi sem notendur hafa aðgang að hafi næga bandbreidd og getu til að stækka þegar þess þarf með.

Einnig er vert að minnast á að svonefnd farmóttaka á stafrænu sjónvarpi hefur verið mikið til umræðu erlendis. Slík tækni gerir fólki kleift að horfa á sjónvarp þegar það er á ferðinni. Gera má ráð fyrir að notendur muni í framtíðinni fá aðgang að sjónvarpi á þennan hátt í gegnum þráðlaus dreifikerfi.

2.3 Möguleikar stafrænnar myndmiðlunar fyrir fjarskiptafyrirtæki.

Út frá sjónarhóli fjarskiptafyrirtækja er stafræn myndmiðlun næsti vaxtarbroddurinn í fjarskiptum. Fjarskiptafyrirtækin hafa hingað til boðið viðskiptavinum sínum upp á þjónustu þar sem mikill munur er á talsíma og gagnaflutningsþjónustu. Þannig hefur talsímaflutningur verið á mun hærra verði en flutningur á öðrum gögnum. Með IP-símatækni (e. Voice-over-IP) dregur úr möguleikum fjarskiptafyrirtækjanna á að gera slíkan greinarmun og tekjustofnarnir þurfa að miðast við gagnamagn sem flutt er um fjarskiptanet. Stafrænni myndmiðlun fylgir mikill gagnaflutningur og með stafrænni tækni geta fjarskiptafyrirtækin aukið þjónustu sína og boðið fjölþætt afþreyingarefni. Þetta hefur verið kallað þríleikur (e. Triple Play) og eykur tekjumöguleika fjarskiptafyrirtækjanna, en niðurstöður markaðsrannsókna benda til þess að heimilin muni í framtíðinni eyða hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í ýmiss konar afþreyingarefni. Í þríleiknum geta fjarskiptafyrirtæki boðið gagnaflutning, afþreyingarefni og símaþjónustu í einum pakka til viðskiptavina og þar með aukið á viðskiptatryggð þeirra. Handan við hornið er það sem kallað er fjórleikur (e. Quadruple Play), en þar bætist við sá möguleiki að bjóða hljóð- og myndefni ásamt netaðgangi hvar og hvenær sem er um þráðlaus

net. Fyrirtækin hafa nú keppst við að ná forskoti á þessum vettvangi til að tryggja ráðandi markaðsstöðu. Reynslan erlendis hefur sýnt að erfitt er fyrir ný fyrirtæki að koma inn á stafrænan fjölmiðlamarkað þegar stór fyrirtæki eru þegar búin að koma sér þar fyrir og hafa mikla markaðshlutdeild. Fyrstu fyrirtækin geta bundist viðskiptavinum með því að vöndla (þ.e. að bjóða saman ólíka þjónustu í pökkum) fjölmiðla- og fjarskiptaþjónustu, auk þess sem fyrirtækin sem hafa flesta viðskiptavini geta að jafnaði greitt meira fyrir myndefni en nýir aðilar á markaði. Stöðugt framboð á nýju vinsælu sjónvarpsefni gerir það að verkum að viðskiptavinir verða tryggir fyrirtækinu auk þess sem auglýsendur vilja auglýsa þar sem áhorfið er mest. Fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki, sem bjóða stafræna myndmiðlun, geta einnig þróað þjónustu sína og þannig átt bein viðskipti við flest heimili landsins í gegnum sjónvarpið.

Þar sem mikil samkeppni er til staðar á fjarskiptamarkaði hefur verð á fjarskiptaþjónustu farið lækkandi en á móti hefur notkunin aukist afar mikið. Ný tækni mun hins vegar breyta möguleikum fjarskiptafyrirtækja í framtíðinni til að afla tekna. Notendur eru nú þegar í æ ríkari mæli farnir að nýta sér IP-símaþjónustu sem gerir það að verkum að þeir geta sniðgengið talsímakerfi fjarskiptafyrirtækjanna og m.a. greitt fyrir millilandasímtöl eins og um innanbæjarsímtöl væri að ræða. Fyrirtæki eins og Skype bjóða notendum nú að hringja úr tölvum í síma fyrir brot af því sem millilandasímtöl kosta. Svonefnd WiFi-þjónusta, sem er staðbundin en ekki samfelld eins og farsímaþjónusta er oftast, gerir notendum til dæmis kleift að tengjast netinu með meiri bitahraða en farsími gefur kost á og einnig á lægri gjöldum. Ef notendur hafa farsíma með innbyggðum WiFi-möguleikum geta þeir hverju sinni valið hagkvæmustu þjónustuna og sparað sér háar fjárhæðir í mánaðarlegum símgjöldum.

Möguleikar fjarskiptafyrirtækja til tekjuöflunar hafa tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Tækniþróunin gerir það að verkum að fjarskiptafyrirtækin þurfa að finna nýja tekjustofna í ljósi þess að þau fá minnkandi tekjur af farsíma- og utanlandssímtölum. Með IP-tækninni minnkar möguleiki fyrirtækjanna á að skilja á milli símtala og annars gagnaflutnings. Hingað til hafa símafyrirtækin fengið stóran hluta tekna sinna af talþjónustu, fyrst fastlínusímtölum og síðan þráðlausum símtölum. Þegar fjarskiptafyrirtækin þurfa einnig að lækka verð á breiðbandstengingum til einstaklinga og fyrirtækja í þeim tilgangi að geta boðið sjónvarpsþjónustu á netum sínum verða tekjumöguleikarnir æ rýrari. Það er því mikið í húfi fyrir fjarskiptafyrirtæki, ekki síður en fjölmiðla, að afla tekna með virðisaukandi þjónustu í gegnum stafræna myndmiðlun, svo og á öðrum miðlum. Einnig þurfa þau að tryggja að dreifikerfi þeirra séu notuð.

Allur fjarskiptageirinn er í ríkari mæli farinn að líkjast uppbyggingu netsins þar sem erfitt hefur reynst að stjórna og setja reglur. Eðli málsins samkvæmt munu fjölmiðlarnir, og efnisveitur, fylgja þeirri þróun þar sem þeir munu að stórum hluta útvega þjónustuna sem fjarskiptakerfin miðla til notenda. Í slíkum heimi eru fyrirséð margslungin vandamál varðandi umsýslu höfundarréttar að efni sem miðlað er um fjarskiptakerfin. Þá verður æ erfiðara að setja reglur um ritstjórn og innihald ólíkra miðla og fylgja slíkum reglum eftir.

2.4 Þrepaskipt stafræn þróun í myndmiðlun.

Grunnurinn að því að geta boðið mikinn fjölda sjónvarpsrása, svo notendur geti leigt kvikmyndir, hlustað á tónlist, spilað sjónvarpsleiki við aðra sjónvarpsnotendur og vafrað um netið, svo eitthvað sé nefnt, er að miðlun hljóð- og myndefnisins sé á stafrænu formi og að fjarskiptaleiðin hafi nægilega bandbreidd. Til að hægt sé að bjóða gagnvirka myndmiðlun þarf að byggja upp stafrænt dreifikerfi sem getur verið hvort heldur er þráðlaust eða gegnum leiðara, til dæmis ljósleiðara eða koparlínur (ADSL). Enn fremur þurfa notendur að fá sér-

stakan endabúnað (aðgangskassa) sem tengist sjónvarpstækinu til að geta tekið á móti útsendingum stafræns sjónvarps og horft á þær í hliðrænum sjónvarpstækjum.

Í grófum dráttum má skipta þróun stafrænnar myndmiðlunar í þrjú þrep sem hvert um sig býður upp á nokkuð mismunandi notkunarmöguleika. Í fyrsta lagi ber að nefna einátta stafræna útsendingu á myndefni sem er ekki gagnvirk. Í öðru lagi er um að ræða stafræna útsendingu með leið til baka og í þriðja lagi á hugtakið við um stafræna einkarás með leið til baka. Með leið til baka er í þessu sambandi átt við gagnvirkni þannig að notandi getur bæði tekið við og sent frá sér gögn. Bæði stafræn myndmiðlun með leið til baka og stafræn einkarás teljast vera gagnvirk stafræn myndmiðlun þar sem notendur geta stýrt þeirri þjónustu sem þeir kjósa.

2.4.1 Stafræn útsending myndefnis.

Stafræn myndmiðlun er ekki endilega gagnvirk og í því tilfelli verða engar meiri háttar breytingar á notkunarmöguleikum frá því sem verið hefur. Stafræn tækni gefur hins vegar kost á betri nýtingu tíðnisviðsins og fleiri dagskrám fyrir notendur. Tíðnisviðið í loftinu er takmörkuð auðlind og þess vegna skiptir miklu máli að hægt sé að þjappa mynd- og hljóðupplýsingum í stafræna dreifikerfinu. Þjöppunin gerir mögulegt að koma fyrir fjórum til sex dagskrám í sömu tíðnirás og áður var notuð fyrir eina hliðræna dagskrá. Kostur stafrænu tækninnar sem notuð er í dreifikerfum er að nota má sömu tíðnina fyrir marga senda á ákveðnu svæði, auk þess sem minni hætta er á truflunum milli aðliggjandi rása á tíðnisviðinu. Í fyrstu skila þessir kostir sér ekki að fullu þar sem nauðsynlegt er að reka hliðrænu dreifikerfin áfram samhliða stafrænu kerfunum. Til lengri tíma litið verða nothæfar tíðnirásir fleiri en nú eru og skortur, sem til dæmis er nú á rásum á höfuðborgarsvæðinu, verður mögulega úr sögunni og það mun auðvelda nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum inngöngu á markaðinn. Þess vegna virðist ljóst að notendur sem taka á móti útsendingum í lofti munu eiga völ á meira úrvali dagskrárútsendinga og annars myndefnis.

2.4.2 Stafræn útsending myndefnis með leið til baka.

Þar sem mikill kostnaður fylgir því að byggja upp stafræn dreifikerfi, auk þess sem kostnaður fylgir endabúnaði notenda, hefur áhersla verið lögð á stafræna gagnvirka myndmiðlun sem býður upp á mun fleiri möguleika en fjölgun sjónvarpsdagskráa eingöngu. Í grófum dráttum má segja að stafrænni gagnvirkri myndmiðlun megi skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða stafræna sjónvarpsútsendingu með leið til baka og hins vegar stafræna einkarás með leið til baka. Með leið til baka er sem áður segir átt við gagnvirkni þannig að notandi getur bæði tekið við og sent frá sér gögn. Helstu staðlar fyrir stafrænar sendingar eru DVB-C fyrir kapalkerfi, DVB-S fyrir gervitungl og DVB-T fyrir dreifingu í lofti. Notendabúnaðurinn eða aðgangskassinn, sem er mismunandi fyrir staðlana þrjá, gerir notendum kleift að velja úr því efni sem í boði er, auk þess sem notendurnir geta horft á samsetta dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Til þess að koma pöntun á efni til skila þarf „tilbakarás“ sem auðvelt er að koma fyrir í kapalkerfum en vandasamara í dreifikerfum í lofti og um gervitungl. Verður þá að grípa til þess ráðs að hafa „tilbakarásina“ í öðru fjarskiptakerfi, t.d. fastlínusíma eða farsíma.

Stafræn útsending býður upp á mikinn fjölda sjónvarpsdagskráa þar sem notendur geta valið á milli dagskrárliða. Með því að nýta sér leiðina til baka geta þjónustufyrirtæki stóraukið þjónustu sína með því t.d. að selja aðgang að kvikmyndum sem sýndar eru á ákveðnum tímum á sérstökum kvikmyndarásum eða bjóða bankaþjónustu í myndmiðlinum, auk þess sem hægt er að bjóða ýmiss konar leiki og íþróttaútsendingar þar sem áhorfendur velja

sjónarhorn og margt fleira. Þar sem slík stafræn útsending er háð takmörkuðu tíðnisviði er þó um að ræða takmarkað framboð á efni.

2.4.3 Stafræn einkarás myndefnis með leið til baka.

Stafræn einkarás er frábrugðin stafrænni útsendingu að því leyti að dreifileiðir stafrænna einkarása, eins og um ljósleiðara, xDSL (tæknistaðall sem eykur flutningsgetu á símalínunum) og sum stafræn kapalkerfi, hafa það mikla bandbreidd að hver notandi getur innan ákveðinna marka valið myndefnið að eigin smekk í stað þess að horfa á fasta dagskrá. Framboð myndmiðlunarefnisins í þessum kerfum sætir ekki takmörkunum tíðnisviðsins en er hins vegar háð flutningsgetu einkarásarinnar. Munurinn er sá að notendur geta að vild valið sér myndmiðlunarefni, svo sem kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leiki eða tónlistarmyndbönd, og fengið sent frá miðlara á rauntíma. Má því í raun tala um rafræna myndbanda-, tónlistar- og leikjaleigu sem getur hýst gríðarlegt úrval efnis. Slík rafræn leiga gefur áhorfendum kost á að greiða aðeins fyrir það efni sem þeir vilja horfa á. Notendur geta sjálfir valið og stýrt á hvað þeir horfa og hvenær. Myndmiðlunarefnið er aðgengilegt notendum í ákveðinn tíma og hafa þeir innan þess tíma fulla stjórn á efninu. Notendur geta spólað fram og til baka, sett í bið eða stöðvað myndefnið.

Þar sem slík miðlun hljóð- og myndefnis er ekki háð tíðnitakmörkunum er mögulegt að miðla ýmiss konar sérhæfðu efni sem ekki höfðar til fjöldans, svo sem fræðslu- og kennsluefni eða sjónvarpsdagskrám og kvikmyndum frá ólíkum menningarsvæðum.

2.5 Skilyrt aðgangskerfi og aðgangskassi fyrir stafræna myndmiðlun.

Þegar hljóði er útvarpað er rafmerkinu breytt í mótaðar rafsegulbylgjur. Viðtækið tekur við þessum mótuðu bylgjum og breytir merkinu aftur í rafstraum sem síðan knýr hátalara þar sem merkið breytist í hljóð. Sjónvarpssendingar eru hliðstæðar þessu. Upptökuvélin tekur röð kyrrmynda og hverri kyrrmynd um sig er breytt í röð merkja. Fjöldi punkta eða merkja í hverri kyrrmynd skiptir mörgum hundruðum þannig að merkjaflutningurinn í sjónvarpssendingum er mjög ör. Það er í rauninni eini munurinn á hljóðvarpi og sjónvarpi og veldur því að nauðsynlegt er að nota bylgjur með miklu hærri tíðni fyrir sjónvarpssendingar en fyrir hljóðvarp. Allar útsendingar með útvarpsbylgjum byggjast því á notkun svokallaðra burðarbylgna, hvort sem um er að ræða hljóðvarp eða sjónvarp. Þá er einföld bylgja með útsendingartíðninni mótuð með merkinu sem senda á út og samsvarar annaðhvort hljóði eða mynd eftir atvikum.

Fyrir útvarpssendingar eru tvær aðferðir sem koma til greina. Annars vegar er styrkmótun (amplitude modulation, AM) þar sem styrk burðarbylgjunnar er breytt til að endurspegla styrk merkisins. Þessari aðferð var beitt við útvarpssendingar lengi vel vegna þess að hún er auðveld í framkvæmd. Hún skilar þó minni gæðum en hin aðferðin, tíðnimótun (frequency modulation, FM). Í tíðnimótaðri útvarpssendingu er burðarbylgjan alltaf send út með föstum styrk. Til þess að koma hljóðinu til skila er tíðni bylgjunnar hnikað örlítið til og frá til að endurspegla styrk merkisins. Þessi aðferð skilar meiri gæðum en er nokkuð erfiðari í framkvæmd og krefst hærri tíðni á burðarbylgju.

Sjónvarpsútsendingar eru ávallt tíðnimótaðar. Í tilviki hliðræns sjónvarps eru þær í formi tíðnimótaðra merkja sem sjónvarpsviðtæki skynja og umbreyta í mynd. Í stafrænum útsendingum er búið að kóða mynd og hljóð í runu af púlsum sem einungis taka gildi sem samsvara 0 og 1. Venjuleg sjónvarpsviðtæki taka ekki við slíkum merkjum og notendur verða því að afla sér viðbótarbúnaðar, þ.e. aðgangskassa sem breytir stafræna merkinu í form sem sjón-

varpstækið getur unnið úr. Vél- og hugbúnaður í aðgangskassanum byggist á tölvutækni. Svo framarlega sem aðgangskassinn fær merki með nógu miklum styrk til þess að geta greint á milli gildanna 0 og 1 fæst fullnægjandi mynd en að öðrum kosti fæst engin mynd á skjáinn. Þetta er skýring þess sem áður var getið að myndgæði eru stöðug innan þjónustusvæðis en myndin hverfur þegar komið er að mörkum þess.

Stafrænir aðgangskassar eru frábrugðnir myndlyklum eins og Stöð 2 hefur til dæmis notað til skamms tíma. Myndlyklar hafa það hlutverk eitt að opna fyrir aðgang að dagskrá hafi notandi aflað sér heimildar til að taka á móti viðkomandi dagskrá. Í stafrænum aðgangskassa er afkóðun sjónvarpsmerkis til þess að notandinn geti horft á efnið aðeins eitt af mörgum hlutverkum aðgangskassans. Aðgangskassi þjónar annars vegar þeim tilgangi að umbreyta stafrænu merki yfir í hliðrænt, í þeim tilgangi að almenningur geti áfram nýtt núverandi sjónvarp uns það er endurnýjað með stafrænu tæki, og hins vegar í þeim tilgangi að stýra aðgangi að læstri dagskrá. Þetta er útfært með endabúnaði sem notandi þarf að tengja á sama hátt og myndlykil núna, auk ýmiss tæknibúnaðar sjónvarpsstöðva og/eða dreifingarfyrirtækja.

Í upphafi stafrænnar myndmiðlunar var lögð mikil áhersla á það af hálfu stjórnvalda að notendur gætu samnýtt aðgangskassana fyrir mismunandi sjónvarpsveitur til þess að þeir neyddust ekki til að kaupa marga kassa. Einn slíkur möguleiki er búnaður samkvæmt MHP-staðlinum (e. Multimedia Home Platform) sem gerir notendum kleift að horfa á mismunandi sjónvarpsdagskrár án þess að afla sér sérstaks aðgangskassa fyrir hverja stöð. Framkvæmdastjórn ESB hefur beitt sér fyrir notkun þessa staðals án þess að gera hann að skyldu. Nú þegar er staðallinn notaður í ýmsum Evrópulöndum, svo sem Finnlandi, Þýskalandi, Spáni, Austurríki og Ítalíu, auk þess sem hann verður notaður í nýju stafrænu sjónvarpskerfi í Noregi. Þess ber að geta að í upphafi stafræns sjónvarps kostuðu aðgangskassar tugi þúsunda króna í innkaupum en kosta nú aðeins brot af þeirri upphæð. Flestir fjölmiðlaþjónustuveitendur og/eða fjarskiptafyrirtæki, sem selja efni eða dagskrá í áskrift, afhenda aðgangskassa sem hluta af áskriftinni. Nú eru einnig komnir á markaðinn aðgangskassar með hörðum diskum og kassar sambyggðir leikjatölvum. Af þessu má ráða að hugmyndir um einn staðal hefur reynst erfið í framkvæmd.

Til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti selt þjónustu sína í áskrift þarf skilyrt aðgangskerfi sem veitir viðskiptavinum aðgang að læstri myndmiðlunarþjónustu. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í Evrópu að þau fyrirtæki sem starfrækja skilyrt aðgangskerfi, veiti öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum sem þess óska aðgang að aðgangsstýringunni, án mismununar og á sanngjörnum kjörum. Einnig eiga fjölmiðlaþjónustuveitendur, sem dreifa ólæstri dagskrá, rétt á því að dagskrárefni þeirra fari óhindrað um aðgangskerfið án endurgjalds. Tilgangurinn með þessum kvöðum er að koma í veg fyrir það að notendur þurfi að hafa marga aðgangskassa með mörgum skilyrtum aðgangskerfum tengda við sjónvarpið. Með því að setja reglur um endabúnað notenda og aðgangskerfi er reynt að fá fjölmiðlaþjónustuveitur og fjarskiptafyrirtæki til að sameinast um búnaðinn og gera notendum auðveldara fyrir. Það er svo spurning hvernig tekst að skilgreina sanngjörn kjör í þessu sambandi og eins er hætta á því að fyrirtæki skirrist við að senda efni sitt um skilyrt aðgangskerfi keppinauta. Þess ber þó að geta að aðgangskassar eru tæknilega mismunandi eftir því hvaða dreifileið og/eða tíðnisvið notað er til að koma stafræna merkinu til viðskiptavina. Ekki er hægt að nota sama aðgangskassa fyrir allar tegundir dreifikerfa vegna mismunandi tækni sem notuð er. Alla jafna þarf mismunandi aðgangskassa fyrir kapalkerfi, gervitungl, útsendingar í loftinu og ADSL. Þetta kemur þó ekki að mikilli sök þar eð langflestir notendur tengjast einungis einni tegund dreifikerfis.

2.6 Hver er þörfin fyrir myndmiðlun?

Ef miðað er við þann fjölda Íslendinga sem nú eru áskrifendur að stafrænu myndmiðlunarefni og höfð eru til hliðsjónar þau heimili sem kaupa svokallaðar „sjóræningjaáskriftir“ að utan má gera ráð fyrir því að íslenskir áhorfendur vilji sambærilega þjónustu og nú er í boði hjá öðrum þjóðum, til dæmis BSkyB í Bretlandi og Canal Digital og Viasat á Norðurlöndum. Flestir eru þeirrar skoðunar að þörfin fyrir bandbreidd muni þróast líkt og orðið hefur með tölvuminni. Eftir því sem minnið er meira því flóknari og stærri er hugbúnaðurinn. Meira framboð hefur þýtt meiri eftirspurn og tölvur eru sífellt að verða aflmeiri. Í þessu sambandi má skoða hvernig þörf fyrir aukna bandbreidd hefur þróast. Fyrir um 10 árum var bandbreidd til fyrirtækja og stofnana, sem átti að anna þörfum fjölda starfsmanna og viðskiptavina, minni en sú bandbreidd sem mörg heimili hafa núna. Því má ætla að eftirspurn eftir myndmiðlunarefni verði mikil og að bjóða verði margar sjónvarpsdagskrár til að geta fullnægt henni, eftir því sem stafræn myndmiðlunarþjónusta þróast í framtíðinni. Nú má skoða mögulega útfærslu á nýtingu fjölrása hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem næði til alls landsins. Í hinu ímyndaða dæmi væri um að ræða eitt fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaþjónustuveitanda sem byði sambærilega fjölbreytni í þjónustu og algeng er erlendis.

- Íslenskar sjónvarpsdagskrár – kvikmyndir – íþróttir = 10–15 rásir.
- Þáttasölusjónvarp – 10 nýjustu kvikmyndirnar = 80 rásir.
- Fréttaþjónusta – efnisflokkuð valþjónusta = 10 rásir.
- Gervihnattaendurvarp – einnig fyrir málahópa og séráhugamál = 40–50 rásir.
- Útleigurásir – fyrirtæki, félög, stjórnmálaflokkar, námskeið = 10–15 rásir.
- Opinber þjónusta – skólakerfi – fjarkennsla = 30–40 rásir.
- Persónuleg þjónusta með gagnvirkni = 30 rásir í framtíðinni.
- Háhraðanetsbandbreidd = 10–20 rásir.

Alls eru þetta 220–260 rásir. Með einkarás til notenda eru í raun engin takmörk fyrir fjölda rása í dreifikerfi. Í gervihnattasjónvarpi í Evrópu hafa áskrifendur aðgang að 500–1000 sjónvarpsdagskrám.

2.7 Stafræn myndmiðlun í nágrannalöndunum.

Stafræn hljóð- og myndmiðlun á hefðbundinni sjónvarpstíðni (VHF/UHF) hefur ekki leitt stafrænu þróunina, hvorki í Evrópu né Bandaríkjunum, heldur hefur sú þróun orðið í gervihnattasjónvarpi og kapalkerfi. Þannig hefur stafræn myndmiðlun á hefðbundinni tíðni lengst af átt erfitt uppdráttar og yfirleitt þurft mikinn opinberan stuðning til að ná útbreiðslu.

Í flestum nágrannalöndum Íslands hafa yfirvöld þegar birt dagsetningar yfir það hvenær stefnt sé að lokum hliðrænna útsendinga á hefðbundinni sjónvarpstíðni. Frá og með þeim tíma verður myndmiðlun stafræn. Með því að slökkva á hliðrænum útsendingum verður hægt að nýta tíðnisviðið mun betur og í þéttbýlum löndum þýðir það aukinn fjölda rása og möguleika fyrir nýja fjölmiðlaþjónustuveitendur til að komast inn á markaðinn. Nú þegar eru flest nágrannaríki Íslands búin að slökkva á hliðrænum sjónvarpsútsendingum eða langt komin með að leggja niður hliðræn dreifikerfi eins og segir að framan. Hér á landi er áætlað að slökkt verði á hliðrænum sjónvarpsútsendingum fyrir lok árs 2012.

Líklega er ein meginástæðan fyrir því að stjórnvöld leggja mikið upp úr því að byggja upp stafræna myndmiðlun á hefðbundinni tíðni sú að þau vilja tryggja stafræna miðlun hefðbundinna sjónvarpsdagskráa, oft í ríkiseigu, til að keppa við nýju fjölrása sjónvarps- og margmiðlunarfyrirtækin sem víða hafa lagt undir sig stóran hluta hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins. Reynslan hefur verið sú að nýju kapal- og gervihnattasjónvarpsfyrirtækin hafa sýnt lítinn

áhuga á að taka þátt í slíkri samvinnu og séð hagsmunum sínum betur borgið með rekstri eigin dreifikerfa með litlum ríkisafskiptum. Breyting á þessu mundi á hinn bóginn þýða að þessi fyrirtæki yrðu meðal margra annarra í slíku almennu fjarskiptakerfi myndmiðlunar og þá gæfist jafnframt nýjum samkeppnisaðilum færi á að keppa á jafnréttisgrundvelli um áskrifendur. Vert er að benda á að miðlun myndefnis í loftinu er í mörgum tilfellum ódýrasta dreifileiðin að teknu tilliti til kostnaðar við uppbyggingu dreifikerfis og við notendabúnað. Stjórnvöld í mörgum löndum leggja einnig mikið upp úr því að loka fyrir hliðrænar sjónvarpsútsendingar þar sem þá losnar um tíðnir sem jafnvel má nota til annars en miðlunar myndefnis.

Þess ber einnig að geta að flest lönd, til dæmis á meginlandi Evrópu, eiga landamæri að öðrum löndum og þurfa því að komast að samkomulagi við nágrannaríkin um tíðniúthlutanir. Þá þarf langan aðlögunartíma til að breyta hliðrænu kerfi í stafrænt þar sem allir notendur þurfa að vera tilbúnir til að taka á móti stafrænu merki þegar slökkt er á hliðrænum útsendingum. Þetta þýðir að senda þarf út bæði stafrænt og hliðrænt í nokkur ár á meðan áhorfendur laga sig að stafrænni miðlun myndefnis.

Nú þegar sendir fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva út stafrænt. Fjölmiðlaþjónustuveitendur og fjarskiptafyrirtæki í nágrannalöndunum hafa fengið nokkur ár til undirbúnings fyrir breytinguna. Misjafnlega hefur gengið að fá fjölmiðlaþjónustuveitendur og fjarskiptafyrirtæki til að hefja stafræna myndmiðlun en flestir sjá þó kostina við stafrænu tæknina, þ.e. aukinn fjöldi rása, betri mynd- og hljómgæði og aukna tekjumöguleika samhliða nýrri þjónustu.

Helstu dreifileiðir stafrænnar myndmiðlunar í nágrannalöndum Íslands hafa legið um gervihnetti og kapal en ekki á hefðbundnu sjónvarpstíðnisviði. Ástæðan fyrir því er að þessi tækni þróaðist tiltölulega snemma, hún er mjög hagkvæm og auðveldara var að leysa svonefnt fortíðarvandamál sem fylgir samhliða starfrækslu eldri og nýrrar þjónustu (e. legacy-problem) þar sem hætta þarf starfrækslu eldri þjónustu til að koma nýrri þjónustu á laggirnar. Auk þess voru afskipti ríkisins mun minni af óhefðbundinni dreifingu myndmiðlunarefnis en hefðbundinni. Gott dæmi um þetta er vöxtur BSkyB í Bretlandi.

Tiltölulega ódýrt er að breyta hliðrænni útsendingu í stafræna í kapalkerfum og gervihnattaútsendingum og fjölga þannig sjónvarpsdagskrám og auka gæði útsendinga. Kapalkerfi hafa víða byggst upp á þéttbýlum svæðum og í löndum þar sem auðvelt og hagkvæmt hefur verið að tengja íbúa. Gervihnettir hafa hins vegar þann kost að hægt er að bjóða myndmiðlunarþjónustu á öllum markaðnum á sama tíma, hvort heldur er í borg eða á landsbyggðinni. Dreifing myndmiðlunarefnis um gervihnött er auk þess mjög hagkvæm og ódýr lausn í milljónaþjóðfélögum og skapar ekki mismunun milli dreifbýlis og þéttbýlis þar sem allir geta fengið þjónustuna á sama tíma.

Stafræn miðlun myndmiðlunarefnis á hefðbundinni tíðni er þó að ná aukinni útbreiðslu á allra síðustu árum. Í annarri tilraun í Bretlandi tókst vel til með Freeview og nú er Sky einnig þátttakandi í því verkefni. Ástæður þess að vel hefur tekist til eru til dæmis þær að notendur þurfa ekki að greiða mánaðargjald, aðgangskassarnir eru ódýrir, mynd- og hljómgæði eru mjög mikil og sjónvarpsdagskrárnar sem í boði eru höfða til áhorfenda. Einnig hefur vöxtur verið hraður í Finnlandi og Svíþjóð en nú þegar er búið að slökkva á hliðrænu dreifikerfi þar.

2.8 Stafræn myndmiðlun á Íslandi.

Vinsælustu leiðirnar í stafrænni miðlun myndefnis erlendis hafa ekki náð fótfestu hér á landi, þ.e. gervihnattasjónvarp og kapalkerfi. Annað sem skapar Íslandi sérstöðu í saman-

burði við önnur lönd er að hefðbundið hliðrænt sjónvarp á öllu Reykjavíkursvæðinu og þar með hjá flestum landsmönnum er á öðru tíðnisviði en í nágrannalöndunum. Hér er það á VHF-tíðni en flest nágrannalöndin nýta hið miklu stærra UHF-tíðnisvið. Upphaf þessa má rekja til sjónvarps varnarliðsins sem í árdaga sjónvarps hér á landi var sent út á VHF. Þrátt fyrir að öll nágrannalöndin hafi síðar flutt sig yfir á UHF-tíðnisvið var ákveðið að nota VHF-tíðnina fyrir Ríkisútvarpið í Reykjavík þegar útsendingar hófust. Ein ástæðan var sú að fjöldi húsa var búinn VHF-loftnetum og hægt var að nýta gömul VHF-sjónvörp áfram. Þessi ákvörðun hefur síðan haft mótandi áhrif á þróun sjónvarps á Íslandi.

Þar sem flest loftnet í Reykjavík eru á VHF-tíðni er aðeins hægt að nýta fimm hliðrænar sjónvarpsrásir og eru þær allar fullnýttar. Hægt var að hliðra til á sínum tíma þannig að Stöð 2 gæti hafið útsendingar með því að Ríkisútvarpið nýtti UHF-tíðni í svonefndar „holufyllingar“. Þegar Sýn bættist við var með erfiðleikum hægt að koma henni fyrir, en þar með var tíðnisviðið fullnýtt. Eftir að sjónvarpsrekstur var heimill öðrum en ríkisvaldinu varð ljóst að VHF-tíðnisviðið teldist ófullnægjandi þar sem tíðni skorti.

Árið 1993 var sjónvarpsstöðvum veitt tíðnileyfi til reksturs hliðræns örbylgjusjónvarps (MMDS), en þar eru 22 rásir til ráðstöfunar fyrir hliðrænt sjónvarp. Þar af höfðu yfirvöld 17 rásir til ráðstöfunar. Mikil blaðaskrif urðu í kjölfar þeirrar ákvörðunar að veita Sýn fjórar rásir fyrir erlent endurvarp. Utandagskrárumræða var á Alþingi um málið 2. maí 1996, þar sem stjórnarandstaðan gagnrýndi harðlega að teknar skyldu tvær rásir af Stöð 2 og tvær rásir af Stöð 3 í ljósi þess að sömu eigendur voru að Sýn og Stöð 2. Íslenskum sjónvarpsstöðvum á VHF- og UHF-tíði var einnig úthlutað örbylgjurásum til hagræðingar fyrir þá sem skiptu alveg um loftnet og gætu þannig numið sendingar allra íslenskra sjónvarpsstöðva á örbylgjunni. Þegar Íslenska útvarpsfélagið keypti Stöð 3 snemma árs 1997 gat fyrirtækið ráðstafað nær öllum örbylgjurásum fyrir sínar sjónvarpsdagskrár.

Þar sem Sýn (áður 365 miðlar) ræður nú yfir nær öllum rásum á örbylgjutíðnisviði hér á landi hefur fyrirtækinu tekist að byggja upp fjölrása sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum áratug og þar með náð sterkri markaðsstöðu sem fjölrása áskriftarsjónvarp. Kosturinn við MMDS-örbylgjukerfið er að það getur náð fljótt og með tiltölulega litlum kostnaði til flestra heimila á suðvesturhluta landsins. Þess má geta að dreifikerfi það sem áður var í eigu 365 miðla er nú komið í eigu fjarskiptafyrirtækisins Vodafone. Þá eru þrjár aðrar sjónvarpsstöðvar starfræktar á þessu sama tíðnisviði, þ.e. Skjár einn, Ríkisútvarpið og Omega. Færa má rök fyrir því að skortur á sjónvarpstíðni hér á landi í hliðrænu sjónvarpi hafi valdið því að samkeppni á sjónvarpsmarkaði varð fátæklegri hér en ella hefði getað orðið.

Tilraunir til að sameina sjónvarpsstöðvar um að hefja rekstur stafræns sjónvarps á UHF-sviði hafa heldur ekki gengið upp. UHF-móttökuloftnet eru minni en VHF-loftnet og þess vegna umhverfisvænni. Algengast er að nota efri hluta UHF-tíðnisviðs sem er laust víðast hér á landi. Vandamálið er hins vegar að stór hluti heimila er ekki með UHF-loftnet og helstu rökin fyrir stafrænu sjónvarpi á þessari tíðni eru einmitt tilvist loftneta. Þá byggðu 365 miðlar upp stafrænt UHF-dreifikerfi eftir að hafa fengið úthlutað slíkri tíðni hjá Póst- og fjarskiptastofnun árið 2005. UHF-dreifikerfið nær nú til um 98% landsmanna. Fyrirtækið sá sér ekki hag í því að byggja upp stafrænt dreifikerfi á VHF/UHF-tíðnisviðinu með öðrum íslenskum sjónvarpsstöðvum og er það í samræmi við þróunina erlendis. Að líkindum hefðu 365 miðlar tapað miklu af sérstöðu sinni á markaðnum með því að taka þátt í slíkri samvinnu. Núna hefur fyrirtækið aðgang að eigin tíðnisviði, aðgangsstýrikerfi og loftnetum hjá viðskiptavinum. Slíkt hefði ekki orðið raunin ef fyrirtækið hefði ákveðið að flytja sig yfir á VHF/UHF-tíðnisviðið með því að sameinast um dreifikerfi og deila áskrifendum með öðrum fyrirtækjum.

Keppinautar á markaði hefðu þá getað nýtt sér uppbyggingu í aðgangsstýrikerfi sem 365 miðlar hafa byggt upp með ærnum tilkostnaði og náð af þeim viðskiptum. Ákvörðun 365 miðla um að byggja upp sjálfstætt dreifikerfi er því skiljanleg út frá viðskiptalegum forsendum. Þess má þó geta að Sýn sendir enn út hliðrænt á MMDS-kerfi sínu á meðan ekki hefur verið slökkt á hliðrænu útsendingarkerfi Ríkisútvarpsins.

Hér á landi hafa ekki byggst upp stór kapalkerfi með mikla markaðshlutdeild eins og í mörgum nágrannalöndum Íslands og er ein ástæða þess líklega að hér voru samkeppnishömlur lengur en annars staðar. Nokkur lítil kapalkerfi hafa þó verið byggð upp, svo sem í Hafnarfirði, Höfn í Hornafirði og Reykjanesbæ. Síminn hefur á mörgum árum byggt upp kapalkerfi um ljósleiðara er nefnist Breiðvarp Símans. Það hefur þó ekki náð mikilli útbreiðslu og áhorfi, m.a. vegna skorts á áhugaverðu innlendu og erlendu efni. Notendur hafa lengi vel aðallega haft aðgang að erlendum endurvarpsstöðvum í Breiðvarpinu.

Nú er hafin mikil samkeppni símafyrirtækja og orkufyrirtækja um að bjóða stafræna einkarás um ADSL og ljósleiðara. Áætlað hefur verið að slík þjónusta geti ef til vill þjónað 90% heimila landsins innan fárra ára, aðallega í þéttbýli. Slík samkeppni dregur eðli máls samkvæmt úr hagkvæmni þess að byggja upp öflugt þráðlaust stafrænt dreifikerfi í lofti og minnkar líkur á að það verði gert. Þess má geta að Orkuveita Reykjavíkur hefur einnig hafist handa við viðamikla uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýliskjörnum sem eykur enn samkeppnina í þéttbýli.

Síminn hefur nú hafið rekstur ADSL-dreifikerfis og getur boðið upp á fjölbreytta þjónustu, eins og rafræna myndbandaleigu, einkarás til notenda og margvíslega aðra þjónustu sem erfitt er að bjóða á Digital Íslandi, dreifikerfi Sýnar. Ástæðan er sú að Digital Ísland skortir tíðnisvið fyrir slíka þjónustu. Styrkur Símans liggur því í dreifingu.

Skortur á stafrænu dreifikerfi fyrir Ríkisútvarpið hefur sett stofnunina í erfiða stöðu eins og víðast hvar hefur orðið raunin með ríkisreknar sjónvarpsstöðvar erlendis. Vandamálið felst í því að Ríkisútvarpið verður á næstunni að flytja dreifingu sína yfir í stafræna miðlun og til þess þarf stafrænan aðgangskassa en það er afar kostnaðarsamt að byggja upp stafrænt dreifikerfi með sérstakan aðgangskassa fyrir aðeins eina rás. Þess ber þó að geta að Ríkisútvarpið, eitt íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda, hefur notfært sér gervihnött fyrir dreifingu sjónvarpsdagskrár. Þjónustusvæði ýmissa gervihnatta ná þó til Íslands, þrátt fyrir að þjónustan þar sé ekki endilega markaðssett sérstaklega fyrir Íslendinga. Má þar til dæmis nefna gervihnettina Thor, Eutelsat og SES-Astra þar sem fjölda erlendra dagskráa er að finna. Gervihnattatækni hefur reynst of dýr fyrir lítið menningarsamfélag. Vegna legu landsins ná gervihnettir ekki til allra landsmanna og þarf því að ná til hluta íbúa með annars konar dreifingu. Lengst af hefur rekstur einnar rásar á gervihnetti kostað um 50 millj. kr. á ári og því má sjá hver kostnaðurinn yrði í samfélagi þar sem fjölrásakerfi er mál dagsins.

2.9 Sameiginlegt dreifikerfi myndmiðlunar fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur.

Ljóst er að hér á landi hafa ólík fyrirtæki verið að byggja upp margs konar fjarskiptafyrirtæki sem mörg hver er hægt að nota fyrir miðlun myndefnis. Bent hefur verið á að fjárfesting í mörgum fjarskiptakerfum fyrir lítinn markað sé afar kostnaðarsöm. Það kosti milljarða að byggja upp öll þessi fjarskiptakerfi, ólíklegt sé að þau verði öll notuð í framtíðinni og að lokum verði það viðskiptavinirnir sem greiði fyrir háu verði. Í ljósi þessa er rétt að benda á að tilraunir hafa verið gerðar til að fá fyrirtæki á markaði til að sameinast um eitt fjarskiptakerfi sem ætlað var að þjóna öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum á myndmiðlunarmarkaði.

5. nóvember 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að gera tillögu um innleiðingu

á stafrænu sjónvarpi. Þær áherslur sem ráðuneytið lagði til grundvallar vörðuðu uppbyggingu fjarskiptakerfis, skyldur um dreifingu (RÚV-útbreiðslu), uppbyggingu aðgangskerfis, tímaáætlanir, rekstrarform kerfisins og kostnaðaráætlanir. Áður hafði Póst- og fjarskiptastofnun fundað með hagsmunaaðilum á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði um margra mánaða skeið. Reynt var að ná samstöðu milli hagsmunaaðila og fá fram sjónarmið þeirra um innleiðingu stafræns sjónvarps. Starfshópurinn um stafrænt sjónvarp hélt fundi með ýmsum aðilum sem tengdust framleiðslu, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Þá studdist hópurinn við greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar frá júní 2002, *Stafrænt sjónvarp á Íslandi: Undirbúningur og innleiðing,* auk greinargerðar Sigfúsar Björnssonar, prófessors við Háskóla Íslands, um aðgangskerfi fyrir stafrænt sjónvarp. Gústav Arnar, fyrrverandi forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, vann einnig grófa kostnaðarútreikninga varðandi möguleika á stafrænu dreifikerfi sjónvarps.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu, og mælti með því, að stofnað yrði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsenda fyrir því að hægt yrði að setja á stofn slíkt fyrirtæki er að stærri fjölmiðlaþjónustuveitendur mundu nýta sér dreifikerfið. Hugmyndin var að núverandi dreifikerfi yrði að hluta lagt fram sem hlutafé í hið nýja fyrirtæki og sendar, sem mundu úreldast við innleiðingu á stafrænni tækni, yrðu keyptir á matsverði. Mat hópsins var að með slíku fyrirkomulagi yrði öll fjárfesting skipulegri og hagkvæmari en ef hver og einn aðili byggði upp sitt eigið dreifikerfi. Núverandi dreifikerfi Ríkisútvarpsins þarf töluverða endurnýjun og aðkallandi var fyrir Norðurljós á þeim tíma að endurnýja hliðrænt dreifikerfi sitt. Einnig var það mat hópsins að auðveldara væri fyrir nýja fjölmiðlaþjónustuveitendur að komast inn á markaðinn og tilkoma slíks fyrirtækis mundi flýta fyrir því að Ísland kæmist í fremstu röð í þróun upplýsingasamfélagsins.

Í greinargerð hópsins var hins vegar bent á að stofnun slíks fyrirtækis ylti verulega á áhuga fyrirtækja á markaði á að taka þátt í að stofna fyrirtækið. Ríkisútvarpið, Norðurljós, Íslenska sjónvarpsfélagið og ýmsir smærri aðilar yrðu að sjá sér hag í að sameinast um dreifingu og kostnaður yrði að vera svipaður og í gamla kerfinu. Jafnframt þyrfti að taka ákvörðun um hvenær loka ætti núverandi hliðrænu sjónvarpi en reka þyrfti hliðrænt dreifikerfi samhliða hinu stafræna í nokkurn tíma. Einnig var það mat hópsins að mikilvægt væri að fylgjast með því hvernig stafrænt sjónvarp yrði innleitt í nágrannalöndunum. Benti hópurinn á að ýmsir aðilar á markaðnum hefðu lagt í undirbúningsvinnu sem hið nýja fyrirtæki gæti nýtt sér, svo sem Síminn, Norðurljós, Ríkisútvarpið og Íslandsmiðill.

Þegar starfshópurinn hafði skilað greinargerð sinni tókst ekki fá hagsmunaaðila til samninga en viðræður áttu sér stað milli Norðurljósa og Símans. Þá voru hagsmunir Ríkisútvarpsins augljósir af því að komast inn á dreifikerfi sem næði til allra heimila landsins með sem minnstum kostnaði. Í stuttu máli sagt slitnaði upp úr viðræðum Norðurljósa og Símans, og ákváðu Norðurljós í kjölfarið að fara ein af stað með Digital Ísland á MMDS-tíðnisviðinu sem fyrirtækið hafði notað fyrir hliðrænar sendingar. Síminn gaf í kjölfarið út yfirlýsingar um að fyrirtækið hygðist byggja upp ADSL-kerfi til sjónvarpsdreifingar fyrir meiri hluta landsmanna. Auk framangreinds hefur Orkuveitan unnið að uppbyggingu á ljósleiðarakerfi sínu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Íslandsmiðill hóf sölu á þjónustu á stafrænu dreifikerfi sínu haustið 2004 og skömmu síðar fór Digital Ísland í loftið. Má segja að nú séu helstu stafrænu dreifileiðir hljóð- og myndmiðlunarefnis um Digital Ísland og ADSL-kerfi Símans. Ýmsir smærri aðilar bjóða þó stafræna dreifingu hljóð- og myndmiðlunarefnis á afmörkuðum svæðum.

Af framangreindu má ljóst vera að hvert fyrirtæki fyrir sig heldur áfram uppbyggingu á eigin dreifikerfi sem þjónar hagsmunum þess fyrirtækis. Þá er ljóst að ólíkar dreifileiðir hafa mismunandi kosti og galla og kostnaðurinn við uppbyggingu á slíkum kerfum er afar misjafn. Fullreynt má telja að fá aðila með svo ólíka hagsmuni til að sameinast um eitt dreifikerfi.

2.10 Núverandi staða á stafrænum myndmiðlunarmarkaði.

Á myndmiðlunarmarkaði skiptir magn og gæði efnis miklu máli. Fjölmiðlaþjónustuveitandinn sem býður mesta og besta efnið á samkeppnishæfu verði nær flestum áskrifendum og meiri auglýsingatekjum og getur þá haldið áfram að kaupa besta efnið. Staðan núna er sú að tvö fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Vodafone/Sýn og Síminn/Skjár einn, eru á íslenskum markaði.

Síminn stendur vel að vígi með stórt dreifikerfi, fyrirtækið hefur fjárfest í vinsælli sjónvarpsstöð, Skjá einum, auk þess sem það býður viðskiptavinum sínum fjölda erlendra endurvarpsstöðva (Skjár heimur). Þá hafa notendur aðgang að rafrænni myndbandaleigu í gegnum Skjáinn (Skjár bíó). Vodafone hefur aðgang að ljósleiðaraneti Orkuveitunnar sem getur sökum sterkrar stöðu sinnar fjárfest í frekari ljósleiðarauppbyggingu. Fyrirtækið getur auk þess boðið sjónvarp í ADSL-kerfinu og leigt heimtaugarnar af Mílu. Sýn hefur þrátt fyrir erfiðleika á síðustu missirum sterka stöðu á íslenskum hljóð- og myndmiðlunarmarkaði sem stærsti fjölmiðlaþjónustuveitandinn með mikinn fjölda áskrifenda. Fyrirtækið hefur byggt upp stafrænt dreifikerfi í lofti, Digital Ísland, sem býður upp á mun skýrari mynd og meiri hljóðgæði en áður hefur þekkst í sjónvarpsútsendingum í lofti hér á landi. Sýn hefur enn aðgang að dreifikerfinu þrátt fyrir að það hafi verið selt til Vodafone.

Ef Síminn hefði ekkert aðhafst í samkeppninni hefði fyrirtækið líklegast átt á hættu að tapa stórum hluta heimila í viðskiptum til keppinautanna. Slík þróun hefði getað leitt til verðrýrnunar á fyrirtækinu. Síminn hefur þegar reynslu af því að byggja upp dreifikerfi, Breiðvarpið, án þess að hafa tryggt sér nægilega mikið hljóð- og myndmiðlunarefni til að dreifikerfið sé álitlegur kostur fyrir viðskiptavini. Þar sem viðskiptavinir velja sér efni en ekki dreifikerfi tókst Símanum ekki að nýta þessa uppbyggingu sína með þeim hætti sem ætlunin var. Því má líta á fjárfestingu Símans í enska boltanum á sínum tíma og kaupin á Skjá einum sem varnaraðgerð til að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. Út frá þessu sjónarmiði var áhættan í þessari fjárfestingu líklega hverfandi í samanburði við hagsmunina sem í húfi voru.

2.11 Staða Ríkisútvarpsins á stafrænum myndmiðlunarmarkaði.

Ríkisútvarpið er í þeirri stöðu að hafa aðeins eina dagskrá á hliðrænu dreifikerfi sem er að verða úrelt og er erfitt og dýrt í rekstri. Árið 2005 var í fyrsta sinn boðin út tíðni á UHF-tíðnisviðinu fyrir stafræna miðlun myndefnis og sótti Ríkisútvarpið um tíðni sem samsvarar einni fléttu (flétta þýðir að stafrænum sjónvarpsdagskrám er þjappað saman í einn straum), eða fjórum til fimm sjónvarpsdagskrám. Þetta gerði Ríkisútvarpið með það fyrir augum að byggja upp nýtt stafrænt dreifikerfi sem næði til alls landsins. Sérstaða hliðræns dreifikerfis Ríkisútvarpsins er að það nær til allra landsmanna, með örfáum undantekningum, enda hefur Ríkisútvarpið þá lagaskyldu að sinna öllum landsmönnum.

Stafrænt dreifikerfi þarf að geta komið í stað eldra kerfis. Því þarf að senda dagskrá Ríkisútvarpsins út í stafrænu dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins áður en hægt er að hætta útsendingum í hliðræna kerfinu. Ríkisútvarpið er ekki eigandi að neinu stafrænu dreifikerfi. Stafræn dreifikerfi, sem til eru núna og eru í eigu annarra, ná sameiginlega til u.þ.b. 98%

þjóðarinnar. Sum þeirra verða vart stækkuð þar sem kostnaðurinn er of mikill. Ríkisútvarpið hefur á hinn bóginn aðgang að þessum dreifikerfum á grundvelli 22. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003.

Til framtíðar litið, þegar slökkt hefur verið á hliðræna útsendingarkerfinu, stendur Ríkisútvarpið frammi fyrir vali milli þess að semja um pláss fyrir dagskrá sína í stafrænu dreifikerfi annarra aðila eða byggja upp eigið dreifikerfi og leigja öðrum aðgang að því svo að flutningsgeta þess verði nýtt að mestu eða öllu leyti. Það eykur enn á vanda Ríkisútvarpsins að gera verður ráð fyrir að stafrænar sendingar þess verði að ná til sama hlutfalls landsmanna og hliðrænar útsendingar gera en það er talið vera um 99,9%. Það er því ólíklegt að hægt verði að ná til jafnstórs hóps ef Ríkisútvarpið verður að semja um pláss í dreifikerfum annarra fjarskiptafyrirtækja. Ríkisútvarpið hefur hins vegar ekki knýjandi þörf til þess að koma upp eigin aðgangskerfi þar sem dagskráin er opin og á að vera öllum aðgengileg í loftinu. Notendur þurfa engu að síður að afla sér aðgangskassa til að umbreyta stafræna merkinu fyrir sjónvarpstækið.

Nokkur umræða hefur verið um það á undanförnum árum hvort hægt sé að ná til sjómanna á miðunum og Íslendinga erlendis. Sjónvarpsútsendingar á miðin hafa oft verið á dagskrá hjá stjórnmálamönnum án þess að nokkuð hafi áunnist með þeirri umræðu. Þörfin virðist engu að síður vera fyrir hendi en henni væri hægt að sinna með gervihnattaútsendingu. Þegar grófir kostnaðarútreikningar voru gerðir fyrir stafrænt sjónvarp í lofti fyrir u.þ.b. 95% landsmanna og gervihnattasendingar fyrir hin 4,9% kom í ljós að slík blönduð fjarskiptatækni væri hugsanlegur valkostur til að senda út dagskrá Ríkisútvarpsins og ná til þessara ólíku hópa. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Ríkisútvarpið hefur verið aðgengilegt um gervihnött síðan 2007 en fáir nýta sér þá dreifileið til móttöku á útsendingum.

2.12 Stafræn miðlun myndefnis í þéttbýli, dreifbýli og strjálbýli.

Sú þróun sem orðið hefur hér á landi í stafrænni sjónvarpsdreifingu hefur leitt til þess að íbúar dreifbýlustu svæða hafa orðið út undan í þróuninni og verða að sætta sig við mun minni þjónustu en þeir sem búa á þéttbýlissvæðum. Má þar nefna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun og fjölda sjónvarpsdagskráa. Þetta þýðir að hluti íbúa í dreifbýli hefur ekki aðgang að öllu því mikla úrvali afþreyingarefnis sem í boði er á þéttbýlli stöðum. Spyrja má hvort fjarskiptafyrirtæki á markaði sjái ekki hag sinn í því að þjóna þessum viðskiptavinum nema til komi opinbert inngrip og stuðningur. Kostnaðaráætlanir sýna að það er álíka kostnaðarsamt að byggja upp dreifikerfi í lofti fyrir þessi heimili sem upp á vantar og fyrir hin 80–90%. Hér á landi vantar þann jöfnuð milli þéttbýlis og dreifbýlis sem gervihnattadreifing veitir í fjölmennari löndum. Þetta er þó ekki bara vandamál íbúa í dreifbýli eins og vaxandi fjöldi sumarbústaðaeigenda getur efalaust borið vitni um.

Við stafræna sjónvarpsvæðingu landsins þarf að tryggja ákveðið jafnræði óháð búsetu. Þar sem aðgangur að áhugaverðu sjónvarpsefni er veigamesti hvatinn fyrir fjarskiptafyrirtæki að byggja upp kerfi sín er ekki líklegt að ný fjarskiptafyrirtæki muni leggja í uppbyggingu á kerfi nema aðgangur þeirra að eftirsóknarverðu efni verði jafnframt tryggður. Aðgangur fjarskiptafyrirtækja að hljóð- og myndmiðlunarefni er því undirstaða þess að fjarskiptafyrirtæki sjái sér hag í því að þjóna öllum íbúum landsins. Ef ekki verður hægt að tryggja aðgang fjarskiptafyrirtækja að efni má gera ráð fyrir því að gjáin aukist enn frekar milli þéttbýlis og dreifbýlis og íbúar dreifbýlis fái enn síður sams konar þjónustu og í boði er í þéttbýli. Eins gæti misræmi falist í þeim tímamun sem verður á að tengja stafrænt dreifikerfi annars vegar þéttbýlissvæði, en á þau verður aðaláherslan, og hins vegar dreifbýli og strjálbýli þar sem

uppbyggingin er dýrari og íbúar færri. Slíkt ósamræmi í þjónustu og framkvæmdatíma gæti haft enn meiri neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa á landsbyggðinni.

2.13 Stafræn myndmiðlun og staða notenda.

Vandamálið sem blasti við notendum á markaði hérlendis þegar farið var að bjóða stafræna myndmiðlun var að val þeirra á efni og dreifileiðum takmarkaðist verulega þar sem ekki var hægt að nálgast sama sjónvarpsefnið í ólíkum fjarskiptakerfum. Einkareknu sjónvarpsstöðvarnar voru einungis sjáanlegar í fjarskiptakerfum sem tengdust þeim en þetta hefur nú breyst með nokkurri uppskiptingu fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja, sem og gagnkvæmum samningum um aðgang að efni og dreifingu. Evrópuráðið mælist til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um flutningsskyldu (e. must carry) fjarskiptafyrirtækja. Þetta þýðir með öðrum orðum að tryggt verði í lögum að efnisveitur sem óska eftir dreifingu hjá hinum ýmsu fjarskiptafyrirtækjum fái slíkan aðgang. Reglurnar hafa lengst af verið túlkaðar þröngt og er í raun stefnt að því að tryggja fjölmiðlum sem gegna almannaþjónustuhlutverki, eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum, svo sem kapalkerfum og ADSL-sendingum. Slíkar reglur væru því augljóslega í þágu hagsmuna stofnunar eins og Ríkisútvarpsins sem ætlað er að þjóna landsmönnum öllum. Þær gætu þó einnig verið hagstæðar litlum fjölmiðlaþjónustuveitendum sem eru að fóta sig á markaði og vilja ná sem mestu áhorfi. Á slíkt ekki síst við á litlum markaði og á margan hátt sérstökum eins og þeim sem er hér á landi.

Einnig er vert að benda á að það skiptir fjölmiðlaþjónustuveitendur máli hvaða númer þeir fá á fjarstýringunni fyrir aðgangskassann. Þegar áhorfendur hafa um tugi eða hundruð stöðva að velja er ákjósanlegast að vera framarlega. Þó að notendur geti raðað stöðvunum að vild sjálfir er ólíklegt að allir noti sér þann möguleika. Það getur því skipt máli fyrir innlenda fjölmiðlaþjónustuveitendur að vera fyrir framan marga tugi erlendra endurvarpsstöðva. Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem lendir með dagskrá sína aftarlega í röðinni í valmynd hins rafræna dagskrárvísis (e. EPG, Electronic Program Guide) á þannig á hættu að viðskiptavinirnir horfi sjaldan eða aldrei á dagskrána, jafnvel þó að þeir hafi aðgang að henni. Notendur myndmiðlunarefnis þar sem boðið er upp á tugi rása þekkja að oftast verða sömu stöðvarnar fyrir valinu og sjaldan er horft á þær stöðvar sem eru mjög aftarlega í númeraröðinni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur hafa ekki allir hagsmuni af því að njóta dreifingar hjá mörgum og mismunandi fjarskiptafyrirtækjum. Hér á landi sýnir sagan að það hafa alls ekki alltaf verið hagsmunir einkareknu sjónvarpsstöðvanna að vera á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þar sem fjölmiðlaþjónustuveitendur greiða hátt verð fyrir gott efni hefur það þjónað hagsmunum fjarskiptafyrirtækja sem tengjast þeim viðskiptalega að notendur fái efnið einvörðungu á dreifikerfi þeirra. Í þessu sambandi er vert að nefna ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2007, um erindi fjarskiptafyrirtækisins Canal Digital á Íslandi um meinta misnotkun 365 miðla vegna markaðsráðandi stöðu. Ætluð brot 365 miðla fólust í því að fyrirtækið synjaði Canal Digital, sem m.a. hugðist starfa að dreifingu sjónvarpsefnis á Íslandi, um dreifingu á íslenskum sjónvarpsrásum 365 miðla nema gegn því skilyrði að fá aðgang að viðskiptamannakerfi Canal Digital. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins varð að krafa 365 miðla um aðgang að viðskiptamannakerfi keppinautarins væri að öllum líkindum verulega samkeppnishamlandi enda væru 365 miðlar með einstaka yfirburðastöðu á íslenska markaðnum fyrir áskriftarsjónvarp. Taldi Samkeppniseftirlitið því að það kynni að vera um misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu að ræða. Endanleg niðurstaða liggur enn ekki fyrir í málinu.

Til að gera notendum kleift að velja bæði hljóð- og myndmiðlunarefni og fjarskiptafyrirtæki, auk þess að opna fyrir nýja aðila á markaði, þykir nauðsynlegt að setja reglur sem kveða á um flutningsrétt (e. may carry/must offer) fjarskiptafyrirtækjanna. Það þýðir með öðrum orðum að fjarskiptafyrirtæki geta óskað eftir því að fá aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni á sama hátt og fjölmiðlaþjónustuveitendur geta óskað eftir því að fá aðgang að dreifikerfum.

Kosturinn við flutningsreglur er að stuðla að meira valfrelsi fyrir notendur, bæði hvað varðar kaup á hljóð- og myndmiðlunarefni og fjarskiptaþjónustu. Einnig örva slíkar reglur þróun á markaði þannig að nýir fjölmiðlaþjónustuveitendur geta komið sínu efni á framfæri og fjarskiptafyrirtæki sem eru samkeppnishæf um verð og þjónustu geta komist á markaðinn án þess að fjárfesta í dýru efni. Með þessu geta notendur valið um efni á þeim fjarskiptaleiðum sem í boði eru. Sumir viðskiptavinir hafa e.t.v. áhuga á háhraðasambandi með miklum möguleikum um ljósleiðara eða ADSL en aðrir kjósa að greiða minna fyrir þjónustuna og fá efnið sent í lofti. Gera má ráð fyrir mismunandi verði á ólíkum fjarskiptaleiðum, allt eftir kostnaði við uppbyggingu kerfisins og möguleikunum sem það býður upp á. Lykillinn að því að stuðla að samkeppni og valfrelsi er að sambærilegt efni sé í boði í ólíkum fjarskiptakerfum.

Um flutningsreglurnar er nánar fjallað í athugasemdum við VII. kafla frumvarpsins en þess skal sérstaklega minnst að hér er um að ræða eina af megintillögum hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá vorinu 2005.

2.14 Sjónvarp í stafrænu umhverfi.

Ljóst er að með tilkomu stafrænnar tækni skapast ný tækifæri fyrir nýja þjónustu og þar með nýir tekjumöguleikar fyrir fjölmiðlafyrirtækin. Stafræn tækni stuðlar einnig að auknum samruna ólíkra miðla. Ýmsar nýjungar standa notendum nú þegar til boða og aðrar munu líta dagsins ljós í náinni framtíð með samruna miðla í stafrænu umhverfi. Miklir möguleikar opnast sjónvarpsfyrirtækjum með stafrænni tækni. Hér á eftir er ætlunin að fjalla um nokkra nýjungar sem notendur hafa nú fengið aðgang að eða geta búist við að fá aðgang að á komandi missirum eftir því sem stafræn myndmiðlun þróast og áhorfendum fjölgar.

2.14.1 Þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View).

Þáttasölusjónvarp þýðir að áhorfandi greiðir fyrir það efni sem hann vill horfa á. Hægt er að bjóða upp á nýlegar kvikmyndir, íþróttaviðburði eða vinsæla sjónvarpsþætti, svo eitthvað sé nefnt. Þegar boðið er upp á kvikmyndir er mögulegt að sýna sömu kvikmyndina með þeim hætti að hún hefst á 15–20 mínútna fresti. Einnig er mögulegt að selja aðgang að knattspyrnuleikjum, hnefaleikabardögum eða öðrum vinsælum íþróttaviðburðum. Þáttasölusjónvarp er tækifæri fyrir sjónvarpsstöðvar til að auka tekjur sínar með því að bjóða áhugavert efni sem áhorfendur greiða sérstaklega fyrir.

2.14.2 Rafræn myndbandaleiga (e. Video-on-Demand).

Rafræna myndbandaleigu er hægt að bjóða á háhraðaeinkarásum, svo sem um ljósleiðara eða ADSL. Áhorfendur geta fengið aðgang að miklum fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta á rauntíma og hafa aðgang að efninu í 24 tíma. Það er í raun lítill munur á því að fá mynd í rafrænni myndbandaleigu og að fara á myndbandaleiguna nema notendur spara sér sporin. Slík þjónusta hefur m.a. staðið notendum til boða um nokkurra ára skeið í Skjá bíó hjá Símanum.

2.14.3 Gervihnattaendurvarp.

Þar sem tíðnisviðið nýtist betur með stafrænni tækni verður hægt að bjóða fleiri endurvarpsstöðvar en hægt hefur verið hingað til. Þá má nefna ýmsar fréttastöðvar, fræðsluefni, barnaefni, íþróttaefni og sjónvarpsrásir á ýmsum tungumálum. Einnig verður hægt að höfða betur til afmarkaðra markhópa, t.d. með tónlistarrásum, ferðarásum og sjónvarpsstöðvum sem sýna þætti um jaðaríþróttir, mat eða hús og híbýli.

2.14.4 Auglýsinga- og sölurásir.

Miklir möguleikar skapast með nýrri tækni við að miðla auglýsingum. Auk þess verður hægt að ná til viðskiptavina með beinni sölu á vöru og þjónustu en hægt er að bjóða sölu- og auglýsingarásir, eins konar „sjónvarpskringlur“. Einnig gerir gagnvirknin það að verkum að ný tækifæri skapast fyrir sjónvarpsefni þar sem mikil áhersla er lögð á ákveðnar vörur og verslanir. Þetta þýðir að hægt verður að fá upplýsingar um vörur eða kaupa þær beint í gegnum sjónvarpið á svipaðan hátt og gert er á netinu nú. Fyrirtæki á erlendum mörkuðum, þar sem stafrænt sjónvarp hefur verið vinsælt um nokkurt skeið, hafa mörg þróað nýjar leiðir til að auglýsa og markaðssetja vörur sínar. Á nýjum miðli þarf nýjar leiðir og enn er verið að þróa tækni í markaðssetningu sem hefur áhrif á neytendur. Þetta er gert þar sem hefðbundnar auglýsingar munu við breyttar aðstæður ekki hafa sömu áhrif og áður. Má til dæmis nefna ýmsa tækni í stafrænu sjónvarpi sem gerir notendum kleift að „spóla yfir“ auglýsingar. Því þurfa auglýsendur að finna nýjar leiðir til að ná til áhorfenda.

2.14.5 Útleigurásir.

Þar sem rásum fjölgar og þær verða hlutfallslega ódýrari og aðgengilegri en nú skapast tækifæri til að leigja sjónvarpsrás í ákveðinn tíma. Því geta stjórnmálaflokkar leigt rás, til dæmis meðan á flokksþingi stendur, hægt verður að sjónvarpa frá sveitarstjórnarfundum, aðalfundum fyrirtækja o.fl. Með útleigurásum er einnig hægt að bjóða upp á gagnvirk námskeið sem aðeins þeir sem greitt hafa þátttökugjald hafa aðgang að.

2.14.6 Tölvupóstur og rabb.

Líkt og á netinu er hægt að nota tölvupóst og net í sjónvarpinu. Til þess þarf þráðlaust lyklaborð sem fylgdi væntanlega með í áskriftargjaldi fyrirtækjanna. Þar sem tölvupóstur í gegnum sjónvarp hefur verið í boði erlendis hafa nýir hópar farið að nota tölvupóst. Má þar nefna eldra fólk sem hefur áralanga reynslu af sjónvarpinu sínu og finnst það þægilegra og kunnuglegra en tölvur. Eins opnast möguleikar á ýmiss konar þjónustu eins og nú stendur til boða á MSN og sams konar samskiptakerfum.

2.14.7 Valdar vefsíður.

Þar sem venjulegt sjónvarp er með mun minni upplausn en tölvuskjáir þarf að aðlaga vefsíður sérstaklega til að þær sjáist vel í sjónvarpi. Þetta þýðir að fyrirtæki og stofnanir, sem vilja ná til notenda í ýmsum miðlum, þurfa að bjóða mismunandi síður eftir upplausn og stærð þeirra skjáa sem í notkun eru. Mjög ólíkt er að nálgast upplýsingar á netinu, í gegnum litla GSM-símaskjái, sjónvörp eða tölvur svo dæmi sé tekið. Þróaður hefur verið hugbúnaður sem kallar fram heimasíður þannig að þær verði aðgengilegar í sjónvarpi og má reikna með enn meiri þróun á þessu sviði eftir því sem notendum fjölgar. Einnig má nefna að háskerpusjónvörp (HDTV) eru að verða algengari en það þýðir að upplausnin á sjónvarpsskjánum er meiri og því betri myndgæði.

2.14.8 Gagnvirk þjónusta.

Gagnvirk þjónusta í sjónvarpi getur verið afar mismunandi. Í raun má segja að tæknilega séu möguleikarnir óendanlegir. Líkt og með nettengdum tölvum verður í nálægri framtíð hægt að sinna bankaerindum með sjónvarpi, fá upplýsingar um dagskrá, veður, flug og færð, kaupa skyndibita og fá upplýsingar um símanúmer og netföng, svo að fátt eitt sé upptalið.

Einnig opnast möguleikar á alls kyns leikjum, verslun, uppboðum og margs konar smáauglýsingum. Ýmiss konar öryggisþjónusta verður einnig í boði, til dæmis væri hægt að setja upp myndavélar í íbúðum og húsum svo að íbúar geti fylgst með þegar þeir eru ekki heima.

2.14.9 Fjarkennsla og opinber þjónusta.

Með auknum rásafjölda og gagnvirkni verður mjög auðveldlega hægt að bjóða upp á fjarkennslu og ýmsa opinbera þjónustu í gegnum háhraðanet. Slíkt gæti nýst háskólum, framhaldsskólum, endurmenntunarstofnunum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða upp á námskeið. Einnig má nefna ýmsa þjónustu á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga.

2.14.10 Rafrænn dagskrárvísir (e. Electronic Program Guide – EPG).

Rafrænn dagskrárvísir (EPG) er lykilatriði til að notendur geti fótað sig í auknum rásafjölda og auknu framboði sjónvarpsefnis. Um er að ræða grafískt notendaviðmót þar sem notendur geta fengið upplýsingar um dagskrá allra stöðva. Notendur geta því bæði séð hvað þeim stendur til boða á hverri stöð á ákveðnum tíma og einnig hvað verður á dagskránni næst. Hægt er að hnýta við notendaviðmótið upplýsingar um dagskrárliðina til að auðvelda áhorfendum valið.

2.14.11 Upphafssíða í sjónvarpi (e. Walled garden).

Þau fyrirtæki sem ráða yfir notendabúnaði geta hannað upphafssíðu fyrir notendur sína í sjónvarpinu. Á þessari upphafssíðu er hægt að nálgast verslun og ýmsa gagnvirka þjónustu. Fjölmiðlafyrirtækin geta því gert samninga við ákveðnar verslanir og þjónustuaðila sem verða þá á áberandi stað og beintengjast notendum. Þetta þýðir að þeir hafa betri aðgang að notendum en samkeppnisaðilar sem ekki hafa slíka samninga. Með slíkum sérsamningum við þjónustuaðila geta fyrirtæki aukið arðsemi og fengið hlut af þeim viðskiptum sem fara fram í stafrænu sjónvarpi.

2.14.12 Háskerpusjónvarp (e. High-Definition Television – HDTV).

Þrátt fyrir að mynd- og hljómgæði séu mun meiri í stafrænu sjónvarpi en hliðrænu eru þau þó ekki sambærileg gæðunum í háskerpusjónvarpi. En til þess að bjóða slíka þjónustu þarf mikla bandbreidd. Nokkuð mismunandi er eftir löndum hversu mikil áhersla er lögð á háskerpusjónvarp og má nefna að áhersla hefur verið lögð á þessa tækni í Bandaríkjunum, enda eru sjónvarpsútsendingar þar á öðrum staðli og myndin ekki með sömu upplausn og í Evrópu. Munurinn á háskerpusjónvarpi og hefðbundnu hliðrænu sjónvarpi í Bandaríkjunum er því enn meiri en í Evrópu. Til að hægt sé að ná háskerpuútsendingum þarf sérstök sjónvörp og má gera ráð fyrir því að þeim fjölgi æ meira og verð muni fara lækkandi á næstu árum.

2.14.13 Notendabúnaður með hörðum diski (e. Personal Video Recorder – PVR).

Notendabúnaður með hörðum diski býður upp á mikla möguleika, sérstaklega fyrir útsendingakerfi í lofti sem ekki geta boðið einkarás til notenda. Ýmsar tegundir eru til af slíkum búnaði og er Tivo sennilega þekktasta merkið. Með slíkum notendabúnaði er hægt að

taka upp ákveðið sjónvarpsefni til að horfa á síðar, hægt er að seinka dagskrá, „spóla yfir“ auglýsingar og margt fleira. Harður diskur þýðir að áhorfendur geta betur stjórnað því á hvað þeir horfa (til dæmis með því að sleppa auglýsingum) og hvenær (til dæmis með því að seinka dagskránni um 30 mín.). Tæknilega er einnig hægt að bjóða vinsælustu kvikmyndirnar í gegnum notendabúnaðinn, ýmsa leiki og aðra afþreyingu.

2.15 IP-sjónvarp og netsjónvarp.

Miðlun myndmiðlunarefnis er að færast frá hefðbundnu sjónvarpsformi (DVB) yfir á gagnaflutningsstaðal netsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. Þessi þróun myndmiðlunarefnis er rétt að hefjast og alls ekki séð fyrir hvert hún leiðir.

Greina má tvenns konar framtíðarsýn í þessu sambandi sem byggist á mjög ólíkum hagsmunum. Annars vegar er um að ræða hagsmuni fjarskiptafyrirtækja sem vilja tryggja sér tekjur af efnissölu með því að vöndla þjónustu og tryggja sér viðskiptavini. Hins vegar er um að ræða hagsmuni framleiðenda efnis sem vilja losna við milliliði og fá sem mestan hluta tekna til sín. Til að aðgreina þessar stefnur verða notuð hugtökin IP-sjónvarp (IP TV) annars vegar og netsjónvarp (Internet TV) hins vegar.

IP-sjónvarp er leið innlendra fjarskiptafyrirtækja til að bjóða stafrænt gagnvirkt sjónvarp með allri þeirri þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Þetta er einnig sú þróun sem ætti að hugnast stjórnvöldum því að þannig næst áframhaldandi lögsaga yfir hljóð- og myndmiðlunarefni sem dreift er á fjarskiptakerfunum. Til að notendur geti fengið aðgang að ólíku myndmiðlunarefni þarf aðgangskassa og aðgangsstýrikerfi. Slíkir aðgangskassar fylgja þá venjulega áskriftarsamningum við innlend fjarskiptafyrirtæki sem geta fengið hlutdeild í tekjum og boðið ólíkt myndmiðlunarefni eftir óskum notenda. Með þessum hætti geta fjarskiptafyrirtækin haft nokkuð góða stjórn á því efni sem notendur fá til sín og greiða fyrir myndmiðlunarefnið sem í boði er á IP-sjónvarpinu. Þessi leið getur þó takmarkað val notenda að einhverju leyti og hamlað samkeppni þar sem efni og dreifingu er vöndlað saman hjá einu og sama fyrirtækinu.

Netsjónvarp er á frumstigi en það hefur í för með sér að notendur geta fengið aðgang að miklu úrvali myndmiðlunarefnis án milliliða um netið. Leiða má líkur að því að netsjónvarp muni verða algengara í náinni framtíð. Mjög stór alþjóðleg fyrirtæki hafa hagsmuni af því að netsjónvarp nái útbreiðslu. Kvikmyndaverin hafa til dæmis hagsmuni af því að sem fæstir milliliðir séu milli þeirra og notenda. Stórir aðilar í tölvu- og hugbúnaðargeiranum hafa hannað vél- og hugbúnað til að tryggja sér stöðu á markaði með sínar lausnir. Netsjónvarp hefur flesta eiginleika netsins núna þar sem hægt er að nálgast efni að vild hvaðanæva úr heiminum. Þess má geta að íslensk yfirvöld hafa ekki lögsögu yfir slíkum erlendum fjölmiðlaþjónustuveitendum en viðskiptin fara í gegnum heimasíður sem geta verið staðsettar hvar sem er í heiminum. Með búnaði sem tengir sjónvarp og net geta notendur fengið aðgang að alls kyns efni, svo sem sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum og stökum sjónvarpsþáttum. Þeir sem selja sjónvarpsefni á slíkum síðum þurfa að sjálfsögðu að eiga réttinn að efninu fyrir heimaland notanda en aðgangi að slíku netsjónvarpi er að jafnaði stýrt í gegnum landsbundna greiningu á IP-tölum notenda. Þetta fyrirkomulag skýrist af því að þrátt fyrir alþjóðlegt eðli netsins hafa litlar breytingar orðið á fyrirkomulagi við sölu á sýningarrétti á kvikmyndum og öðru sjónvarpsefni sem er að jafnaði seldur sérstaklega til hvers lands fyrir sig. Að slíkum skilyrðum uppfylltum eða með breyttu fyrirkomulagi á sölu sýningarréttar að sjónvarpsefni má t.d. sjá fyrir sér að stór fyrirtæki eins og bandarísku kvikmyndaverin gætu nýtt sér net-

sjónvarpstæknina til að ná beint til áhorfenda án milliliða í hverju landi.

Með netsjónvarpi missa fjarskiptafyrirtæki möguleikana á því að fylgjast með og taka gjöld af því efni sem fer um dreifikerfi þeirra. Fjarskiptafyrirtækin þurfa þá að byggja verðlagningu sína á gagnaflutningsmagni eingöngu og koma ekki til með að fá hlutdeild í tekjum fjölmiðlaþjónustuveitendanna nema að takmörkuðu leyti. Afar erfitt verður að hafa yfirsýn yfir allt það efni sem í boði er í netsjónvarpi og fyrir stjórnvöld að hlutast til um viðskiptin telji þau þörf á því. Þjónusta slíkra fyrirtækja fer ekki eftir reglum um hljóð- og myndmiðla í Evrópu séu þau utan EES-svæðisins. Þetta eru sambærileg vandamál og fylgja netinu núna. Eðli netsjónvarps er að takmarka ekki val neytenda við samninga fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja og vandamál, sem reynt er að leysa með flutningsskyldu og flutningsrétti eins og fjallað verður um síðar, eru ekki til staðar. Aðgangsþröskuldur fjölmiðlaþjónustuveitenda inn á markaðinn lækkar einnig verulega.

Líklegt er að Ísland verði að fylgja alþjóðlegri þróun í þessum efnum en spyrja má hvort aðstaða Íslands sem lítils menningarsvæðis verði önnur en annarra stærri menningar- og tungumálasvæða í nágrannalöndunum. Þarna má e.t.v. líta til þeirrar reynslu sem hefur verið af hugbúnaði og neti hingað til. Spurning er hvort erlendir aðilar muni í sama mæli þýða eða talsetja myndefni sérstaklega fyrir íslenskan markað í ljósi reynslunnar úr hugbúnaðarheiminum. Ef hægt verður að nálgast vinsælt erlent efni í netsjónvarpi má spyrja hvaða áhrif það hafi á íslenska fjölmiðlaþjónustuveitendur sem byggja áhorf sitt að verulegu leyti á erlendu efni, ólíkt stærri menningarsvæðum. Ástæðan er sú að kostnaður við íslenskt efni fyrir fámennan markað er hlutfallslega hár og því er óvenju hátt hlutfall erlends efnis í íslensku sjónvarpi. Einnig er vert að benda á að þar sem íslenskir notendur kaupa þjónustu af erlendum aðilum á netinu þurfa þeir ekki að greiða skatta og gjöld hér á landi og skekkir það samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem þurfa að innheimta skatta af sínum tekjum. Nánar er fjallað um þessi mál síðar í kaflanum.

Íslendingar munu einnig standa frammi fyrir alþjóðlegum vandamálum líkt og aðrar þjóðir. Verður hægt að koma böndum á óæskilegt efni eins og klám og ofbeldi? Slíkt næst aðeins með alþjóðlegri samvinnu. Einnig má spyrja hvaða tækifæri Íslendingar eiga í slíku alþjóðlegu umhverfi og hvort þeir geti nýtt sér möguleika slíkrar þróunar. Þarna geta til dæmis skapast nýjar leiðir á markaðssetningu íslensks efnis inn á alþjóðamarkað.

2.16 Þróun annarra fjölmiðla í stafrænu umhverfi.

Með tilkomu stafrænnar tækni og margmiðlunar hafa ekki aðeins orðið grundvallarbreytingar er varða miðlun myndefnis. Stafræn tækni hefur í veigamiklum atriðum breytt fjölmiðlamarkaðnum í heild sinni. Má í þessu sambandi nefna að mun auðveldara er fyrir nýja aðila að koma á fót hljóðvarpsstöð með tilkomu netsins. Þá eru vefútgáfur dagblaða mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra og miklar kröfur gerðar til þess að fréttum sé komið á framfæri um leið og fréttir berast með nýjum miðlunarleiðum. Dagblöð sem yfirleitt hafa verið gefin út daglega hafa nú vettvang til að miðla fréttum og öðru efni mun tíðar til lesenda sinna. Þá hafa tekjumódel dagblaðanna breyst þar sem miklu efni er miðlað á vefútgáfum áskriftardagblaða án þess að áskriftartekjur fylgi. Dagblöðin hafa því þurft að laga sig að nýjum og breyttum háttum lesenda sinna með tilkomu netsins. Jafnframt má benda á að nýir rafrænir ritmiðlar hafa einnig litið dagsins ljós með tilkomu netsins, miðlar sem einungis eru til á rafrænu formi og eru sumir hverjir í samkeppni við hina hefðbundnu prentmiðla. Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir þeim tækninýjungum sem felast í stafrænu hljóðvarp og þeim breytingum sem verða á markaði ritmiðlunar með tilkomu stafrænnar tækni.

2.16.1 Hljóðvarp í stafrænu umhverfi.

Í hliðrænu útsendingarkerfi er tíðnisvið hljóðvarps líkt og sjónvarps takmörkuð auðlind. Þetta hefur sérstaklega verið vandamál í stórborgum erlendis þar sem útvarpstíðnisviðið er víða fullnýtt og því ekki hægt að úthluta viðbótartíðnum. Því getur reynst erfitt fyrir nýjar stöðvar að komast inn á markaðinn. Hér á landi hefur skortur á tíðnum fyrir hljóðvarp ekki verið vandamál en mikill munur er á þéttbýli og dreifbýli í þessum efnum. Í þéttbýli vilja fjölmiðlar ná eyrum ólíkra markhópa og bjóða margar stöðvar en í dreifbýli hefur verið mun minni eftirspurn eftir tíðnum sökum fámennis. Þess ber enn fremur að geta að líkt og með sjónvarpstíðni þurfa mörg lönd, t.d. á meginlandi Evrópu, að semja við nágrannaþjóðir sínar um tíðniúthlutanir. Íslendingar hafa eðli málsins samkvæmt ekki þurft að glíma við slík vandamál.

Staða hljóðvarps hefur breyst talsvert í stafrænu umhverfi, sérstaklega í þéttbýli erlendis, m.a. vegna þess að hægt er að nýta tíðnisviðið mun betur en á hliðrænu kerfi og því er hægt að bjóða fleiri stöðvar með stafrænni dreifingu.

2.16.1.1 Ólíkir staðlar stafræns hljóðvarps.

Með stafrænu hljóðvarpi er hægt að bjóða mun meiri hljómgæði og stöðugri útsendingu. Ýmiss konar staðlar hafa verið þróaðir til miðlunar hljóðefnis þar sem hægt er að bjóða stafrænt hljóðvarp með ýmsum miðlunarleiðum. Sumar þessara miðlunarleiða bjóða bókstaflega upp á óendanlegan stöðvafjölda. Algengasti staðallinn sem notaður er í lofti í löndunum í kringum okkur er þó DAB-staðallinn (e. Digital Audio Broadcasting). DAB-staðallinn í lofti er aðallega notaður í Evrópu og Bandaríkjunum og á rætur að rekja til Eureka-verkefnis frá 1987 sem fjármagnað var af Evrópusambandinu. Mörg lönd Evrópu senda út hljóðefni á stafrænu formi. Hins vegar hefur stafrænt hljóðvarp enn sem komið er ekki náð almennum vinsældum beggja vegna Atlantsála. Innan Evrópu eru það helst notendur í Danmörku og Bretlandi sem hafa aðgang að DAB-tækninni, Danir hafa sérstaklega veðjað á þessa tækni fyrir útsendingar hljóðvarps. Segja má að ein meginástæða þess að stafrænt hljóðvarp hefur ekki náð fótfestu á sama hátt og stafrænt sjónvarp er að mun fleiri viðtæki og margvíslegri eru notuð til að hlusta á hljóðvarp. Þannig eru oft mörg viðtæki á sama heimilinu, viðtæki eru að finna í flestum bifreiðum auk þess sem einfaldar útgáfur af viðtækjum eru mjög ódýrar. Eins og oft er með nýja tækni eru stafræn viðtæki, t.d. á DAB-staðlinum, enn hlutfallslega mun dýrari en hefðbundin viðtæki. Í stafrænni myndmiðlun er bilið brúað með svokölluðum aðgangskassa sem lengir líftíma hefðbundinna sjónvarpstækja með því að breyta stafrænu merki yfir í hliðrænt. Þannig geta notendur notað hefðbundin sjónvarpstæki þótt búið sé að skipta yfir í stafræna útsendingu. Sama er hins vegar ekki að segja um hljóðvarp, fólk hlustar oft á útvarpið þegar það er á ferðinni, t.d. í bíl, og ekki er boðið upp á þennan sama kost undir þeim kringumstæðum. Því má reikna með að langur tími líði áður en hljóðvarp verður aðeins stafrænt og slökkt verður á hliðrænum hljóðvarpsútsendingum í Evrópu. Til þess að af því geti orðið þarf að fjárfesta í frekari tækni, hið opinbera þarf að marka stefnuna, m.a. með tilliti til tæknistaðla, og viðamikil kynning þarf að eiga sér stað í samfélaginu, auk þess sem notendur og fyrirtæki þurfa að sjá hag í því að nýta stafræna tækni.

2.16.1.2 Kostir stafræns hljóðvarps fyrir notendur.

Með stafrænum hljóðvarpssendingum er hægt að senda út fleiri hljóðvarpsdagskrár auk þess sem senda má upplýsingar á skjá viðtækisins. Þar er hægt að miðla upplýsingum um hljóðvarpsstöðina sjálfa og nafn og heiti tónlistar sem flutt er, ásamt ýmsum öðrum upplýs-

ingum, t.d. veðurspá og upplýsingum um umferð. Stafræn tækni gerir þannig mögulegt að miðla efni í hljóðvarpi sem áður var aðeins aðgengilegt eftir öðrum miðlunarleiðum, svo sem hljóði, myndum og texta.

Í nágrannalöndunum má sjá að hljóðvarpsstöðvum hefur víða fjölgað. Nýjar stöðvar hafa verið settar á stofn sem ætlað er að þjóna ákveðnum takmörkuðum markhópum, til dæmis með ákveðinni tónlistarstefnu og engu töluðu máli. Þá hafa upplýsingar sem sendar eru samhliða hljóðefninu verið einn meginþáttur velgengni stafræns hljóðvarps, t.d. í Bretlandi. Með stafrænni hljóðmiðlun, sem sótt er á netið, er hægt með auðveldari hætti að ná útsendingum hljóðvarpsstöðva í öðrum löndum. Margar hljóðvarpsstöðvar eru nú sendar út á netinu og með auknum samruna tölvutækni, fjarskipta og fjölmiðla verður hlustendum gert auðveldara um vik að nálgast hundruð eða þúsundir hljóðvarpsstöðva frá ólíkum málsvæðum og með ólíkri dagskráráherslu.

Hlustendur munu því í framtíðinni geta valið milli mun fleiri hljóðvarpsstöðva en í boði eru núna. Í þessu umhverfi munu íslenskar stöðvar fá meiri samkeppni að utan. Vönduð dagskrá, þar sem fjallað er um innlend málefni og leikin íslensk tónlist, getur verið aðgengileg leið fyrir íslenskar stöðvar til að ná eyrum hlustenda hér á landi og halda markaðsstöðu sinni.

2.16.1.3 Stafræn hljóðmiðlun í almannaþágu.

Í mörgum löndum hafa fjölmiðlar í almannaþágu haft frumkvæði að því að nýta þá tækni sem býðst með stafrænni hljóðmiðlun. Yfirleitt má rekja slíka starfsemi til stefnumörkunar yfirvalda í hverju landi fyrir sig, þar sem ríkisfjölmiðlinum er ætlað að gegna ákveðnu hlutverki við að festa stafræna hljóðmiðlun í sessi. Í þessu sambandi hafa miðlar eins og BBC sýnt hvernig fjölmiðill í almannaþágu getur með því að nýta stafræna tækni stuðlað að aukinni fjölbreytni og höfðað til ólíkra hópa samfélagsins og ólíkra landshluta. Með slíkri stafrænni tækni gefst fjölmiðlinum tækifæri til að höfða til fólks af ólíkum uppruna, á ólíkum aldri, fólks með mismunandi áhugasvið og þannig mætti lengi telja.

Þá má jafnframt nefna að mikill hluti tónlistarupptöku er nú þegar á stafrænu formi. Stafræn hljóðmiðlun býður upp á fjölmörg tækifæri fyrir gerð nýs efnis, en jafnframt aukast kröfur um gæði efnis og framleiðslu. Það þýðir að stafræn miðlun efnis af þessu tagi krefst þess að dagskrárgerðarfólk og aðrir framleiðendur hljóðefnis afli sér þekkingar á möguleikum nýrrar tækni.

2.16.1.4 Ritmiðlar í stafrænu umhverfi.

Prentmiðlar, eitt elsta form fjölmiðlunar, hafa í gegnum áratugina átt í samkeppni við ólíka miðla, t.d. hljóðvarp og sjónvarp. Þeir hafa yfirleitt staðist þessa samkeppni og enn í dag eru prentmiðlar vinsælir meðal lesenda sem margir hverjir kaupa áskrift að dagblöðum og tímaritum. Þess ber þó að geta að með tilkomu netsins og fríblaða eru fleiri og fleiri lesendur sem ekki sjá ástæðu til þess að greiða fyrir áskrift. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á dagblaðamarkaði en dagblaðalestur hefur í nágrannalöndunum víðast hvar minnkað undanfarin ár og hafa eigendur brugðist við með mismunandi hætti. Mörg dagblöð eru hætt að skilgreina sig sem dagblöð/prentmiðla og skilgreina sig nú sem upplýsingaveitur. Enn fremur hafa margir eigendur dagblaða séð hag sinn í því að fjárfesta í ljósvakamiðlum, tímaritaútgáfum og bókaútgáfu. Ástæða þessara kaupa og samruna er samlegðin sem fæst með því að bjóða upplýsinga- og fréttaefni með fleiri miðlunarleiðum og auka aðgang þeirra að auglýsingamarkaðnum.

Nú þegar hafa prentmiðlar nýtt sér stafræna tækni og bjóða miðla sína á netinu. Má í þessu sambandi nefna Morgunblaðið með mbl.is og Fréttablaðið með visir.is þar sem fléttað er saman texta og myndskeiðum. Miðlarnir hafa brugðist við samkeppninni með þessum hætti og birta nýjar fréttir um leið og þær eru tilbúnar. Prentmiðlar eru því síbreytilegir á netinu og ekki er lengur aðeins prentútgáfa af miðlinum á degi hverjum, eins og tíðkaðist áður. Með stafrænni tækni verður þátttaka lesenda einnig meiri þar sem þeim gefst betur en áður færi á því að bregðast við innihaldi miðilsins og koma skoðunum sínum á framfæri. Það rými sem hefur verið afmarkað fyrir aðsendar greinar, einskorðast ekki einungis við dagblaðið sem slíkt heldur er einnig hægt að nýta netútgáfuna fyrir aðsendar greinar og athugasemdir frá lesendum. Netútgáfur dagblaða bjóða upp á ýmsar nýjungar sem prentútgáfur dagblaðanna geta ekki boðið og þess vegna má segja að ný tækni hafi opnað nýjar leiðir fyrir þátttöku lesenda í skoðanaskiptum í samfélaginu. Má í þessu sambandi til dæmis nefna bloggsíður sem tengjast dagblöðum auk þess sem lesendum býðst einnig að skrifa athugasemdir við einstakar greinar netmiðlanna. Netmiðlar hafa jafnframt í auknum mæli farið að nýta sér alls kyns nýja samskiptahætti, t.d. Facebook, Twitter og Delicious, til að notendur geti safnað, skipulagt og deilt fréttum og upplýsingum með öðrum notendum slíkra samskiptaneta.

Aukinn kostnaður fylgir því fyrir fjölmiðla að halda úti vefmiðli auk prentmiðils. Prentmiðlar geta með vefútgáfum sínum aukið tekjur með því að selja auglýsingar á vefnum og aðgang að gagnasöfnum sínum. Þeir eru þó í auknum mæli að leita leiða til að finna nýjar tekjulindir í breyttu umhverfi. Nýir möguleikar hafa jafnframt opnast fyrir prentmiðla með tilkomu stafrænnar hljóð- og myndmiðlunar. Með auknum samruna er hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og hugsanlega verður hægt að selja einstakar fréttir prentmiðla í mismunandi formi í framtíðinni. Þess ber að geta að notkun vefútgáfu stóru dagblaðanna er almenn hér á landi. Um 60% landsmanna á aldrinum 12–80 ára nota mbl.is daglega en 30–40% nýta sér visir.is daglega. Þessar vefútgáfur prentmiðlanna eru nú með vinsælustu vefsíðum landsins. Þess má jafnframt geta að flest vikublöð eru einnig með starfsemi á netinu. Þessar vefútgáfur er að aðallega fjármagnaðar með auglýsingum á vefnum þar sem notendur eru tregir til að greiða fyrir slíkt efni á netinu.

2.16.1.5 Prentmiðlar, samruni og samstarf við aðra miðla.

Prentmiðlar nýta sér hina nýju tækni á margvíslegan hátt og bjóða t.d. fréttaþjónustu fyrir GSM-notendur. Samsvarandi þróun mun án efa eiga sér stað í sjónvarpi. Með nýrri tækni skapast möguleikar prentmiðla til að stækka og eflast þrátt fyrir að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Þá eru netútgáfur prentmiðlanna farnir að líkjast sjónvarpi æ meira þar sem birtar eru fréttir í formi hljóð- og myndskeiða líkt og í sjónvarpsfréttum. Því er mikilvægt að halda þeim möguleikum opnum fyrir prentmiðla að geta sameinast eða verið í nánu samstarfi við fjölmiðlaþjónustuveitendur í hljóð- og myndmiðlun til að hindra ekki framþróun margmiðlunar. Í þessu sambandi er nærtækt að minnast nýlegs samkomulags um að Morgunblaðið flytji fréttir á Skjánum. Með þessum hætti nýtir Morgunblaðið fréttaflutning sinn á prenti og á vefnum fyrir annan miðil, þ.e. sjónvarp.

2.16.1.6 Aðrir rafrænir ritmiðlar.

Ýmsir rafrænir ritmiðlar hafa litið dagsins ljós á netinu sem engin tengsl hafa við hefðbundna prentmiðla. Margir slíkir miðlar eru í raun blanda af fréttum, fréttatengdu efni og bloggfærslum. Í þessu sambandi má nefna vefmiðilinn eyjan.is þar sem er að finna efni úr öðrum fjölmiðlum, bloggsíður einstaklinga ásamt ýmsu efni vefmiðilsins sjálfs. Í hinu al-

þjóðlega samhengi er vert að minnast á nýja vefmiðla eins og *The Huffington Post* þar sem þúsundir einstaklinga koma efni til skila í formi greina og bloggfærslna ásamt efni frá föstum pennum netmiðilsins. Þar er að finna m.a. fréttir og fréttaskýringar af ýmsu tagi. The *Huffington Post* er nú eitt þekktasta vefdagblað Bandaríkjanna og lesendur þess eru um níu milljónir á mánuði. Meðal þeirra sem hafa bloggað á vefmiðlinum má nefna Barack Obama, Norman Mailer og Neil Young.

2.16.1.7 Rafrænir ritmiðlar og fagleg blaða- og fréttamennska.

Í rafrænum ritmiðlum er mögulegt að miðla fréttum á rauntíma. Blaða- og fréttamenn eða almennir bloggarar geta með auðveldum hætti komið nýjum fréttum til skila til lesenda og krafa lesenda um að fá upplýsingar hratt og örugglega eykst. Ýmsir hafa bent á að slíkur hraði og væntingar lesenda hafi gert það að verkum að upplýsingar og fréttir hafa verið birtar án þess að nægar heimildir séu fyrir hendi. Viðmiðunarreglan í blaða- og fréttamennsku er að til að birta frétt og ganga úr skugga um áreiðanleika hennar þarf upplýsingar frá a.m.k. tveimur ótengdum heimildarmönnum. Með tilkomu rafrænna ritmiðla gefst kostur á að flytja stuttar fréttir og miðla upplýsingum til lesenda eftir því sem þær berast. Slík upplýsingagjöf getur verið á kostnað faglegrar blaða- og fréttamennsku þar sem notendur treysta áreiðanlegum fréttaflutningi rafrænna ritmiðla með gott orðspor. Með tilkomu rafrænna ritmiðla eru spurningar um fagmennsku, trúverðugleika fjölmiðla og traust til blaðamanna því í brennidepli.

2.16.1.8 Samantekt.

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlamarkaði með tilkomu stafrænnar gagnvirkrar miðlunar. Því hefur verið haldið fram að allir fjölmiðlar séu í raun tilvonandi nýmiðlar. Í þessari staðhæfingu felst sú framtíðarsýn að allir hefðbundnir fjölmiðlar, prentmiðlar, hljóðvarp og sjónvarp, séu að taka grundvallarbreytingum vegna samruna ólíkra miðla og netsins. Í bland við hefðbundna fjölmiðla sem hafa farið að nýta sér möguleika nýrrar tækni hafa jafnframt komið fram nýir fjölmiðlar sem ekki eru starfræktir á prenti eða í ljósvakanum. Jafnframt hafa komið til sögunnar nýir framleiðendur ýmiss konar efnis sem ekki hafa starfað við hina hefðbundnu fjölmiðla áður. Í nýjum miðlum gefst notendum kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á efni og framsetningu sem þeim gafst ekki kostur á í ljósvakamiðlum og prentmiðlum. Stafræn gagnvirk miðlun getur því fært notendur nær því efni sem miðlað er, gefið þeim kost á að aukinni gagnvirkni og skapað þeim leiðir til að búa til og miðla eigin efni.

III.

Efnisréttindi myndmiðlunarefnis.

Það virðist vera nokkuð á reiki meðal almennings hvernig efnisréttindum er háttað og hvað telst leyfilegt og hvað ekki þegar kemur að kaupum, sölu og dreifingu á myndmiðlunarefni. Til skamms tíma hafa kaup á efnisréttindum numið um 15–50% af rekstrarkostnaði sjónvarpsstöðva. Fyrir utan launakostnað fjölmiðlaþjónustuveitenda eru efniskaup frá útlöndum stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í rekstri þeirra. Þetta gildir þó ekki um Ríkisútvarpið. Því er nauðsynlegt að gera efnisréttarmálum nokkur skil.

3.1 Almennt um efnisréttindi.

Almennt er myndmiðlunarefni selt til ákveðinna svæða (e. territorial). Þetta þýðir að enginn einn aðili getur keypt réttinn að ákveðnu efni til dæmis fyrir alla Evrópu. Til eru undantekningar á þessu þar sem einn og sami aðilinn á e.t.v. rétt á ákveðnu efni fyrir Norðurlöndin en yfirleitt er þá um að ræða efni sem er ekki eins auðvelt í sölu og t.d. vinsælar kvikmyndir og sjónvarpsþættir frá Bandaríkjunum. Þetta þýðir að yfirleitt er ekki hægt að kaupa efnisrétt fyrir fleiri en eitt svæði nema í undantekningartilvikum, t.d. fyrir stórviðburði á sviði íþrótta. Íslenskir fjölmiðlaþjónustuveitendur kaupa því efni fyrir Ísland sérstaklega (e. territory of Iceland) en hafa þó ekki þar til nýlega farið að semja um einkarétt á efni (e. exclusive). Fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem hefur keypt réttindi fyrir annað land, til dæmis Bretland, er því ekki heimilt að dreifa efninu til annars lands nema gera um það sérstakan samning. Nokkuð misjafnar reglur eru um efnisréttindi fyrir ólíka miðla og ólíkar fjarskiptaleiðir og er ætlunin að gera þeim skil hér á eftir.

3.1.1 Efni fyrir sjónvarp.

Myndefni fyrir sjónvarp er að jafnaði selt á frjálsum markaði. Sérstakir markaðir eru nokkrum sinnum á ári og kaupa fjölmiðlaþjónustuveitendur efni sitt yfirleitt á þeim. Rétturinn á efninu gildir þá fyrir ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Endursýningin má að jafnaði einungis fara fram í þeim miðli sem rétturinn var upphaflega keyptur fyrir, t.d. fyrir útsendingar í lofti. Samningar um myndefni fyrir sjónvarp eru yfirleitt þannig að kaupandinn á ekki rétt á öllu efni frá ákveðnu fyrirtæki heldur getur hvaða fyrirtæki sem er keypt frá hvaða rétthafa sem er. Því má segja að myndefni sé alla jafna selt hæstbjóðanda.

Oft eru gerðir magnsamningar í kaupum á myndefni fyrir sjónvarp. Þeir geta verið þannig að kaupandi greiðir ákveðna upphæð og fær fyrir það ákveðinn fjölda klukkustunda af efni sem rétthafinn útvegar kaupandanum. Í slíkum samningum getur kaupandinn til dæmis fengið efni sem ekki er hafin framleiðsla á en verður framleitt síðar. Ef kaupandinn greiðir hátt verð fyrir slíkan magnsamning getur hann oft fengið talsvert magn eldra efnis með í „kaupbæti“. Það efni, sem á eftir að framleiða, getur einnig orðið afar vinsælt. Kaupandinn getur þannig fjárfest í eftirsóknarverðu og vinsælu efni á góðum kjörum með slíkum samningum.

Annars konar magnsamningar eru einnig til, svokallaðir „output“-samningar sem eru einkaréttarsamningar. Þá skuldbindur kaupandinn sig til að kaupa allt efni sem kemur frá ákveðnum rétthafa/framleiðenda, óháð efni. Með slíkum samningum tryggir kaupandinn sér allt efni frá viðkomandi og með fylgir þá ýmiss konar efni sem hann kýs ekki. Einkaréttarsamningar af þessum toga eru ávallt dýrari en efni á frjálsum markaði. Fyrirtæki sem ráða yfir fleiri „gluggum“, þ.e. geta til dæmis bæði keypt efni fyrir áskriftarsjónvarp og opnar rásir, eiga auðveldara með að gera slíka samninga en samkeppnisaðilar sem eru ekki eins fjölhæfir í miðlun. Hér ber að hafa í huga að fyrirtæki sem hafa mikla útbreiðslu og auglýsingatekjur hafa meiri möguleika á að gera magnsamninga og nota aðeins það efni sem er vinsælt en fyrirtæki sem hafa færri áhorfendur, minni útbreiðslu og þar með minni auglýsingatekjur. Vegna samvirkni milli efnis, útbreiðslu og auglýsingatekna eins og fjallað hefur verið um hér að framan geta slíkir magnsamningar enn frekar styrkt fyrirtæki sem þegar eru stór á markaði og gert samkeppnisaðilum erfitt fyrir

Ef litið er til stöðunnar á innanlandsmarkaði hafa 365 miðlar gert ýmsa svokallaða „output“-samninga á liðnum árum. Sem dæmi má nefna að 365 miðlar gerðu „output“-samninga um nýjar sjónvarpsseríur (drama og gamanþætti) frá Warner og Fox, en þessi tvö fyrirtæki

hafa verið með u.þ.b. 50% hlutdeild á bandaríska markaðnum í sjónvarpsseríum undanfarið. Ríkisútvarpið og Skjár einn geta þó eftir sem áður sýnt þær seríur sem sjónvarpsstöðvarnar höfðu þegar fest kaup á og hafið sýningar á. Þá hefur Ríkisútvarpið gert magnsamning við Disney þar sem það fær forgang að ákveðnu efni. Þá er Ríkisútvarpið í samstarfi við Nordvision og European Broadcast Union (EBU) um evrópskt myndefni fyrir sjónvarp, til dæmis Eurovision-söngvakeppnina. Á íslenska markaðnum, sem hefur sökum smæðar ekki burði til að framleiða eins mikið af innlendu efni og gert er á stærri mörkuðum, skipar erlent myndefni fyrir sjónvarp ávallt stærstan sess í dagskránni.

3.1.2 Kvikmyndir sem sýndar eru í sjónvarpi.

Efnisréttindi yfir kvikmyndum eru mjög ólík sambærilegum réttindum yfir tónlist en þegar kvikmynd er framleidd er hún seld í svokölluðum „réttindagluggum“. Fyrst eru kvikmyndirnar sýndar í kvikmyndahúsum, næst er myndin gefin út á myndbandi og DVD og verður aðgengileg á myndbandaleigum og sölumyndböndum. Þessu næst fer myndin í sjónvarpsgluggann sem skiptist annars vegar í áskriftarsjónvarp og hins vegar í opnar stöðvar. Af þessu leiðir að kaupi áskriftarsjónvarpsstöð ákveðna titla fá opnu sjónvarpsstöðvarnar ekki aðgang að efninu fyrr en síðar. Þetta er ástæðan fyrir því að myndir eru oft nýrri í áskriftarsjónvarpi en á opnum rásum. Þess ber þó að geta að þessi regla gildir aðeins um bandarískt efni en evrópsku efni er öðruvísi farið og geta opnar sjónvarpsstöðvar oft fengið aðgang að því á undan áskriftarstöðvunum.

Hlutdeild áskriftarsjónvarps hér á landi er með því mesta sem gerist í heiminum. Áætlað hlutfall áskrifenda er um 50%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall oft í kringum 20%. Þetta háa hlutfall gerir það að verkum að flestir áhorfendur eru búnir að sjá kvikmyndirnar í kvikmyndahúsum, á myndbandi eða DVD eða í áskriftarsjónvarpi þegar myndirnar eru síðan sýndar á opnum stöðvum. Hér á landi eru alla jafna aðeins kvikmyndir sem fyrst eru sýndar í áskriftarsjónvarpi sýndar aftur á opnum stöðvum. Slíkt gerist hins vegar sjaldnast með sjónvarpsþætti.

3.1.3 Kvikmyndahús, myndbönd og DVD.

Efnisréttindum fyrir kvikmyndahús, myndbönd og DVD er þannig háttað að kaupendur hér á landi kaupa rétt á efni frá tilteknum kvikmyndaframleiðendum. Stærstu bandarísku framleiðendurnir eru Universal, Paramount, Warner, Fox, Disney, Sony og MGM. Hérlendis voru það lengst af sömu aðilarnir sem voru rétthafar fyrir kvikmyndahúsin og fyrir myndbönd og DVD. Um þessa miðla gildir að íslenskir viðsemjendur gera einkasamninga við erlenda framleiðendur. Tekjuskipting byggist á ákveðinni prósentu af tekjum fyrir hvern seldan miða eða hvert eintak af myndbandi eða DVD. Þetta hlutfall hefur verið að hækka hin síðari ár og hafa íslenskir viðsemjendur fengið æ minna í sinn hlut. Þetta þýðir að þeir verða æ háðari sölu á öðrum varningi, t.d. sælgætis- og gossölu í kvikmyndahúsunum.

Auk framangreinds þekkjast viðskipti við smærri framleiðendur (e. independent producers) og eru þau réttindi keypt á markaði. Í slíkum viðskiptum er ákveðið verð greitt fyrir myndefnið og eiga kaupendur þá alla jafna öll réttindi yfir miðlun þess efnis óháð miðlunarformi (réttindagluggum).

3.2 Efnisréttindi á ólíkum fjarskiptakerfum.

Þegar kaupandi fjárfestir í hljóð- og myndmiðlunarefni skiptir einnig máli hvaða fjarskiptakerfi notað er til dreifingar og er það oft tiltekið í samningum. Því má segja að hér sé

um að ræða viðbót við þá skipan í réttindaglugga sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Það mælir hins vegar ekkert á móti því að samið sé svo að efninu sé dreift eftir fleiri leiðum. Erlendis selja framleiðendur oft sama efnið bæði til rétthafa með dreifingu í lofti og rétthafa sem dreifa efninu á kapalkerfum svo dæmi séu tekin. Þá þarf auðvitað ekki að vera um sama aðilann að ræða. Hér á landi er markaðurinn hins vegar það lítill að það gerist mjög sjaldan að fleiri en einum aðila sé seldur réttur að sama efni.

3.3 Erlendar endurvarpsstöðvar.

Sjónvarpsstöðvar, sem eiga sjálfar öll réttindi yfir því efni sem þær miðla geta selt dagskrár sínar í heild til annarra landa. Slíkar stöðvar eru til að mynda erlendar endurvarpsstöðvar eins og CNN, Discovery, MTV og Cartoon Network. Langflestar þessara stöðva bjóða dagskrár sínar öllum þeim sem hafa áhuga á efninu og gera við þær samninga um endurvarp. Þess vegna eru hér á landi nokkrir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem sýna sömu endurvarpsstöðvarnar á ólíkum fjarskiptakerfum. Þegar samkeppni var sem mest á þessum vettvangi gerðu tilteknir fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi þó einkaréttarsamninga við slíkar stöðvar með þeim afleiðingum að endurvarp þeirra var einungis aðgengilegt hjá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda. Sem dæmi þar um má nefna að stöðvarnar Fox News, E! og MGM voru eingöngu aðgengilegar fyrir áhorfendur á Digital Íslandi. Disney Channel var hins vegar aðeins aðgengileg fyrir áskrifendur hjá Skjá Heimi. Fyrir slíka samninga þurftu innlendir fjölmiðlaþjónustuveitendur að greiða mun hærra verð en fyrir venjulega samninga um endurvarp. Almennt gildir að greitt er ákveðið gjald fyrir hvern áskrifanda að stöðinni en ef aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur fá ekki aðgang að endurvarpsstöðinni þarf eðli máls samkvæmt að greiða fyrir mun færri áskrifendur en ella.

Sýningar á norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum sem og ýmsum evrópskum sjónvarpsstöðvum í viðstöðulausu endurvarpi hafa verið heimilar hérlendis frá árinu 2000 eins og annars staðar í Evrópu. Að flestu því efni, sem þar er sýnt, eiga stöðvarnar sjálfar öll réttindi. Hins vegar miðla þær jafnframt talsverðu magni af aðkeyptu efni. Ef rétt umgjörð til innheimtu gjalda fyrir höfundarrétt er til staðar er dreifing slíkra sjónvarpsstöðva heimil. Á þeim grundvelli er í gildi samningur rétthafa hérlendis um innheimtu gjalda fyrir slíkt efni.

Viðstöðulaust og óstytt endurvarp hljóð- og sjónvarpsdagskrár sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, til almennings um kapalkerfi, sem fram fer samtímis hinni upphaflegu útsendingu, er háð því að innlendur fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) sem annast réttargæslu fyrir rétthafa vegna innlends endurvarps, þar á meðal hin erlendu útvarpsfyrirtæki. Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar – STEF annast hins vegar hagsmunagæslu fyrir innlenda og erlenda tónhöfunda fyrir endurvarp á tónlistarflutningi í hljóðvarpi og sjónvarpi en réttur þeirra er yfirleitt undanskilinn þegar réttindi yfir efni, t.d. kvikmyndum, eru framseld útvarpsstöðvum.

Útvarpsfyrirtæki á Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu hafa frá árinu 1995 starfrækt samtök er nefnast UBO[1] sem koma fram fyrir þeirra hönd vegna útvarpsréttinda (e. broad

---

[1] Hér á landi nefnast samtökin UBOI, Union of Broadcasting Organisations for Iceland, en í Danmörku UBOD, í Finnlandi UBOF, í Noregi UBON og í Svíþjóð UBOS. Aðilar að UBO eru ARD (þ.m.t. öll svæðisbundin útvarpsfyrirtæki svo sem NDR og WDR) (Þýskalandi), ARTE G.E.I.E. (samevrópsk), Danmarks Radio – DR (Danmörku), France Télévisions (Frakklandi), KNR (Grænlandi), Kringvarp Føroya (Færeyjum), MTV3 (Finnlandi), Norsk Rikskringkasting AS – NRK (Noregi), RAI (Ítalíu), Ríkisútvarpið ohf. – RÚV (Íslandi), TVE (Spáni), Sveriges Television AB – SVT og UR (Svíþjóð),

casting rights) og höfundarréttargreiðslna fyrir eintakagerð til einkanota skv. 3. mgr. 11. gr. höfundalaga. Skv. 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 45. gr. a í höfundalögum er þó heimilt að endurvarpa framangreindum útsendingum í kapalkerfi fjölbýlishúsa eða samtengdra húsa með færri en 25 íbúðum, án þess að aflað sé leyfis eða greitt endurgjald til framangreindra rétthafa. Slík undanþága tekur hins vegar ekki til dreifingar í hótelum, stofnunum eða fyrirtækjum. Heimild sem aflað er til endurvarps í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 45. gr. a í höfundalögum veitir rétt til að taka við útsendingum hinna erlendu útvarpsfyrirtækja frá gervihnetti eða um netið og endurvarpa þeim óstytt, óþýtt, viðstöðulaust og samtímis hinni upphaflegu útsendingu um þráð eða þráðlaust til notenda hér á landi.

3.4 Stafrænt sjónvarp – nýir möguleikar og nýjar ógnir.

Með stafrænu sjónvarpi verða til nýir réttindagluggar, fyrir utan þá hefðbundnu sem fyrir eru, sem geta skapað tekjur fyrir bæði sjónvarpsstöðvar og framleiðendur, en réttindagluggi segir til um ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Þegar myndbandstæknin ruddi sér til rúms óttuðust framleiðendur að þeir mundu missa tekjur þar sem færri færu í kvikmyndahús og þeir fengju lægra verð þegar áhorfendur færu í auknum mæli að horfa á myndbönd. Þessi ótti reyndist ekki á rökum reistur og í raun jukust tekjurnar þar sem fleiri horfðu á efnið og sáu það jafnvel oft. Því má gera ráð fyrir að með því að bjóða þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View, PPV) og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun (e. Video-on-Demand, VOD) geti framleiðendur og rétthafar enn aukið tekjur sínar með nýjum réttindagluggum.

Framleiðendur og rétthafar standa hins vegar frammi fyrir áður óþekktu vandamáli þegar stafræn tækni er annars vegar. Í hliðrænni tækni rýrna gæðin ávallt við fjölföldun á efni. Ef efni sem hefur verið fjölfaldað er fjölfaldað á ný rýrna gæðin enn meira. Með tilkomu stafrænnar tækni geta gæði afrita nálgast gæði upprunaeintaka. Þetta þýðir að mun auðveldara er að fjölfalda stafrænt efni án þess að það komi verulega niður á gæðum. Vegna þessa hafa framleiðendur verið afar hikandi við að bjóða efni sitt á stafrænum sjónvarpskerfum og gera miklar öryggiskröfur til kerfanna. Það hefur sýnt sig að eftir að kvikmynd eða sjónvarpsþáttur er kominn á netið getur hann komist í hendur hundruð þúsunda netverja á nokkrum klukkustundum. Því hefur PPV- og VOD-efni yfirleitt verið selt í lokuðum kerfum, svo sem kapalkerfum eða ADSL þar sem tæknilegum ráðstöfunum er beitt til varnar ólögmætri eintakagerð og dreifingu efnis.

3.5 Sjónvarp og tölvutækni.

Mikill munur er á því að selja sjónvarpsefni í lokuðum hljóð- og myndmiðlunarkerfum annars vegar og í tölvukerfum hins vegar (IP-tækni). Gera þarf sérstaka grein fyrir þeim vanda sem rétthöfum stafar af IP-tækni. Ástæðan er sú að útsending á stafrænu sjónvarpi mun ekki einskorðast við þekkta sjónvarpsútsendingartækni heldur munu fjarskiptafyrirtæki í auknum mæli nýta sér tölvutækni við flutning á hljóð- og myndmiðlunarefni í framtíðinni. Framleiðendur hafa verið mjög tregir til að selja réttindi á IP-netum nema þeir geti tryggt ákveðið öryggi. IP-réttur getur verið með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða efni sem er miðlað til notandans og hann horfir á yfir netið. Hins vegar er um það að ræða að

SR (Svíþjóð), TV 2|Danmark (Danmörku), TV2 (Noregi), TV4 (Svíþjóð), VG Media (sem kemur fram fyrir hönd margra þýskra einkarekinna útvarpsfyrirtækja svo sem RTL, ProSieben og Sat.1) (Þýskalandi), YLE (Finnlandi) og Zweites Deutsches Fernsehen – ZDF (Þýskalandi).

kvikmynd er hlaðið niður á innbyggðan harðan disk í aðgangskassa sem áhorfandinn hefur aðgang að í ákveðinn tíma. Með því að hlaða niður kvikmynd á harðan disk skapast alltaf hætta á því að því að tæknilegar ráðstafanir séu sniðgengnar og eintök af myndinni komist í ólöglega dreifingu, t.d. um netið.

IP-réttindi verða algengari eftir því sem tækninni fleygir fram og notendum fjölgar en nokkur fyrirtæki bjóða upp á efni á þennan hátt. Réttur á myndefni á IP-kerfum er seldur til ákveðinna landa á sama hátt og annað sjónvarpsefni. Þetta þýðir að ef notendur í öðrum löndum ætla að kaupa efnið geta þeir það ekki þar sem öryggiskerfið síar út alla erlenda notendur. Ljóst er að slíkum fyrirtækjum mun fjölga ört á næstu árum, sérstaklega þar sem vel hefur gengið að bjóða löglegar tónlistarveitur. Sem dæmi um nýtingu slíkrar tækni má nefna BBC iPlayer þjónustuna þar sem ýmist er boðið er upp á áhorf og/eða niðurhal á dagskrá hjá BBC í eina viku eftir upphaflegan úsendingartíma. Þjónustan er aðeins í boði fyrir netnotendur á Bretlandseyjum. Til að viðskiptalegur grundvöllur sé fyrir því að bjóða upp á IP-sjónvarpsefni í meira mæli fyrir neytendur verður þó að tryggja vernd efnisins gagnvart ólögmætri eintakagerð og dreifingu.

3.6 Íslenskt sjónvarpsefni.

Bent hefur verið á að þar sem áhorfendur njóta menningar að stórum hluta í gegnum sjónvarp ætti vandað íslenskt efni að vera veigameiri þáttur í dagskrá innlendra sjónvarpsstöðva. Flestir telja að auka þurfi hlut vandaðra heimildarmynda og leikins innlends sjónvarpsefnis í íslensku sjónvarpi. Ástæðan fyrir því að ekki er gert meira af þessu efni er sú að það er mjög dýrt í framleiðslu og markaðurinn lítill en innlent efni er um sjötíu sinnum dýrara í framleiðslu en kaup á erlendum tilbúnum þætti.

Sjónvarpsstöðvarnar hafa takmarkað fjármagn og reyna því að ná til almennings með ódýrara innlendu eða erlendu efni. Framleiðendur hafa einnig bent á að það fjármagn sem ætlað er fyrir leikið íslenskt sjónvarpsefni hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands hrökkvi skammt til að styðja framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Sem dæmi má nefna að framleiðsla á klukkustundarlöngum leiknum sjónvarpsþætti í Evrópu kostar um 60–90 millj. kr.

Til að gera vandaðar íslenskar leiknar myndir þurfa innlendir framleiðendur að róa á erlend mið. Stuðningur á heimamarkaði er forsendan fyrir því að fá fjármagn frá útlöndum. Með slíkum stuðningi geta þeir sótt um í norrænum og evrópskum sjóðum, selt efnið erlendum sjónvarpsstöðvum eða reynt að fá einkafjármagn. Samkeppni er hins vegar mikil meðal framleiðenda og getur því reynst erfitt að koma verkefni af þessari gerð í framleiðslu.

Almennt má segja að íslenskir framleiðendur og efnisréttarhafar og rétthafar að erlendu efni séu í svipaðri stöðu þegar kemur að stafrænni hljóð- og myndmiðlun. Hvorir tveggja standa frammi fyrir ógnunum og tækifærum. Tækifærin felast í því að geta með nýjum leiðum, svo sem þáttasölusjónvarpi og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, aukið tekjur sínar. Með netsjónvarpi opnast einnig leiðir til að markaðssetja íslenskt efni á alþjóðamarkaði. Ógnanirnar felast hins vegar í því að auðveldara verður að fjölfalda efnið í stafrænum gæðum. Þetta þýðir að sjónvarpsefni getur breiðst út á meðal netverja á skömmum tíma.

3.7 Verð hljóð- og myndmiðlunarefnis á Íslandi.

Nú greiða íslenskir notendur hærra verð fyrir minna magn hljóð- og myndmiðlunarefnis en íbúar nágrannaríkja Íslands þar sem efnið er iðulega selt í ákveðnum pökkum. Íslenskir notendur hafa um árabil greitt tvöfalt hærra verð fyrir sambærilegt sjónvarpsefni ef miðað

er við önnur Norðurlönd og þrefalt hærra verð ef miðað er við Bretland. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Þá hafa einkafyrirtækin fjárfest í viðamiklum stafrænum dreifikerfum. Ljóst er að íslenskir notendur eru m.a. að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum.

Vodafone/Sýn og Síminn/Skjárinn hafa um árabil keppt um áskrifendur og fjarskiptanotendur. Hafa fyrirtækin þurft að bjóða enn hærra verð fyrir efni en samkeppnisaðilinn á undanförnum árum til að tryggja aðgang að eftirsóknarverðu efni. Þar sem efni er ásamt dreifingu og auglýsingatekjum einn þeirra þriggja þátta sem ákvarða velgengni fjölmiðils á markaði er eðlilegt að fjölmiðlar reyni að ná í eftirsóknarverðasta efnið. Ástandið á Íslandi á liðnum árum leiddi til þess að verð á erlendu efni hækkaði mikið þar sem fyrirtæki greiddu æ hærra verð til að ná eftirsóknarverðasta efninu en með því var reynt að ná hylli áhorfenda. Þetta leiddi til þess að notendur þurftu að greiða afar hátt verð fyrir áskrift að myndmiðlunarþjónustu. Verð á vinsælu bandarísku efni þrefaldaðist á nokkrum árum. Vinsælir bandarískir þættir sem kostuðu um 1.500 bandaríkjadali í innkaupum upp úr árinu 2000 hækkuðu upp í 5.000–5.500 bandaríkjadali á 5–6 árum. Þetta þýddi að um nokkurra ára bil var greitt sama verð fyrir klukkustundina á markaði með 300.000 íbúa og í Danmörku þar sem íbúar eru sautján sinnum fleiri. Fyrir efnahagshrunið var svo komið að aðeins Ísland og Ísrael greiddu viðlíka verð fyrir bandarískt sjónvarpsefni. Við þessar aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn og bjóða úrval af innlendu og erlendu efni í samkeppni við sjónvarpsstöðvarnar sem fyrir eru. Einnig ber að hafa í huga að þar sem íslenskar stöðvar hafa greitt hlutfallslega mjög hátt verð fyrir efnið hefur reynst erfitt fyrir þær að vera samkeppnishæfar á alþjóðlegum hljóð- og myndmiðlunarmarkaði.

Dreifing hljóð- og myndmiðlunarefnis hér á landi er jafnframt kostnaðarsöm fyrir fámennan markað. Verð á sjónvarpsefni fór sífellt hækkandi og mörg heimili fóru að kaupa áskrift að erlendu sjónvarpsefni hjá íslenskum aðilum sem ekki var heimilt að selja hér á landi. Á fámennum markaði hafa þessir samverkandi þættir áhrif á verð og dreifingu á íslenskum sjónvarpsdagskrám.

IV.
Samstarf Evrópuríkja.

4.1 Inngangur.

Evrópuríki hafa undanfarna áratugi haft með sér öflugt og fjölþætt samstarf um málefni fjölmiðla, jafnt innan Evrópuráðsins sem og á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og síðar Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Markmið þessa samstarfs er margvíslegt og skuldbindingargildi þess fyrir íslenska ríkið ekki í öllum tilvikum hið sama. Innan Evrópuráðsins lýtur samstarfið fyrst og fremst að því að útfæra tjáningar- og upplýsingafrelsi það sem kveðið er á um í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og ríkuleg áhersla lögð á að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni fjölmiðla sé skilyrði þess að lýðræðislegt þjóðfélag fái þrifist. Innan ESB og EES lýtur samstarfið hins vegar einkum að því að koma á öflugum innri markaði á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar. Löggjöf ESB á þessu sviði miðar að því að samræma löggjöf aðildarríkjanna um tiltekna þætti hljóð- og myndmiðlunar og er íslenska ríkið skuldbundið til að leiða það í lög vegna EES-samningsins. Á þessum vettvangi hefur að auki verið lögð áhersla á örugga netnotkun barna og ungmenna, evrópska kvikmyndagerð, fjölmiðlalæsi og fjölbreytni fjölmiðla, og hafa stofnanir ESB sent frá sér tilmæli um þau málefni.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fyrst vikið að samstarfi ríkja á vettvangi Evrópuráðsins og að svo búnu að löggjöf innan ESB og EES. Í þeirri umfjöllun verður sjónum

fyrst og fremst beint að þeim gerðum sem íslenska ríkið er skuldbundið til að leiða í lög og stuttlega vikið að þeim tilmælum sem stofnanir ESB hafa sent frá sér um málefni fjölmiðla.

4.2 Evrópuráðið.

Mikilvægasta starf Evrópuráðsins er að styrkja lýðræði, mannréttindi og undirstöður réttarríkisins í öllum 47 aðildarríkjum ráðsins. Grundvöllurinn að starfi Evrópuráðsins er 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), en sú grein fjallar um vernd tjáningarfrelsis. Starf Evrópuráðsins er margþætt og er fjallað um fjölmiðla og hlutverk þeirra í ýmsum stýrinefndum innan ráðsins. Sú nefnd sem er ætlað að fjalla sérstaklega um fjölmiðla og tjáningarfrelsið er stýrinefndin um fjölmiðla og nýja miðla (e. Steering Committee on the Media and New Communication Services, CDMC) en í henni sitja sérfræðingar frá aðildarlöndum Evrópuráðsins ásamt fjöldamörgum áheyrnarfulltrúum frá öðrum löndum, stofnunum og hagsmunasamtökum. Nefndin er virk í starfi sínu og fjallar um málefni sem skipta öll Evrópuríki máli, svo sem tjáningarfrelsi, frelsi til upplýsinga, samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum, fjölbreytni í fjölmiðlum, sjálfstæði stjórnsýslustofnana er fara með fjölmiðlamál, ógnir og tækifæri nýrra miðla o.fl. Stýrinefndin semur tilmæli, yfirlýsingar og leiðbeiningar. Þá stendur hún fyrir fundum, ráðstefnum og málþingum sem gefur aðildarlöndum tækifæri á að skiptast á reynslu og upplýsingum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með aðild Íslands að stýrinefnd um fjölmiðla og nýja miðla.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1982 um tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga er mikil áhersla lögð á það í aðildarríkjum að fjöldi sjálfstæðra og óháðra fjölmiðla sem endurspegli fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir séu starfandi. Þá segir í tilmælum ráðherranefndarinnar nr. (94) 13 að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni fjölmiðla sé skilyrði þess að lýðræðislegt þjóðfélag fái þrifist.

Í ályktun ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn var í Prag 1994 er fullyrt að lýðræði fái ekki vaxið og dafnað nema fyrir hendi sé í fjölmiðlunum sjálfstæð og ábyrg blaðamennska sem nálgist viðfangsefni sitt úr ólíkum áttum. Slík blaðamennska hafi það að markmiði að upplýsa almenning um gerðir yfirvalda og um það sem gerist í atvinnulífinu til þess að almenningur geti myndað sér skoðanir. Þá er það einnig markmið slíkrar blaðamennsku að gefa einstaklingum og hópum kost á að tjá sig og hafa stöðugt og gagnrýnið eftirlit með valdhöfum í víðum skilningi.

Á síðasta ráðherrafundi Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn var í Kiev 2005 var að gefnu tilefni fjallað um mikilvægi þess að virða tjáningarfrelsið og frelsi til upplýsinga þegar hættuástand steðjar að. Þá var ályktað um mikilvægi menningarlegrar fjölbreytni og fjölbreytni í fjölmiðlum á tímum alþjóðavæðingar. Einnig var ályktað um að virða skuli mannréttindi og huga að framþróun nýmiðlunar í upplýsingasamfélaginu. Síðan ráðherrafundurinn var haldinn hefur stór hluti þess sem stýrinefndin fjallaði og ályktaði um tengst nýjum miðlum. Jafnframt var nafni stýrinefndarinnar breytt úr stýrinefnd um fjölmiðla í stýrinefnd um fjölmiðla og nýja miðla.

Síðasti ráðherrafundur um fjölmiðla og nýja miðla var í maí 2009 í Reykjavík. Þar ályktuðu ráðherrar fjölmiðlamála aðildarríkja Evrópuráðsins um þau fjölmiðlamál sem brýnast er að fjallað sé um nú. Má þar nefna endurskilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill með tilkomu nýrra miðla, hlutverk fjölmiðla í almannaþjónustu í harðnandi samkeppnisumhverfi og rétt til andsvara í nýjum miðlum. Jafnframt var ályktað um mikilvægi netsins fyrir tjáningarfrelsið og mikilvægi þess að hryðjuverkalög og önnur lög til verndar hagsmunum ríkja séu ekki misnotuð á kostnað tjáningarfrelsis og frelsis til upplýsinga.

Sáttmálinn um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on Transfrontier Television) heyrir undir Evrópuráðið. Í sáttmálanum er að finna lágmarksreglur um sjónvarp án landamæra til að sjónvarpsmerki geti óhindrað farið yfir landamæri innan Evrópu. Sáttmálinn tók gildi árið 1989 og var viðleitni aðildarríkja Evrópuráðsins til að setja samræmdar reglur um sjónvarp. Sáttmálinn varð grunnurinn að tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarp án landamæra sem tók gildi sama ár. Gerðar voru breytingar á sáttmálanum árið 1998, ári eftir að breytingar voru gerðar á tilskipun ESB og nú er verið að vinna að breytingum til samræmis við nýja tilskipun Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðlun.

Megintilgangur sáttmálans er að styðja við 10. gr. mannréttindasáttmálans og tryggja að sjónvarpsefni hlíti samræmdum lágmarksreglum og sé aðgengilegt áhorfendum án tillits til landa og landsvæða. Þannig geta áhorfendur í aðildarlöndum Evrópuráðsins fengið aðgang að fjölbreyttu efni og upplýsingum auk þess að hafa aðgang að margbreytilegum skoðunum. Munurinn á sáttmála Evrópuráðsins og tilskipun Evrópusambands er að sáttmálinn nær aðeins til þess efnis sem sent er yfir landamæri, þ.e. efnis sem sent er út í einu landi en er jafnframt aðgengilegt í einu eða fleiri löndum. Sjónvarpsefnið sem sáttmálinn nær til afmarkast við það hvort hægt er að sjá efnið í öðru landi. Tilskipun ESB nær hins vegar til bæði til efnis sem aðeins er aðgengilegt í aðildarlöndunum sjálfum (e. domestic) og til efnis sem næst í öðrum löndum (e. transfrontier).

Efni sáttmálans og tilskipunar ESB er um margt líkt. Gerðar eru kröfur um innihald efnisins, t.d. er varðar auglýsingar, rétt almennings til að sjá mikilsverða viðburði, rétt til andsvara, vernd barna gegn skaðlegu efni, lögsögu o.fl.

Hafa ber í huga að aðildarlönd Evrópuráðsins eru mun fleiri en aðildarlönd Evrópusambandsins. Því eru mörg lönd sem ekki er skylt að innleiða löggjöf ESB, en hafa þó staðfest sáttmálann eða eru í þann mund að gera það. Má þar nefna lönd eins og Tyrkland, Úkraínu og Sviss. Því gilda sambærileg ákvæði og kveðið er á um í tilskipun ESB um sjónvarpsefni í ýmsum löndum utan Evrópusambandsins. Flest aðildarlönd Evrópuráðsins hafa staðfest sáttmála Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra, Ísland er þó ekki eitt þeirra.

Þess má geta að undir Evrópuráðið heyrir Evrópska upplýsingamiðstöðin um hljóð- og myndmiðla (e. European Audiovisual Observatory). Miðstöðin er staðsett í Strassborg og hefur það að markmiði að safna, vinna og dreifa upplýsingum um hljóð- og myndmiðlunarmarkaðinn í Evrópu. Miðstöðin safnar og gefur út bæði megindlegar og eigindlegar rannsóknaniðurstöður um fjölmiðlamarkaðinn, auk lögfræðilegra og fjárhagslegra upplýsinga um fjölmiðla í Evrópu. Miðstöðin gefur út upplýsingaritið IRIS-Legal Observations of the European Audiovisual Observatory og árlegt rit (Statistical Yearbook – Film, Television, Video & New Media in Europe). Þá gefur miðstöðin út ýmiss konar rit um ólíka þætti er snerta hljóð- og myndmiðla í Evrópu. Þess má jafnframt geta að miðstöðin heldur viðamikla gagnabanka um lögfræðileg mál og fjármál er snerta hljóð- og myndmiðla í Evrópu, auk þess að halda úti heimasíðu. Evrópusambandið hefur verið þátttakandi í Evrópsku upplýsingamiðstöðinni um hljóð- og myndmiðla síðan árið 1999. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að Evrópusambandið verði þátttakandi a.m.k. fram til ársins 2013. Framkvæmdastjórn ESB er fulltrúi Evrópusambandsins í samstarfinu. Ísland hefur ekki tekið þátt í samstarfi Evrópsku upplýsingamiðstöðvarinnar.

4.3 Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.

Á vettvangi Evrópusambandsins fer fram margvíslegt samstarf um fjölmiðla almennt þó svo að megináherslan sé á hljóð- og myndmiðlun. Þó er jafnframt um samstarf að ræða sem

lýtur að nokkrum meginþáttum sem varða alla fjölmiðla. Hér í framhaldinu verður sjónum fyrst beint að samstarfi á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar en því næst að öðru samstarfi á almennari nótum.

4.3.1 Frá sjónvarpi án landamæra til hljóð- og myndmiðlunarþjónustu án landamæra.

Samstarf ríkja á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) tekur fyrst og fremst til fjórfrelsisins svokallaða sem miðar að því að koma á einsleitum innri markaði og kerfi sem tryggir að samkeppni á þeim markaði verði ekki raskað. Í því felst sem kunnugt er afnám hindrana sem standa í vegi fyrir frjálsum vöruviðskiptum, frjálsri þjónustustarfsemi, frjálsum fjármagnsflutningum og frjálsri för fólks, sem og skilvirku samkeppniseftirliti.

Tilkoma gervihnattasjónvarps á níunda áratugnum gerði sjónvarp yfir landamæri auðveldara en áður og kallaði á aukið samstarf innan ESB varðandi löggjöf og lagaframkvæmd á þessum vettvangi. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið árið 1989 með setningu tilskipunar nr. 89/552/EBE um sjónvarp án landamæra sem ætlað var að tryggja frelsi til sjónvarpsútsendinga á hinum innri markaði. Með tilskipuninni skuldbundu aðildarríkin sig til að leyfa sjónvarp frá öðrum aðildarríkjum að tilteknum lágmarkskröfum uppfylltum. Í þessum lágmarkskröfum fólst í fyrsta lagi að dagskrárefni innihéldi hvorki klám né stuðlaði að kynþáttahatri, í öðru lagi að óheimilt væri að senda út efni til þess fallið að skaða börn á þeim tíma dags sem þau eru líkleg til að horfa á það og í þriðja lagi að tryggja að meiri hluti efnis (að undanskildum fréttum, íþróttaefni, leikjum, auglýsingum, fjarsölu og textavarpi) væri af evrópskum uppruna eftir því sem unnt var. Í fjórða lagi voru ítarlegar kröfur gerðar um innihald og lengd auglýsinga og aðgreiningu þeirra frá öðru efni. Enn fremur var lagt bann við tóbaksauglýsingum og ákveðnar skorður reistar við efni áfengisauglýsinga. Í fimmta lagi voru reglur sem miðuðu að því að tryggja að þjóðfélagslega þýðingarmiklir atburðir lytu ekki einkarétti til útsendingar þannig að markverður hluti almennings gæti ekki fylgst með í opinni dagskrá. Tilskipunin fól í sér að reglur upprunalandsins giltu um sjónvarpsefni, þ.e. reglur þess lands þar sem sjónvarpsstöð hafði staðfestu. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að ein og sama sjónvarpsstöðin þyrfti að lúta lögsögu fleiri en eins ríkis vegna sömu dagskrárinnar.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra var leidd í lög hér á landi með lögum nr. 82/1993, um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985. Tilskipuninni var svo breytt með tilskipun nr. 97/36/EB og voru þær breytingar leiddar í lög með gildandi útvarpslögum.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra með síðari breytingum fjallar einungis um hefðbundnar sjónvarpsútsendingar, þ.e. útsendingar með rafsegulbylgjum frá einum punkti til margra. Hún tekur því ekki til dreifingar dagskrárefnis á netinu eða annarrar þjónustu eftir pöntun (e. on-demand services). Óhætt er að segja að umfangsmiklar tækniframfarir hafi orðið frá því að hún tók gildi og landslag þessa markaðar breyst gífurlega. Það þótti því nauðsynlegt að taka hana til gagngerrar endurskoðunar og var afraksturinn tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu nr. 2007/65/EB sem bæði breytir heiti löggjafarinnar og rýmkar gildissvið hennar verulega.

Hin nýja tilskipun er yfirgripsmikil rammalöggjöf sem tekur til allrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Með henni eru ýmsar reglur rýmkaðar og sveigjanleiki aukinn auk þess sem reglur um sjónvarpsauglýsingar eru nútímavæddar m.a. í þeim tilgangi að auðvelda fjármögnun hljóð- og myndmiðlunarefnis. Með hinni nýju tilskipun er leitast við að svara þeim tækniframförum sem orðið hafa og efla og jafna samkeppni á þessum markaði í Evrópu með því að setja nýjar tegundir miðlunar

hljóð- og myndefnis undir sama hatt og hefðbundið sjónvarp. Þá eru stoðir eldri tilskipunarinnar treystar og áhersla lögð á menningarlega fjölbreytni, vernd barna, neytendavernd, fjölbreytni fjölmiðla og baráttuna við fordóma á grundvelli kynþáttar og trúarskoðana. Loks er með hinni nýju tilskipun lögð áhersla á það að í aðildarríkjunum starfi öflugir og sjálfstæðir aðilar sem hafi eftirlit með framkvæmd löggjafar á þessu sviði og annist framfylgni hennar.

Rétt þykir að víkja nokkrum orðum að helstu breytingum sem tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu hefur í för með sér á tilskipun um sjónvarp án landamæra.

Svo sem fyrr greinir er gildissvið tilskipunarinnar rýmkað verulega. Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta tekur þannig til hefðbundinna sjónvarpsútsendinga, svokallaðrar línulegrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, sem og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, svokallaðrar ólínulegrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Til þess að slík þjónusta falli undir tilskipunina þarf henni hins vegar að vera beint að almenningi í þeim tilgangi að upplýsa, skemmta eða fræða. Í þessu sambandi skal þess þó getið að þær reglur sem gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun eru að nokkru leyti rýmri en þær sem gilda um hefðbundnar sjónvarpsútsendingar og ræðst það einkum af því vali sem kaupandi slíkrar þjónustu hefur.

Tilskipunin mælir jafnframt fyrir um samstarf á milli aðildarríkjanna í tilvikum þar sem útsendingu frá hljóð- og myndmiðlunarþjónustuveitanda í einu aðildarríki er að fullu eða að verulegu leyti beint að móttakendum í öðru aðildarríki hafi síðarnefnda aðildarríkið nýtt sér heimild sína til að setja strangari reglur um einhverja þá þætti sem tilskipunin mælir fyrir um. Umrætt ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir að hljóð- og myndmiðlunarþjónustuveitendur geti farið í kringum lög þess aðildarríkis sem þjónusta þeirra er í raun ætluð með því að stofnsetja sig í aðildarríki sem hefur frjálslegri löggjöf.

Þá er gerð krafa um gagnsæi á markaði fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og skylda lögð á öll þau fyrirtæki sem á honum starfa að veita upplýsingar um eignarhald og annað nauðsynlegt til að greina hver fer með yfirráð í þeim.

Tilskipunin mælir að sama skapi fyrir um að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa staðfestu á EES-svæðinu skuli hafa aðgang að atburðum sem teljast þýðingarmiklir fyrir almenning og eru sendir út á grundvelli einkaréttarsamninga í þeim tilgangi að flytja stuttar fréttir af viðkomandi viðburði. Tilgangur ákvæðisins er að greiða fyrir frjálsu flæði upplýsinga.

Þá leggur tilskipunin þá skyldu á aðildarríkin að þau tryggi að veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun komi evrópskum verkum á framfæri á sama hátt og aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur.

Tilskipunin skilgreinir enn fremur við hvaða aðstæður og í hvaða dagskrárliðum aðildarríkjunum er frjálst að heimila vöruinnsetningu. Aðildarríkin geta þó mælt fyrir um að strangari reglur skuli gilda að þessu leyti um þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir lögsögu þeirra.

Hvað sjónvarpsauglýsingar varðar gilda enn sömu efnistakmarkanir og áður. Reglur um magntakmarkanir sem og auglýsingainnskot hafa hins vegar verið rýmkaðar. Takmarkanir á tímalengd auglýsingainnskota á hverri klukkustund eru þó enn óbreytt og slík innskot mega því ekki vara lengur en alls 12 mínútur á hverri klukkustund.

Ætlunin með auknum sveigjanleika í þessu sambandi sem og reglum um vöruinnsetningu er að skjóta sterkari stoðum undir efnahagslega afkomu fjölmiðlaþjónustuveitenda að teknu tilliti til hagsmuna neytenda.

Þá leggur tilskipunin skyldu á aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til að tryggja að skorður séu settar við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem ætlað er að hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda efni sem ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur.

Tilskipunin mælir enn fremur fyrir um að hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem er til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim að jafnaði óaðgengilegt.

Með tilskipuninni er jafnframt stefnt að því að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að hljóð- og myndmiðlunarefni. Aðildarríkin skulu því hvetja fjölmiðlaþjónustuveitendur undir lögsögu sinni til að tryggja að sú þjónusta sem þeir veita sé smám saman gerð aðgengilegri sjón- og heyrnarskertum, t.d. með hljóðlýsingum og textun.

Sameiginlegt eftirlit og/eða sjálfseftirlit (e. co- and self-regulation) hefur á mörgum sviðum reynst vel í ýmsum aðildarríkjum. Með það að leiðarljósi skyldar tilskipunin aðildarríkin til að hvetja til slíkrar reglusetningar um þau atriði sem með henni eru samræmd að því marki sem réttarkerfi þeirra heimila.

Loks mælir tilskipunin fyrir um að eftirlitsstofnanirnar í aðildarríkjunum skuli hafa með sér samstarf og skiptast á nauðsynlegum upplýsingum um framkvæmd tilskipunarinnar bæði sín á milli sem og við framkvæmdastjórnina í þeim mæli sem þörf er á.

Í drögum að tilskipuninni var lengst af gerð sú krafa að aðildarlöndum væri skylt að tryggja sjálfstæði stjórnsýslustofnana er færu með eftirlit með fjölmiðlaþjónustuveitendum. Á lokasprettinum var þó afráðið að umrætt ákvæði yrði ekki hluti af tilskipuninni, en eftir stendur að eftirlit og framkvæmd gerir ráð fyrir að sjálfstæð stjórnsýslustofnun hafi eftirlit með framkvæmd hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins í hverju aðildarlandi.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur komið upp tengslafundum fyrir hinar sjálfstæðu stjórnsýslustofnanir til að þær geti sem best framfylgt tilskipunum sambandsins. Hittast slíkar stofnanir því reglulega á fundum með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að ræða sameiginleg álitaefni er snerta hljóð- og myndmiðla.

Þess skal að endingu getið að með þeim breytingunum sem gerðar voru á tilskipun um sjónvarp án landamæra árið 1997 var sett á fót tengslanefnd hjá framkvæmdastjórninni um hljóð- og myndmiðla (Contact Committee). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stýrir tengslanefndinni og á hvert aðildarland fulltrúa í henni. Þá hafa EFTA, Noregur og Ísland áheyrnarfulltrúa í tengslanefndinni. Hlutverk tengslanefndarinnar er að skiptast á upplýsingum við innleiðingu tilskipana um hljóð- og myndmiðla. Einnig er hlutverk nefndarinnar að fylgjast með breytingum sem verða á hljóð- og myndmiðlunarmarkaði og skiptast á skoðunum. Þá er það hlutverk nefndarinnar að aðstoða aðildarlönd við að senda tölulegar upplýsingar um fjölmiðlamarkaðinn eins og tilskipunin gerir ráð fyrir. Tengslanefndin fylgist einnig sérstaklega með tækniframþróun sem verður á hljóð- og myndmiðlunarmarkaði.

4.3.2 Annað samstarf.

Fjölmiðlun er afar mikilvæg atvinnugrein innan Evrópusambandsins. Þess ber að geta að við aðeins hljóð- og myndmiðlun starfar meira en ein milljón manna. Þessi þáttur atvinnulífsins hefur því verulega efnahagslega þýðingu auk þess sem fjölmiðlar hafa veigamiklu félagslegu og menningarlegu hlutverki að gegna. Þá eru fjölmiðlar mikilvægir til að miðla upplýsingum og fréttum þannig að borgarar geti metið og myndað sér skoðanir og þannig orðið virkir þátttakendur í lýðræðislegri umræðu aðildarríkjanna. Sjónvarp er án efa ein mikilvægasta uppspretta upplýsinga og afþreyingar í evrópsku samfélagi þar sem viðtæki er á

nánast hverju heimili og meðal-Evrópubúi horfir á sjónvarp í 150–260 mínútur á degi hverjum. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að sjónvarp er jafnan talið hafa verulegan slagkraft og þar með víðtæk áhrif á skoðanamyndun almennra borgara á flestum sviðum. Þá hefur útbreiðsla nýrra miðla og nýrra miðlunarleiða, svo sem rafrænna ritmiðla, vaxið ört á undanförnum árum og aukið þörfina á frekara samstarfi á þessu sviði.

Í ljósi þessa hafa aðildarríki Evrópusambandsins með sér umtalsvert samstarf á þessum vettvangi, til viðbótar þeirri löggjöf sem útlistuð var í kafla 4.3.1, auk þess sem ESB á í margvíslegu ytra samstarfi bæði við þriðju ríki og ýmsar alþjóðastofnanir. Aðildarríki EFTA hafa á grundvelli EES-samningsins tekið þátt í hluta þessa samstarfs. Hér á eftir verður greint frá meginþáttum þess og tiltekið eftir því sem við á hvort Ísland er þátttakandi í því á grundvelli EES-samningsins og hvernig þeirri þátttöku er þá háttað.

4.3.3 Vernd barna og ungmenna.

Innan ESB er lögð rík áhersla á það að þróun fjölmiðlunar haldist í hendur við vernd almennra hagsmuna allra evrópskra borgara, einkum og sér í lagi barna og ungmenna. Svo sem áður greinir er að finna sérstök ákvæði í sjónvarpstilskipuninni og hinni nýju hljóð- og myndmiðlunartilskipun um vernd barna og ungmenna gegn efni sem er til þess fallið að hafa alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra auk þess sem veitendum hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun ber að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að börn og ungmenni hafi ekki aðgang að slíku efni. Vegna hinnar öru tækniþróunar á þessum vettvangi og aukinnar útbreiðslu nýrra miðla hafa aðildarríkin einnig með sér samstarf að þessu leyti í víðara samhengi.

Til viðbótar við ákvæði tilskipananna koma síðan tilmæli frá Evrópuþinginu og ráðinu um vernd barna og ungmenna og mannlega reisn í öllum rafrænum ritmiðlum sem aðildarríkjum Evrópusambandsins er ætlað að taka mið af við lagasetningu á þessum vettvangi („Recommendation on the Protection of Minors and Human Dignity and on the Rigth of Reply“ frá 20. desember 2006 og „Recommendation on the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services“ frá 28. maí 1998). Á grundvelli þessara tilmæla ber aðildarríkjunum m.a. að leitast við að innleiða andsvarsrétt eða sambærilegan rétt í netmiðlum, stuðla að ábyrgri notkun barna og ungmenna á því sem upplýsingasamfélagið hefur upp á að bjóða, hvetja fjölmiðlaþjónustuveitendur á netinu og önnur netfyrirtæki til að berjast gegn mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar, án þess þó að takmarka tjáningar- eða prentfrelsi, setja siðareglur í samráði við fag- og eftirlitsaðila og leita leiða til að berjast gegn allri ólöglegri starfsemi sem er til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á börn og ungmenni á netinu. Samkvæmt tilmælunum ber þeim sem starfa á þessum vettvangi jafnframt að sýna samfélagslega ábyrgð með því að vinna að sömu markmiðum eftir því sem kostur er.

Þá hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér tilmæli um vernd neytenda, einkum barna og ungmenna, varðandi notkun tölvuleikja („Communication of The European Commission on protection of consumers, in particular minors, in respect of the use of video games“). Tölvuleikir eru eitt vinsælasta afþreyingarefni evrópskra borgara í hinum ýmsu aldursflokkum og samfélagshópum. Þá hafa vinsældir gagnvirkra tölvuleikja aukist mikið á undanförnum árum sem og vinsældir tölvuleikja á netinu og er nú um að ræða iðnað sem veltir gífurlegum fjárhæðum. Þessar síauknu vinsældir hafa jafnframt stuðlað að framförum á fjarskiptamarkaði og aukinni útbreiðslu þriðju kynslóðar farsíma. Af þessum sökum eru tölvuleikir miðlunarform í fremstu röð og tjáningarfrelsi bæði þeirra sem þá skapa og þeirra sem þá spila þarft

umhugsunarefni að mati framkvæmdastjórnarinnar. Þess ber þó að geta að tölvuleikir geta haft veruleg sálræn áhrif á börn og ungmenni og því þarf að tryggja að þeim sé búin fullnægjandi vernd og að börn og ungmenni hafi ekki aðgang að tölvuleikjum sem eru líklegir til þess að hafa skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Umrædd tilmæli bera þess glöggt merki að framkvæmdastjórninni er umhugað að skapa eðlilegt jafnvægi á milli þessara tveggja þátta. Með þeim er þannig lögð áhersla á að aðildarríkin taki upp PEGI-kerfið svokallaða sem byggist á því að tölvuleikir séu auðkenndir með sérstöku merki sem gefur til kynna hvort innihald þeirra sé viðeigandi fyrir einstaka aldurshópa og gerir þannig foreldrum auðveldara að velja tölvuleiki sem hæfa börnum þeirra. Þess er jafnframt freistað með tilmælunum að vekja alla þá sem hagsmuna hafa að gæta til umhugsunar og hvetja þá til að leita leiða til að skapa fullnægjandi jafnvægi á milli tjáningarfrelsis og verndar barna og ungmenna að þessu leyti.

Sérstakur liður í vernd barna og ungmenna að þessu leyti er SAFT-verkefnið svokallaða sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins. SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af Evrópusambandinu. Samningsaðili við ESB hér á landi er Heimili og skóli – landssamtök foreldra sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

Heimili og skóli er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og hamlar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar.

Samningsaðilum að verkefninu er ætlað að hanna og framkvæma markvisst vakningarátak um örugga og ábyrga notkun á netinu og tengdum miðlum. Þá er markmiðið að efla vitund um hvernig hægt er að njóta netsins og nýrra miðla á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt. SAFT er ætlað að ná til barna og unglinga, foreldra, netþjónustuaðila og skólakerfisins. Lögð er áhersla á siðferði á netinu, persónuvernd, farsímaöryggi auk þess sem verkefninu er ætlað að veita fræðslu um tölvuleiki og gagnrýna netnotkun.

Fræðslan felur m.a. í sér dreifingu kennsluefnis í grunnskóla, jafningjafræðslu og söfnun og dreifingu upplýsinga, t.d. um notkun tölvuleikja meðal barna, um það hvort munur er á notkun kynjanna á netinu og nýjum miðlum og um mismunandi notkun þessara miðla í eldri og yngri hópum barna. Þá hefur verið gert markvisst fræðslu- og upplýsingaátak fyrir foreldra svo að þeir verði betur í stakk búnir til að fræða börn sín og njóta netsins og nýrra miðla með þeim. Einnig er reynt að hafa víðtækt samstarf og samræmt átak á landsvísu við aðila innan stjórnsýslunnar, þá sem koma að menntun og tómstundastarfi barna og unglinga, netþjónustuaðila, forvarnaraðila, foreldra, fjölmiðla og börn og unglinga. Að landsrétti koma fyrirmæli af þessum toga m.a. fram í lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Við lögtöku þeirra var einmitt horft til evrópskra viðmiða og reglusetningar og sem dæmi má nefna að í lögunum er lögð til grundvallar aldursflokkun samkvæmt PEGI- (Pan-European Game Information) og Kijkwijzer-kerfunum svonefndu.

4.3.4 Evrópsk kvikmyndagerð.

Hluti af löggjöf ESB á þessum vettvangi lýtur að evrópskum kvikmyndum og evrópskri kvikmyndagerð og miðar að því að styrkja nefndan iðnað eftir því sem kostur er og varðveita þau verðmæti sem þegar hafa skapast. Framkvæmdastjórnin hefur sett reglur sem heimila að

gerð kvikmynda sé styrkt af einstökum aðildarríkjum svo framarlega sem slíkt hamlar ekki samkeppni á innri markaði ESB og að tilteknum frekari skilyrðum uppfylltum. Markmiðið með reglunum er að efla evrópska menningu og gera evrópskan kvikmyndaiðnað betur samkeppnishæfan á alþjóðavettvangi.

Eitt af hlutverkum ESB samkvæmt Rómarsáttmálanum er að hvetja aðildarríkin til samstarfs um vernd evrópskra menningarverðmæta, þ.m.t. evrópskra kvikmynda. Í því skyni hafa Evrópuþingið og ráðið sent frá sér tilmæli þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að evrópskum kvikmyndaarfi sé kerfisbundið safnað saman, hann skráður, verndaður og endurbættur, til að tryggja að unnt sé að miðla honum áfram til komandi kynslóða og aðildarríkin hvött til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni („Recommendation to Member States on film heritage“ frá árinu 2005).

Þá ber að nefna að í sjónvarpstilskipuninni og hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er að finna ákvæði sem eru liður í þessu samstarfi aðildarríkjanna og skylda fjölmiðlaþjónustuveitendur til að gera evrópsku hljóð- og myndmiðlunarefni hátt undir höfði. Þar er einnig að finna tilteknar reglur um það hvernig koma eigi því efni á framfæri og efla framleiðslu þess svo sem nánar verður útlistað síðar.

4.3.5 MEDIA-áætlunin.

MEDIA er skammstöfun á „Measures to Encourage the Development of the European Industry of the Audiovisual Production“ sem útleggst á íslensku Átak til eflingar evrópskum kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunariðnaði. MEDIA-áætlunin er á vegum Evrópusambandsins og gildir frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2013. Veittar verða um 700 milljónir evra á tímabilinu. EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein eiga aðild að áætluninni fyrir tilstilli EES-samningsins.

MEDIA-áætluninni er ætlað að styðja við evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn með ýmiss konar stuðningsaðgerðum. Henni er ætlað að styrkja framhaldsmenntun og þjálfun fagfólks, undirbúning verkefna eða verkefnapakka og dreifingu og markaðssetningu myndefnis. Styrkir eru veittir til leikins efnis, heimildarmynda, teikni- og hreyfimynda og margmiðlunarverkefna.

Markmið MEDIA-áætlunarinnar er jafnframt að styrkja alþjóðlega dreifingu á evrópskum myndum og margmiðlunarefni og að efla samspil á milli markaðsins og styrkjakerfa. Þá er áætluninni ætlað að vera nógu sveigjanleg til að geta aðlagað sig að tækniþróun sem vafalítið mun eiga sér stað á tímabilinu. Einnig á áætlunin að styrkja sérstaklega verkefni frá svæðum þar sem kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunariðnaðurinn er rýr og verkefni frá litlum málsvæðum.

4.3.6 Efni fyrir nýja miðla.

Í byrjun árs 2008 fór framkvæmdastjórn Evrópusambandsins af stað með nýtt verkefni sem hefur það að markmiði að auka efni fyrir nýja miðla (e. Content On-line). Er verkefninu ætlað að koma á auknu samstarfi milli framleiðenda efnis, fjarskiptafyrirtækja og netfyrirtækja. Ætlunin er að notendum standi til boða meira evrópskt höfundarréttarvarið efni fyrir nýja miðla. Jafnframt er markmiðið að auðvelda flæði efnis yfir landamæri aðildarríkja.

Framkvæmdastjórnin telur að skortur á evrópsku efni fyrir nýmiðla geri það að verkum að tæknileg framþróun sé hægari en nauðsynlegt er. Þar sem nýmiðlun er enn í mótun er óvíst hvaða efni notendur vilja og hvernig þeir vilja nýta efnið. Slík óvissa gerir það að verkum að framleiðendur hafa verið hikandi við að bjóða efni sitt. Markmið verkefnisins er því

að gera fjölmiðlaþjónustuveitendum, fjarskiptafyrirtækjum og framleiðendum efnis auðveldara að bjóða efni yfir landamæri, að koma í veg fyrir eða minnka einkarétt á efni, að gæta að því að efni sé nýtt og að koma í veg fyrir að efni sé vöndlað saman í sérstaka áskriftarpakka.

Þá er markmið verkefnisins að draga úr framboði sjóræningjaefnis á netinu. Hægt er að ná slíku takmarki m.a. með aukinni fræðslu um gildi höfundarréttar og með því að auka samvinnu milli framleiðenda efnis, notenda og fjarskiptafyrirtækja. Þá er einnig ætlunin að auka notkun á tækni sem auðveldar rétthöfum að hafa stjórn á því efni sem í boði er. Að mati framkvæmdastjórnarinnar þarf að draga úr óvissu fyrirtækja á markaði, tryggja sanngjarnt endurgjald rétthafa og auka efni á nýmiðlum fyrir þær 500 milljónir notenda sem eru á evrópskum markaði.

4.3.7 Fjölmiðlalæsi.

Evrópusambandið hefur í síauknum mæli lagt áherslu á fjölmiðlalæsi. Hefur sjónum sérstaklega verið beint að börnum og unglingum í þessu sambandi, aðallega hvað varðar læsi á nýjum miðlum (t.d. SAFT-verkefnið). Ástæðan er hraðar tæknibreytingar sem gera það að verkum að mikilvægt verður fyrir evrópska borgara að skilja hvernig upplýsingar, hugmyndir og skoðanir verða til og hvernig þeim er komið á framfæri og miðlað í nútímasamfélögum. En til þess að geta verið virkir þátttakendur í lýðræðisríkjum nú á tímum þurfa borgarar að vera læsir á fjölmiðla.

Framkvæmdastjórnin skilgreinir hugtakið fjölmiðlalæsi sem getu borgara til að nota, greina og meta mátt mynda, hljóðs og skilaboða í samtímamenningunni sem verða á vegi þeirra á degi hverjum, einnig hæfninni til að eiga í samskiptum í gegnum hljóð- og myndmiðla. Fjölmiðlalæsi tekur til allra fjölmiðla, svo sem sjónvarps og kvikmynda, hljóðvarps og tónlistar, prentmiðla, netsins og annarra nýrra stafrænna boðskiptaleiða.

Markmið fjölmiðlalæsis er að auka skilning á ólíkum skilaboðum í fjölmiðlum. Það á að hjálpa notendum að bera kennsl á hvernig skilaboðum er komið áleiðis í gegnum fjölmiðla, hvernig fjölmiðlar eru skoðanamyndandi, hvernig þeir skapa alþýðumenningu og hvernig þeir hafa áhrif á val fólks. Fjölmiðlalæsi á að gera notendum kleift að auka gagnrýna hugsun til að þeir geti dregið skynsamar ályktanir af þeim skilaboðum í fjölmiðlum sem þeir hafa aðgang að. Fjölmiðlalæsi er talið til grunnréttinda hvers borgara í öllum ríkjum heimsins. Þá er fjölmiðlalæsi talið nauðsynlegt til að borgarar geti nýtt tjáningarfrelsið og haft aðgang að upplýsingum. Það er álit framkvæmdastjórnarinnar að fjölmiðlalæsi sé í raun grunnurinn að virku lýðræði.

Margir telja að fjölmiðlalæsi nú sé jafnmikilvægt fyrir þátttöku borgara í lýðræðissamfélagi og læsi var í upphafi 19. aldar. Í skýrslum Evrópusambandsins um fjölmiðlalæsi er minnt á hversu mikilvægt læsi, þ.e. að lesa, skrifa og skilja texta, hefur verið fyrir vitsmunalega og félagslega framþróun í vestrænum samfélögum. Núna skiptir hins vegar sköpum að vera læs á fjölmiðla í víðtækri merkingu þess hugtaks, þ.e. að vera læs á nýja miðla, auglýsingar, netið, hljóð- og myndmiðla o.fl. Þar sem fjölmiðlar hafa mikil félagsleg og efnahagsleg áhrif er það álit framkvæmdastjórnarinnar að fjölmiðlalæsi, sérstaklega með tilkomu nýrra miðla, sé ein meginforsenda þess að borgari geti talist fullgildur og virkur í lýðræðisríki. Fjölmiðlar eru mikilvæg leið evrópskra borgara til að skilja samfélag sitt og vera þátttakendur í lýðræðislegri umræðu. Því er aukið fjölmiðlalæsi talið samræmast markmiðum Evrópusambandsins um áframhaldandi þróun upplýsingasamfélagsins.

Þann 20. ágúst 2009 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ný tilmæli til aðildarríkjanna um fjölmiðlalæsi (Recommendation on media literacy in the digital environment for a more competitive audiovisual and content industry and inclusive knowledge society). Þar er því beint til aðildarríkja í samvinnu við stjórnsýslustofnanir þær sem hafa eftirlit með hljóð- og myndmiðlum og netmiðlum og eftir atvikum persónuverndarstofnanir að stuðla að því að hagsmunaaðilar á sviði fjölmiðla og nýrra miðla setji sér reglur. Jafnframt er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að efla rannsóknir og setja á stofn verkefni til að efla fjölmiðlalæsi. Þá er lagt til að fjölmiðlalæsi verði hluti af námskrá í skólum auk þess sem það er talið einn af þáttum lykilhæfni í því sem hefur verið kallað ævilangt nám og nær til náms á öllum skólastigum, endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Einnig er yfirvöldum ætlað að vekja athygli á þeirri hættu sem felst í því að koma persónuupplýsingum á framfæri í gegnum alls kyns samskiptakerfi og að efla þekkingu notenda, sérstaklega ungs fólks, foreldra og kennara.

Í nóvember 2000 setti framkvæmdastjórn ESB á fót þrjá vinnuhópa til að efla fjölmiðlalæsi. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt varið 3,5 milljónum evra til 30 verkefna til að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi. Þá hefur framkvæmdastjórnin látið gera könnun á fjölmiðlalæsi meðal aðildarlandanna til að leggja rækt við og bæta það í Evrópu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2006 kemur fram að fjölmiðlalæsi borgara er afar mismunandi innan einstakra ríkja sambandsins. Þá kemur jafnframt fram að enginn einn staðall er fyrir hendi til að meta fjölmiðlalæsi og mikil þörf er fyrir áframhaldandi rannsóknir til að búa slíkan staðal til. Það er ljóst að fjölmiðlalæsi er lykilþáttur þess að það markmið náist sem sett er fram í svokallaðri i2010-áætlun um upplýsingasamfélagið en henni er m.a. ætlað að efla samkeppnishæfni Evrópuríkja í upplýsingatæknimálum.

Fjögur lönd virðast vera í fararbroddi markvissrar uppbyggingar fjölmiðlalæsis, en það eru Ástralía, Suður-Afríka, Kanada og Bretland. Í Bretlandi má rekja upphaf þessarar þróunar allt til fjórða áratugar nýliðinnar aldar. Mikill áhugi er jafnframt á fjölmiðlalæsi í ýmsum löndum Evrópu, einkum Frakklandi, Þýskalandi, Niðurlöndum, Ítalíu, Grikklandi, Sviss og Austurríki, þótt þau standi enn talsvert að baki fyrrnefndum þjóðum á þessi sviði.

Þess má geta að kennsla í fjölmiðlalæsi hófst í finnskum grunnskólum árið 1970 og 1977 í framhaldsskólum. Slík fræðsla hófst í norskum grunnskólum árið 1974 og 1985 var hún efld til muna. Í sænskum grunnskólum hefur fræðslan verið skyldugrein frá árinu 1980 en í Danmörku hefur fræðsla um fjölmiðlalæsi og notkun miðla verið hluti af námsefni grunnskólanna frá 1970.

Bent hefur verið á að íslensk stjórnvöld hafa mótað stefnu sem varðar meðal annars tengsl menntunar og miðla og stuðlað að hagnýtingu upplýsingatækni í skólum og aukinni fræðslu á því sviði. Markviss kennsla í fjölmiðlalæsi eins og hún tíðkast í ýmsum nágrannalöndum Íslands hefur hins vegar ekki náð fótfestu hér á landi.

4.3.8 Fjölbreytni fjölmiðla.

Innan ESB er rík áhersla lögð á að vernda fjölbreytni fjölmiðla sem jafnan er talið eitt af frumskilyrðum þess að réttur til upplýsinga og tjáningarfrelsi sé tryggt með fullnægjandi hætti. Í ensku og fleiri tungumálum er hugtakið „media pluralism“ notað í þessu samhengi.

Aukin samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og áhrif hennar á fjölbreytni fjölmiðla og tjáningarfrelsi hefur verið framkvæmdastjórninni sem og ráðamönnum í aðildarríkjum ESB nokkuð áhyggjuefni um skeið. Í ljósi þess hefur framkvæmdastjórnin hleypt af stokkunum svokallaðri þriggja þrepa áætlun til að efla umræðuna um fjölbreytni fjölmiðla innan ESB.

Umrædd þriggja þrepa áætlun byggist á því að innan hugtaksins fjölbreytni fjölmiðla rúmist ekki einungis dreift eignarhald á fjölmiðlum heldur einnig að borgararnir hafi aðgang að margvíslegum upplýsingum svo að þeir geti myndað sér skoðun án þess að verða fyrir óhóflegum áhrifum frá einum ráðandi fjölmiðli. Þá þurfi borgararnir einnig gagnsætt kerfi sem tryggir að tiltrú þeirra á raunverulegt sjálfstæði fjölmiðla sé til staðar.

Fyrsta þrep áætlunarinnar fólst í því að framkvæmdastjórnin útbjó vinnuskjal sem fjallaði almennt um aðgerðir samtaka og stofnana ýmiss konar til eflingar á fjölbreytni fjölmiðla. Er sjónum þar einkum beint að þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi Evrópuráðsins. Jafnframt var í vinnuskjalinu fjallað almennt um fjölmiðlamarkaðinn í Evrópu og sérstöðu hans. Mikilvægi sjálfstæðra eftirlitsstofnana á sviði fjölmiðla var tíundað og áhrif nýrra miðla á fjölbreytni þeirra. Að lokum var landslagið á fjölmiðlamörkuðum einstakra aðildarríkja og löggjöf á þessu sviði útlistað. Annað þrep áætlunarinnar fólst í sjálfstæðri og óháðri rannsókn á fjölbreytni fjölmiðla í aðildarríkjum ESB. Rannsakendum var ætlað að búa til mælistiku til að meta fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Rannsókninni var jafnframt ætlað að lýsa þeim lagalegu, félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu þáttum sem veita vísbendingar um fjölbreytni fjölmiðla. Að rannsókninni unnu Kaþólski háskólinn í Löven, Viðskiptaháskólinn í Jönköping, Central European University og Ernst & Young í Belgíu. Voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar í júní 2009. Síðasta þrepið gerir svo ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin sendi frá sér tilmæli um þetta efni. Áætlað er að umrædd tilmæli komi á árinu 2010.

4.3.9 Ytra samstarf.

Svo sem áður greinir hafa aðildarríki ESB með sér margvíslegt samstarf á vettvangi fjölmiðlunar. Það er þó ekki síður mikilvægt fyrir ESB að hafa samstarf við þriðju aðila á þessu sviði þar sem starfsumhverfi verður æ alþjóðlegra og þörfin á alþjóðlegum lausnum á ýmsum þáttum því sífellt meira aðkallandi.

Ytra samstarf ESB á þessum vettvangi er fjölbreytilegt. Þar má nefna framkvæmdina á stækkun ESB. Ríki sem sótt hafa um inngöngu í ESB þurfa m.a. að aðlaga löggjöf sína á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar að reglum sambandsins og sýna fram á að þau geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá ber að nefna nágrannastefnu ESB (e. The European Neighbourhood Policy). Með henni er ætlunin að veita þeim ríkjum sem eiga landamæri við ESB til austurs og suðurs tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu sem fer fram innan sambandsins og efla samskipti við þau sem frekast má. Samstarf á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar er liður í nágrannastefnu ESB og miðar að því að efla gagnkvæman skilning og skiptast á skoðunum um málefni á því sviði, auk þess sem ESB og nefnd ríki hafa með sér samvinnu í baráttunni gegn kynþáttafordómum. Loks skal þess getið að ESB tekur þátt í samstarfi um þessi málefni innan ýmissa alþjóðasamtaka og má auk þess samstarfs sem áður hefur verið greint frá á vettvangi Evrópuráðsins í því sambandi nefna Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO).

V.

Stjórnsýsla fjölmiðlamála í helstu samanburðarlöndum.

Af sögulegum ástæðum[2] hefur verið mun meira eftirlit með hljóð- og myndmiðlum en prentmiðlum. Stjórnsýslustofnanir þær, sem eiga að framfylgja lögum um fjölmiðla, hafa yfirleitt aðeins það hlutverk að framfylgja lögum um hljóð- og myndmiðla, en þó eru ýmis dæmi um þeim sé jafnframt falið að framfylgja tilteknum lögum sem varða fjölmiðla í víðtækari skilningi, t.d. banni við auglýsingum á áfengi og tóbaki. Ástæða þessa er sú að löggjöfin sem gildir um prentmiðla er mun minni í sniðum en löggjöfin fyrir sjónvarp og hljóðvarp. Þá er löggjöfin um rafræna prentmiðla, og raunar netið í heild, enn í mikilli mótun. Stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna hafa yfirleitt það hlutverk að veita leyfi til hljóð- og myndmiðlunar; hafa eftirlit með efnisinnihaldi (svo sem reglum um auglýsingar, efni sem inniheldur klám og ofbeldi); hafa eftirlit með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur starfi lögum samkvæmt og geti gripið til viðeigandi aðgerða (svo sem áminninga, sekta og leyfissviptinga) fari fjölmiðlaþjónustuveitendur ekki að lögum. Þá hafa þessar stofnanir einnig hlutverki að gegna við skipulagningu og samræmingu starfsumhverfis fjölmiðla í hverju landi fyrir sig.

Nær öll lönd Evrópu hafa sjálfstæðar fjölmiðlastofnanir sem njóta sjálfstæðis að því leyti að þær eru ekki hluti af ráðuneytum og njóta sjálfstæðis gagnvart hinu pólitíska valdi. Slíkt sjálfstæði er reynt að tryggja með því að lágmarka eins og kostur er vald ráðherra við skipun stjórna og með því að úrskurðir slíkra stofnana séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslustigi eða einungis kæranlegar til sjálfstæðra áfrýjunarnefnda. Slíkar sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir hafa eflst með aukinni samkeppni á fjölmiðlamarkaði, m.a. þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls í mörgum löndum Vestur-Evrópu upp úr 1980. Öll Evrópulönd, að Lúxemborg og Íslandi undanskildu, hafa komið á fót sjálfstæðum stjórnsýslustofnunum sem sjá um eftirfylgni löggjafar um fjölmiðla. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að í flestum tilvikum heyrir eftirlit með tíðniúthlutunum í hljóð- og myndmiðlun undir sjálfstæðar fjarskiptastofnanir, á Íslandi Póst- og fjarskiptastofnun. Í nokkrum löndum hafa slíkar stofnanir þó verið sameinaðar og má þar nefna Ítalíu (í. Autoritá per le garanzie nelle comunicazioni), Bretland (e. Ofcom) og Finnland (f. Ficora).

Stjórnsýslustofnanir í fjölmiðlamálum eiga það svo flestar sameiginlegt að hafa eftirlit með bæði einkareknum og ríkisreknum fjölmiðlum. Þó eru undantekningar frá þessu eins og í Þýskalandi (þ. Landesmedienanstalten) þar sem stofnunin hefur einungis eftirlit með einkareknum fjölmiðlum.

Stjórnsýslustofnanir á sviði fjölmiðlamála eru ólíkar að formi. Í sambandsríkjum eins og Þýskalandi og Belgíu eru hljóð- og myndmiðlunarleyfisveitingar t.d. í höndum sambandsríkjanna þar sem stofnanir í hverju sambandsríki um sig sjá um að framfylgja lögum. Í flestum Evrópuríkjum er þó aðeins ein stjórnsýslustofnun sem hefur eftirlit með og vinnur að stefnumörkun á sviði fjölmiðla. Þá er mikill munur á stærð slíkra eftirlitsstofnana. Í fjölmennustu

---

[2] Þar sem útsendingartíðni hefur verið takmörkuð auðlind hefur það verið í verkahring hins opinbera að úthluta tíðnisviðum til útvarpsfyrirtækja. Nauðsynlegt hefur verið að tryggja að fáir aðilar fái ekki úthlutað öllu tíðnisviðinu sem í boði hefur verið og að dagskrárefni sem í boði hefur verið sé margbreytilegt. Önnur sjónarmið hafa gilt um prentmiðla, m.a. vegna prent- og tjáningarfrelsis. Miklar skorður voru hins vegar settar við starfsemi útvarpsfyrirtækja sem til langs tíma voru eingöngu í ríkiseigu í mörgum Evrópulöndum. Þegar einkaaðilar hófu útvarpsrekstur töldu yfirvöld enn að stýringar væri þörf þar sem eftirspurn væri að jafnaði meiri en framboð á tíðnum til útsendingar, sérstaklega í þéttbýli.

löndum ESB eru rúmlega 1.000 manns að störfum en um 10 starfa í slíkum stofnunum í fámennustu ríkjum sambandsins.

Aukin alþjóðavæðing, stafræn tækni og breytt fjölmiðlalandslag hefur gert það að verkum að samvinna milli stjórnsýslustofnana í Evrópu hefur aukist til mikilla muna á síðustu árum. Árið 1995 varð til samráðsvettvangur evrópskra stjórnsýslustofnana í fjölmiðlamálum (e. European Platform of Regulatory Authorities, EPRA). Samráðsvettvanginum er ætlað að stuðla að auknum samskiptum og upplýsingaskiptum stjórnsýslustofnana sem eiga að framfylgja lögum um fjölmiðla, þó aðallega hljóð- og myndmiðla. Þá er stofnununum ætlað að skiptast á upplýsingum um ýmis mál er snerta öll eða flest Evrópulöndin og að vera samráðsvettvangur til að túlka fjölmiðlalöggjöf, svo sem tilskipanir og reglugerðir ESB. Nú er 51 stofnun í 42 löndum aðili að EPRA. Auk þess hafa bæði Evrópusambandið og Evrópuráðið áheyrnarfulltrúa á fundunum. Það er því þannig að Ísland er eitt af fáum löndum í Evrópu sem ekki hefur tekið þátt í þessu samstarfi en lönd eins og Malta, Andorra, Lúxemborg og Kýpur eru þátttakendur í EPRA-samstarfinu.

Aukin alþjóðavæðing hefur leitt til þess að sjónvarpsstöðvar eru nú í auknum mæli staðsettar í einu landi en ætlað að ná til íbúa í öðru landi. Dæmi um slíkt er Bretland þar sem ríflega 1.000 sjónvarpsstöðvar eru með aðsetur, en aðeins brot af þeim sendir út á ensku. Ofcom, fjölmiðla- og fjarskiptaeftirlit Bretlands er því skylt að hafa eftirlit með öllum þeim stöðvum sem senda út frá Bretlandi, óháð tungumáli stöðvarinnar. Á Bretlandi er fjöldi stöðva sem er ætlað að ná til Norðurlandanna. Má þar nefna TV3, TV6, TV8, Kanal 5, Kanal 9, og ZTV sem er ætlað að ná til sænskra áhorfenda. Aukin samvinna stjórnsýslustofnana á sviði fjölmiðlamála hefur leitt til þess að formlegu samkomulagi hefur verið komið á milli stofnana einstakra aðildarríkja ESB. Má í þessu sambandi benda á að allar kærur vegna efnis sem sent er út á sænsku frá fyrrgreindum stöðvum í Bretlandi eru áframsendar af sænsku stofnuninni (Granskningsnämden för radio och TV) til Ofcom í Bretlandi. Ofcom þarf því að búa yfir sérþekkingu til að geta tekið við og meðhöndlað kærur frá Svíþjóð. Þegar upp koma mál er varðar andsvarsrétt o.fl. þar sem blæbrigði tungumáls og/eða orðalag getur skipt sköpum hefur þurft að leita enn meiri samvinnu á milli stofnana einstakra Evrópuríkja.

Stjórnsýsla í fjölmiðlamálum er nokkuð ólík á Norðurlöndunum. Í Finnlandi hefur Fjarskiptastofnun og fjölmiðlaeftirlit verið sameinað (f. Ficora). Í Danmörku sér ein stofnun (d. Styrelsen for Bibliotek og medier) um að úthluta leyfum, hafa eftirlit með að lögum sé framfylgt, að aðstoða ráðuneyti í málum er snerta hljóð- og myndmiðla o.fl. Undir stofnunina heyra hins vegar ekki málefni annarra fjölmiðla. Í Svíþjóð eru tvær stofnanir sem sinna eftirliti með hljóð- og myndmiðlum. Önnur sér um að úthluta leyfum og aðstoða ráðuneyti menningarmála í málum er snerta hljóð- og myndmiðla (s. Radio- och TV-verket). Hin hefur eftirlit með innihaldi efnis sem flutt er í hljóð- og myndmiðlum (s. Granskningsnämden för Radio och TV). Málefni annarra fjölmiðla eru í höndum hinna ýmsu stofnana. Í Svíþjóð er þó stefnt að því að sameina alla stjórnsýslu fjölmiðlamála. Í Noregi er ein stofnun sem sér um að framfylgja lögum um alla fjölmiðla. Hún úthlutar m.a. leyfum, hefur eftirlit með efni miðlanna, hefur eftirlit með lögum um eignarhald á öllum fjölmiðlum, er ábyrg fyrir styrkveitingum til dagblaðaútgáfu, hefur frumkvæði að því að auka fjölmiðlalæsi og ábyrgð notenda á netinu og hefur með höndum eftirlit með kvikmyndum og tölvuleikjum (n. Medietilsynet). Þá aðstoðar hún ráðuneytið í málum er snerta fjölmiðla. Við endurskoðun stjórnsýslu í fjölmiðlamálum hér á landi hefur í frumvarpi þessu aðallega verið litið til Noregs.

VI.

Kannanir á viðhorfum til hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni.

Ýmis nýmæli er að finna í tilskipun Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðlun frá 2007, m.a. rýmkun á auglýsingareglum, auk þess sem vöruinnsetning er leyfð með ákveðnum takmörkunum. Allt frá því að tilskipunin um sjónvarp án landamæra kom til árið 1989 hafa neytendasjónarmið og vernd barna gegn ótilhlýðilegu efni verið stór þáttur í lagasetningu. Í forsendum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar segir m.a. að „framboð skaðlegs efnis í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu [sé] áfram viðfangsefni löggjafa fjölmiðlaiðnaðarins og foreldra“. Þá er að finna nýtt ákvæði í tilskipuninni sem þrengir heimildir fjölmiðlaþjónustuveitenda í auglýsingum sem beint er að börnum. Í ljósi alls þessa var ákveðið að kanna hug áhorfenda hér á landi til reglna á þessu sviði. Tilgangurinn var að hafa hliðsjón þar af við reglusetningu í samræmi við það svigrúm sem einstökum aðildarríkjum er ætlað.

Í mars og apríl árið 2008 lét mennta- og menningarmálaráðuneytið Capacent Gallup gera kannanir á viðhorfi áhorfenda til auglýsinga í sjónvarpi. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna hve mikið magn auglýsinga sem beinist að börnum er sýnt á þeim tíma sem barnaefni er á dagskrá Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 með það atriði sérstaklega í huga hversu hátt hlutfall auglýsinga í barnatímum hér á landi eru auglýsingar þar sem óhollur matur er auglýstur. Í því sambandi var kannað viðhorf fólks til auglýsinga í kringum barnaefni í sjónvarpi og hvort vilji væri til að takmarka slíkar auglýsingar. Þá var kannað viðhorf áhorfenda til vöruinnsetningar í sjónvarpi. Niðurstöður kannananna, ásamt helstu nýmælum tilskipunarinnar, voru kynntar á málþingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Þjóðminjasafninu 10. apríl 2008.

6.1 Af hverju eru settar takmarkanir á auglýsingar sem beint er að börnum?

Evrópusambandinu er umhugað um vernd barna gegn óæskilegu fjölmiðlaefni. Þess vegna var lögð rík áherslu á það af hálfu framkvæmdastjórnarinnar við undirbúning á lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar í landsrétti einstakra ríkja að takmarka verði viðskiptaorðsendingar þar sem óhollur matur er auglýstur fyrir börn. Í þessu sambandi má benda á að þar til í lokaútgáfu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar var bannákvæði gegn slíkum viðskiptaorðsendingum. Ýmis aðildarlönd, svo sem Danmörk, höfðu þegar brugðist við til samræmis við þau áform áður en endanleg útgáfa tilskipunarinnar var samþykkt. Settar voru siðareglur þar sem bann er sett við slíkum auglýsingum í hljóð- og myndmiðlunarefni og tóku þær gildi um áramótin 2007/2008. Slíkt bann hafði þá þegar verið sett í Bretlandi í sjónvarpi og síðar í hljóðvarpi.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er komið til móts við sjónarmið margra aðildarríkja ESB um að takmarka verði viðskiptaorðsendingar um óholl matvæli sem beint er að börnum. Ástæðan er m.a. sú hversu móttækileg börn eru fyrir ýmiss konar viðskiptaorðsendingum auk þess sem rannsóknir sýna sífellda aukningu offitu meðal þeirra. Þá hafa bæði erlendir og innlendir fræðimenn bent á að offita sé dæmi um það þegar kostnaður er að hluta til borinn af öðrum en neytandanum sjálfum þar sem hún eykur hættu á ýmsum sjúkdómum og almennum heilsubresti. Heilsuleysið hefur síðan í för með sér kostnað fyrir samfélagið og felur þannig í sér neikvæð ytri áhrif. Almennt er talið að heildarkostnaður við offitu og fylgikvilla hennar nemi um 6% af útgjöldum ríkja til heilbrigðismála, en hefur farið upp í 9% í sumum löndum. Vegna þessa sívaxandi kostnaðar hafa flestar vestrænar þjóðir sett það sem forgangsverkefni í heilbrigðisáætlunum að bregðast við offituvandanum.

Þegar skoðað er hversu mörg lönd hafa bannað eða takmarkað auglýsingar sem beint er að börnum í fjölmiðlum kemur í ljós að almennt eru miklar takmarkanir gerðar á slíkum auglýsingum. Í alþjóðlegri könnun frá árinu 2000, *Obesity: Preventing and Managing the Global Epidemic,* sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organisation, WHO) lét gera á auglýsingum sem beint er að börnum kom í ljós að í 85% þeirra 73 landa sem könnuð voru höfðu verið settar reglur um auglýsingar sem beint er að börnum. Þá kom í ljós að í 44% þessara landa höfðu verið settar reglur um innihald auglýsinga og/eða fjölda auglýsinga og í 22% landanna höfðu verið settar einhvers konar reglur um auglýsingar á matvörum. Nú er gert ráð fyrir að um 155 milljónir barna um allan heim, eða um 10%, eigi við offitu að stríða. WHO gerir ráð fyrir því í skýrslu sinni að árið 2010 verði fjöldi of feitra barna kominn upp í 287 milljónir. Þá má geta þess að árið 2006 er talið að um 32% barna í Evrópu hafi verið of þung og 8% átt við offitu að stríða. Í rannsókn sem gerð var hér á landi voru tæp 20% 9 ára skólabarna of þung og 5% áttu við offituvandamál að stríða.

Þess má jafnframt geta að þeir þættir sem taldir eru valda þessari auknu offitu að mati WHO eru meiri kyrrseta, aukin fjölmiðlanotkun, auglýsingar og markaðssetning óhollrar matvöru og aukinn aðgangur að mat sem inniheldur mettaða fitu, sykur og salt. Því hefur WHO beint sjónum sínum að markaðssetningu og auglýsingum í fjölmiðlum sem beint er að börnum. Færð hafa verið sannfærandi rök fyrir því að takmarkanir á viðskiptaorðsendingum um hitaeiningaríka fæðu sem beint er að börnum hafi jákvæð áhrif og að kostnaðarvirkni slíkra takmarkana hafi reynst afar vel erlendis.

Í ýmsum fjölmiðlarannsóknum bendir margt til þess að fylgni sé á milli mikils sjónvarpsáhorfs og óhóflegrar neyslu matvæla. Þá benda rannsóknir á markaðssetningu sem beint er að börnum til þess að hátt hlutfall auglýsinganna séu matvælaauglýsingar, meiri hluti slíkra auglýsinga séu auglýsingar þar sem auglýst er óholl matvara, börnum líki slíkar auglýsingar, markaðssetning gagnvart börnum hafi áhrif á val þeirra og neyslu og að auglýsingar hafi áhrif óháð öðrum utanaðkomandi þáttum, bæði hvað varðar val á vöruflokkum og vörumerkjum.

Hafa ber í huga að ein meginástæða þess að takmarkanir eða bann hefur verið sett við markaðssetningu gagnvart börnum í fjölmiðlum í flestum löndum er að ung börn hafa almennt ekki þroska til að skilja muninn á auglýsingum og öðru efni. Börn öðlast þekkingu á vörumerkjum við tveggja ára aldur en þau eru hins vegar u.þ.b. fimm ára þegar þau gera sér grein fyrir því að einhver munur er á dagskrárefni og auglýsingum. Það er hins vegar ekki fyrr en við átta ára aldur að þau hafa þroska til að skilja að auglýsingar eru hlutdrægar og að þeim er ætlað að sannfæra áhorfandann um ágæti vöru eða þjónustu. Enn fremur hafa viðtökurannsóknir sýnt að auglýsingar þar sem þekktar persónur koma fram, t.d. dægurstjörnur, leikbrúður eða teiknimyndapersónur höfða sérstaklega vel til barna. Því hafa slíkar auglýsingar verið bannaðar í ýmsum löndum, þó að auglýsingar sem beint er að börnum séu almennt leyfðar (til dæmis í Danmörku og Bretlandi).

6.2 Auglýsingar í barnatímum.

Í könnun Capacent var skoðað magn auglýsinga í sjónvarpi á fimm tímabilum; vikunni 4. til 10. mars 2007, vikunni 18. til 24. maí 2007, vikunni 15. til 21. desember 2007, vikunni 30. janúar til 5. febrúar 2008 og vikunni 16. til 22. febrúar 2008. Skráð var dagskrá og auglýsingar sem sýndar voru síðustu 10 mínúturnar áður en barnaefni var sent út, auglýsingar sem rufu dagskrá barnaefnis og auglýsingar sem voru sýndar allt að 10 mínútum eftir að barnaefni lauk. Skráðar voru þær auglýsingar þar sem auglýstar voru vörur fyrir börn, aug-

lýsingar þar sem verið var að auglýsa mat og drykk og auglýsingar þar sem verið var að auglýsa sælgæti.

Í könnuninni kom í ljós að sýndar voru 74 auglýsingar í og í kringum útsendingartíma barnaefnis Ríkisútvarpsins og 86 auglýsingar á Stöð 2. Þá kom eftirfarandi í ljós:

Auglýsingar í Ríkisútvarpinu

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Skyndibiti/sykraðar mat- og drykkjarv.	35	47,3%
Leikfangaverslanir	32	43,2%
Annað	7	9,5%

Auglýsingar á Stöð 2

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Skyndibiti/sykraðar mat- og drykkjarv.	21	24,4%
Leikfangaverslanir	56	65,1%
Annað	9	10,5%

Kostun efnis á Stöð 2

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Coca Cola	7	43,8%
McDonalds	6	37,5%
Pepsi Max	9	12,5%
Pizzeria Rizzo	1	6,3%

Könnunin leiddi í ljós að tæplega helmingur auglýsinganna í Ríkisútvarpinu og fjórðungur auglýsinga á Stöð 2 voru auglýsingar þar sem óholl matvara var markaðssett. Þá kom í ljós að fyrirtæki sem kosta efni í og í kringum útsendingartíma barnaefnis á Stöð 2 eru öll að markaðssetja skyndibita og gos. Gera má ráð fyrir að um helmingstekjur Ríkisútvarpsins af auglýsingum í kringum barnatíma og fjórðungshlutur Stöðvar 2 komi frá auglýsendum óhollrar matvöru. Þess ber og að geta að Stöð 2 fær enn fremur kostunarframlag frá slíkum fyrirtækjum.

6.3 Símakönnun á viðhorfi almennings til auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi.

Capacent gerði símakönnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem kannað var viðhorf fólks til auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi. Einnig var kannað viðhorf fólks til vöruinnsetningar í sjónvarpi. Var könnunin gerð á tímabilinu 18. mars til 1. apríl 2008. Úrtakið var 1.354 manns á öllu landinu, 16–75 ára og handahófsvalið úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 61,3%.

Í könnuninni var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?
2. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna auglýsingar á ákveðnum vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi?
3. Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, mundir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?
4. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) sýningum á auglýsingum sem beint er til barna og hvetja til neyslu á hollum matvörum og heilbrigðum lífsháttum?

5. Hver af eftirfarandi fullyrðingum á best við um viðhorf þitt til auglýsinga þar sem þekktar teiknimyndapersónur eða fígúrur eru notaðar til þess að auglýsa vörur og þjónustu?
   a. Mér finnst það eigi að banna allar slíkar auglýsingar.
   b. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar ef verið er að auglýsa hollustu.
   c. Mér finnst það eigi að leyfa allar slíkar auglýsingar.
6. Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?
7. Telur þú að sá þrýstingur sem þú verður fyrir frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi hafi mikil eða lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar?
8. Hver af eftirfarandi fullyrðingum um óbeinar auglýsingar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum á best við um þig?
   a. Mér finnst það eigi að banna slíkar auglýsingar.
   b. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar að því tilskildu að það komi fram í upphafi og lok þáttar eða kvikmyndar hverjir eru að auglýsa óbeint.
   c. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar.

Í ljós kom að rúmlega 70% aðspurða voru mjög andvígir eða frekar andvígir því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi. Þá kemur fram að eftir því sem fólk er eldra er það andvígara slíkum auglýsingum. Andstaða við slíkar auglýsingar eykst jafnframt með aukinni menntun fólks. Þá niðurstöðu verður hins vegar að skoða með fyrirvara um að þegar spurt var með sértækari hætti mátti greina breytileika í viðhorfum svo sem nánar verður skýrt hér á eftir.

Í eftirfarandi töflum er myndrænt gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.



Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?

Greiningar	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Aldur *							
16-24 ára	143	4,9%	25,2%	25,9%	29,4%	14,7%	2,8
25-34 ára	143	5,6%	14,0%	14,7%	26,6%	39,2%	2,2
35-44 ára	167	1,8%	6,0%	12,6%	42,5%	37,1%	1,9
45-54 ára	133	1,5%	6,8%	18,0%	28,6%	45,1%	1,9
55-75 ára	174	1,1%	5,7%	8,0%	33,9%	51,1%	1,7
Fjölskyldutekjur *							
Lægri en 250 þúsund	81		7,4%	11,1%	32,1%	49,4%	1,8
250 til 399 þúsund	120	3,3%	5,8%	15,0%	39,2%	36,7%	2,0
400 til 549 þúsund	163	2,5%	11,7%	12,3%	32,5%	41,1%	2,0
550 til 799 þúsund	131	1,5%	7,6%	16,8%	30,5%	43,5%	1,9
800 þúsund eða hærri	119	5,0%	12,6%	16,8%	33,6%	31,9%	2,3
Menntun *							
Grunnskólapróf	118	5,1%	22,9%	18,6%	26,3%	27,1%	2,5
Grunnskólapróf og viðbót	201	3,0%	9,5%	13,9%	36,8%	36,8%	2,0
Framhaldsskólapróf	233	2,6%	10,3%	18,0%	31,8%	37,3%	2,1
Háskólapróf	206	1,9%	7,3%	11,7%	33,0%	46,1%	1,9
Átt þú börn sem eru yngri en 18 ára? *							
Já	343	2,3%	8,2%	14,3%	36,2%	39,1%	2,0
Nei	417	3,4%	13,7%	16,3%	29,7%	36,9%	2,2

Í könnuninni kom jafnframt í ljós að tæplega 63% þeirra sem voru hlynntir banni við auglýsingum voru hlynnt því að takmarka auglýsingar þar sem ákveðnir vöruflokkar eru auglýstir. Kom í ljós að langflestir vildu banna auglýsingar þar sem sælgæti, skyndibiti, sykraðar mat- og drykkjarvörur og sykrað morgunkorn er auglýst. Aðeins um 40% aðspurðra vildi banna leikfangaauglýsingar. Þá kom í ljós að konur vilja fremur takmarkanir á slíkum auglýsingum auk þess sem eldra fólk er frekar hlynnt slíkum takmörkunum en yngra fólk. Jafnframt virðist menntun hafa áhrif, en þeir sem eru meira menntaðir vilja fremur takmarka ákveðna vöruflokka í auglýsingum. Þá var frekar vilji til þess að takmarka slíkar auglýsingar meðal foreldra barna.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna auglýsingar á ákveðnum vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi?



Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Búseta *							
Reykjavík	234	41,0%	27,8%	7,7%	11,1%	12,4%	3,7
Nágrannasv.félög Rvk	220	30,0%	27,3%	9,1%	17,7%	15,9%	3,4
Önnur sveitarfélög	305	37,0%	24,6%	9,5%	15,7%	13,1%	3,6
Fjöldi barna á heimili							
Ekkert	347	37,5%	26,2%	7,8%	13,5%	15,0%	3,6
Eitt	169	35,5%	28,4%	10,1%	15,4%	10,7%	3,6
Tvö	155	36,8%	26,5%	8,4%	16,1%	12,3%	3,6
Þrjú eða fleiri	87	32,2%	21,8%	11,5%	17,2%	17,2%	3,3
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi? *							
Hlynnt(ur)	102	22,5%	28,4%	8,8%	27,5%	12,7%	3,2
Hvorki né	114	27,2%	28,1%	22,8%	15,8%	6,1%	3,5
Andvíg(ur)	515	41,6%	25,8%	5,2%	11,8%	15,5%	3,7

Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, myndir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?



Svarendur sem sögðust vera hlynntir því að banna auglýsingar í ákv. vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpinu voru spurðir þessarar spurningar



Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, myndir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?

Greiningar	Tóku afstöðu	Sælgæti	Skyndi-bita	Sykraðar drykkjarvörur og matvæli	Sykrað morgun-korn	Leikföng	Annað/Engan af þessum vöruflokkum
Kyn							
Karl	234	79,5%	77,8%	76,9%	65,8%	38,0%	5,6%
Kona	235	84,7%	81,7%	76,6%	74,9%	43,0%	4,3%
Aldur							
16-24 ára	75	58,7%	68,0%	54,7%	50,7%	13,3%	10,7%
25-34 ára	89	80,9%	75,3%	74,2%	62,9%	34,8%	6,7%
35-44 ára	113	85,8%	85,0%	77,9%	73,5%	43,4%	1,8%
45-54 ára	84	89,3%	79,8%	85,7%	75,0%	48,8%	3,6%
55-75 ára	108	89,8%	86,1%	86,1%	83,3%	54,6%	3,7%
Búseta							
Reykjavík	161	83,2%	85,7%	78,3%	72,0%	43,5%	5,6%
Nágrannasv.félög Rvk	123	79,7%	78,9%	74,8%	64,2%	31,7%	7,3%
Önnur sveitarfélög	185	82,7%	75,1%	76,8%	73,0%	43,8%	2,7%
Menntun							
Grunnskólapróf	62	72,6%	62,9%	53,2%	53,2%	25,8%	6,5%
Grunnskólapróf og viðbót	115	80,0%	74,8%	77,4%	67,8%	44,3%	7,0%
Framhaldsskólapróf	153	85,0%	80,4%	79,1%	71,2%	39,9%	3,9%
Háskólapróf	137	85,4%	91,2%	84,7%	79,6%	44,5%	2,9%
Fjölskyldutekjur							
Lægri en 250 þúsund	48	89,6%	79,2%	79,2%	77,1%	43,8%	4,2%
250 til 399 þúsund	74	86,5%	81,1%	78,4%	70,3%	47,3%	2,7%
400 til 549 þúsund	109	85,3%	82,6%	82,6%	72,5%	46,8%	0,9%
550 til 799 þúsund	82	81,7%	78,0%	76,8%	69,5%	32,9%	9,8%
800 þúsund eða hærri	75	72,0%	77,3%	69,3%	65,3%	33,3%	9,3%
Átt þú börn sem eru yngri en 18 ára?							
Já	222	88,3%	82,0%	79,7%	75,2%	43,7%	3,2%
Nei	247	76,5%	77,7%	74,1%	66,0%	37,7%	6,5%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?							
Hlynnt(ur)	51	74,5%	62,7%	52,9%	45,1%	21,6%	13,7%
Hvorki né	61	72,1%	80,3%	65,6%	57,4%	21,3%	9,8%
Andvíg(ur)	345	85,5%	83,2%	82,0%	77,4%	47,2%	2,9%

Í ljósi þess að hér á landi eru einnig auglýsingar þar sem áhersla er lögð á hollt mataræði og hreyfingu þótti rétt að kanna hvort aðspurðir vildu algert bann á auglýsingum sem beint væri að börnum eða vildu fremur banna auglýsingar á vörum sem ekki þættu æskilegar fyrir börn. Í könnuninni kom í ljós að mikill meiri hluti fólks, eða 86,6%, er hlynntur eða frekar hlynntur auglýsingum sem beint er að börnum og hvetja til neyslu á hollum matvörum og til heilbrigðra lífshátta. Þá kom í ljós að yngra fólk var frekar hlynnt slíkum auglýsingum auk þess sem sama gilti um fólk utan höfuðborgarsvæðisins.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) sýningum á auglýsingum sem beint er til barna og hvetja til neyslu á hollum matvörum og heilbrigðum lífsháttum?

Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Kyn *							
Karl	399	50,9%	33,6%	4,5%	5,8%	5,3%	4,2
Kona	388	55,9%	32,7%	5,4%	4,4%	1,5%	4,4
Aldur *							
16-24 ára	153	63,4%	25,5%	6,5%	3,9%	0,7%	4,5
25-34 ára	147	61,2%	26,5%	5,4%	4,8%	2,0%	4,4
35-44 ára	170	45,3%	41,2%	3,5%	5,3%	4,7%	4,2
45-54 ára	139	48,2%	35,3%	5,8%	5,0%	5,8%	4,2
55-75 ára	178	50,0%	36,0%	3,9%	6,2%	3,9%	4,2
Búseta *							
Reykjavík	243	52,7%	30,9%	7,8%	5,3%	3,3%	4,2
Nágrannasv.félög Rvk	223	48,0%	36,8%	3,6%	7,2%	4,5%	4,2
Önnur sveitarfélög	321	57,6%	32,4%	3,7%	3,4%	2,8%	4,4

Í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að auglýsingar þar sem fram koma þekktar persónur (fígúrur eða teiknimyndapersónur) sem höfða sérstaklega til barna eru sérstaklega áhrifamiklar var ákveðið að spyrja um viðhorf fólks til slíkra auglýsinga. Þótti rétt að gera slíkt þar sem auglýsingar af þessu tagi hafa verið bannaðar til dæmis í Danmörku og Bretlandi.

Skemmst er frá því að segja að könnunin leiddi í ljós að mikill meiri hluti aðspurðra, eða 71,8%, taldi að leyfa bæri slíkar auglýsingar ef verið væri að auglýsa hollar neysluvörur. Þá eru karlmenn og yngra fólk fremur hlynnt því að leyfa slíkar auglýsingar en konur og eldra fólk.



Í könnuninni var enn fremur spurt hvort foreldrar sem áttu börn yngri en 18 ára teldu sig verða fyrir þrýstingi frá börnum sínum vegna auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi. Um 55% aðspurðra töldu sig sjaldan eða aldrei verða fyrir slíkum þrýstingi, en 45% töldu sig stundum eða oft verða fyrir slíkum þrýstingi.

Þá kom í ljós að fólk með lægstu tekjurnar telur sig verða fyrir minni þrýstingi frá börnum sínum en tekjuhærra fólk. Einnig virðist menntun skipta máli, en þeir sem eru betur menntaðir telja sig frekar verða fyrir þrýstingi en þeir sem minni menntun hafa. Enn fremur virðist fólk sem á fleiri börn verða fyrir meiri þrýstingi en þeir sem eiga aðeins eitt barn.

Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?



Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?



Þrátt fyrir að ýmsir telji sig verða fyrir þrýstingi frá börnum sínum vegna auglýsinga í sjónvarpi telja flestir að slíkur þrýstingur hafi ekki áhrif á innkaup fjölskyldunnar. Niðurstöður urðu á þá leið að 81,2% aðspurðra töldu að slíkur þrýstingur hefði lítil eða frekar lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar. Þá virðist menntun, fjöldi barna á heimili og aldur barna hafa áhrif á svör aðspurðra við þessari spurningu.

Telur þú að sá þrýstingur sem þú verður fyrir frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi hafi mikil eða lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar?

Greiningar	Fjöldi svara	Mjög lítil	Frekar lítil	Hvorki mikil né lítil	Frekar mikil	Mjög mikil	Meðaltal
Menntun *							
Grunnskólapróf	10	10,0%	60,0%		20,0%	10,0%	3,4
Grunnskólapróf og viðbót	44	36,4%	52,3%	4,5%	4,5%	2,3%	4,2
Framhaldsskólapróf	66	22,7%	51,5%	12,1%	12,1%	1,5%	3,8
Háskólapróf	98	31,6%	52,0%	10,2%	5,1%	1,0%	4,1
Fjöldi barna á heimili							
Eitt	54	29,6%	57,4%	5,6%	5,6%	1,9%	4,1
Tvö	97	32,0%	52,6%	7,2%	7,2%	1,0%	4,1
Þrjú eða fleiri	67	23,9%	47,8%	14,9%	10,4%	3,0%	3,8
Aldur barna á heimili**							
0-3 ára	70	24,3%	42,9%	17,1%	12,9%	2,9%	3,7
4-6 ára	82	30,5%	46,3%	11,0%	9,8%	2,4%	3,9
7-9 ára	85	25,9%	57,6%	9,4%	5,9%	1,2%	4,0
10-12 ára	75	25,3%	56,0%	8,0%	8,0%	2,7%	3,9
13-17 ára	94	29,8%	52,1%	8,5%	7,4%	2,1%	4,0

Loks var spurt um vöruinnsetningu í sjónvarpi. Í ljós kom að aðspurðir eru almennt hlynntir vöruinnsetningu í sjónvarpi og telur um helmingur fólks að leyfa eigi vöruinnsetningu án þess að fram komi hverjir eru að greiða fyrir slíkt. Rúm 32% aðspurðra telja að leyfa eigi vöruinnsetningu ef fram kemur hverjir greiða fyrir hana. Í könnuninni kom og í ljós að eftir því sem fólk er eldra þeim mun andvígara er það vöruinnsetningu. Þá vilja karlar fremur en konur leyfa slíkt. Eftir því sem fólk er tekjuhærra er það jafnframt hlynntara því að leyfa vöruinnsetningu. Þá kemur fram að þeir sem eiga engin börn eru hlynntari banni en þeir sem eiga börn.



Hver af eftirfarandi fullyrðingum um óbeinar auglýsingar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum á best við um þig?

Greiningar	Fjöldi svara	Banna slíkar auglýsingar	Leyfa augl. en þarf að koma fram hver augl.	Leyfa slíkar auglýsingar
Kyn *				
Karl	356	17%	28%	55%
Kona	337	19%	37%	44%
Aldur *				
16-24 ára	142	5%	25%	70%
25-34 ára	133	5%	28%	67%
35-44 ára	152	16%	38%	46%
45-54 ára	119	27%	31%	42%
55-75 ára	147	37%	38%	25%
Fjölskyldutekjur *				
Lægri en 250 þúsund	69	33%	29%	38%
250 til 399 þúsund	101	25%	43%	33%
400 til 549 þúsund	143	20%	33%	47%
550 til 799 þúsund	123	19%	31%	50%
800 þúsund eða hærri	115	6%	30%	63%
Fjöldi barna á heimili *				
Ekkert	312	24%	33%	43%
Eitt	157	16%	32%	52%
Tvö	145	10%	30%	59%
Þrjú eða fleiri	78	12%	33%	55%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi? *				
Hlynnt(ur)	100	7%	28%	65%
Hvorki né	105	8%	30%	62%
Andvíg(ur)	452	23%	34%	43%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna augl. á ákv. vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi? *				
Hlynnt(ur)	409	19%	36%	45%
Hvorki né	60	10%	23%	67%
Andvíg(ur)	189	19%	30%	52%

6.4 Samantekt.

Kannanirnar sýna að stór hluti auglýsinga og öll kostun í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi hér á landi er þess eðlis að auglýstar eru óhollar neysluvörur. Sérstaklega ber að nefna Ríkisútvarpið, en hvorki meira né minna en helmingur allra auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis var þess eðlis.

Könnun Capacent leiddi jafnframt í ljós að mikill meiri hluti aðspurðra er annaðhvort hlynntur eða frekar hlynntur takmörkunum á auglýsingum sem beint er að börnum. Þá vildi fólk fremur takmarka auglýsingar þar sem markaðssettar eru óhollar neysluvörur. Í könnuninni kom jafnframt fram að mikill meiri hluti fólks er fylgjandi vöruinnsetningu í sjónvarpi.

VII.

Sjónarmið tengd eignarhaldi á fjölmiðlum og gagnsæi þess.

Í þeirri miklu umræðu sem farið hefur fram um fjölmiðla í samfélaginu fyrstu ár þessarar aldar er óhætt að fullyrða að eignarhald þeirra og upplýsingar um það eignarhald og mögulegar takmarkanir þar á, sem settar yrðu með lögum, hafi verið langfyrirferðarmestar. Þannig var eignarhaldið í brennidepli á vettvangi beggja fjölmiðlanefndanna sem störfuðu á árunum 2004 og 2005, svo mjög að oft skyggði sú umræða algjörlega á aðrar tillögur sem fram komu á þeim vettvangi. Fjölmiðlanefnd sú sem skilaði tillögum sínum vorið 2005 setti fram ákveðnar tillögur um eignarhald á fjölmiðlum og mögulegar takmarkanir þar á, sem og tillögur um reglur um gagnsæi eignarhalds fjölmiðla. Í frumvarpi því sem lagt var fram í tvígang árið 2006 höfðu tillögur þessar verið færðar í frumvarpsbúning en urðu aldrei að lögum. Því má með nokkrum sanni segja að málið hafi aldrei verið leitt til lykta. Í ljósi þess sem og þeirrar áherslu sem það hefur sætt í allri umræðu hefur því verið sérstakur gaumur gefinn í því starfi sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar og þær tillögur gerðar sem nú verður nánar vikið að.

7.1 Gagnsæi eignarhalds fjölmiðla.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo:

„Nefndin telur rétt að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi á öllum hefðbundnum ljósvaka- og prentmiðlum. Tilkynningarskylda um eignarhald og breytingar á því mundi þannig ná jafnt til ljósvaka- og prentmiðla þó að aðeins ljósvakamiðlar séu leyfisskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin telur til framtíðar litið að reglur af þessum toga ættu að gilda um netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla. Í ljósi þeirrar vinnu, sem nú á sér stað á öðrum vettvangi, bæði hér heima og erlendis, telur nefndin þó á þessu stigi ekki forsendur til þess að gera beinar tillögur þar að lútandi. Reglur um gagnsæi eignarhalds auðvelda almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna. Við lagasetningu þyrfti að veita því stjórnvaldi, sem fara mun með fjölmiðlamál, heimildir til að beita dagsektum og/eða leyfissviptingu séu ekki veittar lögboðnar upplýsingar um eignarhald.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fólu a.m.k. í sér fimm megintillögur:

Í fyrsta lagi að reglur um gagnsæi í eignarhaldi á fjölmiðlum nái jafnt til útvarpsstöðva sem dagblaða en ekki netmiðla að svo stöddu.

Í öðru lagi að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma.

Í þriðja lagi að gagnsæi í eignarhaldi sé nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til annars vegar ritstjórnarstefnu/dagskrárstefnu og efni miðlanna hins vegar eins og það birtist almenningi.

Í fjórða lagi að tilkynningarskylda eigi að gilda um eignarhald og breytingar á því.

Í fimmta lagi að stjórnvöld fái heimild til að leggja á dagsektir eða svipta leyfi séu tilkynningar vanræktar.

Tillögur þessar voru síðan færðar í frumvarpsbúning í fyrrnefndum frumvörpum frá árinu 2006 og birtast á ný í svipaðri mynd í frumvarpi þessu. Sú breyting hefur þó orðið á að allir miðlar, þ.m.t. netmiðlar falla undir gildissvið reglunnar, enda gerði nefndin ráð fyrir þeirri tilhögun þegar til lengri tíma væri litið. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í IV. kafla frumvarpsins, einkum 21. og 22. gr.

7.2 Eignarhald á fjölmiðlum og mögulegar takmarkanir þar á.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni frá vorinu 2005 að eignarhald á fjölmiðlum sem náð hefðu ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut. Vegna mikilvægis þeirrar þverpólitísku og faglegu niðurstöðu sem varð er nauðsynlegt að gera nokkuð ítarlega grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar hvað þetta varðar. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Það er álit nefndarinnar að rétt sé að setja eignarhaldi skorður enda séu þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Við mat hér að lútandi hefur nefndin m.a. haft eftirfarandi þætti í huga. Evrópuráðið hefur lagt fram þau tilmæli til aðildarríkjanna að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla í hættu. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Þannig verði fyrirtækjum, sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði. Einnig beinir Evrópuráðið þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau meti þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar.

Svo sem ítarlega er rakið hér að framan einkennist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið“. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir skemmta, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar og farvegur fyrir skoðanir stjórnvalda, hagsmunahópa og almennings. Fjölmiðlar hafa það hlutverk að veita aðhald þeim sem fara með pólitískt og efnahagslegt vald á hverjum tíma. Í ljósi þessa verður að stuðla að fjölræði á markaðnum með það að markmiði að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni. Svo sem nánar er rakið hér fyrr í skýrslunni er það nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Þær tillögur, sem reifaðar eru hér í framhaldinu, verður því að skoða sem viðbót eða „framlengingu“ við hin hefðbundnu úrræði samkeppnisréttarins. Í einhverjum tilvikum má

á hinn bóginn sjá þann möguleika fyrir að til beitingar hefðbundinna samkeppnisréttarlegra úrræða komi í tilvikum sem þessar tillögur ná ekki sérstaklega til.

Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir sem farnar hafa verið í nokkrum samanburðarlöndum. Hefur nefndin fjallað um kosti og galla þessara leiða. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríki hafa farið mjög svo mismunandi leiðir að framangreindu markmiði. Að hinni samevrópsku löggjöf slepptri er tæplega ofsagt að löggjöf einstakra þjóðríkja sé í hverju tilviki klæðskerasaumuð fyrir ólík samfélög og markaði. Við mat á þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir eignarhaldi, verður jafnframt að gæta að því að ekki má ganga of hart fram gagnvart þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem haslað hafa sér völl á þeim viðkvæma markaði sem hinn íslenski fjölmiðlamarkaður er. Reglur af þessum toga mega heldur ekki leggja stein í götu nýrra aðila á fjölmiðlamarkaði. Þannig verður að feta hið vandrataða einstigi milli þess að tryggja fjölbreytni og fjölræði annars vegar og hins vegar þess að fjárfestar, einstaklingar og fyrirtæki sjái sér hag í því að fjárfesta á fjölmiðlamarkaði. Að öðrum kosti gætu takmarkanir snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn því markmiði að almenningur, neytendur, eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum.

Vegna þeirra breytinga, sem eru að verða á fjölmiðlum í stafrænu umhverfi, telur nefndin ekki rétt að banna eignatengsl milli dagblaða og ljósvakamiðla. Ástæðan er sú að prentmiðlar eru í ríkara mæli farnir að skilgreina sig sem upplýsingaveitur vegna þeirra samlegðaráhrifa sem felast í samvinnu prent- og ljósvakamiðla í margmiðlunarumhverfi. Í margmiðlunarumhverfi verður í auknum mæli hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og skapast þá nýir möguleikar fyrir prentmiðlana að stækka og eflast þó að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Það er því nauðsynlegt að gefa prentmiðlum svigrúm til framþróunar í breyttu umhverfi.

Nefndin leggur til að almennar takmarkanir verði settar á eignarhald ljósvaka- og prentmiðla sem starfa hér á landi, þó þannig að takmörkunin nái aðeins til fjölmiðla sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu og þar með ákveðnu áhrifavaldi. Þá telur nefndin ástæðu til að binda takmarkanirnar eingöngu við dagblöð af prentmiðlum. Nefndin telur jafnframt ákjósanlegt að mögulegar reglur um eignarhald séu einfaldar og skýrar.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki sé rétt að gera sérstakan greinarmun á aðilum eftir tengslum þeirra við aðrar atvinnugreinar heldur skuli reglurnar vera almennar og gilda jafnt fyrir alla. Nefndin gerir því tillögur um að eignarhald á fjölmiðlum fari að hafa áhrif ef annað tveggja eða hvort tveggja á við:

- Fjölmiðill hefur ákveðna útbreiðslu, þ.e. þriðjungur af mannfjölda notfærir sér miðilinn að jafnaði á degi hverjum.
- Markaðshlutdeild fjölmiðilsins fer yfir þriðjung af heildarupplagi, heildaráhorfi eða heildarhlustun á hverjum fjölmiðlamarkaði um sig.

Nefndin leggur enn fremur til að takmörkun þessi verði útfærð með þeim hætti að eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skuli leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat. Hins vegar telur nefndin að ekki séu efni til þess að láta það hafa áhrif á þetta mat þótt aðili eigi fjölmiðil á fleiri mörkuðum, þ.e. fleiri en einnar gerðar (sbr. t.d. löggjöf í Noregi). Það mat nefndarinnar helgast af sérstöðu og smæð hins íslenska fjölmiðlamarkaðar. Er þá frekar talin ástæða til þess að hafa hinn almenna áhorfsþröskuld nokkuð lægri en ella. Við ákvörðun þess hvar framangreind mörk liggja er þess að gæta að sambærileg viðmið finnast í löggjöf einstakra ríkja svo sem nánar er fjallað um í 6. kafla. Það er þó alls ekki einhlítt hver þau mörk eru í prósentum talið í hverju landi fyrir sig. Að virtu

heildarmati og teknu tilliti til þeirra séraðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, þykir nefndinni meðalhófs gætt með framangreindum mörkum.

Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara, og upplagstölur og aðrar upplýsingar sem rekstraraðilum verður gert skylt að láta stjórnvaldinu í té.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um það hversu mikla útbreiðslu fjölmiðill hafi til þess að eignarhald verði talið hafa þýðingu. Nú verður hins vegar horft til þess með hvaða hætti setja beri eignarhaldi skorður hafi verið farið yfir framangreind mörk útbreiðslu/markaðshlutdeildar.

Við ákvörðun þess hvar mörk af framangreindum toga eigi að liggja er til margs að líta. Í því sambandi horfir nefndin öðru fremur til þess að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti átt ráðandi hlut í fjölmiðli sem náð hefur framangreindri útbreiðslu/markaðshlutdeild. Ein leið til þess að ákvarða ráðandi hlut í fjölmiðli væri sú að ætla stjórnvaldi því sem með fjölmiðlamál mun fara mat þessa hverju sinni. Nefndin telur þó heppilegra og gegnsærra að fastsetja þessi mörk í lögum og telur að öllu virtu sé hóflega farið fram með því að leggja til að eignarmörk verði með þeim hætti að eignarhald framangreindra aðila og skyldra aðila verði aldrei meira en 25 % í slíkum fyrirtækjum.

Með því að útfæra tillögurnar með þessum hætti telur nefndin að stuðlað sé að fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði þó þannig að fjölmiðlafyrirtækin geti stækkað og nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar en jafnframt gefið gott svigrúm til nýliðunar.

Þó að ljósvakamiðlar verði einungis leyfisskyldir munu takmarkanir á eignarhaldi þó engu að síður einnig ná til dagblaða sem falla undir framangreindar skilgreiningar.

Aðstaðan er að öðru leyti mismunandi í tilviki prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar. Viðkomandi stjórnvöld munu geta haft áhrif og eftirlit og eftir atvikum gripið inn í ef farið er yfir leyfileg mörk eignarhalds á ljósvakamiðlum á grundvelli lögbundinna og tímabundinna leyfisveitinga. Annað gildir um prentmiðla sem ekki er gert ráð fyrir að verði leyfisskyldir. Í tilviki þeirra er hins vegar gert ráð fyrir því að viðkomandi stjórnvald geti beitt dagsektum auk þess sem brot á lagafyrirmælum kynnu að varða refsingu.

Í ljósi tilhneigingar til lóðrétts eignarhalds, áréttar nefndin að framangreindar reglur um eignarhald setja dreififyrirtækjum sömu skorður og öðrum eigendum á fjölmiðlum og útheimta þá ekki sérstakar eignarréttarlegar aðgerðir vegna hins lóðrétta eignarhalds.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að eignarhald í framangreinda veru verði eitt þeirra skilyrða sem sett séu fyrir veitingu útvarpsleyfis, sbr. nú 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Staða þeirra aðila, sem við gildistöku slíkrar löggjafar hafa gilt útvarpsleyfi, er sjálfstætt athugunarefni. Til greina kæmi að við útgáfu nýrra leyfa yrðu skilyrði í þessa veru tekin upp en eldri leyfi héldu gildi sínu óbreytt. Slíkt mundi óhjákvæmilega leiða til misræmis og aðstöðumunar þeirra aðila sem hefðu nýlega fengið útgefið leyfi og þeirra sem væru með leyfi sem skammur tími væri eftir af. Nefndin leggur því til að öllum aðilum í þeim fjölmiðlarekstri sem takmarkanir þessa kafla munu taka til, jafnt prentmiðlum sem ljósvakamiðlum, verði veittur sambærilegur aðlögunartími þannig að tveimur árum liðnum frá gildistöku laga yrðu aðilar að hafa aðlagað sig hinni nýju löggjöf.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fólu a.m.k. í sér fjórar megintillögur:

- Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í fjölmiðli, þ.e. útvarpsstöð eða dagblaði, hafi hann náð þriðjungs markaðshlutdeild í áhorfi/lestri eða útbreiðslu.

- Eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, skal leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat.
- Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara.
- Ekki má veita umsækjanda útvarpsleyfi ef eignarhald á honum er ekki í samræmi við framangreindar reglur.

Mikilvægi framangreindra tillagna er ótvírætt og í meginatriðum eiga sömu sjónarmið við nú, næstum hálfum áratug síðar. Að tvennu þýðingarmiklu er þó að huga í þessu sambandi. Annars vegar hafa á þessum tíma átt sér stað heilmiklar eignatilfærslur sem leiða til þess að landslagið er ekki það sama nú og árið 2005 þó svo að ljóst sé að samþjöppun eignarhalds sé áfram viðvarandi vandamál á íslenskum fjölmiðlamarkaði, sbr. ítarlega úttekt þar að lútandi í fylgiskjali I með frumvarpi þessu. Hins vegar hefur sú þróun orðið frá þessum tíma að vægi nýrra miðlunarleiða í fjölmiðlun hefur aukist hröðum skrefum. Þar má nefna þátt netsins og netmiðlanna og svo á hinn bóginn hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun. Tillögur fjölmiðlanefndarinnar gerðu aftur á móti ráð fyrir því að eignarhaldstakmarkanirnar næðu aðeins til hefðbundinna prentmiðla og ljósvakamiðla. Sú heimsmynd á ekki fyllilega við lengur. Það er erfitt að rökstyðja það nú af hverju hefðbundnir fjölmiðlar ættu einir að sæta takmörkunum af þessum toga. Miðað við aðferðafræði fjölmiðlanefndarinnar mundi ný nálgun við þetta viðfangsefni kalla á afmörkun a.m.k. sex ólíkra markaða fjölmiðlunar, þ.e. hefðbundinna prentmiðla, rafrænna ritmiðla (netmiðla), línulegrar myndmiðlunar, myndmiðlunar eftir pöntun, línulegrar hljóðmiðlunar og hljóðmiðlunar eftir pöntun. Tillögur fjölmiðlanefndarinnar gerðu þar að auki ráð fyrir því að eignarhald fjölmiðla á einstökum mörkuðum hefðu aðeins áhrif innan hans en ekki á aðra markaði fjölmiðla. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á allra síðustu árum er áhorfsmál hvort slík nálgun á við lengur. Þá er ljóst að þær aðferðir sem lagðar voru til við mælingu markaðshlutdeildar eiga t.d. ekki við um myndmiðlun eftir pöntun og netmiðla.

Að öllu þessu virtu og þrátt fyrir að ýmsar meginforsendur fjölmiðlanefndar hvað eignarhald varðar séu enn í fullu gildi er það allt að einu metið svo að þörf sé gagngerrar endurskoðunar á þörf eignarhaldstakmarkana og mögulegri útfærslu þeirra, sé á þeim þörf. Í sögulegu ljósi ætti enginn vafi að leika á því að mikilvægt er að sem mest samstaða, ekki síst pólitísk, náist um slíkt. Er tilurð, starf og niðurstöður hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 skýrt fordæmi um það, ekki síst í ljósi þess ófriðar sem staðið hafði um málaflokkinn missirin þar á undan. Því hefur verið afráðið að í stað þess að gerðar séu beinar efnislegar tillögur um nýja útfærslu eignarhaldstakmarkana verði þverpólitískri og faglegri nefnd ætlað að meta þörfina á eignarhaldstakmörkunum og útfærslu þeirra, sé þeirra þörf. Er gert ráð fyrir þessari nefndarskipan í bráðabirgðaákvæði IV í frumvarpinu og vísast nánar um starfsemi og tímamörk hennar til þess ákvæðis, en þó vakin athygli á því að henni er ætlaður skammur tími til að skila tillögum. Með þessu er að því stefnt að skapa sem mesta sátt um frumvarp þetta og þá mögulegu tilhögun eignarhaldstakmarkana sem kann að leiða af starfi umræddrar nefndar.

VIII.

Markmið frumvarps þessa, helstu efnisatriði, breytingar og nýmæli.

Svo sem áður hefur komið fram liggja fjölþættar ástæður að baki því að lagt er í þá gagngeru endurskoðun á löggjöf á þessu sviði sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Í því sambandi má nefna breytingar þær sem leiðir af hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni, örar tækniframfarir, þörf endurnýjaðra reglna um prentmiðla, tilkomu netsins, grundvallarbreytingar á samsetningu og gerð íslensks fjölmiðlamarkaðar og samræmdar reglur um ábyrgð þeirra sem fjölmiðla reka og hjá þeim starfa, sem og nauðsyn á heildstæðu regluverki um starfsumhverfi þeirra sem á þessum vettvangi starfa. Þannig má segja að markmiðið með frumvarpinu sé að mæta framangreindum breytingum með samræmdri löggjöf á þessum vettvangi auk þess sem því er ætlað að stuðla að tjáningarfrelsi, frelsi til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á því sviði.

Hér að framan og í fylgiskjali I er gerð ítarleg grein fyrir þeirri þróun sem hefur orðið á þessum vettvangi bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu. Ekki er ástæða til að endurtaka það sem þar kemur fram en hér á eftir verður gerð grein fyrir öðrum þeim nýmælum sem frumvarp þetta hefur að geyma.

Líkt og ráða má af því sem fram hefur komið er skipan frumvarpsins í einstaka kafla með svofelldum hætti:

I. Markmið og skilgreiningar.
II. Gildissvið og lögsaga.
III. Stjórnsýsla.
IV. Skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl.
V. Réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda.
VI. Viðskiptaorðsendingar og fjarsala.
VII. Reglur um flutning myndefnis.
VIII. Takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni.
IX. Ábyrgð, viðurlög, fullnusta o.fl.
X. Ýmis ákvæði.
XI. Gildistaka o.fl.

Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi ber að nefna þá mikilsverðu breytingu að frumvarpinu er ætlað að taka til fjölmiðla og fjölmiðlunar í víðtækri merkingu, svo sem slík starfsemi er skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Gildandi lög taka einungis til útsendinga hljóðvarps og sjónvarps í þrengri skilningi annars vegar (útvarpslög) og hefðbundinna prentmiðla hins vegar (lög um prentrétt), en engin sérlög taka á hinn bóginn til annarra miðla. Þannig er frumvarpinu ætlað að gilda um allt efni sem miðlað er af þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum er lúta ritstjórn og heyra undir lögsögu íslenska ríkisins. Þeir miðlar sem undir lögin heyra eru því m.a. dagblöð og tímarit, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Ekki getur þó verið um tæmandi talningu að ræða, ekki síst í ljósi þeirrar öru þróunar sem er á þessu sviði og því mikilvægt þegar til framtíðar er litið að einstök miðlunarform verði mátuð við skilgreiningu laganna fremur en að í upphafi sé reynt að ná þar utan um með tæmandi hætti.

Í öðru lagi er í frumvarpinu í fyrsta sinn tekið upp sérstakt markmiðsákvæði sem hefur að geyma almenna yfirlýsingu um tilgang og markmið frumvarpsins.

Í þriðja lagi er skilgreiningum fjölgað verulega frá gildandi lögum og leitast við að skilgreina og skýra öll þau sértæku hugtök sem frumvarpið hefur að geyma sem mörg hver eiga rætur að rekja til tilskipana ESB á þessum vettvangi. Þannig er stefnt að því að taka upp

nokkur ný grundvallarhugtök sem leiðir af rýmkuðu og breyttu gildissviði frumvarpsins. Er nauðsynlegt að gera hér nokkra grein fyrir þeim helstu og raunar afar mikilvægt að þau verði sem fyrst töm öllum þeim sem á grundvelli löggjafarinnar starfa og með hana sýsla. Hugtakið *ábyrgðarmaður* er nýtt af nálinni en það hugtak nær til þeirra einstaklinga sem fara með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda. *Efnisstjóri* nefnist síðan sá starfsmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sem ber ábyrgð á efnisvali hverju sinni og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri, fréttastjóri og aðrir sambærilegir stjórnendur. Þá er þýðingarmikið að geta þess að hugtakið *fjölmiðill* er nú skilgreint í fyrsta sinn að íslenskum lögum en hugtakið tekur til hvers konar miðla sem með reglubundnum hætti miðla til almennings efni er lýtur ritstjórn. Þessu tengt eru síðan skilgreind hugtökin *fjölmiðlaþjónusta* sem er sú þjónusta sem fjölmiðlar veita og *fjölmiðlaþjónustuveitandi* sem er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil. *Flutningsreglur* eru síðan reglur um *flutningsrétt* og *flutningsskyldu* á myndefni. Þá er hugtakið hljóðmiðlun skilgreint en það tekur annars vegar til hefðbundins *hljóðvarps* (línulegrar dagskrár) og hins vegar til hlaðvarps eða annars konar *hljóðmiðlunar eftir pöntun* (ólínulegrar hljóðmiðlunar). Með sama hætti getur *myndmiðlun* verið með tvennum hætti, annars vegar hefðbundin *sjónvarpsútsending* (línuleg dagskrá) og hins vegar *myndmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg myndmiðlun). Hugtakið *ritmiðlun* nær síðan til þeirrar þjónustu sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar miðlun ritefnis á prentuðu eða öðru sambærilegu formi (*prentmiðlar*) og hins vegar miðlun ritefnis með rafrænum hætti (*rafrænn ritmiðill*), þ.e. fjölmiðlun á netinu í formi netmiðla o.s.frv. Þá felur hugtakið *ritstjórn* í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er. Þá þarf sérstaklega að gera grein fyrir nýjum og breyttum hugtökum á því sviði sem til skamms tíma hefur fallið í heild undir svið auglýsinga. Hin hefðbundna skilgreining hugtaksins auglýsing nær hins vegar ekki lengur til allra þeirra aðferða sem notaðar eru til að koma viðskiptaskilaboðum til skila til neytenda. Eiga ný hugtök á þessum vettvangi, sem flest eiga rætur sínar að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, eftir að vinna sér þegnrétt í málinu. Grundvallarhugtök á þessu sviði verða annars vegar *fjarsala* og hins vegar *viðskiptaorðsendingar*. Með hugtakinu viðskiptaorðsending er átt við texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast m.a. hefðbundnar *auglýsingar, kostun* og *vöruinnsetning*. Undir hugtakið falla jafnframt önnur form auglýsinga, svo sem *skjáskipt auglýsing* og *sýndarauglýsing*. Um nýja hugtakanotkun vísast að öðru leyti til 2. gr. frumvarpsins og ítarlegra skýringa við hana.

Í fjórða lagi koma til skoðunar ákvæði laganna um lögsögu. Þau taka fyrst og fremst mið af myndmiðlum í samræmi við fyrirmæli þar að lútandi af vettvangi hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Um lögsögu fjölmiðla almennt vísast til gildissviðs ákvæðis 3. gr. frumvarpsins, en um lögsögu myndmiðla vísast sérstaklega til ákvæða 4.–6. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að reglur um lögsögu verði einfaldaðar frá því sem er þó svo að meginreglan um staðfestu sé enn hin sama. Þá eru gerðar breytingar á því hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi sem hvorki hefur staðfestu hér á landi né í öðru EES-ríki telst heyra undir lögsögu íslenska ríkisins. Enn fremur er tekið upp ákvæði sem gerir fyrirhuguðu stjórnvaldi á þessu sviði, Fjölmiðlastofu, undir ákveðnum kringumstæðum, kleift að grípa til ráðstafana gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja en senda efni sitt út hér á landi.

Í fimmta lagi er með frumvarpinu lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á stjórnsýslu á þessum vettvangi. Helgast þær tillögur af nokkrum þýðingarmiklum ástæðum. Í fyrsta lagi gerir hljóð- og myndmiðlunartilskipunin beinlínis ráð fyrir því að til staðar sé sjálfstæður og óháður eftirlitsaðili sem framfylgi ákvæðum hennar og annist nauðsynleg samskipti við sambærilega aðila í öðrum aðildarríkjum EES. Í öðru lagi felur lögleiðing ákvæða tilskipunarinnar í sér brýna þörf á tilkomu slíks eftirlitsaðila með hliðsjón af hinu rýmkaða gildissviði og umfangi þeirra verkefna sem af tilskipuninni leiðir. Í þriðja lagi er nú þegar rík þörf að landsrétti fyrir tilvist slíks eftirlitsaðila og m.a. ljóst að útvarpsréttarnefnd í núverandi mynd annar ekki þeim verkefnum sem henni eru ætluð að gildandi útvarpslögum, m.a. þeim verkefnum sem leiðir af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Er nú svo komið að öll aðildarríki EES-samningsins að Íslandi og Lúxemborg undanskildum hafa komið á fót sambærilegum eftirlitsaðilum. Eigi Ísland ekki að dragast enn frekar aftur úr í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi er nauðsynlegt að ákvæði frumvarps þessa um stofnun Fjölmiðlastofu og breytta stjórnsýslu verði í lög leidd. Í III. kafla frumvarpsins er þannig kveðið á um stjórn og starfsemi Fjölmiðlastofu sem og starfssvið hennar sem verður fjölþætt og í grundvallaratriðum breytt frá því sem nú gildir um útvarpsréttarnefnd ekki síst af þeirri ástæðu að starfssviði hennar er þess utan ætlað að ná utan um alla fjölmiðla í landinu, hverju nafni sem þeir nefnast.

Í sjötta lagi er í IV. kafla frumvarpsins lagt til að öll fjölmiðlaþjónusta sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins sé skráningarskyld til Fjölmiðlastofu í því skyni að auðvelda henni að rækja starf sitt. Þess utan er viðhaldið reglum um leyfisskyldu þeirrar hljóð- og myndmiðlunar sem útheimtir tíðniúthlutun. Þá er það nýmæli tekið upp að fjölmiðlaþjónustuveitendur eru á hverjum tíma skyldir til upplýsingagjafar um eignarhald. Er með því lagt til að leidd verði í lög sú tillaga síðari fjölmiðlanefndar að upplýsingar um eignarhald fjölmiðlafyrirtækja á hverjum tíma séu almenningi ávallt aðgengilegar.

Í sjöunda lagi er í V. kafla frumvarpsins fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda. Sum af ákvæðum kaflans eru efnislega samhljóða ákvæðum IV. kafla gildandi útvarpslaga með þeim breytingum þó sem leiðir af rýmkuðu og breyttu gildissviði. Í kaflanum er þó einnig að finna fjölmörg nýmæli og ber í því sambandi að nefna reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði, vernd heimildarmanna, aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni og bann við hatursáróðri. Þá hefur verið aukið verulega við reglur um rétt til andsvara og vernd barna gegn skaðlegu efni og þær skerptar frá því sem nú er. Mörg hver eiga þessi nýmæli rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæðum kaflans er þó í heild og eftir því sem við á ætlað að taka til allra gerða fjölmiðla enda eðlilegt að samræmdar reglur gilda þar um svo sem frekast er kostur og önnur tilhögun raunar vart samrýmanleg jafnræðiskröfum.

Í áttunda lagi er í VI. kafla lagður grunnur að samræmdum reglum um öll form kynningar á vörum og þjónustu í víðtækasta skilningi. Hið hefðbundna hugtak auglýsing nær ekki lengur til allra þeirra aðferða þannig að við tekur nýtt heildarhugtak viðskiptaorðsendingar. Hugtakinu viðskiptaorðsendingu er ætlað að ná yfir texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast því m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Til þessa hafa sérstök lagafyrirmæli ekki gilt á þessum vettvangi um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir útvarpslög. Á því er ekki lögð til grundvallarbreyting að öðru leyti en því að í 37. og 38. gr. frumvarpsins er ráðgert að nokkrar meginreglur gildi hvað þetta varðar um

alla tegundir fjölmiðla. Lagt er til það nýmæli að óheimilt verði að hvetja börn til neyslu á óhollum matvælum og drykkjarvörum svo sem nánar er útlistað í frumvarpinu. Þá er jafnframt lagt til að viðskiptaorðsendingar sem hvetja til kaupa á tóbaki, áfengi og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur tilskilin leyfi ásamt lyfseðilsskyldum lyfjum verði bannaðar í öllum fjölmiðlum. Er lagt til að sá háttur verði hafður á, enda ná viðskiptaorðsendingar samkvæmt skilgreiningu í frumvarpi þessu til mun víðtækari markaðssetningar er þau sérlög þar sem bannákvæði þessi er að finna. Að öðru leyti eru reglur kaflans sniðnar að hljóð- og myndefni. Ákvæði frumvarpsins um vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni fela í sér nýmæli en ekkert er um þá tegund viðskiptaorðsendinga fjallað í gildandi útvarpslögum. Samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er vöruinnsetning að meginstefnu bönnuð en aðildarríkjunum þó frjálst að heimila hana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með frumvarpinu er lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð einkareknum fjölmiðlaþjónustuveitendum með ákveðnum skilyrðum og þannig aukið við möguleika þeirra til tekjuöflunar. Að sama skapi gerir frumvarpið ráð fyrir því að fjölmiðlaþjónustuveitendur og auglýsendur geti nýtt nýja auglýsingatækni á borð við sýndarauglýsingar, skjáskiptar auglýsingar og gagnvirkar auglýsingar. Þá er lagt til í samræmi við ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að reglur um tíma fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot verði rýmkaðar.

Í níunda lagi er í VII. kafla frumvarpsins lagt til að teknar verði upp reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu hljóð- og myndmiðla. Tillögur frumvarpsins þar að lútandi eru í grundvallaratriðum samhljóða tillögum fjölmiðlanefndarinnar frá vorinu 2005 sem jafnframt voru teknar upp í frumvarp menntamálaráðherra sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 2006–2007 en náði ekki fram að ganga. Nánari grein verður gerð fyrir inntaki þeirra í umfjöllun með viðkomandi kafla.

Í tíunda lagi eru í IX. kafla frumvarpsins gerðar viðamiklar breytingar á ákvæðum um ábyrgð, viðurlög og fullnustu. Þannig eru reglur um ábyrgð samræmdar og einfaldaðar og verða að efni til þær sömu á vettvangi allra fjölmiðla verði frumvarp þetta að lögum. Meðal annarra nýmæla kaflans er lagt til það nýmæli að Fjölmiðlastofa geti beitt dagsektum í ákveðnum tilvikum. Vakin er athygli á þeirri tillögu frumvarpsins að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu. Eftirlit með framkvæmd laganna hvílir því fyrst og síðast á herðum þeirrar stofnunar. Undirstrikar þessi tilhögun að sínu leyti breytt og stóraukið hlutverk eftirlitsstjórnvaldsins.

Í ellefta lagi er í X. kafla frumvarpsins lagt til að tekin verði upp ein og samræmd reglugerðarheimild. Í henni er vísað til nánar afmarkaðra þátta frumvarpsins og heimild veitt til nánari útfærslu þeirra með reglugerð. Með þessari tilhögun er fullnægjandi lagastoð stjórnvaldsfyrirmæla undirbyggð með gleggri hætti en nú er.

Í tólfta lagi er í XI. kafla frumvarpsins að finna ákvæði um gildistöku þess auk þess sem safnað er saman þeim breytingum sem lagðar eru til á öðrum lögum. Annars vegar er þar um að ræða breytingar sem eru óhjákvæmilegar vegna ákvæða frumvarpsins og hins vegar breytingar sem eru tilkomnar vegna ákvæða hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Fyrst eru lagðar til breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972. Þær breytingar eru tilkomnar vegna ákvæða hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en þar er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tryggja að fjölmiðlaþjónustuveitendur hafi aðgang að viðburðum sem sendir eru út í lokaðri dagskrá og vekja mikinn áhuga meðal almennings í því skyni að miðla frá þeim stuttum fréttaskotum.

Í annan stað eru lagðar til breytingar á lögum um aðgang barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006, í því skyni að virkja eftirlit á þeim vettvangi. Þannig er lagt til að

eftirlit að þessu leyti flytjist frá Barnaverndarstofu til Fjölmiðlastofu enda þykir þessi málaflokkur eiga samleið með öðrum verkefnum hins nýja stjórnvalds.

Þá eru lagðar til smávægilegar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Auk þess eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um prentrétt, nr. 57/1956, en sú grundvallarbreyting verður að allir þættir fjölmiðlunar sem nú falla þar undir flytjast undir gildissvið nýrra fjölmiðlalaga verði frumvarp þetta að lögum.

Í þrettánda lagi er vakin athygli á fjórum ákvæðum til bráðabirgða. Sýnist þar mestum tíðindum sæta ákvæði IV. en þar er ráðgert að setja á laggirnar nefnd sem fjalla á um eignarhald fjölmiðla hér á landi og mögulegar takmarkanir þar á.

Af framangreindu er ljóst að með frumvarpi þessu eru ráðgerðar viðamiklar breytingar á öllu laga- og starfsumhverfi þeirra fjölmiðla og eftir atvikum fjarskiptafyrirtækja sem undir það heyra. Ekki þykir ástæða til þess að tíunda þessar breytingar nánar hér en fyrir þeim er gerð ítarleg grein í skýringum með einstökum ákvæðum þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er annars vegar að finna markmiðsákvæði og hins vegar skilgreiningar á þeim hugtökum sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða þess. Markmiðsákvæðið og flestar af þeim hugtakaskilgreiningum sem um ræðir eru nýmæli sem eru tiltekin af víðtæku gildissviði frumvarpsins svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum við einstök ákvæði kaflans.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið frumvarpsins. Ákvæði þetta er nýmæli en markmiðsákvæði af því tagi sem hér er lagt til er hvorki í gildandi útvarpslögum né lögum um prentrétt, enda hinum síðarnefndu ekki sérstaklega ætlað að mynda ramma um starfsemi þeirra fjölmiðla sem þau taka til. Svo sem áður greinir er frumvarpinu ætlað mun víðtækara gildissvið en gildandi löggjöf. Frumvarpinu er þannig ætlað að taka til hljóð- og myndmiðlunar í víðtækustu merkingu á meðan gildandi útvarpslög ná aðeins til hefðbundins hljóðvarps og sjónvarps. Þá er frumvarpinu ætlað að ná jafnt til hefðbundinna prentmiðla sem og rafrænna ritmiðla. Eftir sem áður eru markmiðin ávallt hin sömu, þ.e. að lögð er áhersla á fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði til að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og stuðla að því að borgarar geti metið, tekið afstöðu til og tekið þátt í lýðræðislegum ákvörðunum. Með fjölbreytni er átt við fjölbreytni í framboði fjölmiðla sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis. Með fjölræði er vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Jafnframt er lögð áhersla á að samhliða því frelsi haldist þróun á þessum vettvangi í hendur við almenna hagsmuni notenda, einkum og sér í lagi barna og ungmenna, sem og vernd mannréttinda í víðtækum skilningi.

Frumvarpinu er enn fremur ætlað að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi á meðal almennings. Hugtakið fjölmiðlalæsi vísar til færni, þekkingar og skilnings sem gerir notendum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Um fjölmiðlalæsi er fjallað sérstaklega í 37. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Þar er lögð áhersla á þá staðreynd að fólk sem læst er á fjölmiðla getur valið efni á mun upplýstari hátt en aðrir, skilið eðli þess og markmið og fært sér í nyt öll þau tækifæri sem ný tækni á þessu sviði hefur upp á að

bjóða. Það sé að sama skapi betur fært um að vernda sig og fjölskyldu sína gegn skaðlegu og særandi efni. Þó svo að tilskipunin taki svo sem áður greinir einungis til myndmiðla er ljóst að fjölmiðlalæsi er ekki síður mikilvægt þegar um annars konar fjölmiðla er að ræða. Er af hálfu ESB talið að fjölmiðlalæsi nú sé hugsanlega jafnmikilvægt fyrir þátttöku borgara í lýðræðissamfélagi eins og læsi var í upphafi 19. aldar. Í ljósi þessa er með ákvæðum frumvarpsins stefnt að því að auka fjölmiðlalæsi á meðal almennings, t.d. með því að gera upplýsingar um eigendur fjölmiðla aðgengilegar almenningi sem og með skýrari aðgreiningu dagskrárefnis annars vegar og auglýsinga og annarra viðskiptaorðsendinga sem og fjarsölu hins vegar og svo mætti áfram telja. Þá er hinu nýja stjórnvaldi, Fjölmiðlastofu, m.a. ætlað að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi á meðal almennings og standa vörð um þau gildi sem liggja til grundvallar ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti.

Í ljósi gildissviðs frumvarpsins er það aukinheldur markmið þess að koma á fót samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað er og þykir rétt að orða það sérstaklega í síðari málslið frumvarpsgreinarinnar enda er breytingin veruleg að þessu leyti að ræða. Rétt er að geta þess að hljóð- og myndmiðlunartilskipunin, sem er ein meginástæða þess að ráðist var í heildarendurskoðun á löggjöf á þessum vettvangi, tekur samkvæmt efni sínu einungis til myndmiðlunar. Lagahefð er fyrir því hér á landi að sömu reglur gildi um hljóðmiðlun annars vegar og myndmiðlun hins vegar eftir atvikum. Ljóst er að ný tækni á sviði hljóðmiðlunar er að ryðja sér til rúms á sama hátt og á vettvangi myndmiðlunar og því full ástæða til þess að sömu reglur gildi eftir því sem við á. Þannig tekur frumvarpið jafnt til hefðbundins hljóðvarps og sjónvarps sem og nýrra tegunda hljóð- og/eða myndmiðlunar. Um aðrar tegundir fjölmiðla gilda að sönnu nokkuð önnur sjónarmið en með heildstæðri löggjöf á þessum vettvangi hlýtur þess engu síður að verða freistað að láta sömu reglur gilda um alla fjölmiðla eftir því sem kostur er.

Um 2. gr.

Í 1. gr. gildandi útvarpslaga er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem sérstaka þýðingu hafa samkvæmt lögunum. Engum skilgreiningum er til að dreifa í lögum um prentrétt en einstök hugtök hafa þó verið skýrð í réttarframkvæmd í tímans rás. Svo sem áður greinir er frumvarpinu ætlað mun rýmra gildissvið en gildandi löggjafar og af því leiðir að nauðsyn þykir að skilgreina allnokkurn fjölda nýrra hugtaka auk þess sem breyting er gerð á inntaki skilgreininga eldri hugtaka eftir því sem við á. Í frumvarpsgreininni er þannig skilgreint 41 hugtak sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða þess. Margar þessara skilgreininga eru byggðar á hugtakaskilgreiningum í 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og eiga sér því skírskotun á þeim vettvangi. Flestar skilgreininganna skýra sig eðli málsins samkvæmt sjálfar en þó þykir rétt að fara um þær nokkrum orðum og útlista uppruna hverrar og einnar.

Hugtakið *aðgangskassi* leysir af hólmi hugtakið myndlykill sem skilgreint er í gildandi útvarpslögum. Hugtakið aðgangskassi hefur þó allnokkuð rýmri merkingu en hugtakið myndlykill og tekur til fjölþættari tæknibúnaðar. Skilgreiningin er nær samhljóða orðskýringu 2. gr. reglna um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp nr. 570/2006, sem sett er á grundvelli fjarskiptalaga, nr. 81/2003.

Skilgreining á hugtakinu *auglýsing* er óbreytt frá gildandi útvarpslögum en vakin er athygli á því að auglýsing rúmast nú innan hugtaksins viðskiptaorðsending sem jafnframt er skilgreint í frumvarpinu. Þá tekur hugtakið í frumvarpinu eðli málsins samkvæmt jafnframt til auglýsinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

Hugtakið *ábyrgðarmaður* er í frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Með því er lögð til grundvallar ein samræmd skilgreining á þeim sem fer með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda og/eða fyrirsvar fyrir hann óháð því hvers konar fjölmiðil viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi starfrækir. Tilhögun þessi tekur mið af því að alltaf sé til staðar einstaklingur sem svari til persónulegrar ábyrgðar vegna starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda. Til einföldunar er svo lagt til að í tilvikum þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi er einstaklingur sé sá hinn sami jafnframt ábyrgðarmaður. Í hlutafélögum má og vænta þess að sá aðili sem að lögum gegnir framkvæmdastjórn sé jafnframt ábyrgðarmaður.

Dagskrá leysir af hólmi hugtakið útvarpsdagskrá og hefur eðli málsins samkvæmt rýmri merkingu. Með því er tekið tillit til breyttrar tækni.

Hugtakið *dagskrárliður* er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi útvarpslögum. Skilgreining þess er byggð á b-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sem dæmi um dagskrárliði má nefna kvikmyndir, íþróttaviðburði, gamanþætti, heimildarþætti og frumsamda leikna þætti.

Hugtakið *dulin viðskiptaorðsending* er sérstaklega skilgreint í frumvarpinu. Skilgreiningin er byggð á j-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en duldar viðskiptaorðsendingar geta þó einnig komið fyrir í öðrum fjölmiðlum en þeim sem hún tekur til. Ef upp kemur vafi um það hvort um dulda viðskiptaorðsendingu sé að ræða skal m.a. horft til þess hvort greiðsla eða annað endurgjald komi fyrir eður ei. Slíkt mundi þá styðja það að um dulda viðskiptaorðsendingu væri að ræða. Duldar viðskiptaorðsendingar eru bannaðar skv. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins.

Hugtakið *efnisstjóri* er nýtt hugtak samkvæmt frumvarpinu. Með því er ætlað að skilgreina með samræmdum hætti þá starfsmenn fjölmiðlaþjónustuveitenda sem ábyrgð bera á efnisvali hverju sinni og ákvarða hvernig það skuli skipulagt. Til efnisstjóra teljast t.d. ritstjórar, dagskrárstjórar, fréttastjórar og aðrir sambærilegir stjórnendur. Hugtakið hefur einkum þýðingu við framkvæmd ábyrgðarreglna frumvarpsins en efnisstjóri viðkomandi efnis er einn þeirra sem ábyrgð geta borið á því samkvæmt þeim.

Ekki er að finna skilgreiningu á *erlendu endurvarpi* í gildandi útvarpslögum. Með frumvarpinu er lagt til að það hugtak verði sérstaklega skilgreint, einkum þar sem sú tilkynningarskylda sem samkvæmt því er lögð á fjölmiðlaþjónustuveitendur tekur einnig til endurvarps þeirra á efni frá erlendum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Þannig ber fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir frumvarpið að tilkynna Fjölmiðlastofu um alla þá fjölmiðlaþjónustu sem þeir láta öðrum í té, þar með talið endurvarp á slíkri þjónustu erlendis frá. Sem dæmi um erlent endurvarp má nefna miðlun Skjásins og 365 miðla á erlendum sjónvarpsstöðvum á borð við BBC Prime, Sky News, DR1 og svo mætti áfram telja.

Hugtakið *evrópskt efni* er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi útvarpslögum. Tilvísun til þess er á hinn bóginn að finna í 7. gr. þeirra en í 3. mgr. hennar er vísað til reglugerðar nr. 911/2000 um nánari skilgreiningu hugtaksins. Sú skilgreining er byggð á skilgreiningu hugtaksins í tilskipuninni eins og hún var fyrir gildistöku hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Því má velta fyrir sér hvaða þýðingu það hafi að taka upp í reglugerð skilgreiningu að þessu leyti sem ekki er á nokkurn hátt efnislega útfærð í viðkomandi lagaákvæði. Á hinn bóginn verður ekki talið nauðsynlegt að taka skilgreiningu þessa beinlínis upp í lagatextann, enda er hún umfangsmikil og ekki einsleit auk þess sem tilvísun til evrópsks efnis er ekki að finna í bannreglum frumvarpsins heldur eingöngu tilmælum þess um dagskrárframboð. Er talið fara betur á því að taka upp það nýmæli að vísa einfaldlega til skilgreiningarinnar eins

og hún kemur fyrir í n-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, en þar er evrópskt efni skilgreint með svofelldum hætti:

„i. Evrópsk verk merkir eftirfarandi:
- verk sem eru upprunnin í aðildarríkjunum,
- verk sem eru upprunninn í þriðju löndunum innan Evrópu sem eru aðilar að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa í Evrópu og fullnægja skilyrðum ii. liðar,
- verk sem framleidd eru sameiginlega innan ramma samninga á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem Bandalagið hefur gert við þriðju lönd og fullnægja skilyrðum sem skilgreind eru í þeim samningum,
- beiting ákvæða annars og þriðja undirliðar skal vera háð því að í viðkomandi þriðju löndum séu ekki gerðar ráðstafanir sem fela í sér mismunun gagnvart verkum sem eru upprunnin í aðildarríkjunum,

ii. Verkin sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar eru verk sem aðallega eru unnin með höfundum og samverkamönnum, sem hafa fasta búsetu, í einu eða fleiri ríkjanna, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar, að því tilskildu að þau uppfylli eitt af eftirfarandi þremur skilyrðum:
- þau séu gerð af einum eða fleiri framleiðendum, er hafa staðfestu í einhverju þessara ríkja, eða,
- framleiðsla verkanna sé undir umsjón og henni stjórnað í raun af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu í einhverju þessara ríkja eða,
- framlag meðframleiðenda frá einhverju þessara ríkja til heildarútgjalda við sameiginlega framleiðslu verks vegur þyngst og hinu sameiginlega framleiðsluverkefni er ekki stjórnað af einum framleiðanda eða fleirum með staðfestu utan þessara ríkja,

iii. Verk, sem eru ekki evrópsk verk í skilningi i. liðar en eru framleidd innan ramma tvíhliða samninga milli aðildarríkja og þriðju landa um sameiginleg framleiðsluverkefni, skulu teljast evrópsk verk, að því tilskildu að meðframleiðendur innan Bandalagsins standi undir meirihluta heildarframleiðslukostnaðar og að framleiðsluverkefninu sé ekki stjórnað af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.“

Hugtökin *fjarskiptafyrirtæki* og *fjarskiptanet* eru skilgreind í frumvarpinu vegna flutningsreglna VII. kafla þess. Skilgreiningar hugtakanna eru samhljóða skilgreiningum laga um fjarskipti, nr. 81/2003, á sömu hugtökum að breyttu breytanda.

Hugtakið *fjarsala* er skilgreint í gildandi útvarpslögum og er sú skilgreining byggð á skilgreiningu tilskipunarinnar eins og hún var fyrir gildistöku hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var umræddri skilgreiningu breytt lítillega og er tekið mið af þeirri breytingu í frumvarpinu. Í þeirri skilgreiningu sem lögð er til grundvallar í frumvarpinu er jafnframt horft til skilgreiningar laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, sem og skilgreininga laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, en í báðum tilvikum var verið að innleiða viðeigandi tilskipanir ESB. Er með þessu stuðlað að sem mestu samræmi hugtakanotkunar milli einstakra laga. Eðli málsins samkvæmt er síðan greinarmunur gerður á fjarsöluþáttum annars vegar og fjarsöluinnskotum hins vegar svo sem nánar er útlistað í VI. kafla frumvarpsins um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni.

Hugtakið *fjölmiðill* hefur eðli málsins samkvæmt grundvallarþýðingu við beitingu ákvæða frumvarpsins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið er allvíða vikið að inntaki hugtaksins og þeim vandkvæðum sem það er háð að móta eina altæka skýringu þess í hinu síbreyti-

lega umhverfi fjölmiðla. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið verði skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmar til framtíðar litið nýjar tegundir fjölmiðla. Til þess að teljast fjölmiðill í skilningi frumvarpsins þurfa slíkir miðlar þó að uppfylla þau grundvallarskilyrði sem fram eru sett í skilgreiningunni. Hugtakið nær til hljóðvarpsstöðva, sjónvarpsstöðva og aðila sem miðla hljóð-, mynd- eða ritefni á vefmiðlum dagblaða og tímarita ásamt fylgiritum þeirra og svo mætti áfram telja svo framarlega sem ritstjórn er fyrir hendi. Inntak hugtaksins ritstjórn hefur því afgerandi þýðingu fyrir það hvort um fjölmiðil í skilningi frumvarpsins er að ræða. Allt að einu skal tekið fram að með skilgreiningu hugtaksins á þessum vettvangi er ekki ætlunin að svara í eitt skipti fyrir öll hinni viðvarandi spurningu fjölmiðlafræðinnar um hvað teljist vera fjölmiðill.

Fjölmiðlaþjónusta er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu sem ætlað er að ná yfir alla þá starfsemi sem undir frumvarpið fellur. Það tekur því bæði til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda hvort heldur sem um hefðbundnar útsendingar eða samsvarandi þjónustu eftir pöntun er að ræða. Það tekur að sama skapi til miðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda á ritefni hvort heldur sem er á prentuðu eða rafrænu formi. Nánara inntak hugtaksins fjölmiðlaþjónusta ræðst svo af skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill sem og einstökum tegundum fjölmiðlunar.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu og á rætur að rekja til d-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þó svo að því sé samkvæmt frumvarpinu ætlað víðtækara gildi. Inntak hugtaksins ræðst svo eðli málsins samkvæmt af inntaki hugtaksins fjölmiðill en samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lögð er til er fjölmiðlaþjónustuveitandi einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil. Um er að ræða heildarhugtak sem ætlunin er að nái til allra þeirra sem starfrækja fjölmiðla, hvort heldur sem er á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar eða ritmiðlunar. Hugtakið leysir að sama skapi af hólmi eldri hugtök á borð við útgefandi í löggjöf á þessum vettvangi.

Hugtökin *flutningur, flutningsreglur, flutningsréttur* og *flutningsskylda* eru sérstaklega skilgreind í frumvarpinu. Helgast það af reglum VII. kafla um flutning hljóð- og myndefnis. Hugtök þessi eiga uppruna sinn í skýrslu síðari fjölmiðlanefndarinnar frá því í apríl 2005. Í skilgreiningu á hugtakinu *flutningur* kemur orðið tengipunktur sjónvarpsstöðvar fyrir. Með því er átt við þann punkt sem hagkvæmast er fyrir fjarskiptafyrirtæki að taka á móti sjónvarpsmerki. Móttaka slíks merkis getur verið í lofti, í gegnum leiðara, í símstöð eða með öðrum hagkvæmum hætti. Tekið skal fram að í skilgreiningum á hugtökunum *flutningsréttur* og *flutningsskylda* eru í stað hugtakanna efnisveita og dreifiveita sem notuð voru í framangreindri skýrslu fjölmiðlanefndar notuð hugtökin fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjarskiptafyrirtæki.

Hugtakið *gagnvirk auglýsing* er jafnframt nýtt af nálinni. Hugtakinu er ætlað að ná til nýrrar auglýsingatækni. Gagnvirk auglýsing er í raun hvers konar auglýsing eftir pöntun í hljóð- og myndmiðlum þar sem neytandinn getur nálgast ítarlegri upplýsingar en fram koma í línulegri dagskrá um þá vöru eða þjónustu sem um er að ræða með því að velja þann kost með sértækum hætti. Sem dæmi um gagnvirka auglýsingu mætti nefna það þegar áhorfanda matreiðsluþáttar býðst að sækja ítarlegri upplýsingar um einstakar vörur sem þar eru í notkun með því að velja þar til gerða táknmynd (e. icon) sem birtist í auglýsingahléi í hinni línulegu dagskrá.

Hugtakið *hlaðvarp* er í frumvarpinu skilgreint til skýringar. Hlaðvarp telst til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þykir ekki þarfnast nánari útlistunar.

Hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni er að sama skapi nýtt yfirhugtak sem tekur bæði til viðskiptaorðsendinga í hljóð- og myndmiðlum og fjarsölu eins og þau hugtök eru skilgreind. Í raun má segja að undir hugtakið falli hvers konar kynning á vöru eða þjónustu í formi hljóð- og myndmiðlunar.

Hljóðmiðlun er nýtt hugtak sem skilgreint er í fyrsta sinn með frumvarpinu. Því er ætlað að ná yfir alla hljóðvarpsstarfsemi með samsvarandi hætti og myndmiðlun að breyttu breytanda. Undir hugtakið falla því bæði hefðbundnar hljóðvarpsútsendingar sem og hljóðmiðlun eftir pöntun.

Hljóðmiðlun eftir pöntun er einnig nýtt hugtak og svarar það til hugtaksins myndmiðlun eftir pöntun að breyttu breytanda. Til hljóðmiðlunar eftir pöntun telst m.a. hlaðvarp, þ.e. dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa sem fjölmiðlaþjónustuveitendur bjóða almenningi til niðurhals.

Hljóðvarp er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi lögum. Hugtakið er þar hins vegar notað yfir annan tveggja þátta hugtaksins útvarps sem tekur annars vegar til sjónvarps og hins vegar hljóðvarps. Með frumvarpinu er lagt til að það verði skilgreint með sértækum hætti og er sú skilgreining hliðstæð skilgreiningu á hugtakinu sjónvarpsútsending. Þannig er hugtakinu hljóðvarp ætlað að ná til miðlunar hljóðefnis á meðan hugtakinu sjónvarpsútsending er ætlað að ná til miðlunar myndefnis.

Hugtakið *kostun* er með frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Sú skilgreining sem lögð er til byggist á k-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Til kostunar telst m.a. það þegar fyrirtæki eða einstaklingar kosta útsendingar einstakra dagskrárliða gegn því að vakin sé athygli á nafni þeirra, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum í tengslum við útsendinguna.

Skilgreining á hugtakinu *læst útsending* er samhljóða skilgreiningu h-liðar 1. gr. gildandi útvarpslaga.

Myndmiðlun er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu. Hugtakið á rætur sínar að rekja til hugtaksins hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sem skilgreint er í a-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og nánar útskýrt í 16., 18. og 22. formálsgrein hennar. Þar sem frumvarpinu er bæði ætlað að ná til myndmiðlunar í skilningi tilskipunarinnar og hljóðmiðlunar er þó lagt til að hugtakið myndmiðlun verði notað um hið fyrrnefnda til að koma í veg fyrir rugling að þessu leyti. Hugtakið myndmiðlun nær því til hreyfimynda hvort sem þær eru með eða án hljóðs en eðli málsins samkvæmt ekki til hljóðmiðlunar sér. Hugtakið hljóð- og myndmiðlun samkvæmt frumvarpinu tekur hins vegar bæði til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar. Undir hugtakið myndmiðlun falla bæði hefðbundnar sjónvarpsútsendingar og myndmiðlun eftir pöntun, að því tilskildu að um fjölmiðlastarfsemi sé að ræða. Myndmiðlunin þarf því að vera ætluð umtalsverðum hluta almennings til viðtöku og hafa þann tilgang að bjóða dagskrárliði til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu svo sem fram kemur í nefndu ákvæði a-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem og 18. formálsgrein hennar. Þó að megintilgangur myndmiðlunar sé framboð á dagskrárliðum skal skilgreiningin á slíkri þjónustu einnig taka til efnis á textaformi sem fylgir dagskrárliðum svo sem textunarþjónustu, textavarps og rafrænna dagskrárvísa. Slík þjónusta fellur því undir frumvarpið enda nátengd hefðbundinni myndmiðlun. Til glöggvunar skal tekið fram að til textavarps telst miðlun efnis sem inniheldur ýmist texta, grafík, myndir og í takmörkuðum mæli hreyfimyndir með eða án hljóðs og sérhver notandi getur nálgast ýmist í heild eða að hluta á þeim tíma sem hann kýs. Þannig ber textavarp ýmis einkenni myndmiðlunar eftir pöntun en vegna eðlis þjónustunnar þykir engu að síður rétt að telja hana til línulegrar myndmiðlunar og lýtur

það því sömu reglum eftir því sem við á. Hugtakinu er hins vegar ekki ætlað að ná til vefsetra til einkanota, tölvupósts sem sendur er til takmarkaðs fjölda viðtakenda, dreifingar einkaaðila á myndefni í þeim tilgangi að deila því með öðrum eða skiptast á slíku efni við aðra eða eftir atvikum annarrar þjónustu sem ekki er í samkeppni við sjónvarpsútsendingar í víðasta skilningi. Ákvæði frumvarpsins taka þó eins og fram kemur í skilgreiningunni einungis til þeirrar myndmiðlunar sem starfrækt er af fjölmiðlaþjónustuveitendum sem bera á henni ritstjórnarábyrgð svo sem fram kemur í skilgreiningu á því hugtaki.

Myndmiðlun eftir pöntun er að sama skapi nýtt hugtak. Sú skilgreining sem lögð er til á því með frumvarpinu er byggð á g-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Slík þjónusta er eðlislík hefðbundnu sjónvarpi að því leyti að hún keppir um sömu áhorfendur og svipar til hennar að formi til. Hún er hins vegar ólík hefðbundnum sjónvarpsútsendingum að því er varðar það val og þá stjórn sem notandinn hefur. Þjónustan er veitt með þeim hætti að fjölmiðlaþjónustuveitandi setur saman sérstaka efnisskrá og notandinn velur síðan úr henni það efni sem hann sjálfur kýs. Hugtakið nær yfir alla slíka þjónustu án tillits til þeirrar fjarskiptaleiðar sem notuð er til miðlunar efnisins og þess viðtækis sem notað er til móttöku þess. Þannig kann slík þjónusta t.d. að vera veitt í gegnum netið (e. non-linear webcasting). Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna Skjárbíó Skjásins og dagskrárefni sem sótt er aftur í tímann á vefsíðum á borð við www.ruv.is og www.visir.is.

Hugtakið *prentmiðill* er skilgreint í frumvarpinu í fyrsta sinn. Undir hugtakið falla hefðbundin dagblöð og tímarit sem og öll önnur blöð sem koma út með reglubundnum hætti og falla að öðru leyti að skilgreiningu hugtaksins fjölmiðill. Í gildandi lögum um prentrétt segir í 1. gr. að rit samkvæmt lögunum teljist hvert það rit sem prentað er eða letrað á annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Skilgreining þess er að sönnu barn síns tíma og samkvæmt frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á þeirri tækni sem beitt er við gerð og fjölföldun efnis að þessu leyti.

Hugtakið *rafrænn ritmiðill* er að sama skapi skilgreint hér í fyrsta sinn. Undir hugtakið falla hinir svokölluðu netmiðlar og eftir atvikum aðrir rafrænir miðlar. Ekki er hægt með tæmandi hætti að telja upp þau tilvik sem hér geta fallið undir en í dæmaskyni má nefna netútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem dreift er með tölvupósti og sjálfstæðar vefsíður sem halda úti fréttum og stuðla að skoðanaskiptum. Lagt er til að skilgreiningin verði víðtækari en ella og nánara inntak hugtaksins verði mótað í réttarframkvæmd verði frumvarpið að lögum. Sem dæmi má nefna að hugsast getur að einstakar bloggsíður falli undir hugtakið að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skilgreining hugtaksins *ritefni* er að hluta byggð á 2. málsl. 1. gr. gildandi prentlaga. Hugtakið hefur þýðingu við afmörkun á hugtökunum prentmiðill og rafrænn ritmiðill og er því lagt til að skilgreining þess verði tekin upp með sjálfstæðum hætti. Í skilgreiningunni eru tiltekin dæmi um efni sem telst til ritefnis en árétta skal að ekki er í því sambandi um tæmandi talningu að ræða. Ritefni mætti einnig skilgreina neikvætt sem allt annað efni fjölmiðla en hljóð- og myndefni. Augljós takmarkatilvik kunna þó að koma upp á vettvangi rafrænna ritmiðla þar sem bæði efnisform eru nýtt jöfnum höndum. Sem dæmi um þetta má taka vefsíður stærstu fjölmiðlanna þar sem annars vegar eru birtar fréttir á textaformi og hins vegar sem hljóð- eða myndefni.

Hugtakið *ritmiðlun* er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu og tekur til miðlunar ritefnis bæði á prentuðu formi og með rafrænum hætti.

Hugtakið *ritstjórn* er með frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Skilgreiningin er byggð á c-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Um grundvallarhugtak er að ræða sem

hefur margþætta þýðingu bæði samkvæmt frumvarpinu og tilskipuninni. Það hefur þýðingu við afmörkun á gildissviði frumvarpsins sem og sérstaklega lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum hljóð- og myndmiðlunar. Þá liggur hugtakið til grundvallar skilgreiningu á fjölmiðlaþjónustuveitanda í skilningi frumvarpsins, en ritstjórn á því efni sem miðlað er þarf að vera fyrir hendi til þess að um fjölmiðil geti verið að ræða. Þó að hugtakið eigi uppruna sinn í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er því ætlað að afmarka gildissvið frumvarpsins hvað varðar alla fjölmiðla hvort heldur sem er hljóð- og myndmiðla eða ritmiðla, jafnt prentmiðla sem rafræna ritmiðla, þar sem leiða má rök að því að sambærilegar reglur eigi að gilda um allar tegundir fjölmiðla.

Mat á því hvort ritstjórn sé fyrir hendi í þessum skilningi er ávallt vandasamt. Það er þó enn vandasamara en ella þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun eða rafræna ritmiðla. Álitamál kunna t.d. að koma upp þegar framleiðsla eða tiltekin starfsemi er útvistuð hjá öðru fyrirtæki en fjölmiðlaþjónustuveitanda, þegar fleiri en einn geta talist bera ábyrgð á ritstjórn efnis eða þegar fjarskiptafyrirtæki setja saman tiltekna þjónustupakka fyrir sína viðskiptavini.

Segja má að hugtakið ritstjórn lýsi tilteknum eiginleikum í tengslum fjölmiðlaþjónustuveitandans og þeirrar fjölmiðlaþjónustu sem í boði er. Þannig telst fjölmiðlaþjónustuveitandi hafa ritstjórn á efni þegar hann hefur forræði fyrir því hljóð- og myndefni eða ritefni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti.

Svo sem að framan greinir hefur hugtakið ritstjórn einnig úrslitaþýðingu við ákvörðun á því hvort tiltekinn fjölmiðlaþjónustuveitandi telst falla undir lögsögu íslenska ríkisins eður ei. Lögsöguákvæði frumvarpsins að því leyti sem þau taka til hljóð- og myndmiðlunar eru á sama hátt og samsvarandi ákvæði gildandi laga reist á ákvæðum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, svo sem nánar er rakið í athugasemdum við II. kafla frumvarpsins, og eru í raun þjóðréttarlegs eðlis. Þeim er því ætlað það hlutverk að ákvarða undir lögsögu hvaða EES-ríkis eða eftir atvikum þriðja ríkis einstakir fjölmiðlaþjónustuveitendur falla. Af þessum sökum er mikilvægt að hugtakið ritstjórn sé afmarkað og skilgreint með sama hætti innan aðildarríkja EES-samningsins. Fyrirsjáanlegt er að upp geti komið vandamál þegar um stórar samsteypur á þessum vettvangi er að ræða með starfsstöðvar í fleiri en einu aðildarríki. Í slíkum tilvikum mun það hafa verulega þýðingu við mat á lögsögu hvar ákvarðanir sem lúta ritstjórn eru teknar. Þar sem samræmd túlkun á hugtakinu er afar mikilvæg verður ótvírætt nauðsynlegt í framtíðinni að líta til úrlausna Evrópudómstólsins og eftir atvikum EFTA-dómstólsins við nánari afmörkun þess og frekari skýringu.

Til frekari glöggvunar á inntaki hugtaksins ritstjórn samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni má nefna að talsmaður menningar- og menntamálanefndar Evrópuþingsins fjallaði um skilgreiningu á ritstjórn við meðferð tilskipunarinnar í þinginu. Kvað hún tilskipunina aðeins ná til fjölmiðlaþjónustuveitenda sem hafa það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og bera ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu dagskrárliða í útsendri línulegri dagskrá eða safni hljóð- og myndmiðlunarefnis eftir pöntun. Þjónusta sem ekki hefur miðlun hljóð- og myndefnis að megintilgangi og felur í meginatriðum aðeins í sér flutning efnis heyri hins vegar ekki undir tilskipunina.

Af ummælum þessum má ráða að undir tilskipunina falli aðeins þjónusta þar sem veitandi hennar ber tiltekna fyrirframskilgreinda ábyrgð á því efni sem í boði er. Fjölmiðlaþjónusta þar sem efni er sett fram án þess að fjölmiðlaþjónustuveitandinn beri ábyrgð á því, t.d. með því að koma tilteknu efni á framfæri eða taka ákveðið efni út, er því samkvæmt þessu ekki háð ritstjórn. Þannig þarf að liggja eitthvað faglegt mat til grundvallar því hvaða efni er í

boði og hvernig það er sett saman í dagskrá eða sett fram til pöntunar til þess að ritstjórnarábyrgð teljist vera fyrir hendi.

Þrátt fyrir framangreinda umfjöllun um ritstjórn í hljóð- og myndmiðlum má það ekki gleymast að ritstjórn hefur að sjálfsögðu þýðingu við skilgreiningu og afmörkun allrar fjölmiðlunar. Forsenda þess að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á ritstjórn efnis er því að hann hafi stjórn á og stýri framboði þess. Er þessari forsendu ætlað að ná jafnt yfir bæði hljóð- og myndmiðlunarefni og ritefni. Ef ekki er um slíkt að ræða er viðkomandi því ekki fjölmiðlaþjónustuveitandi. Ef stjórn viðkomandi felst einungis í því að hann geri efni aðgengilegt og taki t.d. út ólöglegt efni eða efni sem óheimilt er að dreifa vegna höfundarréttar má líta svo á að hann stýri ekki efnisframboði og fari þar af leiðandi ekki með ritstjórn. Þannig fellur sú þjónusta, sem felst í starfrækslu gagnagrunna þar sem því efni sem þar er sett fram er ekki stýrt með markvissum hætti, ekki undir hugtakið fjölmiðlaþjónusta. Ástæða þess er sú að framsetningu þess efnis sem þar er aðgengilegt í einhvers konar skrá skortir. Leitarvél sem nær í efni og byggist ekki á neinum tegundaflokkunum fyrir fram telst því ekki vera fjölmiðlaþjónusta í þessum skilningi. Þjónustuveitandi sem hins vegar flokkar efni sitt og býður notendum upp á að skoða tiltekið efni, t.d. úr fyrirframskilgreindum skrám, sem þeir geta síðan pantað, telst vera fjölmiðlaþjónustuveitandi. Þá telst umsýsla samskiptaþjónustu eins og Twitter, Facebook eða Flickr, þar sem texta og eftir atvikum hljóð- og/eða myndefni er komið á framfæri, ekki til fjölmiðlunar, enda miðlun efnis fyrst og síðast á hendi einstakra notenda.

Af framangreindu má ljóst vera að ekki verður með öllu einfalt að draga skýr mörk. Annars vegar má nefna til sögunnar miðlun sem augljóslega fellur í flokk fjölmiðlunar, svo sem dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp og netmiðla, t.d. mbl.is og visir.is. Hins vegar er um að ræða miðlun sem skýrlega fellur ekki í flokk fjölmiðlunar, svo sem einstaklingsbundin persónuleg samskipti á netinu, t.d. á vettvangi Facebook eða tölvupóstsamskipti, MSN o.s.frv. Þarna á milli verða hins vegar til vafatilvik. Væntanlega yrði sjaldnast talið að einstakar persónubundnar bloggsíður lytu ritstjórn í þeim skilningi að þær gætu skoðast sem fjölmiðill. Þó kunna að verða óljós mörk á milli slíkra tilvika annars vegar og svo hins vegar smærri netmiðla. Helgast þetta af því að tækniframfarir á þessum vettvangi eru gríðarlegar og því ekki heppilegt að skilgreina hugtakið ritstjórn á grundvelli þeirrar þjónustu og tækni sem er aðgengileg notendum nú heldur þannig að það nái einnig yfir þá tækni sem aðgengileg verður í náinni framtíð. Ljóst má því vera að þessi skil verða ekki endanlega slípuð fyrr en í réttarframkvæmd. Allt að einu liggur áherslan á því að undir hugtakið ritstjórn falli þeir aðilar sem stýra og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni eða ritefni en byggja t.d. framboð sitt ekki einungis á leitarvélum.

Hugtakið *sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er með samþykkt frumvarpsins skilgreint í fyrsta sinn í lögum. Samkvæmt gildandi útvarpslögum skyldi sú skilgreining tekin upp í reglugerð og var það gert í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 50/2002. Samkvæmt því ákvæði telst það vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hluta í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er hugtakið sjálfstæður framleiðandi hins vegar ekki skilgreint sérstaklega en í 31. formálsgrein breytingartilskipunarinnar frá 1997 kemur fram að við skilgreiningu hugtaksins skuli aðildarríkin taka mið af sjónarmiðum á borð við eignarhald á framleiðslufyrirtæki, magn efnis sem selt er einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum og eignarhald afleiddra réttinda. Með þetta í

huga, sem og að þau hlutföll sem gengið er út frá í tilvitnuðu ákvæði reglugerðar þykja orka tvímælis, er lagt til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi verði skilgreint með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpsgreininni, eða sem fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sérstaklega né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þ.m.t. það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni. Með því skilyrði skilgreiningarinnar að viðkomandi framleiðandi skuli vera óháður þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða er átt við að hann megi ekki vera undir yfirráðum hans í víðtækasta skilningi þess orðs. Það þýðir að hvorki megi vera fyrir hendi slík eignatengsl né aðrar aðstæður sem veita viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda tækifæri til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi framleiðslufyrirtækisins. Yfirráð þessi geta verið hvort heldur sem er bein eða óbein og hvort heldur sem er sérstök eða sameiginleg með öðrum. Lagt er til að ekki verði mælt fyrir um sérstakt hlutfall eignarhlutar að þessu leyti svo sem gert var í framangreindri skilgreiningu reglugerðarinnar enda ljóst að raunveruleg yfirráð geta ráðist af öðrum þáttum. Svo sem að framan greinir er það skilyrði sett í skilgreiningu reglugerðarinnar að viðkomandi framleiðandi hafi ekki á síðustu árum framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta sjónvarpsefnis fyrir sömu sjónvarpsstöð. Ekki þykir ástæða til að taka þau fyrirmæli upp í hina lagalegu skilgreiningu á hugtakinu sjálfstæður framleiðandi. Í fyrsta lagi fæst ekki séð að svo óveruleg takmörkun geti haft nokkra efnislega þýðingu. Í öðru lagi þykir sú skilgreining sem lögð er til ná utan um hugtakið með fullnægjandi hætti.

Hugtakið *sjónvarpsútsending* er jafnframt grundvallarhugtak sem skilgreint er með frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til er byggð á c-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Hugtakið er svo nánar útlistað í 24. formálsgrein hennar. Til sjónvarpsútsendinga telst nú einkum hliðrænt og stafrænt sjónvarp, bein streymiþjónusta (e. life streaming), línulegt vefvarp (e. linear webcasting) og nærlæg myndefnisveita (e. near video on demand, NVOD). Hins vegar telst myndefnisveita (e. video on demand, VOD) til myndmiðlunar eftir pöntun. Sem dæmi um nærlæga myndefnisveitu má nefna það þegar sama kvikmyndin er send út með tilteknu millibili og neytandinn hefur val um það á hvaða tíma hann horfir á hana. Tekið skal fram að hugtakið samtímis áhorf tekur einnig til áhorfs sem er því sem næst samtímis vegna þess stutta tímamismunar sem af tæknilegum ástæðum myndast milli útsendingar og móttöku hennar. Útsendingar svokallaðra plús-stöðva eða annarra sambærilegra stöðva þar sem neytendum gefst kostur á að horfa á dagskrá í seinkaðri útsendingu falla jafnframt undir hugtakið.

Skjáskipt auglýsing er með frumvarpinu skilgreind í fyrsta skipti og er á sama hátt og skilgreiningu á gagnvirkri auglýsingu ætlað að bregðast við nýrri tækni á vettvangi myndmiðlunar. Um er að ræða auglýsingar sem birtast einungis á hluta skjás viðtækisins á meðan á dagskrárlið stendur. Þannig getur t.d. verið um að ræða renning þar sem tiltekinn texti eða hreyfimyndir koma fram eða eftir atvikum stærri hluta skjásins. Slík auglýsingatækni hefur einkum verið notuð í útsendingu íþróttaviðburða eða annarra sambærilegra viðburða þar sem ekki þykir tilhlýðilegt að gera hlé á útsendingu. Þá hefur slíkri tækni í auknum mæli verið beitt við miðlun auglýsinga á netinu.

Hugtakið *sýndarauglýsing* er skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til grundvallar er annars vegar byggð á skilgreiningu leiðbeinandi tilmæla framkvæmdastjórnar ESB um viðskiptaorðsendingar (2004/C 102/02) og hins vegar á minnisblaði Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) frá árinu 2000. Sýndarauglýsing er ein tegund

viðskiptaorðsendinga en fellur þó ekki undir hugtakið auglýsing eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Er því um sérstaka tegund auglýsinga að ræða sem ekki lúta að öllu leyti sömu reglum og hefðbundnar sjónvarpsauglýsingar og svipar í raun fremur til vöruinnsetningar. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lögð er til er sýndarauglýsing viðskiptaorðsending þar sem tiltekinni tækni er beitt í því skyni að breyta þeim auglýsingum sem þegar eru til staðar á vettvangi upptöku viðkomandi myndefnis eða eftir atvikum þar sem slík tækni er notuð til að setja auglýsingar inn á sérstaka fyrirframákveðna staði á vettvangi upptöku. Slíkri tækni er einkum beitt þegar um miðlun myndefnis frá íþróttaviðburðum, menningarviðburðum eða öðrum sambærilegum viðburðum er að ræða. Sem dæmi í því sambandi má nefna þegar auglýsingum á og umhverfis íþróttaleikvanga er breytt eða þeim bætt við með þessum hætti. Þegar svo háttar til eru viðkomandi auglýsingar því ekki til staðar á leikvanginum sjálfum heldur er þeim bætt við þannig að þær birtast við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.

Hugtakið *viðskiptaorðsending* er nýtt hugtak sem skilgreint er í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til byggist á h-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þar sem hugtakið hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni er skýrt. Viðskiptaorðsending er ein tegund hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni en það hugtak tekur einnig til fjarsölu. Þá tekur hugtakið samkvæmt frumvarpinu jafnframt til slíkra orðsendinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum þó svo að það sé eðli málsins samkvæmt víðtækara í tilviki hljóð- og myndmiðla vegna þeirrar tækni sem tiltæk er á þeim vettvangi. Sem dæmi um viðskiptaorðsendingar má nefna hvers kyns auglýsingar, kostun og vöruinnsetningu. Undir hugtakið fellur þó ekki fjarsala sem lýtur að sínu leyti öðrum lögmálum.

Hugtakið *viðtæki* er skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Þar sem frumvarpinu er ætlað að ná yfir allt fjölmiðlaefni óháð fjarskiptaleið og þeim tæknibúnaði sem notaður er til viðtöku þykir nauðsynlegt að skilgreina umrætt hugtak. Er hugtakinu ætlað að ná til þeirra tækja sem taka á móti og miðla slíku efni, hvort heldur sem er hljóð- og myndefni eða ritefni á rafrænu formi, svo sem sjónvarps, hljóðvarps, tölvu, lófatölvu og farsíma. Upptalning þessi er ekki tæmandi og er hugtakinu því jafnframt ætlað að ná til nýrrar tækni á þessum vettvangi ef til kemur.

Hugtakið *vöruinnsetning* er að sama skapi skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til grundvallar er byggð á m-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Þá er hugtakið einnig skýrt í 61.–63. formálsgrein hennar. Hugtakinu er ætlað að taka til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi. Þegar um vöruinnsetningu er að ræða er tilvísun til vöru innbyggð í atburðarás viðkomandi dagskrárliðar. Hún getur átt sér stað í kvikmyndum sem og öðru hljóð- og myndmiðlunarefni með þeim takmörkunum sem greinir í 39. gr. frumvarpsins. Hefðbundinni vöruinnsetningu má gróflega skipta í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er um það að ræða að einstökum vörum er komið fyrir sem leikmunum í hljóð- og myndmiðlunarefni (e. screen placement). Í öðru lagi getur vöruinnsetning átt sér stað með því að nafn vöru eða þjónustu eða eftir atvikum vörumerki eða annað auðkenni komi fyrir í samtali eða samtölum í slíku efni hvort heldur sem er einu sinni eða oftar (e. manuscript placement). Í þriðja lagi getur verið um það að ræða að vara eða þjónusta gegni lykilhlutverki í söguþræði viðkomandi efnis (e. plot placement).

Útvarpsmerki er skilgreint í frumvarpinu í fyrsta sinn. Helgast það af reglum VII. kafla um flutning hljóð- og myndefnis en hugtakið hefur þýðingu í því sambandi. Hugtakinu er

ætlað að ná bæði til rafsegulbylgna (t.d. ADSL, gervihnattasendinga, MMDS og DVB-T) og til ljósbylgna (t.d. ljósleiðaranets). Þá er leitast við að skilgreina miðlun efnisins með tæknióháðum hætti þar sem unnt er að taka á móti útvarpsmerki með ólíkum viðtækjum (t.d. sjónvarpi, hljóðvarpi, farsímum og lófatölvum). Hugtakið nær hvort tveggja til stafrænnar og hliðrænnar miðlunar efnis.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um gildissvið þess auk sérreglu um lögsögu íslenska ríkisins yfir fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni. Enn fremur er að finna þar ákvæði um tímabundna stöðvun á móttöku myndefnis frá öðrum EES-ríkjum að tilteknum skilyrðum uppfylltum sem og ráðstafanir sem Fjölmiðlastofa getur gripið til gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum á vettvangi myndmiðlunar sem heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja í ákveðnum tilvikum. Ákvæði 4.–6. gr. kaflans eiga öll rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og taka einungis til myndmiðla. Sum ákvæði kaflans hafa að geyma nýmæli en önnur eiga sér samsvörun í gildandi lögum. Umrædd ákvæði 4.–6. gr. eiga það jafnframt sammerkt að vera þjóðréttarlegs eðlis svo sem nánar er útlistað í athugasemdum við einstakar greinar. Engu síður er lagt til að þau verði lögleidd enda er slíkt til þess fallið að auka bæði gagnsæi og skýrleika.

Um 3. gr.

Rétt þykir að skilgreina gildissvið hinnar nýju löggjafar með þeim afdráttarlausa hætti sem hér er lagt til. Í frumvarpsgreininni er lagt til að lögin gildi um allt efni sem miðlað er af fjölmiðlaþjónustuveitendum og ætlað er almenningi hér á landi, hvort sem um er að ræða hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun eða eftir atvikum ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti Í ákvæði 4. gr. er fjallað sérstaklega um þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni en lögsaga yfir þeim lýtur þjóðréttarlegum skuldbindingum svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum með þeirri grein.

Ljóst er að gildissviðsákvæði þessu er ætluð rúm þýðing enda tækniframfarir á þessu sviði með ólíkindum hraðar og breytingar örar. Því þykir ekki heppilegt að afmarka gildissvið frumvarpsins með þröngum og tæmandi hætti. Í því sambandi skal sérstaklega áréttað að verði frumvarpið að lögum fellur bæði hljóð- og myndmiðlun sem og miðlun ritefnis á netinu undir gildissvið þeirra að öðrum skilyrðum uppfylltum. Gildandi lög ná hvorki til slíkrar þjónustu né heldur hljóð- eða myndmiðlunar eftir pöntun, svo dæmi séu tekin, og því gilda aðrar og mun takmarkaðri reglur um slíka starfsemi. Af þessum sökum er samkeppnisstaða á vettvangi fjölmiðlunar í víðtækasta skilningi nú ójöfn og eðlilegs jafnræðis er ekki gætt. Mikilvægt er að geta þess að hugtökin fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjölmiðill hafa grundvallarþýðingu við afmörkun á gildissviði frumvarpsins en skv. 2. gr. þess tekur hugtakið fjölmiðlaþjónustuveitandi til einstaklinga eða lögaðila sem starfrækja fjölmiðil. Hugtakið fjölmiðill tekur svo til hvers konar miðla sem með reglubundnum hætti miðla til almennings efni er lýtur ritstjórn. Utan gildissviðs frumvarpsins fellur því miðlun efnis sem ekki lýtur ritstjórn í skilningi þess. Enn fremur þarf það efni sem miðlað er að vera ætlað almenningi til móttöku. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að gilda um vefsetur til einkanota, tölvupóst sem sendur er til takmarkaðs fjölda viðtakenda, dreifingu einkaaðila á hljóð- og myndefni í þeim tilgangi að deila því með öðrum eða skiptast á slíku efni við aðra eða eftir atvikum annarrar þjónustu sem ekki telst til fjölmiðlunar samkvæmt almennum viðmiðum. Rétt er að taka fram

að í 4. gr. gildandi útvarpslaga er að finna sértæka takmörkun á gildissviði laganna. Þar er mælt fyrir um að ákvæði þeirra nái ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hópi og takmarkist við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur. Með hinu nýja gildissviðsákvæði frumvarpsins er óþarft að taka það sérstaklega fram að frumvarpið nái ekki til dreifingar hljóð- og myndefnis sem eingöngu er ætlað þröngum hópi þar sem frumvarpið tekur samkvæmt því einungis til dreifingar efnis sem ætlað er almenningi til móttöku. Eðli málsins samkvæmt tekur það því ekki til þeirrar dreifingar sem sérstaklega er kveðið á um í 4. gr. gildandi laga. Þá er sértæk upptalning af því tagi sem hér um ræðir óheppileg þar sem slík lagasetning getur leitt til óheimillar gagnályktunar.

Um 4. gr.

Í frumvarpsgreininni er skilgreint hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni heyra undir íslenska lögsögu. Ákvæðið er byggt á 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar á sama hátt og samsvarandi ákvæði 2. gr. gildandi laga er byggt á 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni með breytingartilskipuninni 1997. Ákvæði 1.–3. mgr. sem og 5. og 6. mgr. 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar eru efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar með nefndum breytingum. Ákvæði 4. mgr. var hins vegar breytt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni svo sem nánar verður útlistað hér á eftir. Þrátt fyrir að framangreindum ákvæðum tilskipunarinnar hafi ekki verið breytt er lagt til að orðalag ákvæðisins verði einfaldað eins og kostur er og eru ákvæði frumvarpsgreinarinnar því nokkuð frábrugðin 2. gr. gildandi laga þó svo að efnislega sé ekki um breytingu að ræða.

Vert er að taka fram að ákvæði 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er þjóðréttarlegs eðlis og ætlað það hlutverk að skera úr um hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem undir gildissvið hennar falla og beri þannig ábyrgð gagnvart öðrum aðildarríkjum EES-samningsins á að þeir fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Svo sem rakið er í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum þótti engu síður rétt að taka umrætt ákvæði upp í landsrétt og er við það haldið nú. Þannig þykir rétt að upplýsingar um það hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur heyri undir íslenska lögsögu séu aðgengilegar almenningi í innlendum réttarheimildum, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2151/1997 um birtingu og miðlun upplýsinga um gerðir samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Í upphaflegu sjónvarpstilskipuninni kom fram sú meginregla í 1. mgr. 2. gr. að hverju aðildarríki væri skylt að sjá til þess að allar sjónvarpsútsendingar, sem sendar væru út af sjónvarpsstöðvum undir þeirra lögsögu eða sjónvarpsstöðvum sem notuðu tíðni eða gervihnattaaðstöðu sem úthlutað var af viðkomandi aðildarríki eða gervihnattajarðstöð sem þar var staðsett, væru í samræmi við þau lög sem giltu um sjónvarpsútsendingar ætlaðar almenningi í viðkomandi ríki. Þannig hefur hvert aðildarríki EES frá upphafi verið ábyrgt gagnvart öðrum aðildarríkjum að þessu leyti og meginreglan sú að aðildarríkin hafi hvorki eftirlit með né afskipti af sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. upphaflegu sjónvarpstilskipunarinnar. Enn fremur hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að hver fjölmiðlaþjónustuveitandi á EES-svæðinu heyrði einungis undir lögsögu eins aðildarríkis og þeir byggju þannig við gagnsæi um það hvaða lögum starfsemi þeirra lyti.

Þessar meginreglur eru enn í gildi þó svo að framsetningu þeirra hafi verið breytt bæði með breytingartilskipuninni 1997 og með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þannig voru

reglurnar um það hvaða aðildarríki færi með lögsögu hverju sinni orðaðar með mun nákvæmari hætti í breytingartilskipuninni 1997 og nákvæmlega skilgreint hvenær sjónvarpsstöð teldist hafa staðfestu í aðildarríki og þar með falla undir lögsögu þess. Að meginstefnu var haldið við þá framsetningu með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þó svo að smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á varalögsögureglunum svo sem nánar verður útlistað síðar auk þess sem hugtakanotkun var breytt í samræmi við rýmkað gildissvið tilskipunarinnar.

Framsetning ákvæðis 4. gr. frumvarpsins er sem áður greinir talsvert frábrugðin framsetningu ákvæðis 2. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að undir lögsögu íslenska ríkisins heyri þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni og hafa staðfestu hér á landi. Í a–d-liðum 1. mgr. 4. gr. eru svo reglur um það hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi telst hafa staðfestu hér á landi. Þær reglur eru byggðar á a–c-liðum 3. mgr. 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem er líkt og áður greinir ætlað að skera úr um það hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir fjölmiðlaþjónustuveitanda. Hljóð- og myndmiðlunartilskipunin tekur samkvæmt efni sínu ekki til hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er ætluð til viðtöku í löndum utan EES-svæðisins og almenningur innan þess nær ekki. Í 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga var þessu fylgt og samkvæmt henni gilda lögin einungis um útsendingar á sjónvarpsdagskrám ef sendingu verður náð á Íslandi og/eða í öðru EES-ríki. Með frumvarpinu er hins vegar lagt til að ekki verði gerður greinarmunur að þessu leyti og undir lögsögu íslenska ríkisins heyri allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa staðfestu hér á landi samkvæmt reglum 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins eða eftir atvikum uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 4. gr. þess.

Í a-lið 1. mgr. er sett fram sú meginregla að fjölmiðlaþjónustuveitandi teljist hafa staðfestu hér á landi ef aðalskrifstofa hans er staðsett hér og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar hér á landi. Í b–d-liðum 2. mgr. er svo útlistað hvernig skuli farið með ýmis takmarkatilvik. Í b-lið er tiltekið að þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína hér á landi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, þ.e. ef fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína í öðru ríki en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar hér á landi, ráðist lögsaga yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda af því hvar verulegur hluti starfsliðs hans við myndmiðlunina er staðsettur. Ef verulegur hluti starfsliðs viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda á því sviði er staðsettur hér á landi þegar svo háttar til heyrir hann undir lögsögu íslenska ríkisins. Í c-lið kemur svo fram að þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs hans á umræddum vettvangi er staðsettur í báðum þessum ríkjum heyri hann undir lögsögu íslenska ríkisins. Þannig ræðst lögsaga yfir fjölmiðlaþjónustuveitanda í slíkum tilvikum af því hvar aðalskrifstofa hans er staðsett. Í d-lið kemur svo fram að ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað í öðru ríki, eða öfugt, þ.e. ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína í öðru ríki en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað hér á landi og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, heyri viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi undir lögsögu íslenska ríkisins ef hann hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Samkvæmt framangreindu hefur hugtakið ritstjórn grundvallarþýðingu við afmörkun á því hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni heyra undir lögsögu íslenska ríkisins.

Það hugtak er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins og nánar skýrt í athugasemdum við því ákvæði. Eins og þar kemur fram eru skilin ekki alls kostar skörp. Þar sem reglum 1. mgr. greinarinnar er ætlað að skera úr um hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum er nauðsynlegt að hugtakið ritstjórn sé skýrt með samræmdum hætti í aðildarríkjum EES-samningsins. Hið sama gildir um það hvað telst aðalskrifstofa sem og það hvað telst verulegur hluti starfsliðs í skilningi ákvæðisins. Það má því gera ráð fyrir því að Fjölmiðlastofa og eftir atvikum dómstólar hér á landi líti til úrlausna stofnana EES og ESB um nánari túlkun þessara hugtaka og afmörkun.

Í 2. mgr. greinarinnar er svo að finna reglur um það í hvaða tilvikum fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar myndefni heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins teljist hann hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki. Í slíkum tilvikum heyrir fjölmiðlaþjónustuveitandi undir lögsögu íslenska ríkisins ef hann notar jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl. Hið sama gildir ef viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi notar gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir Íslandi, svo framarlega sem ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl. Teljist fjölmiðlaþjónustuveitandi hvorki hafa staðfestu hér á landi né í öðru EES-ríki er þannig fyrst litið til þeirrar jarðstöðvar sem hann notar og sé hún ekki staðsett í EES-ríki til þess hverjum sú gervitunglaflutningsgeta sem hann notar tilheyrir. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var þessum varalögsögureglum snúið við þar sem ákveðin vandamál komu upp við framkvæmd þeirra. Samkvæmt sjónvarpstilskipuninni, með þeim breytingum sem gerðar voru á henni með breytingartilskipuninni 1997, var þannig fyrst litið til þess hvaða ríki sú gervitunglaflutningsgeta sem viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi notaði tilheyrði og síðan til þeirrar jarðstöðvar sem notuð var og eru c- og d-liður 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga miðaðir við það. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru að þessu leyti með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er með frumvarpinu lagt til að á þessu verði gerð framangreind breyting.

Til skýringar skal tekið fram að með sendingu merkis úr jarðstöð í gervitungl (e. satellite up-link) er átt við það þegar merki tiltekins hljóð- og myndmiðlunarefnis er sent úr jarðstöð upp í gervitungl. Þegar merki efnis er sent til margra landa er það þannig sent upp í gervitungl úr jarðstöð. Merkið næst síðan á mörgum stöðum og er m.a. tekið niður (e. satellite down-link) og dreift til margra áhorfenda í senn, t.d. um kapalkerfi eða ADSL. Með gervitunglaflutningsgetu (e. satellite capacity) er hins vegar átt við þá flutningsgetu eða bandbreidd sem viðkomandi gervitungl býr yfir.

Enn fremur var reglan um það að sjónvarpsstöð teldist heyra undir lögsögu aðildarríkis ef hún notaði senditíðni sem úthlutað væri af því felld niður með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þar sem hún þótti í ljósi þróunar á þessum vettvangi úrelt. Þá reglu er að finna í b-lið 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga. Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið að þessu leyti hefur frumvarpið ekki samsvarandi reglu að geyma.

Í 3. mgr. er loks að finna reglu um það hvernig skuli leyst úr vafatilvikum um lögsögu sem ekki er unnt að leysa úr skv. 1. eða 2. mgr. Í slíkum tilvikum skal litið til ákvæða EES-samningsins, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta hans um staðfesturétt. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði e-liðar 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga.

Enn sem komið er hefur ekki reynt á ákvæði 2. gr. gildandi útvarpslaga, enda hafa fjölmiðlaþjónustuveitendur sem markaðssetja myndefni sitt fyrir íslenskan markað í öllum tilvikum verið innlendir aðilar með staðfestu hér á landi. Að sama skapi hafa innlendir fjölmiðlaþjónustuveitendur fram til þessa ekki herjað út fyrir landsteinana né heldur hafa fjöl-

miðlaþjónustuveitendur sem markaðssetja myndefni sitt fyrir erlenda markaði stofnsett sig hér á landi. Í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins hafa hins vegar komið upp fjölmörg tilvik þar fjölmiðlaþjónustuveitendur með staðfestu í einu EES-ríki dreifa hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er almenningi í öðru EES-ríki. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að skýrar reglur gildi um það hverjum ber að hafa eftirlit með viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitendum auk þess sem brýnt er að einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum sé ljóst hvaða reglur gilda um þá. Gera má ráð fyrir því að með aukinni alþjóðavæðingu á þessum vettvangi muni í auknu mæli reyna á það hvaða ríki fari með lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Um 5. gr.

Ákvæðið samsvarar ákvæði 5. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Ákvæðið er byggt á 2. gr. a) í sjónvarpstilskipuninni sem tekin var upp með breytingartilskipuninni 1997 auk þess sem við hana var bætt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Ákvæðið hefur að geyma heimild fyrir Fjölmiðlastofu til að stöðva tímabundið móttöku annars vegar sjónvarpsútsendinga og hins vegar myndmiðlunar eftir pöntun frá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum í hvoru tilviki fyrir sig. Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að aðildarríki EES-samningsins skuli tryggja frjálst flæði þjónustu á þessum vettvangi enda beri hvert aðildarríki fyrir sig ábyrgð á því að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir þeirra lögsögu heyra fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur og þá einkum börn í móttökuríkinu fyrir efni sem ekki stenst þær siðferðiskröfur sem þar eru gerðar en slík viðhorf kunna að vera mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Samkvæmt réttarvenju dómstólsins ber þó að túlka þröngt allar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu, svo sem hvers konar undanþágur frá meginreglum sáttmálans, og verður að telja það sama eiga við í þessu tilviki. Þá ber að sjálfsögðu að gæta þess að fylgja þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í hvívetna þar sem hún er tilkomin vegna skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt tilskipuninni.

Í a–d-lið 1. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að Fjölmiðlastofu sé heimilt að stöðva tímabundið móttöku sjónvarpsútsendingar frá öðru aðildarríki EES-samningsins. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni. Í a-lið koma fram þau efnisskilyrði sem þurfa að vera til staðar en einungis er heimilt að stöðva sjónvarpsútsendingu ef hún brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæði 27. gr. um bann við hatursáróðri eða ákvæði 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í b–d-liðum eru svo sett fram tiltekin formskilyrði sem öll þurfa að vera fyrir hendi. Skv. b-lið þarf viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi að hafa a.m.k. tvívegis á undanförnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæði a-liðar svo heimilt sé að stöðva móttöku útsendingar frá honum. Skv. c-lið þarf Fjölmiðlastofa áður en hún aðhefst nokkuð að hafa upplýst viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem og Eftirlitsstofnun EFTA, eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB, um að hún telji að um brot á viðeigandi ákvæði laganna sé að ræða og að hún hyggist grípa til ráðstafana verði brotið endurtekið. Skv. d-lið þarf Fjölmiðlastofa að sama skapi að freista þess að leysa málið í samráði við þar til bær stjórnvöld í því ríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem og Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB áður en hún aðhefst nokkuð. Þannig skal Fjölmiðlastofa þá þegar eftir að hún sendir tilkynningu skv. c-lið freista þess að leysa málið með samkomulagi og er skv. d-lið óheimilt að stöðva útsendingu nema slíkt samkomulag hafi ekki náðst að liðnum 15 dögum frá því að

hún sendi umrædda tilkynningu. Þannig líða alltaf minnst 15 dagar frá því að tilkynning er send skv. c-lið og þar til Fjölmiðlastofu er heimilt að stöðva móttöku þeirrar útsendingar sem um ræðir.

Í lokamálslið 2. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB skuli innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um aðgerðir af því tagi sem getið er um í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins taka ákvörðun um það hvort þær aðgerðir sem gripið hefur verið til samrýmist EES-rétti. Þá kemur fram að ef viðkomandi eftirlitsaðili kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki beri því aðildarríki sem í hlut á að binda enda á aðgerðirnar þegar í stað. Ekki þykir ástæða til að taka þetta ákvæði upp í frumvarpið þar sem fyrst og fremst er um skuldbindingu að EES-rétti að ræða. Fjölmiðlastofu ber hins vegar á grundvelli ákvæðis tilskipunarinnar að hlíta niðurstöðu viðeigandi eftirlitsaðila í þessu sambandi.

Í 2.–4. mgr. 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að heimilt sé að stöðva tímabundið móttöku myndefnis eftir pöntun frá öðru EES-ríki. Um er að ræða nýmæli í frumvarpinu. Ákvæði 2.–4. mgr. eru byggð á 4.–6. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni sem jafnframt eru nýmæli og helgast af rýmkuðu gildissviði hennar. Í 2. mgr. er kveðið á um þau efnisskilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi. Þau eru að sínu leyti nokkuð rýmri en hvað heimild til stöðvunar á sjónvarpsútsendingum varðar en samkvæmt frumvarpsgreininni er heimilt að stöðva móttöku myndefnis eftir pöntun frá öðru EES-ríki á grundvelli sömu sjónarmiða og tiltekin eru í a-lið 1. mgr. og því til viðbótar ef það myndefni sem um ræðir er að öðru leyti talið stríða gegn allsherjarreglu, verndun lýðheilsu, almannaöryggi eða neytendavernd. Í 42. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar kemur fram að pöntunarþjónusta sé ólík sjónvarpsútsendingum að því er varðar það val og þá stjórn sem notandinn geti haft og að því er varðar þau áhrif sem hún geti haft á samfélagið. Sú staðreynd réttlæti að setja vægari reglur um slíka þjónustu en einungis sé nauðsynlegt að hún samræmist grundvallarreglum tilskipunarinnar. Af þessum sökum er eðlilegt að aðildarríkin hafi að sama skapi rýmri heimild til stöðvunar á móttöku myndefnis á þeim vettvangi en að því er sjónvarpsútsendingar varðar. Í 3. og 4. mgr. er svo að finna þau formskilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi. Skv. 3. mgr. skal Fjölmiðlastofa leita til þar til bærra stjórnvalda í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda áður en hún aðhefst nokkuð og er einungis heimilt að stöðva móttöku þjónustunnar ef slík umleitan leiðir ekki til viðunandi niðurstöðu. Enn fremur skal Fjölmiðlastofa tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB um fyrirhugaða stöðvun á móttöku efnis áður en til hennar kemur. Ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki að geyma sérstök tímamörk að þessu leyti og þykir því ekki ástæða til að leggja til að slík tímamörk verði í lög leidd í þessu sambandi. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að Fjölmiðlastofa gefi þar til bæru stjórnvaldi í því aðildarríki sem um ræðir tilhlýðilegt svigrúm til að grípa til viðunandi ráðstafana enda er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar lagt til í 4. mgr. að Fjölmiðlastofa hafi heimild til að víkja frá ákvæði 3. mgr. ef um bráðatilvik er að ræða. Þegar svo háttar til ber henni að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, sem og þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til og færa fyrir því sérstök rök að um bráðatilvik hafi verið að ræða.

Í 6. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni kemur svo fram að Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB skuli, með fyrirvara um svigrúm aðildarríkisins til að gera þær ráðstafanir sem um getur í 3. og 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar, ganga úr skugga um samræmi tilkynntra ráðstafana við EES-rétt á eins skömmum tíma og frekast er unnt. Komist við-

komandi eftirlitsaðili að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki EES-rétti skal hún fara þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það láti vera að gera fyrirhugaðar ráðstafanir eða bindi enda á umræddar ráðstafanir án tafar. Á sama hátt er sambærilegt ákvæði í tilskipuninni um sjónvarpsútsendingar. Þykir ekki ástæða til að taka ákvæði þetta upp í frumvarpið enda er fyrst og fremst um skuldbindingu íslenska ríkisins að EES-rétti að ræða.

Loks skal tekið fram að ákvæði 5. gr. frumvarpsins gildir ekki um hljóðmiðlun og hefur engin áhrif á heimild Fjölmiðlastofu til að stöðva móttöku slíkrar þjónustu frá öðrum EES-ríkjum ef það er andstætt ákvæðum laga enda eru reglur þar um ekki samræmdar með tilskipuninni. Þá hefur ákvæðið engin áhrif á heimild Fjölmiðlastofu til að stöðva móttöku hljóð- og myndefnis frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna heimild fyrir Fjölmiðlastofu til að grípa til ráðstafana gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi en heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja. Um er að ræða nýmæli þó svo að greinin eigi sér vissa samsvörun í 2. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga. Rétt er að geta þess að ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga á sér hvorki stoð í upphaflegu sjónvarpstilskipuninni né breytingartilskipuninni frá 1997. Í athugasemdum með ákvæðinu í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til gildandi útvarpslaga kemur fram að hún sé reist á dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Ekki er unnt að draga svo afdráttarlausa ályktun af nefndri dómaframkvæmd og því vafasamt að ákvæðið hefði staðist ef á það hefði reynt á vettvangi EES-réttar enda er það á skjön við meginregluna um lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Er því lagt til að það verði fellt niður og frumvarpsgreinin tekin upp í þess stað. Frumvarpsgreinin er byggð á 3. gr. tilskipunarinnar sem tók umtalsverðum breytingum með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þó svo að tilskipunin miði að því að samræma reglur aðildarríkjanna á þessum vettvangi eru með henni einungis gerðar lágmarkskröfur. Aðildarríkjunum er því heimilt að setja fjölmiðlaþjónustuveitendum innan lögsögu sinnar ítarlegri og strangari reglur á þeim sviðum sem samræmd eru með tilskipuninni. Ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar tekur á þeim aðstæðum sem skapast þegar hljóð- og myndmiðlunarefni fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem heyrir undir lögsögu eins aðildarríkis en beinir þjónustu sinni að öllu eða mestu leyti að yfirráðasvæði annars aðildarríkis, uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í móttökuríkinu. Ákvæði tilskipunarinnar gerir ráð fyrir því að við slíkar aðstæður hafi þar til bær stjórnvöld í viðkomandi aðildarríkjum samstarf sín á milli um lausn mála og þegar viðunandi lausn fæst ekki með slíku samstarfi er móttökuríkinu veitt heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Þau aðildarríki sem kjósa að setja landsbundnar sérreglur skulu þó tryggja að þær séu í raun nauðsynlegar, þeim sé beitt án mismununar og þær séu hóflegar. Enn fremur skulu markmið þeirra samrýmast markmiðum EES-réttar. Þau sjónarmið sem Evrópudómstóllinn hefur talið samrýmast markmiðum EES-réttar að þessu leyti er m.a. neytendavernd, vernd barna og ungmenna og menningarhefð viðkomandi aðildarríkis.

Ýmis dæmi eru um að fjölmiðlaþjónustuveitendur í einstökum EES-ríkjum freisti þess að fara á svig við strangari löggjöf í heimalandi sínu með því að flytja höfuðstöðvar sínar til annars EES-ríkis þar sem löggjöfin er reist á lágmarkskröfum tilskipunarinnar. Í því sambandi má nefna þær fjölmörgu sjónvarpsstöðvar sem fært hafa höfuðstöðvar sínar til Bretlands en miðla engu síður efni sem ætlað er til móttöku í öðrum aðildarríkjum. Með tilkomu gervihnattasendinga og háhraðatenginga milli landa er slíkt tæknilega mögulegt og því enn

brýnna en áður að fyrir hendi séu úrræði til að tryggja að strangari reglur einstakra aðildarríkja séu ekki sniðgengnar með þessum hætti. Rík áhersla var lögð á upptöku þessa ákvæðis í tilskipunina á Norðurlöndunum þar sem fjöldi sjónvarpsstöðva sem miðla efni ætluðu til móttöku innan þeirra hafa aðsetur á Bretlandi. Dæmi um það er TV3 í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sem og TV6, TV8, ZTV, Kanal 5 og Kanal 9 í Svíþjóð. Vegna þessa hafa komið upp ýmis vandamál og nægir í því sambandi að nefna að þær sjónvarpsstöðvar sem heyra undir breska lögsögu hafa m.a. farið á svig við strangari reglur um viðskiptaorðsendingar í móttökuríkjunum auk þess sem þær hafa í umtalsverðum mæli virt að vettugi reglur móttökulandsins um textun á hljóð- og myndmiðlunarefni, táknmálstúlkun og aðrar ráðstafanir sem gerðar skulu í þágu sjón- og heyrnarskertra.

Í 1. mgr. kemur fram að telji Fjölmiðlastofa að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndmiðlunarefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laganna geti hún farið fram á það við þar til bær yfirvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Við mat á því í hverju tilviki fyrir sig hvort umrædd fjölmiðlaþjónusta sé að mestu eða öllu leyti ætluð til móttöku hér á landi skal Fjölmiðlastofa líta til vísbendinga á borð við uppruna sjónvarpsauglýsinganna og/eða áskriftartekna, aðaltungumáls þjónustunnar eða hvort einhverjum dagskrárliðum eða hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sé beint sérstaklega til almennings hér á landi. Eðli málsins samkvæmt er einungis gert ráð fyrir því að þessi staða geti komið upp í þeim tilvikum þegar frumvarpið kveður á um strangari eða ítarlegri reglur en tilskipunin þar sem aðildarríkjunum er skylt að tryggja að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir þeirra lögsögu heyra fari að þeim lágmarkskröfum sem hún setur. Í þessu sambandi má nefna að börnum er veitt víðtækari vernd samkvæmt ákvæðum frumvarpsins en mælt er fyrir um í tilskipuninni, bæði að því er varðar tímasetningu viðskiptaorðsendinga og innihald. Þannig er um mikilvægt úrræði fyrir Fjölmiðlastofu að ræða ef upp koma tilvik af þessu tagi.

Í 2. mgr. kemur svo fram að Fjölmiðlastofa geti í þeim tilvikum þegar hún telur í fyrsta lagi að fullnægjandi árangur hafi ekki náðst með beitingu 1. mgr. og í öðru lagi að viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi öðlast staðfestu í öðru EES-ríki gagngert til þess að fara á skjön við íslensk lög gripið til viðeigandi ráðstafana gegn þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem í hlut á. Áður en Fjölmiðlastofa aðhefst skal hún þó tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, sem og þar til bærum yfirvöldum í því EES-ríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og rökstyðja nauðsyn þeirra. Þá skal Fjölmiðlastofa bíða með að grípa til umræddra ráðstafana þar til viðkomandi eftirlitsaðili hefur staðfest að þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til samrýmist ákvæðum EES-samningsins og að mat hennar skv. 1. og 2. mgr. greinarinnar sé rétt. Í samræmi við meginreglur EES-réttar þurfa þær aðgerðir sem Fjölmiðlastofu verður heimilt að grípa til í þessu sambandi, verði frumvarpið að lögum, að vera nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með þeim ákvæðum laganna sem stjórnvaldið telur brotið gegn, þeim beitt á jafnréttisgrundvelli og í samræmi við meðalhófsreglu EES-réttar.

Í 3. mgr. er svo tekið fram að komist framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, að þær ráðstafanir sem Fjölmiðlastofa hyggst grípa til fái ekki samrýmst ákvæðum EES-samningsins skuli stofnunin ekki grípa til þeirra. Rétt er að taka fram að skv. 5. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber framkvæmdastjórninni eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því

sem við á, að taka ákvörðun að þessu leyti innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr.

Um III. kafla.

Með frumvarpi þessu er lögð til breytt stjórnsýsla. Þær breytingar eru annars vegar tilkomnar vegna þeirra skyldna sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt EES-samningnum eins og fyrr hefur verið rakið og hins vegar vegna þeirra áforma sem í frumvarpinu felast um heildstæða löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar.

Íslensk stjórnskipan byggist á því að ráðherra, hver á sínu sviði, fari með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar. Í framkvæmd hefur þó verið talið að löggjafinn hafi heimild, byggða á stjórnskipunarvenju, til að ákveða með lögum að tiltekin starfsemi, t.d. stjórnsýslustofnun, skuli vera sjálfstæð og þar með undanskilin yfirstjórn ráðherra sem annars mundi til hans falla. Ráðherra fer því með yfirstjórn stjórnarmálefna nema hún sé að lögum undanskilin.

Benda ber á að með því að löggjafinn svipti ráðherra stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir tiltekinni stofnun er um leið aflétt ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra, svo og þinglegri ábyrgð að því er snertir meðferð þeirra heimilda sem um ræðir. Að lögum verður staðan sú, í slíkum tilvikum, að enginn ber þessa ábyrgð gagnvart Alþingi. Af þessari ástæðu hefur verið talið að ekki ætti að koma á fót slíkum sjálfstæðum stofnunum nema í þeim undantekningartilvikum að kostir slíkrar skipunar þykja vega upp framangreinda ókosti.

Í upphaflegum tillögum frá árinu 2005 að nýrri tilskipun Evrópusambandsins um breytingu á sjónvarpstilskipuninni frá 1989, með síðari breytingum, var lengst af gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þess efnis að aðildarríkjunum væri skylt að tryggja sjálfstæði sérstakrar stjórnsýslustofnunar er færi með eftirlit með fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í lokagerð hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er ekki lengur gerð bein krafa um tilvist slíkrar stofnunar en allt að einu eru fyrirmæli tilskipunarinnar með þeim hætti að tilvist slíkrar stofnunar er óhjákvæmileg. Enn fremur liggja fyrir tilmæli frá Evrópuráðinu (REC No. R(2000)23) um að aðildarlönd þess skuli koma sér upp sjálfstæðum eftirlitsstofnunum á þessum vettvangi. Í tilmælunum er mikilvægi slíkra stjórnsýslustofnana sérstaklega áréttað og áhersla lögð á þá sérþekkingu á þessum málaflokki sem slíkar stofnanir búa jafnan yfir. Í nefndum tilmælum er að auki lögð rík áhersla á stjórnunarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði slíkra stofnana og að aðildarlöndin skapi þeim viðeigandi starfsumhverfi með lagasetningu á þessu sviði. Með frumvarpinu er leitast við fylgja tilmælunum hvað þessa þætti varðar.

Ákvæði gildandi laga um útvarpsréttarnefnd hafa lengst af reynst vel en eru þó um margt ófullnægjandi í þessu sambandi, ekki síst nú þegar umræddu stjórnvaldi er ætlað að taka til allra fjölmiðla. Með frumvarpinu er því lagt til að Fjölmiðlastofa leysi útvarpsréttarnefnd af hólmi sem það stjórnvald sem fer með eftirlit og umsjón með starfsemi hljóð- og myndmiðla auk þess sem henni er ætlað að hafa sambærilegt eftirlit og umsjón með starfsemi allra annarra fjölmiðla.

Ein þýðingarmesta forsenda þeirra breytinga sem lagðar eru til er sú að skýrlega verði tekið af skarið um stjórnsýslulegt sjálfstæði stofnunarinnar. Ljóst er að verkefni hins nýja stjórnvalds verða og mun umfangsmeiri en verið hefur hjá útvarpsréttarnefnd. Þar koma til ný verkefni vegna þess að allir fjölmiðlar heyra nú undir stjórnvaldið og vegna nýrra fyrirmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem og frekari verkefni sem leiðir af tillögum frumvarpsins um lögfestingu tillagna hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar um gagnsæi eignarhalds, flutningsreglur o.fl.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins koma fram meginreglur um fyrirkomulag stjórnsýslu samkvæmt frumvarpinu. Sem fyrr fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn ljósvakamiðla, nú hljóð- og myndmiðla, auk þess sem áformað er að yfirstjórn annarra fjölmiðla flytjist til þess ráðuneytis. Fjölmiðlastofu er svo í umboði hans ætlað að sinna allri stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli EES-samningsins er þeirri stofnun ætlað sjálfstæði gagnvart ráðherra og öðrum stjórnvöldum eins og nánar er útfært í frumvarpi þessu.

Í lokamálslið 1. mgr. er áréttuð sú tilhögun að viðskiptaorðsendingar á tilteknum sérsviðum lúti eftir sem áður eftirliti stjórnvalda á viðkomandi sviðum í samræmi við lagafyrirmæli þar að lútandi. Í þessu sambandi vísast einkum til þeirra vörutegunda sem tilgreindar eru í 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins, en þar er um að ræða tóbaksvörur, áfengi og lyf. Á þessum þremur sviðum starfa sérstök stjórnvöld sem fara að lögum með ákveðnar heimildir að því er auglýsingar og eftir atvikum kostun varðar svo sem nánar er útlistað í athugasemdum við þá grein. Ætlunin er ekki sú að breyta í neinu heimildum þessara aðila og verði um skörun að ræða víkja heimildir Fjölmiðlastofu, sbr. t.d. 2. mgr. 54. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að ákvörðunum Fjölmiðlastofu samkvæmt frumvarpinu verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Í framkvæmd þekkist hvort tveggja en með hliðsjón af fyrirhuguðu sjálfstæði Fjölmiðlastofu og fortakslausum rétti aðila til þess að bera ákvarðanir hennar undir dómstóla verður að telja að réttaröryggis sé gætt í hvívetna.

Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um að kostnaður við starfsemi Fjölmiðlastofu greiðist úr ríkissjóði og þykir það ákvæði ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um skipun stjórnar Fjölmiðlastofu. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðherra skipi þriggja manna stjórn. Einn stjórnarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu samráðsnefndar háskólastigsins, sbr. 26. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og er þá sérstaklega gert ráð fyrir fræðilegri aðkomu að stjórn stofnunarinnar, annar skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands en þann þriðja, sem jafnframt er formaður stjórnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Sú nýbreytni er jafnframt lögð til að stjórnarmenn hafi sérþekkingu á fjölmiðlamálum sem nýtist á þessu sviði. Til sérþekkingar í þessu sambandi getur talist menntun eða fagleg starfsreynsla á vettvangi fjölmiðlamála.

Í 2. mgr. kemur fram að hlutverk stjórnar Fjölmiðlastofu sé að móta áherslur í starfi og starfsemi Fjölmiðlastofu. Allar meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina sem ber að setja sér starfsreglur þar að lútandi sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda svo sem fram kemur í 4. mgr. greinarinnar.

Í 3. mgr. eru hefðbundin fyrirmæli um almennt hæfi stjórnarmanna. Ekki þykir ástæða til að kveða sérstaklega á um sérstakt hæfi þeirra og gilda því almenn ákvæði stjórnsýslulaga að því leyti.

Um 9. gr.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að verkefni Fjölmiðlastofu verða umfangsmikil, verði frumvarpið að lögum, er mælt svo fyrir að stjórn Fjölmiðlastofu skuli ráða stofnuninni forstöðumann. Í þessari tilhögun felst ákveðið frávik frá almennum reglum þar sem það er jafnan ráðherra sem skipar eða ræður í slík störf. Engu síður er lagt til að stjórn stofnunarinnar ráði forstöðumann í því tilviki sem hér um ræðir í því skyni að tryggja sjálfstæði hennar. Er þetta

sambærileg tilhögun og hjá Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu þar sem stjórn ræður í báðum tilvikum forstjóra viðkomandi eftirlitsstofnana. Þá er gerð krafa um að forstöðumaður Fjölmiðlastofu skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála sem og að stjórn stofnunarinnar skuli setja honum starfslýsingu.

Samkvæmt 2. mgr. er ráðgert að forstöðumaður sé bær til að afgreiða sjálfur þau mál sem ekki útheimta beina aðkomu stjórnar Fjölmiðlastofu, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því að forstöðumaður ráði aðra starfsmenn Fjölmiðlastofu. Áhersla er lögð á það að hér er um heimild að ræða. Ekki er sjálfgefið að þegar í upphafi þurfi meira en starfskrafta forstöðumanns, en hins vegar nauðsynlegt að unnt sé að bregðast við auknum verkefnum á vettvangi stjórnvaldsins. Þá getur að sjálfsögðu komið til þess að af hálfu Fjölmiðlastofu reynist þörf á því að kaupa utanaðkomandi sérfræðiþjónustu.

Um 10. gr.

Í greininni er starfssviði Fjölmiðlastofu lýst. Svo sem ráða má af ákvæðinu er Fjölmiðlastofu ætlað fjölbreytt hlutverk.

Í 1. mgr. er almenn stefnuyfirlýsing um starfsemi stofnunarinnar. Þar kemur fram að henni sé ætlað það almenna hlutverk að stuðla að því að markmið og tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga. Í samræmi við ákvæði 1. gr. frumvarpsins skal hún því vinna að því að efla fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði sem og fjölmiðlalæsi. Þá skal hún standa vörð um tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga og stuðla sérstaklega að því að vernd barna samkvæmt fyrirmælum frumvarpsins sé virt.

Í 2. mgr. eru svo helstu verkefni Fjölmiðlastofu tiltekin í a–e-lið. Athuga ber að ekki er um tæmandi talningu að ræða og verkefni hennar og starfsvið því enn víðtækara en þar kemur fram.

Í upphafi 2. mgr. er tiltekið að Fjölmiðlastofa skuli fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Er með því bæði átt við þau verkefni sem henni eru falin með ákvæðum frumvarpsins sem og verkefni sem henni kunna að vera falin samkvæmt öðrum lögum.

Í a-lið 2. mgr. kemur svo fram að Fjölmiðlastofa skuli fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laganna, taki ákvarðanir samkvæmt þeim og beiti viðurlögum þegar við á. Í þessu kemur fram hið veigamikla hlutverk stofnunarinnar sem sjálfstæðs og óháðs eftirlitsaðila á þessum vettvangi.

Í b-lið 2. mgr. er svo tekið fram að Fjölmiðlastofa skuli fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi. Verði frumvarp þetta að lögum er um mikilvægan þátt í starfi Fjölmiðlastofu að ræða sem lýtur m.a. að því að uppfylla kröfur hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Í c-lið 2. mgr. kemur svo fram að Fjölmiðlastofa skuli annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum sem og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum. Þannig er Fjölmiðlastofu ætlað að annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum, m.a. um lögsögu, tímabundna stöðvun sendinga og kvartanir. Í þessu endurspeglast það viðamikla hlutverk sem slíkum stjórnvöldum er ætlað í samstarfi á vettvangi EES og skýrt kemur fram í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Fjölmiðlastofa skal í samstarfi við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum leysa úr þeim vafaatriðum sem upp kunna að koma varðandi lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Hún skal enn fremur taka ákvarðanir um tímabundna stöðvun móttöku hljóð- og myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum þegar það á við og annast nauðsynleg samskipti við framkvæmdastjórn ESB eða

eftir atvikum Eftirlitsstofnun EFTA sem og sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum í slíkum tilvikum svo sem útlistað er í 5. gr. frumvarpsins. Loks skal hún taka við kvörtunum frá systurstofnunum í öðrum EES-ríkjum varðandi fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins en dreifa hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er til móttöku í öðrum EES-ríkjum í samræmi við 3. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Telji Fjölmiðlastofa að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum frumvarpsins getur hún að sama skapi farið fram á það við þar til bær yfirvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir svo sem nánar er kveðið á um í 6. gr. frumvarpsins.

Í d-lið 2. mgr. er svo tiltekið að Fjölmiðlastofa skuli annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur séu til staðar. Þannig skal Fjölmiðlastofa framfylgja reglum um skráningarskyldu ásamt því að veita og afturkalla leyfi til hljóð- og myndmiðlunar í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Fjölmiðlastofa skal hafa eftirlit með því að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur tilkynni starfsemi sína til hennar og halda skrá um þá aðila. Svo sem fram hefur komið og nánar verður rakið í athugasemdum við IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri nýbreytni að öll fjölmiðlaþjónusta sé tilkynningarskyld en einungis sú þjónusta sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun leyfisskyld. Af þessu leiðir nokkuð breytt eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk frá því sem nú gildir um útvarpsréttarnefnd. Fjölmiðlastofa hefur þannig veigamiklu hlutverki að gegna við að framfylgja nýjum reglum um gagnsæi eignarhalds sem eru með markverðari nýmælum sem felast í þessu frumvarpi þetta ráðgerir.

Í e-lið 2. mgr. er svo sérstaklega áréttað hið þýðingarmikla hlutverk Fjölmiðlastofu við eftirlit með hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni og viðskiptaorðsendingum í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að efnislegar heimildir til auglýsinga í prentmiðlum eða rafrænum ritmiðlum þrengist frá því sem nú er. Það eftirlit sem nú fer fram að lögum að því leyti er á hendi fleiri en eins stjórnvalds en með frumvarpinu er stefnt að samræmingu og einföldun þar að lútandi. Að því er hljóð- og myndmiðla varðar hefur eftirlit útvarpsréttarnefndar samkvæmt gildandi lögum m.a. verið fólgið í því að fylgjast með því hvort tímamörk eru virt, hvort viðskiptaorðsendingar eru þess eðlis að valdið geti börnum líkamlegum eða siðferðilegum skaða og svo mætti áfram telja. Ekki eru lagðar til breytingar að þessu leyti umfram það sem leiðir af rýmkuðu gildissviði frumvarpsins.

Af framangreindu má ljóst vera að Fjölmiðlastofu er bæði ætlað að vera framvörður þeirra almennu gilda sem stuðlað skal að með frumvarpinu auk þess sem hún skal gæta þess að hagsmunir neytenda séu tryggðir með fullnægjandi hætti. Henni er jafnframt ætlað að gæta þess að jafnvægi sé milli þessara þátta.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu eru almennar málsmeðferðarreglur sem Fjölmiðlastofu er ætlað að starfa eftir.

Í 1. mgr. koma fram þeir þrír meginþættir sem lúta að upphafi máls hjá Fjölmiðlastofu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að af hálfu Fjölmiðlastofu sé þegar í upphafi lagt mat á það hvort mál uppfylli þær formlegu og efnislegu kröfur að teljast tækt til meðferðar. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði þar að lútandi verði í reglugerð ellegar verklagsreglum sem Fjölmiðlastofa setur. Þannig er gert ráð fyrir því að Fjölmiðlastofa taki ákvörðun um það hvort erindi

sem henni berst gefi nægar ástæður til meðferðar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að Fjölmiðlastofu sé heimilt að raða málum í forgangsröð. Á þessu stigi er alls óljóst um fjölda þeirra mála sem upp kunna að koma og því óhjákvæmilegt að heimilað sé að afgreiða þau í samræmi við mikilvægi þeirra. Í þriðja lagi er Fjölmiðlastofu beinlínis heimilað að taka mál upp að eigin frumkvæði. Á sviði stjórnsýsluréttar er það ekki vafalaust hvaða heimildir stjórnvald hefur til frumkvæðis af þessum toga sé ekki beinlínis kveðið á um það og þykir því ástæða til þess að taka af allan vafa í því sambandi.

Almennt ber að ganga út frá að flestar þær ákvarðanir sem Fjölmiðlastofu er falið að taka á grundvelli laganna um rétt eða skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda séu stjórnvaldsákvarðanir. Um meðferð og afgreiðslu slíkra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum. Ákvörðun stofnunarinnar um að taka mál til meðferðar er á hinn bóginn ekki slík ákvörðun, heldur ákvörðun um meðferð máls. Hið sama á við um þær ákvarðanir sem stofnunin tekur um forgangsröðun mála. Engu síður kann réttmæti forgangsröðunar að koma til skoðunar eftirlitsaðila í ákveðnum tilvikum, svo sem hjá umboðsmanni Alþingis. Mikilvægt er að forgangsröðun byggist á mati þeirra hagsmuna sem um er að tefla og stefnt er að því að tryggja með frumvarpi þessu. Þá verður einnig að ganga út frá því, sbr. til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að þeim sem teljast aðilar viðkomandi máls sé tilkynnt um stöðu þess, ekki síst ef forgangsröðun hefur í för með sér fyrirsjáanlegar tafir á meðferð viðkomandi máls.

Í 2. mgr. er hnykkt á þeirri sjálfsögðu grundvallarreglu stjórnsýsluréttarins að málsmeðferð sé hraðað svo sem frekast er kostur. Rétt er að taka fram að samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni hvíla ákveðnar skyldur að þessu leyti á eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjunum. Þannig skal Fjölmiðlastofa skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar tilkynna eftirlitsstjórnvaldi í aðildarríki sem til stofnunarinnar leitar vegna brota fjölmiðlaþjónustuveitanda sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins á löggjöf í umræddu aðildarríki um árangur af slíkri beiðni innan tveggja mánaða.

Í 3. mgr. er sérstaklega áréttuð trúnaðarskylda Fjölmiðlastofu við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast eftir öðrum leiðum. Slík trúnaðarskylda kann að leiða beint af lögum eða eftir atvikum af eðli viðkomandi upplýsinga eða gagna. Í því sambandi má sérstaklega nefna að fjölmiðlaþjónustuveitendur kunna að vera bundnir trúnaði við viðsemjendur sína auk þess sem ýmsar rekstrarlegar upplýsingar eru þess eðlis að rétt er að um þær ríki trúnaður.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin á sér að nokkru leyti samsvörun í 2.–5. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga en hefur hér eðli málsins samkvæmt víðtækari skírskotun. Það ákvæði var lögtekið með 6. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 57/2007.

Rétt er að taka fram að mistök virðast hafa orðið við setningu 2.–4. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga, sbr. 6. gr. laga nr. 57/2007. Í upphafi ákvæðisins er kveðið á um að unnt sé að krefjast skriflegra upplýsinga vegna ætlaðra brota á VI. kafla laganna sem hefur að geyma ákvæði um auglýsingar, fjarsölu og kostun. Þá kemur fram að við rannsókn brota á ákvæðum VI. kafla sé unnt að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstöð þess sem rannsóknin beinist að þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum 7.–14. gr. sem eru í IV. kafla laganna um skyldur útvarpsstöðva. Af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfir-

valda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) sem nefndu ákvæði var ætlað að innleiða má ráða að ákvæðinu var ætlað að taka til ætlaðra brota á VI. kafla laganna um auglýsingar, fjarsölu og kostun.

Með 1. mgr. er lögð til rýmkun frá því sem mælt er fyrir um í ákvæði 2. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga að því er heimild Fjölmiðlastofu til að krefja fjölmiðlaþjónustuveitendur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota varðar. Þannig þykir rétt að sú heimild nái jafnt til ætlaðra brota á öllum ákvæðum laganna en ekki einungis þeirra sem lúta að hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni enda má ætla að slíkt auðveldi henni verulega að rækja þann starfa sem henni er ætlaður samkvæmt frumvarpinu. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun stofnunarinnar um afhendingu upplýsinga og gagna samkvæmt ákvæðinu.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 4. og 5. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga og leiðir sem áður segir af framangreindri reglugerð um samvinnu um neytendavernd. Hún tekur einungis til rannsóknar á brotum á reglum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni en ekki öðrum brotum á ákvæðum viðkomandi kafla eða frumvarpsins að öðru leyti. Þar sem umrætt ákvæði er liður í því að uppfylla skyldur samkvæmt framangreindri reglugerð þykir ekki rétt að ganga lengra að því leyti en þar er lagt til, enda ljóst að um verulega íþyngjandi aðgerð getur verið að ræða. Rétt er að árétta það sem fram kemur í athugasemdum við nefnd ákvæði gildandi laga um að sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum hafi verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð. Skilyrði fyrir beitingu heimilda til athugana á starfsstöðvum eru mjög ströng og er ætlunin að tryggja að heimildinni sé beitt á málefnalegum forsendum og aðeins þegar ríkar ástæður eru til.

Í 3. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga er mælt fyrir um heimild til að leggja bann við útsendingu efnis sem telst andstætt ákvæðum VI. kafla laganna um auglýsingu, fjarsölu og kostun. Lagt er til að heimild þessi verði rýmkuð og henni skipað í IX. kafla frumvarpsins um ábyrgð, viðurlög, fullnustu o.fl. svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við þann kafla.

Um 13. gr.

Greinin á sér efnislega samsvörun í 6. gr. a í gildandi útvarpslögum en hefur hér víðtækari skírskotun. Ákvæðið fjallar um afhendingu Fjölmiðlastofu á gögnum til systurstofnana sinna og eftir atvikum annarra stjórnvalda á EES-svæðinu sem og framkvæmdastjórnar ESB eða, ef við á, Eftirlitsstofnunar EFTA. Umrætt ákvæði gildandi útvarpslaga var lögtekið með 7. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 57/2007. Með frumvarpsgreininni er þó lagt til að gildissvið þess verði rýmkað og það taki til upplýsinga og gagna sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laganna eftir því sem við á en ekki einungis þeirra ákvæða sem lúta að hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni eins og ákvæði 6. gr. a í gildandi útvarpslögum. Í athugasemdum með 7. gr. frumvarps til fyrrgreindra laga kemur fram að í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) sé gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur verið framið. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórn-

völdum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða ef þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Með þetta að leiðarljósi var nefnt ákvæði leitt í lög. Sambærileg ákvæði er að finna í ýmsum öðrum lögum, t.d. samkeppnislögum.

Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að gildissvið ákvæðisins verði rýmkað. Að því er myndmiðla varðar helgast það m.a. af fyrirmælum 23. gr. b í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þar sem kveðið er á um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við beitingu ákvæða tilskipunarinnar, einkum fyrir milligöngu lögbærra og óháðra eftirlitsyfirvalda sinna. Þar sem ákvæði þetta er ekki bundið við framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem lúta að neytendavernd þykir rétt að lögfest verði almenn heimild að þessu leyti. Þá er að sama skapi ljóst að ýmis ákvæði frumvarpsins að því er aðra fjölmiðla varðar lúta að neytendavernd og þykir því rétt að heimildin verði almenn að þessu leyti, enda fæst ekki séð að heimild þessi sé íþyngjandi fyrir einstaka fjölmiðla. Af niðurlagi 1. mgr. ákvæðisins verður þó ráðið að henni er einungis ætlað að taka til upplýsinga og gagna sem lúta að framkvæmd þeirra ákvæða sem eru hluti af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Rétt er að taka fram að skv. 3. málsl. 25. gr. gildandi útvarpslaga um skyldu og varðveislu á frumsömdu útvarpsefni er útvarpsrekanda skylt að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar. Ekki er að finna samhljóða ákvæði í frumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að slík upplýsingaöflun rúmist innan þeirrar rannsóknarheimildar sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Hins vegar er mælt fyrir um varðveisluskyldu efnis að þessu leyti í 35. gr. frumvarpsins.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 6. gr. a gildandi útvarpslaga að öðru leyti en því að Fjölmiðlastofu er eftirlátið mat á því hvort hún setur sérstök skilyrði fyrir veitingu þeirra upplýsinga eða gagna sem um ræðir hverju sinni. Þykir það eðlilegra þar sem jafnt kann að vera um upplýsingar eða gögn að ræða sem ekki er nauðsynlegt að farið verði með sem trúnaðarmál eða önnur sérstök skilyrði sett varðandi meðferð þeirra.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skráningu fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar o.fl. Að því leyti sem þessi kafli á sér samsvörun í gildandi lögum vísast til III. kafla útvarpslaga um leyfi til útvarps. Með hliðsjón af breyttu og rýmkuðu gildissviði má þá þegar vera ljóst að um allbreyttar reglur er að ræða.

Á meðal helstu breytinga sem lagðar eru til er sú meginregla að öll fjölmiðlaþjónusta verði skráningarskyld en einungis sú þjónusta sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun leyfisskyld. Skilyrði leyfis til hljóð- og myndmiðlunar eru að stofni til þau sömu og samkvæmt gildandi lögum en lagt er til að útfærslu þeirra verði nokkuð breytt. Leyfi skiptast síðan í almenn leyfi og skammtímaleyfi og geta ýmist verið staðbundin eða náð til landsins alls. Þá er lagt til að lögleiddar verði reglur um gagnsæi eignarhalds, upplýsingagjöf um fjölmiðlaþjónustuveitanda á heimasíðu Fjölmiðlastofu og tilkynningarskyldu um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitendum en þær eiga rætur sínar að rekja til tillagna síðari fjölmiðlanefndarinnar frá árinu 2005. Þá hefur kaflinn að geyma fyrirmæli um árlega skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda til Fjölmiðlastofu.

Í tillögum IV. kafla frumvarpsins felast vissulega auknar kröfur miðað við gildandi rétt. Kemur þar einkum til skráningarskylda allra fjölmiðla og aukin upplýsingagjöf. Þessi tilhögun er þó nauðsynleg eigi að vera unnt að koma til móts við þær skýlausu kröfur sem nú eru

gerðar um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og til að Fjölmiðlastofa hafi fullnægjandi yfirsýn yfir starfsemi á þessum markaði og geti meðal annars uppfyllt þær kröfur sem af lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar leiðir.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru fyrst og fremst fyrirmæli um skráningarskyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda en jafnframt er gerð grein fyrir þeim áskilnaði að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sé lögráða og fjár síns ráðandi.

Um forsendur skráningarskyldunnar hefur nokkuð verið fjallað hér að framan. Tilætlunin er þannig sú að öll starfsemi fjölmiðla sem undir lögin fellur sé skráningarskyld, sé hún ekki leyfisskyld, sbr. fyrirmæli 16. gr. frumvarpsins um leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun. Svo sem fram hefur komið er almenn skráningarskylda af þessum toga ný af nálinni og felur vissulega í sér auknar kröfur á hendur þeim aðilum sem fjölmiðla eiga og reka. Þessar kröfur eru þó í raun fremur léttbærar og varða fyrst og fremst upplýsingagjöf án þess að hafðar séu samhliða uppi nýjar efnislegar kröfur eða viðmið á hendur þeim sem stunda vilja fjölmiðlastarfsemi. Um leið og það skal sérstaklega áréttað er nauðsynlegt að reifa helstu sjónarmið sem á slíka upplýsingagjöf kalla.

Í fyrsta lagi á skráningar- eða tilkynningarskylda af þessum toga rætur að rekja til tillagna hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá því í apríl 2005. Í umræddum tillögum nefndarinnar sagði m.a. að gera þyrfti greinarmun á ljósvakamiðlum annars vegar og prentmiðlum og netmiðlum hins vegar þegar kæmi að opinberum leyfum. Var ekki lögð til grundvallar breyting á því fyrirkomulagi að meðan starfsemi ljósvakamiðla væri í meginatriðum háð leyfi gegndi öðru um prentmiðla og raunar einnig netmiðla. Nefndin lagði þó til að þegar til framtíðar væri litið yrði hugað að því að sambærilegar reglur giltu um netmiðla og ljósvakamiðla, en fram hjá því yrði ekki litið að skilin milli net- og prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar væru óskýr í stafrænu umhverfi og æ örðugra væri að skilgreina hugtakið fjölmiðil. Nefndin taldi að skoða bæri þá tilhögun að breytilegar reglur giltu um ólíka fjölmiðla og hvað ljósvakamiðlana varðaði yrði sum starfsemi ekki leyfisskyld heldur tilkynningarskyld þannig að stjórnvöld hefðu fullnægjandi yfirsýn á hverjum tíma. Á þeim tíma taldi nefndin sér hins vegar ekki fært að leggja til slíka skipan. Staðreyndin er á hinn bóginn sú að mikil gerjun hefur orðið síðan vorið 2005 þegar komist var að þessari niðurstöðu og augljósari rök standa nú til þess að þessi leið verði farin og þá í tilviki allra fjölmiðla enda ekki ástæða til þess að gera þar greinarmun á, m.a. vegna jafnræðissjónarmiða.

Í öðru lagi leiðir það af auknum kröfum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að því stjórnvaldi sem sinnir eftirlitshlutverki á þessu sviði er nauðsyn að geta fylgst með allri starfsemi af þessum toga hverju nafni sem hún nefnist og án tillits til þess hvort hún er leyfisskyld eða ekki. Til þess að geta haft eftirlit með lögum þessum þarf Fjölmiðlastofa að hafa yfirlit yfir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem ekki eru leyfisskyldir en heyra undir lögin að öðru leyti. Svo sem ítarlega er rakið hér að framan er um síkvikan og framsækinn markað að ræða þar sem örar breytingar verða. Því getur reynst erfitt fyrir Fjölmiðlastofu að hafa yfirsýn yfir markaðinn til þess að rækja eftirlitsskyldu sína nema fyrirtæki séu skráningarskyld. Þá er einnig vert að benda á að með alþjóðavæðingu fjölmiðla, þar sem auðveldlega er hægt að senda út frá einu landi en beina efninu að öðru landi, sé nauðsynlegt að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa lögsögu í hverju EES-landi. Tilkynningarskylda af þessu tagi ætti ekki að reynast viðkomandi fyrirtækjum ýkja þungbær kvöð samanborið við það augljósa hagræði sem næst með slíkri upplýsingagjöf. Upplýsingar af þessum

toga eru t.d. nauðsynlegar til þess að stjórnvöld geti uppfyllt þær skyldur sem felast í ákvæðum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sbr. 3. gr. a) þar sem mælt er fyrir um að aðildarríkin skuli sjá til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur, sem heyra undir lögsögu þeirra, veiti notendum ýmsar upplýsingar um fjölmiðlaþjónustuveitandann til þess að notendur geti haft greiðann og beinan aðgang að þeim, auk þess sem víðtæk skylda hvílir á íslenska ríkinu að upplýsa eftirlitsstofnanir EES um margvísleg atriði, sbr. t.d. 4. og 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Í þriðja lagi er tilkynningarskyldan jafnframt augljós og nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að halda utan um upplýsingar um eignarhald fjölmiðlaþjónustuveitenda, sbr. ákvæði þessa kafla um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, einkum 21. og 22. gr. frumvarpsins.

Í þessu sambandi skal bent á að það er ekki einsdæmi að fjölmiðlar þurfi að skrá sig. Í Svíþjóð þurfa allir sem reka eða hyggjast setja á stofn fjölmiðla að tilkynna það til stjórnvalda og tilgreina samhliða ábyrgðarmann viðkomandi fjölmiðils. Hefðbundnir ljósvakamiðlar þurfa jafnframt leyfi. Kostur þess að láta skrá sig sem fjölmiðil felst í þeim réttindum sem fjölmiðlar njóta umfram önnur fyrirtæki, svo sem vernd heimildarmanna og sjálfstæði ritstjórna, auk þess sem það er óheimilt samkvæmt sænsku stjórnarskránni að hafa eftirlit með efni fjölmiðla áður en það er birt.

Sá greinarmunur sem gerður er á þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem einungis eru tilkynningarskyldir annars vegar og þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum í hljóð- og myndmiðlun sem jafnframt eru leyfisskyldir styðst við málefnaleg rök svo sem fram kemur í athugasemdum við ákvæði 16. gr. frumvarpsins. Þá skal enn áréttað að tilkynningarskylda af þessum toga ætti ekki að reynast viðkomandi fyrirtækjum mjög þungbær eða íþyngjandi miðað við þann augljósa hag sem af hlýst.

Ákvæði greinarinnar skýra sig að mestu sjálf. Í 1. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskylduna sem slíka, en fyrir inntaki hennar hefur rækileg grein verið gerð hér að framan.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um form tilkynningarskyldunnar og þær upplýsingar sem liggja skulu fyrir. Þar er um að ræða upplýsingar um heiti viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, kennitölu hans, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti þess fjölmiðils eða þeirra fjölmiðla sem hann starfrækir, nafn ábyrgðarmanns, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir. Skýra þessi atriði sig í meginatriðum sjálf.

Í 3. mgr. er síðan að finna þá meginreglu að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitenda skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að gildandi lögum eru reglur hér að lútandi breytilegar í tilviki mismunandi miðla. Í prentlögum er í 1. mgr. 10. gr. gerð sú krafa að útgefandi blaðs eða tímarits sem gefið er út hér á landi sé lögráða og hafi lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu. Í 2. mgr. 10. gr. er sambærileg krafa gerð í tilviki ritstjóra og í 3. mgr. 10. gr. tekið fram að sé útgefandi ópersónulegur aðili skuli ráðinn ritstjóri. Í útvarpslögum er í h-lið 4. mgr. 6. gr. mælt fyrir um það að sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta falli leyfið þá þegar úr gildi. Á vettvangi útvarpsréttarnefndar hefur sú framkvæmd og viðgengist að gera umsækjendum um leyfi að skila vottorðum um búsforræði og eftir atvikum vottorðum hlutafélagaskrár/firmaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar slíkt á við. Sérstakar lögræðiskröfur eru á hinn bóginn ekki við hafðar á þeim vettvangi. Hér er lögð til einföldun og samræming reglna að þessu leyti og lagt til að í öllum tilvikum verði sú krafa gerð að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitenda skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi. Ekki þykir þörf á því að gera sambærilegar kröfur til annarra þeirra einstaklinga sem koma að rekstri fjölmiðla, svo sem ritstjóra o.s.frv. Kann t.d.

að haga svo til að ritstjóri uppfylli ekki slíkar kröfur en slíkt ætti að ekki standa rekstri fjölmiðilsins í vegi enda ævinlega tryggt að ábyrgðarmaður uppfylli þau einstaklingsbundnu skilyrði sem hér um ræðir. Það leiðir svo af sjálfu sér að ekki þarf almennt séð að gera kröfur af þessum toga til ópersónulegra aðila enda útilokað að gjaldþrota félag geti staðið að fjölmiðlarekstri, m.a. vegna fyrirmæla í gjaldþrotaskiptalögum. Þrátt fyrir þetta eiga ekki sömu sjónarmið að öllu leyti við í tilviki leyfisskyldrar starfsemi til hljóð- og myndmiðlunar. Þar er eðli málsins samkvæmt um að ræða starfsemi sem fram fer á grundvelli tíðniúthlutana fjarskiptayfirvalda og felur þannig í sér úthlutun takmarkaðra gæða (auðlindar). Svo sem ítarlega er rakið í athugasemdum með 16. gr. leiðir það til þess að nokkuð aðrar og að sínu leyti strangari kröfur verða gerðar til slíkrar starfsemi en starfrækslu annarra fjölmiðla. Er því ráðgert í 3. mgr. 17. gr. að nokkru fyllri kröfur séu að þessu leyti gerðar að skilyrði leyfisveitingar og verður nánar að þeim vikið þar.

Loks er í 4. mgr. gert ráð fyrir upplýsingaskyldu þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem ákvæðið tekur til með sambærilegum hætti og gildir um leyfisskylda aðila, sbr. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að sé skráningarskyld starfsemi stunduð án tilkynningar getur það varðað bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og/eða refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess. Sömu viðurlög koma til sé fjölmiðill starfræktur án þess að fyrir hendi sé ábyrgðarmaður sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. um heimilisfesti, lögræði og búsforræði.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um að tilkynna beri sérstaklega um erlent endurvarp hljóð- og myndefnis. Tilkynning skal vera skrifleg og skal koma fram nafn þess erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni, heimili hans, netfang, vefsetur og kallmerki. Þá skuli veita upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda ef tiltækar eru. Hér er um að ræða sambærilegar upplýsingar og liggja þurfa til grundvallar í öðrum tilvikum.

Endurvarp af þessu tagi á hljóð- og myndefni erlendra fjölmiðlaþjónustuveitenda er alþekkt. Samkvæmt greininni er ráðgerð sérstök skráningarskylda slíkra erlendra aðila og hvílir skyldan til upplýsingagjafar að því leyti á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem endurvarpið stundar. Á viðkomandi aðila hvílir eftir sem áður sjálfstæð skylda til skráningar ellegar öflunar leyfis í samræmi við almenn fyrirmæli frumvarpsins. Aðeins er þó gerð skýlaus krafa um upplýsingar um heimili, netfang, vefsetur og kallmerki hins erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ekki er hins vegar gerð fortakslaus krafa um upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald, en þeirra skal þó aflað séu þær tiltækar. Verður framkvæmd frumvarpsins og útfærsla stjórnsýslu Fjölmiðlastofu að móta það hvaða kröfur verði gerðar til innlendra fjölmiðlaþjónustuveitenda um öflun slíkra upplýsinga, sem á hinn bóginn þurfa fortakslaust að liggja til grundvallar öflunar leyfis eða skráningar þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem undir gildissvið frumvarpsins falla.

Á fundum framkvæmdastjórnar ESB með fulltrúum aðildarríkja EES um innleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar hafa m.a. verið til umræðu ýmis vandamál sem skapast geta þegar um erlent endurvarp er að ræða og nauðsyn þess að stjórnvöld í einstökum aðildarríkjum búi yfir upplýsingum um það frá hverjum slíkt efni stafar. Má í þessu sambandi benda á að ýmis aðildarríki hafa búið svo um vernd barna gegn skaðlegu efni að heimilt sé að senda það út á tímum sem ekki er hætt við að börn sjái. Augljós vandamál geta skapast

af tímamun á milli einstakra aðildarríkja í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að efni sem hefur að geyma klám eða tilefnislaust ofbeldi og sent er út í línulegri dagskrá austast í álfunni kl. 23 næst ef því er endurvarpað viðstöðulaust vestast í álfunni kl. 19 eða 20 þegar ætla má að börn séu enn við skjáinn. Til þess að auðvelda beitingu ákvæða 6. gr. frumvarpsins og annarra tiltækra ráðstafana við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að fyrir liggi frá hverjum hið erlenda endurvarp stafar. Ætla má að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi sem endurvarpa efni erlendis frá geti með tiltölulega einföldum hætti nálgast þær upplýsingar sem hér um ræðir og þykir því ekki óeðlilegt að leggja þeim þessa skyldu á herðar.

Rétt er að taka fram að sé erlent endurvarp stundað án tilkynningar varðar það bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

1. mgr. leysir af hólmi 1. mgr. 6. gr. gildandi laga um leyfi til útvarps. Með henni er lagt til að hljóð- og myndmiðlun, sem á uppruna sinn hér á landi og krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þurfi leyfi Fjölmiðlastofu, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Gildandi útvarpslögum var fyrst og fremst ætlað að taka til hefðbundinna útvarps- og sjónvarpsstöðva sem senda út í lofti (ljósvakamiðla) en frumvarpi þessu er hins vegar ætlað að ná til allrar hljóð- og myndmiðlunar óháð þeirri tækni sem notuð er til dreifingar og óháð því hvort um línulega dagskrá er að ræða eða efni eftir pöntun.

Ástæða þess að fjölmiðlaþjónusta sem send er í lofti og krefst tíðni hjá Póst- og fjarskiptastofnun er leyfisskyld er sú að tíðni í lofti er takmörkuð auðlind. Í öllum fjölmennari grannríkjum Íslands hefur verið skortur á tíðni sem gerir það að verkum að ný fyrirtæki á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar eiga í erfiðleikum með að komast inn á markaðinn. Þrátt fyrir að stafræn hljóð- og myndmiðlun nýti tíðnina betur þannig að hægt verði að bjóða umtalsvert fleiri rásir en í hliðræna kerfinu er enn um takmarkað magn rása að ræða og kostnaðarsamt að flytja margar rásir í dreifbýli. Þá er rétt að taka fram að enn hefur ekki verið mörkuð stefna um stafræna hljóðmiðlun hér á landi þótt takmarkað efni sé nú þegar sent út með slíkum hætti í tilraunaskyni til takmarkaðs hóps notenda (DAB-tækni). Því má gera ráð fyrir að áfram verði mikil ásókn í ákveðna tíðni á hliðræna dreifikerfinu um ókomin ár með þeim afleiðingum að færri komast að en vilja á þéttbýlli svæðum. Með stafrænni dreifingu myndefnis getur því orðið enn meiri gjá milli þéttbýlis og dreifbýlis þar sem notendur í þéttbýli hafa aðgang að mun meira efni, hvort heldur sem er í línulegri dagskrá eða pöntunarþjónustu, en notendur í dreifbýli sem hafa aðeins aðgang að takmörkuðu úrvali efnis.

Ákveðin tíðnisvið eru verðmætari fjölmiðlaþjónustuveitendum en önnur og meiri eftirspurn er eftir þeim tíðnisviðum. Má í þessu sambandi nefna t.d. UHF-tíðnisviðið, en það er hið hefðbundna tíðnisvið sem notað er til stafrænna sjónvarpsútsendinga í lofti í Evrópu. Vegna þessa hefur, af sögulegum ástæðum, sjálfstæðum eftirlitsstofnunum verið falið að úthluta leyfum til sjónvarps og hljóðvarps að teknu tilliti til þeirra helstu sjónarmiða sem byggt hefur verið á, svo sem fjölræði, menningarlegri fjölbreytni og frelsi til upplýsinga. Þannig hafa sjálfstæðar eftirlitsstofnanir í raun ákvarðað það hverjir fái leyfi, að þessum sjónarmiðum virtum, og fjarskiptastofnanir úthlutað tíðni að því búnu.

Það hefur verið stefna stjórnvalda bæði í Evrópu og Bandaríkjunum allt frá upphafi að stjórnvöld þau er fara með fjölmiðlamál geti tryggt að sama fyrirtæki eða sömu eigendur fái ekki úthlutað tíðni fyrir stórum eða öllum hluta þess tíðnisviðs sem notað er til hljóð- og myndmiðlunar. Því eru í ýmsum löndum strangar reglur um að einn og sami eigandi megi

ekki eiga nema takmarkað magn annars vegar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva á landsvísu og hins vegar staðbundinna hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva. Því má segja að bæði leyfisveitingar og takmarkanir á eignarhaldi hafi það að markmiði að tryggja tjáningarfrelsi, fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.

Hér á landi hefur útvarpsréttarnefnd veitt leyfi af þessu tagi frá árinu 1986 þegar frjálst útvarp hófst. Ekki þykir rétt að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi að öðru leyti en því sem hlýst af breyttri tækni og stjórnsýslu. Þó að ljóst megi vera að aðrar og strangari reglur gildi fyrir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem þurfa jafnframt tíðniúthlutun hjá Póst- og fjarskiptastofnun þykir ekki rétt að gera þá kröfu að allir þeir sem bjóða línulega dagskrá þurfi leyfi. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda erlendis, en eðli máls samkvæmt er hægt að flytja meira magn línulegra dagskráa á t.d. kapalkerfum, ADSL-kerfum og ljósleiðurum. Má segja að þar sem bæði ljósleiðarar og ADSL geta boðið hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun til hvers og eins, sé rásafjöldinn sem í boði er nær ótakmarkaður. Því þykir ekki rétt að krefjast leyfa frá fjölmiðlaþjónustuveitendum sem nota slík kerfi, enda ekki um takmarkaða auðlind að ræða með sama hætti og dreifing hljóð- og myndmiðlunarefnis í lofti. Má í raun segja að verði settar á slíkar íþyngjandi reglur gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem nýta sér t.d. ADSL og ljósleiðara, gæti tjáningarfrelsi þeirra verið skert þar sem stjórnvöld hefðu heimild til að svipta þá leyfi. Er því lagt til að slíkar íþyngjandi kröfur séu aðeins settar á fjölmiðlaþjónustuveitendur sem veita þjónustu þar sem auðlindin er takmörkuð og þá með það að markmiði að tryggja tjáningarfrelsi, fjölræði og fjölbreytni þannig að einn og sami eða sömu fjölmiðlaþjónustuveitendurnir fái ekki úthlutað stórum eða öllum hluta verðmætasta tíðnisviðsins hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Jafnframt er lagt til að sá háttur verði hafður á að Fjölmiðlastofa veiti fyrst leyfi og síðan verði tíðni úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Er sú ráðstöfun í samræmi við það markmið frumvarpsins að stuðla að tjáningarfrelsi, frelsi til upplýsinga, fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði, en eðli máls samkvæmt er það ekki markmið Póst- og fjarskiptastofnunar að taka sérstakt tillit til slíkra þátta við veitingu tíðnileyfa. Rétt er að taka fram að sé leyfisskyld starfsemi stunduð án leyfis varðar það bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Í 2. mgr. er fjallað um tegundir leyfa til hljóð- og myndmiðlunar. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 3. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga. Við það er haldið að leyfi til hljóð- og myndmiðlunar sem verða veitt lögaðilum og einstaklingum séu ávallt tímabundin. Samkvæmt gildandi lögum má lengst veita leyfi til hljóðvarps til fimm ára í senn en leyfi til sjónvarps til sjö ára í senn. Ekki þykja rök standa til þess að gera áfram þann greinarmun og þess í stað ráðgert að leyfin verði almennt veitt til allt að sjö ára í senn. Að sjálfsögðu verða leyfi þó veitt til skemmri tíma í senn standi rök til þess en þó ber að jafnaði að gæta lögbundins jafnræðis við allar leyfisveitingar. Við veitingu leyfa og afmörkun á tímalengd þeirra ber Fjölmiðlastofu m.a. að líta til þess að um takmarkaða auðlind er að ræða og gæta að sjónarmiðum um fjölræði og fjölbreytni á umræddum markaði í því samhengi.

Á leyfum er síðan gerður sá þýðingarmikli greinarmunur að þau eru annars vegar svokölluð almenn leyfi en hins vegar skammtímaleyfi sem aðeins verða veitt í þrjá mánuði að hámarki. Svo sem nánar kemur fram í einstökum ákvæðum þessa kafla eru um margt gerðar aðrar og vægari kröfur til útgáfu slíkra leyfa.

Þá eru tekin af öll tvímæli um það að leyfi geta náð til landsins alls eða verið staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta. Eru þeirri tilhögun ekki settar frekari skorður. Þannig getur verið um að ræða einstök eða fleiri sveitarfélög eða á hinn bóginn minni eða stærri af-

mörkuð svæði. Þykir ekki fært fyrir fram að útlista slíka tilhögun nánar en Fjölmiðlastofu er ætlað að móta frekari framkvæmd að þessu leyti.

Um 17. gr.

Af hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni leiðir auknar kröfur um upplýsingagjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda. Í frumvarpi þessu er m.a. brugðist við umræddum kröfum með því að mæla fyrir um viðameiri upplýsingagjöf við umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar. Rétt er að geta þess að í 6. gr. gildandi reglugerðar nr. 50/2002 um útvarpsstarfsemi er mælt fyrir um allumfangsmikla upplýsingagjöf að þessu leyti.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er mælt fyrir um að umsókn um leyfi skuli vera skrifleg og hafa að geyma nánari upplýsingar sem útlistaðar eru í a–k-lið.

Í a-lið er tiltekið að fram skuli koma nafn umsækjanda, kennitala, lögheimili, netfang og vefsetur.

Í b-lið er það skilyrði sett að tilkynna skuli Fjölmiðlastofu hver sé ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda skv. IX. kafla. Þessi regla á sér fyrirmynd í d-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga og þykir ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í c-lið er kveðið á um þá skyldu leyfishafa að gera Fjölmiðlastofu grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri breytingu á áður kynntri dagskrárstefnu. Hér er efnislega um sömu reglu að ræða og í c-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga, en allt að einu þykir eðlilegt að fara nokkrum orðum um forsendur þessa skilyrðis sem er það sama og í löggjöf flestra þeirra ríkja sem við berum okkur saman við. Skilyrði þetta er m.a. sett til að eftirlitsstofnanir á sviði fjölmiðla geti tekið afstöðu til þess efnis sem í boði er hjá fjölmiðlaþjónustuveitendum með það að markmiði að efnisframboð fjölmiðla verði sem fjölbreyttast fyrir neytendur. Þá má geta þess að í löndum þar sem tíðnisvið er fullnýtt reyna fjölmiðlaþjónustuveitendur eftir fremsta megni að halda í leyfi sín til hljóð- og myndmiðlunar, svo og tíðnileyfi. Þó hefur borið á því að grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á kynntri dagskrá með það fyrir augum að bregðast við samkeppni frá nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum þar sem framboð efnis og dagskrá hefur laðað að sér marga áhorfendur eða eftir atvikum hlustendur. Þegar áður kynntri dagskrárstefnu er breytt getur það haft í för með sér minni fjölbreytni fyrir áhorfendur eða hlustendur. Í ýmsum nágrannalöndum Íslands þykir því ekki sjálfsagt að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti breytt dagskrárstefnu sinni fyrirvaralaust með tilliti til fjölbreytni á markaði annars vegar og vegna hugsanlegrar hættu á að fyrirtæki sem hafa komið sér fyrir á markaði og ráða yfir leyfum og tíðni bregðist við með þeim hætti að breyta stefnu sinni að þessu leyti til höfuðs nýjum aðilum sem eru að hasla sér völl á markaði hins vegar.

Í d-lið er síðan fjallað um kallmerki leyfishafa. Er reglan samhljóða e-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga. En með kallmerki er átt við einkennisnafn hljóð- og/eða myndefnisveitu, svo sem FM 95,7, Skjár Einn eða Útvarp Saga.

Í e-lið er svo gert ráð fyrir því að umsækjandi veiti upplýsingar um aðra fjölmiðlastarfsemi sem hann stundar.

Samkvæmt f-lið er síðan fyrirhugað að umsækjandi veiti upplýsingar um eignarhald á honum. Er sú skylda bein afleiðing þeirra nýmæla sem lögð eru til í þessum kafla frumvarpsins og lúta að gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og virkri upplýsingaskyldu þar að lútandi. Upplýsingar af þeim toga þurfa eðli málsins samkvæmt að liggja fyrir þegar í upphafi og sú skylda hvílir síðan á fjölmiðlaþjónustuveitanda að upplýsa um allar breytingar þar á.

Þá er í g-lið gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir því hvort sótt er um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli og ástæður þess. Skv. 1. mgr. 29. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla hljóð- eða myndefni sem ætlað er til móttöku hér á landi skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó sé heimilt að starfrækja fjölmiðlaþjónustu sem ætluð er til móttöku hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Svo sem fram kemur í skýringum með því ákvæði er það svo samkvæmt gildandi lögum að heimild í þessa veru er bundin við sérstakar aðstæður en það verði vart talið standast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þegar tungumál aðildarríkja hans eiga í hlut auk þess sem slíkt sé í besta falli vafasamt með tilliti til almennra reglna um tjáningarfrelsi. Þá verði heimild til miðlunar hljóð- og myndefnis á öðrum tungumálum en íslensku ekki talin andstæð málverndunarsjónarmiðum enda lúti þau fyrst og fremst að því að efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli. Allt að einu þykir aðgreining þessi þó standast að lögum og að gerð sé grein fyrir því við umsókn hvers vegna miðlun muni fara fram á öðru tungumáli en íslensku, þó svo að ekki sé lengur gerð krafa um það að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi.

Í h-lið er kveðið á um að í umsókn skuli gerð grein fyrir því hvort sótt sé um leyfi fyrir landið allt eða staðbundið leyfi. Leiðir það af sjálfu sér að í umsókn sé gerð grein fyrir þessu atriði enda nauðsynlegt að kanna hvort tíðni sé tiltæk. Til staðbundinna leyfa verða þó gerðar allar þær sömu kröfur og gerðar eru til þeirra leyfa sem ná til landsins alls.

Þá er í i-lið gerð krafa um það að umsækjandi upplýsi um það hvort tilskilinna leyfa hafa verið aflað frá rétthöfum efnis á borð við STEF og önnur sambærileg höfundarréttarsamtök. Í framkvæmd hefur útvarpsréttarnefnd fram til þessa aflað umræddra upplýsinga frá umsækjendum enda þótt ekki hafi verið kveðið á um slíkt í gildandi lögum. Rétt er að taka fram að umrædd leyfi eru ekki forsenda útgáfu leyfis til hljóð- og myndmiðlunar en engu að síður þykir rétt að festa þessa framkvæmd í sessi í því skyni að tryggja réttindi rétthafa sem best má.

Í j-lið er ráðgert að umsækjandi upplýsi um það þegar við umsókn hvenær hann fyrirhugar að hefja miðlun hljóð- og myndefnis. Er þessi krafa í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins þess efnis að hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi innan sex mánaða frá uppgefnu tímamarki falli útgefið leyfi sjálfkrafa niður. Eru sambærileg fyrirmæli nú í g-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga.

Loks er í k-lið áskilið að upplýst sé í umsókn til hve langs tíma sótt sé um leyfi. Svo sem fram kom í athugasemdum við 16. gr. er með frumvarpinu ráðgert að leyfi til hljóð- og myndmiðlunar verði ekki veitt til lengri tíma en sjö ára í senn. Umsækjandi kann þó að óska eftir leyfi til skemmri tíma. Eins skal það áréttað að málefnaleg sjónarmið geta staðið til þess að leyfi sé aðeins veitt til skemmri tíma þótt sótt sé um til lengri tíma.

Í 2. mgr. er grein gerð fyrir þeim upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn um skammtímaleyfi. Skal slík umsókn einnig vera skrifleg og hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. að undanskildu því sem fram kemur í e- og f-lið.

Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um það að umsækjanda um almennt leyfi beri að skila vottorðum um heimilisfesti, lögræði og búsforræði ábyrgðarmanns og eftir atvikum vottorði hlutafélagaskrár/firmaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar slíkt á við. Að sjónarmiðum að baki þessu er vikið í athugasemdum við 3. mgr. 14. gr. en ákvæði þetta á samstöðu með fyrirmælum þeirrar greinar. Almennt er þannig gerð sú krafa í tilviki allra fjölmiðla að ábyrgðarmaður sé hér heimilisfastur, lögráða og fjár síns ráðandi en við umsókn um útvarpsleyfi ber að staðfesta þessi atriði með vottorðum viðkomandi stjórnvalda sem og nauðsynlegri staðfestingu

á tilvist félags sé það leyfishafi. Með þessari tilhögun er lögfest regla sem útvarpsréttarnefnd viðhefur nú við úthlutun langtímaleyfa, að fyrrgreind vottorð fylgi umsóknum um slík leyfi.

Í 4. mgr. er loks sett fram sú krafa að leyfishafi skuli hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild aðila utan EES til að reka fjölmiðlaþjónustu fer eftir sem áður samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum og því til fyllingar koma reglur um lögsögu í II. kafla frumvarpsins. Þykir það ekki þarfnast nánari skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um þá meðferð sem umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal sæta í þeim tilvikum sem það á við.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðgert að lögmælt sé sú tilhögun að eftir að umsókn hefur komið fram en áður en leyfisveitandinn tekur til hennar efnislega afstöðu skuli leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tiltæka tíðni og útgeislað afl. Áður en leyfi er veitt er nauðsynlegt að afla upplýsinga um þessi atriði þannig að tryggt sé að tíðni sé fyrir hendi sem og að áætlað útgeislað afl sendis fari ekki út fyrir þau landfræðilegu mörk sem leyfi er ætlað að taka til. Með útgeisluðu afli er átt við styrk útsendingarinnar en sé slíkt afl of mikið getur það truflað útsendingar á öðrum svæðum.

Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um þau efnisatriði sem fram skulu koma í leyfi. Skal þar koma fram hver sé handhafi leyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, við hvaða landsvæði það afmarkast, gildistími þess, kallmerki, dagskrárstefna viðkomandi sem og önnur atriði sem þýðingu kunna að hafa.

Í 3. mgr. er tekin upp regla samhljóða 1. málsl. b-liðar 6 gr. gildandi laga þess efnis að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti senditíðnum samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum. Þrátt fyrir að fyrirmæli af þessu tagi eigi sér nokkra sögu í löggjöf þykir allt að einu rétt að skýra forsendur þeirra og tilurð nokkuð. Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hefja leyfisskyldan rekstur þurfa leyfi til hljóð- og myndmiðlunar eftir því á hvoru sviðinu þeir hyggjast starfa auk tíðnileyfa hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Úrlausn þessa er því tvíþætt.

Tíðnisvið er takmörkuð auðlind og er víða að fullu nýtt í nágrannalöndum Íslands. Stjórnsýslustofnanir á sviði hljóð- og myndmiðlunar hafa haft það hlutverk að úthluta leyfum með það að markmiði að fjölbreytni og fjölræði sé til staðar á markaði. Þannig eru í sumum nágrannalöndum Íslands viðhafðar „fegurðarsamkeppnir“ þar sem fjölmiðlaþjónustuveitendur sem bjóða fjölbreyttast efni fá úthlutað leyfi. Þá er þess jafnframt gætt að sömu aðilarnir fái ekki mörg staðbundin eða landsbundin leyfi.

Hér á landi hefur útvarpsréttarnefnd haft þetta hlutverk með höndum, en hefur eðli málsins samkvæmt ekki staðið frammi fyrir sömu vandamálum og sambærilegar stofnanir í nágrannalöndunum. Skylda fjarskiptayfirvalda er hins vegar annars eðlis þar sem sérstök sjónarmið um fjölmiðla eiga ekki við. Fjarskiptayfirvöld hafa almennt það hlutverk að úthluta tíðnum án þess að taka tillit til þeirra menningar- og fjölmiðlapólitísku þátta sem stjórnsýslustofnunum á sviði hljóð- og myndmiðlunar er ætlað að gæta. Því hefur sú framkvæmd víðast hvar verið viðhöfð í nágrannalöndum Íslands, svo og hér á landi, að stjórnsýslustofnanir á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar úthluta leyfum og þegar leyfi er fengið úthluta fjarskiptayfirvöld tíðni. Þar sem tíðni er fullnýtt þurfa slíkar stofnanir að vinna saman.

Þá er sú breyting lögð til í þessu samhengi að ákvæði b-liðar 4. mgr. 6. gr. gildandi laga verði fellt brott, en þar er mælt svo fyrir að viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skuli einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráð-

laust um örbylgju. Af þessu ákvæði leiðir að óheimilt er samkvæmt gildandi lögum að endurvarpa erlendum stöðvum um UHF-tíðnisviðið sem er hið hefðbundna sjónvarpstíðnisvið sem notað er í Evrópu. Grundvallarforsenda þess að hægt verði að fara að nota UHF-tíðnisviðið fyrir fjölrása sjónvarp hér á landi er að þessu ákvæði verði breytt.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimild til að endurvarpa erlendum sjónvarpsstöðvum verði ekki bundin við neina ákveðna tækni í dreifingu hér á landi. Hér ber að hafa í huga að samkvæmt gildandi lögum er aðeins heimilt að endurvarpa erlendum dagskrám á örbylgju. Þá má geta þess að endurvarp á erlendum dagskrám er einnig heimilt í gegnum þráð, t.d. í kapalkerfum og ADSL. Þar sem nýlega hefur verið boðin út tíðni á UHF fyrir stafrænt sjónvarp er ljóst að UHF-tíðnisviðið verður notað fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar í náinni framtíð. Því þykir eðlilegt að gefa fyrirtækjum kost á að bjóða fjölrása sjónvarp á UHF-tíðnisviðinu líkt og á örbylgjunni í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sérstakar skyldur handhafa leyfis til hljóð- og myndmiðlunar. 1. mgr. greinarinnar er samhljóða f-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga og fjallar um bókhaldslegan aðskilnað vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda frá öðrum rekstri. Slíkur aðskilnaður er bæði nauðsynlegur og eðlilegur þegar um leyfisskylda starfsemi er að ræða. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun stofnunarinnar um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum samkvæmt ákvæðinu.

Í 2. mgr., sem er samhljóða h-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga, eru sett tvíþætt skilyrði varðandi framsal leyfis annars vegar og áhrif gjaldþrotaskipta og fleira á bú leyfishafa hins vegar. Er framsal leyfisins sem slíks með öllu óheimilt. Framsalsbannið tekur á hinn bóginn ekki til mögulegrar sameiningar eða eftir atvikum yfirtöku félags eða annars lögaðila sem er rétthafi leyfis. Við gjaldþrotaskipti einstaklings eða lögaðila sem er rétthafi leyfis fellur leyfið fortakslaust úr gildi. Sama á við uppfylli ábyrgðarmaður ekki lengur þau skilyrði leyfisveitingar sem áskilin eru skv. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Brot á ákvæði þessu varða bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Um 20. gr.

Í greinina hefur verið safnað saman nokkrum ákvæðum sem lúta að breytingu skilmála fyrir leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, endurnýjun þess og niðurfellingu.

Í 1. mgr. er lagt til það nýmæli að leyfishafa beri að tilkynna Fjölmiðlastofu allar breytingar sem á leyfistímanum kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar umsókn hans skv. 17. gr. frumvarpsins. Að sínu leyti er í 22. gr. frumvarpsins ráðgert það nýmæli að sérstök upplýsingaskylda hvíli á fjölmiðlaþjónustuveitanda um eignarhald og breytingar á því, en eðlilegt þykir að komi til breytinga í starfsemi eða umhverfi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem jafnframt lýtur að þeim forsendum sem að baki leyfisveitingunni lágu sé Fjölmiðlastofa upplýst þar um. Í því felst þó auðvitað ekki opin heimild til þess að afturkalla leyfi undir slíkum kringumstæðum enda verður skýr lagaheimild að standa til slíks. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að allar upplýsingar og upplýsingagjöf um fjölmiðla sé með sem gagnsæjustum hætti og er raunar stefnt að því að treysta slíkt með ýmsum ákvæðum frumvarpsins. Í 21. gr. frumvarpsins er til að mynda ráðgert að á

heimasíðu Fjölmiðlastofu sé hægt að ganga að ákveðnum grundvallarupplýsingum um fjölmiðlaþjónustuveitendur vísum.

Í 2. mgr. er fjallað um þær aðstæður þegar handhafi leyfis óskar eftir því að breyting sé gerð á skilmálum þess. Skal hann þá sækja um slíkt sérstaklega til Fjölmiðlastofu. Hér kunna að koma til breytingar á dagskrárstefnu, breyting á staðbundnu leyfi í landsleyfi, breyting á því hver fer með ritstjórnarábyrgð o.s.frv.

Í 3. mgr. er fjallað um það þegar handhafi leyfis óskar eftir endurnýjun þess. Skal sótt um það til Fjölmiðlastofu eigi síðar en tveimur mánuðum áður en gildandi leyfi rennur út. Með þessu verklagi er komið í veg fyrir að starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda komist í uppnám vegna þess að ekki reynist nægur tími til þess að fara yfir forsendur umsóknar um endurnýjað leyfi áður en eldra leyfi fellur úr gildi á fyrirframákveðnum tímamörkum.

Í 4. mgr. er um það fjallað þegar leyfishafi hefur ekki starfsemi innan tilskilins tíma ellegar þegar starfsemi er hætt og hún ekki hafin á ný innan ákveðins tíma. Er í fyrra tilvikinu miðað við sömu tímamörk og í gildandi lögum, eða sex mánuði, þó þannig að miðað sé við þau tímamörk sem leyfishafi hefur sjálfur gefið upp en ekki útgáfu leyfis. Í síðara tilvikinu miðast tímamörk við fjóra mánuði. Þá er lagt til að leyfishafa sem hættir starfsemi beri að tilkynna Fjölmiðlastofu þar um. Ástæða þess er að borið hefur á því að útvarpsréttarnefnd hafi ekki fengið upplýsingar um starfslok einstakra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva og því ekki haft nægilegt yfirlit yfir starfsemi á markaðnum.

Um 21. gr.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar frá því í apríl 2005 er lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um fjölmiðlaþjónustuveitendur á heimasíðu Fjölmiðlastofu. Er þessi tillaga jafnframt sett fram til að uppfylla skyldur íslenska ríkisins skv. 3. gr. a) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þar er sú skylda lögð á aðildarríkin að tryggja að ákveðnar lágmarksupplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir lögsögu þeirra séu almenningi aðgengilegar. Reglum um gagnsæi er ætlað að veita almenningi upplýsingar um hverjir eiga fjölmiðlaþjónustuveitendur á hverjum tíma, óháð þeirri tækni sem notuð er til útsendingar eða dreifingar. Aðeins hluti hljóð- og myndmiðlunar er leyfisskyldur og er reglunum ætlað að tryggja jafnræði að þessu leyti óháð dreifingarformi og eðli fjölmiðlaþjónustunnar.

Þá er kveðið á um það í tilmælum Evrópuráðsins (REC No. R(94)13) varðandi gagnsæi á fjölmiðlamarkaði að aðildarþjóðir tryggi að slíkar reglur séu settar í löggjöf á þessum vettvangi. Slíkar reglur eru taldar nauðsynlegar til að tryggja fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Í tilmælunum kemur fram að slíkar reglur séu forsenda þess að almenningur geti metið þær upplýsingar og myndað sér skoðun á því efni sem fram kemur í ólíkum fjölmiðlum með tilliti til eignarhalds á þeim. Þá kemur fram að reglur af þessu tagi séu nauðsynlegar til þess að eftirlitsstofnanir hafi yfirlit yfir eignarhald á fjölmiðlum og geti eftir atvikum brugðist við of mikilli samþjöppun ef þörf er á. Í tilmælunum er því beint til aðildarlanda að til þess bær yfirvöld safni upplýsingum um eignarhald og eftir atvikum miðli slíkum upplýsingum til annarra stjórnvalda eða alþjóðastofnana. Í 43. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er nauðsyn á reglum af þessu tagi jafnframt rökstudd með sérstöku eðli þeirrar þjónustu sem um er að ræða, einkum vegna skoðanamótandi áhrifa hennar. Því sé nauðsynlegt að neytendur viti nákvæmlega hver sé ábyrgur fyrir þeirri þjónustu sem um er að ræða hverju sinni.

Lagt er til að birtar verði upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili, netfang og vefsetur viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og gildistíma leyfis þegar slíkt á við (a-liður). Jafnframt ber að birta nafn ábyrgðarmanns fjölmiðlaþjónustuveitanda (b-liður). Þá skal birta dagskrárstefnu viðkomandi fjölmiðils ef um hljóð- eða myndmiðil er að ræða (c-liður) og ritstjórnarstefnu ef um prentmiðil eða rafrænan ritmiðil er að ræða (d-liður) sem og í báðum tilvikum síðar tilkynningar um breytingar þar að lútandi ef við á. Gera skal grein fyrir nafni einstaklings eða eigenda þess lögaðila sem veitir fjölmiðlaþjónustu (e-liður). Enn fremur ber að gera grein fyrir reglum fjölmiðlaþjónustuveitanda um ritstjórnarlegt sjálfstæði, í þeim tilvikum þegar slíkt á við (f-liður). Loks ber að birta úrskurði Fjölmiðlastofu í málum varðandi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, þó með nánar tilgreindum úrfellingum persónu- og atvinnuupplýsinga (g-liður).

Ástæða er til að árétta þá afstöðu hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 að reglur um gagnsæi eignarhalds auðveldi almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi eignarhalds sé því nauðsynleg grundvallarforsenda þess að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á fjölmiðlaþjónustuveitanda. Í 1. mgr. segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu sé send Fjölmiðlastofu innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings.

Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er mælt svo fyrir í 2. mgr. að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem stunda fjölmiðlun skuli stjórn félagsins senda Fjölmiðlastofu hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn.

Í 3. mgr. kemur svo fram að framangreindar reglur gildi þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið við verðbréfamiðstöðina um að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til Fjölmiðlastofu sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að senda stofnuninni hlutaskrá samkvæmt ákvæðinu.

Um 23. gr.

Greinin er að stærstum hluta nýmæli. Með 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum verði gert skylt að skila Fjölmiðlastofu árlega skýrslu með tilteknum upplýsingum. Upplýsingaskyldan er mismunandi eftir því hvort um er að ræða miðlun myndefnis eða annars efnis. Helgast það af því að í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er kveðið á um viðamikla upplýsingagjöf þeirra sem undir hana falla. A–h-liðir eiga því einungis við þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni en i-liður tekur jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Nauðsynlegt þykir að leggja skyldu á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti þar sem erfiðlega hefur gengið að afla slíkra upplýsinga að gildandi rétti.

Í a–h-liðum er þannig um að ræða upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að Fjölmiðlastofa geti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart framkvæmdastjórn ESB og mælt er fyrir um í 4. og 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sú upplýsingaskylda tekur einvörðungu til þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem miðla myndefni, en miðast jafnt við línulega dagskrá og myndmiðlun eftir pöntun, og lýtur að því að sýna fram á að aðildarríkin uppfylli skyldur

um að meiri hluti dagskrárefnis sé frá evrópskum framleiðendum sem og tiltekið hlutfall dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum. Aðildarríkjum ESB hefur frá setningu sjónvarpstilskipunarinnar verið skylt að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um hlutfall evrópsks efnis og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum í línulegri dagskrá. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var svo aukið við þá upplýsingaskyldu og jafnframt gerð sú krafa að sambærilegar upplýsingar verði sendar um sömu atriði hvað varðar myndmiðlunarefni eftir pöntun. Þrátt fyrir að þessi skylda hafi þegar verið fyrir hendi er ekki kveðið á um það með sértækum hætti í gildandi lögum að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé skylt að senda útvarpsréttarnefnd árlega skýrslu að þessu leyti. Af niðurlagi 5. mgr. 6. gr. gildandi laga verður hins vegar ráðið að sjónvarpsstöðvum hafi í reynd verið skylt að láta slíka skýrslu í té. Þá hvílir skylda á Fjölmiðlastofu samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni um að upplýsa framkvæmdastjórn ESB um aðgerðir íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Er því lagt til að þær upplýsingar verði hluti af skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda samkvæmt ákvæðinu.

Í i-lið er hins vegar er um að ræða upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla stöðu og þróun á íslenskum fjölmiðlamarkaði almennt sem er eitt af þeim verkefnum sem Fjölmiðlastofu er ætlað að sinna skv. 10. gr. frumvarpsins. Sú upplýsingaskylda tekur jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Ísland hefur undirgengist margþættar skuldbindingar á alþjóðavettvangi sem fela í sér skyldur til að veita margvíslegar upplýsingar um stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði. Þar sem heimtur slíkra upplýsinga hafa ekki verið sem skyldi þykir nauðsynlegt að lögbundin verði skylda í þessa veru.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli láta Fjölmiðlastofu skýrslu sína skv. 1. mgr. í té eigi síðar en 31. mars ár hvert fyrir nýliðið ár.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé skylt að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. á öðrum tímum óski Fjölmiðlastofa eftir því. Fjölmiðlastofa getur því óskað eftir því hvenær sem er að fjölmiðlaþjónustuveitendur láti henni viðkomandi upplýsingar í té og veitt þeim hæfilegan frest í því sambandi. Með þessu er fyrst og fremst ætlað að bregðast við þeirri víðtæku upplýsingaskyldu sem leiðir af ýmsum alþjóðaskuldbindingum að þessu leyti og gera Fjölmiðlastofu kleift að svara þeim fyrirspurnum sem henni berast.

Í 4. mgr. kemur fram að Fjölmiðlastofa geti áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur fjölmiðlaþjónustuveitenda skv. 1. mgr. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða niðurlagi 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga að því undanskildu að fram kemur í frumvarpsgreininni að Fjölmiðlastofa skuli sjálf bera kostnað af slíkri umleitan.

Í 5. mgr. er loks kveðið á um það að skoðunarstofa og starfsmenn hennar skuli bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd slíks verkefnis. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og geta brot þar á varðað refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að senda stofnuninni skýrslu samkvæmt ákvæðinu.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda í víðtækum skilningi. Reglurnar í kaflanum eiga sér að nokkru leyti samsvörun í reglum IV. kafla gildandi útvarpslaga um skyldur útvarpsstöðva. Sambærilegar reglur hafa ekki áður verið settar um prentmiðla en eðli málsins samkvæmt þykir rétt að ýmsar þeirra eigi jafnt við um

allar tegundir fjölmiðla. Í kaflanum er jafnframt að finna ýmis nýmæli sem m.a. leiðir af tillögum hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 sem og reglum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Kaflinn hefur í fyrsta lagi að geyma reglu um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem leiðir beint af fyrrnefndum tillögum fjölmiðlanefndar. Því næst kemur ákvæði um vernd heimildarmanna sem er nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi. Í næstu þremur ákvæðum er svo fjallað um vernd tiltekinna grundvallarréttindi, þ.e. lýðræðislegar grundvallarreglur, bann við hatursáróðri og vernd barna gegn skaðlegu efni. Eiga þessar reglur eðlilega samstöðu og standa til fyllingar hver annarri. Því næst eru fyrirmæli um tal og texta á íslensku og aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Þá er fjallað um skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda vegna almannaheilla. Að svo búnu er fjallað um skyldu til auðkenningar. Því næst er fjallað um dagskrárframboð og hlutfall dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum, skyldu til varðveislu á fjölmiðlaefni og loks um rétt til andsvara.

Rétt er að taka fram að ekki er lagt til að ákvæði um tekjustofna útvarpsstöðva sem nú er í 15. gr. gildandi útvarpslaga verði viðhaldið. Gildandi útvarpslög taka einungis til leyfisskyldrar hljóð- og myndmiðlunar og voru því tekjuöflunarleiðir þeirra sem fengu slíkt leyfi takmarkaðar með þeim hætti sem tekið er fram í greininni. Þessi tilhögun á sér sögulegar rætur og má rekja til þess þegar útvarp var gefið frjálst árið 1985. Í því umhverfi þótti tilefni til að stýra því með lögbundnum hætti hvernig nefndir miðlar mættu standa að tekjuöflun. Þetta fyrirkomulag er að sínu leyti barn síns tíma og þykir ekki þörf á að viðhalda því í hinu breytta umhverfi sem fjölmiðlar starfa nú í. Þá þykir ekki rétt að stýra tekjuöflunarleiðum hluta þeirra fjölmiðla sem frumvarpið tekur til með þessum hætti, enda slíkt til þess fallið að skapa óheppilegt ójafnræði á markaðnum. Eftir sem áður er fjallað um tekjustofna RÚV ohf. í sérlögum þar að lútandi.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er, í samræmi við tillögur hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005, lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitendur setji sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Í skýrslu nefndarinnar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur þó ákveðnu hlutverki til bóta. Brot á þessum fyrirmælum varða þannig ekki sjálfstætt viðurlögum skv. IX. kafla laganna. Á hinn bóginn bæri Fjölmiðlastofu að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. f-lið 21. gr. frumvarpsins. Ætlunin er jafnframt sú að tilvist slíkrar lagareglu reynist nauðsynlegur hvati þess að fjölmiðlar setji sér almennt reglur um sjálfstæði ritstjórna. Þess er vænst að það aðhald sem viðkomandi starfsmenn, eftir atvikum stéttarfélag þeirra, en síðast en ekki síst almenningur veita verði öllum viðurlögum yfirsterkara. Það gefur augaleið að almenningur hlýtur að treysta betur fréttaflutningi og hlutlægni fjölmiðils sem starfar í samræmi við slíkar reglur en þess fjölmiðils sem það gerir ekki.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu í þessa veru og það samráð sem ber að hafa við starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélag þeirra.

Í 2. mgr. er talið upp í þremur stafliðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum en það lýtur að starfsskilyrðum, starfsháttum og skilyrðum áminningar og brottvikningar. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði.

Í 3. mgr. kemur fram að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli sendar Fjölmiðlastofu til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginregl-

um stjórnsýsluréttar. Fjölmiðlastofa kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega og þá í samráði við sömu aðila og getið er um í 1. mgr. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til. Árleg endurskoðun slíkra reglna stuðlar jafnframt að eðlilegri umræðu og endurnýjun á vettvangi fjölmiðilsins sjálfs.

Eins og rakið er í umfjöllun um ábyrgðarreglur frumvarpsins í IX. kafla er löng hefð fyrir því hér á landi að flytjandi efnis í ljósvakamiðlum og höfundur ritefnis í prentmiðlum beri á því ábyrgð að nánari skilyrðum uppfylltum, þ.m.t. blaða- og fréttamenn. Hins vegar hafa jafnframt verið í lögum ákvæði um að fjölmiðlaþjónustuveitendur beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða á grundvelli ábyrgðarákvæðanna. Til skoðunar kom í þessu sambandi að létta enn frekar mögulegri ábyrgð blaða- og fréttamanna en lengra er gengið í þá átt í ýmsum grannlöndum Íslands. Niðurstaðan var allt að einu sú að breyta ekki þessu fyrirkomulagi í grundvallaratriðum og eru nánari rök færð fyrir því á viðkomandi stað í frumvarpinu. Þar er hins vegar minnt á reglusetningu samkvæmt þessu ákvæði og bent á að unnt sé að skerpa á þessum þáttum sem hluta af starfsskilyrðum starfsmanna viðkomandi fjölmiðils og starfsháttum sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna hans. Er með þessu komið nokkuð til móts við sjónarmið í þessa veru án þess að grundvallarbreyting sé gerð á ríkjandi fyrirkomulagi.

Um 25. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um vernd heimildarmanna sem er nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi. Verndun trúnaðar á milli fjölmiðlafólks og heimildarmanna er eitt af grundvallarskilyrðum þess að fjölmiðlar geti lagt sitt af mörkum til lýðræðisþjóðfélagsins og einn af hornsteinum tjáningarfrelsis þeirra. Í tjáningarfrelsi að þessu leyti felst m.a. annars réttur til að taka við og miðla upplýsingum sem eiga erindi til almennings. Það liggur í hlutarins eðli að til þess að tryggja að fjölmiðlar njóti þessa er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að fjölmiðlafólk geti heitið heimildarmönnum sínum nafnleynd og staðið vörð um það loforð. Ef fullnægjandi heimildavernd er ekki tryggð getur það orðið til þess að upplýsingar sem erindi eiga til almennings verði ekki látnar í té vegna ótta heimildarmanna um að þeir eigi yfir höfði sér hefndaraðgerðir atvinnurekanda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingum sé haldið leyndum.

Nú þegar er kveðið er á um vernd heimildarmanna í réttarfarslöggjöfinni en allt að einu þykir rétt að mæla einnig fyrir um slíka vernd með almennum hætti í frumvarpinu þar sem því er ætlað að mynda með heildstæðum hætti ramma utan um starfsemi allra fjölmiðla hér á landi. Við samningu frumvarpsgreinarinnar var meðal annars höfð hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins um rétt blaðamanna til að greina ekki frá heimildarmönnum sínum frá árinu 2000 en þessi réttur hefur verið mikið til umræðu á þeim vettvangi. Enn fremur var litið til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmann þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004 en varð ekki útrætt.

Rétt er að geta þess að vernd heimildarmanna í íslenskum rétti á sér jafnframt stoð í ákvæði 15. gr. gildandi laga um prentrétt um ábyrgð á efni rita og ákvæði 26. gr. gildandi útvarpslaga um ábyrgð á útvarpsefni. Þó svo að það sé ekki tekið fram í ákvæðunum sjálfum

vernda þau ekki einungis rétt höfunda til þess að halda auðkenni sínu leyndu, heldur einnig nafnleynd heimildarmanna. Í greinargerð þeirri er fylgdi prentlögunum er þetta raunar tekið fram berum orðum:

„Ábyrgðarkerfi þessu er ætlað að slá vörð um prentfrelsið með því að sporna við eftirgrennslan yfirvalda um það, hverjir kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, að ná með skjótum og virkum hætti til þess, sem telst sekastur, og loks sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns.“

Mikilvægustu reglur gildandi laga um rétt blaðamanna til þess að neita að segja til heimildarmanna sinna birtast þó sem að framan greinir í lagaákvæðum er fjalla um undaþágu frá vitnaskyldu í réttarfarslöggjöfinni. Reglur að þessu leyti er annars vegar að finna í 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og hins vegar í 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Umrædd ákvæði veita ekki undanþágu frá því að koma fyrir dóm, heldur einungis til þess að neita að svara þar ákveðnum spurningum. Nefnt ákvæði 119. gr. er nokkuð frábrugðið samsvarandi ákvæði eldri laga um meðferð opinberra mála en því var breytt og það fært til samræmis við nefnt ákvæði laga um meðferð einkamála eftir því sem frekast var unnt. Vegna þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að leiða beri hið sanna í ljós eftir því sem kostur er eru þó öll frávik frá vitnaskyldu þrengri þegar um er að ræða sakamál en einkamál. Þannig er undanþágan ekki fortakslaus skv. 19. gr. laga um meðferð sakamála á sama hátt og skv. 53. gr. laga um meðferð einkamála, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er mælt fyrir um að starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitenda sé óheimilt að upplýsa hver sé heimildarmaður að grein, riti, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Enn fremur er mælt fyrir um að starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitanda sé óheimilt að láta af hendi gögn sem hafa að geyma upplýsingar um heimildarmann eða höfund í slíkum tilvikum. Þannig er lagt til að ákvæðið nái jafnt til allra starfsmanna fjölmiðlaþjónustuveitenda og er það að því leyti víðtækara en ákvæði réttarfarslöggjafarinnar um undanþágu frá vitnaskyldu. Þá er trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og höfunda og heimildarmanna verndað með ákvæðinu þó að efnið sem um er að ræða hafi ekki verið birt. Loks tekur ákvæðið með ótvíræðum hætti til heimildargagna, enda getur verið augljóst samband á milli slíkra gagna og persónu heimildarmanns svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 419/1995.

Í 2. mgr. er kveðið á um að bann 1. mgr. gildi einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðlaþjónustuveitanda eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er eða hefur undir höndum gögn þar að lútandi. Ákvæðið er reist á áðurnefndum tilmælum Evrópuráðsins frá árinu 2000 og er ætlað að styrkja heimildarverndina enn frekar.

Í 3. mgr. er svo mælt fyrir um að heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verði einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða þegar við á höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Svo sem áður greinir er vitni skv. a-lið 2. mgr. 119. gr. nefndra laga óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni. Í 3. mgr. er svo mælt fyrir um að dómari geti þrátt fyrir framangreint ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði telji hann að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað

en trúnaði haldið. Þegar svo háttar til getur dómari því aflétt heimildarverndinni, óháð vilja þess sem hlut á að máli, ef hagsmunir af því að vitni svari tilteknum spurningum vegur að hans mati þyngra en þeir hagsmunir að trúnaði sé haldið. Hér yrði dómari að leggja annars vegar mat á trúnaðarsambandið og eðli þess og hins vegar á alvarleika málsins. Því alvarlegri sem sakargiftir eru, þeim mun líklegra væri að trúnaði yrði aflétt og því ríkari sem trúnaður er, því líklegra væri að hann héldi.

Ljóst er að ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi geta haft áhrif á túlkun og beitingu reglna um undanþágu frá vitnaskyldu. Á þeim grundvelli hefur all oft reynt á það fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu hvort réttlætanlegt hafi verið að aflétta heimildarvernd í einstökum tilvikum. Í dómaframkvæmd hans er rík áhersla lögð á það að vernd trúnaðarsambands fjölmiðlafólks og heimildarmanna þeirra sé nauðsynlegur þáttur í tjáningarfrelsi fjölmiðla og grundvallarskilyrði fyrir því að þeir geti sinnt lýðræðislegu hlutverki sínu. Þetta er glögglega útlistað í dómi Mannréttindadómstólsins frá 27. mars 1996 í máli *Goodwins gegn Bretlandi*, en þar segir m.a.:[3]

„Heimildavernd frétta er eitt af grunnskilyrðunum fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla. Án slíkrar verndar kynnu heimildarmenn að forðast það að veita fjölmiðlum liðsinni í að upplýsa almenning í málum er varða hagsmuni almennings. Af því kann að leiða að grafið verði undan eftirlitshlutverki fjölmiðla og dregið úr möguleikum þeirra til að miðla nákvæmum og áreiðanlegum upplýsingum. Að teknu tilliti til mikilvægis verndar heimildarmanna fjölmiðla fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og hugsanlegs skaða er fyrirmæli um uppljóstrun heimilda kynnu að valda er slíkt úrræði ósamrýmanlegt 10. gr. sáttmálans, nema það sé réttlætt með mikilsverðum hagsmunum almennings.“

Í ljósi þessa hefur Mannréttindadómstóll Evrópu veitt vernd heimildarmanna mikið vægi í úrlausnum sínum. Þegar ráðið er í dómaframkvæmd hans á þessum vettvangi er ljóst að í meðförum dómstólsins hafa mótast nokkrar grundvallarreglur að þessu leyti. Skilyrðin um að takmörkun sé lögmælt og beinist að lögmætu markmiði eru jafnan uppfyllt. Úrslitin ráðast því í flestum tilvikum af því hvort takmörkunin teljist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Til þess að svo teljist vera þarf takmörkun að beinast að því að vernda mikilsverða hagsmuni almennings (e. an overriding requirement in the public interest).

Ef yfirvöld hafa einhver önnur úrræði en þau að gera fjölmiðlamönnum að afhjúpa heimildarmenn sína hefur dómstóllinn lagt áherslu á að þeim skuli beitt. Þannig skuli rof heimildarverndar ætíð vera síðasta úrræðið sem gripið er til. Það kemur því einungis til skoðunar hvort nægir hagsmunir séu í húfi til að aflétta heimildarverndinni ef ekki eru önnur vægari úrræði til staðar. Komið hefur fram að viðskiptahagsmunir séu ekki nægjanlegir í þessu sambandi. Trúnaðarbrot, hvort heldur af hálfu starfsmanna einkaaðila eða ríkisstarfsmanna, teljast heldur ekki nægjanleg ein og sér til að rjúfa heimildarverndina.

Þeir hagsmunir sem dómstóllinn hefur einkum talið heimildarverndinni yfirsterkari eru að með því að aflétta heimildarverndinni verði unnt að koma í veg fyrir eða upplýsa alvar-

---

[3] „Protection of journalistic sources is one of the basic conditions for press freedom... Without such protection, sources may be deterred from assisting the press in informing the public on matters of public interest. As a result the vital public-watchdog role of the press may be undermined and the ability of the press to provide accurate and reliable information may be adversely affected. Having regard to the importance of the protection of journalistic sources for press freedom in a democratic society and the potentially chilling effect an order of source disclosure has on the exercise of that freedom, such a measure cannot be compatible with Article 10 (art. 10) of the Convention unless it is justified by an overriding requirement in the public interest.“

legan glæp á borð við morð, manndráp, nauðgun, misnotkun barna, landráð eða sambærilega glæpi. Það er því ljóst að einungis í allra alvarlegustu tilvikum telur dómstóllinn koma til greina að skylda fjölmiðla til að upplýsa um heimildarmenn sína. Enn fremur hefur komið fram að það að upplýsinga sé aflað á ólögmætan hátt af hálfu heimildarmanns nægi ekki eitt sér til að rjúfa heimildarverndina sem og að yfirvöld geti ekki komist fram hjá heimildarverndinni með því að beita öðrum þvingunarúrræðum svo sem húsleit eða símhlerunum. Loks hefur glögglega komið fram að ekki skiptir máli hver heimildarmaður er eða hvaða stöðu hann gegnir. Opinberir starfsmenn njóta þannig sömu verndar og aðrir og sams konar hagsmunir þurfa að vera í húfi svo réttlætanlegt sé að víkja heimildarverndinni til hliðar þegar þeir eiga í hlut.

Ætla má að dómstólar hér á landi muni líta til sambærilegra sjónarmiða við hagsmunamat á grundvelli 3. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli í allri starfsemi sinni halda lýðræðislegar grundvallarreglur í heiðri og virða tjáningarfrelsi. Ákvæðið á sér samsvörun í 9. gr. gildandi útvarpslaga en með frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði gert ítarlegra og sú skylda sem lögð er á fjölmiðlaþjónustuveitendur því að sínu leyti víðtækari en samkvæmt gildandi lögum, þó svo að eftir sem áður sé fyrst og fremst um almenna stefnuyfirlýsingu að ræða sem fjölmiðlaþjónustuveitendum er ætlað að hafa að leiðarljósi í allri starfsemi sinni. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í löggjöf um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir gildandi útvarpslög en það leiðir af sjálfu sér að við setningu heildstæðrar löggjafar um fjölmiðla sé slíkri reglu ætlað almennt gildi.

Eðli málsins samkvæmt er ekki um að ræða ákvæði sem unnt er að framfylgja með skírskotun til nákvæmra viðmiða en allt að einu er þýðing þess óumdeild og það stendur öðrum ákvæðum þessara laga sem og annarra laga sem varða mannréttindi af þessu tagi til nauðsynlegrar fyllingar. Frumvarpsgreinin er að nokkru leyti reist á einni af grundvallaryfirlýsingum Evrópuráðsins um fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni í fjölmiðlaefni frá árinu 1982 (Declaration on the Freedom of Expression and Information). Í yfirlýsingunni er áhersla lögð á að tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga hafi grundvallarþýðingu í lýðræðissamfélagi. Þá er í 6. tölul. yfirlýsingarinnar áréttað að yfirvöld skuli í allri stefnumótun stuðla að tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga í fjölmiðlum og standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun m.a. með því að tryggja möguleika á því að fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir komi fram. Einnig er því beint til aðildarríkjanna að standa vörð um rétt bæði einstaklinga og hópa til að tjá skoðanir sínar og að almenningur eigi kost á að nálgast mismunandi upplýsingar og hugmyndir frá ólíkum heimildum í fjölmiðlum.

Í lokamálslið ákvæðisins er undantekningarregla sem á sér samsvörun í 9. gr. gildandi útvarpslaga. Undantekningarregla þessi mælir fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem hefur þann yfirlýsta tilgang að beita sér fyrir tilteknum málstað, sé óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi útvarpslaga er undantekningarregla þessi rökstudd með vísan til tjáningarfrelsis. Liggur það í augum uppi að aðili sem rekur fjölmiðil í þeim tilgangi að beita sér fyrir ákveðnum málstað geti illa borið skylda til þess að taka tillit til gagnstæðra sjónarmiða. Er öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum samkvæmt frumvarpinu því veitt sama svigrúm að þessu leyti og prentmiðlar hafa jafnan notið en slíkir miðlar eru iðulega gefnir út til framdráttar ákveðnum baráttumálum og ber vitaskuld engin skylda til að reifa jafnframt andstæð sjónarmið. Sem augljós dæmi í þessa veru

má nefna útvarps- og sjónvarpsstöðvar trúfélaga, dagblöð einstakra stjórnmálaflokka sem áður tíðkuðust og svo mætti áfram telja.

Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 27. gr.

Fyrirmæli frumvarpsgreinarinnar um bann við hatursáróðri eru nýmæli á vettvangi löggjafar um fjölmiðla. Ákvæðið kemur í beinu framhaldi af ákvæði 26. gr. og mælir fyrir um að ákveðin grundvallarmannréttindi skuli virt í allri fjölmiðlun, þ.m.t. viðskiptaorðsendingum og fjarsölu. Um er að ræða skýrt bann við því að miðla efni sem kyndir undir hatur á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu í samfélaginu.

Frumvarpsgreinin er reist á ákvæði 3. gr. b í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni auk þess sem hún á sér samsvörun í tilmælum Evrópuráðsins nr. R(97)20 um bann við hatursáróðri í fjölmiðlum. Eru tilmælin tilkomin vegna þess að fjölmiðlar í Evrópu eru taldir hafa þróast í átt til umburðarleysis gagnvart ólíkum hópum í samfélaginu. Hatursáróður þykir sérstaklega skaðlegur þegar hann birtist í hljóð- og myndmiðlum vegna þess slagkrafts og þeirrar útbreiðslu sem slíkir miðlar hafa. Slíkur áróður þykir þó jafnframt skaðlegur þegar hann birtist í annars konar fjölmiðlum enda um grundvallarmannréttindi að ræða. Í tilmælunum er fjallað um það markmið Evrópuráðsins að stuðla að aukinni samheldni innan Evrópu og áhersla lögð á að ólíkar birtingarmyndir hatursáróðurs grafi undan lýðræði, fjölbreytni og menningarlegri samheldni. Í tilmælunum er jafnframt mælst til þess að stjórnvöld í aðildarlöndum Evrópuráðsins setji sér reglur um hatursáróður í fjölmiðlum, sérstaklega vegna þess hve slíkur áróður getur haft mikil og neikvæð áhrif á lýðræði í samfélaginu sé honum dreift í fjölmiðlum. Í tilmælunum er þannig mælst til þess að aðildarríki setji sér reglur sem banna hatursáróður á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana og þjóðernis svo og vegna félagslegrar, efnahagslegrar og menningarlegrar stöðu í samfélaginu. Með frumvarpsgreininni er leitast við að koma til móts við þessi sjónarmið og skýrlega kveðið á um bann við slíkum áróðri. Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 28. gr.

Í frumvarpsgreininni er að finna ákvæði þess um vernd barna gegn skaðlegu efni. Meginefni ákvæðisins lýtur fyrst og fremst að miðlun hljóð- og myndefnis svo sem nánar verður útlistað hér á eftir. Þó er einnig ráðgert að taka upp almenna vísireglu sem tekur til annarra fjölmiðlaþjónustuveitenda.

Rétt er að taka fram að í 38. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum. Hinu almenna ákvæði 28. gr. frumvarpsins er þó eðli málsins samkvæmt einnig ætlað að taka til efnis viðskiptaorðsendinga eftir því sem við á. Sú tilhögun að fyrirmælum sem sérstaklega er ætlað að vernda hagsmuni barna sé skipað í tvö aðskilin ákvæði á sér samsvörun í gildandi útvarpslögum. Þannig er almennt ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni nú í 14. gr. útvarpslaga og sértækt ákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í 20. gr. Ekki þykir ástæða til að breyta þessari skipan sem að sínu leyti á sér samsvörun í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þannig er almenna reglu um vernd barna að finna í 22. gr. tilskipunarinnar. Sú regla hefur ekki tekið teljandi efnisbreytingum frá því sjónvarpstilskipunin var sett árið 1989 þó svo að aukið hafi verið við

skýringar með ákvæðinu til fyllingar efni þess. Þá er sérreglu um viðskiptaorðsendingar að finna í g-lið 3. gr. e). Sú regla tilskipunarinnar hefur á sama hátt tekið litlum efnisbreytingum þó svo að henni hafi verið skipað á nýjan stað með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og við hana aukið lítillega svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við 38. gr. frumvarpsins.

Eins og áður greinir á ákvæðið sér samsvörun í ákvæði 14. gr. gildandi útvarpslaga þótt framsetning þess hér sé með nokkuð breyttum hætti í þeim tilgangi að skerpa og skýra gildandi reglu auk þess sem ekki þykja standa sérstök rök til þess að hún gildi einungis um myndmiðlun á sama hátt og ákvæði gildandi laga. 1.–3. mgr. frumvarpsgreinarinnar taka því jafnt til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar og ákvæði 4. mgr. til annarrar fjölmiðlunar. Enn fremur er tekið tillit til fyrirmæla hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og formálsgreina hennar hvað þetta varðar.

Rétt er að taka fram að ákvæði 14. gr. frumvarps til gildandi útvarpslaga var breytt í meðförum Alþingis. Upphaflega gerði ákvæði frumvarpsins ráð fyrir því að óheimilt væri að senda út efni skaðlegt börnum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að veruleg hætta væri á að börn sæju viðkomandi efni. Þá var gert ráð fyrir því að í reglugerð yrði mælt fyrir um að efni sem ekki væri við hæfi barna væri einungis sýnt á nánar tilteknum dagskrártíma eða tryggt með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði sem útsending næði til myndu að öðru jöfnu ekki heyra eða sjá slíkar útsendingar. Loks skyldi að því gætt að útsending væri ávallt auðkennd með viðeigandi hætti.

Efni 2. mgr. 14. gr. var hins vegar svo breytt í meðförum menntamálanefndar Alþingis að það leiddi til grundvallarbreytingar á merkingu ákvæðisins. Þannig er það í gildandi ákvæði sjálfstætt viðbótarskilyrði fyrir útsendingu alls sjónvarpsefnis sem ekki er talið við hæfi barna á þeim tímum sem heimilt er að senda það út, að gerðar séu sérstakar tæknilegar ráðstafanir til að tryggja að það nái ekki til barna á viðkomandi útsendingarsvæði. Samkvæmt hljóðan gildandi ákvæðis er því óheimilt með öllu, á hvaða tíma sem er, að senda út efni sem ekki er við hæfi barna í opinni dagskrá. Af þessu leiðir að útsendingar Ríkisútvarpsins og Skjás Eins, svo dæmi séu tekin, hafa brotið gegn þessum fyrirmælum allt frá gildistöku gildandi laga. Í nefndaráliti menntamálanefndar kemur fram að þessi breyting helgist af því að verið sé að fylgja með nákvæmari hætti orðalagi sjónvarpstilskipunarinnar eins og henni verið breytt með breytingartilskipuninni árið 1997. Hér var einfaldlega um misskilning að ræða enda kom skýrt fram í tilskipuninni þá á sama hátt og nú að gera bæri greinarmun að þessu leyti á opinni dagskrá annars vegar og læstri dagskrá hins vegar. Þannig sætir opin dagskrá takmörkunum með tilliti til tímasetningar útsendinga en læst dagskrá takmörkunum í formi tæknilegra hindrana á aðgangi barna.

Þessu til viðbótar var 1. mgr. 14. gr. gildandi laga tekin upp óbreytt í 21. gr. reglugerðar nr. 50/2002 um útvarpsstarfsemi en við hana skeytt sértækum tímamörkum og þannig kveðið á um að efni skaðlegt börnum megi ekki sýna fyrir kl. 23. Telja verður vafasamt að sú tilhögun að kveða á um tímamörk með þessum hætti í reglugerð standist lögmætisreglu án þess að meira komi til. Með frumvarpsgreininni er lagt til að þessir ágallar verði lagfærðir, ákvæðið skýrt og það fært til samræmis við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sett fram sú meginregla að fjölmiðlaþjónustuveitanda sé óheimilt að miðla hljóð- og myndefni, þar á meðal viðskiptaorðsendingum sem geta haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Framboð skaðlegs hljóð- og myndefnis og vernd barna að því leyti er ævarandi viðfangsefni reglusetningar á þessum vettvangi. Ekki er unnt að skilgreina með tæmandi hætti hvaða efni fellur undir bannreglu 1. mgr. Vísað er

til efnis sem getur haft skaðvænleg áhrif á þroska barna í víðtækasta skilningi og er efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi sérstaklega nefnt í því sambandi. Þær tilvísanir leysa þó ekki vandann því hvorki klám né tilefnislaust ofbeldi eru einsleit hugtök að merkingu.

Til fyllingar má þó segja að meginregla 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar nái til efnis sem vegna inntaks, efnistaka eða siðferðisboðskapar getur vegna orðfæris eða athafna ógnað velferð barna. Við mat á þessu hlýtur jafnframt að verða horft til viðmiða í öðrum lögum sem með sama hætti er sérstaklega ætlað að vernda hagsmuni barna að þessu leyti, svo sem laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Við alla reglusetningu af þessu tagi er þó nauðsynlegt að gæta þess að eðlilegt jafnvægi ríki á milli þeirra ráðstafana sem gerðar eru til að vernda líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Í þessu skyni er því farin sú leið að gera í 2. mgr. undantekningu frá meginreglu 1. mgr. um almennt bann að þessu leyti.

Undantekningar frá meginreglu 1. mgr. skv. 2. mgr. eru þríþættar. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um heimild til útsendinga á tilteknum tímum, svokallað „vatnaskilaákvæði“ (a-liður), í öðru lagi er mælt fyrir um heimild til útsendinga með viðeigandi tæknilegum hindrunum (b-liður) og í þriðja lagi er mælt fyrir um heimild til að miðla slíku hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun með viðeigandi tæknilegum hindrunum (c-liður).

Í a-lið er að finna það nýmæli að sá dagskrártími þegar heimilt er að senda út efni sem fellur undir bannreglu 1. mgr. er nákvæmlega afmarkaður. Í gildandi lögum er fjölmiðlaþjónustuveitendum eftirlátið mat á því á hvaða tíma heimilt er að miðla hljóð- og myndefni sem ekki er við hæfi barna. Þannig er mælt fyrir um bann við því að miðla slíku efni á þeim tímum þegar hætt er við að börn sjái viðkomandi efni. Í a-lið er hins vegar lagt til að leitt verði í lög svo kallað „vatnaskilaákvæði“ sem mælir fyrir um það að eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana í báðum tilvikum sé heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé auðkennt sem slíkt svo sem nánar er lýst í frumvarpsgreininni. Þykir skýrara að mæla fyrir um þetta með afdráttarlausum hætti og til þess fallið að skerpa á þeirri vernd sem ákvæðinu er ætlað að veita án þess þó að tjáningarfrelsi sé takmarkað með ótilhlýðilegum hætti. Rétt er að geta þess að sambærilegt ákvæði er að finna í löggjöf ýmissa nágrannaþjóða Íslands, svo sem í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, og þykir það hafa gefist vel í framkvæmd. Jafnframt er slíkt vatnaskilaákvæði að finna í leiðbeinandi reglum EBU.

Í b-lið er svo mælt fyrir um heimild til að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna. Með þessu er lagt til að löggjöfin verði færð til samræmis við ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en svo sem fyrr greinir virðist hafa gætt misskilnings í þessu sambandi við útfærslu gildandi laga. Það leiðir af eðli máls að sé fullnægjandi tæknilegum hindrunum fyrir aðgangi barna komið fyrir skiptir útsendingartími ekki máli. Með tæknilegum ráðstöfunum í þessu sambandi er t.d. átt við aðgangskóða, síunarkerfi og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

Í c-lið er sérregla um hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun. Með henni er mælt fyrir um heimild til að miðla slíku efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því. Efnislega og að breyttu breytanda á þetta ákvæði samstöðu með ákvæði b-liðar og er ætlað að koma í veg fyrir að börn geti nálgast skaðlegt efni hjá slíkum fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Í d-lið er svo gerð undantekning að því er fréttir og fréttatengt efni varðar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að undantekningarákvæði a- og b-liða 2. mgr. taki ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Samanborið við meginreglu 1. mgr. þar sem bann er lagt við miðlun efnis sem er til þess fallið að hafa skaðvænleg áhrif á þroska barna er áherslan hér lögð á alvarleg skaðvænleg áhrif. Þessi greinarmunur er gerður með hliðsjón af ákvæði 22. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þar sem altækt bann er lagt við miðlun efnis í línulegri dagskrá sem talið er geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi (e. which might seriously impair the physical, mental or moral development of minors, in particular programmes that involve pornography or gratuitous violence). Skv. 3. gr. h) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni tekur hið altæka bann þó ekki til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun en eðli slíkrar þjónustu er að sínu leyti annað en miðlunar í línulegri dagskrá svo sem áður greinir.

Tekið skal fram að brot á ákvæði 1.–3. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Í 4. mgr. gefur að finna nýmæli. Þar er ráðgerð almenn vísiregla sem ætlað er að taka til annarra fjölmiðla en þeirra sem fjallað er um í 1.–3. mgr. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir það falla skuli kappkosta að efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim ekki aðgengilegt eða miðlað til þeirra. Reglan felur í sér almenn tilmæli en ekki bannreglu og helgast það af tvennu. Í fyrsta lagi er eðli þeirra fjölmiðla sem hér um ræðir um margt annað en hljóð- og myndmiðla. Í öðru lagi er ekki mögulegt að útfæra bannreglu hvað þá varðar með skýrum hvað þá tæmandi hætti. Allt að einu er lögð á það áhersla í samræmi við grundvallarmarkmið frumvarpsins að ávallt sé leitast við að fara að þessum fyrirmælum.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er að finna almenna meginreglu um að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu. Enn fremur er tekið fram að engu síður sé heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Ákvæði 1. mgr. á sér að sínu leyti fyrirmynd í 1. mgr. 7. gr. gildandi útvarpslaga en því er nú ætlað að gilda jafnt um alla þá fjölmiðla hér á landi sem miðla efni sínu til íslenskra notenda. Þeim ber því öllum að stuðla að framgangi nefndra gilda og gæta að því að það efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli. Sérstök ástæða er til að vekja á því athygli að íslensk málstefna var samþykkt á Alþingi vorið 2009 og menntamálaráðherra falið að fylgja henni eftir (198. mál 136. löggjafarþings). Í íslensku málstefnunni er sérstaklega fjallað um málstefnu í fjölmiðlum. Þar kemur fram að lagt sé til að fjölmiðlar (og auglýsingastofur) setji sér málstefnu, standi vörð um íslenskt mál, vandað sé til verka við þýðingar og yfirlestur skjátexta, hvatt til íslenskrar dagskrárgerðar, talsetning á efni fyrir börn sé á vönduðu máli o.fl. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur nú skipað nefnd sem á að gera útfærðar tillögur um þetta.

Í síðari málslið 1. mgr. er svo gerð sú undantekning að heimilt skuli að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Samkvæmt gildandi útvarpslögum er samsvarandi heimild bundin við sérstakar aðstæður en það verður vart talið standast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þegar tungumál aðildarríkja hans eiga í hlut auk þess sem slíkt er í besta falli vafasamt með tilliti til almennra reglna um tján-

ingarfrelsi. Hafa verður í huga að mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á erlendum ríkisborgurum sem setjast að hér á a landi í lengri eða skemmri tíma. Þess má geta í þessu sambandi að í Hafnarfirði hefur verið starfrækt hljóðvarpsstöð frá árinu 2006 þar sem sent er út efni á ýmsum tungumálum svo sem pólsku, rússnesku, ensku og tagalog. Þá verður heimild til miðlunar efnis á öðrum tungumálum en íslensku ekki talin andstæð málverndunarsjónarmiðum enda lúta þau fyrst og fremst að því að efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða ákvæði 8. gr. gildandi útvarpslaga og varða einungis hljóð- og myndefni. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að efni á erlendu máli, hvort heldur sem um er að ræða línulega dagskrá eða hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það eigi þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skuli fjölmiðlaþjónustuveitandi þó, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Óþarft þykir að árétta sérstaklega svo sem gert er í gildandi lögum að allt tal og texti skuli vera á lýtalausu íslensku máli enda leiðir slíkt óhjákvæmilega af meginreglu 1. mgr. Brot á ákvæði 2. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er svo gerð undantekning frá reglu 2. mgr. að því er varðar endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva sem og hvað varðar hljóð- og myndmiðla sem starfræktir eru á öðrum tungumálum en íslensku í samræmi við ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Grein þessi þykir ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni er mælt fyrir um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Ákvæðið er nýmæli sem byggt er á ákvæði 3. gr. c) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Það ákvæði kemur nú nýtt inn í tilskipunina en um grundvöll þess er fjallað í 64. formálsgrein hennar. Er þar fjallað um rétt fatlaðra og aldraðra til þátttöku í félags- og menningarlífi og órjúfanleg tengsl þess réttar við aðgengi að myndmiðlunarefni.

Í greininni er mælt fyrir um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni skuli eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing. Enn fremur ber að leggja áherslu á að veitendur fjölmiðlaþjónustu eftir pöntun setji fram valmynd sína þannig að hún sé skýr og aðgengileg. Ekki þykir fært að mæla fyrir um sams konar skyldu að því er varðar aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur enda er þjónusta þeirra um margt annars eðlis auk þess sem skylda að þessu leyti væri þeim verulega íþyngjandi.

Í ákvæði þessu er ekki lögð ótvíræð skylda á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti heldur er fremur um að ræða tilmæli til þeirra. Þessu ákvæði er þó ásamt öðrum sambærilegum ákvæðum þessa kafla ætlað að mynda ramma utan um starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitenda. Eðli málsins samkvæmt sæta þó hvorki fjölmiðlaþjónustuveitendur né einstaklingar viðurlögum vegna ákvæðisins. Þess ber að geta að íslenska ríkið skal samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni upplýsa framkvæmdastjórn ESB um það með reglubundnum hætti hvernig fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi hafa brugðist við að þessu leyti og

aðgerðir þeirra þar að lútandi. Af þeim sökum ber fjölmiðlaþjónustuveitendum að upplýsa Fjölmiðlastofu þar um í árlegri skýrslu sinni skv. 23. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 13. gr. gildandi útvarpslaga en er nú ætlað að ná til allra fjölmiðla. Sambærileg regla hefur fram til þessa ekki gilt um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir gildissvið útvarpslaga en samhliða tækniþróun þykir eðlilegt að hún hafi víðtækari skírskotun. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé, ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst skylt að miðla endurgjaldslaust tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og rjúfa línulega dagskrá ef þörf krefur. Fjölmiðlar eru eðli málsins samkvæmt sá vettvangur sem almenningur nýtir sér öðrum fremur til að afla upplýsinga um atburði líðandi stundar. Það er því mikilvægt að þeir aðilar sem tilteknir eru í frumvarpsgreininni hafi greiðan aðgang að fjölmiðlum við þær aðstæður sem þar er lýst. Þær aðstæður sem fyrst og fremst koma til greina að þessu leyti eru náttúruhamfarir ýmiss konar þótt aðrar aðstæður geti vissulega kallað á nýtingu heimildarinnar.

Sögulega eru hljóðvarp og sjónvarp sá vettvangur sem fyrst og fremst hefur verið nýttur í þessu skyni þar sem ekki er unnt að nýta hefðbundna prentmiðla til að koma slíkum tilkynningum á framfæri samstundis. Þá hefur hljóðvarp haft sérstöðu hvað þetta varðar þar sem það var lengst af eini miðillinn sem unnt var að nýta til að miðla upplýsingum til almennings í rafmagnsleysi. Með nýrri tækni er hins vegar hægt að koma slíkum tilkynningum á framfæri með fjölbreyttari hætti og má í því sambandi sérstaklega nefna miðlun fjölmiðla á efni í farsíma, fartölvur, lófatölvur og önnur sambærileg viðtæki. Í ljósi þessa þykir rétt að ákvæðið nái jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Rétt er þó að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 32. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda til auðkenningar. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru nýmæli en ekki hefur verið lögð sú skylda á fjölmiðlaþjónustuveitendur í lögum að auðkenna hljóð- eða myndmiðlunarefni sitt með þessum hætti. Engu síður hafa fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi almennt auðkennt það efni sem sent er út í línulegri dagskrá. Ákvæði 3. mgr. á sér rætur í 3. og 5. gr. gildandi laga um prentrétt en skylda til auðkenningar prentefnis með þessum hætti hefur verið í lögum allt frá 19. öld. Ákvæði 4. mgr. er svo nýmæli sem tekur til auðkenningar ritefnis sem miðlað er með rafrænum hætti. Markmið þessa ákvæðis er öðrum fremur að tryggja að allt fjölmiðlaefni sé auðkennt og neytendum þannig ávallt ljóst hver það er sem miðlar efni hverju sinni. Skylda til auðkenningar hefur grundvallarþýðingu varðandi framkvæmd ákvæða frumvarpsins enda ljóst að ekki er unnt að framfylgja þeim nema fyrir liggi hvaða fjölmiðlaþjónustuveitandi miðlar því efni sem til athugunar er.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- eða myndefni í línulegri dagskrá til að birta nafn sitt eða annað auðkenni þegar um myndmiðlun er að ræða og kynna nafn sitt þegar um hljóðmiðlun er að ræða. Þá er tekið fram að slík auðkenning skuli eiga sér stað a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar. Eðli málsins samkvæmt tekur ákvæðið bæði til sjónvarps og hljóðvarps. Þegar um sjónvarp er að ræða er gert ráð fyrir því að annaðhvort nafn eða merki viðkomandi stöðvar sé birt en þegar um hljóðvarp er að ræða þarf nafn stöðvarinnar að koma fram í útsendingunni. Gert er ráð fyrir

því að auðkenning þessi fari fram a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að það sé gert oftar eða eftir atvikum með samfelldum hætti á meðan á útsendingu einstakra dagskrárliða í sjónvarpi stendur.

Í 2. mgr. er svo mælt fyrir um að efnisskrá fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- og myndefni eftir pöntun skuli hafa að geyma upplýsingar um það hver veitandi þjónustunnar er. Þannig er gert ráð fyrir því að fullnægjandi sé að auðkenna efnisskrána sem slíka. Rétt er að taka fram að í löggjöf ýmissa annarra landa, t.d. Svíþjóðar, er gerð sú krafa að einstakir efnisþættir slíkra skráa skuli auðkenndir hver fyrir sig þannig að notendur fái í öllum tilvikum upplýsingar um það þegar þeir panta efni hver veitandi þjónustunnar er. Ekki þykir ástæða til að fara þá leið hér enda má segja að markmið ákvæðisins nái fram að ganga með því að efnisskráin sé auðkennd í heild sinni. Á sama hátt og ákvæði 1. mgr. tekur ákvæði 2. mgr. bæði til myndmiðlunar og hljóðmiðlunar eftir pöntun.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla ritefni á prentuðu formi skuli nafngreindir í hverju eintaki sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn. Ákvæði í þessa veru á sér efnislega samsvörun í ákvæði 3. gr. gildandi laga um prentrétt þar sem fram kemur að útgefandi rits sem prentað er hér á landi skuli nafngreina sig í hverju eintaki þess sem og ritstjórar hafi þeir verið ráðnir. Í 5. gr. tilvitnaðra laga er jafnframt kveðið á um það að sá sem annast prentun eða letrun rits hér á landi skuli á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs. Reglur af þessum toga eiga sér langa sögu hvað prentmiðla varðar en slíkar reglur var þegar að finna í tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855.

Rétt er að taka fram að ákvæði laga um prentrétt hafa víðtækara gildissvið að því er prentað efni varðar en frumvarpið. Þau gilda þannig um öll rit sem gefin eru út en frumvarpið tekur eðli málsins samkvæmt einungis til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla. Þegar ákvörðun er tekin um auðkenningarskyldu einstakra fjölmiðla er það álitamál hvort þau viðmið eigi í öllum tilvikum og skilyrðislaust að vera hin sömu. Niðurstaðan er sú að svo sé ekki. Telja verður að það form auðkenningar sem ráðgert er í 1. og 2. mgr. sé fullnægjandi hvað viðkomandi tegundir fjölmiðla varðar. Fyrir því er hins vegar löng lagahefð að bæði útgefandi og ritstjóri auk þess sem annast prentun eða letrun rits séu tilgreindir í prentmiðlum. Þykir rétt enn um sinn að viðhalda þeirri hefð hvað ritstjóra varðar og stíga því ekki skrefið til fulls í þá veru að aðeins fjölmiðlaþjónustuveitandinn sjálfur sé auðkenndur þó svo að slík tilgreining eigi að duga með hliðsjón af því að aðrar upplýsingar má þá nálgast á heimasíðu Fjölmiðlastofu. Hins vegar þykir ekki sérstök þörf á að taka upp fyrirmæli um að prentara (einstaklings eða firma), prentstaðar og prentárs sé getið svo sem mælt er fyrir um í 5. gr. gildandi laga. Það er að öllum líkindum óþekkt, a.m.k. síðari áratugi, að á persónulega ábyrgð prentara hafi reynt vegna efnis í fjölmiðlum og eins hafa bindandi fyrirmæli um útgáfustað og útgáfuár fyrst og fremst þýðingu þegar um annars konar rit en þau sem teljast til fjölmiðla er að ræða, svo sem bækur eða önnur rit sem ekki koma út með reglubundnum hætti. Það leiðir hins vegar af eðli fjölmiðla að sambærilegra atriða er jafnan getið. Í þessu sambandi ber og að hafa hugfast að með 51. gr. frumvarpsins er lagt til að ábyrgð á efni geti ekki lengur fallið á prentara og því hefur þessi tilgreining þess utan ekki lengur þýðingu að því leyti. Loks skal tekið fram að almenna hugtakið fjölmiðlaþjónustuveitandi leysir eðli málsins samkvæmt hugtakið útgefandi í lögum um prentrétt af hólmi þegar um fjölmiðla er að ræða.

Í 4. mgr. er nýmæli um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla ritefni á rafrænu formi skuli nafngreina sig með fullnægjandi hætti í viðkomandi miðli sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn. Er hér mælt fyrir um sambærilega auðkenningarskyldu að því er rafræna ritmiðla varðar og prentmiðla, enda gilda um þá sömu sjónarmið að þessu leyti. Þá er

þetta í samræmi við það sem þegar tíðkast hjá helstu miðlum af þessu tagi hér á landi og þess auk þess gætt í framkvæmd að lögum um prentrétt hafi verið beitt um rafræna ritmiðla. Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um framboð myndefnis.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skuli kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í dagskrárefni frá Evrópu. Ákvæðið á sér samsvörun í 2. mgr. 7. gr. gildandi útvarpslaga. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu. Um breytingu á 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er að ræða að því leyti að þar er kveðið á um að meiri hluta útsendingartíma skuli varið í íslenskt efni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Í ljósi skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum hlýtur að teljast varasamt að tilgreina íslenskt efni sérstaklega umfram annað evrópskt efni. Þá hefur slík tilgreining litla þýðingu þar sem íslenskt efni er evrópskt efni á sama hátt og efni sem á uppruna sinn í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Er því lagt til að ákvæðinu verði breytt með framangreindum hætti.

Í 2. mgr. er svo að finna nýmæli sem kveður á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni eftir pöntun skuli eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði þeirra. Ákvæði þetta er byggt á ákvæði 1. mgr. 3. gr. i) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þar sem m.a. er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tryggja að veitendur fjölmiðlaþjónustu eftir pöntun stuðli svo sem kostur er að aukinni framleiðslu á evrópsku efni sem og bættu aðgengi að slíkum verkum. Í umræddu ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar kemur jafnframt fram að þetta geti viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitendur m.a. gert í formi fjárframlaga til framleiðenda slíks efnis og kaupa á slíku efni sem og með því að evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði veitenda fjölmiðlaþjónustu eftir pöntun. Með ákvæði 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar þykir skyldu íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðinu fullnægt þar sem það að mæla fyrir um að evrópskt efni skuli vera áberandi hluti af framboði viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitenda mun ótvírætt stuðla að auknum kaupum þeirra á slíku efni og þar með aukinni framleiðslu sem og bættu aðgengi að því.

Aðildarríkjum EES-samningsins ber á grundvelli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að senda skýrslur til framkvæmdastjórnarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, um hlutfall evrópsks efnis í allri myndmiðlun. Sú skylda hefur um langt árabil verið til staðar vegna línulegrar miðlunar en með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er sú skylda jafnframt lögð á hvað varðar miðlun myndefnis eftir pöntun. Af þessum sökum er kveðið á um það í 23. gr. frumvarpsins að árleg skýrsla fjölmiðlaþjónustuveitenda til Fjölmiðlastofu hafi að geyma upplýsingar að þessu leyti.

Skilgreiningu á því hvað telst vera evrópskt efni samkvæmt tilskipuninni eins og hún var fyrir gildistöku hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er að finna í reglugerð nr. 91/2000. Nýja skilgreiningu á því hvað telst vera evrópskt efni er nú að finna í ákvæði n-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og er til hennar vísað í 2. gr. frumvarpsins og um hana fjallað í skýringum við hana.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Í 10. gr. gildandi útvarpslaga er ákvæði sama efnis sem á rætur að rekja til 5. gr. sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989. Efnislega var ákvæðinu hvorki breytt við endurskoðun tilskipunarinnar 1997 né 2007. Í greinargerð með 10. gr. gildandi útvarpslaga er ítarlegur rökstuðningur fyrir lögtöku ákvæðisins. Ekki er þörf á því að endurtaka hann hér en það þó ítrekað sem þar kemur fram um efnisleg tengsl ákvæðisins við ákvæði 33. gr. þess um framboð hljóð- og myndmiðlunarefnis.

Sú grundvallarbreyting er svo sem áður greinir lögð til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi hljóð- og myndefnis verði nú skilgreint í lögum í fyrsta sinn. Samkvæmt gildandi lögum skyldi sú skilgreining tekin upp í reglugerð og var það gert í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 50/2002. Samkvæmt því ákvæði telst það vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hlut í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er hugtakið sjálfstæður framleiðandi hins vegar ekki skilgreint sérstaklega.

Í 31. formálsgrein breytingartilskipunarinnar frá 1997 kemur fram að við skilgreiningu hugtaksins skuli aðildarríkin taka mið af sjónarmiðum á borð við eignarhald á framleiðslufyrirtæki, magn efnis sem selt er einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum og eignarhald afleiddra réttinda. Með þetta í huga sem og að þau hlutföll sem gengið er út frá í tilvitnuðu ákvæði reglugerðar þykja orka tvímælis er lagt til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi verði skilgreint með þeim hætti sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins, eða sem fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháð viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sér í lagi né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þ.m.t. það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni.

Þá er lagt til að síðari málsliður 10. gr. gildandi laga, sem kveður á um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk, verði ekki hluti af frumvarpsgreininni. Þau tilmæli sem í þessu felast þykja ekki hafa þess háttar gildi að eðlilegt sé að taka þau upp í lagatexta. Að öðru leyti þykja fyrirmæli ákvæðisins fullnægjandi til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með greininni auk þess sem ákvæði 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar kemur þeim til fyllingar.

Til áréttingar skal tekið fram að ákvæðið gildir ekki um miðlun myndefnis eftir pöntun. Helgast það af því að um er að ræða skyldu samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem ekki þykir ástæða til að marka rýmra gildissvið en þar er gert.

Um 35. gr.

Greinin hefur að geyma fyrirmæli um varðveislu á öllu því efni sem miðlað er í fjölmiðlum í 18 mánuði. Greinin er nýmæli en þess ber þó að geta að í 1. málsl. 25. gr. gildandi útvarpslaga er mælt fyrir um tiltekna varðveisluskyldu þess efnis sem undir þau lög falla. Í 2. málsl. 25. gr. útvarpslaga er mælt fyrir um skyldu til þess að láta þeim sem telur misgert við sig í té afrit af upptöku viðkomandi efnis. Þetta ákvæði hefur nú, með rýmkuðu gildis-

sviði, verið fært undir 36. gr. um andsvarsrétt, enda fjallar það um rétt þeirra aðila sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra hafi beðið tjón til að fá afrit af efni því sem um er að ræða.

Í lögum um skylduskil til safna, nr. 20/2002, er að sönnu mælt fyrir um almenna varðveisluskyldu efnis. Allt að einu og til hagræðingar fyrir framkvæmd væntanlegrar fjölmiðlalöggjafar þykir rétt að leggja til að sú takmarkaða og tímabundna varðveisluskylda sem nú er að finna í tilvitnuðu ákvæði útvarpslaga nái til allra fjölmiðla sem undir lögin falla. Af lauslegri könnun sem gerð hefur verið virðist efni fjölmiðla nú alla jafna vera varðveitt a.m.k. umræddan tíma þannig að skylda af þessu tagi ætti ekki að vera íþyngjandi.

Varðveisluskyldan er mikilvæg til þess að réttur til andsvara, sbr. 36. gr. frumvarpsins, geti gengið sem snuðrulausast fyrir sig. Skylda af þessu tagi hefur þó víðtækari tilgang því m.a. þarf Fjölmiðlastofa að hafa aðgang að efni komi fram ábendingar eða kvartanir um að fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi brotið gegn lögum eða vegna framkvæmdar stjórnsýslu laganna að öðru leyti. Um rétt Fjölmiðlastofu til aðgangs að umræddu efni fer eftir 12. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er þannig mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli í a.m.k. 18 mánuði varðveita efni sem miðlað hefur verið og að upphaf þess tímafrests miðist við það tímamark þegar efninu er fyrst miðlað. Sýnist reglan skýr og vart þarfnast frekari útskýringa.

Brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 36. gr.

Í greininni er mælt fyrir um almennar reglur um rétt þeirra sem telja að á þeim hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 18.–21. gr. gildandi laga um prentrétt þar sem mælt er fyrir um leiðréttingarskyldu útgefanda eða ritstjóra sem og í 11. gr. gildandi útvarpslaga um andsvarsrétt sem reist er á 23. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sambærilegt ákvæði hefur verið í tilskipuninni frá upphafi en það var styrkt allnokkuð með breytingartilskipuninni frá 1997. Ákvæði tilskipunarinnar tekur þó einungis til andsvara í sjónvarpsútsendingum og á því voru engar breytingar gerðar með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Telja verður að efnislega sé sá réttur sem mælt er fyrir um í 18.–21. gr. gildandi prentlaga hinn sami og mælt er fyrir um í 11. gr. gildandi útvarpslaga þó svo að reglur laga um prentrétt séu útfærðar með nákvæmari hætti. Þá verður ekki séð að eðlismunur sé á rétti til leiðréttinga í skilningi laga um prentrétt og rétti til andsvara í skilningi útvarpslaga, enda lýtur þessi réttur í báðum tilvikum að því að leiðrétta staðreyndir en ekki því að koma sjónarmiðum að með almennari hætti. Ekki er því um breytingu að ræða að því leyti þó svo að lagt sé til að ein og almenn regla gildi um andsvarsrétt í öllum fjölmiðlum. Þá er lagt til að reglan taki einnig til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun sem og rafrænna ritmiðla enda ljóst að umrædd réttindi eru mönnum jafnmikilvæg á þeim vettvangi.

Í 53. formálsgrein tilskipunarinnar er sérstök áhersla lögð á að aðildarríkin tryggi rétt til andsvara í netmiðlum með sama hætti. Þá er í 1. tölul. 1. mgr. tilmæla Evrópusambandsins (2006/952/EBE) sem og 15. lið inngangsorða þeirra mælst til þess að aðildarríkin tryggi að andsvarsréttur gildi jafnt um nýja miðla sem hefðbundnar sjónvarpsútsendingar. Enn fremur er í tilmælum Evrópuráðsins Rec(2004)16 um andsvarsrétt í nýju fjölmiðlaumhverfi gerð ítarleg grein fyrir mikilvægi þess að aðilar hafi rétt til andsvara án tillits til þess um hvers konar miðil er að ræða hverju sinni. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að með tilkomu nýrrar tækni á vettvangi fjölmiðlunar verði réttur þessi útfærður með samsvarandi hætti. Er

því lagt til að allir þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem frumvarpið tekur til verði bundnir af ákvæðinu.

Í 1. mgr. greinarinnar er meginreglan um andsvarsrétt aðila orðuð. Þó svo að ákvæðið sé útfært með nákvæmari hætti og hafi víðtækari skírskotun er inntak þess efnislega hið sama og ákvæðis 18. gr. laga um prentrétt og 11. gr. útvarpslaga auk þess sem þar er kveðið á um sambærileg atriði og fram koma í 21. gr. laga um prentrétt. Með því að tiltaka að andsvörum skuli miðlað eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um er átt við að slíkt skuli gert svo skjótt sem við verður komið. Sem dæmi í því sambandi má nefna að hafi hinum röngu staðreyndum verið miðlað í fréttatíma hljóðvarps eða sjónvarps er eðlilegt að andsvörum verði miðlað í næsta sambærilega fréttatíma eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar að lútandi og sé um prentmiðil að ræða er eðlilegt að andsvörum sé miðlað í næsta tölublaði viðkomandi miðils. Vanhöld á þessu kunna að leiða til þess að um brot á ákvæðinu teljist vera að ræða enda skylda fjölmiðlaþjónustuveitanda að þessu leyti ótvíræð. Enn fremur kemur fram að andsvörum í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum skuli miðlað með sama hætti og öðru efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið. Þetta þýðir svo dæmi séu nefnd að fjölmiðlaþjónustuveitandi uppfyllir ekki skyldu sína samkvæmt ákvæðinu ef andsvari er miðlað með smærra letri en öðru efni viðkomandi miðils eða eftir atvikum á lítt áberandi stað á innsíðu þegar það efni sem andsvara er óskað vegna var birt á útsíðu. Hið sama gildir þegar andsvar vegna fréttar sem birst hefur á forsíðu rafræns ritmiðils er ekki birt þar heldur á undirsíðu. Þá segir að andsvörum í hljóð- og myndmiðlum skuli miðlað á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest og með þeim hætti sem best hæfir miðlun þess efnis er beiðnin tekur til. Með þessu er átt við að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti svo dæmi séu nefnd ekki fullnægt skyldu sinni að þessu leyti með því að miðla andsvörum að næturlagi auk þess sem eðlilegt er að andsvör vegna efnis sem miðlað hefur verið í fréttatíma sé að sama skapi miðlað í fréttatíma.

Þá er í lokamálslið 1. mgr. lagt til að leidd verði í lög almenn fyrirmæli um að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir miðlun andsvars og með því taka af öll tvímæli í því sambandi. Regla af þessu tagi er nú í 1. mgr. 18. gr. laga um prentrétt þar sem fram kemur að leiðrétting við frásögn skuli birt endurgjaldslaust. Sambærileg fyrirmæli er ekki að finna í 11. gr. útvarpslaga. Tilhögun þessi er í samræmi við framangreind tilmæli Evrópuráðsins um andsvarsrétt í nýju fjölmiðlaumhverfi.

Í 2. mgr. eru svo settar fram reglur um það hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi getur hafnað beiðni um andsvar. Vísi að slíkri reglu er nú að finna í 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. prentlaga en um nýmæli að því er aðra miðla varðar er að ræða. Ákvæðið er að meginstefnu til byggt á áðurnefndum tilmælum Evrópuráðsins. Umræddum reglum er ætlað að koma í veg fyrir að réttur til andsvara verði misnotaður og eyða ágreiningi að þessu leyti ef upp kemur. Um tæmandi talningu heimilda að þessu leyti er að ræða og fjölmiðlaþjónustuveitendum því óheimilt að synja um miðlun andsvars ef engin þeirra á við.

Samkvæmt a- og b-lið er fjölmiðlaþjónustuveitanda heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur tekur einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Það er því ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Í c- og d-lið er svo gerð sú sjálfsagða krafa að andsvarið feli ekki í sér efni sem brjóti í bága við almenn hegningarlög, sé til þess fallið að gera fjölmiðlaþjónustuveitandann skaða-

bótaskyldan, sé andstætt almennu siðferði eða brjóti gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.

Í e-lið er sett það skilyrði að aðili þurfi að geta sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Ekki þykir rétt að opna fyrir þann möguleika að hver sem telur á sér brotið, en á ekki einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, njóti réttar til andsvara enda ljóst að slíka heimild væri auðvelt að misnota.

Í f-lið er svo loks lagt til að ef þær upplýsingar sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum hafi aðili ekki rétt til andsvara jafnvel þótt hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Rétt þykir að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti vitnað beint í slíkar heimildir í umfjöllun sinni um einstök mál, án þess að það leiði til þess að þeir aðilar sem slík mál varða fái sérstakan rétt til andsvara. Fjölmiðlaþjónustuveitendur mega því treysta því að það sem fram kemur í slíkum gögnum sé rétt að því gefnu að til slíkra upplýsinga sé rétt vitnað.

Í 3. mgr. er kveðið á um að synjun fjölmiðlaþjónustuveitanda á birtingu andsvars skv. 2. mgr. skuli tilkynnt andsvarsbeiðanda innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni er sett fram. Rétt þykir að frestur að þessu leyti sé skammur enda ljóst að mikilsverðir hagsmunir kunna að vera í húfi og skjótra úrræða því þörf í ljósi þeirra áhrifa sem umfjöllun fjölmiðla jafnan hefur.

Í 4. mgr. er svo tekið fram að lögmæti synjunar fjölmiðlaþjónustuveitanda sé unnt að bera undir Fjölmiðlastofu sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt til að koma andsvörum á framfæri. Í því sambandi er rétt að hafa hugfast að umræddar reglur eru undantekningar frá meginreglunni um andsvarsrétt og þær ber í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið að túlka þröngt ef á reynir. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem vanrækir að verða við ákvörðun stofnunarinnar um birtingu andsvara.

Í 5. mgr. er svo lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitendum verði gert skylt að láta þeim sem telur á sér brotið endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Sams konar fyrirmæli er að finna í 25. gr. gildandi útvarpslaga um skyldu til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni. Er lagt til að umrædd fyrirmæli verði færð undir ákvæðið um andsvarsrétt í stað þess að þeim verði skipað í ákvæði 35. gr. frumvarpsins um skyldu til varðveislu á fjölmiðlaefni þar sem þau eiga efnislega samleið með andsvarsréttinum að þessu leyti. Þá tekur ákvæðið eðli málsins samkvæmt einnig til efnis í öðrum fjölmiðlum og er nýmæli á þeim vettvangi. Loks er hnykkt á því að ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein sé heimilt að bera undir Fjölmiðlastofu til ákvörðunar. Skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun stofnunarinnar um afhendingu efnis.

Í 6. mgr. eru að endingu fyrirmæli um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli hafa aðgengilegt á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, hvert aðili geti leitað ef hann telur að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Rétt þykir að lögfesta fyrirmæli að þessu leyti til að tryggja að aðili sem telur á sér brotið geti með auðveldum hætti fengið upplýsingar um hvert hann geti leitað telji hann lögmæta hagsmuni sína hafa beðið tjón af rangri útlistun staðreynda hjá fjölmiðlaþjónustuveitanda. Skv. 53. gr. frumvarpsins getur Fjölmiðlastofa lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir upplýsingaskyldu þess.

Um VI. kafla.

Með frumvarpinu er sem áður greinir lagt til að hugtakanotkun verði breytt nokkuð og hún færð til samræmis við breytt umhverfi á þessum vettvangi sem og hljóð- og myndmiðlunartilskipunina. VI. kafla frumvarpsins er ætlað að koma í stað VI. kafla gildandi útvarpslaga um auglýsingar, fjarsölu og kostun auk þess sem ákvæðum kaflans er ætlað að taka til annarra fjölmiðla eftir því sem við á. Í lögum hafa fram til þessa ekki verið sérstakar reglur um auglýsingar í öðrum tegundum fjölmiðla en þeim sem falla undir gildissvið útvarpslaga. Hins vegar eru í lögum almennar reglur um auglýsingar sem taka jafnt til allra fjölmiðla sem og auglýsinga á öðrum vettvangi. Í því sambandi má nefna ákvæði 6. og 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, 7. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, og 13. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994.

Í þessum kafla frumvarpsins er annars vegar lagt til að settar verði almennar meginreglur að þessu leyti sem gildi um alla fjölmiðla. Þær reglur eru í raun sambærilegar þeim reglum sem þegar gilda um auglýsingar almennt samkvæmt öðrum lögum og fela ekki í sér strangari kröfur að þessu leyti þó svo að þær séu útfærðar hér sérstaklega fyrir fjölmiðla. Hins vegar eru í kaflanum lagðar til reglur sem einungis lúta að hljóð- og myndmiðlum og leiðir af sérstöku eðli þeirrar tegundar fjölmiðla sem og þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni, enda löng hefð fyrir því að ítarlegar reglur gildi um auglýsingar og annað sambærilegt efni í slíkum miðlum.

Með frumvarpinu eru jafnframt ráðgerðar grundvallarbreytingar á hugtakanotkun á þessum vettvangi sem leiðir annars vegar af gjörbreyttu umhverfi fjölmiðla og hins vegar af þeim breytingum sem gerðar voru með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Hugtakið viðskiptaorðsendingar er nýtt yfirhugtak sem ætlað er að ná yfir allar tegundir auglýsinga, kostun og vöruinnsetningu. Þá er hugtakið hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni að sama skapi nýtt en því er ætlað að taka til allra viðskiptaorðsendinga í hljóð- og myndmiðlum sem og fjarsölu. Þessi nýju hugtök kunna að koma einhverjum spánskt fyrir sjónir en allt að einu eru þau óhjákvæmileg enda ótvírætt hagræði í því fólgið að geta notað yfirhugtök af þessu tagi í stað þess að telja í öllum tilvikum upp öll þau afbrigði sem undir hugtökin falla. Staðreyndin er sú að hið gamalgróna hugtak auglýsing nær ekki yfir öll þau form sem um getur verið að ræða þegar vörur og/eða þjónusta er kynnt neytendum í hinu breytta fjölmiðlaumhverfi.

Þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni koma einkum til vegna örrar tækniþróunar í miðlun efnis. Sem dæmi má nefna að áhorfendur geta nú í auknum mæli sniðgengið auglýsingar með notkun nýrrar tækni, svo sem stafrænna upptökutækja, og auknu úrvali rása, auk þess sem stafræn gagnvirk miðlun gefur fjölmiðlaþjónustuveitendum tækifæri til að afla tekna með fjölbreyttari hætti en áður. Til þess að bregðast við þessari þróun þarf fjölmiðlaþjónustuveitendum því að vera mögulegt að þróa nýjar leiðir til tekjuöflunar.

Mikill munur hefur fram til þessa verið á tekjuöflunarmöguleikum fjölmiðlaþjónustuveitenda á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar á EES-svæðinu annars vegar og tekjuöflunarmöguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda utan þess hins vegar vegna þeirra takmarkana sem sjónvarpstilskipunin setti þeim fyrrnefndu. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er þannig leitast við að koma til móts við kröfur evrópskra fjölmiðlaþjónustuveitenda um að rýmka ýmsar íþyngjandi takmarkanir í reglum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni. Þannig eru felldar niður takmarkanir á daglegu magni viðskiptaorðsendinga auk þess sem reglur um auglýsingahlé eru rýmkaðar verulega. Þá er aðildarríkjunum gert kleift að heimila vöruinnsetningu og greiða götu þróunar á nýrri auglýsingatækni. Með þessu er einnig miðað

að því að jafna samkeppnisstöðu á milli þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem bjóða upp á hefðbundnar sjónvarps- og/eða hljóðvarpsútsendingar annars vegar og þeirra sem bjóða upp á hljóð- og/eða myndmiðlunarefni eftir pöntun hins vegar.

Rétt er að taka fram að í frumvarpinu er gert ráð fyrir tilkomu nýrrar auglýsingatækni í hljóð- og myndmiðlun á borð við gagnvirkar auglýsingar og skjáskiptar auglýsingar. Um slíkar auglýsingar gilda sömu reglur og um aðrar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni eftir því sem við á. Í því sambandi er sérstaklega áréttað að skjáskiptar auglýsingar sem og táknmyndir gagnvirkra auglýsinga skulu falla innan þess tímaramma sem markaður er fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot í 41. gr. frumvarpsins auk þess sem þær skulu skýrt aðgreindar frá dagskrárefni í samræmi við 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Þess ber að geta að skjáskiptar auglýsingar eru bannaðar í mörgum aðildarríkjum EES-samningsins en ekki þykir rétt að taka upp bann að því leyti hér á landi enda er tilkoma slíkra auglýsinga til þess fallin að auka verulega tekjumöguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda, einkum að því er varðar langa dagskrárliði á borð við knattspyrnuleiki og aðra kappleiki. Er með því fylgt fordæmi Bretlands og Þýskalands þar sem slíkar auglýsingar eru heimilar.

Brot á ákvæðum þessa kafla varða öll stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins sem og refsingu skv. 56. gr. þess. Rétt er að árétta í því sambandi að kaupendur viðskiptaorðsendinga bera ábyrgð á efni þeirra skv. b-liðum 1. mgr. 50. og 51. gr. frumvarpsins. Liggi ekki fyrir hver kaupandi er ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á efni þeirra skv. c-liðum sömu ákvæða.

Um 37. gr.

Í greininni eru settar fram almennar meginreglur um viðskiptaorðsendingar og fjarsölu sem taka til allra fjölmiðla eftir því sem við á.

Í 1. mgr. er kveðið almennt á um auðkenningu viðskiptaorðsendinga og fjarsölu. Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Þá á greinin sér samsvörun í 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem kveðið er á um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða auk þess sem þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Auðkenningarskyldan nær því til viðskiptaorðsendinga í bæði prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum sem og viðskiptaorðsendinga og fjarsölu í hljóð- og myndmiðlum, jafnt í línulegri og ólínulegri dagskrá.

Viðskiptaorðsendingar og fjarsala þurfa í öllum tilvikum að vera skýrt afmarkaðar frá öðru hljóð- og myndmiðlunarefni og vera auðþekkjanlegar sem slíkar. Að því er hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni varðar er í 55. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar skýrt tekið fram að auðkenningin megi ekki hindra fjölmiðlaþjónustuveitendur í að þróa nýja auglýsingatækni. Að breyttu breytanda eiga sömu sjónarmið við um aðra fjölmiðla, einkum rafræna ritmiðla þar sem tækniþróun er ör. Er því við það miðað í ákvæðinu að auðkenning skuli vera með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Að því er hljóð- og myndmiðla varðar getur slík auðkenning meðal annars átt sér stað með myndskilti eða hljóðmerki og að því er prentmiðla og rafræna ritmiðla varðar með innrömmun auglýsingar. Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu þó í öllum tilvikum tryggja að einhvers konar auðkenning eigi sér stað enda er aðgreining viðskiptaorðsendinga og fjarsölu frá því efni sem lýtur ritstjórnarábyrgð viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda grundvallarþáttur í neytendavernd á þessum vettvangi.

Í 2. mgr. er annars vegar lagt bann við duldum viðskiptaorðsendingum og hins vegar við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni þar sem beitt er tækni sem hefur áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Hvað hið fyrrnefnda varðar tekur umrætt bann jafnt til allra fjölmiðla en um er að ræða nýmæli á vettvangi prentmiðla og rafrænna ritmiðla. Í ljósi sjónarmiða um aukna neytendavernd á þessum vettvangi þykir rétt að umrætt bann nái til allra fjölmiðla, enda verður að gera þá fortakslausu kröfu til fjölmiðlaþjónustuveitenda að þeir tryggi að neytendum sé ljóst hvenær um viðskiptaorðsendingar er að ræða eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Hvað hið síðarnefnda varðar tekur umrætt bann eðli málsins samkvæmt einungis til hljóð- og myndmiðla enda fæst ekki séð að slík tækni verði viðhöfð í öðrum tegundum fjölmiðla. Sambærileg ákvæði er að finna í 2. og 3. mgr. 16. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins en þau ákvæði eiga rætur sínar að rekja allt til sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989. Nú er ákvæðið að finna í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. e í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Sú breyting var gerð með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni að aðildarríkjunum var heimilað að opna fyrir vöruinnsetningu og er með frumvarpinu lagt til að slíkar viðskiptaorðsendingar verði heimilaðar svo sem síðar greinir. Vöruinnsetning taldist áður til dulinna viðskiptaorðsendinga að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum en með hinum nýju reglum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem með frumvarpinu er lagt til að leiddar verði í lög munu áhorfendur verða nægjanlega upplýstir um að um innsetningu vöru sé að ræða. Verði á slíkri auðkenningu misbrestur kann það þó að leiða til þess að um dulda viðskiptaorðsendingu teljist vera að ræða.

Hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni þar sem beitt er tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar hafa verið óheimilar allt frá því að útvarpslögum, nr. 68/1985, var breytt með lögum nr. 82/1993, en með þeim var sjónvarpstilskipunin frá 1989 innleidd. Hvorki í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum né heldur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum er útskýrt hvað átt er við með tækni sem ætlað er að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Rétt þykir því að fara um það nokkrum orðum.

Viðskiptaorðsendingar sem ætlað er hafa áhrif neðan marka meðvitaðrar skynjunar (e. subliminal advertising) eru þannig úr garði gerðar að neytendur skynja þær ekki beint heldur er þeim beint að undirmeðvitund þeirra. Sem dæmi um slíkar viðskiptaorðsendingar má nefna örstutt myndskeið eða einstaka ramma þar sem vörumerki bregður fyrir en áhorfandinn skynjar það ekki sem slíkt heldur síast það inn í undirmeðvitund hans. Slík tækni er nú víðast hvar bönnuð. Til frekari skýringar má í dæmaskyni nefna mál sem kom upp í Bandaríkjunum árið 2007 þar sem vörumerki McDonalds-skyndibitastaðarins var látið bregða fyrir í einstökum ramma ($\frac{1}{30}$ úr sekúndu) í þáttaröðinni Iron Chef America á sjónvarpsstöðinni Food Network.

Í 3. mgr. er að finna reglur sem takmarka efni og innihald viðskiptaorðsendinga og fjarsölu. Greinin er nýmæli og er byggð á c-lið 1. mgr. 3. gr. e í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni en er hér ætlað víðtækara gildissvið og tekur einnig til viðskiptaorðsendinga í öðrum fjölmiðlum en þeim sem undir gildissvið tilskipunarinnar falla. Um er að ræða almennar meginreglur sem eru í samræmi við það markmið frumvarpsins að vernda almenna hagsmuni fjölmiðlanotenda, einkum og sér í lagi barna og ungmenna, sem og mannréttindi í víðtækum skilningi, þó þannig að ekki sé gengið óhóflega á tjáningarfrelsi eða frelsi til eðlilegrar markaðsfærslu á vörum og þjónustu. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Í 4. mgr. kemur m.a. fram að viðskiptaorðsendingar og fjarsala fyrir tóbaksvörur, áfengi og lyfseðilsskyld lyf séu óheimilar. Greinin er byggð á d–f-lið hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þó svo að gengið sé nokkru lengra með frumvarpinu að því er áfengi varðar auk þess sem greinin tekur jafnt til allra fjölmiðla. Þá er í frumvarpsgreininni kveðið á um bann við viðskiptaorðsendingum og fjarsölu fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi hér á landi lögum samkvæmt. Um nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi er að ræða en nú þegar er óheimilt samkvæmt viðkomandi sérlögum að auglýsa umræddar vörutegundir. Þó þykir nauðsynlegt að taka almennt ákvæði þessa efnis upp í frumvarpið enda nær það til allra gerða viðskiptaorðsendinga sem og fjarsölu samkvæmt frumvarpinu en ekki aðeins hefðbundinna auglýsinga svo sem við á um bannreglur sérlaganna.

Markmið reglu 4. mgr. er meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig er tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Við gerð frumvarpsins kom það til skoðunar að ganga lengra og banna allar viðskiptaorðsendingar og fjarsölu sem stafa frá fyrirtækjum sem hafa það að meginstarfsemi að framleiða vörur af þessum toga og útiloka þannig í raun kynningu viðkomandi vörumerkja. Slíkt þótti þó ekki að óbreyttu fær leið, meðal annars í því ljósi að samhliða þyrfti þá að taka upp og breyta með samræmdum hætti ákvæðum þeirra sérlaga sem setja kynningu og auglýsingu á slíkum vörum skorður.

Þá er sem að framan greinir það nýmæli lagt til að viðskiptaorðsendingar og fjarsala fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi verði gerðar óheimilar. Um starfrækslu happdrættis gilda nú fyrirmæli laga nr. 38/2005. Þá gilda sérlög um starfsemi getrauna, sbr. lög nr. 59/1972, og lög um talnagetraunir (lottó), nr. 26/1986. Jafnframt gilda sérlög um einstök happdrætti svo sem Happdrætti Háskóla Íslands, SÍBS, Íslandsspil og DAS. Meginþættir happdrættislöggjafarinnar fela það í sér að hér á landi mega þeir einir reka happdrættis- og veðmálastarfsemi sem til þess hafa sérstakt leyfi, þ.e. framangreindir aðilar. Skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2005 varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður a) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rekur happdrættis- eða veðmálastarfsemi hér á landi án þess að hafa til þess happdrættisleyfi samkvæmt lögunum eða b) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögunum eða uppfyllir skilyrði laganna. Það mun vera óumdeilt, meðal annars samkvæmt upplýsingum svokallaðrar fastanefndar dómsmálaráðherra um happdrættismál, að eftirliti og refsivörslu með ólögmætri happdrættisstarfsemi sé ábótavant. Það er því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum Fjölmiðlastofu að því er tekur til viðskiptaorðsendinga og fjarsölu þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.

Í lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, er í 7. gr. lagt bann við hvers konar auglýsingum á tóbaki og reykfærum svo sem það er nánar útfært í lagatextanum. Eftirfylgni með því banni er síðan á hendi heilbrigðisnefnda sem geta beitt dagsektum við nánar tilgreind skilyrði en brot á auglýsingabanninu varðar sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað. Þá er nauðsynlegt að geta þess að skv. 9. gr. laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, er tóbaksvarnaráði ætlað víðtækt hlutverk við tóbaksvarnir. Skv. 1. mgr. 7. gr. tóbaksvarnalaga er sú undantekning gerð frá banni á tóbaksauglýsingum að það nær ekki til slíkra auglýsinga í erlendum ritum, þ.e. rita sem gefin eru út erlendis af erlendum aðila og á erlendu tungumáli, enda sé megintilgangur ritsins ekki að auglýsa tóbak.

Í 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, eru hvers konar auglýsingar á áfengi bannaðar. Brot gegn auglýsingabanninu varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum. Skv. 1. mgr. 6. gr. laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, er áfengis- og vímuvarnaráði ætlað sérstakt eftirlitshlutverk með framkvæmd löggjafar um áfengis- og vímuvarnir og skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga skal ráðið stuðla að samræmingu og samvinnu allra þeirra aðila sem að málaflokknum koma, þar á meðal refsivörslukerfisins. Bann við áfengisauglýsingum er þó ekki fremur en sambærilegt bann við tóbaksauglýsingum fortakslaust. Skv. 1. tölul. 4. mgr. 20. gr. áfengislaga eru auglýsingar heimilaðar í erlendum ritum, þ.e. ritum sem gefin eru út erlendis af erlendum aðila og á erlendu tungumáli, enda sé megintilgangur ritsins ekki að auglýsa áfengi. Skv. 2. og 3. tölul. er síðan um frekari undanþágur að ræða sem ekki skipta þó máli í þessu samhengi.

Lyfjalög, nr. 93/1994, banna að meginstefnu til lyfjaauglýsingar, sbr. 1. mgr. 13. gr., með þeim undantekningum þó sem reifaðar eru í VI. kafla laganna. Eru þau frávik og undantekningar margþættar en eftirlit þar að lútandi er í höndum Lyfjastofnunar sem ætlað er afar víðtækt valdsvið varðandi eftirlit með lyfjaauglýsingum svo sem nánar er kveðið á um í viðkomandi kafla laganna. Hins vegar er tekið fram í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. að óheimilt sé þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi. Var greininni sérstaklega breytt að þessu leyti með 1. gr. laga nr. 55/1995. Rökstuðningur í lögskýringargögnum varðandi breytinguna er þó ekki veigamikill. Þar segir aðeins að nauðsynlegt þyki að bann það sem fyrirhugað sé að setja við sjónvarpsauglýsingum lausasölulyfja eigi sér skýra lagastoð. Lyfjastofnun eru síðan ætluð margþætt úrræði til þess að bregðast við brotum á lyfjaauglýsingum, sbr. nánari fyrirmæli í 47. gr. laganna. Um refsingar er mælt fyrir í 48. gr. laganna og geta þær numið allt frá sektum til tveggja ára fangelsis.

Með frumvarpinu er lagt til að bann þetta við auglýsingum lausasölulyfja í hljóð- og myndmiðlum verði upphafið, sbr. og samhliða breyting á 2. málsl., 1. mgr. 16. gr. lyfjalaga, sbr. 68. gr. frumvarpsins. Er í flesta staði talið heppilegra að reglur hér að lútandi séu í samræmi við hina samevrópsku löggjöf að þessu leyti og verður ekki skýrlega komið auga á þau sérstöku rök sem fremur útheimti slíkt bann hér á landi en í löndum Evrópu almennt. Er því gert ráð fyrir að hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni á lausasölulyfjum verði almennt heimilaðar á sama hátt og slíkar viðskiptaorðsendingar í öðrum fjölmiðlum en þó með þeim takmörkunum sem leiðir af VI. kafla frumvarps þessa, sem og VI. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Af þessu má ljóst vera að skörun verður á milli ákvæða frumvarpsgreinarinnar, verði hún lögleidd, og tilvitnaðra sérlagaákvæða. Er þá rétt að ítreka þá grundvallarástæðu þessa að umrædd sérlög taka einungis til auglýsinga og eftir atvikum kostunar en ekki annarra tegundaviðskiptaorðsendinga eða fjarsölu. Því hafa ákvæði frumvarpsins almennt víðtækari skírskotun en bannákvæði nefndra sérlaga. Sem dæmi í því sambandi má nefna að það fortakslausa bann sem lagt er til með frumvarpinu er tóbaksvörur varðar tekur einnig til vöruinnsetningar í hljóð- og myndmiðlunarefni sem á uppruna sinn í ríkjum utan EES. Því er samkvæmt frumvarpinu t.d. óheimilt að sýna kvikmyndir og þáttaraðir frá Bandaríkjunum þar sem tóbaksframleiðendur greiða fyrir vöruinnsetningu. Þar sem umrætt bannákvæði er samhljóða ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og aðildarríkjunum þar með í raun öllum skylt að leiða það í lög mun það sama gilda á öllu EES-svæðinu. Þannig má búast við því að sérútgáfur á bandarískum kvikmyndum og þáttaröðum, þar sem tekið er tillit til þessa, verði framleiddar fyrir evrópskan markað. Fjölmiðlaþjónustuveitandi þarf því alltaf að leita upplýsinga um það hvort efni keypt frá ríkjum utan EES-svæðisins hafi að geyma

vöruinnsetningu á umræddum vörutegundum. Hátti svo til er honum óheimilt að sýna efnið nema að það eða þau myndskeið þar sem viðkomandi vara er innsett séu klippt út.

Enn fremur þykir rétt að hnykkja á bannreglum þessum hér, m.a. vegna þess að fyrirmæli þessa efnis eiga samleið með öðrum ákvæðum frumvarpsins og því eðlilegt að Fjölmiðlastofa annist að einhverju leyti eftirfylgni með slíku banni á sama hátt og öðrum reglum um efni og innihald annarra viðskiptaorðsendinga sem og fjarsölu.

Að öllu framangreindu virtu má því segja að a.m.k. tvenn stjórnvöld fari með eftirlit vegna kynningar og markaðssetningar tóbaks, áfengis og lyfja. Engum slíkum aðila er hins vegar til að dreifa hvað varðar óleyfilega happdrættis- og veðmálastarfsemi. Þessu eftirliti til viðbótar kemur síðan hið hefðbundna refsivörslukerfi. Þau nýmæli eru hins vegar ráðgerð í frumvarpi þessu, svo sem nánari grein er gerð fyrir í viðurlagakafla frumvarpsins og athugasemdum með honum, að ekki kemur til opinberrar meðferðar vegna brota á frumvarpi þessu nema að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu. Um nánari útfærslu viðurlaga verður eðli málsins samkvæmt fjallað í greinargerð með viðurlagakafla. Um lagaskil í þessu sambandi er þó óhætt að fullyrða að komi upp brotasamsteypa vegna skörunar refsiákvæða frumvarps þessa og tilvitnaðra sérrefsilaga sýnist einsýnt að sérrefsilagaákvæðin tæmi sök í tilviki hefðbundinna auglýsinga, sem og þeirrar kynningar annarrar sem þau taka mögulega til en refsiákvæðum frumvarps þessa verði beitt um aðrar viðskiptaorðsendingar auk fjarsölu, sem ekki falla þar undir.

Um 38. gr.

Svo sem útlistað er í athugasemdum við 28. gr. frumvarpsins hefur hún að geyma meginákvæði þess um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í frumvarpsgrein þessari er hins vegar að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarsölu. Hinu almenna ákvæði 28. gr. er þó eðli málsins samkvæmt einnig ætlað að taka til efnis viðskiptaorðsendinga og fjarsölu eftir því sem við á. Sú tilhögun að fyrirmælum sem sérstaklega er ætlað að vernda hagsmuni barna sé skipað í tvö aðskilin ákvæði á sér samsvörun í gildandi útvarpslögum svo sem nánar greinir í athugasemdum með 28. gr. frumvarpsins. Þannig er sértækt ákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í 20. gr. gildandi útvarpslaga. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í g-lið 1. mgr. 3. gr. e) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni.

Umrædda reglu var þegar að finna í 16. gr. sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989 og hefur hún litlum efnisbreytingum tekið þó svo að reglunni hafi verið skipað á nýjan stað með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og við hana aukið með tilliti til rýmkaðs gildissviðs tilskipunarinnar. Frumvarpsgreinin er því í meginatriðum efnislega samhljóða 20. gr. gildandi útvarpslaga en er eðli málsins samkvæmt ætlað víðtækara gildissvið þar sem hún tekur einnig til viðskiptaorðsendinga í öðrum fjölmiðlum. Rétt er að taka fram að í 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er að finna ákvæði sambærilegs efnis sem tekur til allra auglýsinga, þar á meðal auglýsinga í fjölmiðlum. Þar er mælt fyrir um að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og megi þær á engan hátt misbjóða þeim. Þar er jafnframt mælt fyrir um að í auglýsingum verði að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau auk þess sem gæta skuli að því að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum komi börn fram í auglýsingum.

Í upphafi 1. mgr. ákvæðisins er almenn vísiregla þar sem fram kemur að viðskiptaorðsendingar og fjarsala skuli þannig úr garði gerð að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í a–e-lið er svo að finna upptalningu á nokkrum atriðum sem óheimilt er að

viðhafa í viðskiptaorðsendingum og fjarsölu sem beint er að börnum. Ekki er um tæmandi talningu tilvika að ræða og því ótækt að gagnálykta frá ákvæðinu. A-, b-, d- og e-liður eru efnislega samhljóða a–d-lið 20. gr. gildandi útvarpslaga og þykja því ekki þarfnast frekari skýringa að öðru leyti en því að árétta ber að þeir taka nú til viðskiptaorðsendinga í öllum fjölmiðlum. C-liður felur á hinn bóginn í sér nýmæli.

Nýmæli c-liðar er tilkomið vegna 2. mgr. 3. gr. e) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Með henni var sett nýtt ákvæði sem á efnislega samstöðu með reglu g-liðar 1. mgr. sömu greinar. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skuli hvetja veitendur fjölmiðlaþjónustu til að þróa siðareglur um óviðeigandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem fylgi eða séu hluti af dagskrárliðum fyrir börn og varða matvæli og drykkjarvörur sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur, og ekki er mælt með að sé í óhóflegum mæli hluti af mataræði. Umrætt ákvæði tilskipunarinnar er einkum tilkomið vegna ört vaxandi ofþyngdar og offitu á meðal barna og ungmenna og er liður í að stemma stigu við þeim heilsufarsvanda sem að steðjar sökum þess.

Við lagasetningu og lagaframkvæmd hér á landi er ekki hefð fyrir því að mælt sé fyrir um það í lögum að fulltrúar einstakra atvinnugreina setji sér sjálfir bindandi efnisreglur og annist í kjölfarið framkvæmd þeirra. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur verið reynt hefur það almennt ekki gefist sem skyldi. Í ljósi þessa sem og þeirrar viðhorfskönnunar sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og leiddi í ljós að langflestir vildu banna auglýsingar á sælgæti, skyndibita, sykruðum mat- og drykkjarvörum og sykruðu morgunkorni sem beint er að börnum er lagt til að ákvæði þetta verði í lög leitt. Í IV. kafla áðurnefndra leiðbeiningarreglna talsmanns neytenda og umboðsmanns barna er svo sem áður greinir sérstaklega fjallað um markaðssókn sem beinist að börnum í sjónvarpi. Þar kemur fram að ef matvæli eru auglýst 10 mínútum fyrir eða 2 mínútum eftir barnatíma eða annað efni sem höfðar til barna yngri en 12 ára skuli það aðeins vera matvæli sem geta talist holl og að vöru- og kennimerki kostunaraðila með matvæli sem ekki uppfylla þær kröfur skuli ekki sýnd eða nefnd í tengslum við barnaefni.

Hugmyndir um lagasetningu í þessa veru eru ekki nýjar af nálinni og má í því sambandi nefna að á 135. löggjafarþingi 2007–2008 kom fram tillaga til þingsályktunar (þskj. 47, 47. mál) um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum. Þar var lagt til að Alþingi ályktaði að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem beint er að börnum ef matvaran inniheldur mikla fitu, sykur eða salt, með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Þó svo að regla c-liðar eigi rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þykir verndarandlag hennar þess eðlis að rétt sé að hún gildi jafnframt um viðskiptaorðsendingar í öðrum fjölmiðlum. Þá er mikilvægt að fram komi að með þessu er ekki lagt almennt bann við auglýsingu eða annars konar kynningu á þess háttar matvælum eða drykkjarvöru heldur eru markaðssetningu þeirra gagnvart börnum sett sérstök takmörk.

Fyrirmæli frumvarpsgreinarinnar eiga það sammerkt að vera matskennd. Er Fjölmiðlastofu því ætlað nokkurt svigrúm við mat á því hvort einstakar viðskiptaorðsendingar eða fjarsala brjóti í bága við þau og má búast við að inntak þeirra skýrist frekar í framkvæmd þegar á líður. Í ljósi þess að viðurlög við brotum á ákvæðinu felast í stjórnvaldssektum og/eða refsingum er hins vegar ljóst að mat hér að lútandi sætir nokkrum skorðum jafnt að formi sem efni.

Loks er rétt að taka fram að nokkur skörun er á milli áðurnefnds ákvæðis 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu annars vegar og frumvarpsgreinarinnar hins vegar. Frumvarpsgreinin tekur þó til allra viðskiptaorðsendinga sem og fjarsölu auk þess sem hún hefur víðtækari skírskotun að öðru leyti. Neytendastofa fer með eftirlit með framkvæmd umrædds ákvæðis á sama hátt og annarra ákvæða nefndra laga og getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn því auk þess sem slíkt brot varðar refsingu ef sakir eru miklar. Eðli málsins samkvæmt er ekki um það að ræða að bæði Fjölmiðlastofa og Neytendastofa geti lagt á stjórnvaldssekt vegna sama brotsins og má því gera ráð fyrir því að umrædd stjórnvöld tvö þurfi að hafa með sér samráð í þeim málum sem upp koma að þessu leyti.

Um 39. gr.

Með greininni er lagt til að vöruinnsetning í hljóð- og myndefni verði heimiluð með þeim skilyrðum sem þar greinir. Greinin er nýmæli. Hún er reist á 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem svo er nánar skýrð í 60.–63. formálsgrein hennar. Með nefndri 3. gr. g er aðildarríkjunum í sjálfs vald sett hvort þau heimila vöruinnsetningu eður ei auk þess sem kveðið er á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt sé svo gert.

Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð, þó einungis fyrir aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur en Ríkisútvarpið, sbr. 64. gr. frumvarpsins. Með því er reynt að auka möguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda og annarra framleiðenda hljóð- og myndefnis til tekjuöflunar og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegum vettvangi. Þær tækniframfarir sem orðið hafa á síðastliðnum árum hafa gert það að verkum að mun auðveldara er fyrir notendur að sniðganga auglýsingahlé í línulegri dagskrá, t.d. með notkun aðgangskassa með hörðum diski sem einungis taka upp dagskrárefni en sleppa alfarið auglýsingahléum. Það hefur leitt til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur eiga æ erfiðara með að fjármagna starfsemi sína. Því þykir rétt að fjölmiðlaþjónustuveitendur fái aukin tækifæri til að fjármagna starfsemi sína með vöruinnsetningu.

Hugtakið vöruinnsetning er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að vöruinnsetning er allar gerðir hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi. Nánari skýringu á hugtakinu vöruinnsetning er að finna í athugasemdum við 2. gr. Við það sem þar kemur fram er þó rétt að bæta að það skiptir ekki máli í þessu sambandi hver þiggur greiðslu eða annað endurgjald fyrir vöruinnsetninguna. Þannig getur það t.d. verið viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi, framleiðandi hljóð- og myndefnisins eða jafnvel þeir einstaklingar sem koma að framleiðslu efnisins. Með öðru endurgjaldi er í skilgreiningunni t.d. átt við það þegar greitt er fyrir vöruinnsetningu með vörum eða þjónustu.

Í 1. mgr. er vöruinnsetning heimiluð í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum gerðum fyrir fjölmiðlaþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám. Í greininni er að finna tæmandi talningu á því hljóð- og myndefni þar sem vöruinnsetning gegn fjárgreiðslu er leyfileg. Þannig er vöruinnsetning gegn fjárgreiðslu t.d. óheimil í fréttum og fréttatengdu efni.

Í 2. mgr. er svo lagt til að vöruinnsetning verði jafnframt heimiluð í öðru hljóð- og myndefni að því tilskildu að ekki komi fjárgreiðsla fyrir heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið.

Með 3. mgr. er lagt til að vöruinnsetning gegn greiðslu verði ávallt óheimil í hljóð- og myndefni sem ætlað er börnum. Með ákvæðinu er verið að uppfylla þau skilyrði sem sett eru

að þessu leyti í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að vöruinnsetning í hljóð- og myndefni sem ætlað er börnum verði heimil að því tilskildu að vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið. Er þetta í samræmi við þá almennu vernd barna gegn ákveðnu hljóð- og myndefni sem hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er ætlað að efla. Helgast þetta einkum af því að börn eru sérlega viðkvæm að þessu leyti þar sem þau hafa ekki þroska til að skilja á milli hvers kyns viðskiptaorðsendinga og annars efnis.

Í 4. mgr. er kveðið á um ákveðin skilyrði sem vöruinnsetning þarf að uppfylla. Í a-lið kemur fram að vöruinnsetning megi ekki snerta innihald hljóð- og myndefnisins að öðru leyti né hafa áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlaþjónustuveitandans. Með ákvæði þessu er ætlunin að koma í veg fyrir að hljóð- og myndefni snúist um þá vöru eða þjónustu sem um er að ræða hverju sinni eða að hún verði meginumfjöllunarefni þess. Aukinheldur er því ætlað að tryggja það að sá sem greiðir fyrir vöruinnsetningu hafi ekki áhrif á ritstjórnarstefnu fjölmiðlaþjónustuveitandans eða dagskrárgerð. Þannig má sá sem greiðir fyrir vöruinnsetningu ekki hafa áhrif á tímasetningu útsendingar þegar um línulega dagskrá er að ræða svo dæmi sé nefnt. Á sama hátt og þegar dagskrárliðir eru kostaðir er sú hætta fyrir hendi að þeir sem greiða fyrir vöruinnsetningu freisti þess að hafa áhrif á þess háttar atriði. Í b- og c-lið kemur svo fram að ekki megi beinlínis hvetja til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu sem og að varan eða þjónustan skuli ekki vera sett fram á óþarflega áberandi hátt.

Ákvæðunum er ætlað að skapa skýr skil á milli hljóð- og myndefnis með vöruinnsetningu annars vegar og auglýsinga, kostunar og fjarsölu hins vegar. Með þeim er jafnframt lögð áhersla á að sú vara eða þjónusta sem um er að ræða hverju sinni verði eðlilegur hluti af viðkomandi dagskrárlið. Í d-lið er svo að finna reglu um það að áhorfendum skuli gerð grein fyrir því á skýran hátt að í viðkomandi dagskrárlið sé vöruinnsetning og frá hverjum hún stafar. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að áhorfandinn sé upplýstur um það hver hefur greitt fyrir vöruinnsetningu í viðkomandi dagskrárlið og að hann átti sig á eðli hennar sem viðskiptaorðsendingar. Þess ber þó að gæta að sú auðkenning sé fram sett með viðeigandi hætti og beri hvorki keim af auglýsingu né kostunartilkynningu. Þannig skal tilkynning um vöruinnsetningu vera enn einfaldari en kostunartilkynning þar sem nafn, vörumerki eða annað auðkenni eins eða fleiri aðila sem vöruinnsetning stafar frá komi fram á einum og sama rammanum. Er því ekki gert ráð fyrir að slíkar tilkynningar hafi að geyma myndir, myndskeið, tónlist eða annað sem tengist ímynd þeirra sem vöruinnsetning stafar frá. Hafa ber hugfast að tilkynningu um vöruinnsetningu er fyrst og fremst ætlað að upplýsa notendur um að vöruinnsetning sé til staðar í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum hún stafar en ekki að kynna viðkomandi aðila.

Í 5. mgr. er svo lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem ekki hefur sjálfur framleitt það hljóð- og myndefni sem um er að ræða, eða það hefur verið framleitt í umboði hans eða af tengdum fyrirtækjum, verði heimilt að falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr. Þetta er álitaefni var mikið rætt á vettvangi ESB við setningu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og niðurstaðan varð sú að rétt væri að veita slíka heimild. Um valkvæða heimild er að ræða en rétt þykir að hún verði lögleidd hér þar sem ella er óeðlilega þung skylda lögð á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti. Þetta mun einkum koma til skoðunar þegar um efni sem keypt er frá ríkjum utan EES-svæðisins er að ræða en þar kunna að gilda rýmri reglur um vöruinnsetningu en lagðar eru til í tilskipuninni. Þess ber þó að gæta að þessi heimild hefur ekki áhrif á reglu 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins þar sem fortakslaust bann er lagt við

hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni fyrir tóbaksvörur, áfengi og lyfseðilsskyld lyf. Fjölmiðlaþjónustuveitendur þurfa því ávallt að afla upplýsinga um það hvort vöruinnsetningu á nefndum vörutegundum sé að finna í því efni sem þeir festa kaup á og gera viðeigandi ráðstafanir ef svo er.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um svokallaðar sýndarauglýsingar í myndefni. Ákvæðið er nýmæli en ekki er gert ráð fyrir slíkum viðskiptaorðsendingum í gildandi útvarpslögum þó svo að nauðsynleg tækni hafi í raun þegar verið til staðar þegar þau voru sett. Segja má að samkvæmt gildandi lögum séu sýndarauglýsingar í raun óheimilar enda uppfylla þær ekki skilyrði laganna um aðskilnað auglýsinga frá dagskrárefni og falla ekki innan þess tímaramma sem auglýsingum er ætlaður auk þess sem unnt er að líta svo á að um duldar auglýsingar sé að ræða. Þrátt fyrir það eru slíkar auglýsingar algengar hér á landi, einkum í sjónvarpsútsendingum frá íþróttaviðburðum. Í því skyni að eyða lagaóvissu að þessu leyti er því lagt til að sýndarauglýsingar verði heimilaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er það í samræmi við það sem tíðkast víða annars staðar í Evrópu.

Þá kemur skýrt fram í 67. lið leiðbeinandi reglna framkvæmdastjórnar ESB 2004/C 102/02 um túlkun á tilteknum ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar að slíkar auglýsingar séu samþýðanlegar tilskipuninni að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Sýndarauglýsing er eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins ein tegund viðskiptaorðsendinga en fellur þó ekki undir hugtakið auglýsing eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Hugtakið er ítarlega skilgreint í minnisblaði Samtaka evrópskra útvarpsstöðva frá árinu 2000 þar sem mælt er með skýrum reglum um þess konar auglýsingar (e. EBU Memorandum on Virtual Advertising – The need for a clear framework for virtual advertising). Um sérstaka tegund auglýsinga er að ræða sem ekki lúta að öllu leyti sömu reglum og hefðbundnar auglýsingar og svipar í raun fremur til vöruinnsetningar. Samkvæmt þeirri skilgreiningu hugtaksins sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins er sýndarauglýsing auglýsing sem ekki er til staðar á vettvangi upptöku myndefnis en er bætt við þannig að hún birtist við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins. Slíkri tækni er einkum beitt þegar um miðlun myndefnis frá íþróttaviðburðum, menningarviðburðum eða öðrum sambærilegum viðburðum er að ræða. Sem dæmi í því sambandi má nefna þegar auglýsingum á og umhverfis íþróttaleikvanga er breytt eða þeim bætt við með þessum hætti. Þegar svo háttar til eru viðkomandi auglýsingar því ekki til staðar á leikvanginum sjálfum heldur er þeim bætt við þannig að þær birtast við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.

Í ljósi framangreindrar sérstöðu sýndarauglýsinga er eðli málsins samkvæmt hvorki gerð sú krafa að þær falli innan sérstakra auglýsingatíma né heldur að þær rúmist innan þess tíma sem fjölmiðlaþjónustuveitendum er markaður til miðlunar auglýsinga og fjarsöluinnskota. Efni slíkra auglýsinga má þó að sjálfsögðu ekki brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins og um þær gilda sömu reglur og um aðrar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni að því leyti.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að sýndarauglýsingar verði heimilar í myndefni að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði sem lagt er til að verði lögtekin eru byggð á áðurnefndum leiðbeinandi tilmælum framkvæmdastjórnar ESB. Í samræmi við það sem þar kemur fram er mælt fyrir um að staðsetning auglýsingarinnar sé eðlilegur hluti af umhverfi viðkomandi dagskrárliðar og raski ekki möguleikum áhorfenda á að fylgjast með framvindu hans (a-liður); að auglýsingin sé hvorki í andstöðu við efni dagskrárliðarins né skerði rétt rétthafa (b-liður) og að áhorfendum sé greint frá því á skýran hátt að sýndarauglýsingar komi

fyrir í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum þær stafa, m.a. þannig að dagskrárliður með sýndarauglýsingum sé auðkenndur á viðeigandi hátt við upphaf og lok hans og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé (c-liður). Tekið skal fram að öll framangreind skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að slík auglýsing sé heimil.

Í fyrirmælum a-liðar 1. mgr. felst m.a. að sýndarauglýsing skuli einungis birtast á sérstökum þar til gerðum stöðum á vettvangi útsendingar. Þannig er t.d. óheimilt að birta sýndarauglýsingar á einstökum leikmönnum eða öðrum einstaklingum sem koma fyrir í viðkomandi útsendingu sem og á tækjum eða öðrum munum sem eru hluti þar af. Í dæmaskyni má nefna að óheimilt væri að birta sýndarauglýsingu á knetti eða marki í útsendingu frá knattleik eða eftir atvikum hljóðfæri í útsendingu frá tónlistarviðburði.

Í fyrirmælum b-liðar 1. mgr. felst m.a. að slíkar auglýsingar mega ekki vera í andstöðu við samninga þeirra aðila sem að viðkomandi viðburði standa við auglýsendur, kostendur og aðra sambærilega aðila og má almennt ætla að samþykki skipuleggjanda viðburðarins þurfi til birtingar sýndarauglýsingar með þessum hætti. Þá þarf að gæta að réttindum handhafa útsendingarréttar í þessu sambandi.

Í fyrirmælum c-liðar 1. mgr. er svo gerð sú sjálfsagða krafa að áhorfendur séu upplýstir um birtingu sýndarauglýsinga í viðkomandi dagskrárlið. Er hér um að ræða sambærilega reglu og lögð er til um vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni í d-lið 4. mgr. 39. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. er svo lagt til að sýndarauglýsingar verði aldrei heimilar í myndefni sem ætlað er börnum. Er þetta lagt til með hliðsjón af þeirri almennu vernd barna gegn ákveðnu myndefni sem frumvarpinu er ætlað að efla.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um tíma fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot í hljóð- og myndefni. Ákvæði um þetta efni er nú að finna í 17. og 18. gr. útvarpslaga en með frumvarpinu eru lagðar til þónokkrar breytingar á þeim til samræmis við breytt fyrirmæli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Greinin er byggð á 10., 11. og 18. gr. tilskipunarinnar. Með þeim breytingum sem gerðar voru á tilskipuninni og hér er lagt til að lögteknar verði er stefnt að auknum sveigjanleika fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur hvað þetta varðar. Bent hefur verið á að áhorfendur geti nú í auknum mæli sneitt hjá auglýsingum og fjarsöluinnskotum, m.a. með notkun stafrænna upptökutækja með hörðum diski og vegna aukins fjölda rása. Sú vernd sem takmörkunum af því tagi sem hér eru til umfjöllunar er ætlað að veita hefur því ekki sömu þýðingu fyrir áhorfendur og áður.

Til glöggvunar og samanburðar þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir reglum gildandi laga að þessu leyti. Skv. 17. gr. gildandi laga skulu auglýsingar og fjarsöluinnskot flutt í sérstökum auglýsingatíma á milli dagskrárliða og eru einstök innskot ekki leyfð nema í undantekningartilvikum. Þó er heimilt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum enda leiði það ekki til afbökunar eða röskunar á dagskrárefni með þeim þröngu skilyrðum sem kveðið er á um í a–c-lið í 3. mgr. 17. gr. Skv. 4. mgr. er svo óheimilt að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum í guðsþjónustur eða trúarlega dagskrá, fréttir og fréttatengt efni sem og dagskrá fyrir börn. Þrönga heimild er þó að finna til innskota í fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.

Samkvæmt 18. gr. gildandi laga eru svo settar þær skorður að hlutfall auglýsingatíma í sjónvarpi má ekki fara yfir 15% þó með heimild til hækkunar í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot. Þetta hlutfall má ekki fara yfir 20% á sömu klukkustund. Frá þessu eru svo

gerðar undantekningar ef um er að ræða tilkynningar frá sjónvarpsstöðinni sjálfri eða tilkynningar um opinbera þjónustu eða hjálparbeiðnir.

Með frumvarpsgreininni er lögð til bæði breyting og rýmkun á framangreindum reglum. Með 1. mgr. er lagt til að sú meginregla að auglýsingar og fjarsöluinnskot skuli að jafnaði flutt í sérstökum auglýsingatímum víki og við taki sú meginregla að auglýsingum og fjarsöluinnskotum megi skjóta inn í dagskrárliði, þó þannig að slíkt hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa. Þannig er lagt til að heimilt verði að skjóta auglýsingum og fjarsöluinnskotum inn í dagskrárliði með þeim takmörkunum þó sem greinir í 3. mgr. Í stað undanþægrar bannreglu tekur því við matskennd heimild. Mat að þessu leyti er á hendi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda en sætir eftirliti Fjölmiðlastofu og mögulegum viðurlögum verði talið að brotið hafi verið gegn ákvæðinu, sbr. IX. kafla frumvarpsins.

Við mat á því hvort auglýsingum og fjarsöluinnskotum er skotið inn í dagskrárlið með viðeigandi hætti skal m.a. litið til sjónarmiða á borð við skil í framvindu leikins efnis, skiptingu á umfjöllunarefni eða tilkomu nýs þátttakanda þegar um heimildarefni, umræðuþætti eða aðra sambærilega dagskrárliði er að ræða, skil á milli einstakra verka þegar um tónlistarþætti er að ræða, skil á milli atriða í léttum skemmtidagskrám og keppnishléa þegar um miðlun efnis frá íþróttaviðburðum er að ræða. Rétt er að taka fram að Evrópudómstóllinn hefur fjallað um túlkun samsvarandi ákvæðis sjónvarpstilskipunarinnar í máli nr. C-245/01, *RTL Television GmbH gegn Niedersächsische Landesmedienanstalt für privaten Rundfunk.* Í því máli sagði dómstóllinn m.a. að ákvæðinu væri ætlað að sætta ólíka hagsmuni fjölmiðlaþjónustuveitenda og auglýsenda annars vegar og hagsmuni rétthafa og neytenda hins vegar. Í sama dómi kom aukinheldur fram að markmið ákvæðisins væri öðru fremur að vernda neytendur fyrir óhóflegu áreiti sífelldra viðskiptaorðsendinga.

Misbrestur hefur verið á því að fyrirmælum gildandi laga að þessu leyti hafi verið fylgt í framkvæmd og eftirlit í raun verið afar veikt. Sú rýmkun sem hér er ráðgerð, sem og það mat sem lagt er í hendur einstakra fjölmiðlaþjónustuveitenda, útheimtir því sannarlega virkt aðhald sem Fjölmiðlastofu er ætlað að veita. Svo sem að framan greinir er ákvæðið reist á hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Engu síður þykir rétt að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla hljóðefni sæti sömu takmörkunum að þessu leyti líkt og skv. 17. gr. gildandi laga enda ljóst að sömu sjónarmið eiga við um slíkt efni hvað rof dagskrárliða varðar.

Í 2. mgr. er hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota í myndefni ákvarðað 20% að hámarki á hverri klukkustund á sama hátt og skv. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Hins vegar er ekki kveðið sérstaklega á um tiltekið hámark auglýsinga og fjarsöluinnskota af heildarútsendingartíma. Er því bæði um einföldun og rýmkun að þessu leyti að ræða. Með sambærilegum hætti og í gildandi lögum er svo áréttað að ákveðnir þættir teljist ekki til auglýsinga í þessu sambandi. Þar er um að ræða nánar skilgreindar tilkynningar frá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sjálfum og tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Til skýringar má nefna í þessu sambandi að kynningarefni frá fjölmiðlaþjónustuveitanda sjálfum, þar sem t.d. eru auglýstir aðrir dagskrárliðir sem sýndir verða í línulegri dagskrá eða kynning á hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun frá sama fjölmiðlaþjónustuveitanda, fellur ekki undir fyrrgreint hámark auglýsinga og fjarsöluinnskota á klukkustund. Þá falla tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem ekki er sérstaklega greitt fyrir utan við fyrrgreint hámark. Slíkar tilkynningar geta t.d. varðað almannahagsmuni eða verið auglýsingar um fjársöfnun fyrir tiltekið málefni. Lagt er til að umrætt ákvæði nái

einungis til myndefnis á sama hátt og 1. mgr. 18. gr. gildandi laga enda framboð hljóðefnis mun meira en myndefnis og valfrelsi neytenda að þessu leyti því ríkara. Eru því rök ekki talin standa til þess að lögfesta sambærilega takmörkun að því er hljóðefni varðar.

Þó svo að lagt sé til að gildandi reglur verði rýmkaðar í samræmi við framangreint er engu síður og að sjálfsögðu gerð afdráttarlaus krafa um að auglýsingar og fjarsöluinnskot séu skýrt aðgreind frá dagskrárefni. Það á einnig við um auglýsingar þar sem beitt er nýrri auglýsingatækni á borð við skjáskiptar auglýsingar og gagnvirkar auglýsingar. Slíkar auglýsingar í línulegri dagskrá skulu því vera auðkenndar með viðeigandi hætti í samræmi við 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins og falla innan þess tímaramma sem markaður er í frumvarpsgreininni.

Hvað gagnvirkar auglýsingar í línulegri dagskrá varðar skal táknmynd sú sem leiðir áhorfandann að hinni eiginlegu auglýsingu birtast innan hefðbundins auglýsingatíma. Þegar áhorfandinn hefur valið táknmyndina breytist sú þjónusta sem um ræðir þó úr því að vera línuleg útsending í það að vera myndmiðlun eftir pöntun og skal þá lúta þeim reglum sem um slíka þjónustu gilda. Af þessu leiðir að hin gagnvirka auglýsing sem slík þarf eðli málsins samkvæmt ekki að rúmast innan nefndra tímamarka þó svo að táknmyndin skuli birtast innan þeirra marka.

Í 3. mgr. er síðan frekari takmörkun á reglu 1. mgr. sem á rætur að rekja til 10. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Nánar tiltekið er um það að ræða að óheimilt er að rjúfa útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp, kvikmyndaverka og fréttaþátta með auglýsingum og/eða fjarsöluinnskotum oftar en einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er að minnsta kosti 30 mín. Þessi sérstaka takmörkun tekur hins vegar ekki til þáttaraða, framhaldsþátta og heimildarmynda, en um slíkt efni gildir einungis hin almenna takmörkun 1. mgr. Með þessu er ætlunin að notendur geti óhindrað fylgt efnisþræði viðkomandi hljóð- eða myndefnis. Er litið svo á að þau verk sem samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að rjúfa oftar en á 30 mínútna fresti séu þess eðlis að þau þarfnist sérstakrar verndar, m.a. í höfundarréttarlegu tilliti, auk þess sem litið til þeirrar sérstöðu sem allt fréttatengt efni hefur eðli málsins samkvæmt. Er því gert ráð fyrir því að umrætt ákvæði gildi einnig um fréttaþætti í hljóðmiðlun.

Í 4. mgr. er loks tekið fram að óheimilt sé að rjúfa útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum með auglýsingum og fjarsöluinnskotum. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði 4. mgr. 17. gr. gildandi laga að undanskildu því að fyrirmæli um fréttatengda dagskrárliði er að finna í 3. mgr. ákvæðisins og fyrirmæli um dagskrá fyrir börn í 5. mgr. þess. Tekið skal fram að frumvarpið gerir ráð fyrir því að notað verði orðið fréttaþættir fyrir slíkt efni þar sem það þykir skýrara.

Í 5. mgr. er svo að meginstefnu til að finna nýmæli en lagt er til að auglýsingar og fjarsöluinnskot verði óheimil í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Hæfilegt þykir að bann þetta hefjist 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og ljúki 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Rétt er að geta þess að skv. 4. mgr. 17. gr. gildandi laga er óheimilt að skjóta auglýsingum og fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á dagskrá fyrir börn. Ákvæði frumvarpsins á sér því að nokkru leyti samsvörun í gildandi lögum þó svo að með því sé að sínu leyti gengið nokkuð lengra í vernd barna á þessum vettvangi.

Markaðssetning gagnvart börnum er afar umdeild og nýtur sú skoðun æ meira fylgis að auglýsingum skuli ekki beint sérstaklega að börnum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að börn geta ekki talist upplýstir og sjálfstæðir neytendur vegna áhrifagirni og reynsluleysis auk þess sem þau hafa ekki fjárræði. Að mati margra eiga börn rétt á vernd gegn sífelldu áreiti

auglýsenda sem gefa þeim misvísandi skilaboð, stundum þvert á það sem uppalendur þeirra eru að vinna að.

Við setningu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar var rík áhersla lögð á aukna vernd barna að þessu leyti og er hliðstæð ákvæði þeim ákvæðum sem hér er lagt til að verði í lög leidd að finna í löggjöf ýmissa aðildarríkja EES-samningsins. Þá er rétt að geta þess að umboðsmaður barna og talsmaður neytenda hafa frá árinu 2005 beitt sér í sameiningu fyrir frekari takmörkunum á markaðssókn gagnvart börnum. Má í þessu sambandi nefna að talsmaður neytenda og umboðsmaður barna settu 28. janúar 2009 leiðbeiningarreglur um aukna neytendavernd barna þar sem leitast er við að finna gott jafnvægi varðandi mörk við markaðssókn fyrirtækja gagnvart börnum og unglingum. Í 1. tölul. IV. kafla reglnanna er kveðið á um að auglýsingar skuli ekki að vera í barnatíma í sjónvarpi.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu lét mennta- og menningarmálaráðuneytið gera könnun meðal almennings hér á landi um viðhorf til auglýsinga sem beint er að börnum. Í ljós kom að rúmlega 70% aðspurða voru mjög andvígir eða frekar andvígir því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi.

Í ljósi þessa er lagt til að nefnt ákvæði verði í lög leitt. Hæfilegt þykir að takmörkun þessi taki jafnframt til 5 mínútna tímabils áður en útsending dagskrár sem ætluð er börnum hefst og 5 mínútna tímabils eftir að slíkri dagskrá lýkur. Þá þykir rétt að miða við 12 ára aldursmark að þessu leyti en almennt er talið að fyrst um 12 ára aldur geti börn dregið eigin ályktanir og skilið efni af þessu tagi í réttu samhengi. Er þetta jafnframt í samræmi við lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum svo og áðurnefndar leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna sem miða einnig við 12 ára aldursmarkið.

Um 42. gr.

Reglum um kostun hljóð- og myndefnis var lítillega breytt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Er þar fyrst og fremst um breytta hugtakanotkun að ræða auk þess sem reglunum er nú skipað í 3. gr. f) í stað 17. gr. áður. Þá var bætt við heimild til að banna kostun á dagskrárefni fyrir börn, heimildarmyndum og trúarlegum dagskrárliðum. Ekki þykir rétt að nýta þá heimild, einkum þar sem slíkt er talið geta hamlað innlendri dagskrárgerð. Hvað kostun á barnaefni varðar er rétt að taka fram að skv. 38. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að viðskiptaorðsendingar sem beint er að börnum sæti ákveðnum takmörkunum og á það ákvæði að sjálfsögðu einnig við um kostun. Frumvarpsgreinin er því í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæði 21. gr. gildandi útvarpslaga.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru samhljóða ákvæðum 1.–3. mgr. 21. gr. gildandi laga að öðru leyti en því sem leiðir af breyttri hugtakanotkun. Þá er lagt til að reglugerðarheimild sem nú er að finna í 2. málsl. 3. mgr. 21. gr. gildandi laga og varðar sérstakar reglur er gilda skuli um kostun góðgerðar- og líknarfélaga verði ekki tekin upp í ákvæði laganna enda hefur slík reglugerð ekki verið sett og vandséð að þörf sé á sérreglum þar að lútandi. Eðli málsins samkvæmt þykja 1.–3. mgr. ekki þarfnast frekari skýringa.

Ákvæði 4. mgr. svarar að sínu leyti til ákvæðis 4. mgr. 21. gr. gildandi laga en hefur þó verið aukið við það m.a. með tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Felur breytingin auk annars í sér að engum vafa er undirorpið að auðkenningarskyldan nær jafnt til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun og línulegrar hljóð- og myndmiðlunar.

Eins og fram kemur í athugasemd við 21. gr. í athugasemdum við frumvarp til gildandi útvarpslaga er of mikið um það að kostunartilkynningar séu jafnframt auglýsingar á vöru eða þjónustu kostanda sem er andstætt tilgangi kostunarheimildar tilskipunarinnar, þ.e. að gefa

fyrirtækjum færi á að kynna ímynd sína um leið og þau leggja fé af mörkum til dagskrárgerðar. Þá var hnykkt á því að full ástæða væri til að fylgja reglum þessum betur eftir en verið hafði. Það hefur þó ekki tekist sem skyldi og eru kostunartilkynningar enn þessu marki brenndar.

Af framangreindum ástæðum þykir því rétt að skýra nánar hvað við er átt með kostun og hvernig kostunartilkynningar skulu aðgreindar frá öðrum hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni á alþjóðavettvangi. Samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptaráðsins (ICC) um viðskiptaorðsendingar er hugtakið kostun skilgreint sem viðskiptasamningur þar sem kostandi til hagsbóta fyrir sjálfan sig skuldbindur sig til að kosta eða styrkja með öðrum hætti ákveðna vöru eða þjónustu með því að tengja ímynd sína, vörumerki, eigin vöru eða þjónustu við það sem kostað er í skiptum fyrir að hagnýta þau tengsl sem við það skapast í hugum neytenda. Skv. 2. gr. h) í sáttmála Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on Transfrontier Television) telst það kostun þegar aðili, sem hvorki starfar á vettvangi hljóð- eða myndmiðlunar né að framleiðslu slíks efnis, tekur með beinum eða óbeinum hætti þátt í fjármögnun dagskrárliðar í því skyni að kynna nafn sitt, vörumerki, ímynd eða starfsemi. Kostun er tiltölulega nýtt fyrirbrigði á þessum vettvangi en það fór að bera á þess háttar viðskiptaorðsendingum í kringum 1980 og þá aðallega í tengslum við útsendingar frá íþróttaviðburðum. Frá miðjum 9. áratug síðustu aldar hefur kostun þó aukist stöðugt, einkum á vettvangi myndmiðlunar, og er vinsælt myndmiðlunarefni nær undantekningarlaust kostað í dag.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni hefur frá upphafi verið gerður skýr greinarmunur á auglýsingum og kostun. Kostunartilkynningar teljast því ekki til auglýsinga í skilningi tilskipunarinnar. Kostaðir dagskrárliðir þurfa svo sem áður greinir að vera auðkenndir sem slíkir þannig að nafn, vörumerki eða annað auðkenni kostanda komi fram í upphafi viðkomandi dagskrárliðar, á meðan á honum stendur og/eða við lok hans. Enn fremur þarf að koma skýrt fram að umræddur dagskrárliður sé kostaður af viðkomandi aðila. Þess þarf þó að gæta að kostunartilkynningar séu skýrt aðgreindar frá hefðbundnum auglýsingum og öðrum viðskiptaorðsendingum. Þær skulu því ekki hafa að geyma atburði eða atburðarás eða líkjast uppbyggingu auglýsinga að öðru leyti. Þá mega þær heldur ekki hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um kostanda eða starfsemi hans, svo sem upplýsingar um staðsetningu og opnunartíma. Í slíkum tilkynningum er þó heimilt að vísa til ákveðinnar vöru eða þjónustu sem einkennir starfsemi kostanda sem og notast við einstök vígorð sem eru hluti af ímynd hans. Kostunartilkynningum er því ætlað það hlutverk annars vegar að gera áhorfendum og/eða hlustendum ljóst að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitandinn hafi tekið þátt í fjármögnun á tilteknu hljóð- og/eða myndmiðlunarefni og hins vegar að minna á kostanda sem slíkan en ekki að kynna eða auglýsa sérstaka vöru eða þjónustu.

Rétt er að taka fram að framangreind afmörkun á hugtakinu kostun og inntaki kostunartilkynninga er reist á ákvæðum og formálsgreinum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að þessu leyti og þar af leiðandi hefði framkvæmd samsvarandi ákvæða útvarpslaga réttilega átt að vera með sama hætti. Þessu hefur þó ekki verið framfylgt hér á landi fram til þessa og má því segja að kostunartilkynningar hafi að nokkru leyti runnið saman við auglýsingar ef frá er talin skipan þeirra í línulegri dagskrá, en þær hafa eðli málsins samkvæmt ekki verið hluti af hefðbundnum auglýsingatímum.

Í 5. mgr. er svo kveðið á um að óheimilt sé að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitendur kosti almennt dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði. Samsvarandi ákvæði hefur verið í útvarpslögum frá því að útvarpsrekstur var gefinn frjáls með útvarpslögum, nr. 68/1985, og er slíkt ákvæði að finna í 5. mgr. 21. gr. gildandi laga. Rökin er þau sömu nú

sem fyrr að komið sé í veg fyrir að einstaklingar, einstök fyrirtæki, stofnanir, stjórnmálasamtök o.s.frv. geti í áróðurs- og auglýsingaskyni mótað og kostað almenna dagskrá fjölmiðlaþjónustuveitenda. Beinist vernd reglunnar því fyrst og fremst að ritstjórnarlegu sjálfstæði einstakra fjölmiðlaþjónustuveitenda.

Regla 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins tekur nú yfir þau efnisatriði sem kveðið er á um í 6. mgr. 21. gr. gildandi laga þar sem hið nýja hugtak viðskiptaorðsending tekur einnig til kostunar.

Um 43. gr.

Greinin á sér að nokkru leyti samsvörun í ákvæði 19. gr. gildandi útvarpslaga um fjarsöluþætti þó svo að gildissvið frumvarpsgreinarinnar sé nokkuð rýmra auk þess sem það er einfaldara. Ákvæðið er byggt á 18. gr. a) og 19. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæðið hefur að geyma sérreglur um fjölmiðlaþjónustu á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarsölu og kynningu í eigin þágu og fjarsöluþætti en slík fjölmiðlaþjónusta er um sumt sérstaks eðlis.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði laganna skuli gilda að breyttu breytanda um fjölmiðlaþjónustu sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarsölu eða kynningu í eigin þágu. Þá er eðli málsins samkvæmt tekið fram að ákvæði 33., 34. og 41. gr. skuli þó ekki gilda um slíka þjónustu. Ákvæði 1. mgr. er byggt á 19. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og á sér að nokkru leyti samsvörun í 2. mgr. 19. gr. gildandi útvarpslaga.

Í 2. mgr. er sérákvæði um fjarsöluþætti í fjölmiðlaþjónustu sem ekki er eingöngu helguð fjarsölu. Samkvæmt ákvæðinu skulu þeir standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið og vera skýrt auðkenndir með myndskilti, hljóðmerki eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Ákvæðið á sér samsvörun í 1. mgr. 19. gr. gildandi útvarpslaga en er hér nokkuð breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á 18. gr. a í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni.

Í 3. mgr. er svo kveðið á um að ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skuli gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 19. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði um rétt og skyldu til flutnings á sjónvarpsútsendingum. Þessum ákvæðum er ætlað að stuðla að aðgengi notenda að fjölbreyttu sjónvarpsefni og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds á fjölmiðlum og dreifikerfum.

Ákvæðin eiga við um stafræn fjarskiptanet sem flutt geta sjónvarpsútsendingar. Til fjarskiptaneta teljast bæði fjarskiptanet sem eingöngu eru notuð til sjónvarpsútsendinga og fjarskiptanet sem notuð eru til að veita annars konar fjarskiptaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 13. tölul. 3. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Mikil aukning á sér nú stað í notkun stafrænnar sjónvarpsþjónustu. Gert er ráð fyrir því að sjónvarpsþjónusta verði nær eingöngu flutt á stafrænu formi frá og með árinu 2012, sbr. áform um endurskoðun fjarskiptaáætlunar sem eru í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Stafrænar sjónvarpsútsendingar er hægt að flytja á ýmiss konar fjarskiptanetum. Þau stafrænu fjarskiptanet sem flestir nota til móttöku sjónvarpsútsendinga hér á landi eru annars vegar þráðlaus UHF- og MMDS-net Vodafone og hins vegar ADSL-net Símans. Þá hefur einnig átt sér stað víðtæk uppbygging ljósleiðarakerfa í þéttbýli á undanförnum árum og er þegar búið að tengja bæjarfélög og hverfi í stærri þéttbýliskjörnum slíku kerfi. Stafræn fjar-

skiptanet geta flutt mikinn fjölda sjónvarpsdagskráa og þess vegna er yfirleitt mögulegt að koma flestum ef ekki öllum íslenskum sjónvarpsútsendingum til notenda í gegnum eitt og sama netið. Ákvæðum um flutningsskyldu og flutningsrétt er ætlað að tryggja að notendum standi til boða fjölbreytt úrval sjónvarpsefnis án þess að þeir þurfi að tengjast mörgum fjarskiptanetum. Ákvæðunum er einnig ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki eða samstæður fyrirtækja sem hafa bæði yfirráð yfir sjónvarpsefni og fjarskiptanetum noti þá aðstöðu sína með því að binda framboð á efni við ákveðin fjarskiptanet (lóðrétt eignarhald).

Að sönnu breytist allt umhverfi fjölmiðla, þ.m.t. hið lagalega, á undrahraða. Á einu ári gerist oft meira á þessu réttarsviði en á mörgum áratugum á öðrum sviðum. Allt að einu er þó nauðsynlegt að setja þá stöðu sem nú blasir við á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði í sögulegt samhengi. Árið 2004 keypti Síminn meiri hluta í Íslenska sjónvarpsfélaginu (Skjárinn). Sama ár keypti Og Fjarskipti dótturfélög fjölmiðlafyrirtækisins Norðurljóss, þar á meðal hljóð- og myndmiðlunarfyrirtækið 365 miðla sem nú heitir Sýn. Með umræddum fyrirtækjakaupum tryggðu fjarskiptafyrirtækin sér sjónvarpsefni til dreifingar um fjarskiptanet sín. Kaup þeirra fólu í sér samruna í skilningi 18. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Báðir samrunarnir voru í ákvörðunum Samkeppnisráðs nr. 10 og 12/2005 taldir leiða til eða styrkja markaðsráðandi stöðu hinna sameinuðu fyrirtækja. Við samrunana urðu til tveir hópar fyrirtækja sem hvor um sig var settur saman af fjarskiptafyrirtæki og fjölmiðlaþjónustuveitanda. Að öllu óbreyttu hefðu þessar fyrirtækjablokkir, sem áttu og eiga að hluta til enn allar vinsælustu einkareknu sjónvarpsstöðvarnar hér á landi, yfir að ráða langmestum hluta af öllu eftirsóknarverðu erlendu sjónvarpsefni sem einkareknum stöðvum stendur til boða. Auk þess skiptu umrædd fjarskiptafyrirtæki, Síminn og Vodafone og félög þeim tengd, í grundvallaratriðum með sér íslenska fjarskiptamarkaðnum. Að mati Samkeppnisráðs var ljóst að samrunarnir mundu leiða til mikillar samþjöppunar á þeim samkeppnismörkuðum sem þeir hefðu áhrif á. Samþjöppunin gæti leitt til útilokunar keppinauta frá viðkomandi mörkuðum og skaðað hag neytenda, sérstaklega þegar til lengri tíma væri litið, með því að fyrirtækin samtvinnuðu og vöndluðu saman ólíkri þjónustu fjarskipta- og fjölmiðlunar og með því að mismuna öðrum sem á markaðnum störfuðu.

Í tilvitnuðum ákvörðunum Samkeppnisráðs kom fram að samkeppnisyfirvöld heimiluðu samrunana með skilyrðum. Skilyrði fyrir samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins voru m.a. að Síminn byði öðrum fyrirtækjum upp á flutning sjónvarpsefnis og að Íslenska sjónvarpsfélagið veitti öðrum fyrirtækjum aðgang að sjónvarpsefni. Skilyrði fyrir samruna Vodafone og 365 miðla var m.a. að 365 miðlar veittu öðrum fyrirtækjum aðgang að sjónvarpsefni, en ekki var kveðið á um skyldu til að flytja sjónvarpsútsendingar fyrir aðra aðila.

Frá árinu 2005 þegar ákvarðanirnar voru teknar hefur landslag fjölmiðla og fjarskipta að sönnu breyst. Alls kyns breytingar hafa orðið á þeim félagasamstæðum sem um er að ræða og þá hafa rekstrarskilyrði og afkoma bæði í fjölmiðlum og fjarskiptum versnað til muna á síðustu missirum. Allt að einu er það svo að ákveðin grundvallaratriði eru óbreytt. Ráðandi fyrirtæki, þ.e. Síminn og Skjárinn annars vegar og Sýn (áður 365 miðlar) og Vodafone hins vegar, geta í krafti stærðar sinnar boðið heildarlausnir fyrir heimili, þ.m.t. stafrænar sjónvarpsrásir, hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, heimasíma, nettengingu, farsíma og hverja þá þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Síminn stendur vel að vígi með öflugt fjarskiptakerfi auk eignarhalds á fjölmiðlaþjónustuveitanda sem býður áskriftarsjónvarp (Skjár einn), erlent endurvarp (Skjár heimur) og myndmiðlun eftir pöntun (Skjár bíó). Sýn (áður 365 miðlar) hefur sterka stöðu sem stærsti fjölmiðlaþjónustuveitandinn á þessum markaði. Þar er um að ræða flestar einkareknar íslenskar sjónvarpsstöðvar og einkaréttarsamninga á vin-

sælu erlendu íþróttaefni, svo sem ensku knattspyrnuna og Formúlu 1. Fyrirtækin sem um ræðir eru í dag með samninga um dreifingu sjónvarpsútsendinga hvort fyrir annað. Það var þó ekki fyrr en eftir að samkeppnisyfirvöld höfðu sett skilyrði vegna samruna fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækjanna að samningar um gagnkvæma dreifingu komust á. Því þarf að tryggja að áfram verði í boði flutningur á sjónvarpsútsendingum ótengdra fyrirtækja og ekki síst þarf að huga að möguleikum nýrra fjölmiðlaþjónustuveitenda til þess að koma útsendingum sínum til notenda. Koma verður í veg fyrir að það ástand skapist að notendur standi frammi fyrir því að við val á fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtæki takmarkist aðgangur þeirra að efni. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni þegar slíkt er tryggt með frjálsum samningum. Það væri hins vegar óvarlegt að treysta því að slíkt verði jafnan leyst á grundvelli samninga. Til þess að tryggja þessi markmið til frambúðar er heldur ekki nægilegt að styðjast við framangreindar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem beinast aðeins að tilteknum fyrirtækjum við tilteknar aðstæður og leggja þar að auki aðeins flutningsskyldu á aðra fyrirtækjasamstæðuna. Því er talin þörf á því að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu.

Þess má geta að í tillögum nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla frá því í apríl 2005 kemur fram eftirfarandi forsenda fyrir því að sett verði í lög ákvæði um flutningsrétt og flutningsskyldu:

„Nefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa, sem og dreifiveitu óháð efninu.“

Nefndin taldi jafnframt að vegna smæðar og sérstöðu íslenska markaðarins væri mikilvægt að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu. Slík löggjöf mundi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Þá taldi nefndin að meginregluna um samningsfrelsi milli fjölmiðlaþjónustuveitanda (efnisveitu) og dreifiveitu yrði að virða, en stjórnvöldum yrði falið að skera úr kæmu upp ágreiningsmál.

Þá er í fjarskiptaáætlun 2005–2010, sem gefin var út af samgönguráðuneytinu árið 2005, jafnframt að finna skýr pólitísk markmið hvað varðar stafrænt sjónvarp, en þar segir:

„Æskilegt er að dreifing á hljóðvarpi og sjónvarpi þróist yfir í „lárétt“ fyrirkomulag, þ.e. að skýr aðgreining verði milli þeirrar starfsemi sem lýtur að dreifingu merkisins annars vegar og framleiðslu og sölu myndefnis hins vegar. Þetta myndi auðvelda nýjum aðilum að komast inn á markaðinn og koma í veg fyrir að stærri fyrirtæki sætu ein að dreifikerfunum. Þannig er mikilvægt að aðgengi neytenda að sjónvarpsefni sé ekki bundið við háhraðatengingar eða dreifinet frá tilteknum aðila. Slíkt fyrirkomulag skekkir samkeppnisstöðu þeirra sem framleiða og dreifa efni.“

Þó að ekki sé minnst á flutningsreglur í fjarskiptaáætlun er talið æskilegt að skýr skil séu milli dreifingar sjónvarpsefnis annars vegar og framleiðslu og sölu efnisins hins vegar. Þá er talið mikilvægt að aðgengi neytenda að sjónvarpsefni sé ekki bundið við dreifikerfi tiltekinna aðila. Segja má að sú aðgreining sem leiðir af flutningsreglum og felur í sér aðgreiningu dreifiveitna og fjölmiðlaþjónustuveitenda með þessum hætti samræmist vel fjarskiptaáætlun samgönguráðuneytisins.

Reglur af þessum toga eru ekkert eyland og eiga sér fyrirmynd bæði vestan hafs og austan. Svokölluð must carry-regla er í gildi í mörgum ríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði. Það eru þó aðeins nokkur ár síðan hugtakið flutningsskylda vann sér þegnrétt í Evrópu. Árið 1999 lét framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gera úttekt á fjarskiptalöggjöf í álfunni með tilliti til samkeppni og frjálsræðis og hófst þá umræða um setningu reglna um flutningsskyldu í framhaldi af því. Upphaflega var litið svo á að reglur um flutningsskyldu yrðu settar

tímabundið þar sem ekki yrði þörf fyrir þær í fjölrása sjónvarpskerfum stórra fyrirtækja á markaði. Ákveðið var að halda ákvæðinu inni en aðildarríkjum var gert að endurskoða lagasetningu um flutningsskyldu reglulega. Frá því hugtakið var fyrst sett hefur stefnumótun og túlkun á hugtakinu breyst nokkuð. Nú er ákvæðið að finna í 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun). Í greinargerð með fjarskiptalögum, nr. 81/2003, er fjallað um nýmæli í tilskipuninni þar sem veitt er heimild til að setja reglur sem skylda aðila sem reka fjarskiptanet til þess að flytja ákveðna útvarpsdagskrá, eina eða fleiri samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Þá er tekið fram að slíka skyldu megi aðeins leggja á þegar sérstakar ástæður eigi við.

Engin dómafordæmi eru um 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Framkvæmdastjórn ESB hefur hins vegar túlkað hana í tveimur vinnuskjölum. Fyrra skjalið varðar sjónvarpsútsendingar almennt, en hið síðara varðar flutningsskyldu sérstaklega. Litið er svo á að þegar settar eru kvaðir um flutningsskyldu þurfi þær að vera málefnalegar án þess að flutningsskyldan sé skilgreind nákvæmlega. Þá skiptir máli að gerður sé sérstakur greinarmunur á fjölmiðlaþjónustuveitanda annars vegar og dreifiveitu hins vegar. Í löndum eins og Belgíu, Hollandi og Bretlandi eru kapalfyrirtæki hvort tveggja efnisveitur (fjölmiðlaþjónustuveitandi) og dreifiveitur. Í öðrum löndum, t.d. í Frakklandi, býður sitt hvort fyrirtækið almennt efni og dreifingu. Flutningsskylda hefur því verið útfærð með ólíkum hætti auk þess sem misjafnt er hvort þörf er fyrir þær yfirleitt í aðildarríkjunum. Ákvæði um flutningsskyldu var hugsað til þess að yfirvöld gætu lagt ákveðnar skyldur á fyrirtæki sem væru ráðandi á markaði og dreifðu efni á ákveðnum tegundum fjarskiptaneta. Reglurnar voru í upphafi almennt túlkaðar þröngt og var í raun verið að tryggja fjölmiðlum, sem bjóða útvarpsþjónustu í almannaþágu, eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum eins og kapli eða ADSL. Dæmi um lönd sem túlka reglurnar með þessum hætti eru Bretland, Pólland og flæmski hluti Belgíu. Einnig eru dæmi um að flutningsskylda sé afar víðtæk og að jafnframt sé skylda að flytja fjarsölustöðvar, t.d. í Þýskalandi og á Möltu. Dæmi um flutningsskyldu á áskriftarsjónvarpsstöðvum má svo finna í franska hluta Belgíu. Hér að neðan er að finna töflu yfir þau aðildarríki Evrópusambandsins sem sett hafa ákvæði um flutningsskyldu í innlenda löggjöf sem samræmist 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar að hluta eða öllu leyti.

Listi yfir þau aðildarríki Evrópusambandsins sem sett hafa ákvæði um flutningsskyldu í innlenda löggjöf sem samræmist 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar að hluta eða öllu leyti

	Ákveðnar sjónvarpsstöðvar/ Specified broadcast channels	Einungis kapall/ Cable only	Ákveðin markmið/ Clearly identified General Interest Objectives	Aðeins ríkis-sjónvarpsstöðvar/ Only PSB	Greiðslur fyrir höfundarrétt/ Copyright payment
Austurríki	Já	Já	Nei	Nei	Að mestu
Belgía	Að mestu	Að hluta	Að mestu	Að mestu	Já
Bretland	Já	Nei	Já	Já	Nei
Danmörk	Já	Nei	Já	Nei	Já
Finnland	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
Frakkland	Já	Nei	Nei	Nei	Að mestu
Holland	Að mestu	Já	Já	Nei	Að mestu
Írland	Já	Já	Að hluta	Nei	Nei
Malta	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Pólland	Já	Já	Að hluta	Já	Já

	Ákveðnar sjónvarpsstöðvar/ Specified broadcast channels	Einungis kapall/ Cable only	Ákveðin markmið/ Clearly identified General Interest Objectives	Aðeins ríkis-sjónvarpsstöðvar/ Only PSB	Greiðslur fyrir höfundarrétt/ Copyright payment
Svíþjóð	Að mestu	Já	Að mestu	Nei	Já
Tékkland	Nei	Nei	Nei	Nei	Já
Ungverjaland	Já	Já	Nei	Nei	Að hluta
Þýskaland	Nei	Já	Já	Nei	Já

Eins og hér sést hafa ekki öll aðildarríkin tekið upp ákvæði um flutningsskyldu í lögum. Þá hafa aðildarríki útfært flutningsskyldu á sjónvarpsefni með afar ólíkum hætti. Þá er vert að nefna að stefna yfirvalda í Evrópu annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar er afar ólík þegar kemur að flutningsskyldu. Evrópska módelið kveður á um að ákveðnar stöðvar geti óskað eftir flutningsskyldu vegna þess að efni þessara stöðva sé álitið auka fjölbreytni í fjölmiðlum, hafi menningarlegt gildi og sé mikilvægt til að viðhalda og efla tungumál þjóðarinnar. Aðildarríkin hafa síðan túlkað flutningsskylduna með ólíkum hætti. Aftur á móti gerir bandaríska módelið ráð fyrir því að kapal- og gervihnattafyrirtæki flytji sjónvarpsdagskrár óháð innihaldi efnisins (e. content neutral) til að tryggja samkeppni á markaði. Þó má nefna að flutningsskylda hefur verið talin mikilvæg í Bandaríkjunum vegna þess að fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í að stuðla að lýðræðislegri umræðu. Hin bandaríska leið hefur talsvert verið gagnrýnd vegna þess að ekki er tekið tillit til innihalds þess efnis sem flutt er. Á meðan svo er þjóni flutningsskyldan ekki þeim lýðræðislega tilgangi sem henni er ætlað. Þá hefur verið bent á að fjarsölustöðvar geti óskað eftir flutningsskyldu. Slíkar stöðvar taki mikið pláss á dreifikerfum fjarskiptafyrirtækjanna og fjölmiðlaþjónustuveitendur sem bjóða myndefni sem gæti aukið fjölbreytni og hafa menningarlegt gildi komist ekki að.

Ákvæðið um flutningsskyldu á sér nú stoð í 22. gr. gildandi útvarpslaga um aðgang að almennum fjarskiptanetum. Í ákvæðinu er fjallað um ósk útvarpsstöðva um að fá aðgang að kapalkerfum eða öðrum almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að fara með málið eins og mælt er fyrir um í fjarskiptalögum. Regla þessi á sér einnig að nokkru leyti stoð í 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. og tilvitnaðar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda frá því í mars 2005. Í 55. gr. fjarskiptalaga segir að skylda megi aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér fjarskiptanetin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpsútsendingum. Slíkar skyldur eru þó aðeins lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því. Með hliðsjón af þeirri stöðu, sem hefur verið uppi á hinum íslenska markaði, er talið nauðsynlegt að flutningsskylda nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa á vettvangi myndmiðlunar hér á landi. Slíkt ákvæði myndi tryggja litlum fjölmiðlaþjónustuveitendum aðgang að dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýir fjölmiðlaþjónustuveitendur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í fjarskiptanetum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Talið er nauðsynlegt að reglan gangi í báðar áttir og því er lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði gert kleift að fá það efni sem þau kjósa (e. may carry/must offer). Hin hliðin á peningnum lýtur þannig að stöðu lítilla dreifikerfa gagnvart stærri fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í ljósi þess að ýmiss konar efni er aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifikerfum hefur í vaxandi mæli verið fjallað um nauðsyn þess á hinum samevrópska vettvangi að taka upp ákvæði um flutningsrétt. Ekki er kunnugt um að settar hafi verið reglur um flutningsrétt annars

staðar, en tekið hefur verið á slíkum málum fyrir evrópskum samkeppnisyfirvöldum (sbr. t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli COMP/M.4504 – SFR/Télé 2 France).

Í Evrópu hafa yfirvöld gert sér grein fyrir því að það efni sem áhorfendur vilja hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni, og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli, er nauðsynlegt fyrir fjarskiptafyrirtæki að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæf með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með lagasetningu í Evrópu. Málið hefur hins vegar verið rætt ítarlega og má í því sambandi nefna skýrslu European Audiovisual Observatory í Strassborg þar sem kallaðir voru saman sérfræðingar alls staðar að úr álfunni til að ræða slíkar reglur og var skýrsla um málið birt í kjölfarið („To Have or Not to Have Must-Carry Rules“. IRIS Special. Strasbourg: European Audiovisual Observatory, 2005). Í skýrslunni er m.a. fjallað um aukna nauðsyn þess að líta til flutningsréttar, þar sem það er að verða erfiðara fyrir fjarskiptafyrirtæki að fá aðgang að eftirsóknarverðu efni en fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur að komast inn á fjarskiptanet með sjónvarpsdagskrár sínar, þar sem stafræn tækni hefur gert það að verkum að mun meiri bandbreidd er nú til ráðstöfunar en áður. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að í tilmælum Evrópuráðsins varðandi fjölbreytni í fjölmiðlun nr. R(2007) 2 er mælst til þess að aðildarríki tryggi fjölmiðlaþjónustuveitendum sanngjarnan aðgang að fjarskiptanetum og taki jafnframt til skoðunar hvort þörf sé á að setja reglur um aðgang fjarskiptafyrirtækja að sjónvarpsefni.

Við útfærslu flutningsreglna í frumvarpi þessu var m.a. litið til hinna ólíku fyrirmynda í Evrópu og Bandaríkjunum. Var litið til Evrópu vegna þess markmiðs að flutningsskylda geti aukið fjölbreytni í fjölmiðlum og hafi menningarlegt gildi. Afleiðingin af þeirri nálgun á flutningsskyldu er sú tillaga að hún muni ná jafnt til ríkissjónvarpsstöðva sem og sjónvarpsstöðva í eigu einkaaðila. Bandaríska módelið, þar sem ekki er tekin afstaða til innihalds efnisins, þótti hins vegar ekki þjóna markmiðum notenda nægilega vel. Því er jafnframt lagt til í frumvarpinu að flutningsskyldan gildi um íslenskar sjónvarpsdagskrár en nái ekki til sölurása, eins og í Bandaríkjunum og nokkrum Evrópulöndum. Við gerð frumvarpsins var einnig haft í huga að flutningsréttur er ef til vill þýðingarmeiri en flutningsskylda til að tryggja valfrelsi notenda og aðgang nýrra fyrirtækja að markaði. Íslenska ákvæðið um flutningsrétt eins og það er útfært í frumvarpi þessu er því nýmæli eftir því sem best er vitað.

Ýmis vandamál geta komið upp við reglusetningu af þessu tagi. Reglur í framangreinda veru hljóta ævinlega að sæta fjölmörgum takmörkunum. Sumt efni sem notendum býðst er þess eðlis að taka þarf tillit til velsæmissjónarmiða. Þá þarf að huga að burðargetu fjarskiptaneta, hversu margar rásir þau geta borið, auk þess sem alls kyns álitamál kunna að koma upp varðandi efnisréttindi og kostnað á ólíkum dreifileiðum. Séu reglurnar skýrar á þó að vera hægt að leysa flest ágreiningsmál sem upp kunna að koma og því meginmarkmiði jafnframt náð að auka fjölbreytni og jákvæða samkeppni notendum til hagsbóta.

Að sjálfsögðu er út frá því gengið í frumvarpinu að fyrirtækin freisti þess að semja sjálf um flutning sjónvarpsútsendinga í samræmi við þær skyldur sem kveðið er á um í frumvarpinu. Ef aðilum tekst að komast að samkomulagi er ekki gert ráð fyrir að stjórnvöld hafi afskipti af málum. Það er fyrst undir þeim kringumstæðum að slíkir samningar takast ekki sem hægt verður að leita til stjórnvalda um lausn á ágreiningi.

Sú tilhögun er nú ráðgerð að í stað Fjölmiðlastofu, sem fer með stjórnsýslu samkvæmt lögunum, verði frumvarpið samþykkt, verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem í meginatriðum fer með stjórnsýslu skv. VI. kafla og verði falið að taka ákvarðanir samkvæmt honum. Helgast það af því að innan þeirrar stofnunar er til staðar viðamikil þekking og reynsla í með-

ferð mála varðandi aðgang að fjarskiptanetum og verðlagningu á slíkri þjónustu. Við ákvarðanir varðandi flutning sjónvarpsdagskráa er gert ráð fyrir að svipuðum aðferðum verði beitt og þegar stofnunin fjallar um aðgang annars konar þjónustuveitenda að fjarskiptanetum á grundvelli laga um fjarskipti. Vissulega einfaldar það ekki stjórnsýslu samkvæmt frumvarpinu að þessi þáttur verði þannig í höndum annars stjórnvalds en þess sem fer með meginhlutverk í stjórnsýslu málaflokksins. Hjá þessu verður þó ekki komist að óbreyttu fyrirkomulagi, en nefna má að hjá sumum grannþjóðum Íslendinga, svo sem Bretum, Finnum og Ítölum, fer sama stofnun með málefni fjölmiðla og fjarskipta.

Að öllu framangreindu virtu má draga meginatriðin um flutningsskyldu og flutningsrétt saman með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi geta fjölmiðlaþjónustuveitendur fengið dreifingu á sjónvarpsútsendingum sínum á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja óski þeir eftir því og að gættum nánari skilyrðum sem útfærð eru í frumvarpinu. Hér er því um svokallaða flutningsskyldu að ræða (e. must carry). Í öðru lagi geta fjarskiptafyrirtæki fengið að dreifa sjónvarpsútsendingum á fjarskiptanetum sínum óski þau eftir því og að gættum nánari skilyrðum sem útfærð eru í frumvarpinu. Hér er því um svokallaðan flutningsrétt að ræða (e. may carry/must offer). Í þriðja lagi er svo lögð til sú þýðingarmikla meginregla að samningsfrelsi milli fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja ber að virða í hvívetna, en Póst- og fjarskiptastofnun verði falið að skera úr reynist útilokað að komast að slíku samkomulagi.

Um 44. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að verða við beiðni um flutning sjónvarpsútsendinga fjölmiðlaþjónustuveitenda. Fjarskiptanet sem fallið geta undir þetta ákvæði eru net sem flutt geta sjónvarpsútsendingar á stafrænu formi. Ákvæðið getur jafnt átt við net sem eingöngu eru notuð til sjónvarpsútsendinga og net sem þjóna fjölþættara hlutverki, svo sem net sem notuð eru samhliða fyrir netþjónustu og aðra fjölmiðlaþjónustu. Ekki er gerður greinarmunur á fjarskiptanetum eftir því hvort útsendingar eru þráðlausar eða um þráð né heldur hvaða tæknistaðall er notaður við útsendingar.

Til þess að fjölmiðlaþjónustuveitandi geti krafist flutnings þurfa tiltekin skilyrði að vera fyrir hendi og er þeim lýst í 1. mgr. og þau útfærð í a–c-lið hennar. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða íslenska sjónvarpsútsendingu sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er skylt að flytja seinkaða sjónvarpsútsendingu, sjónvarpsútsendingu á háskerpustaðli eða á öðrum stöðlum er krefjast umtalsvert meiri bandbreiddar eða sjónvarpsútsendingar sem eru eingöngu helgaðar fjarsölu. Sjónvarpsútsendingar á breiðtjaldsformi eru ekki undanskildar þar sem þær taka ekki umtalsvert meiri bandbreidd en hefðbundnar sjónvarpsútsendingar. Það er enn fremur skilyrði fyrir því að flutningsskylda hvíli á fjarskiptafyrirtæki að umtalsverður hluti notenda nýti sér viðkomandi net til að taka á móti sjónvarpsútsendingum. Þar sem fjarskiptanet hafa mjög mismunandi útbreiðslusvæði getur verið að verulegur hluti notenda á tilteknu landsvæði nýti ákveðið net, en það hafi samt ekki umtalsverðan notendafjölda á landsvísu. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að flutningsskylda sé fyrir hendi á staðbundnum vinsælum sjónvarpsstöðvum.

Stafræn fjarskiptanet hafa flest mikla burðargetu og því ætti flutningsskylda ekki að vera mjög íþyngjandi miðað við þann fjölda sjónvarpsútsendinga sem hugsanlega geta fallið undir ákvæðið miðað við núverandi aðstæður. Til þess að tryggja að ekki verði um óhóflega íþyngjandi skyldu að ræða, er í 2. mgr. kveðið á um að ekki megi skylda fyrirtæki til þess að flytja fleiri sjónvarpsútsendingar en sem nemur þriðjungi af burðargetu viðkomandi fjarskiptanets. Er slíkur varnagli sleginn þar sem ekki þykir rétt að leggja þungar byrðar á fjar-

skiptafyrirtæki sem hafa takmarkaða bandbreidd og rásafjölda. Í bandarískum rétti (e. Cable Act) er ákvæði líkt þessu þar sem kapalfyrirtækjum er skylt að flytja dagskrár í eigu annarra fyrirtækja og er þá stuðst við þriðjung eins og hér er gert. Bandaríska löggjöfin er flóknari og eru fjarskiptanet sett í ákveðna flokka eftir stærð. Hér hefur ákvæðið verið einfaldað í samanburði við bandarískan rétt. Ef fleiri fjölmiðlaþjónustuveitendur óska eftir að sjónvarpsútsendingar þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær útsendingar sem hafa mest áhorf. Ljóst er að slíkar reglur auðvelda ekki litlum og nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum í myndmiðlun aðgang að dreifikerfum með takmarkaðan rásafjölda. Hins vegar þótti rétt að teknu tilliti til neytendasjónarmiða að áhorfendur hefðu ávallt aðgang að þeim sjónvarpsútsendingum sem hefðu mest áhorf hverju sinni. Ávallt skal þó flytja sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Við mat á því hvað telst mesta áhorf þykir rétt að miða við hlutlausar kannanir eins og reglulegar fjölmiðlakannanir Capacent og sambærilegar kannanir.

Í 3. mgr. er tekið fram að fjölmiðlaþjónustuveitandi sem fer fram á flutning á sjónvarpsútsendingu sinni skuli sjálfur sjá um að koma merki sínu að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um flutningsrétt, þ.e. þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að fjarskiptafyrirtæki geti krafist þess að fá að dreifa sjónvarpsútsendingum á stafrænu fjarskiptaneti sínu.

Í a-lið 1. mgr. kemur fram að til þess að fjarskiptafyrirtæki geti krafist flutnings þarf fjarskiptanet þess að geta sent efnið út með fullnægjandi gæðum. Einnig þarf að tryggja öryggi á fjarskiptanetinu þannig að lögverndaðir hagsmunir rétthafa efnis séu varðir. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um lágmarkskröfur til gæða og öryggis útsendinga á fjarskiptanetum. Til þess að tryggja gagnsæi er nauðsynlegt að slíkar reglur um gæði og öryggi verði birtar. Það gerir fjarskiptafyrirtækjum kleift að sjá hvaða skilyrði fjarskiptanet þeirra þurfa að uppfylla. Það getur einnig auðveldað samningsgerð milli fjölmiðlaþjónustuveitenda og rétthafa efnis ef fyrir liggur hvaða öryggiskröfur eru gerðar gagnvart þeim netum sem efnið kann að verða flutt um. Ef fjarskiptafyrirtæki óskar eftir að flytja lokaða sjónvarpsútsendingu verður fjarskiptanetið að bjóða upp á möguleika til að beita aðgangsstýringu sem er nauðsynleg til að geta læst og opnað fyrir áskriftarsjónvarp. Aðgangsstýring getur verið í höndum fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtækis eftir atvikum, sbr. 3. mgr. 46. gr. Ef aðgangsstýring er ekki möguleg á viðkomandi neti er aðeins hægt að krefjast þess að fá opnar sjónvarpsútsendingar til flutnings.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um til hvers konar efnis flutningsréttur nær. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra sjónvarpsútsendinga fjölmiðlaþjónustuveitenda sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsútsendinga sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendinga á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Í þessu sambandi er minnt á að dagskrá í frumvarpi þessu er heildarsamsetning dagskrárliða, en dagskrárliður er safn hljóð- og/eða hreyfimynda sem myndar stakan lið innan áætlunar eða skrár sem veitandi fjölmiðaþjónustu setur saman og sem er að formi og efni sambærilegt sjónvarpsútsendingu. Viðburðir ýmiss konar geta þannig verið stakir dagskrárliðir og fylla þá ekki heila dagskrá í framangreindum skilningi. Slíkir viðburðir geta verið afar vinsælir og þykir ákjósanlegt að ólík fjarskiptafyrirtæki hafi möguleika á að flytja slíkt efni. Eins eru ýmsir íþrótta-

viðburður þess eðlis að þeir teldust ekki fylla heila dagskrá í sjónvarpsútsendingu. Með þessu er reynt að tryggja jafnræði milli fyrirtækjanna í efni og reynt að koma í veg fyrir að einstakir fjölmiðlaþjónustuveitendur skilgreini tiltekið vinsælt sjónvarpsefni sem viðburð (stakan dagskrárlið) til að komast fram hjá flutningsreglunum. Flutningsréttur nær hins vegar ekki til ólínulegrar hljóð- og myndmiðlunar, svo sem myndmiðlunar eftir pöntun þar sem myndefnið er ekki sent út samkvæmt dagskráráætlun og flokkast því ekki sem línuleg myndmiðlun. Bent er á að fáheyrt er að einkaréttarsamningar fylgi slíku efni, enda er það rétthöfum í hag að það sé aðgengilegt neytendum á sem flestum dreifikerfum. Skv. b-lið 1. mgr. nær ákvæðið um flutningsrétt einnig til erlendra endurvarpsrása enda hefur það færst í vöxt að gerðir séu einkaréttarsamningar um þær. Þá tekur ákvæðið einnig til þess ef íslenskir fjölmiðlaþjónustuveitendur flytja starfsemina til útlanda til að komast hjá lögum um flutningsrétt, en um lögsögu yfir sjónvarpsefni er sérstaklega fjallað í II. kafla frumvarpsins sem og í almennum athugasemdum við það.

Í c-lið 1. mgr. er loks kveðið á um það skilyrði að ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem voru gerðir fyrir gildistöku laganna standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið. Nánar er að þessu vikið í athugasemdum við 4. mgr. sem á hér efnislega samstöðu.

Svo sem fram kemur í 2. mgr. falla fleiri tegundir sjónvarpsútsendinga undir reglur um flutningsrétt en flutningsskyldu. Þar sem það eru fjarskiptafyrirtæki sem óskað geta eftir að fá efni til flutnings er ekki ástæða til að setja takmörk vegna bandbreiddar. Fjarskiptafyrirtæki óskar eftir því efni sem það hefur áhuga á og sem fjarskiptanet þess getur borið. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til seinkaðra sjónvarpsútsendinga og útsendinga á háskerpustaðli eða öðrum stöðlum sem krefjast meiri bandbreiddar.

Í 3. mgr. er tekið fram að flutningsréttur geti ekki verið víðtækari en leyfi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda segir til um hvað varðar útsendingarsvæði og er fjarskiptafyrirtæki ekki heimilt að dreifa sjónvarpsútsendingum sem hafa staðbundið leyfi utan viðkomandi svæðis.

Í 4. mgr. er fjallað um samninga fjölmiðlaþjónustuveitenda við rétthafa efnis. Eitt af skilyrðum þess að hægt sé að krefjast þess að fá efni til flutnings er að ákvæði í áður gerðum samningum við rétthafa efnis standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um viðkomandi fjarskiptanet, sbr. umfjöllun um c-lið 1. mgr. hér að framan. Þetta skilyrði má þó ekki hindra flutningsrétt til lengri tíma. Því er kveðið á um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda til að semja um efniskaup í framtíðinni með þeim hætti að flytja megi efnið á öllum fjarskiptanetum sem uppfylla skilyrði a-liðar 1. mgr. Í ákvæði til bráðabirgða er svo kveðið á um að ef gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um sjónvarpsefni við rétthafa heimilar ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem uppfylla lágmarkskröfur skuli fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við rétthafa sem heimili slíkt ekki síðar en innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Verði frumvarpið að lögum verður fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið á öllum tegundum fjarskiptaneta sem uppfylla lágmarkskröfur um gæði og öryggi og eftir atvikum aðgangsstýringu. Hið sama gildir um erlendar sjónvarpsútsendingar sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um. Ákvæðið á að tryggja að fjölmiðlaþjónustuveitandi reyni ekki að komast fram hjá flutningsreglunum með því að gera aðeins samninga um kaup á efni fyrir tengt fjarskiptafyrirtæki.

Með flutningsreglunum er markmiðið að brjóta upp lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu og því er ljóst að það verður hvati fyrir einstaka fjölmiðlaþjónustuveitendur að reyna að beina viðskiptavinum sínum að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Við þessu er brugðist í 5. mgr. með því að banna fjölmiðlaþjónustuveitendum að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Með tengdu fjarskiptafyrirtæki er átt við félög í samstæðu í skilningi hlutafélagalaga eða félög og/eða aðra aðila með sambærileg fjárhagsleg eða stjórnunarleg tengsl í öðrum tilvikum. Í ljósi reynslunnar er talin hætta á að fjölmiðlaþjónustuveitendur reyni að beina viðskiptavinum sínum að völdum fjarskiptafyrirtækjum og fjarskiptafyrirtæki sem ekki hafa yfir að ráða eigin sjónvarpsútsendingum muni áfram eiga erfitt uppdráttar. Fjarskiptafyrirtækjunum verður heimilt að bjóða alls kyns þjónustu en með ákvæðinu er þrýst á um aukna samkeppni milli þeirra með því að þau geti boðið hagstætt verð og góða þjónustu. Það geta fyrirtækin einungis gert ef þau hafa aðgang að sambærilegu efni.

Rétt er að taka fram að brot á ákvæðum 4. og 5. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 46. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um málsmeðferð og framkvæmd sem viðkemur flutningi myndefnis en í 47. gr. frumvarpsins er fjallað um þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar við ákvörðun endurgjalds.

Samkvæmt 1. mgr. ber fyrirtækjum sem falla undir ákvæði 44. og 45. gr. að semja um flutning sjónvarpsútsendinga eins fljótt og unnt er eftir að ósk um flutning er sett fram. Ekki er gert ráð fyrir afskiptum stjórnvalda af slíkum samningaumleitunum nema þær sigli í strand. Í 1. mgr. er sérstaklega kveðið á um skyldu aðila til að gæta jafnræðis varðandi flutning sjónvarpsútsendinga á grundvelli 44. og 45. gr. Verð og aðrir skilmálar skulu vera sambærilegir gagnvart tengdum jafnt sem ótengdum fyrirtækjum. Fjarskiptafyrirtæki ber að láta þær dagskrár hafa forgang sem hafa íslenskt tal eða texta þannig að þær séu framar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Þar sem það skiptir miklu máli fyrir sýnileika sjónvarpsstöðvar að vera framarlega í númeraröðinni á fjarstýringunni er talið rétt að veita dagskrám með íslensku tali eða texta forgang. Að baki ákvæði þessu búa menningarpólitísk sjónarmið, m.a. um vernd íslenskrar tungu. Ákvæðið tekur jafnt til dagskrár íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem og erlendra dagskráa enda sé dagskráin með íslensku tali eða texta. Ákvæðið er þannig byggt á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum um vernd margbreytileika ólíkra tungumála og útfærslan jafnframt talin standast kröfur EES-samningsins.

Ef samkomulag tekst ekki milli aðila getur hvor þeirra sem er vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal skera úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur í rúman áratug fengist við mál er varða aðgang að fjarskiptanetum og verðlagningu á slíkum aðgangi. Það þykir því falla vel að starfsemi stofnunarinnar að taka til meðferðar mál er varða flutning sjónvarpsútsendinga á fjarskiptanetum. Stofnuninni ber fyrst að leita sátta með aðilum á sama hátt og gert er í deilumálum milli fjarskiptafyrirtækja á grundvelli fjarskiptalaga. Nái stofnunin ekki að sætta aðila ber henni að taka ákvörðun í málinu. Slík ákvörðun er eðli málsins samkvæmt stjórnvaldsákvörðun og lýtur öllum þeim almennum fyrirmælum sem um þær gilda auk þeirra sérreglna sem fram koma í VII. kafla frumvarps þessa. Þá er í þessari málsgrein kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun beri að leita álits Fjölmiðlastofu þegar ósk um að fá sjónvarpsútsendingu til flutnings kemur til meðferðar hjá stofnuninni. Þetta er gert þar sem Fjölmiðlastofa hefur sérþekkingu sem varðar

myndefni, en sérþekking Póst- og fjarskiptastofnunar lýtur fremur að fjarskiptanetum sem flytja efnið.

Þarfir fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðlaþjónustuveitenda eru mismunandi hvað varðar samskipti við notendur og stýringu aðgangs að efni. Í 3. mgr. 46. gr. kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið hvor aðila sjái um aðgangsstýringu og með sama hætti hvort aðilar eigi rétt til endurgjalds, en um nánari útlistun þar að lútandi er vísað til 47. gr. Mál þar sem deilt var um hvor aðilinn skyldi sjá um aðgangsstýringu og viðskiptamannabókhald hefur komið til kasta samkeppnisyfirvalda og var í því máli ákveðið til bráðabirgða að fjölmiðlaþjónustuveitanda væri óheimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu sjónvarpsmerkja sinna að hafa aðgang að viðskiptamannabókhaldi fjarskiptafyrirtækis (sjá ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2007, 20. desember 2007 – Erindi Canal Digital Íslandi um misnotkun 365 miðla á markaðsráðandi stöðu). Við mat sitt ber Póst- og fjarskiptastofnun m.a. að líta til hagkvæmni hverrar leiðar, hagsmuna notenda og samkeppnissjónarmiða. Þar getur t.d. komið til skoðunar hvort fyrirtækið ræður yfir hentugra og hagkvæmara aðgangsstýrikerfi. Hafa þarf í huga hagsmuni notenda varðandi kostnað við þjónustuna og að æskilegt er að notendur þurfi aðeins einn aðgangskassa til að taka á móti útsendingu. Einnig þarf að skoða hverjar þarfir fyrirtækjanna eru út frá því hvernig þau markaðssetja sína þjónustu og hver styrkur þeirra er á viðkomandi markaði. Sú leið sem valin er verður að vera til þess fallin að styðja við virka samkeppni og því geta þarfir lítilla fyrirtækja þurft að vera í fyrirrúmi umfram þarfir markaðsráðandi fyrirtækja.

Ákvarðanir um aðgang að fjarskiptanetum geta tekið töluvert langan tíma, einkum ef framkvæma þarf kostnaðargreiningu til þess að ákveða hæfilegt gjald. Þær aðstæður geta verið fyrir hendi að dráttur á ákvörðun valdi aðila umtalsverðu fjártjóni. Því er í 4. mgr. veitt heimild til að taka bráðabirgðaákvörðun í deilumálum. Slík ákvörðun getur lotið að öllum þeim þáttum sem fjallað er um í 46. og 47. gr. Við ákvörðun gjalds til bráðabirgða yrði í flestum tilvikum að byggja á samanburði við gjaldskrár sambærilegrar þjónustu. Með vísan til þessa er ljóst að bráðabirgðaákvörðun skal bæði fela í sér ákvörðun um flutningsrétt og/eða skyldu og um gjald fyrir viðkomandi þjónustu eða efni, auk annarra viðeigandi efnisatriða.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafið aðila um allar upplýsingar og gögn sem stofnunin telur þurfa við meðferð einstakra mála. Slík gögn geta t.d. verið bókhaldsgögn, tæknilýsingar og samningar.

Í 6. mgr. er áréttað að málskotsleiðir vegna ákvarðana séu þær sömu og vegna annarra ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Í 7. mgr. er samgönguráðherra veitt heimild til að setja reglugerð með nánari ákvæðum um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga samkvæmt þessum kafla. Um er að ræða heimildarákvæði sem hægt er að beita ef þörf þykir á nánari útfærslu á viðkomandi reglum. Tilhögun við reglugerðarsetningu er sambærileg hinni almennu heimild frumvarpsins þar að lútandi í 62. gr. þess.

Loks er í 8. mgr. kveðið á um reglulega endurskoðun á þörfinni fyrir flutningsreglur. Þetta er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til ákvæða um flutningsskyldu skv. 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu. Eðli máls samkvæmt þykir rétt að slík endurskoðun taki jöfnum höndum til flutningsréttar og flutningsskyldu.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt dagsektir á hvern þann sem ekki fer að ákvörðunum stofnunarinnar um flutningsrétt og flutningsskyldu eða vanrækir að veita upplýsingar og gögn á grundvelli ákvæðisins, sbr. 2.–5. mgr. 46. gr.

Um 47. gr.

Í þessari grein er að finna nánari fyrirmæli um þau sjónarmið sem Póst- og fjarskiptastofnun ber að styðjast við þegar ákvarða skal endurgjald í þeim tilvikum að fallist er á flutningsrétt eða flutningsskyldu, en ljóst er að ákvörðun endurgjalds er afar veigamikill þáttur við útfærslu slíkrar ákvörðunar.

Í 1. mgr. eru tiltekin þau atriði sem byggja má á varðandi ákvörðun verðs. Ákvæðinu svipar mjög til þeirra reglna sem gilda um verðákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli laga um fjarskipti. Markmiðið er að eðlilegt og sanngjarnt verð sé greitt fyrir flutning og efni. Verðlagning má ekki hamla samkeppni en verður að sama skapi að vera forsvaranleg með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með fjárfestingunni. Við ákvörðun verðs fyrir flutning getur Póst- og fjarskiptastofnun byggt á kostnaði við fjárfestingar og rekstur viðkomandi fjarskiptanets. Það þykir hins vegar rétt að gera kröfu um hagkvæman rekstur slíks nets og því kemur til greina að taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin með hagkvæmum hætti. Það getur einnig komið til greina að byggja eingöngu á samanburði við verð á sambærilegri þjónustu, einkum í þeim tilvikum sem erfitt er að koma við kostnaðargreiningu á viðkomandi neti eða ef kostnaður við rekstur þess er óeðlilega hár og bendir til óhagræðis í rekstri. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Við ákvörðun á gjaldi fyrir flutning skal m.a. taka tillit til þeirrar bandbreiddar sem sjónvarpsútsending tekur á fjarskiptaneti og fjölda notenda viðkomandi sjónvarpsþjónustu.

Í einhverjum tilvikum þarf fjölmiðlaþjónustuveitandi á þjónustu að halda sem ekki telst beinlínis til flutnings sjónvarpsútsendingar en er nátengd honum og e.t.v. ekki fáanleg hjá öðrum en viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Hér getur t.d. verið um að ræða tengingar við fjarskiptanetið, meðhöndlun útvarpsmerkis og aðgangsstýringu. Í 2. mgr. er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið verð fyrir slíka þjónustu og skal við það beita hlutlægum aðferðum og við ákvörðun verðs fyrir flutning.

Í 3. mgr. er fjallað um ákvörðun á gjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtæki stýrir áskriftarkerfinu. Undir þeim kringumstæðum kemur til greina að byggja á kostnaði við kaup eða framleiðslu fjölmiðlaþjónustuveitanda á viðkomandi efni eða miðað við hæfilegan afslátt frá því verði sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn býður notendum sínum sjálfur. Hvor leiðin valin er getur t.d. oltið á því hversu gagnsær viðkomandi kostnaður er. Gæta þarf þess að ekki verði óeðlilega lítill munur á heildsölu- og smásöluverði (e. margin squeeze), en slík staða getur hamlað eðlilegri samkeppni. Tryggja þarf að þeim sem kaupir sjónvarpsútsendingu í heildsölu sé mögulegt að standast verðsamkeppni á smásölumarkaði og hafa eðlilega framlegð af endursölu efnisins.

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um gjald fyrir flutning eða efni geta aðstæður breyst og leitt til þess að eðlilegt sé að endurskoða gjaldið. Kostnaður getur hækkað eða lækkað af ýmsum orsökum og er í slíkum tilvikum rétt að hafa möguleika til að ákvarða gjald á nýjan leik. Í 4. mgr. er aðilum gefinn kostur á að setja fram rökstuddar beiðnir um endurskoðun gjalds.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er að finna ákvæði sem eiga rætur sínar að rekja til hugmynda um upplýsingasamfélagið sem almennt eru viðurkenndar í aðildarríkjum EES-svæðisins sem og öðrum vestrænum ríkjum. Í þessum ríkjum er það talin skylda að tryggja sem víðtækastan aðgang almennings að hvers konar upplýsingum sem almenning varða og almenningur hefur áhuga á. Ákvæði kaflans eru reist á 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Það ákvæði kom inn í tilskipunina með breytingartilskipuninni frá 1997 og var 3. gr. a fyrir þær breytingar sem gerðar voru með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Fyrirmynd ákvæðis tilskipunarinnar er aftur að finna í 9. gr. samnings Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on transfrontier television). Ákvæði kaflans eru efnislega samhljóða ákvæðum 23. og 24. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins að því er hljóð- og myndmiðla varðar. Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga er sá munur á ákvæði 48. gr. frumvarpsins annars vegar og ákvæði 49. gr. hins vegar að lögbinda ber það síðarnefnda samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni en aðildarríkjunum er í sjálfs vald sett hvort þau lögbinda hið fyrrnefnda.

Um 48. gr.

Greinin er að stærstum hluta efnislega samhljóða ákvæði 23. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til breyttrar hugtakanotkunar vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Ítarlegar skýringar fylgdu ákvæði 23. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum og vísast til þess sem þar kemur fram með heildstæðum hætti um skýringu á einstökum efnisþáttum frumvarpsgreinarinnar. Rétt er að taka fram að sú heimild sem ákvæðið mælir fyrir um hefur enn ekki verið nýtt. Þrátt fyrir það þykir ástæða til að viðhalda heimild þessari með vísan til þeirra sjónarmiða sem bjuggu að baki lögleiðingu hennar í upphafi, þ.e. að vernda rétt borgaranna til upplýsinga og tryggja aðgang almennings að myndefni frá innlendum og erlendum viðburðum sem hafa mikilsverða þýðingu fyrir þjóðfélagið.

Samkvæmt 3. mgr. er Fjölmiðlastofu nú ætlað það hlutverk sem útvarpsréttarnefnd hefur samkvæmt gildandi lögum, þ.e. að ákvarða sanngjarnt endurgjald viðkomandi einkaréttarhafa til handa. Til álita kæmi að ætla Póst- og fjarskiptastofnun þetta hlutverk í ljósi þess hlutverks sem stofnuninni er nú ætlað á grundvelli VII. kafla frumvarpsins um flutningsreglur, þ.m.t. viðamikið hlutverk vegna ákvörðunar um endurgjald skv. 47. gr. frumvarpsins. Allt að einu þótti rétt að halda í þá skipan að stjórnvald það sem fer með málaflokkinn ákvarði endurgjald í þessu tilviki. Er því raunar þannig farið að það tilvik sem hér um ræðir varðar lögskipti tveggja eða fleiri fjölmiðlaþjónustuveitenda, án beinnar aðkomu fjarskiptafyrirtækja. Við ákvörðun endurgjalds skal Fjölmiðlastofa þó eðli málsins samkvæmt líta til sambærilegra sjónarmiða og Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað skv. 47. gr. frumvarpsins.

Að frátöldum breytingum sem lagðar eru til vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins og breyttrar hugtakanotkunar er lagt til að ákvæði 4. mgr. verði nokkuð frábrugðið samsvarandi ákvæði 5. mgr. 23. gr. gildandi laga. Þær breytingar sem með því eru lagðar til er tilkomnar með hliðsjón af hinu almenna ákvæði 55. gr. frumvarpsins um fullnustu ákvarðana Fjölmiðlastofu.

Þá er með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á höfundalögum, nr. 73/1972, í 64. gr. frumvarpsins lagt til að ákvæði 6. mgr. 23. gr. verði ekki hluti af frumvarpsgreininni.

Rétt er að taka fram að skv. 2. mgr. 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni ber íslenska ríkinu að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hyggist það nýta heimild sína skv. 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA skal þá innan þriggja mánaða staðfesta að þær ráðstafanir sem íslenska

ríkið hyggst gera á þessum grundvelli séu í samræmi við EES-rétt og upplýsa önnur aðildarríki um viðkomandi ráðstafanir.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 24. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til breyttrar hugtakanotkunar vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Greinin er reist á 3. mgr. 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og lýtur að því að tryggja að þær ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli 1. mgr. 3. gr. j, sbr. ákvæði 49. gr. frumvarpsins, verði virkar. Með nefndu ákvæði tilskipunarinnar er sú skylda lögð á þau ríki sem af henni eru bundin að þau virði skrár hvers annars um þýðingarmikla viðburði og aðrar ákvarðanir í tengslum við þær, svo sem um beinar eða seinkaðar útsendingar. Tekið skal fram að þó svo að heimild sú sem mælt er fyrir um í 48. gr. frumvarpsins verði ekki nýtt ber íslenska ríkinu á grundvelli frumvarpsgreinarinnar engu síður skylda til að virða slíkar ráðstafanir annarra ríkja. Frekari grein er gerð fyrir efnisþáttum ákvæðisins í skýringum sem fylgdu ákvæði 24. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum og vísast til þess sem þar kemur fram um nánir útlistun þar að lútandi.

Rétt er að árétta að lagt er til að Fjölmiðlastofa hafi eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt þessari grein í stað útvarpsréttarnefndar og beiti þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem brjóta gegn skyldum sínum samkvæmt greininni stjórnvaldssektum á grundvelli 54. gr. frumvarpsins, á sama hátt og útvarpsréttarnefnd samkvæmt gildandi lögum. Enn fremur er lagt til að brot á ákvæðinu varði refsingu skv. 56. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um ábyrgð á hljóð- og myndefni annars vegar og ritefni hins vegar, viðurlög við brotum á ákvæðum frumvarpsins, afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis, fullnustu, kæru mála til lögreglu, þagnarrétt og birtingu forsendna og dómsorðs þegar við á. Er ákvæðum af þessum toga skipað saman. Á sama hátt og í gildandi útvarpslögum eru lögð til bæði stjórnsýsluviðurlög og refsiviðurlög. Í gildandi prentlögum er eingöngu gert ráð fyrir refsiviðurlögum og er því um nýmæli að ræða að því er varðar þá fjölmiðla sem þau taka til. Þá er lagt til að Fjölmiðlastofa geti beitt dagsektum í ákveðnum tilvikum en slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum. Það hefur færst í vöxt og af því talin góð reynsla að heimila viðkomandi stjórnvöldum að beita slíku úrræði til þess að framfylgja bæði lögum sem og ákvörðunum í einstökum málum. Má sem dæmi nefna úrræði Samkeppniseftirlitsins á grundvelli samkeppnislaga og Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastofnunum. Í skýrslu síðari fjölmiðlanefndar frá vorinu 2005 er á nokkrum stöðum lagt til að stjórnvöld hafi slík þvingunarúrræði til að knýja fram fylgni við ákvæði laganna.

Þá er skipað í þennan kafla ákvæði um bann Fjölmiðlastofu við miðlun ólögmæts efnis og afturköllun á leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna alvarlegra og ítrekaðra brota gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem varða viðurlögum. Ákvæði um stjórnvaldssektir og refsingar eru gerð mun fyllri en nú er, m.a. vegna þess víðtæka gildissviðs sem frumvarpinu er ætlað. Þá er lagt til að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu og eftirlit að þessu leyti hvíli því fyrst og fremst á herðum stofnunarinnar. Til fyllingar sérrefsilagaákvæðum frumvarpsins koma síðan ákvæði almennra hegningarlaga. Þá er einnig að finna sérrefsilagaákvæði í áfengislögum, lyfjalögum, tóbakslögum og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem geta átt við um einstaka efnisþætti og þá fyrst og fremst efni viðskiptaorðsendinga.

Í gildandi útvarpslögum og lögum um prentrétt er að finna sérreglur sem lúta að eignaupptöku og réttaráhrifum tiltekinna aðgerða stjórnvalda. Af ítarlegri skoðun fæst ekki séð að heppilegt sé að viðhalda slíkum sérreglum í lögum um fjölmiðla enda almennar reglur á sviði réttarfars og stjórnsýslu fullnægjandi í því sambandi til viðbótar reglum þessa kafla og þá sérstaklega fullnustureglur 55. gr. frumvarpsins svo og málsmeðferðarreglur 57. gr. frumvarpsins. Þó er nauðsynlegt að skýra þetta nokkuð nánar.

Í 29. gr. gildandi útvarpslaga er sérstök heimild til upptöku myndlykla (aðgangskassa), viðtækja og ólögmæts ávinnings af notkun slíks búnaðar. Þá í er í 28. gr. laga um prentrétt sérregla um framkvæmd upptöku prentaðs efnis. Ekki er vitað til að á sérreglur þessar hafi í raun reynt að neinu marki í réttarframkvæmd og ekki þykir þörf á því að taka þær upp í ný fjölmiðlalög þar sem hin almenna upptökuheimild í 69. gr. almennra hegningarlaga er að öllu leyti fullnægjandi í þessu sambandi. Í 29. og 30. gr. laga um prentrétt eru síðan sérreglur um réttaráhrif þess að rit hafi verið gerð upptækt, hald lagt á það eða sala og dreifing bönnuð. Skal þá birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og er öll birting og/eða dreifing eftir það sérstaklega bönnuð. Sama má segja um þessi ákvæði og þau fyrrnefndu, að ekki hefur reynt mjög á þau, og ekki þykir sérstök þörf á því að taka þau upp í nýjum fjölmiðlalögum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hið nýja stjórnvald Fjölmiðlastofa geti að undangenginni lögmætri málsmeðferð bannað miðlun efnis og að brot á slíku banni sæti viðeigandi refsingum. Er eðlilegt að í slíkri ákvörðun sé nánar kveðið á um réttaráhrif hennar að öllu leyti og þá minnt á að allar ákvarðanir Fjölmiðlastofu verða bornar undir dómstóla. Þá er gert ráð fyrir þeirri tilhögun að öll alvarlegri brot sæti refsingum að undangenginni kæru til lögreglu sem býr þá sem endranær yfir öllum hefðbundnum heimildum laga um meðferð sakamála til einstakra aðgerða. Tilhögun þessa verður einnig að meta í ljósi þess ríka andsvarsréttar sem einstaklingar njóta í fjölmiðlum, sbr. 36. gr. frumvarpsins, hinna sértæku ábyrgðarreglna 50. og 51. gr. og skyldu til birtinga áfellisdóma, sbr. 59. gr., en öll stuðla þessi ákvæði að því að gætt sé ábyrgðar í fjölmiðlaumfjöllun samhliða því að tjáningarfrelsi fjölmiðla sé virt. Að öllu þessu virtu má því segja að rök standi til þess að almennar heimildir af þessum toga séu nægjanlegar og ekki séu smíðaðar sérreglur af réttarfarslegum toga nema brýna nauðsyn krefji.

Þau ákvæði útvarpslaga annars vegar og laga um prentrétt hins vegar sem einna mest hefur reynt á í framkvæmd eru ákvæði þeirra um refsi- og fébótaábyrgð á því efni sem sent er eða gefið út. Þykir því tilhögun frumvarpsins á reglum þar að lútandi útheimta allrækilega útlistun.

Umrædd ákvæði tengjast tjáningarfrelsi með beinum hætti en í þeim er kveðið á um það hver skuli gerður ábyrgur þegar farið er út fyrir leyfileg mörk að því leyti. Skýrar ábyrgðarreglur eru eðli málsins samkvæmt mikilvægar fyrir hvern þann sem tjáir sig í fjölmiðlum eða er ábyrgur fyrir því sem aðrir segja eða skrifa á þeim vettvangi. Þá eru þær mikilvægar fyrir þá sem telja á sér brotið og vilja sækja rétt sinn. Slíkar ábyrgðarreglur eru einnig mikilvægar í samfélagslegu tilliti þar sem útfærsla þeirra getur haft áhrif á innihald og gæði og er hluti af þeirri lýðræðislegu umræðu sem á sér stað í hverju landi fyrir sig.

Svo sem áður greinir hafa gífurlegar tækniframfarir orðið á vettvangi fjölmiðlunar á undanförnum árum. Í þessu sambandi hefur verið mikil umræða í ýmsum nágrannalöndum Íslands um samræmingu ábyrgðarreglna fyrir ólíkar tegundir fjölmiðla. Má í þessu sambandi nefna að nú hefur um allnokkurt skeið verið fjallað um slíkar samræmingar í norskum lögum og hefur verið kallað eftir heildstæðum lögum um ábyrgðarreglur í fjölmiðlum. Norsk stjórnvöld ákváðu í framhaldi af þessu að skipa nefnd sem á að koma með tillögur til úrbóta. Er

nefndinni ætlað að skoða ábyrgðarreglur annars staðar á Norðurlöndum, alþjóðlega löggjöf að þessu leyti, auk þess sem taka á tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila. Sérstaklega er nefndinni ætlað að skoða efnahagslegar og stjórnunarlegar afleiðingar sem leiðir af þeim tillögum sem settar eru fram.

Hér á landi er svo sem að framan segir að finna ábyrgðarreglur bæði í útvarpslögum og lögum um prentrétt. Engar sérstakar ábyrgðarreglur eru hins vegar í gildi um fjölmiðla á netinu og verður því að líta til fyrrgreindra reglna þegar mál koma upp er varða nýja miðla hér á landi. Segja má að með örri tækniþróun og breytingu á fjölmiðlaumhverfinu með tilkomu netsins sé nauðsynlegt að taka reglurnar til heildstæðrar endurskoðunar, m.a. með það fyrir augum að samræmdar reglur gildi um alla fjölmiðla að þessu leyti eftir því sem kostur er. Í því sambandi þykir rétt að víkja stuttlega að tilhögun að þessu leyti í helstu samanburðarlöndum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í Danmörku er reglur um ábyrgð á efni fjölmiðla að finna í *Medieansvarsloven*. Lögin gilda bæði um hljóð- og myndmiðla og prentmiðla og kveða á um það hver beri ábyrgð á efni hverju sinni. Samkvæmt ábyrgðarreglunum er ávallt einn aðili ábyrgur, í flestum tilvikum ritstjórinn (d. redaktør). Lögin gilda um innlend dagblöð og tímarit, bæði texta og myndir. Einnig eiga lögin við leyfisskylt hljóð- og myndefni auk mynda, texta og hljóðefnis sem ætla má að sé fjölmiðlaefni. Þegar um prentað efni er að ræða er almenna reglan samkvæmt lögunum sú að höfundur greinar beri ábyrgð á efni hennar. Ritstjóri ber hins vegar ábyrgð á ónafngreindum greinum sem birtast. Þá er ritstjórinn einnig ábyrgur fyrir efni greinar sem birt er ef höfundur greinarinnar er starfsmaður miðilsins og greinin er birt með vitund ritstjórans. Ef vitnað er til nafngreinds einstaklings sem hefur samþykkt það sem eftir honum er haft er hann jafnframt ábyrgur fyrir því sem frá honum kemur. Útgefandinn ber síðan ábyrgð á efni miðilsins ef ekki er hægt að sýna fram á ábyrgð ritstjóra. Hliðstæðar reglur er að finna um ljósvakamiðla og kvikmyndir, höfundur efnis ber almennt ábyrgð á því. Í ákveðnum tilfellum er ritstjóri þó meðábyrgur, t.d. ef höfundur efnis er starfsmaður viðkomandi fjölmiðils. Þá gildir almennt að í beinum útsendingum ber hver ábyrgð á því sem hann segir. Lögin ná samkvæmt efni sínu ekki til netmiðla.

Í Noregi eru reglur um ábyrgð á efni fjölmiðla og viðurlög við brotum á víð og dreif í löggjöfinni, m.a. í stjórnarskránni, almennum hegningarlögum, skaðabótalögum o.fl., en sem að framan greinir er nú unnið að heildstæðri endurskoðun þessara reglna. Til einföldunar fyrir fjölmiðlafólk og almenning hefur reglunum verið safnað saman og er þær að finna í „Var Værsom-plakaten“, siðareglum norsku blaðamannasamtakanna. Í Noregi er meginreglan sú að ritstjóri ber ábyrgð á því efni sem birtist í tímaritum, dagblöðum eða ljósvakamiðlum.

Þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við áðurnefnda endurskoðun lagarammans í Noregi eru meðal annars að samræma reglur þannig að sambærileg ákvæði gildi fyrir ólíka miðla, jafnframt að laga framangreinda meginreglu að nýjum miðlum. Þá hefur komið til tals hvort rétt sé að koma upp því fyrirkomulagi að fjölmiðlar þurfi að skrá sig eins og tíðkast bæði í Svíþjóð og Danmörku þannig að ábyrgðarreglurnar taki aðeins til þeirra fjölmiðla sem láta skrá sig opinberlega. Loks er ætlunin að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á sérstökum reglum sem vernda einstaklinga í fjölmiðlum. Í því sambandi er einkum litið til þeirra miðla sem ekki hafa sérstaka ritstjórn og því óljóst hver ber hina endanlegu ábyrgð.

Í Svíþjóð þarf sá sem gefur út prentmiðil (dagblað eða tímarit) að gefa upp ábyrgðarmann (s. utgivare) og sækja um sérstakt leyfi (s. utgivningsbevis) áður en efnið er gefið. Er það gert hjá stjórnsýslustofnuninni Patent- och registreringsverket í Svíþjóð. Þá njóta hefð-

bundnir ljósvakamiðlar sjálfkrafa verndar tjáningarfrelsisákvæða en þurfa að fá sérstakt útvarpsleyfi (s. sändningstillstånd) og gefa upplýsingar um ábyrgðarmann til stjórnsýslustofnunarinnar *Radio- och TV-verket*. Aðrir fjölmiðlar geta einnig látið skrá sig sem fjölmiðlar hjá Radio- och TV-verket, m.a. ýmiss konar vefmiðlar. Kosturinn við að sækja um slíka skráningu er að þá telst starfsemin til fjölmiðlareksturs og fær miðillinn vernd sem slíkur. Meginreglan í sænskum lögum er sú að útgefandinn (s. utgivare) ber einn ábyrgð á því efni sem birt er. Höfundar einstakra efnisþátta prentmiðla bera því ekki slíka ábyrgð. Birtast fyrrgreindar reglur annars vegar í prentfrelsistilskipuninni (tryckfrihetsförordningen (TF)) þegar um er að ræða prentmiðla og í tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar (yttrandefrihetsgrundlagen (YGL)) þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðla og vefmiðla (vefsetur).

Samkvæmt tjáningarfrelsisákvæðum sænsku stjórnarskrárinnar mega stjórnsýslustofnanir ekki hafa eftirlit með því efni sem birt er fyrir fram eða gera fjölmiðlum erfitt fyrir varðandi birtingu. Fjölmiðlar hafa jafnframt ákveðin réttindi samkvæmt stjórnarskránni, t.d. varðandi vernd heimildarmanna, auk þess sem ábyrgðarreglan um að ábyrgðarmaðurinn (s. utgivare) sé einn ábyrgur fyrir efni miðilsins gildir aðeins um fjölmiðla. Tvenns konar vefmiðlar njóta verndar samkvæmt tjáningarfrelsisákvæðum sænsku stjórnarskrárinnar, annars vegar gagnagrunnar (vefsvæði) og hins vegar vefmiðlar (vefhljóðvarp, vefsjónvarp og dagblöð sem dreift er í gegnum tölvupóst).

Af framangreindu má sjá að ábyrgðarreglur í fjölmiðlum eru ekki samhæfðar á Norðurlöndunum. Hins vegar eiga þær það sammerkt að útgefendur og/eða ritstjórar bera meginábyrgð á því efni sem miðlað er. Slíkri tilhögun er m.a. ætlað að varna því að fjölmiðlamenn stundi of mikla sjálfsritskoðun þar sem birting á umdeildu efni yrði þeim fjárhagslega þungbær. Jafnframt er rétt að benda á að á Norðurlöndunum eru slíkar ábyrgðarreglur nátengdar reglum um sjálfstæði ritstjórna, þannig að ritstjórar og aðrir fjölmiðlamenn eigi ekki á hættu að efni sé ekki birt vilji útgefandi ekki taka fjárhagslega ábyrgð á greiðslu sekta eða fébóta ef til þess kemur. Má í þessu sambandi minnast á ný lög um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem sett voru í Noregi árið 2008 og tóku gildi í upphafi árs 2009. Í lögunum er öllum fjölmiðlum, hljóð- og myndmiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum skylt að hafa ritstjóra sem ber ábyrgð á efninu og er hann jafnframt ábyrgur fyrir því að eigendur og aðrir forsvarsmenn fjölmiðilsins hafi ekki áhrif á efnistök og innihald miðilsins. Því má segja að ábyrgðarreglur til verndar blaðamönnum og heimildarmönnum þeirra ásamt reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði haldist í hendur um að tryggja innihald og gæði þess efnis sem ætlað er að móta lýðræðislega umræðu í þessum löndum.

Hér á landi er löng hefð fyrir því að flytjandi efnis í ljósvakamiðlum og höfundur ritefnis í prentmiðlum beri á því ábyrgð að nánari skilyrðum uppfylltum svo sem síðar greinir. Ekki þykir ástæða til að hverfa frá því fyrirkomulagi en með framangreind sjónarmið að leiðarljósi er lagt til að sett verði skýr ákvæði um að fjölmiðlaþjónustuveitendur beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða á grundvelli ábyrgðarákvæðanna. Þá er svo sem áður greinir lagt til með 24. gr. frumvarpsins að fjölmiðlaþjónustuveitendum sem hafa ritstjórn eða reka fréttastofu verði skylt að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Í slíkum reglum er þá unnt að skerpa á þessum þáttum sem hluta af starfsskilyrðum starfsmanna viðkomandi fjölmiðils og starfsháttum sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna hans.

Reglum frumvarpsins um ábyrgð á efni fjölmiðla er skipað í tvö ákvæði, annars vegar ákvæði um ábyrgð á hljóð- og myndefni og hins vegar ákvæði um ábyrgð á ritefni. Þessi tvískipting helgast bæði af sögulegum ástæðum sem og þeim mun sem er á miðlunarformi í

hvoru tilviki fyrir sig. Þrátt fyrir þessa tvískiptingu er ætlunin að samræma ábyrgð á efni fjölmiðla eftir því sem kostur er. Ákvæði frumvarpsins eru á sama hátt og ákvæði 26. gr. gildandi útvarpslaga um ábyrgð á útsendingu útvarpsefnis og ákvæði 15. gr. gildandi laga um prentrétt um ábyrgð á efni blaða og tímarita sértækar reglur um ábyrgð að þessu leyti. Þær eru því frábrugðnar því sem mundi gilda samkvæmt almennum reglum um refsi- og skaðabótaábyrgð að því leyti að þær mæla fyrir um það með nákvæmum hætti hver ber ábyrgð í hverju tilviki fyrir sig í stað þess að ábyrgð geti hvílt á hverjum þeim sem þátt á í broti hverju sinni. Þær gera þannig að meginstefnu, líkt og ákvæði gildandi laga, ráð fyrir því að einungis einn skuli gerður ábyrgur hverju sinni þó svo að sameiginleg ábyrgð geti komið til í ákveðnum tilvikum auk þess sem ábyrgð á bóta- eða sektargreiðslum hvílir á fjölmiðlaþjónustuveitanda í tilvikum þegar starfsmaður hans ber ábyrgð á efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsgreinanna.

Nokkur munur er á ákvæði 26. gr. útvarpslaga annars vegar og ákvæði 15. gr. laga um prentrétt hins vegar. Hið fyrrnefnda er um margt skýrari en hið síðarnefnda þó svo að það hafi mótast nokkuð í framkvæmd auk þess sem tilhögun ábyrgðar er ekki í öllum tilvikum sambærileg.

Samkvæmt 1. málsl. a-liðar 26. gr. útvarpslaga ber sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ábyrgð á því. Þessi regla á sér hliðstæðu í 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, en samkvæmt henni hvílir ábyrgð á höfundi ritefnis í blaði eða tímariti ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess heimilisfastur hér á landi þegar viðkomandi rit kemur út eða undir íslenskri lögsögu þegar mál er höfðað. Allnokkur reynsla er komin á það hvað teljist fullnægjandi nafngreining í þessu sambandi og verður nánar vikið að henni í athugasemdum við 51. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. málsl. a-liðar 26. gr. útvarpslaga ber hver sem tekur þátt í samtali í útvarpi í eigin nafni ábyrgð á sínu framlagi í því. Þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í lögum um prentrétt og hafa höfundar blaða- og tímaritsgreina því verið taldir bera ábyrgð á ummælum viðmælenda sinna, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 328/2008, *Ásgeir Þór Davíðsson gegn Björk Eiðsdóttur og Guðrúnu Elínu Arnardóttur*. Þetta hefur valdið umtalsverðri gagnrýni og getur óhjákvæmilega leitt til þess að blaðamenn veigri sér við miðlun þess sem viðmælendur þeirra hafa fram að færa eða ritskoði það um of. Enn fremur skapar þessi staða óeðlilegt ójafnræði á milli þeirra sem starfa við hljóð- og myndmiðlun annars vegar og þeirra sem starfa við prentmiðlun hins vegar. Þannig getur komið upp sú staða að blaðamaður annars vegar og sjónvarpsfréttamaður hins vegar flytji efni frá sama blaðamannafundi. Hinn fyrrnefndi tekur það sem fram kemur upp á segulbandstæki og skrifar það svo í framhaldinu orðrétt upp og birtir í blaðagrein. Hinn síðarnefndi tekur það aftur á móti upp og sendir það út óbreytt eftir atvikum ásamt eigin útleggingu. Í fyrra tilvikinu ber blaðamaðurinn ábyrgð á öllu efni greinarinnar ef hann er nafngreindur sem höfundur hennar á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, þ.m.t. því efni sem haft er beint eftir viðmælanda hans. Í síðara tilvikinu ber viðmælandinn hins vegar ábyrgðina á því sem hann segir á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. útvarpslaga. Með ákvæðum frumvarpsins er ætlunin m.a. að samræma ábyrgð á efni þannig að þess háttar staða skapist ekki.

Samkvæmt b-lið 26. gr. útvarpslaga ber flytjandi ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið. Regla þessi er efnislega óbreytt frá eldri lögum og í athugasemdum við frumvarp til útvarpslaganna 1971 segir að ábyrgð flytjanda svari til ábyrgðar ritstjóra sem birtir ritsmíð er hann kveður annan mann hafa samið, en ekki undir nafni hans. Ástæða þykir til að skerpa þessa reglu þar sem ljóst er að í sumum tilvikum er efni flutt af starfsmönnum hljóð- og myndmiðla án þess að þeir komi að samningu eða ákvarðanatöku um flutning þess og því

nærtækara að viðkomandi efnisstjóri eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð í slíkum tilvikum. Þær breytingar sem lagðar eru til að þessu leyti eru nánar útlistaðar í athugasemdum við 50. gr. frumvarpsins.

Í c-lið 26. gr. útvarpslaga er skýrt tekið fram að auglýsandi beri ábyrgð á auglýsingu. Almennt bera auglýsingar í útvarpi eða sjónvarpi skýrlega með sér hver það er sem að henni stendur. Verði misbrestur á því er hlutaðeigandi útvarpsstöð skylt að gefa fullnægjandi upplýsingar þar um til hvers sem þess óskar. Ákvæði af þessu tagi er ekki að finna í lögum um prentrétt en ábyrgð hefur verið felld á auglýsendur á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna hafi þeir nafngreint sig með fullnægjandi hætti. Myndast hefur ákveðin dómaframkvæmd að þessu leyti svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 491/2006, *Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason gegn Gunnari Hrafni Birgissyni og Gunnar Hrafn Birgisson gegn Jónasi Kristjánssyni, Mikael Torfasyni og 365 miðlum ehf.* Í dóminum kemur fram að mörkuð hafi verið sú stefna í dómaframkvæmd að gera minni kröfur til þess að höfundur teljist hafa nafngreint sig í skilningi 2. mgr. 15. gr. prentlaga þegar auglýsingar eiga í hlut en ella gildir um annað efni með þeim hætti að þótt ekki sé vísað til nafns höfundar eða auglýsanda í auglýsingu þá nægi að til staðar sé auðkenni sem beint eða óbeint vísaði til þess fyrirtæki sem óskar eftir birtingu auglýsingar eða fyrirsvarsmanns þess til þess að skilyrði 2. mgr. 15. gr. um nafngreiningu höfundar teljist uppfyllt. Þannig gilda ákveðin sérsjónarmið hvað auglýsingar varðar. Engu síður þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu sambandi og með ákvæðum frumvarpsins er ætlunin að skerpa og samræma ábyrgð á efni auglýsinga svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum með ákvæðum 50. og 51. gr.

Samkvæmt d-lið 26. gr. útvarpslaga ber útvarpsstjóri ábyrgð á öðru efni. Sé útvarpsefni þar með ekki á ábyrgð neins þeirra sem tilgreindir eru í a–c-lið ber útvarpsstjóri á því ábyrgð. Ákvæði þetta á sér að sínu leyti hliðstæðu í ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt um ábyrgð útgefanda eða ritstjóra dagblaðs eða tímarits.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt ber sá sem hefur blað eða tímarit til sölu eða dreifingar ábyrgð á efni þess sé hvorki fyrir nafngreindum höfundi, útgefanda eða ritstjóra að fara og loks sá sem annast hefur prentun þess eða letrun. Eðli málsins samkvæmt er ekki að finna sambærilegar reglur í gildandi útvarpslögum enda öll sú starfsemi sem þau taka til leyfisskyld og því ætti í öllum tilvikum að vera unnt að ná til einhvers framar í ábyrgðarröðinni. Ekki hefur fram til þessa reynt á ábyrgð svo aftarlega í ábyrgðarröð laga um prentrétt svo vitað sé.

Í 16. gr. laga um prentrétt er að finna sérreglu um það hvernig með skuli farið þegar ritstjórar eða eftir atvikum útgefendur eru fleiri en einn en einn þerra hefur tilgreint sig sérstaklega sem ábyrgðarmann. Þegar svo háttar til skal sá sem slíkt hefur gert einn sæta ábyrgð. Sambærilega reglu er ekki að finna í útvarpslögum enda almennt einungis einn útvarpsstjóri hjá þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem undir gildissvið þeirra falla.

Í e-lið 26. gr. útvarpslaga og 17. gr. laga um prentrétt er að finna ákveðnar reglur um samábyrgð á greiðslu sekta og fébóta og er ætlunin svo sem að framan var nefnt og útlistað verður nánar í athugasemdum með 50. og 51. gr. að viðhalda slíkri tilhögun með samræmdum hætti.

Af framangreindu má ráða að nokkur munur er fyrirkomulagi ábyrgðar hljóð- og myndefnis annars vegar og ritefnis hins vegar að gildandi lögum. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að samræma þetta fyrirkomulag eftir því sem kostur er auk þess sem ætlunin er að skerpa ákvæðin með tilliti til nýrra tegunda fjölmiðla og fjölbreyttara miðlunarforms.

Ábyrgðarreglur frumvarpsins taka þannig til allra þeirra miðla sem teljast fjölmiðlar í skilningi þess.

Ábyrgðarreglur frumvarpsins eru eftir sem áður reistar á hinu svo kalla belgíska ábyrgðarkerfi, sem gerir ráð fyrir því að við eðlilegar aðstæður verði aðeins einn aðili gerður ábyrgur að lögum vegna tiltekins efnis fjölmiðils, þó svo að sameiginleg ábyrgð geti í tilteknum tilvikum komið til. Er þar jafnframt mælt fyrir um tiltekna ábyrgðarröð, þannig að ábyrgð eins aðila leysir jafnframt hina, sem aftar eru í röðinni undan ábyrgð. Tveir eða fleiri aðilar verða því einungis gerðir samábyrgir að þeir standi innan sama ábyrgðarflokks. Þeim ástæðum og rökum sem liggja að baki þessu kerfi, er svo lýst í greinargerð með frumvarpi til laga um prentrétt: „Ábyrgðakerfi þessu er ætlað *að* slá vörð um prentfrelsið með því að sporna við eftirgrennslan yfirvalda, hverjir kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, *að* ná með skjótum og virkum hætti til þess sem telst sekastur og *loks* sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns. Heimild til nafnleyndar þessara aðilja teljast með réttu eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu blaða í lýðræðisþjóðfélagi og nafnleyndarrétturinn því mikilvægur fyrir prentfrelsi í reynd …“ Tilvitnuð rök standa enn og er umræddri tilhögun því sem fyrr ætlað að vernda bæði tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga sem og rétt þeirra sem á er brotið í umfjöllun fjölmiðla og skapa eðlilegt jafnvægi þar á milli.

Um 50. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð á hljóð- og myndefni sem brýtur í bága við lög. Svarar efni greinarinnar til 26. gr. gildandi útvarpslaga og er svo sem að framan greinir á sama hátt og nefnd 26. gr. reist á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um að þeir einstaklingar sem tjá sig í eigin nafni, flytja og/eða miðla efni sem þeir sjálfir hafa samið og/eða flytja efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun beri á því ábyrgð sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Í gildandi lögum er sérstaklega áréttað að sambærileg ábyrgðarregla taki einnig til samtala sem fram fari í útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) þannig að viðkomandi þátttakandi beri ábyrgð á sínu framlagi í slíkri samræðu. Með breyttu orðalagi a-liðar 1. mgr. er talið vafalaust að slík ábyrgð sé fyrir hendi. Í gildandi lögum er í b-lið 26. gr. kveðið á um að flytjandi beri ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið. Ekki er útilokað að þessi grundvöllur ábyrgðar leiði til ankannalegrar niðurstöðu. Það leiðir af eðli máls að flytjandi hlýtur sjálfur að þurfa að taka ákvörðun um að flytja tiltekið efni til að teljast ábyrgur fyrir efninu. Vera kann að flytjanda efnis sé gert skylt, t.d. sem starfsmanni fjölmiðlaþjónustuveitanda, að flytja tiltekið efni og þykir þá ekki rétt að hann beri á því ábyrgð. Vissulega munu koma upp takmarkatilvik við túlkun þessa og er útilokað að sjá þar allt fyrir. Verður slíkt því að mótast nánar í réttarframkvæmd. Þá er ábyrgð bundin við þau tilvik þegar viðkomandi einstaklingur er heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Þegar svo háttar til að viðkomandi einstaklingur lýtur ekki íslenskri lögsögu bera því viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á því efni sem um er að ræða á grundvelli c-liðar 1. mgr. Segja má að með breyttri framsetningu í a-lið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar sé þess freistað að sameina a- og b-lið 26. gr. gildandi laga, en skýra jafnframt reglurnar og skerpa.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að kaupendur hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða, beri ábyrgð á efni þeirra, sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Að sínu

leyti svarar ákvæðið til c-liðar 26. gr. gildandi útvarpslaga, þó að því gættu að reglunni er nú ætlað mun rýmra gildissvið, enda falla allar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni undir ákvæði frumvarpsins en ekki aðeins hefðbundnar auglýsingar, svo sem samkvæmt gildandi lögum. Þá er reglan skerpt þar sem viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi ætti í öllum tilvikum að geta upplýst hver kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er hverju sinni en vafi kann að leika á því í einhverjum tilvikum hver auglýsandi er samkvæmt gildandi lögum. Þá ætti reglan að fela í sér hvatningu til fjölmiðlaþjónustuveitenda um að halda slíkum upplýsingum til haga því ella ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á efni hljóð- eða myndasendingar á grundvelli c-liðar. Hið sama gildir um hljóð- og myndsendingar ef kaupandi er ekki heimilisfastur hér á landi eða lýtur ekki íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Fjölmiðlaþjónustuveitendur þurfa því ávallt að gæta að því þegar þeir taka við auglýsingum frá slíkum aðilum að þær séu í samræmi við lög, ella ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður viðurlaga- og fébótaábyrgð á efni þeirra.

Í c-lið 1. mgr. er svo sem áður hefur komið fram lagt til að viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð á öðru efni, þ.e. því efni sem ekki fellur skýrlega undir a- og b-lið 1. mgr. Segja má að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda komi í stað útvarpsstjóra samkvæmt gildandi lögum og er einungis um breytta hugtakanotkun að þessu leyti að ræða ekki efnisbreytingu. Þá þykir eðlilegt að viðkomandi efnisstjóri geti einnig orðið ábyrgur enda ljóst að ákvarðanir um efnisval hvíla á honum og er um efnisbreytinga að ræða að því leyti. Hér er því lagt til að efnisstjóri og ábyrgðarmaður geti verið samábyrgir að þessu leyti en þeir falla samkvæmt ákvæðinu innan sama ábyrgðarflokks. Með viðkomandi efnisstjóra er eðli málsins samkvæmt átt við þann efnisstjóra sem ábyrgð bar á vali þessi efnis sem um er að ræða hverju sinni, en hjá hverjum og einum fjölmiðlaþjónustuveitanda starfa gjarnan margir efnisstjórar hver á sínu sviði. Í sumum tilvikum er engum efnisstjóra til að dreifa og er ábyrgðarmaður þá einn ábyrgur. Ábyrgðarmaður skal í öllum tilvikum hafa heimilisfesti hér á landi, vera lögráða og fjár síns ráðandi, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því á ávallt að vera tryggt að fyrirfinnist einstaklingur sem ber ábyrgð á efni hverju sinni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kunni að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Regla þessi sem nú er í e-lið 26. gr. gildandi útvarpslaga var nýmæli við lögtöku þeirra árið 2000. Þau rök sem bjuggu að baki lögtöku hennar þá voru fyrst og fremst að tryggja réttaröryggi þeirra sem brotið er gegn. Reglan hefur þó ótvírætt víðtækara gildi en svo, eins og rakið er hér að framan. Þannig varnar hún því að fjölmiðlamenn stundi óheppilega sjálfsritskoðun með það í huga að birting á umdeildu efni kunni að reynast þeim fjárhagslega þungbær og eflir þannig tjáningarfrelsi og stuðlar að lýðræðislegri umræðu. Þá geta fjölmiðlaþjónustuveitendur eflt gildi hennar að þessu leyti enn frekar með því að kveða á um það í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði, sbr. 24. gr. frumvarpsins, að starfsmenn þeirra verði ekki endurkrafðir að þessu leyti. Ekki þykir hins vegar nauðsynlegt að viðhalda reglu e-liðar 26. gr. gildandi laga um að innheimta megi fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi enda leiðir slíkt af almennum reglum.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um þá skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun hljóð- eða myndefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu. Sambærileg regla er í 1. mgr. 27. gr. gildandi útvarpslaga en samræmisins vegna þykir fara betur á því að henni sé komið fyrir með þessum hætti. Á grundvelli þessa ákvæðis

ber fjölmiðlaþjónustuveitendum t.d. að veita upplýsingar um það hver kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er hverju sinni sem og hver viðkomandi efnisstjóri er í þeim tilvikum þegar það á við.

Um 51. gr.

Í greininni er kveðið á um ábyrgð á ritefni, hvort sem því er miðlað á prenti eða með rafrænum hætti. Svarar efni greinarinnar til 15. gr. gildandi laga um prentrétt en það er sem að framan greinir meginákvæði laganna um ábyrgð á efni blaða og tímarita. Frumvarpsgreinin er á sama hátt og ákvæði gildandi laga reist á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi þó lagt sé til nokkuð breytt ábyrgðarfyrirkomulag.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um að einstaklingar beri ábyrgð á efni sem þeir rita í eigin nafni eða merkja með augljósum hætti sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Skv. 2. mgr. 15. gr. gildandi laga um prentrétt ber höfundur refsi- og fébótaábyrgð á efni rits ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað. Talsvert hefur reynt á það í framkvæmd hvað teljist fullnægjandi nafngreining að þessu leyti og hefur Hæstiréttur Íslands markað afgerandi stefnu. Þannig hefur rétturinn gert mjög ríkar kröfur til nafngreiningar svo að hún fullnægi skilyrði laganna og gildir þá einu þótt höfundurinn vilji í reynd gangast við ábyrgð sinni frammi fyrir dómi. Eins og fram hefur komið í mörgum dómum Hæstaréttar hefur verið byggt á því að fullt nafn höfundarins komi fram með greininni. Það táknar m.a. að eftirnafn verður að koma fram ásamt skírnarnafni. Þannig hefur Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að skammstöfun dugi ekki í þessu sambandi, jafnvel þó öllum sé ljóst um hvern er að ræða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 110/1975, 44/1976 og 299/1994. Hið sama gildir um gælunöfn, en hins vegar virðist vera á reiki hvort alþekkt höfundarnöfn eða listamannsnöfn teljist fullnægjandi nafngreining, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 163/1977 og 49/1977. Aðstæður stefndu í báðum þessum málum voru sambærilegar að því leyti, að báðir höfðu þeir notað skírnarnöfn sín ein sem listamannsnöfn. Alls ekki fór á milli mála að báðir voru þeir vel kunnir undir sínum höfundarnöfnum, annar sem teiknari skopmynda í stærsta dagblaði þjóðarinnar en hinn sem rithöfundur. Engu síður taldist nafngreiningin fullnægjandi í öðru tilvikinu en ekki í hinu, en dómarnir gengu með mánaðar millibili.

Með a-lið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ætlunin að uppræta þær ströngu kröfur sem gerðar hafa verið til nafngreiningar og eyða óvissu að þessu leyti. Þannig telst það fullnægjandi ef efni er merkt einhverjum með augljósum hætti, svo sem með mynd, höfundarnafni, skammstöfun, netfangi eða öðrum sambærilegum hætti, þó svo að viðkomandi sé ekki nafngreindur með bæði skírnar- og eftirnafni. Útgangspunkturinn er sá að ljóst megi vera eftir almennum mælikvarða um hvern er að ræða. Eftir sem áður telst almenn og víðtæk auðkenning á borð við „húsmóðir í Vesturbænum“, „góður Austfirðingur“, „maður af Skaganum“ eða annað því um líkt þó ekki fullnægjandi í þessu tilliti nema hugsanlega að ljóst megi vera um hvern er að ræða.

Í a-lið 1. mgr. kemur jafnframt fram að sé ritefni haft beint eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé hann annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Að forsendum þess að lagt er til að regla þessi verði í lög leidd er vikið hér að framan og vísast til þess. Sönnunarbyrðina fyrir því að viðkomandi hafi samþykkt miðlun þeirra ummæla sem um er að ræða ber sá sem því heldur fram, væntanlega jafnan sá sem ábyrgð mundi

ella falla á. Ætla má að fjölmiðlafólk geti tryggt sér sönnun að þessu leyti með einföldum hætti, svo sem með því að afla staðfestingar í tölvupósti eða með öðrum sambærilegum hætti.

Hvað ábyrgð á efni fyrirsagna varðar er rétt að taka fram að ekki er lagt til að kveðið verði á um það með sérstökum hætti og mun því sama gilda að því leyti og nú tíðkast í framkvæmd. Þannig ber sá sem grein er merkt ábyrgð á efni þeirra fyrirsagna sem henni fylgja beinlínis nema annað sé tekið fram. Öðru máli kann hins vegar að gegna um þær fyrirsagnir sem birtar eru á öðrum stöðum í viðkomandi fjölmiðli en vísa til efnis greinarinnar og ræðst það af atvikum hverju sinni. Á grundvelli 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar ber fjölmiðlaþjónustuveitanda svo ávallt að upplýsa þann sem telur á sér brotið um það hver ber ábyrgð á fyrirsögnum hverju sinni.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að kaupandi viðskiptaorðsendingar, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, beri ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Svo sem áður greinir hefur um auglýsingar verið vísað til 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt fram til þessa og því gerð krafa um nafngreiningu auglýsanda til þess að á hann verði felld ábyrgð á efni hennar þó svo að kröfur til nafngreiningar séu um sumt vægari en þær sem að framan er lýst um höfunda. Þykir því rétt að taka ótvírætt af skarið að þessu leyti og fella ábyrgð á efni viðskiptaorðsendingar í ritefni á kaupanda hennar. Eftir sem áður er þó ábyrgð bundin við að kaupandi sé heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Ef svo er ekki fellur ábyrgð á viðkomandi efnisstjóra og/eða ábyrgðarmann fjölmiðlaþjónustuveitanda á grundvelli c-liðar 1. mgr.

Að því er áskilnað um heimilisfesti eða íslenska lögsögu á öðrum grundvelli skv. a- og b-lið 1. mgr. varðar vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við 50. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Í c-lið 1. mgr. er svo sem áður hefur komið fram lagt til að viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð á öðru efni, þ.e. því efni sem ekki fellur skýrlega undir a- og b-lið 1. mgr. Segja má að efnisstjóri komi í stað ritstjóra skv. 3. mgr. 15. gr. gildandi laga og ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda í stað útgefanda og er því einungis um breytta hugtakanotkun að þessu leyti að ræða. Hér er hins vegar lagt til að efnisstjóri og ábyrgðarmaður geti verið samábyrgir að þessu leyti en það er breyting frá því sem nú gildir þar sem ábyrgð ritstjóra tæmir ábyrgð útgefanda og öfugt. Með viðkomandi efnisstjóra er eðli málsins samkvæmt átt við þann efnisstjóra sem ábyrgð bar á vali þess efnis sem um er að ræða hverju sinni, en hjá hverjum og einum fjölmiðlaþjónustuveitanda starfa gjarnan margir efnisstjórar hver á sínu sviði. Í sumum tilvikum er engum efnisstjóra til að dreifa og er ábyrgðarmaður þá einn ábyrgur. Ábyrgðarmaður skal í öllum tilvikum hafa heimilisfesti hér á landi, vera lögráða og fjár síns ráðandi, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því á ávallt að vera tryggt að fyrirfinnist einstaklingur sem ber ábyrgð á efni hverju sinni.

Í 3. mgr. 15. gr. gildandi laga um prentrétt ber sá sem hefur rit til sölu eða dreifingar, og loks sá sem annast hefur prentun þess eða letrun, ábyrgð á efni þess sé hvorki fyrir að fara nafngreindum höfundi, útgefanda eða ritstjóra. Ákvæði þetta er að sínu leyti barn síns tíma og á það hefur ekki reynt í framkvæmd svo vitað sé. Ekki þykir sérstök ástæða til að viðhalda því enda fær vart staðist að um fjölmiðil í skilningi frumvarpsins sé engum framar í röðinni fyrir að fara, sbr. t.d. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því óeðlilegt að hinar sérstöku ábyrgðarreglur taki til slíks ritefnis. Um það gilda því almennar reglur og getur

ábyrgð í slíkum tilvikum þannig náð til allra sem á einhvern hátt hafa tekið þátt í miðlun slíks ritefnis með saknæmum hætti.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kunni að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Regla þessi á sér nokkra samsvörun í 17. gr. gildandi laga um prentrétt en er þó víðtækari en þar er kveðið á um. Um þau rök sem að baki reglunni búa er fjallað í athugasemdum við 2. mgr. 50. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem þar kemur fram hér að breyttu breytanda.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um þá skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu. Á grundvelli þessa ákvæðis ber fjölmiðlaþjónustuveitendum t.d. að veita upplýsingar um það hver kaupandi viðskiptaorðsendingar er hverju sinni sem og hver viðkomandi efnisstjóri er í þeim tilvikum sem það á við.

Um 52. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar er tvíþætt en þó af sama meiði. Annars vegar er í 1. mgr. skipað heimild Fjölmiðlastofu til að banna með ákvörðun miðlun efnis sem er andstætt lögum, og þá jafnt fjölmiðlalögum sem og öðrum lögum sem við geta átt. Til slíks banns kæmi þó ekki nema að undangenginni lögmæltri málsmeðferð, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Heimild í þessa veru er nú í 3. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga. Skv. 53. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Fjölmiðlastofa geti lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun stofnunarinnar um slíkt bann, en brot á þessu banni getur jafnframt varðað stjórnvaldssekt skv. 54. gr. og/eða refsingu skv. 56. gr. eða eftir atvikum öðrum lögum.

Í 2. mgr. er Fjölmiðlastofu hins vegar heimilað að ganga skrefinu lengra og afturkalla útgefið leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna alvarlegra og ítrekaðra brota á ákvæðum frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði um útvarpsleyfi er nú í 31. gr. gildandi útvarpslaga.

Um 53. gr.

Í greininni er lagt til það nýmæli að Fjölmiðlastofa og eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt á dagsektir til þess að knýja á um fylgni við ákvæði laganna eða ákvarðanir stofnananna í einstökum málum. Sambærilegt úrræði er og hefur um árabil verið til staðar á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar og gefist vel í framkvæmd. Segja má að með þessu úrræði sé eðlileg eftirfylgni tryggð en meðalhófs þó gætt í því sambandi.

Lagt er til að dagsektir geti numið allt að 200.000 kr. á dag. Ákvörðun þar að lútandi byggist á mati Fjölmiðlastofu í hverju tilviki fyrir sig og tekur eðli málsins samkvæmt mið af eðli og umfangi þess brots sem um er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. varða þau brot sem ætlunin er að beita dagsektum vegna einkum vanrækslu á upplýsingagjöf af ýmsum toga samkvæmt viðeigandi ákvæðum frumvarpsins og vanrækslu á að verða við tilgreindum ákvörðunum Fjölmiðlastofu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um afmarkaðar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að leggja á dagsektir vegna athafnaleysis og/eða brota á fyrirmælum VII. kafla um flutningsreglur.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að ákvörðun um dagsektir skuli tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Eðli máls samkvæmt ber að fylgja málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við ákvörðun um beitingu dagsekta. Þá má leiða það sjónarmið af dómaframkvæmd og meðal-

hófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga að áður en íþyngjandi þvingunarúrræði svo sem dagsektum er beitt beri fyrst að leita vægari úrræða til að ná því markmiði sem að er stefnt. Ber því almennt að áminna aðila og veita honum hæfilegan frest til að koma málum í lögmætt horf áður en ákvörðun um dagsektir er tekin, nema ljóst sé að slíkt muni ekki skila tilætluðum árangri.

Grein þessi þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 54. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um stjórnvaldssektir sem Fjölmiðlastofu og í ákveðnum tilvikum Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að leggja á vegna nánar tiltekinna brota á ákvæðum frumvarpsins. Heimild þessi nær þó aðeins til lögaðila, en um ábyrgð einstaklinga fer skv. 56. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er í 30. gr. gildandi útvarpslaga en slíku úrræði er ekki fyrir að fara í gildandi lögum um prentrétt. Um rökin fyrir beitingu stjórnvaldssekta í stað hefðbundinna refsinga má árétta það sem fram kom í athugasemdum við frumvarp til gildandi útvarpslaga þegar stjórnvaldssektir við brotum af þessum vettvangi voru fyrst í lög leidd. Þessi brot þykja almennt séð vera þess eðlis að ekki sé ástæða til að þau sæti meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Þá þykir úrræði af þessum toga skjótvirkara og líklegra til skilvirkrar beitingar verði frumvarpið að lögum.

Í 56. gr. frumvarpsins er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Þar eru talin upp mörg sömu brot og samkvæmt þessu ákvæði verður brugðist við með stjórnvaldssektum. Með ákvæði 57. gr. er brugðist við þessu og samræmis gætt á þann hátt að Fjölmiðlastofu er falið að meta hvort meint brot á lögunum skuli kært til lögreglu. Meiri háttar brot er skylt að kæra, en almennt verður á hinn bóginn að gera ráð fyrir að minni háttar brot séu ekki kærð, enda má færa fyrir því rök að stjórnvaldssektir séu í flestum tilvikum líklegri til að ná fram markmiðum laganna en hefðbundin refsing.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er í a–r-lið gerð grein fyrir þeim brotum á lögunum sem varðað geta stjórnvaldssektum. Vísast til greinarinnar sjálfrar um nánari tilgreiningu þar að lútandi.

Í 2. mgr. er vikið að þeirri stöðu þegar brot gegn þeim ákvæðum sem tilgreind eru í 1. mgr. varða refsingu samkvæmt öðrum lögum og lagt til að í slíkum tilvikum skuli Fjölmiðlastofa ekki leggja stjórnvaldssekt á hinn brotlega aðila. Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir að brot sæti tvöföldum viðurlögum. Með þessu er áréttuð sú tilhögun sem mælt er fyrir um í lokamálslið 1. mgr. 7. gr., þ.e. að viðskiptaorðsendingar á tilteknum sérsviðum séu háðar eftirliti Fjölmiðlastofu. Um þessa tilhögun vísast jafnframt til 4. mgr. 37. gr. og athugasemda við þá grein.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjölmiðlastofa leggi stjórnvaldssektir á bæði seljanda og kaupanda ef þeir vanrækja að tilkynna um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sbr. 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Þannig er um að ræða sérstakt viðurlagaákvæði til að fylgja eftir ákvæðum frumvarpsins um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlaþjónustuveitendum. Er með þessu undirstrikað mikilvægi þess að slík eigendaskipti séu tilkynnt í samræmi við ákvæði frumvarpsins til þess að Fjölmiðlastofa geti rækt það hlutverk sitt að halda almenningi upplýstum um eignarhald á fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Samkvæmt 4. mgr. leggur Póst- og fjarskiptastofnun stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. og/eða 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt. Er þetta fyrirkomulag til samræmis við þá tilhögun frumvarpsins að sú stofnun fari með stjórnsýslulega eftirfylgni flutningsreglna skv. VII. kafla þess.

Í 5. mgr. er lagt til að sektir geti numið allt að 10 millj. kr. Nauðsynlegt er að setja í lögin þak á fjárhæð þeirra sekta sem viðkomandi stjórnvaldi er heimilt að leggja á en því á hinn bóginn ætlað umtalsvert svigrúm til sektarákvarðana innan þeirra marka. Þá kemur fram að við ákvörðun sektar skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaþjónustuveitanda af broti þegar það á við.

Í 6. mgr. er loks lagt til að heimilt verði að falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða ef af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Einkum er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt þegar um afar smávægileg brot er að ræða eða af öðrum sambærilegum ástæðum er ekki talin ástæða til að beita stjórnvaldssekt.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað með heildstæðum hætti um fullnustu ákvarðana Fjölmiðlastofu, málskot til dómstóla, tímafresti o.fl.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir Fjölmiðlastofu séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæti ekki stjórnsýslukæru. Ekki er um breytingu að ræða frá núverandi skipan að því er hljóð- og myndmiðla varðar en úrskurðir útvarpsréttarnefndar sæta ekki kæru innan stjórnsýslunnar. Sambærilegri tilhögun er nú ekki fyrir að fara á vettvangi annarra fjölmiðla. Með þessu er jafnframt lögð áhersla á sjálfstæði stofnunarinnar en svo sem ítarlega er rakið hér að framan er það lykilatriði að stofnunin sé sjálfstæð og óháð pólitískum afskiptum í störfum sínum. Eftir sem áður geta þeir aðilar sem það kjósa þó höfðað mál til ógildingar á einstökum ákvörðunum stofnunarinnar fyrir dómstólum. Lagt er til að sá réttur sæti ekki öðrum takmörkunum en þeim að mál sé höfðað innan sex mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðunarfrestir af þessum toga eru ekki einhlítir að lögum og í sumum tilvikum er gert ráð fyrir að þeir nemi aðeins þremur mánuðum. Almenna reglan er þó sú að ekki er í lögum kveðið sérstaklega á um slíka fresti.

Þegar horft er til eðlis þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um og þeirra ákvarðana sem Fjölmiðlastofu er ætlað að taka hennar vegna þykja ákveðin rök standa til þess að málsmeðferð verði hraðað svo sem kostur er og endanlegar ákvarðanir liggi fyrir sem fyrst. Er því gerð tillaga um sérstakan málshöfðunarfrest. Þeir hagsmunir sem hér á reynir eru þó ekki það ríkir að rétt þyki að leggja til skemmri málshöfðunarfrest en sex mánuði, og er þá miðað við birtingu ákvörðunar, enda verður talið að með því sé gætt fyllsta réttaröryggis, sem og þeirra hagsmuna er felast í því að endanleg ákvörðun í máli fáist fyrr en síðar. Þá er þess að gæta að ekki er gert ráð fyrir því að málshöfðun fresti réttaráhrifum ákvarðana Fjölmiðlastofu nema í þeim tilvikum sem um getur í 6. mgr. greinarinnar. Er sú tilhögun í samræmi við almennar reglur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir Fjölmiðlastofu um stjórnvalds- og dagsektir séu aðfararhæfar en sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 30. gr. gildandi útvarpslaga um aðfararhæfi stjórnvaldssekta. Innheimtar stjórnvalds- og dagsektir skulu svo renna til ríkissjóðs að teknu tilliti til kostnaðar við innheimtuna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektir samkvæmt lögunum beri dráttarvexti og í 4. mgr. að þeim verði beitt óháð því hvort brot séu framin af ásetningi eða gáleysi.

Í 5. mgr. kemur fram að óinnheimtar dagsektir falli ekki sjálfkrafa niður þrátt fyrir að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíla. Hins vegar er gert ráð fyrir því að Fjölmiðlastofa geti fellt slíkar dagsektir niður með sérstakri ákvörðun þar að lútandi.

Í 6. mgr. er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að innheimta dagsektir í þeim tilvikum þegar mál er höfðað til ógildingar á slíkri ákvörðun. Nánari skilyrði eru útfærð í málsgreininni en þess er m.a. krafist að óskað sé flýtimeðferðar til reksturs slíks máls.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru talin upp í a–t-lið þau brot á ákvæðum frumvarpsins sem varðað geta refsingu í hefðbundnum skilningi. Skv. 28. gr. gildandi útvarpslaga er meginreglan sú að brot gegn lögunum varði aðeins fésektum en alvarleg og ítrekuð brot geti varðað fangelsi. Samkvæmt gildandi lögum um prentrétt varða brot á einstökum ákvæðum þeirra ýmist eingöngu sektum eða sektum og fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Tilhögun 1. mgr. þessarar greinar er á þá leið að umrædd brot skuli sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar, en umrædd brot eru þess eðlis að fullnægjandi þykir að þau varði fangelsi allt að sex mánuðum þegar svo háttar til. Um sektarákvarðanir samkvæmt ákvæðinu gildir refsirammi almennra hegningarlaga hverju sinni. Um einstök brot vísast til frumvarpsgreinarinnar. Í 2. mgr. greinarinnar er svo sérstaklega áréttað að sé brot framið í starfsemi lögaðila megi gera honum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Um 57. gr.

Með greininni er lagt til ákveðið verklag þegar brot getur varðað jafnt stjórnvaldssekt og refsingu. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjölmiðlastofu en Póst- og fjarskiptastofnunar þegar um brot á VII. kafla frumvarpsins er að ræða. Fyrirmynd að þessu verklagi er að finna í nýlegum breytingum á samkeppnislögum og er í samræmi við það markmið að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru lögbundin sem viðurlög við broti þannig að ekki komi til þess að mál sama aðila verði rannsakað á sama tíma hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot sem bæði geta varðað refsiábyrgð fyrir einstakling og lögaðila. Í þeim tilvikum er lagt til að stofnanirnar meti með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort máli verður vísað til lögreglu að hluta eða í heild. Þannig er gert ráð fyrir því að unnt verði að kæra til lögreglu ýmist þann hluta málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings eða lögaðila eða eftir atvikum málið í heild. Rétt þykir að það komi í hlut viðkomandi stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli í heild eða að hluta með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu sem mun rannsaka þau mál og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í 3. mgr. er kveðið á um að um ákvörðun Fjölmiðlastofu eða eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnunar um að kæra mál til lögreglu gildi ekki ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. greinarinnar er loks mælt fyrir um að ákæranda sé heimilt að senda eða endursenda Fjölmiðlastofu eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, mál sem varða brot gegn reglum frumvarpsins til meðferðar og ákvörðunar. Mögulegt er að lögregla og ákærandi fái upplýsingar um meint brot við rannsókn annarra mála. Er því nauðsynlegt að kveða á um heimild til handa ákæranda til þess að senda slík mál til viðkomandi stjórnvalds. Enn fremur er gert ráð fyrir því að ákærandi geti endursent mál sem viðkomandi stofnun hefur kært til lögreglu telji hann ekki tilefni til málshöfðunar.

Um 58. gr.

Greinin er nýmæli en með henni er lagt til að lögfestur verði þagnarréttur til handa þeim sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot. Ákvæðið er í samræmi við almenn sjónarmið að þessu leyti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 59. gr.

Ákvæði greinarinnar á sér efnislega samsvörun í 1. mgr. 22. gr. laga um prentrétt en er nýmæli í löggjöf um hljóð- og myndmiðla. Almennt ákvæði af sama meiði er þó að finna í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að því er meiðyrðamál varðar en þar kemur fram að dæma megi þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun til þess að greiða þeim sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleiri.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sé fjölmiðlaþjónustuveitanda eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsins dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar megi ákveða í dómi, að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Í 2. mgr. er svo að finna fyrirmæli um það hvernig staðið skuli að birtingu eða umfjöllun að þessu leyti. Lagt er til að þegar um ritmiðil er að ræða skuli birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað, að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skuli grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

Rétt er að taka fram að sambærileg fyrirmæli og fram koma í 2. mgr. 22. gr. gildandi laga um prentrétt er ekki að finna í frumvarpsgreininni. Ekki verður séð að þörf sé á að mæla fyrir um að birting skuli fara fram svo skjótt sem gert er í 2. mgr. nefndrar 22. gr. þar sem kveðið er á um dagsektir að þessu leyti í frumvarpsgreininni. Enn fremur verður að telja óeðlilegt að leggja slíka skyldu á áður en aðfararfrestur er liðinn. Þá verða slík tímamörk ekki talin hafa úrslitaþýðingu þar sem ljóst er að allnokkur tími mun vera liðinn frá því að ummæli féllu. Enn fremur er ekki lagt til að mælt verði fyrir um það sérstaklega svo sem gert er í 3. mgr. 22. gr. gildandi laga um prentrétt að viðkomandi dómshluti skuli birtur án endurgjalds enda ljóst að þess verður ekki krafist fyrir birtingu eða umfjöllun samkvæmt dómi þegar dómsorð gerir ekki ráð fyrir slíku.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði af tvennum toga. Í 60. og 61. gr. eru settar skorður við óheimilli hagnýtingu fjölmiðlaefnis og aðgangi að hljóð- og myndefni. Í 62. gr. er um að ræða almenna heimild til setningar reglugerðar. Sambærileg ákvæði eru nú í XI. kafla gildandi útvarpslaga en hafa samkvæmt frumvarpinu eðli málsins samkvæmt víðtækari skírskotun.

Um 60. gr.

Í greininni er fjallað um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis. Ákvæðið á að sínu leyti efnislega samstöðu með ákvæði 32. gr. gildandi útvarpslaga en frumvarpsgreininni er hins vegar ætlað að ná jafnt til alls fjölmiðlaefnis. Fyrrnefnt ákvæði gildandi útvarpslaga kom inn í löggjöf á þessum vettvangi við gildistöku útvarpslaga, nr. 19/1971, en í athugasemdum við frumvarp sem varð að þeim lögum er tiltekið að það hafi áður verið að finna í reglugerð um

útvarpsrekstur ríkisins. Það var efnislega óbreytt í útvarpslögum, nr. 68/1985, sem og í 32. gr. gildandi laga. Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 68/1985 segir að ákvæðið tengist ýmsum ákvæðum V. kafla höfundalaga, nr. 73/1972, einkum 48. gr. Í 48. gr. laganna er kveðið á um réttindi útvarpsstofnana. Þar er kveðið á um að án samþykkis útvarpsstofnunar sé óheimilt endurvarp á útvarpi og dreifing þess um þráð, upptaka endurflutnings á útvarpi, birting á sjónvarpi í atvinnuskyni eða ávinnings og eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps og það að birta slíka upptöku. Ljóst er því að um nokkra skörun við umrætt ákvæði höfundalaga er að ræða. Með breyttu gildissviði ákvæðisins er að sama skapi ljóst að það skarast við önnur ákvæði höfundalaga en fjölmiðlaefni nýtur í mörgum tilvikum höfundarréttarverndar. Engu síður þykir rétt að hafa ákvæði af þessum toga af löggjöf á þessum vettvangi enda ljóst að gildissvið þess á því sviði er rýmra en höfundalaga. Þannig tekur ákvæðið t.d. til óheimillar hagnýtingar hljóð- og myndefnis eftir pöntun sem tilvitnuð ákvæði höfundalaga gera að óbreyttu ekki auk þess sem það tekur til óheimillar hagnýtingar fjölmiðlaefnis sem ekki telst afrakstur andlegrar sköpunar og nýtur því ekki höfundarréttarverndar. Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess. Þá er á grundvelli 58. gr. unnt að gera upptæka hluti og búnað sem notaðir hafa verið við brot á ákvæðinu sem og ávinning sem aflað hefur verið með slíku broti.

Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um óheimilan aðgang að hljóð- og myndefni. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 33. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins að því er hljóð- og myndmiðlun varðar. Ákvæði þetta var tekið upp í útvarpslög, nr. 68/1985, með lögum nr. 98/1995 sem breyttu þeim lögum og var ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fólginn skilyrtan aðgang. Ákvæðið skarast við ákvæði 50. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, um tæknilegar ráðstafanir en hefur sjálfstætt gildi gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem höfundalögum er ætlað að vernda. Þykir því rétt að viðhalda því í löggjöf á þessum vettvangi. Rétt er að taka fram að brot gegn ákvæðinu varða stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 62. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri heimild mennta- og menningarmálaráðherra til að setja reglugerð.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. er um almenna heimild að ræða en jafnframt áréttaðir nokkrir mikilvægir þættir laganna sem til álita kemur að útfæra nánar í formi reglugerðar. Þar er þó fráleitt um tæmandi talningu að ræða og því verður ekki gagnályktað frá ákvæði 1. mgr. Þykir fara betur á því að safna öllum þeim atriðum sem lúta að nánari reglusetningu saman á einn stað fremur en að tilmæli í þá veru finnist á víð og dreif í lögunum eins og oft þekkist raunar.

Í 1. mgr. ákvæðisins er þannig mælt fyrir um heimild mennta- og menningarmálaráðherra til þess að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Er þetta síðan útfært frekar í sjö stafliðum með nánari skírskotun til einstakra atriða og efnisþátta í III.– IX. kafla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að áður en til setningar reglugerðar komi skuli ævinlega leitað tillagna Fjölmiðlastofu, án þess þó að stjórnvaldinu sé ætlað úrslitavald í þeim efnum. Í

tilviki flutningsreglna skv. e-lið 1. mgr. skal þó jafnframt leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar sem ætlað er veigamikið hlutverk við framkvæmd þeirra reglna. Með framangreindri tilhögun er stefnt að því að skapa samræmi við reglugerðarsetningu, nýta þá sérfræðiþekkingu sem fyrir hendi verður hjá Fjölmiðlastofu og eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun og skapa sem faglegast umhverfi stjórnsýslu fjölmiðlamála, óháð pólitísku boðvaldi. Til einföldunar og skýrleika er æskilegt að aðeins verði um eina reglugerð að ræða þó svo að önnur tilhögun sé auðvitað ekki útilokuð.

Loks skal tekið fram að við útfærslu reglna á grundvelli g-liðar skal eftir því sem kostur er leitað álits ríkissaksóknara og eftir atvikum lögreglu.

Um 63. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um gildistöku laganna sem og samhliða brottfall gildandi útvarpslaga. Er þar áformað að frumvarpið öðlist lagagildi 1. maí 2010 sem mun hafa það í för með sér að stjórnsýsla fjölmiðlamála breytist og jafnframt ýmislegt í starfsumhverfi fjölmiðlaþjónustuveitenda. Við þessu er að nokkru brugðist með bráðabirgðaákvæðum, en auk þess þykir rétt að ætla stjórnvöldum og fyrirtækjum í greininni nokkurt svigrúm til að kynna sér og aðlagast nýju lagaumhverfi. Rétt er að geta þess að lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar á samkvæmt efni hennar að vera lokið 19. desember 2009. Fyrirsjáanlegt er að það mun ekki nást.

Samhliða gildistöku laganna falla úr gildi útvarpslög, nr. 53/2000.

Um 64. gr.

Um 1. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á lögum um prentrétt, nr. 57/1956. Frumvarp þetta tekur eðli málsins samkvæmt einungis til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla samkvæmt ákvæðum þess. Ekki þykir því rétt að fella lög um prentrétt í heild sinni brott enda kynni við það að skapast eyða í löggjöfina. Er því lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 1. gr. laganna þar sem tekið er fram að lögin taki ekki til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla og jafnframt að þau ákvæði sem nú eru efnislega hluti af frumvarpinu falli brott.

Um 2. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972, sem eru tilkomnar vegna nýmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Nýmælin í tilskipuninni lúta að því að útvarpsrekendur skuli hafa aðgang að viðburðum sem sendir eru út í lokaðri dagskrá og vekja mikinn áhuga meðal almennings en mælt er fyrir um að útvarpsrekendum skuli vera heimilt að senda út stuttar fréttir af viðburðunum. Til að gera þetta kleift er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á ákvæðum höfundalaga er snerta annars vegar réttindi höfunda verndaðra verka og hins vegar á ákvæðum um réttindi útvarpsstöðva er eiga rétt til útsendingarmerkisins. Mælir frumvarpið fyrir um nauðsynlegar breytingar á ákvæðum höfundalaga í þessu skyni, annars vegar ákvæði 15. gr. laganna er fjallar um undanþágur frá rétti höfundar við nýtingu verndaðra verka við frásögn af dægurviðburðum og hins vegar ákvæði 48. gr. um réttindi útvarpsstöðva.

Tekið er fram í 40. formálsgrein tilskipunarinnar að kröfur hennar séu með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu og viðeigandi alþjóðlegra samninga á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda.

Rétt er að taka fram að afráðið var að gera ekki heildstæðar hugtakabreytingar í höfundalögum nú til samræmis við ákvæði frumvarpsins að öðru leyti þar sem heildarendurskoðun þeirra er fyrirhuguð á næstunni. Hugtökin útvarpsstöð og útvarpsrekandi eru því notuð í frumvarpstextanum til þess að ekki skapist misræmi í lögunum að því leyti. Eðli málsins samkvæmt ber þó að skýra þau hugtök með hliðsjón af hugtakinu fjölmiðlaþjónustuveitandi sem skilgreint er í 2. gr. frumvarpsins sem og öðrum hugtökum sem þar eru skilgreind og þýðingu kunna að hafa í þessu sambandi.

Í a-lið er að finna ákvæði sem ætlað er að mæla fyrir um takmörkun á rétti höfunda til nýtingar verka sinna í þeim tilgangi að uppfylla fyrirmæli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, en í 3. gr. k í tilskipuninni er mælt fyrir um heimild útvarpsrekenda til að nýta útsendingar með þeim hætti er greinir í b-lið ákvæðisins. Felst í ákvæðinu undanþága frá einkarétti höfunda þeirra verka er kunna að vera nýtt í viðkomandi útvarpssendingu.

Í b-lið er að finna ákvæði sem felur í sér nauðsynlega takmörkun á rétti útvarpsstöðva sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 48. gr. laganna til að innleiða umrædd ákvæði tilskipunarinnar.

Ákvæðið er bundið við þá aðstöðu að útvarpsstöð hafi aflað sér einkaréttar til útsendingar frá viðburði sem vekur mikinn áhuga meðal almennings. Hér koma til greina íþróttaviðburðir og aðrir viðburðir er vekja almennan áhuga. Í flestum tilfellum er auðvelt að skilgreina viðburði, t.d. knattspyrnuleik eða tónleika. Hins vegar geta komið upp tilfelli þar sem viðburður getur varað í marga daga, jafnvel vikur. Í þessu sambandi má nefna Ólympíuleika þar sem erfitt getur reynst að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu viðburður. Ljóst er að í slíkum tilfellum getur viðburður hvorki talist einstök frjálsíþróttagrein sem keppt er í, t.d. 100 metra hlaup karla, né heldur að litið sé á alla leikana sem einn og sama viðburðinn. Í þessum efnum þarf að gæta meðalhófs þar sem nær væri að líta á hvern dag sem einn tiltekinn viðburð þar sem keppt er í fjölda íþróttagreina og aðeins sýnt brot af því sem fram fór yfir daginn.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er tilgreint að um sé að ræða viðburði sem sendir eru út í lokaðri dagskrá. Þrátt fyrir að viðburðir af því tagi sem hafðir eru í huga séu yfirleitt sendir út í lokaðri dagskrá er ekki útilokað að sjónvarpsstöð ákveði að senda út í opinni dagskrá viðburð sem hún hefur aflað sér einkaréttar til að senda út. Þykir því nærtækara að miða heimildina við alla viðburði sem eru háðir einkarétti hvað varðar útsendingar.

Ákvæðið er bundið við nýtingu útvarpsrekanda á myndskeiðum í stuttum almennum fréttum. Íþróttafréttaþættir teljast til almennra frétta í þessu sambandi. Í hugtakinu fréttir felst að eftir að frásögn af atburðinum er ekki lengur fréttnæm er nýting ekki lengur heimil með stoð í ákvæðinu. Nýting er heimil í hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, að lokinni beinni útsendingu, ef um er að ræða framboð á sama útsenda sjónvarpsdagskrárliðnum í slíkri þjónustu af hálfu sama fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ákvæðið nær hins vegar ekki til þess að búa til ný viðskiptalíkön fyrir pöntunarþjónustu.

Með „stuttum útdráttum“ er átt við útdrætti sem ekki eru lengri en 90 sekúndur en sú skýring styðst við ummæli 39. formálsgreinar tilskipunarinnar. Hér er um að ræða hámarkslengd en heimil lengd útdráttar ræðst af eðli viðburðar og efnisinnihaldi hverju sinni.

Þá er kveðið á um skyldu til nafngreiningar í samræmi við önnur ákvæði um takmarkanir á höfundarétti og skyldum réttindum.

Í 6. mgr. 3. gr. k í tilskipuninni kemur fram að ríkin skuli sjá til þess að fyrirkomulag og skilyrði varðandi framboð á stuttum útdráttum séu skilgreind, einkum greiðslufyrirkomulag, hámarkslengd útdrátta og tímamörk á útsendingu þeirra. Sé kveðið á um greiðslu megi hún ekki vera hærri en sem nemur viðbótarkostnaði sem beinlínis er stofnað til við að veita aðgang. Í ljósi þessa er lagt til að leitt verði í lög að skilmálar útvarpsstöðvar fyrir nýtingu

af þessu tagi skuli vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar, auk þess sem þeir skuli kynntir með góðum fyrirvara.

Um 3. tölul.

55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá er felld brott en ákvæði VII. kafla frumvarpsins um flutning myndefnis leysa þá grein af hólmi.

Um 4. tölul.

Lagðar eru til tvær breytingar á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Önnur er tilvísunarbreyting en hin grundvallarbreyting.

Í a-lið er eðli málsins samkvæmt lagt til að 2. málsl. 4. gr. laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006, verði breytt á þá leið að í stað þess að kveðið sé á um að það eftirlit sem þar er fjallað um fari eftir ákvæðum útvarpslaga fari það eftir ákvæðum laga um fjölmiðla.

Í b-lið er sú grundvallarbreyting lögð til að það eftirlitshlutverk sem nú er á hendi Barnaverndarstofu flytjist alfarið til Fjölmiðlastofu og verði 5. gr. laganna breytt til samræmis við það. Um efnislegar ástæður þessarar breytingar er öðrum fremur það að segja að vanhöld hafa verið á því að eftirlit samkvæmt lögum nr. 62/2006 hafi verið uppfyllt. Í þessu sambandi má nefna að skv. 3. gr. laganna á ábyrgðaraðili að setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats skv. 2. mgr. 2. gr. laganna og aldurstakmörkunar sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Samkvæmt lögunum skal matið vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum sem kunna að skipta máli. Samkvæmt fyrrgreindri grein á ábyrgðaraðili að birta verklagsreglurnar opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að og á sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja. Þá á ábyrgðaraðili að færa niðurstöður um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að. Framkvæmd þessa hefur ekki enn tekist sem skyldi. Það sem m.a. veldur er sú staðreynd að lögin heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en framkvæmdin samkvæmt lögunum undir Barnaverndarstofu, en sú stjórnsýslustofnun heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Verkefnið hefur ekki fallið vel að öðrum þeim málaflokkum sem heyra undir Barnaverndarstofu.

Þykir því fara betur að eftirlit með framkvæmd þessa veigamikla þáttar heyri fremur undir Fjölmiðlastofu, ekki síst í ljósi tillagna frumvarpsins um veigamikinn þátt stofnunarinnar í vernd barna og ungmenna. Í því sambandi má benda á 28. gr. þar sem fjallað er um vernd barna gegn skaðlegu efni og 38. gr. þar sem er að finna sérákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum. Augljóst hagræði felst í því að eftirlit sem þetta sé með sem samræmdustum hætti. Í tilvitnuðum lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum falla kvikmyndir undir gildissvið þeirra, hvort sem þær eru sýndar í kvikmyndahúsi eða á öðrum opinberum stöðum, gefnar úr á myndbandi eða sýndar í sjónvarpi. Sama gildir um sjónvarpsþætti og sjónvarpsmyndir. Þá taka lögin jafnframt til allra tölvuleikja sem dreift er í atvinnuskyni hér á landi, óháð dreifingaraðferð og dreifingarmiðlum. Þessi verkefni falla öll afar vel að verksviði Fjölmiðlastofu eins og hlutverk hennar er hugsað og skilgreint samkvæmt frumvarpinu.

Þess ber að geta að stjórnsýslustofnanir þær sem fara með fjölmiðlamál í nágrannalöndum okkur er sumum hverjum ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laga um eftirlit með kvikmyndum og tölvuleikjum. Má í þessu sambandi nefna Medietilsynet i Noregi. Þar er góð reynsla af slíku fyrirkomulagi. Þar hefur safnast saman þekking innan stofnunarinnar um vernd barna gegn skaðlegu efni og ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum auk þekkingar á eftirliti með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Að lokum má leiða rök að því að auðveldara getur reynst fyrir almenning að vita hvert á að beina kvörtunum, fyrirspurnum og athugasemdum um hljóð- og myndmiðlunarefni, þ.m.t. kvikmyndir og tölvuleiki þegar ein og sama stjórnsýslustofnunin hefur lögum samkvæmt eftirlit með öllu hljóð- og myndmiðlunarefni.

Um 5. tölul.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar.

Í a-lið er lagt til að 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verði lagaður að þeim breytingum frumvarpsins sem felast í VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarsölu. Skilgreiningum er breytt til samræmis við nýja hugtakanotkun. Þá er sérstaklega tekið fram að vöruinnsetning sé óheimil í dagskrá Ríkisútvarpsins. Um vöruinnsetningu er ítarlega fjallað í athugasemd við 39. gr. frumvarpsins. Með frumvarpsgreininni er lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð með þeim skilyrðum sem þar greinir. Greinin er nýmæli. Hún er reist á 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem svo er nánar skýrð í 60.–63. formálsgrein hennar. Með nefndri 3. gr. g er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett hvort þau heimila vöruinnsetningu eður ei auk þess sem kveðið er á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt sé svo gert. Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð, þó einungis fyrir aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur en Ríkisútvarpið. Með því er reynt að auka möguleika einkarekinna fjölmiðlaþjónustuveitenda og framleiðenda hljóð- og myndmiðlunarefnis til tekjuöflunar og tryggja samkeppnishæfni þeirra. Eðli málsins samkvæmt er slíkt bann þó ekki framkvæmanlegt þegar um aðkeypt efni er að ræða og því lagt til í 5. málsl. að kveðið verði á um að bann við vöruinnsetningu nái einungis til þess efnis sem Ríkisútvarpið hefur framleitt sjálft eða efnis sem hefur verið framleitt í umboði þess eða tengdra fyrirtækja.

Í b-lið er lagt til að í 12. gr. sé áréttað að auk hlutafélagalaga og upplýsingalaga gildi lög um fjölmiðla þegar sérreglum laga um Ríkisútvarpið ohf. sleppir. Í sjálfu sér leiðir slíkt af almennum lögskýringarsjónarmiðum, en þar sem önnur lög eru sérstaklega tilgreind þykir rétt að lög um fjölmiðla séu þar á meðal.

Um 6. tölul.

Lögð er til sú breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, að 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. þeirra, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1995, falli brott. Er breyting þessi í samræmi við þá tilhögun viðskiptaorðsendinga vegna þessa sérstaka vöruflokks, lausasölulyfja, sem fram kemur í 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Vísast um nánari rökstuðning til athugasemda við þá grein.

Um ákvæði til bráðabirgða I, II og III.

Í ákvæðunum er m.a. brugðist við nýjum reglum um gagnsæi eignarhalds, flutningsrétt og flutningsskyldu, breytta stjórnsýslu og nýjar reglur um vöruinnsetningu.

Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið á um það hvenær Fjölmiðlastofu á í fyrsta skipti að berast hlutaskrá frá fjölmiðlaþjónustuveitendum til birtingar á heimasíðu sinni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skulu fjölmiðlaþjónustuveitendur senda Fjölmiðlastofu alla gildandi samninga um kaup á hljóð- og myndmiðlunarefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningum útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Heimili gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. frumvarpsins skal fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Sú takmörkun er þó sett að þessi íþyngjandi

skylda komi aðeins til framkvæmda í tilviki langtímasamninga þannig að þeir samningar einir komi til endurskoðunar sem að gildistíma vara þrjú ár eða lengur frá gildistöku laganna verði frumvarpið lögleitt. Verði frumvarpið að lögum verður fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt við kaup á öllu hljóð- og myndmiðlunarefni, sem miðlað er, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem uppfylla kröfur a-liðar 1. mgr. 45. gr.

Í samræmi við tillögu um breytta stjórnsýslu, sbr. III. kafla frumvarpsins, er kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða III að við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, skuli í fyrsta sinn skipa stjórn Fjölmiðlastofu í samræmi við 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í VIII. kafla almennra athugasemda er ítarlega fjallað um mögulegar eignarhaldstakmarkanir og tillögur hinnar þverpólitísku nefndar frá árinu 2005. Þar er tekið fram að þrátt fyrir að ýmsar meginforsendur fjölmiðlanefndarinnar hvað eignarhald varðar séu enn í fullu gildi sé það allt að einu svo að nauðsyn sé grundvallarendurskoðunar á þörf eignarhaldstakmarkana og mögulegri útfærslu þeirra. Sé mikilvægt að sem mest samstaða, ekki síst pólitísk, náist um slíkt. Er því lagt til að þverpólitískri og faglegri nefnd verði ætlað að meta þörfina á eignarhaldstakmörkunum og útfærslu þeirra sé þeirra þörf. Er mælt fyrir um nefndarskipunina í bráðabirgðaákvæði þessu. Við skipan hennar er annars vegar gert ráð fyrir jafnri aðkomu allra þeirra flokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi en hins vegar er gert ráð fyrir því að formaður og varaformaður nefndarinnar verði skipaðir ópólitískt og að þeir búi yfir nokkurri faglegri sérþekkingu. Verksvið nefndarinnar er skýrt og afmarkað og þess vegna er gert ráð fyrir því að nefndin byggi á vinnu þverpólitísku nefndarinnar frá vorinu 2005. Með hliðsjón af því er ekki gert ráð fyrir að nefndin þurfi ýkja langan tíma til að ljúka verkefni sínu og að niðurstöður hennar liggi fullbúnar fyrir eigi síðar en hálfu ári eftir skipan hennar.

Fylgiskjal I.

Ragnar Karlsson:

Þróun fjölmiðlamarkaðarins.

1.1 Hvað er fjölmiðill?

Fjölmiðlar eru gjarnan sagðir vera fjórða valdsviðið í samfélaginu. Í lýðræðislegum samfélögum er almennt gengið út frá því sem vísu að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki fyrir lýðræðisleg skoðanaskipti; þeir eigi að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum aðhald (McQuail, 1992, 2003; Street, 2001). Fjölmiðlar eru einnig mikilvæg upplýsingaveita á markaði, jafnt fyrir neytendur og launþega, fjárfesta og fyrirtæki (Duval, 2005; Slaatta, 2003), jafnframt því sem þeir hafa augljósu menningarlegu hlutverki að gegna (McQuail, 2005). Fyrir utan hina félagslegu- og menningarlegu þýðingu skiptir fjölmiðlun einnig máli efnahagslega með því að skapa störf og verðmæti.

Að sönnu hefur samfélagsleg þýðing fjölmiðla mönnum verið löngu ljós við miðlun upplýsinga, til að fræða, gagnrýna, veita aðhald og ekki síst til skemmtunar og dægradvalar. Fjölmiðlarnir eru eins konar samfélagslegur áttaviti sem aðstoðar fólk við að rata um það völundarhús sem samfélagið er, við að koma reiðu á „óreiðuna“. Þeir veita snöggsoðið yfirlit um það sem henti í gær, boða það sem líðandi dagur mun bera í skauti sér og kryfja álitamál og setja í samhengi þegar vel tekst til. Á vissan hátt má segja að fjölmiðlarnir gegni sama hlutverki fyrir nútímamanninn og morgunbænin fyrir miðaldamanninn (Eco, 2001: 63). Flestir glugga í dagblöð, hlusta á hljóðvarp, kíkja á netið eða horfa á sjónvarp til þess eins að glöggva sig á því við hverju megi búast þann daginn og ekki síður til að fullvissa sig um að flest sé með kyrrum kjörum í dag frá því í gær.

Í síbreytilegu og margslungnu nútímasamfélagi gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki sem uppspretta þekkingar um leið og þeir ljá samkennd og gera kleift að speglast í aðstæðum annarra. Áhrif fjölmiðla á daglegt líf verða tæplega umflúin hvort sem fólki líkar betur eða verr. Vitneskja um samfélagið og þá veröld sem fólk lifir í er að stórum hluta fengin úr fjölmiðlum hverju nafni sem þeir nefnast (Luhmann, 2000). Fæstar af þeim hugmyndum sem fólk hefur um félagslegan veruleika eru reistar á eigin reynslu. Þess í stað eru þær fengnar að stórum hluta úr fjölmiðlum eins og C. Wright Mills benti á fyrir löngu:

> Afar lítið af því sem við teljum okkur þekkja um félagslegar staðreyndir umheimsins kemur frá fyrstu hendi. Flestar „myndir sem við geymum í hugskoti okkar“ eru fengnar úr þessum miðlum, jafnvel að slíku marki að við trúum oft ekki í rauninni því sem við höfum séð fyrr en við höfum lesið um það í dagblaðinu eða heyrt um það í útvarpinu. Fjölmiðlar miðla ekki einungis upplýsingum til okkar, þeir leiða reynslu okkar. Viðmið okkar um trúverðugleika og raunveruleika eru gjarnan fengin frá slíkum miðlum fremur en af eigin brotakenndri reynslu.
>
> [*Very little of what we think we know of the social realities of the world have found out first-hand. Most of the ‚pictures in our heads' we have gained from these media-even to the point where we often do not really believe what we see before us until we read about it in the paper or hear about it on the radio. The media not only give us information; they guide our very experiences. Our standards of credulity, our standards of reality, tend to be set by these media rather than by our own fragmentary experience.*]
>
> Mills, 2000 [1956]: 311.

Sökum þeirrar milligöngu sem fjölmiðlarnir hafa milli fólks og hins ytri félagslega veruleika ætti þýðing og áhrif fjölmiðla að vera flestum ljós. Í raun fær fátt staðist fjölmiðlunum snúning við að móta almenningsálitið, eða eins og Ben H. Bagdikian staðhæfir:

> Fjölmiðlar verða á hverjum tíma sú heimild sem segir til um hvað sé satt og ósatt, hvað sé raunveruleiki og hvað sé hugarburður, hvað sé mikilvægt og hvað sé léttvægt, Ekkert annað afl mótar með áhrifameiri hætti viðhorf almennings, jafnvel valdbeiting sigrar aðeins ef henni tekst að skapa jákvætt viðmót gagnvart þeim sem valdinu beitir.
>
> [*The mass media become the authority at any given moment for what is true and what is false, what is reality and what is fantasy, what is important and what is trivial. There is no greater force in shaping the public mind; even brute force triumphs only by creating an accepting attitude towards the brutes.*]
>
> Bagdikian, 1983: xiv.

Þar með er ekki sagt að fjölmiðlar hafi að öllu jöfnu bein áhrif á atferli manna og hugsanir. Öllu heldur eins og Jean Seaton metur áratuga ransóknir á áhrifum fjölmiðla: „Vísindalegar rannsóknir um nærri 70 ára skeið hafa leitt í ljós að fjölmiðlar ákveða ekki hvað þú hugsar en þeir ákvarða að hverju hugsunin beininst.“ („Nearly seventy years of empirical research has shown that the media do not determine what you think: but they do set the agenda of what you think about.“ Seaton, 2008: 121.) Sú mynd sem fjölmiðlarnir draga upp af atburðum og málefnum verður oft á tíðum sá útgangspunktur eða dagskrárrammi sem samfélagsleg umræða byggist á. Segja má að fjölmiðlar séu í hlutverki nokkurs konar fundarstjóra samfélagslegra umræðna með því að setja mál iðulega á dagskrá og slá tóninn í opinberri umræðu.

Matreiðsla fjölmiðla á þeim veruleika sem þeir færa daglega upp á disk fyrir fólk verður til fyrir flókið samspil margvíslegra ytri og innri þátta og lýtur að nokkru eigin lögmálum (sbr. t.d. Bourdieu, 1998; Luhmann, 2000; McQuail, 1992; 2005; Mathiesen, 2006). Lagalegur rammi um starfsemi fjölmiðla, fjármögnun þeirra og eignarhald, samkeppni þeirra á milli um tekjur og notendur, aðgengi að upplýsingum og samskipti við heimildamenn, hagsmunahópa í stjórnkerfi og atvinnulífi og auglýsendur, sem og óskir og kröfur notenda gagnvart miðlunum skipta máli í samspili við innri starfshætti innan fjölmiðlanna sjálfra eins og hugmyndir um fréttamat og reglur um fréttaflutning og fagbindingu fjölmiðlafólks (e. *professionalism*). Fréttir bíða þess ekki að verða sagðar heldur eru þær afurð verkaskiptingar og samspils fjölmargra áhrifaþátta utan og innan fjölmiðlanna sjálfra, sem hefur allt með að gera um hvað fjölmiðlar fjalla og hvernig þeir haga umfjölluninni. Sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af veruleikanum er því félagslega skilyrt á sama hátt og aðrar hugmyndir okkar um samfélagið eru félagslega mótaðar (e. *social construction of reality*) (sbr. Berger og Luckmann, 1971).

En jafnvel þótt fólk sé þess meðvitað að sá veruleiki sem birtist í fjölmiðlum eða birtist í gegnum þá *(„appears to them or through them to others“)* sé oft og einatt eins konar „hálfsannleikur“ (Luhmann, 2000: 4; upphaflegar áherslur) getur fólk ekki leitt hann hjá sér, sama hversu fjarri hinu sanna hann kann að vera. Upphafstónn umræðunnar er því oftar en ekki sleginn af fjölmiðlunum, eins og Niklas Luhmann bendir á:

> Við þekkjum nægilega mikið til fjölmiðlanna að við getum ekki treyst þeim sem heimild. Aðferð okkar til að takast á við þetta er að hafa grun um að verið sé að hafa áhrif á gang mála, án þess að það hafi neinar afdrifaríkar afleiðingar þar sem þekking sem fengin er úr fjölmiðlum myndar sjálfsstyrkjandi heild eins og fyrir eigin áhrif. Þrátt fyrir að öll þekking bæri með sér aðvörun um að hún væri undirorpin vafa, væri hún engu að síður sá þekkingargrunnur sem byggt væri á.
>
> [*[W]e know so much about the mass media that we are not able to trust these sources. Our way of dealing with this is to suspect that there is manipulation at work, and yet no consequences of any import ensue because knowledge acquired from the mass media merges together as if of its own accord into selfreinforcing structure. Even if all knowledge were to carry a warning that it was open to doubt, it would still have to be used as a foundation, as a starting point.*]
>
> Luhmann, 2000: 1.

Þar með er ekki sagt að fjölmiðlanotendur standi varnarlausir gagnvart túlkun fjölmiðla á atburðum og viðhorfum (sbr. tilgátuna um *the helpless audience*) (Neumann, 1991: 80–82 o.áfr.). Svo lengi sem ekki ríkir einokun í fjölmiðlun og almenningur getur vegið og metið efni ólíkra fjölmiðla þeim mun minni hætta er á að einstakir fjölmiðlar hafi mótandi áhrif á skoðanir notenda, eins og Mills benti á:

> Svo framarlega sem fjölmiðlarnir lúta ekki algerri einokun, getur einstaklingurinn teflt einum fjölmiðli fram gegn öðrum, hann getur borið þá saman og þar með hafnað því sem einn þeirra kann að láta uppi. Því meiri samkeppni sem er á milli fjölmiðla, því betri tök hefur einstaklingurinn á að veita viðnám.
>
> [*So long as the media are not entirely monpolized, the individual can play one medium off against another; he can compare then, and hence resist what any one of them puts out. The more genuine competition there is among the media, the more resistance the individual might be able to command.*]
>
> Mills, 2000 [1956]: 313.

Breytingar sem gengið hafa yfir í fjölmiðlun á undanförnum árum og áratugum og birtast ekki síst í samþjöppun eignarhalds og markaðsstöðu fjölmiðla hafa vakið ugg í brjósti margra. Tæknilegar breytingar og samruni (e. *convergence*) ólíkra miðlunarleiða fjölmiðlaefnis koma þar augljóslega við sögu. Á sama tíma á þessi þróun sér aðra hlið sem fram kemur í því að aukin markaðsvæðing fjölmiðla og samkeppni þeirra á milli um athygli notenda hefur stuðlað að aukinni stöðlun efnis og einsleitni í efnisframboði. Þessi þróun hefur verið leidd af öflugum fjölmiðlasamsteypum sem hafa ítök og áhrif í mörgum greinum fjölmiðlunar samtímis (t.d. Hesmondhalgh, 2007; McCheseny, 2004, 2008; Murdock, 2000a; Preston, 2001; Winseck, 2008). Fjöldi fjölmiðla og aukið valfrelsi á markaði þarf ekki endilega að leiða til aukinnar fjölbreytni í efni og á fjölmiðlamarkaði, síður en svo. Svo vitnað sé eina ferðina enn til ríflega hálfrar aldar gamallar ritsmíðar Mills:

> Þessi hugmynd um að beita einum fjölmiðli gegn öðrum gengur út frá fjölbreytni í efni fjölmiðla. Hugmyndin felur í sér að um raunverulega samkeppni sé að ræða, sem er almennt ekki raunin. Fjölmiðlarnir virðast bjóða upp á fjölbreytni og samkeppni en við nánari athugun virðist samkeppnin felast í tilbrigði við fáein stöðluð umfjöllunarefni fremur en andstæð málefni. Frelsi til að draga fram málefni á áhrifaríkan hátt virðist í meira mæli vera takmarkað við þá fáu hagsmunaaðila sem hafa virkan og stöðugan aðgang að þessum miðlum.
>
> [*This idea of playing one medium off against another assumes that the media really have varying contents. It assumes genuine competition, which is not widely true. The media display an apparent*

variety and competition, but on a closer view they seem to compete more in terms of variations on a few standardized themes than of clashing issues. The freedom to raise issues effectively seems more and more to be confined to those few interests that have ready and continual access to these media.]

Mills, 2000 [1956]: 313–14.

Í ljósi þess að fjölmiðlar hafa margvíslegu og mikilvægu hlutverki að gegna í nútímasamfélagi er ekki að undra að hugtökin fjölræði (e. *pluralism*) og menningarleg fjölbreytni (e. *cultural diversity*) séu hornsteinar allrar umræðu um fjölmiðla og fyrirkomulag fjölmiðlunar í lýðræðislegum samfélögum. Í tíunda ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um rétt allra manna til tjáningarfrelsis og rétt manna til upplýsinga. Með líku sniði er kveðið á um þetta í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og í öðrum alþjóðlegum sáttmálum og yfirlýsingum. Þótt ekki sé þar talað um fjölmiðla berum orðum hefur þetta verið túlkað þannig að í því felist frelsi til að tjá sig í fjölmiðlum og rétturinn til gagnsæis og frjáls aðgengis að upplýsingum og sjónarmiðum (*Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla,* 2005: 163–64, 211–13). Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og til að tryggja tjáningarfrelsi er fjölmiðlafjölbreytni skýrð þannig að átt sé við framboð fjölbreyttra miðla jafnt er efni varðar, tegund og eignarhald (*Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*, 2005: 166–68, 214). Án þess að fjölræði í fjölmiðlun sé tryggt er hætt við að réttur manna til tjáningarfrelsis og frjáls aðgengis að upplýsingum og skoðunum sé fyrir borð borinn (Cavallin, 1998, 2000; Doyle, 2002a; McQuail, 2003). Þá hafa fræðimenn bent á að „illa upplýst samfélög taka slæmar ákvarðanir“ (*Stupid societies make bad decisions*) (Seaton, 2008: 124).

1.2 Íslenskur fjölmiðlamarkaður: almenn og sértæk einkenni

Íslenskir fjölmiðlar eru ekki eyland. Fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi hefur gengið í gegnum mikið umbreytingarskeið á undanförnum tveimur áratugum eða svo – skeið breytinga sem ekki sér fyrir endann á. Eins og þessar breytingar horfa við almenningi birtast þær helst í auknu framboði mismunandi fjölmiðla – innlendra sem erlendra – og í stórauknu efnisframboði. Á sama tíma hefur þróun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verið með líkum hætti og annars staðar í átt til samþjöppunar á eignarhaldi og markaðsstöðu og myndunar fjölmiðlasamsteypa.

Fjölmiðlar draga vitanlega dám af þeim samfélagsháttum sem þeir eru sprottnir úr og af þeim lagalega ramma og rekstrarlegu umgjörð sem starfsemi þeirra er sett á hverjum tíma. Ástæður þeirra breytinga, sem orðið hafa í fjölmiðlun hér á landi að undanförnu, verða kannski raktar til fjögurra þátta öðrum fremur: Fyrir það fyrsta varð afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins í ársbyrjun 1986 til útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til þess að nýjum aðilum gafst færi á að hasla sér völl í útvarpsrekstri.[1] Í annan stað hafa stórstígar tækniframfarir á sviði fjarskipta og rafrænnar miðlunar orðið til þess að ryðja að verulegu leyti úr vegi tæknilegum takmörkunum á aðgengi að útvarpsrásum og ýta undir samnýtingu, samþættingu og samruna ólíkra fjölmiðla. Í þriðja lagi hefur aukinn frítími fólks og almenn hagsæld samfara margháttuðum breytingum í atvinnulífi hvatt til og stuðlað að þessum breytingum. Í fjórða og síðasta lagi hafa bein tengsl milli fjölmiðla og stjórnmála rofnað. Í stað þess að einkareknir fjölmiðlar starfi samkvæmt pólitískum formerkjum bakhjarla sinna hafa þeir verið færðir undir stjórn og taumhald markaðsaflanna og starfræktir samkvæmt því. Með þessu er

[1] Útvarp er hér á eftir notað sem samheiti fyrir hljóðvarp og sjónvarp, sbr. útvarpslög, nr. 15/2000.

ekki sagt að fjölmiðlar hafi glatað pólitísku hlutverki sínu né að þeir geti ekki þjónað pólitískum tilgangi eigenda sinna. Fyrir utan efnahagslegan hvata til að eiga og reka fjölmiðla, sem þó er ekki alltaf ljós þegar þess er gætt að fjölmiðlar hafa ósjaldan verið reknir með tapi jafnvel árum saman, snýst eignarhald á fjölmiðlum allt eins um stjórnmálaleg völd og áhrif, eða eins Daniel C. Hallin og Paolo Mancini benda á: „eigendur fjölmiðla munu á tíðum nota þá sem tæki til áhrifa gagnvart öðrum valdahópum og til afskipta í stjórnmálaheiminum, svo sannarlega í mörgum tilvikum er þetta frumástæðan fyrir eignarhaldi á fjölmiðlum“ [*„owners will often use their media properties as a vehichle for a negotiation with other elites and for intervention in the political world; indeed in many cases this will be the primary purpose of media owership“*] (Hallin og Mancini, 2004: 58). Með því að fjölmiðlar hafa í vaxandi mæli orðið eign umfangsmikilla eigenda sem eiga hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum, jafnt innan fjölmiðlunar sem utan, hafa þeir orðið berskjaldaðri fyrir margvíslegum utanaðkomandi áhrifum (McQuail, 2005: 29).

Sökum fámennis hefur íslenski fjölmiðlamarkaðurinn þó nokkra sérstöðu. Fjölbreytni í efni og eignarhaldi á fjölmiðlum er ekki eins mikil hér og víðast þekkist hjá fjölmennari þjóðum. Sömuleiðis gerir smæð markaðarins það að verkum að hann er berskjaldaðri fyrir utanaðkomandi áföllum eins og berlega hefur sýnt sig að undanförnu í kjölfar þeirrar fjármálakreppu sem hér hefur verið við lýði frá haustinu 2008. Þeir erfiðleikar sem fylgt hafa í kjölfarið hafa ekki síður haft áhrif á fjölmiðla en á aðra atvinnustarfsemi og hafa m.a. leitt til fækkunar fjölmiðla og niðurskurðar og erfiðleika á ýmsum sviðum í rekstri þeirra fjölmiðla sem eftir standa.

Óhætt mun að fullyrða að úrval fjölmiðla hér á landi sé fjölbreytt þegar miðað er við fjölda miðla sem í boði eru og fámenni þjóðarinnar. Þetta á jafnt við um fjölmiðla sem fram undir þetta hafa stuðst við hefðbundnar miðlunarleiðir, þ.e. fréttablöð, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, og nýja miðla eða svonefnda vefmiðla. Fjöldi innlendra fjölmiðla og vefmiðla sem landsmönum stóð til boða við síðustu áramót er sýndur í töflu 1.1 eftir tegund og efni.

Tafla 1.1. *Framboð fjölmiðla 2009*

					Landsmiðlar					*Staðarmiðlar*[1]			
	Alls	*Alls*	*Almennir miðlar*	*Sérefnis-miðlar*	*Alls*	*Höfuð-borgar-svæðið*	*Suðurnes*	*Vestur-land*	*Vestfirðir*	*Norður-land vestra*	*Norður-land eystra*	*Austur-land*	*Suðurland*
Blöð													
Dagblöð	2	2	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Vikublöð	21	2	1	1	19	1	2	5	2	1	3	2	3
Hljóðvarpsstöðvar													
Einkastöðvar	17	13	1	12	4	-	-	-	-	1	1	-	2
RÚV	5	3	2	1	2	-	-		1		1		
Sjónvarpsstöðvar													
Einkastöðvar	9	8	2	6	1	-	-	-	-	-	1	-	-
RÚV	1	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Vefmiðlar													
Fjölmiðlavefir[2]	20	6	4	2	15	1	1	3	1	1	2	1	4
Óháðir vefir[3]	19	4	2	2	14	-	1	-	6	4	2	2	-

Skýringar: Fjölmiðlar og vefmiðlar starfræktir í lok árs 2009.

[1] Til staðarmiðla teljast landshluta-, héraðs- og bæjarmiðlar.

[2] Einungis vefir sem eru uppfærðir reglulega og geta talist vera viðbót við hinn hefðbundna fjölmiðil. Meðtaldir eru vefiur blaða sem koma út mánaðarlega til daglega. PDF-útgáfa blaða er ekki meðtalin.

[3] Fréttavefir sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja eru ekki meðtaldir.

Heimild: eigin athugun.

Útbreiðsla þeirra miðla sem eru í boði á hverjum tíma er misjöfn. Sumir hafa landið allt að útbreiðslusvæði og er ætlað að ná til alls þorra almennings, á meðan aðrir hafa að markmiði að ná til afmarkaðri hópa með efni sem er sérstaklega sniðið að þörfum og áhuga notenda eftir búsetu eða félagslegri stöðu. Jafnframt má gera greinarmun á starfsemi ólíkra fjölmiðla eftir því hvort þeir geti talist vera fyrst og fremst þjónustumiðlar eða markaðsmiðlar. Þessi skil eru þó ekki alltaf nándar nærri eins skýr eins og dregið er upp á mynd 1.1.

Mynd 1.1. *Fjögur meginsvið fjölmiðlunar*

		Tilgangur	
		Þjónustumiðlar	*Markaðsmiðlar*
Notendur	*Almenningur*	Útvarp í almannaþjónustu	Einkamiðlar
	Afmarkaðri notendahópar	Sværðisútvarp, fjölmiðlun á vegum félagsamtaka, málhópa, o.s.frv.	Sérefnismiðlar, staðbundnir einkamiðlar

Gera má ráð fyrir að starfsemi og efnisframboð einstakra miðla ráðist mikið til af samspili af þeim notendahópi sem þeim er ætlað að þjóna og þeim tilgangi sem þeim er ætlaður.

Þegar fjölbreytni efnis og eignarhalds fjölmiðla er til skoðunar er rétt að hafa það hugfast að fjölbreytileiki eignarhalds tryggir ekki eitt og sér fjölbreytni efnis (sbr. Doyle, 2002a; 2006; Hemondhalgh, 2007; Meier, 2007; Meier og Trappel, 1998). Samband eignarhalds og efnis er flóknara en svo. Stór og tiltölulega fá fyrirtæki geta verið betur til þess fallin að tryggja fjölbreytni efnis heldur en margir mjög smáir sjálfstæðir og ófullburða fjölmiðlar. Þótt það kunni að hljóma sem öfugmæli þá getur of mikil samkeppni í fjölmiðlun orðið til þess að draga úr gæðum og fjölbreytni efnis hvað sem líður kennisetningum um að frjáls markaður og samkeppni komi ávallt best til móts við óskir manna, komi í veg fyrir sóun og tryggi besta nýtingu fjármuna. Of mikil samkeppni á fjölmiðlamörkuðum getur þannig verið „niðurbrjótandi“ eða „eyðandi“ samkeppni (e. *destructive competition*) (McQuail, 2007; Meier, 2007; Roth, 2004; van Cuilenburg, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007). Áhrifum samkeppnisstigs á fjölmiðlamörkuðum á fjölbreytni efnis má lýsa eins sýnt er í töflu 1.2. Samkvæmt þessu má leiða að því líkum að vöruframboð á tilteknum markaði þar sem fullkomin samkeppni ríkir leiði til fábreytni þeirrar vöru og þjónustu sem notendum stendur til boða. Á mörkuðum þar sem einokunarsamkeppni ríkir eru líkur á því að vöru- og þjónustuframboðið milli aðila sé frábrugðið. Á mörkuðum þar sem fákeppni ríkir er framboð vöru og þjónustu yfirleitt frábrugðið.

Tafla 1.2 *Samkeppnisstig fjölmiðlamarkaða*

	Fullkomin samkeppni	*Einokunar-samkeppni*	*Fákeppni*	*Einokun*
Fjöldi fyrirtækja	Mörg	Fá	Fá	Eitt
Vara/þjónusta	Fábreitt	Frábrugðin	Yfirleitt frábrugðin	•
Markaðshindranir	Nei	Já/nei	Já	Já

Heimild: Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 142.

Möguleikar á fjölbreyttu efnisframboði ráðast vitanlega að talsverðu leyti af þeim fjárhagslegu björgum sem fjölmiðlar hafa yfir að ráða. Öllum má vera ljóst að óraunhæft er að reikna með sömu fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði hér og í stærri samfélögum. Til þess er íslenskt samfélag einfaldlega of lítið.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamörkuðum. Þar má nefna stærð markaðar, tækni sem fyrir hendi er hverju sinni, hvaða umgjörð er um starfsemi fjölmiðla, hvaða starfsaðstæður þeim eru búnar af hálfu þess opinbera með lögum og reglugerðum, samkeppnishegðun á markaði o.s.frv. Samverkan allra þessara þátta hefur áhrif á fjölda fjölmiðla sem eru í boði hverju sinni, tekjur og framlegð fjölmiðla og á fjölbreytni efnis (Doyle, 2002a). Þetta má draga upp á eftirfarandi vegu eins og sýnt er í mynd 1.2.

Mynd 1.2. *Áhrifaþættir á fjölræði/fjölbreytni í fjölmiðlun*



Heimild: Doyle, 2002a: 15.

Hafa ber í huga að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði ræðst af samspili margvíslegra þátta, svo sem frammistöðu fjölmiðla, fjölbreytni efnis og eignarhaldi.

1.3 Um efnið

Í þeirri samantekt sem hér fer á eftir er þessi skipting miðla eftir útbreiðslu og tilgangi höfð til hliðsjónar. Fjallað er um þá hlið fjölmiðlunar sem David Chaney (1972, 1. kafli) nefndi hina „hlutlægu hlið“ (e. *the objective side*) fjölmiðlunar í stað hinnar „huglægu hliðar“ (e. *the subjective side*). Hlutlæga hliðin lýtur að fjölmiðlunum sjálfum sem stofnunum, fyrirkomulagi fjölmiðlunar, starfsemi fjölmiðla og efnisframboði þeirra, á meðan huglæga hliðin snýr að viðtökum og upplifun notenda á efni fjölmiðla og áhrifum þess á notendur. Þeirri hlið fjölmiðlunar sem snýr að notendunum eru ekki gerð skil hér. Þess í stað er sjónum beint að nokkrum þáttum sem snerta hina hlutlægu hlið. Grein er gerð fyrir hvernig fjölmiðlun er fyrirkomið hér á landi, helstu breytingum sem átt hafa sér stað í fjölmiðlun frá því um miðjan síðasta áratug og stöðunni í dag með tilliti til fjölmiðlanotkunar, framboðs miðla og efnis, tekna, markaðsstöðu og samþjöppunar á mörkuðum.[2]

Kastljósinu er hér einkum beint að þeim fjölmiðlum sem fram undir þetta hafa verið taldir til hinna eiginlegu fjölmiðla, fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps, auk þess sem vikið er að vefmiðlum lítillega. Með þessu er ekki dregið á neinn hátt úr mikilvægi annarra fjölmiðla, svo sem tímarita, bóka og kvikmynda, og ýmissa nýmiðla fyrir fræðslu, umræðu og dægradvöl. Efnisramma þessarar samantektar er einfaldlega sniðinn þröngur stakkur hvað efni, efnistök og tíma áhrærir. Full þörf er á því að kortleggja fjölmiðlamarkaðinn nánar en unnt er að gera hér.

Umfjöllunarefninu eru reyndar einnig reistar skorður af þeim heimildum sem tiltækar eru um þróun og stöðu fjölmiðlunar hér á landi. Heimildir um fjölmiðla og starfsemi þeirra eru að ýmsu leyti að skornum skammti þrátt fyrir að á undanförnum árum safnast saman margvísleg þekking og talsvert magn upplýsinga um íslenska fjölmiðla á vegum þess opinbera, einkaaðila og í fræðilegum úttektum. Litlar upplýsingar eru hins vegar til um fjölmiðlanotkun landsmanna aðrar en þær sem fást úr könnunum á lestri og mælingum á hljóðvarpshlustun og áhorfi á sjónvarp og sniðnar eru að þörfum auglýsenda.[3] Slíkar upplýsingar hafa takmarkað gildi og eru ósamþýðanlegar til annarra nota en þeim er upphaflega ætlað. Oftar en ekki er eru skorður settar við notkun þeirra þar sem er safnað í viðskiptalegum tilgangi (sbr. niðurstöður fjölmiðlakannanna og mælinga) eða að birting þeirra er margvíslegum takmörkunum háð vegna trúnaðarkvaða sem á þeim hvíla.

Tölulegar upplýsingar, sem hér eru reifaðar, eru að stórum hluta byggðar á birtum og óbirtum upplýsingum úr gagnasafni Hagstofu Íslands um fjölmiðla og menningarmál. Sumt af þeim upplýsingum um fjölmiðla eru í gagnasafni Hagstofunnar er háð trúnaði. Notkun þeirra er því ákveðnum takmörkunum háð. Í þeim tilfellum þar sem stuðst er við slíkar upp-

---

[2] Eftirfarandi úttekt er að hluta byggð á efni sem höfundur tók saman fyrir nefndir menntamálaráðherra um íslenskan fjölmiðlamarkað og birtist sem þriðji kaflinn í Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, 2004 og aftur ári síðar í endurskoðaðri og aukinni gerð sem þriðji kaflinn í Skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, 2005.

[3] Á sama tíma og vitað er ýmislegt um hvernig fjölmiðlanotkun barna og ungmenna er háttað og hvaða breytingar hafa verið á henni í gegnum árin (sbr. langtímarannsókn prófessors Þorbjarnar Broddasonar) er vitneskja um fjölmiðlanotkun landsmanna almennt af skornum skammti. Reyndar hefur safnast saman margvísleg þekking úr tilfallandi rannsóknum, en engar samfelldar rannsóknir og mælingar eru til um fjölmiðlanotkun hér á landi. Sama á einnig við um menningarástundum.

lýsingar er þess gætt til hins ýtrasta að trúnaður sé ekki rofinn við einstaka aðila í umfjöllun og við framsetningu talna.

Stuðst er einnig við niðurstöður úr fjölmiðlakönnunum samstarfsaðila fjölmiðla og auglýsingastofa sem framkvæmdar hafa verið með líku sniði um nokkurt árabil, fyrst af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og síðar af ÍM Gallup, nú Capacent. Að auki eru tilfærðar ýmsar aðrar heimildir. Eins og vera ber er vísað til heimilda eins og við á hverju sinni.

1.4 Um hugtökin fjölmiðil og fjölmiðlun

Fljótt á litið kann að virðast sjálfgefið hvað teljist vera fjölmiðill (e. *mass medium* í et. og *mass media* í ft.) og sömuleiðis hvað sé fjölmiðlun (e. *mass communication*). Að öllu jöfnu vísa þessi hugtök til miðilsins og efnis hans, miðlunarinnar og móttöku efnisins, eða til alls þrenns í senn, líkt og Robert Burton sagði um sjónina í riti sínu *Anatomy of Melancholy* (1621): „Þrennt er það sem sjónin þarfnast, hluturinn, skynfærið og miðillinn.“ (*„To the Sight three things are required, the Object, the Organ and the Medium“* ívitnað í Williams, 1984: 203.) *Íslensk orðabók* (2002) segir fjölmiðil vera „tæki til að dreifa upplýsingum til mikils fjölda á stóru svæði“, en að fjölmiðlun sé „dreifing upplýsinga til margra manna á stóru svæði (með fjölmiðlum)“.

Sögulega eru bæði hugtökin samofin fjöldaútbreiðslu bókarinnar, blaða, kvikmynda og hljómplötunnar og viðgangi hljóðvarps og síðar sjónvarps. Jafnframt eru þau nátengd hugmyndum um „múgsamfélagið“ (e. *mass society*) og fjöldamenningu (e. *mass culture*) sem skutu rótum á fyrstu áratugum síðustu aldar og trú manna á þætti fjölmiðla í mótun almenningsálitsins (Williams, 1984: 203-4). Enn þann dag í dag eru þessir sömu miðlar við lýði í tiltölulega lítt breyttri mynd. En það eru einmitt þeir sem koma flestum til hugar þegar talað er um fjölmiðla. Eins og Denis McQuail segir:

> það sem við lítum á sem einkennandi atriði fjölmiðlunar fyrir 70 árum eða svo er enn ofarlega í huga okkar nú, þ.e. eiginleiki þeirra til að ná til alls þorra almennings á skjótan hátt með sömu upplýsingar, skoðanir og afþreyingu, almennan áhuga á þeim, örvun þeirra á von og áhyggjum í jöfnum mæli og væntingar til áhrifamáttar þeirra.
>
> [*what we regarded as the key features of mass communication seventy or more years ago are still foremost in our minds today: their capacity to reach the entire population rapidly and with much the same information, opinions and entertainment; their universal fascination they hold, their stimulation of hopes and fears in equal measure; the assumption of great impact and influence.*]
>
> McQuail, 2005: 4.

Þau einkenni sem talin eru til fjölmiðla er að þeir dreifa almennum upplýsingum sem aðgengilegar eru fjölmennum hópi manna á stóru svæði á skipulegan og skjótvirkan hátt. Fjölmiðlun er einnar áttar, frá fámennum hópi sendanda til fjölmenns og óskipulagðs hóps móttakenda sem hafa takmarkað svigrúm til andsvara. Hún er ópersónuleg og opinber í stað þess að vera beint að tilteknum einstaklingum, auk þess sem hún er samfelld og stöðug í stað þess að vera bundin við sérstakt tilefni eða einstakan atburð (Hadenius og Weibull, 2002: 15; Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 142; Lorimer, 1994: 21–22; O'Shaughnessy og Stadler, 2008: 2). Stundum er skilgreining á fjölmiðlun notuð í þröngri merkingu og nær þá aðeins til fjölmiðla sem hafa opinbera umræðu að meginmarkmiði. Í greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi (2004: 5) segir svo að fjölmiðill sé:

> stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir

til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur gert það sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á netinu.[4]

„Í annan tíma hefur hugtakið fjölmiðill verið notað í víðari merkingu og tekur einnig til miðla sem hafa afþreyingu og skemmtun að leiðarljósi (Hadenius og Weibull, 2002: 15-16). Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (2005: 13) segir til að mynda að þar sé „fjallað um fjölmiðla í víðum skilningi“, einkum þá „sem endurnýja sig daglega“ og „samruna ýmissa hefðbundinna fjölmiðla og netmiðla“ í stað þess að fjalla „aðallega ... um dæmigerða fjölmiðla og þá sem alla jafnan hafa mest áhrif í umræðu um þjóðfélagsmál í víðum skilningi, þ.e. dagblöð, útvarp og sjónvarp“.

Slíkar skilgreiningar eru ekki vandræðalausar. Fyrir það fyrsta getur miðlun til mikils fjölda manna samtímis eða því sem næst átt sér stað án fjölmiðla. Allt frá miðöldum hefur táknum og skilaboðum verið komið á framfæri við fjölmennan og óskipulegan hóps fólks með margvíslegum hætti, svo sem í formi stytta, minnismerkja, altaristaflna, steindra kirkjuglugga og söngva svo fátt eitt sé upp talið. Augljósasta dæmið um slíka fjöldamiðlun er samræmt messuhald hinnar pápísku kirkju sem öldum saman hefur náð til meiri fjölda fólks samtímis en útbreiddustu fjölmiðlar hafa nokkurn getað státað sig af að ná til (Curran, 1982: 202). Í annan stað er forskeytið *fjöl-* að ýmsu leyti villandi þar sem útbreiðsla fjölmiðla og fjölmiðlaafurða er oft á tíðum næsta lítil. Hvar á að draga þau mörk um útbreiðslu miðla svo þeir geti talist fjölmiðlar? Eru bækur til að mynda fjölmiðill? Sumir mundu segja að svo væri, en aðrir ekki. Í stað þess að hugtökin feli í sér miðlun til mikils fjölda manna væri nær að segja að efni og afurðir þess sem nefna má fjölmiðla séu í grundvallaratriðum aðgengileg flestum, óháð því hvort fleiri eða færri færi sér þau í nyt. Þess vegna má segja að hugtökin miðill og miðlun (e. *mediated communication*) eigi betur við (Lorimer, 1994: 21–27; Thompson, 1995: 23–26). Í þriðja lagi gefa hugtökin fjölmiðill og fjölmiðlun til kynna að fjölmiðlanotendur séu óvirkir móttakendur efnis fjölmiðla. Slíkt fer fjarri hinu sanna. Fjölmiðlanotkun og túlkun notenda á efni fjölmiðla ræðst að talsverðu leyti af félagslegum kringumstæðum hverju sinni, þekkingu þeirra og reynslu (Thompson, 1995: 24–25).[5]

Það er síður en svo alltaf ljóst hver það er sem miðlar, hver miðillinn er, hverju er miðlað og í þágu hverra í hvert og eitt skipti, eins og Umberto Eco bendir á í eftirfarandi dæmi:

1. Fyrirtæki framleiðir póloboli með krókódílsmynd og auglýsir þá.
2. Ný kynslóð manna byrjar að ganga í pólobolunum.
3. Sérhver eigandi umræddra pólobola auglýsir með krókódílsmyndinni á brjósti sínu þessa tegund af pólobolum. []
4. Sjónvarpsútsending (sjónvarpsþáttur), sýnir til að endurspegla raunveruleikann, ungt fólk sem gengur í pólóbolunum með krókódílsmerkinu. []
5. Ungir (og aldnir) horfa á sjónvarpsútsendinguna og kaupa fleiri póloboli með krókódílsmerkinu vegna þess að þeir sækjast eftir útliti unga fólksins úr þættinum. []

Hver er fjölmiðillinn? Auglýsingin? Útsendingin? Pólobolurinn? []
Hver sendir skilaboðin? Framleiðandinn? Sá sem gengur í pólobolnum? Leikstjóri sjónvarpsþáttarins? Sá sem greinir fyrirbærið? []

---

[4] Fyrirmynd þessarar skilgreiningar er sótt í rit Páls Sigurðssonar, *Fjölmiðlaréttur* (1997: 17–21).
[5] Sbr. notagildiskenninguna (e. *uses and gratification theory*) og kenninguna um hinn virka fjölmiðlanotanda (e. *active audience theory*).

Hver býr til hugmyndafræðina? Enn á ný, framleiðandinn? Sá sem gengur í pólobolnum (þar með talið sá þekkti einstaklingur sem kann að ganga í honum á almannafæri án sérstakrar greiðslu)? Leikstjóri sjónvarpsþáttarins sem dregur upp mynd af kynslóð ungs fólks?
Hver skipuleggur þetta? Í spurningunni felst ekki vísbending um að skipulag sé til heldur fremur að það sé ekki upprunið úr einum stað.

[*1. A firm produces polo shirts with an alligator on them and it advertises them.*
2. A generation begins to wear these polo shirts.
3. Each consumer of the polo shirts advertises, via the alligator on his or her chest, this brand of polo shirt.
4. A TV broadcast (programme), to be faithful to reality, shows some young people wearing the alligator polo shirt.
5. The young (and the old) see the TV broadcast and buy more alligator polo shirts because they have „the young look".
Which is the mass medium? The advertisement? The broadcast? The shirt?
Who is sending message? The manufacturer? The wearer? The TV director? The analyst of this phenomenon?
Who is the producer of ideology? Again, the manufacturer? The wearer (including the celebrity who may wear it in the public for free)? The TV director who portrays the generation?
Where does the plan come from? This is not to imply that there is no plan but rather it does not emanate from one central source.]

Eco, „The Multiplication of the Media," 1986,
hér vitnað í Lorimer, 1994: 22–23.

Tilkoma netsins og gagnvirkrar miðlunar hefur óneitanlega raskað þeirri mynd sem almenningur hefur lengst af gert sér af fjölmiðlum. Í kjölfar útbreiðslu nýrra samskiptamiðla og samsláttar á milli hefðbundinna fjölmiðla, síma og netsins hafa skilin á milli fjölmiðlunar og persónulegra samskipta (e. *interpersonal communication*) máðst út að nokkru. Í stað „línulegrar miðlunar" (e. *linear communication*) frá fáum til margra hefur samruni milli stafrænnar tölvutækni og mismunandi boðskiptatækni og miðlunaraðferða gert gagnkvæma persónulega miðlun mögulega frá mörgum til margra þar sem einstaklingarnir geta samtímis verið í hlutverki þiggjenda og sem skapendur hver kyns efnis og texta (Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 143).

Netið hefur þannig að geyma mismunandi miðla og ólíka notkun í senn, eins og Jens F. Jensen bendir á:

Netið hefur tvo eiginleika, sem hafa oft verið aðgreindir: miðlun og varðveisla þekkingar. … Það sem gerir netið sérstakt er samþætting og samruni þessa eiginleika, þ.e. alheims samskiptaleið og jafnframt skjalasafn staðreynda, skáldskapar, vísinda, lista, rafrænna viðskipta, kynlífs og leikja fyrir allan heiminn.
Hér skiptir máli að netið brúar bilið á milli fjöldasamskipta í formi bóka, dagblaða, kvikmynda, útvarps, sjónvarps o.s.frv. og einkasamskipta með talsíma, bréfsendingum, símbréfum, textaskilaboðum (SMS) o.s.frv. Á netinu er hægt að eiga samskipti við marga, við einn og það sem er nýtt í þessu samhengi, margir við marga í einu.

[*Internettet har to funktioner, som ofte har været adskilt: formidling og lagring af information. ... Det er både kombinationen og integrationen af de to sider, der gør internettet til en ganske særligt medie – en global kommunikationskanal og samtidig en værdensomspænnende arkiv for fakta og fiktion, videnskab og kunst, e-handel, sex og spil.*
Hertil kommer, at internettet overskrider skellet mellem „massekommunikation" (via bog, avis, film, radio, tv osv.) og interpersonlig kommunikation (via telefon, brev, fax, sms osv.). På internettet kan man kommunikere en-til-mange, en-til-en og noget som forholdsvis nyt – mange-til-mange ...]

Jensen, 2004: 204.

Netið með öllum þeim möguleikum sem það býður upp á getur ekki talist fjölmiðill sem slíkur – það er aðeins einn boðskiptavettvangur af mörgum sem okkur stendur til boða. Margt af þeirri miðlun sem fer um netið uppfyllir vissulega þau skilyrði að vera ópersónuleg, opinber, samfelld og stöðug í stað þess að vera bundin við sérstakt tilefni eða einstakan atburð (Lievrouw og Livingstone, 2006; Morris og Ogan, 2002: 135–38).

Tafla 2.1 sýnir samanburð helstu samskiptaeiginleika persónulegra samskipta, hefðbundinnar og stafrænnar miðlunar (e. *digital communication*). Skipta má ólíkum miðlum og miðlunarleiðum upp í þrjú stig (e. *media of three degrees*) eftir eðli og umfangi þeirra samskipta sem um er að tefla (Jensen, 2002: 3–4). *Fyrsta stigs* miðlun einkennist af beinum persónulegum og lítt stöðluðum samskiptum milli einstaklinga eða til tiltölulega fámenns hóps hverju sinni. Dæmi þar um er tungumálið, og önnur samskipti sem fela í sér persónulega nánd, svo sem lifandi sviðs- og tónlistarflutningur. Miðlun á *öðru stigi* felst í því að efninu er miðlað á stöðluðu formi af fáum til fjölmenns hóps notenda eins og með prentmiðlum, blöðum, tímaritum og bókum, hljóðvarpi og sjónvarpi, auk kvikmynda og hljóðrita. *Þriðja stigs* miðlun sameinar einkenni fyrsta og annars stigs miðlunar, með möguleika á flutningi mikils magns af stöðluðu efni til fjölmenns hóps notenda, og sem samtímis býður upp á gagnvirkni milli sendanda og móttakanda, jafnt á milli fárra sem fleiri. Netið er augljósasta dæmið þar um.

Tafla 2.1. *Samskiptaeiginleikar mismunandi boðskiptatækni og miðlunar*

	Fyrsta stigs miðlun		*Annars stigs miðlun*		*Þriðja stigs miðlun*
Samskiptaeiginleikar	*Milliliðalaus samskipti milli einstaklinga*	*Heimilissími*	*Prentmiðlar*	*Útvarp (hljóðvarp og sjónvarp)*	*Netið*
Hraði boðskipta	Lítill	Mikill	Lítill/miðlungs	Mikill	Mikill
Landfræðileg spönnun	Lítil	Mikil	Miðlungs	Mikil	Mikil
Félagsleg spönnun	Lítil	Mikil	Miðlungs	Mikil	Miðlungs/mikil
Efnismagn	Lítið	Lítið	Miðlungs	Miðlungs	Mikið
Efnisúrval	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið	Mikið
Nákvæmni	Mikil	Lítil	Mikil	Lítil/miðlungs	Mikil
Gagnkvæmni	Mikil	Miðlungs	Lítil	Lítil	Miðlungs
Margbreytileiki	Mikill	Miðlungs	Mikill	Miðlungs	Miðlungs

Heimildir: byggt á Jensen, 2002: 3–4; van Dijk, 2004: 154.

Aukinn samruni milli mismunandi tegunda fjölmiðla og fjölbreyttari dreifileiðir sem til boða standa hafa gert það að verkum að sífellt erfiðara er að greina á milli persónulegra boðskipta og hefðbundinnar fjölmiðlunar (Hadenius og Weibull, 2002: 16; Hesmondhalgh, 2007: 15, 240–42, 249; McQuail, 2005: 31–45). Hefðbundnir fjölmiðlar hafa í auknum mæli ekki aðeins fært sér í nyt gagnvirkni tölvutækninnar og netsins til dreifingar efnis til notenda. Þeir hafa einnig í sífellt meira mæli fetað sig inn á nýjar brautir við framsetningu efnis og í samskiptum við notendur sem óhugsandi voru með öllu fyrir daga stafrænnar tækni og nýrrar samskiptatækni. Ástæður þess að hefðbundnir fjölmiðlar sækja stöðugt inn á netið eru ýmsar. Í fyrsta lagi er fjölmiðlum í lófa lagið að endurnýta áður gert efni með því að miðla því yfir netið og að samnýta vinnu við efni sem dreift er á netinu með annarri efnisgerð án tiltakanlega mikils viðbótarkostnaðar. Í öðru lagi er þetta í því augnamiði að tryggja sér hlut í vaxandi tekjum af auglýsingum á netinu. Í þriðja lagi gerir netmiðlun fjölmiðlum kleift að gera

tilraunir með nýtt efni og breytta framsetningu á efni. Að síðustu gerir nærvera fjölmiðla á netinu þeim auðveldara um vik að ná betur til yngra fólks sem hefur í vaxandi mæli snúið baki við hefðbundnum fjölmiðlum (Trappel, 2007: 127–28; Sparks, 2004: 311 o.áfr.).

Nú til dags eru blöð að öllu jöfnu gefin bæði út í prentuðu formi á pappír og í sérstakri vefútgáfu í texta, mynd og hljóði, þar sem lesendur geta með gagnvirkum hætti komið athugasemdum á framfæri við fréttir og lagt sitt til málanna. Hljóðvarpshlustendur og sjónvarpsáhorfendur geta verið í sambandi við þáttagerðarmenn í beinni útsendingu, í síma og yfir netið og lagt orð í belg jafnóðum. Aukin gagnkvæmni og geymslugeta venjulegra heimilistölva hefur orðið til þess að fjölmiðlanotendur haga fjölmiðlanotkun sinni í auknum mæli með öðrum hætti en þeir gerðu. Nú býðst þeim að lesa, hlusta og horfa á efni miðlanna hvenær sem þeim best hentar og hvar sem þeir eru staddir hverju sinni (Jenkins, 2006; Lotz, 2007). Nýjar miðlunarleiðir sjónvarps, eins og í gegnum þriðju kynslóðar farsíma, gera það að verkum að sjónvarpsnotkun er ekki lengur bundin við staði og stund, heldur geta menn horft á það meðan þeir eru á ferðinni (Do, Kim, Kim og Kim, 2009; Pavlik 2008). Í nánustu framtíð má reikna með að efnisframboð í farsímann komi til með að aukast til mikilla muna og að hann verði æ mikilvægara tæki til upplýsingaöflunar og afþreyingar fyrir fólk sem er á faraldsfæti (Østergaard, 2007).

Þróun hefðbundinna fjölmiðla til gagnvirkni má lýsa eins og sýnt er í mynd 2.1 sem dregur upp einfalda mynd af einkennum hefðbundinna fjölmiðla og tölvuneta og nýmiðla með tilliti til stærðar notendahóps og samskiptamáta mismunandi boðskiptatækni og miðla.

Mynd 2.1. *Notendahópar og samskiptamáti hefðbundinna fjölmiðla og nýmiðla*



Hvað sem slíkum tæknilegum og efnislegum samruna líður milli ólíkra boðskiptakerfa og miðlunarleiða er enn til staðar skýr munur á milli mismunandi tegunda fjölmiðla, ekki hvað síst er varðar efni þeirra (Jensen, 2004; Lievrouw og Livingstone, 2006; Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003). Blöð eru enn blöð þótt þeim sé samhliða dreift á pappír og á vefnum í sama eða með breyttu sniði; hljóðvarp og sjónvarp eru enn sömu miðlar þótt unnt sé að hlusta og horfa á þau í gegnum síma, yfir netið og taka merki þeirra niður úr gervihnetti. Nýir miðlar draga einnig dám af eldri og hefðbundnari miðlum og sækja þangað fyrirmyndir að efni. Sú bylting í efni og efnisgerð sem ætla mætti að nýjar miðlunaraðferðir leiddu til hafa látið á sér standa (Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003; Hesmondhalgh, 2007). Vinsælir og útbreiddir nýmiðlar eru oft einungis aðeins ný birtingarmynd hefðbund-

inna fjölmiðla og eru oftar en ekki hluti af „rótgróinni fjölmiðlamenningu“ [„an established commercial media culture“] (Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 7).

Ástæðulaust er einnig að draga of skýr mörk á milli hefðbundinna fjölmiðla og nýrra miðla (Hesmondhalgh, 2007, 9. kafli; Jankowski, 2006: 55–57; Lievrouw og Livingstone, 2006: 2–3, 20–25; Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 7, 10–14, 37–44). Enn er langt í land að netið komi í stað hefðbundinna fjölmiðla og fjölmiðlunar, ef það þá gerir það einhvern tíma. Nær væri að segja að fjölmiðlun á netinu sé viðbót við eldri miðla (Hesmondhalgh, 2007: 249). Líkt og Martin Lister og samverkamenn hans benda á, þ.e. „nýnæmi nýmiðla er, að hluta til, raunverulegt, að því leyti að þeir voru ekki til áður, en að teknu tilliti til þessara breytinga er ekki verið að hafna sögunni því hún er full af sambærilegum augnablikum þar sem nýmæli hafa komið fram“ [*„[t]he newness of the new media is, in part, real, in that these media did not exist before now. But taking these changes into account does not mean abolishing all history because it (history) is full of similar moments of newness“*] (Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 3). Dómsdagsspár hafa áður verið kveðnar upp yfir fjölmiðlum í kjölfarið á tilurð og örri útbreiðslu nýrra miðla: á sínum tíma var álit margra að hljóðvarpið mundi útrýma hljómplötunni; sjónvarpið hljóðvarpinu, sjónvarpið og síðar myndbandið og mynddiskurinn voru sögð koma í stað sýninga kvikmynda í kvikmyndahúsum, o.s.frv. Tæplega þarf að taka það fram að þessir sömu miðlar og spáð var svo hraksmánarlega fyrir lifa enn í dag þokkalegu lífi þótt þeir hafi þurft að aðlaga sig að breyttri stöðu á fjölmiðlamarkaði. Nú síðast segja þeir sem telja sig sjá fram í tímann að netið muni ryðja dagblöðum í hefðbundnu formi úr vegi.[6] Þeim sem halda slíkum ragnarökum frammi er hollt að hafa í huga að mismunandi fjölmiðlar hafa ólíku samfélagslegu hlutverki að gegna. Notkun ólíkra miðla hefur mismunandi félagslega og sálræna þýðingu fyrir notendur. Fólk notar ólíka fjölmiðla á mismunandi vegu, eftir ólíkum kringumstæðum hverju sinni. Það er meira en hæpið að gera ráð fyrir því að netið í hvaða mynd sem er fullnægi ólíkum þörfum manna að þessu leyti (sbr. van Dijk, 2004).

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á allri tæknilegri umgjörð fjölmiðlunar og með tilkomu nýrra miðlunarleiða má vera ljóst að „engin einföld skilgreining“ er til um fjölmiðlahugtakið (*„has no straightforward definition“*) (Laughey, 2007: 3). Sumir kveða jafnvel svo fast að orði að allar tilraunir til að skilgreina fyrirbærið séu dæmdar til að mistakast (O'Shaughnessy og Stadler, 2008: 2). Augljós hætta við alla slíka skilgreiningasmíð er annars vegar sú að skilgreiningin verði of þröng og útiloki margt af því sem telja má til fjölmiðla, eða, á hinn bóginn, hún verði of víð og þar af leiðandi merkingarlaus (Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 138–39). Þennan skilgreiningavanda má ljóslega ráða af íslenski löggjöf um fjölmiðla. Í lögum er hvergi að finna skilgreiningu á því hvað teljist vera fjölmiðill þrátt fyrir að hugtakið komi víðs vegar fyrir. Þess í stað verður að ráða merkingu hugtaksins af umfjöllunarefninu hverju sinni.[7]

---

[6] Nýlega kvað fjölmiðlaútgefandinn Rupert Murdoch upp grafskrift yfir prentuðum dagblöðum sem hann spáir að heyri sögunni til innan áratugar þar sem allur fréttaflutningur verði á netinu (eyjan.is, 10. júní 2009). Reyndar taldi Murdoch tæpu ári áður að prentuð dagblöð ættu langra lífdaga auðið (mbl.is, 17. nóv. 2008). Ekki er örgrannt um að fjárhagslegir erfiðleikar fjölmiðlaveldis hans News Corp. Inc. sem meðal annars gefur út stórblöðin The New York Post, The Wall Street Journal í Bandaríkjunum og The Times í Bretlandi, hafi haft eitthvað með þessi sinnaskipti að gera (Morgunblaðið, 7. ágúst 2009).

[7] Orðaleit í núgildandi lögum leiðir í ljós að orðið fjölmiðill í öllum orðmyndum kemur fyrir í 31 lagatexta án nokkurra skýringa. Hugtakið fjölmiðlun kemur hins vegar aðeins fyrir einu sinni.

Í stað þess að skilgreina í eitt skipti fyrir öll hvað er fjölmiðill og hvað er fjölmiðlun er ráðlegra að ráða skilgreininguna af umfjöllunarefninu hverju sinni, hvaða tilgangi og hlutverki miðlinum og miðluninni er ætlað að hafa og sömuleiðis hvernig notkun miðilsins er farið (Lievrouw og Livingstone, 2006). Í því efni skiptir mestu að miðlunin sé opinber og aðgengileg þorra manna og að efnið hafi á einhvern hátt félagslega skírskotun. Samkvæmt Marjoire Ferguson er opinber miðlun „sú upplýsingavinnsla og menningarsamskipti milli fjölmiðlastofnana, afurða og almennings, sem deilt er félagslega, almennt aðgengilegileg og hefur samfélagsleg einkenni“ [*„those processes of information and cultural exchange between media institutions, products and publics which are socially shared, widely available and communal in character“*] (Ferguson, 1990: ix).

1.5 Fjölmiðlanotkun og útbreiðsla upplýsingatækni.

Aðgengi að fjölmiðlum er auðvelt hér á landi og útbreiðsla og notkun fjölmiðla og upplýsingatækni er almenn. Dagblöðunum er ýmist á dreift á landsvísu eða til þorra heimila. Upplag dagblaða í eintökum talið á hverja 1.000 íbúa á aldrinum 15 ára mælist hvergi hærri (WAN, 2008: 91). Viðtæki fyrir móttöku útsendinga hljóðvarps og sjónvarps hafa um langt skeið verið til á nær öllum heimilum og útsendingar flestra útvarpsstöðva nást víðast um landið. Útbreiðsla upplýsingatækni á heimilum hér á landi er með því mesta sem gerist í Evrópu og þótt víðar sé leitað (EUROSTAT; OECD). Svo mjög hafa Íslendingar tekið upplýsingatæknina í sína þjónustu á ýmsum sviðum að þeir teljast heimsmeistarar í notkun Facebook samskiptasíðunnar svo dæmi sé nefnt (ABS fjölmiðlahús, 26. jan. 2009 og 24. sept. 2009).

Tafla 3.1 sýnir upplýsingatæknibúnað vegna móttöku og afspilunar á fjölmiðlaefni og til rafrænna samskipta á heimilum fólks á aldrinum 16–74 ára fyrri hluta árs 2009 eða sem því næst. Hljóðvarp og farsími eru til á svo gott sem öllum heimilum. Sama er að segja um sjónvarp og aðgengi að textavarpi. Heimilistölva er til á langsamlega flestum heimilum. Litlu færri heimili eru með nettengingu. Þar af er obbinn af nettengdum heimilum með háhraðatengingu, eða 97% nettengdra heimila.

Tafla 3.1. *Upplýsingatæknibúnaður á heimilum 2009 (hlutfall, %)*

	Hlutfall, %		*Hlutfall, %*
Hljóðvarp	<100	Myndbandstæki	68
Farsími	981	Stafræn móttaka sjónvarps	60
Sjónvarp	95	MP3/iPod	59
Heimilistölva	92	Tvö sjónvarpstæki og fleiri	50
þ.a. fartölva	76	Flatskjár	48
þ.a. borðtölva	60	Leikjatölva	42
þ.a. lófatölva	10	Heimabíó	30
Nettenging	90	Stafrænt myndupptökutæki	17
þ.a. háhraðatenging (xDSL)	97	Tenging sjónvarps um kapal	11
Textavarp	86[2]	Gervihnattadiskur	9
DVD spilari	82		

Skýringar:
[1] Tala vísar til ársins 2006.
[2] Tala vísar til ársins 2002.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Útbreiðsla fjölmiðla- og upplýsingatækni breytist nær stöðugt með tilkomu nýrrar tækni og þjónustu sem er í boði og með því að eldri tækni er leyst af hólmi með nýrri og endurbættri tækni. Á síðustu árum hefur þannig fartölvan komið í vaxandi mæli í stað borðtölvunnar á heimilum landsmanna. Nú er svo komið að fartölvur eru nú til að á fleiri heimilum en borðtölvur. Sömuleiðis hefur myndbandstækjum í auknum mæli verið skipt út fyrir DVD spilara. Á fáeinum árum hafa DVD spilarar öðlast meiri útbreiðslu en myndbandstækin höfðu nokkurn tíma. Þeir eru til á átta af hverjum tíu heimilum. Enn þá eru myndbandstæki þó til á hátt í sjö af hverjum tíu heimilum. Sex af hverjum tíu heimilum eru með stafræna móttöku sjónvarps. Á helmingi heimila eru tvö eða fleiri sjónvarpstæki. Aðeins fáum árum eftir að flatskjáir og svonefnt heimabíó komu á neytendamarkað eru flatskjáir þegar á hátt í helmingi heimila og heimabíó fast að því á þriðjungi. Einhver heimilismanna á ríflega helmingi heimila hefur yfir að ráða „tónhlöðu“ (MP3 og/eða iPod spilara). Hins vegar eiga fæst heimili stafrænt myndupptökutæki (*DVD Recorder*) eða taka á móti sjónvarpi um kapal eða gervihnattadisk.

Langflestir landsmenn líta reglulega í fréttablöð, hlusta hljóðvarp og horfa á sjónvarp, auk þess sem flestir nýta sér netið daglega til samskipta, upplýsingaleitar og afþreyingar.[8] Kannanir sýna þó að fjölmiðlanotkun er á misjafnan hátt farið eftir kyni og aldri. Tafla 3.2 sýnir hlutfall þeirra sem notfærðu sér daglega fréttablöð, hljóðvarp og sjónvarp og fóru á netið frá 2000 til 2008.

Tafla 3.2. *Dagleg fjölmiðla- og netnotkun 2000–2008*

	2000	2005	2008
Fréttablöð	74	951	..
Hljóðvarp	792	89	883
Sjónvarp	88	71	863
Netið	79	76	86

Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Ekki er gerður greinarmunur á starfstengdri notkun netsins og notkun í einkalífi.
[1] Tala vísar til ársins 2004.
[2] Tala vísar til ársins 2001.
[3] Tala vísar til ársins 2007.
Heimildir: Capacent; Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands; PricewaterhouseCoopers, 2001.

Hátt í níu af hverjum tíu hlusta daglega á hljóðvarp, horfa á sjónvarp og nota netið. Á undangengum árum hefur hlutfall þeirra sem nota daglega þessa miðla og netið hækkað fremur en hitt. Árið 2004 lásu að jafnaði 95% fréttablöð daglega (sjá mynd 3.1). Lestur fréttablaða hefur aukist umtalsvert frá því að hafið var að gefa út frídagblöð hér á landi með tilkomu Fréttablaðsins frá árinu 2001. Árið 1991 lásu 78% blöð daglega hér á landi (Ahlin, 1991: 67); árið 2000 mældist hlutfall daglegra blaðalesenda 74% (Capacent).

[8] Útbreiðsla og notkun annarra fjölmiðla er sömuleiðis verulega almenn hér á landi. Þannig hefur aðsókn að kvikmyndahúsum og leiga myndbanda og diska verið um árabil með því hæsta sem gerist (EAO, 2008c; Ragnar Karlsson, 2002a, 2002b).

Mynd 3.1. *Dagleg fjölmiðla,- tölvu- og netnotkun (hlutfall af mannfjölda, %)*



Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Tala innan sviga vísar til könnunarárs. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri tölvu- og netnotkun og notkun í frítíma.
Heimildir: Capacent; Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands.

Í evrópskum samanburði mælist daglegur lestur fréttablaða með því mesta sem gerist í Evrópu samkvæmt evrópsku félagsmálakönnuninni (European Social Survey) árið 2004 (sjá mynd 3.2). Hlutfall daglegra lesenda var aðeins hærra í Noregi. Norðmenn hafa reyndar um langt árabil verið allra þjóða iðnastir við blaðalestur (Elvestad og Blekesaune, 2008; Gustafsson og Weibull, 1997).

Mynd 3.2. *Lestur fréttablaða í 23 Evrópulöndum 2004*



Skýring: Samkvæmt niðurstöðum European Social Survey 2004.
Heimild: Elvestad og Blekesaune, 2008: 432.

Með árunum hafa fjölmiðlar orðið sífellt frekari til fjörs og æðis ærið margra. Vesturlandabúar verja drjúgum hluta daglegrar vöku í notkun fjölmiðla. Sagt er að daglega verji hver Bandaríkjamaður sem kominn er á unglingsár að meðaltali talsvert lengri tíma í fjölmiðlanotkun en við húsverkin og heimalærdóm svo dæmi sé tekið. Í Bretlandi er þessu á við-

líka hátt farið (Rojek, 2009: 23–25). Sambærilegar tölur eru ekki til héðan. Fátt bendir þó til þess að landsmenn séu neinir eftirbátar annarra í þessu efni.

Misjafnt er hve löngum tíma við verjum að jafnaði í notkun ólíkra fjölmiðla eins og lesa má út úr töflu 3.2 og sýnt er á mynd 3.3. Af hefðbundnum fjölmiðlum fer lengstur tími í að horfa á sjónvarp, eða að jafnaði þrjár stundir á dag. Frá því að reglubundnar mælingar á sjónvarpsnotkun hófust hér á landi hefur áhorf aðeins lítillega lengst þrátt fyrir fjölgun stöðva og stóraukið framboð sjónvarpsefnis á sama tíma. Daglega hlusta menn skemur á hljóðvarp en þeir horfa á sjónvarp eða að jafnaði um tvær klukkustundir á dag. Erlendar rannsóknir sýna að hljóðvarpshlustun fer mestmegnis fram samtímis annarri daglegri iðju í leik og starfi: í bílnum, í vinnunni, við húsverkin, heimalærdóminn, meðan skokkað er o.s.frv. (sbr. Alasuutari, 1997; Crisell, 1994, 2002; Hendy, 2000; Larsen, 2001). Þessu er væntanlega á líkan veg farið hér á landi. Skemmstum tíma verja menn í lestur fréttablaða, eða 39 mínútum á dag að jafnaði árið 2004.

Nýlegar upplýsingar um lengd daglegar netnotkunar Íslendinga eru ekki tiltækar. Ógerlegt er því að segja til um lengd netnotkunar að jafnaði. Samkvæmt könnun sem gerð var árið 2000 dvaldi hver netnotandi hátt í fimm klukkustundir á netinu á dag að jafnaði. Ekkert verður fullyrt um það hvort netnotkun mæld í tíma hafi breyst síðan. Rétt er að taka fram að öll netnotkun er hér meðtalin, jafnt í starfi, námi og í frítíma.

Mynd 3.3. *Fjölmiðla- og netnotkun á dag (tími að jafnaði)*



Skýringar: Notkun að jafnaði á dag. Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Tala innan sviga vísar til könnunarárs. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri Internetnotkun og notkun í frítíma.
Heimildir: Capacent (hljóðvarp og sjónvarp, 4. vika 2009,19.–21. janúar); Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands; PricewaterhouseCoopers, 2001.

Nokkurn fyrirvara verður að hafa við túlkun þessara upplýsinga þar sem þær eru fengnar úr könnunum sem eru ekki fyllilega samanburðarhæfar. Engu síður gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að aukin notkun netsins hafi ekki dregið úr notkun hefðbundinna fjölmiðla svo einhverju nemi öndvert við það sem oft er haldið fram. Fréttir af andláti hefðbundinna fjölmiðla eru enn alsendis ótímabærar, hvað sem síðar kann að verða.

Forvitnilegt er að skoða upplýsingar um fjölmiðlanotkun hér á landi í samanburði við það sem gerist annars staðar.[9] Við samanburð milli landa þarf jafnframt að hafa hugfast að framboð fjölmiðla og fjölmiðlanotkun ræðst að talsverðu leyti af samspili efnahagslegra, félagslegra, pólitískra og sögulegra aðstæðna. Athuganir hafa sýnt að samband er til að mynda á milli blaðalesturs, menntunar og afkomu (Elvestad og Blekesaune, 2008; Gustafsson og Weibull, 1997; Hallin og Mancini, 2004; Sánchez-Tabernero og Carvajal, 2002). Útbreiðsla og blaðalestur er að öllu jöfnu talsvert meiri norðan- og vestanvert í Evrópu en sunnar þar sem blöð standa almennt hallari fæti gagnvart öðrum miðlum, einkum sjónvarpinu. Sömuleiðis sýna rannsóknir að útbreiðsla og notkun upplýsingatækni fer að talsverðu leyti eftir efnahag og menntunarstigi (Norris, 2001; van Dijk, 2005, 2008). Útbreiðsla og notkun upplýsingatækni er almennari og meiri í Vestur- og Norður-Evrópu en austan- og sunnanvert um álfuna (EUROSTAT), sem rekja má til samspils efnahagslegra og menningarlegra þátta (sjá t.d. Pauwels og Burgelman, 2003; van Dijk, 2008).[10]

Dagleg fjölmiðlanotkun og netnotkun á Norðurlöndum er sýnd í töflu 3.3. Hljóðvarps-, sjónvarps- og netnotkun árið 2007 mældist hér hærri en á öðrum Norðurlöndum, hvort heldur er miðað við hlutfall daglegra notenda eða mælt í tíma. Lengd hljóðvarpsnotkunar á Norðurlöndum hefur reyndar um langt skeið verið í hærri kantinum í samanburði við það sem almennt er í Evrópu og í Bandaríkjunum (Hasebrink og Herzog, 2009; Hendy, 2000: 124–25).

---

[9] Ákveðinn varnagla verður þó hafa við slíkum samanburði sökum ólíkra aðferða sem viðhafðar eru við mælingar á fjölmiðlanotkun. Sjónvarpsáhorf og hlustun á hljóðvarp mælist til að mynda minna með viðstöðulausri rafrænni mælingu (e. *Peoples Meter* eða *24 Hour Recall System*) en í dagbókarkönnunum (sjá t.d. IP, 2008, Menneer, 1995 og Nordström, 1995). Rafrænar mælingar á sjónvarps- og hljóðvarpsnotkun hafa um langt skeið verið víða við lýði. Hér á landi leystu rafrænar mælingar dagbókarkannanir af hólmi í janúar 2008 er Capacent hóf slíkar mælingar í samstarfi við helstu fjölmiðla og auglýsingastofur. Sá tími sem menn hlusta daglega á hljóðvarp mælist um það bil helmingi skemmri samkvæmt þessari aðferð en dagbókarkannanir sýndu. Hins vegar mælist lengd þess tíma sem menn verja fyrir framan sjónvarpið samkvæmt rafrænum mælingum áþekkur lengd þess tíma sem dagbókarkannanir áður mældu.

[10] Í stærra samhengi fellur útbreiðsla upplýsingatækni og netsins á heimsvísu nánast eins og flís við rass við efnahagslega skiptingu heimsbyggðarinnar milli norðurs og suðurs (Hafez, 2007; Sparks, 2007; Zimmer, 2009).

Tafla 3.3. *Dagleg fjölmiðla- og netnotkun á Norðurlöndum 2007*

	Danmörk	*Finnland*	*Ísland*	*Noregur*	*Svíþjóð*
Nota daglega, %					
Fréttablöð[1]	78	94	95	96	91
Hljóðvarp	81	79	88	67	74
Sjónvarp	69	74	86	68	71
Netið	66	62	86	66	58
Notkun á dag að jafnaði í mín.					
Fréttablöð[1]	31	40	39	44	37
Hljóðvarp	179	196	230	132	154
Sjónvarp	148	166	126	154	157

Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Ekki er gerður greinarmunur á starfstengdri netnotkun og notkun í einkalífi. Allar tölur vísa til ársins 2007 nema annað sé tekið fram.

[1] Tölur vísa til ársins 2004.

Heimildir: Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; EUROSTAT, nóvember 2008. (http://epp.eurostat.ec.europa.eu), Hagstofa Íslands; Harrie, 2009.

Nokkuð öðru gegnir með sjónvarpsnotkun. Norðurlandabúar horfa mun skemur á sjónvarp á dag en Evrópumenn almennt, einkum þeir sem búa sunnar og austar í álfunni, að ekki sé talað um Bandaríkjamenn og Japani sem verja að enn lengri tíma fyrir framan sjónvarpstækið (IP, 2008: 36). Að meðaltali horfa Evrópumenn daglega á sjónvarp í um þrjár klukkustundir og tuttugu mínútur á móti rétt um tveimur og hálfri klukkustund sem Norðurlandabúar dvelja að jafnaði fyrir framan sjónvarpstækið á dag (EAO, 2008b: 146).

Íslenskir blaðalesendur vörðu álíka löngum tíma daglega í lestur blaða og Finnar og Svíar en talsvert lengri tíma en Danir og talsvert skemmri tíma en Norðmenn. Samkvæmt evrópsku félagsmálakönnuninni árið 2004 voru íslenskir blaðalesendur þeir sem eyddu fjórða lengsta tíma í lesturinn af 23 þjóðum, eða nokkru skemmri tíma en Norðmenn og Finnar og talsvert minna en Írar sem höfðu lengst ofan af sér með blaðalestri, en álíka lengi og breskir og eistneskir blaðalesendur (Elvestad og Blekesaune, 2008: 232).

1.6 Netnotkun

Þegar höfð er í huga almenn útbreiðsla margvíslegrar fjölmiðla- og upplýsingatækni á heimilum mun vera óhætt að fullyrða að Íslendingar séu tiltölulega vel í stakk búnir að taka virkan þátt í hinni margumræddu boðskipta- og margmiðlunarbyltingu. Aðgangur og notkun fjölmiðla og upplýsingatækni þýðir þó ekki það sama og upplýsingaleikni. Á sama tíma og kannanir benda eindregið til að „stafræn aðgreining“ (e. *digital divide*) sé minni hér á landi en víðast hvar, þá sýna sömu athuganir að aðgengi að notkun upplýsingatækni ræðst að nokkru leyti af félags- og efnalegri stöðu (svo sem aldri, lengd skólagöngu og tekjum) (*Hagtíðindi*, 2008:1; um rannsóknir á stafrænni aðgreiningu má lesa t.d. í Norris, 2001; Preston, 2001; Sassi, 2005; van Dijk, 2005, 2008; Webster, 2006).

Algengast er að netið sé notað til samskipta, upplýsingaleitar, vefmiðlanotkunar og í vaxandi mæli einnig til vörukaupa (e. *e-commerce*) og bankaviðskipta (sjá töflu 3.4). Netnotkun er þó á ólíkan hátt farið eftir aldri og menntun notenda. Yngri notendur og langskólagengnir nota netið almennt á fjölbreyttari hátt og til flóknari hluta en þeir sem eldri eru og þeir sem hafa skemmri skólagöngu að baki (sjá t.d. van Dijk, 2005: 117-20; 2008). Þessu er einnig svo farið hér á landi.

Tafla 3.4. *Tilgangur netnotkunar 2002–2009*

	Hlutfall netnotenda, %			
Tilgangur netnotkunar[1]	*2002*	*2005*	*2009*	*Breyting +/-*
Tölvupóstur	90	88	91	+1
Upplýsingaleit um vöru og þjónustu	82	85	86	+4
Lesa dagblöð, tímarit	74	76	78	+4
Viðskipti við heimabanka	58	71	78	+20
Upplýsingaleit á vefjum opinberra aðila	68	59	68	–
Lesa bloggsíður	..	..	66[3]	..
Hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp	17	37	65	+48
Spjallrásir, MSN, o.þ.h.	19	50	61	+42
Ferðatengd notkun	55	63	57	+2
Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum	43	34	54	+11
Senda inn eyðublöð til opinberra aðila	33	24	54	+21
Hlaða inn eigin efni, texta eða myndum	..	..	47	..
Leika/hlaða niður leikjum, kvikmyndum, tónlist	21	33	46	+25
Upplýsingaleit um heilsu	44	46	40	+4
Hlaða niður hugbúnaði	29[2]	29	31	+2
Kaup á vörum og þjónustu	22	32	29	+7
Símtöl eða fjarfundir	8	16	27	+19
Atvinnuleit/umsóknir	15[2]	18	19	+4
Þátttaka í umræðum á Netinu	..	..	19[3]	..
Halda úti bloggsíðu	..	..	15[3]	..
Til að selja vörur eða þjónustu	7	7	14	+7
Fjarnám/endurmenntun	10[2]	14	11	+1

Skýringar: Aldur svarenda 16–74 ára. Hlutfall af netnotendum. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri netnotkun og notkun í frítíma.

[1] Hafa notað á sl. þremur mánuðum.

[2] Tala vísar til ársins 2003.

[3] Tala vísar til ársins 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is, Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni » Upplýsingatækni: tafla: Ástæða internet notkunar einstaklinga 2002-2009.

Langsamlega flestir nota netið til að taka á móti og senda tölvupóst (91%), nokkru færri lesa blöð og tímarit á netinu (78%) eða hlusta á hljóðvarp og horfa á sjónvarp yfir netið (65%) og taka þátt á spjallrásum (61%). Talsvert færri, eða innan við helmingur netnotenda notar netið til flóknari hluta svo sem eins og að hlaða niður leikjum, kvikmyndum og tónlist (46%), hugbúnaði (31%), eða notfærir sér netið til símtala og fjarfunda (27%). Almennt notar yngra fólk netið á fjölbreyttari hátt en þeir sem eldri eru.

Hljóðvarpshlustun og áhorf á sjónvarp af netinu og þátttaka á spjallrásum hefur vaxið mun hraðar en önnur netnotkun á síðustu árum. Þeir eru mun færri sem taka þátt í umræðum á netinu (19% árið 2008) og halda úti bloggsíðu (15% árið 2008). Þetta kann að benda til þess að netið sé enn fyrst og fremst vettvangur til gagnvirkra samskipta milli einstaklinga og til upplýsingaöflunar og fjölmiðlanotkunar í stað þess að vera almennur og opinn umræðuvettvangur þar sem menn komi sjónarmiðum sínum og efni á framfæri utan netsamfélaga (eins á samskiptavefjunum Facebook og Twitter, svo aðeins tveir séu nefndir). Rétt er þó að hafa í huga að netnotkun breytist ört með aukinni dreifigetu, nýjum samskiptaleiðum og aukinni færni notenda eins og sést berlega af upplýsingunum í töflu 3.4 að framan.

1.7 Taumhald á miðlum

Einkareknir fjölmiðlar hér á landi búa við einhverja frjálslyndustu löggjöf sem þekkist í Vestur-Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað (Þorbjörn Broddason, 2005: 79–80). Í alþjóðlegum samanburði hefur starfsumhverfi íslenskra fjölmiðla verið lýst sem „fádæma opnu og frjálsu“ (*an exceptionally open and free media environment*), eins og segir í skýrslu um starfsaðstæður fjölmiðla um víða veröld (Freedom House, 2004: 109).

Lagalegt umhverfi fjölmiðlunar hér á landi hefur alla tíð einkennst af því sem nefna mætti „neikvætt frelsi“ (e. *negative freedom*), þ.e. frelsi undan takmörkunum, í stað „jákvæðs frelsis“ (e. *positive freedom*), þ.e. frelsis sem felur í sér skyldu og ábyrgð, svo vísað sé til greiningar Isaiah Berlin á frelsishugtakinu (Berlin, 1969). Víst er að fá dæmi, ef nokkur, er að finna um jafn íhlutunarlausa löggjöf varðandi starfsumhverfi og skyldur einkarekinna fjölmiðla og hér á landi. Það á jafnt við um efni þeirra, ritstjórnarlega ábyrgð, sem og um eignarhald (sjá frekari umræðu hjá Ólafi Þ. Harðarsyni, 2007: 74–75; Ragnari Karlssyni, 2006: 37–38; Þorbirni Broddasyni, 2005: 79–80; Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2009).

Starfsemi fjölmiðla eru hvarvetna settar einhverjar skorður. Þetta er réttlætt annars vegar með mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar fyrir lýðræðislega umræðu og hins vegar með tilvísun til skoðanamyndandi áhrifa fjölmiðla. Í lýðræðislegum samfélögum eru takmarkanir á starfsemi fjölmiðla með þrennum hætti (Lichtenberg, 1990; McQuail, 2003). Í *fyrsta lagi* gera stjórnvöld víðast kröfur til fjölmiðla um efni og framsetningu þess, eða það sem nefna mætti efnisskyldu (e. *content regulation*). Hún getur verið með ýmsum hætti, svo sem að efni og framsetning þess brjóti ekki gegn rétti og skoðunum einstaklinga og einstakra hópa. Í þessum efnum er sennilega kunnust svonefnd „sanngirniskrafa“ (e. *the fairness doctrine*) bandaríska fjarskiptaeftirlitsins (Federal Communications Commission). Dæmi um efnisskyldu er til að mynda andsvarsréttur og tilmæli um að útvarpsstöðvar haldi lýðræðislegar grundvallarreglur í heiðri og gæti að vernd barna gegn óheimilu efni (sbr. útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafla, 9., 11. og 14. gr.; reglugerð nr. 50/2002, um útvarpsstarfsemi, VII. kafla). Efnisskylda getur líka falist í því að útvarpsstöðvum sé skylt að sinna tiltekinni dagskrárgerð, svo sem eins og að sýna innlent efni, efni frá ákveðnum heimshlutun, texta erlent efni, takmörk eru sett á lengd auglýsingatíma, o.s.frv. Dæmi um slíkar efnisskyldur að finna í lögum um starfsemi útvarpsstöðva (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, 7. og 8. gr.; reglugerð nr. 50/2002, um útvarpsstarfsemi, IV. og VI. kafli).

Í *öðru lagi* getur löggjafinn haft áhrif á starfsemi fjölmiðla með setningu almennra leikreglna á fjölmiðlamarkaði og um starfsemi þeirra (e. *structural regulation*). Reglur um eignarhald og markaðshegðun fjölmiðlafyrirtækja eru settar til þess að koma í veg fyrir óeðlilega samþjöppun og til að ýta undir fjölbreytni og fjölræði á markaði. Ljósasta dæmi um inngrip með þessum hætti er starfsemi útvarps í almannaþjónustu. Í sumum löndum er talið nægjanlegt að fjölmiðlar lúti almennum samkeppnisreglum. Annars staðar hefur löggjafinn sett sérstakar reglur um leyfilega hámarksmarkaðshlutdeild fjölmiðla, fjölmiðlafyrirtækja og samsteypa, um eignarhald einstaklinga og fyrirtækja á fjölmiðlum og um krosseignarhald á milli ólíkra fjölmiðla (Freedman, 2008).

Tafla 4.1 veitir yfirlit um eignarhaldstakmarkanir eftir ólíkum fjölmiðlum og milli ólíkra fjölmiðla sem við lýði voru innan Evrópu árið 2008, eða því sem næst.

Tafla 4.1. *Takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla í Evrópu 2008*

	Takmarkanir á krosseignarhaldi					
Eigendur:	*Svæðisbundið hljóðvarp*	*Hljóðvarp á landsvísu*	*Svæðisbundið sjónvarp*	*Sjónvarp á landsvísu*	*Blöð með svæðisbundna dreifingu*	*Fréttablöð á landsvísu*
Svæðisbundið hljóðvarp (leyfishafar)	Belgía* Bretland* Frakkland* Holland* Króatía* Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Austurríki Bretland* Holland* Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.*	Austurríki* Bretland* Írland* Ítalía Slóvakía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Írland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.* Þýskaland*	Bretland* Írland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Þýskaland*
Hljóðvarp á landsvísu (leyfishafar)	Bretland* Frakkland* Írland* Ítalía Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Írland Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland* Frakkland* Ítalía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland Frakkland* Írland* Ítalía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland* Írland* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Írland* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal. Þýskaland*
Svæðisbundið sjónvarp (leyfishafar)	Belgía* Bretland* Frakkland* Króatía* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.* Þýskaland*	Austurríki Bretland* Grikkland Ítalía Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.*	Bretland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*

	Takmarkanir á krosseignarhaldi					
Eig-endur:	*Svæðisbundið hljóðvarp*	*Hljóðvarp á landsvísu*	*Svæðisbundið sjónvarp*	*Sjónvarp á landsvísu*	*Blöð með svæðisbundna dreifingu*	*Fréttablöð á landsvísu*
Sjónvarp á lands-vísu (leyfis-hafar)	Bretland* Frakkland* Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland Frakkland* Írland Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.	Austurríki Bretland* Frakkland* Grikkland Ítalía Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal. Þýskaland*	Austurríki Bretland* Frakkland* Ítalía* Írland Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.
Gervi-hnatta-sjónvarp	Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Írland* Slóvenía* Slóvakía*	Írland* Slóvenía* Slóvakía*
Blöð með svæðis-bundna-dreifingu (útgef-endur)	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Pólland* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Þýskaland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Holland* Ítalía* Kýpur* Pólland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.*	Austurríki* Bretland* Grikkland Holland* Írland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Frakkland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*	Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*
Frétta-blöð á lands-vísu (útgef-endur)	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Tyrkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Tyrkland* Þýskaland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Grikkland Holland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Tyrkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Grikkland Holland* Írland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Tyrkland* Ungverjal.	Írland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*	Frakkland* Írland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*

Skýringar: Takmarkanir á eignarhaldi umfram það sem kveðið er á um í samkeppnislöggjöf, lögum um hringamyndanir (e. *Cartel Act*), og erlendar fjárfestingar.

* Aðeins heimilt með takmörkunum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, einkum er varðar markaðshlutdeild og samþjöppun eignarhalds.

Heimild: WAN, 2007–2008.

Af sama toga eru reglur sem kveða á um gagnsæi eignarhalds og takmarkanir á leyfilegri hámarkseignarhlutdeild einstakra einstaklinga og fyrirtækja. Tafla 4.2. sýnir hvernig þessu er háttað innan Evrópu og víðar varðandi fréttablöð og útgáfu þeirra.

Krafa um að eigendur fjölmiðla greini frá eignarhaldi sínu er tilkomin vegna þess að án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir er ekki unnt að fylgjast með að gagni hvernig samþjöpp-

un eignarhalds er háttað á fjölmiðlamörkuðum, né að vita hvaða hagsmunir kunni að liggja að baki starfsemi miðlanna. Leynd um hvernig eignarhaldinu er háttað elur á tortryggni og býður heim hættunni á samslætti ritstjórnarvalds og eignarhalds. „Misnotkun verður vandamál þar sem menn ráða yfir uppsöfnuðu og einráðu valdi, án heimildar eða kjósa að nota ekki vald sitt á gagnsæan hátt.“ (Mills, 2000 [1956]: 313.)

Hér á landi gilda ekki reglur um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, né um takmarkanir á eignarhaldi. Eigendum hefur verið í sjálfsvald sett hvort þeir láti eitthvað uppi um það hvernig eignarhaldinu á fjölmiðlum er háttað. Mörgum er án efa í fersku minni þegar ekki fékkst lengi vel upp gefið þótt eftir væri leitað hverjir væru eigendur að Fréttablaðinu eftir endurreisn þess árið 2002.

Tafla 4.2. *Yfirlit um reglur um eignarhald fréttablaða í nokkrum löndum 2008*

	Gagnsæi upplýsinga um eignarhald	*Takmarkanir á leyfilegri hámarksmarkaðshlutdeild*[2]
Austurríki		√
Belgía		√
Bretland	√	√
Búlgaría		
Danmörk		
Eistland		
Finnland		
Frakkland	√	√
Grikkland	√	√
Holland	√	√
Írland		√
Ísland		
Ítalía	√	√
Króatía	√	
Lúxemborg		
Makedónía		
Moldavía		
Noregur	√	√
Pólland	√	√
Portúgal		
Rússland	√	
Slóvakía		
Slóvenía	√	√
Spánn		
Sviss	√	√
Svíþjóð		
Tékkland	√	√
Tyrkland		
Ungverjaland		
Úkraína	√	√
Þýskaland	√	√
Evrópa: takamarkanir/ekki takmarkanir	14/17	15/14
Ástralía	√	

	Gagnsæi upplýsinga um eignarhald	*Takmarkanir á leyfilegri hámarks-markaðshlutdeild*[2]
Nýja Sjáland		√
Bandaríkin		√
Kanada	√	
Japan	√	

Skýringar: √ merkir skilyrði/takmarkanir.
[1] Aðeins sértækar reglur um eignarhald útlendinga.
[2] Reglur um hámarks markaðshlutdeild samkvæmt sérákvæðum í lögum og reglugerðum um fjölmiðla.
Heimild: WAN, 2007–2008.

Þriðja meginleiðin sem löggjafinn og stjórnvöld geta farið í því skyni að ýta undir fjölbreytni í fjölmiðlun er með styrkjum og öðrum fjárhagslegum ívilnunum (e. *subsidy approach*). Slíkur stuðningur er hugsaður til að draga úr göllum frjálsrar samkeppni og berja í markaðsbresti (e. *market failure*), ýta undir tiltekna starfsemi og til að hvetja til og hafa áhrif á hegðun neytenda. Stuðningur sem veittur er í þessu skyni getur ýmist verið beinn eða óbeinn. Dæmi um beinan stuðning er til dæmis þegar hið opinbera styrkir fjölmiðla sem standa höllum fæti í samkeppni við stærri miðla, eða búa við markaðsaðstæður og starfsskilyrði sem eru þeim verulega óhagstæð. Beinar styrkveitingarnar eru réttlættar með því að væri ekki neitt að gert mundi það leiða til óviðunandi fábreytni á markaði. Þess háttar styrkveitingar – eins og blaðastyrkir eru dæmi um – hafa þó ætið verið umdeildar. Ókosturinn við beina styrki er sá að þeir geta leitt til skekktrar samkeppnisstöðu milli fjölmiðla á sama markaði og dregið úr hvata til hagræðingar í rekstri þeirra fjölmiðla sem styrkjanna njóta ef þeir eru byggðir á umsóknum og úthlutunum og leitt til stöðnunar og fest ríkjandi ástand í sessi ef þeir eru gerðir sjálfvirkir (Grisold, 1996; Høyer, 2003; Murchetz, 1998; Picard, 2003; Þorbjörn Broddason, 2005: 52).

Annað dæmi þessu skylt er sérstök skattlagning á tekjur fjölmiðla eins og á auglýsingatekjur sem myndar sjóð til að ýta undir fjölbreytni í dagskrárgerð og til framleiðslu á efni sem sýnt þykir að markaðurinn mundi annars ekki sinna. Menningarsjóður útvarpsstöðva sem var við lýði frá 1986 til 2000 er gott dæmi um þetta.

Óbeinn stuðningur getur verið með ýmsu móti, t.d. í formi skattaívilnana og afsláttar á póstburðar- og símgjöldum, en slíkt þekktist víða á meðan póst- og símaþjónusta var bundin einkaleyfi. Fjölmiðlun er talin hafa svo mikla þýðingu fyrir lýðræðislega umræðu og menningarþróun að slíkar ívilnanir eru réttlættar í því skyni að ýta undir fjölmiðlaneyslu almennings, til að efla starfsemi miðlanna vegna menningar- og lýðræðislegs hlutverks þeirra og til atvinnusköpunar.

Dæmi um óbeinan stuðning við fjölmiðla hér á landi er lægri virðisaukaskattur sem lagður er á sölu fjölmiðla til neytenda.[11] Þótt hér sé ekki um styrk að ræða til fjölmiðla ýtir lægri skattlagning undir fjölmiðlaneyslu almennings og kemur þannig fjölmiðlunum til góða með aukinni sölu. Bent hefur verið á að þessi leið sé ekki fremur gallalaus en beinar styrkveitingar þar sem hún komi útbreiddari og söluhærri miðlum til góða í hlutfallslega meiri mæli en miðlum sem hafa minni útbreiðslu (sbr. Grisold, 1996).

[11] Lengi vel var virðisaukaskattur á sölu fjölmiðla hér á landi 14 prósent í stað 24,5 prósenta almenns virðisaukaskatts sem lagður er á sölu vöru og þjónustu. Þetta hlutfall var lækkað niður í sjö prósent 1. mars 2007 (lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum). Almennt virðisaukaskattsþrep hækkaði 1. mars 2009 í 25,5%.

Í nútímalýðræðissamfélagi geta flestir sammælst um það að ekki megi leggja meiri hömlur á starfsemi fjölmiðla en kveðið er á um í lögum um vernd einstaklinga og vegna öryggis ríkisins. Í reynd er þessu á misjafnan hátt farið hvort heldur er um að ræða fréttablöð eða útvarp. Á meðan blöð (og prentað mál) njóta svo til óskoraðs frelsis í lýðræðissamfélögum og eru undanþegin hvers kyns kvöðum um efni og efnisframsetningu umfram ákvæði um meiðyrði og vernd einkalífs einstaklinga er starfsemi útvarps hvarvetna skilyrt með margvíslegum skyldum og kvöðum. Gildir þá einu hvort um er að ræða ríki sem kenna sig við óheft einstaklingsfrelsi eða ríki sem leggja ríkari áherslu á félagslegan jöfnuð.

Ólíkt taumhald á blöðum og útvarpi á sér sínar sögulegu skýringar. Frelsi blaða og prentaðs máls var samofið baráttu frjálslyndra borgaraafla og síðar verkalýðs gegn einveldisfyrirkomulaginu og fyrir lýðræðislegum réttindum. Á hinn bóginn grundvallaðist löggjöf um hljóðvarp í öndverðu á allt öðrum forsendum, sem síðar mótuðu einnig löggjöf um starfsemi sjónvarps (sjá t.d. McQuail, 2003; 2005, 2. kafli; Þorbjörn Broddason, 2005: 65–66).

Í fyrsta lagi var mönnum ljóst að útvarpsbylgjur væru takmörkuð auðlind. Hvarvetna upp úr 1920 kom það í hlut ríkisvaldsins að hafa yfirumsjón með útvarpinu. Víðast var útvarpsrekstur bundinn við einkaleyfi á vegum opinberra eða hálfopinberra stofnana. Í Bandaríkjunum þar sem menn trúðu því að lögmál frjáls markaðar ætti best við í útvarpsstarfsemi varð ríkisvaldið þó að grípa í taumana árið 1927 og skammta senditíðni eftir að í algjört óefni var komið. Markaðurinn reyndist allendis ófær um að sjá um þann vanda sjálfur (sjá t.d. McCheseny, 2004, 1. kafli; 2008, 6. kafli).

Í annan stað var mönnum langt í frá ljóst til hvers hljóðvarpið væri. Öndvert við fyrri boðskiptatækni var hljóðvarpið, og sjónvarpið síðar, „aðallega gert fyrir útsendingar og móttöku sem litið var á sem sértæk ferli, með lítilli eða engri skilgreiningu á því efni er miðla skyldi“ (Williams, 1974: 25), eða öllu heldur að hljóðvarp og sjónvarp hafi verið „tækni í leit að innihaldi“ eins og komist hefur verið að orði (Þorbjörn Broddason, 2005: 65).[12] Það er kannski vegna þessa sem fáir gerðu tilkall til hljóðvarpsins í byrjun og stóðu gegn opinberri forsjá þess.

Í þriðja lagi var ferkari íhlutun opinberra aðila í starfsemi útvarpsins réttlætt þegar í ljós kom hversu áhrifamikið tæki útvarpið var til sefjunar og skoðanamótunar. Stjórnmálaöfgar á millistríðsárunum og beiting hljóðvarps sem áróðurstækis í seinna heimsstríði og í köldu stríði stórveldanna í framhaldinu varð til þess að styrkja þessa skoðun frekar. Í sögulegu ljósi verður misjafnt taumhald á prentmiðlum og útvarpi skiljanlegt. Þrátt fyrir að tæknilegum hindrunum hafi verið rutt úr vegi sem réttlæti takmarkaðan aðgang að ljósvakanum er tilvist útvarpsþjónustu í almannaþágu oftast réttlætt með vísan til lýðræðis- og menningarlegrar þýðingar slíkrar þjónustu (Freedman, 2008).

1.8 Lauslegur samanburður á heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og útvarps á vegum einkaaðila

Hér á landi, líkt og víðast í Evrópu, eru ríkari skyldur gerðar til útvarps í almannaþjónustu en einkarekins útvarps. Það á við um þjónustu, efnisgerð og framsetningu efnis. Samkvæmt lögum er Ríkisútvarpið þjóðarútvarp sem skal senda út til landsins alls og miða í kring, fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa, fræðslu jafnt sem afþreyingu. Þá er Ríkisútvarpinu gert að halda úti fréttaþjónustu og sinna málefnum lands og þjóðar (lög um Ríkisútvarpið ohf.,

---

[12] „Radio seems to have been a technology looking for a use, rather than a response to a demand for a new kind of service or content, and much the same is true of television“ (McQuail, 2005: 34).

nr. 6/2007, II. kafli, Hlutverk og skyldur; Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu).[13][14] Til þess að Ríkisútvarpinu megi auðnast að standa undir því margþætta hlutverki sem því er ætlað að sinna er því tryggður tekjustofn að hluta samkvæmt lögum sem nú er fenginn af álögu á skattskylda einstaklinga, en áður með afnotagjöldum.

Ekki eru lagðar eins ríkar kvaðir á útvarp á vegum einkaaðila um efni og þjónustu. Um dagskrárframboð einkastöðva gilda almenn ákvæði um að þær skuli „stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu“; sjónvarpstöðvar skulu „kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu“ að frátöldum „þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu“, auk þess kröfur eru gerðar um textun eða talsetningu efnis á erlendu máli (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, Skyldur útvarpsstöðva). Ekki er gerð krafa til þess í lögum að stöðvar einkaaðila sendi út til landsins alls, haldi úti fréttaþjónustu eða sendi út í opinni dagskrá.

Tafla 4.3 gefur yfirlit um ívilnanir/heimildir og skyldur sem gilda um Ríkisútvarpið og útvarp á vegum einkaaðila samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum. Í töflunni eru allar ívilnanir/heimildir og skyldur lagðar að jöfnu og því er ekki lagt mat á þýðingu einstakra ívilnana/heimilda og skyldna fyrir rekstur og afkomu Ríkisútvarpsins og einkastöðvanna.[15]

Tafla 4.3. *Samanburður á ívilnunum/heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og útvarps einkaaðila 2009*

	Ríkis-útvarpið	*Einka-stöðvar*	*Skýringar*
Þjónusta			
Tvær hljóðvarpsrásir og ein sjónvarpsrás	S		
Fréttaþjónusta	S		
Útsending nái til landsins alls	S		
Svæðisútsendingar hljóðvarps	S		
Textavarp og almannaþjónusta	S		
Almannaþjónusta á vef RÚV	S		
Táknmálstúlkun fyrir heyrnarskerta	S		
Ákvæði um lágmarkslengd dagskrár hljóðvarps og sjónvarps	S		dagleg útsending dagskrár skal vera að lágmarki sjö klst. í sjónvarpi og 18. klst. á annarri hljóðvarpsrásinni og allan sólarhringinn á hinni

[13] Þrátt fyrir ákvæði í lögum þess efnis að útsendingar Ríkisútvarpsins skuli ná til allra óháð búsetu hefur Sjónvarpið aldrei náð til allra landsmanna. Svo seint sem árið 2000 náðu einir 78 sveitabæir, þar sem 250 manns voru heimilisfastir, illa eða alls ekki útsendingum Sjónvarpsins (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 140). Enn þann dag í dag eru móttökuskilyrði fyrir útsendingar hljóðvarps og sjónvarps ófullnægjandi á einstaka stað.

[14] Til marks um fjölþætt almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins má nefna að Sjónvarpið hefur frá því í nóvember 1980 sent út yfirlit frétta á táknmáli, fyrst norrænna sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu (Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006).

[15] Benda má þó á lauslega úttekt á samanburði á skyldum Sjónvarpsins og einkastöðva og hversu íþyngjandi þær eru í Ragnari Karlssyni, Hilmari Thor Bjarnasyni, Þorbirni Broddasyni og Margréti Lilju Guðmundsdóttir, 2001.

	Ríkis-útvarpið	*Einka-stöðvar*	*Skýringar*
Aðgengi að útsendingu			
Opið	S		
Dagskrá og efni			
Óhlutdrægni	S		
Lýðræðislegar hefðir haldnar í heiðri	S	S	
Krafa um efnislega fjölbreytni	S		
Efni ætlað börnum og unglingum	S		
Menningartengt efni	S		
Takmörk á lengd auglýsingatíma	S	S	
Auglýsingahlé í dagskrárliðum	H	H	með takmörkunum
Þýðingarskylda erlend efnis	S	S	talsett eða textað
Lágmark innlends efnis á kjörtíma	S		
Lágmark norræns efnis af útsendingartíma	S		norrænt efni nemi að lágmarki 5% af útsendu efni Sjónvarps
Innlent og evrópskt efni nemi a.m.k. helmingi af dagskrártíma	S	S	
Fjármögnun			
Álaga á skattskylda einstaklinga	H	•	aldraðir undanþegnir
Áskriftir	•	H	
Auglýsingar	H	H	með takmörkunum fyrir RÚV
Kostun dagskrárliða	H	H	með takmörkunum fyrir RÚV
Skattar og gjöld			
VSK lagður á áskriftir	•	S	7%
VSK lagður á auglýsingar	S	S	almennt VSK þrep: 24,5%
Tekju- og eignarskattur	S	S	

Skýringar: Einfaldað.
Merking tákna: H táknar ívilnun/heimild; S táknar skyldu.
Heimildir: Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 1/2007; *reglugerð 50/2000 um útvarpsstarfsemi; útvarpslög, nr. 53/2000*, *samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu*, 2007.

Verulegur munur er á ívilnunum/heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og einkastöðva varðandi þjónustu, aðgengi að útsendingum og dagskrá og efni. Heimildir Ríkisútvarpsins og einkastöðva eru þær sömu er fjármögnun og opinberar álögur varðar, að því þó undanskildu að Ríkisútvarpinu eru tryggðar tekjur með álagningu á einstaklinga í formi skatts en einkastöðvunum er heimilt að afla tekna með áskriftum.

Samandregið yfirlit yfir ívilnanir/heimildir og skyldur Ríkisútvarpsins og einkastöðva er sýnt í töflu 4.4. Þótt hér sé um mikla einföldun að ræða, gefur þessi samanburður nokkuð glögga mynd af ólíkum kröfum sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins og einkastöðva samkvæmt opinberum fyrirmælum.

Tafla 4.4. *Samandregið yfirlit yfir ívilnanir/heimildir og skyldur Ríkisútvarpsins og útvarps einkaaðila 2009*

	Skyldur	*Ívilnanir/heimildir*	*Undanþágur frá skyldum*
Ríkisútvarpið	21	4	–
Einkastöðvar	7	4	14

Skýring: Allar ívilnanir/heimildir og skyldur eru hér lagaðar að jöfnu.
Heimild: sjá *töflu 4.2*.

1.9 Fréttablöð

Lengi vel einkenndist þróun á blaðamarkaði hér á landi af hægfara breytingum. Undir lok síðustu aldar varð breyting þar á. Á undanförnum tveimur áratugum eða svo hefur blaðamarkaðurinn þurft að ganga í gegnum svipaða erfiðleika og blaðamarkaðir víðast á Vesturlöndum hafa átt við að etja um lengri tíma og m.a. birtast í blaðadauða og fækkun útgefinna titla, þverrandi blaðasölu og samþjöppun eignarhalds. Dagblöðin, sem flest voru lengst af öðrum þræði formleg eða óformleg flokksmálgögn, voru tiltölulega föst í sessi fram undir 1990. Formleg tengsl blaðanna við stjórnmálaflokka hafa síðan rofnað og tilvera þeirra er nú fyrst og fremst háð frammistöðu þeirra á markaði og viðtökum lesenda.[16] Í kjölfar fækkunar blaða á undanförnum árum hefur orðið vart skýrrar samþjöppunar í eignarhaldi á dagblaðamarkaði.[17]

1.9.1 Mismunandi blaðamarkaðir

Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum (ISO, 1991; UNESCO, 1985) sem og viðtekinni venju er fréttablöðum hér skipt upp í þrjá flokka eftir útgáfutíðni og efni, þ.e. dagblöð sem gefin eru út a.m.k. fjórum sinnum í viku, vikublöð sem gefin eru út einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Blöð, sem gefin eru út sjaldnar en vikulega, eru ekki til umfjöllunar hér, þar sem þau uppfylla ekki þau skilyrði sem gerð eru til blaða um útgáfutíðni og endurnýjun efnis svo þau geti talist eiginleg fréttablöð. Fréttblöðum má jafnframt skipta upp í þrjá meginflokka eftir efni og tilhöfðun þess, þ.e. í almenn fréttablöð, sérefnisblöð og blöð sem hafa staðbundna efnisskírskotun fyrst og fremst. Slík skipting er þó ekki nándar nærri einhlít.[18]

Mynd 5.1 byggist á þessari skiptingu þó að teknu tilliti til íslensks blaðamarkaðar. Einkenni almennra dagblaða er að þau hafa vítt efnisval og breiða tilhöfðun, mikla útgáfutíðni. Útbreiðsla dagblaða er yfirleitt umtalsvert meri en annarra blaða. Þessu er þó ekki alltaf þannig farið. Á undanförnum árum var sérefnisblað gefið út um tíma sem dagblað (þ.e. Viðskiptablaðið á árunum 2007–2008). Þá var Dagur gefinn út sem dagblað um tíma (1985–1996) með áherslu á málefni landsbyggðarinnar eftir að hafa áður komið út sem vikublað fyrir Norðurland um langt skeið.

---

[16] Austurland, málgagn Alþýðubandalagsins í fyrrum Austurlandskjördæmi, var síðasta blaðið sem taldist formlegt flokksmálgagn. Útgáfunni var hætt árið 2000.

[17] Sjá nánar um þetta og um þróun á íslenskum blaðamarkaði m.a. hjá Guðjóni Friðrikssyni, 2000, Ragnari Karlssyni, 2004, Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2009.

[18] Sjá frekar um skilgreiningu á fréttablöðum eftir efni og útgáfutíðni hjá Ragnari Karlssyni, 2004 og Seethaler, 2004.

Mynd 5.1. *Markaðir fréttablaða*



Almenn vikublöð höfða gjarnan til breiðs hóps lesenda og geta oft á tíðum haft mikla útbreiðslu. Útgáfutíðni sérefnisblaða og blaða sem gefin eru út fyrir landshluta og byggðarlög hefur að öllu jöfnu verið lág og útbreiðsla þeirra oftast takmörkuð í samanburði við almenn dagblöð og vikublöð.

Af mismunandi efni og skírskotun blaða má leiða að því rök að ólík blöð þjóni ólíkum þörfum lesenda eftir því hvort efni þeirra hefur almenna skírskotun til lesenda, eða afmarkaðri hópa eftir áhugasviði og búsetu. Þannig er ekki hægt að reikna með að landshlutablöð eða héraðs- og bæjarblöð komi í stað almennra blaða, ellegar að sérefnisblöð uppfylli þarfir lesenda fyrir almennt efni svo dæmi séu tekin. Þetta þýðir þó ekki að mismunandi blöð geti ekki komið að nokkru í stað annarra blaða jafnt gagnvart lesendum og auglýsendum eins og sýnt er í töflu 5.1, en þar eru dregnir upp mismunandi markaðir fréttablaða miðað við efni og tilgang blaða.

Tafla 5.1. *Samkeppnismarkaðir fréttablaða*

	Samkeppni um lesendur/tekjur við			
Tegund blaða	*Almenn blöð*	*Sérefnisblöð*	*Landshlutablöð*	*Héraðs- og bæjarblöð*
Almenn blöð	↔	(→)	(→)	
Sérefnisblöð	(→)			
Landshlutablöð			(↔)	(↔)
Héraðs- og bæjarblöð			(↔)	(↔)

Merking tákna: ↔ bein samkeppni; (→) og (↔) samkeppni og takmörkuð samkeppni, sem ræðst af því hvort blöð eru á sama útbreiðslusvæði og á sama lesendamarkaði.

Almenn blöð keppa augljóslega sín á milli um lesendur og auglýsendur, enda flytja þau að mörgu leyti sama eða líkt efni. Jafnframt geta almenn blöð veitt sérefnisblöðum og landshlutablöðum samkeppni svo fremi þau fjalli jafnframt að nokkru um sömu mál og málefni. Þetta má skýra út með því að stóru dagblöðin, Fréttablaðið og Morgunblaðið hafa lagt áherslu á viðskiptafréttir og efnahagsmál með líku sniði og Viðskiptablaðið. Að auki hafa sum dagblöð sinnt landsbyggðarfréttum af talsverðum metnaði og þrótti og því verið að nokkru í samkeppni við landshlutablöð. Sama má segja um sérefnisblöð að því tilskildu að þau fjalli að nokkru um sama eða svipað efni og almenn blöð. Samkeppni milli sérefnisblaða er fremur ólíkleg þar sem vart er hægt að gera ráð fyrir að tvö eða fleiri sérefnisblöð leggi áherslu á sama lesendahóp og á jafnlitlum markaði og er hér á landi. Landshlutablöð og héraðs- og bæjarblöð eru í samkeppni á sama útbreiðslusvæði, sömuleiðis héraðs- og bæjarblöð sem gefin eru út á sama stað og þjóna sama hópi lesenda.

Í töflu 5.2 er veitt yfirlit yfir fjölda fréttablaða eftir útgáfutíðni og efni sem út komu við árslok frá miðjum síðasta áratug. Fjöldi blaða eftir mismunandi útgáfutíðni og efni hefur ýmist minnkað eða staðið í stað frá upphafi tímabilsins til ársloka 2009. Mest er fækkunin í flokki almennra landsblaða og almennra dagblaða. Vikulegum staðarblöðum hefur hins vegar fjölgað um eitt frá árinu 1995.

Tafla 5.2. *Fréttablöð eftir útgáfutíðni og efni 1995–2009*

Útgáfutíðni	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2009–1985 +/-*
Dagblöð	5	3	4	3	5	3	2	-3
Almenn landsblöð	4	3	4	3	4	3	2	-2
Sérefnisblöð	–	–	–	–	1	–	–	–
Staðarblöð[1]	1	–	–	–	–	–	–	-1
Vikublöð	22	18	23	24	23	20	21	-1
Almenn landsblöð	2	–	–	1	–	–	1	-1
Sérefnisblöð	2	2	2	2	1	1	1	-1
Staðarblöð[1]	18	16	21	21	22	19	19	1
Efni	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2009–1985 +/-*
Almenn landsblöð	6	3	4	4	4	3	2	-3
Dagblöð	4	3	4	3	4	3	2	-2
Vikublöð	2	–	–	1	–	–	1	-1
Sérefnisblöð	2	2	2	2	2	1	1	-1
Dagblöð	–	–	–	–	1	–	–	–
Vikublöð	2	2	2	2	1	1	1	-1
Staðarblöð[1]	19	16	21	21	22	19	18	–
Dagblöð	1	–	–	–	–	–	–	-1
Vikublöð	18	16	21	21	22	19	19	1

Skýringar: Blöð útgefin í lok árs. Dagblöð = blöð útgefin fjórum sinnum í viku og oftar; vikublöð = blöð útgefin 1–3 sinnum í viku.
[1] Landshluta-, héraðs- og bæjarblöð.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á sama tíma hefur almennum landsdagblöðum fækkað um tvö, en síðast varð DV til að heltast úr lestinni er útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá í maí 2009. Blaðið telst því ekki lengur vera dagblað heldur almennt vikublað með tilhöfðun á landsvísu.

1.9.2 Dagblöð

Tvö dagblöð almenns efnis koma út hér á landi um þessar mundir en þetta eru Fréttablaðið (stofnað 2001) og Morgunblaðið (stofnað 1913). Fréttablaðið er gefið út af 365 miðlum ehf. sem einnig rekur nokkrar sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar, þar á meðal Stöð 2 og Bylgjuna, auk þess að halda úti vefmiðlinum visir.is. Útgefandi Morgunblaðsins er Árvakur hf., sem einnig starfrækir mbl.is, fyrsta og elsta starfandi vefmiðilinn hér á landi. Útgefnum tölublöðum Morgunblaðsins var fækkað úr sjö í sex í október 2009 er sunnudagsblaðið var sameinað Lesbók Morgunblaðsins og gert að helgartímariti, Sunnudagsmogganum, sem dreift er með laugardagsútgáfunni. Áður (í ársbyrjun 2009) hafði útgáfudögum Fréttablaðsins verið fækkað úr sjö í sex. Morgunblaðið er selt í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu er dreift til lesenda þeim að kostnaðarlausu á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum stærri þéttbýlisstöðum öðrum, auk þess sem það er lagt fram í verslunum og bensínstöðvum og víðar. Bæði blöðin teljast því vera landsblöð jafnt að efni og útbreiðslu.

Frá fyrri hluta vetrar 2008 hefur dagblöðunum fækkað um þrjú. Í október 2008 var útgáfu 24 stunda hætt og Viðskiptablaðið hóf stuttu síðar að koma út sem vikublað. Síðast hætti

Dagblaðið Vísir (stofnað 1981; hér eftir nefnt til styttingar DV) að koma út sem dagblað þegar útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá í maí á sl. ári.

Yfirlit yfir dagblöð sem komið hafa út frá árinu 2008 er sýnt í töflu 5.3. Útgáfu blaða sem eru auðkennd í töflunni á skyggðum grunni hefur síðan verið hætt (24 stundir) eða þau hafið að koma út sem vikublöð (DV og Viðskiptablaðið).

Blöðin eru í mörgu tilliti ólík innbyrðis, jafnt er varðar útgáfudaga í viku, fjölda síðna að jafnaði, útbreiðslu og lestur, fjölda starfsmanna á ritstjórn. Auk þess er munur á þeim hvað varðar skiptingu milli ritstjórnarefnis, innsends efnis og magns auglýsinga. Hlutfallslega meira magn auglýsinga er í fríblöðunum en seldum blöðum, eða allt upp í 68 prósent í Fréttablaðinu samanborið við innan við þrjátíu af hundraði í Morgunblaðinu. Seld blöð eru að öllu jöfnu fjölbreyttari að efni en fríblöð. Nýlegur samanburður á efni Fréttablaðsins og Morgunblaðsins leiðir þetta skýrt í ljós (Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008; sjá einnig í Birgi Guðmundssyni, 2007).

Tafla 5.3. *Útgefin dagblöð 2008: nokkrar kennitölur*

	Efni	*Tölu-blöð í viku*	*Starfs-menn á ritstjórn*[1]	*Síður í viku*[2]	*Síður/ tölu-blað*	*Síður af rit-stjórn-arefni í viku*	*Síður af að-sendu efni í viku*	*Síður af aug-lýsing-um í viku*	*Rit-stjórn-arefni,%*	*Að-sent efni, %*	*Aug-lýs-ingar, %*	*Síður af ritstjórn-arefni í viku á starfsm á ritstjórn*	*Út-breiðsla að jafnaði í þús. eintaka*[3]	*Meðal-lestur á tölu-blað, %*[4]	*Les-endur í þús.*	*Les-endur á eintak*
Seld blöð																
DV	Almennt	5	31	216	43	133	1	82	61,6	0,5	38,0	4,3	13	7	17	1,3
Morgunblaðið	Almennt	7	89	408	56	241	55[5]	112	59,1	13,4[5]	27,5	2,7	50	39	100	2,0
Viðskiptablaðið	Viðskipti og efnahagsmál	4	20	116	29	69	6	41	59,5	5,2	35,3	3,5	4[6]	..	..	..
Fríblöð																
24 stundir	Almennt	5	30	184	37	92	4	88	50,0	2,2	47,8	3,1	108	50	127	1,2
Fréttablaðið	Almennt	7	72	416	59	128	5	283	30,8	1,2	68,0	1,8	103	65	165	1,6
Samtals																
Öll blöð	▪	28	242	1.340	224	663	71	606	49,5	5,3	45,2	2,7	280	..	..	..
Seld blöð	▪	16	140	740	128	443	62	235	59,9	8,4	31,8	3,2	69	..	..	..
Fríblöð	▪	12	102	600	96	220	9	371	36,7	1,5	61,8	2,2	211	..	..	..
Meðaltal																
Öll blöð	▪	6	48	268	45	133	14	121	▪	▪	▪	2,8	56	..	..	..
Seld blöð	▪	5	47	247	43	148	21	78	▪	▪	▪	3,1	23	..	..	..
Fríblöð	▪	6	51	300	48	110	5	185	▪	▪	▪	2,2	106	..	..	..

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Blöð sem eru á skyggðum fleti hafa hætt útkomu eða útgáfutíðni þeirri hefur verið breytt í vikublöð (útg. 1–3 í viku).

[1] Samkvæmt skráðum félagsmönnum í Blaðamannafélagi Íslands 2008.

[2] 39. vika 2008 (21.–27. september).

[3] Útbreiðsla 2008 samkvæmt upplýsingum útgefenda, nema Viðskiptablaðið, sjá skýringu nr. 6. Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund.

[4] Meðallestur í maí–júlí 2008, nema fyrir DV í maí–júlí 2007.

[5] Ásamt minningargreinum er námu 55 prósentum af öllu aðsendu efni, eða sem samsvarar ríflega 30 síðum yfir í vikunni.

[6] Áætlað.

Heimildir: Capacent; Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008; Hagstofa Íslands; press.is; eigin athugun.

1.9.2.1 Fækkun dagblaða

Dagblöðum hefur fækkað stórlega hér á landi á undanförnum áratugum. Mestallan níunda áratuginn og fram yfir 1990 komu út sex dagblöð í senn. Síðan hefur blöðunum fækkað niður í tvö. Fyrst til að heltast úr lestinni var Þjóðviljinn (í ársbyrjun 1992), því næst sameinuðust Tíminn og Dagur sem Dagur-Tíminn (1996), síðar útgefið sem Dagur (1997); sama ár rann Alþýðublaðið inn í Dag. Útgáfu Dags var hætt árið 2001. Öll þessi blöð áttu það sammerkt að útbreiðsla þeirra var lítil í samanburði við þau blöð sem eftir stóðu. Útbreiðsla Þjóðviljans var um 5.000 eintök skömmu áður en yfir lauk (1991), Alþýðublaðsins um 1.500 eintök (1996), Dags liðlega 5.000 eintök (1995), Tímans í kringum 3.000 eintök (1995) og sameinaðs blaðs Dags, Tímans og Alþýðublaðsins um 6.500 eintök (2000). Á þessu árabili var útbreiðsla Morgunblaðsins að jafnaði ríflega 50.000 eintök og útbreiðsla DV var á fjórða tug þúsunda.

Hafin hefur verið útgáfa á tveimur nýjum dagblöðum á síðustu árum, þ.e. á fríblaðinu Blaðinu árið 2005 og Viðskiptablaðinu árið 2007. Fríblaðið Blaðið hóf göngu sína árið 2005, en nafni þess var breytt í 24 stundir áður en útgáfu þess var hætt í október árið 2008. Viðskiptablaðið hefur komið úr frá árinu 2007, en blaðið hafði áður verið gefið út sem vikublað (síðast tvisvar í viku) síðan 1994. Dagar Viðskiptablaðsins sem dagblaðs voru taldir síðla árs 2008.

Á sama tíma og dagblöðum hefur farið fækkandi þegar til lengri tíma er litið hefur þetta um leið aukið lífsrými þeirra blaða sem eftir eru þannig að þau standa sterkar að vígi og ættu væntanlega að geta boðið lesendum sínum upp á aukna þjónustu og breiðara efnisframboð. Fækkun blaða virðist þó hafa reynst skammgóður vermir ef metið er út frá fjölda síðna í dagblöðum frá 1995, eins og sýnt er á mynd 5.2. Fjöldi síðna jókst umtalsvert frá því laust eftir aldamót og fram til ársins 2005 en þá fækkaði samanlögðum síðufjölda dagblaðanna talsvert og árið 2008 svo komið að fjöldi síðna var orðinn nánast sá sami og hann var árið 2003, eða ríflega 1.100 síður á viku. Í kjölfar efnahagsþrenginganna frá síðasta hausti hafa dagblöðin skorðið niður síður og jafnframt hefur útgáfudögum fækkað.

Þess verður ekki vart að fækkun blaða hafi komið stærsta blaðinu að gagni eða því minnsta til góða þar sem hágildi og lágildi fyrir vikulegan síðufjölda hefur meira eða minna staðið í stað allt frá því laust fyrir aldamótin.

Mynd 5.2. ***Vikulegur síðufjöldi dagblaða 1995–2008.***



Skýringar: Vikulegur síðufjöldi dagblaða útgefinna í lok árs. Aukablöð og fylgirit eru meðtalin.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

1.9.2.2. Útbreiðsla og markaðshlutdeild

Samanlagt upplag dagblaða árið 2008 var laust innan við 280.000 eintök eða um 100.000 eintökum meiri en hún var árið 1995. Útbreiðsla fríblaðanna var 211.000 eintök að jafnaði eða ríflega þrír fjórðu hlutar af heildarútbreiðslu dagblaða. Útbreiðsla dagblaða á árabilinu 1995–2008 er sýnd á mynd 5.3.

Mynd 5.3. *Útbreiðsla dagblaða 1995–2008*



Skýringar: Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund. Áætlað að hluta.

Heimild. Hagstofa Íslands.

Þegar Fréttablaðið hóf göngu sína hafði útbreiðsla dagblaða farið minnkandi um nokkurt skeið samfara fækkun útgefinna blaða. Frá og með tilkomu Fréttablaðsins árið 2001 og síðar með Blaðinu (sem varð 24 stundir) árið 2005 jókst samanlögð útbreiðsla dagblaðanna stórlega. Gildir þá einu hvort mælt er í heildarupplagi, útbreiðslu á íbúa eða á heimili.

Frá því að fríblöðin hófu að koma út hafa þau haft langsamlega mesta daglega útbreiðslu allra dagblaðanna. Útbreiðsla 24 stunda var 108.000 eintök er yfir lauk síðla árs 2008, en Fréttablaðinu var dreift reglulega í 103.000 eintökum. Bæði blöðin voru borin daglega í hús á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið, annars staðar lágu þau frammi á fjölförnum stöðum.

Jafnaðarútbreiðsla Morgunblaðsins árið 2008 var um 50.000 eintök. Útbreiðsla blaðsins hefur dregist saman um 6.300 eintök frá því að hún var mest árið 2000.[19] Útbreiðsla DV hefur minnkað ört um árabil þar til útgáfu þess sem dagblaðs lauk í maí 2009. Árið 2008 var jafnaðardreifing blaðsins sögð um 13.000 eintök, eða um 25.000 eintökum minni en þegar mest var um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins á árinu 2008 fæst ekki uppgefin, en hér er hún metin í kringum 4.000 eintök að jafnaði.[20] Breytingar á útbreiðslu einstakra blaða 1995–2008 eru sýndar á mynd 5.4.

Mynd 5.4. *Útbreiðsla dagblaða eftir einstökum blöðum 1995–2008*



Skýringar: Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund. Útbreiðsla *DV* 2003–2004 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum. Fréttablaðið og 24 stundir = eintök dreift í hús með blaðberum, ásamt framlögðum eintökum. DV var gefið út sem helgarblað frá 29. apríl 2006 til 22. febrúar 2007 er blaðið hóf göngu sína á ný sem dagblað. Útbreiðsla DV f.hl. árs 2006 er hér auðkennd með brotinni línu. Viðskiptablaðið hóf göngu sína sem dagblað 9. febrúar 2007 eftir að hafa verið gefið út sem vikublað frá árinu 1994, lengst af útgefið einu sinni í viku. Útbreiðsla Fréttablaðsins árin 2001–2006 er meðaltalsútbreiðsla júlí–desember samkvæmt upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands. Útbreiðsla DV árin 1985–2003 er áætluð út frá lesendakönnunum, ársreikningum og virðisaukaskattskrám. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins er áætluð út frá virðisaukaskattskrám. Annars er útbreiðsla samkvæmt upplýsingum útgefenda.

* Upphaflega *Blaðið*.

Heimild: Hagstofa Íslands.

---

19 Upplag og útbreiðsla Fréttablaðsins og Morgunblaðsins var sannreynt af upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands, síðar Viðskiptaráði, þar til eftirlitinu var hætt árið 2007. Upplýsingar um upplag og útbreiðslu annarra dagblaða eru ýmist byggðar á upplýsingum frá útgefendum, þá þegar þær hafa verið veittar, ellegar á mati út frá ársreikningum, virðisaukaskattsskrám og lesendakönnunum.

20 Tekið skal fram að seld eintök (í áskrift og lausasölu) eru einhverju færri þar sem fríeintök eru inni í tölum um útbreiðslu seldra blaða.

Samþjöppun á dagblaðamarkaði er mikil, eins og sést berlega þegar hlutfallsleg skipting á útbreiðslu milli blaða og útgefenda er skoðuð fyrir árið 2008 og í árslok eftir að Viðskiptablaðið var orðið að vikublaði og útgáfu 24 stunda hafði verið hætt, eins og sýnt er á mynd 5.5.

Mynd 5.5. *Markaðshlutdeild dagblaðaútgefenda 2008, %*



Skýringar: Markaðshlutdeild m.v. útbreiðslu að jafnaði. Árvakur hf. = Morgunblaðið og 24 stundir; Birtíngur ehf. = DV; Framtíðarsýn ehf. = Viðskiptablaðið; 365 miðlar ehf.. = Fréttablaðið. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins er áætluð.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagblaðamarkaðurinn skiptist að mestu milli tveggja aðila, Árvakurs hf., sem gaf út Morgunblaðið og 24 stundir, sem var með 57% hlut og 365 miðla ehf., útgefanda Fréttablaðsins, en hlutur þess var 37%. Hlutdeild annarra var hverfandi. Í lok árs hafði þetta snúist við en þá var hlutur 365 miðla ehf. 62% en Árvakurs hf. 30%. Hlutdeild Birtings útgáfufélags ehf., útgefanda DV var 8%.[21]

1.9.2.3 Seld dagblöð á undanhaldi

Ljóst er að tilkoma fríblaðanna hefur valdið seldu dagblöðunum þungum búsifjum, sem birtist í þverrandi tekjum þeirra og útbreiðslu. Fríblöðunum verður þó ekki einum kennt um samdrátt í útbreiðslu seldu dagblaðanna. Hins vegar hafa þau aukið verulega á vanda seldra blaða. Allt frá því um miðjan síðasta áratug hefur hallað undan fæti í sölu dagblaða. Árið 1995 náði útbreiðsla þeirra sögulegu hámarki, eða um 98.000 eintök, sem er 30.000 eintökum meira en útbreiðsla blaðanna var árið 2008.

Útbreiðsla sem hlutfall af íbúafjölda hefur jafnvel dregist enn meir saman (sjá mynd 5.6). Árið 1995 voru gefin út 37 eintök á hverja 100 íbúa og ríflega eitt eintak á hvert heimili; árið 2008 var útbreiðslan komin niður í 20 eintök á hverja 100 íbúa og eitt eintak á hver tvö heimili. Leita þarf allt aftur á fimmta áratug síðustu aldar til að finna jafn litla útbreiðslu á íbúa. Ljóst má vera að minnkandi útbreiðsla helst að nokkru leyti í hendur við fækkun dagblaða frá því við upphaf tíunda áratugarins.[22]

---

21 Ekki er fyllilega sanngjarnt að leggja að jöfnu útbreiðslu blaða sem borin eru út frítt til lesenda og seldra blaða. Hlutdeild Árvakurs hf. (Morgunblaðið) í útbreiðslu seldra dagblaða eingöngu yfir árið var þannig 75%.

22 Sjá nánar um líklegar ástæður þessa hjá Ragnari Karlssyni, 2004: 237–41 o.áfr.

Mynd 5.6. *Útbreiðsla seldra dagblaða 1995–2008 (vísitala, 1995=100)*



Skýringar: Útbreiðsla dagblaða að jafnaði sem út komu í árslok. Áætlað að hluta, sjá skýringar við **mynd 1blöð.**

* Síðar *24 stundir*.

Heimild. Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Heimilum sem eru með áskrift að dagblaði hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Þessa fækkun má að sjálfsögðu rekja til áhrifa frá fríblöðunum á dagblaðamarkaðinn. Samkvæmt neyslukönnun Félagsvísindastofnunar voru 32% heimila ekki með áskrift að neinu dagblaði árið 1995. Fimm árum síðar var þetta hlutfall komið upp í 36% samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Árið 2005 voru 59% heimila ekki með áskrift að dagblaði og ári síðar 68%. Síðustu árin heyrir það nánast til undantekninga að heimili haldi áskrift að fleiri dagblöðum en einu. Árið 2006 voru 2% heimila með áskrift að fleiri en einu dagblaði en 12% árið 1995.

Hlutur lausasölu af seldum eintökum hefur ekki aukist sem nemur fækkun áskrifta. Lausasala nam um 18% af eintakafjölda seldra blaða árið 2008. Lausasalan hafði þá hækkað um fjögur prósentustig frá árinu 2002 að telja en þá var hlutur lausasölu 14% af seldum eintökum.

1.9.2.4 Fríblaðamarkaðurinn

Óhætt er að segja að vatnaskil hafi orðið í íslenskri dagblaðaútgáfu þegar útgáfa Fréttablaðsins hófst árið 2001. Blaðið var fyrsta dagblaðið sem hleypt var af stokkunum frá því að útgáfa Dagblaðisins hófst árið 1975.[23] Útkoma blaðsins var nokkur tímamót enda var það um margt einstakt á meðal þeirra fjölmörgu frídagblaða sem sett höfðu verið á fót í stórborgum Evrópu, Norður-Ameríku og víðar. Fréttablaðið var borið út í hús til lesenda en fríblöðum

[23] Upphaflega var blaðið gefið út af Frjálsri fjölmiðlun hf. sem einnig gaf þá út DV. Eftir nokkra mánuði komst rekstur blaðsins í þrot en það var endurreist nokkru síðar undir merkjum Fréttar ehf. (síðar 365 – prentmiðla ehf.) sem nokkru síðar tók einnig við útgáfu DV af þáverandi eigendum, Útgáfufélaginu DV ehf.

annars staðar var dreift staðbundið á fjölförnum samgöngustöðum (sbr. Bakker, 2002; Vogel, 2001). Fréttablaðið var lengi vel eina almenna fría dagblaðið sem borið var í hús og jafnframt dreift á landsvísu. Sérstaða blaðsins hefur ekki síður falist í því að frá fyrstu tíð hefur blaðið verið fullburðugt dagblað sem flytur fréttir og fjölbreytt annað efni, öndvert við það sem gerðist með fríblöð annars staðar en þau takmarka sig að mestu við hraðsoðið yfirlit yfir helstu fréttir og atburði líðandi stundar. Nýlegur samanburður á efni Fréttablaðsins og fríblaðsins Metro í Stokkhólmi leiðir þetta berlega í ljós (Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008).[24] Blaðið, síðar 24 stundir, fetaði að mestu í slóð Fréttablaðsins, nema hvað efni og efnistök voru með nokkuð glaðlegra sniði.[25]

Frá því að útgáfa Fréttablaðsins hófst árið 2001 hefur hlutur fríblaðanna í útbreiðslu dagblaðanna aukist jafnt og þétt. Árið 2001 nam hlutur Fréttablaðsins rétt innan við helmingi af heildarútbreiðslu dagblaðanna. Með tilkomu Blaðsins árið 2005 jókst vægi fríblaðanna í útbreiðslunni verulega, eða í 75%. Síðan þá hefur skipting á útbreiðslu seldra blaða og fríblaða verið svo til stöðug, eða í hlutföllunum einn á móti fjórum (sjá mynd 5.7).

Mynd 5.7. *Hlutfallsleg skipting á útbreiðslu dagblaða milli seldra blaða og fríblaða 2001–2008, %*



Skýring: Útbreiðsla dagblaða að jafnaði útgefinna á árinu. Áætlað að hluta.
Heimild. Hagstofa Íslands.

---

[24] Sjá yfirlit og umfjöllun um frídagblöð um allan heim á Free Daily Newspapers, http://users.fmg.uva.nl/pbakker/freedailies/.

[25] Tilraun til útgáfu frídagblaðs í öðrum löndum sem teldist fullburðugt og almennt fréttablað var Nyhedsavisen í Danmörku. Fyrirmyndir að útgáfu blaðsins og rekstrarformi voru að nokkru sóttar til reynslunnar af útgáfu Fréttablaðsins enda voru sömu eigendur að báðum blöðum. Útgáfa Nyhedsavisen stóð skemur en lagt var upp með, blaðið lagði upp laupana eftir tveggja ára útgáfu en það hafði verið rekið með botnlausu tapi (sjá um „lífshlaup“ blaðsins í Skyum-Nielsen, Karkov og Runge, 2009).

Hlutur þess eina selda dagblaðs sem eftir er á markaði hefur stækkað nokkuð eftir að útgáfu 24 stunda lauk og eintökum af Fréttablaðinu var fækkað úr 103.000 í 90.000 eintök.

Hvergi annars staðar hafa fríblöð náð slíkri fótfestu á dagblaðamarkaði sem hér á landi. Útbreiðsla fríblaða sem hlutfall af heildarútbreiðslu blaða er hvergi meiri en hér. Dönsku fríblöðin sem hafa næstmesta hlutfallslega útbreiðslu fríblaða komast ekki með tærnar þar sem þau íslensku hafa hælana í þessum efnum. Árið 2007 nam markaðshlutdeild dönsku fríblaðanna í heildarútbreiðslu dagblaða 57% en markaðshlutdeild fríblaða var 74% hér. Mynd 5.8 sýnir hvernig útbreiðsla fríblaða og seldra blaða skiptist hlutfallslega í ýmsum Evrópulöndum og víðar.

Mynd 5.8. *Skipting á útbreiðslu dagblaða eftir seldum blöðum og fríblöðum í nokkrum Evrópulöndun og heimsálfum 2007, %*



Heimildir: Hagstofa Íslands; WAN, 2008.

Óvenju sterk staða fríblaða á dagblaðamarkaði vekur upp þá spurningu hvað valdi. Karl Erik Gustafsson hefur sett fram þá tilgátu að viðgangur fríblaða standi í sambandi við dalandi lestur dagblaða og takmarkað vægi þeirra á auglýsingamarkaði í samanburði við aðra miðla, einkum sjónvarp. Fríblöðin hafi með mikilli dreifingu náð til nýrra lesenda sem hefðbundin dagblöð náðu ekki til og þannig getað boðið auglýsendum upp á nýjan og ódýrari auglýsingavettvang en þeir höfðu átt kost á. Segja má að fríblöð séu tákn um að dagblaðamarkaðurinn gegni ekki hlutverki sínu gagnvart lesendum og/eða auglýsendum segir Gustafsson [„Gratistidningar kan nämligen sägas vara ett symptom på att dagspressen enligt läsare och/eller annonsörer inte sköter sitt jobb tillräckligt bra“] (Gustafsson, 2005: 29).

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur nefnt svipaða ástæðu fyrir því að hann og aðilar honum tengdir eignuðust Fréttablaðið árið 2002 eftir að fyrri eigendur höfðu komist í þrot með útgáfuna. Í nýlegu viðtali segir hann að hugmyndin með kaupunum á blaðinu hafi verið að rjúfa yfirburðastöðu Morgunblaðsins á auglýsingamarkaði með því að skapa eigin fyrirtækjum og öðrum útbreiddari og ódýrari vettvang til að auglýsa á (Viðskiptablaðið, 10. september, 2009, s. 27). Þetta kemur nokkuð heim og saman við úttekt Guðbjargar Hildar Kolbeins á birtingum fyrirtækja í eigu útgefenda í Fréttablaðinu en þær runnu ómælt til blaðsins og skutu þannig stoðum undir rekstur þess (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006). Einnig má leiða að því rök að Morgunblaðið hafi ekki getað annað eftirspurn eftir auknu auglýsingarými í blaðinu.

Eitt er víst, útbreiðsla hefðbundinna dagblaða miðað við mannfjölda hefur um langt skeið verið talsvert minni á Íslandi og í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndum (Harrie, 2009; WAN, 2008). Það skýrir að nokkru öra og mikla útbreiðslu fríblaða í þessum tveimur löndum þar sem blöðin hafa náð til lesenda sem voru hættir að lesa hefðbundin dagblöð.

Þetta má sýna eins og gert er í mynd 5.9. Eins og lesa má út úr myndinni skarast lesendahópar seldra blaða og fríblaða ekki nema að nokkru marki. Á meðan helsti markhópur seldra blaða hefur verið þeir sem lesa dagblöð reglulega og að minna leyti þeir sem lesa blöð endrum og sinnum, er markhópur fríblaða aðallega þeir sem lesa blöð endrum og sinnum og hluti þeirra les ekki blöð að öllu jöfnu (Picard, 2001).

Mynd 5.9. *Lesendamarkaðir dagblaða*



Heimild: Picard, 2001: 169.

Enn er ekki tímabært að kveða upp úr um það hvaða áhrif fríblöð muni hafa til lengri tíma á útbreiðslu og lestur seldra blaða og þar með á rekstrargrundvöll blaðanna. Mögulegum áhrifum fríblaða á blaðalestur má lýsa eins og gert er í líkaninu á mynd 5.10. Til skemmri tíma litið virðist ljóst að fríblöðin hafi í för með sér aukinn blaðalestur, bæði með því að ná til nýrra lesenda og til kaupenda seldra blaða sem lesa fríblöð ekki síður en hinna sem ekki kaupa blöð. Jafnframt er einhver hluti lesenda seldra blaða sem snýr við þeim bakinu og hættir blaðakaupum og lætur lestur fríblaða nægja.

Mynd 5.10. *Skammtíma- og langtímaáhrif fríblaða á lestur seldra blaða*



Heimild: Bakker, 2002: 81.

Til lengri tíma litið er ekki loku fyrir það skotið að lestur nýrra lesenda á fríblöðum leiði til þess að þeir venjist á lestur dagblaða og fari einnig að lesa seld blöð endrum og sinnum eða reglulega (Bakker, 2002). Lestur blaða ræðst af fleiru en samkeppni milli seldra blaða og fríblaða. Blöðin, hvort heldur seld blöð eða fríblöð, eiga einnig í samkeppni við aðra miðla, ekki síst vefmiðla (De Bens, 2007).

Að auki er ýmislegt óljóst með framtíð fríblaðanna sjálfra. Sú staðreynd að þau afla sér eingöngu tekna með birtingu auglýsinga gerir það að verkum að rekstrargrundvöllur þeirra er mun viðkvæmari fyrir samdrætti í efnahagslífinu og minnkandi auglýsingatekjum heldur en seld blöð sem afla einnig tekna af blaðsölu.

1.9.2.5 Dagblaðalestur

Í evrópskum og alþjóðlegum samanburði geta Íslendingar talist áfjáðir blaðalesendur. Dagleg útbreiðsla dagblaða á mann er á meðal þess mesta sem gerist í Evrópu (WAN, 2008). Blaðalestur er almennur í samanburði við það sem gengur og gerist í álfunni. Fréttablöð eru hér lesin daglega að jafnaði af níu af hverjum tíu og nær allir glugga í dagblað einhvern tímann yfir vikuna (sjá kafla 3, töflu 3.2 og mynd 3.1 að framan).

Fréttablaðið hefur fljótlega eftir að útgáfa þess hófst verið lesið af flestum enda berst blaðið daglega á stærstan hluta heimila. Daglega lásu sex af hverjum tíu, á aldrinum 12–80

ára, blaðið á tímabilinu ágúst til október árið 2009. Lestur blaðsins hefur hins vegar minnkað nokkuð frá því að hann mældist mestur á árunum 2004 og 2005, en þá lásu hátt í sjö af hverjum tíu blaðið daglega (sjá mynd 5.11).

Mynd 5.11. *Daglegur lestur eftir dagblöðum 1995–2009, %*



Skýringar: Dagblöð = blöð útgefin 4 sinnum í viku og oftar. Kannanir eru ekki að fullu sambærilegar milli ára.
* Upphaflega *Blaðið*.
Heimildir: Capacent, 1999–2009; Félagsvísindastofnun, 1992–1998.

Hitt fríblaðið, 24 stundir, náði aldrei sambærilegum lestri jafnvel þótt því væri dreift í álíka stóru upplagi. Lestur blaðsins mældist mestur um það bil sem útgáfu blaðsins var hætt en þá var það lesið af öðrum hverjum manni.

Daglegur lestur Morgunblaðsins hefur dregist umtalsvert saman frá árinu 1995 er ríflega sex af hverjum tíu lásu blaðið að jafnaði daglega. Mestur mældist lesturinn á blaðinu síðla árs 1999, þegar tæplega sjö af hverjum tíu lásu blaðið að jafnaði. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við, en í ágúst–október sl. lásu tæplega fjórir af hverjum tíu blaðið daglega. Lestur þess hefur því minnkað um tæpan helming á einum áratug.

DV hefur tapað hlutdeild í lestri nánast óslitið frá 1995 en síðla þess árs kváðust 48% lesa blaðið daglega en aðeins 7% í maí–júlí árið 2007. Blaðið hefur ekki verið þátttakandi í lestrarmælingum frá þeim tíma. Ekkert verður því sagt um lestur á blaðinu um þessar mundir. Um lestur Viðskiptablaðsins er sömuleiðis ekkert vitað meðan það var gefið út sem dagblað.

Athyglisvert er að skoða samsetningu lesenda blaðanna með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Í töflu 5.4 er skipting lesenda 24 stunda, Fréttablaðsins og Morgunblaðsins sýnd fyrri hluta árs 2008 og DV um mitt ár 2007 er lestur blaðsins var síðast kannaður í sameiginlegri lesendakönnun blaðanna. Í ljósi mikillar útbreiðslu og almenns lesturs er Fréttablaðið með mestan lestur meðal allra lesenda, karla og kvenna, eftir aldurshópum og á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni. Lestur annarra blaða í öllum þessum hópum lesenda er minni þegar

skoðaður er daglegur lestur. Rétt er að vekja athygli á að blaðalestur eykst með aldrinum og að lestur blaða er augljóslega meiri meðal þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu en þeirra sem búsettir eru úti á landi.

Tafla 5.4. *Lesendur dagblaða 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*

	24 stundir	*Fréttablaðið*	*DV*[1]	*Morgunblaðið*
Allir lesendur				
Allir	50	65	7	42
Karlar	52	67	7	42
Konur	49	63	7	41
12–19 ára	28	52	7	31
20–29 ára	35	59	6	23
30–39 ára	52	73	6	30
40–49 ára	57	65	8	44
50–59 ára	62	69	7	58
60–80 ára	67	70	8	64
Höfuðborgarsvæðið	54	70	8	46
Landsbyggð	45	56	5	34
Lesendur eftir blöðum				
Karlar	52	53	53	52
Konur	48	47	47	48
12–19 ára	8	12	15	11
20–29 ára	13	17	16	10
30–39 ára	18	20	14	13
40–49 ára	20	18	20	19
50–59 ára	18	16	16	21
60–80 ára	22	18	19	26
Höfuðborgarsvæðið	67	68	73	70
Landsbyggð	33	32	27	30

Skýringar: Lesendur á aldrinum 12–80 ára. Nálgaðar tölur. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Samkvæmt könnun í febrúar–apríl 2008 nema annað sé tilgreint. Blöð sem eru á skyggðum fleti koma ekki lengur út eða þeim hefur verið breytt í vikublöð (útg. 1–3 í viku).

[1] Samkvæmt könnun í maí–júlí 2007.

Heimild: Capacent, 2008; eigin útreikningar.

Með því að skoða skiptingu lesenda eftir blöðum kemur í ljós að munur á samsetningu lesenda blaðanna eftir kyni, aldri og búsetu er tiltölulega lítill. Það bendir til þess að blöðin höfði álíka vel eða illa til lesenda af báðum kynjum, til þeirra sem yngri eru og eldri, óháð búsetu.

Minnkandi blaðalestur er ekki einhlítur. Þó að lestrarmælingar sýni að lestur allra blaðanna hefur dregist saman yfir lengra árabil, þá er ekki þar með sagt að blöðin nái ekki til álíka margra, ef ekki fleiri, en þau gerðu meðan lesturinn mældist meiri. Dagblöðin hafa um árabil verið virk á vefnum. Tveir fjölsóttustu og mest notuðu innlendu vefirnir hér á landi eru vefur Morgunblaðsins, mbl.is, og vefur Fréttablaðsins og annarra miðla í eigu 365 miðla ehf., visir.is. Vefir fyrrverandi dagblaðanna DV og Viðskiptablaðsins eru einnig mikið notaðir og

lesnir. Tafla 5.5 sýnir notkun á mbl.is og visir.is frá árinu 2007 samkvæmt niðurstöðum kannana.

Tafla 5.5. *Dagleg og vikuleg notkun mbl.is og visir.is 2007–2009*

		Fara inn á vef daglega, %		*Fara inn á vef yfir vikuna, %*	
Könnunartími		*mbl.is*	*visir.is*	*Mbl.is*	*visir.is*
2007	janúar–febrúar	49	22	70	44
	mars–apríl	50	22	71	44
	maí–júlí	51	24	72	47
	ágúst–október	54	22	75	44
2008	nóvember–janúar	52	29	73	49
	febrúar–apríl	55	33	77	56
	maí–júlí	53	..	75	..
	ágúst–október	59	..	78	..
2009	nóvember–janúar	62	..	80	..
	febrúar–apríl	58	..	78	..
	maí–júlí	58	..	78	..

Skýring: Aldur í úrtaki 12–80 ára.

Hátt í sex af hverjum tíu segjast fara daglega inn á mbl.is og hátt í átta af hverjum tíu einhvern tímann í vikunni. Notkun á visir.is var talsvert minni en notkun mbl.is þegar notkunin var síðast mæld (í febrúar–apríl 2008) en þá sögðust ríflega þrír af hverjum tíu nota vefinn daglega og rétt um sex af hverjum tíu sögðust fara inn á vefinn einhvern tímann í vikunni.

1.10 Almenn vikublöð og sérefnisblöð

Almenn vikublöð (e. *general eða popular weeklies*) skipa veigamikinn sess á blaðamarkaði í fjölmörgum löndum. Almennt má segja að slík blöð fylli í skarð sem dagblöðin sinna lítt eða ekki. Hér á landi hefur útgáfa slíkra blaða verið ærið stopul frá því laust eftir miðbik síðasta áratugar. Segja má að slík blöð hafi skotið fyrst upp kollinum hér á landi í lok áttunda áratugarins með Helgarpóstinum (1979–1988), en blaðið var að mörgu leyti nýlunda í íslenskri blaðamennsku og á blaðamarkaði (Guðjón Friðriksson, 2000: 253–63). Einkenni almennra vikublaða er að þau leggja minni áherslu á beinan fréttaflutning en dagblöðin en þeim mun ríkari rækt við fréttaskýringar með því að skyggnast að baki þeim fréttum sem eru efst á baugi hverju sinni og setja þær í annað kastljós en dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp gera, í bland við umfjöllun um menningu og listir, pólitískt slúður og skrif um skemmtanalífið. Að vissu leyti hafa mörg þessara blaða þjónað svipuðu hlutverki og sunnudagsblöð gera víða, svo sem í Bretlandi og Þýskalandi.

Á köflum hafa almenn vikublöð náð umtalsverðri útbreiðslu, eða allt að 20.000 eintökum. Algengast er að blöðin séu seld í lausasölu fremur en áskrift og auglýsingatekjur eru almennt veigalítill þáttur í tekjumyndun blaðanna. Það er í eðli slíkra blaða að sala getur verið mjög breytileg milli tölublaða, enda ræðst útbreiðslan hverju sinni mikið til af því hvert umfjöllunarefnið er hverju sinni og hversu áhugavekjandi það er að mati almennings.

Ástæður þess að slík blöð hafa horfið af markaði hér á landi má án efa skýra að talsverðu leyti með breytingum sem orðið hafa á efnisvali og efnisáherslum dagblaða í kjölfar aukins

vægis sjónvarps í fjölmiðlanotkun landsmanna frá afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins og tilkomu einkastöðvanna.

Í þá tíð þegar hér var aðeins ein sjónvarpsrás sem sendi í verulega takmarkaðan tíma út fréttir og skylt efni stafaði dagblöðunum ekki ógn af sjónvarpinu. Dagblöðin voru „fyrst með fréttirnar“ sem aðrir miðlar tóku síðan upp í kjölfarið. Eftir að sjónvarpið yfirtók hlutverk blaðanna að nokkru og varð í auknum mæli helsta fréttauppsprettan fyrir almenning fundu þau fyrir þeirri breytingu. Hafa dagblöðin smám saman orðið líkari almennum vikublöðum í sókn eftir athygli auglýsenda og lesenda. Til að halda í lesendur og auglýsendur hafa dagblöðin lagt sífellt meiri áherslu á helgarútgáfu og útgáfu fylgiblaða eða kálfa, og jafnframt tekið æ meira upp af efni sem vikublöðin fjölluðu um áður. Aukinn síðufjöldi dagblaðanna og breytingar á efnisvali og áherslum þýddi að dagblöðin voru komin í beina samkeppni við vikublöðin. Þetta leiddi til þess að vikublöðin voru tilneydd til að „hasla sér völl á vettvangi slúðurs sem tilheyrði áður, og gerir enn, miðlungs vikublöðum sem höfða til aðdáenda konunglegra brúðkaupa eða ómerkilegs varnings, aðdáenda frásagna af framhjáhaldi hinna frægu og áhugamanna um brjóstaskoðun í baðherberginu“ [„invade the field of gossip that previously belonged, and still does, to the middlebrow weeklies, … for fans of royal weddings, or lowbrow products … for devotees of the extramarital affairs of showbiz personalities and hunters of breasts bared in the intimacy of the bathroom“] eins og Eco segir um reynsluna frá Ítalíu (Eco, 2001: 40). Á jafnlitlum markaði og hinum íslenska var hins vegar ekki í nein hús að venda fyrir vikublöðin, tími þeirra var einfaldlega liðinn.

DV sem nýverið varð að vikublaði (reyndar gefið út þrisvar sinnum í viku) á nýjan leik sver sig að ýmsu leyti í ætt við mörg þau almennu vikublöð sem komu út hér áður fyrr og er ekki ósvipað ýmum norrænum vinsælum götublöðum, svo sem hinu norska Verdens Gang, með áherslu á umfjöllun um baksvið frétta, listir, skemmtanalíf, slúður og íþróttir, svo það helsta sé nefnt (Eide, 1997).[26] Þetta er reyndar í annað sinn á nokkrum árum sem DV er breytt úr dagblaði í vikublað, en blaðið var gefið út einu sinni í viku frá því í apríl 2006 og þar til blaðið var gert að dagblaði á nýjan leik ári síðar. Útbreiðsla blaðsins var þá að jafnaði allt að 10.000 eintök, sam var talsvert minna en þegar best lét á níunda áratugnum. Núverandi útgefandi DV er Birtingur útgáfufélag ehf., sem keypti blaðið árið 2008 út úr fjölmiðlasamsteypu 365 hf., þáverandi móðurfélagi 365 miðla ehf.

Frá því um miðbik síðasta áratugar komu út reglulega tvö svokölluð sérefnisfréttablöð (e. *special-interest newspapers*) sem seld voru í áskrift og lausasölu. Þetta voru Fiskifréttir sem hófu að koma út árið 1983 og Viðskiptablaðið sem gefið hefur verið út síðan 1994. Samanlögð útbreiðsla blaðanna var að jafnaði um 10.000 eintök. Fiskifréttir voru gerðar að fylgiblaði með Viðskiptablaðinu snemma árs 2008. Árið áður var Viðskiptablaðið gert að dagblaði er útgáfudögunum blaðsins var fjölgað úr tveimur í fjóra daga í viku, þar til vikuleg útgáfa blaðsins var tekin upp að nýju í nóvember 2008. Upplýsingar um útbreiðslu blaðsins fást ekki uppgefnar til birtingar, en ætla má að á meðan blaðið var gefið út sem dagblað hafi útbreiðsla þess verið á 7.000 til 8.000 eintök þegar best lét. Viðskiptablaðið er í samkeppni við viðskiptablöð Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Núverandi útgefandi Viðskiptablaðsins er Myllusetur ehf. sem keypti blaðið þegar fyrri eigandi Framtíðarsýn ehf. komst í þrot seint á árinu 2008.

---

[26] DV var reyndar gefið út sem vikublað (einu sinni í viku) frá því í apríl 2006 og þar til blaðið var gert að dagblaði á nýjan leik ári síðar.

1.11 Staðarblöð

Framboð menningar og afþreyingar er vafalaust einn þeirra þátta sem hefur afgerandi áhrif á val manna á búsetu og þar af leiðandi á fólksfjöldaþróun byggðarlaga og búferlaflutninga. Um það vitna rannsóknir á byggðaþróun og búferlaflutningum (sbr. t.d. Inga Rúnar Eðvarðsson, 1998; Stefán Ólafsson, 1997).

Staðarmiðlar sem svo eru nefndir hér eru mikilvægur hluti menningar- og afþreyingarframboðs í byggðarlögum víðs vegar um landið (Birgir Guðmundsson, 2006). Hugtakið staðarmiðill vísar hér til landshluta-, héraðs- og bæjarmiðla, eða miðla sem hafa fyrst og fremst staðbundna efnisskírskotun og höfða aðallega til notenda heima í héraði og brottfluttra og annarra sem tengsl hafa við viðkomandi svæði.[27]

Rannsóknir á staðarmiðlum og notkun þeirra eru afar takmarkaðar hér á landi.[28] Almennt má þó ganga út frá því að staðarmiðlar hafi þýðingarmiklu hlutverki að gegna í héraði og fyrir það nærumhverfi sem þeir eru sprottnir úr. Þeir eru mikilvægur vettvangur

- fyrir opna lýðræðislega umræðu, skoðanaskipti og gagnrýni;
- sem upplýsingaveita um menn, atburði og málefni;
- sem mikilvægur hlekkur í að efla staðarvitund/nærvitund og ýta undir samheldni íbúa; og
- sem hluti af almennum lífsgæðum.

Af sundurlausum upplýsingum má ráða að staðarmiðlar skipta máli í hugum íbúa og notkun þeirra er almenn. Úrtakskönnun Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri árið 2003 á viðhorfi fólks í Norðausturkjördæmi til þýðingar staðarmiðla leiddi í ljós að 71% aðspurðra taldi mjög mikilvægt og 26% frekar mikilvægt að fá reglulega fréttir í fjölmiðum úr nærumhverfi (Birgir Guðmundsson, 2004: 35). Sömuleiðis töldu fleiri að þýðing staðarmiðla við fréttaflutning úr héraði væri þýðingarmeiri en fréttaflutningur almennu landsmiðlanna, dagblaða, hljóðvarps og sjónvarps. Af einstökum staðarmiðlum töldu flestir aðspurðra hljóðvarp mikilvægast með því að flytja upplýsingar um nærumhverfi (47%), því næst kom sjónvarp (41%), blöð (29%), vefmiðlar (15%) og lestina ráku auglýsinga- og dagskrárblöð (6%) hvað mikilvægi varðar (Birgir Guðmundsson, 2004: 40).

Staðarblöð eru langsamlega fyrirferðarmest í þessum flokki miðla. Hljóðvarpsstöðvar sem starfa í nærumhverfi hafa ætíð verið fáar og átt erfitt uppdráttar, að ekki sé minnst á staðbundið sjónvarp (sjá um þetta í köflum 6.1 og 7.1 hér á eftir). Í árslok 2009 voru gefin út 19 staðarblöð sem komu að jafnaði út einu sinni í viku á einum 16 þéttbýlisstöðum víðs vegar um land. Dagskráin sem er gefin út á Selfossi hefur lengst komið út eða síðan árið 1966. Blaðið var reyndar gefið út sem dagskrár- og auglýsingablað til ársins 1980 er því var breytt í fréttablað. Fréttir í Vestmannaeyjum hefur lengst blaðanna komið út samfellt sem fréttablað eða frá árinu 1974. Algengt er að staðarblöð hafi verið gefin út í aðeins fá ár þegar útgáfunni er slitið. Endurnýjun á þessum markaði er því algeng. Jafnframt er talsvert um það að blöðin séu gefin út í tengslum við prentsmiðjurekstur eða aðra útgáfu. Þeirrar tilhneigingar sem vart varð í útgáfu staðarblaða fyrir nokkrum árum, að einn og sami útgefandi gæfi samtímis út

---

[27] Dreifingu og útbreiðslu hverfabaða og blaða fyrir bæjarhluta, en nokkur slík eru gefin út í Reykjavík, er ekki gefinn gaumur hér.

[28] Úttekt Birgis Guðmundssonar, lektors, er eina rannsóknin sem hér hefur verið framkvæmd sérstaklega um staðarmiðla og staðarblöð, og staðarblöð sérstaklega (Birgir Guðmundsson, 2004). Sjá einnig um íslensk staðarblöð og um þýðingu þeirra í Birgir Guðmundsson (2006) og Engblom (2001).

fleiri en eitt blað fyrir ólíka staði, gætir ekki lengur. Allir útgefendur þeirra staðarblaða sem nú koma út gefa aðeins út eitt blað. Yfirlit um blöðin er sýnt í töflu 5.6.[29]

Staðarblöðin eru eins misjöfn og þau eru mörg, jafnt hvað varðar fjölda síðna, stærð útbreiðslusvæðis og útbreiðslu, og að efni og efnistökum. Níu blaðanna eru seld en tíu eru fríblöð. Obbinn af blöðunum eða 15 þeirra kemur einnig út í sérstakri vefútgáfu þar sem efni er uppfært reglulega á milli þess sem blöðin eru gefin út á pappír. Á vef blaðanna er yfirleitt einnig að finna margvíslegt viðbótarefni og þjónustu við lesendur, auk auglýsinga.

Tafla 5.6. *Staðarblöð 2009*

Tegund og heiti blaðs	*Útbreiðslusvæði*	*Upphaf útgáfu*	*Útgáfutíðni*	*Dreifing*	*Síður að jafnaði á tölublað*[1]	*Miðlun á vef*
Austurglugginn	Austurland	2002	1/viku	Selt	12	Já
Bæjarins Besta	Vestfirðir	1984	1/viku	Selt	18	Já
Bæjarpósturinn/ Norðurslóð[2]	Dalvík og nærsv.	1985	1/viku	Selt	159	Já
Dagskráin[3]	Suðurland (- Vestm.)	1980	1/viku	Frítt	18	Já
Feykir	Norðurl. Vestra	1981	1/viku	Selt	8	Já
Fjarðarpósturinn	Hafnarfj.	1983	1/viku	Frítt	12	Já
Fréttaskjárinn	Seyðisfjörður	1983	1/viku	Frítt	4	Nei
Fréttir	Vestmannaeyjar	1974	1/viku	Selt	20	Já
Gagnvegur	Strandasýsla	2007	1/viku	Frítt	8	Nei
Íbúinn	Borgarbyggð og nærsv.	2006	1/viku	Frítt	4	Nei
Jökull	Snæfellsbær	2003	1/viku	Frítt	8	0
Skarpur	Norðurþing og nærsv.	2001	1/viku	Selt	8	Já
Skessuhorn	Vesturland	1998	1/viku	Selt	28	Já
Stykkishólms-pósturinn	Stykkishólmur og nærsv.	1994	1/viku	Frítt	6	Já
Sunnlenska fréttablaðið	Suðurland (- Vestm.)	1991	1/viku	Selt	16	Já
Tíðindin	Suðurnes	2003	1/viku	Frítt	16	Já
Vikublaðið Þeyr	Grundarfjörður og nærsv.	1991	1/viku	Frítt	4	Já
Vikudagur	Akureyri og nærsv.	1997	1/viku	Selt	16	Já
Víkurfréttir	Suðurnes	1980	1/viku	Frítt	24	Já

Skýringar: Landshluta-, héraðs- og bæjarblöð útgefin einu sinni 1–3 sinnum í viku og sem komu út í lok árs 2009. * Miðlun á vef einungis á PDF sniði.

[1] Samkvæmt útgáfu ársins 2008.

[2] Fréttablaðið Bæjarpósturinn er gefinn út þrisvar sinnum í viku og Norðurlsóð einu sinni í mánuði. Saman mynda blöðin vikulega útgáfutíðni.

[3] Dagskrárblað sjónvarps frá 1968–1980.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

[29] Að auki koma út tvö staðarblöð og hverfisblöð sem gefin eru út hálfsmánaðarlega og níu blöð sem koma út einu sinni í mánuði. Ekki er vikið frekar að útgáfu þessara blaða hér, enda er hæpið að telja þau til fréttablaða í eiginlegum skilningi vegna þess hve langur tími líður á milli útgáfu þeirra.

Fram undir síðustu ár fjölgaði staðarblöðum hægt og bítandi en frá árinu 2008 hefur þeim farið fækkandi (sjá töflu 5.7). Útbreiðslu staðarblaða eru settar þröngar skorður. Það ræðst af því að þeim er fyrst og fremst ætlað að ná til lesenda innan bæjar eða héraðs. Meðalútbreiðsla á blað hefur aðeins lítillega aukist frá árinu 1995, eða um 700 eintök á blað að jafnaði. Árið 2008 var meðalútbreiðsla hvers blaðs um 3.100 eintök. Helmingi blaðanna er dreift í um 1.300 eintökum. Útbreiðsla útbreiddasta blaðsins var að jafnaði 9.800 eintök, en því blaði sem minnsta útbreiðslu hafði var aðeins dreift í 300 eintökum að jafnaði. Útbreiðsla fríblaða er í flestum tilfellum mun meiri en þeirra blaða sem eru seld í áskrift og í lausasölu. Síðufjöldi blaðanna er lítill í samanburði við dagblöðin. Algengasti síðufjöldi hvers tölublaðs er 12 síður að jafnaði.

Almennt er talsverður munur á milli seldra blaða og fríblaða. Útbreiðslusvæði og útbreiðsla fríblaða er að jafnaði markvert meiri en seldra blaða. Hins vegar er síðufjöldi blaðanna áþekkur. Hlutfall auglýsinga af leturfleti er merkjanlega hærra í fríblöðum en seldum blöðum sem hafa hlutfallslega meira ritstjórnarefni að geyma. Auglýsingatekjur fríblaða eru að meðaltali talsvert hærri en seldra blaða, en tekjur þeirra síðarnefndu eru almennt hærri sem helgast af andvirði af sölu. Jafnframt eru ritstjórnir fríblaða almennt fáliðaðri en seldu blaðanna að jafnaði (Ragnar Karlsson, 2008b).

Tafla 5.6. *Staðarblöð 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2008–1990 +/-*
	18	16	21	21	22	19	19	1
Fjöldi blaða								
Seld blöð	9	8	10	10	9	9	9	–
Fríblöð	9	8	11	11	13	10	10	1
Fjöldi blaða eftir útbreiðslu í þús. eint.								
Allt að 1.000 eintökum	8	5	8	8	8	8	…	–
1.001 til 2.500	5	6	5	6	6	4	…	-1
2.501 til 5.000	1	–	2	1	2	2	…	1
5.001 til 10.000	4	5	5	5	5	5	…	1
>10.000	–	–	1	1	1	–	–	–
Útbreiðsla á blað í þús. eint.								
Að jafnaði	2,4	2,7	3,3	3,5	3,4	3,1	…	0,7
Hágildi	6,5	6,6	11,8	13,1	13,2	9,8	…	3,3
Miðgildi	1,2	1,7	1,7	1,7	1,5	1,3	…	-0,1
Lágildi	0,3	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	…	–
Síðufjöldi á tölublað								
Að jafnaði	10	12	13	14	14	12	…	2
Hágildi	20	27	32	32	28	28	…	8
Miðgildi	8	11	12	12	12	12	…	4
Lággildi	4	4	8	4	5	4	…	–

Skýringar: Vikublöð (landshluta-, héraðs- og bæjarblöð) útgefin í lok árs. Seld blöð og fríblöð. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Flest staðarblaðanna, eða 14, eru í samkeppni á útbreiðslusvæði sínu við önnur staðarblöð um lesendur og auglýsingar. Aðeins fimm blaðanna sitja ein að sínu útbreiðslusvæði. Á undanförnum árum hefur þeirrar tilhneigingar gætt að útgefendur bæjarblaða hafi kappkostað að víkka út útbreiðslusvæði blaðanna þannig að þau nái til heils landshluta. Sumpart stafar þetta af harðnandi samkeppni frá öðrum blöðum og vefmiðlum, svo og sem afleiðing af sameiningu sveitarfélaga, breyttri kjördæmaskipan og bættum samgöngum. Mörg hver þeirra blaða sem áður voru ein um hituna t.d. innan bæjarfélags hafa fengið samkeppni frá öðrum blöðum sem gefin eru út fyrir stærra svæði (Ragnar Karlsson, 2008b).

Þýðing staðarblaða fyrir umræðu í nærumhverfi verður ekki dregin í efa. Blöðin þjóna því hlutverki að vera tengiliður milli íbúa, almannavalds og atvinnulífs á þeim stöðum þar sem þau eru gefin út. Þegar best lætur eru blöðin mikilvægur staðbundinn umræðuvettvangur. Fullyrða má að rekstur margra blaðanna sé í járnum. Samtímis gætir að því er virðist stigvaxandi markaðsvæðingar í þessari útgáfu svo sem með fjölgun fríblaða og aukins vægis auglýsinga í tekjum blaðanna. Í kjölfarið má merkja tilhneigingu sumra staðarblaða til að sneiða hjá gagnrýninni umræðu og að draga úr eiginlegri blaðamennsku við efnisöflun og í framsetningu efnis (Ragnar Karlsson, 2008b). Mörg þeirra blaða, sem gefin hafa verið út, hafa lifað stutt áður en útgáfu þeirra hefur verið hætt. Sú hætta er augljóslega fyrir hendi að næsta litlir tekjumöguleikar margra blaðanna geri þau um of háð auglýsendum, ríkjandi meiri hluta í sveitarstjórn, hagsmunum í atvinnulífi, áhrifum „héraðshöfðingja“ og komi þannig í veg fyrir að þau geti með góðu móti þjónað hlutverki sínu sem vettvangur fyrir opna og gagnrýna umræðu.[30] Almennt má ganga að því vísu að blaðamenn staðarblaða verði í ríkari mæli varir við þrýsting um efni og efnistök en blaðamenn á dagblöðum finna fyrir. Þessi nálægðarvandi birtist meðal annars í þeirri freistingu og tilhneigingu að birta allt sem berst óháð fréttagildi, og að leggja áherslu á „jákvæðar“ fréttir. Til lengri tíma litið má þó ætla að stækkun kjördæma, frekari tilfærsla verkefna frá ríki og frekari stækkun sveitarfélaga geti orðið til þess að efla staðarblöðin og aðra staðbundna fjölmiðlun.[31]

1.12 Umræðuvettvangur fréttablaða

Hér er ekki gerð nein tilraun til að gera úttekt á efni og efnisáherslum fréttablaðanna. Öllum má ljóst vera að hlutverk blaðanna er mismunandi á opinberum umræðuvettvangi. Ritstjórnarleg áhersla, efnisframboð og efnistök ráðast öðru fremur af því hvaða hlutverki þeim er ætlað að þjóna og til hverra þau eiga að höfða. Í grófum dráttum má raða fréttablöðum á fjóra ása eftir því hve ríka áherslu þau leggja á opinberan vettvang og einkavettvang í umfjöllun sinni og því hvar efnisáherslurnar liggja, á stjórnmál, atvinnulíf og þjóðfélagsmál eða á hneyksli, afbrot, íþróttir og dægurmál (sbr. Sparks, 2000).

Í mynd 5.12 er gerð tilraun til að raða íslenskum fréttablöðum upp samkvæmt þessu. Dagblöðin tvö raðast upp á ekki alls ólíkan hátt. Bæði blöðin leggja almennt áherslu á umræðu tengda opinberum vettvangi frekar en einkavettvangi. Efni þeirra snýst fremur um stjórnmál, atvinnulíf og þjóðfélagsmál en dægurmál hvers konar. Nokkur áherslumunur er vissulega á milli blaðanna hvað efni og efnistök varðar. Áhersla DV hefur um nokkurt skeið

---

[30] Til vitnis um að staðarblöð hafi tilhneigingu til að fríkenna sig frá því að blandast í deilur er kannski sú staðreynd að mörg þeirra eru án leiðara.

[31] Sjá frekari umræðu um þetta í Birgi Guðmundssyni (2004, 2006) og Ragnari Karlssyni (2004: 250–57).

verið fremur á einkavettvang en opinberan vettvang og umfjöllun um hneyksli, afbrot, íþróttir og dægurmál.

Viðskiptablaðið gerir eðlilega út á umræðu sem tengist einkavettvangi með ríka áherslu á atvinnulíf öðru fremur. Ætla má að staðarblöðin leggi almennt nokkuð ríkari áherslu á opinberan vettvang og efni tengt staðbundnum stjórnmálum, atvinnulífi og þjóðfélagsmálum en málefni tengd einkavettvangi. Kemur það til af því að oft og tíðum er helsta heimildauppspretta þessara blaða sveitarstjórn, embættismenn og forsvarsmenn í atvinnulífi heima í héraði.

Það skal tekið fram að staðsetning einstakra blaða eftir áherslu og efnistökum útilokar ekki aðra umfjöllun um annað efni. Þannig leggja til að mynda bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið vaxandi áherslu á íþróttaumfjöllun og dægurmál. Að sama skapi fjallar DV einnig að nokkru leyti um stjórnmál og samfélagsmál í tengslum við opinberan vettvang.[32]

Mynd 5.12. *Staða fréttablaða á opinberum umræðuvettvangi*



Heimild: með hliðsjón af Sparks, 2000.

1.13 Hljóðvarp

Á hverjum sólarhring voru sendar út yfir 400 klukkustundir af hljóðvarpsefni hér á landi að jafnaði árið 2009. Á árinu 1985 – síðasta árið fyrir afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins – höfðu hlustendur úr að moða 25 klukkustundum af hljóðvarpsefni á sólarhring á tveimur dagskrárrásum Ríkisútvarpsins. Þegar litið er til fjölda stöðva sem senda reglulega út verður fjölbreytni að teljast nokkur á hljóðvarpsmarkaði, en síður þegar litið er til þess dagskrárframboðs sem í boði er. Fyrir utan dagskrárrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, eru dagskráráherslur flestra stöðva sniðnar að tiltölulega afmörkuðum hópi hlustenda með tilliti til aldurs og áhugamála (e. *niche markets*). Eiginleg dagskrárgerð er næsta lítil á mörgum stöðv-

[32] Sjá frekari umræðu um þetta hjá Ragnari Karlssyni, 2004: 242–46 og Sparks, 2000.

anna. Margar þeirra senda nær eingöngu út tónlist af hljómplötum í bland við kynningar og spjall. Endurnýjun á þessum markaði er mikil og algengt er að stöðvar staldri stutt við.

1.13.1 Hljóðvarpsstöðvar

Í lok árs 2009 sendu 22 hljóðvarpsstöðvar út reglulega. Í einkaeigu voru 17 stöðvar, en fimm dagskrárrásir voru á vegum Ríkisútvarpsins.[33] Flestar voru stöðvarnar árin 2001–2002, eða 26 hvort ár. Fjöldi hljóðvarpsstöðva sem sendi reglulega út á árunum 1995–2008 er sýndur á mynd 6.1.

Mynd 6.1. *Hljóðvarpsstöðvar 1995–2009*



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu, auk stöðva og dagskrárrása Ríkisútvarpsins – Hljóðvarps (Rásar 1 og Rásar 2, Rondó og svæðisútvarpsstöðva). Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru síðan einkaréttur Ríkisútvarpsins til hljóðvarpsútsendinga var afnuminn um áramótin 1985/1986 hafa 53 einkareknar stöðvar hafið reglulegar útsendingar. Fyrsta og elsta starfandi einkastöðin er Bylgjan, en útsendingar stöðvarinnar hófust í ágúst 1986. „Líftími“ einkarekinna hljóðvarpsstöðva er yfirleitt stuttur,

[33] Hér eru aðeins meðtaldar innlendar stöðvar sem sendu reglulega út eigin dagskrá og höfðu langtímaleyfi til hljóðvarps. Langbylgju- og stuttbylgjusendingar Ríkisútvarpsins, sem og skóla- og æskulýðsstöðvar, eru því ekki meðtaldar hér. Sama gildir einnig um viðstöðulaust endurvarp hljóðvarps eins og BBC World Service, Radio og gervihnattahljóðvarpsstöðvar (e. *satellite radio channels*), eins og Music Choice o.fl. Þá eru útsendingar svokallaðs vefútvarps ekki til umræðu hér. Eftir því sem næst verður komist var Ný Bylgjan eina hljóðvarpsstöðin sem sendi einungis út á netinu. Stöðin sendir viðstöðulaust út svokallaða nýbylgjutónlist af vef Bylgjunnar, www.bylgjan.is. Ný Bylgjan er starfrækt af 365 miðlum ehf. Í lok janúar 2010 hóf einkarekna dægurtónlistarstöðin Rás 3 útsendingar einungis á netinu. Rekstrargrundvöllur nethljóðvarps hefur almennt reynst hæpinn. Undirtektir hlustenda hafa almennt látið á sér standa og auglýsingatekjur stöðvanna eru þar af leiðandi litlar sem engar. Greiðslur fyrir flutning efnis sem er bundið höfundarrétti hafa oft á tíðum reynst vefhljóðvarpi þungar í skauti (sbr. Crisell, 2002: 122–23).

eða að jafnaði sex ár, sem bendir eindregið til þess að bekkurinn sé of þröngt setinn á hljóðvarpsmarkaði. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir að nýjar stöðvar hafi verið settar á fót.[34]

Af 53 stöðvum sem starfræktar voru á tímabilinu frá 1986 til ársloka 2008 höfðu átta stöðvar starfað í áratug og lengur. Frá árinu 2005 hafa átta stöðvar hafið útsendingar, fimm þeirra eru enn þá starfræktar. Tíu stöðvar af þeim 17 einkareknu hljóðvarpsstöðvum sem sendu út í ársbyrjun 2010 hafa starfað skemur en áratug (sjá mynd 6.2). Aðeins tvær af þeim einkastöðvum sem hljóma í dag hófu útsendingar fyrir 1990. Sjö stöðvar hafa starfað í áratug og lengur. Starfstími þeirra einkastöðva sem sendu út um síðustu áramót var að jafnaði 11 ár.

Mynd 6.2. *Einkareknar hljóðvarpsstöðvar í árslok 2009 (lengd starfstíma)*



Skýringar: Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.

[1] Upphaflega Létt.
[2] Upphaflega Barnarásin.
[3] Upphaflega Útvarp fyrir nýbúa.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Yfirlit yfir dagskrárrásir Ríkisútvarpsins og einkareknar hljóðvarpsstöðvar sem sendu reglulega út um áramótin 2009/2010 er að finna í töflu 6.1. Ríkisútvarpið sendi út á landsvísu á tveimur stöðvum, Rás 1 (frá 1930) og Rás 2 (frá 1983). Ríkisútvarpið starfrækti einnig þrjár svæðisútvarpsstöðvar, en það eru Svæðisútvarp Vestfjarða (frá 1989) og Svæðisútvarp Norðurlands og Austurlands, en síðarnefnda stöðin varð til með samruna Svæðisútvarps

[34] Á sl. ári hófu tvær einkareknar hljóðvarpsstöðvar reglulegar útsendingar, en þær eru Lýðvarpið FM 100,5 sem sendi út frá því mars og fram í júní og Kaninn 91,9 sem hefur sent út frá sl. hausti.

Norðurlands (frá 1985) og Svæðisútvarps Austurlands (frá 1987) í nóvember 2009.[35] Frá miðju ári 2004 hefur Ríkisútvarpið sent út í tilraunaskyni á DAB staðli (e. *Digital Audio Broadcasting*) á sérstakri stöð, Rondó. Stöðin sendir einnig jafnhliða út á FM.

Tafla 6.1. *Hljóðvarpsstöðvar 2009*

Heiti stöðvar	*Staðsetning*	*Útsendingarsvæði á FM*[1]	*Dagskrársnið*[2]	*Fjár-mögnun*	*Útsending á vef*
Ríkisútvarpið					
Rás 1	Reykjavík	Landið	Almennt	S, AU	Já
Rás 2	Reykjavík	Landið	Almennt	S, AU, K	Já
Svæðisútvarp Austurlands	Egilsstaðir	Austurland	Landshlutamál	S, AU	Já
Svæðisútvarp Norðurlands	Akureyri	Norðurland	Landshlutamál	S, AU	Já
Svæðisútvarp Vestfjarða	Ísafjörður	Vestfirðir	Landshlutamál	S, AU	Já
Rondó[3]	Reykjavík	Faxaflóasv.æði	Klassísk tónlist og djass	S	Já
Einkareknar stöðvar					
Bylgjan	Reykjavík	Landið	Almennt	AU, K	Já
Flass 104,5	Reykjavík	Höfuðborgarsvæði	Dægurtónlist og dægurmál	AU, K	Já
FM 95,7	Reykjavík	Landið	Dægurtónlist og dægurmál	AU, K	Já
GullBylgjan	Reykjavík	Faxaflóasvæðið	Dægurtónlist	AU, K	Já
Kaninn 91,9	Reykjanesbær	Faxaflóasvæðið, Suðurland, Akureyri	Dægurtónlist	AU, K	Já
LéttBylgjan[4]	Reykjavík	Faxaflóasv.	Dægurtónlist	AU, K	Já
Lindin	Reykjavík	Landið (þéttbýli)	Trúarlegt	Fe	Já
Suðurland FM 96,3	Selfoss	Suðurland að hluta	Dægurtónlist	AU, K	Já
Útvarp Boðun	Kópavogur	Faxaflóasvæðið og Akureyri	Trúarlegt	Fe	Já
Útvarp Hafnarfjörður[5]	Hafnarfjörður	Höfuðborgarsvæði	Málefni nýlendinga, og grenndarútvarp fyrir Hafnarfjörð	Fo	Já
Útvarp Kántríbær	Skagaströnd	Húnaflói, Skagafjörður	Dægurtónlist	AU, K	Já
Útvarp Latibær[6]	Reykjavík	Faxaflóasvæðið	Barnaefni	AU, K	Nei
Útvarp Saga	Reykjavík	Faxaflóasvæðið, Skagafjörður, Suðurland	Dægur- og samfélagsmál	AU, K	Já

[35] Fjórða svæðisstöð Ríkisútvarpsins, Svæðisútvarp Suðurlands, var aflögð árið 2007 eftir að hafa starfað frá árinu 2003. Ríkisútvarpið hélt einnig úti Svæðisútvarpi höfuðborgarsvæðisins frá 1985–1987. Boðað hefur verið að svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins verði aflagðar. Þeirra í stað verða svæðisútsendingar felldar inn í dagskrá landsrásanna Rásar 1 og Rásar 2.

Heiti stöðvar	*Staðsetning*	*Útsendingarsvæði á FM*[1]	*Dagskrársnið*[2]	*Fjár-mögnun*	*Útsending á vef*
Útvarp Vestmannaeyja	Vestmanna-eyjar	Vestmannaeyjar	Staðarmálefni	AU, K	Nei
Voice 987	Akureyri	Akureyri, Dalvík, Grenivík og Hrísey	Dægurtónlist	AU, K	Já
XA-Radíó	Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið og Akureyri	12 spora efni	Fe	Nei
Xið	Reykjavík	Faxaflóasvæðið, Ísafjörður, Akureyri og Vestmannaeyjar	Dægurtónlist	AU, K	Já

Skýringar: Einkareknar hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – hljóðvarpi. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Faxaflói merkir hér höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og sunnanvert Snæfellsnes. Húnaflói merkir hér Húnavatnssýslur og Strandir að hluta.
Fjármögnun: S = skatttekjur; AU = auglýsingar; Fe = framlög einkaaðila; Fo = framlög opinberra aðila; K = kostun.
[1] Samkvæmt upplýsingum stöðvanna.
[2] Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun dagskrár.
[3] Stafrænar tilraunaútsendingar frá miðju ári 2004.
[4] Upphaflega Létt.
[5] Upphaflega sem Útvarp fyrir nýbúa.
[6] Upphaflega Barnarásin.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Báðar landsrásir Ríkisútvarpsins senda út almennt efni. Dagskrá Rásar 1 er þó almennari en dagskrá Rásar 2, en stöðin sendir út fjölbreytt efni í tali og tónum, jafnt til upplýsingar og skemmtunar. Megináherslan í dagskrá Rásar 2 er á dægur- og samfélagsmál og íþróttalýsingar. Rás 1 og Rás 2 hafa talsverða sérstöðu í samanburði við aðrar hljóðvarpsstöðvar vegna ríkrar áherslu á upptöku og flutning lifandi tónlistar: klassískrar tónlistar og djass á Rás 1 og popptónlistar á Rás 2. Dagskrá svæðisútvarpsstöðvanna einskorðast að mestu leyti við fréttir úr viðkomandi landsfjórðungi.[36] Rondó sendir út klassíska tónlist og djass af hljómplötum. Landsrásir Ríkisútvarpsins og Rondó eru sendar út frá Reykjavík. Svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins eru staðsettar á Akureyri og Ísafirði.

Frá upphafi árs 2009 hafa dagskrárrásir Ríkisútvarps – Hljóðvarps verið fjármagnaðar með sérstakri álögu á skattgreiðendur, í stað afnotagjalda áður, auk sölu á auglýsingatímum og með kostun.[37]

Allar einkastöðvarnar nema fjórar senda út frá höfuðborgarsvæðinu. Hljóðvarp á vegum einkaaðila hefur ekki verið sú lyftistöng fyrir fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ýmsir bundu vonir við þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls fyrir hartnær aldarfjórðungi síðan.[38] Einkarekið hljóðvarp á landsbyggðinni hefur alla tíð átt erfitt uppdráttar. Flestar þeirra stöðva sem settar hafa verið á fót utan höfuðborgarsvæðisins hafa staldrað stutt við. Af 11 stöðvum sem

[36] Dagskrárgerðarfólk svæðisstöðvanna leggur jafnframt Rás 1 og Rás 2 og Sjónvarpinu til dagskrárefni, með fréttainnslögum og þáttagerð.
[37] Afnotagjald hljóðvarps var innifalið í afnotagjaldi sjónvarps, en það nam 30 af hundraði af afnotagjaldi fyrir sjónvarp í lit.
[38] Sbr. þingumræður um breytta skipan útvarps í aðdraganda afgreiðslu útvarpslaga.

hafa starfað utan höfuðborgarsvæðisins eru fimm starfandi í dag. Þetta eru stöðvarnar Kaninn 91.9 á Suðurnesjum (frá því í september í ár), Suðurland FM 96,3 á Selfossi (frá 2007), Útvarp Kántríbær á Skagaströnd (með hléum frá 1992), Útvarp Vestmannaeyja (frá 1993) og Voice 987 (frá 2006) sem gerð er út frá Akureyri.

Hliðrænar útsendingar (e. *analogue transmission*) einkastöðvanna Bylgjunnar og FM 95,7 ná til alls landsins. Útsendingarsvæði annarra stöðva á FM einskorðast að mestu við sunnan- og vestanvert landið, eða einstök þéttbýlissvæði og næsta nágrenni þeirra. Dagskrár margra einkastöðvanna og stöðva Ríkisútvarpsins eru einnig sendar viðstöðulaust út á netinu. Útsendingar stöðvanna nást því víðast um landið.

Af einkareknu stöðvunum getur aðeins Bylgjan talist vera almenn stöð (e. *general interest channel*), en dagskrá stöðvarinnar er tiltölulega fjölbreytt og samanstendur af fréttum, umfjöllun um dægur- og samfélagsmál og flutningi skemmtiefnis, auk tónlistar. Aðrar stöðvar teljast sérefnisstöðvar (e. *special interest channels*) af ýmsu tagi og er efni þeirra ætlað að höfða til tiltekinna markhópa (e. *niche markets*) eftir aldri og áhugasviði hlustenda. Af þeim einkareknu stöðvum sem nú hljóma teljast átta vera tónlistarstöðvar (e. *music radio*). Þetta eru stöðvarnar FM 95,7, Flass 104,5, FM 95,7, GullBylgjan, Kaninn 91,9, LéttBylgjan, Suðurland FM 96,3, Útvarp Kántríbær, Voice 987 og Xið 977. Stöðvarnar sérhæfa sig allar í vinsælum stefnum og straumum í dægurtónlist. Útvarp Saga er svonefnt talmálsútvarp (e. *talk radio*) með áherslu á samfélags- og dægurmál. Útvarp Latibær sendir út barnaefni, sem er að megninu til tónlist. Lindin og Útvarp Boðun eru trúboðsstöðvar en dagskrár þeirra samanstanda eingöngu af trúarlegu efni í tali og tónum. XA-Radíó telst til þjónustustöðva (e. *service radio*), en dagskráin samanstendur af reynslusögum og efni tengdu „12 spora kerfi“ AA-samtakanna. Útvarp Hafnarfjörður, áður Útvarp fyrir nýbúa, telst sömuleiðis hér til þjónustustöðva, en uppistaða reglubundinnar dagskrár stöðvarinnar er umfjöllun um málefni nýbúa á ýmsum tungumálum. Svæðisbundin málefni hvers konar eru uppistaðan í dagskrá Útvarps Vestmannaeyja, en stöðin er eina einkarekna stöðin um þessar mundir sem getur talist vera hreinræktuð staðarstöð (e. *local radio*).

Flestar einkareknu stöðvarnar eru fjármagnaðar með auglýsingaflutningi og kostun. Trúboðstöðvarnar Lindin og Útvarp Boðun og XA-Radíó eru reknar að mestu leyti fyrir frjáls framlög og með sjálfboðavinnu. Útvarpi Kántríbæ og Útvarpi Vestmannaeyja eru reknar fyrir áhugamennsku að mestu leyti. Rekstur Útvarps Hafnarfjarðar er kostaður með opinberum framlögum og sjálfboðastarfi.

1.13.2 Móttaka hljóðvarps

Leiðir til móttöku hljóðvarps hafa á síðustu árum orðið sífellt fjölbreyttari. Móttaka hljóðvarps er ekki lengur bundin við hefðbundin viðtæki og í bíl eins og fyrir fáeinum árum. Í dag er hægt að taka á móti og hlusta á hljóðvarp yfir netið og í gegnum tölvu, og farsíma og sjónvarpstæki. Könnun sem gerð var árið 2007 á móttökuleiðum hljóðvarps hér á landi leiddi í ljós að algengasta móttaka hljóðvarps er í bíl, en hátt í þrír af hverjum fjórum hlusta í bílnum (sjá mynd 6.3). Næst algengasta viðtaka hljóðvarpssendinga er í gegnum hljóðvarpsviðtæki, en um tveir þriðju hlusta á hljóðvarp þannig. Nokkur hluti hlustar á hljóðvarp í gegnum tölvu yfir netið, eða tæplega tveir af hverjum tíu. Enn færri taka á móti hljóðvarpssendingu í gegnum sjónvarpstæki. Viðbúið er að talsvert fleiri hlusti á hljóðvarp á netinu í dag en árið 2007, hvort heldur er í gegnum tölvu eða farsíma.

Mynd 6.3. *Móttökuleiðir hljóðvarps 2007, september (hlutfall, %)*



Heimild: Póst og fjarskiptastofnun, 2008: 33.

1.13.3 Staða og rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva

Skipta má einkastöðvum upp eftir eðli dagskrár og tilgangi með rekstri þeirra, í markaðsstöðvar, trúboðsstöðvar og þjónustustöðvar eins og sýnt er í töflu 6.2. Með markaðsstöðvum er átti við stöðvar sem reknar eru á markaðsforsendum og fjármagnaðar með sölu auglýsingatíma í dagskrá og kostun einkaaðila. Frá upphafi einkarekins hljóðvarps hafa flestar stöðvanna verið svokallaðar markaðsstöðvar, eða þrjár af hverjum fjórum einkareknum stöðvum hin síðari ár.

Tafla 6.2. *Staða einkarekinna hljóðvarpsstöðva 1995–2009*

	Alls	Markaðsstöðvar[1]	Trúboðsstöðvar	Þjónustustöðvar
Fjöldi stöðva				
1995	11	10	1	–
2000	13	10	2	1
2005	14	11	2	1
2009	17	13	2	2
Hlutfallsleg skipting, %				
1995	100	91	9	–
2000	100	77	15	8
2005	100	79	14	7
2009	100	76	12	12

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá í lok árs. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Ásamt staðarstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Algengt er að rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva staldri stutt við. Þótt rekstraraðilum hafi farið fjölgandi hefur þeim þó ekki fjölgað að sama skapi og stöðvunum. Á undanförnum árum hefur gætt skýrrar tilhneigingar til samþjöppunar eignarhalds á einka-

reknu hljóðvarpi. Tafla 6.3 sýnir fjölda einkarekinna hljóðvarpsstöðva eftir rekstraraðilum frá 1995 og til ársloka 2009.

Lengst af síðasta áratug var Fínn miðill ehf. stórtækastur einkaaðila í hljóðvarpsrekstri. Þegar mest var rak fyrirtækið sex stöðvar. Norðurljós hf. eignuðust ráðandi hlut í Fínum miðli ehf. árið 2000. Þegar mest var voru 11 hljóðvarpsstöðvar starfræktar á vegum dótturfélaga Norðurljósa hf., Fíns miðils og Íslenska útvarpsfélagsins ehf.

Tafla 6.3. *Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva 1995–2009 (markaðsstöðvar)*

			Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva					
	Fjöldi stöðva	Fjöldi rekstraraðila	Ein	Tvær	Þrjár	Fjórar	Fimm	Sex
1995	10	9	8	1	–	–	–	–
2000	10	5	4	–	–	–	–	1
2005	11	6	4	1	–	–	1	–
2009	13	8	7	–	–	–	–	1

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá í lok árs. Móðurfélög og dótturfélög eru hér talin til eins og sama rekstraraðila, sem og félög þar sem um náin eignatengsl er um að ræða í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga. Að frátöldu þjónustuútvarpi, trúboðs-, skóla- og æskulýðsstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Rekstraraðilar markaðsstöðva voru sjö talsins árið 2009. Allir nema einn starfrækja eina stöð hver. Sex stöðvanna sem sendu út í lok ársins 2008 eru í eigu 365 miðla ehf, en það eru stöðvarnar Bylgjan, FM957, GullBylgjan, LéttBylgjan, Útvarp Latibær og Xið.

1.13.3 Dagskrárframboð í hljóðvarpi

1.13.3.1 Útsendingartími

Útsendingartími hljóðvarps hefur eðlilega stóraukist samfara fjölgun stöðva. Frá því að einkarekið hljóðvarp kom til skjalanna árið 1986 hefur senditíminn tólffaldast, eða farið úr 13.000 stundum á ári í um 151.000 stundir. Fram til aldamóta jókst samanlagaður útsendingartími hljóðvarps samfellt milli ára, en frá aldamótum hefur hann verið um 150.000 stundir á ári (sjá mynd 6.4). Frá aldamótum hefur lítillega dregið úr árlegum útsendingartíma einkastöðva á sama tíma og samanlagður útsendingartími rása Ríkisútvarpsins hefur aukist nokkuð frá árinu 2004 að telja er tilraunaútsendingar Rondó hófust á miðju ári.

Á árinu 2008 sendu einkareknar stöðvar út tæpar 124.000 stundir á móti tæpum 27.000 útsendum stundum í Ríkisútvarpinu. Útsendingartími hljóðvarps á landsvísu hefur tvöfaldast frá því í byrjun tíunda áratugarins, en þá náðu einungis útsendingar Rásar 1 og Rásar 2 til landsins alls. Samanlagður útsendingartími þeirra fjögurra stöðva sem senda út á landsvísu árið 2008 var ríflega 33.000 stundir.

Mynd 6.4. *Árlegur útsendingartími hljóðvarps 1995–2008*



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá á árinu. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.
* Útsendingartími *RÚV - Hljóðvarps* 2006 er áætlaður.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Um síðustu áramót sendu flestar hljóðvarpsstöðvar út allan sólarhringinn sjö daga vikunnar (sjá töflu 6.4). Daglegur útsendingartími svæðisstöðva Ríkisútvarpsins og sumra einkarekinna stöðva var þó næsta lítill. Svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins senda út fjóra til fimm virka daga í viku, um það bil hálfa klukkustund hvern útsendingardag. Útvarp Vestmannaeyja sendir að jafnaði út þrjá daga í viku, fimm stundir í senn. Útsendingar Útvarps Hafnarfjarðar stóðu að jafnaði yfir í tvær stundir í senn fimm til sex daga í viku.

Tafla 6.4. Útsendingartími og útsendingardagar hljóðvarpsstöðva 2009

Heiti stöðvar	*Útsendar klst. í viku að jafnaði*	*Útsendar klst. á útsendingardegi að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Ríkisútvarpið – Hljóðvarp			
Rás 1	168:00	24:00	7
Rás 2	168:00	24:00	7
Rondó	168:00	24:00	7
Svæðisútvarp Norðurlands og Austurlands[1]	0,12152777778	0,0243055556	5
Svæðisútvarp Vestfjarða[1]	2:20	0:35	4
Einkastöðvar			
Bylgjan	168:00	24:00	7
Flass 104,5	168:00	24:00	7
FM 95,7	168:00	24:00	7
GullBylgjan	168:00	24:00	7
LéttBylgjan	168:00	24:00	7
Lindin	168:00	24:00	7
Suðurland FM 96,3	168:00	24:00	7
Útvarp Boðun	168:00	24:00	7

Heiti stöðvar	*Útsendar klst. í viku að jafnaði*	*Útsendar klst. á útsendingardegi að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Útvarp Hafnarfjarðar[2]	8:00–10:00	2:00	4–5
Útvarp Kántríbær	168:00	24:00	7
Útvarp Latibær	168:00	24:00	7
Útvarp Saga	168:00	24:00	7
Útvarp Vestmannaeyja[1]	4:00	2:00	2
Voice 987	168:00	24:00	7
XA-Radíó	168:00	24:00	7
Xið	168:00	24:00	7

Skýringar: Einkareknar hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – Hljóðvarpi. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.
[1] Áætlað.
[2] Upphaflega Útvarp fyrir nýbúa.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Eiginleg dagskrárgerð er ekki nema hluti af útsendingartíma margra stöðvanna. Frá því upp úr miðnætti og til morguns, er eiginleg dagskrá hefst, fyllir ókynnt tónlist upp í útsendingar margra þeirra stöðva sem senda út allan sólarhringinn. Á öðrum stöðvum er dagskrárþáttum endurútvarpað með nokkurra tíma millibili.

Endurflutningur efnis er einnig nokkur hluti af útsendingartíma Rásar 1, eða um það bil tvær stundir af hverjum tíu. Á Rás 2 er endurflutningur efnis hverfandi eða hálfur klukkutími af hverjum tíu útsendum tímum. Hlutfall endurflutnings á dagskrá stöðvanna hefur verið tiltölulega stöðugt um langa hríð.

1.13.4 Dagskrárefni hljóðvarps

Sérhæfing dagskrárefnis í hljóðvarpi, eða það sem hér er nefnt „dagskrársnið“ (e. *programme format*), er að mörgu leyti einkennandi fyrir hljóðvarpsmarkaðinn. Tilkoma sjónvarpsins og ört vaxandi vinsældir þess batt enda á „gullöld“ hljóðvarpsins sem hafði staðið óslitið frá því á þriðja áratugnum. Fjölskyldan sameinaðist nú að kvöldlagi fyrir framan sjónvarpsviðtækið í stað þess að safnast saman við hljóðvarpstækið eins og áður. Hljóðvarpinu var því nauðugur einn kostur að laða að hlustendur. Hljóðvarpsstöðvar fóru í vaxandi mæli að haga dagskránni þannig að hún höfðaði til mismunandi hlustenda á ákveðnum tímum dagsins, ellegar að stöðvar sérhæfðu sig í tilteknu dagskrárefni, fréttatengdu efni, íþróttum, tónlist o.s.frv. (Crisell, 1994; Croteau og Hoynes, 2001: 55–56).[39]

Um líkt leyti og sjónvarpið fangaði í vaxandi mæli hug og hjörtu fólks hlustenda varð hljóðvarpinu til happs að smárinn (e. *transistor*) leysti útvarpslampann (e. *radio valve eða*

[39] Þótt það sé utan efnisramma þessarar samantektar má geta þess að svipaðar sundurgreiningar efnis hefur gætt í útgáfu svonefndra neytendatímarita (e. *consumer magazines*). Í kjölfar sjónvarpsins voru dagar útbreiddra heimilistímarita (e. *familiy magazines*) að mestu taldir. Í staðinn sneru tímaritaútgefendur sér í vaxandi mæli að útgáfu sérefnistímarita (e. *special interest magazines*) sem sniðin eru að áhugamálum tiltekinna hópa, s.s eftir kyni, aldri og áhugamálum (sbr. Abrahamson, 1996; Barnes og Thomson, 1994). Viðlíka þróunar hefur gætt á íslenskum tímaritamarkaði. Fljótlega eftir að sjónvarp hófst hér á landi lagðist útgáfa rótgróinna fjölskyldutímarita af, s.s. eins og Fálkans, á meðan öðrum tókst að aðlaga sig að nýjum aðstæðum og taka upp nýjar efnisáherslur, s.s. eins og Vikan sem gefin er út í dag sem kvennatímarit (sbr. Guðjón Friðriksson, 2000, kafli 45; Ragnar Karlsson, 2003).

tube) af hólmi á sjötta áratug síðustu aldar. Í stað lampatækjanna sem óhandhægt var að flytja úr stað og stinga þurfti í samband við rafmagn og tengja við loftnet voru smáratækin mun ódýrari og meðfærilegri. Þau voru með innbyggðu loftneti og gengu hvort heldur sem var fyrir rafmagni eða litlum handhægum rafhlöðum sem gerði það að verkum að auðveldlega var unnt að flytja þau með sér hvert á land sem var. Um líkt leyti ruddu hljóðvarpstæki í bílum sér til rúms. Hljóðvarpsnotkun var því ekki lengur bundin við stofuna eða eldhúskrókinn eins og á tíma lampatækjanna. Þessi „hreyfanleiki“ miðilsins auðveldaði hljóðvarpsstöðvum að ná til ólíkra hópa hlustenda á mismunandi tímum dagsins (Crisell, 2002: 125–27).

Samkeppni á hljóðvarpsmarkaði hefur ýtt enn frekar undir efnissérhæfingu hljóðvarpsstöðva. Víðast hvar hefur hljóðvarpsmarkaður verið mettaður um langt skeið. Útbreiðsla hljóðvarps á Vesturlöndum hefur fyrir löngu náð hámarki. Hljóðvarpstæki eru til á öllum heimilum og hljóðvarpshlustun einstaklinga hefur um árabil staðið að mestu í stað. Það er því deginum ljósara að ekki er að vænta nýrra hlustenda á hljóðvarpsmarkaði umfram náttúrulega mannfjölgun (Hendy, 2000: 32). Takmarkaðir vaxtarmöguleikar á hljóðvarpsmarkaði hafa þó ekki komið í veg fyrir fjölgun hljóðvarpsstöðva, enda er stofn- og rekstrarkostnaður hljóðvarps mun lægri en til að mynda en kostnaður við stofnun og rekstur fullbúinnar sjónvarpsstöðvar. Laust fyrir aldamótin voru starfræktar í Bandaríkjunum um 11.000 hljóðvarpsstöðvar á móti um 3.500 sjónvarpsstöðvum. Með öðrum orðum hljóðvarpsstöðvar voru þrisvar sinnum fleiri en sjónvarpsstöðvar (Hendy, 2000: 10–11). Viðlíka máli gegnir í Evrópu, en í flestum löndum álfunnar hefur lítið lát orðið á fjölgun hljóðvarpsstöðva eftir að einkaréttur þess opinbera til útvarps var afnuminn víðast hvar á níunda áratugnum (Hans-Bredow-Institut, 2009; Harrie, 2009; Kelly, Mazzoleni og McQuail, 2004). Svipuðu máli gegnir hér á landi þar sem hljóðvarpsstöðvum hefur fjölgað árlega fram undir aldamót (sbr. mynd 2.1 að framan). Á sama tíma og æ fleiri stöðvar bítast um athygli hlustenda eru stöðvarnar tilneyddar til að haga dagskránni, efni og flutningstímum þannig að það höfði til „réttra“ hlustenda í stað þess að kappkosta að ná til „allra“.[40]

Dagskrársnið þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að veita auglýsendum aðgang að þeim hlustendum sem þeir hafa helst áhuga á að ná til og gefa mest af sér í aðra hönd fyrir stöðvarnar. Um leið og stöðlun dagskrár lágmarkar óvissu um samsetningu hlustendahópsins stuðlar hún að því að kostnaði við dagskrárgerð er haldið í lágmarki (Chapman, 1992: 12–18; Crisell, 2002: 127–29; Engblom og Wormbs, 2007: 196–204; Hendy, 2000: 26–48).

Tónlistardagskrá og talmálsdagskrá eru víðast hvar algengustu dagskrársnið í hljóðvarpi. Tónlistarstöðvar sérhæfa sig oftast í flutningi tiltekinnar tónlistar og tónlistarstefna, allt frá hipp-hoppi til klassískrar tónlistar og allt þar á milli. Umfjöllunarefni talmálsstöðva getur verið af ýmsum toga, en mest ber þó á fréttum sem uppfærðar eru reglulega allan sólarhringinn, fréttum af veðri og umferð, fréttum af fjármála- og hlutabréfamörkuðum og umfjöllun um dægur- og samfélagsmálefni (Hendy, 2000). Dagskrárgerðarkostnaður við talmálsútvarp er jafnvel enn minni en við tónlistarútvarp sem þarf að greiða af flutningi tónlistar til rétthafa, útgefenda og laga- og textahöfunda (Hendy, 2000: 38).[41]

---

[40] Sömu þróunar hefur einnig tekið að gæta í auknum mæli í sjónvarpi á síðari árum í kjölfar harðandi samkeppni á sjónvarpsmarkaði með fjölgun sjónvarpsstöðva og tilkomu áskrifarsjónvarps.

[41] Hér á landi eru Stefgjöld dæmi um greiðslur vegna flutnings tónlistar á opinberum vettvangi, þ.m.t. í hljóðvarpi (sjá Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, www.stef.is/).

Þrátt fyrir sérhæfingu á hljóðvarpsmarkaði og mismunandi dagskrársnið er efnisleg fjölbreytni milli stöðva oft meiri í orði en á borði. Í reynd hefur reynslan víðast hvar verið sú að einhæfni efnis hefur aukist með auknum fjölda stöðva (Crisell, 2002: 131; Hendy, 2000; Neauman, 1991: 141–42). Þessi einhæfni á ekki hvað síst við um tónlistarútvarp. Lagaval tónlistarstöðva ræðst gjarnan af útgáfu- og sölulistum hljómplötuútgefenda og vitneskju um smekk hlustendahópsins sem fengin er úr könnunum og öðrum markaðsrannsóknum. Algengast er að tónlistarstöðvar leggi áherslu á vinsæla dægurtónlist og kappkosti einkum að höfða til hlustenda á aldrinum 16 til 35 ára. Í Bandaríkjunum þar sem ekki er óalgengt að 40 til 50 stöðvar séu á sama útsendingarsvæði reynist efnisfjölbreytni í hljóðvarpi minni en fjöldi stöðva gefur til kynna. Langsamlega mest framboð er af stöðvum sem senda út dægurtónlist, eða um helmingur stöðvanna. Annars konar framboð tónlistar er fátítt. Samkvæmt bandaríska fjölmiðlafræðingnum W. Russell Neuman er það svo að „af því mynstri sem er á samþjöppun dægurtónlistar leiðir að þeim hlustendum sem vilja fremur klassíska tónlist, jazz eða fréttaskýringar er ekki sinnt“ *(„the pattern of concentration of popular music still leaves unserved, in many markets, those who would prefer classical music, jazz, or news commentary“)* (Neuman, 1991: 141). Á lagalistum tónlistarstöðva er því fátt sem kemur hlustandanum á óvart og sem gæti stuðlað að breiðari tónlistarsmekk hans. Enda eru auglýsendur „áhugasamastir um stöðvar sem tryggja fyrirsjáanlegt lagaval í útsendingu“ (*„best attracted by a station guaranteeing predictable choices about music on air“*) (Hendy, 2000: 227; upphafleg áhersla).

Hérlendis ruddi dagskrársnið sér til rúms í hljóðvarpi með tilkomu einkastöðvanna.[42] Tafla 6.5 sýnir einkastöðvar og árlegan útsendingartíma einkastöðva eftir dagskrársniði á árabilinu 1995–2008/2009. Af einstökum dagskrársniðum er tónlistarútvarp langmest áberandi í einkaútvarpi. Önnur hver stöð sem sendi út í lok árs 2008 var tónlistarstöð. Útsendingartími tónlistarstöðva nam 57% af heildarútsendingartíma einkarekinna stöðva árið 2008. Nær allar stöðvarnar flytja vinsæla dægurtónlist sem einkum virðist ætlað að höfða til unglinga og fólks fram á miðjan aldur.

---

[42] Segja má að dagskrá Rásar 2 fyrstu árin eftir að hún hóf útsendingar árið 1983 hafi um margt borið keim af dagskrársniði hreinræktaðs tónlistarútvarps þar sem popptónlist var í fyrirrúmi í dagskránni, auk „innhringiþátta“ (e. *phone-in programmes*). Á hinn bóginn einkenndist dagskrá Rásar 1 af almennu dagskrárframboði (e. *mixed programming*), með „eitthvað fyrir alla“, sem í dag mætti frekar lýsa sem „allt fyrir suma“ þegar haft er í huga að hlustendur stöðvarinnar eru að jafnaði eldri en hlustendur annarra stöðva.

Tafla 6.5. *Einkareknar hljóðvarpsstöðvar eftir dagskrársniði 1995–2008/2009*

	Almennar-stöðvar1	Talmáls-stöðvar[1]	Barna-stöðvar	Tónlistar-stöðvar[2]	Staðar-stöðvar[3]	Trúboðs-stöðvar	Þjónustu-stöðvar
Stöðvar/fjöldi							
1995	2	–	–	5	3	1	–
2000	1	–	–	11	4	2	1
2005	1	2	1	9	1	2	2
2008	1	1	1	8	1	2	2
2009	1	1	1	9	1	2	
Útsendingartími í klst.							
1995	17.520	–	–	38.520	10.372	5.840	–
2000	8.784	–	–	85.803	18.265	17.568	700
2005	8.760	15.120	8.760	50.952	1.700	17.520	9.060
2008	8.784	8.784	8.784	70.272	200	17.568	9.137
Stöðvar, %							
1995	18	–	–	45	27	9	–
2000	5	–	–	58	21	11	5
2005	6	11	6	50	6	11	11
2008	6	6	6	50	6	13	13
2009	6	6	6	53	6	12	12
Útsendingartími, %							
1995	24	–	–	53	14	8	–
2000	7	–	–	65	14	13	1
2005	8	14	8	46	2	16	8
2008	7	7	7	57	0	14	7

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.

[1] Stöðvar sem leggja áherslu á dægur- og samfélagsmál og sem sendu út tónlist innan við 70% af heildarútsendingartíma og geta ekki talist til staðar- eða þjónustustöðva.

[2] Stöðvar sem sendu út tónlist og tónlistardagskrá í a.m.k. 70% af heildarútsendingartíma og geta ekki fallið undir aðrar efnisstöðvar.

[3] Staðbundnar stöðvar sem áherslu leggja á staðbundin málefni og ekki geta talist hreinar tónlistarstöðvar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Samþjöppun eftir dagskrársniði er meiri ef aðeins er miðað við markaðsstöðvarnar. Frá aldamótum hafa um tvær af hverjum þremur markaðsstöðvum verið tónlistarstöðvar en helmingur og innan við helmingur á tíunda áratugnum. Hlutdeild tónlistarstöðva í samanlögðum útsendingartíma markaðsstöðvanna er jafnvel enn hærri en nemur hlutdeild í fjölda stöðva, eða sem samvarar hátt í þremur fjórðu hlutum af útsendingartímanum hin síðari ár. Að þessu sögðu virðist mega taka undir orð David Hendys þegar hann segir: „Að óumdeilt er að afnám hafta hefur leitt af sér víðtæka aukningu í útvarpsstarfsemi en meginspurningin er hvort það hafi fært útvarpshlustendum meiri fjölbreytni, eins og vænst var.“ *(That deregulation has brought a huge expansion in radio activity seems beyond dispute. But the central question is whether it has in fact delivered the greater choice in radio-listening it promised.)* (Hendy, 2000: 25–26; upphaflegar áherslur.)

Sú mynd sem dregin er upp í töflu 6.5 gefur þó aðeins takmarkaða mynd af tónlistarflutningi í hljóðvarpi. Umfang tónlistar er mun meira í hljóðvarpi en fjöldi tónlistarstöðva gefur tilefni til að ætla. Af einstöku dagskrárefni í hljóðvarpi er tónlist langsamlega fyrirferðarmest. Því er ekki að undra að hljóðvarpinu hafi stundum verið lýst sem „búðarglugga fyrir framleiðslu tónlistariðnaðarins“ (*„a shop window for the wares of the music industry,“* Hendy, 2000: 168). Reyndar hefur tónlist ávallt verið meginuppistaðan í dagskrá hljóðvarps frá því að reglulegur útvarpsrekstur hófst vestan hafs og austan um og uppúr 1920.[43] Átta af hverjum tíu útsendum stundum í hljóðvarpi hér á landi er tónlist. Þar af er hlutur tónlistar af dagskrá einkahljóðvarpsstöðva um 90% á móti um 70% af samanlögðum útsendingartíma dagskrárrása Ríkisútvarpsins – Hljóðvarps.

Ástæða þess að tónlist er jafnáberandi í hljóðvarpi og raun ber vitni stafar ekki síst af eðli hljóðvarps sem fjölmiðils. Hljóðvarpsnotkun er ekki á sama hátt bundin stað og stund og notkun margra annarra fjölmiðla. Unnt er að hlusta á hljóðvarp nánast hvar sem er og við hinar ólíkustu kringumstæður. Sérstaða hljóðvarpsins sem fjölmiðils felst einnig í því að það er ekki eins frekt á athygli fólks og aðrir fjölmiðlar. Verulegan hluta þess tíma sem „hlustað“ er á hljóðvarp er annarri iðju sinnt, samtímis. Í stað þess að vera í forgrunni og krefjast óskiptrar athygli fólks eins og prentmiðlar gera – svipuðu máli gegnir einnig um sjónvarp – er hæglega unnt að njóta margs af því sem hljóðvarpið hefur upp á að bjóða án þess að þurfa endilega að leggja stíft við hlustir. Hljóðvarpið er því oft í hlutverki „bakgrunnsmiðils“ í stað þess að vera miðpunktur athyglinnar (Crisell, 1994, 2002; Hendy, 2000; Larsen, 2001; Scannell, 2000). Það er því ekki að undra að tónlist sé jafnríkur efnisþáttur í hljóðvarpi og raun ber vitni. Dægurtónlist sem einkennist oftast af stuttum og grípandi lögum er einstaklega vel til þess fallin að skapa bakgrunn fyrir aðra iðju sem nokkurs konar „hljóðrænt veggfóður“ (e. *aural wallpaper*) (Hendy, 2000: 168–69).

Á vissan hátt má segja að „rokkæðið“ sem brast á um svipað leyti og fjöldaframleiðsla hófst á smáranum hafi komið hljóðvarpinu til bjargar. Um líkt leyti hófust einnig útsendingar á FM tíðnisviði sem skiluðu mun hreinna og skýrara hljóði en með lang- og miðbylgjuútsendingum sem jók enn frekar á kosti hljóðvarps sem tónlistarmiðils (Crisell, 1994, 2002: 126). Reyndar er alls óvíst að rokktónlistin hefði breiðst eins hratt út ef hún hefði ekki notið liðsinnis hljóðvarpsins. Hagsmunir tónlistariðnaðarins og hljóðvarpsstöðvanna fóru því saman að þessu leyti (Chapman, 1992, 1–2 kafli; Croteau og Hoynes, 2001: 56–58).

1.13.5 Dagskrá Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2

Af þeim 22 hljóðvarpsstöðvum sem starfræktar eru um þessar mundir senda aðeins Bylgjan og Rás 1 og Rás 2 út almenna dagskrá. Mun meiri fjölbreytni gætir í dagskrá þeirra en annarra stöðva. Skipting útsendingartíma Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar eftir efni árið 2008 er sýnd í töflu 6.6.

---

[43] Þannig var þetta einnig í árdaga hljóðvarps hér á landi (sjá Gunnar Stefánsson, 1997). Á árunum 1936–1940 var tónlist að jafnaði hátt í helmingur af útsendingartíma Ríkisútvarpsins (sjá Hagstofa Íslands, 2003, geisladiskur, tafla 12.18).

Tafla 6.6. *Útsending almennra hljóðvarpsstöðva eftir efni 2008*

	Upplýsing og menning[1]	Skemmti-efni[2]	Íþróttir	Tónlist	Börn og unglingar	Annað[3]	Alls
Stundir á ári							
Bylgjan	1.003	401	100	6.618	10	652	8.784
Rás 1	3.907	451	–	4.100	..	326	8.784
Rás 2	2.452	333	125	5.532	..	342	8.784
Hlutfallsleg skipting, %							
Bylgjan	11	5	1	75	0	7	100
Rás 1	45	5	–	47	..	3	100
Rás 2	28	4	1	63	..	4	100

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir og þættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menning og listir.
[2] Afþreying og skemmtun.
[3] Auglýsingar, dagskrárkynningar og óflokkað efni.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrá Rásar 1 er fjölbreyttust að efni. Tæpur helmingur af útsendingartíma stöðvarinnar árið 2008 var efni sem gróflega má flokka sem upplýsingu og menningu. Undir upplýsingu og menningu falla m.a. fréttir og fréttatengt efni, umræðuþættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menning og listir. Á Rás 2 var hlutfall upplýsingar og menningar 28% en á Bylgjunni aðeins 11%. Hlutur skemmti- og afþreyingarefnis er áþekkur á stöðvunum þremur, milli 4 og 5%. Dagskrárgerð fyrir börn og unglinga er hverfandi í dagskrá Bylgjunnar og Rásar 1, en á Rás 2 fyrirfinnst slíkt efni alls ekki.[44] Aðeins Bylgjan og Rás 2 senda út íþróttir í formi beinna lýsinga af íþróttakappleikjum.[45] Tónlist er yfirgnæfandi á Bylgjunni, eða þrjár af hverjum fjórum útsendum stundum á móti hátt í tveimur af hverjum þremur stundum á Rás 2. Árið 2008 var tónlist hátt í helmingur útsendingartíma Rásar 1.

Mynd 6.5. sýnir hvernig dagskrá stöðvanna skiptist hlutfallslega innbyrðis milli upplýsingar og menningar, skemmtiefnis, íþrótta og tónlistar á árinu 2008.

[44] Upplýsingar um umfang barna- og unglingaefnis á dagskrá Rásar 1 eru ekki tiltækar þar sem það er inni í tölum um útsendingartíma eftir efnisflokkum.
[45] Íþróttum eru að auki gerð skil í fréttatímum og í síðdegisútvarpi Bylgjunnar og Rásar 2.

Mynd 6.5. *Dagskrá almennra hljóðvarpsstöðva eftir efni 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu 4.6.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrárfjölbreytni (e. *programme diversity*) er unnt að meta með því að bera saman skiptingu efnis innbyrðis milli tiltekinna efnisflokka (sjá um mælingar á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, í van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; Lund og Berg, 2009; McQuail, 2007; van der Wurff, 2004; van der Wurff, van Cuilenburg og G. Keune, 2000). Í töflu 6.7 er gerð tilraun til að meta dagskrárfjölbreytni dagskrár Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2. Dagskrárfjölbreytni er hér sýnd sem mismunur á innbyrðis hlutfalli upplýsingar og afþreyingar í formi stuðuls er tekur gildi á bilinu –1 til +1. Eftir því sem gildi stuðulsins liggur nær –1 þeim mun meiri áherslu leggur viðkomandi stöð á afþreyingu og því nær sem gildið liggur +1 því ríkari áhersla er á upplýsingaefni; þeim mun nær sem gildið liggur 0 þeim mun meira jafnvægi er á milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá.

Samanburðurinn leiðir berlega í ljós mismunandi dagskrárfjölbreytni milli stöðvanna. Á meðan jafnvægi hefur verið í efnisframboði Rásar 1 þau ár sem hér eru til skoðunar hefur efnisframboð hinna stöðvanna hneigst í auknum mæli að afþreyingu á kostnað upplýsingar. Þetta á einkum við um Bylgjuna, en áhersla stöðvarinnar hefur síðustu ár verið að langsamlega mestu leyti á afþreyingu.

Tafla *6.7. Dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 1995–2008*

	Bylgjan		*Rás 1*		*Rás 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Stundir á ári						
1995	..	..	3.012	3.020	3.306	4.769
2000	2.108	5.956	2.836	3.551	3.281	5.166
2005	1.000	7.100	2.681	3.327	2.565	5.889
2008	1.003	7.119	3.863	4.596	2.452	5.990
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	..	..	50	50	41	59
2000	26	74	44	56	39	61
2005	12	88	45	55	30	70
2008	12	88	46	54	29	71

	Bylgjan		*Rás 1*		*Rás 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Dagskrárfjölbreytni						
1995	..		–		-18	
2000	-.48		-12		-22	
2005	-.76		-10		-.40	
2008	-.76		-8		-.42	

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: Fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir og þættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menningu og listir.
Afþreying: Afþreying og skemmtun, íþróttir og tónlist.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Með þessu er ekki lagt mat á gæði þess efnis sem stöðvarnar flytja. Hins vegar gefur efnisfjölbreytni til kynna frammistöðu fjölmiðla við að ýta undir fjölbreytni og hvernig þeir rækja lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk sitt (sbr. McQuail, 2005, 8. kafli, 2007).

1.13.6 Dagskrárfjölbreytni í norrænum samanburði

Fróðlegt er að skoða dagskrárfjölbreytni almennu íslensku stöðvanna í samanburði við hliðstæðar stöðvar annars staðar. Í töflu 6.8 er dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 sýnd í samanburði við norrænar opinberar stöðvar og helstu einkareknar markaðsstöðvar með tilliti til umfangs upplýsingar og afþreyingar í dagskrá. Dagskrárfjölbreytni er metin og sýnd á sama hátt og í töflu 6.7.

Samanburðurinn sýnir að dagskrá opinberu stöðvanna er að jafnaði talsvert fjölbreyttari en dagskrá einkastöðvanna. Þetta er þó ekki einhlítt. Eftir því sem fleiri stöðvar eru á vegum opinberu útvarpsstofnananna þeim mun sérhæfðari er dagskrá stöðvanna líkt og sjá má af efnisskiptingu stöðva finnska og sænska ríkisútvarpsins, YLE, og SR.

Dagskrá Rásar 1 hefur mikla sérstöðu í samanburði við dagskrá hinna stöðvanna, en stöðin ver nánast jafnmiklum tíma í flutning upplýsinga- og afþreyingarefnis. Næst Rás 1 í dagskrárfjölbreytni kemst stöð Grænlensku landsstjórnarinnar KNR og önnur landsrás Norska ríkisútvarpsins NRK P2. Fyrsta rás finnska ríkisútvarpsins YLE og hljóðvarp færeysku heimastjórnarinnar ÚF standa ekki ýkja langt að baki hvað fjölbreytni dagskrár stöðvanna varðar. Dagskrá Rásar 2 sver sig í ætt við dagskrá einkastöðva vegna talsvert ríkari áherslu á afþreyingu en upplýsingaefni. Dagskrárfjölbreytni stöðvarinnar er sú sama og einkastöðva að jafnaði. Dagskrá Bylgjunnar er lítið frábrugðin.

Tafla 6.8. Dagskrárfjölbreytni norrænna hljóðvarpsstöðva

			Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-*
	Staða	*Heiti stöðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*fjölbreytni*
Finnland	Opinberar stöðvar	YLE Radio 1	41	58	-17
(2005)		YLE YleX	12	88	-76
		YLE Radio Suomi	31	69	-38
		YLE Radio Vega	32	55	-23
		YLE Radio Extrem	14	83	-69
	Einkastöðvar	Radio Nova	15	64	-49
Færeyjar	Opinberar stöðvar	Útvarp Føroya – ÚF	36	55	-19
(2006)	Einkastöðvar	Rás 2	16	82	-66
Grænland	Opinberar stöðvar	KNR-Radioa	40	54	-14
(2005)					
Ísland	Opinberar stöðvar	RÚV Rás 1	45	52	-1
(2008)		RÚV Rás 2	28	68	-40
	Einkastöðvar	Bylgjan	11	81	-70
Noregur	Opinberar stöðvar	NRK P1	26	63	-37
(2004)		NRK P2	40	54	-14
	Einkastöðvar	P4	21	30	-9
		Kanal 24	23	58	-35
Svíþjóð	Opinberar stöðvar	SR P1	84	8	+.76
(2005)		SR P2	8	92	-84
		SR P3	27	72	-45
		SR P4 Riks	38	61	-23
Norðurlönd	Allar stöðvar	Meðaltal	33	66	-33
	Opinberar stöðvar	Meðaltal	32	63	-31
	Einkastöðvar	Meðaltal	20	60	-40

Skýringar: Hlutfall upplýsingar og afþreyingar af heildarútsendingartíma. Tala innan sviga við viðkomandi land vísar til þess árs sem upplýsingarnar eiga við. Hlutföll eru reiknuð út frá heildarútsendingartíma.

Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: skemmtiefni, tónlist og íþróttir.

Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá -1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, -1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.

Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006, Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Lesendum til frekari glöggvunar er dagskrárskipting norrænu opinberu stöðvanna og einkastöðva sýnd á mynd 6.6. Upplýsingarnar sem fram koma á myndinni eru byggðar á

töflu 6.8, en myndin sýnir hlutfallslega skiptingu innbyrðis milli upplýsingar og afþreyingarefnis í dagskrá stöðvanna í stað hlutfalls af heildarútsendingartíma eins og í töflunni.

Mynd 6.6. *Upplýsing og afþreying á dagskrá norrænna hljóðvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar. Sjá annars skýringar við *töflu 4.8*.
Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006, Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Miðað við þann samanburð sem fram kemur á myndinni er mest jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá Rásar 1 af dagskrám þeirra 20 norrænu stöðva sem samanburðurinn nær til. Hlutfallsleg skipting milli upplýsingar og menningar og afþreyingar á Rás 2 og Bylgjunni liggur nálægt meðaltali og miðgildi fyrir allar stöðvar.

1.13.7 Samanburður á dagskráráherslum Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2

Samanburður á dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 sýnir að dagskráráherslur stöðvanna eru um margt ólíkar. Mynd 6.7 sýnir hlutfallslega skiptingu milli upplýsingar og afþreyingar á dagskrá stöðvanna og útsenda daglega tíma hvors efnisflokks um sig árið 2008. Að teknu tilliti til efnisskiptingar í hljóðvarpi á Norðurlöndum (sbr. töflu 6.8 og mynd 6.6 að framan) er dagskrá talin vera efnislega fjölbreytt ef innbyrðis hlutfall hvors efnisflokks liggur á milli 30 og 70%.[46] Fari hlutur annars efnisflokksins yfir 70% er hægt að tala um efnisofgnótt viðkomandi efnis, og efnisfátækt í þeim efnisflokki sem liggur undir 30 prósentunum. Tekið skal fram að hér er ekki lagt mat á gæði þess efnis sem stöðvarnar flytja.

Mynd 6.7. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli upplýsingar og afþreyingar á Bylgjunni, Rás 1 og Rás 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma á dag að jafnaði milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Efnisfátækt er skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Aðeins dagskrá Rásar 1 uppfyllir þau skilyrði sem hér eru sett fyrir dagskrárfjölbreytni. Dagskrá Rásar 2 er á mörkum þess að geta talist fjölbreytt og að einkennast af ofgnótt í framboði af afþreyingu og efnisfátækt í framboði af upplýsingu. Slagsíða er nokkru meiri á efnisframboði Bylgjunnar. Dagskrá stöðvarinnar einkennist af ofgnótt af afþreyingu og efnisfátækt af upplýsingu.

Ólíkum dagskráráherslum stöðvanna má lýsa eins og gert er í töflu 6.9. Rás 1 og Rás 2 leggja ríkari áherslu en Bylgjan á efni sem flokka má til upplýsingar. Bylgjan ásamt Rás 2

[46] Þau mörk sem hér er miðað við eru nokkru víðari en efnisskipting norrænu stöðvanna gefur tilefni til.

leggja ríkari rækt en Rás 1 við afþreyingu, s.s. viðtals- og skemmtiþætti og umfjöllun um dægurmál og tónlist.

Tafla 6.9 Dagskráráherslur almennra hljóðvarpsstöðva

	Bylgjan	Rás 1	Rás 2
Upplýsing[1]	0	+++	++
Afþreying[2]	++	++	+
Tónlist	+++	++	+++
Íþróttir	+	–	+
Börn og unglingar	–	+	–

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár stöðvanna.
Merking tákna: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ rík áhersla.
[1] Fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um þjóðfélagsmál, menningu, listir og vísindi.
[2] Viðtals-, skemmti- og dægurmálaþættir.

Óhætt mun að fullyrða að meiri fjölbreytni í dagskrá Rásar 1 og Rásar 2 en einkastöðvanna stafar af því fjölþætta samfélags- og menningarlega hlutverki sem Ríkisútvarpinu er ætlað að uppfylla og skilgreint er í lögum (sjá lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007, II. kafla). Kvaðir í lögum um efnisskyldu einkastöðva eru hins vegar næsta litlar (sjá útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli).

1.13.8 Markaðshlutdeild í hljóðvarpi

Þegar litið er til þess fjölda sem er í boði af hljóðvarpsstöðvum hér á landi, eða um og yfir 20 stöðvar hin síðari ár, mætti ætla að hljóðvarpsnotkun dreifist í auknum mæli milli fleiri stöðva. Þessu er þó ekki þannig farið nema að takmörkuðu leyti. Að vísu hefur eðlilega dregið úr hlut Ríkisútvarpsins í hlustun samfara fjölgun stöðva, en mikillar samþjöppunar gætir engu síður á hljóðvarpsmarkaði jafnt hvað varðar hlutdeild einstakra stöðva og rekstraraðila. Um árabil hefur langsamlega mest verið hlustað á þrjár stöðvar, þ.e. Bylgjuna og landsrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2. Mælingar sýna að árum saman hafa um 90% af útvarpshlustuninni komið í hlut þessara þriggja stöðva.[47]

Rás 2 og Bylgjan hafa haft mesta hlustun af einstökum stöðvum svo langt sem samfelldar mælingar ná. Mynd 6.8 sýnir hlutdeild stöðva í heildarhlustun í 34. viku árið 2009 (17.–24. ágúst) samkvæmt mælingum Capacent. Rás 2 mældist með mesta hlustun, eða 37 prósent. Því næst var mest hlustað á Bylgjuna sem reyndist með 34% hlutdeild. Markaðshlutdeild Rásar 1 var meira en helmingi minni en þessara tveggja stöðva, eða 16 prósent. Á aðrar stöðvar var hlustað mun minna. Samanlögð hlutdeild almennu landsstöðvanna þriggja, rása Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, og Bylgjunnar var 87%. Af öðrum stöðvum mældist FM957 með hæsta hlustun, eða átta prósent. Rondó rak lestina með langminnsta hlustun af þeim stöðvum sem mælingin náði til, eða aðeins 0,1 prósent.

[47] Hafa verður hugfast að mælingar á hljóðvarpshlustun mæla aðeins notkun þeirra stöðva sem aðild eiga að mælingunum, en ekki allra stöðva. Fátt er því vitað um hlustun á aðrar stöðvar. Sama á einnig við um mælingar á áhorfi á sjónvarp.

Mynd 6.8. *Hlutdeild stöðva og rekstrarðila í heildarhlustun á hljóðvarp 2009, ágúst (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýring: 34. vika 2009, 17.–23. ágúst.
Heimild: Capacent.

Ríkisútvarpið og 365 miðlar ehf. skipta hljóðvarpsmarkaðnum að miklu leyti upp á milli sín. Samanlögð markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins þessa sömu viku í ágúst sl. mældist 52% á móti 48% hlut 365 miðla ehf. Reyndar er ekki vitað um hlustun á stöðvar annarra fjölmiðlafyrirtækja, en undanfarið hafa aðeins Ríkisútvarpið og 365 miðlar ehf. tekið þátt í reglulegum könnunum á hljóðvarpsnotkun. Af ýmsu má ráða að takmarkað er hlustað á aðrar stöðvar.

Mynd 6.9 sýnir hlutfallslega skiptingu milli Ríkisútvarpsins og einkastöðva í heildarhlustun 1995–2009. Fram undir aldamót lækkaði markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins umtalsvert. Samanlögð hlutdeild tveggja landsrása Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, mældist rétt innan við 70% í október 1995, en var komin niður fyrir 50% undir lok áratugarins. Síðan hefur hlutdeild Ríkisútvarpsins verið tiltölulega stöðug, eða 50–55%.

Mynd 6.9. *Hlutdeild Ríkisútvarpsins og einkarekinna stöðva í heildarhlustun á hljóðvarp 1995–2009*



* Þ.e. Rás 1 og Rás 2 öll ár, auk Rondó frá 2008.
Heimildir: Capacent, 1999–2009; Félagsvísindastofnun, 1995–1998.

Sú spurning vaknar hvort og hversu vel dagskrárframboðið endurspegli eftirspurn hljóðvarpshlustenda þegar haft er hugfast að um 90% af þeim tíma sem varið er til hlustunar koma í hlut þeirra þriggja stöðva sem senda út almenna dagskrá. Gera má ráð fyrir að eftir því sem fylgni er meiri á milli markaðshlutdeildar tiltekins efnis eða stöðva eftir dagskrársniði og hlustunar muni þeim mun meiri efnisfjölbreytni (e. *content diversity*) ríkja á viðkomandi markaði (sjá t.d. van Cuilenburg, 2007; van der Wurff, 2004; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; van der Wurff, van Cuilenburg og G. Keune, 2000). Þetta má skoða með því að bera saman markaðshlutdeild stöðva eftir dagskrársniði og útsendingartíma líkt og sýnt er í töflu 6.10.

Tafla 6.10. *Samanburður á dagskrárframboði og hlustun á almennar hljóðvarpstöðvar og tónlistarstöðvar*

	Dagskrárframboð, %	*Hlustun, %*	*Mismunur*
Almennar stöðvar[1]	38	86	-48
Tónlistarstöðvar[2]	62	14	+48

Skýringar: Hlustun í 34. viku 2009, 17.–23. ágúst á Bylgjuna, FM957, Gullbylgjuna, Léttbylgjuna, Rás 1, Rás 2, Rondó og Xið; dagskrárframboð sömu stöðva árið 2008.

[1] Þ.e. Bylgjan, Rás 1 og Rás 2.
[2] Þ.e. FM957, Gullbylgjan, Léttbylgjan, Rondó og Xið.

Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Dagskrárframboð almennra stöðva er langtum minna en nemur hlustun á stöðvarnar; þessu er öfugt farið með tónlistarstöðvarnar. Fljótt á litið virðist mega draga af þessu þá

álykun að framboð af tónlistarstöðvum sé mun meira en nemur eftirspurn hlustenda eftir slíku hljóðvarpsefni.

1.13.9 Markaðshlutdeild á norrænum hljóðvarpsmarkaði

Samþjöppun á hljóðvarpsmarkaði er síður en svo bundin við Ísland. Svipað á við annars staðar á Norðurlöndum (Engblom og Wormbs, 2007; Harrie, 2009) og víða annars staðar í Evrópu (Hans-Bredow-Institut, 2009; Hasebrink og Herzog, 2009; Hultén, 2007). Sammerkt með hljóðvarpsmarkaði á öllum Norðurlöndum er að mikillar samþjöppunar gætir mælt í hlutdeild stærstu stöðva eins og lesa má út úr töflu 6.11. Með fyrirvörum um samanburðarhæfni upplýsinganna má draga þá ályktun að hlustun dreifist í ríkara mæli á milli stöðva hér á landi en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Hlutdeild einnar og tveggja stöðva með mesta hlustun er nokkru lægri hér en að meðaltali á öðrum Norðurlöndum. Á hinn bóginn er samanlagður hlutur þeirra þriggja stöðva sem mælast með mesta hlustun talsvert hærri hér en annars staðar á Norðurlöndum.

Tafla 6.11. *Hljóðvarp á Norðurlöndun 2007 – hlutdeild í hlustun*

	Aldur hlustenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mesta hlustun,%*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mesta hlustun, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mesta hlustun, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einkarekinna stöðva, %*
Danmörk	12+	37	58	64	70	30
Finnland	9+	38	49	57	53	47
Ísland	12–80	29	53	77	541	46
Noregur	9+	51	57	62	62	38
Svíþjóð	9–79	42	52	62	63	37
Norðurlönd	Meðaltal	39	54	64	61	39
	Miðgildi	38	53	62	62	38

[1] Að frátöldu svæðisútvarpi og Rondó.
Heimild: Harrie, 2009.

Markaðshlutdeild opinberra stöðva á Norðurlöndum er tiltölulega sterk í samanburði við opinberar stöðvar víðast annars staðar í álfunni. Algengt er að samanlögð markaðshlutdeild opinberra stöðva víða í Evrópu sé á milli 30 og 40% (Hans-Bredow-Institut, 2009; Hultén, 2007: 204–5). Á öllum Norðurlöndunum er markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva í opinberri eigu að jafnaði ríflega 60%. Árið 2007 var markaðshlutdeild danska ríkisútvarpsins DR hæst af norrænu opinberu stöðvunum, eða 70%. Staða opinberu hljóðvarpsstöðvanna er sýnu veikari hér og í Finnlandi en annars staðar á Norðurlöndum. Ríkisútvarpið og YLE voru með ríflega 50% markaðshlutdeild árið 2007.

Mynd 6.10 sýnir þróun samanlagðrar markaðshlutdeildar hljóðvarpsrása norrænu opinberu stöðvanna á árunum 1995–2008. Fram undir miðbik tíunda áratugarins lækkaði markaðshlutdeild opinberu stöðvanna á öllum Norðurlöndum samfara fjölgun einkastöðva og með stórauknum dagskrártíma í hljóðvarpi. Síðan þá hefur markaðshlutdeild opinberu stöðvanna haldist svo til óbreytt.

Mynd 6.10. *Markaðshlutdeild norrænna opinberra hljóðvarpsstöðva 1995–2008 (hlutfall, %)*



Heimildir: Harrie, 2006, 2009; Nordicom, www.nordicom.gu.se/.

1.14 Sjónvarp

Sjónvarpsmarkaður hér á landi hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum árum. Efnisframboð hefur aukist umtalsvert með tilkomu sérefnisstöðva og dreifileiðir sjónvarps hafa orðið fjölbreyttari. Með hliðsjón af smæð íslensks samfélags hefur það verið nokkurt umhugsunarefni fyrir utanaðkomandi að hér skuli yfirhöfuð vera hægt að reka samtímis fleiri en eina fullveðja sjónvarpsstöð (Noam, 1991: 233–35). Fjöldi stöðva segir ekki alla sólarsöguna um fjölbreytni efnis og stöðva. Samþjöppun á þessum markaði verður að teljast mikil hvort heldur er litið til efnisframboðs, markaðshlutdeildar einstakra stöðva eða eignarhalds stöðvanna.

1.14.1 Sjónvarpsstöðvar

Um þessar mundir senda tíu sjónvarpsstöðvar út reglulega eigin dagskrá. Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986 hafa 19 einkareknar sjónvarpsstöðvar hafið útsendingar.[48] Stöð 2 er elsta starfandi einkarekna sjónvarpsstöðin, en útsendingar stöðvarinnar hófust í október 1986. Hún var eina einkarekna sjónvarpsstöðin þar til árið 1992 en þá hóf kristilega sjónvarpsstöðin Omega reglulegar útsendingar. Tvær nýjar stöðvar

[48] Að auki hafa nokkrir aðilar sent út vísi að sjónvarpsdagskrá um skamma hríð. Þeirra á meðal eru Austfirska sjónvarpsfélagið, Eyfirska sjónvarpsfélagið, og Sjónvarpsfélag Neshrepps utan Ennis sem starfræktar voru seinni hluta níunda áratugarins og laust fram yfir 1990. Eiginleg dagskrárgerð þessara stöðva var þó næsta takmörkuð. Auk þess sem stöðvarnar sendu út takmarkaða eigin dagskrá um tíma þjónuðu þær fyrst og fremst sem viðstöðulaust endurvarp Stöðvar 2. Þessar stöðvar eru ekki til frekari umræðu hér. Stöðvar sem senda út dagskrá samtímis á fleiri en einni rás, eins og Stöð 2 Sport undir merkjum Stöðvar 2 Sport 2, eru taldar hér sem ein stöð. Rásir sem senda út dagskrá annarra stöðva með tímaseinkun eins og Sjónvarpið+, Stöð 2+, Skjár 1+ eru ekki til umræðu hér þar sem þær geta flokkast ekki sem eiginlegar dagskrárstöðvar.

bættust við árið 1995 er Sjónvarp Hafnarfjarðar og Stöð 3 voru settar á fót.[49] Sama ár hóf Sýn reglulegar útsendingar eftir að hafa sent út óreglulega um nokkurt skeið. Síðan hafa 14 einkareknar sjónvarpsstöðvar verið settar á laggirnar.

Af þeim 19 einkareknu sjónvarpsstöðvum sem settar hafa verið á fót hér frá því að sérleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga var afnumið hefur helmingurinn lagt upp laupana. Frá árinu 2005 hafa fimm sjónvarpsstöðvar hafið starfsemi, þar af eru tvær starfandi í dag. Mynd 7.1 sýnir fjölda sjónvarpsstöðva frá 1995. Sjónvarpsstöðvum hefur fækkað á síðustu árum líkt og hljóðvarpsstöðvum. Flestar voru stöðvarnar 13 talsins árið 2005. Fækkun stöðva undanfarin ár bendir til þess að rekstrargrundvöllur sé ekki fyrir hendi nema fyrir fáeinar stöðvar.

Mynd 7.1 *Fjöldi sjónvarpsstöðva frá 1995*



Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu, auk Ríkisútvarpsins – Sjónvarps. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (s.s. Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar).
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7.2 sýnir sjónvarpsstöðvar sem sendu út í árslok 2009 og hversu lengi þær hafa verið starfræktar. Stofnár er tilgreint í sviga fyrir aftan heiti hverrar stöðvar. Auk Sjónvarps Ríkisútvarpsins senda reglulega út í dag níu einkareknar sjónvarpstöðvar. Þetta eru stöðvarnar ÍNN, Nova TV, N4, Omega, Skjár 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó (áður Bíórásin), Stöð 2 Extra (áður Popp tíví og Sirkus) og Stöð 2 Sport (áður Sýn). Sex stöðvar af þeim níu einkastöðvum sem nú eru starfandi voru stofnaðar 1995 og síðar. Yngstu stöðvarnar á sjónvarpsmarkaðnum eru ÍNN sem hóf reglubundnar útsendingar í febrúar 2007 og Nova TV sem fór í loftið um mitt árið 2008.

---

[49] Sjónvarp Hafnarfjarðar sendi út frá árinu 1995 fram á mitt ár 2001. Stöð 3 var ætlað að veita Stöð 2 samkeppni, en svo fór að stöðin var keypt af keppinautinum til þess eins að leggja hana niður árið 1997.

Mynd 7.2. *Einkareknar sjónvarpsstöðvar í árslok 2009 (lengd starfstíma)*



Skýringar: Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.

[1] Upphaflega Sýn, ásamt undirstöðvum, Stöð 2 Sport 2, o.s.frv.
[2] Upphaflega Aksjón.
[3] Upphaflega Bíórásin.
[4] Upphaflega Áttan, síðar Sirkus.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Yfirlit yfir sjónvarpsstöðvar sem sendu út í ársbyrjun 2010 er að finna í töflu 7.1. Sjónvarpsstöðvunum má skipta upp í almennar stöðvar og sérefnisstöðvar eftir dagskrársniði og efnisskírskotun. Sjónvarpið, Skjár 1 og Stöð 2 teljast hér almennar stöðvar. Þær bjóða allar upp á tiltölulega fjölbreytt efni og dagskrá þeirra er ætlað að höfða til sem flestra.[50] Aðrar stöðvar flokkast sem sérefnisstöðvar, en dagskrá þeirra er mun einsleitari en stöðva almenns efnis. Efni sérefnistöðvanna er sniðið að áhugamálum tiltölulega afmarkaðs hóps áhorfenda með því að einskorða sig mestmegnis við flutning tiltekinnar tegundar af efni. Stöð 2 Sport sýnir eingöngu íþróttir, dagskrá Omega er helguð trúmálum í tali og tónum, efnisframboð Stöðvar 2 Bíó einskorðast við kvikmyndir, Stöð 2 Extra sýnir leikna þætti og þáttaraðir auk annars afþreyingarefnis og raunveruleikaþátta, ÍNN er talmálssjónvarp með megináherslu á samfélagsmálefni og Nova TV sýnir einvörðungu tónlistarmyndbönd. Þá telst N4 vera staðarstöð fyrir Akureyri og næsta nágrenni en dagskrá stöðvarinnar er umfjöllun um málefni á heimaslóð.

[50] Fjölbreytni efnis á Skjá 1 er einhlítari en á hinum tveimur stöðvunum. Stöðin sendir ekki lengur út fréttir og efni sem sérstaklega er ætlað börnum eins og hún gerði um skeið. Annað efni, eins og íþróttir og þættir um samfélagsmálefni og fræðsluefni, er hverfandi á dagskrá stöðvarinnar.

Tafla 7.1. *Sjónvarpsstöðvar 2009*

	Staðsetning	*Opin/læst dagskrá*	*Dagskrársnið*[1]	*Fjármögnun*	*Útsending á vef*
Ríkisútvarpið					
Sjónvarpið	Reykjavík	Opin	Almennt	S, AU, K	Að hluta
Einkareknar stöðvar					
ÍNN	Reykjavík	Opin	Samfélagsmál	AU, K	Í heild
Nova Tíví	Reykjavík	Opin	Tónlistarmyndbönd	▪[2]	Nei
N4	Akureyri	Opin	Staðarmál	AU, K	Í heild
Omega	Reykjavik	Opin	Trúmál	Fe	Nei
Skjár 1	Reykjavík	Læst	Almennt	ÁS, AU, K	Að hluta
Stöð 2	Reykjavík	Læst	Almennt	ÁS, AU, K	Að hluta
Stöð 2 Bíó	Reykjavík	Læst	Kvikmyndir	ÁS	Nei
Stöð 2 Extra	Reykjavík	Læst	Leikið efni/afþreying	ÁS, AU, K	Nei
Stöð 2 Sport[3]	Reykjavík	Læst	Íþróttir	ÁS, AU, K	Nei

Skýringar: Einkareknar sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem voru starfræktar í lok árs 2009 og sendu út eigin samsetta dagskrá, ásamt Ríkisútvarpinu – Sjónvarpi.

Fjármögnun: S = skatttekjur; ÁS = áskriftir; AU = auglýsingar; Fe = framlög einkaaðila; K = kostun.

[1] Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun efnis.

[2] Stöðin aflar ekki eigin tekna, en hún fylgir með í grunnáskrift að áskriftarstöðvum 365 miðla ehf.

[3] Upphaflega Sýn, ásamt undirstöðvum, Stöð 2 Sport 2, o.s.frv.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Allar sjónvarpsstöðvarnar senda út frá Reykjavík nema ein. Þrívegis hefur verið reynt að setja á fót sjónvarpsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins.[51] Tvær þeirra hættu útsendingum eftir skamman tíma, en útgerð þeirrar þriðju, N4 á Akureyri, stendur enn. Efnisgerð og eiginleg dagskrá stöðvarinnar hefur lengstum verið næsta takmörkuð.

Af þeim sjónvarpsstöðvum sem starfræktar eru um þessar mundir senda sex út í opinni dagskrá, þ.e. ÍNN, Nova TV, N4 og Omega, auk Sjónvarpsins. Hinar stöðvarnar, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Extra, eru áskriftarstöðvar og senda út í læstri dagskrá, auk Skjás 1 sem varð áskriftarstöð í nóvember 2009 eftir að hafa sent út í opinni dagskrá frá því að útsendingar hófust árið 1998. Útsending áskriftarstöðva er ekki aðgengileg öðrum en áskrifendum.[52]

Allar einkareknu stöðvarnar, að Omega undanskilinni, eru markaðsstöðvar. Skjár 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Extra eru fjármagnaðar með tekjum af áskriftum, auglýsingum og kostun; rekstur N4 er fjármagnaður með birtingu auglýsinga og kostun eingöngu. Engar beinar tekjur eru af starfsemi Nova TV, en stöðin fylgir með kaupum á grunnáskrift að áskriftarstöðvum 365 miðla. Rekstur Omega, líkt og kristilegu hljóðvarpsstöðvanna, er kostaður að mestu með frjálsum framlögum. Síðan um síðustu áramót nýtur Sjónvarpið tekna með sérstakri álagningu á alla skattskylda einstaklinga, í stað afnotagjalda á viðtækjaeigendur áður, auk þess sem það aflar tekna með auglýsingum og kostun.

---

[51] Þetta eru stöðvarnar Augnsýn í Reykjanesbæ (2004–2005), Eyjasýn/Fjölsýn í Vestmannaeyjum (2002–2005) og Aksjón, síðar sem N4 (frá árinu 1997) á Akureyri.

[52] Undantekning hér frá er daglegur frétta- og dægurmálaþáttur Stöðvar 2 „Ísland í dag“ ásamt fréttum og veðri og einstaka öðrum dagskrárlið.

1.14.2 Dreifing og móttaka sjónvarps

Á undanförnum árum hafa opnast nýjar dreifileiðir fyrir sjónvarp í gegnum kapal og síma með móttöku í gegnum ADSL-tengingu, með stafrænu merki, um gervihnött og síðast um GSM-síma. Aðeins dagskrá stöðvarinnar ÍNN er í beinni útsendingu á netinu, en dagskrá annarra stöðva er unnt að nálgast að hluta í gegnum tölvu um netið, ýmist beint eða með niðurhali eftir á. Útsending stöðvanna er því ekki bundin eingöngu við hliðræna dreifingu með móttöku í gegnum loftnet (e. *analogue terrestrial transmission*) eins og áður. Í dag nást útsendingar allra stöðvanna víðast um land svo fremi notendur hafi til þess gerðan búnað til móttöku á merki stöðvanna.[53]

Í töflu 7.2 eru sýndar leiðir til dreifingar sjónvarps sem í boði voru árið 2008 og hlutfall heimila sem áttu þess kost að tengjast dreifikerfunum og hve stór hluti var virkir notendur að einstökum kerfum.

Tafla 7.2. *Útbreiðsla og notkun dreifikerfa fyrir sjónvarp 2008 (hlutfall af heimilum/notendum)*

Dreifikerfi	*Mögulegar tengingar, %*	*Virkir notendur, %*
Hliðrænt kerfi RÚV	< 100	20–30
Hliðrænt kerfi Vodafone Og fjarskipta[1]	98	20–30
Stafrænt kerfi Vodafone Og fjarskipta[1]	99	35–45
Síminn (breiðband/ADSL)[2]	90	30–40
Ljósleiðaranet	5	0–5

Skýringar: Áætlaður fjöldi mögulegra tenginga og fjölda stafrænna myndlykla. Til einföldunar er gengið út frá því að hvert heimili noti aðeins eina leið til móttöku á sjónvarpi nema um hliðræna móttöku sé að ræða.
[1] Dótturfélag Teymis hf.
[2] Vörumerki Skipta hf., dótturfélags Exista hf.

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, 2008: 25.

Útbreiðsla flestra dreifikerfanna er á landsvísu, eða svo gott sem. Ríkisútvarpið dreifir sínum stöðvum í gegnum eigið dreifikerfi. Stöðvum 365 miðla ehf. er dreift hliðrænt í örbylgju og stafrænt í gegnum dreifikerfi Vodafone Og fjarskipta ehf., dótturfélags Teymis hf., en til skamms tíma voru fyrirtækin hluti af sömu samsteypu. Skipti hf. undir vörumerki Símans dreifir merki Skjás 1 á breiðbandi og í síma með ADSL-móttöku. Skjár 1 er í eigu dótturfélags Skipta hf., Skjárinn – miðlar ehf. Að auki senda Og fjarskipti ehf. og Skipti hf. einnig út merki þeirra stöðva sem eru í opinni dagskrá, ÍNN, Omega, Sjónvarpsins og Skjás 1 sem lið í þjónustu við viðskiptavini sína og samkvæmt hugmyndum um svokallað flutningsskyldu (e. *must carry rule)* (sjá um þetta hjá Elfu Ýri Gylfadóttur, 2005: 114). Á árinu 2008 bættist ný dreifileið fyrir sjónvarp og hljóðvarpsmerki við þær sem fyrir voru, en það er dreifing sjónvarps í gegnum þriðju kynslóðar farsíma (3G GSM) á vegum símafyrirtækisins Nova ehf.

Algengasta móttökuleið sjónvarps á heimilum haustið 2007 var í gegnum loftnet, hliðrænt eða stafrænt. Tvö af hverjum þremur heimilum tóku á móti sjónvarpsmerki þannig (sjá mynd 7.3). Næst algengasta móttaka var með ADSL-tengingu, eða á þremur af hverjum tíu heimilum, því næst kom móttaka í gegnum breiðband, á um það bil einu heimili af hverjum tíu.

---

[53] Reyndar hafa útsendingar Sjónvarpsins náð til alls þorra landsmanna frá því um 1970. Stöð 2 telst hafa sjónvarpað á landsvísu síðan 1993, Stöð 2 Sport (áður Sýn) síðan 1999 og Skjár 1 frá því á árinu 2001.

Móttaka sjónvarps eftir öðrum leiðum, svo sem um ljósleiðara og úr gervihnetti, var mun óalgengari.

Mynd 7.3. *Móttökuleiðir sjónvarps á heimilum 2007, september (hlutfall, %)*



Heimild: Póst og fjarskiptastofnun, 2008: 36.

Útbreiðsla einstakra móttökuleiða sjónvarps breytist ört. Aðeins fjórum árum eftir að stafrænar sjónvarpsútsendingar hófust hér á landi síðla árs 2005 á vegum 365 ljósvakamiðla ehf., forvera 365 miðla ehf., höfðu sex af hverjum tíu heimilum aðgang að stafrænu sjónvarpi (Hagstofa Íslands, *Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni »* Upplýsingatækni, tafla: Tæknibúnaður heimila 2002–2009).

1.14.3 Áskriftarsjónvarp, endurvarp og þáttasala

Áskriftarsjónvarp hófst hér á landi með Stöð 2. Frá upphafi hefur stöðin verið send út í gegnum loftnet. Þegar stöðin var sett á fót voru fá dæmi þess að sjónvarp væri selt til áskrifenda í gegnum loftnet í stað þess að fara um þráð (sbr. svonefnt kapalsjónvarp). Þetta „viðskiptalíkan“ hafði þá aðeins verið reynt til þrautar með ágætum árangri af frönsku stöðinni Canal Plus frá 1984 (Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005: 36–37). Þær fjórar áskriftarstöðvar sem senda út í dag eru ýmist seldar til áskrifenda einar sér eða saman. Þær eru allar í eigu 365 miðla ehf.

Sjónvarpáhorfendur eiga þess einnig kost á að ná útsendingum tuga erlendra sjónvarpsstöðva með áskrift að viðstöðulausu endurvarpi sem sent er út ýmist í loftnet eða um þráð. Um þessar mundir endurvarpa sjö aðilar erlendum stöðvum til áskrifenda (sjá töflu 7.3). Þar á meðal eru símafyrirtækin, Skipti hf., Teymi hf. og síðan nýverið Nova ehf. Endurvarp allra þeirra telst á landsvísu, eða svo gott sem. Endurvarp annarra er bundið við einstaka þéttbýlis-

staði.[54] Fjöldi stöðva sem boðið er upp á í endurvarpi smærri aðila er mun takmarkaðri en þær stöðvar sem eru í boði á vegum símafyrirtækjanna. Staðbundið endurvarp smærri aðila hefur dregist saman eftir því sem endurvarp símafyrirtækjanna hefur náð víðar.

Tafla 7.3. *Endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva og þáttasala (VoD) 2009*

Rekstraraðili	*Heiti þjónustu*	*Endurvarp erlends sjónvarps*	*Þáttasölu-sjónvarp (VoD)*	*Aðferð við dreifingu*
Landskerfi				
Skipti hf. (Skjárinn – miðlar ehf.)	SkjárHeimur / SkjárBíó	Já	Já	ADSL, breiðband
Teymi hf.	Fjölvarp / Digital Ísland	Já	Fyrirhugað	Örbylgjuloftnet, stafræn sending í loftnet, ADSL
Nova hf.	Nova	Já	Nei	3GSM[1]
Staðbundin kerfi				
Ólafsvík	Villa Vídeó	Já	Nei	Um þráð
Reykjanesbær	Kapalvæðing	Já	Nei	Um þráð
Skagaströnd	Sjónvarpsfélag Skagastrandar	Já	Nei	Um þráð
Vestmannaeyjar	Fjölsýn	Já	Nei	Um þráð

Skýringar: Upplýsingar í maí 2009.
[1] Þriðja kynslóð farsíma.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Frá árinu 2005 hefur verið boðið upp á þáttasölusjónvarp (e. *video on demand – skammstafað sem VoD*) á vegum Skjásins – miðla ehf. sem nefnt er SkjárBíó. Notendum býðst að horfa á úrval kvikmynda og þátta gegn greiðslu í gegnum ADSL-tengingu. Vel yfir 1.000 kvikmyndir standa notendum til boða um þessar mundir, auk þess sem þeir hafa aðgang að efni sem verið hefur á dagskrá Skjás 1 og ýmsu öðru efni án endurgjalds.[55] Hér verða ekki nefndar tölur um fjölda keyptra mynda vegna trúnaðar við rekstraaðila. Af fréttum má þó vera ljóst að salan hleypur á hundruðum þúsunda mynda á ári.

Sex til sjö af hverjum tíu heimilum eru í áskrift að áskriftarsjónvarpi, innlendum og erlendum stöðvum. Þetta samsvarar því að um 70.000–90.000 heimila af 120.000–125.000 heimilum séu í áskrift að innlendum og erlendum sjónvarpsstöðvum. Fjöldi áskrifenda að einstökum stöðvum er ekki gefinn hér upp vegna trúnaðar. Út frá könnunum er þó unnt að draga upp grófa mynd af þróun áskrifta yfir nokkurt árabil.

Mynd 7.4 sýnir áskriftir að Stöð 2, Sýn (nú Stöð 2 Sport) og Fjölvarpi sem hlutfall af einstaklingum/heimilum á árabilinu 1995–2007/2008. Áskrifendur eru flestir að Stöð 2 af einstökum stöðvum. Fimm árum eftir að stöðin hóf útsendingar voru sex af hverjum tíu heimilum með áskrift að stöðinni, eða allt að 50.000 heimili (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 103). Undanfarinn áratug eða svo hefur áskrifendafjöldi að stöðinni ekki haldið í við fjölgun heimila og áskrif-

[54] Sjá frekar á vefsíðu Skjás 1, www.skjarinn.is.
[55] Áhöld eru um hvort líta beri á þáttasölusjónvarp sem sjónvarp í hefðbundnum skilningi eða einfaldlega sem myndbandaleigu á rafrænu formi.

endum hefur fækkað sem hlutfalli af mannfjölda. Síðustu ár hafa milli fjögur og fimm heimili af hverjum tíu verið í áskrift að stöðinni, en það jafngildir um 40.000–50.000.

Mynd 7.4. *Áskriftir að einstökum sjónvarpsstöðvum og endurvarpi erlends sjónvarps 1995–2008 (hlutfall af mannfjölda/heimilum, %)*



Skýringar: Upplýsingar samkvæmt könnunum s. hl. árs. Hlutfall áskrifta að Stöð 2, Sýn og Bíórásarinnar af mannfjölda á aldrinum 12–80 ára. Áskriftir að erlendu endurvarpi sem hlutfall af heimilum í árslok.
* Sýn nefnist í dag Stöð 2 Sport.
** Bíórásin nefnist í dag Stöð 2 bíó.
Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands; Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 103.

Áskrifendur að Sýn (nú Stöð 2 Sport) hafa verið um það bil helmingi færri, eða sem samsvarar áskriftum milli 20 og 30% heimila. Á síðustu tveimur árum eða svo má gera ráð fyrir að áskrifendum stöðvarinnar hafi fjölgað talsvert eftir að stöðin hreppti sýningarrétt að vinsælum íþróttaviðburðum, þar á meðal að beinum útsendingum frá ensku knattspyrnunni.

Áskrift að erlendum sjónvarpsstöðvum hefur aukist verulega hin síðari ár. Um það bil þriðjungur heimila hafði aðgang að erlendu sjónvarpi í endurvarpi árið 2008, eða milli 35.000 og 40.000 heimili.[56] Þar af voru áskrifendur að endurvarpi innlendra aðila um 30.000 í árslok 2008.

---

[56] Ekki er vitað með vissu hversu mörg heimili eru með móttökubúnað fyrir erlendar gervihnattastöðvar. Samkvæmt könnun Hagstofunnar á upplýsingatæknibúnaði á heimilum árið 2009 voru níu prósent heimila með gervihnattadisk (Hagstofa Íslands, *Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni » Upplýsingatækni,* tafla: Tæknibúnaður heimila 2002–2009). Það jafngildir því að um 10.000 heimili hafi verið með slíka móttöku sjónvarps. Ekki er kunnugt um hvaða þjónustu heimilin kaupa, en sennilegt er að flest þeirra séu með móttökubúnað fyrir Sky stöðvarnar, eða milli 5.000 og 7.000 heimili að því er ætlað var árið 2007 (eyjan.is, 9. ágúst 2007).

1.14.4 Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpstöðva

Mikillar samþjöppunar gætir á eignarhaldi stöðva (sjá töflu 7.4). Rekstraraðilar svonefndra markaðsstöðva, þ.e. þeirra sem fjármagnaðar voru með sölu áskrifta og tekjum af birtingu auglýsinga og kostun, voru fimm talsins í lok árs 2008. Síðan þá hefur einn rekstraraðili helst úr lestinni.

Tafla *7.4. Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva 1995–2009 (markaðsstöðvar*)

	Fjöldi stöðva	*Fjöldi rekstraraðila*	*Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva*				
			Ein	*Tvær*	*Þrjár*	*Fjórar*	*Fimm*
1995	4	3	2	1	–	–	–
2000	7	4	3	–	–	1	–
2005	8	3	1	1	–	–	1
2009	8	5	4	–	–	1	–

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin dagskrá í árslok. Móðurfélög og dótturfélög eru hér talin til eins og sama rekstraraðila, sem og félög með eignatengsl í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (svo sem Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar). Að frátöldum trúboðsstöðvum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Af þeim átta markaðsdrifnu sjónvarpsstöðvum í einkaeigu sem starfræktar voru um síðustu áramót eru fjórar í eigu 365 miðla ehf., en þetta eru Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra. Hinir fjórir rekstraraðilarnir ráku allir eina stöð hver. Auk Skjásins ehf., sem gerir út Skjá 1, voru þetta ÍNN-Íslands Nýjasta nýtt ehf. sem er rekstraraðili ÍNN, Nova hf. sem starfrækir samnefnda stöð og Extra.is ehf. sem starfrækir stöðina N4 á Akureyri.

1.14.5 Dagskrárframboð í sjónvarpi

1.14.5.1 Útsendingartími

Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva. Á mynd 7.5 er árlegur útsendingartími sjónvarps sýndur á árabilinu 1995–2008. Frá 1995 hefur útsendingartími sjónvarps fjórfaldast, eða frá því að vera um 17.000 klukkustundir við upphaf tímabilsins í ríflega 70.000 stundir árið 2008. Útsendum stundum fækkaði reyndar um 36.000 stundir á sl. tveimur árum.[57] Einkareknar stöðvar senda út yfir níu af hverjum tíu tímum. Samanlagður útsendingartími almennu stöðvanna Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 árið 2008 var yfir 22.000 stundir, eða laust innan við þriðjungur af heildarútsendingartíma sjónvarps.

Daglegur og vikulegur útsendingartími og útsendingardagar sjónvarpsstöðva sem sendu út í lok árs 2009 eru sýndir í töflu 7.5. Allar stöðvarnar sendu út sjö daga vikunnar. Flestar þeirra sendu jafnframt út allan sólarhringinn eða fast að því. Daglegur útsendingartími Sjónvarpsins er mun takmarkaðri en einkastöðvanna, en stöðin sendi að jafnaði út 14 klukkustundir daglega.

[57] Ástæða þessarar fækkunar er að á árinu 2006 sendu tveir aðilar út íþróttaviðburði í beinni útsendingu á fjölda rása samtímis, í stað aðeins eins frá haustinu 2008.

Mynd 7.5. *Árlegur útsendingartími sjónvarps 1995–2008*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 7.5. *Útsendingartími og útsendingardagar sjónvarpsstöðva 2009*

	Útsendar klst. á viku að jafnaði	*Útsendar klst. á dag að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Ríkisútvarpið			
Sjónvarpið	98	14	7
Einkareknar stöðvar			
ÍNN	168	24	7
Nova Tíví	168	24	7
N4	42	6	7
Ómega	168	24	7
Skjár 1	168	24	7
Stöð 2	168	24	7
Stöð 2 Extra	168	24	7
Stöð 2 Bíó	168	24	7
Stöð 2 Sport[1]	154	22	7

Skýring: Einkareknar sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – Sjónvarpi. Útsendingartími er miðaður við lengd útsendinga árið 2008.
[1] Ásamt undirstöðvum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

1.14.5.2 Endursýningar

Lenging daglegs útsendingartíma sjónvarps hefur leitt til þess að hlutfall endursýninga af útsendri dagskrá margra stöðva hefur aukist stórlega. Árið 2008 lét nærri að endursýnt efni væri sjö af hverjum tíu dagskrártímum í sjónvarpi.[58]

Mynd 7.6 sýnir hlutfallslega skiptingu milli frumsýnds og endursýnds efnis árið 2008 á dagskrá almennu efnisstöðvanna þriggja, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2. Hlutfall endursýnds efnis er umtalsvert lægra í Sjónvarpinu en á hinum stöðvunum, þótt endursýningum hafi fjölgað samfara lengingu daglegs útsendingartíma stöðvarinnar. Ekki er alls kostar sanngjarnt að leggja að jöfnu hlutfall endursýninga í Sjónvarpinu og stöðva sem senda út allan sólarhringinn eða fast að því. Undanfarin ár hafa frumsýndar stundir engu síður verið fleiri í Sjónvarpinu en á dagskrá hinna stöðvanna (sjá frekar um þetta í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006; Þorbirni Broddasyni, 2005: 78–79).[59]

Mynd 7.6. *Frumsýnt og endursýnt efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýring: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, uppfyllingum og dagskrárkynningum og óflokkuðu efni.
* Hlutfall frumsýnds og endursýnds efnis að frádregnum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrá sérefnisstöðvanna Omega, Stöðvar 2 Bíó og Stöðvar 2 Extra samanstendur að stórum hluta af endursýningum. Auk endursýninga, skipa beinar útsendingar frá íþróttaviðburðum stóran sess í útsendingum Stöðvar 2 Sport. Um Nova TV gegnir öðru máli, en stöðin sendir viðstöðulaust út tónlistarmyndbönd allan sólarhringinn.

1.14.6 Dagskrárefni sjónvarps

---

58 Nætursjónvarp sumra sjónvarpsstöðvanna samanstendur af viðstöðulausri útsendingu ókynntra tónlistarmyndbanda eftir að eiginlegri dagskrá lýkur.

59 Endursýningum hefur þó fjölgað mikið í Sjónvarpinu upp á síðkastið. Að frátöldum fréttum og íþróttum hefur sumardagskrá stöðvarinnar í ár verið að verulegum hluta endursýnt efni, innlent jafnt sem erlent.

Dagskrárefni stöðvanna er með margvíslegu sniði. Á meðan sumar stöðvar leggja ýmist áherslu á alhliða eða fjölbreytta dagskrá er efnisframboð annarra mun einsleitara. Fjölbreytni efnis fer að sjálfsögðu eftir því hvort markhópar stöðvanna eru almennir sjónvarpsáhorfendur eða afmarkaðir hópar eftir áhugasviðum og aldri.

Lengi vel einkenndist dagskrá sjónvarpsstöðva af alhliða efnisframboði, fréttum, fræðsluefni, leiknu efni, skemmtidagskrá, íþróttum og efni fyrir börn og unglinga. Eftir því sem sjónvarpsstöðvum hefur fjölgað og samkeppni aukist um áhorfendur sem dreifast í auknum mæli á milli stöðva hefur orðið æ algengara að sjónvarpsstöðvar einskorði sig við flutning tiltekins efnis, líkt og algengt er í hljóðvarpi (sjá umfjöllun í kafla 6.3.2).

Efnissérhæfing er að öllu jöfnu mest í áskriftarsjónvarpi. Slík sérhæfing er þó einnig vel þekkt á meðal stöðva sem senda út opna dagskrá en efni þeirra er oft tengt fréttum, fjármálaumfjöllun, eða lífsstíl og neyslu, svo sem tísku, ferðalögum. Í kjölfar stafrænna útsendinga er næsta augljóst að efnissérhæfing milli sjónvarsstöðva kemur til með að aukast og að sérefnisstöðvum eða þemastöðvum (e. *thematic channels*) muni fjölga frá því sem nú er (Iosifidis, 2007; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005).

Hér á landi hefur tilhneigingar til sérhæfingar gætt í vaxandi mæli hér á landi með fjölgun einkarekinna sjónvarpsstöðva. Skipta má einkasjónvarpsstöðvum upp eftir efni og efnisskírskotun, eða dagskrársniði, eins og sýnt er í töflu 7.6. Frá aldamótum hefur þemastöðvum farið fjölgandi, en fyrir þann tíma voru þær aðeins tvær, trúboðsstöðin Omega (frá 1995) og staðarstöðin Sjónvarp Hafnarfjarðar (1995–2001). Sex af þeim átta einkareknu stöðvum sem senda út um þessar mundir teljast þemastöðvar: tvær sérhæfa sig í leiknu efni og skemmtiefni meðan hinar eru talmáls-, íþrótta- tónlistar- og trúboðsstöð. Á síðasta ári voru hartnær þrír fjórðu af efnisframboði einkastöðvanna á vegum þemastöðva.

Tafla 7.6. *Einkareknar sjónvarpsstöðvar eftir dagskrársniði 1995–2008*/2009

	Almennar stöðvar	*Frétta- og talmálsstöðvar*	*Leikið efni, skemmtiefni*	*Íþrótta-stöðvar*	*Tónlistar-stöðvar*	*Staðar-stöðvar*[1]	*Trúboðs-stöðvar*
Stöðvar, fjöldi							
1995	3	–	–	–	–	1	1
2000	2	–	1	1	1	2	1
2005	2	1	2	2	1	3	1
2008	2	1	2	1	1	1	1
2009	2	1	2	1	1	1	1
Útsendingartími, klst.							
1995	5.072	–	–	–	–	80	8.760
2000	15.839	–	8.784	3.525	8.753	505	8.784
2005	16.777	1.024	13.871	7.044	3.624	5.098	8760
2008	17.405	8.784	12.535	10.538	5.000	2.140	8.784
Útsendingartími, %							
1995	37	–	–	–	–	1	63
2000	34	–	19	8	19	1	19
2005	30	2	25	13	6	9	16
2008	27	13	19	16	8	3	13

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu. Flokkun stöðva eftir dagskrársniði er byggð á megineinkennum dagskrárliða og skilgreiningu stöðvanna sjálfra. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (svo sem Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar).

[1] Staðbundnar stöðvar sem leggja aðallega áherslu á staðarmál.

Heimild: Hagstofa Íslands.

1.14.7 Dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2

Dagskrárefni Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 er í veigamiklum atriðum frábrugðið efni annarra stöðva sem er einsleitara og sniðið að áhugasviði tiltekinna hópa. Tafla 7.7 og mynd 7.7 sýna skiptingu dagskrár Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 eftir helstu efnisflokkum daglangt og á kjörtíma (e. *prime time*).[60] Kjörtími Sjónvarpsins og Skjás 1 er skilgreindur frá kl. 19.00 til 23.00 en kjörtími Stöðvar 2 stendur frá 18.30 til 23.00. Ástæða þess að kjörtími Stöðvar 2 hefst hálftíma fyrr en kjörtími hinna stöðvanna er sú að kvöldfréttatími stöðvarinnar hefst klukkan 18:30. Efnisskipting á kjörtíma er sérstaklega tekin til athugunar vegna þess að þá horfa flestir á sjónvarp og dagskrá stöðvanna er alla jafna fjölbreyttari en á öðrum tímum dagsins.

Talsverður munur er á skiptingu dagskrár eftir efnisflokkum milli stöðvanna, daglangt sem á kjörtíma. Munurinn er einkum sláandi milli Skjás 1 og hinna stöðvanna tveggja. Megnið af daglegri dagskrá Skjás 1 er leikið efni, skemmtiefni og sjálfshjálpar- og lífsstílsþættir, að ógleymdri tónlist. Sama er að segja um efnisskiptingu á kjörtíma, en níu af hverjum útsendum tímum eru leikið efni og skemmtiefni. Tónlist fyrirfinnst hins vegar ekki á dagskrá stöðvarinnar á kjörtíma, en tónlistarmyndbönd eru uppistaðan í næturdagskrá og

[60] Flokkun efnis er byggð á úttekt á sjónvarpsmarkaði í Evrópu sem gerð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (David Graham and Assoc. Ltd., 2005). Skipting dagskrárefnis stöðvanna er ekki fullkomlega sambærileg. Því er hér aðeins um nálgun að ræða.

fram eftir degi áður en eiginleg dagskrá hefst síðdegis. Efni sem flokkast sem upplýsing og menning er verulega takmarkað á dagskrá stöðvarinnar; efni fyrir börn og unglinga og íþróttir er hverfandi eða er alls ekki á dagskránni.

Tafla 7.7. *Dagskrá almennra sjónvarpsstöðva eftir efni daglangt 2008 og á kjörtíma 2005*

	Upplýsing og menning[1]	*Leikið efni*	*Skemmti-efni*	*Tónlist*	*Íþróttir*	*Börn og unglingar*	*Annað*[2]	*Alls*
Daglangt (2008)								
Stundir á ári								
Sjónvarpið	1207	1.961	234	57	668	554	448	5130
Skjár 1	163	1.886	103	5.503	43	–	1.086	8.784
Stöð 2	1.086	4.981	306	238	87	1316	607	8.621
Hlutfallsleg skipting, %								
Sjónvarpið	24	38	5	1	13	11	9	100
Skjár 1	2	21	1	63	–	–	12	100
Stöð 2	13	58	4	3	1	15	7	100
Á kjörtíma (2005)[3]								
Hlutfallsleg skipting, %								
Sjónvarpið	39	45	9	–	3	4	–	100
Skjár 1	10	58	32	–	–	–	–	100
Stöð 2	26	43	31	–	0	–	–	100

Skýringar: Nálgaðar tölur fyrir efnisskiptingu á Stöð 2 að hluta. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
Kjörtími: Sjónvarpið og Skjár 1 19:00–23:00; Stöð 2 18:30–23:00.
[1] Fréttir, fréttaskýringar, veður, umræðuþættir og þættir um samfélagsmál, vísindi, listir og trúmál.
[2] Auglýsingar, fjarsala, uppfyllingar, dagskrárkynningar, stúfar og óflokkað efni.
[3] Efnisskipting samkvæmt auglýstri dagskrá um tveggja vikna skeið í mars 2005.
Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

Efnisbreidd í Sjónvarpinu og Stöð 2 er mun meiri en á Skjá 1. Sjónvarpið sýnir hlutfallslega meira af efni sem flokka má til upplýsingar og menningar en Stöð 2, daglangt sem og á kjörtíma. Sama gildir um hlutfall barna- og unglingaefnis. Útsendir tímar af upplýsingu og menningu árið 2008 voru litlu fleiri í Sjónvarpinu en á Stöð 2. Sama er að segja um efni sérstaklega ætlað börnum og unglingum, en Stöð 2 sendi út meira en helmingi fleiri stundir af slíku efni en Sjónvarpið. Þetta stafar að sjálfsögðu af því að útsendar daglegar stundir á Stöð 2 eru mun fleiri en í Sjónvarpinu.

Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 má meta eins og gert er í töflu 7.8. Taflan sýnir hlutfall upplýsingar og afþreyingar á dagskrá þessara þriggja stöðva á árabilinu 1995 til 2008. Dagskrárfjölbreytni er hér sýnd sem mismunur á hlutfalli upplýsingar og afþreyingar í formi stuðuls er tekur gildi á bilinu –1 til +1. Eftir því sem gildi stuðulsins liggur nær –1 þeim mun meiri áherslu leggur stöðin á afþreyingu og því nær sem gildið liggur +1 því ríkari áhersla er á upplýsingaefni; þeim mun nær sem gildið liggur 0 þeim mun meira jafnvægi er á milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá stöðvanna.

Framboð afþreyingar hefur verið umtalsvert hærra á dagskrá stöðvanna þriggja öll árin en framboð upplýsingar. Meira jafnvægis hefur gætt á milli efnisflokkanna í dagskrá Sjónvarpsins en hinna stöðvanna.

Tafla 7.8. *Dagskrárfjölbreytni almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008*

	Sjónvarpið		*Skjár 1*		*Stöð 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Stundir á ári						
1995	781	1.540	•	•	..	..
2000	706	2.145	1.226	7.090	1.121	4.235
2005	1.032	2.123	165	8.090	1.574	5.144
2008	1.207	2.920	163	7.535	1.086	5.612
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	34	66	•	•	..	..
2000	25	75	15	85	21	79
2005	33	67	2	98	23	77
2008	29	71	2	98	16	84
Dagskrárfjölbreytni						
1995	-.33		•		..	
2000	-.51		-.70		-.58	
2005	-.35		-.96		-.53	
2008	-.42		-.96		-.68	

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Mynd 7.7. *Dagskrá almennra sjónvarpsstöðva eftir efni 2008 daglangt og á kjörtíma 2005 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu* 7.7.

Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

1.14.8 Uppruni dagskrárefnis

Allar götur frá því að innlent sjónvarp hófst árið 1966 hefur eitt helsta einkenni þess verið hátt hlutfall erlends efnis á dagskrá. Fullyrða má að sjónvarpið hafi veitt „erlendum menningarstraumum inn í þjóðlífið af slíkum þunga að naumast verður jafnað til nokkurs sem á undan var gengið“ (Þorbjörn Broddason, 2005: 78). Í árdaga Sjónvarpsins varð strax ljóst að það væri af slíkum vanefnum búið að óhjákvæmilegt væri annað en að útlent efni mundi skipa stærri sess í dagskránni en innlend framleiðsla. Fyrirferð erlends efnis í sjónvarpi keyrði þó fyrst um þverbak með stórauknum útsendingartíma í kjölfar tilkomu einkarekins sjónvarps.

Í norrænum og alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp þráfaldlega svo gott sem vermt botnsætið hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá (sjá t.d. De Bens, Kelly og Bakke, 1992; Buonanno, 2002; EAO, 2008b; Harrie, 2006; Medina, 2004; Nordenstreng og Varis, 1974; Sepstrup, 1989; Tunstall, 1977: 278–79; Tunstall, 2008; Tunstall og Machin, 1999; Varis 1984, 1985). Ef aðeins er miðað við uppruna leikins efnis er samanburðurinn jafnvel enn óhagstæðari fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar (sjá t.d. De Bens og de Smaele, 2001; EAO, 2008b; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005, 6. kafli). Leikið efni er kostnaðarsamt og regluleg framleiðsla slíks efnis hefur verið íslensku sjónvarpi ofviða. Innlend dagskrárgerð hefur því mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði, viðtals- og skemmtiþætti hvers konar, gestakomur í sjónvarpssal og upptökur og beinar útsendingar frá íþróttakeppnum og kappleikjum, í stað efnis sem er frekara á mannafla og fjármuni í framleiðslu og kallar á umtalsverða forvinnu og eftirvinnslu. Þetta á reyndar ekki aðeins við Ísland. Óvíða er framleiðsla leikins efnis, fræðslu- og heimildarmynda og annars kostnaðarsams efnis mikil þrátt fyrir umtalsverða innlenda dagskrárgerð fyrir sjónvarp að öðru leyti

(EAO, 2008b, 8. kafli; Medina, 2004).[61] Með örfáum undantekningum hefur innlend dagskrárgerð fyrir sjónvarp víðast hvar samanstaðið af framleiðslu efnis sem er tiltölulega ódýrt í framleiðslu, svo sem eins og leikjum, spjallþáttum, glensi og gríni, „raunveruleikasjónvarpi“ og blönduðum skemmtiþáttum (Waisbord, 2004: 382). Ástæða þessa verður ljós þegar haft er í huga að hver þáttur í bandarísku þáttaröðinni Law & Order kostar ekki undir tveimur milljónum bandaríkjadala í framleiðslu (Pavlik, 2008: 163).

Framboð innlends efnis í sjónvarpi hefur engu síður margfaldast á undanförnum árum með fjölgun stöðva og samkeppni þeirra á milli um áhorfendur og auglýsendur. Innlend dagskrárgerð hefur sömuleiðis orðið fjölbreyttari með árunum. Á ríflega tuttugu ára tímabili, 1995–2008, fast að því tvöfaldaðist innlent efni í Sjónvarpinu, á Skjá 1 og Stöð 2, úr ríflega 1.800 stundum árið 1995 í 3.500 stundir árið 2008. Samanlagt hlutfall innlends efnis á dagskrá sjónvarpsstöðvanna þriggja árið 2008 var það sama og árið 1995, eða sléttur fjórðungur.[62] Í ljósi þess að obbinn af efni á dagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva er erlent efni, er umhugsunarvert hvort unnt sé að tala um íslenska sjónvarpsdagskrá yfirleitt (sjá umræðu um þetta í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006; Þorbirni Broddasyni, 2005: 77–79).

Myndir 7.8 og 7.9 sýna sýndar klukkustundir af árlegum sýningum innlends efnis og hlutfall þess á dagskrá almennu sjónvarpsstöðvanna, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2, á árabilinu 1995–2008.

Mynd 7.8. *Innlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (stundir á ári)*



Heimild: Hagstofa Íslands.

---

61 Þetta skýrist meðal annars af því að meðalframleiðslukostnaður við hverja klukkustund af leiknu efni á stöðvum Independent Television (ITV) í Bretlandi árið 1999 var um 70 prósentum hærri en kostnaður við framleiðslu hverrar klukkustundar af skemmtiefni og fjórum sinnum hærri en klukkustundar af barnaefni (Doyle 2002b: 81). Ekki er ástæða til að ætla að viðlíka eigi ekki við annars staðar, né að þetta hlutfall hafi breyst svo nokkru nemi síðan.

62 Hafa ber hugfast að um bæði frumsýnt og endursýnt innlent efni að ræða. Ef aðeins væri miðað við frumsýndar stundir væri þetta hlutfall nokkru lægra á síðasta ári en árið 1995 þar sem endursýningar efnis, einkum innlends efnis, hafa aukist stórlega síðustu árin.

Mynd 7.9. *Hlutfall innlends efnis á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (%)*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Framboð innlends efnis í Sjónvarpinu hefur nær tvöfaldast frá því um miðjan síðasta áratug og innlent efni á Stöð 2 hefur á sama tíma aukist um nær 50%. Innlent efni í Sjónvarpinu nálgast nú að vera helmingur af dagskrárefni stöðvarinnar, eða sambærilegt og er í írska ríkissjónvarpinu RTÉ (Evrópuráðið/Eri Carts, 2009: 29), frá því að vera að jafnaði allan síðasta áratug rétt um þriðjungur. Hæst fór hlutur innlends efnis árið 2005, en þá voru sýningar á innlendu efni helmingur af dagskrártíma stöðvarinnar. Innlent efni á Stöð 2 hefur undanfarin ár verið að jafnaði um fjórðungur af dagskrártímanum. Hlutfallslegur samanburður á milli stöðvanna er þó ekki alls kostar sanngjarn vegna mismunandi lengdar á daglegum útsendingartíma þeirra. Sum árin hefur fjöldi stunda af sýndu innlendu efni á Stöð 2 verið meiri á Stöð 2 þrátt fyrir að hlutfall innlends efnis hafi verið nokkru lægra en í Sjónvarpinu. Á árinu 2008 sendi Sjónvarpið út yfir 500 fleiri stundir af innlendu dagskrárefni en Stöð 2.

Sýningum á innlendu efni á Skjá 1 hefur fækkað talsvert undanfarin ár, hvort heldur er í tímum talið eða að tiltölu. Hlutfall innlends efnis á Skjá 1 er umtalsvert minna en á hinum stöðvunum. Innlent efni hefur hin síðari ár verið innan við 20% af útsendingartíma stöðvarinnar að tónlistarmyndböndum frátöldum. Innlent efni var 12% af dagskrárefni stöðvarinnar á árinu 2008.

Fjölmiðlakannanir sýna að íslenskir áhorfendur taka íslensku efni með þökkum. Innlend dagskrárgerð nýtur óskoraðra vinsælda í samanburði við megnið af erlendu efni. Í ljósi þessa er eðlilegt að stöðvarnar leggi eftir föngum áherslu á sýningar innlends efnis á kjörtíma fremur en erlent efni. Mynd 7.10 sýnir hlutfallslega skiptingu innlends og erlends efnis á dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 daglangt og á kjörtíma árið 2005. Nokkru ríkari

áhersla var lögð á sýningar innlends efnis á kjörtíma á einkastöðvunum en í Sjónvarpinu. Þetta kann að hafa breyst síðan.[63]

Mynd 7.10. *Innlent og erlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 2008 daglangt og á kjörtíma 2005 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli innlends og erlends efnis að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, uppfyllingum og dagskrárkynningum.

Kjörtími: Sjónvarpið og Skjár 1 19:00–23:00; Stöð 2 18:30-23:00. Efnisskipting á kjörtíma er samkvæmt auglýstri dagskrá um tveggja vikna skeið í mars árið 2005.

Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

Þrátt fyrir að innlendri dagskrárgerð í Sjónvarpinu hafi vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum og nú sé svo komið að u.þ.b. helmingur dagskrártíma stöðvarinnar sé innlent efni, er hún engu síður eftirbátur opinberu norrænu systurstöðvanna í þessu efni (Nordicom, www.gu.se/). Um árabil hefur innlent efni til að mynda verið um þrír fjórðu af dagskrá sænska ríkissjónvarpsins, SVT. Sjónvarpið sver sig fremur í ætt við norrænar einkastöðvar varðandi skiptingu milli innlends og erlends efnis. Innlent efni á stóru sænsku einkastöðvunum var að jafnaði um helmingur dagskrártímans. Á kjörtíma, hins vegar, er innlent efni svo til eingöngu á dagskrá (Engblom og Wormbs, 2007). Öndvert við það sem á við hér á landi gefur þetta Gustafsson tilefni til að álykta sem svo: „Sænskt sjónvarp er í eðli sínu sænskt. Hér eru engir tískustraumar. Það hefur hvorki orðið minna eða meira sænskt.“ [„Svensk television är till sin karaktär svensk. Här finns ingen trend. Den har varken blivit mindre eller mer svensk“] (Gustafsson, 2005: 107).

Sjónvarp – og reyndar hljóðvarp einnig – er í eðli sínu fjölþjóðlegur miðill (sbr. Hjarvard, 1993; Nowell-Smith, 1991). Skipting efnis eftir uppruna er ekki nándar nærri eins einhlít eins og virst getur í fljótu bragði. Efnisgerð, efnishugmyndir, efnissnið, að ógleymdu stjórn- og tæknifyrirkomulagi sjónvarps, eru meira og minna byggð á fyrirmyndum fengnum annars staðar frá líkt og McQuail bendir á, þ.e. að „það er vandamál hvernig eigi að fást við fjöl-

63 Lausleg athugun sýnir að sýningum innlends efnis á kjörtíma hafi fækkað á Skjá 1 en fjölgað á Stöð 2 og í Sjónvarpinu.

þjóðleg efnissnið (til aðgreiningar frá eiginlegu sjónvarpsefni). Mikið af sjónvarpsefni og öðru fjölmiðlaefni hefur í raun verið alþjóðavætt hvað varðar efnisgerð eða efnissnið, jafnvel í þeim tilvikum þar sem það er framleitt á heimamarkaði.“ [*„[T]here is the problem of dealing with transnational formats (as distinct from actual products). Much television and other media content has been effectively internationalized in terms of genre or format, even when it is locally produced.“*] (McQuail, 1992: 293.)

Með aukinni samkeppni á sjónvarpsmarkaði um áhorfendur og efni sem vænlegt er til vinsælda hefur það orðið algengara að sjónvarpsstöðvar endurgeri vinsælt útlent efni.[64] Það getur verið álitaefni hvort slíkt „blendingsefni“ skuli flokkast með öðru innlendu efni, eða sér sem einhvers konar millistig milli innlends og erlends efnis.[65] Eftir því sem sjónvarpsstöðvum fjölgar og áhorfendur dreifast meira á milli stöðva þeim mun kostnaðarsamara er að fanga athygli áhorfenda. Í því skyni að lágmarka óvissu um vinsældir nýs sjónvarpsefnis hafa sjónvarpsstöðvar í auknum mæli fetað sig inn á þær brautir að kaupa sýningar- og endurgerðarrétt að þáttum og þáttaröðum, svonefndum „forskriftarþáttum“ („format“-þáttum) sem hafa notið vinsælda á meðal áhorfenda annars staðar. Sala á slíkum réttindum hefur farið hríðvaxandi á seinni árum. Markaðssetning á ýmsum afleiddum vörum (e. *spin-off products*) tengist oft þvílíku sjónvarpsefni, svo sem eins og á útgáfurétti og markaðssetningu á tónlist með sigurvegurunum úr söngkeppnum (Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005: 148–56; IP, 2008; Moran og Malbon, 2006; Waisbord, 2004).

Einkareknar sjónvarpsstöðvar hér á landi hafa ekki verið neinn eftirbátur erlendra stöðva í þessum efnum. Vinsælar „raunveruleikaþáttaraðir“ og keppnir hafa verið færðar í íslenskan búning að fengnu leyfi og greiðslu til rétthafa. Nær undantekningarlaust hefur verið um að ræða bandarískar og breskar þáttaraðir. Yfirlit yfir helstu þáttaraðir sem hafa verið endurgerðar fyrir íslenskt sjónvarp í seinni tíð er sýnt í töflu 7.9.[66]

Tafla 7.9. *Endurgerðir erlendra sjónvarpsþáttaraða í íslensku sjónvarpi*

Stöð	*Íslenskt heiti þáttaraðar*	*Tegund sjónvarpsefnis*	*Upphaf sýninga í íslenskri endurgerð*	*Erlent heiti þáttaraðar*	*Uppruna-land þátta-raðar*	*Upphaf sýninga*
Sirkus[1]	Ástarfleyið	Raunveru-leikaþáttur	2005	The Love Boat	Bandaríkin	1977
Skjár 1	Allt í drasli	Raunveru-leikaþáttur	2005	How Clean is Your House	Bretland	2003
	Íslenski parsveinninn	Raunveru-leikaþáttur	2005	The Bachelor	Bandaríkin	2002
	Ertu skarpari en skólakrakki?	Keppni	2007	Are You Smarter than a 5th Grader?	Bandaríkin	2007
	Singing Bee	Keppni	2008	The Singing Bee	Bandaríkin	2007

[64] Slík dagskrárgerð hefur stundum verið nefnd „hermikrákusjónvarp“ (e. *copycat TV*) (Moran, 1996), eða „McTV“ (Waisbord, 2005).

[65] Hér er slíkt dagskrárefni flokkað með öðru innlendu efni.

[66] Taflan sýnir aðeins þær þáttaraðir sem endurgerðar hafa verið með leyfi og samningum við rétthafa. Fjölmargar aðrar þáttaraðir í íslensku sjónvarpi hafa dregið dám af erlendum þáttaröðum þótt ekki hafi verið greitt fyrir notkun hinnar upphaflegu fyrirmyndar.

Stöð	*Íslenskt heiti þáttaraðar*	*Tegund sjónvarpsefnis*	*Upphaf sýninga í íslenskri endurgerð*	*Erlent heiti þáttaraðar*	*Uppruna-land þátta-raðar*	*Upphaf sýninga*
	Fyndnar fjölskyldumyndir	Skemmtiþáttur	2009	America‘s Most Funniest Home Videos[2]	Bandaríkin	1989
Stöð 2	Viltu vinna milljón?	Keppni	2003	Who Wants to Be a Millionaire?	Bretland	1998
	Idol stjörnuleit	Keppni	2003, 2005	American Idol[3]	Bandaríkin	2002
	X-Factor	Keppni	2005	X-Factor	Bretland	2004
	Hæðin	Raunveru-leikaþáttur	2008	The Block	Ástralía	2003
	Wipeout – Ísland	Keppni	2009	Wipe Out	Bandaríkin	2008

Skýringar: ekki tæmandi upptalning.
[1] Nú Stöð 2 Extra.
[2] Byggt á japanskri þáttaröð „Kato-chan Ken-chan Gokigen TV“.
[3] Byggt á bresku þáttaröðinni Pop Idol sem upphaflega var tekin til sýninga árið 2001.
Heimild: eigin athugun.

1.14.9 Heimsmynd íslensks sjónvarps

Uppruni erlends efnis á sjónvarpsstöðvunum eftir mál- og menningarsvæðum telst seint bera vitni um fjölbreytni. Frá því að innlent sjónvarp var innleitt fyrir meira en fjórum áratugum hefur bandarískt efni ávallt verið fyrirferðarmest af erlendu efni, og á stundum af öllu efni að íslenskum dagskrárliðum meðtöldum. Frá einstökum öðrum löndum er breskt efni því næstmest áberandi. Lætur nærri að allt að níu stundir af hverjum tíu af erlendu efni komi frá enskumælandi löndum. Efni frá öðrum málsvæðum hefur verið hverfandi á dagskrá allra stöðvanna, þar með talið frá Norðurlöndunum.[67]

Tafla 7.10 sýnir hlutfallslega skiptingu erlends efnis eftir uppruna í Sjónvarpinu, á Skjá 1 og Stöð 2 á árabilinu 1995 til 2008. Líkt og upplýsingarnar bera með sér hefur hlutfall bandarísks efnis af erlendu sýndu efni fremur aukist en hitt í Sjónvarpinu og á Stöð 2 á undanförnum árum, á sama tíma og dregið hefur úr því á Skjá 1.

Tafla 7.10. *Erlent efni á almennum sjónvarpstöðum eftir uppruna 1995–2008*

		Hlutfallsleg skipting, %					
	Stundir af erlendu efni, alls	*Bandarískt*	*Breskt*	*Norrænt*	*Evrópskt, annað*	*Annað*	*Óflokkað og óskilgreint*
Sjónvarpið							
1995	2.035	31	11	5	6	4	43
2000	2.248	41	12	5	7	4	32
2005	2.231	56	22	9	8	6	–
2008	2.227	51	23	12	9	5	1

[67] Af hálfu Sjónvarpsins virðist þó mega greina nokkra áherslubreytingu undanfarin missiri sem væntanlega má að talsverðu leyti rekja til þjónustusamnings milli ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra sem kveður á um að Sjónvarpið skuli kappkosta að sýna efni frá Norðurlöndum sem og annað evrópskt efni (sjá samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 5. gr.).

		Hlutfallsleg skipting, %					
	Stundir af erlendu efni, alls	*Bandarískt*	*Breskt*	*Norrænt*	*Evrópskt, annað*	*Annað*	*Óflokkað og óskilgreint*
Skjár 1[1]							
2000	1.763	100	–	–	–	–	–
2005	2.965	87	12	–	–	1	–
2008	2.140	76	12	–	–	1	–
Stöð 2							
1995	3.498	67	11	0	8	10	4
2000	4.827	64	12	1	8	9	6
2005	6.104	58	11	1	3	10	17
2008	6.742	73	8	0	3	14	2

Skýring: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Að frátöldum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Í ljósi fyrirferðar bandarísks efnis á dagskrá sjónvarpsstöðvanna mætti ætla, með réttu eða röngu, að ímyndir bandarískrar menningar hafi orðið það inngrónar í vitund okkar fólks að unnt sé að taka undir með einni af persónunum í mynd þýska kvikmyndaleikstjórans Wim Wenders, *Im Lauf der Zeit* frá 1976: „Kanarnir hafa náð yfirráðum yfir undirmeðvitund okkar“ [*„the Yanks have colonised our subconscious“*].[68]

1.15 Innlend og erlend dagskrárfjölbreytni

Mismunandi dagskrárfjölbreytni stöðvanna má meta út frá ólíku vægi innlends og erlends efnis á dagskrá þeirra, eins og gert í töflu 7.11.[69] Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er mun meiri en hinna stöðvanna er varðar skiptingu milli innlends og erlends efnis. Aukið hlutfall innlends efnis á dagskrá hefur leitt til aukins jafnvægis í dagskrá Sjónvarpsins. Veruleg slagsíða er á dagskrá hinna stöðvanna, innlendu efni í óhag.

Tafla 7.11. *Innlent og erlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008*

	Sjónvarpið		*Skjár 1* [1]		*Stöð 2*	
	Innlent efni	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
Tímar á ári						
1995	897	2.035	•	•	927	3.498
2000	1.114	2.248	1.509	1.763	1.523	4.827
2005	1.534	2.231	650	2.965	1.762	6.104
2008	1.889	2.227	250	1.890	1363	6.742
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	31	69	•	•	21	79
2000	33	67	46	54	24	76
2005	41	59	18	82	22	78

[68] Sjónvarpið er ekki eitt um að vera ofurselt bandarísku efni að miklu leyti. Uppruni kvikmynda í kvikmyndahúsum, svo að ekki sé talað um uppruna mynda á myndböndum og mynddiskum, er jafnvel enn einhæfari en uppruni efnis í sjónvarpi (Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is, Hagtölur » Menningarmál » Myndbönd og mynddiskar; Ragnar Karlsson, 2002a: 27–31, 2002b: 311–14).
[69] Sjá um skilgreiningu á dagskrárfjölbreytni í kafla 6.3.4 að framan.

	Sjónvarpið		*Skjár 1* [1]		*Stöð 2*	
	Innlent efni	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
2006	49	51	20	80	29	71
2007	43	57	15	85	20	80
2008	46	54	12	88	17	83
Dagskrárfjölbreytni						
1995	-.38		•		-.58	
2000	-.34		-.08		-.52	
2005	-.18		-.64		-.56	
2006	-.02		-.60		-.42	
2007	-.14		-.70		-.60	
2008	-.08		-.76		-.66	

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
[1] Að frádregnum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Jafnvel þótt hlutfall innlends efnis hafi aukist umtalsvert hin síðari ár í Sjónvarpinu, vekur fyrirferð erlends efnis á dagskrá stöðvarinnar spurningu um hversu vel eða illa hafi tekist að tryggja menningarhlutverk Sjónvarpsins eins og kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið (sbr. lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007, II. kafli, 3. gr.). Í samningi menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins um útvarpsþjónustu í almannþágu sem er frá árinu 2007 er brugðist við þessu þar sem kveðið er á um að íslenskt sjónvarpsefni skuli hafa náð 65% af útsendingu á kjörtíma fyrir lok samningstímans árið 2112 (sjá samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 3. gr.).

Líta má á aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð, einkum á kjörtíma, sem viðbrögð stöðvanna við kröfum áhorfenda um innlent efni og aukinni samkeppni eftir áhorfendum og auglýsingum. Á hitt ber einnig að líta að verðhækkanir á sýningarrétti erlends efnis hafa hér að auki haft áhrif. Því fer vitanlega fjarri að hækkað innkaupsverð á erlendu efni eigi bara við um íslenskan sjónvarpsmarkað. Sömu tilhneigingar gætir víðast hvar í kjölfar samkeppni í sjónvarpi og stóraukins útsendingartíma sjónvarps. Innkaupsverð ítalskra sjónvarpsstöðva á erlendu sjónvarpsefni hækkaði allt að þúsundfalt á níunda áratugnum í kjölfar mikillar fjölgunar stöðva og harðvítugrar samkeppni þeirra á milli (Collins, Garnham og Locklsey, 1988: 24).

Á meðan Sjónvarpið var eitt um hituna var innkaupsverð erlends sjónvarpsefnis tiltölulega lágt í alþjóðlegum samanburði. Síðan þá hefur kostnaður við innkaup á erlendu efni stórlega hækkað, sérstaklega á vinsælu bandarísku efni. Frá því að Stöð 2 hóf útsendingar 1986 og fram til 1994 hækkaði innkaupsverðið að jafnaði um 25–30%, eða frá 12 upp í 15–16 bandaríkjadali á mínútuna, að því er áætlað hefur verið. Sýningarréttur vinsæls efnis hækkaði mun meira (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 137). Árið 1995 greiddu íslensku sjónvarpsstöðvarnar milli 800 og 1.000 bandaríkjadali fyrir hverja dagskrárstund (50 mínútur) af vinsælu erlendu efni, eða sem samsvarar um 16–20 dölum á mínútuna (Hoskins, McFadyen og Finn, 1997: 70–71). Síðan þá hefur verðið hækkað enn frekar. Fyrir vinsælan þátt í bandarískri þáttaröð voru greiddir 5.000–5.500 bandaríkjadalir á árið 2004, eða 100 til 110 dalir á mínútu (Skýrsla nefndar

menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, 2005: 159–60). Samkvæmt þessu hafa greiðslur fyrir sýningarrétt á vinsælum erlendum þáttum allt að því nífaldaðist frá því að Stöð 2 hóf útsendingar árið 1986 og fram til ársins 2004. Ekki er ljóst hvort erlent efnið hafi hækkað frekar í verði síðan.

Verðhækkun á sýningarrétti frá meiri háttar íþróttaviðburðum er enn öfgafyllri. Á alþjóðlegum markaði hækkaði sýningarétturinn fyrir útsendingar frá heimsmeistaramótinu í knattspyrnu fyrir samningstímann 1994–1998 og samningstímann 2002–2006 þúsundfalt (Iosifidis, 2004). Árið 2005 var sjónvarpsrétturinn fyrir sýningar frá sænsku knattspyrnunni seldur til fimm ára fyrir 1.350 milljónir sænskar krónur; sama ár voru greiddar 900 milljónir sænskra króna fyrir sýningarréttinn frá leikjum í meistaradeildinni í ísknattleik. Tveimur áratugum fyrr, áður en einkarekið sjónvarp hófst, námu heildarútgjöld sænska sjónvarpsins, SVT, vegna sýninga frá íþróttaviðburðum á ári samtals 24 milljónum sænskra króna að launakostnaði meðtöldum (Engblom og Wormbs, 2007: 171).

Gera má ráð fyrir að viðlíka þróun hafi orðið á sýningarrétti íslenskra stöðva frá stórmótum í íþróttum. Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa staðið í harðvítugri samkeppni sín á milli við að bjóða í sýningarrétt af alþjóðlegum íþróttakeppnum. Skemmst er að minnast hvernig rekstraraðilar Skjás 1 og Stöðvar 2 og Sýnar (nú Stöð 2 Sport) yfirbuðu hvorn annan í samkeppni um sýningarréttinn frá ensku meistaradeildinni í fótbolta fyrir fáeinum árum.[70]

Tilkoma áskriftarsjónvarpsstöðva hefur orðið til þess að ýta enn frekar undir hækkun á sýningarrétti á vinsælu útlendu efni. Þetta stafar af því að áskriftarstöðvar hafa forgang að efni umfram stöðvar sem senda út opna dagskrá (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2006). Almennt líða sex til níu mánuðir frá frumsýningu vinsælla kvikmynda í kvikmyndahúsum þar til áskriftarstöðvar geta fengið sýningarréttinn. Allt að þrjátíu mánuðir – tvö og hálft ár – líða frá frumsýningu og þar til stöðvar sem senda út opna dagskrá geta fengið sýningarrétt á myndunum (Tambini, 2006: 118). Þessi tímamismunur setur sjónvarpsstöðvar sem senda út opna dagskrá í óþægilega aðstöðu í samkeppni við áskriftarstöðvar. Til að bregðast við þessu hafa stöðvar sem senda út opna dagskrá lagt aukna áherslu á innlent efni, einkum á kjörtíma, eins og skemmti- og spjallþætti og annað efni sem kostar tiltölulega lítið í framleiðslu en nýtur engu að síður vinsælda á meðal áhorfenda, sem og vinsælla erlendra „forskriftarþátta“.

Aukin samkeppni milli sjónvarpsstöðva, lengri útsendingartími og fjölgun áskriftarstöðva getur hæglega leitt til þess að þær stöðvar sem senda út í opinni dagskrá verði það sem Henrik Søndergaard nefnir „afsláttarsjónvarp“ (e. *discount television*) (Søndergaard, 1996a). Í stað áskriftarstöðva sem kost eiga á nýju og eftirsóttu efni eiga stöðvar sem senda út í opinni dagskrá oft fárra annarra kosta völ en að bjóða upp á innlent efni sem oft kostar lítið í framleiðslu og útlent efni sem ýmist hefur þegar verið sýnt á áskriftarstöðvum eða þær sækjast yfirhöfuð ekki eftir að sýna (Søndergaard, 1996a: 185–86; 1996b: 114–16 o.áfr.). Fjölgun stöðva og aukin samkeppni þeirra í milli leiðir til þess að sjónvarpsmarkaðurinn skiptist í auknum mæli á milli stöðva sem bjóða upp á dagskrárgerð sem sver sig í ætt við úrval í sérverslunum (e. *boutique programming*) og hins vegar stöðva sem reiða sig á ódýrara efni (e. *low cost programming*) þannig að þær bjóða upp á „undirmálssjónvarp“, og í versta falli til þess sem nefnt hefur verið „Trash TV“, ruslsjónvarp (Hujanen, 2000: 75).

---

[70] Ekki hefur verið gefið upp hvað forráðamenn Stöðvar 2 og Sýnar greiddu fyrir sýningarréttinn, en gera má ráð fyrir að hann hafi hlaupið á hundruðum milljóna króna.

1.15.1 Dagskrárfjölbreytni í norrænum og evrópskum samanburði

Fjölþjóðlegar rannsóknir sýna að marktækur munur er á efnisframboði stöðva í almannaþjónustu og einkastöðva. Efnisframboð stöðva í almannaþjónustu er að jafnaði fjölbreyttara en efnisframboð einkastöðva, daglangt og á kjörtíma. Almannaþjónustustöðvar leggja yfirleitt meiri rækt við upplýsingu og menningu, fræðsluefni og efni fyrir börn og unglinga en einkastöðvarnar að jafnaði (David Graham and Assoc., 2005; McKinsey & Co., 1998, 2007; Trappel, 1998).

Í þessu ljósi er fróðlegt að skoða fjölbreytni dagskrár Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 í norrænum samanburði. Tafla 7.12 sýnir dagskrárfjölbreytni norrænna opinberra stöðva, helstu markaðsdrifinna einkastöðva og blendingsstöðva með tilliti til hlutfalls upplýsinga- og afþreyingarefnis af útsendingartíma. Til opinberra stöðva teljast stöðvar í opinberri eigu sem fjármagnaðar eru að öllu eða mestu leyti með afnotagjöldum og/eða með framlagi úr ríkissjóði. Blendingsstöðvar eru stöðvar í opinberri eigu sem eru að öllu eða mestu leyti fjármagnaðar með markaðstekjum, þ.e. auglýsingatekjum og kostun, í stað afnotagjalda og/eða framlaga frá því opinbera.

Fjölbreytni dagskrár Sjónvarpsins er talsvert minni en gengur og gerist meðal annarra norrænna opinberra stöðva. Mun meiri áhersla er lögð á afþreyingarefni í dagskrá Sjónvarpsins en á flestum öðrum opinberum stöðvum. Dagskrárfjölbreytni stöðvarinnar er minni en fjölbreytni efnis á blendingsstöðvum að jafnaði, en nokkru meiri en almennt gengur og gerist á meðal einkastöðvanna. Athygli vekur að dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er minni en opinberu stöðvanna SvF í Færeyjum og KNR-TV í Grænlandi. Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er einna næst dönsku blendingsstöðvarinnar TV2.

Dagskrá Stöðvar 2 er talsvert fjölbreyttari en dagskrá einkastöðva að jafnaði, en nokkru minni en dagaskrárfjölbreytni blendingsstöðva. Skjár 1 vermir svo gott sem botnsætið í þessum samanburði, þar sem dagskráráherslur stöðvarinnar er svo til eingöngu á afþreyingarefni.

Tafla 7.12. *Dagskrárfjölbreytni norrænna sjónvarpsstöðva*

			Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-fjölbreytni*
	Staða	*Heiti stöðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	
Danmörk	Opinberar stöðvar	DR 1	52	48	+.04
-2006	Blendingsstöðvar[1]	TV 2	32	68	-.36
	Einkastöðvar	TV 3/TV3+	5	95	-.90
		Kanal 4/Kanal 5	2	98	-.96
Finnland	Opinberar stöðvar	YLE TV1	65	31	+.34
-2004		YLE TV2	31	51	-20
	Einkastöðvar	MTV3	24	74	-.50
		Nelonen	13	79	-.66
Færeyjar	Opinberar stöðvar	Sjónvarp Føroya – SvF	40	60	-.20
(2003)					
Grænland	Opinberar stöðvar	KNR-TV	22	49	-.27
-2006					
Ísland	Opinberar stöðvar	Sjónvarpið	21	56	-.35
-2008	Einkastöðvar	Skjár 1	2	79	-.77
		Stöð 2	13	65	-.52
Noregur	Opinberar stöðvar	NRK 1	46	45	+.01
-2006	Blendingsstöðvar1	TV 2/NO	31	60	-.29
	Einkastöðvar	TV Norge	23	77	-.54
		TV 3	4	77	-.73
Svíþjóð	Opinberar stöðvar	SVT 1 og 2	64	33	+.31
-2006	Blendingsstöðvar[1]	TV 4	38	61	-.23
	Einkastöðvar	Kanal 5	19	79	-60
		TV 3	18	81	-.63
Norðurlönd	Allar stöðvar	Meðaltal	27	65	-.38
	Opinberar stöðvar	Meðaltal	44	46	+.02
	Blendingsstöðvar[1]	Meðaltal	34	63	-.29
	Einkastöðvar	Meðaltal	13	80	-.67

Skýringar: Hlutfall upplýsingar og afþreyingar af heildarútsendingartíma stöðva. Tala innan sviga við viðkomandi land vísar til þess árs sem upplýsingarnar eiga við.

Efnisflokkar:

Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, fræðsla, menning, listir, trúmál og vísindi.

Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.

Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.

Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.

[1] Stöðvar í opinberri eigu sem fjármagnaðar eru eingöngu eða að mestu leyti með markaðstekjum (auglýsingum og kostun).

Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006; Lund og Berg, 2009; Ragnar Karlsson, 2008a; að hluta til eigin útreikningar.

Frekari samanburður á efnisframboði norrænu stöðvanna er sýndur í mynd 7.11. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á milli upplýsingar og afþreyingar en ekki hlutfall hvors efnisflokks af heildarútsendingartíma stöðvanna eins og sýnt er í töflu 7.12.

Mynd 7.11. *Upplýsing og afþreying á dagskrá norrænna sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar. Sjá frekar skýringar við *töflu 7.12.*
Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006; Lund og Berg, 2009; Ragnar Karlsson, 2008a; að hluta til eigin útreikningar.

Samanburður á dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins og annarra opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva er sýndur í töflu 7.13 og á mynd 7.12. Sjónvarpið er á meðal þeirra stöðva í 31 landi álfunnar sem leggja mesta áherslu á afþreyingarefni af þeim 35 opinberu stöðvum sem hér eru bornar saman. Hlutfall upplýsingar og afþreyingar og dagskrárfjölbreytni er langt fyrir neðan reiknað meðaltal og miðgildi stöðvanna. Ríkari áhersla á afþreyingu er aðeins að finna í portúgalska ríkissjónvarpinu, RTP, og því írska, RTÉ.[71] Hér er gengið út frá því að nokkurt jafnvægi geti talist í dagskrá ef innbyrðis hlutfall á milli upplýsingar og afþreyingar liggur á milli 70 og 30%. Dagskrá 31 stöðvar af þeim 35 stöðvum sem samanburðurinn tekur telst vera tiltölulega fjölbreytt samkvæmt þessu.

Tafla 7.13. *Dagskrárfjölbreytni opinberra evrópskra sjónvarpsstofnana*

		Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-*	
Land	*Söðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*fjölbreytni*	*Ár*
Austurríki	ORF1, 2	31	69	-.38	2006
Belgía, flæmski hlutinn	VRT1, Canvas Ketnet	36	64	-.28	2006
Belgía, vallónski hlutinn	RTBF1, 2	52	48	+.04	2006
Bretland	BBC1, 2	56	44	+.12	2006
Búlgaría	BNT 1	30	70	-.40	2005
Danmörk	DR1, 2	58	42	+.16	2006
Eistland	ETV	51	49	0,02	2006
Finnland	YLE1, 2	50	50	–	2006
Frakkland	France 2	49	51	-.02	2007
Færeyjar	SvF	65	35	+.30	2003
Grænland	KNR-TV	31	69	-.38	2006
Holland	Ned1, 2, 3	60	40	+.20	2006
Írland	RTÉ1, 2	18	82	-.64	2006
Ísland	RÚV – Sjónvarp	21	79	-.58	2008
Ítalía	RAI Uno, Duo, Tre	48	52	-.04	2006
Króatía	HRT1, 2	31	69	-.38	2006
Lettland	LTV 1	37	63	-.26	2004
Litháen	LNRT	31	69	-.38	2005
Malta	PBS-TVM	60	40	+.20	2005
Noregur	NRK1, 2	34	66	-.32	2006
Pólland	TVP1, 2	34	66	-.32	2006
Portúgal	RTP1, 2	27	73	-.46	2007
Rúmenía	TVR1, 2	39	61	-.22	2006
Slóvakía	STV 1, 2	36	64	-.28	2003
Slóvenía	RTVSLO1, 2	44	56	-.12	2006
Spánn	TVE La Primera, La 2	56	44	+.12	2006
Sviss, frönskumælandi hlutinn	SF 1, 2	29	71	-.42	2006

[71] Upphæð afnotagjalda á Írlandi og í Portúgal er einna lægst í Vestur-Evrópu (EAO, 2008b: 56). Bæði RTÉ og RTP hefur í auknum mæli verið gert á undanförnum árum að fjármagna starfsemi sína með auglýsingatekjum, sem aftur hefur orðið til þess að stöðvarnar hafa lagt aukna áherslu á afþreyingarefni í því skyni að auka áhorf og höfða betur til auglýsenda (Corcoran, 2004: 98–100 o.áfr.; Sousa og Silva, 2009.

		Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-*	
Land	*Söðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*fjölbreytni*	*Ár*
Sviss, þýskumælandi hlutinn	TSR1, 2	49	51	-.02	2006
Sviss, ítölskumælandi hlutinn	TSI1, 2	50	50	–	2006
Svíþjóð	SVT1, 2	48	52	-.04	2006
Tékkland	CT1, 2	52	48	+.04	2006
Tyrkland	TRT1, 2	45	55	-.10	2005
Ungverjaland	MTV M1	57	43	+.14	2006
Þýskaland	ARD (Das Erste)	50	50	–	2007
	ZDF TV	57	43	+.14	2006
Evrópa	Meðaltal	43	57	-.14	•
	Miðgildi	48	52	-.04	•

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, fræðsla, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá -1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, -1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimildir: EAO, 2004–2008; Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Mynd 7.12. *Upplýsing og afþreying á dagskrá opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu 7.13*.
Heimildir: EAO, 2005–2008; Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

1.15.2 Samanburður á dagskráráherslum Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2

Upplýsingar um fjölda og hlutfall útsendra stunda eftir efni og uppruna gefa ekki tilefni til bollalegginga um gæði einstakra dagskrárliða stöðvanna. Til þess að það sé unnt þarf mun ítarlegri samanburð á efni stöðvanna og dagskrársamsetningu þeirra en mögulegt er að veita hér. Hins vegar gefa þessar upplýsingar nokkra mynd af því hvert framlag hverrar stöðvar er til upplýstrar samfélagslegrar umræðu og almennrar menningarlegrar þróunar líkt og kveðið er á um í útvarpslögum að stöðvarnar skuli stuðla að (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, 7.–9. gr.).

Dagleg dagskráruppröðun stöðva á samkeppnismarkaði sem sýna almennt efni hefur tilhneigingu til að vera keimlík. Þetta gera stöðvarnar til þess að draga eins og auðið er úr líkum þess að áhorfendur sjái ástæðu til að flakka á milli stöðva (Hujanen, 2000). Þetta má að nokkru skýra út með svonefndum „Hotelling áhrifum“ (e. *Hotelling effect*) sem kennd eru við Harold Hotelling. Hann leiddi að því rök með stærðfræðilegri rökleiðslu í grein sem hann birti árið 1929 að ríkt tilhneiging sé til offramboðs á mörkuðum á vöru með sömu eða líka eiginleika sem mikil eftirspurn sé eftir. Þetta skýrir til að mynda út hvers vegna verslanir sem selja svipaðan varning og þjónustustaðir sem bjóða upp á hliðstæða þjónustu (svo sem skyndibitastaðir) hnappast saman þar sem flestir eða margir eiga leið um, jafnvel í kringum sama götuhornið, eins og svo margir hafa vafalaust tekið eftir á ferðum sínum erlendis. Þó að aðilum fjölgi og hagnaður hvers um sig sé enn meiri en tilkostnaðurinn við að flytja sér enginn ástæðu til þess að færa sig um set.

Þessari hugmynd um „miðsækni“ (e. *centrism theory*) hefur allnokkuð verið beitt við rannsóknir á fjölbreytni á fjölmiðlamörkuðum, einkum í sjónvarpi.[72] Ljós dæmi um þetta „hjarðeðli“ má víða sjá í tengslum við fjölmiðla og fjölmiðlun. Fræg er til að mynda sú „sprengja“ sem varð í útgáfu bóka um líkamsrækt og mataræði í kjölfar bókar bandarísku leikkonunnar Jane Fonda, Jane Fonda's Workout Book (1982), og sjónvarpsþátta í framhaldinu. Í kjölfar fyldi síðan röð bóka eftir kvikmyndastjörnur og aðra nafntogaða einstaklinga sem vildu leggja sitt lóð á vogarskálar og kenna mönnum að borða minna og æfa meira (Neuman, 1991: 152).[73] Að því er viðkemur sjónvarpi sérstaklega birtist þetta í ríkri tilhneigingu milli einkarekinna stöðva að leita í smiðju til keppinautarins í efnisgerð líkt og Mercedes Medina bendir á í nýlegri samanburðarrannsókn á sjónvarpi í nokkrum löndum Evrópu:

> Þegar einkarekin útvarpsfyrirtæki fást við að búa til áheyrendahópa til að selja auglýsendum reyna þau að fá sem stærstan hóp áheyrenda með dagskrá sinni. Af því leiðir að ef eigendum útvarpsstöðva gengur vel í samkeppni og þeir njóta stuðnings auglýsenda hættir ákvörðunum um dagskrá

---

[72] Einna fyrstur manna til að heimfæra hugmynd Hotellings um miðsækni upp á fjölmiðlamarkaði var bandarískur hagfræðingurinn Peter O. Steiner í greininni „Program Patterns and Preferences and the Workability of Competition in Radio Broadcasting“ sem birtist í Quarterly Journal of Economics árið 1952 þar sem hann bar saman dagskrá stóru bandarísku sjónvarpsstöðvanna með tilliti til upphaflegrar hugmyndar Hotellings.

[73] Anga af þessari tísku rak á fjörur hér á landi með sjónvarpsþáttum og útgáfu bókarinar *Í fullu fjöri* eftir Sigrúnu Stefánsdótur árið 1983. Innlend dæmi um þessa hneigð er til að mynda sú holskefla sem riðið hefur yfir í útgáfu frumsaminna og þýddra sakamálasagna á undanförnum árum í kjölfarið á vinsældum bóka Arnalds Indriðasonar. Ekki er óþekkt að hljómplötuútgefendur keppist sín á milli um að endurtaka leikinn frá síðasta smelli með útgáfu á nær því sama; neytendatímarit fjalla meira og minna um sömu einstaklingana með áþekkum efnistökum; sjónvarpsstöðvar keppast sín á milli við að sýna á sama tíma viðlíka efni, og þannig mætti lengi upp telja.

til að snúast um endurtekningu þar sem þeir eru undir stöðugum þrýstingi um að styðjast við sams konar dagskrárframboð.

[*If commercial broadcasters are in the business of producing audiences to be sold to advertisers, then they will try to get the largest audience through their programmes. Therefore, if channel owners are competitive and advertiser supported, programming decisions will show a strong tendency toward duplication, as they are pressured to rely on the same kind of programming.*]
Medina, 2004: 109.

Þessari tilhneigingu til miðsækni í útvarpi (hljóðvarpi jafnt sem sjónvarpi) má lýsa eins og sýnt er í töflu 7.14. Segjum sem svo að 80 prósent hljóðvarpshlustenda kjósi að hlusta á dægurtónlist (hópur A) og 20 prósent á klassíska tónlist (hópur B). Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjur og kostnaður af því að þjónusta hvern hóp fyrir sig sé hlutfallslega sá sami á hvern einstakling og stöðvarnar sækist eftir að ná í eins marga notendur og mögulegt er fremur en tiltekna notendur.

Tafla 7.14. *Miðsækni fjölmiðlamarkaða*

	Efnisóskir hlustenda/áhorfenda	
Fjöldi fjölmiðla á markaði	*Efni A (80%)*	*Efni B (20%)*
1 fjölmiðill	80% * 1	Ekki þjónað
2 fjölmiðilar	40% * 2	Ekki þjónað
3 fjölmiðlar	27% * 3	Ekki þjónað
4 fjölmiðilar	20% * 4	Ekki þjónað
Eða	27% * 3	20% * 1
...		
9 fjölmiðlar	11% * 7	10% * 2
Eða	10% * 8	10% * 1

Heimildir: Með hliðsjón af Collins, Garnham og Locksley, 1988: 105; Doyle, 2002b: 73–74; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 258; Neumann, 1991: 155; Waterman, 2006: 392–93.

Ef aðeins er um eina hljóðvarpsstöð að ræða er ljóst að hún mun kappkosta að þjóna 80 prósentum hlustenda, hópi A, fremur en þeim 20 prósentum sem kjósa að hlusta á klassíska tónlist (hópur B). Sama væri uppi á teningnum ef stöðvarnar væru tvær, þar sem helmingur hlustenda í hópi A er stærri en hópur B. Á sama hátt mundi borga sig fyrir þriðju stöðina að þjónusta hóp A þar sem þriðjungur hlustenda í hópi A (26,6%) er fjölmennari en hópur B. Það væri því ekki fyrr en stöðvarnar væru orðnar fjórar að tölu að það væri álitamál hvort það borgaði sig ekki að höfða til hóps B sem er jafnstór og fjórðungur af hópi A og sitja að þeim markaði óskiptum í stað þess að keppa við þrjár aðrar stöðvar um hlustendur í hópi A. Til þess að tvær stöðvar sæu sér hag í að þjónusta hóp B þyrftu stöðvarnar að vera orðnar að minnsta kosti níu talsins, þar sem helmingur af 20 prósentum er jafnstór og áttundi partur af 80 prósentum. Ef markaðnum væri hins vegar þjónað af einum aðila sem ræki tvær stöðvar í stað nokkurra aðila sem starfrækti hver eina stöð, mundi þessi sami rekstraraðili best hámarka fjölda hlustenda með því að stöðvarnar höfðuðu til sitt beggja hlustendahópanna.

Hér er vitanlega um tilbúið dæmi að ræða, en engu síður virðist hugmynd Hotellings um miðsækni eiga ágætlega við um útvarpsmarkaðinn. Vitanlega er því ekki þannig farið að óskir manna um fjölmiðlaefni séu svo einstrengingslegar að ekki geti með neinu móti samrýmst óskum annarra að einhverju leyti. Þannig hafa flestir gaman af leiknu efni og afþreyingu, ekki síður en fræðslu og heimildarefni. Jafnframt er það aldrei svo að hver og einn

finni ekki eitthvað sem fellur að eigin smekk í ólíkum fjölmiðlum. Þá skiptir einnig máli að fjölmiðlanotendur eru misjafnlega „verðmætir“ fyrir fjölmiðla og í augum auglýsenda. Allt eins getur borgað sig að höfða til afmarkaðs hóps eða hópa á meðal fjölmiðlanotenda, svo sem eftir aldri og efnahag, fremur en til fjölmiðlanotenda almennt. Slíkt ræðst vitanlega af því að hvort afraksturinn sé meiri en tilkostnaðurinn. Alþekkt er til að mynda úr áskriftarsjónvarpi að notendur eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir aðgang að efni sem þeir hafa áhuga á (Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004).

Því er oft haldið fram að einkareknir fjölmiðlar og samkeppni þeirra á milli tryggi að „fólk fái það sem það vill“. Miðað við það sem sagt er hér á undan er hæpið að gera að því skóna að svo sé í raun. Eins og W. Russell Neuman segir: „Hagfræði fjölmiðlunar stuðlar ekki að fjölbreytni. Á þessu markaðstorgi hugmynda ríkir óvenjulega sterkur miðsóknarkraftur sem leiðir til óhóflegrar einsleitni.“ [*„The economics of mass communications do not promote diversity. There is a curiously powerful centripetal force in the marketplace of ideas that leads to ... „excessive sameness““*] (Neuman, 1991: 129). Því væri réttara að segja að samkeppni milli fjölmiðla um notendur og tekjur tryggi fyrst og fremst framboð á efni sem flestir vilja og aðrir geta sætt sig við sem skásta kost sem er í boði. Slíkt þarf vitanlega ekki endilega þýða það sama og fjölbreytni. Samkeppni milli fjölmiðla ein og sér er tæpast til þess fallin að tryggja menningarlegan fjölbreytileika og fullnægja ólíkum óskum um efni sem fjölmiðlanotendur hafa. Í öllu falli er með öllu óraunhæft að gera ráð fyrir að fjölbreytni á jafnlitlum markaði og hér er sé eins mikil og á stærri mörkuðum.

Dagskrárröðun efnis sjónvarpsstöðva (e. *scheduling*) – einkum á kjörtíma – einkennist af því sem lýsa má sem „dagskrárflæði“ (e. *programme flow*) (sjá Williams, 1974, 4. kafla). Dagskráin líður áfram með föstum efnisliðum, blöndu af fréttum og fréttatengdu efni, léttri afþreyingu og leiknu efni með það að markmiði að halda áhorfandanum við skjáinn sem lengst og án þess að hann finni hjá sér hvöt til að skipta á milli stöðva. Áhorfandinn gengur þannig að blöndu af ólíku efni sem vísri og dagskrárflæðið myndar eina samofna heild yfir eina kvöldstund, eða það sem Raymond Williams nefndi „kvöldáhorf“ (*„an evening's viewing“*, Williams, 1974: 98). Það er vegna þessa sem oft er þannig tekið til orða að horft hafi verið á sjónvarpið og hlustað á hljóðvarpið í stað þess að segja að horft eða hlustað hafi verið á tiltekið efni eða dagskrárlið (Scannell, 2000: 9–10). Uppröðun efnis innan dagskrárammans (e. *programme grid*) getur verið með ýmsu móti eftir árstíðum, vikudögum o.s.frv. (Ellis, 2000.)[74] Almennt má greina mun á dagskrárröðun og dagskrárflæði milli stöðva sem hafa almannaþjónustuhlutverki að gegna og markaðsstöðva.[75]

Lauslegur samanburður á daglegri dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 leiðir í ljós að uppröðun dagskrárliða á kjörtíma og daglangt í miðri viku og um helgar er með talsvert

---

[74] Þannig er dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 með talsvert ólíku sniði um helgar og í miðri viku. Meiri áhersla er lögð á afþreyingu í helgardagskránni en á virkum dögum. Sömuleiðis er dagskrá stöðvanna sumpart ólík, einkum dagskrá Sjónvarpsins, eftir árstíðum. Á veturna leggja stöðvarnar ríkari áherslu á frumsýnt innlent efni, einkum leikið efni, heimildar- og skemmtiþætti, en á sumrin þegar sjónvarpsáhorf er almennt minna.

[75] Hugmyndina að mismunandi uppröðun og flæði dagskrár stöðva í almannaþjónustu og markaðsstöðva er upphaflega fram komin í riti Raymonds Williams frá 1974 um samanburð á bandarísku og evrópsku sjónvarpi. Samkvæmt Williams leggja sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu fyrst og fremst rækt við fréttir og fréttatengt efni, umfjöllun um samfélagsmálefni og listir, heimildarþætti, sjónvarpsleikrit og barnaefni, á meðan áhersla markaðsstöðva er á leikna þætti og þáttaraðir, kvikmyndir og almenna afþreyingu (Williams, 1974: 84–86).

ólíkum hætti milli stöðvanna. Dagskrá Sjónvarpsins og Stöðvar 2 á kjörtíma samanstendur af upplýsingaefni í bland við afþreyingu. Meiri efnisfjölbreytni gætir þó í Sjónvarpinu á kjörtíma, en stöðin leggur meiri áherslu á upplýsingaefni á kjörtíma en Stöð 2, auk sýninga á íþróttum. Fyrir og eftir kjörtíma samanstendur dagskrá Stöðvar 2 mestmegnis af afþreyingu. Á sama tíma er dagskrá Sjónvarpsins blandaðri. Skjár 1 sýnir hins vegar að mestu afþreyingarefni í bland við raunveruleikasjóvarp, hvort heldur er á kjörtíma eða fyrir og eftir. Dagskrá stöðvanna er með nokkuð öðru sniði um helgar. Þá leggja þær aukna áherslu á afþreyingarefni á kjörtíma á öllum stöðvum, þáttaraðir og kvikmyndir, nema hvað dagskrá Sjónvarpsins er mun fjölbreyttari á sunnudagskvöldum en dagskrá hinna stöðvanna (sjá frekari umræðu um uppröðun dagskrár stöðvanna í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006).

Ólíkar áherslur Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 á upplýsingu og afþreyingu og innlent og erlent efni eru sýndar á myndum 7.13 og 7.14, sem hlutfall og útsendir daglegir tíma eftir efni og uppruna árið 2008. Sömu mælikvarðar eru hér notaðir við að meta hvort dagskrár stöðvanna beri vott um jafnvægi, ofgnótt eða efnisfátækt og beitt var við mat á dagskrá hljóðvarpsstöðva hér að framan (kafli 4.2.5). Fari hlutur annars af þeim tveimur efnisflokkum sem hér eru lagðir til grundvallar, annars vegar upplýsingu á móti afþreyingu, og hins vegar innlendu efni í samanburði við erlent, yfir 70% er hægt að tala um efnisofgnótt af viðkomandi efni, og efnisfátækt í þeim efnisflokki sem liggur undir 25%.

Mynd 7.13. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli upplýsingar og afþreyingar í Sjónvarpinu, Skjá 1 og Stöð 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma stöðvanna á dag að jafnaði að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni og að frátöldum tónlistarmyndböndum á Skjá 1.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Efnisfátækt er hér skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er hér skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er hér skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Mynd 7.14. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli innlends og erlends efnis í Sjónvarpinu, Skjá 1 og Stöð 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma stöðvanna á dag að jafnaði að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni og að frátöldum tónlistarmyndböndum á Skjá 1.
Efnisfátækt er hér skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er hér skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er hér skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Samkvæmt þessu einkennist efnisframboð einkastöðvanna af ofgnótt afþreyingarefnis og af erlendu efni og að sama skapi af fátækt af efni sem gróflega má flokka undir upplýsingu og af innlendu efni. Ójafnvægi í dagskrá Skjás 1 er þó sýnu meira en dagskrá Stöðvar 2 ber vitni um. Dagskrá Sjónvarpsins nálgast að vera í jafnvægi hvort heldur er miðað við efni eða uppruna dagskrár.

Samanburður á dagskrá stöðvanna sýnir að dagskráráherslur þeirra eru um margt ólíkar. Lýsa má mismunandi dagskráráherslum Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 út frá þeim upplýsingum sem tilfærðar eru hér á undan um samsetningu dagskrár og efnisframboð á þann hátt sem sýnt er í töflu 7.15. Sjónvarpið og Stöð 2 skera sig úr í samanburði við Skjá 1 hvað viðkemur áherslu á efni sem flokkast getur undir upplýsingu og afþreyingu. Sjónvarpið og Stöð 2 leggja svipaða áherslu á sýningar á efni fyrir börn og á innlent efni, þrátt fyrir að áhersla á innlent efni sé meiri daglangt í Sjónvarpinu en á Stöð 2, að ekki sé talað um á Skjá 1. Dagskrársamsetning og dagskráráherslur þessara tveggja stöðva eru þó um sumt sambærilegar á kjörtíma.

Tafla 7.15. *Dagskráráherslur almennra sjónvarpsstöðva daglangt og á kjörtíma*

	Sjónvarpið	*Skjár 1*	*Stöð 2*
Daglangt			
Upplýsing[1]	++	–	++
Afþreying[2]	++	+++	+++
Íþróttir	+++	–	–
Börn og unglingar	++	–	++
Tónlist	0	+++	+
Innlent efni	0	+	+
Kjörtími			
Upplýsing[1]	0	–	+
Afþreying[2]	++	+++	+++
Íþróttir	+	–	–
Börn og unglingar	–	–	–
Tónlist	–	–	–
Innlent efni	++	–	++

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár stöðvanna.
Merking tákna: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ rík áhersla.
[1] Fréttir, veður og þættir um þjóðfélagsmál, menningu, listir og vísindi.
[2] Leikið efni, skemmti- og dægurmálaþættir, auk annarrar afþreyingar.

Samanburð á dagskráráherslum stöðvanna með tilliti til áherslu á upplýsingu og afþreyingu og innlent og erlent efni má enn fremur sýna eins og gert er í mynd 7.15. Allar stöðvarnar leggja mun ríkari áherslu á afþreyingu fremur en upplýsingu, þó í mismiklum mæli sé. Aðeins dagskrá Sjónvarpsins kemst næst því að vera í jafnvægi hvað varðar innlent og erlent efni.

Mynd 7.15. *Efnisáherslur Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2*



Skýringar: byggt á *töflu 7.15.*

Ólíkt efnisframboð og dagskráráherslur almennu sjónvarpstöðvanna Sjónvarpsins, Skjás og Stöðvar 2 undirstrika svo ekki verður um villst ólíkt hlutverk og tilgang stöðvanna. Á meðan Sjónvarpið hefur margvíslegar skyldur gagnvart almenningi sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum, eru skyldur einkastöðvanna næsta litlar.[76]

1.16 Markaðshlutdeild í sjónvarpi

Mikillar samþjöppunar gætir á sjónvarpsmarkaði hér á landi. Lengi vel skiptist sjónvarpsmarkaðurinn nokkuð jafnt á milli Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Það var ekki fyrr en með tilkomu Skjás 1 sem tók að draga nokkuð úr veldi þessara tveggja stöðva á sjónvarpsmarkaði. Mynd 7.16 sýnir markaðshlutdeild stöðva 1995–2009 mælda sem hlutfall af þeim tíma sem sjónvarpsáhorfendur vörðu fyrir framan sjónvarpið daglega að jafnaði.[77]

Frá árinu 1995 hefur Sjónvarpið haldið svo til óbreyttum hlut í áhorfi, eða verið með markaðshlutdeild milli 40 og 50%. Tilkoma Skjás 1 hefur fyrst og fremst dregið úr markaðshlutdeild Stöðvar 2, sem hefur farið úr tæplega 50 prósenta markaðshlutdeild í október 1995 niður í 29 prósenta hlut í 42. viku 2009 (12.–18. október). Skjár 1 hefur að jafnaði haft 15 til 20 prósenta markaðshlutdeild frá upphafi mælinga á áhorfi á stöðina árið 1999. Áhorf á Skjá 1 mældist mest 25 prósent haustið 2006, en markaðshlutdeild stöðvarinnar reyndist 15 prósent í 42. viku 2009. Áhorf á aðrar stöðvar en þessar þrjár er snöggtum minna. Samanlögð hlutdeild Stöðvar 2 Bíó, Stöðvar 2 Sport og Stöðvar 2 Extra var átta af hundraði í 42. viku í október 2009.

Mynd 7.16. *Hlutdeild sjónvarpsstöðva í heildaráhorfi 1995–2009*



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

[76] Þetta gildir jafnt um hljóðvarp sem sjónvarp, sbr. kafla 4.1 að framan.

[77] Hér er aðeins miðað við hlutfall af áhorfi á þær stöðvar sem spurt var um í könnunum, en ekki allt sjónvarpsáhorf. Um ástæður þessa sjá að framan í 47. nmgr.

Markaðshlutdeild einstakra stöðva í 42. viku 2009 (dagana 12.–18. október) er dregin upp í mynd 7.17.

Mynd 7.17. *Hlutdeild stöðva í heildaráhorfi á sjónvarp í október 2009*



Skýringar: 42. vika 2009, 12.–18. október 2009.

* *Stöð 2 Sport* og *Stöð 2 Sport 2* eru hér taldar sem ein stöð. Hlutdeild hvorrar stöðvar í heildaráhorfi mældist um 2,3 prósent og 1,5 prósent, í þessari röð.

Heimild: Capacent, 2009.

Séu þessar niðurstöður heimfærðar upp á rekstraraðila, eins og gert er í mynd 7.18, sést greinilega hvernig tilkoma Skjás 1 breytti því veldi sem lengi vel ríkti á markaði milli Sjónvarpsins og stöðva 365 miðla ehf. og fyrirrennara þess.[78] Með tilkomu Skjás 1 dró talsvert úr markaðshlutdeild hinna tveggja stóru aðilanna á markaði. Frá því um aldamót og fram til ársins 2007 hélst markaðshlutdeild þessara þriggja aðila að mestu óbreytt. Samanlögð markaðshlutdeild stöðva 365 miðla ehf. í október 2009 (42.viku) var 37% samanborið við 55% í október 1999 er markaðshlutdeildin mældist hæst. Á sama tíma hefur hlutur Sjónvarpsins aukist nokkuð, frá því að vera 43% árið 1999 í 49%. Ef hins vegar er einungis miðað við skiptingu á markaðshlutdeild milli rekstraraðila einkastöðvanna þá mældist samanlögð hlutdeild stöðva 365 miðla ehf. 71% á móti 29% hlut Skjásins – miðlar ehf. sem gerir út Skjá 1.

[78] Þ.e. Dagsbrúnar hf., Norðurljósa hf., Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar ehf.

Mynd 7.18. *Hlutdeild rekstraraðila í heildaráhorfi á sjónvarp 1995–2009*



Skýringar:
* 365 miðlar ehf. og fyrrirennarar þess Dagsbrún hf., Norðurljós hf., Íslenska útvarpsfélagið hf. og Sýn ehf.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

Með auknu framboði sjónvarpsefnis og fjölgun sjónvarpsstöðva dró verulega úr hlutdeild Sjónvarpsins í áhorfi gagnvart einkastöðvunum (sjá mynd 7.19). Samanlagður skerfur einkastöðva í heildaráhorfinu í 42. viku 2009 var 51 af hundraði samanborið við 65 af hundraði er hann hefur verið mestur.

Mynd 7.19. *Hlutdeild Sjónvarpsins og einkarekinna stöðva í heildaráhorfi 1995–2009*



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

Reyndar ber þess að geta að dregið hefur verulega úr markaðshlutdeild Skjás 1 síðan stöðin hóf að senda út læsta dagskrá til áskrifenda eingöngu í nóvember 2009. Þannig mælist stöðin nú að jafnaði með milli sex og sjö prósenta hlut í stað 15–16 áður. Minnkað áhorf á stöðina hefur komið Sjónvarpinu fyrst og fremst til góða. Eftir að Skjár 1 varð að áskriftarstöð mælist Sjónvarpið að jafnaði með um 55% hlutdeild (sjá Capacent., *www.capacent.is > fjölmiðlamælingar>sjónvarp*).

Markaðshlutdeild þeirra þriggja stöðva sem senda út almenna dagskrá, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2, er að jafnaði yfir 90% af samanlögðu áhorfi á þær stöðvar sem þátt taka í áhorfsmælingum. Þetta vekur upp spurningu um það hvort samhengi sé á milli framboðs stöðva eftir dagskrársniði og eftirspurn áhorfenda. Tafla 7.16 sýnir efnisfjölbreytni á sjónvarpsmarkaði eftir dagskrársniði stöðva og skiptingu áhorfenda.

Tafla 7.16. *Samanburður á dagskrárframboði og áhorfi á almennar stöðvar og sérefnisstöðvar*

	Dagskrárframboð, %	*Áhorf, %*	*Mismunur*
Almennar stöðvar[1]	49	91	-42
Íþróttastöðvar[2]	23	5	+18
Afþreyingarstöðvar[3]	27	4	+23

Skýringar: Áhorf í 18. viku 2009, 26. apríl – 3. maí; á Sjónvarpið, Skjá 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Extra og Stöð 2 Sport; dagskrárframboð sömu stöðva árið 2008.
[1] Þ.e. Sjónvarpið, Skjár 1 og Stöð 2.
[2] Þ.e. Stöð 2 Sport.
[3] Þ.e. Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra.
Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands.

Samanburðurinn sýnir að eftirspurn eftir almennum stöðvum er mun meiri en framboðið. Dagskrárframboð almennra stöðva er tæplega helmingur af dagskrárframboði sjónvarps, þótt níu tíundu hlutar áhorfsins falli í þeirra hlut. Dagskrárframboð íþróttastöðvarinnar Stöðvar 2 Sport er talsvert umfram eftirspurn. Munurinn er enn meiri á milli framboðs og eftirspurnar afþreyingarstöðva.

1.16.1 Markaðshlutdeild í norrænum og evrópskum samanburði

Samþjöppun á sjónvarpsmarkaði tiltölulega mikil hér á landi í samanburði við það sem almennt gerist í löndum Evrópu. Það á jafnt við hvort sem miðað er við markaðshlutdeild áhorfsmestu stöðvarinnar eða tveggja og þriggja áhorfsmestu stöðvanna eins og lesa má út úr töflu 7.17.[79] Þetta stafar af miklu leyti af því að fjöldi stöðva er minni hér en almennt gerist í fjölmennari löndum. Áhorfendur dreifast því ekki í sama mæli hér á milli stöðva eins og í þeim löndum þar sem þar sem sjónvarpsáhorfendur geta valið á milli mikils fjölda stöðva. Hlutur einkastöðva er sömuleiðis mun lægri hér en sem nemur hlut einkastöðva að meðaltali í Evrópu; að sama skapi er hlutur Sjónvarpsins hærri en stöðva í almannaþjónustu að jafnaði.

Mynd 7.20 sýnir markaðshlutdeild stöðva í opinberri eigu og einkastöðva innan 37 Evrópulanda miðað við upplýsingar frá árinu 2007. Markaðshlutdeild sjónvarps í almannaþjónustu er aðeins hærri í Hvíta Rússlandi og Króatíu en hér á landi.

Tafla 7.17. *Sjónvarp í Evrópu 2007 – hlutdeild í áhorfi*

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*[1]
Austurríki	12+	26	43	50	43	57
Belgía, flæmski hlutinn	15+	31	53	61	37	63
Belgía, vallónski hlutinn	15+	25	41	55	20	80
Bretland	16+	23	43	52	40	60
Búlgaría	15+	37	55	70	15	85
Danmörk	12+	34	60	66	33	67
Eistland	18+	21	39	56	17	83
Finnland	10+	26	50	67	44	56
Frakkland	15+	31	50	64	38	62
Grikkland	15+	19	35	50	16	84
Holland	13+	19	32	42	32	68
Hvíta-Rússland	16+	42	54	62	62	38
Írland	15+	27	40	51	41	59
Ísland	12–80	49	81	99	49	51
Ítalía	15+	23	44	55	43	57
Króatía	18+	35	57	75	51	49
Kýpur	18+	21	40	55	20	80
Lettland	18+	19	36	48	16	84
Litháen	15+	25	47	61	14	86

[79] Þessum samanburði ver að taka með nokkurri varúð vegna ólíkra aðferða við mælingar á sjónvarpsnotkun eftir löndum.

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*[1]
Lúxemborg	12+	42	48	53	0>	<100
Makedónía	14+	23	36	43	9	91
Malta	12+	33	48	61	33	67
Noregur	12+	38	67	76	42	58
Portúgal	15+	28	55	80	32	68
Pólland	16+	23	42	59	42	58
Rúmenía	18+	15	27	39	17	83
Rússland	18+	22	40	55	45	55
Serbía	15+	27	50	60	36	64
Slóvakía	15+	35	53	69	23	77
Slóvenía	15+	26	50	61	33	67
Spánn	16+	21	39	56	23	77
Sviss, frönskumælandi hlutinn	15–74	24	40	48	31	69
Sviss, ítölskumælandi hlutinn	15–74	24	36	46	31	69
Sviss, þýskumælandi hlutinn	15–74	23	32	39	32	68
Svíþjóð	15+	22	41	56	35	65
Tékkland	15+	40	62	82	31	69
Tyrkland	20+	15	26	36	5	95
Ungverjaland	18+	26	50	69	18	82
Úkraína	18+	22	38	45	2	98
Þýskaland	14+	14	27	40	27	73
Evrópa, meðaltal	•	27	45	58	29	71
Evrópa, miðgildi	•	25	43	56	32	68

Skýringar: Meðaltal er óvegið meðaltal. Opinberar stöðvar sem reknar eru alfarið á markaðsforsendum eru hér flokkaðar með einkareknum stöðum, svo sem eins og Channel 4 í Bretlandi og TV2 í Danmörku.

[1] Í nokkrum tilfellum ásamt áhorfi á erlendar stöðvar.

Heimildir: EAO, 2008a; Harrie, 2009; IP, 2008.

Mynd 7.20. *Markaðshlutdeild sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu og einkaeigu í Evrópu 2007 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Meðaltal er óvegið meðaltal. Opinberar stöðvar sem reknar eru alfarið á markaðsforsendum eru hér flokkaðar með einkareknum stöðum, s.s. eins og *Channel 4* í Bretlandi og *TV2* í Danmörku.

Heimildir: EAO, 2008a; Harrie, 2009; IP, 2008.

Opinberu norrænu sjónvarpsstöðvarnar eiga það sammerkt að staða þeirra á markaði er tiltölulega sterk miðað við opinberar stöðvar víða annars staðar í Evrópu. Markaðshlutdeild norrænu stöðvanna allra mælist fyrir ofan miðju.

Markaðshlutdeild flestra norrænu stöðvanna minnkaði framan af tíunda áratugnum samfara auknu framboði sjónvarpsstöðva og auknu sjónvarpefni, en frá miðjum síðasta áratug hefur hlutdeild opinberu stöðvanna í áhorfi að mestu verið stöðug. Mynd 7.21 sýnir markaðshlutdeild opinberu sjónvarpsstöðvanna á Norðurlöndum frá árinu 1995 til ársins 2008. Markaðshlutdeild Sjónvarpsins mældist hæst árið 2008, en hlutdeild danska ríkisútvarpsins, DR, lægst. Markaðshlutdeild DR hefur um langt skeið verið talsvert lægri en annarra norrænna opinberra sjónvarpsstöðva. Að hluta til stafar þetta af því að danskir sjónvarpsáhorfendur hafa lengi átt þess kost að sjá sjónvarp frá nágrannalöndunum. Einnig kann að skipta máli að sjónvarp á vegum einkaaðila var heimilað fyrr í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndum.

Mynd 7.21. *Markaðshlutdeild norrænna opinberra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (hlutfall, %)*



Heimildir: Harrie, 2006, 2009; NORDICOM, www.nordicom.gu.se/.

2.17 Útvarp í almannaþjónustu

Lafði Patricia Hodgson og fyrrverandi stjórnarformaður Independent Television (ITV) í Bretlandi komst eitt sinn þannig að orði um útvarp í almannaþjónustu að erfitt sé að skilgreina það, en það sé engu síður auðþekkjanlegt *(„Public service broadcasting may be hard to define, but it is easy to recognise*," Hodgson, 1993). Í sama streng tekur Armand Mattelart þegar hann segir að „skipulag sem ræðst af einkaeign er óhjákvæmilega ólíkt því sem er stjórnað af almannaþjónustu" (*„a regime of private property is necessarily different from one governed by the principle of public service,"* Mattelart, 1994: 192). Því hefur jafnframt verið haldið fram að meginmunur á almannaþjónustuútvarpi sem stendur undir nafni og einkastöðvum felist í því að það fyrrnefnda komi fram við notendur sem jafnrétthá borgara í stað neytenda (sær. Garnham, 1990, 8. kafli; 1993; Hoggart, 2004). Hvað sem slíkum bollalegg-

ingum varðar má vera ljóst að tilgangur og hlutverk stöðva í almannaþjónustu og einkarekinna stöðva eru eðli málsins samkvæmt ólík.

Til að varpa ljósi á það í hverju einkenni útvarps í almannaþjónustu felast verður fyrst að skoða hvað er fólgið í hugtakinu, hvaða skilyrði það verður að uppfylla og í hverju árangur (e. *performance*) þess er ólíkur í samanburði við einkarekið útvarp. Hugtakið útvarp í almannaþjónustu getur haft margvíslega merkingu og vísað til ólíkra hluta. Harald Moe og Trine Syvertsen halda því fram að útvarp í almannaþjónustu er ekki í skilningi þess orðs „skýrt skilgreint hugtak“ (*„a precise analytical term,“* Moe og Syvertsen, 2008: 398). Vegna sögulegra tengsla milli útvarps í almannaþjónustu og ríkisvaldsins er sá misskilningur útbreiddur að samasemmerki þurfi að vera á milli almannaþjónustu og ríkisrekstrar. Almannaþjónusta snýst ekki um eignarforræði heldur hvernig fjármögnun hennar er háttað og hvaða skilyrði og skyldur hún þarf að uppfylla gagnvart notendum (Garnham, 1990; 1993; Syverten, 2003).

Skilningur manna á hugtakinu hefur einnig breyst í tímans rás í samræmi við breyttar aðstæður á hverjum tíma (Scannel, 1990). Notkun hugtaksins er oft gildishlaðin og hefur á sér blæ jákvæðni og þess sem er álitið æskilegt og hefur oftar en ekki skírskotun til menningar, fagmennsku og gæða (Syvertsen, 1999).

Greina má þónokkra grunnþætti sem almennt er samkomulag um að útvarp í almannaþjónustu feli í sér. Útvarp í almannaþjónustu er þjóðarútvarp sem nær til allra óháð búsetu og efnahag, efni þess höfði til allra með blöndu af fræðslu, upplýsingu og afþreyingu, það sinni þörfum minnihlutahópa jafnt sem stærri hópa, það stuðli að þjóðareiningu og leggi rækt við menningararfinn og stuðli að almennri menningarþróun, það hafi markaðsleg sjónarmið að leiðarljósi varðandi dagskrá og umfjöllunarefni, og að stjórnvöld hlutist ekki til um daglega starfsemi þess (d'Haenens og Bardoel, 2007; Raboy, 1995; Scannel, 1990; Syvertsen, 1999, 2003). Útvarp í almannaþjónustu snýst ekki um tækni heldur þjónustu og tryggð við notendur (Nissen, 2006; Wolton, 2006).

Ærið misjafnt er hvernig skipulagi útvarps í almannaþjónustu er háttað milli landa, hvaða skyldur það ber og hvernig fjármögnun þess er farið. Lengst af hefur útvarp í almannaþjónustu víðast í Evrópu verið fjármagnað með afnotagjöldum, en upp á síðkastið hefur færst í vöxt að starfsemin sé fjármögnuð með beinu framlagi hins opinbera, og/eða að stöðvunum hefur verið gert að sækja sér rekstrarfé með auglýsingatekjum, kostun og öðrum markaðstekjum (Moe og Syvertsen, 2008; Picard, 2005; Syvertsen, 2003).

1.17.1 Útvarp í almannaþjónustu á markaði

Samkeppni útvarps í almannaþjónustu og einkaútvarps um hlustendur/áhorfendur og tekjur vekur upp spurningu um áhrif slíkrar samkeppni á efnisfjölbreytni þess síðarnefnda. Að því er viðkemur sjónvarpi sérstaklega, þótt það sama gildi að mestu um hljóðvarp einnig, hafa stöðvar sem hafa almannaþjónustuhlutverki að gegna um þrjár meginleiðir að velja til að bregðast við samkeppni frá einkastöðvum (Hultén 2007; Hultén og Brants, 1992). Í fyrsta lagi geta þær aðlagað dagskrána og dagskrárefni sitt að efni og efnisáherslum einkastöðvanna. Í annan stað hafa opinberar sjónvarpsstöðvar þann kost að einbeita sér að því að berja í markaðsbresti og draga sig í hlé í samkeppni við einkastöðvarnar og einbeita sér að efni sem einkastöðvar sinna lítt eða alls ekki, svo sem fræðslu- og menningarefni og efni fyrir afmarkaða hópa og verða að eins konar jaðarsjónvarpi (e. *ghettoized*). Í þriðja lagi geta opinberar sjónvarpsstöðvar brugðist við samkeppni frá einkastöðvum með því að leggja aukna alúð og rækt við almannaþjónustuhlutverk sitt, með áherslu á alhliða og fjölbreytt efni,

fræðslu og afþreyingu. Síðastnefnda leiðin er sjálfgefin rísi sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu undir hlutverki sínu.

Samkeppni milli stöðva í einkaeigu og almannaþjónustu um áhorfendur og tekjur getur hæglega leitt til efnislegrar einsleitni. Yves Achille og Bernard Miège halda því til að mynda fram að frá því upp úr 1980 hafi dagskrá fjölmargra sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu í Evrópu tekið að líkjast dagskrá einkastöðva með aukinni áherslu á afþreyingu og skemmtun. Þetta hafi verið þeim mun meira áberandi á þeim stöðvum sem þurftu að reiða sig á markaðstekjur, auglýsingatekjur og kostun, en þeirra stöðva sem fjármagnaðar voru með afnotagjöldum að öllu eða að langmestu. Sýningar á efni sem ekki höfði til meginþorra áhorfenda og barna- og unglingaefni hafi horfið af kjörtíma og þokast út á dagskrárjaðarinn þegar færri eru að horfa. Þótt þetta kunni að vera fallið til árangurs til skamms tíma halda Achille og Miège því fram að til lengri tíma litið grafi sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu sér smám saman eigin gröf með þessu. Eftir því sem efni almannaþjónustustöðva er líkara efni einkarekinna stöðva þeim mun erfiðara er að slá skjaldborg um sjónvarp í almannaþjónustu og réttlæta tilvist þess (Achille og Miège, 1994; sjá einnig um þetta í Padovani og Tracey, 2003; Tracey, 1998). Eins og Søndergaard staðhæfir:

> Stærsta ógnin sem steðjar að sjónvarpsstöðvum í almannaþjónustu er fremur sú að þær, í kappsemi sinni að komast af á markaði sem hefur í raun enga þörf fyrir þær, muni grafa sína eigin gröf. Þannig er brýnt að tekin verði afstaða til þess hvort þessi þjónusta skuli áfram verða talin til menningarlegra þátta, að verða viðhaldið þrátt fyrir afstöðu markaðarins, eða hvort hún eigi að vera aðlöguð að þessum aðstæðum.
>
> [*The greatest threat public service media face is rather that they, themselves, in their eagerness to survive on a market that really has no use for them, will dig their own graves. For that reason it is vital that we make up our minds as to whether public service broadcasting shall continue to be counted among the objects of cultural policy, to be sustained despite market pressures, or whether it should continue to adapt to those pressures.*]
>
> Søndergaard, 1999: 27.

Rannsókn Trine Syvertsen á dagskrárframboði á norsku sjónvarpsstöðvunum sem senda út almenna dagskrá á landsvísu (þ.e. NRK, TV 2 og TV Norge) virðist renna stoðum undir þetta. Efni sem ekki er eins líklegt til vinsælda hefur þokast í vaxandi mæli út á jaðar dagskrár norska ríkissjónvarpsins NRK, en að sama hefur aukin áhersla verið lögð á afþreyingarefni á kjörtíma í líkingu við keppinautana. Syvertsen staðhæfir að á árunum 1992–1995 hafi fjölbreytni í framboði sjónvarpsefnis á kjörtíma minnkað vegna þess að NRK hafi í auknum mæli tekið mið af dagskrá einkastöðvanna (Syvertsen, 1997). Els De Bens hefur komst að viðlíka niðurstöðu um efnisframboð í belgísku sjónvarpi (De Bens, 2000).

Niðurstöður rannsókna eru þó ekki samdóma um áhrif samkeppni á milli einkastöðva og stöðva í almannaþjónustu á efnisfjölbreytni.[80] Þannig getur styrk staða stöðva í almannaþjónustu orðið til þess að einkastöðvar sæki í smiðju sjónvarps í almannaþjónustu í leit að fyrirmyndum. Langtímarannsókn þeirra Heikki Hellmanns og Tuomo Sauris á dagskrárframboði finnskra einkastöðva og opinberu stöðvarinnar YLE á kjörtíma benda eindregið til þess að svo sé (Aslama, Hellmann og Sauri, 2004; Hellman og Sauri, 1994, 1996). Á sama tíma og YLE hefur í auknum mæli tekið mið af dagskrárframboði helstu

---

[80] Sbr. Bentson, Nielsen og Nordahl Svendsen, 1992, Coppens, 2005, Hellmann, 2001, Kopp, 1989, Krüger, 2005, Picard, 2002b, Roth, 2004,, van der Wurff, 2004, van der Wurff, Cuilenburg og Keune, 2000 svo aðeins fáeinar rannsóknir séu nefndar.

finnsku einkastöðvarinnar MTV (nú MTV3) varðandi vinsælt afþreyingarefni, hefur sú síðarnefnda sótt fyrirmynd til YLE varðandi fréttir og fréttatengt efni og þætti um samfélagsmál. Sama má ætla að gildi um Stöð 2, en stöðin hefur alla tíð lagt áherslu á fréttir og fréttatengt efni og eftir mætti á innlenda dagskrá á kjörtíma, sem og efni fyrir börn á öðrum tímum dagsins. Fréttatími stöðvarinnar hefur verið flaggskipið í dagskránni frá upphafi og verið sá dagskrárliður stöðvarinnar sem þráfaldlega hefur mælst með mest áhorf í gegnum árin.[81]

Fjármögnun, öðrum þáttum fremur, virðist hafa afgerandi áhrif á það hvernig sjónvarpsstöðvum sem reknar eru í almannaþjónustu tekst að uppfylla lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk með fjölbreyttu framboði efnis – upplýsingar jafnt sem afþreyingar. Eins og Nicholas Garnham staðhæfði fyrir löngu um sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu: „Það er fjármagnið og eðli fjármögnunarinnar sem ræður mestu um það svigrúm sem fjölmiðlastarfseminni er skapað.“ (*„It is the quantity of the funding and the nature of the financing source that is the most fundamental determining constraint on a broadcasting structure,“* Garnham, 1978: 53.) Fjölbreytni efnis og hve ríka áherslu almannasjónvarpsstöðvar leggja á umfjöllun um menningu og samfélagsmál, ekki síst á kjörtíma, virðist öðru fremur ráðast af því hvernig fjármögnun stöðvanna er háttað. Stöðvar sem fjármagnaðar eru að öllu eða að mestu leyti af afnotagjöldum eða hliðstæðu fyrirkomulagi standa sig almennt betur við að sinna almannaþjónustuhlutverki sínu en stöðvar sem þurfa að reiða sig að verulegu leyti á markaðstekjur, auglýsingar og kostun, í samkeppni við markaðsmiðla um athygli áhorfenda og auglýsenda (Achille og Miège, 1994; Brants og De Bens, 2000; Iosifids, 2007; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005; McKinsey & Co., 1998, 2007; Padovani og Tracey, 2003; Picard, 2002b).

Sú staðreynd að Ríkisútvarpið sækir um þriðjung tekna sinna í samkeppni við einkastöðvar vekur upp spurningar um hvaða áhrif það hafi á dagskrá, efnisframboð og efnisáherslur þess jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Tafla 8.1 og mynd 8.1 sýna hvernig fjármögnun Sjónvarpsins var háttað árið 2007 í samanburði við aðrar opinberar evrópskar sjónvarpsstöðvar um líkt leyti. Sambærilegar upplýsingar eru ekki tiltækar um fjármögnun hljóðvarps í almannaþjónustu. Tekjum sjónvarpsstöðvanna er skipt upp í opinberar tekjur og markaðstekjur. Opinberar tekjur eru bein opinber framlög og afnotagjöld; markaðstekjur eru auglýsingar, kostun og ýmsar aðrar tekjur, svo sem sala sýningarréttar.

---

[81] Þrátt fyrir að höfundi sé ekki kunnugt um hliðstæðar rannsóknir varðandi hljóðvarp má gera ráð fyrir að svipað eigi við og viðkemur sjónvarpi.

Tafla 8.1. *Fjármögnun opinberra evrópska sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*

		Opinber fjármögnun			*Markaðstekjur*				
Land	*Stöð*	*Alls*	*Opinber framlög*	*Afnota-gjöld*	*Alls*	*Auglýs-ingar*	*Kostun*	*Aðrar*[1]	*Ár*
Austurríki	ORF	50	–	50	50	32	–	19	2007
Belgía	RTBF[2]	72	72	–	28	21	–	7	2006
	VRT[3]	61	61	–	39	8	5	26	2006
Bretland	BBC Group	81	6	75	19	–	–	19	2008
Danmörk	DR	92	–	92	8	–	–	8	2007
Eistland	ERR TV	91	91	–	9	1	–	8	2007
Finnland	YLE	96	4	92	4	–	–	4	2006
Frakkland	France TV	62	–	62	38	28	–	10	2006
Grikkland	HRT	64	6	57	36	36	–	0	2002
Holland	Ned 1, 2, 3	55	55	–	45	29	0	16	2006
Írland	RTE	44	–	44	56	46	2	7	2007
Ísland	RÚV – Sjónvarp	69	–	69	31	23	4	4	2006
Ítalía	RAI	50	2	48	50	33	3	14	2007
Króatía	HRT	65	1	64	35	27	–	8	2006
Lettland	LTV	55	55	–	45	40	0	5	1999
Litháen	LNRT	62	62	–	38	31	1	7	2006
Makedónía	MKRT	64	12	53	36	21	–	16	2001
Malta	PBS-TVM	25	25	–	76	69	–	6	2005
Noregur	NRK	95	1	94	5	–	1	4	2006
Pólland	TVP	27	0	27	73	54	5	13	2006
Portúgal	RTP	76	40	36	24	17	–	7	2007
Rúmenía	TVR	84	13	71	16	11	0	5	2004
Slóvakía	STV	80	14	66	20	11	3	6	2002
Slóvenía	RTVSLO	66	65	1	34	19	–	15	2006
Spánn	RTVE	44	44	–	56	53	–	3	2006
Sviss	SRG-SSR	62	1	61	38	28	4	7	2007
Svíþjóð	SVT	93	–	93	7	–	–	7	2007
Ungverjaland	MTV	74	45	29	26	9	1	16	2002
Tékkland	Česká Televize	65	–	65	35	19	4	12	2006
Tyrkland	TRT	92	92	–	9	8	0	0	2005
Þýskaland	ARD	86	–	86	14	4	–	9	2007
	ZDF	87	–	87	13	7	–	7	2007
Evrópa	Meðaltal	68	•	•	32	•	•	•	•
	Miðgildi	66	•	•	34	•	•	•	•

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Ásamt sölu á sýningarrétti.
[2] Vallónski hlutinn.
[3] Flæmski hlutinn.
Heimild: EAO, 2004–2008.

Mynd 8.1. *Fjármögnun opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Heimild: EAO, 2004–2008.

Opinberar tekjur vega þyngra í fjármögnun flestra af þeim 32 opinberu sjónvarpsstöðvum sem tilgreindar eru í töflunni og á myndinni. Aðeins RTÉ á Írlandi, TVE á Spáni, TVP í Póllandi og TVM á Möltu eru fjármagnaðar að mestu með markaðstekjum. Starfsemi norrænu stöðvanna, YLE í Finnlandi, KNR í Noregi, SVT í Svíþjóð og DR í Danmörku er nær alfarið fjármögnuð með opinberu fé.

Lauslegur samanburður á fjármögnun stöðvanna og hlut upplýsingar og afþreyingar á dagskrá þeirra sýnir að dagskrárjafnvægi stöðva sem styðjast við opinbera fjármögnun að mestu er almennt meira en þeirra stöðva sem fjármagna starfsemi sína að miklu leyti með markaðstekjum (sjá töflu 7.13 og mynd 7.12 að framan). Frá þessu eru þó mikilsverðar undantekningar. Fleiri þættir en tekjusamsetning stöðvanna hafa hér augljóslega áhrif, svo sem upphæð þeirra tekna sem stöðvarnar hafa úr að spila, laga- og reglugerðarrammi sem er um starfsemi stöðvanna hvernig almannaþjónustuhlutverk þeirra er skilgreint, auk sérstakra sögulegra og pólitískra kringumstæðna í hverju landi fyrir sig.

1.18 Fjölmiðlatekjur

Tekjuöflun fjölmiðla er um margt einstök. Ólíkt öðrum framleiðendum og seljendum vöru og þjónustu er algengast að fjölmiðlar séu þátttakendur á tveimur vöru- og þjónustumörkuðum í senn (e. *dual product market*) (Albarran, 2004; Barwise og Gordon, 2002; Croteau og Hoynes, 2001: Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004; Picard, 1989; Roppen, 2004). Rekstur og afrakstur fjölmiðla byggist að verulegu leyti af frammistöðu þeirra á báðum þessum mörkuðum. Fjölmiðlar falbjóða framleiðslu sína, upplýsingu og afþreyingu á markaði í formi bóka, blaða, tímarita, hljóðvarps- og sjónvarpsþátta, hljóðrita og kvikmynda sem dreift er eftir margvíslegum leiðum, á pappír, í kvikmyndahúsum, á diskum, á netinu og í gegnum farsíma. Ekki selja þó allir fjölmiðlar efni sitt til notenda með beinum hætti, svo sem eins og fríblöð og sjónvarpsstöðvar sem senda út opna dagskrá. Notendur greiða hins vegar fyrir fjölmiðlanotkunina óbeint í formi þess tíma sem þeir verja til fjölmiðlanotkunar, en tími er eins og allir vita takmörkuð og jafnframt verðmæt auðlind (Inglis, 1990: 115–16; Picard, 1989: 17; Rojek, 2009, 2. kafli).

Fjölmiðlar eru einnig á auglýsingamarkaði jafnhliða því að vera á vörumarkaði. Almennt er haft á orði að fjölmiðlar selji auglýsendum rými og tíma undir auglýsingar. Eftir því sem stærð og samsetning notendahóps fjölmiðilsins fellur betur að markhópi tiltekinnar vöru og þjónustu svo sem með tilliti til aldurs, kyns, félagslegrar stöðu, tekna og búsetu og annarra félagslegra þátta, þeim mun eftirsóttari er viðkomandi miðill fyrir tiltekna auglýsendur og hærra verðs er unnt að krefjast fyrir birtingu og flutning auglýsinga. Af þessum sökum er eðlilegra að telja að fjölmiðlar skapi fjölmiðlanotendur sem þeir síðan selja auglýsendum aðgang að (sbr. Davis, 2006, Doyle, 2002b; Murdock, 2000b; Sinclair, 1989, 1. og 2. kafli).[82]

Viðlíka gegnir um kostun utanaðkomandi aðila á framleiðslu eða útsendingu dagskrárliða í útvarpi. Slíkt hefur að markmiði að vekja athygli á starfsemi, vörum og/eða vörumerki og að styrkja jákvæða ímynd á meðal viðskiptavina. Áhugi á því að kosta efnisgerð fjölmiðla ræðst fyrst og fremst af samsetningu þess markhóps sem ætlað er að birting og flutningur hins kostaða efnis eða dagskrárliðar höfði öðrum fremur til. Af þessum sökum er eðlilegast að líta á kostun sem eitt form auglýsinga (Davis, 2006; Sinclair, 1989) sem getur þegar vel tekst til verið áhrifameiri en beinar auglýsingar (Luhmann, 2000: 46).

---

[82] Sumir fræðimenn líta reyndar svo á að fjölmiðlanotendur séu óafvitandi í starfi við að horfa á auglýsingar sem þeir fá „greitt fyrir“ með skemmtun og upplýsingu (sbr. Jhally, 1987; Smythe, 1981).

Ekki afla þó allir fjölmiðlar sér tekna með auglýsingum. Sumir fjölmiðlar eru eingöngu fjármagnaðir með sölu efnis, á meðan fjármögnun annarra er tryggð að öllu eða verulegu leyti með opinberum framlögum (lögbundnum afnotagjöldum eða í formi skatttekna). Enn aðrir fjölmiðlar eru reknir fyrir framlög frá einstaklingum og með sjálfboðastarfi sem tíðkast gjarnan með fjölmiðla á vegum málhópa og félagslegra hreyfinga, svo sem þjónustumiðla, fjölmiðla á vegum trúarhópa og nemendafélaga o.s.frv. Þessir fjölmiðlar eru ekki í beinni samkeppni um tekjur við þá fjölmiðla sem eru á markaði og hér eru nefndir markaðsmiðlar. Útbreiðsla fjölmiðla þessarar náttúru er oftast takmörkuð og efni þeirra sniðið að fyrir fram þekktum og skilgreindum hópi notenda. Líta má á starfsemi slíkra miðla sem „nærmiðlun“ (e. *narrowcasting*).[83]

1.18.1 Tekjuöflun fjölmiðla

Leiðir sem fjölmiðlar beita til að afla sér tekna ráðast einkum af tvennu: annars vegar af því hvernig dreifingu þeirra er háttað og hins vegar af útbreiðslu og landfræðilegri afmörkun útbreiðslusvæðis þeirra (Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004; Picard, 1989: 19–21, 2002a, 3. kafli).

Einfölduð mynd af tekjuöflun markaðsdrifinna blaða, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva auk vefmiðla er sýnd í töflu 9.1 með tilliti til mismunandi aðferða við dreifingu, landfræðilegra takmarkana markaðsvæðis og útbreiðslu. Tekjum er hér skipt upp í greiðslu fyrir efni (áskriftir, lausasölu og þáttasölu), kostun og auglýsingar. Auglýsingar skiptast í almennar auglýsingar (e. *display advertisements*), flokkaðar auglýsingar (e. *classified display advertisements*) og smáauglýsingar (e. *classified advertisements*). Flokkaðar auglýsingar eru t.d. atvinnu- og fasteignaauglýsingar og smáauglýsingar í fréttablöðum og skjáauglýsingar (e. *badge eða sign advertisements*) í sjónvarpi. Auk þessara tveggja megintegunda auglýsinga eru auglýsingainnlegg eða innskot og pésar (e. *preprinted inserts*) sem smeygt er inn í blöð áður en þau eru borin út til lesenda. Auglýsingum er ýmist ætlað að höfða til neytenda óháð búsetu þeirra eða til neytenda sem búsettir eru á afmörkuðum og staðbundnum mörkuðum. Táknin * og + eru hér notuð til að auðkenna mikilvægi mismunandi aðferða fyrir tekjuöflun miðlanna, þar sem * gefur til kynna að viðkomandi tekjuflokkur er mikilvægur fyrir miðilinn og + merkir léttvæga tekjulind.

---

[83] Dæmi þar um er t.d. Útvarp fyrir nýbúa, XA-Radíó sem flytur 12 spora efnið, trúboðsstöðvar eins og hljóðvarpsstöðvarnar Útvarp Boðun og Lindin og kristilega sjónvarpsstöðin Omega. Hér undir falla einnig sumir þjóðmálavefir.

Tafla 9.1. *Tekjuöflun markaðsmiðla*

Tegund fjölmiðla	Greitt fyrir efni (áskriftir, sala)	Kostun	Almennar auglýsingar	Flokkaðar auglýsingar og smáauglýsingar/skjáauglýsingar	Auglýsingainnlegg og pésar
Bækur	*				
Tímarit	*	+	*	+	
Fréttablöð					
Dagblöð, seld	*		*	+	+
Dagblöð, fríblöð			*	+	+
Staðarblöð, seld	*		*	+	
Staðarblöð, fríblöð			*	+	
Almenn vikublöð	*		*	+	
Sérefnisblöð	*		*	+	
Hljóðrit	*				
Kvikmyndir f. kvikmyndahús	*		+	+	
Mynddiskar og bönd	*		+		
Hljóðvarp					
Almennar stöðvar		+	*		
Staðarstöðvar		+	*		
Sérefnisstöðvar		+	*		
Opnar sjónvarpsstöðvar					
Almennar stöðvar		+	*	+	
Staðarstöðvar		+	*	*	
Áskriftarsjónvarp					
Almennar stöðvar	*	+	*	+	
Sérefnisstöðvar	*	+	*	+	
Þáttasölusjónvarp	*				
Endurvarp	*				
Fréttavefmiðlar					
Almennir vefir	+		*	*	
Sérefnisvefir	+		*	*	
Staðarvefir			*	+	

Skýring: staðfærð og einfölduð mynd.
Merking tákna: * = mikilvæg tekjulind; + = léttvæg tekjulind.
Heimild: byggt á Picard, 1989: 20.

Algengast er að fréttablöð afli bæði tekna með sölu og auglýsingatekjum. Tekjur fríblaða eru hins vegar eingöngu af birtingu auglýsinga. Útbreiðslusvæði dagblaða, sérefnisblaða og almennra vikublaða er oftast á landsvísu eða fast að því. Auglýsingatekjur þessara blaða eru því fyrst og fremst fengnar með birtingu almennra auglýsinga sem ætlað er að höfða til lesenda óháð búsetu þeirra og í minna mæli af birtingu rað- og smáauglýsinga og með dreifingu auglýsingainnleggja og pésa. Aukinheldur sitja dagblöðin, sem og aðrir landsmiðlar, að aug-

lýsingum sem ætlað er að höfða til neytenda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem höfuðborgarsvæðið er mikilvægasti einstaki útbreiðsluvettvangur miðlanna.[84]

Öðru máli gegnir með staðarblöð og aðra staðbundna fjölmiðla. Þótt unnt sé að lesa flest staðarblaðanna og hlusta á útsendingu stöðvanna á netinu er útbreiðsla þessara miðla engu síður fyrst og fremst staðbundin vegna efnis þeirra. Auglýsingatekjur staðarmiðla fást því aðeins af auglýsingum sem beint er til neytenda heima í héraði.

Tekjur hljóðvarpsstöðva samanstanda aðallega af almennum auglýsingum og í minna mæli af kostun. Sama máli gegnir með sjónvarpsstöðvar sem senda út í opinni dagskrá. Stöðvar sem senda út í lokaðri dagskrá reiða sig að stærstum hluta á áskriftartekjur og almennar auglýsingar, en í minna mæli á kostun og skjáauglýsingar.

Vefmiðlar eru starfræktir fyrst og fremst fyrir tekjur af auglýsingum, almennum og í auknum mæli af flokkuðum auglýsingum og smáauglýsingum. Veraldarvefurinn hefur til að mynda reynst ágætur vettvangur fyrir fasteigna- og starfaauglýsingar, auglýsingar á notuðum bílum og hvers kyns smáauglýsingar þar sem gagnvirkni netsins gerir notendum kleift að finna auðveldlega það sem þeir leita að með aðstoð leitarskipana sem má sníða að talsverðu leyti eftir þörfum hverju sinni (Doyle, 2002b: 151).

Á undanförnum árum hefur umtalsverður vöxtur verið í birtingu auglýsinga á vefnum á meðan auglýsingar hafa staðið að mestu í stað eða dregist saman í hefðbundnum fjölmiðlum (Pavlik, 2008: 156–57). Þrátt fyrir það hefur vefurinn hingað til ekki reynst sú uppspretta tekna sem margir hugðu í upphafi. Afrakstur hefur oft reynst minni en tilkostnaður við miðlun efnis á vefnum, eða eins og Doyle bendir á: „Hið undirliggjandi vandamál varðandi þjónustu vefmiðla sem viðskiptamódels er að fá ef nokkur raunhæf viðskiptamódel hafa komið fram sem skila tekjum er standa undir þjónustunni“ (*„[t]he underlying problem with Internet-based media provision as an economic activity is that few if any realistic models have been constructed for deriving revenues from it which are adequate to cover the costs of the service in question,*“ Doyle, 2002b: 152; sjá einnig The Economist, 21.–27. mars, 2009, s. 18).

Tiltölulega algengt er að vefmiðlar bjóði upp á netverslun (e. *e-commerce*) í því skyni að auka tekjuflæðið. Enn önnur leið til tekjuöflunar er að krefja notendur um áskrift fyrir aðgang að vefjum óháð notkun (e. *flat fee pricing*), eða með því að krefjast greiðslu fyrir notkun. Fjölmiðlar sem oft hafa yfir að ráða miklu magni ítarupplýsinga og eldra efnis (e. *back libraries*), hvort heldur er í formi texta eða sem hljóð eða mynd, sem hægt er að matreiða upp á nýtt, hafa að öllu jöfnu meiri möguleika á að selja aðgang að hluta efnisins en vefmiðlar sem hafa upp á takmarkaðra efni að bjóða (Doyle, 2002b: 145, 152–54; Pavlik, 2008: 152–5).

Fréttavefir hafa í vaxandi mæli brugðið á það ráð að krefja notendur fyrir gjald af aðgengi að efni í kjölfar samdráttar í auglýsingatekjum að undanförnu.[85] Þetta kann þó að reynast skammgóður vermir. Í þeirri ofgnótt af efni sem býðst endurgjaldslaust á netinu hafa vefmiðlar sem rukka fyrir aðgang og not efnis víðast hvar látið í minni pokann í samkeppni við

---

[84] Búsetuskipting hér á landi minnir um margt á einkenni borgríkis. Um síðustu áramót voru 63 prósent landsmanna búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Færa má fyrir því rök að með bættum samgöngum sé höfuðborgarsvæðið ásamt Suðurnesjum, Akranesi, Hveragerði, Árborg og Ölfusi orðið að einu og sama markaðssvæði. Á þessu svæði eru um þrír fjórðu hlutar landsmanna búsettir.

[85] Fjölmiðlafyrirtæki fjölmiðlaeigandans Ruperts Murdochs, News Corp Inc. hefur í hyggju að selja aðgengi að fréttum á vef til að bregðast við miklum samdrætti í auglýsingum í fjölmiðlum fyrirtækisins og rekstrartapi að undanförnu (sjá guardian.co.uk, 6. ágúst 2009a,b; Morgunblaðið, 7. ágúst 2009).

vefmiðla sem veita notendum frían aðgang að öllu efni eða hluta þess. Samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var á meðal notenda fréttavefja í Bretlandi kváðust þrír af hverjum fjórum leita á önnur mið með fréttaöflun á vefnum ef sá fréttavefur sem þeir sæktu mest tæki að rukka fyrir afnot af efninu (guardian.co.uk, 21. sept. 2009).

Íslenskir fréttavefmiðlar veita notendum frían aðgang að efninu að hluta eða í heild. Vefir Morgunblaðsins, mbl.is, og Viðskiptablaðsins, vb.is, taka báðir gjald af notendum fyrir aðgang að hluta efnis. Fullyrða má að tekjur þeirra íslensku vefmiðla sem selja aðgang að efni eru næsta takmarkaðar samanborið við þær tekjur sem þeir hafa af auglýsingum.

1.18.2 Tekjur fjölmiðla

Hér á eftir er lítillega gerð grein fyrir þróun tekna í þremur meginflokkum fjölmiðla, þ.e. fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps.[86] Samsvarandi upplýsingar liggja ekki fyrir um rekstrarkostnað, né um afkomu fjölmiðlafyrirtækja. Allar tekjuupplýsingar eru uppreiknaðar með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs án húsnæðis miðað við verðlag ársins 2008. Til fjölmiðlatekna eru hér einungis taldar tekjur sem til falla af fjölmiðlastarfsemi með beinum hætti (þ.e. tekjur af sölu, auglýsingum og kostun).[87] Vegna trúnaðar er ekki greint frá tekjum einstakra einkarekinna fjölmiðla og rekstraraðila þeirra.[88]

Samanlagðar tekjur af útgáfu fréttablaða og útvarpsstarfsemi árið 2008 losuðu rúma 19 milljarða kr. (sjá töflu 9.2).[89] Frá árinu 1995 lætur nærri að tekjurnar hafi tvöfaldast. Samanlagðar tekjur fjölmiðlanna hafa reyndar dregist saman sl. tvö ár, eða um átta prósent frá því að þær voru hæstar árið 2006. Lækkunina er að stærstum hluta að rekja til samdráttar á auglýsingamarkaði. Á sama tíma og aðföng fjölmiðla hafa hækkað í verði og skuldsetning fjöl-

---

[86] Hér er ekki vikið að tekjum af annarri fjölmiðlun, svo sem af útgáfu tímarita, kvikmynda og hljóðrita. Tölur um tekjur fjölmiðla eru fengnar frá rekstraraðilum með árlegri innsöfnun Hagstofunnar um starfsemi fjölmiðla. Í einstaka tilfelli hefur þurft að meta tekjur og skiptingu þeirra hjá einstaka aðila þar sem rekstraraðilar hafa skirrst við að skila inn upplýsingum þrátt fyrir að Hagstofa Íslands hafi skýra stoð í lögum um heimild til að kalla eftir upplýsingunum (sbr. lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, II. kafla). Í þeim tilvikum hafa tekjur og skipting þeirra verið metin út frá öðrum tiltækum gögnum. Af þessu leiðir að vissan fyrirvara verður að setja við þær upplýsingar um tekjur fjölmiðla sem hér eru tilfærðar.

[87] Tekjur vefmiðla eru að stærstum tilkomnar vegna birtingar auglýsinga. Vefmiðlar DV, Morgunblaðsins og Viðskiptablaðsins (þ.e. dv.is, mbl.is og vb.is) eru innifaldar í tekjum blaðanna. Annar háttur er hafður á varðandi tekjur af visir.is þar sem vefurinn er í tengslum við hljóðvarps- og sjónvarpsstarfsemi, auk blaðaútgáfu. Tekjur visir.is eru því lagðar saman í hlutfalli við auglýsingatekjur 365 miðla ehf. af útgáfu dagblaða og hljóðvarps- og sjónvarpsrekstri. Sala þáttasölusjónvarps sem og áskriftartekjur af endurvarpi erlends sjónvarps eru innifaldar í áskriftartekjum sjónvarpsstöðva. Tekjur sjálfstæðra vefmiðla eru ekki meðtaldar hér, en tekjur þeirra eru næsta litlar. Samanlagðar tekjur sjálfstæðra fréttavefja árið 2008 voru innan við 100 milljónir króna. Nákvæmari tala er ekki gefin upp hér vegna trúnaðar.

[88] Við birtingu á tekjuhlutdeild einstakra aðila er byggt á fordæmi í úrskurðum Samkeppniseftirlitsins, sem birtir tekjuhlutdeild sem hleypur á fimm prósenta bili, sbr. nýlega ákvörðun til ógildingar samruna Árvakurs hf. og Fréttablaðsins ehf. (Samkeppniseftirlitið, 2009). Hér eru sett ívið strangari skilyrði: upplýsingar um tekjuhlutdeild þriggja og fleiri aðila hleypur á tíu prósenta bili, t.d. [5–15], en á 15 prósentustigum ef um tvo eða aðeins einn aðila er um að tefla, t.d. [10–25].

[89] Upplýsingar um tekjur eru hér reiknaðar út frá meðalverðlagi ársins 2008 miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðiskostnaðar.

miðlafyrirtækja hefur aukist vegna óhagstæðrar gengisþróunar hefur samdráttur auglýsingatekna stuðlað enn frekar að versnandi afkomu fjölmiðla upp á síðkastið.[90]

Tafla 7.2 sýnir þróun tekna fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps, á árunum 1995–2008. Tekjur sjónvarps hækkuðu mest á tímabilinu, eða ríflega tvöfölduðust. Næstmest hækkuðu tekjur hljóðvarps, eða um 56 af hundraði. Tekjuaukning fréttablaða var hins vegar nokkru minni, eða 51 af hundraði.

Tafla 9.2. *Tekjur fjölmiðla 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir króna							
Tekjur, alls	11.060	15.410	18.210	20.820	20.710	19.070	+72
Fréttablöð, alls[1]	5.030	6.470	8.020	9.570	8.820	7.580	+51
Hljóðvarp	1.530	2.020	2.130	2.210	2.440	2.380	+56
Sjónvarp[2]	4500	6.910	8.060	9.040	9.450	9.110	+102
Hlutfallsleg skipting, %							
Fréttablöð, alls[1]	45	42	44	46	43	40	-5
Hljóðvarp	14	13	12	11	12	12	-2
Sjónvarp[1]	41	45	44	43	46	48	+7

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun). Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

[1] Blöð útgefin vikulega og oftar.

[2] Ásamt áskriftartekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Langstærstur hluti tekna fjölmiðlanna fellur til sjónvarps og fréttablaða, eða 88 prósent af samanlögðum tekjum þessara þriggja flokka fjölmiðla. Frá árinu 1995 hefur hlutur sjónvarps af tekjum fjölmiðla hækkað úr 41% í 48%, en hlutdeild fréttablaða hefur lækkað um fimm prósentustig, úr 45% niður í 40%. Hlutur hljóðvarps hefur aðeins lítillega breyst á sama tímabili, eða lækkað um tvö prósentustig, úr 14% niður í 12%.

Yfirlit yfir þróun tekna fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps á árabilinu 1995–2008 er sýnt í mynd 9.1 í formi vísitölu (1995=100). Tekjuþróun miðlanna fylgist að framan af tímabilinu þar til undir aldamót er draga tók í sundur með þeim. Upp úr aldamótunum drógust tekjur allra miðlanna lítillega saman að raunvirði, en um miðbik áratugarins jukust þær samfellt þar til þær tóku að lækka á ný á allra síðustu árum. Tekjur fréttablaða hafa dregist langsamlega mest saman, eða um 21 prósent frá árinu 2006 að telja. Samdráttar í tekjum hljóðvarps og

[90] Samkvæmt mælingum ABS fjölmiðlahúss dróst birting auglýsinga í dagblöðum saman um fimmtung milli áranna 2007 og 2008. Samdráttarins tók fyrst að gæta í maí, en í kjölfar bankahrunsins í október minnkaði magn auglýsinga í dagblöðum um 40% (ABS fjölmiðlahús, 30. jan. 2009). Fækkun auglýsinga í dagblöðunum stafar ekki eingöngu af minni umsvifum auglýsenda. Auglýsingamagn á hverjum tíma ræðst að talsverðu leyti af fjölda fjölmiðla á markaði, samkeppni þeirra á milli og af því birtingarverði sem auglýsendum stendur til boða. Minna magn dagblaðaauglýsinga stafar því að nokkru af því að 24 stundir hættu útkomu í október og Viðskiptablaðinu var breytt í vikublað mánuði síðar. Auglýsingar hafa einnig minnkað hjá öðrum fjölmiðlum. Að sögn málsvara sjónvarpstöðvarinnar Skjás 1 nam auglýsingasamdráttur stöðvarinnar 20–40% í kjölfar bankahrunsins sl. haust (dv.is, 7. nóv. 2008).

sjónvarps tók ekki að gæta fyrr en árið 2008. Tekjur hljóðvarps lækkuðu milli áranna 2007 og 2008 um tvö prósent og sjónvarps um fimm prósent.

Mynd 9.1. *Tekjur fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps 1995–2008: vísitala 1995=100*



Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun).
* Ásamt áskriftartekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Athyglisvert er að bera tekjuþróunina í fjölmiðlun og síma- og fjarskiptaþjónustu saman. Mynd 9.2 sýnir tekjur í fjölmiðlum sem vísitölu á árabilinu 1995–2008 (1995=100) í samanburði við síma- og fjarskiptaþjónustu. Árlegar tekjur af síma- og fjarskiptaþjónustu ríflega tvöfölduðust á sama tíma og samanlagðar tekjur fjölmiðla jukust um ríflega 70%.

Mynd 9.2. *Tekjur af fjölmiðlun í samanburði við fjarskipti 1995–2008: vísitala (1995=100)*



Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun) og tekjum fjarskiptafyrirtækja af síma- og fjarskiptaþjónustu. Fjölmiðlar eru hér blöð útgefin vikulega og oftar (almenn blöð og staðar- og sérefnisblöð), hljóðvarp og sjónvarp, ásamt endurvarpi.
Heimildir: Hagstofa Íslands; Póst- og fjarskiptastofnun, 2007, 2009; eigin útreikningar.

Fram undir aldamótin fylgdist tekjuaukning í fjölmiðlun og í síma- og fjarskiptaþjónustu að miklu leyti að. Eftir afnám einkaréttar Landssíma Íslands í ársbyrjun 1998 hefur í auknum mæli dregið sundur með greinunum, meðal annars vegna aukinnar útbreiðslu farsíma, háhraðatenginga fyrir gagnaflutning yfir netið og margvíslegrar afleiddrar þjónustu fjarskipta- og símafyrirtækjanna. Frá árinu 1995 hafa tekjur af síma- og fjarskiptaþjónustu meira en tvöfaldast á sama tíma og tekjur af fjölmiðlun hafa aukist um 72%. Rétt er að hafa í huga við þennan samanburð að tekjumyndun er ekki með sama hætti í síma og fjarskiptum og í fjölmiðlun. Tekjur síma- og fjarskiptafyrirtækja stafa af kaupum á þjónustu fyrirtækja og stofnana auk einstaklinga og heimila á meðan sala fjölmiðla er að stærstum hluta til einstaklinga og heimila, auk auglýsingatekna og kostunar.

Auglýsingar eru mikilvæg tekjulind flestra fjölmiðla. Tafla 9.3 sýnir hlutfallslega skiptingu tekna milli sölu og auglýsinga í nokkrum flokkum fjölmiðla á tímabilinu 1995–2008. Auglýsingatekjur dagblaða og staðarblaða hafa undanfarin ár verið um 80% af tekjum þeirra. Hlutfall auglýsingatekna dagblaðanna hefur hækkað umtalsvert frá upphafi er auglýsingatekjur voru litlu hærri en tekjur blaðanna af sölu og áskriftum. Þetta er talsvert hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum, en hlutfall auglýsinga í tekjum dagblaðanna árið 2007 var frá 53% upp í 57% (Harrie, 2009). Hér hlutfallið svipað og í Kanada (78%) og í Lúxemborg (79%) en aftur á móti talsvert lægra en í Bandaríkjum (87%) (WAN, 2008: 8).

Tafla 9.3. *Skipting tekna eftir flokkum fjölmiðla 1995–2008 (%)*

	Tegund tekna	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*% mismunur 2008/1995*
Dagblöð[1]	Sala	47	37	24	21	20	25	22
	Auglýsingar	53	63	76	79	80	76	
Staðarblöð[2]	Sala	26	27	24	23	18	26	–
	Auglýsingar	74	73	76	77	82	74	
Útvarp[3]	Afnotagjöld og áskriftir[4]	71	62	53	56	54	66	5
	Auglýsingar og kostun	29	38	47	44	46	34	
Útvarp í almanna-þjónustu[3]	Afnotagjöld	69	67	72	69	68	68	1
	Auglýsingar og kostun	31	33	28	31	32	32	
Einkaútvarp[3]	Áskriftir	73	58	57	62	60	64	9
	Auglýsingar og kostun[4]	27	42	43	38	40	36	

Skýringar: Fjölmiðlatekjur eingöngu.
[1] Seld og fríblöð.
[2] Fréttablöð útgefin 1–3 sinnum í viku.
[3] Hljóðvarp og sjónvarp.
[4] Ásamt áskriftum að endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Vægi auglýsinga í tekjum útvarps, jafnt einkastöðva sem og Ríkisútvarpsins, er mun minna en í blaðaútgáfunni. Hlutfall auglýsingatekna Ríkisútvarpsins hefur haldist nær óbreytt yfir tímabilið á sama tíma auglýsingar vega talsvert meira sem hlutfall af tekjum einkastöðvanna. Mynd 9.3 sýnir auglýsingar sem hlutfall af tekjum ólíkra flokka miðla milli áranna 1995 og 2008.

Mynd 9.3. *Auglýsingatekjur sem hlutfall af tekjum fjölmiðla 1995–2008 (%)*



Skýring: sjá skýringar við *töflu 10.1.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.18.2.1 Tekjur fréttablaða

Samanlagðar tekjur fréttablaða (dagblaða og vikublaða) árið 2008 námu rúmum sjö og hálfum milljarði króna. Frá árinu 1995 hafa samanlagðar tekjur fréttablaða af sölu og auglýsingum hækkað um helming. Langsamlega stærstur hluti teknanna féll útgefendum dagblaða í skaut, eða ríflega sjö milljarðar króna. Það samsvarar ríflega níu tíundu af heildarblaðtekjum. Tekjur vikublaða, þ.e. staðarblaða, almennra vikublaða og sérefnisblaða, námu um 520 milljónum króna, eða um sjö af hundraði. Tekjur fréttablaða, dagblaða og vikublaða 1995–2008 eru sýndar á mynd 9.4.

Mynd 9.4. *Tekjur fréttablaða 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fréttablaða af sölu og auglýsingum. Dagblöð, blöð útgefin fjórum sinnum og oftar í viku; vikublöð, blöð útgefin einu sinni til þrisvar sinnum í viku.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auknar blaðtekjur frá 1995 eru tilkomnar vegna aukinna tekna af útgáfu dagblaða. Eftir samdrátt í dagblaðaútgáfu frá því undir lok níunda áratugar síðustu aldar og fram á miðjan tíunda áratuginn tóku tekjurnar að hækka samfara almennum efnahagsvexti. Upp úr aldamótunum lækkuðu tekjurnar á ný vegna samdráttar í hagkerfinu en jukust síðan á nýjan leik þegar efnahagur landsins tók að rétta sig við. Frá 2002 til 2006 jukust tekjur af útgáfu dagblaða um 62% sem er að miklu leyti vegna aukinna auglýsingatekna og tilkomu fríblaðanna Fréttablaðsins (2001) og Blaðsins (2005, síðar 24 stunda). Frá árinu 2007 hafa tekjur hins vegar lækkað um 13%.

Tekjur vikublaða hafa lækkað um 9% að raungildi frá því árið 1995. Árið 2006 varð talsverð tekjuaukning af útgáfu vikublaða sem rekja má til þess að DV varð að almennu vikublaði í stað dagblaðs í apríl sama ár. Tekjurnar lækkuðu aftur árið 2007 með því að DV varð dagblað á ný og Viðskiptablaðið var gert að dagblaði um líkt leyti eftir að hafa komið út sem vikublað frá upphafi árið 1994.

1.18.2.2 Tekjur dagblaða

Frá 1995 til 2008 jukust tekjur dagblaðanna um rúman tvo og hálfan milljarð króna, eða sem samsvarar aukningu um 58%. Samanlagðar blaðtekjur (sala og auglýsingar) árið 2008 námu 7.060 milljónum króna (sjá töflu 9.4). Tekjuaukningu dagblaðanna undanfarin ár er að rekja til aukinna auglýsingatekna. Frá 1995 og til 2008 meira en tvöfölduðust auglýsingatekjur dagblaðanna. Á tímabilinu varð fimmtungs lækkun á tekjum af blaðsölu, þ.e. af áskriftum og lausasölu.

Tafla 9.4. *Tekjur dagblaða 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	4.470	5.840	7.270	7.990	8.100	7.060	+58
Sala	2.110	2.180	1.750	1.690	1.590	1.720	-18
Auglýsingar	2.360	3.660	5.520	6.300	6.510	5.340	+126
Hlutfallsleg skipting, %							
Sala	47	37	24	21	20	24	-23
Auglýsingar	53	63	76	79	80	76	+23

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Fréttablöð útgefin fjórum sinnum og oftar í viku.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auglýsingar hafa orðið sífellt mikilvægari tekjustofn dagblaðanna. Fram undir aldamótin voru auglýsingatekjur litlu hærri en tekjur af blaðsölu. Hlutur auglýsingatekna af tekjum dagblaða hækkaði ár frá ári fram til ársins 2008 er hann lækkaði lítillega. Undanfarin ár hafa auglýsingatekjur numið allt að átta tíundu af tekjum dagblaða.

Tekjum er afar misskipt milli einstakra blaða og útgefenda. Ekki er unnt að greina nákvæmlega frá markaðshlutdeild einstakra blaða og útgefenda. Þess í stað verður gróf nálgun að nægja. Árið 2008 nam hlutdeild Árvakurs hf.[91] milli [45–60] af hundraði af samanlögðum tekjum dagblaðamarkaðarins. Hlutdeild annarra skiptist þannig að 365 miðlar ehf.[92] voru með [35–50] prósenta hlut, Birtingur útgáfufélag ehf.[93] og Framtíðarsýn ehf.[94] með [0–15] prósent hvort félag. Samkvæmt þessu var samanlögð hlutdeild tveggja stærstu útgefendanna, Árvakurs hf. og 365 miðla ehf., yfir átta tíundu hlutar af heildarveltu á dagblaðamarkaði.

Frá því að útgáfa frídagblaða hófst árið 2001 hefur hlutur þeirra í tekjum dagblaðaútgáfunnar stöðugt aukist á kostnað seldra blaða. Ætla má að samanlögð hlutdeild frídagblaðanna, Fréttablaðsins og 24 stunda, hafi numið allt að helmingi af blaðtekjum (sölu og auglýsingum) árið 2008. Sé hins vegar aðeins miðað við tekjur af auglýsingum var hlutdeild frídagblaðanna talsvert hærri en nam hlut þeirra í heildartekjum blaða. Síðan útgáfu 24 stunda var hætt í byrjun október 2008 hefur hlutdeild fríblaðanna eðlilega dalað.

1.18.2.3 Tekjur vikublaða

Vikublöðum má skipta eftir efni í almenn vikublöð og sérefnisblöð. Langflest vikublaðanna eru staðarblöð (landshluta-, bæjar- og héraðsfréttablöð), eða ríflega níu af hverjum tíu blöðum. Frá 1995 hafa mest komið út í senn tvö sérefnisblöð. Þá hefur útgáfa almennra vikublaða verið stopul. Á árunum 1995 til 1997 voru gefin út í senn tvö til þrjú almenn vikublöð. Eftir það lagðist útgáfa slíkra blaða af, eða þar til DV var gefið út um skeið sem vikublað á árunum 2006 og 2007 og þar til á þessu ári að blaðið telst á ný vikublað eftir að vikulegum útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá. Sökum fæðar sérefnisblaða og almennra

[91] Útgefandi Morgunblaðsins og 24 stunda.
[92] Útgefandi Fréttablaðsins.
[93] Útgefandi DV.
[94] Þáverandi útgefandi Viðskiptablaðsins.

vikublaða og trúnaðar gagnvart útgefendum slíkra blaða verða hér aðeins gefnar upp samanlagðar tekjur vikublaða.

Yfirlit yfir tekjur vikublaða á árabilinu 1995–2008 er sýnt í töflu 9.5. Árið 2008 námu tekjur vikublaða rúmum hálfum milljarði króna, sem jafngildir um sjö af hundraði af samanlögðum tekjum fréttablaða. Tekjurnar voru hæstar árið 2006 en þá hóf DV að koma út sem vikublað. Síðan hafa tekjurnar dregist talsvert saman samfara því að DV var gert að dagblaði á nýjan leik og að Viðskiptablaðið varð dagblað árið 2007.

Tafla 9.5. *Tekjur vikublaða 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008/1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	570	570	750	1.150	730	520	-9
Sala	260	190	210	410	150	140	-46
Auglýsingar	310	380	540	740	580	380	+23
Hlutfallsleg skipting, %							
Sala	46	34	28	35	21	27	-19
Auglýsingar	54	66	72	65	79	73	+19

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Almenn vikublöð, sérefnisblöð og landshluta-, bæjar- og héraðsfréttablöð útgefin einu sinni til þrisvar sinnum í viku.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auglýsingar hafa orðið sífellt veigameiri tekjustofn vikublaða líkt og gerst hefur í dagblöðum. Frá 1995 hafa tekjur af blaðsölu (áskriftum og lausasölu) ekki einasta dregist saman að hlutfalli heldur einnig í krónum talið. Árið 2008 öfluðu auglýsingar 73% af tekjum vikublaðanna samanborið við 54% árið 1995. Auglýsingatekjur eru þó sýnu þýðingarmeiri tekjulind staðarblaða en sérefnisblaða og almennra vikublaða. Það kemur til af því að um alllangt skeið hefur um og yfir helmingur staðarblaða verið fríblöð á meðan sérefnisblöð og almenn vikublöð hafa undantekningarlaust verið áskriftarblöð og seld í lausasölu.

Tekjumöguleikar flestra staðarblaða eru verulega takmarkaðir. Jafnvel þó að útgefendur margra bæjar- og héraðsfréttablaða hafi reynt að auka tekjumöguleika blaðanna með því að færa út útbreiðslusvæði þeirra til nærliggjandi byggðarlaga og jafnvel til heilla landshluta eru tekjur flestra blaðanna engu síður naumt skammtaðar. Árið 2008 voru tekjur tekjuhæsta blaðsins u.þ.b. 120-faldar á við það sem minnstar tekjur hafði. Að meðaltali námu tekjur staðarblaða að jafnaði um 20 milljónum króna á árinu 2008. Árstekjur meira en helmings blaðanna voru innan við 25 milljónir króna.

1.18.2.4 Tekjur hljóðvarps

Hljóðvarpsmarkaðurinn er minnstur hinna þriggja meginfjölmiðlamarkaða. Árið 2008 námu tekjur hljóðvarps tæplega 2,4 milljörðum króna, eða 12% af heildartekjum fjölmiðla. Á mynd 9.5 eru dregnar upp tekjur hljóðvarpsstöðva á árunum 1995–2008. Frá því á árinu 1995 hafa hljóðvarpstekjur (afnotagjöld og auglýsingar og kostun) aukist um 57%. Ríflega tveir þriðju hlutar þessarar tekjuaukningar eru tilkomnir vegna starfsemi einkastöðva.

Mynd 9.5. *Tekjur hljóðvarpsstöðva 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008.
* Afnotagjöld og auglýsingar + kostun.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Í töflu 9.6 er gerð grein fyrir tekjuskiptingu milli einkastöðva og hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Árið 2008 voru tekjur einkastöðva 810 milljónir króna á móti 1.580 milljónum sem féllu í skaut Ríkisútvarpinu. Frá 1995 hafa tekjur af hljóðvarpsstarfsemi Ríkisútvarpsins aukist um þriðjung. Tekjur hljóðvarps á vegum einkaaðila meira en tvöfölduðust á sama tíma.

Tekjur af auglýsingum og kostun hafa smám saman orðið æ stærri hluti af tekjum hljóðvarps, eða hátt í 60% hin síðari ár. Að sama skapi hefur dregið úr vægi afnotagjalda í samanlögðum hljóðvarpstekjum. Öfugt við einkastöðvarnar sem alfarið eru fjármagnaðar með auglýsingum og kostun nýtur Ríkisútvarpið einnig góðs af afnotagjöldum. Frá 1995 til 2008 hækkuðu tekjur RÚV – Hljóðvarps af afnotagjöldum um þriðjung. Á fyrri hluta níunda áratugarsins voru auglýsingar mikilvægasti einstaki tekjustofn hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Eftir afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins hefur mikilvægi afnotagjalda aukist að miklum mun. Árið 1986 sköpuðu auglýsingar 64% af hljóðvarpstekjum Ríkisútvarpsins; frá 1990 hefur þetta snúist við. Árið 2008, síðasta árið sem afnotagjaldakerfið var við lýði, námu tekjur af afnotagjöldum 63% af heildartekjum Ríkisútvarpsins af hljóðvarpsstarfsemi.

Tafla 9.6. *Tekjur hljóðvarps 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	1.520	2.010	2.130	2.210	2.440	2.390	+57
Einkareknar stöðvar	320	680	630	640	830	810	+153
RÚV – Hljóðvarp	1.200	1.330	1.500	1.570	1.610	1.580	+32
Afnotagjöld RÚV[1]	760	830	990	1.000	1.020	990	+30
Auglýsingar/kostun, alls	760	1.190	1.140	1.230	1.420	1.390	+83
Einkareknar stöðvar[2]	320	680	630	640	830	800	+150
RÚV – Hljóðvarp	440	510	510	570	590	590	+34
Hlutfallsleg skipting, %							
Tekjur, alls							
Einkareknar stöðvar	21	34	30	29	34	34	+13
RÚV – Hljóðvarp	79	66	70	71	66	66	-13
Afnotagjöld RÚV[1]	50	41	46	45	42	42	-8
Auglýsingar/kostun, alls	50	59	54	55	58	58	+8
Einkareknar stöðvar[2]	42	57	55	53	58	58	+16
RÚV – Hljóðvarp	58	43	45	47	42	42	-16

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

[1] Miðað er við að þriðjungur upphæðar afnotagjaldsins hafi runnið til hljóðvarps Ríkisútvarpsins.

[2] Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árið 1995. Í reynd voru tekjur einksstöðva því nokkru hærri en hér er sýnt.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Markaðshlutdeild einkarekinna stöðva í samanlögðum tekjum hljóðvarps árið 2008 var 34%, en hún hefur staðið í stað frá aldamótum. Frá upphafi tímabilsins hefur hlutdeild einkastöðva hins vegar aukist um 13%. Hlutur einkastöðva í tekjum af auglýsingum og kostun er nokkru meiri en nemur hlut þeirra í samanlögðum tekjum hljóðvarps, eða 58% árið 2008 samanborið við 34% af heildartekjum. Þessi mismunur stafar af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins sem námu 41% af hljóðvarpstekjum árið 2008.

Verulega mikil samþjöppun ríkir á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til hlutdeildar einstakra rekstraraðila. Hljóðvarp Ríkisútvarpsins ber ægishjálm yfir aðra aðila á markaði. Þannig var markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins 66% árið 2008 á móti 34% hlut einkastöðvanna. Á sama tíma var markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva 365 miðla ehf.[95] [25–40]% og annarra [0–15]%. Markaðshlutdeild 365 miðla ehf. var [85–100]% ef aðeins er miðað við skiptingu tekna á milli einkastöðva.

1.18.2.5 Tekjur sjónvarps

Sjónvarpsmarkaðurinn velti á síðasta ári ríflega níu milljörðum króna mælt í samanlögðum tekjum af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun. Tekjur sjónvarps eru u.þ.b. fjórfaldar á við tekjur hljóðvarps, en um fimmtungi hærri en tekjur fréttablaða. Yfirlit yfir þróun sjónvarpstekna 1995–2008 er að finna á mynd 9.6.

[95] Rekstraraðili Bylgjunnar, FM 95,7, GullBylgjunnar, LéttBylgjunnar, Útvarps Latabæjar og Xins 977.

Mynd 9.6. *Tekjur sjónvarpsstöðva 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Samanlagðar tekjur sjónvarps á árinu 2008 voru ríflega níu milljarðar króna, eða meira en tvöfalt hærri en við upphaf tímabilsins. Stærstan hluta tekjuaukningarinnar er að rekja til einkastöðva og fjölbreyttara sjónvarpsframboðs og fjölgunar áskriftarstöðva (sbr. umfjöllun í 7. kafla).[96] Á árabilinu 1995–2008 hátt í þrefölduðust tekjur einkastöðva á sama tíma og tekjur Ríkisútvarpsins – Sjónvarps jukust um 16% (sjá töflu 9.7).

Af þeirri 4,6 milljarða tekjuaukningu sem orðið hefur í sjónvarpi frá 1995 stöfuðu tæplega tveir þriðju af auknum tekjum af afnotagjöldum og áskriftum. Þar af vó þyngst aukning tekna af áskriftarsjónvarpi, en tekjur þess jukust um 122%, samanborið við 30% hækkun tekna af afnotagjöldum Sjónvarpsins.

Tafla 9.7. *Tekjur sjónvarps 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	4.510	6.920	8.060	9.040	9.450	9.110	+102
Einkareknar stöðvar	2.420	4.540	5.410	6.300	6.560	6.310	+161
RÚV – Sjónvarp	2.090	2.380	2.650	2.740	2.890	2.800	+34
Afnotagjöld/áskriftir, alls	3.510	4.700	5.450	6.250	6.490	6.540	+86
Einkareknar stöðvar	1.990	3.040	3.460	4.290	4.440	4.560	+129
RÚV – Sjónvarp[1]	1.520	1.660	1.970	1.960	2.050	1.980	+30

[96] Útsendingar Sýnar (nú Stöð 2 Sport) hófust árið 1995 og ári síðar fór Stöð 3 í loftið, en báðar stöðvarnar voru áskriftarstöðvar. Sama ár hófst endurvarp erlends sjónvarps til áskrifenda á vegum Íslenska útvarpsfélagsins hf., en félagið starfrækti einnig Stöð 2 og Sýn.

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Auglýsingar/kostun, alls	1000	2.220	2.610	2.790	2.960	2.570	+157
Einkareknar stöðvar[2]	430	1.500	1.950	2.010	2.120	1.750	+307
RÚV – Sjónvarp	570	720	660	780	840	820	+44
Hlutfallsleg skipting, %							
Tekjur, alls							
Einkareknar stöðvar	54	66	67	70	69	69	+15
RÚV – Sjónvarp	46	34	33	30	31	31	-15
Afnotagjöld/áskriftir, alls	78	68	68	69	69	72	-6
Einkareknar stöðvar	57	65	64	69	68	70	+16
RÚV – Sjónvarp[1]	43	35	36	31	32	30	-13
Auglýsingar/kostun, alls	22	32	32	31	31	28	+6
Einkareknar stöðvar[2]	43	68	75	72	72	68	+25
RÚV – Sjónvarp	57	32	25	28	28	32	-25

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Miðað er við að tveir þriðju hlutar afnotagjaldsins hafi runnið til sjónvarps Ríkisútvarpsins.
[2] Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árið 1995. Í reynd voru tekjur einkastöðva því nokkru hærri en hér er sýnt.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Áskriftir og afnotagjöld mynduðu um 69% af tekjum sjónvarps árið 2008, þar af voru áskriftir 72% af tekjum einkastöðva og 71% af tekjum Sjónvarpsins. Tekjur af auglýsingum og kostun nema allt að þriðjungi af tekjum einkastöðva. Árið 1995 var þetta hlutfall 18%. Um langt árabil hefur skipting tekna Sjónvarpsins milli auglýsinga og kostunar og afnotagjalda verið mikið til óbreytt, eða í hlutfallinu einn á móti tveimur þriðju.

Tekjur einkarekinna stöðva af heildartekjum sjónvarps námu árið 2008 69% samanborið við 46% markaðshlutdeild árið 1995. Tekjur einkastöðvanna í afnotagjöldum og áskriftum námu 70% árið 2008 samanborið við 57% 1995. Árið 2008 féllu 68% tekna af auglýsingum og kostun sjónvarps í hlut einkastöðvanna samanborið við 43% árið 1995.

Af einstökum rekstraraðilum sjónvarps eru 365 miðlar ehf.[97] umsvifamestur aðila á markaði. Árið 2008 nam markaðshlutdeild fyrirtækisins á sjónvarpsmarkaði [45–60]%. Markaðshlutdeild annarra var þannig: Ríkisútvarpið var með 31% hlut, hlutdeild Skjásins ehf.[98] var [10–25]% og hlutur annarra rekstraraðila var [0–10]%. Samanlögð markaðshlutdeild 365 miðla ehf. og Skjásins ehf. af tekjum einkarekinna sjónvarpsstöðva var hins vegar ekki undir 85%. Þar af nam hlutdeild 365 miðla ehf. [70–85]% og Skjásins ehf. [15–30]%.

[97] Stjórn Sambands íslenskra auglýsingastofa telur að brotthvarf Ríkisútvarpsins af auglýsingamarkaði væri „[a]lgjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda“ (mbl.is, 30. nóv. 2006). Stjórnin hefur síðar áréttað þessi sjónarmið frekar (sjá mbl.is, 5. nóv. 2008).
[98] Sjá um öndverð sjónarmið talsmanna 365 ehf. og Ríkisútvarpsins hjá Pétri Péturssyni (2008a, b) og Þorsteini Þorsteinssyni (2008a, b).

1.19 Umsvif Ríkisútvarpsins á markaði

Fjármögnun Ríkisútvarpsins og staða þess á markaði hefur verið mikið til umræðu undanfarin ár. Gagnrýnt hefur verið að Ríkisútvarpinu sé heimilað að afla tekna með flutningi auglýsinga og kostun dagskrárliða samtímis því sem það nýtur tekna með sérstakri skattlagningu á skattskylda einstaklinga að ellilífeyrisþegum undanskildum (frá síðustu áramótum að telja) og áður með afnotagjöldum. Þetta fyrirkomulag „tvöfaldrar“ fjármögnunar hefur verið gagnrýnt af mörgum þar sem Ríkisútvarpinu er gefin forgjöf gagnvart einkastöðvum sem byggja sitt rekstrarfé að öllu eða talsverðu leyti á auglýsingum og kostun sem skekki samkeppnisstöðu á markaði. Eftir því sem samkeppni milli fjölmiðla um auglýsingatekjur hefur harðnað og þrengst hefur á auglýsingamarkaði upp á síðkastið hafa þær raddir orðið háværari sem telja að Ríkisútvarpið verði að hverfa af þeim markaði.[99]

Ekki er ástæða til að bera brigður á þetta svo réttmæt sem þessi gagnrýni er. Engu síður eru ákveðin gagnrök í málinu sem ekki eru með öllu úr lausu lofti gripin. Bent hefur verið á að hverfi Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði leiði það til óhagkvæmni og kostnaðarauka fyrir auglýsendur vöru og þjónustu. Þegar tillit er tekið til styrkrar stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði mundi brotthvarf þess af auglýsingamarkaði verða til þess að fækka þeim valkostum sem auglýsendum standa til boða (Björn B. Björnsson, 2008).[100] Sterk staða 365 miðla ehf. gagnvart öðrum einkareknum fjölmiðlafyrirtækjum setti fyrirtækið í þá stöðu að geta ráðið nánast einhliða birtingarverði auglýsinga hverfi Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.[101] Í þessu sambandi hefur verið áætlað að helmingur alls auglýsingafjár árið 2007 hafi runnið til 365 miðla ehf., en fjórðungur hafi fallið í hlut Árvakurs hf., 12% til Ríkisútvarpsins, 8% til Skjásins ehf. og fimm hundraðshlutar til annarra (Þorsteinn Þorsteinsson, 2008a). Hér verður ekki skorið úr um réttmæti þessara upplýsinga, en samkvæmt þessu eru umsvif Ríkisútvarpsins talsvert minni á auglýsingamarkaði en hlutdeild þess í áhorfi og hlustun gefur tilefni til (sjá 3. og 4. kafla).

Í ljósi umræðna um fjármögnun og fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er ekki úr vegi að skoða tekjuhlutdeild þess á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði frá því að einkarekið útvarp hófst fyrir tæpum aldarfjórðungi síðan, árið 1986, eins og dregið er upp í myndum 9.7 og 9.8.

---

[99] Um ummæli málsvara 365 ehf. og Skjásins – miðla ehf. um þetta, sjá t.d. mbl.is, 31. okt. 2008. Gagnrýni rekstraraðila einkarekinna fjölmiðla á fjármögnun Ríkisútvarpsins hefur þó ekki alltaf beinst gegn þátttöku þess á auglýsingamarkaði, heldur einnig afnotagjöldum meðan þau voru við lýði og síðar framlagi í formi skatttekna. Gagnrýnt hefur verið að lögbundnar tekjur hafi staðið straum af herkostnaði Ríkisútvarpsins af samkeppni við einkaaðila í stað þess að vera eingöngu nýttar til starfsemi sem falli undir skilgreinda almannaþjónustu. Slíkt háttalag jafngildi því ríkisaðstoð á samkeppnismarkaði og stríði gegn samkeppnisreglum á EES-svæðinu. Í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við menntamálaráðherra, sem gildir frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012, er reynt að girða fyrir þetta. Þar er m.a. kveðið á um að þess skuli „sérstaklega gætt að haldið sé aðskildum tekjum og kostnaðarliðum vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu annars vegar og starfsemi sem flokka má sem samkeppnisrekstur hins vegar“ (Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 5. gr.). Víðar er ámóta gagnrýni á fyrirkomulag fjármögnunar útvarps í almannaþjónustu höfð í frammi (sbr. d'Haenens og Bardoel, 2007; Mortensen, 2004; Syvertsen, 2004, 8. kafli).

[100] Stjórn Sambands íslenskra auglýsingastofa telur að brotthvarf Ríkisútvarpsins af auglýsingamarkaði væri „[a]lgjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda“ (mbl.is, 30. nóv. 2006). Stjórnin hefur síðar áréttað þessa afstöðu frekar (sjá mbl.is, 5. nóv. 2008).

[101] Sjá um öndverð sjónarmið talsmanna 365 ehf. og Ríkisútvarpsins hjá Pétri Péturssyni (2008a, b) og Þorsteini Þorsteinssyni (2008a, b).

Frá tilkomu einkarekinna hljóðvarpsstöðva árið 1986 hafa tekjur Ríkisútvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarps eðlilega lækkað. Mynd 9.7 sýnir tekjur Ríkisútvarps – Hljóðvarps sem hlutfall af hljóðvarpstekjum frá árinu 1986. Fram til 1998 jókst hlutdeild einkarekinna stöðva á kostnað Ríkisútvarpsins. Síðan hefur skipting milli einkareknu stöðvanna og Ríkisútvarpsins verið að mestu óbreytt. Síðustu ár hefur hlutdeild Ríkisútvarpsins í samanlögðum tekjum hljóðvarps numið um tveimur þriðju af heildartekjum hljóðvarps og ríflega 40 af hundraði af auglýsingatekjum og kostun í hljóðvarpi.

Mynd 9.7. *Tekjur Ríkisútvarpsins - Hljóðvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarpsstöðva 1986–2008 (%)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Tekjuhlutdeild Ríkisútvarpsins í sjónvarpi hefur minnkað meira en í hljóðvarpi. Fram undir síðustu ár lækkaði markaðshlutur Sjónvarpsins á sjónvarpsmarkaði nær samfellt að sama skapi og einkastöðvum óx ásmegin. Gildir þá einu hvort miðað er við heildartekjur, eða eingöngu tekjur af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun.

Mynd 9.8 sýnir hlutdeild Sjónvarpsins í tekjum sjónvarps á tímabilinu 1986–2008. Hlutdeild einkarekinna stöðva í öllum tegundum tekna af sjónvarpsstarfsemi jókst samfellt fram til ársins 2001. Eftir þann tíma hefur skipting tekna milli Sjónvarpsins og einkastöðvanna verið að mestu óbreytt eða um og yfir 30% árið 2008.

Athyglisvert er að hlutur Ríkisútvarpsins, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi, hefur haldist að mestu óbreyttur frá því um aldamót. Fljótt á litið rennir þetta ekki stoðum undir þá fullyrðingu að Ríkisútvarpið hafi á síðustu árum orðið æ frekara til fjörsins í samkeppni á

Mynd 9.8. *Tekjur Ríkisútvarpsins - Sjónvarps sem hlutfall af heildartekjum sjónvarpsstöðva 1986–2008 (%)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

auglýsingamarkaði en því hefur þráfaldlega verið haldið fram af talsmönnum stóru einkamiðlanna. Skýring þess að Ríkisútvarpið hefur haldið að mestu óbreyttum hlut í tekjum hljóðvarps og sjónvarps síðustu ár kann að vera sú að það hafi notið styrkrar stöðu sinnar meðal hljóðvarpshlustenda og sjónvarpsáhorfenda sem aftur endurspeglast í óbreyttri tekjuhlutdeild gagnvart einkareknu hljóðvarpi og sjónvarpi.

1.20 Eignarhald og samþjöppun

Samþjöppun í fjölmiðlun verður að teljast mikil hér á landi. Gildir þá einu hvort horft er til eignarhalds eða stöðu einstakra miðla á markaði. Slík samþjöppun eigna og valda er ekki einskorðuð við fjölmiðla eina heldur efnahagslífið almennt hér á landi sem að nokkru má rekja til smæðar íslensks samfélags.[102]

Íslenskur fjölmiðlamarkaður er um margt einstakur í samanburði við fjölmiðlamarkaði í nágrannalöndum. Það stafar ekki hvað síst af smæð markaðarins sem ætla má að hafi mikið um það að segja að hér fyrirfinnst meiri samþjöppun fjölmiðla en víðast gerist í nágrannalöndum og í Evrópu. Gildir þá einu hvort miðað er við stærri lönd eða samfélög af svipaðri stærð að mannfjölda.

Á undanförnum árum og áratugum hefur þráfaldlega verið varað við afleiðingum af mikilli samþjöppun í fjölmiðlun hér á landi. Í skýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar árið 1993,

---

[102] Viðlíka máli gegnir einnig um flest svið tengdra markaða og í afþreyingariðnaði, svo sem í útgáfu og dreifingu hljóðrita og kvikmynda og í dreifingu og sölu tölvuleikja og leikjatölva. – Sjá t.d. um kvikmyndamarkaðinn í Ragnari Karlssyni, 2002a: 13–20, 2002b; Samkeppnisstofnun, 2004.

um eignarhald og samþjöppun fjölmiðla á Norðurlöndum, var bent á að samþjöppun væri mikil á dagblaðamarkaði hér og á útvarpsmarkaði í kjölfar afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins 1986. Skýrsluhöfundurinn, Jens Cavallin, taldi að samþjöppun í útvarpi stafaði af því að engar skorður væru settar varðandi framsal útvarpsleyfa milli aðila. Væri ekki gripið í taumana taldi hann að allar líkur væri á að samþjöppun eignarhalds ykist m.a. vegna smæðar íslenska auglýsingamarkaðarins. Svo vitnað sé beint í Cavallin:

> Samþjöppun fjölmiðla er mikil á Íslandi. Eins virðist vera fram undan samþjöppun eignarhalds hvað varðar útvarp og sjónvarp eftir tímabil útþenslu í kjölfar afnáms einokunar.Tvær af þremur sjónvarpsstöðvum eru nú í höndum eins einkafyrirtækis, sem ræður einnig yfir tveimur útvarpsstöðvum. Þetta ástand reyndist mögulegt vegna skorts á reglum um úthlutun tíðnirása fyrir útvarp. Með hliðsjón af smæð auglýsingamarkaðarins hér á landi er líklegt að samþjöppunin muni halda áfram.
>
> *[The Icelandic press is in a phase of strong concentration [...] Radio and TV also face concentration of ownership after a period of expansion following the abolition of the monopoly. Two of the three TV-channels are now in the hands of one private company, which also control two radio channels. This situation was possible through the absence of rules for the transfer of private broadcasting concessions. ... Due to the small size of the Icelandic advertising market the concentration process is likely to go on.]*
>
> Cavallin, 1993: 12.

Á líka lund var kveðið að orði í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um „Samþjöppun og fjölræði í fjölmiðlun“ (Report on Media Concentrations and Pluralism in Europe) frá árinu 1997. Í ljósi margslunginna krosseignatengsla sem voru á milli þeirra einkareknu fjölmiðla sem eitthvað kvað að hér á þeim tíma sem skýrslan var tekin saman komst nefndin að þeirri niðurstöðu að aðeins tveir ótengdir aðilar væru eftir á fjölmiðlamarkaðnum, annars vegar blokk Íslenska útvarpsfélagsins hf./Frjálsrar fjölmiðlunar hf./Árvakurs hf.[103] og hins vegar Ríkisútvarpið. Nefndin lýsti samþjöppun á fjölmiðlamarkaðinum þannig:

> Á Íslandi dró töluvert úr fjölbreytni í dagblaðageiranum seint á 10. áratugnum með sameiningu tveggja dagblaða og með því að eitt dagblað lagði upp laupana. Árið 1997 var fjöldi dagblaða kominn niður í aðeins þrjú blöð og það eru mikil krosseignatengsl milli blaðaútgáfu og ljósvakamiðla. Þar sem þrír ráðandi fjölmiðlar eru samtengdir í gegnum krosseignatengsl, þá hafa í raun aðeins verið tvær sjálfstæðar „raddir“ í íslenskum fjölmiðlageira – Íslenska útvarpsfélagið/Frjáls fjölmiðlun/Árvakur samþjöppunin og hinn ríkisrekni fjölmiðill.
>
> *[In Iceland, diversity in the press sector was reduced considerably in the late 1990s by the merger of two daily titles ... and the closure of the another. By 1997, the number of daily newspapers in Iceland was down to only three and there is extensive cross-ownership between press and broadcasting sectors. Because the three dominant commercial media suppliers are interconnected through cross-ownership, there have effectively been only two separate autonomous „voices“ in the Icelandic media – the Islenska utvarpsfelagid/Frjals fjolmidlun/Arvakur amalgamation and the state-run Icelandic Broadcasting Company.]*
>
> Doyle, 2002a: 142.

---

[103] Árvakur hf. átti á þessum tíma eignarhlut í Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem var rekstraraðili Stöðvar 2 og Bylgjunnar, með kaupum síðarnefnda félagsins á áskriftarsjónvarpsstöðinni Stöð 3 (1995–1997) sem Árvakur var hafði var stór hluthafi í. Árið 1995 keypti Íslenska útvarpsfélagið 35 prósenta hlut í Frjálsri fjölmiðlun þáverandi útgefanda DV sem seldur var ekki löngu síðar.

Nýverið beindi Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (skammstafað ÖSE; Office for Democratic Institutions and Human Rights, skammstafað OSCE) í skýrslu sinni um framkvæmd kosninga til Alþingis sl. vor þeirri spurningu til stjórnvalda hvort ekki gæti verið ástæða til að huga að setningu reglna um samþjöppun eignarhalds í fjölmiðlum hér á landi. Í ljósi fámennis þjóðarinnar og smæðar auglýsingamarkaðarins hér á landi benda skýrsluhöfundar á að þeim mun brýnna sé að tryggt verði að fjölmiðar í eigu fjölmiðlasamsteypna stuðli að ólíkum sjónarmiðum í dagskránni (ÖSE, 2009).

1.20.1 Samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum

Samþjöppun í fjölmiðlun má meta út frá ýmsum mælikvörðum. Ekkert samkomulag ríkir um hvaða aðferðum og mælikvörðum er réttast að beita þegar samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum er metin. Það er því afar misjafnt hvaða leið eftirlitsstofnanir með fjölmiðlum og samkeppnisyfirvöld víðs vegar hafa að leiðarljósi við slíkt mat (Iosifidis, 1997).

Algengir mælikvarðar sem notaðir eru við mat á markaðslegri samþjöppun er hlutdeild stærstu fyrirtækja á markaði (á ensku oft nefnt C_4 *Index,* eða C_n *Index*)[104] og svonefndur *Hirschman-Herfindahl Index* (hér eftir nefndur til styttingar HHI kvarði). Síðarnefndi mælikvarðinn er m.a. lagður til grundvallar í leiðbeiningarvísi bandaríska dómsmálaráðuneytisins og Federal Trade Commission um mat á láréttum samruna og markaðssamþjöppun, í svonefndum Horizontal Merger Guidelines (U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission, 1997). Algengt er að HHI kvarðanum sé brugðið upp af ýmsum eftirlitsaðilum með fjölmiðlum, svo sem eins og hollensku fjölmiðlaeftirlitsstofnuninni Commissariaat voor der Media „Media Monitor“, http://www. mediamonitor.nl/). Hér hefur Samkeppniseftirlitið stuðst við kvarðann við mat á áhrifum samruna og vegna álitamála sem upp hafa komið vegna samruna fyrirtækja á tilteknum mörkuðum (sbr. Samkeppniseftirlitið, 2004; 2009a, b).

HHI kvarðinn er fundinn með því að leggja saman margfeldi markaðshlutdeildar (þ.e. í öðru veldi) þeirra fyrirtækja sem teljast vera á sama markaði. Kvarðinn tekur gildi á bilinu 0 og 10.000. Eftir því sem gildið er lægra þeim mun minni er samþjöppunin; þeim mun hærra sem gildið er þeim mun meiri er samþjöppunin. Sem dæmi má taka markað með tíu fyrirtækjum sem hvert um sig er með 10 prósenta markaðshlutdeild. HHI kvarðinn væri þá 102 x 10 = 1.000; ellegar ef fimm fyrirtæki eru á markaði með jafna markaðshlutdeild þá væri HHI kvarðinn 202 x 5 = 2.000; ef aðeins eitt fyrirtæki væri á markaði væri HHI kvarðinn 1002 x 1 = 10.000. Ef fyrirtækin á markaði eru mörg og öll með örlitla markaðshlutdeild er HHI kvarðinn því sem næst 0.[105] Kosturinn við HHI mælikvarðann umfram mælingar á markaðshlutdeild einstakra eða fárra aðila (sbr. C_n mælikvarðann) er sá helstur að hann er ekki eins næmur fyrir fjölda fyrirtækja á markaði (sbr. Compaine, 2000: 558; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 146–47; van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; van der Wurff, van Cuilenburg og Keune, 2000: 139–40).

---

[104] C_4 mælikvarðinn var lagður til grundvallar nýlegri úttekt um samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum í tíu Evrópulöndum sem unnin var að undirlagi hollensku fjölmiðlastofnunarinnar, Commissariaat voor der Media (Ward, 2004).

[105] Mælikvarðann má skrifa út á eftirfarandi hátt:
$HHI = \sum(m_i^2)$
$1/n$ (fullkomin samkeppni) $\leq$ HHI $\leq$ 10,000 (einokun)
þar sem m_i merkir markaðshlutdeild (tekjur/útbreiðsla/áhorfendur/tími/...) i;
þar sem n merkir fjöldi fyrirtækja/rekstraraðila/fjölmiðla á markaði.

Mismunandi er hvar samkeppnisyfirvöld og eftirlitsaðilar draga mörkin við óæskilegri samþjöppun á markaði og við hve mikla hækkun á gildi mælikvarðans skuli miða svo ástæða sé til að óttast neikvæð áhrif á samkeppni eftir samruna.[106] Algeng þumalfingursregla er að miða við að ef gildi HHI kvarðans er yfir 1.800 sé um ríka samþjöppun að ræða; um lága samþjöppun sé að ræða ef gildið fer undir 1.000; og að samþjöppun sé nokkur en ekki teljist ástæða til sérstakra inngripa ef gildið liggur milli 1.000 og 1.800.[107]

Við mat á samþjöppun á markaði og samkeppnislegum áhrifum samþjöppunar verður að skilgreina viðeigandi markað/markaði. Til grundvallar skilgreiningu á mörkuðum er sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Með staðgöngu er átt við þegar vara eða þjónusta getur komið að fullu eða verulegu leyti í staðinn fyrir aðra vöru eða þjónustu. Landfræðileg mörk sölu og þjónustu eru að auki lögð til grundvallar skilgreiningu á mörkuðum (sjá frekar Samkeppniseftirlitið, 2005a, 2005b, 2009a, b).

Að neðan er HHI kvarðanum brugðið upp á dagblaða-, hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaðinn með tilliti til samþjöppunar. Í mati samkeppnisyfirvalda á samþjöppun markaða og áhrifum samruna á samþjöppun er algengast að miðað sé við tekjur/veltu. Hér aftur á móti er markaðshlutdeild fjölmiðla og rekstraraðila fundin af útbreiðslu og hlutdeild í lestri, hlustun og áhorfi. Stuðst er annars vegar við upplýsingar um útbreiðslu dagblaðanna og hins vegar niðurstöður nýlegra fjölmiðlakannana um markaðshlutdeild fjölmiðla út frá lestri. Útreikningarnir ná til allra dagblaðanna og þeirra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva sem fjölmiðlakannanir taka til. Eðlilegra verður að teljast að styðjast við markaðshlutdeild í útbreiðslu, hlustun og áhorfi en tekjur og veltu þegar meta skal samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum, enda liggja aðrir og víðtækari hagsmunir að baki vangaveltum um samþjöppun og fákeppni í fjölmiðlun en þeir sem snúa eingöngu að rekstrarlegri og viðskiptalegri hlið fjölmiðla.

Litið er hér svo á að dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp mundi ótengda vöru- og þjónustumarkaði. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt til að sjónvarpsmarkaðinum sé skipt upp í nokkra undirmarkaði, almennt sjónvarp, áskriftarsjónvarp og endurvarp. Samkeppnisráð hefur tekur mið af þessum tilmælum í nýlegum úrskurðum um samruna á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði hér (sbr. Samkeppniseftirlitið, 2005a, b, 2009a, b). Ekki er hér tilraun gerð til landfræðilegrar skiptingar þessara þriggja markaða, enda er öllum dagblöðunum dreift á landsvísu eða fast að því og þau eru aðgengileg flestum á veraldarvefnum óháð búsetu. Svipuðu máli gegnir með langflestar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar sem nást víðast um land um einhverja dreifileið.

Tafla 10.1 og mynd 10.1 sýna samþjöppun á dagblaða-, hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði mælt með HHI kvarðanum og hvernig hún hefur þróast yfir nokkurt árabil. Samþjöppun verður að teljast verulega mikil í öllum þessum fjölmiðlum hvort heldur er miðað út frá markaðstöðu miðla eða eigenda. Öll þau ár sem hér er miðað við, eða í flestum tilvikum frá árinu 1995, hefur gildi HHI kvarðans verið vel yfir 1.800 stigum sem eru þau mörk sem almennt er miðað við þegar metið er hvort um ríka samþjöppun sé að ræða. Reyndar hefur dregið nokkuð úr samþjöppuninni á sjónvarpsmarkaði jafnt er varðar stig samþjöppunar eftir miðlum

---

[106] Túlkunarreglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á afleiðingu lárétts samruna eru nokkuð rýmri en þær sem bandarísk samkeppnisyfirvöld styðjast við (sjá t.d. Samkeppniseftirlitið, 2004, s. 13. nmgr. 28 og U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission, 1997).

[107] Fjarskiptahagfræðingurinn Eli Noam telur að ekki sé ástæða til taka með í slíkar mælingar þá aðila sem eru með óverulega markaðshlutdeild. Hann leggur einnig til að tekið verði tillit til stærðar viðkomandi markaðar við mat á því hvenær samþjöppun sé komin á það stig að kalli á aðgerðir (Noam, 2004).

og eignarhaldi. Sama hefur gerst á dagblaðamarkaðinum mælt í útbreiðslu; öðru gegnir með samþjöppun mælda út frá eignarhaldi.

Tafla 10.1. *HHI stig fyrir fjölmiðlamarkaði 1995–2009*

	HHI stig						
	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*
HHI eftir titlum/stöðvum							
Dagblöð[1]							
Útbreiðsla	4.300	4.900	3.800	4.100	4.500	3.200	..
Lestur	5.100	4.500	3.000	3.500	3.400	3.500	5.200
Hljóðvarp							
Hlustun	..	2.000[2]	2.000	2.200	2.100	2.800	2900
Sjónvarp							
Áhorf	4.600	3.300	3.400	3.100	3.700	3.300	3200
HHI eftir eignarhaldi							
Dagblöð[1]							
Útbreiðsla	4.300	5.300	3.600	5.100	4.800	4.600	..
Lestur	5.100	5.100	4.000	5.100	5.100	5.100	5200
Hljóðvarp							
Hlustun	..	4.600	4.300	4.700	4.700	5.100	5.000
Sjónvarp							
Áhorf	4.800	3.800	3.700	3.600	3.800	3.800	3.800

Skýringar: HHI stig eru sléttuð við næsta hundrað.
[1] Dagblöð útgefin á árinu.
[2] Tölur vísa til könnunar í mars 2002.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995; Capacent, 2000–2009; Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Samkvæmt þeim forsendum sem hér eru lagðar til grundvallar getur samþjöppun talist veruleg á þessum þremur fjölmiðlamörkuðum. Benda má á að ef mörkuðum væri skipt upp í undirmarkaði vöru og þjónustu og eftir landfræðilegum mörkum væri samþjöppun mun meiri en hér kemur fram.

Mynd 10.1. *HHI stig fyrir fjölmiðlamarkaði*



Skýringar: HHI reiknuð út frá markaðshlutdeild eftir fjölmiðlum og eingarhaldi. Dagblöð útgefin á árinu.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009; Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.



Skýring: HHI reiknuð út frá markaðshlutdeild eftir fjölmiðlum og eingarhaldi.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent 1999–2009; eigin úrteikningar.

Fróðlegt er að skoða á hvaða lund þessu er farið á vefnum með því að skoða umferð um vefsíður. Því hefur oftsinnis verið haldið fram að veraldarvefurinn og sú efnisgnótt sem þar er sýni að ekki sé lengur ástæða til að hafa áhyggjur af samþjöppun í fjölmiðlun. Fjöldi þeirra radda og sjónarmiða sem á Vefnum er sé nægjanleg trygging fyrir fjölbreytni hvað sem líður samþjöppun í hefðbundinni fjölmiðlun (sbr. Compaine, 2008). Því fer fjarri að allir séu tilbúnir að skrifa undir þetta. Athuganir á umferð um vefsíður sýna að á vefnum er ekki síður rík tilhneiging til samþjöppunar en í hefðbundnum fjölmiðlum. Að frátöldum stóru leitarvélunum (einkum Google, MSN og Yahoo) eru vefmiðlar á vegum hefðbundinna fjölmiðla gjarnan þeir vefir sem hæsta markaðshlutdeildina hafa, þeirra sömu miðla og hafa lykilstöðu

á hefðbundnum fjölmiðlamörkuðum (sbr. Hindman, 2009; Edwin Baker, 2007; Trappel, 2007: 127–31).[108]

Tafla 10.2 sýnir notkun allra mældra vefja, annars vegar, og vefmiðla, hins vegar, mælt í fjölda notenda, innlita og flettinga í viku í janúar sl. samkvæmt niðurstöðum samræmdrar vefmælingar (sjá nánar Modernus, www.modernus.is). Fjöldi allra vefja sem þátt tóku í mælingunni þessa tilteknu viku var 142; þar af voru 21 vefur sem flokkast hér sem vefmiðlar ýmist sjálfstæðir eða sem gerðir voru út í tengslum við aðra fjölmiðlun á vegum rekstraraðila. Til vefmiðla heyra almennir fréttavefir (e. *mainstream news sites*), tenglasöfn á fréttir annarra miðla (e. *index og category sites*), upplýsinga- og samskiptavefir hefðbundinna fjölmiðla (e. *meta and comment sites*) og almennir umræðuvefir (e. *share and discussion sites*) (sjá frekar um þetta í Deuze, 2003).

Vefmælingin tekur aðeins til vefja sem eru aðilar að mælingunni, ekki allra íslenskra vefja. Ganga má þó að því sem gefnu að í mælingunum taki þátt flestir vefir sem einhverju máli skipta miðað við notkun. Vefir sem hafa mesta notkun erlendis frá (75% notenda og meira) eru ekki meðtaldir.

Tafla 10.2. *Vefnotkun í janúar 2009*

	Allir vefir (fjöldi 142)			*Vefmiðlar (fjöldi 21)*		
	Notendur	*Innlit*	*Flettingar*	*Notendur*	*Innlit*	*Flettingar*
Alls, fjöldi	2.014.713	9.772.832	54.236.789	1.040.816	6.981.504	40.070.554
Hágildi	364.105	3.365.646	21.085.676	364.105	3.365.646	21.085.676
Meðaltal	14.188	68.823	381.949	49.563	332.453	1.908.122
Miðgildi	2.812	5.263	20.919	9.924	22.470	47.997
Lágildi	2	2	6	187	259	1.130
Meðaltal á notanda	•	4,9	26,9	•	6,7	38,5
HHI	*704*	*1.708*	*2.117*	*2.126*	*3.207*	*3.772*
Hlutfall, %						
Hæsti vefur	18,1	34,4	38,9	35,0	48,2	52,6
Tveir hæstu	32,3	54,7	62,0	62,5	76,5	83,9
Fimm hæstu	49,5	67,9	72,6	87,5	94,4	97,4
Tíu hæstu	63,7	82,3	83,3	96,3	98,5	99,4

Skýringar: Vefnotkun samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus í 5. viku 2009 (26. janúar – 1. febrúar). Notkun vefja sem mælast með yfir 75 prósent frá erlendum notendum er sleppt hér, svo sem leikjavefjum CCP hf. (eve-online.com), vef Ferðamálastofu (visiticeland.com) og vef Iceland Review (icelandreview.is).
*Heimild: M*odernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); eigin útreikningar.

Eins og upplýsingarnar í töflunni bera með sér er rík tilhneiging til samþjöppunar í vefnotkun, hvort heldur er miðað við notkun allra vefja eða einvörðungu vefmiðla, óháð mismunandi mælikvörðum. Vefnotkunin er eðlilega dreifðari þegar miðað er við alla vefi en vefmiðla eingöngu þar sem þeir fyrrnefndu eru fast að því að vera sjöfalt fleiri. Athygli vekur að gildi á HHI kvarðanum fyrir vefmiðlana slaga hátt upp í það sem mælist hjá hefðbundnum fjölmiðlum (sbr. töflu 10.1 að framan).

[108] Sjá um um þetta í einstökum löndum t.d. í Hans-Bredow-Institut, 2009, Harrie, 2009 og van der Wurff, 2005).

Sýna má að því er virðist augljósa tilhneigingu til samþjöppunar á veraldarvefnum eins og gert er í mynd 10.2. Myndin sýnir upphlaðið hlutfall á notkun á þeim vefjum sem mesta notkun hafa, frá þeim hæsta, upp í þann næsthæsta og síðan koll af kolli. Eftir því sem notkunin dreifist minna milli vefja þeim mun íbjúgari eru línurnar í átt að efra horni vinstra megin. Af myndunum má glöggt sjá að notkunin dreifist jafnar milli allra vefja en vefmiðlanna og einnig að notkunin dreifist minna í innlitum og flettingum en í fjölda notenda. Þetta rennir stoðum undir það að þeir vefir sem hafa upp á mest efni að bjóða og fjölþættasta þjónustu séu oftar og meira sóttir en þeir vefir sem hafa fátæklegra efnisúrval.

Mynd 10.2. *Samþjöppun í notkun vefja 2009 janúar*



Skýringar: Vefnotkun samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus í 5. viku 2009 (26. janúar – 1. febrúar). Notkun vefja sem mælast með yfir 75 prósent frá erlendum notendum er sleppt hér, s.s. eins og leikjavefjum CCP hf., eve-online.com, vef Ferðamálastofu, visiticeland.com og vef *Iceland Review*, icelandreview.is.

Upphlaðin notkun. Blá lína vísar til notkunar á 50 hæstu vefjum. Rauð lína vísar til notkunar á fjölmiðlavefjum.
Heimild: Modernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); eigin útreikningar.

Yfirlit yfir 15 mest sótta innlenda vefi viku í ágúst sl. er birt í töflu 10.3 samkvæmt niðurstöðum úr samræmdri vefmælingu. Vefirnir raðast hér eftir fjölda notenda frá þeim hæsta til þess lægsta. Sex vefir af 15 hæstu voru vefmiðlar. Þar af voru fjórir sem tengjast annarri hefðbundnari fjölmiðlun (þ.e. vefir DV, Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins og 365 miðla ehf.).

Tafla vefir 10.3. *15 mest notuðu innlendu vefirnir í ágúst 2009*

Röð	*Lén vefs (yfirvefir/undirvefir)*	*Rekstraraðili*	*Notendur*	*Innlit*	*Flettingar*	*Innlit/ notendur*	*Flettingar/ notendur*	*Hlutfall innlendra notenda*	*Tegund vefs*
1	eve-online.com/...	CCP hf.	335.652	954.555	7.650.730	3	23	0,4	tölvuleikur
2	mbl.is/...	Árvakur hf.	331.722	2.609.345	12.337.499	8	37	84,1	fjölmiðlavefur
	Forsíðan		300.924	2.396.660	5.649.739	8	19	85,5	undirvefur
	Fréttavefur annað		237.330	1.192.815	2.782.758	5	12	84,2	undirvefur
	Fólklð		126.819	325.126	661.962	3	5	86,5	undirvefur
	Íþróttir		95.186	290.996	656.378	3	7	86,8	undirvefur
	Viðskipti		82.926	213.658	346.383	3	4	83,9	undirvefur
	Fasteignir		29.701	75.393	830.330	3	28	89,3	undirvefur
	Atvinna		9.599	17.598	128.998	2	13	89,3	undirvefur
3	visir.is/...	365 miðlar ehf.	237.030	1.529.300	9.136.095	6	39	85,8	fjölmiðlavefur
	Forsíða		191.414	1.240.748	2.840.311	6	15	87,0	undirvefur
	Fréttir og annað		174.432	775.252	2.131.786	4	12	86,7	undirvefur
	Lífið		103.803	333.850	1.988.271	3	19	87,8	undirvefur
	Íþróttir		70.510	234.904	772.214	3	11	87,3	undirvefur
	Viðskipti		67.402	162.882	299.728	2	4	86,0	undirvefur
	Blog		20.046	32.632	96.110	2	5	83,5	undirvefur
4	Ja.is / simaskra.is	Já Upplýsingaveitur ehf.	159.275	448.639	1.725.600	3	11	91,8	símaskrá

5	blog.is	Árvakur hf.	121.325	383.589	1.231.120	3	10	82,9	bloggvefur
6	dv.is	Birtíngur útgáfufélag ehf.	105.660	503.733	2.197.849	5	21	86,9	fjölmiðlavefur
7	ruv.is	Ríkisútvarpið ohf.	86.422	276.844	912.983	3	11	80,4	fjölmiðlavefur
8	eyjan.is	Invis ehf.	68.219	337.578	1.230.055	5	18	83,5	fjölmiðlavefur
9	vedur.is	Veðurstofa Íslands	62.656	184.932	526.946	3	8	84,3	veður
10	blogcentral.is	365 miðlar ehf.	56.826	142.261	443.116	3	8	81,8	bloggvefur
11	Pressan.is	Vefpressan ehf.	55.351	174.596	508.175	3	9	88,0	fjölmiðlavefur
12	Leikjanet.is	Vatíkanið ehf.	54.308	207.497	948.672	4	17	89,5	tölvuleikir
13	fotbolti.is	Fótbolti ehf.	54.074	341.298	1.434.912	6	27	87,9	íþróttaefni
13	leit.is	Leit.is ehf.	44.897	246.772	612.966	5	14	91,7	leitarvél
14	midi.is	Miði ehf.	30.766	47.522	249.844	2	8	93,9	miðasala að viðburðurm
15	hugi.is	Já Upplýsingaveitur ehf.	335.652	954.555	7.650.730	3	23	76,4	spjallsíða

Skýring: Vefnotkun í 35. viku 2009 (24.–30. ágúst). Vefum er raðað eftir fjölda notenda í vikunni.

Heimild: Modernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); að hluta til eigin útreikningar.

Aðeins tveir vefmiðlanna sem komust í talningarvikunni í hóp þeirra 15 hæstu eru sjálfstæðir vefmiðlar (eyjan.is og pressan.is) sem tengjast ekki annars konar fjölmiðlastarfsemi á vegum rekstraraðila. Sömu sex vefir eru jafnframt á meðal þeirra vefja sem eru með flest innlit og flettingar yfir vikuna.

Þegar litið er til styrkrar stöðu hefðbundinna fjölmiðla í vefnotkun er ekki örgrannt um að taka megi undir með Josef Trappel þegar hann segir:

> Það eimir lítið eftir af fyrstu fagnaðarlátunum yfir netinu sem kerfisbundinni tvíátta samskiptaleið er breytti viðtakendum í sendendur og öfugt og hefði þar með bundið enda á markaðsráðandi stöðu í fákeppnisumhverfi. Svo virðist sem bæði framboð og eftirspurn fréttaefnis á netinu lúti samþjöppun á fáum netsíðum og enn færri fjölmiðlaeigendum.
>
> *[There is not much left from the early euphoria about the Internet as a systematic two-way communication system, turning receivers into senders and vice versa, thereby ending oligopolistic market control. It appears that both supply and demand of news content on the Internet is highly concentrated on few websites an on ever fewer media owners.]*
>
> Trappel, 2007: 128.

Sá samanburður sem reifaður hefur verið hér að framan gefur þó aðeins takmarkaða mynd af stöðu á íslenskum fjölmiðlamörkuðum og á veraldarvefnum með tilliti til samþjöppunar. Því er rétt að undirstrika að aðeins er hér um nálgun að ræða en ekki neinn endanlegan dóm. Engu síður er ástæða til þess að ætla að samþjöppun í fjölmiðlum hér á landi sé umtalsverð og að ástæða sé til að gefa henni frekari gætur.

Taka verður fleira inn í myndina en fjölda fjölmiðla á markaði og innbyrðis markaðsskiptingu þeirra á milli þegar meta skal samþjöppunarstig fjölmiðla. Spurningin snýst vissulega einnig um burði fjölmiðla til að þjóna hlutverki sínu til upplýsingagjafar, umræðu og dægradvalar af myndarbrag (Doyle, 2002a, 2006; Meier, 2007; Meier og Trappel, 1998). Nauðsynlegt er einnig að tekið sé tillit til stærðar viðkomandi markaða þegar samþjöppun er til umræðu (sbr. Doyle, 2002a; Noam, 2004). Þar við bætist að það samþjöppunarstig sem samkeppnisyfirvöld geta sætt sig við þarf ekki endilega að fara saman við fjölmiðlapólitísk sjónarmið. Hvar menn setja mörkin við óviðunandi samþjöppun í fjölmiðlun er þegar allt kemur til alls pólitísk spurning en ekki einvörðungu viðskiptalegt eða lagatæknilegt úrlausnarefni (Cavallin, 2000; Doyle, 2002a, 2006; Edwin Baker, 2007; Gomery, 2000; Karppinen, 2006; McChesney, 2004, 5. og 6. kafli; van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007).

Heimildaskrá

Abrahamson, D. (1996) *Magazine-Made America: The Cultural Transformation of the Postwar Periodical.* Cresskill, NJ: Hampton Press.

ABS fjölmiðlahús, 26. jan. 2009, „Íslendingar eru heimsmeistarar í Facebooknotkun“ (*http://www.absmedia.is/frettir/nr/82397/*).

ABS fjölmiðlahús, 30. jan. 2009, „Mikill samdráttur á dagblaðaauglýsingum“ (sótt á: *http://www.absmedia.is/frettir/nr/82670*).

ABS fjölmiðlahús, 24. september 2009, „Tæplega 50% þjóðarinnar á Facebook“ (sótt á: *http://www.absmedia.is/frettir/nr/92457/*).

Achille, Y. og B. Miège (1994) „The Limits to the Adaptation Strategies of European Public Service Television“, *Media, Culture and Society* 16(1): 31–46.

Ahlin, T. (1993) *Kulturvanor i Norden. En undersökning av kultur- och medievanor i de nordiska länderna.* [Stokkhólmi]: Nordisk statistisk sekretariat. (Nordisk statistisk skriftserie, 62.)
Alasuutari, P. (1997) „Why Does the Radio Go Unnoticed?“, *Nordicom Review,* 18(1): 161–71.
Albarran, A. B. (2004) „Media Economics“, s. 291–307 í *The SAGE Handbook of Media Studies.* J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.
Ang, I. (1991) *Desperately Seeking the Audience.* London: Routledge.
Aslama, M., H. Hellmann og T. Sauri (2004) „Digitalizing Diversity: Public Service Strategies and Television Program Supply in Finland in 2002“, *International Journal of Media Management* 6(3–4): 152–61.
Bagdikian, B. H. (1983) *The Media Monopoly.* Boston, MA: Beacon Press.
Bakker, P. (2002) „Reinventing Newspapers: Readers and Markets of Free Dailies“, s. 77–86 í *Media Firms: Structures, Operations, and Performance.* R. G. Picard, ritstj. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
Bakker, P. og O. Scholten (2005) *Communicatiekaart van Nederland: Overzicht van media en communicatie.* 5. útg. Amsterdam: Kluwer.
Barnes, B. E. og L. Thomson (1994) „Power to the People (Meter): Audinece Measurement Technology and Media Specialization“, s. 75–94 í *Audiencemaking: How the Media Create Audience.* J. S. Ettema og D. C. Whitney, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.
Barwise, P. og D. Gordon (2002) „The Economics of the Media“, s. 198–216 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.
Bentson, K.-H., N. A. Nielsen og E. Nordahl Svendsen (1992) „Ligheder og forskelle. – En sammenlogning af DR og TV2's programudbud, seertal og vurdering i 1990 ud fra et public-service perspektiv“, *Mediekultur* 17: 19–39.
Berger, P. og T. Luckmann (1971) *The Social Construction of Reality.* Harmondsworth: Penguin.
Berlin, I. (1969) *Four Essays on Liberty.* Oxford: Oxford University Press.
Birgir Guðmundsson (2004) *Miðjan er undir iljum þínum – Héraðsfréttablöð og nærfjölmiðlun á nýrri öld.* Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
Birgir Guðmundsson (2006) „The Role of Local Media in Sustaining Viability in Rural and Smaller Regional Communities in Iceland“, í *Nordic-Scottish University Network for Rural and Regional Development; Proceedings of the NSN's Annual Conference Sept. 22–25, 2005.* Elín Aradóttir, ritstj. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
Birgir Guðmundsson (2007) „Tilkoma nýs dagblaðs – breyttur veruleiki“, s. 275–86 í *Rannsóknir í félagsvísindum VIII, Félagsvísindadeild.* Gunnar Þór Jóhannesson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Björn B. Björnsson (2008) „Óráð um auglýsingar“, *Morgunblaðið,* 11. des. 2008.
Bourdieu, P. (1998) *On Television and Journalism.* London: Pluto Press.
Brants, K. og E. De Bens (2000) „The Status of TV Broadcasting in Europe“, s. 7–22 í J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. *Television Across Europe: A Compartive Introduction.* London: Sage.
Buonanno, M., ritstj. (2002) *Television Fiction in Europe. Eurofiction Report.* Strasborg: Evrópuráðið.
Capacent, fjölmiðlakannanir, *www.capacent.is*.

Cavallin. J. (1993) „Media Concentration and Media Ownership in the Nordic Countries.“ Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið. (Nordiske Seminar- og Arbejds rapporter, 1993: 532.)
Cavallin, J. (2000) „Public Policy Uses of Diversity Measures“, s. 105–74 í *Measuring Media Content, Quality, and Diversity: Approaches and Issues in Content Research.* R. G. Picard, ritstj. Turku: Turku School of Economics and Business Administration.
Chaney, D. (1972) *Processes of Mass Communication.* London: Macmillan.
Chapman, R. (1992) *Selling the Sixties: The Pirates and Pop Music Radio.* London: Routledge.
Collins, R., N. Garnham and G. Locksley (1988) *Economics of Television: The UK Case.* London: Sage.
Commissariaat voor der Media, „Media Monitor“, *http://www.mediamonitor.nl/.*
Compaine, B. M. (2000) „Distinguishing Between Concentration and Competition“, s. 537–81 í B. M. Compaine og D. Gomery, *Who Owns the Media? Competition and Concentration in the Mass Media Industry.* 3. útg. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
Compaine, B. M. (2005) „The Media Monopoly Myth: How New Competition is Expanding Our Sources of Information and Entertainment. „ New Millenium Research Council (sótt á: http://newmillenniumresearch.org//archive/Final_Compaine_Paper_ 050205.pdf).
Coppens, T. (2005) „Finetuned or Out-of-Key? Critical Reflections on Frameworks for Assessing PSB Performance“, s. 79–99 í *Cultural Dilemmas in Public Service Broadcasting.* G. F. Lowe and P. Jauert, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.
Corcoran, F. (2004) *RTÉ and the Globalization of Irish Television.* Bristol: Intellect Books.
Crisell, A. (1994) *Understanding Radio.* 2. útg. London: Routledge.
Crisell, A. (2002) „Radio: Public Service, Commercialism and the Paradox of Choice“, s. 121–34 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.
Croteau, D og W. Hoynes (2001) *The Business of the Media: Corporate Media and the Public Interest.* Thousand Oaks, CA: Pine Forge Press.
Curran, J. (1982) „Communications, Power, and Social Order“, s. 202–35 í *Culture, Society and the Media.* M. Gurevitch, T. Bennett, J. Curran og J. Woollacott, ritstj. London: Methuen.
David Graham and Associates Ltd. (2005) „Impact Study of Measures (Community and National) Concerning the Promotion of Distribution and Production of TV Programmes Provided for Under the Article (25(a) of the TV Without Frontiers Directive Final Report.“ Skýrsla unnin fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (The Audiovisual, Media and Internet Unit Directorate–General Information Society and Media European Commission, maí 2005.
Davis, A. (2006) „Placing Promotional Culture“, s. 149–63 í *Media and Cultural Theory.* James Curran og David Morley, ritstj. London: Routledge.
De Bens, Els (2000) „Media Competition: Greater Diversity or Greater Convergence? Evidence from Two Empirical Studies“, s. 158–79 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.
De Bens, E. (2007) „Developments and Oppourtunities of the European Press Industry“, s. 141–70 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

De Bens, E. og H. de Smaele (2001) „The Inflow of American Television Fiction on European Broadcasting Channels Revisited“, *European Journal of Communication* 16(1): 51–75.
De Bens, E., M. Kelly og M. Bakke (1992) „Television Content: Dallasification of Culture?“, s. 75–100 í *Dynamics of Media Politics: Broadcast and Electronic Media in Western Europe.* K. Siune og W. Truetzschler, ritstj. London: Sage.
Deuze, M. (2003) „The Web and its Journalism: Considering the Consequences of Different Types of Newsmedia Online“, *New Media and Society* 5(2): 237–45.
Do, J, D. Kim, D. Y. Kim og E. Kim (2009) „When mobile Phones Meet Television …: An FGI Analysis of Mobile Broadcasting Users in Korea“, *Media, Culture and Society* 31(4): 669–79.
Doyle, G. (2002a) *Media Ownership.* London: Sage.
Doyle, G. (2002b) *Understanding Media Economics.* London: Sage.
Doyle, G. (2006) „Structure and Development of Media Ownership in Europe“, s. 121–37 í *Media Economics in Europe.* J. Heinrich og G. G. Kopper, ritstj. Berlin: Vistas. (Informationskultur in Europa, 4.)
Duval, J. (2005) „Economic Journalism in France“, s. 135–55 í *Bourdieu and the Journalistic Field.* R. Benson og E. Neveu, ritstj. Cambridge: Polity Press.
dv.is, 7. nóv. 2008, „Starfsfólkið tók völdin“ (sótt á: http://www.dv.is/brennidepill/2008/11/10/starfsfolkid-tok-voldin/).
EAO (2004–2007) *Yearbook 2004–2007.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.
EAO (2008a) *Yearbook 2008, 1. b.: Television in 36 European States.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.
EAO (2008b) *Yearbook 2008, 2. b.: Trends in European Television.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.
EAO (2008c) *Yearbook 2008, 3. b.: Film and Home Video.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.
Eco, U. (2001) *Five Moral Pieces.* New York: Harcourt.
Economist, The (2009) „The End of the Free Lunch–Again“, 21.–27. mars, s. 18.
Edwin Baker, C. (2007) *Media Concentration and Democracy: Why Ownership Matters.* Cambridge: Cambridge University Press.
Eide, M. (1997) „A New Kind of Newspaper? Understanding a Popularization Process“, *Media, Culture and Society* 19(2): 173–82.
Elfa Ýr Gylfadóttir (2006) „Þróun efnismála á íslenskum sjónvarpsmarkaði“, s. 245–56 í *Rannsóknir í félagsvísindum VII, Félagsvísindadeild.* Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006. Úlfar Hauksson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Ellis, J. (2000) „Scheduling: The Last Creative Act in Television“, *Media, Culture and Society* 22(1): 25–38.
Elvestad, E. og A. Blekesaune (2008) „Newspaper Readers in Europe: A Multilevel Study of Individual National Differences“, *European Journal of Communication* 23(4): 425–47.
Engblom, L.-Å. (2001) „Islands landsortspress: Från handskrifter till hemsidor på hundrada år“, s. 105–15 í *Nordisk landsortspress på 1990-talet.* K. E. Gustafsson, ritstj.: Gautaborg: Handelshögskolan vid Göteborgs universitetet.
Engblom, L.-Å. og N. Wormbs (2007) *Radio och TV efter monopolet.* En kamp om politik, pengar, public och teknik. Stokkhólmi: Ekerlids Förlag.

Engblom, L.-Å., Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2008) „The Competition Between Free and Subscribed Newspapers in Scandinavia – with Special Focus on Iceland.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni The Nordic Media Theory in Practice, Department of Scandinavian Studies University College of London og Reuters Institute for the Study of Journalism, University of Oxford, 7.–8. nóv. 2008.

EUROSTAT, gagnagrunnur, tafla: „Households having access to the Internet, by type of connection – (as % of all households)“ (sótt á: http://epp.eurostat.ec.europa.eu/tgm/table.do?tab=table&init =1&language=en&pcode=tin00073&plugin=1).

Evrópuráðið/ERI Carts (2009) „Compendium of Cultural Policies and Trends in Europe: Cultural Policy Profie“, 10. útg. (sótt á: http://www.cultural policies.net/web/index.ph).

eyjan.is, 9. ágúst 2007, „5–7000 heimili með búnað frá Sky – ólöglegt segir lögmaður – seljandi handtekinn – þrjú lögbannsmál“ (sótt á: http://eyjan.is/blog/2007/08/09/5-7000-heimilime%C3%B0-buna%C3%B0-fra-sky-ologlegt-segir-logma%C3%B0ur-seljandi-handtekinn-% C3%BErju-logbannsmal/).

eyjan.is, 10. júní 2009, „Fjölmiðlakóngurinn Murdoch: Prentuð dagblöð úr sögunni innan áratugar. Netið tekur við“ (sótt á: http://eyjan.is/blog/2009/06/10/fjolmidlakongurinnmurdoch-prentud-dagblod-ur-sogunni-innan-aratugar-netid-tekur-vid//).

Ferguson, M. (1990) „Foreword“, s. ix–xiii í *Public Communication – The New Imperatives: Future Directions for Media Research.* M. Ferguson, ritstj. London: Sage.

Félagsvísindastofnun (1995–1998) „Fjölmiðlakannanir.“ Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (fjölrit).

Free Daily Newspapers, http://users.fmg.uva.nl/pbakker/freedailies/.

Freedom House (2004) *Freedom of the Press 2004: A Global Survey of Media Independence.* K. D. Karlekar, ritstj. Lanham, MD: Rowan and Littlefield.

Frjáls verslun, 2008, 8.–9. tbl., sérhefti: „300 stærstu“.

Freedman, D. (2006) „Internet Transformations: „Old“ Media Resilience in the „New“ Media Revolution“, s. 275–90 í *Media and Cultural Theory.* James Curran og David Morley, ritstj. London: Routledge.

Freedman, D. (2008) *The Politics of Media Policy.* Cambridge: Polity Press.

Garnham, N. (1978) *Structures of Television.* London: British Film Institute.

Garnham, N. (1990) *Capitalism and Communication: Global Culture and the Economics of Information.* F. Inglis, ritstj. London: Sage.

Garnham, N. (1993) „The Future of Public Service Broadcasting in Britain in Historical Perspectvie“, s. 16–31 í *Rethinking Goverance and Accountability.* C. Shaw, ritstj. London: British Film Institute. (The BBC Charter Series, 5.)

Gomery, D. (2000) „Interpreting Media Ownership“, s. 507–35 í B. M. Compaine og D. Gomery, *Who Owns the Media? Competition and Concentration in the Mass Media Industry.* 3. útg. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.

Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Menntamálaráðuneutið, Reykjavík, apríl 2004 (sótt á: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ fjolmidla.pdf).

Grisold, A. (1996) „Press Concentration and Media Policy in Small Countries: Austria and Ireland Compared“, *European Journal of Communication* 11(4): 485–509.

guardian.co.uk, 21. september 2009 „Only 5% of Web Users Would Pay for Online News, Reports Survey“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/pda/2009/sep/21/paid-content-newspapers-online-news).

guardian.co.uk, 6. ágúst 2009a, „Rupert Murdoch to Charge to View Websites by 2010“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/2009/aug/06/rupert-murdoch-internet-pay).
guardian.co.uk, 6. ágúst 2009b, „Rupert Murdoch Plans Charge for All News Websites by Next Summer“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/2009/aug/06/rupert-murdoch-website-charges).
Guðbjörg Hildur Kolbeins (2006) „Af kaupmönnum og hjartans börnum“, s. 257–70 í *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild.* Úlfar Hauksson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Guðjón Friðriksson (2000) *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga.* Reykjavík: Iðunn.
Gunnar Stefánsson (1997) *Útvarp Reykjavík, 1. b. Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960.* Reykjavík: Sögufélagið.
Gustafsson, K. E. (2004) *„Sattuman kauppaa Islannissa“, Sumoen Lehdistö* 10(4): 38–40.
Gustafsson, K. E. (2005) *Reklamens makt över medierna.* Stokkhólmi: SNS Förlag.
Gustafsson, K. E. og L. Weibull (1997) *„European Newspaper Readership: Structure and Development“, Communications* 22(3): 249–73.
Hadenius, S. og L. Weibull (2002) *Mass medier. Press, radio og TV i förvandling.* 7. útg. Stokkhólmi: Albert Bonniers Förlag.
d'Haenens, L. og J. Bardoel (2007) „European Public Service Broadcasting: A Concept, an Institution, and a Practice“, s. 79–94 í *Western Broadcast Models: Structure, Content and Performance.* L. d´Haenens og F. Saeys, ritstj. Berlín: Mouton de Gruyter. (Communications Monographs, 5.)
Hafez, K. (2007) *The Myth of Media Globalization.* Cambridge: Polity Press.
Hagstofa Íslands, upplýsingar af vef, www.hagstofa.is.
Hagtíðindi (2008) „Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og interneti 2008“, *Hagtíðindi, Upplýsingatækni,* 2008:1.
Hallin, D. C. og P. Mancini (2004) *Comparing Media Systems: Three Models of Media and Politics.* Cambridge: Cambridge University Press.
Hans-Bredow-Institut (2009) *Internationales Handbuch Medien.* 49. ár. C. Matzen og A. Herzog, ritstj. Baden Baden: Nomos.
Harrie, E., ritstj. (2006) *Media Trends 2006 in Denmark, Finland, Iceland and Sweden: Radio, TV and Internet: Descriptive Analyses and Statistics.* Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 8.)
Harrie, E., ritstj. (2009) *The Nordic Media Market 2008: Media Companies and Business Activities.* Gautaborg: NORDICOM (vefútgáfa: www.nordicom.gu.se/).
Hartley, J., M. Montgomery, E. Rennig og M. Brennan (2002) *Communication, Cultural and Media Studies: The Key Concepts.* 3. útg. London: Routledge.
Hasebrink, U. og A. Herzog (2009) „Mediennutzung im internationalen Vergleich“, s. 131–54 í *Internationales Handbuch Medien.* 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.
Hellman, H. (2001) „Diversity – An End in Itself? Developing a Multi-Measure Methodology of Television Programme Variety Studies“, *European Journal of Communication* 16(2): 181–208.
Hellman, H. and T. Sauri (1994) „Public Service Television and the Tendency towards Convergence: Trends in Prime-Time Programme Structure in Finland, 1970–1992“, *Media, Culture and Society* 16(1): 47–71.

Hellman, H. og T. Sauri (1996) „Konvergens och mångfald i de finska TV-kanalerna. TV-reformens påverkan på prime time-programutbudet 1988–1995“, s. 101–20 í *Nordisk forskning om public service: Radio och TV i allänhetens tjänst.* O. Hultén, H. Søndergaard og U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 2.)
Hendy, D. (2000) *Radio in the Global Age.* Cambridge: Polity Press.
Hesmondhalgh, D. (2007) *The Cultural Industries.* 2. útg. London: Sage.
Hindman, M. (2009) *The Myth of Digital Democracy.* Princeton, NJ: Princeton University Press.
Hjarvard, S. (1993) „Pan-European Television News: Towards A European Political Public Sphere?“, s. 71–94 í *National Identity: The Television Revolution.* P. Drummond, J. Willis og R. Paterson, ritstj. London: British Film Institute.
Hodgson, P. (1993) „Why the BBC Must Be a World Player“, *The Times,* 26. maí 1993, s. 27.
Hoggart, R. (2004) *Mass Media in a Mass Society: Myth and Reality.* London: Continuum.
Hoskins, C., S. McFadyen og A. Finn (1997) *Global Television and Film: An Introduction to the Economics of the Business.* Oxford: Clarendon Press.
Hoskins, C., S. McFadyen og A. Finn (2004) *Media Economics: Applying Economics to New and Traditional Media.* Thousands Oaks, CA: Sage.
Hujanen, T. (2000) „Programming and Channel Competition in European Television“, s. 65–83 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.
Hultén, O. (2007) „Between Vanishing Concept and Future Model: Public Service Broadcasting in Europe on the Move“, s. 197–221 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.
Hultén, O. og K. Brants (1992) „Public Service Broadcasting: Reactions to Competition“, s. 116–29 í *Dynamics of Media Politics: Broadcast and Electronic Media in Western Europe.* K. Siune og W. Truetzchler, ritstj. London: Sage.
Høyer, R. (2003) „Medieregulering og næringsvirksomhet. Pressestøtten i et større perspektiv“, s. 109–23 í *Pennan, Penningen och Politiken. Medier och medieföretag förr och nu.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.
Ingi Rúnar Eðvarðsson, ritstj. (1997) *Búsetustefna til nýrrar aldar.* [Reykjavík]: Byggðastofnun.
Inglis, F. (1990) *Media Theory: An Introduction.* Oxford: Blackwell.
Iosifidis. P. (1997) „Methods of Measuring Media Concentration“, *Media, Culture and Society* 19(4): 643–63.
Iosifidis, P. (2004) „Public Television in Small EU Member States: Challenges and Strategies.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni RIPE@2004, Aarhus Universitet, Árósum, 3.–5. júní 2004 (retrieved from: http://www.yle.fi/ripe/2004/).
Iosifidis, P. (2007) *Public Television in the Digital Era: Technological Challenges and New Strategies for Europe.* Houndmills: Palgrave.
Iosifidis, P., J. Steemers og M. Wheeler (2005) *European Television Industries.* London: British Film Institute.
IP (2008) *Television 2008: International Key Facts.* Köln: IP-Deutschland/RTL Group.
Íslensk orðabók (2002) 3. útg. Mörður Árnason, ritstj. Reykjavík: Edda.
ISO (1991) *Information and documentation – Statistics on the production and distribution of books, newspapers, periodicals and electronic publications.* Genf: Alþjóðlegu staðalsamtökin. (ISO 9707: 1991, E.)

Jankowski, N. W. (2006) „Creating Community with Media: History, Theories and Scientific Investigations“, s. 55–74 í *The Handbook of New Media.* 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.
Jenkins, H. (2006) *Convergence Culture: Where Old and New Media Collide.* New York: New York University Press.
Jensen, J. F. (2004) „Fra computere til netværksmedier“ s. 197–218 í *Dansk mediehistorie, 4. b. 1995–2003.* K. B. Jensen, ritstj. Frederiksberg C: Samfundslitteratur.
Jensen, K. B. (2002) „Introduction: The State of Convergence in Media and Communication Research“, s. 1–11 í *A Handbook of Media and Communication Research: Qualitative and Quantitative Methodologies.* K. B. Jensen, ritstj. London: Routledge.
Jhally, S. (1987) *The Codes of Advertising: Fetishism and the Political Economy of Meaning in the Consumer Society.* New York: Routledge.
Karppinen, K. (2006) „Media Diversity and the Politics of Criteria: Diversity Assessment and Technocratisation of European Media Policy“, *Nordicom Review* 27(2): 53–68.
Kelly, M., G. Mazzoleni og D. McQuail, ritstj. (2004) *The Media in Europe: The Euromedia Handbook.* 3. útg. London: Sage.
Kent, R. (2002) „Audience Research“, s. 245–58 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.
Kopp, P. (1989) „The Supply of Programmes by Public Television in Europe: An Econometric Analysis“, *European Journal of Communication* 4(4): 481–97.
Krüger, U. M. (2005) „Sparten Sendungsformen und Inhalte im deutschen Fernsehangebot“, *Media Perspektiven* 5/2005: 190–204.
Larsen, B. S. (2001) „Et soundtrack til hverdagen – radiobrug og hverdagsliv“, *MedieKultur* 33: 27–36.
Laughey, D. (2007) *Key Themes in Media Theory.* Maidenhead: Open University Press.
Lichtenberg, J. (1990) „Foundations and Limits of Freedom of the Press“, s. 102–35 í *Democracy and the Mass Media.* J. Lichtenberg, ritstj. Cambridge: Cambridge University Press.
Lievrouw, L. A. og S. Livingstone (2006) „The Social Shaping and Consequences of ICTs“, s. 15–32 í *The Handbook of New Media.* 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.
Lister, M., J. Dovey, S. Giddings, I. Grant og K. Kelly (2003) *New Media: A Critical Introduction.* London: Routledge.
Lorimer, R. (1994) *Mass Communications: A Comparative Introduction.* Manchester: Manchester University Press.
Lotz, A. D. (2007) *The Television Will be Revolutionized.* New York: New York University Press.
Lóa Aldísardóttir (1999) „Loftkennt fólk á staðlausum tímum? Áhrif Netsins á fjölmiðlanotkun“, *Skírnir* 173, haust: 421–47.
Lóa Aldísardóttir (2000) „Global Medium – Local Tool: How Readers and Media Companies Use the Web“, *European Journal of Communication* 15(2): 241–51.
Luhmann, N. (2000) *The Reality of the Mass Media.* Cambridge: Polity Press.
Lund, A. B. og C. E. Berg (2009) „Denmark, Sweden and Norway: Television Diversity by Duopolistic Competition and Co-Regulation“, *The International Communication Gazette* 71(1–2): 19–37.
Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2007163.html).

Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2007006.html).
Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/1988050.html).
Mathiesen, T. (2006) *Makt og medier. En innføring i mediesosiologi.* 2. útg. Osló: Pax Forlag.
Mattelart, A. (1994) *Mapping World Communication: War, Progress, Culture.* Minneapolis, MN: University of Minnesota Press.
mbl.is, 30. nóv. 2006, „SÍA: Andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda að taka RÚV af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/11/30/sia_ andstaett_hagsmunum_neytenda_og_auglysenda_ad_t/).
mbl.is, 31. okt. 2008, „Telja RÚV þurfa að fara út af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1252495).
mbl.is, 5. nóv. 2008, „Vilja ekki að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1253334).
mbl.is, 17. nóv. 2008, „Murdoch: Bjartsýnn fyrir hönd dagblaða“ (sótt á: http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2008/11/17/murdoch_bjartsynn_fyrir_hond_dagblada/).
McChesney, R. W. (2004) *The Problem of the Media: U.S. Communicatin Politics in the 21st Century.* New York: Monthly Review Press.
McChesney, R. W. (2008) *The Political Economy of the Meda: Enduring Issues, Emerging Dilemmas.* New York: Monthly Review Press.
McKinsey & Company (1999) „Public Service Broadcasters Around the World: A McKinsey Report for the BBC“, janúar 1999.
McKinsey & Company (2004) „Review of Public Service Broadcasting Around the World“, september 2004 (sótt á: http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/psb2/psb2/psbwp/wp3mck.pdf).
McLuhan, M. (1973 [1964]) *Understanding Media.* London: Abacus.
McQuail, D. (1992) *Media Performance: Mass Communication and the Public Interest.* London: Sage.
McQuail, D. (2003) *Media Accountability and Freedom of Publication.* Oxford: Oxford University Press.
McQuail, D. (2005) *McQuail's Mass Communication Theory.* 5. útg. London: Sage.
McQuail, D. (2007) „Revisiting Diversity as a Media Policy Goal“, s. 41–57 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden-Baden: Nomos.
Medina, M. (2004) *European Television Production: Pluaralism and Concentration.* Pamplona: Universidad de Navarra. (Media Markets Monographs, 5.)
Meier, W. A. (2007) „National and Transnational Media Ownership Concentration in Europe: A Burden for Democracy?“, s. 75–91 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.
Meier, W. A. og J. Trappel (1998) „Media Concentration and the Public Interest“, s. 38–59 í *Media Policy: Convergence, Concentration and Commerce.* D. McQuail og K. Siune, ritstj. London: Sage.
Menneer, P. (1995) „Radio Audiences: Figures to be Taken at Face Value?“ Rannsóknarpappír skrifaður fyrir Samband evrópskra útvarpsstöðva, EBU (fjölrit).
Mills, C. W. (2000 [1956]) *The Power Elite.* New York: Oxford University Press.
Modernus, samræmd vefmæling, www.modernus.is.

Moe, H. og T. Syvertsen (2008) „Researching Public Service Broadcasting“, s. 398–412 í *The Handbook of Journalism Studies.* K. Wahl-Jorgensen og T. Hanitzsch, ritstj. London: Routledge.
Moran, A. (1998) *Copycat Television: Globalisation, Program Formats and Cultural Identiy.* Luton: University of Luton Press.
Moran, A. og J. Malbon (2006) *Understanding the Global TV Format.* Bristol: Intellect.
Morgunblaðið, 13. des. 1983, „Upplagseftirlit tekið upp“, s. 2.
Morgunblaðið, 7. ágúst 2009, „Rukka fyrir aðgang. News Corp rekið með miklu tapi“, s. 16.
Morris, M. og C. Ogan (2002) „The Internet as Mass Medium“, s. 134–45 í *McQuail's Reader in Mass Communication Theory.* D. McQuail, ritstj. London: Sage.
Mortensen, F. (2005) „Er licensen til public service-institutionerne i norden lovlig statsstøtte ifølge nu?“ *Nordisk kulturpolitisk tidskrift* 1/2005: 84–119.
Murdock, G. (2000a) „Digital Futures: European Television in the Age of Convergence“, s. 35–57 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.
Murdock, G. (2000b) „Peculiar Commodities: Audiences at Large in the World of Goods“, s. 47–70 í *Consuming Audiences: Production and Reception in Media Research.* I. Hagen og J. Wasco, ritstj. Creskill, NJ: Hampton Press.
Murschetz, P. (1998) „State Support for the Daily Press in Europe: A Critical Appraisal: Austria, France, Norway and Sweden Compared“, *European Journal of Communication* 13(3): 291–313.
Napoli, P. M. (2003) *Audience Economics: Media Institutions and the Audience Marketplace.* New York: Columbia University Press.
Neuman, W. R. (1991) *The Future of the Mass Audience.* New York: Cambridge University Press.
Nissen, C. S. (2006) „No Public Service without Both Public and Service – Content Provision between the Scylla of Populism and the Charybdis of Elitism“, s. 65–82 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.
Noam, E. (1991) *Television in Europe.* New York: Oxford University Press.
Noam, E. (2004) „How to Measure Media Concentration“, FT.com, 30. ágúst 2004 (sótt á: http://news.ft.com/cms/s/da30bf5e-fa9d-11d8-9a71-00000e2511c8.html).
Nordenstreng, K. og T. Varis (1974) *Television Traffic – A One-Way Street? A Survey and Analysis of the International Flow of Television Programme Material.* París: UNESCO.
NORDICOM, www.nordicom.gu.se/.
Nordström, B. (1995) „När Sverige fick nya TV-publikråkningar“, s. 79–84 í *Mediemätningar. Teori, tolkning, tillämpning.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: Nordicom-Sverige. (MedieNotiser, 2.)
Norris, P. (2001) *Digital Divide, Civic Engagement, Information Poverty, and the Internet Worldwide.* Cambridge: Cambridge University Press.
Nowell-Smith, G. (1991) „Broadcasting: National Cultures/International Business“, *New Formations* 13 (vorhefti): 39–44.
OECD, „OECD Key ICT Indicators“, http://www.oecd.org/document/23/0,3343,en_2649_34449_33987543_1_1_1_1,00.html.
Ólafur Þ. Harðarson (2007) „Media and Politics in Iceland“, s. 63–82 í *Communicating Politics: Political Communications in the Nordic Nations.* J. Strömbäck, M. Ørsten og T. Aalberg, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.

O'Shaughnessy, M. og J. Stadler (2008) *Media and Society.* 2. útg. Oxford: Oxford University Press.
Padovani, C. og M. Tracey (2003) „Report on the Conditions of Public Service Broadcasting“, *Television and New Media* 4(2): 132–53.
Pahlen, P. F. (2006) „Audience Research and Analysis“, s. 623–36 í *Handbook of Media Management and Economics.* A. B. Albarran, S. M. Chan-Olmsted og M. O. Wirth, ritstj. New York: Lawrence Erlbaum Associates.
Pauwels C. og J.-C. Burgelman (2003) „Policy Challenges to the Creation of a European Information Society: A Critical Analysis“, s. 59–85 í *The European Information Society: A Reality Check.* Jan Servaes, ritstj. Bristol: Intellect.
Pavlik, J. V. (2008) *Media in the Digital Age.* New York: Columbia University Press.
Páll Sigurðsson (1997) *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Pétur Pétursson (2008a) „RÚV og Ríkisskip“, *Morgunblaðið,* 11. júlí 2008.
Pétur Pétursson (2008b) „RÚV á grænni grein“, *Morgunblaðið,* 12. des. 2008.
Picard, R. G. (1989) *Media Economics: Concepts and Issues.* Newbury Park, CA: Sage.
Picard, R. G. (2000) „Audience Fragmentation and Structural Limits on Media Innovation and Diversity“, s. 180–91 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.
Picard, R. G. (2002a) *The Economics of Financing Media Companies.* New York: Fordham University Press.
Picard, R. G. (2002b) „Assessing Audience Performance of Public Service Broadcasters“, *European Journal of Communication* 17(2): 227–35.
Picard, R. G. (2003) „Press Support and Company Performance: The Swedish Case“, s. 95–107 í *Pennan, Penningen och Politiken. Medier och medieföretag förr och nu.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.
Picard, R. G. (2005) „Financing Public Media: The Future of Collective Funding“, s. 183–96 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.
Póst- og fjarskiptastofnun (2007) „Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2006“ (sótt á: http://pta.is/displayer.asp?cat_id=136).
Póst- og fjarskiptastofnun (2008) „Markaðsgreining. Viðauki A: Heildsölumarkaður útsendingarþjónustu til útvarpsnotenda (Markaður 18)“ (sótt á: http://pta.is/default.aspx?cat_id=284&module_id=210&element_id=2201).
Póst- og fjarskiptastofnun (2009) „Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2008“ (sótt á: http://pta.is/Default.aspx?cat_id=136).
press.is, félagatal Blaðamannafélags Íslands 2008, http://press.is/page/felagatal.
Preston, P. (2001) Reshaping Communications: Technology, Information and Social Change. London: Sage.
PricewaterhouseCoopers (2001) „Könnun á Internetnotkun 2001.“ Fjölrit.
Raboy, M. (1995) „Public Service Broadcasting in the Context of Globalization“, s. 1–19 í *Public Service Broadcasting for the 21st Century.* M. Raboy, ritstj. Luton: Luton University Press.
Ragnar Karlsson (2002a) „Cinema's Nine Lives: Fall and Revival of the Theatrical Film Market in Iceland 1965–2000“, European Audiovisual Observatory (sótt á: http://www.obs.coe.int/oea_publ/eurocine/index.html).

Ragnar Karlsson (2002b) „Long-Time-A-Dying: Transformation of the Cinema Exhibition Market in Iceland 1980–2000“, *Nordicom Review* 23(1–2): 301–16.
Ragnar Karlsson (2003) „Magazine Publishing in Iceland: Contested and a Dynamic Market“. Rannóknarpappír lagður fram ráðstefnunni Mapping the Magazine – A Cross-Disciplinary Symposium on Magazine Studies, Cardiff University, 26.–27. júní 2003.
Ragnar Karlsson (2004) „Mapping the Newspaper Market 1980–2003“, s. 223–63 í *Europäische Pressemärkte – European Press Markets.* B. Schneider og W. J. Schütz, ritstj. Vín: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften. (Relation, ný röð, 1.)
Ragnar Karlsson (2006) „Radio, TV and Internet in Iceland: Bave New „Digital“ World –Turning Point of Broadcasting or Old Wine in New Bottles?“, s. 25–41 í *Media Trends 2006 in Denmark, Finland, Iceland and Sweden: Radio, TV and Internet: Descriptive Analyses and Statistics.* E. Harrie, ritstj. Gautaborg: Nordicom. (Nordic Media Trends, 8.)
Ragnar Karlsson (2008a) *Media and Communication Statistics Faroe Islands and Greenland 2008.* Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 10.)
Ragnar Karlsson (2008b) „Af lággróðrinum í íslenskum fjölmiðlum: Fátt eitt um aðstæður héraðs- og staðarfjölmiðla.“ Erindi flutt á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði, Háskólanum á Hólum, 28.–29. mars.
Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2006) „Between the Market and the Public: Content Provision and Scheduling of Public and Private TV in Iceland.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni RIPE@2006: Public Service Broadcasting in a Multimedia Environment – Programmes and Platforms, Universitaat Amsterdam og Hilversum, 16.–18. nóv. 2006 (sótt á: *http://www.uta.fi/jour/ripe/2006/*).
Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (2000) „Performance of Public and Private Television in Iceland 1993–1999: An Assessment“, Nordicom Review 21(1): 101–42.
Reglugerð 50/2002 um útvarpsstarfsemi (sótt á: http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/rar/reglugerdir502002).
Rojek, C. (2009) *The Labour of Leisure: The Culture of Free Time.* London: Sage.
Roppen, J. (2004) *Medieundustrien. Innføring i medieøkonomi.* Osló: Det Norske Samlaget.
Roth, A. (2004) „The Ecology of a Dual Television Market: Competition in the Netherlands.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni 6th World Media Economics Conference, HEC Montréal, 12.–15. maí 2004 (sótt á:: http://www.cem.ulaval.ca/6thwmec/roth.pdf).
Rothenbuhler, E. (1996) „Commercial Radio as Communication“, *Journal of Communication* 46(1): 125–43.
Samkeppniseftirlitið (2004) „Samruni verslunarsviðs Tæknivals hf. við Norðurljós hf. (Skífuna hf.), Samruni Fréttar ehf. við Norðurljós, Fjárhagsleg endurskipulagning Norðurljósa“, 19/2004 (sótt á: http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/ index. htm).
Samkeppniseftitlitið (2005a) „Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.“, 10/2005 (http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/index. htm).
Samkeppniseftirlitið (2005b) „Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.“, 12/2005 (http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/ index. htm).
Samkeppniseftirlitið (2009) „Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf. Ákvörðun nr. 6/2009“, 13. febr. 2009 (sótt á: http://samkeppni.is/samkeppni/is/ akvardanir/?wildparam1=Ndesicion=*2009*&s1=1).
Samkeppniseftirlitið (2009b) „Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Morgunblaðsins og Fréttablaðsins“ (sótt á: http://samkeppni.is/samkeppni/is/frettir/).

Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 23. mars 2007 (sótt á: http://ruv.is/heim/upplysingar/um/).
Sánchez-Tabernero, A. og M. Carvajal (2002) *Media Concentration in the European Market: New Trends and Challenges.* Pamplona: Universidad de Navarra. (Media Markets Monographs, 3.)
Sassi, S. (2005) „Cultural Differentiation or Social Segregation? Four Approaches to the Digital Divide“, *New Media and Society* 7(5): 684–700.
Scannell, P. (1990) „Public Servie Broadcasting: The History of a Concept“, s. 11–28 í *Understanding Television.* A. Goodwin og G. Whannel, ritstj. London: Routledge.
Scannell, P. (2000) *Radio, Television and Modern Life.* Oxford: Blackwell.
Schulz, W. (2000) „Television Audiences“, s. 113–34 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.
Seaton, J. (2008) „A Diversity of Understanding: The Increasing Importance of Major Public Service Broadcasting Institutions“, s. 120–24 í *The Price of Plurality: Choice, Diversity and Broadcasting Institutions in the Digital Age.* T. Gardam og D. A. L. Levy, ritstj. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.
Seethaler, J. (2004) „Vergleichende Ansätze in der Erforschung der europäischen Pressemärkte: Ein Literaturbericht“, s. 129–63 í *Europäische Pressemärkte – European Press Markets.* Beate Schneider og Walter J. Schütz, ritstj. Vín: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften. (Relation, ný röð, 1).
Sepstrup, P. (1989) „Implications of Current Developments in West European Broadcasting“, *Media, Culture and Society* 11(1): 29–54.
Sinclair, J. (1989) *Images Incorporated: Advertising as Industry and Ideology.* London: Routledge.
Skyum-Nielsen, R., R. Karkov og M. Runge (2009) *Alt går efter planen. Sagaen om Nyhedsavisen.* Kaupmannahöfn: Politikens Forlag.
Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík, apríl 2005.
Slaatta, T. (2003) *Den norske medieordnen. Posisjoner og privilegier.* Osló: Gyldendal.
Smythe, D. W. (1981) *Dependency Road: Communications, Capitalism, Consciousness and Canada.* Norwood, NJ: Ablex.
Sousa, H. og E. C. Silva (2009) „Keeping up Appearances: Regulating Media Diversity in Portugal“, *International Communication Gazette* 71(1–2): 89–100.
Sparks, C. (2004) „The Impact of the Internet on the Existing Media“, s. 307–26 í *Towards a Political Economy of Culture: Capitalism and Communication in the Twenty-First Century.* A. Calabrese og C. Sparks, ritstj. Oxford: Oxford University Press.
Sparks, C. (2007) *Globalization, Development and the Mass Media.* London: Sage.
Stefán Ólafsson (1997) *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík: Byggðastofnun.
Street, J. (2001) *Mass Media, Politics and Democracy.* Houndmills: Palgrave.
Syvertsen, T. (1997) *Den store TV-krigen: Norsk almennefjernsyn 1988–96.* Björgvin: Fagbokforlaget.
Syvertsen, T. (1999) „The Many Uses of the „Public Service“ Concept“, *Nordicom Review* 20(1): 5–12.
Syvertsen, T. (2003) „Challenges to Public Television in the Era of Convergence and Commercialization“, *Television and New Media* 4(2): 155–75.

Syvertsen, T. (2004) *Mediemangfold. Styring av mediene i et globalisert marked.* Kristiansand syðri: IJ Forlaget.
Søndergaard, H. (1996a) „Kvalitet og magnfoldighed i det nye medielandskab: Refleksioner over public service i multi-kanalsystemet“, s. 175–96 í *Nordisk forskning om public service: Radio och TV i allänhetens tjänst.* O. Hultén, H. Søndergaard og U. Carlsson, ritstj. Gautaborg:: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 2.)
Søndergaard, H. (1996b) „Public Service after the Crisis“, *Nordicom Review,* 16(1): 107–20.
Søndergaard, H. (1999) „Some Reflections on Public Service Broadcasting“, *Nordicom Review* 20(1): 21–28.
Søndergaard, H. (2003) „Programfladestyring og organisationsforandringer i nordisk public service-fjernsyn“, *Mediekultur* 35: 5–22.
Tambini, D. (2006) „On-Demand in Demand: Public Service Broadcasters, New Services and Copyright“, s. 115–34 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.
Thompson, J. B. (1995) *The Media and Modernity: A Social Theory of the Media.* Cambridge: Polity Press.
Tracey, M. (1998) *The Decline and Fall of Public Service Broadcasting.* Oxford: Oxford University Press.
Trappel, J. (2007) „Towards the Upper Limit: Structure and Policy of Emerging Onlie Media in Europe“, s. 123–40 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.
Trappel, J., ritstj. (1998) „Balance between Rights and Obligations and Financial Resources of Public Television and Private Television. Study for the European Commission and ESA: Final Report“. Köln: Prognos, nóvember 1998.
Tunstall, J. (1977) *The Media are American: Anglo-American Media in the World.* London: Constable.
Tunstall, J. (2008) *The Media were American: U.S. Media in Decline.* Oxford: Oxford University Press.
Tunstall, J. og D. Machin (1999) *The Anglo-American Media Connection.* Oxford: Oxford University Press.
UNESCO (1985) *Revised recommendations concerning the international standardization of statistics on the production and distribution of books, newspapers and periodicals.* Paris: UNESCO.
U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission (1997) „Horizontal Merger Guidelines.“ Endurskoðuð útg. 8. apríl 1997 (sótt á: http:// www.usdoj.gov/atr/public/ guidelines/horiz_book/hmg1.html).
Útvarpslög, 53/2000 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2000053.html).
van Cuilenburg, J. (2000) „On Measuring Media Competition and Media Diversity: Concepts, Theories and Methods“, s. 51–84 í *Measuring Media Content, Quality, and Diversity: Approaches and Issues in Content Research.* R. G. Picard, ritstj. Turku: Turku School of Economics and Business Administration.
van Cuilenburg, J. (2007) „Media Diversity, Competition and Concentration: Concepts and Theories“, s. 25–54 í *Media Between Culture and Commerce.* E. De Bens, ritstj. Bristol: Intellect. (Changing Media – Changing Europe Series, 4.)
van Cuilenburg, J. og R. van der Wurff (2007) „Toward Easy-to-Measure Media Diversity Indicators“, s. 99–113 í *Media Between Culture and Commerce.* E. De Bens, ritstj. Bristol: Intellect. (Changing Media – Changing Europe Series, 4.)

van Dijk, J. A. G. M. (2004) „Digital Media“, s. 145–63 í *The SAGE Handbook of Media Studies*. J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.
van Dijk, J. A. M. G. (2005) *The Deepening Diogital Divide: Inequality in the Information Society*. London: Sage.
van Dijk, J. A. G. M. (2008) „One Europe, Digitally Divided“, s. 288–304 í *Handbook of Internet Politics*. A. Chadwick og P. N. Howard, ritstj. London: Routledge.
van der Wurff, R. (2004) „Supplying and Viewing Diversity: The Role of Competition and Viewer Choice in Dutch Broadcasting“, *European Journal of Communication* 19(2): 215–37.
van der Wurff, R. (2005) „Online Competition and Performances of News and Information Markets in the Netherlands“, *Gazette* 67(1): 9–26.
van der Wurff, R., J. van Cuilenburg og G. Keune (2000) „Competition, Media Innovation and Diversity in Broadcasting: A Case Study of the TV Market in the Netherlands“, s. 119–57 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.
Varis, T. (1984) „The International Flow of Television Programmes“, *Journal of Communication* 34(1): 143–52.
Viðskiptablaðið, 10. sept. 2009. „Ég stefni ekki að því að byggja upp veldi aftur“, s. x. 24–28.
Vogel, A. (2001) „Die tägliche Gratispresse: Ein neues Geschäftsmodell für Zeitungen in Europa“, *Media Perspektiven,* H. 11: 576–84.
Varis, T. (1985) *International Flow of Television Programmes*. París: UNESCO.
Waisbord, S. (2004) „Media and the Reinvention of the Nation“, s. 375–92 í *The SAGE Handbook of Media Studies*. J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.
Waisbord, S. (2005) „McTV: Understanding the Global Popularity of Terlevision Formats“, *Television and New Media* 5(4): 359–83.
WAN (2007; 2008) *World Press Trends 2007 og 2008*. Paris: World Association of Newspapers.
Ward, D. (ásamt O. C. Fueg og A. D'Armo) (2004) *A Mapping Study of Media Concentration and Ownership in Ten European Countries*. Hilversum: Commissariaat vor de Media.
Waterman, D. (2006) „The Economics of Media Programming“, s. 387–416 í *Handbook of Media Management and Economics*. A. B. Albarran, S. M. Chan-Olmsted og M. O. Wirth, ritstj. New York: Lawrence Erlbaum Associates.
Webster, F. (2006) „The Information Society Revisited“, s. 443–57 í *The Handbook of New Media*. 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.
Williams, R. (1974) *Television: Technology and Cultural Form*. London: Fontana/Collins.
Williams, R. (1984) *Keywords: A Vocabulary of Culture and Society*. 2. útg. London: Fontana.
Winseck, D. (2008) „The State of Media Ownership and Media Markets: Competition or Concentration and Why Should We Care?“, *Sociology Compass* 2(1): 34–47.
Wolton, D. (2006) „Public Service – Beyond the Obsession with Technology and the Markets“, s. 197–10 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape*. C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.
Zimmer, J. (2009) „Die entwicklung des Internets in globaler Perspektive“, s. 164–74 í *Internationales Handbuch Medien*. 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

Þorbjörn Broddason (2005) *Ritlist, prentlist, nýmiðlar.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson (2009) „Das Mediensystems Islands“, s. 369–83 í *Internationales Handbuch Medien.* 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.
Þorsteinn Þorsteinsson (2008a) „Fyrirferð 365 miðla á íslenskum auglýsingamarkaði“, *Morgunblaðið,* 6. júlí 2008.
Þorsteinn Þorsteinsson (2008b) „Auglýsingatekjur 365 munu vaxa margfalt“, *Morgunblaðið,* 15. des. 2008.
ÖSE (2009) „Iceland: Early Parliamentary Elections 25 April 2009. OSCE/ODIHR Election Assessment Mission Report.“ Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Varsjá, 28. júlí 2009 (sótt á: http://www.osce.org/odihr/ item_12_37275.html).
Østergaard, B. S. (2007) „Much More to Come: Features of Mobile Content in Europe“, s. 123–40 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót samræmdu regluverki sem taki til fjölmiðla og fjölmiðlunar í víðtækri merkingu. Þannig er frumvarpinu ætlað að gilda um allt efni sem miðlað er af þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins og miðla með reglubundnum hætti efni til almennings sem lýtur ritstjórn. Frumvarpið felur í sér sameiningu og samræmingu á reglum sem ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla samkvæmt útvarpslögum, nr. 53/2000, og hins vegar prentmiðla samkvæmt lögum um prentrétt, nr. 57/1956. Gert er ráð fyrir að samhliða gildistöku frumvarpsins falli þau lög úr gildi. Þá falli úr gildi 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá en ákvæði í sjötta kafla frumvarpsins leysir þá grein af hólmi.

Helstu atriðin í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að skilgreiningum er fjölgað verulega frá gildandi lögum þar sem leitast er við að skýra vel öll þau sértæku hugtök sem frumvarpið hefur að geyma. Þessi hugtök eiga mörg hver rætur að rekja til tilskipana ESB á þessum vettvangi. Þá er lagt til að öll fjölmiðlaþjónusta verði skráningarskyld og að fjölmiðlaþjónustuveitendur verði á hverjum tíma skyldir til að gefa upplýsingar um eignarhald. Er með því lagt til að leidd verði í lög ákvæði um að upplýsingar um eignarhald fjölmiðlafyrirtækja séu almenningi ávallt aðgengilegar. Í frumvarpinu er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda og eru þar nokkur nýmæli, m.a. um ritstjórnarlegt sjálfstæði, vernd heimildarmanna, aðgengi sjón- og heyrnarskertra að miðlunarefni og bann við hatursáróðri. Frumvarpið tekur einnig til auglýsinga og annarra viðskiptaorðsendinga en í því er m.a. kveðið á um að óheimilt verði að hvetja börn til neyslu á óhollum matvælum og drykkjarvörum. Þá er jafnframt lagt til að auglýsingar á tóbaki, áfengi, happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur viðhlítandi leyfi og lyfseðilskyldum lyfjum verði bannaðar í öllum fjölmiðlum. Með frumvarpinu er lagt

til að vöruinnsetningar í dagskrárliðum verði heimilaðar einkareknum fjölmiðlaþjónustuveitendum með ákveðnum skilyrðum og þannig aukið við möguleika þeirra til tekjuöflunar. Í frumvarpinu eru einnig lagðar fram viðamiklar breytingar á gildandi ákvæðum um ábyrgð, viðurlög og fullnustu gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum og þær reglur samræmdar og einfaldaðar. Í því felst m.a. að lagt er til að hægt verði að beita dagsektum í ákveðnum tilvikum.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný sjálfstæð stofnun, Fjölmiðlastofa. Henni er ætlað að leysa útvarpsréttarnefnd af hólmi, sem er það stjórnvald sem fer með eftirlit og umsjón með starfsemi hljóð- og myndmiðla, auk þess sem fjölmiðlastofu er ætlað að hafa sambærilegt eftirlit og umsjón með starfi allara annarra fjölmiðla. Fjölmiðlastofu er þó ætlað að hafa veigameira og sjálfstæðara eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk en úttvarpsréttarnefnd. Ný verkefni munu koma til sögunnar bæði vegna þess að allir fjölmiðlar heyra samkvæmt þessu undir Fjölmiðlastofu og vegna nýrra fyrirmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB. Fjölmiðlastofa skal samkvæmt frumvarpinu fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi. Hún skal fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laganna, t.d. hvað varðar nýjar reglur um skráningarskyldu, árlega skýrslugjöf og gagnsæi eignarhalds og beita viðurlögum þegar það á við. Þá er lagt til að Fjölmiðlastofu verði skylt að birta mun ítarlegri upplýsingar um fjölmiðla en verið hefur og er það m.a. liður í að auka gagnsæi. Stofnuninni er ætlað að staðfesta reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa sem útvarpsstöðvum og dagblöðum sem reka fréttastofu er skylt að setja sér og endurskoða árlega. Annar þáttur í starfi Fjölmiðlastofu er að uppfylla kröfur hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sem og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, og annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum sem og alþjóðlegra stofnana m.a. varðandi lögsögu, tímabundna stöðvun sendinga og kvartanir.

Ljóst er að samkvæmt frumvarpinu verða verkefni Fjölmiðlastofu umfangsmeiri en sú starfsemi sem verið hefur á þessu sviði. Þar sem um er að ræða nýja stofnun með ný verkefni er talsverð óvissa um hversu marga starfsmenn slík stofnun þyrfti að hafa en það fer t.d. eftir því hversu ítarlegum aðferðum er beitt við eftirlititið. Miðað við áform mennta- og menningarmálaráðuneytisins og að Fjölmiðlastofa verði sjálfstæð stofnun er hér gert ráð fyrir að þar þurfi að starfa a.m.k. forstöðumaður, tveir sérfræðingar og aðstoðamanneskja. Með hliðsjón af þessum forsendum gæti rekstrarkostnaður Fjölmiðlastofu numið um 40 m.kr. á ári auk 3,5 m.kr. í stofnkostnað í upphafi. Á móti gæti fallið niður um 10 m.kr. fjárheimild vegna útvarpsréttarnefndar. Auk þess er áformað að leggja niður eitt starf hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu en starfsmaður hefur í því hefur sinnt verkefnum í tengslum við fjölmiðla. Áætlað að fjárheimild fyrir stöðugildinu sé um 6,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir vegna útvarpsréttarnefndar og stöðugildis hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði færðar yfir á hina nýju stofnun. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs verður leitað allra leiða til að lágmarka kostnað við Fjölmiðlastofu. Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er í skoðun hvort hægt verði að samnýta aðstöðu og þjónustu með annarri stofnun til að lágmarka kostnað við þennan rekstur.

Samkvæmt sjöunda kafla frumvarpsins munu ný verkefni falla til hjá Póst- og fjarskiptastofnun sem einnig gætu aukið útgjöld ríkissjóðs. Þau verkefni lúta að ákvörðun um endurgjald þegar fallist er á flutningsrétt eða flutningsskyldu hjá fjarskiptafyrirtækjum eða fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í þeim tilvikum þarf Póst- og fjarskiptastofnun að sjá um að gerðir verði viðeigandi útreikningar og kostnaðargreining. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskipstastofnun gætu útgjöld aukist um u.þ.b. 5 m.kr. á ári í tengslum við þessar athuganir en í frumvarpinu eru ekki ákvæði sem heimila stofnuninni að endurkrefja fyrirtækin um þann kostnað.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má þannig áætla, miðað við þessar forsendur, að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um 28 m.kr. á ári að frádregnum fjárheimildum vegna útvarpsréttarnefndar og stöðugildis hjá mennta og menningamálaráðuneytinu auk þess sem gera má ráð fyrir 3,5 m.kr. stofn- og upphafskostnaði fyrsta árið. Miðað við að frumvarpið taki gildi 1. maí 2010 er ekki gert ráð fyrir því að Fjölmiðlastofa taki til starfa fyrr en á seinni part árs 2010. Þar með er reiknað með að útgjaldaukningin komi ekki fram að verulegu marki fyrr en á árinu 2011. Hugsanlegt er að útgjaldaaukningin verði minni ef hægt verður að koma rekstri Fjölmiðlastofu þannig fyrir að hún samnýti aðstöðu og þjónustu með annarri stofnun, t.d. Póst- og fjarskiptastofnun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki lagt fram áætlun um hvernig standa megi straum af auknum ríkisútgjöldum vegna þessarar nýju starfsemi. Vegna verulegs halla á ríkisrekstrinum verður að óbreyttu að fjármagna þessa útgjaldaaukningu með lántökum.

741. Frumvarp til laga [424. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, 3. málsl., svohljóðandi: Einnig er ráðherra heimilt að setja sérstakar takmarkanir fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðarlögum ef talið verður að tilefni sé til þess.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur á fiskveiðiárunum 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012 bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum sem tilheyra gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar, þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Skiptastjórum í þrotabúum og aðstoðarmönnum skuldara við greiðslustöðvun ber að tilkynna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Fiskistofu ef áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi, innan mánaðar áður en umrætt framsal eða ráðstöfun á að fara fram. Ákvörðun ráðherra um að framsal eða önnur ráðstöfun sé óheimil skal tilkynnt skiptastjóra í þrotabúi eða aðstoðarmanni skuldara við greiðslustöðvun innan eins mánaðar frá því að tilkynning barst ráðuneytinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu en með því eru lagðar til tilteknar breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögfestar verði breytingar á 10. gr. laganna sem fjallar um úthlutun byggðakvóta. Annars vegar er þar um að ræða breytingar til að árétta heimildir ráðherra til að setja sérstakar takmarkanir á úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðarlögum ef hann telur tilefni til þess, t.d. að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu

fiskveiðiári. Hins vegar er þar gert ráð fyrir að lögfest verði ákvæði um heimild til að flytja byggðakvóta á milli fiskveiðiára. Síðastgreint ákvæði er m.a. lagt til í þeim tilgangi að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis frá 14. desember 2009, í máli nr. 5379/2008, þar sem talið var að lagaheimild hefði ekki verið fyrir hendi til að ráðuneytið gæti sett slík ákvæði í reglugerðum nr. 718/2007 og 1192/2007.

Í öðru lagi er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði með nýju ákvæði til bráðabirgða við sömu lög veitt tímabundin heimild til að grípa til tiltekinna aðgerða sem gildi í tvö og hálft fiskveiðiár, þ.e. það sem eftir er af fiskveiðiárinu 2009/2010 og á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða ráðstöfun þeirra út fyrir svæðið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti geti ráðherra bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum sem tilheyra gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar. Rétt þykir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leiti álits Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags við framkvæmd ákvæðisins og mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði samkvæmt því.

Forsaga framangreinds ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu er sú m.a. að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur undanfarna mánuði fylgst með fjárhagsstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og hefur í því skyni verið rætt við yfirmenn í bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum til þess að upplýsa stöðuna. Meðal þess sem rætt hefur verið er hugsanleg tilfærsla aflaheimilda komi til gjaldþrots útgerða. Fyrir liggur að byggðarlög víða um land eiga allt sitt undir sjávarútvegi og yrði staða margra mjög erfið ef aflaheimildir flyttust frá sveitarfélögum eða byggðarlögum komi til gjaldþrots eða annars konar eignauppgjörs einstakra fyrirtækja. Ljóst er að það getur haft ófyrirsjáanleg áhrif á stöðu vissra byggðarlaga. Að mati ráðuneytisins hefur komið fram ríkur skilningur hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum á mikilvægi þess að sporna gegn tilfærslum á aflaheimildum frá byggðarlögum.

Rétt þykir að stjórnvöld hafi íhlutun um þessa þróun með því að lögfesta tímabundin ákvæði sem heimila ríkinu að grípa inn í framsal og aðrar ráðstafanir með aflaheimildir þegar útlit er fyrir að sjávarbyggðir, sem alfarið eða að stærstum hluta byggja á sjávarútvegi, séu að missa frá sér aflaheimildir í þeim mæli að til vandræða horfi og samrýmist ekki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga, nr. 116/2006.

Þá hafa ráðuneytinu borist upplýsingar um að ýmis sjávarútvegsfyrirtæki séu nú þegar í miklum greiðsluvanda sem líkur séu á að muni valda röskun og tilflutningi aflaheimilda á milli byggðarlaga, verði ekkert að gert. Ljóst er að aðrar afleiðingar af slíkri röskun geta einnig orðið miklar, m.a. áhrif á aðra atvinnustarfsemi í þeim byggðarlögum, búsetu o.fl. Brýnt er að grípa nú þegar til þeirra aðgerða sem unnt er til að koma í veg fyrir meiri háttar tilfærslu aflaheimilda á milli byggðarlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á ákvæði 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en greinin fjallar um úthlutun byggðakvóta. Annars vegar er hér um að ræða breytingar til að árétta heimildir ráðherra til að setja sérstakar takmarkanir á úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðarlögum ef hann telur tilefni

til þess, t.d. að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári. Með því er talið að markmiðum fiskveiðistjórnarlaga um að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu verði betur náð. Hins vegar er þar lagt til að lögfest verði ákvæði um heimild til að flytja byggðakvóta sem úthlutað er samkvæmt greininni á milli fiskveiðiára. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur nauðsynlegt að hafa heimild til að geta flutt úthlutun byggðakvóta á milli fiskveiðiára þar sem framkvæmd úthlutunarinnar getur verið mjög umfangsmikil, margar stjórnsýslukærur og ýmis önnur mál sem berast ráðuneytinu, og fjölmörg önnur verkefni sem ráðuneytið þarf að framkvæma vegna úthlutunarinnar. Þá er með síðastgreindu ákvæði m.a. stefnt að því að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis frá 14. desember 2009, í máli nr. 5379/2008, en þar gerði umboðsmaður þær athugasemdir að hann taldi að reglugerðir sjávarútvegsráðuneytisins nr. 718/2007 og 1192/2007, um tilfærslu byggðakvóta á milli á fiskveiðiára, hefðu ekki haft lagastoð.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lögfest verði nýtt ákvæði til bráðabirgða í lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem ráðherra verði veittar tímabundnar heimildir til að grípa til tiltekinna aðgerða sem gildi í tvö og hálft fiskveiðiár, þ.e. það sem eftir er af fiskveiðiárinu 2009/2010 og á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012. Þar er lagt til að þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti geti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum sem tilheyra gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar. Skiptastjórum í þrotabúum og aðstoðarmönnum skuldara við greiðslustöðvun ber að tilkynna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Fiskistofu ef áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi, innan mánaðar áður en umrætt framsal eða ráðstöfun á að fara fram. Ákvörðun ráðherra um að framsal eða önnur ráðstöfun sé óheimil skal tilkynnt skiptastjóra í þrotabúi eða aðstoðarmanni skuldara við greiðslustöðvun innan eins mánaðar frá því að tilkynning barst ráðuneytinu. Með aflaheimildum samkvæmt ákvæðinu er átt við aflahlutdeild og aflamark.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir forsögu þessa ákvæðis. Þá kemur þar fram að rétt þykir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leiti álits Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags við framkvæmd ákvæðisins og mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði samkvæmt því.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin verði bætt ákvæðum sem veita ráðherra heimild til að setja sérstakar takmarkanir fyrir úthlutun byggðakvóta í einstaka byggðarlögum og til að heimila flutning byggðakvóta á milli fiskveiðiára. Jafnframt er lagt til að samþykkt verði ákvæði til bráðabirgða er veiti ráðherra heimild á fiskveiðiárunum 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012 til að ákveða að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum sem tilheyra gjaldþrota einstaklingum eða fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar. Þetta á við þegar um umtalsverðan hluta aflaheimilda sveitarfélags eða byggðarlags er að ræða eða a.m.k. fimmtung eða meira.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

742. Frumvarp til skipulagslaga. [425. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Aðalskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.
2. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
3. *Byggðamynstur:* Lögun og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.
4. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.
5. *Deiliskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
6. *Framkvæmdaleyfi:* Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.
7. *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.
8. *Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.
9. *Landnotkun:* Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.
10. *Landnýting:* Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.
11. *Landsskipulagsstefna:* Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem Alþingi hefur samþykkt sem þingsályktun að tillögu umhverfisráðherra.
12. *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
13. *Nýtingarhlutfall:* Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli.
14. *Rammahluti aðalskipulags:* Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.
15. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
16. *Skipulagskvaðir:* Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.
17. *Skipulagsskilmálar:* Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, gróður og girðingar.

18. *Svæðisskipulag:* Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.
19. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála.
20. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.
21. *Þéttleiki byggðar:* Landnýting miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórn skipulagsmála.

3. gr.
Stjórn og framkvæmd skipulagsmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna drög að landsskipulagsstefnu,
g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að annast umsýslu Skipulagssjóðs,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.
Forstjóri Skipulagsstofnunar.

Forstjóri Skipulagsstofnunar fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólapróf á sviði skipulagsmála. Ráðherra skipar forstjóra Skipulagsstofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

Skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna skipulagsnefndar. Um skipulagsnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu skipulagsnefnda og ráðningu skipulagsfulltrúa.

7. gr.

Skipulagsfulltrúar.

Með hverri skipulagsnefnd skal starfa skipulagsfulltrúi ráðinn af sveitarstjórn og skal hún senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi og skal hann þá uppfylla bæði kröfur um menntun og reynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt lögum þessum og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki.

Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.

Skipulagsfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Skipulagsfulltrúi skal uppfylla annað eftirfarandi hæfisskilyrða:

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
2. Vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita tímabundnu undanþágu frá 5. mgr. þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið. Skal slík undanþága veitt til eins árs í senn og skal því aðeins framlengd að reynt hafi verið að fá starfsmann sem uppfyllir hæfisskilyrðin.

Ef ágreiningur kemur upp um hæfi skv. 2. tölul. 5. mgr. sker ráðherra úr.

8. gr.

Varnar-, öryggis- og flugvallarsvæði.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulagsmál á varnar- og öryggissvæðum og flugvallarsvæðinu eins og þau er skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, lögum nr. 176/2006 og lögum nr. 76/2008 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum. Utanríkisráðherra er heimilt að gera þjónustusamning um framkvæmd slíkra verkefna á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fer með skipulagsmál á flugvallarsvæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2008.

9. gr.

Svæðisskipulagsnefndir.

Sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skulu koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi nema hlutaðeigandi sveitarfélög ákveði annað.

Þar sem í gildi er svæðisskipulag skal starfrækt svæðisskipulagsnefnd sem sér um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd skal skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar skulu sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnum og eru skipulagsákvarðanir nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanleg samþykkt svæðisskipulags, háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulagsnefndir skulu setja sér starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

III. KAFLI

Landsskipulag.

10. gr.

Landsskipulagsstefna.

Umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal jafnframt felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu.

Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar.

Landsskipulagsstefna skv. 2. mgr. getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í henni skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands.

Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

11. gr.
Málsmeðferð.

Ráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Þegar vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu hefst skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur er fyrirhugað að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, svo sem um forsendur stefnunnar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Lýsing Skipulagsstofnunar á gerð landsskipulagsstefnu skal kynnt opinberlega og skal Skipulagsstofnun leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um hana, svo sem þeirra stofnana sem fara með þá málaflokka sem landsskipulagsstefnuna varða, Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir því sem við getur átt.

Við gerð landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landsskipulagsstefnunnar, svo og hlutaðeigandi stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Þegar endanlegar tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu liggja fyrir kynnir stofnunin þær ásamt umhverfismati, þegar við á, opinberlega. Tillögurnar ásamt umhverfismati skulu auglýstar í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynntar á heimasíðu stofnunarinnar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillögurnar séu aðgengilegar og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillögurnar skulu jafnframt sendar til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Eftir að kynningartíma lýkur tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til umhverfisráðherra ásamt tillögum stofnunarinnar að landsskipulagsstefnu. Stofnunin skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar grein fyrir umsögn sinni um athugasemdirnar.

Umhverfisráðherra tekur tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu ásamt umsögn stofnunarinnar skv. 5. mgr. til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

IV. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

12. gr.
Skipulagsskylda.

Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétthærra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

13. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi. Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

14. gr.

Framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

15. gr.

Útgáfa og gildistími framkvæmdaleyfis.

Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulagsnefndar, eða annars aðila sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., um veitingu framkvæmdaleyfis.
2. Framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Nú stöðvast framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

Hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár getur sveitarstjórn að tillögu skipulagsnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa.

16. gr.

Eftirlit sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar skal hún gera framkvæmdaraðila viðvart um það og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

V. KAFLI
Gjaldtaka vegna skipulags og framkvæmdaleyfa.

17. gr.
Skipulagsgjald.

Til að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna og rannsókna á sviði skipulagsmála sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅕ verðs eldra hússins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi. Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af gjaldskyldum mannvirkjum í lögsagnarumdæmi sínu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

18. gr.
Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð landsskipulagsstefnu greiðist af ríkissjóði.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt samningi Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar.
3. Sveitarfélög geta fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði. Þar sem aðstæður eru sérstakar, t.d. ef þörf er á óvenjuumfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarhlutdeild.
4. Sveitarfélag sem ekki fær framlag úr Skipulagssjóði skv. 3. tölul. fær helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærðan árlega úr sjóðnum.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.
6. Kostnaður við gerð grunnkorta, svo sem gróður- og vistgerðarkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags, skiptist til helminga milli Skipulagssjóðs og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 4. tölul.

19. gr.
Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um í deiliskipulagi getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á

vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

20. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

VI. KAFLI
Svæðisskipulagsáætlanir.

21. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara og landsskipulagsstefnu.

Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til a.m.k. tólf ára tímabils.

Svæðisskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð. Þar skal koma fram rökstudd stefna sveitarfélaganna varðandi byggðaþróun ásamt umhverfismati svæðisskipulagsins. Að því marki sem tilefni er til að marka stefnu um staðbundnar ákvarðanir í svæðisskipulagi skal svæðisskipulag jafnframt sett fram á þemauppdráttum með greinargerð og/eða sérstökum skipulagsuppdrætti.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

22. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulags.

Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðaþróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Skulu þá hlutaðeigandi sveitarfélög skipa svæðisskipulagsnefnd, sbr. 9. gr.

Svæðisskipulag skal vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Til höfuðborgarsvæðis teljast Hafnarfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Þessi sveitarfélög

geta gert samkomulag við önnur nærliggjandi sveitarfélög um aðild þeirra að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og staðfestingu umhverfisráðherra.

23. gr.

Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal nánar kveðið á um lýsingu skipulagsverkefnis.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, ef við á, kynnt fyrir almenningi á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal endanleg svæðisskipulagstillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Svæðisskipulagsnefnd skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 24. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar. Náist ekki samkomulag er svæðisskipulagsnefnd engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

24. gr.

Auglýsing svæðisskipulagstillögu.

Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun og auk þess vera aðgengileg á netinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli athugasemdum.

25. gr.

Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulags.

Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Svæðisskipulagsnefnd sendir innan tólf vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar.

Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða synjun.

Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisskipulagsnefnd og hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags.

26. gr.

Endurskoðun svæðisskipulags.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.

27. gr.

Breytingar á svæðisskipulagi.

Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.–25. gr.

VII. KAFLI
Aðalskipulagsáætlanir.

28. gr.

Aðalskipulag.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Í aðalskipulagi eða breytingu á því er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangsefni.

Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum. Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu

sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins. Skipulagsuppdráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun og samgöngu- og þjónustukerfi.

Um gerð og framsetningu aðalskipulags gilda að öðru leyti 12. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

29. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu aðalskipulags.

Sveitarfélög skulu á hverjum tíma hafa í gildi aðalskipulag.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast í umboði sveitarstjórnar vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulag og sendir það Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Aðalskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar og staðfestingu umhverfisráðherra.

30. gr.

Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

31. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.

32. gr.

Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 31. gr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar að öllu leyti eða að hluta skal rökstudd með greinargerð þar sem komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

33. gr.

Frestun á gerð aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta í allt að fjögur ár í senn gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið landsvæði ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

34. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði sveitarfélaganna eða Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 30. og 31. gr.

Takist nefndinni ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra ásamt greinargerð nefndarinnar. Aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga skal samræmt úrskurði ráðherra.

35. gr.

Endurskoðun aðalskipulags.

Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.

36. gr.

Breytingar á aðalskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á gildandi aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

VIII. KAFLI

Deiliskipulagsáætlanir.

37. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Deiliskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna deiliskipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar, þegar við á. Í greinargerðinni skal m.a. setja skipulagsskilmála í samræmi við stefnuna. Á skipulagsuppdrætti deiliskipulags skal setja fram þá stefnu sem kynnt er í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Um gerð og framsetningu deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

38. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu deiliskipulags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur að fenginni heimild sveitarstjórnar gert tillögu að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um kynningu, samráð, auglýsingu og samþykkt slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr.

39. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frístundabyggðarsvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

40. gr.

Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Vinni landeigandi eða framkvæmdaraðili að gerð deiliskipulags samkvæmt heimild sveitarstjórnar skal hann taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu sem sveitarstjórn þarf að samþykkja áður en hún er kynnt.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu deiliskipulagsverkefnis og kynningu hennar. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Að lokinni kynningu skal deiliskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

41. gr.

Auglýsing og samþykkt deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags. Ef deiliskipulagstillaga tekur til svæðis sem liggur að mörkum aðliggjandi sveitarfélags skal tillagan kynnt sveitarstjórn þess sveitarfélags.

Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

42. gr.

Afgreiðsla deiliskipulags.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og samantekt um málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum um þær innan átta vikna frá því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún tilkynna sveitarstjórn um að stofnunin taki það til athugunar. Skipulagsstofnun skal koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því að deiliskipulagið var móttekið. Sveitarstjórn skal taka athugasemdirnar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form deiliskipulags. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess. Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

43. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

44. gr.

Grenndarkynning.

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykkta deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

IX. KAFLI
Skipulagsreglugerð, eignarnám, bætur o.fl.

45. gr.

Skipulagsreglugerð og leiðbeiningar.

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, um gerð lýsingar skipulagsverkefnis og um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppdrátta, svo sem skipulagsskilmála og kvaðir. Einnig skal kveðið á um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um heimildir sveitarfélaga til að kveða á um útlit og form mannvirkja í skipulagsáætlunum.

Í skipulagsreglugerð skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, svæðisskipulagsnefnda og skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um framkvæmdaleyfi, svo sem hvaða framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi, um gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar, sem unnar skulu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um þá þætti sem hafa skal til viðmiðunar við gerð skipulagsáætlana í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd sjálfbærrar þróunar við gerð skipulagsáætlana.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

46. gr.

Mælingar og kortagerð.

Vinna skal skipulagsáætlanir á stafræna kortagrunna.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að heimila för um landareign og uppsetningu mælipunkta vegna mælinga og leyfa að sett séu föst merki þar sem nauðsynlegt getur talist enda sé það ekki til ónæðis eða tjóns fyrir landeiganda.

47. gr.

Landeignaskrá.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af Landskrá fasteigna. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi heiti sem skal þinglýsa.

48. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í landeignaskrá, sbr. 47. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

49. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku skipulagsáætlana samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

50. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðarskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir lögum nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

51. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsstefnu eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðbreytingar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.

X. KAFLI

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, þvingunarúrræði og viðurlög.

52. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum, lögum um mannvirki og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra eða Skipulagsstofnun ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þegar kæra berst nefndinni skal hún tilkynna stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veita því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Jafnframt skal nefndin

afla viðbótargagna og umsagna og kynna sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst.

Þegar nauðsynlegri gagnaöflun er lokið skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan sex mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 6. mgr.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

53. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, eða hún hafin með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag, skal skipulagsfulltrúi stöðva slíkar framkvæmdir tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar.

Ef framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess skal skipulagsfulltrúi stöðva framkvæmd þar til úr hefur verið bætt og leita samþykkis sveitarstjórnar.

Ef skilyrði 1. og 2. mgr. eiga við getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða skipulagsfulltrúa við stöðvun framkvæmda.

Láti sveitarstjórn hjá líða að stöðva framkvæmdir skv. 1. og 2. mgr. getur Skipulagsstofnun, að tilskildum fresti sem stofnunin veitir sveitarstjórn, látið stöðva framkvæmd og fjarlægja á kostnað eiganda framkvæmdar eða stöðvað framkvæmd þar til úr hefur verið bætt.

54. gr.

Dagsektir.

Sveitarstjórn er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim eða láta af atferli sem er ólögmætt. Sinni aðili ekki fyrirmælum sveitarstjórnar innan þess frests sem hún setur getur sveitarstjórn ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er 500.000 kr. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Sveitarstjórn getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skuli, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

55. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

56. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Frá sama tíma falla úr gildi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

57. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, kemur: skipulagslög.
2. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kemur: skipulagslög.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd:
   a. Í stað orðanna „sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 46. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
   c. Í stað orðanna „sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög.
   d. Í stað orðanna „27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 13. gr. skipulagslaga.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í e-lið 3. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   c. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   d. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
5. Eftirfarandi breytingar verða á jarðalögum, nr. 81/2004:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 21. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
6. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, kemur: skipulagslaga og laga um mannvirki.
7. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997“ í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
8. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, kemur: skipulagslögum.
9. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2007, vegalaga, kemur: skipulagslögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt. Sveitarstjórn getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem fram koma í 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

2. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
3. Samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem starfandi eru við gildistöku laganna skulu vera starfræktar þar til nýrri svæðisskipulagsnefnd hefur verið komið á fót, sbr. 9. gr. Um málsmeðferð fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fer samkvæmt lögum þessum.
4. Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2012 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Þegar landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal umhverfisráðherra fella niður svæðisskipulag miðhálendis Íslands. Þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga sé í samræmi við svæðisskipulag miðhálendis Íslands og þá stefnumörkun sem þar kemur fram.
5. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta skal gera innan eins árs frá gildistöku laga þessara og skal sveitarstjórn gera Skipulagsstofnun grein fyrir því hvort hún hafi samþykkt viðkomandi áætlun. Hafi deiliskipulagsáætlun ekki verið samþykkt telst hún fallin úr gildi.
6. Byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 og varða skipulagsákvarðanir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Vorið 2002 ákvað þáverandi umhverfisráðherra að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Við þessa endurskoðun var ákveðið að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt var ákveðið að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í áðurgreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Nefnd sem falið var að semja frumvarp þetta var skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður, Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, skipuð án tilnefningar, Hrafn Hallgrímsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, einnig skipaður án tilnefningar,

Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Örn Gunnarsson deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, og Stefán Thors skipulagsstjóri, tilnefndur af Skipulagsstofnun, en Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, þáverandi aðstoðarskipulagsstjóri, starfaði tímabundið með nefndinni í leyfi skipulagsstjóra. Gunnar Örn hvarf til annarra starfa og í hans stað tilnefndi iðnaðarráðuneyti 10. júlí 2003 Pétur Örn Sverrisson lögfræðing. Hinn 16. nóvember 2003 var Kristín Linda Árnadóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, jafnframt skipuð í nefndina.

Nefndinni var ætlað að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga. Þau sjónarmið sem höfð voru til hliðsjónar við samningu frumvarpsins voru m.a. að skilgreina bæri með skýrari hætti mismunandi hlutverk skipulagsáætlana til að koma í veg fyrir skörun þeirra, tryggja eðlilegt samspil og samræmi milli skipulagsstiga og auka skilvirkni og sveigjanleika í skipulagsgerð, jafnframt að auka samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Nefndin fjallaði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um þörf á skipulagsákvæðum til almennrar stefnumörkunar á landsvísu. Þá var farið yfir hlutverk samvinnunefndar miðhálendis og hvernig fara skyldi með skipulagsákvarðanir á miðhálendinu.

Nefndin fékk á fund sinn í lok árs 2003 ýmsa aðila sem starfa að framkvæmd skipulagsmála en þeir voru eftirfarandi: Óskar Bergsson, formaður samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis, Fríða Björg Eðvarðsdóttir, starfsmaður sömu nefndar, Hjalti Steinþórsson, framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Ólafur Hauksson sýslumaður, formaður nefndar vegna frumvarps til laga um landeignaskrá o.fl. Einnig komu aðilar frá skipulagsfulltrúum sveitarfélaga, þau Finnur Birgisson, verkefnastjóri skipulagsmála á Akureyri, og Bergljót S. Einarsdóttir, þáverandi skipulagsfulltrúi í Garðabæ, Salvör Jónsdóttir, þáverandi sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og Ívar Pálsson, þáverandi lögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og loks Guðjón Bragason, þáverandi skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála, og Róbert Ragnarsson stjórnmálafræðingur, verkefnisstjóri um sameiningu sveitarfélaga, frá félagsmálaráðuneytinu. Þá óskaði nefndin eftir því að Ásdís Hlökk Theodórsdóttir tæki saman skýrslu um skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, en sú skýrsla var hluti af doktorsverkefni hennar um landsskipulag og umhverfismat áætlana, *Skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, febrúar 2004.* Ásdís Hlökk kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir skýrslu sinni og var hún m.a. höfð til hliðsjónar við samningu ákvæða frumvarpsins um landsskipulagsstefnu.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar var talið að ættu að vera í skipulagslögum og hins vegar í lögum um mannvirki. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd mannvirkjalaga er talin tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefnd sú sem samdi frumvarp þetta lauk störfum í mars 2006 og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar í formi frumvarps til skipulagslaga ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu þau varða hagsmuni margra að rétt væri að senda frumvarp þetta ásamt frumvarpi til mannvirkjalaga til víðtækrar umsagnar. Voru frumvörpin 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins, þar sem gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt auglýsti ráðuneytið í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni í byrjun júlí 2006 að frumvörpin lægju fyrir þar sem öllum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvörpin fyrir sama tíma. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athuga-

semdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna ábendinga sem fram komu. Frumvarpið var lagt fram af umhverfisráðherra á 133. löggjafarþingi, í febrúar 2007, en það náði ekki fram að ganga á því þingi. Frumvarpið var svo lagt fram að nýju af umhverfisráðherra á 135. löggjafarþingi, í febrúar 2008, en hlaut ekki afgreiðslu. Ráðuneytið hafði náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna athugasemda sem fram komu um ákvæði frumvarpsins sem varða landsskipulag og voru gerðar breytingar á frumvarpinu til að koma til móts við þær athugasemdir. Þá voru gerðar ýmsar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af umsögnum sem bárust umhverfisnefnd Alþingis þegar hún hafði frumvörpin til meðferðar. Þannig hefur frumvarpið fengið mjög víðtæka kynningu og umfjöllun og hefur ráðuneytið farið yfir þær athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið og tekið tillit til margra þeirra.

II.

Alþingi samþykkti ný skipulags- og byggingarlög árið 1997. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulagsmála á landsvísu með aðstoð Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórnir fara með skipulagsmál sveitarfélaga. Í skipulags- og byggingarlögum er einnig gert ráð fyrir skipulagsgerð á svæðisstigi, þrátt fyrir að ekki sé til staðar samsvarandi stjórnsýslustig. Þannig geta sveitarfélög unnið að svæðisskipulagi með öðrum sveitarfélögum og jafnframt fer sérstök samvinnunefnd með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu. Með tilkomu skipulags- og byggingarlaganna 1997 varð talsverð breyting á skipulagskerfinu á Íslandi, bæði skilgreiningu skipulagsáætlana og stjórnkerfi skipulagsmála. Meginbreytingarnar má segja að hafi verið eftirfarandi:

- Sett markmið með gerð skipulagsáætlana, m.a. að stuðla að sjálfbærri þróun.
- Ábyrgð á framkvæmd skipulagsgerðar færð að verulegu leyti frá ríki til sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins lögð af.
- Skipulagsstofnun ætlað hlutverk vegna áætlana um landnotkun á landsvísu en ábyrgð á gerð skipulagsáætlana formlega flutt til sveitarfélaga.
- Skilgreindar þrjár tegundir skipulagsáætlana: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.
- Allt land gert skipulagsskylt, aðalskipulag látið taka til alls lands viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulagsskylda látin ná til allra leyfisskyldra byggingarframkvæmda.
- Skilgreint sérstakt skipulagssvæði miðhálendisins og nefnd sem fer með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu sett á laggirnar en þessar breytingar komu inn með breytingu á eldri skipulagslögum frá 1993 og með breytingu á gildandi lögum frá 1999.
- Aukin áhersla lögð á kynningu og samráð við skipulagsgerð.
- Innleidd ákvæði um umhverfismat skipulagstillagna.
- Innleidd ný tegund leyfa, framkvæmdaleyfi, sem taka til meiri háttar framkvæmda annarra en þeirra sem háðar eru byggingarleyfi.
- Skilgreindar leiðir til að fjalla um ágreining um skipulagsmál.
- Komið á fót úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.
- Skilgreindar kröfur til þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem fara með skipulagsmál og þeirra ráðgjafa sem sinna gerð skipulagsáætlana.

Núverandi skipulagskerfi er þannig uppbyggt að öll sveitarfélög í landinu skulu vinna aðalskipulag fyrir allt land viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er afgreitt af sveitarstjórn, en jafnframt háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sveitarfélög skulu jafnframt vinna deiliskipulag fyrir þau svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulag er eingöngu

samþykkt af sveitarstjórn, en það er þó háð yfirferð Skipulagsstofnunar áður en það er auglýst til gildistöku. Sveitarfélögum ber þannig bæði að gera aðalskipulag og deiliskipulag. Auk þeirra geta sveitarstjórnir tekið þátt í gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er unnið af samvinnunefnd tveggja eða fleiri sveitarfélaga í þeim tilgangi að móta stefnu um sameiginleg hagsmunamál varðandi byggðaþróun og landnotkun. Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfestingu umhverfisráðherra. Þessu til viðbótar gilda sérstakar reglur um svæðisskipulagsgerð á miðhálendinu. Þar starfar viðvarandi sérstök samvinnunefnd sem fer með gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið og gegnir þar bæði hlutverki samvinnunefndar og sveitarstjórnar ef borið er saman við gerð svæðisskipulags á láglendi.

III.

Skipulagslöggjöf á Norðurlöndum hefur þróast umtalsvert á síðustu tveim áratugum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er líkt og hér á landi sameiginleg löggjöf um skipulags- og byggingarmálefni. Elstu skipulags- og byggingarlög á Norðurlöndum að stofni til eru í Noregi (*Plan- og bygningslov nr. 77/1985*) og í Svíþjóð (*Plan- och bygglagen 1987:10*) en þau hafa tekið talsverðum breytingum á síðustu árum. Í Noregi var árið 2003 lögð fram tillaga að frumvarpi til nýrra skipulagslaga, *NOU 2003:14, Bedre kommunal og regional planlegging etter plan- og bygningsloven,* og hafa á síðustu árum verið samþykktar ákveðnar breytingar á lögunum í samræmi við þær tillögur. Ný skipulags- og byggingarlög í Noregi, *Lov om planlegging og byggesaksbehandling (plan- og bygningsloven), Lov nr. 71/2008,* voru samþykkt árið 2008 og tóku gildi 1. júlí 2009. Í 6. kafla þeirra laga er m.a. að finna ákvæði um stefnumörkun ríkisins í skipulagsmálum. Í Svíþjóð hefur átt sér stað viðamikil endurskoðun á skipulagslöggjöfinni, *SOU 2005;77, Får jag lov? Om planering og byggande,* og verður lagt fram frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum á grundvelli þessarar endurskoðunar. Tillögur endurskoðunarnefndarinnar snerta velflesta þætti laganna og hafa þann tilgang að styrkja framkvæmd þeirra. Frá árinu 2007 hefur staðið yfir endurskoðun á sænsku skipulags- og byggingarlögunum og er gert ráð fyrir að ný lög taki gildi árið 2010. Finnsku skipulagslögin, *Markanvändnings- och bygglag nr. 132/1999,* tóku gildi 2000. Danmörk er eitt Norðurlandanna með sérstök skipulagslög, sbr. *Bekendtgørelse af lov om planlægning nr. 883/2004,* en á dönsku skipulagslögunum var gerð grundvallarbreyting árið 2005 samhliða breytingum sem gerðar voru á sveitarstjórnarskipan þar í landi. Lögin tóku að fullu gildi 1. janúar 2007.

Breytingin á dönsku skipulagslögunum frá 2005 var hluti af viðamiklum breytingum á stjórnsýslu í Danmörku og eru áhrif breytinganna á skipulagslög talsverð. Með þeim var stjórnsýslustig amta aflagt og þannig var fellt niður hið hefðbundna svæðisskipulagsstig. Í staðinn koma landshlutaráð, *regionsråd,* sem munu vinna þróunaráætlanir. Viðfangsefni skipulagsmála, náttúru og umhverfis verða í öllum aðalatriðum hjá sveitarfélögunum. Markmið laganna á sviði skipulagsmála er einkum að sveitarfélög hafi afgerandi hlutverk og að skipulagsáætlanir sveitarfélaganna, *kommuneplan,* gegni víðtæku hlutverki við áætlanagerð á vegum þeirra, að landshlutaráð vinni byggða- og þróunaráætlanir, *regional udviklingsplanlægning,* og að ríkið fái betur skilgreint hlutverk við að tryggja skipulagsmálefni á landsvísu.

Þegar litið er yfir skipulagskerfi Norðurlandanna með tilliti til markmiða, áherslna laganna og skipulagsferla sem þau mæla fyrir um má greina ákveðin einkenni og þróun. Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun og lýðræðislega og gagnsæja skipulagsferla. Beitt er víðtæku samráði þegar ákvarðanir eru teknar. Þá gætir einnig vaxandi áherslu á að löggjöfin sé skýr varðandi alla málsmeðferð, svo sem hver séu hlutverk mismunandi aðila sem koma að skipulags-

gerð og skipulagsstefnu, hverjir eiga aðild að skipulagsferli mismunandi skipulagsstefnuskjala eða skipulagsáætlana, hvernig staðið er að kynningu og afgreiðslu og hver áhrif einstakra skipulagsákvarðana eru gagnvart annarri skipulags- og áætlanagerð og framkvæmdum. Í þessu sambandi má einnig nefna aukna áherslu á að í lögum sé kveðið á um á hvaða efnislegum forsendum ríkið getur sett fram skipulagsstefnu og gripið inn í skipulagsákvarðanir sveitarfélaga.

IV.

Í frumvarpi þessu er að finna ýmis nýmæli og breytingar á gildandi skipulags- og byggingarlögum og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu. Skýrari fyrirmæli er lögð til um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Þannig er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings við gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun við afgreiðslu skipulagsáætlunar.

Áhersla er lögð á að skipulagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg, svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þannig er m.a. lagt til að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagsstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni við afgreiðslu mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og m.a. gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsstefnu. Þá er lagt til að lögfest verði svokallað rammaskipulag en slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag ákveðinna hluta aðalskipulags og gefur fyrirheit um hvernig það verður útfært í deiliskipulagi sem veitir íbúum sveitarfélagsins betri upplýsingar um fyrirhugaða framtíðarnotkun lands. Lögð er áhersla á að skýra hlutverk skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum og samspil þeirra og að komið sé í veg fyrir skörun einstakra skipulagsáætlana til að tryggja skilvirkni. Lagt er þannig til að skýr greinarmunur sé á svæðisskipulagi og aðalskipulagi. Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að því en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa um að svæðisskipulagið taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja betur að skipulagsákvarðanir eigi þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun um leið og þær séu betur færar um að stuðla að öðrum markmiðum frumvarpsins.

Í gildandi lögum er ekki fyrir hendi skýr farvegur fyrir ríkisvaldið til að setja fram almenna skipulagsstefnu sem markar stefnu um skipulagsákvarðanir sem varða almannahagsmuni og geta leyst úr ágreiningsmálum t.d. á milli ríkis og einstakra sveitarfélaga um skipulagsmál sem talin eru varða þjóðarhagsmuni. Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum. Um leið og lögð er áhersla á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er jafnframt viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í svokallaðri landsskipulagsstefnu sem lögð verði til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Enn fremur er gert ráð fyrir að aðalskipulag og svæðisskipulag sveitarfélaga verði að meginstefnu til háð staðfestingu Skipulagsstofnunar

í stað umhverfisráðherra eins og áður sagði og hefur Skipulagsstofnun það hlutverk að sinna eftirliti með skipulagsákvörðunum sveitarfélaga og tryggja samræmi milli skipulagsáætlana og samræmi við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðaþróun.

Lagt er til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður. Við gildistöku laganna, 1. janúar 2011, eiga öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi en í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum er kveðið á um að tíu árum frá gildistöku þeirra laga, eða 1. janúar 2008, skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Þannig verður við gildistökuna, verði frumvarpið að lögum, lokið því mikilvæga hlutverki samvinnunefndar miðhálendis að samræma aðalskipulag sem liggur að hálendinu við svæðisskipulag miðhálendisins. Þá er lagt til skv. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi eigi síðar en 2012 tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sem ætlað er að fjalla um stefnumörkun á miðhálendi Íslands. Landsskipulagsstefnu er þannig ætlað að taka yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálendisins. Rétt þykir að stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands sé unnin á vegum stjórnvalda. Með vísan til framangreindra breytinga á skipan mála er ekki talin þörf á að samvinnunefnd miðhálendis haldi áfram störfum þar sem lagt er til að verkefni hennar verði færð til viðkomandi sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Skipulagskerfi og skipulagsáætlanir þarf að þróa með tilliti til samfélagsbreytinga og viðhorfa á hverjum tíma. Þeim tillögum sem frumvarpið hefur að geyma er ætlað að gera skipulagskerfið hæfara til að takast á við ákvarðanir um landnotkun og byggðaþróun. Tillögurnar endurspegla jafnframt þá þróun sem orðið hefur á sviði skipulagsmála á Norðurlöndum, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna hér á landi.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

– Í markmiðsákvæði frumvarpsins er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Þessi krafa kemur víða fyrir í frumvarpinu. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og koma að athugasemdum sínum.
– Skilgreind eru hugtökin almenningur og rammahluti aðalskipulags. Þá er nokkrum skilgreiningum breytt, svo sem skipulagsskilmálum, og kveðið er á um að í þeim skuli fjallað m.a. um útlit og form mannvirkja.
– Kveðið er afdráttarlaust á um hlutverk sveitarstjórna vegna eftirlits með framkvæmd skipulagsmála og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 3. og 16. gr.
– Fjallað er um hlutverk skipulagsfulltrúa og hæfisskilyrði sem þeir þurfa að uppfylla, sbr. 7. gr.
– Lagt er til að skylt sé að starfrækja sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem í gildi er svæðisskipulag sem skulu sjá um gerð og framfylgd þess, sbr. 9. gr.
– Kveðið er á um sérstaka landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr., sem umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi sem tillögu til þingsályktunar. Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar og jafnframt skal þar útfæra stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun með tilliti til landnotkunar.
– Kveðið er með skýrum hætti á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis, þannig er svæðisskipulag rétthærra en aðalskipulag en aðalskipulag er síðan rétthærra en deiliskipulag, sbr. 12. gr. og fleiri ákvæði frumvarpsins.

– Kveðið er á um með afdráttarlausum hætti að skipulagsskylda sveitarfélaga nái til hafsins innan marka sveitarfélaga, sbr. 12. gr.
– Settar eru fram kröfur um útgáfu framkvæmdaleyfis og gildistíma þess, sbr. 15. gr.
– Lagt er til að skipulagsgjald sé eingöngu greitt af nýbyggingum sem virtar hafa verið til brunabóta í samræmi við framkvæmd af greiðslu skipulagsgjalda. Sveitarstjórn verði heimilt að innheimta gjald vegna skipulagsvinnu sem vinna þarf samfara framkvæmdum, sbr. 17. og 20. gr.
– Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Svæðisskipulagið þarf ekki að taka til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur það tekið til heilla landshluta eða stærri heilda, sbr. 21. gr.
– Skylt er að fyrir hendi sé svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins en ekki einungis heimilt eins og nú gildir og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags, sbr. 22. gr.
– Vinna við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags skal hefjast með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 23., 30. og 40. gr. Með því er lögð áhersla á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi. Heimilt er þó að falla frá slíkri lýsingu við gerð deiliskipulags.
– Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar sem skipuð er á grundvelli 34. gr. til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði.
– Ekki er gerð krafa um að óverulegar breytingar á aðalskipulagi séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti og er málsmeðferð vegna slíkra mála því einfölduð. Auk þess eru sett fram viðmið um það hvenær breyting telst óveruleg, sbr. 36. gr.
– Skilgreint er til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja og form, sbr. 37. gr.
– Lagt er til að sveitarstjórn skuli taka athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar, sbr. 42. gr.
– Sett eru viðmið um hvenær um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi til að auðvelda mat á því, sbr. 43. gr.
– Lagt er til sérstakt ákvæði um grenndarkynningu og skylt er að grenndarkynna framkvæmdaleyfi eins og byggingarleyfi, sbr. 43. gr.
– Lagt er til að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 46. gr.
– Lagt er til í 53. gr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við ákvæði laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem hafa mesta þýðingu við gerð og framkvæmd skipulags. Þá eru helstu hugtök sem frumvarpið byggist á skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins og eru a- og c-liður greinarinnar óbreyttir frá 1. gr. gildandi laga. Sú breyting er lögð til á b-lið að jafnframt skuli stuðla að skynsam-

legri og hagkvæmri nýtingu landslags, eins og þeirra atriða sem eru í ákvæðinu, þ.e. náttúru og menningarverðmæta. Mikilvægt er að tryggja þeirri auðlind sem landslagið sjálft er ákveðna vernd. Í d-lið, sem er nýmæli, er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós. Skipulagsákvarðanir sveitarfélaga geta varðað íbúa mjög miklu og nauðsynlegt er að sjónarmið þeirra komi fram við gerð skipulags þannig að þau liggi ljós fyrir áður en sveitarfélög samþykkja viðkomandi skipulagsáætlun. Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings að gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun um skipulagsáætlun. Í e-lið er lögð áhersla á að tryggja þurfi faglegan undirbúning mannvirkjagerðar varðandi útlit bygginga og form. Þetta eru þættir sem meðal annars snerta fagurfræði og stöðu mannvirkis í umhverfi sínu sem taka þarf ákvörðun um við gerð skipulags. Þannig verður það í höndum skipulagsfulltrúa í umboði sveitarstjórna að fjalla um þennan þátt mannvirkjagerðar en ekki byggingarfulltrúa eins og nú gildir. Þá er lögð áhersla á að strax í stefnumótun við gerð skipulags sé gerð grein fyrir aðgengi fyrir alla. Hér er haft að leiðarljósi að samfélagið verði aðgengilegt öllum. Heildarhagsmunir og aðgengi fyrir alla felast í því að við allar ákvarðanir sé þess gætt að enginn sé útilokaður frá aðgengi eða þátttöku og að við skipulagsgerð sé jafnframt beint sjónum að þeim sem sérstakra ráðstafana þurfa við. Í 4. mgr. 45. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í skipulagsreglugerð sé sérstaklega kveðið á um slíkt aðgengi og með hvaða hætti það verði tryggt.

Um 2. gr.

Í greininni eru helstu hugtök sem er að finna í frumvarpinu skilgreind. Nokkur hugtök eru óbreytt frá gildandi lögum og er því ekki gerð frekari grein fyrir þeim.

Skilgreining á almenningi er nýmæli en í frumvarpinu er víða vísað til almennings varðandi gerð skipulagsáætlana. Rétt þykir því að hugtakið sé skilgreint en það tekur til einstaklinga og lögaðila, samtaka þeirra, félaga eða hópa.

Skilgreining á aðalskipulagi er efnislega óbreytt en byggðaþróun er notað í stað þróunar byggðar þar sem það er meira lýsandi fyrir það hugtak auk þess sem gerð er krafa um að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir byggðamynstri. Hugtakið byggðamynstur er skilgreint í ákvæðinu.

Skilgreining á byggingarleyfi er sú sama og í frumvarpi til laga um mannvirki.

Skilgreining hugtaksins byggðamynstur er nýmæli í lögum en það hefur verið skilgreint í skipulagsreglugerð. Skilgreiningin er skýrari og afmarkaðri en í reglugerðinni.

Skilgreining hverfisverndar er óbreytt að öðru leyti en því að áréttað er að ákvæði í skipulagsáætlunum um verndun náttúruminja geta einnig talist til hverfisverndar.

Við greinina er bætt við nýrri skilgreiningu, frístundabyggð, til samræmis við breytingu sem gerð var á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 8. desember 2006, sbr. lög nr. 149/2006.

Skilgreining á landnotkun er efnislega óbreytt nema að því leyti að ekki er vísað til orðsins ítölu eins og í gildandi lögum en orðið hefur enga sérstaka þýðingu í þessu samhengi og því fellt brott. Bætt er við orðinu frístundabyggð til samræmis við lög nr. 149/2006.

Hugtakið landsskipulagsstefna er í samræmi við 10. gr. frumvarpsins.

Skilgreining nýtingarhlutfalls er breytt. Vísað er í íslenskan staðal en ekki með númeri þar sem slíkt er breytingum háð.

Lagt er til að skilgreint sé hvað felist í rammahluta aðalskipulags. Hér er ekki um að ræða sérstakt skipulagsstig heldur útfærslu á uppbyggingu og skipulag heilla hverfa eða ákveðinna afmarkaðra svæða innan marka aðalskipulagsins sem getur verið grundvöllur að vinnu við deiliskipulagsáætlanir fyrir slík svæði í áföngum. Rammahlutinn er unninn sem hluti af aðalskipulagi eða sem breyting á því fyrir ný stærri hverfi og sem leiðarljós fyrir útfærslu þess í deiliskipulagi. Mjög mikilvægt er að almenningi og öðrum hagsmunaaðilum séu kynnt slík áform strax í byrjun vinnu við gerð aðalskipulags, þegar sveitarfélagið leggur fram sínar áherslur, í lýsingu á skipulagsverkefninu.

Hugtakið skipulagsáætlun er að mestu efnislega óbreytt.

Hugtakið skipulagskvaðir er að mestu óbreytt.

Hugtakinu skipulagsskilmálar hefur verið breytt en lagt er til að gerð sé grein fyrir slíkum skilmálum í deiliskipulagi, til að útfæra nánar skipulagsáætlunina, svo sem byggðamynstur og fjölda bílastæða. Einnig ber í skipulagsskilmálum að fjalla um útlit mannvirkja og form, gróður og girðingar.

Skilgreining á svæðisskipulagi er breytt að því leyti að ekki er gerð krafa um að samræma þurfi tiltekna þætti skipulags, heldur einungis þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Skilgreint er hugtakið umsagnaraðilar, þar sem í frumvarpinu er vísað til þessa hugtaks, sbr. 23. og 30. gr. Hér er um að ræða opinberar stofnanir sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála, eins og Umhverfisstofnun hvað varðar mengunar-, hollustu- og náttúruverndarmál, Vegagerðin hvað varðar samgöngur, svo dæmi séu tekin.

Skilgreining á þéttbýli er óbreytt en tekið er fram að afmarka megi þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.

Skilgreining á þéttleika byggðar er breytt að því leyti að hún vísar ekki einungis til þéttbýlis en hugtakið getur einnig átt við í dreifbýli, t.d. um fjölda sumarbústaða í dreifbýli. Þá er lagt til að notast sé við hugtakið nýtingarhlutfall en í gildandi lögum er notað hlutfall milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Hér er því lagt til að hugtakið sé nákvæmara en áður til samræmis við það hvernig hugtakið er notað í dag.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hvaða aðilar fari með stjórn og framkvæmd skipulagsmála. Stjórn skipulagsmála er hjá ríki og sveitarfélögum. Umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála en Skipulagsstofnun sé ráðherra til aðstoðar. Sveitarstjórnir fari með skipulagsmál í héraði og beri ábyrgð á gerð skipulagsáætlana. Skipulagsnefndir sem kjörnar eru af sveitarstjórn og skipulagsfulltrúar vinna í umboði sveitarstjórna. Svæðisskipulagsnefndir eru starfræktar þar sem í gildi er svæðisskipulag en þær eru skipaðar fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga. Á varnarsvæðum skipar utanríkisráðherra skipulagsnefnd sem fer með skipulagsmál þar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þau stjórnvöld sem fara með stjórn og framkvæmd skipulagsmála.

2. mgr. er að hluta til byggð á 3. gr. og 1. mgr. 61. gr. gildandi laga. um yfirstjórn skipulagsmála á öryggis- og varnarsvæðum. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk sveitarstjórna varðandi eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Þetta er í samræmi við framkvæmdina í dag en það eru sveitarstjórnir sem sjá um gerð og framfylgd skipulagsáætlana. Einnig hafa þær haft eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 56. gr. gildandi laga og 18. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum. Hér er lagt til að kveðið sé með afdráttarlausum hætti á um hlutverk sveitarstjórna vegna framkvæmdar skipulagsmála.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Skipulagsstofnunar. A-, c-, d-, e- og i-liðir eru samhljóða samsvarandi liðum í 4. gr. gildandi laga. B-, f- og g-liðir eru breyttir og lagður er til nýr liður, h-liður.

Í b-lið er lagt til að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk stofnunarinnar að ræða og er það þýðingarmikið m.a. gagnvart sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Þetta er til samræmis við hlutverk stofnunarinnar hvað þessa þætti varðar og lýsir því hlutverki betur en nú er gert í b-lið greinarinnar.

Í f-lið er kveðið á um hlutverk Skipulagsstofnunar varðandi vinnu við landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. frumvarpsins, en hér er um nýtt hlutverk stofnunarinnar að ræða. Í landsskipulagsstefnu er lagt til að samræmd sé eftir þörfum stefna opinberra aðila um landnotkun. Samkvæmt g-lið er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun stuðli að og standi fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála.

H-liður er í samræmi við 35. gr. gildandi laga og þá breytingu sem gerð var á lögunum árið 2000 með tilkomu Skipulagssjóðs.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 5. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að skipulagsstjóri ríkisins beri heitið forstjóri Skipulagsstofnunar til samræmis við heiti forstjóra nokkurra stofnana umhverfisráðuneytisins eins og Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landmælinga Íslands. Þá er lagt til að forstjóri Skipulagsstofnunar skuli hafa háskólapróf en ekki háskólamenntun eins og nú gildir til að skýrt sé að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og störf skipulagsnefnda og er hún að hluta til byggð á 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið sé á um að í hverju sveitarfélagi skuli vera starfandi skipulagsnefnd sem kjörin sé af sveitarstjórn. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en greinin er breytt þar sem ekki er kveðið á um byggingarnefndir enda er fjallað um stjórnsýslu byggingarmála í frumvarpi til laga um mannvirki. Í því frumvarpi er lagt til að byggingarnefndir sveitarfélaga verði lagðar niður. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á greininni til samræmis við framangreint.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk skipulagsnefnda. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðinu til samræmis við 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sem heimilar að fela nefndum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Lagt er til að sveitarstjórn sé heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að vísa afgreiðslum til skipulags-

nefnda nema hvað varðar lokaafgreiðslur varðandi svæðis- og aðalskipulagsáætlanir en þó er skipulagsnefndum heimilt að hefja slíka vinnu. Í slíkum samþykktum yrði að kveða á með skýrum hætti um hvað fælist í fullnaðarafgreiðslu mála hjá skipulagsnefnd, svo sem kynningu gagnvart sveitarstjórn, og hvort afstaða sveitarstjórnar þurfi að liggja fyrir á einhverju stigi mála.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjölda nefndarmanna skipulagsnefnda og störf nefndarinnar og er ákvæðið efnislega óbreytt frá 4. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga um kosningu skipulagsnefnda og er það óbreytt frá lögunum. Lagt er til að fellt sé brott ákvæðið um að hlutaðeigandi sveitarfélög geri með sér samning um stofnun nefndanna sem staðfest sé af ráðherra. Ekki er talin þörf á að slíkir samningar séu staðfestir af ráðherra enda hefur það ekki verið framkvæmdin. Sveitarstjórnir geti haft samvinnu um ráðningu skipulagsfulltrúa, eins og nú gildir.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk skipulagsfulltrúa. Í 1. mgr. er kveðið á um að með hverri skipulagsnefnd skuli starfa skipulagsfulltrúi. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarstjórn ráði fleiri en einn skipulagsfulltrúa sé þörf á því. Fellt er brott ákvæði greinarinnar um að skipulagsfulltrúi skuli vera framkvæmdastjóri skipulagsnefndar enda ekki talin þörf á að kveða á um í lögum hvernig sveitarstjórnir hagi innra skipulagi sínu á sviði skipulagsmála en mikilvægt er að sveitarfélögin hafi svigrúm til að ákveða fyrirkomulag á skipulagi starfseminnar.

Í 2. mgr. er lagt til að byggingarfulltrúa sé heimilt að annast skipulagsmál og ber hann þá heitið skipulags- og byggingarfulltrúi og er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Kveðið er á um hlutverk skipulagsfulltrúa í 3. mgr. en hann hefur umsjón með skipulagsgerð og öðrum verkefnum sem sveitarstjórn felur honum.

Lagt er til í 4. mgr. að skipulagsfulltrúar sitji ávallt fundi skipulagsnefnda með málfrelsi og tillögurétt, en nú gildir að þeir skuli gera það, eftir því sem við á, sbr. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um hæfisskilyrði skipulagsfulltrúa og er það nýmæli. Kröfur um hæfi skipulagsfulltrúa eru í gr. 2.7 skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, en rétt þykir að kveðið sé á um slíkar kröfur í lögunum. Greinin er efnislega óbreytt frá framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar. Þá er 6. mgr. efnislega samhljóða 3. mgr. í framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar um heimild ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá 5. mgr.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi laga sé fellt brott um hvaða störf starfsmönnum skipulagsnefnda er heimilt að vinna en um það fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, varðandi hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsvald á svokölluðum öryggis- og varnarsvæðum en þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, og lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

2. mgr. er að hluta til byggð á 4. mgr. 8. gr. laga nr. 76/2008 þar sem kveðið er á um skipulagsvald utanríkisráðherra á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að jafnframt sé í ákvæðinu kveðið á um að skipulagsvald utanríkisráðherra nái einnig til annara öryggissvæða og varnarsvæða til samræmis við skilgreiningu á þeim svæðum í 5. gr. laga nr.

34/2008. Þannig er skýrt kveðið á um það að utanríkisráðherra fari með skipulagsvald á öllum öryggis- og varnarsvæðum en þau heyra lögum samkvæmt undir utanríkisráðherra.

Í 3. mgr. er kveðið á um skipulagsvald á flugvallarsvæðinu en ákvæðið er sett til samræmis við 8. gr. laga nr. 76/2008 sem fjallar um skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Sú nefnd heyrir undir samgönguráðherra og starfar nefndin því undir yfirstjórn hans.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulagsnefndir. Heimilt er samkvæmt gildandi lögum að skipa samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að í þeim tilvikum sem sveitarstjórnir ákveða að ráðist skuli í gerð svæðisskipulags skuli skipa svæðisskipulagsnefnd. Þar sem er í gildi svæðisskipulag skal vera starfandi svæðisskipulagsnefnd en það er nýmæli að svæðisskipulagsnefndir skuli ekki einungis skipaðar til að sjá um gerð svæðisskipulags, eins og á við um samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags samkvæmt gildandi lögum, heldur skulu þær starfa áfram og sjá um breytingar og framfylgd á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefndir skulu vera skipaðar að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og eru því að jafnaði skipaðar til fjögurra ára í senn. Þeim nefndum sem kunna að vera starfandi við gildistöku laganna ber að starfa áfram, sbr. 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Þessi breyting á starfi svæðisskipulagsnefnda er lögð til þar sem talið er nauðsynlegt að samfella og þekking myndist í starfi þeirra og til að einfalda meðferð breytinga á svæðisskipulagi.

Í 3. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti svæðisskipulagsnefndum beri að tilkynna sveitarstjórnum um ákvarðanir sínar, en þeim ber að senda fundargerðir sínar til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ákvarðanir nefndarinnar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna líkt og nú gildir, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

Lögð er til sú breyting í 4. mgr. frá 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. gildandi laga að svæðisskipulagsnefndir setji sér sjálfar starfsreglur en ekki er talin þörf á að ráðherra setji slíkar reglur. Lagt er til að nefndirnar leiti umsagnar Skipulagsstofnunar áður en reglurnar eru settar.

Um III. kafla.

Í rannsókn sem gerð var á stöðu og framkvæmd landsskipulagsgerðar í heiminum í dag (Alterman 2001) er farið yfir ástæður þess hvers vegna yfirvöld ákveða ýmist að innleiða, efla eða draga úr skipulagsgerð á landsvísu á mismunandi tímum. Rannsóknin er byggð á dæmum frá tíu lýðræðisríkjum. Á grundvelli þessarar rannsóknar voru eftirtalin atriði skilgreind sem lykilatriði varðandi áhuga og/eða þörf á landsskipulagsgerð, en þau eru: til að skapa þjóðarsamstöðu, til að draga úr svæðisbundnum mismun milli svæða innan viðkomandi lands, til að móta stefnu og miðla málum með tilliti til umhverfis, grunngerðar og staðbundinnar andstöðu við tilteknar framkvæmdir og til að takast á við tímabundna erfiðleika.

Í Danmörku, Finnlandi og Noregi hafa stjórnvöld á landsvísu markað alhliða samræmda skipulagsstefnu á grundvelli ákvæða í skipulagslögum. Sú skipulagsstefna á Norðurlöndum sem mörkuð er á landsvísu á það sameiginlegt að henni er fyrst og fremst ætlað að skapa leiðarljós fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum og að landsskipulag sé sett fram með það í huga að skipulagsákvarðanir séu teknar eins nærri borgurunum og kostur er.

Lagt er til að ákvæði um landsskipulagsstefnu verði að finna í frumvarpinu og er það nýmæli hér á landi. Með slíkri stefnu er gert ráð fyrir að tekið sé á málum sem varða almanna-

hagsmuni og geta því varðað alla landsmenn. Sömu sjónarmið eiga við um gerð slíkrar landsskipulagsstefnu eins og lýst hefur verið hér að framan um slíka stefnu á Norðurlöndum, þ.e. henni er fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og að setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum. Landsskipulagsstefna getur náð til landsins alls en getur hins vegar landfræðilega tekið til ákveðins svæðis vegna þess að ekki er sjálfgefið að einstök atriði sem kveðið er á um í landsskipulagsstefnu varði allt landið eða efnahagslögsöguna.

Ástæða þess að lagt er til að kveðið sé á um landsskipulagsstefnu í frumvarpi þessu er sú að komið hafa fram sjónarmið um að ríkisvaldið skorti samnefnara í skipulagsmálum, þ.e. einn sameiginlegan aðila eða vettvang þar sem ríkisvaldið setur fram skipulagsstefnu sína þar sem stefna í ólíkum málaflokkum hefur verið tekin saman og samþætt. Þessu tengt er það sjónarmið að ríkinu beri að setja fram leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð hvað varðar landnotkunarákvarðanir sveitarfélaga, einnig að slík stefna hafi þýðingu þegar ríkisvaldið fer yfir skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þannig verði til opinber og gegnsær grundvöllur fyrir eftirliti ríkisins með skipulagsgerð sveitarfélaga.

Um 10. gr.

Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af ákvæðum um landsskipulag í dönsku, norsku og finnsku skipulagslögunum. Þá var einnig horft til tillagna í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga í Noregi þar sem kveðið er með ítarlegri hætti á um landsskipulag en í gildandi lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að umhverfisráðherra leggi landsskipulagsstefnu sem þingsályktunartillögu fyrir Alþingi til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Hér er því mælt fyrir um að sama eigi við og t.d. um náttúruverndaráætlun og samgönguáætlun, að tillögurnar séu kynntar Alþingi sem taki þær til endanlegrar afgreiðslu. Lagt er til að tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sé lögð fram innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Vinna við gerð landsskipulagsstefnu getur tekið nokkur missiri, en ráðherra þarf að leggja tillöguna fram eins snemma og kostur er á kjörtímabilinu og lagt er til að tvö ár sé hæfilegur tími til framlagningar þingsályktunar. Gert er ráð fyrir að gildandi landsskipulagsstefna sé endurskoðuð á fjögurra ára fresti miðað við að alþingiskosningar séu haldnar á fjögurra ára fresti. Þá er farið yfir hvaða þætti landsskipulagsstefnunnar er þörf á að endurskoða og hvort þörf sé á nýjum áherslum eða breytingum en þetta á eðli máls samkvæmt ekki við um fyrstu landsskipulagsstefnuna sem lögð verður fram. Þannig mun landsskipulagsstefna vera stefnumörkun sem sætir reglulegri endurskoðun og breytingum. Þá er lagt til að í landsskipulagsstefnu verði gerð grein fyrir stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Skort hefur á að fyrir liggi á hverjum tíma yfirsýn yfir stöðu og þróun skipulagsmála í landinu, svo sem yfirlit um dreifingu og stærð frístundabyggðarsvæða og húsbygginga til mismunandi nota, um skógrækt o.fl. Lagt er til að í landsskipulagsstefnu sé tekið saman slíkt almennt yfirlit til upplýsingar fyrir almenning og stjórnvöld og til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir við skipulagsgerð.

Í 2. mgr. 10. gr. segir að megintilgangur landsskipulagsstefnu sé að setja fram stefnu um landnotkun sem byggist á stefnumörkun ríkisins á ýmsum sviðum sem annars vegar felst í að útfæra stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og aðra stefnumörkun sem ríkisvaldið kann að hafa mótað og sett fram, svo sem stefnu í loftslagsmálum. Hins vegar felst í gerð og efni landsskipulagsstefnu að taka saman fyrirliggjandi stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum, byggðamálum, ferðaþjónustu, náttúruvernd, orkunýtingu, samgöngumálum o.s.frv. og

samþætta hana og útfæra með tilliti til skipulags landnotkunar. Í því getur falist að leita sátta um málamiðlanir ef fyrirliggjandi áætlanir í einstökum málaflokkum stangast á, sem og að setja fram samþætta stefnu sem varðar skipulagsgerð sveitarfélaga, þannig að sveitarfélögin hafi aðgang að stefnu ríkisvaldsins sem varðar skipulagsgerð á einum stað. Landsskipulagsstefnu er þannig ætlað að taka saman á einn stað og eftir atvikum samræma stefnu ríkisvalds í ólíkum málaflokkum sem snerta landnotkun, auk þess sem hlutverk hennar er að miðla til skipulagsgerðar sveitarfélaga þeirri stefnu sem sett er fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Dæmi um stefnu sem þannig væri heimilt að setja fram í landsskipulagsstefnu er stefnumörkun um landnotkun á tilteknum svæðum, svo sem á miðhálendi Íslands, þar sem horft væri á þætti eins og vernd og nýtingu landsvæða með tilliti til virkjunarkosta, samgöngukerfi og uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn. Í landsskipulagsstefnu er vettvangur til að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum ætti að fara fram frekari uppbygging vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og á hvaða svæðum yrði ekki gert ráð fyrir virkjanaframkvæmdum sökum sérstöðu svæðis. Í vinnu sem fram hefur farið á vegum stjórnvalda síðustu ár vegna rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, hafa verið til skoðunar landsvæði þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti. Í þeirri vinnu er m.a. lagt mat á það hvaða landsvæði megi nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði beri að vernda eða skoða frekar. Með því er tekin afstaða til verndar og nýtingar landsvæða. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra leggi fram lagafrumvarp á yfirstandandi löggjafarþingi sem gerir ráð fyrir að lögð verði fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um vernd og nýtingu landsvæða sem tæki afstöðu til framangreindra þátta. Slík áætlun stjórnvalda er því ein af þeim áætlunum sem koma til skoðunar við gerð landsskipulagsstefnu. Þá gæti stefnumörkun fyrir miðhálendið verið leiðarljós fyrir uppbyggingu vegna ferðaþjónustu, búfjárbeit og lagningu vega svo dæmi séu tekin.

Landsskipulagsstefna gæti einnig varðað stefnu um grunngerð á landsvísu, svo sem samgöngukerfi eða orkuöflunar- og dreifikerfi með tilliti til sjálfbærrar þróunar, eða hún samþætti áætlanagerð á landshluta- eða landsvísu. Þá getur landsskipulagsstefna fjallað um þróun byggðar og samsetningu, breytingar á búsetu í þéttbýli og dreifbýli og verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna að stefnumörkun varðandi landnotkun, varðveislu menningarlandslags og ólíkar áherslur stefnumörkunar í þéttbýli og dreifbýli. Stefnumörkun um landnotkun á strandsvæðum er jafnframt einn af þeim þáttum sem fallið gæti undir efni landsskipulagsstefnu og stefnumörkun um verndun vatns. Eðli landsskipulagsstefnu getur samkvæmt framangreindu verið mismunandi eftir málaflokkum, hún getur þannig sagt fyrir um einstaka landnotkun, eða verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna sína stefnumörkun og sett þá fram viðmið í þeim efnum, t.d. um hvaða sjónarmið þurfi að liggja fyrir þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu búgarða- og frístundabyggðar í skipulagi, t.d. varðandi fjarlægð frá þéttbýli.

Landsskipulagsstefna telst ekki skipulagsáætlun í skilningi frumvarps þessa, en þar er um að ræða svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir. Í lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, er gert ráð fyrir að tilteknar skipulags- og framkvæmdaáætlanir stjórnvalda séu umhverfismetnar sem líklegar eru taldar hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið. Efni landsskipulagsstefnunnar getur verið ólíkt hverju sinni og verður þá að fara fram mat á því hvort hún teljist framkvæmdaáætlun í skilningi framangreindra laga og sæti þá þeirri málsmeðferð sem lög um umhverfismat áætlana gerir ráð fyrir.

Með landsskipulagsstefnu er ríkisvaldið í samráði við sveitarfélögin að móta heildstæða sýn á sviðum þar sem liggja fyrir stefnumótandi áætlanir ríkisins sem varða landnotkun með einum eða öðrum hætti.

Lagt er til að til grundvallar landsskipulagsstefnu skuli leggja markmið frumvarpsins, sbr. 1. gr., og áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, sem og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir að áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir séu hafðar til hliðsjónar við samningu landsskipulagsstefnu.

Í 3. mgr. er tillaga um landfræðilega afmörkun landsskipulagsstefnunnar sem getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Ef þörf er á að afmarka svæði með nákvæmum hætti í landsskipulagsstefnu skal gerð grein fyrir henni á uppdrætti sem yrði þá fylgiskjal með þingsályktun um viðkomandi áætlun. Í landsskipulagsstefnu skal ávallt vera mörkuð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands og við endurskoðun hennar skal því ávallt gera breytingar á stefnu um miðhálendið sé þess þörf. Gert er því ráð fyrir að landsskipulagsstefna komi í stað núverandi svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands og að skipulagsstefna um miðhálendið sem byggist á ýmsum áætlunum ríkisvaldsins verði þá mörkuð í landsskipulagi og unnin á vegum stjórnvalda eins og gerð er grein fyrir í 11. gr. frumvarpsins. Í 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er nánar kveðið á um þær reglur sem eiga að gilda á miðhálendinu og um málsmeðferð svæðisskipulags fyrir miðhálendið þar til fyrsta landsskipulagsstefnan hefur verið lögð fram verði frumvarp þetta að lögum.

Í 4. mgr. segir að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Í ljósi þess að breytingar á greininni fela í sér að afdráttarlausara er að landsskipulagsstefna feli í sér almenna skipulagsstefnu ríkisins sem mótar umgjörð um skipulagsgerð sveitarfélaga þykir eðlilegt að frumvarpið kveði á um að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu, en það er í höndum sveitarfélaga að taka ákvörðun um að samræma og útfæra þá stefnu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Skal það þá gert innan fjögurra ára frá samþykkt landsskipulagsstefnu. Skipulagsyfirvöldum ber þannig að taka tillit til landsskipulagsstefnunnar sem samþykkt hefur verið með viðhlítandi hætti. Ef sveitarstjórn telur að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana, sem kann að leiða til þess að viðkomandi skipulagsáætlun sé í ósamræmi við samþykkta landsskipulagsstefnu, er talið eðlilegt að sveitarstjórn geri rökstudda grein fyrir því. Þannig myndi viðkomandi sveitarstjórn gera grein fyrir ástæðum þess þegar hún sendir Skipulagsstofnun tillögu sína að skipulagsáætlun. Skipulagsstofnun hefur þá yfirlit yfir þær skipulagsáætlanir sem kunna að marka aðra stefnu en fram kemur í landsskipulagsstefnu.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem gildir um gerð landsskipulagsstefnu, en nauðsynlegt þykir að kveða á um það í lögunum þar sem mörg ráðuneyti og stofnanir koma að gerð stefnunnar þótt umhverfisráðherra beri ábyrgð á gerð hennar. Gert er ráð fyrir að ráðherra feli Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu að loknum kosningum til Alþingis. Stofnuninni er þannig ætlað að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu til umhverfisráðherra og hafa við þá vinnu samráð við hlutaðeigandi stofnanir, eins og Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerð ríkisins svo að dæmi séu tekin. Einnig ber stofnuninni að hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir efni hverrar landsskipulasstefnu hverju sinni.

Þegar vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu hefst er lagt til að stofnunin taki saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur er fyrirhugað að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, svo sem um forsendur stefnunnar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Gert er ráð fyrir að lýsing Skipulagsstofnunar skuli kynnt opinberlega og að Skipulagsstofnun skuli leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um hana, svo sem þeirra stofnana sem fara með þá málaflokka sem landsskipulagsstefnan varðar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir því sem við getur átt. Lagt er því til að við gerð landsskipulagsstefnu séu viðhöfð sambærileg vinnubrögð og lögð eru til í frumvarpi þessu varðandi lýsingu skipulagsáætlana sveitarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir að lýsing á verkefninu sé kynnt opinberlega í upphafi ferilsins og hagsmunaaðilum, opinberum stofnunum, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum sé þá gefinn kostur á að kynna sér nálgun þess og koma á framfæri ábendingum. Ráðherra felur Skipulagsstofnun þannig að hafa umsjón með gerð landsskipulagsstefnu eins og lýst er í greininni en til grundvallar þeirri vinnu eru fyrirliggjandi áætlanir stjórnvalda.

Í 2. mgr. er lagt til að við gerð landsskipulagsstefnu hafi Skipulagsstofnun samráð við þau sveitarfélög sem landsskipulagsstefnan kann að varða sérstaklega þannig að samþykkt hennar kalli á breytingar á skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Með því fá þessi sveitarfélög lengri tíma til að laga sig að þeim breytingum sem landsskipulagsstefna felur í sér og möguleika á að hafa áhrif á vinnu við gerð slíkrar stefnu.

Í 4. mgr. er lagt til að Skipulagsstofnun kynni opinberlega lokatillögur að landsskipulagsstefnu. Mikilvægt er að landsskipulagsstefna sé kynnt opinberlega, enda er í henni fjallað um almannahagsmuni, og þannig fengin fram sjónarmið íbúa og hagsmunaaðila. Mælt er fyrir um að tillaga að landsskipulagsstefnu skuli auglýst opinberlega til að tryggja að hún sé aðgengileg og öllum sé gefið tækifæri til að koma með athugasemdir sínar við tillöguna innan átta vikna frá því að hún er birt. Jafnframt er lagt til að tillagan sé send til umsagnar sveitarfélaga og hlutaðeigandi opinberra aðila eins og stofnana og hagsmunasamtaka. Gert er ráð fyrir að áhrif stefnunnar á umhverfið séu metin þegar við á, í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Kynning stefnunnar og umhverfisskýrslu fer þá fram samhliða og er kynningartími átta vikur.

Að loknum kynningartíma tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um þær umsagnir og athugasemdir sem henni hafa borist og skilar ráðherra tillögum sínum að landsskipulagsstefnu, sbr. 5. mgr. Mikilvægt er að þeim aðilum sem gert hafa athugasemdir við tillöguna sé gerð grein fyrir hvernig Skipulagsstofnun hafi tekið á þeirra athugasemdum og gerir það vinnu við gerð stefnunnar gagnsærri.

Umhverfisráðherra tekur svo tillögur Skipulagsstofnunar til skoðunar og metur þær með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa á kynningartíma og eftir samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og þau ráðuneyti sem landsskipulagsstefnan varðar. Að loknu því samráði metur ráðherra hvort breyta skuli tillögunni og gengur að lokum frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sem lögð er fyrir Alþingi til endanlegrar afgreiðslu. Það er því Alþingi sem tekur endanlega afstöðu til landsskipulagsstefnunnar og samþykktar hennar.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar almennt um skipulagsskyldu sveitarfélaga sem nær til alls lands og hafs innan sveitarfélagsins. Fjallað er um þau meginmarkmið og sjónarmið sem hafa ber í huga við gerð skipulagsáætlana hvort sem um er að ræða svæðis-, aðal- eða deiliskipulag. Jafn-

framt er skýrt kveðið á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis. Einnig er kveðið á um hvaða framkvæmdir þurfa framkvæmdaleyfi og settar eru skýrar formreglur um umsókn og útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda sem eru matsskyldar eru auk þess til samræmis við lög nr. 74/2005 sem fólu í sér breytingar á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Þá er kveðið á um eftirlit sveitarfélaga með framkvæmdum.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga og að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. gildandi laga en skýrt er kveðið á um að skipulagsskylda sveitarfélaga nær einnig til hafs innan marka sveitarfélaga en það er í samræmi við þá skyldu sem hvílir á sveitarfélögum í dag samkvæmt gildandi rétti. Samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins frá 19. október 2000 miðast mörk sveitarfélaga til hafsins við netlög. Gildir þetta einnig um netlög við hólma og eyjar sem tilheyra bújörðum. Innan þessara marka fara sveitarfélög með skipulagsvald og útgáfu framkvæmdaleyfa.

Kveðið er á um í 2. mgr. að í skipulagsáætlunum sé mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. frumvarps þessa. Greinin er í samræmi við gildandi lög en leggur áherslu á að með skipulagsáætlun er sveitarfélagið að marka stefnu til framtíðar um einstaka þætti.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir skuli einnig innihalda lýsingu á umhverfi og aðstæðum á svæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. Með því er lögð áhersla á mikilvægi þess að ljóst sé þegar stefna er tekin til framtíðar hver staðan sé.

Mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila og íbúa er ítrekað í 4. mgr. þar sem kveðið er á um að almennt eigi að leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Lögð er jafnframt áhersla á mikilvægi samráðs við stjórnvöld sem gæta almannahagsmuna eins og á sviði samgangna. Skipulag getur t.d. haft áhrif á þjóðvegi sem fyrir eru, svo sem með því að auka á þeim umferðarþunga og fjölga tengingum. Slíkt samráð hefur verið viðhaft og er því er hér verið að lögfesta þá framkvæmd. Í þeim ákvæðum sem fjalla um svæðis-, aðal- og deiliskipulag er gerð nánari grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem uppfylla þarf við samráð. Hér er lögð áhersla á að samráð við hagsmunaaðila er einn af hornsteinum við gerð skipulags.

Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að í skipulagsáætlunum verði gerð grein fyrir áætluðum áhrifum áætlunarinnar og áhersla lögð á samanburð þeirra kosta sem til greina koma. Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, kveða á um umhverfismat skipulagsáætlana. Ekki er með ákvæðinu verið að auka við þær kröfur sem þau lög gera um slíkt umhverfismat. Í sumum tilvikum er ekki þörf á umhverfismati, t.d. þegar um deiliskipulag eða óverulegar breytingu á skipulagsáætlun er að ræða, en það er metið í hvert skipti þegar slík skipulagsáætlun er sett fram. Mikilvægt er að skoða ekki einungis einn kost heldur að við upphaf skipulagsvinnu séu nokkrir kostir skoðaðir, þeir bornir saman út frá mismunandi áhrifum sem hver kostur getur haft og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem samráð við hagsmunaaðila hefur leitt í ljós. Einnig er vísað til þess að skipulagsáætlanir skuli hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi en um það atriði vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Þá er í 6. mgr. minnt á að setja beri í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd, ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að slík svæði hafi hlotið friðun samkvæmt öðrum lögum. Það er nýmæli að nú getur verndun náð til byggðar í heild en ekki eingöngu einstakra bygginga eða húsaþyrpinga.

Að lokum er í 7. mgr. kveðið á um að gildandi skipulagsáætlanir innan sveitarfélaga skuli vera í innbyrðis samræmi, eins og kveðið er á um í lögunum. Lagt er til það nýmæli að kveðið sé á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis þannig að svæðisskipulag sé rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag sé svo aftur rétthærra en deiliskipulag. Rétt þykir að kveðið sé afdráttarlaust á um þetta í frumvarpinu en lögin hafa verið túlkuð með þessum hætti. Þá er kveðið á um að við gerð framangreindra skipulagsáætlana eða breytingar á þeim skuli sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu, sbr. 4. mgr. 10. gr.

Ákvæðið um landgræðslu- og skógræktaráætlanir er samhljóða 11. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað almennt um framkvæmdaleyfi. Greinin er efnislega samhljóða 1.–4. mgr. og 8. og 9. mgr. 27. gr. gildandi laga. Greinin setur fram kröfur sem fylgja þarf við yfirferð og útgáfu framkvæmdaleyfis. Lagt er til að gildandi ákvæði um framkvæmdaleyfi verði skipt í tvær greinar, annars vegar ákvæði sem fjallar almennt um framkvæmdaleyfi og hins vegar ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda. Þá er einnig lagt til að ákvæði 27. gr. sem fjallar um gildistíma framkvæmdaleyfis sé fært í 15. gr. frumvarpsins sem fjallar um útgáfu og gildistíma framkvæmdaleyfis.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær afla þurfi framkvæmdaleyfis sveitarstjórna, þ.e. vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og vegna annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þarf ætíð að afla framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og er það ekki breyting á því sem gilt hefur. Ekki er heimilt að hefja þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í ákvæðinu fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Sé framkvæmd byggingarleyfisskyld fer um hana samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki og þarf þá ekki að afla framkvæmdaleyfis. Í 9. gr. frumvarps til laga um mannvirki eru tilgreindar þær framkvæmdir sem þarf að afla byggingarleyfis fyrir. Skýrt er kveðið á um að framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir séu ekki einungis framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum heldur allar þær framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið.

2. mgr. kveður á um að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Einnig er lagt til að framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skuli gefið út til tiltekins tíma og þar skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis og ýmsum öðrum atriðum sem talin eru upp í greininni.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að þeim sem óska eftir framkvæmdaleyfi beri að senda skriflega umsókn um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Er þetta í samræmi við gr. 9.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að við útgáfu framkvæmdaleyfis beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið

hefur tekið ákvörðun um. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Í 5. mgr. er fjallað um veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að gerð er krafa um að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag, varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Þannig eru ríkari kröfur gerðar til þess hvernig fara skuli með veitingu leyfa á svæðum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag og þurfa þær að hafa ákveðna samsvörun við viðkomandi svæði. Fara skal fram grenndarkynning áður en leyfi er veitt samkvæmt ákvæðinu.

Í 6. mgr. er kveðið á um það hverjum sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar sé vafi um hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi og er ákvæðið samhljóða 8. og 10. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er byggð á 4.–7. mgr. 27. gr. laganna, sbr. breytingar sem gerðar voru á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005. Í 1. mgr. kemur fram að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Matsskyldar framkvæmdir eru þær framkvæmdir sem falla undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða þær framkvæmdir sem að mati Skipulagsstofnunar eru matsskyldar, sbr. 6. gr. sömu laga. Sveitarstjórn ber að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu, sbr. 2. mgr. Sveitarstjórn ber síðan að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmið hér er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn ber að taka afstöðu til bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og getur hún þannig í framkvæmdaleyfi tekið upp eitt eða fleiri af þeim skilyrðum. Skilyrði sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar geta kveðið m.a. á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila. Sveitarstjórn er hins vegar heimilt en ekki skylt að taka upp slík skilyrði, enda er hún ekki bundin af áliti Skipulagsstofnunar eins og áður sagði. Það er þó bundið því skilyrði að önnur stjórnvöld, sem veita leyfi til framkvæmdanna, hafi ekki tekið afstöðu til skilyrðanna í áliti Skipulagsstofnunar. Þegar svo stendur á ber sveitarstjórn ekki að taka upp slík skilyrði, enda er það í höndum annarra leyfisveitenda að fjalla um þau. Ákvæðið er í samræmi við þau sjónarmið að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda, sbr. 8. gr. tilskipunar 85/337/EB eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB. Þá getur sveitarstjórn bundið framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins, enda þarf framkvæmd ávallt að vera í samræmi við slíkar áætlanir. Markmið með setningu slíkra skilyrða er að tryggja að framkvæmd samræmist þeim skipulagsákvörðunum sem sveitarfélag hefur tekið í viðkomandi skipulagsáætlun og að þeim sé fylgt eftir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn er þannig veitt heimild til að taka efnisatriði skipulags-

áætlunar upp sem skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæðið felur því ekki í sér sjálfstæða heimild sveitarstjórnar til að setja framkvæmd viðbótarskilyrði. Markmið ákvæðisins er að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

4. mgr. er samhljóða 7. mgr. 27. gr. gildandi laga. Í 5. mgr. 52. frumvarpsins er tilgreint hverjir eigi kæruheimild til úrskurðarnefndarinnar og hver sé kærufrestur til að skjóta málum til nefndarinnar og vísast nánar til athugasemda við þá grein.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og um gildistíma þess. Hér er lagt til að fylgt sé sömu formkröfum og gerðar eru til byggingarleyfa, sbr. 45. gr. skipulags- og byggingarlaga. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að gefa út framkvæmdaleyfi þegar sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, hefur staðfest samþykkt skipulagsnefndar um veitingu framkvæmdaleyfis og þegar framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að framkvæmdaleyfi falli úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Stöðvist framkvæmdir í eitt ár eða lengur getur sveitarstjórn fellt framkvæmdaleyfið úr gildi. Ákvæðið er að hluta til byggt á 2. mgr. 45. gr. laganna.

Kveðið er á um í 3. mgr. að hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár hið skemmsta geti sveitarstjórn að tillögu byggingarfulltrúa með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa. Ákvæðið er efnislega samhljóma 3. mgr. 45. gr. laganna.

Um 16. gr.

Grein þessi er nýmæli en hún er byggð á 41. gr. gildandi laga um eftirlit með byggingarleyfisskyldum framkvæmdum. Rétt þykir að kveðið sé á um eftirlit sveitarstjórna með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum eins og gert er um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir enda ekki síður þörf á eftirliti með slíkum framkvæmdum. Skv. 1. mgr. er sveitarstjórn falið eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Í 2. mgr. er lögð til heimild sveitarstjórnar til að krefja framkvæmdaraðila um aðgerðir við tilteknar aðstæður. Sveitarstjórn er þannig heimilt að leggja fyrir framkvæmdaraðila að grípa til aðgerða og bæta úr því sem áfátt er sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein í samræmi við breytingu sem gerð var á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005 sem heimilar sveitarstjórn í tilteknum tilvikum að skipa eftirlitsnefnd vegna eftirlits með matsskyldum framkvæmdum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þau gjöld sem standa eiga undir hluta af kostnaði við gerð skipulags. Skipulagsgjald sem innheimt er af þeim nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta skal standa undir hluta af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana. Skipulagsgjald rennur í svokallaðan Skipulagssjóð og er kveðið á um með hvaða hætti greiðsla kostnaðar við gerð framangreindra skipulagsáætlana eigi að skiptast á milli sveitarfélaga og ríkisins. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta bílastæða- og framkvæmdaleyfisgjald til að standa undir kostnaði við gerð bílastæða og vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um skipulagsgjald til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana og er ákvæðið að mestu samhljóða 35. gr. gildandi laga. Gerð er sú breyting í 1. mgr. að skipulagsgjald skuli einnig standa undir kostnaði við gerð þróunarverkefna, t.d. vegna kostnaðar við gerð hæðarmódels sem nýtist við kortagerð fyrir landið allt. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun vinni slík verkefni eða veiti styrki til slíkra verkefna, svo sem til sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að veita fé til rannsókna á sviði skipulagsmála.

Lagt er til í 2. mgr. að greitt skuli skipulagsgjald af nýbyggingum eins og verið hefur, sbr. 2. mgr. 35. gr. laganna. Sú breyting er hins vegar lögð til að fallið verði frá skyldu til greiðslu skipulagsgjalds af þeim mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur af greiðslu skipulagsgjalda. Mun því þessi breyting ekki leiða til lækkunar á innheimtu skipulagsgjalda miðað við það sem verið hefur. Ástæðan er sú að ekki hefur reynst framkvæmanlegt að greiða skipulagsgjald af öðrum mannvirkjum en nýbyggingum sem metnar eru til brunabóta þar sem önnur mannvirki hafa ekki verið metin til brunabóta og stofnverð þeirra hefur ekki verið skilgreint sem gjaldstofn hjá Fasteignamati ríkisins. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 20. gr. að sveitarstjórn hafi heimild til að innheimta gjald þar sem nauðsynlegt er að vinna skipulagsáætlun eða breyta henni vegna leyfisskyldra framkvæmda. Þannig er gert ráð fyrir að við gerð mannvirkja sem ekki eru virt til brunabóta, eins og loftlína til flutnings raforku, aðal- og dreifiæðar vatnsveitna og stofnkerfi hitaveitna svo dæmi séu tekin, sé hægt að krefjast gjalds af framkvæmdaraðila sem stendur undir öllum kostnaði við skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um gjalddaga skipulagsgjalds og er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 35. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um greiðslu kostnaðar úr Skipulagssjóði vegna skipulagsvinnu. Greinin er að mestu óbreytt frá 34. gr. gildandi laga. Í 1. tölul. er kveðið á um kostnað við gerð landsskipulagsstefnu sem greiðast skal úr ríkissjóði.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. laganna.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt sé að innheimta framkvæmdaleyfisgjald vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Framkvæmdaleyfisgjald er þjónustugjald. Ljóst er að útgáfu framkvæmdaleyfa getur fylgt þónokkur kostnaður fyrir sveitarfélög, svo sem þegar um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir. Skýrt er því kveðið á um að heimilt sé að innheimta gjald fyrir þeim kostnaði sem undirbúningur og útgáfa leyfis hefur í för með sér fyrir sveitarfélagið og jafnframt fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu. Gera má ráð fyrir að sveitarfélög þurfi að leita til utanaðkomandi sérfræðinga ef um er að ræða útgáfu leyfa fyrir stórar eða flóknar framkvæmdir og er sá kostnaður þá greiddur af leyfishafa. Ákvæðið er að hluta til byggt á 53. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn skuli setja gjaldskrá um innheimtu gjalda samkvæmt greininni og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um svæðisskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð þess, eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagðar eru til breytingar á svæðisskipulagi með það í huga að gera skýrari greinarmun á svæðisskipulagi samanborið við aðalskipulag þannig að komið sé í veg fyrir skörun og tvíverknað við gerð skipulags, en það gerir skipulagsferlið skilvirkara. Lagt er til að svæðisskipulag fjalli eingöngu um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa eins og nú gildir um að svæðisskipulagið taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Þar sem lagt er til að efni svæðisskipulags sé breytt og það gert sveigjanlegra er ekki lengur talin þörf fyrir óverulegar breytingar á svæðisskipulagi og er því ekki lengur gert ráð fyrir slíkum breytingum á svæðisskipulagi. Sérstaklega er kveðið á um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulag, hvað því ber að fjalla um og framsetningu þess. Greinin er að hluta til byggð á 12. gr. gildandi laga en lagðar eru til þónokkrar breytingar frá henni. Í svæðisskipulagi er sett fram sameiginleg stefna þeirra sveitarfélaga sem standa að skipulaginu um byggðaþróun og landnotkun sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga. Þannig er lögð áhersla á að í svæðisskipulagi sé eingöngu fjallað um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en um aðra þætti ber því að fjalla um í aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins. Dæmi um þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma eru t.d. atvinnuuppbygging, náttúruvernd, vatnsvernd, sorpurðun, frárennsli, samgöngur, heildarsýn á íbúaþróun og fyrirhuguð uppbygging nýrra hverfa. Ekki er því gert ráð fyrir að í svæðisskipulagi sé fjallað um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun nema þegar það þykir nauðsynlegt t.d. til að tryggja sameiginlega hagsmuni viðkomandi sveitarfélags eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi. Dæmi um slíkar staðbundnar ákvarðanir eru t.d. línulagnir vegna veitufyrirtækja og önnur stór verkefni sem ná til svæðis sem taka til fleiri en eins sveitarfélags. Í upphafi vinnu við gerð svæðisskipulags verður að skilgreina til hvaða málaflokka skipulagið eigi að taka, svo sem fráveitumála, skólamála og hafnarmála auk hinna hagrænu þátta. Nauðsynlegt er að gerður sé skýr greinarmunur á svæðisskipulagi annars vegar og öðrum skipulagsáætlunum hins vegar en svæðisskipulaginu er ætlað að setja fram meginstefnu um helstu hagsmunaþætti sveitarfélaganna sem aðrar skipulagsáætlanir byggja á, en því er ekki ætlað að meginstefnu til að fjalla um einstakar framkvæmdir.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að svæðisskipulag geti tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Því er ekki lengur gert ráð fyrir að svæðisskipulag taki til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Ekki er því lengur þörf á að fyrir hendi sé heimild til gerðar sérstaks svæðisskipulags, sbr. 15. gr. laganna, þar sem nú þarf svæðisskipulag ekki að ná til alls lands sveitarfélags og er því lagt til að framangreint ákvæði gildandi laga verði fellt brott. Þannig er lagt til að heimilt verði að gera svæðisskipulag sem tekur til nokkurra sveitarfélaga til dæmis vegna línulagna, hafnareksturs o.fl. Kveðið er á um þann ramma sem markar stefnu í viðkomandi svæðisskipulagi, en þar er um að ræða landsskipulagsstefnu og svæðisskipulag, sé það fyrir hendi.

Í 3. mgr. er lagt til að stefnumörkun svæðisskipulags taki a.m.k. til tólf ára eins og verið hefur.

Í 4. mgr. er fjallað um framsetningu svæðisskipulagsins en það skal að jafnaði sett fram í skipulagsgreinargerð en ekki í skipulagsuppdrætti eins og nú gildir. Það á þó ekki við þegar um er að ræða stefnu um staðbundnar ákvarðanir sem eru í svæðisskipulagi en þá ber að setja svæðisskipulag fram á þemauppdráttum með greinargerðinni og/eða á sérstökum skipulagsuppdrætti. Þetta er til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á innihaldi svæðisskipulags um að það marki meginstefnu en fjalli ekki um einstakar ákvarðanir um landnotkun og því á almennt ekki að vera þörf á að setja svæðisskipulagsáætlanir fram á uppdráttum. Í svæðisskipulagi skal gerð grein fyrir umhverfismati þess. Samþykkt hafa verið lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, sem gera ráð fyrir að skipulagsáætlanir fari í umhverfismat.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulagsins fer að öðru leyti skv. 12. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til að gera svæðisskipulag en sveitarfélögum er það ekki skylt. Sé það gert skal skipa svæðisskipulagsnefnd.

Vegna sérstöðu höfuðborgarsvæðisins sem samliggjandi þéttbýliskjarna er hins vegar lagt til það nýmæli í 2. mgr. að skylt sé að hafa í gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis, en ekki sé einungis um heimild að ræða. Vegna stöðu höfuðborgarsvæðisins sem samliggjandi þéttbýliskjarna er afar mikilvægt að í gildi sé svæðisskipulag til að tryggja sem besta framkvæmd á sviði samgangna og uppbyggingu atvinnuhverfa og íbúðarbyggða svo dæmi séu tekin. Í gildi er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 frá 20. desember 2002. Í ljósi aukinnar fólksfjölgunar og dreifingar byggðar á höfuðborgarsvæðinu er lagt til að sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins sé veitt heimild til að stækka það svæði sem svæðisskipulagið nær til með samkomulagi við önnur nærliggjandi sveitarfélög um aðild að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir vera starfandi þar sem í gildi er svæðisskipulag og fer þá nefndin með framfylgd og breytingar á því svæðisskipulagi. Lagt er til að svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðis verði föst nefnd sem ávallt verður starfandi og hefur framangreint hlutverk gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Skilgreint er í 2. mgr. til hvaða sveitarfélaga svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins nær og er það í samræmi við gildandi svæðisskipulag á þessu svæði.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvert sé hlutverk svæðisskipulagsnefnda. Svæðisskipulag er ekki gilt nema með samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 4. mgr.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 13. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð svæðisskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr., þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð svæðisskipulags sé í samráði við Skipulagsstofnun unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að því svæðisskipulagi sem þau ætla að vinna að og þessir aðilar komi athugasemdum

sínum á framfæri. Slík vinnubrögð við gerð svæðisskipulags stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð svæðisskipulagsins.

Næsta skref í vinnu við gerð svæðisskipulags er að kynna sjálfa skipulagstillöguna fyrir almenningi, forsendur hennar og umhverfismat, sbr. 2. mgr. Varðandi umhverfismat skipulagstillögu vísast til athugasemda við 5. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Greinin er að öðru leyti efnislega óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. laganna.

Að lokinni kynningu er endanleg tillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir og send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr., sem er nýmæli varðandi gerð svæðisskipulags en slíkt ferli gildir við gerð aðalskipulags, sbr. 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga. Rétt þykir að Skipulagsstofnun hafi rétt til að gera athugasemdir við svæðisskipulagstillögur eins og hún hefur varðandi aðalskipulagstillögur. Ef stofnunin hefur athugasemdir sem sveitarstjórn vill ekki koma til móts við skal auglýsa þær athugasemdir með skipulagstillögunni.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu svæðisskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 2. og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að fylgigögn tillögu séu sérstaklega höfð til sýnis ásamt tillögunni eins og í gildandi lögum þar sem ekki þykir þörf á því.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um hvernig meðferð svæðisskipulagstillögu skuli vera eftir að auglýsingafrestur tillögunnar er liðinn. Greinin byggist að hluta til á 3.–5. mgr. 13. gr. gildandi laga. Svæðisskipulagsnefnd fjallar um tillöguna að loknum auglýsingafresti og hefur 12 vikur til að fara yfir athugasemdir og gera tillögu sína að svæðisskipulagi til hlutaðeigandi sveitarstjórna, sbr. 2. mgr.

Svæðisskipulagsnefnd getur samþykkt svæðisskipulagið að öllu leyti eða að hluta, sbr. 3. mgr., en ekki er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að nefndin hafi heimild til að samþykkja það að hluta. Allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir verða að samþykkja svæðisskipulagið, sbr. 22. gr. Svæðisskipulagsnefnd skal senda Skipulagsstofnun tillögu sína ásamt athugasemdum sem nefndinni berast og umsögn nefndarinnar um þær.

4.–5. mgr. eru byggðar á 2. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 13. gr. laganna.

Í 6. mgr. er tekið fram að sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulaginu séu bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags og er það til samræmis við 7. mgr. 12. gr. varðandi réttháð mismunandi skipulagsáætlana. Þannig ber við gerð aðalskipulags að taka mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í viðkomandi svæðisskipulagi.

Um 26. gr.

Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir skipaðar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Lagt er því til að svæðisskipulagsnefnd meti þá hvort ástæða sé til að endurskoða það skipulag sem er í gildi eða að ákveða að það verði óbreytt. Hér er um sömu heimild að ræða og gildir um aðalskipulag, sbr. 31. gr. og 5. mgr. 16. gr. gildandi laga, en gerðar eru breytingar á ákvæðinu með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins um landsskipulagsstefnu.

Um 27. gr.

Greinin sem fjallar um heimild til að gera breytingar á gildandi svæðisskipulagi er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að heimild sé til að gera

óverulegar breytingar á svæðisskipulagi, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, enda ekki þörf á því þar sem gert er ráð fyrir því að í svæðisskipulagi sé stefnumörkun það almenn að hún leyfi ákveðinn sveigjanleika.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um aðalskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð aðalskipulags eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagt er til það nýmæli að Skipulagsstofnun staðfesti að meginstefnu til aðalskipulag í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Hér er um að ræða sömu breytingar og lagðar eru til varðandi staðfestingu svæðisskipulags. Lagðar eru til breytingar um óverulegar breytingar á aðalskipulagi til að einfalda málsmeðferð þess. Lagt er til að gerð sé grein fyrir samhengi aðalskipulagsáætlunar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Hér er um að ræða umfjöllun sem fellur undir svokallað rammaskipulag og getur það sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar eins og eldri byggðar í sveitarfélaginu. Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar vegna atriða sem samræma þarf í aðalskipulagi fleiri en eins sveitarfélaga til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði. Þessu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin sem leysa á úr ágreiningi kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um efni og framsetningu aðalskipulags. Aðalskipulag nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og er þar sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins, svo sem um landnotkun og byggðaþróun, sbr. 1. mgr. Það er nýmæli að í aðalskipulagi skuli sett fram stefna um byggðamynstur en það hugtak er skilgreint í 2. gr.

Aðalskipulag er grundvöllur að gerð deiliskipulags, sbr. 2. mgr., og er það í samræmi við 7. mgr. 12. gr. þar sem gerð er grein fyrir rétthæð einstakra skipulagsstiga en aðalskipulag er rétthærra en deiliskipulag. Lagt er til að í aðalskipulagi verði kveðið með nákvæmari hætti á um einstök atriði í skipulaginu en nú er, svo sem um byggðamynstur fyrir einstök svæði, t.d. hvort um sé að ræða nýbyggingarsvæði eða uppbyggingu í eldri byggð. Þannig getur aðalskipulagið gefið nánari fyrirmæli um fyrirkomulag byggðar í sveitarfélaginu.

Í 3. mgr. er kveðið á um þann ramma sem markar stefnu í viðkomandi aðalskipulagi, en þar er um að ræða m.a. landsskipulagsstefnu og svæðisskipulag sé það fyrir hendi.

Til samræmis við gerð svæðisskipulags skal í aðalskipulagi marka stefnu til a.m.k. tólf ára, sbr. 4. mgr. Gera skal grein fyrir samhengi áætlunarinnar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags og er það nýmæli að kveðið sé á um rammahluta. Í 2. gr. er rammahluti aðalskipulags skilgreindur sem sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að afmarka nánar landnotkun, svo sem meginþætti þjónustukerfa, og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Þannig getur aðalskipulag sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar, svo sem eldri byggðar. Þessi framsetning í aðalskipulagi hentar vel þegar verið er að skoða miðkjarna sveitarfélaga, en þróunaráætlun miðborgar Reykjavíkur er dæmi um slíkt.

Í 5. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti eigi að setja fram aðalskipulag, en það skal annars vegar sett fram í skipulagsgreinargerð og hins vegar á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum þemauppdráttum. Ákvæðið er nýmæli en til samræmis við þá framkvæmd sem verið

hefur að aðalskipulagi sé lýst í greinargerð og á uppdrætti. Um umhverfismat aðalskipulags fer samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi og að skipulagsnefnd í umboði sveitarstjórnar annist alla framkvæmd við gerð þess, þ.e. láti vinna tillögu að aðalskipulagi, kynna hana og afgreiða svo skipulagið. Um skipulagsnefndir fer skv. 6. gr.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð aðalskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 17. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð aðalskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hér er um að ræða samsvarandi ákvæði og á við um gerð svæðisskipulags, sbr. 23. gr. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð aðalskipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að viðkomandi aðalskipulagi og að þessir aðilar geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Slík vinnubrögð stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð aðalskipulagsins. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum en þar er um að ræða stjórnvöld sem hafa sérþekkingu á þeim sviðum sem snerta einstaka þætti skipulagsins, svo sem Flugmálastjórn, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun. Mikilvægt er að fá umsagnir slíkra aðila eins snemma í ferlinu og unnt er.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu á tillögu að aðalskipulagi og er hún að mestu efnislega óbreytt frá 1. mgr. 17. gr. laganna. Lagt er til að tillagan skuli kynnt svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum sem þær eru starfandi. Varðandi umhverfismat skipulagstillögu vísast til athugasemda við 5. mgr. 12. um umhverfismat skipulagsáætlana. Það nýmæli er að sveitarstjórn skuli einnig kynna tillöguna þeim sveitarfélögum sem ekki eru landfræðilega aðliggjandi viðkomandi sveitarfélagi en kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. Sem dæmi um þetta er gerð skipulagsáætlunar sem hefur áhrif á vatnsverndarsvæði í sveitarfélagi sem ekki er landfræðilega aðliggjandi því sveitarfélagi sem vinnur að skipulagsáætluninni. Mikilvægt er að sjónarmið sveitarfélaga sem skipulagstillagan hefur áhrif á komi fram og þau séu skoðuð áður en sveitarstjórn gengur frá tillögu sinni.

Sveitarstjórn fjallar um skipulagstillöguna að lokinni kynningu og sendir hana til Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu aðalskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna. Auglýsa skal tillöguna með áberandi hætti en þar getur fallið undir að tillagan sé auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Jafnframt er kveðið á um hvar tillagan skuli vera aðgengileg, m.a. á netinu.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á aðalskipulagi og gildistöku þess. Í 1. mgr. er kveðið á um umfjöllun sveitarstjórnar um tillöguna eftir að auglýsingafresti er lokið skv. 27. gr. Greinin er efnislega óbreytt 3. mgr. 18. gr. gildandi laga nema ekki er gerð krafa um umfjöllun skipulagsnefndar.

Í 2. mgr. er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögu að aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar en lagt er til að það beri sveitarstjórn að gera innan tólf vikna og er því sá tími lengdur um fjórar vikur frá því sem nú gildir enda hefur sá frestur reynst of skammur.

3. og 4. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 19. gr. laganna.

Í 5. mgr. er kveðið á um gildi aðalskipulags gagnvart deiliskipulagi og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa og er það nýmæli. Þannig verður deiliskipulag og útgáfa leyfa að vera í samræmi við aðalskipulag.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 20. gr. gildandi laga en það er nýmæli að heimilt er að fresta gerð aðalskipulagsáætlunar ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á gerð skipulagsins. Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef upplýsingar skortir um landfræði svæðisins. Felld hefur verið brott 2. mgr. 20. gr. laganna um frestun ráðherra á staðfestingu á aðalskipulagi enda ekki talin þörf á henni með þeirri breytingu sem hér er lögð til. Eins hefur ráðherra fengið ákveðið úrskurðarhlutverk skv. 4. mgr. 34. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Greinin er nær óbreytt 22. gr. gildandi laga en 4. mgr. er nýmæli. Ef nefnd sem skipuð er samkvæmt greininni kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra. Ákvæðinu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi í þeim tilvikum ef ekki næst sameiginleg niðurstaða nefndarinnar í slíkum ágreiningsmálum. Niðurstaða ráðherra skal þá verða bindandi fyrir viðkomandi sveitarfélög og aðalskipulagsáætlunum breytt til samræmis við hana.

Um 35. gr.

Í greininni er fjallað um að sveitarstjórn skuli meta hvort endurskoða skuli aðalskipulag að loknum sveitarstjórnarkosningum. Sú breyting er lögð til frá 5. mgr. 16. gr. gildandi laga að sveitarstjórn taki ákvörðun um endurskoðun m.a. út frá því hvort landsskipulagsstefna kalli á slíka endurskoðun.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu á aðalskipulagi. Lagt er til að sett sé fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Ekki er gerð krafa um að slíkar tillögur séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti eins og nú gildir. Með þessu er málsmeðferð vegna óverulegra skipulagsbreytinga einfölduð þar sem slíkar tillögur þurfa ekki sömu umfjöllun og verulegar breytingar á aðalskipulagi. Sett er fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi telst óveruleg sem einfaldar ákvörðun um hvers konar málsmeðferð eigi að gilda um viðkomandi breytingu.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu skaðabóta sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar. Skipulagsstofnun staðfestir óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða, sbr. 30.–32. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um deiliskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð deiliskipulags, eins og um samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Skilgreint er með skýrum hætti til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja, form og svipmót. Þannig er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja, form og svipmót við ákvörðun deiliskipulags en það sé ekki hluti af umfjöllun um veitingu leyfa vegna mannvirkjagerðar eins og nú gildir. Rétt þykir að fjallað sé um þessa þætti við gerð skipulags en um öryggi mannvirkja og heilnæmi er fjallað í frumvarpi til laga um mannvirki. Sérstaklega er kveðið á um grenndarkynningu og í hvaða tilvikum heimilt sé að falla frá henni þegar augljóslega er ekki þörf á slíku ferli. Lagt er til að sveitarstjórn sé skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags og gera nauðsynlegar formbreytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar. Með þessu verður eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar skýrara. Sett eru viðmið um það hvenær óveruleg breyting á deiliskipulagi telst óveruleg til að auðvelda mat á því.

Um 37. gr.

Í greininni er fjallað um innihald deiliskipulags og framsetningu þess. Í 1. mgr. sem er nýmæli er skilgreint til hvers konar ákvarðana deiliskipulag tekur, svo sem um lóðir, lóðanotkun og byggingarreiti og einnig um útlit og form mannvirkja. Er þetta í samræmi við framkvæmdina en rétt þykir að í lögum sé afmarkaður rammi fyrir efnisþætti deiliskipulags. Dæmi um þætti sem varða útlit og form mannvirkja í deiliskipulagi er þegar tekin er afstaða til byggingar átta hæða húss í lágri, þéttri byggð sem getur verið veruleg breyting á svipmóti þeirrar byggðar. Í götu þar sem hús eru almennt stakstæð getur bygging þriggja hæða fjölbýlishúss með tveimur stigagöngum breytt þeirri götumynd verulega. Ákvarðanir um útlit og form varða stefnumótun um skipulag og getur sveitarstjórn þannig lagt fram stefnu sína í þessum málum í deiliskipulagi, t.d. hvort hún vilji slíkar breytingar á byggð og götumyndum sem að framan eru nefndar. Í deiliskipulagi er þannig fjallað með mun nákvæmari hætti um einstaka þætti skipulags en á við um svæðis- og aðalskipulag.

Í 2. mgr. er kveðið á um að deiliskipulag taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir að skipulagðar séu einstakar lóðir þó að slíkt geti þó stundum átt við.

Í 3. mgr. er áréttað að deiliskipulag skuli vera í samræmi við stefnu aðalskipulags og er það í samræmi við 6. mgr. 28. gr. en hlutverk deiliskipulags er að útfæra nánar þá stefnu.

Kveðið er á um framsetningu deiliskipulags í 4. mgr. en það er sett fram í skipulagsgreinargerð og á uppdrætti. Varðandi umhverfismat deiliskipulagsáætlana vísast til athugasemda við 5. mgr. 12. um umhverfismat skipulagsáætlana.

Í 5. mgr. er lög til breyting á 5. mgr. 23. gr. laganna. Lagt er til að tilgangur húsakönnunar sé að tekið sé tillit til menningararfsins við gerð deiliskipulags, hvort heldur um er að ræða einstök hús eða yfirbragð hlutaðeigandi byggðar. Með breytingunni er tilgangur húsakönnunar gerður skýrari þannig að húsakönnun sé lögð til grundvallar deiliskipulagsskilmálum um þau hús sem fyrir eru. Þannig er lagður betri grundvöllur til að taka ákvarðanir um hvaða hús skuli varðveita, í hverju varðveisluhlutverkið felst og þar með taka afstöðu til þess hvaða framkvæmdir eru heimilar með hliðsjón af slíku mati.

Um 38. gr.

Greinin kveður á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á og annist gerð deiliskipulags. Jafnframt getur landeigandi gert tillögu að deiliskipulagi á sinn kostnað, að fenginni heimild sveitarstjórnar. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 23. gr. gildandi laga. Jafnframt er kveðið á um að málsmeðferð slíks skipulags skuli vera með sama hætti og á við um deiliskipulagstillögur sveitarstjórna.

Um 39. gr.

Greinin er óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn taki saman lýsingu á deiliskipulagsverkefninu og er þetta til samræmis við sambærileg ákvæði varðandi svæðis- og aðalskipulag. Sömu sjónarmið eru hér að baki varðandi slíka lýsingu, sbr. 23. og 30. gr. Ákvæðið er nýmæli og byggist á þeirri meginreglu að því fyrr sem athugasemdir koma við gerð deiliskipulags því betra. Lagt er þó til að heimilt sé að falla frá gerð slíkrar lýsingar enda liggi fyrir allar meginforsendur í aðalskipulagi. Slík heimild er veitt til að forðast óþarfa endurtekningar og þá þyngri málsmeðferð.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu deiliskipulagstillögunnar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum og er þar um að ræða sambærilegt ákvæði og um kynningu aðal- og svæðisskipulags. Veitt er þó heimild til að falla frá slíkri kynningu í ákveðnum tilvikum.

Um 41. gr.

Í greininni er kveðið á um auglýsingu deiliskipulagstillögu og samþykkt sveitarstjórnar á henni. Lögð er til sú breyting að eingöngu þurfi að kynna deiliskipulagstillögur aðliggjandi sveitarfélögum þegar þær ná að mörkum viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. mgr., og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur.

Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags eins og fram kemur í 37. gr. og skal deiliskipulag vera í samræmi við gildandi aðalskipulag. Lögð er til sú breyting frá 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að í þeim tilvikum sem deiliskipulag er ekki í samræmi við aðalskipulag sé skylt að auglýsa samsvarandi aðalskipulagsbreytingu samhliða eða áður, sbr. 2. mgr. Jafnframt er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að samþykkja samhliða slíkar breytingar á aðal- og deiliskipulagi. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur í úrskurði sínum, úrskurði nr. 11/2003, kveðið á um það að þegar gera þurfi breytingar á aðalskipulagi vegna breytinga á deiliskipulagi beri að afgreiða aðalskipulagið með staðfestingu ráðherra áður en sveitarstjórn getur samþykkt viðkomandi deiliskipulag. Þetta hefur tafið afgreiðslu deiliskipulagstillagna og er því lagt til að afgreiðsla þessara tillagna geti verið samhliða.

Um 42. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 3. mgr. 25. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að sveitarstjórn sé skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulagsins og gera nauðsynlegar breytingar á því varðandi form þess ef þörf er á. Slíkar athugasemdir varða t.d. hvort deiliskipulag sé í samræmi við aðalskipulag og að athugasemdum á auglýsingatíma hafi ekki verið svarað. Hlutverk Skipulagsstofnunar við yfirferð deiliskipulags hvað varðar framsetningu þess verður þannig með svipuðum hætti og á við um svæðis- og aðalskipulag. Þá er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn geri Skipulagsstofnun rökstudda grein fyrir því ef ekki er fallist á þær athugasemdir stofnunarinnar sem varða efni deiliskipulagsins.

Um 43. gr.

Greinin er að mestu efnislega óbreytt frá 26. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. að sett eru fram viðmið í greininni um það hvenær um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða, en við mat á því þarf að skoða að hversu miklu leyti deiliskipulagstillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti, formi og svipmóti viðkomandi svæðis. Sem dæmi um óverulegar breytingar af þessu tagi er þegar iðnaðarhúsnæði er breytt í íbúðarhúsnæði, glerjun útisvala, skyggni yfir útidyr, dúkkuhús sem sett eru í garð o.s.frv. Slíkar breytingar á deiliskipulagi skulu þannig grenndarkynntar í stað þess að þær verði auglýstar.

Lagt er til það nýmæli í 3. mgr. að heimilt sé að víkja frá kröfum um óverulega breytingu á deiliskipulagi þegar um er að ræða útgáfu framkvæmdaleyfis enda hafi framkvæmdin í för með sér óveruleg frávik þannig að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Í slíkum tilvikum er ekki þörf á grenndarkynningu. Hér er um mat sveitarstjórnar að ræða hvort um óveruleg frávik er að ræða.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu bóta fyrir tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sbr. samsvarandi breytingu varðandi óverulega breytingu á aðalskipulagi. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

Um 44. gr.

Lagt er til að sérstök grein fjalli um grenndarkynningu en hún er að hluta til byggð á 7. mgr. 43. gr. gildandi laga. Skipulagsnefnd skal grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi. Sama á við þegar sótt er um byggingar- og framkvæmdaleyfi í þegar byggður hverfum þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir, sbr. 1. mgr. Grenndarkynna ber bæði framkvæmda- og byggingarleyfi en nýmæli er að skylt sé að grenndarkynna framkvæmdaleyfi. Ekki þykja rök fyrir því að gera greinarmun á kynningum á leyfum eftir því um hvers konar leyfi er að ræða og því er þessi breyting lögð til.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig grenndarkynning skuli fara fram. Í þeim tilvikum þegar óveruleg breyting á deiliskipulagi er grenndarkynnt skal að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar senda hana til Skipulagsstofnunar.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild til að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi eða leyfisskyldri framkvæmd, með áritun sinni á kynningargögn, svo sem skipulagsuppdrátt.

Lagt er til það nýmæli að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu ef breytingar varða ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Hér er þessi varnagli settur enda augljóst að engin þörf er fyrir sérstaka kynningu í slíkum tilvikum þar sem breytingarnar varða eingöngu framangreinda aðila.

Í 4. mgr. er kveðið á um birtingu auglýsingar um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Stjórnartíðindum og er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 26. gr. laganna.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis ákvæði sem varða skipulagsvinnu og um skipulagsreglugerð. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að gera breytinga á gildandi reglugerð til samræmis við efni frumvarpsins. Ákvæðin um landeignaskrá, skiptingu landa og lóða, forkaupsrétt sveitarstjórna að fasteignum, heimildir til eignarnáms og bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 45. gr.

Greinin fjallar um gerð skipulagsreglugerðar og innihald hennar. Núgildandi skipulagsreglugerð er nr. 400/1998, með síðari breytingum. Ef frumvarp þetta verður að lögum kallar það á breytingar á reglugerðinni til samræmis við efni frumvarpsins. Greinin er að mestu óbreytt 10. gr. gildandi laga en þó hafa verið lagðar til nokkrar breytingar á henni.

Í 2. mgr. er kveðið á um gerð lýsingar skipulagsverkefnis í skipulagsreglugerð og er það til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana varðandi lýsingu.

Í 3. mgr. er fellt brott að skilgreina skuli hverfisvernd enda er hugtakið nú skilgreint með ítarlegri hætti í frumvarpinu, sbr. 2. gr., og í 4. mgr. er sú breyting gerð að í skipulagsreglugerð sé kveðið á um takmarkanir á landnotkun eins og vatnsvernd og er það í samræmi við gildandi skipulagsreglugerð en rétt þykir að taka þessa þætti fram í ákvæðinu.

Kveðið er á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og auglýsingaskilti í 6. mgr. Hér er um að ræða atriði sem er að finna í byggingarreglugerð, sbr. 2. og 6. mgr. 37. gr. gildandi laga. Í byggingarreglugerð eru þessi ákvæði síðan útfærð nánar, svo sem í 67., 68. og 72. gr. hennar sem fjalla um skilti, trjágróður og girðingar. Í frumvarpi þessu er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja og yfirbragð við ákvörðun skipulags en að það sé ekki hluti af umfjöllun um mannvirkjagerð eins og nú gildir. Í frumvarpi til laga um mannvirki er hins vegar kveðið á um öryggi og heilnæmi mannvirkja sem eru þættir sem eru tæknilegs eðlis. Til samræmis við þessa aðgreiningu á frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að kveðið sé á um framangreinda þætti í skipulagsreglugerð.

Í 8. mgr. er nýmæli um að kveðið skuli nánar í skipulagsreglugerð á um framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, svo sem um hvaða framkvæmdir skuli háðar framkvæmdaleyfi, um gögn sem lögð skulu fram vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa. Í 13. gr. er kveðið á um til hvers konar framkvæmda þurfi að afla framkvæmdaleyfis og í 15. gr. um útgáfu framkvæmdaleyfis. Skipulagsreglugerð hefur útfært þessi ákvæði nánar, sbr. 9. kafla reglugerðarinnar, og er breytingin því til samræmis við hana.

Í 9. mgr. er að finna nýmæli um að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar til að tryggja framkvæmd sjálfbærrar þróunar við gerð skipulagsáætlana en það er í samræmi við markmið frumvarpsins um að stuðla skuli að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Um 46. gr.

Lagt er til það nýmæli að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 1. mgr., vegna nýrrar tækni og krafna um skil í gagnasafn Skipulagsstofnunar og er það í samræmi við framkvæmd á vinnslu skipulagsáætlana. 2. mgr. hefur verið breytt til að samræma hana betur orðalagi 8. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð. Gerð hefur verið sú breyting til samræmis við framangreint ákvæði að ekki er vísað til þess að mælingamenn geti farið um landareignir heldur er ákvæðið almennt. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að opinberir aðilar geti stundað landmælingar á einkalöndum án sérstakra heimilda landeigenda enda valdi slík starfsemi hvorki tjóni né ónæði.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 29. gr. gildandi laga nema gerðar hafa verið breytingar í samræmi við athugasemdir Fasteignamats ríkisins. Með lögum nr. 47/2000 var gerð breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og var markmið nýrra laga m.a. að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu með myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu sem nefnist Landskrá fasteigna. Með hliðsjón af framangreindum breytingum er lagt til að landeignaskrá skuli haldin í Landskrá fasteigna.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi laga nema tekið er nú fram að réttur til bóta vegna hugsanlegs tjóns vegna samþykktrar landsskipulagsstefnu sé úr ríkissjóði enda er sú áætlun á ábyrgð ríkisins en ekki sveitarfélaga eins og við á um skipulagsáætlanir þeirra. Álitaefni um bætur kemur hins vegar ekki upp vegna landsvæðis sem er í ríkiseign eða er þjóðlenda heldur vegna landsvæðis sem er í einkaeign. Í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni en skilyrði landsskipulagsstefnunnar er að hún varði almannahagsmuni, sbr. 10. gr.

Um X. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála en nefndin kveður eins og verið hefur upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál. Þvingunarúrræði til að framfylgja ákvæðum frumvarpsins eru afdráttarlausari og sett fram til samræmis við ákvæði gildandi laga varðandi þvingunarúrræði vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda.

Um 52. gr.

Í greininni er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og er greinin að hluta til samhljóða 8. gr. skipulags- og byggingarlaga eins og henni var breytt með 21. gr. laga nr. 74/2005.

Í 1. mgr. er kveðið m.a. á um hlutverk úrskurðarnefndarinnar samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, eins og þeim lögum var breytt með lögum nr. 29/2009. Í 7. mgr. 11. þeirra laga segir að stjórnvaldsákvarðanir Brunamálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara séu kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem starfar á grundvelli 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Í reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki sem sett var á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga er nánar kveðið á hvaða ákvörðunum og fyrirmælum er hægt að vísa til úrskurðarnefnda skipulags- og byggingarmála.

Í greininni er að finna nýmæli í 6. og 7. mgr. sem varðar málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni og úrskurðarfrest en lagt er til að lengdur verði úrskurðarfrestur nefndarinnar sem er nú þrír mánuðir eftir að henni berast mál í hendur. Gert er ráð fyrir að hámarksfrestur til að kveða upp úrskurð verði sex mánuðir frá því að málsgögn hafa borist nefndinni frá stjórnvaldi og eru þessar breytingar lagðar til að tillögu úrskurðarnefndarinnar. Þykja núverandi frestir ekki vera raunhæfir á grundvelli fjölda og umfangs mála sem berast nefndinni.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um stöðvun framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda ef framkvæmdir eru hafnar án leyfa eða þær hafnar með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag, sbr. 1. mgr., eða þær eru í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi og þau skilyrði sem kunna að vera sett í slíkum leyfum, sbr. 2. mgr. Hér er um að ræða framkvæmdir sem falla undir 13. gr. Greinin er að hluta til byggð á 1. mgr. 56. gr. laganna nema að því leyti að ekki er fjallað um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir en fjallað er um þær í frumvarpi til laga um mannvirki. Lögð er til heimild til að fjarlægja ólöglega framkvæmd eins nú gildir um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Lagt er til það nýmæli í 4. mgr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við frumvarp þetta. Í ljósi framkvæmdarinnar er talið nauðsynlegt að slíkt úrræði sé fyrir hendi og þykir eðlilegast að það sé í höndum Skipulagsstofnunar í ljósi þess hlutverks sem stofnunin hefur í frumvarpi þessu. Með þessu er tryggt samræmi í framkvæmd vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda. Skipulagsstofnun hefur að ákveðnu leyti gegnt eftirlitshlutverki með því að vera í samskiptum við einstakar sveitarstjórnir eftir ábendingar sem stofnuninni hafa borist. Hefur hún þá bent viðkomandi sveitarstjórn á þau atriði sem lagfæra þarf. Hér er lagt til að stofnunin geti fylgt slíkum ábendingum eftir ef á þarf að halda.

Um 54. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um heimild sveitarstjórnar til að leggja á dagsektir en sambærilegt ákvæði er um dagsektarheimildir byggingarfulltrúa og byggingarnefnda, sbr. 57. gr. gildandi laga. Heimild til álagningar dagsekta þurfa að vera fyrir hendi bæði varðandi bygginga- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt og frumvarp til laga um mannvirki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 2. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 3. tölul.

Eins og fram kemur í 9. gr. er gert ráð fyrir að starfræktar verði sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem gert hefur verið svæðisskipulag sem komi þá í stað samvinnunefnda um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að þær samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem settar hafa verið á fót í tíð gildandi laga og kunna að vera starfandi við gildistöku laganna starfi áfram ef og þar til skipuð hefur verður ný svæðisskipulagsnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 9. gr. Sama málsmeðferð gildir fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags og svæðisskipulagsnefnd.

Um 4. tölul.

Í III. kafla er fjallað um landsskipulagsstefnu. Eins og fram kemur í IV. kafla almennra athugasemda er lagt til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður við gildistöku laganna eða 1. janúar 2011. Hinn 1. janúar 2008 áttu öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi. Því markmiði var ekki að fullu náð við þau tímamörk en miðað er við að þeirri vinnu verði lokið í lok árs 2009. Því ætti við gildistöku laganna að vera búið að afgreiða aðalskipulag allra sveitarfélaga á því svæði sem fellur undir svæðisskipulag miðhálendis Íslands. Hlutverki samvinnunefndar miðhálendisins um að samræma aðalskipulag sem liggur að miðhálendinu við svæðisskipulag miðhálendis og að samræma innbyrðis aðalskipulag á miðhálendinu ætti þá að vera lokið. Eins og fram kemur í 10. gr. skal í landsskipulagsstefnu ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands. Landsskipulagsstefna fyrir miðhálendi Íslands kemur í stað svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands. Þar sem sveitarfélög sem liggja að hálendinu hafa við gildistöku laganna skipulagt landsvæði sitt með hliðsjón af svæðisskipulagi miðhálendis Íslands þykir ekki lengur þörf á sérstöku svæðisskipulagi fyrir miðhálendið þegar landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt á Alþingi sem þingsályktun. Lagt er til að umhverfisráðherra beri að fella niður gildandi svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands, Svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015, við samþykkt landsskipulagsstefnunnar á Alþingi. Þar sem gert er ráð fyrir að samvinnunefnd miðhálendisins ljúki störfum við gildistöku laganna 1. janúar 2011 er lagt til að Skipulagsstofnun hafi það hlutverk frá sama tíma að gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga og breytingar á því samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins þar til landsskipulagsstefnan hefur verið samþykkt. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að hægt verði að gera breytingar á svæðis-

skipulagi miðhálendisins frá gildistöku laganna og því verður ekki um að ræða nýja stefnumörkun á skipulagi miðhálendisins fyrr en landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt af Alþingi.

Um 5. tölul.

Í ákvæðinu er fjallað um skipulagsáætlanir sem ekki hafa hlotið formlega afgreiðslu en sveitarstjórnir hafa engu síður byggt á þeim við gerð skipulags. Á þetta einkum við deiliskipulagsáætlanir sem gerðar hafa verið hjá Reykjavíkurborg. Nú er unnið að því að fara yfir slíkar deiliskipulagsáætlanir til að afgreiða þær með formlegum hætti eða vinna nýjar deiliskipulagsáætlanir sem komi þá í stað þeirra. Áætlað hefur verið að þessi vinna taki um eitt ár. Því er lagt til að þeim sveitarfélögum sem hafa byggt á slíkum deiliskipulagsáætlunum verði veittur eins árs frestur frá gildistöku frumvarpsins til að ganga frá formlegri afgreiðslu slíkra deiliskipulagsáætlana.

Um 6. tölul.

Lagt er til að þær byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 varðandi skipulagsákvarðanir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

Fylgiskjal I.

Umhverfisráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

Umhverfisráðuneytið hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið forsendur kostnaðaráhrifa frumvarps til skipulagslaga. Markmið frumvarpsins er að gera feril skipulagsgerðar skilvirkari og sveigjanlegri, svo sem varðandi kynningu skipulagstillagna, breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra og að hlutverk og samspil skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum sé skýrt. Þá er lögð áhersla á þátt ríkisvaldsins við stefnumörkun skipulags með framlagningu þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu til tólf ára. Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögunum en lagt er til að ríkisvaldið leggi til sína sýn í skipulagsmálum með landsskipulagsstefnu. Í henni eru samþættar áætlanir opinberra aðila, svo sem um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd og orkunýtingu og í henni verður stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð með tilliti til landnotkunar.

Verði frumvarpið að lögum getur mögulegur kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin einkum falist í eftirfarandi þáttum:

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í þeim tilvikum sem sveitarstjórnir ákveða að gert skuli svæðisskipulag skuli starfræktar svæðisskipulagsnefndir hlutaðeigandi sveitarstjórna sem vinni að tillögu að svæðisskipulagi. Það er nýmæli að gert er ráð fyrir að nefndirnar starfi áfram eftir að vinnu við svæðisskipulag er lokið. Í nefndinni skulu sitja tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi sem eiga aðild að svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefndir skulu einnig starfa þar sem í gildi eru svæðisskipulag. Gera má ráð fyrir að kostnaður hvers sveitarfélags vegna þessa ákvæðis verði á bilinu 20 þús. kr. – 100 þús. kr. á ári allt eftir þörf á fjölda funda í nefndunum. Ef miðað er við að um 50 sveitarfélög eigi aðild að svæðisskipulagi á hverjum tíma getur árlegur heildarkostnaður sveitarfélaga numið á bilinu 1 millj. kr. til 5 millj. kr. vegna svæðisskipulagsnefnda. Nýmæli er að í 22. gr. frumvarpsins er kveðið á um

skyldu til að hafa í gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins en ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu þar sem nefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins hefur verið starfandi.

Annar kostnaður sem getur fallið á sveitarfélögin vegna frumvarpsins er vegna aukinnar vinnu við gerð aðalskipulags og deiliskipulags, sbr. 30. og 40. gr. frumvarpsins, þar sem nú er kveðið á um að sveitarstjórnirnar skuli taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þegar vinna við hana hefst. Þar skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélags og öðrum hagsmunaaðilum. Gera má ráð fyrir að kostnaður við hverja skipulagslýsingu geti orðið á bilinu 50–500 þús. kr. eftir umfangi áætlunar. Hefur Skipulagsstofnun áætlað að árlegur heildarkostnaður sveitarfélaga verði um 10,5 millj. kr. vegna skipulagslýsingar aðalskipulags og 5 millj. kr. vegna skipulagslýsingar deiliskipulags.

Gera má ráð fyrir að einhver kostnaður falli á sveitarfélög vegna gerðar landsskipulagsstefnu og þeirrar málsmeðferðar sem gildir um gerð hennar, sbr. III. kafla frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum við einstök sveitarfélög vegna vinnu við tillögu að landsskipulagsstefnu. Jafnframt skal umhverfisráðherra hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna vinnu við tillögu að þingsályktunartillögu að landsskipulagsstefnu. Árlegur kostnaður vegna samráðs við Sambands íslenskra sveitarfélaga er áætlaður um 0,5 millj. kr. en kostnaður sem fellur á einstök sveitarfélög er óverulegur.

Samkvæmt framansögðu má gera ráð fyrir að kostnaðaraukning sveitarfélaga af völdum frumvarpsins geti orðið á bilinu 17–21 millj. kr. á ári sem skiptist niður á allt að 77 sveitarfélög.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki og saman er þeim ætlað að leysa af hólmi gildandi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Í báðum frumvörpunum eru lögð til ýmis nýmæli og er m.a. gert ráð fyrir að skilið verði á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og að ábyrgð á fram-kvæmd byggingarmála verði færð frá Skipulagsstofnun til nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar.

Í þessu frumvarpi til skipulagslaga er leitast við að gera feril skipulagsgerðar skil-virkari og sveigjanlegri og lögð áhersla á að hlutverk og samspil skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum sé skýrt. Höfuðábyrgð á skipulagsgerð verði áfram hjá sveitarfélögum en um leið viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í formi landsskipulagsstefnu. Samkvæmt frumvarpinu skal ráðherra leggja fram þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Tillagan skal einnig innihalda endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs koma einkum fram með tvennum hætti. Annars vegar er kostnaður Skipulagsstofnunar við vinnslu tillagna að landsskipulagsstefnu og kynningu þeirra, endurskoðun stefnunnar á fjögurra ára fresti og eftirfylgni við að aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga séu í samræmi við landsskipulagsstefnu eftir því sem við á. Sú vinna er talin svara rúmlega einu ársverki og kosta um 10 m.kr. á ári. Hins vegar er kostnaður umhverfisráðuneytis við gerð endanlegrar tillögu að landsskipulagsstefnu og er sú vinna metin sem nemur rúmlega einu ársverki á fjögurra ára fresti og kosta um 2,5 m.kr. á ársgrundvelli. Á móti kemur að samfara gildistöku laganna verður samvinnunefnd miðhálendisins lögð niður. Kostnaður við nefndina hefur verið um 10 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að auk kostnaðar við gerð skipulagsáætlana skuli tekjur af skipulagsgjaldi jafnframt standa straum af kostnaði við gerð þróunarverkefna sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Kostnaður Skipulagsstofnunar við verkefni af þessum toga hefur verið um 1 m.kr. á ári en eftirleiðis munu tekjur af skipulagsgjaldi standa undir þeim verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun fjárlaga. Einungis er reiknað með óverulegri lækkun á útgjalda við það að umsjón byggingarmála færist frá Skipulagsstofnun, enda hafa þau mál ekki verið veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að áhrif þessa frumvarps á kostnað ríkissjóðs séu óveruleg og rúmist innan gildandi útgjaldaramma skipulagsmála hjá umhverfisráðuneyti. Það er þó, eins og áður sagði, lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki sem áætlað er að auki árleg útgjöld ríkissjóðs um 184 m.kr. og lækki tekjur um 5 m.kr. Vísast að öðru leyti til kostnaðarumsagnar um það frumvarp.

743. Frumvarp til laga [426. mál]

um mannvirki.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að stuðla að aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, sbr. þó 2. mgr. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, fjarskiptabúnað, eldvarnir, þ.m.t. vatnsúðakerfi og önnur slökkvikerfi, og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Aðaluppdráttur:* Heildaruppdráttur að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess, þar sem gerð er grein fyrir formi, aðgengi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, skiptingu þess í eignarhluta, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, orkunotkun, meginskipulagi lóðar og aðlögun mannvirkis að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.
2. *Brunavarnir:* Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum þessum og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.
3. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, útliti eða formi. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 13. gr.
4. *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, aðgengi, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum eftir því sem við á.
5. *Byggingarvara:* Vara sem er framleidd með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar mannvirkjum.
6. *Deiliuppdráttur:* Uppdráttur þar sem gerð er nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á aðal- og séruppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.
7. *Eldvarnir:* Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
8. *Evrópskt tæknisamþykki:* Mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, aðferða til að sannprófa og votta samræmi við grunnkröfurnar og upplýsinga um eiginleika vörunnar. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA).
9. *Grunnkröfur:* Kröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi.
10. *Mannvirki:* Hvers konar jarðfastar, manngerðar framkvæmdir, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem

ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

11. *Markaðssetning:* Hvers konar dreifing eða sala byggingarvöru.
12. *Prófunarstofa:* Faggiltur aðili, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., sem framkvæmir prófun.
13. *Samhæfðir evrópskir staðlar:* Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) í umboði Evrópusambandsins og EFTA.
14. *Samræmingaraðili:* Hönnuður aðaluppdrátta eða aðili sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 23. gr.
15. *Samræmisvottorð:* Vottorð tilnefnds aðila sem staðfestir samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
16. *Samræmisyfirlýsing:* Yfirlýsing framleiðanda um samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
17. *Samþykkt hönnunargögn:* Hönnunargögn sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis.
18. *Séruppdráttur:* Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta, tæknibúnaðar og skipulag lóða, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.
19. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
20. *Skoðunarstofa:* Skoðunarstofa sem hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til að annast tiltekin verkefni á sviði byggingareftirlits.
21. *Starfsmannabúðir:* Færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
22. *Tilnefndur aðili:* Skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofa sem stjórnvöld tilnefna til að annast samræmismat á byggingarvörum samkvæmt lögum þessum og hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB að sé hæf til að framkvæma samræmismat fyrir byggingarvörur samkvæmt lögum þessum.
23. *Túlkunarskjöl:* Skýringaskjöl þar sem grunnkröfur eru skýrðar ítarlegar. Þau eru til nota við staðlagerð, til að semja viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki eða við mat er leitt getur til viðurkenninga á tækniákvæðum aðildarríkjanna.
24. *Tækniákvæði:* Samheiti yfir samhæfða evrópska staðla og evrópsk tæknisamþykki.

II. KAFLI
Stjórnvöld mannvirkjamála.

4. gr.
Stjórn mannvirkjamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Byggingarstofnun, sbr. 5. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og framkvæmd eftirlits byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr.

5. gr.
Byggingarstofnun.

Ríkið starfrækir stofnun, Byggingarstofnun. Byggingarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Önnur helstu verkefni Byggingarstofnunar eru:

1. að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila,
2. að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum,
3. að annast aðgengismál,
4. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga,
5. að starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sbr. 61. gr.,
6. að annast kynningar og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila,
7. að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 9. gr.,
8. að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og að gefa út löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn,
9. að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn,
10. að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og að hafa eftirlit með starfsemi þeirra,
11. að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir,
12. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði mannvirkjamála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila og annast og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
13. að annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis,
14. að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefna aðila til þátttöku í starf Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA),
15. að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi,

16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsagnir um ágreiningsmál á því sviði,
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Byggingarstofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu.

6. gr.

Forstjóri Byggingarstofnunar og annað starfslið.

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu á verksviði stofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

7. gr.

Byggingarnefndir.

Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að byggingarnefnd starfi í sveitarfélaginu sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinna mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna byggingarnefndar. Um byggingarnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins enda sé skipan nefndarinnar í samræmi við skipulagslög.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu byggingarnefnda og ráðningu byggingarfulltrúa á grundvelli samkomulags eða eftir atvikum sameiginlegrar samþykktar.

Samþykkt sem sett er samkvæmt þessari grein skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt af sveitarstjórn í B-deild Stjórnartíðinda. Enn fremur skal hún færð inn í rafrænt gagnasafn Byggingarstofnunar.

8. gr.

Byggingarfulltrúar.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi, ráðinn af sveitarstjórn, sem hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um framkvæmd byggingareftirlits og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál enda uppfylli hann einnig kröfur skipulagslaga um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. og skal sveitarstjórn senda Byggingarstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

III. KAFLI
Byggingarleyfi.

9. gr.
Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum, eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr., eða Byggingarstofnunar, sbr. 3. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum.

Byggingarfulltrúi í viðkomandi sveitarfélagi veitir byggingarleyfi, eftir atvikum í samræmi við samþykkt skv. 1. mgr. 7. gr., vegna hvers konar mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi skv. 1. mgr. og ekki er háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar skv. 3. mgr., þar með talið vegna virkjana og annarra mannvirkja sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.

Byggingarstofnun veitir byggingarleyfi vegna framkvæmda við eftirtalin mannvirki:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.Leiki vafi á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 59. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki útlit og form þess skal leita samþykkis skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt nema breyting sé óveruleg.

10. gr.
Umsókn um byggingarleyfi.

Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði samræmingaraðili mannvirkisins og samþykki meðeigenda samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Með umsókn til Byggingarstofnunar vegna mannvirkja sem falla undir b-lið 3. mgr. 9. gr. skal fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Ef mannvirki er háð byggingarleyfi byggingarfulltrúa skal hann leita umsagnar skipulagsfulltrúa leiki vafi á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um hvaða gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn, uppdráttum og öðrum gögnum skuli gengið.

11. gr.
Samþykkt byggingaráforma.

Ef mannvirki er háð byggingarleyfi skv. 9. gr. fer byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun yfir byggingarleyfisumsókn og gengur úr skugga um að aðaluppdrættir uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og að tilkynnt hafi verið um samræmingaraðila mannvirkisins. Tilkynnir byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingar-

stofnun umsækjanda skriflega um samþykkt byggingaráforma hans, enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði. Tilkynning samkvæmt þessari grein veitir umsækjanda ekki heimild til að hefja byggingarframkvæmdir.

12. gr.

Sérstakar kröfur.

Útgefanda byggingarleyfis er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt. Standist mannvirkið ekki prófun, vottun eða skoðun skal útgefandi byggingarleyfis gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann gripið til viðeigandi þvingunarúrræða eða látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað eiganda.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skulu framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla af aðila sem viðurkenndur er af Byggingarstofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að þær skuli framkvæmdar af faggiltum aðila, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Í þeim tilfellum þegar staðlaðar prófunarlýsingar eru ekki til skal prófunaraðili leggja fram skriflega lýsingu á framkvæmd prófsins ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

13. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.
5. Skráð hefur verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laga þessara.
6. Samræmingaraðili hefur lagt fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða í samræmi við 4. mgr. 23. gr.

Leyfisveitandi getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Heimilt er að veita umsækjanda leyfi til að kanna jarðveg á framkvæmdasvæði án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

14. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur leyfisveitandi þá að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur leyfisveitandi tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Leyfisveitandi getur að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkisins eða aðrir þeir aðilar sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum samkvæmt lögum þessum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.
Ítarlegri ákvæði um byggingarhraða sem sett eru af sveitarfélagi á grundvelli skipulagslaga gilda framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI
Ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits.

15. gr.

Ábyrgð eiganda mannvirkis.

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 23. gr. Byggingarstjóri mannvirkis framkvæmir innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Samræmingaraðili og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir framkvæmd innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Eftirtaldir aðilar teljast eigendur samkvæmt þessari grein:

a. Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
b. Umsækjandi um byggingarleyfi.
c. Byggingarleyfishafi.
d. Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.
e. Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.

16. gr.

Hlutverk útgefanda byggingarleyfis.

Útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem sett eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda.

Útgefandi byggingarleyfis annast úttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og gefur út viðeigandi vottorð, sbr. 3. mgr., á grundvelli niðurstöðu skoðunarstofu eða eigin skoðana. Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga þessara ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um eftirfarandi úttektir, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:

1. Öryggisúttekt.
2. Lokaúttekt.
3. Við lok niðurrifs mannvirkis.Útgefandi byggingarleyfis skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í gagnasafn Byggingarstofnunar.

17. gr.

Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum.

Eftirlit með mannvirkjum skal framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. varðandi tæknileg atriði og framkvæmd eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Byggingarstofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Byggingarstofnunar skal leita álits ráðherra. Byggingarstofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um framkvæmd tæknilegs eftirlits vegna tiltekinnar mannvirkjagerðar eða vegna mannvirkjagerðar almennt. Álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi hönnunargögn verið yfirfarin eða úttektir framkvæmdar af skoðunarstofu takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits. Útgefandi byggingarleyfis, sem og Byggingarstofnun, getur þó tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort eftirlit skoðunarstofa samræmist lögum og skilyrðum í starfsleyfi þeirra. Taki byggingarfulltrúi slíkt mál til athugunar skal hann tilkynna það Byggingarstofnun án tafar.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð aðaluppdrátta, óháð því hvort eftirlit er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Byggingarstofnun gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa þessara aðila. Byggingarstofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu framkvæmd úttekta af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða

iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr.

18. gr.

Hlutverk Byggingarstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa.

Byggingarstofnun getur tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög. Skal Byggingarstofnun kalla eftir skýringum frá byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn nema málið sé að fullu upplýst. Byggingarstofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 59. gr.

Verði niðurstaða athugunar Byggingarstofnunar sú að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og byggingarfulltrúi geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Byggingarstofnun gera byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn aðvart og krefjast þess að úr sé bætt. Byggingarstofnun er heimilt, ef ekki er úr bætt, að beita sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð.

Þegar meðferð Byggingarstofnunar skv. 1. mgr. er lokið skal eftirlit með mannvirkjagerðinni og önnur stjórnsýsla málsins vera í höndum viðkomandi byggingarfulltrúa. Byggingarstofnun skal tilkynna það byggingarfulltrúa með formlegum hætti þegar afskiptum stofnunarinnar af máli er lokið.

19. gr.

Faggilding Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið falinn skoðunarstofu, sbr. 20. gr. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

20. gr.

Faggiltar skoðunarstofur.

Sveitarstjórn og Byggingarstofnun er heimilt að ákveða að tilteknir þættir eftirlits þeirra með mannvirkjum skuli framkvæmdir af skoðunarstofum sem hafa til þess starfsleyfi Byggingarstofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að eftirlit með viðkomandi framkvæmd skuli í heild eða að hluta framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Byggingarstofnun gefur út starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofa skv. 1. mgr. Starfsleyfi skal gefið út til tiltekins tíma, mest til fimm ára í senn. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að skoðunarstofa hafi hlotið faggildingu og skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli viðeigandi skilyrði 21. gr. Í starfsleyfi skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Byggingarstofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

21. gr.
Hæfi skoðunarmanna.

Skoðunarmenn byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Skoðunarmaður I: Iðnmeistarar með löggildingu Byggingarstofnunar og a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun.
b. Skoðunarmaður II: Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdrátta og a.m.k. þriggja ára reynslu sem löggiltir hönnuðir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.
c. Skoðunarmaður III: Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki sjö ára starfsreynslu sem löggiltir hönnuðir af verk- og byggingarstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða þætti eftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

V. KAFLI
Hönnun mannvirkja.

22. gr.
Hönnunargögn.

Mannvirki skulu hönnuð á faglega fullnægjandi hátt í samræmi við viðurkenndar venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki og mannvirkjagerð.

Hönnunargögn mannvirkja sem heyra undir lög þessi greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, greinargerðir, skráningartöflur, forsendur og útreikningar.

23. gr.
Ábyrgð hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 25. og 26. gr.

Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.

Hönnuður séruppdrátta ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdráttum.

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna samræmingaraðila sem skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram. Samræmingaraðili skal vera löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en þeir eru samþykktir af leyfisveitanda. Samræmingaraðili skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra

eftirlit við framkvæmd hönnunar. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins. Samræmingaraðili skal einnig áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og árita það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða.

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd, byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun, skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Skaðabótaábyrgð hönnuðar fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

24. gr.

Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila.

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og samþykktar eru af byggingaryfirvöldum, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, samræmingaraðila, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi samræmingaraðila skal að auki innihalda lýsingu á og skrá um innra eftirlit samræmingaraðila á hönnunarstigi.

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

25. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar. Löggildingin skiptist í eftirfarandi svið:

a. Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.
b. Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.
c. Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.
d. Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.
e. Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.Listi yfir löggilta hönnuði skal varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar.

26. gr.

Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.

Skilyrði fyrir löggildingu skv. 25. gr. eru eftirfarandi:

a. Að umsækjandi hafi hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
b. Að umsækjandi hafi staðist próf sem Byggingarstofnun stendur fyrir að undangengnu námskeiði um gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar. Jafnframt skal á námskeiðinu fjallað um séríslenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun.
c. Að umsækjandi hafi sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár eftir að námi í viðkomandi sérfræðigrein lýkur, þar af minnst eitt ár við mannvirkjagerð á Íslandi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Starfsreynslutíma skal lokið áður en námskeið og próf skv. b-lið eru sótt.Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófs. Byggingarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa fyrir hönd stofnunarinnar.

VI. KAFLI

Byggingarstjórar og iðnmeistarar.

27. gr.

Byggingarstjórar.

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur 28. gr.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann fer með byggingarstjórn á. Sé um að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota, svo sem byggingu frístundahúss, bílskúrs eða viðbyggingu við íbúðarhús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi Byggingarstofnunar skv. 28. gr.

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.
2. Vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og önnur orkuver, olíuhreinsunarstöðvar og vatnsstíflur sem falla undir 1. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.Ráðherra birtir í reglugerð nánari tilgreiningu mannvirkja skv. 3. og 4. mgr.

28. gr.

Starfsleyfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.–4. mgr., hafi sótt sérstakt námskeið sem Byggingarstofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, sbr. 31. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma, mest til 10 ára í senn. Missi byggingarstjóri starfsleyfi er honum óheimilt að fara með umsjón framkvæmda og skal hann þegar segja sig frá framkvæmd verks með skriflegri tilkynningu til eiganda og leyfisveitanda. Byggingarstofnun ber að upplýsa leyfisveitendur um niðurfellingu starfsleyfis byggingarstjóra.

Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar og hafa a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af stofnuninni. Byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi sem slíkir í samræmi við ákvæði laga þessara geta einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 27. gr.

Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki tíu ára starfsreynslu af verkstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirliti eða hönnun geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1.–3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð.

Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar aðili við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis, sbr. 4. mgr. 27. gr.

Byggingarstofnun heldur skrá um byggingarstjóra með starfsleyfi samkvæmt þessari grein og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

29. gr.

Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.

Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.

Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að framkvæmd verksins koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal

byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við framkvæmd eftirlits var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðila aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi aðila. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við framkvæmd eftirlits skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis í starfi byggingarstjóra ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að framkvæmd verks koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verkeða kaupsamningi.

Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

30. gr.

Byggingarstjóraskipti.

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er við móttöku leyfisveitanda á slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 27. og 28. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi byggingarstjóra, ef þess er kostur, og hinum nýja.

Verði útgefandi byggingarleyfis þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 28. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, lýsingu á og skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni, lýsingu á undirbúningi og framkvæmd lokaúttektar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn.

32. gr.

Ábyrgð og verksvið iðnmeistara.

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar frístundahúss, bílskúrs, íbúðarhúss eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér að framkvæma séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Byggingarstofnunar. Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, jafngildir löggildingu skv. 3. mgr.

Byggingarstofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.

Iðnmeistari skal tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

33. gr.

Iðnmeistaraskipti.

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðn-

meistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara, ef þess er kostur, og hinum nýja. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

VII. KAFLI
Eftirlit með mannvirkjagerð.

34. gr.
Áfangaúttektir.

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili fer yfir hvort sá þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis, fyrir hönd eiganda þess, skal sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða aðili sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um framkvæmd innra eftirlits byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra að framkvæma sjálfur einstakar áfangaúttektir.

35. gr.
Öryggisúttekt.

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd öryggisúttektar.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann þá í þeim tilvikum tilkynna það Byggingarstofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

36. gr.
Lokaúttekt.

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal framkvæmd lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að framkvæma samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila, byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um framkvæmd lokaúttektar og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan

þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann þá í þeim tilvikum tilkynna það Byggingarstofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé framkvæmd.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við framkvæmd lokaúttektar, það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð um framkvæmd lokaúttektar með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Komi í ljós við framkvæmd lokaúttektar að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

37. gr.

Aðgangur að mannvirki.

Starfsmönnum Byggingarstofnunar, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans, fulltrúum slökkviliðs, svo og starfsmönnum skoðunarstofa sem falið hefur verið eftirlit sbr. 20. gr., skal heimill frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af útgefanda byggingarleyfis, ásamt útgefnu byggingarleyfi, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal eftirlitsaðila heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

VIII. KAFLI
Viðskipti með byggingarvörur.

38. gr.

Framleiðandi og dreifingaraðili.

Í þessum kafla telst framleiðandi byggingarvöru vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal innflytjandi teljast framleiðandi.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

39. gr.

Markaðssetning byggingarvara.

Markaðssetning byggingarvöru er einungis heimil ef varan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Varan hentar til áformaðra nota. Í því felst að varan hafi þá eiginleika að mannvirki, sem á að fella hana inn í, setja saman við eða nota við, ef það er rétt hannað og byggt, geti fullnægt grunnkröfunum sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi. Mannvirkið skal fullnægja grunnkröfunum þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta það.
2. Varan uppfyllir kröfur eftirfarandi tækniákvæða:
   a. samhæfðra evrópskra staðla, eða
   b. evrópsks tæknisamþykkis, eða
   c. innlends tækniákvæðis sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.
3. Ef til eru samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru skal hún að auki merkt með CE-merki í samræmi við ákvæði 43. gr.

Mat á því hvort byggingarvara uppfyllir kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal framkvæmt af tilnefndum aðila með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði 41. gr. áður en varan er markaðssett. Byggingarvara telst uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. ef hún er réttilega merkt með CE-merkinu í samræmi við ákvæði 43. gr.

40. gr.

Evrópskt tæknisamþykki.

Óski framleiðandi eftir að fá evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru skal hann greiða allan kostnað við öflun þess.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um evrópsk tæknisamþykki.

41. gr.

Staðfesting á samræmi.

Tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu annast mat á samræmi byggingarvöru við tækniákvæði. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á að samræmismat byggingarvara fari fram og greiðir allan kostnað af matinu.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd samræmismats byggingarvara á grundvelli ákvæða EES-samningsins sem gildi hafa hér á landi. Heimilt er í reglugerðinni að gera þá kröfu að framleiðandi hafi innra eftirlitskerfi í verksmiðjunni til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði eða að gera þá kröfu að auk innra eftirlitskerfis framleiðanda hafi tilnefndur aðili eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé mælt svo fyrir í tækniákvæðum fyrir viðkomandi byggingarvöru.

Samræmisyfirlýsing framleiðanda eða samræmisvottorð veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, sbr. 43. gr., áfestan merkimiða, umbúðirnar og meðfylgjandi viðskiptaskjöl. Samræmisvottorð og samræmisyfirlýsing vegna byggingarvöru sem markaðssett er á Íslandi skulu vera á íslensku.

42. gr.

Tilnefndur aðili.

Skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur geta óskað eftir því að annast samræmismat sem tilnefndir aðilar. Tilnefndur aðili skal hafa faggildingu og faglega þekkingu til að meta samræmi viðkomandi byggingarvöru við grunnkröfur laga þessara. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og ákvæðum laga þessara.

Umhverfisráðherra annast tilkynningar um tilnefnda aðila til viðeigandi stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilnefndur aðili skal hafa hlutleysi þriðja aðila, og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa. Hann má ekki stunda eftirlit með byggingarvörum á markaði.

Tilnefndur aðili, sem ekki er ríkisfyrirtæki, skal hafa ábyrgðartryggingu fyrir starfsemi sína, sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni. Tilnefndur aðili skal taka þátt í samstarfi tilnefndra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kröfur sem gerðar eru til tilnefndra aðila.

43. gr.

Notkun CE-merkis.

Einungis er heimilt að merkja byggingarvörur með CE-merkinu ef:

a. varan samræmist samhæfðum evrópskum stöðlum, eða
b. varan samræmist evrópsku tæknisamþykki, eða
c. varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.

Óheimilt er að festa á vörur merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Festa má hvers kyns aðrar merkingar á vörurnar eða merkiplötu að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á réttri notkun merkisins í samræmi við ákvæði laga þessara og að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðirnar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Þegar byggingarvörur lúta einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á þær skal koma fram að gengið sé út frá því að viðkomandi vörur séu í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um CE-merkingar byggingarvöru.

44. gr.

Opinbert markaðseftirlit.

Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarvörur á markaði uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvörum á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þær og tekur við ábendingum frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Byggingarstofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Beiting réttarúrræða skv. 46. gr. skal vera í höndum Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum við innflutning.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum.

45. gr.

Heimild til skoðunar og upplýsingaskylda.

Byggingarstofnun eða eftir atvikum aðila sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 44. gr., er heimilt að skoða byggingarvörur hjá ábyrgðaraðila og seljanda, taka sýnishorn af byggingarvörum til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar, prófunarskýrslur og tæknilegar upplýsingar.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða dreifingaraðili greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða dreifingaraðila er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Byggingarstofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

46. gr.

Réttarúrræði Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu byggingarvöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

Leiki rökstuddur grunur á að byggingarvara sé ekki í samræmi við tækniákvæði getur Byggingarstofnun ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, en uppfyllir ekki viðeigandi tækniákvæði, skal Byggingarstofnun innkalla þá vöru eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

47. gr.

Förgun vöru og lagfæring.

Byggingarstofnun er heimilt í tengslum við beitingu ákvæða 46. gr. að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vöru og farga henni með öruggum hætti. Ávallt skal þó áður gefa ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum vöru eða fylgigögnum hennar innan hæfilegs frests nema varan teljist sérlega hættuleg.

48. gr.

Tilkynningarskylda.

Verði byggingarfulltrúi, hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari var við að á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga þessara skal hann tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

49. gr.

Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði 39. gr.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laga þessara.

IX. KAFLI

Gjaldtaka og leyfisgjöld.

50. gr.

Byggingaröryggisgjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,07 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar.

Þeir sem innheimta byggingaröryggisgjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu byggingaröryggisgjalds í reglugerð.

51. gr.

Gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

52. gr.

Gjaldskrá Byggingarstofnunar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Byggingarstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vegna umsóknar og útgáfu evrópsks tæknisamþykkis. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

53. gr.

Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórnir og Byggingarstofnun ákveða í gjaldskrá sinni gjalddaga byggingarleyfisgjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 51. og 52. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

X. KAFLI

Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.

54. gr.

Rannsóknir á tjóni á mannvirkjum.

Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki eða tjónið er til þess fallið að skapa hættu skal Byggingarstofnun rannsaka tjónið og orsakir þess, framkvæmd byggingareftirlits og hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum hafi verið staðið. Um rannsóknir á tjóni vegna eldsvoða gilda ákvæði VII. kafla laga um brunavarnir. Skilgreina skal nánar í reglugerð hvaða tjón Byggingarstofnun skal rannsaka samkvæmt þessari grein.

Eigandi mannvirkis sem verður fyrir tjóni sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna það til Byggingarstofnunar svo fljótt sem unnt er. Hafi byggingarfulltrúi orðið þess áskynja að tjón hafi orðið á mannvirki sem fellur undir 1. mgr. skal hann tilkynna það Byggingarstofnun. Byggingarstofnun getur hafið rannsókn að eigin frumkvæði vanræki eigandi að tilkynna um tjónið. Byggingarstofnun skal senda viðkomandi byggingarfulltrúa niðurstöður rannsóknar tjóns eftir því sem við á.

Byggingarstofnun rannsakar vettvang þegar eftir að tjón hefur verið tilkynnt, eftir atvikum með aðstoð lögreglu ef um er að ræða slys sem sætir lögreglurannsókn samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Byggingarstofnun skal fá afrit af öllum rannsóknargögnum lögreglu að lokinni lögreglurannsókn, hafi hún farið fram. Byggingarstofnun kveður til sérfróða menn vegna rannsóknarinnar eftir því sem þörf krefur.

Vátryggingafélög skulu senda Byggingarstofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum.

55. gr.

Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.

Ef byggingarleyfisskyld framkvæmd skv. 9. gr. er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkis. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Byggingarstofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægt, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–2. mgr.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið á endurkröfu á eiganda mannvirkis á kostnaði sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

56. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef þær eru lagðar á af Byggingarstofnun.

Byggingarfulltrúi og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

57. gr.

Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Byggingarstofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Byggingarstofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Byggingarstofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

58. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

59. gr.

Úrskurðir.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

60. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra setur að tillögu Byggingarstofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, auk krafna um gróður og frágang lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem varðandi undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla, sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett, um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn er skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á

um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og mannvirkjahluta og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Einnig skulu vera ákvæði um hvaða hönnunargögnum skal skilað vegna virkjana og annarra sérhæfðra mannvirkja og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka.

3. Framkvæmd innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, samræmingaraðila, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi þessara aðila skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Framkvæmd námskeiðahalds og prófs fyrir hönnuði skv. 26. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja, framkvæmd námskeiðs, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 27.–31. gr.
6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfa faggiltra skoðunarstofa, sbr. 20. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofa, hæfi skoðunarmanna, sbr. 21. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.
7. Úttektarskyldu, framkvæmd áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skulu háð byggingarleyfi.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld o.þ.h. sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti í lengri tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði er varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.
10. Frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Nánari ákvæði um gagnasafn Byggingarstofnunar um mannvirki og mannvirkjagerð, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af gagnasafni Byggingarstofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um framkvæmd byggingareftirlits og verksvið byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 55.–57. gr.

61. gr.

Gagnasafn Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun skal starfrækja rafrænt gagnasafn fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt í samræmi við ákvæði laga þessara. Gagnasafnið skal vera innan eða samtengjanlegt gagna- og upplýsingakerfi Landskrá fasteigna. Byggingarfulltrúar og slökkvilið skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að þeim hluta gagnasafns Byggingarstofnunar sem varðar mannvirki og mannvirkjagerð í umdæmi þeirra.

62. gr.

Um yfirstjórn mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, og lögum nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á varnar- og öryggissvæðum. Gerður skal þjónustusamningur milli Byggingarstofnunar og utanríkisráðherra um framkvæmd byggingareftirlits stofnunarinnar samkvæmt þessari grein.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við utanríkisráðherra. Heimilt er í reglugerð að gera sérstakar kröfur til mannvirkja á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

63. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda.

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að ástæðulausu.

64. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Heimilt er fyrir gildistöku laga þessara að skipa forstjóra Byggingarstofnunar sem vinna skal að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra. Byggingarstofnun mun taka við lögformlegu hlutverki sínu við gildistöku laga þessara.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

65. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðsins „Brunamálastofnunar“ í 3. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.
2. Á eftir orðinu „byggingarnefndar“ í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, kemur: sé hún til staðar; og á eftir orðunum „samþykki hennar á skiptingunni“ í sömu málsliðum kemur: eða að öðrum kosti vottorð byggingarfulltrúa um samþykki sveitarstjórnar.

3. Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra:
   a. Í stað orðanna „byggingarlaga og byggingarreglugerðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim.
   b. Í stað orðsins „byggingarnefnda“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun:
   a. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: og; og orðin „og byggingarnefnd“ í lok sama málsliðar falla brott.
   b. Í stað orðanna „byggingarnefnd verður vör“ í 14. gr. laganna kemur: byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi verða vör; og í stað orðsins „hún“ í sömu grein kemur: viðkomandi nefnd eða byggingarfulltrúi.
5. 1. málsl. 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, orðast svo: Árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,26 prómillum af vátryggingarverðmæti.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. halda starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara fullum rétti sínum til starfa, sbr. þó 2. tölul.
2. Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2018 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr. Fyrir 1. janúar 2015 skulu Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Byggingarstofnun til 1. janúar 2018 gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liðar 1. mgr. 21. gr.
3. Þeir hönnuðir sem öðlast höfðu, með löggildingu umhverfisráðherra eða með öðrum hætti, rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar í gildistíð eldri laga halda þeim rétti sínum. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um hliðstæða löggildingu Byggingarstofnunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. laga þessara.
4. Iðnmeistarar sem fengið höfðu viðurkenningu byggingaryfirvalda eða löggildingu umhverfisráðherra í gildistíð eldri laga til að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar hver á sínu sviði halda þeim rétti. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Byggingarstofnunar skv. a-lið 1. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 28. gr. laga þessara.
5. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 25. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
6. Þeir aðilar sem sannanlega hafa tekið að sér byggingarstjórn mannvirkis í gildistíð eldri laga teljast uppfylla skilyrði 2.–3. mgr. 28. gr. og mega því annast byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. laga þessara. Til að starfa sem byggingarstjórar samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu þeir hafa viðeigandi gæðastjórnunarkerfi og afla sér starfsleyfis Byggingarstofnunar.
7. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. hafa hönnuðir, samræmingaraðilar, byggingarstjórar og iðnmeistarar frest til 1. janúar 2015 til að uppfylla ákvæði 24. gr., 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. um gæðastjórnunarkerfi.

8. Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar og/eða evrópsk tæknisamþykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 39. gr., ef hún hefur vottun eða umsögn um að hún uppfylli kröfur reglugerða sem settar eru á grundvelli laga þessara, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggingarstofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.
9. Starfsmenn Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar sem vinna að þeim verkefnum sem færast þann 1. janúar 2011 til Byggingarstofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Byggingarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
10. Krafa 1. mgr. 42. gr. um að tilnefndur aðili skuli hafa faggildingu tekur gildi 1. janúar 2016. Fram að þeim tíma skal tilnefndur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Byggingarstofnun viðurkennir og hefur eftirlit með.
11. Krafa 1. mgr. 17. gr. um að allt eftirlit skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka tekur gildi 1. janúar 2015.

Viðauki.

GRUNNKRÖFUR.

Byggingarvörur skulu henta til bygginga og mannvirkja og (bæði í heild og að hluta) koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og fullnægja í því samhengi eftirfarandi grunnkröfum ef verkin falla undir reglugerðir með slíkum kröfum. Kröfunum skal fullnægt þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald. Í kröfunum er yfirleitt miðað við fyrirsjáanleg áhrif.

1. BURÐARÞOL OG STÖÐUGLEIKI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:

a. að allt verkið eða hluti þess hrynji,
b. mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,
c. skemmda á öðrum hlutum verksins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
d. skemmda vegna ytri áhrifa þar sem skemmdirnar eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

2. VARNIR GEGN ELDSVOÐA.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að brjótist eldur út:

a. megi gera ráð fyrir að burðargeta verksins haldi tiltekinn tíma,
b. skuli glæðing og útbreiðsla elds og reyks takmörkuð inni í byggingunni,

c. skuli útbreiðsla elds til bygginga og mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
d. geti viðstaddir yfirgefið bygginguna eða bjargast eftir öðrum leiðum,
e. sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

3. HOLLUSTA, HEILSA OG UMHVERFI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hollustuháttum og heilsu íbúa og nábúa sé eigi stefnt í hættu, m.a. vegna:

a. eiturgasleka,
b. hættulegra agna eða lofttegunda í lofti,
c. hættulegrar geislunar,
d. mengunar eða eitrunar í vatni eða jarðvegi,
e. lélegrar fráveitu skólps, reyks og fasts eða fljótandi úrgangs,
f. rakamyndunar í hlutum bygginga og mannvirkja eða á yfirborði innan dyra.

4. ÖRYGGI VIÐ NOTKUN.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slysahætta við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái raflost eða hljóti meiðsli af völdum sprengingar.

5. HÁVAÐAVARNIR.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki hærri en svo að viðkomandi bíði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

6. ORKUSPARNAÐUR OG HITAEINANGRUN.

Hita-, kæli- og loftræsingarkerfi bygginga og mannvirkja skulu hönnuð og byggð á þann hátt að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst með tilliti til veðurfars á staðnum en án þess að til óþæginda sé fyrir íbúana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt um undirbúning og gerð frumvarpsins.

Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Ákveðið var við endurskoðunina að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt var ákveðið að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í fyrrgreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Í nefnd um endurskoðun byggingarlagaþáttarins áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu, formaður, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Smári Þorvaldsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Eyjólfur Bjarnason, tæknifræðingur, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Magnús Sædal, byggingarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Björn Karlsson, brunamálastjóri, tilnefndur af Brunamálastofnun.

Nefndinni var ætlað að hafa náið samráð við eftirtalda aðila við gerð frumvarpsins: Ólaf K. Guðmundsson, byggingarfulltrúa, tilnefndan af Félagi byggingarfulltrúa, Baldur Þór Baldursson, húsasmíðameistara, tilnefndan af Meistarafélagi húsasmiða, Sigmund Eyþórsson, slökkviliðsstjóra, tilnefndan af Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Stefán Thors, skipulagsstjóra, tilnefndan af Skipulagsstofnun, Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðing hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Hauk Ingibergsson, forstjóra, tilnefndan af Fasteignamati ríkisins, Kristján Sveinsson, verkfræðing, tilnefndan af Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Bragason, skrifstofustjóra, tilnefndan af félagsmálaráðuneyti og Guðmund Magnússon, tilnefndan af Öryrkjabandalagi Íslands.

Á árinu 2001 náðist samkomulag milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfisráðuneytis um að reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingarvörur, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti til þess að uppfylla skyldur sem Ísland tók á sig með samningum um Evrópska efnahagssvæðið, yrði færð yfir til umhverfisráðuneytisins og undir skipulags- og byggingarlög. Ráðuneytin ákváðu í framhaldinu að tekið yrði á málinu við endurskoðun laganna og er hér lagt til að reglugerðin færist undir ný lög og verði viðfangsefni nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar. Enn fremur varð að samkomulagi við félagsmálaráðuneytið að aðgengismál yrðu sérstakt verkefni nýrra byggingarlaga.

Á starfstíma nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að ástæða væri til þess að ný byggingarlög fjölluðu um öll mál er vörðuðu öryggi bygginga. Endurskoðunarnefndin kynnti sérstaklega fyrir umhverfisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þau áform að leggja til að rafmagnsöryggismál í byggingum ættu að falla undir lög um byggingarmál en þau voru vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og féllu undir starfsemi Neytendastofu, áður Löggildingarstofu. Með lögum nr. 29/2009 frá 1. apríl 2009, sem breyttu m.a. lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, var yfirstjórn rafmagnsöryggismála hins vegar færð til umhverfisráðherra og yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum fært til Brunamálastofnunar. Fer Neytendastofa þó áfram með markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum. Var það mat nefndarinnar sem endurskoðaði byggingarlagaþáttinn að nauðsynlegt væri að rafmagnseftirlit yrði sameinað undir einu ráðuneyti og einni stofnun í því skyni að tryggja skilvirkni og koma í veg fyrir að byggingariðnaðurinn sætti tvöföldu eftirliti.

Nefndin benti enn fremur á að nauðsynlegt væri í mannvirkjakafla byggingarlaga að fleiri mannvirki yrðu sett undir byggingarleyfisskyldu en nú er. Skv. 36. gr. gildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna yfir hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan og eru síðan talin upp mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Þó þarf byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum sem reistar eru í tengslum við þessar framkvæmdir, þ.e. byggingar sem ekki eru varanlegar, svo sem starfsmannahús og starfsmannabúðir á hálendinu í tengslum við

virkjunarframkvæmdir, eru undanþegnar kröfu um byggingarleyfi og þar með undanþegnar eftirliti byggingarfulltrúa. Nefndin telur nauðsynlegt að færa fleiri framkvæmdir undir byggingarleyfisskyldu, ekki síst þar sem þessar framkvæmdir eru í æ ríkari mæli unnar af öðrum en opinberum aðilum, en það var meginástæða þess að þær voru undanskildar byggingarleyfisskyldu á sínum tíma.

Endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins hefur því í störfum sínum, auk þeirra atriða sem henni var sérstaklega falið að fjalla um í skipunarbréfi, fjallað um aðgengismál, rafmagnsöryggismál, auk útvíkkunar mannvirkjakafla gildandi laga og gerir tillögur um að þessir þættir falli undir ný byggingarlög og starfsemi Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa eftir því hvert umfang framkvæmdanna er.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar eiga að vera í skipulagslögum og hins vegar í byggingarlögum og sendi hugmyndir sínar til nefndar sem sérstaklega var falið að endurskoða skipulagsþátt laganna, sbr. það sem segir hér á undan. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd byggingarlaga sé tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefndin taldi nauðsynlegt að þannig yrði frá nýjum byggingarlögum gengið að um væri að ræða heildarlöggjöf sem tæki til sem flestra öryggisþátta bygginga þannig að ákvæði þar að lútandi væri að finna í einum lögum, undir einu ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, og einni stofnun, Byggingarstofnun, og byggingarfulltrúum sveitarfélaganna. Eftirlit með einstökum þáttum á að vera hægt að fela faggiltum aðilum og skoðunarstofum jafnt opinberum sem og á almennum markaði en ábyrgðin á eftirlitinu yrði eigi að síður í höndum byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar eftir atvikum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlaga lauk störfum í mars 2006 eftir að hafa fengið athugasemdir þeirra aðila sem henni var falið að ráðfæra sig við auk nokkurra annarra aðila og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar formi frumvarps til laga um mannvirki ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið og við einstaka greinar ásamt fylgiskjölum.

Endurskoðunarnefnd skipulagslaga skilaði um svipað leyti tillögum sínum til umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu hagsmuni margra þau varða rétt að senda þau til víðtækrar umsagnar og voru þau í því skyni þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt kynnti ráðuneytið frumvörpin í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni og var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna þeirra.

Sigurður Helgason hjá Stjórnháttum ehf. vann fyrir umhverfisráðuneytið sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Niðurstaða matsins var að miklar líkur væru á að ábati þjóðfélagsins af tillögunni verði meiri en kostnaðurinn. Frumvarpið var að auki sent til umsagnar nefndar um opinberar eftirlitsreglur sem gaf jákvæða umsögn um efni þess.

Frumvörpin voru lögð fyrir Alþingi á 133. og 135. löggjafarþingi.

2. Saga löggjafar um byggingarmálefni á Íslandi.

Fyrstu heildarlög um byggingarmálefni sem náðu til landsins alls tóku gildi 1. janúar 1979, sbr. byggingarlög, nr. 54/1978. Fram að þeim tíma höfðu gilt mismunandi reglur í þéttbýli og dreifbýli, bæði að því er varðaði stjórn og meðferð byggingarmála og einnig þær kröfur sem gerðar voru til bygginga. Um byggingarmálefni í þéttbýli giltu ákvæði laga nr.

19/1905, um byggingarsamþykktir fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála voru í byggingarsamþykktum ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Árið 1967 gaf félagsmálaráðuneytið, sem þá fór með yfirstjórn málaflokksins, út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og settu fjölmörg sveitarfélög sér byggingarsamþykktir að þeirri fyrirmynd. Um byggingarmálefni í dreifbýli giltu hins vegar, fyrir setningu laga nr. 54/1978, lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Samkvæmt þeim lögum skyldu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu og gerðu flestar sýslunefndir það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna voru hins vegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála en ákvæði um tæknileg atriði skorti.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra byggingarlaga sem tóku gildi í ársbyrjun 1979 kemur fram að bein lagaákvæði um byggingarmálefni séu orðin gömul og að mörgu leyti úrelt auk þess sem æskilegt sé að sömu lög gildi fyrir landið allt. Sum ákvæði laga nr. 54/1978 áttu sér fyrirmyndir í hinum staðbundnu byggingarsamþykktum en í öðrum tilvikum var um nýmæli að ræða. Í lögunum var í fyrsta sinn kveðið á um setningu byggingarreglugerðar fyrir landið allt þar sem sett yrðu ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála, hliðstæð þeim sem áður var að finna í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Í lögunum voru einnig ákvæði um stjórn byggingarmála, um starfsemi byggingarnefnda og byggingarfulltrúa, kröfur um menntun, reynslu og landslöggildingu þeirra sem gera máttu uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðal- og séruppdrætti. Þeir hönnuðir sem fengið höfðu staðbundna viðurkenningu samkvæmt staðbundnum byggingarsamþykktum til að leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd héldu þeim rétti.

Í lögum nr. 54/1978 voru enn fremur ný ákvæði um byggingarstjóra en samkvæmt eldri byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veittu byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þurfti tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Í dreifbýli gátu byggingarnefndir veitt einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múrarameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum og var sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu samkvæmt því sem segir í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 54/1978. Af ummælum í greinargerðinni má ráða að uppruna byggingarstjóraákvæðanna megi rekja til framangreindra ákvæða um ábyrgð iðnmeistara og að einn eða tveir slíkir bæru ábyrgð á hverju verki. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til byggingarlaga segir að ólíkar hugmyndir hafi verið uppi um það hvað fælist í hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frumvarpinu. Taldi nefndin að staða byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra væri ekki réttindastaða sem menn fengju í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur næði viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi væri veitt fyrir. Segja má að þetta fyrirkomulag hafi haldist allar götur síðan. Í meðförum þingsins árið 1978 breyttust ákvæðin um byggingarstjórana þannig að einungis var um heimild að ræða en ekki skyldu til að ráða byggingarstjóra að verki. Hins vegar þurftu viðkomandi iðnmeistarar, í fyrstu aðeins húsasmíðameistarar og múrarameistarar, en síðar einnig aðrir iðnmeistarar, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi var gefið út. Í framkvæmd var byggingarstjóraheimildin lítið notuð.

Á 121. löggjafarþingi 1996 var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga sem unnið var í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenska sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Byggðist frumvarpið á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991, 115. löggjafarþingi 1991–1992 og 118. löggjafarþingi 1994–1995 og náðu ekki fram að ganga. Sveitarfélögin í landinu kölluðu sérstaklega eftir endurskoðun laganna m.a. með það fyrir augum að einfalda meðferð mála á þessu sviði þannig að þau væru á ábyrgð sveitarfélaganna í ríkari mæli en verið hafði og þá aðallega hvað varðaði skipulagshlutann. Ákveðið var að sameina skipulags- og byggingarlög í einum lagabálki til hagræðis. Við heildarendurskoðun laganna og setningu sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var þó fyrst og fremst tekið á skipulagsþættinum. Ákvæði laganna um mannvirkjagerð og stjórnsýslu byggingarmála byggðust að mestu leyti á ákvæðum byggingarlaganna frá 1978 þó að gerðar væru lítils háttar breytingar og lagagrunnur stjórnsýslunnar styrktur í nokkrum tilvikum. Sett var á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem var nýmæli. Önnur nýmæli laganna frá árinu 1998 voru að sett var að skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skyldi vera einn ábyrgur aðili, byggingarstjóri, en eins og áður segir var samkvæmt eldri lögum aðeins um heimild að ræða. Kröfur laganna um hönnunargögn og löggildingu hönnuða voru styrkt og ný ákvæði sett um sérstaka samræmingar- og prófhönnuði. Ábyrgðartrygging hönnuða og byggingarstjóra var enn fremur gerð að skyldu.

Við umfjöllun umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga bættist við heimild til handa sveitarstjórn til að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þessi heimild hefur að vissu marki verið nýtt við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík með ágætum árangri. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er haldið áfram á þessari braut og leitast við að leggja enn betri grunn að notkun faggiltra skoðunarstofa við framkvæmd byggingareftirlits.

Frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum en breytingar á byggingarþætti laganna hafa þó verið smávægilegar. Ný byggingarreglugerð tók gildi þann 9. júlí 1998.

3. Reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, hvað varðar byggingarþáttinn hefur gengið nokkuð vel en þó eru þar hnökrar sem m.a. byggjast á því að eftirlitið sem rekið er á vegum sveitarfélaganna í um 60 byggingareftirlitsumdæmum hefur ekki verið nægjanlega samræmt og oft með misjöfnum hætti. Helgast það m.a. af því að byggingareftirlitið getur ekki sótt ráðgjöf eða leiðbeiningar til sérstakrar stofnunar þar sem engin byggingarstofnun starfar hér á landi en hennar hlutverk ætti fyrst og fremst að vera að gæta samræmis og hafa yfirumsjón með því að framkvæmdin sé sú sama í landinu öllu. Mannvirkjagerð er stór atvinnugrein á Íslandi sem veltir milljörðum króna á ári hverju og þar ríkir mikil samkeppni. Því er afar mikilvægt að þar sitji allir við sama borð og eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt. Með því að leggja til að sett verði á fót ný og öflug Byggingarstofnun, sem reka mun rafrænt gagnasafn með skoðunarhandbókum, leiðbeiningum og upplýsingum um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu, er vonast til að þessi samræming náist.

Mannvirkjagerð er flókið tæknilegt svið sem er í stöðugri þróun. Mannvirki og búnaður þeirra verða sífellt flóknari og þarfnast sérhæfðra kunnáttumanna á mörgum sviðum. Að gerð eins mannvirkis koma margir slíkir aðilar sem þurfa að samræma vinnu sína og á sama tíma gæta þess að allt fari að settum reglum. Undanfarin missiri hafa einkennst af spennu á bygg-

ingarmarkaði og sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið byggt á eins stuttum tíma. Heyrst hafa raddir um fleiri galla í mannvirkjum m.a. vegna aukins hraða við byggingarframkvæmdir þó að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir sem staðfesta það. Allt þetta kallar á að settar séu skýrar reglur til að tryggja öryggi og heilnæmi mannvirkja, að gerðar séu kröfur um hæfni og öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma og síðast en ekki síst að markvisst og faglegt byggingareftirlit fari fram. Á sama tíma þarf jafnframt að gæta þess að eftirlitið sé einfalt og ekki kostnaðarsamara eða flóknara en þörf krefur og að nýtt séu þau tæki sem tiltæk eru í nútímasamfélagi. Þó að í gildandi lögum hafi verið leitast við að tryggja framangreint þá kalla breyttir tímar á ýmsar breytingar í lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Við endurskoðun byggingarþáttar skipulags- og byggingarlaga hefur verið leitast við að mæta framangreindum þörfum m.a. með því að setja ákvæði sem heimilar sveitarfélögunum með samþykkt að starfrækja byggingarnefnd, í stað þess að gera þeim það skylt, og veita byggingarfulltrúa almennt umboð til að gefa út byggingarleyfi fyrir tilteknum mannvirkjum, auk þess sem strangar kröfur eru gerðar til faglegrar hæfni byggingarfulltrúa. Annað sem lagt er til og nefnt er hér að framan er að allt eftirlit fari fram í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem verða hluti af rafrænu gagnasafni Byggingarstofnunar. Það eitt og sér ætti að einfalda allt eftirlit, gera það samræmt, markvisst og fyrirsjáanlegt. Það ýtir einnig undir að byggingareftirlit verði í auknum mæli falið faggiltum skoðunarstofum. Að lokum er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Slíkt gæðastjórnunarkerfi ættu aðilar að geta nýtt sér sem hluta af því gæðastjórnunarkerfi sem framkvæmdaraðilar eru í auknum mæli farnir að hafa m.a. til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Samkvæmt gildandi lögum eru gerðar kröfur til menntunar og reynslu byggingarfulltrúa sem og hönnuða, meistara og byggingarstjóra sem allir eru í lykilhlutverki í tengslum við byggingarframkvæmdir. Almennt má segja að ákvæðin um hönnuði hafi virkað vel í framkvæmd fyrir utan það að heimild til að láta löggilta prófhönnuði yfirfara vandasama hönnun hefur ekki verið nýtt og er því í frumvarpi þessu lagt til að þau ákvæði verði felld niður. Hvað varðar ákvæði um byggingarstjóra þá hafa þau ekki alltaf virkað sem skyldi þó að almennt hafi þeirri skyldu verið fylgt eftir að einn byggingarstjóri stýri hverju byggingarleyfisskyldu verki. Bæði hefur hlutverk þeirra að nokkru leyti verið óljóst og deilt hefur verið um umfang ábyrgðar þeirra, en í lögunum segir að þeir beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hefur m.a. verið deilt um stöðu byggingarstjóra gagnvart iðnmeisturum, þ.e. hvort og þá að hvaða marki byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í framkvæmd hefur byggingarstjórn oftar en ekki verið eins konar aukastarf eins af iðnmeisturum verksins. Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og byggingaryfirvöld. Í frumvarpinu er gengið út frá því að byggingarstjórar starfi sem slíkir í aðalstarfi, a.m.k. þegar um er að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð. Þótt gert sé ráð fyrir að iðnmeistarar starfi samkvæmt gildandi lögum og að þeir þurfi löggildingu umhverfisráðherra sem slíkir kemur hvergi fram um hvaða iðnmeistara er að ræða heldur er það útlistað frekar í reglugerð. Eðlilegast er að tekið verði á þessum málum í lögum og er gerð tillaga um það í frumvarpi til nýrra laga um mannvirki.

Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er sérstaklega tekið á þvingunarúrræðum og viðurlögum og má segja að þau hafi reynst nokkuð vel sem úrræði til þess að knýja á um

framkvæmd þar sem lögum og reglum hefur ekki verið fylgt en misjafnt er hvernig sveitarfélögin hafa nýtt sér þessar heimildir. Þó hefur skort skýr ákvæði um heimildir eftirlitsaðila til að stöðva framkvæmdir og fyrirskipa lokun mannvirkis og er hér lagt til að slíkar heimildir verði lögfestar.

Eitt vandamál tengt framkvæmd núgildandi skipulags- og byggingarlaga varðar svokallaðar stöðu- og lokaúttektir, sem sérstaklega er fjallað um í byggingarreglugerð. Stöðuúttekt er úttekt áður en mannvirki er tekið í notkun og lokaúttekt á að fela í sér úttekt á því að viðkomandi hús sé fullbúið en þessar úttektir fara mjög sjaldan fram í raun. Sérstaklega er tekið á þessum þáttum í frumvarpinu þar sem lagt er til að óheimilt verði að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd svokallaðrar öryggisúttektar þar sem farið er yfir öryggisþætti og hollustuhætti bygginga. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um lokaúttektir og m.a. gert ráð fyrir að heimilt sé að gefa út lokaúttektarvottorð með athugasemdum ef mannvirki er ekki fullbúið að öllu leyti en það þarf þó ávallt að uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur og kröfur um aðgengi.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

a. Byggingarstofnun og hlutverk hennar.

Gert er ráð fyrir að nýrri stofnun, Byggingarstofnun, verði komið á fót og að hún taki til starfa við gildistöku laganna 1. janúar 2011. Á sama tíma verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er lagt til að reglugerð um viðskipti með byggingarvörur færist frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirrar reglugerðar verði í höndum Byggingarstofnunar. Þá mun Byggingarstofnun annast aðgengismál.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með mannvirkjagerð á hafi utan sveitarfélagamarka og á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr. frumvarpsins, sinni markaðseftirliti með byggingarvörum og stuðli að samræmdu byggingareftirliti um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra og gefi út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði. Stofnunin skal einnig taka þátt í gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði byggingarmála.

b. Byggingareftirlit byggingarfulltrúa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði valkvæðar þar sem sveitarstjórnum verður heimilt að kveða á um starfrækslu slíkrar nefndar í sérstakri samþykkt. Þá koma sveitarstjórnir að meginreglu til ekki að stjórnsýslu byggingarmála með beinum hætti. Hlutverk sveitarfélaganna verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits. Í eðli sínu eru byggingarmál tæknileg mál og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðiþekkingu á því sviði. Í gildandi lögum hefur verið heimild fyrir sveitarfélög til að einfalda feril byggingarleyfisumsókna og fela byggingarfulltrúa afgreiðslu minni háttar mála. Hafa mörg af stærri sveitarfélögunum nýtt sér þessa heimild og fram hefur komið vilji af þeirra hálfu til að ganga jafnvel enn lengra og fela byggingarfulltrúunum endanlega af-

greiðslu stærri mála. Í framkvæmd hefur öll fagleg framkvæmd málaflokksins verið í þeirra höndum. Í frumvarpinu er þó lagt til að sveitarstjórnir geti takmarkað heimildir byggingarfulltrúa til útgáfu byggingarleyfa með sérstakri samþykkt þannig að útgáfan verði í einhverjum tilvikum eða öllum háð samþykki sérstakrar byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar.

c. Faggiltar skoðunarstofur og faggilding byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.

Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta, framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem þá þurfa að hafa fengið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum. Henni verður annaðhvort heimilt að fela það faggiltum skoðunarstofum eða að annast það sjálf og þarf þá að afla sér faggildingar. Í frumvarpinu eru tiltekin þau hæfnisskilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast faggildingu og er gert ráð fyrir að þau séu misströng eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar.

d. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Samkvæmt 36. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna til hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Síðan eru taldar upp framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa en þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

Eins og áður hefur komið fram taldi endurskoðunarnefnd byggingarlaga þörf á að tiltekin mannvirki sem nú eru undanþegin byggingarleyfi verði látin sæta byggingareftirliti eins og önnur mannvirkjagerð. Að hennar mati er engin ástæða til að láta stórframkvæmdir vera undanþegnar slíku eftirliti á meðan allar minni háttar framkvæmdir þurfa að lúta því. Sömu öryggissjónarmið og jafnvel meiri hljóta að gilda um þá mannvirkjagerð. Rökin fyrir undanþágunni á sínum tíma fólust í því að um framkvæmdir af hálfu opinberra aðila væri að ræða en í mörgum tilvikum er það ekki reyndin lengur, t.d. eftir nýlega breytingu á raforkulögum þar sem rekstrarumhverfi orkumannvirkja var breytt. Að þessu sinni er þó ákveðið að fella ekki niður nema hluta af þeim undanþágum sem verið hafa í gildi. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi mannvirki verði háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta, sem og breytingar á slíkum mannvirkjum, verði áfram undanþegin byggingarleyfi.

e. Byggingarlög og skipulagslög aðskilin.

Þar sem ákveðið hefur verið að aðskilja byggingar- og skipulagsþátt skipulags- og byggingarlaga er nauðsynlegt að settar verði sem skýrastar línur um mörk þessara laga. Gert er

ráð fyrir að í lögum um mannvirki verði ákvæði er varða tæknilega gerð mannvirkja, sérstaklega varðandi öryggi, heilnæmi og aðgengi. Ákvæði er varða staðsetningu mannvirkja tilheyri hins vegar skipulagslögum. Verða breytingar er varða útlit og form mannvirkja þó háð byggingarleyfi, sem gerir stjórnsýslu slíkra mála skýrari, hins vegar ber að leita eftir samþykki skipulagsnefndar áður en slíkt byggingarleyfi er veitt, nema um óverulegar breytingar sé að ræða.

f. Ábyrgð aðila skýrð.

Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara betur en gert er í gildandi lögum. Tekið er fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði til sín fagaðila sem sjái um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjái um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórnun framkvæmda.

Eins og áður er komið fram er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Á þetta bæði við um hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Gert er ráð fyrir því að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerðinni koma. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvert sé hans hlutverk en um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hingað til eins og áður segir. Í ljósi þess að byggingarstjóra ber að framkvæma innra eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkisins fari að settum reglum þá er lagt til að byggingarstjóri geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verksins. Er þetta breyting frá því sem nú er og er hún talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að mönnum sé ætlað að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eina undantekningin frá þessu er ef um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota eiganda. Þá getur eigandi óskað eftir að einn af iðnmeisturum eða hönnuðum verksins taki að sér byggingarstjórn þess. Er þessi undanþága heimiluð þar sem ella væri hætta á að byggingarkostnaður smáframkvæmda mundi aukast og umfang slíkra verka er ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að sérstakur aðili annist innra eftirlit. Er það þá undir viðkomandi eiganda komið hvort hann vill leggja í þann kostnað að láta sérstakan aðila annast byggingarstjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingarskylda byggingarstjóra og hönnuða verði óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum og verði því áfram lögbundin.

g. Viðskipti með byggingarvörur.

Í VIII. kafla er að finna ákvæði tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur sem sett var viðskiptaráðuneytinu. Um er að ræða reglur sem Ísland er skuldbundið til að hafa í sinni löggjöf og eru þær teknar efnislega óbreyttar úr tilskipuninni. Byggingarstofnun er eins og áður segir ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði. Reglurnar eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem undirbúningur innan Evrópusambandsins vegna staðlagerðar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvöru verði for-

senda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerðir.

h. Byggingaröryggisgjald.

Lagt er til að gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, muni fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,07. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin.

i. Úrskurðir um ágreining.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ágreiningur um framkvæmd laganna verði í höndum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og verið hefur. Þó er lögð til sú breyting að komi upp ágreiningur um framkvæmd eftirlits á grundvelli skoðunarhandbókar, þ.e. ágreiningur um tæknileg atriði, gefi Byggingarstofnun út álit sem séu bindandi fyrir alla aðila máls. Enn fremur er lagt til að Byggingarstofnun geti að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er ekki ætlað að endurskoða bindandi álit Byggingarstofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um heiti laganna og I. kafla frumvarpsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra mannvirkja en ekki bara bygginga er lagt til að ný lög verði nefnd lög um mannvirki. Heitið verður þannig lýsandi fyrir vítt gildissvið laganna. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um markmið, gildissvið og helstu hugtök skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna, skýringu þeirra og ekki síst við setningu reglugerða á grundvelli þeirra. Í a-lið er fjallað um þann grundvallartilgang löggjafar um mannvirkjagerð að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Eins og orðalagið ber með sér nær sá tilgangur að vernda líf og heilsu til allra þjóðfélagsþegna og eru t.d. hagsmunir barna ríkir við byggingu ýmissa opinberra bygginga eins og leikskóla og grunnskóla. Má í því sambandi nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem undirritaður var 26. janúar 1990 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992. Síðan er í b-lið fjallað um að tilgangur frumvarpsins sé enn fremur að stuðla að endingu og

hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum. Hagkvæmni mannvirkja ræðst m.a. af líftímakostnaði þeirra þar sem tekið er tillit til stofn- og rekstrarkostnaðar miðað við ákveðinn líftíma og notkun. Með tilliti til mannvirkjagerðar eru íslenskar aðstæður óvenjulegar, stormar eru hér tíðari og öflugri en annars staðar og líkur á jarðskjálftum óvíða meiri. Veðurálag, svo sem slagveður, skafrenningur og hitasveiflur, skiptir miklu varðandi útfærslur mannvirkja, t.d. þéttleika og þol gagnvart veðrun og þar með líftímakostnað og jarðskjálftahættan hefur mikil áhrif á burðarvirki og frágang mannvirkja og þar með stofnkostnað þeirra.

Í c-lið segir að það sé eitt af markmiðum frumvarpsins að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja þeirra. Mikilvægt er að hönnuðir og framkvæmdaraðilar gæti þess í framleiðslu og rekstri mannvirkja að þau valdi lágmarksálagi á umhverfi og leitast sé við að draga eftir föngum úr orku- og efnisnotkun, t.d. með endurnýtingu byggingarefna, notkun vistvænna byggingarefna og gagnrýnu mati á líftímakostnaði mannvirkja. Þessu tengt er sérstaklega tiltekið í f-lið það markmið laganna að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga. Í d-lið er sett fram það mikilvæga markmið frumvarpsins að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði. Að lokum er tekið í e-lið upp það mikilvæga markmið að stuðlað sé að aðgengi fyrir alla. Á það ekki síst við um setningu ákvæða reglugerðar þar sem settar eru kröfur um gerð og frágang mannvirkja og mögulegt að setja þar kröfur um útbúnað og frágang mannvirkja í því skyni að allir hafi aðgang. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss. Í þessu sambandi má m.a. nefna að 30. mars 2007 undirritaði Ísland samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem og valfrjálsa bókun við samninginn. Í samningnum er sérstaklega kveðið á um aðgengi.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Tekið er fram að það gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Hugtakið mannvirki er síðan skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að frumvarpið tekur ekki eingöngu til mannvirkjagerðar á landi heldur innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Með stjórnsýslu byggingarmála utan sveitarfélagamarka, þ.e. utan netlaga á hafi, þar sem sveitarfélagamörkin hafa verið talin liggja, fer Byggingarstofnun, sbr. 3. mgr. 9. gr. Þó að lítið hafi enn sem komið er verið um mannvirkjagerð á hafi úti er nauðsynlegt að tryggja að enginn vafi leiki á því að lögin nái einnig til slíkra mannvirkja á sama hátt og á landi. Til nánari skýringa er tekið fram að frumvarpið gildi um alla þætti mannvirkja svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi. Einnig að frumvarpið gildi um, fjarskiptabúnað, eldvarnir og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Undir frumvarpið fellur enn fremur gróður á lóðum, frágangur lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gámar og leik- og íþróttasvæði, en nákvæm ákvæði um þessa þætti eru sett í gildandi byggingarreglugerð og er oft kveðið á um útfærslu þeirra og gerð í tengslum við veitingu byggingarleyfis mannvirkja.

Að lokum eru í 2. mgr. talin upp mannvirki sem ekki falla undir lögin, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind helstu hugtök frumvarpsins. Þar sem í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum er nauðsynlegt að skýra mun fleiri hugtök nú en þar er gert. Flest hugtakanna eiga uppruna sinn í eldri löggjöf, bæði skipulags- og byggingarlögum, lögum um brunavarnir, lögum um faggildingu, byggingarreglugerð og reglugerð um viðskipti með byggingarvörur. Byggingarvara er skilgreind sem vara sem framleidd er með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar byggingarframkvæmdum. Skilgreiningin er höfð rúm og opin eins og gert er í tilskipun um viðskipti með byggingarvörur og er það fyrirhuguð notkun hennar til mannvirkjagerðar sem ræður því hvort um byggingarvöru er að ræða. Allt hefðbundið byggingarefni telst til byggingarvara, en einnig raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús. Skilgreiningin á grundvallarhugtakinu mannvirki verður áfram nokkuð opin enda nánast ógjörningur að telja með tæmandi hætti upp þær framkvæmdir sem mönnum kann að detta í hug að ráðast í. Í dæmaskyni eru taldar upp nokkrar tegundir mannvirkja en alls ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sérstaklega er tekið fram að til mannvirkja teljist einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Nauðsynlegt er að framangreind mannvirki séu háð byggingareftirliti ef þeim er ætlað að vera bústaður eða vinnustaður manna til lengri tíma, m.a. til að unnt sé að tryggja öryggi þeirra sem þar dvelja. Hingað til hafa mannvirki af þessu tagi ekki verið háð byggingarleyfi eða byggingareftirliti og því verið óljóst hvaða kröfur ætti að gera um t.d. eldvarnir og hollustuhætti og síðan hver ætti að hafa eftirlit með slíku. Sem dæmi má nefna umfangsmiklar starfsmannabúðir vegna virkjanaframkvæmda á hálendinu sem ekki hafa verið háðar neinu byggingareftirliti þrátt fyrir að þar hafi dvalið þúsundir starfsmanna um nokkurra ára skeið. Erlendis hafa verið sambærileg vandamál tengd svokölluðum hjólhýsabyggðum og því er það sett hér inn. Fjögurra mánaða markið er sett í því skyni að undanskilja svo ekki verði um villst hefðbundna notkun hjólhýsa vegna sumarleyfa eða starfsmannabúðir sem einungis eru settar upp til styttri tíma. Slíkar búðir eru eftir sem áður háðar reglum framangreindrar hollustuháttareglugerðar. Í 2. gr. frumvarpsins er til nánari fyllingar mannvirkjahugtakinu að finna upptalningu á ýmsum þáttum mannvirkja sem þá eru hluti þeirra, svo sem burðarvirki, lagnir og fjarskiptabúnaður. Í 3. málsl. mannvirkjaskilgreiningarinnar er tekið fram að mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljist einnig til mannvirkja. Sem dæmi um þetta eru fiskeldiskvíar, olíuborpallar, olíuleiðslur og aðrar neðansjávarlagnir.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að yfirstjórn mannvirkjamála sé í höndum umhverfisráðherra og Byggingarstofnun sé honum til aðstoðar. Skv. 2. mgr. ber sveitarstjórn ábyrgð á framkvæmd byggingareftirlits byggingarfulltrúa. Hlutverk byggingarfulltrúa er að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með byggingarframkvæmdum nema um sé að ræða mannvirki sem fellur undir eftirlit Byggingarstofnunar. Hvað varðar byggingareftirlit sveitarfélaganna þá er um nokkrar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Lögð er til sú grundvallarbreyting að sveitarstjórn staðfesti að meginreglu til ekki lengur ákvarðanir byggingarfulltrúa, auk þess sem lagt

er til að tilvist byggingarnefnda verði háð gerð sérstakrar samþykktar viðkomandi sveitarstjórnar. Verður sveitarstjórnum þó heimilt að skilyrða að nokkru eða öllu leyti heimildir byggingarfulltrúa til útgáfu byggingarleyfis í slíkri samþykkt, þannig að hún verði háð samþykki byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar. Í nokkrum af stærri sveitarfélögum landsins, svo sem Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, hafa heimildir gildandi laga til setningar sérstakra samþykkta um endanlega afgreiðslu byggingarfulltrúa á byggingarleyfisumsóknum verið nýttar. Heimildin hefur hins vegar samkvæmt lögunum verið bundin við minni háttar mannvirkjagerð en vilji sveitarfélaga hefur staðið til þess að færa hana frekar út. Helgast þetta m.a. af þeirri staðreynd að afgreiðslur byggingarfulltrúa eru að stórum hluta til tæknilegs eðlis og forsendur pólitískt kjörinna nefnda og sveitarstjórna til að taka slíkar ákvarðanir takmarkaðar. Því er hér lagt til að meginreglan verði sú að faglega hæfum byggingarfulltrúum verði falin útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Á þetta að verða til mikillar einföldunar á ferli byggingarleyfisumsókna. Á hinn bóginn er þá enn fremur nauðsynlegt að gera skýr skil milli ákvarðana sem í eðli sínu eru ekki tæknilegs eðlis og fela í sér ákvarðanir um fyrirkomulag byggðar, útlit og staðsetningu. Slíkar ákvarðanir er eðlilegt að kjörnir fulltrúar taki og þá á grundvelli skipulagslaga. Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga er ferill þeirrar ákvarðanatöku markaður og skal byggingarfulltrúi taka fullt tillit til ákvarðana sem teknar eru á grundvelli skipulagslaga áður en hann gefur út byggingarleyfi. Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og þá ábyrgð sem lögð er á sveitarstjórn samkvæmt greininni getur sveitarstjórn falið tilteknum aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, svo sem nefnd eða ráði sem sveitarstjórn skipar, að fylgjast með starfsemi byggingarfulltrúa og hafa yfirsýn um að afgreiðslur þeirra séu samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Önnur meginbreyting á stjórnsýslu byggingarmála er tilkoma Byggingarstofnunar. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, þ.e. mannvirkjagerð sem í flestum tilvikum hefur hingað til ekki verið háð byggingareftirliti, og beri jafnframt ábyrgð á samræmingu byggingareftirlits um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna.

Um 5. gr.

Hér er ítarlega lýst hlutverki hinnar nýju Byggingarstofnunar sem lagt er til að komið verði á fót og taki m.a. við hlutverki Brunamálastofnunar og þeim hluta Skipulagsstofnunar sem farið hefur með byggingarmál. Stofnunin skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki og laga um brunavarnir sem lagt er til að standi áfram sjálfstæð og að mestu óbreytt.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun annist gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka í því skyni að samræma byggingareftirlitið og ýta undir notkun faggiltra skoðunarstofa. Mikið verk er fyrir höndum í upphafi við gerð og undirbúning slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt til baka síðar með skilvirkara og samræmdara eftirliti. Rafrænt gagnasafn stofnunarinnar þar sem m.a. skoðunarhandbækur, gátlistar og niðurstöður skoðana eru vistaðar, er lykillinn að möguleikum stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tengja gagnasafn Byggingarstofnunar Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum. Leiðbeiningar, verklagsreglur

og skoðunarhandbækur eru verkfæri allra fagaðila á sviði byggingariðnaðar svo sem hönnuða, byggingarstjóra, iðnmeistara og eftirlitsaðila við framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að þar verði m.a. ákvæði um eftirlitsaðferðir, tæknilegt eftirlit, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Aðgengismál er einn af þeim málaflokkum sem gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun muni sinna en um er að ræða afar mikilvægan málaflokk sem Öryrkjabandalag Íslands og fleiri aðilar hafa lagt þunga áherslu á að yrði sinnt með viðunandi hætti.

Lagt er til að löggildingar hönnuða, iðnmeistara og slökkviliðsmanna verði færðar frá umhverfisráðuneytinu til Byggingarstofnunar auk þess sem gert er ráð fyrir að útgáfa starfsleyfis til handa byggingarstjórum og faggiltum skoðunarstofum verði einnig í höndum stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist kynningar- og fræðslustarf bæði fyrir almenning og hagsmunaaðila, þ.m.t. byggingarfulltrúa og aðra þá sem sinna framkvæmd byggingareftirlits. Stofnunin skal standa fyrir námskeiðum og prófum til réttinda fyrir hönnuði, sem hingað til hefur verið í höndum sérstakrar prófnefndar, auk þess að standa fyrir námskeiðum fyrir byggingarstjóra. Enn fremur skal stofnunin starfrækja Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn. Hvað varðar framangreinda þætti þá er ekki nauðsynlegt að stofnunin sinni þessum verkefnum sjálf heldur getur hún falið menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans, sbr. lög um brunavarnir.

Í 12. tölul. 5. gr. segir að Byggingarstofnun skuli bæði annast og stuðla að rannsóknum á sviði byggingarmála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila, en svipað ákvæði er í gildandi lögum um brunavarnir. Ekki er ætlunin að Byggingarstofnun annist sjálf umfangsmiklar rannsóknir, enda sinna háskólar, einkareknar rannsóknastofur og opinberir aðilar slíkum rannsóknum að mestu leyti. Hins vegar verður Byggingarstofnun að hafa yfirsýn yfir mannvirkjagerð þannig að misfellur og vandamál í málaflokknum upplýsist. Vinna þarf úr upplýsingum frá byggingarfulltrúum og öðrum aðilum jafnóðum, stuðla að skýrslugerð og áætla rannsóknarþörfina, einkum vegna sérískenskra aðstæðna. Þessar niðurstöður þarf að birta stjórnvöldum og öðrum sem málið varðar, t.d. sem tölfræðilegar rannsóknarniðurstöður.

Lagt er til að Byggingarstofnun taki þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefni aðila til þátttöku í starfi Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA). Eins og fram hefur komið mun Byggingarstofnun annast allt eftirlit með byggingarvörum á markaði. Byggingarvörur skulu uppfylla ákvæði samhæfðra Evrópustaðla sem innleiddir verða sem íslenskir staðlar og íslenskra kröfuskjala sem byggð eru á stöðlunum. Evrópustaðlarnir eru í raun skyldubundnir og verður að uppfylla ákvæði þeirra við gerð íslenskra kröfuskjala. Þess vegna er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í gerð staðlanna til þess að tryggja að sérískenskar aðstæður verði virtar við samningu þeirra.

Að lokum er í 5. gr. að finna nýmæli um að Byggingarstofnun skuli árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Hefur mjög skort á að slíkar upplýsingar væru tiltækar á einum stað en með hinni nýju stofnun skapast tækifæri til að öðlast betri yfirsýn yfir mannvirkjagerð í landinu.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun forstjóra Byggingarstofnunar og menntun hans. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum um forstjóra Skipulagsstofnunar og brunamálastjóra.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um byggingarnefndir, en samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórnum heimilt með sérstakri samþykkt að starfrækja byggingarnefnd og er hlutverk hennar að fjalla um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa og hafa eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar. Felst breytingin í því að byggingarnefndir eru gerðar valkvæðar og er tilvist þeirra því háð gerð samþykktar af hálfu sveitarstjórnar. Telst ákvæðið í samræmi við gildandi framkvæmd þar sem smærri sveitarfélög hafa verið mótfallin því að leggja byggingarnefndir alfarið niður. Þá er einnig lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að kveða á um það í umræddri samþykkt að byggingarfulltrúi þurfi í einhverjum eða öllum tilvikum að afla samþykkis byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar áður en hann gefur út byggingarleyfi.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk byggingarfulltrúa við byggingareftirlit. Það er á ábyrgð þeirra að hafa eftirlit með þeirri mannvirkjagerð sem fellur undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 9. gr. Ákvæðið felur í reynd ekki í sér miklar breytingar á verkefnum byggingarfulltrúa. Hlutverk þeirra er afmarkað þannig að þeir hafi eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sem að mestu leyti er sú sama og sætt hefur eftirliti byggingarfulltrúa samkvæmt gildandi lögum. Það er síðan Byggingarstofnun sem fer með eftirlit með framkvæmd laganna að öðru leyti. Meginbreytingin felst í 19. gr. frumvarpsins þar sem gerð er sú krafa að byggingarfulltrúar og starfsmenn hans hafi faggildingu til að yfirfara uppdrætti og framkvæma úttektir ef þeir ætla sér að framkvæma þann hluta eftirlitsins sjálfir. Ekki er þó um ráðningarskilyrði að ræða þar sem byggingarfulltrúa er heimilt að starfa án faggildingar, en þá þarf að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð uppdrátta og framkvæmd áfangaúttekta.

Áfram verður heimilt að ráða sama aðila í starf skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Eftir skiptingu málaflokkanna í tvenn lög verður hins vegar enn mikilvægara en áður að byggingar- og skipulagsfulltrúar geri sér skýra grein fyrir því á grundvelli hvaða laga þeir eru að starfa í hverju tilviki fyrir sig, þar sem annars vegar getur verið um að ræða ákvarðanir sem þeim sjálfum er heimilt að taka og hins vegar ákvarðanir sem þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í 4. mgr. er ákvæði sem á sér hliðstæðu í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga en hið síðarnefnda nær til starfsmanna byggingar- og skipulagsnefnda. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að byggingarfulltrúi eða starfsmenn hans starfi t.d. við hönnun að aukastarfi. Þótti slíkt fyrirkomulag óheppilegt og ósanngjarnt, sérstaklega gagnvart samkeppnisaðilum sem gátu þurft að lúta byggingareftirliti af hendi aðila sem á sama tíma var í samkeppni við þá í sínu aukastarfi. M.a. af þessum ástæðum var þessi regla tekin upp á sínum tíma. Þóttu vanhæfisreglur stjórnsýslulaga ekki tryggja hlutleysi byggingareftirlitsaðila nægjanlega og aukastarfaregla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nær ekki til starfsmanna sveitarfélaganna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvaða mannvirki eru háð byggingarleyfi og hvaða stjórnvald fer með útgáfu leyfisins. Sú grundvallarregla gildir að útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að byggingarframkvæmdirnar séu í samræmi við ákvæði laganna. Útgefanda getur þó verið heimilt að fela öðrum framkvæmd eftirlitsins en ábyrgðin er ávallt útgefandans. Byggingarleyfisskyldan hefur verið víkkuð nokkuð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og undanþágum frá byggingarleyfi verið fækkað. Enn þá eru undanþegin byggingar-

leyfi fráveitumannvirki, dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta, hafnir, varnargarðar og fyrirhleðslur, vegir og önnur samgöngumannvirki svo sem flugvellir, jarðgöng, vegskálar og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, en ábyrgð á eftirliti með hönnun þeirra er samkvæmt lögum á herðum annarra aðila, svo sem Orkustofnunar, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að undanþiggja minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum byggingarleyfi. Er þetta talið nauðsynlegt í því skyni að einfalda byggingareftirlit og auka athafnafrelsi borgaranna upp að vissu marki. Í samræmi við markmið laganna skal byggingareftirlit miða að því að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Því er eðlilegt að minni háttar mannvirkjagerð sem ekki hefur áhrif á þessa þætti sé undanþegin byggingareftirliti. Of mikil orka byggingaryfirvalda hefur oft og tíðum farið í slíkt eftirlit og er hér lagt til að við gerð nýrrar reglugerðar um byggingarmál verði leitast við að einfalda eftirlitið með þessum hætti. Þá ættu yfirvöld að geta einbeitt sér að þeim mannvirkjum þar sem raunveruleg þörf er á eftirliti með því að þau standist öryggis-, heilbrigðis- og aðgengiskröfur.

Í 3. mgr. eru sérstaklega tilgreind þau mannvirki sem háð eru byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Í a-lið 3. mgr. kemur fram að mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka séu háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Þar sem þessi mannvirki eru utan marka sveitarfélaga falla þau utan umdæma byggingarfulltrúa. Hins vegar er eðlilegt að þessi mannvirki sæti byggingareftirliti eins og mannvirki á landi og er því lagt til að Byggingarstofnun fái það verkefni að gefa út byggingarleyfi vegna þeirra og hafi eftirlit með slíkri mannvirkjagerð. Í b-lið er síðan gert ráð fyrir að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Um þessi svæði er fjallað í varnarmálalögum, nr. 34/2008, og lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga fer skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006, er hins vegar í höndum utanríkisráðherra, sem og mannvirki sem falla undir b-lið ákvæðisins. Við útgáfu byggingarleyfis á síðarnefndum svæðum og við byggingareftirlit starfar Byggingarstofnun í umboði utanríkisráðherra, þar sem svæðin eru utan íslensks yfirráðasvæðis. Á framangreindum svæðum gilda öll ákvæði laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim að því undanskildu að öryggis- og varnarsvæðin, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna, og starfsemi þeim tengd, eru undanþegin öllum opinberum gjöldum og eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Samkvæmt lögum nr. 176/2006 skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 sem og auglýsingu nr. 1263/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að flugvallarsvæðið og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar falla utan skilgreinds varnarsvæðis. Samkvæmt auglýsingu nr. 1263/2007 fer utanríkisráðherra þó með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála þar til annað verður ákveðið og er því lagt til með frumvarpi þessu að flugvallarsvæðið lúti yfirstjórn umhverfisráðherra hvað frumvarp þetta varðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 76/2008 fer opinbert hlutafélag skv. 1. gr. hins vegar með stjórnsýslu byggingarmála á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum uns annað verður ákveð-

ið með lögum. Er með frumvarpi þessu hins vegar lagt til að útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með mannvirkjum á flugvallarsvæðinu verði í höndum byggingarfulltrúa í ljósi þess að það er nú utan skilgreinds varnarsvæðis samkvæmt auglýsingu nr. 1263/2007, sjá m.a. 2. mgr. 9. gr. og 16. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ef vafi leiki á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun þá skeri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úr. Í 5. mgr. eru síðan ákvæði um að ef breyting á mannvirki skv. 2. mgr. varði ytra útlit þess eða form skuli leita eftir samþykki skipulagsnefndar nema breyting sé óveruleg hvað varðar útlit og form. Verður að telja rökrétt í ljósi eðli slíkra breytinga að leita þurfi eftir samþykki skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um umsóknir um byggingarleyfi og eru 1. og 3. mgr. að mestu samhljóða 4. mgr. 43. gr. gildandi laga. Nýtt er þó að tilkynna þarf um samræmingaraðila mannvirkisins strax við umsókn um byggingarleyfi en samkvæmt gildandi lögum hefur aðalhönnuður mannvirkis sjálfkrafa það hlutverk að samræma hönnun þess. Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem kemur til vegna skiptingar löggjafar um skipulags- og byggingarmál í tvenn lög, sem heyra að hluta til undir tvenn stjórnvöld og tvenns konar stjórnsýslu sveitarfélaganna. Í málsgreininni er kveðið á um að umsókn um byggingarleyfi Byggingarstofnunar þarf að fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að það sé réttur aðili sem metur það hvort mannvirkjagerð samræmist skipulagsáætlunum. Þegar um er að ræða mannvirki sem háð er leyfi byggingarfulltrúa þá þarf byggingarfulltrúinn einungis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa ef vafi leikur á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Oft er um augljóst atriði að ræða og þar sem bæði byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi starfa í umboði sama sveitarfélags þá er talið óþarfi að flækja málsmeðferðina með því að leita umsagnar skipulagsfulltrúans í öllum tilvikum. Sé byggingarfulltrúi hins vegar í vafa skal hann ætíð leita umsagnar skipulagsfulltrúans enda er það hans að meta þetta atriði á grundvelli ákvæða skipulagslaga. Sé slíkrar umsagnar ekki leitað og mat byggingarfulltrúa á samræminu reynist rangt getur það leitt til ógildis byggingarleyfis.

Um 11. gr.

Hér er nýtt ákvæði sem fjallar um samþykkt byggingaráforma. Í því kerfi sem verið hefur við lýði hefur samþykkt byggingarnefndar og sveitarstjórnar á aðaluppdráttum í raun falið í sér samþykkt byggingaráforma. Útgáfa byggingarleyfis hefur svo farið fram síðar þegar önnur skilyrði laganna hafa verið uppfyllt svo sem um greiðslu gjalda og tilkynningar um byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi tvískipting á samþykki byggingaryfirvalda er nauðsynleg þar sem hönnun mannvirkis er afar umfangsmikið verkefni og rétt að umsækjandi fái fyrst vilyrði fyrir byggingaráformunum, þ.e. að þau séu í samræmi við skipulagsáætlanir og aðaluppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áður en ráðist er í gerð allra þeirra séruppdrátta sem nauðsynlegir eru. Þegar þeirri hönnun er lokið og önnur skilyrði 13. gr. frumvarpsins eru uppfyllt er hins vegar fyrst heimilt að hefja byggingarframkvæmdirnar sjálfar.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til handa útgefanda byggingarleyfis til að krefjast mats á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað eiganda mannvirkis ef fyrir liggur rök-

studdur grunur um að það uppfylli ekki kröfur laganna eða reglugerða eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt. Svipuð heimild en þrengri er í 5. mgr. 42. gr. gildandi laga þar sem byggingarfulltrúa er heimilað að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar á burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa á kostnað húsbyggjanda. Er talið nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi í lögunum til að unnt sé að ganga úr skugga um öryggi mannvirkis eða aðra þætti sem lögin setja reglur um. Getur útgefandi byggingarleyfis hvenær sem er við byggingu mannvirkisins eða rekstur gert kröfu um mat óháðs aðila að því gefnu að fyrir liggi rökstuddur grunur um að það standist ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er heimild fyrir útgefanda byggingarleyfis að setja skilyrði við sérstakar aðstæður um að mat óháðs aðila sé gert á kostnað umsækjanda eftir að það er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laganna og reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra. Dæmi um notkun þessarar heimildar er að við útgáfu byggingarleyfis séu sett skilyrði um hljóðvistarprófanir eftir að mannvirki er tekið í notkun þannig að ganga megi úr skugga um að ákvæði reglugerðar um hljóðvist innan húss séu uppfyllt.

Í 3. mgr. segir að allar prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skuli framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla til að tryggja að matið verði byggt á viðurkenndum, þekktum aðferðum þannig að réttaröryggi eigenda mannvirkja verði sem best tryggt. Í þeim tilfellum þar sem staðlaðar aðferðir eru ekki til er þess krafist að prófanir séu byggðar á rökstuddum aðferðum sem er lýst skriflega. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að gera þá kröfu að vottunarstofur, prófunarstofur og skoðunarstofur hafi hlotið faggildingu.

Um 13. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 44. gr. gildandi laga en nokkuð breytt. Ákvæði sambærilegt 1. mgr. er nú í 3. mgr. 43. gr. gildandi laga. Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru í fyrsta lagi að mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu. Er það ekki breyting frá því sem nú er en skipting málaflokksins í tvenn lög kallar á það að í vafatilvikum leiti byggingarfulltrúi umsagnar skipulagsfulltrúa um samræmið, sbr. umfjöllun um 10. gr. Annað skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis er að aðal- og séruppdrættir hafi verið yfirfarnir og leyfisveitandi áritað þá til staðfestingar á samþykki. Lagt er til að það verði meginreglan að til að fá útgefið byggingarleyfi þurfi ekki aðeins aðaluppdrættir að liggja fyrir heldur einnig séruppdrættir, en í tíð gildandi laga hefur framkvæmdin hvað varðar skil á uppdráttum við útgáfu byggingarleyfis verið mjög misjöfn eftir byggingareftirlitsumdæmum. Standi sérstaklega á, t.d. þegar hönnun mannvirkis er sérstaklega umfangsmikil og séruppdrættir margir, er unnt að nýta heimild 2. mgr. og veita skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. 3. tölul. er sambærilegur 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. gildandi laga að því undanskildu að tengigjöld þurfa ekki að vera greidd við útgáfu byggingarleyfis. 4. tölul. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. gildandi laga. Í 5. tölul. er síðan nýtt ákvæði um að skráð hafi verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistari hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfið sjálft sé skráð í gagnasafnið heldur einungis að skráð hafi verið að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar verksins hafi komið sér upp slíku kerfi. Er þetta talið nauðsynlegt skilyrði til að tryggja að fylgt verði nýjum ákvæðum frumvarpsins um gæðastjórnunarkerfi. Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi komið sér upp gæðastjórnunarkerfi

og noti það við störf sín en hlutverk byggingarfulltrúa er þá að kanna í gagnasafni stofnunarinnar hvort þetta hafi verið gert.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að lokum tilvísun til laga um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að tryggja að fylgt sé málsmeðferð þeirra laga áður en byggingarleyfi mannvirkja er gefið út. Fjölmörg mannvirki geta fallið undir ákvæði þeirra laga og því nauðsynlegt að vísa til þeirra hér.

Um 14. gr.

Fyrstu þrjár málsgreinar ákvæðisins eru samhljóða 1.–3. mgr. 45. gr. gildandi laga en ákvæði 4. mgr. er nýtt. Þar er kveðið á um heimild leyfisveitanda til að fella byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkis eða aðrir þeir aðilar sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Er um nauðsynlegt úrræði að ræða til að tryggja að lögunum sé fylgt. Við ákvarðanir byggingaryfirvalda vegna slíkra brota gilda að sjálfsögðu stjórnsýslulög sem tryggja að gætt sé meðalhófs og annarra reglna laganna við beitingu slíkra úrræða. Þannig gæti leyfisveitandi valið að beita fyrst dagsektarákvæðum 56. gr. áður en hann fellir leyfi úr gildi.

Um IV. kafla.

Í fjórða kafla frumvarpsins eru ákvæði um ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits. Meginhluti kaflans er nýmæli í löggjöf og vega þar þyngst ákvæði um ábyrgð eiganda og um faggildingu eftirlitsaðila. Lögð er mikil áhersla á að yfirferð hönnunargagna og að úttektir séu framkvæmdar af faggiltum aðila, annaðhvort á markaði eða opinberum aðila. Fordæmi fyrir slíku eftirliti er að finna í lögum um eftirlit með skipum og umferðarlögum vegna skoðunar ökutækja og hefur þótt gefast vel. Sömu sjónarmið eru hér að baki og sömu grunnreglur, þ.e. lög um faggildingu, gilda um faggildinguna. Hins vegar hefur hver málaflokkur sína sérstöðu og er því nauðsynlegt að setja sérstakar reglur í viðkomandi sérlögum um fyrirkomulag slíks eftirlits, um hæfni skoðunarmanna, starfsleyfi skoðunarstofa og ýmsa aðra framkvæmd.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er að finna þá meginreglu að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á hönnun, byggingu og rekstri þess enda er það hann sem á mannvirkið og kostar gerð þess og rekstur. Þessa reglu hefur hingað til ekki verið að finna með beinum hætti í lögum um byggingarmál og því hefur ábyrgð eiganda að sumu leyti verið óljós t.d. í tengslum við ábyrgð annarra aðila byggingarframkvæmda, svo sem hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Eigandinn ber samkvæmt ákvæðinu ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Skal eigandinn hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Þar sem eigandinn kann að vera aðili sem ekki kann skil á reglum um byggingarframkvæmdir þá er lögð á hann sú skylda að ráða til sín byggingarstjóra, sem uppfyllir hæfniskröfur og hefur starfsleyfi sem slíkur, og framkvæmir hann innra eftirlit eigandans við byggingarframkvæmdina frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Við hönnun mannvirkis annast samræmingaraðili innra eftirlitið. Sérhver hönnuður mannvirkis ber ábyrgð á sinni vinnu við verkið og að hún samræmist hönnun annarra. Samræmingaraðila

er ekki ætlað að yfirfara hönnun annarra heldur einungis að gæta þess að samræmingin hafi farið fram og framkvæma innra eftirlit eiganda á hönnunarstigi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa innra eftirlits eru í 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins en einnig verða settar um það ítarleg ákvæði í reglugerð. Í frumvarpi þessu er ríkáhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdirnar sem eins konar umboðsmanns eiganda, sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdunum koma sinni sínum skyldum, sbr. umfjöllun hér síðar um hlutverk byggingarstjóra. Ekkert er því til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess, að því gefnu að hann uppfylli hæfniskröfur og hafi starfsleyfi sem slíkur. Byggingarfyrirtæki sem byggir í eigin nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.

Samkvæmt 3. mgr. skal eigandi mannvirkis sjá til þess að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins. Í framkvæmd er það byggingarstjóri mannvirkisins sem hefur samskipti við byggingaryfirvöld fyrir hönd eigandans, aflar nauðsynlegra heimilda og óskar eftir úttektum. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan lög nr. 73/1997 tóku gildi og hefur gefist vel.

Til að taka af allan vafa er í 4. mgr. skilgreint hverjir það eru sem teljast eigendur í skilningi ákvæðisins. Í d-lið er tekið fram að ef mannvirki er selt í byggingu í heild eða að hluta skuli fyrri eigandi bera ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Algengt er á Íslandi að mannvirki í byggingu séu seld í heild eða að hluta og misjafnt hvernig æskilegast er að ábyrgðarskiptingunni sé háttað. Ef t.d. byggingarfyrirtæki selur almenningi íbúðir fjölbýlishúss á byggingarstigi en tekur að sér að ljúka gerð þeirra þá er eðlilegt að byggingarfyrirtækið haldi áfram að bera ábyrgð samkvæmt lögunum. Einnig kann mannvirki að vera selt aðila sem fullfær er um að bera slíka ábyrgð eftir kaupin og þá er heimilt að semja um það sérstaklega. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk útgefanda byggingarleyfis, sem getur ýmist verið byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun, sbr. 9. gr. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að það er útgefandi byggingarleyfis sem ber ábyrgð á eftirliti með því að hönnun viðkomandi mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda. Framkvæmd eftirlitsins þarf hins vegar ekki að vera í höndum útgefandans sjálfs heldur getur það verið framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum, bæði hvað varðar yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta. Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um framkvæmd öryggis- og lokaúttektar eða við lok niðurrifs mannvirkis, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu faggiltrar skoðunarstofu eða eigin skoðana. Sjálf útgáfa þeirra vottorða sem talin eru upp í 3. mgr. er stjórnvaldsathöfn sem ekki verður framseld til skoðunarstofa. Útgefandi byggingarleyfis ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. séu færðar í gagnasafn Byggingarstofnunar. Í framtíðinni má hugsa sér að faggiltar skoðunarstofur geti fengið takmarkaðan aðgang að gagnasafninu til að færa sjálfar inn niðurstöður skoðana.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er lögð til sú mikilvæga breyting á framkvæmd eftirlits með mannvirkjum að það skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Breyting þessi mun gjörbylta öllu eftirliti með mannvirkjagerð í landinu og er meginforsenda þess að samræming þess takist. Mikil vinna er fram undan við gerð slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt við framkvæmd eftirlitsins. Einn meginkostur slíkra handbóka er að eftirlitið verður fyrirsjáanlegt og einsleitt.

Í 2. mgr. er fjallað um það að Byggingarstofnun skuli gefa út bindandi álit vegna ágreinings um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar. Um er að ræða tæknileg atriði sem eðlilegt verður að telja að sérhæfð fagstofnun á borð við Byggingarstofnun túlki. Ef um er að ræða sambærilegan ágreining sem upp kemur við framkvæmd eftirlits Byggingarstofnunar sker ráðherra úr. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun geti einnig að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Getur slíkt tæki nýst vel til samræmingar á eftirliti og til að skera úr um vafaatriði um tæknileg mál sem hugsanlega valda vandræðum án þess að eiginlegur ágreiningur sé uppi. Þar sem um hrein tæknileg mál er að ræða er gert ráð fyrir að álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra á grundvelli þessa ákvæðis sæti ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Tilgangur 3. mgr. er að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit ef skoðunarstofa annast eftirlit með mannvirkjagerð. Í þeim tilvikum skal yfirferð útgefanda byggingarleyfis takmarkast við framlagða skoðunarskýrslu og skal gjaldtaka hans miðast við það. Er útgefanda byggingarleyfis og Byggingarstofnun þó heimilt að taka eftirlit skoðunarstofa til athugunar sé tilefni til þess.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli álits slökkviliðs við yfirferð aðaluppdrátta með tilliti til eldvarna, óháð því hvort eftirlitið er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um að heimilt sé við byggingareftirlit að nýta þá þekkingu á sviði brunavarna sem slökkviliðin hafa yfir að ráða, óháð því hvort eftirlitið hafi verið fært í hendur einkamarkaðarins. Forvarnagildi slíkrar aðkomu slökkviliðs er mikið og auknar líkur eru á að slökkvilið hafi yfirsýn yfir stöðu brunavarna í sveitarfélaginu. Enn fremur hefur verið á það bent að í mörgum tilfellum sé nauðsynlegt að meta mögulegar afleiðingar bruna í mannvirki með tilliti til almannaheilla í víðara samhengi en hvað snertir mannvirkið eitt og sér.

Í 5. mgr. er að lokum fjallað um úttektir Byggingarstofnunar á gæðakerfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laganna um gerð og virkni gæðakerfa. Einnig er fjallað um viðurlög ef í ljós kemur að gæðastjórnunarkerfin uppfylla ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem um þau gilda.

Um 18. gr.

Eitt af því sem sætt hefur töluverðri gagnrýni varðandi framkvæmd gildandi laga er að byggingareftirlit sé alls ekki samræmt um land allt og að í sumum sveitarfélögum sé byggingareftirliti lítið eða ekkert sinnt og leyfislaus mannvirkjagerð látin óátalin. Hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið, sem þó bera ábyrgð á framkvæmd byggingarmála, lítið getað aðhafst vegna þessa. Er lagt til að Byggingarstofnun hafi beinan íhlutunarrétt ef eftirliti byggingarfulltrúa er áfátt. Skal Byggingarstofnun þó ávallt áður benda byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarfélagi á það sem bæta þarf úr og gefa viðkomandi kost á að gera fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta. Mikilvægt er að sveitarstjórn, auk byggingarfulltrúa, sé gert aðvart

og henni þannig gefinn kostur á að grípa til viðeigandi úrræða gagnvart byggingarfulltrúa sé um vanrækslu af hans hálfu að ræða. Byggingarfulltrúi er ráðinn af sveitarstjórn og vinnur í umboði hennar og því er mikilvægt að sveitarstjórn sé gefinn kostur á að grípa til viðeigandi ráðstafana áður en til íhlutunar Byggingarstofnunar kemur. Í íhlutunarrétti Byggingarstofnunar felst að stofnunin getur í raun gengið inn í stjórnsýsluhlutverk byggingarfulltrúans og beitt sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur Brunamálastofnun beinan íhlutunarrétt. Ekki er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beiti þessari heimild nema í undantekningartilvikum en engu að síður er nauðsynlegt að hún sé til staðar m.a. til að tryggja samræmt eftirlit um land allt og að Byggingarstofnun hafi raunverulegar heimildir í samræmi við ábyrgð stofnunarinnar á framkvæmd málaflokksins. Tekið er fram að stofnuninni er ekki heimilt að beita íhlutunarréttinum ef viðkomandi mál er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Ákveðin hætta er á skörun milli þessa ákvæðis og úrskurðarvalds nefndarinnar og er því nauðsynlegt að taka fram að Byggingarstofnun er ekki ætlað að grípa inn í mál sem eru til umfjöllunar hjá nefndinni. Reynslan hefur sýnt að sveitarfélögin hafa virt úrskurði nefndarinnar og hagað sinni stjórnsýslu í samræmi við þá. Það breytir því hins vegar ekki að íhlutunarréttur Byggingarstofnunar er nauðsynlegt neyðarúrræði sem þarf að vera fyrir hendi þannig að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili um framkvæmd laganna. Það er ófært að stofnunin þurfi að reiða sig á kærur frá utanaðkomandi aðilum til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í þeim tilvikum sem hún verður vör við að framkvæmd eftirlits með mannvirkjagerð sé ekki í samræmi við lög. Íhlutunarrétti Byggingarstofnunar er hins vegar ekki ætlað að vera kæruleið fyrir hinn almenna borgara eða aðra aðila sem telja á sér brotið við framkvæmd byggingareftirlits, enda er einungis um heimild til handa Byggingarstofnun að ræða. Í slíkum tilvikum mundi sá aðili snúa sér til úrskurðarnefndar skv. 59. gr. frumvarpsins, nema um væri að ræða ágreining um túlkun skoðunarhandbókar vegna tæknilegs eftirlits, sbr. 2. mgr. 17. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar afskiptum Byggingarstofnunar lýkur tekur byggingarfulltrúi aftur við málinu og hefur eftirlit með mannvirkjagerðinni og annarri stjórnsýslu. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að enginn vafi leiki á framhaldi máls ef Byggingarstofnun þarf að grípa inn í málsmeðferð byggingarfulltrúa. Sem dæmi um slíkt væri t.d. ef byggingarfulltrúi krefst ekki byggingarleyfis vegna mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi samkvæmt lögunum eða gefur út byggingarleyfi án þess að skilyrði laga séu uppfyllt. Í þeim tilvikum gæti Byggingarstofnun gefið hið umdeilda byggingarleyfi út eða fellt það úr gildi. Sé byggingarleyfi gefið út tæki byggingarfulltrúi við málinu að því loknu eftir tilkynningu frá Byggingarstofnun og annaðist eftirlit með mannvirkjagerðinni eftir það. Sé um að ræða ógildingu byggingarleyfis gæti Byggingarstofnun þurft að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum gagnvart eiganda t.d. um stöðvun framkvæmda áður en tilkynnt er um að afskiptum stofnunarinnar sé lokið. Ákvörðun um hvenær afskiptum er lokið er í höndum Byggingarstofnunar.

Um 19. gr.

Ákvæðið er nýmæli og kveður á um að Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skuli hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir. Ákvæðið tryggir ákveðinn ramma utan um eftirlitið og að opinberir eftirlitsaðilar og faggiltar skoðunarstofur sitji við sama borð og lúti sömu reglum við framkvæmd eftirlitsins. Byggingarstofnun eða byggingarfulltrúi geta aflað sér faggildingar til að sinna hluta eftirlits með mannvirkjagerð en ákveðið

að fela faggiltri skoðunarstofu annað eftirlit. Einnig gætu byggingarfulltrúar ákveðið að afla sér ekki faggildingar og fela yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta alfarið skoðunarstofum. Hlutverk byggingarfulltrúanna yrði þá eftir sem áður útgáfa byggingarleyfa og útgáfa vottorða, auk þess sem það kæmi í þeirra hlut að grípa til viðeigandi þvingunarúrræða ef nauðsyn krefur.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er í 1. mgr. fjallað um hvernig haga skal ákvörðun um að nota faggiltar skoðunarstofur við eftirlit með mannvirkjagerð. Skal það gert samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða Byggingarstofnunar, þegar um er að ræða eftirlit sem undir þá stofnun heyrir. Þá getur byggingarfulltrúi, án samþykkis sveitarstjórnar, ákveðið við meðferð byggingarleyfisumsóknar að tiltekið mannvirki sæti eftirliti af hálfu skoðunarstofu. Svipað fyrirkomulag hefur tíðkast í framkvæmd í tíð gildandi laga þótt ekki hafi ávallt verið gerð krafa um faggildingu. Tekið er fram í 1. mgr. að beiting réttar- og þvingunarúrræða skuli ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Stjórnsýsluleg ábyrgð eftirlits með mannvirkjagerð er því alltaf í höndum byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnunar þó að heimilt sé að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd þess að hluta.

Í 2. mgr. kemur fram að í þeim tilvikum sem ákveðið er að eftirlit með mannvirkjagerð sé framkvæmt af skoðunarstofu þá skuli eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi. Með þessu er leitast við að tryggja að heilbrigð samkeppni geti skapast milli faggiltra skoðunarstofa og eigandi mannvirkisins geti sjálfur valið þá stofu sem hann kýs að skipta við. Sú takmarkaða heimild sem nú er í lögum til að nota faggiltar skoðunarstofur er frábrugðin að því leyti að þar er það sveitarfélagið sem ræður skoðunarstofuna en eigandi mannvirkisins hefur ekkert um það að segja. Hér er því um nýmæli að ræða. Sömu aðferð er beitt við val á skoðunarstofum þegar um eftirlit með skipum og bátum er að ræða, eftirlit í sjávarútvegi og skoðun ökutækja.

Í 3. mgr. er ákvæði um starfsemi faggiltra skoðunarstofa og áskilið að þær þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar til að geta tekið að sér eftirlit með mannvirkjagerð samkvæmt frumvarpinu. Sambærilegur áskilnaður um starfsleyfi er í annarri löggjöf þar sem opinbert eftirlit hefur verið falið faggiltum skoðunarstofum, t.d. í lögum um eftirlit með skipum. Enn fremur er það skilyrði að skoðunarmenn skoðunarstofu og tæknilegur stjórnandi hennar uppfylli hæfnisskilyrði 21. gr. Hæfnisskilyrði þessi eru mismunandi eftir því hvort skoðunarstofan hefur faggildingu til að yfirfara uppdrætti eða framkvæma áfangaúttektir, auk þess sem gerðar eru mismunandi hæfniskröfur eftir gerð þeirra mannvirkja sem skoðunarstofunni er heimilt að hafa eftirlit með. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu á þessu í reglugerð þar sem gerð verður nánari grein fyrir flokkun faggildingar.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þær hæfniskröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa. Er bæði gerð krafa um tiltekna menntun og reynslu. Er talið nauðsynlegt að skoðunarmenn hafi til að bera þekkingu og hæfni til að geta framkvæmt skoðanir og metið með fullnægjandi hætti hvort mannvirkjagerðin sé í samræmi við lög og reglur. Skoðunarmönnum er skipt í þrjá flokka, I–III og síðan er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um hvaða þætti byggingareftirlits skoðunarmönnum í hverjum

flokki er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

Um V. kafla.

Ákvæði fimmta kafla byggjast að meginstefnu til á ákvæðum gildandi laga. Gerðar eru lítils háttar breytingar á kröfum um starfsreynslu hönnuða vegna löggildingar og lagt er til að löggildingar færist frá umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Enn fremur eru gerðar kröfur um að hönnuðir hafi gæðastjórnunarkerfi og er það nýmæli.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að mannvirki skuli hönnuð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Ákvæði 2. mgr. auk skilgreininga í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar hönnunargögn byggjast á gildandi rétti. Ákvæði frumvarpsins eru þó ekki eins ítarleg og ákvæði gildandi laga um hönnunargögn og er gert ráð fyrir að ítarlegri ákvæði um hönnunargögn verði að finna í reglugerð. Þar sem fleiri mannvirki falla undir byggingarleyfisskyldu en áður má gera ráð fyrir að gera þurfi nokkrar breytingar á ákvæðum reglugerðar um hönnunargögn og hvaða hönnunargögn þurfa að liggja fyrir við veitingu byggingarleyfa vegna mismunandi mannvirkja. Er eðlilegt að nákvæm útfærsla á slíkum tæknilegum kröfum komi fram í reglugerð. Sem dæmi má nefna að í greinargerðum, sem nefndar eru sem fylgiskjöl í 2. mgr., er t.d. fjallað um aðgengi, burðarþol, hljóðvist og lagnir.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru sambærileg við 47. gr. gildandi laga. Þó er lagt til skýrara orðalag um í hverju ábyrgð hönnuða felist. Kemur fram að hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og að mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í frumvarpi þessu og reglugerðum settum á grundvelli laganna verði það samþykkt. Ekki er um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er. Í 3. mgr. er nýmæli um að hönnuður séruppdrátta beri ábyrgð á því að hönnun hans samræmist hönnun aðalhönnuðar. Hvergi í gildandi lögum hefur verið fjallað um ábyrgð hönnuðar séruppdrátta að þessu leyti. Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að tilgreina skuli sérstakan aðila til að hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming aðal- og séruppdrátta fari fram. Kallast þessi aðili samræmingaraðili og skal hann verið löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Samkvæmt gildandi rétti annast hönnuður aðaluppdrátta ávallt slíka samræmingu og kallast þá samræmingarhönnuður. Þetta ákvæði hefur almennt ekki vera talið virka sem skyldi, sérstaklega þegar um er að ræða vandasama hönnun og mikinn fjölda séruppdrátta. Í þeim tilvikum hefur samræmingarhönnuður, sem oftast er arkitekt eða byggingarfræðingur, takmarkaða möguleika til að ganga úr skugga um að séruppdrættir samræmist innbyrðis eða samræmist aðaluppdráttum. Því er talið eðlilegt að tekin verði upp heimild til að fela öðrum þá samræmingu. Samræmingaraðili þarf ekki að vera einn af hönnuðum mannvirkisins. Samræmingaraðili getur samhliða sinnt starfi byggingarstjóra mannvirkisins enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til slíkra aðila. Í lokamálslið 4. mgr. er einnig að finna nýmæli þar sem gerð er sú krafa að samræmingaraðili skuli áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Að lokum er í 5. mgr. ákvæði um fyrningu skaðabótaábyrgðar hönnuðar sem er sambærileg við ákvæði um fyrningu bótaábyrgðar byggingarstjóra og iðnmeistara. Skylda

hönnuða til að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

Um 24. gr.

Ákvæðið fjallar um gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila og er gerð sú krafa að þessir aðilar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Í almennum athugasemdum eru rakin rök fyrir þessari kröfu um gæðastjórnunarkerfi. Skal hönnuður í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi hönnuða þurfa a.m.k. að fela í sér. Eru þetta þeir þættir sem hið opinbera gerir kröfur um að haldið sé utan um í gæðastjórnunarkerfinu. Hönnuður getur að auki ákveðið að hafa aðra þætti inni í sínu gæðastjórnunarkerfi, sem t.d. tengjast hefðbundnum rekstri, en það er ekki hlutverk hins opinbera að segja til um það eða hafa eftirlit með þeim þáttum kerfisins. Í 60. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að gæðastjórnunarkerfi hönnuða skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Það mun ráðast af reynslu af notkun gæðastjórnunarkerfa við mannvirkjagerð hvort sú heimild verður nýtt í framtíðinni.

Um 25. gr.

Ákvæði 25. og 26. gr. eru sambærileg 48. og 49. gr. gildandi laga en með breyttri framsetningu. Í þessu ákvæði er gerð grein fyrir skiptingu löggildingar í einstök sérsvið, en ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema gert er ráð fyrir að löggilding hönnuða verði í höndum Byggingarstofnunar í stað umhverfisráðherra. Í 2. mgr. kemur fram að listi yfir löggilta hönnuði skuli varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar, en nokkuð hefur skort á að til sé slík miðlæg skráning hönnuða fyrir landið allt.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um þau skilyrði sem hönnuðir þurfa að uppfylla til að öðlast löggildingu skv. 25. gr. Skilyrðin eru að mestu þau sömu og í gildandi rétti. Í b-lið er lögð til sú breyting að Byggingarstofnun standi fyrir prófi og námskeiði fyrir mannvirkjahönnuði í stað sérstakrar prófnefndar. Er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa. Efni námskeiðsins skal samkvæmt ákvæðinu vera gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar og sérislenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun. Meginástæða þess að talið er nauðsynlegt að gera kröfu um slíkt námskeið áður en löggilding er veitt er sú staðreynd að á Íslandi eru að mörgu leyti aðrar aðstæður en í öðrum löndum. Á vissum sviðum hér á landi eru gerðar strangari kröfur til hönnunar t.a.m. vegna veðurálags og jarðskjálftahættu.

Í c-lið er fjallað um þá starfsreynslu sem umsækjendur um próf skulu hafa öðlast áður en þeir sækja námskeið og próf. Lagt er til að ákvæði um starfsreynslu hinna mismunandi fagaðila verði samræmd þannig að allir þurfi að ljúka þriggja ára starfsreynslu. Samkvæmt gildandi lögum þurfa arkitektar enga starfsreynslu en byggingarfræðingar 20 mánaða reynslu og er því um töluverða breytingu að ræða hvað þessa aðila varðar. Starfsreynslukröfur til hönnuða séruppdrátta, þ.e. verkfræðinga og tæknifræðinga, eru hins vegar óbreyttar, þ.e. þrjú ár. Af sömu ástæðum og áður eru nefndar er varða sérislenskar aðstæður sem hönnuðum þarf að vera kunnugt um er gerð krafa um að a.m.k. eitt ár af starfsreynslutímanum sé vegna mannvirkjagerðar hér á landi. Hönnuður búsettur erlendis gæti þannig uppfyllt starfsreynslu-

skilyrðin ef hann gæti sýnt fram á að hann hefði unnið undir handleiðslu löggilts hönnuðar að hönnun mannvirkis á Íslandi.

Um VI. kafla.

Í sjötta kafla eru ítarleg ákvæði um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra og iðnmeistara. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins hefur við gerð þess verið lögð áhersla á umsjónar- og eftirlitshlutverk byggingarstjórans. Ekki hefur alltaf verið ljóst samkvæmt gildandi rétti hvað nákvæmlega fælist í ábyrgð þessa aðila og hver væri staða hans gagnvart öðrum aðilum, svo sem iðnmeisturum, hönnuðum og eiganda. Hér er leitast við að skýra hlutverk hans með nákvæmari hætti en áður. Í raun er þó ekki um neina stefnubreytingu að ræða þar sem ljóst er að frá upphafi hefur byggingarstjóranum verið ætlað mikilvægt yfirumsjónarhlutverk við byggingarframkvæmdir. Þó eru ný ákvæði um starfsleyfi byggingarstjóra, námskeið, innra eftirlit, gæðastjórnunarkerfi og flokkun byggingarstjóra í þrjá flokka eftir hæfniskröfum og umfangi mannvirkjagerðar sem þeim er heimilt að stýra. Í ljósi aukinnar áherslu á hlutverk byggingarstjórans er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til hæfni hans og verkhátta í því skyni að tryggja að byggingarstjórastarfinu sé sinnt með fullnægjandi hætti með aukið öryggi mannvirkja og hagkvæmni við mannvirkjagerð að leiðarljósi. Í framkvæmd má því gera ráð fyrir töluverðum breytingum á starfsháttum byggingarstjóra og því hverjir veljast til að sinna því starfi.

Um 27. gr.

Hér er almennt fjallað um hlutverk byggingarstjóra og tengsl hans við eiganda mannvirkis. Skv. 1. mgr. skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis. Gagnálykta má frá þessu að aðeins sé skylda að hafa byggingarstjóra þegar um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir er að ræða.

Í 2. mgr. kemur fram að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við byggingarframkvæmdir og starfi í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Er byggingarstjóranum þannig ætlað að fara með hagsmuni eigandans við byggingarframkvæmdir. Í þessu felast trúnaðarskyldur byggingarstjórans gagnvart eiganda sem eru grundvöllur að hans hlutverki. Í þessu felst jafnframt að byggingarstjórinn hafi ákveðið stöðuumboð til þess að fara með daglegan rekstur framkvæmdar og taka ýmsar ákvarðanir fyrir hönd eiganda, sem eru bindandi fyrir hann. Þetta verður þó ávallt að vera gert með hagsmuni eigandans að leiðarljósi. Byggingarstjóra ber þó að bera stórvægilegar og óvenjulegar ákvarðanir undir eiganda.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá nýskipan að byggingarstjóra sé ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar. Er þetta nokkur breyting frá núverandi framkvæmd þar sem algengt er að byggingarstjóri og húsasmíðameistari byggingar séu einn og sami maðurinn. Hefur þetta valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd og óvissu um skiptingu ábyrgðar milli byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi breyting er talin nauðsynleg ekki síst í ljósi þess hlutverks byggingarstjórans að gæta hagsmuna eigandans, m.a. gagnvart hönnuðum og iðnmeisturum. Er því talið nauðsynlegt að um sjálfstæðan aðila sé að ræða. Undanþága frá þessu er þó heimil þegar um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota en þá getur eigandi falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi sem slíkur. Þrátt fyrir það sem hér að framan er rakið er ekki talið réttlætanlegt að krefjast sérstaks byggingarstjóra vegna slíkra framkvæmda þar sem það gæti leitt til aukins byggingarkostnaðar og væri óþarf-

lega flókið í framkvæmd. Eigandi, sem jafnframt er sá sem byggingarstjóra er ætlað að gæta hagsmuna fyrir, getur þannig kosið að fara þessa leið og ber þá sjálfur áhættuna af því, enda áskilið að mannvirkið sé ætlað til eigin nota. Önnur sjónarmið eru uppi ef eigandi mannvirkis á byggingarstigi ætlar það ekki til eigin nota, t.d. þegar byggingarfyrirtæki byggir hús til sölu á almennum markaði. Þá eru það hagsmunir seinni eigenda sem neytenda að fullnægjandi innra eftirlit byggingarstjóra með iðnmeisturum og hönnuðum fari fram á byggingarstigi. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess enda uppfylli hann þær kröfur laganna sem gerðar eru til byggingarstjóra. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda. Ekki er gert er ráð fyrir að byggingarstjóri geti takmarkað ábyrgð sína í samningi við eiganda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimildir byggingarstjóra takmarkist af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda. Er mannvirkjum skipt í þrjá flokka og mun í starfsleyfi byggingarstjóra verða gerð grein fyrir hvaða flokkum viðkomandi er heimilt að stýra. Í 28. gr. eru síðan ákvæði um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem byggingarstjórar þurfa að uppfylla til að mega stýra hverjum flokki fyrir sig. Eru mestar kröfur gerðar til byggingarstjóra sem mega stýra sérhæfðum og flóknum mannvirkjum svo sem vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum sem eru yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 1.–3. tölul. er einungis að finna grófa flokkun mannvirkja en í 5. mgr. er gert ráð fyrir að nákvæmur listi yfir mannvirki innan hvers flokks verði birtur í reglugerð.

Um 28. gr.

Nýmæli er í 1. mgr. um að byggingarstjórar skuli hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Til að tryggja ákveðna festu um starfsemi byggingarstjóra er talið nauðsynlegt að kveða á um slík starfsleyfi. Er það til einföldunar að Byggingarstofnun fari yfir það við veitingu starfsleyfis að viðkomandi uppfylli menntunar- og starfsreynslukröfur laganna í stað þess að það sé gert í hvert sinn sem viðkomandi tekur að sér byggingarstjórn mannvirkis. Einnig er nauðsynlegt að tryggja ákveðið eftirlit með því að ákvæðum um gæðastjórnunarkerfi sé fylgt. Lagt er til að halda skuli sérstakt námskeið fyrir byggingarstjóra sem sé skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að byggingarstjórum sé kunnugt um hlutverk sitt og skyldur en nokkuð hefur skort á samræmdan skilning á hlutverki byggingarstjóranna innan raða þeirra sjálfra. Hingað til hafa nokkur slík námskeið verið haldin og hafa þau verið vel sótt þótt ekki hafi verið um skyldu að ræða. Í 3. málsl. er kveðið á um að starfsleyfi skuli gefið út til tiltekins tíma, mest tíu ára í senn. Er talið nauðsynlegt að tímabinda starfsleyfið með þessum hætti til að ýta undir að einungis þeir aðilar sem starfandi eru í faginu hafi starfsleyfi. Sé aðili hins vegar starfandi sem byggingarstjóri með nauðsynleg gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ákvæðum laganna á endurnýjun starfsleyfis hins vegar að vera afar einföld aðgerð en eðlilegt er að Byggingarstofnun standi fyrir einhvers konar endurmenntunarnámskeiðum fyrir þessa aðila áður en starfsleyfi er endurnýjað. Kveðið er í 4. málsl. á um hvernig fara skuli með þau tilvik þegar byggingarstjóri missir starfsleyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hér eru taldir upp húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa löggildingu Byggingarstofnunar sem slíkir. Um er að ræða sömu iðnmeistara og mega vera byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því

að blikksmíðameisturum er bætt við en felld út heimild til handa vélvirkjameisturum til að annast byggingarstjórn, enda er ekki um að ræða iðngrein sem fjallað hefur verið um í byggingarreglugerð eða telst til byggingariðngreina. Teljast vélvirkjameistarar því ekki hafa þá þekkingu á sviði byggingarframkvæmda sem nauðsynleg er til að taka að sér byggingarstjórn. Nýmæli er að gerð er sú krafa að byggingarstjórar hafi auk framangreindrar grunnmenntunar og löggildingar, reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir. Er gerð krafa um tveggja ára reynslu sem löggiltir iðnmeistarar eða byggingariðnfræðingar af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Miðað við þá ábyrgð sem byggingarstjóra er ætlað að bera er talið nauðsynlegt að hann hafi öðlast nokkra reynslu í starfi áður en hann tekur slíkt starf að sér. Í lokamálslið 2. mgr. er tekið fram að byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi geti einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þannig er opnað fyrir það að iðnmeistarar með mikla reynslu af mannvirkjagerð og byggingarstjórn geti tekið að sér byggingarstjórn langflestra mannvirkja. Einungis allra sérhæfðustu og flóknustu mannvirkin, sem hingað til hafa ekki verið háð byggingarleyfum og því ekki þurft byggingarstjóra, verða undanskilin. Hvorki þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. né 3. mgr. þessarar greinar munu geta fengið starfsleyfi sem byggingarstjórar slíkra mannvirkja, heldur verður það bundið við þá sérhæfðu aðila sem taldir eru upp í 4. mgr. Aðrir eru ekki taldir hafa nægjanlega faglega þekkingu til að geta haft með höndum byggingarstjórn slíkra mannvirkja.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr., þ.e. önnur mannvirki en þau allra sérhæfðustu. Um er að ræða verk- og tæknifræðinga, arkitekta og byggingarfræðinga. Allir þessir aðilar geta verið byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum. Ekki er gerð krafa um að þessir aðilar hafi löggildingu sem hönnuðir en lagt er til það nýmæli að þeir þurfi að hafa a.m.k. fimm ára reynslu af störfum sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarfræðingar við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir. Sömu rök eru að baki kröfum um starfsreynslu hér og í 2. mgr.

Í 4. mgr. eru taldir upp þeir sérhæfðu aðilar sem einir geta tekið að sér byggingarstjórn þeirra flóknu og sérhæfðu mannvirkja sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þessum aðilum er að auki heimilt að taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. Hér er um að ræða verk- og tæknifræðinga sem hafa löggildingu á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og þurfa þeir að hafa að lágmarki tíu ára reynslu af verkstjórn við hliðstæða mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð. Talið er nauðsynlegt að gera svo strangar kröfur þar sem um mjög flókna og sérhæfða mannvirkjagerð er að ræða. Hingað til hafa þessi mannvirki ekki verið háð byggingarleyfum og er það því nýtt að byggingarstjóra sé krafist vegna þeirra.

Í 5. mgr. er áfram sú heimild sem nú er í 3. tölul. 2. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga að fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð. Sett er það skilyrði að þegar fyrirtæki eða stofnun fær heimild til að takast í eigin nafni á hendur ábyrgð byggingarstjóra í skjóli starfsmanns, sem hefur starfsleyfi, skuli sá starfsmaður annast byggingarstjórn á vegum fyrirtækisins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst að takmarka þá persónulegu ábyrgð sem einstaklingur, sem starfar hjá byggingarfyrirtæki, ber á verkinu, enda hefur hann oft minna ákvörðunarvald varðandi bygginguna en

sjálfstæður aðili. Ákvæði skaðabótalaga mundu einnig takmarka persónulega ábyrgð þessa einstaklings gagnvart vinnuveitanda sínum og þriðja manni, sérstaklega ef vinnuveitandinn hefur tryggingu sem tekur til ábyrgðarinnar.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að byggingarstjóri ráði iðnmeistara í upphafi verks eða samþykki ráðningu þeirra. Með hliðsjón af ríkri ábyrgð byggingarstjóra hefur verið talið eðlilegt að hann hafi eitthvað um það að segja hvaða iðnmeistarar séu ráðnir til verksins. Þannig getur hann gætt hagsmuna eigandans með því að samþykkja aðeins þá iðnmeistara sem hann treystir til að inna verkið faglega af hendi og í samræmi við lög. Tiltekið er sérstaklega að samningar byggingarstjóra við iðnmeistara skuli gerðir skriflega og að þeir séu gerðir í umboði eiganda. Byggingarstjórinn ber því sjálfur ekki ábyrgð á efndum þessara samninga, t.d. greiðslu fyrir verk og verður aldrei talinn vinnuveitandi iðnmeistara sem að verkinu koma. Tiltekið er einnig í 2. mgr. hlutverk byggingarstjóra sem samskiptaaðila sem er í samræmi við hlutverk hans sem faglegs umboðsmanns eiganda. Gert er í 3. mgr. ráð fyrir að byggingarstjóri skeri úr vafa um túlkun hönnunargagna, eftir atvikum að höfðu samráði við hönnuði. Sé um að ræða mannvirki sem falla undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skal skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjórans. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að halda slíka fundi vegna mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr.

Samkvæmt 4. mgr. hefur byggingarstjóri yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Er nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram þar sem algengt er við byggingarframkvæmdir að hönnunargögn séu að taka breytingum eftir því sem verki vindur fram og þá er að sjálfsögðu mikilvægt að ekki sé framkvæmt eftir úreltum gögnum.

Í 5. mgr. er ákvæði um eftirlitsskyldur byggingarstjóra. Gert er ráð fyrir því að verði byggingarstjóri var við ágalla á verki geti hann losnað undan ábyrgð vegna þeirra ef hann hefur gert iðnmeistara og/eða eiganda viðvart og krafist úrbóta. Það er aðeins þegar ágalli, sem ekki hefði átt að geta dulist byggingarstjóra við eftirlit hans, kemur fyrst í ljós eftir að verki eða verkhluta á að vera lokið sem byggingarstjóri getur borið bótaábyrgð ásamt iðnmeistara gagnvart eiganda. Til að tryggja sönnun skulu byggingarstjóri og hlutaðeigandi aðilar skrá athugasemdir byggingarstjóra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Í 7. mgr. er fjallað sérstaklega um grundvöll skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra og m.a. tekið fram að um hefðbundna sakarábyrgð sé að ræða á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga. Gera má þó ráð fyrir að við sakarmat verði byggt á ströngum sérfræðimælikvarða.

Í 8. mgr. er sett sérstakt ákvæði um fyrningu ábyrgðar, en vafi hefur leikið á því í framkvæmd með hvaða hætti ábyrgð á þessu sviði fellur niður. Er hér kveðið á um að um fyrninguna gildi almennar reglur laga um fyrningu kröfuréttinda. Skylda byggingarstjóra til að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

Um 30. gr.

Gerð er tillaga um að skerpa lítillega á ákvæðum um byggingarstjóraskipti, en ákvæði 5. mgr. 51. gr. gildandi laga er nokkuð skýrt hvað þetta varðar. Sérstaklega er tekið fram að

ábyrgð byggingarstjóra falli niður frá móttöku leyfisveitanda á afsögn hans vegna verkþátta sem þá er ólokið. Byggingaryfirvöldum ber að láta fara fram úttekt strax eftir að byggingarstjóri hverfur frá verki en það er mikilvægt í ljósi hagsmuna beggja byggingarstjóra að ekki verði ágreiningur um það hver staða verksins var. Fráhvarf byggingarstjóra meðan á framkvæmdum stendur getur verið vísbending um ágreining eða trúnaðarbrest milli hans og eiganda og því ekki unnt að treysta því að eigandi haldi ekki framkvæmdum áfram án þess að nýr byggingarstjóri hafi verið ráðinn. Þess vegna verður úttektin að fara fram sem allra fyrst og að hún sé undirrituð af báðum byggingarstjórum, ef þess er kostur, til samþykkis á stöðu verksins við skiptin. Farin er sú leið að orða frest leyfisveitanda með almennum orðum í stað þess að setja tiltekin tímamörk. Verði leyfisveitandi valdur að tjóni vegna vanrækslu á að láta fara fram úttekt getur hann orðið bótaskyldur vegna þess samkvæmt almennum reglum.

Um 31. gr.

Hér er lögð sú skylda á byggingarstjóra að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks sem byggingarstjóri tekur að sér skal hann skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis sem starfsleyfi hans byggist á, sbr. 28. gr. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra þurfa að uppfylla að lágmarki en síðan er gert ráð fyrir að ítarlegri reglur um gerð þeirra séu settar í reglugerð. Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu, sbr. 60. gr., en af sömu ástæðum og áður eru nefndar er ekki gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í upphafi. Eðlilegt er að fagaðilar fái góðan tíma til að aðlagast þeirri breytingu sem felst í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi og að ekki sé gengið lengra í upphafi en nauðsyn ber til. Verði góð reynsla af notkun gæðastjórnunarkerfa má hugsa sér að heimild þessi verði nýtt í framtíðinni. Í 3. tölul. 60. gr. er lagt til að heimilt verði að gera mismunandi kröfur til gæðastjórnunarkerfa byggingarstjóra eftir umfangi mannvirkjagerðar sem byggingarstjóra er heimilt að hafa umsjón með. Flókin mannvirkjagerð kallar á öðruvísi og nákvæmari gæðastjórnunarkerfi en einföld.

Um 32. gr.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 52. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegra. Taldir eru upp þeir iðnmeistarar sem þurfa að staðfesta ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi er gefið út en slíka upptalningu er einungis að finna í byggingarreglugerð í dag. Telja verður eðlilegt að þeirra sé sérstaklega getið í lögunum. Leyfisveitandi metur eftir eðli og gerð mannvirkja hverjir af þessum iðnmeisturum þurfa nauðsynlega að koma að verkinu. Í nánast öllum tilvikum þurfa húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar að koma að verkinu til að tryggja að það standist allar öryggis- og hollustukröfur en metið skal í hverju tilviki hverja af hinum aðilunum þarf að gera kröfu um að ábyrgist verk. Mörg verk þarfnast einnig blikksmíðameistara og stálvirkjameistara til að tryggja öryggi þeirra og hollustuhætti, svo sem stálvirkjahús og byggingar með flóknum loftræsikerfum. Í færri tilvikum varðar vinna málarameistara og veggfóðrarameistara öryggi mannvirkja með beinum hætti heldur er þar fremur um að ræða kröfu til að tryggja gæði þeirra. Þess vegna er ekki alltaf sama þörfin á að gera kröfu um að þeir staðfesti ábyrgð sína á verki. Sé t.d. um að ræða íbúðarhús sem eigandi byggir til eigin nota þarf eigandi ekki að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara sem ábyrgð beri á viðkomandi verki og skal þá leyfisveitandi ekki gera slíka kröfu. Sé hins vegar um að ræða t.d. byggingu fjöl-

býlishúss sem selt er tilbúið á almennum markaði er eðlilegt að fagmaður beri ábyrgð á málningar- og veggfóðraravinnu við slíkt hús.

Ákvæði um ábyrgð iðnmeistara er í 2. mgr. og er það sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 52. gr. gildandi laga. Ekki eru lagðar til breytingar á ábyrgð eða verksviði iðnmeistara. Nýtt er þó í 2. málsl. ákvæði um fyrningu ábyrgðar, þar sem undirstrikað er að um fyrningu fari samkvæmt ákvæðum almennra laga. Ákvæði 3. mgr. samsvarar 2. mgr. 52. gr. gildandi laga. Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að löggilding rafvirkjameistara sem gefin er út á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga jafngildi löggildingu skv. 3. mgr. Samkvæmt gildandi lögum hafa rafvirkjameistarar bæði þurft löggildingu Brunamálastofnunar á grundvelli framangreindra laga og löggildingu umhverfisráðherra á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hefur ítrekað verið kvartað yfir því tvöfalda fyrirkomulagi. Er hér lagt til að rafvirkjameistari sem hefur löggildingu Brunamálastofnunar, eða Neytendastofu eða Löggildingarstofu samkvæmt eldri lagaákvæðum, þurfi ekki að sækja um löggildingu Byggingarstofnunar. Þetta þýðir hins vegar ekki að löggilding Byggingarstofnunar komi í stað löggildingar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga enda gera þau lög ráð fyrir að uppfylla þurfi mun strangari skilyrði til að hljóta slíka löggildingu.

Nýmæli er í 6. mgr. þar sem kveðið er á um að iðnmeistarar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara verði í upphafi mjög umfangsmikið eða íþyngjandi heldur innihaldi þau að meginstefnu til aðeins framangreind atriði. Eins og með gæðastjórnunarkerfi hönnuða og byggingarstjóra þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að slík gæðastjórnunarkerfi skuli vottuð, sbr. 60. gr., en ekki er gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í náinni framtíð.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um hvaða háttur skuli hafður á við skipti á ábyrgum iðnmeisturum verks og er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áfangaúttektir og er um nýmæli í lögum að ræða en byggt er á ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og þeirri framkvæmd sem verið hefur við lýði. Eðlilegt er að fjallað sé um svo mikilvægan þátt byggingareftirlits í lögunum en ekki aðeins í reglugerð. Nýtt er þó að lögð er sú skylda á iðnmeistara að hann sé viðstaddur úttektir þeirra verkþátta sem hann hefur sinnt en samkvæmt gildandi rétti hvílir slík skylda einungis á byggingarstjóra, sem þó skal boða iðnmeistara til úttekta. Er þetta gert m.a. gert til að tryggja að verk sé raunverulega unnið af þeim iðnmeistara sem skrifað hefur upp á ábyrgð sína á verki. Samkvæmt gildandi lögum er í raun ekkert sem hindrar það að iðnmeistari skrifi upp á ábyrgð sína að verki og komi svo ekkert að byggingarframkvæmdum þrátt fyrir að ábyrgðin sé hans. Er það algerlega óviðunandi fyrir viðkomandi iðnmeistara og því nauðsynlegt að sett sé ákvæði um skyldu byggingarstjóra til að tilkynna þeim með sannanlegum hætti um úttektir sem þeir bera ábyrgð á. Samkvæmt ákvæðinu geta iðnmeistari og eigandi samið um annað fyrirkomulag í samningi sín á milli.

Í 4. mgr. er útgefanda byggingarleyfis veitt heimild til að leyfa að byggingarstjóri framkvæmi sjálfur einstakar áfangaúttektir að því gefnu að gerð hafi verið skriflega grein fyrir innra eftirliti við byggingarframkvæmdina. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildandi bygg-

ingarreglugerð. Hér er veitt heimild til að slaka á opinberu eftirliti með framkvæmdum þar sem virkt innra eftirlit fer fram.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er nýtt ákvæði um svokallaða öryggisúttekt. Í gildandi byggingarreglugerð hafa verið ákvæði um svokallaða stöðuúttekt og lokaúttekt sem ekki hafa virkað sem skyldi. Stöðuúttekt á að gera áður en mannvirki er tekið í notkun, en hún er afar sjaldan framkvæmd í raun. Lokaúttekt á að framkvæma við lok byggingarframkvæmda en þeim hefur afar misjafnlega verið framfylgt í byggingarumdæmum landsins. Hér er lagt til að styrkt verði staða þeirrar úttektar sem kölluð hefur verið stöðuúttekt og að hún verði hér eftir kölluð öryggisúttekt. Mjög varasamt og jafnvel hættulegt getur verið að taka í notkun ófullgerð mannvirki ef ekki er hugað að öryggi þeirra og hollustuháttum. Eldvarnir, burðarþol og fallvarnir geta verið ófullgerðar og slysagildrur leynst víða. Þess vegna er hér lagt til að óheimilt verði að taka mannvirki í notkun fyrr en gerð hefur verið úttekt á öryggi þeirra og hollustuháttum. Gefur útgefandi út vottorð um að slík úttekt hafi farið fram og þá fyrst er heimilt að taka mannvirkið í notkun. Ber byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda, ábyrgð á að óskað sé eftir slíkri lokaúttekt. Vanræki hann þær skyldur sínar er sú skylda lögð á útgefanda byggingarleyfisins að boða til úttektarinnar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt. Þannig á að vera tryggt að þessar úttektir verði framkvæmdar. Við úttektina skulu einungis þeir þættir teknir út er varða öryggi og hollustuhætti en að öðru leyti getur mannvirkið verið ófullgert.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um svokallaða lokaúttekt en ákvæði um hana hafa aðallega verið í byggingarreglugerð samkvæmt gildandi lögum. Nokkur misbrestur hefur verið á að lokaúttektir hafi farið fram. Í ákvæðinu er grunnur lokaúttektanna styrktur og kveðið á um að lokaúttekt skuli fara fram innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun og öryggisúttekt fer fram. Lokaúttekt felur það í sér að gerð er úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Nánari útfærsla um framkvæmd lokaúttektar verður í reglugerð og munu skoðunarhandbækur þar gegna mikilvægu hlutverki, en helsti vandinn við lokaúttektir samkvæmt gildandi rétti hefur verið að ekki hefur legið ljóst fyrir hvað ætti að fara yfir við framkvæmd lokaúttekta. Samkvæmt ákvæðinu er ekki áskilið að framkvæmdum sé að fullu lokið við framkvæmd lokaúttektar heldur getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð með athugasemdum. Þó skal þáttum er varða aðgengi ávallt lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Ákvæði þetta er óháð hugsanlegum ákvæðum sem sett kunna að hafa verið í úthlutunarskilmála viðkomandi lóðar á grundvelli skipulagslaga um tímafrest fyrir húsbyggjendur til að ljúka frágangi mannvirkja utan húss. Þessir þættir verða ekki hluti lokaúttektar samkvæmt frumvarpi þessu heldur verða sveitarfélög að beita þvingunarúrræðum skipulagslaga til að fylgja eftir slíkum skipulagsskilmálum. Í 5. mgr. eru svo ákvæði um heimild til lokunar mannvirkis ef það reynist ekki uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur við framkvæmd lokaúttektar.

Um 37. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um VIII. kafla.

Áttundi kafli byggist á ákvæðum tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur með stoð í lögum nr. 102/1994, um breytingu á þágildandi lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Lagt er til að ákvæði reglugerðarinnar verði færð undir frumvarp þetta og undir yfirumsjón umhverfisráðherra í stað viðskiptaráðherra áður. Þar sem efni hennar varðar byggingarvörur á markaði sem eru efniviður mannvirkja er eðlilegt að framangreindar reglur séu hluti af frumvarpi þessu.

Hinar evrópsku reglur um viðskipti með byggingarvörur eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem staðlavinna og undirbúningur hennar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Tilskipanirnar eru svokallaðar nýaðferðartilskipanir sem eiga að stuðla að frjálsu flæði vöru og afnámi tæknilegra viðskiptahindrana á innri markaði Evrópusambandsins. Í nýaðferðartilskipunum eru settar fram grunnkröfur um heilsu, öryggi og í sumum tilvikum gæði en síðan eru nánari ákvæði um þær kröfur sem eru settar fram í samhæfðum evrópskum stöðlum. Tengsl milli staðla og tilskipana gera það að verkum að vara sem uppfyllir kröfur staðla uppfyllir þá sjálfkrafa ákvæði tilskipunar. Þar með er tryggt frjálst flæði vörunnar á markaðssvæði EES-ríkja. Mat á því hvort vara sé örugg veltur á því hvort hún uppfylli þær lágmarkskröfur sem er að finna í viðkomandi tilskipun. Dæmi um vörur sem falla undir nýaðferðartilskipanir hér á landi eru leikföng, vélar, rafföng, persónuhlífar, notendabúnaður síma- og fjarskiptakerfa svo eitthvað sé nefnt. Nýaðferðartilskipanirnar kveða skýrt á um það að framleiðandi/innflytjandi er ábyrgur fyrir öryggi vöru. Í flestum tilfellum er nægilegt að framleiðandi/innflytjandi staðfesti að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur. Það er einungis ef um mikla slysahættu er að ræða sem er gerð krafa um að varan sé prófuð af óháðum aðila (lækningatæki, flóknar vélar o.þ.h.). Meginreglan um að vörur sem uppfylla gerðar kröfur megi flytja frjálst yfir landamæri byggist á því að fyrir hendi sé virkt og öflugt markaðseftirlit. Með áfestingu CE-merkisins ábyrgist framleiðandi eða innflytjandi samræmi vörunnar við viðeigandi tilskipanir sem varða eiginleika og öryggi hennar og að varan hafi farið í gegnum ákveðið ferli þar sem fram fer mat á því hvort hún uppfyllir gerðar kröfur. Tilskipun um byggingarvörur er frábrugðin öðrum nýaðferðartilskipunum að því leyti að samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru forsenda CE-merkingar á meðan grunnkröfur eru forsenda CE-merkingar í öðrum nýaðferðartilskipunum og staðlar til frjálsra nota. Helsta ástæða þessa er að grunnkröfur tilskipunar um byggingarvörur eiga við um mannvirki sem vörurnar eru notaðar í, þ.e. taka verður tillit til aðstæðna í hverju landi. Meðal annars af þessum sökum hefur vinna við gerð tækniákvæða gengið hægt og enn vantar nokkuð á að slík ákvæði séu til fyrir allar byggingarvörur. Þetta stendur þó til bóta og fleiri tækniákvæði fyrir byggingarvörur taka gildi á næstu missirum.

Grunnkröfur þær sem mannvirki eiga að uppfylla eru skilgreindar í byggingarvörutilskipuninni og eru teknar óbreyttar upp í viðauka við frumvarp þetta. Skiptast þær í sex þætti sem eru: burðarþol og stöðugleiki; varnir gegn eldsvoða; hollusta, heilsa og umhverfi; öryggi við notkun; hávaðavarnir; orkusparnaður og hitaeinangrun. Samkvæmt viðaukanum skulu byggingarvörur henta til mannvirkjagerðar og koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og mannvirkin fullnægja þar af leiðandi framangreindum grunnkröfum. Ferill staðlagerðar innan Evrópusambandsins hvað varðar byggingarvörur er á þann veg að framkvæmdastjórn sambandsins og EFTA fela tækninefndum sem aðildarríkin eiga aðild að samningu

svokallaðra skýringarskjala. Í skýringarskjölum eru grunnkröfurnar skýrðar nánar og staðlar og önnur tækniákvæði eru síðan byggð m.a. á þessum skýringarskjölum. Staðlarnir eru samdir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) sem eru óháð samtök sem viðurkennd hafa verið sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða evrópska staðla.

Til fyllingar nýaðferðartilskipunum Evrópusambandsins hefur innan sambandsins verið sett tilskipun um öryggi vöru 2001/95/EB, sem innleidd var í íslenskan rétt við setningu laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Hún hefur að geyma heimildir til aðgerða stjórnvalds þegar um hættulega neytendavöru er að ræða sem ekki fellur undir sérstök lög. Tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er til fyllingar fyrrgreindum tilskipunum hvað varðar framkvæmd markaðseftirlits. Við útfærslu ákvæða þessa kafla var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og leitast við að samræma ákvæði frumvarpsins og þeirra laga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beri ábyrgð á eftirliti með byggingarvörum á markaði en stofnuninni er hins vegar heimilt að fela faggiltum aðila framkvæmd þess verkefnis. Getur Byggingarstofnun t.d. falið Neytendastofu framkvæmd hluta eftirlitsins, þ.e. þann hluta sem lýtur að byggingarvörum sem eru til sölu í verslunum. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvara verði forsenda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerð.

Um 38. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hver teljist vera framleiðandi og dreifingaraðili byggingarvöru í skilningi laganna. Þar sem ábyrgðin á markaðssetningu vörunnar hvílir á þessum aðila er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða aðilar þetta eru. Sambærilegt ákvæði er í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvöru. Í fyrsta lagi þarf varan að henta til áformaðra nota þannig að mannvirki sem hún er felld inn í, sett saman við eða notuð við uppfylli grunnkröfurnar sem skilgreindar eru í fylgiskjali laganna. Í öðru lagi þarf varan að uppfylla kröfur samhæfðra evrópskra staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða innlends tækniákvæðis sem samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA. Í 3. tölul. 1. mgr. er CE-merking byggingarvöru gerð að skilyrði fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum þar sem gerðir hafa verið samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru. Tilskipun um byggingarvörur gerir ekki þá kröfu að CE-merking sé gerð að skyldu í aðildarríkjunum heldur einungis að uppfyllt séu ákvæði 1. og 2. tölul. Hér er hins vegar farin sú leið sem farin hefur verið í nokkrum löndum, m.a. Danmörku, að gera CE-merkinguna að skyldu, enda einfaldar það allt markaðseftirlit og auðveldar framleiðendum/innflytjendum að sýna fram á að varan uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir markaðssetningu hennar. Ef byggingarvara er réttilega merkt CE-merkinu, í samræmi við ákvæði 43. gr. frumvarpsins, telst byggingarvaran uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Framleiðandi eða innflytjandi þarf ekki að gera annað en að sýna merkið, og viðeigandi fylgiskjöl, þ.e. samræmisvottorð og samræmisyfirlýsingu, og þá er markaðssetning vörunnar heimil. Markaðseftirlit felst þá í því annars vegar að fylgjast með að byggingarvörur hafi CE-merki og hins vegar með því að vörurnar uppfylli kröfur 43. gr., þ.e. að

samræmismat sem sýni að þær uppfylli tækniákvæði hafi farið fram og að þær séu réttilega CE-merktar. Eftirlit með hinu síðarnefnda er t.d. framkvæmt með úrtaksskoðunum eða þegar grunur vaknar um að byggingarvara uppfylli ekki kröfur. Enn sem komið er hafa ekki verið gerðir evrópskir staðlar eða tæknisamþykki fyrir allar tegundir byggingarvara en þeim fer þó hratt fjölgandi.

Um 40. gr.

Hér er fjallað um svokallað evrópskt tæknisamþykki, sem m.a. er vísað til í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 39. gr., en það er mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota og er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA). Fjallað er um evrópskt tæknisamþykki í 8. gr. tilskipunar 89/106/EBE og II. viðauka hennar. Það er yfirleitt aðeins gefið út í þeim tilvikum þegar hvorki er til samhæfður staðall né viðurkenndur landsstaðall fyrir vörurnar og ekki hefur verið gefið út umboð til gerðar samhæfðs staðals en frá því eru undantekningar samkvæmt tilskipuninni. Til að geta CE-merkt vörur sínar sem ekki hefur verið gefinn út staðall fyrir þurfa framleiðendur að fá evrópskt tæknisamþykki, fyrir þær og framleiðsluferlið. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af aðilum sem metnir hafa verið, af stjórnvöldum viðkomandi aðildarlanda, til þess bærir að framkvæma samræmismat í samræmi við viðkomandi tækniákvæði. Hingað til hefur Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins verið fulltrúi Íslands í EOTA og veitt evrópsk tæknisamþykki. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að Byggingarstofnun taki við því hlutverki að tilnefna aðila til þátttöku í starfi EOTA. Framleiðandi byggingarvöru sem óskar eftir evrópsku tæknisamþykki skal greiða allan kostnað við öflun þess. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu evrópsks tæknisamþykkis verði sett í reglugerð.

Um 41. gr.

Ákvæðið fjallar um svokallað samræmismat sem er kerfisbundin athugun á því hvort byggingarvara sé í samræmi við staðla og evrópsk tæknisamþykki. Einungis tilnefndir aðilar mega framkvæma samræmismat á byggingarvörum. Samræmismatið er framkvæmt á kostnað framleiðanda eða umboðsmanns hans. Ef niðurstaða matsins er að varan sé í samræmi við tækniákvæði veitir það framleiðanda heimild til að festa CE-merkið á vöruna. Gert er ráð fyrir að allar nánari reglur um framkvæmd samræmismats verði settar í reglugerð.

Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir geti óskað eftir að annast samræmismat skv. 41. gr. sem tilnefndir aðilar. Faggiltar skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur sem hafa yfir að ráða faglegri þekkingu til að meta samræmi byggingarvöru geta orðið tilnefndir aðilar. Umhverfisráðherra annast tilkynningu um tilnefnda aðila. Í 3. mgr. er sett sú mikilvæga regla að tilnefndur aðili verði að hafa hlutleysi þriðja aðila og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvaða reglur gilda um notkun CE-merkisins. Afar mikilvægt er að merkið sé rétt notað því það veitir heimild til frjáls flæðis vörunnar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 44. gr.

Hér er kveðið á um að Byggingarstofnun hafi eftirlit með byggingarvörum á markaði. Er lagt til að stofnunin taki við því hlutverki af Neytendastofu sem, samkvæmt reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, hefur sinnt því eftirliti. Skv. 2. mgr. getur Byggingarstofnun falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laganna. Við innflutning getur Byggingarstofnun haft samstarf við tollayfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits.

Um 45. gr.

Hér er fjallað um þær heimildir sem Byggingarstofnun, eða eftir atvikum aðili sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, hefur til skoðunar hjá ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem flytur vöruna til landsins, og seljanda vöru, um upplýsingaskyldu þeirra og hver skuli bera kostnað af afturköllun vöru og tilkynningum um hættulega vöru. Sambærileg ákvæði eru í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þau réttarúrræði sem Byggingarstofnun er heimilt að grípa til ef í ljós kemur að byggingarvara á markaði uppfyllir ekki kröfur laganna.

Um 47. gr.

Samkvæmt greininni getur Byggingarstofnun í tengslum við beitingu réttarúrræða skv. 46. gr. skyldað framleiðanda og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar og farga henni með öruggum hætti. Er þetta gert til að tryggja að vara sem t.d. hefur verið bönnuð á markaði komist örugglega ekki í umferð með ólögmætum hætti. Um beitingu heimildarinnar gildir að sjálfsögðu meðalhófsregla stjórnsýslulaga og gefa skal ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum hennar eða fylgigögnum nema um sérlega hættulega vöru sé að ræða.

Um 48. gr.

Hér er sú skylda lögð á byggingarfulltrúa, hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara að tilkynna Byggingarstofnun um ólöglegar byggingarvörur á markaði. Þetta eru þeir aðilar sem eru líklegastir til að verða varir við vörur á markaði sem ekki uppfylla kröfur laganna. Byggingarfulltrúum er ekki ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði, heldur er einungis um tilkynningarskyldu að ræða til Byggingarstofnunar.

Um 49. gr.

Kafli frumvarpsins um byggingarvörur snýr að mestu að framleiðendum, innflytjendum og seljendum og skilgreinir ábyrgð þeirra við markaðssetningu byggingarvara. Í þessu ákvæði er hins vegar komið að eiganda mannvirkis sem ber ábyrgð á því að við mannvirkjagerðina og rekstur þess séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laganna. Óheimilt er að nota aðrar byggingarvörur til mannvirkjagerðar en þær sem uppfylla kröfur laganna.

Um 50. gr.

Hér er lagt til að lagt verði á gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið

fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,09. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin. Gert er ráð fyrir að áfram verði tekið gjald af rafveitum vegna eftirlits með þeim á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, en að í náinni framtíð verði það aðlagað kostnaði.

Um 51. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þau þjónustugjöld sem sveitarstjórnum er heimilt að setja vegna veittrar þjónustu og verkefna byggingarfulltrúa. Skal fjárhæð gjalds taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gæta þarf þess sérstaklega við setningu gjaldskrár að óheimilt er að jafna kostnaði sem kemur til vegna faggildingar eftirlits, yfirferðar uppdrátta og framkvæmdar úttekta af hálfu byggingarfulltrúa og starfsmanna hans jafnt á alla umsækjendur byggingarleyfis óháð því hvort hluti eftirlitsins er framkvæmdur af faggiltum skoðunarstofum. Þeir aðilar sem ráðið hafa faggilta skoðunarstofu til að annast hluta eftirlitsins eiga einungis að greiða til byggingarfulltrúa gjöld sem taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af umsókn þeirra.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu er Byggingarstofnun heimilað að setja sér gjaldskrá vegna þjónustu og verkefna sem stofnuninni er falið að annast eða tekur að sér. Þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fari með beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð er nauðsynlegt að henni sé heimilt að taka þjónustugjald fyrir á sama hátt og byggingarfulltrúar.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu eru settar reglur um greiðslu gjalda og er ákvæðið efnislega samhljóða 55. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli um rannsókn Byggingarstofnunar vegna tjóns á mannvirki þegar manntjón verður eða alvarleg hætta skapast eða ef tjónið er til þess fallið að skapa hættu. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um brunavarnir vegna rannsókna á brunatjóni og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt en bætt verði við skyldu til að rannsaka önnur tjón á mannvirkjum, t.d. vegna veðurs, jarðskjálfta, flóða eða annarrar náttúruvár, eða í þeim tilvikum þegar mannvirki eða hlutir þess hrynja eða skemmast illa af óþekktum ástæðum. Hugsunin að baki ákvæðinu er að finna orsakir slíkra tjóna og læra af þeim mistökum sem kunna að hafa átt sér stað við hönnun eða gerð mannvirkisins. Einnig gætu slíkar rannsóknir leitt í ljós að breyta þurfi reglum um hönnun og byggingu mannvirkja. Nokkuð hefur skort á að slíkar rannsóknir færu fram með skipulögðum og samræmdum hætti.

Um 55. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 56. gr. gildandi laga en felld hafa verið út þau atriði sem varða skipulagshluta laganna. Þó er lögð til sú breyting á orðalagi varðandi mannvirki sem reist eru í óleyfi að byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun sé heimilt að krefjast niðurrifs þeirra, að jarðrask sé afmáð eða starfsemi hætt, en ekki skylt eins og nú er. Er eðlilegt að þetta sé metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Nýtt er einnig í ákvæðinu að byggingarfulltrúi getur fyrirskipað lokun mannvirkis auk stöðvunar framkvæmda. Unnt er að beita úrræðum ákvæðisins samhliða ákvæðum 56. gr. um dagsektir.

Um 56. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 57. gr. gildandi laga en ítarlegra.

Um 57. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 58. og 59. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að áminning hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og svipting löggildingar verði alfarið í höndum Byggingarstofnunar. Áður var það í höndum byggingarnefndar að veita þessum aðilum áminningu og síðan gat hún óskað eftir því við ráðherra að hann svipti hönnuð eða iðnmeistara löggildingu. Í 2. mgr. er ákvæði um sviptingu starfsleyfis byggingarstjóra ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu eða brýtur af sér í starfi. Byggingarstjóri sem sviptur hefur verið starfsleyfi getur öðlast það aftur ef hann uppfyllir að nýju skilyrði fyrir leyfisveitingu. Um endurútgáfu vegna brota í starfi gilda almennar reglur um mat á alvarleika brots. Sama á við um brot hönnuða og iðnmeistara.

Um 58. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 59. gr.

Þrátt fyrir skiptingu skipulags- og byggingarlaga í tvenn lög er gert ráð fyrir að ein og sama úrskurðarnefndin starfi á grundvelli beggja laganna. Ákvæði um störf nefndarinnar og málsmeðferð hennar eru í skipulagslögum og er vísað til þeirra í ákvæðinu. Ekki er því um efnislegar breytingar á starfsemi úrskurðarnefndarinnar að ræða. Þó er lagt til að ef upp kemur ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar þá skuli leita álits Byggingarstofnunar, sbr. 2. mgr. 17. gr., enda gert ráð fyrir að um tæknileg atriði sé að ræða sem eðlilegt er að sérfræðistofnun á borð við Byggingarstofnun úrskurði um. Sé hins vegar um að ræða ágreining vegna beins tæknilegs eftirlits Byggingarstofnunar gefur ráðherra út slíkt bindandi álit. Í frumvarpi til skipulagslaga eru ákvæði um hverjum sé heimilt að kæra ágreining til úrskurðarnefndarinnar og gilda þau ákvæði einnig um kærur vegna ágreinings á grundvelli laga um mannvirki.

Um 60. gr.

Í ákvæðinu er sagt fyrir um setningu reglugerða á grundvelli laganna og um innihald þeirra. Ákvæðið er ekki bundið við það að sett verði ein byggingarreglugerð eins og nú er heldur má hugsa sér að til einföldunar verði settar nokkrar reglugerðir, enda um afar víðfeðmt efni að ræða. Sambærilegt ákvæði er í 37. gr. gildandi laga en ákvæðið hefur þó verið aðlagað þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um.

Um 61. gr.

Hér er fjallað um rafrænt gagnasafn Byggingarstofnunar, þar sem allt er varðar byggingareftirlit með viðkomandi mannvirki er skráð frá því að umsókn um leyfi berst og þar til lokaúttekt hefur verið framkvæmd. Í gagnasafnið má hugsa sér að verði færðar inn umsóknir um byggingarleyfi og fylgigögn þeirra, hönnunargögn á rafrænu formi, niðurstöður yfirferðar hönnunargagna, niðurstöður úttekta, vottorð sem gefin eru út vegna mannvirkjanna auk skoðunarhandbóka, gátlista og leiðbeininga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í gagnasafnið verði skráðir allir þeir fagaðilar sem að mannvirkjagerðinni koma, hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar, auk þess sem þar verður skráð hvort þessir aðilar hafa komið sér upp gæðakerfi. Gagnasafnið er lykillinn að möguleikum Byggingarstofnunar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að gagnasafnið verði starfrækt innan eða samtengjanlegt Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum.

Um 62. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum. Um þessi svæði er fjallað í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951, og í nýlegum lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 sem og auglýsingu nr. 1263/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að flugvallarsvæðið og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar falla utan skilgreinds varnarsvæðis. Samkvæmt síðarnefndri auglýsingu fer utanríkisráðherra þó með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála þar til annað verður ákveðið og er því lagt til með frumvarpi þessu að flugvallarsvæðið lúti yfirstjórn umhverfisráðherra hvað frumvarp þetta varðar. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga fer skipulagsnefnd flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar með skipulagsmál á flugvallarsvæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Yfirstjórn skipulagsmála á varnarsvæðum og öryggissvæðum er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Til samræmis er í 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn byggingarmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006. Lagt er til að Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefi út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á þeim svæðum sem lúta yfirstjórn utanríkisráðherra. Samkvæmt reglugerð nr. 736/2008 um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum annast Varnarmálastofnun í umboði utanríkisráðherra, á grundvelli 15. tölul. 7. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, framkvæmd skipulags- og mannvirkjamála á öryggis- og varnarsvæðum. Með frumvarpinu er því lagt til að breyting verði á þessari framkvæmd og að framkvæmd byggingareftirlits á umræddum svæðum verði framvegis í höndum Byggingarstofnunar, í umboði utanríkisráðherra, eins og áður sagði. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 76/2008 fer opinbert hlutafélag skv. 1. gr. hins vegar með stjórnsýslu byggingarmála á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum uns annað verður ákveðið með lögum. Er með frumvarpi þessu hins vegar lagt til að útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með mannvirkjum á flugvallarsvæðinu verði í höndum bygg-

ingarfulltrúa í ljósi þess að það er nú utan skilgreinds varnarsvæðis samkvæmt auglýsingu nr. 1263/2007, sjá m.a. 2. mgr. 9. gr. og 16. gr. frumvarpsins. Tekið er fram að þrátt fyrir að stjórnsýsla mála sé að fyrrnefndu leyti með öðrum hætti þá gildi ákvæði laganna og reglugerða um byggingarmál á umræddum svæðum. Skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008 eru þó öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, undanþegin öllum opinberum gjöldum og eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.

Um 63. gr.

Hér er fjallað um þagnar- og trúnaðarskyldu eftirlitsaðila.

Um 64. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2011 en heimilt er hins vegar að skipa forstjóra Byggingarstofnunar fyrir gildistöku laganna og skal hann vinna að undirbúningi gildistöku laganna. Munu verkefni Brunamálastofnunar heyra undir Byggingarstofnun við gildistöku laganna 1. janúar 2011. Ærið verk bíður Byggingarstofnunar við samningu nýrra reglugerða á grundvelli laganna, skoðunarhandbóka og við kynningu á hinu nýja lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Brunamálastofnun mun þannig starfa áfram til 1. janúar 2011 og þau verkefni sem eru hjá Skipulagsstofnun samkvæmt gildandi lögum verða þar áfram til 1. janúar 2011.

Um 65. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt.

Í 5. tölul. ákvæðisins er lögð til breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Breytingin er fólgin í því að árlegt gjald af brunatryggðum húseignum, sem er helsti tekjustofn sjóðsins, lækkar úr 0,3 prómillum í 0,26. Þegar lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum var breytt í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri var markmiðið að gripið yrði til nauðsynlegra ráðstafana með stuðningi Ofanflóðasjóðs í þeim sveitarfélögum þar sem byggð hafði þróast á snjóflóðahættusvæðum. Gjaldtaka Ofanflóðasjóðs var ákveðin sem tímabundin gjaldtaka vegna þessa átaksverkefnis. Á undanförnum árum hefur verið hægt á framkvæmdum Ofanflóðasjóðs og því fyrirsjáanlegt að framkvæmdir munu standa lengur en áætlað var þegar lögin voru sett í upphafi. Núverandi áætlanir miða við að fyrirsjáanlegum framkvæmdum verði lokið um 2018. Fjárþörf Ofanflóðasjóðs er mætt þrátt fyrir þá lækkun sem hér er lögð til. Þessi lækkun mun vega upp á móti hækkun brunavarnagjalds, í frumvarpinu nefnt byggingaröryggisgjald, þannig að gjaldtaka af brunatryggingum húseigna hækkar ekki þegar á heildina er litið.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. tölul. halda starfandi byggingarfulltrúar fullum rétti sínum til að starfa þó að þeir uppfylli ekki skilyrði 8. gr. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Hins vegar munu allir byggingarfulltrúar þurfa að afla sér faggildingar, sbr. 2. tölul., ef þeir ætla að framkvæma úttektir eða yfirfara hönnunargögn. Í framkvæmd mundi embætti byggingarfulltrúa sem heild afla sér faggildingar og byggingarfulltrúi og starfsmenn hans starfa sem skoðunarmenn I–III eftir menntun og reynslu. Þeir byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna

I–III. Nýir starfsmenn þurfa hins vegar að hafa viðeigandi menntun og reynslu til að mega starfa sem skoðunarmenn.

3. tölul. er sambærilegur við 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga. Í 2. málsl. er tekið fram að löggilding umhverfisráðherra jafngildi sams konar löggildingu Byggingarstofnunar. Enginn efnislegur munur er á þessum tveimur löggildingum heldur er einungis lagt til að annar aðili gefi löggildinguna út. Í 4. tölul. er sambærilegt ákvæði fyrir iðnmeistara. Ákvæði 5. tölul. er sambærilegt 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum. Skv. 6. tölul. geta þeir aðilar sem sannanlega hafa starfað sem byggingarstjórar í tíð eldri laga tekið að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Byggingarstjórastarfið samkvæmt frumvarpi þessu er að mörgu leyti allt annað starf en verið hefur samkvæmt gildandi lögum og eins og fram kemur í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til eldri byggingarlaga, sbr. umfjöllun í 2. kafla almennra athugasemda, hefur byggingarstjórastaðan ekki verið réttindastaða sem menn hafa fengið í eitt skipti fyrir öll heldur staða sem aðeins hefur náð til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig við veitingu byggingarleyfis. Því er ekki unnt að líta svo á að menn hafi áunnið sér réttindi til að starfa sem byggingarstjórar. Þrátt fyrir það er talið sanngjarnt að þeir sem tekið hafa að sér byggingarstjórn mannvirkja hingað til geti haldið áfram að vinna sem byggingarstjórar við sambærilega mannvirkjagerð áfram. Þau mannvirki sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 27. gr. hafa almennt ekki verið háð byggingarleyfum og því hafa engir starfað sem byggingarstjórar við þá mannvirkjagerð í gildistíð eldri laga. Þess vegna nær 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða ekki til þeirra mannvirkja heldur þurfa allir sem taka að sér byggingarstjórn þeirra að uppfylla hæfnisskilyrði 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Í 7. tölul. er veittur frestur til 1. janúar 2015 til að taka gæðastjórnunarkerfi í notkun við mannvirkjagerð. Í 8. tölul. er sambærilegt ákvæði við 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga.

Í 9. tölul. er kveðið á um forgangsrétt starfsmanna Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar sem starfa við þau verkefni sem færast til Byggingarstofnunar.

Samkvæmt 11. tölul. skal krafa 1. mgr. 17. gr. um að allt eftirlit skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka taka gildi 1. janúar 2015, sem þykir eðlilegur aðlögunartími.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til skipulagslaga og saman er þeim ætlað að leysa af hólmi núgildandi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Jafnframt er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar og nýmæli. Lagt er til að skilið verði á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og að opinbert byggingareftirlit í landinu verði aukið og samræmt. Í því skyni verði sett á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem taki alfarið við verkefnum Brunamálastofnunar sem lögð verði niður. Ábyrgð á framkvæmd byggingarmála flyst jafnframt frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar. Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðilum í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingar-

stofnun útbýr. Stofnunin skal starfrækja rafrænt gagnasafn, fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sem vera skal innan- eða samtengjanlegt Landskrá fasteigna. Einnig er gert ráð fyrir að reglugerð um viðskipti með byggingarvörur flytjist frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og verði framkvæmd hennar í höndum Byggingarstofnunar. Í sem stystu máli má segja að undir Byggingarstofnun muni heyra flestöll mál sem varða öryggi mannvirkja. Eftir sem áður verður þó meginþungi alls byggingareftirlits í höndum sveitarfélaganna, sem áfram munu bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits byggingarfulltrúa, en með stofnun Byggingarstofnunar verður yfirumsjónar- og samræmingarhlutverk ríkisins eflt. Varðandi fjármögnun er gert ráð fyrir að brunavarnagjald verði lagt niður en tekið upp nýtt gjald, byggingar-öryggisgjald, sem einnig er lagt á brunabótamatsstofn. Til að gjaldtaka af brunatryggðum húseignum aukist ekki við það er jafnframt lögð til lækkun á ofanflóðagjaldi sem lagt er á sama gjaldstofn.

Gert er ráð fyrir því að ný stofnun taki formlega til starfa í upphafi árs 2011 og að hún verði komin í fullan rekstur á tveimur árum. Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs stafa fyrst og fremst af nýjum og auknum verkefnum Byggingarstofnunar á sviði mannvirkjamála. Starfsmenn Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar, sem vinna að verkefnum sem færast til Byggingarstofnunar, skulu eiga forgangsrétt að störfum hjá hinni nýju stofnun. Umhverfisráðuneytið áætlar að 29 manns muni vinna hjá hinni nýju stofnun þegar hún verður að fullu tekin til starfa en það eru 14 fleiri en nú starfa hjá Brunamálastofnun. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda hjá Skipulagsstofnun þrátt fyrir að umsjón byggingarmála færist þaðan, enda hafa þau mál ekki verið veigamikill þáttur í starfsemi þeirrar stofnunar. Á fyrsta ári er gert ráð fyrir að ráðnir verði 8–10 stafsmenn og síðan 4–6 starfsmenn á öðru ári.

Fjármálaráðuneytið áætlar að 14 stöðugildi muni hafa í för með sér um 105 m.kr. hækkun launagjalda á heilu ári, og er þá miðað 7,5 m.kr. í laun og launatengd gjöld að meðaltali á hvert stöðugildi. Miðað við að launagjöld séu 60% af rekstrarkostnaði fyrir utan húsnæðiskostnað má reikna með 70 m.kr. hækkun annars rekstrarkostnaðar. Ætla má að árlegur húsnæðiskostnaður 29 manna stofnunar á höfuðborgarsvæðinu geti verið um 23 m.kr. og er þá miðað við 30 fermetra á mann og 2.200 kr. húsnæðiskostnað á fermetra á mánuði. Í áætlunum umhverfisráðuneytis er reiknað með að húsnæðismál hinnar nýju stofnunar verði leyst með því að hún yfirtaki núverandi 750 fermetra leiguhúsnæði Brunamálastofnunar og taki auk þess á leigu viðbótarpláss í sömu byggingu. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og samvinnunefnd miðhálendis framleigja sem stendur húsnæði hjá Brunamálastofnun. Reiknað er með að úrskurðarnefndin verði flutt annað og í frumvarpi til skipulagslaga er gert ráð fyrir að samvinnunefndin verði lögð niður. Með breyttu fyrirkomulagi er þetta húsnæði talið nægja fyrir starfsemi Byggingarstofnunar. Kostnaður við viðbótarhúsnæði er áætlaður 4 m.kr. og auk þess verður stofnunin af 5,5 m.kr. leigutekjum á ári. Má því ætla að aukinn húsnæðiskostnaður og tapaðar leigutekjur kosti stofnunina 9,5 m.kr. á ári. Að öllu saman töldu má því gera ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkisins við verkefni á sviði mannvirkjamála aukist um 184 m.kr. þegar stofnunin verður komin í fullan rekstur.

Til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er gert ráð fyrir að lagt verði á sérstakt gjald, byggingaröryggisgjald. Hér er í raun ekki um nýtt gjald að ræða heldur er ákvæði um brunavarnagjald, sem nú er innheimt á grundvelli laga um brunavarnir, fært inn í frumvarp til laga um mannvirki og verður skattstofn gjaldsins óbreyttur. Álagningu brunavarnagjalds verður jafnframt hætt, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Brunavarnagjald er nú 0,045 prómill af gjaldstofni en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að byggingaröryggisgjald verði 0,07 prómill. Má ætla að byggingaröryggisgjald muni skila 467 m.kr. tekj-

um á ári eða 167 m.kr. meiri tekjum en núverandi brunavarnagjald. Auk þess er áætlað að Byggingarstofnun muni hafa 14 m.kr. tekjur á ári samkvæmt gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða tekur að sér. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að alls skili framangreind gjöld 181 m.kr. auknum tekjum á ári. Gert er ráð fyrir að tekjurnar, sem teljast vera lögþvingaðar ríkistekjur, renni til reksturs Byggingarstofnunar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum.

Eins og áður sagði, er gert ráð fyrir að ofanflóðagjald verði lækkað til að vega upp á móti hækkun byggingaröryggisgjalds, eða úr 0,3 prómillum í 0,26 prómill. Áætlað er að gjaldið muni skila 1.214 m.kr. tekjum á ári, eða 186 m.kr. minni tekjum en núverandi ofanflóðagjald. Miðað við það má ætla að í heildina tekið hafi samþykkt frumvarpsins í för með sér óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir því að útgjöld ríkisins við verkefni á sviði mannvirkjamála aukist um 184 m.kr. á ársgrundvelli og að tekjur lækki um 5 m.kr. Áhrif frumvarpsins á afkomu ríkissjóðs verða samkvæmt því neikvæð um 189 m.kr. á ári. Þar sem gert er ráð fyrir að það taki að minnsta kosti tvö ár að koma stofnuninni í fullan rekstur þá er gert ráð fyrir að stofnkostnaður, sem áætlað er að geti numið um 120 m.kr., rúmist innan áætlaðs heilsársrekstrarkostnaðar fyrir fyrstu tvo árin. Ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum sem reikna má með að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér í útgjaldaramma umhverfisráðuneytisins samkvæmt fjárlögum eða í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013.

744. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir orðinu „eldvarnaeftirlit“ í 1. gr. laganna kemur: forvarnir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
b. Á eftir orðinu „skipum“ í 2. málsl. kemur: með haffærisskírteini.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkj-

anir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Byggingarstofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

5. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fjögurra manna fagráð, og jafnmarga menn til vara, sem er Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag slökkviliðsstjóra tilnefna hvert sinn fulltrúa í fagráð og skipar ráðherra formann.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum að fengnum tillögum Byggingarstofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.
b. 1. málsl. c-liðar 1. mgr. orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.
c. Á eftir e-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eigenda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta skv. a-lið 1. mgr. og um innheimtu þeirra. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjöld skulu ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmd úttektanna. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: samþykki Byggingarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Á undan 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Byggingarstofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja samkvæmt grein þessari og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
b. Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. kemur: björgunarstörfum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Byggingarstofnun.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:
Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

14. gr.

Í stað orðanna „að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 23. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. málsl. kemur: byggingarfulltrúa.
b. 2. málsl. orðast svo: Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.

16. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skulu leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

17. gr.

4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:
Telji Byggingarstofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af markaði. Um málsmeðferð Byggingarstofnunar og réttarfarsúrræði fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga um mannvirki.

18. gr.

Orðin „og Löggildingarstofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Byggingarstofnun getur krafið sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:
a. Orðin „í notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott og á eftir orðunum „eldfimra efna“ í sama málslið kemur: eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

21. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Byggingarstofnun annast úthlutun styrkja.

23. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Aðilar sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námskeiði og staðist próf sem Byggingarstofnun heldur.

Aðilar sem annast uppsetningu, viðhald og þjónustu brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þeir sem annast brunaþéttingar mannvirkja, skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar og viðkomandi starfsmenn slíkra aðila skulu hafa lokið námskeiðum sem viðurkennd eru af Byggingarstofnun.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa skv. 1. og 2. mgr. er að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Byggingarstofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um veitingu starfsleyfa, framkvæmd námskeiða og prófa fyrir starfsmenn þjónustuaðila brunavarna.

Byggingarstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna útgáfu starfsleyfa samkvæmt þessari grein og fyrir námskeiðahald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu. Breytingarnar eru í fyrsta lagi tilkomnar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslunnar þau níu ár sem lögin hafa verið í gildi.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru lagðar til margháttaðar breytingar á stjórnsýslu byggingarmála. Er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem taki við því hlutverki sem Brunamálastofnun hefur sinnt, auk þess sem stofnunin taki við ábyrgð á framkvæmd byggingarmála sem hingað til hefur verið í höndum Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að undir Byggingarstofnun heyri flest öll mál er varða öryggi bygginga, þ.m.t. brunavarnir og rafmagnsöryggi, en þessir þættir hafa hingað til heyrt undir hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti. Með slíkri sameiningu málaflokksins er ætlunin að ná fram aukinni skilvirkni

stjórnsýslu og gera unnt að einfalda allt eftirlit með öryggi mannvirkja með það að markmiði að auka gæði þeirra, endingu og öryggi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir varðandi hlutverk Brunamálastofnunar færist undir lög um mannvirki og undir Byggingarstofnun. Hins vegar er lagt til að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög og að mestu óbreytt, fyrir utan þær breytingar á yfirstjórn málaflokksins sem hér eru raktar, enda hafa þau í aðalatriðum reynst vel frá því að þau voru sett árið 2000.

Í frumvarpinu er þessu til viðbótar lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í meira en áratug hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni án lagaskyldu. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur því skapast sú hefð að slökkvilið sinni þessu verkefni og er kennsla í meðferð búnaðarins hluti af námsefni Brunamálaskólans. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Með því að gera verkefnið lögbundið er tryggt að þessi þjónusta sé fyrir hendi á öllu landinu og hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Þannig verður unnt að setja reglur um lágmarksbúnað, þjálfun starfsmanna, forvarnir og viðbragðsáætlanir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Forvarnir eru afar mikilvægur þáttur eldvarnaeftirlits. Til að leggja áherslu á mikilvægi forvarna er lagt til að því orði verði bætt við markmiðsgrein laganna og mikilvægi þeirra þannig dregið enn betur fram en áður.

Um 2. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til sú breyting að utan gildissviðs laganna falli eingöngu skip sem hafi haffærisskírteini í ljósi þess að í auknum mæli er farið að breyta notkun skipa, til að mynda með því að gera þau að veitingastöðum í höfnum eða á landi. Er því mikilvægt að slökkvilið geti þar haft aðkomu og gert kröfur um eldvarnir. Þá er lagt til að gildissvið laga um brunavarnir verði rýmkað þannig að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði falli undir lögin. Með sérhæfðum búnaði er m.a. átt við svokallaðar klippur og glennur sem notaðar eru t.d. við að ná fólki úr bifreiðum eftir umferðarslys. Ákvæðið nær til hvers konar björgunarstarfa þar sem slíks búnaðar er þörf, svo sem eftir umferðarslys, flugslys og hvers konar aðra björgun á fastklemmdu fólki. Ekki er hér þó átt við þá starfsemi björgunarsveita sem felst í rústabjörgun.

Um 3. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til lítils háttar útvíkkun á hugtakinu eldvarnir. Lagt er til að eldvarnir nái einnig til þess að hindra útbreiðslu elds. Í öðru lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins mannvirki til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í frumvarpi til laga um mannvirki. Sá munur er þó á að samgöngumannvirki teljast til mannvirkja samkvæmt lögum um brunavarnir en þau falla hins vegar utan gildissviðs laga um mannvirki. Í gildi er reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum sem sett var með stoð í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, og er gert ráð fyrir að hún haldi gildi sínu.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og Byggingarstofnun taki við hlutverki hennar.

Um 5. gr.

Vegna breytinga á yfirstjórn brunamála er 5. gr. gildandi laga felld brott og færist efni hennar yfir í 5. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Þar eru talin upp öll verkefni Byggingarstofnunar, þ.m.t. þau verkefni sem stofnunin hefur á grundvelli laga um brunavarnir. Er hlutverkið að mestu leyti óbreytt. Þó er lagt til að Byggingarstofnun hafi ekki það hlutverk, sem Brunamálastofnun hefur haft, að yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjórar og byggingarfulltrúar vísa til stofnunarinnar. Um er að ræða verkefni sem framangreindir aðilar eiga að geta sinnt og er hluti af byggingar- og eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverki Byggingarstofnunar verður samkvæmt nýjum lögum sinnt með öðrum hætti, svo sem með útgáfu skoðunarhandbóka. Þar sem lagt er til að stjórnsýsla byggingaröryggismála verði samræmd undir einni öflugri ríkisstofnun undir stjórn forstjóra sem ábyrgð ber á rekstri hennar er gert ráð fyrir að brunamálaráð sem starfað hefur á grundvelli laga um brunavarnir verði lagt niður. Brunamálaráð hefur verið forstjóra Brunamálastofnunar til ráðgjafar. Í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að Byggingarstofnun leiti í störfum sínum samráðs við hina ýmsu hagsmunaaðila, þ.m.t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að sérstakt fagráð starfi að baki stofnunarinnar, heldur leiti stofnunin þeirrar ráðgjafar sem hún þarfnast hverju sinni eftir aðstæðum. Útvíkkun á hlutverki stofnunarinnar kallar á samráð við mun fleiri aðila en þá sem setið hafa í brunamálaráði. Eðlilegt er að stofnunin skipuleggi sjálf einhvers konar samráðsvettvang, mismunandi eftir málefnum og málaflokkum sem undir stofnunina heyra.

Ekki er talin þörf á að binda slíkt samráð eða fyrirkomulag þess í lög umfram það sem gert er í frumvarpi til laga um mannvirki.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um Brunamálaskólann vegna frumvarps til laga um mannvirki. Gerð er tillaga um að í stað skólaráðs Brunamálaskólans verði skipað sérstakt fagráð fyrir skólann forstjóra Byggingarstofnunar til ráðgjafar um fagleg málefni skólans. Ábyrgð á rekstri skólans verði hins vegar alfarið í höndum forstjóra Byggingarstofnunar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi skólans en að heimilt verði að fela menntastofnun starfrækslu hans. Byggingarstofnun verður þó ávallt ábyrg fyrir þeirri starfsemi hvort sem hún annast hana sjálf eða felur hana öðrum. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lögfest það verkefni slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringum með 2. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Lagðar eru til breytingar til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um mannvirki. Hér er hlutverk slökkviliðs við byggingareftirlit skilgreint og það m.a. tengt svokölluðum öryggis- og lokaúttektum sem fjallað er nánar um í því frumvarpi. Öryggisúttekt er úttekt á öryggi og hollustuháttum mannvirkja þegar þau eru tekin í notkun og er óheimilt að flytja inn í eða taka mannvirki í notkun fyrr en slík úttekt hefur verið framkvæmd. Lokaúttekt skal framkvæmd innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun. Byggingarfulltrúar eða eftir atvikum faggiltar skoðunarstofur framkvæma öryggis- og lokaúttektir að viðstöddum fulltrúum slökkviliðs. Einnig er lagt til að sveitarfélagi verði heimilt að setja gjaldskrá vegna kostnaðar slökkviliða við öryggis- og lokaúttektir. Hafa sveitarfélög sams konar heimild í lögum um mannvirki til gjaldtöku vegna kostnaðar byggingarfulltrúa við úttektir á mannvirkjum.

Í frumvarpinu er slökkviliðsstjóra gert skylt að kæra eiganda eða forráðamann húsnæðis til lögreglu ef hætta skapast af ástandi brunavarna og viðkomandi sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi er að ræða.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að Byggingarstofnun samþykki brunavarnaáætlanir sveitarfélaga í stað þess að gefa um þær umsagnir. Breytingin hefur ekki áhrif á það vinnulag sem skapast hefur við afgreiðslu þessara áætlana.

Um 11. gr.

Breytingin kemur til vegna ákvæðis 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga, en þar er fjallað um hlutverk Brunamálastofnunar. Í ljósi þess að 5. gr. er í heild sinni felld brott í frumvarpinu er lagt til að fjallað verði um eldvarnaeftirlit með mannvirkjum vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og innan landgrunnsmarka í 2. mgr. 13. gr. a.

Um 12. gr.

Breytingin er hliðstæð breytingum 2. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki færast löggildingar hönnuða og iðnmeistara úr höndum umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Lögð er til sama breyting hvað varðar löggildingar slökkviliðsmanna. Í b-lið er lagt til að lögfest verði að slökkviliðsmenn þurfi að standast læknisskoðun til að mega stunda reykköfun. Í undirbúningi er endurskoðun á reglugerð um reykköfun og hefur verið um það rætt að nauðsynlegt sé að lögfesta það verklag, sem mörg slökkvilið hafa tekið upp, að skylda starfsmenn sína til að standast læknisskoðun áður en þeim er heimilt að stunda reykköfun. Reykköfun er hættulegt og erfitt starf sem einungis hraust og vel þjálfað fólk er fært um að sinna. Þess vegna er talið nauðsynlegt að krefjast reglubundinnar læknisskoðunar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að slökkviliðsstjóra og öðrum eftirlitsmönnum verði heimiluð myndataka á þeim stöðum sem eftirlits er þörf, m.a. flóttaleiðum í húsnæði og öðrum vankönturn á eld-

vörnum. Er nauðsynlegt að hnykkja á því að myndataka sé þessum aðilum heimil þar sem hún er mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs, m.a. þegar kæra þarf mál til lögreglu.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði laga um mannvirki.

Um 16. gr.

Breytingin er hliðstæð breytingum 15. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru tekin upp ákvæði um viðskipti með byggingarvörur. Þar er að finna ákvæði um málsmeðferð ef vara uppfyllir ekki kröfur laganna og réttarúrræði Byggingarstofnunar. Vísað er til þessa kafla mannvirkjafrumvarpsins hér í stað laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 18. gr.

Þar sem verkefni rafmagnsöryggissviðs Neytendastofu, áður Löggildingarstofu, sem varða rafmagnsöryggi í mannvirkjum, færðust undir Brunamálastofnun við gildistöku laga nr. 29/2009 er vísun til Löggildingarstofu felld brott hér.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að það verði sérstaklega tekið fram að Byggingarstofnun geti krafið sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Komið hefur fyrir að fyrirspurnum Brunamálastofnunar um þessi atriði hefur ekki verið sinnt en í ljósi eftirlitshlutverks stofnunarinnar er nauðsynlegt að henni berist slíkar upplýsingar.

Um 20. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir slökkviliðsstjóra til að beita þvingunarúrræðum vegna mannvirkja þegar eldhætta skapast verði ekki takmarkaðar við að mannvirki sé í notkun í ljósi þess að úrbætur geta einnig verið nauðsynlegar í yfirgefnum húsum, auk þess sem óljóst getur verið í einstökum tilvikum hvort húsnæði sé í notkun eða ekki. Er því lagt til að orðin „í notkun“ verði fellt út úr 2. mgr. 29. gr. Mikilvægt er þá að slökkviliðsstjóri hafi úrræði til að knýja fram úrbætur þegar eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar sinnir ekki þeim kröfum sem settar eru um brunavarnir, sbr. VI. kafla laganna. Er því lagt til að bætt sé við 2. mgr. 29. gr. að slökkviliðsstjóri geti einnig beitt þvingunarúrræðum vegna brota á ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Lagt er til að kveðið verði á um að birta skuli í B-deild Stjórnartíðinda gjaldskrá þá sem kveðið er á um í 3. mgr. 29. gr. laganna. Er breyting þessi í samræmi við ákvæði d. liðar 9. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Lagt er til að ákvæði laganna um brunavarnagjald falli niður en sambærilegt ákvæði verði tekið upp í frumvarp til laga um mannvirki og heiti hér eftir byggingareftirlitsgjald. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði innheimt með óbreyttum hætti með iðgjöldum vátryggingafélaga og að gjaldstofninn verði áfram vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár.

Þar sem gert er ráð fyrir að gjaldið verði notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er eðlilegt að ákvæði um innheimtu þess verði fært yfir í lög um mannvirki.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði um þjónustuaðila brunavarna. Fjallað er um þessa aðila í e-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en nánari útfærslu á þeim kröfum sem heimilt er að gera til starfsemi þessara aðila hefur skort. Um er að ræða aðila sem annast þjónustu við ýmsan búnað vegna brunavarna, svo sem handslökkvitæki og reykköfunarbúnað. Allt er þetta mikilvægur öryggisbúnaður sem nauðsynlegt er að sé meðhöndlaður af traustum aðilum sem hafa yfir nægjanlegri þekkingu að ráða. Því er hér lagt til að þessir aðilar þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar. Verður stofnuninni þá heimilt að setja sér gjaldskrá og innheimta gjald vegna útgáfu starfsleyfa og fyrir námskeiðahald samkvæmt greininni.

Um 24. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2011 til samræmis við gildistöku nýrra laga um mannvirki.

Fylgiskjal I.

Umhverfisráðuneyti:

Umsögn með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

Umhverfisráðuneytið hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið forsendur kostnaðaráhrifa frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir. Megintilgangur frumvarpsins er að samræma lög um brunavarnir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki en samkvæmt því frumvarpi mun Byggingarstofnun fara með yfirstjórn brunamála í stað Brunamálastofnunar nú. Ekki er talið að ákvæði um Byggingarstofnun hafi nein kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin. Í frumvarpinu eru hins vegar lagðar til nokkrar aðrar breytingar sem nauðsynlegt er talið að gera í ljósi reynslu af framkvæmd laganna.

Í frumvarpinu er lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Breytingunni er ætlað að tryggja að þessi þjónusta verði fyrir hendi um allt land og að hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur það fallið í hlut slökkviliða að sinna þessu verkefni. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að langflest slökkvilið landsins hafi sinnt þessu verkefni í meira en áratug án lagaskyldu og er kennsla í meðferð klippibúnaðar hluti af námi við Brunamálaskólann. Ekki er því um nýjan kostnað að ræða fyrir sveitarfélögin nema í undantekningartilvikum. Ráðuneytið hefur í samráði við félag slökkviliðsstjóra og Brunamálastofnun metið hugsanlegan

kostnað af framkvæmd þessa verkefnis. Heildarkostnaður allra slökkviliða vegna þessa þáttar er áætlaður eftirfarandi:

Stofnkostnaður, þ.e. búnaður, þjálfun o.fl.: u.þ.b. 500–600 millj. kr. samtals á landinu öllu.

Árlegur rekstrarkostnaður, þ.e. afskriftir, endurmenntun, stjórnunar- og skrifstofu kostnaður, kostnaður vegna útkalla: u.þ.b. 87–90 millj. kr. samtals á landinu.

Eins og áður segir hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni í meira en áratug án lagaskyldu. Búnaðinn eiga flest slökkvilið nú þegar. Ekki er því um nýjan kostnað að ræða fyrir sveitarfélögin nema í undantekningartilvikum.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um heimild um gjaldtöku til sveitarfélaga vegna kostnaðar slökkviliða vegna öryggis- og lokaúttekta, sbr. lög um mannvirki. Miða skal við að innheimt gjöld verði ekki meiri en kostnaður við úttektirnar.

Að öðru leyti telur ráðuneytið að frumvarpið valdi sveitarfélögum ekki auknum kostnaði.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki. Samkvæmt þeim er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og verkefni hennar færð undir nýja stofnun, Byggingarstofnun. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar sem æskilegt er talið að gera á lögunum í ljósi reynslunnar, en ekki er reiknað með að þær hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að innheimta gjald á móti kostnaði við útgáfu starfsleyfa sem þjónustuaðilum brunavarna verður skylt að hafa og fyrir námskeiðahald. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum verði innan við 1 m.kr. á ári.

Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Það er þó, eins og áður sagði, lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki sem áætlað er að auki árleg útgjöld ríkissjóðs um 184 m.kr. og lækki tekjur um 5 m.kr. Vísast að öðru leyti til kostnaðarumsagnar um það frumvarp.

745. Fyrirspurn [428. mál]

til fjármálaráðherra um vistvæn innkaup.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvernig hefur stefna ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup, sem samþykkt var í mars 2009, verið innleidd hjá fjármálaráðuneytinu?

746. Fyrirspurn [429. mál]

til fjármálaráðherra um innleiðingu stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd í innkaupastefnu ríkisins og starfsemi Ríkiskaupa frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.
2. Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd hjá Framkvæmdasýslu ríkisins frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.
3. Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd hjá Fasteignum ríkissjóðs frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.

Skriflegt svar óskast.

747. Fyrirspurn [430. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Frá Þór Saari.

1. Hversu mörg sveitarfélög eru eða hafa verið til sérstakrar athugunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna erfiðrar fjárhagsstöðu?
2. Hvaða sveitarfélög hafa á síðustu 12 mánuðum verið aðvöruð af eftirlitsnefndinni, sbr. 2. mgr. 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998?
3. Hvaða sveitarfélög hafa á síðustu 12 mánuðum tilkynnt eftirlitsnefndinni fjárþröng, sbr. 1. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga?
4. Hefur eftirlitsnefndin á síðustu 12 mánuðum látið fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 374/2001 um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga með síðari breytingum? Ef svo er, í málefnum hvaða sveitarfélaga?
5. Hefur eftirlitsnefndin á síðustu 12 mánuðum þurft að grípa til aðgerða, sbr. 3. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga? Ef svo er, í málefnum hvaða sveitarfélaga?
6. Við hvaða sveitarfélög hefur eftirlitsnefndin gert samninga um eftirlitsaðgerðir á síðustu 12 mánuðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/2001?
7. Hvaða sveitarfélög hafa verið tekin til frekari skoðunar á síðustu 12 mánuðum eftir greiningu eftirlitsnefndar á reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga?
8. Hverjar voru áætlaðar skuldir og langtímaskuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem eru eða hafa verið til sérstakrar athugunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 1. tölul. í árslok 2009? Hversu hátt hlutfall skulda þessara sveitarfélaga var í erlendri mynt í árslok 2009?

9. Hverjar eru framangreindar stærðir skv. 8. tölul. miðað við höfðatölu fyrir hvert sveitarfélaganna?
   Sundurliðun óskast eftir nöfnum sveitarfélaganna.

Skriflegt svar óskast.

748. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um heillaóskir til litháísku þjóðarinnar í tilefni 20 ára afmælis sjálfstæðisyfirlýsingar hennar.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að senda heillaóskir til litháísku þjóðarinnar í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá því að sjálfstæðisyfirlýsing Litháens var samþykkt af þjóðþingi landsins 11. mars 1990. Sjálfstæðisyfirlýsingin bar vott um hugrekki litháísku þjóðarinnar og markaði tímamót í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Alþingi fagnar þeirri vináttu sem ríkir milli Íslands og Litháens og góðu samstarfi þjóðanna á umliðnum árum og vísar til fyrri ályktana sinna, þ.e. frá 12. mars 1990 um heillaóskir til litháísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar, frá 19. desember 1990 um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna, frá 14. janúar 1991 um fordæmingu á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litháen og frá 11. febrúar 1991 um málefni Litháens, þar sem kveðið var á um að Ísland tæki upp stjórnmálasamband við Litháen.

Alþingi ítrekar heillaóskir til litháísku þjóðarinnar og væntir þess að vinabönd þjóðanna eflist hér eftir sem hingað til.

749. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Guðbjarnason frá ársreikningaskrá og Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, er kveðið á um að endurskoðanda sé skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt geti af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna. Ákvæði þetta var nýmæli í lögunum. Komið hefur í ljós að vátryggingafélög hafa ekki getað boðið endurskoðendum slíkar tryggingar, þ.e.

vegna tjóns sem getur leitt af ásetningi. Er því lagt til með frumvarpinu að skylda endur skoðanda til að taka starfsábyrgðartryggingu fyrir þau tilvik verði felld niður. Eftir stendur að endurskoðanda ber að tryggja sig fyrir fjárhagstjóni sem kann að leiða af gáleysi í störfum hans. Jafnframt ber endurskoðandi, sbr. 27. gr. laganna, ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans veldur af ásetningi eða gáleysi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Guðlaugur Þór Þórðarson og Margrét Tryggvadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Árni Þór Sigurðsson.
Björgvin G. Sigurðsson.	Eygló Harðardóttir.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

750. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um framhaldsfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 7. gr. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi: hæfni þeirra sem annast framhaldsfræðslu með tilliti til þekkingar þeirra og reynslu.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „átta“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: níu.
   b. Í stað orðanna „Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn fulltrúa“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2010“ komi: 1. október 2010.

751. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um framhaldsfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, skrifstofustjóra lagasviðs í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Stefán Stefánsson frá skrifstofu menntamála í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Guðrúnu S. Eyjólfsdóttur frá Samtökum

atvinnulífsins, Tryggva Þórhallsson og Ingu Rún Ólafsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitar félaga, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Árna Stefán Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ragnheiði Lindu Skúladóttur, forstöðumann Hringsjár, sem kom fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands, Huldu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra, og Ingu Dóru Halldórsdóttur, formann, sem komu fyrir hönd Kvasa, Guðbjörgu Aðalbergsdóttur, formann Félags íslenskra framhaldsskóla, Sigríði Dísu Gunnarsdóttur sem kom frá Félagi náms- og starfsráðgjafa og Elnu Katrínu Jónsdóttur, varaformann Kennarafélags Íslands.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, Kennarasambandi Íslands, Kvösum – samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva, Menntaskólanum við Sund, Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði, Mími – Símenntun ehf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja lagalegan grundvöll framhaldsfræðslu hér á landi og gera hana að fimmtu grunnstoð íslensks menntakerfis. Stuðlar frumvarpið þannig að vexti almenns menntunarstigs þar sem einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Jafnframt markar frumvarpið lokaáfanga í heildarendurskoðun á lagaumhverfi íslensks menntakerfis sem byggist á því að veita einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Þannig er horft á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins. Á undanförnum árum hefur framhaldsfræðslu vaxið fiskur um hrygg og er hún nú margháttuð og umfangsmikil. Með frumvarpi þessu er lagður grunnur að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslunnar þar sem einstaklingum er veittur stuðningur óháð stéttarfélagsaðild.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðherra fari með yfirstjórn málefna framhaldsfræðslunnar og beri ábyrgð á almennri stefnumótun hennar í samráði við hagsmunaaðila. Enn fremur ber hann ábyrgð á almennri stjórnsýslu, málefnum Fræðslusjóðs, stuðningi við þróun og nýsköpun sem og eftirliti og mati. Ráðherra getur samkvæmt frumvarpinu falið öðrum aðila að votta einstakar námskrár og námslýsingar, veita fræðsluaðilum viðurkenningu, annast fjárreiður og umsýslu með Fræðslusjóði og annast söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu, sbr. 15. gr. Í III. kafla er fjallað um fjárveitingar til framhaldsfræðslu og Fræðslusjóðs. Fræðslusjóður hefur það hlutverk, skv. 10. gr., að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík tækifæri. Munu starfsmenntamál opinberra starfsmanna einnig vera á meðal verkefna sjóðsins. Samkvæmt frumvarpinu skipar ráðherra Fræðslusjóði átta manna stjórn til fjögurra ára í senn eftir tilnefningum frá aðilum vinnumarkaðarins (ASÍ, SA, BSRB), félags- og tryggingamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem tilnefna sameiginlega. Formaður stjórnarinnar er þó skipaður án tilnefningar. Í IV. kafla er fjallað um mat og eftirlit með gæðum en frumvarpið gerir ráð fyrir að fræðsluaðilar meti sjálfir árangur og gæði fræðslustarfsins, birti opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur. Aftur á móti hefur ráðherra umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Að jafnaði skal slík framkvæmd vera falin óháðum aðila. Er hér um sambærilega uppbyggingu að ræða og finna má í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Það er álit nefndarinnar að mikið og gott starf hafi verið unnið í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins af aðilum vinnumarkaðarins (ASÍ og SA), í samstarfi við stjórnvöld, á sviði

framhaldsfræðslu. Hafa einstaklingar sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla fengið tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Verði frumvarpið að lögum telur nefndin að árangurinn muni aukast og undirstöður framhaldsfræðslustarfs með starfsemi símenntunarstöðva styrkjast. Með frumvarpinu er lagður grunnur að hærra menntunarstigi þjóðarinnar sem er samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar OECD lágt í alþjóðlegum samanburði. Enn fremur er talið að bætt menntun ófaglærðra hafi jákvæð áhrif á efnahagslífið og auki lífsgæði þeirra er sækja sér slíka þekkingu.

Nefndin fagnar þeirri áherslu í frumvarpinu að nám sem fram fer innan framhaldsfræðslunnar verði metið að verðleikum. Áréttar nefndin mikilvægi þess að einstaklingar fái tækifæri til að ljúka einingabæru námi sem tryggir viðkomandi rétt til áframhaldandi náms. Það er álit nefndarinnar að svo skapa megi heildstætt menntakerfi hér á landi verði að brúa þau bil sem kunna að vera á milli mismunandi grunnstoða þess. Verði frumvarp þetta að lögum hefur fimmta grunnstoð menntakerfisins fengið lagalegan grundvöll og leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að flæði milli framhaldsfræðslunnar og til að mynda framhaldsskólakerfisins sé tryggt en það gerir frumvarpið ekki að óbreyttu. Nefndin telur að með aukinni samvinnu aðila frá hinu almenna skólakerfi og framhaldsfræðslunnar náist aukið flæði milli þessara grunnstoða. Þar mun þekking og reynsla úr almenna skólakerfinu nýtast vel til dæmis við mat á einingum milli kerfa, upplýsingagjöf o.fl. Leggur nefndin því til að Félag íslenskra framhaldsskóla fái fulltrúa í stjórn Fræðslusjóðs.

Nefndin fjallaði ítarlega um menntun þeirra sem sinna framhaldsfræðslu en ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða aðra hæfni þeirra samkvæmt frumvarpinu. Það er álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að kveða á um hæfni þeirra sem sinna þessari kennslu. Áréttar nefndin þó að ekki sé alltaf rétt að krefjast hefðbundinnar kennaramenntunar enda getur verið mikill akkur í að leita í reynslu og þekkingu faglærðra sem starfað hafa á viðkomandi sviði í langan tíma. Leggur nefndin því til breytingar á 7. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar er varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir og Eygló Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Lilja Mósesdóttir.	Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir.

752. Lög [71. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

(Afgreidd frá Alþingi 4. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 465 með þessari breytingu:

10. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 2.–4. málsl. 2. gr. um önnur hlutafélög en opinber hlutafélög og 3.–5. málsl. 8. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

753. Fyrirspurn [432. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingu Lissabonsáttmálans.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Stendur til að þýða Lissabonsáttmálann yfir á íslensku og ef svo er, hvenær verður því verki lokið og hvað er áætlað að þýðingarkostnaðurinn verði hár?

Skriflegt svar óskast.

754. Fyrirspurn [433. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um plássleysi í fangelsum og fésektir.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað hafa margir einstaklingar sloppið við refsingu eða fésektir undanfarin tíu ár vegna plássleysis í fangelsum landsins?
2. Hvað hefur ríkið orðið af miklum tekjum vegna þessa á sama árabili?

Skriflegt svar óskast.

755. Fyrirspurn [434. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um brunavarnir á flugvöllum landsins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Telur ráðherra að brunavarnir á flugvöllum landsins séu með þeim hætti að fullt öryggi sé tryggt?
2. Telur ráðherra að menntun, þjálfun og búnaður þeirra sem sinna eiga brunavörnum á flugvöllum landsins sé eins og best verður á kosið?
3. Er ráðherra þeirrar skoðunar að lög um brunavarnir gildi ekki um flugvallarslökkvilið?
4. Hyggst ráðherra endurskoða reglugerðir um flugvelli, eins og brunamálaráð hefur lagt til, með vísan í lög um brunavarnir þannig að gildissvið laganna sé ótvírætt?
5. Telur ráðherra forsvaranlegt að ætla slökkviliðum sveitarfélaga að sinna brunavörnum á flugvöllum þótt engir tekjustofnar séu tryggðir til þess hlutverks, þar sem flugrekstur ber ekki brunamálagjald eins og fasteignir?

756. Fyrirspurn [435. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um forvarnir gegn einelti.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

1. Hefur árangur verið metinn af innleiðingu Olweusar-áætlunarinnar gegn einelti í íslenska grunnskóla?
2. Í hve mörgum grunnskólum hefur forvarnaverkefnið verið innleitt?
3. Hefur verið fylgst með því að hálfu ráðuneytisins hvort forvarnaverkefninu sé viðhaldið?

757. Frumvarp til laga [436. mál]

um brottfall laga nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í febrúar 2007 skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, nefnd til að kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur sem lagðar eru á ríki sem fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var undirritaður af hálfu Íslands 30. mars 2007. Nefndin vakti athygli á því að lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, væru enn í gildi hvað varðar afkynjanir og lagði til að þau yrðu felld úr gildi.

Í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, segir orðrétt:

„Við gildistöku þessara laga falla niður lög nr. 38/1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma eiga í veg fyrir að það auki kyn sitt. Ákvæði l. nr. 16/1938 um afkynjanir halda þó gildi sínu.“

Lög nr. 16/1938 eru birt í heild í lagasafni með eftirfarandi athugasemd: „L. 16/1938 eru úr gildi fallin, sbr. 33. gr. laga 25/1975, nema að því er varðar afkynjanir.“

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 16/1938 voru heimilar „aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt“ með leyfi landlæknis og nefndar skv. 5. gr. laganna. Þær aðgerðir sem heimilar voru samkvæmt lögunum voru afkynjanir, vananir (ófrjósemisaðgerðir) og fóstureyðingar. Lögin voru eins og fyrr greinir afnumin með lögum nr. 25/1975, nema ákvæði um afkynjanir.

Skilgreining á afkynjun í 2. gr. laganna frá 1938 er eftirfarandi:

„Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.“

Síðan segir í 5. gr. laganna:

„Afkynjun skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.“

Frá 1975 giltu því ákvæði laga nr. 25/1975 um ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar, en ákvæði laganna frá 1938 giltu áfram um afkynjanir. Allar ófrjósemisaðgerðir sem gerðar hafa verið eftir mitt ár 1975 hafa því verið gerðar á grundvelli laga nr. 25/1975.

Samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–1975 og lögð var fram á 127. löggjafarþingi (þskj. 1055, 388. mál) voru gerðar fjórar afkynjunaraðgerðir á körlum á þessu tímabili, sú síðasta árið 1971. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að nefnd sú sem fjallaði um leyfi til aðgerða samkvæmt lögum nr. 16/1938 hafi starfað þar til um miðjan júní 1975 þegar lög nr. 25/1975 tóku gildi. Nefndin hefur ekki verið endurskipuð og engar afkynjunaraðgerðir munu hafa verið gerðar hér á landi frá árinu 1971.

Það er því löngu tímabært að fella að fullu brott lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, falli úr gildi.

Með lögum nr. 16/1938 voru, með leyfi landlæknis og nefndar skv. 5. gr. laganna, heimilaðar aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir að það auki kyn sitt. Þær aðgerðir sem heimilaðar voru samkvæmt lögunum voru afkynjanir, vananir (ófrjósemisaðgerðir) og fóstureyðingar. Með lögum nr. 25/1975 voru lög nr. 16/1938 afnumin nema ákvæði um afkynjanir. Aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir að það auki kyn sitt hafa ekki verið framkvæmdar sl. 40 ár. Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæðin um afkynjanir verði felld brott.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

758. Fyrirspurn [437. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um þjónustu menningarstofnana við byggðir landsins.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands að jafnaði farið margar tónleikaferðir á ári út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?
2. Hvað hefur Þjóðleikhúsið farið margar sýningarferðir út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?
3. Hvað hefur leiklistarsvið Ríkisútvarpsins tekið upp mörg leikverk úti á landi á síðustu fimm árum?
4. Hvað hefur dagskrársvið Ríkisútvarpsins hljóðvarps unnið margar þáttaraðir fyrir Rás 1 og Rás 2 úti á landi á síðustu fimm árum?
5. Hvað hefur Listasafn Íslands sett upp margar sýningar úti á landi á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?

Skriflegt svar óskast.

759. Fyrirspurn [438. mál]

til iðnaðarráðherra um orkunotkun á landinu.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hver er heildarraforkunotkun á landinu og hvernig skiptist hún í prósentum talið á milli höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja?
2. Til hverra framangreindra landsvæða er áætlað að raforka úr fyrirhuguðum virkjunum fari?

Skriflegt svar óskast.

760. Fyrirspurn [439. mál]

til heilbrigðisráðherra um tannvernd grunnskólabarna.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað er talið að það kosti þjóðarbúið á ári að hefja aftur skólatannlækningar, grunnskólabörnum að kostnaðarlausu?
2. Hvað stendur í vegi þess að hefja aftur skólatannlækningar, grunnskólabörnum að kostnaðarlausu?
3. Hefur kostnaður þjóðarbúsins af lakari tannvernd skólabarna á síðustu árum verið metinn og ef svo er, hvernig?

Skriflegt svar óskast.

761. Fyrirspurn [440. mál]

til umhverfisráðherra um förgun og endurvinnslu flokkaðs sorps.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvernig er staðið að förgun og endurvinnslu flokkaðs sorps? Svar óskað sundurliðað eftir þessum flokkum sorps: bylgjupappi (frá fyrirtækjum annars vegar og heimilum hins vegar), pappír og umbúðir úr sléttum pappa (svo sem mjólkurfernur og aðrar matarumbúðir), filmuplast frá fyrirtækjum, föt og klæði, garðaúrgangur, gras, grófur úrgangur, heyrúlluplast, hjól-

barðar, húsbúnaður, jarðvegur, kertaafgangar, kjötvinnslu- og sláturúrgangur, kælitæki, ljósaperur, lyf, málmar, net, kaðlar og troll, plastumbúðir (frá fyrirtækjum annars vegar og heimilum hins vegar), raftæki, rafhlöður, sjónvörp og skjáir, skilagjaldsskyldar umbúðir, skrifstofupappír og hvítur afskurður, skór, spilliefni, steinefni, stór raftæki, timbur, trjágreinar, trúnaðargögn og tölvur.

Skriflegt svar óskast.

762. Fyrirspurn [441. mál]

til umhverfisráðherra um notkun plastpoka.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir plastpokar eru notaðir á ári hverju hér á landi?
2. Úr hverju eru þeir pokar framleiddir?
3. Hve langan tíma tekur fyrir plastpoka að brotna niður í umhverfinu?
4. Hefur ráðuneytið gripið til einhverra aðgerða til að draga úr plastpokanotkun?

Skriflegt svar óskast.

763. Fyrirspurn [442. mál]

til iðnaðarráðherra um skilgreind starfsréttindi leiðsögumanna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er unnið að því að veita fagmenntuðum leiðsögumönnum skilgreind starfsréttindi?
2. Telur ráðherra æskilegt að veita slík starfsréttindi til að auka fagmennsku í ferðaþjónustunni?

Skriflegt svar óskast.

764. Fyrirspurn [443. mál]

til forsætisráðherra um breytingar á fánalögum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvað líður boðuðu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, sem leggja átti fyrir Alþingi haustið 2009 samkvæmt þingmálaskrá?
2. Má búast við að frumvarpið verði lagt fram á næstunni þannig að tími gefist til að skoða það og eftir atvikum samþykkja áður en þingi verður frestað í vor?

Skriflegt svar óskast.

765. Fyrirspurn [444. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjálfvirkt afsláttarkort.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvað líður innleiðingu sjálfvirks afsláttarkorts sjúkratryggingastofnunarinnar?
2. Hvers vegna þarf enn að leggja fram greiðslukvittanir fyrir þjónustu sem sinnt er á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum öðrum en Landspítala?
3. Hvenær er gert ráð fyrir að afsláttarkortskerfið taki gildi?

766. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilafé og álagi skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 28. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kröfur ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda verði betur tryggðar við gjaldþrotaskipti. Með vísan til þeirra breytinga sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi síðustu misseri hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir aðgerðum til að koma til móts við aðila til að standa skil á skuldum við ríkissjóð. Meðal annars hafa heimildir innheimtumanna verið rýmkaðar til að veita meira svigrúm við innheimtu og með fram þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Þykir því eðlilegt að gera ráðstafanir um leið til að tryggja betur kröfur ríkissjóðs við gjaldþrotaskipti. Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt verði breytt á þann veg að kröfur samkvæmt þeim njóti forgangs við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum og verði skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Um er að ræða vörsluskatta þannig að í raun er um að ræða verðmæti sem eru í eigu ríkissjóðs og því eðlilegt að kröfur vegna þeirra njóti ríkari verndar. Sambærileg ákvæði og nú eru lögð til voru í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt en voru felld úr gildi með lögum nr. 78/1989.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt verði breytt þannig að kröfur samkvæmt þeim njóti forgangs við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Þannig er lagt til að kröfunum verði skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

767. Frumvarp til laga [446. mál]

um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Umsókn um greiðsluuppgjör.

Lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sem eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011.

Umsókn skal beint til tollstjóra óháð lögheimili umsækjanda. Tollstjóra er heimilt að samþykkja umsókn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. 2. gr.

2. gr.

Skilyrði greiðsluuppgjörs.

Skilyrði fyrir fresti til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi skal vera í skilum með aðra skatta og gjöld en þau sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. þegar umsókn er lögð fram.
2. Umsækjandi skal vera í skilum með alla skatta og gjöld sem gjaldfalla frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011.
3. Umsækjandi skal lýsa því yfir að hann muni skila inn skilagreinum og framtölum til að tryggja rétta álagningu gjalda.
4. Umsækjandi skal við umsókn um greiðsluuppgjör skv. 1. gr. viðurkenna greiðsluskyldu vegna þeirra krafna sem frests njóta.

3. gr.

Réttaráhrif greiðsluuppgjörs.

Dráttarvextir eru ekki lagðir á kröfur sem njóta frests til greiðsluuppgjörs á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Innheimtumaður ríkissjóðs skal skuldajafna inneignum sem myndast vegna krafna, sem hefur verið frestað skv. 1. gr., upp í þær kröfur.

Séu fullnustugerðir hafnar vegna krafna sem njóta frests til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. skal innheimtumaður ríkissjóðs fresta þeim eða afturkalla þær eftir atvikum.

4. gr.

Ógilding greiðsluuppgjörs.

Standi aðili sem nýtur frests til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. ekki í skilum með greiðslu skatta og opinberra gjalda sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 2010 fellur frestur til greiðsluuppgjörs niður og dráttarvextir reiknast á vanskil eins og frestur til greiðsluuppgjörs hefði ekki verið veittur.

Verði bú aðila sem nýtur frests til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. tekið til gjaldþrotaskipta á tímabili frestsins fellur heimild til greiðsluuppgjörs niður og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild hefði ekki verið veitt.

5. gr.

Umsókn um skuldbreytingu.

Hafi umsækjandi um greiðsluuppgjör haldið skilyrði 2. gr. fram til 1. júlí 2011 er tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra skatta og gjalda sem voru í fresti til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr.

Skuldabréfið skal vera til fimm ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og með fyrstu greiðslu 1. október 2011. Skuldabréfið skal vera verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs 1. júlí 2011, en án vaxta.

Hafi umsækjandi greiðsluuppgjörs ekki fengið álagningar byggðar á áætlunum leiðréttar fyrir 1. júlí 2011 er ekki heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs skv. 1. mgr. og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild til greiðsluuppgjörs hefði ekki verið veitt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með hruni íslensku bankanna í október 2008 var fótunum kippt undan íslensku efnahagslífi og um leið urðu kaflaskipti á nánast öllum sviðum íslensks samfélags. Óhjákvæmilegt reyndist fyrir stjórnvöld að bregðast við því ástandi sem myndaðist með róttækum aðgerðum, m.a. með neyðarlögum. Þrátt fyrir þau varð tjónið af hruninu gífurlegt, jafnt hjá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum sem fyrst og fremst birtist í vaxandi skuldavanda. Þar á gjaldeyriskreppan stóran hlut að máli. Jafnvel þó að halda megi því fram að allir þessir aðilar hafi átt að kunna fótum sínum forráð með meiri aðgætni í fjárfestingum og skuldsetningu verður ekki fram hjá því horft að ákvarðanir þeirra voru teknar við allt aðrar efnahagsaðstæður sem engan óraði fyrir að gætu breyst nánast á einni nóttu. Óvenjulegar aðstæður kalla því oftar en ekki á óvenjulegar tillögur til úrbóta.

Þegar hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða að hálfu stjórnvalda til að létta undir með skuldsettum heimilum í samráði við fjármálastofnanir landsins. Má þar nefna eftirgjöf krafna við nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, almennar skilmálabreytingar á húsnæðis- og bílalánum o.fl. án þess að skattskylda myndist vegna eftirgjafarinnar. Þá var skuldajöfnunarheimild barnabóta og vaxtabóta upp í vangoldna skatta og gjöld afnumin með reglugerðarbreytingu. Jafnframt hafa innheimtumenn ríkissjóðs haldið að sér höndum í hefðbundnum innheimtuaðgerðum vegna vangoldinna skatta, t.d. var lægsta viðmiðunarfjárhæð við útsendingu fjárnámsbeiðna hækkuð um 100%. Einnig stendur einstaklingum það úrræði til boða að gera greiðsluáætlun um skil á vangoldnum sköttum til hálfs árs í senn með möguleika á endurnýjun hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Þá tók fjármálaráðherra þá mikilvægu ákvörðun í lok síðasta árs að breyta greiðsluforgangi skattskulda frá og með 1. janúar 2010 þannig að greiðsla gangi fyrst upp í höfuðstól skuldar áður en kemur að greiðslu dráttarvaxta eins og verið hefur fram til þessa. Þó svo að þessi aðgerð gagnist jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum er ljóst að hún veitir þeim fyrrnefndu nýjan möguleika til þess að koma sínum persónulegu fjármálum, þ.m.t. skattgreiðslum, í eðlileg skil og dregur um leið úr svartri atvinnustarfsemi.

Lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri hafa að mestu leyti verið undanskildir í framangreindum aðgerðum. Þannig hafa innheimtumenn ríkissjóðs takmarkaðar heimildir til að beita ívilnandi innheimtuúrræðum gagnvart rekstraraðila sem ekki stendur skil á þeim sköttum sem honum ber að greiða, hvort heldur um er að ræða vörsluskatta eða skatta af viðkom-

andi atvinnurekstri. Fyrir liggur að mörg lífvænleg fyrirtæki berjast nú í bökkum vegna vanskila gagnvart fjármálastofnunum, opinberum aðilum og öðrum kröfuhöfum og fátt annað sem blasir við en gjaldþrot. Samkvæmt upplýsingum frá innheimtumönnum ríkissjóðs er nú farið að bera á auknum vanskilum, m.a. á virðisaukaskatti, hjá rekstraraðilum sem alltaf hafa staðið skil á sínu. Þessi þróun er stjórnvöldum sérstakt áhyggjuefni og visst merki þess að grípa þurfi til aðgerða til að sporna við þessari þróun áður en í óefni er komið. Í ljósi þess er þetta frumvarp lagt fram.

Í frumvarpinu er lagt til að rekstraraðilum sem fyrst og fremst eru í tímabundnum greiðsluvandræðum verði gefinn kostur á að óska eftir greiðsluuppgjöri á sköttum sem voru í vanskilum þann 1. janúar 2010 fram til 1. júlí 2011 án frekari viðurlaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Standist viðkomandi aðili þau skilyrði verða vanskilin sett á skuldabréf til fimm ára með verðbótum en án vaxta. Vonir standa til að slíkt úrræði geti hjálpað lífvænlegum fyrirtækjum yfir versta hjallann og þar með tryggt þeim ákveðið rekstraröryggi næstu mánuði.

Fjármálaráðuneytið, 16. febr. 2010
tekju- og skattaskrifstofa:

Skattskuldir í atvinnurekstri.
Miðað við 1. janúar 2010.

Í milljónum króna	Samtals	Gjaldþrota-meðferð	Mögulegur greiðslufrestur	%
I. Einstaklingar í rekstri	**28.109**	**1.538**	**26.571**	**100,0**
– Þinggjöld	14.000	623	13.377	50,3
– Virðisaukaskattur	11.228	691	10.537	39,7
– Staðgreiðsla tekjuskatts	1.226	70	1.156	4,4
– Tryggingagjald	1.257	70	1.187	4,5
– Aðrir skattar og gjöld	398	84	314	1,2
II. Lögaðilar	**83.655**	**38.328**	**45.327**	**100,0**
– Þinggjöld	42.105	15.907	26.198	57,8
– Virðisaukaskattur	20.793	10.404	10.389	22,9
– Staðgreiðsla tekjuskatts	11.008	6.094	4.914	10,8
– Tryggingagjald	6.005	4.138	1.867	4,1
– Aðrir skattar og gjöld	3.744	1.785	1.959	4,3
III. Atvinnurekstur alls	**111.764**	**39.866**	**71.898**	**100,0**
– Þinggjöld, virðisaukaskattur o.fl.	107.622	37.997	69.625	96,8
– Aðrir skattar og gjöld	4.142	1.869	2.273	3,2

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra námu vanskil skatta og gjalda hjá lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri samtals 111,8 milljörðum króna í byrjun árs 2010 eins og fram kemur í töflunni hér að framan. Tæplega 40 milljarðar króna, eða 35,7%, tilheyra rekstraraðilum sem eru komnir í gjaldþrotameðferð og koma þar með ekki til álita varðandi mögulegan greiðslufrest. Eftir standa um 72 milljarðar króna, en af þeirri fjárhæð eru um 70 milljarðar króna sem taka þarf afstöðu til samkvæmt tillögum frumvarpsins sé gengið út frá því að allir

þeir sem voru með einhver vanskil um síðustu áramót sæki um frest til greiðsluuppgjörs. Ljóst er að umtalsverður hluti þeirra fjárhæðar er til kominn vegna áætlunar og muni því lækka þegar til endurálagningar kemur.

Erfitt er að leggja á það nákvæmt mat hvaða fjárhagslegu hagsmunir eru í húfi fyrir ríkissjóð verði frumvarpið að lögum. Ljóst er að aðeins hluti fyrrgreindrar fjárhæðar verður innheimtur að óbreyttu, eða 20–30% miðað við reynslutölur síðari ára. Með þessu úrræði er hins vegar verið að gefa eftir vaxtagreiðslur í allt að 18 mánuði til að byrja með, auk vaxta af útgefnu skuldabréfi í allt að fimm ár, en á móti kæmi ef að líkum lætur bætt höfuðstólsinnheimta og sterkari rekstraraðilar sem skila ættu auknum sköttum í framtíðinni.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram annað frumvarp þar sem lagt er til að vanskil á vörslusköttum, þ.e. staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars og virðisaukaskatts, verði gerð að forgangskröfum að nýju við gjaldþrotaskipti. Um leið og ívilnandi innheimtuaðgerðir eru heimilaðar við innheimtu skatta og gjalda til að koma til móts við skuldsetta aðila er ætlunin að tryggja betur kröfur ríkissjóðs við gjaldþrotaskipti. Þannig er lagt til að lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt verði breytt á þann veg að kröfur samkvæmt þeim njóti forgangs við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum og verði skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Innan skamms mun fjármálaráðherra einnig leggja fram frumvarp um úrræði varðandi skattalega meðferð á afskrifuðum skuldum, bæði hjá rekstraraðilum og einstaklingum.

Allt frá seinni hluta ársins 2008 hafa innheimtumenn ríkissjóðs ekki beitt ítrustu innheimtuúrræðum vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Gengið er út frá því að ef lögfestar verða þær miklu ívilnanir sem felast í þessu frumvarpi þá eigi innheimtumenn ríkissjóðs að beita öllum lögboðnum innheimtuúrræðum vegna vanskila, þ.m.t. að stöðva atvinnurekstur þeirra sem ekki standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda eða virðisaukaskatti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heimild til að fresta greiðsluuppgjöri er einskorðuð við lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Með einstaklingum í atvinnurekstri er átt við að umfang rekstursins sé það mikið að þeir séu í tveggja mánaða skilum í virðisaukaskatti en ekki í ársskilum. Þegar virðisaukaskattsskyld velta fer yfir 1.400.000 kr. er skattaðila heimilt að vera í tveggja mánaða skilum. Heimildin mun því ekki ná til þeirra einstaklinga sem ná ekki umræddum mörkum enda hafa þeir í fæstum tilvikum lifibrauð sitt af slíkum rekstri. Hingað til hafa ekki verið lögfest sérstök úrræði vegna greiðsluerfiðleika fyrir aðila í atvinnurekstri vegna vanskila á opinberum gjöldum nema að óverulegu leyti, en með þessu frumvarpi er lagt til að úr því verði bætt.

Lagt er til að greiðsluuppgjörið nái eingöngu til þeirra skatttegunda sem tilgreindar eru í greininni. Ástæðan er sú að þessir skattar vega hvað þyngst í vanskilum aðila í atvinnurekstri eins og fram kemur í almennum athugasemdum. Þá má nefna sérstaklega að vanskilum virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda fylgir auk dráttarvaxta vanskilaálag sem getur orðið allt að 10% fjárhæðarinnar. Auk þess er innheimtumanni ríkissjóðs heimilt að láta stöðva atvinnurekstur vegna vanskila á þessum sköttum.

Undir þing- og sveitarsjóðsgjöld falla ýmsir skattar og gjöld sem lögð eru á með vísan til laga nr. 90/2003, um tekjuskatt: Tekjuskattur, útsvar, gjald í framkvæmdasjóð aldraða, útvarpsgjald, fjármagnstekjuskattur, slysatrygging við heimilisstörf, búnaðargjald og iðnaðarmálagjald.

Tollstjóra er falið að veita frest til greiðsluuppgjörs samkvæmt ákvæðinu, en fjármálaráðuneytið hefur þegar falið tollstjóra sérstakt eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk á sviði innheimtu skatta og gjalda, sbr. erindisbréf hans frá 16. janúar 1998. Mikilvægt er að umsjón þessa úrræðis sé í höndum eins aðila þannig að tryggt sé að framkvæmdin sé samræmd. Við framkvæmd frestsins mun tollstjóri hafa samband við viðkomandi innheimtumann ríkissjóðs og hlutast til um að hann afturkalli og fresti fullnustugerðum eftir atvikum. Tollstjóri mun í samvinnu við Fjársýslu ríkisins sjá um að útbúið verði rafrænt umsóknareyðublað vegna úrræðisins. Ákvarðanir tollstjóra eru kæranlegar til fjármálaráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Vanskilainnheimta hjá þeim aðilum sem ekki sækja um frest til greiðsluuppgjörs samkvæmt þessari heimild eða uppfylla ekki skilyrði til að fá slíkan frest verður í samræmi við lög og verklagsreglur tollstjóra.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu koma fram skilyrði fyrir því að unnt sé að fá greiðslufrest.

Í fyrsta lagi er lagt til að skilyrði fyrir því að fá frest til greiðsluuppgjörs sé að umsækjandi sé í skilum með greiðslu allra annarra skatta en þeirra sem frestur tekur til skv. 1. gr. þegar fresturinn er veittur.

Í öðru lagi þarf umsækjandi þarf að standa í skilum með skatta sem gjaldfalla á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Í ákvæðinu er því gerð rík krafa til þeirra sem fá frest til greiðsluuppgjörs um að standa í skilum við ríkissjóð með öll gjöld sem gjaldfalla á fresttímabili. Með sköttum og gjöldum er átt við alla þá skatta og gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs.

Í þriðja lagi er lagt til að aðili sem ekki hefur sinnt lögboðnum skýrsluskilum lýsi því yfir að hann muni bæta úr þeim. Skv. 5. gr. frumvarpsins verða skattyfirvöld að hafa lokið álagningu skatta á grundvelli innsendra skýrslna og skilagreina fyrir 1. júlí 2011 til að umsækjandi geti fengið heimild til útgáfu skuldabréfs. Gera má ríkar kröfur til umsækjanda varðandi úrbætur á framtals- og skýrsluskilum þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir mikilli ívilnun honum til handa. Ætla má að skilyrðið stuðli að bættum skýrslu- og framtalsskilum sem leiða til betri skatt- og innheimtuframkvæmdar.

Í fjórða lagi er lagt til að umsækjandi viðurkenni greiðsluskyldu sína og rjúfi þannig fyrningu krafna. Að öðrum kosti gæti ríkissjóður tapað kröfum meðan á fresti stendur. Slíkt væri óeðlilegt enda felur úrræðið í sér mikla ívilnun umsækjanda til handa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er um eins konar frystingu að ræða vegna skatta sem gjaldfallnir eru fyrir 1. janúar 2010. Ef umsækjandi heldur skilyrði úrræðisins er lagt til að dráttarvextir falli ekki til á fresttímabili. Haldi umsækjandi ekki skilyrði þá leggjast dráttarvextir á kröfur til greiðsludags eins og aldrei hafi til frestunar komið.

Komi til inneignar vegna þeirra gjalda sem frests njóta, t.d. vegna skattbreytinga, er lagt til að þeim verði skuldajafnað upp í frestskröfur. Sem dæmi má nefna að inneign myndast á fyrsta tímabili virðisaukaskatts 2009 vegna skattbreytingar og yrði þá ekki heimilt að greiða þá inneign út heldur yrði henni skuldajafnað upp í önnur gjöld sem eru í fresti skv. 1. gr. Inneignir sem myndast vegna tímabila sem gjaldfalla eftir 1. janúar 2010 til 1. júlí 2011 yrði hins vegar ekki skuldajafnað upp í kröfur sem njóta frests. Inneign sem kæmi til t.d. vegna virðisaukaskattstímabilsins janúar–febrúar 2010 yrði þá ekki skuldajafnað upp í kröfur

sem frests njóta heldur yrði hún greidd út til gjaldanda ef hann er í skilum með öll önnur gjöld sem gjaldfallið hafa eftir 1. janúar 2010.

Hafi fullnustugerðir þegar verið hafnar við veitingu frests skv. 1. gr. skal innheimtumaður ríkissjóðs eftir atvikum afturkalla eða fresta þeim. Í flestum tilvikum yrði fyrirtökum aðfararbeiðna frestað hjá sýslumanni þar til sýnt er að umsækjandi fái heimild til útgáfu skuldabréfs skv. 5. gr. Hér eru hagsmunir gjaldanda hafðir að leiðarljósi. Verði fullnustugerðum fram haldið eftir niðurfellingu frests er komist hjá kostnaðarauka þar sem ekki þarf að senda nýja beiðni með tilheyrandi kostnaði.

Þannig getur háttað til að annar aðili en innheimtumaður ríkissjóðs knýi fram nauðungarsölu á eign sem innheimtumaður ríkissjóðs hefur látið gera fjárnám í. Í slíku tilviki skal innheimtumaður lýsa kröfu sinni samkvæmt aðfararveði en eingöngu með dráttarvöxtum sem hafa fallið til og með 31. desember 2009.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að það verði ófrávíkjanlegt skilyrði að aðili sem fær frest skv. 1. gr. standi í skilum með greiðslu allra skatta og gjalda sem gjaldfalla eftir 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Standist umsækjandi ekki þetta skilyrði verður staða hans eins og aldrei hafi til frestunar komið. Fresturinn fellur sjálfkrafa úr gildi við vanskil án sérstakrar tilkynningar til umsækjanda. Dráttarvextir leggjast á vangoldnar kröfur og innheimtuaðgerðum er beitt með hefðbundnum hætti.

Í 2. mgr. kemur fram að verði bú tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni þriðja aðila eða umsækjanda falla réttaráhrif frestsveitingarinnar niður.

Um 5. gr.

Haldi aðili skilyrði 2. gr. frumvarpsins getur hann sótt um skuldbreytingu á þeim sköttum og gjöldum sem voru í greiðslufresti. Í skuldbreytingu felst að skattkröfurnar eru greiddar með útgáfu skuldabréfs. Umsókn um útgáfu skuldabréfs skal beina til tollstjóra.

Samkvæmt greininni ber skuldabréfið ekki vexti. Hins vegar er kveðið á um að það skuli vera verðtryggt miðað við vísitölu neysluverð 1. júlí 2011. Þetta felur í sér að skuldari sem uppfyllir öll skilyrði laganna fær að greiða skuld sína eins og hún stóð 1. janúar 2010 með skuldabréfi til fimm ára sem er vaxtalaust en ber verðtryggingu frá 1. júlí 2011.

Við útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra krafna sem undir frestsveitingu falla yrðu kröfurnar færðar úr tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs og eftirleiðis greiddar samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Við færslu úr tekjubókhaldskerfi ríkisins breytast kröfurnar úr skattkröfum í almennar kröfur.

Fái umsækjandi álagningar sem byggðar eru á áætlunum ekki leiðréttar fyrir 1. júlí 2011 er samkvæmt ákvæðinu óheimilt að breyta skattskuldum í skuld samkvæmt skuldabréfi. Hafa verður í huga að um víðtæka ívilnun er að ræða og miklir hagsmunir í húfi fyrir umsækjanda og ríkissjóð. Því er eðlilegt að gera strangar kröfur til umsækjenda um að þeir sýni í verki ábyrgð í atvinnurekstri og uppfylli lagaboð um skýrsluskil. Uppfylli umsækjandi ekki lagaskilyrðið leggjast dráttarvextir á kröfurnar eins og frestur hafi ekki verið veittur.

Útgefandi skuldabréfsins, þ.e. umsækjandi, skal skila skuldabréfinu fullbúnu til tollstjóra. Umsækjandi ber allan kostnað af útgáfu þess, þar á meðal gjald fyrir stimplun þess samkvæmt lögum um stimpilgjald.

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sem eru í vanskilum með tiltekin opinber gjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geti sótt um frest á greiðslu vanskila til 1. júlí 2011. Um er að ræða virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að dráttarvextir leggist á kröfur meðan á frestun stendur. Gert er ráð fyrir að inneignir sem myndast vegna krafna sem eru í fresti verði skuldajafnaðar upp í kröfurnar. Til að fá slíkan frest þarf að vera í skilum með aðra skatta og gjöld en fresturinn tekur til. Viðkomandi þarf að staðfesta að skilagreinum og framtölum til tryggingar réttri álagningu verði skilað, auk þess sem viðurkenning á greiðsluskyldu þeirra krafna sem frests njóta liggi fyrir.

Standist skuldari þessi skilyrði verður tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til 5 ára vegna þeirra opinberu gjalda sem voru í greiðslufresti. Skuldabréfið skal vera verðtryggt en vaxtalaust með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og með fyrstu greiðslu 1. október 2011. Standist skuldari hins vegar ekki þau skilyrði á tímabili frestunarinnar sem sett eru samkvæmt frumvarpinu eða bú hans verður tekið til gjaldþrotaskipta fellur fresturinn niður og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og greiðslufrestur hefði ekki verið veittur.

Að mati tollstjórans eru um 70 milljarðar króna sem voru í vanskilum hjá lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri sem gætu komið til skoðunar samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Höfuðstóll þessara krafna er rétt um 50 milljarðar króna og má varlega áætla miðað við reynslu síðustu ára að 20–30% þeirrar fjárhæðar gætu innheimst eða á bilinu 10–15 milljarðar króna. Ástæðan fyrir þetta lágu innheimtuhlutfalli er að kröfurnar byggjast að miklu leyti á áætlunum þar sem skilagreinum og framtölum hefur ekki verið skilað. Verði lögunum ekki breytt má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna dráttarvaxta af innheimtum kröfum gætu orðið um 1,5–2 milljarðar króna til viðbótar á innheimtutímabilinu miðað við stöðuna um síðustu áramót. Með þessu frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir því að lögaðilum og einstaklingum í rekstri sem komnir eru í vanskil verði gert kleift að vinna sig út úr erfiðleikunum til eflingar fyrir atvinnulífið og um leið aukið innheimtuhlutfallið fyrir ríkissjóð. Miðað við sömu forsendu og hér að framan, þ.e. 20–30% innheimtu af útistandandi kröfum um áramót, má reikna með að tapaðar tekjur fyrir ríkissjóð í eftirgefnum dráttarvöxtum og vöxtum af skuldabréfum gætu verið á bilinu 4–6 milljarðar króna. Þessir útreikningar eru þó háðir mikilli óvissu og er allt eins líklegt ef vel tekst til að bætt innheimta vegi upp þær fjárhæðir sem hugsanlega eru gefnar eftir vegna þessara aðgerða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður hins vegar ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

768. Frumvarp til laga [447. mál]

um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989.

1. gr.

62. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eftir kröfu gerðarbeiðanda verður fjárnámi lokið án árangurs ef:

1. gerðarþoli eða málsvari hans er staddur við gerðina og lýsir yfir að hann eigi engar eignir eða ekki nægar til fullnustu kröfu, sbr. 63. gr.,
2. enginn mætir til gerðarinnar af hálfu gerðarþola þótt hann hafi sannanlega verið boðaður til hennar og engin vitneskja liggur fyrir um eign sem gera mætti fjárnám í, eða
3. gerðarþoli hvorki finnst né nokkur sem málstað hans getur tekið.

2. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna bætist: eða gerðinni hefur verið lokið án árangurs.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist: eða þar sem hann eða maður honum nákominn situr í stjórn eða stýrir daglegum rekstri.
b. 5. tölul. verður svohljóðandi: tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra á verulegan hlut í hinu eða maður nákominn öðru þeirra á slíkan hlut í hinu, situr þar í stjórn eða stýrir daglegum rekstri.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Án tillits til þess hvort samningur hefur verið gerður eftir 1. mgr. verður ákvæðum þessara laga um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings sjálfkrafa beitt um útibú erlends félags, sem er starfrækt og á skráð varnarþing hér á landi, ef félagið ber ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og hefur áður fengið sömu eða fyllilega sambærilega heimild í sínu heimaríki. Bú slíks útibús verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, nema bú erlenda félagsins hafi áður verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Ef annað leiðir ekki af 1. eða 2. mgr. hafa heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki ekki áhrif hér á landi nema skuldari eða þrotabú hans afli úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um að sama eða sambærileg heimild eða fullnustugerð, sem kveðið hefur verið á um með dómsúrlausn í heimaríki hans, hafi eftir því sem átt getur við réttaráhrif hér á landi eftir ákvæðum IV. kafla, 1. og 2. mgr. 40. gr. eða 74. og 116. gr. Beiðni um slíkan úrskurð skal vera skrifleg og greint þar skýrlega frá hverrar heimildar sé leitað, auk nauðsynlegrar reifunar á atvikum máls og þeim erlendu réttarreglum

sem átt geta við. Með beiðninni skulu fylgja viðhlítandi gögn um heimildina sem fengin hefur verið í öðru ríki, þar með talið staðfest endurrit úrlausnar dómstóls ásamt þýðingu og staðfesting hans á að heimildin sé enn í gildi og hversu lengi hún muni standa.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins, en að skuldaranum verður ekki gengið vegna slíkrar kröfu í frekara mæli en greinir í 4. mgr. 60. gr.
b. 1. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Lánardrottinn skuldarans getur að tilteknu leyti eða öllu afsalað sér réttindum skv. 1. mgr., þannig að nauðasamningur hafi áhrif á kröfu hans, með yfirlýsingu sem hann gefur við undirbúning skuldarans að öflun heimildar til að leita nauðasamnings eða í kröfulýsingu við nauðasamningsumleitanir.

6. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lánardrottinn fer þó ekki með atkvæðisrétt um nauðasamning nema að því leyti sem hann hefur afsalað sér tryggingarrétti fyrir kröfu sinni, sbr. 2. mgr. 28. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum“ í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: eftir fjárhæðum krafna þeirra.

8. gr.

Við 1. mgr. 45. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í kröfulýsingu getur atkvæðismaður að auki greitt atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi, sbr. 1. mgr. 50. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi: Jafnframt því sem að framan greinir skal umsjónarmaðurinn gera skrá um kröfur, sem trygging er fyrir í eign skuldarans, án tillits til þess hvort þeim hafi verið lýst. Í skránni skal koma fram fjárhæð hverrar kröfu, gjalddagi, hvort og eftir atvikum að hverju leyti hún er í vanskilum, til hverrar eignar trygging taki og hvort hlutaðeigandi lánardrottinn hafi fallið frá tryggingarréttindum sínum að hluta eða öllu leyti.
b. Í stað orðanna „skrá skv. 1. mgr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skrár skv. 1. og 2. mgr.

10. gr.

2. málsl. 47. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. mgr. kemur: fjögurra.

b. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: skrám sínum skv. 1. og 2. mgr. 46. gr. og hvort einhverra krafna, sem hefur verið líst, sé ekki getið í þeim, sbr. 3. mgr. 46. gr.

12. gr.

Fyrri málsliður 49. gr. laganna verður svohljóðandi: Frumvarp að nauðasamningi telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða, og jafnframt 60 hundraðshluta atkvæða eftir höfðatölu allra atkvæðismanna.

13. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna verður svohljóðandi:

Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi í kröfulýsingu eða skriflega á annan hátt og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Atkvæði þessi skulu þó því aðeins tekin gild að vafalaust sé að þau varði það frumvarp sem til atkvæðagreiðslu er og ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til þess komi þar fram. Sé annað ekki tekið fram í skriflegu atkvæði skal það standa þótt breyting hafi síðar verið gerð á frumvarpi skuldarans sé breytingin atkvæðismönnum í hag. Sé atkvæði greitt skriflega á annan hátt en í kröfulýsingu skal undirskrift atkvæðismanns vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda. Atkvæðismaður sem greitt hefur atkvæði skriflega getur dregið það til baka með skriflegri yfirlýsingu, sem vottuð er á sama hátt, ef hún berst umsjónarmanninum áður en atkvæðagreiðsla hefst á fundi eða með því að sækja fundinn og óska eftir að fá að greiða þar atkvæði á nýjan leik.

14. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í kröfunni skal meðal annars gerð ítarleg grein fyrir því hvernig skuldarinn telji sig munu geta staðið í skilum við lánardrottna ef nauðasamningur verður staðfestur, þar á meðal með kröfur sem samningurinn hefði ekki áhrif á.

15. gr.

Á eftir 3. mgr. 60. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að því leyti sem lánardrottinn, sem hefur samningsveð fyrir kröfu sinni í eign skuldarans, hefur ekki afsalað sér tryggingarréttindunum skv. 2. mgr. 28. gr. getur lánardrottinn á engu stigi eftir staðfestingu nauðasamnings leitað fullnustu fyrir kröfunni gagnvart skuldaranum á annan hátt en með því að ganga að þeirri eign.

16. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú láta þeir, sem bærir eru um að taka ákvörðun um að leita gjaldþrotaskipta á búi slíks skuldara sem ekki er einstaklingur, það hjá líða og bera þeir þá skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum skuldarans að því leyti, sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna, enda sýni þeir ekki fram á að sú vanræksla hafi ekki verið þeim saknæm.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Orðin „og ekki er ástæða til að ætla að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans“ í niðurlagi 1. tölul. 2. mgr. falla brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   5. að skuldarinn hafi ekki innan þriggja vikna orðið við áskorun lánardrottins, sem birt hefur verið honum eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli, um að lýsa því skriflega yfir að hann verði fær um að greiða skuld við hlutaðeigandi lánardrottin þegar hún fellur í gjalddaga eða innan skamms tíma ef hún er þegar gjaldfallin.

18. gr.

Við 5. tölul. 1. mgr. 85. gr. laganna bætist: nema dómari ákveði lengri frest við skipun skiptastjóra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: en slík krafa getur þó ekki numið hærri fjárhæð en svara mundi til launa í uppsagnarfresti sem gilda ætti um vinnusamninginn eftir lögum eða kjarasamningi.
b. 3. mgr. verður svohljóðandi:
   Þeir sem nákomnir eru þrotamanni eða félagi eða stofnun sem er til gjaldþrotaskipta njóta ekki réttar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. fyrir kröfum sínum.

III. KAFLI

Gildistaka o.fl.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

21. gr.

Ákvæðum 3. gr. verður ekki beitt til skilgreiningar á orðinu nákomnir að því leyti sem reynt getur á merkingu þess varðandi atvik sem gerðust fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

Ákvæði 5.–7. gr., 9. gr., 11.–12. gr. og 14.–15. gr. taka ekki til nauðasamningsumleitana sem leitað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði a-liðar 17. gr. tekur ekki til tilvika þar sem leitað er gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslausrar kyrrsetningar, löggeymslu eða fjárnáms sem lokið er fyrir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki um kröfu sem fallið hefur í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með því eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Tildrög frumvarpsins eru þau að dómsmálaráðuneytið fór þess á leit með bréfi 20. júlí 2009 að réttarfarsnefnd fjallaði um hvort efni væru til að endurskoða nánar tilgreind atriði sem snerta lög um gjaldþrotaskipti o.fl. Áður höfðu þessi atriði verið til umfjöllunar í ráðuneytinu en tilefnið voru ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna áætlunar hans um efnahagsaðstoð við Ísland í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Hinn 10. september 2009 skilaði réttarfarsnefnd álitsgerð til ráðuneytisins um þessar ábendingar, en við vinnslu hennar hafði nefndin efnt til samráðsfundar með nokkrum fjölda lögmanna sem hafa mikla reynslu af störfum á sviði skuldaskilaréttar. Í kjölfarið var frumvarp þetta samið að höfðu samráði við ráðuneytið.

Til að stuðla að því að nauðasamningur yrði virkara úrræði fyrir skuldara var í upphaflegum frumvarpsdrögum lagt til að nauðasamningur sem kemst á gæti innan ákveðinna marka haft áhrif á kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldara. Var í upphaflegum frumvarpsdrögum réttarfarsnefndar því lagt til að í nauðasamningi mætti kveða á um breytingu á greiðsluskilmálum kröfu, sem samningsveð er fyrir, þar á meðal lengja lánstíma eða fresta gjalddaga á greiðslu hluta skuldarinnar eða hennar allrar í allt að þrjú ár. Var heimildin bundin því að skilmálabreytingin væri nauðsynleg til að skuldari fengi til ráðstöfunar fé til að efna samningskröfur eftir ákvæðum nauðasamnings.

Var talið, að virtum þeim ríku hagsmunum sem byggju að baki, að ekki væri með almennri heimild af þessu tagi sem sett væru knöpp og afdráttarlaus tímamörk gengið of nærri hagsmunum samningsveðhafa. Var þvert á móti talið sennilegra að skuldari gæti til frambúðar staðið í skilum við veðhafa ef honum gæfist færi um skamma hríð að beina kröftum sínum að því að gera upp samningsveðkröfur að því marki sem unnt væri. Tillagan mætti mótstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gerði þá kröfu að veðkröfuhafar ættu að fá að kjósa um efni nauðasamnings, eða að öðrum kosti ekki vera hluti af nauðasamningum í skilningi laganna. Hafa þær breytingar sem lutu að stöðu veðkrafna því verið felldar brott úr frumvarpinu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur einnig óskað þess að skýrt yrði nánar hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslu við nauðasamninga, einkum og sér í lagi hver fari með atkvæðisrétt fyrir lýstri kröfu við nauðasamningsumleitanir. Í 33. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða atkvæðisrétt eftir höfðatölu eða kröfufjárhæð. Þeir lánardrottnar sem eiga samningskröfur á hendur skuldara og lýsa þeim við nauðasamningsumleitanir eiga atkvæðisrétt um nauðasamning. Atkvæði eru greidd eftir höfðatölu og eftir kröfufjárhæð. Við atkvæðagreiðsluna fer hver atkvæðismaður því með eitt atkvæði eftir höfðatölu. Í þeim tilvikum þegar tveir eða fleiri atkvæðismenn eiga samningskröfu saman, fara þeir samanlagt með eitt atkvæði eftir höfðatölu, en þó fer hver þeirra með sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfunni. Þegar atkvæði eru greidd eftir kröfufjárhæðum á að leggja saman heildarfjárhæð krafna allra atkvæðismanna og reikna síðan út hundraðshluta kröfu hvers og eins þeirra af heildarfjárhæðinni. Fer svo hver atkvæðismaður með atkvæði sem nemur hundraðshluta hans.

Af reglunni leiðir að lánardrottinn sem lýsir kröfu sinni við nauðasamningsumleitanir fer með atkvæðisrétt kröfu sinnar. Þó getur krafa skipt um hendur með framsali eða með öðrum hætti og fylgir þá atkvæðisréttur slíkum aðilaskiptum eða framsali kröfunnar. Mikilvæga takmörkun er þó að finna í 4. mgr. 30. gr. laga nr. 21/1991 þegar sami lánardrottinn sem á fleiri samningskröfur en eina á hendur skuldaranum hefur framselt einhverja þeirra þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar. Ber þá að líta svo á að samningskröfurnar séu samanlagðar ein samningskrafa, en framsalshafinn telst þá eiga sitt hlutfall í samningskröfunni í samræmi við fjárhæð hvorrar eða hverrar þeirra, og skal eins farið að við önnur aðilaskipti að kröfu. Af

þessari reglu leiðir að atkvæðisréttur við nauðasamning verður ekki aukinn með framsali eða aðilaskiptum kröfu sem eiga sér stað þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar.

II.

Um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta er fjallað í III. þætti laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Allt frá gildistöku laganna og fram til ársins 2008 voru fá mál árlega þar sem leitað var eftir slíkri heimild. Eftir bankahrunið haustið 2008 hefur hins vegar fjölgað beiðnum um heimild til að leita nauðasamnings, auk þess sem reynt hefur á nokkur tilvik þar sem í hlut eiga fyrirtæki meðal þeirra stærstu hér á landi. Við meðferð þessara mála hafa risið ýmis álitaefni, auk þess sem komið hefur í ljós að tilefni sé til að breyta nokkrum ákvæðum III. þáttar laganna. Öðru fremur þykja efni til að gera málsmeðferðina einfaldari og skilvirkari til að greiða fyrir að nauðasamningur komist á fyrir skuldara. Verður þessum tillögum frumvarpsins lýst hér nánar í helstu atriðum.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna skal fylgja beiðni um heimild til að leita nauðasamnings skrifleg yfirlýsing frá að minnsta kosti fjórðungi atkvæðismanna samkvæmt talningu skulda í beiðni skuldarans, bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, um að þeir mæli með nauðasamningi á grundvelli frumvarps skuldarans. Hjá stærri fyrirtækjum þar sem kröfur geta verið fjölmargar, og jafnvel stór hluti þeirra hljóðar ekki á teljandi fjárhæðir, getur verið mikil fyrirhöfn að afla meðmæla frá fjórðungi kröfuhafa talið eftir höfðatölu. Því er lagt til að þetta skilyrði verði fellt brott.

Í 47. gr. laganna er að finna heimild fyrir skuldara til að gera breytingar á frumvarpi að nauðasamningi eftir að skuldara hefur verið heimilað að leita hans og þar til atkvæðagreiðslu er endanlega lokið um frumvarpið. Þetta tekur mið af því að gleggri yfirsýn getur fengist yfir fjárhag skuldara eftir því sem líður á nauðasamningsumleitanirnar þegar kröfulýsingar hafa borist og umsjónarmaður með þeim hefur kannað málefni skuldarans. Þá kann ýmist að vera að skuldari geti greitt meira eða minna en talið var í upphafi. Í niðurlagi 47. gr. laganna er gerður sá áskilnaður til að breytt frumvarp verði borið undir atkvæði að skuldari þurfi að afla meðmæla kröfuhafa ef breytingin felur í sér ívilnun fyrir hann. Þetta er þungt í vöfum og ástæðulaust til þess eins að frumvarp verði borið upp til atkvæða í breyttri mynd. Þess í stað liggur beint við að kröfuhafar láti í ljós afstöðu með atkvæði sínu og má skuldari reikna með að kröfuhafar leggist gegn breyttu frumvarpi ef það felur í sér meiri ívilnun til hans en efni standa til.

Atkvæði um nauðasamning eru að meginreglu greidd á fundi sem haldinn er með kröfuhöfum í samræmi við 48. gr. laganna. Einnig er þó heimilt að greiða atkvæði skriflega, sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna. Til að auðvelda enn frekar atkvæðagreiðsluna eru lagðar til viðeigandi breytingar á 45. og 50. gr. laganna þannig að kröfuhafi geti þegar greitt atkvæði sitt í kröfulýsingu. Þetta er þó háð því að ótvírætt sé að skriflegt atkvæðið varði þar frumvarp sem greitt er atkvæði um. Lagt er til að skuldara verði þó heimilt að gera breytingar á frumvarpinu atkvæðismönnum í hag án þess að atkvæði greitt skriflega falli brott.

Í 49. gr. laganna er mælt fyrir um hvert fylgi frumvarp að nauðasamningi þurfi að fá svo það teljist samþykkt. Samkvæmt ákvæðinu er frumvarp samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðismanna og fjárhæðum krafna þeirra, en þó aldrei minna en 60% á báða vegu. Til frekari skýringar má taka sem dæmi að frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að 30% krafna verði greidd þyrfti að fá 70% atkvæða bæði miðað við höfðatölu og fjárhæð krafna. Ef skuldari býður hins vegar 50% greiðslu gildir lágmarkið um að frumvarpið fái 60% atkvæða á báða vegu. Til að

greiða fyrir því að skuldara sé kleift að fá frumvarp að nauðasamningi samþykkt er lagt til að þessari reglu verði breytt á þann veg að fullnægjandi sé að 60% kröfuhafa eftir höfðatölu greiði frumvarpi skuldara atkvæði án tillits til efni þess. Reglan gildi hins vegar óbreytt um hvaða fylgi frumvarp þurfi að fá eftir kröfufjárhæðum. Miðað við þá ríku hagsmuni sem hér eru í húfi fyrir skuldara verður ekki talið að þessi breyting gangi of nærri hagsmunum kröfuhafa.

III.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, hefur nauðasamningur fyrir skuldarann ekki áhrif á kröfur sem trygging er fyrir í eign hans að því leyti sem andvirði eignarinnar hrekkur til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins. Með tryggingu í eign skuldara er átt við veðréttindi eða sambærileg tryggingarréttindi, til dæmis haldsrétt.

Aðalreglan er sú að nauðasamningur hefur ekki áhrif á kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldara að því marki sem andvirði hennar hrekkur til að fullnægja þeim, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þegar eign hefur ekki verið ráðstafað kann hins vegar að leika vafi á um verðmæti hennar og hvort hún hrökkvi að fullu fyrir áhvílandi kröfum. Í lögunum er ekki að finna reglur um hvernig þetta skuli metið og hefur það valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd þegar skera þarf úr um hvort eða að hve miklu leyti krafa telst veðkrafa eða samningskrafa þannig að kröfuhafi fari með atkvæði við samningsumleitanir. Lagt er til að úr þessu verði bætt en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kröfuhafi sjálfur þurfi að taka ákvörðun um að hve miklu leyti hann telur að veðið standi til fullnustu á kröfunni. Er þá gert ráð fyrir að hann afsali sér tryggingarréttindum skv. 2. mgr. 28. gr. laganna að því marki sem hann telur að andvirði veðsins hrökkvi ekki fyrir kröfunni. Að því leyti sem trygging er gefin eftir samkvæmt þessu fellur krafan undir nauðasamninginn og ber að efna í samræmi við það. Ef væntingar kröfuhafa um fullnustu af veðbundinni eign ganga ekki eftir er hann hins vegar bundinn við ákvörðun sína og getur ekki leitað fullnustu hjá skuldara á annan hátt, sbr. þá reglu sem er að finna í 15. gr. frumvarpsins. Þykir standa kröfuhafa næst að meta sjálfur hagsmuni sína að þessu leyti. Með þessu er einnig komist hjá því að meta eignir undir nauðasamningsumleitunum en slík málsmeðferð gæti bæði orðið kostnaðarsöm og tímafrek.

IV.

Í 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er hugtakið nákomnir skilgreint, en með því er átt við menn eða lögpersónur sem tengjast skuldara með tilteknu móti. Til að einhver teljist nákominn í skilningi ákvæðisins þarf hann að hafa nánar tilgreinda stöðu gagnvart skuldara, ýmist vegna fjölskyldutengsla eða skyldleika eða vegna eignarhalds þegar um lögaðila er að ræða. Hugtakið nákomnir hefur einkum áhrif í tengslum við reglur um rétthæð krafna á hendur þrotabúi, sbr. XVII. kafla laganna, og riftun ráðstafana þrotamanns, sbr. XX. kafla. Að baki býr það sjónarmið að hætt er við að þeir sem eru nákomnir geti haft áhrif á skuldara og því eru löggerningar sem snerta þá varhugaverðari en þegar um aðra er að ræða. Af þeim sökum eru skilyrði til riftunar rýmri þegar nákomnir eiga í hlut.

Við stjórn félaga eða annarra lögaðila hafa þeir helst áhrif sem sitja í stjórn eða stýra daglegum rekstri. Yfirleitt komast stjórnendur lögaðila í þá aðstöðu í krafti eignaraðildar og teljast því nákomnir í skilningi 3. gr. laganna. Þó er ekki sjálfgefið að sá sem situr í stjórn eða

stýrir daglegum rekstri sé eigandi. Því þykir rétt að rýmka hugtakið nákomnir þannig að það taki einnig til stjórnenda, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laganna njóta hvorki nákomnir né þeir sem átt hafa sæti í stjórn eða hafa haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar forgangsréttar í þrotabú fyrir launum og öðrum kröfum sem taldar eru 1.–3. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Með því að rýmka hugtakið nákomnir eins og lagt er til með 3. gr. frumvarpsins, þannig að það taki jafnframt til stjórnarmanna og þeirra sem stýra daglegum rekstri, er óþarfi að hafa slíka upptalningu sem nú er í 3. mgr. 112. gr. laganna og er því lagt til með b-lið 19. gr. frumvarpsins að þar verði þess í stað rætt um að nákomnir njóti ekki þessa forgangsréttar.

V.

Í 8. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, er að finna ákvæði um hvenær fjárnámi verði lokið án árangurs. Með því að fjárnámi sé lokið sem árangurslausu er átt við að ekki hafi komið fram við gerðina eignir sem nægja til að tryggja kröfu gerðarbeiðanda. Árangurslaust fjárnám getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir gerðarþola og má í þeim efnum nefna að slík gerð getur verið undanfari gjaldþrotaskipta á búi hans. Þá þarf ekki að taka fram að árangurslaust fjárnám hefur veruleg áhrif á lánstraust gerðarþola. Til að girða fyrir að árangurslaust fjárnám verði gert að ástæðulausu voru lögfest skilyrði í aðfararlögum fyrir því að fjárnámi verði lokið með því móti. Meðal þeirra skilyrða er að gerðarþoli verður sjálfur að hafa verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn, sem málstað hans getur tekið, sbr. 62. gr. laganna. Að baki þessu býr að ekki er sjálfgefið að gerðarbeiðandi búi yfir vitneskju um eignir gerðarþola sem gera má fjárnám í. Því er mikilvægt að gerðarþoli eða málsvari hans í skilningi 2. mgr. 24. gr. laganna sé staddur við gerðina svo fram komi áreiðanlegar upplýsingar um að gerðarþoli eigi engar eignir til að tryggja kröfu gerðarbeiðanda. Verður fjárnámi ekki lokið án árangurs að gerðarþola eða málsvara fjarstöddum nema reynt hafi verið til þrautar að hafa uppi á honum. Eftir atvikum er nauðsynlegt að leitað hafi verið aðstoðar lögreglu til að færa gerðarþola eða fyrirsvarsmann hans til gerðarinnar, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna.

Af áskilnaði um viðveru gerðarþola eða málsvara til að fjárnámi verði lokið án árangurs leiðir að sýslumaður verður að fara á heimili gerðarþola eða vinnustað ef hann mætir ekki til gerðarinnar á starfsstofu sýslumanns. Því fylgja ekki aðeins óhagræði og tafir heldur er einnig undir hælinn lagt hvort gerðarþoli eða málsvari hittist fyrir. Þá hefur lögregla í stærri umdæmum landsins ekki annað að veita sýslumanni nauðsynlegt liðsinni í þessum efnum. Afleiðingin af þessu er að safnast hefur mikill fjöldi aðfararbeiðna hjá sýslumönnum þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um eignir gerðarþola og hann virðir að vettugi ítrekaðar boðanir um að mæta í fjárnám. Af þessu tilefni hafa sýslumenn ítrekað á liðnum árum farið þess á leit að brugðist verði við þessum vanda með því að fella brott úr lögum áskilnað um viðveru gerðarþola eða málsvara hans fyrir því að fjárnámi verði lokið án árangurs.

Til að auðvelda afgreiðslu aðfararbeiðna hjá sýslumönnum er lagt til með frumvarpinu að heimilt verði að ljúka fjárnámi án árangurs þótt enginn mæti til gerðarinnar af hálfu gerðarþola ef hann hefur sannanlega verið boðaður til hennar og engin vitneskja liggur fyrir um eign sem gera mætti fjárnám í. Til að tryggja réttarstöðu gerðarþola er samhliða lagt til að lögfest verði heimild fyrir hann til að krefjast endurupptöku gerðarinnar ef henni hefur verið lokið án árangurs og hann getur bent á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Með því móti getur gerðarþoli brugðist við ef gerðinni hefur að ástæðulausu verið lokið á þann veg. Þessi breyting á reglum um árangurslaust fjárnám verður ekki talin ganga of nærri hagsmun-

um gerðarþola, enda stendur honum næst að leita eftir leiðréttingu ef gerðinni hefur lokið með þessu móti vegna þess að hann hefur ekki sinnt boði sýslumanns að mæta til gerðarinnar. Að sama skapi er óeðlilegt að gerðarþoli geti hindrað að aðfararbeiðni verði tekin fyrir með því einu að virða að vettugi fjárnámsboðun og haga málum þannig að erfitt reynist að hafa uppi á honum eða málsvara.

Svo sem hér hefur verið rakið er heimilt að ljúka fjárnámi sem árangurslausu án þess að gerðarþoli eða málsvari hans sé mættur við gerðina ef gerðarþoli hvorki finnst né neinn sem málstað hans getur tekið. Slík gerð hefur hins vegar ekki verið talin viðhlítandi grundvöllur undir gjaldþrotaskipti á búi gerðarþola, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar frá 8. apríl 2003 í máli nr. 90/2003. Að baki þessari niðurstöðu býr sá áskilnaður 1. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að ekki megi vera ástæða til að ætla að árangurslaus gerð gefi ranga mynd af fjárhag skuldara. Með frumvarpinu er lagt til að þessi áskilnaður verði felldur brott þannig að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta þótt hvorki hann né málsvari hafi mætt við gerðina. Þetta breytir því ekki að skuldari getur eftir sem áður varist kröfu um gjaldþrotaskipti á búi sínu ef hann er í raun gjaldfær. Leiðir það af upphafsorðum 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en þar segir efnislega að bú verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta ef skuldari sýnir fram á að hann sé fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum þegar þær koma í gjalddaga eða verði það innan skamms tíma. Þessi breyting á því ekki að valda því að gjaldfær skuldari sæti gjaldþrotaskiptum, heldur eingöngu að greiða fyrir því að skipti fari fram þegar þau eru óhjákvæmileg.

VI.

Hér á landi er yfirleitt ekki vandkvæðum bundið fyrir kröfuhafa að fá tekna til greina kröfu um að bú skuldara sé tekið til gjaldþrotaskipti ef efnahag hans er þannig komið að skilyrði til skipta eru fyrir hendi. Má geta þess að löggjöf hér á landi um skilyrði gjaldþrotaskipta eru ekki frábrugðin lögum annars staðar á Norðurlöndum að því þó frátöldu að í Danmörku eru rýmri heimildir til að taka bú til skipta þegar skuldari hefur í reynd stöðvað greiðslur til kröfuhafa, sbr. 18. gr. dönsku gjaldþrotaskiptalaganna. Þess eru þó dæmi hér á landi að dregist hafi úr hömlu að bú skuldara verði tekið til skipta vegna vandkvæða við að ljúka fjárnámi án árangurs hjá skuldara en slík gerð er venjulega aðdragandi gjaldþrotaskipta að kröfu lánardrottins. Með frumvarpinu er lagt til að úr þessu verði bætt, svo sem lýst er hér í næsta kafla á undan. Eftir stendur þó að nokkurn tíma getur tekið fyrir kröfuhafa að afla sér aðfararheimildar fyrir kröfu sinni til að geta krafist fjárnáms hjá skuldara. Þegar þannig hagar til er kröfuhafa vissulega kleift að krefjast kyrrsetningar hjá skuldara skv. 5. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, en skilyrði fyrir því eru ströng. Því er lagt til með frumvarpinu að greitt verði fyrir því að bú verði tekið til skipta ef þau eru á annað borð óhjákvæmileg. Er þá haft í huga að dráttur á skiptum er til þess fallinn að valda tjóni þar sem eignir geta rýrnað og farið forgörðum. Jafnframt er tekið tillit til þess að þörf getur verið á greiðari leið í þessum efnum þegar í hlut eiga stærri atvinnufyrirtæki sem lánardrottnar telja einsýnt að muni ekki geta staðið í skilum.

Til að flýta fyrir gjaldþrotaskiptum á búi skuldara, þegar hjá þeim verður ekki komist, er lagt til að lánardrottni sé kleift að krefjast gjaldþrotaskipta á þeim grundvelli að skuldari hafi ekki orðið við formlegri áskorun um að gefa skriflega staðfestingu á því að hann sé greiðslufær. Með þessu er girt fyrir að skuldari geti tafið skipti með því einu að halda að sér höndum og aðhafast ekkert, en slík viðbrögð eru þekkt þegar í óefni er komið. Samhliða og í sama skyni er lagt til að brýnt verði á skyldu sem hvílir á fyrirsvarsmanni til að hlutast um gjald-

þrotaskipti á búi lögaðila í samræmi við 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með því að lögfesta skaðabótareglu vegna tjóns sem af þessu hlýst fyrir kröfuhafa. Er jafnframt lagt til að um verði að ræða stranga bótaábyrgð eða svokallaða sakarlíkindareglu þannig að fyrirsvarsmaður skuldara þurfi að sýna fram á að vanrækslan hafi ekki verið honum saknæm.

VII.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er íslenska ríkinu heimilt að gera samninga við önnur ríki þess efnis að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, sem veitt er í einu samningsríki, gildi sjálfkrafa í öðru samningsríki með þeim réttaráhrifum sem fylgja slíkri heimild í öðru hvoru ríkinu. Á sama hátt er ríkinu heimilt að gera samninga við önnur ríki um að gjaldþrotaskipti í einu samningsríki nái einnig til eigna eða réttinda þrotamanns í öðru samningsríki, en ákveða má í slíkum samningi að gjaldþrotaskipti fari að einhverju leyti eða öllu sjálfstætt fram í hverju samningsríki fyrir sig eftir löggjöf þess eða annars tiltekins ríkis. Ef samningur hefur ekki verið gerður eftir ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna hefur heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki ekki áhrif hér á landi.

Þessi heimild í 6. gr. laga nr. 21/1991 til að gera milliríkjasamninga hefur ekki verið nýtt og á Ísland aðeins aðild að einum slíkum samningi, en hann var gerður milli Norðurlandanna löngu fyrir gildistöku laganna, sbr. lög nr. 21/1934.

Til að greiða fyrir erlendri réttaraðstoð á þessu sviði er mikilvægt að hér á landi sé unnt að bregðast við beiðnum um hana frá öðrum ríkjum. Er þá fullnægt því sem gjarnan er skilyrði í samskiptum ríkja að aðstoðin sé gagnkvæm. Því er lagt til að lögfest verði heimild til að bregðast við beiðni um réttaraðstoð frá öðru ríki án þess að um hana sé fjallað í milliríkjasamningi. Er gert ráð fyrir að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki geti haft tiltekin réttaráhrif hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. gr. eru lagðar til breytingar á 62. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, til að unnt verði að ljúka fjárnámi án árangurs þótt enginn mæti til gerðarinnar af hálfu gerðarþola ef hann hefur sannanlega verið boðaður til hennar. Jafnframt er í 2. gr. lagt til að í 67. gr. laganna verði tekin upp sérstök heimild fyrir gerðarþola til að krefjast endurupptöku gerðar sem lokið hefur verið án árangurs í því skyni að hann geti bent á eignir til fjárnáms. Þessar greinar eru nánar skýrðar hér að framan í V. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma rýmri skilgreiningu á hugtakinu nákomnir en nú er að finna í 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Nánar tiltekið er lagt til að hugtakið nái einnig til þeirra sem sitja í stjórn eða stýra daglegum rekstri félaga eða annarra lögaðila. Að þessu er nánar vikið í IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild til að veita alþjóðlega réttaraðstoð á sviði skuldaskilaréttar. Með því að unnt sé að veita slíka aðstoð hér á landi er greitt fyrir því að slík réttaraðstoð verði veitt gagnvart Íslandi í öðrum ríkjum. Til að úrlausn erlends dómstóls hafi

réttaráhrif hér á landi er lagt til að aflað verði úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur. Fram kemur hvernig slík beiðni verður úr garði gerð og hvaða gögn þurfi að fylgja henni. Jafnframt er tilgreint hvaða réttaráhrif erlend dómsúrlausn getur haft. Að þessari grein er nánar vikið í VII. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 5. og 6. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að lánardrottinn, sem nýtur samningsveðs fyrir kröfu sinni í eign skuldara og afsalar sér ekki þeim rétti, geti ekki leitað fullnustu hjá skuldara á annan hátt en með því að ganga að veðinu. Í samræmi við þetta er með 5. gr. frumvarpsins lögð til viðeigandi breyting á 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna og 1. málsl. 2. mgr. sömu greinar. Miðað er við að lánardrottinn gefi í síðasta lagi afsal á veðrétti í kröfulýsingu til að öðlast rétt á hendur skuldara samkvæmt nauðasamningi. Til að taka af allan vafa er lagt til í 6. gr. frumvarpsins að ótvírætt komi fram í 33. gr. laganna að samningsveðhafi fer ekki með atkvæðisrétt um nauðasamning nema að því leyti sem hann hefur afsalað sér tryggingarrétti fyrir kröfu sinni.

Um 7. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 35. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að ekki verði lengur þörf á að afla meðmæla með frumvarpi að nauðasamningi frá fjórðungi atkvæðismanna talið eftir höfðatölu, heldur verði látið við það sitja að áskilja sem hingað til að afla þurfi meðmæla þess fjölda atkvæðismanna talið eftir kröfufjárhæðum. Er þetta gert til að greiða fyrir að skuldari geti leitað nauðasamnings, en í framkvæmd hefur þess gætt nokkuð að áskilnaður um meðmæli tilskilins fjölda kröfuhafa eftir höfðatölu þeirra hafi gert erfitt fyrir í þessum efnum og fært eigendum lágra krafna jafnvel óeðlileg áhrif á framvindu mála.

Um 8. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins eru lögð til þau nýmæli að lánardrottni, sem fer með atkvæðisrétt um frumvarp skuldara að nauðasamningi, verði heimilt að greiða atkvæði sitt í kröfulýsingu. Með reglu um þetta, sem kæmi í fyrirmælum um efni kröfulýsinga í 1. mgr. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., er leitast við að greiða fyrir að lánardrottinn fái að neyta atkvæðisréttar á mjög einfaldan hátt, en í tengslum við þetta má vekja athygli á því að með 13. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur um nánari fyrirmæli um skriflega atkvæðagreiðslu í 1. mgr. 50. gr. laganna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í 47. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er að finna heimild fyrir skuldara til að gera breytingar á frumvarpi sínu að nauðasamningi eftir að honum hefur verið heimilað að leita hans og þar til atkvæðagreiðslu er endanlega lokið um frumvarpið. Með þessari grein er lagt til að felldur verði niður sá áskilnaður að skuldarinn þurfi að afla meðmæla með breytingu á frumvarpinu ef hún er honum til ívilnunar. Að þessu er nánar vikið í II. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið og vísast þangað um frekari skýringar á þessu ákvæði.

Um 11. gr.

Í 48. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er fjallað um fund sem haldinn er til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi. Samkvæmt 1. mgr. skal þessi fundur haldinn innan tveggja vikna frá því kröfulýsingarfresti er lokið. Reynslan hefur leitt í ljós að þessi frestur getur verið of knappur þegar stærri fyrirtæki eiga í hlut. Er því lagt til í a-lið 11. gr. frumvarpsins að fresturinn verði lengdur í fjórar vikur. Það skal þó sérstaklega áréttað að ástæðulaust er með öllu að sá frestur sé ávallt nýttur til fulls.

Um 12. gr.

Í 49. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er að finna ákvæði um það fylgi sem frumvarp skuldarans að nauðasamningi verður að fá svo að það teljist samþykkt. Lögð er til sú breyting með þessari grein frumvarpsins að fullnægjandi sé að nauðasamningsfrumvarp hljóti atkvæði 60% kröfuhafa eftir höfðatölu án tillits til efnis frumvarpsins, en samkvæmt gildandi reglum verður það að hljóta sama hlutfall atkvæða eftir höfðatölu atkvæðismanna og nemur eftirgjöf af samningskröfum, en þó aldrei lægra en 60%. Hins vegar er gert ráð fyrir að sú regla gildi áfram óbreytt um nauðsynlegan fjölda atkvæða eftir kröfufjárhæðum. Að öðru leyti skal vísað hér til skýringa á þessari breytingu í II. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. 50. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er að finna fyrirmæli um heimildir lánardrottna til að greiða atkvæði skriflega um frumvarp skuldara að nauðasamningi í stað þess að þeir mæti til fundar sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum heldur til atkvæðagreiðslu. Eins og áður kom fram er lagt til í 8. gr. frumvarpsins að atkvæðismanni verði heimilað að greiða atkvæði þegar í kröfulýsingu sinni. Í 13. gr. frumvarpsins er með tilliti til þeirrar breytingar áréttaður sá augljósi áskilnaður að atkvæði greitt skriflega, hvort sem það er gert í kröfulýsingu eða á annan hátt, skuli aðeins talið gilt að vafalaust sé að það varði það frumvarp sem borið er undir atkvæði. Í þessari grein er jafnframt lagt til að sú regla verði lögfest að skriflegt atkvæði haldi allt að einu gildi sínu þótt gerð hafi verið breyting á frumvarpi skuldarans atkvæðismönnum í hag. Loks er gert ráð fyrir að skriflegt atkvæði verði ekki dregið til baka nema með skriflegri yfirlýsingu atkvæðismanns eða þá með því að hann sæki fund þar sem atkvæði eru greidd og óski eftir að fá að greiða atkvæði á nýjan leik.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. 54. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er fjallað um kröfu sem skuldarinn verður að bera upp við héraðsdóm um staðfestingu nauðasamnings í kjölfar þess að nauðasamningsumleitunum hefur lokið með samþykki frumvarps hans. Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að bætt verði við gildandi reglu fyrirmælum um að skuldari þurfi í kröfunni meðal annars að gera ítarlega grein fyrir því hvernig hann telji sig munu geta staðið í skilum við lánardrottna ef nauðasamningur verður staðfestur, þar á meðal með kröfur sem samningurinn hefði ekki áhrif á. Þótt þetta hafi almennt verið gert í framkvæmd eftir gildandi lögum þykir rétt að festa reglu um þetta í sessi, enda geta þessar upplýsingar haft áhrif á hvort héraðsdómur taki til grein kröfu skuldarans um að nauðasamningur verði staðfestur.

Um 15. gr.

Í 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er að finna helstu reglurnar um réttaráhrif nauðasamnings. Hér eru ráðgerðar viðeigandi breytingar á því ákvæði í samræmi við nýmæli sem lögð eru til í frumvarpinu.

Um 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hvíldir sú skylda á bókhaldsskyldum skuldara að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Í lögum er ekki vikið að því hvaða afleiðingar það hefur þegar þessi skylda er vanrækt, en í framkvæmd jafnt sem fræðikenningum hefur verið gengið út frá því að slík háttsemi geti fellt skaðabótaskyldu á þá sem í hlut eiga. Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að regla um þetta verði lögfest og tekin þannig af öll tvímæli um bótaábyrgð stjórnenda lögaðila sem rækja ekki þessa skyldu. Samkvæmt ákvæðinu öðlast lánardrottnar bótarétt að því leyti sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna. Ákvæðið hefur að geyma svokallaða sakarlíkindareglu og því þarf sá sem getur tekið ákvörðun um málefni lögaðilans að sýna fram á að vanrækslan sé honum ekki saknæm. Markmiðið með þessu er að skerpa á þessari ábyrgð gagnvart stjórnendum lögaðila og stuðla um leið að því að þeir sinni þeirri skyldu sem hvílir á þeim að gildandi lögum í þessum efnum.

Um 17. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að fellt verði brott það skilyrði, sem nú er í 1. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. fyrir því að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslausrar kyrrsetningar, löggeymslu eða fjárnáms, að gerðin þyki ekki gefa ranga mynd af fjárhag hans. Þessi breyting er nauðsynleg svo að unnt verði að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta á grundvelli gerðar þar sem hvorki gerðarþoli né málsvari hefur mætti við gerðina, sbr. ákvæði 1. gr. frumvarpsins, svo sem nánar er vikið að í V. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í öðru lagi er lagt til með 17. gr. frumvarpsins að heimilt verði að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta ef hann hefur ekki innan þriggja vikna orðið við áskorun lánardrottins, sem birt hefur verið honum eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli, um að lýsa því skriflega yfir að hann verði fær um að greiða skuld við hlutaðeigandi lánardrottin þegar hún fellur í gjalddaga eða innan skamms tíma ef hún er þegar gjaldfallin. Í þessu felst að skuldari þarf að lýsa því yfir að efnahag hans sé ekki þannig komið að hann sé ógreiðslufær. Með ákvæði um þetta er leitast við að koma í veg fyrir að skuldari geti tafið gjaldþrotaskipti sem skilyrði eru fyrir með því einu að halda að sér höndum.

Þær tillögur sem er að finna í þessari grein koma ekki í veg fyrir að skuldari geti varist kröfu um gjaldþrotaskipti þegar skilyrði til þeirra eru ekki fyrir hendi. Þannig yrði bú skuldarans ekki tekið til gjaldþrotaskipta ef hann sýnir fram á að hann sé fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum þegar þær koma í gjalddaga eða verði það innan skamms tíma, sbr. 2. mgr. 65. gr. laganna.

Um 18. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 85. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur á hendur þrotabúi haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýs-

ingarfrests. Þegar um er að ræða skipti á stórum þrotabúum, þar sem búast má við miklum fjölda kröfulýsinga, getur þessi frestur reynst of stuttur. Ef þannig stendur á er lagt til með 18. gr. frumvarpsins að dómari geti lengt þennan frest þegar hann skipar skiptastjóra.

Um 19. gr.

Meðal forgangskrafna við gjaldþrotaskipti skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eru kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi sem hafa átt sér stað á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag eða eftir hann, sbr. 2. tölul. þeirrar málsgreinar. Réttur launþega til bóta vegna slita á ráðningarsamningi fer eftir almennum reglum vinnuréttar og ræðst ýmist af ráðningar- eða kjarasamningi eða af lögum. Dómstólar hafa þó takmarkað forgangsrétt fyrir slíkum kröfum ef samningsákvæði um uppsagnarfrest hafa verið óvenjuleg og lengri en venjulegt getur talist, sbr. dóm Hæstaréttar frá 4. júní 1991, sem birtist í dómasafni réttarins það ár á bls. 903, en hann gekk í gildistíð eldri laga nr. 6/1978. Rétt þykir að þessi takmörkun á forgangsrétti komi ótvírætt fram í lögum og því er lagt til í a-lið 19. gr. frumvarpsins að lögfest verði sú regla að forgangsrétturinn taki að þessu leyti mið af því sem leiðir af lögum eða kjarasamningi en ekki sérstökum samningsákvæðum um lengri uppsagnarfrest.

Í b-lið 19. gr. er lögð til breyting á 3. mgr. 112. gr. laganna, en hún tengist breyttri skilgreiningu á hugtakinu nákomnir í 3. gr. frumvarpsins, svo sem nánar er skýrt í IV. kafla í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 20. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um aðför og lögum um gjaldþrotaskipti sem byggjast á skýrslu réttarfarsnefndar. Dómsmálaráðuneytið fór þess á leit við nefndina að kannað yrði hvort ástæða væri til að endurskoða ákvæði í lögum um aðför og gjaldþrotaskipti meðal annars vegna ábendinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við áætlun um efnahagsaðstoð við Ísland í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Í samræmi við skýrslu nefndarinnar er lagt til að heimilt verði að gera árangurslaust fjárnám sem geti verið grundvöllur gjaldþrotaskipta án þess að gerðarþoli eða einhver til að taka málstað hans sé viðstaddur enda hafi hann sannanlega verið boðaður til gerðarinnar og eigi ekki neinar eignir sem unnt er að gera fjárnám í. Þá eru lagðar til ýmsar tæknilegar breytingar á ákvæðum gjaldþrotaskiptalaganna sem einfalda ferli nauðasamninga hvað varðar samþykki frumvarps til nauðasamnings. Lögð er til regla er kveði á um hvernig meta á að hvaða marki krafa sem tryggð er með veði teljist veðkrafa og að hvaða marki samningskrafa þegar veðið hrekkur ekki til greiðslu skuldarinnar að fullu. Þá er hugtakið nákomnir í skilningi gjaldþrotaskipta-

laga rýmkað þannig að það nái einnig til stjórnarmanna og þeirra sem stýra daglegum rekstri fyrirtækja. Lagðar eru til breytingar sem auðvelda kröfuhöfum að fá staðfestingu á að skuldari sé ekki fær um að greiða skuld sína til að koma í veg fyrir að skuldari geti á óeðlilegan hátt komið sér hjá gjaldþrotaskiptum með aðgerðaleysi sínu. Þá er rýmkuð heimild til að láta erlenda ákvörðun um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga ná til eigna hér á landi þannig að hún sé ekki bundin við að gerður hafi verið alþjóðasamningur um slíkt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

769. Frumvarp til laga [448. mál]

um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Heimildir til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja neytendavernd með því að leggja grundvöll að því að viðskipti með fasteignir, fyrirtæki og skip, sem gerð eru með aðstoð fasteignasala, geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir kaupanda og seljanda og réttarstaða aðila sé glögg, svo og að hlutverk fasteignasala og ábyrgð þeirra sé skýr og þeir séu engum háðir í störfum sínum.

2. gr.
Heimild til að hafa milligöngu um eigendaskipti að fasteignum o.fl.

Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu sýslumanns. Sama gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur er um að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga. Einkarétturinn tekur þó hvorki til sölu félaga ef umfang rekstrarins á síðasta mánuði fyrir sölu hefur verið meira en svarar til fimm ársverka né til hlutafélaga.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.

Þegar rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr., og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við þá sem hafa löggildingu til að annast sölu fyrirtækja og skipa.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl sem tengjast sölunni skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Slík áritun á skjal er skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína. Ákvæði laga þessara um störf fast-

eignasala og skyldur til að gæta hagsmuna beggja aðila gilda um slík störf eftir því sem við getur átt.

Þeir sem hafa í öðru EES-ríki eða Færeyjum fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur.

3. gr.

Skilyrði löggildingar o.fl.

Hver maður getur fengið löggildingu sem fasteignasali ef hann:

a. hefur lögheimili hér á landi,
b. er lögráða og hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu bóta og kostnaðar vegna tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af völdum hans eða manna sem ráðnir eru til starfa hjá honum,
d. hefur lokið 90 eininga námi sem er ætlað fasteignasölum,
e. hefur starfað í fullu starfi við fasteignasölu hjá fasteignasala sem öðlast hefur löggildingu hér á landi, í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Færeyjum í 12 mánuði á síðustu fimm árum áður en sótt er um löggildingu.

Víkja má frá skilyrði b-liðar 1. mgr. að fenginni umsögn eftirlitsnefndar fasteignasala ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarandi ár.

Undanþegnir d- og e-lið 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn. Heimilt er að synja manni um löggildingu ef hann hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum XVI., XVII., XX., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Skilyrði a-liðar 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

4. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá honum, svo og ábyrgðar sem leiðir af 3. málsl. 28. gr. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur heimild til þess að veita þjónustu hér á landi eða sambærileg ábyrgðartrygging hjá vátryggingafélagi á Evrópska efnahagssvæðinu. Kveða skal nánar á um vátrygginguna í reglugerð, m.a. um tjón sem hún nær til, lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar, heildarfjárhæð bóta innan hvers vátryggingartímabils, eigin áhættu og brottfall ábyrgðartryggingar.

Fasteignasali skal fyrir 15. janúar ár hvert senda eftirlitsnefnd staðfestingu á að hann hafi í gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu.

Nú starfa tveir eða fleiri fasteignasalar saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hver annars og fullnægja þeir þá vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu og skulu þá lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Hið sama á við ef fleiri en einn fasteignasali eru starfsmenn félags sem rekur fasteignasölu.

Ef fasteignasali hefur samhliða fasteignasölu með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur telst hann með því hafa fullnægt vátryggingarskyldu sinni sem fasteignasali samkvæmt lögum þessum, enda taki ábyrgðartrygging hans líka til tjóns sem

hann eða þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum kunna að valda í starfi sínu við fasteignasölu. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

5. gr.

Löggilding.

Sýslumaður gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala. Synjun sýslumanns um útgáfu löggildingarskírteinis er kæranleg til efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna af kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Löggilding fasteignasala er bundin við nafn hans.

Fyrir löggildingu skal fasteignasali greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Sá einn má nefna sig fasteignasala, fyrirtækjasala eða skipasala sem hefur til þess löggildingu. Hið sama á við um starfsheiti sem er lýsandi um þessa starfsemi eða hætta kann að vera á að ruglað sé saman við störf þau sem tilgreind eru.

Hlutaðeigandi sýslumaður skal auglýsa löggildingu fasteignasala í Lögbirtingablaði og tilkynna eftirlitsnefnd fasteignasala um hana.

Hjá hlutaðeigandi sýslumanni skal haldin skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding fasteignasala verði á hendi eins sýslumanns.

6. gr.

Skylda fasteignasala til starfa.

Óheimilt er fasteignasala, í öðrum mæli en heimilað er með lögum þessum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim, að fela öðrum að vinna þau störf sem löggildingin tekur til.

Fasteignasali ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda er starfa í hans þágu við fasteignasöluna.

7. gr.

Rekstur fasteignasölu, starfsstöð o.fl.

Heimilt er að stofna félag um rekstur fasteignasölu í því formi sem eigendur kjósa. Eigendur skulu fullnægja skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 3. gr. og mega ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fasteignasali ber óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann eða sá sem starfar fyrir félagið kann að valda viðskiptamönnum fasteignasölunnar. Þeir sem starfa í þjónustu félagsins skulu einnig falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasala.

Fasteignasali skal tilkynna eftirlitsnefnd fasteignasala og sýslumanni hvar starfsstöð hans er. Hverri starfsstöð skal veitt forstaða af fasteignasala og getur fasteignasali aðeins veitt einni starfsstöð forstöðu á hverjum tíma. Hafi fasteignasala fleiri en eina starfsstöð skal tilkynna eftirlitsnefnd og sýslumanni um stofnun hennar og um tilhögun á rekstri starfsstöðvar.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf og starfshættir.

8. gr.
Réttarstaða.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt fasteignasali láti af störfum.

Fasteignasala ber sjálfum að sinna þeim verkefnum sem ákvæði þessa kafla taka til. Honum er þó heimilt á eigin ábyrgð að fela einstaklingum sem starfa hjá honum eða félagi hans um fasteignasölu einstök afmörkuð verkefni við sölu einstakra eigna. Tilgreina skal í reglugerð hvaða störf fasteignasali má fela þeim sem ráðnir eru til starfa hjá honum, enda sé ótvírætt af menntun, reynslu og þekkingu starfsmannsins að hann sé fær um að sinna slíku verkefni. Starfsmanni er óheimilt að fela öðrum að sinna verkum sem fasteignasali hefur falið honum.

9. gr.
Samningur um þjónustu.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar eða aðra þjónustu samkvæmt lögum þessum, gera skriflegan samning við þann er til hans leitar, hvort sem viðkomandi er kaupandi eða seljandi. Samningurinn skal gerður áður en fasteignasali tekur til við starfann. Í samningi skal tilgreint hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna, hver þóknun hans sé fyrir starfann eða hvernig hún skuli ákveðin og hvaða útlagða kostnað viðsemjandinn eigi að greiða.

Greina skal sérstaklega ef fasteignasali hefur einn rétt til sölu eignar og í hve langan tíma sá réttur hans á að standa.

10. gr.
Söluyfirlit.

Strax og fasteignasali fær eign til sölumeðferðar, eða honum er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um og afhent kauptilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar.

Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent söluyfirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnritun sinni og dagsetningu.

Fasteignasali, sem fær eign til sölumeðferðar eða er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um, skal afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits sé rétt samkvæmt bestu vitund hans.

Nú er söluyfirlit eldra en þriggja mánaða og skal þá fasteignasali gera nýtt nema engar breytingar hafi orðið sem lúta að efni þess.

11. gr.
Efni söluyfirlits.

Fasteignasali skal gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að

geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í söluyfirliti skal auk almennrar lýsingar á fasteign m.a. koma fram:

a. söluverð það sem eigandi óskar að fá fyrir eign sé það ákveðið,
b. staðsetning eignar og númer, stærð hennar samkvæmt opinberum skrám, fasteignamat, brunabótamat, byggingarlag og byggingarefni og byggingarár eignar og einstakra hluta hennar ef við á; teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skal jafnan vera fyrir hendi, svo og lóðaruppdráttur sé hann til,
c. upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign,
d. föst gjöld af eigninni, áhvílandi veðskuldir, kvaðir og önnur eignahöft, samkvæmt veðbókarvottorði; tilgreina skal eftirstöðvar og lánskjör, þar á meðal vexti og verðtryggingu allra áhvílandi veðskulda og kvaða og tilgreina sérstaklega ef skuld er í vanskilum; um þær veðskuldir sem fylgja eiga við sölu skal tilgreina fjölda ógreiddra afborgana og hvort heimilt er að yfirtaka þær með óbreyttum lánskjörum og ef svo er ekki, hvaða breytingar má ætla að verði og hvort einhver annar kostnaður fylgir yfirtökunni,
e. kostnaður sem kaupandi hefur af kaupum, þar á meðal þinglýsingarkostnaður, stimpilgjöld, umsýslukostnaður kaupanda, lántökukostnaður sé það unnt o.fl.,
f. tekjur af eigninni ef um er að ræða eign sem ætluð er til atvinnustarfsemi,
g. afhendingarástand eignar sem seld er ófullgerð, og skal það vera í samræmi við staðla sem út eru gefnir af opinberum stofnunum er annast byggingarrannsóknir eða byggingareftirlit,
h. húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélags,
i. eignaskiptayfirlýsing eða samningur sé um fjöleignarhús að ræða,
j. önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.

Sambærilegt yfirlit skal, eftir því sem við getur átt, gert vegna sölu á skipi og/eða fyrirtæki. Í söluyfirliti vegna fyrirtækis skal einnig tilgreina hverjar hafi verið tekjur og gjöld þess síðustu þrjú ár fyrir gerð söluyfirlits, hverjar eignir þess séu og skuldir og hve mörg ársverk hafi verið unnin í rekstri þess síðustu þrjú árin fyrir gerð söluyfirlits. Upplýsingar þessar skulu reistar á endurskoðuðum reikningum fyrirtækisins eða öðrum haldbærum gögnum. Skal fasteignasali leitast við að tryggja að kaupandi fái öruggar og nákvæmar upplýsingar um allt sem máli skiptir um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækis áður en hann gerir tilboð í það eða tekur afstöðu til sölutilboðs.

12. gr.

Öflun upplýsinga vegna söluyfirlits.

Fasteignasali skal afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Skal hann sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu skal hann kynna sér af eigin raun.

Fasteignasali ber ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup er óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Kynning fasteignasala á eign.

Fasteignasali skal við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Skal hann gæta hófs í lýsingum á eigninni.

Fasteignasali skal geta skýrlega nafns síns í öllum auglýsingum og kynningum á eign. Sé firmanafn fasteignasölu auglýst eða kynnt skal nafn fasteignasala einnig koma fram.

14. gr.

Fasteignasali skal vera sjálfstæður og óháður í störfum sínum.

Fasteignasala og starfsmönnum hans er óheimilt að kaupa eign sem fasteignasalanum hefur verið falin til sölumeðferðar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um kaup eða sölu fasteignar sé hann, starfsmenn hans eða makar þeirra, eða félag í þeirra eigu, eigendur hennar eða verulegs hluta hennar, eða ef þeir búa yfir sérstökum upplýsingum um fasteignina sem hafa þýðingu við söluna og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum tafarlaust með sannanlegum hætti hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en þeirra er varða greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar.

15. gr.

Fasteignasali skal gæta hagsmuna kaupanda og seljanda.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

16. gr.

Samnings- og skjalagerð.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð við sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal söluyfirliti, kauptilboði, kaupsamningi, afsali, veðbréfi og skuldabréfi, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

17. gr.

Vörslufjárreikningar.

Fasteignasala er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Fasteignasali er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Um vörslufjárreikninga gilda nánari ákvæði sem ráðherra setur í reglugerð skv. 27. gr. að fengnum tillögum eftirlitsnefndar fasteignasala.

III. KAFLI
Eftirlit með störfum fasteignasala.

18. gr.
Eftirlitsnefnd fasteignasala.

Eftirlitsnefnd fasteignasala annast eftirlit með störfum fasteignasala samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þrjá nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera fasteignasali og einn löggiltur endurskoðandi. Hinn þriðji, sem vera skal formaður nefndarinnar, skal vera lögmaður og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald í ríkissjóð að fjárhæð 80.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar fasteignasala. Nú sýnir fasteignasali fram á að fleiri en einn fasteignasali starfi hjá sama félagi og á sömu starfsstöð og skal þá aðeins greidd sú fjárhæð sem greinir í 1. málsl. Gjalddagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.

Eftirlitsnefnd fasteignasala er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að hún geti sinnt skyldum sínum.

Eftirlitsnefnd fasteignasala er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Um meðferð mála er lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Hið sama á við um þá sem nefndin kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

19. gr.
Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, aðrar réttarreglur sem þýðingu hafa fyrir störf fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu.

Hún skal fylgjast sérstaklega með eftirtöldum þáttum í starfi fasteignasala:

a. að eignarhald að fasteignasölum sé í samræmi við lög þessi,
b. að fasteignasali hafi ekki aðra í þjónustu sinni en þá sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar,
c. að fullnægjandi ábyrgðartryggingar séu í gildi vegna starfseminnar,
d. að fasteignasalar geri þau skjöl er lög þessi og góðar venjur í fasteignasölu bjóða,
e. að skjöl séu gerð á réttum tíma og árituð af þeim sem skylt er,
f. að fasteignasalar hagi skjalagerð efnislega í samræmi við ákvæði laganna og góðar venjur í fasteignasölu,
g. að fasteignasalar sinni sjálfir störfum sem löggilding þeirra tekur til og feli þeim sem ráðnir eru til starfa hjá þeim ekki önnur störf en heimildir standa til,
h. að hagsmunir aðila að samningum séu ekki fyrir borð bornir,

i. að meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna þeirra sé í hvívetna í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga,
j. að fasteignasali uppfylli ávallt skilyrði laga þessara til að vera fasteignasali og
k. að fasteignasali gæti að fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Nú hefur hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

20. gr.

Heimildir og skyldur eftirlitsnefndar.

Fasteignasali skal skila til eftirlitsnefndar eigi síðar en í ágúst hvert ár yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að meðferð hans á fjármunum viðskiptamanna hans undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

Nú hefur yfirlýsingu endurskoðanda ekki verið skilað í réttu horfi, og þess efnis sem krafist er, í lok ágústmánaðar og skal þá eftirlitsnefnd veita tveggja vikna frest til skilanna. Sé ekki orðið við áskorun um skil og skýringar sem nefndin metur fullnægjandi ekki veittar á því að skil hafi ekki farið fram skal eftirlitsnefnd svipta fasteignasala tímabundið löggildingu hans. Hafi yfirlýsingu ekki verið skilað í réttu horfi 1. október sama ár skal fasteignasali sá er í hlut á sviptur löggildingu tímabundið.

Eftirlitsnefnd er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að skoða bókhald og öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum sem hann hefur með höndum. Skal nefndin framkvæma slíka skoðun svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala.

Berist eftirlitsnefnd trúverðug ábending um að misfellur séu í starfsemi fasteignasala skal hún svo fljótt sem auðið er rannsaka málið, m.a. með skoðun á starfsstöð hans. Nú finnst bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala ekki á starfsstöð hans og skal þá nefndinni heimilt að leita þeirra annars staðar þar sem ætla má að þau séu geymd.

Nú synjar fasteignasali eftirlitsnefnd um aðgang að starfsstöð sinni, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans, og getur þá nefndin óskað aðstoðar lögreglu til að hún fái sinnt eftirliti sínu. Hið sama á við ef bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala eru í vörslum þriðja manns. Um slíka leit gilda ákvæði X. kafla laga um meðferð sakamála.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali eða aðrir hafi við rekstur fasteignasölu gerst brotlegir við almenn hegningarlög í störfum sínum, eða sýnt af sér aðra refsiverða háttsemi og skal hún þá tilkynna það lögreglu með formlegum hætti. Nefndin skal halda áfram rannsókn sinni og ljúka máli þess fasteignasala er í hlut á þótt lögreglu sé send tilkynning og hún hefji rannsókn máls.

Ef eftirlitsnefnd hefur borist kvörtun eða ábending um misfellur í starfi fasteignasala, eða nefndin tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði, getur hún lokið málinu með beitingu agaviðurlaga eða tímabundinni sviptingu löggildingar þótt fasteignasali hætti störfum og skili til sýslumanns löggildingu sinni áður en eða á meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

21. gr.

Agaviðurlög og tímabundin svipting löggildingar.

Nú telur eftirlitsnefnd fasteignasala að fasteignasali hafi vanrækt skyldur sínar, eða gerst brotlegur við lög í starfsemi sinni, og skal hún þá skora á hann að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki, eða ef nefndin telur að brot sé ekki smávægilegt, getur hún veitt fasteignasala áminningu vegna slíkra brota. Áður en áminning er veitt skal nefndin gefa fasteignasalanum kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Nú lætur fasteignasali ekki skipast við áminningu skv. 1. mgr. eða hann vanrækir alvarlega skyldur sínar að mati eftirlitsnefndar eða hefur ítrekað verið áminntur vegna brota sinna, án þess að starfsemi hans teljist komin í gott horf, og skal þá nefndin svipta hann tímabundið löggildingu til fasteignasölu. Áður en til þess kemur skal hún gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum sé þess kostur.

Nú felst brot fasteignasala í því að hann hlítir ekki reglum um meðferð á fé viðskiptamanna sinna og skal þá nefndin, ef hún telur til þess ráðrúm, skora á hann að bæta úr án tafar. Ef nefndin telur ekki svigrúm til áskorunar, fasteignasali sinnir ekki þegar slíkri áskorun eða brot er talið svo alvarlegt að ekki sé kostur til úrbóta fyrir fasteignasala sviptir hún hann löggildingu tímabundið.

Nú telur eftirlitsnefnd, sem svipt hefur fasteignasala löggildingu sinni tímabundið, að hætta sé á að hann hafi milligöngu um fasteignaviðskipti og skal hún þá með atbeina lögreglu loka starfsstöð hans.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali, sem hún hefur svipt löggildingu tímabundið, hafi bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni sviptingarinnar og getur hún þá afturkallað hana.

Tímabundin svipting löggildingar getur ekki verið lengur en til tólf vikna.

Nú veitir eftirlitsnefnd fasteignasala áminningu, sviptir hann tímabundið löggildingu eða lokar starfsstöð hans og skal þá nefndin tilkynna það þegar í stað til sýslumanns.

Fasteignasali skal greiða kostnað af rannsókn og meðferð máls hafi reynst tilefni til að svipta hann löggildingu tímabundið eða loka starfsstöð hans. Í ákvörðun nefndarinnar skal tekin afstaða til þess hvort fasteignasala er gert að greiða allan kostnað af rannsókn og meðferð máls eða aðeins hluta hans hafi ekki allar ávirðingar sem á hann voru bornar verið á rökum reistar. Ákvörðun nefndarinnar um málskostnað er aðfararhæf að liðnum málskotsfresti skv. 4. mgr. 22. gr.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega. Gæta skal nafnleyndar.

22. gr.

Málskot til efnahags- og viðskiptaráðherra.

Fasteignasali getur skotið ákvörðun eftirlitsnefndar um að veita honum áminningu og um greiðslu málskostnaðar til ráðherra.

Fasteignasali getur skotið til ráðherra ákvörðun eftirlitsnefndar um tímabundna sviptingu á löggildingu, svo og ákvörðun nefndarinnar um að loka starfsstöð hans, auk ákvörðunar hennar um málskostnað.

Eftirlitsnefnd getur skotið máli fasteignasala, sem sviptur hefur verið tímabundið löggildingu til fasteignasölu, til ráðherra. Getur nefndin m.a. gert kröfu um að ráðherra mæli fyrir um ótímabundna sviptingu löggildingar. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 21. gr. helst svipting löggildingar til fasteignasölu meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Frestur til þess að skjóta máli til ráðherra skv. 1.–3. mgr. er 30 dagar frá því að ákvörðun var tilkynnt fasteignasala.

Ráðherra getur fellt úr gildi ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar, breytt þeim tíma sem sviptingin skal standa, staðfest ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar eða ákveðið að hún skuli vera ótímabundin. Jafnframt getur ráðherra staðfest eða breytt ákvörðun eftirlitsnefndar um málskostnað og greiðslu hans.

Ráðherra skal taka mál til meðferðar og ljúka því þótt fasteignasali hætti störfum og skili til sýslumanns löggildingu sinni áður en eða meðan á meðferð máls stendur.

Sé máli um áminningu fasteignasala, tímabundna sviptingu löggildingar eða lokun starfsstöðvar skotið til ráðherra skal hann tilkynna eftirlitsnefnd um málalyktir.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal auglýsa í Lögbirtingablaði ákvörðun um tímabundna og ótímabundna sviptingu löggildingar til fasteignasölu.

Málsmeðferð samkvæmt þessari grein skal vera samkvæmt stjórnsýslulögum.

Heimilt er fasteignasala að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðherra.

23. gr.

Missir skilyrða til löggildingar fasteignasala.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar fellur löggilding hans sjálfkrafa niður og er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskírteini sínu. Sama gildir hætti fasteignasali störfum. Heimilt er að veita fasteignasala löggildingu að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til hennar.

Nú fellur löggilding fasteignasala niður skv. 1. mgr. og ber þá eftirlitsnefnd fasteignasala að tilkynna það þegar í stað til sýslumanns og auglýsa það í Lögbirtingablaði.

24. gr.

Fasteignasala án réttinda.

Ef eftirlitsnefnd berast upplýsingar um að maður sem hefur ekki fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur er nefndinni heimilt að óska þess við sýslumann að starfsstöð viðkomandi verði lokað þegar í stað.

IV. KAFLI
Kærunefnd um málefni fasteignasala.

25. gr.

Kærunefnd um málefni fasteignasala.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar kærunefnd um málefni fasteignasala til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Skulu tveir þeirra skipaðir án tilnefningar, en einn eftir tilnefningu Húseigendafélagsins.

26. gr.

Verkefni kærunefndar og niðurstöður.

Telji kaupandi eða seljandi fasteignar, sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala, að fasteignasali hafi valdið sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum eða krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á getur hann snúið sér til kærunefndar um málefni fasteignasala. Kvörtun skal berast kærunefndinni innan árs frá því að

þóknunar var krafist eða hún greidd eða frá því að þeim er kvörtun sendir varð eða mátti verða ljóst að hann varð fyrir tjóni af völdum fasteignasala.

Kærunefnd skal láta í ljós álit á því hvort fasteignasali hafi átt rétt til þóknunar í því tilviki sem um ræðir og hver fjárhæð hennar skuli vera. Nefndin skal einnig, þegar þess er óskað, láta í ljós álit á því hvort sá er kvartar hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa fasteignasala, eða þeirra er starfa á hans vegum, hver fjárhæð tjónsins er og hvort því hafi verið valdið með háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu fasteignasala.

Kærunefnd skal leitast við að skila skriflegu áliti sem fyrst og ekki síðar en mánuði eftir að kærði lagði eða átti þess kost að leggja fram andmæli sín eða athugasemdir.

Sá er kvartar til kærunefndar skal greiða kærugjald sem ráðherra ákveður í reglugerð. Kærugjald skal endurgreitt ef fallist er í heild eða að hluta á kröfur þess er kvörtun ber fram.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um valdsvið kærunefndar, kærugjald, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

V. KAFLI
Heimild til að setja reglugerð.

27. gr.
Reglugerðarheimildir.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

a. um samninga um þjónustu fasteignasala og um söluyfirlit,
b. um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, þar á meðal um vátryggingarfjárhæðir,
c. um þau störf sem falla undir einkarétt fasteignasala en honum er heimilt að fela starfsmönnum sínum að sinna við fasteignasöluna,
d. um útibú fasteignasala,
e. um menntun fasteignasala og próf, þ.e. um meginatriði þeirra námskeiða sem kennd eru og einingafjölda,
f. um menntun, próf og tryggingar þeirra sem fengið hafa leyfi til starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Færeyjum,
g. um vörslufjárreikninga,
h. um eftirlitsnefnd fasteignasala og
i. um kærunefnd um málefni fasteignasala.

VI. KAFLI
Skaðabætur og refsingar.

28. gr.
Skaðabætur.

Fasteignasali ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar. Fasteignasala sem hættir störfum er þó alltaf skylt að bæta tjón sem viðskiptamaður hans verður fyrir við það að ólokið er frágangi samninga eða skjala eða uppgjöri vegna viðskipta sem viðskiptamaðurinn hefur greitt fyrir.

29. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um slík mál fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.
Réttindi samkvæmt eldri lögum.

Þeir sem hlotið hafa löggildingu til fasteignasölu samkvæmt eldri lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skulu halda henni.

31. gr.
Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Haldi Félag fasteignasala áfram starfsemi sem hagsmuna- og fræðslufélag í þágu fasteignasala, eftir að lagaákvæði um skylduaðild fasteignasala að félaginu hafa verið felld úr gildi, skal félagið halda eignum sínum en jafnframt ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í nafni þess fyrir gildistöku laga þessara.

II.

Sá sem hefur við gildistöku laga þessara hafið nám til undirbúnings fyrir prófraun fasteignasala eða lokið hluta prófraunar skal eiga þess kost að ljúka námi og prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. janúar 2014. Ráðherra skipar án tilnefningar þriggja manna prófnefnd sem sér um námskeið til undirbúnings fyrir prófraun og stendur fyrir prófi, sbr. ákvæði laga nr. 99/2004. Prófnefndin skal starfa frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2014.

III.

Fyrsti gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 18. gr. laga þessara skal vera 1. júlí 2011. Kostnaður við starf eftirlitsnefndar fasteignasala til þess tíma skal greiðast úr sjóði nefndarinnar.

IV.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 99/2004 skulu halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til settar hafa verið reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarpsins.

Þegar frumvarp það sem síðar varð að lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem nú eru í gildi, var til meðferðar í allsherjarnefnd Alþingis voru teknar til skoðunar þær viðamiklu tillögur sem í frumvarpinu voru til breytinga á þágildandi lögum, nr. 54/1997. Helstu álitaefni sem upp komu við meðferð málsins í nefndinni voru hvort rétt væri

að koma á fót skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort mögulegt væri að haga eftirliti með fasteignasölum með öðrum og veigaminni hætti en frumvarpið gerði ráð fyrir, án þess þó að raska því meginmarkmiði að koma á fót slíku eftirliti með fasteignasölum, hvort ástæða væri til að krefjast sérstakrar tryggingar af þeim sem settu á fót fasteignasölu fyrir því að þeir gætu staðið við skuldbindingar sínar færi svo að þeir hættu starfsemi og um stöðu eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Nefndin lagði til nokkrar breytingar á frumvarpinu og lagði einnig til að endurskoðun laganna færi fram fyrir 1. janúar 2008 og var bráðabirgðaákvæði þar að lútandi bætt við frumvarpið sem varð að lögum. Lagt var til að við þá endurskoðun skyldi sérstaklega kanna hvort ástæða væri til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala auk þeirra atriða sem fyrr eru nefnd um eftirlit með fasteignasölum og starfsemi eftirlitsnefndar.

Með bréfi, dags. 31. maí 2007, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra, sem þá fór með þennan málaflokk, vinnuhóp til að vinna að endurskoðun laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Í skipunarbréfinu segir m.a.: „Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004 skulu lögin endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008. Við þá endurskoðun skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort markmið með eftirlitskerfi III. kafla laganna hafi náðst og hvort efni séu til að lækka eftirlitsgjald skv. 2. mgr. 19. gr. laganna.“ Vinnuhópurinn kallaði eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila, m.a. frá Félagi fasteignasala, Matsmannafélagi Íslands og fulltrúum RE/MAX Ísland (Fasteignasölusérleyfa ehf.). Auk þess kom Þorsteinn Einarsson, hæstaréttarlögmaður og formaður eftirlitsnefndar Félags fasteignasala, á fund hópsins og gerði grein fyrir því hvaða breytingar hann teldi heppilegar til þess að auðvelda starf eftirlitsnefndarinnar.

Með breytingum sem gerðar voru á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, og tóku gildi hinn 1. janúar 2008, voru málefni fasteignasala flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis frá og með 1. október 2009. Með bréfi viðskiptaráðherra, dags. 15. janúar 2008, skipaði hann sömu aðila í nefnd til þess að ljúka tillögugerð um breytingar á lögum um fasteignasala, nr. 99/2004, og byggði nefnd viðskiptaráðherra vinnu sína að mestu leyti á tillögum fyrri nefndar.

Frumvarp byggt á drögum nefndarinnar var lagt fram á 135. löggjafarþingi en það fékk ekki afgreiðslu. Þetta frumvarp er lítillega breytt frá frumvarpi sem var undirbúið haustið 2008 en ekki var lagt fram. Það frumvarp byggðist á fyrra frumvarpi að viðbættum nokkrum breytingum. Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem lúta að eignarhaldi á fasteignasölum á þá leið að fallið er frá þeim ströngu reglum sem gilt hafa og eignarhaldið gefið frjálst. Það mun þó verða áskilið að hverri starfsstöð verði veitt forstaða af fasteignasala en ekki verður lengur skilyrði að aðeins fasteignasali geti verið eigandi fasteignasölu og að hann verði sjálfur að starfa þar. Að auki hefur verið skerpt á ákvæði 9. gr. þar sem fjallað er um þjónustu fasteignasala og kemur sú breyting til af því að ekki hefur verið nægilega skýrt að innheimta umsýslugjalds þurfi að eiga sér stoð í fyrirframgerðum samningi á milli kaupanda og fasteignasala.

2. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Með frumvarpinu er að tillögu starfshóps viðskiptaráðherra lagt til að sett verði ný heildarlög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, en talið var heppilegra að gera tillögu að frumvarpi til nýrra heildarlaga heldur en að gera breytingartillögur við einstakar lagagreinar þar sem nauðsynlegt hefði verið að breyta flestum greinum laganna að einhverju leyti. Í frum-

varpinu er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið og gagnrýni sem helst hefur verið höfð uppi gagnvart núgildandi lögum, nr. 99/2004, en jafnframt er bætt við í 1. gr. svokölluðu markmiðsákvæði sem undirstrikar það meginmarkmið laganna að gætt skuli hagsmuna kaupanda og seljanda fasteigna. Að öðru leyti lúta veigamestu breytingarnar frá gildandi lögum að eftirfarandi atriðum:

Einkaréttur fasteignasala til sölumeðferðar eigna.

Leitast er við að afmarka hvaða atvinnufyrirtæki falla undir einkarétt fasteignasala til sölumeðferðar en óljóst hefur verið hvaða mörk einkarétti fasteignasala ætti að setja að þessu leyti. Lögð er til sú leið að takmarka einkarétt fasteignasala við stærð atvinnufyrirtækis, þ.e. fimm ársverk eða minna, en sem fyrr nær einkarétturinn ekki til hlutafélaga. Hér er einungis lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um slíka sölu verði takmarkaður en fasteignasalar geta engu að síður sinnt slíkum störfum áfram þótt það falli ekki undir einkarétt þeirra.

Breytingar á reglum um eignarhald á fasteignasölu og verktöku.

Í frumvarpinu er fallið frá þeim reglum sem hafa gilt um eignarhald fasteignasala á fasteignasölu og lagt til að afnema þá skyldu að fasteignasala skuli vera í meirihlutaeigu löggilts fasteignasala og að fasteignasali skuli starfa á fasteignasölu sinni. Lagt er til að áskilið verði að fasteignasali fari ávallt með forstöðu hverrar starfsstöðvar. Með því er tryggt að markmiðum laganna um að viðskipti með fasteignir, fyrirtæki og skip geti farið fram með greiðum og öruggum hætti verði náð. Er þetta breyting frá frumvarpi því sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að hnykkt verði á því að fasteignasala er óheimilt að fela öðrum að vinna þau störf sem löggilding hans tekur til. Einnig er áréttað að ábyrgð hans nær einnig til skaðaverka þeirra sem starfa í hans þágu. Í framkvæmd hefur borið nokkuð á því að óljóst hefur verið hve mikið fasteignasalinn sjálfur sinnir þeim störfum sem löggildingin tekur til og að hversu miklu leyti aðrir starfsmenn sinna þeim störfum. Þá hafa vaknað spurningar um hve sjálfstæðir eða eftirlitslausir þeir aðilar eru. Hefur mikið verið rætt um að banna svokallaða verktöku í fasteignasölu, þ.e. að þeir sem starfa við sölumennsku á vegum fasteignasala séu ekki starfsmenn hans. Um leið og lögð er áhersla á mikilvægi þess að tryggja fagmennsku og neytendavernd og styrkja lagarammann hvað þessi atriði varðar er þó talið nauðsynlegt að halda því opnu að fasteignasali gæti falið þeim sem væru ráðnir hjá honum að sinna einföldum og auðveldum verkum, enda væri það á hans ábyrgð. Er því lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um það hvað af þeim störfum sem falla undir einkarétt fasteignasala sé heimilt að fela starfsmönnum fasteignasala að sinna. Að auki er tekið af skarið um það að fasteignasalar beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir valda sem starfa í hans þágu. Tilgangur þessarar reglu er að taka af öll tvímæli um það að fasteignasali beri ekki aðeins skaðabótaábyrgð á grundvelli almennra reglna, heldur einnig á þeim sem starfa í hans þágu, jafnvel þótt um það sé ekki gerður sérstakur ráðningarsamningur.

Breytingar á reglum um menntun fasteignasala.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á fyrirkomulagi menntunar fasteignasala. Lagt er til að um verði að ræða 90 eininga nám (ECTS-einingar), sem samsvarar um það bil þriggja anna námi, hjá viðurkenndum háskóla og að námið falli undir a-lið 2. mgr. 7. gr. um menntun við

háskóla. Jafnframt er lagt til að ráðherra sé heimilt með reglugerð að mæla fyrir um megindrætti í skipulagi námsins. Nám í fasteignasölufræðum sem háskólar bjóða, ef frumvarpið verður að lögum, yrði háð gæðaeftirliti í samræmi við reglur IV. kafla laga um háskóla, nr. 63/2006, þ.e. með innra mati hvers háskóla og ytra mati sem menntamálaráðuneytið hefði með höndum. Af þessu leiðir að lagt er til að ákvæði um störf og umboð prófnefndar sem starfar skv. 4. mgr. 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 99/2004, verði felld niður. Þó er gert ráð fyrir að þeir sem hafa við gildistöku laganna hafið nám til undirbúnings fyrir prófraun fasteignasala eða lokið hluta hennar, eigi þess kost að ljúka námi og prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. janúar 2014. Jafnframt að skipuð skuli prófnefnd sem starfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/2004 fram til þess tíma.

Afnám skylduaðildar að Félagi fasteignasala.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar frá 17. maí 2004 er sérstaklega áréttað mikilvægi þess að sú skylduaðild að Félagi fasteignasala sem frumvarp til núgildandi laga gerði ráð fyrir yrði tekin til endurskoðunar þegar reynsla yrði komin á það fyrirkomulag. Bent var á að félaginu væri ætlað viðamikið hlutverk sem það risi tæpast undir nema skylduaðild væri til að dreifa. Jafnframt að félagið kynni þó að styrkjast svo verulega í starfsemi sinni á næstu árum ef skylduaðild að því yrði lögfest að ekki yrði til allrar frambúðar nauðsynlegt að kveða á um hana. Þá gerði allsherjarnefnd grein fyrir þeirri afstöðu sinni að ekki væri víst að til frambúðar yrði þörf á jafnviðamiklu eftirliti og frumvarpið gerði ráð fyrir og virðist bráðabirgðaákvæði laganna um endurskoðun þeirra eiga rætur að rekja til þessarar afstöðu nefndarinnar.

Umboðsmaður Alþingis tók að eigin frumkvæði til athugunar hvort ákvæði gildandi laga, nr. 99/2004, um skylduaðild að Félagi fasteignasala stæðist ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis var sú að í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hefðu verið við meðferð Alþingis á því frumvarpi sem varð að lögum nr. 99/2004 léki vafi á því hvort þau verkefni Félags fasteignasala sem kveðið væri á um í lögunum og hefðu staðið eftir breytingarnar, fælu í sér að uppfyllt væri skilyrði það sem 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar setti, þ.e. að skylduaðild væri nauðsynleg til þess að félag gæti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna.

Nú er lagt til að 18. gr. laganna sem kveður á um skylduaðild að Félagi fasteignasala verði felld brott enda talið að ákvæðið hafi þjónað tilgangi sínum. Að auki er höfð hliðsjón af nefndaráliti allsherjarnefndar þar sem fram kom það sjónarmið að ef félagið hefði eflst nægilega teldi hún ekki þörf á áframhaldandi skylduaðild. Nánari ákvæði laganna um eftirlitsnefndina breytast því nokkuð enda er verið að rjúfa tengsl hennar við Félag fasteignasala. Í stað þess að vera nefnd „eftirlitsnefnd Félags fasteignasala“ verður hún nefnd „eftirlitsnefnd fasteignasala“ og eru þrír nefndarmenn hennar skipaðir af ráðherra en í gildandi lögum er mælt fyrir um að Félag fasteignasala tilnefni tvo af þremur nefndarmönnum sem ráðherra skipar. Auk þess hefur Félag fasteignasala annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og staðið á því skil til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala en með fyrirliggjandi frumvarpi mun eftirlitsgjaldið verða greitt beint til ríkissjóðs.

Breyting á fjárhæð eftirlitsgjalds.

Gerð er tillaga um breytingu á grundvelli og fjárhæð eftirlitsgjalds, auk þess sem lagt er til ákvæði til bráðabirgða sem frestar gjaldskyldu um eitt ár vegna innstæðu í sjóði eftirlitsnefndar Félags fasteignasala sem eðlilegt þykir að gengið verði á. Þótti þetta vera sanngjarnasta leiðin til að skila til baka þeim hluta eftirlitsgjalds sem hefur verið umfram kostnað á

síðustu árum. Rétt er þó að vekja athygli á að í upphaflegum frumvarpsdrögum var gert ráð fyrir að fresta innheimtu eftirlitsgjalds í tvö ár. Á 136. löggjafarþingi voru samþykkt á Alþingi lög nr. 18/2009, um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem fólst í því að innheimtu eftirlitsgjalds var frestað vegna ársins 2009 með hliðsjón af því ástandi sem ríkti og þar sem sala fasteigna hafði stórlega minnkað. Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að eftirlitsgjaldið sem greiða á í ríkissjóð verði lækkað í 80.000 kr. og mælt fyrir um að ef fleiri fasteignasalar starfa saman, þ.e. hjá sama félagi og á sömu starfsstöð, þá sé aðeins greitt einfalt gjald. Samkvæmt gildandi lögum ber sérhverjum fasteignasala að greiða 100.000 kr. eftirlitsgjald án tillits til þess hversu margir fasteignasalar starfa á starfsstöð. Hefur þetta fyrirkomulag, að sögn talsmanns Félags fasteignasala, m.a. leitt til þess að löggiltir fasteignasalar sem starfa á sömu starfsstöð hafa skilað inn fasteignasöluleyfum sínum til þess að lækka rekstrarkostnað. Þess má geta til samanburðar að eftirlitsgjald vátryggingamiðlara er að lágmarki 300.000 kr. á ári og verðbréfamiðlara 350.000 kr., sbr. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Samkvæmt nýlegum lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, skal sérhver endurskoðandi greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs.

Kærunefnd um málefni fasteignasala.

Loks er lagt til að lögfest verði ákvæði um sérstaka kærunefnd um málefni fasteignasala. Í því felst að viðskiptamenn fasteignasala (kaupendur og seljendur) fá færi á að bera ágreining um þóknun og skaðabótaskyldu undir kærunefnd og afla álits hennar um kæruefnið. Álit kærunefndar skal liggja fyrir í síðasta lagi mánuði eftir að sá kærði lagði fram eða átti kost á að leggja fram andmæli sín eða athugasemdir. Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar. Lagt er til að kærandi skuli greiða kærugjald sem ráðherra ákveði með reglugerð og skal endurgreitt ef fallist er í heild eða að hluta á kröfur þess er leggur fram kæruna.

Frumvarp þetta er eins og fyrr segir reist á gildandi lögum að mestu leyti. Um skýringar á einstökum greinum er því vísað til frumvarps þess, sem síðar varð að gildandi lögum, nr. 99/2004, sbr. Alþingistíðindi, 2003–04, A-deild, bls. 2759–2814. Í athugasemdum við einstakar greinar verða nánast eingöngu settar fram skýringar á þeim breytingartillögum sem gerðar eru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði svonefnt markmiðsákvæði í 1. gr. laganna. Þýðing þess er einkum tvíþætt. Í því felst almenn yfirlýsing um markmið laganna en jafnframt hefur það þýðingu við lögskýringu þannig að sá skýringarkostur verði valinn sem samrýmist best þeim markmiðum sem að er stefnt með lögunum. Meginmarkmið laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er að tryggja neytendavernd með því að slík viðskipti geti farið fram með greiðum og öruggum hætti og hagsmuna þeirra sem eiga slík viðskipti fyrir milligöngu fasteignasala sé gætt af þeim sem fengið hafa einkarétt frá hinu opinbera til að hafa milligöngu um slík viðskipti.

Um 2. gr.

Í þessari grein, sem er samsvarandi 1. gr. gildandi laga, eru gerðar tillögur um tvær breytingar.

Annars vegar er lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu á atvinnufyrirtækjum verði afmarkaður nánar en gert er í gildandi lögum. Afmörkunin felst í því að einkarétturinn nái aðeins til atvinnufyrirtækja sem rekin eru í formi félaga ef umfang rekstrarins á síðasta mánuði fyrir sölu hefur svarað til fimm ársverka eða minna. Þá er áréttuð sú regla að einkarétturinn taki ekki til sölu hlutafélaga. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum er leitast við að afmarka með efnislegum hætti umfang einkaréttar fasteignasala. Sú afmörkun er ekki skýr og því ástæða til að afmarka einkaréttinn nánar enda þróunin verið sú að einkahlutafélög hafa orðið sífellt stærri, bæði hvað varðar fjármálaleg umsvif og mannahald. Einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu fyrirtækja var fyrst lögfestur með lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54/1997. Í frumvarpi til þeirra laga var miðað við að einkarétturinn tæki til „virðisaukaskattsskyldrar starfsemi“. Þessari viðmiðun var breytt í meðförum Alþingis þannig að miðað var við að einkarétturinn tæki til atvinnufyrirtækja eða eignarhluta í þeim hvort sem um væri að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga. Einkarétturinn sætir þannig engum takmörkunum að því er lýtur að umfangi rekstrarfélaga en tekur þó ekki til hlutafélaga. Mörg einkahlutafélög hafa með höndum verulega umfangsmikinn rekstur. Af 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi eru 17 rekin í formi einkahlutafélaga. Ljóst má vera að menntun og reynsla fasteignasala miðast ekki við að þeir hafi sérfræðiþekkingu á sölu stærri atvinnufyrirtækja. Skiptir litlu í því sambandi þótt menntun þeirra hafi verið efld á síðustu árum og leitast hafi verið við að styrkja hæfni þeirra til að hafa milligöngu um fyrirtækjasölu. Einnig hefur tíðkast að fjármálafyrirtæki hafi milligöngu um sölu stórra einkahlutafélaga og að endurskoðunarfyrirtæki geri slíkt hið sama. Ef reglan verður að lögum er ljóst að sala atvinnufyrirtækja þar sem umfang rekstrar er meira en fimm ársverk er ekki háð einkarétti og ekki heldur opinberu eftirliti nema í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hafa milligöngu um hana. Lögmenn og endurskoðendur eru háðir eftirliti þótt ekki sé um eiginlegt opinbert eftirlit að ræða. Þrátt fyrir þessa annmarka er varla rétt að fela fasteignasölum einkarétt á sölu slíkra atvinnufyrirtækja þar sem þeir hafa ekki sérstaka menntun eða þekkingu til að sinna slíkum verkum. Leggja ber áherslu á að hér er einungis lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um slíka sölu verði takmarkaður en þeir geta vissulega sinnt slíkum störfum þótt það falli ekki undir einkarétt þeirra. Sú afmörkun að miða við fimm ársverk eða færri er í samræmi við afmörkun í lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, um það hvenær vátryggingafélagi er heimilt að semja um aðra skilmála eða kjör en leiðir af þeim lögum. Er afmörkunin reist á því að minni rekstraraðilar hafi ekki sérfræðiþekkingu og burði til að kosta til sérfræðiráðgjafar um vátryggingaþörf sína og hvernig úr henni skuli bætt og því sé vátryggingafélögum óheimilt að víkja frá lögunum. Eru þessir minni rekstraraðilar því lagðir að jöfnu við neytendur. Þótt forsendur þessarar afmörkunar séu aðrar en þær sem hér eiga við þykir heppilegt að nota þekkta viðmiðun úr lögum þar sem þess er kostur.

Þá er lagt til að 2. mgr. 1. gr. um að ráðherra sé heimilt að ákveða að löggilding fasteignasala verði á hendi eins sýslumanns verði flutt í 5. gr. sem fjallar um löggildingu fasteignasala þar sem hún verði í meira efnislegu samræmi.

Lagt er til að gerð verði smávægileg breyting á 5. mgr. 1. gr. gildandi laga á þá leið að bætt verði inn í lokamálsliðinn orðunum „um störf fasteignasala og skyldur til að gæta hagsmuna beggja aðila“. Rökin fyrir þessari tillögu eru að hnykkja þarf á því hvert er hlutverk

þeirra fasteignasala sem taka að sér þau verk er um ræðir fyrir byggingaraðila og félagasamtök sem selja eigin eignir. Tillagan er í samræmi við hið yfirlýsta markmið laganna að kaupendur slíkra eigna geti treyst því að við kaup fasteigna af byggingaraðilum eða félagasamtökum að fasteignasalinn sem annast skjalagerðina sé óháður og hann veiti sambærilega ráðgjöf og fasteignasölum er skylt að gera í öðrum tilvikum. Í því felst að fasteignasala ber að gera kaupanda grein fyrir réttarstöðu hans, hvort fjármögnun sé hagstæð eða gæti verið hagstæðari og öðrum atriðum. Hann þarf auk þess að tryggja að ekki séu ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í þeim samningum sem gerðir eru vegna þessara viðskipta. Í tillögunni felst ekki veruleg breyting heldur fremur áréttting um skyldur fasteignasala við þau viðskipti sem um ræðir.

Um 3. gr.

Í d-lið 3. gr. er gerð tillaga um breytingar á reglum um menntun fasteignasala. Menntun þeirra hefur verið undir eftirliti sérstakrar prófnefndar og hafa verið rekin námskeið í a.m.k. tveimur háskólum sem staðið hafa í fjórar annir. Lagt er til að reglur um menntun fasteignasala verði felldar að löggjöf um menntun við háskóla. Tillagan miðast við að menntun fasteignasala geti fallið undir a-lið 2. mgr. 7. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Upphaf þeirrar greinar hljóðar svo:

„Háskólar ákveða fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats.

Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs. Viðurkenndar prófgráður og lokapróf sem háskólar miða við eru:

a. diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum […].“

Með stöðluðum námseiningum er átt við ECTS-einingar (European Credit Transfer System) en hver slík eining er tvöföld sú eining sem algengt var að miða við hér á landi fyrir gildistöku laga um háskóla, nr. 63/2006.

Breytingin miðast við að hver háskóli hafi það á valdi sínu að skipuleggja nám fyrir fasteignasala sem verði 90 staðlaðar einingar (samsvarar 45 eldri einingum, þ.e. um eins og hálfs árs námi) og jafnframt er lagt til að ráðherra sé heimilt með reglugerð að mæla fyrir um megindrætti í skipulagi námsins. Nám í fasteignasölufræðum sem háskólar munu bjóða ef frumvarpið verður að lögum yrði háð gæðaeftirliti í samræmi við reglur IV. kafla laga um háskóla, nr. 63/2006, þ.e. með innra mati hvers háskóla og með ytra mati sem menntamálaráðuneytið hefði með höndum.

Verði frumvarpið að lögum falla niður reglur gildandi laga og reglugerðar um menntun fasteignasala og prófraun, prófnefnd og námskeiðshald en þær koma nú fram í 3. og 4. gr. gildandi laga. Áréttað skal að frumvarpið felur ekki í sér að nám þeirra sem hyggjast verða fasteignasalar verði viðameira en nú er.

Þá er gerð tillaga um að nýjum staflið, e-lið, verði bætt við 2. gr. gildandi laga en sú tillaga felur í sér að ákvæði sem er í b-lið 2. mgr. 3. gr. gildandi laga verði flutt til og því breytt lítillega. Gildandi ákvæði miðast við að sá sem vill þreyta prófraun fasteignasala verði að hafa starfað í a.m.k. tólf mánuði í fullu starfi hjá löggiltum fasteignasala áður en hann þreytir prófið. Þetta hefur sett sumum óþarfa skorður. Eðlilegra þykir að miða við að þeir sem vilja öðlast löggildingu hafi lokið þessum starfstíma fremur en að gera það að skilyrði fyrir því að prófraun sé þreytt. Ætla má að það geti jafnvel verið heppilegra að a.m.k. hluti starfsreynslunnar ávinnist eftir að prófraun lýkur.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar til 5. gr. gildandi laga og fjallar um starfsábyrgðartryggingar fasteignasala. Breytingar eru gerðar á greininni með hliðsjón af breytingu á eignarhaldsákvæðum 7. gr. Það nýmæli er lagt til í 2. mgr. að fasteignasali skuli fyrir 15. janúar ár hvert senda eftirlitsnefnd staðfestingu um að hann hafi í gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu. Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins skal eftirlitsnefndin hafa eftirlit með því að í gildi séu fullnægjandi starfsábyrgðartryggingar. Ekki er talið mögulegt að hafa eftirlit með þessu atriði nema tryggt sé að fasteignasala sé skylt að leggja fram staðfestingu þessa efnis. Í 3. mgr. er fjallað um töku tryggingar þegar fleiri en einn fasteignasali starfa saman. Lagt er til að reglan um að þegar tveir fasteignasalar starfi saman þá fullnægi þeir vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu og hækki þá lágmarksvátryggingarfjárhæðir um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn, gildi einnig þegar fleiri en einn fasteignasali eru starfsmenn félags sem rekur fasteignasölu.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 6. gr. gildandi laga og eina breytingin er að 2. mgr. 1. gr. gildandi laga hefur verið færð til og gerð lokamálsgrein þessarar greinar þar sem reglan er í betra efnislegu samhengi.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er skerpt á því að fasteignasala sé óheimilt í meira mæli en lögin heimila að fela öðrum að vinna þau störf sem löggildingin tekur til og jafnframt er hnykkt á ábyrgð hans vegna skaðaverka þeirra sem starfa í hans þágu við fasteignasöluna.

Í 1. mgr. er þannig lagt til að fasteignasali megi ekki fela öðrum að sinna þeim störfum sem löggildingin tekur til nema það sé heimilað í lögunum. Tilefni þess að rétt þykir að taka af skarið um þetta er að borið hefur á því að lausatök séu á því í framkvæmd hve mikið fasteignasalinn sjálfur sinnir þeim störfum sem löggildingin tekur til. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að fasteignasali fær löggildingu frá hinu opinbera til þess að hafa einkarétt til ákveðinna starfa sem er að hafa milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Slíkum einkarétti fylgir mikil ábyrgð enda er oftast um aleigu fólks að ræða. Löggilding fasteignasala og þar með einkaréttur hans er veitt eftir að hann hefur sýnt fram á að hann uppfylli tiltekin persónuleg hæfisskilyrði sem lúta að fjárhagsstöðu, vátryggingum til hagsbóta fyrir viðskiptamenn hans, menntun og starfsreynslu og ýmsum öðrum atriðum sem lúta að heimilisfesti og því að hann hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði tilgreindra kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi á öðrum grundvelli. Markmið þessara viðamiklu persónulegra krafna er að tryggja sem best hagsmuni þeirra sem leita þjónustu fasteignasala. Það felst í reglunni um að fasteignasali þurfi að uppfylla persónuleg hæfisskilyrði að hann verði sjálfur að sinna þeim störfum sem löggildingin tekur til. Nauðsynlegt er þó að heimila fasteignasala að fela þeim sem ráðnir eru til starfa hjá honum að sinna einföldum og auðveldum verkum og sé það á ábyrgð fasteignasalans. Er mælt nánar fyrir um það í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Einnig er lagt til að tekið sé af skarið um að fasteignasali beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir valda er starfa í hans þágu. Lögin heimila samkvæmt orðanna hljóðan aðeins að fasteignasali feli þeim sem ráðnir eru til starfa hjá honum að sinna verkum sem falla undir löggildinguna. Tilgangur reglunnar sem hér er gerð tillaga um er að taka af tvímæli um að fasteignasali beri ekki aðeins skaðabótaábyrgð á grundvelli almennra reglna, þ.e. reglunnar

um vinnuveitandaábyrgð, heldur einnig á öðrum sem starfa í hans þágu jafnvel þótt um það sé ekki gerður sérstakur ráðningarsamningur. Félag fasteignasala hefur lagt áherslu á að setja þurfi ákvæði sem banni verksamninga, a.m.k. um tilgreind störf fasteignasala. Vandamál tengd verksamningum sem mjög er amast við í skýringum í frumvarpi til gildandi laga eru tvíþætt, óvissa um skaðabótaréttarlega stöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum þeirra sem starfa í þágu fasteignasala á grundvelli verksamninga og sú meginregla að starfsábyrgðartryggingar taka að öllu jöfnu aðeins til skaðaverka vátryggingartaka og starfsmanna hans. Framkvæmdin hvað starfsábyrgðartryggingar varðar hefur þó verið sú að íslensk vátryggingafélög hafa fallist á að þeir sem starfa í þágu fasteignasala falli undir starfsábyrgðartrygginguna óháð því á hvers konar samningi starf þeirra í þágu fasteignasala er reist. Óþarft þykir því að setja sérstaka bannreglu um verksamninga. Með þeirri breytingu sem hér er gerð ætti það ekki að raska hagsmunum viðskiptamanna fasteignasala þótt menn starfi í þjónustu fasteignasalans án þess að um sérstakan ráðningarsamning sé að ræða enda eru tekin af tvímæli um ábyrgð hans á öllum í þjónustu hans.

Um 7. gr.

Vinnuhópur dóms- og kirkjumálaráðherra og sú nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði og samdi meginefni þessa frumvarps tók til sérstakrar umræðu og athugunar hvort ástæða væri til að breyta reglum um eignarhald á fasteignasölum. Þeir fulltrúar RE/MAX Ísland (Fasteignasölusérleyfa ehf.) sem mættu á fund nefndarinnar töldu nauðsynlegt að breyta reglum um eignarhald og vísuðu til þróunar sem orðið hefði annars staðar á Norðurlöndum í þeim efnum.

Í frumvarpi því sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi var ekki lögð til breyting á því fyrirkomulagi á eignarhaldi sem er samkvæmt núgildandi lögum. Nú er hins vegar lagt til að þessar ströngu reglur um eignarhald fasteignasala á fasteignasölu sinni verði felldar niður og að heimilt verði að stofna fasteignasölu á því formi sem eigendur kjósa. Lagt er til að eigendur þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði t.d. a- og b-liðar 1. mgr. 3. gr. og mega ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Talið er eðlilegt í ljósi mikilvægis þeirra viðskipta sem fara um hendur fasteignasala að gera strangar kröfur til hæfis eigenda fasteignasölu. Ekki er þó hvikað frá þeim kröfum sem gilda um þau verkefni sem fasteignasala ber að sinna. Einnig er gerð sú krafa að hverri fasteignasölu (starfsstöð) skuli veitt forstaða af löggiltum fasteignasala og beri hann óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann eða sá sem starfar fyrir hann eða fyrirtækið, kann að valda viðskiptavinum fasteignasölunnar.

Þessar breytingar eru í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á Norðurlöndunum, t.d. í Noregi og í Danmörku. Þannig er við það miðað í nýjum norskum lögum um fasteignasölu, lov om eiendomsmegling, nr. 73/2007, frá 29. júní 2007, að aðrir en fasteignasali geti átt fasteignasölu að því gefnu að norska fjármálaeftirlitið (Kredittilsynet) hafi veitt starfsleyfi en bankar þurfa þó almennt ekki slíkt leyfi. Í Noregi eru einnig gerðar þær kröfur að þeir sem fari með meira en 10% eignarhlut í fasteignasölu skuli uppfylla ákveðin almenn skilyrði sem eiga að tryggja að viðskipti fari fram í samræmi við lög, reglugerðir og góða viðskiptavenju. Með breytingum sem gerðar voru á dönsku lögunum um fasteignasölu, lov om omsætning af fast ejendom, nr. 691/2003, eru ekki lengur settar takmarkanir við eignarhaldi á fasteignasölum. Samkvæmt dönsku lögunum er þó gerð sú krafa að hverri starfsstöð fasteignasölu

skuli vera stýrt af fasteignasala eða lögmanni. Í greinargerð með dönsku lögunum eru breytingarnar m.a. rökstuddar með því eignarhaldsákvæðin hamli eðlilegri samkeppni og komi í veg fyrir nýliðun í atvinnugreininni, jafnframt að byggt hafi verið á rannsókn á löggjöf annarra landa, svo sem í Svíþjóð, Þýskalandi, Bretlandi og Hollandi, þar sem hvergi séu í gildi takmarkanir á eignarhaldi á fasteignasölum. Litið er svo á að gæðakröfum í fasteignaviðskiptum verði náð með ákvæðum um hæfi og verkefni fasteignasala auk þess sem þeir leiði faglegt starf á fasteignasölu en jafnframt þurfa eigendur fasteignasölu að uppfylla ströng hæfisskilyrði, t.d. hegningarlaganna. Þótt þannig hafi verið fallið frá fyrirmælum um tiltekið eignarhald er milliganga um fasteignakaup þó í báðum þessum löndum háð ströngum skilyrðum og mikið regluverk um starfsemina eins og verður hér á landi nái frumvarpið fram að ganga.

Ætla má að umræddar breytingar muni hafa sambærileg áhrif á Íslandi og í Danmörku og þannig muni við afnám eignarhaldsákvæðisins samkeppni styrkjast og framboð á þjónustu aukast sem verði til hagsbóta fyrir hinn almenna neytanda sem leitar þjónustu fasteignasala. Rétt er að vekja athygli á að þrátt fyrir að eignarhaldsákvæðið verði afnumið þá haldast ákvæði um ábyrgðartryggingu fasteignasala og reglur um að hann beri óskipta ábyrgð á þeim sem starfar í hans þágu án tillits til þess í hvaða formi fasteignasalan er rekin og er þetta áréttað í 2. mgr. 7. gr. í samræmi við þá breytingu sem 2. mgr. 6. gr. felur í sér. Hafa ber þó í huga að í raun er það rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á öllu því sem fram fer á fasteignasölunni.

Í 2. mgr. 7. gr. er lagt til að hin óskipta ábyrgð fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sína í nafni félags, taki einnig til þeirra sem starfa í þágu félagsins. Er þetta til samræmis við breytingar á 2. mgr. 6. gr. Þetta er aðeins til fyllingar gildandi reglum en ætti ekki að fela í sér efnislegar breytingar.

Í 3. mgr. 7. gr. er fjallað um starfsstöð fasteignasölu og er hún efnislega að mestu óbreytt að öðru leyti en varðar eignarhaldsákvæðið frá 4. mgr. 7. gr. gildandi laga. Hér er kveðið á um, að danskri fyrirmynd, að hverri starfsstöð skuli veitt forstaða af fasteignasala. Nokkuð hefur verið rætt um heimild fasteignasala til að reka útibú og samkvæmt gildandi lögum er rekstur útibús heimill að því gefnu að annar fasteignasali sem er ráðinn til starfa hjá honum hafi starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga, nr. 99/2004, sagði að með orðinu útibú væri átt við þrönga merkingu orðsins, að ekki væri átt við sjálfstætt fyrirtæki, heldur deild eða annars konar hluta af fasteignasölunni og telst útibú því ein reikningsleg heild með aðalskrifstofu og þau verkefni sem útibú hefur með höndum í engu frábrugðin þeim sem aðalskrifstofa sýslar með. Hér er lagt til að notað verði hugtakið „starfsstöð“ í stað „útibú“. Þykir hugtakið „starfsstöð“ lýsa betur þeirri merkingu sem hér er átt við og undirstrika að átt sé við reikningslega heild þótt starfsemin fari ekki fram á staðfræðilega sama staðnum. Með því er einnig lögð áhersla á að sömu efnis- og gæðakröfur gilda um starfsemi aðalskrifstofu og útibús, þ.e. um allar starfsstöðvar.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um að nýrri málsgrein verði bætt við 8. gr. laganna. Tillagan tengist þeirri tillögu sem gerð er í 6. gr. frumvarpsins þar sem segir að fasteignasala beri sjálfum að sinna þeim störfum sem einkaréttur hans tekur til nema að því marki sem það er heimilað í lögunum.

Í fyrsta lagi er áréttað að fasteignasali verði sjálfur að sinna þeim störfum sem löggilding tekur til en um það efni má vísa til skýringa með 6. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er kveðið á um að hvaða marki fasteignasala er heimilt að fela einstaklingum sem starfa hjá honum eða félagi hans um fasteignasölu einstök afmörkuð verkefni við sölu einstakra eigna. Af orðalaginu leiðir að fasteignasali getur ekki með almennum hætti falið starfsmanni sínum að sinna verkefnum sem falla undir einkaréttinn. Hann verður að gera það í hverju tilviki fyrir sig og verður sú ákvörðun hans reist á mati. Lagt er til við hvaða þætti fasteignasali á að styðjast þegar hann framkvæmir slíkt mat, til að mynda verður að vera ótvírætt af menntun, reynslu og þekkingu starfsmanns að hann sé fær um að sinna slíku verkefni. Í þessu sambandi skal tekið fram að í 27. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til þess að setja reglugerð þar sem nánar verði fjallað um þau störf sem falla undir einkarétt fasteignasala sem honum er heimilt að fela starfsmönnum sínum að sinna við fasteignasöluna. Sú regla sem hér er gerð tillaga um og tillaga að reglugerðarheimild er gerð að fyrirmynd í grein 6.2 í norskum lögum um fasteignasölu (lov om eiendomsmegling, nr. 73/2007). Sú heimild sem í slíkri reglugerð fælist væri þó alltaf háð því mati fasteignasalans að starfsmaðurinn hafi menntun, þekkingu og reynslu til þess að sinna viðkomandi verkefni.

Loks er lagt til að tekið verði af skarið um það að starfsmanni sé óheimilt að fela öðrum að sinna verkum sem fasteignasali hefur falið honum.

Um 9. gr.

Ekki er gerð tillaga um efnislega breytingu á 9. gr. gildandi laga sem fjallar um samninga um þjónustu fasteignasala. Ástæða þótti þó til að skerpa á orðalagi greinarinnar um að fasteignasali skuli fyrirfram gera samning við þann sem til hans leitar hvort sem um er að ræða kaupanda eða seljanda þegar milligöngu hans eða ráðgjafar er óskað við kaup eða sölu fasteignar. Ástæða þessa er sú að nokkur styrr hefur staðið um umsýslugjald það sem fasteignasalar innheimta af kaupanda fasteignar og vísa þar til þeirrar þjónustu og ráðgjafar sem þeir veita kaupanda í gegnum söluferlið. Benda má á úrskurð neytendastofu nr. 12/2006 þar sem segir að til þess að umsýslugjöld uppfylli skilyrði um góða viðskiptahætti verði fasteignasali að upplýsa kaupanda um heimildir hans til að fara sjálfur með skjöl til þinglýsingar og afla tilskilinna gagna. Kjósi kaupandi engu að síður að nota þjónustu fasteignasalans þurfi því að gera við hann sérstakan samning um það. Af greinargerð með frumvarpi til gildandi laga má ráða að orðalagi greinarinnar hafi verið hagað þannig að ekki ætti að leika vafi á að skylt væri að gera samning ef fasteignasali tæki að sér að sinna ákveðnum verkefnum fyrir kaupanda. Svo virðist þó sem framkvæmdin hafi ekki verið í fullu samræmi við áskilnað laganna og er því reynt í ákvæðinu að kveða enn skýrar á um þetta atriði.

Í 9. gr. er einnig kveðið á um það að fyrirfram skuli ákveðið hver þóknun fasteignasala skuli vera eða hvernig hún skuli ákveðin. Í framkvæmd hefur komið í ljós að í þeim tilvikum sem þóknun fasteignasala er ákveðin sem hlutfall af söluandvirði fasteignarinnar, t.d. er 1,5%–2% algengt hlutfall, þá sé oft ekki tekið fram að við þá upphæð bætist virðisaukaskattur. Það er í raun í andstöðu við þá meginreglu að uppgefið verð til neytanda skuli innihalda öll opinber gjöld, þ.m.t. virðisaukaskatt, sbr. 32. gr. laga nr. 42/2000, um þjónustukaup, og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Ekki er þó lagt til að binda þann áskilnað í lögin enda er um að ræða skýra reglu, sbr. fyrrgreind lög um þjónustukaup en rétt þykir að vekja athygli á þessu atriði.

Um 10. gr.

Gerð er tillaga um nýja lokamálsgrein sem bætist við 10. gr. laganna. Tillagan miðast við að ef söluyfirlit er eldra en þriggja mánaða skuli fasteignasali yfirfara upplýsingarnar og gera

nýtt söluyfirlit ef ástæða er til. Ástæða þessarar breytingar er sú að það er mikilvægt fyrir væntanlegan kaupanda að geta treyst því að söluyfirlit hafi alltaf að geyma réttar og uppfærðar upplýsingar um fasteign, t.d. áhvílandi veðskuldir og stöðu þeirra. Tillagan er fyrst og fremst gerð til þess að ljóst sé hve gamlar upplýsingar í söluyfirlit mega vera. Væntanlegur tilboðsgjafi er þá meðvitaður um að þær geta verið allt að þriggja mánaða gamlar og getur þá óskað sérstaklega eftir uppfærslu þeirra.

Um 11. gr.

Í 11. gr. gildandi laga er fjallað um efni söluyfirlits. Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á greininni, að öðru leyti en því að lagt er til að bætt verði inn í d-lið 2. mgr. að fasteignasala sé skylt að upplýsa í söluyfirliti hvort kaupanda sé heimilt að yfirtaka áhvílandi lán á óbreyttum kjörum. Ef yfirtaka láns er ekki heimil með óbreyttum lánskjörum, þá hvaða lánskjör ætla megi að bjóðist og hvort skuldskeyting hefði í för með sér einhvern kostnað. Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og félagið sjálft hafa bent á að undanfarið hafi ítrekað komið upp tilvik þar sem tilboðsgjafa hafi ekki orðið ljóst fyrr en eftir að bindandi samningur hafði komist á að hann þyrfti að sæta breyttum kjörum á þeim lánum sem skyldi yfirtaka, þ.e. hærri vöxtum en seljandi þurfti að greiða og að hann þyrfti jafnvel að greiða fjármálafyrirtæki þóknun fyrir skuldskeytinguna. Taka þarf af tvímæli um að upplýsa þurfi væntanlegan tilboðsgjafa um þetta áður en tilboð er gert og þurfa slíkar upplýsingar því að koma fram í söluyfirliti.

Um 12. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um efnisbreytingar á 12. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Engar breytingar eru lagðar til á 13. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Gerðar eru tillögur um minni háttar breytingar á 14. gr. gildandi laga, þ.e. að skotið verði inn ákvæði um að fasteignasala sé óheimil milliganga um kaup og sölu fasteignar sem hann, starfsmenn hans eða makar þeirra eða félag í þeirra eigu, eiga verulegan hlut í. Tillagan er gerð að gefnu tilefni samkvæmt ábendingu eftirlitsnefndar og Félags fasteignasala. Borið hefur við að fasteignasalar stundi viðskipti með fasteignir sem þeir hafa beina hagsmuni af. Ljóst má vera að í slíkum tilvikum getur fasteignasali ekki gætt hagsmuna gagnaðila í viðskiptunum.

Um 15.–17. gr.

Engar breytingar eru lagðar til á 15.–17. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. gildandi laga en lagt er til að 18. gr. gildandi laga verði felld úr gildi en þar er mælt fyrir um Félag fasteignasala, skylduaðild að því og ýmis hlutverk félagsins. Áður er gerð grein fyrir áliti allsherjarnefndar Alþingis um að fjalla yrði ítarlega um hvort nauðsynlegt væri að mæla fyrir um skylduaðild að félagsskap fasteignasala og nauðsyn þess að endurskoða þá reglu við endurskoðun á lögunum. Þótt umboðsmaður Alþingis hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu að skylduaðild að Félagi fasteignasala færi ótvírætt í bága

við stjórnarskrárvarinn rétt manna til að standa utan félaga er ljóst að hann telur skylduaðild vafasama eftir þær breytingar sem gerðar voru á upphaflegri gerð þess frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 99/2004. Upphaflega frumvarpið var sniðið algerlega að þeirri skipan sem gildir samkvæmt lögum um lögmenn og hefur hún ekki verið umdeild í seinni tíð. Það er afar óheppilegt ef uppi er lögfræðilegur ágreiningur um hvort skylduaðild að félagi samrýmist stjórnarskrárvörðum rétti manna til að standa utan félaga. Skylduaðildin hefur einnig verið nokkuð umdeild meðal fasteignasala sjálfra. Auk þess má fullyrða að það hafi gengið eftir að félagsskapur fasteignasala hafi eflst að burðum en ein af röksemdunum fyrir skylduaðildinni var sú að efla þyrfti félagið.

Af framangreindum ástæðum er lagt til að skylduaðildin verði felld úr gildi en jafnframt gerð tillaga um ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að núverandi Félag fasteignasala haldi eignum þeim og beri þær skyldur sem félagið á við gildistöku laganna. Þess skal getið að Félag fasteignasala hefur lagst eindregið gegn því að ákvæði um skylduaðildina verði felld úr gildi.

Vegna niðurfellingar á 18. gr. gildandi laga og þeirrar staðreyndar að afleiðingin getur orðið sú að ekkert félag fasteignasala eða mörg félög verði starfandi eftir nokkur ár er ekki mögulegt að ætla félaginu neitt lögbundið hlutverk. Af því leiðir að allar reglur sem miðast við að Félag fasteignasala hafi hlutverki að gegna verða felldar úr gildi ef frumvarpið verður að lögum. Það verður þess vegna viðfangsefni forustu Félags fasteignasala að laða fasteignasala að félaginu á þeim forsendum að þeir telji sig hafa gagn af því og e.t.v. ánægju án þess að þeim sé það skylt.

Efnislega er 18. gr. frumvarpsins að mestu óbreytt frá gildandi lögum (19. gr.) en þó er lögð til breyting á 2. mgr. greinarinnar sem felur í sér lækkun eftirlitsgjalds og breytingu á forsendum gjaldtökunnar. Í 19. gr. gildandi laga var ákveðið að eftirlitsgjaldið skyldi vera 100.000 kr. fyrir hvern fasteignasala. Við ákvörðun gjaldsins var rennt blint í sjóinn með kostnað af eftirlitinu. Reynslan hefur orðið sú að kostnaður við starf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala, sem verður eftirlitsnefnd fasteignasala ef frumvarpið verður að lögum, hefur reynst mun lægri en áætlað var auk þess sem fasteignasölum hefur fjölgað. Heildargjaldtaka vegna eftirlitsgjalds hefur verið um 27.000.000 kr. á ári. Kostnaður við eftirlitið á árinu 2006 var 8.500.000 kr. en samkvæmt upplýsingum frá formanni eftirlitsnefndarinnar hefur kostnaður farið vaxandi og verður hann verulega hærri á árinu 2007. Myndast hefur innstæða í sjóði vegna eftirlitsgjaldsins sem nemur um 43.000.000 kr. Því má ljóst vera að forsendur eru til að lækka eftirlitsgjaldið verulega.

Tillögur nefndarinnar eru tvíþættar. Annars vegar að eftirlitsgjaldið verði lækkað í 80.000 kr. á ári fyrir sérhvern fasteignasala og séu fleiri en einn fasteignasali starfandi á starfsstöð þá greiðist aðeins einfalt gjald. Reki fasteignasala fleiri starfsstöðvar (útibú) skal því greiða eftirlitsgjald skv. 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. fyrir hverja starfsstöð. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Hafnarfirði voru í byrjun þessa árs (2009) 220 fasteignasalar með löggildingu. Á árinu 2008 var töluvert um að löggildingarleyfið væri lagt inn en það gerðu um 70 fasteignasalar. Það sem af er þessu ári hafa 37 fasteignasalar lagt inn löggildinguna, en á móti hafa 28 fengið löggildingu eða tekið út löggildingu. Það má því áætla að starfandi fasteignasalar séu að jafnaði um 220–250 talsins. Innheimt eftirlitsgjald vegna yfirstandandi árs yrði því miðað við fulla innheimtu vegna 250 starfandi fasteignasala um 20 millj. kr. Hins vegar ber þess að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um í hversu mörgum tilvikum fasteignasalar starfa saman og mundu því greiða einfalt gjald samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir svo gera má ráð fyrir því að upphæðin lækki töluvert. Varlega má því áætla að

ef miðað verði við 200–220 starfandi fasteignasala geti innheimta eftirlitsgjaldsins skilað um 16–17 millj. kr. Nefndin áætlar að höfðu samráði við formann eftirlitsnefndar að kostnaður við eftirlitið í náinni framtíð verði um 15.000.000 kr. á ári. Eðlilegt er að áætla nokkru rýmra gjald en árlegur kostnaður segir til um til að geta staðið straum af kostnaði við dýrar rannsóknir og kaup á þjónustu, t.d. aðstoð endurskoðanda ef þörf krefur. Hins vegar leggur nefndin til að gjald verði ekki innheimt samkvæmt lögum þessum fyrr en 2011. Með lögum nr. 18/2009, um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, var innheimtu eftirlitsgjaldsins frestað um eitt ár með tilliti til ríkjandi aðstæðna. Lagt er til að með þessu móti verði gengið á þá innstæðu sem hefur myndast umfram kostnað. Þetta var að áliti nefndarinnar réttlátasta leiðin til að leiðrétta þá stöðu sem uppi er.

Um 19. gr.

Í greininni, sem samsvarar 20. gr. gildandi laga, eru m.a. taldir upp þeir þættir í starfi fasteignasala sem eftirlitsnefndin á að fylgjast með. Skotið er inn sérstöku ákvæði um að eftirlitsnefnd fasteignasala skuli fylgjast með því að sinnt sé reglum laganna og reglugerðar um að fasteignasali feli ekki öðrum að sinna þeim störfum sem löggilding hans tekur til í ríkara mæli en heimilað er með lögunum. Auk þess er gerð smávægileg orðalagsbreyting í c-lið upptalningarinnar, þar sem segir að fylgjast skuli með að fullnægjandi ábyrgðartryggingar séu teknar vegna starfseminnar. Lagt er til að ákvæðið verði á þá leið að eftirlitsnefndin skuli fylgjast með að fullnægjandi starfsábyrgðartryggingar séu í gildi. Það vísar frekar til þeirrar skyldu fasteignasala til þess að hafa ávallt í gildi fullnægjandi tryggingu eins og áskilið er í 4. gr. frumvarpsins. Að lokum er lagt til að eftirlitsnefnd fylgist sérstaklega með því að fasteignasalar fari að ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, en í i-lið 1. mgr. 2. gr. þeirra laga er sérstaklega tekið fram að fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar falli undir lögin. Sérstök ástæða er til að vera á varðbergi í fasteignaviðskiptum, enda skipta þá mikil verðmæti um hendur og síst fráleit sú hugsun að heppilegt sé að varðveita fé í fasteignum.

Um 20. gr.

Gerðar eru tillögur um tvenns konar breytingar á 20. gr. laganna. Annars vegar að eftirlitsnefnd skuli ekki aðeins tilkynna það til lögreglu ef fasteignasali hefur sýnt af sér refsiverða háttsemi í rekstri fasteignasölu heldur einnig ef aðrir sem starfa við fasteignasölu hafa gert það. Þessi breytingartillaga er gerð til að taka af öll tvímæli um heimildir eftirlitsnefndar að þessu leyti. Hins vegar er lagt til að eftirlitsnefnd skuli halda áfram afgreiðslu máls og ákvarða agaviðurlög ef því er að skipta, þótt fasteignasali hætti störfum eða skili til sýslumanns löggildingu sinni. Eftirlitsnefnd hefur bent á að komið hafi upp tilvik þar sem menn hafa skotið sér undan rannsókn nefndarinnar með því að skila inn löggildingu sinni. Nauðsynlegt er fyrir nefndina að hafa traustan lagagrundvöll til að ljúka máli þrátt fyrir að löggildingu sé skilað. Úrskurðarnefnd lögmanna hefur sambærilega heimild samkvæmt lögum um lögmenn.

Gerð er tillaga um sömu efnisbreytingu á 22. gr., þ.e. þegar mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Um 21. gr.

Lagt er til að bætt verði einni málsgrein við 21. gr. laganna um að eftirlitsnefndin skuli birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega en þó þannig að gætt sé nafnleyndar.

Úrlausnir nefndarinnar geta haft þýðingu og mikilvægt að unnt sé að staðreyna afstöðu nefndarinnar til álitamála sem upp hafa komið.

Um 22. gr.

Gerð er tillaga um breytingu á 6. mgr. 22. gr. í samræmi við það sem segir í skýringum við 21. gr., þ.e. að ráðherra skuli taka mál til meðferðar og ljúka því þótt fasteignasali hætti störfum og skili inn löggildingu sinni.

Um 23. og 24. gr.

Ekki eru gerðar tillögur til breytinga á þessum greinum.

Um 25. og 26. gr.

Gerð er tillaga um að lögfest verði sérstök kærunefnd um málefni fasteignasala. Viðskiptavinir þeirra fá þá færi á því að bera ágreining um þóknun og skaðabótaskyldu undir kærunefnd og afla álits hennar um ágreiningsefnið.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá menn í kærunefndina og þrjá til vara. Þeir verði skipaðir til þriggja ára í senn. Lagt er til að Húseigendafélagið tilnefni einn nefndarmann en það hefur gætt hagsmuna húseigenda í um 85 ára skeið og því eðlilegt að veita því tillögurétt um einn kærunefndarmanna. Aðrir nefndarmenn yrðu skipaðir án tilnefningar.

Reglur um verkefni kærunefndar koma fram í 26. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að ef kaupandi eða seljandi fasteignar sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala telur að fasteignasalinn hafi krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á eða valdið sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum, geti hann snúið sér til kærunefndar um málefni fasteignasala. Kvörtun skal berast kærunefndinni innan árs frá því að þóknunar var krafist eða hún greidd eða frá því að þeim er kvörtun sendir varð eða mátti verða ljóst að hann varð fyrir tjóni af völdum fasteignasala.

Kærunefnd skal láta í ljós álit á því hvort fasteignasali hafi átt rétt til þóknunar í því tilviki sem um ræðir og hver fjárhæð hennar skuli vera. Nefndin skal einnig, þegar þess er óskað, láta í ljós álit á því hvort sá er kvartar hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa fasteignasalans eða þeirra er starfa á hans vegum, hver fjárhæð þess er og hvort því hafi verið valdið með háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu fasteignasalans.

Kærunefnd skal leitast við að skila skriflegu áliti sem fyrst og ekki síðar en mánuði eftir að kærði lagði fram eða átti þess kost að leggja fram andmæli sín eða athugasemdir. Sá er kvartar til kærunefndar skal greiða kærugjald sem ráðherra ákveður í reglugerð. Kærugjald skal endurgreitt ef fallist er í heild eða að hluta á kröfur þess er kvörtun ber fram. Þetta er sami háttur og hafður er á hjá úrskurðarnefnd um vátryggingamál sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og hefur haft miklu hlutverki að gegna fyrir vátryggingartaka og skýringu á reglum vátryggingarréttar. Sú nefnd hefur afgreitt mikinn fjölda mála árlega og tekist að gera það á skömmum tíma og þannig að aðilar una oftast niðurstöðum hennar. Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti. Lagt er til að ráðherra setji nánari reglur um starfsemi nefndarinnar með reglugerð svo sem um valdsvið hennar, kærugjald, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

Um 27. gr.

Minni háttar breytingar eru lagðar til á 27. gr., sem er 26. gr. núgildandi laga. Þar er að finna heimildir til að setja reglugerðir sem lúta að framkvæmd laganna. Vikið hefur verið að þessum breytingartillögum að framan og ekki ástæða til að skýra þær frekar.

Um 28.–30. gr.

Greinarnar samsvara 27.–29. gr. gildandi laga. Ekki er um að ræða efnisbreytingar á þeim.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um það að haldi Félag fasteignasala áfram starfsemi eftir að skylduaðild að því hefur verið felld úr gildi þá haldi félagið eigum sínum en það skal engu að síður ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í nafni þess fyrir gildistöku laganna. Þykir rétt að áskilja þetta sérstaklega þar sem óhjákvæmilegt er að eðli og rekstur félagsins muni breytast á næstu árum. Þrátt fyrir að félagið muni ekki hafa neinu lögbundnu hlutverki að gegna eftir gildistöku laganna, þá ber því engu síður að standa skil á skuldbindingum sínum sem þegar hefur verið stofnað til.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu segir að þeir sem hafa hafið löggildingarnám fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala eða lokið hluta þess við gildistöku laganna skuli eiga kost á að ljúka náminu og þreyta prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. janúar 2014. Þar sem miklar breytingar eru áætlaðar á fyrirkomulagi löggildingarnáms fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala þykir rétt að veita rúman tíma til innleiðingar ákvæðanna. Með því er óvissu um þegar áunnin réttindi eytt og þeim sem hafa hafið nám samkvæmt eldra kerfi gefst kostur á að ljúka því. Einnig skal ráðherra skipa prófnefnd án tilnefningar sem sér um námskeið til undirbúnings fyrir prófraun og stendur fyrir prófi, sbr. ákvæði laga nr. 99/2004. Prófnefndin skal starfa frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2014.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Mælt er fyrir um að fyrsti gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 18. gr. skuli vera 1. júlí 2011. Ákveðið var að leggja til að fresta gjaldskyldu á eftirlitsgjaldinu um eitt ár vegna fyrirliggjandi innstæðu í sjóði eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Eðlilegt þykir að gengið verði á þann sjóð. Þótti þetta vera sanngjarnasta leiðin til að skila til baka þeim hluta eftirlitsgjalds sem hefur verið umfram kostnað á síðustu árum.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu er mælt svo fyrir um að þær reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt gildandi lögum, nr. 99/2004, skuli halda gildi sínu eftir því sem við á þangað til nýjar reglugerðir hafa verið settar. Er hér um að ræða venjubundið ákvæði en nokkuð margar reglugerðir eru settar með stoð í lögunum og fyrirsjáanlegt að gera þurfi töluverðar breytingar á þeim. Hér er um að ræða reglugerð nr. 837/2004, um námskeið og prófraun til að öðlast löggildingu til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, reglugerð nr. 596/2005, um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, reglugerð nr. 342/2005, um fjárvörslureikninga fasteignasala, reglugerð nr. 941/

2004, um útibú fasteignasölu, reglugerð nr. 940/2004, um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, og reglugerð nr. 939/2004, um samninga um þjónustu fasteignasala og söluyfirlit.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Meginmarkmið frumvarpsins er að leggja grundvöll að því að viðskipti með fasteignir, fyrirtæki og skip, sem gerð eru með aðstoð fasteignasala, geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir kaupanda og seljanda og að réttarstaða aðila sé skýr. Jafnframt að hlutverk fasteignasala og ábyrgð þeirra fari ekki á milli mála og að þeir séu engum háðir í störfum sínum. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru þær að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýrri kærunefnd um málefni fasteignasala sem verði undir forræði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að kaupandi eða seljandi fasteignar, sem eigendaskipti hafa orðið að með milligöngu fasteignasala, geti leitað til kærunefndar telji hann að fasteignasali hafi valdið sér tjóni með broti á starfsskyldum sínum. Gert er ráð fyrir að sá sem kvartar til kærunefndar skuli greiða kærugjald sem ráðherra ákveði með reglugerð. Reiknað er með að fjöldi mála til nefndarinnar verði ekki það mikill að kostnaður við hana verði verulegur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fallið verði frá innheimtu eftirlitsgjalda fyrir árið 2010 vegna eftirlitsnefndar fasteignasala en nokkur sjóður hefur safnast upp þar sem gjaldið hefur skilað meiri tekjum en þörf var fyrir. Við þessa breytingu falla niður 19 m.kr. tekjur á tekjuhlið ríkissjóðs og jafn hátt árlegt framlag á gjaldahlið til ráðstöfunar á gjaldinu til eftirlitsnefndar fasteignasala. Að þeim tíma liðnum er gert ráð fyrir að eftirlitsgjaldið lækki úr 100.000 kr. í 80.000 kr. og að það muni skila 16–17 m.kr. á ári til að standa undir kostnaði tengdum nefndinni. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi náms og prófa til löggildingar á störfum fasteignasala. Gert er ráð fyrir að háskólar sjái um námið og prófnefnd verði lögð niður en starfi til bráðabirgða til ársins 2014 en kostnaður og innheimt gjöld vegna námsins hafa numið um 2 m.kr. á ári. Í fjórða lagi er síðan lagt til að eignarhald á fasteignasölum verði gefið frjálst þannig að það verði ekki lengur sett sem skilyrði að fasteignasali eigi fasteignasölu og starfi á henni.

Gert er ráð fyrir að tekjur og gjöld sem færast um reikninga ríkissjóðs muni lækka um 19 m.kr. árið 2010 þar sem ekki verða innheimt eftirlitsgjöld það ár. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessari breytingu í fjárlögum 2010. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

770. Framhaldsnefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra, Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann ráðherra, Hrefnu Gísladóttur lögfræðing og Kristján Frey Helgason, sérfræðing frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og Guðmund Smára Guðmundsson útgerðarmann.

Meiri hlutinn vill taka fram að leitað hefur verið sátta varðandi ákvæði til bráðabirgða I (skötuselsákvæðið) við Landssamband íslenskra útvegsmanna og bent á leiðir í því sambandi. Beinir meiri hlutinn því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að halda þeim sáttaleiðum opnum.

Breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á gildistöku laganna í 4. gr. sem verður 5. gr.
2. Lagt er til að horfið verði frá því að hafa veiðar á skötusel, á grundvelli þeirra aflaheimilda sem tilgreindar eru í frumvarpi þessu, óheimilar á nánar tilgreindu svæði. Það er mat meiri hlutans að ekki séu fullnægjandi rök fyrir þessari takmörkun og því eðlilegt að fella hana brott.
3. Meiri hlutinn leggur til nýja leið til útfærslu á skiptingu heildarafla karfa sem er sett fram í þeim tilgangi að koma til móts við sjónarmið og gagnrýnisraddir sem hafa bent á að sú skipting sem lögð er til í frumvarpinu geti komið þeim illa sem mest hafa gert út á aðra tegundina fram til þessa. Aflaheimildum í karfa er skipt í gullkarfa og djúpkarfa sem fyrir liggur að er brýnt, einkum af markaðsástæðum. Meiri hlutinn leggur til að öllum skipum sem áttu aflahlutdeild í karfa 1. febrúar 2010 sé gefinn kostur á því að fá allt að 12,5 lestum af gullkarfa og láta af hendi í stað þess sama magn af djúpkarfa. Í kjölfarið verður aflahlutdeild hvers skips í gullkarfa og djúpkarfa reiknuð að nýju og úthlutun á fiskveiðiárinu 2010/2011 fer fram á þeim grundvelli. Á þennan hátt er komið til móts við útgerðir sem nú stunda veiðar á gullkarfa en eiga þess tæplega kost að stunda veiðar á djúpkarfa. Skiptingin sem lögð er til grundvallar á milli gullkarfa og djúpkarfa er í sömu hlutföllum og koma fram í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2009/2010. Ráðherra er jafnframt veitt heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu á reiknigrunni samkvæmt ákvæði þessu og úthlutun aflahlutdeildar á grundvelli hans.
4. Lagt er til að frestur aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild, þannig að hún rúmist innan settra marka, verði enn lengdur um eitt ár eða til 1. september 2011. Þetta ákvæði er nú ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 116/2006. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að vegna sérstakra aðstæðna í íslensku efnahagslífi er mjög erfitt að fjármagna viðskipti með krókaaflahlutdeildir og því lítill markaður fyrir þær. Þeir aðilar sem enn eru yfir tilsettum mörkum eiga þannig takmarkaða möguleika á að komast undir tilskilin mörk. Með því að fresta enn gildistöku umræddsbráðabirgðaákvæðis er aðilum veittur frekari aðlögunartími. Vænta má að sá frestur geri þeim kleift að komast undir tilsett mörk eftir að markaður fyrir krókaaflahlutdeildir hefur opnast að nýju. Forsaga þessa er sú að með 2. gr. laga nr. 42/2006, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síð-

ari breytingum, voru settar takmarkanir á krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila. Þessi ákvæði eru nú í 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Má samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski, 5% af ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 42/2006 segir að ef krókaaflahlutdeild einstakra aðila reynist hærri en fyrr greinir skuli hlutaðeigandi aðili fyrir 1. september 2009 gera ráðstafanir þannig að krókaaflahlutdeildin verði innan settra marka. Var sú breyting gerð með lögum nr. 11/2009 að fresturinn var framlengdur um eitt ár eða til 1. september.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Helgi Hjörvar.	Arna Lára Jónsdóttir.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Þuríður Backman.	Róbert Marshall.

771. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar
(AtlG, HHJ, ArnaJ, GLG, ÞBack, RM).

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „1. september 2010“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2011.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka þegar gildi að undanskildum ákvæðum c-liðar 2. gr. um línuívilnun sem taka gildi 1. júní 2010, ákvæðum 3. gr. sem taka gildi 1. september 2010 og ákvæði til bráðabirgða I sem tekur gildi 15. apríl 2010.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „og eru veiðar á skötusel á grundvelli þessara aflaheimilda óheimilar á svæðinu á milli línu réttvísandi suður úr Krísuvíkurbergsvita 63°49´8 N og 22°04´2 V og línu réttvísandi suðaustur úr Hvítingum (grp. 18) 64°23´9 N og 14°28´0 V.“ í 1. mgr. falli brott.
4. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Frá og með fiskveiðiárinu 2010/2011 skal skipta leyfilegum heildarafla karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund byggjast á reiknigrunni hvers skips og skal hann fundinn þannig: Reikna skal út hlut hvers skips í gullkarfa og djúpkarfa og nota sem viðmiðunarafla fyrir gullkarfa 37.500 lestir og 12.500 lestir fyrir djúpkarfa. Leggja skal til grundvallar að aflahlutdeild hvers skips í

hvorum stofni sé sú hin sama og hún var í karfa hjá viðkomandi skipi 1. febrúar 2010. Útgerðum fiskiskipa skal síðan gefinn kostur á eftirfarandi:

1. Fái veiðiskip minna en 12,5 lestir af djúpkarfa í sinn hlut skal reiknigrunnur viðkomandi skips hækkaður um allt að 12,5 lestum í gullkarfa og skerðist að sama marki reiknigrunnur skipsins í djúpkarfa. Óski útgerð veiðiskips hins vegar eftir því við Fiskistofu fyrir 1. júlí 2010 að halda úthlutun aflahlutdeildar í djúpkarfa að hluta eða öllu leyti tekur reiknigrunnur skipsins mið af því.
2. Fái skip 12,5 lestir af djúpkarfa í sinn hlut eða meira getur útgerð þess óskað eftir því við Fiskistofu fyrir 1. júlí 2010 að reiknigrunnur viðkomandi skips hækki um allt að 12,5 lestum í gullkarfa og skerðist að sama marki reiknigrunnur skipsins í djúpkarfa.

Að loknum fresti tilgreindum í 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal Fiskistofa reikna út aflahlutdeild hvers veiðiskips á grundvelli hins endurreiknaða reiknigrunns í gullkarfa og djúpkarfa og tilkynna síðan útgerðum veiðiskipa um niðurstöður úthlutunar aflahlutdeildar í gullkarfa og djúpkarfa. Ráðherra hefur heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu á reiknigrunni og úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt ákvæði þessu.

772. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (leiðrétting vegna laga um tekjuöflun ríkisins).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu.

Alþingi afgreiddi fyrir jól tvö lagafrumvörp sem bæði vörðuðu breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, þ.e. lög nr. 136/2009 (landið eitt skattumdæmi) og nr. 128/2009 (tekjuöflun ríkissjóðs). Vegna mistaka voru lögin staðfest og birt í annarri röð en afgreiðsla þingsins gerði ráð fyrir.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði tekjuskattslaga sem urðu marklaus vegna umræddra mistaka verði lagfærð. Í 3. gr. er áréttting sem varðar hækkun tekjuskatts á lögaðila með annað reikningsár en almanaksárið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 2. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Lilja Mósesdóttir.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari.

773. Nefndarálit [374. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Bryndís Helgadóttir frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og Guðmundur Þór Guðmundsson og Sigríður Dögg Geirsdóttir frá Biskupsstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að framlag ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar verði lækkað um 160 millj. kr. á árinu 2010 frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum og jafnframt að framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs verði lækkað samsvarandi um 9 millj. kr.

Á fundi nefndarinnar kom fram að lækkunin byggist á sérstökum viðaukasamningi frá 10. nóvember 2009 sem lagður var fyrir kirkjuþing og samþykktur. Samningurinn er viðauki við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningurinn er útfærður í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og því nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögunum í samræmi við viðaukasamninginn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Þór Saari sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Ögmundur Jónasson og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Ólöf Nordal.		Róbert Marshall.

774. Svar [385. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um netarall.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar af netaralli árin 2007, 2008 og 2009?*
2. *Hver var kostnaður stofnunarinnar við netarall sömu ár og hvernig skiptist hann?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar:

1. Eftirfarandi tafla sýnir tekjur af netaralli árin 2007, 2008 og 2009 en þær voru 119,5 millj. kr., 111,2 millj. kr. og 136,3 millj. kr.
2. Skiptingu kostnaðar er einnig að finna í töflunni en mismunur tekna og gjalda var þessi ár á bilinu -2,5 millj. kr. til 14,3 millj. kr. Þess skal getið að niðurstöðutalan fer allnokkuð eftir aflabrögðum og næstu þrjú ár á undan þessum voru gjöld verulega hærri en tekjur.

Gjöld og tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar af netaralli, þús. kr.

	2007	2008	2009
Tekjur	119.540	111.187	136.343
Gjöld	105.244	113.690	130.663
Laun	*22.598*	*25.168*	*24.490*
Dagpeningar	*2.717*	*2.805*	*2.625*
Veiðarfæri	*4.397*	*5.720*	*8.841*
Skipaleiga	*72.938*	*73.340*	*86.721*
Flutningsgjöld og fargjöld	*2.252*	*2.696*	*4.272*
Annað	*342*	*3.961*	*3.714*
Mismunur	14.296	-2.503	5.680

775. Frumvarp til laga [449. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Ögmundur Jónasson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Við 2. mgr. 165. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrningarfrestur samkvæmt ákvæðinu skal vera fjögur ár og er ekki unnt að slíta fyrningu að nýju enda hafi krafa ekki orðið til vegna ólögmætra athafna þrotamanns.

2. gr.

Breyting á lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007.

Við lögin bætist ný grein er verði 9. gr. a., svohljóðandi:

Kröfur á einstakling sem orðið hefur gjaldþrota fyrnast að hámarki á fjórum árum frá þeim degi þegar skiptum lauk, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, enda hafi krafa ekki orðið til vegna ólögmætra athafna þrotamanns.

Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við lok skipta er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi þegar skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi þegar kröfunni var lýst.

Ekki er unnt að slíta fyrningu að nýju þegar fyrningarfrestur skv. 1. og 2. mgr. er hafinn og á IV. kafli laganna því ekki við.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um fyrningu kröfuréttinda. Breytingunum er ætlað að tryggja að eftir gjaldþrot sé ekki hægt að halda kröfum lifandi að eilífu og að tryggja að einstaklingur sem gengur í gegnum gjaldþrot geti unnið sig út úr því. Lok gjaldþrotaskipta hjá lögaðila, félagi eða stofnun leiða til þess að aðilinn verður endanlega afmáður eftir gjaldþrotið. Samkvæmt gildandi lögum leiðir gjaldþrot einstaklings aftur á móti til þess að fyrningu krafna er slitið og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi er slitum er lokið. Eftir það er mögulegt að slíta fyrningu að nýju samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda. Augljóst er að með gildandi reglum hallar á einstaklinga í greiðsluvandræðum og gjaldþrot er ekki sú núllstilling sem nauðsynlegt er að það sé.

Við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu má leiða að því líkur að stór hópur einstaklinga sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán verði gjaldþrota á næstu mánuðum og missirum og telja flutningsmenn því nauðsynlegt að breyta regluverkinu. Því er lagt til að kröfur fyrnist að hámarki að fjórum árum liðnum frá lokum gjaldþrotaskipta. Þannig verði fyrningarfrestur krafna eftir gjaldþrot fjögur ár frá þeim degi þegar skiptum lauk hafi krafan verið viðurkennd en annars frá þeim degi þegar kröfunni var lýst. Eftir að þessi fyrningarfrestur er hafinn verði ekki hægt að slíta fyrningu. Sá fyrirvari er þó gerður að hafi krafa orðið til vegna ólögmætra athafna þrotamannsins skulu almennar reglur um fyrningu gilda. Mikilvægt er að tryggja virkni þessa úrræðis án þess þó að gefa færi á því að það sé misnotað til að komast undan ábyrgð á kröfum sem stofnað er til með ólögmætum hætti.

Með því að kveða á um að fyrningu verði ekki slitið að nýju er kröfuhöfum gefinn tími og kostur á því að innheimta skuldir sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrot en þess jafnframt gætt að skuldarar standi ekki uppi með skuldir sínar í fjölda ára eftir gjaldþrot. Ábyrgð hlutafélaga eða einkahlutafélaga á skuldum sínum fellur niður við gjaldþrot enda eru þau þá ekki lengur til. Það má því segja að hér sé verið að tryggja nokkurt jafnræði með skuldurum án þess þó að ganga of nærri réttindum kröfuhafans.

Þá ber að hafa í huga að með efnahagshruninu varð algjör forsendubrestur og virðist lántakendum einum ætlað að bera hallann og kostnaðinn af honum þar sem réttur kröfuhafa er samkvæmt gildandi rétti að fullu tryggður. Skuldbindingar stórs hóps eru óyfirstíganlegar eftir gengishrap krónunnar, óvænt verðbólguskot og verulega eignarýrnun auk þess sem kaupmáttur rýrnaði umtalsvert í kjölfar bankahrunsins. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum voru um 21% heimila með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði árið 2009. Bent er á að hætta sé á að vanskil og afskriftaþörf haldi áfram að aukast næstu missirin. Einsýnt er að mörg heimili muni ekki aðeins missa eigur sínar við gjaldþrot heldur jafnframt sitja uppi með kröfur sem lítil von er til að hægt verði að greiða upp. Hvatinn til að hverfa af landi brott er mikill fyrir mörg heimili og hætta er á að ástandið verði mörgum svo erfitt að þeir leiðist til þess að stunda svarta atvinnustarfsemi sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir skattstofn ríkisins á næstu árum. Það eru því augljósir almannahagsmunir að búa svo um hnútana að ábyrgð einstaklings á skuldum sínum falli niður á einhverjum tímapunkti eftir að hann hefur gengið í gegnum gjaldþrot. Með því að kveða á um að einstaklingur beri ábyrgð á skuldum sínum í hámark fjögur ár eftir gjaldþrot ætti jafnframt að vera tryggt að fólk sem gengur í gegnum þá erfiðu raun sem gjaldþrot er taki áfram virkan þátt í samfélaginu.

776. Frumvarp til laga [450. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, V, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða V í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Frumvarpi þessu er ætlað að bregðast tímabundið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna þess samdráttar sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Um er að ræða nokkurs konar greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið þar sem fyrirtækjum verður gert kleift að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalds.

Með frumvarpinu er lagt til að vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar verði á árinu 2010 hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda, sbr. ákvæði laga þar um, dreift á tvo gjalddaga í stað eins. Þetta tímabundna fyrirkomulag kallar á breytingar, í formi ákvæða til bráðabirgða, á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt.

Greiðsluaðlögun af sama tagi var lögfest á síðasta vorþingi, sbr. lög nr. 17/2009, um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt. Í þeim lögum var heimildin til greiðsluaðlögunar tímabundin og gilti einungis fyrir árið 2009. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að þessi heimild verði framlengd tímabundið, en lagt er til að greiðslufrestur verði styttri en í lögum nr. 17/2009. Það er talið nauðsynlegt til að koma skilum á aðflutningsgjöldum og vörugjaldi í upprunalegt horf.

Frumvarp þetta er einnig tengt frumvarpi sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi og varðar greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri (mál 446, þskj. 767). Þar er gert ráð fyrir verulegri ívilnun að því er varðar innheimtu á gjöldum sem voru í vanskilum 1. janúar 2010.

2. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við tollalög, nr. 88/2005, þess efnis að hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, verði fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010 sem hér segir: Í stað þess að gjalddaginn sé 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að helmingur aðflutningsgjalda fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu á hefðbundnum gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins og helmingur komi til greiðslu mánuði síðar eða 15. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sem kveður á um að hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., þ.e. öðrum en þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, verði fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010 sem hér segir: Í stað þess að gjalddaginn sé 28. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að helmingur vörugjalds fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu 28. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins og hinn helmingurinn komi til greiðslu mánuði síðar eða 28. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Þriðji kafli frumvarpsins er lagður til með vísan til fyrsta kafla frumvarpsins. Í kaflanum er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. þeirra laga verði á gjalddaga virðisaukaskatts vegna hinna reglubundnu uppgjörstímabila janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010 heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virð-

isaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Er ákvæðið sem áður segir lagt til með vísan til I. kafla frumvarpsins um greiðslufrest vegna aðflutningsgjalda. Með ákvæðinu er brugðist við þeim vanda sem, að óbreyttum lögum, kemur upp í kjölfar I. kafla frumvarpsins (verði frumvarpið að lögum) og er þess eðlis að aðila væri ekki heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað er ásamt virðisaukaskatti á gjalddaga, allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils heldur einungis hluta. Með ákvæðinu er verið að tryggja að aðili sem stendur skil á virðisaukaskatti á gjalddaga geti að fullu notið innskattsréttar vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þrátt fyrir framangreindar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum. Líta má því á þetta ákvæði sem beina afleiðingu af I. kafla frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að brugðist verði tímabundið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna mikils samdráttar í íslensku efnahagslífi. Fyrirtækjum verður þannig gert kleift að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010. Með aðflutningsgjöldum er átt við tolla og aðra skatta og gjöld sem lögð eru á við innflutning, þar með talinn virðisaukaskatt. Vörugjöld eru þau sem talin eru upp í almennum lögum um vörugjöld, en þar eru ekki vörugjöld samkvæmt sérlögum eins og til dæmis af eldsneyti og ökutækjum. Greiðsludreifing vegna aðflutningsgjalda og vörugjalda verður þannig að helmingur gjaldanna er greiddur á hefðbundnum gjalddaga, en hinn helmingurinn frestast um einn mánuð. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir því að á gjalddaga uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010 vegna virðisaukaskatts verði heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað.

Álögð aðflutningsgjöld og vörugjöld á þessu ári skerðast ekki vegna þessarar aðlögunar frá því sem gert var ráð fyrir enda einungis um að ræða tilfærslu í innheimtu innan ársins. Skil ættu jafnvel að verða betri vegna þessa úrræðis og annarra tillagna sem liggja fyrir varðandi innheimtu opinberra gjalda á þessu ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

777. Þingsályktun [431. mál]

um heillaóskir til litháísku þjóðarinnar í tilefni 20 ára afmælis sjálfstæðisyfirlýsingar hennar.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 748.

778. Fyrirspurn [451. mál]

til menntamálaráðherra um fjárframlög til háskóla.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hver hafa fjárframlög ríkissjóðs til svonefndra einkarekinna háskóla á Íslandi verið á undanförnum tíu árum?
2. Hvað hafa sömu skólar innheimt miklar fjárhæðir með skólagjöldum á sama tíma?
3. Hver hafa fjárframlög ríkissjóðs til ríkisrekinna háskóla á Íslandi verið á undanförnum tíu árum?
4. Hvað hafa sömu skólar innheimt miklar fjárhæðir með skólagjöldum á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

779. Frumvarp til laga [452. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 58. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal í reglugerð, sem sett er að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, mæla fyrir um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum til afnota fyrir ráðuneytið, eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, aðra opinbera aðila og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerð skal nánar mælt fyrir um framsetningu og form slíkra upplýsinga, sem og um rafræn skil þeirra eftir því sem við á.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „skv. 4. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 5. mgr.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Eftirlitsnefnd skal hafa sama rétt til aðgangs að upplýsingum og þeir aðilar sem kveðið er á um í 70. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem unnið er í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu er lagt fram í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlegar heimildir til þess annars vegar að afla ársfjórðungslega fjármálaupplýsinga frá sveitarfélögum og hins vegar til þess að tryggja betra og markvissara aðgengi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

Fjármál sveitarfélaga hafa verið í brennidepli síðustu missirin. Sveitarfélögin hafa ekki síður en aðrir aðilar í samfélaginu orðið fyrir barðinu á efnahagskreppunni sem skall á þjóðina haustið 2008. Áhrif fjármálakreppunnar á sveitarfélögin koma fram með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi hafa tekjur dregist saman. Í öðru lagi hafa félagsleg útgjöld sveitarfélaga aukist, m.a. vegna aukins atvinnuleysis og versnandi stöðu heimilanna. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að verja grunnþjónustuna í þeim hagræðingaraðgerðum sem gripið hefur verið til. Þá hafa lánakjör versnað og aðgangur að lánsfé, hvort heldur er til skuldbreytinga eða töku nýrra lána, takmarkast. Að lokum hafa skuldir sveitarfélaganna aukist verulega frá árinu 2007 með tilheyrandi aukningu fjármagnskostnaðar. Kemur þar bæði til hið skarpa gengisfall krónunnar með tilheyrandi áhrifum á erlendar skuldir sveitarfélaga og mikil verðbólga.

Allar þessar aðstæður hafa gert það að verkum að þrengt hefur mjög að í rekstri sveitarfélaganna á landsvísu og breytt forsendum fyrir áætlanagerð mjög skyndilega. Þó ber að geta þess að staða sveitarfélaganna er afar misjöfn og áhrif efnahagskreppunnar koma í mismiklum mæli fram eftir sveitarfélögum og landsvæðum. Atvinnuleysið og tekjufallið er t.d. mun minna hjá sveitarfélögum þar sem sjávarútvegur vegur hlutfallslega mikið í atvinnulífi viðkomandi sveitarfélaga. Verst virðist efnahagskreppan hins vegar leika hin svokölluðu vaxtarsveitarfélög, þ.e. þau sveitarfélög þar sem íbúum hefur fjölgað hlutfallslega mikið hin síðari ár sem kallaði á auknar fjárfestingar í innviðum til að mæta aukinni þjónustuþörf og áætluðum vexti komandi ára. Þá hafa skil á lóðum einnig reynst mörgum sveitarfélögum þungur baggi, einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Ríki og sveitarfélög brugðust við þessum nýju aðstæðum með auknu samstarfi og samráði. Ákvarðanir voru teknar um hækkun útsvarsprósentu, áframhaldandi greiðslu aukaframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, auk ýmissa annarra aðgerðaá hefur verið heimiluð útgreiðsla séreignarsparnaðar að tilteknu marki sem hefur skilað sveitarfélögum viðbótarútsvarstekjum. Sveitarfélögin sjálf hafa einnig ráðist í margvíslegar fjárhagslegar ráðstafanir og endurskipulagningu til að mæta hinu breytta umhverfi.

Samstarf aðila hefur einnig lotið að því að bæta samráð á sviði efnahagsmála. 1. október síðastliðinn undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga. Með honum lýstu aðilar sig sammála

um að með tilliti til hagstjórnar þurfi að líta á fjármál opinberra aðila sem eina heild og að nauðsynlegt sé að þeir sem ábyrgir eru fyrir þeim hafi með sér samráð og samstarf. Í vegvísinum voru skilgreindir nokkrir meginþættir og markmið sem leiðarljós í samstarfinu sem eru í góðu samræmi við ábendingar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um það sem betur mætti fara í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Vegvísirinn kveður einnig á um setningu fjármálareglna fyrir sveitarfélög er tryggi að markmið um rekstrarafkomu náist og reisi skorður við skuldsetningu þeirra.

Að þessum viðfangsefnum er nú unnið í sameiginlegri nefnd ríkis og sveitarfélaga, svokallaðri samráðsnefnd um efnahagsmál, sem starfar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Nefndin hefur ráðið sérfræðing til að vinna að mótun hagstjórnarsamnings og tillögu um fjármálareglur og er að vænta hugmynda frá nefndinni á næstu vikum.

Þá er hafin vinna við heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga af sérstökum starfshópi sem skipaður er fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og sambandsins. Vænta má tillagna frá starfshópnum síðar á þessu ári og hyggst ráðherra sveitarstjórnarmála, með hliðsjón af almennri umræðu um tillögurnar, leggja fyrir Alþingi frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga á komandi haustþingi. Gera má ráð fyrir að nefndin leggi fram margvíslegar breytingar á fjármálakafla laganna, m.a. með hliðsjón af tillögum samráðsnefndar um efnahagsmál um setningu fjármálareglna fyrir sveitarfélögin og gerð hagstjórnarsamnings.

Tilgangur frumvarps þess sem hér er lagt fram miðar hins vegar, eins og áður sagði, að því að gera nauðsynlegar breytingar á tilteknum ákvæðum laganna er varða regluleg skil fjármálaupplýsinga sveitarfélaga og heimildir eftirlitsnefndar til að afla upplýsinga úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Ráðuneytið telur afar mikilvægt að umrædd ákvæði verði sett inn strax en ekki beðið heildarendurskoðunar þeirrar sem nú stendur yfir, enda leggur það ákveðinn grunn að þeirri endurskipulagningu sem nú er unnið að varðandi samráð ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér nýmæli um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á fjármálaupplýsingum. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélögum aðeins skylt að senda ráðuneytinu ársreikning, fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun og felur ákvæðið því í sér auknar kröfur um upplýsingagjöf af hálfu sveitarfélaga. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða sem ætti að leiða til þess að haldbetri upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma um fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga og sveitarfélaganna almennt. Þessi aukna upplýsingagjöf er forsenda þess að efla eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og auka virkni sveitarstjórnarstigsins í hagstjórn hins opinbera. Slíkar upplýsingar eru jafnframt nauðsynlegar í tengslum við þá vinnu sem nú á sér stað, að ríki og sveitarfélög geri með sér árlegan hagstjórnarsamning.

Í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur verið um það rætt í allnokkurn tíma að skerpa á upplýsingaskilum. Segja má hins vegar að aðilar hafi orðið áþreifanlega varir við vandamál sem tengjast skorti á upplýsingum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 þar sem ekki voru til aðgengilegar samræmdar samtímaupplýsingar um fjármál sveitarfélaga. Þrátt fyrir skort á lagaákvæðum hér að lútandi tóku ráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands höndum saman um söfnun fjármálaupplýsinga frá sveitarfélögunum. Verkefnið gekk vel framan af, en þegar frá leið dró mjög úr skilum sveitarfélaga á umbeðnum upplýsingum. Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að afar brýnt sé að þessum málum verði komið fyrir með ákveðnari hætti og því er sú breyting lögð til að samgöngu- og

sveitarstjórnarráðherra setji í reglugerð ákvæði um rafræn skil þessara upplýsinga. Miðað er við að skilin verði ársfjórðungsleg en lagt er til að skilgreining upplýsinga, skilafrestir og form verði skilgreind nánar í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fái sömu stöðu til að afla upplýsinga um fjármál og reikningsskil einstakra sveitarfélaga og endurskoðendur og skoðunarmenn sveitarfélaga hafa. Eftirlitsnefnd fengi þar með skýrari heimildir til að kalla eftir upplýsingum en hún hefur í núgildandi lögum. Nefndin fengi aðstöðu til þess að gera athuganir sem hún telur nauðsynlegar og aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélags. Starfsmönnum sveitarfélags er jafnframt skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar sem starfinu tengjast og nefndin óskar eftir, enda sé unnt er að láta umbeðnar upplýsingar í té.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að skyldan til að veita ársfjórðungsupplýsingar í samræmi við reglugerðarákvæði gildi frá og með þeim ársfjórðungi sem reglugerðin tekur gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er í tryggja nauðsynlegar heimildir til annars vegar að afla ársfjórðungslegra fjármálaupplýsinga frá sveitarfélögum og hins vegar að tryggja betra og markvissara aðgengi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra skuli í reglugerð, í samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, mæla fyrir um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaganna á fjárhagsupplýsingum. Þá er kveðið á um rétt eftirlitsnefndar um aðgang að upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Samkvæmt mati samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er talið að sveitarfélögin verði fyrir óverulegri útgjaldaaukningu vegna skila á fjárhagsupplýsingum.

780. Skýrsla [453. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Það sem stóð upp úr af vettvangi Evrópuráðsþingsins árið 2009 var eftirfarandi: Í fyrsta lagi var beiðni Íslandsdeildar um að taka til skoðunar lögmæti þess að beita breskum hryðjuverkalögum til að frysta eigur Landsbankans í Bretlandi samþykkt á fundi Evrópuráðsþingsins í janúar. Í samræmi við beiðnina var málinu vísað til laga- og mannréttindanefndar og efnahagsnefndar. Er nefndunum m.a. ætlað að taka til skoðunar aðgreiningu á milli löggjafar sem nær til hryðjuverka og löggjafar sem tekur til viðbragða við annars konar vá, eins og hættu á fjármálakreppu. Á fundi laga- og mannréttindanefndar 24. mars var finnski þingmaðurinn Kimmo Sasi valinn skýrsluhöfundur. Rússneski þingmaðurinn Viktor Pleskachevskiy var valinn til að semja álit efnahagsnefndar. Skýrslan var enn í vinnslu í lok árs. Því er við að bæta að Íslandsdeild átti fund með þingmönnum bresku landsdeildarinnar á fundi Evrópuráðsþingsins í október til að ræða stöðu mála með tilliti til skuldbindinga ríkissjóðs vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi. Beiting hryðjuverkalaganna var ekki til umræðu á þeim fundi.

Í öðru lagi fagnaði Evrópuráðið 60 ára afmæli sínu og mannréttindadómstóll Evrópu 50 ára afmæli sínu. Af því tilefni var haldin ráðstefna á Íslandi 16. október að frumkvæði þingmanna Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins. Auk Íslandsdeildar stóðu ráðuneyti dóms- og mannréttindamála, utanríkisráðuneytið og alþjóðamálastofnun og mannréttindastofnun Háskóla Íslands að ráðstefnunni sem hafði það að markmiði að vekja athygli á starfsemi Evrópuráðsins og dómstólsins.

Í þriðja lagi var Thorbjørn Jagland, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Noregs og forseti norska Stórþingsins, kjörinn framkvæmdastjóri Evrópuráðsins til næstu fimm ára. Tók hann við embætti af Terry Davis 1. október 2009.

Í fjórða lagi fór fram mikil umræða um starfsemi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) fyrir árið 2008–2009 þar sem alþjóðlega fjármálakreppan var í forgrunni og Ísland kom nokkuð til sögu. Ísland var m.a. notað sem dæmi um ríki sem OECD hafi hrósað árið 2006 fyrir hversu vel hefði gengið að einkavæða bankakerfið og afnema viðskiptahindranir. Framkvæmdastjóri OECD, Angel Gurría, viðurkenndi að stofnunin hefði ekki getað spáð fyrir um hversu vanmáttugar eftirlitsstofnanir í löndum eins og Íslandi og jafnvel Írlandi voru eða hvers konar áhætta var tekin með starfsemi bankanna.

Í fimmta lagi fór nokkur umræða fram um beiðni sem sett var fram um að ógilda kjörbréf þingmannasendinefndar Rússlands vegna stöðu mála í Georgíu eftir að átökunum þar lauk milli þarlendra og rússneskra stjórnvalda. Ákveðið var að halda að sér höndum að sinni en taka málið upp að nýju á fyrsta fundi Evrópuráðsþingsins árið 2010.

Í sjötta lagi var samþykkt á fundi þingsins í júní að veita Hvíta-Rússlandi aftur fyrri stöðu sem sérstakur gestur Evrópuráðsþingsins eftir 12 ára hlé með því skilyrði að afnám dauðarefsinga yrði lögfest.

Að lokum var Lilja Mósesdóttir, formaður Íslandsdeildar, kosin í embætti varaforseta á Evrópuráðsþinginu í stað Guðfinnu S. Bjarnadóttur, fyrrverandi formanns, á fundi þingsins í júní.

2. Almennt um Evrópuráðið og Evrópuráðsþingið.

Evrópuráðsþingið er fjölþjóðastofnun þar sem þingmenn í allri Evrópu að Hvíta-Rússlandi undanskildu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um grundvallarhugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, auk þess að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum. Til þess beitir ráðið sér fyrir gerð og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir og fjölþjóðasáttmálar Evrópuráðsins hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og alþjóðleg samtök. Þar ber hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með tæknilegri aðstoð á sviði laga og stjórnsýsluuppbyggingar auk kosningaeftirlits. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört síðan Berlínarmúrinn féll og eru þau nú 47 talsins. Svartfjallaland er nýjasta aðildarríkið en það sleit ríkjasambandi við Serbíu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 2006 og varð aðili að Evrópuráðinu í maí 2007. Þar með mynda ríki Evrópuráðsins eina órofa pólitíska heild í álfunni, að Hvíta-Rússlandi undanskildu. Þess ber þó að geta að samþykkt var á fundi Evrópuráðsþingsins í júní að veita Hvíta-Rússlandi aftur stöðu sérstaks gests eftir 12 ára hlé með því skilyrði að dauðarefsing yrði afnumin með lögum.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 47 aðildarríkja Evrópuráðsins. Á þinginu sitja 318 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu fastanefndum og 24 undirnefndum þeirra en einnig starfa í þinginu fimm flokkahópar. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar, formenn fastanefnda og flokkahópa í framkvæmdastjórn þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess. Sami hópur skipar stjórnarnefnd þingsins ásamt formönnum landsdeilda. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, eina viku í senn, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Stjórnarnefnd kemur saman til fundar á sama tíma og þing eru haldin og á milli þingfunda. Loks kemur sameiginleg nefnd þingsins með ráðherranefnd Evrópuráðsins saman í hvert sinn sem Evrópuráðsþingið kemur saman.

Evrópuráðsþingið er nokkurs konar hugmyndabanki Evrópuráðsins um stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfis- og orkumál og menningar- og menntamál.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir í þeim tilvikum sem misbrestur er þar á og
- vera vettvangur fyrir skoðanaskipti og samráð þingmanna aðildarríkjanna og styrkja þannig lýðræðismenningu og efla tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum Evrópuráðsþingsins eru skýrslur nefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða álitum er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þau og bregst við eftir atvikum með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á þannig oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Sem dæmi má nefna að Evrópusáttmálinn um aðgerðir gegn mansali, sem tók gildi árið 2008, á rætur sínar að rekja til ályktana Evrópuráðsþingsins frá árinu 1997 og 2002. Þar eru stjórnvöld hvött til þess að grípa til samstilltra aðgerða til að stemma stigu við þeirri skipulögðu glæpastarfsemi sem mansal er. Í upphafi árs 2009 tók til starfa sérfræðinganefnd á grundvelli samningsins sem mun hafa eftirlit með því að aðildarríki

uppfylli skuldbindingar sínar. Eins og stendur er sérstakur vinnuhópur að störfum sem stofnaður var til að vinna að gerð samnings um aðgerðir til að stemma stigu við heimilisofbeldi. Gerð samningsins er í samræmi við ályktun Evrópuráðsþingsins.

Jafnframt hafa störf Evrópuráðsþingsins bein áhrif á störf þjóðþinganna þar sem fulltrúar á Evrópuráðsþinginu eru þingmenn í heimalöndum sínum ólíkt því sem á við um Evrópuþingið. Þingfundir Evrópuráðsþingsins þar sem þingmenn bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því afar mikilvægt framlag til löggjafarstarfs heima fyrir og hefur hraðað mjög og stutt við þá öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað eftir lok kalda stríðsins. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins, m.a. fyrir íslenska hagsmuni.

3. Skipan Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi árs 2009 voru aðalmenn Íslandsdeildar Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ellert B. Schram varaformaður, þingflokki Samfylkingar, og Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Páll Árnason, þingflokki Samfylkingar, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Eftir kosningar til Alþingis 25. apríl og kosningu Alþingis í nefndir 15. maí urðu eftirfarandi breytingar á skipan Íslandsdeildar. Aðalmenn voru kosnir Birkir Jón Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, Lilja Mósesdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru kosnir Eygló Harðardóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Magnús Orri Schram, þingflokki Samfylkingarinnar, og Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Á fundi Íslandsdeildar 18. maí var Lilja Mósesdóttir kosin formaður og Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður deildarinnar. Magnea Marinósdóttir var ritari Íslandsdeildar.

Skipting Íslandsdeildar í nefndir Evrópuráðsþingsins í lok árs 2009 var sem hér segir:

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd: Lilja Mósesdóttir.
Stjórnarnefnd: Lilja Mósesdóttir.
Stjórnmálanefnd: Lilja Mósesdóttir.
Laga- og mannréttindanefnd: Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Jafnréttisnefnd: Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Efnahags- og þróunarmálanefnd: Lilja Mósesdóttir.
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd: Birkir Jón Jónsson.
Menningar-, mennta- og vísindanefnd: Birkir Jón Jónsson.
Félags- og heilbrigðismálanefnd: Birkir Jón Jónsson.
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna: Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

4. Starfsemi Íslandsdeildar 2009.

Íslandsdeild hélt fjóra fundi á árinu þar sem þátttaka í þingfundum Evrópuráðsþingsins var undirbúin. Hvað viðvíkur trúnaðarstörfum fyrir Evrópuráðsþingið þá var Lilja Mósesdóttir, formaður Íslandsdeildar, kosin í embætti varaforseta á Evrópuráðsþinginu í stað Guðfinnu S. Bjarnadóttur, fyrrverandi formanns, á fundi Evrópuráðsþingsins í júní. Íslandsdeildin kom því til leiðar að laga- og mannréttindanefnd kannaði lögmæti þess að beita breskum hryðjuverkalögum gagnvart útibúi Landsbankans í Bretlandi og átti frumkvæði að því að

fram fór tvíhliða fundur með breskum þingmönnum á Evrópuráðsþinginu um meinta ábyrgð íslenskra stjórnvalda á innstæðum sparifjáreigenda Landsbankans í Bretlandi.

Þá var Íslandsdeildin gestgjafi norræns kvöldverðar sem Norðurlöndin halda til skiptis ár hvert í Strassborg og átti frumkvæði að því að haldin var ráðstefna hérlendis 16. október í tilefni 60 ára afmælis Evrópuráðsins og 50 ára afmælis mannréttindadómstóls Evrópu. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við ráðuneyti dóms- og mannréttindamála, utanríkisráðuneytið, og alþjóðamálastofnun og mannréttindastofnun Háskóla Íslands. Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á starfsemi Evrópuráðsins og dómstólsins. Fundarstjóri var Björg Thorarensen, prófessor og forseti lagadeildar HÍ, en fyrirlesarar auk formanns Íslandsdeildar, sem flutti framsögu um hlutverk Evrópuráðsþingsins á sviði mannréttinda, voru Hörður H. Bjarnason, sendiherra og fyrrverandi fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu, sem fjallaði um hlutverk ráðherranefndar Evrópuráðsins; Davíð Þór Björgvinsson, dómari Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu, sem hélt erindi um vanda Mannréttindadómstóls Evrópu; Pétur Hauksson, fulltrúi Íslands í nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og annar varaforseti nefndarinnar, sem fjallaði um hlutverk nefndarinnar og hvort þörf væri á eftirliti hennar hérlendis; Baldur Kristjánsson, fulltrúi Íslands í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttamisrétti, sem fjallaði um hlutverk nefndarinnar; Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu og sérfræðingur hjá Evrópuráðinu, sem gerði grein fyrir framlagi Íslands í réttindamálum barna; og Hjörtur Torfason, fulltrúi Íslands í Feneyjarnefndinni, sem fjallaði um hlutverk nefndarinnar við að aðstoða aðildarríki við að byggja stjórnarfar sitt með lögum. Að loknum framsögum voru fyrirspurnir og umræður. Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, átti samkvæmt dagskrá að halda opnunarerindi um mannréttindasáttmála Evrópu, sem liggur til grundvallar Evrópuráðinu og Mannréttindadómstólnum, en varð frá að hverfa vegna mótmæla sem brutust út vegna ákvörðunar ráðherrans stuttu áður um að hafna því á grundvelli Dyflinarsamningsins að taka til efnislegrar meðferðar beiðnir nokkurra flóttamanna um pólitískt hæli hérlendis.

5. Fundir Evrópuráðsþingsins 2009.

Þingfundir Evrópuráðsþingsins fara fram í Evrópuhöllinni í Strassborg og eru þeir haldnir fjórum sinnum á ári, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Auk þess kemur framkvæmdastjórn og stjórnarnefnd Evrópuþingsins saman til funda á milli þinga og afgreiðir mál sem æðsta vald Evrópuráðsþingsins. Þingmenn Íslandsdeildar sóttu alla þingfundina að vorfundinum undanskildum en þátttaka féll niður vegna kosninga til Alþingis 25. apríl.

Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins 26.–30. janúar.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar þau Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður og Ellert B. Schram varaformaður, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara.

Á þinginu bar hæst umræðu um afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar, afleiðingar átakanna milli Georgíu og Rússlands og ástandið á Gasasvæðinu. Fyrsta mál á dagskrá þingsins var hins vegar atkvæðagreiðsla um tilvísun mála til nefnda. Þar á meðal var beiðni Íslandsdeildar til framkvæmdastjórnar Evrópuráðsþingsins um að laga- og mannréttindanefnd þingsins tæki til skoðunar lögmæti aðgerða breskra stjórnvalda gegn íslenskum bönkum, sér í lagi beitingu hryðjuverkalaga til að frysta eigur Landsbankans. Framkvæmdastjórnin hafði á fundi sínum 9. janúar mælt með því að málinu yrði vísað til skýrslugerðar í efnahagsnefnd. Í kjölfarið ákvað Íslandsdeildin að leggja upprunalegu beiðnina fyrir fund Evrópuráðsþingsins í lok janúar. Guðfinna S. Bjarnadóttir mælti fyrir málinu. Í atkvæðagreiðslu um málið var

beiðni Íslandsdeildar samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða eða 52 atkvæðum gegn fjórum.

Guðfinna S. Bjarnadóttir ræddi síðan aðgerðir breskra stjórnvalda á fundi flokkahóps hægrimanna, sem og Ellert á sérstökum fundi flokkahóps jafnaðarmanna um afleiðingar fjármálakreppunnar. Guðfinna flutti einnig ræðu á þinginu í umræðu um afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar fimmtudaginn 29. janúar þar sem hún vakti athygli á aðgerðum breskra stjórnvalda. Hún sagði að vissulega hefðu íslensk stjórnvöld og fjármálafyrirtæki gert mistök en hins vegar bæri að hafa í huga að íslensk fjármálafyrirtæki hefðu starfað í samræmi við bresk bankalög, lög um fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu og með heimild fjármálaeftirlitsstofnana. Fjármálakreppan væri þar með staðfesting á að lögum og eftirliti með fjármálastarfsemi hefði verið ábótavant sem kallaði á samábyrgð og samvinnu um lausnir á þeim vanda sem fjármálakreppan fæli í sér. Bresk stjórnvöld hefðu þvert á móti beitt hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum. Sagði hún það óásættanlegt bæði með hliðsjón af hinu slæma fordæmisgildi sem beiting laganna hefði fyrir baráttuna gegn hryðjuverkum og hinum alvarlegu afleiðingum sem beiting laganna hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf. Að lokum beindi hún orðum sínum sérstaklega til breskra þingmanna þar sem hún bað þá að beita sér fyrir því að frystingu á eignum Landsbankans, sem var búin að vera í gildi í 114 daga, yrði aflétt tafar- og skilyrðislaust.

Fimm breskir þingmenn tóku til máls á eftir Guðfinnu. Fjórir þeirra gerðu málefni Íslands og beitingu bresku hryðjuverkalaganna að umtalsefni í ræðum sínum en vegna fyrirkomulags fundarins gafst Guðfinnu ekki færi á að svara eftir að þeir höfðu lokið máli sínu. Í máli þeirra kom m.a. fram að bresk stjórnvöld hefðu gripið til þess úrræðis að frysta eigur Landsbankans þegar engin fullnægjandi svör bárust frá íslenskum stjórnvöldum við fyrirspurnum breskra stjórnvalda í kjölfar setningar neyðarlaga á Íslandi. Jafnframt var því neitað staðfastlega að hryðjuverkalögum hefði verið beitt gegn Landsbankanum. Lögin, sem um væri að ræða, væru tvískipt. Annar hlutinn næði til hryðjuverka og hinn til glæpa eins og fjársvikastarfsemi og öryggismála (e. *Anti-Terrorism, Crime and Security Act*). Síðarnefnda hlutanum hefði verið beitt gegn bankanum með það að markmiði að vernda hag breskra sparifjáreigenda sem ella hefðu hugsanlega tapað öllum sínum fjármunum. Það hefðu hins vegar verið mistök að setja heimild til frystingar eigna Landsbankans á sama lista og m.a. hryðjuverkasamtökin Al-Kaída. Þau mistök hefðu hins vegar verið leiðrétt 21. október eða daginn eftir að þau voru gerð. Það sjónarmið kom fram að Íslendingar gætu sjálfum sér um kennt enda hefðu íslensk stjórnvöld sýnt mikið ábyrgðarleysi með því að leyfa íslenska fjármálageiranum að vaxa á tímabilinu 2002–2008 í það að verða níu sinnu stærri en þjóðarframleiðslan, sem væri 45-földun. Að sama skapi var bent á að fjármálakreppan hefði leitt í ljós galla fjármálareglugerðakerfisins og staðfest að sú stefna Evrópubandalagsins að láta sömu lög og reglur gilda jafnt um alla, óháð mikilvægum sérkennum eða aðstæðum í einstaka ríki, hefði siglt í strand. Að lokum var bent á að Ísland og Bretland væru vinaþjóðir og að Bretar mundu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að koma Íslendingum til aðstoðar nú þegar samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn væri náð og tvíhliða samkomulag við bresk stjórnvöld yrði komið í höfn.

Í almennum umræðum voru þingmenn sammála um að fjármálakreppan kallaði á endurskoðun reglugerða- og eftirlitskerfisins með fjármálastarfsemi. Mikilvægt væri að koma á fót skilvirku viðvörunarkerfi til að koma í veg fyrir kreppur og var Ísland tekið sem dæmi í því sambandi. Þar hefðu öll viðvörunarljós blikkað en allt komið fyrir ekki. Fjármálakreppan sýndi að ákveðin siðferðileg gildi hefðu einnig verið sniðgengin í nafni einkaframtaks og gróða. Flóknar fjármálaafurðir hefðu gert það að verkum að erfitt hefði verið að meta áhættu

og taka þyrfti til sérstakrar skoðunar verklag og ábyrgð endurskoðenda. Mikilvægt væri að endurbættar reglur um fjármálamarkaði styddu við bakið á sjálfbærri og samfélagslega ábyrgri fjármálastarfsemi. Að lokum voru allir sammála um að fjármálakreppan kallaði á samstöðu og að björgunaraðgerðir eins ríkis mættu ekki vera á kostnað annarra né á kostnað félagslegra og efnahagslegra réttinda almennings.

Í umræðu um afleiðingar stríðsátakanna milli Georgíu og Rússlands kom fram að georgísk stjórnvöld hefðu orðið við mörgum tilmælum Evrópuráðsþingsins en það sama ætti ekki við um rússnesk stjórnvöld. Í ályktun sem var samþykkt á Evrópuráðsþinginu var kallað eftir því að rússnesk yfirvöld virtu landamæri og fullveldi Georgíu og afturkölluðu viðurkenningu sína á sjálfstæði héraðanna Abkasíu og Suður-Ossetíu. Rússneskir þingmenn héldu þeim sjónarmiðum á lofti að Rússland hefði ekki valdið heldur bundið enda á stríðsátök. Það væri réttur íbúa héraðanna að kjósa að vera sjálfstæð ríki, réttur sem rússnesk stjórnvöld virtu. Niðurstaðan væri sú að Rússar hefðu verið fengnir til að tryggja íbúum héraðsins öryggi og lífsnauðsynjar eins og sakir stæðu. Rússnesk yfirvöld hafa aftur á móti verið harðlega gagnrýnd fyrir að veita hvorki eftirlitsmönnum á vegum SÞ, ESB og ÖSE né mannúðarsamtökum aðgang að héruðunum. Í skýrslu mannréttindastjóra Evrópuráðsins, Thomas Hammarbergs, var lögð áhersla á réttindi flóttafólks til að snúa aftur til síns heima og mælt með því að ESB eða Sameinuðu þjóðirnar tækju að sér friðargæslu í héruðunum í stað Rússa.

Í utandagskrárumræðu um ástandið á Gasa fluttu framsögur fulltrúi löggjafarráðs Palestínu (e. *Palestinian Legislative Council*) og áheyrnarfulltrúi frá Ísrael. Fulltrúi Palestínu gerði grein fyrir mannfalli og eyðileggingu síðan her Ísraels hóf gagnárásir gegn Hamas 27. desember 2008. Að hans mati væri um þjóðarmorð að ræða og markmið sem væru andstæð friði og stofnun ríkis Palestínu. Fulltrúi Ísraels sagði að hann hefði unnið að friðarmálum í Mið-Austurlöndum síðar 1967. Hann sagði að hryðjuverkaógnin og gyðingahatur væri komið frá tveimur örmum Írans, þ.e. Hamas og Hizbollah-hreyfingunni, sem hefðu með árásum sínum það að markmiði að eyða Ísrael óháð afleiðinginunum fyrir sitt eigið fólk en árásir Hamas hafa staðið yfir síðan árið 2002. Mikilvægt væri að leita varanlegra lausna í stað sökudólga. Í almennum umræðum viðurkenndu þingmenn rétt Ísraels til sjálfsvarnar og fordæmdu árásir Hamas en fordæmdu um leið umfang gagnárása Ísraels sem sumir sögðu að fælu í sér stríðsglæp. Fordæmt var að mannúðarsamtök og fjölmiðlar fengju ekki aðgang að Gasa. Bent var á að staðan væri verri en nokkru sinni fyrr og árangurinn af stríðsrekstrinum enginn. Enginn stæði betur eða verr að vígi. Það þyrfti að finna lausn sem ríki heims, einkum Bandaríkin, Evrópusambandið, Rússar og Arababandalagið, kæmu að og þar sem yrði rætt við alla aðila, þ.m.t. Hamas, með sama hætti og írski lýðveldisherinn (IRA) var hafður með í friðarviðræðum á Norður-Írlandi og Bretlandi.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: spænski utanríkisráðherrann, Miguel Ángel Moratinos, vék að minningardegi Evrópuráðsins um helförina og glæpi gegn mannkyni en dagurinn var stofnaður af Evrópuráðinu árið 2002 og er haldinn hátíðlegur 27. janúar ár hvert sem alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna. Philippe Kirsch, forseti alþjóðasakamáladómstólsins, hvatti til þess að öll ríki heims fullgiltu stofnsáttmálann til að mögulegt væri að binda enda á refsileysi gegn stríðsglæpum, glæpum gegn mannkyni og þjóðarmorðum.

Annar fundur Evrópuráðsþingsins 26.–30. apríl.

Þátttaka Íslandsdeildar í öðrum fundi Evrópuráðsþingsins féll niður vegna kosninga til Alþingis 25. apríl.

Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins 22.–26. júní.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins Lilja Mósesdóttir formaður, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður og Birkir Jón Jónsson, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara.

Fyrsta mál á dagskrá var kosning varaforseta þingsins. Lilja Mósesdóttir var kosin varaforseti í stað Guðfinnu S. Bjarnadóttur, fyrrverandi formanns Íslandsdeildar, og sá hún um fundarstjórn fyrir hádegi á lokadegi þingsins. Eftir kosningu varaforseta var beiðni um utandagskrárumræðu um ástandið í Íran samþykkt. Hins vegar var beiðni um setja kosningu framkvæmdastjóra Evrópuráðsins á dagskrá hafnað. Sú beiðni var sett fram í tengslum við fyrirhugaða kosningu framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem átti að fara fram 23. júní. Framkvæmdastjórn Evrópuráðsþingsins hafði aftur á móti tekið þá ákvörðun rétt fyrir þingsetningu að taka kosninguna af dagskrá. Tilefnið var ágreiningur milli þingsins og ráðherranefndarinnar um endanlegan lista frambjóðenda til embættis framkvæmdastjóra. Samkvæmt lögum Evrópuráðsins kýs þingið framkvæmdastjóra samkvæmt tillögu ráðherranefndar sem þarf að skila lista með nöfnum a.m.k. tveggja frambjóðenda. Upphaflega gáfu fjórir kost á sér, tveir þingmenn Evrópuráðsþingsins og tveir fyrrverandi ráðherrar. Það sem olli ágreiningi var að á endanlega frambjóðendalista ráðherranefndarinnar sem lagður var fyrir þingið voru eingöngu nöfn þeirra Wlodzimierz Cimoszewicz, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Póllands, og Thorbjørns Jagland, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Noregs og forseta norska Stórþingsins, en ekki þeirra þingmanna Evrópuráðsþingsins sem höfðu gefið kost á sér, Luc Van den Branden frá Belgíu og Matyas Eörsi frá Ungverjalandi.

Annað sem olli ágreiningi var að listinn var lagður fram 23. apríl, eða nokkrum dögum áður en sameiginlegur fundur þingsins og ráðherranefndarinnar fór fram 29. apríl. Forseta og framkvæmdastjórn þingsins fannst ráðherranefndin þar með hafa virt að vettugi reglu sem kveður á um samráð milli þings og ráðherranefndar þegar kemur að vali á framkvæmdastjóra. Að mati ráðherranefndarinnar merkir samráð að hún metur frambjóðendur og ákveður hver fer á endanlega framboðslistann sem lagður er fyrir þingið sem síðan kýs framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórn þingsins var hins vegar á þeirri skoðun að ráðherranefndin ætti að hafa samráð við þingið um það hvernig endanlegi frambjóðendalistinn liti út enda ósátt við að nöfn þingmanna Evrópuráðsþingsins væru ekki á listanum. Framkvæmdastjórn þingsins ákvað í kjölfarið að taka kosningu framkvæmdastjóra af dagskrá þingfundar með þeim rökum að ráðherranefndin hefði ekki virt samráðsregluna. Fyrir vikið væri frambjóðendalistinn ógildur og þar með gæti kosning ekki farið fram. Áður en dagskrá þingsins var samþykkt lagði breski þingmaðurinn Michael Hancock fram tillögu um að láta kosninguna fara fram eins og til stóð. Atkvæðagreiðsla fór fram um málið og niðurstaðan sem fengin var með innan við 10 atkvæða mun var sú að fresta kosningu framkvæmdastjóra.

Samuel Žbogar, utanríkisráðherra Slóveníu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, lýsti yfir miklum vonbrigðum með frestun kosningar til embættis framkvæmdastjóra sem hann sagði að væri hvorki þinginu né ráðherranefndinni til framdráttar. Frestunin skaðaði ímynd Evrópuráðsins sem fagnaði 60 ára afmæli sínu. Hann mælti með því að ráðherranefndin og þingið héldu áfram viðræðum um endurskoðun á reglunum sem gilda um kosningu framkvæmdastjóra. Að lokum greindi hann frá tvenns konar bráðabirgðaumbótum á Mannréttindadómstól Evrópu sem gengu í gildi 1. október í samræmi við ákvörðun sem var tekin 14. október 2008 og talið er að muni auka afköst dómstólsins um 20–25%.

Árleg umræða Evrópuráðsþingsins um stöðu mannréttinda var að þessu sinni tileinkuð þremur málaflokkum. Í fyrsta lagi mikilvægi þess að afnema refsileysi þegar um mannrétt-

indabrot er að ræða, þ.m.t. í tilviki svonefndra heiðursmorða og annars konar kynbundins ofbeldis. Í öðru lagi stöðu eftirlitskerfis Evrópuráðsins með mannréttindum. Í þriðja lagi mannréttindi flóttamanna, sem hafa ekki getað snúið aftur til síns heima.

Evrópuráðsþingið samþykkti eftir 12 ára hlé að veita Hvíta-Rússlandi aftur fyrri stöðu sem sérstakur gestur Evrópuráðsþingsins með því skilyrði að afnám dauðarefsinga yrði lögfest. Ákvörðunin var tekin í ljósi þess m.a. að samstarf stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE þykir hafa gefið tilefni til bjartsýni um að ástandið í landinu fari batnandi. Valery Ivanov, varaforseti fulltrúadeildar löggjafarþings Hvíta-Rússlands, og Anatoly Lebedko, formaður hins lýðræðislega samtöðubandalags Hvíta-Rússlands (e. *the United Democratic Forces of Belarus*), tóku til máls á þinginu af þessu tilefni. Þar óskaði Lebedko eftir því að umbótaáætlun á sviði lýðræðis og réttarfars yrði sett sem viðbótarskilyrði fyrir því að Hvíta-Rússland gæti endurheimt fyrri stöðu sína hjá Evrópuráðsþinginu. Auk þess að samþykkja að veita Hvíta-Rússlandi fyrri stöðu var einnig samþykkt tillaga um að stuðla að lýðræðislegri samræðu og samvinnu við ríki utan Evrópuráðsins (e. *partner for democracy status*) sem væri háð ákveðnum skilyrðum svipuðum þeim sem gilda um áheyrnaraðild að ráðinu.

Thomas Mirow, forseti Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, sem hefur átt samstarf við Evrópuráðið síðan 1992 um að styrkja efnahag og lýðræði á sínu starfssvæði, greindi frá starfi bankans. Hann fjallaði einnig um þær áskoranir sem fram undan voru vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar en spáð hafði verið um 4–15% efnahagssamdrætti á starfssvæði bankans árið 2009.

Í umræðu um áhrif fjármálakreppunnar á alþjóðlegar efnahagsstofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og Alþjóðabankann var lögð áhersla á að ríki greiddu framlög sín til þeirra svo að þær gætu sinnt hlutverki sínu sem skyldi á þessum erfiðu tímum. Fram kom að AGS hefði þegar afgreitt lán til Armeníu, Hvíta-Rússlands, Georgíu, Íslands, Lettlands, Ungverjalands, Mexíkó, Pakistan, Póllands, Rúmeníu, Serbíu og Úkraínu eftir að heimskreppan skall á. Í umræðunni kom fram að mikilvægi AGS væri mikið en á sama tíma kom fram sú skoðun að hugmyndafræðin á bak við AGS væri hluti vandans frekar en lausnarinar og var starfsemi AGS á Íslandi tekin sem dæmi um það án frekari útskýringa.

Lilja Mósesdóttir, formaður Íslandsdeildar, tók til máls í umræðunni. Hún hóf mál sitt á að þakka fyrir skýrslu þingsins en tók jafnframt fram að í henni skorti á umræðu um aðgerðir AGS í þeim löndum sem sjóðurinn lánaði til. Hún benti á að undanfarin ár hefði sjóðurinn orðið fyrir gagnrýni hagfræðinga eins og Josefs Stiglitz, fyrrverandi yfirmanns Alþjóðabankans. AGS hefði tekið mark á þeirri gagnrýni eins og efnahagsáætlunin fyrir Ísland væri til vitnis um. Það kæmi þó ekki í veg fyrir gagnrýni Stiglitz á efnahagsáætlunina fyrir Ísland en að hans mati væri verið að reyna að ná fram tveimur ósamrýmanlegum markmiðum samtímis, þ.e. peninga- eða gengismálastefnu sem hefði það að markmiði að halda niðri verðbólgu annars vegar og útgjaldaaukningu ríkisins hins vegar. Í sambandi við árangur af aðgerðum AGS á Íslandi greindi Lilja frá því að síðan í október hefði gengi krónunnar gagnvart evrunni lækkað um 40% og alls um 114% sl. tvö ár sem sýndi takmarkanir aðgerðanna á Íslandi. Að lokum upplýsti hún um að til stæði að reyna að koma á auknu gjaldeyrissamstarfi við ESB samhliða því að leggja fram aðildarumsókn til ESB með það að markmiði að ná fram auknum stöðugleika á Íslandi. Í þessu sambandi var einnig rætt um hlutverk G-20 sem tekur til 90% þjóðarframleiðslu heimsins, 80% alþjóðlegra viðskipta og 66% íbúa heimsins. Einnig var rætt um stöðu þeirra sem standa utan G-20, þ.e. fátækustu þróunarríkin og ríki í Evrópu sem standa utan ESB og fjármálakreppan bitnar einna verst á. Rætt var um mikilvægi þess að

tryggja félagsleg réttindi um leið og ríki reyndu að rétta úr kútnum eftir kreppuna og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig. Sem dæmi mætti koma á alþjóðlegum og samræmdum reglum fyrir fjármálastarfsemi, skattareglum til að fyrirbyggja undanskot frá skattinnheimtu í skattaskjólum, alþjóðlegu eftirliti og stofnun dómstóls sem tæki að sér gjaldþrotamál sem væru alþjóðleg í eðli sínu.

Tillaga um að endurskoða kjörbréf landsdeildar Úkraínu var hafnað. Tilefni beiðnarinnar um endurskoðun var að ekki hefði verið farið að reglum við val frambjóðenda til setu í Mannréttindadómstól Evrópu. Rökin fyrir því að fella tillöguna var að kjörbréf Rússlands og Georgíu væru enn gild þrátt fyrir að ríkin hefðu farið í stríð hvort við annað. Evrópuráðsþingið þyrfti að vera sjálfu sér samkvæmt í þessum málum.

Í utandagskrárumræðu sem fór fram um ástandið í Íran í kjölfar forsetakosninganna 12. júní var ofbeldi og handtaka mótmælenda og fréttamanna fordæmd og lýst yfir stuðningi við lýðræðisöflin í landinu.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: Theo-Ben Gurirab, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins og forseti löggjafarþings Namibíu, fjallaði um mikilvægi þingmannastarfs alþjóðastofnana en Alþjóðaþingmannasambandið hefur beitt sér fyrir því að vera nokkurs konar þingmannasamkunda Sameinuðu þjóðanna. Borut Pahor, forsætisráðherra Slóveníu, hélt ræðu sem og Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Mary McAleese, forseti Írlands og Helen Shaw, formaður stjórnar bresk-írsku samtakanna Human Rights Watch, sem hefur frá upphafi eingöngu verið skipuð konum, en samtökin hlutu mannréttindaverðlaun Evrópuráðsþingsins sem voru veitt í fyrsta sinn á þessu þingi. Loks flutti Hovik Abrahamyan, forseti löggjafarþings Armeníu, ræðu á þinginu.

Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins 28. september til 2. október.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins Lilja Mósesdóttir formaður, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður, og Birkir Jón Jónsson, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara.

Það sem bar hæst var 60 ára afmæli Evrópuráðsins og kosning framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til næstu fimm ára. Alls greiddu 257 þingmenn atkvæði í kosningunni sem fór fram í Evrópuráðsþinginu 29. september. Samkvæmt reglum þingsins þarf framkvæmdastjóri að fá að lágmarki 123 atkvæði til að vera löglega kjörinn. Thorbjørn Jagland, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Noregs og forseti norska Stórþingsins, hlaut 165 atkvæði en mótframbjóðandi hans, Wlodzimierz Cimoszewicz, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Póllands, hlaut 80 atkvæði. Thorbjørn Jagland tók við embætti 1. október.

Í tilefni af 60 ára afmæli Evrópuráðsins fór fram umræða um framtíð ráðsins í ljósi reynslunnar af starfsemi þess frá stofnun. Meginniðurstaða þeirrar umræðu var að Evrópuráðið hefði sameinað þjóðir Evrópu undir merkjum lýðræðislegs stjórnarfars, virðingar fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. Margir áfangasigrar varði leið Evrópuráðsins undanfarin 60 ár, sem sé tilefni til að fagna. Hlutverk Evrópuráðsins sé hins vegar mikilvægt enn sem fyrr og því skipti máli að aðildarríkin styðji vel við starfsemi ráðsins óháð tilkomu annarra stofnana. Var þar fyrst og fremst verið að vísa til Stofnunar Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (e. *Agency of Fundamental Rights*), sem hefur legið undir ámæli um að fara inn á verkefnasvið Evrópuráðsins og vera starfrækt á kostnað þess í auknum mæli undanfarin ár.

Í tengslum við umræðu um skýrslu eftirlitsnefndar þingsins um stöðu mála í Georgíu ári eftir að átökin milli Rússlands og Georgíu brutust út í Suður-Ossetíu var lögð fram tillaga

um að ógilda kjörbréf Rússlands. Vísað var í skýrslu Evrópuráðsþingsins sem segir Rússa hafa lítið sem ekkert komið til móts við kröfur Evrópuráðsins eftir að endi var bundinn á átökin, ólíkt Georgíu. Tillagan, sem var borin fram að undirlagi þingmannasendinefndar Georgíu og studd af 72 þingmönnum, var felld í atkvæðagreiðslu en jafnframt ákveðið að taka málið aftur til umræðu á fundi þingsins í janúar 2010.

Mikil umræða fór fram um skýrslu um starfsemi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) fyrir árið 2008–2009 þar sem alþjóðlega fjármálakreppan var í forgrunni. Formaður Íslandsdeildar var höfundur breytingartillögu, ásamt nokkrum flokksbræðrum sínum, m.a. frá Hollandi, þar sem þess var farið á leit að rannsakað yrði að hvaða marki ráðleggingar OECD kynnu að hafa átt þátt í að stuðla að kreppu í fjármála- og efnahagskerfum Evrópu. Markmiðið skýrslugerðarinnar væri að gefa OECD kleift að draga lærdóm af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Ástandið á Íslandi kom nokkuð til tals í umræðunni. Í ræðu Tuur Elzinga, eins flutningsmanns breytingartillögunnar frá Hollandi, var Ísland notað sem dæmi um ríki sem OECD hefði hrósað árið 2006 fyrir hversu vel hefði gengið að einkavæða bankakerfið og afnema viðskiptahindranir. Í svari framkvæmdastjóra OECD, Angel Gurría, kom fram að hann væri sammála gagnrýni Elzinga að því leyti að stofnunin hefði ekki getað spáð fyrir um vanmátt eftirlitsstofnana í löndum eins og Íslandi og jafnvel Írlandi eða hvers konar áhætta var tekin með starfsemi bankanna. Hann benti hins vegar á að þegar bankakerfi ríkis hefur ábyrgðir sem eru hærri en nemur landsframleiðslu heimaríkis bankanna þá sé augljóslega eitthvað að. Hann bætti því við að það hefði ekki verið Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða aðrir sem hefðu átt að vera fyrstir til að gera athugasemdir við það og grípa til viðeigandi ráðstafanna heldur stjórnvöld viðkomandi heimaríkis. Auk breytingartillögunnar sem Lilja var meðhöfundur að var önnur tillaga lögð fram af hollenska þingmanninum Pieter Omtzigt, sem á sæti í ríkisstjórnarflokki kristilegra demókrata, þess efnis að skýrsla sem fjallaði um hvaða lærdóm OECD hefði dregið af fjármálakreppunni yrði tilbúin innan 10 mánaða.

Lilja Mósesdóttir var talsmaður flokkahóps vinstrimanna á fundi Evrópuráðsþingsins um loftslagsmál sem haldinn var í tilefni af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember í Kaupmannhöfn. John Prescott, fyrrverandi varaforsætisráðherra Bretlands, setti fundinn en hann var í forsvari fyrir baráttuherferð sem þingið tók þátt í undir slagorðinu „Nýr heimssáttmáli“ (e. *New Earth Deal*). Heiðursgestur á fundinum var dr. Rajendra K. Pachauri, formaður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, en hann ásamt Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, tók við friðarverðlaunum Nóbels árið 2007 fyrir framlag þeirra til umræðu um loftslagsbreytingar í heiminum. Í ræðu sinni vék Lilja að mikilvægi þess að skapa hvata fyrir ríkisstjórnir til að standa við skuldbindingar sínar. Í því sambandi var bent á að ESB hefur eingöngu uppfyllt um helming þeirra skuldbindinga sem sambandið tók á sig samkvæmt Kyoto-bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem rennur út 2012. Lilja gerði m.a. að tillögu sinni að tekin yrði upp vísitala sem gæfi til kynna hvar einstök ríki stæðu hvert gagnvart öðru með hliðsjón af þáttum sem þykja mikilvægir til að draga úr koltvísýringsútblæstri. Einnig lagði hún til að stofnað yrði nokkurs konar alþjóðlegt markaðstorg þar sem ríki sem búa yfir vistvænni orku og orkufrek fyrirtæki gætu leitt saman hesta sína. Í tengslum við loftslagsmálin var einnig rætt um gerð viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um rétt fólks á heilnæmu umhverfi.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem á sæti í jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins, tók þátt í umræðu um mikilvægi þess að grípa til aðgerða gegn nauðgunum, þ.m.t. nauðgunum sem eiga sér stað í hjónabandi eða sambúð. Hún fagnaði tilmælum Evrópuráðsþingsins til aðildar-

ríkjanna og gerði í ræðu sinni grein fyrir breytingu á íslenskum hegningarlögum frá árinu 2000 sem fól í sér að tekið var tillit til sambands brotaþega og brotaþola við ákvörðun refsidóma í ofbeldismálum í þá veru að eftir því sem sambandið væri nánara væri refsingin fyrir sambærileg brot þyngri. Að lokum ræddi hún um aðgerðaáætlun íslensku ríkisstjórnarinnar til að stemma stigu við heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi. Steinunn vék sérstaklega að menntun og þjálfun þeirra sem koma að kynferðisafbrotamálum eins og lögreglunni og nefndi til sögunnar nýlegt dæmi þar sem lögreglan lagði fram kæru gegn manni sem hlaut átta ára dóm í héraðsdómi fyrir að beita maka sinn kynferðislegu ofbeldi.

Þá voru kynntar skýrslur um kosningar í Albaníu, Búlgaríu og Moldóvu, utandagskrárumræða fór fram um aukið ofbeldi í garð baráttufólks fyrir mannréttindum í Norður-Kákasus í Rússlandi, og fyrirhugaðar endurbætur innan Sameinuðu þjóðanna voru teknar til umræðu þar sem m.a. var rætt um stofnun þingmannaráðs Sameinuðu þjóðanna. Lilja Mósesdóttir stýrði fundi Evrópuráðsþingsins á lokadegi þess en auk þátttöku á þinginu átti Íslandsdeild frumkvæði að því að tvíhliða fundur var haldinn með breskum þingmönnum til að útskýra fyrirvara ríkisstjórnarinnar við ríkisábyrgð vegna lána frá Bretlandi og Hollandi til að standa við skuldbindingar íslenska ríkisins vegna innstæðna Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: Kurt Masur hljómsveitarstjóri og Pierre Lellouche, ráðherra Evrópumála í Frakklandi.

6. Nefndarfundir utan þinga.

Steingrímur J. Sigfússon sótti framkvæmdastjórnarfund í Barcelona í janúar sem formaður jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins.

Alþingi, 9. mars 2010.

Lilja Mósesdóttir, form.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir, varaform.	Birkir Jón Jónsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2009.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum og stjórnarnefndarfundum Evrópuráðsþingsins árið 2009:

Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins, 26.–30. janúar:

- Ályktun 1642 um aðgengisrétt fatlaðra og rétt þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- Ályktun 1643 um eftirfylgni Armeníu við ályktun nr. 1609 (2008) og nr. 1620 (2008).
- Ályktun 1644 um samvinnu við Alþjóðasakamáladómstólinn og um lögsögu hans.
- Ályktun 1645 um rannsókn á meintum glæpum háttsettra embættismanna Kuchmastjórnarinar í Úkraínu, sbr. Gongadze-málið.
- Ályktun 1646 um útnefningu frambjóðenda og kosningu dómara til Mannréttindadómstóls Evrópu.

- Ályktun 1647 um framfylgni við ályktun nr. 1633 (2008) um afleiðingar stríðsins milli Georgíu og Rússlands.
- Ályktun 1648 um afleiðingar stríðsins milli Georgíu og Rússlands.
- Ályktun 1649 um líknarmeðferð – fyrirmynd að stefnumótun um heilsufars- og félagsmál.
- Ályktun 1650 um fyrirvara við samþykkt á kjörbréfi landsdeildar Albaníu á grundvelli skilyrða þingskapa.
- Ályktun 1651 um afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar.
- Ályktun 1652 um viðhorf til minnisvarða um atburði sem eru túlkaðir á fleiri en einn veg innan aðildarríkja Evrópuráðsins.
- Ályktun 1653 um rafrænt lýðræði.
- Ályktun 1654 um manndráp á grundvelli kynferðis.
- Ályktun 1655 um fólksflutninga af völdum umhverfisbreytinga: áskorun 21. aldarinnar.
- Tilmæli 1854 um aðgengisrétt fatlaðra og rétt þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- Tilmæli 1855 um reglur um fréttaþjónustu sjónvarps og útvarps.
- Tilmæli 1856 um rannsókn á meintum glæpum háttsettra embættismönnum Kuchma-stjórnarinar í Úkraínu, sbr. Gongadze-málið.
- Tilmæli 1857 um afleiðingar stríðsins milli Georgíu og Rússlands.
- Tilmæli 1858 um úthýsingu verkþátta á sviði hernaðar og öryggismála frá ríkinu til einkafyrirtækja sem felur í sér frávik frá einokun ríkisins á valdbeitingu.
- Tilmæli 1859 um viðhorf til minnisvarða um atburði sem eru túlkaðir á fleiri en einn veg innan aðildarríkja Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1860 um rafrænt lýðræði.
- Tilmæli 1861 um að stemma stigu við manndrápum á grundvelli kynferðis.
- Tilmæli 1862 um fólksflutninga af völdum umhverfisbreytinga: áskorun 21. aldarinnar.

Stjórnarnefndarfundur 13. mars:

- Ályktun 1656 um að virkja þjóðþing í þágu þróunar í Afríku.
- Ályktun 1657 um óeirðir í borgum Evrópu: lærdómur og viðbrögð Evrópuráðsins.
- Ályktun 1658 um spurningar til ráðherranefndarinnar.
- Tilmæli 1863 um umhverfi og heilsu: betri forvarnir gegn heilsufarsvá þar sem umhverfið er orsakavaldur.
- Tilmæli 1864 um að hvetja til þátttöku barna í ákvörðunum sem þau varða.

Annar fundur Evrópuráðsþingsins, 26.–30. apríl:

- Ályktun 1659 um verndun mannréttinda við neyðarástandi.
- Ályktun 1660 um stöðu baráttufólks fyrir mannréttindum í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- Ályktun 1661 um framfylgni við aðildarskuldbindingar Serbíu.
- Ályktun 1662 um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnum mannréttindabrotum, þ.m.t. ránum á konum og stúlkum.
- Ályktun 1663 um konur í fangelsum.
- Ályktun 1664 um afleiðingar stríðsátakanna milli Georgíu og Rússlands fyrir almenning: eftirfylgni við ályktun 1648 (2009).
- Ályktun 1665 um kosningaferlið við val á framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
- Ályktun 1666 um virkni lýðræðislegra stofnana í Moldavíu.
- Ályktun 1667 um ræktun fóðurs og eldsneytis.

- Tilmæli 1865 um verndun mannréttinda við neyðarástand.
- Tilmæli 1866 um stöðu baráttufólks fyrir mannréttindum í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1867 um framfylgni við aðildarskuldbindingar Serbíu.
- Tilmæli 1868 um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnum mannréttindabrotum þar með talið rán á konum og stúlkum.
- Tilmæli 1869 um afleiðingar stríðsátakanna milli Georgíu og Rússlands fyrir almenning: eftirfylgni við ályktun 1648 (2009).
- Álit 271 um drög að bráðabirgðabókun 14 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Stjórnarnefndarfundur 29. maí:

- Ályktun 1668 um bann við klasasprengjum.
- Ályktun 1669 um réttindi stúlkna dagsins í dag, kvenna morgundagsins.
- Ályktun 1670 um kynbundið ofbeldi gegn konum í vopnuðum átökum.
- Tilmæli 1870 um að vernda fjárhagslega aðstoð frá Evrópuráðinu til fátækra landa gegn svonefndum „hrægammasjóðum“ (e. *Vulture Funds*). Svar frá ráðherranefndinni.
- Tilmæli 1871 um bann við klasasprengjum.
- Tilmæli 1872 um réttindi stúlkna og kvenna til framtíðar.
- Tilmæli 1873 um kynbundið ofbeldi gegn konum í vopnuðum átökum.
- Álit 272 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir fjárhagsárið 2010.
- Álit 273 um útgjöld Evrópuráðsþingsins fyrir fjárhagsárið 2010.

Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins, 22.–26. júní:

- Ályktun 1671 um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
- Ályktun 1672 um starfsemi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 2008: treysta efnahagslegan og lýðræðislegan stöðugleika.
- Ályktun 1673 um áskoranir sem alþjóðlegar efnahagsstofnanir standa frammi fyrir í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar.
- Ályktun 1674 um endurskoðun á kjörbréfi landsdeildar Úkraínu (þingskaparegla 9).
- Ályktun 1675 um stöðu mannréttinda í Evrópu: mikilvægi þess að afnema refsileysi.
- Ályktun 1676 um stöðu mannréttinda í Evrópu og eftirlitskerfis Evrópuráðsþingsins.
- Ályktun 1677 um virkni lýðræðisstofnana í Armeníu.
- Ályktun 1678 um stöðu mála í Íran.
- Ályktun 1679 um kjarnorku og sjálfbæra þróun.
- Ályktun 1680 um stofnun vettvangs um lýðræðislegt samstarf hjá Evrópuráðsþinginu.
- Ályktun 1681 um bráða nauðsyn þess að vinna gegn svonefndum „heiðursglæpum“.
- Tilmæli 1874 um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
- Tilmæli 1875 um endurskoðun á kjörbréfi landsdeildar Úkraínu (þingskaparegla 9).
- Tilmæli 1876 um stöðu mannréttinda í Evrópu: mikilvægi þess að afnema refsileysi.
- Tilmæli 1877 um gleymda fólkið í Evrópu: verndun mannréttinda flóttamanna sem hafa ekki getað snúið aftur til síns heima um lengri tíma.
- Tilmæli 1878 um fjármögnun ríkisfjölmiðla.
- Tilmæli 1879 um kjarnorku og sjálfbæra þróun.
- Tilmæli 1880 um sögukennslu á átakasvæðum og fyrrum átakasvæðum.
- Tilmæli 1881 um bráða nauðsyn þess að vinna gegn svonefndum „heiðursglæpum“.
- Álit 274 um drög að bókun við Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga um rétt til þátttöku í málefnum staðbundinna yfirvalda.

- Álit 275 um drög að bókun nr. 3 við Evrópusáttmálaramma um samvinnu þvert á landamæri milli byggðarlaga eða svæðisbundinna yfirvalda.

Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins, 28. september til 2. október:
- Ályktun 1682 um loftslagsbreytingar og áskoranir af þeirra völdum.
- Ályktun 1683 um stríðið á milli Georgíu og Rússlands að ári liðnu.
- Ályktun 1684 um starfsemi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu 2008–2009.
- Ályktun 1685 um meinta pólitíska misnotkun á dómskerfi í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- Ályktun 1686 um fyrirvara við samþykkt kjörbréfs þingmannasendinefndar Moldóvu.
- Ályktun 1687 um endurskoðun á samþykktu kjörbréfi sendinefndar Rússlands (regla nr. 9 í þingsköpum Evrópuráðsþingsins).
- Ályktun 1688 um umbætur innan Sameinuðu þjóðanna.
- Ályktun 1689 um framtíð Evrópuráðsins í ljósi reynslunnar sl. 60 ár.
- Ályktun 1690 um hvernig Mónakó hefur uppfyllt skuldbindingar sínar sem aðildarríki.
- Ályktun 1691 um nauðganir á konum, þ.m.t. nauðganir innan hjónabanda.
- Ályktun 1692 um virkni lýðræðislegra stofnana í Moldóvu: framfylgni við ályktun 1666 (2009).
- Ályktun 1693 um aðgang að vatni sem sameiginlegt verkefni fyrir ríki í kringum og í Miðjarðarhafi.
- Ályktun 1694 um gerð nýs stjórnunarfyrirkomulags í málefnum hafsins.
- Tilmæli 1882 um miðlun á efni á veraldarvefnum við hæfi einstaklinga undir lögaldri.
- Tilmæli 1883 um loftslagsbreytingar og áskoranir af þeirra völdum.
- Tilmæli 1884 um menningarmiðlun og mikilvægi þess að stuðla að sköpun og þvermenningarlegum skilningi í gegnum menntun.
- Tilmæli 1885 um gerð uppkasts að viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um réttindi fólks á heilnæmu umhverfi.
- Tilmæli 1886 um framtíð Evrópuráðsins í ljósi reynslunnar sl. 60 ár.
- Tilmæli 1887 um nauðganir á konum, þ.m.t. nauðganir í hjónabandi.
- Tilmæli 1888 um gerð nýs stjórnunarfyrirkomulag í málefnum hafsins.

Stjórnarnefndarfundur 11. nóvember:
- Ályktun 1695 um að auka gæði og samkvæmni ákvarðana í málefnum hælisleitenda í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- Ályktun 1696 um að ná til erlendra hópa (e. *diasporas*) í Evrópu: þörf fyrir aðgerðir ríkisstjórna og annarra stofnana ríkisins.
- Ályktun 1697 um farandverkakonur og heimilisofbeldi.
- Ályktun 1698 um breytingar á greinum fundarskapa Evrópuráðsþingsins.
- Ályktun 1699 um þingskapaleg áhrif ályktunar Evrópuráðsþingsins nr. 1600 (2008) á Evrópuráðið og áheyrnarríki þess – núverandi ástand og leiðin fram á við og önnur tengd skjöl þingsins.
- Tilmæli 1889 um að auka gæði og samræma ákvarðanatöku í málefnum hælisleitenda í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1890 um að ná til erlendra hópa (e. *diasporas*) í Evrópu: þörf fyrir aðgerðir ríkisstjórna og annarra stofnana ríkisins.
- Tilmæli 1891 um farandverkakonur og heimilisofbeldi.

- Tilmæli 1892 um framlag Evrópuráðsins til þróunar æðri menntunar í Evrópu.
- Tilmæli 1893 um framtíð miðstöðvar Evrópu um alþjóðleg tengsl og samkennd („norðursuður miðstöðina“).

781. Skýrsla [454. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Það sem setti einna mestan svip á starfsemi ÖSE-þingsins árið 2009 voru umræður um öryggismál og alþjóðlegu fjármálakreppuna. Í fyrsta lagi var mikið rætt um ákvörðun fastaráðs ÖSE (e. *Permanent Council*) um að endurnýja ekki umboð ÖSE til áframhaldandi starfa í Georgíu þrátt fyrir ósk þarlendra stjórnvalda þar um. Rússnesk yfirvöld stóðu í vegi þess en jafnframt var samþykkt að ÖSE hefði sex mánuði til að leggja niður starfsemi sína. Reynt að ná samningum við rússnesk stjórnvöld en allt kom fyrir ekki. Þykir ákvörðun fastaráðsins sýna hvernig samstöðureglan sem ríkir innan ÖSE veitir einstökum ríkjum í raun neitunarvald. Þingmannasendinefnd Georgíu lagði fram yfirlýsingu á ársfundinum þar sem hún lýsti áhyggjum sínum af því að Rússar hefðu rofið samstöðuna innan fastaráðsins um áframhaldandi starfsemi ÖSE í Georgíu. Það að Rússar beittu einnig neitunarvaldi sínu til að koma í veg fyrir veru Sameinuðu þjóðanna í Georgíu væri til þess fallið að auka spennu og draga úr öryggi á svæðinu.

Í öðru lagi var sérstök umræða á vetrarfundi ÖSE-þingsins um tillögu Dmitris A. Medvedevs, forseta Rússlands, frá september 2008 um nýja skipan öryggismála í Evrópu. Frummælendur á fundinum voru Alexander Groushko, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, og Veronique Bujon-Barre frá franskra utanríkisráðuneytinu en Frakkar fór með formennsku í ESB á þessum tíma. Í máli ráðherrans kom fram að átökin í Georgíu hefðu staðfest að fyrirkomulag öryggismála í Evrópu væri í raun og veru „frosið“ í anda kalda stríðsins. Annað dæmi væri fyrirhugað gagneldflaugakerfi sem Bandaríkin vildu koma á fót í Evrópu og valdið hefur ágreiningi. Endurskoðunar væri þörf og betri samvinnu milli ESB, NATO, Bandaríkjanna og Rússlands. Í ljósi þessa hafi Rússlandsforseti lagt til að gerður yrði nýr öryggismálasáttmáli sem hefði að markmiði að laga annmarka á núverandi skipan öryggismála. Fulltrúi franska utanríkisráðuneytisins tók undir það sjónarmið að endurskoðun væri tímabær. Það þýddi þó ekki að öryggi Evrópu ætti ekki að hvíla áfram á þeim stoðum sem fyrir eru, þ.e. ESB, NATO og ÖSE, auk þess sem grundvallaratriði fyrir öryggi í álfunni væri gagnkvæmt traust og virðing fyrir samningum, lýðræði og mannréttindum. Hann sagði að uppsögn rússneskra stjórnvalda á samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu (e. *CFE-Treaty*) 14. júlí 2007 í mótmælaskyni við fyrirhugaða uppsetningu gagneldflaugakerfis í Póllandi og Tékklandi, átökin í Georgíu og viðurkenning Rússa á sjálfstæði aðskilnaðarhéraðanna, og „gasstríðið“ við Úkraínu væri ekki til þess fallið að auka traust á Rússum heldur hefði þvert á móti aukið vanstraust í garð þeirra.

Í þriðja lagi var rætt um áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hættuna á því að hún stuðlaði að almennri þjóðfélagskreppu og jafnvel neyðarástandi í sumum tilvikum. Rætt var um leiðir til að setja fjárstarfsemi auknar skorður með almannahagsmuni að leiðarljósi. Einnig var rætt hvernig fjármálakreppan snerti karlmenn og konur með ólíkum hætti og var þar

einkum vikið að áhrifum aukins atvinnuleysis fyrir vændisstarfsemi, mansal og ofbeldi gegn konum.

Að lokum kynnti Pétur H. Blöndal á ársfundi ÖSE-þingsins skýrslu um störf sín, en hann hefur gengt stöðu sérlegs fulltrúa forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE frá árinu 2006. Róbert Marshall greindi frá niðurstöðu þingkosninga á Íslandi á sérstökum fundi um jafnréttismál og Íslandsdeildin hélt tvíhliða fundi með þingmannasendinefndum Bretlands og Hollands til að ræða stöðu mála með tilliti til skuldbindinga ríkissjóðs vegna innstæðureikninga Landsbankans í löndunum tveimur. Á haustfundi ÖSE-þingsins um orkuöryggi og umhverfismál fjallaði Róbert Marshall um jarðvarma sem ónýtta auðlind víðsvegar í heiminum og reynslu Íslendinga af virkjun jarðvarma.

2. Almennt um ÖSE-þingið.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, eða til ársins 1995), starfar á grundvelli Helsinkisáttmálans (e. *Helsinki Final Act*) frá árinu 1975. Markmið ÖSE er að stuðla að friði, öryggi, lýðræði og samvinnu á starfssvæði sínu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. ÖSE sinnir hlutverki sínu m.a. með baráttu gegn hryðjuverkum, mansali, þjóðernisofstæki, eiturlyfjasmygli og ólöglegri vopnasölu.

Á leiðtogafundi ÖSE vorið 1990 var Parísarsáttmálinn samþykktur (e. *Charter of Paris for a New Europe*). Sáttmálinn kveður m.a. á um stofnun formlegs vettvangs fyrir þingmenn sem komi saman einu sinni á ári. ÖSE-þingið og ÖSE eru þannig greinar af sama meiði en ólíkt öðrum fjölþjóðlegum stofnunum liggur enginn hefðbundinn stofnsáttmáli þeim til grundvallar.

Fyrsti fundur ÖSE-þingsins var haldinn í júlí 1992. Aðild að ÖSE-þinginu eiga 56 þjóðþing í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Þingið er skipað 320 fulltrúum og þar af eru þrír frá Alþingi.

Hlutverk ÖSE-þingsins er að hafa áhrif á stefnumótun og áherslur í starfi ÖSE og að hafa eftirlit með og meta árangurinn af starfi stofnunarinnar. Þessu hlutverki er sinnt með því að ræða og álykta um málefni ÖSE á ársfundum ÖSE-þingsins. Í málefnanefndum þingsins er unnið að undirbúningi ályktana. Þær eru síðan afgreiddar á ársfundi og komið á framfæri við ráðherraráð ÖSE, sem er vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna, og fastaráð ÖSE en þar eiga sæti sendiherrar eða fastafulltrúar aðildarlandanna gagnvart ÖSE. Fastaráðið heldur vikulega fundi í Vín. Í samspili við ÖSE virkar þingið sem hugmyndabanki fyrir áherslur í starfi ÖSE auk þess sem þingið veitir ÖSE bæði stuðning og aðhald með eftirliti sínu og umræðum um starf stofnunarinnar. Hvað viðvíkur formlegum samskiptum ÖSE-þingsins og ÖSE þá ávarpar formaður ráðherranefndar ÖSE (e. *Chairman-in-office*) þingið og gefur skýrslu um verkefni sem unnið er að hjá ÖSE. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans. ÖSE ber þó hvorki skylda til að fylgja eftir ályktunum þingsins né strangt til tekið að svara fyrirspurnum þingmanna. Þá tekur ÖSE-þingið þátt í því að þróa leiðir til að koma í veg fyrir ágreining milli ríkja og stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana á því svæði sem starfsemi ÖSE tekur til. Að lokum hefur kosningaeftirlit verið eitt helsta verkefni þingsins frá upphafi. Sú starfsemi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. ÖSE-þingið á samvinnu við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODHIR) um kosningaeftirlit. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um verkaskiptingu milli stofnananna þrátt fyrir samstarfssamning á milli þeirra frá árinu 1997. Einnig á ÖSE-þingið samvinnu við aðrar fjölþjóðlegar þingmannasamkundur, eins og Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið um kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið kemur saman til ársfundar í allt að fimm daga í júlí. Einstök aðildarríki taka að sér að halda hvern ársfundi. Ársfundurinn afgreiðir mál úr öllum þremur málefnanefndum ÖSE-þingsins með ályktun. Auk þess geta einstakir þingmenn eða landsdeildir lagt fram ályktunartillögur sem verða hluti af ályktun ársfundar að gefnu samþykki í atkvæðagreiðslu.

Málefnanefndirnar eru: nefnd um stjórn- og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni-, og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræðis- og mannréttindamál (3. nefnd). Formaður, varaformaður og skýrsluhöfundur hverrar málefnanefndar eru kjörnir af viðkomandi nefnd í lok hvers ársfundar. Skýrsluhöfundur nefndar velur málefnið sem tekið verður fyrir í nefndinni það árið í samráði við formann og varaformann viðkomandi nefndar. Síðan undirbýr skýrsluhöfundur skýrslu og drög að ályktun sem lögð er fyrir nefndina til umræðu og að lokum til umræðu og afgreiðslu á ársfundi. Málefnanefndir þingsins koma einnig saman á vetrarfundinum sem haldinn er í Vín í febrúar ár hvert. Þar fá þingmenn tækifæri til að eiga fundi með fastafulltrúum og embættismönnum ÖSE. Auk ársfundar og vetrarfundar er haldinn haustfundur þar sem stjórnarnefnd (e. S*tanding Committee*) og framkvæmdastjórn (e. *Bureau*) þingsins kemur saman auk þess sem árleg málefnaráðstefna ÖSE-þingsins fer fram á sama tíma.

Fyrir utan fastanefndir þingsins, stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn getur forseti þingsins skipað tímabundið sérstaka fulltrúa (e. *special representative*) og þingið skipað tímabundið sérnefndir til að skoða aðkallandi mál og vera ráðgefandi um þau. Til dæmis var starfandi sérstakur fulltrúi vegna fangabúða Bandaríkjahers fyrir meinta hryðjuverkamenn í Guantanamo á Kúbu og sérnefnd vegna stjórnmálaástandsins í Hvíta-Rússlandi.

3. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi árs 2009 Einar Már Sigurðarson, formaður, þingflokki Samfylkingar, Pétur H. Blöndal varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks. Eftir kosningar til Alþingis 25. apríl og kosningu Alþingis í nefndir 15. maí eru eftirfarandi aðalmenn: Björn Valur Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingunnar – græns framboðs, Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Róbert Marshall, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn eru Magnús Orri Schram, þingflokki Samfylkingar, Tryggvi Þór Herbertsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þór Saari, þingflokki Hreyfingarinnar. Á fundi Íslandsdeildar 18. maí var Róbert Marshall kosinn formaður og Björn Valur Gíslason varaformaður deildarinnar. Magnea Marinósdóttir er ritari Íslandsdeildar.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2009 var eftirfarandi:

1. Nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal. Eftir kosningar: Róbert Marshall.
2. Nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál:	Valgerður Sverrisdóttir. Eftir kosningar: Pétur H. Blöndal.
3. Nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Einar Már Sigurðarson. Eftir kosningar: Björn Valur Gíslason.

4. Starfsemi Íslandsdeildar 2009.

Íslandsdeildin hélt þrjá fundi á árinu þar sem þátttaka í fundum ÖSE-þingsins var undirbúin. Róbert Marshall greindi frá niðurstöðu þingkosninga á Íslandi á sérstökum fundi um jafnréttismál sem fór fram á ársfundi ÖSE-þingsins en auk þess hélt Íslandsdeildin tvíhliða fundi með þingmannasendinefndum Bretlands og Hollands til að ræða stöðu mála varðandi skuldbindingar ríkissjóðs vegna innstæðureikninga Landsbankans í löndunum tveimur. Einnig fjallaði Róbert Marshall um jarðvarma sem ónýtta auðlind víðsvegar í heiminum og reynslu Íslendinga í virkjun jarðvarma á haustfundi ÖSE-þingsins um orkuöryggi og umhverfismál.

Hvað viðvíkur trúnaðarstörfum fyrir ÖSE-þingið þá hefur Pétur H. Blöndal verið sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE síðan haustið 2006. Hann lagði fram skýrslu á haustfundinum í Vín þar sem gerð var grein fyrir heimsóknum hans til skrifstofu lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE í Varsjá, sem sér m.a. um kosningaeftirlit, og ríkisendurskoðunar Noregs í Osló, sem sá um endurskoðun ársreikninga ÖSE þangað til í apríl 2009. Áður en Pétur fylgdi skýrslunni úr hlaði gerði Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE, grein fyrir fjármálum ÖSE og fjárlagatillögu ÖSE fyrir árið 2010. Framkvæmdastjórinn gerði seinkun á afgreiðslu fjárlaga fyrir ÖSE að sérstöku umtalsefni og varaði við því að tafir á afgreiðslu yrðu að reglu frekar en undantekningu en þetta væri í fimmta sinn í röð sem ekki væri búið að afgreiða fjárlög fyrir tilskilinn tíma. Seinkun gæti haft slæm áhrif á starfsemi stofnunarinnar og orðið ÖSE dýrkeypt. Hann vék jafnframt að nauðsyn þess að skoða breytingar á lagalegri stöðu ÖSE með gerð stofnsáttmála sem væri forsenda þess að hægt yrði að afnema samstöðuregluna og koma á einföldum eða vegnum meirihlutakosningum við afgreiðslu mála, þar með talið fjárlaga. Samstöðureglan, sem kveður á um einróma samþykki allra þeirra 56 ríkja sem eiga sæti í fastaráði ÖSE við afgreiðslu fjárlaga og annarra mála, veitir einstökum ríkjum í raun neitunarvald. Það getur tafið fyrir afgreiðslu mála eins og fjárlögin eru dæmi um.

Pétur hóf mál sitt á að taka undir varnaðarorð framkvæmdatjóra ÖSE varðandi tafir á afgreiðslu fjárlaga. Hann gagnrýndi jafnframt að föst upphæð fjárframlaga til ÖSE væri ekki verðtryggð þar sem það jafngilti niðurskurði. Ef niðurskurður væri stefna ÖSE væri það hyggilegra að mati Péturs að sú stefna væri opinber frekar en að niðurskurður færi fram með þeim hætti sem nú væri. Því næst vék hann að niðurstöðu heimsókna sinna. Hann hrósaði vinnubrögðum norsku endurskoðunarinnar en gagnrýndi að ÖSE-þingið hefði ekki aðgang að öllum skýrslum sem snertu ÖSE þar sem slíkt fæli í sér takmarkanir á lýðræðislegu aðhaldi og eftirliti. Hann sagði að sitt mat væri að í lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) væri unnið mikilvægt og gott starf. Það sem hann gagnrýndi helst í rekstri ODIHR var að eingöngu laun fastra starfsmanna ODIHR væru innan fjárlagaramma ÖSE en ekki meiri hluti verkefna ODIHR. Þvert á móti væru verkefnin að mestu fjármögnuð með frjálsum framlögum. Frjálsu framlögin væru þó ekki beinlínis vandamál í sjálfu sér heldur það að engar skýrar reglur giltu um slík framlög. Það gerði að verkum að ríki sem útdeila fjármagni og einstakir yfirmenn stofnana ÖSE hafa mikið svigrúm til að eyrnamerkja fé tilteknum löndum og/eða verkefnum sem væri ekki endilega í samræmi við stefnumótun ÖSE eða þá almennu reglu að nýta fjármuni með sem skynsamlegustum hætti. Pétur tilkynnti í framhaldinu að hann ætlaði að leggja fram tillögu að reglum um frjáls framlög á ársfundi ÖSE-þingsins, en hann var haldinn 29. júní til 3. júlí í Litháen. Það varð hins vegar úr að í stað eigin tillögu lagði Pétur fram fimm breytingartillögur við ályktunartillögu João Soares, forseta þingsins, um leiðir til að styrkja ÖSE. Breytingartillögur Péturs, sem allar voru byggðar á tilmælum

sem höfðu verið settar fram í skýrslum hans frá árunum 2007–2009, voru samþykktar af forsetanum og síðan samþykktar einróma á ársfundinum.

5. Fundir ÖSE-þingsins.

ÖSE-þingið kemur saman til reglulegra fundahalda þrisvar sinnum á ári, þ.e. til ársfundar að sumri, haustfundar og vetrarfundar.

Vetrarfundur stjórnarnefndar og málefnanefnda 19.–20. febrúar í Vínarborg.

Vetrarfundur ÖSE-þingsins var haldinn í áttunda sinn eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Einar Már Sigurðarson formaður og Pétur H. Blöndal varaformaður, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara, sóttu fundinn af hálfu Íslandsdeildar. Stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins komu saman og fundir voru haldnir með utanríkisráðherra formennskuríkis ÖSE og embættismönnum. Auk þess var sérstök umræða um tillögu Rússa um nýja skipan öryggismála í Evrópu.

Stjórnarnefndarfundur var settur af João Soares, forseta þingsins, sem jafnframt gerði grein fyrir störfum sínum síðan hann tók við forsetaembætti á ársfundinum 2008. Það sem setti mestan svip á fyrsta starfsárið hans voru átökin í Georgíu, alþjóðlega fjármálakreppan, samstarf við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE, viðræður við rússnesku þingsmannasendinefndina um kosningaeftirlit og tillögur Rússa um nýja skipan öryggismála í Evrópu.

Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE, var næstur á mælendaskrá. Eins og kemur fram í kaflanum um verkefni Péturs H. Blöndals í embætti sérlegs fulltrúa í fjárreiðum ÖSE, gerði framkvæmdastjórinn seinkun á afgreiðslu fjárlaga fyrir stofnunina að sérstöku umfjöllunarefni, afleiðingar þess fyrir starfsemi ÖSE og hvað hann teldi nauðsynlegt að gera til að koma í veg fyrir að slíka seinkun í framtíðinni, þ.e. gerð stofnsáttmála sem yrði forsenda þess að afnema samstöðuregluna og koma á einföldum eða vegnum meirihlutakosningum við afgreiðslu mála.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri ÖSE-þingsins tóku til máls eftir að framkvæmdastjóri ÖSE hafði lokið máli sínu og gerðu grein fyrir fjárhag og starfsemi þingsins. Því næst voru skýrslur sérnefnda og sérlegra fulltrúa forsetans teknar til umræðu. Pétur H. Blöndal gerði m.a. grein fyrir starfi sínu undanfarið ár (sjá 4. kafla). Að síðustu fagnaði fundurinn ákvörðun nýs forseta Bandaríkjanna, Baracks Obama, um lokun Guantanamo-fangabúðanna á Kúbu og leynifangelsa bandarísku leyniþjónustunnar, sem og yfirlýsingu forsetans um að ákveðnar yfirheyrsluaðferðir, sem beitt hefur verið af bandarísku leyniþjónustunni, verði bannaðar á grundvelli þess að um pyntingar sé að ræða.

Sérstök umræða var á fundinum um tillögu Dimitris A. Medvedevs Rússlandsforseta að nýrri skipan öryggismála í Evrópu, sem hann kynnti fyrst í september 2008. Frummælendur á fundinum voru Alexander Groushko, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, og Veronique Bujon-Barre frá franskra utanríkisráðuneytinu en Frakkar, sem fóru með formennsku í ESB, höfðu fyrir hönd ESB tekið undir mikilvægi þess að ræða endurskoðun öryggismála. Í máli rússneska ráðherrans kom fram að átökin í Georgíu hefðu staðfest að þörf væri á endurskoðun á núverandi skipan öryggismála og vísaði í máli sínu til ESB, NATO og Öryggisbandalags Samveldis sjálfstæðra ríkja. Að hans mati yrðu Bandaríkin, ESB, NATO og Rússland að vinna betur saman, sbr. tillögur Rússa sem hafa hins vegar ekki fengið hljómgrunn af hugmyndafræðilegum ástæðum að mati rússneskra ráðamanna, auk þess sem tillögur ÖSE um samvinnu milli stofnanna sem sinna „mjúkum“ og „hörðum“ öryggismálum hafi ekki gengið eftir. Það þýddi að fyrirkomulag öryggismála væri í raun og veru „frosið“ í anda kalda stríðs-

ins. Ráðherrann tók sem dæmi ákvarðanir um uppsetningu gagneldflaugakerfis í Evrópu sem varðar öryggishagsmuni allra í álfunni. Þær ákvarðanir væru teknar einhliða og tvíhliða í stað sameiginlega af þeim sem hagsmuna eiga að gæta sem ýtti undir spennu eins og reyndin væri. Í ljósi þessa ástands hafi Rússlandsforseti lagt til að gerður yrði nýr öryggismálasáttmáli til að laga annmarka á núverandi skipan öryggismála. Hann sagði að tillaga forsetans miðaði að því að draga úr spennu og vígbúnaðarkapphlaupi og auka traust og jafnræði milli þjóða. Fulltrúi franskra utanríkisráðuneytisins tók undir það sjónarmið að endurskoðunar væri þörf. Það þýddi hins vegar ekki að öryggi Evrópu ætti ekki að hvíla áfram á þeim stoðum sem fyrir eru, þ.e. stofnunum eins og ESB, NATO og ÖSE. Það sama gilti um samninga sem falla þar undir. Tekið var dæmi um samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu (e. *CFE-Treaty*) sem rússnesk stjórnvöld sögðu upp að hluta 14. júlí árið 2007 í mótmælaskyni við fyrirhugaða uppsetningu gagneldflaugakerfis í Póllandi og Tékklandi. Jafnframt var bent á að traust og samvinna væri lykillinn að öryggi Evrópu. Átökin í Georgíu og viðurkenning Rússa á sjálfstæði aðskilnaðarhéraðanna þar og „gasstríðið“ við Úkraínu hefðu valdið vantrausti í garð Rússa, frekar en hitt, og stigmagnað spennu í Evrópu. Franski fulltrúinn lauk máli sínu á að segja að framtíðarhorfur í öryggismálum væru háðar samvinnu ríkja gegn ógnunum sem stöfuðu af hryðjuverkum, loftslagsbreytingum og fleiri þáttum. Endurskoðun á núverandi skipan öryggismála væri tímabær en grundvallaratriði fyrir öryggi í álfunni væri gagnkvæmt traust og virðing fyrir samningum, lýðræði og mannréttindum.

Í umræðum meðal þingmanna eftir að erindunum lauk kom fram að margt í tillögum Rússlandsforseta væri þegar að finna í alþjóðalögum og sáttmálum. Spurningin væri að hversu miklu leyti ríki virtu alþjóðalög og samninga. Betri eftirfylgni við núverandi samninga væri forsenda þess að byggja upp traust og draga úr spennu frekar en nýir sáttmálar. Hins vegar væri þörf á víðtækri umræðu um öryggis- og varnarmál til að koma á framfæri hugmyndum sem gætu verið til þess fallnar að laga núverandi kerfi betur að breyttum veruleika og sameiginlegum öryggisþörfum Evrópu og byggja upp traust án þess þó að kollvarpa núverandi kerfi. ÖSE væri kjörinn vettvangur til slíks.

Eftir að umræðunum lauk kynntu formenn málefnanefnda ÖSE-þingsins skýrslur um eftirfylgni við ályktun ÖSE-þingsins frá því á síðasta ársfundi og viðfangsefni nefndanna fyrir næsta ársfund. Stjórnmálanefnd hafði á stefnuskránni að skrifa skýrslu um órjúfanlegt samband öryggis og fæðuöryggis, efnahagsnefndin að skrifa skýrslu um alþjóðlegu fjármálakreppuna, og mannréttindanefndin að skrifa skýrslu um félagslegar afleiðingar fjármálakreppunnar, einkum fyrir hópa sem standa höllum fæti.

Ársfundur ÖSE-þingsins 29. júní til 3. júlí í Vilnius, Litháen.

Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Róbert Marshall formaður og Pétur H. Blöndal, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Til hliðar við dagskrá ársfundar var fundur um jafnréttismál þar sem Róbert tók til máls auk þess sem Íslandsdeildin hélt fund með þingmönnum frá Bretlandi og Hollandi um skuldbindingar íslenska ríkisins vegna innstæðureikninga Landsbankans í löndunum tveimur.

Ársfundurinn hófst á fundi stjórnarnefndar. João Soares, forseti þingsins, Hans Raidel gjaldkeri, og Spencer Oliver framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir starfsemi og fjármálum þingsins. Gjaldkerinn upplýsti að vegna alþjóðafjármálakreppunnar kæmi ekki til neinnar hækkunar árgjalds fyrir starfsárið 2009–2010 en vanalega hefur verið 2–3% hækkun milli ára.

Alls var 24 ályktunartillögum, sem einstakir þingmenn eða þingmannasendinefndir höfðu lagt fyrir ársfundinn, vísað til umræðu og afgreiðslu í nefndum þingsins samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar. Tillögur stjórnar voru samþykktar einróma, með einni undantekningu en formaður rússnesku sendinefndarinnar óskaði eftir því að einni þeirra yrði vísað frá. Tillagan var lögð fram í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá falli Berlínarmúrsins og benti formaður rússnesku sendinefndarinnar á að talað væri um stalínisma og nasisma í sömu andrá, sem fæli í sér óvirðingu við Rússa. Skýrsluhöfundur og forseti þingsins tóku ekki undir sjónarmið rússneska formannsins og svo fór að ályktuninni var vísað til nánari umfjöllunar og afgreiðslu í nefnd.

Næst á dagskrá var atkvæðagreiðsla um breytingartillögur á fundarsköpum þingsins sem sérstök nefnd hafði unnið undir formennsku dönsku þingkonunnar og varaforseta ÖSE-þingsins, Piu Christmas-Møller. Alls níu breytingartillögur, sem nefndin hafði samþykkt einróma, voru lagðar fram á stjórnarnefndarfundinum og samþykktar. Ein þeirra felur í sér tilmæli til landsdeilda um að hafa þingmenn af báðum kynjum innan sinna raða en alls voru 16 af 56 landsdeildum ÖSE-þingsins eingöngu skipaðar karlmönnum, þar á meðal núverandi Íslandsdeild. Róbert Marshall sagði á sérstökum fundi um jafnréttismál að kynjasamsetning Íslandsdeildar yrði endurskoðuð með það í huga að breyta henni til samræmis við viðkomandi þingskapareglu. Á fundinum gerði hann jafnframt grein fyrir niðurstöðu þingkosninganna hér og vék m.a. að því að 43% þingmanna væru konur og hvernig það hlutfall héldist í hendur við aðgerðir stjórnarflokkanna um að hafa jafnmarga karla og konur á framboðslistum sínum, auk fléttulista til að tryggja að hlutur kvenna og karla væri sem jafnastur þegar inn á þing kæmi.

Framkvæmdastjóri ÖSE, Marc Perrin de Brichambaut, tók næstur til máls. Hann lýsti vonbrigðum sínum með að ekki hefði tekist að ná sátt innan fastaráðs ÖSE um endurnýjað umboð ÖSE til að halda áfram starfsemi í Georgíu þrátt fyrir ósk þarlendra stjórnvalda. Umboð ÖSE rann út 31. desember 2008 en sátt varð um að ÖSE hefði sex mánuði til að leggja niður starfsemina. Reynt var að ná samningum við Rússa, sem stóðu í vegi þess að ÖSE gæti haldið áfram starfsemi sinni í Georgíu, en allt kom fyrir ekki. Þykir ákvörðun fastaráðsins endurspegla hvernig samstöðureglan veitir einstökum ríkjum í raun neitunarvald. Þingmannasendinefnd Georgíu lagði fram yfirlýsingu á ársfundinum þar sem hún lýsti áhyggjum sínum af því að Rússar hefðu rofið samstöðuna innan fastaráðsins um áframhaldandi viðveru ÖSE í Georgíu. Þar með væri öllum verkefnum á vegum ÖSE hætt, sama hvers eðlis sem þau væru. Í ljósi þess að Rússar beittu einnig neitunarvaldi sínu til að koma í veg fyrir veru Sameinuðu þjóðanna í Georgíu, hervæðingar sem hefur átt sér stað í héruðunum Suður-Ossetíu og Abkasíu og heræfinga á vegum Rússa undir heitinu „Kákasus 2009“, sem m.a. fela í sér hugsanleg hernaðarátök á landsvæði Georgíu, væri aukin spenna og óöryggi á svæðinu. Að lokum kallar yfirlýsingin eftir því að sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins í málefnum Georgíu og fyrrv. forseti þess, Gøran Lenmarker, hljóti aukið umboð til að kanna framfylgd vopnahléssamningsins sem gerður var með stuðningi Evrópusambandsins en ESB mun hafa áfram viðveru í landinu og hugsanlega auka hana í kjölfar brotthvarfs ÖSE og SÞ.

Framkvæmdartjóri ÖSE greindi næst frá því að allt að 25 manna sendinefnd á vegum ÖSE hefði farið til Afganistan til að veita aðstoð við forseta- og héraðskosningarnar sem þar fóru fram 19. ágúst. Kosningaeftirlit er þó ekki verkefni ÖSE í Afganistan alla jafna heldur aðstoð við að efla landamæraeftirlit í samvinnu við ríki Mið-Asíu. Í umræðum kom fram sú hugmynd að ÖSE veitti í framtíðinni afganska þinginu aðstoð enda væri ekkert ríki með góða ríkisstjórn ef ekki væri löggjafarþing sem hefði burði til að veita framkvæmdarvaldinu raun-

verulegt aðhald og eftirlit. Framkvæmdastjórinn greindi síðan frá verkefni á vegum ÖSE, sem lýtur að samþættingu öryggis- og kynjamála, og vakti í því sambandi athygli á útgáfu rits sem ber nafnið „Öryggið heim“ (e. *Bringing Security Home*). Að lokum vék framkvæmdastjórinn að því að ÖSE væri viðkvæm stofnun vegna þrýstings sem hún verður fyrir bæði að innan og utan, eins og starfsemi ÖSE í Georgíu væri til vitnis um. Spennan og togstreitan kæmi m.a. fram í seinkun á samþykki fjárlaga stofnunarinnar ár eftir ár en fjárlög ársins 2009 voru fyrst samþykkt 2. apríl 2009. Það veikti starfshæfni og trúverðugleika stofnunarinnar. Eftir að framkvæmdastjóri ÖSE hafði lokið máli sínu voru lagðar fram á stjórnarnefndarfundinum skýrslur um kosningaeftirlit og um starf sérnefnda og sérlegra fulltrúa forsetans í einstökum málaflokkum.

Ársfundurinn var formlega settur með ávarpi João Soares, forseta ÖSE-þingsins, og helstu ráðamanna í Litháen, þ.e. Valdas Adamkus, forseta landsins, Arunas Valinskas, forseta þingsins, Andrius Kubilius, forsætisráðherra, og Vytautas Landsbergis, fyrrv. forseta þingsins sem leiddi sjálfstæðisbaráttu Litháa eftir fall Berlínarmúrsins. Í ræðum sínum var þeim tíðrætt um sigur pólitískrar hugsjónar byggðrar á sameiginlegum gildum, mikilvægi ÖSE fyrir baráttu Litháa við að endurheimta frelsi sitt og sjálfstæði, og mikilvægi þess að aðstoða þá sem væru í sömu sporum og Litháar hefðu verið.

Að loknum opnunarávörpunum hófu málefnanefndir þingsins störf og eftir afgreiðslu ályktana í nefndunum voru þær teknar til endanlegrar afgreiðslu á allsherjarfundi þingsins. Í fjarveru Péturs H. Blöndal mælti Róbert Marshall fyrir fimm breytingartillögum sem Pétur hafði lagt fram við ályktun forseta þingsins um leiðir til að styrkja ÖSE. Breytingartillögurnar byggðust á tilmælum sem höfðu verið settar fram í skýrslum Péturs sem sérlegs fulltrúa forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE á árunum 2007–2009. Forsetinn lýsti því yfir að hann styddi allar breytingartillögurnar sem voru í kjölfarið samþykktar einróma á fundinum. Í lokaályktun þingsins var sér í lagi vikið að því hvernig alþjóðafjármálakreppan hefði þróast yfir í efnahagskreppu og hættu á þjóðfélagslegri kreppu og jafnvel neyðarástandi í sumum tilvikum. Rætt var um leiðir til endurbóta á fjármálastarfsemi, eins og að koma í veg fyrir starfsemi skattaskjóla, að styrkja lög og reglur sem lúta að auknu gagnsæi og eftirliti með fjármálastarfsemi, og leiðir til að setja fjárstarfsemi auknar skorður með almannahagsmuni að leiðarljósi. Í skýrslu sérlegs fulltrúa forseta ÖSE-þingsins um málefni kynjanna, Tone Tingsgaard, kom fram hvernig fjármálakreppan snerti karlmenn og konur á mismunandi hátt og fjallað var um áhrif aukins atvinnuleysis fyrir vændisstarfsemi, mansal og ofbeldi gegn konum.

Breska landsdeildin lagði fram ályktun sem var samþykkt einróma á þinginu þar sem stjórnvöld í Íran eru gagnrýnd fyrir handtöku á starfsmönnum breska sendiráðsins þar í landi á grundvelli ákæra á hendur þeim um landráð.

Að lokum hélt Íslandsdeildin að frumkvæði Péturs H. Blöndal upplýsingafundi með landsdeildum Bretlands og Hollands þar sem atriði sem lúta að meintri ábyrgð íslenska ríkisins á innstæðureikningum Landsbankans í löndunum tveimur voru kynntar og ræddar.

Haustfundur ÖSE-þingsins 8.–12. október í Aþenu, Grikklandi.

Róbert Marshall, formaður Íslandsdeildar, auk Magneu Marinósdóttur, alþjóðaritara, sóttu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildar. Þema haustfundar voru orkumál, loftslagsmál og umhverfismál. Auk þess var haldinn stjórnarnefndarfundur og sérstakur fundur um málefni landa við Miðjarðarhaf.

Haustfundurinn var settur af João Soares, forseta ÖSE-þingsins, og Kimitrios Sioufas, forseta gríska löggjafarþingsins en Grikkland fór með formennsku í ÖSE árið 2009. Einnig ávörpuðu fundinn Mara Marinaki, sendiherra og fastafulltrúi Grikklands hjá ÖSE, Panayotis Skandalakis, formaður landsdeildar Grikklands á ÖSE-þinginu, og Petros Efthymiou, varaforseti ÖSE-þingsins, frá Grikklandi. Greint var frá þátttöku Grikklands í orkumálasambandi Suðaustur-Evrópu (e. *Energy Community South East Europe Treaty*) en samningur um orkumálasambandið var undirritaður 25. október 2005 í Aþenu. Markmið samningsins er að samræma reglugerðir Suðaustur-Evrópu og Evrópusambandsins um kaup á rafmagni, náttúrulegu gasi og annars jarðefnaeldsneytis en samningurinn var upprunalega hluti af stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu (e. *Stability Pact for South Eastern Europe*).

Greint var frá nágrannastefnu ESB gagnvart löndum við Miðjarðarhafið, sem hefur gildistíma 2008–2013. Hún lýtur m.a. að orkumálum, ekki síst sjálfbærum orkugjöfum eins og sólarorku, og felur í sér hugmyndir um samræmingu reglugerða svipað og í tilviki Suðaustur-Evrópu. Sagt var frá samkomulagi Bandaríkjanna, Bretlands, Noregs og Kanda um stofnun sem sérhæfir sig í tækni til vörslu koltvísýrings í stað þess að hleypa honum út í andrúmsloftið (e. *carbon capture and storage*). Því næst var rætt um svæðisbundna samvinnu á sviði orkuöryggismála og um loftslags- og umhverfissmál í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn sem haldin var í desember. Í því sambandi var bent á tengslin á milli loftslagsbreytinga, fólksflutninga og fæðuöryggis, og milli hagvaxtar og orkunotkunar annars vegar og loftslagsbreytinga og neyslumunsturs hins vegar. Einnig var rætt um orkuframleiðslu og dreifingu og orkuöryggi út frá aðgangi að orku og gæðum orkuvinnslu og orkuflutninga. Rætt var um mikilvægi þess að koma á heildstæðu flutningakerfi með leiðslum bæði á sjó og landi til að flytja olíu og gas. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að hafa ekki öll eggin í sömu körfu en Evrópusambandsríkin og önnur ríki Evrópu eru verulega háð Rússlandi um orku. Yfirmaður Gazprom, rússneska olíufyrirtækisins, ræddi um gildi þess að nota náttúrulegt gas í stað kola svo hægt yrði að ná markmiðum um minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda innan settra tímamarka. Náttúrulegt gas væri hreinasta jarðefnaeldsneytið sem til væri og hagkvæmasti kosturinn í samanburði við aðra, eins og kjarnorku og sólar- og vindorku. Hann hrakti síðan lið fyrir lið ýmsar fullyrðingar um fyrirtækið, eins og að það gangi pólitískra hagsmuna rússneskra ríkisins, sé ógn við orkuöryggi og samkeppni á gasmarkaði Evrópu, og óáreiðanlegt í samstarfi. Í þessu samhengi stakk þingmaður frá Úkraínu upp á stofnun orkuráðs þar sem ríki mundu skuldbinda sig að þjóðarétti á sviði orkuöryggismála með sambærilegum hætti og á við um öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Róbert Marshall, formaður Íslandsdeildar, tók til máls í umræðunni og benti m.a. á hvernig Ísland hefði horfið frá því að nota jarðefnaeldsneyti yfir í að nýta fallvötn og jarðvarma til framleiðslu raforku og til húshitunar. Hann benti sérstaklega á þann vannýttan möguleika sem væri falinn í jarðvarma í mörgum ríkjum Afríku, Suðaustur-Asíu og Mið- og Suður-Ameríku, m.a. vegna þess að tæknin sem þyrfti til virkjunar jarðvarma væri ekki fyrir hendi. Hann mælti síðan fyrir þeirri hugmynd að setja á stofn sérstakan alþjóðlegan loftslagssjóð sem hefði það hlutverk að miðla tækni til þróunarlanda í því skyni að hagvöxtur þar fari saman með notkun umhverfisvænna og endurnýtanlegra orkugjafa. Í þessu sambandi benti hann einnig á hlutverk Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Hann vék því næst að áhrifum hlýnunar jarðar á norðurskautinu þar sem Íslendingar auk annarra þjóða eiga ríkra hagsmuna að gæta. Hann lagði áherslu á hlutverk Norðurskautsráðsins í því að móta stefnu í málefnum norðurslóða og hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna þegar kæmi að því að skera úr um ágreining á sviði landgrunnsmála. Að lokum benti hann á að 95% íbúa þróunar-

landanna reiði sig á sjávarafurðir til að mæta próteinþörf sinni og að Ísland hefði þekkingu að miðla í sjávarútvegsmálum eins og jarðhitamálum. Eftir að Róbert hafði lokið máli sínu benti sænski þingmaðurinn og fyrrv. forseti ÖSE-þingsins, Göran Lindblad, á að Ísland væri dæmi um hvað væri hægt að gera nú þegar til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Spurningin snerist ekki um hvað hægt væri að gera heldur um að miðla og hagnýta þekkingu og tækni sem þegar væri til staðar.

Stjórnarnefndarfundur ÖSE-þingsins var settur af João Soares, forseta þingsins, en auk hans gerðu Robert Bateelli gjaldkeri og Spencer Oliver framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu fjármála og starfsemi þingsins. Skýrslur um eftirlit með forsetakosningum í Kirgistan og þingkosningum í Moldavíu voru kynntar. Skýrslu ESB um átökin í Georgíu var fagnað og lögð áhersla á rétt flóttamanna til þess að snúa aftur til síns heima. Því næst greindu sérlegir fulltrúir forseta ÖSE-þingsins frá störfum sínum. Sérlegur fulltrúi varðandi málefni Mið-Asíu greindi frá því að þátttaka frá Kasakstan og Kirgistan á fundum ÖSE-þingsins væri góð en sömu sögu væri ekki að segja um Úsbekistan og Tadsjikistan. Því stæði til að heimsækja síðarnefndu ríkin og hvetja þingmenn þeirra til þátttöku. Hvað aukna svæðisbundna samvinnu áhrærði þá væri búið að halda svæðisbundna fundi, m.a. með þátttöku Norðurlandaþjóðanna, og til stæði að halda aðra þingmannaráðstefnu Mið-Asíu í maí 2010 í Almaty, fyrrverandi höfuðborg Kasakstan.

Í máli sérlegs fulltrúa ÖSE-þingsins um kynjajafnrétti innan ÖSE kom fram að konur skipuðu 20% stöðugilda innan ÖSE og af landsdeildum ÖSE-þingsins væri 21 eingöngu skipuð karlmönnum. Í erindi Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóra ÖSE, hvatti hann aðildarríkin til að útnefna fleiri konur í embætti innan ÖSE en að öðru leyti ræddi hann um fjárlög ÖSE fyrir árið 2010. Í máli hans kom m.a. fram að fjármálakreppan hefði áhrif á ÖSE eins og annars staðar. Samdrátturinn kæmi ekki síst fram í frjálsum framlögum til stofnunarinnar. Mörg verkefni ÖSE eru fjármögnuð með frjálsum framlögum en þau framlög hafi lækkað úr 29 milljónum evra árið 2008 í 12 milljónir evra árið 2009. Jafnframt hafi fækkað stöðugildum sem eru fjármögnuð af einstökum aðildarríkjum (e. *seconded positions*). Framkvæmdastjórinn gerði síðan nánari grein fyrir því til hvaða verkefna frjálsu framlögin hefðu farið. Þetta var í fyrsta sinn sem framkvæmdastjórinn hefur greint nánar frá frjálsu framlögunum á fundi ÖSE-þingsis en í embætti sínu sem sérlegur fulltrúi í fjárreiðum ÖSE hefur Pétur H. Blöndal lagt mikla áherslu á aukið gagnsæi í fjármálum ÖSE. Að lokum benti framkvæmdastjórinn á að föst fjárlög ÖSE hefðu dregist saman um 5% milli ára. Meginskýring þessa mikla samdráttar væri að ÖSE hefði lagt niður starfsemina í Georgíu í lok árs 2008. Að þeim niðurskurði undanskildum hafi niðurskurður í föstum fjárlögum stofnunarinnar milli ára verið um 1%.

Að lokum fór fram umræða um málefni landa við Miðjarðarhaf. Umræða fór fram um hlutverk ÖSE á svæðinu, sér í lagi í sambandi við friðarviðræður fyrir botni Miðjarðarhafs þar sem þyrfti að ná til allra hlutaðeigandi aðila, þar með talið Sýrlands og Frelsissamtaka Palestínu (PLO). ÖSE-þingið væri góður vettvangur til að leiða aðila saman til umræðu um öryggismál út frá öllum öryggisvíddum ÖSE og koma fram með tillögur að aðgerðum sem gætu dregið úr spennu og stuðlað að lausn. Í máli fulltrúa frá löndum við Miðjarðarhaf var einnig lögð mikil áhersla á efnahagslegt samstarf og beinar innlendar og erlendar fjárfesting-

ar sem gætu dregið úr atvinnuleysi og þar með fólksflutningum en hvort tveggja er verulegt vandamál í löndum fyrir botni Miðjarðarhafs.

Alþingi, 9. mars 2010.

Róbert Marshall, form.	Björn Valur Gíslason, varaform.	Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal.

Ályktanir og skýrslur ÖSE-þingsins árið 2009.

Eftirfarandi ályktanir og skýrslur voru samþykktar á ársfundi ÖSE-þingsins árið 2009:

- Ályktun um leiðir til að styrkja ÖSE.
- Ályktun um kosningaeftirlit.
- Ályktun um Afganistan.
- Ályktun um framfylgd við bannlista Sameinuðu þjóðanna.
- Ályktun um smá- og léttvopn.
- Ályktun um vopnaeftirlit og afvopnun í Evrópu.
- Ályktun um hlutverk ÖSE við að tryggja svæðisbundið öryggi.
- Ályktun um fólksflutninga í Mið-Asíu.
- Ályktun um orkuöryggi.
- Ályktun um samvinnu um orkumál.
- Ályktun um loftslagsbreytingar.
- Ályktun um skattaskjól.
- Ályktun um fríverslun á Miðjarðarhafssvæðinu.
- Ályktun um málfrelsi á netinu.
- Ályktun um stjórnsýslu vatnsmála á ÖSE-svæðinu.
- Ályktun um bann Evrópusambandsins á sölu selafurða.
- Ályktun um vernd umsjónarlausra barna og ungmenna og baráttuna gegn betli barna.
- Ályktun um endursameiningu Evrópu: Þróun á sviði mannréttinda og borgaralegra réttinda á ÖSE-svæðinu á 21. öldinni.
- Ályktun um afnám dauðarefsinga.
- Ályktun um mæðradauða.
- Ályktun um reglur um aðstoð við flóttamenn.
- Ályktun um samvinnu við framfylgd refsidóma.
- Ályktun um Gyðingahatur.
- Ályktun um styrkja verkefni ÖSE um verndun skoðana- og málfrelsis.
- Ályktun um handtökur í Íran.
- Skýrsla stjórn- og öryggismálanefndar um samband öryggis og fæðuöryggis.
- Skýrsla nefndar um efnahagsmál, tækni, vísindi og umhverfismál um alþjóðlegu fjármálakreppuna.
- Skýrsla nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál um félagslegar afleiðingar fjármálakreppunnar, einkum gagnvart þjóðfélagshópum sem standa höllum fæti.

782. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Snorra Olsen frá tollstjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna tilgreindra uppgjörstímabila á árinu 2010 verði dreift á tvo gjalddaga. Lagt er til að þetta fyrirkomulag skerði ekki heimild til að færa til innskatts allan virðisaukaskatt viðkomandi tímabils þótt einungis hluti hans hafi verið greiddur.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af lögum nr. 17/2009, sem unnin voru í samræmi við tillögur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins, en þar voru gjalddagar aðflutningsgjalda ákveðnir þrír en ekki tveir eins og hér er gert.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Magnús Orri Schram skrifar undir álitið með fyrirvara.

Tryggvi Þór Herbertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram, með fyrirvara.
Ögmundur Jónasson.	Pétur H. Blöndal.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Þór Saari.		Eygló Harðardóttir.

783. Lög [450. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 776.

784. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, og Kristbjörgu Stephensen borgarlögmann.

Umsagnir bárust frá Kvenréttindafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna og Lýðheilsustöð.

Með frumvarpinu er lagt til að undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum falli brott. Málið er endurflutt og við afgreiðslu málsins á 136. löggjafarþingi var allsherjarnefnd sammála um að leggja til að málið yrði afgreitt og vísar nefndin til þeirrar umfjöllunar (þskj. 839, 157. mál). Þar kemur fram að rekstraraðilum megi vera það ljóst að þessi hluti rekstrarins byggist á undanþágu frá meginreglu laganna um að veitingastöðum sé hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem eru á staðnum og að undanþáguheimildina beri að skýra þröngt. Undanþáguheimildin er háð því að umsagnaraðilar um rekstrarleyfi veiti jákvæðar umsagnir. Geti rekstraraðilarnir því ekki byggt lögmætar væntingar til annars en að þessi tiltekna starfsemi sé háð breytingum á löggjöf.

Fyrir nefndinni kom fram að starfsemi sem býður upp á nektardans byggist nær eingöngu á ungum erlendum stúlkum sem hingað koma og að þær eru nokkur hundruð á ári. Hefur lögregluyfirvöldum verið mikið í mun að tryggja öryggi þeirra en þar sem þær stoppa mjög stutt á landinu hefur reynst erfitt að kanna stöðu þeirra, aðstæður og ástæður fyrir því að þær stunda þessa iðju eða hvort þær eru þvingaðar til þess með einum eða öðrum hætti. Þá hefur einnig reynst erfitt að sinna eftirliti með stöðunum hérlendis.

Í umsögnum sem bárust á 136. löggjafarþingi kom fram að rannsóknir yfirvalda víða í Evrópu hafa sýnt fram á að stúlkurnar eru almennt mjög ungar, en þó yfir lögaldri, og þolendur misneytingar af ýmsu tagi, svo sem vegna fátæktar og áfengis- og eða eiturlyfjafíknar. Í mörgum tilvikum eru þær fórnarlömb mansals eða annarra glæpa. Taldi allsherjarnefnd þá í ljósi upplýsinga frá lögreglu að verulegar líkur væru á því að á þessum stöðum störfuðu í einhverjum mæli einstaklingar sem ekki njóta fullra persónuréttinda og eru mögulega fórnarlömb mansals eða annars konar misneytingar og benti nefndin í því sambandi á að alþjóðlegir glæpahringir væru fyrirferðarmiklir í framboði á konum til starfsemi af þessum toga.

Allsherjarnefnd taldi við meðferð málsins á 136. löggjafarþingi engin málefnaleg sjónarmið fyrir því að viðhalda gildandi undanþáguheimild þegar metnir voru þeir hagsmunir sem í húfi eru og sjónarmið um vernd mannréttinda og persónuhelgi þeirra kvenna sem á stöðunum starfa. Nefndin ítrekar nú þessi sjónarmið og leggur ríka áherslu á þetta hagsmunamat.

Við meðferð málsins á 136. löggjafarþingi kom fram gagnrýni á að í breytingunni felist fyrirvaralaust afnám heimilda til rekstrar af þessum toga og taldi nefndin þá rétt að draga úr hugsanlegu óhagræði rekstraraðila vegna þessa með því að gefa aðlögunartíma. Nefndin telur nokkur rök með því og leggur því til að gildistaka frumvarpsins verði miðuð við 1. júlí 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur áliti þessu.
Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þráinn Bertelsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Ólöf Nordal.		Róbert Marshall.

785. Skýrsla [455. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Af þeim fjölmörgu og margþættu málum sem fjallað var um á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) á árinu 2009 eru nokkur atriði sem Íslandsdeild þykir standa upp úr, með áherslu á markmið sambandsins, sem er að vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi.

Fyrst ber að nefna umræðu um þingræði, friðarumleitanir, lýðræði og þróun á tímum alþjóðlegrar fjármálakreppu sem fór fram í Addis Ababa í apríl. Þar var m.a. rætt um nauðsyn þess að koma á fót traustu, öruggu og umfram allt heiðarlegu fjármálakerfi þar sem áhersla væri á mannúðleg gildi og mannréttindi. Þá fór fram utandagskrárumræða um alþjóðlegu fjármálakreppuna með áherslu á Afríku. Í umræðunni voru þingmenn sammála um að ekki mætti láta núverandi efnahagskreppu stofna í hættu þeim ávinningi sem náðst hefur í Afríku á síðustu árum. Enn fremur var umræða um fæðuöryggi í heiminum áberandi á árinu og fjallaði önnur neyðarályktun samtakanna um það viðfangsefni. Í því sambandi var sjónum m.a. beint að þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um að helminga fjölda þeirra sem þjást af hungri fyrir árið 2015 og rætt með hvaða hætti væri hægt að stuðla að framgangi þess.

Þá ber að nefna mikilvægt starf Alþjóðaþingmannasambandsins til að efla lýðræði en mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Þingmenn frá slíkum þingum kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum á þingum sambandsins, en jafnframt vinnur sambandið mikilvægt starf í þessa veru milli þinga. Námskeið og ráðstefnur eru haldnar fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, stundum í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðra alþjóðastofnun. Sem dæmi um slíkt starf árið 2009 má nefna þingmannaráðstefnu

um lýðræði í Afríku sem haldin var í Botsvana, námstefnu í Víetnam fyrir þjóðþing Asíu og á Kyrrahafssvæðinu um baráttuna gegn HIV og ráðstefnu fyrir þingkonur í Flóaríkjunum sem haldin var í Barein. Alþjóðaþingmannasambandið veitir jafnframt einstökum þingum tæknilega aðstoð og þjálfun.

Þá gefur Alþjóðaþingmannasambandið út handbækur fyrir þingmenn til að hjálpa þeim að hafa áhrif í ólíkum málaflokkum auk þess sem það hefur lagt ríka áherslu á jafnréttismál í stjórnmálum og hlutskipti kvenna og barna. Á árinu 2009 voru m.a. gefnar út handbækur um baráttuna gegn mansali og horfnar manneskjur.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2009 má nefna loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku, tjáningarfrelsi og réttinn til upplýsinga, afvopnun, bann við útbreiðslu kjarnavopna og tryggingu þess að samningum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sé framfylgt og baráttuna við ungbarnadauða og heilsufar mæðra og ungbarna í tengslum við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

2. Almennt um Alþjóðaþingmannasambandið.

Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 152 þjóðþing en aukaaðild að sambandinu eiga átta svæðisbundin þingmannasamtök. Markmið sambandsins er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum um alþjóðleg málefni, vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi. Áhersla er lögð á að standa vörð um mannréttindi í heiminum sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Þá vinnur sambandið að styrkingu þjóðþinga og aðstoðar við þróun lýðræðislegra vinnubragða innan þeirra. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf, en sambandið rekur jafnframt skrifstofu í New York.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf, nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd um friðar- og öryggismál,
2. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja í fleiri en þrjú þing í röð), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Á milli funda hefur sautján manna framkvæmdastjórn umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess. Auk fastanefnda sambandsins skila aðrar nefndir og vinnuhópar sem starfa innan sambandsins skýrslum til ráðsins til afgreiðslu, en um er að ræða nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna, nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhóp um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar Alþjóðaþingmannasambandsins og vinnuhóp um samstarf kynjanna. Nefnd um mannréttindi þing-

manna vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing sambandsins þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi ríki, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til einhver niðurstaða fæst. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar.

Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum sambandsins og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa alþjóðastofnanir lagt áherslu á að fylgjast vel með ályktunum sambandsins, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og nýjar hugmyndir að lausn mála.

3. Skipan og starfsemi Íslandsdeildar.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Guðbjartur Hannesson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ólöf Nordal, þingflokki sjálfstæðismanna, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Á fundi Íslandsdeildar hinn 18. maí var Þuríður Backman kosin formaður og Guðbjartur Hannesson varaformaður deildarinnar. Arna Gerður Bang var ritari deildarinnar.

Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur fyrir þátttöku í þingum Alþjóðaþingmannasambandsins.

4. Yfirlit yfir fundi.

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndum og á þingum sambandsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því sem fram fór á fundunum á árinu og öðrum störfum Íslandsdeildar.

Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Norðmenn í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Haugasundi 13. mars og sá síðari í Ósló 16. september 2009.

Þuríður Backman, formaður Íslandsdeildar, sótti fundinn í Ósló. Finn Martin Wallersnes, formaður norsku landsdeildarinnar, stýrði fundinum. Wallersnes er jafnframt formaður ráðgjafahóps um nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna hjá Alþjóðaþingmannasambandinu sem tók til starfa á haustþingi 2007 og sagði hann nefndarmönnum frá starfi nefndarinnar. Hann sagði nefndina á krossgötum og var svartsýnn á framhaldið. Hann hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum frá síðustu vettvangsferð nefndarinnar en engin svör fengið. Hann sagði það vonbrigði að mál hefðu þróast á þessa vegu og vonaðist til að umskipti yrðu á starfseminni á næstu missirum. Sjálfur bauð hann sig ekki fram til endurkjörs í kosningunum í Noregi sem fóru fram 14. september og hætti því sem formaður nefndarinnar í Genf í október 2009.

Í upphafi fundar skýrði Þuríður Backman nefndarmönnum frá ákvörðun sinni um að hún gæfi ekki kost á sér sem norrænn fulltrúi Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins í stað Ástu Möller. Hún sagði meginástæður fyrir ákvörðun sinni vera

erfitt ástand í íslensku samfélagi vegna algjörs efnahagshruns í kjölfar gjaldþrota allra helstu banka landsins. Undir þessum kringumstæðum stæðu stjórnvöld frammi fyrir miklum niðurskurði í ríkisútgjöldum og skattahækkunum sem skapaði álag á öllum sviðum stjórnsýslu og stjórnmála. Þuríður sat sem varamaður Ástu Möller í framkvæmdastjórninni út haustþingið í október 2009.

Þá hélt Þuríður Backman erindi um þróun mála á Íslandi eftir bankahrunið í október 2008 til september 2009. Þuríður fjallaði m.a. um fall bankerfisins á Íslandi, hvernig Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn Landsbanka Íslands og afleiðingar þess, niðurstöður þingkosninganna í apríl, aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu, Icesave-deiluna og lánveitingar norrænu ríkjanna til Íslands. Í framhaldinu svaraði Þuríður spurningum nefndarmanna m.a. um niðurstöður nýlegra kannana varðandi lítið fylgi við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, traust á ríkisstjórninni, viðbrögð unga fólksins við kreppunni og þátttöku í þingkosningunum í apríl 2009.

Næsti dagskrárliður var fyrirlestur Jan Austad, yfirsérfræðings í dómsmálaráðuneytinu í Noregi, um mansal. Austad sagði það jákvæða þróun að öll Norðurlöndin hefðu kynnt aðgerðaáætlanir sínar um baráttuna gegn mansali. Hann sagði mansal á börnum vera að aukast enn frekar og nefndi í því sambandi Austur-Evrópu. Þá lagði hann ríka áherslu á að beina þyrfti athyglinni að veikri stöðu fórnarlamba mansals og huga að velferð þeirra við úrvinnslu mála, jafnvel þó það þýði að hætt verið við að sækja sakborninga til saka. Í þeim tilfellum sé oft hægt að ákæra viðkomandi sakborninga fyrir aðra glæpi þar sem iðulega sé tenging milli mansals, peningaþvættis og/eða þjófnaða svo að dæmi séu tekin. Fyrirlesturinn var haldinn í tengslum við umræðuefni 1. nefndar á haustþingi Alþjóðaþingmannasambandsins í október 2009 sem beindi sjónum sínum að baráttunni gegn mansali, skipulögðum glæpum, smygli á eiturlyfjum og ólöglegri vopnasölu.

Enn fremur upplýsti Þuríður Backman nefndarmenn um áhersluatriði framkvæmdastjórnar Alþjóðaþingmannasambandsins og hvað helst hefði verið til umræðu á fundum hennar. Í máli sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að norræni hópurinn hefði fulltrúa í framkvæmdastjórninni og voru nefndarmenn henni sammála. Í framhaldinu varð Krister Örnfjäder frá Svíþjóð við þeirri áskorun og tilkynnti fundargestum um framboð sitt til stjórnarinnar. Sammælst var um að norrænu landsdeildirnar styddu framboð Örnfjäder til framkvæmdastjórnarinnar. Jafnframt kynnti Þuríður hann sem fulltrúa norræna hópsins á fundi framkvæmdastjórnar Tólfplús-hópsins sem haldinn var í London 25. september 2009. Þá var farið yfir umræðuefni haustþingsins í Genf og hugsanlegar tillögur að neyðarályktun. Tvær tillögur höfðu verið lagðar fram, annars vegar af landfræðihóp arabaríkja um ástandið á Gasa og hins vegar af landfræðihóp Afríkuríkja um þingræðislega samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar til að stuðla að bættum landbúnaði og rannsóknum á náttúruhamförum og afleiðingum þeirra. Talið var líklegt að fleiri tillögur yrðu lagðar fram þegar nær drægi þinginu og tóku nefndarmenn ekki sérstaka afstöðu til þessara tillagna. Þá var rætt um úttekt á þeim breytingum sem gerðar voru á starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins 2007 og voru nefndarmenn sammála um að þær hefðu bætt starf samtakanna og aukið skilvirkni. Breytingarnar voru gerðar á haustþingi samtakanna og fólust m.a. í því að það var stytt úr fimm dögum í þrjá og ráðsfundir voru lengdir. Þá var ný nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna skipuð og fram fara pallborðsumræður um efni fastanefndanna þriggja til undirbúnings næsta vorþingi um þau mál sem þar verða tekin fyrir.

120. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í Addis Ababa 5.–10. apríl.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sótti fundina Ágúst Ólafur Ágústsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun og viðskipti, tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga og takmörkun vígbúnaðar og bann við útbreiðslu kjarnavopna. Þá fór fram almenn umræða um þingræði, friðarumleitanir, lýðræði og þróun á tímum kreppu, auk þess sem utandagskrárumræðuefni ráðstefnunnar var alþjóðlega fjármálakreppan með áherslu á Afríku. Um 600 þingmenn frá 123 ríkjum sóttu þingið, þar af 28 þingforsetar.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist Tólfplús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins valdir. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum. Formaður hópsins, John Austin frá Bretlandi, stýrði fundunum. Ágúst Ólafur sótti fundina ásamt ritara.

Á vorþinginu kynntu fulltrúar Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, Geert Versnick (Belgíu) og Robert del Picchia (Frakklandi), helstu niðurstöður funda stjórnarinnar og gafst fundargestum kostur á að spyrja út í starf hennar. Enn fremur voru skipaðir fulltrúar hópsins í nefnd sem vann að drögum að neyðarályktun þingsins. Þá sagði Monika Griefahn (Þýskalandi) fundargestum frá niðurstöðum árlegs kvennafundar sambandsins sem haldinn var 5. apríl í Addis Ababa. Ágúst Ólafur tók þátt í fundinum en um 160 þingmenn frá 120 aðildarríkjum sóttu fundinn. Meginþema voru hlutskipti kvenna á tímum fjármálakreppu og hlutverk þeirra við að tryggja fjárhagslegan stöðugleika og framlag til arðbærrar þróunar. Þá var rætt um áhrif loftslagsbreytinga á hlutskipti kvenna og stjórnmálaþátttöku og lögð áhersla á að konur kæmu að öllum stigum ákvarðanatöku stjórnvalda.

Við setningu 120. þings Alþjóðaþingmannasambandsins flutti forseti þess, Teshome Toga, forseti eþíópíska þingsins, ávarp þar sem hann bauð þátttakendur velkomna og kynnti dagskrá þingsins. Þá ávarpaði Meles Zenawi, forsætisráðherra Eþíópíu, þingið og sagðist trúa því að Alþjóðaþingmannasambandsins gæti gegnt mikilvægu hlutverki við að finna lausn á þeim vandamálum sem steðja að heimsbyggðinni með sanngirni og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á þann hátt gæti sambandið staðið undir markmiðum sínum um að stuðla að friði, lýðræði og þróun á tímum kreppu. Hann sagði alþjóðlegu fjármálakreppuna þarfnast altækrar úrlausnar allra þjóða og lagði áherslu á að Afríka hefði ekki átt neinn þátt í tilurð kreppunnar og sé einbert fórnarlamb hennar. Aðrir sem tóku til máls við setningu þingsins voru Ato Degefe Bula, varaforseti þings Eþíópíu, Abdoulie Janneh, framkvæmdastjóri hagfræðinefndar Sameinuðu þjóðanna í Afríku, sem flutti skilaboð frá aðalritara þeirra, Ban Ki-moon, Jean Ping, formaður nefndar Afríkusambandsins, og Theo-Ben Gurirab, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins. Síðar á þinginu fluttu m.a. erindi Seyoum Mesfin, utanríkisráðherra Eþíópíu, og Tedros Adhanom, heilbrigðisráðherra Eþíópíu.

Almenn umræða fór fram um þingræði, friðarumleitanir, lýðræði og þróun á tímum kreppu. Girma W. Giorgis, forseti Eþíópíu, hóf umræðuna og lýsti því m.a. hversu slæmt ástandið hefði verið í Afríku á níunda áratug síðustu aldar og hvernig tekist hefði síðustu ár að snúa þeirri þróun við til aukinnar hagsældar. Sá árangur hefði gefið íbúum álfunnar von um betra líf og ekki mætti láta núverandi efnahagskreppu stofna þeim ávinningi í hættu. Hann sagði Eþíópíu máttarstólpa friðar og stöðugleika í Afríku, tilbúna til samstarfs með frið og öryggi að leiðarljósi. Sjö tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi

samkvæmt reglum sambandsins. Tvær tillögur voru um fjármálakreppu heimsins og drógu aðrir tillögur sínar til baka. Tekin var samhljóða ákvörðun um að tillögur Venesúela og Kanada (með stuðningi frá Tólfplús-hópnum) yrðu settar á dagskrá þingsins. Utandagskrárumræðuefnið hafði yfirskriftina: Hlutverk þjóðþinga við að draga úr félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum alþjóðlegu fjármálakreppunnar á viðkvæmustu svæðum samfélaga, sérstaklega í Afríku. Í umræðunni var m.a. lögð áhersla á nauðsyn þess að endurhanna og koma á fót traustu, heiðarlegu og öruggu fjármálakerfi þar sem áhersla væri á mannúðleg gildi og mannréttindi. Ályktun þingsins endurspeglaði málefni umræðunnar og var hún samþykkt einróma.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um útbreiðslu kjarnavopna, afvopnun, og tryggingu þess að samningum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sé framfylgt. Ágúst Ólafur Ágústsson tók þátt í störfum 2. nefndar, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, en þar var fjallað um loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku. Ágúst Ólafur tók jafnframt þátt í störfum 3. nefndar, um lýðræði og mannréttindi, en hún fjallaði um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga. Nýrri handbók fyrir þingmenn um baráttuna gegn mansali var dreift til fundargesta. Bókinni er ætlað að hvetja þingmenn til að taka virkan þátt í baráttunni, og unnu Alþjóðaþingmannasambandið og Sameinuðu þjóðirnar að gerð og útgáfu hennar.

Þá fóru fram tvær pallborðsumræður á þinginu, annars vegar um unglingsstúlkur sem hafa orðið undir í samfélögum og hins vegar um hvernig beri að nálgast fjölbreytni í samfélögum. Fyrri pallborðsumræðan var skipulögð í samvinnu við barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og stýrði Azeb Mesfin, forsetafrú Eþíópíu, þingmaður og formaður félagsmálanefndar, umræðunni. Rætt var um leiðir til að tryggja réttindi unglingsstúlkna til heilsugæslu, menntunar, verndar og þátttöku í samfélögum. Kynbundin mismunun, sem oft erfist milli kynslóða með menningarhefðum og efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum viðmiðum, hefur fjölmargar skaðlegar birtingarmyndir fyrir unglingsstúlkur. Í mörgum heimshlutum eru stúlkur stærstur hluti þeirra barna sem ekki sækir skóla og eru fórnarlömb líkamlegrar, kynferðislegrar, andlegrar og efnahagslegrar misnotkunar. Nicholas Alipui, forstöðumaður hjá UNICEF, taldi að stúlkur sem byggju við öryggi, heilbrigði, menntun og fjárhagslega getu væru flestar færar um að takast á við vandamál sem stöfuðu af fátækt og því brýnt að beina athyglinni sérstaklega að þeim þáttum. Enn fremur fór fram umræða um baráttuna við ungbarnadauða og heilsufar mæðra og ungbarna í tengslum við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og niðurtalningu til ársins 2015.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom fjórum sinnum saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þingið í Bangladess fékk endurinngöngu og þingum Gíneu og Madagaskar var vikið úr samtökunum. Aðildarríki sambandsins voru þá 153 talsins. Ráðið samþykkti skýrslu nefndar um málefni Miðausturlanda sem kynnt var af þingmanninum Serge Janquin (Frakklandi). Janquin sagði nefndina harma það að landsdeildir Ísraels og Palestínu væru ekki tilbúnar til að taka þátt í samræðum við nefndina. Nefndin hefði því komist að þeirri niðurstöðu að ekki þjónaði neinum tilgangi að heimsækja svæðið í nánustu framtíð og markmiðið nú væri að koma á fundi með fulltrúum þinganna í tengslum við haustþing Alþjóðaþingmannasambandsins í október 2009. Reynslan af slíkum fundum hefði gefið góða raun þar sem oft skapaðist ákjósanlegt andrúmsloft til umræðna í hlutlausu umhverfi. Þá samþykkti ráðið áætlun sambandsins um að halda í heiðri alþjóðlegan dag lýðræðis 2009 auk þess sem fallist

var á Panamaborg sem vettvang fyrir 124. þing sambandsins sem haldið verður 16.–21. apríl 2011.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð sambandsins fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Formaður nefndarinnar sagði nefndina hafa til skoðunar mál 289 löggjafa, þar af opinber mál 238 þingmanna í 19 löndum. Ríkin sem í hlut eiga eru Afganistan, Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrma, Búrundi, Kólumbía, Kongó, Ekvador, Egyptaland, Eritríea, Írak, Líbanon, Mongólía, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Srí Lanka, Tyrkland og Simbabve. Þess má geta að 27,6% þingfulltrúa á 120. þingi sambandsins voru konur, sem er lakari árangur en náðist á 119. þingi (29,7 %).

Fundur stjórnarnefndar Tólfplús-hóps Alþjóðaþingmannasambandsins í London 25. september 2009.

Þuríður Backman, formaður Íslandsdeildar, sótti fundinn sem fulltrúi framkvæmdastjórnar Alþjóðaþingmannasambandsins. Fundurinn var haldinn til undirbúnings þátttöku í 121. þingi sambandsins í Genf 19.–21. október. Hér á eftir fer stutt yfirlit helstu málefna sem voru til umræðu á fundinum.

Fyrsta mál á dagskrá var yfirlit yfir störf og áhersluatriði framkvæmdastjórnar Alþjóðaþingmannasambandsins. Palestínska landsdeildin hafði óskað eftir því að ráð sambandsins breytti skipun sinni varðandi fulla aðild Palestínu að samtökunum frá árinu 2008 á þann veg að PNC (Palestinian National Council) yrði veitt full aðild að sambandinu í stað PLC (Palestinian Legislative Council) eins og nú er. John Austin, formaður Tólfplús-hópsins, sagði þetta mál hafa verið rætt í þaula á síðasta ári þegar umsókn Palestínu var afgreidd og þá hefði verið mikill meiri hluti fyrir því að PLC væri sú stofnun sem ætti tilkall til aðildar að sambandinu en ekki PNC. Þrátt fyrir skýra afstöðu framkvæmdastjórnar sambandsins hefði verið komið til móts við óskir Palestínumanna með því að PNC gæti komið að aðild Palestínu fyrst um sinn til að greiða fyrir málum þar sem margir þingmenn PLC hefðu ekki tök á að ferðast til að sækja fundi sambandsins. Fundarmenn voru sammála um að afstaða Tólfplús-hópsins hefði ekki breyst frá því að málið var rætt á síðasta þingi.

Rætt var um niðurstöður svara við spurningalista sem sendur var til allra Tólfplús-landsdeildanna varðandi úttekt á þeim breytingum sem gerðar voru á starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins 2007. Voru nefndarmenn sammála um að þær hefðu bætt starf samtakanna og aukið skilvirkni. Þá var rætt um skipan framkvæmdastjóra sambandsins og breytingartillögu bresku landsdeildarinnar þess efnis að gagnsæi og opin samkeppni væri samtökunum sæmandi þegar nýr framkvæmdastjóri væri valinn. Tekið var fram að tillagan beindist ekki gegn núverandi framkvæmdastjóra samtakanna og væri á engan hátt gagnrýni á verk hans. Fundarmenn voru sammála um að texti breytingartillögunnar ætti að útlista lýsingu á ráðningarferlinu fyrir árið 2014 og að Tólfplús-hópurinn styddi tillögu bresku landsdeildarinnar. Tekin var ákvörðun um að tillagan yrði formlega lögð fyrir framkvæmdastjórn sambandsins fyrir hönd Tólfplús-hópsins á næsta fundi stjórnarinnar sem fyrirhugað var að halda 16. október 2009.

Þá var rætt um lausar stöður sem skipað átti í á haustþinginu í október 2009. Þuríður Backman, formaður Íslandsdeildar, skýrði nefndarmönnum frá ákvörðun sinni um að hún gæfi ekki kost á sér sem norrænn fulltrúi Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins í stað Ástu Möller. Hún sagði meginástæðurnar fyrir ákvörðun sinni vera erfitt ástand í íslensku samfélagi, bæði stjórnmálalega og efnahagslega, og vegna mikils álags

í þingstörfum. Í framhaldinu kynnti Þuríður Krister Örnfjäder frá Svíþjóð sem norrænan Tólfplús-kandídat fyrir stöðu í framkvæmdastjórn sambandsins. Fyrirhugað var að Örnfjäder kynnti framboð sitt á næsta fundi Tólfplús-hópsins en kosnir verða fulltrúar hópsins í tvö sæti í framkvæmdastjórn sambandsins á haustþinginu í október. Einnig höfðu fulltrúar frá Ítalíu, Slóveníu, Þýskalandi og Sviss tilkynnt um framboð sitt auk Örnfjäder. Fram kom að Þuríður mun sitja sem varamaður Ástu Möller í framkvæmdastjórninni út haustþingið í október 2009.

Jafnframt var farið yfir umræðuefni haustþingsins í Genf og hugsanlegar tillögur að neyðarályktun. Þrjár tillögur höfðu verið lagðar fram, í fyrsta lagi tillaga frá Óman fyrir hönd landfræðihóps arabaríkja um ástandið á Gasa, í öðru lagi tillaga frá Úganda fyrir hönd landfræðihóps Afríkuríkja um þingræðislega samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar til að stuðla að bættum landbúnaði og rannsóknum á náttúruhamförum og afleiðingum þeirra og í þriðja lagi tillaga Ástralíu um þingræðislegar aðgerðir til að tryggja fæðuframboð í heiminum. Nefndarmenn tóku ekki sérstaka afstöðu til þessara tillagna. Formaður benti á að deila mætti um hvort nokkur tillagnanna þriggja samræmdist skilgreiningu samtakanna á utandagskrárumræðuefni samkvæmt reglu 11.2 (a) þar sem kveðið er á um að efnið þurfi að tengjast atburði sem varðar meiri háttar alþjóðahagsmuni og í því ljósi sé nauðsynlegt fyrir Alþjóðaþingmannasambandið að láta í ljós skoðun sína.

Enn fremur ræddi formaður um skýrslu stjórnmálanefndar Evrópuráðsþingsins um stofnun þingmannavettvangs innan Sameinuðu þjóðanna með áherslu á 75. gr. skýrslunnar þar sem sagt er að Alþjóðaþingmannasambandið hafi hvorki getu né metnað til að skipa umrædda þingmannavídd. Voru fundarmenn afar óánægðir og undrandi yfir fullyrðingum skýrsluhöfundar um sambandið. Eftir umræður um málið var tekin ákvörðun um að formaður ritaði bréf til allra landsdeilda Evrópuráðsþingsins og lýsti yfir óánægju Tólfplús-hópsins með 75. gr. skýrslunnar. Alþjóðaþingmannasambandið hafi unnið náið að því með skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að verða þingmannavettvangur Sameinuðu þjóðanna og hafi bæði metnað og getu til þess. Nú þegar hafi sambandið sérstaka stöðu innan Sameinuðu þjóðanna þar sem það hafi rétt til að dreifa gögnum á þingi Sameinuðu þjóðanna auk þess sem samtökin eiga í samstarfi við fjölmargar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Þá hafi árið 2007 verið stofnuð sérstök nefnd innan sambandsins um málefni Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldinu hafði Þuríður Backman samband við Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og vakti athygli á málinu.

Farið var yfir mál Kanada sem hefur óskað eftir því að fá að halda vorþing Alþjóðaþingmannasambandsins 2012 þar sem vandamál varðandi vegabréfsáritanir fyrir fundargesti hafi verið leyst. Framkvæmdastjóri samtakanna á þó eftir að staðfesta boð Kanada og gagnrýndi fulltrúi þeirra svör hans og seinagang í málinu.

121. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í Genf 19.–21. október.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu fundina Þuríður Backman, formaður, og Guðbjartur Hannesson, varaformaður, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru baráttan gegn mansali og skipulögðum glæpum, þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna með áherslu á samstarf ríkja sunnan miðbaugs og þátttaka æskunnar í uppbyggingu lýðræðis. Enn fremur fór fram utandagskrárumræða um matvælaöryggi heimsins. Um 500 þingmenn frá 128 ríkjum sóttu þingið, þar af 24 þingforsetar.

Tólfplús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist á fundum flesta morgna meðan á þinginu stóð til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma af-

stöðu eins og hægt var. Þuríður Backman sótti fundina ásamt ritara. Á haustþinginu kynntu að venju fulltrúar Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, Geert Versnick (Belgíu) og Robert del Picchia (Frakklandi), helstu niðurstöður og umræður funda stjórnarinnar. Þá sagði Monika Griefahn (Þýskalandi) fundargestum frá skipulagningu árlegs kvennafundar Alþjóðaþingmannasambandsins sem fyrirhugað er að halda í tengslum við vorþingi samtakanna í Bangkok 2010. Einnig fór fram umræða um ráðningarferli framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins og kom hópurinn sér saman um að leggja fram breytingartillögu við reglur sambandsins sem miði að því að ferlið verði gert gagnsærra, opnara og skýrara.

Fram fór kosning um tvær lausar stöður Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, m.a. um eftirmann Ástu Möller sem kosin var í stjórnina á vorþingi sambandsins 2008. Fjórir þingmenn buðu sig fram og kosningu hlutu sænski þingmaðurinn Krister Örnfjäder og svissneska þingkonan Doris Stump. Tólfplús-hópurinn á fjóra fulltrúa í 17 manna stjórninni. Enn fremur voru skipaðir fulltrúar hópsins í nefnd sem vann að drögum að neyðarályktun þingsins.

Við setningu 121. þingsins flutti forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, Theo-Ben Gurirab, ávarp þar sem hann bauð þátttakendur velkomna og kynnti dagskrá þingsins. Fimm tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum sambandsins. Tvær tillögur voru lagðar fram um fæðuöryggi heimsins, af Ástralíu og Úganda, og tvær um ástandið á herteknu svæðunum í Palestínu með áherslu á Gasa, af Óman og Íran. Þá drógu fulltrúar Kúbu tillögu sína um valdaránið í Hondúras til baka. Kosið var um utandagskrárumræðuefnið og fengu tillögur Ástralíu og Úganda yfirburðakosningu, eða 1.197 atkvæði, en tillaga Óman og Íran fékk 538 atkvæði. Yfirskrift tillögunnar var þingræðislegar aðgerðir til að tryggja fæðuöryggi í heiminum. Í umræðunni var m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að hrint sé í verk þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að ná þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um að helminga fjölda þeirra sem þjást af hungri fyrir árið 2015. Einnig var fjallað um loftslagsbreytingar með áherslu á þróunarlönd og neikvæð áhrif breytinganna á fæðuöryggi. Þingmenn lýstu yfir áhyggjum af því að þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefði hjá alþjóðasamfélaginu undanfarin ár við að uppræta hungur hefði fjöldi vannærðra í þróunarlöndunum aukist og væri tala þeirra nú komin yfir milljarð. Alþjóðafjármálakreppan leiði til frekari fátæktar með auknum skorti á mat fyrir þá fátækustu og breikkun þess bils sem er milli ríkra og fátækra. Ályktun þingsins endurspeglaði málefni umræðunnar og var hún samþykkt einróma.

Fæðuöryggi heimsins var í forgrunni í umræðum þingsins og hélt Jacques Diouf, aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, erindi þess efnis á fundi nefndar um málefni Sameinuðu þjóðanna. Þá var þingmönnum einnig kynnt efni fyrirhugaðrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Kaupmannahöfn í desember 2009. Enn fremur var dreift til fundargesta nýrri handbók fyrir þingmenn um horfnar manneskjur. Handbókin var unnin í sameiningu af Alþjóðaþingmannasambandinu og Rauða krossinum. Varaformaður Rauða krossins, Christine Beerli, kynnti bókina og sagði henni ætlað að benda á hlutverk löggjafans við að koma í veg fyrir að fólk hverfi í vopnuðum átökum. Þá geti bókin hjálpað til við að útskýra örlög horfinna manneskja og hvernig styðja megi betur við fjölskyldur þeirra.

Umræður um skýrslur fastanefndanna þriggja fóru fram sem pallborðsumræður þar sem efni skýrslnanna var kynnt af skýrsluhöfundum og sérfræðingum og í framhaldinu tóku þing-

menn þátt í umræðum um málefnin. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um baráttuna gegn mansali, skipulagða glæpi, smygl á eiturlyfjum og ólöglega vopnasölu. Skýrsluhöfundar skýrðu fundargestum frá framgangi vinnu nefndarinnar við undirbúning skýrslunnar sem flutt verður á vorþinginu 2010. Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, var fjallað um hlutverk þjóðþinga við að koma á samvinnu milli ríkja á suðurhveli jarðar með það að markmiði að flýta fyrir framgangi þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þingmenn voru sammála um mikilvægi samstarfsins sem skapaði raunhæf tækifæri fyrir þróunarlönd til að ná markmiðum stöðugs efnahagskerfis. Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, var fjallaði um þátttöku æskunnar í uppbyggingu lýðræðis. Í umræðu um drög að skýrslu nefndarinnar ræddu þingmenn m.a. mikilvægi þess að Alþjóðaþingmannasambandið beitti sér fyrir málefnum æskunnar í auknum mæli í starfsemi sambandsins.

Þá fóru fram tvær pallborðsumræður á þinginu, annars vegar um HIV og hins vegar um hlutverk þjóðþinga við að koma í veg fyrir brot á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Seinni pallborðsumræðan var skipulögð í samvinnu Alþjóðaþingmannasambandsins og Rauða krossins þar sem kallað var eftir auknu eftirliti löggjafarvaldsins með alþjóðlegri mannréttindalöggjöf. Jafnframt sendi forseti þingsins frá sér tvær yfirlýsingar. Önnur yfirlýsingin var um H1N1-inflúensuveiruna, sem hefur verið skilgreind sem heimsfaraldur af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í yfirlýsingunni eru fjölmiðlar m.a. hvattir til að aðstoða við að auka meðvitund almennings um hvernig forðast megi smit og miðla upplýsingum um ráðleggingar frá heilbrigðisyfirvöldum. Í seinni yfirlýsingunni var stjórnmálaástandið í Hondúras gagnrýnt, valdarán hersins fordæmt og kallað eftir endurskipan lýðræðislega kjörins forseta Hondúras, Manuel Zelaya.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom þrisvar sinnum saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þinginu í Níger var vikið úr sambandinu og það fordæmt fyrir ofsóknir og handtökur á þingmönnum. Jafnframt óskaði ráðið eftir því að nefnd sambandsins um mannréttindi þingmanna rannsakaði núverandi ástand í landinu. Aðildarríki Alþjóðaþingmannasambandsins voru þá 152 talsins.

Anders B. Johnsson var endurkjörinn framkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasambandsins til næstu fjögurra ára. Miklar umræður fóru fram um ráðningarferli framkvæmdastjóra sambandsins og fól ráðið framkvæmdastjórninni að undirbúa tillögu að breytingu á starfsreglunum með það að markmiði að gera ráðningarferli framkvæmdastjóra opnara og skýrara. Breytingartillagan verður lögð fyrir ráðið á vorþingi sambandsins 2010. Enn fremur voru fluttar skýrslur landfræðihópa sambandsins varðandi þær breytingar sem gerðar voru á haustþingi sambandsins 2007. Ýmsar tillögur voru ræddar sem bætt gætu enn frekar starf haustþinganna og verður áframhald á umræðunni á vorþingi sambandsins 2010. Þá kynnti forseti sambandsins undirbúningsnefnd vegna þriðju ráðstefnu þingforseta sem haldin verður í Genf í júlí 2010. Í nefndinni sitja um tuttugu þingforsetar. Þá var samþykkt að undantekning yrði gerð varðandi staðsetningu þinganna 2012, sem bæði verða haldin utan Genf. Ráðgert er að vorþingið 2012 verði haldið í Kampala í Úganda og haustþingið í Quebec í Kanada. Tíðrætt vandamál varðandi vegabréfsáritanir til Kanada fyrir landsdeildir sambandsins hafði verið leyst. Þá er ráðgert að vorþingið 2011 verði haldið í Panama og haustþingið í Genf, eins og venja er.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð sambandsins fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Þess má geta að 32% þingfulltrúa á 121. þingi sambandsins voru konur, sem er hærra hlutfall en náðist á

120. þingi (27 %). Vorþing Alþjóðaþingmannasambandsins 2010 verður haldið 27 mars–1. apríl í Bangkok.

5. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2009.

Ályktanir 120. þings Alþjóðaþingmannasambandsins vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Að stuðla að afvopnun og banni við útbreiðslu kjarnavopna og tryggingu þess að samningum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sé framfylgt: Hlutverk þjóðþinga.
2. Loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku.
3. Tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga.
4. Hlutverk þjóðþinga við að draga úr félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum alþjóðlegu fjármálakreppunnar á viðkvæmustu svæðum samfélaga, sérstaklega í Afríku.

Ályktun 121. þings Alþjóðaþingmannasambandsins varðaði eftirfarandi efni:

Hlutverk þjóðþinga við að tryggja fæðuöryggi í heiminum.

Yfirlýsingar forseta Alþjóðaþingmannasambandsins á 121. þingi:

1. Um H1N1-inflúensuveiruna.
2. Um stjórnmálaástandið í Hondúras.

Alþingi, 11. mars 2010.

Þuríður Backman, form.	Guðbjartur Hannesson, varaform.	Einar K. Guðfinnsson.

786. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Illugi Gunnarsson, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgitta Jónsdóttir, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Einar K. Guðfinnsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal óheimilt frá og með deginum eftir gildistöku þessa ákvæðis og til og með 30. júní 2011 að krefja einstaklinga um dráttarvexti vegna ógreiddra peningakrafna sem þeir hafa stofnað til. Eftir sem áður skal þó heimilt að krefjast dráttarvaxta vegna skaðabótakrafna, sbr. IV. kafla laganna. Almenna vexti skv. II. kafla laganna skal áfram greiða af kröfu eftir gjalddaga og að greiðsludegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til nýtt bráðabirgðaákvæði sem mæli fyrir um að óheimilt verði að krefja einstaklinga um dráttarvexti frá og með deginum eftir gildistöku þess og til og með 30. júní 2011. Ákvæðinu er ætlað að mæta sérstökum aðstæðum í þjóðfélaginu, enda ræður mikill fjöldi einstaklinga og heimila í landinu ekki við skuldabyrði sína. Við þessar aðstæður er mjög umdeilanlegt að beita dráttarvaxtaúrræðum af jafnmikilli hörku og gert er. Skuldirnar hafa þegar margfaldast og þegar ekki er hægt að greiða skuldir á réttum tíma auka dráttarvextir enn á skuldabyrði þeirra heimila sem berjast nú þegar í bökkum. Sé um að ræða kröfu sem ber vexti samkvæmt samningi, lögum eða venju reiknast þeir þó áfram eftir gjalddaga og að greiðsludegi. Engar breytingar eru lagðar til vegna meðferðar á skaðabótakröfum.

Dráttarvextir eru í reynd nokkurs konar lögákveðnar skaðabætur sem skuldara er gert að greiða standi hann ekki tímanlega skil á skuld sinni. Í 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu segir þó að ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Færa má fyrir því rök að þær aðstæður sem nú eru uppi megi í mörgum tilvikum rekja til aðstæðna sem skuldarar gátu ekki haft nokkra stjórn á. Hér varð efnahagshrun, gengishrun sem hefur margfaldað lán í erlendri mynt, verðbólguaukning sem hefur hækkað verðtryggð lán, kaupmáttur hefur rýrnað, verðlag hækkað og atvinnuleysi hefur aukist. Þessum atburðum höfðu einstaklingar og heimili í landinu enga stjórn á eða gátu haft áhrif á og því er frumvarpið í samræmi við þá hugsun sem fram kemur í framangreindu undanþáguákvæði 7. gr. Þó skal tekið fram að með þessu er ekki átt við að dráttarvextir hafi verið ólöglegir frá og með hruni íslensku bankanna, né heldur eru ákvæði 7. gr. ein og sér nægjanlegur grunnur fyrir framlagningu þessa frumvarps. Hins vegar er vakin athygli á 7. gr. til að undirstrika þá hugsun að aðstæður geti myndast sem geri greiðslu ómögulega og því sé rétt að meta sérstaklega í ljósi þeirra fordæmislausu og erfiðu aðstæðna sem myndast hafa hvort rétt sé að takmarka beitingu dráttarvaxtaúrræðisins með jafnvíðtækum hætti og nú er.

Ákvæði frumvarpsins er eingöngu ætlað að ná til einstaklinga og þeirra skulda sem á þeim hvíla. Um lögaðila gilda áfram ákvæði laganna og þurfa þeir því bæði að greiða dráttarvexti og geta lagt þá á kröfur sínar gagnvart öðrum lögaðilum. Fyrirtæki eiga oft kröfur á önnur fyrirtæki vegna reksturs og skv. d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum skal vanefndaálag í verslunarviðskiptum vera a.m.k. 7% ofan á stýrivexti Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka viðkomandi ríkis sé það ekki aðili að myntbandalaginu.

Ef krafa er ógreidd eftir gjalddaga mun hún áfram bera almenna vexti í samræmi við II. kafla laganna. Við brottfall ákvæðisins munu hefðbundin ákvæði laganna fá gildi á ný og dráttarvexti mætti þá innheimta frá 1. júlí 2011 en ekki mætti hins vegar gera kröfu um dráttarvexti af ógreiddri kröfu fyrir þann tíma sem hún var ógreidd á gildistíma bráðabirgðaákvæðisins.

787. Frumvarp til laga [457. mál]

um lagaskrifstofu Alþingis.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Eygló Harðardóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Margrét Tryggvadóttir,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þór Saari.

1. gr.

Stofna skal lagaskrifstofu Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Starfsmenn lagaskrifstofu skulu vera alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis og Stjórnarráðsins til ráðgjafar um undirbúning löggjafar. Skal einkum líta til þess að frumvörp standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af og að frumvörp séu lagatæknilega rétt. Lagaskrifstofa skal einnig ganga úr skugga um að frumvörp standist þjóðréttarlegar skuldbindingar og séu í samræmi við gildandi lög, að þau séu nákvæm, skýr og auðskiljanleg og gjaldtökuheimildir séu skýrar.

2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir og að minnsta kosti skulu tveir vera prófessorar í lögum. Forseti Alþingis skipar einn lagaprófessor að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera í forsvari lagaskrifstofu, tveir menn skulu skipaðir að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera prófessor í lögum og tveir skulu skipaðir að tillögu Lögmannafélags Íslands. Skipunartími skal vera fimm ár og kjararáð skal úrskurða um starfskjör.

3. gr.

Lagaskrifstofa setur sér sjálf starfsreglur og kveður nánar á um hlutverk sitt, sbr. 1. gr., og skal forsætisnefnd staðfesta þær.

4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og skal gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alþingismenn, sbr. 1. gr.

5. gr.

Starfsemi lagaskrifstofu skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði í fjárlögum hvers árs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Á Norðurlöndum er það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort á þeim séu lagatæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá. Þetta er ekki reyndin hér á landi og ekki heldur er hér starfandi lagaráð á vegum Alþingis sem hefur þetta hlutverk með höndum. Yfirgnæfandi meiri hluti lagafrumvarpa sem samþykkt eru á Alþingi koma frá Stjórnarráðinu en hér á landi er hvorki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands né starfandi lagaráð hjá Alþingi sjálfu.

Í skýrslu sem gefin var út af forsætisráðuneytinu 1999 og ber heitið Starfsskilyrði stjórnvalda eru settar fram vangaveltur um þetta efni. Á bls. 72 í skýrslunni er kafli sem ber heitið *Lagaskrifstofa eða lagaráð?* Þar kemur fram að ekki er farið ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp hér á landi og ekki kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög. Því kemur ekki á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en annars staðar á Norðurlöndum.

Engum vafa er undirorpið að sú skipan sem Alþingi býr við er ófullnægjandi. Má segja að hlutverk Hæstaréttar sé að dæma í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál þegar frumvarp er undirbúið. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að Alþingi samþykkti lög sem einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má geta að í gildi eru lög nr. 48/1929, um laganefnd. Í 2. gr. laganna kemur fram að laganefnd sé skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmingu laga og annan undirbúning löggjafarmála. Ekki er vitað til að á þetta ákvæði hafi reynt eða að laganefnd hafi komið saman eftir að lögin voru samþykkt.

II.

Á 116. löggjafarþingi lagði Páll Pétursson alþingismaður fram þingsályktunartillögu, þskj. 755, 441. mál, um að sett yrði á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt yrði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kynni á ákvæði stjórnarskrár. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að Alþingi skorti mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta væri einkum bagalegt þegar um væri að ræða viðkvæm deilumál er snertu stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þyrfti lagasamræmis. Þessi hugmynd var því komin fram á árinu 1992 og studdist flutningsmaður við yfirlit sem danska þingið hafði þá látið taka saman, dags. 5. september 1991, um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja. Þar kemur fram að í öllum þeim ríkjum sem athuguð voru er það skylda þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma fram efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum. Páll Pétursson alþingismaður lagði fram óbreytta þingsályktunartillögu um lagaráð á 117. löggjafarþingi, þskj. 530, 338. mál, og á 118. löggjafarþingi, þskj. 486, 321. mál, en þær hlutu ekki brautargengi.

Málið var endurvakið á 126. löggjafarþingi, þskj. 76, 76. mál, þá í formi lagafrumvarps um lagaráð. Flutningsmenn voru Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Í 1. gr. frumvarpsins var lagt til að á vegum Alþingis starfaði lagaráð sem hefði það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð yrði Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp stæðust stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið væri bundið af eða hvort á frumvörpum væru lagatæknilegir ágallar. Í greinargerð með frumvarpinu voru færð fram rök fyrir því hvers vegna lagaráð ætti að heyra undir Alþingi en ekki Stjórnarráð Íslands með þessum orðum:

„Ástæðan fyrir því að sú leið er farin hér að stofna lagaráð en ekki lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands sem hefði sama hlutverk með höndum, er fyrst og fremst sú að með þessu fyrirkomulagi er verið að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Sú stjórnskipan sem við búum við og byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdarvaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja og úr því þarf að bæta til þess að efla og bæta lýðræðið hér á landi.“

Frumvarpið náði ekki fram að ganga og ekki heldur þegar það var endurflutt á 127. löggjafarþingi, þskj. 35, 35. mál.

III.

Nauðsynlegt er að starf lagaskrifstofu Alþingis verði ekki íþyngjandi fyrir þingmenn enda er með frumvarpi þessu um að ræða bætt vinnubrögð í lagasetningu. Þingmenn verða að hafa frelsi til að leggja fram þau frumvörp og þær þingsályktunartillögur sem þá fýsir en þó að uppfylltu ákvæði 1. gr. frumvarpsins eins og kostur er. Hér á landi er löng hefð fyrir meirihlutastjórnum, með örfáum undantekningum, og því er nauðsynlegt að starfandi minni hluti fái notið jafnræðis í framlagningu mála.

IV.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er mikilvægt en um embættið gilda lög nr. 85/1997. Samkvæmt 11. gr. þeirra laga skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, svo og hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn, eftir því sem við á, verði hann þess var að „meinbugir“ séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Í 11. gr. reglna nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, er svo mælt fyrir að auk meinbuga á lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum skuli umboðsmaður einnig gera fyrrnefndum aðilum viðvart, verði hann þess var, að „meinbugir“ séu á starfsháttum í stjórnsýslu. Í greinargerð, er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, kemur fram að meinbugir á lögum geti verið formlegs eðlis, svo sem misræmi milli ákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geti meinbugir verið beinlínis fólgnir í efnisatriðum, svo sem mismunun milli manna án þess að til þess liggi viðhlítandi rök eða að reglugerðarákvæði skorti lagastoð o.fl. Þá hefur umboðsmaður litið svo á að undir ákvæði 11. gr. falli m.a. þau tilvik þegar ákvæði laga rekast á eða íslensk lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Þau úrræði sem eru í boði hér á landi til að fá úr því skorið hvort lagafrumvarp standist verða fyrst virk eftir að frumvarpið er orðið að lögum og er því ætíð um lagatúlkun eftir á að ræða. Í ársskýrslum umboðsmanns Alþingis, sem starfað hefur í rúm 20 ár, er vel á annað

hundrað mála sem embættið hefur vakið athygli á sem varða „meinbugi á lögum“, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Svo mikill málafjöldi hjá embættinu er algjörlega óásættanlegur.

Um 1. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði lagaskrifstofa á vegum Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Á liðnum árum hefur það nokkrum sinnum gerst að löggjafarvaldið hefur samþykkt lög sem ekki hafa verið nægilega ígrunduð og vönduð. Sum hafa beinlínis gengið gegn stjórnarskrá eða hafa aðra lagatæknilega ágalla. Eru þessi tilfelli áberandi fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Íslendingar standa nú á rústum hugmyndafræði sem gekk ekki upp. Því er afar mikilvægt að traust á löggjafarvaldið verði sem mest í þeirri uppbyggingu sem fram undan er og er stofnun lagaskrifstofu liður í því. Frumvörp sem verða að lögum á löggjafarþingi þjóða eiga að vera það vel unnin í upphafi að þau séu nánast óumdeilanleg. Slík lagasetning léttir álagið á eftirlitsstofnanir og dómstóla. Nauðsynlegt er að létta álagið á umboðsmanni Alþingis en hann hefur haft vel á annað hundrað mála til afgreiðslu, sem beinlínis er hægt að rekja til meinbuga á lögum, síðan embættið var stofnað. Jafnframt yrði gríðarlegu álagi létt af dómstólum landsins.

Um 2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir. Mikilvægt er að þeir aðilar sem veljast til starfa á lagaskrifstofu hafi yfirgripsmikla þekkingu á lögum. Er lagt til að í það minnsta skuli vera tveir lagaprófessorar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og hennar hlutverk er að styrkja löggjafann í störfum sínum. Hlutleysi hennar skal vera algjört og eitt aðalhlutverk hennar er að gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alla alþingismenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

788. Skýrsla [458. mál]

Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2009.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. Inngangur

Í skýrslu þessari gerir samstarfsráðherra Norðurlanda grein fyrir því helsta sem unnið var að í norrænu samstarfi á árinu 2009. Skýrslan gerir grein fyrir samstarfi forsætisráðherra Norðurlanda, störfum samstarfsráðherra Norðurlanda, utanríkisráðherra Norðurlanda, og þar næst störfum þeirra 10 fagráðherranefnda sem skipa Norrænu ráðherranefndina (NMR). Kaflar fagsviðanna byggja á skýrslum þeirra ráðuneyta sem ábyrgð bera á hverju fagsviði og eru þeir unnir í nánu samstarfi við þá starfsmenn sem sitja í norrænum embættismannanefndum. Einnig hefur skýrslan að geyma frásögn af samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæði og grannríki, Evrópusambandið (ESB) og aðrar fjölþjóðlegar stofnanir sem starfa á sama athafnasvæði og Norræna ráðherranefndin. Þá er greinargerð um starfsemi Norræna hússins og Norrænu eldfjallastöðvarinnar, hvort tveggja norrænar stofnanir sem staðsettar eru á Íslandi. Loks hefur skýrslan að geyma stutta frásögn af störfum norrænu lánastofnananna á árinu.

Hvað Ísland áhrærir einkenndist árið af því að formennska í Norrænu ráðherranefndinni var í höndum Íslendinga. Í góðu samstarfi við ráðuneytin var formennskuárið undirbúið árið áður og formennskuáætlun kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október 2008, einungis örfáum vikum eftir að efnahagur landsins hrundi. Formennskuáætluninni var síðan hleypt af stokkunum í byrjun ársins í skugga mikillar óvissu, bæði pólitískrar og efnahagslegrar. Enda þótt aðstæður á þeim tímapunkti væru ef til vill ekki hinar ákjósanlegustu til þess að takast á hendur ábyrgðina á samstarfinu gekk framkvæmd áætlunarinnar samkvæmt áætlun og með samstilltu átaki tókst að framkvæma þau áform ráðuneytanna sem hún hafði að geyma. Með svokölluðum formennskuverkefnum getur það land, sem leiðir samstarfið hverju sinni, sett ákveðin mál í forgrunn. Ísland hafði frumkvæði að og bar ábyrgð á framkvæmd fjölmargra verkefna á árinu en sérstakur sjóður í norrænu fjárhagsáætluninni fjármagnar slík verkefni.[1]

Lokið var við mörg formennskuverkefni, einkum ráðstefnur og aðra viðburði. Önnur verkefni voru umfangsmeiri og eru enn í vinnslu. Eitt fjárfrekasta verkefnið var gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið en stefnt er að verkefnislokum með því að gögn verði aðgengileg á heimasíðu sem opnuð verður í desember 2010. Þar er um algert brautryðjendastarf að ræða en hlýnun sjávar og opnun nýrra siglingaleiða á norðurslóðum knýja á um að hafsvæðið sé kortlagt þannig að unnt sé að skilgreina hættur og viðbrögð við þeim. Einnig má nefna samanburðarrannsókn á viðhorfum norrænna ungmenna, eftir aldri og kyni, til íþrótta-, félags- og tómstundastarfa, menntunar og væntinga til framtíðar, en niðurstöður verða kynntar á ráðstefnu á Íslandi vorið 2010.

Norrænt samstarf fer að öðru leyti eftir samstarfsáætlunum fagsviðanna sem eru unnar af löndunum í sameiningu og ná yfir nokkur ár. Það er og skylda formennskulandsins hverju sinni að vaka yfir því að unnið sé eftir þeim áætlunum. Þá var á árinu einnig lögð áhersla á

[1] Sjá nánar um formennsku Íslands á: http://formennska2009.forsaetisraduneyti.is/

að vinna að svokölluðum hnattvæðingarverkefnum en það er í samræmi við stefnubreytingu sem ákveðin var af forsætisráðherrunum 2007. Alþjóðlegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar var einnig umfangsmikið á árinu og hefur það farið vaxandi frá því að ráðherranefndin hóf starfsemi sína í Eystrasaltsríkjunum árið 1989.

Skýrslan gefur því glögga mynd af samstarfi norrænu ríkisstjórnanna árið 2009 og einnig af íslenskum áherslum á formennskuárinu.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu með sér þrjá fundi á árinu; á hnattvæðingarþingi (Globaliseringsforum) sem haldið var í Bláa Lóninu í lok febrúar, á Egilsstöðum í júní og á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Stokkhólmi í lok október. Einnig ræddust þeir við óformlega þegar þörf krafði.

Á fundum þeirra var umræða um alþjóðlegu fjármálakreppuna og alvarlega stöðu Íslands í forgrunni. Forsætisráðherrar hinna landanna lofuðu stuðningi við að koma efnahag Íslands á réttan kjöl og forsætisráðherra Íslands þakkaði norrænum starfsbræðrum fyrir það og lýsti stöðu mála eins og hún var hverju sinni.

Evrópumálin voru að venju á dagskrá allra fundanna og aðildarumsókn Íslands bar þar hátt. Forsætisráðherrar norrænu ESB-landanna lýstu sérstakri ánægju með umsóknina og kváðust mundu gera það sem í þeirra valdi stæði til að umsóknarferlið yrði sem hagfelldast.

Forsætisráðherrarnir fjölluðu um skýrslu Thorvalds Stoltenberg fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs og lýstu sérstakri ánægju með hana, þar eð hún fæli í sér vegvísi að auknu samstarfi Norðurlanda á sviði utanríkis- og öryggismála. Forsætisráðherra Íslands taldi það frumkvæði utanríkisráðherranna að fela Stoltenberg gerð skýrslunnar tímabært í ljósi þróunar öryggismála í Evrópu og á norðurslóðum og kvað skýrsluna innihalda hagnýtar og raunhæfar hugmyndir, sem hefðu töluverða öryggispólitíska þýðingu, kæmust þær til framkvæmda. Forsætisráðherra Íslands tók jafnframt fram, að ekki bæri að túlka tillögur skýrslunnar þannig að norrænt samstarf ætti að koma í stað samstarfs þjóðanna í ESB eða NATO.

Á öllum fundum forsætisráðherranna var leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Kaupmannahöfn í desember til umræðu. Ráðherrarnir voru sammála um að afar mikilvægt væri að Norðurlönd gerðu það sem í þeirra valdi stæði til að þar næðist ásættanleg niðurstaða, enda væri lausn loftslagsvandans mesta áskorun sem samtíminn stæði frammi fyrir.

Forsætisráðherrarnir fjölluðu um hnattvæðingarstarf Norrænu ráðherranefndarinnar og lýstu yfir mikilvægi þess að því yrði haldið áfram og það styrkt. Til að svo gæti orðið þyrfti að skerpa áherslurnar í starfseminni og einbeita sér að þeim þáttum þar sem löndin stæðu framarlega og hefðu sérstöðu. Á þeim sviðum væri líklegast að samstarfið hefði í för með sér samlegðaráhrif. Öndvegisrannsóknaráætlunin var nefnd sérstaklega þar eð hún var talin til þess fallin að sameina krafta landanna á sviði vísinda og nýsköpunar og styrkja þannig stöðu þeirra í hnattrænu samkeppnisumhverfi.

Að venju fjölluðu forsætisráðherrarnir um þau alþjóðamál sem á brunnu hverju sinni. Þannig voru málefni Rússlands, Mið-Austurlanda, Afganistans, Norður-Kóreu og Sri Lanka meðal þess sem til umræðu var á fundum þeirra.

Forsætisráðherrarnir áttu og að venju fund með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þar sem Evrópu- og alþjóðamál voru meginviðfangsefnið. Þá kom Ole Norrback, formaður Norrænu samstarfsnefndarinnar um afnám stjórnsýsluhindrana, til fundar við forsætisráðherrana og skýrði frá stöðu mála og því sem áunnist hefði á árinu.

Vegna tímaskorts féll að þessu sinni niður árlegur fundur forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Árlegt hnattvæðingarþing sem forsætisráðherrarnir og Norræna ráðherranefndin standa fyrir sameiginlega var haldið í Bláa lóninu 26.–27. febrúar. Til þess var boðið hópi norrænna og alþjóðlegra sérfræðinga auk þingmanna, fulltrúa atvinnulífs, vísindasamfélags og frjálsra félagasamtaka. Þar voru fjármálakreppan og áhrif hennar til umræðu ásamt spurningunni um það hvort hún markaði endalok eða upphaf framsækinnar loftslagsstefnu. Ekki var eingöngu fengist við að greina vandann, heldur einnig fjallað um leiðir til að gera Norðurlönd öflugri og samkeppnishæfari á sviði vísinda og nýsköpunar. Á þinginu var kynntur svonefndur nýsköpunarmælir, sem greinir nýsköpunarhæfni landanna og svonefnd hnattvæðingarvog sem mælir samkeppnishæfni í hnattrænum samanburði. Þar var bent á bæði styrkleika og veikleika landanna á ýmsum sviðum. Meðal veikleika var nefndur skortur á frumkvöðlastarfi og samkeppni á heimamarkaði. Forsætisráðherra Íslands kvað ánægjulegt að sjá þar vísbendingar um sterka stöðu Norðurlanda hvað varðar nýtingu sjálfbærrar orku og rannsóknarstörf á því sviði, mikilvægt væri að vinna úr þeim áhugaverðu hugmyndum sem þar hefðu komið fram um hvernig auka mætti samkeppnishæfni norrænu landanna.

Auk þess sem forsætisráðherrarnir tóku þátt í umræðum þingsins voru meðal frummælenda þekktir erlendir fræðimenn, meðal annarra Kenneth Rogoff prófessor við Harvard háskóla og David Carlson, prófessor við ríkisháskólann í Oregon. Fundarstjóri var Lykke Friis, þáverandi aðstoðarrektor við Hafnarháskóla og núverandi orku- og loftslagsráðherra í Danmörku. Þingið sóttu vel á annað hundrað gestir auk fréttamanna frá ýmsum löndum.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda marka meginstefnu fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar ásamt samstarfsráðherrunum sem móta stefnuna í hinu daglega samstarfi. Samkvæmt Helsingfors-samningnum er hlutverk *samstarfsráðherranna (MR-SAM)* að beita sér fyrir því að auka norrænt samstarf, að samræma störf á hinum ýmsu samstarfssviðum, að sjá til þess að framlögum til norræns samstarfs sé skipað í forgangsröð og að taka ákvarðanir um skipulagsatriði sem snerta fleiri en eitt samstarfssvið. Einnig taka þeir ákvarðanir um málefni sem fagráðherrar vísa til þeirra, eða hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf, en tíu fagráðherranefndir eru að störfum auk nefndar samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherrarnir semja endanlegar tillögur og taka ákvörðun um fjárhagsáætlun fyrir norrænt samstarf, auk þess sem þeir bera ábyrgð á upplýsingastarfsemi ráðherranefndarinnar og taka ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvarðanir um sameiginlega upplýsingastarfsemi ráðsins og ráðherranefndarinnar.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) er samstarfsráðherrunum til aðstoðar. Hún sér um að samræma norræn verkefni og undirbýr fundi ráðherranna. Nefndin gegnir jafnframt hlutverki stjórnarnefndar fyrir aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Undir samstarfsráðherrana heyra ennfremur ýmis þverfagleg verkefni svo sem áætlun um sjálfbæra þróun, norðurskautssamstarfið, afnám stjórnsýsluhindrana, málefni barna og ungmenna, aðgengismál fatlaðra og samstarf við grannlönd og grannsvæði. Auk þess heyrir undir samstarfsráðherra alþjóðlegt samstarf sem verður æ umfangsmeira með aukinni áherslu á sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við tækifærum og áskorunum hnattvæðingar. Sérstaklega er fjallað um samstarfið við grannlönd og grannsvæði og norðurskautssamstarfið í kafla 15 í skýrslunni.

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar

Fjárveitingar til starfsemi NMR 2009 voru samtals 912,759 milljónir danskra króna. Skipting fjárins milli hinna ýmsu sviða starfseminnar er skilvirkasta tæki NMR til að fylgja eftir pólitískum markmiðum samstarfsins. Því er lögð á það áhersla að undirbúningur ákvarðana MR-SAM fari fram í nánu samstarfi við fagráðherranefndir og Norðurlandaráð.

Eftir sumarfund forsætisráðherranna í Finnlandi 2007 var hnattvæðingin orðin eitt af helstu forgangsmálum norræns samstarfs. Til að fylgja eftir markmiðum forsætisráðherranna voru í fjárhagsáætlun NMR fyrir árið 2008 lagðar 60 milljónir danskra króna til ráðstöfunar fyrir hnattvæðingarverkefni og jafn há upphæð í fjárhagsáætlun ársins 2009. Sú ákvörðun að beita norrænu samstarfi til að bregðast við áskorunum hnattvæðingar og nýta í sameiningu þau tækifæri sem í henni felast, hefur beint samstarfinu inn á nýjar brautir, sem tæplega verður vikið af á næstu árum.

Dæmi um mikilvægan áfanga í hnattvæðingarvinnunni er sá árangur sem náðst hefur með öndvegisrannsóknaáætluninni (Topforskningsinitiativet) sem snýr að samstarfi um rannsóknir og nýsköpun á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála.

Fyrir utan afmörkuð verkefni vegna hnattvæðingar lögðu samstarfsráðherrarnir áherslu á nokkur meginsvið í fjárhagsáætlun ársins 2009. Sem fyrr var samstarf á vísindasviði stærsta aðgerðasvið ráðherranefndarinnar og samstarf á menningarsviði þar á eftir. Samstarf á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála var og meðal forgangsmála. Þá var áhersla lögð á sameiginlegar lausnir á ýmsum viðfangsefnum sem norræna velferðarkerfið stendur frammi fyrir meðal annars vegna breyttrar aldursskiptingar þjóðanna og ný stofnun, Norræna velferðarmiðstöðin (Nordens velfærdscenter – NVC), tók til starfa á árinu.

Samstarfið við grannsvæði Norðurlanda var fjórða stærsta aðgerðasviðið og innan þess var í fyrsta sinn sérstök fjárveiting til að koma á samstarfi við vestlæg grannsvæði þar sem Kanada verður í fyrirrúmi. Meginviðfangsefnið í samstarfinu við grannsvæðin var þó eftir sem áður samstarf við nágrannalöndin í Norður-Evrópu og við Eystrasalt.

Hnattvæðingarverkefnin

Umfangsmest og mikilvægast hnattvæðingarverkefnanna er öndvegisrannsóknaáætlun á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála. Markmið hennar er að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda hvað varðar vísindi og nýsköpun á þessum sviðum en ætlunin er að taka fleiri svið inn í áætlunina á síðari stigum. Norrænu stofnanirnar NordForsk, Nordisk InnovationsCenter og Nordisk Energiforskning hafa sameiginlega með höndum framkvæmd áætlunarinnar en stjórn hennar skipa fulltrúar landanna. Sá árangur náðist á árinu að vísinda- og nýsköpunarsjóðir á Norðurlöndum ákváðu að leggja 225 milljónir danskra króna til samstarfsins á móti þeim 160 milljónum sem NMR og stofnanir ráðherranefndarinnar leggja fram. Þá fóru fram viðræður við ESB um samstarf við rannsókna- og nýsköpunarsjóði sambandsins og möguleika þess að tengja áætlunina við nýja Eystrasaltsáætlun ESB. Þeim viðræðum er ekki lokið.

Norrænn undirbúningshópur vann að því á árinu að greiða fyrir árangri á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember. Þó árangur ráðstefnunnar yrði ekki sá sem vonir stóðu til, er rétt að vekja athygli á hliðarráðstefnu sem fimmtán hundruð manns frá meira en 40 löndum sóttu og fleiri viðburðum um norrænar lausnir í loftslagsmálum, „Nordic Climate Solutions“, auk þeirra óformlegu funda sem norræni undirbúningshópurinn hélt með alþjóðlegum samningamönnum til að stuðla að ásættanlegri niðurstöðu. Þá er vert að nefna í þessu sambandi að Norðurlönd ákváðu á árinu að Norræni þróunarsjóð-

urinn (NDF) skyldi veita 14 milljónum evra til umhverfisbætandi fjárfestinga í þróunarlöndum.

Í lok febrúar boðaði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ásamt Halldóri Ásgrímssyni framkvæmdastjóra NMR til norræns hnattvæðingarþings við Bláa lónið. Þingið sóttu forsætisráðherrar allra norrænu landanna auk þingmanna, alþjóðlegra sérfræðinga, fulltrúa atvinnulífs, vísindasamfélags og frjálsra félagasamtaka. Umfjöllunarefni þingsins var fjármálakreppan og áhrif hennar á aðgerðir ríkja heims í loftslagsmálum.[2]

Á árinu var hafinn undirbúningur Norræns dags á heimssýningunni í Sjanghæ 25. júní 2010. Meginþema dagsins verður loftslagsmál og matvæli. Ísland hefur með höndum undirbúning sýningar um norrænan landslagsarkítektúr sem opnuð verður þann dag. Fleiri samnorrænir viðburðir eru í undirbúningi, meðal annars ráðstefna um matvælaöryggi, vísindaþing og norræn kvikmyndahátíð þar sem barnamyndir verða í forgrunni. Þá verður áhersla lögð á að kynna Norðurlönd sem ákjósanlegan áfangastað ferðamanna.

Á árinu var ákveðið að hefja vinnu við sjö ný hnattvæðingarverkefni sem snúa meðal annars að menningu og sköpunarkrafti, heilsu og velferð, orku og samgöngum, upplýsingatækni og umhverfisvænum húsbyggingum. Sum þessara verkefna gera kröfu um meira þverfaglegt samstarf en þekkst hefur í norrænu samstarfi, eins og t.d. verkefnið um velferð og heilsu þar sem fimm ráðherranefndir eiga hlut að máli. Með þessum nýju verkefnum er búið að tengja flest svið samstarfsins við hnattvæðingarvinnuna en til þeirra var varið á árinu tæplega 40 milljónum danskra króna. Þá var í lok árs ákveðið að gera hlé á undirbúningi fleiri nýrra hnattvæðingarverkefna en beina kröftunum þess í stað að markvissri og snurðulausri framkvæmd þeirra sem þegar eru hafin.

Formennska Íslands og formennskuverkefni

Ísland fór með formennsku í öllum ráðherra- og embættismannanefndum og flestöllum vinnuhópum á vegum NMR árið 2009. Verkefnaáætlun sú, sem gerð var í tilefni formennskunnar, bar yfirskriftina *Norrænn áttaviti.* Í henni var skírskotað til hnattvæðingarverkefnanna og þess að Norðurlönd geti í sameiningu vísað veginn við að taka á úrlausnarefnum sem óhjákvæmilega kalla á alþjóðlega samvinnu. Þar var lýst fyrirætlunum um verkefni og áherslur Íslands á formennskuárinu. Þá var þar stefnt að því að auka þverfaglegt samstarf sem miðar að því að efla til muna rannsóknir, nýsköpun og frumkvöðlastarf á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála í þeim tilgangi að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlanda og stöðu í svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi. Áætlunin skiptist í meginþemun *Norrænn aflvaki, Styrkur Norðurlanda, Svar Norðurlanda við loftslagsvanda og Hnattvædd Norðurlönd.*

Í formennskuáætluninni var kveðið á um 30 verkefni og viðburði sem Íslendingar ætluðu að eiga frumkvæði að, auk 30 annarra sem einnig var talið mikilvægt að kæmust til framkvæmda. Þessi verkefni og viðburðir spanna öll samstarfssviðin. Þrátt fyrir efnahagsástandið tókst að halda óbreyttri stefnu og gera nánast allt sem til stóð.

Af formennskuverkefnum Íslendinga má nefna gerð vákorts fyrir Norður- Atlantshafið sem er einna metnaðarfyllst formennskuverkefnanna en ætlunin er að ljúka því á tveimur árum. Það endurspeglar vel pólitískar áherslur Íslendinga; aukið samstarf til vesturs, verndun hafsins og vísindasamstarf til að tryggja norræna hagsmuni – í þessu tilviki til að öðlast betri yfirsýn yfir ástand sjávar, siglingaleiðir og öryggisviðbúnað í norðurhöfum.

---

[2] Nánar er greint frá þinginu í kafla 2.

Annað mikilvægt formennskuverkefni er umfangsmikið átak til að efla norrænan málskilning sem ákveðið var og undirbúið á formennskuárinu en kemur til framkvæmda árið 2010.

Veigamikið verkefni var norræn samanburðarrannsókn á högum og viðhorfum æskufólks á Norðurlöndum, sú fyrsta sinnar tegundar, þar sem kannaðir eru félagslegir þættir tengdir menntun, menningu, tómstundum og íþróttum og leitað eftir framtíðarsýn þátttakenda. Niðurstöðurnar verða ræddar á ráðstefnu í Reykjavík síðari hluta maí 2010.

Meðal verkefna sem styrkt voru úr formennskusjóði NMR á formennskuári Íslendinga var afmælishátíð í Berlín í tilefni af 10 ára samstarfi norrænu sendiráðanna þar í borg. Samstarfsráðherra flutti þar opnunarræðu auk þess sem borgarstjóri Berlínar flutti ávarp. Norrænu sendiráðin stóðu fyrir ýmsum menningarviðburðum til þess að halda upp á þessi tímamót.

Þá var haldin fjölmenn ráðstefna um kyn og völd á Norðurlöndum þar sem færri komust að en vildu.

Íslenskur hugbúnaður til að reikna út eyðslu og verð á ólíkum orkugjöfum fyrir hinar ýmsu tegundir bifreiða var þýddur og gerður aðgengilegur fyrir aðra Norðurlandabúa.

Með þessu er fátt eitt upp talið en formennskuverkefnunum eru gerð betri skil í köflum fagsviðanna í þessari skýrslu.

Til ráðstöfunar voru u.þ.b. átta milljónir danskra króna á fjárhagsáætlun NMR til að framkvæma fyrirætlanir Íslands tengdar formennskunni en forsenda þess að fá fjárveitingu af þessum sérstaka lið var að jafn hátt fjárframlag bærist annars staðar að.

Stuðningurinn við Ísland

Norrænu samstarfs- og menntamálaráðherrarnir ákváðu á árinu að veitt yrði 5,5 milljónum danskra króna til að styrkja íslenska námsmenn á Norðurlöndum sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna efnahagskreppunnar á Íslandi. Menntamálaráðuneytinu var falið að móta úthlutunarreglur um styrkveitingarnar og að höfðu samráði við Samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN), Rannís, IÐUNA fræðslusetur og Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins var ákveðið að verja styrknum á tvennan máta.

Annars vegar skyldi veita framfærslu- og ferðastyrki til ungs fólks í iðn- og starfsnámi. Sérstaklega var litið til nemenda sem hefðu misst eða ekki fengið námssamning vegna ástandsins á vinnumarkaðnum. Samið var við IÐUNA fræðslusetur um að annast umsýslu og afgreiðslu umsókna. Auglýstir voru dvalar- og ferðastyrkir til ungs fólks í verknámsgreinum sem hefði hug á að sækja viðurkennda en ólaunaða starfsþjálfun á Norðurlöndum í 2–6 mánuði.

Hins vegar skyldi veita framfærslustyrki til námsmanna á Norðurlöndum. Auglýstir voru framfærslustyrkir í 1–3 mánuði til námsmanna á Norðurlöndum sem væru í fjárhagsvanda vegna efnahagsástandsins. Samið var við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins um að annast móttöku og umsýslu styrkumsókna en sérstök úthlutunarnefnd ákvarðaði úthlutanir.

Mikill áhugi reyndist vera fyrir styrkjunum og var ríflega 100 milljónum króna úthlutað til yfir 300 íslenskra námsmanna á Norðurlöndum sem áttu í erfiðleikum vegna slæms ástands á vinnumarkaðnum og bágs efnahagsástands. Gert er ráð fyrir að sama upphæð verði í boði árið 2010.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu einnig að verja 700 þúsund dönskum krónum á árinu til þess að gera sérstakt átak í að upplýsa Íslendinga um þá fjölbreyttu styrkmöguleika sem er að finna á vettvangi NMR. Ráðinn var verkefnisstjóri vegna verkefnisins en það er vistað hjá

Impru. Um er að ræða tveggja ára átaksverkefni en sama upphæð verður til ráðstöfunar árið 2010.

Stjórnsýslulegar landamærahindranir

Á vegum MR-SAM starfar sérstök nefnd, Grænsehindringsforum, með það að markmiði að ryðja úr vegi norrænum stjórnsýsluhindrunum. Hún setti þrjú atriði í forgang á árinu: að fyrirbyggja nýjar hindranir, að stuðla að samræmingu og samstarfi milli norrænu landanna við innleiðingu nýrra ESB-gerða og að tryggja frjálsa för Norðurlandabúa milli landanna. Þannig lagði formaðurinn, Ole Norrback, ríka áherslu á það á fundum sínum með MR-SAM og forsætisráðherrunum að ætíð yrði kannað með skipulögðum hætti, þegar ný löggjöf er undirbúin, hvort viðkomandi reglur gætu skapað nýjar hindranir. Áhersla var lögð á sama boðskap varðandi innleiðingu nýrra ESB-gerða. Þrátt fyrir skýr ákvæði um félagsleg réttindi borgaranna í löggjöf landanna og í fjölmörgum norrænum og alþjóðlegum samningum, sem Norðurlönd eru aðilar að, gerist það alltof oft að fólk missir réttar á þessu sviði við flutning milli norrænna landa. Því lagði nefndin áherslu á að ræða þessi mál við aðila í stjórnsýslunni til að bót yrði ráðin á þessu.

Samstarfsráðherra kynnti þessi mál í ríkisstjórn á árinu og af því tilefni ákvað ríkisstjórn að nýrri skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu yrði falið að kanna það við setningu nýrra laga, hvort þau gætu falið í sér nýjar norrænar stjórnsýsluhindranir.

Samstarf og samráð við Norðurlandaráð

Sem formennskuland í Norrænu ráðherranefndinni lagði Ísland ríka áherslu á að efla samráð við Norðurlandaráð á flestum sviðum, og sérstaklega að því er varðar gerð fjárhagsáætlunar fyrir norrænt samstarf. Venju samkvæmt voru á árinu haldnir nokkrir fundir um fjárhagsáætlunina, og var af hálfu ráðherranefndarinnar leitast við að koma til móts við flestar breytingatillögur Norðurlandaráðs. Báðir aðilar voru sammála um að veita hnattvæðingarverkefnunum forgang en að auki lagði ráðið áherslu á ýmis menningarverkefni s.s. Orkester Norden, Norræna menningarsjóðinn og norrænu bókasafnavikuna. Ráðið vildi einnig auka fjárveitingar til rannsóknar á brotthvarfi úr námi, stjórnsýsluhindrunum, neytendamálum, málefnum flóttafólks og umhverfisvernd Eystrasaltsins. Ráðherranefndin fór að óskum ráðsins að meginefni til og voru fjármunir færðir milli fjárlagaliða. Samstarfsráðherra gerði grein fyrir endanlegum fjárlagatillögum á Norðurlandaráðsþingi í október og voru þær samþykktar.

Venju samkvæmt beindi Norðurlandaráð ályktunum um ýmis mál til Norrænu ráðherranefndarinnar og ríkisstjórna Norðurlanda. Skrifstofa ráðherranefndarinnar ásamt formennskulandinu aflar svara frá löndunum við ályktunum ráðsins og setur saman í eina skýrslu sem send var ráðinu um mitt ár. Árið 2009 voru ályktanir Norðurlandaráðs 54 talsins, af þeim voru tvær frá árinu 2009, 36 frá árinu 2008 en hinar 15 voru frá fyrri árum. Auk þess berast bæði formennskulandi og skrifstofu ráðherranefndarinnar fjölmargar skriflegar fyrirspurnir frá ráðinu sem svara þarf innan tilskilins tíma.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, gegndi formennsku á fundum utanríkisráðherra Norðurlanda og fundum utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) undir formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009.

Í formennskutíð Íslands áttu norrænu löndin víðtækt og gott samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála, ekki síst á grundvelli skýrslunnar um utanríkis-, öryggis- og varnarmál sem Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs vann að beiðni ráðherranna. Hin alþjóðlega fjármálakreppa og áhrif hennar, sérstaklega á Ísland, var mikið til umræðu. Einnig hafði leiðandi hlutverk norrænu landanna í alþjóðasamstarfi, s.s. formennska Svía í ráðherraráði ESB, formennska Noregs og Danmerkur í Norðurskautsráðinu og forystuhlutverk Danmerkur á vettvangi loftlagsmála jákvæð áhrif á samstarfið.

Utanríkisráðherrar norrænu landanna áttu þrjá fundi á árinu. Haldinn var aukafundur í Osló í febrúar til að veita Stoltenberg skýrslunni móttöku. Var fundurinn sá fyrsti undir formennsku Íslands og var sóttur af Thorvald Stoltenberg sjálfum sem afhenti og kynnti skýrsluna fyrir utanríkisráðherrunum. Hefðbundnir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru haldnir í Reykjavík 8.–9. júní og í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 28. október. Jafnframt voru utanríkisráðherrafundir Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna haldnir í Reykjavík 20.–21. ágúst og í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York í september. Utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda funduðu einnig í Stokkhólmi hinn 28. október.

Auk ráðherrafunda hafði utanríkisráðuneytið umsjón með skipulagningu funda embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna og NB8-ríkjanna um utanríkispólitísk mál, þar á meðal fundi ráðuneytisstjóra, yfirmanna alþjóðaskrifstofa og viðskiptastjóra.

Þróun samvinnu norrænu landanna á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála næstu 10–15 árin tók drjúgan hluta af fundum norrænu utanríkisráðherranna. Sú umræða grundvallaðist fyrst og fremst á tillögunum þrettán sem Stoltenberg setti fram í skýrslunni sem hann afhenti ráðherrunum á aukafundinum í Osló í febrúar 2009. Ráðherrarnir fögnuðu skýrslunni og hlaut hún jákvæðar undirtektir í opinberri umræðu á Norðurlöndum í framhaldinu. Er það til marks um jákvætt viðhorf almennt meðal Norðurlandabúa í garð norrænnar samvinnu. Ráðherrarnir tóku skýrsluna til nánari umfjöllunar á fundi sínum í Reykjavík í júnímánuði og gáfu út yfirlýsingu um leiðir til að efla norræna samvinnu á grundvelli tillagna hennar. Þeir undirstrikuðu að Norðurlönd hefðu lengi átt með sér mikilvægt samstarf í utanríkisog öryggismálum og að byggt verði á þeim grunni við úrvinnslu tillagna Stoltenbergs. Sterk samkennd, sameiginlegir hagsmunir og landfræðileg nálægð leiddi til þess að eðlilegt væri að löndin ættu með sér nána samvinnu um að mæta sameiginlegum áskorunum í öryggis- og varnarmálum til að tryggja stöðugleika á svæðinu og nágrenni þess. Þessi samvinna samræmdist fyllilega stefnu allra norrænu landanna í öryggis- og varnarmálum og kæmi til viðbótar því evrópska samstarfi og Evró-Atlantshafssamstarfi sem þegar er fyrir hendi. Lögð var áhersla á að viðleitni til að efla lýðræði og þjóðarétt, þar á meðal mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbæra þróun, er óaðskiljanlegur hluti utanríkisstefnu norrænu ríkjanna.

Samstarfið á að vera sveigjanlegt eins og fram til þessa þar sem tekið er tillit til hagsmuna og getu hvers ríkis fyrir sig. Áréttað var að einungis með skilvirkri marghliða samvinnu, ekki síst innan ramma Sameinuðu þjóðanna, mætti finna lausn á fjölþjóðlegum vandamálum. Mikilvægt væri að fá önnur ríki, ekki síst Eystrasaltsríkin, með í norrænt samstarf.

Ráðherrarnir ályktuðu að sumar tillagnanna innihéldu atriði sem brýnt væri að taka strax til skoðunar. Meðal þessara atriða voru hættustjórnun, loftrýmiseftirlit og fjarskipti, gervihnattaþjónusta, netöryggi, utanríkisþjónusta og ýmis konar öryggismálasamstarf, eins og samstarf á sviði herflutninga, læknisþjónustu, þjálfunar, búnaðar og æfingasvæða. Norrænu löndin munu beita sér fyrir sameiginlegri nálgun hvað varðar hættustjórnun, fyrirbyggjandi aðgerðir og uppbyggingu stöðugleika á fyrrum átakasvæðum. Fyrsta skrefið verður að sam-

hæfa frekar þjálfun norrænna sveita og sameiginlega aðkomu að verkefnum Sameinuðu þjóðanna. Í tillögum Stoltenbergs er fjallað um aukið norrænt samstarf um loftrýmisgæslu umhverfis Ísland, líkt og Danmörk og Noregur hafa tekið þátt í á vegum Atlantshafsbandalagsins. Ráðherrarnir samþykktu að kanna betur hagkvæmni tillögu um eftirlit með loftrými Íslands, undir stjórn Íslands, með vísan til fyrsta og annars áfanga tillögunnar.

Norrænu utanríkisráðherrarnir voru einhuga um að eitt af mikilvægustu samstarfsverkefnum í náinni framtíð á norðurslóðum væri þróunin á Norðurskautssvæðinu. Gert er ráð fyrir auknum efnahagslegum umsvifum á Norðurskautssvæðinu og á norðurslóðum almennt, sem munu hafa í för með sér stóraukna skipasiglingar. Þegar fram sækir mun það krefjast aukins fjölda eftirlits- og björgunarskipa og annars viðbúnaðar en ljóst er að ekkert eitt norrænu landanna hefur burði til að sinna öllum verkefnum á sviði umhverfismála, loftslagsmála, auk öryggis og björgunar. Löndin munu vinna náið saman að þessum málum á vettvangi Norðurskautsráðsins og alþjóðastofnana á borð við Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Óformlegt samstarf norrænu utanríkisráðuneytanna og sendiskrifstofa þeirra erlendis hefur verið umtalsvert undanfarna áratugi og gerir Stoltenberg tillögur um að auka það samstarf enn frekar. Stoltenberg lagði áherslu á möguleika þess að norrænar sendiskrifstofur kæmu sér í auknum mæli fyrir í sameiginlegu húsnæði líkt og í Berlín og að önnur norræn ríki fengju aðstöðu eða fulltrúa í starfsliði norræns sendiráðs á stöðum þar sem einungis eitt eða tvö norræn sendiráð væru til staðar. Utanríkisráðherrarnir voru sammála um að efla þetta samstarf og sett var af stað vinna til að kanna möguleika á nánara samstarfi á öllum sviðum utanríkisþjónustunnar með það að markmiði að efla áhrif Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Sendiskrifstofum norrænu ríkjanna var falið að koma með sameiginleg álit og tillögur á hverjum stað um hvernig vinna mætti betur að sameiginlegum verkefnum til að auka gagnkvæmt upplýsingaflæði, hagræða í rekstri og koma fram sem heild þegar hagsmunir fara saman. Niðurstöður liggja fyrir og lögðu ráðherrarnir ríka áherslu á eftirfylgni.

Á fundum norrænu utanríkisráðherranna og á sameiginlegum fundum þeirra með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var fjallað um ýmis alþjóðamál sem voru ofarlega á baugi á árinu. Meðal annars var fjallað ítarlega um formennsku Svíþjóðar í ESB, fjármálakreppuna á Íslandi og í Evrópu og aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Einnig var fjallað um málefni Eystrasaltsráðsins, Norðurskautsráðsins, Barentsráðsins og Norðlægu víddarinnar og formennsku einstakra NB8-ríkja í þessum stofnunum á komandi misserum og samráð um stefnumótun. Loks fjölluðu ráðherranir um Afganistan, Pakistan, Mið-Austurlönd og Srí Lanka auk Írans og Norður-Kóreu. Á aukafundi utanríkisráðherra norrænu landanna í Osló í febrúar lýstu þeir yfir áhyggjum sínum vegna ástandsins á Srí Lanka og skoruðu á stríðandi fylkingar að hefja friðarviðræður án tafar. Einnig ályktuðu ráðherrarnir um ástandið á Gaza og að aðstoð við almenning þar yrði aukin. Áréttað var mikilvægi Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar (UNRWA) í aðstoðar- og uppbyggingarstarfinu á Gaza. Utanríkisráðherrar NB8-ríkjanna samþykktu yfirlýsingu á fundi sínum þann 21. ágúst um ástand mannúðarmála meðal flóttafólks á Srí Lanka.

Á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi áttu utanríkisráðherrarnir fund með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, flutti sameiginlega skýrslu norrænu utanríkisráðherranna á þinginu þann 28. október. Einnig átti Össur Skarphéðinsson fund í Stokkhólmi með Kuupik Kleist, utanríkisráðherra Grænlands, til að ræða sameiginleg verkefni og aukið tvíhliða samstarf, þar á meðal væntanlegt samkomulag um aukna þjónustu fyrir grænlenska sjúklinga á Íslandi og samgöngur og tengiflug um Ísland til Grænlands. Össur Skarphéðinsson bauð Kleist að heimsækja Ísland árið 2010. Þá átti utanríkisráðherra einnig

fund með Vestnorræna ráðinu í Stokkhólmi, undir formennsku Josefs Motzfeldts, þar sem fjallað var um þingmannatillögur ráðsins, starfsemi þess og væntanlegan ráðherrafund ráðsins á Grænlandi í júní 2010.

5. Menningarsamstarf

Á formennskuári Íslendinga í *norrænu ráðherranefndinni um menningarmál (MR-K)* stóð mennta- og menningarmálaráðuneytið að fjölbreyttum verkefnum á öllum starfssviðum sínum undir kjörorðinu „Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga“.

Undir ráðherranefndinni starfar *embættismannanefndin um menningarmál (EK-K).*

Á sviði menningarmála var lögð áhersla á þverfagleg verkefni og að kynna fyrir öðrum norrænum löndum hugmyndafræðina að baki góðum íslenskum verkefnum og gera þau norræn. Þessari þverfaglegu nálgun á verkefni má þakka það meðal annars að öll formennskuverkefni á sviði menningar fengu mjög góðan stuðning úr norrænum sjóðum, bæði frá samstarfsráðherrunum og ýmsum öðrum ráðherranefndum, t.d. á sviði félagsmála og jafnréttis auk menntamála og vísinda.

Horft var til þess að menningin verði að vera aðgengileg og *menning fyrir alla* er því í þessu tilliti mikilvægt sjónarmið. Þannig var sjónum beint að þeim hópum sem alla jafna hafa ekki greiðan aðgang að listum og menningu eða þátttöku í listsköpun. Hafðar voru til hliðsjónar grunnreglur Sameinuðu þjóðanna sem samþykktar voru af allsherjarþinginu 20. desember 1993 um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Í þeim er meðal annars lögð áhersla á sköpunarþátt menningarstarfs og að tryggja beri að fatlaðir fái tækifæri til að styrkja sjálfsvitund sína og nýta sköpunargáfu sem og listræna og vitsmunalega hæfileika sína, ekki aðeins í eigin þágu heldur einnig í þágu samfélagsins. Auka þurfi sýnileika þeirrar menningarstarfsemi og listsköpunar sem fer fram meðal fatlaðra og vekja athygli á henni. Auk þessa var lögð áhersla á verkefni tengd börnum og unglingum. Helstu verkefnin á þessu sviði voru eftirfarandi:

Menningarhátíðin „List án landamæra“, sem haldin var í lok apríl, var með norrænu ívafi því í henni tóku þátt danskir listamenn í leikhópnum „Karavana“. Í lok september var haldin norræn ráðstefna í tengslum við menningarhátíðina þar sem hugmyndafræðin á bak við „List án landamæra“ var kynnt. Á ráðstefnunni kom meðal annars fram norski listahópurinn „Dissimillis“. Í lok ráðstefnunnar var samþykkt áskorun til norrænna stjórnvalda, svokölluð Reykjavíkuryfirlýsing, um að tryggja þátttöku fatlaðra í öllum þáttum mannlífsins og að þau vinni að staðfestingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra.

Hugmyndafræðin á bak við íþróttaverkefnið *„Skólahreysti“* var eitt af því sem Íslendingar vildu kynna fyrir hinum norrænu löndunum. Í tengslum við úrslitakeppni Skólahreysti, sem haldin var um miðjan apríl, var boðið til norræns málþings þar sem hugmyndin var kynnt og rætt hvernig mætti þróa hana. Niðurstaðan er sú að norræna skólaíþróttanefndin kannar nánar hvort og hvernig hægt sé að framkvæma verkefnið annars staðar á Norðurlöndum.

Veigamikið verkefni var að standa fyrir samnorrænni *rannsókn á högum nemenda í framhaldsskólum*, þeirri fyrstu sinnar tegundar. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi allt frá árinu 1992 og eru þær vel þekktar hér á landi sem og erlendis, enda einstakt fyrir ríki að eiga samfelldar rannsóknir í svo langan tíma í þessum málaflokki. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur þrívegis frá árinu 2000 látið gera samanburðarkannanir meðal framhaldsskólanema á högum, líðan og viðhorfum þeirra. Spurt var um félagslega þætti sem tengjast menntun, menningu, tómstundum og íþróttum og leitað eftir framtíðarsýn þeirra.

Kannanirnar veita innsýn í hugarheim, heilsuhegðun og lífsstíl ungs fólks á tímum hraðfara þjóðfélagsbreytinga og aukinnar hnattvæðingar. Túlkun upplýsinga úr þessum könnunum hefur þýðingu fyrir stefnumótun hins opinbera, meðal annars á sviði menntunar, menningar, æskulýðsmála og lýðheilsu og hefur því gildi þvert á verksvið ráðuneyta. Rannsóknamiðstöðin „Rannsóknir og greining“, sem hefur mikla reynslu á þessu sviði, hefur umsjón með verkefninu og ber ábyrgð á því og aðferðafræði þess. Í lok árs 2009 og byrjun árs 2010 voru spurningar lagðar fyrir nemendur í skólum alls staðar á Norðurlöndum frá Grænlandi í vestri að Finnlandi í austri. Niðurstöðurnar verða settar fram í sameiginlegri norrænni skýrslu og verður hún kynnt á ráðstefnu í Reykjavík seinni hluta maí 2010. Rannsóknin hefur hlotið víðtækan stuðning innan ráðherranefndarinnar.

Meðal formennskuverkefna eru þverfaglegar fræðilegar ráðstefnur um menningarleg tengsl Norðurlanda og bresku eyjanna annars vegar og um málefni lítilla málsvæða og stöðu táknmálsins hins vegar. Fyrri ráðstefnan var í samstarfi við Norræna félagið og Félagsvísindasvið HÍ en sú síðari í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og HÍ/Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Norræna barna- og ungmennanefndin (Nordbuk) hefur það hlutverk að stuðla að bættum lífskjörum barna og ungmenna og auknum áhrifum þeirra á umhverfi sitt og þjóðfélagið almennt. Sú stefnumótun sem fram fer í starfi ráðherranefndarinnar hefur bein eða óbein áhrif á hag ungs fólks. Nefndin hefur því verið vettvangur umræðu um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum. Í starfinu hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á þverfaglegt samstarf á ýmsum sviðum. Því hefur nefndin sóst eftir frekari þátttöku í starfi hinna ýmsu fagsviða, því að þar sem fjallað er um málefni sem skipta máli fyrir börn og unglinga er aðkoma ungs fólks mikilvæg. Nefndin hefur skipað starfshópa sem hafa fjallað um málefni á sviði samstarfsráðherranna. Fyrirhugað er að starfshóparnir hafi milliliðalaust samstarf við önnur samstarfssvið.

Helstu leiðir í starfinu eru annars vegar stuðningur við æskulýðssamtök í aðildarlöndunum og verkefni æskulýðssamtaka og hins vegar eigin starfsemi. Í framkvæmdaáætlun nefndarinnar fyrir árin 2006–2009 koma fram helstu markmiðin:

– að styðja við barna- og æskulýðssamtök og norrænt samstarf barna og ungmenna,
– að styðja þróun og kynna nýjar leiðir til þátttöku barna og ungmenna í lýðræðisstarfi,
– að stuðla að fjölbreytni meðal þeirra verkefna sem hljóta styrki,
– að auka þekkingu barna og ungmenna á mannréttindum og lýðræði,
– að auka samráð og samræmingu í öðru alþjóðlegu barna- og æskulýðssamstarfi og
– að auka þekkingu á málefnum barna og ungmenna og dreifa þeirri þekkingu.

Á formennskuárinu hafa verkefni tengd hnattvæðingarstefnu NMR verið áberandi, með vefsíðuverkefnið „Norðurlönd fyrr og nú“ og „Lifandi bókasafn“ sem dæmi. Vefsíðan „Norðurlönd fyrr og nú“, sem er fyrir börn og ungmenni og er í umsjón danska ríkisútvarpsins í samstarfi við Nordbuk og aðrar ríkisútvarpsstöðvar á Norðurlöndum, var opnuð formlega 6. maí af mennta- og menningarmálaráðherra Íslands í Norræna húsinu. Vefsíðan inniheldur fræðsluefni um menningu og sögu norrænu landanna og gegna tungumálin mikilvægu hlutverki. Verkefnið „Lifandi bókasafn“ (Menneskebiblioteket) hefur farið um heiminn frá stofnun 2002. Stefnumótun fyrir Nordbuk fyrir tímabilið 2010–2012 hefur verið undirbúin og nefndin hefur komið að heildarstefnumótun NMR á barna- og ungmennasviðinu. Fulltrúum nefndarinnar var meðal annars boðið á fund samstarfsráðherranna til að ræða hvernig betur megi vinna með þennan málaflokk.

Norræni menningarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í norrænu menningarlífi. Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarsamstarf með því að veita styrki til ákveðinna menningarverkefna á Norðurlöndum og til norrænna verkefna í öðrum löndum. Fulltrúar Íslands voru þeir Helgi Hjörvar alþingismaður og Stefán Baldursson óperustjóri. Á árinu fengu 19 íslensk verkefni styrk að fjárhæð samtals 1,783 milljónir danskra króna.

Með nýju skipulagi á norræna menningarsviðinu, sem tók gildi árið 2007, var komið á fót stofnun, Kulturkontakt Nord eða *Norrænu menningargáttinni,* sem hefur aðsetur á eyjunni Sveaborg fyrir utan miðborg Helsingfors. Hlutverk hennar er að sinna framkvæmd á sviði menningaráætlana og sérfræðinganefnda. Að auki sinnir menningargáttin upplýsingamiðlun og kynningarstarfi um norrænt menningarsamstarf innan og utan Norðurlanda. Við stofnunina starfa 10 manns í 8 stöðugildum og er forstöðumaður hennar Bergljót Jónsdóttir. Stjórnin er skipuð þremur fulltrúum og er Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi Austurlands einn þeirra.

Eftirfarandi verkefni voru þau helstu sem unnin voru á vegum stofnunarinnar á árinu:

Þróun og endurbætur á rafrænu umsóknar- og framkvæmdakerfi sem notað er til allrar meðferðar á umsóknum. Endurbótum á kerfinu verður að mestu lokið í byrjun árs 2010. Stærsti hluti upplýsingaþjónustunnar fer fram á heimasíðu stofnunarinnar en þar eru einnig upplýsingar um menningaráætlanirnar.[3] Einnig er að finna menningarvef sem veitir nánari upplýsingar um norrænt samstarf og stofnanir sem sinna menningarmálum og kynnir verkefni sem hlotið hafa norræna styrki. Vefurinn er unninn í samvinnu við Norræna menningarsjóðinn.

Menningargáttin skipuleggur einnig kynningar um menningaráætlanirnar og menningarsamstarfið víðsvegar á Norðurlöndum. Einn slíkan fund hélt Menningargáttin 16. febrúar í Norræna húsinu en rúmlega 140 manns sóttu fundinn. Var hann einn af 19 fundum sem Menningargáttin skipulagði á árinu en samtals sóttu um 1100 manns þessa fundi.

Kynningarbæklingur um menningaráætlanirnar var gefinn út á 13 tungumálum, meðal annars íslensku.

Norræna húsið í Reykjavík sinnir ráðgjöf og upplýsingaþjónustu um menningaráætlanirnar. Fer það starf meðal annars fram í samstarfi við norrænu húsin í Færeyjum og á Grænlandi. Menningargáttinni var falið á árinu að leggja áherslu á að kynna fyrir Sömum þá styrkjamöguleika sem áætlanirnar fela í sér.

Nýjar *þriggja ára áætlanir á sviði menningarmála* tóku gildi árið 2007 og áttu að gilda út árið 2009. Á árinu 2008 var hafin umræða um nauðsynlega aðlögun og breytingar á áætlununum. Fyrstu breytingarnar tóku gildi í byrjun febrúar 2009.

Í upphafi árs varð breyting á *ferða- og dvalarstyrkjaáætluninni* en þá gerðust Eistland, Lettland og Litháen þátttakendur, bæði í fjármögnun og ákvarðanatöku. Ný og breytt áætlun var kynnt í öllum höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna í byrjun febrúar en kynningarnar voru skipulagðar af Menningargáttinni. Um leið og Eystrasaltsríkin komu inn í áætlunina var hún lengd um 2 ár eða út árið 2011. Breytingin hafði einnig þau áhrif á áætlunina, að sérfræðingar frá Eystrasaltsríkjunum komu inn í sérfræðihópana, sem urðu þrír í stað tveggja áður.

Engar breytingar hafa orðið á *lista- og menningaráætluninni* á árinu utan þess að hún hefur verið framlengd um tvö ár. Norrænir umsækjendur geta sótt um styrki á skandinavísku málunum þremur auk íslensku, finnsku og ensku. Umsóknir sem berast á íslensku eða finnsku eru þýddar yfir á ensku og er það gert til að tryggja öllum umsækjendum réttláta um-

---

[3] Sjá: http://kknord.org/

fjöllun. Umsækjendum frá Eystrasaltsríkjunum er gert að senda sínar umsóknir inn á ensku eða skandinavísku.

Fjöldi umsókna hefur aukist verulega á milli ára eða um 54%. Samtals bárust 1415 umsóknir árið 2009 samanborið við 916 árið 2008. Aukninguna má meðal annars rekja til þátttöku Eystrasaltsríkjanna. Mest fjölgaði umsóknum til ferðaáætlunarinnar eða um 68%. Aukningin til lista- og menningaráætlunarinnar var 27%. Úthlutað var 400 styrkjum á árinu að fjárhæð samtals 3,6 milljónir evra.

Menningargáttin skipulagði eitt af fjórum *menningarþingum* (kulturforum) sem haldin voru undir formennsku Íslendinga. Það fjallaði um kynningu á menningu og listum frá Norðurlöndum og fór fram í sameiginlegu húsnæði norrænu sendiráðanna í Berlín. Menningarþingið naut aðstoðar Ríkisútvarpsins þannig að með nýrri tækni opnaði mennta- og menningarmálaráðherra Íslands þingið. Framkvæmd þingsins var í góðu samstarfi við norrænu sendiráðin í Berlín en íslenska sendiráðið leiddi undirbúning þeirra.

Á formennskuári Íslendinga fór fram endurskoðun á menningarsamstarfinu. Á nýja skipulaginu, sem tók gildi árið 2007, hafa komið í ljós ýmsir vankantar. Var vinnunefnd falið að endurskoða skipulagið og gera tillögur um lagfæringar. Þar sem heildarendurskoðun á að fara fram á næstu tveimur árum voru tillögur nefndarinnar eingöngu um nokkur atriði sem betur mættu fara en ekki um róttækar breytingar. *Menningarmálaráðherrarnir* fjölluðu um tillögur vinnunefndarinnar og ákváðu meðal annars að: áherslum verði breytt í samningi um Norræna blaðamannaskólann; árangurstjórnunarsamningur verði gerður við Sama vegna stuðnings frá NMR; kostnaður og ávinningur verði greindur í tengslum við fjárveitingu til norræna listamannasetursins í Róm; norræni þýðingarstyrkurinn verði tekinn úr menningaráætluninni og gerður að sérstökum lið á fjárhagsáætlun. Mun Norræna húsið í Reykjavík annast umsýslu hans en norrænar bókmenntamiðstöðvar munu áfram fjalla um umsóknir á faglegum grunni og ákveða styrki. Kannað verði hvort Orkester Norden og norræna bókasafnavikan eigi að fá fasta fjárveitingu og fjármagnast í sameiningu af menningarmála-, menntamála- og samstarfsráðherrunum. Menningarmálaráðherrar ræddu aðrar tillögur vinnuhópsins og ákváðu meðal annars að auka áhersluna á almennt menningarstarf og hið breiða menningarhugtak innan menningaráætlunarinnar, einnig að áætlunin skuli ná yfir víðtækara menningarsamstarf, meðal annars með börnum og ungmennum og áhugafélögum.

Tvö af fjórum menningarþingum ársins voru haldin í tengslum við vinnu nefndarinnar til þess meðal annars að kalla eftir hugmyndum og reynslu fólks á menningarsviðinu af hinu nýja skipulagi. Annað var haldið í Norræna húsinu í Reykjavík og var til þess boðið þeim sem vinna við hið nýja skipulag. Hitt var haldið í Norðurlandahúsinu í Færeyjum og til þess boðið fulltrúum félaga og stofnana sem eiga að njóta góðs af menningarsamstarfinu. Niðurstöður þessara menningarþinga áttu sinn þátt í að móta þær tillögur sem nefndin lagði fram. Vinnunefndinni er ætlað að ljúka störfum sínum með því að gera tillögu að nýrri starfsáætlun fyrir menningarsviðið fyrir árin 2010–2012.

Nokkrar *nefndir* störfuðu á árinu:

- Vinnunefnd um endurskoðun á framkvæmd norræna menningarsamstarfsins eftir breytingarnar 2007.
- Vinnunefnd um ráðstöfun á fjölda grafíklistaverka sem listamenn skildu eftir sig í Sveaborg í Finnlandi þegar norræna myndlistarmiðstöðin NIFCA var lögð niður.
- Nefnd um sameiginlega tilveru og menningarlega fjölbreytni.
- Nefnd um samstarf atvinnulífs og menningar.

– Nefnd um norrænt-rússneskt menningarsamstarf, meðal annars í samstarfi við svæðisbundin samtök ásamt tvíhliða og fjölþjóða menningarsamvinnu.

KreaNord er sameiginleg nefnd menningarmálaráðherra og iðnaðarráðherra Norðurlanda um skapandi atvinnugreinar. Listsköpun er í ríkara mæli að verða undirstaða verðmætasköpunar í atvinnulífinu. Nefndinni er ætlað að fjalla um stöðu skapandi atvinnugreina á Norðurlöndum og hvernig hægt er að efla framgang þeirra á alþjóðavettvangi. Á vegum KreaNord eru þegar í gangi fjögur verkefni: Úttekt á frumkvöðlafræðslu í listnámi á háskólastigi á Norðurlöndum, kortlagning á stuðningsaðgerðum (kuvøsvirksomhed), markaðssetning á norrænum tölvuleikjum á Asíumarkaði og gerð kynningarverkefnis um skapandi greinar á Norðurlöndum til að nota á alþjóðlegum ráðstefnum. Sér til fulltingis hefur KreaNord breiðan hóp aðila sem vinna á þessum vettvangi.

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur er formaður dómnefndar um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs en þar situr hún fyrir Íslands hönd ásamt Aðalsteini Ásbergi Sigurðssyni rithöfundi. Verðlaunin árið 2009 komu í hlut norska rithöfundarins Per Petterson fyrir skáldsöguna „Ég bölva fljóti tímans“ (Jeg forbanner tidens elv). Kjartan Ólafsson tónskáld er nú formaður dómnefndar um tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs sem finnski tónlistarmaðurinn og klarínettuleikarinn Kari Kriikku hlaut árið 2009. Í dómnefndinni um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs sitja Sigurjón B. Sigurðsson (Sjón) rithöfundur og Sif Gunnarsdóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu en þau verðlaun fengu danski kvikmyndaleikstjórinn Lars von Trier og framleiðandinn Meta Louise Foldager fyrir kvikmyndina „Andkristur“.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda héldu tvo fundi á árinu. Hinn fyrri fór fram í Svartsengi 6. maí. Meðal þess sem þar var tekið fyrir var norrænt samstarf á sviði íþróttamála. Ólafur Rafnsson forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands tók þátt í þeim hluta fundarins. Síðari fundur ársins var haldinn 29. október í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi. EK-K fundaði fjórum sinnum á árinu og voru tveir fundanna haldnir hér á landi, í Reykjavík og í Mývatnssveit. Þá kynnti Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra áherslur Norðurlanda í hnattvæðingu og þau verkefni sem menningarmálaráðherrarnir hafa ákveðið að ráðast í á því sviði. Fyrsta kynningin, High Five Toronto 2009, fór fram í Toronto í Kanada í september í tengslum við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina sem þar er haldin árlega. Á árinu 2010 verður áhersla lögð á norræna hönnunarsýningu í tengslum við heimssýninguna (EXPO) í Sjanghæ og árið 2011 á bókamessuna í París.

6. Jafnréttismál

Samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs ber yfirskriftina „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni sem gildir fyrir tímabilið 2006–2010 eru tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess er lögð áhersla á umfjöllun um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

Í formennskuáætlun Íslendinga var lögð áhersla á sex meginverkefni:

– Stærsta verkefnið er rannsókn á fyrirkomulagi og gildi fæðingar- og foreldraorlofs í norrænu löndunum en aðgerðir Norðurlanda á þeim sviðum hafa vakið athygli víða í Evrópu.
– Í rannsókn á kyni og völdum á Norðurlöndum var meðal annars spurt hvers vegna náðst hafi marktækur árangur við að jafna stöðu kynja á sviði stjórnmála en ekki í efnahagslífinu.

- Haldið var áfram með verkefni sem beinast að ungu fólki og jafnrétti kynjanna með verkefni um jafnréttisfræðslu í skólum.
- Sjónum var beint að því hvernig menning spilar inn í kynjamun ungs fólks með þátttöku í rannsóknarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Lögð var áhersla á samstarf við Grænland og Færeyjar á sviði jafnréttismála.
- Framhald var á verkefnum sem telja má nýjust í jafnréttisumræðunni, þ.e. um áhrif loftslagsbreytinga á stöðu kynja og ólíka aðkomu þeirra að stefnumótun og ákvarðanatöku. Í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP15) í Kaupmannahöfn var haldinn umræðufundur 4. desember um kyn og loftslagsbreytingar með norska rithöfundinum Åsne Seierstad. Á fundinum var sjónum beint að þeirri staðreynd að loftslagsbreytingar hafa mismunandi áhrif á karla og konur um allan heim.

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-Ligestilling) kom saman til fundar í Eldborg í Svartsengi 5. nóvember. Áhrif fjármálakreppunnar á konur og karla var meginþema fundarins. Bent Greve, prófessor við háskólann í Hróarskeldu, og Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, fjölluðu um þau vandamál kreppunnar sem tengjast kynferði. Fjármálakreppan hefur haft mismunandi áhrif á norrænu löndin. Hún hefur einnig haft mismunandi áhrif á konur og karla. Ungt fólk hefur lent í erfiðleikum, sérstaklega ungir karlar, við að komast inn á vinnumarkaðinn. Kreppan hefur ekki einungis haft ólík áhrif á karla og konur sem störfuðu í fjármálageiranum. Lífeyrissparnaður sem hefur minnkað, atvinnuleysi, lækkun húsnæðisverðs, fjölgun skilnaða og kynbundið ofbeldi eru einungis nokkur af þeim vandamálum sem koma ólíkt niður á kynjunum í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Meginniðurstöður rannsóknarverkefnisins um kyn og völd voru einnig kynntar fyrir ráðherranefndinni en þær voru kynntar í heild sinni á stórri norrænni ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 19. nóvember.

Ráðherrarnir ræddu einnig mansal og telja að þörf sé á samræmingu milli ráðuneyta hvað varðar baráttuna gegn mansali. Þess vegna ætla jafnréttisráðherrarnir að bjóða samráðherrum sínum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum þremur, sem fara með félags-, dóms- og atvinnumál, til samstarfs í baráttunni gegn mansali.

Undir ráðherranefndinni starfar *embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-Ligestilling).*

Rannsóknir og ráðstefnur

Á formennskuárinu voru haldnar fimm ráðstefnur á Íslandi og unnið að þremur rannsóknarverkefnum. Auk þess var haldin námstefna í Færeyjum og málstofa í Kaupmannahöfn í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Námstefna í Færeyjum

Dagana 2. og 3. júní var haldin námstefna í Þórshöfn í Færeyjum í samvinnu við færeyska samstarfsaðila. Fjallað var um jafnrétti í skólastarfi, jafnréttislög og jafnréttisáætlanir. Lögmaður Færeyja, Kaj Leo Johannessen, ávarpaði námstefnuna ásamt ráðherrum mennta- og jafnréttismála. Fyrirlesarar komu frá öllum norrænu ríkjunum fimm og Færeyjum en fulltrúi Grænlands varð að hætta við þátttöku vegna kosninga til grænlenska þingsins. Áhersla var lögð á að kynna sólskinsverkefni (best practises) á sviði skólamála og farið var yfir þróun jafnréttislaga og jafnréttisáætlana í Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi. Formaður norskrar nefndar, sem fjallaði um setningu heildarlaga gegn hvers konar mismunun, greindi frá starfi nefndarinnar og þeim fjölmörgu álitamálum sem upp risu við þá vinnu. Frumvarp til nýrra laga gegn mismunun er nú til umræðu í Noregi. Það vakti athygli Íslendinga þegar

lögmaður Færeyja benti á að karlmenn væru mun fleiri en konur í Færeyjum. Í kreppunni sem Færeyingar glímdu við á tíunda áratug 20. aldar flutti fjöldi fólks í burtu. Mjög margar konur sneru ekki til baka sem hefur vakið spurningar um stöðu kvenna og jafnréttismála almennt í færeysku samfélagi. Færeysk rannsókn sem greint var frá á námstefnunni leiddi í ljós að færeyskar konur eru óánægðar með stöðu sína og telja úrbóta þörf á mörgum sviðum.[4]

Jafnrétti í skólastarfi

Fyrsta jafnréttisráðstefna formennskuársins sem haldin var á Íslandi fór fram á Grand Hóteli Reykjavík dagana 21. og 22. september og fjallaði um jafnrétti í skólastarfi. Var hún styrkt af MR-K. Ráðstefnan var vel sótt og margt skólafólk tók virkan þátt. Tilgangurinn var sá að kynna sólskinsverkefni úr skólum eða stefnumótun í norrænu löndunum og ræða í málstofum hvað betur mætti gera. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, opnaði ráðstefnuna og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, flutti ávarp. Gestur var Bretinn Mike Younger, yfirmaður menntavísindasviðs Cambridge-háskóla, sem hefur langa reynslu af rannsóknum á hegðun kynjanna og meintum kynjamun í skólum. Ein helsta niðurstaða hans er sú að ekki hefur mælst munur á námsgetu kynjanna og því aðrir þættir sem valda mismunandi líðan nemenda og námsárangri. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp, fyrirlestrar voru fluttir og sólskinsverkefni kynnt. Þá var kynnt samantekt um rannsóknir á skólastarfi á Norðurlöndum. Íslensk verkefni um jafnréttisfræðslu í skólum, sem unnin hafa verið í fimm grunnskólum og fimm leikskólum í jafnmörgum sveitarfélögum, vöktu athygli. Sagt var frá jafnréttisverkefnum í sveitarfélögum í Norður-Svíþjóð. Þar eru karlar mun fleiri en konur því ungar konur fara að heiman til að mennta sig og snúa ekki aftur. Karlmennirnir sem fást við hefðbundnar atvinnugreinar eins og skógarhögg og hreindýrarækt verða eftir. Stjórnir sveitarfélaganna hafa komist að þeirri niðurstöðu að áhersla á jafnrétti kynjanna sé lykilatriði í allri stefnumótun, eigi að snúa þróuninni við. Málstofur voru haldnar um kynjafræði og kennaramenntun, kynbundið námsog starfsval og Hjallastefnan kynnt en hún átti 20 ára afmæli á árinu. Ávörp og erindi voru flutt á ensku, íslensku, skandinavísku og finnsku.[5]

Foreldraorlof á Norðurlöndum

Norræn velferðarkerfi eru þekkt fyrir öfluga þjónustu og bótakerfi sem tryggir þegnum norrænu landanna félagslegt öryggi. Meðal megineinkenna hinna norrænu velferðarkerfa er hversu öflugan stuðning þau veita foreldrum ungra barna vegna umönnunar barna. Þrátt fyrir að norrænu löndin eigi margt sameiginlegt á þessu sviði hefur þróunin undanfarna áratugi einnig leitt í ljós að þau hafa valið að fara nokkuð ólíkar leiðir til að tryggja foreldrum stuðning. Stærsta verkefni norræna jafnréttissamstarfsins á árinu var norræn samanburðarrannsókn á fæðingarorlofi og áhrifum umönnunarstefnu norrænu ríkjanna fimm á stöðu og möguleika karla og kvenna á vinnumarkaði, velferð barna og jafnrétti kynjanna. Rannsóknin var í höndum rannsóknarhóps sérfræðinga á sviði umönnunarstefnu og kynjajafnréttis á Norðurlöndum undir forystu Íslendinga en ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) styrkti einnig rannsóknina.

Rannsóknarverkefnið var kynnt á ráðstefnu sem var haldin á Hótel Sögu í Reykjavík 22. október undir heitinu „Umönnunarstefna, börn og jafnrétti á Norðurlöndum“ og var hún vel

---

[4] Sjá dagskrá, ræður og glærur: http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=news

[5] Sjá ávörp, fyrirlestra og glærur: http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=page&id=33.

sótt. Miklar umræður eiga sér nú stað víða í Evrópu um fæðingar- og foreldraorlof enda hefur dregið úr barnsfæðingum og ljóst að ekki tekst að auka atvinnuþátttöku kvenna öðruvísi en að komið verði til móts við fjölskyldur með bættri þjónustu. Fæðingar- og foreldraorlof á Norðurlöndum hefur því vakið mikla athygli víða um lönd, ekki síst fæðingarorlof feðra á Íslandi en hvergi í heiminum mælist þátttaka þeirra meiri í umönnun barna.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, opnaði ráðstefnuna og Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu flutti ávarp. Gestur ráðstefnunnar var Janet Gornick, prófessor frá Bandaríkjunum. Það vakti athygli ráðstefnugesta hve gjörólík staða foreldra er í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum en Bandaríkin eru eitt fárra ríkja í heiminum sem ekki býður upp á greiðslur í fæðingarorlofi. Athygli vakti að skiptar skoðanir ríkja í Bandaríkjunum um mögulegar leiðir til að aðstoða foreldra vegna umönnunar barna. Rannsóknir á Íslandi gefa til kynna að fæðingarorlofskerfið á Íslandi hafi ekki dregið úr launamisrétti kynjanna. Á ráðstefnunni var meðal annars varpað fram þeirri spurningu hvort leikskólar væru orðnir griðastaður fyrir börn, eini staðurinn þar sem ríkti festa og ró í heimi hraða, spennu og þeytings milli staða með stressuðum foreldrum. Rannsókninni lýkur á árinu 2010 og verða niðurstöður kynntar. Ráðstefnan fór fram á ensku.[6]

Kyn og völd

Árið 2007 ákvað EK-Ligestilling að fela Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnuninni (NIKK) að gera úttekt á kyni og völdum á Norðurlöndum. Það dróst að koma verkefninu af stað og því kom það í hlut Íslendinga að halda utan um lokaráðstefnu verkefnisins. Fjölmennur hópur fræðimanna hvaðanæva af Norðurlöndum kom að gerð skýrslu um kyn og völd en skýrslunni fylgir greinasafn þar sem niðurstöðurnar eru greindar nánar. Lokaráðstefnan var haldin á Grand Hóteli Reykjavík 18. og 19. nóvember og voru þátttakendur um 200 talsins. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, opnaði ráðstefnuna en gestur var Claes Borgström, fyrrverandi umboðsmaður jafnréttismála í Svíþjóð. Kirsti Niskanen verkefnisstjóri gerði grein fyrir aðferðafræðinni og helstu niðurstöðum en segja má að miklar framfarir hafi orðið hvað varðar jafnrétti kynjanna í stjórnmálum meðan atvinnulífið stendur sig mun lakar. Noregur sker sig þó úr hvað varðar atvinnulífið enda leiddu Norðmenn kynjakvóta í lög fyrir nokkrum árum sem nær til fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllinni. Áranguinn er sá að Norðmenn standa sig allra þjóða best hvað varðar jafnrétti kynjanna í stjórnum fyrirtækja. Fyrirlesarar gerðu grein fyrir stöðu mála hver í sínu landi og vakti athygli hve Danir hafa dregist aftur úr hinum norrænu löndunum. Fjölgun kvenna á Alþingi Íslendinga og jöfn tala kvenna og karla í ríkisstjórn landsins á krepputímum þótti merkileg en staðan í atvinnulífinu þar sem konum hefur fækkað í stjórnum fyrirtækja vakti undrun. Undir lokin fóru fram pallborðsumræður með þátttöku fólks úr stjórnmálum, atvinnulífi og fræðasamfélaginu þar sem sjónir beindust mjög að atvinnulífinu, ekki síst kostum og göllum kynjakvóta.[7]

Kynjuð fjárlagagerð

Á síðustu árum hafa æ fleiri ríki sett sér það markmið að samþætta kynjaog jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og áætlanagerð. Íslensk stjórnvöld eru þar á meðal og í sam-

[6] Sjá dagskrá: http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=page&id=36
[7] Sjá dagskrá, ávörp og fyrirlestra: http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=page&id=24

starfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að kynjuð hagstjórn verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.

Í kynjaðri fjárlagagerð felst að kynjasamþættingu sé beitt í öllu fjárlagaferlinu. Aðferðin byggist á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart kynjunum og felur í sér frumgreiningu á því hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir hafa á kynin. Það þýðir að allar ákvarðanir þarf að skoða með tilliti til stöðu kynjanna, enda má til sanns vegar færa að útdeiling fjármagns gefi best til kynna mikilvægi verkefna og þar með stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum.

Norrænu ríkin eru komin einna lengst í því að innleiða aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar í fjárlagagerð. Í því skyni að kynna hugmyndafræði og aðferðir við kynjaða fjárlagagerð var haldin norræn ráðstefna þar sem tveir norrænir sérfræðingar miðluðu þekkingu og reynslu. Á ráðstefnunni voru flutt fimm erindi auk þess sem fjármálaráðherra ávarpaði ráðstefnugesti. Þá var meðal annars fjallað um nýjan bækling Jafnréttisstofu, *Jöfnum leikinn*, sem er handbók um kynjasamþættingu en einnig var athyglinni beint að aðferðafræði við að innleiða breytingar. Ráðstefnan var vel sótt af stjórnmálamönnum, embættismönnum og sérfræðingum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Jafnréttisstofa stóðu að ráðstefnunni í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Kyn og kreppa

Þann 5. september fór fram ráðstefna um áhrif kreppunnar á stöðu kynjanna, á vegum Kvenréttindafélags Íslands með styrk frá NMR. Heiti ráðstefnunnar var „Kyn og kreppa – Má nýta kreppuna til aukins kynjajafnréttis?“ Ráðstefnan var vel sótt með þátttöku frá norrænu löndunum. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði ráðstefnuna og lagði áherslu á að skapa þyrfti störf jafnt fyrir konur sem karla. Carita Peltonen, fyrrverandi ráðgjafi hjá NMR, flutti yfirlitserindi um stöðu mála og áskoranir. Auk þess voru flutt fimm erindi um þróunina á Íslandi.

7. Málefni dómsmálaráðuneytisins

Samstarf um löggjafarmál

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmál byggir að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti fer samstarfið fram undir stjórn *norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov)* þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf. Styrkir eru veittir til einstakra norrænna verkefna auk þess sem fjallað er um einstök réttarsvið eða álitaefni í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggirnar sérstaka vinnuhópa sem fá norræna fjárveitingu.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun frá árinu 2005. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggist á. Samstarfið miðar meðal annars að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar.

Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Þá var á árinu starfað samkvæmt formennskuáætlun Íslendinga. Helstu áhersluatriði er varðar lagasamstarfið voru löggjafarstefna, meiðyrði og ábyrgð á efni sem birtist á netinu og rannsókn stórra og flókinna sakamála. Í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands var haldin alþjóðleg ráðstefna um ábyrgð á netinu. Var þar fjallað um alþjóðlega dreifingu á barnaklámi, kynþáttahatri og meiðyrðum, hvernig gerendur verði fundnir og hvar þeir verði dregnir til ábyrgðar fyrir dómstólum. Þá var fjallað um skyldu ríkja til að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 29. júní á Hótel Rangá á Suðurlandi. Meðal umræðuefna á fundinum var norrænt samstarf í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi og barnaklámi á netinu auk þess sem kastljósinu var beint að þeim úrræðum sem gripið hefur verið til á málefnasviði dómsmálaráðuneytisins vegna bankahrunsins hér á landi. Meðal annars gerði Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, grein fyrir starfsemi embættisins. Fundurinn ákvað að beina því til norrænna embætta, sem starfa að rannsóknum efnahagsbrota, að taka til umræðu hvernig þau geta aukið samvinnu sína til að stuðla að uppljóstran alþjóðlegrar glæpastarfsemi á þessu sviði og skila um það tillögum til ráðherranna.

Að venju voru áherslumál rædd í óformlegum starfshópum sem ekki fá norræna fjárveitingu, s.s. sérfræðingahópi um sifjarétt.

Einnig var starfandi starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Ekki var haldinn fundur á árinu. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafn rétthárra ríkja (NB8), í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

Málefni flóttamanna

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990 og fundar tvisvar á ári og er annar fundurinn jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna. Norrænu ríkin skiptast á að fara með formennsku nefndarinnar í eitt ár í senn. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem koma að útlendingamálum á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, meðal annars um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um að afla upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, meðal annars með því að miðla skýrslum sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er

varða útlendingaeftirlit, meðal annars með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls. Á vegum samráðsnefndarinnar starfa nokkrir vinnuhópar sem koma saman eftir þörfum og gera nefndinni grein fyrir vinnu sinni, sem felst aðallega í samráði og upplýsingaskiptum. Vinnuhóparnir fjalla um búsetu flóttamanna, brottvísanir og endursendingar, innflutning vinnuafls og þróun útlendingamála í ESB. Á árinu var, auk reglulegu funda samráðsnefndarinnar, haldinn fundur um málefni vegalausra barna en áform eru um að skipa vinnuhóp til að fjalla um málefni þeirra. Fyrri fundur samráðsnefndarinnar var haldinn í júní og fundur norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna í beinu framhaldi. Meðal annars var rætt um ólögráða börn sem sækja um hæli á Norðurlöndum og álitaefni sem tengjast endursendingum hælisleitenda til Grikklands á grundvelli svokallaðrar Dyflinnargerðar. Seinni fundur samráðsnefndarinnar var haldinn í nóvember.

Björgunarsamstarf

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Íslendingar hafa tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggir á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslendinga. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Auk tveggja funda á árinu var haldin norræn ráðstefna í Finnlandi.[8]

8. Menntun og rannsóknir

Styrkur norræns samstarfs felst meðal annars í þeim sveigjanleika að vinna má þvert á fagsvið. Þess vegna ákvað menntamálaráðuneytið að leggja fram sameiginlega formennskuáætlun á sviði *vísinda, menningar og mennta* undir kjörorðinu *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga*. Lögð var áhersla á samstarf ofangreindra þriggja fagsviða og annarra þvert á fagleg mörk.

Áherslur Íslendinga á sviði vísinda, menningar og mennta á formennskuárinu tóku mið af yfirlýsingum forsætisráðherra Norðurlanda í Punkaharju 2007 og Riksgränsen 2008 um viðbrögð við hnattvæðingu og loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á samkeppnishæfni og lífskjör á Norðurlöndum. Í yfirlýsingunum er lögð rík áhersla á hlutverk mannauðs, menntunar, rannsókna og nýsköpunar til að bregðast við nýjum áskorunum í hnattvæddum heimi. Einnig var lögð áhersla á samstarf við atvinnulífið og þátttöku þess í norrænu samstarfi.

Lagt var upp með starfsáætlun með eftirfarandi yfirskriftir og megináherslur:

1. *Vísindi og afl þekkingar*
   Samstarf háskóla á Norðurlöndum
   Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið

[8] Sjá: http://www.nordred.org

2. *Menning og sköpunarkraftur*[9]
   Tengsl menningar við nýsköpun og frumkvæði
   Menning án landamæra
   Ungt fólk á Norðurlöndum
   Fjölbreyttara menningarsamstarf
3. *Menntun og hæfni*
   Menntun til sjálfbærrar þróunar
   Listmenntun, skapandi greinar og nýsköpun
   Fullorðinsfræðsla og menntun nýbúa
   Heildstæð símenntunarstefna
   Málefni leikskólans
   Stafræn upplýsingatækni í skólastarfi
   Jafnréttisfræðsla í skólum
   Norræn tungumál

Í undirbúningi að formennskuáætluninni var höfð náin samvinna við skrifstofu NMR og mótaðist framkvæmdin af sameiginlegri verkefnaskrá, sem tók til ýmissa viðfangsefna sem Íslendingar tóku í arf frá fyrri árum eða komu á dagskrá ráðherranefndar mennta og vísinda frá samstarfsráðherrum, meðal annars í tengslum við hnattvæðingaráætlun sem forsætisráðherrar Norðurlanda hrintu af stað á árinu 2007.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) starfar að öðru leyti eftir samstarfsáætlun sem nær yfir tímabilið 2008–2010 en hnattvæðingaráætlunin hafði umtalsverð áhrif á framkvæmd samstarfsáætlunarinnar. Ráðherranefndin ákvað á árinu að hefja undirbúning að gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2011–2013 og mun þríeyki með fulltrúum Íslands og Finnlands undir forystu Dana annast það verk á komandi ári. Meginútlínur hennar voru skilgreindar á fundum undir lok ársins.

Samstarf á vegum MR-U tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í samráði og samanburði milli landanna á sviði stefnumótunar, sem fram fer með úttektum og ráðstefnum svo og samvinnuverkefnum sem miða að því að hrinda stefnumótun í framkvæmd.

Ráðherranefndin hélt tvo fundi á árinu. Auk norrænna funda sinna átti embættismannanefndin fund með embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum til að fylgja eftir samþykktum ráðherrafundar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, sem haldinn var í Osló árið 2007.

Fastar ráðgjafanefndir:

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Vorið 2008 var skipaður starfshópur til að fjalla um rannsóknir (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

---

[9] Umfjöllun í kafla 5 um störf menningarmálaráðherra.

Hnattvæðingarverkefnin

Frumkvæði forsætisráðherranna um samstarf Norðurlanda um viðbrögð við hraðfara hnattvæðingu setti mark sitt á starfið á árinu. Af 14 hnattvæðingarverkefnum sem hleypt var af stokkunum árið 2008 voru 4 á ábyrgðarsviði MR-U. Þau voru undir yfirskriftunum:

– Öndvegisrannsóknir á sviði loftslagsbreytinga, orku- og umhverfismála.
– Þróun Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA).
– Efling æðri menntunar á Norðurlöndum.
– Góð menntun fyrir ungt fólk og fullorðna.

Hnattvæðingarverkefnin gáfu tilefni til að skerpa á markmiðum í verkefnasamastarfi landanna, safna þeim betur saman og gefa þeim aukið afl.

Samstarf um skólamál

Verksvið ráðgjafarnefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á formennskuári Svía 2008 var lögð áhersla á heildstæða skólastefnu allt frá leikskóla til fullorðinsfræðslu. Athyglinni var beint að leiðum til að draga úr brottfalli nemenda á ýmsum skólastigum og taka á vandamálum nemenda með lestrarerfiðleika og annarra sem standa höllum fæti og eiga erfitt með að nýta sér skólakerfið til fulls. Í starfi NSS er lögð áhersla á samræmingu og samfellu. Íslendingar ákváðu meðal annars að halda þessum verkefnum áfram á formennskuári sínu.

Ef einstaklingur á að vera fær um að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi nútímans, sem tekur örum breytingum, þarf hann að hafa tækifæri til og vera fær um að mennta sig alla ævi. Nám alla ævi snýst um að horft sé á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhalds- eða fullorðinsfræðslu, til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins og þeirrar hæfni og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi.

Ráðgjafarnefnd um skólamál lagði meðal annars áherslu á samkeppnishæfni Norðurlanda í ljósi hnattvæðingar, viðbrögð við loftslagsbreytingum, menntun í listum og skapandi greinum og frumkvöðlastarfsemi og samhæfingu norrænu landanna. Þemaumræða um *sköpunarmátt og frumkvæði* var undirbúin af hálfu Íslendinga og fór fram á fyrra fundi ráðherranefndarinnar sem haldinn var í Bláa lóninu í lok apríl. Verður þeirri umræðu fylgt eftir með samanburðarúttekt á því hvernig haldið er á menntun í listum og stuðlað að frumkvæðishugsun meðal ungs fólks. Í lok ársins var haldin þriggja daga alþjóðleg ráðstefna, „Innovation and Creativity in the Hands of the Young“.

Helstu áhersluatriði og fundir á formennskuárinu voru:

– *Norrænn sérfræðingafundur um leikskóla* sem haldinn var í Reykjavík vorið 2009 og sérfræðingar frá öllum norrænu löndunum sóttu.
– *Ráðstefna um síðustu PISA-rannsókn (2006)* var haldin í ágúst í Reykjavík og um leið kom bókin *Northern Lights III* út. Áhersla var lögð á árangur norrænu landanna í PISA, samanburð ýmissa þátta og hvernig halda skyldi áfram. Ráðstefnuna sóttu á annað hundrað manns hvaðanæva af Norðurlöndum og þótti hún takast vel.
– *Norræn ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum* var haldin í Reykjavík síðari hluta september í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisstofu. Þar var meðal annars rætt um þróunarverkefni á sviði jafnréttisstarfs og jafnréttisfræðslu í skólum á Norðurlöndum.

– Ráðstefna um heildstæða skólastefnu, allt frá leikskóla til fullorðinsfræðslu, var einnig haldin í september. Fyrirlesarar voru tveir og báðir danskir. Á ráðstefnunni var beitt aðferð sem kölluð er „Lære- og dialogforum“ og ætlunin var að virkja ráðstefnugesti sem mest.
– Í lok ársins var í Reykjavík haldin fyrrnefnd ráðstefna, „Innovation and Creativity in the Hands of the Young“, um listmenntun, skapandi greinar og nýsköpun, með stuðningi og þátttöku ESB. Þátttaka ungs listafólks hvaðanæva af Norðurlöndum var mikil og þátttakendur voru virkir. Fjórir erlendir fyrirlesarar héldu erindi og síðan var unnið eftir „Lære- og dialogforum“-aðferðinni. Samhliða ráðstefnunni var haldinn norrænn sérfræðingafundur um listmenntun á Norðurlöndum. Fram komu tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði listmenntunar.

Á árinu bárust niðurstöður úttektar á kennaramenntun og möguleikum til að efla samstarf um þá menntun. Í lok ársins var í undirbúningi könnun á möguleikum á rannsóknasamstarfi í þágu menntamála og kennslufræða.

Norrænt tungumálasamstarf

Norræna tungumálasamstarfið var endurskoðað árið 2008. Um langt skeið hefur ríkt nokkur óvissa um tilhögun þessa samstarfs, meðal annars vegna þess að viðhorfið er nokkuð mismunandi eftir löndunum og líta sum á samstarfið sem menningarmál en önnur sem menntamál. Væntingar til samstarfsins voru misjafnar. Menntamálaráðherrum var umhugað um að auka málskilning milli íbúa landanna fimm en á vettvangi menningarmála var meiri áhersla á að skoða málsögulegan, málfræðilegan og menningarlegan samanburð. Þá var töluverður áhugi á samstarfi um máltæknileg atriði í tölvusamskiptum.

Í byrjun ársins var allt tungumálasamstarfið fært undir ráðherranefnd menntamála og ákveðið að leggja megináherslu á að auka málskilning milli þjóðanna á einhverju hinna þriggja skandinavísku tungumála. Ákveðið var að færa framkvæmd málsins undir NSS. Jafnframt var gamla tungumálaráðið lagt niður en í stað þess skipuð ráðgjafarnefnd um tungumálasamstarfið (ENS) til að fylgjast með samstarfinu með heildstæðari hætti en tungumálaráðiðið gerði áður. Tók hún til starfa í ársbyrjun 2009 undir formennsku prófessors Guðrúnar Kvaran.

Í tengslum við endurskipulagninguna ákváðu Íslendingar að beita sér fyrir átaki til að efla tungumálasamstarf landanna, bæði með aðgerðum í skólastarfi og með því að tengja betur verkefnasamstarf á sviði menningarmála, með það fyrir augum að efla samskipti norrænna ungmenna á einu hinna þriggja skandínavísku tungumála. Áætlun um átakið lá fyrir í drögum í árslok og hefst það væntanlega undir formennsku Dana á árinu 2010.

Háskólasamstarf

Ráðgjafanefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi á því sviði. Hún á að efla norrænt samstarf um æðri menntun meðal annars með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla.

Gerð var úttekt á samstarfinu um norrænt meistaranám og voru niðurstöður mjög jákvæðar. Ljóst er að verulegur áhugi er á eflingu þess meðal norrænna háskóla.

Samanburðarathugun og kortlagning, sem framkvæmd var meðal norrænna háskóla á styrk háskólanna í alþjóðlegu samhengi, hefur sýnt fram á að Norðurlönd standa í fremstu röð á ýmsum sviðum og eru álitlegur kostur til framhaldsnáms í augum háskólanema frá öðrum heimshlutum. Í tengslum við könnunina var gerð samanburðarathugun á gæðamati og gæða-

kvörðum norrænna háskóla. Ráðstefna um gæðamat var haldin á Íslandi vorið 2009 en henni verður fylgt eftir með ráðstefnu á Færeyjum í febrúar 2010 um gæðamat kennslu og rannsókna við háskóla.

Vaxandi áhugi er á samstarfi norrænna háskóla um alþjóðlega markaðssetningu framhaldsnáms á komandi árum. Ákveðið var að halda áfram með norrænu meistaranámsáætlunina (Nordic Master) meðal norrænna háskóla.

Fullorðinsfræðsla

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Hún hefur yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL), fjallar um áherslur samstarfsnetsins og forgangsröðun verkefna þess. Á undanförnum árum hefur SVL einbeitt sér að því að skoða færniþróun fullorðinna, gæði í fullorðinsfræðslu, nám fullorðinna í atvinnulífinu, lestrar- og skriftarörðugleika meðal fullorðinna og aðlögun innflytjenda. Þá hefur áhersla verið á að vinna áfram með raunfærnimat og nýlega var ákveðið að vinna sérstaklega með náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Ýmis verkefni hafa notið stuðnings ráðherranefndarinnar á framangreindum sviðum. Íslenska formennskan stóð fyrir málþingi á Selfossi 9. júní sl. þar sem fjallað var um aðlögun útlendinga að norrænum samfélögum í gegnum nám og helstu sérfræðingum á þessu sviði á Norðurlöndum boðið.

Á seinni fundi ráðherranefndarinnar sem haldinn var í Stokkhólmi í lok október fór fram þemaumræða um fullorðinsfræðslu á krepputímum. Var athyglinni beint að samhengi milli atvinnuleysis, lítillar menntunar og brottfalls úr námi. Sérstaklega var fjallað um hættuna sem felst í því að ungt fólk falli varanlega bæði út úr menntakerfinu og af vinnumarkaði og hverfi ekki til baka. Hliðstæð umræða mun hafa farið fram á vegum MR-A. Ákveðið var að gera samanburðarúttekt á vandanum milli landanna en jafnframt setja á laggirnar vinnuhóp til að gera sem fyrst tillögur um aðferðir til að laða ungt fólk aftur inn í skólakerfið eða að vinnumarkaðnum.

Vísindasamstarf

Stærsta einstaka verkefnið í hnattvæðingaráætlun forsætisráðherranna er samnorræn rannsókna- og nýsköpunaráætlun (Topforskningsinitiativet) á sviði umhverfis, loftlags og orku. Starfshópur var skipaður til að vinna að framgangi áætlunarinnar (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål) undir formennsku Svía árið 2008. Hvert land á þrjá fulltrúa í stjórn áætlunarinnar. Norræna rannsóknarráðið (NordForsk), Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) og Norrænar orkurannsóknir (NEF) munu í sameiningu sjá um rekstur áætlunarinnar en henni var formlega hleypt af stokkunum á hnattvæðingarþingi forsætisráðherra Norðurlanda í lok febrúar.

Á fyrra fundi ráðherranefndar menntamála sem haldinn var í Bláa lóninu í apríl fór fram þemaumræða um mikilvægi og samhengi rannsókna, nýsköpunar og menntunar á krepputímum. Sú umræða mótaði nokkuð starfið á árinu, bæði að því er varðar áherslur í menntamálum og menntarannsóknum, fullorðinsfræðslu og að því er varðar samspil vísindarannsókna og nýsköpunar. Í framhaldinu varð ítarleg umfjöllun á vegum embættismannanefndanna og skrifstofu ráðherranefndarinnar um stjórnsýslu innan ráðherranefndarinnar og norrænna stofnana (NordForsk, NICe og NEF). Einnig var rætt um samspil vísindarannsókna og nýsköpunar á grundvelli úttektar, sem ráðgjafafyrirtækið Technopolis var fengið til að

gera á þeirri reynslu sem fengist hefur af undirbúningi öndvegisáætlunarinnar á sviði umhverfis, loftslags og orku. Þar reyndi mjög á getu til að koma á samvinnu milli stofnana heima fyrir og norrænna stofnana um fjármögnun og framkvæmd áætlunarinnar. Af þessu tilefni bauð embættismannanefndin til fundar með fulltrúum annarra embættismannanefnda, norrænna stofnana, rannsóknarráða og nýsköpunarstofnana í löndunum fimm til að ræða möguleika á nánara samráði um stefnu og stýringu rannsókna og nýsköpunar. Niðurstöður fundarins bentu til vaxandi áhuga og skilnings á nauðsyn þess að auka samstarf milli heimastofnana og norrænna og milli ráðherranefndanna þvert á ábyrgðarsvið þeirra, um málefni rannsókna og nýsköpunar í þágu félagslegra og efnahagslegra framfara og til að mæta áskorunum hnattvæðingar.

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk, sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir ráðherranefndinni en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðarog atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs, Guðrún Nordal, í stjórninni og er hún jafnframt formaður. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk 2006–2009 var lögð áhersla á að byggja samstarf landanna á innri styrk Norðurlanda og þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm og beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar rannsókna í aðildarlöndunum telja mikilvæg og leggja sjálf til fjármagn að verulegu leyti. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja áherslusvið landanna sem best til að skapa samlegðaráhrif. Stofnunin tekur mið af áherslum landanna og lögð er rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða, um leið og tekið er mið af þjóðfélagslegum þörfum.

Norræn öndvegissetur hafa verið stofnuð (Nordic Centers of Excellence, NCoE) á sviði matvæla, næringar og heilsu; velferðarsamfélagsins; hnattrænna breytinga; læknisfræðilegrar sameindalíffræði og hug- og félagsvísinda. Starfræktir eru norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndunum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra í aðildarlöndunum.

NordForsk er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli norrænu landanna og við umheiminn, á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd. Á árinu hafði NorduNet AS forgöngu um að opna nýja háhraðatengingu um Ísland og Grænland til Norður-Ameríku sem gjörbreytir samskiptaforsendum háskóla og vísindastofnana hér á landi. RH-net á Íslandi myndar nú lykilmiðstöð í tengineti milli norrænna og evrópskra háskóla og rannsóknastofnana við bandaríska rannsóknanetið, sem starfrækt er af National Science Foundation í Bandaríkjunum. Við þetta skapast nýir möguleikar í vísindasamstarfi Íslendinga við umheiminn.

9. Vinnumál

Yfirskrift samstarfsáætlunar á sviði vinnumála fyrir árin 2009–2012 er: Hnattvæðing í brennidepli og brýn viðfangsefni vegna breytinga á aldurssamsetningu. Hið síðarnefnda vísar til lækkandi fæðingartíðni og hlutfallslegrar fjölgunar í eldri aldurshópunum í norrænu ríkjunum.

Formennskuáætlun Íslendinga á sviði vinnumála og vinnuverndarmála tók mið af markmiðum samstarfsáætlunarinnar en grundvallaratriði hennar er að viðhalda fullri atvinnu og bregðast við atvinnuleysi, hvort sem er á afmörkuðum svæðum eða í einstökum starfsgreinum. Hér hefur hnattvæðingin sett sitt mark. Nánari tengsl atvinnu- og efnahagslífs heimsins skapa ný úrlausnarefni. Fjármagn leitar til landa þar sem hagnaðarvonin er mest án þess að vinnuaflið fylgi með. Ef ekki eru nýtt sóknarfæri sem opnast með greiðari samskiptum verður afleiðingin að störf glatast og atvinnuleysi eykst. Hnattvæðingin hefur einnig áhrif á skipulag vinnunnar og starfsumhverfi launafólks sem hefur haft ýmsar afleiðingar eins og félagsleg undirboð, aukið vinnuálag og kröfur um aukinn sveigjanleika. Þetta veldur streitu og erfiðleikum, meðal annars við að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífinu. Aðsteðjandi efnahagskreppa hefur aukið á vandann. Nauðsynlegt er fyrir norrænu þjóðirnar að bregðast við þessum breyttu aðstæðum.

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) hélt fund í Reykjavík 10. og 11. nóvember, í skugga mikils og vaxandi atvinnuleysis á Norðurlöndum. Í fyrsta skipti í meira en fimm ár tóku fulltrúar norrænna samtaka aðila vinnumarkaðarins þátt í fyrri hluta fundarins þar sem horft var til framtíðar. Fjallað var um menntun og samkeppnishæfni norræna vinnuaflsins og getu þess til að takast á við ný eða breytt störf. Á fundinum flutti einn af framkvæmdastjórum ESB, Vladimir Spidla sem fer með félags- og vinnumál, erindi um þetta efni. Søren Kaj Andersen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, gerði grein fyrir úttekt sem hann hafði gert í samvinnu við Ove K. Pedersen, prófessor við Viðskiptaskóla Kaupmannahafnar, um símenntun og hreyfanleika starfsmanna milli starfa, starfsgreina og svæða. Lífleg skoðanaskipti áttu sér stað á fundinum um þetta efni.

Talsmaður samstarfssamtaka norrænu alþýðusambandanna gerði að umtalsefni samskiptareglur á norrænum vinnumarkaði í ljósi nokkurra dóma Evrópudómstólsins. Hann hvatti til samstöðu fulltrúa stjórnvalda og norrænna samtaka aðila vinnumarkaðarins um að standa vörð um þá skipan sem er við lýði og hefur gefist vel við ákvörðun um kaup og kjör. Rætt var um túlkun á 49. gr. grundvallarlaga ESB um frjáls þjónustuviðskipti og um spurninguna um launakjör útsendra starfsmanna.

Félags- og tryggingamálaráðherra gerði grein fyrir framkvæmd formennskuáætlunar Íslendinga en tvær ráðstefnur voru haldnar skömmu fyrir ráðherrafundinn.

Fyrri ráðstefnan bar heitið *Áhrif atvinnuþátttöku eldra fólks á heilsu og lífsgæði*. Erindi á ráðstefnunni leiddu í ljós margvíslegan hag sem fyrirtæki og samfélagið hafa af því að eldri starfsmenn séu virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Fram komu atriði eins og jákvæð áhrif á heilsu og mikilvægi þess að nýta hæfni, þekkingu og reynslu eldri starfsmanna. Vegna breyttrar aldurssamsetningar blasir við þörfin fyrir vinnuframlag þeirra til að unnt sé að standa undir velferðarsamfélaginu á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni voru kynntar til sögunnar ýmsar aðgerðir sem stjórnvöld, fyrirtæki og samtök aðila vinnumarkaðarins hafa beitt til að hvetja eldri starfsmenn til að halda áfram þátttöku í atvinnulífinu svo fremi sem heilsa og aðrar aðstæður leyfa.[10]

---

[10] Sjá einnig um ráðstefnuna í kafla 11.

Félags- og tryggingamálaráðherra gerði einnig grein fyrir helstu niðurstöðum annarrar ráðstefnu sem var hluti af formennskuáætlun Íslendinga og bar yfirskriftina *Vinnumarkaður fyrir alla*. Hún var framhald á formennskuáherslu Svía árið 2008 sem beindist að því að leita nýrra leiða til að virkja þá sem einhverra hluta vegna eru utan vinnumarkaðarins.

Meginviðfangsefni á fundi norrænu vinnumálaráðherranna var atvinnuleysi ungs fólks en fimmti hver einstaklingur á aldrinum 25 ára og yngri í Evrópu er atvinnulaus. Fram kom að þessi staða valdi áhyggjum og nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að kynslóð hverfi af vinnumarkaði og úr atvinnulífinu; beita ætti tiltækum ráðum til að viðhalda virkni þessa hóps og bæta hæfni með menntun og þjálfun. Ráðherrarnir ákváðu að fela EK-A að fylgja málinu eftir með könnun á hvaða aðgerðum sé beitt í löndunum í atvinnumálum ungs fólks. Einnig á að kanna hvað gert sé í atvinnumálum ungs fólks í ljósi fyrirsjáanlegs skorts á vinnuafli. Markmiðið er að bera saman aðgerðir landanna, ýta undir upplýsingamiðlun um reynslu af ólíkum leiðum og jafnframt leita nýrra leiða til lausnar.

Gerð var grein fyrir stöðunni í samstarfsverkefnum sem tengjast hnattvæðingunni. Hnattvæðingarverkefnin taka til fjögurra sviða, þ.e. heilsufars og velferðar, samgangna og orkumála, menningar og sköpunarkrafts og fjármála. Ákveðið var að stofna til tveggja verkefna innan ramma heilsu og velferðar. Annað er um ráðningu erlendra starfsmanna, vinnuaðstæður innflytjenda og tengsl þeirra við norræna vinnumarkaðinn. Hitt er um bætta stöðu Norðurlanda til að gera sig gildandi í vaxandi greinum atvinnulífsins. Hlutaðeigandi undirnefndir embættismannanefndarinnar munu hafa umsjón með framkvæmdinni.

Svíar gegndu formennsku í ESB á seinni hluta ársins. Sænski vinnumálaráðherrann flutti á fundinum skýrslu um framvindu mála á sviði vinnu- og vinnuumhverfismála í sambandinu. Aðgerðir til að hrinda í framkvæmd ákvæðum Lissabon-samkomulagsins um vinnumarkað fyrir alla var forgangsverkefni undir formennsku Svía. Lögð var fram tillaga um breytingu á tilskipun um bættar vinnuaðstæður kvenna sem nýlega hafa alið börn eða hafa barn á brjósti. Unnið er að því að ná samkomulagi um tillögu um breytingu á tilskipun um foreldraorlof sem byggir á samningi samtaka evrópskra aðila vinnumarkaðarins.

Norræna embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) hélt tvo fundi á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík en sá seinni í Kaupmannahöfn.

Umræður um hnattvæðingarverkefni ráðherranefndarinnar voru umfangsmiklar á fundum embættismannanefndarinnar. Kom fram það álit að flokka mætti mörg verkefni á vinnumarkaðssviðinu sem hnattvæðingarverkefni.

Endurskipulag á upplýsingamiðlun um norræn vinnu- og vinnuverndarmál var til umfjöllunar á árinu. Upplýsingamiðlunin hefur verið byggð á útgáfu tímaritanna *Arbeidsliv i Norden* og *Nordic Labour Journal*. Til að fréttir endurspegli betur raunverulega stöðu og brýn viðfangsefni var ákveðið að hætta pappírsútgáfu tímaritanna og gefa þau í staðinn út á rafrænu formi.

Nordjobb-verkefnið[11] greiðir fyrir sumarráðningum á ungu fólki milli norrænu landanna í því augnamiði að auka færni í norrænum tungumálum og stuðla að nánari kynnum milli íbúa landanna. Verkefnið var endurskipulagt með góðum árangri en rúmlega 750 ungmenni fengu vinnu fyrir milligöngu Nordjobb á árinu á móti 700 árið 2008. Stjórnendur verkefnisins munu kanna hvort unnt sé að auka umfangið enn frekar með sömu fjármunum, til dæmis með því að starfrækja verkefnið árið um kring.

---

[11] Sjá nánar síðar í kaflanum.

Embættismannanefndin fjallaði um skýrslu sem Stellan Ottosson vann að frumkvæði samstarfsráðherranna. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um hvernig gera megi starf NMR virkara og hagkvæmara. Embættismannanefndin vakti í bréfi til samstarfsráðherranna athygli á þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til, til að mæta ábendingum skýrslunnar. Meðal annars hafi nefndum verið fækkað svo og fundum, þar með talið fundum norrænu vinnumálaráðherranna.

Embættismannanefndin úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna á vinnumarkaðssviðinu. Ákveðið var að leggja fjármuni til nokkurra verkefna sem voru hluti af formennskuáætlun Íslendinga: veitt var fé til rannsóknar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs á Norðurlöndum á móti framlagi frá EKLigestilling og EK-S; ákveðið var að styrkja ráðstefnu um atvinnu fyrir alla en hún var haldin í Reykjavík í nóvember; einnig var styrkt ráðstefna um gildi þess fyrir eldri borgara að vera virkir þátttakendur í atvinnulífinu en sú ráðstefna var að stórum hluta kostuð af EK-S.

EK-A undirbýr árlega fundi norrænna vinnumálaráðherra. Á fundum nefndarinnar eru lögð drög að dagskrá fundanna, skipst á skoðunum um fyrirkomulag og umræðuefni sem brýnt þykir að taka til umfjöllunar.

Nefnd um vinnurétt

Nefnd um vinnurétt (NAU) hélt tvo fundi á árinu. Farið var yfir fyrirhuguð frumvörp og þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið í tengslum við löggjöf er varðar vinnumarkað hvers ríkis. Farið var yfir stöðu vinnumarkaðarins í hverju ríki fyrir sig. Lausum störfum hefur fækkað og atvinnuleysi aukist að sama skapi í öllum norrænum löndum nema Noregi þar sem ástandið á vinnumarkaði hefur haldist nokkuð stöðugt. Norrænu löndin eiga það sameiginlegt að vinna með öllum ráðum gegn atvinnuleysi ungs fólks sem virðist fara vaxandi. Þá hefur dregið jafnt og þétt úr frjálsri för launafólks til Norðurlanda frá öðrum löndum Evrópu.

Nefndin tók fyrir valin mál í tengslum við efni tilskipana ESB sem ríkjunum er ætlað að innleiða, annars vegar á grundvelli aðildar að ESB og hins vegar á grundvelli aðildar að EES. Þá var fjallað almennt um innleiðingar ríkjanna á sameiginlegum evrópskum reglum auk þess sem rætt var um dóma, sem fallið hafa hjá Evrópudómstólnum og Mannréttindadómstól Evrópu, og þau réttaráhrif sem dómarnir kunna að hafa á löggjöf einstakra ríkja. Greint var frá þeim málum á hendur ríkjunum sem fyrrnefndir dómstólar hafa til meðferðar.

Norræna vinnumarkaðsnefndin

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar eru í samræmi við samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála 2009–2012. Nefndin hélt tvo fundi á árinu en annar þeirra var í Reykjavík.

Á því tímabili verður meðal annars lögð áhersla á áhrif hnattvæðingar, áhrif alþjóðafjármálakreppu og áhrif innflytjenda á vinnumarkað Norðurlanda. Á formennskuári Íslendinga var meðal annars lögð áhersla á áhrif fjármálakreppunnar á vinnumarkað. Haldnar voru ráðstefnur á formennskuárinu, meðal annars um áhrif fjármálakreppunnar á heilsu, húsnæðismál og efnahag heimila.

Verkefnum á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar um eftirfarandi viðfangsefni lauk á árinu:

- Hreyfanleiki á vinnumarkaði í norrænu velferðarríkjunum.
- Starfsgreinar þar sem þörf er fyrir starfsfólk og hreyfanleiki á milli norrænu ríkjanna.
- Frá skóla til starfs – samanburður á árangri norrænu ríkjanna.

– Norræn greining á þörf fyrir vinnuafl.
– Norræn skýrsla um atvinnuleysistryggingaþingið.
– Verkefni til eftirbreytni sem hafa að markmiði að auðvelda fötluðum aðgang að vinnumarkaðnum.
– Lokaskýrsla um að búa í einu norrænu landi og vinna í öðru.
– Vinnuafl á ýmsum svæðum á Norðurlöndum.
– Ráðning sérmenntaðs starfsfólks frá ríkjum utan Norðurlanda: reglur, stefna og raunveruleiki.

Ákveðið var að veita fé í eftirfarandi þætti:
– Þátttaka eldri borgara í atvinnulífinu.
– Hópar innflytjenda frá þróunarríkjum í Skandinavíu: breytingar og aðlögun.
– Aðgerðir til að takast á við afleiðingar hnattvæðingar: menntun, virkni og félagsleg þátttaka á Norðurlöndum.

Norrænn starfshópur til að áætla þörf á vinnuafli og ráðningu starfsmanna milli Norðurlanda

Lokaskýrsla starfshópsins var kynnt vinnumarkaðsnefndinni vorið 2009. Meðal tillagna var að vinnumálastofnanir spái fyrir um eftirspurn eftir vinnuafli í löndunum og að spár verði birtar á heimasíðum stofnananna.

Ákveðið var að endurskoða upplýsingar um vinnumarkaðinn á heimasíðum norrænna vinnumálastofnana svo þær séu sem réttastar. Með þeim hætti verði vinnumiðlun auðvelduð á milli landanna og hún gerð árangursríkari.

Nordjobb og Snorraverkefnið

Umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála er Nordjobbverkefnið. Það byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli landanna. Lengst af hafa Norrænu félögin annast framkvæmd verkefnisins. Á árinu komu ungmenni til starfa á Íslandi en 90 ungmenni fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb.

Á vegum Snorraverkefnisins komu tólf til Íslands en átta fóru til Kanada.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál

Samstarfshópurinn (NIAL) fjallar um öflun og miðlun upplýsinga um norræn vinnu- og vinnuverndarmál. Árlegur fundur samstarfshópsins var haldinn á Íslandi.

Gerð var sú breyting á upplýsingamiðlun um norræn vinnu- og vinnuverndarmál að tímaritin *Arbeidsliv i Norden* og *Nordic Labour Journal* eru nú eingöngu gefin út í rafrænu formi. Þau koma út oftar en áður og á milli útgáfa kemur út fréttayfirlit. Fyrsta tölublaðið af Arbeidsliv i Norden í breyttri mynd kom út um miðjan ágúst.

Norræna vinnuverndarnefndin

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Á fyrri fundinum kynnti fulltrúi frá NordForsk starfsemi stofnunarinnar. Samvinna vinnuverndarnefndarinnar og NordForsk mun felast í gagnkvæmri upplýsingamiðlun og auglýstir verða styrkir til vinnuverndarverkefna á heimasíðu NordForsk. Fjallað var um tillögur nefndarinnar til EK-A um verkefni á sviði hnattvæðingar, heilsu og velferðar. Annað er um *erlent vinnuafl, vinnuumhverfi og vinnuskilyrði* en hitt um *vinnuumhverfi, örtækni og samkeppnishæfni Norðurlanda*. Ákveðið var að ráðist yrði í þessi

verkefni. Norræna vinnuverndarnefndin og vinnumarkaðsnefndin hafa umsjón með framkvæmdinni.

Í samræmi við samstarfsáætlunina fyrir árin 2009–2012 ákvað vinnuverndarnefndin að styrkja verkefni með áherslu á vinnuumhverfi sem eflir velferð, þátttöku á vinnumarkaði og framleiðni. Við val á verkefnum hafa eftirfarandi áherslur verið lagðar til grundvallar:

1 *Vinnuvernd, heilsa og efnahagur*
Stuðla skal að því að mikilvægi vinnuumhverfis fyrir framleiðni og fjárhagslega afkomu fyrirtækja verði sýnilegt.
2 *Þróun vinnuverndaraðgerða og eftirlits*
Stuðla skal að þróun og aukinni þekkingu á virkni aðgerða í vinnuumhverfismálum, og á eftirliti með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum.
3 *Vinnuvernd og aðbúnaður starfsfólks af erlendum uppruna*
Stuðla skal að þekkingu á því hvernig má koma í veg fyrir að innflytjendur, hvort sem þeir koma í atvinnuleit eða sem flóttamenn, hafni utan vinnumarkaðarins, búi við slæmt vinnuumhverfi, mismunun eða félagsleg undirboð á vinnumarkaði.
4 *Mikilvægi vinnuverndar og aðgerða á vinnustað til að auðvelda endurkomu á vinnumarkað*
Stuðla skal að aukinni þekkingu á því hvernig megi hindra að einstaklingar hafni utan vinnumarkaðar með því að skapa heilsueflandi vinnuumhverfi, þar sem allir rúmast, og jafnframt stuðla að því að bæta tækifæri fólks sem, vegna fötlunar, þjóðernis, menntunar, kyns, aldurs eða sjúkdóms, hefur átt í erfiðleikum með að ná fótfestu á vinnumarkaði.

Á haustfundinum voru teknar fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum en af 16 umsóknum voru 9 samþykktar. Íslenskar umsóknir voru að þessu sinni tvær og hlaut önnur þeirra brautargengi; veittur var styrkur til að standa straum af kostnaði vegna Norrænu vinnuumhverfisráðstefnunnar (Nordisk Arbejdsmiljømøde – NAM), sem haldin verður í október 2010 á Íslandi, en ráðstefnan er haldin árlega í löndunum fimm til skiptis.

Íslendingar stjórnuðu framkvæmd tveggja verkefna á árinu. Annað verkefnið felur í sér að bera saman ákvæði vinnuverndarlöggjafar á Norðurlöndum og framkvæmd löggjafarinnar. Verkefnið hófst á árinu og mun ljúka um mitt árið 2010. Hitt verkefnið er úttekt á banaslysum við vinnu á Norðurlöndum. Grafast á fyrir um orsakir banaslysa við vinnu og verða slysin meðal annars flokkuð eftir kyni þeirra sem látast, aldri, starfsgrein og fleiri þáttum. Áætlað er að skýrsla liggi fyrir á vormisseri 2010.

Fulltrúi Íslands tók þátt í stjórnun verkefnisins um vinnuumhverfisvottun fyrirtækja sem aðferð í stað hefðbundins eftirlits með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Í tengslum við verkefnið var haldin ráðstefna og lykilhagsmunaaðilum boðið til hennar, svo sem fulltrúum stjórnvalda, þjónustuaðila á sviði vinnuverndar og úr atvinnulífinu. Fjórir fulltrúar frá Íslandi tóku þátt í ráðstefnunni. Niðurstöður verkefnisins birtast í skýrslu á árinu 2010.

Auk framangreinds tóku fulltrúar Íslands þátt í að leggja lokahönd á þýðingu bókar á vegum norræns verkefnis um öryggishegðun og kom bókin út á íslensku snemma árs 2009.[12]

Íslendingar tóku einnig þátt í verkefni um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuverndar (NOVO). Meðal annars var efnt til norrænnar ráðstefnu í Gautaborg, með þátttöku aðila sem hafa rannsakað vinnuverndarmál á heilbrigðisstofnunum hérlendis sem

[12] Sjá: http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/byggt_a_oryggi_net.pdf

og aðila sem vinna daglega með þann málaflokk innan heilbrigðiskerfisins. Um er að ræða verkefni til nokkurra ára og stefnt að fundi hér á landi árið 2011.

Að frumkvæði danska vinnueftirlitsins var haldinn samráðsfundur um bygginga- og mannvirkjagerð.

Stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar

Starf norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljøområdet – NIVA)[13] hefur gengið vel á árinu og rekstur hennar er nú í jafnvægi. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið fundanna er fyrst og fremst að vera stefnumótandi um almennt innihald námskeiða og umfang. Lögð er áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda og þeirra sem vinna við vinnuverndarstarf í fyrirtækjum svo og þeirra sem vinna hjá vinnueftirlitsstofnunum.

Skipulagt var farandnámskeið sem haldið var í öllum norrænu löndunum. Um var að ræða eins dags námskeið um vinnugetu og aldur starfsmanna. Gert er ráð fyrir að sambærilegt farandnámskeið verði haldið haustið 2010 um vinnuvernd og öreindatækni (nano-teknologi). Á því sviði er mikil þróun og því brýnt að tryggja að vinnuverndarþekking sé góð. Gert er ráð fyrir námskeiði um sálfélagslegt áhættumat í Reykjavík 26.–28. apríl 2010. Ákveðið hefur verið að veita nokkra styrki til þátttöku í námskeiðum stofnunarinnar fyrir doktorsnema. Áfram er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika hjá NIVA þannig að setja megi upp námskeið á sviði vinnuverndar með stuttum fyrirvara.

Samtímis er verið að efla samstarf við aðrar norrænar menntastofnanir. Þannig hefur verið komið á samvinnu við Norræna lýðheilsuháskólann.

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Undir *norrænu ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER*) starfa tvær embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka, *embættismannanefndin um byggðamál (EK-Regional)* og *embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál (EK-NE)*. Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði atvinnu- og orkumála, er þó oftast fundað aðskilið um málaflokkana, þ.e. EK-NE/Näring og EK-NE/Energi, og byggir umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Ráðherrafundi MR-NER sem boðað var til í Reykjavík í júní þurfti að aflýsa á síðustu stundu af óviðráðanlegum orsökum. Í stað hans var haldinn stuttur ráðherrafundur í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í október. Á þeim fundi voru orkumálin fyrirferðarmest, þar sem ráðherrarnir ræddu aðallega um orku og samgöngur og norræna raforkumarkaðinn.

Á árinu var fram haldið vinnu við hnattvæðingarverkefnin sem byrjað var að skilgreina árið 2007 samkvæmt ákvörðun forsætisráðherranna. Hnattvæðingarverkefnin hafa nokkuð breytt þeim áherslum sem embættismannanefndirnar hafa starfað eftir og reynt talsvert á þverfaglegt samráð en aukin þverfagleg samvinna var eitt af markmiðum þessara verkefna.

Sett voru á laggirnar þrjú ný hnattvæðingarverkefni sem heyra undir EKNE. Í kjölfar formennskuverkefnis Íslendinga um vistvænar samgöngur var ákveðið að hefja hnattvæðingarverkefni um sama mál og einnig um vistvænar byggingar. Í báðum verkefnunum er gerð rík

---

[13] Sjá: http://www.niva.org

krafa um þverfaglega samvinnu. Einnig hófst verkefni um nýsköpun í heilbrigðisgeiranum sem fellur undir ábyrgðarsvið EK-NE/Näring. Settir hafa verið á fót vinnuhópar sem eiga að gera verkefnalýsingar og stýra verkefnum og umsóknum og eiga Íslendingar fulltrúa í öllum þeim hópum.

Í tengslum við hin nýju verkefni hefur komið fram aukin krafa um þverfaglegt samstarf og samstarf milli norrænu stofnananna sem staðsettar eru í Osló – NEF, NICe og NordForsk – og hafa þær markvisst unnið að því að auka samstarf sitt, sem miðar að því að nýta sameiginlegan styrk þjóðanna svo áhrif þeirra aukist á alþjóðavettvangi. Þar hafa norrænu þjóðirnar mikið fram að færa. Fyrstu öndvegisáætluninni um orku-, umhverfis- og loftslagsmál var ýtt úr vör á hnattvæðingarþingi norrænu forsætisráðherranna í Bláa lóninu 26.–27. febrúar. Fimm af sex verkefnaflokkum hafa opnað fyrir umsóknir en sá sjötti verður auglýstur í byrjun árs 2010. NICe stýrir tveimur af sex áherslusviðum áætlunarinnar, þeim sem fjalla um nanótækni og orkunýtingu, og um bindingu koldíoxíðs og geymslu. NEF stýrir einnig tveimur verkefnum, þ.e. þeim sem lúta að sjálfbærni lífeldsneytis og aðlögun vindorku að raforkukerfinu. Hin tvö verkefnin fjalla um aðlögun að loftslagsbreytingum og loftslagsbreytingar og freðhvolfið.

Haldnir voru fimm fundir í EK-Regional, fjórir fundir í EK-NE/Näring, fjórir fundir í EK-NE/Energi, tveir sameiginlegir fundur í EK-NE, auk nokkurra styttri símafunda. Auk þess voru haldnir tveir fundir þar sem saman komu allar embættismannanefndirnar sem heyra undir MR-NER.

Atvinnumál

Helstu áherslur í atvinnu- og nýsköpunarmálum á formennskuárinu voru á mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífinu, áhrif loftslagsbreytinga á atvinnulífið og ferðamál.

- Sett var af stað endurskoðun á hvítbókinni, norrænu samstarfsáætluninni um nýsköpun, sem er í gildi út árið 2010. Endurskoðunin, sem unnin var af NICe og gefin var út undir nafninu „The Next Big Thing? Trends Shaping Nordic Innovation“, verður nýtt við undirbúning að nýrri áætlun fyrir árin 2011–2013.
- Í apríl var haldin ráðstefna á Ísafirði um nýsköpun í ferðaþjónustu. Ráðstefnuna sóttu um 80 manns og voru fyrirlesarar og gestir hvaðanæva af Norðurlöndum. Fram kom mikill áhugi fyrir því að starfa saman að stefnumótun í ferðamálum á Norðurlöndum. Í framhaldi af ráðstefnunni þótti ljóst að ástæða væri til að setja á fót vinnuhóp er skilgreindi helstu samstarfsverkefni á sviði stefnumótunar í ferðamálum. Mun NICe vinna með hópnum.
- NICe var fengin til að taka saman yfirlit yfir áhrif loftslagsbreytinga á atvinnulíf. Úttektin var meðal þess sem kynnt var á hliðarráðstefnu sem íslenska formennskan stóð fyrir í tengslum við ráðstefnuna „Nordic Climate Solution“ í Kaupmannahöfn í september. Á annað hundrað manns sóttu viðburðinn, sem var best sótti hliðarviðburðurinn í tengslum við ráðstefnuna.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk InnovationsCenter – NICe) vinnur að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi á Norðurlöndum. Í starfi miðstöðvarinnar er lögð áhersla á nýsköpun á breiðum grundvelli þar sem stuðst er við eftirfarandi skilgreiningu: „Nýsköpun stendur fyrir nýja eða bætta ferla, þjónustu, vöru eða skipulag, sem gefa hagræn eða önnur samfélagsverðmæti. Nýsköpun er mikilvæg í öllum atvinnugreinum.“

NICe fjármagnar verkefni sem efla samstarf milli norrænu landanna, þverfaglegt samstarf og samstarf atvinnulífs og rannsókna til að auka nýsköpunargetu á svæðinu. Miðstöðin starfar með fulltrúum atvinnulífs, stjórnvalda og rannsóknageirans. Markmiðið er að auka þekkingu og færni í nýsköpun og kynna niðurstöður verkefna miðstöðvarinnar.

Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Osló, starfsmenn eru 17 frá öllum norrænu löndunum en auk þess starfa tveir við sérverkefni.

NICe vinnur að því að Norðurlönd verði virkur innri markaður án landamæra þar sem ekkert heftir frjálsan flutning hæfni, hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða, og þannig myndist forsendur fyrir aukinni samkeppnishæfni.

Greining var gerð á norrænum mörkuðum svo markvisst mætti vinna að því að fjarlægja landamærahindranir. Hún leiddi í ljós að hægt væri að samræma reglur og lög um ýmsa þætti er varða þjónustugreinar. Aðgerðir í þá veru myndu auðvelda samstarf og kaup á þjónustu milli landa. Sjónum var einkum beint að stöðlun þjónustu og á síðari helming ársins var meðal annars hrundið af stað verkefni sem tengist kaupum á þrifum.

NICe styrkir nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári. Þannig eru 2–3 ný áherslusvið auglýst og jafn mörgum lýkur á ári hverju.

Í árslok 2009 voru áherslusviðin þessi:

– Umhverfistækni.
– Míkró- og nanótækni, MINT-III.
– Markfæði.
– Heilsusamlegri kostur fyrir alla.
– Nýsköpun í ferðaþjónustu.
– Ný norræn matargerð.
– Notendastýrð nýsköpun.

Miðstöðin styrkti forverkefni, kallað InnoTools, sem rannsakar aðgerðir og stjórntæki til að örva nýsköpun í fyrirtækjum. Framhald verkefnisins á árinu 2010 er í skoðun. Verkefni utan áherslusviða verða frá árinu 2010 tekin til skoðunar tvisvar á ári. Fulltrúar allra sviða atvinnulífsins eru hvattir til að sækja um stuðning við slík verkefni. NICe leggur vaxandi áherslu á þátttöku fyrirtækja í verkefnunum sem styrkt eru.

NICe leggur áherslu á að kynna starfsemi og niðurstöður verkefna sem miðstöðin fjármagnar. Vegna kostnaðar var ákveðið að takmarka mjög útgáfu á prentefni en leggja áherslu á veflausnir.[14]

NICe skipuleggur á ári hverju fundi og ráðstefnur á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Á formennskuári Íslendinga fóru fram fjölbreytt verkefni, ráðstefnur og útgáfustarfsemi. Hæst bar hnattvæðingarþing norrænu forsætisráðherranna í Bláa lóninu dagana 26.–27. febrúar.

Af ráðstefnum sem NICe skipulagði á Íslandi í tilefni formennskuársins má nefna tvær ráðstefnur í mars, annars vegar um norrænt samstarf í heilbrigðisþjónustu, möguleika og hindranir, og hins vegar um betra líf með heilbrigðum lífsstíl. Í maí var haldin ráðstefna um nýsköpun í sjávarútvegi þar sem sendinefnd frá Kanada tók virkan þátt. Í nóvember var ráðstefna um matvælaþróun á Norðurlöndum. Einnig skipulagði NICe fjölmarga fundi og ráðstefnur víðsvegar á Norðurlöndum og í nágrannalöndum.

---

[14] Sjá: http://www.nordicinnovation.net

Norrænt stefnurit (hvítbók) um nýsköpun var gefið út síðla árs þar sem fjallað er um hvernig styrkja megi nýsköpunargetu Norðurlanda á tímum hnattvæðingar og loftlagsbreytinga.

Orkumál

Helstu áherslur Íslendinga á formennskuári varðandi orkumál lutu að nýjum og umhverfisvænum orkulausnum í samgöngum og möguleikum á notkun umhverfisvænnar orku á dreifbýlum svæðum, auk þess sem fram fór vinna við nýja samstarfsáætlun um norræna orkusamstarfið.

- Í samvinnu við fyrirtækið Framtíðarorka (FTO) tók formennskan þátt í árlegri ráðstefnu, „Driving Sustainability“, sem haldin var í Reykjavík í september. Ráðstefnan hafði norrænt yfirbragð þar sem norrænum fyrirlestrum var fléttað inn í alþjóðlega dagskrá. Mikil ánægja var með samstarf við FTO, sem lýst hefur yfir áhuga á að halda samstarfinu áfram fyrir ráðstefnuna á næsta ári og er skoðað með hvaða hætti ráðherranefndin og EK-NE/Energi geta komið að ráðstefnu FTO árið 2010.
- Verkefninu „Sjálfbærar samgöngur – Norðurlönd í forystu“ var ýtt úr vör. Markmið þess var að draga fram norrænar lausnir og styrk Norðurlanda á sviði umhverfisvænna lausna í samgöngum. Verkefnið samanstóð af nokkrum verkþáttum en sá stærsti var skýrslan „Foresight Analysis – Nordic Strategies for Renewable Transportation“, sem er úttekt á möguleikum norrænu landanna til að nýta endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum, með áherslu á raforku. Einnig var gefinn út bæklingurinn „Transport Transformed – Sustainable Transport Solutions from the Nordic Countries“ þar sem sett voru fram dæmi um norrænar lausnir sem eru í fararbroddi á heimsvísu í orkumálum samgangna. Hluti af verkefninu var úttekt sem Nordregio gerði um borgarskipulag og sjálfbærar samgöngur og eru niðurstöðurnar birtar í skýrslunni „Spatial Planning and its contribution to climate friendly and sustainable transport solutions.“[15]
- Orkusetur á Akureyri hefur á undanförnum árum birt á heimasíðu sinni reiknivélar þar sem hægt er að bera saman þætti er varða orkunotkun á heimilum og í samgöngum, svo sem mismunandi kostnað við að keyra ákveðnar tegundir bíla og samanburð á eldsneytiskostnaði við notkun á bensíni, díselolíu og metani. Verða einnig tenglar á heimasíðum NMR, NEF og víðar. Í samvinnu við Orkusetrið var ráðist í þýðingu á reiknivélunum á öll norrænu tungumálin, þ.m.t. grænlensku og færeysku.
- Unnið var að nýrri samstarfsáætlun um orkumál fyrir árin 2010–2013. Áhersla er lögð á orkunotkun í samgöngum, rannsóknir og tækniþróun á sviði orku- og loftslagsmála. Áfram er lögð áhersla á endurnýjanlega orku, orkumarkaði, orkunýtni og alþjóðlegt samstarf um orkumál. Stefnan var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember.

Auk starfsemi er laut að áherslum formennskuársins var unnið að verkefnum í föstum vinnuhópum sem starfa undir embættismannanefndinni á fjórum helstu áherslusviðum samstarfsins, þ.e. um norræna raforkumarkaðinn, endurnýjanlega orku, orkunýtni og orkuöflun á dreifbýlum svæðum.

---

[15] Sjá: http://www.nordicenergy.net/transport

Norrænar orkurannsóknir

Stofnunin Norrænar orkurannsóknir (Nordisk Energiforskning – NEF) hefur það hlutverk að stuðla að rannsóknum og nýsköpun á sviði orkumála með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og orkukerfum. Efla á samvinnu sérfræðinga og vísindamanna á Norðurlöndum og auka tengsl við iðnaðinn. Á núverandi styrktímabili 2007–2010 eru 16 rannsóknar- og þróunarverkefni og sjö verkefni um stefnumótun á sviði orkumála unnin með styrk frá NEF.

Lögð er áhersla á endurnýjanlega orku, orkuhagkvæmni, nýtingu vetnis sem orkubera, orkumarkaði og áhrif loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu. Íslendingar eru í forsvari fyrir tveimur verkefnum, annað um áhrif loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu undir stjórn Árna Snorrasonar, forstjóra Veðurstofu Íslands, og hitt um vetni undir stjórn Hannesar Jónssonar, prófessors við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Umfangsmikill undirbúningur fyrir öndvegisrannsóknaverkefnið (Topforskningsinitiativet – TFI), sem er eitt af hnattvæðingarverkefnunum, fer fram í samvinnu við systurstofnanirnar í Osló, NICe og Nordforsk. Sex áætlanir innan verkefnisins voru formlega settar á fót sl. sumar, stefna hefur verið ákveðin fyrir þær allar og fyrstu styrkveitingar eru komnar í vinnslu. NEF hefur umsjón með verkefnum um aðlögun vindorku að raforkukerfinu og um sjálfbærni lífeldsneytis.

Stefnumótun fyrir árin 2011–2013 er hafin. Ætlunin er að tengja stefnuna sem best orkurannsóknastefnu landanna, samhliða því að finna fleti þar sem styrkur Norðurlanda er mikill og tækifæri til samlegðaráhrifa. Jafnframt er litið til þeirra tækifæra í orkutengdum iðnaði þar sem norrænt samstarf getur falið í sér verðmætar lausnir. Haldnir voru fundir með fulltrúum NEF og ráðgjöfum þeirra í löndunum á haustmánuðum, þar sem fulltrúum háskólasamfélagsins, rannsóknastofnana, rannsóknasjóða og iðnaðar var boðið. Niðurstaðan var að mæta beri þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. hvernig unnt sé að bæta orkunýtingu, auka þátt endurnýjanlegra orkugjafa og minnka útblástur. Er þar sérstaklega litið til samgöngumála en einnig til sjávarútvegs og annars iðnaðar, auk samfélagslegrar ábyrgðar íbúa og langtímastefnu stjórnvalda sem þarf að byggja á raunhæfu og sanngjörnu hvatakerfi. Áætlað er að kynna fyrstu drög að stefnunni í löndunum í mars 2010 og kanna þá jafnvel hvort raunhæft sé að hrinda af stað breiðara og formlegra samstarfi milli NEF og lykilaðila í orkurannsóknastefnu hvers lands fyrir næsta tímabil.

NEF hefur á undanförnum 25 árum stutt meira en 300 doktorsnemendur og eru íslenskir verkfræðingar þar hlutfallslega fjölmennur hópur. Starfa þeir víða, hérlendis sem erlendis innan fyrirtækja, stofnana og háskóla.

Á árinu urðu forstjóraskipti hjá NEF en alls eru 11 starfsmenn hjá stofnuninni.

Byggðamál

Formennska Íslendinga setti mark sitt á starfið í *norrænu embættismannanefndinni um byggðamál (EK-Regional):*

- Samstarfsáætlun í byggðamálum fyrir tímabilið 2009–2012 tók gildi um leið og formennskuárið hófst en í samræmi við hana tóku 4 vinnunefndir til starfa.
- Íslendingar lögðu til að gerð yrði rannsókn á áhrifum háskóla og rannsóknarstofnana á byggðaþróun á strjálbýlum svæðum. Nordregio gerði rannsóknina í samstarfi við EK-Regional og stóð ásamt iðnaðarráðuneytinu, Byggðastofnun og fleirum fyrir ráðstefnum um málið.

– Íslendingar lögðu áherslu á að fundnar verði leiðir til að styrkja frumkvöðlastarf og nýsköpun á strjálbýlum svæðum með áherslu á að styðja konur. Vinna við verkefnið fer fram undir stjórn Nordregio og lýkur á árinu 2010.
– Íslendingar lögðu til að skoðað verði hversu langt áhrifasvæði bæja og borga nær út í baklandið og hver áhrif bættra samgangna eru á byggðaþróun. Einnig að skoðað verði hvað verði um þau svæði sem falla utan áhrifasvæða bæjanna. Þessu verkefni var vísað til vinnunefndar sem fjallar um norræn þéttbýlissvæði (Nordiske byregioner).

Svæðasamstarf

Svæðisbundið samstarf er nú styrkt á tíu svæðum á Norðurlöndum en þar við bætist Norræna Atlantssamstarfið (NORA). Við úthlutun fjár til svæðisbundna samstarfsins er unnið eftir stefnu sem samþykkt var árið 2008 og nær til áranna 2009–2012.

Annað

Á árinu var gerður nýr samningur við Nordregio sem nær til áranna 2010–2012.

Fyrsti fundur EK-Regional var haldinn í sendiráði Íslands í Brussel. Á þann fund komu fulltrúar frá ESB og EFTA og gerðu grein fyrir þeim málum sem efst eru á baugi í byggðamálum hjá ESB, einkum grænbók um byggðamál.

Veitt var fé til átaks samstarfsráðherranna til stuðnings Íslandi, til bókar sem NORA gaf út um loftslagsbreytingar, Norður-Atlantshafið og Vestur- Norðurlönd og til að safna og vinna úr hagtölum frá Vestur-Norðurlöndum í tengslum við úttekt OECD á svæðinu.

Ef fer sem horfir mun hluti af starfi EK-Regional færast yfir til vinnunefndanna sem skipaðar voru til að fylgja eftir framkvæmd samstarfsáætlunar í byggðamálum 2009–2012.

Nordregio

Nordregio er norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum með aðsetur í Stokkhólmi. Hlutverk hennar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Í lok árs störfuðu 34 manns hjá stofnuninni, 19 konur og 15 karlar.

Aukin áhersla hefur verið á byggðamál í Evrópu, einnig í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum. Heildarvelta Nordregio á árinu var 6% hærri en áætlað hafði verið. Hækkunin stafar fyrst og fremst af betri verkefnastöðu en gert var ráð fyrir. Samningur stofnunarinnar var endurnýjaður fyrir tímabilið 2010– 2012 en grunnframlag NMR á að fjármagna um 30–40% af veltu Nordregio.

Rannsókn var gerð á árinu um áhrif háskóla og menntunar á byggðaþróun á Norðurlöndum. Að rannsókninni stóðu Nordregio í samvinnu við Byggðastofnun, iðnaðarráðuneytið og EK-Regional. Niðurstaða rannsóknarinnar var kynnt á fjölmennri ráðstefnu í Reykjavík í júní. Ljóst er að háskólar eru öflugur drifkraftur byggðaþróunar þar sem þeir starfa og samstarf þeirra við nærumhverfið er mjög mikilvægt. Hefur embættismannanefndin um byggðamál ákveðið að fela Nordregio að vinna framhaldsrannsókn varðandi þetta efni.

Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda en einnig má sækja það af vefsíðu stofnunarinnar. Einnig heldur stofnunin úti tveimur rafrænum fréttabréfum, „Bifröst“ og „European Journal of Spatial Development“ sem fjallar um skipulagsmál og svæðaþróun. Á árinu gaf Nordregio út 5 rannsóknaskýrslur og 10 vinnuskýrslur.

Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA*)* er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í nefndinni en iðnaðarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og hún kemur næst í hlut Íslendinga árið 2010.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum en einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þúsundum danskra króna á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað rúmum 2,7 milljónum danskra króna til fimmtán verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í tólf þeirra. Í desember var úthlutað rúmum 2,1 milljónum danskra króna til fjórtán verkefna en Íslendingar taka þátt í ellefu af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því alla jafna um 70–90%.[16]

Hjá NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada. Í framhaldi af heimsókn framkvæmdastjórnar NORA til Kanada haustið 2008 hafa komist á formleg samskipti við ýmsa aðila þar. Síðla árs 2009 stóð NORA að fundum með OECD í öllum NORA-löndunum og til þeirra funda voru boðaðir aðilar frá hinu opinbera, úr rannsóknageiranum og frá ýmsum fyrirtækjum og félögum. Fundir OECD á Íslandi voru í nóvember. Tilefni þessa er svæðagreining sem OECD mun vinna á NORA-svæðinu. Í október stóð NORA fyrir ráðstefnu um búsetuþróun og var hún haldin í Alta í Noregi. Þar héldu nokkrir Íslendingar erindi og tóku þátt í hópstarfi. Fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember 2009 gaf NORA út bók um loftslagsbreytingar á Norður-Atlantssvæðinu.

11. Félags- og heilbrigðismál

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Áhrif efnahagssamdráttar á velferðarmálin, þ.e. félags- og heilbrigðismál, samstarf norrænu landanna í baráttunni gegn afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu og framtíðarskipulag norrænna stofnana á sviði velferðarmála voru viðfangsefni félags- og heilbrigðisráðherra Norðurlanda, sem héldu árlegan fund sinn í Reykjavík dagana 29. og 30. júní 2009. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, og Ögmundur Jónasson, þáverandi heilbrigðisráðherra, buðu til fundarins en fimm starfsbræður þeirra sóttu fundinn, tveir frá Noregi, einn frá Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum.

Umræður ráðherranna um velferðarmálin leiddu í ljós þá skoðun að á tímum efnahagssamdráttar væri eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda að draga úr atvinnuleysi og styrkja velferðarkerfið en þetta var eitt meginþema ráðherrafundarins. Kom fram í þessu sambandi,

---

[16] Sjá NORA-verkefni á: http://www.byggdastofnun.is

meðal annars hjá finnska heilbrigðisráðherranum og sænska félagsmálaráðherranum, að afleiðingar atvinnuleysis hefðu orðið langvarandi í löndunum og sögðu þeir mikilvægt að huga sérstaklega að atvinnustigi ungs fólks á krepputímum.

Stefán Ólafsson prófessor gerði grein fyrir efnahagskreppunni á Íslandi og bar hana saman við fyrri efnahagskreppur í landinu og þá kreppu sem reið yfir Finnland og Svíþjóð á tíunda áratug liðinnar aldar. Hann fjallaði um afleiðingar efnahagssamdráttar, þ.e. atvinnuleysi, skuldastöðu heimilanna, minnkandi ráðstöfunartekjur og hættuna á brottflutningi frá landinu.

Ráðherrarnir leggja áherslu á að efla samstarf með fyrirbyggjandi aðgerðum á heilbrigðissviði og huga sérstaklega að þjóðfélagshópum sem eiga á hættu að vera utanveltu við samfélagið. Framtíðaráherslur á sviði velferðarmála voru ræddar og lögð áhersla á að styrkja velferðarkerfin á tímum alþjóðavæðingar og vaxandi samkeppni.

Norræna velferðarstofnunin (Nordens Velfærdscenter – NVC) var kynnt en löndin binda miklar vonir við starfsemi hinnar nýju stofnunar. Ákveðið var að fela Háskólanum í Ósló rekstur og eignarhald Norrænu tannlæknastofnunarinnar (NIOM). Áfangaskýrsla um samstarf á sviði áfengismála var lögð fram og ákveðið að fjalla um skaðsemi áfengis á árlegum ráðherrafundum. Nokkrar umræður urðu um hugsanlegt samstarf á sviði rafrænna lyfseðla.

Rætt var um kosti og galla öflugra og víðtækara samstarfs í viðbúnaði við heimsfaraldri inflúensu. Haraldur Briem sóttvarnalæknir gerði grein fyrir samstarfi landanna og sjónarmiðum íslenskra sóttvarnayfirvalda en þau vilja leggja aukna áherslu á formlegt samstarf í aðgerðum gegn heimsfaraldri inflúensu.

Norræna embættismannanefndin á sviði félags- og heilbrigðismála (EK-S)

Embættismannanefndin fundaði fjórum sinnum á árinu. Á fyrsta fundinum var meðal annars fjallað um formennskuáætlun Íslendinga, þ.m.t. ráðherrafundinn í júní, fyrirhugaðar breytingar á rekstrarformi NIOM, nýtt verklag og framkvæmd verkefna á sviði félags- og heilbrigðismála, forgangsröðun fjármuna, fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 og þátttöku EK-S í hnattvæðingarverkefnum.

Haldinn var vinnufundur um fyrirkomulag og verklag EK-S. Þá var rætt um hnattvæðingarverkefni á sviði félags- og heilbrigðismála og undirbúning þeirra. Yfirstandandi heimsfaraldur inflúensu var á dagskrá og norrænt og alþjóðlegt samstarf á því sviði. Fjallað var um stofnun velferðarvaktarinnar á Íslandi en henni er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagskreppunnar á einstaklinga og fjölskyldur, einkum börn, barnafjölskyldur og þá hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Fyrir fundinum lá beiðni frá sjálfstjórnarlöndunum um að fá setu í stjórn norrænu stofnananna, Norræna lýðheilsuháskolans (NHV) og Norrænu velferðarstofnunarinnar (NVC), með fullum þátttökurétti. Samþykkt var að mæla með því við ráðherrafundinn í júní að sjálfstjórnarlöndin fengju sem fyrr rétt til þátttöku á fundum með tillögurétti en án kosningarréttar.

Að loknum ráðherrafundinum var ákveðið hvernig fylgt skyldi eftir umræðum og samþykktum fundarins. Staðfestar voru meðal annars breytingar á fyrirkomulagi NIOM.

Á fundi í nóvember var fjallað um hnattvæðingarverkefnin og ákveðið að fela NHV og NVC stjórnunarhlutverk í verkefnum EK-S í samvinnu við sérfræðinga landanna. Markmiðs- og árangursstjórnunarsamningur fyrir NVC árin 2009–2011 var samþykktur ásamt aukafjárveitingu vegna flutnings aðalstöðva stofnunarinnar. Niðurstöður fundarins um vinnufyrirkomulag EK-S voru lagðar fram í tólf atriðum en meðal annars verður leitast við að tryggja jafnvægi verkefna milli félagsmála og heilbrigðismála. Fjárhagsáætlun fyrir verkefni á sviði nefndarinnar 2010 var til umfjöllunar og enn fremur tillaga um nýja upplýsingastefnu EK-S

en ákvörðun þar að lútandi var frestað. Þá var fjallað um skýrslu um mat á árangri af vinnu norræna ráðsins um fötlunarmál (NHR) og endurnýjun árangurstjórnunars amnings NHV fyrir árin 2010–2012.

Ráðstefnur á formennskuárinu:
Geðheilbrigðismál

Ráðstefna var haldin 7. og 8. maí á Akureyri undir heitinu „Ný viðhorf – besta geðheilbrigðisþjónustan“. Ráðstefnan var haldin í samvinnu NVC, NHV og Geðhjálpar á Íslandi og byggði á þremur markmiðum:

– Að fagfólk, notendur, rannsakendur og stjórnendur gætu skipst á skoðunum og þekkingu.
– Að kynna góð norræn dæmi um heilsueflandi vinnu, forvarnir, endurhæfingu og félagslegan stuðning.
– Að ræða mismunandi aðferðir við að staðreyna stuðningsaðgerðir.

Ráðstefnan skiptist í fyrirlestra, málstofur, kynningar á góðum dæmum og pallborðsumræður. Þátttakendur voru 90 talsins frá norrænu ríkjunum en auk þess voru fulltrúar frá öðrum Evrópulöndum, meðal annars Ítalíu. Hagsmunasamtök notenda í hverju landi höfðu valið eitt fyrirmyndarsveitarfélag, hvert í sínu landi, og kynntu verkefni þeirra, einkum með stuttmyndum og frá sjónarhorni notenda. Meginskilaboð ráðstefnunnar voru að þátttaka og valdefling notenda skiptir miklu og að notendur geti haft áhrif á þjónustuna um leið og færni fagfólks aukist. Þegar sannreyna á árangur þarf að skoða samskipti og tengsl milli fólks og kerfa. Svo meðferð komi að gagni þarf að koma upp teymum ólíkra aðila, svo sem sveitarfélaga og þeirra sem veita klíníska meðferð. Standa þarf vörð um geðheilbrigði þjóðanna með vinnumarkaðsaðgerðum og öðrum aðgerðum til að minnka félagslega útskúfun.

Heilbrigðisþjónusta: Samstarf þvert á landamæri ríkja

Heilbrigðisráðuneytið, NICe og norræna landamæranefndin efndu til ráðstefnu í mars um hugsanlegt samstarf á heilbrigðissviði innan Norðurlanda og á tilteknum svæðum á Norðurlöndum. Jafnframt var um að ræða tiltekin svið heilbrigðisþjónustunnar, svo sem samstarf á sviði lyfjamála sem Íslendingar lögðu áherslu á í formennskuáætlun sinni. Ráðstefnan var haldin undir yfirskriftinni „Norræn samvinna á heilbrigðissviði – möguleikar og hindranir“. Um 90 sérfræðingar frá Norðurlöndum sóttu ráðstefnuna en kynntar voru niðurstöður Oxford-rannsóknarhópsins um samstarfsmöguleika Norðurlanda á sviði heilbrigðisþjónustu og hvaða hindranir eru í veginum. Kynnt voru drög að tilskipun ESB um réttindi sjúklinga, sem eru umdeild, en í þeim er gengið út frá auknu samstarfi ESB-landa sem byggist á rétti sjúklinga.

Betri heilsa, hreyfing og hollt mataræði

Í mars var efnt til ráðstefnu í Reykjavík undir yfirskriftinni „Hreyfing og hollt mataræði“, meðal annars til að vekja athygli á áherslum og verkefnum sem NICe kynnti við þetta tilefni. Heilbrigðisráðuneytið, Lýðheilsustöð og NICe stóðu sameiginlega að ráðstefnunni sem um 200 manns sóttu. Markmiðið var að ræða hvernig löndin geta tryggt betri heilsu og meiri lífsgæði með hreyfingu og hollara mataræði. Ögmundur Jónasson, þáverandi heilbrigðisráðherra, setti ráðstefnuna og fagnaði frumkvæði Lýðheilsustöðvar á þessu sviði og því að NICe skyldi taka málið til skoðunar og koma þessum brýnu hagsmunamálum framtíðarinnar á dagskrá. Barnakór frá heilsuleikskólanum Urðarbrunni tróð upp með söng og hljóðfæra-

slætti í upphafi fundarins. Magnús Scheving, höfundur Latabæjar, og norrænir sérfræðingar héldu erindi á ráðstefnunni.

Velferð á tímum efnahagsþrenginga

Lýðheilsustöð hélt, í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og aðra samstarfsaðila, ráðstefnu í Reykjavík 21. október. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Velferð á tímum efnahagsþrenginga“ og fjallað var um áhrif efnahagsþrenginga á heilsu og líðan þjóða. Var sérstaklega horft til reynslu annarra Norðurlandaþjóða sem glímt hafa við efnahagskreppu og afleiðingar hennar. Áhersla var lögð á að draga lærdóm af reynslu Færeyinga, Finna og Svía en þjóðirnar glímdu allar við efnahagskreppu sem hófst í upphafi síðasta áratugar liðinnar aldar. Norrænir og alþjóðlegir fyrirlesarar fluttu erindi og á annað hundrað manns sóttu ráðstefnuna en fjölmargir fylgdust með henni á netinu.

Áhrif fjármálakreppunnar á húsnæðismarkaðinn

Hinn 26. nóvember var haldin ráðstefna í Reykjavík um áhrif hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu á húsnæðismarkaðinn. Skipulag ráðstefnunnar var í höndum félags- og tryggingamálaráðuneytisins í samstarfi við Íbúðalánasjóð og Samband íslenskra sveitarfélaga. Níu fyrirlesarar héldu erindi á ráðstefnunni, fimm erlendir og fjórir íslenskir, og þátttakendur voru um 100. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, setti ráðstefnuna og fjallaði um áherslu Norðurlanda á uppbyggingu velferðarþjóðfélaga og nauðsyn þess fyrir Íslendinga að treysta stoðir félagslegs húsnæðiskerfis og skapa svigrúm fyrir leiguíbúðafélög. Gwilym Pryce, prófessor frá Háskólanum í Glasgow, hélt erindi meðal annars um sambandið milli þess að hlutfall séreignarhúsnæðis væri hátt og hættunnar á efnahagskreppu. Hann ræddi einnig vanda lágtekjufólks á húsnæðismarkaði og mismunandi stöðu fólks, eftir því hvort það hefði keypt húsnæði þegar hásveifla eða lágsveifla var á húsnæðismarkaðnum. Fjallað var um áhrif bankahrunsins og fjármálakreppunnar á húsnæðismarkaðinn á Íslandi og ört vaxandi greiðsluerfiðleika íslenskra fjölskyldna. Gerð var grein fyrir athugunum Seðlabanka Íslands á umfangi vandans, bæði vegna húsnæðisskulda í íslenskum krónum og erlendri mynt og þess vanda sem bílalán í erlendum gjaldeyri hafa orsakað. Farið var yfir úrræði Íbúðalánasjóðs og aðgerðir ríkisstjórnarinnar kynntar. Fulltrúar annarra norrænna landa drógu upp lýsingu á þróun mála og vandamálum hver í sínu landi og greindu frá reynslunni á þessu sviði.

Virkjum fjölbreyttari mannauð

Ráðstefna undir heitinu „The Capacity to Avoid Incapacity“ var haldin á Hótel Nordica 9.–10. nóvember með um 200 þátttakendum. Félagsog tryggingamálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og Starfsendurhæfingarsjóður stóðu að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, í samstarfi við aðrar stofnanir á Norðurlöndum um atvinnu- og endurhæfingarmál. Félags- og tryggingamálaráðherra opnaði ráðstefnuna með þeim orðum að langtímaatvinnuleysi ungs fólks væri eitt mikilvægasta úrlausnarefni ríkisstjórnarinnar. Björn Halvorssen, sérfræðingur hjá Vinnumálaráðuneytinu í Noregi, hélt erindi um þróunina á Norðurlöndum og undirbúning að nýju verkefni á vegum ráðherranefndarinnar um vinnumarkað á Norðurlöndum í kjölfar fjármálakreppunnar. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, greindi frá rannsóknum sínum á þeim hópi á Íslandi sem stendur utan vinnumarkaðar og sýndi samanburð við önnur norræn lönd og Evrópu. Ný skýrsla var kynnt um þróun atvinnuástands í aðildarríkjum

OECD en atvinnuleysi hefur ekki verið meira síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Erlendir og íslenskir sérfræðingar fjölluðu um nýsköpun í starfsendurhæfingarmálum. Fyrirmyndarverkefni frá öllum norrænu ríkjunum voru kynnt og fjallað um aðferðir sem hafa reynst árangursríkar til að gera fólki, sem hefur verið utan vinnumarkaðar, kleift að gerast á ný virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Sjónum var einkum beint að fólki 30 ára og yngra. Niðurstöður ráðstefnunnar voru meðal annars á dagskrá á fundi norrænu vinnumálaráðherranna í kjölfar ráðstefnunnar.

Atvinnuþátttaka eldra fólks

Breytingar á aldurssamsetningu þjóða og samfélagsleg áhrif þess á stöðu eldra fólks á vinnumarkaði var umfjöllunarefni ráðstefnu undir heitinu „Áhrif atvinnuþátttöku eldra fólks á heilsu og lífsgæði“. Félags- og tryggingamálaráðuneytið stóð að ráðstefnunni í samstarfi við NVC, NHV og norrænu hagskýrslunefndina á sviði félagsmála og voru þátttakendur um 100. Í opnunarávarpi sínu lagði Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, áherslu á mikilvægi þess að nýta reynslu eldra fólks á vinnumarkaði. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, flutti erindi um hvers vegna atvinnuþátttaka eldra fólks er mest á Íslandi í samanburði við önnur norræn og evrópsk lönd. Rætt var um nauðsyn þess að endurmeta stefnu norrænu ríkjanna um atvinnuþátttöku eldra fólks, út frá einstaklingssjónarmiðum sem og samfélagslegum. Auk þess var fjallað um viðhorf til eldra fólks á vinnumarkaði og hvort lífeyriskerfið hvetji til atvinnuþátttöku. Fram kom að heilsa og lífsskilyrði eldra fólks hefur batnað, lífslíkur hafa aukist en fæðingartíðni hefur lækkað. Að óbreyttu munu sífellt færri einstaklingar standa undir þjóðarframleiðslunni og velferðarkerfinu.[17]

Rannsóknarverkefni:
Breytingar á Norrænu tannlækningastofnuninni

Ráðherrar staðfestu á árinu þá ákvörðun að breyta Norrænu tannlækningastofnuninni (NIOM) í eins konar samstarfsstofnun frá ársbyrjun 2010 í eigu Noregs og vista hana við Háskólann í Osló. Markmiðið er að styrkja faglega stöðu NIOM, meðal annars með því að tengja starfsemina rannsóknar- og vísindastarfi í tilteknu landi. Á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var gerð grein fyrir breytingunni og undirstrikað að félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir legðu áherslu á að byggja upp og þróa stofnunina áfram með norrænu sniði. Norrænu löndin munu áfram skipa fulltrúa í stjórn þótt NIOM hafi formlega verið lögð niður sem norræn stofnun.

Stofnunin rannsakar og fylgist með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði sem eru notuð til tannlækninga og dreifir upplýsingunum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings. Starfsemi NIOM var með hefðbundnu sniði hvað varðar rannsóknir, fjöldi vísindagreina hefur birst í fagtímaritum og starfsemi og afköst gestarannsóknarmanna var með ágætum. Sigfús Þór Elíasson prófessor hefur verið formaður stjórnar NIOM undanfarin ár og hefur lagt áherslu á aukið fræðslu- og upplýsingastarf stofnunarinnar en átak var gert á árinu í upplýsingastarfsemi til tannheilsustétta.

Rafræn samskipti á lyfjasviði

Á formennskuárinu lögðu Íslendingar áherslu á að flýta þyrfti fyrir raunhæfum lausnum á sviði rafrænna samskipta, einkum á lyfjasviði (e- HELSE/e-Resepter), svo almenningur

[17] Sjá einnig um ráðstefnuna í kafla 9.

gæti innleyst rafræna lyfseðla hvar sem er á Norðurlöndum. Tæknileg og lagaleg atriði hafa tafið þróun á þessu sviði en verkefnin eru á ábyrgð e-Helse nefndarinnar, sem vinnur á grundvelli skýrslunnar „Rafrænir lyfseðlar án landamæra“. Markmiðið er í fyrsta lagi að þróa rafræna afgreiðslu á þessu sviði og í öðru lagi að veita þjónustu yfir landamæri innan Norðurlanda og draga úr hindrunum. Nefndin hefur rætt möguleikana á samnorrænni lausn, svo unnt verði að senda lyfseðla rafrænt milli landanna, og að skoða möguleikana á nánari samskiptum með rafræna lyfseðla á Norðurlöndum og í Evrópu. Í gildi er gagnkvæm viðurkenning á lyfseðlum á Norðurlöndum sem leyfir almenningi að leysa út lyfseðil í öðru norrænu landi. Framkvæmdin hefur þó verið annmörkum bundin og rafræn afgreiðsla í raun forsenda í þessu sambandi.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin

Meginmarkmið Norrænu heilbrigðistölfræðinefndarinnar (NOMESKO) er að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skrá og afmarka einstaka þætti til þess að tryggja að upplýsingar verði eins sambærilegar og unnt er.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru.[18] Gefin var út ársskýrsla og frekari gögn til úrvinnslu. Í viðauka ársskýrslunnar er fjallað um ýmsa mælikvarða á gæði heilbrigðisþjónustu. Ársskýrslan hefur verið viðamikil og verður framvegis á rafrænu formi.

Helstu verkefni NOMESKO á árinu voru athugun á mannafla og fjármagni innan heilbrigðisþjónustu, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða og kostnaðargreiningar. Áfram var unnið í miklu samstarfi við Eystrasaltsríkin, meðal annars að útgáfumálum og námskeiðshaldi.

Norræn stofnun um flokkanir í heilbrigðisþjónustu er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda og starfar í nánu samstarfi við NOMESKO.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála

Meginverkefni norrænu hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála (NOSOSKO) er að setja fram helstu staðtölur og greiningar um velferðarmál sem bera má saman. Þá fylgist nefndin með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinnur að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Nefndin fjallaði um nútímavæðingu á heimasíðunni og upplýsingar um evrópskt kerfi til að setja fram tölulegar upplýsingar um útgjöld til félagsmála og félagsverndar. Ræddar voru breytingar á framsetningu og innihaldi tölulegra upplýsinga um félags- og tryggingamál og helstu niðurstöður verkefnis um norræna velferðarríkið. Unnin var skýrsla um hvað hvetur lífeyrisþega til að vera áfram á vinnumarkaði.

---

[18] Sjá heimasíðu nefndarinnar á: http://www.nom-nos.dk

Áfengis- og vímuefnamál

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að leggja niður norræna embættismannanefnd um áfengis- og vímuefnamál. Voru verkefni nefndarinnar færð undir EK-S. Var gert ráð fyrir því að löndin héldu áfram óformlegu samstarfi sín á milli til að miðla upplýsingum, ræða og samræma sjónarmið sín vegna samstarfs á alþjóðlegum vettvangi og í alþjóðastofnunum. Formennskulandið hefur haldið upplýsingafund af þessu tagi ár hvert og því kom það í hlut Íslendinga á árinu.

Meginefni fundarins voru:

– Forvarnir gegn eiturlyfjum í ESB.
– Fundur CDN-nefndar í Reykjavík 2010.
– Vaxandi misnotkun kókaíns á Norðurlöndum.
– Forvarnir og meðferð ungra fíkniefnaneytenda á Íslandi.
– Upplýsingar af alþjóðlegum vettvangi og frá alþjóðastofnunum.
– Staða mála á Norðurlöndum.
– Skýrsla um starfsemi norrænu rannsóknarnefndarinnar á sviði vímuefna (NAD).

Norræna velferðarstofnunin

Norræna velferðarstofnunin (Nordens Velfærdscenter – NVC) hóf starfsemi sína í upphafi árs. Um leið voru verkefni sem áður voru í höndum Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra (NSH), Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS), Norrænu menntamiðstöðvarinnar á sviði daufblindu (NUD) og Norrænu rannsóknarnefndarinnar á sviði vímuefna (NAD) flutt undir NVC og þessar miðstöðvar lagðar niður sem sjálfstæðar einingar. Þá tók stofnunin við umsýslu fyrir NSH og fyrir styrktarsjóð sem veitir styrki til samstarfs norrænna félaga fólks sem býr við fötlun.

Höfuðstöðvar NVC eru í Stokkhólmi en tvær dóttureiningar eru í Helsingfors og Dronninglund í Danmörku. Hlutverk stofnunarinnar er að auka gæði á sviði félagsmála og þróa norrænt velferðarsamfélagslíkan. Markmið stjórnar er að mynda stofnun sem hefur sterka stöðu innan norræna velferðarsamfélagsins og er leiðandi þekkingar- og þróunarmiðstöð á alþjóðavettvangi. Ráðist var í hugmyndavinnu um áherslur og verkefni og gengið frá samningi um gæða- og árangursmarkmið. Áhersla var lögð á að verkefni stofnunarinnar yrðu að gagnast öllum norrænu löndunum, fyrirbyggja vandamál og vinna að snemmtækri íhlutun, ásamt því að hafa víðtækt samráð við aðila sem tengjast viðfangsefnunum. Áhersla var lögð á að mæta áskorunum hnattvæðingar og lýðfræðilegrar þróunar. Einnig að sinna eigi verkefnum sem tengjast viðkvæmum hópum í samfélaginu, svo sem börnum, unglingum, geðfötluðum, atvinnulausum og öldruðum, til jafns við verkefni sem fluttu til stofnunarinnar í upphafi. Þá hefur stofnunin einsett sér að bregðast skjótt við áskorunum sem hafa velferðarpólitískt gildi og eru áherslumál norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna. Samþætting jaðarhópa á vinnumarkaði og samstarf um þróun velferðarúrræða eru dæmi um forgangsverkefni. NVC setti sér það markmið að vinna að einu samfélagi fyrir alla. Við stofnunina vinna um 25 manns.

Norræni lýðheilsuháskólinn

Starfsemi Norræna lýðheilsuháskólans (Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – NHV) í Gautaborg var með hefðbundnu sniði. Um tíu Íslendingar sóttu framhaldsmenntun við skólann á árinu. Á sviði lýðheilsu stendur NHV einna fremst í hópi sérhæfðra menntastofnana á Norðurlöndum og er skólinn viðurkenndur á alþjóðlegum vettvangi fyrir nám og

rannsóknir. Alls hafa 270 einstaklingar lokið meistaranámi (MPH) við skólann, auk þeirra fjölmörgu sem varið hafa doktorsritgerðir sínar. Norræn námskeið og vinnufundir eru haldnir í samstarfi við norræna og alþjóðlega aðila. Norræni lýðheilsuháskólinn býður upp á meist ara-, doktors- og rannsóknamenntun auk rannsókna í lýðheilsufræðum. NHV býður einnig upp á endur- og símenntun fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana á Norðurlöndum.

Norræni lýðheilsuháskólinn sérhæfir sig á þremur sviðum lýðheilsuvísinda: í heilbrigðisstjórnun, heilbrigðiseflingu og félagslegri velferð. Skólinn leggur í þessu sambandi áherslu á geðheilsu, hreyfihömlun, heilbrigði barna og unglinga og þverfaglegt samstarf heilbrigðisstarfsmanna. Á næstu misserum mun NHV leggja megináherslu á:

– virka þátttöku í undirbúningi og framkvæmd hnattvæðingarverkefna,
– ný námskeið árið 2011, meðal annars um öryggi sjúklinga,
– heilsuhagfræðinám í samstarfi við Háskólann í Gautaborg og nýtt námskeið í samstarfi við NIVA í Finnlandi,
– fimm greinar sem allar munu enda með gráðum (þrjú diplómanám, MPH og DrPH).

Umsækjendum um skólavist fjölgar ár frá ári og unnið er að því að fá skólann viðurkenndan sem menntastofnun á háskólastigi á alþjóðavettvangi, meðal annars innan ESB, en próf frá skólanum njóta enn aðeins viðurkenningar innan norræna háskólasamfélagsins.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin

Barbro Westerholm prófessor hlaut Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2009 en NHV tilnefnir verðlaunahafa. Barbro Westerholm hefur með störfum sínum haft afgerandi áhrif á sviði lýðheilsu á Norðurlöndum og var meðal annars bent á störf hennar á sviði jafnréttis- og heilbrigðismála. Hin síðari ár hefur Barbro Westerholm unnið að málefnum aldraða með áherslu á heilbrigðismál. Kjarninn í starfi hennar á þessu sviði rúmast í setningunni: Allir eiga að huga að því að lifa lífinu, allt lífið.

Norrænt samstarf um viðbúnað á heilbrigðissviði – smitsjúkdómar

Stofnanir sem sinna viðbrögðum við smitsjúkdómum á Norðurlöndum hafa með sér óformlegt samstarf sem byggist á upplýsingamiðlun um stöðu mála í löndunum en sóttvarnalæknir er fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins. Á vinnufundum voru kynntar viðbragðsáætlanir við heimsfaraldri inflúensu í löndunum. Á fundi félags- og heilbrigðismálaráðherra í Reykjavík í júní lögðu Íslendingar áherslu á:

– að norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað yrði gert formlegt,
– að umboð samstarfshóps um heilbrigðisviðbúnað yrði gert skýrara,
– að upplýsingamiðlun yrði gerð markvissari,
– að samstarfshópur um heilbrigðisviðbúnað tæki mið af alþjóðaheilbrigðisreglugerð WHO um heilbrigðisöryggi,
– að forstöðumenn stofnana og ábyrgðaraðilar um sóttvarnir og heilbrigðisviðbúnað hefðu pólitískt umboð til að sinna norrænu samstarfi á þessu sviði.

Þessar hugmyndir hlutu ekki brautargengi á fundinum og var vísað til að slíkt samstarf færi fram innan ESB. Eftir að heimsfaraldur inflúensu kom upp síðastliðið sumar og haust funduðu eigi að síður forstöðumenn þeirra stofnana sem bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna á Norðurlöndum. Í kjölfarið voru mánaðarlega haldnir símafundir til að skiptast á skoðunum og samræma aðgerðir. Rætt hefur verið um að löndin geri sameiginlega úttekt á því hvernig viðbrögð við heimsfaraldrinum tókust.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar

Meginverkefni vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, einkum Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Hann er jafnframt ráðgefandi um almannatryggingar og metur hvort þörf sé á að endurskoða ákvæði samningsins eða reglur í löndunum, meðal annars vegna breytinga á löggjöf. Vinnuhópurinn fylgist með vandamálum sem tengjast réttindum þeirra sem fara milli norrænu landanna, svokölluðum landamærahindrunum, og leggur til lausnir.

Á árinu var fjallað um samstarf samskiptastofnana, mat á verkefninu um norrænan vef um almannatryggingar og þróun hans, upplýsingar um almannatryggingareglur í löndunum, áætlanir um rafræna framkvæmd í almannatryggingamálum einstaklinga er flytjast milli landanna og drög að nýjum Norðurlandasamningi um almannatryggingar. Árið 2008 var skipaður starfshópur til að semja drög að nýjum Norðurlandasamningi. Talið var nauðsynlegt að endurskoða ákvæði samningsins þar sem von væri á breytingum á EES-reglugerðum um almannatryggingar og þörf á að skýra frekar og bæta samstarf stjórnvalda. Starfshópurinn skilaði skýrslu og tillögum og hefur unnið áfram að málinu. Stefnt er að því að nýr samningur taki gildi um leið og væntanlegar breytingar á EES-reglugerðum. Þá vinnur starfshópur að drögum að framkvæmdasamningi en aukin áhersla er lögð á slíkt samstarf.

Nýjar leiðir í geðheilbrigðisþjónustu - sjálfbær geðheilsa

Norrænu ríkin eiga það sameiginlegt að sífellt fleiri verða öryrkjar af völdum geðsjúkdóma. Margir þeirra glíma auk þess við félagsleg vandamál og útskúfun úr samfélaginu vegna viðhorfa til geðsjúkdóma. Það leiðir til skertra lífsgæða einstaklinganna sjálfra og mikils kostnaðarauka fyrir samfélagið. Félags- og heilbrigðismálaráðherrar hafa hvatt til nýsköpunar í velferðarþjónustu svo hún verði skilvirkari og betri fyrir einstaklinga og samfélag. Því var á formennskuárinu ákveðið að hefja verkefni um nýjar og óhefðbundnar leiðir í meðferð geðsjúkra.

Markmið verkefnisins um sjálfbæra geðheilsu er að auka þekkingu á Norðurlöndum á óhefðbundnum aðferðum við meðferð geðsjúkra og geðfatlaðra, meðal annars til að vinna gegn útskúfun þeirra úr samfélaginu. Hópur norrænna sérfræðinga hefur fengið það verkefni, í samstarfi við Rannsóknasetur í barnaog fjölskylduvernd við Háskóla Íslands, að safna upplýsingum um hvort og hvernig opinberar stofnanir og frjáls félagasamtök notfæri sér aðferðir valdeflingar (empowerment) til að vinna gegn félagslegri útskúfun þeirra sem glíma við geðsjúkdóma. Einnig á hópurinn að leita upplýsinga um reynslu og árangur af valdeflingu. Þá skal hann einnig afla vitneskju um hvert sé hlutverk frjálsra félagasamtaka í þjónustu við geðsjúka og hvernig opinberum stuðningi við þau sé háttað. Skýrsla mun liggja fyrir í október 2010.

Notendastýrð persónuleg þjónusta

Markmið verkefnisins er að kynna hugmyndafræði notendastýrðrar þjónustu og framkvæmd á Norðurlöndum. Í júlí var skipaður samstarfshópur til að afla heildstæðra upplýsinga um stefnu landanna á þessu sviði, um lög og reglugerðir, afstöðu hagsmunasamtaka, afstöðu notenda, kostnað og fleira sem tengist notendastýrðri þjónustu í löndunum. Haldinn var samráðsfundur á Íslandi þar sem löndin kynntu útfærslu notendastýrðrar þjónustu. Þá voru kynnt drög að samræmdri upplýsingasíðu um notendastýrða þjónustu á Norðurlöndum. Upplýsingasíðan verður á vefsíðu NVC með tengingu á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins en ráðgert er að kynna upplýsingasíðuna í byrjun mars 2010. Gert er ráð fyrir því

að norrænu löndin hafi með sér reglulegt samráð um frekari þróun og upplýsingamiðlun. Jafnframt er unnið að því að þróa hugmyndir um kynningu á stefnu Norðurlanda á þessu sviði á vettvangi ESB og víðar.

Samningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustu og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú til 22 faghópa en Íslendingar eiga aðild að 19 hópum. Ákveðið hefur verið að endurskoða samninginn í heild sinni og verður það gert með tilliti til tilskipana ESB. Athugasemdir og fyrstu hugmyndir að nýjum samningi eiga að liggja fyrir á fyrri hluta ársins 2010. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu ríkjanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

12. Efnahags- og fjármál

Fjármálaráðherra Íslands fór á þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í október og hélt fundi með forsætisnefnd og efnahagsnefnd Norðurlandaráðs. Fjallaði hann um verkefni ráðherranefndarinnar og málefni Íslands og sat fyrir svörum. Var þar komið til móts við óskir ráðsins um að hafa möguleika á að hitta fulltrúa frá ráðherranefndinni. Árlegum fundi *fjármálaráðherra Norðurlanda (MRFinans)* var frestað nokkrum sinnum en var að lokum haldinn í Kaupmannahöfn 4. desember. Á fundinum var til umræðu hlutverk Norðurlanda í alþjóðasamfélaginu en miklar breytingar hafa orðið í valdahlutföllum á opinberum vettvangi, meðal annars með auknu vægi hins óformlega G-20 hóps. Rætt var um undirbúning og væntingar vegna loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn en loftslagsmál hafa aukið vægi í verkefnum fjármálaráðherranna, vegna þeirra efnahagslegu áhrifa sem aðgerðir og aðgerðaleysi munu hafa en einnig með beinum hætti, þar sem sala losunarheimilda mun auka tekjur ríkissjóðanna meðan aðgerðir til að draga úr losun, bæði heima fyrir og í þróunarríkjum, munu kalla á aukin útgjöld. Efnahags- og viðskiptaráðherra sótti fundinn fyrir fjármálaráðherra sem átti ekki heimangengt.

Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar

Meginverkefni *norrænu embættismannanefndarinnar um efnahags- og fjármál (EK-Finans)* er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum:

1) *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgruppe)*
   Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, og hefur hún einnig fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og efnahagsmálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu (Ekonomiska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna. Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda

hafa mætt til reglulegs haustfundar. Að þessu sinni fór fundur norrænu efnahagsnefndarinnar fram hér á landi og var skýrslan unnin á efnahagsskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

2) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen)*
Vinnuhópurinn starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-M). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Hópurinn hittist alla jafna tvisvar á ári en Íslendingar tóku þátt í einum fundi. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var unnið að greiningum á efnahagslegum hliðum loftslagsbreytinga, úttekt á möguleikum hagrænna stjórntækja til að stjórna notkun óæskilegra efna og að ná fram markmiðum náttúruverndar með greiðslum til landeigenda. Þá var gefið út nýtt yfirlit um notkun hagrænna stjórntækja á umhverfissviði en sú skýrsla kemur út á tveggja ára fresti og er að mörgu leyti hryggjarstykkið í starfsemi hópsins. Unnið var að verkefnum um uppboð á losunarheimildum, umhverfiskröfur í opinberum útboðum, áhrif fjármálakreppunnar á umhverfismál og hvernig hægt er að ná fram bættri orkunýtingu í byggingum.[19]

3) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*
Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál sem eru ofarlega á baugi á Norðurlöndum hverju sinni. Haldinn var einn fundur á árinu. Á dagskrá var eftirfarandi: nýjar fréttir af skattkerfum Norðurlanda; skattar og fjármálakreppur; skattar, tekjudreifing og hagstjórn; skattastyrkir (tax expenditures); dýnamísk áhrif skattbreytinga.

4) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Løn- og personaleudvalget)*
Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna, sem starfa við norrænar stofnanir, svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og NMR í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofu NMR og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. desember 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu, þar af einn á Íslandi í júní. Nefndin fjallaði meðal annars um laun þeirra sem starfa í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi einkum með tilliti til skattameðhöndlunar; stöðu nýrrar starfsmannahandbókar; stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og laun forstöðumanna norrænna stofnana.

5) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling)*
Markmiðið með starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en NMR hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum annars staðar á Norðurlöndum. Á árinu 2009 var hlutdeild Íslendinga 249.000 danskra króna eða 12% af heildarfjárveitingu. Af þeirri upphæð voru 8.561 danskra króna eftirstöðvar af fjárveitingu ársins 2008. Styrkþegar

[19] Sjá einnig í kafla 13.

ársins voru níu og hlutu þeir styrki allt frá einum mánuði til fimm mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru til Noregs eða fimm styrkþegar. Þrír fóru til Danmerkur og einn til Svíþjóðar.[20]

6) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*
Samstarfið er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað, meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Fundurinn í ár var haldinn í Reykjavík í maí. Gerð var grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum en þær breytingar markast mjög af efnahagsástandinu í kjölfar bankakrísunnar. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var fjallað um mál einstakra ríkja og lausnir á þeim meðal annars með tilliti til reynslu hinna ríkjanna.

7) *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki*
Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá öllum norrænu löndunum auk verkefnisstjóra sem sinnir daglegum störfum. Stýrihópurinn hélt sex formlega vinnufundi á árinu auk þess sem fulltrúar hans sátu samningafundi með fulltrúum frá Bresku Jómfrúreyjum, Cayman, Liechtenstein, Mauritius og Bahama eyjum. Fyrir hönd Íslands voru undirritaðir tíu tvíhliða upplýsingaskiptasamningar við lágskattaríki á árinu og er heildarfjöldi undirritaðra samninga þrettán talsins. Þrír þeirra eru komnir til framkvæmda, þ.e. samningarnir við Mön, Guernsey og Jersey.

8) *Norræna skattrannsóknaráðið*
Markmið ráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá er gefin út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefnan í ár var haldin í Lilleström í nóvember og var umfjöllunarefnið skattlagning einstaklinga og vörugjöld yfir landamæri innan Norðurlanda.

9) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*
Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattaskrifstofum landanna hittast einu sinni á ári til að ræða málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996, þ.e. vandamál sem upp koma við túlkun samningsins auk ýmissa annarra atriða er varða skattlagningu innan Norðurlanda. Að þessu sinni fór fundurinn fram í ágúst.

10) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna*
Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisrekstrurinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins sóttu fundinn sem haldinn var í nóvember og kynntu þar tildrög hruns íslenska fjármála-

[20] Sjá: http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/starfsaevin/skiptidvol/

kerfisins, áhrif efnahagskreppunnar á ríkisfjármálin og áætlanir um endurreisn efnahagslífsins og jöfnuð í ríkisfjármálum á næstu árum. Auk hefðbundinnar umfjöllunar um horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum landanna var fjallað annars vegar um loftslagsmál í samhengi við ríkisfjármál og hins vegar um hlutverk sjálfstæðra ráðgjafarnefnda um ríkisfjármál í Svíþjóð og Danmörku.

11) *Sérfræðihópur um norræna fjárhagsáætlanagerð (Budgetekspertgruppen)*
Hlutverk hópsins er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um norræna fjárhagsáætlun, bæði tæknilegri og efnislegri. Hópurinn fjallar einnig um afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta landanna sitja starfsmenn frá skrifstofu NMR fundi. Árlegur fundur var að þessu sinni haldinn í Reykjavík í júní en þá var tillaga NMR um fjárhagsáætlun kynnt og farið yfir nokkrar breytingar á liðum og framsetningu fjárhagsáætlunarinnar. Farið var yfir uppsöfnun í sjóði NMR og meðferð þess. Nefndin lagði til að búinn yrði til mælikvarði sem varpaði betur ljósi á sjóði NMR en sú spurning kemur stöðugt upp hvort framlög til NMR séu of rífleg þannig að í sjóðnum sé afgangur sem mætti t.d. greiða til baka. Þá lagði nefndin til að unnið yrði að samantekt á mögulegum sparnaðaraðgerðum á fjárlögum NMR ef á þyrfti að halda.

12) *Norræna embættisnefndin fyrir Ísland*
Á fundi norrænu fjármálaráðherranna í Helsinki í október 2008 var ákveðið að stofna nefnd með fulltrúum fjármálaráðherra einstakra ríkja til þess að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandaþjóða til að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) var stofnaður 1975 til að styrkja norræna samvinnu og efnahag norrænu landanna. Á árinu voru haldnir 8 stjórnarfundir hjá NIB og sóttu fulltrúar Íslands alla fundina nema einn, sem haldinn var í Kína. Meginviðfangsefni stjórnar NIB tengjast hefðbundnum stjórnarstörfum, s.s. afgreiðslu rekstraráætlana og eftirliti með framgangi hennar innan ársins. Þá eru allar lánveitingar bankans háðar samþykki stjórnar. Málefni Íslands sem tengdust falli íslenska fjármálakerfisins voru til umfjöllunar hjá stjórn bankans.[21]

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra:

1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget)*
Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingabönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, meðal annars í nánu samstarfi við fulltrúa NIB, Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar*
Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur

[21] Sjá nánar um NIB í kafla 17.

nefndin, Norrænabaltneska fjármálanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee), er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, Norrænabaltneska fulltrúanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee Alternates), er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð embættismönnum fra Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana eins og fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

13. Umhverfismál

Í formennskuáætlun Íslendinga um umhverfismál var sjónum beint að hnattrænum málum eins og loftslagsmálum og málefnum hafsins. Einnig var lögð áhersla á hina sérstæðu náttúru Norðurlanda, hugmyndafræði náttúruverndar og samspilið milli verndar og nýtingar náttúruauðlinda. Málefni heimskautssvæða voru einnig í brennidepli. Til að fylgja eftir áætluninni voru skilgreind nokkur verkefni sem Íslendingar lögðu til að hrint yrði úr vör. Norræna ráðherranefndin veitti styrki til þessara verkefna og var ábyrgð og framkvæmd þeirra á höndum sérfræðinga í umhverfisráðuneytinu og/eða stofnunum þess. Norrænt samstarf að umhverfismálum á árinu mótaðist nokkuð af þeim áherslum sem fram koma í formennskuáætlun Íslendinga.

Vákort fyrir Norður-Atlantshafið

Stærsta verkefnið á formennskuárinu felur í sér gerð svokallaðs vákorts yfir Norður-Atlantshafið í samvinnu við Grænland, Færeyjar og Noreg. Í náinni framtíð er búist við auknum siglingum stórra skipa um norðurhöf í lögsögu þessara landa og því mikilvægt að þau vinni saman að því að fylgjast með og safna upplýsingum um hina viðkvæmu náttúru norðurslóða og undirbúa viðbrögð við mengun af völdum olíu og/eða annarra efna.

Hugmyndin um vákort af Norður-Atlantshafinu byggist á því að safna á einn stað og útbúa vefkort með upplýsingum meðal annars um eftirfarandi þætti:

- náttúrufar – viðkvæm og verðmæt svæði, lífríki, fiskveiðar og nýtingu, strauma og veðurfar,
- áhættuþætti – siglingar, olíuvinnslu, mengandi skipsflök o.þ.h.
- viðbragðsaðila – hverjir geta brugðist við og hvernig, staðsetningu búnaðar o.fl.

Gildi verkefnisins felst fyrst og fremst í því að ná saman á einn stað þeim upplýsingum sem skipta máli þegar meta þarf áhættu af auknum siglingum, olíuvinnslu og annarri starf-

semi og hafa á einum stað upplýsingar til að undirbúa viðbrögð við mengunaróhappi. Áætlað er að verkefninu ljúki á haustmánuðum 2010. Verkefnisstjóri er Kristján Geirsson deildarstjóri á Umhverfisstofnun en Hans H. Hansen á Umhverfisstofnun er starfsmaður verkefnisins.

Endurheimt vistkerfa

Verkefnið er unnið í samvinnu margra stofnana undir forystu Landgræðslu ríkisins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Halldórsson, rannsóknastjóri hjá Landgræðslunni. Röskun vistkerfa er mikið vandamál á Norðurlöndum og birtist það meðal annars í jarðvegseyðingu, framræslu votlendis, eyðingu náttúrulegra skóglenda, breytingum á vistkerfi straum- og stöðuvatna, námuvinnslu, röskun náttúrulegra vistkerfa vegna þéttbýlismyndunar, landbúnaðar eða ræktunar framandi trjátegunda, vegagerðar og virkjana fallvatna svo dæmi séu nefnd.

Röskun vistkerfa hefur áhrif bæði á líffræðilega fjölbreytni þeirra og getu til að veita margvíslega vistkerfaþjónustu og er vandamál jafnt dreifðra byggða sem þéttbýlis. Niðurstöður verkefnisins munu ekki einungis nýtast við endurheimt vistkerfa á Norðurlöndum. Það mun einnig styrkja stöðu Norðurlanda sem leiðandi aðila í vistheimt á heimsvísu.

Námsferð norrænna ungmenna í Vatnajökulsþjóðgarð

Meginmarkmið verkefnisins er að veita norrænum ungmennum tækifæri til að nema og upplifa samspilið milli náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda. Í þessu skyni var fulltrúum norrænna ungmenna boðið í náms- og kynnisferð um Vatnajökulsþjóðgarð. Ungmennin kynntu þá hugmyndafræði sem þjóðgarðurinn byggir á þar sem vernd og nýting náttúruauðlinda eru hafðar að leiðarljósi. Einnig kynntu þau sér áhrif loftslagsbreytinga á íslenskt náttúrufar svo og hugmyndafræði náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar. Einnig var lögð áhersla á að leita svara við spurningunni um hvort náttúra norðursins fæli í sér einhver sérstök lífsgæði fyrir íbúa þess. Í framhaldi af ferðinni hafa ungmennin kynnt verkefnið með því að skrifa greinar í blöð í sínum heimalöndum, flutt erindi á ráðstefnum o.fl.

Verkefnið var unnið í samvinnu við samtök norrænu félaganna á Norðurlöndum og norræn náttúruverndarsamtök. Verkefnisstjóri var Agnes Brá Bragadóttir, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði.

Skógrækt og málefni skóga

Norrænt samstarf um málefni skóga fluttist á árinu úr landbúnaðarráðuneytinu í umhverfisráðuneytið. Á fjárhagsáætlun NMR heyra þau þó áfram undir ráðherranefndina um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt.[22]

Norræna umhverfismerkið Svanurinn

Norræna umhverfismerkið Svanurinn leit dagsins ljós árið 1989 og varð opinbert umhverfismerki Norðurlanda árið 1990. Svanurinn hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægt og áreiðanlegt umhverfismerki og því er oft litið á Svaninn sem eitt af flaggskipum norræns samstarfs. Alls hafa rúmlega 6000 vörur og þjónusta af ýmsu tagi á Norðurlöndum verið vottuð með Svaninum. Á árinu 2008 fór fram úttekt og mat á stöðu Svansins og lagðar voru fram tillögur um hvernig mætti styrkja hann enn frekar. Norrænu umhverfisráðherrarnir ákváðu að skipa ráðgjafarhóp til að móta stefnu fyrir Svaninn fram til ársins 2015. Íslend-

[22] Sjá nánar um skógrækt og málefni skóga í kafla 14.

ingar og Danir leiða starf ráðgjafarhópsins og stefnt er að því að tillögur verði kynntar fyrir norrænu umhverfisráðherrunum á árinu 2010.

Í formennskuáætlun Íslendinga var lögð áhersla á að kynna íslenskum fyrirtækjum Svaninn í því skyni að fjölga umhverfisvottuðum fyrirtækjum í landinu. Sú ánægjulega þróun varð að 14 fyrirtæki sóttu um að fá Svansmerkið á árinu 2009. Í ársbyrjun 2008 höfðu einungis þrjú íslensk fyrirtæki Svaninn en þeim fjölgaði um tvö á árinu. Með hliðsjón af þeim fjölda umsókna sem nú er til umfjöllunar mun fyrirtækjum með Svansvottun fjölga til muna á árinu 2010. Ljóst er að innleiðing stefnu stjórnvalda um vistvæn innkaup ríkisins er verulegur hvati fyrir fyrirtæki til að þróa nýjar leiðir og tækni við framleiðslu og í þjónustu með það fyrir augum að minnka álag á umhverfið.

Málstofa um loftslagsmál og jafnrétti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna

Íslendingar höfðu forgöngu um að efnt var til norrænnar málstofu í samvinnu við ríkisstjórn Gana um loftslagsmál og jafnrétti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna undir yfirskriftinni „Konur sem afl til breytinga“. Umhverfisráðherra flutti opnunarávarp í málstofunni og stýrði henni. Málstofan var vel sótt og varpaði nýju ljósi á það mikilvæga hlutverk sem konur geta gegnt við lausn loftslagsvandans. Í lok málstofunnar sátu auk umhverfisráðherra í pallborði: Sherry Ayittey, umhverfisráðherra Gana, Jato Sillah, umhverfisráðherra Gambíu, Ulla Tørnæs, þróunarsamvinnuráðherra Danmerkur og Paula Lehtomäki, umhverfisráðherra Finnlands.

Norræna ráðherranefndin um umhverfismál (MR-M)

Norrænt samstarf um umhverfismál byggist á áætlunum sem Norðurlönd koma sér saman um. Þessar áætlanir eru endurskoðaðar á fjögurra ára fresti. Sú framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem nú er unnið eftir öðlaðist gildi 1. janúar 2009. Í henni koma fram pólitískar áherslur norrænu umhverfisráðherranna hvað varðar Norðurlönd en einnig og í vaxandi mæli sameiginlegar áherslur Norðurlanda um þá þætti sem efst eru á baugi í alþjóðasamfélaginu.[23] Auk þessarar framkvæmdaáætlunar er einnig unnið eftir stefnu sem umhverfisráðherrarnir hafa mótað um málefni norðurskautssvæða. Markmiðið með þeirri stefnu er að vinna að verkefnum sem takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda á norðurslóðum og draga úr mengun frá hættulegum efnum.[24]

Auk þeirrar forgangsröðunar sem fram kemur í ofangreindum áætlunum fjalla umhverfisráðherrarnir um ýmis önnur mál sem eru ofarlega á baugi hverju sinni á alþjóðavettvangi eða á Norðurlöndum.

Loftslagsmál voru í brennidepli á fundum umhverfisráðherranna á árinu og lögðu ráðherrarnir mikla áherslu á að Norðurlönd yrðu samstíga og reyndu að leggja fram sameiginlegar tillögur um tiltekin málefni í því skyni að greiða fyrir samningaviðræðum. Málefni hafsins voru einnig til umræðu svo og hugmyndir um gerð alþjóðlegs samnings um kvikasilfur.

Norrænu umhverfisráðherrarnir hafa um árabil bent á þá hættu sem stafar af mengun af völdum kvikasilfurs og hafa þeir unnið náið saman á alþjóðavettvangi um að vinna fylgi hugmyndum um alþjóðlega skuldbindandi samning um kvikasilfur. Íslendingar hafa meðal annars tekið þátt í að flytja tillögur þar að lútandi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Tillaga um að hefja samningaviðræður var samþykkt á ráðherrafundi Umhverfisstofnunar Sameinuðu

---

[23] Sjá framkvæmdaáætlunina: http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2008-735

[24] Sjá stefnu um málefni Norðurskautsins: http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2006788.pdf

þjóðanna (UNEP) í febrúar. Fullyrða má að sú ákvörðun byggist ekki síst á frumkvæði og samstarfi norrænu landanna um þetta mikilvæga hagsmunamál. Þegar ákvörðunin lá fyrir ákváðu norrænu umhverfisráðherrarnir að bjóðast til að standa fyrir fyrsta samningafundinum og má segja að það hafi verið rökrétt framhald af þeim mikla áhuga og þeirri samstöðu sem er um málið á Norðurlöndum. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna þáði boðið og hefur verið ákveðið að ýta viðræðum um kvikasilfurssamning úr vör í Stokkhólmi í júní árið 2010 með styrk frá NMR.

Á sumarfundi umhverfisráðherranna sem haldinn var á Íslandi var þemaumræða um nýsköpun og loftslagsmál. Umræðan hófst með því að forstjórar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Marorku og Carbon Recycling International héldu erindi um nýsköpun og umhverfistækni á Íslandi.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M) og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd umhverfisáætlunarinnar og að undirbúa ráðherrafundi og fylgja eftir ýmsum verkefnum sem
ráðherranefndin felur henni.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál.[25]

Norræn stefna um sjálfbæra þróun

Auk framangreindra áætlana hefur allt frá árinu 2001 verið í gildi norræn stefna um sjálfbæra þróun.[26] Stefnuna má rekja til yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbær Norðurlönd í nóvember 1998. Áherslur í stefnunni eru endurskoðaðar á fjögurra ára fresti og öðlaðist ný stefna gildi 1. janúar 2009.

Í stefnunni er lögð áhersla á samþættingu meginhugtakanna þriggja í sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfismála, efnahagsmála og félagsmála. Eðli málsins samkvæmt kemur það í hlut umhverfissviðsins að taka þátt í að fylgja stefnunni eftir.

Vinnuhópar

Á vegum MR-M starfa vinnuhópar sem í eiga sæti sérfræðingar frá umhverfisráðuneytum Norðurlanda eða stofnunum þeirra. Í tengslum við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar var skipulagi breytt og vinnuhópum fækkað nokkuð frá því sem verið hafði og starfa nú sjö fastir hópar og einn með tímabundið erindisbréf (COP15-hópurinn).

Starf vinnuhópanna felst í að taka saman faglega þekkingu og móta tillögur um aðgerðir hver á sínu fagsviði. Niðurstöðum og tillögum er meðal annars miðlað í skýrslum, á ráðstefnum og málþingum. Mikil áhersla er lögð á að vinna hópanna skili sér í niðurstöðum sem nýtast bæði á Norðurlöndum og í öðru alþjóðlegu starfi. Í starfi vinnuhópanna er miðlað mikilvægri þekkingu á umhverfismálum innan Norðurlanda, fjallað er um faglegt innihald ESB-gerða, framkvæmd þeirra, mótaðar tillögur og skipst á upplýsingum um aðferðir við

---

[25] Sjá nánar um NEFCO í kafla 17

[26] Sjá stefnu um sjálfbæra þróun: http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2009-729

innleiðingu. Starf þetta nýtist ekki síst Íslendingum sem hafa fámenna stjórnsýslu og geta því tæpast sótt hina fjölmörgu sérfræðingafundi ESB með reglubundnum hætti.

Allir hóparnir gera starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn og einnig er gerð skýrsla í lok hvers starfsárs. Skýrslur þessar og starfsáætlanir þurfa að hljóta samþykki EK-M.

1) *Vinnuhópur um loftslagsmál og loftgæði*
   Hópurinn fjallar bæði um loftslagsbreytingar og loftmengun og samspil þessara tveggja þátta og áhrif á Norðurlöndum, sérstaklega á heimskautasvæðunum. Í starfi hópsins er meðal annars lögð áhersla á að þróa stjórntæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og leita leiða til að sjá hvaða áhrif loftslagsbreytingar geta haft á dreifingu mengandi efna um lofthjúpinn svo og áhrif hinna mengandi efna á heilsu og velferð fólks og heilbrigði vistkerfa.
   Hvað varðar loftgæði er lögð áhersla á að hafa áhrif á alþjóðasamninga eða tilskipanir ESB um að draga úr svifryki meðal annars frá samgöngum og að draga úr loftmengun sem berst langt að, meðal annars af völdum kvikasilfurs og díoxíns.
2) *Vinnuhópur um vistkerfi haf- og strandsvæða*
   Hópnum er ætlað að byggja upp vísindagrunn og skapa þannig betri forsendur fyrir norrænt samstarf í baráttunni gegn mengun hafs og strandsvæða. Til að auka þekkingu og auðvelda stefnumótun vegna þeirra breytinga á umhverfi hafsins sem nú eiga sér stað, meðal annars af völdum loftlagsbreytinga, beinast áherslur hópsins að vistkerfanálgun, ofauðgun í hafinu, hættulegum efnum og líffræðilegri fjölbreytni. Hópurinn er hluti af stærra samhengi sem norrænu löndin starfa í en þar er meðal annars um að ræða regluverk ESB, alþjóðlega samninga, s.s. OSPAR, HELCOM, MARPOL og samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika. Aðalmarkmið hópsins er að haf- og strandsvæði Norðurlanda séu í góðu ásigkomulagi árið 2020 og séu nýtt á sjálfbæran hátt. Eitt af þeim verkefnum sem hópurinn hefur stutt fjárhagslega fjallar um áhrif mengandi efna á spendýr í Norður-Atlantshafinu. Íslendingar taka virkan þátt í því verkefni og munu niðurstöður þess nýtast stjórnvöldum við stefnumótun á þessu sviði.
3) *Vinnuhópur um vistkerfi á landi*
   Meginverkefni hópsins er að stuðla að varðveislu vistkerfa og viðhalda þannig getu vistkerfanna til að gefa af sér eins og þau hafa gert í aldanna rás. Þessar áherslur endurspeglast í þeim verkefnum sem hópurinn vinnur með.
   Líffræðilegur fjölbreytileiki var ofarlega á baugi á árinu og var unnið að verkefnum er lúta að því að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni á Norðurlöndum, t.d. með verkefni sem ber yfirskriftina: „Náttúra norðursins – horfur til ársins 2010“. Eitt stærsta verkefni hópsins er upplýsingavefur um ágengar framandi tegundir sem hófst sem norrænt verkefni sem hefur verið víkkað út þannig að nú taka alls 18 lönd í Evrópu þátt í því. Á vettvangi ESB er litið til þessa verkefnis sem fyrirmyndar um svæðisbundið samstarf um slík málefni.[27]
   Í verkefni á vegum hópsins um vistkerfisþjónustu og lífsskilyrði mannsins er lögð áhersla á mikilvægi náttúru- og menningararfsins sem auðlind fyrir sjálfbæra þróun, útivist og lýðheilsu. Þá hefur hópurinn einnig unnið að verkefnum sem tengjast áhrifum loftslagsbreytinga á náttúru, útivist og menningarumhverfi.

---

[27] Sjá verkefni um upplýsingavef: http://www.nobanis.org/

4) *Vinnuhópur um efni og efnavörur*
Mikill hluti starfsins snýr að vinnu við löggjöf ESB um efni og efnablöndur (REACH) og löggjöf um flokkun og merkingu efna og efnablandna. Starfið snýr að faglegum atriðum, innleiðingu og hvernig beri að túlka tiltekin atriði löggjafarinnar.

Einnig hefur vinnuhópurinn þróað gagnagrunna með ýmsum upplýsingum t.d. um áhættumat og áhrif tiltekinna efna, framleiðslu þeirra og útbreiðslu. Þessir gagnagrunnar koma að miklum notum, ekki einungis á Norðurlöndum heldur einnig á vettvangi ESB og OECD.

Þá hefur hópurinn unnið að ýmsum sértækum verkefnum, t.d. er tengjast Montrealbókuninni um efni sem eyða ósonlaginu. Þar fer fram vinna við að ná utan um ósoneyðandi efni í búnaði sem búið er að taka úr notkun og ósoneyðandi efni í byggingarúrgangi (einangrun húsa).

Loks ber að nefna vinnu hópsins með efni sem meðhöndluð eru með nanótækni, sem eru að ryðja sér til rúms um þessar mundir og eru meðal annars notuð í lækningaskyni og iðnaði. Þróun í nanótækni er mjög ör og lítið er vitað um áhrif efnanna á heilsu manna, dýra og plantna. Vinna við að greina þá áhættu sem hugsanlega stafar af notkun þessara efna er nýlegt áherslusvið í starfi hópsins.

5) *Vinnuhópur um úrgang*
Í samræmi við norrænu umhverfisáætlunina hefur megináhersla í starfi hópsins verið framkvæmd rammatilskipunar ESB um úrgang og tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í tengslum við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar fluttust verkefni frá hópi sem lagður var niður til vinnuhópsins og var unnið áfram með þau og þeim flestum lokið. Eitt þeirra verkefna felst í því að þróa aðgengilegt umhverfisstjórnunarkerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum en Íslendingar hafa tekið virkan þátt. Í ljósi þess að verkefnið hefur gengið vel og að það nýtist litlum samfélögum einkar vel var ákveðið að vinna áfram með það og byggja ofan á það sem þegar hefur verið gert.

Í október var efnt til málstofu þar sem farið var yfir verksvið hópsins, rammatilskipun ESB um úrgang og hvaða áherslur ættu að vera í vinnu hópsins. Niðurstaða málstofunnar er að leggja beri áherslu á sjálfbæra þróun úrgangsmála, meðal annars að draga úr magni matarúrgangs frá verslunum og styrkja norræna samvinnu í tengslum við túlkun og framkvæmd úrgangstilskipunarinnar.

Í samstarfi við vinnuhópinn um efni og efnavörur hófst vinna að verkefni varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang (Greening WEEE) sem beinist að því að auka samhæfingu milli efna og úrgangs en í sameiginlegri stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun, sem nefnd var hér að framan, er mikil áhersla lögð á þessa þætti.

6) *Vinnuhópur um sjálfbæra framleiðslu og neyslu*
Hópurinn var settur á laggirnar í tengslum við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar 1. janúar 2009 og var nokkrum hluta starfsársins varið til að skilgreina og skipuleggja starf hópsins.

Megináhersla er lögð á umhverfismerkingar, ekki síst Svaninn, vistvæn opinber innkaup, nýsköpun í umhverfismálum og umhverfisupplýsingar og sjálfbærni. Samkvæmt hinu nýja skipulagi mun á vegum hópsins starfa verkefnahópur sem fjallar um bestu fáanlegu tækni í ýmsum framleiðslu- og þjónustugreinum svo og hópur um umhverfismál í litlum samfélögum.

Unnið var að ýmsum verkefnum sem tengjast þessum áherslum. Fyrirferðarmesta nýja verkefnið á árinu var fyrrnefnd stefnumótun fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn

fram til ársins 2015. Sú stefnumótun er unnin á grunni úttektar á merkinu árið 2008 og er ætlað að fylgja eftir þeim áherslum sem þar voru lagðar.

7) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*
Vinnuhópurinn er þverfaglegur og starfar á vegum EK-Finans og EKM. Meginmarkmiðið með starfinu er að stuðla að efnahagslegri þróun sem byggist á sjálfbærri framleiðslu og neyslu og rjúfa þannig tengslin milli umhverfisálags og hagvaxtar.

Loftslagsmál og hagræn stjórntæki voru í brennidepli á árinu. Varðandi loftslagsmálin var áhersla lögð á áhrif loftslagsbreytinga á hagkerfið og hvernig draga má úr þeim áhrifum. Hópurinn gefur reglulega út skýrslu um mat á hagrænum stjórntækjum þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um hagræn stjórntæki í hverju landi fyrir sig. Einnig má nefna verkefni um hagrænt gildi þess að auka orkunýtni í byggingariðnaðinum og verkefni um hina hagrænu þætti loftslagsvandans.[28]

8) *COP15-hópurinn*
Umhverfisráðherrarnir ákváðu á árinu 2008 að setja á laggirnar tímabundinn hóp til að vinna ýmis verkefni sem stuðlað gætu að góðum árangri á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009. Hópurinn hefur unnið skýrslur um ýmis efni sem tengjast fjölmörgum atriðum í loftslagsmálum auk þess sem lögð hefur verið áhersla á að kynna þau áhrif, sem talið er að loftslagsbreytingarnar muni hafa á heimskautasvæðum og í heiminum öllum. Í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar voru niðurstöður hópsins kynntar á fundum, ráðstefnum og í vinnusmiðjum og auk þess gaf hópurinn út nokkrar skýrslur. Framhald á starfi hópsins mun taka mið af niðurstöðum loftslagsráðstefnunnar. Erindisbréf hans rennur út árið 2011 og er ætlunin að verkefni hans færist þá til hópsins um loftslagsmál og loftgæði.

14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Starfið innan *norrænu ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað,matvæli og skógrækt (MR-FJLS)* á formennskuári Íslendinga var í samræmi við verkefnalýsingar sem markaðar voru í formennskuáætluninni fyrir umrædd svið. Starfsemi *embættismannanefndarinnar um sjávarútveg,landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS*) er umfangsmikil með sterk tengsl við atvinnuvegi, rannsóknastarfsemi og stjórnsýslu. Af þeim ástæðum starfar embættismannanefndin í fjórum deildum, EK-FJLS/fiskveiðar og fiskeldi, EK-FJLS/landbúnaður, EK-FJLS/matvæli og EK-FJLS/skógrækt. Samræmingu á starfsemi deildanna annast EK-FJLS/stjórnarnefnd.

Unnið var samkvæmt starfsáætlun fyrir árin 2009–2012 sem samþykkt var á sumarfundi ráðherranefndarinnar árið 2008. Starfsáætlunin er í samræmi við heildarstefnumörkun norræns samstarfs og leggur megin áherslu á verkefni á sviðum þar sem samkeppnisstaða Norðurlanda er góð í alþjóðlegu samhengi og þar sem samstarfið gefur mikinn virðisauka. Þetta var leiðarstefið í íslensku formennskuáætluninni sem skiptist í nokkra megin þætti svo sem hagsæld og velferð, matvæli og heilsa, veðurfarsbreytingar, sjálfbær notkun erfðalinda og alþjóðastarf.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn á Ísafirði dagana 2.–4. júlí með breyttu sniði. Sumarfundirnir hafa um skeið einkennst af því að vera tengslafundir við hagsmunaaðila í atvinnuvegunum, félagasamtökum o.fl. Þeir voru gjarnan fjölsóttir með þátttöku margvíslegra hagsmunaaðila, t.d. fulltrúa stéttarfélaga, stofnana o.fl. Með breytingum í

[28] Sjá einnig í kafla 12.

stjórnsýslu landanna og þar með verkefnum einstakra ráðuneyta svo og samþættingu fleiri sviða innan ráðherranefndarinnar, varð æ erfiðara að skapa heildstæða og áhugaverða dagskrá fyrir fundina. Var því ákveðið að reyna nýtt fundaform sem væri beinskeyttara, fámennara og pólítískt áhugaverðara.

Tekin voru til pólitískrar umræðu tvö mál, grænbók ESB um stjórnun fiskveiða og hlutverk skógræktar í viðbrögðum við hraðfara loftslagsbreytingum. Til að skerpa á umræðunni var dr. Helmuth Priebe, einum af forstjórum framkvæmdastjórnar ESB á fiskveiðisviðinu, boðið til fundarinsen hann er einn af höfundum fiskveiðistjórnunarskýrslunnar. Einnig var dr. Jasper Raaskjer, prófessor við háskólann í Árósum sem hefur helgað starf sitt gagnrýni á fiskveiðistjórnun ESB, boðið að gera grein fyrir helstu álitamálum varðandi fiskveiðistjórnun sambandsins.

Niels Elers Koch, prófessor í skógfræði við Kaupmannahafnarháskóla og forseti alþjóðasamtaka aðila í skógræktarrannsóknum (IUFRO), hafði framsögu um skógræktarmálin, þar sem hann fjallaði um mikilvægi skóga og skógræktar í umræðu um loftlagsbreytingar, bæði til að draga úr fyrirsjáanlegum breytingumog eins hvernig auka megi aðlögunarhæfni skóga.

Átta ráðherrar voru á fundinum, umræður voru líflegar og góður rómur gerður að breyttri fundartilhögun. Hafa Danir ákveðið að halda fundinn 2010 með sama sniði.

Síðari hluta fundarins var varið í yfirferð um stöðu verkefna sem heyra undir MR-FJLS og starfið framundan. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að í deildunum fjórum og helstu ákvörðunum sem teknar voru. Sá ásetningur að beina athyglinni að samstarfi svæða og ríkja ínorðvestri náðist ágætlega fram í starfinu á árinu og verður leitast við að fylgja honum eftir á næstu árum.

Sjávarútvegur

Árið 2009 var fyrsta starfsár sjávarútvegsdeildar EK-FJLS með nýju skipulagi þar sem undirnefndum hafði verið fækkað í eina. Meðal meginþátta á formennskuári Íslendinga má nefna aukna áherslu á samstarf við grannsvæðin í norðvestri sem og áframhaldandi samvinnu við önnur samtök og stofnanir á alþjóðavettvangi, svo sem FAO og OECD. Haldnar voru tvær alþjóðlegar ráðstefnur í Reykjavík á árinu. Sú fyrri var skipulögð í samvinnu við NICe undir yfirskriftinni *Innovation in the Nordic Marine Sector – Nordic Coordination* þar sem fjallað var um nýsköpun í sjávarútvegi. Þar tóku þátt sérfræðingar frá Norðurlöndum, alþjóðastofnunum sem og frá Kanada.[29] Síðari ráðstefnan var haldin í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og fjallaði um hagræna þætti í auðlindanýtingu undir yfirskriftinni *Efficient Fisheries Management, Fishing Rights and Flexibility*.[30] Þátttakendur voru frá Norðurlöndum, Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu og Evrópu auk alþjóðastofnana.

Á sumarfundi ráðherranna á Ísafirði var samþykkt ályktun um mikilvægi sjávarútvegs og fiskeldis á alþjóðavettvangi, þar sem hvatt var til ábyrgrar og sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að leggja beri áherslu á þessa þætti í þróunaraðstoð.

Landbúnaður

Sjálfbær notkun erfðalinda er enn sem fyrr eitt af meginverkefnum landbúnaðardeildar EK-FJLS og fer þar mest fyrir starfsemi norræns erfðalindaseturs (Nordisk Genresurs Center – NordGen) en sú stofnun varð til við sameiningu Norræna genbankans fyrir nytjaplöntur

---

[29] Fyrirlestrar eru á: http://www.matis.is/innovation-in-the-nordic-marine-sector

[30] Fyrirlestrar eru á: http://ioes.hi.is/conference/home.html

(NGB), Norræna genbankans fyrir búpening (NGH) og Norrænu frænefndarinnar í skógrækt (NFPR) í eina stofnun. Eru miklar vonir bundnar við starfsemi NordGen en samstarfið á sviði erfðalinda hefur verið eitt af merkustu samstarfsverkefnum ráðherranefndarinnar og á sér reyndar sögu frá upphafi síðustu aldar. NordGen gegnir lykilhlutverki í þróun samstarfsverkefna á vegum MR-FJLS á Norðurlöndum og ekki síður í tengslum við alþjóðlega samvinnu á sviði erfðalinda, t.d. innan FAO þar sem mikill hagur er af norrænu samstarfi. Starfsemi NordGen var kynnt í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna á vegum nefndar um sjálfbæra þróun (Commission on Sustainable Development) í mars mánuði og í lok ársins á ráðsfundi FAO í Róm, auk kynningar á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í desember.

Í tilefni af Food Summit í FAO sendu landbúnaðarráðherrar Norðurlanda frá sér sameiginlega grein á Food Day þann 16. október um mikilvægi sjálfbærrar nýtingar erfðauðlinda fyrir fæðuöryggi. Í tengslum við viðbrögð við hraðfara breytingum á veðurfari heimsins og hlutverk landbúnaðarins var skrifuð hliðstæð grein í tengslum við loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn og birtist hún einnig í helstu dagblöðum á Norðurlöndum.

Ljóst er að erfðalindasamstarfið mun þróast áfram og jafnframt að því kunni að vera of þröngur stakkur skorinn ef það er einvörðungu rekið innan hins formlega samstarfs ráðherranefndarinnar og var skipuð nefnd til að skoða með hvaða hætti megi draga fleiri aðila að málinu og efla starfsemina. Athygli manna hefur beinst að neikvæðri þróun í plöntukynbótum á Norðurlöndum þar sem dregið hefur úr nýsköpun samtímis því sem ljóst er að mikið mun reyna á þessa starfsemi í tengslum við hraðfara veðurfarsbreytingar. Á sumarfundi ráðherranna á Ísafirði var lögð fram lokaskýrsla sem hefur beinst að því hvernig megi efla þessa starfsemi á ný með sameiginlegu norrænu átaki og var EK-FJLS falið að hrinda því verki úr vör.

Tekin var ákvörðun um að halda áfram með verkefnið „Ný norræn matargerð“ til næstu þriggja ára en það byggir á því að markaðsetja norrænar matarhefðir með skírskotun til þess hráefnis sem er að finna í löndunum. Verkefnið tengir saman mörg svið svo sem erfðaefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu við markaðsfærslu svo eitthvað sé nefnt. Ný markáætlun verður unnin í upphafi árs 2010.

Ákveðið var að beina því til Norræna samstarfsráðsins fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) að gera tillögu að samræmdri dagskrá um þýðingu líftækni í landbúnaðarrannsóknum og nýsköpun til framtíðar. Er þetta í samræmi við vilja til að efla ráðgjafahlutverk NKJ gagnvart embættismannanefndunum. Samtímis er unnið að því að færa skrifstofu NKJ til Osló í húsakynni NordForsk í því skyni að auka samþættingu í stjórnun rannsóknasamstarfsins.

Matvæli

Matvæladeild EK-FJLS hélt tvo fundi, í mars í Reykjavík og í október samhliða Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi. Í tengslum við fundinn í Reykjavík var fundað með NordForsk um rannsóknatengd matvælaverkefni en í tengslum við fundinn í Stokkhólmi var einnig fundað með embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum um norrænt/baltneskt samstarf um matvælamál (NB8). Allir sérfræðingahópar matvæladeildarinnar störfuðu á árinu í samræmi við starfsreglur sínar, auk þess sem samráðsnefnd forstjóra matvælastofnananna á Norðurlöndum starfaði venju samkvæmt. Viðamesta verkefni formennskuársins innan matvæladeildarinnar var alþjóðleg ráðstefna sem haldin var undir leiðarstefinu *Hollusta frá hafi og haga til maga* en norræn matvælaframleiðsla, hvort sem er í landbúnaði eða sjávarútvegi, einkennist af öryggi, sjálfbærni, hreinleika, hollustu og rekjanleika. Í efnistökum ráðstefnunnar var byggt á þessum staðreyndum en tekið mið af að við búum í veröld með sífellt

auknum viðskiptum hvort sem er með hráefni eða unnin matvæli. Jafnhliða þessu var sjónum beint að tengslum matvæla við uppruna, menningu og matarhefðir í einstökum löndum og landsvæðum með hliðsjón af verkefninu „Ný norræn matargerð“. Ráðstefnan fór fram í Reykjavík dagana 15.–17. nóvember undir heitinu *Nordic Values in the Food Sector – The way forward in a global perspective*.[31]

Skógrækt

Skógræktardeild EK-FJLS hélt þrjá fundi á árinu, einn í Reykjavík og tvo í Kaupmannahöfn, sameiginlega með landbúnaðardeildinni eins og venja er. Samstarf um norrænar skógræktarrannsóknir (SamNordisk Skogsforskning – SNS), sem er eitt meginverkefni skógræktardeildarinnar, tók þeim breytingum að skrifstofan færðist til Kaupmannahafnar og jafnframt var tekin upp formleg samvinna við evrópsku skógræktarrannsóknastofnunina (EFI). Með því ætlar skógræktardeildin að starf SNS styrkist til framtíðar og samstarf eflist á breiðari, evrópskum grunni.

Alþjóðleg ráðstefna um hlutverk skóga í að efla lýðheilsu fólks í þéttbýli (*Forests serving urban societies in the North Atlantic region*) var haldin í Reykjavík í september. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að draga athygli að mikilvægi skóga og náttúrulegs umhverfis í og við þéttbýli til að efla lýðheilsu fólks og bæta lífsskilyrði í borgum og bæjum. Aðstæður á Norðurlöndum og þá einkum við Norðvestur-Atlantshafið voru í brennidepli. Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti setti ráðstefnuna og innlendir og erlendir fyrirlesarar héldu erindi. Erindin ásamt tillögum um eftirfylgni verða gefin út um mitt ár 2010. Mun ráðstefnan hafa áhrif á norrænt skógræktarsamstarf næstu árin en með henni varð til öflugt norrænt og norður-evrópskt tengslanet á þessu sviði.[32]

Norrænar skógræktarrannsóknir eru ein styrkasta stoðin í norrænu samstarfi á sviði skógræktar en unnið er að verkefnum á flestum sviðum skógræktar. Unnið hefur verið markvisst að því að víkka samstarfið svo það nái einnig til grannsvæða Norðurlanda. Samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland er nú vel mótað. Á árinu var einnig tekið upp formlegt samstarf í Evrópu við grannsvæði við Norðvestur-Atlantshaf. Forstjórum skógræktarrannsókna á Írlandi, í Skotlandi og Kanada var boðið til árlegs stjórnarfundar SNS þar sem Eystrasaltsríkin áttu einnig fulltrúa. Ræddir voru möguleikar á að efla samstarf ríkjanna og hvernig að því yrði staðið. Fram kom gagnkvæmur vilji og áhugi og mun SNS útfæra nánar hugmyndir þar að lútandi. Skipulagning og framkvæmd verkefnisins er á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríksins á Mógilsá, sem er tengiliður Íslendinga við SNS.

Á fundi norrænna skógarmálaráðherra á Selfossi 2008 var undirrituð svokölluð *Selfossyfirlýsing* um mikilvægi skóga og skógræktar gagnvart loftslagsbreytingum og varðveislu ferskvatnsauðlinda, sem eru með mikilvægustu umhverfismálum samtímans. Selfossyfirlýsingunni og þeim tillögum sem hún felur í sér er ætlað að hafa stefnumótandi áhrif á samstarfið um málefni skóga og skógræktar. Vinnuhópur var stofnaður til að fylgja yfirlýsingunni eftir. Á formennskuárinu leiddu Íslendingar starfið sem fór fram á vegum umhverfisráðuneytisins og Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki vorið 2010 og niðurstöðurnar verði kynntar norrænu skógarmálaráðherrunum í kjölfarið.

---

[31] Fyrirlestrar eru á: http://www.matis.is/nordic-values-2009/

[32] Frásögn af ráðstefnunni er á: http://www-old.skogur.is/radstefna-sept-2009

15. Grannsvæðasamstarf

Eystrasaltsáætlun ESB

Vegna góðra tengsla og reynslu ráðherranefndarinnar af samstarfi á Eystrasaltssvæðinu sem og á grundvelli stefnumótunarinnar um samstarf við Norðvestur-Rússland, Eistland, Lettland og Litháen 2009–2013, óskaði ESB eftir samstarfi og samráði við ráðherranefndina um mótun Eystrasaltsáætlunar ESB. Að þessu var unnið á árinu en Svíar, sem tóku við formennsku ESB um mitt árið, voru mjög virkir í því starfi. Þau ríki ESB sem koma til með að eiga beina aðild að áætluninni eru Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland og Þýskaland en Noregur, Ísland og Rússland koma að áætluninni á vettvangi Norðlægu víddarinnar.

Eystrasaltsáætlun ESB er hugsuð sem tæki til að takast á við ýmis vandamál og til að leysa margvísleg viðfangsefni, sem þau ríki sem eiga strandlengju að Eystrasaltinu þurfa að taka á í sameiningu, svo sem ýmiss konar umhverfisvá. Áætlunin á einnig að efla samkeppnishæfni og stuðla að efnahagslegri velgengni og félagslegri samkennd á svæðinu. Í áætluninni eru skilgreind 4 yfirmarkmið sem öll varða Eystrasaltssvæðið með ólíkum hætti, þ.e. umhverfismál, velferðarmál, samkeppnishæfni og öryggismál. Í áætluninni eru síðan afmörkuð fjölmörg raunhæf verkefni sem er ætlað að stuðla að því að yfirmarkmiðin náist.

Leiðtogaráð ESB samþykkti áætlunina á fundi sínum í lok október og mun hún gilda frá og með 1. janúar 2010. Þá hvatti leiðtogaráðið aðildarríkin til þess að koma áætluninni hratt og vel í framkvæmd og á framvinduskýrsla að liggja fyrir þegar í júní 2011. Pólverjar, sem fara með formennsku í ESB á síðari helmingi 2011 hafa tilkynnt að þeir muni setja endurskoðun áætlunarinnar á dagskrá hjá sér. Þess má geta að annað aðildarríki áætlunarinnar, Danmörk, mun taka við formennsku í ESB af Pólverjum.

ESB hefur farið fram á það við ráðherranefndina að hún komi með beinum hætti að framkvæmd Eystrasaltsáætlunarinnar. Möguleikarnir á að ná samlegðaráhrifum með slíku verkefnasamstarfi við ESB eru taldir miklir, þar sem áherslur áætlunarinnar eru í ágætu samræmi við þau stefnumál sem nú er unnið að í norrænu samstarfi og samþykkt voru af forsætisráðherrum Norðurlanda í Finnlandi sumarið 2007. Í viðræðum ráðherranefndarinnar og ESB um málið var einkum rætt um eftirtalin málefni, án þess þó að útiloka annað:

– afnám stjórnsýsluhindrana og innri markaðinn,
– rannsóknir og nýsköpun,
– landbúnað, skógrækt og sjávarútveg (erfðaefnisrannsóknir),
– orkumál (raforkumarkaðinn),
– menningu,
– viðbragðsáætlun á heilbrigðissviði, baráttu gegn eyðni, mansali og félagslegri útskúfun.

Samkvæmt Eystrasaltsáætluninni mun ráðherranefndin bera ábyrgð á verkefnum sem tengjast ofangreindum málefnum, eða leggja sitt af mörkum með því að miðla af sérfræðiþekkingu. Á haustmánuðum voru haldnir fundir með þeim norrænu embættismannanefndum, starfshópum og stofnunum sem munu koma að framkvæmdinni en ráðherranefndin leggur áherslu á að norræna framlagið verði bæði myndarlegt og sýnilegt, enda hefur ESB frá upphafi lagt áherslu á virka þátttöku ráðherranefndarinnar í verkefnum. Gert er ráð fyrir að einstök verkefni áætlunarinnar verði fjármögnuð með því að sækja í sjóði ESB og að hver ráðherranefnd um sig taki ákvarðanir um fjárframlög til verkefnanna.

Samstarf við Eistland, Lettland og Litháen

Samstarfið við Eystrasaltsríkin heldur áfram að styrkjast og pólitísku samstarfi vex fiskur um hrygg en ný samstarfsáætlun við Eistland, Lettland og Litháen tók gildi í byrjun árs. Mannaskiptaáætlanir, sem Eystrasaltsríkin taka nú þátt í að fjármagna, eru dæmi um samstarf sem gefur góða raun án þess að mikið sé til þess kostað. Á árinu var í tvígang auglýst eftir umsóknum í þeim löndum sem eiga aðild að áætluninni en markhópar eru starfsfólk á vettvangi hins opinbera, í einkageiranum og menningargeiranum. Þá hafa Eystrasaltsríkin verið aðilar að NordPlus menntaáætluninni frá 2008 en það er styrkja- og mannaskiptaáætlun á vegum menntamálaráðherranna. Þar við bætist sérstök styrkjaáætlun sem beinist að samstarfi frjálsra félagasamtaka í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi, við sambærileg samtök á Norðurlöndum. Vaxandi áhugi er á áætlununum meðal grannþjóðanna í austri.

Upplýsingaskrifstofur ráðherranefndarinnar í Tallinn, Ríga og Vilníus hafa miklu hlutverki að gegna fyrir norrænt samstarf við Eystrasaltsríkin. Samstarf þeirra við norræn sendiráð í ríkjunum jókst á árinu. Öðru hvoru eru uppi raddir um að ekki sé rétt að verja norrænum fjármunum í að reka áfram skrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þar sem flest Norðurlönd reki þar sendiráð eða sendiskrifstofur. Þær raddir hafa þó ekki fengið verulegan hljómgrunn enda eru skrifstofurnar ódýrar í rekstri miðað við þann ávinning sem af starfsemi þeirra fæst. Skrifstofurnar gegna lykilhlutverki við margvíslegt verkefnasamstarf sem á sér stað milli ráðherranefndarinnar og aðila í Eystrasaltsríkjunum. Má þar nefna vísinda- og rannsóknasamstarfið og mannaskiptaáætlanirnar. Þá er mikilvægi skrifstofunnar í Vilníus fyrir það samstarf sem snýr að EHUháskólanum (European Humanities University) ótvírætt.

Samstarf við Norðvestur-Rússland

Samstarfið við Norðvestur-Rússland fer fram samkvæmt áætlun sem tekur til tímabilsins 2009–2013. Ráðherranefndin starfrækir skrifstofur í Pétursborg og Kaliningrad en jafnframt eru upplýsingaskrifstofur í Arkhangelsk, Petrozavodsk og Múrmansk. Tilvist skrifstofanna hefur mikla þýðingu fyrir árangurinn af starfseminni í Rússlandi.

Umfangsmesta samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar og Norðvestur- Rússlands snýr að þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta. Markmið verkefnisins er að styðja við lýðræðislega hugsun í Rússlandi og miðla lýðræðislegum vinnubrögðum með því að búa til tengslanet milli norrænna og rússneskra aðila og að koma á samstarfsverkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir af samstarfi eru fyrir hendi. Á árinu var lögð áhersla á að styrkja starfsmenn ríkis og sveitarfélaga í Rússlandi til að kynna sér starfshætti á Norðurlöndum, eða öfugt. Einnig má nefna gagnkvæmar blaða- og fréttamannaheimsóknir þar sem rússneskir og norrænir blaðamenn kynntu sér starfsaðferðir kollega sinna. Þá var jafnframt lögð áhersla á að styrkja samstarf stofnana á Norðurlöndum við sams konar stofnanir í Rússlandi, t.d. var samstarf Norrænu stofnunarinnar um genarannsóknir við Vavilovstofnunina í Pétursborg styrkt af þessu verkefni.

Á árinu var einnig lögð lokahönd á samstarfsverkefni við rússnesk stjórnvöld (partnerskab) á sviði lista og menningar innan ramma Norðlægu víddarinnar. Málið hafði verið til skoðunar í hópi menningarmálaráðherranna frá því 2007 en góður skriður komst á það á árinu og var verkefnið formlega samþykkt af öllum aðilum, þ.e. ESB, Íslandi, Noregi og Rússlandi, um miðjan nóvember. Aðilar munu síðan ganga frá endanlegri útfærslu samstarfsins en því verður formlega hleypt af stokkunum á menningarstefnu um Norðlægu vídd-

ina sem haldin verður í Pétursborg vorið 2010. Vegna þessa verkefnis verður opnuð sérstök skrifstofa og mun hún fyrst um sinn verða vistuð hjá ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn.

Á vettvangi samstarfs um heilsueflingu og félagsmál innan Norðlægu víddarinnar (partnerskab for folkesundhed og socialt velbefindende) hefur ráðherranefndin lagt mikið af mörkum en það snýr meðal annars að aðgerðum gegn mansali og eyðni. Orkusamstarfi norrænna og rússneskra aðila hefur vaxið fiskur um hrygg, einkum með tilliti til orkusparnaðar, en samkvæmt nýlegri löggjöf í Rússlandi er sveitarstjórnum skylt að sýna fram á árangur í orkusparnaði með markvissum aðgerðum. Þá á sér stað mikilvægt samstarf við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi. Loks má geta þess að menntamálaráðherrarnir hafa átt í viðræðum við rússnesk yfirvöld um að setja á laggirnar sameiginleg verkefni á sviði mennta og vísinda. Búist er við að skriður komi á þau mál á næsta ári.

Verkefni tengd Hvíta-Rússlandi

Mikilvægasta verkefni ráðherranefndarinnar sem tengist Hvíta-Rússlandi er stuðningurinn við háskólann European Humanities University, EHU. Eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum samstarfsráðherra er EHU landflótta hvítrússneskur háskóli sem hefur verið starfræktur í Vilníus í Litháen frá árinu 2005 með tilstyrk frá ESB, ráðherranefndinni, beinum framlögum frá ýmsum Evrópuríkjum, þar á meðal Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, Bandaríkjunum og fjársterkum einkasjóðum eins og McArthur Foundation sem lætur umtalsvert fé af hendi rakna til skólans. Styrktarsjóður EHU tók til starfa um mitt ár 2008 en tilgangur hans er að sjá um öll samskipti við styrktaraðila EHU auk þess að taka við og annast utanumhald þess söfnunarfjár sem til skólans rennur. Samkvæmt óskum ESB er styrktarsjóðurinn vistaður hjá skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Þess má geta að verkefnið um EHU er jafnan notað sem dæmi þegar á að nefna eitthvað sem hefur tekist virkilega vel í starfsemi ráðherranefndarinnar.

Samkvæmt skýrslu EHU fyrir skólaárið 2008–2009 námu tekjur styrktarsjóðsins sex milljónum evra, þar af komu tvær milljónir frá ESB eingöngu. Fjárhag er ágætlega borgið fyrir skólaárið 2009–2010 en ákveðin óvissa fyrisjáanleg eftir það, sem yrði þá úrlausnarefni styrktarsjóðsins. Yfir 1.500 stúdentar stunda nú nám við skólann og fjöldi þeirra sem ljúka námi fer vaxandi.

Að frumkvæði Norðurlandaráðs fór á árinu fram nokkur umræða um möguleika þess að opna skrifstofu í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, með sams konar hlutverk og skrifstofurnar í Norðvestur-Rússlandi og í Eystrasaltsríkjunum. Á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi voru samþykkt tilmæli þess efnis sem beint var til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Afstaða ráðherranefndarskrifstofunnar er að gera þurfi úttekt á möguleikum þess að starfa í Minsk. Í slíkri úttekt er nauðsynlegt að varpa ljósi á hvers konar aðgerðir ráðherranefndarinnar í Hvíta-Rússlandi séu líklegastar til að ná þeim árangri sem að er stefnt, þ.e. að styrkja lýðræðið í landinu, auka mannréttindi og stuðla að innleiðingu grundvallarreglna réttarríkisins.

Ráðherranefndin hefur falið ráðgjafarhópi um málefni Hvíta-Rússlands, sem skipaður er fulltrúum norrænu utanríkisráðuneytanna, að gera slíka úttekt og verða niðurstöður hópsins kynntar fyrir samstarfsráðherrum í byrjun 2010.

Í ljósi þess hve sú starfsemi sem snýr að Hvíta-Rússlandi hefur aukist var í lok árs ákveðið að ráðast í gerð leiðbeinandi reglna fyrir þá starfsemi en slíkar reglur hafa undanfarin ár markað stefnuna fyrir samstarf ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Loks má geta þess að Hvíta-Rússland hefur óskað eftir áheyrnaraðild að árlegum

fundum þeirra ríkja sem eiga aðild að Norðlægu víddinni – ákvörðun þar um verður væntanlega tekin á ráðherrafundi aðildarríkjanna síðla árs 2010.

Nágrannar Norðurlanda í vestri

Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á að kannaðir yrðu möguleikar NMR á samstarfi við hagsmunaaðila í austurfylkjum Kanada um nýsköpun og rannsóknir, sérstaklega á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins. Í lok árs fór sendinefnd skipuð fulltrúum ráðherranefndarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, Íslands og Danmerkur, sem tekur við formennsku 2010, til fundar við kanadíska ráðherra og háttsetta embættismenn í Ottawa. Sendiherra Íslands í Kanada aðstoðaði við undirbúning heimsóknar sendinefndarinnar og tók þátt í þeim fundum sem haldnir voru í Ottawa. Einnig voru haldnir fundir í St. John´s á Nýfundnalandi með embættismönnum fylkisstjórnanna í Nýfundnalandi, Nunavut og Labrador. Í viðræðunum kom fram áhugi á að skiptast á reynslu og stofna til samstarfs við ráðherranefndina á ýmsum sviðum þar sem Kanada og Norðurlönd þurfa að leysa úr sams konar eða svipuðum viðfangsefnum og hagkvæmt getur verið að leita úrlausna í sameiningu.

Á fundunum var rætt um ýmis augljós samstarfssvið, svo sem verndun Norður-Atlantshafsins og sjálfbæra auðlindanýtingu, áhrif loftslagsbreytinga á fiskistofna, nýsköpun í sjávarútvegi, sjálfbæra orkuframleiðslu í afskekktum byggðum á norðurhveli, Norðurskautið og norðurskautsrannsóknir, lýðfræðilegar áskoranir, heilbrigðis- og félagsmál og ýmis sértæk hagsmunamál sem tengjast frumbyggjum og lífinu í strjálum byggðum norðan við heimskautsbaug. Ráðherranefndin mun á næstu mánuðum í samráði við kanadíska tengiliði afmarka raunhæf samstarfsverkefni en fjármögnun verkefna verður á jafnræðisgrunni þannig að kanadískt fjármagn kemur á móti norrænu.

Norðurskautssamstarf

Ný Norðurskautsáætlun tók gildi í upphafi árs en hún nær til loka árs 2011. Sem fyrr var náið samstarf við Norðurskautsráðið um framkvæmd hennar en fulltrúar Norðurlanda í ráðinu sitja jafnframt í „Arktisk sagkyndigkommitté“ (ASK) en það er ráðgjafanefnd ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins. Nefndin metur umsóknir sem berast vegna norðurskautsverkefna en úthlutað er úr Norðurskautsáætluninni einu sinni á ári. Til ráðstöfunar voru um 8 milljónir danskra króna. Umsóknir sem bárust voru 43 og var ákveðið að styrkja 29 verkefni sem voru talin falla vel að áhersluatriðum áætlunarinnar.

Á árinu varð nokkur umræða um hvernig væri best að standa að eftirfylgni við norðurslóðaráðstefnuna sem haldin var í Ilulissat á Grænlandi í september 2008. Ráðstefnan var vel sótt en tilgangur hennar var að beina athygli og auka þekkingu ESB og alþjóðasamfélagsins á málefnum Norðurskautsins. Ákveðið var að ráðast ekki í að halda framhaldsráðstefnu á árinu en þess í stað verða tveir viðburðir á árinu 2010 sem fjalla sérstaklega um Norðurskautið. Ráðstefna verður haldin í Kaupmannahöfn í maí og málstofa í Brussel á haustmánuðum.

Samstarf við önnur svæðasamtök

Norræna ráðherranefndin á samstarf við önnur svæðisbundin samtök í Norður-Evrópu; auk Norðurskautsráðsins sem áður var minnst á hefur ráðherranefndin samráð og samstarf við Eystrasaltsráðið (CBSS) og Barentsráðið (BEAC). Áður hefur verið sagt frá samstarfinu við ESB. Ráðherranefndin heldur reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara samtaka en markmiðið er ekki hvað síst að koma í veg fyrir tvíverknað með öflugri upplýsingagjöf.

Þá hefur ráðherranefndin átt gott samstarf við Baltic Development Forum (BDF) sem er mikilvægur samstarfs- og tengslanetavettvangur fyrir aðila í viðskiptum, fjölmiðlum, stjórnmálum og háskólasamfélaginu á Eystrasaltssvæðinu. BDF hefur undanfarin ár, með tilstyrk ráðherranefndarinnar og Norræna fjárfestingabankans, gefið út ritið „State of the Region Report“ þar sem gerð er grein fyrir stöðu og horfum í efnahagsmálum á Eystrasaltssvæðinu. Í byrjun október hélt BDF árlegan toppfund sinn í Stokkhólmi en Norræna ráðherranefndin gekkst þar fyrir hliðarráðstefnu með yfirskriftinni „Globalization – the Nordic Approach“.

16. Norrænar stofnanir á Íslandi

Norræna húsið

Án efa er myndun ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna sem nefnd hefur verið *Norræna velferðarstjórnin* einn merkasti atburðurinn sem átt hefur sér stað í Norræna húsinu á árinu. Undirbúningur að stjórnarmyndun fór fram í húsinu svo og blaðamannafundurinn þar sem myndun stjórnarinnar var tilkynnt.

Fleiri íslenskir viðburðir voru í húsinu en undanfarin ár. Vegna stöðu íslensku krónunnar hafa samningar við norræna listamenn kostað meira en áður og þar af leiðandi voru færri norrænar sýningar og viðburðir en undir venjulegum kringumstæðum.

Í tilefni af formennskuári Íslendinga í ráðherranefndinni voru haldnir nokkrir fundir og ráðstefnur í húsinu. Fundaraðstaða í aðalsal hússins hefur verið bætt til að takast á við stærri ráðstefnur. Hljóðkerfi hússins hefur verið endurnýjað svo og öll aðstaða til kvikmyndasýninga.

Í tengslum við rammaáætlun Norðurlandaráðs um hnattvæðingu, *Norden i verden – verden i Norden,* var haldin viðamikil og fjölbreytt sýning um Japan og japanska menningu, meðal annars um japönsk áhrif í verkum Alvars Aalto og norrænni byggingarlist. Sýningin var ein sú fjölsóttasta í húsinu frá upphafi.

Nýr hágæða veitingastaður var opnaður í húsinu í febrúar, *Dill Restaurant.* Staðurinn er einkarekinn og er það í fyrsta sinn sem Norræna húsið sér ekki um reksturinn. Aðaláherslan er á *nýja norræna matargerð* og er eingöngu notað norrænt hráefni.

Íslenskir tónleikar, blandaðir sumartónleikar og Iceland Airwaves

Margir tónleikar á árinu voru á vegum aðila sem leigðu aðstöðu í húsinu, bæði innlendra og erlendra. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu s.s. Hádegistónleikar Háskóla Íslands, 15:15 Tónleikasyrpan, Myrkir músíkdagar og Félag íslenskra tónlistarmanna.

Nokkrir íslenskir tónlistarmenn héldu útgáfutónleika. Fjölbreytilegir sumartónleikar voru haldnir í júlí, þar sem meðal annars komu fram norski harmónikusnillingurinn Sigmund Dehli, bandarískí pianistinn Mark Damisch og íslenski pianóleikarinn Steinunn Sigurðardóttir. Síðustu tónleikarnir voru útgáfutónleikar, vísnalög eftir Cornelis Vreeswijk í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar, en flytjendur voru Guðrún Gunnarsdóttir og sænskir tónlistarmenn. Tónleikahátíðin *Iceland Airwaves* er orðin árlegur viðburður í húsinu. Opnunarhátíð *Djasshátíðar Reykjavíkur í 20 ár* fór fram í Norræna húsinu ásamt mörgum tónleikum hátíðarinnar.

Norrænir tónleikar

Norrænir tónlistarmenn og hljómsveitir heimsóttu húsið og má þar meðal annars nefna grænlensku hljómsveitina *Liima Inui* sem flutti grænlenskt reggí, popp og rokk. *Smultron och*

surströmming var heiti tónleika sem fluttir voru af sænsk/danska tríóinu „Ahnfelt-Rønne“, sem samanstendur af sænsku söngkonunni Saga Gärde og dönsku feðgunum Anders Ahnfelt-Rønne og Lars Rønne. Tónleikarnir voru byggðir á tónlist sænska djassistans Jan Johansson og hinni dáðu sænsku söngkonu Svía Monica Zetterlund.

Kór frá Qaqortoq á Suðvestur-Grænlandi hélt tónleika en kórinn hélt í fyrsta sinn tónleika utan Grænlands. Með í förinni var hinn sjötíu og þriggjaára gamli trommudansari, Jerimias Sanimuinaq.

Norræna vísnafjölskyldan er hópur fólks frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Í hópnum eru atvinnusöngvarar og áhugamenn sem hafa haldið tónleika víðs vegar um Norðurlönd.

Haugatunkoret er blandaður kór frá Vestur-Noregi sem hélt eina tónleika.

Færeyska hljómsveitin *Orka* og hin þekkta söngkona *Eivør Pálsdóttir* héldu tónleika í sambandi við færeyska daga sem haldnir voru á vegum sendiskrifstofu Færeyja á Íslandi.

Suðræn tónlistarsprengja frá norðri – Heimstónlistarhátíð í Norræna húsinu var yfirskrift tónleika þar sem gestir upplifðu sannkallaðan bræðing milli hins heita suðurs og kalda norðurs. Margir tónlistarmannanna eiga það sameiginlegt að eiga rætur að rekja til suðrænna landa en vera búsettir á Norðurlöndum.

Norrænar sýningar

Fyrsta sýningin í Norræna húsinu á árinu var ljósmyndasýningin *Norðurlandabúar*. Sýningin er farandsýning sem farið hefur um öll norrænu löndin. Myndirnar sýna daglegt líf íbúa á Norðurlöndum. Aðstandendur að sýningunni er hópurinn „Agitera-Image Group“, sem er hópur áhugaljósmyndara frá Norðurlöndum. Sýningin hlaut styrk frá Norræna menningarsjóðnum og Kulturkontakt Nord.

Norræni tískutvíæringurinn var haldinn í fyrsta sinn að frumkvæði Norræna hússins og í samstarfi við menntamálaráðuneyti Færeyja, Grænlands og Íslands. Sýnd voru föt og skartgripir, haldnir voru fyrirlestrar og fatahönnun frá löndunum þremur var kynnt. Sýningin var einn af stærstu viðburðunum á árinu og markmiðið er að hún geti orðið fastur liður í starfsemi hússins.

Samsýningin *Hafið – í öllum sínum margbreytileika* var sett upp í lok júlí en um var að ræða þrjár sýningar: Ljósmyndasýninguna „Ströndin“ um strandlínuna frá Norður-Noregi að landamærum Rússlands eftir norska ljósmyndarann Bjarne Riesto; ljósmyndasýninguna „Eyjan úti í hafinu“ um mannlífið á lítilli danskri eyju eftir danska ljósmyndarann Helga C. Theilgaard og grafíksýninguna „Vær hilset!“ eftir Kaare Espolin Johnson, sem er einn af þekktustu myndlistarmönnun Norðmanna. Myndir hans lýsa daglegu lífi og draumum fólks í Norður-Noregi.

Margmiðlunarsýningin *ipseity – abeyance* tekur fyrir menningarlegan og efnahagslegan vöxt á Íslandi síðustu árin með áherslu á aðgerðarleysið eftir efnahagshrunið. Níu listamenn frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum stóðu að sýningunni.

Á ljósmyndasýningunni *Að finna goðsögnina í sjálfum sér* voru sýndar myndir frá Grænlandi eftir pólsk/norska ljósmyndarann Fiann Paul, sem er án efa þekktastur á Íslandi fyrir portrettmyndir sínar af börnum sem héngu á horni Lækjargötu og Austurstrætis fyrr á árinu.

Að sýningunni *List&ást&list* kom hópur listamanna úr mörgum listgreinum hvaðanæva af Norðurlöndum. Tilgangur sýningarinnar var að sýna fram á að hinar ýmsu birtingarmyndir listrænnar tjáningar geti rakið uppruna sinn til einnar og sömu uppsprettunnar.

Íslenskar sýningar og sýningar með þátttöku erlendra aðila

Fagurt galaði fuglinn sá var ljósmyndasýning á myndum félagsmanna í Fuglaverndarfélagi Íslands. Sýningin endurspeglar fjölbreytileika hinnar íslensku fuglafánu og vakti ekki síst athygli erlendra ferðamanna.

List án landamæra er sýning vistmanna að Sólheimum í Grímsnesi sem orðin er fastur viðburður í Norræna húsinu. Auk íslensku þátttakendanna var danski hópurinn *Karavana* sem samanstendur af listamönnum í myndlist, atvinnuleikhúsi og tónlist.

SEQUENCES er íslensk gjörningahátíð sem haldin var í fjórða sinn.

Sýning á verkum *Þórðar Hall* og *Þorbjargar Þórðardóttur* var haldin á haustmánuðum. Verk þeirra samanstanda af listvefnaði og málverkum.

Sýning á verkum úr *Artóteki* Norræna hússins var haldin í anddyri hússins. Stofn listlánasafnsins var í upphafi 180 grafíkverk sem norræn innkaupanefnd keypti á stóru norrænu grafíksýningunni í Björgvin árið 1974. Norræni menningarsjóðurinn lagði fram fé til þessara kaupa. Útlánsskilyrði eru hin sömu og gilda á bókasafninu.

Sýningin *Íslensk grafík 40 ára* var sett upp í tilefni 40 ára afmælis félagsins en u.þ.b. jafnmargir félagar tóku þátt og höfðu þeir unnið ný verk út frá hugtakinu þrykk.

Á vegum Handverks og hönnunar var haldin sýning undir heitinu *Einu sinni er – frá hugmynd til framkvæmdar* með nytjahlutum sem unnir eru af hinum tuttugu og fjórum sýnendum. Þemað var „gamalt og nýtt“ og hugmyndin að baki sýningarinnar var að hvetja til nýsköpunar.

Sýningin *Japan – 101 Tokyo* er ein sú viðamesta um Japan samtímans sem haldin hefur verið í Evrópu hin síðari ár. Samstarfsaðilar og styrkveitendur voru sendiráð Japans í Reykjavík, sendiráð Íslands í Japan, Musashino-listaháskólinn (Musabi), Listaháskólinn í Tókýó (Geidai), Tokyo Zokei-háskólinn og Listaháskóli Íslands. Boðið var upp á úrval japanskrar menningar. Sem dæmi má nefna sýningu frá *NUNO,* einu þekktasta textílfyrirtæki Japans. Sýndar voru ljósmyndir um japönsk áhrif í verkum Alvars Aalto og valin listaverk frá nýútskrifuðum nemum við Musashino listaháskólann. Japönsk tónlist frá Listaháskólanum í Tokyo var kynnt og tónleikar haldnir með tónlistarmanninum Shugo Tokumaru. Listasmiðjur og námskeið voru haldin um tauþrykk og fatahönnun. Þekktir japanskir matreiðslumeistarar og veitingahúsaeigendur kynntu tæknina á bak við sushi-gerð og kynning var á japönskum tesiðum. Námskeið voru haldin í japanskri blekmálun og skrautritun. Fyrirlestrar voru haldnir svo og kynning á japanskri kvikmyndagerð. Sýning var á japanskri blómaskreytingalist, *ikebana*. Listamenn frá Sogetsu-stofnuninni í Japan héldu námskeið og sýningu á þessari listgrein.

Aðgerðahópur Eystrasaltsráðsins (CBSS) hélt ljósmyndasýningu í anddyri hússins. Sýningin bar heitið *Hidden – í leynum* og er þemað mansal. Er það í fyrsta sinn sem þessar myndir birtast opinberlega. Sýning þessi var í tengslum við þjálfunarnámskeið um mansal fyrir starfsfólk í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum.

Ráðstefnur tengdar arkitektúr og umhverfismálum

Norræna húsið, *Félag íslenskra landslagsarkítekta* og fagtímaritið *TOPOS* stóðu fyrir röð fyrirlestra og alþjóðlegum uppákomum. Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt hannaði „gul blóm“ úr stáli og gulum viðvörunarborðum sem var „plantað“ og mynduðu ábreiðu frá Norræna húsinu að tjörninni. Markaði þessi viðburður upphaf á metnaðarfullri fyrirlestrarröð, meðal annars voru *TOPOS-landslagsverðlaunin* afhent í húsinu og haldinn var fyrirlestur um verk Gustafson-Porter.

Ljós í nýju ljósi var ráðstefna um endursköpun hafnarborga. Á ráðstefnunni voru kynntar hugmyndir um lýsingu borga. Frummælendur voru frá Þýskalandi, Svíþjóð, Frakklandi, Bretlandi og Hollandi.

Grænir dagar var vikulöng ráðstefna um umhverfis- og orkumál í samvinnu við Háskóla Íslands.

Norræna húsið, Námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands stóðu fyrir fyrirlestraröðinni *Climate Change,* ráðstefnu um loftslagsbreytingar, sem þekktir erlendir og íslenskir fyrirlesarar komu að.

Viðburðir á útisvæði Norræna hússins

Arnaldur Schram arkitekt, sem er búsettur og rekur arkitektastofu í New York, hannaði skúlptúr úr áli sem settur var upp fyrir framan Norræna húsið. Því miður varð hann fyrsta hauststorminum að bráð og gleður ekki lengur gesti hússins.

Í sumar hefur norrænn eldhúsgarður vaxið upp við húsið en hann er matjurtagarður Norræna hússins og veitingastaðarins Dill Restaurant. Garðurinn hefur það hlutverk að lýsa tengslum jurta, villtra og ræktaðra, og norrænnar matarmenningar. Saga og uppruni jurtanna gegnir miklu hlutverki í *nýrri norrænni matargerð.* Samhliða garðinum hefur verið starfrækt kaffihús sem hefur aðsetur í gróðurhúsi á sama stað.

Í sambandi við þjóðhátíðardag Norðmanna 17. maí var fimm skúlptúrum á hjólum komið fyrir á útisvæðinu. Verkið nefnist *Norskar hjólhýsakonur* og eru eftir norsku listakonuna Marit Benthe. Verkið var framlag Norðmanna á Listahátíð í Reykjavík.

Japanskur garður var hannaður fyrir utan húsið í sambandi við japönsku sýninguna *Japan – 101 Tokyo*.

Sænska félagið fagnaði Jónsmessu við Norræna húsið. Reist var maístöng, dansað og snæddar voru sænskar kræsingar við harmónikuundirleik.

Norrænar ráðstefnur, fundir og fyrirlestrar

Nokkrir fundir á vegum ráðherranefndarinnar fóru fram í Norræna húsinu á formennskuári Íslendinga og ýmsar aðrar norrænar stofnanir notuðu húsið til funda og ráðstefnuhalda.

Í janúar var haldinn embættismannafundur NSK. Í lok sama mánaðar hélt nefnd Norðurlandaráðs í norska þinginu fund í húsinu. Einnig fundaði menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs. Norræna menningargáttin, *Kulturkontakt Nord,* hélt fund um miðjan febrúar. Landbúnaðar- og skógræktardeildir embættismannanefndarinnar EK-FJSL héldu fund í mars og við það tækifæri var veitingastaðurinn Dill Restaurant kynntur.

Í apríl var haldið menningarþing, *Kulturforum*, á vegum norrænu menningarmálaráðherranna.

Í maí var haldinn kynningarfundur á vegum ráðherranefndarinnar og Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (Nordbuk) á nýrri norrænni vefsíðu fyrir nemendur. Vefurinn nefnist *Norðurlönd fyrr og nú.* Vefsíðan er unnin af danska ríkissjónvarpinu (DR) og efnisöflun á síðuna annast norrænu sjónvarpsstöðvarnar.

Út vil ek – Frá skosku eyjunum til Íslands og annarra í norðri var nafnið á ráðstefnu sem haldin var á vegum menntamálaráðuneytisins, Háskóla Íslands, Norræna félagsins, ráðherranefndarinnar og sendiráðs Bretlands í Reykjavík. Ráðstefnan fjallaði um menningarleg tengsl milli skosku eyjanna og norrænu landanna frá miðöldum til dagsins í dag.

Listskreytingasjóðir Norðurlanda héldu fund um *List í opinberu rými við breyttar aðstæður* og kynntu starfsemi sína.

Tuttugu norskir blaðamenn notfærðu sér aðstöðu hússins til að halda fund með ráðherra í fyrrverandi ríkisstjórn.

Náið og gott samstarf er á milli norrænu húsanna í Færeyjum og í Reykjavík. Forstjóri og starfsfólk Norðurlandahússins í Færeyjum dvöldu daglangt í Norræna húsinu í Reykjavík og notaði starfsfólkið daginn til að bera saman bækur sínar um vinnuaðferðir og starfsemi.

Ráðstefna var haldin um nýlegar breytingar á utanríkismálum Færeyja undir yfirskriftinni: *Ófullvalda ríki í alþjóðasamfélaginu.* Beinta í Jákupsstovu, dósent í stjórnmálafræði, flutti erindi. Ráðstefnan var á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norræna hússins og ræðismannsskrifstofu Færeyja á Íslandi.

Íslenskar og alþjóðlegar ráðstefnur

Tvær ráðstefnur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru haldnar í húsinu á árinu.

Á degi Norðurlanda 23. mars var haldin ráðstefna með þátttöku allra Norrænu félaganna á Íslandi.

Norræna húsið styrkir verkefnið *Nýttu kraftinn*. Sigríður Snævarr sendiherra og María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa saman mótað hugmyndafræðina sem miðar að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Í september hélt Alþjóðamálastofnun og rannsóknarsetur um smáríki málstofu undir heitinu *Forræði stórvelda og þverþjóðleg samvinna: Frá utanríkisstefnu Obama til „kapphlaupsins um Norðurpólinn“*. Fundarstjóri var Alyson Bailes.

RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hefur undanfarin ár notað Norræna húsið sem einn af fjórum sýningarstöðum hátíðarinnar. Auk þess fóru fram fyrirlestrar, námskeið og vinnustofur fyrir kvikmyndagerðarfólk.Norræna kvikmyndahátíðin *Nordisk Panorama* var haldin í kjölfarið og var haldinn fundur með þátttöku norrænna fyrirlesara.

Fimmta alþjóðlega ljóðahátíð *Nýhil 2009* fór fram á árinu. Tuttugu og þrír ljóðlistamenn frá mörgum löndum tóku þátt í hátíðinni.

Bókmenntahátíð í Reykjavík var að venju haldin í Norræna húsinu. 25 íslenskir og erlendir ljóða- og rithöfundar tóku þátt, auk þess var haldið útgefendamálþing og ljóðadagskrá.

Í tilefni af að 150 ár eru liðin frá fæðingu *Knut Hamsun*, stóðu Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands og norska sendiráðið fyrir málþingi og kvikmyndasýningu um skáldið.

Vika ítalskrar tungu í heiminum – Ítalska í vísindum, listum og tækni. Er hið krefjandi starf þýðandans list eða vísindi? Opið viðtal við Emilia Lodigiani forstjóra Operborea útgáfunnar, sem meðal annars þýðir bækur margra íslenskra höfunda fyrir ítölskumælandi lesendur.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur heldur marga af sínum fyrirlestrum og ráðstefnum í húsinu.

Safnanótt og *Menningarnótt* eru fastir liðir í Norræna húsinu í samstarfi við Reykjavíkurborg og söfn borgarinnar. Fjölbreytt dagskrá var flutt í samræmi við þemu hátíðanna.

Ný norræn matargerð í Norræna húsinu. Haldið var málþing um svæðisbundna matarmenningu á Íslandi, stöðu og möguleika til þróunar í framtíðinni.

Barna- og unglingadagskrá

Tveir franskir trúðar *A&O* héldu fjórar sýningar fyrir skólabörn. Auk þess var ein sýning haldin á Barnadeild Landspítalans. Sýningar trúðanna voru liður í vestnorrænu samstarfi Norðurlandahússins í Færeyjum og Norræna hússins.

Í tengslum við *jóladagatal* hússins er barnadagskrá allar helgar í desember. Á dagskránni er meðal annars upplestur íslenskra barnabókarithöfunda, föndur, brúðuleikhús og sýning á íslensku barnaleikriti.

Norsk-sænsk kvikmyndavika fyrir unglinga sem stunda nám í grunnskólum borgarinnar og nágrennis hennar er árlega haldin í húsinu. Sýningin er á vegum Tungumálavers Laugalækjarskóla.

Sendiráð

Öll norrænu sendiráðin, sendiskrifstofa Færeyja og sendiráð Litháa með aðsetur í Danmörku fögnuðu þjóðhátíðar- og fánadögum sínum í húsinu. Sendiráð Dana er þó undanskilið og heldur hefð sinni og fagnar deginum í sendiráðinu. Í tengslum við þjóðhátíðardag Finna var haldin vegleg menningarhátíð á vegum finnsk/íslenska félagsins, finnska sendiráðsins og finnskra stúdenta við Háskóla Íslands.

Bókasafn

Í apríl stóð bókasafnið, ásamt norska sendiráðinu og norska lektornum við Háskóla Íslands, að dagskrá með norsku rithöfundunum *Karin Fossum* og *Nikolaj Frobenius* þar sem höfundarnir lásu úr verkum sínum og spjölluðu við gesti.

Í maí var dagskrá á vegum finnsk-íslenska menningarsjóðsins og finnska lektorsins við háskólann. Kynnt var þýðing Sigurðar Karlssonar á *Ópekkta hermanninum* eftir Väinö Linna, sem er fyrsta þýðing bókarinnar úr frummálinu, og þýðing hans á bókinni *Yfir hafið, í steininn* eftir Tapio Koivukari.

Dagana 29.–31. maí stóð bókasafnið ásamt Hinu íslenska glæpafélagi fyrir þriggja daga dagskrá, þar sem *Glerlykillinn* var afhentur en hann er viðurkenning sem „Skandinaviska kriminalselskapet“ veitir fyrir bestu norrænu glæpasöguna. Að þessu sinni hlaut sænski rithöfundurinn Johan Theorin lykilinn.

Bókasafnið var aðili að *alþjóðlegu bókmenntahátíðinni*, sem stóð yfir dagana 6.–12. september.

Í október heimsótti sænski rithöfundurinn *Kim M. Kimselius* bókasafnið og kynnti bækur sínar.

Norræna bókasafnsvikan var haldin dagana 9.–15. nóvember. Annað árið í röð stóðu bókasafnið og Norræna félagið sameiginlega að dagskrá í Norræna húsinu. Þemað í ár var „Stríð og friður á Norðurlöndum“. Lesið var fyrir leikskólabörn, tekið var á móti grunnskólanemendum og að lokum var opin dagskrá um „Märkesåret“ árið 1809, þar sem sendiherrar Svíþjóðar og Finnlands ræddu atburðina hvor frá sínu sjónarhorni og Brynhildur Guðjónsdóttir leikari las úr ljóðabálknum Fänrik Ståls sägner eftir Johan Ludvig Runeberg.

Í maí kom hópur finnskra bókasafnsfræðinga í heimsókn og í september hópur sænskra bókasafnsfræðinga sem kalla sig Halmstadgruppen.

Árlega býður bókasafnið í heimsókn norrænum ungmennum sem stödd eru hér á landi á vegum *Nordjobb-verkefnisins* og kynnir bókasafnið og starfsemi hússins en þessi ungmenni nota bókasafnið umtalsvert þann tíma sem þau dvelja á landinu.

Yngstu nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík sýndu verk sín, hús úr sykurmolum.

Nemendur listnámsbrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti sýndu verkefni í bókagerð.

Í desember tók bókasafnið þátt í finnskri menningarhátíð sem haldin var í orræna húsinu, ásamt hugvísindasviði Háskóla Íslands, finnska sendiráðinu og Suomi félaginu.

Í desember lásu íslenskir rithöfundar úr nýútkomnum bókum fyrir börn.

Að venju kom fjöldi leikskólabarna og grunnskólanemenda í heimsókn og síaukinn fjöldi ferðamanna gerir sér erindi til þess að skoða húsið.

Norræna eldfjallasetrið

Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NORDVULK er hluti af Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Á NORDVULK er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Tilgangur

Eitt meginmarkmið eldfjallasetursins er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 35 ár (1974–2009) hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NORDVULK, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknaverkefni orðið til. NORDVULK miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði jafnhliða upplýsingum og ráðgjöf varðandi málefni eldfjallafræða til almennings.

Rannsóknir

Á Norræna eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, jarðefnafræðilegar rannsóknir á eðli jarðhitavökva, jarðfræðilegar rannsóknir á gosefnum eldfjalla og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að kleift sé að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta reynslu frá rannsóknum á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundruðum milljóna ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun og myndun. Ein meginástæða hinnar miklu jarðfræðilegu sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstök tækifæri eru því hérlendis til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar, þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um 2–3 kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til orðin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í jarðskorpu og möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við mismunandi umhverfisaðstæður. Neðansjávargos og gos undir jöklum landsins verða auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum mikil-

vægum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu hinna norrænu landanna. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

Starfsfólk

Á hverju ári auglýsir Norræna eldfjallasetrið fimm stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til tólf mánaða í senn. Stöðurnar eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdoktorum frá Norðurlöndum. Þeir sem fá stöðurnar öðlast tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni í samstarfi við rannsóknahóp NORDVULK. Umsækjendur um þessar stöður eru valdir af norrænni verkefnanefnd NORDVULK en þar situr einn jarðvísindamaður frá hverju norrænu landanna. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Sú staða er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, og sá sem situr í henni kemur gjarnan frá einhverju norrænu landanna utan Íslands. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun Háskólans tengdur NORDVULK, sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu. Umsjón Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar er í höndum Rikke Pedersen.

Rannsóknaniðurstöður

Gæði rannsóknastarfsemi innan NORDVULK má meta út frá birtingum rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum. Á árinu birtust 27 greinar í slíkum tímaritum eftir vísindamenn Norræna eldfjallasetursins og 9 aðrar greinar eru í vinnslu í slíkum tímaritum. Þessi árangur er langt umfram það sem kveðið var á um í samningi við NMR um starfsemi eldfjallasetursins. Þá voru rannsóknaniðurstöður kynntar með 33 framlögum á íslenskum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum og er það einnig með mesta móti.

Almannatengsl

Norræna eldfjallasetrið er alþjóðlega þekkt meðal vísindamanna sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings á eldfjallarannsóknum sem fram fara á stofnuninni. Þetta lýsir sér t.d. í hversu margir norrænir framhaldsskólanemar heimsækja NORDVULK í skipulegum ferðum til Íslands á vegum skólanna (13 hópar á árinu). Þar fá norrænir framhaldsskólanemar kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins jafnframt því sem lýst er rannsóknum sem fram fara á eldfjallasetrinu.

17. Norrænar lánastofnanir

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (Den Nordiske Investeringsbank – NIB) er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, samtals átta landa (hér nefnt heimasvæði bankans), og er með útlánastarfsemi innan þeirra. NIB er einnig með alþjóðlega útlánastarfsemi til þess meðal annars að styðja við verkefnaútflutning fyrirtækja á heimasvæði bankans. Bankinn veitir lán til langs tíma og er markmið hans að styrkja samkeppnishæfni landanna og bæta umhverfið. NIB fjármagnar útlán sín með skuldabréfaútgáfum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hafa skuldabréfin hæstu mögulega einkunn frá lánshæfismatsfyrirtækjum.

Ársreikningur fyrir árið 2009 liggur ekki fyrir og er því í þessari skýrslu stuðst við upplýsingar um rekstur bankans á fyrstu átta mánuðum ársins. Á tímabilinu tóku alþjóðlegir

fjármálamarkaðir að færast í eðlilegt horf eftir óöryggi og miklar sveiflur ársins 2008. Eigi að síður var áframhaldandi samdráttur í þjóðarframleiðslu á heimasvæði bankans. Eftirspurn eftir lánum bankans var þó mikil enda minnkandi lánsfjárframboð frá öðrum aðilum svo sem hefðbundnum viðskiptabönkum.

Afkoma Norræna fjárfestingabankans á tímabilinu var góð en grunnhagnaður varð 127 milljónir evra samborið við 119 milljónir evra árið áður. Að meðtekinni fjármálastarfsemi reyndist heildarhagnaður bankans hinsvegar 231 milljón evra. Bankinn hefur því náð til baka hluta af því tapi sem hann varð fyrir á fjármálastarfseminni á árinu 2008 vegna mikilla erfiðleika á fjármálamörkuðum.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ágúst var 22,3 milljarðar evra. Útlánin námu 13,6 milljörðum evra sem er 4% aukning frá upphafi ársins. Útborguð lán á tímabilinu reyndust 1,2 milljarðar evra en voru 1,8 milljarðar evra á sama tímabili árið áður. Heldur hefur dregið úr útlánagetu NIB, sem skýrir samdrátt í útlánum en eiginfjáraukning hjá bankanum er nauðsynleg ef halda á uppi getu bankans til útlána á heimasvæði sínu. Virðisrýrnun útlána jókst um 27 milljónir evra á tímabilinu og nam fjárhæð á afskriftareikningi samtals 96 milljónum evra í lok tímabilsins og er meiri hluti þeirrar afskriftar vegna viðskipta við Ísland. Ekki var greiddur arður vegna ársins 2008 enda var rekstrartap verulegt á því ári.

Í útlánastarfseminni lagði NIB vaxandi áherslu á fjármögnun verkefna innan skilgreindrar kjarnastarfsemi bankans sem er á fjórum sviðum: umhverfi, orkuiðnaður, samgöngur og nýsköpun. 70% af útlánum bankans voru innan kjarnastarfseminnar.

Eins og áður er getið er NIB traustur útgefandi skuldabréfa með AAA einkunn í lánshæfi. Bankanum gekk því vel að afla sér fjár á lánsfjármarkaði til endurlána og gaf út skuldabréf sem námu samtals 3,1 milljörðum evra á tímabilinu á hagstæðum kjörum.

Umhverfislán

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem fyrst var sett árið 2001 en endurnýjuð árið 2008. Byggi stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar, ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu. Á tímabilinu námu útborguð umhverfislán 28% af heildarútlánum bankans á tímabilinu.

Norræni fjárfestingabankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP), sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Evrópska fjárfestingabankans, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, í Barentshafi og Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin varða meðal annars hreinsun á efnaúrgangi, fjármögnun á hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu um undirbúning, skipulagningu og fjármögnun umhverfisverkefna á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra.

Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og sérstaklega þeim sem varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

NIB á Íslandi

Á undanförnum árum hefur NIB verið áberandi þátttakandi í fjármögnun verkefna á Íslandi, ekki síst virkjanaframkvæmda og annarra orkumannvirkja. Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 662,9 milljónum evra eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta sam-

svarar um 6,5% af heildarlánveitingum bankans til lántaka meðal aðildarlanda bankans á þessu tímabili. Til samanburðar er eignarhlutur Íslands í bankanum 0,93%.

Eftir verulegt tap á árinu 2008, sem að miklu leyti tengdist Íslandi, hefur bankinn algerlega haldið að sér höndum í lánveitingum til Íslands. Í skýrslu ráðherra fyrir árið 2008 er gerð svohljóðandi grein fyrir þessu atriði: „Áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi hafa þó sýnu mest áhrif á afkomu bankans á árinu. Varúðarafskriftir útlána bankans í heild námu 79 milljónum evra (13 milljörðum króna). Af þessari fjárhæð má rekja tap vegna íslenskra lántakenda hjá bankanum sem nemur 64 milljónum evra (11 milljörðum króna), þar af íslenskra banka sem nemur 54,5 milljónum evra (9,3 milljörðum króna).“ Auk íslensku viðskiptabankanna og SPRON hefur NIB orðið fyrir tapi og/eða lent í erfiðleikum með lán til nokkurra einkaaðila á Íslandi og er að vinna úr þeim.

Lækkandi lánshæfismat íslenska ríkisins og þar af leiðandi annarra lántakenda á Íslandi hefur leitt til þess að NIB hefur leitast við að hækka álögur á eldri lán til íslenskra lántakenda eftir því sem lánasamningar hafa gefið möguleika á. Er þetta mjög bagalegt fyrir íslenska lántakendur, ekki síst vegna þess hversu mikilvægur bankinn hefur verið í fjármögnun stórra verkefna á Íslandi og er vaxandi óánægja hjá íslenskum lántakendum NIB vegna þessa. Hefur fjármálaráðuneytið átt í samskiptum við bankann vegna þessa og komið sjónarmiðum lántakenda, sem ráðuneytið hefur gert að sínum, til bankans.

Þá ber að nefna að álit bankans er, að íslenska ríkið hafi með neyðarlögunum og skiptingu bankanna í nýja og gamla banka, þar sem lán vegna verkefna þeirra, sem NIB var að fjármagna með lánveitingum sínum til fjármálafyrirtækja, voru flutt yfir í nýju bankana en skuldin við NIB skilin eftir í gömlu bönkunum, ekki að fullu gætt hagsmuna bankans.

Lykiltölur NIB
(í milljónum evra)

	Ágúst 2009[1]	*Ágúst 2008*[1]	*Desember 2008*
Hreinar vaxtatekjur	142	136	212
Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi[2]	127	119	189
Hagnaður	231	30	-281
Útborguð lán	1,196	1,847	2,486
Samningsbundin lán	686	1,636	2,707
Útistandandi lán	13,584	13,381	13,063
Ábyrgðar skuldbindingar	17	25	17
Tekin lán (ný)	3,113	3,290	4,681
Skuldaviðurkenningar	17,911	15,730	17,549
Handbært fé	3,479	3,617	3,638
Niðurstaða efnahagsreiknings	22,306	20,518	22,620
Eiginfjárhlutfall (eigið fé/heildar eignir,%)	8,8%	9,9%	7,6%
Starfsmannafjöldi	174	169	170

[1] Óendurskoðaðar tölur sem þarf að lesa í samhengi við endurskoðaðan efnahagsreikning NIB fyrir árið 2008 og athugasemdir sem þar koma fram.

[2] Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi er skilgreint sem hagnaður án tillits til mats á framvirkum samningum, markaðsvirði eignasafns, metinna útlánatapa eða endurmats á þessum þáttum.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (Nordic Environment Finance Corporation – NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda settu á laggirnar árið 1990. Meginmarkmið NEFCO er að vinna að hagkvæmum verkefnum, aðallega í Rússlandi, Úkraínu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Hvíta-Rússlandi, sem stuðla að því að bæta umhverfið á svæðinu. Öll verkefni sem NEFCO fjármagnar verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi umhverfismál og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna, áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim. Útreikningar sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum. Stofnfé NEFCO nemur 113 milljónum evra.

NEFCO vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu, Norðurskautsráðinu og innan hinnar norðlægu víddar ESB. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu sem er í eigu Íslendinga en bankinn lánar nánast eingöngu til verkefna sem tengjast umhverfismálum, t.d. til endurnýjunar á tækjum til húshitunar og bættrar orkunýtni.

Sem stendur tekur NEFCO þátt í næstum 350 litlum og meðalstórum verkefnum á ýmsum sviðum, þar á meðal eru verkefni sem varða efna-, málm- og matvælaiðnað, landbúnað, hreinsun á frárennsli, orkuöflun, meðhöndlun á úrgangi, umhverfisstjórnun og umhverfistækni. Gámaþjónustan hf. er í samstarfi við NEFCO um verkefni sem tengist meðferð úrgangs í Lettlandi. Skilyrði fyrir fjármögnun er að minnst einn norrænn samstarfsaðili taki þátt í verkefninu.

Á komandi árum mun NEFCO vera í samstarfi við Norræna þróunarsjóðinn (NDF) um loftslagsverkefni í þróunarríkjum. Til að sinna þessu verkefni hefur verið stofnaður Norræni loftslagssjóðurinn (Nordic Climate Facility – NCF) og er hann fjármagnaður með endurgreiðslum sem munu berast NDF næstu 35 árin en NDF sem slíkur hefur verið lagður niður. Með samstarfinu er ætlunin að nýta þekkingu og reynslu NEFCO annars vegar og NDF hins vegar í þágu loftslagsverkefna í þróunarlöndum. Stofnun sjóðsins er sameiginlegt framlag Norðurlanda til að koma til móts við hina miklu fjárþörf þróunarlandanna til að takast á við loftslagsbreytingarnar. Markmiðið er einkum að örva yfirfærslu á loftslagsvænni tækni og þekkingu frá Norðurlöndum til þróunarlanda. Það var ekki síst fyrir frumkvæði umhverfisráðherranna að ákvörðun var tekin um að nýta endurgreiðslur til NDF til þessara verkefna.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn

Stofnfé Norræna umhverfisþróunarsjóðsins (Nordisk Miljøudviklingsfond – NMF) nemur 60 milljónum evra. Sjóðurinn var stofnaður árið 1995 í því skyni að veita mjúk lán, þ.e. lán sem veitt eru á hagstæðari vöxtum en almennt gilda á markaði. Tilgangur sjóðsins er að styrkja arðsemisforsendur mikilvægra umhverfisverkefna með því að veita hagstæð lán til að þróa hreinni tækni og stuðla að orkusparnaði. Skilyrt er að tæknilausnir byggist á bestu fáanlegu tækni. Sjóðurinn fjármagnar verkefni í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) var settur á stofn árið 1982 og hefur aðsetur í Helsingfors. Sjóðurinn hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum með því að veita lán, annars vegar til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi

erlendis og hins vegar til útflutnings skilgreindra verkefna. Stuðningur sjóðsins felst meðal annars í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð og fleira. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um niðurstöður verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.[33]

Sjóðurinn hefur frá upphafi afgreitt nálægt 4300 umsóknir um lán, veitt um 2500 fyrirtækjum lán og að meðaltali eru ríflega 200 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr því yfir miklum upplýsingabanka í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit. Með þessum hætti hefur myndast grunnur að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landsvæði.

Á starfstímabilinu 2008–2010 mun Nopef lána til verkefna í löndum utan ESB og EES. Markmið sjóðsins er að umsóknir fyrir árin 2008/2009/2010 verði 120/135/150 en þar af er gert ráð fyrir að a.m.k. 35/40/45 verkefnum ljúki á sama tíma. Nopef leggur nú áherslu á að styðja við verkefni í Austur- Evrópu, Kína auk Norður- og Suður-Ameríku. Áhersla verður á verkefni um að stofna rekstur í Norðvestur-Rússlandi og útflutning verkefna þangað, auk hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna, sem sýnt þykir að hafi sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir. Verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu verða lánshæf til ársloka 2010 samkvæmt undanþágu.

Markmið ársins 2009 voru að fá 135 umsóknir og veita 95 lán. Fjöldi umsókna varð 176 (var 203 árið 2008) og af þeim hlutu 113 jákvæða afgreiðslu. Reikna má með því að um 40% þeirra verði að veruleika ef marka má meðaltal verkefna undanfarinna ára. Fjöldi verkefna sem lokið var við á árinu var 118. Af þeim voru 2 íslensk en hvorugt hafði orðið að veruleika.

Nopef reynir að viðhalda jafnvægi í afgreiðslu lána milli norrænu landanna m.t.t. skiptingar fjárframlaga (nordisk fordelingsnøgle – NFD). Skipting umsókna á milli landa var (NFD í sviga): Danmörk 33% (22,7%), Finnland 12,5% (17,9%), Ísland 3% (1,3%), Noregur 18% (26,6%) og Svíþjóð 33,5% (35,5%). Umsóknir skiptust þannig á milli landsvæða: Rússland 20%, Asía 50%, Evrópa 10% og önnur landsvæði 20%. Umsóknarfyrirtæki skiptust þannig að 42% voru fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og 69% höfðu innan við 100 starfsmenn.

Heildarupphæð lánsloforða árið 2009 voru 3,7 milljónir evra. Meðalupphæð lána var um 33.000 evrur.

Á árinu var sænska ráðgjafarfyrirtækinu Aieka falið að gera könnun á starfsemi Nopef og meðal viðskiptavina. Helstu niðurstöður voru að sjóðurinn er rekinn á hagkvæman hátt, hefur mikil margfeldisáhrif og almenn ánægja er meðal þeirra fyrirtækja sem fengið hafa aðstoð sjóðsins. Í skýrslu Aieka var bent á ýmsa spennandi möguleika í þróun á stuðningi sjóðsins og hefur stjórn sjóðsins þá til skoðunar. Einnig var bent á að sjóðurinn er e.t.v. ekki nógu þekktur á Norðurlöndum en það sama virðist gilda um fleiri norrænar stofnanir. Starfsmaður var ráðinn til Nýsköpunarmiðstöðvar í tímabundið verkefni til að kynna norræn verkefni fyrir íslenskum fyrirtækjum og bindur stjórn sjóðsins því miklar vonir við að íslensk fyrirtæki

[33] Sjá upplýsingar um starfsemi sjóðsins á: www.nopef.com

muni nýta sér aðstoð sjóðsins í ríkara mæli en áður og eru ýmis teikn á lofti um aukinn áhuga.

Árlega hefur sjóðurinn kynnt starfsemi sína á Íslandi með kynningarfundum. Í ár var Nopef ásamt NEFCO með kynningarfund í lok maí sem var vel sóttur. Stjórn sjóðsins hélt fund í byrjun júní á Íslandi og heimsótti þá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fundaði með starfsmönnum Útflutningsráðs. Á haustmánuðum var farið í beina markaðssetningu á Nopef á Íslandi í samstarfi við sænskt ráðgjafarfyrirtæki og var íslenskur starfsmaður ráðinn til að sinna því verkefni. Þetta skilaði því að 5 umsóknir bárust frá íslenskum fyrirtækjum á síðustu mánuðum ársins. Tvær þeirra hafa þegar hlotið jákvæða afgreiðslu en hinar munu fá afgreiðslu á árinu 2010.

Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (Nordic Development Fund – NDF) er í eigu Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur við hlið NIB í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljónir SDR og 330 milljónir evra, eða alls um 930 milljónir evra. Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Tvö viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt fyrir samtals 2,55 milljónir SDR.

Frá upphafi hefur NDF veitt lán að fjárhæð 912 milljónir evra til 163 verkefna á vegum hins opinbera. 42 þessara verkefna voru útistandandi í lok árs 2009. Fjöldi verkefna með einkaaðilum frá stofnun eru 27 og eru 7 þeirra útistandandi.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann veitt lán að fjárhæð 980 milljóna evra (um 88,2 milljarða íslenskra króna) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761–3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum hans og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Gana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. Sjóðurinn tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna

Bólivíu, Eþíópíu, Gana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 milljónir evra.

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum NDF árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: 1) beint til fjárfestingarverkefna; 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra fyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 milljónir SDR. Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslendinga í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Frá 2005 vann stjórn NDF kerfisbundið að því að skoða mismunandi leiðir til að leggja niður sjóðinn. Úttektir og greiningar voru gerðar til að ná fram sjónarmiðum um hvernig best væri að framkvæma það og mismunandi möguleika á hagkvæmri stjórnsýslu og notkun á fjármagni sjóðsins. Lykilatriði var hvernig verja skyldi endurgreiðslunum á þeim lánum sem sjóðurinn hafði veitt lántökulöndunum. Áætlað var að þetta fjármagn yrði um einn milljarður evra á 35 ára tímabili.

Vorið 2007 ákvað stjórnin að vinna áfram með tillögu þess efnis að beina fjármagninu til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum. Það hafði verið ljóst að hvað sem öðru liði yrði sjóðurinn að haldast sem lögaðili, svo komist yrði hjá því að semja upp á nýtt um alla lánasamninga og til að tryggja framkvæmdina á þeim verkefnum, sem enn eru í gangi, auk endurgreiðslu lánanna.

Með hliðsjón af þessu var talið hagkvæmt að NDF héldi áfram starfsemi sinni þar til annað yrði ákveðið. Á þann hátt yrði umsýsla með endurgreiðslum útistandandi skulda til sjóðsins áfram innan norræns samstarfs. Niðurstaða stjórnar var að leggja til við NMR að endurgreiðslurnar yrðu notaðar til að fjármagna umhverfistengd verkefni sem stuðla að fyrirbyggjandi og uppbyggjandi verkefnum í þróunarríkjunum með það að markmiði að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Á þann hátt munu Norðurlönd, í gegnum NDF, geta nýtt sérþekkingu sína í umhverfismálum til að aðstoða þau ríki þar sem þörfin er mest. Lagt var til að verkefnastarfsemi sjóðsins verði fjármögnuð með gjafafé til tækniaðstoðar í tengslum við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og nýsköpunar. Ef ekkert nýtt fjármagn verður veitt í sjóðinn mun stofnfé hans þar af leiðandi rýrna en í framhaldinu má taka afstöðu til hvort endanlega eigi að leggja sjóðinn niður. Ráðherranefndin samþykkti tillögu stjórnar NDF á árinu og gerði viðeigandi breytingar á samþykktum sjóðsins til samræmis við nýtt hlutverk hans.

Stjórn NDF samþykkti í júní framkvæmdaáætlunina „NDF:s framtida inriktning – Future and operations – an outline for 2009–2011“. Áætlunin er grundvöllurinn fyrir framtíðarverkefni í samræmi við nýtt umboð sjóðsins.

Markmiðið með gjafafé Norræna þróunarsjóðsins er:

– að greiða fyrir stærri fjárfestingum í þróunarríkjum, í samstarfi við aðra alþjóðlega fjárfesta, með það að markmiði að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga,
– að endurspegla áherslur norrænu landanna á sviði loftslagsbreytinga og í baráttunni við fátækt og
– að auka samlegðaráhrif og vera viðbót við aðra fjármögnun.

Á grundvelli hinnar nýju stjórnskipunar hefur stjórn NDF samþykkt styrki fyrir 17,9 milljónir evra vegna sjö verkefna á sviði loftslagsbreytinga.

Stjórnin ákvað í september að veita 4 milljónum evra í nýtt norrænt loftslagsverkefni sem er stjórnað í samstarfi NDF og NEFCO. Verkefninu er ætlað að efla tækni- og þekkingarmiðlun á milli norrænu landanna og þróunarríkja á sviði loftslagsbreytinga. Markmiðið er að hvetja til samstarfsverkefna milli norrænna stofnana, yfirvalda, samtaka og fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra í öllum NDF-löndunum. NDF og NEFCO hafa óskað eftir tillögum um verkefni tengd tveimur sviðum, vatnsöflun og orkusparnaði.

Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 11.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlensks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sex lán, öll til Grænlands, samtals að upphæð 22,475 milljónir danskra króna.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2008/2009 120,7 milljónir danskra króna og á sama tíma námu útlán samtals 105 milljónum danskra króna.

Breytingar á samþykktum, er tóku gildi um áramótin 1997/98, kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja NORA um allt að 1,5 milljón danskra króna á ári.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.[34]

Fylgiskjal.

Styttingar

BDF	Baltic Development Forum
BEAC	Barent Euro-Arctic Council – Barentsráðið
CBSS	Council of the Baltic Sea States – Eystrasaltsráðið

[34] Sjá nánar um sjóðinn á: http://vestnorden.is

COP15	UN Climate Change Conference 2009 – Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 2009
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EHU	European Humanities University – EHU-háskólinn
EK-A	Nordisk Embedsmandskomité for Arbejdsliv – Norræna embættismannanefndin um vinnumál
EK-Finans	Nordisk Embedsmandskomité for Økonomi og Finanspolitik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og fjármál
EK-FJLS	Nordisk Embedsmandskomité for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
EK-K	Nordisk Embedsmandskomité for Kultur – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Ligestilling	Nordisk Embedsmandskomité for Ligestilling – Norræna embættismannanefndn um jafnréttismál
EK-Lov	Nordisk Embedsmandskomité for Lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk Embedsmandskomité for Miljø – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervs- og energipolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál
EK-NE/Energi	Nordisk Embedsmandskomité for Energipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Näring	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervspolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál
EK-R	Nordisk Embedsmandskomité for Regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk Embedsmandskomité for Social- og sundhedsspørgsmål – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk Embedsmandskomité for Uddannelse og Forskning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir
ESB	Evrópusambandið
FAO	Food and Agriculture Organisation of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
HÖGUT	Rådgivningsgruppen för nordiskt samarbete inom högre utbildning – Stjórnarnefndin um æðri menntun
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumál MR-Finans Nordisk Ministerråd for Økonomi- og finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og fjármál
MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kultur – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Ligestilling	Nordisk Ministerråd for Ligestilling– Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-Lov	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordisk Ministerråd for Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik– Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og sundhedspolitik– Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministre – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NCoE	Nordic Centers of Excellence – Norræn öndvegissetur
NAD	Nordisk nævn for alkohol- og narkotikaforskning – Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna
NAM	Nordisk Arbejdsmiljømøde – Norræna vinnuumhverfisráðstefnan
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Nordisk/baltiske ministermøder – Norrænir/baltneskir ráðherrafundir
NCF	Nordic Climate Facility – Norrænn loftslagssjóður

NCoE	Nordic Centers of Excellence – Norræn öndvegissetur
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NFD	Nordisk fordelingsnøgle – norræni deililykillinn
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIAL	Nordisk informationsgruppe for arbejdslivsspørgsmål – Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál
NIB	Den Nordiske Investeringsbank – Norræni fjárfestingabankinn
NICe	Nordisk InnovationsCenter – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
NIKK	Nordisk Institut for Kundskab om Køn – Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin
NIOM	Nordisk Institut for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejdsmiljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugsforskning – Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir
NMF	Nordisk Miljøudviklingsfond – Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðistölfræðinefndin
Nopef	Nordisk Projekteksportfond – Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn
NOPUS	Nordisk Uddannelsesprogram for Udvikling af Social Service – Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantsnefndin
Nordbuk	Nordisk Børne- og Ungdomskomité – Norræna barna- og ungmennanefndin
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordisk Genressourcecenter – Norræna erfðalindasetrið
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDVULK	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NORIA	Nordic Research and Innovation Area – Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála
NSH	Nordisk Samarbejdsorgan for Handikapspørgsmål – Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra
NSHF	Nordisk samrådsgruppe i flygtningespørgsmål – Norræn samráðsnefnd um málefni flóttamanna
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS	Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafarnefnd um samstarf um skólamál
NUD	Nordisk Uddannelsescenter for Døvblindepersonale – Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk netværk for voksnes læring – Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
OSPAR	Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic – Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins
SDR	Special Drawing Rights – Sérstök dráttarréttindi
SNS	SamNordisk Skovforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
SVL	Styregruppen for voksnes læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
WHO	World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

789. Skýrsla [459. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Af þeim málum sem fjallað var um á vettvangi þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2009 má segja að þrjú meginefni hafi helst verið í brennidepli en þau hafa öll verið tíðrædd á vettvangi þingmannanefndarinnar undanfarin ár.

Fyrst ber að nefna umhverfismál og sérstaklega umræðu um loftslagsbreytingar sem var að venju mjög áberandi. Áhersla var lögð á aðlögun samfélaga á svæðinu í ljósi breyttra aðstæðna sem skapast með loftslagsbreytingunum. Sérfræðingar á sviði loftslagsbreytinga kynntu nefndarmönnum rannsóknir um þróun mála, áhrif á lífríki norðurskautsins og nýjar leiðir til að takast á við loftslagsbreytingar. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem verður annars staðar í heiminum.

Í öðru lagi var umræða um ágreining um lögsögutilkall á norðurskautinu áberandi og mikilvægi þess að lágmarka spennu og togstreitu varðandi sameiginleg hagsmunamál á svæðinu. Í því sambandi var m.a. rætt var um ályktun Evrópuþingsins sem samþykkt var 1. október 2008 þar sem kallað er eftir gerð alþjóðlegs sáttmála um norðurskautið sem nái einkum til umhverfisverndar með fyrirmynd í svonefndum Madrídarsáttmála frá árinu 1993 um suðurskautið. Flestir fulltrúar þingmannanefndarinnar lögðu þó áherslu á að til staðar væri fullnægjandi löggjöf um norðurskautið eins og hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna og reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Það sem þurfi að beina sjónum að sé framfylgni við gildandi alþjóðalög og stefnumótun á grundvelli þeirra. Í því sambandi var haldin málstofa um hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna í tengslum við fund þingmannanefndarinnar í nóvember 2009.

Í þriðja lagi var áhersla á umræðu um siglingar- og björgunarmál og samstarf ríkjanna varðandi öryggismál í ljósi minnkandi hafíss á norðurskautssvæðinu. Fulltrúar Íslandsdeildar héldu mikilvægi málaflokksins á lofti á fundum nefndarinnar með áherslu á mengunarvarnir samhliða opnun nýrra siglingaleiða og áhrifa þeirra á svæðið með aukinni kröfu um sífellt stærri flutningaskip. Þá var rætt um þau tækifæri sem í þróuninni felast auk áhættu, m.a. vegna meiri hættu á umhverfisslysum.

Enn fremur var umræða á fundum nefndarinnar um Alþjóðaár heimskautasvæðanna sem lauk í mars 2009 og hvernig best yrði unnið úr þeim mikilvægu rannsóknum sem framkvæmdar voru á árinu. Alþjóðaárið gekk í garð í mars 2007 og var það í þriðja sinn sem það var haldið. Vísindamenn frá yfir 60 löndum tóku þátt í rannsóknum alþjóðaársins með það að markmiði að gert yrði stórátak í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Þá var rætt um heilsufarsleg, félagsleg og efnahagsleg vandamál frumbyggja á norðurskautssvæðinu auk nýtingar orkuauðlinda á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt.

2. Almennt um þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem

haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að skipuleggja þingmannaráðstefnu um norðurskautsmáls sem haldin er annað hvert ár og fylgja eftir samþykktum hennar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins. Einnig hefur orkuöryggi og nýting orkuauðlinda á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt hlotið aukna athygli nefndarinnar síðustu ár.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem viðkomu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, *Arctic Climate Impact Assessment (ACIA)*. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem eins konar grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Allar spár skýrslunnar sýna að um næstu aldamót verði norðurskautshafsvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færist æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengist. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en annars staðar í heiminum. Þótt hitastig sé að jafnaði að hækka á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar. Á sumum stöðum hlýnar til muna á meðan aðrir staðir kólna þótt meðaltal hitastigs jarðar fari hækkandi. Þessar víðtæku loftslagsbreytingar hafa margs konar afleiðingar, svo sem hækkun yfirborðs sjávar og breytingu sjávarfalla. Hlýnandi hafstraumar leiða svo til enn örari loftslagsbreytinga.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Margrét Tryggvadóttir, þingflokki Hreyfingarinnar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Unnur Brá Konráðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Á fundi Íslandsdeildar hinn 18. maí var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir kosin formaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir varaformaður deildarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Arna Gerður Bang.

Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins.

4. Fundir þingmannanefndar 2009.

Þingmannanefndin hélt þrjá fundi á árinu. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir því sem fram fór á fundunum þingmannanefndarinnar á árinu.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Brussel, 25. febrúar 2009.

Karl V. Matthíasson sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar, í fjarveru formanns, auk Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, stýrði fundinum.

Formennska í Norðurskautsráðinu hefur verið í höndum Noregs sl. tvö ár. Í erindi sem Elisabeth Walaas, háttsettur stjórnmálaráðgjafi í utanríkisráðuneyti Noregs, hélt kom fram að Noregur hefði unnið náið með Danmörku og Svíþjóð um mótun stefnu í þeim málaflokkum sem ráðið vinnur að um þessar mundir. Málaflokkarnir eru viðbrögð við bráðnun íss, mótun reglna um olíu- og gasvinnslu á norðurskautinu, viðbúnaður vegna aukinna farm- og farþegaflutninga í Norðurhöfum á sviði mengunarviðbragða og -varna, auk leitar og björgunar, og söfnun upplýsinga um leiðir sem þykja til eftirbreytni á sviði stjórnsýslu sjávar. Hún greindi frá undirbúningi fyrir ráðherrafund Norðurskautsráðsins sem fyrirhugaður var í Tromsø dagana 28.–29. apríl 2009. Walaas sagði að ráðherrafundinum væri ætlað að móta skýra stefnu um sambandið á milli loftslagsbreytinga og hafissvæða fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Kaupmannahöfn 7.–18. desember 2009. Heiðursgestur og fyrirlesari á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins var af því tilefni Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna.

Því næst vék Walaas að ágreiningi um lögsögutilkall á norðurskautinu. Að mati norskra stjórnvalda er til staðar fullnægjandi löggjöf um norðurskautið eins og hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna og reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Það sem vanti upp á sé framfylgni við gildandi alþjóðalög og reglur og stefnumótun á grundvelli þessara laga og reglugerða. Það hafi verið meginniðurstaða fundar sem Kanada, Rússland, Bandaríkin, Danmörk og Noregur héldu 28. maí 2008 í Ilulissat á Grænlandi. Hún sagði að Norðurskautsráðið og aðrar stofnanir eins og hin norðlæga vídd ESB, Barentsráðið, Norðurlandaráð og Eystrasaltsráðið væru allar að sinna brýnum málum í þessu sambandi. Hún undirstrikaði hins vegar að mikilvægt væri að Norðurskautsráðið væri sú fjölþjóðastofnun sem hefði mest um norðurskautsmál að segja. Noregur kysi að Norðurskautsráðið yrði mikilvægari gerandi á vettvangi pólitískrar stefnumótunar um norðurskautið á grundvelli gildandi alþjóðalaga, reglna og

samninga sem og þeirrar vísindalegu þekkingar sem er að finna innan Norðurskautsráðsins. Slík stefnumótun væri nauðsynleg til að takast á við áskoranir og nýta tækifæri á norðurskautinu og til að hafa áhrif innan annarra stofnana eins og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Með hliðsjón af þessu hafi verið ákveðið að setja á laggirnar skrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsø sem yrði formlega opnuð á ráðherrafundinum í apríl 2009. Í sambandi við áhuga ríkja, sem eiga ekki land að Norður-Íshafi, á norðurslóðamálum sagði Walaas að það væri ekki á stefnuskránni að fjölga aðildarríkjum Norðurskautsráðsins. Hins vegar væri mikill fengur að þeim ríkjum, sem hefðu áheyrnaraðild, og áhugi á því að skapa meira svigrúm fyrir virkari þátttöku þeirra en nú er, t.d. innan vinnuhópa Norðurskautsráðsins og við einstök verkefni. Þetta mál var meðal þeirra mála sem rætt var á ráðherrafundinum í apríl auk þess sem ákvörðun um áheyrnaraðild ESB að ráðinu var rædd.

Þau Bilyana Raeva, formaður SIN/EEA-sendinefndar Evrópuþingsins og Janos Herman frá framkvæmdastjórn ESB kynntu mótun stefnu um norðurskautsmál. Raeva sagði að alls hefði Evrópuþingið samþykkt sjö ályktanir sem lúta að norðurskautsmálum síðan árið 2001 enda norðurskautið lykilsvæði fyrir ríki ESB. Í máli Raeva kom fram að norðurskautið yrði sífellt mikilvægara landfræðipólitískt fyrir norðurskautsríkin sem og ríki utan svæðisins sem rekja má m.a. til aukins aðgangs að náttúruauðlindum á svæðinu og opnun siglingaleiða. Það sé því mikilvægt að tryggja öryggi á norðurskautinu og lágmarka spennu og togstreitu varðandi sameiginleg hagsmunamál á sviði sjávarútvegs, öryggis sjóflutninga og náttúru- og umhverfisverndar. Það væri hvatinn á bak við ályktun Evrópuþingsins sem var samþykkt 1. október 2008 þar sem kallað er eftir gerð alþjóðlegs sáttmála um norðurskautið (e. Arctic Governance) sem nái einkum til umhverfisverndar með fyrirmynd í svonefndum Madrídarsáttmála frá árinu 1993 um suðurskautið. Einnig hefur Evrópuþingið hvatt framkvæmdastjórn ESB til að setja upp sérstaka norðurskautsskrifstofu til að sinna m.a. fyrirhugaðri áheyrnaraðild ESB að Norðurskautsráðinu.

Janos Herman kynnti stefnuskjal (e. communication) framkvæmdastjórnar ESB frá 20. nóvember 2008 sem fyrsta skrefið í stefnumótun sambandsins um norðurskautið. Næstu skref yrði hins vegar að stíga í samstarfi við norðurskautsríki, sér í lagi strandríki norðurskautssvæðisins. Útgangspunkturinn í skjali framkvæmdastjórnarinnar er þýðing norðurskautsins fyrir ESB og öfugt í ljósi þeirra öru breytinga sem eru að verða á svæðinu varðandi aðgang að náttúruauðlindum og opnun siglingaleiða. Í sambandi við náttúruauðlindanýtingu þá væri það á ábyrgð viðkomandi ríkis innan 200 mílna lögsögu. Spurningin væri hins vegar hvað ESB gæti lagt af mörkum í formi tækni, leiðbeinandi reglna og fleira í þá veru. Stefnumótun framkvæmdastjórnarinnar hefur þrennt að leiðarljósi. Í fyrsta lagi umhverfisvernd og samstarf við íbúa norðurskautsins. Í öðru lagi sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Í þriðja lagi framlag ESB til fjölþjóðlegrar stefnumótunar og stjórnunar um málefni norðurskautsins. Hann sagði að framkvæmdastjórnin væri ekki á sama máli og Evrópuþingið um að gerður yrði sérstakur alþjóðasáttmáli um norðurskautið heldur frekar að núverandi alþjóðasáttmálum og reglum væri betur framfylgt eða útfærð frekar í formi stefnu eins og Elisabeth Walaas hefði talað um.

Raeva var sammála því að betri eftirfylgni við gildandi lög og reglur væri þörf en það kallaði á skilvirkt eftirlit sem kallaði á eftirlitsstofnun sem kæmi jafnt til móts við þau ríki sem eiga beinna og óbeinna hagsmuna að gæta. Markmið tilmæla Evrópuþingsins væru þau að benda á nauðsyn sameiginlegra laga og reglna fyrir norðurskautið og eftirlits með því að þeim væri framfylgt sem aftur á móti væri forsenda þess að hægt væri að bregðast sameiginlega við aðkallandi úrlausnarefnum.

Í máli þeirra beggja var lögð áhersla á mikilvægi hinnar norðlægu víddar ESB (sem Ísland, Noregur og Rússland eiga einnig aðild að) og norðurskautsglugga hennar hvað varðaði stefnumótun um norðurslóðamál. Janos Herman sagði að norðlæga víddin og norðurskautsglugginn væru til viðbótar við Evrópsku nágrannastefnuna sem hefur verið verkfæri ESB til að ná til ríkja utan ESB og byggist á því að styrkja innviði landanna í kringum ESB, aðstoða þau við að styrkja lýðræði og efnahagsbreytingar og færa þau nær sambandinu. Að lokum talaði hann um beiðni ESB um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu sem hefur að markmiði að auka samstarf ríkja ESB og norðurskautslanda um bæði einstök verkefni og stefnumótun. Hann benti á að ESB væri stærsti styrkveitandi rannsóknarverkefna um norðurskautið. Þakkaði hann að lokum sérstaklega stuðning Íslands og Noregs við beiðni ESB um áheyrnaraðild.

Dagskrá fyrstu þingmannaráðstefnu Norðlægu víddarinnar var því næst kynnt en hún fór fram dagana 25.–26. febrúar 2009. Kári P. Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, kynnti efni þemaráðstefnu ráðsins, í Grænlandi í júní 2009, um námsmöguleika ófaglærðs starfsfólks á Vestur-Norðurlöndum. Að lokum sagði Karl V. Matthíasson frá hluta formennskuáætlunar Íslands í norrænu ráðherranefndinni um gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið og aukið samstarf milli norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins. Hann greindi jafnframt frá stjórnarskiptunum á Íslandi sem áttu sér stað í febrúar 2009 í kjölfar fjármálakreppunnar.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ilulissat, 29. maí 2009.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning ráðstefnu þingmannanefndarinnar í Brussel 2010, menntamál frumbyggja á norðurskautssvæðinu, með áherslu á Grænland, og breytingar á starfsreglum nefndarinnar.

Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, sagði fundargestum frá ráðherrafundi Norðurskautsráðsins sem haldinn var í Tromsø í apríl 2009. Solberg hélt ræðu á fundinum þar sem hún lagði áherslu á aukna pólitíska þátttöku Norðurskautsráðsins og tíðari ráðherrafundi. Þá upplýsti hún nefndarmenn um efni ráðstefnu um loftslagsbreytingar sem haldin var í tengslum við fundinn í Tromsø. Næsta mál á dagskrá var kynning Inuuteq Holm Olsen, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Grænlands, á formennskuáætlun Dana (Danmörk, Grænland og Færeyjar) í Norðurskautsráðinu. Hann sagði málefni íbúa svæðisins vera sett í forgang í formennskunni með áherslu á umhverfisvernd, heilbrigðismál og sjálfbæra nýting auðlinda, auk þróunar í félags-, menningar- og efnahagsmálum. Þá verður áhersla lögð á loftslagsbreytingar og áframhaldandi umræðu um stöðu áheyrnarfulltrúa innan ráðsins. Niels Sindal, fulltrúi Norðurlandaráðs, tilkynnti nefndarmönnum að utanríkisráðherra Danmerkur vildi gjarnan hitta nefndina og ræða málefni norðurskautsins.

Juliane Henningsen frá Grænlandi bauð fundargesti velkomna til Ilulissat og kynnti nýtt samkomulag Danmerkur og Grænlands um sjálfsstjórn Grænlands. Sameiginleg nefnd landanna um sjálfsstjórn Grænlands komst að samkomulagi árið 2008 og var það samkomulag samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 25. nóvember 2008. Samkomulagið tók gildi 21. júní 2009, en 75,5% Grænlendinga greiddu atkvæði með því að hverfa frá heimastjórn og taka upp sjálfsstjórn. Þá sagði Henningsen stuttlega frá fyrirhuguðum kosningum í Grænlandi 2. júní en flokki hennar, Inuit Ataqatigiit, er spáð mikilli velgengni. Hún sagði jafnframt að fullt sjálfstæði frá Danmörku væri langtímamarkmið Inuit Ataqatigiit.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður Íslandsdeildar, óskaði Grænlendingum og Dönum til hamingju með samkomulagið og spurði hvernig rannsóknum og skiptingu náttúruauðlinda væri háttað. Henningsen sagði að náðst hefði samkomulag um skiptingu tekna sem koma frá náttúruauðlindum í Grænlandi. Þá hafa um 70 rannsóknarleyfi verið veitt og ráðgert að opna 3–5 nýjar námur á næstunni, en hægt hefur á framkvæmdum vegna fjármálakreppunnar. Enn fremur vinnur Alcoa að samningum við grænlensk stjórnvöld um opnun álvers fyrir norðan Nuuk og gefin hafa verið út leyfi fyrir olíuborunum sem hefjast sumarið 2010 fyrir utan Discoflóa. Þá á sér stað umræða um nýtingu úrans í Grænlandi.

Tine Pars, skólastjóri Háskóla Grænlands, kynnti starfsemi og framtíðaráform skólans. Um 400 nemendur stunda nám í skólanum en ekkert formlegt samstarf er við aðra háskóla utan Danmerkur. Nefndarmenn veittu því athygli að skólinn er ekki aðili að Háskóla norðursins og nýtir sér upplýsingatækni að mjög litlu leyti. Enn sem komið er hefur háskólinn ekki leitað eftir fjárstuðningi eða samstarfi við fyrirtæki í einkaeigu þar sem áhersla hefur verið lögð á óháðan og sjálfstæðan rekstur.

Þá fór framkvæmdastjóri þingmannanefndarinnar, Bjørn Willy Robstad, yfir skipulagningu ráðstefnu nefndarinnar 2010. Tillögur að umræðuefnum fyrir ráðstefnuna voru ræddar og tekin ákvörðun um að ekki yrðu fleiri en þrjú meginefni á dagskrá. Nefndarmenn voru sammála um að málefni og lífshættir íbúa norðurskautssvæðisins yrðu meðal aðalumræðuefna á ráðstefnunni auk þess sem Guðfríður Lilja lagði áherslu á umræðu um siglingar og björgunarmál og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Bjørn Willy var falið að gera drög að dagskrá ráðstefnunnar út frá umræðum fundarins fyrir næsta fund nefndarinnar. Einnig fór fram umræða um tímasetningu ráðstefnunnar sem samkvæmt venju hefur verið haldin í ágústmánuði í tengslum við ráðherrafundi Norðurskautsráðsins sem hafa verið haldnir að hausti en hafa nú verið færðir til vors. Guðfríður Lilja benti á mikilvægi þess að halda ráðstefnuna í tengslum við ráðherrafundina þar sem vægi nefndarinnar og möguleikar á að koma áherslum hennar á ráðherrafundina gæti minnkað ef svo væri ekki. Nefndarmenn voru sammála þeim rökum en töldu þó ekki rétt að breyta tímasetningu ráðstefnunnar þar sem m.a. veðurfar á norðurslóðum væri óhentugt til ferðalaga á síðustu og fyrstu mánuðum ársins og oft miklar annir við þingstörf heima fyrir. Farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á starfsreglum nefndarinnar og samþykkt að skipa varaformann nefndarinnar á næstu ráðstefnu nefndarinnar. Þá var ákveðið að bjóða áheyrnaraðilum til sérstaks fundar fyrir ráðstefnur nefndarinnar 2010. Jafnframt var Juliane Henningsen frá Grænlandi skipuð höfundur skýrslu um loftslagsbreytingar.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Kári Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, sagði nefndarmönnum frá ráðstefnu ráðsins um framboð á menntun fyrir ófaglærða. Højgaard gagnrýndi einnig Evrópuþingið harðlega fyrir að samþykkja ályktun um að banna sölu á selskinnsvörum í Evrópusambandinu. Guðfríður Lilja, formaður Íslandsdeildar, tók til máls og sagði m.a. frá kosningunum á Íslandi í lok apríl og myndun vinstri stjórnar. Þá hefði þátttaka kvenna vænkast á Alþingi og væru þær nú 43% þingmanna. Hún sagði málefni norðurskautsins hafa fengið aukið vægi í umræðum á Alþingi með áherslu á björgunarmál og mengunarvarnir samhliða opnun nýrra siglingaleiða. Þá tók hún undir orð Højgaard og lýsti yfir vonbrigðum með ályktun Evrópuþingsins. Jafnframt kom hún á framfæri þakklæti til Færeyinga fyrir þann stuðning sem þeir hafa sýnt Íslendingum á erfiðum tímum fjármálakreppunnar. Enn fremur sagði Peter Goldring frá Kanada nefndarmönnum frá fyrirhugaðri opnun alþjóðlegrar miðstöðvar fyrir norðurskautssvæðið í Ósló.

Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, tilkynnti að hún mundi ekki sækjast eftir endurkjöri í þingkosningunum 14. september 2009 í Noregi. Var það einróma ákvörðun nefndarmanna að Hannes Manninen frá Finnlandi tæki við sem formaður þingmannanefndarinnar til næstu ráðstefnu nefndarinnar í september 2010. Þá verði formlega valinn nýr formaður og varaformaður þingmannanefndarinnar. Næsti fundur nefndarinnar var haldinn í Helsinki 19. nóvember 2009 og í tengslum við hann, 18. nóvember, málþing um hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi, 12. mars 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form..	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.

790. Frumvarp til laga [460. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (bílaleigur).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum sem við gildistöku ákvæðis þessa hafa leyfi til að reka bílaleigu samkvæmt lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, er heimilt við kaup á notuðum fólksbifreiðum að reikna innskatt af kaupverði bifreiða sem verða til útleigu, þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu á viðkomandi bifreiðum til bílaleigunnar. Innskatturinn skal nema 20,32% af kaupverði bifreiðar.

Fjöldi keyptra bifreiða samkvæmt heimild 1. mgr. má ekki vera meiri en 15% af heildarfjölda fólksbifreiða sem eru í eigu bílaleigunnar við gildistöku ákvæðis þessa.

Endursala bifreiða sem um ræðir í 1. mgr. telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sundurliða skal í bókhaldi upplýsingar um kaup og sölu bifreiðanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Heimild skv. 1. og 2. mgr. gildir til 31. desember 2010.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til tímabundin breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem heimilar skattskyldum aðilum sem hafa leyfi til að reka bílaleigu að reikna innskatt af kaupverði notaðra fólksbifreiða sem eru til útleigu þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu viðkomandi bifreiða til bílaleigunnar.

Í því efnahagsástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu hafa verið miklir rekstrarerfiðleikar hjá bílaleigum og hefur bílafloti þeirra minnkað töluvert á milli ára. Þannig voru 6.700 bílaleigubílar skráðir árið 2008 en 6.200 í ágúst 2009 og áætluð þörf samkvæmt upplýsingum

frá Samtökum ferðaþjónustunnar er um það bil 8.700 bifreiðar fyrir árið 2010. Fjármögnun nýrra bifreiða reynist kostnaðarsöm og erfið fyrir bílaleigurnar vegna veikrar stöðu íslensku krónunnar, auk þess sem mikið framboð er af notuðum bifreiðum um þessar mundir. Fyrirsjáanleg er fjölgun ferðamanna til landsins á þessu ári og því stefnir í að bílaleigur muni vanta bifreiðar til útleigu. Til að bregðast við þessu ástandi er lagt til í frumvarpi þessu að bílaleigur sem hafa rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, og kaupa notaðar fólksbifreiðar til útleigu geti reiknað innskatt af kaupverði bifreiðanna í þeim tilvikum þar sem virðisaukaskattur hefur ekki verið lagður á við söluna til þeirra. Þar sem virðisaukaskattur er ekki tilgreindur á reikningi við kaup þessara bifreiða er lagt til að reiknaður innskattur nemi 20,32% af kaupverði notaðrar bifreiðar.

Þar sem um undantekningarákvæði er að ræða er talið rétt að takmarka fjölda þeirra bifreiða sem hljóta skulu þessa meðferð. Hér er lagt til að hlutur þessara bifreiða í heildarflota hverrar bílaleigu verði ekki hærri en 15% miðað við gildistöku laganna.

Þegar bifreið sem nýtur heimildar skv. 1. mgr. er svo seld aftur skal salan teljast til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. virðisaukaskattslaganna. Lagt er til að upplýsingar um kaup og sölu notaðra bifreiða samkvæmt þessu ákvæði, þ.e. um reiknaðan innskatt og útskatt, séu sundurliðaðar og aðgreindar sérstaklega í bókhaldi bílaleignanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, til að auðvelda aðgengi skattyfirvalda að þeim.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til að reikna innskattinn á framangreindan hátt muni gilda til 31. desember 2010.

Erfitt er að áætla með einhverri nákvæmni hversu hár innskattsdráttur bílaleignanna sem munu nýta sér framangreinda heimild verður verði frumvarp þetta að lögum. Sé miðað við þær forsendur að bílafloti þeirra aukist um 15% í formi notaðra bifreiða, eða um nálægt 1.000 bifreiðar, sem allar njóti innskatts og innkaupsverð þeirra sé að jafnaði 1,5–2 millj. kr. nemur innskattsfrádrátturinn samtals um 300 millj. kr. Til lengri tíma litið má þó gera ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar aðgerðar verði mun minna, bæði vegna aukinna umsvifa bílaleignanna og endursölu bifreiðanna síðar með virðisaukaskatti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem heimili bílaleigum að reikna innskatt af kaupverði notaðra fólksbifreiða. Almennt er virðisaukaskattur ekki tilgreindur sérstaklega við sölu á notuðum bifreiðum en með frumvarpi þessu er lagt til að bílaleigur geti reiknað innskatt sem nemi 20,32% af kaupverði bifreiða sem ætlaðar eru til útleigu. Þetta er gert til að mæta erfiðu rekstrarumhverfi bílaleiga vegna mikils kostnaðar við fjármögnun á nýjum bifreiðum á sama tíma og mikið framboð er af notuðum bifreiðum. Heimild þessi verði tímabundin og gildi til 31. desember 2010. Fjöldi bifreiða samkvæmt þessari heimild má þó ekki vera umfram 15% af bifreiðaflota hverrar bílaleigu.

Ef gert er ráð fyrir að meðalbifreiðaeign bílaleiga sé um 7000 bílar og að allt að 15% þeirra verði keyptir sem notaðir í samræmi við heimild í þessu frumvarpi má gera ráð fyrir

að eftirgjöf ríkissjóðs í formi virðisaukaskatts geti verið á bilinu 300-400 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að meðalverð bifreiðanna sé 1,5–2 m.kr. Við endursölu frá bílaleigunni telst sala bifreiðanna til skattskyldrar veltu og bifreiðin þá útsköttuð. Hvað endursalan hefur í för með sér miklar virðisaukaskattsgreiðslur er erfitt að meta en gæti orðið á bilinu 150–250 m.kr. að því gefnu að eignarhald bifreiðanna hjá bílaleigunum verði tiltölulega stutt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður hins vegar ekki séð að álag á innheimtu eða umsýslu með uppgjöri á virðisaukaskatti aukist í þeim mæli að það muni hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

791. Svar [326. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um aðgerðir vegna meintra brota á gjaldeyrisreglum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið og til hvaða aðgerða verður gripið af hálfu ráðuneyta, Seðlabanka, Fjármálaeftirlitis og annarra yfirvalda vegna þeirra meintu brota á gjaldeyrisreglum sem nú eru til skoðunar?*
2. *Hvað er unnt að gera til að koma í veg fyrir frekari brot á gjaldeyrisreglum?*

Í tilefni af þessari fyrirspurn óskaði ráðuneytið eftir umsögn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Svar ráðuneytisins er byggt á svari Fjármálaeftirlitsins þar sem Seðlabanki Íslands hefur enn ekki svarað ráðuneytinu þrátt fyrir töluverða eftirleitan.

Með lögum nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, var Fjármálaeftirlitinu fengið það hlutverk að rannsaka þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynnir til eftirlitsins, sbr. 17. gr. laganna, en Seðlabanki Íslands tilkynnir grun um brot gegn lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra, sbr. 15 gr. a sömu laga. Það er hlutverk Seðlabankans að fylgjast með að starfsemi aðila sé í samræmi við lög um gjaldeyrismál, sbr. 17 gr. laganna. Í samræmi við framangreint er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að rannsaka meint brot gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um samvinnu vegna grunsemda um brot gegn lögum um gjaldeyrsimál, nr. 87/1992, og reglum settum á grundvelli þeirra. Með honum leitast stofnanirnar við að skýra verksvið sitt sem mest og koma til móts við hvor aðra varðandi aðstoð og nýtingu sérfræðiaðstoðar. Fjármálaeftirlitið er einnig í góðu samstarfi við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vegna rannsókna á meintum brotum. Stofnuð hefur verið sérstök deild í Seðlabankanum til að fylgjast með reglum um gjaldeyrismál, svokallað gjaldeyriseftirlit, og ræður sú deild yfir þremur til fjórum starfsmönnum.

Seðlabanki Íslands hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um meint brot 28 lögaðila. Fjármálaeftirlitinu ber að kæra meiri háttar mál til lögreglu samkvæmt lögum um gjaldeyrismál en minni háttar málum lýkur stofnunin með álagningu stjórnvaldssekta eða gerð sátta.

Reynslan hér og í öðrum löndum sýnir að mikilvægt er að reglur um gjaldeyrismál séu í stöðugri endurskoðun þegar jafnvíðtækar hömlur eru á slíkri starfsemi eins og raunin er hér

á landi. Til að koma í veg fyrir brot á gjaldeyrisreglum er því mikilvægt að til staðar sé öflugt eftirlit og að reglur um gjaldeyrismál séu bæði sveigjanlegar og auðveldar í framkvæmd.

792. Svar [267. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um kostnað við að verja krónuna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað hefur það kostað ríkissjóð mikið fé að verja krónuna síðan bankahrunið reið yfir?

Eitt meginmarkmið efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) er að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og draga þar með úr neikvæðum áhrifum verulegrar viðbótar gengislækkunar á efnahag heimila og fyrirtækja. Stjórnvöldum hefur orðið verulega ágengt á þessu sviði undanfarna mánuði. Þrjú megintæki hafa verið nýtt til þess að auka gengisstöðugleika: vextir Seðlabanka Íslands, gjaldeyrishöft og inngrip á gjaldeyrismarkaði. Allir þessir þættir geta haft kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, sem þó er mjög erfitt að meta. Í ljósi kostnaðar við þennan viðbúnað fyrir ríkissjóð og hagkerfið í heild er mikilvægt að efnahagsstefnu stjórnvalda og AGS sé fylgt af einurð svo að endurvinna megi traust á íslenskt efnahagslíf og hægt verði að afnema gjaldeyrishöft, draga úr inngripum á gjaldeyrismarkaði og koma fyrirkomulagi peningamála hér á landi í viðunandi horf á nýjan leik.

Frá því í desember 2008 hefur Seðlabanki Íslands selt gjaldeyri fyrir 15,1 milljarð kr., en verulega hefur dregið úr gjaldeyrissölu Seðlabankans síðustu mánuði og hefur bankinn ekki átt í viðskiptum á millibankamarkaði frá því í nóvember 2009. Endanlegur kostnaður Seðlabanka Íslands við þessi viðskipti mun því ráðast af vaxta- og gengisþróun enda aukast innlendar eignir Seðlabanka Íslands við sölu gjaldeyris. Bein kostnaðargreining ríkissjóðs á þessum viðbúnaði sem og öðrum stjórntækjum sem nýtt hafa verið til þess að tryggja aukinn gengisstöðugleika er verulegum vandkvæðum bundin.

793. Svar [373. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um heilbrigðisstofnanir á Blönduósi og Sauðárkróki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Er áætlað að kostnaður þeirra sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnananna á Blönduósi og Sauðárkróki aukist vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.

Hugsanlegt er að ferðakostnaður sjúklinga sem leggja þarf inn á sjúkrasvið aukist ef fjögur sjúkrarými stofnunarinnar eru full og sjúklingar þurfa að sækja þjónustu til Akureyrar

eða Reykjavíkur. Á stofnuninni eru fjögur bráðarými, auk hjúkrunarrýma og dvalarrýma. Nýting bráðarýma hefur oft verið yfir 100% og hafa þá önnur rými stofnunarinnar verið nýtt til að leggja inn sjúklinga. Hjúkrunarrýmum hefur verið fækkað um fimm (úr 32 í 27) og því fylgir minnkun starfshlutfalla í aðhlynningu.

Þá má benda á að við ákvörðun ráðuneytisins um fækkun hjúkrunarrýma lágu fyrir upplýsingar um tíu vannýtt hjúkrunarrými á stofnuninni. Ákveðið var að fækka þeim um fimm og því standa eftir fimm vannýtt rými. Samkvæmt vistunarmati 18. febrúar sl. bíður enginn eftir hjúkrunarrými á stofnuninni. Því ættu sjúklingar ekki að þurfa að flytjast til Akureyrar eða Reykjavíkur til að sækja þá þjónustu sem eðlilegt er að Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi veiti.

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.

Kostnaður þeirra sem sækja geð-, endurhæfingar-, barna- og öldrunarlæknaþjónustu eykst vegna aksturs ef sækja þarf þjónustu til Akureyrar eða Reykjavíkur. Sálfélagsleg þjónusta verður keypt í stað þeirrar þjónustu sem geðlæknir stofnunarinnar hefur sinnt.

Einnig eykst ferðakostnaður fæðandi kvenna ef þær kjósa að fæða börn sín á Akureyri, Akranesi eða í Reykjavík. Ljósmæður stofnunarinnar sinna konum á þjónustusvæði Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi til viðbótar sínu svæði. Fimmtán konur fæddu á Sauðárkróki á árinu 2009 en fæðingar kvenna á þjónustusvæði heilbrigðisstofnananna tveggja hafa verið á bilinu 67–82 síðastliðin fimm ár.

Þurfi sjúklingar að sækja þjónustu út fyrir hérað má benda á að samkvæmt reglugerð nr. 871/2004 taka Sjúkratryggingar Íslands þátt í kostnaði við tvær ferðir sjúklings þegar um er að ræða nauðsynlega ferð til að sækja óhjákvæmilega sjúkdómsmeðferð á opinberum sjúkrastofnunum eða hjá öðrum aðilum heilbrigðiskerfisins sem Sjúkratryggingar hafa gert samning við til greiningar, meðferðar, eftirlits eða endurhæfingar.

Að auki taka Sjúkratryggingar Íslands þátt í kostnaði vegna nauðsynlegra ítrekaðra ferða ef um er að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma: illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Enn fremur er á sama hátt heimilt að endurgreiða ferðir vegna annarra sambærilegra sjúkdóma, alvarlegra vandamála í meðgöngu og vegna glasafrjóvgunarmeðferðar.

794. Svar [372. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um niðurskurð í Norðvesturkjördæmi.

1. *Hversu mikið er sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum í Norðvesturkjördæmi gert að skera niður á árinu 2010, skipt eftir stofnunum?*

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til heilbrigðisstofnana í Norvesturkjördæmi samkvæmt fjárlögum 2010 og lækkun framlags frá fyrra ári.

Hagræðing sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana í Norðvesturkjördæmi 2010

Heilbrigðisstofnanir	Fjárlög 2010 m.kr.	Lækkun framlags 2010 m.kr.	Efling heimahjúkrunar m.kr.	Endurskoðun á hagræðingaráformun m.kr.	Hagræðing m.kr.	Hagræðing, hlutfall af fjárlögum 2009
Heilbrigðisstofnun Vesturlands*	**2.784,8**	**-176,4**	**23,0**		**-153,4**	**-5,5%**
Heilsugæslusvið	914,6	-49,2	23,0		-26,2	-2,9%
Sjúkrasvið	1.438,2	-86,3			-86,3	-6,0%
Hjúkrunarsvið	432,0	-40,9			-40,9	-9,0%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	**261,3**	**-31,5**		**11,2**	**-20,3**	**-7,5%**
Heilsugæslusvið	112,3	-1,4			-1,4	-1,3%
Sjúkrasvið	57,7	-0,9			-0,9	-1,6%
Hjúkrunarsvið	91,3	-29,2		11,2	-18,0	-17,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	**1.020,2**	**-65,5**	**14,0**		**-51,5**	**-4,9%**
Heilsugæslusvið	319,0	-20,2	14,0		-6,2	-2,0%
Sjúkrasvið	462,4	-8,3			-8,3	-1,8%
Hjúkrunarsvið	238,8	-37,0			-37,0	-13,8%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	**394,8**	**-45,1**			**-45,1**	**-10,5%**
Heilsugæslusvið	112,7	-2,5			-2,5	-2,2%
Sjúkrasvið	84,3	-11,7			-11,7	-12,5%
Hjúkrunarsvið	197,8	-30,9			-30,9	-13,8%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	**822,0**	**-100,8**	**5,0**		**-95,8**	**-10,8%**
Heilsugæslusvið	185,2	-3,9	5,0		1,1	0,6%
Sjúkrasvið	342,0	-9,0			-9,0	-2,7%
Hjúkrunarsvið	294,8	-87,9			-87,9	-23,6%

*Heilbrigðisstofnun Vesturlands er sameinuð stofnun heilbrigðisstofnananna; Akranesi, Hólmavík og Hvammstanga, heilsugæslustöðvanna; Borgarnesi, Grundarfirði, Ólafsvík og Búðardal og St. Franciskusspítala.

**Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð er sameinuð stofnun Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði og Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði.

2. Til hvaða aðgerða hafa stofnanirnar, hver fyrir sig, nú þegar gripið?

Hér á eftir fer upptalning helstu hagræðingaraðgerða heilbrigðisstofnana kjördæmisins á árinu 2009.

Heilbrigðisstofnunin Akranesi.

- Föst og tímamæld yfirvinna skert.
- Aksturssamingar lækkaðir um 50%.
- Afleysingar geislafræðinga, iðjuþjálfa og sjúkraþjálfara felldar niður.
- Afleysing hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lækna minnkaðar, settar í algjört lágmark.
- Auknar sértekjur vegna aðstöðugjalda.
- Stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða endurskipulagðar.
- Breytt vaktafyrirkomulag hjá hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og sjúkraliðum á legudeildum.
- Stöðugildi ritara og bókara færð niður.
- Staða öldrunarlæknis minnkuð.
- Öldrunarendurhæfing lokuð í þrjá mánuði yfir sumarið.
- Stöðugildi lækkað vegna hjartalínurits.
- Fækkun liðskiptaaðgerða.
- Nemastaða læknaritara ekki nýtt.
- Lokun afgreiðsludeildar (móttökuritarar og símaafgreiðsla) á laugardögum og styttur afgreiðslutími á virkum dögum.
- Dregið úr vakt heilsugæslulækna um 50%, gæsluvakt II.

St. Franciskusspítali.
- Dregið úr kostnaði vegna námskeiða og endurmenntunar.
- Dregið úr akstri starfsmanna.
- Dregið úr kostnaði vegna aukavakta og yfirvinnu, reglur um útköll hertar.
- Ekki ráðið í 70% stöðu sjúkraþjálfara (tímabundin aðgerð).
- Ekki ráðið í störf sem losna nema nauðsyn krefji.
- Staða hjúkrunarforstjóra laus og deildarstjóri kemur í staðinn (á lægri launum).
- Enginn ráðinn í stöðu skrifstofustjóra sem losnaði á árinu.
- Sparnaður í rannsóknum, með nýjum tækjum er hægt að rannsaka á staðnum það sem áður var sent á sjúkrahúsið á Akureyri. Stofnunin þjónustar Heilsugæslustöð Grundarfjarðar og fær af því sértekjur.
- Dregið úr kaupum á læknisfræðilegri sérfræðiþjónustu vegna rannsókna.
- Dregið var úr þjónustu tímabundið seinasta hluta ársins með því að herða á innlögnum en starfsemi er komin aftur í fyrra horf. Starfsfólk leggur meira á sig til þess að þetta gangi eftir.

Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.
- Lækkun launakostnaðar læknis vegna námsleyfa (15 dagar).
- Læknamóttöku á Drangsnesi hætt.
- Fækkun ferða í heilsugæslustöð í Árneshreppi.
- Ekki ráðinn hjúkrunarfræðingur í afleysingar.
- Minnkaðar afleysingar og yfirvinna.
- Sjúkraliða á Drangsnesi sagt upp starfi við flúorskolanir.
- Hagræðing í lyfjakaupum sjúkrahúss.
- Lækkun ferða- og dvalarkostnaðar innanlands.
- Sparnaður í rannsóknakostnaði.
- Hækkun sértekna vegna vistgjalda.

Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.
- Lækkun launakostnaðar lækna og hjúkrunarforstjóra.
- Stytting vakta og fækkun stöðugilda, u.þ.b. tvö stöðugildi.
- Minnkun starfshlutfalls í félagsstarfi, 50%.
- Tímabundin fækkun hjúkrunarfræðinga.
- Minnkaðar afleysingar og yfirvinna.
- Akstur og húsaleigufríðindi minnkuð.
- Bifreiðakostnaður lækkaður.
- Minnkun starfshlutfalls sjúkraþjálfara.
- Aðhald í innkaupum í eldhúsi.
- Aðhald í endurmenntunar- og námskeiðskostnaði.

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.
- Stöðugildi sjúkraþjálfara minnkað úr 50% í 30%.
- Starf hjúkrunarforstjóra á heilsugæslu lagt niður og hjúkrun á stofnuninni sett undir einn hatt.

- Læknar fara í tveggja mánaða launalaus leyfi auk sumarfría og námsleyfa, verktakar leysa þá af og hefur þetta fyrirkomulag lægri launakostnað í för með sér.
- Dregið úr gæsluvöktum lífeindafræðings um þriðjung.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.
- Stöður deildarstjóra á bráða- og öldrunardeild hafa verið sameinaðar í eina stöðu deildarstjóra legudeilda.
- Aðstoðardeildarstjórum fækkað um einn.
- Bakvakt hjúkrunarfræðings í Bolungarvík hefur verið felld niður.
- Læknum hefur fækkað um einn (samningur ekki framlengdur, heilsugæslulæknum þar með fækkað úr fimm í fjóra).
- Ljósmæðrum hefur fækkað um eina (ekki ráðið í stað þeirrar sem hætti).
- Stöðum á rannsóknardeild hefur fækkað (ekki ráðið í stað þeirrar sem hætti).
- Bókara í 50% stöðu var sagt upp.
- Yfirvinna hefur verið skorin niður hjá stjórnendum og þeim sem hafa fasta yfirvinnu.
- Stofnanasamningar hafa verið endurskoðaðir og laun lækkuð.
- Sérkjörum geislafræðinga hefur verið sagt upp.
- Læknar hafa staðið bakvaktir með afslætti (standa fleiri vaktir en þeir fá greitt fyrir).
- Opnun á heilsugæslu á Flateyri hefur verið breytt, nú vinna starfsmenn þaðan víðar innan stofnunarinnar.
- Minnkun starfshlutfalls hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra um 5%.
- Stöðugildi ræstingarstjóra minnkað um 50%.
- Meiri hluta fastra akstursgreiðslna sagt upp. Föstum akstursgreiðslum sem eftir voru var sagt upp í byrjun árs 2010.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
- Bakvaktir vegna rannsókna og röntgens minnkaðar en mikil bakvaktarþjónusta var fyrir.
- Samningi um prestþjónustu sagt upp.
- Föst og unnin yfirvinna minnkuð.
- Ein læknastaða lögð niður en ráðið í afleysingar í vaktafríum, sumarfríum og námsleyfum.
- Viðhald og endurbætur skorið niður.
- Námskeiða- og ferðakostnaður minnkaður.
- Dregið úr minniháttar eignakaupum.
- Hagræðing vakta á deildum.
- Önnur hagræðing í verkkaupum.

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
- Aðhald í yfirvinnugreiðslum og bann við afleysingum.
- Lækkun vaktaálags heilsugæslulækna.
- Afleysingar lækna takmarkaðar.
- Lækkun launa sjúkrahúslækna og deildarstjóra.
- Hagræðing í eldhúsi og ræstingu.
- Stöðugildum fækkað um 4–5 (störf í ræstingu, aðhlynningu og endurhæfingu).
- Ekki hefur verið ráðið í störf þeirra sem hafa hætt störfum hjá stofnuninni.
- Rannsóknir og röntgen, dregið úr bakvöktum.

– Fækkað um hálft stöðugildi ljósmóður og bakvöktum fækkað.
– Staða gæðastjóra lögð niður.
– Aðhald í verkkaupum og húsnæðiskostnaði.
– Almennt aðhald í útgjöldum og eignakaupum.

3. *Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar hjá þessum stofnunum, hverri fyrir sig?*

Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Framlag til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands lækkar um 153,4 millj. kr. (5,5%) á árinu 2010. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti:

Heilsugæslusvið: 26,2 millj. kr. (2,9%). Sameining heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva á Vesturlandi.

Sjúkrasvið: 86,3 millj. kr. (6,0%). Sameining heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva á Vesturlandi ásamt St. Franciskusspítala

Hjúkrunarsvið: 40,9 millj. kr. (9%). Sameining stofnana og fækkun hjúkrunarrýma um þrjú.

– Fastlaunasamningar gerðir við lækna sem voru með ferliverkasamninga.
– Aksturssamningar felldir niður.
– Staða fæðinga- og kvensjúkdómalæknis (80%) ekki nýtt átta mánuði ársins.
– Minnkuð stöðugildi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, deildarritara, geislafræðinga, sjúkraþjálfa, ljósmæðra, iðjuþjálfa, skólahjúkrunar, sjúkraflutninga, bókara og í þvottahúsi. Fækkað um u.þ.b. átta stöðugildi.
– Starfsemi öldrunardeildar breytt frá og með 1. sept., stefnt að fækkun um 3–4 stöður.
– Vaktafyrirkomulag aðstoðarlækna endurskoðað (greiðsla lækkuð).
– Yfirvinna lækkuð á tæknideild og á skrifstofu.
– Staða rafvirkja lögð niður.
– Gæsluvakt II lögð af á Heilsugæslusviði á Akranesi og á Hvammstanga.
– Aksturssamningar heimahjúkrunar felldir niður – bílar keyptir.
– Stöður framkvæmdastjóra lagðar niður í Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði og Ólafsvík.
– Stöðu forstjóra á St. Fransciskuspítala, Hólmavík og Hvammstanga breytt í stöðu svæðisfulltrúa og laun lækkuð (biðlaun hafa áhrif á þessu ári).
– Staða bókara í Búðardal, á Hvammstanga og Hólmavík lögð niður.
– Þjónusta sjúkraflutninga á Heilbrigðisstofnun Vesturlands í endurskoðun vegna sameiningar.
– Samræmd símsvörun frá 15. febrúar.
– Greiðslur vegna grænna seðla á Hvammstanga færðar í laun.
– Vaktafyrirkomulag hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða St. Franciskusspítala í endurskoðun.
– Opnunartími skurðstofu minkaður um 4 klst. á viku.

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.

Framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði lækkar um 20,3 millj. kr. (7,5%) á árinu 2010. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti:

Heilsugæslusvið: 1,4 millj. kr. (1,3%).

Sjúkrasvið: 0,9 millj. kr. (1,6%).

Hjúkrunarsvið: 18 millj. kr. (17%). Lækkun framlaga vegna þriggja ónýttra hjúkrunarrýma.

- Breytingar á starfsháttum lækna frá og með 1. mars, í stað tveggja fastra lækna verður einn fastur læknir. Hin staðan er leyst með verktöku fjögurra lækna sem skipta starfinu á milli sín.
- Fastráðinn læknir fer í tveggja mánaða launalaust leyfi í sumar og læknir í verktöku leysir hann af og er launakostnaður lægri á tímabilinu.
- Aðhald. Fjárheimild til rannsókna og mötuneytis er skömmtuð.
- Laun lífeindafræðings lækkuð.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Framlag til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða lækkar um 51,5 millj. kr. (4,9%) á árinu 2010. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti:

Heilsugæslusvið: 6,2 millj. kr. (2%). Horft er til hagræðingar innan heilsugæslu þegar Óshlíðargöng opna.

Sjúkrasvið: 8,3 millj. kr. (1,8%).

Hjúkrunarsvið: 37 millj. kr. (13,8%).

- Hjúkrunardeild á Flateyri verður lokað (þessi liður er til skoðunar í ráðuneyti).
- Dregið úr mönnun á legudeildum á Ísafirði.
- Dregið úr mönnun á hjúkrunardeild í Bolungarvík.
- Bolungarvíkur- og Ísafjarðarlæknishéruð verða sameinuð þegar Bolungarvíkurgöng verða opnuð.
- Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og leitast við að halda allri mönnun í lágmarki.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.

Framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi lækkar um 45,1 millj. kr. (10,5%) á árinu 2010. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti:

Heilsugæslusvið 2,5 millj. kr. (2,2%). Gert er ráð fyrir rekstrarhagræðingu með aukinni samvinnu stofnana á Norðurlandi.

Sjúkrasvið 11,7 millj. kr. (12,5%). 3,5 millj. kr. vegna rekstrarhagræðingar með aukinni samvinnu stofnana á Norðurlandi og 9 millj. kr. vegna leiðréttingar fjárheimildar. Reiknilíkan sem stuðst er við þegar fjárheimildir til stofnana eru ákvarðaðar sýnir að framlög til Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi eru hærri en fjárveitingar til sambærilegra stofnana. Fjárheimildir stofnunarinnar eru lækkaðar af þeim sökum í þremur áföngum, fyrst árið 2009.

Hjúkrunarsvið 30,9 millj. kr. (13,8%). Reiknað er með að fækkað verði um 5 af 32 hjúkrunarrýmum á stofnunni sem reynslan sýnir að hafa verið vannýtt.

- Starfsmenn bráðadeildar FSA svara símtölum utan dagvinnutíma sem leiðir til færri útkalla lækna en verið hefur.
- Minnkun starfshlutfalla í aðhlynningu og ræstingu. Staða aðstoðarráðsmanns lögð niður með aðkomu Fasteigna ríkissjóðs.
- 70% staða læknaritara lögð niður vegna samtengingar Sögukerfis á Norðurlandi. Starfsmaður færður til í starfi.
- Stjórnendum í hjúkrun fækkað úr fimm í þrjú.
- Sameining deilda og breytt vinnulag leiðir til þess að hægt er að hagræða í þvottahúsi (80% staða).
- Akstursgreiðslur starfsmanna aflagðar og fastri yfirvinnu sagt upp.

- Starfshlutföll minnkuð (20%) og breytt vinnulag á skrifstofum.
- Starf aðstoðarmanns sjúkraþjálfara verður lagt niður (70%) og starfsmanni í afþreyingu og föndri sagt upp (50%) en verkefnin flytjast á aðra starfsmenn.
- Breytingar verða gerðar á launakjörum lækna. Greiðslu fyrir græna seðla verður hætt og gæsluvakt II lögð af.
- Þjálfunarlaug verður lokað þegar kemur að árlegu viðhaldi.
- Hagræðing í innkaupum og aukið eftirlit með lyfjakaupum og rannsóknum.
- Reynt verður að komast hjá afleysingum vegna fría þar sem það á við.
- Breytingar á rekstri sjúkrabíla á Skagaströnd (til skoðunar í ráðuneyti).
- Ráðningarbanni verður viðhaldið og ekki ráðið í störf sem losna nema í algerum undantekningartilfellum.

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.

Framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki lækkar um 95,8 millj. kr. (10,8%) á árinu 2010. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti:

Heilsugæslusvið, hækkun um 1,1 millj. kr. (0,6%). Gert er ráð fyrir rekstrarhagræðingu með aukinni samvinnu stofnana á Norðurlandi.

Sjúkrasvið 9,0 millj. kr. (2,7%). Gert er ráð fyrir rekstrarhagræðingu með aukinni samvinnu stofnana á Norðurlandi.

Hjúkrunarsvið 87,9 millj. kr. (23,6%). Reiknað er með að fækkað verði um 15 af 56 hjúkrunarrýmum á stofnunni sem reynslan sýnir að hafa verið vannýtt.

- Fækkað stöðugildum í ræstingu.
- Staða hjúkrunarfræðings á Hofsósi (100%) verður lögð niður en læknir mun eftir sem áður fara þangað einu sinni í viku (þessi liður er til skoðunar í ráðuneyti).
- Geðlækni (60%) sagt upp en gert ráð fyrir að þjónusta farandlæknis verði keypt að hluta til á móti.
- Farandlæknar, þ.e. barna-, endurhæfingar-, og meltingarlæknar, koma ekki aftur eftir sumarfrí.
- Greiðslum til lækna vegna grænna seðla verður sagt upp.
- Föst og unnin yfirvinna á skrifstofu, húsvarða og deildarstjóra skorin niður.
- Takmörkun á afleysingu.
- Bakvöktum ljósmæðra hætt (þessi liður er til skoðunar í ráðuneyti).
- Aðhald í röntgeni og rannsóknum.
- Áframhaldandi hagræðing í eldhúsi.
- Fækkun hjúkrunarfræðinga og breytt skipulag.
- Akstursgreiðslum sagt upp.
- Sjúkraliði í endurhæfingu fer í önnur störf innan stofnunar.
- Lækkun gæsluvakta nema.
- Almennt yfirvinnubann.

795. Svar [225. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ólafs Þórs Gunnarssonar um breyttar endurgreiðslur lyfjakostnaðar.

1. *Hversu miklir fjármunir hafa sparast við þær breytingar sem gerðar hafa verið á endurgreiðslum lyfjakostnaðar á árinu 2009 miðað við 2008?*

Á síðasta ári hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að mæta kröfum fjárlaga um lægri lyfjakostnað sjúkratrygginga. Vegna þeirra aðgerða lækkaði lyfjakostnaður Sjúkratrygginga um tæplega 1,6 milljarða kr. frá því sem annars hefði orðið. Þær aðgerðir sem gripið var til og varða endurgreiðslu lyfjakostnaðar eru eftirfarandi: Með nýrri reglugerð um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga við kaup á lyfjum sem tók gildi 1. mars 2009 var gerð breyting í greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í tveimur flokkum maga- og blóðfitulækkandi lyfja. Breytingin sem kölluð hefur verið „verðlagning eftir virði“ (e. *Value Based Pricing*) fólst í því að almennri greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í umræddum flokkum lyfja var beint til hagkvæmustu lyfjanna en greiðsluþátttöku vegna dýrustu lyfjanna var takmörkuð við lyfjaskírteini sem gefin eru út að fenginni rökstuddri umsókn læknis. Við breytinguna varð lækkun lyfjaútgjalda hjá Sjúkratryggingum 700–800 millj. kr. vegna greiðsluþátttöku í þessum tveimur lyfjaflokkum. 1. október sl. var gerð svipuð breyting á greiðsluþátttöku ákveðinna flokka blóðþrýstingslyfja (ACE hemla og Angítensín II blokka). Sú breyting leiddi til um 50–60 millj. kr. lækkunar á lyfjaútgjöldum Sjúkratrygginga á síðustu þremur mánuðum ársins. Síðasta breytingin af þessum toga á árinu 2009 var gerð 1. nóvember sl. og varðar lyf sem hafa áhrif á beinabyggingu og beinmyndun og var gert ráð fyrir að sú breyting leiddi til um 14 millj. kr. lækkunar á lyfjaútgjöldum Sjúkratrygginga það sem eftir lifði ársins.

Með reglugerðinni um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga við kaup á lyfjum sem tók gildi 1. mars 2009 varð hækkun á hámarksgreiðslu og lágmarksgreiðslu, svonefndu „gólfi“ og „þaki“ sjúklinga um 10%. Til mótvægis varð lækkun á greiðslum barna og atvinnulausra þannig að börn undir 18 ára aldri og atvinnulausir greiða nú sama verð og lífeyrisþegar fyrir lyf sín. Reiknað var með að þessar breytingar leiddu samtals til 300 millj. kr. lægri útgjalda hjá Sjúkratryggingum.

Auk framangreindra breytinga er varða endurgreiðslur lyfjakostnaðar hjá Sjúkratryggingum má nefna að lyfjagreiðslunefnd endurskoðaði á síðasta ári allt lyfjaverð í landinu í þremur áföngum, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september þar sem Finnlandi hefur verið bætt við viðmiðunarlönd. Þessi endurskoðun leiddi á árinu til 200 millj. kr. lækkunar lyfjaútgjalda Sjúkratrygginga. Við þetta má bæta að breyting var gerð á smásöluálagningu lyfja 1. janúar 2009 sem fólst í því að prósentuálagning var lækkuð, en fast afgreiðslugjald hækkað á hverja lyfjaávísun. Þessi breyting lækkaði lyfjakostnað um 210 millj. kr. miðað við notkun 2008 og verð í janúar 2009. Lækkunin skiptist þannig að um 150 millj. kr. sparast hjá Sjúkratryggingum og afgangur hjá sjúklingum, eða um 60 millj. kr.

2. *Hversu mikið er gert ráð fyrir að sparist árið 2010 miðað við 2008?*

Fjárlög gera ráð fyrir að sparnaðurinn á árinu 2010 verði um einn milljarður króna. Taka verður fram að lyfjakostnaður gæti orðið meiri árið 2010 en árið 2009, þ.e. lyfjaútgjöld gætu aukist, einkum vegna gengisbreytinga. Þær aðgerðir sem nefndar eru í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar leiða hins vegar áfram til raunlækkunur útgjalda.

3. Eru áform uppi um að breyta niðurgreiðslum fleiri lyfja eða lyfjaflokka?

Sambærilegar breytingar og nefndar eru í svari við 1. lið á endurgreiðslum í flokki lyfja gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi tóku gildi 1. janúar sl. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðra lyfjaflokka en ráðuneytið hefur þó þegar hafið athugun á möguleikum á svipaðri lækkun útgjalda vegna tauga- og geðlyfja og hefur sent út til umsagnar tillögur er varða breytingar á niðurgreiðslum þunglyndislyfja sem stefnt er að taki gildi 1. maí nk.

4. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá sjúklingum eða sjúklingahópum vegna þessara breytinga og þá í hve miklum mæli?

Með bréfi dags.12. október sl. óskaði ráðuneytið eftir mati landlæknis á áhrifum breyttrar greiðsluþátttöku í ákveðnum lyfjum á þessu ári. Í svari landlæknis, dags. 1. nóvember sl. er m.a. eftirfarandi tekið fram:

„Skemmst er frá að segja að breytingarnar hafa tekist með afbrigðum vel. Allir þeir sem komið hafa að þessum breytingum hafa staðið vel að verki. Sparnaður nemur hundruðum milljóna króna á ársgrundvelli. Undirritaður þekkir engin dæmi þess að heilsufar einstaklinga hafi skaðast við þessar breytingar. Yfirlæknir bráðamóttöku Landspítala, Guðmundur Þorgeirsson, sérfræðingur í hjartasjúkdómum, segir engan hafa komið inn á bráðamóttöku með einkenni sem rekja mætti til breytingarinnar. Heilsugæslulæknar sem undirritaður hefur haft samband við hafa sömu sögu að segja. Eina neikvæða við breytingarnar er hinn stutti fyrirvari sem var fyrir fyrstu breytingu, en allir gerðu sér grein fyrir því að mikilvægt var að ná niður kostnaði sem allra fyrst vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Talsvert mæddi á apótekurum á þeim tíma, en lyfjafræðingar og annað starfsfólk apótekanna lagði sig einnig fram við að breytingin gengi sem best fyrir sig.“

5. Hefur ráðuneytið orðið vart við athugasemdir frá heilbrigðisstarfsmönnum vegna breytinganna og þá frá hvaða hópum heilbrigðisstarfsmanna og í hve miklum mæli?

Eins og fram kemur í fyrrgreindu bréfi landlæknis frá 1. nóvember sl. hafði hann þá ekki fengið athugasemdir frá heilbrigðisstarfsmönnum vegna breytinganna. Örfáir læknar og sjúklingar hafa þó haft samband við ráðuneytið og Sjúkratryggingar og lýst yfir óánægju með breytingarnar og áhyggjum yfir framkvæmdinni og útgáfu lyfjaskírteina. Almennt hafa hins vegar þeir læknar sem ráðuneytið og Sjúkratrygginar hafa verið í samráði og sambandi við verið jákvæðir gagnvart þessum breytingum þrátt fyrir aukið álag sem þeim hefur fylgt. Einnig hafa sjúklingar sýnt skilning þegar skipt hefur verið um lyf hjá þeim vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í þjóðfélaginu enda verið tryggt að sjúklingur fái rétt lyf þótt krafist sé rökstuðnings fyrir niðurgreiðslu dýrustu lyfjanna með lyfjaskírteini. Landlæknir hefur áfram fylgst með áhrifum þessara breytinga og ekki orðið var við teljandi vandkvæði við framkvæmd þeirra.

796. Skýrsla [461. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) gegna veigamiklu hlutverki sem grunnstoðir íslenskrar utanríkisverslunar. Með aðildinni að EES njóta Íslendingar að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og 29 önnur Evrópuríki með um 500 milljóna manna markað. Auk þess að koma að rekstri EES-samningsins hefur EFTA byggt upp net fríverslunarsamninga við ríki utan ESB eða svonefnd þriðju ríki.

Í starfsemi þingmannanefnda EFTA og EES árið 2009 voru tvö mál einkum í brennidepli framan af ári. Annars vegar var ítrekað fjallað um alþjóðlegu fjármálakreppuna og hins vegar um áframhaldandi gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Frá sjónarhóli Íslands var umfjöllun um alþjóðlegu fjármálakreppuna einkar mikilvæg. Umfjöllun um hana var hvort tveggja í senn, almenn og sértæk þar sem athygli beindist að íslenska bankahruninu og yfirstandandi efnahagsþrengingum hérlendis. Þingmenn Íslandsdeildar gerðu erlendum starfssystkinum ítrekað grein fyrir stöðu endurreisnaráætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Icesave-málinu og umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Sérstök skýrsla um alþjóðlegu fjármálakreppuna og Ísland var gerð í þingmannanefnd EES. Í kjölfar skýrslunnar samþykkti nefndin ályktun þar sem m.a. sagði að tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi væri óljós varðandi lagalega ábyrgð ríkja til þess að styðja innstæðutryggingarsjóði við kerfishrun, auk þess sem harmað var að Ísland virðist hafa verið beitt óeðlilegum þrýstingi innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Fríverslunarsamningagerð EFTA við ríki utan ESB, svonefnd þriðju ríki, var ofarlega á dagskrá þingmannanefndar EFTA. Með svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 20 talsins. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og beitir sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð slíkra samninga.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar í þingmannanefndum EFTA og EES árið 2009 má nefna Lissabonsáttmála ESB, Doha-samningalotu WTO, vinnumarkaðsmál innan EES og óskir Færeyinga um aukið samstarf við EFTA.

2. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Íslandsdeild þingmannanefnar EFTA myndar sendinefnd Alþingis í bæði þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EFTA.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku hans varð nefndin að formi til tvískipt þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska

efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum af fundum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og ESB, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA undirbýr starf nefndarinnar og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þjóðþing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EES var komið á fót skv. 95. gr. EES-samningsins og er hluti af stofnanakerfi hans. Í þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur ákveðin málefni til skoðunar, skrifar um þau skýrslur og samþykkir ályktanir. Skýrslugerð um mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð en nefndin samþykkir venjulega ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

3. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í byrjun árs skipuðu Íslandsdeildina þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Ármann Kr. Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Breytingar urðu á skipan Íslandsdeildar eftir kosningar til Alþingis 25. apríl og kosningu Alþingis í alþjóðanefndir 15. maí. Aðalmenn voru kosnir Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingflokki Framsóknarflokks, Valgerður Bjarnadóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn eru Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Skúli Helgason, þingflokki Samfylkingarinnar, og Vigdís Hauksdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Á fundi Íslandsdeildar 18. maí var Árni Þór Sigurðsson kosinn formaður og Valgerður Bjarnadóttir varaformaður deildarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

4. Starfsemi Íslandsdeildar.

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndunum. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu. Þar var starfsemi Íslandsdeildar skipulögð og þátttaka í fundum þingmannanefnda EES og EFTA undirbúin.

Alþjóðlega fjármálakreppan og bankahrunið á Íslandi komu ítrekað til umfjöllunar á fundum þingmannanefnda EFTA og EES. Katrín Júlíusdóttir var ásamt Evrópuþingmanninum Diönu Wallis skýrsluhöfundur sérstakrar vinnuskýrslu um Ísland, EES og fjármálakreppuna. Í vinnuskýrslunni er rakið hvernig fjármálakreppan í Evrópu og sér í lagi bankahrunið á Íslandi hafi sýnt fram á galla í löggjöf ESB um fjármálamarkaði sem jafnframt gildir innan EES. Var sérstaklega fjallað um tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og bent á galla á tilskipuninni þar sem ekki segði fyrir um viðbrögð við kerfishruni. Vinnuskýrslan var lögð fram á fyrri fundi þingmannanefnar EES í mars. Í fjarveru Katrínar fylgdi Árni Þór Sigurðsson vinnuskýrslunni úr hlaði ásamt Diönu Wallis.

Árni Þór Sigurðsson og Evrópuþingmaðurinn Paul Rübig unnu vinnuskýrsluna áfram og lögðu fram skýrslu um EES og alþjóðlega fjármálakreppuna á síðari fundi þingmannanefndar EES í október. Efnistök skýrslunnar voru víkkuð út frá því sem áður var og í henni var að finna almennari umræðu um galla í fjármálaregluverki ESB og þörfina á víðtækum úrbótum þrátt fyrir að grunnur skýrslunnar væri enn byggður á reynslu Íslands af hruninu. Skýrsluhöfundarnir lögðu jafnframt fram drög að ályktun sem þingmannanefnd EES samþykkti samhljóða. Í ályktuninni sagði m.a. að tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi væri óljós varðandi lagalega ábyrgð ríkja til þess að styðja innstæðutryggingarsjóði við kreppu í bankakerfi eða algjört kerfishrun. Gallar á tilskipuninni hafi komið í ljós við bankahrunið á Íslandi og nauðsynlegt væri að endurskoða hana og innstæðutryggingakerfi Evrópu. Þá er í ályktuninni harmað að Ísland virðist hafa verið beitt óeðlilegum þrýstingi innan Alþjóða-

gjaldeyrissjóðsins til þess að fallast á þá lagatúlkun tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi sem hin ESB og EES ríkin sameinuðust um.

Að endingu ber að nefna að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu kom ítrekað til umræðu á fundum þingmannanefnda EFTA og EES og var málið sérstakur dagskrárliður á fundi þingmannanefndar EES í október. Íslandsdeildin kynnti þar aðildarumsóknina og fulltrúar einstakra flokka gerðu grein fyrir sinni stefnu varðandi mögulega ESB-aðild.

5. Fundir þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 2009.

Starfsemi nefndanna var með hefðbundnum hætti á árinu 2009. Þingmannanefnd EFTA kom saman til fundar fjórum sinnum, þar af þrisvar í tengslum við fundi nefndarinnar með ráðherraráði EFTA. Enn fremur áttu fulltrúar þingmannanefndar EFTA fundi með efnahagsnefnd rússneska þingsins í samræmi við stefnu sína um að styðja við gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Þingmannanefnd EES kom að venju tvisvar saman til fundar á árinu. Þrjár skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra.

Hér á eftir er gerð grein fyrir fundum þingmannanefnda EFTA og EES á starfsárinu í tímaröð.

32. fundur þingmannanefndar EES í Evrópuþinginu í Strassborg 25.–26. mars 2009.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sótti Árni Þór Sigurðsson fundinn ásamt Stíg Stefánssyni ritara. Helstu dagskrármál fundarins voru orkumál og öryggi orkuframboðs í fjármálakreppunni; ársskýrsla um framkvæmd EES-samstarfsins; vinnuskýrsla um Ísland, EES og fjármálakreppuna; vinnumarkaðsmál innan EES; og selveiðar Norðmanna.

Fyrsti hluti fundar þingmannanefndarinnar var skipulagður sem sérstök málstofa um orkumál, orkuframboð og fjármálakreppuna. Helstu frummælendur voru tveir fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þau Benita Ferrero-Waldner, framkvæmdastjóri utanríkissamskipta, og Andris Piebalgs, framkvæmdastjóri orkumála. Ferrero-Waldner sagði í framsögu sinni allar líkur á að ESB yrði á næstu árum enn háðara orkuinnflutningi en áður og allt að 70% af orkuþörf álfunnar kynni að verða mætt með innflutningi árið 2030. Ekki væri hægt að ganga að stöðugu orkuframboði vísu og því hlyti ESB að reyna að fjölga birgjum og hefði í því skyni gert samkomulag um orkusamvinnu við nokkur Mið-Asíuríki. Dæmin frá nýliðnum vetri og árinu 2006 sýndu að gasframboð frá Rússlandi gæti verið óstöðugt og lyti ekki endilega markaðsaðstæðum heldur kynni að vera notað sem milliríkjapólitískt vopn. Þó væri mikilvægt að hafa hugfast að þótt Evrópa væri háð gasinnflutningi frá Rússlandi væru Rússar ekki síður háðir gjaldeyristekjum af gassölunni. Innflutningurinn nemur 25% af orkuþörf álfunnar en um leið 70% af tekjum Rússa af orkuútflutningi. Piebalgs ræddi í framsögu sinni um möguleika á að minnka vægi innfluttrar orku með aukinni fjárfestingu í orkuframleiðslu innan ESB og skilvirkari orkunotkun. Hvað varðar innflutning væri mikilvægt að nefna að aldrei hefðu komið upp nein vandamál varðandi gassölu Norðmanna og að ESB vildi auka orkukaup frá Noregi og auka um leið samstarf við Norðmenn um barátttu gegn loftslagsbreytingum. Um Ísland sagði Piebalgs að kunnátta Íslendinga á sviði jarðvarma gæti nýst ESB og að í framtíðinni gæti Ísland orðið fyrirmynd í vetnisvæðingu en forsendur til vetnisvæðingar hagkerfisins væru óvíða betri vegna ódýrrar raforku. Raforkuútflutningur frá Íslandi um sæstreng væri ekki tæknilega mögulegur en slíkt kynni að breytast í framtíðinni.

Í umræðum um ársskýrslu þingmannanefndar EES um framkvæmd EES-samningsins kom m.a. fram að rekstur samningsins gengi vel og að EES/EFTA-ríkin innleiddu þær ESB-gerðir sem teknar eru upp í EES-samninginn yfirleitt hratt og vel. Ísland hefði þó dregist aftur úr og væri nú það ríki EES ásamt Lúxemborg sem ætti eftir að innleiða flestar gerðir. Skýrsluhöfundurinn, norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen, spurði sérstaklega hvað liði innleiðingu matvælalöggjafar ESB á Íslandi. Árni Þór Sigurðsson svaraði því til að Alþingi hefði verið mjög upptekið við að takast á við fjármálakreppuna og hina pólitísku kreppu sem fylgdi í kjölfarið, og að matvælalöggjöfin mundi bíða nýs þings eftir kosningarnar 25. apríl.

Sérstök vinnuskýrsla Katrínar Júlíusdóttur og Evrópuþingmannsins Diönu Wallis um Ísland, EES og fjármálakreppuna var lögð fram á fundinum. Í skýrslunni er rakið hvernig fjármálakreppan í Evrópu og sér í lagi bankahrunið á Íslandi hafi sýnt fram á galla í löggjöf ESB um fjármálamarkaði sem jafnframt gildir innan EES. Er sérstaklega fjallað um tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi sem gerir ráð fyrir að fjármálastofnanir leggi ákveðið hlutfall innlána (yfirleitt 0,5–1,5%) í tryggingarsjóð til að geta greitt út lágmarkstryggingu innlána að upphæð 21.000 evrur við gjaldþrot einstakra banka. Í tilskipuninni er ekkert sagt fyrir um viðbrögð við hruni heils bankakerfis þegar tryggingarsjóðurinn mun eðli málsins samkvæmt ekki hafa bolmagn til að greiða lágmarkstrygginguna. Íslensk stjórnvöld tókust á við önnur EES-ríki um hvort ríkissjóðir einstakra ríkja ættu að taka á sig greiðslur lágmarkstrygginga þegar tryggingarsjóður viðkomandi ríkis tæmist og varð niðurstaðan sú að íslensk stjórnvöld gengust undir þá skuldbindingu. Í vinnuskýrslunni er bent á galla á tilskipuninni og hvatt til umbóta á regluverki ESB á sviði fjármálamarkaða. Jafnframt er bent á hvernig fjármálakreppan hefur grafið undan innri markaði Evrópu þar sem Ísland hefur t.d. neyðst til að setja strangar hömlur á fjármagnsflutninga og undirstrikað að náin tengsl séu á milli virks innri markaðar og myntsamstarfs. Að lokum eru stofnanir Evrópusambandsins hvattar til að tryggja að ef svo færi að Ísland sækti um aðild að sambandinu verði stutt við fjármálastöðugleika með því að veita Íslendingum hraðan aðgang að evrópska myntsamstarfinu ERM sem yrði fyrsta skrefið í þá átt að taka upp evru.

Í fjarveru Katrínar Júlíusdóttur hélt Árni Þór Sigurðsson framsögu um vinnuskýrsluna ásamt Diönu Wallis. Árni Þór sagði Ísland hafa verið fyrsta vestræna ríkið til að sækja um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í 30 ár en síðan hefðu tvö ESB-ríki, Ungverjaland og Lettland, sótt um og fengið slíka aðstoð. Aðstæður þessara ríkja væru þó mjög ólíkar. Rætur vandans á Íslandi lægju að mati AGS í alltof stóru bankakerfi sem Seðlabankinn gat ekki varið og veitt lán til þrautavara þegar að kreppti. Árni Þór bætti við að vandinn á Íslandi væri jafnframt skipbrot efnahagsstefnu íslenskra stjórnvalda síðustu ár sem einkennst hefði af nýfrjálshyggju, óvarlegri einkavæðingu banka og stóriðjuframkvæmdum sem hefðu valdið ofþenslu sem mætt hefði verið með of háu vaxtastigi. Þá lýsti Árni Þór því hvernig íslensk stjórnvöld hefðu neyðst tímabundið til að setja strangar hömlur á gjaldeyrisviðskipti sem í raun fæli í sér að frelsi til fjármagnsflutninga samkvæmt EES-samningnum væri tímabundið numið úr gildi. Því næst greindi Árni Þór frá deilum um túlkun á tilskipun ESB um innstæðutryggingar þar sem óljóst var um skyldu íslenska ríkisins til þess að greiða lágmarkstryggingu fyrir erlendar innstæður í íslensku bönkunum eftir bankahrunið þegar ljóst var að tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta réð ekki við þær greiðslur. Deilunum lauk með því að íslensk stjórnvöld gerðu samkomulag við nokkur aðildarríki ESB um viðmið sem væru grundvöllur samningaviðræðna við Breta og Hollendinga. Að lokum sagði Árni Þór efnahagshrunið á Íslandi og vandann í ýmsum Austur-Evrópuríkjum ESB sýna vanda þess að viðhalda smáum sjálfstæðum gjaldmiðlum á innri markaði ESB/EES. Þetta hefði leitt til þess

að ýmis þessara ríkja hefðu kallað eftir því að geta tekið evruna upp með skjótum hætti. Þó að evran væri samkvæmt stefnu ESB einungis fyrir aðildarríki sambandsins væri vert að rifja upp að ýmsir gagnrýnendur hefðu bent á þá mótsögn sem fælist í því að evrunni væri ætlað að vera mynt innri markaðarins en stæði ekki EES/EFTA-ríkjunum til boða þrátt fyrir að þau innleiddu allt regluverk markaðarins og tækju í honum fullan þátt.

Diana Wallis ítrekaði í sinni framsöguræðu að framkoma breskra stjórnvalda og ESB við Ísland fyrst eftir bankahrunið hefði verið til vansa og ekki til hjálpar. Evrópuþingmaðurinn Bilyana Raeva, formaður þingmannanefndar EES, áréttaði að evran væri einungis fyrir aðildarríki ESB og að Svartfjallaland og Kósóvó væru af sögulegum ástæðum einu undantekningarnar. Norsku þingmennirnir Svein Roald Hansen og Marianne Aasen spurðust fyrir um hvort Íslendingar mundu taka upp evru stæði hún til boða og hver staðan væri í Evrópuumræðunni á Íslandi. Árni Þór svaraði því til að framtíðarfyrirkomulag í gjaldmiðilsmálum yrði kyrfilega rætt næstu mánuði og að ýmsir möguleikar hefðu verið nefndir í umræðunni, t.d. einhliða upptaka evru eða einhvers konar myntsamstarf við Norðmenn. Líklegt væri að spurningin um hvort Ísland sæki um aðild að ESB yrði útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu en stjórnmálaflokkarnir væru að mestu sammála um að setja málið í þann farveg.

Auk framangreindra dagskrárliða var rætt um skýrslu um vinnumarkaðsmál innan EES en ályktun á grundvelli skýrslunnar var frestað til næsta fundar. Þá var að frumkvæði Norðmanna rætt um selveiðar en tillaga lá fyrir Evrópuþinginu um bann við viðskiptum með selaafurðir innan Evrópusambandsins á þeirri forsendu að veiðiaðferðir væru ómannúðlegar. Norsku þingmennirnir mótmæltu tillögunni harðlega. Þeir sögðu selveiðar Norðmanna mannúðlegar og sjálfbærar auk þess sem þær héldu stofnstærð sela niðri og stuðluðu þannig að auknum fiskveiðikvótum, m.a. í flökkustofnum sem Norðmenn og ESB nýta sameiginlega.

Fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk tengdra funda í Hamar 22. júní 2009.

Auk sameiginlegs fundar þingmanna og ráðherra EFTA fóru eftirfarandi fundir fram í Hamar: Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, fundur þingmannanefndar EFTA og sameiginlegur fundur þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina þau Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir auk Örnu Gerðar Bang starfandi ritara Íslandsdeildar.

Fundur þingmannanefndar EFTA hófst á því að ný Íslandsdeild kynnti sig fyrir nefndarmönnum og Árni Þór Sigurðsson tók við varaformennsku í nefndinni. Breytingar á starfsreglum nefndarinnar voru samþykktar einróma. Þá kynnti Sveinung Roen, sérfræðingur frá viðskipta- og iðnaðarráðuneyti Noregs, framkvæmd og stöðu vinnuhópa EFTA annars vegar um fríverslun og umhverfisvernd og hins vegar fríverslun og félagsleg réttindi á vinnumarkaðnum. Vinnuhóparnir voru settir á laggirnar árið 2008 með það fyrir augum að móta heildstæða stefnu sem brúaði það bil sem ríkir milli stefnumiða EFTA-ríkjanna í umhverfismálum og hvað varðar félagsleg réttindi, þ.e. að hvaða marki eigi að nota fríverslunarsamninga EFTA til að knýja á um aukin félagsleg réttindi og umhverfisvernd. Í umræðum nefndarmanna að kynningu lokinni var m.a. lögð áhersla á mikilvægi viðræðna við lausn deilna í stað þess að beita viðskiptahindrunum. Þá var rætt um hugsanleg málefni og spurningar fyrir fund þingmannanefndarinnar með EFTA-ráðherrum síðar um daginn og ræddi formaður helstu áherslur nefndarinnar.

Næsti dagskrárliður fjallaði um stjórnmálaþróun innan einstakra EFTA-ríkja. Árni Þór Sigurðsson kynnti þróun mála á Íslandi. Hann sagði m.a. frá kosningunum á Íslandi í lok

apríl og að ný vinstri stjórn hefði verið mynduð auk þess sem hlutur kvenna hefði aukist á Alþingi og væru þær nú 43% þingmanna. Þá fjallaði hann um stöðu mála varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB), þingsályktunartillögur ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu um aðildarumsókn að sambandinu og störf utanríkismálanefndar sem vann að málunum. Í framhaldinu sköpuðust líflegar umræður um stöðu og framgang mála á Íslandi. Spurt var um ástæður þess að þjóðin hefði skipt um skoðun og væri líklegri til að styðja aðild að ESB en áður. Valgerður Bjarnadóttir sagði Samfylkinguna hafa viljað sækja um aðild að ESB í mörg ár og því ekki um viðsnúning að ræða hjá þeim. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði að þó meiri hluti þjóðarinnar vildi sækja um aðild þýddi það ekki endilega að meiri hlutinn vilji ganga í sambandið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði meiri hluta Sjálfstæðismanna efast um ávinning þess fyrir þjóðina að sækja um aðild að sambandinu og að flokkurinn legði til tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, annars vegar að kosið yrði um hvort sækja ætti um aðild og hins vegar yrði kosið um inngöngu í ESB. Þá sagði Árni Þór Sigurðsson fjármálakreppuna hafi haft áhrif á viðhorf þjóðarinnar til aðildar að ESB.

Formaður þingmannanefndar EFTA, Brigitta M. Gadient, kynnti nefndarmönnum helstu niðurstöður framkvæmdastjórnarfundar þingmannanefndarinnar sem haldinn var fyrr um morguninn. Árni Þór Sigurðsson og Sigurður Davíð Gunnlaugsson voru fulltrúar Íslandsdeildar á fundinum. Formaður ræddi um fundarsköp þingmannanefndarinnar og starfið framundan. Þá ræddi hún um fyrirhugaða heimsókn nefndarinnar til Moskvu í október 2009. Markmið heimsóknarinnar yrði að eiga viðræður um fríverslunar- og fjárfestingarsamninga ríkjanna, ræða ávinning slíks samnings við rússneska þingmenn og kynna sér viðskiptastefnu Rússlands.

Í janúar 2009 sendi formaður þingmannanefndar EFTA bréf til formanns utanríkismálanefndar færeyska þingsins þar sem beiðni um áheyrnaraðild að nefndinni var svarað. EFTA-ráðið lagði til að fulltrúum færeyska Lögþingsins yrði boðið að sækja fundi nefndarinnar öðru hverju sem og ráðstefnur og aðra atburði sem nefndin stendur að. Ekkert svar hafði borist við bréfi formanns og mælti Árni Þór Sigurðsson með því að Færeyingum yrði boðið til næsta fundar nefndarinnar sem fyrirhugaður var í desember. Búið væri að ræða málið í langan tíma og ekki skynsamlegt að bíða lengur með að bjóða Færeyingum til fundar. Tillaga Árna Þórs var samþykkt á fundinum.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA var helsta dagskrármálið höfundarréttur og fríverslun og hvernig sá málaflokkur horfir við EFTA- ríkjunum, sérstaklega í ljósi þess að um ólíkar áherslur er að ræða þeirra á meðal. Lars Erik Nordgaard, skrifstofustjóri á skrifstofu EFTA og fyrrverandi aðalsamningamaður í viðskipta- og iðnaðarráðuneyti Noregs, fræddi fundarmenn um málið. Í máli sínu varpaði hann m.a. ljósi á það hvernig WTO tekur á höfundarréttarmálum og hvernig þau eru samþætt inn í fríverslunarsamninga. Gert er ráð fyrir að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn á Íslandi að vori 2010, í tengslum við ráðherrafund þingmannanefndarinar.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga og hins vegar um þróun EES, en þetta eru fastir dagskrárliðir á fundum þingmanna og ráðherra EFTA. Sylvia Brustad, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, flutti framsögu um fríverslunarsamningagerð EFTA. Helstu tíðindi af því sviði voru að fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við Samstarfsráð Persaflóaríkja var undirritaður þá um morguninn. Þá sagði hún fagnaðarefni að fríverslunarsamningur við Kanada hefði verið fullgiltur og að nýlega hefði verið undirrituð sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Máritíus. Enn fremur lofaði upphaf viðræðna við

Úkraínumenn, Serba og Albana góðu. Búist væri við að samningar næðust við Indland á árinu 2010. Þá hefðu skref verið stigin til undirbúnings viðræðum milli EFTA og Rússlands. Einnig hefði verið ákveðið að hefja fríverslunarviðræður við Hong Kong og láta kanna hvort fýsilegt væri að hefja viðræður við Víetnam.

Í umræðum ráðherra og þingmanna um þróun EES-samningsins hélt Harry Quaderer, formaður þingmannanefndar EFTA, framsögu og fór m.a. nokkrum orðum um stór mál sem að undanförnu hafa verið innleidd í EES-samninginn, svo sem matvælalöggjöfina. Þá ræddi hann um hugsanlega stækkun EES með aðild San Marino og Andorra og spurði út í þróun mála á Íslandi þar sem miklar umræður hefðu átt sér stað um framtíð samningsins í ljósi stöðu mála og hugsanlegrar aðildarumsóknar Íslands að ESB. Í framhaldinu greindi Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra frá þróun mála á Íslandi og ferli hugsanlegrar aðildarumsóknar að ESB. Þá sagði hann mikilvægt að lærdómur væri dreginn af bankahruninu á Íslandi sem sýndi fram á annmarka á EES-samningnum. Aðildarríki EES tækju að fullu þátt í innri markaði ESB en nytu ekki þess öryggisnets sem aðildarríki ESB búa við. Utanríkisráðherra sagði enn fremur ólíklegt að aðildarríkjum EES yrði fjölgað á næstunni þar sem umræður um það væru á frumstigi. Árni Þór Sigurðsson spurði um stöðu mála varðandi umræðuvettvang fyrir sveitarstjórnarstigið hjá EFTA-ríkjunum. Framkvæmdastjóri EFTA, Kare Bryn, svaraði því til að málið hefði verið rætt meðal EFTA-ráðherranna og fengið jákvæða afgreiðslu og nánari útfærsla yrði kynnt síðar.

Enn fremur hélt Íslandsdeildin óformlegan fund með Svein Roald Hansen, formanni norsku landsdeildar þingmannanefndar EFTA, þar sem hann fræddi nefndarmenn um umsóknarferlið og umræður í norska þinginu í tengslum við umsókn Norðmanna um aðild að ESB 1993.

Fundir sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Moskvu 25.–27. október 2009.

Markmið sendinefndarinnar var að eiga viðræður um ávinning hugsanlegs fríverslunarsamnings EFTA og Rússlands við rússneska þingmenn og stofnanir og kynna sér jafnframt stöðu mála varðandi væntanlega aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA voru í sendinefndinni Árni Þór Sigurðsson formaður og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförnum árum. Með svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa fleiri samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA við ríki utan Evrópusambandsins nú 20 talsins. Engin ríkjasamtök hafa náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og hefur beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Forsaga heimsóknar sendinefndarinnar til Moskvu er sú að á árinu 2008 gerði sérstakur vinnuhópur EFTA-ríkjanna og Rússlands hagkvæmnisathugun á mögulegum fríverslunarsamningi milli landanna. Niðurstaða athugunarinnar leiddi í ljós að slíkur samningur yrði til hagsældar fyrir báða aðila og hafa EFTA og Rússland unnið að því að undirbúa sig fyrir samningaviðræður. Yfirlýsing Rússlands um að ganga í tollabandalag með Hvítarússlandi og Kasakstan hefur þó tafið fyrir ákvörðun um samningaviðræður enda er með því ný staða komin upp.

Á fundi með efnahagsnefnd rússneska þingsins lagði formaður nefndarinnar, Evgenij Fjodorov, áherslu á þá stefnu Rússa að byggja upp fjölbreyttara hagkerfi í stað þess að treysta um of á gas- og olíuvinnslu enda væru þær auðlindir takmarkaðar. Líta ber á vilja Rússa til þess að gerast aðilar að WTO og til þess að gera fríverslunarsamning við EFTA í þessu ljósi. Um hið nýja tollabandalag við Hvítarússland og Kasakstan sagði Fjodorov ríkin stefna á að ganga saman í WTO. Ekki kom fram í máli hans hvaða áhrif tollabandalagið hefði á mögulegar fríverslunarviðræður við EFTA. Á fundinum lögðu EFTA-þingmenn áherslu á jákvæða niðurstöðu hagkvæmnisathugunar á fríverslun EFTA og Rússlands og að samningur þar um mundi auka hagsæld í ríkjunum. Árni Þór Sigurðsson spurðist fyrir um áhrif fjármálakreppunnar á vilja Rússa til fríverslunar, fyrstu viðbrögð við kreppu væru oft að taka upp verndarstefnu í efnahagsmálum en frekar mætti líta á fríverslun við EFTA sem eina aðgerð af mörgum til þess að vinna sig út úr kreppunni. Fjodorov tók undir það og sagði að fjármálakreppan hefði komið illa við Rússa og því væri álitið brýnna en áður að koma á viðskiptasamningum sem gætu haft jákvæð áhrif á þróun hagkerfisins. Í fundarlok bauð Birgitta Gadient, formaður þingmannanefndar EFTA, efnahagsnefnd rússneska þingsins að senda sendinefnd til höfuðstöðva EFTA í Genf á næsta ári.

Auk fundarins með efnahagsnefndinni í rússneska þinginu hitti sendinefndin Morozov, fyrsta varaforseta þingsins, að máli. Á þeim fundi var Morozov mjög jákvæður í garð EFTA og aukinna viðskiptatengsla.

Í efnahagsráðuneyti Rússlands átti sendinefndin fund með Andrei A. Slepnev, aðstoðarráðherra. Slepnev sagði horfur fyrir samningagerð EFTA og Rússlands góðar og að Rússland legði aukna áherslu á bætt viðskiptatengsl sem svar við fjármálakreppunni. Rússar væru að leggja lokahönd á undirbúning fyrir samningaviðræður en tollabandalag við Hvítarússland og Kasakstan mundi þar væntanlega hafa áhrif. Sérfræðingar ráðuneytisins væru að kanna hvaða áhrif tollabandalagið hefði á samskiptin við EFTA en þótt niðurstaða þeirrar könnunar lægi ekki fyrir taldi Slepnev farsælt fyrir EFTA að gera samning við ríkin þrjú í einu lagi. Aðspurður sagði aðstoðarráðherrann ekki útilokað að Rússland og EFTA gerðu tvíhliða samning en taldi æskilegt að hin ríkin tvö gætu átt möguleika á aðild að samningnum á síðari stigum.

Meðan á heimsókn sendinefndarinnar stóð átti hún einnig fundi með samtökum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og samtökum evrópskra fyrirtækja í Rússlandi.

33. fundur þingmannanefndar EES í Þrándheimi 28.–29. október 2009.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn þau Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Jónína Rós Guðmundsdóttir ásamt Sigrúnu Brynju Einarsdóttur, starfandi ritara Íslandsdeildar. Helstu dagskrármál fundarins voru þróun EES-samningsins, samskipti Íslands og Evrópusambandsins í ljósi umsóknar Íslands um aðild að ESB, skýrsla um alþjóðlegu fjármálakreppuna og EES, skýrsla um vinnumarkaðsmál á EES-svæðinu og vinnuskjal um svæðisbundið samstarf sveitar- og héraðsstjórna innan EES.

Að vanda var embættismönnum boðið á fund nefndarinnar til að ræða þróun og framkvæmd EES-samningsins og eftirfylgni ályktana sem samþykktar voru á síðasta fundi. Framsögu höfðu Helge Skaara frá fastanefnd Noregs gagnvart ESB, Michael Sahlin, sendiherra Svíþjóðar sem kom fram sem fulltrúi formennskuríkis ESB í EES-ráðinu, Lars Olof Hollner frá framkvæmdastjórn ESB og Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA. Í tengslum við þær umræður var spurt hvenær Ísland mundi innleiða matvælalöggjöf Evrópusambandsins

og upplýsti Árni Þór Sigurðsson að málið væri til meðferðar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og hann væri vongóður um að meðferð þingsins lyki innan skamms. Fram kom í máli Per Sanderud að nokkur mál tengd ríkisstyrkjum á Íslandi væru til meðferðar hjá ESA. Þau hefðu komið upp í tengslum við endurfjármögnun bankanna og mikilvægt væri að meðhöndla þau hratt og vel.

Árni Þór Sigurðsson hafði framsögu um samskipti Íslands og Evrópusambandsins og gerði m.a. grein fyrir þeirri hröðu þróun mála sem hefði orðið frá síðasta fundi sameiginlegu nefndarinnar í mars. Hann sagði að Ísland væri eins vel undirbúið fyrir aðild að ESB og nokkurt ríki gæti verið, hafandi innleitt meira en ⅔ hluta af löggjöf sambandsins, auk þess sem Ísland hefði tekið fullan þátt í Schengen-samstarfinu frá 1996. Hann kvað efnahagskreppuna hafa verið pólitískan hvata að aðildarumsókninni en ekki aðalástæðuna og að stuðningsmenn aðildar teldu aðildina tryggja efnahagslegan stöðugleika til langs tíma. Benti Árni Þór á að mörg önnur ríki hefðu sótt um aðild að ESB á erfiðum tímum og það væri því ekkert nýtt í tilfelli Íslands. Aðildarumsóknin væri hins vegar umdeild á Íslandi og gerði Árni Þór grein fyrir stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í málinu. Hann lagði áherslu á þekkingu og reynslu Íslendinga af endurnýtanlegum orkugjöfum, stjórn sjálfbærra fiskveiða, jafnrétti kynjanna, umhverfismálum og málefnum Norðurskautsins sem svið þar sem Íslendingar gætu lagt ýmislegt af mörkum til ESB ef til aðildar kæmi. Varðandi samningaviðræðurnar sjálfar sagði hann vonir Íslendinga standa til þess að ljúka þeim á 12–24 mánuðum og lagði áherslu á að Íslendingar vildu eingöngu njóta sanngirni í þeim en sæktust ekki eftir sérmeðferð. Erfiðustu samningsmálin yrðu væntanlega sjávarútvegur og landbúnaður.

Töluverðar umræður sköpuðust í kjölfar framsögu Árna Þórs. Aðspurður um tengslin milli ESB-umsóknarinnar og Icesave-samninganna lagði Árni Þór áherslu á að þau tengsl væru Íslendingum ekki að skapi, Icesave-deilan væri tvíhliða deila og ætti að leysast sem slík. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gagnrýndi Bretland og Holland harðlega fyrir að hafa notað styrk sinn á alþjóðavettvangi og m.a. beitt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir sig til að neyða Ísland til samninga sem væru fjarri því sem hægt væri að ná þegar ríki gengu jöfn að samningaborði. Hann kvaðst telja þær aðstæður sem nú væru uppi verstu hugsanlegu aðstæður til að sækja um ESB-aðild og skoðanakannanir væru til marks um það. Valgerður Bjarnadóttir sagði að frá hennar bæjardyrum séð tengdist aðildarumsóknin ekki efnahagskreppunni þar sem Samfylkingin hefði talað fyrir aðild í áratug, en almenningsálitið væri hins vegar á annan veg um þessar mundir sem gerði málið erfiðara.

Emil Steffensen, aðstoðarforstjóri norska fjármálaeftirlitsins (Kredittilsynet), ræddi við nefndina um alþjóðlegu fjármálakreppuna og fjármálaeftirlit í ESB út frá skýrslu de Larosière hópsins. Hann lagði áherslu á þær aðgerðir sem hefðu átt sér stað til að stemma stigu við kreppunni og sagði m.a. að á vettvangi G20-ríkjanna færi nú fram vinna við að styrkja alþjóðlegt fjármálaumhverfi, regluverk þess sem og eftirlit með því. Hann sagði að þrátt fyrir að fjármálalífið sýndi greinileg merki um að vera að rétta úr kútnum væri enn töluverð hætta á ferðum og traust almennings á fjármálamörkuðum hefði borið alvarlegan hnekki.

Skýrsla Árna Þórs Sigurðssonar og Evrópuþingmannsins Pauls Rübig um EES og alþjóðlegu fjármálakreppuna var lögð fram á fundinum til samþykktar. Í framsögum Árna Þórs og Pauls Rübig kom fram að efnistök skýrslunnar hefðu verið víkkuð út frá fyrri vinnuskýrslu og að nú væri í henni að finna almennari umræðu um galla á fjármálaregluverki ESB og þörfina á víðtækum úrbótum þrátt fyrir að grunnur skýrslunnar væri enn byggður á reynslu Íslands af hruninu. Árni Þór ræddi þann vanda sem myndaðist í ljósi þess að tilskipun ESB

um innstæðutryggingar gerði ekki ráð fyrir þeim möguleika að heilt bankakerfi gæti hrunið né heldur kom skýrt fram í henni nokkur lagaleg skylda stjórnvalda til að ábyrgjast lágmarksinnstæðutryggingar. Hann gagnrýndi hin EES-ríkin harðlega fyrir að koma í veg fyrir að málið væri lagt í gerðardóm eða fyrir annan dómstól í því skyni að koma í veg fyrir að evrópska bankakerfinu væri teflt í tvísýnu og sagði Íslendinga eiga erfitt með að sætta sig við að þurfa að bera allan kostnað af því að verja það. Þá gagnrýndi Árni Þór Bretland sérstaklega fyrir beitingu hryðjuverkalaga gagnvart Íslandi og sagði slíka framkomu fordæmalausa meðal vinaþjóða. Hann nefndi einnig þá löngu töf sem orðið hefði á endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætlun Íslands, kvað hana ganga gegn starfsreglum sjóðsins og lýsti efasemdum um að sjóðurinn hefði komið fram með sama hætti gegn stærri og sterkari þjóðum en Íslandi. Í umræðum eftir framsögurnar kom fram skýr vilji til að styrkja alþjóðlega samvinnu á sviði fjármálaeftirlits og regluverks. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kvað Íslendinga vera mjög vonsvikna með bankana og bankamenn, en minnti á að jafnframt þyrfti að hafa í huga hvar kerfið sjálft hefði brugðist. Þrátt fyrir allt hefði starfsemin hér á landi verið í samræmi við evrópskar reglur og væri enn, en engu að síður væri verið að velta við hverjum steini á Íslandi til að rannsaka hvað hefði brugðist.

Að umræðum loknum var ályktun á grundvelli skýrslunnar samþykkt samhljóða. Í ályktuninni sagði m.a. að tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi væri óljós varðandi lagalega ábyrgð ríkja til þess að styðja innstæðutryggingarsjóði við kreppu í bankakerfi eða algjört kerfishrun. Þá er í ályktuninni harmað að Ísland virðist hafa verið beitt óeðlilegum þrýstingi innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að fallast á þá lagatúlkun tilskipunarinnar um innstæðutryggingar sem hin ESB- og EES-ríkin sameinuðust um.

Einnig var lögð fram á fundinum vinnuskýrsla um vinnumarkaðsmál og -löggjöf innan EES sem Steinar Gullvåg og Catherine Stihler höfðu framsögu um. Í máli þeirra kom m.a. fram mikilvægi þess að sanngjörn samkeppni á vinnumarkaði færi fram samkvæmt sömu skilmálum alls staðar á EES-svæðinu og að gagnsæi væri í vinnumarkaðsmálum. Að loknum umræðum var ályktun á grundvelli skýrslunnar samþykkt samhljóða.

Þá ræddu nefndarmenn vinnuskjal um héraða- og svæðasamvinnu innan EES-svæðisins, en fram kom að Svisslendingar hefðu hafnað því að standa að slíku samstarfi þar sem kantónurnar og bæjarfélögin þar væru frjáls og hefðu afmarkaðar valdheimildir. Því væri ekki hægt að binda þau í alþjóðlegt samstarf. Svein Roald Hansen sagði nauðsynlegt að virða þessa afstöðu Svisslendinga en sagði að í Noregi væru menn mjög áhugasamir um að taka þátt í samstarfi á sveitarstjórnarstigi. Árni Þór Sigurðsson sagði sveitarstjórnarstigið vera afar mikilvægt í velflestum ríkjum Evrópu og að ⅔ hlutar Evrópulöggjafar kæmu til kasta sveitarfélaga eða hefðu áhrif á þau á einhvern hátt. Þá kom fram í umræðum að alþjóðlegt samstarf gæti verið þung byrði fyrir lítil sveitarfélög þótt þau stærri hefðu burði til að takast á við það.

Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og fundur þingmannanefndar og utanríkisráðherra EES/EFTA í Brussel 16. nóvember 2009.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Jónína Rós Guðmundsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Helsta málið á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var að fara yfir fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, fyrir árið 2010. Per Sanderud, forseti ESA, kynnti fjárhagsáætlunina og í máli hans kom fram að hún væri óbreytt að nafnvirði frá fyrra ári og því væri um raunlækkun að ræða ef tekið væri tillit til verðlagsbreytinga og ýmissa kostn-

aðarhækkana. Eftirlitsstofnunin fengi sífellt fleiri mál til umfjöllunar og nefndi Sanderud kvartanir sem tengjast bankahruninu á Íslandi sem dæmi um viðamikil mál sem ESA fæst við. Þá var fjallað um drög að áliti um fjárhagsáætlunina og þau samþykkt. Fyrir hönd Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA eiga Árni Þór Sigurðsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sæti í framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar og sátu þeir fundinn.

Löng hefð er fyrir fundum þingmannanefndar og ráðherra EFTA í tengslum við reglulega ráðherrafundi EFTA í júní og desember sem helgaðir eru fríverslunarmálum. Þingmannanefndin fór fram á það í byrjun árs að eiga fund með utanríkisráðherrum EES/EFTA-ríkjanna í tengslum við reglulegan haustfund þeirra um stöðu og rekstur EES-samningsins og urðu ráðherrarnir við því. Norðmenn fóru með formennsku í EFTA og í upphafi fundar flutti Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, framsögu. Støre lagði í máli sínu áherslu á að þótt EES-samningurinn hafi ekki verið ætlaður til langframa á sínum tíma hefði hann haft nægan sveigjanleika til að aðlagast þeim miklu breytingum sem orðið hefðu á Evrópusambandinu síðustu 15 árin. Svo yrði áfram við gildistöku Lissabonsáttmálans en breytingar sem honum fylgja eins og aukin völd og vægi Evrópuþingsins hafa ekki mikil áhrif á EES. Þá gerði Støre grein fyrir helstu málum sem rædd voru á fundi ráðherraráðs EES fyrr um daginn en þau voru fjármálakreppan og umbætur á regluverki um fjármálamarkaði; loftslagsbreytingar og undirbúningur fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn; og samningaviðræður um framlög í þróunarsjóð EFTA fyrir fátækari ríki ESB á árunum 2009–2013.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ræddi m.a. um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, galla á regluverki ESB um innstæðutryggingar og þær miklu byrðar sem legðust á Íslendinga vegna bankahrunsins. Utanríkisráðherra sagði erfitt að viðhalda örgjaldmiðli í heimi hnattrænna fjármálaviðskipta, Ísland yrði að taka upp nýjan gjaldmiðil og sá yrði vonandi evra.

Árni Þór Sigurðsson spurði ráðherrana nánar út í áhrif Lissabonsáttmálans á rekstur EES-samningsins og jafnframt út í samningaviðræður um þróunarsjóð EFTA og áætluð lok þeirra. Støre svaraði því til að vissulega mundu þær umbætur á stjórnkerfi Evrópusambandsins sem felast í Lissabonsáttmálanum gera ákvarðanatöku snarpari á vettvangi sambandsins og því yrðu EES/EFTA-ríkin að leggja sig betur fram um að fylgja ákvörðunum stofnana ESB eftir. Það ætti hins vegar ekki að reynast EES/EFTA-ríkjunum vandamál. Hvað varðar þróunarsjóð EFTA fyrir árin 2009–2013 kvaðst Støre vonast til að niðurstaða fengist í samningaviðræðunum áður en formennsku Svía í Evrópusambandinu lyki um áramót.

Á fundinum var að auki fjallað um endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og áhrif hennar á umsókn Íslands um aðild að sambandinu; ákvörðun ráðherra EFTA um að koma á fót sérstakri nefnd fulltrúa sveitar- og svæðisstjórna EES/EFTA-ríkjanna sem ætlað er að eiga samstarf við sambærilega nefnd Evrópusambandsins um málefni sveitar- og svæðisstjórna innan EES; og nýja skýrslu um gæði löggjafar innan EES.

Fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk tengdra funda í Genf og Bern 17.–18. desember 2009.

Í Genf fór fram sameiginlegur fundur þingmanna og ráðherra EFTA og einnig fundur þingmannanefndar EFTA. Þá heimsótti þingmannanefndin svissneska þingið í Bern. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og ráðherra EFTA var einkum fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga, en það er fastur dagskrárliður á slíkum fundum. Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförnum árum. Vegna lítils árangurs í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa ýmis samtök ríkja og einstök lönd lagt áherslu á gerð tvíhliða eða svæðisbundinna fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og hafa engin ríkjasamtök náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu. Á fundinum flutti Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, framsögu um stöðu og horfur fríverslunarsamninga EFTA. Í máli Frick kom m.a. fram að fríverslunarsamningar EFTA við Serbíu og Albaníu hefðu verið undirritaðir sama dag og þar með væru 20 fríverslunarsamningar EFTA í gildi. Þá væri búist við að samningur við Perú yrði undirritaður í nánustu framtíð. Fleiri fríverslunarsamningar eru í bígerð og nefndi Frick sérstaklega að vonast væri til að formlegar samningaviðræður hæfust við Rússa á árinu 2010. Þá væri stefnt að því að ljúka gerð fríverslunarsamnings við Úkraínu á árinu auk þess sem viðræðum yrði haldið áfram við Indland. Þá yrði gerð hagkvæmnisathugun á mögulegum fríverslunarsamningi EFTA við Víetnam en slíkar athuganir eru algengur fyrirboði formlegra samningaviðræðna.

Birgitta Gadient, formaður þingmannanefndar EFTA, lagði áherslu á að þingmenn EFTA hefðu á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna. Þingmannanefnd EFTA hefði í því skyni beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga. Gadient gerði m.a. grein fyrir heimsókn sendinefndar þingmanna EFTA til Moskvu í október sl. en markmið heimsóknarinnar var að afla stuðnings á meðal rússneskra þingmanna og yfirvalda við fyrirhugaðar fríverslunarviðræður. Þingmenn EFTA áttu fundi með efnahagsnefnd rússneska þingsins og aðstoðarráðherra efnahagsmála þar í landi þar sem m.a. var rætt um áhrif fjármálakreppunnar á rússneskt efnahagslíf, væntanlega aðild Rússlands að WTO og nýgert tollabandalag Rússlands við Kasakstan og Hvíta-Rússland. Spurði Gadient ráðherrana sérstaklega út í áhrif tollabandalagsins á komandi viðræður.

Árni Þór Sigurðsson sagði ljóst eftir heimsókn þingmannanna til Moskvu að Rússar legðu mikla áherslu á nýsköpun og uppbyggingu nýrra atvinnuvega, einkum upplýsingatækni, til þess að vega upp á móti minnkandi olíutekjum og yfirstandandi fjármálakreppu. Rússar litu á fríverslunarsamning við EFTA sem einn lið í þeirri viðleitni. Árni Þór spurði ráðherrana hvort EFTA hefði greint viðhorfsbreytingu og aukinn samningsvilja hjá Rússum eftir að fjármálakreppan hófst. Þá spurði Árni Þór út í forgangsröðun í starfi EFTA. Ljóst væri að skrifstofa EFTA hefði takmarkaðan mannafla og bjargir og því væri brýnt að leggja megináherslu á fríverslunarviðræður við stór og mikilvæg samstarfsríki eins og Rússland og Indland. Að lokum spurði Árni Þór hvort til stæði að taka upp nánara samstarf við Færeyjar en Færeyingar hafa lýst yfir áhuga á aðild að EFTA.

Frick svaraði því til að nýgert tollabandalag Rússlands við Kasakstan og Hvíta-Rússland hefði tafið fyrir fríverslunarviðræðum við Rússa enda var óljóst hvort Rússar óskuðu eftir því að ríkin tvö yrðu aðilar að fríverslunarsamningnum. Nú væri ljóst að slík krafa væri ekki uppi og búast mætti við upphafi formlegra samningaviðræðna von bráðar. Ekki hefði orðið vart sérstakra viðhorfsbreytinga Rússa í kjölfar fjármálakreppunnar en ljóst væri að samningaviðræður við Rússa yrðu settar í forgang í starfi EFTA líkt og samningar við Indland enda eftir miklu að slægjast í fríverslun við þessi stóru og mikilvægu hagkerfi.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, tók til máls og sagði Íslendinga ætíð hafa stutt mögulega aðild Færeyja að EFTA. Doris Leuthard, efnahagsráðherra Sviss, sagði

hugmyndir um aðild Færeyja að EFTA á skjön við stofnsamning og lagaramma samtakanna og því illmögulegar. Árni Þór sagði málið snúast um pólitískan vilja, ef hann væri skýr væri hægt að finna lausn á mögulegum stofnanalegum eða lagatæknilegum hindrunum.

Gylfi Magnússon fór nokkrum orðum um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og að því loknu kynnti Frick þá ákvörðun ráðherranna að skipa sérstakan vinnuhóp til að meta hvaða áhrif hugsanleg Evrópusambandsaðild Íslands kunni að hafa á EFTA.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var m.a. fjallað um utanríkissamskipti Færeyja og var John Johannessen, formaður utanríkismálanefndar færeyska þingsins, gestur fundarins. Í máli hans kom fram að þverpólitísk samstaða væri í Færeyjum um aðildarumsókn til EFTA. Færeyingar sjá aðild að EFTA fyrst og fremst sem tæki til þess að liðka fyrir uppbyggingu nýrra atvinnugreina í Færeyjum. Johannessen sagði eyjarnar of háðar sjávarútvegi og fjölbreyttara atvinnulíf væri Færeyingum nauðsynlegt. Hann lagði jafnframt áherslu á að EFTA-aðild væri ekki hugsuð til þess að bæta markaðsaðgang fyrir sjávarútveginn og að við endurskoðun eða gerð nýrra fríverslunarsamninga EFTA mundu Færeyingar ekki gera kröfur á sviði sjávarútvegs sem gengju lengra en þær sem Íslendingar eða Norðmenn settu fram. Þá sagðist Johannessen gera sér grein fyrir lagatæknilegum hindrunum en undirstrikaði að samkvæmt fyrirkomulagi sjálfstjórnar Færeyinga innan ríkissambandsins við Dani væri þeim heimilt að gerast aðilar að alþjóðastofnunum sem Danmörk væri ekki aðili að og þeir hefðu fullan stuðning danskra stjórnvalda til þess.

Valgerður Bjarnadóttir ítrekaði stuðning Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA við mögulega aðild Færeyja að EFTA og nánara samstarf þingmannanefndarinnar við færeyska þingið. Gerði hún að tillögu sinni að nefndin léti gera úttekt á þeim lagatæknilegu hindrunum sem sagðar væru standa í vegi fyrir aðild Færeyinga að EFTA. Í umræðu síðar á fundinum um pólitíska þróun í EFTA-ríkjunum gerði Valgerður grein fyrir stöðu Icesave-málsins, umsóknarferli Íslands um aðild að Evrópusambandinu og fyrirhugaðri innleiðingu matvælalöggjafar sambandsins á Íslandi.

Á fundinum var þingmannanefnd EFTA valin forusta fyrir starfsárið 2010. Var Árni Þór Sigurðsson kosinn formaður og norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen varaformaður.

Auk þess sem að framan er nefnt var á fundi þingmannanefndarinnar rætt um alþjóðlegu fjármálakreppuna og möguleika til umbóta á regluverki alþjóðlegra viðskipta; alþjóðleg viðskipti og félagslega ábyrgð; og hlutverk og möguleika þjóðþinga Evrópusambandsins eftir að Lissabonsáttmálinn tók gildi.

Í heimsókn þingmannanefndarinnar í svissneska þingið fékk nefndin ítarlega kynningu á tvíhliða samstarfi Sviss og Evrópusambandsins.

6. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2009.

- Ályktun um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2008, samþykkt í Strassborg 25. mars 2009.
- Ályktun um EES og alþjóðlegu fjármálakreppuna, samþykkt í Þrándheimi 28. október 2009.

– Ályktun um vinnumarkaðsmál innan EES, útsenda starfsmenn og frelsi til að veita þjónustu, samþykkt í Þrándheimi 28. október 2009.

Alþingi, 10. mars 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form.	Valgerður Bjarnadóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.		Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

797. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um Íslandsstofu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Gunnarsson, Auðun Atlason og Júlíus Hafstein frá utanríkisráðuneyti, Jón Ásbergsson frá Útflutningsráði, Ólöfu Ýri Atladóttur og Jón Gunnar Borgþórsson frá Ferðamálastofu, Vilhjálm Egilsson og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Arason, Kristínu Kalmarsdóttur og Ingunni Ólafsdóttur frá Ríkisendurskoðun, Eirík Blöndal frá Bændasamtökum Íslands, Unni Halldórsdóttur frá Ferðamálasamtökum Íslands, Sif Gunnarsdóttur frá Höfuðborgarstofu, Ástu Þorleifsdóttur frá Markaðsstofu Austurlands, Kristján Pálsson frá Markaðsstofu Suðurnesja, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði, Þórð H. Hilmarsson frá Fjárfestingarstofu, Kolbrúnu Halldórsdóttur frá Bandalagi íslenskra listamanna, Kristínu Mjöll Jakobsdóttur frá Félagi íslenskra tónlistarmanna, Laufeyju Guðjónsdóttur frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, Jóhannes Þórðarson frá Listaháskóla Íslands, Halldór Björn Runólfsson frá Listasafni Íslands, Sigríði Magnúsdóttur og Þorkel Magnússon frá Arkitektafélagi Íslands, Höllu Helgadóttur frá Hönnunarmiðstöð Íslands, Ágúst Frey Ingason frá Latabæ, Ernu Hauksdóttur og Árna Gunnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, og Einar Karl Haraldsson, Arnar Guðmundsson, Karitas Gunnarsdóttur og Auði Eddu Jökulsdóttur úr verkefnastjórn vegna undirbúnings að stofnun Íslandsstofu.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá utanríkisráðuneyti (skýrsla verkefnastjórnar vegna undirbúnings að stofnun Íslandsstofu), Arkitektafélagi Íslands, Árnesi gistihúsi, Bandalagi íslenskra listamanna, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eldingu/hvalaskoðun, Ferðamálasamtökum Íslands, Ferðamálastofu, Félagi íslenskra tónlistarmanna, Fjárfestingarstofu, Gyðju Collection, Hönnunarmiðstöð Íslands ehf., Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Jóni Ólafi Ólafssyni arkitekt, Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga, Kvikmyndamiðstöð Íslands, landlæknisembættinu, Landspítala, Latabæ ehf., Life Navigation, Listaháskóla Íslands, Listasafni Íslands, Markaðsstofu Austurlands, Markaðsstofu Suðurnesja, Mentor ehf., Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Reykjavíkurborg (Höfuðborgarstofu), Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Útflutningsráði Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Þjóðminjasafni.

Enn fremur barst nefndinni álit iðnaðarnefndar Alþingis en utanríkismálanefnd óskaði eftir áliti nefndarinnar varðandi afmarkaða þætti frumvarpsins, einkum hvort þörf væri á frekari lagabreytingum tæki það gildi.

Markmið frumvarpsins er að setja á laggirnar nýja starfsemi, Íslandsstofu („Promote Iceland“), á grunni Útflutningsráðs Íslands. Núgildandi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, verða felld úr gildi verði frumvarpið að lögum. Gert er ráð fyrir að verkefni Íslandsstofu verði viðameiri en verkefni Útflutningsráðs eru nú. Í fyrsta lagi er Íslandsstofu ætlað að setja skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu og þekkingariðnaði koma til samstarfs við hið opinbera um að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Í öðru lagi verður markaðs- og kynningardeild Ferðamálastofu rekin innan vébanda Íslandsstofu sem mun fá það lögbundna hlutverk að laða til landsins erlenda ferðamenn. Til að sinna verkefnum sínum skal Íslandsstofa byggja starf sitt á bestu fáanlegu fagþekkingu á sviði útflutningsaðstoðar og ferða- og ímyndarmála, þannig að samstarf hins opinbera og einkaaðila lúti ávallt faglegri stefnumótun og starfsaðferðum til langs tíma í þessum veigamikla málaflokki.

Í frumvarpinu er hlutverk Íslandsstofu skilgreint nánar sem fimmþætt: Í fyrsta lagi verður Íslandsstofa samstarfsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila þar sem mótuð verður samræmd stefna um uppbyggingu ímyndar og orðspors Íslands, en jákvæð ímynd styrkir útflutningsstarfsemi og laðar að erlenda ferðamenn og fjárfesta. Í öðru lagi mun Íslandsstofa veita fyrirtækjum alhliða faglega aðstoð, fræðslu og ráðgjöf við að kynna og selja vörur, þjónustu og þekkingu á erlendum mörkuðum. Í þriðja lagi er Íslandsstofu ætlað það hlutverk að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdri og stefnumiðaðri kynningu á Íslandi sem áfangastað. Í fjórða lagi skal Íslandsstofa laða til landsins erlenda fjárfestingu. Í fimmta lagi skal Íslandsstofa styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis, enda er íslenskur menningararfur og íslensk menning grunnstoð ímyndar og orðspors Íslands.

Umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir í garð frumvarpsins og fögnuðu markmiði þess um að sameina og samþætta málaflokka sem snúa að útflutningsaðstoð, markaðsstarfi ferðaþjónustu, kynningu á kostum landsins fyrir erlenda fjárfesta, kynningu á íslenskri menningu og almennum ímyndar- og orðsporsmálum. Flestir hagsmunaaðilar hvöttu jafnframt til þess að frumvarpið yrði að lögum hið fyrsta. Með frumvarpinu er kröfum um bætt samstarf ólíkra greina og hagsmunaaðila mætt auk þess sem sú samþætting á að skila sér í því að fjármunir til markaðs- og kynningarstarfs erlendis nýtist betur. Algengustu athugasemdir umsagnaraðila lutu að samsetningu stjórnar Íslandsstofu og verkaskiptingu hennar innbyrðis.

Við umfjöllun utanríkismálanefndar beindi hún sjónum sínum einkum að álitamálum sem varða stjórnskipulega stöðu Íslandsstofu, skipun stjórnar stofunnar, fagráðum, verkefnum aðalfundar, mögulegri þörf á frekari lagabreytingum og mikilvægi þess að í raun og sanni verði komið á fót nýrri starfsemi á grunni Útflutningsráðs.

Samkvæmt frumvarpinu er Íslandsstofa samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda. Sem samstarfsvettvangur opinberra aðila og atvinnulífsins verður hún sjálfstæð stofnun með blandaða stjórn. Íslandsstofu er þannig mörkuð sama staða innan stjórnkerfisins og Útflutningsráði nú. Þannig er lagt til að Íslandsstofa verði stofnuð á grunni Útflutningsráðs og yfirtaki réttindi þess og skuldbindingar, sem og eignir og skuldir, sbr. bráðabirgðaákvæði I. Á þessu er hnekkt í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, þar sem sjálfstæði fjárhags og reikningshalds Íslandsstofu er áréttað og jafnframt tekið fram að þetta sé sambærilegt fyrirkomulag og gilt hefur um Útflutningsráð hingað til. Í athugasemdum við frumvarp að gildandi lögum um útflutningsaðstoð segir m.a. að Útflutningsráð Ís-

lands hafi frá upphafi verið rekið sem „hálfopinber stofnun“ með lögákveðinn gjaldstofn. Nefndin hefur kynnt sér skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Útflutningsaðstoð og Landkynning*, frá desember 2009 og rætt efni hennar við fulltrúa stofnunarinnar. Í skýrslunni kemur fram að æskilegt sé að staða Íslandsstofu innan stjórnkerfisins verði skýrð betur en gert er í frumvarpinu, ekki síst í ljósi þess að Íslandsstofa mun bera ábyrgð á og ráðstafa umtalsverðu opinberu fjármagni. Þá segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að með skýrri ábyrgð eins ráðuneytis aukist líkur á árangursríkri stjórnun og góðri nýtingu fjármuna og mannafla. Þó varar Ríkisendurskoðun við því að Íslandsstofa verði of miðstýrð á kostnað sveigjanleika og fjölbreytni.

Nefndin leggur áherslu á að Íslandsstofa verði sjálfstæð líkt og Útflutningsráð og telur jafnframt að koma megi til móts við ábendingar Ríkisendurskoðunar með tvennum hætti svo til bóta sé. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu lagt til að utanríkisráðherra skipi stjórnarformann Íslandsstofu, sem er breyting frá því fyrirkomulagi sem gilt hefur um Útflutningsráð þar sem stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nefndin telur að með þeirri breytingu sé ábyrgð utanríkisráðherra á málaflokknum undirstrikuð. Í öðru lagi gerir nefndin þá breytingartillögu við 4. gr. frumvarpsins að Ríkisendurskoðun sjái um reglubundna endurskoðun reikninga Íslandsstofu. Það er breyting frá því sem gilt hefur um Útflutningsráð sem hefur nýtt sér sjálfstæða endurskoðunarskrifstofu.

Um stjórn Íslandsstofu segir m.a. í frumvarpinu: „Stjórnina skipa níu menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmann eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn án tilnefningar. Skal sá vera formaður stjórnar.“ Eins og fyrr sagði lutu flestar athugasemdir umsagnaraðila að samsetningu stjórnar Íslandsstofu og komu fram ábendingar um marga aðila sem ættu fullt erindi í stjórn. Meðal annars voru færð rök fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Bandalag íslenskra listamanna og Ferðamálasamtök Íslands ættu að eiga fulltrúa í stjórn. Nefndin ræddi hvort fjölga ætti stjórnarmönnum og varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja til að fjölga þeim um tvo í því augnamiði að tryggja breiðari aðkomu ólíkra sjónarmiða að stjórnarborðinu. Jafnframt er nefndin því samþykk að fulltrúar atvinnulífsins fari með meiri hluta í stjórn, eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Nefndin telur þó að ná megi meiri fjölbreytni með því að einskorða þá fulltrúa ekki við Samtök atvinnulífsins. Nefndin bendir á að markaðsgjaldið sem er til fjármögnunar Íslandsstofu er lagt á gjaldstofn tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Gjaldið er lagt á allar launagreiðslur og er tekjustofn Íslandsstofu því mun víðar en innan vébanda Samtaka atvinnulífsins. Nefndin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að Ferðamálasamtök Íslands tilnefni einn stjórnarmann til þess að tryggja breiða aðkomu ferðaþjónustunnar. Þá ræddi nefndin hvort skilyrða ætti að fulltrúar Samtaka atvinnulífsins kæmu frá tilteknum aðildarfélögum samtakanna, svo sem Samtökum ferðaþjónustu. Nefndin leggur ekki til breytingu á frumvarpinu í þá átt, en undirstrikar mikilvægi þeirrar atvinnugreinar í starfsemi Íslandsstofu. Loks leggur nefndin til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni einn fulltrúa í stjórnina og er það gert í ljósi mikilvægis matvælageirans og væntinga til aukins hlutar hans í útflutningi landsmanna til framtíðar.

Nefndin leggur áherslu á að auka vægi fagráða innan Íslandsstofu og að þau verði farvegur fleiri aðila til virkrar þátttöku í starfsemi stofunnar. Í því skyni leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þannig að sérstaklega verði kveðið á um stofnun fagráða á sviði menningarmála, umhverfismála og matvælagreina til viðbótar við fagráð á sviði markaðs- og kynningarmála ferðaþjónustunnar erlendis og fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi. Þá leggur nefndin

til að stjórn Íslandsstofu geti skipað fagráð á fleiri sviðum og að þeir aðilar sem eiga fulltrúa í fagráðum hafi aðkomu að aðalfundi Íslandsstofu.

Nefndin telur að skilgreina þurfi hlutverk aðalfundar Íslandsstofu nánar en gert er í frumvarpinu. Nefndin leggur því fram breytingartillögur sem kveða á um að á aðalfundi kynni stjórn Íslandsstofu stefnumótun stofnunarinnar, geri grein fyrir störfum sínum og fagráða, og birti rekstraráætlanir og ársreikninga. Seturétt á aðalfundi hafi þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu og jafnframt þeir sem eiga fulltrúa í fagráðum Íslandsstofu. Stjórninni er þar að auki heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi.

Í viðræðum nefndarinnar við umsagnaraðila komu fram ólík viðhorf til þess hvort stofnun Íslandsstofu kallaði á aðrar lagabreytingar og voru lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála, sérstaklega nefnd í því sambandi. Nefndin óskaði eftir áliti frá iðnaðarnefnd Alþingis um málið og fylgir það nefndaráliti þessu. Niðurstaða iðnaðarnefndar var að rétt væri að bíða með allar lagabreytingar þar til ljóst yrði hvort frumvarpið yrði að lögum og þar til Íslandsstofa hefði hafið starfsemi. Iðnaðarnefnd taldi hins vegar að þegar nokkur reynsla yrði komin á rekstur Íslandsstofu væri eðlilegt að endurskoða lög um skipan ferðamála til samræmis. Utanríkismálanefnd hvetur til þess að hugað verði að þessum breytingum hið fyrsta eftir að Íslandsstofu hefur verið komið á fót, enda er það mikilvægur hluti af því að leggja áherslu á að Íslandsstofa er ný starfsemi en ekki framlenging þess sem fyrir er.

Að lokum vill nefndin ítreka að með stofnun Íslandsstofu sé nýrri starfsemi með ný verkefni komið á fót þó að það sé gert á grunni Útflutningsráðs. Íslandsstofa mun að mörgu leyti hafa breytt hlutverk og fleiri markmið en Útflutningsráð og markaðshluti Ferðamálastofu og því er brýnt að hin nýja stofa verði byggð upp í samræmi við það. Aðeins þannig verður kröftum um eflt samstarf ólíkra greina og hagsmunaaðila mætt svo úr verði öflug og drífandi starfsemi sem stendur undir markmiðum frumvarpsins um að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Loks leggur nefndin til nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að utanríkisráðherra skuli boða til stofnfundar Íslandsstofu innan átta vikna frá gildistöku laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Helgi Hjörvar.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.		Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um Íslandsstofu.

Frá iðnaðarnefnd.

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar frá 12. febrúar 2010 þar sem iðnaðarnefnd er beðin um álit á frumvarpi laga um Íslandsstofu (158. mál). Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Ýri Atladóttur ferðamálastjóra, Helgu Haraldsdóttur og Vigdísi Evu Líndal frá iðnaðarráðuneyti og Baldvin Jónsson, verkefnastjóra Áforma.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði Íslandsstofa (Promote Iceland) sem taki við verkefnum Útflutningsráðs Íslands og að undir hana heyri jafnframt fleiri verkefni. Er frumvarpinu ætlað að koma til móts við hugmyndir um aukið samstarf opinberra aðila og atvinnulífs, markvissari nýtingu fjármuna, aukna samhæfingu og öflugri þjónustu.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk Íslandsstofu. Það er þrennt sem nefndin fjallaði helst um og tengist málefnasviði hennar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Íslandsstofa verði samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til að efla ímynd og orðspor Íslands. Með öðrum orðum er ætlunin að setja skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu og þekkingariðnaði verði í samstarfi við opinbera aðila um að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Í öðru lagi er mælt fyrir um að hlutverk Íslandsstofu verði fólgið í að laða erlenda ferðamenn til landsins og er í því skyni gert ráð fyrir að markaðs- og kynningardeild Ferðamálastofu verði rekin innan vébanda Íslandsstofu. Í þriðja lagi mun Íslandsstofa upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi. Þetta hlutverk samræmist hlutverki Fjárfestingarstofu sem hefur verið rekin innan Útflutningsráðs Íslands.

Nefndin fjallaði að beiðni utanríkismálanefndar sérstaklega um það hvort nauðsynlegt væri að breyta lögum um skipan ferðamála með hliðsjón af frumvarpinu um Íslandsstofu. Var það niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að bíða með allar lagabreytingar í fyrsta lagi þar til ljóst yrði hvort frumvarpið yrði að lögum og í öðru lagi þar til Íslandsstofa hefði hafið starfsemi. Nefndin telur hins vegar að þegar nokkur reynsla verður komin á rekstur Íslandsstofu sé eðlilegt að endurskoða lög um skipan ferðamála til samræmis.

Nokkuð var rætt um 3. gr. frumvarpsins um stjórn Íslandsstofu. Þar er kveðið á um að skipuð skuli níu manna stjórn samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, forsætisráðherra, iðnaðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra en einn án tilnefningar sem verði formaður stjórnarinnar. Fram komu athugasemdir um að mikilvægt væri að ferðaþjónustunni yrði gert hærra undir höfði í stjórnskipan stofnunarinnar til að mynda með því að Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) tilnefndu einn til tvo fulltrúa og að iðnaðarráðherra tilnefndi tvo fulltrúa í stað eins. Þá var bent á að eðlilegt væri að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefndi fulltrúa í stjórnina. Jafnframt kom fram það sjónarmið að skilvirkara gæti verið að fækka stjórnarmönnum en skipa að auki fulltrúaráð þar sem fleiri aðilar sem tengjast viðfangsefnum Íslandsstofu fengju aðild.

Í lokamálslið 3. gr. er mælt fyrir um að aðalfund Íslandsstofu skuli halda fyrir 1. maí ár hvert. Nefndin telur að skýra þurfi betur hlutverk aðalfundar í frumvarpinu. Nefndin leggur til að utanríkismálanefnd skoði hvort leggja skuli til breytingu í þá veru að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða um að á árinu 2010 geti aðalfundur farið fram fyrir síðara tímamark en 1. maí. Þetta á sérstaklega við verði frumvarpið samþykkt síðar en það tímamark en verði frumvarpið að lögum skömmu fyrir 1. maí mun varla gefast ráðrúm til að halda aðalfund fyrir þann tíma gert er ráð fyrir í greininni.

Loks leggur nefndin áherslu á að efla skuli þá starfsemi sem Fjárfestingarstofa hefur sinnt sem hefur það markmið að ýta undir erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Telur nefndin að þeirri starfsemi mætti gera hærra undir höfði í frumvarpinu til að tryggja að markmiðinu verði náð. Rétt er að vekja athygli á því að eftirspurn eftir þjónustu Fjárfestingarstofu hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum en starfsmönnum hefur fækkað og eru stöðugildin tvö og hálft.

798. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um Íslandsstofu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. 3. gr. orðist svo:
   Stjórn Íslandsstofu skipuleggur og ákveður verkefni stofunnar. Stjórnina skipa ellefu menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn eftir tilnefningu Ferðamálasamtaka Íslands, einn eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og einn án tilnefningar. Skal sá vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun Íslandsstofu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans. Stjórnin skal, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, skipa sérstök fagráð um áherslur í markaðs- og kynningarmálum erlendis á sviði ferðaþjónustu, matvælagreina, umhverfismála, menningarmála og fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi. Eftir atvikum getur stjórnin með sama hætti skipað fagráð á fleiri sviðum.
   Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert. Rétt til setu á aðalfundum eiga þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu og þeir aðilar sem eiga fulltrúa í fagráðum Íslandsstofu. Stjórninni er heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir stefnumótun Íslandsstofu og störfum sínum og fagráða, og birtir rekstraráætlanir og ársreikninga.
2. Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga stofunnar.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Utanríkisráðherra skal boða til stofnfundar Íslandsstofu innan átta vikna frá gildistöku laga þessara.

799. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson skrifstofustjóra lögfræðisviðs mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Útlendingastofnun og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er rammalöggjöf um mat á því hvort einstaklingur, sem hefur hug á að starfa hér á landi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, uppfyllir skilyrði til að starfa í starfsgrein sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu stjórnvalds, á grundvelli faglegrar menntunar og hæfis sem hann hefur aflað sér í öðru landi, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en þau eru almenn löggjöf um viðurkenningu starfsréttinda og hæfis. Frumvarpið er að miklu leyti byggt upp með tilliti til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, sem sameinar fyrri tilskipanir um sama efni en felur ekki í sér grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í tilskipuninni er kveðið á um viðurkenningu á menntun til að gegna starfi sem er lögverndað og að menn skuli hafa aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði. Jafnframt felur frumvarpið í sér rétt til handa þeim sem falla undir tilskipunina til að veita þjónustu hér á landi tímabundið eða með hléum. Frumvarpið kveður á um að aðili skuli leita til mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að fá viðurkenningu starfsréttinda sinna hafi öðru stjórnvaldi ekki verið falin úrlausn málsins. Þá getur ráðuneytið eða viðeigandi stjórnvöld krafið umsækjanda um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til umsóknar. Enn fremur er kveðið á um samstarf stjórnvalda og hafa þau heimild til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Þeim er heimilt að halda sérstaka skrá til miðlunar upplýsinga um viðurlög eða refsiaðgerðir eða aðrar alvarlegar eða sérstakar aðstæður sem eru líklegar til þess að hafa áhrif á rétt umsækjanda til þess að stunda þau störf sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og áréttar að þar sem frumvarpinu er ætlað tvíþætt hlutverk, þ.e. að vera rammalöggjöf og innleiða ákvæði fyrrgreindrar tilskipunar, er mikilvægt að gera greinarmun á þeim sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar, þeim sem falla undir samninga skv. b- og c-lið 2. gr. frumvarpsins og þeim sem koma frá öðrum ríkjum. Þannig eiga ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og þeir sem falla undir samninga skv. b- og c-lið 2. gr. að fá sjálfkrafa rétt til að starfa hér á landi með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara, uppfylli þeir skilyrði tilskipunarinnar eða viðkomandi samnings. Aftur á móti verður að gera kröfu um að það sem felst í viðkomandi starfsréttindum sé sambærilegt. Ef í ljós kemur, eftir yfirferð á þeim gögnum sem viðkomandi einstaklingur framvísar, að verulegur munur er á því námi sem liggur til grundvallar viðkomandi starfsréttindum er þess vegna heimilt að láta viðkomandi til að mynda gangast undir hæfnispróf, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ef um er að ræða ríkisborgara í ríki sem hvorki fellur undir gild-

issvið tilskipunarinnar né tilgreinda samninga í 2. gr. er ekki um sjálfkrafa rétt að ræða og verður að meta formlega menntun og hæfi í hvert sinn.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins gilda ákvæði þess jafnframt um tilkynningarskyldu vegna þjónustu sem veitt er hér á landi tímabundið eða með hléum og er háð leyfi, löggildingu eða annarri jafngildri viðurkenningu stjórnvalds. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt þess sem fellur undir skilyrði tilskipunarinnar til að veita þjónustu hér á landi tímabundið eða með hléum að uppfylltum skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. greinarinnar. Enn fremur er í 5. gr. kveðið á um skyldu þess sem óskar í fyrsta sinn eftir að veita hér þjónustu, sbr. 4. gr., til að gefa skriflega yfirlýsingu til hlutaðeigandi stjórnvalds. Í greininni eru tilgreind þau gögn sem stjórnvald getur gert kröfu um að fylgja skuli yfirlýsingunni. Nefndin áréttar að réttur til að veita þjónustu samkvæmt fyrrnefndum greinum nær einungis til aðila sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins en ekki þeirra sem falla undir samninga, sbr. b- og c-lið 2. gr., né þeirra sem koma frá öðrum löndum.

Nefndin fjallaði sérstaklega um 8. gr. frumvarpsins. Þar er að finna almenna reglugerðarheimild til hlutaðeigandi ráðherra. Samkvæmt 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum er varða ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli tilskipunarinnar og þeirra samninga sem um getur í b- og c-lið 2. gr. Það er álit nefndarinnar að mikilvægt sé að reglugerðarheimild sem þessi sé til staðar. Nefndin áréttar að um er að ræða sambærilega heimild og í 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. 8. gr. er einnig að finna heimild fyrir hlutaðeigandi ráðherra til að setja reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins er jafnframt að finna heimild til handa mennta- og menningarmálaráðherra um að fela þar til bærum aðila að sjá um hæfnispróf og veita viðbótarmenntun skv. 2. mgr. 8. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem og hlutaðeigandi stjórnvöldum veitt heimild til að krefja umsækjanda sem óskar eftir að starfa hér á landi eða veita þjónustu um frekari upplýsingar svo hægt sé að taka afstöðu til umsóknar viðkomandi. Það er álit nefndarinnar að til að mat og afgreiðsla á umsókn þeirra sem óska eftir að starfa hér á landi, sem og þeirra sem falla undir tilskipunina og óska eftir að veita þjónustu hér á landi tímabundið eða með hléum, verði sem skilvirkust sé æskilegt að umsækjendur skili viðauka við prófskírteini (diploma supplement) sé hann fyrir hendi með umsóknum, sbr. 3. gr., og yfirlýsingum, sbr. 5. gr. Það er orðið nokkuð almennt að slíkur viðauki fylgi prófskírteinum en í honum kemur fram nánari lýsing á viðkomandi námi. Með því að nefna slíkan viðauka sérstaklega í lagatexta telur nefndin að venja skapist um að hann fylgi umsókn um að starfa hér á landi eða yfirlýsingu um að veita þjónustu tímabundið eða með hléum. Nefndin telur að með þessu verði flæði milli markaða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins skilvirkara. Leggur nefndin því til breytingar á greininni.

Nefndin leggur jafnframt til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins af lagatæknilegri ástæðu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Við 1. málsl. bætist: til að mynda viðauka við prófskírteini sé hann fyrir hendi.
2. Við 11. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Unnur Brá Konráðsdóttir og Eygló Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2010.

Oddný Harðardóttir, form., frsm.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir.

800. Svar [432. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um þýðingu Lissabonsáttmálans.

Fyrirspurning hljóðar svo:

Stendur til að þýða Lissabonsáttmálann yfir á íslensku og ef svo er, hvenær verður því verki lokið og hvað er áætlað að þýðingarkostnaðurinn verði hár?

Líkt og fram kom við meðferð tillögu ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er gert ráð fyrir að regluverk ESB verði þýtt yfir á íslenska tungu áður en til aðildar kemur. Um þetta er fjallað í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar um tillöguna. Í álitinu er og vikið að áætluðum kostnaði almennt við þýðingar án þess að einstakir þættir þýðinga séu áætlaðir sérstaklega. Í samræmi við þetta hefur verið gert ráð fyrir auknum fjármunum til þýðingarmála í fjárlögum ársins 2010 í formi viðbótarframlags til Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, alls 114 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að þýðing regluverks ESB liggi fyrir við aðild að sambandinu. Í áætlunum ráðuneytisins er miðað við að þýðing stofnsáttmála ESB og Lissabonsáttmálans hefjist á næstu vikum og verði lokið síðar á þessu ári.

801. Svar [400. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um skuldameðferð og skuldastöðu sjávarútvegsfyrirtækja í íslenskum bönkum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða verklagsreglur eru eða hafa verið viðhafðar við mat á yfirfærslu skulda sjávarútvegsfyrirtækja úr gömlu bönkunum í þá nýju?*
2. *Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið afskrifuð eftir bankahrunið og ef svo er, í hve miklum mæli?*
3. *Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið og ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða og til hve langs tíma?*
4. *Hve mikið af skuldum útgerðarfyrirtækja varð eftir í þrotabúum gömlu bankanna þriggja, sundurliðað eftir bönkum?*

5. *Hve stór hluti skulda útgerðarfyrirtækja fluttist yfir í nýju bankana þrjá, sundurliðað eftir bönkum?*

Vísað er til svara við tveimur fyrirspurnum til fjármálaráðherra á 137. löggjafarþingi á þskj. 213 (115. mál) um mat á eignasafni nýju bankanna og á þskj. 347 (59. mál) um gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna. Líkt og þar segir takmarkast réttur alþingismanna til þess að óska eftir upplýsingum með því að beina fyrirspurn til ráðherra skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 49. gr. þingskapalaga, við opinber málefni. Nýju bankarnir eru hlutafélög sem teljast til einkaréttarlegra aðila og njóta lögbundinnar verndar um viðskiptalegar upplýsingar. Um bankana gilda sömu reglur og um önnur hlutafélög og réttur til að krefja ráðherra upplýsinga um slík félög er bundinn við hvort þær upplýsingar eigi að vera opinberar samkvæmt lögum. Þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni teljast ekki opinberar í fyrrgreindum skilningi að mati fjármálaráðuneytisins. Svo sem fram kemur í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við samhljóða fyrirspurn háttvirts þingmanns á þskj. 606 (310. mál) lúta bankarnir reglum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í þessu sambandi verður einnig litið til þeirra sjónarmiða sem fram koma í upplýsingalögum, nr. 50/1996, en lögin taka ekki til starfsemi einkaaðila nema að því leyti sem hún lýtur að því að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna. Stjórnvöldum er auk þess óheimilt samkvæmt lögunum að veita aðgang að upplýsingum sem þau kunna að búa yfir er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja nema samþykki fyrirtækjanna fyrir slíkri upplýsingagjöf liggi fyrir.

Fjármálaráðuneytið telur, þrátt fyrir framangreind sjónarmið, að upplýsingagjöf bankanna sé mikilvægur þáttur í heilbrigðu fjármálakerfi og hefur lagt áherslu á að bankarnir leggi sig fram um að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi sína. Slíkar áherslur koma m.a. fram í eigendastefnu stjórnvalda sem tekur til starfsemi fjármálastofnana í ríkiseigu og einnig hefur fjármálaráðuneytið vakið athygli forsvarsmanna nýju bankanna á því að mikilvægt sé að þeir veiti almenningi greinargóðar upplýsingar um starfsemi sína.

Í kjölfar þess að íslenska ríkið stofnsetti þrjá nýja banka til að taka yfir meginhluta innlendrar bankastarfsemi gömlu bankanna þriggja voru útlán íslensku útibúa þeirra almennt flutt yfir í nýju bankana. Í upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu (FME) um yfirfærslu eigna og skulda í nýju bankana, dags. 14. október 2008, kemur fram að meðal þeirra útlána sem ekki voru færð yfir í nýju bankana voru veðsett útlán. Líkt og segir í yfirliti FME yfir mat á eignum og skuldum bankanna, dags. 24. apríl 2009, var mismunandi aðferðum beitt við mat á ólíkum eignum. Þannig fór mat á útlánum til stærri fyrirtækja fram með þeim hætti að gangvirði heildarútlánanna var áætlað, en í því fólst m.a. að sérstakur gaumur var gefinn að undirliggjandi tryggingum og tillit tekið til rekstrarvirðis hvers fyrirtækis, auk þess hvort fyrirtækinu hafði verið slitið eða slíkt í þann veginn að gerast. Mat á útlánum til einstaklinga og smærri fyrirtækja fólst í því að áætla hve mikið væri endurheimtanlegt af lánum og í því var stuðst m.a. við meðalvanskil eftir atvinnugreinum, endurheimtuhlutfall eftir atvinnugreinum ef til vanskila kemur, vaxtagreiðslur og verðtryggingarákvæði. Ekki hafa verið birtar upplýsingar um að hvaða marki skuldir sjávarútvegsfyrirtækja voru færðar til nýju bankanna, né nánari útlistanir á því hvernig yfirfærðar skuldir voru metnar til fjár.

Fram kemur í stofnefnahagsreikningi Landsbankans (NBI hf.) miðað við 8. október 2008, sem birtur var í desember 2009, að um 26% af útlánasafni bankans hafi verið útlán til sjávarútvegsfyrirtækja. Í stofnefnahagsreikningi Íslandsbanka, dags. 15. október 2008, er birtur var

í september 2009, kemur fram að um 16% af útlánum bankans séu lán til sjávarútvegsfyrirtækja. Í endurskoðuðu uppgjöri Nýja Kaupþings banka hf. (nú Arion banka) fyrir árið 2008, sem birt var í nóvember 2009, kemur ekki fram hve stór hluti útlána bankans eru til sjávarútvegsfyrirtækja, en þar sést að 89% útlána í útlánasafni eru til fyrirtækja, um 33% til iðnaðarfyrirtækja og um 20% til eignarhaldsfélaga.

Að öðru leyti hafa ekki verið birtar upplýsingar um skuldir viðkomandi atvinnugreinar við bankana né heldur að hvaða marki bankarnir hafa gripið til úrræða vegna skuldavanda sjávarútvegsfyrirtækja. Benda má þó á að í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, hafa Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) birt sameiginlegar verklagsreglur um úrlausn skuldavanda fyrirtækja. Verklagsreglunum, sem staðfestar voru FME, er ætlað að mynda grunn að vinnubrögðum bankanna og annarra fjármálafyrirtækja við endurskipulagningu atvinnulífsins.

Ekki er unnt að svara fyrirspurninni efnislega frekar en hér er gert.

802. Fyrirspurn [462. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað vegna bankahrunsins fyrir ríkissjóð.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hver verður heildarkostnaður vegna tæknilegs gjaldþrots Seðlabanka Íslands fyrir:
   a. ríkissjóð,
   b. hvern íbúa,
   c. hvern skattgreiðanda,
   d. fjögurra manna fjölskyldu?
2. Hver verður heildarkostnaður vegna eiginfjárframlags ríkisins og víkjandi lána til Arion banka, Íslandsbanka og NBI fyrir:
   a. ríkissjóð,
   b. hvern íbúa,
   c. hvern skattgreiðanda,
   d. fjögurra manna fjölskyldu?
3. Hvert er fjárframlag ríkisins vegna peningamarkaðssjóða, innstæðutrygginga annarra en Icesave-reikninganna, sparisjóða, annarra fjármálafyrirtækja en í 2. tölul., tryggingafélaga, lífeyrissjóða og mögulega annarra lánastofnana og fyrirtækja? Óskað er eftir sundurliðun með nöfnum hvers fyrirtækis og fjárframlagi ríkisins.
4. Hver verður heildarkostnaður framlaga skv. 3. tölul. fyrir:
   a. ríkissjóð,
   b. hvern íbúa,
   c. hvern skattgreiðanda,
   d. fjögurra manna fjölskyldu?
5. Telur ráðherra ástæðu til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þessar skuldbindingar og framlög ríkissjóðs? Hverjir eru kostir og gallar slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu að mati ráðherra? Telur ráðherra ásættanlegt að almenningur beri skuldaklafa óreiðumanna án

þess að samþykkja slíkt fyrst í þjóðaratkvæðagreiðslu? Hver yrðu að mati ráðherra áhrif slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu á íslenskt efnahagslíf?

Skriflegt svar óskast.

803. Fyrirspurn [463. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kostnað við lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána í íslenskum krónum til heimila.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hvað kostar að lækka höfuðstól verðtryggðra lána hjá:
   a. Íbúðalánasjóði,
   b. Lánasjóði íslenskra námsmanna,
   c. lífeyrissjóðum,
   d. öðrum aðilum sem veita verðtryggð lán í íslenskum krónum til heimila,
   um annars vegar 10% og hins vegar 20%?
2. Hver yrðu mánaðarleg áhrif á greiðslubyrði:
   a. meðalláns Íbúðalánasjóðs til 40 ára,
   b. 20 millj. kr. láns til 40 ára,
   c. 40 millj. kr. láns til 40 ára,
   d. 5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur verkfræðings,
   e. 5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur leikskólakennara,
   annars vegar miðað við 10% og hins vegar 20% niðurfellingu höfuðstóls?
3. Hver yrði kostnaðurinn fyrir:
   a. ríkissjóð,
   b. lífeyrissjóðina,
   c. aðra fjármagnseigendur?
4. Telur ráðherra að slík niðurfelling muni hafa áhrif á:
   a. fjárhag ríkisins, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingar, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna,
   b. lífeyrisgreiðslur,
   c. fjármagnsmarkað, m.a. vaxtastig,
   d. fasteignamarkað, m.a. fasteignaverð og veðsetningarhlutfall húsnæðis?
5. Telur ráðherra að lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána kunni að hafa mismunandi áhrif á lífeyrisréttindi fólks sem starfar hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum markaði hins vegar? Í hverju er sá munur fólginn?

Skriflegt svar óskast.

804. Fyrirspurn [464. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um Maastricht-skilyrði og upptöku evru.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hvenær má gera ráð fyrir að Ísland uppfylli Maastricht-skilyrðin samkvæmt þeim efnahagsspám, sem ríkisstjórnin styðst við, þ.e. að
   a. verðbólga verði ekki meira en 1,5% yfir meðaltali verðbólgu hjá þeim þremur ESB-ríkjum sem eru með lægstu verðbólguna,
   b. langtímastýrivextir verði ekki meira en 2% hærri en að meðaltali í þeim þremur ríkjum ESB þar sem verðlag er stöðugast,
   c. halli á rekstri ríkissjóðs verði ekki meiri en 3% af vergri landsframleiðslu,
   d. heildarskuldir hins opinbera verði ekki yfir 60% af vergri landsframleiðslu?
2. Hvenær er gert ráð fyrir, samkvæmt þeim efnahagsspám sem ríkisstjórnin styðst við, að Ísland nái því marki að hafa verið aðili að gengissamstarfi Evrópu (Exchange Rate Mechanism, ERM II) í a.m.k. tvö ár án gengisfellingar og að gengi krónunnar hafi á þeim tíma verið innan þeirra tilteknu vikmarka sem eru skilyrði þess að ríki geti tekið upp evru?

805. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Margrét Tryggvadóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra ungbarna gegn pneumókokkasýkingum í ljósi þess að hún er hagkvæmust þeirra bólusetninga sem eftir er að taka upp.

Greinargerð.

Pneumókokkasýkingar geta valdið eyrnabólgu og fleiri alvarlegum sýkingum hjá börnum, og reyndar eldra fólki líka, svo sem lungnabólgu, blóðsýkingu og heilahimnubólgu. Eyrnabólgur og vandamál þeim tengd eru eitt algengasta heilsuvandamál barna á Íslandi. Talið er að allt að 95% barna fái eyrnabólgu að minnsta kosti einu sinni fyrir sex ára aldur. Um þriðjungur barna fá síendurteknar eyrnabólgur fram að sex ára aldri. Þetta er því ein algengasta sjúkdómsgreiningin í heilbrigðisgeiranum. Hér á landi er eyrnabólga algengasta orsök sýklalyfjaávísunar og skýrir yfir 50% allrar sýklalyfjanotkunar meðal barna. Hin mikla notkun sýklalyfja vegna eyrnabólgu á einna stærstan þátt í sýklalyfjaónæmi á Íslandi en það er mikið hér miðað við önnur ríki. Tíðni hljóðhimnurörísetninga er einnig mjög há á Íslandi þar sem um þriðja hvert barn fær rör. Engin þjóð notar rörin eins mikið og Íslendingar. Langvarandi

eyrnabólga hefur ýmis afleidd vandamál, svo sem áhrif á málþroska vegna þess að börnin heyra verr á meðan þau eru á markaldri í máltöku.

Sýklalyfjaónæmi hjá pneumókokkum hefur verið vaxandi vandamál hér á landi sem og í öðrum löndum á undanförnum árum, m.a. vegna mikillar notkunar sýklalyfja. Til að sporna við þessari óheillavænlegu þróun hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hvatt til minni sýklalyfjanotkunar. Ljóst er að það er til mikils að vinna ef hægt er að draga úr pneumókokkasýkingum hér á landi, sérlega hjá ungum börnum. Á undanförnum árum hefur nokkuð verið rætt um hvort taka eigi upp bólusetningar barna gegn pneumókokkum, bólusetningar gegn HPV-smiti hjá ungum stúlkum, en HPV-sýking getur valdið leghálskrabbameini síðar á ævinni, og fleiri bólusetningar.

Í október 2008 skilaði ráðgjafahópur sem fékk það verkefni að skoða bólusetningar og skimanir ítarlegri skýrslu. Í skýrslunni var lagt mat á forvarnir sem lúta að bólusetningum og skimunum gegn smitsjúkdómum og krabbameinum. Var þar m.a. lagt mat á gildi og kostnaðarhagkvæmni bólusetninga. Mælt var með að:

- hafin yrði bólusetning með HPV-bóluefni meðal 12 ára stúlkna; árlegur kostnaður við bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini er áætlaður um 65 millj. kr. á verðlagi 2008,
- hafinn yrði undirbúningur að bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum; árlegur kostnaður við hana er áætlaður um 60 millj. kr. á verðlagi 2008,
- könnuð yrði kostnaðarhagkvæmni bólusetningar gegn hlaupabólu,
- heilbrigðisyfirvöld hefðu sér til ráðgjafar óháðan rannsóknarhóp með aðkomu vísindamanna í lýðheilsu- og heilbrigðisvísindum og siðfræðinga þegar lagt yrði mat á forvarnastarf á borð við bólusetningar og skimanir.

Í nóvember 2008 var því beint til sóttvarnalæknis að tillögum ráðgjafahópsins yrði forgangsraðað þar sem ekki væri fjárhagslega mögulegt í ljósi efnahagsástandsins að fara að öllum tillögunum en þar var einnig fjallað um ristilkrabbameinsskimun og aðrar skimanir. Við þá forgangsröðun var m.a. haft samráð við Sigurð B. Þorsteinsson yfirlækni, formann sóttvarnaráðs, og Vilhjálm Rafnsson, prófessor í heilbrigðis- og faraldsfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Niðurstaða forgangsröðunarinnar milli framangreindra kosta var að skynsamlegast og réttast væri að hefja fyrst bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum, sbr. eftirfarandi:

Kostnaður og kostnaðarhagkvæmni.

- Líklegt er að kostnaður við þessar þrjár forvarnaraðgerðir sé sambærilegur.
- Kostnaðarhagkvæmni bólusetninga gegn pneumókokkasýkingum er þeirra hagstæðust ef miðað er við kostnað á hvert lífsgæðavegið lífár (vegna HPV-bólusetningar: 1,9 millj. kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 2008 (byggist á 1,7 millj. kr. á verðlagi ársins 2006), vegna bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum: 0,5 millj. kr. á verðlagi ársins 2008 og vegna skimunar fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini: 2 millj. kr miðað við verðlag í ársbyrjun 2008 (byggt á 1,6 millj. kr. á verðlagi ársins 2001)).

Lýðheilsuáhrif.

- Ávinningur af bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini skilar sér fyrst eftir 10–20 ár.

– Ávinningur af bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum skilar árangri þegar eftir að bólusetning hefst, einkum meðal barna. Dregur að öllum líkindum úr notkun sýklalyfja og kemur í veg fyrir sýklalyfjaónæmi.
– Ávinningur af skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini skilar sér fyrst eftir u.þ.b. 10 ár í minnkaðri dánartíðni af völdum sjúkdómsins. Áður mun nýgengi sjúkdómsins aukast vegna skimunar.

Neikvæð áhrif.
– Bólusetning gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini getur dregið úr komuvilja í leghálskrabbameinsleit. Sérstakt átak þarf til að styðja við leitina þar sem bóluefnið nær ekki til 30–40% krabbameinsvaldandi HPV-stofna. Aukaverkanir eru óverulegar.
– Hugsanlegt er að pneumókokkasýkingar af völdum stofna sem ekki eru í bóluefninu færist í vöxt með tímanum eftir að bólusetning er hafin. Upplýsingar um þetta eru misvísandi. Aukaverkanir eru óverulegar.
– Skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini gerir miklar kröfur til þeirra sem gangast undir hana. Nokkuð verður um vinnutap og óþægindi. Gera má ráð fyrir að fylgikvillar ristilspeglunar geri vart við sig í fjöldaskimun þótt sjaldgæfir séu.

Framkvæmd.
– Framkvæmd bólusetningar gegna HPV-smiti og leghálskrabbameini er einföld og fellur vel að almennu barnabólusetningunni.
– Framkvæmd bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum er einföld og fellur vel að almennu ungbarnabólusetningunni.
– Framkvæmd skimana gegn ristil- og leghálskrabbameini er flókin. Þótt tillögur um útfærslu liggi fyrir er nákvæm útfærsla þeirra ekki að fullu ráðin.

Útboð.
– Unnt er að bjóða út kaup á bóluefni gegn HPV-smiti þar sem tveir framleiðendur eru á markaði.
– Á næsta ári verður væntanlega hægt að bjóða út kaup á bóluefni gegn pneumókokkasýkingum en þá verða væntanlega tveir framleiðendur á markaði.
– Ekki hefur verið skoðaður sá kostur að bjóða út tiltekna verkþætti í skimun fyrir ristil- og endaþarmskrabbameini.

Flutningsmenn tillögunnar telja því rétt að heilbrigðisráðherra hefji undirbúning að því að öll ungbörn verði bólusett gegn pneumókokkasýkingum í ljósi þess að sú framkvæmd er hagkvæmust þeirra bólusetninga sem eftir er að taka upp. Bólusetningar af þessu tagi bæta heilsu barna verulega og leiða til minni sýklalyfjanotkunar.

806. Skýrsla [466. mál]

Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra um raforkumálefni.

Formáli.

Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni er nú lögð fyrir Alþingi í þriðja skipti, en hún hefur að geyma margþættan fróðleik um raforkumál á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að veita Alþingi upplýsingar um ástand og þróun raforkumála í ljósi mikilvægis raforku fyrir alla starfsemi í landinu.

Á undanförnum áratug hafa orðið miklar breytingar á öllu skipulagi og umfangi raforkumála. Eldra fyrirkomulag raforkumála hafði að mörgu leyti reynst vel, en breytt alþjóðlegt viðhorf til skipulags orkumála og aukin umsvif og geta innlendra orkufyrirtækja kölluðu á að það fyrirkomulag væri stokkað upp. Upphaf þeirra skipulagsbreytinga má í raun rekja til setningar raforkulaga, árið 2003, en frá þeim tíma hafa ýmsar lagfæringar verið gerðar og líklegt að á næstunni verði frekari lagfæringar gerðar í tengslum við endurskoðun raforkulaga, sem nú stendur yfir. Þá mun á næstunni þurfa að taka afstöðu til þess hvaða lögformlegu stöðu niðurstöður rammaáætlunar eigi að hafa í stjórnskipulagi raforkumála. Rík áhersla er lögð á að ljúka gerð hennar sem allra fyrst og að hún verði lögð fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi.

Af efni skýrslunnar verður ráðið að staða raforkumála er í flesta staði góð og að þróunin á undanförnum árum hefur verið í rétta átt. Þótt raforkuframleiðsla hafi aukist umtalsvert og mikil uppbygging verið í raforkukerfinu hefur verið raunlækkun á raforkuverði og raforkuverð á Íslandi er lágt í samaburði við önnur lönd. Þá er raforkuöryggi mikið á flestum stöðum landsins, utan Vestfjarða, en þar og annars staðar þar sem skortir á, er mikilvægt að bætt verði úr sem allra fyrst.

Allt frá árinu 1995 hafa verið miklir uppgangstímar í vinnslu og sölu á raforku. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur raforkunotkun um það bil þrefaldast á rúmum áratug og frá árinu 2006 hefur raforkunotkun á mann á Íslandi verði sú mesta í nokkru OECD-ríki. Ástæður þessarar aukningar má fyrst og fremst rekja til aukinnar raforkuþarfar stóriðju. Í undirbúningi eru frekari framkvæmdir í orkufrekum iðnaði sem munu kalla á enn frekari raforkuframleiðslu á komandi árum. Á síðustu árum hafa nýir og spennandi iðnaðarkostir skotið upp kollinum og má þar sem dæmi nefna aflþynnuverksmiðju á Akureyri og gagnaver á Suðurnesjum. Þessi þróun er mjög í anda samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um mótun heildstæðrar orkustefnu sem styðji við fjölbreytt atvinnulíf, með áherslu á uppbyggingu vistvæns hátækniiðnaðar.

Samstarfsyfirlýsingin gerir einnig ráð fyrir að að sjálfbær nýting verði höfð að leiðarljósi til að forðast megi m.a. ágenga nýtingu jarðhitasvæða enda séu það almannahagsmunir að auðlindanýting sé ábyrg með þeim hætti að komandi kynslóðir megi njóta sömu kjara og tækifæra og núverandi kynslóðir. Unnið er að mótun tillagna um reglur varðandi sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða sem vonandi líta dagsins ljós á næstunni. Það er mikilvægt í þágu almannahagsmuna að auðlindir séu nýttar til að skapa verðmæti og störf sem styðja þannig bæði innviði samfélagsins, bæta lífskjör og efla velferð. Þessu hefur einnig réttilega verið haldið fast fram að undanförnu í ljósi þess efnahagssamdráttar sem þjóðin gengur nú í gegnum og óásættanlegs atvinnuleysis.

Gagnsæi í orkusölusamningum hefur fengið töluverða umræðu eftir stjórnarskipti og á vegum ríkisstjórnarinnar er nú unnið að gerð tillagna um leiðir til að auka gagnsæi og upplýsingaflæði varðandi raforkuverð til jafnt smærri sem stærri fyrirtækja.

Í skýrslunni má finna mikið magn upplýsinga um raforkumál, sem vonandi eru til gagns fyrir upplýsta umræðu um málaflokkinn. Iðnaðarráðuneytið hafði yfirumsjón með ritstjórn og gerð skýrslunnar en hún er unnin í samvinnu við sérfræðinga hjá Orkustofnun, Landsneti og Samorku. Ég þakka þeim fjölmörgu sem að verkinu komu.

Katrín Júlíusdóttir,
iðnaðarráðherra.

Inngangur.

Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni er nú lögð fyrir Alþingi í þriðja skipti, í samræmi við 39. gr. raforkulaga. Samkvæmt greininni ber að fjalla um eftirtalda þætti í skýrslunni:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit yfir líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hiðsjón af öryggi afhendingar.
7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

Uppbygging skýrslunnar er með svipuðum hætti og fyrri skýrslur, en í 1. kafla er að finna umfjöllun um þróun raforkumarkaðar og löggjafar um raforkumál hér á landi. Þá er einnig fjallað um EES-samninginn, áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins og alþjóðlegt samstarf í orkumálum.

Í 2. kafla skýrslunnar er farið yfir þróun raforkuverðs hérlendis síðastliðin ár, sem og þróun niðurgreiðslna á raforku til húshitunar.

Upplýsingar um sölu og notkun raforku síðastliðin ár er að finna í 3. kafla, auk þess sem skipting raforkunotkunar og raforkuvinnslu er skoðuð þar sérstaklega.

Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við auka raforkuþörf næstu árin.

Í 5. kafla er að finna umfjöllun um gæði raforku og afhendingaröryggi með hliðsjón af upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra truflana og skerðingar á raforkuafhendingu þeim tengdum í flutningskerfi Landsnets, hjá vinnslufyrirtækjum og dreifiveitum.

Fjallað er um rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu í 6. kafla, auk þess sem þar er rætt um orkurannsóknaráætlun og yfirstandandi vinnu við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

1. Skipulag raforkumála á Íslandi.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag og þróun raforkumála á Íslandi, m.a. þróun löggjafar um raforkumál. Einnig er fjallað um þróun mála annars staðar á Norðurlöndunum, EES-samninginn og áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins.

1.1 Stjórnkerfi.

Iðnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn raforkumála hérlendis í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007. Í því felst að ráðuneytið fer meðal annars með mál er varða grunnrannsóknir á orkulindum, nýtingu orku og orkufyrirtæki. Iðnaðarráðuneytið fer einnig með ýmis verkefni sem skilgreind eru í raforkulögum, nr. 65/2003. Í lögunum er kveðið á um að ráðherra veiti leyfi til raforkuvinnslu (4. gr.), leyfi til reksturs flutningsfyrirtækisins (8. gr.), leyfi til að reisa flutningsvirki (9. og 11. gr.), leyfi til að reisa og reka dreifikerfi (13. gr.) og leyfi til að stunda raforkuviðskipti (18. gr.). Í 32. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra geti falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. Ráðherra hefur á grundvelli þessarar heimildar falið Orkstofnun leyfisveitingarvald samkvæmt tilvitnuðum greinum. Samkvæmt 23. gr. laganna getur ráðherra veitt heimild til eignarnáms eða ákveðið að ríkið taki eignarnámi ýmis réttindi vegna framkvæmda á grundvelli raforkulaga.

Orkustofnun starfar að raforkumálum undir yfirstjórn iðnaðarráðherra í samræmi við raforkulög og lög um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkustofnun er ætlað að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda.

1.2 Þróun raforkumarkaðar og löggjafar um raforkumál.

Núverandi fyrirkomulag raforkumála hefur verið lengi í mótun. Fyrstu grunnrannsóknir á vatnsafli á Íslandi hófust á fyrstu áratugum 20. aldar og stórhuga áætlanir voru gerðar um nýtingu vatnsorku til iðnaðarframleiðslu. Ekkert varð þó af þeim áformum fyrr en á síðari hluta aldarinnar. Á mörgum þéttbýlisstöðum landsins hófst rafvæðing á árunum fram að síðari heimsstyrjöld. Á sama tímabili varð mikil uppbygging í smávirkjunum til heimilisnota víða um land og náði fjöldi þeirra hámarki um 1945.

Almenn rafvæðing landsins hófst á fjórða áratug síðustu aldar þegar reistar voru stórar virkjanir á þeirra tíma mælikvarða, Ljósafossstöð og Laxárstöð I, ásamt tilheyrandi flutningslínum til Reykjavíkur og Akureyrar. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var megináhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu dreifiveitna innan landsvæða. Þetta tímabil hefur því oft með réttu verið kallað tímabil samvirkjana og samveitna. Minni virkjanir voru einnig reistar víða til að anna ört vaxandi almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum, en engin innbyrðis tenging var þó á milli einstakra landshluta.

Grunnurinn að baki rafvæðingar landsbyggðarinnar voru fyrstu lög er náðu til allra þátta raforkumála í landinu, raforkulög frá 1946. Þar var mörkuð sú stefna að ríkið tæki að sér að annast vinnslu raforku til almennings, dreifingu rafmagns milli héraða og sömuleiðis innan þeirra þar sem ekki voru til staðar héraðsveitur. Fram að þeim tíma hafði stefna ríkisins verið að stunda ekki raforkuvinnslu eða dreifingu raforku. Samtenging einstakra samveitusvæða með gerð byggðalínunnar hófst árið 1974 og var hringtengingu byggðalínunnar lokið árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orkugjafa til raforkuvinnslu hér á landi.

Á árinu 1965 urðu þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar það ár var farið inn á þá braut að reisa stærri virkjanir en áður hafði verið ráðist í. Með því móti var unnt að nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Orkuveitusvæði fyrirtækisins var í upphafi aðeins Suðvesturland, en lögum um Landsvirkjun var breytt árið 1983 og í kjölfarið yfirtók fyrirtækið byggðalínukerfið af ríkinu og varð þá nær allt landið tengt flutningskerfinu og þar með virkjunum Landsvirkjunar.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur á síðustu áratugum verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja og flutning frá stórvirkjunum sem reistar hafa verið til að sinna þessari eftirspurn. Um leið hafa skapast auknir möguleikar á tengingu nýrra virkjana, en nýir stórnotendur eða nýjar stórvirkjanir verða ekki tengdar við flutningskerfið nema greiðslur frá þeim standi undir kostnaði.

Skipulag raforkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru nær alfarið í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði. Sjálfstæðar verkfræðistofur hafa þó frá upphafi rafvæðingarinnar haft miklu hlutverki að gegna en einkaaðilar hafa í nokkru mæli haslað sér völl á undanförnum árum.

Flutningskerfi raforku er nú alfarið í höndum flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. sem tók til starfa í ársbyrjun 2005, en eigendur Landsnets eru Landsvirkjun, RARIK, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða. Langstærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, hefur annast heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Á síðustu árum hafa Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja (nú HS Orka) jafnframt hafið raforkuframleiðslu til stóriðjunotenda og gera má ráð fyrir enn frekari raforkuframleiðslu þeirra á næstu árum.

1.2.1 Raforkulögin nr. 65/2003.

Árið 2003 samþykkti Alþingi ný raforkulög, nr. 65/2003, sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Með lögunum er skilið á milli sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, þ.e. flutnings og dreifingar raforku, annars vegar og hins vegar samkeppnisstarfsemi, vinnslu og sölu. Flutningur og dreifing raforku er háð einkaleyfi og eftirliti Orkustofnunar og ákvörðunum stofnunarinnar um hámark tekna með setningu tekjumarka. Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur einkaleyfi til flutnings raforku en einkaleyfi til dreifingar á tilteknum landfræðilega afmörkuðum svæðum eru í höndum dreifiveitna. Lögin taka einnig til eftirlits með verðlagningu á flutningi og dreifingu sem og gæðum raforku og forsendum fyrir veitingu virkjunarleyfa.

Það fyrirkomulag sem komið var á með hinum nýju raforkulögum, þ.e. aðgreining starfsemi á orkusviði í samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur til að skapa skilyrði fyrir samkeppni í vinnslu og sölu á raforku, hefur hér á landi verið kallað markaðsvæðing og er svo gert víða í þessari skýrslu.

Vorið 2004 voru samþykkt lög um breytingar á raforkulögunum. Í þeim breytingum var stofnun flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. ákveðin, flutningskerfi þess útfært og mælt fyrir

um mat á verðmæti þeirra flutningsvirkja sem til fyrirtækisins runnu. Jafnframt voru útfærð ákvæði um setningu tekjumarka fyrir sérleyfisfyrirtæki, þ.e. flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur, og gjaldskrár þeirra.[35] Í desember 2004 var aftur gerð breyting á raforkulögunum. Þar var kveðið á um ýmsar breytingar sem framkvæmd laganna hafði leitt í ljós að voru nauðsynlegar. Þá var einnig mælt fyrir um gjaldtöku af virkjunum vegna innmötunar. Með breytingu á raforkulögum í desember 2004 var fullri opnun raforkumarkaðar flýtt um eitt ár og öllum raforkukaupendum þar með gert kleift að velja sér raforkusala frá og með 1. janúar 2006 í stað 2007.[36]

Í tengslum við hin nýju raforkulög voru einnig samþykkt lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku vorið 2004. Samkvæmt þeim lögum er heimilt að greiða niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga.

Árið 2008 voru samþykkt á Alþingi tvenn lög sem fólu í sér breytingar á raforkulögum. Annars vegar var um að ræða lög um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.[37] Lögin fela m.a. í sér að sundurgreina ber sérleyfisstarfsemi frá samkeppnisstarfsemi þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæði dreifiveitu er 10.000 eða fleiri, og að dreifiveitur og flutningsfyrirtækið skuli ákvallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Þá er í lögunum sérstaklega kveðið á um að starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skuli fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Jafnframt er kveðið á um að sé hitaveita sem hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar háð orkuöflun frá slíku jarðvarmaorkuveri beri jarðvarmaorkuverinu skylda til að afhenda hitaveitu varmaorku í samræmi við þarfir hennar til að sinna skyldum sínum og afkastagetu jarðvarmaorkuversins. Lögin öðluðust þegar gildi en framkvæmd ákvæða um sundurgreiningu fyrirtækjanna frestað til 1. júlí 2009 en sá frestur var síðar framlengdur til 1. janúar 2010.

Hins vegar samþykkti Alþingi breytingu á raforkulögum[38] sem fól í sér lögbindingu á verkefnum tengdum neyðarsamstarfi raforkukerfisins. Nánar er fjallað um neyðarsamstarf raforkukerfisins í kafla 4.3.

1.2.1.1. Vinnsla raforku

Í samræmi við framsal iðnaðarráðherra á leyfisveitingarvaldi til Orkustofnunar þarf nú leyfi stofnunarinnar til að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 1 MW.[39]

Samkvæmt lögum fellur virkjunarleyfi úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur, en hægt er að sækja um endurnýjun virkjunarleyfis áður en að þessum tímamörkum

---

35 Lög nr. 89/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

36 Lög nr. 149/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum. Yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir á sviði raforkumála er að finna á heimasíðu iðnaðarráðuneytis á slóðinni: http://www.idnadarraduneyti.is/malaflokkar/raforka/log/

37 Lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

38 Lög nr. 67/2008, um breytingu á raforkulögum.

39 Tilkynna þarf Orkustofnun um byggingu og raforkuvinnslu virkjana sem eru minni en 1 MW og leyfi Orkustofnunar þarf ef afhenda á orku frá raforkuveri með minna en 1 MW raforkuvinnslu inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið.

kemur. Ekki er heimilt að framselja virkjunarleyfi né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila og aðeins má veita virkjunarleyfi til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda, en þó er unnt að heimila að reistar séu vara-aflsöðvar og toppaflstöðvar í hinu samtengda raforkukerfi og aflstöðvar fyrir einangruð raforkukerfi sem nýta aðra orkugjafa.

Við veitingu virkjunarleyfis skal taka tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Einnig skal eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisaðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Slíkar aðgerðir eða skilyrði skulu vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geta m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknum, upplýsingaskilum, framkvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum.

Heimilt er að setja skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana, vatnsmiðlana og jarðvarmavirkjana á viðkomandi virkjunarsvæði og ráðherra er heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Einnig er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem nauðsynleg teljast til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

1.2.1.2. Sala raforku

Sala á raforku er samkeppnisrekstur samkvæmt raforkulögum. Notendur geta valið sér þann söluaðila sem þeir kjósa, en eru bundnir við að eiga viðskipti við dreifiveitu á viðkomandi svæði varðandi flutning og dreifingu raforkunnar og á verði samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu.

Samkeppni á raforkumarkaði tók gildi í áföngum samkvæmt raforkulögunum en frá og með 1. janúar 2006 hafa allir raforkunotendur átt rétt á að velja sér raforkusala.

Leyfi þarf til þess að stunda raforkuviðskipti, en slíkt leyfi felur þó hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Umsækjandi um leyfi þarf að vera sjálfstæður lögog skattaðili og þarf að auki að sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Eftirtaldir níu aðilar höfðu leyfi til raforkuviðskipta í október 2009: Eyvindartunga, Fallorka, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Orkusalan og Rafveita Reyðarfjarðar.

Sölufyrirtæki raforku er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. raforkulaga, auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Sölufyrirtæki er heimilt að reka dreifiveitu, svo framarlega sem íbúar á viðkomandi dreifiveitusvæði eru færri en 10.000, en því er hins vegar óheimilt samkvæmt lögum að niðurgreiða sölu raforku með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og þarf því að halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Ef notandi telur að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar. Orkukaupandi getur sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara, en heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Settar hafa verið reglugerðir sem kveða nánar á um viðskipti með raforku, sem og um það hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifingar- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

1.2.1.3. Flutningur raforku

Flutningur raforku er sérleyfisstarfsemi og samkvæmt raforkulögum skal eitt fyrirtæki annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Það fyrirtæki er Landsnet hf., sem stofnað var með lögum nr. 75/2004, um stofnun Landsnets hf., en fyrirtækið tók formlega til starfa 1. janúar 2005.

Í lögum um stofnun Landsnets segir m.a. að hlutverk fyrirtækisins sé að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga. Landsneti er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum, en fyrirtækinu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun, RARIK, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða, en þessir aðilar hafa lagt flutningsvirki sín inn sem hlutafé í fyrirtækið. Með kaupum Landsnets á flutningsvirkjum Hitaveitu Suðurnesja varð Landsnet eigandi alls flutningskerfisins. Allar dreifiveitur og stórnotendur eru tengd við flutningskerfi Landsnets. Flutningskerfið innifelur öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri, auk þess sem nokkur flutningsvirki á 33 kV spennu tilheyra einnig flutningskerfi fyrirtækisins. Allar virkjanir sem eru 7 MW og stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint, en smærri virkjanir mega tengjast í gegnum dreifiveitu.

Landsneti er ætlað að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku og fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki, á 66 kV spennu eða hærri.

Landsneti ber m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, auk þess að útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu og launafl fyrir kerfið til að auka flutningsgetu og tryggja spennugæði.

Landsnet ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins og mæla það rafmagn

sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber Landsneti að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda, en við slíka skömmtun verður að gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

1.2.1.4. Dreifing raforku

Dreifing raforku frá dreifiveitu til kaupenda er sérleyfisstarfssemi samkvæmt raforkulögum. Leyfi þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði, sem og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst bæði einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Heimilt er að binda leyfið skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu og henni er ætlað að viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Ef dreifiveitu er heimilt að stunda aðra starfsemi en raforkudreifingu þarf fyrirtækið að halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi sínu. Dreifiveitu er óheimilt að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar með tekjum af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Í október 2009 voru starfandi sjö dreifiveitur: HS Veitur, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK og Rafveita Reyðarfjarðar.

1.2.2 Almennt eftirlit með raforkulögum

Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppniseftirlitið. Þá hefur stofnunin samráð við eftirlitsskylda aðila í gegnum sérstaka samráðsnefnd sem var stofnuð árið 2003. Um samráðsnefndina gildir sérstök reglugerð, nr. 466/2003.

Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppniseftirlitið. Þá er stofnuninni ætlað að hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd eftirlitsins. Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfa. Stofnunin hefur einnig eftirlit með sérleyfisþáttum raforkulaganna, þ.e. flutningi og dreifingu, með því að setja fyrirtækjum tekjumörk og yfirfara gjaldskrár. Þá hefur stofnunin eftirlit með blönduðum jarðvarmaorkuverum og almennt eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

Í 31. gr. raforkulaga er kveðið á um að til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögunum skuli Landsnet og dreifiveitur greiða gjald af raforku sem fer um kerfi þessara aðila. Gjaldið á flutningsfyrirtækið nemur 0,2 aurum á hverja kWst en dreifiveitur greiða 0,5 aura á hverja kWst. Orkustofnun annast innheimtu gjaldsins sem rennur í ríkissjóð.

1.3 EES-samningurinn og áherslur á vettvangi Evrópusambandsins

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum hafa ýmsar gerðir Evrópusambandsins á sviði orkumála verið innleiddar í íslenskan rétt. Segja má að þessar gerðir hafi einkum lotið að neytendasjónarmiðum, umhverfisþáttum og vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á stigvaxandi markaðsbúskap í viðskiptum með raforku með því að opna að-

gang að flutnings- og dreifikerfum ríkjanna. Þessar gerðir hafa leitt til nokkurra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál á Íslandi og raforkulögin frá 2003 byggjast til að mynda á raforkutilskipunum Evrópusambandsins.

Orka telst vera vara í skilningi EES-samningsins og í 24. gr. samningsins er að finna ákvæði um orkumál. Í greininni segir einungis að sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál séu í IV. viðauka samningsins, en þar er að finna upptalningu á þeim gerðum sem teknar hafa verið upp í samninginn og varða orkumál.

Eftirfarandi gerðir er sérstaklega varða raforkumál hafa verið teknar upp í EES-samninginn:

- Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990, um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni, tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi. Samkvæmt EES-samningnum þarf Ísland ekki að láta í té upplýsingar sem krafist er í tilskipuninni. Tilskipunin hefur verið felld úr gildi innan Evrópusambandsins með nýrri tilskipun 2008/92/EB, en upptaka hennar í EES-samninginn er til umfjöllunar á vettvangi EES-samningsins.
- Reglugerð nr. 1099/2008 um orkutölfræði.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003, um innri raforkumarkað (er leysti af hólmi tilskipun 96/92/EB). Tilskipunin fellur úr gildi 1. mars 2011, þegar ný tilskipun um innri raforkumarkaðinn, tilskipun 2009/72/EB, kemur til framkvæmda, en upptaka hennar í EES-samninginn er til umfjöllunar á vettvangi EES-samningsins.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001, um aukna framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkulindum. Tilskipunin fellur úr gildi frá og með 1. apríl 2010 þegar ný tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, tilskipun 2009/28/EB, kemur til framkvæmda, en upptaka hennar í EES-samninginn er til umfjöllunar á vettvangi EES-samningsins.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32 frá 6. júlí 2005, um samframleiðslu á hita og rafmagni.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89 frá 18. janúar 2006, um aðgerðir til að tryggja öruggt framboð raforku sem og fjárfestingar til uppbyggingar raforkukerfisins.

Ísland tekur þátt í rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun (Framework Programme for Research and Technological Development) og sérstakri orkuáætlun þess (Intelligent Energy Europe), en í gegnum þessar áætlanir geta íslenskir aðilar fengið styrki til ýmissa verkefna á sviði orkumála. Sem dæmi má nefna að Orkusetrið, sem stofnað var af Orkustofnun í samstarfi við iðnaðarráðuneytið, er m.a. styrkt af Evrópusambandinu, en hlutverk Orkusetursins er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar.

1.4 Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Íslensk stjórnvöld og stofnanir hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði raforkumála til að fylgjast með stefnumörkun og þróun reglna og laga á því sviði en einnig til að læra af reynslu annarra þjóða. Þannig hefur verið tekið þátt í starfi nefnda um orkumál á vegum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Ísland tekur einnig virkan þátt í norrænni samvinnu um orkumál á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þeirri samvinnu er stýrt af orkumálaráðherrum landanna, en sérstök embættismannanefnd um

orkumál sér um undirbúning. Jafnframt hafa Norrænu orkurannsóknirnar (NEF) skipt okkur miklu máli, en Íslendingar hafa fengið styrki verulega umfram framlög okkar úr þessum norræna rannsóknarsjóði. Orkustofnun hefur rækt þetta samstarf sérstaklega. Þá hefur Ísland landsaðild að Alþjóða orkuráðinu (World Energy Council) og tekur að auki þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna um nýtingu endurnýjanlegrar orku, sem og í starfi undirhópa Alþjóða orkumálastofnunarinnar (International Energy Agency) um vetni og jarðhita.

Orkustofnun er þátttakandi í samstarfi norrænna eftirlitsaðila í raforkugeiranum (NordReg). Skipaðir hafa verið vinnuhópar um einstaka málaflokka og í þeim er unnið að samanburði og tillögugerð um samræmingu og breytingar sem m.a. er ætlað að leiða til virkari raforkumarkaðar og aukinnar samkeppni. Orkustofnun tekur einnig þátt í samtökum evrópskra eftirlitsaðila (Council of European Energy Regulators, CEER) og fylgist á þeim vettvangi með þróun og framkvæmd reglna í Evrópu. Þá er Orkustofnun einnig aðili að ERGEG (European Regulators' Group for Electricity and Gas).

Landsnet var aðili að samtökum norrænu raforkuflutningsfyrirtækjanna, Nordel, en þau voru með formlegum hætti lögð niður 9. júní 2009. Samvinna norrænu flutningsfyrirtækjanna mun þó með breyttu sniði halda áfram á öðrum vettvangi þar eð öll norrænu fyrirtækin og þar með Landsnet hafa gengið í hliðstæð evrópsk samtök sem bera heitið European Network of Transmission System Operators for Electricity (ENTSO-E).

Þá er Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, aðili að EURELECTRIC sem eru samtök raforkuiðnaðarins í Evrópu.

2. Þróun tekjumarka og raforkuverðs.

Í þessum kafla er fjallað um tekjumörk, gjaldskrár og þróun raforkuverðs hér á landi frá þeim tíma sem skilið var í sundur með flutningi og dreifingu á raforku annars vegar og framleiðslu og sölu hennar hins vegar. Einnig er fjallað sérstaklega um þróun á niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og í dreifbýli.

2.1. Tekjumörk og gjaldskrár

2.1.1. Tekjumörk flutningsfyrirtækis og dreifiveitna

Kostnaður við flutning og dreifingu nemur um helmingi af endanlegu raforkuverði til almennra notenda. Orkustofnun hefur eftirlit með sérleyfisstarfsemi flutningsfyrirtækisins Landsnets og dreifiveitna samkvæmt raforkulögum og setur fyrirtækjunum tekjumörk, sem taka tillit til rekstrarkostnaðar, afskrifta, orkutapa, arðsemi auk hagræðingarkröfu. Tekjumörk eru hámark á þeim árlegu tekjum sem flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum er heimilað að innheimta. Tekjumörkin skal setja til þriggja ára í senn, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði raforkulaga voru tekjumörk einungis sett til eins árs í byrjun fyrir árið 2005 og 2006. Frá og með árinu 2007 hafa tekjumörk verið sett fyrir þrjú ár í senn. Hagræðingarkrafa verður gerð til fyrirtækjanna frá og með 2010 þegar IX bráðabirgðaákvæði raforkulaga, sem kveður á um hálfa arðsemi í upphafi rennur út. Tekjumörk eru sett fyrir upphaf hvers árs, en síðan gerð upp og leiðrétt árlega þar sem einkum er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Í töflu 2.1 má sjá endanleg tekjumörk fyrir dreifiveitur árin 2006 og 2007. Þar sem dreifiveiturnar innheimta í raun flutningskostnaðinn fyrir Landsnet bætist hann við tekjumörk dreifiveitnanna. Dálkurinn lengst til hægri í töflunni sýnir uppsafnað frávik tekna frá tekjumörkum árin 2005 til 2007.

Tafla 2.1. Uppgerð tekjumörk fyrir dreifingu 2006 og 2007, í þús. kr.

	2006				2007				
Dreifiveitur	Uppgerð tekjumörk	Flutningur	Tekjur	Tekjur umfram tekjumörk	Uppgerð tekjumörk	Flutningur	Tekjur	Tekjur umfram tekjumörk	Uppsafnaðar tekjur umfram tekjumörk
HS Veitur	1.031.062	409.775	1.496.135	55.298	1.097.309	472.678	1.513.801	-56.186	19.756
Norðurorka	275.583	110.378	393.563	7.602	303.982	128.185	413.219	-18.949	-8.364
Orkubú Vestfjarða	453.158	154.775	493.367	-114.566	499.821	169.734	539.386	-130.170	-337.686
Orkuveita Húsavíkur	50.196	14.942	63.292	-1.847	51.724	18.565	69.009	-1.280	-15.098
Orkuveita Reykjavíkur	2.878.943	937.564	3.746.325	-70.182	3.156.313	1.094.597	4.112.566	-138.344	-315.811
Rafveita Reyðarfjarðar	39.599	18.463	61.853	3.791	49.494	27.102	77.403	807	6.650
RARIK	2.759.795	938.449	3.408.165	-290.079	2.913.555	1.071.458	3.827.691	-157.322	-546.603
Samtals	7.488.336	2.584.346	9.662.700	-409.983	8.072.198	2.982.320	10.553.074	-501.444	-1.197.157

Af þessu má sjá að tekjur HS veitna og Rafveitu Reyðarfjarðar hafa frá 2006 verið nokkuð umfram tekjumörk, en það helgast að talsverðu leyti af tekjum af heimtaugagjöldum á miklum uppbyggingartímum. Aðrar dreifiveitur eru allar undir tekjumörkum.

Tekjumörk voru sett fyrir tekjumarkatímabilið 2007 til 2009 eins og sjá má í töflu 2.2. Nokkur munur verður þó á settum tekjumörkum og uppgerðum tekjumörkum vegna verðlagsbreytinga og fjárfestinga í tengslum við stóriðjuframkvæmdir og nýbyggingar.

Tafla 2.2 Sett tekjumörk fyrir flutning og dreifingu 2007 til 2009 í þús. kr.

Landsnet – dreifiveitur	3.117.423
Landsnet – stórnotendur	2.610.148
HS veitur	1.043.539
Norðurorka	259.662
Orkubú Vestfjarða	466.200
Orkuveita Húsavíkur	49.970
Orkuveita Reykjavíkur	2.698.856
Rafveita Reyðarfjarðar	42.984
RARIK	2.613.410

2.1.2. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. og dreifiveitna.

Landsnet, og dreifiveitur setja sér gjaldskrár í samræmi við þau tekjumörk sem Orkustofnun setur. Í raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga er kveðið á um þær meginreglur sem fara ber eftir við setningu gjaldskráa fyrir flutning og dreifingu raforku. Við setningu gjaldskrár skal gætt jafnræðis og byggt á hlutlægum og gegnsæjum sjónarmiðum en heimilt er að taka tillit til ýmissa atriða, s.s. mismunar á þjónustu. Fyrirtækjunum ber að senda Orkustofnun gjaldskrár til skoðunar tveimur mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Geri Orkustofnun athugasemd við gjaldskrá tekur hún ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt. Flutn-

ingsfyrirtækið og dreifiveitur skulu skilgreina gjald fyrir tengingu við veitukerfin. Gjaldskrár skulu vera þannig uppbyggðar að þær hvetji til bættrar nýtingar veitukerfanna og skulu birtar opinberlega.

2.2. Verðbreytingar á raforku

Í upphafi ársins 2006 þegar samkeppni í sölu á raforku náði til allra notenda lækkaði samkeppnishluti raforkuverðs og munur á gjaldskrám raforkusala minnkaði til muna. Til að aðstoða neytendur við að leita sér ráðleggingar opnuðu Orkustofnun og Neytendastofa sameiginlega vefsíðu sem veitir upplýsingar um réttarstöðu neytenda, framkvæmd söluaðilaskipta og val á hagstæðasta raforkutaxta. Safnar Orkustofnun gögnum um sérleyfishluta raforkuverðsins en Neytendastofa gögnum um samkeppnishlutann. Þessa síðu er að finna á slóðinni http://www.os.is/page/raforkuverd.

2.2.1. Verðbreytingar til almennra notenda 1. janúar 2005 til 1. janúar 2009

Í töflu 2.3 má sjá raforkuverð á dreifiveitusvæðum í janúar 2005 og september 2009 og breytingar á kjörum almennra notenda á þessu tímabili, miðað við 4.000 kWst notkun. Eins og sjá má eru hæstu verðin árið 2009 í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða og RARIK, en lægstu verðin eru hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og HS Veitum. Alls staðar hefur jafnframt orðið raunlækkun á raforkuverði nema í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða. Þarna endurspeglast í orkuverðinu mismunandi orkunotkun á svæðum, en hjá Orkubúinu og RARIK er orkunotkun heimila, vegna rafhitunar, að jafnaði umtalsvert meiri en t.d. í Reykjavík, þar sem 4.000 kWst gefa glögga mynd af meðalheimilisnotkun. Taka taxtarnir mið af þessu og eru því með hærra fastagjaldi en lægra breytilegu gjaldi en ella. Í raun greiðir meðalheimili á dreifiveitusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða því lægra meðalverð á kWst en heimili sem nýtir heitt vatn frá hitaveitu til húshitunar.

Tafla 2.3. Verð á dreifiveitusvæðum til almennra notenda, miðað við 4.000 kWst notkun (kr./kWst, með VSK). Gert er ráð fyrir að notendur sé með hagstæðasta auglýsta taxta.

	Janúar 2005	**September 2009**	**Nafnhækkun**	**Raunhækkun**
HS veitur	9,95	12,49	26%	-10%
Norðurorka	10,63	12,45	17%	-17%
Orkubú Vestfjarða þéttbýli	9,65	13,45	39%	-1%
Orkubú Vestfjarða dreifbýli	12,04	17,46	45%	3%
Orkuveita Húsavíkur	11,59	13,03	12%	-20%
Orkuveita Reykjavíkur	9,96	11,71	18%	-16%
Rafveita Reyðarfjarðar	11,34	13,13	16%	-18%
RARIK þéttbýli	11,49	14,10	23%	-13%
RARIK dreifbýli	12,65	16,73	32%	-6%

Á mynd 2.1 er sýndur samanburður á raforkuverði hérlendis við verð í nokkrum nágrannalöndum í upphafi árs 2009. Borið saman við önnur lönd er raforkuverð á Íslandi í dag með allra lægsta móti en breytingar á gengi íslensku krónunnar hafa aukið þennan mun á síðustu misserum. Flutningur og dreifing raforku hafa verið hlutfallslega kostnaðarsamir liðir á Íslandi sökum dreifðrar byggðar en orkuverðið sjálft þeim mun lægra. Hér á landi er innheimtur virðisaukaskattur af orku en víða annars staðar eru auk þess álagðir aðrir skattar og gjöld.



Mynd 2.1. Samanburður á raforkuverði hérlendis og í nokkrum nárannalöndum. Verð á kWst til almennra notenda miðað við 2.500 til 4.000 kWst ársnotkun í upphafi árs 2009 og gengi þess tíma.

2.2.2. Verðbreytingar á afltöxtum

Eftir að samkeppni komst á í upphafi árs 2005 hafa sölufyrirtæki ekki öll birt taxta til aflmældra notenda heldur gert tilboð þeim sem óskað hafa eftir. Flestir raforkusalar eru þó enn með verðlista, þó afslættir hafi verið veittir til viðskiptavina í einhverjum tilfellum. Þá eru taxtar fyrirtækjanna oft ekki auðveldlega samanburðarhæfir, en misjafnt er hvort að tekinn sé hæsti toppur, meðaltal hæstu fjögurra toppa, sumarmánuðum sleppt, toppur reiknaður miðað við 15 mínútur eða klukkustund og þannig mætti lengi telja. Á mynd 2.2 má sjá þróun raforkuverðs til aflnotenda á stærri dreifiveitusvæðum. Frá 2005 er valinn hagstæðasti fáanlegi sölutaxti og miðað við 125 kW og 500.000 kWst. Verð á kWst er á verðlagi í september 2009 og án vsk.



Mynd 2.2. Þróun raforkuverðs til aflnotenda á stærri dreifiveitusvæðum. Frá 2005 er valinn hagstæðasti fáanlegi sölutaxti miðað við 125 kW og 500.000 kWst. Verð á kWst er á verðlagi í september 2009 og án vsk.

Í viðauka 1 eru nánari upplýsingar um breytingar á kjörum aflnotenda frá janúar 2005 til október 2009.

2.3. Niðurgreiðsla á rafmagni til húshitunar

Frá því að niðurgreiðslur á raforku til hitunar íbúðarhúsa hófust árið 1982 til ársloka 2008 hefur 24,5 milljörðum kr. verið varið til málaflokksins miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2009. Árið 2002 voru sett sérstök lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr.78/2002, en lögin mæla m.a. fyrir um hvernig úthluta skuli því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis.



Mynd 2.3. Niðurgreiðslur til húshitunar frá1983–2008 á verðlagi í janúar 2009.

Niðurgreiðslur ná til dreifingar og flutnings á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis, kirkna, dvalarheimila aldraðra, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita. Flutnings- og dreifikostnaður er mismunandi milli dreifiveitusvæða og hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli. Fyrir gildistöku raforkulaga voru sérstakir taxtar hjá rafveitum fyrir hitun húsnæðis. Jafnframt niðurgreiddu stjórnvöld þessa taxta til hitunar íbúðarhúsa auk þess sem rafveitur og Landsvirkjun veittu ákveðinn afslátt til notenda. Með gildistöku nýrra raforkulaga var ekki heimilt hafa sérstaka gjaldskrá eða veita slíka afslætti. Til þess að koma á móts við notendur, sem annars hefðu orðið fyrir verulegri hækkun á raforkuverði vegna hitunar, ákváðu stjórnvöld að niðurgreiða 0,21 kr./kWst umfram flutnings- og dreifikostnað á hverju dreifiveitusvæði eins og hann var 1. janúar 2005. Frá þeim tíma hefur flutnings- og dreifikostnaður hækkað án þess að upphæð niðurgreiðslna hafi hækkað. Í töflu 2.4. má sjá hvernig flutnings- og dreifikostnaður hefur breyst frá 1. janúar 2005 til 1. ágúst 2009.

Niðurgreiðslurnar eru mismunandi eftir dreifiveitusvæðum og hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli. Þetta fyrirkomulag hefur verið fyrir hendi síðan 1. janúar 2005. Í upphafi voru niðurgreiðslur í öllum tilfellum 0,21 kr./kWst hærri en dreifi- og flutningskostnaður viðkomandi dreifiveitu.

Tafla 2.4. Þróun dreifi- og flutningskostnaðar í kr./kWst hjá dreifiveitum og hlutfall niðurgreiðslna.

	Niðurgreitt	Dreifi- og flutnings-kostnaður 2005	Hlutfall niðurgreiðslu af kostnaði	Dreifi- og flutnings-kostnaður 1. ágúst 2009	Hlutfall niðurgreiðslu af kostnaði
Hitaveita Suðurnesja	3,13	2,92	107,19%	3,94	79,4%
Norðurorka	3,11	2,90	107,24%	3,86	80,6%
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	2,51	2,30	109,13%	3,65	68,7%
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	3,42	3,21	106,54%	5,12	66,8%
Orkuveita Reykjavíkur	3,37	3,16	106,65%	3,79	88,9%
Rafveita Reyðarfjarðar	2,57	2,36	108,90%	3,51	73,2%
RARIK, þéttbýli	2,72	2,51	108,37%	3,91	69,5%
RARIK, dreifbýli	3,20	2,99	107,02%	5,29	60,5%

Endanlegt raforkuverð sem notendur greiða samanstendur af dreifi- og flutningskostnaði að viðbættum söluþættinum en hann er sá hluti raforkuverðsins sem flokkast undir samkeppnisþátt raforkuverðsins. Í töflu 2.5 má sjá áætlað endanlegt raforkuverð til notenda á hverju dreifiveitusvæði að teknu tilliti til niðurgreiðslna og virðisaukaskatts.

Tafla 2.5. Orkuverð kr./kWst með niðurgreiðslu og vsk. 1. ágúst 2009.

Orkufyrirtæki	**Flutningur og dreifing**	**Niðurgreiðsla**	**Sala**	**Samtals**	**Með VSK**
Hitaveita Suðurnesja	3,94	-3,13	4,08	4,89	5,02
Norðurorka	3,86	-3,11	3,97	4,72	4,84
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	3,65	-2,51	3,78	4,9	25,05
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	5,12	-3,42	3,78	5,48	5,62
Orkuveita Reykjavíkur	3,79	-3,37	3,83	4,25	4,36
Rafveita Reyðarfjarðar	3,51	-2,57	3,79	4,73	4,85
RARIK, þéttbýli	3,91	-2,72	3,93	5,12	5,25
RARIK, dreifbýli	5,29	-3,20	3,93	6,02	6,18

Lauslegur samanburður á meðalorkuverði til húshitunar, að teknu tilliti til niðurgreiðslna, sýnir að heitt vatn frá hitaveitu er ódýrasti kosturinn. Að teknu tilliti til niðurgreiðslna þá greiðir notandi með rafhitun í dreifbýli að meðaltali um þrefalt hærra verð fyrir upphitun en notandi á hitaveitusvæði í þéttbýli á meðan notandi með rafhitun í þéttbýli greiðir rúmlega tvöfalt það verð sem notandi með hitaveitu í þéttbýli greiðir.

Tafla 2.6. Meðal orkuverð kr./kWst án og með niðurgreiðslu og vsk. 1. ágúst 2009.

Orkuverð eftir orkugjafa	kr./kWst	Verð að teknu tilliti til niðurgreiðslna kr./kWst	Íbúafjöldi
Olíuhitun	13,87	6,65	200
Rafhitun í dreifbýli	9,30	5,90	12.365
Rafhitun í þéttbýli	7,87	4,90	15.705
Kyntar veitur	6,30	4,18	8.622
Hitaveitur á bilinu2,6–5,0 kr./kWst	3,32		28.250
Hitaveitur á bilinu 1,0–2,5 kr./kWst	1,98		254.608

2.3.1. Niðurgreiðslur vegna eigin framleiðslu

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar er heimilt að niðurgreiða raforku frá einkarafstöðvum til húshitunar. Á undanförnum árum hefur þeim fækkað sem þiggja niðurgreiðslu vegna eigin framleiðslu þar sem hitaveita hefur verið lögð. Í dag eru 64 einstaklingar með niðurgreiðslu vegna eigin framleiðslu frá þrjátíu og tveimur rafstöðvum. Verð hefur verið óbreytt frá árinu 2002 eða 2,23 kr./kWst.

2.3.2. Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis

Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis var aftur tekin upp með lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Eingöngu er um að ræða staði þar sem íbúar hafa ekki möguleika á öðrum orkugjafa til hitunar íbúðarhúsnæðis. Á undanförnum árum hefur olíuverð hækkað mikið og hefur kostnaður vegna niðurgreiðslna tvöfaldast þrátt fyrir að fjöldi notenda sé óbreyttur.

2.4. Niðurgreiðsla dreifingarkostnaðar í dreifbýli

Fyrir gildistöku raforkulaga árið 2003 var kostnaði við dreifingu raforku í reynd jafnað út á veitusvæði viðkomandi rafveitu, enda þótt kostnaður við dreifingu í þéttbýli sé sannanlega mun lægri en í dreifbýli. Með þessu má segja að íbúar á þéttbýlissvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða hafi tekið á sig meiri félagslegar byrðar en íbúar á öðrum þéttbýlissvæðum. Á þessu var tekið í raforkulögum með því að Orkustofnun getur heimilað dreifiveitum að setja sérstaka dreifbýlisgjaldskrá. Þá voru sett lög nr. 98/2004, en markmið þeirra er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda í dreifbýli. Á grundvelli laganna og fjárheimilda samkvæmt fjárlögum er niðurgreidd sérstaklega ákveðna krónutölu af dreifikostnaði vegna dreifingar orku í dreifbýli. Sú niðurgreiðsla nær til allra notenda í dreifbýli og er ekki bundin húshitun eingöngu. Þessi niðurgreiðsla nemur nú 0,52 kr./kWst á dreifiveitusvæði RARIK og 0,92 kr./kWst á dreifiveitusvæði Orkubús Vestfjarða en var 0,63 kr./kWh á báðum dreifiveitusvæðunum frá 1. Jan 2005.

Fjárhæð til jöfnunar dreifingakostnaðar er ákveðin í fjárlögum og var óbreytt árin 2005–2007 eða 230 millj. kr./ári en var 245 millj. kr. 2008 og 2009. Fjárhæðinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæðunum miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð og taka mið af dýrustu þéttbýlisveitu. Niðurgreiðslur á kWst í dreifbýli hjá RARIK eru árið 2009 0,52 kr./kWst og hjá Orkubúi Vestfjarða 0,93 kr./ kWst og dugðu til að niðurgreiða 82% af muninum á milli dreifbýlis og dýrasta þéttbýlis. Til að ná fullum jöfnuði hefðu niðurgreiðslur ársins þurft að vera 291 millj. kr.

3. Sala og notkun raforku

Í þessum kafla er fjallað um það hvernig sala og notkun raforku hérlendis hefur þróast síðastliðin ár, auk þess sem raforkunotkun hér á landi er borin saman við raforkunotkun í ríkjum OECD sem og nokkrum öðrum löndum.

3.1. Raforkunotkun

Raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Á árinu 2008 var heildarraforkunotkunin 16,5 TWst, að meðtöldum flutnings- og dreifitöpum, og hafði þá aukist um 66% frá árinu 2006, en það svarar til 28,8% árlegrar aukningar, síðustu tvö árin, eins og fram kemur á mynd 3.1. Af fyrrgreindri heildarnotkun nam almenn raforkunotkun 3,5 TWst og hefur hún aukist að meðaltali um 3,6% árlega frá árinu 1994. Á árinu 2008 nam raforka til stóriðju 12,4 TWst og hefur nær tvöfaldast frá árinu 2006. Til stóriðju teljast nú álver Alcan á Íslandi í Straumsvík, álver Norðuráls á Grundartanga, álver Alcoa í Reyðarfirði, verksmiðja Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga og aflþynnuverksmiðja Becromal á Akureyri.

Í Raforkuspá 2009–2030 er gert ráð fyrir að heildarnotkun raforku verði 17,5 TWst árið 2010 en 2015 er áætlað að notkunin verði komin í 17,8 TWst. Í raforkuspám er ekki gert ráð fyrir nýrri stóriðju fyrr en vissa er fengin fyrir því að slík áform verði að veruleika. Hefur það verklag verið viðhaft sökum óvissu um uppbyggingu og þess að um getur verið að ræða verulega notkun sem hefur mikil áhrif á raforkuspána.



Mynd 3.1. Raforkunotkun á Íslandi 1994–2008.

Við nánari athugun á heildarraforkunotkun fyrir 2008 kemur í ljós að almenn raforkunotkun var 21% af heildinni og raforkunotkun stóriðjufyrirtækja er nú komin í 76% eins og sjá má á mynd 3.2. Árið 1996 var raforkunotkun stóriðju um 50% af heildarnotkuninni, en hefur aukist nánast samfellt frá þeim tíma og er líklegt að sú þróun muni halda áfram næstu árin. Gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 77% af heildarnotkun árið 2010.



Mynd 3.2. Hlutfallsleg skipting raforkunotkunar árið 2008.

Stóriðju hefur á undanförnum árum mátt skipta í tvennt, áliðnað annars vegar og járnblendiiðnað hins vegar. Þróun á skiptingu raforkunotkunar milli þessara iðngreina má sjá á mynd 3.3.



Mynd 3.3. Skipting raforku til stóriðju frá 2002 til 2008.

Þegar meginflokkar almennrar raforkunotkunar á árinu 2008 eru skoðaðir nánar sést að hlutur þjónustu var 31% af heildarnotkun, hlutur heimila 25% og hefur aukist um 8 prósentustig frá síðustu skýrslu. Almennur iðnaður var 18% af heildarnotkun, eins og fram kemur á mynd 3.3.



Mynd 3.4. Skipting almennrar raforkunotkunar árið 2008.

3.2. Raforkuvinnsla

Nær öll raforkuvinnsla Íslendinga kemur frá endurnýjanlegum orkulindum, eins og sjá má á mynd 3.5. Langstærsti hluti heildarvinnslu raforku eða rúm 75% er unninn úr vatnsorku. Raforkuframleiðsla jarðgufuvirkjana, sem hófst árið 1969, hefur hins vegar aukist mjög mikið síðastliðin ár og var tæp 25% af allri raforkuvinnslu eða um 4.038 GWst á árinu 2008 sem er aukning um tæp 54% frá 2006.



Mynd 3.5. Raforkuvinnsla eftir uppruna árið 2008

Á mynd 3.6 má sjá þróun raforkuvinnslu eftir uppruna hennar frá 2000 til 2008.



Mynd 3.6. Þróun raforkuvinnslu frá árinu 2000 til 2008.

Á mynd 3.7 má sjá hvernig raforkuvinnsla á árinu 2008 skiptist milli stærstu vinnslufyrirtækjanna. Eins og sést á myndinni var hlutdeild Landsvirkjunar rúm 75% af raforkuvinnslu landsins árið 2008, hlutdeild Orkuveitu Reykjavíkur var tæp 13% og hlutdeild Hitaveitu Suðurnesja nam 9%. Hlutfallið hefur lítið breyst frá árinu 2006.



Mynd 3.7. Skipting raforkuvinnslu milli vinnslufyrirtækja árið 2008.

Á mynd 3.8 má sjá hvernig heildarafl vatnsafls- og jarðvarmavirkjana hefur aukist hérlendis með árunum allt frá 1936.

Mynd 3.8. Aukning á uppsettu afli vatnsafls- og jarðvarmavirkjana frá árinu 1936.

Á mynd 3.9 má sjá afl helstu raforkuvera landsins eins og staðan er um mitt ár 2009. Kárahnjúkavirkjun er sem stendur stærsta raforkuver landsins með 690 MW uppsett afl. Þar á eftir koma Búrfell, Hrauneyjarfoss, Blanda og Sigalda en allar þessar virkjanir eru vatnsaflsvirkjanir. Hellisheiðarvirkjun er nú orðin stærst jarðvarmavirkjana með 213 MW uppsett afl en Nesjavallavirkjun kemur þar á eftir með 120 MW. Myndin sýnir hvorttveggja uppsett afl og áætlaða árlega raforkuvinnslu virkjana. Athygli vekur hversu mikið afl smávirkjanir

eru farnar að gefa og var samanlagt uppsett afl hjá smávirkjunum 137 MW. Smávirkjanir eru þær virkjanir sem eru með uppsett afl minna en 10 MW.



Mynd 3.9. Afl og áætluðorkuvinnslugeta helstu raforkuvera á Íslandi 2009.

3.3. Alþjóðlegur samanburður

Raforkunotkun hérlendis hefur aukist stöðugt síðastliðna áratugi og raforkunotkun á mann á Íslandi árið 2006 var hærri en í nokkru öðru OECD-ríki, eins og sést á mynd 3.10. Aðalástæðan er raforkunotkun stóriðju, en einnig má nefna að raforka til hitunar nemur tæpum fjórðungi af almennri raforkunotkun hér á landi.

Raforkunotkun hérlendis hefur aukist stöðugt síðastliðna áratugi og raforkunotkun á mann á Íslandi árið 2006 var hærri en í nokkru öðru OECD-ríki, eins og sést á mynd 3.10. Aðalástæðan er mikil orkunotkun stóriðju og mun notkun aukast enn frekar t.d. með álþynnuverksmiðju á Akureyri, gagnaveri í Keflavík og öðrum verkefnum. Þá má einnig nefna að raforka til hitunar nemur tæpum fjórðungi af almennri raforkunotkun hér á landi.



Mynd 3.10. Raforkunotkun á íbúa árið 2006 hjá ríkjum OECD ásamt nokkrum völdum ríkjum (MWst/íbúa). Heimildir: OECD/IEA, „International Energy Agency“ http://www.iea.org/Textbase/stats/index.asp.(Skoðað 25.06.2009)

Samanburður þessara ríkja hvað varðar raforkunotkun sem hlutfalli af landsframleiðslu er ekki eins breytileg og notkunin á íbúa. Flest OECD-ríki nota um 0,2–0,7 kWst á Bandaríkjadal í landsframleiðslu og hjá þeim þjóðum þar sem raforkunotkun á íbúa er mest er notkun í hlutfalli við landsframleiðslu einnig mikil. Noregur og Kanada, sem eru með svipaða notkun á íbúa og Ísland, eru einnig með mikla hitunarþörf húsa og mikinn orkufrekan iðnað.

3.4. Þjóðhagsleg þýðing áætlaðra framkvæmda

Í hagkerfum nútímans er aðgangur að nægu og öruggu rafmagni einn mikilvægasti liðurinn í hagþróun hverrar þjóðar. Rafmagn er grundvallaraðfang fyrir fyrirtæki jafnt sem heimilin í landinu. Framkvæmdir á sviði raforkumála og tengdar iðnaðarframkvæmdir geta haft mikla þjóðhagslega þýðingu. Við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagsmálum er nokkuð horft til þess að framkvæmdir við orku- og stóriðjuuppbyggingu geti aukið hagvöxt. Í efnahagsskýrslu OECD fyrir Ísland árið 2009 er gert ráð fyrir djúpri efnahagslægð í ár þar sem verg landsframleiðsla muni dragast saman um 7%. Hins vegar spáir OECD hagvexti á næsta ári, enda er þá gert ráð fyrir að veruleg stóriðjuáform komist í gang. Þetta er í anda þess er fram kemur í stöðugleikasáttmála um framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útilokar ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.

Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggi að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er.

Í júlí 2009 gaf iðnaðarráðuneytið út skýrslu um áhrif stjóriðjuframkvæmda sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.[40] Með skýrslunni var brugðist við ítrekuðum ábendingum og athugasemdum varðandi áhrif stóriðjuframkvæmda í skýrslum OECD um íslensk efnahagsmál á undanförnum árum. Í skýrslunni er fjallað um tímasetningar stóriðjuframkvæmda og bent á leiðir til hagstjórnar þegar ákvarðanir eru teknar um slíkar framkvæmdir. Þá er í skýrslunni skoðaður þáttur áls í útflutningi, ávinningur og hugsanleg áhætta af starfseminni og metin sveifluáhrif í hagkerfinu og gerð kostnaðar- og ábatagreining af aukinni álframleiðslu fyrir hagkerfið í heild. Fjallað er um arðsemi orkuverkefna og áhættu íslenskra orkufyrirtækja af auknum virkjunarframkvæmdum og hugsanlegt erlent eignahald í orkufyrirtækjum og virkjunum. Loks er í skýrslunni kafli sem fjallar um lagaumhverfi og stjórn auðlindanýtingar.

Helstu niðurstöður skýrslunnar varðandi þjóðhagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda eru eftirfarandi:

1. Sökum þess hve hlutfallslegt umfang stóriðjuframkvæmda er mikið í hagkerfinu og þeirrar staðreyndar að hér hefur lengstum verið því sem næst fullt atvinnustig skipta tímasetningar slíkra framkvæmda miklu máli hvað varðar þjóðhagslegan ávinning. Sé ráðist í slíkar framkvæmdir á þensluskeiði getur þjóðhagslegur ábati orðið neikvæður eða lítill en mikill sé framkvæmt á þeim tímum þegar slaki er í hagkerfinu.

---

[40] http://www.idnadarraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/2009-07-ahrif-storidjuframkvaemda-islefnahagslif.pdf.

2. Auðveldari aðgangur að erlendu vinnuafli nú en áður gerir það að verkum að áhrif framkvæmda á vinnumarkað eru þjóðhagslega minni en oft áður. Fyrir vikið er auðveldara að rýma til fyrir þessum framkvæmdum á vinnumarkaði með því að flytja inn erlent vinnuafl. Á móti kemur að sveiflur í heildarfjölda vinnandi á markaði verða meiri vegna stóriðjuframkvæmda nú en áður sökum þessa.
3. Þrátt fyrir að hlutfallslegt umfang stóriðju í hagkerfinu hafi vaxið mikið á síðustu áratugum er það enn svo að sveiflujafnandi áhrif stóriðju í rekstri á hagsveiflur eru mikil. Aukin notkun áhættuvarna álfyrirtækja vegna sveiflna í álverði gerir það einnig að verkum að hingað til hafa sveiflujafnandi áhrif greinarinnar verið vanmetin.
4. Flest bendir til að þjóðhagslega hagkvæmt verði að ráðast í stóriðjuframkvæmdir á næstu árum. Ástæðurnar eru þær að útlit er fyrir slaka í hagkerfinu á þessu tímabili auk þess sem ætla má að slíkar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á íslenskan vinnumarkað. Vegna þessa slaka er trúlegt að ruðningsáhrif slíkra framkvæmda verði minni en ella. Eigi að síður er nauðsynlegt að gaumgæfa vandlega þau áhrif sem fjárfestingar í stóriðju og orkuverum geta haft á gengi íslensku krónunnar á fjárfestingartímanum.

Í vorskýrslu fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn er m.a. fjallað um áhrif stóriðjuframkvæmda á þjóðarbúskapinn.[41] Í skýrslunni kemur fram að miðað er við að áframhald verði á nokkrum stóriðjuframkvæmdum á næstu árum. Um er að ræða byggingu álvers í Helguvík, stækkun álversins í Straumsvík og tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdir. Í skýrslunni segir m.a.: „Fyrirhugaðar framkvæmdir eru áætlaðar að nema 402 ma.kr. á nafnvirði á tímabilinu 2008–2015 og þar af er kostnaðurinn við stækkun álversins í Straumsvík metinn vera um 45 ma.kr. Krafturinn í framkvæmdunum verður mestur árin 2010–2012 en einnig verða miklar framkvæmdir næstu tvö ár þar á eftir. Áætlað er að á tímabilinu 2009–2015 muni framkvæmdirnar og aukinn útflutningur auka landsframleiðsluna um 4,2% að raungildi. Á fyrri hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla að mestu tilkomin vegna aukinnar atvinnuvegafjárfestingar til stóriðju en á seinni hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla til komin vegna aukins útflutnings á áli. Miðað er við að framkvæmdirnar hafi það í för með sér að vaxtastigið verði 1–2,5 prósentustigum hærra en ella sem gerir það að verkum að einkaneysla og önnur fjárfesting verður lítillega minni en ella. Innflutningur, sem mun aukast á fyrri hluta tímabilsins vegna aukins innflutnings fjárfestingarvara, mun verða minni á seinni hluta tímabilsins vegna minni innflutnings neyslu- og fjárfestingarvara.” Þá kemur fram í skýrslunni að samtals muni framkvæmdirnar auka landsframleiðsluna allt tímabilið en það dragi úr áhrifunum í lok tímabilsins þegar stóriðjufjárfesting dregst hratt saman. Þá segir í skýrslunni: „Atvinnuleysi dregst nokkuð saman á tímabilinu ef af framkvæmdunum verður. Áhrifin eru mest áberandi þegar framkvæmdirnar standa sem hæst árin 2010–2012 en síðan dregur úr þeim jafnt og þétt þegar líður á tímabilið þegar atvinnuleysið fer minnkandi. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins á lögmáli Okun’s sem sýnir tölfræðilegt samband atvinnuleysis og hagvaxtar er áætlað að fyrir hvert stig hagvaxtar hér á landi dragi úr atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli um u.þ.b. 0,2 prósentustig. Gera má ráð fyrir að þar sem um vinnuaflsfrekar aðgerðir er að ræða auk þess sem atvinnuleysi mun verða mikið í upphafi framkvæmda gætu áhrifin nú verið lítið eitt meiri eða sem nemur 0,25 prósentustigum. Út frá efnahagslegum forsendum er tímasetning framkvæmdanna óvenju góð. Ljóst er að atvinnuleysi verður mikið hér á landi á næstu árum og þau störf sem skapast við framkvæmdirnar eru því hrein viðbót við þau störf sem fyrir eru. Má gera ráð fyrir að allt upp undir 1.000 viðbótarársverk skapist

[41] Sjá: http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Thjodarbuskapurinn/THBUSK_Vorskyrsla_2009.pdf.

við framkvæmdirnar á ári og eru þá ekki meðtalin þau fjölmörgu óbeinu störf sem myndast við framkvæmdir sem þessar. Í árferði þar sem atvinnuleysi er lítið ryðja slíkar framkvæmdir jafnan margvíslegum öðrum verkefnum til hliðar og störfin sem skapast eru því ekki hrein viðbót eins og nú mun verða. Þá mun innstreymi erlends fjármagns vegna framkvæmdanna hafa jákvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar til styrkingar en gengi krónunnar er spáð veiku á næstu árum. Á móti kemur þá mun vaxtastigið verða hærra en ella ef af framkvæmdunum verður en þó er ekki gert ráð fyrir að vaxtastigið verði hátt hér á landi á næstu árum.“

4. Raforkuþörf og öyggi raforkukerfisins

Í þessum kafla er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, ásamt umfjöllun um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við spá um aukna raforkuþörf næstu árin. Einnig er fjallað um undirbúning að samræmdri neyðarstjórnun raforkukerfisins.[42]

4.1. Raforkuvinnsla með hliðsjón af raforkuþörf og öyggi raforkukerfisins

Samkvæmt raforkulögum á Landsnet að gera spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet gefur árlega út Kerfisáætlun til fimm ára í senn auk þess sem langtímaáætlun fyrir 15 ár í senn er kynnt á fimm ára fresti. Í árlegri skýrslu um afl- og orkujöfnuð á Íslandi er fjallað um orkujöfnuð landsvæða og líkur á aflskorti miðað við áætlaða þróun til þriggja ára. Þær upplýsingar sem hér koma fram eru að mestu grundvallaðar á fyrrnefndum skýrslum.

Mynd 4.1. sýnir spá um raforkuþörf fyrir almennan markað og stóriðju árin 2009–2014. Til grundvallar henni liggur annars vegar endurreiknuð raforkuspá 2009 og hins vegar spá um aukna stórnotkun vegna nýrra notenda. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist um 34% á tímabilinu eða úr 16.467 GWst árið 2008 í um 22.063 GWst árið 2014. Eins og sjá má á myndinni er gert ráð fyrir að hlutfall stóriðjunotkunar af heildar raforkunotkun aukist úr 76% árið 2008 í 81% árið 2014.

[42] Kaflinn er byggður á upplýsingum frá Landsneti miðað við stöð mála 8. september 2009. Nánari upplýsingar um efni kaflans er að finna í Kerfisáætlun Landsnets 2009 og Raforkuspá 2009–2030.



Mynd 4.1. Spá um raforkuþörf fyrir almennan markað stóriðju og flutningstöp árin 2009–2014, ásamt raunnotkun fyrir árið 2008.

Áætlað er að raforkuþörfin á almenna markaðnum dragist saman á árinu 2009 en að á árunum þar á eftir verði árleg aukning um 1,5–2 % en líkt og fram kemur í endurreiknaðri raforkuspá 2009 er raforkunotkun nátengd hagvexti og því má við því búast að sveiflur í hagvexti geti haft töluverð áhrif á þróun raforkunotkunar á almennum markaði næstu árin. Raforkuspárnefnd leggur við mat á þróun raforkunotkunar til grundvallar fyrirliggjandi spár um landsframleiðslu, mannfjölda, atvinnustarfsemi ásamt öðrum þáttum sem áhrif hafa.

Áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 43% á þessu tímabili. Aukning stórnotkunar skýrist af tengingu aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri, ásamt þemur fyrstu áföngum álvers í Helguvík sem hér er gert ráð fyrir að falli innan þess tímabils sem til skoðunar er. Becromal hóf uppkeyrslu á síðari hluta árs 2009 og áætlað er að verksmiðjan muni auka álag jafnt og þétt árin 2010 og 2011. Árleg orkuþörf aflþynnuverksmiðju að uppkeyrslu lokinni er áætluð um 580 GWst. Gert er ráð fyrir að þrír áfangar álvers í Helguvík hefjist allir síðari hluta áranna 2011, 2013 og 2014. Árleg orkuþörf hvers áfanga álversins er um 1350 GWst. Þessu til viðbótar er áætlað að gagnaver á Ásbrú muni hefja starfsemi árið 2010. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir að árleg orkunotkun þess, að lokinni uppkeyrslu, muni nema um 150–180 GWst.

Gert er ráð fyrir að aukinni raforkuþörf verði mætt með aukinni orkuframleiðslu á Hellisheiðarsvæði og Reykjanesskaga auk þess sem tenging Búðarhálsvirkjunar og Hvammsvirkjunar er áætluð á tímabilinu.

4.1.1. Líkur á aflskorti

Líkur á að aflskortur eigi sér stað eru samspil líkinda á að vinnslueining í virkjun eða annar búnaður í virkjun bili fyrirvaralaust og líkum á aflþörf raforkunotenda. Aflþörfin er breytileg innan ársins og er að vissu marki ófyrirsjáanleg. Það viðmið sem hér er sett fram samsvarar því að aflgeta sé minni en aflþörf í minna en um eina klukkustund á ári (nánar tiltekið undir 1/10.000 úr ári).

Líkur á aflskorti í raforkukerfinu hafa verið áætlaðar fram til ársins 2014 með líkindaafllíkani. Næstu árin verða líkur á aflskorti að mestu um eða undir viðmiði Landsnets, með undantekningu þó árið 2014 þar sem líkur eru, miðað við núgildandi forsendur, töluvert háar. Þetta kemur fram á Mynd 4.2 þar sem líkur á aflskorti eru sýndar í tíu þúsundustu hlutum, það er 1/10.000 samsvarar einum á línuritinu. Ein klukkustund samsvarar 1,14 á myndinni. Ótryggt rafmagn, sem getur numið allt að 110 MW er tekið með í útreikningum á líkum á aflskorti. Með skerðingu á þeirri notkun er hægt að draga úr líkum á aflskorti.



Mynd 4.2. Útreiknaðar línur á aflskorti í raforkukerfinu árin 2010–2014.

Eins og sést á Mynd 4.1.4 eru líkur á aflskorti innan viðmiðunarmarka fyrstu tvö ár áætlunarinnar en fara aðeins yfir viðmið árin 2012 og 2013. Síðasta árið sem hér er til skoðunar sker sig þó úr með niðurstöðum sem sýna háar líkur á aflskorti. Á álagshliðinni er á því ári gert ráð fyrir að 3. áfangi Norðuráls í Helguvík hefji uppkeyrslu í byrjun árs, en á framleiðsluhliðinni gera áætlanir um raforkuvinnslu ráð fyrir að nýjar vinnslueiningar verði tilbúnar til framleiðslu upp úr síðari hluta árs 2014 og allt fram á síðari hluta árs 2015.

Útreikningar taka tillit til bæði almennrar forgangsnotkunar og almennrar ótryggðrar notkunar. Spá um afltopp ótryggðrar notkunar ásamt dreifitöpum árið 2014 nemur um 103 MW og skerðing þess álags nægir til að líkur á aflskorti fari undir viðmiðunarmörk árið 2014.

4.1.2. Álagsflæði á árunum 2010–2014

Flutningskerfi Landsnets inniheldur öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri ásamt flutningsvirkjum á 33 kV spennu sem tengja Vestmannaeyjar og Húsavík við hærri

spennur. Hæsta spenna kerfisins er í dag 220 kV en nokkrar línur eru byggðar sem 400 kV línur þótt þær séu reknar á 220 kV. Mögulegt er síðar að spennuhækka þær í 400 kV þegar þörf verður á að flytja enn meira afl eftir þeim.



Mynd 4.3. Flutningskerfi Landsnets í upphafi árs 2010.

Við mat á álagsflæði hefur landinu nú verið skipt í fimm svæði. Framleiðsla og álag innan ákveðinna svæða miðar við áætlað hámarksálag árin 2008, 2010 og 2012 og eru niðurstöður sýndar á mynd 4.3. Tímabilið sem skýrslan nær til einkennist af hlutfallslega lítilli aukningu stóriðju, annars vegar lok uppkeyrslu Alcoa Fjarðaáls og hins vegar stækkun Norðuráls á Grundartanga, hvoru tveggja á árinu 2008. Aukning milli áranna 2008 og 2010 annars vegar og 2010 og 2012 hins vegar stafar eingöngu af almennri aukningu raforkunotkunar.



Mynd 4.4. Framleiðsla og álag eftir svæðum við háálag.

Framtíðar mat á ástandi flutningskerfisins við eðlileg rekstrarskilyrði er fengið með hjálp kerfishermunar sem byggir á forsendum um þróun markaðar árin 2010 til 2014 og spá um hámarksálag kerfis á hverjum tíma.

Skipting framleiðslu og álags milli svæða er sýnd á mynd 4.4. Þar má sjá hvernig framleiðslan er umfram álag á svæði I og IV og öfugt á svæði II. Á svæðum III (a og b) og V eru hins vegar framleiðsla og álag í nokkru jafnvægi.

Helstu niðurstöður álagsflæðirannsókna fyrir árin 2010–2014 sýna að rekstrarspenna helst innan viðmiðunarmarka á öllum afhendingarstöðum nema í örfáum tilfellum. Frekari álagsaukning á afhendingarstöðum sem tengjast byggðalínunni, ýmist beint eða sem geislakerfi[43] er að mjög litlu leyti möguleg þar sem rekstrarspenna fellur niður fyrir leyfileg viðmiðunarmörk í truflanatilvikum og stöðugleika er ógnað. Kerfisathuganir sýna að almennt mun skerðing á ótryggðu rafmagni fara vaxandi á næstu árum, í takt við aukningu forgangsnotkunar. Ekki er unnt að anna álagi vegna aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri í öllum truflanatilvikum og er álag skert með þeirra leyfi í ákveðnum truflanatilvikum þar til ný lína, Blöndulína3, hefur verið byggð. Rangárvallalína1 er eftir sem áður veikasti hlekkur byggðalínunnar og er hætt við yfirlestun línunnar á því tímabili sem hér er til skoðunar, til og með ársins 2014.

4.1.3. Töp í flutningskerfinu

Töp flutningskerfisins eru hlutfallslega mest á svæðum III og IV, en þar er ekkert 220kV kerfi og svæðin einkennast af langri 132kV byggðalínu. Í kerfi Landsnets eru jaðartöp kerfisins mismunandi eftir álagi eininga. Mynd 4.5 sýnir heildartöp í flutningskerfi Landsnets þar

[43] Geislakerfi er kerfi eð hluti kerfis sem samanstendur af raðengdum einingum með einfaldri innmötun.

sem rauntöp eru töp Landsnets samkvæmt ársskýrslum, áætluð töp eru samkvæmt orkuspá og reiknuð töp eru fengin úr hermilíkani sem einnig hefur að hluta kerfi dreifiveitna. Töp kerfisins ráðast að miklu leyti af aflflæði eftir byggðalínunni.

Niðurstöður sýna að á næstu árum munu heildartöp kerfisins verða að mestu óbreytt en hlutfallsleg töp fara þó áfram lækkandi eins og verið hefur á síðustu árum. Flutningstöpin hérlendis hafa jafnframt á síðasta áratug lækkað um sem nemur einu prósentustigi sem verður að teljast umtalsverð lækkun. Lækkandi flutningstöp stafa einkum af vaxandi raforkunotkun og nálægðar nýrra notenda við stærri vinnslueiningar. Sem hlutfall af heildarflutningi, hefur raforkuflutningur milli landshluta minnkað á síðustu árum og mun skv. þessari áætlun lækka áfram á næstu árum. Líkt og sjá má á mynd 4.5 eru hlutfallsleg töp flutningskerfisins á milli 2 og 3% af heildarflutningi ársins.



Mynd 4.5. Heildartöp í kerfinu frá árinu 2005 til ársins 2014.

4.2. Flutningskerfi raforku

Landsnet hefur þurft að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku vegna aukinnar framleiðslu og notkunar raforku í landinu á undanförnum árum. Í þessum kafla er fjallað um þau verkefni sem eru í undirbúningi eða framkvæmd, ásamt áætluðum kostnaði þeirra. Allar tímasetningar um það hvenær ný virki eru áætluð í rekstur eru miðaðar við forsendur í september 2009 og geta hæglega breyst, verði breytingar á áformum vinnsluaðila eða notenda.

Í áætlunum Landsnets er gert ráð fyrir kostnaði vegna verkefna sem ekki hafa endanlega verið samþykkt en nauðsynlegt er að ráðast í rannsóknir og undirbúning ef til framkvæmda skyldi koma. Fyrirtækið þarf að vera í stakk búið til að mæta breytingum á markaði með tiltölulega stuttum fyrirvara.



Mynd 4.6. Lengd lína eftir aldursdreifingu og spennu.

Elstu línur flutningskerfisins eru frá árinu 1947. Línur sem eru eldri en 50 ára eru samtals um 124 km að lengd og línur sem eru 41–50 ára eru samtals um 209 km að lengd. Heildarlengd flutningskerfisins er rúmlega 3000 kílómetrar.



Mynd 4.7. Staðsetning verkefna tímabilið 2009 –2014.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku aukist mikið og hafa fyrirspurnir borist frá fjölda alþjóðlegra fyrirtækja síðustu misserin. Samtímis hefur orkunotkun tvöfaldast á skömmum tíma, einkum vegna nýrrar stóriðju, en samfara því hefur einnig almenn orkunotkun aukist. Það er skylda Landsnets að tengja þá viðskiptavini sem óska eftir flutningi raforku en einnig að byggja upp og viðhalda flutningskerfinu þannig að það stuðli að virkri samkeppni í viðskiptum með rafmagn. Fyrirtækið þarf því að vera í stakk búið til að ráðast í framkvæmdir með tiltölulega stuttum fyrirvara, verði af áformum viðskiptavina og gera þannig aðilum markaðarins kleift að stunda viðskipti án hindrana.

Ár hvert er unnið að endurnýjunum í flutningskerfinu til þess að viðhalda hæfni þess og uppfylla kröfur viðskiptavina Landsnets og markmið um áreiðanleika. Eins og sjá má á mynd 4.6 eru flutningsvirki víða komin til ára sinna sem mun kalla á endurnýjun kerfisins á næstu árum. Í undirbúningi og framkvæmd eru verkefni sem lúta bæði að endurnýjun og styrkingu flutningskerfisins en einnig tengingu nýrra viðskiptavina.

4.2.1. Verkefni í undirbúningi (5 ára áætlun)

Nýframkvæmdir fara í gegnum langt undirbúnings- og matsferli áður en til framkvæmda kemur. Kröfur hafa komið fram um aukna flutningsgetu flutningskerfisins og til að mæta þessum kröfum er unnið að stækkun tengivirkja ásamt lagningu nýrra lína og strengja sem fela m.a. í sér spennuhækkun á viðkomandi flutningsleiðum og þar með aukna flutningsgetu. Þau verkefni sem hér um ræðir eru bundin þó nokkurri óvissu varðandi kostnað og tímasetningar þar sem hönnun flutningsvirkjanna er mis langt á veg komin og þau háð ákveðnum forsendum varðandi þróun raforkuframleiðslu og -notkunar. Í töflu 4.1. má sjá verkefni sem eru í undirbúningi.

Tafla 4.1. Verkefni í undirbúningi (milljónir kr.)

Undirbúningsverkefni	Áætlaður kostnaður (millj. kr.)	Virki í rekstur áætlað	Staða
Tenging Búðarhálsvirkjunar	1.510 (verðl.dags: jan 09)	F4 2013	Í undirbúningi
Tenging Hvammsvirkjunar	1.430 (verðl.dags: jan 09)	F4 2014	Í undirbúningi
Suðvesturlínur, áfangar	1–31 29.400 (verðl.dags: ágú 09)	F3 2011 1. áfangi F3 2013 2. áfangi F3 2014 3. áfangi	Í undirbúningi
Stóriðja á Norðausturlandi	15.550 (verðl.dags: ágú 09)	F2 2013–F2 2015	Í undirbúningi
Blöndulína	3 6.559 (verðl.dags: jan 09)	F3 2013 eða síðar	Í undirbúningi

*Gulir punktar á mynd 4.7 sýna staðsetningu verkefna í undirbúningi.

Tenging Búðarhálsvirkjunar

Verkefnið fellst í tengingu fyrirhugaðrar Búðarhálsvirkjunar í Tungnaá við raforkukerfið en núgildandi áætlanir Landsvirkjunar miða við gangsetningu Búðarhálsvirkjunar (85 MW) árið 2012.

Tenging Hvammsvirkjunar

Verkefnið fellst í tengingu fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í Þjórsá við raforkukerfið en núgildandi áætlanir Landsvirkjunar miða við gangsetningu Hvammsvirkjunar (82 MW) árið 2013.

Suðvesturlínur

Verkefnið tekur til uppbyggingar og endurnýjunar raforkuflutningskerfisins á suðvesturhorninu, frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og áfram út á Reykjanes. Verkefnið er forsenda uppbyggingar af ýmsu tagi í atvinnulífi landshlutans, þar á meðal aukinna umsvifa í orkufrekri atvinnustarfsemi, framleiðslu- og iðnaði ásamt aukningar áreiðanleika á afhendingu raforku til viðskiptavina á Reykjanesi.

Stóriðja á Norðausturlandi

Undirbúningur vegna mögulegra samninga um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum.

Blöndulína 3

Undirbúningur byggingar 220 kV háspennulínu milli Blöndu og tengivirkis Landsnets að Rangárvöllum við Akureyri. Verkefnið er tilkomið vegna stöðuleikavandamála í flutningskerfinu og flutningstakmarkana.

4.2.2. Framkvæmdir

Verkefni í framkvæmd eru verkefni sem hafa farið í gegnum undirbúningsferlið en eru komin mis langt á veg í framkvæmdaferlinu. Í töflu 4.2 má sjá lista yfir stærstu verkefni í framkvæmd.

Tafla 4.2. Framkvæmdir (milljónir kr.)

Nýframkvæmdir	Heildarkostnaður (milljónir kr.)	Virki áætlað í rekstur	Staða
Nesjavallalína	2 1.565 (verðl.dags: ágú 08)	F3 2009	Í framkvæmd
Bolungavíkurlína	2 405 (verðl.dags: júl 09)	Ótímasett2	Í framkvæmd
Aflþynnuverksmiðja á Akureyri 1. áfangi	840 (verðl.dags: jan 09)	F2 2009	Í framkvæmd
Akranes nýtt tengivirki	139 (verðl.dags: ágú 08)	2010	Í framkvæmd
Varaspennir	222 (verðl.dags: jan 08)	F3 2011	Í framkvæmd
Lagarfosslína 1	192 (verðl.dags: jan 07)	F2 2009	Lokið
Ásbrú, gagnaver	275 (verðl.dags: ágú 09)	F1 2010	Í framkvæmd

* Grænir punktar á mynd 4.2.1. sýna staðsetningu nýframkvæmda.

Nesjavallalína 2

Lagning 132 kV jarðstrengs frá Nesjavöllum að Geithálsi. Núverandi tenging Nesjavallavirkjunar við flutningskerfið er með einni 132 kV tengingu, Nesjavallalínu 1. Eftir að virkjunin var stækkuð í 120 MW er komið að mörkum þess sem jarðstrengshluti Nesjavallalínu1 getur flutt. Lagning jarðstrengsins er einnig liður í því að uppfylla N-1 skilyrði flutningskerfisins.

Bolungarvíkurlína 2

Vegagerðin er að leggja jarðgöng um svonefnda Skarfaskersleið milli Hnífsdals og Bolungavíkur. Landsnet nýtir sér framkvæmdina til að endurnýja núverandi flutningsleið með því að leggja 66kV jarðstreng í göngin og áfram til Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Í framhaldi af því má rífa núverandi loftlínu.

Aflþynnuverksmiðja á Akureyri 1. áfangi

Fyrirtækið Becromal hefur sett upp aflþynnuverksmiðju við Krossanes á Akureyri. Orkuþörf verksmiðjunnar er um 640 GWh á ári sem er um fimm sinnum meira rafmagn en Eyjafjarðarsvæðið notar árlega. Stækka þurfti tengivirkið á Rangárvöllum ásamt því að fyrirhugað er að endurnýja og stækka þéttavirkið. Lagður var einn 132 kV háspennustrengur tæplega 6 km leið að verksmiðjunni.

Akranes nýtt tengivirki

Núverandi staðsetning 66kV tengivirkis á Akranesi stendur á skipulögðu byggingarsvæði auk þess að vera orðið of lítið fyrir núverandi orkuþörf. Áætlað að byggja nýtt tengivirki fyrir 66 kV tengingu við Akranes árið 2010 í nýju iðnaðarhverfi.

Varaspennir

Verkefnið felur í sér kaup á varaspenni sem er til reiðu milli 220 kV og 132 kV spennustiga í flutningskerfinu og dregur þannig úr skerðingu afhendingar vegna spennabilana.

Lagarfosslína 1 – styrking og aukin flutningsgeta

Með stækkun Lagarfossvirkjunnar jókst flutningsþörf raforku frá virkjuninni. Frá Lagarfossi að Eyvindará er 27 km 66 kV lína sem var byggð 1974 – Lagarfosslína 1. Línan var endurbyggð og styrkt á stærstum hluta leiðarinnar. Eftir standa 5,4 km af núverandi loftlínu sem til stendur að taka niður og þess í stað leggja streng í jörðu.

Ásbrú, gagnaver

Verkefnið felst í því að tengja gagnaver Verne á Ásbrú við meginflutningskerfið. Byggt verður 33 kV tengivirki við gagnaverið. Tengivirkið verður tengt við núverandi dreifikerfi HS Veitna og tengist meginflutningskerfinu á Fitjum.

4.2.3. Ótímasett verkefni í undirbúningi

Ótímasett undirbúningsverkefni eru verkefni sem eru í frumathugun og eiga að mæta framtíðar þróun markaðar eða endurnýjunarþörf horft til lengri tíma. Reynt að sjá fyrir hugsanlegar framkvæmdir eða meta þörf á endurnýjun lína eða tengivirkja. Með þessu er reynt að tryggja stuttan viðbragðstíma ef ráðast þarf í framkvæmdir.

Tafla 4.3. Ótímasett verkefni í undirbúningi.

Línur
Brennimelslína 1
Sauðárkrókslína 1(2)
Húsavíkurlína 1(2)
Selfosslína 3 (SEL-TOR)
Grundarfjörður – Ólafsvík
Breiðadalslína 1
Sæstrengur til Vestmannaeyja
Styrking/endurnýjun byggðalínu
Aflþynnuverksmiðja Akureyri 2. áfangi
Suðvesturlínur, síðari áfangar
Þorlákshafnarlínur 2 og 3
Tengivirki
Brennimelur, endurnýjun og nýtt þéttavirki
Gagnaver á Blönduósi
Tenging Holtavirkjunar

4.3. Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR)

Stórfelld áföll í raforkukerfinu, hvort heldur er hjá framleiðendum raforku eða flutningsog dreifiaðilum, geta lamað þjóðfélagið og því haft stórfelld áhrif á þjóðarhag. Þetta á einnig við um einstök fyrirtæki sem mjög eru háð raforku og þola illa straumleysi þótt í stuttan tíma sé. Því er mikilvægt að allir þættir í rekstri raforkukerfisins séu vel skilgreindir jafnt hvað varðar daglega starfsemi sem og viðbrögð við hvers kyns áföllum.

Sérhver raforkuframleiðandi, flutningsaðili eða dreifingaraðili sem og stórir raforkunotendur sinna sínum rekstraröryggismálum í samræmi við lög, reglugerðir, staðla og samninga sem aðilar gera sín á milli um rekstraröryggi. Með breytingum á raforkulögunum varð ljóst að nauðsynlegt var að stofna til samráðsvettvangs um viðbrögð við alvarlegri vá í raforkukerfinu og að nýju lögin kölluðu á nýja sýn á neyðarviðbrögð.

Í lok maí 2005 hafði Landsnet frumkvæði að fundi með hagsmunaaðilum innan raforkugeirans. Á fundinum voru fulltrúar stærstu vinnslufyrirtækja á landinu, Orkustofnunar, Samorku, stóriðjufyrirtækja og ríkislögreglustjóra. Á fundinum var rætt um mikilvægi samræmdrar skipulagningar og samstarfs við gerð viðbragðsáætlana. Í kjölfarið var haldinn formlegur stofnfundur Neyðarsamstarfs raforkukerfisins (NSR) og voru þátttakendur eftirtaldir: Alcan, Alcoa Fjarðaál, Hitaveita Suðurnesja, iðnaðarráðuneyti, Járnblendiverksmiðjan, Landsnet, Landsvirkjun, Norðurál, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik, ríkislögreglustjóri og Samorka. Á fundinum var skipað í vinnuhópa til að vinna að skipulagi samstarfsvettvangsins, tillögum að lagabreytingum og að uppbyggingu gagnagrunns.

Vinnuhóparnir skiluðu af sér og árið 2008 var samþykkt breyting á raforkulögum sem fól í sér lögbindingu á verkefnum tengdum neyðarsamstarfi raforkukerfisins.[44] Í lögunum er nú að finna skilgreiningar á neyðarsamstarfi og neyðarstjórnun, ákvæði um skyldu til þátttöku í neyðarsamstarfinu auk þess sem gerð er krafa um að orkufyrirtækin hafi tiltækar viðbragðsáætlanir.

4.4. Norræn samvinna á svið neyðarsamstarfs meðal raforkuflutningsfyrirtækja

Um 15 ára skeið hafa Íslendingar átt samstarf við hin Norðurlöndin um rekstraröryggi raforkukerfisins og viðbrögð við hamförum og gagnkvæma aðstoð landanna í vá, fyrst undir merkjum Landsvirkjunar og síðar Landsnets. Starfið hefur með árunum eflst til muna og hafa komið fram óskir frá opinberum aðilum Norðurlandanna um aukið og öflugra samstarf. Þetta á ekki síst við eftir að fellibylurinn Guðrún reið yfir Ísland, England, Danmörku og Svíþjóð 8.–9. janúar 2005 og setti raforkukerfi Svíþóðar nánast á hliðina um miðbik landsins. Það tók heilt ár að endurreisa kerfið.

Formleg samvinna Norðurlandanna á sviði neyðarviðbragða hófst fyrir alvöru 1999 með stofnum vinnuhós orkuflutningsfyrirtækja undir formerkjum NEF (*Nordisk Elberedskaps og Säkerhetsforum*).

Dagana 29.–30. september 2003 funduðu orkumálaráðherrar Norðurlandanna. Á þeim fundi var m.a. hvatt til frekara samstarfs orkustofnana landanna um rekstraröryggi. Þann 5. september 2004 var síðan skrifaðundir viljayfirlýingu um samstarfiðog fékk það nafnið: *„Nordisk Myndighetsgrupp for Kraftforsyningsberedskap (NMK).*“ Orkustofnun var ekki með í þessu samstarfi þar sem nýju raforkulögin voru nýtilkomin og verið var að móta starfið.

Við sameiningu þessara tveggja nefnda árið 2006 varð til samráðsvettvangur orkustofnana og raforkuflutningsaðla/kerfisstjónenda allra Norðurlandanna sem fék nafnið NordBer (*Nordisk el-berednings forum*). Markmiðið með NordBer er að stýra umræðum milli hagsmunaaðla um skipulag, viðúaðog framkvæmd neyðarviðbragð í raforkukerfinu og að skipuleggja gagnkvæma aðstoð í vá.

Nú hefur enn verið hvatt til eflingar á samstarfinu. Árin 2007 og 2008 framkvæmdu ríkisendurskoðanir Finnlands, Danmerkur og Noregs úttekt á störfum NordBer. Niðurstöður þeirra voru m.a. að styrkja bæri samstarfið.

Þann 25. júní 2009 ákvað Norðurlandaráð að leggja til við ráðherranefnd Norðurlandanna að ráðið beitti sér fyrir því að styrkja samstarf Norðurlandanna varðandi viðbrögð og gagnkvæma aðstoð í vá.

Í ljósi þessa var ákveðið að endurnýja viljayfirlýsingu NordBer frá árinu 2006 með það fyrir augum að efna tillögur um styrkingu á samstarfinu. Sú vinna er nú í gangi.

5. Gæði raforku og afhendingaröryggi

Í þessum kafla er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi með hliðsjón af upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra truflana og skerðingar á raforkuafhendingu þeim tengdum í flutningskerfi Landsnets, hjá vinnslufyrirtækjum og dreifiveitum.

---

[44] Lög nr. 67/2008.

5.1. Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi

Raforka er ein af mikilvægustu grunnþörfum samfélagsins. Aðgangur að raforku er lykilatriði til að nútímaþjóðfélag geti gegnt sínu hlutverki og uppfyllt þær þarfir sem til þess eru gerðar. Megnið af tækjabúnaði hvort sem hann er á heimilum, skrifstofum eða hjá iðnaðarfyrirtækjum er háður raforku. Þá krefjast notendur þess að afhending raforkunnar sé samfelld og órofin og að raforkan sé afhent á réttri spennu og með réttri og stöðugri tíðni. Hvað þessi atriði varðar eru kröfur notenda, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, heimili eða iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, sífellt að aukast. Kröfurnar auka þrýsting á veitufyrirtækin um að bæta enn frekar afhendingaröryggi veitukerfa með styrkingu þeirra eða endurbyggingu ásamt aukinni sjálfvirkni og fullkomnari eftirlits- og varnarbúnaði.

Gagnsemi og verðmæti raforku fyrir notendur er háð gæðum hennar og afhendingaröryggi. Truflun á afhendingu hennar leiðir til margvíslegra óþæginda og framleiðslutaps hjá atvinnufyrirtækjum. Kostnaður af truflun á orkuafhendingu er mismunandi mikill hjá notendum og atvinnufyrirtækjum, háður eðli starfseminnar á hverjum stað og á hvaða tíma sólarhringsins truflunin verður.

Afhendingarþjónustu veitufyrirtækjanna má skipta í tvennt, annars vegar þeirrar er varða afhendingarspennu og tíðni og hins vegar þeirrar er tekur til áreiðanleika í afhendingu rafmagnsins.

Mikilvægur þáttur í starfi Orkustofnunar er eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi hennar. Með breyttu skipulagi raforkumála og rekstrarumhverfi eykst mikilvægi þessa þáttar eftirlitsins enn.

Nútímaþjóðfélag krefst þess að rekstraröryggi raforkukerfa sé mikið. Flókið og erfitt er að meta hinn raunverulega kostnað vegna truflunar á orkuafhendingu, en víða er unnið að þróun aðferðafræða til að komast nær því hver hann í reynd er.

Hönnun og uppbygging raforkukerfanna svo og viðhald þeirra og rekstur eru þættir, sem tryggja eiga áreiðanleika kerfanna. Raforkufyrirtækin leggja áherslu á rekstraröryggi veitukerfa sinna og hefur þessi áhersla aukist með árunum. Tækniframfarir hafa leitt til breytinga á aðferðum við uppbyggingu veitukerfa, sem jafnframt auka rekstraröryggi. Í þessu tilliti þarf samt að hafa í huga heildarhagkvæmni, þ.e. annars vegar stofn- og rekstrarkostnað við veitukerfin og hins vegar kostnað sem tengist truflun á orkuafhendingu til notenda.

Í 28. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi. Þar er gert ráð fyrir að eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi byggist fyrst og fremst á innra eftirliti raforkufyrirtækjanna sjálfra. Í lögunum er Orkustofnun falið tæknilegt eftirlit með fyrirtækjunum, en henni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlitsins, enda annast faggiltar rafskoðunarstofur sambærilegt eftirlit nú þegar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Í raforkulögunum eru tekjumörk sérleyfisfyrirtækjanna skilgreind og setja þau fyrirtækjunum vissar fjárhagslegar skorður. Slíkar skorður gætu fyrr eða síðar leitt til þess að fyrirtækin drægju úr eftirliti með veitukerfunum, viðhaldi þeirra og endurnýjun. Lagaákvæðið um eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi raforku á að tryggja að fylgst sé með þessum þáttum og að auðvelda yfirvöldum að grípa inn í komi í ljós að gæði raforku og afhendingaröryggi minnki frá því sem nú er. Fyrirtækjunum ber að skrá í þar til gerðan gagnagrunn ástand spennunnar og tíðninnar, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.

Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðingar. Nái þau ekki settum markmiðum skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta. Niðurstöður úr úrvinnslu gagnanna verða birtar í skýrslum Orkustofnunar til samanburðar fyrir raforkunotendur.

5.2. Fjöldi fyrirvaralausra bilana í flutningskerfinu og skerðing raforku

Mynd 5.1 sýnir fjölda fyrirvaralausra truflana í aðveitu- og flutningskerfi á árunum 1999 til 2008 og hvernig þær skiptast milli aðveitustöðva, lína og kerfisbilana. Margar truflanir á línum á árinu 2001 má rekja til seltu á einangrun rafbúnaðar. Á árinu 2002 urðu allmargar útleysingar í aðveitustöðvum vegna þéttavirkis á Brennimel, en lausn hefur fundist á þeim vanda. Aukninguna á árinu 2008 má rekja til aftakaveðurs í lok janúar. Á myndinni má sjá að bilanir á árunum 2002 til 2007 eru færri en á árunum þar á undan. Telja verður að þetta sé vísbending um hagstæða þróun, en hafa verður í huga að erfitt veðurfar getur haft veruleg áhrif á fjölda bilana og þannig breytt útkomu umtalsvert.



Mynd 5.1. Fjöldi fyrirvaralausra truflana í flutningskerfi Landsnets 1999–2008.
Heimild: Landsnet (2009), Frammistöðskýsla 2008.

Mynd 5.2 sýnir heildarskerðingu raforkuafhendingar, í straumleysismínútum, vegna truflana í flutningskerfinu svo og öðrum veitum á árunum 1999 til 2008. Eins og myndin sýnir eru bilanir í flutningskerfinu meginástæða straumleysis. Straumleysismínútur eru reiknaðar út sem hlutfall milli skertrar raforku til viðskiptavina og heildarorkusölu ársins margfaldað

með fjölda mínútna í ári. Með samanburði á myndum 5.1. og 5.2. sést að þrátt fyrir fleiri truflanir á árinu 2008 hefur straumleysi á því ári verið styttra en á árinu á undan.



Mynd 5.2. Straumleysismínútur vegna fyrirvaralausra bilana í flutningskerfi Landsnets 1999–2008.
Heimild: Landsnet (2009), Frammistöðskýsla 2008.

5.3. Fjöldi fyrirvaralausra truflana hjá dreifiveitum og skerðing raforku hjá notendum

Á mynd 5.3 má sjá meðalskerðingu á orkuafhendingu á hvern notanda hjá einstökum dreifiveitum á árinu 2008 vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana, þar sem áhrif af truflunum í flutningskerfinu eru talin með. Tvær dreifiveitur liggja yfir meðaltalinu, og er skerðingin á orkuafhendingu mest hjá Orkubúi Vestfjarða, sem rekja má að mestu leyti til truflana á Vesturlínu, sem tengir kerfi Orkubús Vestfjarða við meginflutningskerfi landsins. Umrædd lína er tvímælalaut veikasti hluti flutningskerfisins og hafa ýmsar leiðir verið skoðaðar til að bæta afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Næstmesta skerðingin er hjá Orkuveitu Húsavíkur, en hana má rekja annars vegar til bilunar á Húsavíkurlínu og hins vegar til viðhalds Landsnets á línunni. Rétt er að nefna að dreifikerfi í dreifbýli eru víða loftlínukerfi sem eru viðkvæm fyrir ísingu og óveðri og því eru truflanir tíðari þar en í þéttbýli þar sem jarðstrengjakerfi er til staðar.

Kostnaðarmismunur hefur ráðið því að byggðar voru loftlínur í stað lagningar jarðstrengja. Síðustu áratugi hefur verð á jarðstrengjum lækkað umtalsvert og það sama á við um kostnað við lagningu þeirra og er svo komið að kostnaður við byggingu loftlína og lagningu jarðstrengja er áþekkur, þegar um byggingu dreifikerfa fyrir 11 til 33 kV er að ræða. Af þessu leiðir einnig að jarðstrengir koma í stað loftlína við endurnýjun þeirra.

Í kringum 1990 var heildar línukerfi RARIK um 8.750 km að lengd. Þar af voru um 1.300 km svokallaðar stofnlínur, en það voru línur á 33 og 66 kV spennu, en línur í 11 og 19 kV dreifikerfinu voru 7.450 km. Í kjölfar mikils ísingaveðurs á norðanverðu landinu 1991 var hafin markviss endurnýjun á línukerfi RARIK með jarðstrengslögnum en þá voru jarðstrengslagnir að verða samkeppnisfærar við línubyggingar á 11 og 19 kV spennu með lækkandi strengverði og plægingu í stað graftrar. Nú er svo komið að af þessum 7.450 km af dreifilínum hafa 2.600 km verið lagðir í jörð eða um 35% og eftir standa um 4.850 km af 11 og 19 kV línukerfinu.

Við gildistöku raforkulaga 2003 fóru 840 km af stofnlínukerfi RARIK yfir til Landsnets en það voru allar 66 kV línurnar ásamt Húsavíkurlínu frá Laxá á 33 kV. Af stofnlínukerfinu urðu þannig eftir hjá RARIK 370 km af 33 kV kerfi sem samanstendur af 270 km af línum og 100 km af strenglögnum. Auk þess er búið að afleggja um 90 km af 33 kV línum eins og Akraneslínu frá Korpu vegna annara breytinga í flutnings og dreifikerfum.

Línukerfi RARIK er nú um 5.120 km og hafa 2.700 km af 11 – 33 kV línukerfinu verið lagt í jörð og 90 km aflagt. Línukerfi Rarik hefur því minnkað um 2.790 km frá 1991 eða um rúm 54% ef frá er talið línukerfið sem fór yfir til Landsnets. Stefnt er að því að nánast allar línur Rarik verði komnar í jörðu á næstu 20 árum.

Þess má vænta, að tækninni fleygi svo fram á næstu áratugum, að meginflutningskerfið, þ.e. háspennulínur fyrir 130 kV og 220 kV verði einnig lagðar sem jarðstrengir, en slíkt er ekki raunhæft nú um stundir m.a. vegna kostnaðar.



Mynd 5.3. Meðalfjöldi straumleysistilvika á hvern notanda vegna fyrirvaralausra truflana hjá dreifiveitum og tímalengd straumleysis á hvern notanda á árinu 2008. Heimild: Orkustofnun.

5.4. Samanburður á raforkuskerðingu hér á landi við önnur Norðurlönd

Áhugavert getur verið að bera saman skerðingu á raforkuafhendingu frá flutningskerfinu hér á landi við önnur lönd. Við slíkan samanburð þarf að taka tillit til mismunandi stærðar raforkukerfanna og því er skerðingin reiknuð sem hlutfall af heildarorkunotkun viðkomandi lands. Á mynd 5.4 er skerðing á afhendingu raforku frá flutningskerfinu á Íslandi borin saman við skerðingu á hinum Norðurlöndunum á árunum 2002 til 2007 ásamt meðaltali áranna 1998 til 2007.

Samanburðurinn ber með sér að árleg skerðing er tilviljanakennd og ekki samfelld þróun. Nær undantekningarlaust tengjast hæstu súlurnar stórviðrum í viðkomandi landi.

Séu einstök ár skoðuð er mesta skerðingin, á tímabilinu sem tilgreint er á súluritinu, á Íslandi árið 2007. Meginhluta þeirrar skerðingar má rekja til truflunar í tengivirki Landsnets á Brennimel, sem orsakaði víðtæka raforkuskerðingu á landinu vestanverðu. Næst mest varð skerðingin í Danmörku árið 2003, þegar umfangsmikil truflun í Suður-Svíþjóð olli jafnframt straumleysi á öllu Sjálandi, en landsvæðin eru tengd saman.



Mynd 5.4. Skerðing á orkuafhendingu frá flutningskerfum á Norðurlödunum.
Heimild: Nordel, grid disturbance and fault statistics 2007

Séu meðaltalsgildi landanna skoðuð sést að Ísland kemur verst út með rúmlega tvöfalt meiri skerðingu en Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Meðaltalsgildið fyrir Finnland er áberandi lægst og nemur skerðingin þar aðeins um 1 hundraðasta hluta af skerðingunni á Íslandi.

6. Rannsóknir á orkulindum og undirbúningur á virkjun þeirra til raforkuvinnslu

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á orkulindum og undirbúning og framkvæmdir vegna raforkuvinnslu. Einnig er fjallað um orkurannsóknaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

6.1. Lagaumhverfi

Hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003, um stofnunina, er m.a. að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins. Meginmarkmið þeirra rannsókna er að skilgreina stærð og nýtanleika orkulindanna til að geta verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ráðstöfun þeirra til nýtingaraðila.

Fjallað er um ráðstöfun orkulinda til rannsóknar- og nýtingaraðila í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ákvæði laganna um leyfi til nýtingar jarðhita eiga hins vegar ekki við um nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu og lögin taka heldur ekki til nýtingar vatnsafls til raforkuvinnslu.

Leyfi ráðherra fyrir nýjum virkjunum byggðust fram til ársins 2003 á vatnalögum, nr. 15/1923, orkulögum, nr. 58/1967, og síðar einnig á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með áorðnum breytingum, en frá árinu 2003 hafa leyfi til raforkuvinnslu verið gefin út á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003.

Í ágúst 2008 var nýrri skipan komið á í stjórnsýslu orku- og auðlindamála á þá vegu að leyfisveitingar vegna rannsókna og nýtingar á auðlindum og orkuvinnslu voru fengnar Orkustofnun. Með breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, var iðnaðarráðherra veitt heimild til að fela Orkustofnun leyfisveitingarvald sitt samkvæmt lögunum, en til staðar var þá þegar samskonar heimild til handa iðnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum 32. gr. raforkulaga. Með vísan til framangreindra heimilda fól iðnaðarráðherra Orkustofnun að fara með leyfisveitingarvald frá og með 1. ágúst 2008. Orkustofnun fer því með heimildir til úgáfu rannsóknarleyfa samkvæmt lögum nr. 57/1998. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra og um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Helstu rökin fyrir flutningi leyfisveitingarvalds iðnaðarráðherra til Orkustofnunar eru þau að um er að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima á verksviði fagstofnunar á sviði auðlinda- og orkumála en ráðuneytis. Óumdeilt er einnig að það skapar hagræði í stjórnsýslunni og þjónar vel hagsmunum umsækjanda og/eða leyfishafa að geta beint öllum sínum erindum til sama stjórnsýsluaðila. Standa því rök til þess að leyfishafar eigi samskipti við sama stjórnvaldið á öllum stigum starfsemi samkvæmt lögunum. Þá er breytingin ákjósanleg út frá sjónarmiðum um réttaröryggi þar sem aðili máls getur nú borið ákvörðun Orkustofnunar undir ráðuneytið og þannig látið fjalla um mál sitt á tveimur stjórnsýslustigum. Loks er hér um að ræða einföldun á málsmeðferð og styttingu málsmeðferðartíma.

Hið nýja hlutverk Orkustofnunar leggur því nýjar skyldur á herðar stofnunarinnar sem bregðast þarf við. Þess má geta að Orkustofnun er umsagnaraðili á fleiri stigum meðferðar mála sem síðan geta komið til umfjöllunar stofnunarinnar og því enn ríkari ástæða en ella að hafa góða og vandaða stjórnsýsluhætti að leiðarljósi við afgreiðslu einstakra mála. Þá er skylda Orkustofnunar að draga fram í dagsljósið þau álitamál sem að mati hennar þarf að taka tillit til. Þannig verður að draga fram staðreyndir og rök í málinu án þess að útiloka það að nýir hlutir geti komið fram sem breytt geti myndinni.

6.2. Orkurannsóknaráætlun

Hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003 er m.a. að annast rannsóknir og áætlanagerð um orkubúskap og nýtingu auðlinda, en það hefur breyst eftir að rannsóknarstarfsemin var aðskilin og falin öðrum stofnunum. Þróun orkufyrirtækja og vaxandi ábyrgð þeirra í breyttu umhverfi breytir einnig markalínum í rannsóknum miðað við það sem áður var.

Á árinu 2008 urðu viðamiklar breytingar á starfsemi Orkustofnunar, vegna breytinga á stjórnsýslulegu hlutverki stofnunarinnar og skipulagi hennar. Hlutverk Orkustofnunar er markað af sérlögum um stofnunina og almennum lögum og endurspeglast í skipuriti hennar.

Hinn 1. janúar 2009 sameinuðust Vatnamælingar Veðurstofunni í nýrri stofnun, Veðurstofu Íslands. Áður hafði rannsóknasvið Orkustofnunar verði gert að sjálfstæðri stofnun er ber heitið Íslenskar orkurannsóknir. Með nýafstöðnum breytingum lauk áratugalangri stjórnsýslulegri sambúð Vatnamælinga sem hluti af Orkustofnun.

Samhliða þessum breytingum var lögð mikil áhersla á rannsóknir og undirbúning vegna 2. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Var öllu tiltæku

rannsóknafé stofnunarinnar beint að verkefnum í þágu rammaáætlunar, en að auki fengust tímabundnar fjárveitingar til lúkningar hennar í tæka tíð á árinu 2009. Jafnframt er í mótun langtímaáætlun um nauðsynlegar orkurannsóknir og áherslur í því sambandi á næstu árum. Sú áætlun tekur mið af breyttu umhverfi auðlindarannsókna, þar sem ábyrgðin á almennum rannsóknum færist yfir til umhverfisráðuneytis, en Orkustofnun beinir fremur sjónum að sértækum viðfangsefnum orkumála og auðlindanýtingar. Þar verða eftir sem áður rannsóknarefni sem sinna þarf til frambúðar, svo sem djúpborun og leit að jarðhita utan hefðbundinna jarðhitasvæða. Jafnframt er ljóst að á hinu nýja sviði olíuleitar er atvinnugreinin vart komin á það stig að slíta barnskónum og hljóta rannsóknir á þeim vettvangi að verða enn um sinn á forræði iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar.

6.3. Aðrir orkugjafar

Samkvæmt lögum um Orkustofnun er það m.a. hlutverk stofnunarinnar að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar og orkulindum landsins. Stofnunin hefur m.a. fylgst með þróun mála í virkjun vinds og sjávarfalla fyrst og fremst gegnum samstarfsaðila hennar á Norðurlöndum og í Skotlandi. Mat stofnunarinnar er að núverandi stofnkostnaður fyrir sjávarfallaorku fyrir gefið uppsett afl sé í besta falli af svipaðri stærðargráðu og fjárfestingar í vatnsorku og jarðgufuvirkjunum. Nýtingartíminn er af náttúrufarslegum ástæðum mun skemmri þannig að almennt er nokkuð langt í land með að sjávarfallavirkjanir verði samkeppnishæfar við núverandi virkjanakosti í vatns- og jarðgufuorku. Hins vegar geta verið til staðar sérstakar aðstæður þar sem sjavarfallavirkjanir geta komið til greina, t.d. þar sem staðbundin orkuvinnsla getur styrkt orkukerfið og sparað fjárfestingar í flutningi og dreifingu eða þar sem virkjanir tengjast beint atvinnurekstri sem fellur vel að orkuvinnsluferlinu.

Í apríl 2009 skilaði Ketill Sigurjónsson iðnaðarráðherra skýrslu um virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi.[45] Í skýrslunni er m.a. fjallað um virkjun hafstrauma, svo sem sjávarfalla- og hringiða, svo og öldu- og seltuvirkjanir. Í skýrslunni var lagt til að íslensk stjórnvöld fylgist vel með framþróun sjávarvirkjana og skoði nánar virkjanamöguleika af þessu tagi, sérstaklega uppsetningu sjávarfallavirkjunar við Breiðafjörð og möguleika á sjávarvirkjun á Vestfjörðum og/eða í Hrútafirði. Þá var lagt til að stjórnvöld íhugi af mikilli alvöru þann möguleika að Ísland verði í farabroddi og setji sér metnaðarfull en raunhæf markmið til að svo megi verða.

Búið er að gera grunnrannsókn á möguleikum vindorku á Íslandi. Landið hefur verið kortlagt og skráð í þeim tilgangi og hafa niðurstöður nú verið birtar á gagnavefsjá Orkustofnunar. Um er að ræða grunnrannsókn sem ætlað er að gefa vísbendingar um þau svæði sem vænlegast er að rannsaka frekar í framhaldi af þessari rannsókn. Á www.gagnavefsja. is, undir nafninu Vind atlas, er að finna kortlagningu af möguleikum til framleiðslu á vindorku. Verkefnið er samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands og Orkustofnunar.

Á síðustu 10 til 15 árum hefur vindmælistöðvum fjölgað mikið með tilkomu sjálfvirkra veðurstöðva sem reknar eru af allmörgum aðilum auk Veðurstofunnar. Í samstarfsverkefninu voru notuð gögn frá hátt í tvöhundruð stöðvum víðsvegar um land. Meðaltöl og heildaryfirlit þessara gagna eru sett fram í svokölluðum vindatlas fyrir hverja stöð og svæðið umhverfis. Stakar mælingar á vindi sem gerðar eru við mismunandi staðhætti gefa sjaldan góða mynd af vindstyrk fyrir stærra svæði þar sem landslag er öðruvísi en á mælistaðnum. Mikill breytileiki vindsins eftir landsháttum gerir nauðsynlegt að kortleggja auðlindina. Því er mikilvægt

---

[45] http://www.idnadarraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/Skyrsla_Ketils_Sigurjonssonar.pdf

að nýta líkön sem geta gefið einstökum punktamælingum almennara gildi og gert kleift að kortleggja auðlindina út frá tiltölulega fáum mælistöðvum. Forrit sem notuð eru við gerð vindatlassins gera mögulegt að nýta öll þessi gögn til að gefa góða heildarmynd af auðlindinni.

6.4. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta.* Þar segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (hér eftir nefnd Rammaáætlun) lauk við 1. áfanga verkefnisins með skýrslu sem út kom í nóvember 2003. Í þeim áfanga voru teknir fyrir um 20 vatnsorkukostir og annað eins af jarðhitakostum. Lögð var áhersla á að ljúka stærstu vatnsaflskostunum, en þeir eru flestir í jökulám og byggja einnig flestir á miðlunarlónum á hálendinu. Í jarðhita var lögð áhersla á kosti nærri byggð, en að auki Torfajökulssvæðið, þar sem Orkustofnun hafði nýlega lokið umfangsmikilli forathugun á mögulegum vinnslusvæðum. Í þessum áfanga voru allmargir kostir sem orkufyrirtækin lögðu fram. Nánari upplýsingar um þessa kosti má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar og á heimasíðu Rammaáætlunar (www.rammaaaetlun.is).

Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar og ný verkefnisstjórn skipuð í september 2004. Verkefnisstjórn var fámennari en sú fyrri og skipuð einum fulltrúa frá iðnaðarráðuneyti og öðrum frá umhverfisráðuneyti, auk formanns sem tengdist Orkustofnun. Verkefnisstjórn studdist við fagstofnanir ráðuneytanna um áætlanir og um framkvæmd verkefna eftir atvikum á gagnaöflunartímabilinu. Verkefnisstjórnin skipaði tvo stýrihópa, annan til ráðuneytis um jarðhitaverkefnin og hinn um þróun viðmiða fyrir mat á landslagi. Lögð var áhersla á nokkur verkefni sem voru á dagskrá í 1. áfanga en ekki tókst þá að ljúka. Ákveðið var að megininntak 2. áfanga yrðu háhitavirkjanir og yrði stefnt að því að ná heildstæðri sýn til sem flestra háhitasvæða, a.m.k. til aðgengilegra svæða.

Þessi verkefnisstjórn lauk störfum í maí 2007 og skilaði ráðherra framvinduskýrslu (sjá www.rammaaaetlun.is) um stöðu verkefnisins með tillögum um það hvernig haga skyldi síðari hluta verksins, sem aðallega er sjálf matsvinnan.

Í ágúst 2007 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra nýja 12 manna verkefnisstjórn til að ljúka við gerð 2. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórnin skal ljúka störfum og skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um áramótin 2009–2010 með heildarmati og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið til umfjöllunar.

Verkefnastjórnin hefur haldið áfram störfum fyrri verkefnisstjórnar og fylgt eftir margvíslegum rannsóknum og gagnaöflun sem nýtast mun við endanlegt mat. Haustið 2008 fólu stjórnvöld verkefnisstjórn að taka sérstakt tillit til sjónarmiða um verndun svæða sem yrðu fyrir áhrifum af virkjunarframkvæmdum og sjálfbærni vinnslu orkulindanna. Í samræmi við þetta kom rammaáætlun að alþjóðlegum vinnuhópi sem Orkustofnun fer fyrir þar sem leitast er við að skilgreina sjálfbærni jarðvarmavirkjana. Frá þeim tíma hefur nafn rammaáætlunar breyst í rammaáætlun um vernd og nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í ársbyrjun 2009 voru settir á laggirnar fjórir faghópar sem skipaðir eru sérfræðingum úr ýmsum áttum og leggja munu fram röðun virkjunarkosta með tilliti til ýmissa hagmuna.

Viðfangsefni hópanna eru:

1. **Náttúrufar og minjar.** Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á landslag, jarðmyndanir, gróður, dýralíf og minjar.
2. **Ferðaþjónusta, útivist og hlunnindi.** Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað, landgræðslu og skógrækt, lax- og silungsveiðar og skotveiðar.
3. **Þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun.** Að meta hvaða áhrif það hefur á aðra atvinnustarfsemi að nýta virkjunarkostina. Einnig að meta langtímaáhrif þess á efnahag, atvinnulíf og byggðaþróun.
4. **Orkulindir.** Að skilgreina þá kosti sem fyrir hendi kunna að vera til að nýta vatnsorku og jarðita til raforkuvinnslu, meta afl, orkugetu og lílegan orkukostnaðhvers þirra og forgangsraða eftir hagkvæmni. Þessi faghópur skilgreinir virkjunarkosti sem aðrir faghópar taka afstöðu til.

Nú er unnið að því að skapa rammaáætlun formlegan og lagalegan sess til framtíðar. Iðnaðarráðherra mun, að höfðu samráði við umhverfisráðherra og verkefnisstjórnina, leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhitasvæða.

6.5. Djúpborun

Í síðustu skýrslu um raforkumálefni var gerð ítarleg grein fyrir djúpborungarverkefninu (Iceland Deep Drilling Project – IDDP). Borun fyrstu IDDP holunnar við Kröflu hófst haustið 2008 en borunin fylgdi ekki áætlun þar sem borað var í bráðið berg á 2104 m dýpi. Borunum var haldið áfram og í þriðju tilraun tókst að halda holunni opinni langleiðina niður að kviku. Vinnslufóðring og leiðari voru sett niður og steypt föst ofan til, og þannig gengið frá holunni, að fengnu samþykki djúprýni samstarfsnefndarinnar, að hana mætti blástursog afkasta prófa, og ef tilefni gæfist til, að framkvæma tilraunaorkuvinnslu. Sem stendur er ekki ljóst hvert stefnir með upphitun og afköst holunnar, en einn möguleiki er sá að framkvæma síðar varmaskiptatilraun í holunni. Þannig mætti hugsa sér að vatni yrði dælt niður í nálægar borholur og því gefinn tími til að hitna upp nálægt kvikunni, og síðan nýta það sem yfirhitaða gufu til raforkuframleiðslu. Tilraunin sem slík yrði einsdæmi í heiminum, hvað óvenju háan hita varðar, og gæti gjörbreytt orkuvinnsluaðferð á Kröflusvæðinu ef vel tækist til sem hugsanlega mætti yfirfæra á önnur háhitasvæði.

Sem stendur er áhersla IDDP djúpborunarverkefnisins bundið við Kröflu, en á næstu árum er gert ráð fyrir IDDP borholu 2 á orkuvinnslusvæði Orkuveitu Reykjavíkur á Hengilssvæðinu og IDDP borholu 3 á einhverju jarðhitasvæði HS Orku. Um kostnað við dýpkun holna 2 og 3 þarf að semja sérstaklega milli samstarfsaðila, þó gert hafi verið ráð fyrir að flytja megi ónotuð samþykkt framlög samstarfsaðila á næstu borholur. Hvað erlendu rannsóknarsjóðina varðar þá er helsti vandinn sá að styrkjafjármagn hefur ekki verið hægt að nota nema að litlu leyti til þessa, og ósamið er við sjóðina hvort og þá hversu lengi sé hægt að halda fengnum styrkjum til kjarnaborana, en styrkirnir voru veittir til notkunar 2006.

Reiknað er með að þörf fyrir rannsóknarfé við IDDP-1 holuna í Kröflu skýrist í byrjun árs 2010. Holan var kæld niður í nokkra mánuði í tengslum við borunina, og sem stendur hitnar hún óvenju hægt en þó sígandi uppávið. Miðað við það er óvíst hvort málin skýrist fyrr en um mitt ár 2010, en hópur á vegum IDDP vinnur að undirbúningi blástursprófunar sem fyrirhugað er að framkvæma í tveimur áföngum, fyrst til forkönnunar á efnainnihaldi gufunnar,

og síðan til afkastaprófunnar. Hugsanlegt er að IDDP verkefnið kjósi að láta þar við sitja að loknum prófunum, en það mun framtíðin leiða í ljós.

6.6. Alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita

Á árinu 2009 hlaut alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita styrk úr markáætlun Vísinda- og tækniráðs Rannís. Styrkurinn nemur allt að 70 milljónum króna árið 2009 og er til sjö ára. Myndun rannóknaklasans miðar að því að byggja brýr milli aðila á jarðhitasviðinu og mynda þannig sterkt afl sem mun leiða til þess að vísindalegar og tæknilegar hindranir verða yfirstignar og leiða til fjölgunar sérfræðinga og skjótra framfara í jarðhitarannsóknum, verkfræði, og hönnun. Framtíðarsýn klasans er að verða leiðandi afl í alþjóðlegum jarðhitarannsóknum.

Aðalmarkmið klasans eru að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu með því að þróa sjálfbæra nýtingu á jarðhitaauðlindinni.
- Gera Ísland að fyrirmynd sem nánast orkusjálfbært þjóðfélag með nær enga losun gróðurhúsalofttegunda.
- Skapa grundvöll fyrir nýsköpun og útrás íslenskra fyrirtækja í jarðhita og menntun, æð fyrir þáttakendur klasans og með því að skapa frjótt umhverfi innanlands og með alþjóðlegum tengingum.

Ætlunin er að ná markmiðum rannsóknaklasans með því að auka verulega rannsóknir, menntun og dreifingu þekkingar á jarðhita og sjálfbærri nýtingu hans auk þess að skapa nýja möguleika fyrir menntastofnanir, rannsóknastofnanir, fyrirtæki og aðra til að vinna saman.

6.7. Skýrsla starfshóps um smávirkjanir

Á undanförnum árum hafa orðið nokkur stíflubrot í stíflum smávirkjana. Í tengslum við þessi atvik ákváðu iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og félagsmálaráðherra í ágúst 2007 að skipa starfshóp til að gera almenna úttekt á verkferlum tengdum leyfisveitingum og framkvæmdaeftirliti vegna virkjunarframkvæmda. Starfshópnum var falið að meta hvort ákvarðanir hafi verið í samræmi við gildandi lög og hvort fylgt hafi verið þeim verkferlum sem lög gerðu ráð fyrir. Teldi starfshópurinn að misbrestur hafi orðið í samskiptum milli stofnana eða aðrir hnökrar orðið við afgreiðslu og eftirlit, var óskað eftir því að verkferlar yrðu skýrðir og skráðir og tillögur settar fram um hvernig samstarfi ráðuneyta og stofnana verði sem best komið í fastar skorður þannig að sem minnst hætta sé á mistökum eða skorti á nauðsynlegu samráði. Starfshópnum var einnig falið að meta hvort brestur hafi orðið í eftirliti opinberra stofnana og á sveitarstjórnarstigi. Ef þörf væri talin var óskað eftir tillögum til úrbóta á þessu sviði. Loks átti í úttektinni að fara yfir það hvort einhverjir þeir ágallar væru á lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlögum eða raforkulögum sem nauðsynlegt væri að bæta úr þannig að ákvarðanir um leyfi til virkjunarframkvæmda og eftirlit með þeim yrðu eins skilvirk og kostur er.

Þann 4. febrúar 2008 skilaði starfshópurinn til iðnaðarráðherra, samgönguráðaherra og umhverfisráðherra skýrslu hópsins. Í skýrslunni var m.a. lagt til að gerðar verði breytingar á skipulags- og byggingarlögum, svo og raforkulögum og reglugerðum þannig að öll mannvirkjagerð við virkjanir verði byggingarleyfisskyld og háð reglubundnu byggingareftirliti. Þá yrðu sett í löggjöf ákvæði um samvinnu og samráð iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og byggingaryfirvalda við útgáfu leyfa til þess að tryggja samræmi milli þeirra.

Í frumvarpi umhverfisráðherra til laga um mannvirki, sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi, voru lagðar til breytingar ákvæðum varðandi byggingarleyfi og byggingareftirli með virkjunum. Við yfirstandandi endurskoðun raforkulaga verður tekið til skoðunar hvort gera ber breytingar á lögunum byggðar á tillögum starfshópsins.

Viðauki 1. Breytingar á raforkuverði 2007–2009

Tafla 1. Verð til almennra notenda (kr./kWst, með VSK).

	Raforkukostnaður í janúar 2009				Raforkukostnaður í janúar 2007				Hlutfallsleg hækkun raforkuverðs				Hækkun raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.			
	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000
Hitav. Suðurnesja	11,39	9,93	9,28	9,15	9,96	8,68	8,11	8,00	14,4%	14,4%	14,3%	14,3%	5.748	12.471	34.881	57.291
Norðurorka	11,32	9,79	9,12	8,98	9,81	8,51	7,93	7,82	15,4%	15,1%	14,9%	14,9%	6.032	12.830	35.489	58.148
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	12,19	10,17	9,06	8,84	9,85	8,44	7,32	7,10	23,7%	20,5%	23,7%	24,5%	9.360	17.272	52.132	86.992
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	15,37	12,53	10,82	10,48	12,47	10,40	8,79	8,47	23,2%	20,5%	23,1%	23,7%	11.598	21.341	60.932	100.523
Orkuveita Húsavíkur	12,81	11,20	10,48	10,34	10,50	9,19	8,61	8,49	21,9%	21,8%	21,7%	21,7%	9.215	20.047	56.152	92.257
Orkuveita Reykjavíkur	11,38	10,04	9,45	9,33	10,03	8,84	8,31	8,20	13,4%	13,6%	13,7%	13,7%	5.368	12.016	34.177	56.338
Rafveita Reyðarfjarðar	11,95	10,19	8,92	8,67	10,17	8,97	8,43	8,33	17,6%	13,7%	5,8%	4,1%	7.138	12.242	14.732	17.222
RARIK, þéttbýli	13,43	10,89	9,75	9,53	10,41	8,92	7,85	7,64	29,0%	22,1%	24,2%	24,7%	12.081	19.671	57.021	94.371
RARIK, dreifbýli	15,90	12,83	11,46	11,19	11,75	9,97	8,70	8,45	35,3%	28,6%	31,7%	32,5%	16.596	28.567	82.849	137.131

Tafla 2. Verð til aflmældra notenda (kr./kWst, án VSK).

	Raforkukostnaður í janúar 2009			Raforkukostnaður í janúar 2007			Hlutfallsleg hækkun raforkuverðs			Hækkun raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum		
kW	40	125	200	40	125	200	40	125	200	40	125	200
klst.	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000
kWst.	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000
	kr./kWst.			kr./kWst.			kr./kWst.			kr./kWst.		
Hitaveita Suðurnesja	8,80	6,74	6,01	7,67	5,86	5,26	14,7%	14,9%	14,2%	112.926	437.320	745.387
Norðurorka	8,72	6,41	5,69	7,62	5,60	5,00	14,4%	14,4%	13,7%	109.423	404.924	684.115
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	8,95	6,61	5,90	7,59	5,59	5,01	17,9%	18,3%	17,7%	136.088	510.612	884.529
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	10,52	7,66	6,83	8,99	6,51	5,82	17,0%	17,6%	17,4%	152.649	572.393	1.011.017
Orkuveita Húsavíkur	9,12	7,44	6,84	7,53	6,02	5,56	21,3%	23,6%	23,0%	159.965	710.915	1.277.705
Orkuveita Reykjavíkur	8,40	6,59	5,96	7,44	5,79	5,26	12,8%	13,8%	13,3%	95.611	398.475	700.339
Rafveita Reyðarfjarðar	8,82	6,39	5,70	7,59	5,50	4,95	16,3%	16,1%	15,3%	123.397	442.716	756.158
RARIK, þéttbýli	9,73	6,90	6,14	7,77	5,58	5,01	25,3%	23,7%	22,6%	196.475	660.154	1.131.546
RARIK, dreifbýli	11,43	8,14	7,27	8,62	6,16	5,53	32,7%	32,1%	31,5%	281.482	987.587	1.738.979

Heimild: Orkustofnun

Viðauki 2. Þróun raforkunotkunar 1985–2008

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum	Stóriðja	Flutningstöp	Samtals
	GWst	GWst	GWst	GWst
1985	1.770	1.917	150	3.837
1986	1.848	2.050	160	4.058
1987	1.912	2.070	170	4.152
1988	2.043	2.186	187	4.416
1989	2.080	2.208	187	4.475
1990	2.131	2.133	183	4.447
1991	2.169	2.083	175	4.427
1992	2.234	2.125	181	4.540
1993	2.255	2.290	178	4.723
1994	2.337	2.303	134	4.774
1995	2.458	2.390	129	4.977
1996	2.507	2.450	156	5.113
1997	2.572	2.822	187	5.581
1998	2.542	3.470	264	6.276
1999	2.657	4.283	245	7.185
2000	2.776	4.682	221	7.679
2001	2.825	4.955	249	8.028
2002	2.918	5.221	271	8.410
2003	3.006	5.231	261	8.498
2004	3.136	5.232	255	8.623
2005	3.236	5.191	254	8.681
2006	3.391	6.265	269	9.925
2007	3.533	8.113	330	11.976
2008	3.633	12.434	400	16.468

Heimild: Orkustofnun

Viðauki 3. Mælieiningar orku

SI-einingakerfið er lögboðið kerfi mælieininga hér á landi. Samkvæmt því er grunneining fyrir orku júl (e. joule) (J) og grunneining fyrir afl watt (W). Sem margfeldiseiningar eru notaðar grunneiningarnar eða aukaeiningar með forskeytum samkvæmt töflu 1.

Venja er að tilgreina raforku í aukaeiningunni wattstund (Wh eða Wst) eða margfeldi af henni. Samhengið milli wattstundar og júla er: 1 Wst = 3,6 kJ. Almennt gildir að ein wattstund með tilteknu forskeyti er 3,6 júl með næsta forskeyti fyrir ofan. Þannig er t.d. 1 Gwst = 3,6 TJ og 1 TWst = 3,6 PJ.

Afleiningin watt er orkueining á sekúndu eða 1 W = 1 J/s.

Margföldunarforskeyti SI-kerfisins fyrir orkueiningar.

Forskeyti	Tákn	Margfeldi grunneiningar
Exa	E	10^{18}
Peta	P	10^{15}
Tera	T	10^{12}
Gíga	G	10^{9}
Mega	M	10^{6}
Kíló	k	10^{3}

Heimild: Orkustofnun.

[1] Vakin er athygli á því að breytingar hafa orðið á verkefninu og forsendum þess. Umfang og tímasetningar eru til endurskoðunar.

[2] Spennusetning háð endurnýjun tengivirkja á Ísafirði og Bolungarvík

807. Skýrsla [467. mál]

um Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Starfsemi NATO-þingsins árið 2009 einkenndist öðru fremur af umræðu um aðgerð NATO í Afganistan sem er sú umfangsmesta í sögu bandalagsins. Verkefnið í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. Segja má að verkefnið sé prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi um leið og það er tákngervingur hinna miklu breytinga sem eiga sér stað á bandalaginu. Í því sambandi varð þingmönnum tíðrætt um mikilvægt hlutverk NATO við að fást við bæði hefðbundnar og nýjar öryggisógnir. Líkt og síðustu ár hafa aðgerðir NATO utan Evró-Atlantshafssvæðisins komið til umræðu á vettvangi NATO-þingisins en þeim hefur fjölgað stórlega.

Þá ber að nefna umræðu um samskipti NATO við Rússland sem var áberandi á árinu. Samskipti NATO og Rússlands kólnuðu árið 2008, ekki síst í kjölfar hernaðaraðgerða Rússa í Georgíu í ágúst það ár. Í framhaldinu var fundum í NATO-Rússlandsráðinu frestað um ótiltekinn tíma. Deilurnar komu við sögu NATO-þingsins enda á Rússland aukaaðild að þinginu og þingmenn rússnesku dúmunnar sækja fundi þess. Stjórnarnefnd NATO-þingsins tók ákvörðun á ársfundi sínum 2009 að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá ákvörðun NATO-þingsins á ársfundi þingsins 2008 þar sem brugðist var við átökum Rússlands og Georgíu með

breyttu samstarfi við Rússa. Annars vegar var þátttaka rússneskra þingmanna í starfi NATO-þingsins takmörkuð og hins vegar var stofnað til sérstaks þingmannaráðs NATO og Georgíu til samræmis við þingmannaráð NATO og Rússlands sem starfað hefur um árabil.

Jafnframt fór fram ítarleg umræða í öllum málnefnanefndum þingsins um þróun nýrrar grundvallarstefnu bandalagsins og framlag NATO-þingsins til hennar. Þá var umræða um viðbúnað og getu NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Atlantshafssáttmálans áberandi. Rík áhersla var lögð á mikilvægi áframhaldandi stuðnings almennings við hlutverk bandalagsins og skilningi á markmiðum og forgangsatriðum þess.

Enn fremur var málstofa um öryggishorfur á norðurslóðum haldin í samvinnu NATO og íslenskra stjórnvalda 29.–30. janúar 2009. Um 300 manns frá öllum aðildarríkjum NATO tóku þátt í málstofunni, þar á meðal framkvæmdastjóri NATO, ráðherrar og þingmenn NATO-þingsins. Á ráðstefnunni var lögð áhersla á mikilvægi þess að norðurslóðir verði vettvangur friðsamlegrar samvinnu, ekki síst í ljósi þeirra öryggisáskorana sem blasa við á svæðinu.

2. Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða öryggis- og varnarmál. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum NATO-þingsins fjölgað ört og hefur starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Tíu lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja eiga aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu. Störf þingsins beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum óx þeirri skoðun fylgi að nauðsyn væri á skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur ekki formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að efla samstöðu og samráð þjóðþinga á sviði öryggis- og varnarmála. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og nefnd um borgaralegt öryggi. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir eru meginvettvangur umræðna, þær fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra og vinna um þau skýrslur. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tilmæla, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tilmælum er beint til Norður- Atlantshafsráðsins, sem fer með æðsta ákvarðanavald innan NATO, og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum þingsins er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fast form. Á meðal formlegra samskipta má í fyrsta lagi nefna formleg svör við tilmælum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Norður-Atlantshafsráðsins. Í öðru lagi flytur framkvæmdastjóri bandalagsins ávarp á vorfundi og ársfundi NATO-þingsins og svarar fyrirspurnum þingmanna. Í þriðja lagi koma stjórnarnefnd NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðið árlega saman til fundar í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Að lokum skal nefndur sameiginlegur fundur þriggja nefnda NATO-þingsins í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (*Supreme Headquarters Allied Powers in Europe* – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og Evrópusambandsins.

Fulltrúar á NATO-þinginu og forustumenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 257 þingmenn frá aðildarríkjunum 28. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem geta tekið þátt í störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 66 þingmenn frá 14 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Forustumenn þingsins eru sjö og eru sex þeirra, forseti og fimm varaforsetar, kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi. Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn, auk formanna allra landsdeilda aðildarríkja NATO.

3. Íslandsdeild NATO-þingsins og starfsemi hennar.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi árs 2009 Ragnheiður E. Árnadóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannsdóttir varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Eftir Alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 og kosningu Alþingis í nefndir 15. maí var ný Íslandsdeild kosin. Aðalmenn Íslandsdeildar voru Birgitta Jónsdóttir, þingflokki Hreyfingarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Ragnheiður E. Árnadóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólína Þorvarðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Skúli Helgason, þingflokki Samfylkingarinnar. Á fundi Íslandsdeildar hinn 4. júní var Björgvin G. Sigurðsson kosinn formaður og Ragnheiður Elín Árnadóttir varaformaður deildarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar en um miðjan október tók Arna Gerður Bang alþjóðaritari við sem ritari deildarinnar.

Íslandsdeildin hélt undirbúningsfundi fyrir vor- og ársfundi NATO-þingsins.

Skipting Íslandsdeildar í nefndir fyrir þingkosningar 2009 var þannig:

Stjórnarnefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara: Magnús Stefánsson.
Stjórnmálanefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara: Arnbjörg Sveinsdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir
Til vara: Arnbjörg Sveinsdóttir
Nefnd um borgaralegt öryggi: Ásta R. Jóhannesdóttir
Til vara: Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd: Magnús Stefánsson
Til vara: Kristinn H. Gunnarsson
Vísinda- og tækninefnd: Magnús Stefánsson
Til vara: Kristinn H. Gunnarsson
Miðjarðarhafshópur: Ásta R. Jóhannesdóttir

Skipting Íslandsdeildar í nefndir eftir þingkosningar 2009 var þannig:

Stjórnarnefnd: Björgvin G. Sigurðsson.
Til vara: Ragnheiður Elín Árnadóttir.
Stjórnmálanefnd: Björgvin G. Sigurðsson.
Til vara: Skúli Helgason.
Varnar- og öryggismálanefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara: Birgir Ármannsson.
Nefnd um borgaralegt öryggi: Birgitta Jónsdóttir.
Til vara: Ólína Þorvarðardóttir.
Efnahagsnefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara: Birgir Ármannsson.
Vísinda- og tækninefnd: Björgvin G. Sigurðsson.
Til vara: Skúli Helgason.

Þingmenn Íslandsdeilar gegndu tveimur trúnaðarstörfum á vettvangi NATO-þingsins árið 2009. Á ársfundi NATO-þingsins í Reykjavík í október 2007 var Ragnheiður E. Árnadóttir valin skýrsluhöfundur undirnefndar um öryggis- og varnarsamstarf yfir Atlantsála sem er önnur af tveimur undirnefndum varnar- og öryggismálanefndar. Hlutverk skýrsluhöfunda er að taka saman skýrslu um það málefni sem undirnefndin kýs að taka til sérstakrar skoðunar og leggja fram drög að ályktun um málið á fundi öryggis- og varnarmálanefndar sem síðar fer fyrir þingfund NATO-þingsins. Ragnheiður gegndi starfi skýrsluhöfundar á starfsárinu 2009 og kynnti skýrslu á vorfundi og ársfundi NATO-þingsins (sjá nánar í umfjöllun um vor- og ársfundi) um viðbúnað og getu NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins sem kveður á um sameiginlegt öryggi og varnir bandalagsins.

Þá var Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður Miðjarhafshópsins NATO-þingsins fyrri hluta árs 2009. Ásta var kosin annar af tveimur varaformönnum Miðjarðarhafshóps á fundi hópsins í Abu Dhabi í október 2008. Hópurinn var settur á laggirnar árið 1996 og er samráðsvettvangur NATO-þingsins við ríki í norðanverðri Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs um öryggismál í þeim viðkvæma heimshluta.

4. Fundir NATO-þingsins.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Jafnframt kemur stjórnarnefnd þingsins saman til fundar í mars ár hvert. Þá sækir fjöldi NATO-þingmanna árlegan fund um Atlantshafssamstarfið sem fram fer í desember í samstarfi NATO-þingsins og bandaríska Atlantshafsráðsins. Loks halda nefndir og undirnefndir þingsins reglulega málstofur og fundi á milli þingfunda.

Árið 2009 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel, vorfundi þingsins í Ósló og ársfundi í Edinborg. Hér á eftir fylgja frásagnir af fundum sem Íslandsdeildin sótti í tímaröð.

Febrúarfundir.

Dagana 15.–17. febrúar var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel en þeir eru sameiginlegir fundir stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og öryggis- og varnarmálanefndar. Fyrirkomulag fundanna var með hefðbundnum hætti, þ.e. sérfræðingar, embættismenn og herforingjar Atlantshafsbandalagsins héldu erindi um afmörkuð málefni og svöruðu spurningum þingmanna. Þá fór fram árlegur fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins með Norður-Atlantshafsráðinu í höfuðstöðvum NATO. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti Ragnheiður E. Árnadóttir fundina auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á meðal fyrirlesara var Martin Erdmann, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO á sviði pólitískrar stefnumótunar. Hann gerði grein fyrir pólitískri stefnu NATO í tengslum við fyrirhugaðan 60 ára afmælisfund leiðtoga bandalagsins í Strassborg og Kehl 3.–4. apríl 2009. Á þessum tímamótum stendur NATO frammi fyrir breytingum, tækifærum jafnt sem áskorunum. Tækifærin felast í fyrsta lagi í nýrri ríkisstjórn Bandaríkjanna sem ætla má að sækist í auknum mæli eftir samráði og samvinnu við bandalagsríki sín og vinaþjóðir. Í öðru lagi er fastlega búist við því að Frakkland gerist á nýjan leik aðili að sameiginlegu herstjórnarkerfi NATO en yfirlýsingar þess efnis má vænta á fundi leiðtoga. Í þriðja lagi mun bandalagið ráða sér nýjan framkvæmdastjóra sem tekur við af Jaap de Hoop Scheffer sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2004. Í fjórða lagi virðist vera að rofa til í samskiptum NATO og Rússlands eftir kólnun í samstarfi á síðustu tveimur árum og þó einkum í kjölfar hernaðaraðgerða Rússa í Georgíu í ágúst 2008.

Áskoranir NATO felast hins vegar í því að ekki er ein skýrt skilgreind hefðbundin ógn til staðar heldur flóknar nýjar ósamstæðar ógnir. Ekki er sameiginlegur skilningur og samstaða um öryggisumhverfi bandalagsins og t.d. tekist á um að hve miklu leyti orkuöryggi og netöryggi falli undir verksvið þess. Aukin harka í utanríkisstefnu Rússlands hefur einnig verið áhyggjuefni en þó er eins og fyrr sagði ýmislegt sem bendir til batnandi samskipta. Miklu máli skiptir hvaða þýðingu minni eining um ógnarumhverfi kann að hafa á virkni 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins sem kveður á um sameiginlegt öryggi og varnir bandalagsins.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um hvort NATO eigi að móta nýja grundvallarstefnu og hefur framkvæmdastjóri bandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, verið ötull talsmaður þess. Núverandi hernaðarstefna er frá árinu 1999 og hefur breytt öryggisumhverfi bandalagsins og stórauknar aðgerðir utan hefðbundins varnarsvæðis einkum verið nefnt sem ástæða fyrir endurskoðun grundvallarstefnunnar. NATO-þingið hefur stutt hugmyndir um mótun nýrrar grundvallarstefnu og útnefnt Jan Pedersen, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, sem

sérstakan fulltrúa til að móta tillögur og framlag NATO-þingsins þar að lútandi. Á leiðtogafundi NATO er ráðgert að samþykkja sérstaka Atlantshafsyfirlýsingu þar sem grunngildi og framtíðarsýn bandalagsins verða dregin upp. Líklegt er að í framhaldi yfirlýsingarinnar verði ráðist í vinnu við nýja grundvallarstefnu. Mótun nýrrar stefnu nú yrði þó flóknara ferli en þegar síðasta grundvallarstefna var samþykkt, en hún var samkomulagsatriði 16 aðildarríkja en ekki 28 ríkja, eins og skipa bandalagið eftir gildistöku aðildar Albaníu og Króatíu.

Þrír sendiherrar hjá NATO, Kurt Volker frá Bandaríkjunum, Pascale Andreani frá Frakklandi og Linas Linkevicius frá Litháen, tóku þátt í pallborðsumræðu við þingmenn. Í framsögum þeirra kom m.a. fram að samband Frakklands og NATO hefði batnað til muna eftir að Nicolas Sarkozy var kjörinn forseti Frakka. Frakkland dró sig út úr sameiginlegu herstjórnarkerfi NATO árið 1966 en mun væntanlega hefja þátttöku í því á nýjan leik eins og fyrr sagði. Endurskoðun á hættumati og öryggismálum Frakklands fór fram á síðasta ári og var niðurstaðan að mæla með þátttöku í hernaðarkerfinu með þeim skilyrðum að Frakkland gæti enn sem fyrr metið og ákveðið þátttöku í einstökum verkefnum, ætti áfram sinn eigin kjarnorkuherafla, og að franskar hersveitir yrðu ekki varanlega undir stjórn NATO á friðartímum. Þá munu Frakkar vinna að því að efla varnar- og öryggissamstarf Evrópuríkja jafnhliða aukinni þátttöku sinni í NATO. Volker tók sérstaklega fram að endurkoma Frakklands í hið sameiginlega herstjórnarkerfi mundi slá á þær raddir sem hafa haft áhyggjur af samkeppni á milli NATO annars vegar og öryggis- og varnarstefnu ESB hins vegar.

Í umræðum um herviðbúnað NATO sat Giampaolo Di Paola, aðmíráll og formaður hermálanefndar bandalagsins, fyrir svörum. Ragnheiður E. Árnadóttir spurðist fyrir um hvort vænta mætti áherslubreytinga á milli hefðbundinna varna á landsvæðum aðildarríkjanna annars vegar og hreyfanlegra hersveita sem beita má með litlum fyrirvara hvar sem er í heiminum hins vegar í kjölfar hernaðaraðgerða Rússa í Georgíu. Benti Ragnheiður á vaxandi áhyggjur Eystrasaltsríkjanna af því að áherslan á hreyfanlegar sveitir væri á kostnað hefðbundinna landvarna sem hljóta að teljast meginhlutverk bandalagsins og spurði hvernig hermálanefndin hefði brugðist við þeim áhyggjum. Di Paola sagðist þekkja þessa umræðu og lagði áherslu á sameiginlegt öryggi sem lykilhlutverk bandalagsins og að sameiginlegar landvarnir yrðu ekki veikari með meiri áherslu á hreyfanlegar sveitir.

Jirí Sedivy, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO á sviði varnarmála, taldi enga mótsögn milli klassískra sameiginlegra landvarna og uppbyggingar á hraðliði og flutningsgetu sem gerir bandalaginu kleift að beita herafla langt utan hefðbundins aðgerðasvæðis. Rétt væri að bandalagsríkin fjárfestu í hraðliði og flutningsgetu, enda kæmi hún sér vel ef flytja þyrfti hersveitir á milli aðildarríkja til sameiginlegra landvarna ekki síður en til aðgerða á fjarlægum svæðum. Ragnheiður E. Árnadóttir spurðist fyrir um horfur á útgjöldum bandalagsríkjanna til varnar- og öryggismála á næstu árum í ljósi fjármálakreppunnar. Ragnheiður benti á að erfitt hefði reynst að tryggja nauðsynlegan búnað og herafla til stórra verkefna NATO sem pólitískir leiðtogar bandalagsins hefðu þó skuldbundið sig til. Með fjármálakreppunni og tilheyrandi samdrætti á fjárlögum aðildarríkjanna og þrýstingi á auknar fjárveitingar til velferðarmála væri líklegt að fjárveitingar til varnarmála yrðu skornar niður. Djúp efnahagskreppa á heimsvísu kynni auk þess að leiða til félagslegs óstöðugleika og fjölga óróasvæðum og þar með auka eftirspurn eftir aðgerðum NATO. Með svartsýni væri því auðvelt að sjá fyrir sér að eftir nokkur ár stæði NATO veikara en áður í hættulegri og óstöðugri heimi. Ragnheiður spurði hvernig slík framtíðarsýn horfði við bandalaginu og hverjar horfurnar væru á að aðildarríkjunum tækist að tryggja nægilegar fjárveitingar til varnarmála í efnahagskreppunni? Sedivy sagði að þegar væru teikn á lofti um niðurskurð á framlögum til varnarmála í nokkr-

um aðildarríkjum og lagði áherslu á að bandalagið mundi bregðast við með betri forgangsröðun og skilvirkari notkun þess búnaðar sem aðildarríkin leggja til. Þá væri sameiginleg fjárfesting tveggja eða fleiri aðildarríkja í dýrum búnaði eins og orrustuþotum möguleg leið til að tryggja viðbúnað þrátt fyrir niðurskurð.

Hefðbundinn fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins og sendiherra aðildarríkja NATO í Norður-Atlantshafsráðinu, sem fer með æðsta ákvörðunarvald innan bandalagsins, fór fram í höfuðstöðvum NATO 16. febrúar. Að venju sátu sendiherrar aðildarríkjanna fyrir svörum þingmanna en umræðum stjórnaði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, sem jafnframt flutti inngangserindi. Framkvæmdastjórinn lagði í máli sínu aðaláherslu á aðgerðir NATO í Afganistan, samskipti NATO og Rússlands og væntanlega Atlantshafsyfirlýsingu komandi leiðtogafundar. John Tanner, forseti NATO-þingsins, áréttaði stuðning NATO-þingmanna við Atlantshafsyfirlýsingu og mótun nýrrar hernaðarstefnu í framhaldi af henni. Meðal mála sem komu upp í umræðunni sem á eftir fylgdi voru norðurslóðamál og var þar gerð grein fyrir helstu niðurstöðu ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og NATO um öryggismál á norðurslóðum sem fram fór í Reykjavík 29. janúar 2009.

Vorfundur.

Árlegur vorfundur NATO-þingsins var haldinn í Ósló dagana 22.–26. maí sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti fundinn Ragnheiður E. Árnadóttir varaformaður, auk Þrastar Freys Gylfasonar ritara. Á vorfundum NATO-þingsins vinna málefnanefndir skýrslur og eiga fundi með fulltrúum ríkisstjórna og alþjóðastofnana og sérfræðingum. Þá er þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu.

Áður en fundir málefnanefnda hófust fór fram fundur þingmannaráðs NATO og Rússlands. Fastafulltrúi Rússlands hjá NATO hélt þar framsögu og gagnrýndi að NATO þjáðist af innri mótsögnum meðan utanríkisstefna Rússlands væri samræmd. Ræddi hann m.a. tilboð Rússlandsforseta um að hefja viðræður og benda á nýjar hugmyndir til að koma á stöðugari samskiptum milli austurs og vesturs, enda væri ekki hægt að skipta upp öryggismálum Rússlands, Evrópu og Bandaríkjanna. Hinn nýi arkitektúr gæti heitið PATO, Kyrrahafs-Atlantshafsbandalagið, en því yrði ekki komið á fót til höfuðs NATO heldur til að taka á öryggismálum með heildstæðari hætti. Þá fjallaði Harald Claes prófessor m.a. um Shtokman-gasvinnslusvæðið þar sem unnið er rétt innan við landamæri Rússlands í samvinnu Rússa, Norðmanna og Frakka.

Á fundi stjórnmálanefndar NATO-þingsins hélt Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, framsögu um NATO í breyttu samfélagi. Hann talaði um gildi bandalagsins í breyttu pólitísku landslagi og öryggismál á norðurslóðum. Að mati Støre er mikilvægt að almenningur sé upplýstur um hlutverk NATO í öryggi á Evró-Atlantshafssvæðinu og ætti sú upplýsingagjöf að vera hlutverk stjórnmálamanna og þjóðþinga í hverju aðildarríki. Í fyrirspurn til Støre ræddi Ragnheiður E. Árnadóttir um hlutverk NATO varðandi öryggi á norðurslóðum. Önnur mál á dagskrá voru samskipti við Rússa og Georgíu, en aðstoðarforsætisráðherra Georgíu var viðstaddur fundinn af því tilefni, kjarnorkumálefni í Íran, samskipti við Pakistan og mikilvægi þeirra í baráttunni gegn hryðjuverkum. Efnahagsnefndin fjallaði m.a. um matvælaöryggi þar sem framkvæmdastjóri Matvælastofnunar SÞ (WFP) hélt framsögu, orkuöryggi og útgjöld til varnarmála á krepputímum. Vísinda- og tæknineFnd tók m.a. loftslagsbreytingar og útbreiðslu gereyðingarvopna til umræðu.

Varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins fjallaði um þrjár skýrslur á fundi sínum en auk þess hélt Espen Barth Eide, ráðuneytisstjóri norska varnarmálaráðuneytisins, framsögu um klasavopn og Óslóarferlið um samninginn um bann við notkun slíkra vopna. Fyrsta skýrsla fundarins fjallaði um vendipunkt í Afganistan, önnur um tölvuöryggi og sú þriðja um viðbúnað og getu NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans. Skýrsluhöfundur síðastnefndu skýrslunnar var Ragnheiður E. Árnadóttir. Ragnheiður flutti framsögu með skýrslunni og lagði m.a. áherslu á að vaxandi fjöldi aðgerða bandalagsins utan hefðbundins varnarsvæðis hefði vakið áhyggjur meðal sumra aðildarríkja, sérstaklega hinna nýrri, um að slík verkefni utan svæðis hefðu aukið á ógn gegn þeirra eigin landsvæði og pólitísku sjálfstæði. Þessi aðildarríki hefðu nýlega sóst eftir endurnýjuðum loforðum um að NATO yrði áfram í stakk búið til að svara mögulegum árásum á landsvæði þeirra og vilja til þess. Í kjölfarið hefði kviknað umræða um hvort skynsamlegt væri að endurskilgreina varnir sem fælust æ meira í aðgerðum utan svæðis í stað þess að verja aðildarríkin. Ragnheiður taldi að ef ekki væri lengur fyrir hendi traust á skyldu NATO skv. 5. gr. væri hætta á að upp kæmu mismunandi varnarskuldbindingar og ríki færu að hugsa eingöngu um eigið öryggi, líkt og gerðist á síðustu öld. Staðreyndin væri sú að framtíð NATO réðist ekki síst af áframhaldandi stuðningi almennings við hlutverk bandalagsins. Þá nefndi hún að aðildarríkin væru nýlega farin að ræða möguleika þess að viðbragðssveitir NATO mætti senda til aðildarríkja sem væru í hættu. Líflegar umræður urðu um skýrsluna. T.d. benti fulltrúi Rússa á ókosti þess að skilgreina Rússland áfram sem ógn. Eistneskur þingmaður benti á að jafnvel skyldur NATO skv. 5. gr. væru ófullnægjandi vegna nýrra ógna samtímans. Þá benti fulltrúi yfirhershöfðingja umbreytingar NATO á niðurstöður nýlegrar skýrslu um mismunandi framtíðarmyndir bandalagsins, sem gæti komið að gagni við umfjöllun málsins.

Nefnd um borgaralegt öryggi fjallaði á fundi sínum m.a. um öryggi í Mið-Asíu og sjórán sem stofnuðu svæðisbundnu- og hnattrænu öryggi í hættu. Þá voru haldnar kynningar á fundinum um nauðsyn þess að skilja að borgaralega og hernaðarlega starfsemi á átakasvæðum og um nauðsyn á upplýsingagjöf NATO til yngri kynslóðarinnar.

Auk nefndafunda fór fram sérstakur hádegisfundur um konur og öryggismál í boði Noregsdeildar NATO-þingsins. Patrick Cammaert, undirhershöfðingi hollenska hersins, hélt erindi um sameiginlega ábyrgð þess að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og stúlkum í átökum og eftir að þeim lýkur. Áhersla var lögð á að um afar mikilvægt öryggismál væri að ræða. Í umræðum var komið inn á nauðsyn á sýnilegri þátttöku kvenna í aðgerðum bandalagsins og nýlega fjölskyldulöggjöf Afgana sem Karzai forseti hafði undirritað en ýmsum þingmönnum á fundinum þótti löggjöfin hrein svívirða.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 26. maí. John Tanner, forseti NATO-þingsins, setti þingfundinn. Þá ávarpaði Thorbjørn Jagland, forseti norska Stórþingsins, fundinn og lagði áherslu á að NATO væri ekki í Afganistan vegna bandalagsins sjálfs heldur til að stöðva harðstjórn samkvæmt ályktun Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var til að stöðva hryðjuverk og stríð framtíðar. Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, ávarpaði einnig þingfundinn. Aðalumræðuefni hans voru málefni norðurslóða þar sem hann lagði til aukna samvinnu ríkjanna á svæðinu vegna aukinnar umferðar og vinnu á svæðinu. Hann sagði að norðurslóðir væru friðsamlegt svæði og ætti að vera það áfram. Næstur var Kai Eide, sérstakur sendifulltrúi framkvæmdastjóra SÞ fyrir Afganistan og yfirmaður aðstoðarverkefnis SÞ í Afganistan (UNAMA), sem ræddi um jákvæð merki í starfinu í Afganistan og verkefnin fram undan. Þá ávörpuðu forsetar albanska og króatíska þingsins fundinn. Forseti NATO-

þingsins tilkynnti að stjórnarnefndin hefði samþykkt að koma á fót sameiginlegu þingmannaráði NATO og Georgíu.

Sameiginlegur fundur Norður-Atlantshafsráðsins og NATO-þingsins hófst með ávarpi Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO og forseta ráðsins, sem bauð fastafulltrúana velkomna. De Hoop Scheffer fór yfir aðgerðir NATO í Afganistan, Kosovó, Írak og við Miðjarðarhafið, auk aðgerða gegn sjóránum út af Norðaustur-horni Afríku sem bandalagið tekur þátt í. Það verkefni er gott dæmi um sveigjanleika bandalagsins. Hann sagði að bandalagið hefði einnig verið mjög öflugt pólitískt og væri í æ ríkara mæli vettvangur pólitískrar umræðu. Þrátt fyrir það fengist bandalagið við þrenns konar vanda, þ.e. varðandi samstöðu, stofnanaleg viðfangsefni og varðandi bjargir. Nú væri hins vegar lag að vinna úr öllum þessum atriðum samhliða skilgreiningu á nýrri grundvallarstefnu fyrir Atlantshafsbandalagið, sem þyrfti að taka á aðstæðum, færa fram nýjan skilning á því hvaða ógnir eru uppi, og endurnýja samstöðu meðal Evrópuríkja. Í þessu starfi væri NATO-þingið nauðsynlegur vettvangur vegna þeirrar reynslu sem þar væri saman komin.

Í fyrirspurnatíma að loknu ávarpi framkvæmdastjórans tók Ragnheiður E. Árnadóttir til máls um getu og viðbúnað NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Hún vitnaði til orða Stoltenbergs sem sagði að þetta snerist ekki um að færa NATO aftur heim, heldur að sannfæra okkur um að NATO hefði aldrei yfirgefið svæðið. Ræddi Ragnheiður nauðsyn þess að gera NATO betur sýnilegt í aðildarríkjunum, því ef menn teldu að bandalagið gæti ekki verndað heimahagana yrði það ekki í stakk búið til að flytja krafta sína þangað sem þeirra væri mest þörf. Að lokum þakkaði Ragnheiður framkvæmdastjóranum fyrir starf sitt í þágu bandalagsins og óskaði honum velfarnaðar í framtíðinni.

Ársfundur.

Ársfundur NATO-þingsins fór fram í Edinborg dagana 13.–17. nóvember sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sóttu fundinn þau Björgvin G. Sigurðsson formaður, Ragnheiður E. Árnadóttir og Birgitta Jónsdóttir, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Rúmlega 350 þingmenn frá 28 aðildarríkjum NATO og fulltrúar yfir tuttugu annarra ríkja sóttu ársfundinn. Meginumræður fundarins fóru fram í fimm málefnanefndum þingsins á grundvelli skýrslna sem unnar voru af nefndarmönnum og fyrirlestra alþjóðlegra sérfræðinga um öryggismál. Þá var þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu og kosið um ályktanir og ákvarðanir þingsins.

Áður en fundir málefnanefnda hófust fór fram fundur þingmannaráðs NATO og Rússlands. Þar héldu Andrew Wood, sérfræðingur í málefnum Rússlands og Evrasíu hjá Chatham House í Bretlandi og fyrrverandi sendiherra Breta í Rússlandi, og Vaslilu Likhachev, varaformaður nefndar efri deildar rússneska þingsins um alþjóðamál, erindi um ógnir og tækifæri 21. aldar í samskiptum Rússlands og NATO. Wood sagði að ef takast ætti að bæta samskipti NATO og Rússlands væri nauðsynlegt að skoða skilning beggja á spurningunni: Hvaða þýðingu hefur NATO fyrir Rússland og Rússland fyrir NATO? Likhachev var sammála Wood um að aðildarríki NATO og Rússland ættu að sameina krafta sína gegn sameiginlegum öryggisógnum 21. aldarinnar eins og alþjóðlegum hryðjuverkum, tölvuöryggi og sjóránum.

Á fundi stjórnmálanefndar NATO-þingsins var einkum fjallað um samskipti NATO og Rússlands, málefni Georgíu og NATO, forsetakosningarnar í Íran 2009, baráttuna gegn hryðjuverkum og málefni Pakistans. Efnahagsnefndin tók m.a. til umræðu matvælaöryggi, áhrif fjármálakreppunnar á útgjöld til varnarmála og orkuöryggi, með áherslu á Mið-Asíu, og mögulegt framlag til orkumála handan Atlantshafs. Vísinda- og tækninefnd fjallaði á sín-

um fundi m.a. um loftslagsbreytingar, orkuöryggi, útbreiðslu gereyðingarvopna og kjarnorkustefnu Írans. Þá fjallaði nefnd um borgaralegt öryggi m.a. um sjórán sem hættu gegn svæðisbundnu og hnattrænu öryggi, málefni Moldóvu og öryggi í Mið-Asíu. Enn fremur var ítarlega rætt um þróun nýrrar grundvallarstefnu bandalagsins og framlag NATO-þingsins til hennar í öllum málnefnanefndum þingsins.

Varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins fjallaði um lokadrög að þremur skýrslum á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um vendipunkt í Afganistan, önnur um tölvuöryggi og NATO og sú þriðja um viðbúnað og getu NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans. Skýrsluhöfundur síðastnefndu skýrslunnar var Ragnheiður E. Árnadóttir. Ragnheiður kynnti skýrsluna og ræddi m.a. um breytt landslag í öryggismálum sem leitt hefði til vaxandi fjölda aðgerða NATO utan svæðis þess. Þessar breytingar hafi vakið áhyggjur og óöryggi meðal ákveðinna aðildarríkja NATO. Þá hafi átökin í Georgíu í ágúst 2008 minnt okkur á að stríð nálægt heimahögum eru enn möguleg. Það hafi enn frekar aukið á óöryggi NATO-ríkja í Mið- og Austur-Evrópu sem hafi látið í ljós áhyggjur af pólitísku varnarleysi heima fyrir. Í skýrslunni leggur Ragnheiður áherslu á umræðu um hversu reiðubúið bandalagið sé til að uppfylla grundvallarskuldbindingar sínar um sameiginlegar varnir aðildarríkjanna skv. 5. gr. Atlantshafssáttmálans. Hún sagði skyldu NATO skv. 5. gr. vera í forgangi hjá bandalaginu þótt nauðsynlegt sé að NATO hafi getu til að takast á við öryggisógnir utan svæðis. Framtíð NATO ráðist ekki síst af áframhaldandi stuðningi almennings við hlutverk bandalagsins og því sé afar brýnt að aðildarríkin taki höndum saman og stuðli að trausti og skilningi á markmiðum og forgangsatriðum bandalagsins.

Í framhaldi af kynningunni sat Ragnheiður fyrir svörum og sköpuðust líflegar umræður um skýrsluna. Rætt var um nálægð ákveðinna aðildarríkja við Rússland og óöryggi þeirra gagnvart því hvort skyldum 5. gr. yrði framfylgt ef til árásar á landsvæði þeirra kæmi. Ragnheiður lagði í svörum sínum áherslu á mikilvægi þess að aðildarríkin fyndu til öryggis og trausts innan NATO. Væri það ekki til staðar ætti bandalagið við vandamál að stríða sem þyrfti að horfast í augu við og leysa. Skýrslan var samþykkt samhljóða og var Ragnheiður endurkjörin sem einn af þremur skýrsluhöfundum nefndarinnar fyrir árið 2010.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var tekin ákvörðun um að halda óbreyttu fyrirkomulagi frá ákvörðun NATO-þingsins í Valencia í nóvember 2008 þar sem brugðist var við átökum Rússlands og Georgíu með breyttu samstarfi við Rússa. Þá var ákveðið annars vegar að takmarka þátttöku rússneskra þingmanna í fundum og ráðstefnum NATO-þingsins og hins vegar að stofna sérstakt þingmannaráð NATO-þingsins og georgískra þingmanna.

Auk nefndarfunda fór fram pallborðsumræða um konur í hernaði í boði Bretlandsdeildar NATO-þingsins. Konur úr hersveitum Breta ávörpuðu þingið og deildu reynslu sinni af vopnuðum átökum og störfum fyrir hersveitirnar.

Þingfundur NATO-þingsins fór fram á síðasta degi ársfundarins. Var fundurinn með hefðbundnu sniði, tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru David Miliband, utanríkisráðherra Breta, Robertson lávarður frá Port Ellen, fulltrúi efri deildar breska þingsins og fyrrverandi framkvæmdastjóri NATO, James Stavridis aðmíráll, yfirhershöfðingi NATO í Evrópu, og Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO. Í setningarræðu forseta, bandaríska fulltrúadeildarþingmannsins Johns Tanners, bar hæst ákall til þingmanna um að auka skilning almennings í aðildarríkjunum á hlutverki og markmiði NATO. Hann sagði það algengt að þegnar aðildarríkjanna væru ómeðvitaðir eða hefðu ranghugmyndir um verkefni bandalagsins. Því væri brýnt verkefni fyrir NATO-þingið að koma að bættri stefnu NATO varðandi samskipti við almenning.

Anders Fogh Rasmussen og David Miliband ræddu báðir um mikilvægt hlutverk NATO við að fást við bæði hefðbundnar og nýjar öryggisógnir. Rasmussen fór jafnframt yfir helstu verkefni bandalagsins fyrir árið 2010 og ræddi um nýjar ógnir sem blasa við bandalaginu á 21. öldinni eins og alþjóðleg hryðjuverk, tölvuöryggi, orkuöryggi, sjórán og áhrif loftslagsbreytinga á öryggi. Þá lagði Rasmussen áherslu á mikilvægi áframhaldandi aðgerða NATO í Afganistan þrátt fyrir dvínandi stuðning margra aðildarríkja. Hann sagði ljóst að ef NATO færi af vettvangi í Afganistan kæmu liðsmenn Al-kaída samstundis til baka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Miliband tók í sama streng og sagði óhugsandi að skilja eftir tómarúm í Afganistan núna sem talíbanar mundu samstundis fylla og undir þeirra verndarvæng Al-kaída. Hann sagði mögulegt að vinna stríðið í Afganistan en eingöngu ef bandalagsríkin eru tilbúin til að skuldbinda sig enn frekar.

Í fyrirspurnatíma að afloknu ávarpi framkvæmdastjórans tók Ragnheiður E. Árnadóttir til máls um viðbúnað og getu NATO til að uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. og vitnaði í umræður í öryggis- og varnarmálanefnd þingsins um þau mál. Ragnheiður spurði í þessu ljósi hvernig NATO hygðist taka á þeirri alvarlegu staðreynd að sum aðildarríki væru óörugg gagnvart skyldu NATO skv. 5. gr. og hvernig það yrði útfært í nýrri grundvallarstefnu bandalagsins. Rasmussen svaraði því til að 5. gr. væri kjarninn í starfsemi NATO og svo yrði áfram. Málefnið væri mikilvægur þáttur í vinnu við gerð nýju grundvallarstefnunnar og yrði gerð tilhlýðileg skil í henni. Þá sagði hann það nauðsynlegan þátt í að byggja upp traust að NATO verði sýnilegra í aðildarríkjunum. Enn fremur tók Birgitta Jónsdóttir til máls og spurði David Miliband um nýafstaðnar kosningar í Afganistan og hvað hann teldi geta tryggt lögmætar kosningar í landinu í framtíðinni. Þá spurði Birgitta hvort hann teldi það stuðla að lausn vandans að færa liðsmenn Al-kaída milli landa innan svæðisins, eins og t.d. til Pakistans. Miliband svaraði ekki spurningunum en ræddi um ástandið í Afganistan á breiðum grunni.

Því næst fluttu skýrsluhöfundar framsögur með þeim ályktunum sem málefnanefndirnar lögðu fram og voru þær allar samþykktar.

Nefndarfundir.

Ragnheiður E. Árnadóttir sótti nefndarfundi varnar- og öryggismálanefndar í Varsjá í júní og Kanada í september sem einn af skýrsluhöfundum nefndarinnar.

Alþingi, 15. mars 2010.

Björgvin G. Sigurðsson, form.	Ragnheiður Elín Árnadóttir, varaform.	Birgitta Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir NATO-þingsins árið 2009.

Ársfundur í Edinborg, 13.–17. nóvember:

- Ályktun 375 um samhæfð viðbrögð gegn sjóránum.
- Ályktun 376 um skuldbindingar NATO gagnvart Afganistan.
- Ályktun 377 um áhrif fjármálakreppunnar.

– Ályktun 378 um skuldbindingar Pakistans.
– Ályktun 379 um staðfestingu á stefnu NATO um að það sé opið nýjum aðildarríkjum.
– Yfirlýsing 374 um ástandið í Moldóvu.

808. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

1. gr.

Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. Þó skulu aflaheimildir sem ráðstafað er í tilteknum fisktegundum árlega til eflingar sjávarbyggðum skv. 10. gr., línuívilnunar skv. 11. gr. og strandveiða koma til frádráttar í aflamarki sömu tegunda hjá einstökum veiðiskipum hlutfallslega miðað við heildarúthlutun til þeirra reiknað í þorskígildum á grundvelli laga þessara og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Skal miðað við samanlagða úthlutun í upphafi hvers fiskveiðiárs og síðustu heildarúthlutun í þeim tegundum sem ekki er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, miðað við þorskígildi við úthlutun. Hafi skip ekki nægar heimildir í einhverri tegund til að mæta skerðingu samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til heimildar til breytinga milli tegunda skv. 1. mgr. 11. gr. og flutnings milli fiskveiðiára skv. 4. mgr. 11. gr., skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð tveggja mánaða frest til að flytja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið. Hafi það ekki verið gert innan þess frests fellur leyfi þess til veiða í atvinnuskyni niður tímabundið þar til úr hefur verið bætt. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þeim tegundum sem ráðstafað er samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur það verið tíðkað að nýta hluta aflaheimilda til ýmiss konar jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta. Þetta hefur verið umdeilt fyrirkomulag, en á rætur sínar að rekja til lagasetningar sem allir þingflokkar hafa komið að með einhverjum hætti. Í þessu frumvarpi er þess freistað að setja fram tillögu um sanngjarnara fyrirkomulag þessara tilfærslna með því að miða útreikning á þeim út frá grundvelli heildarþorskígilda en ekki á grundvelli úthlutana í þeim fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við.

Á grundvelli núgildandi 10. gr. laga um stjórn fiskveiða er aflaheimildum úthlutað til byggða og jöfnunaraðgerða. Í fyrsta lagi er þessum heimildum ætlað að mæta áföllum sem

fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Í annan stað til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig að hluti fari til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski. Annar hluti fari til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

Til viðbótar við þetta er í 11. gr. laganna gert ráð fyrir að tilgreindur hluti þorskveiðiheimilda, 3.375 tonn af óslægðum þorski, fari til þess að standa undir línuívilnun og síðan getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn steinbíts og ýsu til línuívilnunarinnar.

Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp sem ætlað er að festa í sessi svonefndar strandveiðar og er gert ráð fyrir að lögfesta að 6 þúsund tonn, sem að langmestu er þorskur, verði veidd á grundvelli þess fyrirkomulags. Ætla má að áhrifa þeirrar ákvörðunar muni gæta við útgáfu aflamarks á næsta fiskveiðiári. Samkvæmt útreikningum sem nú liggja fyrir er ljóst að strandveiðarnar munu þýða viðbótartilfærslu frá krókaaflamarks- og aflamarksskipum upp á 3,4%. Nemur þá tilfærsla vegna skel- og rækjubáta, byggðakvóta, línuívilnunar og strandveiða alls 8,6% af úthlutuðum aflaheimildum í þorski.

Nánar er þessum málum skipað í reglugerð, sem ráðherra setur í kjölfar þess að ákvörðun er tekin um heildaraflamark í einstökum fisktegundum innan fiskveiðiárs. Sú reglugerð kveður á um hversu mikil skerðing verður á úthlutun í einstökum tegundum til aflamarks á hverju fiskveiðiári. Skerðingin í aflamarki vegna þessara aðgerða tekur bara til fjögurra fisktegunda, þorsks, ýsu, ufsa og steinbíts. Nánar má sjá upplýsingar um þetta í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010, nr. 676/2009, frá 30. júlí 2009.*

Í fylgiskjali I er tafla úr 2. gr. reglugerðarinnar.

Tillaga um jafnari skiptingu.

Óhjákvæmilegt er þegar þetta fyrirkomulag er viðhaft að það leiði til þess að kvótaskerðing skipa verði mjög mismunandi. Til dæmis er ljóst að skip sem eru með hlutfallslega stóran hluta aflaheimilda sinna í þessum fjórum tilgreindu tegundum verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu en skip sem hafa á hinn bóginn einkanlega úthlutaðan kvóta í öðrum tegundum sæta minni skerðingu eða hreinlega alls engri.

Þetta telja flutningsmenn þessa frumvarps óréttlátt. Burtséð frá skoðun manna á þessum tilfærslum innan fiskveiðistjórnarkerfisins er eðlilegt að þær leiði ekki til þess að áhrifin komi svo ójafnt niður á einstökum útgerðum og skipum sem raun ber vitni.

Í töflu sem hér fylgir með sem fylgiskjal II koma áhrifin glöggt fram. Þónokkrar útgerðir verða ekki fyrir neinni skerðingu á aflamarki vegna þessa fyrirkomulags, aðrar mjög lítilli, en þær útgerðir sem mestri skerðingu sæta verða fyrir kvótaminnkun sem nemur allt að 4,8% af úthlutuðum aflaheimildum. Meðaltalsskerðingin er um 2,5%.

Eðlilegra er að skerðing aflaheimilda eða framlag útgerðanna í tilfærslur innan fiskveiðiársins verði á grundvelli úthlutaðra þorskígilda. Þar með væri tryggt að allir legðu hlutfallslega jafnmikið af mörkum, eða væntanlega um 2,5% af aflaheimildum sínum.

Umreikna þarf því aflaheimildir útgerða í þorskígildi og skerðingar yrðu gerðar hlutfallslega á grundvelli þeirra. Framlag frá útgerðunum yrði þó ávallt á grundvelli þeirra tegunda sem skertar eru í samræmi við lögin og reglugerð um veiðar í atvinnuskyni sem gefin er út

---

* Sbr. slóðina: http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c837345d-180a-4035-8a81-b8f1c90067a4.

fyrir hvert fiskveiðiár. Umreikningur í þorskígildi er til að gæta jafnræðis og auðvelda reikning á hlutfallslegri skerðingu hvers og eins.

Eins og jafnan þegar verið er að gera breytingar á málum sem geta snert mikilsverða hagsmuni koma upp álitamál sem taka þarf afstöðu til. Skal nú farið nokkrum orðum um þau atriði.

Nokkur álitamál.

Til eru útgerðir sem ekki eiga aflaheimildir í þessum fjórum tegundum sem notaðar eru fyrir tilfærslurnar. Í frumvarpinu er þá einfaldlega gert ráð fyrir að þeim beri að útvega sér slíkar heimildir. Það geta þær gert með því að kaupa þær varanlega, leigja þær innan fiskveiðiársins eða með jöfnum skiptum, t.d. með því að skipta út síld fyrir þorsk. Er því eðlilegt að hafa ákvæði í lögunum sem gefi þessum útgerðum umþóttunartíma til að útvega sér slíkar heimildir. Vert er að gæta þess að nægur tími sé veittur án þess þó að framkvæmd dragist úr hófi og því lagt til að Fiskistofa veiti tveggja mánaða frest til að flytja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið. Mikilvægt er að tryggja virkni ákvæðisins en gæta jafnframt meðalhófs og ganga ekki lengra en nauðsyn krefst. Því er lagt til að verði fullnægjandi veiðiheimildir ekki útvegaðar innan tilskilins frests falli niður leyfi skipsins til veiða í atvinnuskyni tímabundið þar til úr hefur verið bætt.

Annað álitaefni er að í sumum tegundum er aflaheimildum ekki úthlutað til fiskveiðiárs, heldur á almanaksári. Því liggur ekki fyrir í þeim tilvikum hvaða heimildir menn fá við upphaf fiskveiðiárs. Eðlilegt er hins vegar að aflaheimildir þessar fari líka inn í það að standa undir tilfærslunum sem þetta frumvarp fjallar um. Til þess að ná utan um þetta mál er eðlilegast að styðjast við úthlutaðar heimildir í þeim tegundum samkvæmt úthlutun almanaksársins á undan og því lagt til að sú verði framkvæmdin samkvæmt ákvæðinu.

Loks má nefna þriðja álitaefnið sem lýtur að því hvort taka eigi með inn í þennan útreikning aflaheimildir utan lögsögu okkar, til dæmis í Barentshafi. Um þetta geta væntanlega verið skiptar skoðanir. Þó er þess að geta að þessar heimildir eru komnar til vegna samninga við aðrar þjóðir, sem í sumum tilvikum hafa haft í för með sér gagnkvæmni í veiðirétti og geta því haft áhrif á aflaheimildir innan okkar lögsögu. Sanngirnisrök mæla og með því að þær útgerðir sem þennan veiðirétt hafa á grundvelli íslensks fullveldis taki þátt í tilfærslunum innan hins íslenska fiskveiðikerfis til jafns við aðrar útgerðir. Er því lagt til að ákvæðið nái til allra úthlutaðra aflaheimilda.

Álitaefni leidd til lykta.

Þau álitaefni sem hér er fjallað um hafa oft verið til umræðu. Nú er komið að því að leiða þau til lykta með sanngjörnum hætti. Það tilfærslufyrirkomulag sem er í fiskveiðistjórnarlögunum og hér er gert að umræðuefni hefur að sönnu verið umdeilt. Það er hins vegar til staðar og hefur meðal annars byggðalegan tilgang. Allir stjórnmálaflokkar hafa með einum eða öðrum hætti komið að gerð þess lagaverks sem skapar grundvöll þess. Tilgangur þessa frumvarps er að skipa fyrirkomulagi þess með sanngjarnari hætti en nú er.

Fylgiskjal I.

Leyfilegur heildarafli í óslægðum botnfiski fyrir fiskveiðiárið 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
(Úr 2. gr. reglugerðar nr. 676/2009, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010.)

	1	2	3	4	5
Tegund	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**
1. Þorskur	150.000	1.516	2.997	3.375	142.112
2. Ýsa	63.000	637	1.259	2.100	59.004
3. Ufsi	50.000	505	999		48.496
4. Steinbítur	12.000	121	240	700	10.939
5. Karfi	50.000				50.000
6. Grálúða	12.000				12.000
7. Sandkoli	1.000				1.000
8. Skrápflúra	1.000				1.000
9. Skarkoli	6.500				6.500
10. Þykkvalúra	2.200				2.200
11. Langlúra	2.200				2.200
12. Keila	5.500				5.500
13. Langa	7.000				7.000
14. Skötuselur	2.500				2.500

Skýringar á töflu:
1. Leyfilegur heildarafli.
2. Til uppbóta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 (skel- og rækjubætur).
3. Til ráðstöfunar skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 (til stuðnings byggðarlögum).
4. Til línuívilnunar skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.
5. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

Fylgiskjal II.

Úthlutað aflamark 1. september, loðnuúthlutun í febrúar og úthlutun á árinu 2007, allt í þorskígildum. Skerðing í þorski, ýsu, ufsa og steinbít reiknað í þorskígildum vegna skel- og rækjubáta, byggðakvóta og línuívilnunar.

Eigandi	**Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007**	**Skerðing í þorskígildum**	**Skerðing í %**
HB Grandi hf.	56.372.610	815.828	1,4472
Brim hf.	28.908.417	796.603	2,7556
Samherji hf.	35.936.430	712.218	1,9819
Þorbjörn hf.	19.756.339	630.834	3,1931
Vísir hf.	15.693.074	620.638	3,9549
FISK-Seafood hf.	19.847.386	502.792	2,5333

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Rammi hf.	16.485.057	445.746	2,7039
Vinnslustöðin hf.	20.467.209	392.757	1,9190
Samtals allir einstaklingar	9.010.900	387.428	4,2996
Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.	10.837.700	333.018	3,0728
Skinney-Þinganes hf.	15.818.214	276.796	1,7499
Nesfiskur ehf.	7.568.081	257.679	3,4048
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	19.390.284	235.262	1,2133
Síldarvinnslan hf.	23.489.719	194.362	0,8274
Soffanías Cecilsson hf.	4.760.072	184.177	3,8692
Bergur-Huginn ehf.	5.591.650	179.739	3,2144
Eskja hf.	14.086.796	174.396	1,2380
Ögurvík hf.	7.138.495	160.211	2,2443
Ós ehf.	3.408.855	143.303	4,2038
Stakkavík ehf.	2.859.080	132.822	4,6456
Loðnuvinnslan hf.	5.368.964	129.257	2,4075
Hraðfrystihús Hellissands hf.	3.029.831	129.185	4,2638
Guðmundur Runólfsson hf.	3.780.615	128.338	3,3946
Frosti ehf.	2.877.492	123.074	4,2771
Gjögur ehf.	8.778.116	116.252	1,3243
Stálskip ehf.	5.160.159	105.240	2,0395
Oddi hf.	2.232.933	96.222	4,3092
Fiskvinnslan Kambur ehf.	2.060.688	95.561	4,6373
Gullberg ehf.	2.798.903	94.829	3,3881
K G fiskverkun ehf.	1.818.151	80.666	4,4367
Jakob Valgeir ehf.	1.803.220	79.081	4,3855
Útgerðarfélagið Einhamar ehf.	1.696.406	77.742	4,5827
Fjarðarey ehf.	1.622.626	70.439	4,3411
Fiskkaup hf.	1.691.804	65.702	3,8835
Dala-Rafn ehf.	1.694.667	65.222	3,8487
Frár ehf.	1.323.079	56.502	4,2705
Bergur ehf.	1.557.919	54.442	3,4945
Auðbjörg ehf.	1.628.153	49.014	3,0104
Saltver ehf.	1.278.689	48.919	3,8257
Steinunn hf.	1.080.213	47.215	4,3709
Guðbjartur ehf.	947.352	44.986	4,7486
Þórsnes ehf.	902.068	41.917	4,6468
Dodda ehf.	883.162	41.552	4,7049
Geir ehf.	1.060.164	39.606	3,7359
Útnes ehf.	889.199	38.565	4,3371
Norðureyri ehf.	803.732	38.175	4,7497
Festi Útgerð ehf.	829.775	38.164	4,5993
Útgerðarfélagið Ós ehf.	794.020	37.669	4,7441
Hásteinn ehf.	1.138.395	37.171	3,2652
Rekavík ehf.	1.016.333	36.728	3,6138
Hafnarnes hf.	1.323.903	36.602	2,7647
Valafell ehf.	826.092	34.206	4,1407
Sólbakki ehf.	1.145.551	33.487	2,9232
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	6.350.285	31.023	0,4885
Þiljur ehf. útgerðarfélag	671.044	30.934	4,6099
Marver ehf.	645.901	29.960	4,6385
Nóna ehf.	642.021	29.058	4,5260
Birnir ehf.	691.816	29.020	4,1948
Skarðsvík hf.	770.748	28.897	3,7492

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Sandvíkingur ehf.	617.817	28.838	4,6677
Breiðavík ehf.	603.040	28.412	4,7115
Farsæll ehf.	634.356	28.076	4,4259
Sæfell hf.	586.376	27.840	4,7478
Sigurbjörn ehf.	570.018	26.985	4,7340
Sigurður Ólafsson ehf.	754.784	26.744	3,5432
Þórsberg ehf.	644.320	25.969	4,0304
Sandbrún ehf.	623.654	25.188	4,0387
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.	847.722	24.732	2,9174
Rif ehf.	515.249	24.469	4,7490
Örninn GK 203 ehf.	496.398	22.700	4,5729
BESA ehf.	490.922	22.250	4,5324
Agustson ehf.	649.895	22.103	3,4011
Litlalón ehf.	576.906	22.025	3,8177
Guðbjartur SH-45 ehf.	469.792	21.777	4,6355
Vestri ehf.	483.830	21.125	4,3662
Melnes ehf.	453.047	21.100	4,6573
Sólborg ehf.	441.914	21.001	4,7523
Álfsfell ehf.	436.016	20.741	4,7570
Útgerðarfélagið Ósk ehf.	941.616	20.026	2,1268
Bjarg ehf.	445.827	20.008	4,4878
Krossey ehf.	802.783	19.875	2,4757
Hafborg ehf.	462.538	19.872	4,2963
Sverrisútgerðin ehf.	408.412	19.302	4,7261
Narfi ehf.	637.601	19.006	2,9808
Nónvarða ehf.	431.412	19.004	4,4051
A.Ó.A. útgerð ehf.	420.933	18.857	4,4797
Sjávarmál ehf.	407.788	18.843	4,6209
Lýsing hf.	392.681	18.706	4,7636
Esjar ehf.	401.724	18.542	4,6155
Borgarhöfði ehf.	383.976	18.200	4,7400
Útgerð Arnars ehf.	395.802	17.589	4,4439
Kristinn J. Friðþjófsson ehf.	369.165	17.367	4,7044
Dóri ehf.	701.821	16.090	2,2926
Ölduós ehf.	336.994	15.486	4,5953
Nesver ehf.	470.431	15.412	3,2761
Frosti hf. Súðavík	824.794	15.391	1,8660
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf.	361.807	15.112	4,1768
Selháls ehf.	449.645	14.948	3,3243
Útgerðarfélagið Haukur hf.	338.723	14.540	4,2926
Hólmsteinn Helgason ehf.	300.342	13.990	4,6580
Skarfaklettur ehf.	409.460	13.807	3,3719
Hjálmar ehf.	305.569	13.718	4,4893
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	344.635	13.605	3,9477
Geitahlíð ehf.	282.597	13.401	4,7422
Siglfirðingur ehf.	285.155	13.353	4,6826
Vík ehf. útgerð	279.742	13.289	4,7504
Króksskip ehf.	282.344	12.950	4,5865
Jens Valgeir ehf.	300.826	12.678	4,2145
Bárður SH 81 ehf.	370.375	12.552	3,3890
Fiskiver ehf.	364.120	12.403	3,4063
Aðalbjörg sf.	441.603	12.381	2,8036
Súlan ehf.	1.070.748	12.359	1,1543

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Fanney SH-248 ehf.	264.596	12.357	4,6703
Flói ehf.	277.290	12.126	4,3732
Akraberg ehf.	259.748	12.113	4,6636
Sæbjörg ehf.	282.497	12.052	4,2662
Knarrareyri ehf.	251.486	11.954	4,7534
Farsæll ehf.	402.233	11.901	2,9587
Happi hf.	250.797	11.733	4,6784
Flugalda ehf.	238.868	11.374	4,7616
Berti G ehf.	236.030	11.238	4,7614
Ingimar Magnússon ehf.	232.863	11.051	4,7456
Fiskvon ehf.	230.577	10.861	4,7104
Útgerðarfélagið Már ehf.	264.407	10.858	4,1067
Hrímgrund ehf.	248.792	10.459	4,2038
Sæmanda ehf.	221.266	10.437	4,7172
Söndungur ehf.	220.020	10.434	4,7423
Óli Guðnýjar ehf.	218.643	10.415	4,7636
Sæmundsson og synir ehf.	326.638	10.333	3,1634
Lukka ehf.	215.191	10.205	4,7425
Þorkell Árnason ehf.	215.643	10.029	4,6506
Þorskadalur ehf.	211.608	9.934	4,6945
Leó ehf.	218.524	9.882	4,5219
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	208.691	9.867	4,7282
Grímsi ehf.	249.048	9.841	3,9515
Útgerðarfélagið Ás ehf.	206.246	9.772	4,7379
Fiskverkun Kalla Sveins ehf.	203.407	9.672	4,7550
Útgerðarfélagið Öngull ehf.	203.388	9.652	4,7456
Grábrók ehf.	208.434	9.584	4,5980
Ólafur ehf.	206.595	9.549	4,6222
Hvönn ehf.	270.399	9.455	3,4966
Marex ehf.	203.881	9.435	4,6277
Útgerðarfélagið Kjarkur ehf.	201.121	9.395	4,6715
Önundur ehf.	198.328	9.272	4,6751
Uggi fiskverkun ehf.	207.929	9.246	4,4469
Smári Einarsson ehf.	384.304	9.187	2,3906
Manus ehf.	377.700	9.164	2,4263
Háastöng ehf.	203.530	9.155	4,4981
Húnaflói ehf.	188.099	8.822	4,6902
Kæja ehf.	326.378	8.744	2,6790
Friðrik Bergmann ehf.	219.875	8.719	3,9653
Hlökk ehf.	181.174	8.585	4,7388
Hampás ehf.	187.068	8.574	4,5836
Þensla ehf.	182.533	8.501	4,6573
Ævarr ehf.	225.370	8.498	3,7708
Ebbi-útgerð ehf.	177.256	8.293	4,6786
Víkurver ehf.	174.120	8.266	4,7475
Bjartsýnn ehf.	175.622	8.215	4,6779
Siglunes ehf.	170.998	8.132	4,7556
Jói Blakk ehf.	163.976	7.769	4,7380
Bergdís ehf.	155.812	7.391	4,7434
Rafn ehf.	157.679	7.181	4,5542
Bogey ehf.	144.821	6.862	4,7380
Von ehf.	143.276	6.825	4,7636
Sjóli ehf.	365.503	6.771	1,8525

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Erpur ehf.	148.558	6.737	4,5350
Útgerðarfélagið Hvammur hf.	141.439	6.723	4,7536
Hlunnar ehf.	141.004	6.715	4,7626
G.B.Magnússon ehf.	144.103	6.677	4,6334
Ægir ehf.	137.827	6.550	4,7523
Gjálfur ehf.	139.734	6.467	4,6284
Benóný ehf.	148.913	6.376	4,2815
Stefán Rögnvaldsson ehf.	159.167	6.359	3,9953
Hólmsteinn hf.	136.609	6.356	4,6526
Gústi Bjarna ehf.	131.068	6.234	4,7565
FiskAri ehf.	135.211	6.223	4,6025
Les ehf.	130.445	6.210	4,7609
Jói ehf.	129.467	6.163	4,7601
Friðfinnur ehf.	129.906	6.149	4,7335
Portland ehf.	126.678	6.034	4,7636
Heimaskagi ehf.	149.514	6.009	4,0193
Milla ehf.	125.314	5.924	4,7273
Krosshamar ehf.	123.986	5.896	4,7550
Keilir ehf.	123.916	5.871	4,7377
Sandvík ehf.	124.505	5.834	4,6855
Útgerðarfélagið Braut ehf.	122.142	5.818	4,7636
Þróttur ehf.	122.188	5.748	4,7039
Reitsvík ehf.	118.528	5.641	4,7592
Máni ÁR 70 ehf.	120.666	5.457	4,5221
Sælind ehf.	115.281	5.452	4,7290
Kross ehf.	114.704	5.444	4,7461
Njörður ehf.	113.658	5.401	4,7519
Sæljómi ehf.	111.297	5.227	4,6966
Glaður ehf.	109.736	5.222	4,7588
Níels Jónsson sf.	110.650	5.197	4,6969
Útgerðarfélagið Kári ehf.	109.044	5.166	4,7376
Tindur ehf.	130.884	5.132	3,9210
Jökull ehf.	122.606	5.119	4,1754
Stuðlaberg útgerð ehf.	108.422	5.111	4,7142
Gunnar Hámundarson ehf.	111.052	5.090	4,5837
Stelpurnar ehf.	107.317	5.090	4,7427
Páll Helgi ehf.	119.785	5.086	4,2458
Marinó Jónsson ehf.	105.274	5.010	4,7591
Hafsbrún ehf.	104.995	4.973	4,7369
Útgerðarfélagið Stekkjavík	101.133	4.798	4,7446
Ásgeir ÞH 198 ehf.	98.674	4.699	4,7624
Stapadalur ehf.	98.756	4.687	4,7460
Kári Borgar ehf.	98.007	4.659	4,7541
Eyfreyjunes ehf.	96.947	4.586	4,7306
Tása ehf.	94.154	4.485	4,7636
Peð ehf.	94.470	4.481	4,7438
Gæfa ehf.	166.519	4.454	2,6747
Hraungerði ehf.	93.287	4.439	4,7584
Krossi-útgerðarfélag ehf.	92.964	4.419	4,7531
Halldór fiskvinnsla ehf.	92.510	4.402	4,7589
Útgerðarfélagið Grímur ehf.	92.246	4.340	4,7046
Njáll ehf.	91.529	4.310	4,7084
Hræsvelgur ehf.	90.463	4.309	4,7636

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Útgerðarfélagið Súlur ehf.	90.099	4.283	4,7537
Hempill ehf.	89.966	4.209	4,6784
Fiskihóll ehf.	86.968	4.124	4,7421
Útgerðarfélagið Særoði ehf.	86.979	4.124	4,7413
VS útgerð ehf.	86.200	4.106	4,7636
Hersir ehf.	85.911	4.059	4,7249
Margrét ehf.	84.573	4.026	4,7607
Lundey ehf.	92.109	4.005	4,3479
Hælsvík ehf.	83.984	3.993	4,7541
Ocean Direct ehf.	95.440	3.936	4,1245
Magnús Ingimarsson ehf.	79.079	3.726	4,7116
Gullbrandur ehf.	78.033	3.715	4,7604
Hrúteyri ehf.	77.929	3.712	4,7636
Sægarpur ehf.	77.589	3.676	4,7372
Bjarmi sf.	75.750	3.608	4,7636
Skutull ehf.	75.835	3.594	4,7390
Flóki ehf.	92.558	3.565	3,8522
Rimý ehf.	73.123	3.482	4,7617
Kríli ehf.	74.162	3.469	4,6772
Fiskverkun Sigfúsar og Páls ehf.	74.044	3.441	4,6471
Guðdís ehf.	74.686	3.433	4,5962
Blikaberg ehf.	72.378	3.413	4,7149
Kalli í Höfða ehf.	71.793	3.408	4,7476
Hafnartangi ehf.	74.116	3.397	4,5828
Jakob Hendriksson ehf.	71.748	3.387	4,7204
Útgerðarfélag Siglufjarðar ehf.	70.945	3.380	4,7636
Vestmar ehf.	70.511	3.350	4,7504
Útgerðarfélagið Leifur Heppni ehf.	70.488	3.345	4,7450
Hlöðver og Gestur ehf.	70.678	3.343	4,7305
Sæfar ehf.	69.245	3.296	4,7596
Huldu Keli ehf.	69.112	3.292	4,7636
Víkurberg ehf.	77.998	3.286	4,2132
Gýmir ehf.	69.048	3.284	4,7558
Útgerðarfélagið Kúld ehf.	70.376	3.263	4,6366
Dúan 6868 ehf.	68.530	3.262	4,7593
Útgerðarfélag Íslands ehf.	70.284	3.236	4,6047
Hornbanki ehf.	67.707	3.215	4,7488
Fálkahorn ehf.	67.115	3.188	4,7497
Malli ehf.	69.090	3.157	4,5694
Flæðarmál ehf.	65.969	3.124	4,7359
Kóni ehf.	72.612	3.055	4,2070
Árný ehf.	63.763	3.007	4,7152
Búhamar ehf.	64.720	3.004	4,6409
Drúði ehf.	61.854	2.937	4,7485
Garraútgerðin sf.	61.466	2.926	4,7604
Eyfang ehf.	59.585	2.829	4,7475
Þórugil ehf.	59.126	2.807	4,7478
Hafvík ehf.	58.937	2.796	4,7445
Útgerðarfélagið Tóft ehf.	59.876	2.779	4,6407
Kumblavík ehf.	57.703	2.747	4,7611
Reynir Þór ehf.	98.885	2.731	2,7622
Móhóll ehf.	57.889	2.723	4,7047
Litli Tindur ehf.	55.885	2.661	4,7615

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Auðunn SF-48 ehf.	55.230	2.583	4,6766
Slyngur ehf.	53.409	2.544	4,7630
ST 2 ehf.	82.905	2.533	3,0555
Einherji ehf.	53.168	2.530	4,7590
Fálki NK-7 ehf.	52.378	2.486	4,7454
Emel ehf.	70.239	2.451	3,4901
Svala SU ehf.	51.299	2.443	4,7625
Útgerðarfélagið Gummi ehf.	51.052	2.423	4,7453
Unnvör ehf.	50.917	2.416	4,7453
Hjörtur Sigurðsson ehf.	50.442	2.394	4,7466
Pétursey ehf.	66.713	2.381	3,5694
Þröstur SU-30 ehf.	49.907	2.377	4,7636
Sigurður Haraldsson ehf.	103.942	2.376	2,2860
Geirsvík ehf.	49.859	2.373	4,7595
Örn SF- útgerðarfélag ehf.	50.425	2.367	4,6949
Stekkjarvík ehf.	53.390	2.360	4,4210
Beiti ehf.	49.520	2.359	4,7636
Hólmi NS 56 ehf.	49.581	2.357	4,7545
Sammi ehf.	49.139	2.331	4,7446
Blikaból ehf.	48.813	2.325	4,7636
Leifi-útgerð ehf.	48.240	2.290	4,7479
Djúpþúfa ehf.	48.174	2.285	4,7442
Guðmundur Elíasson ehf.	47.923	2.268	4,7325
Útgerðarfélagið Berg ehf.	47.549	2.265	4,7636
Ingþór Helgi ehf.	47.259	2.245	4,7514
Útgerðarfélagið Björg ehf.	47.046	2.232	4,7437
Dögun ehf.	88.600	2.212	2,4968
G.Ben útgerðarfélag ehf.	46.706	2.201	4,7128
Dúan sf.	46.166	2.199	4,7636
Austurey ehf.	46.162	2.177	4,7154
Jóa ehf.	46.184	2.173	4,7046
ÞorI ehf.	44.990	2.143	4,7633
Elísabet ehf.	44.890	2.129	4,7428
Fossnes ehf.	45.484	2.123	4,6679
Anný SU-71 ehf.	45.150	2.071	4,5861
Nesbrú ehf.	46.586	2.068	4,4385
Nýhús ehf.	43.415	2.068	4,7622
Márus ehf.	43.341	2.065	4,7636
Sindri RE 46 ehf.	43.147	2.053	4,7591
Sæfari BA-110 ehf.	42.390	2.018	4,7602
Kögunarás ehf.	41.920	1.989	4,7444
Leifur RE-220 ehf.	41.522	1.975	4,7565
Súlnastapi ehf.	41.758	1.970	4,7188
Áróra ehf.	42.504	1.918	4,5125
Valdimar Geirsson ehf.	40.174	1.906	4,7441
G. Magnússon ehf.	40.205	1.904	4,7344
Hvítingur ehf.	40.716	1.889	4,6395
Klúka ehf.	39.514	1.882	4,7636
Tjaldanes ehf.	47.914	1.879	3,9206
Kópnes ehf.	39.217	1.859	4,7398
Bjarnanúpur ehf.	39.210	1.858	4,7398
Krókur ehf.	38.869	1.851	4,7632
HH útgerð ehf.	43.096	1.843	4,2764

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Eiður Ólafsson ehf.	38.374	1.828	4,7636
Bergkvist ehf.	38.460	1.827	4,7495
Skálaberg ehf.	38.241	1.812	4,7392
Kleifarútgerðin ehf.	37.995	1.801	4,7390
Eignarhaldsfélagið Ófæra ehf.	38.119	1.793	4,7026
Elías Ketilsson ehf.	37.521	1.787	4,7636
Lovísa ehf.	37.511	1.786	4,7609
Láki ehf.	56.424	1.784	3,1619
Silfurnes ehf.	37.851	1.783	4,7097
Lækjarnes ehf.	37.765	1.783	4,7204
Kastró ehf.	37.109	1.767	4,7603
Nesfell ehf.	37.229	1.766	4,7440
Felix-útgerð ehf.	37.075	1.764	4,7576
KE 121 ehf.	38.155	1.755	4,5992
Glaður NS-115 ehf.	36.845	1.753	4,7578
Sveinsstaðir ehf.	36.998	1.753	4,7378
Ebba ehf.	64.999	1.722	2,6491
Kiddó ehf.	36.383	1.706	4,6891
Bláber ehf.	36.151	1.700	4,7030
Ingibjörg ehf.	35.876	1.700	4,7375
Útgerðarfélagið Sæfari ehf.	35.742	1.693	4,7374
Ellatún ehf.	35.535	1.693	4,7636
Útgerðarfélag E.Ól ehf.	35.492	1.691	4,7636
Litlanes ehf.	35.057	1.669	4,7622
Geislaútgerðin ehf.	35.100	1.663	4,7370
Guðný SU-45 ehf.	34.827	1.650	4,7368
Hafrún ll IS-365 ehf.	34.423	1.630	4,7364
Þjakkur ehf.	34.137	1.617	4,7362
Útgerðarfélagið Ískrókur ehf.	33.622	1.592	4,7358
Nónvík ehf.	33.314	1.586	4,7612
Þórheiður ehf.	33.122	1.573	4,7493
Skýjaborgin ehf.	32.928	1.567	4,7575
Útgerðarfélagið Glaumur ehf.	33.020	1.560	4,7247
Glær ehf.	32.452	1.546	4,7636
Emilía Ak-57 útgerð ehf.	32.492	1.542	4,7461
Þrítindar ehf.	32.384	1.533	4,7347
Sjópoki ehf.	32.376	1.533	4,7347
ÁVM útgerð ehf.	32.080	1.524	4,7499
Edda NS-113 ehf.	31.984	1.517	4,7446
Geil ehf.	31.668	1.499	4,7335
Oddþór ehf.	31.380	1.495	4,7633
Kúgil ehf.	31.423	1.482	4,7171
Dögg SU-299 ehf.	31.061	1.470	4,7335
Staðarey ehf.	31.587	1.470	4,6544
Fuglberg ehf.	31.045	1.470	4,7335
Útgerðarfélagið Röðull ehf.	30.747	1.465	4,7636
K Sigurðsson ehf.	30.876	1.461	4,7333
Njáll SU-8 ehf.	30.358	1.437	4,7328
Grunnvíkingur ehf.	30.137	1.436	4,7636
Líf GK-67 ehf.	30.494	1.431	4,6913
Arabella ehf.	30.596	1.416	4,6266
Skallanes ehf.	29.652	1.412	4,7603
Gullfesti ehf.	29.503	1.405	4,7628

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Sæunn ehf.	29.754	1.405	4,7210
Glitnir hf.	29.243	1.393	4,7636
Fles ehf.	29.478	1.387	4,7063
Brimsvala ehf.	29.542	1.382	4,6783
Árni ÞH 127 ehf.	28.654	1.362	4,7543
Bogga ehf.	28.647	1.355	4,7310
Víborg ehf.	28.345	1.342	4,7362
A.Haraldsson ehf.	27.938	1.331	4,7623
Gísli Geir ehf.	28.935	1.323	4,5714
Háaver ehf.	27.590	1.305	4,7297
Nípa NK-19 ehf.	27.105	1.286	4,7443
Kristbjörg 6795 ehf.	26.901	1.281	4,7635
Bóbó 1 ehf.	26.520	1.254	4,7283
Böggubátur ehf.	26.279	1.252	4,7636
Áratog ehf.	26.239	1.241	4,7280
Hróðgeir hvíti ehf.	26.066	1.239	4,7518
Mýrarholt ehf.	26.420	1.235	4,6756
Helga ÞH ehf.	25.908	1.234	4,7636
Mön ehf.	25.907	1.226	4,7306
Æður ehf. Víðidalstungu	25.649	1.222	4,7636
Lágey ehf.	25.495	1.213	4,7580
Hamarshólmi ehf.	25.744	1.208	4,6911
Útgerð Manna ehf.	25.125	1.196	4,7621
Taugar ehf.	25.065	1.193	4,7599
Hafdís GK 202 ehf.	25.398	1.190	4,6845
Sólrún ehf.	25.032	1.189	4,7505
Skak ehf.	25.614	1.177	4,5938
Nakkur ehf.	25.328	1.173	4,6316
Mæja ehf.	24.206	1.153	4,7615
Hlíðarfoss ehf.	24.154	1.145	4,7410
Þorfinnur EA-120 ehf.	23.961	1.139	4,7519
Friðborg ehf.	24.059	1.137	4,7247
Útgerðarfélagið Grund ehf.	23.885	1.128	4,7244
Staðarbrún ehf.	303.613	1.123	0,3700
Langanes hf.	1.173.106	1.117	0,0952
Bjargfugl ehf.	23.329	1.103	4,7275
Austurtangi ehf.	23.149	1.103	4,7636
Vargsnes ehf.	23.011	1.087	4,7230
Hraunhöfn-Lavaport ehf.	23.381	1.085	4,6408
Manni ehf.	22.819	1.081	4,7358
Braddi ehf.	25.513	1.067	4,1836
Rósborg ehf.	22.317	1.054	4,7217
Gýmir HU-24 ehf.	22.284	1.052	4,7216
Hundasker ehf.	24.708	1.052	4,2583
Vinur GK 96 ehf.	22.750	1.051	4,6188
Runólfur Hallfreðsson ehf.	2.760.257	1.050	0,0380
Útgerðarfélagið Djúpavík ehf.	22.037	1.048	4,7562
Sæbjörn ST-68 ehf.	21.986	1.045	4,7544
Hildur ST 33 ehf.	21.688	1.024	4,7205
Dorg ehf.	22.641	1.016	4,4858
Freymundur ehf.	21.225	1.011	4,7636
Sæli ehf.	20.949	989	4,7190
Skíði EA-666 ehf.	20.728	987	4,7624

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Útgerðarfélagið Þytur ehf.	20.641	983	4,7636
Drangavík ehf.	20.431	973	4,7636
Miðvík ehf.	20.546	969	4,7181
Ósdalur ehf.	20.346	968	4,7592
Guðjón M. Kjartansson ehf.	19.913	949	4,7636
Grillir ehf.	20.199	944	4,6710
Vélsmiðja Ísafjarðar ehf.	19.634	935	4,7636
Finnastaðir ehf.	19.488	927	4,7570
Björn Jónsson ehf.	19.077	909	4,7635
Hafliði NK-24 ehf.	19.011	903	4,7506
Blámann ehf.	19.929	901	4,5194
Merki ehf.	18.960	894	4,7143
Stykki ehf.	18.703	891	4,7636
SV 1 ehf.	18.214	867	4,7576
Laufey ehf.	18.245	866	4,7444
Brimsker ehf.	18.150	855	4,7121
Helgi Sigurmonsson ehf.	17.771	843	4,7419
Lára KE 161 ehf.	18.866	841	4,4558
Ís 47 ehf.	18.096	840	4,6440
Útgerðarfélagið Straumur ehf.	17.615	836	4,7467
Hafbyggi ehf. útgerðarfélag	17.585	828	4,7104
Barmur ehf.	17.028	810	4,7582
Sævar SH 243 ehf.	16.972	808	4,7636
G. Kristjánsson ehf.	17.348	807	4,6527
Nausthóll ehf.	16.535	778	4,7070
Haukur Sigurbjörnsson ehf.	16.212	765	4,7175
Ólöf Eva ehf.	16.181	735	4,5420
Aldan NK-28	18.795	733	3,8988
Vatnsnes ehf.	15.412	725	4,7012
Steini Stormur ehf.	16.023	720	4,4961
Lukkukolla ehf.	15.345	713	4,6495
Dofri SU-500 ehf.	15.302	707	4,6191
Bóndabúð ehf.	14.837	707	4,7636
Kristján og Magnús ehf.	14.738	702	4,7636
Róður ehf.	14.434	688	4,7636
Sæból ehf.	17.419	681	3,9123
Smári sf.	13.953	665	4,7636
Steini Randvers ehf.	13.867	661	4,7636
Hafþór ehf.	13.723	654	4,7636
Kuldaklettur ehf.	18.731	653	3,4847
Marteinn Haraldsson ehf.	13.628	649	4,7636
Lára Ósk ehf.	13.523	638	4,7160
Auðrún ehf.	13.962	638	4,5671
Íslenskar matvörur V.J.S. ehf.	13.385	637	4,7621
BE ehf.	13.901	636	4,5783
Víkurhraun ehf.	12.958	613	4,7335
Skjóni ehf.	12.474	594	4,7636
Sigurður Pálsson ehf.	12.194	573	4,6983
Dugguklettur ehf.	11.978	570	4,7568
Vilborg ÞH 11 ehf.	11.953	569	4,7636
Snarkó ehf.	11.881	563	4,7354
Inguhlein ehf.	11.952	560	4,6853
Geir Valdimarsson ehf.	11.146	531	4,7636

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Fjalla Eyvindur ehf.	11.046	526	4,7636
Smári ehf.	10.578	504	4,7617
Tjaldur ehf.	10.336	492	4,7636
Ásdís ehf.	10.062	479	4,7636
Árni og Sverrir ehf.	9.416	449	4,7636
Útgerðarfélagið Brokey ehf.	9.416	449	4,7636
Perlufiskur ehf.	9.553	446	4,6656
Kristján Helgason ehf.	9.306	440	4,7260
Víkurfiskur sf.	9.032	430	4,7636
Gunnar RE 108 ehf.	8.968	426	4,7461
SF - 47 ehf.	9.129	426	4,6611
Starnes ehf.	8.982	418	4,6594
Guðmundur Kristinsson ehf.	8.887	414	4,6538
Maron ehf.	10.796	405	3,7529
Norðurfar ehf.	8.289	392	4,7315
Rakel ehf.	7.535	340	4,5085
GH útgerð ehf.	7.063	336	4,7636
Kálfatindur ehf.	7.124	336	4,7220
Gísli Geirsson ehf.	6.904	329	4,7636
Útgerð Darra ehf.	6.754	322	4,7636
Logi ÍS-79 ehf.	6.688	318	4,7606
BBH útgerð ehf.	6.485	297	4,5797
Múli útgerð ehf.	5.838	278	4,7636
GRG útgerð ehf.	5.720	272	4,7636
Þóroddur ehf.	5.720	272	4,7636
Baskan ehf. Fiskverkun	5.719	272	4,7636
Dynjandi ehf. útgerð	5.719	272	4,7636
Haukur Jónsson ehf.	5.719	272	4,7636
Sigurður Daníel ehf.	5.719	272	4,7636
Uggi útgerðarfélag ehf.	5.719	272	4,7636
Þristur BA-5 ehf.	5.245	250	4,7636
Vestralind ehf.	5.136	245	4,7636
Fríða amma ehf.	5.032	234	4,6580
Hnífill ehf.	4.840	231	4,7636
Sætröll ehf.	4.773	227	4,7636
Hrafnakambur ehf.	3.903	186	4,7636
Selnibba ehf.	3.884	185	4,7636
Sæborg EA-280 ehf.	3.531	168	4,7466
Hamravik ehf.	3.465	164	4,7358
Sæskúmur ehf.	4.043	155	3,8426
Fiðringur sf.	2.441	116	4,7636
Haförn SU 42 ehf.	2.297	109	4,7636
Hreggi ehf.	2.267	108	4,7636
Mardöll ehf.	3.372	99	2,9297
Völ ehf.	2.072	99	4,7636
Rákir ehf.	2.059	98	4,7354
Útgerðarfélagið Víkingur ehf.	2.003	95	4,7636
Gúmmíbátaþjónusta Norðurlands	1.693	81	4,7636
Sigurjón Friðriksson ehf.	1.690	80	4,7636
Svalbarði ehf.	976	46	4,7636
Útgerðarfélagið Frigg ehf.	829	39	4,7636
Völvusteinn hf.	803	38	4,7636
Konni-Matt ehf.	1.759	35	1,9773

Eigandi	Þorskígildi 2006/ 2007 og árið 2007	Skerðing í þorskígildum	Skerðing í %
Agat ehf.	656	31	4,7636
Sjóskip ehf.	508	24	4,7636
Ísstoð ehf. bt/ Berglind Svavarsdóttir	417	20	4,7636
Útgerðarfélagið Einbúi ehf.	337	16	4,7636
SV ehf.	326	16	4,7636
Brimfell ehf.	216	10	4,7636
Krókfiskur ehf.	95	5	4,7636
Ævar og Franklín slf.	6	0	4,7636
Útgerðarfélag Ólafsvíkur ehf.	25	0	0,4090
Hafrafell ehf.	152	0	0,0446
Lífsbjörg ehf.	96	0	0,0704
Vesturholt ehf.	4	0	1,7082
K. Steingrímsson ehf.	1	0	4,7636
Magnús Sigurgeirsson ehf.	0	0	0,0000
Birta útgerð ehf.	0	0	0,0000
Hóllinn ehf.	0	0	0,0000
Kópuvík ehf.	0	0	0,0000
Síli ehf.	0	0	0,0000
Stefnir ST 47 ehf.	19	0	0,0000
Huginn ehf.	4.491.230		0,0000
Garðar Guðmundsson hf.	1.330.139		0,0000
Gulltog ehf.	689.992		0,0000
Þingey ehf.	582.010		0,0000
Stegla ehf.	194.331		0,0000
Humarvinnslan hf.	105.994		0,0000
Ísþorskur ehf.	5.724		0,0000
Marberg ehf.	1.147		0,0000
Margull ehf.	928		0,0000
Bensi EA-125 ehf.	751		0,0000
Hábjörg ehf.	602		0,0000
Sæfjöður ehf.	493		0,0000
Samtals	**480.314.043**	**12.270.714**	**2,5547**

809. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [469. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson,
Margrét Tryggvadóttir, Helgi Hjörvar, Guðbjartur Hannesson, Oddný G. Harðardóttir,
Róbert Marshall, Ólína Þorvarðardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þór Saari,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Magnús Orri Schram,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Birgitta Jónsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Valgerður Bjarnadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þráinn Bertelsson, Skúli Helgason.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Landið er eitt kjördæmi.

Í lögum um kosningar til Alþingis skal kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst þrjú af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um árabil hefur verið rætt um mörk kjördæma og vægi atkvæða. Lengi hefur þróunin verið í þá átt að jafna vægi atkvæða og stækka kjördæmin. Það er viðhorf flutningsmanna þessa frumvarps að nú sé komið að því að gera landið að einu kjördæmi og jafna þar með atkvæðarétt alla Íslendinga til fulls. Það kallar á breytingar á stjórnarskrá og vandlega vinnu í þinginu og utan þess. Því þarf að vanda til verka og gefa góðan tíma nú á fyrri hluta kjörtímabils.

Fyrst var flutt frumvarp á Alþingi um að landið yrði eitt kjördæmi árið 1927 þegar Héðinn Valdimarsson flutti frumvarp þess efnis. Í greinargerð með frumvarpinu lýsti hann þeirri skoðun sinni að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var hornsteinn lýðræðisins reglan einn maður – eitt atkvæði. Rúmum 70 árum síðar flutti Guðmundur Árni Stefánsson frumvarp sama efnis.

Kostir og gallar einstakra aðferða við kosningar og skipan mála í þeim efnum eru velflestum kunnir enda hefur umræðan um kjördæmamálið staðið linnulítið áratugum saman. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis frá október 1998 er á greinargóðan hátt farið yfir kosti og galla hinna fjölmörgu valkosta sem til sögunnar hafa verið nefndir varðandi þessi mál. Er til þeirrar skýrslu vísað varðandi þau efni.

Kostir þess að landið verði eitt kjördæmi eru augljósir. Hér skulu nokkrir nefndir:

1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.

Þeir gallar sem nefndir hafa verið á því að landið verði eitt kjördæmi eru þeir helstir að þingmenn verði of fjarri kjósendum sínum samfara minnkandi áhrifum dreifbýlisins hvað fjölda þingmanna varðar. Einnig er nefnt að flokksræði gæti aukist þar sem fyrir liggur að hjá stærri stjórnmálaflokkum yrði um nokkurs konar sjálfkjör að ræða hjá efstu frambjóðendum þeirra á landslistum. Flutningsmenn benda hins vegar á að vilji stjórnmálaflokkar sækja kjörfylgi vítt og breitt um landið leggja þeir framboðslista sína vitaskuld fram á þann veg að þar verði góð breidd fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis.

Til að tryggja virkt lýðræði við val fulltrúa flokkanna á framboðslistum kemur einnig til álita að í kosningalög yrðu fest ákvæði í þá veru.Má þar nefna ákvæði um persónukjör, prófkjör stjórnmálaflokka, auknar heimildir kjósenda við endurröðun frambjóðenda á framboðslistum og að vægi þeirra breytinga yrði aukið umtalsvert, hugsanlegt frelsi kjósenda til að velja einstaklinga á fleiri en einum framboðslista og fleiri skyld atriði. Ekki er með frumvarpi þessu tekin afstaða til þess hvernig aukin áhrif kjósenda á framboðslista og aukið persónuval í kosningum verða tryggð í kosningalögum. Þau álitaefni ber að fara yfir og ákvarða við nauðsynlega endurskoðun kosningalaga verði frumvarp þetta samþykkt.

Ljóst er að stuðningur við tillöguna um að landið verði eitt kjördæmi hefur aukist umtalsvert hin síðari ár. Æ fleiri þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lýst yfir stuðningi við það fyrirkomulag kosninga. Í því ljósi vænta flutningsmenn víðtæks stuðnings við frumvarpið en mikilvægt er að ná þverpólitískri samtöðu um slíkt grundvallarmál í lýðræði landsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda þingmanna og hvernig kosningu þeirra skuli háttað verði óbreytt en að í stað 2.–6. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar.

Lögð er til sú breyting í 2. mgr. að landið verði eitt kjördæmi í stað sex kjördæma. Núverandi skipan mála þykir draga úr samkennd þjóðfélagsins og styðja gæslu sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna. Með því að gera landið að einu kjördæmi næst fullkominn jöfnuður milli kjósenda þannig að misvægi atkvæða og um leið mannréttinda er ekki lengur til staðar. Að sama skapi fengju stjórnmálaflokkar þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um og jafnframt yrði kosningakerfið einfalt og auðskilið.

Í 3. mgr. er lagt til að í lögum um kosningar til Alþingis skuli kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Hér miða flutningsmenn við d'Hondt-regluna sem notuð hefur verið lengst af hér á landi.

Þá er í 3. mgr. lagt til að við úthlutun þingsæta komi þau stjórnmálasamtök ein til álita sem hlotið hafa minnst þrjú af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Ákvæði þetta tengist því markmiði að þing verði að vera starfhæft. Margir smáir flokkar gætu gert stjórn landsins erfiða. Til þess að ná framangreindu markmiði er því lagt til að settar verði kröfur um ákveðið lágmarksfylgi, svokallaðan þröskuld, þannig að þeir flokkar sem ekki ná þessum þröskuldi fái ekki fulltrúa á Alþingi. Ef engir þröskuldar væru dygðu rösklega 1,5% atkvæða til þess að fá mann kjörinn, þ.e. um 2.800 atkvæði. Sú tala gæti hins vegar lækkað eitthvað ef framboð væru mörg. Með 3% þröskuldi yrði þetta lágmark nú rúmlega 5.000 atkvæði og

nægði það til að koma tveimur til þremur þingmönnum að, allt eftir því hvernig atkvæði skiptust að öðru leyti. Þröskuldar þessir eru alþekkt fyrirbæri víða um lönd þótt mjög sé misjafnt hversu háir þeir eru. Það er mat flutningsmanna að með þessu sé ekki girt fyrir að sjónarmið minni hluta fái notið sín.

Grundvallaratriðið er að með því að gera landið að einu kjördæmi og öll atkvæði kosningarbærra landsmanna jafn þung er stigið stórt skref í mannréttindum á Íslandi. Engin haldbær rök eru fyrir því að vægi atkvæða sé misjafnt eftir búsetu fólks. Aðrar leiðir en kosningakerfið eru miklu eðlilegri til þess að bæta stöðu einstakra byggða til búsetu í þeim. Því telja flutningsmenn málsins tímabært og áríðandi að ráðast þessar breytingar á stjórnarskrá landsins þannig að breytingar þessar taki sem fyrst gildi.

810. Álit fjárlaganefndar [470. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn 50 ríkisstofnana.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn 50 ríkisstofnana sem gefin var út í júní 2009 og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig.

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður átaks stofnunarinnar í eftirliti með fjármálastjórn tiltekinna ráðuneyta og stofnana. Lagt var mat á rekstraráætlanir þeirra og hvort líkur væru á að fjárlög ársins héldu. Einnig voru kannaðir vissir þættir innra eftirlits og hvort samdráttur fjárveitinga hefði áhrif á magn og gæði þjónustu. Einnig var leitað eftir upplýsingum um með hvaða hætti stofnanir hefðu undirbúið frekari lækkun fjárveitinga á árinu 2010.

Nefndin hefur ákveðið að efla eftirlit sitt með framkvæmd fjárlaga og mun skýrslan nýtast nefndinni vel við þá vinnu. Í henni eru margar ábendingar sem kannað verður hvort enn eigi við á árinu 2010. Ríkisendurskoðun benti m.a. á að verulegar líkur væru á að fjárlög ársins 2009 héldu ekki hjá 12 þessara stofnana. Bráðabirgðauppgjör ársins munu liggja fyrir á næstunni og þá kemur í ljós að hvernig stofnunum hefur gengið að takast á við rekstrarvanda sinn. Rétt er að skoða niðurstöðu ársins og aðstæður 2009 í því ljósi.

Í skýrslunni kemur fram að áætlanir fimm stofnana af 50 höfðu ekki verið samþykktar fyrir 1. maí 2009, þar sem þær voru ekki taldar raunhæfar eða rúmuðust ekki innan fjárheimilda. Af hinum 45 fengu 17 samþykktar áætlanir sem ekki rúmuðust innan fjárheimilda. Af þeim 23 stofnunum sem gerðu ráð fyrir að halda óbreyttri þjónustu voru átta með rekstraráætlanir sem ekki voru í samræmi við fjárheimildir.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði tilsjónarmenn með Hólaskóla og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti vegna fjárhagsvandræða stofnananna. Að mati nefndarinnar eiga stofnanir að leysa úr fjárhagsvandræðum sínum með aðstoð fagráðuneyta án þess að leitað sé til utanaðkomandi sérfræðinga, nema brýnar aðstæður séu fyrir hendi. Einnig ber að minnast þeirrar stefnu sem kemur fram í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Í kaflanum um leiðarljós segir: „Ekki skulu ráðnir utanaðkomandi ráðgjafar í verkefni hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins nema brýna nauðsyn beri til og sérfræðiþekking sé ekki til staðar meðal ríkisstarfsmanna.“

Hjá töluvert mörgum stofnananna reyndust tekjur ekki hafa verið bókaðar nógu reglulega eða útgjalda- og tekjudreifing verið með öðrum hætti en ætlað var, eða öðruvísi en í þeirri áætlun sem stofnun vinnur eftir. Of margar stofnanir notuðu aðra áætlun en skráð er í fjár-

hags- og bókhaldskerfi ríkisins. Nefndin er sammála því áliti Ríkisendurskoðunar að skýringar á þessu séu ófullnægjandi.

Ríkisendurskoðun beindi sjö ábendingum til ráðuneytanna sem allar eru góðra gjalda verðar. Fjárlaganefnd er þó ósammála fyrstu ábendingunni þar sem segir að ráðuneyti geri rekstraráætlun skili stofnun henni ekki. Nefndin telur að forstöðumenn geti ekki vikist undan þessari ábyrgð. Þá telur nefndin að meta þurfi ábyrgð forstöðumanna fyrr en á þeim tímapunkti að uppsafnaður halli nemi meira en 10% af fjárheimild ársins.

Í skýrslunni kemur fram að Ríkisendurskoðun hafi margoft gagnrýnt stofnanir fyrir að tryggja ekki fullnægjandi aðgreiningu milli starfa bókara og gjaldkera. Hjá fjórðungi stofnananna 50 er umrædd aðgreining ekki fullnægjandi. Nefndin telur að í þeim tilfellum þar sem unnt er að koma umræddri aðgreiningu á með eðlilegum tilkostnaði þurfi viðkomandi stofnanir að gera grein fyrir því af hverju ekki sé brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar með fullnægjandi hætti.

Yfirleitt voru stofnanir ekki komnar langt með að undirbúa fyrirsjáanlega lækkun fjárveitinga á árinu 2010. Við það má bæta að nefndin telur rétt að stofnanir hugi að lækkun fjárveitinga árið 2011.

Mat fjárlaganefndar er að efla þurfi eftirlit með framkvæmd fjárlaga og mun hún eins og áður sagði auka sinn þátt í því og njóta aðstoðar Ríkisendurskoðunar eftir því sem unnt er. Fjárlaganefnd hefur skipað starfshóp innan nefndarinnar til að skoða fjárlagaferlið í heild og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla þessi mun nýtast vel í þeirri vinnu.

Alþingi, 9. mars 2010.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Höskuldur Þórhallsson.
Kristján Þór Júlíusson.	Oddný G. Harðardóttir.	Ólöf Nordal.
Þór Saari.		Þuríður Backman.

811. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helenu Þ. Karlsdóttur frá Ferðamálastofu, Stefán Má Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Helgu Haraldsdóttur og Vigdísi Evu Líndal frá iðnaðarráðuneyti og Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Ferðamálastofu og ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um skipan ferðamála sem hafa það að markmiði að auka skilvirkni stjórnsýslunnar, einfalda málsmeðferð og minnka kostnað þeirra sem hafa leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast eru eftirfarandi: Í a-lið 2. mgr. 9. gr. laga um skipan ferðamála er það gert að skilyrði að umsækjandi um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu hafi búsetu á Íslandi. Með a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta skilyrði falli brott og kveðið verði á um að umsækjandi hafi búsetu innan aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Þá er í b-lið 1. gr. lagt til að ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem hefur leyfi innan EES-svæðisins skuli tilkynna starfsemi sína Ferðamálastofu og leggja fram viðeigandi gögn um hana. Í þeim felst að þessir aðilar þurfi ekki að sækja sérstaklega um leyfi hjá Ferðamálastofu hafi þeir í hyggju að hefja starfsemi á Íslandi

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 18. gr. laganna sem fjallar um mat á upphæð tryggingafjárhæðar vegna alferða. Lagt er til að staðfesting endurskoðenda þurfi framvegis ekki að fylgja áætlun um rekstur o.fl. sem umsækjandi um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf að leggja fram. Þá er lagt til að Ferðamálastofu verði heimilt en ekki skylt að leita umsagnar endurskoðanda um annars vegar áætlun um rekstur og hins vegar um hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt. Jafnframt er í greininni gert ráð fyrir því að ferðaskrifstofur skuli framvegis senda áritaðan ársreikning en ekki endurskoðaðan, sem mun fela í sér umtalsverða lækkun kostnaðar fyrir viðkomandi ferðaskrifstofur.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni var sjónum einkum beint að b-lið 1. gr. og var það álit nefndarinnar að mikilvægt væri að ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur frá öðrum ríkjum á EES-svæðinu lytu sömu reglum og hérlendar. Bent var á að kveða þyrfti upp úr með það hvaða gögn þyrfti að leggja fram um starfsemi þeirra en í greininni er einungis mælt fyrir um að leggja skuli fram „viðeigandi gögn“. Jafnframt þyrfti að vera ljóst hvort Ferðamálastofu væri heimilt að krefjast þýðingar á gögnum en mikill kostnaður og tími færi annars í það hjá stofnuninni að þýða gögn sem henni bærust auk þess sem hún þyrfti að þýða þær reglur sem giltu í heimaríki viðkomandi ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu. Rætt var um að vernd neytenda væri ekki tryggð í umræddri grein frumvarpsins, þ.e. að óljóst væri hvort kröfur um tryggingar viðkomandi ferðaskrifstofu væru sambærilegar þeim sem íslenskar ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur þurfa að mæta samkvæmt íslenskum lögum. Nefndin telur að ákvæðið þarfnist nánari skoðunar og leggur til að það falli brott. Aðilar búsettir á EES-svæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum þurfa því áfram að sækja um leyfi hér á landi þrátt fyrir að vera með leyfi annars staðar á EES-svæðinu. Eftir stendur a-liður 1. gr. frumvarpsins þar sem búseta á Íslandi er ekki lengur skilyrði fyrir því að öðlast leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu hér á landi.

Nefndin bendir á að iðnaðarráðherra hefur nýverið skipað nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir ákvæði laga um skipan ferðamála. Sú nefnd á m.a. að meta hvort gera þurfi breytingar á ákvæðum laganna um útreikning tryggingafjárhæðar og kanna möguleika á breyttu fyrirkomulagi trygginga, með öðrum orðum hvort unnt sé að taka tillit til breyttra aðstæðna í rekstrarumhverfi. Nefnd iðnaðarráðherra mun kanna hvernig tryggingarmálum er háttað annars staðar á Norðurlöndunum og jafnframt skoða heildstætt þau álitamál sem nefnd voru að framan og tengjast b-lið 1. gr. frumvarpsins

Nefndin leggur til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins þar sem sú dagsetning sem þar er tilgreind er liðin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. B-liður falli brott.
2. Við 3. gr. 2. málsl. falli brott.

Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 15. mars 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Atli Gíslason.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Margrét Tryggvadóttir.

812. Lög [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (leiðrétting vegna laga um tekjuöflun ríkisins).

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 719.

813. Fyrirspurn [471. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um gjald fyrir ónýttar yfirdráttarheimildir.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Telur ráðherra að viðskiptabönkum eigi að vera heimilt að taka sérstakt gjald fyrir ónýttar yfirdráttarheimildir?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fjármálastofnunum verði gert óheimilt að innheimta slíkt gjald?

814. Fyrirspurn [472. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stofnfé í eigu sveitarfélaga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hefur verið lagt mat á áhrif mögulegrar niðurfærslu stofnfjár í sparisjóðum á efnahag einstakra sveitarfélaga?
2. Hefur verið hugað að mögulegum úrræðum til handa þeim sveitarfélögum sem geta orðið fyrir efnahagslegu tjóni vegna hugsanlegrar lækkunar á stofnfé í sparisjóðum?

815. Framhaldsnefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Gríðarlegur ágreiningur er um það frumvarp sem hér er fjallað um. Nær einsdæmi má telja að nánast allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi krafist þess að frumvarpið verði ekki afgreitt, eða að umdeildasta þætti þess verði að minnsta kosti hafnað. Illu heilli hefur ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis skellt skollaeyrum við öllum slíkum málaleitunum.

Á sama tíma og ríkisstjórnarmeirihlutinn viðhefur þessi vinnubrögð situr að störfum nefnd sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til þess að endurskoða fiskveiðilöggjöfina og skapa um hana meiri sátt. Ráðherra lagði sjálfur á það áherslu að starfshópurinn fengi frið til verka sinna. Engu að síður er ljóst að með verkum sínum, ekki síst þessu frumvarpi, hafa ráðherrann og stjórnarmeirihlutinn stórspillt fyrir nefndarstarfinu. Það verður nefnilega ekki stuðlað að sáttum um fiskveiðistjórnarkerfið með því að efna til ófriðar við sjávarútveginn.

Tillaga að lausn í deilu um skötusel.

Minni hlutinn hefur freistað þess að skapa skilyrði til sátta í þessu máli og flutt breytingartillögu í þá veru. Á það var ekki hlustað. Fram hefur komið að svokallað skötuselsákvæði mætir mikilli mótspyrnu. Gildir það jafnt um samtök sjómanna, fulltrúa Landssambands smábátaeigenda, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðvanna. Landssamband smábátaeigenda lagði til að þessu ákvæði yrði hafnað en tekið á vandanum við skötuselsveiðarnar, vegna breyttrar útbreiðslu stofnsins, með því að setja inn sérstakt meðaflaákvæði í lögin. Nákvæmlega þetta lagði minni hlutinn til við 2. umræðu málsins. Ljóst er að slíkt fyrirkomulag mundi skapa sátt um þessi mál og leysa þann vanda sem breytt útbreiðsla stofnsins hefur skapað. Enn hefur meiri hlutinn tækifæri til þess að standa að slíkum breytingum og skapa sátt um mikið deiluefni.

Úthlutun karfaheimilda.

Mikilvægasta breytingartillagan sem liggur fyrir nú við 3. umræðu málsins af hálfu meiri hluta nefndarinnar lýtur að úthlutun aflaheimilda í karfa. Óumdeilt er að úthluta þarf aðgreindum aflaheimildum í úthafskarfa og gullkarfa. Hitt er einnig mikilvægt að það sé gert

með sanngjörnum og framkvæmanlegum hætti. Á hvort tveggja skorti í þeirri útfærslu sem lögð var til. Minni hlutinn varaði við þessari framkvæmd og hvatti til þess fyrir 2. umræðu að á því máli yrði tekið. Á það var ekki hlustað og málið tekið út úr nefnd óunnið og í algjöru tilgangsleysi.

Í áliti minni hlutans við 2. umræðu um málið segir:

„Þá eru bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu sem varða skiptingu úthlutunar karfaaflaheimilda í gullkarfa og djúpkarfa. Þetta er sjálfsagt mál og er niðurstaða nefndar sem vann að þessum málum. Þó er ljóst að sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu mun hafa margs konar óhagræði í för með sér. Ekki er reynt að átta sig á hver sé raunveruleg veiðireynsla einstakra skipa í hvorri tegund fyrir sig. Vitað er að einkanlega minni togskipin hafa ekki neina raunverulega veiðireynslu í djúpkarfa, einfaldlega vegna þess að toggeta þeirra hefur ekki gert þeim kleyft að veiða þá tegund. Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum munu þessi skip hins vegar fá úthlutun í djúpkarfa án þess að geta nýtt sér hana.

Eðlilegt hefði því verið að freista þess að kalla fram upplýsingar um veiðireynslu skipanna í hvorri tegundinni fyrir sig og úthluta veiðiréttinum á grundvelli þessara upplýsinga. Til þess að svo megi verða þarf að vinna þetta mál betur og ítarlegar. Eðlilegt er því að fresta afgreiðslu þessa tiltekna ákvæðis og leggja í nauðsynlega vinnu til þess að varpa betra ljósi á málið.“

Meiri hlutinn hefur í rauninni tekið undir þessa gagnrýni með því að freista þess að bæta úr með ítarlegri breytingartillögu. Þar er að sönnu komið til móts við framangreind sjónarmið en gallinn er hins vegar sá að útfærslan er enn óljós. Framvinda málsins mun ráðast af reglugerðarheimild sem ráðherra er veitt í breytingartillögum sem fyrir liggja. Ekkert liggur fyrir, til að mynda í nefndaráliti meiri hlutans um hvernig þetta verður framkvæmt eða hvernig það muni virka gagnvart þeim útgerðum sem vandamálið snýr fyrst og fremst að. Augljóslega er ekki hægt að afgreiða málið nema þetta liggi skýrt fyrir.

Horfið frá byggðaáherslum.

Við afgreiðslu málsins til 2. umræðu kaus meiri hlutinn að gera mjög fáar breytingar, þótt fullt tilefni væri til þess eins og fram kemur nú við 3. umræðu málsins. Meiri hlutinn ákvað að taka málið vanbúið út úr nefndinni eins og m.a. sést af þeim breytingartillögum sem kynntar hafa verið nú fyrir 3. umræðuna. Athygli vekur að önnur tveggja breytingartillagna meiri hlutans við 2. umræðu laut að því að fé sem fengist við sölu aflaheimilda í skötusel skyldi renna til Átaks til atvinnusköpunar, sem er sjóður er heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Þar með var fallið frá því að verja þessu fjármagni til byggðaáætlunar. Segir þetta sína sögu um áhugaleysi meiri hlutans á byggðaþætti málsins.

Að mati sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur iðnaðarráðherra haft áhrif á ráðstöfun þessa fjármagns, sem er afar sérstakt. Iðnaðarráðherra hefur að sögn ráðherrans væntanlega haft aðkomu að afgreiðslu frumvarps sem þó var flutt af allt öðrum ráðherra. Um þessi mál sagði raunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í andsvari á Alþingi 2. febrúar sl. „Síðan geri ég ráð fyrir að sá ráðherra sem fer með byggðamál komi sjónarmiðum sínum varðandi þetta á framfæri við nefndina, a.m.k. var þessu breytt og í sjálfu sér ber nefndin ábyrgð á því.“

Slæm vinnubrögð.

Því miður er allt þetta mál til marks um slæm vinnubrögð og litla viðleitni til að ná samstöðu, bæði innan sjávarútvegsins og á Alþingi. Þó er ljóst að slíkt hefði verið útlátalítið fyrir

stjórnarmeirihlutann ef vilji hefði verið til þess. Mikil andstaða er við þetta mál, ekki síst innan sjávarútvegsins og þær röksemdir sem að baki liggja umdeildasta ákvæði málsins eru vægast sagt veikburða.

Alþingi, 16. mars 2010.

Ásbjörn Óttarsson, frsm. Sigurður Ingi Jóhannsson.

816. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Jóni Gunnarssyni, Ásbirni Óttarssyni og Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi: Við 10. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um frístundafiskiskip er að ræða er 20% af andvirði selds afla ekki skipt milli útgerðar og áhafnar vegna sérstaks eðlis frístundaveiða heldur rennur sá hluti óskiptur til útgerðar.
2. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað orðanna „í Átak til atvinnusköpunar“ í 2. mgr. komi: til byggðaáætlunar.
3. Við ákvæði til bráðabirgða II bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sé úthlutunin bersýnilega í ósamræmi við aflahlutdeild síðustu þriggja ára er ráðherra heimilt að ráðstafa heimildum á þann veg að þær endurspegli aflareynslu.
4. Við ákvæði til bráðabirgða V. 3. málsl. orðist svo: Verð á aflaheimildum skal þó ekki vera hærra en 75% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun.

817. Fyrirspurn [473. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við sóknaráætlun.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður stjórnvalda af 20/20 sóknaráætluninni og hvernig er gert ráð fyrir að hann skiptist eftir kjördæmum?
2. Hver er áætlaður stjórnunarkostnaður?

3. Hefur starfsfólk verið ráðið í tengslum við verkefnið? Ef svo er, hve margir hafa verið ráðnir, hverjir eru þeir og á hvaða grunni voru þeir ráðnir? Voru stöðurnar auglýstar og þá hvar?

Skriflegt svar óskast.

818. Fyrirspurn [474. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um veðrétt á lánum Íbúðalánasjóðs.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hefur Íbúðalánasjóður í einhverjum tilfellum gefið eftir 1. veðrétt á lánum sínum til íbúðarkaupa, til banka og annarra fjármálafyrirtækja? Ef svo er, hvenær var Íbúðalánasjóði veitt heimild til þess?
2. Sé þetta staðreynd, hvernig skiptist þessi eftirgjöf milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

819. Fyrirspurn [475. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað ríkissjóðs vegna reglugerðar nr. 190/2010.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvað er gert ráð fyrir að margir einstaklingar geti nýtt sér ákvæði reglugerðar nr. 190/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa?
2. Hvað eru það margir einstaklingar umfram þann fjölda sem gat nýtt sér eldri reglugerðir um sömu mál?
3. Hvað er gert ráð fyrir að greiddar verði út háar fjárhæðir vegna reglugerðarinnar?
4. Hversu hærri eru þær fjárhæðir þeim sem gert var ráð fyrir að greiða út samkvæmt eldri reglugerðum um sömu mál?

5. Hver eru kostnaðaráhrif 6. gr. reglugerðarinnar?
6. Hve há er fjárheimild ársins 2010 til greiðslu kostnaðar samkvæmt reglugerðinni?

Skriflegt svar óskast.

820. Fyrirspurn [476. mál]

til forseta Alþingis um kærur um lögmæti alþingiskosninganna 2009.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hefur Alþingi borist kæra um lögmæti alþingiskosninganna sem fram fóru 25. apríl 2009?
2. Ef svo er, hvenær barst sú kæra og hver fjallaði um hana?
3. Hefur kærendum verið svarað með formlegum hætti?
4. Ef svo er, hvenær var það gert, hver var niðurstaðan og á hverju byggðist hún?
5. Hvaða reglur gilda um málsmeðferð slíkra kærumála?

Skriflegt svar óskast.

821. Skýrsla [477. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2009.

1. Inngangur.

Helstu mál til umfjöllunar hjá Norðurlandaráði árið 2009 voru öryggismál, tengsl Norðurlandanna við Evrópusambandið, opnun norrænnar upplýsingaskrifstofu í Minsk og kjör forseta Norðurlandaráðs 2010.

Öryggismál hlutu mikla umfjöllun meðal þingmanna Norðurlandaráðs á árinu, sem og hjá norrænum utanríkisráðherrum, eftir birtingu skýrslu Thorvalds Stoltenbergs, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, ásamt þrettán tillagna Stoltenbergs í þeim efnum. Norðurlandaráð fjallaði um skýrsluna á fundi forsætisnefndar í apríl, júní, september og desember og hún var einnig í brennidepli við umræður um utanríkis- og öryggismál á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi. Norðurlandaráð ákvað að fylgja skýrslunni eftir með því að leggja áherslu á samfélagsöryggi. Utanríkisráðherrarnir gáfu svo út svokallaða Reykjavíkuryfirlýsingu í júní þar sem fram kom að sumum tillagna Stoltenbergs væri hægt að fylgja eftir á tiltölulega stuttum tíma en aðrar væru erfiðari og tímafrekari í framkvæmd.

Tengsl Norðurlandanna við Evrópusambandið voru áberandi af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna vinnu Norðurlandaráðs við aðgerðaáætlun gagnvart sambandinu, í þeim skilningi að fylgjast með meðferð mála hjá því til að hafa áhrif á mál sem snerta samnorræna hagsmuni. Hins vegar vegna umræðu á leiðtogafundi á Norðurlandaráðsþingi um hlutverk Norðurlandanna í samstarfi Evrópusambandsins, auk formennsku Svía í sambandinu á síðari hluta ársins og umsóknar Íslands um aðild að sambandinu sem lögð var fram í júlí.

Opnun norrænnar upplýsingaskrifstofu í Minsk, af svipuðum toga og norrænar upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum, var fyrst tekin fyrir hjá Norðurlandaráði árið 2008. Skiptar skoðanir hafa verið um mikilvægi þess, en svo fór að tillaga um opnun skrifstofunnar var samþykkt á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi með nokkrum meiri hluta.

Kjör forseta Norðurlandaráðs 2010 varð tilefni umræðu innan ráðsins um meginreglur við forsetakjör. Tekist var á um hvort taka skyldi heldur mið af þeirri hefð að kjörnefnd og þingfundur Norðurlandaráðs fylgdi tilnefningu þess lands sem fer með formennsku eða hvort hafa skyldi hliðsjón af því að forsetaembættið dreifðist milli flokkahópa ráðsins með vissu árabili. Svo fór að fyrrnefnda sjónarmiðið varð yfirsterkara og þingfundur kaus forseta Norðurlandaráðs í samræmi við tilnefningu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sem fer með forsetaembættið árið 2010.

Svíar fóru með formennsku í Norðurlandaráði 2009. Forseti ráðsins var Sinikka Bohlin og varaforseti Kent Olsson.

2. Almennt um Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndarfunda þrisvar sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra (ásamt sjálfstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram komnar tillögur og beinir þingið tilmælum sínum til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa Norðurlandaráðsþinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað er í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og

stofnana sem starfa innan Norðurlandastarfsins. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Á fyrri hluta árs 2009 skipuðu Íslandsdeildina Árni Páll Árnason formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Kjartan Ólafsson varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins.

Eftir Alþingiskosningar 25. apríl var kosin ný Íslandsdeild á þingfundi 15. maí. Aðalmenn voru kosnir Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Álfheiður Ingadóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Ásmundur Einar Daðason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru kosnir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Margrét Tryggvadóttir, þingflokki Borgarahreyfingarinnar, Guðmundur Steingrímsson, þingflokki Framsóknarflokks, Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Á fundi Íslandsdeildar 18. maí var Helgi Hjörvar kosinn formaður og Álfheiður Ingadóttir varaformaður. Álfheiður Ingadóttir varð heilbrigðisráðherra 1. september. Í hennar stað í kom Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og var hún kosin varaformaður Íslandsdeildar á fundi deildarinnar 19. október.

Ritari Íslandsdeildar árið 2009 var Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Kosið var í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2009 á 60. þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Helsinki dagana 27.–29. október 2008. Eftir kosningar í nefndir og ráð var nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs árið 2009 sem hér segir: Árni Páll Árnason sat áfram í forsætisnefnd, Kjartan Ólafsson fór úr borgara- og neytendanefnd og eftirlitsnefnd og tók sæti í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir var áfram formaður velferðarnefndar, Kolbrún Halldórsdóttir flutti sig um set úr umhverfis- og náttúruauðlindanefnd í menningar- og menntamálanefnd, Helgi Hjörvar sat áfram í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Ragnheiður Ríkharðsdóttir var áfram í menningar- og menntamálanefnd og Kristján Þór Júlíusson sat áfram í efnahags- og viðskiptanefnd og tók jafnframt sæti í eftirlitsnefnd.

Eftir nýskipan Íslandsdeildar varð nefndarseta meðlima Íslandsdeildar sú að Helgi Hjörvar tók sæti í forsætisnefnd og í fjárlagahóp forsætisnefndar, Álfheiður Ingadóttir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Siv Friðleifsdóttir sat áfram í velferðarnefnd og kjörnefnd, Bjarni Benediktsson tók sæti í forsætisnefnd, Illugi Gunnarsson í efnahags- og viðskiptanefnd og

eftirlitsnefnd, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir í menningar- og menntamálanefnd og Ásmundur Einar Daðason í menningar- og menntamálanefnd. Þegar Guðfríður Lilja Grétarsdóttir tók sæti í Íslandsdeild í október í stað Álfheiðar Ingadóttur fyllti hún einnig skarð hennar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar sátu auk þess í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs og í stjórnum stofnana og voru fulltrúar þess út á við. Árni Páll Árnason og Helgi Hjörvar áttu sæti í fjárlagahóp forsætisnefndar. Helgi Hjörvar var einnig fulltrúi Norðurlandaráðs á málþingi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Vilnius 23.–24. mars með þátttöku stjórnmálamanna frá Hvíta-Rússlandi, á fundi Norræna félagsins í Danmörku í Albertslund 16. maí, í sendinefnd ráðsins við hringborðsumræður þess með rússnesku Dúmunni í Khanty-Mansiysk 7.–10. júní, á Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins í Nyborg 31. ágúst til 1. september og á Eystrasaltsþinginu 26.–28. nóvember. Kjartan Ólafsson var fulltrúi Norðurlandaráðs á hnattvæðingarráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í Bláa lóninu 26.–27. febrúar.

Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs fundaði sex sinnum á árinu. Undirbúin var þátttaka í fundum og þingi Norðurlandaráðs og fjallað um mál á verksviði nefndarinnar, ásamt gagnkvæmum upplýsingaskiptum meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og starfshópum Norðurlandaráðs.

Í júní fékk Íslandsdeildin gesti sem starfa að norrænum málefnum á Íslandi til upplýsingaveitu og samráðs. Ásdís Eva Hannesdóttir, framkvæmdastjóri Norræna félagsins, sagði frá starfsemi norræna félagsins árið 2009, m.a. aukinni ásókn í Nordjobb, aukningu á fyrirspurnum til Halló Norðurlönd, fleiri umsóknum um lýðháskóla, bókasafnsviku 2009, umfjöllun um loftslagsbreytingar og útgáfu bókar með erindum á höfuðborgaráðstefnu 2007.

María Jónsdóttir, forstöðumaður norrænu upplýsingaskrifstofunnar á Akureyri, sagði frá starfsemi skrifstofunnar, þar á meðal áherslu á börn og ungmenni og athugun á þætti ungs fólks í lýðháskólasamstarfi, þátttöku í norrænu menningarsamstarfi og námskeiðafalli í dönsku sem hefði verið haldið síðustu fimm ár.

Max Dager, forstjóri Norræna hússins, fjallaði um starfsemi Norræna hússins, m.a. fjárhag þess, flutning skrifstofa norrænna lektora við HÍ úr húsinu í Nýja Garð, menningarviðburði og samstarfi hússins við alþjóðlegar kvikmynda-, bókmennta-, og tónlistarhátíðir.

Íslandsdeild fjallaði einnig um fréttamannastyrki Norðurlandaráðs 2009. Ákveðið var að eftirtaldir fengju úthlutað styrk: Arnar Björnsson, Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, Erla Hjördís Gunnarsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Klemens Ólafur Þrastarson, Kristinn Hrafnsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir.

Í september var Sinikka Bohlin, forseti Norðurlandaráðs, gestur á fundi Íslandsdeildar ásamt Evu Smekal, deildarstjóra Norðurlandaráðsskrifstofu sænska þingsins. Bohlin fjallaði stuttlega um formennskuáætlun Svía í Norðurlandaráði 2009 og kynntu meðlimir Íslandsdeildar helstu áherslur hennar á formennskuári Íslands 2010 í Norðurlandaráði, þ.e. öryggismál, hafið, tungumál og innri málefni. Nokkur umræða varð um áhersluþættina og hvernig þeir væru í framhaldi af áherslum Svía og rammaáætlun ráðsins og umfjöllun.

Í september og október fjallaði Íslandsdeildin í tvígang um kjör forseta Norðurlandaráðs 2010. Tveir meðlimir Íslandsdeildar sóttust eftir kjöri, Helgi Hjörvar og Siv Friðleifsdóttir. Á fundi 14. september var gengið til atkvæða milli þeirra og féllu atkvæði þannig að Helgi fékk fjögur atkvæði og Siv þrjú. Í kjölfarið féllst Siv á að vera tilnefnd sem varaforseti.

Niðurstaðan varð sú að Íslandsdeildin tilnefndi Helga Hjörvar sem forsetaefni og Siv Friðleifsdóttur sem varaforsetaefni.

Á fundi 26. október voru greidd atkvæði um nýtt varaforsetaefni í stað Sivjar Friðleifsdóttur, þar sem hún gaf ekki lengur kost á sér til varaforseta. Tillaga um Illuga Gunnarsson hlaut öll sex greidd atkvæði viðstaddra.

4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd.

Árni Páll Árnason, Helgi Hjörvar og Bjarni Benediktsson sátu í forsætisnefnd á starfsárinu 2008.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar eiga fulltrúa í henni. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við Norðurlandaráðsþingið. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur starfshópur á vegum nefndarinnar tók þá vinnu sérstaklega að sér árið 2008, líkt og áður. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og alþjóðlegt samstarf, m.a. við ESB og Sameinuðu þjóðirnar. Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd fundaði sex sinnum árið 2009. Í janúar var Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, gestur nefndarinnar, til kynningar á formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009.

Á fundi forsætisnefndar í janúar var samþykkt tillaga A 1448/presidiet um norrænt sendiráðasamstarf. Í tillögunni er mælst til þess við ríkisstjórnir Norðurlandanna að þær auki samstarf varðandi starfsemi ræðismannaskrifstofa og sendiráða. Hægt væri að minnka kostnað með því að samnýta húsnæði erlendis og deila ábyrgð norrænna ríkja svæðisbundið í öðrum löndum og heimsálfum.

Forsætisnefnd samþykkti einnig í janúar tillögu A 1446/presidiet um loftslagskvóta. Fjallað var um hana í félagi við umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, ásamt tillögu A 1442/miljö um umhverfisstefnu fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina. Niðurstaðan varð sú að forsætisnefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd mæltust til þess við Norrænu ráðherranefndina að hún lyki á árinu 2009 við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir sína starfsemi. Þess má geta að þjóðþing Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa hafið eða stefna að umhverfisvænum aðgerðaáætlunum. Einnig beindu nefndirnar þeim tilmælum til framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs að hann fylgdist með vinnunni við umhverfisstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar og ynni að samsvarandi umhverfisstefnu fyrir Norðurlandaráð, auk þess að vinna tillögu á árinu 2009 að greiðslu gjalda fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda (CO^2) vegna flugferða starfsfólks ráðsins. Þá hvöttu nefndirnar þjóðþing Danmerkur og Íslands til að greiða gjald fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda (CO^2) fyrir flugferðir á sambærilegan hátt og hjá þjóðþingum Svíþjóðar, Finnlands og Noregs.

Á aprílfundi forsætisnefndar hófst umfjöllun nefndarinnar um skýrslu Thorvalds Stoltenbergs um öryggis- og varnarsamstarf á Norðurlöndum á næstu 10–20 árum. Í skýrslunni eru 13 tillögur að aðgerðum til að efla öryggis- og varnarmálasamstarf Norðurlanda og framlag Norðurlanda til alþjóðlegra viðbragða við neyðarástandi. Forsætisnefndin ræddi sérstaklega

hvernig Norðurlandaráð ætti að bregðast við skýrslunni. Ákveðið var að Stoltenberg-skýrslan yrði á dagskrá Norðurlandaráðsþings í október og jafnframt að norski þingmaðurinn Inge Lønning yrði skýrslugjafi forsætisnefndar um samfélagsöryggi á næsta fundi hennar, þar sem nefndin mundi fjalla nánar um meðhöndlun skýrslunnar innan ráðsins.

Forsætisnefndin ákvað einnig á fundi sínum í apríl að Norðurlandaráð skyldi mælast til þess við Norrænu ráðherranefndina að opna norræna skrifstofu í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, með það að markmiði meðal annars að stuðla að lýðræðisuppbyggingu þar.

Þá lá fyrir aprílfundinum tillaga og minnisblað um norræna úttekt á græn- og hvítbókum ESB en skrifstofa Norðurlandaráðs fylgist skipulega með umfjöllun mikilvægra málefna á vettvangi ESB. Ýmis sjónarmið komu fram í umræðunni svo sem að forsætisnefndin ætti að stefna að því að hitta ESB-nefndir þjóðþinga Norðurlanda og koma ætti á föstum samskiptum við norræna þingmenn á Evrópuþinginu.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2010 voru einnig rædd á aprílfundinum auk nýrra leiðbeininga ráðherranefndarinnar um fjárlagagerðina. Fram kom að ætlunin væri að fjármagna framlag til hnattvæðingarsjóðs sem næmi 70 milljónum danskra króna meðal annars með 1,3% flatri lækkun á fjárhagsramma allra fagsviða. Var flatur niðurskurður gagnrýndur nokkuð á þeim forsendum að ekki væri allt jafn mikilvægt. Norski þingmaðurinn Berit Brørby gagnrýndi jafnframt að ekki lægi fyrir í hvað hnattvæðingarsjóðspeningarnir færu.

Á fundi forsætisnefnar í júní rakti Inge Lønning, skýrslugjafi forsætisnefndar um samfélagsöryggi, sameiginlega umfjöllun Norðurlanda um utanríkis- og öryggismál frá árinu 1948 í stuttu máli og kynnti tillögur sínar um eftirfylgni Norðurlandaráðs við Stoltenberg-skýrsluna. Hann lagði til að eftirfylgnin færi fram innan núverandi skipulags norrænnar samvinnu og ekki væri þörf á að setja t.d. á laggirnar utanríkis- og öryggismálanefnd innan Norðurlandaráðs. Þau mál skyldu heldur vera áfram á verksviði forsætisnefndar. Lønning lagði einnig til að Norðurlandaráð óskaði eftir skýrslu eða tillögu frá ríkisstjórnum Norðurlanda á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi í október um hvernig yfirlýsingu norrænu utanríkisráðherranna 9. júní í Reykjavík yrði fylgt eftir. Á fundinum var sú skoðun útbreidd að eftirfylgni ráðsins skyldi lúta að samfélagslegu, eða borgaralegu, öryggi. Forsætisnefnd ákvað að fela Inge Lønning að vera áfram skýrslugjafi nefndarinnar um samfélagsöryggi og undirbúa ásamt ráðgjöfum Norðurlandaráðs greinargerð um vinnu ráðsins undanfarin ár varðandi samfélagsöryggi, sem lögð yrði fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Starfsskipulag Norðurlandaráðs var til umfjöllunar í júní undir þremur dagskrárliðum. Í fyrsta lagi lá fyrir fundinum tillaga frá hópi finnskra þingmanna um að breyta formennskuárum hjá Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni þannig að hvert land mundi gegna formennsku sama árið í ráðinu og ráðherranefndinni. Tillagan hlaut ekki hljómgrunn. Í öðru lagi fjallaði forsætisnefnd áfram um drög að aðgerðaáætlun Norðurlandaráðs til að fylgjast með málum sem eru til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og varða samnorræna hagsmuni. Á fundinum var ítrekuð gagnsemi þess að ráðið hafi góð tengsl við ESB-nefndir þjóðþinga þeirra Norðurlanda sem eiga aðild að ESB. Í þriðja lagi ræddi forsætisnefnd hvort Norðurlandaráð ætti að fela Stellan Ottoson, fyrrverandi sænskum sendiherra, að gera úttekt á starfsskipulagi ráðsins á sama hátt og hann hefði gert á starfsskipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar. Skiptar skoðanir voru um þörfina á slíkri úttekt.

Berit Brørby, formaður fjárlagahóps forsætisnefndar, gerði á júnífundi forsætisnefndar grein fyrir stöðu vinnunnar við fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2010. Ráðherranefndinni ber samkvæmt Helsinki-sáttmálanum að leggja tillögu að fjárhagsáætlunum sínum

fyrir Norðurlandaráð til umsagnar og eru fjárlögin samþykkt á Norðurlandaráðsþingum. Vinnuferlið undanfarin ár hefur verið á þann veg að fjárlagahópurinn hefur átt fundi með samstarfsráðherra þess lands sem fer með formennsku í ráðherranefndinni og verið í samskiptum við starfsmenn skrifstofu ráðherranefndarinnar frá upphafi hvers almanaksárs til Norðurlandaráðsþings að hausti. Árið 2009 lagði fjárlagahópurinn til þá nýbreytni að formenn málefnanefnda ráðsins skyldu funda með formönnum ráðherranefnda fagráðherra á þeirra verksviði til að kynna áherslur málefnanefndanna og ræða áherslur ráðherranefndarinnar á mismunandi fagsviðum í fjárlögum 2010. Slíkir fundir áttu sér stað með íslenskum ráðherrum í Reykjavík í mars og júní. Drög að fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar 2010 voru kynnt í byrjun júní. Meðal helstu atriða þeirra voru hnattvæðingarsjóður að upphæð 70 MDKK til hnattvæðingarverkefna, 1,3% flatur niðurskurður á öllum fagsviðum til að fjármagna að hluta hnattvæðingarverkefni og sérstök fjárveiting til Íslands að upphæð 7,2 MDKK vegna fjármálakreppunnar til að styrkja meðal annars íslenska náms- og vísindamenn og íslenska embættismenn til þátttöku í norrænum fundum. Á fundi fjárlagahópsins 24. júní kom fram ánægja með að ráðherranefndin hefði m.a. tekið tillit til óska ráðsins um aukna þátttöku fagráðherra í fjárlagavinnunni og til efasemda um fyrri áætlanir um 2,0% flatan niðurskurð og 80 MDKK í hnattvæðingarsjóð. Óánægju gætti hins vegar með að framsetning fjárlaganna væri sem fyrr ekki nógu skýr, til að mynda vegna gæðamismunar í framsetningu ólíkra fjárlagaliða. Þá vakti Brørby athygli forsætisnefndar á því að af 907 MDKK heildarfjárhæð fjárlaganna væru 200 MDKK sveigjanlegar frá ári til árs, þ.e. ekki lagalega samningsbundnar. Hún sagði einnig að greiningu og rökstuðning vantaði fyrir því hvers vegna æ stærri hluti fjárlaganna væri skilgreindur sem hnattvæðingarverkefni.

Eitt af hnattvæðingarverkefnum ráðherranefndarinnar er vinna við upprætingu landamærahindrana, þ.e. stjórnsýsluhindrana, milli Norðurlandanna sem einstaklingar og fyrirtæki reka sig á. Ráðherranefndin setti í þessum tilgangi á laggirnar nefnd (*Gränsehinderforumet*) og var Ole Norrback formaður hennar gestur á fundi forsætisnefndar í júní. Á fundinum lagði hann fram upplýsingar um hvaða hindranir væru til umfjöllunar hjá nefndinni um þær mundir og sagði að ráðherranefndin mundi gera frekari grein fyrir stöðu vinnunnar á Norðurlandaráðsþingi. Norrback var einnig gestur á sameiginlegum fundi þingmanna Norðurlandaráðs um landamærahindranir með hliðsjón af reynslu nærbýlis sænska bæjarins Haparanda og finnska bæjarins Tornio á landamærum Svíþjóðar og Finnlands við strönd Helsingjabotns, aðskildir af Torneánni. Sumarfundir nefnda Norðurlandaráðs voru haldnir í nágrenni við landamærin árið 2009 til að minnast 200 ára afmælis aðskilnaðar Svíþjóðar og Finnlands eftir finnska stríðið 1808–1809. Norrback sagði á fundinum að stjórnsýsla Norðurlandanna væri þung í vöfum þegar kæmi að upprætingu landamærahindrana. Johan Tiedemann, ráðuneytisstjóri norrænnar samvinnu í Svíþjóð, var sammála Norrback um þunglamalega stjórnsýslu en benti jafnframt á að landamærahindranir gætu einnig verið af hinu góða og myndað sérstöðu stjórnkerfa ólíkra landa. Raimo Ronkainen, aðstoðarbæjarstjóri í Tornio, rakti margvíslega samvinnu Haparanda og Tornio yfir landmærin, til dæmis varðandi hitaveitu, sorphirðu, og sjúkra- og slökkviliðsbíla og sagði frá yfirstandandi uppbyggingu sameiginlegs miðbæjar bæjanna á hólma í Torneánni. Þá var kynnt samvinna yfir landamæri í menntamálum, m.a. af Hjördisi Lagnebäck skólastjóra Språkskolan í Haparanda, sem er sameiginlegur grunnskóli sem nemendur beggja vegna landamæranna sækja. Þar læra börnin, til viðbótar við lögbundna sænska kennsluskrá, tungumál nágrannalandsins, sem og sögu og menningu svæðisins, með það fyrir augum að þau verði tvítyngd og tileinki sér góða samstarfshæfni og alþjóðlegt sjónarhorn.

Á fundi forsætisnefndar í september var Stoltenberg-skýrslunni áfram fylgt eftir í umræðum. Lagt var fram minnisblað um starf Norðurlandaráðs varðandi samfélagsöryggi, meðferð borgaralegs bráðavanda og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum. Inge Lønning, sem forsætisnefnd hafði beðið að gefa skýrslu um málið á fundinum, lagði fram niðurstöður sínar og tillögur. Niðurstöður Lønnings voru þær að norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála og samfélagsöryggis ætti að vera til umfjöllunar hjá norrænum þingmönnum og að hjá Norðurlandaráði væri það á verksviði forsætisnefndar. Hann lagði til að forsætisnefnd gerði áætlun um eftirfylgni á þessum málefnasviðum, skipaði skýrslugjafa um samfélagsöryggi og óskaði eftir skýrslu frá norrænu ríkisstjórnunum um utanríkis- og öryggismál og samfélagsöryggi á Norðurlandaráðsþingi. Lønning gerði einnig að tillögu sinni að fulltrúar ráðsins funduðu einu sinni á ári með norrænum utanríkisráðherrum og dómsmála-, innanríkis- og varnarmálaráðherrum til að fylgja eftir meðferð málsins hjá ráðinu, sem og að funda með Eystrasaltsþinginu um mikilvæg mál á þessum sviðum. Forsætisnefnd studdi tillögur Lønnings.

Utanríkis- og öryggismál voru enn til umfjöllunar á desemberfundi forsætisnefndar í Jevnaker og á málstofu í tengslum við fundinn. Umfjöllunin var í framhaldi af umræðunni á fyrri forsætisnefndarfundum, sem og umræðu á Norðurlandaráðsþingi í október og fundi forsætisnefndar með norrænum utanríkisráðherrum í tengslum við þingið. Meginatriði umræðunnar í Jevnaker voru sem fyrr eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, auk samstarfs Norðurlandaráðs við Eystrasaltsríkin og Rússland. Inge Lønning, sem nú var hættur þingmennsku, hafði framsögu í málstofunni um eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar. Varðandi hana sagði hann að samstarf Norðurlanda á norðurskautssvæðinu þyrfti meðal annars að hafa hliðsjón af starfi Norðurskautsráðsins, þar sem sæti eiga meðal annarra Bandaríkin, Kanada og Rússland. Til að mynda gætu Norðurlöndin hvorki ein síns liðs né saman séð um björgunarstarf á norðurskautssvæðinu. Lønning benti á að í ályktunum Eystrasaltsþingsins frá því í nóvember væri að finna áherslur um efnahagslegan stöðugleika, öryggi Eystrasaltsríkjanna og samstarf við Norðurlönd. Helgi Hjörvar bætti við að greinilegt hefði verið á Eystrasaltþinginu í Vilnius í nóvember að þingið væri í nokkurri tilvistarkreppu. Þörf væri á að samstarf þingmannasamtakanna snerist um þröngt skilgreind viðfangsefni á borð við Eystrasaltið, auk þess sem samfélagsöryggi gæti verið meðal viðfangsefna. Lønning tók undir það og sagði að viðfangsefnin mættu líka vera viðkvæmari mál á borð við stöðu þjóðernisminnihluta.

Sinikka Bohlin, forseti Norðurlandaráðs og áheyrnarfulltrúi ráðsins gagnvart þingmannasamtökum Norðvestur-Rússlands, boðaði gerð sérstakrar Rússlandsáætlunar um samskipti ráðsins við Rússland.

Á tímabilinu janúar til október 2009 samþykkti forsætisnefnd sjö tilmæli af hálfu Norðurlandaráðs. Tvenn af þeim höfðu verið til umfjöllunar í nefndinni sem tillögur. Það voru umhverfisstefna Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar (tilmæli 2/2009) og samstarf norrænna sendiráða (tilmæli 6/2009). Fjórar tillögur forsætisnefndar voru samþykktar sem tilmæli á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi. Það voru verkefna- og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2010 (tilmæli 8/2009), alþjóðleg ráðstefna um þróun á heimskautasvæðum (tilmæli 10/2009), stofnun norrænnar skrifstofu í Minsk í Hvíta-Rússlandi (tilmæli 15/2009) og átak um að samræma varnarmál á Norðurlöndum (tilmæli 16/2009). Að lokum voru þrjár ákvarðanir um innri málefni teknar á þinginu sem forsætisnefnd hafði undirbúið. Það voru umhverfisstefna Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar (ákvörðun 1/2009), ESB-áætlun fyrir Norðurlandaráð (ákvörðun 2/2009) og nánari kynning á norrænu samstarfi í þjóðþingunum (ákvörðun 3/2009).

Menningar- og menntamálanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í menningar- og menntamálanefnd árið 2009 voru Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Helstu umfjöllunarefni menningar- og menntamálanefndar árið 2009 voru eftirfylgni yfirlýsingarinnar um norræna tungumálastefnu, hnattvæðingarverkefni varðandi tölvuleiki m.a., menning í skólum, mat á breytingu á skipulagi menningarmála hjá norrænum stofnunum, skapandi iðnaður, höfundaréttur á netinu, menntun ungmenna, vísindapólitík, opinber þjónusta og smáar handverksiðnir.

Sex tillögur sem menningar- og menntamálanefndar hafði til umfjöllunar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs á árinu 2009. Það voru aukið rannsóknarsamstarf á og um norðurslóðir (tilmæli 22/2009), norrænar rannsóknir á heimskautalægðum (tilmæli 23/2009), menning í skólum (tilmæli 24/2009), fylgt eftir endurskipulagningu menningarsviðs (tilmæli 30/2009), beiting höfundarréttar á netinu (tilmæli 31/2009) og norrænt styrkjakerfi til þróunar á tölvuleikjum (tilmæli 32/2009).

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Kristján Þór Júlíusson og Illugi Gunnarsson voru fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd á árinu.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Helstu mál á borði efnahags- og viðskiptanefndar árið 2009 voru byggðastefna, landamærahindranir í viðskiptalífi, nýsköpunarstefna á Norðurlöndum, skapandi iðnaður, samgöngur og skipulag innviða samfélaga, skipulag skila á dósum og flöskum á Norðurlöndum, samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og græn- og hvítbækur Evrópusambandsins.

Í janúar fundaði efnahags- og viðskiptanefnd með borgara- og neytendanefnd í Reykjavík um áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á Íslandi. Þar fluttu erindi Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Gylfi ræddi kreppuna á Íslandi og hvernig sjálfsmynd Íslendinga hefði orðið fyrir áfalli. Hann taldi að kreppan mundi vara í að minnsta kosti 2–3 ár þótt langtímahorfur væru ekki slæmar. Hann benti á að fjármálakreppan hefði áhrif á viðskiptaaðila Íslendinga erlendis og því mætti búast við samdrætti í útflutningi.

Henný Hinz rakti hvernig kaupmáttur hefur hrapað síðasta árið og hvernig greiðslubyrði og skuldir heimilanna hafa hækkað. Þá væri reiknað með 7–9% atvinnuleysi á árinu 2009. Hún vonaðist til að vextir yrðu lækkaðir, komið yrði á fjármálalegum stöðugleika, gengið til samninga um Evrópusambandsaðild og tekin upp evra.

Jóhannes Gunnarsson fór yfir þróunina í efnahagsmálum síðasta árið, góðærið, áhrif kreppunnar fyrir heimilin og mótmæli almennings. Til að útskýra þróunina tók hann dæmi um fjölskyldu sem keypt hefði húsnæði með verðtryggðum og gengistryggðum lánum þar sem eftirstöðvar lánanna væru meiri en kaupverðið, auk þess sem fasteignaverð hefði lækkað.

Jóhannes greindi frá því að Neytendasamtökin vildu að látið yrði reyna á aðild að Evrópusambandinu og stefnt að upptöku evru með aðildarviðræðum.

Vilhjálmur Egilsson fjallaði um fyrirtækin og bankana á Íslandi. Hann sagði meðal annars að ekkert fyrirtæki væri svo sterkt að það gæti greitt 20% vexti. Hann taldi að regluverkið hefði verið til staðar en mörg atriði hefðu þó fallið utan þess. Í orðum sínum vék hann að metnaði og græðgi, ábyrgum lífsgæðum og ofneyslu, vinnureglum og siðareglum. Vilhjálmur ræddi um umbætur í opinberum fjármálum og nefndi gerð fjárhagsáætlana til þriggja ára, einhliða upptöku evru og aðild að Evrópusambandinu.

Fjórar tillögur sem efnahags- og viðskiptanefnd hafði til umfjöllunar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs árið 2009. Það voru norræn framkvæmdaáætlun um starfsmanna- og notendastýrða nýsköpun innan ramma norrænu hnattvæðingaráætlunarinnar (tilmæli 7/2009), norrænn þekkingarbanki á sviði umhverfis- og orkumála (tilmæli 14/2009), samstarf um stefnu í geimferðamálum (tilmæli 17/2009) og samgöngukerfi á Mið-Norðurlöndum (tilmæli 29/2009).

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Á árinu 2009 voru Helgi Hjörvar, Álfheiður Ingadóttir og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir fulltrúar Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Umhverfis- og nátturuauðlindanefnd annast málefni er varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Megináherslur umhverfis- og náttúruauðlindanefndar árið 2009 voru Eystrasaltsstefna ESB, norrænt eða alþjóðlegt skipulag um skil á dósum og flöskum, endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB, grasrótarstarfsemi um umhverfismál, ofvöxtur þörunga í Eystrasaltinu, og samgöngumál í tengslum við loftslagsbreytingar.

Á árinu 2009 samþykkti Norðurlandaráð fimm tillögur sem tilmæli sem umhverfis- og náttúruauðlindanefnd hafði haft til umfjöllunar. Það voru samnorrænn gagnabanki um tegundir í baráttunni gegn útrýmingu plöntu- og dýrategunda (tilmæli 1/2009), vindorkuver í Eystrasalti (tilmæli 4/2009), bættur viðgerðaviðbúnaður fyrir raforkugeira á Norðurlöndum (tilmæli 5/2009), betri nýting auðlinda í fiskveiðum og bann við brottkasti á fiski (tilmæli 9/2009) og framkvæmdaáætlun um orkusamstarf 2010–2013 (tilmæli 13/2009). Þá tók ráðið eina ákvörðun um innri málefni sem verið hafði til umfjöllunar hjá nefndinni. Það var Umhverfisstefna Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar (ákvörðun 1/2009).

Velferðarnefnd.

Siv Friðleifsdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar og formaður í velferðarnefnd á starfsárinu 2009.

Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu- og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, málefnum barna og unglinga og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Aðaláhersla velferðarnefndar árið 2009 var á hvernig skapa mætti sjálfbært atvinnulíf fyrir alla á Norðurlöndum. Nefndin heimsótti í janúar Barnahús í Reykjavík og fundaði með Ingvar Kamprad, stofnanda IKEA, og Sven-Erik Bucht bæjarfulltrúa í Haparanda í júní.

Norðurlandaráð samþykkti þrjár tillögur sem tilmæli á árinu 2008 sem höfðu verið til umfjöllunar í velferðarnefnd. Það voru aðgerðir gegn útbreiðslu berkla/fjölónæmra berkla og alnæmis í Norðvestur-Rússlandi (tilmæli 3/2009), tilmæli um að norrænu stofnuninni um

tannlækningaefni (NIOM) verði breytt í samstarfsvettvang frá og með 1.1.2010 (tilmæli 26/2009) og sjálfbær vinnumarkaður fyrir alla á Norðurlöndum (tilmæli 27/2009).

Borgara- og neytendanefnd.

Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2009.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Á starfsárinu 2009 voru helstu áhersluþættir borgara- og neytendanefndar stefnumótun um innflytjendur og hælisleitendur, fíkniefni og vændi.

Af þeim tillögum sem samþykktar voru sem tilmæli hjá Norðurlandaráði á árinu 2009 höfðu fimm verið til umfjöllunar hjá borgara- og neytendanefnd. Það voru notkun kennitölu við tímabundna dvöl í norrænu ríki – samræming þjóðskrár (tilmæli 11/2009), stefna varðandi fólksflutninga, hælisleitendur og flóttafólk: Formlegt samstarfssvið hjá Norrænu ráðherranefndinni (tilmæli 18/2009), börn sem verða fórnarlömb mansals (tilmæli 19/2009), norrænt átak gegn fíkniefnum (tilmæli 20/2009) og tengslanet neytendasamtaka (tilmæli 28/2009).

Eftirlitsnefnd.

Kristján Þór Júlíusson og Illugi Gunnarsson voru fulltrúar Íslandsdeildar í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2009.

Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Helsta ummfjöllunarefni eftirlitsnefndar árið 2009 var að fylgja eftir starfi nefndarinnar árið 2008 varðandi eftirlit verkefna hjá Norrænu ráðherranefndinni og tilmælum sem nefndin átti frumkvæði að, um verkefnaumsjón hjá Norrænu ráðherranefndinni (tilmæli 38/2008).

5. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun, og kvikmyndaverðlaun. Þau eru að upphæð 350 þúsund danskar krónur. Verðlaunin fyrir árið 2009 voru afhent við hátíðlega athöfn í Kulturhuset í Stokkhólmi þann 28. október í tengslum við 61. þing Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Þau eru veitt fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk. Verðlaunaverkin skulu hafa til að bera mikið listrænt og bókmenntalegt gildi. Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumáli nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda.

Norski rithöfundurinn Per Petterson hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2009 fyrir skáldsöguna *Jeg forbanner tidens elv*. Hann er meðal virtustu og vinsælustu höfunda Noregs og hefur áður, árið 1997, verið tilnefndur til bókmenntaverðlaunanna. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Í skáldsögunni lýsir aðalpersónan reynslu sinni og brotakenndum minningum um áföll í eigin fjölskyldu. Petterson lýsir á ljóðrænu og hæglátu máli hversu erfitt það er að segja hvert öðru það sem mikilvægast er.“

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau afhent annað hvert ár en frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið tónskáldi og hitt árið tónlistarflytjanda. Tónlistarverðlaununum er ætlað að vekja athygli á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi sem telst hafa mikið listrænt gildi.

Finnski tónlistarmaðurinn og klarínettuleikarinn Kari Kriikku hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2009. Hann er viðurkenndur á alþjóðavettvangi og þekktur sem framúrskarandi fulltrúi og sendiherra nútímatónlistar. Í rökstuðningi sínum komst dómnefndin þannig að orði: „Kari Kriikku hefur sýnt einstaka hæfileika í klarínettuleik. Leikur hans einkennist af sveigjaleika og mikilli tónlistargleði og hann er tónlistarmaður í orðsins fyllstu merkingu. Kriikku er frumkvöðull á sínu sviði sem einleikari og það hefur leitt til þess að hann hefur unnið með fjölmörgum nútímatónsmiðum og frumflutt verk þeirra. Sem kammertónlistarmaður hefur hann einnig farið út fyrir ramma klassískrar tónlistar í flutningi og túlkun.“ Kjartan Ólafsson tónskáld kynnti verðlaunahafann við afhendinguna.

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var komið á fót árið 1995. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem skilað hefur sérstöku framlagi til náttúru- og umhverfisverndar. Dómnefnd verðlaunanna ákvað að árið 2009 skyldi veita verðlaunin norrænu fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem á einstakan hátt hefði skapað gott fordæmi við að fá fólk til að stunda útivist og auka skilning á þýðingu náttúrunnar fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði.

Ákvörðun um verðlaunahafa var tekin á fundi dómnefndar 7. október í Reykjanesbæ og hreppti sænska skólaverkefnið *I Ur og Skur* hnossið. Það er verkefni sem sænska ríkisstofnunin Útivist (*Friluftsfrämjandets Riksorganisation*) setti á fót árið 1985. Verkefnið nær nú til um 200 skóla, sem flestir eru á leikskólastigi, og alls taka um 30.000 börn og fullorðnir þátt í því. Markmið verkefnisins er að efla þroska barna með því að tengja saman nám og upplifun og ferðir út í náttúruna. Börnunum gefst kostur á að þroska skilningarvitin með því að þefa, hlusta og horfa á náttúruna. Allt þetta stuðlar að því að börnin öðlast betri skilning á náttúrunni og umhverfi sínu.

Ákvörðun dómnefndar var rökstudd með eftirfarandi hætti: „Aðferðir verkefnisins *I Ur og Skur* hvetja til útivistar og eru frábært dæmi um verkefni sem stuðlar að velferð barna og eykur skilning þeirra á náttúrunni á tímum, þar sem flestir eru í rauntíma „on-line“ í gegnum netið. Verkefnið er að mestu leyti rekið utan húss og er nálægð barnanna og stofnana við náttúruna höfð að leiðarljósi. Verkefnið *I Ur og Skur* er frábær fyrirmynd að því að skapa upplifanir í náttúrunni og stuðla þannig að aukinni velferð barna. Verkefnið er jafnframt fyrirmynd sem nýta má í sambærilegum verkefnum, hvar sem er á Norðurlöndum.“ Kolbrún Halldórsdóttir, formaður dómnefndar, kynnti verðlaunahafann við afhendinguna.

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 hafa þau verið veitt árlega og hafa skipst jafnt milli handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda. Til þess að hljóta verðlaunin verður viðkomandi að hafa gert kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu, sem hefur til að bera listrænan frumleika og sameinar alla þætti myndarinnar í heilsteyptu verki.

Danski kvikmyndaleikstjórinn Lars von Trier og framleiðandinn Meta Louise Foldager fengu kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2009 fyrir kvikmyndina *Andkristur* (*Antichrist*). *Andkristur* var frumsýnd í Cannes 2009 þar sem hún tók þátt í aðalkeppninni og Charlotte Gainsbourg hlaut verðlaun fyrir bestan leik í kvenhlutverki.

Í rökstuðningi dómnefndar fyrir vali á verðlaunahafa sagði: „*Andkristur* eftir Lars von Trier er villt sjónræn veisla en jafnframt yfirgengilega ofbeldisfull kvikmynd sem fjallar um sorg, heift og sekt. Kvikmyndin, sem er í senn óþægileg og hjartnæm, fjallar um þá ringulreið sem skapast í lífi hjóna þegar ungur sonur þeirra deyr. Hún er ástríðufull frásögn af órökrænum öflum tilfinninga og eðlishvata, sem hvorki skynsemi né meðferð fær stjórnað. Myndin er á mörkum hins innra og ytra veruleika og leitað er í innstu sálarkima sögupersóna. Með fullkomnu tjáningarfrelsi sviðsetur Lars von Trier martröð foreldranna eins nákvæmlega og unnt er, og lýsir á miskunnarlausan hátt þeirri upplausn sem verður í kynbundnum hlutverkum þeirra. Með fullkominni sviðssetningu, leik og margvíslegri skírskotun í menningarsöguna, setur *Andkristur* það þekkta úr kvikmyndamáli, og hið sálfræði- og líkamlega í nýtt og ögrandi samhengi. Úr þessu framsýna verki sprettur fram formlaust myrkur, nístandi einsemd og sársauki sem er frumforsenda þess að mannskepnan lifir af. Á þennan hátt, sem vissulega er afar persónulegur, setur Lars von Trier spurningamerki við hentistefnu í trúmálum og ræðst gegn viðurkenndri rökhugsun og allsráðandi metnaðargirnd og ýtir áhorfandanum fram á ystu nöf eigin ótta.“

6. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kom saman til nefndafunda þrisvar sinnum árið 2009, í janúar, apríl og september, eins og það gerir að jafnaði. Markmiðið með fundunum er að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing á haustin. Í tengslum við nefndafundina fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem tekin eru fyrir efni sem tengjast verksviðum nefndanna, auk þess sem ein eða fleiri nefndir í samstarfi standa fyrir málstofum um málefni sem eru á borði nefndanna.

Janúarfundir Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir á Radisson SAS Hotel Saga í Reykjavík dagana 27.–28. janúar 2009. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Árni Páll Árnason formaður, Helgi Hjörvar, Kjartan Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Meðal helstu mála til umfjöllunar á fundunum voru starfsemi Norðurlandaráðs árið 2009 undir forustu Svíþjóðar, formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009, áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á Íslandi og stefnumótun Norðurlandaráðs og norrænu þjóðþinganna í umhverfismálum.

Janúarfundir Norðurlandaráðs eru haldnir í því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni það árið. Sú hefð er einnig ríkjandi að allir þingmenn ráðsins haldi sameiginlegan fund þar sem fjallað er um formennskuáætlun gestgjafalandsins í ráðherranefnd-

inni og starfsemi Norðurlandaráðs á árinu, og var það einnig gert í Reykjavík við upphaf janúarfundanna.

Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, opnaði sameiginlega fundinn og lýsti stuttlega atburðum líðandi stundar í íslenskum stjórnmálum og sagði að efla þyrfti traust milli almennings og stjórnmálamanna.

Sinikka Bohlin, forseti Norðurlandaráðs, kynnti starfsemi Norðurlandaráðs 2009 undir forsæti Svíþjóðar. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að ráðið hefur sett sér rammaáætlun til nokkurra ára og það land sem er í forsæti sérhvert ár leggur eigin áherslur í samræmi við hana. Í rammaáætlun ráðsins eru lykilatriðin að styrkja norræna velferð, að hafa áhrif á hnattvæðinguna, að auka hreyfanleika á Norðurlöndum, að standa vörð um lífríki hafsins, að móta viðfangsefni í Norðlægu víddinni og að vilja skilvirkara norrænt tungumálasamstarf. Bohlin sagði að sem forseti Norðurlandaráðs 2009 mundi hún leggja áherslu á að standa vörð um samkennd Norðurlandabúa og styrkja nærsvæðasamstarf við Norðvestur-Rússland, ríki við Eystrasalt og samstarf um norðurskautssvæðið, auk loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, kynnti formennskuáætlun Íslands sem nefndist „Norrænn áttaviti“ í heild sinni fyrir Norrænu ráðherranefndinni. Stærsti einstaki viðburðurinn á formennskuárinu var hnattvæðingarþing 26.–27. febrúar sem fram fór á Íslandi, með þátttöku um 100 forustumanna í atvinnulífi, vísindum og stjórnmálum þar sem alþjóðlega fjármálakreppan og áhrif hennar á loftslagsmál og nýsköpun voru til umræðu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, kynnti formennskuáætlunina á sviði umhverfismála. Á því sviði var sjónum beint að loftslagsmálum og málefnum hafsins. Eitt helsta markmið Íslendinga á formennskutímanum var að efla samstarf um verndun Norður-Atlantshafsins og um málefni norðurskautsins. Liður í því var að hrinda úr vör gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið sem grundvöll fyrir samræmdar aðgerðir, komi til umhverfisslyss.

Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir og Eiríkur S. Sigurðarsson, sérfræðingar í menntamálaráðuneyti, upplýstu um formennskuáætlun á sviði vísinda, menntunar og menningar. Mikilvægt inntak áætlunarinnar var að efla samstarf um rannsóknir og nýsköpun, ekki síst á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála.

Sinikka Bohlin, forseti Norðurlandaráðs, heimsótti Alþingi í tengslum við janúarfundina og fundaði með forseta Alþingis, Sturlu Böðvarssyni, til samráðs og gagnkvæmrar upplýsingagjafar.

Aprílfundir Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Eigtveds Pakhus í Kaupmannahöfn dagana 16.–17. apríl 2009. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Helgi Hjörvar og Kjartan Ólafsson. Staðgengill ritara Íslandsdeildar var Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins. Meðal helstu mála til umfjöllunar voru: Stoltenberg-skýrslan og norrænt samstarf um utanríkis- og öryggismál; tillaga um stofnun norrænnar skrifstofu í Hvíta-Rússlandi; aðgerðaáætlun Norðurlandaráðs gagnvart ESB og fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2010. Auglýstum sameiginlegum fundi sem halda átti í tengslum við aprílfundina um fjármálakreppuna var aflýst.

Septemberfundir Norðurlandaráðs í Mariehamn.

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Mariehamn á Álandseyjum 29.–30. september. Fyrir hönd Íslandsdeildar Norðurlandaráðs tóku þátt í fundunum Helgi Hjörvar formaður, Álfheiður Ingadóttir varaformaður, Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason. Helstu mál á dagskrá fundanna voru eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, norrænt framlag til átakastjórnunar og friðaruppbyggingar á alþjóðavettvangi og kjör forseta Norðurlandaráðs árið 2010.

Sameiginlegur fundur allra þingmanna Norðurlandaráðs fjallaði um norrænt framlag til átakastjórnunar og friðaruppbyggingar á alþjóðavettvangi. Aðalframsögumenn á fundinum voru Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, og Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs. Ahtisaari sagði að mikill áhugi væri á átakastjórnun á Norðurlöndum. Það kæmi meðal annars fram í formennskuáætlun Svíþjóðar í ESB fyrir seinni hluta ársins 2009. Í átakastjórnun fælist að koma jafnvægi á aðstæður og vinda ofan af þeim og við það væri þörf á utanaðkomandi aðstoð. Mikilvægt væri að reyna að þróa vinnureglur við lausn átaka. Þar þyrfti að hafa í huga bakgrunn átaka, hverjir væru málsaðilar, hvað hefði þegar verið reynt til lausnar og hvort málsaðilar væru tilbúnir að reyna að leysa aðsteðjandi bráðavanda. Stoltenberg talaði út frá skýrslu sinni um utanríkis- og öryggismál. Þar gerði hann meðal annars að umtalsefni 13. tillögu skýrslunnar um gagnkvæma samstöðuyfirlýsingu Norðurlandanna í öryggismálum. Hann sagði að tillagan hefði komið af stað miklum umræðum um hvort slík yfirlýsing væri möguleg, en sjálfur væri hann fylgjandi slíkri yfirlýsingu.

Kjörnefnd tók fyrir kjör forseta Norðurlandaráðs 2010. Nefndin hafði óskað eftir tilnefningu Íslandsdeildar um íslenskt forseta- og varaforsetaefni ráðsins og ákvað deildin að tilnefna Helga Hjörvar sem forseta, eftir atkvæðagreiðslu, og Siv Friðleifsdóttur sem varaforseta, án atkvæðagreiðslu. Á fundi kjörnefndar lýsti flokkahópur miðjumanna yfir óánægju með tilnefningu Íslandsdeildar og vísaði til fundargerðar forsætisnefndar frá árinu 2003 þar sem fram kom að forsætisnefnd væri viljug til að fallast á tilnefningar landsdeilda um forseta og að viss skipting skyldi eiga sér stað milli flokkahópa. Flokkahópur miðjumanna taldi að Íslandsdeild hefði ekki tekið tillit til skiptingar milli flokkahópa því ef Helgi Hjörvar yrði fyrir valinu yrði forseti ráðsins úr flokkahópi jafnaðarmanna þriðja árið í röð. Flokkahópur miðjumanna vísaði til að þingfundur Norðurlandaráðsþings tæki ákvörðun um hver yrði forseti og gerði tillögu um Siv Friðleifsdóttur sem forseta. Kjörnefnd ákvað að biðja forsætisnefnd að skilgreina nánar hvernig tilnefning forseta og varaforseta skyldi ganga fyrir sig og hvernig skipting milli flokkahópa skyldi eiga sér stað. Þar sem fundur kjörnefndar var á undan fundi forsætisnefndar fjallaði forsætisnefnd strax um málið. Hún komst að þeirri niðurstöðu að vinnureglur Norðurlandaráðs um kosningar giltu, að mikilvægt væri að breyta ekki reglum í miðjum aðdraganda kosninga, mikilvægt væri að reglurnar væru skýrar. Forsætisnefndin sagði um núverandi kosningaaðstæður að samkvæmt vinnureglunum væri öðrum en þeim sem Íslandsdeild tilnefndi heimilt að bjóða sig fram og hægt væri að kjósa á milli manna á þingfundi. Einnig sammæltist forsætisnefnd um að biðja kjörnefnd um að gera drög að reglum um fyrirkomulag forsetakjörs í framtíðinni.

7. 61. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

61. þing Norðurlandaráðs var haldið í Stokkhólmi dagana 27.–29. október. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu þingið Helgi Hjörvar formaður, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir varaformaður, Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu

mál á dagskrá þingsins voru hlutverk Norðurlanda í samstarfi Evrópusambandsins, aukið utanríkis- og varnarsamstarf á Norðurlöndum, norðurskauts- og náttúruauðlindamál og kjör forseta Norðurlandaráðs 2010.

Hlutverk Norðurlanda í samstarfi Evrópusambandsins var umfjöllunarefni norræns leiðtogafundar í upphafi Norðurlandaráðsþingsins. Á þeim vettvangi ræða leiðtogar allra ríkisstjórna og stjórnarandstöðu á Norðurlöndum samnorræn málefni. Leiðtogar ríkisstjórna voru almennt jákvæðir gagnvart norrænu samstarfi samhliða samstarfi Evrópusambandsins og um þau áhrif sem Norðurlöndin gætu haft á sambandið þó að þau séu ekki öll aðildarríki né myndi blokk innan þess. Í umræðunni voru loftslagsmál og fjármálakreppa áberandi. Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, og Kuupik Kleist, formaður landsstjórnar Grænlands, fjölluðu einnig beint um tengsl Færeyja og Grænlands við Evrópusambandið og stefnu þess varðandi fiskveiðar og norðurskautssvæðið, þar á meðal um nýtingu sjávarspendýra. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir hvað Ísland gæti lagt af mörkum innan Evrópusambandsins. Þar nefndi hún þekkingu og reynslu af sjálfbærum fiskveiðum, nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og landbúnaði á norðurslóðum. Þá væri hnattstaða Íslands mikilvæg varðandi eftirlit og samgöngur á norðurslóðum og Íslendingar mundu gefa mannréttindum og velferð sérstakan gaum í starfi innan stofnana sambandsins, og jafnframt stuðla að auknu samstarfi smærri aðildarríkja, samfara því að árétta samstöðu allra aðilarríkja. Bjarni Benediktsson veitti ræðu forsætisráðherra andsvar og spurði hvort þróun almenningsálitsins á Íslandi undanfarna mánuði væri henni áhyggjuefni og hvort aðildarumsókn Íslands byggðist á því að sambandið veitti undanþágur, t.d. varðandi fiskveiðistefnu sína. Ráðherra sagði í svari sínu að öll áhersla yrði lögð á viðunandi niðurstöðu í sjávarútvegsmálum þannig að Íslendingar hefðu áfram yfirráð yfir sínum sjávarauðlindum og minni stuðningur við aðild tengdist þeim skuldbindingum sem Ísland hefði þurft að taka á sig vegna Icesave-málsins. Hins vegar væri hún sannfærð um að þegar niðurstöður aðildarviðræðna lægju fyrir og þær hefðu verið kynntar vandlega mundi sú skoðun breytast og meiri hluti verða fyrir aðild.

Fulltrúar norrænnar stjórnarandstöðu fjölluðu á leiðtogafundinum um atvinnusköpun, auk loftslagsmála og fjármálakreppu, og gagnrýndu einnig tollastefnu sambandsins og fulltrúa lýðræði þess. Bjarni Benediktsson fjallaði um reglur Evrópusambandsins í tengslum við Icesave-málið. Hann lýsti vonbrigðum Íslendinga með þá framkomu annarra Norðurlandaríkja að gefa ekki vilyrði um lán til Íslands án þess að tengja þau afgreiðslu lána Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands. Hún hefði frestast fyrir tilstuðlan Bretlands og Hollands til að þrýsta á Íslendinga um að gefa eftir í málinu og gefa frá sér rétt til að láta reyna á ágreining fyrir dómstólum, en það væri í andstöðu við reglur sjóðsins og græfi undan trúverðugleika hans. Hvorki Norðurlöndin né Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri málsaðili að Icesave-deilunni sem fjallaði fyrst og fremst um túlkun á reglum Evrópusambandsins og hvernig deila Íslands við Bretland og Holland skyldi leidd til lykta. Frederik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, svaraði því til að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, með sínum skilmálum, væri í aðalhlutverki við stuðning við ríki sem rötuðu í djúpar efnahagskreppur og að mjög sjaldgæft væri að lönd væru tilbúin að veita tvíhliða lán á borð við þau sem Norðurlöndin væru tilbúin að veita Íslandi. Ástæðan fyrir því væru tengsl Norðurlandanna. Siv Friðleifsdóttir veitti ræðu Jens Stoltenbergs, forsætisráðherra Noregs, andsvar og spurði hvort norska ríkisstjórnin væri til viðræðu um beina lánaaðstoð við Ísland án tengingar við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hvort hægt væri að taka til umfjöllunar aðstoð við Ísland á vettvangi norrænna forsætisráðherra svo að Ísland væri ekki eins bundið Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Stoltenberg svaraði að ábyrgðin á því að fjármálageiranum á Íslandi hefði verið leyft að verða jafnstór og raun

bar vitni án efnahagslegrar undirstöðu væri Íslendinga, ekki annarra norrænna landa og það væri ekki í myndinni að Noregur veitti lán á annan hátt. Skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væru forsenda þess að unnt væri að lána háar upphæðir.

Aukið utanríkis- og varnarsamstarf á Norðurlöndum var tekið fyrir á öðrum degi Norðurlandaráðsþingsins. Norrænir utanríkis- og varnarmálaráðherrar gáfu skýrslu og helstu tillögur til umfjöllunar voru tillaga um samræmda norræna varnarmálastefnu, tillaga um stofnun norrænnar skrifstofu í Minsk og tillaga um norrænar athuganir á grænbókum og hvítbókum Evrópusambandsins. Skýrsla Thorvalds Stoltenbergs um þróun norræns samstarfs um öryggis- og varnarmál á næstu 10–20 árum var fyrirferðarmikil í umræðunni í kjölfar skýrslna utanríkis- og varnarmálaráðherranna. Af tillögum Stoltenbergs í skýrslunni hlutu tillagan um norrænt samstarf um loftrýmiseftirlit yfir Íslandi, tillagan um samstarf á sviði utanríkisþjónustu og tillagan um norræna samstöðuyfirlýsingu mesta athygli. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra rifjaði upp að utanríkisráðherrar Norðurlandanna hefðu ákveðið í júní að kanna möguleika hvers lands til þátttöku í eftirliti með loftrými yfir Íslandi en Erkki Tuomioja, sem sæti á í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, taldi ekki raunhæft að öll norrænu löndin tækju þátt í því. Af því tilefni benti Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, á að samkvæmt skýrslunni væri möguleiki fyrir hendi á samstarfi tveggja, þriggja eða fjögurra norrænna landa um viss verkefni og sagði að nokkur norræn lönd væru tilbúin að taka þátt í eftirliti með loftrými yfir Íslandi því það væri mikilvægt fyrir öryggi í Norður-Atlantshafi. Almenn sátt var um samstarf milli norrænna sendiráða og minnti Tuomioja á að Norðurlandaráð hefði samþykkt tilmæli um aukið samstarf í utanríkisþjónustu Norðurlandanna. Össur Skarphéðinsson sagði að í tillögu Stoltenberg-skýrslunnar um norræna samstöðuyfirlýsingu glitti í ljóðræna fegurð. Tuomioja þótti lýsing utanríkisráðherra falleg en taldi það erfiðleikum bundið að yfirfæra fegurðina í hinu ljóðræna í lagalega bindandi samninga.

Tillaga forsætisnefndar um samræmda norræna varnarmálastefnu olli nokkrum skoðanaskiptum milli fulltrúa flokkahópa hægrimanna og vinstrisósíalista og grænna. Kent Olsson frá flokkahópi hægrimanna lagði áherslu á að um væri að ræða hagræðingu í varnarmálum en fulltrúi vinstrisósíalista og grænna, Line Barfod, sagði að flokkahópur hennar væri fylgjandi nánara samstarfi í varnarmálum, en þá um friðargæslusveitir og friðarumleitanir, t.d. um afleiðingar náttúruhamfara og loftslagabreytinga og um rafrænar árásir.

Lífleg umræða skapaðist um tillögu um stofnun norrænnar skrifstofu í Minsk. Stuðningsmenn tillögunnar sögðu að skrifstofan gæti haft jákvæð áhrif á lýðræðisþróun í Hvíta-Rússlandi en þeir sem voru andvígir töldu að opnun slíkrar skrifstofu væri ekki forgangsatriði og erfitt að koma auga á samnorrænan ávinning af málinu. Mantas Adomenas, forseti Eystrasaltsþingsins, sem var gestur Norðurlandaráðsþingsins, blandaði sér í umræðuna og taldi að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi mundu líta á opnun slíkrar skrifstofu sem stuðningsvott við Lukashenko forseta landsins, en að ákvörðunin væri Norðurlandaráðs. Siv Friðleifsdóttir lýsti yfir stuðningi við tillöguna og svo fór að hún var samþykkt með nokkrum meiri hluta.

Þá var samþykkt tillaga um norrænar athuganir á grænbókum og hvítbókum Evrópusambandsins. Markmið hennar er að skrifstofa ráðsins fylgist með gangi mála í kerfi Evrópusambandsins, miðli upplýsingum og geri tillögu um forgangsröðun mála sem teljast veigamikil fyrir Norðurlönd samkvæmt þröngri skilgreiningu. Lögð er áhersla á að Norðurlandaráð láti að sér kveða snemma í ferli mála og efli samskipti við norrænu þjóðþingin, einkum Evrópunefndir þeirra sem starfa saman á Evrópuvettvangi í COSAC (*Conference of Community and European Affairs Committees of Parliaments of the European Union*), og gert er ráð fyrir að

landsdeildir Norðurlandaráðs verði í tengslum við þessar þingnefndir til þess að afla upplýsinga.

Helstu tillögur til umfjöllunar um norðurskauts- og náttúruauðlindamál voru tillaga um alþjóðlega ráðstefnu um þróun norðurskautssvæðisins og tillaga um verndarstefnu í fiskveiðum og bann við brottkasti fisks. Norðurlandaráð hefur á síðustu árum samþykkt ýmis tilmæli varðandi norðurskautið, til að mynda um samnorræn eftirlitskerfi á norðurskauti, um rannsóknir á lagaumhverfi hafsvæða á norðurslóðum og norðurskautssáttmála, um áherslu á umhverfismál á norðurslóðum og um norðurskautsrannsóknir. Einnig hefur Norðurlandaráð á síðustu árum fjallað um borgaralegt öryggi í norðurhöfum sem hluta af samfélagsöryggi. Við umræðurnar kom fram að málefni norðurskautsins snerust ekki aðeins um loftslagsmál, nýjar siglingaleiðir, náttúruauðlindir og öryggismál, heldur einnig um framtíð samfélaga á svæðinu. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir rakti hvernig margar ráðstefnur um loftslagsmál, og þá sérstaklega um áhrifin sem loftslagsbreytingar hafa á norðurskautssvæðið, hefðu verið haldnar ár eftir ár án þess að aðgerðir hefðu fylgt fínum ræðum. Hún varpaði einnig fram þeirri spurningu hvers vegna norðurskautið væri í raun komið í tísku á heimsvísu og svaraði því sjálf á þá leið að það væri vegna alþjóðlegra stórfyrirtækja og stórra landa sem sæju sér leik á borði að græða. Í umræðum um náttúruauðlindir var endurnýjuð fiskveiðistefna Evrópusambandsins, sem taka á gildi árið 2013, í brennidepli. Þingmenn ráðsins lögðu áherslu á að við endurnýjun stefnunnar þyrfti að taka á brottkasti fisks og leggja til grundvallar að fiskveiðarnar væru umhverfislega, hagfræðilega og félagslega sjálfbærar.

Í fyrirspurnatíma norrænu samstarfsráðherranna á þriðja degi þingsins beindi Siv Friðleifsdóttir þeirri spurningu til Bertels Haarders, danska samstarfsráðherrans, hvaða augum hann liti efni greinar Gunnars Wetterbergs í dagblaðinu Dagens Nyheter þá vikuna um nýtt norrænt sambandsríki. Haarder kvaðst telja að greinin væri um margt athyglisverð og nýta mætti hana sem innblástur í norrænu samstarfi. Hann benti á að samstarf Norðurlandanna gæti verið mun víðtækara en innan Evrópusambandsins þar sem þau væru líkari en 27 og ef til vill bráðum 30 aðildarríki sambandsins.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir spurði í fyrirspurnatímanum sænska samstarfsráðherrann Cristina Husmark Pehrsson um hvort hún hygðist beita sér fyrir því að Framhaldsmenntunarstofnun Svíþjóðar (*Högskoleverket*) drægi til baka fyrirmæli sín um nýjar inntökureglur frá og með haustmisseri 2010 þar sem útlenskar og alþjóðlegar einkunnir skyldu metnar í eigin flokki, þar á meðal íslenskar og norskar einkunnir, þegar slíkt stangaðist á við norrænan samning um aðgang að æðri menntun. Spurning Sigríðar var borin upp í framhaldi af ræðu hennar frá deginum áður við umræður um landamærahindranir þar sem hún vakti athygli á þessum fyrirmælum sem verðandi landamærahindrunum. Samningurinn um æðri menntun, sem tryggja ætti öllum Norðurlandabúum jafnan aðgang að æðri menntun í öðru norrænu landi, hefði nýlega verið framlengdur til ársins 2012. Pehrsson svaraði fyrirspurninni á þá leið að málið væri til meðferðar hjá sænsku ríkisstjórninni.

Sigríður Ingibjörg tók einnig þátt í umræðum um mansal og jafnrétti. Þar sagði hún frá því að ríkisstjórn Íslands hefði sett lög að sænskri fyrirmynd sem gerðu kaup á kynlífsþjónustu ólögleg og lagði til að sett yrðu lög til að vernda fórnarlömb mansals. Í umræðunni veitti hún einnig andsvar við ræðu Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra sem fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar kynnti skýrslu um aðgerðir ráðherranefndarinnar til að koma í veg fyrir mansal. Sigríður Ingibjörg þakkaði fyrir skýrsluna og fagnaði því að ríkisstjórn Íslands hefði samþykkt aðgerðaáætlun gegn mansali sem væri einn ljótasti bletturinn á mannlegu samfélagi.

Kjör forseta og varaforseta Norðurlandaráðs fyrir árið 2010 var áfram til umfjöllunar ráðsins. Fjallað var um málið á fundi kjörnefndar, á fundi Íslandsdeildar og á þingfundi. Ágreiningur hafði risið innan Norðurlandaráðs í september um hvort fylgja ætti þeirri hefð við kjör forseta að þingfundur ráðsins fylgdi tilnefningu landsdeildar formennskulands eða hvort hafa skyldi til hliðsjónar skiptingu embættisins milli flokkahópa á ákveðnu árabili. Eftir fund kjörnefndar í september lágu fyrir tvær tillögur um forseta, annars vegar tilnefning Íslandsdeildar frá 14. september um Helga Hjörvar, formann deildarinnar, eftir atkvæðagreiðslu sem lauk 4:3, og hins vegar tillaga flokkahóps miðjumanna um Siv Friðleifsdóttur, formann velferðarnefndar. Íslandsdeild hafði jafnframt tilnefnt Siv Friðleifsdóttur sem varaforseta, án atkvæðagreiðslu. Föstudaginn 23. október tilkynnti Siv Friðleifsdóttir að hún gæfi einungis kost á sér til embættis forseta ráðsins en ekki til bæði embættis forseta og varaforseta. Íslandsdeild fundaði um nýja tilnefningu varaforseta mánudaginn 26. október í Stokkhólmi og ákvað að tilnefna Illuga Gunnarsson með öllum sex greiddum atkvæðum viðstaddra. Siv Friðleifsdóttir átti ekki kost á að sækja fundinn vegna starfa sem formaður velferðarnefndar. Síðar sama dag fundaði kjörnefnd. Nefndinni hafði borist svar forsætisnefndar við beiðni hennar frá í september um nánari skilgreiningar um hvernig yfirstandandi tilnefning forseta og varaforseta skyldi ganga fyrir sig og hvernig skiptingu forsetaembættis milli flokkahópa eftir árafjölda skyldi háttað þess efnis að fylgja skyldi núgildandi starfsreglum. Kjörnefnd skyldi því gera tillögu um kosningu forseta til þingfundarins en öðrum frambjóðendum en þeim sem kjörnefnd gerði tillögu um væri heimilt að sækjast eftir kosningu. Kjörnefndinni hafði einnig borist tilkynning um ákvörðun Íslandsdeildar fyrr um daginn. Á fundi kjörnefndar var gengið til atkvæða milli tillögu um Helga Hjörvar sem forseta og Illuga Gunnarsson sem varaforseta og breytingartillögu flokkahóps miðjumanna um Siv Friðleifsdóttur sem forseta og Helga Hjörvar sem varaforseta. Atkvæði féllu þannig að tillagan um Helga og Illuga hlaut fimm atkvæði fulltrúa flokkahópa vinstrisósíalista og grænna, jafnaðarmanna og hægrimanna og tillagan um Siv og Helga tvö atkvæði fulltrúa flokkahóps miðjumanna. Á næsta fundi kjörnefndar 28. október tilkynnti fulltrúi flokkahóps miðjumanna að ekki yrði óskað eftir atkvæðagreiðslu á þingfundi milli Helga Hjörvar og Sivjar Friðleifsdóttur til forseta en fulltrúar flokkahóps miðjumanna mundu hugsanlega taka til máls við kjörið. Þeir gerðu það og gagnrýndu að forseti kæmi úr röðum sama flokkahóps þrjú ár í röð, sem hefði ekki gerst í fjörutíu ár, og að af síðustu sex forsetum væru fimm frá sama flokkahópi. Formaður kjörnefndar, Lars Wegendal, svaraði gagnrýninni á þann veg að þar sem Íslandsdeild hefði ekki verið á einu máli um tilnefningu til forseta hefði einnig myndast meiri hluti og minni hluti í kjörnefndinni og niðurstaða fengist með atkvæðagreiðslu. Fyrir hönd kjörnefndar gerði hann tillögu um Helga Hjörvar sem forseta sem þingfundurinn samþykkti án atkvæðagreiðslu. Illugi Gunnarsson var kjörinn varaforseti.

Eftir kjörið tók Helgi Hjörvar til máls og þakkaði það traust sem honum væri sýnt. Hann vék að aðdraganda forsetakjörsins og sagði að umfjöllun ráðsins um meginreglur við kjör forseta hefði verið fagleg og lagði áherslu á gott samstarf við fulltrúa allra flokkahópa þar sem hann sem forseti mundi starfa í þágu ráðsins alls. Helgi tók fram að það væri mikilvægt fyrir Ísland að gegna formennsku í Norðurlandaráði því Íslendingar legðu æ meiri áherslu á norrænt samstarf í kjölfar efnahagskreppunnar. Hann tiltók nokkra áhersluþætti af hálfu Íslands á næsta ári, innan rammaáætlunar ráðsins, í fyrsta lagi öryggismál í víðu samhengi, þar á meðal baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, lærdóma af efnahagskreppunni og afleiðingar loftslagsbreytinga, í öðru lagi hafið, þ.m.t. Eystrasaltið, Norður-Atlantshaf og áhrif á uppfærslu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins, og

í þriðja lagi tungumál. Að svo mæltu þakkaði hann núverandi forseta og varaforseta fyrir vel unnin störf á árinu og vel heppnað Norðurlandaráðsþing og bauð þinggesti velkomna til Reykjavíkur að ári.

Eftir kosningar í nefndir og ráð á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi er nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs árið 2010 sem hér segir: Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, situr í forsætisnefnd ásamt Illuga Gunnarssyni, varaforseta Norðurlandaráðs, sem sat áður í efnahags- og viðskiptanefnd og eftirlitsnefnd, Siv Friðleifsdóttir er áfram formaður velferðarnefndar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir situr í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Bjarni Benediktsson fer úr forsætisnefnd yfir í efnahags- og viðskiptanefnd og tekur jafnframt sæti í eftirlitsnefnd, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir fer úr menningar- og menntamálanefnd yfir í velferðarnefnd og Ásmundur Einar Daðason situr áfram í menningar- og menntamálanefnd.

Íslendingar fara með formennsku í Norðurlandaráði árið 2010. Næsta þing Norðurlandaráðs verður í Reykjavík 2.–4. nóvember 2010.

8. Starfsáætlun og áherslur árið 2010.

Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð hefur nú breytt áætlanagerð sinni þannig að rammaáætlun, „Norðurlönd í heiminum – heimurinn á Norðurlöndum“, gildir til lengri tíma en jafnframt gerir formennskuland ráðsins áætlun fyrir hvert ár í einu. Þá gera málefnanefndir starfsáætlun fyrir hvert ár. Samkvæmt rammaáætlun ráðsins eru markmið þess að styrkja norrænu velferðina, að hafa áhrif á hnattvæðinguna, að auka hreyfanleika á Norðurlöndum, að bæta hafsumhverfi, að móta viðfangsefni Norðlægu víddarinnar og að stuðla að skilvirkara norrænu tungumálasamstarfi.

Ísland gegnir formennsku í Norðurlandaráði 2010. Formennskuáætlun Íslendinga er byggð á langtímaáætlun Norðurlandaráðs og fylgir eftir formennskuáætlun Svía í ráðinu árið 2009. Íslenska formennskuáætlunin skiptist í þrjá hluta, auk kafla um innri málefni ráðsins. Hnattvæðingin, sem það umhverfi og aðstæður sem Norðurlöndin búa við, fléttast inn í umfjöllun um alla hluta áætlunarinnar.

Fyrsti hluti formennskuáætlunarinnar fjallar um öryggi, velferð og menningu. Þar er áætlað að fylgja eftir Stoltenberg-skýrslunni með áherslu á samfélagsöryggi og borgaralegt öryggi, þ.m.t. á Norður-Atlantshafi og við norðurskaut, að berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, þar á meðal mansali og starfsemi glæpasamtaka, að stuðla að velferð Norðurlandabúa, þar á meðal íbúa strandsamfélaga og nýrra Norðurlandabúa, og stuðla að umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga, nýrra siglingaleiða og aukinnar hættu á umhverfis- og farþegaslysum á strandsamfélögin, að fylgja eftir vinnu gegn landamærahindrunum, að fylgja eftir yfirlýsingu um norræna tungumálastefnu og að stuðla að efnahagslegu öryggi, m.a. með því að stuðla að umfjöllun um hvaða lærdóm má draga af fjármálakreppum á Norðurlöndum.

Annar hluti formennskuáætlunarinnar fjallar um haf, loftslag og orku. Áætlað að stuðla að bættu umhverfi norrænna hafa, að fylgjast með og hafa áhrif á uppfærslu fiskveiðistefnu ESB, að fylgja eftir niðurstöðu Kaupmannahafnarfundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og að stuðla að rannsóknum og nýtingu á endurnýjanlegri orku.

Þriðji hluti formennskuáætlunarinnar fjallar um alþjóðleg tengsl og helstu áherslur þar eru að rækta tengsl og samstarf á nærsvæðum til vesturs og austurs og við þingmannasamtök þar, sem og við Samband norrænu félaganna á Norðurlöndum og samtök frumbyggja þar, að

fylgja eftir aðgerðaáætlun Norðurlandaráðs gagnvart Evrópusambandinu og að stuðla að jákvæðri ímynd Norðurlandanna í hnattvæddum heimi.

Auk hinna þriggja hluta geymir formennskuáætlunin kafla um innri málefni. Varðandi þau er áætlað að efla tengsl Norðurlandaráðs við þjóðþingin og auka eftirfylgni tilmæla ráðsins, stuðla að því að gera veg dags Norðurlandanna, 23. mars, meiri til þess að vekja athygli á Norðurlöndum og norrænni samvinnu og að stuðla að nútímalegu Norðurlandaráði og norrænu samstarfi.

Alþingi, 16. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaform.	Illugi Gunnarsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Bjarni Benediktsson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Ásmundur Einar Daðason.

Fylgiskjal.

Tilmæli Norðurlandaráðs og ákvarðanir um innri málefni árið 2009.

Tilmæli samþykkt af forsætisnefnd janúar – október 2009.

- Tilmæli 1/2009: Samnorrænn gagnabanki um tegundir í baráttu gegn útrýmingu plöntu- og dýrategunda (A 1443/miljø).
- Tilmæli 2/2009: Umhverfisstefna Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar (A 1442/miljö og A 1446/presidiet).
- Tilmæli 3/2009: Aðgerðir gegn útbreiðslu berkla/fjölónæmra berkla og alnæmis í Norðvestur-Rússlandi (A 1465/velferd).
- Tilmæli 4/2009: Vindorkuver í Eystrasalti (A 1456/miljø).
- Tilmæli 5/2009: Bættur viðgerðaviðbúnaður fyrir raforkugeira á Norðurlöndum (A 1457/miljø).
- Tilmæli 6/2009: Samstarf norrænna sendiráða (A 1448/presidiet).
- Tilmæli 7/2009: Norræn framkvæmdaáætlun um starfsmanna- og notendastýrða nýsköpun innan ramma norrænu hnattvæðingaráætlunarinnar (A 1462/næring).

Tilmæli samþykkt á 61. þingi Norðurlandaráðs.

- Tilmæli 8/2009: Verkefna- og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2010 (B 263/presidiet).
- Tilmæli 9/2009: Betri nýting auðlinda í fiskveiðum og bann við brottkasti á fiski (A 1471/miljø).
- Tilmæli 10/2009: Alþjóðleg ráðstefna um þróun á heimskautasvæðum (A 1459/presidiet).
- Tilmæli 11/2009: Samræming milli norrænna þjóðskráa svo að hægt verði að nota kennitölu heimalandsins í hinum norrænu ríkjunum (A 1470/medborger).

- Tilmæli 12/2009: Notkun kennitölu – þróun auðkenniskerfis fyrir netverslun (A 1470/medborger).
- Tilmæli 13/2009: Framkvæmdaáætlun um orkusamstarf 2010–2013 (B 262/miljø).
- Tilmæli 14/2009: Norrænn þekkingarbanki á sviði umhverfis- og orkumála (A 1463/næring).
- Tilmæli 15/2009: Stofnun norrænnar skrifstofu í Minsk í Hvíta-Rússlandi (A 1435/presidiet).
- Tilmæli 16/2009: Átak um að samræma varnarmál á Norðurlöndum (A 1455/presidiet).
- Tilmæli 17/2009: Samstarf um stefnu í geimferðamálum (A 1464/næring).
- Tilmæli 18/2009: Stefna varðandi fólksflutninga, hælisleitendur og flóttafólk: Formlegt samstarfssvið hjá Norrænu ráðherranefndinni (A 1479/medborger).
- Tilmæli 19/2009: Börn sem verða fórnarlömb mansals (A 1449/medborger).
- Tilmæli 20/2009: Norrænt átak gegn fíkniefnum (A 1467/medborgar).
- Tilmæli 21/2009: Norræn áætlun gegn fíkniefnum og rannsóknarverkefni (A 1467/medborgar).
- Tilmæli 22/2009: Aukið rannsóknarsamstarf á og um norðurslóðir (A 1474/kultur).
- Tilmæli 23/2009: Norrænar rannsóknir á heimskautalægðum (A 1472/kultur).
- Tilmæli 24/2009: Menning í skólum (A 1469/kultur).
- Tilmæli 25/2009: Norrænt samstarf um fámennar iðngreinar/listgreinar (A 1473/kultur).
- Tilmæli 26/2009: Norrænu stofnuninni um tannlækningaefni (NIOM) verði breytt í samstarfsvettvang frá og með 1.1.2010 (B 264/velfærd).
- Tilmæli 27/2009: Sjálfbær vinnumarkaður fyrir alla á Norðurlöndum (A 1480/velferd).
- Tilmæli 28/2009: Tengslanet neytendasamtaka (A 1478/medborger).
- Tilmæli 29/2009: Samgöngukerfi á Mið-Norðurlöndum (A 1458/näring).
- Tilmæli 30/2009: Fylgt eftir endurskipulagningu menningarsviðs (A 1481/kultur).
- Tilmæli 31/2009: Beiting höfundarréttar á netinu (A 1482/kultur).
- Tilmæli 32/2009: Norrænt styrkjakerfi til þróunar á tölvuleikjum (A 1475/kultur).

Ákvarðanir um innri málefni.

- Ákvörðun 1/2009: Umhverfisstefna Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar (A 1442/miljö og A 1446/presidiet).
- Ákvörðun 2/2009: ESB-áætlun fyrir Norðurlandaráð (A 1438/presidiet).
- Ákvörðun 3/2009: Nánari kynning á norrænu samstarfi í þjóðþingunum (A 1439/presidiet).

822. Frumvarp til laga [233. mál]

um framhaldsfræðslu.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið, skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skipulags framhaldsfræðslu á vegum fræðsluaðila sem viðurkenningu hljóta samkvæmt lögum þessum og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við framkvæmd hennar.

2. gr.
Markmið.

Markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum er:

a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
b. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Framhaldsfræðsla:* Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.
b. *Raunfærnimat:* Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.
c. *Fræðsluaðili:* Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga þessara.

II. KAFLI
Um skipan framhaldsfræðslu.

4. gr.
Yfirstjórn.

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum. Í því felst ábyrgð á:

a. almennri stefnumótun framhaldsfræðslu í samráði við hagsmunaaðila,
b. almennri stjórnsýslu vegna framkvæmdar laga þessara,
c. málefnum Fræðslusjóðs,
d. stuðningi við þróun og nýsköpun á sviði framhaldsfræðslu og
e. eftirliti og mati.

5. gr.
Tilhögun.

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs. Að jafnaði skal námsframboði háttað þannig að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Haft skal samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr.

Hafa skal reglulegt samráð við fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga þessara um framkvæmd framhaldsfræðslunnar. Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar.

6. gr.
Vottun námskráa.

Gerðar skulu námskrár eða námslýsingar þar sem lýst er markmiðum framhaldsfræðslu, skipulagi námsins og inntaki.

Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni skv. 15. gr., vottar einstakar námskrár og námslýsingar. Í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

7. gr.
Viðurkenning fræðsluaðila.

Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum:

a. aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds,
b. skipulagi náms og umsjón með því,
c. námskrám eða námslýsingum,
d. hæfni þeirra sem annast framhaldsfræðslu með tilliti til þekkingar þeirra og reynslu,
e. fjárhagsmálefnum og tryggingum og
f. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Í viðurkenningu ráðherra skv. 1. mgr. felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Uppfylli fræðsluaðili, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki lengur skilyrði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið er að veitingu hennar og afturköllun.

Reikningar fræðsluaðila skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda og vera aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

8. gr.

Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf.

Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess.

Þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Ráðherra er heimilt að setja reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI
Opinber framlög til framhaldsfræðslu, Fræðslusjóður.

9. gr.

Fjárveitingar.

Alþingi veitir af fjárlögum fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna er henni tengjast. Þau framlög greinast í tvennt:

a. framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna,
b. framlög í Fræðslusjóð.

10. gr.

Fræðslusjóður, hlutverk.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Með því stuðlar sjóðurinn að þeim markmiðum sem talin eru í 2. gr.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Auglýsa skal eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald. Heimilt er stjórn Fræðslusjóðs að veita fræðsluaðilum sem njóta framlaga úr sjóðnum vilyrði um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Stjórn Fræðslusjóðs skal setja sérstaka skilmála um fjárframlög til fræðsluaðila og annarra sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði sem ráðherra staðfestir. Sjóðurinn skal birta yfirlit yfir nám sem sjóðurinn veitir fé til.

Heimilt er ráðherra að semja við til þess bæra aðila um að annast fjárreiður og umsýslu með sjóðnum. Jafnframt getur ráðherra falið stjórn Fræðslusjóðs að hafa umsjón með sérstökum verkefnum er tengjast framhaldsfræðslu og framkvæmd laga þessara.

11. gr.
Stjórn Fræðslusjóðs.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félags- og tryggingamálaráðherra einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

IV. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum.

12. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum framhaldsfræðslu er:

a. að tryggja að starfsemi fræðsluaðila sé rekin í samræmi við ákvæði laganna, reglna sem settar kunna verða á grundvelli þeirra og námskráa skv. 6. gr.,
b. að stuðla að gæðum fræðslustarfs samkvæmt lögum þessum og
c. að virt séu réttindi einstaklinga sem nýta sér þjónustu sem rekin er á grundvelli laganna.

13. gr.
Miðlun og varðveisla upplýsinga.

Ráðuneyti annast söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu er varðar stefnumótunar- og eftirlitshlutverk þess. Fræðsluaðilum sem fengið hafa viðurkenningu og stuðning er skylt að veita ráðuneyti og Fræðslusjóði upplýsingar um fræðslustarfsemi sína, árangur hennar og þróun og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast, m.a. um ráðstöfun fjármuna og vegna vinnu við tölfræði. Ráðuneyti getur jafnframt falið öðrum aðila með samningi verkefni sín samkvæmt þessari grein. Við slíka ráðstöfun er fræðsluaðilum skylt að veita þeim aðila umbeðnar upplýsingar.

Fræðsluaðila ber að varðveita upplýsingar um það nám sem nemendur hafa lagt stund á og lokið og að veita þeim aðgang að þeim.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu fræðsluaðila samkvæmt grein þessari og um meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

14. gr.

Framkvæmd mats á fræðslustarfi.

Fræðsluaðilar meta sjálfir með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins og birta opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur í kjölfar þess.

Ráðherra hefur umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði, reglugerð, gildistaka.

15. gr.

Umsýsla.

Heimilt er ráðherra að semja við félag eða stofnun um umsjón með verkefnum sem tilgreind eru í 6. gr., um vottun námskráa og námslýsinga, í 7. gr., um viðurkenningu fræðsluaðila, í 10. gr., um umsýslu með Fræðslusjóði, og í 13. gr., um söfnun og miðlun upplýsinga.

16. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir fræðsluaðila og Fræðslusjóðs samkvæmt lögum þessum sæta ekki kæru til ráðherra.

17. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010. Við gildistöku þeirra falla brott lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

823. Fyrirspurn [478. mál]

til fjármálaráðherra um rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á stórfelldu skattundanskoti.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvert er áætlað umfang afleiðu- og gjaldmiðlasamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?
2. Hvert er áætlað umfang kaupréttarsamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?
3. Hvert er áætlað umfang niðurfellingar ábyrgða og afskrifta lána til fyrrum starfsmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækja frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?
4. Hvaða fjármagn hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins til ráðstöfunar til að sinna rannsóknum á hugsanlegum ógreiddum sköttum vegna afleiðu-, gjaldmiðla- og kaupréttarsamninga, niðurfellinga ábyrgða, greiðslna á einkakostnaði eigenda og stjórnenda og afskrifta lána?
5. Hversu margt starfsfólk hefur skattrannsóknarstjóri til að sinna rannsóknum á hugsanlegum ógreiddum sköttum vegna afleiðu-, gjaldmiðla- og kaupréttarsamninga, niðurfellinga ábyrgða, greiðslna á einkakostnaði eigenda og stjórnenda og afskrifta lána?
6. Hefur skattrannsóknarstjóri fengið auknar fjárveitingar eða fjölgað starfsfólki eftir hrun bankanna haustið 2008?
7. Hversu margir munu starfa við sérstakan starfshóp um skattundanskot í fjármálakerfinu og hversu mikið fjármagn munu þeir hafa til ráðstöfunar?
8. Hversu mörgum málum hefur verið vísað til skattrannsóknarstjóra frá skila- og slitastjórnum föllnu bankanna frá október 2008?

Skriflegt svar óskast.

824. Fyrirspurn [479. mál]

til forsætiráðherra um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hversu margar nefndir og ráð voru starfandi á vegum ríkisins árið 2009, sundurliðuð eftir ráðuneytum?
2. Hvert var kynjahlutfallið, sundurliðað eftir ráðuneytum?
3. Hversu mikill kostnaður, annar en launakostnaður, hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?

4. Hversu mikill launakostnaður hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?
5. Hefur ríkisstjórnin mótað stefnu um einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með fækkun nefnda og ráða?

Skriflegt svar óskast.

825. Fyrirspurn [480. mál]

til forsætisráðherra um kostnað vegna tafa á lausn Icesave-málsins.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hver er heildarfjárhæð kostnaðar vegna tafa á lausn Icesave-málsins samkvæmt útreikningum ráðherra og hvernig er fjárhæðin sundurliðuð en í munnlegri skýrslu ráðherra 8. mars sl. um stöðuna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu kom fram að kostnaðurinn næmi tugum milljarða kr.?

826. Fyrirspurn [481. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við aðildarumsóknarferlið að Evrópusambandinu.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Liggur fyrir nákvæmari kostnaðaráætlun um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu en fylgdi með nefndaráliti um þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um málið (fskj. IV með þskj. 249, 38. máli 137. löggjafarþings)? Ef ekki, hvenær mun sundurliðuð áætlun liggja fyrir? Hvað er búið að gera til þess að gera matið á kostnaðinum nákvæmara og minnka skekkjumörkin, sbr. athugasemdir fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um kostnaðarmat utanríkisráðuneytis (fskj. V með sama þingskjali)?
2. Hefur ráðherra tekið afstöðu til þess pólitíska álitamáls sem skipulag og nálgun aðildarviðræðnanna er, sbr. athugasemdir fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og tekið tillit til þess að kostnaðurinn gæti orðið umtalsvert meiri ef flókið og erfitt reynist að ná fram samningsmarkmiðum stjórnvalda?
3. Hversu mikill kostnaður féll til árið 2009 og hversu mikill hefur hann verið til þessa árið 2010? Hvernig er gjaldfært á þennan lið og hvernig sundurliðast kostnaðurinn?
4. Er búið að áætla heildarkostnað íslenska ríkisins af umsóknarferlinu umfram það sem áætlað var um kostnað ráðuneytanna í kostnaðaráætluninni með þingsályktunartillögunni? Ef ekki, hvers vegna hefur það ekki verið gert? Stendur slík áætlanagerð yfir, og ef svo er, hvenær mun hún liggja fyrir?

5. Er búið að áætla ferðakostnað allra ríkisstarfsmanna sem beinlínis er vegna aðildarumsóknarinnar, t.d. starfsmanna ríkisstofnana, alþingismanna og starfsmanna Alþingis?
6. Eru ferðir ráðherra til funda með fulltrúum EES/ESB-ríkja vegna aðildarumsóknar og aðildarviðræðna áætlaðar í kostnaðinum?
7. Hvað er gert ráð fyrir mörgum utanlandsferðum utanríkisráðherra og annarra ráðherra á þessu ári vegna aðildarumsóknarinnar?
8. Er haldið utan um allan kostnað sem fellur til vegna aðildarumsóknarinnar þannig að hann sé öllum sýnilegur í bókhaldi ríkisins? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slíku verklagi verði komið á?
9. Hver er áætlaður kostnaður við breytingar á stofnanakerfinu, t.d. á landbúnaðarstofnunum?
10. Hver er áætlaður kostnaður Hagstofu Íslands vegna kröfu um að hún haldi utan um hagtölur landbúnaðarins í stað Búnaðarsambands Íslands?
11. Eru væntanlegar fleiri slíkar kostnaðarsamar breytingar sem beinlínis stafa af aðildarumsókninni hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins? Ef svo er, hverjar eru þær og hversu mikill er kostnaðurinn áætlaður?
12. Af hverju var þessi kostnaður ekki nefndur í kostnaðaráætluninni með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra? Hafði ráðherra vitneskju um þennan hugsanlega kostnað við aðildarumsóknina?

Skriflegt svar óskast.

827. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til landflutningalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svanhvíti Axelsdóttir og Karl Alvarsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Ólaf Jónsson frá Skeljungi hf., og Lilju Jónsdóttir hrl. og Nótt Thorberg frá Landflutningum Samskip.

Umsagnir bárust frá ríkislögreglustjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samskipum hf., Vegagerðinni, Skeljungi hf., Byggðastofnun, Neytendastofu, SVÞ – samtökum verslunar og þjónustu, flutningasviði og Umferðarstofu.

Markmið frumvarpsins eru að laga reglur um landflutninga að því rekstrarumhverfi sem greinin býr við núna og þeim breytingum sem orðið hafa á því sviði. Gildandi lög á þessu sviði eru lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Núgildandi lög grundvallast á tillögum frá Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, sem aftur eru byggðar á reglum um flutningssamninga og flutningaábyrgð annars staðar á Norðurlöndunum. Talið var tímabært að fara yfir regluverkið á þessu sviði með heildarendurskoðun í huga. Í því skyni skipaði þáverandi samgönguráðherra í október 2006 starfshóp til að endurskoða lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Starfshópurinn

var auk fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skipaður fulltrúum flytjenda og kaupenda þjónustu og er frumvarp það sem hér er til umfjöllunar afrakstur af vinnu þessa starfshóps.

Með frumvarpinu eru kynntar fjölmargar breytingar og nýmæli frá núgildandi lögum sem fjallað er ítarlega um í frumvarpinu. Breytingarnar lúta m.a. að gildissviði laganna, en lagt er til að lögin gildi um allan vöruflutning með ökutæki á landi og gildi því bæði um vörusendingar sem fluttar eru milli bæjarfélaga og innan sama bæjafélags, auk þess sem gert er ráð fyrir að lögin gildi um flutninginn hvort sem greitt er fyrir hann eður ei. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða flutningasamninginn og fylgibréf. Reglur frumvarpsins um fjárhæð bóta miða að því að gera reglurnar ítarlegri svo auðveldara sé að ákvarða bætur þegar vara skemmist eða glatast. Þá er lagt til að bótafjárhæð verði takmörkuð og fjárhæðin miðuð við 12,5 SDR þótt heimilt verði að semja um hærri bætur. Ein meginbreytingin sem lögð er til með frumvarpinu snýr að ábyrgðarreglum. Hvað ábyrgð flytjanda varðar er horfið frá hlutlægri ábyrgð með nánar tilgreindum undantekningum eins og núverandi lög gera ráð fyrir og þess í stað lagt til að tekin verði upp sakarlíkindaregla þannig að sönnunarbyrðin hvíli á flytjanda um að hann eigi ekki sök á tjóninu. Slík leið er að einhverju leyti mildari en ábyrgðarreglan sem nú er stuðst við. Sem dæmi má nefna að samkvæmt gildandi lögum getur flytjandi borið ábyrgð á tjóni sem rakið verður til sakar óviðkomandi þriðja aðila, t.d ökumanna annarra ökutækja eða þjófa, og tjóni sem hlýst af tilviljun eins og bruna og umferðarslysi, einnig ef tjónið má rekja til bilunar eða galla í ökutækinu sem notað er til að flytja vöruna. Þá er í frumvarpinu kveðið skýrar á um reglur er varða ábyrgð sendanda.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að tímbært hafi verið að taka reglur á þessu sviði til heildarendurskoðunar og telur frumvarp þetta vera bóta og til þess fallið að skýra það regluverk sem stuðst er við í flutningi vöru innan lands. Meiri hlutinn telur að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu þess eðlis að stuðla að skilvirkari og sanngjarnari starfsumhverfi fyrir aðila sem koma að landflutningum.

Fram komu þær athugasemdir við frumvarpið að skilgreining nokkurra hugtaka samræmdist ekki skilgreiningu sömu hugtaka í umferðarlögum. Áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að samræmis sé gætt við skilgreiningu helstu hugtaka á þessu sviði og vekur í því sambandi athygli á að á næstu dögum verður lagt fram á Alþingi frumvarp þar sem umferðarlög eru tekin til heildarendurskoðunar og er hugtakanotkun frumvarpsins í samræmi við það.

Einnig ræddi nefndin sjónarmið er snúa að knöppum tímafresti til handa móttakanda vöru, sbr. 27. gr. Það er mat meiri hlutans að þrír dagar verði að teljast mjög hæfilegur tími og vekur í því samhengi athygli á því að framangreint ákvæði er byggt á mati starfshópsins og var einn í hópnum fulltrúi notenda þjónustunnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þór Saari sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. mars 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. — Lilja Rafney Magnúsdóttir. — Björgvin G. Sigurðsson.

Róbert Marshall. — Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

828. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson, skrifstofustjóra í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, og Örn Pálsson, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda.

Umsagnir bárust frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Óskari Karli Guðmundssyni útgerðarmanni, Persónuvernd, Vegagerðinni og Sjómannasambandi Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um lögskráningu sjómanna (mál nr. 244). Í frumvarpinu er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laga um eftirlit með skipum þar sem ákvæðið verður óþarft fyrir skip undir 20 brúttótonnum nái frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna fram að ganga.

Í gildandi lögum um eftirlit með skipum er gert ráð fyrir að haffærisskírteini verði eingöngu gefið út fyrir skip undir 20 brúttótonnum þegar fyrir liggur yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu. Samkvæmt frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna sem lagt er fram samhliða frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að lögskráningarskylda skipa nái til allra skráningarskyldra skipa, þ.m.t. skipa undir 20 brúttótonnum. Nefndin vekur athygli á að gert er ráð fyrir að yfirlýsing tryggingafélags verði lögð fram við lögskráningu líkt og verið hefur um skip yfir 20 brúttótonnum. Gangi þessi breyting eftir liggur því fyrir að framlagning slíkrar yfirlýsingar við útgáfu haffærisskírteinis verður óþörf og því eðlilegt að umræddur málsliður verði látinn niður falla, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þór Saari sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. mars 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson.

Róbert Marshall. Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

829. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um lögskráningu sjómanna.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson, skrifstofustjóra í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Óskari Karli Guðmundssyni útgerðarmanni og Sjómannasambandi Íslands.

Lögskráning sjómanna eins og hún þekkist í dag hefur tíðkast hér á landi frá árinu 1930 og er einsdæmi. Henni er ætlað að tryggja sönnun fyrir því hverjir hafi verið um borð í skipi ef það ferst. Þá er lögskráningin liður í eftirliti með því að skipverjar hafi lögboðin starfsréttindi, staðfesting á að lögboðin slysatrygging sé í gildi og jafnframt að fyrir liggi gögn um haffæri skips. Einnig felst í henni skráning á siglingatíma skipverja. Tilgangur þessa frumvarps er einkum að taka upp rafræna lögskráningu meðal skipverja sjálfra sem einfaldar umsýslu og framkvæmd skráningarinnar. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarferlið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þennan möguleika verður áfram hægt að lögskrá með eldra fyrirkomulaginu. Með notkun rafrænna skilríkja verður hægt að tryggja að upplýsingar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Einnig er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráning tekur nú til allra skipverja sem starfa um borð í skipum sem eru skráningarskyld hér á landi. Í gildandi lögum nær skráningin til allra skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem eru skráð hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Ekki eru taldar forsendur fyrir því að gera greinarmun á eftirliti með kröfum um tilskilin réttindi og tryggingar eftir stærð skipa.

Á fundum nefndarinnar var rætt um áhrif þeirra breytinga sem hér eru lagðar til en þær helstu eru eins og ofan er rakið að lögskráningarskyldan á að ná til allra skipa óháð stærð og að framkvæmd lögskráningar verði rafræn. Fjallað var um mikilvægi þess að lögskráningarskyldan nái til allra skipa óháð stærð. Samkvæmt núgildandi lögum eru skip minni en 20 brúttótonn ekki lögskráningarskyld. Telur nefndin eðlilega ráðstöfun að lögskráningarskyldan nái til allra skipa óháð stærð. Það er öryggissjónarmið að fyrir liggi sönnun þess hverjir eru skráðir á skip hverju sinni auk þess sem breytingin einfaldar framkvæmd og kostnað við skráningar.

Meiri hlutinn telur þá breytingu að lögskráning verði rafræn jákvæða og bæði til þess fallna að einfalda framkvæmd og draga úr kostnaði, bæði fyrir skráningarskylda aðila og stjórnvöld. Engu síður verður sá möguleiki að vera fyrir hendi að lögskrá með svipuðum hætti og áður fyrir þá sem þess óska. Meiri hlutinn leggur áherslu á að tilgangur og markmið lögskráningar séu þau sömu og áður og að ekki sé verið að hrófla við þeim með breytingunum sem hér eru lagðar til.

Varðandi þau sjónarmið sem fram hafa komið hvort nauðsynlegt sé að afskrá skipverja eftir hverja veiðiferð bendir meiri hlutinn á almennu regluna samkvæmt gildandi lögum um að afskrá skuli skipverja þegar veru hans lýkur um borð, hvort sem er vegna ráðningarslita eða fjarveru um stundarsakir vegna orlofs, slyss, veikinda eða að skip sé ekki í förum tímabundið vegna bilana, viðgerða, endurbóta eða ef skipi er ekki haldið úti af öðrum ástæðum. Meiri hlutinn telur í ljósi ofangreinds að ekki þurfi að afskrá skipverja eftir hverja veiðiferð nema áðurnefnd atriði eigi við og fram kom á fundum nefndarinnar að það hafi ekki verið ætlunin með framlögðu frumvarpi að gera breytingar þessu.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði brott málsgrein í 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að skylt sé að framkvæma lögskráningu innan sólarhrings frá því að skip yfirgefur höfn ef frávik verður frá meginreglunni um að ganga skuli frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn. Er það mat meiri hluta

nefndarinnar að nægilegt sé að gera undantekningu í neyðartilvikum eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins. Þá leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu á 8. gr. sem er ætlað að skýra málsgreinina. Loks leggur meiri hlutinn til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins þar sem nokkurn tíma þarf til útfærslu á tölvukerfum. Meiri hlutinn leggur til að gildistaka verði 1. nóvember.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
2. Við 8. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að fara um borð í íslensk skip, á hafi sem í höfn, og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna.
3. Við 10. gr. í stað „1. janúar 2010“ komi: 1. nóvember 2010.

Þór Saari sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. mars 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Róbert Marshall.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	

830. Skýrsla [482. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2009.

1. Inngangur.

Það sem bar hæst í starfi Vestnorræna ráðsins á árinu var einkum fernt. Í fyrsta lagi fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og sendinefndar Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndin) sem haldinn var í Brussel 24. febrúar. Um var að ræða annan formlegan fund nefndanna síðan samkomulag um reglulega fundi var undirritað 2008 á milli Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins. Á fundinum var rætt um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda hafsins, fyrirhugað bann við sölu selafurða frá Grænlandi á innri markað ESB, framtíðarhorfur tvíhliða samnings Evrópusambandsins og Grænlands, sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins og mikilvægi sjávarútvegs fyrir Vestur-Norðurlöndin. Að lokum var rætt um sjósamgöngur og öryggismál í Norður-Atlantshafi og áhrif loftlagsbreytinga á norðurslóðum.

Í öðru lagi var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um námsmöguleika fyrir ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum haldin á Grænlandi 4.–7. ágúst. Á ráðstefnunni var staða framhaldsskólamenntunar á Vestur-Norðurlöndunum kortlögð auk þess sem brottfall var sérstaklega skoðað og gerð grein fyrir námsframboði fyrir ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að það kerfi fræðslumiðstöðva, sem innleitt var á Íslandi árið 2003 með samstilltu átaki samtaka verkalýðsfélaga og atvinnurekenda auk menntamálaráðuneytis,

hefði gefið góða raun í samanburði við önnur úrræði. Í ljósi þess gæti það kerfi þjónað sem fyrirmynd fyrir hin Vestur-Norðurlöndin. Á sama tíma væri enn sem áður mikilvægt að leita lausna á vandamálum tengdum skólasókn og brottfalli og leita í smiðju annarra þjóða eins og Svíþjóðar þar sem brottfall úr framhaldsskólum er með því minnsta sem gerist á Norðurlöndum.

Í þriðja lagi var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn í Færeyjum. Ársfundurinn samþykkti alls þrjár ályktanir, eina frá hverju Vestur-Norðurlandanna, sem allar byggðust á þemaráðstefnunni og mæltu fyrir um aukna samvinnu á sviði menntamála. Tillaga Íslands mælti fyrir um nemenda- og kennaraskipti milli verkmenntaskóla og þátttöku fræðslumiðstöðva með áherslu á nám fyrir ófaglærða, tillaga Grænlands um samvinnu milli vestnorrænna háskóla um fjarnám og tillaga Færeyja um skiptinemaáætlun fyrir framhaldsskólanema. Hugmyndin að baki öllum tillögunum var að nýta það skólastyrkjakerfi sem fyrir er í löndunum til að stuðla að aukinni samvinnu en að annar kostnaður eins og ferða- og uppihaldskostnaður yrði greiddur úr norrænum styrktarsjóðum. Að lokum samþykkti ársfundur að fela undirbúningsnefnd að leggja fram tillögur um skóla sem gætu tekið þátt í þeirri samvinnu sem tillögurnar mæla fyrir um.

Í fjórða lagi tók formaður Vestnorræna ráðsins auk formanna hinna landsdeildanna virkan þátt í umræðum á Norðurlandaráðsþingi þar sem þau vöktu m.a. athygli á framlagi Vestur-Norðurlandanna til endurskoðunar á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2010 sem mun fjalla um kosti og galla fiskveiðistjórnarkerfa Vestur-Norðurlandanna. Formenn landsdeilda Vestnorræna ráðsins tóku einnig til máls í umræðu um brottkast á fiski, banni Evrópusambandsins á sölu selafurða, brottfall úr námi á Vestur-Norðurlöndunum og áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi og lífskjör íbúa á Vestur-Norðurlöndum.

2. Almennt um Vestnorræna ráðið.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í höfuðstað Grænlands, Nuuk, 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur reglulega saman tvisvar sinnum árlega, til ársfundar og þemaráðstefnu. Ársfundur fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð formanni landsdeildar hvers aðildarríkis, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur síðan árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir. Auk þess getur ráðið skipað vinnunefndir um tiltekin mál.

Markmið Vestnorræna ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, vernda auðlindir og menningararfleið Norður-Atlantshafssvæðisins, stuðla að samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda um mikilvæg mál, og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum ráðsins með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna sem samþykktar eru á aðalfundi. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfismál, auðlinda- og samgöngumál, björgunar- og öryggismál, menningarmál, og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt. Jafnframt vinnur Vestnorræna ráðið að framgöngu

sinna markmiða með virkri þátttöku í norrænu, evrópsku og norðurskauts samstarfi. Undanfarin ár hefur ráðið lagt aukna áherslu á að formgera slíkt samstarf. Árið 2006 var undirritaður samstarfssamningur Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs sem veitir Vestnorræna ráðinu aukinn tillögu- og málflutningsrétt á Norðurlandaráðsþingi, og árið 2008 var undirritaður samningur við sendinefnd Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndina) um reglubundna upplýsinga- og samráðsfundi. Auk þess hefur Vestnorræna ráðið áheyrnaraðild að þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

3. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í upphafi árs 2009 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn sem aðalmenn: Karl V. Matthíasson formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Johnsen varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Guðbjartur Hannesson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Herdís Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Höskuldur Þórhallsson, þingflokki Framsóknarflokks, Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Breytingar urðu á skipan aðal- og varamanna Íslandsdeildar eftir kosningar til Alþingis 25. apríl og kosningu Alþingis í nefndir 15. maí. Aðalmenn voru kosnir: Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ólína Þorvarðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Þráinn Bertelsson, þingflokki Borgarahreyfingarinnar og síðar óháður. Varamenn voru kosnir: Ásbjörn Óttarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásmundur Einar Daðason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Björn Valur Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Höskuldur Þórhallsson, þingflokki Framsóknarflokks, Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Á fundi Íslandsdeildar 18. maí var Ólína Þorvarðardóttir kosin formaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður deildarinnar. Magnea Marinósdóttir var ritari Íslandsdeildar.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Bar hæst undirbúningur fyrir þemaráðstefnu á Grænlandi um námsmöguleika fyrir ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum og ársfund í Færeyjum þar sem Íslandsdeildin lagði fram ályktunartillögu. Jafnframt lagði Íslandsdeildin fram tillögu á ársfundi um að fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlandanna yrði þema fyrir næstu þemaráðstefnu og var sú tillaga samþykkt var einróma.

4. Fundir Vestnorræna ráðsins 2009.

Vestnorræna ráðið hélt að venju þemaráðstefnu og ársfund en báðir fundir voru haldnir í ágúst í stað júní og ágúst. Ástæðan var kosningar til Alþingis 25. apríl og kosningar til landsþings Grænlands 2. júní. Þess má einnig geta að vegna sparnaðaraðgerða sótti helmingur þeirra þingmanna sem eiga sæti í Íslandsdeild hvorn fund, þ.e. þemaráðstefnu og ársfund. Þá voru haldnir tveir forsætisnefndarfundir á árinu til hliðar við ársfund og þemaráðstefnu auk þess sem forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins átti fund með sendinefnd Evrópuþingsins og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Einnig átti Íslandsdeildin óformlegan hádegisverðarfund hérlendis með utanríkismálanefnd færeyska lögþingsins 20. október.

Forsætisnefndarfundur 24. febrúar í Brussel.

Karl V. Matthíasson, formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, sótti fund forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 24. febrúar ásamt Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Fundurinn var haldinn í húsakynnum sendiskrifstofu Færeyja í Brussel. Eftir kynningu á starfsemi sendiráðsins var fyrirhuguð þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins 9.–12. júní á Grænlandi, tekin á dagskrá. Ruth Heilmann, þáverandi formaður grænlensku landsdeildarinnar, greindi frá því að ráðstefnan yrði haldin í Grænadal og þemað yrði námsmöguleikar fyrir ófaglærða.

Formaður Vestnorræna ráðsins, Kári Højgaard, greindi frá fyrirhuguðum fundi sínum og framkvæmdastjóra ráðsins með fulltrúum menntamálasviðs norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn 27. febrúar. Tilefni fundarins voru tilmæli Vestnorræna ráðsins til norrænu ráðherranefndarinnar um stofnun vinnuhóps sem hefði það hlutverk að kanna forsendur þess að setja á laggirnar norrænan lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndum. Kári kynnti næst hugmynd sína um að stofnað verði Vestnorrænt ráð unga fólksins sem svipar til hugmyndarinnar um Norðurlandaráðsþing æskunnar. Hugmyndin gengur út á að samhliða ársfundi Vestnorræna ráðsins verði haldnir fundir um vestnorrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndunum þremur með þátttöku ungliða úr öllum stjórnmálaflokkum. Fundirnir þrír yrðu síðan sameinaðir í einn að lokum fyrir tilstilli fjarfundabúnaðar til að stuðla að umræðu milli vestnorrænna ungliða. Karl V. Matthíasson tók vel í hugmyndina enda í samræmi við markmið ráðsins um að styrkja böndin á milli landanna. Ruth var ekki andsnúin hugmyndinni en taldi í ljósi fjármálakreppunnar að ráðið ætti að einbeita sér að þeim verkefnum sem búið væri að samþykkja að vinna að eins og stofnun Vestnorræna dagsins í stað þess að stofna til nýrra útgjaldafrekra verkefna. Það væri líka hægt að gera ráð fyrir þátttöku ungs fólks úr stjórnmálum, menningar- og íþróttalífinu á Vestnorræna deginum. Fundarmenn tóku undir orð hennar en jafnframt var ákveðið að taka hugmynd Kára til frekari umræðu innan hverrar landsdeildar. Ruth spurði því næst hvort stæði til að halda vestnorræna þingkvennaráðstefnu á Íslandi 2009 eins og um hafi verið rætt en árið 2004 og 2006 voru slíkar ráðstefnur haldnar í Færeyjum og Grænlandi í samræmi við ályktun Vestnorræna ráðsins frá árinu 1999. Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins upplýsti að ráðstefnurnar hefðu ekki verið haldnar af Vestnorræna ráðinu heldur í boði þjóðþinganna. Boð á ráðstefnuna væri því í höndum forseta Alþingis.

Gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið, sem er í samræmi við tilmæli Vestnorræna ráðsins til Norðurlandaráðs árið 2008 og hluti af formennskuáætlun Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni 2009, var næst tekin til umræðu. Fögnuðu formennirnir því að málið væri komið á dagskrá og framkvæmdastjórinn benti jafnframt á að formennskuáætlun Svíþjóðar í Norðurlandaráði um samfélagsöryggi í víðum skilningi væri einnig í takt við áherslur Vestnorræna ráðsins síðustu ár. Að lokum var greint frá ráðstefnu Norðurlandaráðs um norðurslóðamál sem haldin var í þjóðþingum Svíþjóðar og Danmerkur 2009.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og sendinefndar Evrópuþingsins 24. febrúar í Brussel.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins átti sinn annan formlega fund með sendinefnd Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndinni) í Brussel 24. febrúar. Aloyzas Sakalas, varaformaður sendinefndar Evrópuþingsins frá Litháen, setti fundinn í fjarveru formanns nefndarinnar, þingkonunnar Bilyana Raeva frá Búlgaríu. Eftir formlega kynningu á formönnum landsdeilda Vestnorræna ráðsins og sendinefnd Evrópuþingsins var fundur settur. Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál: sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins, þ.m.t sel- og hvalveiðar, sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins í samhengi við mikilvægi sjávarútvegs fyrir

Vestur-Norðurlönd, framtíðarhorfur tvíhliða samnings Evrópusambandsins og Grænlands með áherslu á náttúruauðlindir sem Grænland býr yfir eins og málma og olíu, loftlagsbreytingar og umhverfisáhrif þeirra, aðstæður í Norður-Atlantshafi, sjósamgöngur, öryggis- og björgunarmál og norðurskautsgluggi norðlægrar víddar ESB.

Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins.

Kári Højgaard, formaður landsdeildar Færeyja, hélt framsögu um hvalveiðar á Vestur-Norðurlöndunum. Hann lagði áherslu á að hvalveiðar á Vestur-Norðurlöndum væru sjálfbærar og hluti af menningu landanna. Ruth Heilmann, formaður landsdeildar Grænlands, vék að mikilvægi selveiða fyrir menningu og hagkerfi Grænlands. Hún andmælti fyrirhuguðu banni við sölu selafurða á innri markaði ESB og benti á að með banninu væri verið að grafa undan afkomumöguleikum fólks sem hefði lífsviðurværi sitt af hefðbundnum veiðum og vinnslu margs konar afurða úr selskinni. Þar væri um að ræða bæði fatnað og annars konar handverk sem jafnfram væri hluti af handverkshefð og menningararfleið landsins.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB.

Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, fjallaði um fiskveiðistjórnarkerfi Íslands með hliðsjón af sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Í máli hans kom fram að allt frá landgrunnslögunum, sem sett voru hérlendis árið 1948, hafi áhersla verið lögð á sjálfbærar veiðar enda lífsafkoma Íslands og hagvöxtur háð sjávarútvegi. Það sama ætti við um hinar Vestur-Norðurlandaþjóðirnar. Hann benti á að markmið fiskveiðistjórnarkerfis Vestur-Norðurlandanna og ESB væri eitt og hið sama, þ.e. að koma í veg fyrir ofveiði. Árangurinn væri hins vegar ekki sá sami þar sem ofveiði væri enn vandamál innan ESB á meðan það gagnstæða gilti um Vestur-Norðurlöndin. Ástæðan lægi hugsanlega í því að ekki væri til staðar nógu skýrt samband á milli markmiðanna um sjálfbærar veiðar annars vegar og hagkvæms rekstrar hins vegar. Í því sambandi vísaði hann til niðurgreiðslna frá hinu opinbera til sjávarútvegs innan Evrópusambandsins. Karl lauk máli sínu með því að benda á að í ljósi ofveiðivandans innan ESB og mikilvægis sjávarútvegs í þjóðarframleiðslu og útflutningstekjum Íslands í samanburði við öll ríki ESB samanlagt þá gjaldi margir á Íslandi varhug við því að færa ákvarðanir um íslenskan sjávarútveg undir ráðherraráð ESB í umræðum um hugsanlega aðild Íslands að ESB.

Að loknum framsögum sagði Sakalas að innan ESB væri skilningur á mikilvægi sjávarútvegs og veiða fyrir efnahag Vestur-Norðurlandanna.

Framtíðarhorfur samstarfssamnings ESB og Grænlands.

Ruth Heilmanns sagði mikinn áhuga vera á Grænlandi á útvíkkun samstarfsins við ESB. Hún nefndi sérstaklega í því sambandi samvinnu á sviði ferðamennsku, rannsókna og menningar. Sendinefnd Evrópuþingsins tók í sama streng um leið og bent var á möguleikana sem náttúruauðlindir landsins gætu haft að segja fyrir framtíð Grænlands og samband við umheiminn en Grænland er ríkt af málmum og nú stendur olíuleit yfir. Evrópuþingmennirnir spurðu einnig hvort Grænland mundi hugsanlega sækja aftur um aðild að ESB en það sagði sig úr ESB árið 1985. Ruth svaraði því til að umræða væri um þau mál á Grænlandi en ekkert benti til ESB-aðildar Grænlands í nánustu framtíð þótt enginn gæti vitað hvað framtíðin bæri í skauti sér.

Loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á umhverfið.

Kári fjallaði um hvað áhrif loftlagsbreytinganna kæmu sterkt fram á Vestur-Norðurlöndum, m.a. í atferli dýra- og fiskstofna, sem hefðu bein áhrif á lífshætti og afkomu íbúa Vestur-Norðurlanda. Mikilvægt væri í ljósi þessa að styrkja rannsóknarsamstarf um áhrif loftslagsbreytinga á umhverfið, ekki síst hafrannsóknir. Í máli sendinefndar Evrópuþingsins var einkum vikið að tækifærum sem væru til staðar á sviði orkusparneytni og endurnýtanlegra orkugjafa. Tekið var dæmi um að 40% af allri orkuframleiðslu færi í upphitun húsnæðis og þar væru miklir möguleikar á að leita nýrra leiða.

Öryggismál á hafi.

Kári vék að þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var sumarið 2008 í Færeyjum um öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafi með hliðsjón af auknum farm- og farþegaflutningum. Hann undirstrikaði að öryggismálum á Norður-Atlantshafi væri ábótavant, ekki síst þegar kæmi að samstarfi og samhæfingu við leit og björgun. Karl benti á þá auknu hættu á mengunarslysum og mannskaða sem fylgir auknum siglingum skipa með olíu og gas frá Rússlandi og ferðum stórra skemmtiferðaskipa frá sunnanverðri Evrópu sem þekkja illa til aðstæðna á norðurhöfum. Karl vakti jafnframt athygli á tilmælum Vestnorræna ráðsins til norrænu ráðherranefndarinnar um stofnun vinnuhópa sem hefðu það hlutverk að kortleggja stöðu siglingaöryggis í Norður-Atlantshafi og koma með tillögur á grundvelli þeirrar greiningar að viðbragðs- og samstarfsáætlun um öryggis- og björgunarmál. Í því sambandi benti Karl einnig á formennskuáætlun Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni um gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshaf. Sendinefnd Evrópuþingsins gerði grein fyrir stefnumótun ESB um siglingar fram til ársins 2018 og stefnumótun sambandsins í loftslagsmálum fram til ársins 2020. Starfsemi sérfræðingastofnunar ESB um öryggismál á hafi var kynnt en sú stofnun veitir tæknilega og vísindalega ráðgjöf til framkvæmdastjórnar ESB sem setur lög og reglur um þau mál.

Norðurskautsgluggi norðlægu víddarinnar.

Ruth Heilmann kom á framfæri ósk frá Vestnorræna ráðinu um að ESB sinnti norðurslóðamálum í meiri mæli. Í máli Karls kom fram að áhugi manna hefði í auknum mæli beinst að norðurslóðum vegna aukinna möguleika á nýtingu náttúruauðlinda og nýrra siglingaleiða í kjölfar hlýnunar. Það væri mikilvægt í þeim efnum að huga einnig að hagsmunum og lífsgæðum fólksins á svæðinu þar sem margir ættu við félagsleg vandamál að stríða í kjölfar breyttra aðstæðna og lífshátta. Í þessu sambandi vakti hann athygli á gerð sérstakra félagslegra viðmiða fyrir norðurslóðir (e. arctic social indicators) til viðbótar við þróunarviðmið Sameinuðu þjóðanna (e. human development indicators) sem unnið er að innan Norðurskautsráðsins og eiga að endurspegla betur sérstakar aðstæður íbúa norðurskautssvæðisins.

Að lokum var ákveðið að halda næsta fund forsætisnefndar og sendinefndar Evrópuþingsins annaðhvort í Færeyjum eða Grænlandi. Þingmenn forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins sóttu einnig fyrstu þingmannaráðstefnuna um norðlægu víddina sem haldin var 25.–26. febrúar.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins 4.–7. ágúst á Grænlandi.

Dagana 4.–7. ágúst fór fram þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins. Ráðstefnuna sóttu af hálfu Íslandsdeildar Ólína Þorvarðardóttir formaður, Árni Johnsen og Sigurður Ingi Jóhannsson ásamt Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Ráðstefnan var haldin um borð í skipi danska

sjóhersins og í Grænadal á Grænlandi þar sem sjóherinn hefur aðstöðu. Boð danska sjóhersins um fundaraðstöðu kom í kjölfar þátttöku hersins í björgunar- og leitaræfingu sem haldin var í tengslum við þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum árið áður.

Ráðstefnan, sem var tileinkuð námsmöguleikum ófaglærðra á Vestur-Norðurlöndum, var sett af Kára P. Højgaard, formanni Vestnorræna ráðsins, og Josef Motzfeldt, formanni landsdeildar Grænlands. Eftir setningarávörp þeirra tóku fyrirlesarar frá Vestur-Norðurlöndunum til máls. Fyrirlesarar frá Íslandi voru Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, forstöðukona fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem rekin er af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA), Anna Kristín Gunnarsdóttir, fyrrum þingkona og menntunarfræðingur, og Stefán Stefánsson, deildarstjóri á skrifstofu menntamála í menntamálaráðuneytinu. Fyrirlesarar frá Grænlandi voru Tapaarnaq Rosing Olsen, fréttakona og rithöfundur, Poul Møller í stað John Skonberg, ráðgjafa í iðnaðar- og atvinnumálaráðuneyti Grænlands, og Kunuunnguag Fleischer, yfirumsjónarmaður endurbóta á menntakerfi Grænlands. Fyrirlesarar frá Færeyjum voru Kristianna Winther Poulsen, fyrrum sviðsstjóri á atvinnuleysisskrifstofu Færeyja, Jan á Argjaboða, umsjónarmaður endurmenntunar fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Þórshöfn, Eyðun Gaard frá menntamálaráðuneytinu og Bergtóra Høgnadóttir þingkona.

Á ráðstefnunni kom fram að um 95% ungmenna, sem lokið hafa grunnskólanámi á Íslandi, og 70% þeirra sem lokið hafa grunnskólanámi í Færeyjum, skrá sig í framhaldsnám. Á Íslandi væri brottfall, eða hlutfall þeirra sem ljúka ekki námi, hins vegar um 33%. Jón Torfi og Anna Kristín fjölluðu nánar um orsakir brottfalls. Jón Torfi benti á að menningarbundin viðhorf í garð menntunar hefðu mikið að segja um brottfall. Hann benti jafnframt á að mikilvægt væri að átta sig á hver forgangsröðunin í sambandi við menntun væri, þ.e. hvort menntun væri fyrst og fremst talin þjóna hagsmunum samfélagsins, atvinnulífsins eða einstaklingsins, og hver skörunin væri þarna á milli.

Anna Kristín tók undir orð Jón Torfa og benti jafnframt á að einkunnir nemenda á lokaprófi úr grunnskóla, búseta og atvinnustig væru veigamiklar skýringabreytur um brottfall. Hátt atvinnustig á Íslandi hafi almennt gert það að verkum, ekki síst á landsbyggðinni, að margir hefðu ekki séð ávinning í því að afla sér framhaldsmenntunar þar sem atvinnumöguleikar á Íslandi hefðu ekki beint verið háðir menntun. Launamunur milli menntaðra og ófaglærðra hafi auk þess ekki verið verulega mikill. Margir hafi því valið launavinnu frekar en framhaldsnám. Það endurspeglaði einnig hvernig atvinnulífið hafi verið í samkeppni við skólakerfið. Fyrirlesarar frá Færeyjum og Grænlandi tóku í sama streng.

Kristianna Winther Poulsen frá Færeyjum benti á að lágt hlutfall þeirra sem skrá sig í framhaldsnám eftir grunnskóla væri að hluta til hægt að skýra með vísan í það menningarbundna viðhorf að forsenda ríkidæmis væri vinna við sjávarútveg en ekki menntun. Tapaarnaq frá Grænlandi gerði grein fyrir þróuninni í menntamálum á Grænlandi frá tímum heimastjórnar árið 1979 og því markmiði að ⅔ Grænlendinga á vinnualdri yrðu með samkeppnishæfa menntun árið 2020 í stað ⅓ eins og staðan væri í dag. Til að ná því markmiði væri nauðsynlegt að ryðja burt hindrunum í vegi menntunar á Grænlandi sem væru í fyrsta lagi menningarbundin viðhorf svipað því sem Jón Torfi ræddi um. Í öðru lagi sú staðreynd að Grænlendingar hefðu sögulega ekki verið þátttakendur í uppbyggingu síns samfélags heldur menntaðir Danir. Í þriðja lagi búsetumunstur á Grænlandi þar sem byggðir eru mjög dreifðar og afskekktar eins og Anna Kristín nefndi. Í fjórða lagi tungumálið þar sem danska hefur verið forsenda framhaldsnáms og starfsframa. Í fimmta lagi félagsleg vandamál sem hún líkti við of þungar birgðir í bakpokanum sem gerðu það að verkum að maður gæti ekki

gengið. Í sjötta lagi atvinnulífið, eins og bæði Jón Torfi og Anna Kristín bentu á, sem kallaði ekki eftir menntuðu vinnuafli. Nefndi hún sjávarútveg og veiðar sem atvinnugreinar í þessu sambandi og í seinni tíð ætti þetta við um ál- og námavinnslu og ferðamannaiðnaðinn.

Jón Torfi bætti við að hluti af skýringunni á brottfalli á Íslandi væri hversu sveigjanlegt framhaldsskólakerfið væri. Það gerði það að verkum að ákvörðun fólks um að hætta námi væri ekki endanleg heldur gæti fólk hafið nám að nýju síðar óháð aldri. Anna Kristín benti jafnframt við að samkvæmt rannsókn um brottfall sem gerð var árið 2002–2003 hafi komið fram að af þeim rúmlega 19%, sem hættu námi það árið, hafi um 45% byrjað aftur í námi síðar. Af þeim sem hófu nám að nýju lauk 21% námi.

Ráðstefnugestir voru sammála um gildi þess að hafa menntakerfið opið og sveigjanlegt en hið gagnstæða gilti um brottfall ungs fólks úr námi. Til að koma í veg fyrir brottfall ungs fólk úr námi yrði að breyta menningarbundnum viðhorfum samfélagsins og atvinnulífsins um gildi menntunar, auka stuðning við nemendur í formi námsráðgjafar, tryggja fjölbreytni í námsmati, og kynna hagnýtt nám á síðari stigum grunnskóla. Þetta væri ekki síst mikilvægt eftir að kreppan skall á þar sem t.d. atvinnuleysi á Íslandi rauk upp og af þeim sem eru atvinnulausir hafa um 50% eingöngu lokið grunnskólaprófi.

Næst var fjallað um hvað stæði ófaglærðum einstaklingum með takmarkaða menntun til boða á Vestur-Norðurlöndunum. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Stefán Stefánsson gerðu grein fyrir þróun framhaldsskólakerfisins á Íslandi, stofnun kvöldskóla árið 1972 og tilkomu fullorðinsfræðslu með lögum frá 1992 og síðar fjarnáms og stofnun frumgreinadeilda í háskólum landsins. Stefán greindi sérstaklega frá námsframboði fyrir fiskvinnslufólk sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og Ingibjörg frá stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og samvinnu við menntamálaráðuneytið. Flestar, ef ekki allar fræðslu- eða símenntunarmiðstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins, voru stofnaðar á árunum 1997–2003 að frumkvæði heimamanna á hverjum stað (framhaldsskólum, fyrirtækjum, stéttarfélögum og sveitarfélögum) og oft á grunni farskóla (eins og á Austurlandi og Norðurlandi Vestra) og/eða kvöldskóla (t.d. á Suðurnesjum). Fræðslumiðstöðvarnar eru sjálfseiganstofnanir og lúta sjálfstæðum stjórnum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) í desember 2002. Í erindi Ingibjargar kom fram að hlutfall þeirra sem væru 40 ára og eldri og hefðu nýtt sér aukið framboð á sviði grunnnáms og endurmenntunar hefði aukist úr 3% árið 1997 í 7% árið 2009. Aukninguna væri hægt að skýra annars vegar með auknu framboði almennt og hins vegar með auknu framboði á námi sem hentaði sérstaklega þörfum ófaglærðra. Í því sambandi gerði hún sérstaka grein fyrir samningi Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins við menntamálaráðuneytið árið 2003 um ýmiss konar þjónustu á sviði fullorðinsfræðslu, m.a. við fræðslumiðstöðvarnar um land allt, og síðar um milligöngu um fé til fræðslumiðstöðvanna frá hinu opinbera. Fræðslumiðstöðvarnar, sem eru alls níu talsins, bjóða einstaklingum með takmarkaða menntun m.a. upp á að fá atvinnureynslu sína metna til eininga í framhaldsskóla og þar með til styttingar námstíma um allt að eitt ár eða meira. Fræðslumiðstöðvarnar bjóða einnig upp á margs konar námskeið. Af þessum námskeiðum voru um 100 námskeið metin til eininga í framhaldsskóla árið 2008 í samanburði við þrjú árið 2003. Nemendafjöldi jókst á sama tíma úr 55 nemendum í 1.221. Fræðslumiðstöðvarnar bjóða einnig upp á einstaklingsviðtöl og ráðgjöf á vinnustöðum. Ingibjörg sagði að eftir kynningu á vinnustað væri vanalega um þriðjungur sem óskaði eftir viðtali og ráðgjöf og um 80% þeirra sem óskuðu eftir slíku væru á aldrinum 25–55 ára, 56% konur og 44% karlmenn.

Poul Møller frá Grænlandi gerði nánari grein fyrir markmiðum landsstjórnar Grænlands um að ná því markmiði árið 2020 að ⅔ fólks á vinnualdri sé með samkeppnishæfa menntun en með því hugtaki er átt við formlega menntun og aðra færni sem einstaklingar hafa öðlast á vinnumarkaði og í félagsstarfi. Til að ná þessu markmiði hafi átaksverkefni verið ýtt úr vör árið 2007 á landsvísu þar sem boðið er upp á margvísleg námskeið fyrir ófaglærða. Árið 2008 var í boði fjöldi eins til tíu vikna námskeiða fyrir ófaglærða í sex af tíu fag- og iðnskólum á Grænlandi og í 14 bæjarfélögum af alls 16. Endurmenntunarnámskeið hafi verið í boði í öllum fag- og iðnskólum landsins. Til viðbótar við bæjarfélögin eru 60 smærri byggðir í landinu en verkefnið nær ekki til þeirra. Landsstjórn Grænlands greiðir allan kostnað af ferðum, uppihaldi, námskeiðum og prófum. Atvinnulífið hafi jafnframt verið með námskeið í boði síðan árið 2006 á einum 17 stöðum á landinu.

Í máli Kristiönnu frá Færeyjum kom fram að í upphafi árs 2009 hefðu um 40% vinnuafls í Færeyjum verið ófaglært eða um 10 þúsund af alls 25.086 manns. Til samanburðar væri hlutfallið í Danmörku 35%. Ófaglærðir voru aftur á móti 80% þeirra sem voru atvinnulausir í apríl 2009 í Færeyjum. Hin opinbera afstaða stjórnmálamanna væri að efla menntun og þekkingu ófaglærðra. Staðreyndin væri hins vegar sú að atvinnulífið fjárfesti frekar í fólki sem væri menntað á meðan framboð fyrir ófaglærða væri takmarkað og handahófskennt. Jan á Argjaboða tók undir orð Kristiönnu og tók reynslu sína frá sjúkrahúsinu þar sem hann starfar sem dæmi. Fyrir utan takmarkað framboð væri illa skilgreint hver bæri ábyrgð á námsframboði fyrir ófaglærða og kostnaði af námskeiðahaldi. Eyðun Gaard bætti því við að aðilar vinnumarkaðarins í Færeyjum hefðu eingöngu þrisvar sinnum boðið upp á námskeið fyrir fólk á vinnumarkaði, sem hefðu það að markmiði að auka færni þess og samkeppnishæfni, eftir að lög um námskeiðahald á vegum aðila vinnumarkaðarins voru sett árið 2004. Í ljósi þessa hafi árið 2008 verið skipuð nefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá atvinnulífinu, iðnskólum og menntamálaráðuneytinu. Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða lögin og gera tillögur að leiðum til úrbóta fyrir lok árs 2009. Í þessu samhengi velti Eyðun fyrir sér hvort ástæðan fyrir því að atvinnulífið nýtti lögin ekki betur en raun bæri vitni gæti átt sér þá skýringu að þau væru að danskri fyrirmynd og hentuðu því hugsanlega ekki raunveruleika færeysks samfélags. Í þessu sambandi ræddi hann að lokum að hversu miklu leyti „íslenska módelið“ sem Ingibjörg gerði grein fyrir gæti verið fyrirmynd fyrir aðila vinnumarkaðarins og hið opinbera í Færeyjum. Að lokum gerði Bergtóra nánari grein fyrir gildi símenntunar en meginniðurstaða ráðstefnunnar var sú að eftirspurn eftir námi væri ekki eingöngu háð framboði heldur viðhorfi gagnvart námi og gildi menntunar almennt í samfélaginu og einnig því hvort framboðið mætti raunverulega þörfum. Í þessu samhengi var mikið vísað til „íslenska módelsins“ þar sem samtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda eiga með sér samvinnu með stuðningi hins opinbera sem fyrirmynd fyrir hin Vestur-Norðurlöndin.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins 25.–27. ágúst 2009 í Færeyjum.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins fór fram dagana 25.–27. ágúst 2009 í Rúnavík og Þórshöfn í Færeyjum. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Ólína Þorvarðardóttir formaður, Árni Johnsen og Atli Gíslason ásamt Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Gestir fundarins voru Inge Lønning, forseti norska Lögþingsins, Kent Olsson, varaforseti Norræna ráðsins, Jacob Vestergaard, sjávarútvegsráðherra Færeyja, og Lars Thostrup, framkvæmdastjóri Norræna Atlantssamstarfsins (NORA).

Fráfarandi formaður Vestnorræna ráðsins, Kári P. Højgaard, setti fundinn og fór yfir starfsemi ráðsins. Næst var ákveðið hvaða ályktanir ráðsins ætti að afskrifa en alls voru fjórar

ályktanir afskrifaðar, nr. 3/2007, 5/2007, 1/2008 og 3/2008. Að því loknu var upplýst um samþykki forsætisnefndar Alþingis fyrir stofnun þingmannanefndar sem yrði til ráðgjafar um framkvæmd fríverslunarsamnings Íslands og Færeyja frá árinu 2006 og að málið væri til umræðu í Færeyjum. Greint var frá stofnun sérfræðinganefndar sem mun meta hversu mikinn mannskap og búnað þurfi til að koma á fót björgunarsveitum á Grænlandi. Nefndin, sem er sett á laggirnar á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins með stuðningi NORA, er skipuð sérfræðingum tilnefndum af slysavarnafélaginu Landsbjörgu, björgunarsveitum í Noregi, samgöngumálaráðuneyti Grænlands, NORA og Vestnorræna ráðinu. Einnig var greint frá því að norræna ráðherranefndin hefur tekið tilmæli Vestnorræna ráðsins um stofnun vestnorræns lýðháskóla til afgreiðslu og ákveðið að veita 200 þúsund danskra króna í rannsókn á umfangi og orsökum atgervisflótta frá Vestur-Norðurlöndunum. Þar sem styrkveitingin var ekki í samræmi við upprunalegu tillögu Vestnorræna ráðsins hafi forsætisnefnd ráðsins unnið í því að fá ákvörðuninni breytt til samræmis við upprunalegu beiðnina. Kom fram stuðningur við þau áform á ársfundinum. Að lokum kom fram í máli fráfarandi formanns að Vestnorræna ráðið hefði á starfsárinu átt fundi með Evrópuþinginu, Norðurlandaráði og þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, og tekið þátt í fyrstu þingmannaráðstefnunni sem haldin var undir merkjum hinnar norðlægu víddar ESB 25.–26. febrúar í Brussel.

Í ræðu Josefs Motzfeldts, sem tók við formennsku í Vestnorræna ráðinu af Kára, var greint frá þemaráðstefnunni sem fór fram á Grænlandi í byrjun ágústmánaðar. Samþykkt var á ársfundinum að skipa nefnd sem mundi fylgja eftir niðurstöðum og tillögum ráðstefnunnar en þema hennar var námsmöguleikar fyrir ófaglærða. Ársfundurinn samþykkti auk þess þrjár ályktanir, eina frá hverju Vestur-Norðurlandanna, sem allar lutu að aukinni vestnorræni samvinnu um menntamál. Ályktanirnar mæla fyrir um fjarnám, skiptinemaáætlun fyrir framhaldsskólanema og nemenda- og kennaraskipti milli verkmenntaskóla og fræðslumiðstöðva með áherslu á nám fyrir ófaglærða. Hugmyndin er að samvinna milli skóla eigi sér stað innan núverandi kerfis þar sem nemendum er gert kleift að nýta skólastyrki í skiptinám en að annar kostnaður verði greiddur úr norrænum styrktarsjóðum. Nokkur umræða varð um tungumálahindranir og nauðsyn þess að bjóða upp á tungumálanámskeið þar sem kennsla fer ekki fram á dönsku. Samþykkti fundurinn að fyrirhuguð nefnd mundi leggja fram tillögur um skóla sem gætu tekið þátt í samstarfinu sem ályktanirnar mæla fyrir um en Menntaskólinn á Ísafirði og Fræðslumiðstöð Vestfjarða höfðu fyrir ársfundinn lýst yfir áhuga á þátttöku.

Formenn landsdeildanna greindu síðan frá starfi síðastliðins árs. Ólína Þorvarðardóttir sagði frá breytingum sem áttu sér stað á Alþingi í kjölfar þingkosninganna 25. apríl. Hún gerði grein fyrir starfi Íslandsdeildar og undirbúningi fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2010 á Sauðárkróki sem að tillögu Ólínu mun fjalla um fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlandanna. Tillagan hlaut einróma samþykki ársfundar. Ruth Heilman, sem talaði fyrir hönd grænlensku landsdeildarinnar, greindi frá kosningunum þar í landi og aukinni sjálfsstjórn Grænlands frá 21. júní, þjóðhátíðardegi Grænlands. Hún sagði að aukin sjálfsstjórn mundi hafa í för með sér aukna ábyrgð og breytingu á þátttöku Grænlands í alþjóðastarfi, m.a. hvað lýtur að gerð samninga við önnur ríki. Bergtóra Høgnadóttir Joensen greindi frá myndun nýrrar landsstjórnar í Færeyjum 25. september 2008 og skipan nýrrar landsdeildar Færeyja.

Í kjölfar umræðu um úrslit þingkosninga í löndunum þremur skapaðist mikil umræða um jafnréttismál. Atli Gíslason gerði grein fyrir auknum hlut kvenna á þingi sem fór úr 31% í 43% og kynjahlutföllum innan ríkisstjórnarinar. Hann sagði að lokum að jafnréttismál væru forgangsmál ríkisstjórnarinnar og vék sérstaklega að vinnu sem lýtur að því að stemma stigu

við kynferðisofbeldi. Doris Jakobsen frá Grænlandi sagði að hlutur kvenna á þingi í Grænlandi væri um 42%. Það sem stæði einkum í vegi stjórnmálaþátttöku kvenna væru barneignir en í þessu samhengi má geta þess að Doris kom með eins árs dóttur sína bæði á þemaráðstefnu og ársfund ráðsins. Bergtóra ræddi um breytingarnar sem áttu sér stað við þingkosningar í Færeyjum í janúar 2008 þar sem fjöldi kvenna fór úr þremur í sjö af 33 þingmönnum. Hún sagði að í kjölfar vestorrænnar kvennaráðstefnu árið 2006 hefði sérstöku átaki verið ýtt úr vör í Færeyjum þar sem konur voru bæði hvattar til að bjóða sig fram og til að kjósa konur.

Inge Lønning, forseti norska Lögþingsins sem þá var, gerði öryggis- og björgunarmál í Norður-Atlantshafi að sérstöku umtalsefni á ársfundinum. Hann greindi frá umræðu í norska þinginu um öryggismál og björgunarviðbúnað kringum Svalbarða í ljósi aukinnar skipaumferðar og vék að samstarfi um öryggismál á hafi. Hann tók dæmi frá 5. júní þar sem dönskum manni nyrst á Grænlandsjökli var komið til bjargar frá Svalbarða þar sem hvorki grænlensk stjórnvöld né bandarískri herinn í Thule gátu sinnt björgunaraðgerðum. Í þessu samhengi benti hann á skýrslu Thorvalds Stoltenbergs. Hann sagði margt í skýrslunni varða Vestur-Norðurlöndin beint eins og eftirlit á norðurhöfum. Hann vék sérstaklega að ákvörðun síðasta leiðtogafundar Norðurskautsráðsins í Noregi þar sem ákveðið var að stofna vinnuhóp sem hefði það hlutverk að koma með tillögur um alþjóðlega samvinnu um leit og björgun á norðurslóðum fyrir næsta leiðtogafund ráðsins árið 2011. Hann talaði síðan um að Norðmenn fylgdust með þróun mála á Íslandi, ekki síst hvað varðaði aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Að lokum vék hann að sameiginlegum hagsmunum Noregs og Vestur-Norðurlandanna og tók sem dæmi að Norðmenn hefðu andmælt banni ESB á sölu selafurða, ekki vegna þess að Noregur ætti beinna hagsmuna að gæta heldur óbeinna sem sneru að meginreglunni um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða til að nýta náttúruauðlindir sínar á sjálfbæran hátt.

Að lokum samþykkti ársfundur auk fyrrnefndra ályktana um menntamál tvær ályktanir til viðbótar. Sú fyrri fjallaði um aukna samvinnu og upplýsingaflæði um umönnun eldri borgara og hin síðari um að sjávarútvegsráðherrar landanna gerðu skýrslu um samvinnu þeirra á sviði hafrannsókna og fiskveiða. Auk þess voru samþykkt tilmæli til Norðurlandaráðs um að nota ekki lengur hugtökin „sjálfsstjórnarsvæði“ um Færeyjar og Grænland heldur „lönd“. Ársfundur ákvað einnig að gefnu samþykki grænlensku heimastjórnarinnar að halda leiðtogafund samhliða næsta ársfundi ráðsins á Grænlandi þar sem framtíð vestnorræns samstarfs verður tekið til umfjöllunar.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 25. október í Stokkhólmi.

Ólína Þorvarðardóttir, formaður Íslandsdeildar, sótti þing Norðurlandaráðs dagana 26.–29. október í Stokkhólmi ásamt Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara. Á fundinum voru auk þeirra Josef Motzfeldt, formaður Vestnorræna ráðsins og formaður landsdeildar Grænlands, og Kári P. Højgaard, formaður landsdeildar Færeyja, ásamt embættismönnum.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins var haldinn daginn fyrir Norðurlandaráðsþing. Fyrsta mál á dagskrá var ársfundur Vestnorræna ráðsins 2010 í Grænlandi og leiðtogafundur um framtíð vestnorræns samstarfs sem að öllum líkindum verður haldinn í beinu framhaldi af ársfundi 2010. Ákveðið var að bjóða til leiðtogafundarins forsætis- og utanríkisráðherrum Vestur-Norðurlanda, fulltrúum Evrópuþingsins, Noregs og hugsanlega Danmerkur. Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlanda var næsta mál á dagskrá. Meðal annars var ákveðið að bjóða til ráðstefnunnar Elinor Ostrom,

nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, sem sérstaklega hefur rannsakað ákvörðunartöku á sviði náttúruauðlindanýtingar, og Joe Borg, framkvæmdastjóra ESB í sjávarútvegsmálum, en eins og er stendur yfir endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB. Staða mála í Færeyjum um stofnun þingmannanefndar um fríverslunarsamninginn milli Íslands og Færeyja var næst til umræðu. Samningurinn var innleiddur með lögum í Færeyjum og kallar því stofnun þingmannanefndar á breytingar á lögunum sem unnið er að. Greint var frá því að hafin væri að frumkvæði Vestnorræna ráðsins þarfagreining varðandi þróun björgunarsveita á Grænlandi en verkefnið er fjármagnað af norrænu Atlantsnefndinni (NORA) með þátttöku allra Vestur-Norðurlanda og Noregs. Kári gerði því næst grein fyrir því sem kom fram á ráðstefnu sem NORA hélt í Alta í Noregi um fólksflutninga. Sama mynstrið virðist vera til staðar á öllum Vestur-Norðurlöndunum, þ.e. fólk flytur frá strjálbýlisstöðum til að mennta sig eða vinna og snýr sjaldnast til baka enda oft að litlu að hverfa. Í því sambandi var rætt um ályktun Vestnorræna ráðsins sem fjallar um fjarkennslu sem tæki til að auka lífsgæði fólks á dreifbýlum svæðum og stemma stigu við fólksflutningum. Að lokum var dagskrá forsætisnefndar á Norðurlandaráðsþingi rædd.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með fulltrúa þings Álandseyja 26. október.

Tilefni fundarins voru tilmæli Vestnorræna ráðsins til Norðurlandaráðs þar sem mælt er með því að vísað verði til Færeyja og Grænlands sem „landa“ í stað „sjálfsstjórnarsvæða“ innan Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Hugtakið „sjálfsstjórnarsvæði“ á sér ekki stoð í Helsinki-sáttmálanum um samstarf Norðurlandanna en þessi hugtakanotkun hefur þó náð að festa sig í sessi í norrænu samstarfi. Í máli þingmannsins frá Álandseyjum kom fram að flestir væru hlynntir tillögunni. Það væri hins vegar ekki búið að taka endanlega afstöðu til málsins enda samband Álandseyja og Finnlands samkvæmt stjórnarskrá hugsanlega viðkvæmara en samband Færeyja og Grænlands við Danmörku sem undanfarin ár hafa hlotið aukna sjálfsstjórn. Skoðun á málinu væri hins vegar í gangi og þingmenn hefðu áhuga á að vita um viðbrögð Norðurlandaráðs við tillögunni. Þingmaðurinn frá Álandseyjum spurði að lokum hver afstaða Færeyja, Grænlands og Íslands væri til þeirrar hugmyndar sem viðruð hefði verið að halda ekki fundi Norðurlandsráðs lengur í höfuðstöðvum sjálfsstjórnarlandanna heldur eingöngu Norðurlandanna fimm á grundvelli fjárhagslegra sjónarmiða. Enginn í forsætisnefnd hafði heyrt af hugmyndunum og ákveðið var að kanna það frekar hvort þetta ætti við rök að styðjast.

Fundur forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs 26. október.

Kent Olsson, varaforseti Norðurlandaráðs og áheyrnarfulltrúi á fundum Vestnorræna ráðsins, setti fundinn en auk hans voru þrír þingmenn frá Noregi á fundinum, tveir frá Danmörku og Bjarni Benediktsson og Helgi Hjörvar frá Íslandi. Fyrst var rætt um dagskrá Norðurlandaráðsþingsins þar sem mörg mál lutu að norðurslóðamálum og hagsmunum Vestur-Norðurlandanna. Helgi Hjörvar benti á að í formennskuáætlun Norðurlandaráðs hefðu verið vestnorrænar áherslur og nefndi haf- og loftrýmiseftirlit sem dæmi. Formaður Vestnorræna ráðsins kynnti því næst hugmyndina um leiðtogafund um framtíð vestnorræns samstarfs samhliða ársfundi ráðsins á Grænlandi 2010 og hverjum stæði til að bjóða. Hugmyndinni var vel tekið af forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins 2008 og hugmyndir um aukna samvinnu á sviði fjarkennslu voru því næst ræddar. Í því sambandi var einnig rætt um reynslu Íslendinga og Norðmanna af fjarlækningum og gildi bæði fjarkennslu og fjarlækninga fyrir afskekkt byggðarlög. Formaður Vestnorræna ráðsins vék

því næst að styrk sem norræna ráðherranefndin hafði gefið vilyrði fyrir til rannsóknar á atgervisflótta á Vestur-Norðurlöndum en sá styrkur átti að koma í stað fjármuna til að kanna forsendur fyrir stofnun vestnorrænna lýðháskóla. Formaðurinn lagði áherslu á að rannsóknin tæki einnig til upprunalegu beiðninnar. Ólína gerði því næst grein fyrir þemaráðstefnu ráðsins á Íslandi 2010 um fiskveiðistjórnarkerfin á Vestur-Norðurlöndum. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs lýsti yfir miklum áhuga á ráðstefnunni. Formaður Vestnorræna ráðsins vék því næst að mikilvægi sel- og hvalveiða fyrir löndin og gagnrýndi bann ESB á selskinnsvörum. Að lokum var rætt um tilmæli Vestnorræna ráðsins um að skipta út orðinu „sjálfsstjórnarsvæði“ fyrir „lönd“ þar sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs vildi láta kanna hvort lagalegar hindranir væru í vegi þess að fara eftir tilmælunum. Í því samhengi benti Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, á að málið væri frekar pólitískt en lagalegt í eðli sínu. Það væri ekki verið að fara fram á að breyta öllum textum sem til væru heldur horfa til framtíðar og nota framvegis orðið „lönd“ í stað „sjálfstjórnarsvæða“ þegar vísað væri til Færeyja og Grænlands í ræðu og riti. Forsætisnefnd Norðurlandsráðs tók undir sjónarmið framkvæmdastjórans.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með vestnorrænum ráðherrum 27.–28. október.

Forsætisnefndin átti fundi með ráðherrum sjávarútvegsmála og mennta- og menningarmála, samstarfsráðherrum og utanríkisráðherrum dagana 27.–28. október. Á fundunum voru ályktanir Vestnorræna ráðsins kynntar ráðherrunum, einkum á sviði menntamála þar sem lögð var áhersla á auka samvinnu milli landanna, gerð grein fyrir þemaráðstefnum ráðsins 2009 og 2010, samvinnu ráðsins við NORA um þarfagreiningu fyrir Grænland um uppbyggingu björgunarsveita, tilmælum til Norðurlandaráðs um stofnun vinnuhópa til að kortleggja öryggismál á Norður-Atlantshafi og stuðla að auknu samstarfi um öryggis- og björgunarmál, stöðu mála hvað varðar stofnun þingmannanefndar um fríverslunarsamning Íslands og Færeyja og tillögu Ólínu Þorvarðardóttur um að stuðla að bættum samgöngum á milli landanna og þar með meiri viðskiptum en sú hugmynd var fyrst sett fram á óformlegum fundi Íslandsdeildar með utanríkismálanefnd Færeyja á Íslandi 20. október. Að lokum var hugmyndin um leiðtogafund um framtíð vestnorræns samstarfs kynnt við góðar undirtektir.

Norðurlandaráðsþing 26.–29. október.

Dagskrá Norðurlandaráðsþings var að miklu leyti tileinkuð málum sem lúta að hagsmunum Vestur-Norðurlandanna. Ólína Þorvarðardóttir tók til máls um endurskoðun á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB þar sem hún greindi frá fyrirhugaðri þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2010 um fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlandanna. Hún benti á að Vestur-Norðurlöndin hefðu miklu að miðla vegna þeirrar miklu þekkingar og reynslu sem þau hafa af sjálfbærri auðlindanýtingu. Hún fagnaði einnig tillögu Norðurlandaráðs um að halda alþjóðlega ráðstefnu um norðurslóðamál og greindi frá því hvernig Vestnorræna ráðið hefur undanfarin ár sett öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafssvæðinu á dagskrá. Að lokum flutti Ólína ræðu í umræðu um brottfall og jaðarhópa í menntakerfum Norðurlandanna þar sem hún greindi frá helstu orsökum brottfalls á Vestur-Norðurlöndum og byggði á niðurstöðum þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um námsframboð fyrir ungt fólk og ófaglærða á Vestur-Norðurlöndum. Auk Ólínu fluttu Josef Motzfeldt og Kári P. Højgaard ræður á þinginu fyrir hönd Vestnorræna ráðsins.

6. Eftirfarandi ályktanir Vestnorrænna ráðsins beint til ríkisstjórna landanna voru samþykktar á ársfundi í Færeyjum 25.–27. ágúst 2009.

- Ályktun um samvinnu um nám og starfsþjálfun fyrir ungt fólk á Vestur-Norðurlöndum.
- Ályktun um vestnorræn nemendaskipti milli menntastofnana á framhaldsskólastigi.
- Ályktun um vestnorrænt tilraunaverkefni á sviði fjarkennslu á háskólastigi.
- Ályktun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.
- Ályktun um skýrslu sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda um formlega samvinnu landanna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi, 12. mars 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaform.	Atli Gíslason.
Árni Johnsen.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Þráinn Bertelsson.

831. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann ráðherra, Hrefnu Gísladóttur lögfræðing og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Örn Pálsson framkvæmdastjóra og Arthur Bogason formann Landssambands smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðmund Þ. Ragnarsson, formaður frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, og Árna Múla Jónasson fiskistofustjóri og Eyþór Björnsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi skipstjórnarmanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi smábátaeigenda, Reiknistofu fiskmarkaða, Samtökum fiskvinnslustöðva og smábátafélaginu Skalla.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimild til strandveiða verði lögfest og fyrirkomulag veiðanna verði í meginatriðum eins og það fyrirkomulag sem komið var á með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/2009. Gert er ráð fyrir að strandveiðar muni einkum takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna, eða allt að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski. Er landinu skipti í svæði og gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skiptingu landsvæða og þær aflaheimildir sem heimilt er að veiða á hverju landsvæði í hverjum mánuði.

Vorið 2009 voru fyrstu hugmyndir um svokallaðar strandveiðar kynntar. Þá um sumarið voru samþykkt lög nr. 66/2009, um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, ásamt bráðabirgðaákvæði sem heimilaði strandveiðar. Bráðabirgðaákvæði þetta gilti aðeins til loka fiskveiðiársins 2008/2009 en boðað var að á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga mætti af þessum veiðum yrði tekin ákvörðun um framhald strandveiða. Var Háskólasetur Vestfjarða fengið til þess að gera úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna. Niðurstöður úttektarinnar sýna að nokkuð almenn ánægja hefur verið með fyrirkomulag veiða meðal þeirra sem hún náði til.

Meiri hlutinn telur mikilvægt skref að festa strandveiðar í sessi eins og boðað er í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Úttekt á reynslu síðasta fiskveiðiárs sýnir að tilraunin með strandveiðarnar gekk vel og framhaldið lofar góðu. Yfirlýst markmið með heimild til strandveiða er nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum er gert mögulegt að stunda veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Kerfið er til þess fallið að ná fram þessum markmiðum auk þess sem almenn ánægja hefur verið um þessa ráðstöfun.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að 6. tölul. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði samhljóða sambærilegum tölulið í bráðabirgðaákvæði laga nr. 66/2009, sem samþykkt voru í sumar. Þar var gert ráð fyrir að aflinn væri veginn og skráður hér á landi og að um vigtun, skráningu og meðferð aflans færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga um umgengni um nytjastofna sjávar og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Í öðru lagi er lagt til að við frumvarpið bætist grein til breytingar á 24. gr. laganna á þann veg að Fiskistofu verði heimilt að svipta skip leyfi til strandveiða fyrir brot á lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Meiri hlutinn telur mikilvægt að slíkt ákvæði sé fyrir hendi en leggur áherslu á að þrátt fyrir fullyrðingar ákveðinna hagsmunaaðila um annað kom fram á fundum nefndarinnar að sjómenn hafa almennt virt kerfið og lítið hefur verið um brot í fyrra sem styður enn þá niðurstöðu að rétt sé að festa þetta kerfið í sessi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 6. tölul. 5. efnismgr. orðist svo: Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Fyrsti málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

Einar K. Guðfinnsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Róbert Marshall.	Ásmundur Einar Daðason.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, með fyrirvara.

832. Svar [297. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um nám grunnskólabarna í framhaldsskólum.

1. *Er það stefna ráðherra að færa kostnað við fjarnám grunnskólabarna í framhaldsskólum til sveitarfélaga frá 1. janúar 2010?*

Í fjárlögum ársins 2010 er ekki gert ráð fyrir framlögum til framhaldsskóla vegna náms grunnskólanemenda sem stundað er í vali við framhaldsskóla, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Af fyrirmælum 2. mgr. 31. gr. laganna leiðir að sé um að ræða nám í framhaldsskóla, sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, fer um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Ríkið greiðir þá þann kostnað en sveitarfélög kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Þá er mikilvæg forsenda þess að unnt sé að bjóða upp á námið að um fyrirkomulag þess og framkvæmd hafi verið samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Ráðuneytið stóð á sl. ári frammi fyrir kröfu um niðurskurð útgjalda til framhaldsskóla. Meðal annars var ákveðið að standa vörð um grunnþjónustu við nemendur á framhaldsskólaaldri og í því ljósi var sú ákvörðun tekin að falla frá sérstökum greiðslum til framhaldsskóla vegna náms grunnskólanemenda í fjarnámi í einstökum áföngum framhaldsskóla. Eins og áður hefur komið fram hefur verið gróska í samstarfi grunn- og framhaldsskóla hvað þessa þjónustu varðar. Gert er ráð fyrir að ríkið spari um 70 millj. kr. með þessum hætti. Þessi ákvörðun var ekki auðveld og vonast er til að hægt verði að taka upp að nýju greiðslur til framhaldsskóla vegna fjarnáms grunnskólanemenda þegar betur árar í samfélaginu. Það er alls ekki stefnan að færa kostnað við fjarnám grunnskólanemenda yfir til sveitarfélaga, en tímabundið munu sveitarfélög þurfa að hafa í boði valgreinar við hæfi allra nemenda á unglingastigi líkt og grunnskólalög gera ráð fyrir.

Sú spurning vaknar eðlilega af hálfu sveitarfélaga hvernig grunnskólar eigi að bregðast við þegar einstakir framhaldsskólar halda að sér höndum vegna samdráttar í ríkisútgjöldum og hvernig fari þá um rétt einstakra nemenda. Færa má rök fyrir því að þar sem ekki sé til staðar samningur við framhaldsskóla og námið er ekki hluti af skipulögðu námi grunnskóla sé umræddur réttur skv. 4. mgr. 26. gr. laga um grunnskóla takmarkaður. Hafi á hinn bóginn verði gerðir samningar við framhaldsskóla eins og dæmi virðast vera um kann málið e.t.v. að horfa öðru vísi við þegar skólastjóri hefur veitt heimildina en framhaldsskólinn tekur ekki við nemandanum vegna þess að fjárveitingar eru ekki til staðar. Í slíkum tilvikum kann að

reyna á skýrleika samninga og hvort fyrirvarar hafi verið gerðir um fjárveitingar Alþingis. Fyrir fram má þó ætla að þau sjónarmið að skerða möguleika á vali í námi á grundvelli samdráttar í ríkisútgjöldum og takmörkuðum möguleikum til innritunar nemenda í framhaldsskóla séu málefnaleg. Í því sambandi ber einnig að líta til þess að val grunnskólanemenda á áföngum í framhaldsskóla er aðeins einn af nokkrum möguleikum á vali í námi samkvæmt nefndu lagaákvæði. Loks má geta nýrrar rannsóknar Gerðar G Óskarsdóttur á skilum grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík, en niðurstöður sýna að einungis um 30% af einingum sem grunnskólanemendur taka á meðan þeir eru í grunnskóla eru metnar í framhaldsskólum. Nemendur þurfa því í mörgum tilvikum að endurtaka sama áfangann í framhaldsskóla með aukakostnaði fyrir ríkið. Sveigjanleikinn í skilum skólastiganna hefur því ekki nýst nægilega vel og þarf að taka það til sérstakrar skoðunar.

2. *Telur ráðherra ásættanlegt að framhaldsskólaáfangar séu kenndir af grunnskólakennurum?*

Nei, ekki nema þeir hafi einnig tilskilda menntun á viðkomandi fagsviði, að fyrir liggi samningur milli viðkomandi grunn- og framhaldsskóla gagnvart slíku fyrirkomulagi og að ábyrgðin sé hjá framhaldsskólanum.

3. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að fjölmörg grunnskólabörn í 9. og 10. bekk hafa lokið námsáföngum í grunnskóla en geta ekki hafið nám í framhaldsskólum vegna ákvarðana ráðuneytisins um niðurskurð, nema með fyrrgreindum aðgerðum?*

Samkvæmt lögum um grunnskóla er það skylda grunnskóla að bjóða nemendum nám við hæfi og þess skal sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Ef nemendur hafa lokið einstökum námsgreinum grunnskóla er eðlilegt að þeim standi til boða valgreinar við hæfi í grunnskóla á öðrum sviðum, sbr. ákvæði laga um grunnskóla. Einnig ættu nemendur að geta fengið viðfangsefni við hæfi innan allra námsgreina, t.d. með breiðara námsframboði og fjölbreyttum verkefnum við hæfi.

833. Svar [443. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um breytingar á fánalögum.

1. *Hvað líður boðuðu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, sem leggja átti fyrir Alþingi haustið 2009 samkvæmt þingmálaskrá?*

Fyrir liggja drög að frumvarpi því sem spurt er um og er vinnsla þess á lokastigi í ráðuneytinu.

2. *Má búast við að frumvarpið verði lagt fram á næstunni þannig að tími gefist til að skoða það og eftir atvikum samþykkja áður en þingi verður frestað í vor?*

Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram á Alþingi innan tíðar og standa vonir til þess að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir þingfrestun í vor.

834. Frumvarp til laga [483. mál]

um kjaramál flugvirkja.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Bann við vinnustöðvunum.

Verkfall Flugvirkjafélags Íslands hjá Icelandair hf., sem hófst 22. mars og boðað hefur verið ótímabundið, svo og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem jafna má til verkfalla, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála milli aðila en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildistöku laganna og á gildistíma kjarasamnings skv. 2. gr.

2. gr.

Framlenging gildandi kjarasamnings.

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins f.h. Icelandair hf., við Flugvirkjafélag Íslands, sem rann út 31. október 2009, skal halda gildi sínu til 30. nóvember 2010, nema nýr kjarasamningur sé gerður með samkomulagi milli aðila skv. 3. gr.

3. gr.

Samkomulag um breytingar eða nýjan kjarasamning.

Aðilum er heimilt að semja um breytingar á kjarasamningi eða gera nýjan en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvunum eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningaviðræður í kjaradeilu flugvirkja og Samtaka atvinnulífsins f.h. Icelandair hf. hafa staðið um nokkurt skeið hjá Ríkissáttasemjara en ekkert hefur miðað í viðræðunum. Flugvirkjafélagið hefur nú hafið boðað verkfall hjá Icelandair til að fylgja eftir kröfum sínum. Flugvirkjar hafa staðið fast á kröfum um verulega hækkun launa þótt félaginu hafi verið boðnar sambærilegar eða meiri kjarabætur en samið hefur verið um við aðra launahópa.

Verkfall flugvirkja hefur í för með sér verulega röskun flugs bæði til og frá landinu enda er Icelandair langstærsti flugrekandi landsins og burðarás fyrir íslenska ferðaþjónustu. Verkfallið mun valda íslensku efnahagslífi verulegu tjóni þegar síst skyldi og hafa neikvæð áhrif á störf þúsunda einstaklinga og fyrirtækja um allt land sem byggja starfsemi sína á ferðaþjónustu og öruggum flugsamgöngum á tíma þegar rekstrarumhverfi allra fyrirtækja á landinu er mjög viðkvæmt.

Hætta er á að hækkanir, umfram það sem þegar hefur verið samið um, hafi neikvæð áhrif á aðra kjarasamninga og stöðugleika á vinnumarkaði. Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum náðu aðilar á almenna vinnumarkaðnum samkomulagi um að framlengja kjarasamninga til loka nóvember 2010. Með þessu frumvarpi er ekki gripið inn í það samkomulag enda hefur frumvarpið ekki bein áhrif á innihald kjarasamnings eða kollvarpar með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggjast á. Með frumvarpinu er frekar verið að treysta forsendur stöðugleikans.

Sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar og fyrirsjáanlegt að engin lausn finnist á vinnudeilunni í bráð. Brýnt er að bregðast við til að forða tjóni og neikvæðum áhrifum kjaradeilunnar á efnahagslíf þjóðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt er bann við verkfalli sem hófst aðfaranótt 22. mars og kveðið á um friðarskyldu. Jafnframt eru aðrar sambærilegar aðgerðir, svo sem verkbann, yfirvinnubann og aðrar aðgerðir sem jafna má til verkfalls af hvaða tagi sem er og sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála milli aðilanna en lögin ákveða, óheimilar. Friðarskyldan varir frá gildistöku laganna og út gildistíma kjarasamnings skv. 2. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að sá kjarasamningur sem síðast var í gildi milli Samtaka atvinnulífsins f.h. Icelandair hf. skuli áfram halda gildi sínu til 30. nóvember 2010, en þá renna út flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði. Þessi dagsetning er jafnframt viðmiðunartími stöðugleikasáttmálans. Nýr kjarasamningur, sem gerður væri með samkomulagi milli aðila, gæti breytt þessum tímamörkum, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að samningsaðilar geti samið um breytingar á gildandi kjarasamningi eða gert nýjan kjarasamning en ekki er heimilt að knýja á um þær breytingar eða samning með verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum sem má líkja við þær og fela í sér brot á friðarskyldu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

835. Frumvarp til laga [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. kemur: sama dag og starfsemin hefst hér á landi.
b. Í stað orðanna „upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101)“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almannatryggingaverndar í heimaríki.
c. Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fulltrúinn getur verið einn af starfsmönnum fyrirtækisins sem starfar tímabundið hér á landi.
b. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en“ í 2. mgr. kemur: sama dag og.
c. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi þess síðarnefnda hófst hér á landi.

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Dagsektir.

Fari fyrirtæki ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum. Markmiðið með setningu laganna árið 2007 var að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfisins hvað varðar erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Frumvarp er varð að framangreindum lögum byggðist á vinnu starfshóps félagsmálaráðherra sem í sátu fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins. Samstaða var innan starfshópsins um þau efnisatriði er fram komu í frumvarpinu og Alþingi samþykkti síðar sem lög.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 45/2007 segir að megintilgangurinn með setningu laganna sé að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Þá segir að markmiðið sé enn fremur að unnt sé að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Þótti efni frumvarpsins jafnframt vera til þess fallið að stuðla að því að útlend-

ingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þessa útlendinga séu til. Áhersla er lögð á að frumvarpi þessu sem nú er lagt fram er ekki ætlað að breyta þessum tilgangi laganna frá 2007 enda aðilar sammála um að þau gegni mikilvægu hlutverki við að stuðla að því að þær leikreglur sem gilda á innlendum vinnumarkaði séu virtar.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur farið yfir efni laga nr. 45/2007 og komist að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði þeirra brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins. Í rökstuddu áliti stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda kemur meðal annars fram að lögin feli í sér kröfur sem jafna megi til þess að sækja þurfi um leyfi fyrir fram til að geta hafið starfsemi hér á landi (e. a prior authorisation requirement) og telur stofnunin það fela í sér hindrun á frjálsum þjónustuviðskiptum samkvæmt 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin leiðir þessa niðurstöðu af því að í fyrsta lagi þurfi þjónustuaðili að veita Vinnumálastofnun upplýsingar átta virkum dögum áður en þjónustan hefst, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Í öðru lagi að Vinnumálastofnun skuli veita skriflega staðfestingu um móttöku gagna sem þjónustuveitandanum er skylt að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna, og í þriðja lagi að láti fyrirtæki hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa sé því óheimilt að veita þjónustu hér á landi, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna. Í rökstuðningi sínum vísar stofnunin meðal annars til dómafordæma Evrópudómstólsins í máli nr. C-168/04, framkvæmdastjórnin gegn Austurríki, máli nr. C-445/03, framkvæmdastjórnin gegn Lúxemborg og máli nr. C-490/04, framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi.

Frumvarpi þessu er aðallega ætlað að mæta þeirri gagnrýni sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur viðhaft að þessu leyti án þess þó að draga úr því markmiði sem lögunum er ætlað að ná. Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem lagðar eru til hafi ekki mikil áhrif á þá stjórnsýslu sem viðhöfð hefur verið við framkvæmd laganna enda Vinnumálastofnun ávallt ætlað að gæta meðalhófs í aðgerðum sínum á grundvelli þeirra, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur enn fremur gert athugasemdir við ákvæði 5. og 7. gr. laganna er varða rétt til launa í veikinda- og slysatilvikum og slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku. Að mati stofnunarinnar fela þessi ákvæði í sér hindrun á frjálsum þjónustuviðskiptum á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem efni þeirra sé ekki hluti af þeim starfsskilyrðum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, gerir ráð fyrir, sbr. a–g-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Það verður hins vegar að líta svo á að umrædd ákvæði laganna feli í sér kjarasamningsbundin réttindi á íslenskum vinnumarkaði sem eru hluti af lágmarkskjörum launafólks og hafi þannig að geyma mikilvæga vernd fyrir launafólk sem starfar hér á landi. Í því skyni að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra lágmarksréttinda og -kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði til jafns við aðra sem hér starfa hefur það því þótt grundvallaratriði að ákvæði þessi verði áfram í lögunum. Áhersla er jafnframt lögð á að efni þeirra gildir með fyrirvara um betri rétt starfsmanna samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki, kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem þeir starfa að jafnaði. Í frumvarpi þessu eru því ekki lagðar til breytingar á 5. og 7. gr. laganna þrátt fyrir athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA að þessu leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að fyrirtæki sem hyggjast veita þjónustu hér á landi veiti Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna eigi síðar en sama dag og starfsemi þeirra hefst hér á landi í stað átta virkra daga áður en þjónustan er veitt. Verður það að teljast nægjanlegt enda tilgangurinn fyrst og fremst að ganga úr skugga um að hin erlendu fyrirtæki fari að íslenskum lögum og að starfsmenn þeirra dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi tvo virka daga til að fara yfir þau gögn sem stofnuninni berast áður en gefin er út staðfesting um að hún hafi móttekið gögnin skv. 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. einnig 3. gr. frumvarps þessa. Eingöngu er um að ræða einfalda upplýsingagjöf til íslenskra stjórnvalda svo unnt sé að kanna hvort umræddir þjónustuveitendur starfa hér með lögmætum hætti sem og starfsmenn þeirra. Slík upplýsingagjöf verður að teljast samræmast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið svo hlutaðeigandi eftirlitsaðilar eigi þess kost að viðhafa eftirlit með að erlend þjónustufyrirtæki fari að lögum. Þannig er gert ráð fyrir að nægjanlegt sé að fyrirtæki veiti Vinnumálastofnun upplýsingar sama dag og þau hefja starfsemi hér á landi.

Einnig er lagt til að orðalagi 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt sé kveðið á um að eingöngu sé kannað hvort starfsmenn sem koma hingað til lands á vegum erlendra þjónustuveitenda njóta almannatryggingaverndar í heimaríki. Þykir þetta mikilvægt í ljósi reynslunnar sem hefur sýnt að starfsmenn erlendra þjónustuveitenda eru ekki alltaf allir tryggðir innan almannatryggingakerfa heimaríkja sem veldur því að þeir njóta ekki tryggingaverndar almannatryggingakerfisins hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ástæða þykir enn fremur til að taka fram að markmiðið er ekki að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi starfsmenn komi til landsins til að starfa hjá hlutaðeigandi fyrirtæki hér á landi. Tilgangurinn er einkum sá að unnt sé að vekja athygli þjónustuveitanda sem og starfsmannsins sjálfs á því að sá síðarnefndi njóti ekki tryggingaverndar innan íslenska almannatryggingakerfisins. Þeir eiga þá kost á að grípa til viðeigandi ráðstafana svo koma megi í veg fyrir að starfsmaðurinn sé ótryggður þann tíma er hann starfar hér á landi með tilheyrandi kostnaði komi til veikinda eða slyss. Til dæmis er nægjanlegt að upplýst sé um að starfsmenn hafi svokölluð E-101-vottorð.

Um 2. gr.

Lagt er til að tekið verði fram í 1. mgr. 10. gr. laganna að fulltrúi fyrirtækisins geti verið einn af starfsmönnum þess sem starfa tímabundið hér á landi. Ekki er um efnisbreytingu á ákvæði þessu að ræða enda tekið fram í athugasemdum við 10. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 45/2007 að fulltrúinn geti verið til dæmis sá sem stýrir verkefni hér á landi fyrir hönd fyrirtækisins. Jafnframt er tekið fram í tilvitnuðu frumvarpi að ekki sé skilyrði að fulltrúinn sé hluti af starfsliði fyrirtækisins heldur geti fyrirtækið nýtt sér þjónustu sérhæfðra aðila hér á landi. Ákvæði þessu er ekki ætlað að breyta þeirri nálgun en það þykir þó skýrara að taka fram í lagaákvæðinu sjálfu að fulltrúinn geti verið einn af starfsmönnum fyrirtækisins. Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nægjanlegt sé að fyrirtæki sem hyggst veita hér þjónustu tilkynni Vinnumálastofnun um fulltrúann sama dag og starfsemi þess hefst hér á landi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 4. mgr. 10. gr. laganna sem kveður á um að fyrirtæki sé óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi það látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa þar sem það teljist brjóta

gegn frjálsum þjónustuviðskiptum samkvæmt 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Verður að fallast á það með eftirlitsstofnuninni að leiða megi líkur að því að svo kunni að vera ef litið er til dóma Evrópudómstólsins og er því lagt til að ákvæði þetta verði fellt brott. Í ljósi þess að lagt er til að ákvæðið falli brott þykir mikilvægt að renna styrkari stoðum undir heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum láti fyrirtæki hjá líða að tilkynna um fulltrúa eða um skipti á honum. Því er í 4. gr. frumvarps þessa lagt til að Vinnumálastofnun fái heimildir til að beita dagsektum fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum stofnunarinnar um viðunandi úrbætur til að uppfylla skilyrði laganna.

Um 3. gr.

Sú breyting sem lögð er til á 1. mgr. 11. gr. laganna er í samræmi við breytingu sem lögð er til í a- og c-lið 1. gr. frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir að notendafyrirtæki óski eftir skriflegri staðfestingu frá Vinnumálastofnun um að þjónustufyrirtæki hafi veitt stjórnvöldum upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi þess síðarnefnda hefst hér á landi í stað þess að óska eftir staðfestingunni áður en þjónustan er veitt. Þannig er gert ráð fyrir að þjónustuveitandinn geti hafið starfsemi án þess að notendafyrirtækið hafi fengið skriflega staðfestingu um að Vinnumálastofnun hafi móttekið gögn skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna en jafnframt verður að líta til þess að það kann að skipta notendafyrirtækið máli að geta gengið úr skugga um að þjónustuveitandinn starfi löglega hér á landi. Því þykir hæfilegt að Vinnumálastofnun hafi tvo virka daga til að fara yfir þær upplýsingar sem veittar eru á grundvelli 1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna og gefa skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögnin.

Um 4. gr.

Mikilvægt þykir að styrkja heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum gagnvart fyrirtækjum sem virða ekki ákvæði laganna. Verður að telja það eitt af lykilatriðum þess að stjórnvöld hafi fullnægjandi yfirsýn yfir innlendan vinnumarkað að erlend þjónustufyrirtæki sem veita tímabundna þjónustu hér á landi virði ákvæði laga þessara. Því er lagt til að fari fyrirtæki ekki að lögunum geti Vinnumálastofnun krafist þess að úrbætur verði gerðar innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Gert er ráð fyrir að þessi heimild eigi við hvort sem fyrirtæki láta hjá líða að tilkynna um fulltrúa eða um skipti á þeim samkvæmt 10. gr. laganna eða að sinna öðrum skyldum sínum á grundvelli laganna.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við tiltekin ákvæði þeirra. Með frumvarpinu er m.a. brugðist við þeim athugasemdum með tillögum um að fyrirtækjum sem hyggjast veita hér þjónustu verði heimilt að gefa Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem lögin kveða á um eigi síðar en sama dag og starfsemi þeirra hefst hér á landi og að stofnuninni verði gefnir tveir dagar til að fara yfir þau gögn sem henni berast áður en gefin verði út staðfesting um móttöku þeirra. Er þannig gert ráð fyrir að fyrirtæki geti sinnt upplýsingagjöf sinni til Vinnumálastofnunar á sama tíma og þau hefja starfsemi hér á landi.

Mikilvægt þykir að styrkja heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum gagnvart fyrirtækjum sem virða ekki ákvæði laganna. Er því lagt til í frumvarpinu að Vinnumálastofnun verði heimilt að beita fyrirtæki dagsektum hafi það ekki virt fyrirmæli stofnunarinnar um að fara að lögunum innan hæfilegs frests.

Breytingarnar sem lagðar eru til með frumvarpinu varða fyrst og fremst tímamörk í upplýsingagjöf þeirra fyrirtækja sem fyrirhuga að veita þjónustu hér á landi og afgreiðslu Vinnumálastofnunar. Ekki verður séð að frumvarpið muni hafa mikil áhrif á þá stjórnsýslu sem viðhöfð hefur verið við framkvæmd laganna hingað til. Er því ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

836. Frumvarp til laga [485. mál]

um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga.

2. gr.

1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Tveir einstaklingar mega stofna til hjúskapar þegar þeir hafa náð 18 ára aldri.

3. gr.

Í stað orðsins „maður“ í 1. málsl. 8. gr. laganna kemur: einstaklingur.

4. gr.

Í stað orðsins „mann“ í 11. gr. laganna kemur: þann.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, svohljóðandi:

Einstaklingar í staðfestri samvist, sem stofnað hefur verið til samkvæmt lögum nr. 87/1996, og hefur ekki verið slitið, geta fengið samvist sína viðurkennda sem hjúskap. Einstaklingar sem óska eftir slíkri viðurkenningu skulu báðir undirrita yfirlýsingu þess efnis sem beint skal til Þjóðskrár. Breytingin miðast við þann dag þegar yfirlýsing er lögð fram í Þjóðskrá.

Einstaklingar í staðfestri samvist, sbr. 1. mgr., geta einnig stofnað til hjúskapar skv. IV. kafla laga þessara. Vottorð um að viðkomandi séu í staðfestri samvist kemur þá í stað könnunarvottorðs skv. III. kafla laganna.

Staðfest samvist, sem stofnað hefur verið til samkvæmt lögum nr. 87/1996, hefur sömu réttaráhrif og hjúskapur. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 114. gr. er ávallt heimilt að höfða mál skv. 113. gr. vegna staðfestrar samvistar fyrir íslenskum dómstólum hafi staðfesting farið fram hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 123. gr. er íslenskum stjórnvöldum ávallt heimilt að leysa úr málum vegna staðfestrar samvistar sem stofnað hefur verið til hér á landi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952.

6. gr.

2. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t.d. einstaklingur í hjúskap, sem dvelur a.m.k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við maka hans eða ekki.

III. KAFLI

Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. gildir einnig um foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. barnalaga.

8. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. barnalaga.

9. gr.

Orðin „eða staðfestri samvist“ og orðin „eða stofnun staðfestrar samvistar“ í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

10. gr.

Orðin „staðfestar samvistir“ í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

V. KAFLI
Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Karl og kona“ í 1. málsl. kemur: Tveir einstaklingar.
b. 2. málsl. fellur brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum.

12. gr.

100. gr. laganna orðast svo:

Við slit á óvígðri sambúð getur annar sambúðarmaka eða báðir krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra. Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð tveggja einstaklinga, sem skráð er í Þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða hafi búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

13. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem verður 3. málsl., svohljóðandi: Með kenningu til föður í lögum þessum er einnig átt við kenningu til foreldris barns sem getið er við tæknifrjóvgun samkvæmt ákvæði 2. mgr. 6. gr. barnalaga.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. og 3. mgr. falla brott.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

15. gr.

Orðin „eða staðfestri samvist“ og „eða staðfestingu samvistar“ í e-lið 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „og samvistarmaki“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestrar samvistar“ í 1. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 6. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða staðfestrar samvistar“ tvívegis í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.

17. gr.

Í stað orðanna „sambúðarmaki eða samvistarmaki“ í a-lið 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: eða sambúðarmaki.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sambúðarmaki eða samvistarmaki“ í 3. mgr. kemur: eða sambúðarmaki.
b. Í stað orðanna „sambúðarmaka eða samvistarmaka“ í 3. mgr. kemur: eða sambúðarmaka.

X. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Um foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun gilda ákvæði 6. gr.

20. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun telst móðir þess.

Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst foreldri barns sem þannig er getið. Sama á við um konur sem skráð hafa sambúð sína í þjóðskrá.

Maður sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst faðir barns sem þannig er getið. Sama á við um mann og konu sem skráð hafa sambúð sína í þjóðskrá.

Maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu, sbr. 3. mgr., samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun verður ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans.

Maður sem gefið hefur sæði í öðrum tilgangi en greinir í 4. mgr. telst faðir barns sem getið er með sæði hans nema sæðið hafi verið notað án vitundar hans eða eftir andlát hans.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað „1. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. kemur: 3. mgr. 6. gr.
b. Í stað orðsins „kjörmóðir“ í 2. mgr. kemur: foreldri.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kjörmóður“ í 1. og 2. mgr. kemur: foreldri.
b. Í stað orðanna „mann eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.“ í 3. mgr. kemur: foreldri.

XI. KAFLI
Breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

24. gr.

Orðin „aðilar í staðfestri samvist“ í 1. tölul. 3. mgr. 39. gr. a laganna falla brott.

XII. KAFLI
Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

25. gr.

Orðin „aðilar í staðfestri samvist“ í 1. tölul. 3. mgr. 40. gr. a laganna falla brott.

XIII. KAFLI
Breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, með síðari breytingum.

26. gr.

Orðin „hvort sem viðkomandi var í hjúskap eða staðfestri samvist“ í 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna falla brott.

XIV. KAFLI
Breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

27. gr.

1. tölul. 3. mgr. 100. gr. laganna orðast svo: Hjón, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í skráðri sambúð.

XV. KAFLI
Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

28. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig tveir einstaklingar sem búa saman, enda hafi óvígð sambúð þeirra verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

XVI. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

29. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í lögum þessum um hjón og maka eiga einnig við um einstaklinga í óvígðri sambúð eða sambúð af öðru tagi sem staðið hefur samfleytt í eitt ár. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

30. gr.

Orðin „staðfestri samvist“ í 4. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

31. gr.

Orðin „samvistarmaka“ og „samvistarmaki“ í 1. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

32. gr.

Orðin „eða samvistarmakar“ í c-lið 22. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, með síðari breytingum.

33. gr.

Í stað orðanna „sambúðarmaki eða samvistarmaki“ í 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða sambúðarmaki.

34. gr.

2. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Maki eða sambúðarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband eða skráð sambúð staðið yfir lengur en eitt ár.

35. gr.

2. málsl. 4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Maki eða sambúðarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna skv. 1. mgr. liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband eða skráð sambúð staðið yfir lengur en eitt ár.

36. gr.

2. málsl. 4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Maki eða sambúðarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband eða skráð sambúð staðið yfir lengur en eitt ár.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

37. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð. Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð tveggja einstaklinga, sem skráð er í þjóðskrá, enda eigi þeir barn saman eða von á barni saman eða hafi verið í sambúð samfleytt lengur en eitt ár. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðanna „karl og konu eða tvo einstaklinga af sama kyni“ í 3. málsl. 13. gr. laganna kemur: tvo einstaklinga.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. mgr. 17. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996“ í 1. málsl. falla brott.
b. Í stað orðanna „karls og konu“ í 2. málsl. kemur: tveggja einstaklinga.
c. 3. málsl. fellur brott.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

40. gr.

Í stað orðanna „óvígð sambúð eða staðfest samvist“ í 2. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða óvígð sambúð.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 1. málsl. kemur: hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga.
b. Í stað orðanna „karls og konu“ í 2. málsl. kemur: tveggja einstaklinga.
c. 3. málsl. fellur brott.
d. Í stað orðanna „stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar“ í 4. málsl. kemur: eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 1. málsl. kemur: hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga.
b. Í stað orðanna „karls og konu“ í 2. málsl. kemur: tveggja einstaklinga.
c. 3. málsl. fellur brott.
d. Í stað orðanna „stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar“ í 5. málsl. kemur: eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

43. gr.

Orðin „eða staðfest samvist“ í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

44. gr.

Í stað orðanna „óvígða sambúð eða staðfesta samvist“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða óvígða sambúð.

45. gr.

1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Þeim er nýtur lífeyris skv. 9. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um hjúskap eða óvígða sambúð er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Einstaklingar í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þeir þess báðir skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er eða skrá má í þjóðskrá skv. 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða hafi verið samvistum í samfellt eitt ár hið skemmsta. Ríkisskattstjóra er heimilt að leita umsagnar Þjóðskrár þyki leika vafi á um að skráningarskilyrði séu uppfyllt.

b. 4. mgr. fellur brott.

47. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., svo og tveir einstaklingar í sambúð sem óskað hafa samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni.

48. gr.

Orðin „og einstaklinga í staðfestri samvist“ í 3. málsl. 1. mgr. 116. gr. laganna falla brott.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum.

49. gr.

Orðin „einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðanna „í sambúð eða staðfestri samvist“ í a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða í sambúð.

51. gr.

Í stað orðanna „staðfestri samvist“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: hjónabandi.

52. gr.

Í stað orðanna „karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: karlmaður sá eða kona, sem leggja kynfrumurnar til, og maki viðkomandi eða sambúðarmaki.

53. gr.

Í stað orðanna „karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða óvígðri sambúð eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð slíta henni“ í 1. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: par sem samþykkti geymslu fósturvísanna slítur hjúskap eða óvígðri sambúð sinni.

XXVIII. KAFLI

Gildistaka og brottfall laga.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2010.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra sem fór þess á leit við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni að stofnunin tæki að sér að semja frumvarp til breytinga á hjúskaparlögum o.fl. Verkefnið var afmarkað með svohljóðandi hætti:

„Samkvæmt gildandi lögum geta karl og kona gengið í hjúskap á grundvelli hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en tveir einstaklingar af sama kyni geta fengið samvist sína staðfesta á grundvelli laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á síðarnefndu lögunum frá gildistöku þeirra sem hafa breytt stöðu fólks í staðfestri samvist og

gert hana enn líkari stöðu karls og konu í hjúskap. Þannig hefur prestum og forstöðumönnum trúfélaga verið veitt heimild til þess að staðfesta samvist, auk þess sem breytingar á öðrum lögum, svo sem lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, hafa veitt einstaklingum í staðfestri samvist aukinn rétt frá því sem var við setningu laga um staðfesta samvist.

Nú er svo komið að rétt þykir að afmá þann mun sem felst í mismunandi löggjöf vegna hjúskapar karls og konu annars vegar og staðfestingar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni hins vegar, og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram það markmið að ein hjúskaparlög verði lögfest.

Dómsmálaráðuneytið fer þess á leit við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni að stofnunin taki að sér að semja frumvarp til breytinga á hjúskaparlögum (og e.a. öðrum lögum er málið varðar) ásamt athugasemdum, í samræmi við framanrituð áform ríkisstjórnarinnar um að í gildi séu ein hjúskaparlög fyrir alla.“

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr fól Hrefnu Friðriksdóttur, lektor í sifja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands, að semja frumvarp sem skilað var til ráðuneytisins og er hér lagt fram með fáeinum orðalagsbreytingum. Við undirbúning frumvarpsins var farið yfir þróun réttinda samkynhneigðra á Íslandi. Þá var aflað upplýsinga um þróun löggjafar í öðrum löndum og þær leiðir sem farnar hafa verið til að heimila samkynhneigðum að stofna til hjúskapar. Einnig var tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Áður en vikið verður að skýringum á einstaka ákvæðum þykir rétt að fjalla með almennum hætti um ofangreind atriði.

2. Lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

2.1 Aðdragandi að setningu laga um staðfesta samvist.

Alþingi ályktaði í fyrsta sinn um málefni samkynhneigðra þann 19. maí 1992 og lýsti yfir vilja sínum til að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu samkynhneigðra í samfélaginu. Þingsályktunin var í heild sinni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.“

Nefndin lauk störfum haustið 1994 með útgáfu skýrslu um málefni samkynhneigðra. Tillögur nefndarinnar um úrbætur voru þríþættar. Í fyrsta lagi lutu þær að fræðslu um samkynhneigð og hvernig uppræta mætti fordóma í þjóðfélaginu í garð samkynhneigðs fólks. Í öðru lagi var lagt til að breyta refsilögum til þess að vernda samkynhneigða gegn aðkasti og misrétti. Í þriðja lagi lagði meiri hluti nefndarinnar til úrbætur til þess að veita samkynhneigðum í sambúð kost á því að njóta réttarstöðu sem væri sambærileg við réttarstöðu hjóna, en þó með undantekningum sem snerust að verulegu leyti um réttarstöðu samkynhneigðra gagnvart börnum. Þess má geta að minni hluti nefndarinnar vildi ganga lengra þannig að engar undantekningar mundu gilda um stofnun og réttaráhrif staðfestrar samvistar frá þeim reglum sem giltu um hjúskap.

Í kjölfar skýrslunnar var m.a. lagt fram frumvarp til laga um staðfesta samvist sem hafði það meginmarkmið að gefa samkynhneigðum kost á að njóta sambærilegrar réttarstöðu og hjón. Markmið frumvarpsins var einnig að viðurkenna jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra almennt í fjölskyldulífi og að eyða þannig fordómum í garð samkynhneigðra.

Hugtakið staðfest samvist var nýtt í umræðunni og í lögum sem giltu um viðurkennd sam-

búðarform á Íslandi. Var byggt á sama grunni og gert hafði verið í lögum sem sett höfðu verið í Danmörku árið 1989, Noregi árið 1993 og í Svíþjóð árið 1994. Í frumvarpinu var tekið mið að því mati nefndarinnar um málefni samkynhneigðra að mikilvægt væri að hafa lagasamræmi á Norðurlöndum um réttarstöðu samkynhneigðra, eins og almennt væri leitast við á sviði sifjaréttar.

Norrænu lögin áttu það öll sameiginlegt að þar var sett fram sú meginregla að um stofnun staðfestrar samvistar og hjónabands giltu sömu skilyrði og að réttarstaða einstaklinga í staðfestri samvist og við lok hennar væri sú sama og réttarstaða einstaklinga í hjónabandi. Nokkrar undantekningar voru þó frá þessari meginreglu og voru þær að meginstefnu sambærilegar í framangreindum lögum á Norðurlöndunum.

2.2 Lög um staðfesta samvist.

Í 1. gr. laganna um staðfesta samvist hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir að tveir einstaklingar af sama kyni geti stofnað til staðfestrar samvistar. Orðalag greinarinnar útilokar að tveir einstaklingar af gagnstæðu kyni geti verið í staðfestri samvist, enda er markmið ákvæðisins að samkynhneigðir í sambúð geti notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í lögunum. Hins vegar er ekki gert að skilyrði að um samkynhneigða einstaklinga sé að ræða. Við setningu laganna þótti ekki nauðsynlegt eða viðeigandi að setja slíkt skilyrði um kynhneigð og sérstaklega bent á að engin skilyrði væru sett í lögum um gagnkynhneigð karls og konu sem vildu ganga í hjúskap eða skrá óvígða sambúð sína.

Í 5. gr. birtist kjarni laganna. Þar kemur fram að staðfesting samvistar hafi, með tilteknum undantekningum, sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda því almennt um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

Við setningu laganna var kveðið á um ýmsar undantekningar frá þeirri meginreglu að öll lagaákvæði um hjúskap giltu um einstaklinga í staðfestri samvist. Undantekningar voru m.a. rökstuddar með því að á meðan staðfest samvist væri að festa sig í sessi sem viðurkennt sambúðarform í þjóðfélaginu væri rétt að fara hægt í sakirnar.

Í fyrsta lagi voru lögfestar sérreglur í 2. gr. um skilyrði fyrir því að staðfest samvist gæti farið fram hér á landi, þ.e. gerð var krafa um að báðir einstaklingar eða annar þeirra væri íslenskur ríkisborgari sem ætti lögheimili hér á landi. Rökin voru þau að þetta nýja sambúðarform væri ekki viðurkennt nema í mjög fáum ríkjum utan Norðurlandanna og þess vegna væri rétt að krefjast þess að einstaklingar hefðu ákveðin tengsl við ríki þar sem slík réttarstaða væri tryggð.

Í öðru lagi gátu samkynhneigðir við setningu laganna ekki fengið samvist sína staðfesta í kirkjulegri vígslu heldur var hún framkvæmd af borgaralegum vígslumönnum skv. 3. gr.

Í þriðja lagi kom fram í 6. gr. laganna í upphaflegri mynd að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun giltu ekki um staðfesta samvist. Ákvæði í alþjóðlegum samningum sem Ísland væri aðili að giltu heldur ekki nema aðrir samningsaðilar féllust á það.

Að síðustu má geta 8. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ávallt sé heimilt að höfða dómsmál eða leita til stjórnvalda á Íslandi vegna staðfestrar samvistar sem stofnað hefur verið til hér á landi.

2.3 Breytingar á lögum um staðfesta samvist o.fl.

2.3.1 Lög nr. 52/2000.

Lögunum um staðfesta samvist var fyrst breytt með lögum nr. 52/2000 sem tóku gildi 26. maí 2000. Markmiðið var m.a. að breyta skilyrðum til að stofna til staðfestrar samvistar á

Íslandi en eðlilegt og sanngjarnt þótti að rýmka skilyrðin með tilliti til borgara annarra ríkja. Ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð var þannig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt og kveðið á um að ráðherra gæti ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi væru lög um staðfesta samvist yrði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Á þetta nú við um ríkisborgara Finnlands og Hollands, sbr. reglugerð nr. 681/2004.

Þá var bætt við 6. gr. laganna ákvæði um að þau lagaákvæði sem hafa sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu.

Að lokum var einstaklingi í staðfestri samvist veitt heimild í lögum þessum til að ættleiða barn maka síns sem hann hefði forsjá fyrir nema þegar um væri að ræða kjörbarn frá öðru landi. Hér er um að ræða það sem kallað er stjúpættleiðing og er nánar mælt fyrir um í lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.

2.3.2 Lög nr. 65/2006.

Þann 27. júní 2006 tóku gildi lög nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra. Eitt meginmarkmið þessara laga var að tryggja réttarstöðu samkynhneigðra í óvígðri sambúð. Talið var að samkynhneigð pör í sambúð byggju við lagalega mismunun að þessu leyti, á mörgum sviðum nytu þau ekki sömu réttinda og gagnkynhneigð pör í óvígðri sambúð og á öðrum sviðum væri réttarstaðan óljós. Það þótti stinga í stúf að samkynhneigð pör ættu þess kost að staðfesta samvist sína með tilheyrandi réttaráhrifum en þau hefðu ekki þann valkost að velja sambúðarform sem almennt fylgdu takmarkaðri réttaráhrif. Engin málefnaleg rök þóttu réttlæta mismunun af þessu tagi.

Til að ná því markmiði að tryggja jafnan rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í óvígðri sambúð var 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, efnislega breytt þannig að karl og kona eða tveir einstaklingar af sama kyni sem eru samvistum og uppfylla skilyrði II. kafla hjúskaparlaga geta nú fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Einnig voru gerðar orðalagsbreytingar á ýmsum lagaákvæðum þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð til þess að taka af öll tvímæli um að í hugtakinu geti efnislega falist sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni.

Með lögunum nr. 65/2006 var einnig gerð sú mikilvæga breyting að fella úr gildi þær takmarkanir sem fólust í 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist. Með þessu varð samkynhneigðum pörum heimilt að ættleiða börn samkvæmt ættleiðingarlögum, nr. 130/1999, og lesbískum pörum heimil aðstoð við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996. Full samstaða var um að samkynhneigðir væru jafnhæfir uppalendur og gagnkynhneigðir. Ekki þóttu lengur standa rök til þess að gera upp á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hvað varðaði rétt til ættleiðinga og talið var eðlilegt að samkynhneigðir nytu sama réttar og gagnkynhneigðir til tæknifrjóvgunar. Sérstaklega var tekið fram við setningu laganna að afstaða samfélagsins til réttinda samkynhneigðra hefði á síðustu misserum færst í þessa átt.

Með lögunum frá árinu 2006 voru skilyrði fyrir því að mega staðfesta samvist á Íslandi einnig rýmkuð enn frekar þannig að ekki er lengur krafist fastar búsetu á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut.

2.3.3 Lög nr. 55/2008.

Með lögum sem tóku gildi 27. júní 2008 var prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga, sem hafa vígsluheimild skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, veitt heimild til að staðfesta samvist.

Lög þessi voru sett í samræmi við skýra stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í ljósi þess að sátt hafði náðst innan þjóðkirkjunnar. Þannig var vísað til ályktunar Kirkjuþings frá 2007 þess efnis að yrði lögum um staðfesta samvist breytt þannig að trúfélög fengju heimild til að staðfesta samvist, þá styddi Kirkjuþing það að prestum þjóðkirkjunnar yrði það heimilt. Kirkjuþing lagði áherslu á að frelsi presta í þessum efnum yrði virt en í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum er byggt á því að prestar muni ekki synja af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar. Þá er áréttað að sýslumönnum og löglærðum fulltrúum þeirra beri á hinn bóginn eftir sem áður skylda til að staðfesta samvist að fullnægðum settum skilyrðum laga.

2.4 Tölfræði.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru alls 77.047 kjarnafjölskyldur á Íslandi þann 1. janúar 2009. Langstærstur hluti landsmanna tilheyrir kjarnafjölskyldu, þann 1. janúar 2009 voru það alls 222.373 af alls 299.420 manns sem bjuggu á Íslandi.

Hjónaband er algengasta sambúðarformið á Íslandi. Þann 1. janúar 2009 voru alls 204.794 einstaklingar í hjónabandi eða staðfestri samvist. Mikill meiri hluti þessara eru í hjónabandi en samkvæmt Hagstofunni hafa samtals 195 pör stofnað til staðfestrar samvistar á Íslandi á árunum 1996–2008.

Kirkjulegar hjónavígslur eru mun algengari en borgaralegar vígslur. Á árinu 2008 fóru t.d. fram samtals 1.642 hjónavígslur, af þeim voru 1.310 kirkjulegar og 332 borgaralegar. Á árinu 2008, eftir að lög nr. 55/2008 um vígsluheimild presta og forstöðumanna trúfélaga tóku gildi þann 27. júní, fengu alls 4 pör af sama kyni kirkjulega staðfestingu samvistar. Tölulegar upplýsingar vegna ársins 2009 liggja ekki fyrir.

3. Grundvallarréttindi.

3.1 Réttur til að ganga í hjúskap.

Þrátt fyrir mismunandi skilgreiningar á hjúskap er víðast í heiminum litið á hjúskapinn sem sterkustu grunnstoð fjölskyldunnar í samfélaginu. Skv. 1. mgr. 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verndin nær m.a. til þess að mega stofna fjölskyldu en ekki er fjallað berum orðum um réttinn til að ganga í hjúskap. Rétt þykir að nefna nokkra alþjóðasamninga sem Íslands hefur lögfest eða fullgilt þar sem lögð er áhersla á réttinn til að stofna til fjölskyldu og til að ganga í hjúskap.

Rétturinn til að ganga í hjúskap er ein af grundvallarreglum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Skv. 16. gr. skal konum og körlum, sem hafa aldur til þess að lögum, heimilt að stofna til hjúskapar og fjölskyldu. Þau skulu njóta jafnréttis um stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.

Mannréttindasáttmáli Evrópu frá árinu 1950 hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Skv. 12. gr. mannréttindasáttmálans eiga karlar og konur á hjúskaparaldri rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi. Nánar er fjallað um jafnrétti hjóna í 5. gr. samningsviðauka nr. 7, sbr. breytingar í 2. gr. samningsviðauka nr. 11, en þar segir:

„Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.“

Samkvæmt 23. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sem fullgiltur var á Íslandi 1979, er fjölskyldan hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins og á hún rétt á vernd þjóðfélagsins og ríkisins. Réttur karla og kvenna á hjúskaparaldri til þess að ganga í hjónaband og stofna til fjölskyldu skal viðurkenndur og skulu ríki gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja jöfn réttindi og jafnar skyldur hjóna varðandi stofnun hjúskapar, meðan á hjúskap stendur og við slit hjúskapar. Í almennu áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 19 frá 1990 var ekki talið unnt að setja fram tiltekna skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda enda væri ljóst að aðildarríki skilgreindu fjölskyldu með mismunandi hætti. Mannréttindanefndin undirstrikaði þó að hverju ríki bæri að veita öllum þeim sem skilgreindir væru sem fjölskylda í lögum eða framkvæmd þess ríkis alla þá vernd sem ákvæði 23. gr. vísaði til.

Svipað ákvæði er að finna í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 sem einnig var fullgiltur á Íslandi árið 1979. Þar kemur fram í 10. gr. að mesta mögulega vernd skuli látin fjölskyldunni í té sem grundvallarhópeiningu þjóðfélagsins, sérstaklega við stofnun hennar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979 var fullgiltur af Íslands hálfu árið 1985. Skv. 16. gr. skulu aðildarríkin m.a. tryggja konum og körlum sama rétt til að velja sér maka og stofna til hjúskapar einungis með frjálsu og fullkomnu samþykki. Þá ber að tryggja konum og körlum sömu réttindi og skyldur meðan á hjúskap stendur og við slit.

3.2 Jafnrétti.

Samkvæmt 65. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, ætternis og stöðu að öðru leyti. Við endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar var sérstaklega byggt á þeim alþjóðasamningum sem Íslands er aðili að.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna byggist á þeirri grundvallarreglu að misrétti sé ekki leyfilegt og þar er því lýst yfir að allir menn séu frjálsbornir og jafnir að virðingu og réttindum og að öllum beri þar til greind réttindi og frelsi, án nokkurrar mismununar. Undirstaða allra mannréttindasamninga er sú að viðurkenning á meðfæddri göfgi og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Alþjóðasamningar um mannréttindi byggjast á því að hver maður skuli eiga kröfu á réttindum þeim og frelsi sem þar er lýst, án nokkurs greinarmunar, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna, sbr. t.d. 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Ákvæði þessi eru túlkuð með þeim hætti að þau banna mismunun á grundvelli kynhneigðar.

Hér ber einnig sérstaklega að geta samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989. Samningurinn var fullgiltur á Íslandi árið 1992 auk þess sem Alþingi ályktaði árið 2009 um að lögfesta samninginn hér á landi. Meginmarkmið samningsins er að tryggja rétt-

indi barnsins í víðtækum skilningi. Í inngangi hans er m.a. tekið fram að undirbúa beri barn að fullu til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins og ala eigi það upp í anda þeirra hugsjóna sem lýst er í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu.

Meðal meginreglna samningsins er 2. gr. um jafnrétti allra barna og bann við mismunun vegna tiltekinna atriða eða aðstæðna að öðru leyti og fellur kynhneigð þar undir. Þetta hefur í för með sér að aðildarríki verða að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni verði ekki mismunað vegna kynhneigðar sinnar. Mikilvægt er að viðurkenna þá staðreynd að flestir einstaklingar verða kynþroska og uppgötva kynhneigð sína áður en þeir ná 18 ára aldri, þ.e. meðan þeir eru enn börn samkvæmt lögum. Á barnsaldri reynir sjaldan á réttinn til að ganga í hjúskap enda er það eitt af hjónavígsluskilyrðunum að almennt megi ekki megi stofna til hjúskapar fyrr en 18 ára aldri er náð, sbr. 7. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Hér verður þó að horfa til þess að löggjöf gegnir lykilhlutverki í því að móta viðbrögð og viðhorf samfélagsins, m.a. til mismunandi fjölskyldugerða. Eins og áður sagði var eitt af markmiðum laga um staðfesta samvist að móta viðhorf með því að undirstrika jafnrétti og jafngildi samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Fjölskyldan er oft kölluð hornsteinn samfélagsins. Öll löggjöf sem mismunar einstaklingum á grundvelli kynhneigðar, sérstaklega löggjöf um ólíkar fjölskyldugerðir eða viðurkennd sambúðarform, er því líkleg til að hafa bein áhrif á sjálfsmynd, þroska og þroskavænleg skilyrði barns á viðkvæmu mótunarskeiði í lífi þess. Hér má einnig benda á að skv. 3. gr. samningsins um réttindi barnsins skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang, m.a. þegar löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn, og skv. 6. gr. ber aðildarríki af fremsta megni að tryggja að barn megi lifa og þroskast. Þetta leggur ríki þær skyldur á herðar að skapa börnum af fremsta megni bestu þroskavænleg uppvaxtarskilyrði sem völ er á.

Jafnræðisregla samningsins um réttindi barnsins mælir einnig fyrir um bann við mismunun vegna aðstæðna foreldra. Ákvæðum samningsins er þannig einnig ætlað að tryggja að börnum í ólíkum fjölskyldugerðum verði ekki mismunað vegna kynhneigðar foreldranna.

4. Löggjöf annarra þjóða.

4.1 Norðurlönd.

Barátta fyrir jöfnun rétti samkynhneigðra hefur farið stigvaxandi í alþjóðasamfélaginu. Ný löggjöf hefur víða stuðlað að mikilvægum viðhorfsbreytingum, fjölskyldulíf samkynhneigðra orðið sýnilegra og öðlast umtalsverða viðurkenningu.

Eins og áður sagði þykir mikilvægt að stefna að lagasamræmi á Norðurlöndum á sviði sifjaréttar og þykir rétt að gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa á rétti norrænna ríkja.

Hjúskaparlögum nr. 47 frá 1991 var breytt í Noregi með lögum nr. 53 frá 2008 sem gengu í gildi 1. janúar 2009. Þá var sænskum hjúskaparlögum nr. 230 frá 1987 breytt með lögum nr. 253 frá 2009 sem tóku gildi 1. maí 2009.

Markmið breytinganna á norsku og sænsku hjúskaparlögunum var að tryggja fullt jafnrétti samkynhneigðra og gagnkynhneigðra og gera samkynhneigðum kleift að ganga í hjónaband. Jafnframt voru numin úr gildi lög sambærileg íslensku lögunum um staðfesta samvist. Ítarleg rök fyrir þessari niðurstöðu má m.a. finna í Or.prp. nr. 33 (2007–2008) *Om lov om endringer i ekteskapsloven, barnelova, adopsjonsloven, bioteknologiloven mv. (felles ekteskapslov for heterofile og homofile par)*, SOU 2007:17 *Äktenskap för par med samma kön: Vigselfrågor* og Betänkande 2008/09:CU19 *Könsneutrala äktenskap och vigselfrågor.*

Lögum hefur ekki verið breytt með sama hætti í Danmörku. Meiri hluti biskupa þar í landi ákvað hins vegar árið 2005 að leyfilegt væri að blessa samvist samkynhneigðra og notast er við helgisiði sem líkjast þeim sem notaðir eru við hjónavígslur.

Í Finnlandi gilda lög frá 2001 sambærileg við lög um staðfesta samvist.

4.1 Önnur lönd.

Réttarstaða samkynhneigðra á fjölskyldusviðinu breytist ört um allan heim. Mjög víða hafa verið sett lög sambærileg þeim sem hér gilda um staðfesta samvist. Á síðari árum hefur einnig fjölgað þeim ríkjum sem heimila samkynhneigðum að stofna til hjúskapar til jafns við gagnkynhneigða. Holland varð fyrst ríkja heims til að setja ein hjúskaparlög fyrir alla árið 2001 og Spánn fylgdi í kjölfarið árið 2005. Önnur ríki sem heimila samkynhneigðum að ganga í hjónaband eru, auk Norðurlandanna sem vikið var að, Belgía, Kanada, Suður-Afríka, Portúgal, fylkið Mexíkóborg og eftirtalin fylki Bandaríkja Norður-Ameríku, Massachusetts, Connecticut, Iowa, Maine, Vermont, New Hampshire og Washington DC.

5. Staðfest samvist eða hjónaband.

5.1 Almennt.

Umræðan á Íslandi um það hvort hjúskapur tveggja einstaklinga verði skilgreindur óháð kyni eða kynhneigð hefur farið vaxandi á allra síðustu árum. Ljóst er að samkynhneigðir hafa notið stigvaxandi réttinda hér á landi og þróunin hefur verið sú að afnema takmarkanir þar sem gerður er greinarmunur á réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra til fjölskyldulífs. Umræðan hefur farið fram á öllum sviðum þjóðlífsins og ekki síst innan kirkjunnar.

5.2 Umræða innan þjóðkirkjunnar.

Söguleg tengsl ríkis og kirkju hér á landi eru talsverð. Ríki og kirkja mætast m.a. við upphaf hinnar aldagömlu stofnunar sem hjúskapurinn er og þessi tengsl eru helsta ástæða þess að prestar hafa vígsluheimild lögum samkvæmt. Nokkuð sterk hefð er hér á landi fyrir kirkjulegum vígslum umfram borgaralegar eins og áður hefur verið nefnt.

Í ljósi þessa hefur verið vandað til samræðu löggjafans við þjóðkirkjuna þegar mótuð hefur verið löggjöf um fjölskyldulíf samkynhneigðra. Þannig studdi þjóðkirkjan t.d. setningu laga um staðfesta samvist á sínum tíma. Þá samdi biskup Íslands form fyrir fyrirbæn og blessun yfir staðfesta samvist árið 1999.

Prestafélag Íslands og Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra efndu til þriggja málþinga á árunum 2004 og 2005 þar sem fjallað var um afmarkaða þætti, svo sem fjölskyldur samkynhneigðra og hjúskaparform og það hvort íslenska þjóðkirkjan gæti haft frumkvæði í málefnum samkynhneigðra.

Nefnd um málefni samkynhneigðra á vegum forsætisráðherra, sem lauk störfum haustið 2005, beindi þeim tilmælum til þjóðkirkjunnar að hún vígði samkynhneigða sem hjón. Í skýrslu nefndarinnar segir m.a.:

„Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að breyta afstöðu sinni gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör.“

Prestastefna sem haldin var 2005 beindi þeim eindregnu tilmælum til biskups að hann fæli ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, sbr. 14. gr. þjóðkirkjulaga og starfsreglur nr. 821/2000, að bregðast við þessu. Álit kenningarnefndar um þjóðkirkjuna og staðfesta samvist var rætt á prestastefnu og Kirkjuþingi árið 2006.

Í álitinu kemur fram að allt til þessa hafi ríki heims og trúarbrögð mannkyns gengið út frá því að hjónaband sé samband karls og konu. Þó er bent á að hjónabandið sé ekki sakramenti samkvæmt lúterskum skilningi heldur lúti sifjarétturinn, þar með stofnun hjúskapar, lögum ríkisins. Aðkoma kirkjunnar að hjónavígslu byggist á því að ríkt hafi samskilningur menningar, löggjafar og trúar hvað varðar skilgreiningu á hjúskap. Þótt stofnun hjúskapar sé málefni hins veraldlega valds hafi kirkjan átt þar hlut að máli vegna þess samhljóms siðarins sem hér hafi verið. Umræða um endurskilgreiningu hjónabandsins varði því samstöðu kirkju og samfélags. Í niðurstöðum kenningarnefndar kemur m.a. fram að þjóðkirkjan meti alla jafnt án tillits til fjölskyldustöðu og þjóðkirkjan haldi á lofti kristilegum gildum sem styðja gott líf, stuðli að réttlæti og standi vörð um velferð allra, sérstaklega þeirra sem af einhverjum ástæðum séu misrétti beittir. Einnig segir að þjóðkirkjan viðurkenni að kynhneigð fólks sé mismunandi og að samkynhneigðir séu hluti af kirkjunni. Þjóðkirkjan vilji styðja allt kristið fólk í viðleitni þess til að temja sér ábyrgan lífsstíl og hvetji alla, samkynhneigða sem gagnkynhneigða, til að hlýða köllun Krists til náungakærleika og ábyrgðar í kynlífi, sambúð og fjölskyldulífi. Þjóðkirkjan styðji hjónabandið sem sáttmála karls og konu á forsendum hins kristna kærleika og kirkjan styðji enn fremur önnur sambúðarform á sömu forsendum. Þá styðji þjóðkirkjan þá einstaklinga af sama kyni sem vilji búa saman í ást og trúmennsku og staðfesta samvist sína.

Á Kirkjuþingi sem haldið var árið 2007 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um að Kirkjuþing samþykkti álit kenningarnefndar. Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að álitið og málefnin hafi hlotið mikla umræðu á vettvangi kirkjunnar. Samkvæmt tillögunni var álitið talið fela í sér málamiðlun og lagt var til að fylgja hinni kirkjulegu hefð um að leiða mál til lykta með samstöðu. Í þingsályktunartillögunni segir m.a.:

„Með vaxandi þunga hefur umræðan snúist um stöðu og skilgreiningu hjónabandsins. Álit Kenningarnefndar fer ekki ofan í skilgreining þess, þar er gengið út frá hinum hefðbundna skilningi kirkju og samfélags. Í ályktuninni er undirstrikað að kirkjan standi við þá hefðbundnu skilgreiningu hjónabandsins. Mikilvægt er að hugtökunum samvist og hjónaband sé haldið aðgreindum og samfélagið viðurkenni mismunandi sambúðarform en með sömu réttaráhrifum eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.“

Kirkjuþing 2007 ályktaði að þjóðkirkjan stæði við hefðbundinn skilning á hjónabandinu sem sáttmála karls og konu en jafnframt var ályktað um stuðning við vígsluheimild presta eins og áður hefur verið nefnt. Í kjölfar gildistöku breytingarlaganna nr. 55/2008, um vígsluheimild presta, voru staðfestar á Kirkjuþingi 2009 samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar þar sem m.a. er að finna kafla um framkvæmd kirkjulegrar staðfestingar samvistar.

5.3 Umræða á Alþingi.

Þann 6. desember 2005 barst Alþingi áskorun frá Samtökum foreldra og aðstandenda samkynhneigðra um að breyta hjúskaparlögunum á þann veg að þau þjónuðu jafnt samkynhneigðu og gagnkynhneigðu fólki.

Frumvarp sem varð að lögum nr. 65/2006 var lagt fram á Alþingi þann 18. nóvember 2005. Jafnhliða hófust umræður um breytingar á hjúskaparlöggjöfinni í þá veru að skilgreina hjúskap kynhlutlaust. Hugmynd um kirkjulega vígsluheimild var rædd sérstaklega enda höfðu einstök trúfélög lýst yfir vilja til að fá heimild til þess. Umræðan þótti þurfa lengri aðdraganda og vandaðri undirbúning og því ekki tímabært að leggja til breytingu sem fæli í sér vígslurétt.

Þann 3. október 2007 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra. Frumvarpið gerði ráð fyrir að hjúskaparlögum yrði breytt þannig að þau giltu jafnt um öll pör, samkynhneigð sem gagnkynhneigð, og jafnframt að lögin um staðfesta samvist yrðu felld úr gildi. Frumvarpið var ekki rætt á þinginu.

Þann 3. apríl 2008 var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um staðfesta samvist sem varð að lögum nr. 55/2008. Í áliti allsherjarnefndar um frumvarpið kemur fram að nefndin taldi þetta mikilvægt skref í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Taldi nefndin eðlilegt að næsta skref í þessum efnum yrði að endurskoða hjúskaparlög með það að markmiði að fella saman í einn lagabálk lagaákvæði um hjúskap og staðfesta samvist og taldi að sú endurskoðun ætti að hefjast hið fyrsta. Einn nefndarmanna lagði fram breytingartillögu í þessa veru en hún náði ekki fram að ganga.

5.4 Ein hjúskaparlög fyrir alla.

Ljóst er að hjúskapur á sér djúpar rætur í löggjöf og menningu. Grunnstoðir hjónabandsins eru hugmyndir um gagnkvæma ást, festu og varanleika sem þykja æskileg skilyrði lífshamingjunnar. Með þetta í huga hefur löggjafinn stutt hjúskap umfram önnur viðurkennd sambúðarform. Þrátt fyrir hinar styrku grunnstoðir hjónabandsins hafa orðið miklar breytingar á eðli þess í gegnum árin. Skilgreining á hjónabandi mótast þannig af félagslegum og menningarlegum þáttum hverju sinni. Auk þess sem áður var nefnt grundvallast hjónaband í dag t.d. á sjónarmiðum um frjálst samkomulag fólks, jafnrétti og samstöðu og á efnahagslegu sjálfstæði hvors um sig.

Hjúskapur er fyrst og fremst borgaraleg stofnun. Löggjöf um hjúskap skilgreinir þetta viðurkennda sambúðarform á hverjum tíma og markar hverjir megi ganga í hjúskap eða hver hjónavígsluskilyrði skuli vera. Þá er það löggjafans að ákveða hvaða réttaráhrif fylgja stofnun hjúskapar.

Í samræmi við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og alþjóðasamninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja ber löggjafanum skylda til að vinna gegn misrétti á grundvelli kynhneigðar. Löggjöf á Íslandi hefur grundvallast á því að samkynhneigðir skuli njóta jafnréttis á öllum sviðum samfélags. Þrátt fyrir að staðfesting samvistar hafi nánast öll sömu réttaráhrif og hjúskapur liggur fyrir að gildandi lög gera greinarmun á einstaklingum af gagnstæðu kyni og einstaklingum af sama kyni á þessu sviði. Það að nota mismunandi hugtök um fjölskylduform gagnkynhneigðra og samkynhneigðra á rót að rekja til þeirra tíma þegar samkynhneigðir nutu ekki fullra réttinda og þegar ástæða þótti til að takmarka réttaráhrif sambúðarforms samkynhneigðra. Þessi ólíku hugtök fela í sér aðgreiningu sem er til þess fallin að viðhalda þeim skilningi að það sé grundvallarmunur á fólki eftir kynhneigð. Þennan mun á stöðu einstaklinga er ekki hægt að réttlæta með málefnalegum hætti.

Markmið þessa frumvarps er að undirstrika jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í fjölskyldulífi og tryggja samkynhneigðum jafnan rétt til að velja það sambúðarform sem öðrum stendur til boða. Sjónarmið um hjónaband sem frjálst samkomulag tveggja hefur legið því til grundvallar að löggjafinn hefur sífellt fækkað hjónavígsluskilyrðum til að greiða fyrir því að einstaklingar geti stofnað til þessa fjölskylduforms. Það verður að líta svo á að það styrki hjónaband í sessi að fleiri geti valið að takast á hendur þær skuldbindingar sem felast í því æskilega og mikilvæga lífssambandi sem hjónabandið þykir vera. Það jafnrétti sem umræddar lagabreytingar munu hafa í för með sér er einnig mikilvægt til að auka virðingu og skilning og eyða fordómum í garð samkynhneigðra í samfélaginu.

6. Ýmis álitaefni.

6.1 Skylda eða heimild til að vígja.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. hjúskaparlaga eiga hjónaefni ótvíræðan rétt á að stofna til hjúskapar fyrir borgaralegum vígslumanni hvort sem þau eiga kröfu á kirkjulegri hjónavígslu eða ekki.

Á kirkjulegum vígslumönnum hvílir ekki sams konar skylda. Í 16. og 17. gr. laganna er fjallað um vígsluheimild presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga og skv. 2. mgr. 22. gr. laganna getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, sett reglur um hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslu og nánari reglur um hvenær þeim sé þetta heimilt. Ákvæði þetta er óbreytt frá setningu eldri laga en ráðuneytið hefur ekki nýtt lagaheimildina til að setja umræddar reglur.

Við túlkun ákvæðisins um vígsluheimild eða vígsluskyldu hefur m.a. verið nefnt að setja megi það skilyrði að annað hjónaefna eða bæði tilheyri því trúfélagi sem á í hlut. Þá hefur einnig verið nefnt að til álita komi að prestur megi neita að vígja hjónaefni ef hann telur slíkt andstætt samvisku sinni og sannfæringu. Ákvæði af því tagi eru í dönskum rétti, sbr. reglur um vígslu innan og utan þjóðkirkjunnar frá 1974. Í 13. gr. norsku hjúskaparlaganna er ákvæði um að kirkjulegur vígslumaður megi neita að vígja hjónaefni ef annað tilheyri ekki viðkomandi trúfélagi eða sé fráskilið og fyrrverandi maki sé enn á lífi. Við þá breytingu sem tók gildi 1. janúar 2009 var bætt við ákvæði 13. gr. að kirkjulegur vígslumaður mætti neita ef hjónaefni væru af sama kyni. Samkvæmt sænsku hjúskaparlögunum er kirkjulegum vígslumönnum almennt ekki skylt að framkvæma hjónavígslu en ekki er til tekið hvaða ástæður geti réttlætt neitun þeirra.

Eins og áður sagði þá byggist heimild kirkjulegra vígslumanna til að staðfesta samvist, samkvæmt breytingalögum nr. 55/2008, á því að prestar muni ekki synja af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar. Telja verður að þessi túlkun fari saman við túlkun á 16. og 17., sbr. 22. gr., hjúskaparlaga og heimild presta til að vígja fólk af sama kyni í hjúskap verði því með sama sniði og heimild þeirra til að staðfesta samvist. Ekki þykir ástæða til að leggja til lagabreytingar um þessi atriði en hvetja má til þess að ráðuneytið skoði að höfðu samráði við biskup og jafnvel fleiri hvort ástæða sé til að setja nánari reglur á grundvelli 22. gr. hjúskaparlaga.

Árétta ber að spurningar um vígsluheimild og vígsluskyldu snerta fyrst og fremst einstaka vígslumenn. Með hliðsjón af stöðu þjóðkirkjunnar á Íslandi þykir mega stefna að því að allir muni geta notið kirkjulegrar vígslu innan þjóðkirkjunnar ef annað eða bæði hjónaefna tilheyra þjóðkirkjunni þó að hver og einn eigi ekki rétt á vígslu af hálfu tiltekins vígslumanns.

6.2 Réttur til að ganga í hjúskap á Íslandi.

Í hjúskaparlögum, nr. 31/1993, er ekki að finna ákvæði sambærilegt við 2. gr. laga um staðfesta samvist, þar sem gerð er krafa um sérstök tengsl við Ísland eða tiltekin önnur ríki. Hver sá sem uppfyllir hjónavígsluskilyrði, og fær útgefið könnunarvottorð samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga, getur því gengið í hjúskap á Íslandi án þess að gerð sé krafa um íslenskan ríkisborgararétt, ríkisborgararétt í tilteknu landi eða búsetu hér á landi.

Eins og áður var lýst voru rök fyrir umræddu ákvæði 2. gr., um takmarkaðan rétt einstaklinga til að fá samvist sína staðfesta hér á landi, fyrst og fremst þau að fá ríki viðurkenndu fjölskylduform samkynhneigðra og því væri rétt að krefjast þess að einstaklingar hefðu ákveðin tengsl við Ísland eða ríki þar sem slík réttarstaða væri tryggð.

Þeim löndum sem sett hafa lög sambærileg íslenskum lögum um staðfesta samvist hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Þá er ljóst að þeim löndum sem leyfa hjónaband einstaklinga af sama kyni fer ört fjölgandi. Í alþjóðlegum einkamálarétti gildir í fyrsta lagi sú meginregla að þeir sem óska eftir hjónavígslu verða almennt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í því ríki þar sem óskað er eftir hjónavígslunni. Í öðru lagi gildir það viðmið að ríki viðurkenni gildi hjónabands sem stofnað er til í öðru ríki enda mikil þörf á festu og réttaröryggi á þessu sviði. Samhliða er þó ljóst að hvert ríki setur almennt þann fyrirvara að viðurkenna einungis hjúskap sem þykir ekki brjóta í bága við tilteknar grundvallarreglur eða sjónarmið um allsherjarreglu (ordre public). Þeir sem ganga í hjúskap í tilteknu ríki eiga því engan beinan rétt né kröfu til að hjúskapur þeirra verði viðurkenndur í öðrum ríkjum og þeir bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér réttarreglur þess lands þar sem þeir búa, lands sem þeir flytja til eða þar sem þeir vilja krefjast tiltekinna réttinda ef á það reynir.

Með hliðsjón af meginreglunni um rétt einstaklinga til að stofna til hjúskapar þykir ekki koma til álita að takmarka almennt rétt fólks til að ganga í hjónaband á Íslandi. Þá þykja ekki standa málefnaleg rök til þess að takmarka sérstaklega rétt einstaklinga af sama kyni til að stofna til hjúskapar hér á landi enda gengur það gegn þeirri jafnréttishugsun sem liggur til grundvallar frumvarpinu. Þess má geta að sama niðurstaða varð við setningu laga um ein hjúskaparlög t.d. í Hollandi, Belgíu, Spáni, Kanada, Noregi og í Svíþjóð. Í þessum löndum eru gerðar mismunandi kröfur um tengsl hjónaefna við landið þar sem hjónavígsla fer fram en alls staðar gilda sams konar reglur fyrir alla óháð kyni eða kynhneigð.

Í íslenskum lögum eru ekki í gildi almennar lagareglur um gildi ákvarðana á sviði hjúskaparréttar á milli landa. Til að upplýsa einstaklinga frekar um réttarstöðu sína að þessu leyti má t.d. huga að því að árétta í hjónavígsluskýrslu eða könnunarvottorði að hjúskapur sem stofnað er til á Íslandi hafi ekki sjálfkrafa sömu réttaráhrif í öðrum löndum.

6.3 Lagaskil.

Eins og áður sagði þá þykir mikilvægt að gagnkynhneigðum og samkynhneigðum standi sömu kostir til boða við val á viðurkenndu sambúðarformi. Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að lögin um staðfesta samvist falli úr gildi í heild sinni. Jafnframt þarf að taka afstöðu til gildi staðfestrar samvistar sem þegar hefur verið stofnað til og réttaráhrifa slíkrar samvistar eftir að lögin falla brott.

Þegar gerðar voru breytingar á hjúskaparlögunum í Noregi og Svíþjóð var einnig tekin ákvörðun um að fella úr gildi lög þessara landa um staðfesta samvist. Í Noregi var samhliða farin sú leið að bæta sérstöku ákvæði við hjúskaparlögin um gildi staðfestrar samvistar sem stofnað hafði verið til í tíð eldri laga og um möguleika para í staðfestri samvist til að breyta sambandi sínu í hjúskap. Í Svíþjóð voru sett sérstök lög nr. 260 frá 2009 um að fella brott meginatriði laga um staðfesta samvist þar sem einnig voru lögfest ákvæði um gildi þeirra samvista sem þegar hafði verið stofnað til og möguleika til að breyta staðfestri samvist í hjúskap.

Hér er lagt til að bæta sérstöku ákvæði við síðasta kafla hjúskaparlaga sem fjallar um gildistöku og lagaskil. Þykir þessi leið gera réttarstöðuna sýnilegri og standa í betra samhengi við þær meginbreytingar sem stefnt er að með lögunum heldur en ef valin yrði sú leið að láta sérstök lög gilda um þetta eða láta einhver ákvæði laga um staðfesta samvist halda gildi sínu.

Sérstakt álitaefni er hvort staðfest samvist eigi sjálfkrafa að verða að hjúskap við setningu laga þessara eða hvort gefa eigi einstaklingum í staðfestri samvist val um að halda því sambúðarformi. Með lögunum nr. 87/1996 varð til þetta sérstaka viðurkennda sambúðarform sem

staðfesta samvistin er. Ljóst er að barátta samtaka samkynhneigðra hefur verið sú að einstaklingar af sama kyni geti valið að ganga í hjúskap með sama hætti og gagnkynhneigðir og það var ekki ósk samkynhneigðra á sínum tíma að sambúðinni yrði gefið annað nafn en hjúskapur. Með hliðsjón af þessu þykir mega ætla að margir í staðfestri samvist mundu fagna því að samvist þeirra mundi með lögum teljast hjúskapur. Af virðingu fyrir þeirri stöðu sem samkynhneigðum hefur verið boðin þykir engu að síður réttara að gera ráð fyrir að samkynhneigðir sem þegar hafa staðfest samvist sína eigi val um hvaða nafn þeir nota um lífssambandið til framtíðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sambærilegu fyrirkomulagi og í Noregi og Svíþjóð, þ.e. að pör í staðfestri samvist geti valið að breyta sambandi sínu í hjónaband með tilkynningu til Þjóðskrár eða með því að ganga í hjónaband. Þess má geta að samkvæmt upplýsingum frá norsku þjóðskránni (n. *Statistisk sentralbyrå*) nýttu um 31% para í staðfestri samvist sér þann kost að breyta staðfestri samvist í hjúskap á fyrstu níu mánuðum ársins 2009.

Mikilvægt er að kynna þessu breytingu vel fyrir þeim sem eiga þetta val og gert er ráð fyrir að Þjóðskrá muni senda bréf til allra einstaklinga í staðfestri samvist með upplýsingum um þennan möguleika og réttaráhrif hinna nýju laga.

Þó reikna megi með að margir velji ofangreindan kost þá þykir engu að síður nauðsynlegt að árétta að þeir einstaklingar sem velji að vera áfram í staðfestri samvist njóti allrar sömu réttarstöðu og makar í hjúskap. Þetta er sambærilegt ákvæði og er nú í 5. gr. laga nr. 87/1996. Þrátt fyrir þetta afdráttarlausa ákvæði í lögunum um staðfesta samvist hefur víða verið sérstaklega áréttað í löggjöf að ákvæði um hjón eigi einnig við um einstaklinga í staðfestri samvist. Eins og áður sagði þykir rétt að afnema lögin um staðfesta samvist í heild sinni. Með sömu rökum þykir mikilvægt að fella úr gildi öll ákvæði laga sem nefna sérstaklega staðfesta samvist eða samvistarmaka enda gefa þau til kynna aðgreiningu sem stefnt er að því að afnema. Hið almenna ákvæði sem lagt er til að verði í hjúskaparlögum um réttarstöðu þeirra sem kjósa að vera áfram í staðfestri samvist tryggir að þessir einstaklingar munu í engu missa af lögbundnum réttindum sínum meðan samvist þeirra varir.

6.4 Lagaákvæði sem bundin eru við kynferði maka.

Eins og áður sagði var lögum um staðfesta samvist breytt með lögum nr. 52/2000 og tekið fram að lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Fyrir setningu laganna var gengið út frá því að þessi túlkun gilti en ákvæðinu var ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hafi eðli málsins samkvæmt þýðingu. Við setningu laganna var nefnt sem dæmi að þetta ætti við um feðrun barna þar sem feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra geti ekki gilt um staðfesta samvist enda óhugsandi að kona í staðfestri samvist geti verið faðir barns sem maki hennar elur. Lagabreytingin þótti fyrst og fremst byggjast á eðli máls.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að fella lögin um staðfesta samvist úr gildi og ekki er gert ráð fyrir að lögfesta sérstaklega ákvæði sambærilegt við 1. mgr. 6. gr. laganna. Rétt er að undirstrika að þrátt fyrir þetta er áfram gengið út frá þeirri lagatúlkun að ákvæði I. kafla barnalaga um foreldra eða faðerni barns eigi ekki við um þau börn sem fæðst hafa eða munu fæðast í staðfestri samvist, hjúskap eða óvígðri sambúð einstaklinga af sama kyni.

Efnislegt inntak ákvæðis 1. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist þykir þannig mega leiða beint af túlkun ákvæða barnalaga um faðerni. Regla barnalaga um að eiginmaður eða sambúðarmaður móður teljist sjálfkrafa faðir barns sem móðirin elur, eða hin svokallaða pater-

est regla, byggist beinlínis á því að taldar eru löglíkur fyrir því að þetta faðerni sé rétt, þ.e. að yfirgnæfandi líkur séu á því að viðkomandi maður sé líffræðilegur faðir barnsins. Í 1. gr. barnalaganna kemur fram að barn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína. Löglíkur fyrir faðerni eiginmanna og sambúðarmanna eru einu rökin fyrir því að ekki þyki þörf á sérstökum aðgerðum til að feðra börn við þessar tilteknu aðstæður og í þeim skilningi þykja faðernisreglur barnalaganna þjóna hagsmunum barns. Eins og áður sagði þá er útilokað að samvistarkona, eiginkona móður eða sambúðarkona móður geti verið líffræðilegt foreldri barns sem fæðist í sambandinu. Ekki þykir því koma til álita að pater-est regla barnalaganna sem fjallar um eiginmenn og sambúðarmenn muni eiga við um eiginkonur og sambúðarkonur eftir gildistöku laga þessara.

6.5 Sambúð.

Eins og áður sagði var eitt meginmarkmið laganna nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra, að jafna stöðu einstaklinga í óvígðri sambúð. Í frumvarpi því sem lá lögunum til grundvallar var lagt til að breyta ákvæðum laga þannig að óvígð sambúð yrði almennt skilgreind sem sambúð tveggja einstaklinga sem síðan mundi uppfylla þau sérstöku skilyrði sem lög settu hverju sinni. Var þetta gert í samræmi við tillögur nefndar um málefni samkynhneigðra og að erlendri fyrirmynd. Einnig var litið til þess að farin hefði verið sú leið í fleiri lögum að nota ókynbundin hugtök nema það þætti leiða af eðli máls að nauðsynlegt væri að tiltaka kynferði.

Frumvarpinu var breytt í meðförum Alþingis. Við setningu laga nr. 65/2006 var þannig víða gert ráð fyrir að skilgreina óvígða sambúð fyrst og fremst sem sambúð karls og konu en bæta svo við sérstöku ákvæði um sams konar réttarstöðu einstaklinga af sama kyni í sambúð.

Um leið og afnumin er með öllu sú aðgreining sem hefur gilt um stöðu fólk samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga þykir nauðsynlegt að breyta einnig ákvæðum laga um óvígða sambúð með sama hætti. Engin málefnaleg rök þykja standa til þess að nefna óvígða sambúð karls og konu sérstaklega og árétta svo að sambærilegt ákvæði gildi um sambúð einstaklinga af sama kyni. Slík ákvæði þykja styðja þá aðgreiningu sem markmiðið er hér að fella úr gildi og því er lagt til að lagaákvæðum sem nota þetta orðalag verði breytt. Lagaákvæði af þessu tagi virðast einnig vera á undanhaldi og rétt að geta þess að í fjölmörgum lögum, m.a. með síðari breytingum, er óvígð sambúð ókyngreind og talað um einstaklinga eða aðila í óvígðri sambúð, sambúðaraðila eða sambúðarmaka. Hér má nefna t.d. í lög um ættleiðingar, nr. 130/1999, lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, lög um hlutafélög, nr. 2/1995, lögræðislög, nr. 71/1997, lög um útlendinga, nr. 96/2002, og lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

6.6 Reglugerðir.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er vert að árétta að lagt er til að samhliða verði fellt niður orðalag sem vísar til staðfestrar samvistar eða samvistarmaka þar sem slíkt er að finna í reglugerð. Hér má sérstaklega benda á eftirfarandi reglugerðir en taka verður fram að þessi listi er ekki tæmandi:

– nr. 326/1996 um könnun hjónavígsluskilyrða,
– nr. 681/2004 um heimild finnskra og hollenskra ríkisborgara til að stofna til staðfestrar samvistar á Íslandi,

– nr. 238/2005 um ættleiðingar,
– nr. 950/2007 um ættleiðingarstyrki,
– nr. 53/2003 um útlendinga,
– nr. 179/2003 um dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins,
– nr. 1277/2007 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna,
– nr. 144/2009 um tæknifrjóvgun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting sem felur í sér kjarna frumvarpsins. Í stað ákvæðis núgildandi laga um að hjúskaparlög gildi um hjúskap karls og konu er lagt til að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga.

Við val á orðalagi kom til greina að orða ákvæðið sem svo að lögin giltu um hjúskap karls og konu og tveggja einstaklinga af sama kyni. Slíkt orðalag felur hins vegar í sér aðgreiningu. Það gefur ranglega til kynna að einhver munur sé á hjónabandi eftir kyni eða kynhneigð hjónaefna eða maka og viðheldur að einhverju leyti þeirri aðgreiningu sem hefur verið fyrir hendi. Til að ná því jafnrétti sem að er stefnt þykir því mikilvægt að fjalla um hjúskapinn án þess að vísa til kyns.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að í stað orðanna karl og kona í 7. gr. laganna komi orðin tveir einstaklingar. Um rök fyrir þessu vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. og 4. gr.

Í samræmi við þau markmið sem lýst var í athugasemdum við 1. gr. og í almennum athugasemdum þykir rétt að nota orðið einstaklingur í staðinn fyrir orðið maður í 8. gr. laganna og þann í stað mann í 11. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði sem bætist aftan við ákvæði núgildandi hjúskaparlaga, í XVII. kafla um gildistöku, lagaskil og brottfallin lög. Ákvæðinu er ætlað að taka af öll tvímæli um gildi staðfestrar samvistar sem þegar hefur verið stofnað til og það hefur að geyma heimildir til að fá samvist viðurkennda sem hjúskap. Um efni ákvæðisins vísast einnig til þess sem segir um lagaskil í almennum athugasemdum.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að þeir einstaklingar sem eru í staðfestri samvist við gildistöku laganna geti valið að fá samvist sína viðurkennda sem hjúskap. Parið þarf að standa saman að þessu vali sem gert er ráð fyrir að fari fram með því að báðir einstaklingarnir undirriti yfirlýsingu um að þeir óski eftir að samvist þeirra verði hér eftir skráð sem hjúskapur. Gert er ráð fyrir að Þjóðskrá útbúi eyðublað vegna þessa. Undirritaða yfirlýsingu ber svo að afhenda Þjóðskrá sem sér um að breyta skráningunni en miðað er við að breytingin taki gildi frá þeim degi þegar yfirlýsing er lögð fram.

Þess má geta að hér er fyrst og fremst um táknræna yfirlýsingu að ræða þar sem meginreglan er sú að staðfest samvist hefur öll sömu réttaráhrif og hjúskapur. Engu að síður þykir rétt að pör í staðfestri samvist eigi þennan valkost og er það í samræmi við ákvæði norskra og sænskra laga um sama efni. Árétta ber að réttaráhrif staðfestrar samvistar og hjúskapar

viðkomandi verða óslitin þrátt fyrir þessa breytingu. Í öllum tilvikum þar sem réttaráhrif miðast við upphaf hjúskapar ber þannig að miða við upphaf hinnar staðfestu samvistar.

Samkvæmt 2. mgr. er einnig gert ráð fyrir að einstaklingar í staðfestri samvist geti stofnað til hjúskapar skv. IV. kafla hjúskaparlaga, þ.e. með því að ganga í hjónaband með formlegum hætti. Þrátt fyrir að hér yrði einnig fyrst og fremst um táknræna athöfn að ræða þá þykir sjálfsagt að gera ráð fyrir þessum möguleika enda hefur hjúskapur og staðfest samvist ekki verið talin sama athöfnin þó svo að réttaráhrifin séu þau sömu. Réttaráhrif verða einnig óslitin í þessum tilvikum með sama hætti og áréttað var um 1. mgr. Þar sem velur þessa leið þarf ekki að fá útgefið sérstakt vottorð um könnun hjónavígsluskilyrða heldur nægir að framvísa vottorði um að viðkomandi séu í staðfestri samvist. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði sænskra laga.

Í 3. mgr. er fjallað um þá stöðu þegar einstaklingar í staðfestri samvist kjósa að halda því lífssambandi, þ.e. velja að nýta sér ekki þá kosti sem 1. og 2. mgr. bjóða upp á. Þar sem lagt er til að fella brott lögin um staðfesta samvist samhliða gildistöku laganna er nauðsynlegt að árétta að staðfest samvist sem stofnað hefur verið til í tíð eldri laga hafi eftir sem áður sömu réttaráhrif og hjúskapur. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda því um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist. Gera má ráð fyrir að hratt dragi úr vægi þessa ákvæðis á komandi árum.

Í 4. og 5. mgr. þykir rétt að gera ráð fyrir að ákvæði samsvarandi 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um staðfesta samvist gildi áfram, þ.e. að einstaklingar í staðfestri samvist geti fengið meðferð og úrlausn mála sem varða samvistina fyrir dómstólum og stjórnvöldum hér á landi, án tillits til atriða eins og búsetu og ríkisfangs. Þrátt fyrir þá þróun sem hefur orðið þá eru rökin að baki rýmri lögsögu dómstóla og stjórnvalda hér á landi í þessum málum þau sömu og við setningu laganna um staðfesta samvist, þ.e. að samkynhneigðum geti reynst ómögulegt að fá úrlausn máls annars staðar en hér á landi. Samsvarandi er einnig áréttað í ákvæði norsku hjúskaparlaganna sem á við um staðfesta samvist.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á orðalagi laga um tilkynningar aðsetursskipta. Í stað orðanna kvæntur maður er lagt til að komi orðin einstaklingur í hjúskap og í stað orðanna konu hans komi orðin maka hans. Þrátt fyrir að umrætt orðalag sé notað í dæmaskyni í lagaákvæðinu þykja standa rök til að breyta því til samræmis við anda þessa frumvarps.

Um 7. og 8. gr.

Í greinunum eru lagðar til mikilvægar breytingar á ákvæðum laga um íslenskan ríkisborgararétt en þær ganga út á að jafna stöðu barna sem fæðast í ólíkum fjölskyldugerðum. Þessar breytingar má leiða efnislega af þeim breytingum sem gerðar voru á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra með lögum nr. 65/2006 þar sem lesbíum var m.a. heimilaður aðgangur að tæknifrjóvgun. Segja má að breytingarnar séu því nátengdar þeim markmiðum sem frumvarp þetta stefnir að. Breytingarnar miða að því að tryggja barni sem getið er við tæknifrjóvgun sömu möguleika á að öðlast íslenskan ríkisborgararétt óháð kyni þess foreldris sem samþykkir að tæknifrjóvgun fari fram á maka sínum.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. gildandi laga um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. og 6. gr. barnalaga, nr. 76/2003, hafa í för með sér grundvallarmun á réttarstöðu barns sem getið er við tæknifrjóvgun eftir því hvort í hlut eiga annars vegar maður og kona í hjúskap eða óvígðri sambúð eða hins vegar tvær konur í staðfestri samvist eða

óvígðri sambúð. Efnislega er staðan sú að ef maður og kona eignast barn sem getið er samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun fær barnið íslenskan ríkisborgararétt ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari eða ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari. Ef hins vegar er um að ræða tvær konur þá fær barn sem getið er samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun einungis íslenskan ríkisborgararétt ef móðir þess, þ.e. konan sem fæðir barnið, er íslenskur ríkisborgari en ekki ef maki hennar eða sambúðarmaki er íslenskur ríkisborgari enda telst makinn aldrei faðir barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Í 7. og 8. gr. frumvarpsins er lögð til sú viðbót við ákvæði 1. og 2. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt að þessi ákvæði gildi einnig um þá sem teljast foreldri barns skv. 2. mgr. 6. gr. barnalaga. Um orðið foreldri verður að vísa til athugasemda við breytingar sem lagðar eru til á umræddu ákvæði barnalaganna í 21. gr. þessa frumvarps.

Um 9. og 10. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag í lögum um íslenskan ríkisborgararétt og lögum um þjóðskrá og almannaskráningu þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að breyta ákvæði lögheimilislaga um skráningu sambúðar. Í samræmi við umfjöllun í almennum athugasemdum þykir það fara gegn markmiðum frumvarps þessa að aðgreina óvígða sambúð sem annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni. Aðgreining þessi þjónar engum tilgangi, lagt er til að fella hana niður og að lögin vísi til sambúðar tveggja einstaklinga.

Um 12. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting með sömu rökum og nefnd eru í skýringum við 11. gr. frumvarpsins. Orðalag greinarinnar um sambúð er einnig gert skýrara og höfð hliðsjón af sambærilegum lagaákvæðum, sbr. t.d. 5. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga, nr. 130/1999.

Um 13. gr.

Í greininni er lögð til breyting á ákvæðum laga um mannanöfn með það að markmiði að jafna stöðu barna sem fæðast í ólíkum fjölskyldugerðum. Með sama hætti og gildir um 7. og 8. gr. frumvarpsins má leiða þessar breytingar efnislega af þeim breytingum sem gerðar voru á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra með lögum nr. 65/2006 þar sem lesbíum var m.a. heimilaður aðgangur að tæknifrjóvgun.

Ljóst er að orðalag laganna um mannanöfn um föðurnöfn gildir m.a. um þann sem telst faðir barns sem getið er við tæknifrjóvgun, sbr. 6. gr. barnalaga og lög um tæknifrjóvgun. Ákvæði um kenningu til föður gilda hins vegar ekki samkvæmt orðanna hljóðan með samsvarandi hætti um konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu sem fæðir barn, sem getið er samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun. Mikilvægt þykir að tryggja jafna réttarstöðu þessara barna.

Best þykir fara á því að leggja til nýjan málslið í 2. mgr. 8. gr. laganna þar sem fjallað er um kenninöfn enda reynir þar helst á föður- og móðurnöfn barna. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að með orðalaginu kenningu til föður sé einnig átt við kenningu til foreldris barns sem getið er við tæknifrjóvgun skv. 2. mgr. 6. gr. barnalaga. Um orðið foreldri verður að vísa til athugasemda við breytingar sem lagðar eru til á umræddu ákvæði barnalaganna í 21. gr. þessa frumvarps.

Um 14.–18. gr.

Í greinunum er lagt til að fella brott orðalag ýmissa lagaákvæða þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 19. gr.

Um faðernisreglur barnalaganna almennt er vísað til kafla í almennum athugasemdum um lagaákvæði sem bundin eru við kynferði maka. Markmið með 19. gr. frumvarpsins er fyrst og fremst að gera ákvæði 3. gr. barnalaga skýrari og afmarka betur almennar reglur um faðerni og reglur um foreldri við tæknifrjóvgun. Þær breytingar sem hér eru lagðar til þykja samræmast markmiðum frumvarpsins að öðru leyti enda nauðsynlegt að huga vel að öllum atriðum sem tengjast sifjaréttinum þegar sett eru lög sem hafa það að markmiði að afnema aðgreiningu fólks á fjölskyldusviði.

Ákvæði 19. gr. frumvarpsins tengist 20. og 21. gr. frumvarpsins. Breytingin gengur efnislega út á að í 1. mgr. 3. gr. laganna verði eingöngu hnykkt á því hvernig reglur laganna um faðernisviðurkenningu eða dómsúrlausn eigi við ef barn verður ekki feðrað samkvæmt feðrunarreglum 2. gr. laganna. Þetta eru þau atriði sem oftast reynir á í framkvæmd.

Þá er lagt til að í 2. mgr. 3. gr. verði vísað til þess að 6. gr. laganna eigi við um foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun.

Um 20. og 21. gr.

Í greinunum er lagt til að sameina í eina grein þau tvö ákvæði barnalaga sem nú gilda um það hver telst foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun enda telst það skýrari framsetning. Í 20. gr. er þannig lagt til að fella niður ákvæði 5. gr. laganna um móðerni við tæknifrjóvgun en í 1. mgr. 21. gr. er að finna sams konar efnisákvæði óbreytt.

Meginbreytingin felst þó í tillögu 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins um það hugtak sem notað er um eiginkonu eða sambúðarkonu móður sem gengst undir tæknifrjóvgun.

Í frumvarpi til laga, þar sem m.a. var gert ráð fyrir að lesbíum yrði leyft að gangast undir tæknifrjóvgun, var lagt til að nota orðið *foreldri* um réttarstöðu þeirrar konu sem samþykkir að tæknifrjóvgun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum. Allsherjarnefnd Alþingis taldi hugtakið foreldri ekki falla nægilega vel að almennri notkun orðsins og að það gæti valdið misskilningi, t.d. við útgáfu fæðingarvottorða á erlendum tungumálum. Með lögum nr. 65/2006 var ákveðið að nota hugtakið *kjörmóðir* um réttarstöðu þessara kvenna.

Orðið kjörmóðir verður að teljast afar óheppilegt í þessu sambandi. Orðið kjörmóðir er fyrst og fremst notað um konu sem hefur ættleitt barn í samræmi við ákvæði ættleiðingarlaga. Ættleiðing er sérstakt verndarúrræði fyrir barn og um réttarstöðu kjörmóður, kjörföður og kjörbarns gilda lög sem hafa verið sniðin að því úrræði. Á þessu sviði reynir líka talsvert á alþjóðasamninga og alþjóðlegt samstarf þar sem lögð er rík áherslu á sérstöðu ættleiðinga og hagsmuni barns í tengslum við ættleiðingu. Ruglingshætta vegna útgáfu vottorða á erlendum tungumálum er því talsverð.

Þá verður að benda á að ákvæði barnalaga gera í grundvallaratriðum mun á réttarstöðu barns eftir því hvort tæknifrjóvgun fer fram samkvæmt ákvæðum laganna um tæknifrjóvgun eða hvort frjóvgun fer fram án þess að formreglna sé gætt. Í fyrra tilvikinu reynir á reglur barnalaganna um það hver teljist foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun og sérstakar reglur gilda um vefengingu á slíkum ákvörðunum. Í síðari tilvikinu reynir hins vegar á almennar feðrunarreglur laganna og hinar almennu reglur um faðernismál eða vefengingar- og ógildingarmál. Í þessum síðari tilvikum getur einnig beinlínis reynt á rétt konu til að stjúp-

ættleiða barn maka síns. Telja verður mjög villandi að nota sama hugtakið annars vegar um konu sem verður sjálfkrafa foreldri barns sem getið er við tæknifrjóvgun sem fer fram samkvæmt lögum og hins vegar um konu sem hefur stjúpættleitt barn maka síns, t.d. eftir frjóvgun sem fer fram með óformlegri hætti. Réttarstaða barnanna gagnvart þessum kjörmæðrum sínum er enda ekki fyllilega sú sama þar sem það kemur t.d. til álita að beita 23. gr. barnalaganna um vefengingu ef spurningar vakna um framkvæmd tæknifrjóvgunar en ættleiðing er hins vegar ekki afturkallanleg.

Í þessu frumvarpi er lagt til að kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu, samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun, teljist *foreldri* barns sem þannig er getið. Eins og áður sagði er þetta sama leið og lögð var til í frumvarpi til laga um breytingu á réttarstöðu samkynhneigðra og byggðist á skýrslu nefndar forsætisráðherra sem skilað var árið 2005. Þessi leið var farin í Svíþjóð þegar lögfestur var réttur samkynhneigðra kvenna til að gangast undir tæknifrjóvgun. Lögð er áhersla á að orðið foreldri nær almennt yfir það réttarsamband sem orðin móðir og faðir fela í sér og því er ekki talinn leika vafi á því hvað felst í réttarstöðu konunnar eða barnsins.

Til álita kemur að nota orðið *móðir* um hvort tveggja þá konu sem elur barn sem getið er við formlega tæknifrjóvgun svo og eiginkonu hennar eða sambúðarkonu. Orðið móðir kemur nokkrum sinnum fyrir í lögum og alþjóðasamningum og þar er átt við þá konu sem elur barn. Markmið lagaákvæða af þessu tagi er stundum að tryggja konum sem fæða börn þann sjálfsagða rétt og þá þjónustu sem þær eiga skilið beinlínis í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Konur sem ganga með og fæða börn eru þannig ekki að öllu leyti í sömu eða sambærilegri stöðu og makar þeirra meðan á þessu stendur. Ef farin yrði sú leið að nota orðið móðir í barnalögum um þá réttarstöðu sem hér um ræðir þá kallar það á breytingar á nokkrum lögum þar sem taka yrði afstöðu til þess hvort átt væri eingöngu við móður sem fæðir barn. Þess má geta að í Noregi var tekin ákvörðun um nota orðið meðmóðir (n. *medmor*) og skilgreina sérstaklega hvað í því felst.

Árétta ber að sú skilgreining sem notuð er í barnalögum hefur fyrst og fremst þann tilgang að skýra réttarstöðu barns að lögum en hefur lítið að segja þegar kemur að því hvernig barn ávarpar foreldra sína.

3.–5. mgr. 21. gr. frumvarpsins eru efnislega að öllu leyti samhljóða 1., 3. og 4. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 22. og 23. gr.

Í greinunum er lagt til að orðið foreldri komi í stað orðsins kjörmóðir í 23. og 25. gr. barnalaga og vísast til skýringa við ákvæði 21. gr. frumvarpsins.

Í b-lið 23. gr. frumvarpsins þykir auk þess heppilegast að nota orðið foreldri sem samheiti yfir hvort tveggja mann og konu í stað orðanna mann eða kjörmóður í 3. mgr. 25. gr. barnalaganna.

Um 24. og 25. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag í lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag þar sem vísað er til staðfestrar samvistar. Þess verður að geta að aðdragandi ákvæðis 100. gr. í lögum um vátryggingarsamninga er með sérstöku

móti. Við setningu laga nr. 30/2004 sagði í athugasemd við 2. mgr. 100. gr. að orðið maki tæki ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hefði verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, nr. 87/1996. Þessi ummæli urðu tilefni ágreinings og var lögunum sérstaklega breytt með lögum nr. 118/2005 til að taka af öll tvímæli um rétt eftirlifandi maka í staðfestri samvist. Þrátt fyrir að hér sé lagt til að fella aftur á brott umrætt orðalag um staðfesta samvist í ákvæði 100. gr. þá þykir ákvæði 5. gr. laga um staðfesta samvist og ákvæði 5. gr. þessa frumvarps afdráttarlaus um að staðfest samvist hafi sömu réttaráhrif og hjúskapur. Ummæli í athugasemd við 2. mgr. 100. gr. í frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga hafa því sem fyrr enga þýðingu við túlkun og framkvæmd laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 28. og 29. gr.

Hér er lagt til að fella niður þá aðgreiningu sem felst í því að tilgreina annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og í húsaleigulögum. Um þetta vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 30.– 36. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag ýmissa lagaákvæða þar sem vísað er til staðfestrar samvistar eða samvistarmaka.

Um 37. og 38. gr.

Hér er lagt til að fella niður þá aðgreiningu sem felst í því að tilgreina annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni í lögum um almannatryggingar og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Um þetta vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Í a-lið er lagt til að fella brott orðalag þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Í b- og c-lið er lagt til að fella niður þá aðgreiningu sem felst í því að tilgreina annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni. Um þetta vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 41. og 42. gr.

Í a- og d-lið greinanna er lagt til að fella brott orðalag þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Í b- og c-lið greinanna er lagt til að fella niður þá aðgreiningu sem felst í því að tilgreina annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni. Um þetta vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 43.–45. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag í lögum um Lífeyrissjóð bænda þar sem vísað er til staðfestrar samvistar eða samvistarmaka.

Um 46. gr.

Í a-lið er lagt til að fella niður þá aðgreiningu sem felst í því að tilgreina annars vegar sambúð karls og konu og hins vegar sambúð einstaklinga af sama kyni. Um þetta vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lagt til að fella á brott málsgrein þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 47. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæði 80. gr. laga um tekjuskatt sem fela í sér hvort tveggja að fella brott orðalag sem vísar til staðfestrar samvistar og orðalag sem aðgreinir sambúð eftir kyni.

Um 48.–51. gr.

Hér er lagt til að fella brott orðalag ýmissa lagaákvæða þar sem vísað er til staðfestrar samvistar.

Um 52. gr.

Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar á ákvæði 9. gr. laga um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Þessar breytingar miða að því að gera orðalag ákvæðisins skýrara um leið og felld er brott vísun til staðfestrar samvistar. Til að útskýra þetta nánar þá segir m.a. í 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga að geymsla fósturvísa sé háð því skilyrði að karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð eða einhleyp kona, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni. Þegar um karlmann og konu er að ræða þá er ljóst að stundum leggja þau bæði til kynfrumur en stundum einungis annað þeirra. Samkvæmt orðanna hljóðan virðist einungis krafist samþykkis þess sem leggur til kynfrumur þegar það á við. Orðalag ákvæðisins er hins vegar ótvírætt um samþykki beggja kvenna í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er ætíð krafist samþykkis beggja þegar um par er að ræða óháð því hvort annað eða bæði leggja til kynfrumur. Með hliðsjón af þessu er lagt til að orða þetta skilyrði með þeim hætti að geymsla fósturvísa sé háð samþykki karlmanns eða konu, sem leggi til kynfrumur, og maka viðkomandi eða sambúðarmaka. Að auki gildir áfram skilyrði um samþykki einhleyprar konu.

Í tengslum við þetta verður einnig að benda á tiltekinn mun sem er á réttarstöðu gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para samkvæmt ákvæðum laganna um tæknifrjóvgun. Lögin ganga út frá því að þegar par á í hlut verði við tæknifrjóvgun alltaf notaðar kynfrumur frá að minnsta kosti öðru þeirra. Þegar um karl og konu er að ræða má þannig frjóvga egg konunnar með gjafasæði eða nota sæði mannsins til að frjóvga gjafaegg að öðrum skilyrðum uppfylltum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Þegar um tvær konur er að ræða er tekið sérstaklega fram í 1. mgr. 5. gr. að nota megi gjafasæði. Samkvæmt upplýsingum frá ART Medica, sem sér um framkvæmd tæknifrjóvgunar, þá hefur tæknifrjóvgun í tilviki tveggja kvenna ýmist verið framkvæmd með tæknisæðingu, þ.e. frjóvguð eggfruma þeirrar konu sem gengur með barnið, eða með glasafrjóvgun, þ.e. frjóvguð eggfruma frá maka þeirrar konu sem gengur svo með barnið. Rök fyrir þessu geta verið þau að einungis önnur kvennanna geti lagt til eggfrumu

en hún geti hins vegar ekki gengið með barn, að tæknisæðing hafi verið reynd en ekki gengið eða að þetta sé eindregin ósk kvennanna. Munurinn á réttarstöðu gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para verður hins vegar ljós þegar kemur að geymslu fósturvísa. Við setningu laga um tæknifrjóvgun þótti eðlilegt að leyfa geymslu fósturvísa til eigin nota. Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 9. gr. laganna má því geyma fósturvísa í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði til eggfrumurnar eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Lögin gera hins vegar ekki ráð fyrir að geyma megi fósturvísa í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í eiginkonu eða sambýliskonu þeirrar *konu* sem lagði til eggfrumu. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er ráðgert að endurskoða ýmis ákvæði laganna um tæknifrjóvgun. að því er varðar t.d. gjafakynfrumur. Með hliðsjón af þessu eru ekki lagðar til í frumvarpinu breytingar á umræddu ákvæði 1. mgr. 9. gr. en eindregið er hvatt til þess að ákvæðið verði endurskoðað hið fyrsta enda engin rök fyrir því að gera þennan mun sem hér var lýst.

Um 53. gr.

Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar á ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga um tæknifrjóvgun. Þessar breytingar miða að því að gera orðalag ákvæðisins einfaldara og skýrara með því að sleppa því að vísa annars vegar til karls og konu og hins vegar til tveggja kvenna. Tillaga um breytt orðalag vísar einnig að sínu leyti til tillögunnar í 52. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir samþykki beggja í hjúskap eða óvígðri sambúð ef geyma á fósturvísa.

Um 54. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þann 27. júní 2010 en sá dagur er táknrænn þegar kemur að gildistöku laga á þessu réttarsviði. Hér er um að ræða alþjóðlegan mannréttindabaráttudag samkynhneigðra og hefur hann oftast orðið fyrir valinu þegar lögum hefur verið breytt til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra. Þegar lög um staðfesta samvist voru sett árið 1996 tóku þau gildi 27. júní og það sama má segja um lagabreytingarnar sem voru gerðar með lögum nr. 65/2006 og lögum nr. 55/2008. Þessi dagsetning gefur einnig nokkuð færi á að undirbúa gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

Með frumvarpi þessu er lagt til að í stað þess að gildandi hjúskaparlög gildi eingöngu um hjúskap karls og konu gildi lögin um hjúskap tveggja einstaklinga. Jafnframt er lagt til að lög um staðfesta samvist verði felld úr gildi. Með breytingunum er þannig lagt til að afmáður verði sá munur sem felst í mismunandi löggjöf vegna hjúskapar karls og konu annars vegar og staðfestrar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni hins vegar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

837. Nefndarálit [483. mál]

um frv. til l. um kjaramál flugvirkja.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra og Karl Alvarsson skrifstofustjóra frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Kristján Kristinsson frá samninganefnd Flugvirkjafélags Íslands og Guðmund Pálsson, Hrafnhildi Stefánsdóttur og Svala Björgvinsson frá samninganefnd Icelandair.

Markmið frumvarpsins er að banna ótímabundna vinnustöðvun flugvirkja. Jafnframt eru aðrar aðgerðir sem jafna má til verkfalla og ætlað er að knýja fram breytta skipan kjaramála milli aðila óheimilar. Með frumvarpinu er kjarasamningur milli Flugvirkjafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins f.h. Icelandair hf. framlengdur til 30. nóvember 2010, en þá renna flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði út auk þess sem þessi dagsetning er viðmiðunartími stöðugleikasáttmálans. Í því samhengi vekur nefndin athygli á því að nýr kjarasamningur sem gerður er með samkomulagi milli aðila gæti breytt þessum tímamörkum, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn ítrekar að með frumvarpinu er ekki verið að afnema samningsrétt flugvirkja heldur er því einungis ætlað að stöðva verkfallsaðgerðir og framlengja gildandi kjarasamning til 30. nóvember eins og áður sagði. Engu síður er aðilum heimilt að semja um breytingar á kjarasamningi eða gera nýjan, eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

Kjarasamningur flugvirkja rann út í október 2009 og hafa samningaviðræður í kjaradeilunni staðið um nokkurt skeið hjá ríkissáttasemjara án árangurs. Fram kemur í frumvarpinu að flugvirkjum hafi verið boðnar sambærilegar eða meiri kjarabætur en samið hefur verið um við aðra launahópa. Að mati nefndarinnar geta hækkanir umfram það sem þegar hefur verið samið um haft neikvæð áhrif á aðra kjarasamninga og almennan stöðugleika á vinnumarkaði. Í því samhengi vekur nefndin athygli á því að með frumvarpi þessu er ekki verið að grípa inn í samkomulag sem náðist með stöðugleikasáttmálanum þegar aðilar á almenna vinnumarkaðnum náðu samkomulagi um að framlengja kjarasamninga til loka nóvember 2010.

Meiri hlutinn tekur fram að það er grundvallarregla að aðilar kjarasamninga ljúki samningum sín í milli. En þegar brýna nauðsyn ber til getur komið til þess að íhlutun ríkisvaldsins sé réttlætanleg. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að verkfall flugvirkja hefur í för með sér verulega röskun flugs bæði til og frá landinu. Það er mat meiri hlutans að verkfallið mundi valda íslensku efnahagslífi verulegu tjóni þegar síst skyldi. Auk þess mundi það raska starfi þúsunda einstaklinga og fyrirtækja um allt land og gæti auk þess hæglega haft víðtæk áhrif á starfsemi ferðaþjónustu í landinu og annan atvinnurekstur og þar með efnahags landsins alls. Meiri hlutinn leggur áherslu á að lögin séu sett vegna þeirra miklu þjóðarhagsmuna sem í húfi eru og að ekki sé gott að þurfa að grípa til lagasetningar af þessu tagi en í ljósi efnahagsástandsins og þess hve mikið er í húfi fyrir Ísland og endurreisn efhagslífsins telur nefndin nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða.

Svo virðist sem engin lausn finnist á vinnudeilunni í bráð. Á fundi nefndarinnar hefur þessi staða málsins verið staðfest enn frekar. Allar sáttatilraunir hafa mistekist og lausn er ekki í sjónmáli.

Meiri hluti nefndarinar brýnir báða samningsaðila til að halda áfram viðræðum á vettvangi ríkissáttasemjara og ná samkomulagi sem fyrst.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt.** Þór Saari sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi en stendur ekki að áliti meiri hluta.

Alþingi, 22. mars 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Róbert Marshall.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Oddný Harðardóttir.	Ásmundur Einar Daðason.
Árni Johnsen.	Ásbjörn Óttarsson.	

838. Breytingartillaga [483. mál]

við frv. til l. um kjaramál flugvirkja.

Frá minni hluta samgöngunefndar (GStein).

2. gr. orðist svo:

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins f.h. Icelandair hf. við Flugvirkjafélag Íslands, sem rann út 31. október 2009, skal halda gildi sínu þar til gerðardómur, skipaður einum fulltrúa frá hvorum deiluaðila og oddamanni sem ríkissáttasemjari tilnefnir, hefur leyst úr ágreiningi aðila um endurnýjun kjarasamnings, nema nýr kjarasamningur sé gerður með samkomulagi milli aðila skv. 3. gr. Gerðardómur skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 30. maí 2010 og gilda þær breytingar til 30. nóvember 2010.

839. Lög [483. mál]

um kjaramál flugvirkja

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 834.

840. Fyrirspurn [486. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um atvinnuleysi og fjölda starfa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað hefur atvinnuleysi verið mikið sem hlutfall af mannafla, sundurliðað eftir mánuðum frá ársbyrjun 2009?
2. Hvað hefur atvinnuleysið verið mikið sem hlutfall af mannafla á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir mánuðum, kyni og einstökum landsvæðum?
3. Hver hefur þróunin verið í fjölda starfa frá ársbyrjun 2009?

Skriflegt svar óskast.

841. Fyrirspurn [487. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um þróun vísitölu neysluverðs.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið þróun vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun 2007 þar til nú?
2. Hver hefur þróunin verið á þessu tímabili hvað varðar:
   a. innlendar vörur,
   b. innfluttar vörur fyrir utan áfengi og tóbak,
   c. innlendar búvörur og grænmeti,
   d. aðrar innlendar matvörur, þar sem fram kemur verðþróun helstu vöruflokka,
   e. innfluttar matvörur?

Skriflegt svar óskast.

842. Fyrirspurn [488. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um markmið með aflareglu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvert er markmiðið með þeirri aflareglu sem nú er í gildi varðandi nýtingu á þorskstofninum?
2. Hver er talin verða þróun viðmiðunarstofns og hrygningarstofns á komandi árum verði aflareglunni fylgt næstu fimm árin?

843. Fyrirspurn [489. mál]

til umhverfisráðherra um veiðar á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er það rétt að til standi að banna hefðbundnar og sjálfbærar veiðar á rjúpum, gæsum og hreindýrum á svæðum á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem veiðar hafa hingað til verið leyfðar og ef svo er, hver eru rökin fyrir slíkri ákvörðun?
2. Ef svo er, hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila svo sem Skotveiðifélag Íslands, Skotveiðifélag Austurlands, hreindýraráð, Félag leiðsögumanna með hreindýrum og ferðaþjónustuaðila á Austurlandi?
3. Er það rétt að á fundum nefndar um stofnun þjóðgarðsins hafi margoft komið fram að veiðar skyldu ekki vera bannaðar eða takmarkaðar frá því sem nú gildir?

844. Frumvarp til laga [309. mál]

um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til þess þegar meta þarf hvort einstaklingur, sem hefur hug á að starfa hér á landi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, uppfyllir skilyrði til að starfa í starfsgrein, sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu stjórnvalds, á grundvelli faglegrar menntunar og hæfis sem hann hefur aflað sér í öðru landi.

Lög þessi gilda enn fremur þegar tilkynna skal um þjónustu sem veitt er hér á landi tímabundið eða með hléum og háð er leyfi, löggildingu eða annarri jafngildri viðurkenningu stjórnvalds.

2. gr.

Réttindi.

Einstaklingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða í landi þar sem samið hefur verið um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda eiga rétt á að gegna hér á landi starfi, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara, enda uppfylli þeir skilyrði:

a. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, sem og viðauka við hana eins og þeir eru á hverjum tíma,
b. í samningum sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda,
c. Hoyvíkursamningsins, dags. 31. ágúst 2005, milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

3. gr.

Lögbær stjórnvöld.

Einstaklingur sem fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., og óskar eftir því að starfa hér á landi skal beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

Einstaklingur sem ekki fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., skal beina umsókn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

Það stjórnvald sem veitir leyfi, löggildingu eða viðurkenningu til þess að gegna starfi í starfsgrein hér á landi kannar hvort skilyrði tilskipunarinnar eða samninga skv. b- og c-lið 2. gr. og þau skilyrði sem um starfið gilda að öðru leyti séu uppfyllt.

Einstaklingur sem óskar eftir því að gegna hér starfi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, tímabundið eða með hléum, skal áður senda hlutaðeigandi stjórnvaldi skriflega tilkynningu um fyrirætlan sína, sbr. 5. gr.

4. gr.

Tímabundin þjónusta eða með hléum.

Einstaklingur sem fellur undir skilyrði tilskipunarinnar á rétt á að veita hér á landi þjónustu tímabundið og með hléum ef hann:

a. hefur lögfesta búsetu í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og á rétt til þess að stunda þar sama starf og
b. hefur unnið við starfið í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum áður en þjónustan er veitt og það er ekki lögverndað í því ríki. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu gildir ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins er háð leyfi, löggildingu eða viðurkenningu stjórnvalds.

Við mat á eðli þjónustu sem veitt er tímabundið og óreglubundið skal í hverju tilviki líta til tímalengdar, tíðni, reglufestu og samfellu þjónustunnar.

5. gr.

Yfirlýsing vegna þjónustu sem veitt er tímabundið eða með hléum.

Sá sem óskar eftir því að veita þjónustu hér á landi í fyrsta sinn, sbr. 4. gr., skal áður en hún hefst gefa skriflega yfirlýsingu til hlutaðeigandi stjórnvalds, þar sem m.a. er getið þeirra

vátrygginga sem hann nýtur. Yfirlýsingin skal endurnýjuð árlega ef óskað er eftir því að halda áfram að veita þjónustu tímabundið eða með hléum.

Hlutaðeigandi stjórnvald getur krafist þess að yfirlýsingu umsækjanda, sem óskar eftir að veita þjónustu á sínu sviði í fyrsta sinn, eða þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á aðstæðum sem byggt hefur verið á, fylgi eftirtalin gögn:

a. sönnun fyrir þjóðerni umsækjanda,
b. vottorð um að umsækjandi sé með lögfesta búsetu í aðildarríki til þess að stunda þar sama starf og að hann hafi til þess leyfi þegar hann afhendir vottorðið,
c. prófskírteini sem sýnir fram á menntun og hæfi umsækjanda til starfsréttinda,
d. sönnun þess að starfið hafi verið stundað í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr.,
e. hreint sakavottorð fyrir störf í öryggisþjónustu þegar þess er krafist hér á landi.

6. gr.

Upplýsingar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, geta krafið umsækjanda um upplýsingar sem þörf er á til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi, eða veita þjónustu tímabundið eða með hléum, til að mynda viðauka við prófskírteini sé hann fyrir hendi. Með sama hætti má afla upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem réttinda er aflað eða þar sem hlutaðeigandi hefur starfað eða rekið starfsemi sína um staðfestingu á því hvort hann hafi aflað sér tilskilinna réttinda og hvort hann hafi sætt viðurlögum eða réttindamissi vegna starfa sinna.

7. gr.

Vinnsla og miðlun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld þeirra ríkja sem fara með framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um miðlun upplýsinga, og haft geta áhrif á rétt til þess að stunda starf sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu.

Stjórnvald sem hefur með höndum viðurkenningu starfsréttinda sem fellur undir tilskipunina hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Er stjórnvaldi í þeim tilgangi heimilt að halda sérstaka skrá um upplýsingarnar og miðla þeim til annarra lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, enda fari slík miðlun upplýsinga um evrópskt upplýsingakerfi (e. *Internal Market Information System*) og gætt sé ákvæða 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með sama hætti er stjórnvaldi heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í sérstakri skrá. Miðlun upplýsinga með öðrum hætti er óheimil.

Stjórnvöld og aðilar sem lögum samkvæmt er falið að hafa með höndum viðurkenningu menntunar og hæfis samkvæmt tilskipuninni eða hafa eftirlit með störfum þeirra sem hlotið hafa leyfi til þess að starfa hér á landi á grundvelli tilskipunarinnar skulu hafa aðgang að upplýsingum sem skráðar eru.

Um vinnslu upplýsinga, sbr. 2. mgr., skal að öðru leyti gæta ákvæða laga nr. 77/2000, þar á meðal um að veita þeim einstaklingum sem upplýsingar eru skráðar um fræðslu um meðferð upplýsinganna, sbr. 18. gr. þeirra laga. Það stjórnvald sem viðurkennir eða veitir hlutaðeigandi starfsréttindi telst ábyrgðaraðili í skilningi þeirra laga.

8. gr.

Heimildir til setningar stjórnvaldsfyrirmæla. Gjaldtaka.

Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum er varða ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipuninni eða samningum skv. 2. gr.

Ráðherra sem í hlut á setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna mats á hæfni og/eða viðbótarmenntunar. Fjárhæð gjaldsins má nema kostnaði við þýðingu gagna, kennslu, námsmat og aðra umsýslu vegna viðbótarnáms á umræddu sviði.

Ráðherra sem í hlut á setur reglur um gjöld er krefja má við afgreiðslu umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

9. gr.

Samræming, reglugerð o.fl.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd tilskipunarinnar og samninga sem falla undir 2. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um innleiðingu og framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um heimildir til þess að afla upplýsinga hjá þeim stjórnvöldum sem veita leyfi eða löggildingu samkvæmt tilskipuninni. Í slíkri reglugerð skal enn fremur kveðið nánar á um tilhögun mats og málsmeðferð þegar stjórnvald fjallar um umsóknir um viðurkenningu til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur með samningi falið þar til bærum aðila að sjá um hæfnispróf og veita viðbótarmenntun skv. 2. mgr. 8. gr. Jafnframt má fela slíkum aðila að annast mat á því hvort umsækjandi uppfyllir lögmælt skilyrði til að gegna starfinu og til að taka við og afgreiða umsóknir, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. Ákvörðun stjórnvalds sem tekin er á grundvelli slíks samnings er endanleg og sætir ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Mennta- og menningarmálaráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um vinnslu og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunarinnar, enda sé þar gætt fyrirmæla laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Innleiðing tilskipunarinnar.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, sem birt var 10. apríl 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19/2008.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010. Frá sama tíma falla brott lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

12. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008:* 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
   Mennta- og menningarmálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
2. *Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009:* 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Mennta- og menningarmálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

845. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

2. og 3. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

846. Frumvarp til laga [158. mál]

um Íslandsstofu.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

2. gr.
Hlutverk.

Stofnuð er Íslandsstofa. Hlutverk hennar er:

a. að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands,
b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu,
c. að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi,
d. að upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál,
e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

3. gr.
Stjórn.

Stjórn Íslandsstofu skipuleggur og ákveður verkefni stofunnar. Stjórnina skipa níu menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmann eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn án tilnefningar. Skal sá vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun Íslandsstofu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans. Stjórnin skal, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, skipa sérstakar verkefnastjórnir um áherslur í markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustunnar erlendis og fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi. Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert.

4. gr.
Rekstur.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Íslandsstofu og ræður starfsfólk. Íslandsstofa hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og er undanþegin tekjuskatti. Stjórn Íslandsstofu ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra aðila sem leita eftir þjónustu Íslandsstofu. Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga stofunnar.

5. gr.
Tekjur.

Tekjur Íslandsstofu eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Framlög í fjárlögum.
3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
4. Þjónustusamningar við stofnanir og samtök.

5. Sérstök framlög og aðrar tekjur. Íslandsstofu ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til verkefna af þeim toga.

6. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Íslandsstofu, að kveða nánar á um starfsemi Íslandsstofu í reglugerð.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, með síðari breytingum.

8. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „Útflutningsráðs Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum, kemur: Íslandsstofu.
2. Í stað orðsins „Útflutningsráði“ í 1. mgr. 12. gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001, með síðari breytingum, kemur: Íslandsstofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara tekur Íslandsstofa við öllum réttindum og skyldum Útflutningsráðs Íslands, eignum þess og skuldum.

II.

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 5. gr. niður frá og með 1. janúar 2013, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2013 vegna gjaldstofns ársins 2012.

III.

Utanríkisráðherra skal boða til stofnfundar Íslandsstofu innan átta vikna frá gildistöku laga þessara.

847. Lög [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. tölul. 4. mgr. orðast svo: Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
b. 2. málsl. 6. mgr. orðast svo: Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tölul. 4. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.
c. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 3. mgr. kemur: 15%.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.
c. Í stað 1. og 2. málsl. 8. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.
d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.
c. 6. mgr. orðast svo:

   Tefjist skip frá veiðum í fimm mánuði samfellt vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

d. 7. mgr. orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

4. gr.

Í stað orðanna „1. september 2010“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2011.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi að undanskildum ákvæðum c-liðar 2. gr. um línuívilnun sem taka gildi 1. júní 2010, ákvæðum 3. gr. sem taka gildi 1. september 2010 og ákvæði til bráðabirgða I sem tekur gildi 15. apríl 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar, auk aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, allt að 2.000 lestir af skötusel hvort fiskveiðiár. Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip gegn greiðslu gjalds allt að 5 lestum í senn. Fiskistofa annast úthlutun aflaheimildanna. Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessari grein eru ekki framseljanlegar. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skötusels er 120 kr. hvert kg og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Tekjur af aflaheimildum skulu renna í ríkissjóð og skal þeim ráðstafað á þann veg að 40% þeirra renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs og 60% renni í Átak til atvinnusköpunar með það að markmiði að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum.

II.

Frá og með fiskveiðiárinu 2010/2011 skal skipta leyfilegum heildarafla karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund byggjast á reiknigrunni hvers skips og skal hann fundinn þannig: Reikna skal út hlut hvers skips í gullkarfa og djúpkarfa og nota sem viðmiðunarafla fyrir gullkarfa 37.500 lestir og 12.500 lestir fyrir djúpkarfa. Leggja skal til grundvallar að aflahlutdeild hvers skips í hvorum stofni sé sú hin sama og hún var í karfa hjá viðkomandi skipi 1. febrúar 2010. Útgerðum fiskiskipa skal síðan gefinn kostur á eftirfarandi:

1. Fái veiðiskip minna en 12,5 lestir af djúpkarfa í sinn hlut skal reiknigrunnur viðkomandi skips hækkaður um allt að 12,5 lestum í gullkarfa og skerðist að sama marki reiknigrunnur skipsins í djúpkarfa. Óski útgerð veiðiskips hins vegar eftir því við Fiskistofu fyrir 1. júlí 2010 að halda úthlutun aflahlutdeildar í djúpkarfa að hluta eða öllu leyti tekur reiknigrunnur skipsins mið af því.

2. Fái skip 12,5 lestir af djúpkarfa í sinn hlut eða meira getur útgerð þess óskað eftir því við Fiskistofu fyrir 1. júlí 2010 að reiknigrunnur viðkomandi skips hækki um allt að 12,5 lestum í gullkarfa og skerðist að sama marki reiknigrunnur skipsins í djúpkarfa.

Að loknum fresti tilgreindum í 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal Fiskistofa reikna út aflahlutdeild hvers veiðiskips á grundvelli hins endurreiknaða reiknigrunns í gullkarfa og djúpkarfa og tilkynna síðan útgerðum veiðiskipa um niðurstöður úthlutunar aflahlutdeildar í gullkarfa og djúpkarfa. Ráðherra hefur heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu á reiknigrunni og úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt ákvæði þessu.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 15. gr. laganna skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2009/2010 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna, sbr. a-lið 2. gr. laga þessara, er á fiskveiðiárinu 2009/2010 einungis heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar.

V.

Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa aflaheimildum þessum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna, vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera meðalverð í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda í reglugerð.

Um tekjur af aflaheimildum þessum fer skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

848. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 252.

849. Lög [374. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 674.

850. Lög [233. mál]

um framhaldsfræðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 822.

851. Tillaga til þingsályktunar [490. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
3. Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
4. Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum.
5. Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
3. Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
4. Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum.
5. Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi þar sem ekki er lagastoð í íslenskum lögum fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB.

Þar sem lagastoð var ekki fyrir hendi fyrir umrædda tilskipun var ákvörðun nr. 127/2007 tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-

samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra gerða sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.

Tilskipun 2001/18/EB er endurskoðun á tilskipun ráðsins 90/220/EBE og kemur í stað hennar. Tilskipuninni er ekki ætlað að koma í veg fyrir sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Aftur á móti kveður hún á um ítarlegri málsmeðferðarreglur en eldri tilskipun gerði. Þar er ekki síst mikilvægt að kveðið er á um aukinn rétt almennings til aðkomu að málum áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin.

Nauðsynlegt var talið að skýra nánar gildissviðið og þær skilgreiningar sem þar er að finna. Litið var til þess að erfðabreyttar lífverur sem sleppt er út í umhverfið geta fjölgað sér og borist yfir landamæri og afleiðingar þess orðið óafturkræfar. Talið var nauðsynlegt, til að vernda heilsu manna og dýra, að leggja tilhlýðilega áherslu á eftirlit með þeirri hættu sem fylgir sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Í því sambandi er í aðfaraorðum tilskipunarinnar vísað til Rómarsáttmálans um það að aðgerðir í umhverfismálum skuli byggjast á þeirri meginreglu að þær séu til forvarna.

Nauðsynlegt var talið að koma á sameiginlegri aðferðafræði við framkvæmd mats á umhverfisáhættu sem og sameiginlegum markmiðum varðandi vöktun erfðabreyttra lífvera eftir að þeim hefur verið sleppt eða þær settar á markað.

Við samningu tilskipunarinnar var tekið sérstakt mið af varúðarreglunni (e. *Precautionary Principle*) og kveðið á um að taka beri tillit til hennar þegar tilskipunin komi til framkvæmda. Varúðarreglan er meginregla í umhverfisrétti sem er m.a. að finna í 15. meginreglu

Ríó-yfirlýsingarinnar. Hún felur í sér að þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta má líka orða þannig að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar framkvæmda fyrir umhverfið, skuli náttúran njóta vafans. Þannig skal, eins nafn reglunnar ber með sér, fara fram af varúð.

Til að skapa heildstæðan og gagnsæjan lagaramma var talið nauðsynlegt að tryggja að samráð væri haft við almenning við undirbúning ráðstafana. Þá var einnig talið nauðsynlegt að almenningur yrði fræddur um þær ráðstafanir sem gerðar yrðu við framkvæmd tilskipunarinnar.

Tillit var tekið til alþjóðlegrar reynslu á þessu sviði og alþjóðlegra skuldbindinga í viðskiptum og að hluta til þeirra krafna sem gerðar eru í Kartagena-bókuninni um líföryggi sem gerð var við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Ísland er aðili að honum og hefur að auki undirritað Kartagena-bókunina þó hún hafi ekki verið fullgilt hér á landi enn sem komið er. Hún tekur sérstaklega til flutnings erfðabreyttra lífvera milli landa, leyfisveitingar, meðhöndlunar og notkunar, mats á áhættu og upplýsinga og aðgangs að upplýsingum. Með henni er stefnt að því að tryggja viðhlítandi verndarstig hvað varðar öruggan flutning, meðhöndlun og notkun á lifandi erfðabreyttum lífverum, sem kunna að hafa skaðleg áhrif á verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni, sem og heilsu manna. Í aðfaraorðum tilskipunar 2001/18/EB er vísað til Kartagena-bókunarinnar og því eðlilegt að meginmarkmið hennar séu höfð til viðmiðunar við túlkun ákvæða tilskipunarinnar að því marki sem gildissvið bókunarinnar og tilskipunarinnar fara saman.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.

Ákvörðunin felur í sér viðbótarleiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma áhættumat vegna sleppingar erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, bæði í tilraunaskyni og til markaðssetningar. Í ákvörðuninni eru almenn atriði, byggð á varúðarreglunni, sem hafa ber til hliðsjónar við áhættumat, aðferðafræði við áhættumat og leiðbeiningar um skref við að komast að niðurstöðu.

5. Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.

Í tilskipun 2001/18/EB er gerð krafa um að umsækjendur um vísvitandi sleppingu á erfðabreyttum lífverum út í umhverfið haldi uppi vöktun til þess að finna og rekja hugsanleg bein eða óbein skaðleg áhrif þeirra á umhverfið. Í ákvörðun 2002/811/EB eru leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að þessari vöktun umhverfisins.

6. Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum.

Um er að ræða eyðublað fyrir útdrátt úr gögnum sem fylgja þurfa umsókn til lögbærra yfirvalda um leyfi til markaðssetningar á erfðabreyttri lífveru eða erfðabreyttum lífverum í afurðum. Umsækjanda er skylt að nota þetta tiltekna eyðublað.

7. Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

Um er að ræða eyðublað fyrir útdrátt úr umsóknum um leyfi til vísvitandi sleppingu á erfðabreyttum lífverum út í umhverfið í öðrum tilgangi en að markaðssetja þær.

8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

Um er að ræða form/eyðublað sem leyfishafi fyrir erfðabreyttri starfsemi skal skrá í niðurstöður úr sleppingu erfðabreyttra háplantna, í öðrum tilgangi en markaðssetningu.

9. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB.

Ákvörðun þessi er um útfærslu á skrá sem kveðið er á um í 31. gr. í tilskipun 2001/18. Tiltekið er nákvæmlega hvaða upplýsingar eiga að koma fram og að um tvær skrár sé að ræða, eina sem skal vera opinber almenningi og aðra sem er aðgengileg yfirvöldum ríkja og inniheldur trúnaðarupplýsingar. Yfirvöld ríkja skulu senda tilteknar upplýsingar úr umsóknum sem þeim berast.

10. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Lagafrumvarp til breytinga á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, hefur verið lagt fram á tveimur undanfarandi löggjafarþingum án þess að hljóta afgreiðslu sem lög. Frumvarpið verður lagt fram af umhverfisráðherra á yfirstandandi þingi. Verði það að lögum mun nýr kafli bætast við lögin er varðar upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir vegna fram kominna umsókna um að setja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær á markað. Eins og fram kom hér að framan var það eitt af þeim sjónarmiðum sem höfð voru til hliðsjónar við endurskoðun tilskipunar 90/220/EBE að nauðsynlegt væri að tryggja að samráð væri haft við almenning við undirbúning ráðstafana og að nauðsynlegt væri að fræða almenning um þær ráðstafanir sem gerðar væru við framkvæmd tilskipunarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu mun Umhverfisstofnun, sem hefur yfirumsjón með framkvæmd laga nr. 18/1996, framvegis bera skylda til að kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn sem henni berst um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær á markað. Gert er ráð fyrir að almenningur hafi rétt til að bera fram athugasemdir innan 30 daga frá birtingu útdráttarins. Einnig er gert ráð fyrir að stofnuninni beri að veita almenningi aðgang að svokölluðum matsskýrslum sem stofnunin geri. Þá er enn fremur kveðið á um það í umræddu frumvarpi að Umhverfisstofnun verði gert skylt að kynna almenningi útdrátt úr umsókn og matsskýrslu sem henni berast vegna umsókna um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera sem fram koma annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð settri af ráðherra, svo og að Umhverfisstofnun verði skylt að upplýsa almenning í nokkrum nánar tilgreindum tilvikum. Þá er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun fái rúma heimild

til að mæla fyrir um samráð við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Almennt fer um aðgang almennings að upplýsingum um það sem lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, og reglugerðir settar með stoð í þeim ná til samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Samkvæmt þeim lögum er stjórnvöldum sem falla undir 2. gr. laganna skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. laganna. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

Fyrrgreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 kveður á um trúnaðarskyldu Umhverfisstofnunar og umsagnaraðila um upplýsingar sem skaðað gætu samkeppnisstöðu umsækjanda. Vissar upplýsingar er þó óheimilt að fara með sem trúnaðarmál og eru þær tilgreindar sérstaklega í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um nákvæmari málsmeðferð við umsókn og leyfisveitingar til sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vara sem innihalda þær. Þannig er m.a. gert ráð fyrir að umsækjanda beri að framkvæma mat á umhverfisáhættu sleppingarinnar/markaðssetningarinnar og að Umhverfisstofnun beri að semja matsskýrslu þegar sótt er um leyfi til markaðssetningar. Þá er kveðið á um að hámarksgildistími leyfis Umhverfisstofnunar til markaðssetningar vöru er inniheldur erfðabreyttar lífverur sé 10 ár. Loks er lögð sú skylda á umsækjanda, að fengnu leyfi til markaðssetningar, að hann tryggi að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 127/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2007 frá 6. júlí 2007 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 42, og EES-viðbætir nr. 60, 13.12.2007, bls. 29.

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([3]).

4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([4]).

5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([5]).

6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu, að því er varðar tilkynningar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([6]).

7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað fyrir greinargerð um niðurstöður, er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([7]).

8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([8]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

([2]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 22.
([4]) Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 27.
([5]) Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 37.
([6]) Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 62.
([7]) Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 20.

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 25c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE):

„25d. **32001 L 0018**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliðir bætist við í lok 2. mgr. 30. gr.:

„EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar án atkvæðisréttar. Gera skal breytingar á starfsreglum nefndarinnar til að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í störfum hennar.“

b) Eftirfarandi komi í stað efnis 23. gr.:

„1. Hafi samningsaðili rökstuddan grun um að vara, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru og hefur verið réttilega tilkynnt og fyrir henni hefur fengist skriflegt leyfi samkvæmt þessari tilskipun, skapi hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið er þeim samningsaðila heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu þessarar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, á yfirráðasvæði sínu. Samningsaðilinn skal tryggja að ef alvarleg hætta kemur upp verði gripið til neyðarráðstafana, svo sem tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar á markaðssetningu, og upplýsingum komið til almennings.

Samningsaðilinn skal þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, með milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar, hvers kyns aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein, og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

2. Ræða skal á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar álitamál sem varða það hvort gerðar ráðstafanir séu viðeigandi, fari samningsaðili þess á leit. Beita skal ákvæðum VII. hluta samningsins.“

c) Samningsaðilar eru sammála um að tilskipunin taki aðeins til þátta sem varða hættu sem steðjað getur að mönnum, jurtum, dýrum og umhverfi. EFTA-ríkin áskilja sér þess vegna rétt til að beita ákvæðum landsréttar á þessu sviði í tengslum við önnur atriði en þau sem varða heilbrigði og umhverfismál, að því leyti sem slíkt er samrýmanlegt samningi þessum.

d) Stjórnvöldum í Liechtenstein skal hvorki skylt að veita viðtöku umsóknum um fyrstu markaðssetningu erfðabreyttra lífvera né að taka slíkar umsóknir til meðferðar (12.–24. gr.). Stjórnvöld í Liechtenstein skulu þó fá í hendur allar upplýsingar frá öðrum aðildarríkjum í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um málsmeðferð við heimildarveitingu.“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 25d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB):

„25e. **32002 D 0623**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 22).

25f. **32002 D 0811**: Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 27).

25g. **32002 D 0812**: Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 37).

25h. **32002 D 0813**: Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu, að því er varðar tilkynningar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 62).

25i. **32003 D 0701**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað fyrir greinargerð um niðurstöður, er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 1).

25j. **32004 D 0204**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtíð. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 20).“

3. Textinn í 25. lið falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/18/EB og ákvarðana 2002/623/EB, 2002/811/EB, 2002/812/EB, 2002/813/EB, 2003/701/EB og 2004/204/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/18/EB

frá 12. mars 2001

um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, með hliðsjón af sameiginlega textanum sem sáttanefndin samþykkti 20. desember 2000 ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið ([4]), sem samþykkt var 10. desember 1996, eru tilgreind mörg svið þar sem endurbóta er þörf.

2) Nauðsynlegt er að útlista nánar gildissvið tilskipunar 90/220/EBE og þær skilgreiningar sem þar er að finna.

3) Tilskipun 90/220/EBE hefur verið breytt. Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á tilskipuninni er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að lagfæra viðkomandi ákvæði.

4) Hugsanlegt er að lífverur, hvort sem þeim er sleppt út í umhverfið í miklum eða litlum mæli og hvort sem það er í tilraunaskyni eða sem verslunarvöru, fjölgi sér í umhverfinu og berist yfir landamæri og hafi þannig áhrif í öðrum aðildarríkjum. Afleiðingarnar gætu orðið óbætanlegar.

5) Til að vernda heilbrigði manna og umhverfið þarf að leggja tilhlýðilega áherslu á eftirlit með hættu sem fylgir sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið.

6) Samkvæmt sáttmálanum skulu aðgerðir bandalagsins í umhverfismálum byggjast á þeirri meginreglu að þær séu til forvarnar.

7) Nauðsynlegt er að samræma lög aðildarríkjanna um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og tryggja öryggi í þróun iðnaðarvara þar sem erfðabreyttar lífverur eru notaðar.

8) Við samningu þessarar tilskipunar hefur verið tekið mið af varúðarreglunni og einnig ber að taka tillit til hennar þegar tilskipunin kemur til framkvæmda.

9) Taka ber sérstakt tillit til siðferðislegra gilda í aðildarríkjunum. Aðildarríkin geta tekið tillit til siðferðislegra þátta þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið eða settar á markað sem vörur eða hluti af vörum.

10) Til þess að skapa heildstæðan og gagnsæjan lagaramma er nauðsynlegt að tryggja að við undirbúning ráðstafana sé haft samráð við almenning, annaðhvort af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna, og almenningur fræddur um þær ráðstafanir sem gerðar eru við framkvæmd þessarar tilskipunar.

11) Markaðssetning nær einnig til innflutnings. Óheimilt er að flytja inn vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum sem þessi tilskipun nær til samræmist þær ekki ákvæðum hennar.

12) Í skilningi þessarar tilskipunar ber að líta á aðgerðir, sem miða að því að erfðabreyttar lífverur verði á boðstólum til innflutnings eða séu boðnar

---

([1]) Stjtíð. EB C 139, 4.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 1.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 363). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. desember 1999 (Stjtíð. EB C 64, 6.3.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. apríl 2000 (Stjtíð. EB C 40, 7.2.2001, bls. 123). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 og ákvörðun ráðsins frá 15. febrúar 2001.
([4]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/35/EB (Stjtíð. EB L 169, 27.6.1997, bls. 72).

til sölu í miklu magni, t.d. landbúnaðarhráefni, sem markaðssetningu.

13) Í þessari tilskipun er tekið tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegrar reynslu á þessu sviði, alþjóðlegra skuldbindinga í viðskiptum og krafna sem gerðar eru í Cartagena-bókuninni um líföryggi sem gerð var við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Með skírskotun til fullgildingar bókunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur um framkvæmd tilskipunarinnar svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi fyrir júlí 2001.

14) Stjórnsýslunefndin skal leggja fram leiðbeiningar um framkvæmd þeirra ákvæða sem varða skilgreininguna á markaðssetningu í þessari tilskipun.

15) Við skilgreiningu á „erfðabreyttri lífveru“ skal, í skilningi þessarar tilskipunar, ekki líta á menn sem lífverur.

16) Ákvæði þessarar tilskipunar ættu ekki að hafa áhrif á innlenda löggjöf á sviði umhverfisábyrgðar en þörf er á að auka við löggjöf bandalagsins á þessu sviði með reglum sem ná til bótaábyrgðar að því er varðar mismunandi tegundir umhverfisspjalla á öllum svæðum Evrópusambandsins. Í þessu skyni hefur framkvæmdastjórnin skuldbundið sig til þess að leggja fram tillögur um umhverfisábyrgð fyrir árslok 2001 og þær munu einnig ná til spjalla sem hljótast af erfðabreyttum lífverum.

17) Tilskipun þessi ætti ekki að gilda um lífverur sem eru komnar til með tilteknum aðferðum við breytingar á erfðaefni sem hafa þegar verið notaðar í mörgum tilvikum og með öryggi um langa hríð.

18) Koma verður á samhæfðri málsmeðferð og viðmiðunum til að meta í hverju tilviki þá hugsanlegu áhættu sem felst í því að erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið.

19) Mat á umhverfisáhættu skal ætíð fara fram áður en slepping á sér stað og í hverju tilviki fyrir sig. Við matið skal taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra, uppsafnaðra langtímaáhrifa sem tengjast víxlverkun við aðrar erfðabreyttar lífverur og umhverfið.

20) Nauðsynlegt er að koma á sameiginlegri aðferðafræði við framkvæmd mats á umhverfisáhættu sem byggjast skal á óháðri, vísindalegri ráðgjöf. Einnig verður að koma sér saman um sameiginleg markmið er varða vöktun erfðabreyttra lífvera eftir sleppingu þeirra eða eftir að þær eru markaðssettar sem vörur eða í vörum. Vöktun hugsanlegra, uppsafnaðra langtímaáhrifa ætti að teljast lögboðinn hluti vöktunaráætlunarinnar.

21) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að kerfisbundin og óháð rannsókn fari fram á hugsanlegri áhættu sem fylgir sleppingu erfðabreyttra lífvera eða markaðssetningu þeirra. Aðildarríkin og bandalagið skulu tryggja fé til slíkra rannsókna í samræmi við framkvæmd fjárlaga og óháðir vísindamenn skulu hafa aðgang að öllu efni sem málið varðar en hugverkaréttar skal þó gætt.

22) Sérstaklega skal hugað að genum sem tjá þol gegn sýklalyfjum þegar áhættumat vegna erfðabreyttra lífvera, sem hafa til að bera slík gen, fer fram.

23) Slepping erfðabreyttra lífvera er í flestum tilvikum nauðsynlegur þáttur í rannsóknum við þróun nýrra vara sem eru úr erfðabreyttum lífverum eða sem í eru lífverur af því tagi.

24) Slepping erfðabreyttra lífvera út í umhverfið ætti að fara fram í áföngum. Þetta merkir að dregið er úr hömlum á útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna og þeim sleppt út í umhverfið í síauknum mæli, en því aðeins að mat á undangengnum áfanga með tilliti til heilsu og umhverfisverndar leiði í ljós að ráðast megi í næsta áfanga.

25) Ekki skal markaðssetja sem vörur eða í vörum neinar erfðabreyttar lífverur sem ætlaðar eru til sleppingar nema áður hafi farið fram fullnægjandi prófanir á vettvangi, meðan á rannsóknum og þróun stóð, í vistkerfum sem gætu orðið fyrir áhrifum af notkun þeirra.

26) Þessi tilskipun skal koma til framkvæmda í nánum tengslum við framkvæmd annarra gerninga er málið varða, svo sem tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]). Með skírskotun til þessa ættu viðkomandi lögbær yfirvöld innan framkvæmdastjórnarinnar eða á innlendum vettvangi, sem annast framkvæmd þessarar tilskipunar og annarra gerninga, að samræma aðgerðir sínar svo sem unnt er.

27) Að því er varðar mat á umhverfisáhættu í tengsl-

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB (Stjtíð. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13).

um við C-hluta, áhættustjórnun, merkingu, vöktun, miðlun upplýsinga til almennings og verndarskilmála skal þessi tilskipun vera til viðmiðunar fyrir vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, sem eru heimilaðar samkvæmt annarri löggjöf bandalagsins sem skal því kveða á um sérstakt mat á umhverfisáhættu sem vinna skal í samræmi við meginreglur í II. viðauka og á grundvelli upplýsinga sem eru tilgreindar í III. viðauka, með fyrirvara um viðbótarkröfur í framangreindri löggjöf bandalagsins, og einnig setja kröfur sem varða áhættustjórnun, merkingu, viðeigandi vöktun, miðlun upplýsinga til almennings og verndarskilmála sem eru a.m.k. jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Við framkvæmd tilskipunarinnar er því nauðsynlegt að koma á samstarfi við stofnanir bandalagsins og þær stofnanir aðildarríkjanna sem eru nefndar í þessari tilskipun.

28) Koma þarf á málsmeðferð innan bandalagsins vegna veitingar leyfa til að markaðssetja vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, ef fyrirhuguð not fela í sér sleppingu lífveranna út í umhverfið.

29) Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að beita sér fyrir rannsókn þar sem mismunandi valkostir eru metnir í því skyni að bæta enn frekar samræmi og skilvirkni lagarammans með sérstakri áherslu á miðlæga málsmeðferð við veitingu leyfa til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera í bandalaginu.

30) Að því er varðar löggjöf á þessu sviði má vera að laga þurfi kröfur um vöktun að viðkomandi vöru.

31) C-hluti þessarar tilskipunar gildir ekki um vörur, sem heyra undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí 1993 um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), enda sé í fyrrnefndri reglugerð gert ráð fyrir mati á umhverfisáhættu sem jafngildi því sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

32) Hver sá er hyggst sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið eða markaðssetja vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, þar sem fyrirhuguð notkun vörunnar er fólgin í sleppingu lífveranna út í umhverfið, skal senda innlendu, lögbæru yfirvaldi tilkynningu þar að lútandi áður en af því verður.

33) Sú tilkynning ætti að hafa að geyma tækniskjöl með upplýsingum um ítarlegt mat á umhverfisáhættu, viðeigandi öryggis- og neyðarviðbúnað og, þegar um vörur er að ræða, nákvæmar leiðbeiningar og skilyrði fyrir notkun, svo og fyrirhugaðar merkingar og umbúðir.

34) Eftir að tilkynning hefur verið lögð fram er slepping erfðabreyttra lífvera óheimil nema lögbært yfirvald hafi gefið til þess leyfi sitt.

35) Tilkynnandi getur afturkallað skjöl sín á öllum stigum þeirrar stjórnsýslumeðferðar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Stjórnsýslumeðferð skal ljúka þegar skjöl eru afturkölluð.

36) Þótt lögbært yfirvald taki ekki til greina tilkynningu um markaðssetningu vara sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum skal það þó ekki hafa áhrif á þann möguleika að tilkynning sé lögð fram um sömu erfðabreyttu lífveruna fyrir annað lögbært yfirvald.

37) Samkomulag skal vera í höfn við lok sáttatímabilsins standi engin andmæli þá eftir.

38) Ef tilkynning, í kjölfar staðfestrar, neikvæðrar matsskýrslu, er ekki tekin til greina skal það ekki hafa áhrif á síðari ákvarðanir sem byggjast á tilkynningu um sömu erfðabreyttu lífveru sem lögð er fyrir annað lögbært yfirvald.

39) Til að stuðla að snurðulausri framkvæmd þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin eiga þess kost að færa sér í nyt hin ýmsu ákvæði um skipti á upplýsingum og miðlun reynslu áður en þau hagnýta sér verndarskilmála tilskipunarinnar.

40) Til að tryggja að ívera erfðabreyttra lífvera í vörum, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, sé auðkennd á viðeigandi hátt skulu orðin „Þessi vara inniheldur erfðabreyttar lífverur“ birtast á skýran hátt annaðhvort á vörumiða eða í fylgiskjali.

41) Með viðeigandi nefndarmeðferð skal koma á kerfi í því skyni að úthluta erfðabreyttum lífverum sértákni, að teknu tilliti til viðkomandi þróunar á alþjóðlegum vettvangi.

42) Nauðsynlegt er að rekjanleiki erfðabreyttra lífvera sé tryggður á öllum stigum þar sem þær eru markaðssettar sem vörur eða í vörum sem eru heimilaðar skv. C-hluta þessarar tilskipunar.

([1]) Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 (Stjtíð. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7).

43) Nauðsynlegt er að kveða í þessari tilskipun á um skyldu til að koma á vöktunaráætlun til þess að rekja og sanngreina öll bein eða óbein áhrif sem vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, hafa á heilbrigði manna eða umhverfið, eftir að þær hafa verið settar á markað, hvort sem áhrifin eru tafarlaus eða tafin og þótt þau séu ófyrirséð.

44) Aðildarríkin eiga að geta, í samræmi við sáttmálann, gripið til frekari ráðstafana sem varða vöktun og eftirlit með vörum, sem eru markaðssettar og eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, t.d. fyrir tilstilli opinberrar þjónustustofnunar.

45) Leita ber leiða til þess að gera það kleift að auðvelda eftirlit með erfðabreyttum lífverum eða hafa uppi á þeim og ná þeim til baka ef alvarleg hætta skapast.

46) Í drögum að ráðstöfunum, sem lögð verða fyrir stjórnsýslunefndina, ber að taka tillit til athugasemda almennings.

47) Lögbært yfirvald skal ekki veita leyfi sitt fyrr en fullvissa liggur fyrir um að sleppingin setji hvorki heilbrigði manna né umhverfið í hættu.

48) Stjórnsýslumeðferð við veitingu markaðsleyfa fyrir vörum, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, þyrfti að vera skilvirkari og gagnsærri og í fyrsta sinn sem leyfi er veitt skal það gilda í tiltekinn tíma.

49) Við endurnýjun markaðsleyfis skal einföld málsmeðferð gilda að því er varðar vörur sem hafa hlotið markaðsleyfi í tiltekinn tíma.

50) Endurnýja skal gildandi leyfi sem veitt voru samkvæmt tilskipun 90/220/EBE svo að komast megi hjá því að misræmi sé milli leyfa, sem veitt voru samkvæmt þeirri tilskipun, og leyfa sem veitt eru samkvæmt þessari tilskipun og til þess að taka fullt tillit til skilyrða um leyfi sem sett eru með þessari tilskipun.

51) Slík endurnýjun krefst þess að veittur sé aðlögunartími þar sem gildandi leyfi, sem veitt voru samkvæmt tilskipun 90/220/EBE, haldast óbreytt.

52) Við endurnýjun leyfis ætti að vera mögulegt að endurskoða öll skilyrði upphaflega leyfisins, meðal annars þau er varða vöktun, svo og þau sem lúta að tímamörkum leyfisins.

53) Kveða skal á um samráð við viðeigandi vísindanefnd eða -nefndir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/579/EB ([1]), um þætti sem líklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna og/eða á umhverfið.

54) Kerfið, sem komið var á samkvæmt tilskipun 90/220/EBE og varðar skipti á upplýsingum sem koma fram í tilkynningum, hefur reynst gagnlegt og rétt er að halda því.

55) Mikilvægt er að fylgjast náið með þróun og notkun erfðabreyttra lífvera.

56) Hafi vörur, sem eru að hluta úr erfðabreyttum lífverum, verið settar á markaðinn og hafi þessar vörur fengið tilhlýðilegt leyfi samkvæmt þessari tilskipun er aðildarríkjunum ekki heimilt að banna, takmarka eða hindra að vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og sem uppfylla kröfur í þessari tilskipun, séu settar á markað. Kveða ætti á um öryggisráðstafanir ef hætta skapast fyrir heilbrigði manna eða umhverfi.

57) Hafa ber samráð við Evrópuhóp framkvæmdastjórnarinnar um siðareglur vísinda og nýrrar tækni í því skyni að fá ráðgjöf um almenn siðferðisleg atriði sem varða sleppingu erfðabreyttra lífvera eða markaðssetningu þeirra. Slíkt samráð skal þó vera með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna að því er varðar siðferðisleg atriði.

58) Aðildarríkin skulu geta haft samráð við sérhverja nefnd, sem þau hafa komið á fót, í því skyni að þiggja ráð um siðferðislegar afleiðingar líftækni.

59) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

60) Upplýsingaskiptin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu einnig ná til þeirrar reynslu sem fæst við umfjöllun siðferðislegra þátta.

61) Til þess að auka skilvirkni við framkvæmd þeirra ákvæða, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, er tilhlýðilegt að kveða á um viðurlög sem aðildarríkin skulu beita, m.a. ef um er að ræða sleppingu eða markaðssetningu sem brýtur gegn ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum ef rekja má það til gáleysis.

62) Í skýrslu, sem framkvæmdastjórninni ber að gefa út á þriggja ára fresti og þar sem tillit er tekið til

---

([1]) Stjtíð. EB L 237, 28.8.1997, bls. 18.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

upplýsinga frá aðildarríkjunum, skal vera sérkafli þar sem gerð er grein fyrir félagshagfræðilegum kostum og ókostum sem fylgja hverjum flokki erfðabreyttra lífvera sem heimilt er að markaðssetja og þar sem viðeigandi tillit er tekið til hagsmuna bæði bænda og neytenda.

63) Endurskoða ber lagarammann um líftækni í því skyni að kanna hvort unnt sé að auka enn frekar samræmi og skilvirkni laganna. Vera má að þörf sé á að aðlaga málsmeðferðina til þess að skilvirknin verði sem mest og kanna ber alla kosti sem stuðlað gætu að því.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

A-HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Í samræmi við varúðarregluna er markmið þessarar tilskipunar að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna og vernda heilbrigði manna og umhverfið:

– við sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öllum öðrum tilgangi en að markaðssetja þær í bandalaginu,

– við markaðssetningu innan bandalagsins á vörum sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lífvera“: líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis;

2) „erfðabreytt lífvera“: lífvera, önnur en maður, þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrlega endurröðun.

   Samkvæmt skilgreiningu þessari:

   a) á erfðabreyting sér stað a.m.k. þegar aðferðunum, sem taldar eru upp í 1. hluta I. viðauka A, er beitt;

   b) eru aðferðirnar, sem taldar eru upp í 2. hluta I. viðauka A, ekki taldar valda erfðabreytingum;

3) „slepping“: aðgerð sem felst í að hleypa erfðabreyttum lífverum eða samsetningum erfðabreyttra lífvera út í umhverfið af ásettu ráði þar sem þær eru ekki afmarkaðar með neinum ráðstöfunum til að takmarka snertingu þeirra við almenning og umhverfi og almenningi og umhverfi er ekki skapað víðtækt öryggi;

4) „markaðssetning“: það að bjóða fram vöru til þriðja aðila, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds;

   Eftirtaldar ráðstafanir teljast ekki vera markaðssetning:

   – það að bjóða fram erfðabreyttar lífverur vegna starfsemi sem heyrir undir tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera ([1]), þ.m.t. söfn ræktа,

   – það að bjóða fram erfðabreyttar lífverur, aðrar en örverur sem um getur í fyrsta lið, eingöngu til nota vegna starfsemi þar sem viðeigandi, ströngum afmörkunarráðstöfunum er beitt til þess að takmarka snertingu þeirra við almenning og umhverfið og tryggja víðtækt öryggi fyrir almenning og umhverfið. Ráðstafanirnar skulu grundvallast á sömu meginreglum um afmörkun og mælt er fyrir um í tilskipun 90/219/EBE,

   – það að bjóða fram erfðabreyttar lífverur sem eru eingöngu ætlaðar til sleppingar, að uppfylltum kröfunum sem mælt er fyrir um í B-hluta þessarar tilskipunar;

5) „tilkynning“: afhending upplýsinga, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, til lögbærs yfirvalds í aðildarríki;

6) „tilkynnandi“: sá sem afhendir tilkynninguna;

7) „vara“: efnablanda sem er sett á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu slíkra lífvera;

8) „mat á umhverfisáhættu“: úttekt á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi, hvort sem áhættan er bein eða óbein og hvort sem hún kemur fram þegar í stað eða síðar, sem getur hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og sem er framkvæmd í samræmi við II. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/81/EB (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 13).

3. gr.

Undanþágur

1. Tilskipun þessi gildir ekki um lífverur sem verða til með þeim aðferðum til erfðabreytinga sem taldar eru upp í I. viðauka B.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um flutninga erfðabreyttra lífvera á járnbrautum, vegum, skipgengum vatnaleiðum eða sjó eða í lofti.

4. gr.

Almennar skyldur

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við varúðarregluna, tryggja að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að slepping erfðabreyttra örvera eða markaðssetning þeirra hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Slepping eða markaðssetning erfðabreyttra lífvera er einungis heimil í samræmi við B- eða C-hluta.

2. Sérhverjum einstaklingi er skylt að meta umhverfisáhættu áður en hann leggur fram tilkynningu skv. B- eða C-hluta. Í III. viðauka eru tilgreindar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að meta umhverfisáhættu. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að þegar umhverfisáhætta er metin verði sérstaklega hugað að erfðabreyttum lífverum, sem innihalda gen sem tjá þol gegn sýklalyfjum sem eru notuð við lækningar manna eða dýra, í því skyni að sanngreina og útiloka smám saman erfðamörk sem tjá sýklalyfjaþol í erfðabreyttum lífverum og geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Þessi útilokun skal eiga sér stað fyrir 31. desember 2004, að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem voru markaðssettar í samræmi við C-hluta, og fyrir 31. desember 2008 að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem voru leyfðar skv. B-hluta.

3. Aðildarríkin, og framkvæmdastjórnin þar sem við á, skulu tryggja að hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, sem rekja má beint eða óbeint til genaflutnings frá erfðabreyttum lífverum til annarra lífvera, séu metin nákvæmlega og í hverju einstöku tilviki. Þetta skal metið í samræmi við II. viðauka þar sem tillit er tekið til umhverfisáhrifa í samræmi við eðli þeirrar lífveru sem er sleppt og þess umhverfis sem tekur við henni.

4. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að kröfur í þessari tilskipun séu uppfylltar. Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka hvort tilkynningarnar skv. B- og C-hluta uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og hvort matið, sem kveðið er á um í 2. lið, er fullnægjandi.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld skipuleggi skoðun og aðrar viðeigandi eftirlitsaðgerðir til þess að tryggja að farið sé að tilskipun þessari. Þegar um er að ræða sleppingu erfðabreyttra lífvera eða markaðssetningu á vörum, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og leyfi hefur ekki fengist fyrir, skal viðkomandi aðildarríki tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til þess að binda enda á sleppinguna eða markaðssetninguna, hefja aðgerðir til úrbóta, ef nauðsyn krefur, og upplýsa almenning í viðkomandi ríki, framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki um þetta.

6. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja rekjanleika, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, á öllum stigum markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum sem leyfðar eru samkvæmt C-hluta.

B-HLUTI

SLEPPING ERFÐABREYTTRA LÍFVERA Í ÖLLUM ÖÐRUM TILGANGI EN TIL MARKAÐSSETNINGAR

5. gr.

1. Ákvæði 6. til 11. gr. gilda ekki um lyf og lyfjablöndur, sem eru ætluð mönnum og eru úr erfðabreyttum lífverum eða sem innihalda slíkar lífverur eða samsetningu þeirra, enda sé slepping þeirra í öllum öðrum tilgangi en til markaðssetningar þeirra heimil samkvæmt löggjöf bandalagsins þar sem mælt er fyrir um:

a) sérstakt mat á umhverfisáhættu í samræmi við II. viðauka og á grundvelli þeirrar tegundar upplýsinga, sem tilgreind er í III. viðauka, með fyrirvara um frekari kröfur sem mælt er fyrir um í þeirri löggjöf;

b) ótvírætt leyfi áður en slepping fer fram;

c) vöktunaráætlun í samræmi við viðkomandi hluta III. viðauka með það að markmiði að greina áhrif erfðabreyttrar lífveru eða lífvera á heilbrigði manna og umhverfið;

d) kröfur, á viðeigandi hátt, sem varða meðferð nýrra upplýsinga, upplýsinga til almennings, upplýsinga um árangur af sleppingum og skipti á upplýsingum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem finnast í þessari tilskipun og í þeim ráðstöfunum sem eru gerðar í tengslum við hana.

2. Umhverfisáhætta, sem rekja má til slíkra efna og efnablandna, skal metin í samræmi við innlend yfir-

völd og yfirvöld bandalagsins sem tilgreind eru í þessari tilskipun.

3. Í umræddri löggjöf, sem verður að vísa til þessarar tilskipunar, skal kveða á um málsmeðferð sem tryggir að farið sé að hinu sérstaka mati á umhverfisáhættu og að ákvæðin séu jafngild ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. gr.

Stöðluð málsmeðferð við leyfisveitingu

1. Með fyrirvara um 5. gr. skal sérhver maður, áður en hann sleppir erfðabreyttri lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því ríki sem hefur lögsögu yfir því svæði þar sem sleppingin á að fara fram.

2. Í tilkynningunni, sem um getur í 1. lið, skulu vera:

a) tækniskjöl með þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í III. viðauka og eru nauðsynlegar við gerð mats á umhverfisáhættu vegna sleppingar erfðabreyttrar lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera, einkum:

   i) almennar upplýsingar, m.a. upplýsingar um starfsfólk og þjálfun,

   ii) upplýsingar sem varða erfðabreyttu lífveruna eða lífverurnar,

   iii) upplýsingar sem varða skilyrði við sleppingu og hugsanlegt móttökuumhverfi,

   iv) upplýsingar um víxlverkun milli erfðabreyttu lífveranna og umhverfisins,

   v) vöktunaráætlun í samræmi við viðkomandi hluta III. viðauka, með það að markmiði að greina áhrif erfðabreyttrar lífveru eða lífvera á heilbrigði manna og umhverfið,

   vi) upplýsingar um eftirlit, aðferðir við úrbætur, meðhöndlun úrgangs og áætlun um viðbúnað í neyðartilvikum,

   vii) útdráttur úr skjölunum;

b) mat á umhverfisáhættu og niðurstöðurnar, sem krafist er skv. D-hluta II. viðauka, ásamt öllum heimildartilvísunum og upplýsingum um aðferðir sem eru notaðar.

3. Tilkynnandinn getur annaðhvort lagt fram frekari upplýsingar, sem hann telur málið varða, eða vísað til gagna eða niðurstaðna úr tilkynningum sem aðrir tilkynnendur hafa áður lagt fram, að því tilskildu að upplýsingarnar, gögnin og niðurstöðurnar séu ekki bundnar trúnaði eða að tilkynnendurnir hafi gefið til þess skriflegt leyfi sitt.

4. Lögbært yfirvald getur samþykkt að tilkynna megi sleppingu einnar erfðabreyttrar lífveru eða samsetningar erfðabreyttra lífvera á einum og sama staðnum eða á mismunandi stöðum í sama tilgangi og innan tiltekins tímabils með einni tilkynningu.

5. Lögbært yfirvald skal staðfesta móttökudagsetningu tilkynningarinnar, og, ef ástæða er til og að teknu tilliti til allra athugasemda annarra aðildarríkja sem gerðar eru í samræmi við 11. gr., senda tilkynnanda skriflegt svar innan 90 daga frá móttöku tilkynningarinnar þar sem lýst er yfir því að:

a) yfirvaldið hafi fullvissað sig um að tilkynningin samræmist þessari tilskipun og að sleppingin geti farið fram, eða

b) sleppingin samræmist ekki þessari tilskipun og að tilkynningin sé því ekki tekin til greina.

6. Að því er varðar útreikninga á 90 daga frestinum, sem um getur í 5. mgr., reiknast ekki með sá tími þar sem lögbært yfirvald:

a) bíður frekari upplýsinga, sem það kann að hafa krafið tilkynnanda um, eða

b) framkvæmir opinbera rannsókn eða leitar samráðs í samræmi við 9. gr. Þessi opinbera rannsókn eða samráð skal ekki verða til þess að lengja þann 90 daga frest, sem um getur í 5. mgr., meira en sem nemur 30 dögum.

7. Ef lögbært yfirvald fer þess á leit að veittar verði nýjar upplýsingar skal það samtímis skýra frá ástæðum beiðninnar.

8. Tilkynnandanum er eingöngu heimilt að láta sleppinguna fara fram að fengnu skriflegu leyfi lögbærs yfirvalds og í samræmi við sérhver skilyrði sem krafist er í því leyfi.

9. Aðildarríkin skulu tryggja að ekkert efni, fengið úr erfðabreyttum lífverum sem er sleppt í samræmi við B-hluta, sé markaðssett nema því aðeins að það sé gert í samræmi við C-hluta.

7. gr.

Mismunandi málsmeðferðarreglur

1. Ef nægileg reynsla hefur fengist af því að sleppa tilteknum erfðabreyttum lífverum út í tiltekin vistkerfi og viðkomandi erfðabreyttar lífverur uppfylla viðmiðanirnar í V. viðauka er lögbæru yfirvaldi heimilt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina rök-

studda tillögu um beitingu mismunandi málsmeðferðarreglna að því er varðar slíkar tegundir erfðabreyttra lífvera.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að eigin frumkvæði eða í síðasta lagi innan 30 daga frá móttöku á tillögu lögbæra yfirvaldsins,

a) senda tillöguna áfram til lögbærra yfirvalda, sem geta sett fram athugasemdir innan 60 daga, og samtímis

b) komið tillögunni á framfæri við almenning, sem getur sett fram athugasemdir innan 60 daga, og

c) ráðgast við viðkomandi vísindanefnd eða -nefndir sem geta látið álit sitt í ljós innan 60 daga.

3. Taka ber ákvörðun um hverja tillögu í samræmi viðmálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. Í ákvörðuninni skal fastsetja þær lágmarksupplýsingar tæknilegs eðlis úr III. viðauka sem eru nauðsynlegar til þess að meta hvers kyns fyrirsjáanlega áhættu sem fylgir sleppingunni, einkum:

a) upplýsingar sem varða erfðabreyttu lífveruna eða lífverurnar,

b) upplýsingar sem varða skilyrði við sleppingu og hugsanlegt móttökuumhverfi,

c) upplýsingar um víxlverkun milli erfðabreyttu lífveranna og umhverfisins,

d) mat á umhverfisáhættu.

4. Ákvörðunin skal tekin innan 90 daga frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin setur fram tillögu sína eða innan 90 daga frá móttöku á tillögu lögbæra yfirvaldsins. Í þessum 90 daga fresti skal ekki reiknaður sá tími þegar framkvæmdastjórnin bíður athugasemda lögbærra yfirvalda, athugasemda almennings eða álits vísindanefndanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr.

5. Í ákvörðuninni, sem er tekin skv. 3. og 4. mgr., skal kveðið á um að tilkynnandanum sé eingöngu heimilt að láta sleppinguna fara fram að fengnu skriflegu leyfi lögbærs yfirvalds. Tilkynnandinn skal láta sleppinguna fara fram í samræmi við sérhver skilyrði sem krafist er í þessu leyfi.

Í ákvörðuninni, sem tekin er skv. 3. og 4. mgr., er heimilt að kveða á um að tilkynna megi sleppingu einnar erfðabreyttrar lífveru eða samsetningar erfðabreyttra lífvera á einum og sama staðnum eða á mismunandi stöðum í sama tilgangi og innan tiltekins tímabils með einni tilkynningu.

6. Með fyrirvara um 1. til 5. mgr. skal ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/730/EB frá 4. nóvember 1994 um að taka upp einfaldaða málsmeðferð, að því er varðar sleppingu erfðabreyttra plantna út í umhverfið, skv. 5. mgr. 1 gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE ([1]), vera áfram í gildi.

7. Hvort sem aðildarríki ákveður að beita málsmeðferð sem komið er á með ákvörðun sem er tekin skv. 3. og 4. mgr. um sleppingu erfðabreyttra lífvera á yfirráðasvæði þess eða ekki skal það gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því.

8. gr.

Meðferð breytinga og nýrra upplýsinga

1. Ef einhver breyting, ráðgerð eða án ásetnings, verður á sleppingu erfðabreyttra lífvera eða samsetningu þeirra eftir að lögbært yfirvald hefur gefið skriflegt leyfi sitt, þannig að það geti haft í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi, eða ef nýjar upplýsingar koma fram um slíka áhættu, annaðhvort á meðan lögbært yfirvald aðildarríkis fjallar um tilkynninguna eða eftir að sama yfirvald hefur gefið skriflegt leyfi sitt, skal tilkynnandi án tafar:

a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið,

b) upplýsa lögbært yfirvald fyrir fram um sérhverja breytingu eða um leið og vitnast um breytingu, sem verður án ásetnings, eða nýju upplýsingarnar liggja fyrir,

c) endurskoða ráðstafanirnar sem eru tilgreindar í tilkynningunni.

2. Ef lögbært yfirvald, sem um getur í 1. mgr., fær upplýsingar sem gætu haft verulegar afleiðingar, að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið, eða við þær kringumstæður sem lýst er í 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið leggja mat á upplýsingarnar og koma þeim á framfæri við almenning. Því er heimilt að skylda tilkynnandann til að breyta skilyrðunum við sleppinguna, fresta henni eða hætta við hana og skal upplýsa almenning um það.

9. gr.

Samráð við almenning og miðlun upplýsinga til hans

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði 7. og 25. gr., hafa samráð við almenning og hópa, eftir því sem við á, um fyrirhugaða sleppingu. Ef til þess

([1]) Stjtíð. EB L 292, 12.11.1994, bls. 31.

kemur skulu aðildarríkin mæla fyrir um tilhögun þessa samráðs, þar á meðal um hæfilegan frest, til þess að gefa almenningi eða hópum tækifæri til þess að láta álit sitt í ljós.

2. Með fyrirvara um ákvæði 25. gr.:

– skulu aðildarríkin upplýsa almenning um öll tilvik, sem heyra undir B-hluta, þar sem erfðabreyttum lífverum er sleppt á yfirráðasvæði ríkjanna,

– skal framkvæmdastjórnin veita almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem finnast í upplýsingaskiptakerfinu á grundvelli 11. gr.

10. gr.

Skýrslugjöf tilkynnenda um sleppingu

Að lokinni sleppingu og svo oft þaðan í frá sem mælt er fyrir um í leyfinu á grundvelli niðurstaðna úr mati á umhverfisáhættu skal tilkynnandi senda lögbæru yfirvaldi niðurstöður sleppingarinnar að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og, eftir því sem við á, með sérstakri tilvísun til hvers kyns vöru sem tilkynnandinn hyggst tilkynna um síðar. Snið kynningarinnar á þessum niðurstöðum skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

11. gr.

Skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á kerfi til að skiptast á upplýsingunum sem settar eru fram í tilkynningunum. Lögbær yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni útdrátt úr hverri tilkynningu, sem þau taka við á grundvelli 6. gr.,innan 30 daga frá viðtöku hennar. Ákveða skal snið þessa útdráttar og breyta því eftir því sem við á í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í síðasta lagi innan 30 daga frá viðtöku þessara útdrátta, senda þá áfram til annarra aðildarríkja sem er heimilt að æskja frekari upplýsinga eða leggja fram athugasemdir innan 30 daga fyrir milligöngu framkvæmdastjórnarinnar eða beint. Óski aðildarríki þess er því heimilt að fá afrit af allri tilkynningunni frá lögbæra yfirvaldinu í viðkomandi aðildarríki.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um endanlegar ákvarðanir, sem teknar eru skv. 5. mgr. 6. gr., m.a., eftir því sem við á, um ástæður þess að tilkynning er ekki tekin gild og um niðurstöður sleppingar sem þau hafa móttekið skv. 10. gr.

4. Að því er varðar losun erfðabreyttra lífvera sem um getur í 7. gr. skulu aðildarríkin einu sinni á ári senda framkvæmdastjórninni skrá yfir erfðabreyttar lífverur, sem hefur verið sleppt á yfirráðasvæði þeirra, og skrá yfir tilkynningar sem voru ekki teknar gildar og skal framkvæmdastjórnin senda þær áfram til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum.

C-HLUTI

MARKAÐSSETNING VARA SEM ERU AÐ HLUTA EÐA ÖLLU LEYTI ÚR ERFÐABREYTTUM LÍFVERUM

12. gr.

Löggjöf á þessu sviði

1. Ákvæði 13. til 24. gr. gilda ekki um neinar vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, svo fremi að þær séu heimilaðar samkvæmt löggjöf bandalagsins þar sem kveðið er annars vegar á um sérstakt mat á umhverfisáhættu sem vinna skal í samræmi við meginreglur, sem settar eru fram í II. viðauka, og á grundvelli upplýsinga, sem eru tilgreindar í III. viðauka, með fyrirvara um viðbótarkröfur sem mælt er fyrir um í framangreindri löggjöf bandalagsins, og hins vegar settar kröfur sem varða áhættustjórnun, merkingu, viðeigandi vöktun, miðlun upplýsinga til almennings og verndarskilmála sem eru a.m.k. jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Að því er varðar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 gilda 13. til 24. gr. ekki um neinar vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, svo fremi þær séu heimilaðar samkvæmt þeirri reglugerð og að því tilskildu að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhættu í samræmi við þær meginreglur sem eru settar fram í II. viðauka þessarar tilskipunar, og á grundvelli upplýsinga sem eru tilgreindar í III. viðauka þessarar tilskipunar, með fyrirvara um aðrar viðeigandi kröfur sem varða áhættustjórnun, merkingu, viðeigandi vöktun, miðlun upplýsinga til almennings og verndarskilmála sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins um lyf sem eru ætluð mönnum og dýrum.

3. Taka skal upp með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins málsmeðferð sem tryggir að áhættumat, kröfur um áhættustjórnun, merkingu og verndarskilmála séu jafngild þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Frekari löggjöf á þessu sviði í framtíðinni, sem byggist á ákvæðum þeirrar reglugerðar, skal vísa til þessarar tilskipunar. Þar til reglugerðin tekur gildi skulu vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, hafi þær verið heimilaðar samkvæmt annarri löggjöf bandalagsins, því aðeins

settar á markað að markaðssetning þeirra hafi verið samþykkt í samræmi við þessa tilskipun.

4. Við mat á beiðnum um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera, sem um getur í 1. mgr., skal hafa samráð við þær stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt þessari tilskipun af hálfu bandalagsins og af hálfu aðildarríkjanna, með það fyrir augum að hrinda henni í framkvæmd.

13. gr.

Tilkynningarregla

1. Áður en vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu erfðabreyttra lífvera, eru markaðssettar skal senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem markaðssetja á slíka erfðabreytta lífveru í fyrsta sinn. Lögbært yfirvald skal staðfesta móttökudagsetningu tilkynningarinnar og senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni þegar í stað útdráttinn úr skjölunum sem um getur í h-lið 2. mgr.

Lögbært yfirvald skal án tafar kanna hvort tilkynningin samræmist 2. mgr. og fara fram á frekari upplýsingar frá tilkynnanda ef nauðsyn krefur.

Ef tilkynningin samræmist 2. mgr. skal lögbært yfirvald, eigi síðar en þegar það sendir matsskýrslu sína skv. 2. mgr. 14. gr., senda afrit af tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar sem skal, innan 30 daga frá móttöku þess, senda það áfram til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum.

2. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingarnar sem krafist er í III. og IV. viðauka. Þegar þessar upplýsingar eru gefnar skal taka tillit til fjölbreytileika þeirra staða þar sem varan, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, er notuð og þar skulu vera upplýsingar um gögn og niðurstöður úr sleppingum í rannsóknar- og þróunarskyni sem varða áhrif sleppingarinnar á heilbrigði manna og umhverfið,

b) mat á umhverfisáhættu og niðurstöður sem krafist er skv. D-hluta II. viðauka,

c) skilyrðin fyrir markaðssetningu vörunnar, þ.m.t. sérstök skilyrði fyrir notkun og meðhöndlun,

d) tillögu um gildistíma leyfisins, sem skal ekki vera lengri en tíu ár, í samræmi við 4. mgr. 15. gr.,

e) vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka, þar á meðal skal vera tillaga um gildistíma vöktunaráætlunarinnar. Þessi gildistími getur verið frábrugðinn ráðgerðum gildistíma leyfisins,

f) tillögu um merkingu sem skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka. Í merkingunni skal koma skýrt fram að um erfðabreytta lífveru sé að ræða. Orðin „Þessi vara inniheldur erfðabreyttar lífverur“ skulu birtast annaðhvort á vörumiða eða í fylgiskjali,

g) tillögur um umbúðir sem skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka,

h) útdrátt skjalsins. Ákveða skal snið útdráttarins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

Ef tilkynnandi álítur, á grundvelli niðurstaðna sem fást við sleppingu sem tilkynnt er skv. B-hluta, eða af gildum, rökstuddum, vísindalegum ástæðum, að markaðssetning og notkun vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, skaði hvorki heilbrigði manna né umhverfi er honum heimilt að leggja til við lögbært yfirvald að hann þurfi ekki að leggja fram, að hluta eða í heild, þær upplýsingar sem krafist er skv. B-hluta IV. viðauka.

3. Með tilkynningunni skal tilkynnandi senda upplýsingar um gögn eða niðurstöður er varða sleppingar sömu erfðabreyttu lífveranna eða sömu samsetningar erfðabreyttra lífvera sem áður hefur verið tilkynnt um eða verið er að tilkynna um og/eða hafa farið fram innan eða utan bandalagsins á vegum tilkynnandans.

4. Tilkynnandinn getur einnig vísað til gagna eða niðurstaðna úr tilkynningum, sem aðrir tilkynnendur hafa áður lagt fram, eða lagt fram frekari upplýsingar sem hann telur málið varða, að því tilskildu að upplýsingarnar, gögnin og niðurstöðurnar séu ekki bundnar trúnaði eða að tilkynnendurnir hafi gefið til þess skriflegt leyfi sitt.

5. Senda skal sérstaka tilkynningu ef fyrirhugað er að nota erfðabreytta lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera á annan hátt en þegar hefur verið tilgreint í tilkynningu.

6. Ef komið hafa fram nýjar upplýsingar um þá hættu sem erfðabreytta lífveran hefur í för með sér fyrir heilbrigði manna og umhverfi áður en skriflegt leyfi er veitt skal tilkynnandi án tafar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfi og veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar þar að lútandi. Auk þess skal tilkynnandinn endurskoða upplýsingarnar og skilyrðin sem tilgreind eru í tilkynningunni.

14. gr.

Matsskýrsla

1. Þegar lögbært yfirvald hefur fengið tilkynninguna, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., og staðfest móttöku hennar skal það kanna hvort hún samræmist ákvæðum tilskipunar þessarar.

2. Innan 90 daga frá móttöku tilkynningarinnar skal lögbært yfirvald:

– semja matsskýrslu og senda hana tilkynnandanum. Tilkynnandinn getur dregið tilkynningu sína til baka í framhaldi af því án þess að það hafi áhrif á að hann geti síðar sent tilkynninguna til annars lögbærs yfirvalds;

– ef um er að ræða tilvik sem um getur í a-lið 3. mgr., senda skýrslu sína ásamt upplýsingum, sem um getur í 4. mgr., og öllum öðrum upplýsingum, sem skýrslan byggist á, til framkvæmdastjórnarinnar sem skal senda hana áfram til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum innan 30 daga frá móttöku hennar.

Ef um er að ræða tilvik sem um getur í b-lið 3. mgr. skal lögbæra yfirvaldið senda skýrslu sína ásamt upplýsingum, sem um getur í 4. mgr., og öllum öðrum upplýsingum, sem skýrslan byggist á, til framkvæmdastjórnarinnar en ekki fyrr en að liðnum 15 dögum frá því að matsskýrslan var send tilkynnandanum og eigi síðar en 105 dögum eftir móttöku tilkynningarinnar. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrsluna áfram til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna innan 30 daga frá móttöku hennar.

3. Í matsskýrslunni skal annaðhvort tilgreint:

a) að setja beri viðkomandi erfðabreyttu lífveru eða lífverur á markað og með hvaða skilyrðum, eða

b) að ekki beri að setja viðkomandi erfðabreyttu lífveru eða lífverur á markað.

Matsskýrslan skal samin í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

4. Að því er varðar útreikninga á 90 daga frestinum sem um getur í 2. mgr. reiknast ekki með sá tími þar sem lögbært yfirvald bíður frekari upplýsinga sem það kann að hafa beðið tilkynnanda um. Lögbæra yfirvaldið skal færa rök fyrir sérhverri beiðni um frekari upplýsingar.

15. gr.

Stöðluð málsmeðferð

1. Í þeim tilvikum, sem um getur í 3. mgr. 14. gr., getur lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin, innan 60 daga frá því að matsskýrslan var send út, beðið um frekari upplýsingar, gert athugasemdir eða borið fram rökstudd andmæli gegn markaðssetningu viðkomandi erfðabreyttrar lífveru eða lífvera.

Athugasemdir eða rökstudd andmæli og svör skulu send áfram til framkvæmdastjórnarinnar sem skal þegar í stað senda þau áfram til allra lögbærra yfirvalda.

Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin geta rætt öll óútkljáð úrlausnarefni með það að markmiði að komast að samkomulagi innan 105 daga frá útsendingardegi matsskýrslunnar.

Við útreikning á 45 daga lokafrestinum, sem veittur er til að ná samkomulagi, skal ekki taka tillit til biðtímans eftir frekari upplýsingum frá tilkynnanda. Færa skal rök fyrir sérhverri kröfu um frekari upplýsingar.

2. Í því tilviki, sem um getur í b-lið 3. mgr. 14. gr., og ef lögbært yfirvald, sem samdi skýrsluna, kemst að þeirri niðurstöðu að ekki beri að markaðssetja erfðabreyttu lífveruna eða lífverurnar skal tilkynningin ekki tekin gild. Færa skal rök fyrir ákvörðuninni.

3. Ef lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, kemst að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að markaðssetja vöruna og ef ekki hafa komið fram rökstudd andmæli frá aðildarríki eða framkvæmdastjórninni innan 60 daga frá útsendingardegi matsskýrslunnar, sem um getur í a-lið 3. mgr. 14. gr., eða ef óútkljáð úrlausnarefni verða leyst innan þess 105 daga frests sem um getur í 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, veita skriflegt leyfi sitt fyrir markaðssetningunni, senda það til tilkynnandans og upplýsa hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um það innan 30 daga.

4. Gildistími leyfisins skal vera að hámarki tíu ár og upphaf hans miðast við útgáfudag leyfisins.

Að því er varðar viðurkenningu á erfðabreyttri lífveru eða afkomendum hennar sem gildir eingöngu um markaðssetningu á fræjum þeirra samkvæmt viðeigandi ákvæðum bandalagsins skal gildistími fyrsta leyfisins renna út eigi síðar en tíu árum eftir þann dag sem fyrsti plöntustofninn, sem inniheldur erfðabreyttu lífveruna, er skráður í opinbera, innlenda skrá yfir plöntustofna í samræmi við tilskipun ráðsins 70/457/EBE ([1]) og 70/458/EBE ([2]).

([1]) Tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. September 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði (Stjtíð. EB L 225, 12.10.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB (Stjtíð. EB L 25,

Þegar um er að ræða fjölgunarefni fyrir skógrækt skal gildistími fyrsta leyfisins renna út eigi síðar en tíu árum eftir þann dag sem grunnefnið, sem inniheldur erfðabreyttu lífveruna, er skráð í fyrsta sinn í opinbera, innlenda skrá yfir grunnefni í samræmi við tilskipun ráðsins 1999/105/EB ([1]).

16. gr.

Viðmiðanir og upplýsingar fyrir tilteknar erfðabreyttar lífverur

1. Þrátt fyrir 13. gr. getur lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin að eigin frumkvæði lagt fram tillögu um viðmiðanir og kröfur um upplýsingar sem uppfylla ber vegna tilkynningarinnar um markaðssetningu vara sem eru að hluta eða öllu leyti úr tilteknum tegundum erfðabreyttra lífvera.

2. Samþykkja skal þessar viðmiðanir og kröfur um upplýsingar, svo og allar viðeigandi kröfur um útdrátt, að höfðu samráði við viðeigandi vísindanefnd eða -nefndir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. Viðmiðanirnar og kröfurnar um upplýsingar skulu vera með þeim hætti að þær tryggi víðtækt öryggi að því er varðar heilbrigði manna og umhverfi og byggjast á fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöðum, sem lúta að slíku öryggi, og þeirri reynslu sem fengist hefur af sleppingu sambærilegra erfðabreyttra örvera.

Í stað þeirra krafna, sem settar eru fram í 2. mgr. 13. gr., komi framangreindar kröfur og málsmeðferðin, sem sett er fram í 3. til 6. mgr. 13. gr. og 14. og 15. gr., skal gilda.

3. Áður en málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr. vegna ákvörðunar um viðmiðanir og kröfur um upplýsingar sem um getur í 1. mgr., kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin kynna tillöguna fyrir almenningi. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 60 daga. Framkvæmdastjórnin skal koma öllum slíkum athugasemdum ásamt greiningu á framfæri við nefndina sem sett var á laggirnar skv. 30. gr.

17. gr.

Endurnýjun leyfis

1. Þrátt fyrir 13., 14. og 15. gr. skal málsmeðferðin, sem sett er fram í 2. til 9. mgr., gilda:

a) við endurnýjun leyfa sem veitt eru skv. C-hluta, og

b) fyrir 17. október 2006, við endurnýjun leyfa, sem veitt eru fyrir 17. október 2002 samkvæmt tilskipun 90/220/EBE, til markaðssetningar vara sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum.

2. Eigi síðar en níu mánuðum áður en gildistími leyfisins rennur út að því er varðar leyfi sem um getur í a-lið 1. mgr., og fyrir 17. október 2006, að því er varðar leyfi sem um getur í b-lið 1. mgr., skal tilkynnandinn senda tilkynningu samkvæmt þessari grein til lögbæra yfirvaldsins, sem tók við upphaflegu tilkynningunni, og:

a) afrit af leyfinu til að markaðssetja erfðabreyttu lífverurnar,

b) skýrslu um niðurstöður vöktunarinnar sem fór fram skv. 20. gr. Að því er varðar leyfi sem um getur í b-lið 1. mgr. skal leggja þessa skýrslu fram þegar vöktunin hefur farið fram,

c) allar aðrar nýjar upplýsingar, sem komið hafa fram og varða hættu sem heilbrigði manna og/eða umhverfi stafar af vörunni, og

d) tillögu, eftir því sem við á, um breytingu á skilyrðum upphaflega leyfisins eða viðbót við þau, m.a. á skilyrðunum sem varða vöktun í framtíðinni og tímamörk leyfisins.

Lögbært yfirvald skal staðfesta móttökudagsetningu tilkynningarinnar og, ef tilkynningin samræmist þessari málsgrein, senda þegar í stað afrit af tilkynningunni og matsskýrslu sinni til framkvæmdastjórnarinnar sem skal senda þau áfram til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum innan 30 daga frá móttöku þeirra. Hún skal einnig senda tilkynnandanum matsskýrslu sína.

3. Í matsskýrslunni skal annaðhvort tilgreint:

a) að erfðabreytta lífveran eða erfðabreyttu lífverurnar skuli vera áfram á markaði og með hvaða skilyrðum, eða

b) að erfðabreytta lífveran eða erfðabreyttu lífverurnar skuli ekki vera áfram á markaði.

4. Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin geta beðið um frekari upplýsingar, gert athugasemdir eða

---

1.2.1999, bls. 27).

([2]) Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. September 1970 um markaðssetningu matjurtafræja (Stjtíð. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB.

([1]) Tilskipun ráðsins 1999/105/EB frá 22. desember 1999 um markaðssetningu fjölgunarefnis í skógrækt (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2000, bls. 17).

borið fram rökstudd andmæli innan 60 daga frá útsendingardegi matsskýrslunnar.

5. Allar athugasemdir, rökstudd andmæli og svör skulu send áfram til framkvæmdastjórnarinnar sem skal þegar í stað senda þau áfram til allra lögbærra yfirvalda.

6. Að því er varðar a-lið 3. mgr. og ef ekki koma fram rökstudd andmæli frá aðildarríki eða framkvæmdastjórninni innan 60 daga frá útsendingardegi matsskýrslunnar skal lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, senda tilkynnandanum skriflega lokaákvörðun og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Gildistími leyfisins skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en tíu ár og heimilt er að takmarka hann eða lengja vegna sérstakra ástæðna eftir því sem við á.

7. Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin geta rætt öll óútkljáð úrlausnarefni með það að markmiði að komast að samkomulagi innan 75 daga frá útsendingardegi matsskýrslunnar.

8. Ef óútkljáð úrlausnarefni hafa verið leyst innan 75 daga frestsins sem um getur í 7. mgr. skal lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, senda tilkynnandanum skriflega lokaákvörðun sína og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni innan 30 daga. Heimilt er að takmarka gildistíma leyfisins ef við á.

9. Í kjölfar tilkynningar um endurnýjun leyfis skv. 2. mgr. er tilkynnandanum heimilt að halda áfram að markaðssetja erfðabreyttu lífverurnar með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfinu þar til lokaákvörðun hefur verið tekin um tilkynninguna.

18. gr.

Málsmeðferð bandalagsins ef andmæli koma fram

1. Ef lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin bera fram andmæli, í samræmi við 15., 17. og 20. gr., og láta ekki af þeim skal samþykkja ákvörðun og birta hana innan 120 daga í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. Þessi ákvörðun skal innihalda sömu upplýsingar og er að finna í 3. mgr. 19. gr.

Að því er varðar útreikninga á 120 daga frestinum reiknast ekki með sá tími þegar framkvæmdastjórnin bíður frekari upplýsinga, sem hún kann að hafa beðið tilkynnanda um, eða leitar álits vísindanefndarinnar sem samráð hefur verið haft við í samræmi við 28. gr. Framkvæmdastjórnin skal rökstyðja sérhverja beiðni um frekari upplýsingar og upplýsa lögbær yfirvöld um að tilkynnandinn hafi verið beðinn um upplýsingar. Framkvæmdastjórnin má ekki bíða lengur en í 90 daga eftir áliti vísindanefndarinnar.

Ekki skal reikna með þann tíma sem ráðið þarf til þess að taka ákvörðun samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

2. Hafi jákvæð ákvörðun verið tekin skal lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, veita skriflegt leyfi sitt til markaðssetningar eða til að endurnýja leyfið, senda það tilkynnandanum og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni innan 30 daga frá birtingu eða tilkynningu ákvörðunarinnar.

19. gr.

Leyfi

1. Með fyrirvara um kröfur samkvæmt annarri löggjöf bandalagsins og því aðeins að veitt hafi verið skriflegt leyfi fyrir markaðssetningu vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, er heimilt að nota þessa vöru í öllu bandalaginu án frekari tilkynningar, enda sé í einu og öllu fullnægt sérstökum skilyrðum um notkun og kröfum samkvæmt þeim um umhverfi og/eða landsvæði.

2. Tilkynnandanum er eingöngu heimilt að halda markaðssetningunni áfram að fengnu skriflegu leyfi lögbærs yfirvalds skv. 15., 17. og 18. gr. og í samræmi við sérhver skilyrði sem krafist er í því leyfi.

3. Í skriflega leyfinu, sem um getur í 15., 17. og 18. gr., skal ávallt tilgreina skilmerkilega:

a) gildissvið leyfisins, þ.m.t. auðkenni varanna, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða erfðabreyttum lífverum og ráðgert er að setja á markað, og sértákn þeirra;

b) gildistíma leyfisins;

c) skilyrði fyrir markaðssetningu vörunnar, þ.m.t. öll sérstök skilyrði er varða notkun, meðhöndlun og pökkun varanna, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða erfðabreyttum lífverum, og skilyrði sem varða vernd sérstakra vistkerfa eða sérstaks umhverfis og/eða sérstakra landsvæða;

d) að tilkynnandinn geti, með fyrirvara um 25. gr., afhent lögbæru yfirvaldi sýni vegna eftirlits verði farið fram á það;

e) kröfur að því er varðar merkingu, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka. Í merkingunni skal koma skýrt fram að um erfðabreytta lífveru sé að ræða. Orðin „Þessi vara inniheldur erfðabreyttar lífverur“ skulu birtast annaðhvort á vörumiða eða í fylgiskjali með vörunni

eða öðrum vörum sem innihalda erfðabreytta lífveru eða lífverur;

f) kröfur um vöktun í samræmi við VII. viðauka, þ.m.t. skyldu til að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld, gildistíma vöktunaráætlunarinnar, og þar sem við á, allar skyldur sem hvíla á þeim sem selja vöruna eða nota hana, að meðtöldum upplýsingum sem hæfilegt þykir að gefa um ræktaðar, erfðabreyttar lífverur að því er varðar staðsetningu þeirra.

4. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að skriflega leyfið og, eftir því sem við á, ákvörðunin, sem um getur í 18. gr., verði aðgengileg almenningi og að fullnægt sé, eftir því sem við á, þeim skilyrðum sem eru tilgreind í skriflega leyfinu og ákvörðuninni.

20. gr.

Vöktun og meðferð nýrra upplýsinga

1. Í kjölfar markaðssetningar á vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, skal tilkynnandinn tryggja að vöktun og skýrslugjöf viðkomandi henni sé háttað samkvæmt þeim skilyrðum sem eru tilgreind í leyfinu. Skýrslur um þessa vöktun skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Á grundvelli þessara skýrslna, í samræmi við leyfið og innan ramma vöktunaráætlunarinnar, sem kemur fram í leyfinu, er lögbæra yfirvaldinu, sem tók við upphaflegu tilkynningunni, heimilt að breyta vöktunaráætluninni að loknu fyrsta vöktunartímabilinu.

2. Ef nýjar upplýsingar, frá notendum eða annars staðar frá, um þá hættu, sem heilbrigði manna og umhverfi stafar af erfðabreyttu lífverunni, hafa komið fram áður en skriflegt leyfi er veitt skal tilkynnandi án tafar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfi og tilkynna það lögbæra yfirvaldinu.

Auk þess skal tilkynnandinn endurskoða upplýsingarnar og skilyrðin sem tilgreind eru í tilkynningunni.

3. Ef lögbært yfirvald fær upplýsingar sem gætu haft afleiðingar að því er varðar hættu af völdum erfðabreyttra lífvera fyrir heilbrigði manna og umhverfið, eða þær aðstæður koma upp sem lýst er í 2. mgr., skal það þegar í stað koma upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum og getur, eftir því sem við á, sjálft nýtt sér ákvæði 1. mgr. 15. gr. og 7. mgr. 17. gr. komi upplýsingarnar fram áður en skriflegt leyfi er veitt.

Hafi upplýsingarnar komið fram eftir að skriflega leyfið var veitt skal lögbæra yfirvaldið senda matsskýrsluna áfram til framkvæmdastjórnarinnar innan 60 daga frá því að þessar nýju upplýsingar bárust og tilgreina hvort og þá hvernig skuli breyta skilyrðum leyfisins eða hvort það skuli fellt úr gildi og skal þá framkvæmdastjórnin senda hana áfram til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna innan 30 daga frá móttöku skýrslunnar.

Innan 60 daga frá sendingardegi matsskýrslunnar skal framsenda athugasemdir eða rökstudd andmæli við áframhaldandi markaðssetningu erfðabreyttu lífverunnar eða við tillögu um breytingu á skilyrðum leyfisins til framkvæmdastjórnarinnar sem skal þegar í stað framsenda þær til lögbærra yfirvalda.

Lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin geta rætt öll óútkljáð úrlausnarefni með það að markmiði að komast að samkomulagi innan 75 daga frá sendingardegi matsskýrslunnar.

Ef ekki koma fram rökstudd andmæli frá aðildarríki eða framkvæmdastjórninni innan 60 daga frá því að nýju upplýsingunum var komið á framfæri eða ef óútkljáð úrlausnarefni hafa verið leyst innan 75 daga skal lögbæra yfirvaldið, sem samdi skýrsluna, breyta leyfinu eins og tillaga var gerð um, senda tilkynnandanum breytta leyfið og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni innan 30 daga.

4. Almenningur skal hafa aðgang að niðurstöðum vöktunarinnar, sem fram fer samkvæmt C-hluta tilskipunarinnar, til þess að tryggja gagnsæi.

21. gr.

Merking

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að markaðssetning, merking og umbúðir vara, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, sé á öllum stigum í samræmi við viðeigandi kröfur sem eru tilgreindar í skriflega leyfinu sem um getur í 15. gr. (3. mgr.), 17. gr. (5. og 8. mgr.), 18 gr. (2. mgr.) og 19. gr. (3. mgr.).

2. Að því er varðar vörur þar sem ekki er hægt að útiloka tilfallandi eða tæknilega óhjákvæmilegar leifar heimilaðra erfðabreyttra lífvera má setja lágmarksviðmiðunarmörk og ekki þarf að merkja þær vörur, sem eru undir þeim mörkum, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Ákveða skal viðmiðunarmörkin í samræmi við viðkomandi vöru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

22. gr.

Frjáls dreifing

Með fyrirvara um 23. gr. er aðildarríkjum óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu vara sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og uppfylla kröfur í þessari tilskipun.

23. gr.

Verndarskilmálar

1. Hafi aðildarríki rökstuddan grun um, að fengnum nýjum upplýsingum eða fyllri upplýsingum, sem komið hafa fram eftir að leyfið var veitt og hafa áhrif á mat á umhverfisáhættu, eða í kjölfar endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum á grundvelli nýrrar eða aukinnar, vísindalegrar þekkingar, að vara, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru og hefur verið réttilega tilkynnt og fyrir henni hefur fengist skriflegt leyfi samkvæmt þessari tilskipun, skapi hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið er því aðildarríki heimilt til bráðabirgða að takmarka eða banna notkun og/eða sölu þessarar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, á yfirráðasvæði sínu.

Aðildarríkið skal tryggja að ef alvarleg hætta kemur upp verði gripið til neyðarráðstafana, svo sem tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar á markaðssetningu, og upplýsingum komið til almennings.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari grein, og færa rök fyrir ákvörðun sinni, leggja fram endurskoðað mat á umhverfisáhættu og tilgreina hvort og þá hvernig breyta skuli skilyrðum leyfisins eða hvort fella eigi leyfið úr gildi og, eftir því sem við á, tilgreina nýjar eða fyllri upplýsingar sem ákvörðunin byggist á.

2. Ákvörðun skal tekin um málið innan 60 daga í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 30. gr. Að því er varðar útreikninga á 60 daga frestinum reiknast ekki með sá tími þegar framkvæmdastjórnin bíður frekari upplýsinga, sem hún kann að hafa beðið tilkynnanda um, eða leitar álits vísindanefndarinnar eða -nefndanna sem samráð hefur verið haft við. Framkvæmdastjórnin má ekki bíða lengur en í 60 daga eftir áliti vísindanefndarinnar eða -nefndanna.

Ekki skal heldur reikna með þann tíma sem ráðið þarf til þess að taka ákvörðun samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

24. gr.

Upplýsingar til almennings

1. Þegar framkvæmdastjórnin hefur móttekið tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 13. gr. skal hún, með fyrirvara um 25. gr., þegar í stað kynna fyrir almenningi útdráttinn sem um getur í h-lið 2. mgr. 13. gr. Í því tilviki, sem um getur í a-lið 3. mgr. 14. gr., skal framkvæmdastjórnin veita almenningi aðgang að matsskýrslum. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga. Framkvæmdastjórnin skal framsenda þessar upplýsingar þegar í stað til lögbærra yfirvalda.

2. Með fyrirvara um 25. gr. skal almenningur fá aðgang að matsskýrslunum um allar erfðabreyttar lífverur, sem skriflegt leyfi til markaðssetningar hefur verið veitt fyrir, og einnig þær vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og sem leyfi til markaðssetningar fékkst ekki fyrir samkvæmt þessari tilskipun, og hann skal einnig fá aðgang að álitsgerð eða -gerðum vísindanefndanna sem samráð var haft við. Fyrir hverja vöru skal tilgreina á skýran hátt hvaða erfðabreyttu lífveru eða lífverur eru í vörunni, svo og notkun hennar.

D-HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum er óheimilt að ljóstra upp við þriðja aðila trúnaðarupplýsingum sem tilkynntar hafa verið eða sem skipst hefur verið á samkvæmt tilskipun þessari og þeim ber að standa vörð um hugverkarétt gagna sem þeim berast.

2. Tilkynnanda er heimilt að taka fram hvaða upplýsingar í þeim tilkynningum, sem lagðar eru fram samkvæmt tilskipun þessari, gætu skaðað samkeppnisstöðu hans og ætti því að fara með sem trúnaðarmál. Í slíkum tilvikum verður að færa fram rök sem unnt er að sannreyna.

3. Lögbær yfirvöld ákveða, að höfðu samráði við tilkynnanda, hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og skulu tilkynna honum um ákvörðun sína.

4. Ekki er í neinu tilviki heimilt að fara með eftirtaldar upplýsingar sem trúnaðarmál þegar þær eru veittar skv. 6., 7., 8., 13., 17., 20. eða 23. gr.:

– almenn lýsing á erfðabreyttu lífverunni eða lífverunum, nafn og heimilisfang tilkynnanda, tilgangur og staðsetning sleppingarinnar og fyrirhuguð notkun,

– aðferðir og áætlanir sem varða vöktun erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og viðbúnað í neyðartilvikum,

– mat á umhverfisáhættu.

5. Ef tilkynnandi dregur tilkynningu sína til baka af einhverjum ástæðum ber lögbæru yfirvöldunum og framkvæmdastjórninni að virða trúnað um þær upplýsingar sem lagðar voru fram.

26. gr.

Merking erfðabreyttra lífvera sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 2. gr.

1. Þær erfðabreyttu lífverur, sem hafðar eru á boðstólum vegna starfsemi sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 2. gr., skulu lúta viðeigandi kröfum um merkingar í samræmi við viðkomandi liði í IV. viðauka þannig að ívera erfðabreyttra lífvera komi skýrt fram á merkimiða eða í fylgiskjali. Því skulu orðin „Þessi vara inniheldur erfðabreyttar lífverur“ birtast annaðhvort á vörumiða eða í fylgiskjali.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr., skal ákvarða skilyrðin vegna framkvæmdar á 1. mgr. án þess að endurtekningar eða ósamræmis gæti að því er varðar gildandi ákvæði um merkingu sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf bandalagsins. Í því samhengi skal, eftir því sem við á, taka tillit til ákvæða um merkingu sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við löggjöf bandalagsins.

27. gr.

Aðlögun viðauka að tækniframförum

Laga skal C- og D-liði í II., III. og IV. viðauka og C-lið VII. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

28. gr.

Samráð við vísindanefnd eða -nefndir

1. Beri lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin fram andmæli í samræmi við 1. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 20. gr. eða 23. gr., að því er varðar hættu sem heilbrigði manna eða umhverfi stafar af erfðabreyttum lífverum, og láti ekki af þeim, eða ef matsskýrslan, sem um getur í 14. gr., gefur til kynna að ekki skuli markaðssetja erfðabreyttu lífveruna, skal framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, hafa samráð um andmælin við viðkomandi vísindanefnd eða -nefndir.

2. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að hafa samráð við viðkomandi vísindanefnd eða -nefndir um sérhvert málefni sem heyrir undir þessa tilskipun og getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á stjórnsýslumeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

29. gr.

Samráð við siðanefnd eða -nefndir

1. Með fyrirvara um hæfni aðildarríkjanna, að því er varðar siðferðisleg atriði, skal framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni Evrópuþingsins eða ráðsins, hafa samráð um almenn, siðferðisleg málefni við sérhverja nefnd sem hún hefur sett á laggirnar í því skyni að fá ráðgjöf um siðferðislegar afleiðingar líftækninnar, t.d. við Evrópuhópinn um siðareglur vísinda og nýrrar tækni.

Slíkt samráð getur einnig átt sér stað að beiðni aðildarríkis.

2. Þetta samráð skal fara fram eftir skýrum reglum þannig að allt sé uppi á borðinu og gagnsætt og aðgengilegt almenningi. Niðurstaða þess skal vera aðgengileg almenningi.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á stjórnsýslumeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

30. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

31. gr.

Skipti á upplýsingum og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hittast reglulega og skiptast á upplýsingum um þá reynslu sem fengist hefur af forvörnum gegn áhættunni sem

fylgir sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Þessi skipti á upplýsingum skulu einnig ná til reynslu, sem fengist hefur af framkvæmd annarrar undirgreinar 4. mgr. 2. gr., mati á umhverfisáhættu, vöktun og málefnum er varða samráð og miðlun upplýsinga til almennings.

Ef nauðsyn ber til getur nefndin, sem sett var á laggirnar skv. 1. mgr. 30. gr., sett fram leiðbeiningar um framkvæmd annarrar undirgreinar 4. mgr. 2. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal halda eina eða fleiri skrár í því skyni að skrá upplýsingar um erfðafræðilegar breytingar í þeim erfðabreyttu lífverum sem um getur í 7. lið A-liðar IV. viðauka. Með fyrirvara um 25. gr. skal í skránni eða skránum vera hluti sem er aðgengilegur almenningi. Nákvæm tilhögun skrárinnar eða skránna skal ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. og 7. lið A-liðar IV. viðauka:

a) skulu aðildarríkin halda opinberar skrár með upplýsingum yfir þá staði þar sem erfðabreyttum lífverum skv. B-hluta hefur verið sleppt,

b) skulu aðildarríkin einnig halda skrár yfir staðsetningu erfðabreyttra lífvera, sem eru ræktaðar skv. C-hluta, m.a. til þess að vakta megi, í samræmi við ákvæði f-liðar 3. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr., hugsanleg áhrif slíkra erfðabreyttra lífvera á umhverfið. Með fyrirvara um slík ákvæði í 19. og 20. gr. skal:

   – tilkynna lögbærum yfirvöldum um slíka staði og

   – upplýsa almenning um slíka staði

   á þann hátt sem lögbærum yfirvöldum þykir við hæfi og í samræmi við ákvæði landslaga.

4. Þriðja hvert ár skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um ráðstafanir sem gerðar eru vegna framkvæmdar á ákvæðum tilskipunar þessarar. Í skýrslunni skal vera stutt greinargerð sem byggist á staðreyndum, um reynslu þeirra af vörum sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og eru markaðssettar samkvæmt þessari tilskipun.

5. Á þriggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin gefa út útdrátt úr skýrslunum sem um getur í 4. mgr.

6. Árið 2003 og síðan þriðja hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um reynslu aðildarríkjanna af erfðabreyttum lífverum sem hafa verið settar á markað samkvæmt þessari tilskipun.

7. Þegar skýrslan verður lögð fram árið 2003 skal framkvæmdastjórnin samtímis leggja fram sérstaka skýrslu um hvernig til hefur tekist með B- og C-hluta ásamt mati á:

a) öllum afleiðingum sem af hljótast, einkum í því skyni að taka tillit til fjölbreytileika evrópskra vistkerfa, og þörfinni á að auka við lagarammann á þessu sviði,

b) hagkvæmni ýmissa leiða til að auka enn frekar samræmi og skilvirkni lagarammans, m.a. að því er varðar miðstýrða málsmeðferð við leyfisveitingar bandalagsins og tilhögunina á töku lokaákvarðana af hálfu framkvæmdastjórnarinnar,

c) því hvort svo mikil reynsla hafi fengist af beitingu mismunandi málsmeðferðarreglna í B-hluta annars vegar að réttlæta megi ákvæði um óbeint leyfi í þess háttar málsmeðferð og af C-hluta hins vegar þannig að réttlæta megi beitingu mismunandi málsmeðferðarreglna, og

d) afleiðingum af sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.

8. Framkvæmdastjórnin skal árlega senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um siðferðisleg málefni sem um getur í 1. mgr. 29. gr. Ef við á getur tillaga um breytingu á þessari tilskipun fylgt skýrslunni.

32. gr.

Framkvæmd Cartagena-bókunarinnar um líföryggi

1. Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að leggja, svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en fyrir júlí 2001, fram lagatillögu um nákvæma framkvæmd Cartagenabókunarinnar um líföryggi. Tillagan skal koma til fyllingar ákvæðum þessarar tilskipunar og breyta þeim beri nauðsyn til.

2. Tillagan skal einkum fela í sér viðeigandi ráðstafanir til að fylgja þeirri málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í Cartagena-bókuninni, og leggja þá skyldu á herðar útflytjendum í bandalaginu, í samræmi við bókunina, að sjá til þess að allar kröfur samkvæmt málsmeðferðinni um fyrir fram upplýst samþykki, eins og þær eru settar fram í 7. til 10. gr., 12. og 14. gr. Cartagena-bókunarinnar, verði uppfylltar.

33. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar ákvörðunar. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

34. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. október 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

35. gr.

Tilkynningar í vinnslu

1. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um tilkynningar sem varða markaðssetningu vara, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, og eru mótteknar í samræmi við tilskipun 90/220/EBE, en sem ekki hefur verið lokið við að fjalla um samkvæmt málsmeðferðinni í þeirri tilskipun fyrir 17. október 2002.

2. Eigi síðar en 17. janúar 2003 skulu tilkynnendur hafa aukið við tilkynningu sína í samræmi við þessa tilskipun.

36. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 90/220/EBE falli úr gildi 17. október 2002.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísun í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í VIII. viðauka.

37. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

38. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	L. PAGROTSKY
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI A

AÐFERÐIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 2. GR.

1. HLUTI

Aðferðir við erfðabreytingu, sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr., eru m.a.:

1) tækni á sviði samskeyttra kjarnsýrna er felst í myndun nýrrar samsetningar erfðaefnis með innskoti kjarnsýrusameinda, sem eru framleiddar með einhverjum aðferðum utan lífveru, inn í hvaða veiru, bakteríuplasmíð eða aðra genaferju sem er og innlimun þeirra í hýsillífveru sem hefur þær ekki frá náttúrunnar hendi en þar sem þær geta haldið áfram að fjölga sér,

2) tækni sem felst í því að koma fyrir í örverum erfanlegu efni, sem unnið er utan örverunnar, t.d. með innspýtingu í örlitlum mæli, innspýtingu í miklum mæli og með örhylkjum,

3) frumusamruni (þ.m.t. samruni vegglausra frumna) eða kynblöndunartækni þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfðaefnis eru myndaðar við samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem eiga sér ekki stað á náttúrlegan hátt.

2. HLUTI

Aðferðir sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. og teljast ekki valda erfðabreytingu að því tilskildu að þær byggist ekki á notkun samskeyttra kjarnsýrusameinda eða erfðabreyttra lífvera sem búnar eru til með annarri tækni eða aðferðum en þeim sem eru undanskildar skv. I. viðauka B:

1) frjóvgun í tilraunaglasi,

2) náttúrleg ferli, svo sem bakteríutenging, veiruleiðsla og ummyndun,

3) framköllun fjöllitnunar.

I. VIÐAUKI B

AÐFERÐIR SEM UM GETUR Í 3. GR.

Erfðabreytingartækni eða -aðferðir við myndun lífvera sem tilskipunin tekur ekki til, að því tilskildu að ekki séu notaðar samskeyttar kjarnsýrusameindir eða erfðabreyttar lífverur, aðrar en þær sem eru framleiddar með einhverri eftirtalinna aðferða eða tækni:

1) framköllun stökkbreytingar,

2) samruna plöntufrumna (þ.m.t. samruni vegglausra frumna) úr lífverum sem geta skipst á erfðaefni með hefðbundnum æxlunaraðferðum.

II. VIÐAUKI

MEGINREGLUR VIÐ MAT Á UMHVERFISÁHÆTTU

Í þessum viðauka er almenn lýsing á þeim markmiðum, sem ná þarf, þeim atriðum, sem huga þarf að, og þeim almennu meginreglum og aðferðafræði sem fylgja skal við framkvæmd mats á umhverfisáhættu sem um getur í 4. og 13. gr. Við hann bætast leiðbeiningar sem útfæra skal í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. Þessar leiðbeiningar skulu fullgerðar eigi síðar en 17. október 2002.

Með það að markmiði að stuðla að almennum skilningi á hugtökunum „beinn, óbeinn, tafarlaus og tafinn“ við framkvæmd þessa viðauka, og með fyrirvara um frekari leiðbeiningar að því er þetta varðar og einkum með tilliti til þess að hve miklu leyti er hægt og að hve miklu leyti ber að taka tillit til óbeinna áhrifa, má lýsa þessum hugtökum sem hér segir:

– „bein áhrif“ vísa til frumáhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af áhrifum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar og verða ekki rakin til orsakatengdrar atburðarásar,

– „óbein áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af orsakatengdri atburðarás, m.a. af víxlverkunum við aðrar lífverur, flutningi erfðaefnis eða breytingum á notkun eða meðhöndlun.

  Líklegt er að óbein áhrif verði ekki staðfest fyrr en síðar.

– „tafarlaus áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað. Tafarlaus áhrif geta verið hvort sem er bein eða óbein,

– „tafin áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma hugsanlega ekki fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað en koma í ljós sem bein eða óbein áhrif annaðhvort á síðara stigi eða eftir að sleppingu hefur verið hætt.

Almenn meginregla, að því er varðar mat á umhverfisáhættu, er einnig að fram fari greining á „uppsöfnuðum langtímaáhrifum“ sem varða sleppingu og markaðssetningu. „Uppsöfnuð langtímaáhrif“ vísa til samanlagðra áhrifa, sem rekja má til veittra leyfa, á heilbrigði manna og umhverfið, m.a. á plöntu- og dýraríkið, frjósemi jarðvegs, niðurbrot lífrænna efna í jarðvegi, fæðukeðjuna, fjölbreytni lífríkisins, heilbrigði dýra og vanda sem tengist þoli gegn sýklalyfjum.

A. **Markmið**

Markmiðið með mati á umhverfisáhættu er að greina og meta í hverju einstöku tilviki hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem þau eru bein eða óbein, tafarlaus eða tafin, sem geta hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Matið á umhverfisáhættu skal fara fram með það í huga að kanna hvort þörf sé á áhættustjórnun og hvaða aðferðir beri helst að nota ef sú verður niðurstaðan.

B. **Almennar meginreglur**

Í samræmi við varúðarregluna skal fylgja eftirfarandi meginreglum við mat á umhverfisáhættu:

– bera skal staðfesta eiginleika erfðabreyttu lífverunnar og notkun hennar, sem geta leitt til skaðlegra áhrifa, saman við eiginleika óbreyttu lífverunnar, sem sú erfðabreytta er leidd af, og notkun hennar við samsvarandi aðstæður,

– matið á umhverfisáhættu skal unnið á traustan og gagnsæjan, vísindalegan hátt og byggjast á fyrirliggjandi vísindalegum og tæknilegum gögnum,

– matið á umhverfisáhættu skal unnið á grundvelli hvers einstaks tilviks, sem merkir að umbeðnar upplýsingar geta verið mismunandi eftir viðkomandi tegund erfðabreyttra lífvera, fyrirhugaðri notkun þeirra og hugsanlegu móttökuumhverfi þar sem m.a. er tekið tillit til erfðabreyttra lífvera sem fyrir eru í umhverfinu,

– komi nýjar upplýsingar fram um erfðabreyttu lífveruna og áhrif hennar á heilbrigði manna og umhverfið er hugsanlegt að endurtaka þurfi matið á umhverfisáhættu í því skyni að:

– ákvarða hvort áhættan hafi breyst,

– ákvarða hvort breyta þurfi áhættustjórninni til samræmis við það.

C. **Aðferðafræði**

C.1. Eiginleikar erfðabreyttra lífvera og slepping þeirra

Í hverju tilviki um sig skal við mat á umhverfisáhættu taka tillit til viðeigandi tæknilegra og vísindalegra upplýsinga sem varða eiginleika:

– arfþega eða móðurlífveru eða móðurlífvera,
– erfðabreytingar eða -breytinga, ef um viðbót eða úrfellingu erfðaefnis er að ræða, ásamt viðeigandi upplýsingum um genaferjuna og arfgjafann,
– erfðabreyttu lífverunnar,
– áformaðrar sleppingar eða notkunar og einnig umfang þessa,
– hugsanlegs móttökuumhverfis, og
– víxlverkunarinnar milli þessara þátta.

Upplýsingar um sleppingu svipaðra lífvera og lífvera með svipuð einkenni og um víxlverkun þeirra við svipað umhverfi geta reynst gagnlegar við mat á umhverfisáhættu.

C.2. Áfangar í mati á umhverfisáhættu

Þegar unnið er úr niðurstöðum úr mati á umhverfisáhættu, sem um getur í 4., 6., 7. og 13. gr., skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. *Greining eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif:*

Greina skal alla eiginleika í fari erfðabreyttu lífveranna sem tengjast erfðabreytingunni og geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfi. Samanburður á eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og eiginleikum óbreyttu lífverunnar við svipuð skilyrði við sleppingu eða notkun getur reynst gagnlegur við greiningu á þeim sérstöku, hugsanlegu, skaðlegu áhrifum sem stafa af erfðabreytingunni. Miklu varðar að ekki sé litið fram hjá neinum hugsanlegum, skaðlegum áhrifum á þeirri forsendu að ólíklegt sé að þau muni koma fram.

Hugsanleg, skaðleg áhrif af völdum erfðabreyttra lífvera eru mismunandi í hverju tilviki um sig og geta m.a. verið:

– sjúkdómur í mönnum, svo sem ofnæmisvaldandi áhrif eða eitrunaráhrif (sjá t.d. 11. lið í A-lið II. liðar og i-lið 2. liðar í C-lið II. liðar í III. viðauka A og 7. lið B-liðar í III. viðauka B),
– sjúkdómur í dýrum og plöntum, svo sem eitrunaráhrif og, eftir því sem við á, ofnæmisvaldandi áhrif (sjá t.d. 11. lið í A-lið II. liðar og i-lið 2. liðar í C-lið II. liðar í III. viðauka A og 7. lið B-liðar og 8. lið D-liðar í III. viðauka B),
– áhrif á hreyfifræðilega þætti stofna hjá tegundum lífvera í móttökuumhverfinu og erfðafræðilegan fjölbreytileika allra þessara stofna (sjá t.d. 8., 9. og 12. lið B-liðar í IV. lið III. viðauka A),
– breytt næmi gagnvart sjúkdómsvöldum þannig að smitsjúkdómar breiðast greiðlegar út og/eða til verða nýir geymsluhýslar eða smitberar,
– neikvæð áhrif á úrræði eða fyrirbyggjandi meðferðarúrræði á sviði læknis- eða dýralæknisfræði eða plöntuvarna, t.d. með flutningi gena sem veita þol gegn sýklalyfjum sem eru notuð við lækningar manna eða dýra (sjá t.d. c-lið 11. liðar í A-lið II. liðar og iv-lið i-liðar í 2. lið C-liðar II. liðar í III. viðauka A),
– áhrif á lífjarðefnafræði (lífjarðefnafræðilegar hringrásir), einkum á hringrás kolefnis og köfnunarefnis vegna breytinga sem verða á niðurbroti lífræns efnis (sjá t.d. f-lið 11. liðar í A-lið II. liðar og 15. lið B-liðar í IV. lið í III. viðauka A og 11. lið D-liðar í III. viðauka B).

Skaðleg áhrif geta komið fram beint eða óbeint, t.d. á eftirfarandi hátt:

– með dreifingu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera í umhverfinu,
– með flutningi innskotins erfðaefnis til annarra lífvera eða til sömu lífveru hvort sem hún er erfðabreytt eða ekki,
– með óstöðugleika að því er varðar svipgerð og erfðir,
– með víxlverkun við aðrar lífverur,
– með breytingum á stjórnun, m.a. að því er varðar starfshætti í landbúnaði eftir því sem við á.

2. *Mat á hugsanlegum afleiðingum allra skaðlegra áhrifa komi þau fram*

Meta skal umfang þeirra afleiðinga, sem hljótast af skaðlegum áhrifum, í hverju tilviki.

Við matið skal gera ráð fyrir því að slík skaðleg áhrif komi fram. Líklegt er að umfang afleiðinganna ráðist af því umhverfi þar sem fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttu lífverunni eða lífverunum og því hvernig staðið er að sleppingunni.

3. *Mat á þeim líkum sem eru á því að hver hinna tilgreindu, skaðlegu áhrifa komi fram*

Þeir þættir, sem vega þyngst að því er varðar líkur á að skaðleg áhrif komi fram, eru eiginleikar þess umhverfis þar sem fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttu lífverunni eða lífverunum og hvernig staðið er að sleppingunni.

4. *Mat á hættu sem skapast vegna hvers og eins eiginleika sem er tilgreindur hjá erfðabreyttu lífverunum*

Mat á þeirri hættu, sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af hverjum tilgreindum eiginleika erfðabreyttu lífverunnar sem getur haft skaðleg áhrif, skal fara fram, að svo miklu leyti sem unnt er og þekking leyfir, með því að tengja saman líkurnar á að skaðlegu áhrifin komi fram og umfang afleiðinganna komi þær fram.

5. *Beiting aðferða að því er varðar áhættustjórnun við sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera*

Með áhættumatinu er unnt að sýna fram á áhættuþætti, sem krefjast stjórnunar, og hvernig best er að stjórna þeim og því skal skilgreina áætlun við áhættustjórnun.

6. *Ákvörðun heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera*

Við mat á heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera skal taka tillit til allra fyrirhugaðra áætlana um áhættustjórnun.

D. **Niðurstöður hugsanlegra umhverfisáhrifa vegna sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera**

Á grundvelli mats á umhverfisáhættu, sem unnið er í samræmi við meginreglur og aðferðafræði sem lýst er í B- og C-hluta, skulu upplýsingar um þá liði, sem eru taldir upp í liðum D1 og D2, koma fram, eftir því sem við á, í tilkynningum með það að markmiði að auðveldara verði að álykta um hugsanleg umhverfisáhrif vegna sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera.

D.1. Ef um er að ræða erfðabreyttar lífverur, aðrar en háplöntur

1. Líkur á að erfðabreytta lífveran festi sig í sessi og verði ágeng á náttúrlegum búsvæðum við þau skilyrði sem ríkja við fyrirhugaða sleppingu eða sleppingar.
2. Hvers konar valtengt hagræði eða óhagræði, sem erfðabreytta lífveran yrði fyrir, og líkur á slíkt komi fram við þau skilyrði sem ríkja við fyrirhugaða sleppingu eða fyrirhugaðar sleppingar.
3. Möguleiki á genaflutningi til annarra tegunda við þau skilyrði sem ríkja við fyrirhugaða sleppingu erfðabreyttu lífverunnar og hvers konar valtengt hagræði eða óhagræði sem þær lífverur yrðu fyrir.
4. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, vegna beinna eða óbeinna víxlverkana milli erfðabreyttu lífverunnar og marklífveranna (ef við á).
5. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, vegna beinna eða óbeinna víxlverkana milli erfðabreyttu lífverunnar og lífvera utan markhóps, þ.m.t. áhrif á stofnstærð keppinauta, bráðar, hýsla, samlífisvera, rándýra, sníkla og sjúkdómsvalda.
6. Hugsanleg áhrif á heilbrigði manna, tafarlaus eða/eða tafin, sem stafa af hugsanlegum, beinum og óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu lífverunnar og þeirra manna sem vinna við sleppingu erfðabreyttu lífverunnar eða komast í snertingu eða í nánd við hana.
7. Hugsanleg áhrif á heilbrigði dýra, tafarlaus og/eða tafin, og áhrif, sem fæðukeðjan verður fyrir í kjölfar þess að erfðabreytt lífvera eða vara, sem er úr henni, er gefin dýrum sé erfðabreytta lífveran ætluð til notkunar sem fóður.
8. Hugsanleg áhrif á lífjarðefnafræðileg ferli, tafarlaus og/eða tafin, sem stafa af hugsanlegum, beinum og óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu lífverunnar og marklífvera eða lífvera utan markhóps í nánd við þann stað þar sem slepping fer fram.
9. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, bein eða óbein, vegna þeirra sérstöku aðferða sem eru notaðar við stjórnun á erfðabreyttu lífverunni ef þessar aðferðir eru ólíkar þeim sem er beitt í tengslum við lífverur sem eru ekki erfðabreyttar.

D.2. Ef um er að ræða erfðabreyttar háplöntur

1. Líkur á því að erfðabreyttu háplönturnar festi sig betur í sessi en arfþegaplönturnar eða móðurplönturnar á ræktuðum búsvæðum eða verði ágengari á náttúrlegum búsvæðum.
2. Hvers konar valtengt hagræði eða óhagræði sem erfðabreyttu háplönturnar yrðu fyrir.
3. Möguleiki á genaflutningi frá erfðabreyttu plöntunum til sömu plöntutegundar eða annarra tegunda, sem geta

kynblandast þeim, við þau skilyrði sem ríkja við plöntun erfðabreyttu plantnanna og hvers konar valtengt hagræði eða óhagræði sem þessar plöntutegundir verða fyrir.

4. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, sem stafa af beinum eða óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu plantnanna og marklífveranna, svo sem rándýra, banvænna sníkla og sjúkdómsvalda (ef við á).
5. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, sem stafa af beinum eða óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu plantnanna og lífvera utan markhóps (þar sem tillit er einnig tekið til víxlverkana milli lífvera og marklífvera), m.a. áhrif á stofnstærð keppinauta, grasbíta, samlífisvera (ef við á), sníkla og sjúkdómsvalda.
6. Hugsanleg áhrif á heilbrigði manna, tafarlaus eða/eða tafin, sem stafa af hugsanlegum, beinum og óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu plantnanna og þeirra manna sem vinna við sleppingu erfðabreyttu plantnanna eða komast í snertingu eða í nánd við þær.
7. Hugsanleg áhrif á heilbrigði dýra, tafarlaus og/eða tafin, og áhrif, sem fæðukeðjan verður fyrir í kjölfar þess að erfðabreytt lífvera eða vara, sem er úr henni, er gefin dýrum sé erfðabreytta lífveran ætluð til notkunar sem fóður.
8. Hugsanleg áhrif á lífjarðefnafræðileg ferli, tafarlaus og/eða tafin, sem stafa af hugsanlegum beinum og óbeinum víxlverkunum milli erfðabreyttu lífverunnar og marklífvera eða lífvera utan markhóps í nánd við þann stað þar sem slepping fer fram.
9. Hugsanleg umhverfisáhrif, tafarlaus og/eða tafin, bein eða óbein, vegna þeirra sérstöku aðferða sem eru notaðar við ræktun, stjórnun og uppskeru erfðabreyttu plantnanna ef þessar aðferðir eru ólíkar þeim sem er beitt í tengslum við plöntur sem eru ekki erfðabreyttar.

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM KRAFIST ER Í TILKYNNINGUNNI

Tilkynning, sem um getur í B- eða C-hluta tilskipunarinnar skal innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í eftirfarandi undirviðaukum eftir því sem við á.

Ekki gilda öll atriði, sem fram koma, í öllum tilvikum. Því má búast við að hver einstök tilkynning taki eingöngu til tiltekinna athugunarþátta sem eiga við tilteknar aðstæður.

Búast má við að nákvæmnin, sem krafist er í svörum í hverjum athugunarþætti, sé breytileg eftir eðli og umfangi fyrirhugaðrar sleppingar.

Frekari þróun, að því er varðar erfðabreytingu, getur kallað á aðlögun þessa viðauka að tækniframförum eða að samdar verði leiðbeiningar með honum. Frekari sérhæfing, að því er varðar kröfur um upplýsingar vegna mismunandi tegunda erfðabreyttra lífvera, t.d. einfrumunga, fiska eða skordýra, eða að því er varðar sérstaka notkun erfðabreyttra lífvera, svo sem notkun þeirra við þróun á bóluefnum, er möguleg að fenginni nægilegri reynslu innan bandalagsins af tilkynningum vegna sleppingar sérstakra erfðabreyttra lífvera.

Einnig skal koma fram í skjölunum lýsing á aðferðum, sem beitt er, eða tilvísun í staðlaðar, alþjóðlega viðurkenndar aðferðir ásamt nafni aðilans eða aðilanna sem bera ábyrgð á framkvæmd rannsóknanna.

III. viðauki A gildir um sleppingu allra tegunda erfðabreyttra lífvera, annarra en háplantna. III. viðauki B gildir um sleppingu erfðabreyttra háplantna.

Heitið „háplöntur“ nær yfir fræplöntur (Spermatophytae) sem skiptast í berfrævinga (Gymnospermae) og dulfrævinga (Angiospermae).

III. VIÐAUKI A

UPPLÝSINGAR SEM KRAFIST ER Í TILKYNNINGUM SEM VARÐA SLEPPINGAR ERFÐABREYTTRA LÍFVERA, ANNARRA EN HÁPLANTNA

I. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

A. Nafn og póstfang tilkynnanda (fyrirtækis eða stofnunar)

B. Nafn, menntun og hæfi og reynsla þess vísindamanns eða þeirra vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu

C. Heiti verkefnisins

II. UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTU LÍFVERURNAR

A. Eiginleikar a) arfgjafa, b) arfþega eða c) (eftir því sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera:

1. fræðiheiti,

2. flokkun,
3. önnur heiti (hefðbundið nafn, nafn stofns o.s.frv.),
4. svipgerðareinkenni og erfðamörk,
5. skyldleiki milli arfgjafa og arfþega eða milli móðurlífvera,
6. lýsing á leitar- og sanngreiningaraðferðum,
7. næmi, áreiðanleiki (að því er varðar magn) og sérhæfni leitar- og sanngreiningaraðferða,
8. lýsing á landfræðilegri dreifingu og náttúrlegu búsvæði lífveru, þ.m.t. upplýsingar um náttúrleg rándýr, bráð, sníkla, keppinauta, samlífisverur og hýsla,
9. lífverur sem vitað er að geta tekið þátt í flutningi erfðaefnis við náttúrlegar aðstæður,
10. sannprófun á erfðafræðilegum stöðugleika lífvera og þættir sem hafa áhrif á hann,
11. meinafræðileg, vistfræðileg og lífeðlisfræðileg einkenni:
    a) flokkun áhættuþátta m.t.t. gildandi reglna bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og/eða umhverfis,
    b) kynslóðatími í náttúrlegum vistkerfum, kynæxlunarferli og kynlaus æxlunarferli,
    c) upplýsingar um lífvænleika, þ.m.t. árstíðatengsl og hæfileiki til að mynda þolin lífform,
    d) meinvirkni: smitnæmi, eitrunargeta, smithæfni, ofnæmisvirkni, smitberi, mögulegar genaferjur, hýsilsvið, þ.m.t. lífverur utan markhóps. Möguleg virkjun dulveira (forveira). Hæfni til að setjast að í öðrum lífverum,
    e) þol gegn sýklalyfjum og hugsanleg notkun þessara sýklalyfja í mönnum og húsdýrum til forvarna og við meðferð,
    f) þátttaka í umhverfisferlum: frumframleiðsla, hringrás næringarefna, niðurbrot lífrænna efna, öndun o.s.frv.
12. Eðli eigin genaferja:
    a) röð,
    b) flutningstíðni,
    c) sérhæfni,
    d) viðurvist gena sem valda þoli.
13. Samantekt á fyrri erfðabreytingum.

B. **Eiginleikar genaferjunnar:**

1. eðli og uppruni genaferjunnar,
2. raðir stökkla, genaferja og annarra erfðaefnisbúta án táknraða sem notaðir eru til að mynda erfðabreyttu lífveruna og til að fá genaferju og innskot til að starfa í henni,
3. flutningstíðni innfelldu genaferjunnar og/eða hæfileiki til flutnings á erfðaefni og aðferðir til að ákvarða þetta,
4. upplýsingar um að hve miklu leyti genaferjan er takmörkuð við þá DNA-sameind sem nauðsynleg er til að koma af stað fyrirhugaðri starfsemi.

C. **Einkenni erfðabreyttu lífverunnar**

1. Upplýsingar um erfðabreytinguna:
    a) aðferðir sem notaðar eru við erfðabreytinguna,
    b) aðferðir sem notaðar eru til að mynda innskot og koma því eða þeim fyrir í arfþega eða til að fella úr röð,
    c) lýsing á byggingu innskots og/eða genaferju,
    d) hreinleiki innskotsins, þ.e. hversu laust innskotið er við óþekktar raðir, og upplýsingar um að hve miklu leyti innfellda röðin takmarkast við þá DNA-sameind sem nauðsynleg er til að koma af stað fyrirhugaðri starfsemi,
    e) aðferðir og viðmiðanir sem eru notaðar við valið,
    f) röð, starfræn auðkenni og staðsetning hins breytta/innfellda/úrfellda kjarnsýrubúts eða -búta, sem um er að ræða, með sérstakri tilvísun til hvers kyns þekktra, skaðlegra raða.
2. Upplýsingar um lokamynd hinnar erfðabreyttu lífveru:
    a) lýsing á erfða- eða svipgerðareinkennum, einkum á nýjum einkennum, sem eru ef til vill tjáð, eða öðrum sem eru ekki lengur tjáð,

b) bygging og magn kjarnsýrunnar frá genaferju og/eða arfgjafa sem eftir verður í lokagerð erfðabreyttu lífverunnar,

c) stöðugleiki lífverunnar með tilliti til erfðaeinkenna,

d) hversu hratt og vel nýja erfðaefnið tjáist. Mæliaðferð og næmi hennar,

e) starfsemi tjáða prótínsins eða prótínanna,

f) lýsing á aðferðum við sanngreiningu og leit, þ.m.t. aðferðir við að sanngreina og finna innfelldu röðina og genaferjuna,

g) næmi, áreiðanleiki (að því er varðar magn) og sérhæfni leitar- og sanngreiningaraðferða,

h) samantekt um fyrri sleppingar og notkun erfðabreyttu lífverunnar,

i) atriði sem varða heilbrigði manna og dýra, svo og plantna:

i) eiturhrif eða ofnæmisáhrif erfðabreyttra lífvera og/eða efnaskiptaafurða þeirra,

ii) samanburður á erfðabreyttu lífverunni og arfgjafanum, arfþeganum eða (þar sem við á) móðurlífverunni með tilliti til meinvirkni,

iii) hæfileiki til að setjast að í öðrum lífverum,

iv) ef lífveran er meinvirk fyrir menn með heilbrigt ónæmiskerfi:

– sjúkdómar, sem upp koma, og gangvirki meinvirkninnar ásamt ífærð og smithæfni,

– smitgeta,

– skammtur sem veldur smiti,

– hýsilsvið, möguleiki á breytingu,

– möguleiki á að komast af utan mannlegs hýsils,

– tilvist genaferja eða möguleikar á dreifingu,

– líffræðilegur stöðugleiki,

– mynstur sýklalyfjaþols,

– ofnæmisvaldandi eiginleikar,

– möguleiki á viðeigandi sjúkdómsmeðferð.

v) aðrar hættur sem tengjast vörunum.

III. UPPLÝSINGAR UM AÐSTÆÐUR Á SLEPPINGARSTAÐ OG Í MÓTTÖKUUMHVERFI

A. **Upplýsingar um sleppinguna:**

1. lýsing á fyrirhugaðri sleppingu, þ.m.t. tilgangur og væntanlegar vörur,
2. ráðgerðar dagsetningar sleppinga og tímaáætlun að því er varðar tilraunina, þ.m.t. hversu oft sleppingar fara fram og hve lengi þær vara,
3. undirbúningur á staðnum áður en slepping fer fram,
4. stærð staðarins,
5. aðferð eða aðferðir sem beitt er við sleppinguna,
6. fjöldi (magn) erfðabreyttra lífvera sem ráðgert er að sleppa,
7. röskun á staðnum (tegund ræktunar og aðferð, námuvinnsla, áveita eða önnur starfsemi),
8. ráðstafanir til að vernda starfsmenn við sleppingu,
9. meðhöndlun staðarins eftir sleppingu,
10. fyrirhugaðar aðferðir til að eyða erfðabreyttu lífverunum eða gera þær óvirkar í lok tilraunarinnar,
11. upplýsingar um fyrri sleppingar erfðabreyttu lífveranna og niðurstöður þeirra, einkum þeirra sem eru frábrugðnar að umfangi og fara fram í ólíkum vistkerfum.

B. **Upplýsingar um umhverfið (bæði á staðnum og í nágrenni við hann):**

1. landfræðileg lega og möskvaviðmið staðarins eða staðanna (ef um er að ræða tilkynningu skv. C-hluta er staðurinn eða staðirnir, þar sem slepping fer fram, svæðið þar sem ætlunin er að nota vöruna),
2. líkamleg eða líffræðileg nálægð við menn og aðrar mikilvægar lífverur,

3. nálægð við mikilvægar lífvistir, vernduð svæði eða forðasvæði drykkjarvatns,
4. veðurfarsþættir á svæðinu eða svæðunum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum,
5. landfræðileg, jarðfræðileg og jarðvegsfræðileg einkenni,
6. dýra- og jurtalíf, þ.m.t. nytjaplöntur, búfénaður og tegundir farðýra,
7. lýsing á markvistkerfum og vistkerfum utan markhóps sem líklegt er að verði fyrir áhrifum,
8. samanburður á náttúrlegu búsvæði arfþegans og staðnum þar sem til stendur að slepping fari fram,
9. þekktar áætlanir um þróun eða breytingar á landnotkun á svæðinu sem gætu breytt einhverju um umhverfisáhrif vegna sleppingarinnar.

IV. UPPLÝSINGAR UM VÍXLVERKANIR MILLI ERFÐABREYTTU LÍFVERANNA OG UMHVERFISINS

A. **Eiginleikar sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu:**

1. líffræðilegir eiginleikar sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu,
2. þekktar eða fyrirsjáanlegar umhverfisaðstæður sem geta haft áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu (vindur, vatn, jarðvegur, hiti, sýrustig o.s.frv.),
3. næmi fyrir sérstökum áhrifavöldum.

B. **Víxlverkanir við umhverfið:**

1. fyrirsjáanlegt búsvæði erfðabreyttu lífveranna,
2. rannsóknir, sem gerðar eru í líkani af náttúrlegu umhverfi, t.d. í örvist, gróðurklefum eða gróðurhúsum, á atferli og eiginleikum erfðabreyttu lífveranna og vistfræðilegum áhrifum þeirra,
3. hæfileiki til flutnings á erfðaefni,
   a) flutningur eftir sleppingu á erfðaefni frá erfðabreyttum lífverum yfir í lífverur í vistkerfum sem erfðabreyttu lífverurnar hafa áhrif á,
   b) flutningur eftir sleppingu á erfðaefni frá lífverum, sem fyrir eru í náttúrunni, yfir í erfðabreyttu lífverurnar,
4. líkur á því að val eftir sleppingu valdi tjáningu óvæntra og/eða óæskilegra eiginleika í erfðabreyttu lífverunni,
5. ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja og staðfesta erfðafræðilegan stöðugleika. Lýsing á erfðaeiginleikum sem komið gætu í veg fyrir eða dregið sem mest úr útbreiðslu erfðaefnis. Aðferðir til að staðfesta erfðafræðilegan stöðugleika,
6. líffræðilegar útbreiðsluleiðir, þekktur eða hugsanlegur máti víxlverkana við það eða þann sem stuðlar að dreifingu, þ.m.t. innöndun, inntaka, yfirborðssnerting, innkoma gegnum húð o.s.frv.,
7. lýsing á vistkerfum þar sem erfðabreyttu lífverurnar geta náð útbreiðslu,
8. möguleiki á óhóflega mikilli stækkun stofna í umhverfinu,
9. samkeppnisforskot erfðabreyttu lífveranna á óbreytta arfþega eða móðurlífveru eða -lífverur,
10. sanngreining og lýsing á marklífverum eftir því sem við á,
11. væntanlegt gangvirki og niðurstöður víxlverkana milli erfðabreyttu lífveranna, sem sleppt hefur verið, og marklífverunnar eða marklífveranna eftir því sem við á,
12. sanngreining og lýsing á lífverum utan markhóps, sem geta skaðast við sleppingu erfðabreyttu lífverunnar, og væntanlegt gangvirki hvers kyns tilgreindrar, skaðlegrar víxlverkunar,
13. líkur á breytingum á líffræðilegum víxlverkunum eða hýsilsviði eftir sleppingu,
14. þekktar eða fyrirsjáanlegar víxlverkanir við lífverur utan markhóps í umhverfinu, m.a. við keppinauta, bráð, hýsla, samlífisverur, rándýr, sníkla og sjúkdómsvalda,
15. þekkt eða fyrirsjáanleg þátttaka í lífjarðefnafræðilegum ferlum,
16. aðrar hugsanlegar víxlverkanir við umhverfið.

V. UPPLÝSINGAR UM VÖKTUN, EFTIRLIT, MEÐFERÐ ÚRGANGS OG ÁÆTLANIR UM VIÐBÚNAÐ Í NEYÐARTILVIKUM

A. **Aðferðir við vöktun**

1. aðferðir sem beitt er við að rekja feril erfðabreyttu lífveranna og vakta þau áhrif sem þær hafa,
2. sérhæfni (til að sanngreina erfðabreyttu lífverurnar og aðgreina þær frá arfgjafanum, arfþeganum eða, ef við á, móðurlífverunum), næmi og áreiðanleiki aðferðanna sem beitt er við vöktun,

3. aðferðir við að uppgötva flutning innsetta erfðaefnisins yfir í aðrar lífverur,
4. hve lengi vöktun varir og hve oft hún fer fram.

B. **Eftirlit við sleppingu**

1. aðferðir og tilhögun sem miðar að því að forðast og/eða draga sem mest úr útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna út fyrir sleppingarstaðinn eða svæðið sem ætlað er til notkunar,
2. aðferðir og tilhögun við að verja staðinn átroðningi óviðkomandi einstaklinga,
3. aðferðir og tilhögun til að varna því að aðrar lífverur komist inn á staðinn.

C. **Meðferð úrgangs**

1. tegund úrgangs sem fellur til,
2. magn þess úrgangs sem búist er við að falli til,
3. lýsing á fyrirhugaðri meðferð.

D. **Áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum**

1. aðferðir og tilhögun við að hefta erfðabreyttu lífverurnar ef þær breiðast óvænt út,
2. aðferðir við afmengun mengaðra svæða, t.d. uppræting erfðabreyttu lífveranna,
3. aðferðir við förgun eða hreinsun plantna, dýra, jarðvegs o.s.frv. sem orðið hafa fyrir áhrifum meðan útbreiðslan átti sér stað eða eftir hana,
4. aðferðir til að einangra svæðið sem orðið hefur fyrir váhrifum við útbreiðsluna,
5. áætlanir um að vernda heilbrigði manna og umhverfið ef óæskilegra áhrifa gætir.

VIÐAUKI III B

UPPLÝSINGAR SEM KRAFIST ER Í TILKYNNINGUM SEM VARÐA SLEPPINGAR ERFÐABREYTTRA HÁPLANTNA (BERFRÆVINGA OG DULFRÆVINGA)

A. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1. Nafn og póstfang tilkynnanda (fyrirtækis eða stofnunar),
2. Nafn, menntun og hæfi og reynsla þess vísindamanns eða þeirra vísindamanna sem bera ábyrgð á verkefninu,
3. Heiti verkefnisins.

B. UPPLÝSINGAR SEM VARÐA A) ARFÞEGANN EÐA B) (ÞAR SEM VIÐ Á) MÓÐURPLÖNTUR

1. Nákvæmt heiti:
   a) ættarheiti,
   b) ættkvísl,
   c) tegund,
   d) deilitegund,
   e) ræktunarafbrigði/ræktunarlína,
   f) almennt heiti.
2. a) Upplýsingar um æxlun:
      i) æxlunarmáti,
      ii) sérstakir þættir sem hafa áhrif á æxlun ef um þá er að ræða,
      iii) kynslóðartími.
   b) Geta til að kynblandast öðrum ræktuðum eða villtum tegundum plantna, m.a. dreifing tegunda, sem geta kynblandast, í Evrópu.
3. Lífvænleiki:
   a) hæfileiki til að mynda þolin lífform eða dvalastig,
   b) sérstakir þættir sem hafa áhrif á lífvænleika ef um þá er að ræða.

4. Dreifing:
   a) dreifingarmáti og umfang dreifingar (t.d. mat á því hvernig magn lífvænlegra frjókorna og/eða fræja minnkar með fjarlægð),
   b) sérstakir þættir sem hafa áhrif á dreifingu ef um þá er að ræða.
5. Landfræðileg útbreiðsla plöntunnar.
6. Lýsing á náttúrlegu búsvæði plöntunnar, m.a. upplýsingar um lífverur, sem nærast á henni í náttúrunni, og náttúrlega sníkla, keppinauta og samlífisverur ef um er að ræða tegund plantna sem er að öllu jöfnu ekki ræktuð í aðildarríkinu.
7. Aðrar hugsanlegar víxlverkanir, sem varða erfðabreyttu lífveruna, plöntunnar við lífverur í vistkerfin, þar sem hún er að öllu jöfnu ræktuð, eða annars staðar, m.a. upplýsingar um eiturhrif á menn, dýr og aðrar lífverur.

C. UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTINGUNA
1. Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við erfðabreytinguna,
2. eðli og uppruni genaferjunnar sem er notuð,
3. stærð, uppruni (nafn) arfgjafa og ætluð starfsemi hvers hluta á því svæði sem ætlað er að skjóta inn.

D. UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTU PLÖNTUNA
1. Lýsing á þeim eiginleika eða eiginleikum sem hafa bæst við eða breyst.
2. Upplýsingar um þær raðir sem hefur í raun verið skotið inn eða hafa verið felldar brott.
   a) stærð og gerð innskotsins og þær aðferðir sem eru notaðar við að lýsa því, þ.m.t. upplýsingar um alla hluta genaferjunnar, sem er skotið inn í erfðabreyttu háplöntuna, eða sérhvert burðar-DNA eða framandi DNA-sameind sem eftir verður í erfðabreyttu háplöntunni,
   b) stærð og hlutverk brottfellda svæðisins eða svæðanna ef um úrfellingu er að ræða,
   c) fjöldi eintaka sem skotið er inn,
   d) staðsetning innskots eða innskota í plöntufrumunum (samþætt í litninginn, grænukornin eða hvatberana eða þau eru ósamþætt) og aðferðir við ákvörðun á henni.
3. Upplýsingar um tjáningu innskotsins:
   a) upplýsingar um framvindu í tjáningu innskotsins á æviskeiði plöntunnar og aðferðir til að lýsa þeirri framvindu,
   b) plöntuhlutarnir þar sem innskotið er tjáð (rætur, stöngull, frjókorn o.s.frv.).
4. Upplýsingar um að hvaða leyti erfðabreytta plantan er frábrugðin arfþegaplöntunni að því er varðar:
   a) æxlunarmáta og/eða æxlunartíðni,
   b) dreifingu,
   c) lífvænleika.
5. Erfðafræðilegur stöðugleiki innskotsins og stöðugleiki í svipgerð erfðabreyttu háplöntunnar.
6. Hvers kyns breyting á hæfni erfðabreyttu háplöntunnar til að flytja erfðaefni yfir í aðrar lífverur.
7. Upplýsingar um hvers kyns eiturhrif, ónæmisvaldandi áhrif eða önnur skaðleg áhrif á heilbrigði manna sem stafa af erfðabreytingunni.
8. Upplýsingar um öryggi erfðabreyttu háplantnanna með tilliti til heilbrigðis dýra, einkum að því er varðar hvers kyns eiturhrif, ónæmisvaldandi áhrif eða önnur skaðleg áhrif sem stafa af erfðabreytingunni, ef erfðabreyttu háplönturnar eru ætlaðar til nota í fóður.
9. Gangvirki víxlverkunar milli erfðabreyttu plöntunnar og marklífveranna (eftir því sem við á).
10. Hugsanlegar breytingar, sem stafa af erfðabreytingunni, á víxlverkunum erfðabreyttu háplöntunnar við lífverur utan markhóps.
11. Hugsanlegar víxlverkanir við lífvana umhverfisþætti.
12. Lýsing á leitar- og sanngreiningaraðferðum sem notaðar eru í tengslum við erfðabreyttu plöntuna.
13. Upplýsingar um fyrri sleppingar erfðabreyttu plöntunnar eftir því sem við á.

E. UPPLÝSINGAR UM SLEPPINGARSTAÐINN (EINGÖNGU FYRIR TILKYNNINGAR SEM ERU LAGÐAR FRAM SKV. 6. OG 7. GR.)
1. Staðsetning og stærð sleppingarstaðarins eða -staðanna.
2. Lýsing á vistkerfi sleppingarstaðarins, þ.m.t. á loftslagi og plöntu- og dýraríki.

3. Tilvist villtra, skyldra plöntutegunda eða ræktaðra plöntutegunda sem geta kynblandast.
4. Nálægð við opinberlega viðurkenndar lífvistir eða vernduð svæði sem geta orðið fyrir áhrifum.

F. UPPLÝSINGAR UM SLEPPINGUNA (EINGÖNGU FYRIR TILKYNNINGAR SEM ERU LAGÐAR FRAM SKV. 6. OG 7. GR.)

1. Tilgangur sleppingarinnar.
2. Ráðgerð dagsetning eða dagsetningar sleppingarinnar og hve lengi hún skal standa.
3. Aðferð sem notuð er við sleppingu erfðabreyttu plantnanna.
4. Aðferð sem er notuð við undirbúning og stjórnun á sleppingarstað, fyrir sleppingu, meðan á henni stendur og í kjölfar hennar, þ.m.t. aðferðir við ræktun og uppskeru.
5. Áætlaður fjöldi plantna (eða fjöldi plantna á m^2).

G. UPPLÝSINGAR UM ÁÆTLANIR ER VARÐA EFTIRLIT, VÖKTUN, MEÐFERÐ EFTIR SLEPPINGU OG MEÐFERÐ ÚRGANGS (EINGÖNGU FYRIR TILKYNNINGAR SEM ERU LAGÐAR FRAM SKV. 6. OG 7. GR.)

1. Hvers kyns varúðarráðstafanir sem eru gerðar:
   a) fjarlægð frá tegundum sem geta kynblandast, bæði villtum, skyldum plöntum og nytjajurtum,
   b) ráðstafanir sem eru gerðar til að takmarka sem mest eða koma í veg fyrir dreifingu frjókorna, fræja, hnýða eða annarra hluta erfðabreyttu háplantnanna sem stuðla að fjölgun.
2. Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við meðhöndlun staðarins eftir sleppingu.
3. Lýsing á aðferðum sem eru notaðar eftir sleppingu við meðhöndlun á efni úr erfðabreyttum plöntum, þ.m.t. úrgangi.
4. Lýsing á aðferðum og áætlunum sem varða vöktun.
5. Lýsing á hvers kyns neyðaráætlunum.
6. Aðferðir og tilhögun við vernd staðarins.

IV. VIÐAUKI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Í þessum viðauka er að finna almenna lýsingu á þeim viðbótarupplýsingum, sem koma skulu fram í tilkynningu um markaðssetningu, og upplýsingar um kröfur um merkingu að því er varðar vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum og ætlunin er að setja á markað, og að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem njóta undanþágu samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 2. gr. Við viðaukann bætast leiðbeiningar sem varða m.a. lýsingu á fyrirhugaðri notkun vörunnar og sem útfæra skal í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. Uppfylla skal kröfur um merkingu undanþeginna lífvera skv. 26. gr. með því að leggja fram viðeigandi tillögur og takmarkanir að því er varðar notkun:

A. Veita þarf eftirtaldar upplýsingar um vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, í tilkynningunni um markaðssetningu til viðbótar þeim upplýsingum sem taldar eru upp í III. viðauka:

1. fyrirhuguð verslunarheiti varanna og heiti þeirra erfðabreyttu lífvera sem þær innihalda, sem og sérhvert auðkenni, nafn eða kóði sem tilkynnandinn notar til að tilgreina erfðabreyttu lífveruna. Að fengnu leyfi skal veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um öll ný verslunarheiti,
2. nafn og fullt heimilisfang þess manns sem hefur staðfestu í bandalaginu og ber ábyrgð á markaðssetningunni, hvort sem hann er framleiðandi, innflytjandi eða dreifandi,
3. nafn og fullt heimilisfang þess eða þeirra sem leggja fram sýni vegna eftirlits,
4. lýsing á fyrirhugaðri notkun vörunnar, sem og vörunnar sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum. Leggja skal áherslu á það sem er frábrugðið, að því er varðar notkun eða stjórnun erfðabreyttu lífverunnar, í samanburði við svipaðar vörur sem eru ekki erfðabreyttar,
5. lýsing á landsvæði eða landsvæðum og mismunandi umhverfi innan bandalagsins þar sem ráðgert er að nota vöruna, þar á meðal áætlað umfang notkunar innan hvers svæðis ef því verður við komið,
6. ráðgert notkunarsvið vörunnar, t.d. iðnaður, landbúnaður, faglærðir starfsmenn og almennir neytendur,
7. upplýsingar um erfðabreytinguna í því skyni að færa breytingar á lífverum í eina eða fleiri skrár, sem nota mætti til þess að finna og sanngreina sérstakar vörur úr erfðabreyttum lífverum, í því skyni að auðvelda eftirlit og skoðun eftir markaðssetningu. Í þessum upplýsingum skal, eftir því sem við á, koma fram hvar sýni með erfðabreyttu lífverunum eða erfðaefni þeirra eru geymd hjá lögbæra yfirvaldinu, ásamt nákvæmum upplýsingum um kirnaröð eða annars konar upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að sanngreina erfðabreytta vöru og afsprengi hennar, til

dæmis um aðferðafræði við að finna og sanngreina erfðabreyttu vöruna, þar á meðal rannsóknagögn þar sem sérhæfni aðferðanna er lýst. Auðkenna skal þær upplýsingar sem ekki er unnt að birta í þeim hluta skrárinnar sem almenningur hefur aðgang að sökum þess að með þær skal fara sem trúnaðarmál,

8. fyrirhuguð merking á merkimiða eða í fylgiskjali. Þar skal koma fram, a.m.k. í samanþjöppuðu formi, verslunarheiti vörunnar, yfirlýsing þar sem fram kemur að „Þessi vara inniheldur erfðabreyttar lífverur“, nafn erfðabreyttu lífverunnar og upplýsingar sem um getur í 2. lið. Í merkingunni komi fram hvernig finna megi þær upplýsingar sem birtar eru í þeim hluta skrárinnar sem er aðgengilegur almenningi.

B. Eftirfarandi upplýsingar skulu, eftir því sem við á, koma fram í tilkynningunni, að viðbættum þeim sem fram koma í A-lið, í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar:

1. ráðstafanir sem grípa skal til ef um er að ræða óviljandi sleppingu eða ranga notkun,
2. sérstök fyrirmæli eða tilmæli um geymslu og meðhöndlun,
3. sérstök fyrirmæli um hvernig standa skuli að vöktun og skýrslugjöf til tilkynnandans og til lögbærs yfirvalds, ef þörf krefur, þannig að lögbær yfirvöld fái nauðsynlegar upplýsingar um hvers kyns skaðleg áhrif. Fyrirmælin skulu samræmast C-hluta VII. viðauka,
4. fyrirhugaðar takmarkanir á viðurkenndri notkun erfðabreyttu lífverunnar, t.d. hvar megi nota vöruna og í hvaða tilgangi,
5. fyrirhugaðar umbúðir,
6. áætluð framleiðsla og/eða innflutningur til bandalagsins,
7. fyrirhuguð viðbótarmerking. Hún getur verið fólgin, a.m.k. í samanþjöppuðu formi, í þeim upplýsingum sem um getur í 4. og 5. lið A-liðar og 1., 2., 3. og 4. lið B-liðar.

V. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR VEGNA BEITINGAR MISMUNANDI MÁLSMEÐFERÐARREGLNA (7. GR.)

Viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., eru settar fram hér á eftir.

1. Flokkunarfræðileg staða óbreyttu lífverunnar (arfþegans) og líffræði hennar (t.d. æxlunar- og frævunarmáti, hæfni til að kynblandast öðrum skyldum tegundum og meinvirkni) skal vera vel þekkt.
2. Fyrir hendi skal vera nægileg þekking á öryggi, að því er varðar heilbrigði manna og umhverfi móðurlífveranna, eftir því sem við á, og marklífveranna í því umhverfi þar sem sleppingin fer fram.
3. Fyrir hendi skulu vera upplýsingar um hvers kyns víxlverkun sem tengist áhættumatinu sérstaklega og varðar móðurlífveruna, eftir því sem við á, og marklífveruna, sem og aðrar lífverur í vistkerfinu þar sem tilraunaslepping á sér stað.
4. Fyrir hendi skulu vera upplýsingar til að sýna fram á að erfðaefni, sem skotið er inn, sé lýst á fullnægjandi hátt í öllum tilvikum. Upplýsingar skulu liggja fyrir um gerð allra genaferja eða erfðaefnisraða sem eru notuð með burðar-DNA. Ef erfðabreyting er fólgin í úrfellingu erfðaefnis skal umfang úrfellingarinnar vera þekkt. Svo miklar upplýsingar skulu einnig liggja fyrir um erfðabreytinguna að unnt sé að sanngreina erfðabreyttu lífveruna og afkomendur hennar við sleppingu.
5. Af erfðabreyttu lífverunni skal hvorki stafa nein viðbótarhætta né aukin hætta, að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið, við þau skilyrði sem ríkja við tilraunasleppinguna, umfram þá hættu sem fylgir sleppingum samsvarandi móðurlífvera, eftir því sem við á, og marklífvera. Hugsanleg geta erfðabreyttu lífverunnar til að breiðast út og festa sig í sessi í öðrum óskyldum vistkerfum og hæfni til að flytja erfðaefni yfir í aðrar lífverur má ekki hafa skaðleg áhrif í för með sér.

VI. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR VEGNA MATSSKÝRSLNA

Í matsskýrslunni, sem kveðið er á um í 13., 17., 19. og 20. gr., skulu eftirfarandi atriði einkum koma fram:

1. Þeir eiginleikar marklífverunnar sem varða mat á viðkomandi erfðabreyttri lífveru eða lífverum. Hvers kyns þekkt hætta sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu vegna sleppingar óbreyttra marklífvera út í umhverfið.
2. Lýsing á afleiðingum erfðabreytingarinnar í breyttu lífverunni.
3. Mat á því hvort erfðabreytingunni hafi verið lýst á svo fullnægjandi hátt að meta megi hvers kyns hættu sem steðja kann að heilbrigði manna og umhverfinu.
4. Upplýsingar, sem byggjast á mati á umhverfisáhættu sem unnið er skv. II. viðauka, um hvers kyns nýtilkomna hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi sem stafað getur af sleppingu viðkomandi erfðabreyttrar lífveru eða lífvera í samanburði við sleppingu samsvarandi óbreyttrar lífveru eða lífvera.

5. Ákvörðun um hvort markaðssetja skuli vöru eða vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða lífverum, og þá með hvaða skilyrðum eða hvort viðkomandi erfðabreyttar lífverur skuli ekki markaðssettar og hvort leita beri álits annarra lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar á sérstökum atriðum sem snerta matið á umhverfisáhættu. Tilgreina skal þessi sjónarmið. Í ákvörðuninni skal gera skýra grein fyrir fyrirhugaðri notkun, áhættustjórnun og fyrirhugaðri vöktunaráætlun. Hafi niðurstaðan orðið sú að ekki skuli markaðssetja erfðabreyttu lífverurnar skal lögbæra yfirvaldið færa rök fyrir niðurstöðu sinni.

VII. VIÐAUKI

VÖKTUNARÁÆTLUN

Í þessum viðauka er almenn lýsing á þeim markmiðum, sem ná þarf, og þeim almennu meginreglum sem fylgja skal þegar mótuð er sú vöktunaráætlun sem um getur í 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr. Við hann bætast leiðbeiningar sem útfæra skal í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr.

Þessar leiðbeiningar skulu liggja fyrir eigi síðar en 17. október 2002.

A. **Markmið**

Markmið vöktunaráætlunarinnar er að:

– staðfesta að allar ályktanir í matinu á umhverfisáhættu, sem varða tilvist og afleiðingar hugsanlegra, skaðlegra áhrifa vegna erfðabreyttu lífverunnar og notkunar hennar, séu réttar og

– sanngreina tilvist skaðlegra áhrifa, sem ekki var gert ráð fyrir í matinu á umhverfisáhættu og stafa af erfðabreyttu lífverunni eða notkun hennar, á heilbrigði manna eða umhverfið.

B. **Almennar meginreglur**

Vöktun, sem um getur í 13., 19. og 20. gr., fer fram að fengnu samþykki fyrir markaðssetningu erfðabreyttu lífverunnar.

Við túlkun á gögnum, sem aflað er með vöktun, skal hafa hliðsjón af öðrum umhverfisskilyrðum og annarri starfsemi sem fram fer. Verði breytinga vart á umhverfinu skal íhuga hvort frekara mat skuli fara fram til að skera úr um hvort þær megi rekja til erfðabreyttu lífverunnar eða notkunar hennar þar eð slíkar breytingar geta stafað af öðrum umhverfisþáttum en markaðssetningu erfðabreyttu lífverunnar.

Sú reynsla og þau gögn, sem aflað er við vöktun í tengslum við tilraunasleppingu erfðabreyttra lífvera, geta komið að notum þegar ákveða skal tilhögun vöktunarkerfisins sem nota skal eftir markaðssetningu og sem krafist er vegna markaðssetningar vara sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum.

C. **Tilhögun vöktunaráætlunar**

Tilhögun vöktunaráætlunar skal:

1. ákveðin nákvæmlega í hverju tilviki um sig og með tilliti til matsins á umhverfisáhættu,

2. miðast við eiginleika erfðabreyttu lífverunnar, eiginleikana sem fylgja notkun hennar og umfang notkunarinnar og umfang viðkomandi umhverfisskilyrða þar sem búist er við að erfðabreyttu lífverunni verði sleppt,

3. fela í sér almennt eftirlit vegna ófyrirséðra, skaðlegra áhrifa og, ef þörf krefur, (tilviks)sérhæfða vöktun sem beinist fyrst og fremst að skaðlegum áhrifum sem eru tilgreind í matinu á umhverfisáhættu:

   3.1. tilvikssérhæfð vöktun skal fara fram svo lengi að greina megi tafarlaus og bein áhrif sem og, eftir því sem við á, tafin eða óbein áhrif sem eru tilgreind í matinu á umhverfisáhættu,

   3.2. við eftirlit skal, ef svo ber undir, nota kerfisbundið eftirlit, sem hefur þegar verið fastsett, svo sem vöktunarkerfi, sem varðar ræktunarafbrigði í landbúnaði, vernd plantna eða lyf til lækninga fyrir dýr og menn. Útskýra ber hvernig viðkomandi upplýsingum, sem aflað er með fastsettu, kerfisbundnu eftirliti, er komið á framfæri við leyfishafann.

4. greiða á kerfisbundinn hátt fyrir athugunum á sleppingu erfðabreyttrar lífveru í markumhverfinu og túlkun á niðurstöðum athugananna að því er varðar heilbrigði manna og umhverfi,

5. fela í sér að tilgreindur sé sá (tilkynnandi, notendur) sem annast mismunandi verkefni er tengjast vöktuninni og sá sem á að tryggja að vöktunaráætluninni sé komið á og að framkvæmd hennar sé svo sem ráð er fyrir gert, og tryggja að fyrir hendi sé leið til að upplýsa leyfishafann og lögbært yfirvald um hvers kyns skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem koma í ljós. (Tilgreina skal tímasetningar fyrir skýrslur um niðurstöður vöktunarinnar og hve oft þær skulu birtast.),

6. fela í sér úrræði til að sanngreina og staðfesta hvers kyns skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og gera leyfishafanum eða lögbæru yfirvaldi, eftir því sem við á, kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

VIII. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 90/220/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 3. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	1. mgr. 3. gr.
4. gr.	4. gr.
—	5. gr.
5. gr. 1. til 4. mgr. 6. gr.	6. gr.
5. mgr. 6. gr.	7. gr.
6. mgr. 6. gr.	8. gr.
7. gr.	9. gr.
8. gr.	10. gr.
9. gr.	11. gr.
2. mgr. 10. gr.	12. gr.
11. gr.	13. gr.
1. til 3. gr. og 5. mgr. 12. gr.	14. gr.
2. mgr. 13. gr.	3. mgr. 15. gr.
—	1., 2. og 4. mgr. 15. gr.
—	16. gr.
—	17. gr.
3. og 4. mgr. 13. gr.	18. gr.
5. og 6. mgr. 13. gr.	1. og 4. mgr. 19. gr.
4. mgr. 12. gr.	3. mgr. 20. gr.
14. gr.	21. gr.
15. gr.	22. gr.
16. gr.	23. gr.
—	1. mgr. 24. gr.
17. gr.	2. mgr. 24. gr.
19. gr.	25. gr.
—	26. gr.
20. gr.	27. gr.
—	28. gr.
—	29. gr.
21. gr.	30. gr.
22. gr.	1., 4. og 5. mgr. 31. gr.
2. mgr. 18. gr.	6. mgr. 31. gr.
3. mgr. 18. gr.	7. mgr. 31. gr.
—	32. gr.
—	33. gr.
23. gr.	34. gr.
—	35. gr.
—	36. gr.
—	37. gr.
24. gr.	38. gr.
I. viðauki A	I viðauki A
I. viðauki B	I. viðauki B
—	II. viðauki
II. viðauki	III. viðauki
II. viðauki A	III. viðauki A
II. viðauki B	III. viðauki B
III. viðauki	IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

32. gr. (28. breyting)

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á samkomulagi, sem náðst hefur meðal þeirra sem eru samábyrgir um löggjöfina, að því er varðar 13. forsendu og a-lið 30. gr. á grundvelli 1. og 28. breytingar, einkum að því er varðar fyrir hvaða dag þurfi að leggja fram tillögu um framkvæmd Cartagena-bókunarinnar og innihald slíkrar tillögu.

Með tilliti til frumkvæðisréttar síns lýsir framkvæmdastjórnin yfir því að hún geti ekki fallist á að hún skuli bundin af ákvæðunum í þessari grein, hvorki að því er varðar tímasetninguna né innihald síðari tillögu.

Framkvæmdastjórnin staðfestir hins vegar þá skuldbindingu sína að leggja fram tillögu um alhliða framkvæmd Cartagena-bókunarinnar að lokinni víðtækri skoðun á öllum hugsanlegum afleiðingum.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar með tilliti til 35. breytingar

Með það að markmiði að auðvelda aðildarríkjunum að rækja þá skyldu sína að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja rekjanleika og merkingu á öllum stigum markaðssetningar þeirra erfðabreyttu lífvera, sem leyfðar eru skv. C-hluta endurskoðaðrar tilskipunar 90/220/EBE, ítrekar framkvæmdastjórnin þá fyrirætlan sína að leggja í þessu skyni fram viðeigandi tillögur á árinu 2001.

Auk þessa ítrekar framkvæmdastjórnin þá fyrirætlan sína, að teknu tilliti til niðurstaðna af fundi með sérfræðingum aðildarríkjanna 29. nóvember 2000, að leggja fram tillögur sem miða að því að tryggja nægilegan rekjanleika vara sem eru fengnar úr erfðabreyttum lífverum, sem og að setja fyllri ákvæði um merkingar í samræmi við Hvítbókina um öryggi matvæla.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 24. júlí 2002

um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE

(tilkynnt með númeri C(2002) 2715)

(Texti sem varðar EES)

(2002/623/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein II. viðauka við hana,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2001/18/EB verða aðildarríkin, og framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að sjá til þess að hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, sem rekja má beint eða óbeint til genaflutnings frá erfðabreyttum lífverum til annarra lífvera, séu metin nákvæmlega og í hverju einstöku tilviki í samræmi við II. viðauka við þá tilskipun.

2) Tilkynningum um sleppingu eða setningu erfðabreyttra lífvera á markað verður, skv. b-lið 2. mgr. 6. gr. og b-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, að fylgja mat á umhverfisáhættu og niðurstöður um hugsanleg umhverfisáhrif við sleppingu eða setningu þessara erfðabreyttu lífvera á markað í samræmi við II. viðauka við þá tilskipun.

3) Við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB skal bæta nákvæmum leiðbeiningum um markmið, þætti, almennar meginreglur og aðferðafræði við mat á umhverfisáhættu sem um getur í þeim viðauka.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leiðbeiningarnar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu koma sem viðbót við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Margot WALLSTRÖM
framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM MARKMIÐ, ÞÆTTI, ALMENNAR MEGINREGLUR OG AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ MAT Á UMHVERFISÁHÆTTU SEM UM GETUR Í II. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2001/18/EB

1. **INNGANGUR**

Mat á umhverfisáhættu er skilgreint í 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2001/18/EB sem „úttekt á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi, hvort sem áhættan er bein eða óbein og hvort sem hún kemur fram þegar í stað eða síðar, sem getur hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera“. Í samræmi við almennu skuldbindingarnar í 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er gerð sú krafa að aðildarríkin, og framkvæmdastjórnin eftir því sem við á, sjái til þess að hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, bein eða óbein, séu metin nákvæmlega og í hverju einstöku tilviki og að tillit sé tekið til umhverfisáhrifa í samræmi við eðli þeirrar lífveru sem er sleppt og viðtökuumhverfið. Mat á umhverfisáhættu er unnið í samræmi við II. viðauka við tilskipunina og einnig er fjallað um það í B- og C-hluta í þeim viðauka. Í II. viðauka er almenn lýsing á því markmiði sem ná þarf, þeim þáttum sem huga þarf að og þeim almennu meginreglum og aðferðum sem fylgja skal við framkvæmd mats á umhverfisáhættu, þar sem tillit er tekið til umhverfisáhrifa í samræmi við eðli þeirrar lífveru sem er sleppt og viðtökuumhverfið.

Tilkynnendur verða að senda tilkynningu sem inniheldur mat á umhverfisáhættu vegna sleppingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða vegna setningar á markað skv. 2. mgr. 13. gr.

Þessar leiðbeiningar skulu koma sem viðbót við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB og í þeim er gerð grein fyrir markmiðum og meginreglum, svo og aðferðum við mat á umhverfisáhættu, í því skyni að aðstoða tilkynnendur og auðvelda lögbærum yfirvöldum að vinna ítarlegt og viðeigandi mat á umhverfisáhættu samkvæmt tilskipun 2001/18/EB og til að gera matsferlið á umhverfisáhættu gagnsætt fyrir almenning.

Áfangarnir sex við mat á umhverfisáhættu eru settir fram í kafla 4.2.

2. **MARKMIÐ**

Í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB *er markmiðið með mati á umhverfisáhættu að greina og meta í hverju einstöku tilviki hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem þau eru bein eða óbein, tafarlaus eða tafin, sem geta hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Matið á umhverfisáhættu skal fara fram með það í huga að kanna hvort þörf sé á áhættustjórnun og hvaða aðferðir beri helst að nota ef sú verður niðurstaðan* ([1]).

Matið á umhverfisáhættu tekur því til sleppingar (B-hluti) og setningar á markað (C-hluti) eins og um getur í tilskipun 2001/18/EB. Setning á markað felur mjög oft í sér, en þó ekki nauðsynlega, sleppingu út í umhverfið en hún er ávallt vísvitandi innleiðing á markað (t.d. landbúnaðarafurðir, sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum, sem eru aðeins til nota sem matvæli eða fóður eða til vinnslu). Í þessum tilvikum verður mat á umhverfisáhættu að vera hluti af tilkynningaferlinu. Að jafnaði getur verið munur á mati á umhverfisáhættu vegna sleppingar og sams konar mati vegna setningar á markað, t.d. vegna þess að fyrirliggjandi gögn, tímarammi og svæði eru mismunandi.

Auk þess taka þessar leiðbeiningar til allra erfðabreyttra lífvera, þ.m.t. örverur, plöntur og dýr. Þó svo að flestar erfðabreyttar lífverur, sem hefur verið sleppt eða sem hafa verið settar á markað fram til þessa, séu háplöntur getur það breyst í framtíðinni.

Matið á umhverfisáhættu verður grundvöllur að því að greina þörfina fyrir áhættustjórnun og, ef sú verður niðurstaðan, hvaða aðferðir beri helst að nota, svo og að markvissri vöktun (sjá 3. kafla).

Heildarmatið í hverju tilviki fyrir sig tekur til viðkomandi erfðabreyttrar lífveru eða erfðabreyttra lífvera (mat á hverri erfðabreyttri lífveru fyrir sig) og umhverfisins sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í (t.d. mat á hverjum stað fyrir sig og mat á hverju svæði fyrir sig, eftir því sem við á).

Frekari þróun á sviði erfðabreytingar getur kallað á aðlögun II. viðauka og þessara leiðbeininga að tækniframförum. Frekari sérhæfing, að því er varðar kröfur um upplýsingar vegna mismunandi tegunda erfðabreyttra lífvera, s.s. einfrumunga, fiska eða skordýra, eða að því er varðar sérstaka notkun erfðabreyttra lífvera, s.s. við þróun á bóluefnum, gæti orðið möguleg þegar nægileg reynsla hefur fengist innan Bandalagsins af tilkynningum vegna sleppingar sérstakra, erfðabreyttra lífvera (fjórða málsgrein III. viðauka og 6. kafli).

Áhættumat sem varðar notkun gena fyrir sýklalyfjaóþoli sem merkigena er mjög sérstakt tilvik og ráðlegt getur verið að veita frekari leiðbeiningar um þetta atriði.

([1]) Skáletraði textinn er tekinn beint úr II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

Í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB er lýsing á mismunandi „flokkum áhrifa“ erfðabreyttra lífvera á heilbrigði manna eða umhverfið. Til að tryggja sameiginlega túlkun er skilgreiningunum, sem eru gefnar í tilskipuninni, á eftirfarandi hugtökum lýst nánar sem hér segir:

– *„bein áhrif“ vísa til frumáhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af áhrifum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar og verða ekki rakin til orsakatengdrar atburðarásar* (t.d. bein áhrif Bt-eiturefnisins á marklífverur eða sjúkdómsvaldandi áhrif erfðabreyttrar örveru á heilbrigði manna),

– *„óbein áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af orsakatengdri atburðarás, m.a. af víxlverkunum við aðrar lífverur, flutningi erfðaefnis eða breytingum á notkun eða meðhöndlun. Líklegt er að óbein áhrif verði ekki staðfest fyrr en síðar* (t.d. þegar fækkun í markstofni skordýra hefur áhrif á stofn annarra skordýra eða þegar þróun fjölónæmis eða útbreidd áhrif krefjast mats á langtímavíxlverkun; sum óbein áhrif, t.d. minni notkun varnarefna, geta þó komið fram strax),

– *„tafarlaus áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað. Tafarlaus áhrif geta verið hvort sem er bein eða óbein* (t.d. dauði skordýra sem eru í fæðuleit á genskeyttum plöntum sem eru þolnar gagnvart meindýrum eða myndun ofnæmis hjá móttækilegum mönnum vegna váhrifa af völdum tiltekinnar, erfðabreyttrar lífveru),

– *„tafin áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma hugsanlega ekki fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað en koma í ljós sem bein eða óbein áhrif annaðhvort á síðara stigi eða eftir að sleppingu hefur verið hætt* (t.d. erfðabreytt lífvera sem tekur sér bólfestu eða verður ágeng nokkrum kynslóðum eftir sleppingu, sem er mjög mikilvægt ef erfðabreytta lífveran lifir lengi, t.d. erfðabreyttar trjátegundir eða blendingar náskyldra, genskeyttra nytjaplantna sem verða ágengir í náttúrulegum vistkerfum).

Einkum getur reynst erfitt að ákvarða tafin áhrif, sérstaklega ef þau koma aðeins fram á löngum tíma. Viðeigandi ráðstafanir, s.s. vöktun (sjá að neðan), geta hjálpað við að greina þessi áhrif.

3. **ALMENNAR MEGINREGLUR**

Í samræmi við varúðarregluna skal mat á umhverfisáhættu byggjast á eftirfarandi, almennum meginreglum:

– *bera skal staðfesta eiginleika erfðabreyttu lífverunnar og notkun hennar, sem geta leitt til skaðlegra áhrifa, saman við eiginleika óbreyttu lífverunnar, sem sú erfðabreytta er leidd af, og notkun hennar við samsvarandi aðstæður.*

  Ákvarða skal grunnástand fyrir viðtökuumhverfið (receiving environment), þ.m.t. lífverur þess og víxlverkun þeirra og þekktan breytileika, áður en unnt er að tilgreina öll (skaðleg) einkenni erfðabreyttu lífverunnar. Grunnástandið verður viðmiðunarpunktur sem unnt er að bera breytingar í framtíðinni saman við. Ef um er að ræða t.d. nytjaplöntur sem er fjölgað á kynlausan hátt skal samanburðargreining ná til móðurtegundarinnar sem var notuð til að fá fram genskeyttu línurnar. Ef um er að ræða nytjaplöntur sem er fjölgað með kynæxlun skal samanburðurinn ná til viðeigandi, samgena lína. Ef bakvíxlun er notuð til þess að fá fram nytjaplöntur er mikilvægt að í slíkum tilvikum sé gerð víðtæk jafngildisprófun með þeim samanburðarhópum sem henta best og að prófunin byggist ekki aðeins á samanburði við upprunalega móðurefnið.

  Ef fyrirliggjandi gögn eru ekki fullnægjandi verður að skilgreina grunnástand út frá öðrum viðmiðunarpunktum svo að unnt sé að gera samanburð. Grunnástandið veltur að talsverðu leyti á viðtökuumhverfinu, þ.m.t. lífrænir og ólífrænir þættir (t.d. vernduð, náttúruleg búsvæði, land til landbúnaðar eða mengað land) eða samsetning með mismunandi umhverfi.

– *Matið á umhverfisáhættu skal unnið á traustan og gagnsæjan, vísindalegan hátt og byggjast á fyrirliggjandi, vísindalegum og tæknilegum gögnum.*

  Mat á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum skal byggjast á vísindalegum og tæknilegum gögnum og á sameiginlegum aðferðum fyrir sanngreiningu, söfnun og túlkun á viðeigandi gögnum. Gögnum, mælingum og prófunum skal lýst skilmerkilega. Auk þess má hugsanlega afla gagna sem vantar og eru gagnleg fyrir mat á umhverfisáhættu með því að beita vísindalega traustum líkanreikningi.

  Við mat á umhverfisáhættu verður að taka tillit til óvissu á ýmsum stigum. Vísindaleg óvissa stafar alla jafna af fimm eiginleikum vísindalegu aðferðarinnar: breytunni sem er valin, mælingunum sem eru gerðar, sýnunum sem eru tekin, líkönunum sem eru notuð og orsakatengslunum sem lögð eru til grundvallar. Vísindaleg óvissa getur einnig komið upp vegna misræmis í fyrirliggjandi gögnum eða vegna skorts á einhverjum gögnum sem skipta máli. Óvissan getur hvort sem er tengst eigindlegum eða megindlegum þáttum greiningarinnar. Þekkingin eða gögnin fyrir grunnástandið endurspeglast af umfangi þeirrar óvissu sem tilkynnandinn verður að greina frá (mat á óvissu, þ.m.t. skortur á gögnum, gloppur í þekkingu, staðalfrávik, það hversu flókið málið er o.s.frv.) í samanburði við vísindalega óvissu í venjulegu, vísindalegu starfi.

  Skortur á gögnum getur orðið til þess að mat á umhverfisáhættu getur ekki alltaf veitt endanleg svör við öllum spurningum sem fjallað er um. Fyrirliggjandi gögn geta verið af skornum skammti, einkum ef um er að ræða hugsanleg langtíma-

áhrif. Í þessum tilvikum þarf einkum að huga að viðeigandi áhættustjórnun (öryggisráðstafanir) í samræmi við varúðarregluna í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

Almennt gildir að í mati á umhverfisáhættu skuli koma fram niðurstöður fullnægjandi rannsóknar á hugsanlegri áhættu sem tengist sleppingu erfðabreyttra lífvera eða setningu þeirra á markað, ásamt allri nákvæmlega skjalfestri, sambærilegri reynslu.

Gagnlegt getur verið að nota áfangaaðferðina (þ.e. alla áfanga, allt frá tilraunum með afmarkaða notkun til markaðssetningar, að sleppingum meðtöldum). Safna skal gögnum úr hverjum áfanga eins snemma á ferlinu og unnt er. Umhverfisaðstæður sem hermt er eftir í afmörkuðu kerfi gætu gefið niðurstöður sem kunna að skipta máli fyrir sleppingu (t.d. er að einhverju marki unnt að herma eftir atferli örvera í örheimi eða eftir atferli plantna í gróðurhúsum).

Að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem á að setja á markað ætti slepping að veita upplýsingar sem skipta máli og eru tiltækar um þá tegund umhverfis þar sem erfðabreytta lífveran verður notuð.

– *Matið á umhverfisáhættu skal unnið á grundvelli hvers einstaks tilviks, sem merkir að umbeðnar upplýsingar geta verið mismunandi eftir viðkomandi tegund erfðabreyttra lífvera, fyrirhugaðri notkun þeirra og hugsanlegu viðtökuumhverfi þar sem m.a. er tekið tillit til erfðabreyttra lífvera sem fyrir eru í umhverfinu.*

Mat á umhverfisáhættu ætti að lúta meginreglunni um mat í hverju tilviki fyrir sig vegna margra mismunandi eiginleika hinna ýmsu lífvera (hver erfðabreytt lífvera fyrir sig) og mismunandi umhverfis (hver staður og hvert svæði fyrir sig).

Áhrif erfðabreyttra örvera á umhverfið geta verið mjög mismunandi (vegna smæðar þeirra og oft óþekktra víxlverkana), sömuleiðis áhrif plantna (t.d. háplantna, sem eru notaðar í matvæli eða fóður, eða trjáa vegna þess hve langlíf þau geta verið) og dýra (t.d. skordýra, vegna smæðar þeirra og mikillar hæfni þeirra til að yfirstíga hindranir, eða sjávarfiska vegna mikillar hæfni þeirra til útbreiðslu).

Enn fremur getur þurft að taka tillit til mikils fjölda umhverfiseinkenna (staðar- eða svæðissértækra). Til að renna stoðum undir tilviksbundið mat getur verið gagnlegt að flokka svæðisbundin gögn eftir búsvæðum sem endurspegla þá þætti viðtökuumhverfisins sem skipta máli fyrir erfðabreyttar lífverur (t.d. grasafræðileg gögn um útbreiðslu villtra, skyldra tegunda erfðabreyttra plantna á mismunandi landbúnaðarbúsvæðum eða náttúrulegum búsvæðum í Evrópu).

Tilkynnandinn verður einnig að taka tillit til hugsanlegrar, skaðlegrar víxlverkunar milli erfðabreyttu lífverunnar og annarra viðeigandi erfðabreyttra lífvera sem kann að hafa verið sleppt eða verið settar á markað áður, þ.m.t. endurteknar sleppingar sömu erfðabreyttu lífverunnar, t.d. í tengslum við notkun plöntuvarnarefna. Endurteknar sleppingar geta með tímanum valdið meiri bakgrunnsstyrk erfðabreyttu lífverunnar en ef um stakar sleppingar er að ræða þannig að hún verður viðvarandi í umhverfinu.

Komi nýjar upplýsingar fram um erfðabreyttu lífveruna og áhrif hennar á heilbrigði manna og umhverfið er hugsanlegt að endurtaka þurfi matið á umhverfisáhættu í því skyni að:

– ákvarða hvort áhættan hafi breyst,

– ákvarða hvort breyta þurfi áhættustjórnuninni til samræmis við það.

Ef um er að ræða nýjar upplýsingar, án tillits til þess hvort grípa þurfi til tafarlausra ráðstafana, verður að vinna nýtt mat á umhverfisáhættu til að meta hvort þörf er á að breyta skilmálum leyfis fyrir sleppingu erfðabreyttu lífverunnar eða setningu hennar á markað eða til að aðlaga ráðstafanir við áhættustjórnun (sjá einnig 6. kafla). Nýjar upplýsingar geta komið fram við rannsóknir eða vöktunaráætlanir eða byggst á viðeigandi reynslu úr annarri átt.

Mat á umhverfisáhættu og vöktun eru nátengd. Mat á umhverfisáhættu skapar grunn fyrir vöktunaráætlanirnar sem beinast að skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið. Kröfur fyrir vöktunaráætlanir að því er varðar sleppingu erfðabreyttra lífvera (B-hluti í samræmi við viðeigandi hluta III. viðauka) og setningu erfðabreyttra lífvera á markað (C-hluti í samræmi við VII. viðauka) eru mismunandi. Vöktunin samkvæmt C-hluta, þ.m.t. almennt eftirlit, getur einnig gegnt mikilvægu hlutverki við öflun gagna um hugsanleg, skaðleg langtímaáhrif erfðabreyttra lífvera. Niðurstöður vöktunar geta staðfest matið á umhverfisáhættu eða þær geta leitt til endurmats á matinu á umhverfisáhættu.

– *Almenn meginregla, að því er varðar mat á umhverfisáhættu, er einnig að fram fari greining á „uppsöfnuðum langtímaáhrifum“ sem varða sleppingu og markaðssetningu. „Uppsöfnuð langtímaáhrif“ vísa til samanlagðra áhrifa, sem rekja má til veittra leyfa, á heilbrigði manna og umhverfið, m.a. á plöntu- og dýraríkið, frjósemi jarðvegs, niðurbrot lífrænna efna í jarðvegi, fæðukeðjuna, fjölbreytni lífríkisins, heilbrigði dýra og vanda sem tengist þoli gegn sýklalyfjum.*

Þegar hugsanleg, uppsöfnuð langtímaáhrif eru höfð í huga skal mat á umhverfisáhættu taka tillit til atriða á borð við:

– langtímavíxlverkana milli erfðabreyttu lífverunnar og viðtökuumhverfisins,

– eiginleika erfðabreyttrar lífveru sem verða mikilvægir þegar til lengri tíma er litið,

– endurtekinna sleppinga eða setningar á markað á löngu tímabili,

– erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt eða sem hafa verið settar á markað áður.

Frekari upplýsingar geta verið nauðsynlegar, einkum um langtímaáhrif (t.d. margþætt þol gegn illgresiseyði) og fyrir

hendi verða að vera fullnægjandi rannsóknir, að hluta innan ramma vöktunaráætlananna, sem geta veitt mikilvæg gögn til að meta uppsöfnuð langtímaáhrif. Frekari leiðbeiningar um þennan lið geta verið æskilegar.

4. **AÐFERÐAFRÆÐI**

4.1. **Eiginleikar erfðabreyttra lífvera og slepping þeirra**

Við mat á umhverfisáhættu skal taka tillit til viðeigandi tæknilegra og vísindalegra upplýsinga sem varða eiginleika:

– *arfþega eða móðurlífveru eða móðurlífvera,*

– *erfðabreytingar eða -breytinga, ef um viðbót eða úrfellingu erfðaefnis er að ræða, ásamt viðeigandi upplýsingum um genaferjuna og arfgjafann,*

– *erfðabreyttu lífverunnar,*

– *áformaðrar sleppingar eða notkunar og einnig umfang þessa,*

– *hugsanlegs viðtökuumhverfis og*

– *víxlverkunarinnar milli þessara þátta.*

Upplýsingar um sleppingu svipaðra lífvera og lífvera með svipuð einkenni og um víxlverkun þeirra við svipað umhverfi geta reynst gagnlegar við mat á umhverfisáhættu.

Áður en erfðabreyttri lífveru eða samsetningu slíkra lífvera er sleppt samkvæmt B-hluta tilskipunarinnar eða áður en kemur til setningar þeirra á markað samkvæmt C-hluta hennar skal leggja tilkynningu með upplýsingunum, sem eru settar fram í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina (upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna, arfgjafann, arfþegann, genaferjuna, skilyrðin við sleppingu og umhverfið, víxlverkanir milli erfðabreyttu lífveranna og umhverfisins og vöktun erfðabreyttu lífveranna), fyrir lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sleppingin eða setningin á markað skal fara fram í fyrsta sinn.

Þær tilkynningar skulu hafa að geyma tækniskjöl með upplýsingum um ítarlegt mat á umhverfisáhættu í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og það hversu nákvæmar upplýsingarnar þurfa að vera veltur á því hversu mikilvægar þær eru í matinu á umhverfisáhættu. Tilkynnendur skulu leggja fram bókfræðilegar tilvísanir og tilgreina þær aðferðir sem var beitt.

Upplýsingarnar um arfþega, arfgjafa, genaferju, erfðabreytingu og erfðabreyttu lífveruna, sem farið er fram á í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina, eru óháðar umhverfinu þar sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt eða sett á markað í tilraunaskyni og skilyrðunum við sleppingu eða setningu á markað í tilraunaskyni. Út frá þessum upplýsingum verða allir hugsanlegir, skaðlegir eiginleikar (hugsanleg hætta) erfðabreyttu lífverunnar greindir. Þekking og reynsla, sem fæst við sleppingu sömu eða sambærilegra erfðabreyttra lífvera, getur veitt mikilvægar upplýsingar um hugsanlega hættu við tiltekna sleppingu.

Upplýsingar um fyrirhugaða sleppingu, viðtökuumhverfi og víxlverkunina milli þeirra, sem krafist er í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina, tengjast því tiltekna umhverfi sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í og skilyrðunum við sleppinguna, þ.m.t. umfang hennar. Með þessum upplýsingum verður unnt að ákvarða umfang hvers kyns hugsanlegra, skaðlegra eiginleika erfðabreyttu lífverunnar.

4.2. **Áfangar í greiningu á mati á umhverfisáhættu**

Þegar unnið er úr niðurstöðum úr mati á umhverfisáhættu, sem um getur í 4., 6., 7. og 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, skal taka tillit til eftirfarandi atriða sem helstu áfanga í matinu á umhverfisáhættu.

Skýringarmynd 1: Sex áfangar í greiningu við mat á umhverfisáhættu

1. áfangi: *Greining eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif*	
2. áfangi: *Mat á hugsanlegum afleiðingum allra skaðlegra áhrifa komi þau fram*	***3. áfangi:*** *Mat á þeim líkum sem eru á því að hver hinna tilgreindu, skaðlegu áhrifa komi fram*
4. áfangi: *Mat á áhættu sem skapast vegna hvers og eins eiginleika sem er tilgreindur hjá erfðabreyttu lífverunum*	
5. áfangi: *Beiting aðferða að því er varðar áhættustjórnun við sleppingu eða setningu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera á markað*	
6. áfangi: *Ákvörðun heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera*	

„Hætta“ (skaðlegur eiginleiki) er skilgreind sem geta lífveru til að valda skaða eða hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna og/eða umhverfið.

„Áhætta“ er sett saman úr umfangi afleiðinga af hættu, komi hún fram, og líkunum á því að afleiðingarnar komi fram.

4.2.1. *1. áfangi: Greining eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif*

Greina verður alla eiginleika í fari erfðabreyttu lífveranna sem tengjast erfðabreytingunni og geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfi. Samanburður á eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og eiginleikum óbreyttu lífverunnar við svipuð skilyrði við sleppingu eða notkun getur reynst gagnlegur við greiningu á þeim sérstöku, hugsanlegu, skaðlegu áhrifum sem stafa af erfðabreytingunni í erfðabreyttu lífverunni. Miklu varðar að ekki sé litið fram hjá neinum hugsanlegum, skaðlegum áhrifum á þeirri forsendu að ólíklegt sé að þau muni koma fram.

Hugsanleg, skaðleg áhrif af völdum erfðabreyttra lífvera eru mismunandi í hverju tilviki um sig og geta m.a. verið:

– *sjúkdómar í mönnum, s.s. ofnæmisvaldandi áhrif eða eitrunaráhrif,*
– *sjúkdómar í dýrum og plöntum, s.s. eitrunaráhrif og, eftir því sem við á, ofnæmisvaldandi áhrif,*
– *áhrif á stofnstærðarbreytingar (dynamics of populations) hjá tegundum lífvera í viðtökuumhverfinu og erfðafræðilegan fjölbreytileika hvers þessara stofna,*
– *breytt næmi gagnvart sjúkdómsvöldum þannig að smitsjúkdómar breiðast greiðlegar út og/eða til verða nýir smitgeymar eða smitberar,*
– *neikvæð áhrif á úrræði eða fyrirbyggjandi meðferðarúrræði á sviði læknis- eða dýralæknisfræði eða plöntuvarna, t.d. með flutningi gena sem veita þol gegn sýklalyfjum sem eru notuð við lækningar manna eða dýra,*
– *áhrif á lífjarðefnafræði (lífjarðefnafræðilegar hringrásir), einkum á hringrás kolefnis og köfnunarefnis vegna breytinga sem verða á niðurbroti lífræns efnis.*

Dæmi um ofangreind, hugsanleg, skaðleg áhrif eru tilgreind í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipun 2001/18/EB.

Flestar greinanlegar hættur (skaðlegir eiginleikar), sem geta valdið skaðlegum áhrifum, tengjast því geni eða þeim genum sem voru af ásettu ráði sett inn í erfðabreyttu lífveruna og því prótíni eða þeim prótínum sem þessi gen tjá. Skaðleg viðbótaráhrif, t.d. fjölvirk áhrif, gætu hafa orðið til vegna þeirrar aðferðar sem var notuð til að fá aðfluttu genin fram og vegna þess staðar í genamengi erfðabreyttu lífverunnar sem aðfluttu genin voru felld inn í. Ef fleiri en eitt aðflutt gen er flutt í arfþega eða ef aðflutt gen er flutt í erfðabreytta lífveru skal taka tillit til hugsanlegrar víxlverkunar milli mismunandi, aðfluttra gena, þar á meðal hugsanlegra áhrifa á sviperfðir (epigenetic effects) og stýriáhrifa.

Þótt mikilvægt sé að skilgreina hættuna eins nákvæmlega og unnt er mun í mörgum tilvikum reynast gagnlegt að hafa í huga hætturnar undir fyrirsögnunum sem settar eru fram hér á eftir og tilgreina síðan þá sérstöku hættu sem hefur verið tilgreind með tilliti til mats á umhverfisáhættu (t.d. ef í sérstöku tilviki væri sýnt fram á hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna — ofnæmisvirkni og eitrunargeta — ætti að skoða þau hvert fyrir sig í matinu á umhverfisáhættu).

Ef hætta er tengd erfðabreyttu lífverunni er hún ávallt fyrir hendi og líta má á hana sem eðlislægan eiginleika. Hættur geta — með tilteknum líkum (3. áfangi) — haft neikvæðar afleiðingar og þær afleiðingar geta síðan verið mismunandi að umfangi (2. áfangi). Loks verður að taka saman hverja þá hættu sem stafar af erfðabreyttu lífverunni.

Á þessu stigi mats á umhverfisáhættu er þó aðeins nauðsynlegt að hafa í huga hætturnar sem eru til komnar vegna erfðabreytingar sem gæti haft skaðleg áhrif í för með sér. Í 1. áfanga er lagður vísindalegur grunnur að áföngunum sem á eftir fara í matinu á umhverfisáhættu. Jafnvel á þessu stigi er mikilvægt að greina, að því er varðar hverja hugsanlega hættu, sértækt gildi vísindalegrar óvissu svo að unnt sé að taka tillit til hennar á síðara stigi.

Skaðleg áhrif geta komið fram beint eða óbeint, t.d. á eftirfarandi hátt:

– *Með dreifingu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera í umhverfinu*

  Dreifingarleiðir sýna hugsanlegar leiðir sem erfðabreytta lífveran eða möguleg hætta getur dreifst eftir út í umhverfið og innan þess (t.d. eituráhrif á menn: innöndun á eitruðum örverum eða eitruðum prótínum).

  Það hvort erfðabreytt lífvera dreifir sér út í umhverfið veltur t.d. á:

  – líffræðilegu hæfi hennar (erfðabreyttar lífverur sem eru þannig gerðar að þær standa sig betur í viðkomandi umhverfi með því að tjá eiginleika sem leiða til aukinnar samkeppnishæfni í náttúrulegu umhverfi eða með eigindlegri og megindlegri breytingu á samsetningu innihaldsefna, eða erfðabreyttar lífverur sem hafa þol gagnvart náttúrulegum valþrýstingi á borð við sjúkdóma eða ólífrænu álagi, s.s. hita, kulda, salti eða framleiðslu á örverueyðandi efnum í örverum),
  – skilyrðunum við sleppingu eða setningu á markað (einkum sleppingarstaðurinn og umfang sleppingarinnar, þ.e.a.s. fjöldi þeirra erfðabreyttu lífvera sem er sleppt),

- líkunum á sleppingu eða setningu á markað eða óviljandi losun út í umhverfið (t.d. erfðabreyttar lífverur sem eru ætlaðar til vinnslu),
- dreifingarleiðum lífvænlegs efnis (t.d. fræja, gróa o.s.frv.) með vindi, vatni, dýrum o.s.frv.,
- sérstökum umhverfissjónarmiðum (staðarsértækum eða svæðissértækum): til að unnt sé að vinna staðarbundið eða svæðisbundið mat getur verið gagnlegt að flokka gögn eftir búsvæðum til að endurspegla þá þætti viðtöku-umhverfisins sem skipta máli fyrir erfðabreyttu lífveruna (t.d. grasafræðileg gögn um útbreiðslu kynblöndunarhæfra, villtra ættingja erfðabreyttra plantna á mismunandi landbúnaðarbúsvæðum eða náttúrulegum búsvæðum í Evrópu).

Einnig er mikilvægt að meta hversu lengi stök, erfðabreytt lífvera eða tiltekinn fjöldi erfðabreyttra lífvera af tiltekinni tegund eru líkleg til að halda lífi og hversu auðveldlega þau dreifa sér og taka sér bólfestu á margs konar búsvæðum. Nauðsynlegt verður að taka tillit til æxlunarforms, lifunarforms og dvalaforms, t.d.:

- að því er varðar plöntur: lífvænleika frjókorna, fræja og plöntuhluta til kynlausrar fjölgunar (vegetative structures),
- að því er varðar örverur: lífvænleika gróa sem lifunarforma eða getu örveranna til að komast á það stig að verða lífvænlegar en ekki hæfar til ræktunar.

Heildargetan til dreifingar getur verið mjög mismunandi og ræðst af tegundinni, erfðabreytingunni og viðtökuumhverfinu, t.d. plönturæktun í eyðimörk eða fiskeldi í sjó.

– *Með flutningi innskotins erfðaefnis til annarra lífvera eða til sömu lífveru hvort sem hún er erfðabreytt eða ekki*

Hætta gæti valdið skaðlegum áhrifum við genaflutning innan sömu tegundar eða til annarra tegunda (lóðréttur og láréttur genaflutningur). Hraði og umfang genaflutnings til annarra tegunda (að jafnaði tegundir sem geta kynblandast, þegar um er að ræða æðri lífverur) veltur t.d. á:

- þeim eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar er varða æxlun, þ.m.t. breyttar raðir,
- skilyrðum við sleppingu og sérstökum umhverfisþáttum, s.s. loftslagi (t.d. vindi),
- mismunar í æxlunarlíffræði,
- starfsvenjum í landbúnaði,
- framboði á hugsanlegum einstaklingum sem geta tekið þátt í æxlun,
- dýrum sem koma að flutningi og frævun (t.d. skordýrum eða fuglum, dýrum almennt),
- framboði á hýslum fyrir snikla.

Tilvist sérstakra, skaðlegra áhrifa fyrir tilstilli genaflutnings getur haldist í hendur við þann fjölda erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt. Geta til genaflutnings á stórum ökrum með erfðabreyttum plöntum getur verið mjög frábrugðin því sem gerist á litlum ökrum, jafnvel hlutfallslega. Að auki eru eigindlegar og megindlegar upplýsingar um tilvist einstaklinga sem geta hugsanlega tekið þátt í kynblöndun eða arfþega (að því er varðar plöntur innan viðeigandi fjarlægðar) mjög mikilvægar.

Að því er varðar æðri plöntur og dýr skal gera frekari greinarmun á hugsanlegum genaflutningi til einstaklinga sömu tegundar, náskyldrar tegundar, fjarskyldrar tegundar og óskyldrar tegundar.

Þegar um er að ræða örverur gegnir láréttur genaflutningur mikilvægara hlutverki. Auðveldar er að flytja tiltekið erfðaefni milli lífvera eftir því sem þær eru skyldari, t.d. með plasmíðum eða fögum. Mikill vaxtarhraði, sem getur verið hjá örverum, getur valdið því að genaflutningur verður umtalsvert meiri hjá þeim en hjá æðri lífverum.

Flutningur á aðfluttum genum getur með tímanum leitt til blandaðs stofns erfðabreyttra lífvera eða til ólíkra samsetninga gena og plantna en það getur síðan valdið flóknu mynstri skaðlegra áhrifa, einkum langtímaáhrifa. Þessi skaðlegu áhrif verða flóknari eftir því sem meira genskeytt efni er flutt inn í stofn (t.d. genastöflun (gene stacking)).

Í sumum tilvikum getur erfðabreytingaraðferðin breytt getunni til genaflutnings, t.d. ef um er að ræða ósamþættanleg plasmíð eða veirugenaferju. Erfðabreytingaraðferðin getur einnig dregið úr getunni til genaflutnings, t.d. grænukorna-ummyndun.

Genaflutningur getur valdið því að nýja erfðaefnið nái þráfestu í náttúrulegum stofnum. Ef erfðabreytt lífvera getur flutt gen þýðir það ekki endilega eðlislæga áhættu eða breytingu á getunni til að lifa af, taka sér bólfestu eða hafa skaðleg áhrif. Þetta veltur á innskotna erfðaefninu, tegundinni og viðtökuumhverfinu, m.a. hugsanlegum arfþegum.

– *Óstöðugleiki að því er varðar svipgerð og erfðir*

Taka skal tillit til þess að hve miklu leyti erfðafræðilegur stöðugleiki/óstöðugleiki getur leitt til stöðugleika/óstöðugleika í svipgerð og valdið hættu. Óstöðugleiki vegna erfðabreytingarinnar getur í vissum tilvikum leitt til afturhvarfs til villtu svipgerðarinnar. Hafa skal önnur tilvik í huga, t.d.:

- ef aðflutt gen í erfðabreyttri plöntulínu, sem hefur fleiri en eitt aðflutt gen, skiptast á milli afkvæmanna í aðgreiningarferlinu, sem fylgir í kjölfarið, geta orðið til plöntur með færri aðflutt gen en með nýjar svipgerðir,

- ef veikluð stökkbrigði geta, sakir óstöðugleika (vegna gerðar tilteknu stökkbreytingarinnar), orðið meinvirk á ný,
- ef tvítekning aðfluttra gena veldur því að gen verða óvirk,
- ef fjöldi afrita er mjög mikill,
- ef endurísetning stökkla hefur í för með sér nýjar svipgerðir vegna þess að aðflutta genið hefur orðið óvirkt við ísetningu hreyfanlegra erfðafræðilegra eininga (mobile genetic elements),
- ef tjáning aðflutta gensins er mikilvæg (t.d. ef tjáning eiturefnis er mjög lítil) getur erfðafræðilegur óstöðugleiki stýriþáttarins/-þáttanna valdið aukinni tjáningu aðflutta gensins.

Óstöðugleiki að því er varðar svipgerð getur hlotist af víxlverkun við umhverfið við ræktun og því skal hafa í huga áhrif umhverfisþátta og ræktunarfræðilegra þátta á tjáningu aðfluttra gena í matinu á umhverfisáhættu.

Ef tjáning aðflutts gens takmarkast við tiltekinn hluta erfðabreyttu lífverunnar (s.s. tiltekinn plöntuvef) getur óstöðugleiki í stýringu leitt til tjáningar aðflutta gensins í allri lífverunni. Í þessu samhengi gegna stýrimerki (s.s. stýrlar (promoters)) mikilvægu hlutverki og skal hafa þau í huga.

Einnig skal hafa í huga tjáningu aðflutta gensins á tilteknum tíma á lífsferli lífverunnar eða við sérstök umhverfisskilyrði.

Sérstök, aðflutt gen, sem valda ófrjósemi, kunna að hafa verið sett í erfðabreyttu lífveruna til að gera hana ófrjóa (t.d. til að koma í veg fyrir flutning og dreifingu tiltekinna, aðfluttra gena). Óstöðugleiki aðfluttu genanna, sem valda ófrjósemi, getur orðið til þess að plantan verður aftur frjó sem gerir henni kleift að dreifa aðfluttu genunum, sem gæti haft skaðleg áhrif í för með sér.

Stöðugleiki mismunandi, aðfluttra gena, ekki aðeins í upprunalegu, erfðabreyttu lífverunni heldur einnig í afkvæmum hennar, er mikilvægur, einkum að því er varðar langtímaáhrif.

– *Víxlverkun við aðrar lífverur (önnur en skipti á erfðaefni/frjódufti)*

Meta verður hugsanlegar víxlverkanir við aðrar lífverur, þ.m.t. aðrar erfðabreyttar lífverur, vandlega og taka tillit til hinna flóknu víxlverkana á mörgum fæðuþrepum (multitrophic interactions). Víxlverkanir sem eru með beinum hætti hættulegar og geta haft skaðleg áhrif eru m.a.:

- váhrif á menn (s.s. bændur, neytendur),
- váhrif á dýr,
- samkeppni um náttúrugæði á borð við jarðveg, rými, vatn, ljós,
- tilfærsla náttúrulegra stofna annarra lífvera,
- losun eiturefna,
- mismunandi vaxtarmynstur.

Ef líffræðilegt hæfi eykst almennt við erfðabreytingu getur erfðabreytta lífveran fest sig í sessi í nýju umhverfi og komið í stað núverandi tegunda. Tilkoma sérstakra, skaðlegra áhrifa er oft í réttu hlutfalli við umfang sleppingarinnar.

– *Breytingar í stjórnun, m.a. að því er varðar starfsvenjur í landbúnaði, eftir því sem við á*

Meta þarf mikilvægi breytinga í stjórnunaraðferðum, sem eru óumflýjanlegar afleiðingar af sleppingu erfðabreyttu lífverunnar, í samræmi við gildandi aðferðir. Breytingar í bústjórnun geta t.d. tengst:

- sáningu, plöntun, ræktun, uppskeru eða flutningi á nytjaplöntum (t.d. plöntun á litlum eða stórum ökrum), tímasetningu,
- skiptiræktun (t.d. að rækta sömu plöntutegundina á hverju ári eða fjórða hvert ár),
- vörnum gegn sjúkdómum og skaðvöldum (t.d. tegund og skammtur skordýraeiturs fyrir plöntur eða sýklalyfja fyrir dýr eða aðrar ráðstafanir),
- aðgerðum ef upp kemur þol (t.d. gerð og skammtur illgresiseyðis fyrir plöntur sem hafa myndað þol gegn illgresiseyði eða breyting á beitingu líffræðilegra varna, þar sem Bt-prótín eru notuð, eða áhrif veira),
- einangrun í ræktunar- og eldiskerfum á landi og í vatni (t.d. fjarlægð vegna einangrunar í ræktun plantna eða gæði einangrunar í fiskeldisstöðvum),
- starfsvenjum í landbúnaði (ræktun erfðabreyttra lífvera og landbúnaður án erfðabreyttra lífvera, þ.m.t. lífrænn búskapur),
- stjórnun í kerfum sem tengjast ekki landbúnaði (t.d. einangrunarfjarlægð náttúrulegra búsvæða frá svæðum þar sem erfðabreyttum lífverum hefur verið plantað).

4.2.2. *2. áfangi: Mat á hugsanlegum afleiðingum hverra hinna skaðlegu áhrifa, komi þau fram*

Meta skal umfang afleiðinga hverra hinna hugsanlegu, skaðlegu áhrifa .

Ef frá eru taldar líkurnar á að eiginleikar, sem eru hugsanlega skaðlegir, komi fram (sjá kafla 4.2.3, 3. áfanga) er mat á umfangi afleiðinganna mikilvægur hluti mats á áhættu. Með umfangi er átt við í hve miklum mæli afleiðingarnar af hugsanlegri hættu af erfðabreyttu lífverunum, sem á að sleppa eða setja á markað, koma fram.

Skoða ber umfangið í tengslum við grunnástandið og líklegt er að það verði fyrir áhrifum af:

– erfðafræðilegri byggingu,
– hverjum þeim skaðlegu áhrifum sem greinast,
– fjölda erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt (umfang),
– umhverfinu sem erfðabreyttu lífverunni/lífverunum verður sleppt út í,
– skilyrðunum við sleppingu, þ.m.t. varnarráðstafanir,
– samsetningu framangreindra atriða.

Í hverju tilviki, þar sem skaðleg áhrif hafa verið greind, verður að meta afleiðingarnar fyrir aðrar lífverur, stofna, tegundir eða vistkerfi sem verða fyrir váhrifum af erfðabreyttu lífverunni. Þetta krefst nákvæmrar þekkingar á umhverfinu sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í (staðnum, svæðinu) og aðferðinni við sleppingu. Afleiðingarnar eru frá því að vera „óverulegar“ eða ómarktækar og sjálftakmarkandi til þess að vera „miklar“ eða marktækar og hafa annaðhvort tafarlaus og skaðleg áhrif eða leiða e.t.v. til stöðugra og langvinnra, skaðlegra áhrifa.

Umfangið skal gefið upp í megindlegum hugtökum sem „mikið“, „í meðallagi“, „lítið“ eða „óverulegt“, ef því verður viðkomið. Í sumum tilvikum er ekki unnt að greina skaðleg áhrif í tilteknu umhverfi. Í slíkum tilvikum væri unnt að meta áhættuna sem tengist þeim tilteknu, skaðlegu áhrifum sem „óverulega“ eða ómarktæka.

Hér á eftir eru sett fram mjög almenn, lýsandi og eigindleg skýringardæmi. Þeim er ekki ætlað að vera endanleg eða tæmandi heldur eiga þau að gefa vísbendingu um þau atriði sem tillit kann að verða tekið til þegar afleiðingarnar eru vegnar og metnar:

– „Miklar afleiðingar“ geta verið umtalsverðar breytingar á fjölda einnar eða fleiri tegunda annarra lífvera, þ.m.t. tegundir í útrýmingarhættu og gagnlegar tegundir til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar geta falið í sér fækkun hjá tiltekinni tegund eða algjöra útrýmingu hennar sem hefur í för með sér neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins og/eða tengdra vistkerfa. Slíkar breytingar myndu að öllum líkindum ekki ganga greiðlega til baka og allt í tengslum við endurheimt vistkerfisins myndi líklega gerast hægt.
– „Afleiðingar í meðallagi“ geta verið umtalsverðar breytingar á þéttleika annarra lífvera en ekki breyting sem gæti leitt til allsherjarútrýmingar tegundar eða haft umtalsverð áhrif á tegund í útrýmingarhættu eða gagnlega tegund. Skammvinnar og verulegar breytingar á stofnum geta fallið undir þetta ef líklegt þykir að þær muni ganga til baka. Undir þetta geta langtímaáhrif líka fallið, að því tilskildu að ekki sé um að ræða nein alvarleg, neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins.
– „Litlar afleiðingar“ geta verið ómarktækar breytingar á þéttleika annarra lífvera og sem leiða ekki til algjörrar útrýmingar stofns eða tegundar annarra lífvera og hafa ekki nein neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins. Einu lífverurnar, sem geta orðið fyrir áhrifum, eru tegundir sem eru ekki í útrýmingarhættu og sem eru ekki gagnlegar, til skemmri eða lengri tíma.
– „Óverulegar afleiðingar“ þýðir að engar umtalsverðar breytingar hafi orðið á neinum stofnum í umhverfinu eða á neinum vistkerfum.

Ofangreind dæmi endurspegla hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttra lífvera á stofna, þó svo að í sumum tilvikum geti verið heppilegra að hafa í huga líkleg áhrif á einstakar lífverur. Hver stök hætta getur haft fleiri en ein skaðleg áhrif og í raun getur umfang einstakra, skaðlegra áhrifa verið mismunandi. Skaðleg áhrif einnar stakrar hættu á heilbrigði manna og landbúnaðarbúsvæði og náttúruleg búsvæði geta verið með ýmsu móti.

Taka má saman hugsanlegar afleiðingar þannig að þær taki til allra vistfræðilegra eininga sem gætu orðið fyrir áhrifum (s.s. tegunda, stofna, fæðuþrepa og vistkerfa), þ.m.t. hugsanleg áhrif og sú óvissa sem tengist þeim.

4.2.3. *3. áfangi: Mat á líkum á því að hver hinna tilgreindu, hugsanlegu, skaðlegu áhrifa komi fram*

Þeir þættir, sem vega þyngst að því er varðar líkur á að skaðleg áhrif komi fram, eru eiginleikar þess umhverfis þar sem fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttu lífverunni eða lífverunum og hvernig staðið er að sleppingunni.

Auk umfangs afleiðinga af hættunum (sjá kafla 4.2.2, 2. áfanga) er mat á líkunum á því að skaðleg áhrif komi fram annar mikilvægur þáttur í mati á áhættu. Í þessum áfanga er metið hversu líklegt það er að skaðleg áhrif komi í raun fram. Í sumum tilvikum þarf að fjalla bæði um líkurnar og tíðnina. Eins og í 2. áfanga (mat á hugsanlegum afleiðingum allra skaðlegra

áhrifa, komi þau fram) er fjöldi erfðabreyttra lífvera, viðtökuumhverfið og skilyrðin við sleppingu, auk hættunnar sjálfrar, mikilvæg fyrir skilgreiningu á líkunum. Veðurfarsleg, landfræðileg, jarðvegsfræðileg og lýðfræðileg skilyrði, svo og tegundir plantna og dýra í hugsanlegu viðtökuumhverfi, eru meðal mikilvægra atriða sem taka þarf tillit til.

Að því er varðar getu til lifunar er því rétt að meta hlutfall þeirra erfðabreyttu lífvera sem líklegt er að lifi af, án tillits til þeirra ráðstafana til áhættustjórnunar sem hafa verið lagðar til vegna sleppingar eða setningar á markað. Ef genaflutningur er líklegur skal hafa í huga líklegan fjölda slíkra atburða eða í hvaða umfangi má ætla að flutningur verði. Ef erfðabreytta lífveran býr yfir sjúkdómsvaldandi eiginleikum eða eitureiginleikum skal meta það hlutfall marklífvera í umhverfinu sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.

Auk þess ráðast líkurnar á því að áhrif komi fram af sérstökum ráðstöfunum til áhættustjórnunar sem geta komið í veg fyrir að þau áhrif komi fram (t.d. ef útilokað er að frjóduft dreifist vegna þess að blómskipunin hefur verið eyðilögð).

Líklega er ekki unnt að meta á megindlegan hátt, að því er varðar tiltekin, skaðleg áhrif, sem hafa verið greind, hlutfallslegar líkur á afleiðingunum en unnt er að gefa líkurnar upp sem „miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“.

Framangreind dæmi endurspegla hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á stofna, þó svo að í sumum tilvikum geti verið heppilegra að hafa í huga líkleg áhrif á einstakar lífverur. Hver stök hætta getur haft fleiri en ein skaðleg áhrif svo að líkurnar á einstökum, skaðlegum áhrifum geta einnig verið mismunandi. Skaðleg áhrif einnar stakrar hættu á heilbrigði manna, landbúnaðarbúsvæði og náttúruleg búsvæði getur verið með ýmsu móti.

Taka má líkurnar saman þannig að þær taki til allra vistfræðilegra eininga sem geta orðið fyrir áhrifum (s.s. tegunda, stofna, fæðuþrepa og vistkerfa), þ.m.t. ráðstafanir vegna hugsanlegra áhrifa og umfang óvissunnar.

4.2.4. *4. áfangi: Mat á hættu sem skapast vegna hvers og eins eiginleika sem er tilgreindur hjá erfðabreyttu lífverunum*

Mat á þeirri hættu, sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af hverjum tilgreindum eiginleika erfðabreyttu lífverunnar sem getur haft skaðleg áhrif, skal fara fram, að svo miklu leyti sem unnt er og þekking leyfir, með því að tengja saman líkurnar á að skaðlegu áhrifin komi fram og umfang afleiðinganna komi þær fram.

Á grundvelli niðurstaðnanna úr 2. og 3. áfanga skal vinna mat á áhættunni á skaðlegum áhrifum að því er varðar hverja hættu sem hefur greinst í 1. áfanga. Líkt og áður er ólíklegt að unnt sé að vinna megindlegt mat. Við mat á tiltekinni hættu skal hafa í huga:

– umfang afleiðinganna („miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“),
– líkurnar á skaðlegum áhrifum („miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“),
– ef hætta hefur fleiri en ein skaðleg áhrif, umfang og líkur á öllum stökum, skaðlegum áhrifum.

Fjalla skal um hverja erfðabreytta lífveru í hverju tilviki fyrir sig. Fara verður mjög varlega í allar tilraunir til að magngreina það sem hefur verið lýst hér að framan. Í einu tilviki getur t.d. umfang afleiðinga af skaðlegu áhrifunum verið mikið en líkurnar á að áhrifin komi fram aftur á móti verið óverulegar, sem hins vegar veldur því að áhættan getur verið mismunandi, allt frá því að vera mikil til þess að vera óveruleg. Niðurstaðan veltur á aðstæðum hverju sinni og á því hvernig tilkynnandi vegur og metur tiltekna þætti en allt skal þetta vera skýrt sett fram og rökstutt í skráða matinu á umhverfisáhættu.

Lýsa ber heildaróvissunni að því er varðar hverja greinda áhættu og, ef kostur er, láta fylgja með gögn um:

– ályktanir og framreikninga, sem voru gerð á ýmsum stigum matsins á umhverfisáhættu,
– mismunandi vísindalegt mat og sjónarmið,
– óvissu,
– þekkt mörk ráðstafana til að draga úr áhættu,
– ályktanir sem draga má af gögnunum.

Þótt mat á umhverfisáhættu skuli grundvallast á megindlegum niðurstöðum er líklegt að margar af niðurstöðum matsins á umhverfisáhættu verði að vera eigindlegar. En hvar sem því verður við komið er nauðsynlegt að fá hlutfallslegar niðurstöður úr matinu á umhverfisáhættu (t.d. með samanburði við lífverur sem eru ekki erfðabreyttar), jafnvel þótt þær séu eigindlegar.

4.2.5. *5. áfangi: Beiting aðferða að því er varðar áhættustjórnun við sleppingu eða setningu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera á markað*

Með matinu á umhverfisáhættu er unnt að sýna fram á áhættuþætti sem stjórna verður með því að gera ráðstafanir og því skal skilgreina áætlun við áhættustjórnun.

Áður en áhættustjórnun er beitt skal hafa í huga, í forvarnarskyni, að breyta sleppingu, helst þar til áhættan er orðin óveruleg. Sem dæmi má nefna að forðast skal að nota erfðastök, sem geta haft skaðleg áhrif eða sem eru óskilgreindar, í smíðaferli

gensins. Ef ekki er unnt að gera þetta ætti helst að fjarlægja þessi erfðastök úr erfðabreyttu lífverunni á síðari stigum, áður en henni er sleppt eða hún er sett á markað.

Taka skal tillit til þessa í 1.–4. áfanga. Með áhættustjórnun skal leitast við að stjórna tilgreindri áhættu og taka skal tillit til óvissunnar. Verndarráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við áhættustigið og óvissustigið. Þegar gögn, sem skipta máli, koma fram á síðari stigum skal laga áhættustjórnunina að þessum nýju gögnum.

Til að draga úr áhættu með stjórnun verða ráðstafanirnar augljóslega að vera til þess fallnar. Ef hætta er t.d. á því að gen, sem veldur eituráhrifum á skordýr og hefur verið fellt inn í nytjaplöntu, færist í skylda nytjaplöntutegund geta viðeigandi stjórnunarráðstafanir falist í einangrun í tíma og rúmi frá þessum skyldu tegundum eða e.t.v. í því að flytja sleppingarstaðinn á svæði þar sem tiltekna áhættan (s.s. plöntutegund) er ekki fyrir hendi.

Í stjórnunaráætlunum geta falist einangrunarráðstafanir í hverju þrepi sem skiptir máli við meðhöndlunina og notkun erfðabreyttra lífvera. Í þeim geta einnig falist fjölbreyttar ráðstafanir, þ.m.t. ýmsar leiðir til einangrunar við æxlun, líkamlegar eða líffræðilegar hindranir og hreinsun véla eða íláta sem hafa komist í snertingu við erfðabreyttar lífverur o.s.frv.

Nákvæmar áhættustjórnunaraðferðir velta á:

– notkun erfðabreyttu lífverunnar (tegund og umfang sleppingar eða setningar á markað),
– gerð erfðabreyttu lífverunnar (t.d. erfðabreyttar örverur, einær háplanta, fjölær háplanta eða langlíft dýr, erfðabreytt lífvera með staka eða margar breytingar, ein eða fleiri mismunandi gerðir erfðabreyttra lífvera),
– almennri gerð búsvæðis (t.d. lífjarðefnafræðilegt ástand, loftslag, framboð á einstaklingum sömu tegundar og annarra tegunda, sem geta tekið þátt í æxlun, upprunaheimkynni, tengsl mismunandi búsvæða),
– gerð landbúnaðarbúsvæðis (t.d. landbúnaður, skógrækt, lagareldi, dreifbýli, stærð staða, fjöldi mismunandi, erfðabreyttra lífvera),
– tegund náttúrulegs búsvæðis (t.d. staða verndaðra svæða).

Það verður að koma skýrt fram hvað felst í áhættustjórnun, með tilliti til nauðsynlegrar aðlögunar á tilraunum, skilyrðum fyrir setningu á markað o.s.frv., og hversu mikið verður væntanlega dregið úr áhættu í framhaldi af því.

4.2.6. *6. áfangi: Ákvörðun heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera*

Við mat á heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera skal taka tillit til allra fyrirhugaðra áætlana um áhættustjórnun.

Á grundvelli 4. áfanga og, eftir því sem við á, 5. áfanga skal vinna lokamat á heildaráhættunni, þ.m.t. umfang og líkur á skaðlegum áhrifum af völdum erfðabreyttu lífverunnar, sem byggist á samsetningu áhættuþátta vegna hverra einstakra skaðlegra áhrifa, þ.m.t. uppsöfnuð áhrif frá öðrum erfðabreyttum lífverum. Þetta lokamat skal sett fram í formi samantektar á heildaráhættu af sleppingu eða setningu á markað, þ.m.t. heildaróvissa.

5. ÁLYKTANIR SEM DRAGA MÁ UM HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF AF SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA EÐA SETNINGU ÞEIRRA Á MARKAÐ

Á grundvelli mats á umhverfisáhættu, sem unnið er í samræmi við almennar meginreglur og aðferðir sem lýst er í 3. og 4. þætti, skulu upplýsingar um þá liði sem eru taldir upp í liðum D1 og D2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB koma fram, eftir því sem við á, í tilkynningum með það að markmiði að auðveldara verði að álykta um hugsanleg umhverfisáhrif vegna sleppingar eða setningar erfðabreyttra lífvera á markað.

Frekari þróun, einkum í tengslum við aðrar erfðabreyttar lífverur en plöntur, getur veitt nánari leiðbeiningar um þær upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunum.

6. ENDURSKOÐUN OG AÐLÖGUN

6.1. Endurskoðun og aðlögun mats á umhverfisáhættu

Ekki skal líta á mat á umhverfisáhættu sem endanlegt. Það skal endurskoðað og uppfært reglulega eða ef til vill breytt til að taka tillit til mikilvægra, nýrra gagna (í samræmi við 8. eða 20. gr. tilskipunar 2001/18/EB). Við alla endurskoðun skal hafa í huga árangur, skilvirkni og nákvæmni matsins á umhverfisáhættu og áhættustjórnunarinnar, með hliðsjón af gögnum úr rannsóknum, öðrum sleppingum og vöktunargögnum. Þetta veltur einnig á umfangi þeirrar óvissu sem er ákvörðuð með matinu á umhverfisáhættu.

Í kjölfar allrar slíkrar endurskoðunar skal aðlaga eða uppfæra matið á umhverfisáhættu og áhættustjórnunina eftir því sem við á.

6.2. **Endurskoðun og aðlögun á leiðbeiningum um mat á umhverfisáhættu**

Með frekari þróun á sviði erfðabreytinga getur reynst nauðsynlegt að laga II. viðauka og þessar leiðbeiningar að tækniframförum. Frekari sérhæfing krafna um upplýsingar fyrir mismunandi tegundir erfðabreyttra lífvera, s.s. einfrumunga, fiska eða skordýra, eða að því er varðar sérstaka notkun erfðabreyttra lífvera, s.s. notkun þeirra við þróun á bóluefnum, er mögu-leg þegar nægileg reynsla hefur fengist innan Bandalagsins af tilkynningum vegna sleppingar sérstakra, erfðabreyttra lífvera (fjórða málsgrein III. viðauka).

Við endurskoðun og aðlögun á leiðbeiningum um mat á umhverfisáhættu skal, eftir því sem við á, taka tillit til þarfarinnar á aðlögun að tækniframförum og þarfarinnar til að þróa frekari leiðbeiningar sem byggjast á reynslu — þar sem hún er full-nægjandi — af sleppingu tiltekinna, erfðabreyttra lífvera í tilteknum vistkerfum, í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr. 7. gr. í V. viðauka við tilskipunina, svo og á reynslu og vísindalegum gögnum sem lúta að öryggi fyrir heil-brigði manna og umhverfið í tengslum við setningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera á markað (2. mgr. 16. gr.).

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 3. október 2002

um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE

(2002/811/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([1]), einkum fyrstu málsgrein VII. viðauka við hana,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2001/18/EB er mælt fyrir um að áður en vörur, sem eru að öllu leyti eða að hluta úr erfðabreyttum lífverum, eru settar á markað verður að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem setja á slíka erfðabreytta lífveru á markað í fyrsta sinn.

2) Samkvæmt tilskipun 2001/18/EB verður tilkynnandinn að tryggja að vöktun og skýrslugjöf um sleppingu erfðabreyttra lífvera sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í leyfinu fyrir setningu erfðabreyttrar lífveru á markað skv. 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr. þeirrar tilskipunar. Í slíkri tilkynningu verður því að vera vöktunaráætlun, m.a. tillaga um gildistíma vöktunaráætlunarinnar, í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

3) Við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB skal bæta nákvæmum leiðbeiningum um markmið, almennar meginreglur og tilhögun vöktunaráætlunarinnar sem um getur í þeim viðauka.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leiðbeiningarnar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu koma sem viðbót við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,
F. HANSEN
forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

INNGANGUR

Í tilskipun 2001/18/EB er lögð sú skylda á tilkynnendur að þeir komi á vöktunaráætlunum til þess að rekja og sanngreina öll bein eða óbein áhrif sem vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, hafa á heilbrigði manna eða umhverfið, eftir að þær hafa verið settar á markað, hvort sem áhrifin eru tafarlaus eða tafin og þótt þau séu ófyrirséð.

Tilkynnendum er, skv. e-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar, skylt að leggja fram vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka við þá tilskipun sem hluta af tilkynningu um setningu erfðabreyttrar lífveru á markað. Í henni skal vera tillaga um það tímabil sem vöktunaráætlunin skal vara sem getur verið frábrugðið tillögðum gildistíma samþykkisins. Í VII. viðauka er almenn lýsing á þeim markmiðum sem ná þarf og þeim almennu meginreglum sem fylgja skal þegar mótuð er sú vöktunaráætlun sem um getur í 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr.

Þessar leiðbeiningar bætast við þær upplýsingar sem eru veittar í VII. viðauka og innan ramma tilskipunarinnar og markmiðið með þeim er að:

– útlista nánar markmið vöktunarinnar,

– útlista nánar almennu meginreglurnar um vöktunina,

– gera grein fyrir almennum ramma að því er varðar þróun viðeigandi vöktunaráætlana að lokinni setningu á markað.

Í kjölfar setningar erfðabreyttrar lífveru á markað ber tilkynnandanum lagaleg skylda, skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar, að sjá til þess að vöktun og skýrslugjöf sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í samþykkinu. Í f-lið 3. mgr. 19. gr. eru nákvæm fyrirmæli þess efnis að í skriflegu samþykki skuli í öllum tilvikum tilgreina skilmerkilega kröfur um vöktun í samræmi við VII. viðauka, þ.m.t. skylda til að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld.

Í því skyni að tryggja gagnsæi í samræmi við 4. mgr. 20. gr. skulu niðurstöður vöktunarinnar auk þess einnig vera öllum aðgengilegar.

Augljóslega þarf að þróa vöktunaráætlanir fyrir erfðabreyttar lífverur, sem á að setja á markað, í hverju tilviki fyrir sig þar sem tillit er tekið til mats á umhverfisáhættu, breyttu eiginleikanna, sem eru sértækir fyrir viðkomandi erfðabreyttu lífveru, fyrirhugaðrar notkunar þeirra og viðtökuumhverfisins. Þessar leiðbeiningar vísa til almenns ramma en í þeim er ekki gerð tilraun til að veita nákvæmar upplýsingar um þróun vöktunaráætlana sem ná til allra erfðabreyttra lífvera.

Nauðsynlegt getur reynst að bæta við þennan ramma sértækari viðbótarleiðbeiningum um vöktunaráætlanir eða gátlista að því er varðar sérstaka eiginleika, nytjaplöntur eða hópa erfðabreyttra lífvera.

Vöktun má skilgreina almennt sem kerfisbundnar mælingar á breytum og ferlum á tilteknu tímabili og hún gengur út frá því að sérstakar ástæður séu fyrir öflun slíkra gagna, t.d. til að tryggja að tilteknir staðlar eða skilyrði séu uppfyllt eða til að rannsaka hugsanlegar breytingar að því er varðar tiltekið grunnástand. Með þetta í huga er mikilvægt að greina þá tegund áhrifa eða breytna sem skal vakta og þá sérstaklega tækin og kerfin til að mæla þau og viðeigandi tímabil fyrir mælingar. Niðurstöður vöktunar geta þó verið mikilvægar við þróun frekari rannsókna.

Árangursrík vöktun og almennt eftirlit krefst þess að viðeigandi aðferðir hafi verið þróaðar og að þær liggi fyrir áður en vöktunaráætlanir koma til framkvæmdar. Ekki skal líta á vöktun sem rannsóknir í sjálfu sér heldur sem aðferð til að meta eða sannreyna þær niðurstöður og forsendur sem hafa komið fram í fyrri rannsóknum og mati á hugsanlegri áhættu og rannsóknum.

A. **MARKMIÐ**

Áður en vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu erfðabreyttra lífvera, eru settar á markað verður að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem setja á erfðabreyttu lífveruna á markað í fyrsta sinn. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. ættu tækniskjöl með upplýsingum um ítarlegt mat á umhverfisáhættu að fylgja tilkynningunni.

Markmiðið með mati á umhverfisáhættu er að greina og meta í hverju einstöku tilviki hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem þau eru bein eða óbein, tafarlaus eða tafin, sem geta hlotist af setningu hennar á markað. Einnig getur reynst nauðsynlegt í þessu mati að taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa sem tengjast víxlverkun við aðrar lífverur og umhverfið. Mat á slíkum hugsanlegum, skaðlegum áhrifum skal grundvallast á sameiginlegri aðferðafræði sem byggir á vísindalegum gögnum sem unnt er að sannreyna á óháðan hátt.

Líklegt er að erfðabreyttar lífverur séu verulega frábrugðnar hver annarri með tilliti til eðlislægra eiginleika breyttu tegundarinnar og með tilliti til sértæku breytingarinnar og eiginleikanna sem af henni hljótast. Þessir eiginleikar ákvarða að miklu leyti eðli allra hugsanlegra áhrifa sem hljótast af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað.

Einnig er nauðsynlegt að staðfesta, eftir að erfðabreytt lífvera hefur verið sett á markað, að áhættumatið, sem var gert áður en hún var sett á markað, sé nákvæmt. Ekki er heldur unnt að líta fram hjá þeim möguleika að hugsanleg, skaðleg áhrif, sem voru ekki fyrirséð í matinu, komi fram. Af þeim sökum er mælt fyrir um vöktun eftir setningu á markað, eins og krafist er skv. 20. gr. tilskipunarinnar.

Með þetta í huga er markmiðið með vöktun eftir setningu á markað, eins og nánar er mælt fyrir um í VII. viðauka, að:

– staðfesta að allar forsendur í matinu á umhverfisáhættu, sem varða tilvist og afleiðingar hugsanlegra, skaðlegra áhrifa af völdum erfðabreyttu lífverunnar og notkunar hennar, séu réttar og

– greina tilvist skaðlegra áhrifa, sem ekki var gert ráð fyrir í matinu á umhverfisáhættu og stafa af erfðabreyttu lífverunni eða notkun hennar, á heilbrigði manna eða umhverfið.

B. ALMENNAR MEGINREGLUR

Vöktunin, sem mælt er nánar fyrir um í 13., 19. og 20. gr. tilskipunar 2001/18/EB og í þessum leiðbeiningum, vísar til vöktunar eftir setningu á markað sem fer fram eftir að samþykki hefur verið veitt fyrir setningu erfðabreyttu lífverunnar á markað.

Í e-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar er sett fram sú krafa að tilkynnendur leggi fram með tilkynningum sínum áætlun um vöktun í samræmi við VII. viðauka.

Í samþykkinu skal, skv. f-lið 3. mgr. 19. gr., tilgreina tímabilið sem vöktunaráætlunin varir og, eftir því sem við á, allar skyldur sem hvíla á þeim sem selja vöruna eða nota hana, m.a. við ræktun erfðabreyttra lífvera að því er varðar þær upplýsingar um staðsetninguna sem rétt þykir að gefa.

Á grundvelli skýrslna, sem tilkynnendur leggja fram í samræmi við samþykkið og innan ramma tilgreindu vöktunaráætlunarinnar, skal það lögbæra yfirvald, sem tók við upphaflegu tilkynningunni, gera framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum grein fyrir niðurstöðunum og það getur, eins og nánar er mælt fyrir um í 1. mgr. 20. gr. og í samráði við hin aðildarríkin ef nauðsyn krefur, aðlagað vöktunaráætlunina að loknu fyrsta vöktunartímabilinu.

Áætlanagerð er mikilvæg að því er varðar allar gerðir vöktunar og við gerð vöktunaráætlana skal hafa í huga bæði tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit. Auk þess ætti vöktun hugsanlegra, uppsafnaðra, skaðlegra langtímaáhrifa að teljast lögboðinn hluti vöktunaráætlunarinnar.

Þegar tilvikssértæk vöktun er hluti af vöktunaráætluninni skal hún beinast að hugsanlegum áhrifum sem hljótast af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað sem athygli hefur verið vakin á í niðurstöðum og forsendum matsins á umhverfisáhættu. Þótt unnt sé að spá fyrir um tiltekin áhrif á grundvelli áhættumats og fyrirliggjandi, vísindalegra upplýsinga er allmiklu erfiðara að gera áætlun með tilliti til hugsanlegra áhrifa eða breytna sem ekki er unnt að sjá fyrir eða spá fyrir um. Það getur þó verið mögulegt að auka líkurnar á að greina slík áhrif snemma með viðeigandi skipulagningu vöktunar- og eftirlitsáætlana. Tilhögun vöktunaráætlunarinnar skal því fela í sér almennt eftirlit með skaðlegum áhrifum sem eru bæði óvænt og ófyrirséð.

Taka skal tillit til kostnaðarhagkvæmni tilvikssértækrar vöktunar og almenns eftirlits í þessu samhengi. Enn fremur skal vöktunaráætlunin vera í samræmi við nýjustu vísindalegu hugmyndir og starfsvenjur.

Aðildarríkin sjálf geta einnig lagt sitt af mörkum við vöktunina fyrir tilstilli almennu skyldunnar skv. 5. mgr. 4. gr. þar sem gerð er krafa um að lögbært yfirvald skipuleggi skoðun og aðrar viðeigandi eftirlitsaðgerðir til þess að tryggja að farið sé að tilskipuninni. Aðildarríkin eiga raunar rétt á því , í samræmi við sáttmálann, að grípa til frekari ráðstafana sem varða vöktun og eftirlit, t.d. yfirvalda í viðkomandi ríki, með vörum sem eru settar á markað og eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum. Það skal þó viðurkennt að slíkar aðgerðir geta ekki komið í stað vöktunaráætlunarinnar sem tilkynnendur eru ábyrgir fyrir (þótt þær geti verið hluti af henni, með samþykki viðeigandi aðila).

Við túlkun á gögnum, sem fást við vöktun, skal taka tillit til ríkjandi umhverfisskilyrða og starfsemi til að ákvarða viðeigandi grunnástand. Almennt eftirlit og umhverfisvöktunaráætlanir almennt geta einnig komið að gagni í þessu samhengi. Ef vart verður við óvæntar breytingar á umhverfinu getur reynst nauðsynlegt að vega og meta hvort vinna þurfi frekara áhættumat til að ákvarða hvort þær séu til komnar vegna setningar erfðabreyttu lífverunnar á markað eða vegna annarra þátta. Í ljósi þessa getur einnig þurft að huga að nauðsynlegum ráðstöfunum til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

C. TILHÖGUN VÖKTUNARÁÆTLUNAR

Tilhögun vöktunaráætlana skal byggjast á ramma í þremur lykilþáttum, þ.e.:

1. vöktunaraðferð,
2. aðferðafræði við vöktun,
3. greiningu, skýrslugjöf og endurskoðun.

1. Vöktunaraðferð

Mikilvægur grunnþáttur vöktunaraðferðarinnar er að greina hugsanleg áhrif, sem geta hlotist af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, að hve miklu leyti þarf að vakta þau og hvaða aðferðir skuli notaðar og hversu lengi vöktunin skuli vara.

Fyrst og fremst skal hafa í huga líkurnar á hugsanlegum, beinum, óbeinum, tafarlausum eða töfðum, skaðlegum áhrifum sem hljótast af erfðabreyttu lífverunni, í samræmi við fyrirhugaða notkun hennar og viðtökuumhverfið.

Bein áhrif vísa til frumáhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af áhrifum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar og verða ekki rakin til orsakatengdrar atburðarásar. Ef um er að ræða nytjaplöntu, sem hefur verið breytt til að mynda þol gegn tilteknu skordýri, geta bein áhrif t.d. falið í sér dauða og breytingar á stofni bæði markskordýra og skordýra utan markhóps vegna eiturefnis sem erfðabreytta lífveran framleiðir.

Óbein áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af orsakatengdri atburðarás. Í framangreinda tilvikinu geta óbein áhrif t.d. komið til ef fækkun í stofni markskordýra hefur áhrif á stofna annarra lífvera sem alla jafna lifa á þessum skordýrum.

Óbein áhrif geta falið í sér víxlverkanir milli fjölda lífvera og umhverfisins þannig að erfiðara verður að spá fyrir um hvers kyns hugsanleg áhrif. Þá er líklegt að ekki verði vart við óbein áhrif fyrr en síðar. Í aðferðinni verður þó að taka tillit til þessara þátta.

Tafarlaus áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað. Tafarlaus áhrif geta verið hvort sem er bein eða óbein.

Tafin áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma hugsanlega ekki fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað en koma í ljós sem bein eða óbein áhrif annaðhvort á síðara stigi eða eftir að sleppingu hefur verið hætt. Þolmyndun skordýra gagnvart Bt-eitrinu vegna endurtekinna váhrifa er dæmi um tafin áhrif.

Tafarlaus og tafin áhrif geta hvort heldur verið bein eða óbein en munurinn á þeim felst í því hvenær þau koma fram. Bein áhrif eru líklegri til að koma í ljós þegar í stað eða innan skamms tíma og í greinanlegu umfangi. Það getur tekið lengri tíma fyrir óbein áhrif að koma fram en engu að síður getur þurft að taka tillit til þeirra.

Mjög erfitt, ef ekki útilokað, er að spá fyrir um hvenær hugsanleg, ófyrirséð eða óvænt áhrif, sem ekki var vakin athygli á í áhættumatinu, koma fram. Almennt eftirlit í því skyni að staðfesta hugsanleg, ófyrirséð eða óvænt áhrif ætti því að vera þáttur í vöktunaraðferðinni.

1.1. Áhættumat

Með vöktunaraðferðinni skal tilgreina hvernig niðurstöður, sem fást úr áhættumatinu, verða staðfestar í samræmi við notkun viðkomandi erfðabreyttrar lífveru og viðtökuumhverfið. Í þessu sambandi skal taka tillit til niðurstaðna og forsendna áhættumatsins, á grundvelli vísindalegs mats og tilmæla sérfræðinganefnda. Auk þess getur þess verið krafist að atriði, sem koma til vegna áhættumatsins og eru óvissu háð að einhverju marki, t.d. hugsanleg áhrif sem geta einungis komið fram ef sleppingar eru umfangsmiklar, séu þáttur í vöktunaraðferðinni. Tilvísun í leiðbeiningarnar, sem bætast við II. viðauka við reglugerð 2001/18/EB um meginreglurnar að því er varðar mat á umhverfisáhættu, getur verið gagnleg í þessu tilliti.

1.2. Bakgrunnsupplýsingar

Að því er varðar skipulagningu og tilhögun vöktunaráætlunarinnar má nota allar bakgrunnsupplýsingar sem varða viðkomandi erfðabreytta lífveru, þ.m.t. gögn og upplýsingar úr sleppingum í tilraunaskyni, vísindarit og sambærileg gögn sem skipta máli úr öðrum sleppingum. Einkum geta gögn, sem fengin eru úr fyrirliggjandi áhætturannsóknum og vöktun á sleppingum í tilraunaskyni, komið að miklu gagni í þessu sambandi.

1.3. Nálgun

Lýsa skal hvaða nálgun er notuð í vöktunaraðferðinni. Líklegt er að í mörgum tilvikum verði áhersla lögð á megináhyggjuefni (sem nauðsynlegt er að finna svör við) og á það að komið verði á fót lotubundnu vöktunarferli til að unnt sé að auka gæði áætlunarinnar stöðugt.

Með nálguninni skal vera unnt að greina hugsanleg, skaðleg áhrif fljótlega eftir að þau koma fram. Ef skaðleg áhrif, sem rekja má til erfðabreyttrar lífveru, greinast fljótt verður fyrr unnt að koma við endurmati og grípa til ráðstafana til að draga úr hvers kyns afleiðingum þessa fyrir umhverfið.

Tilhögun vöktunaráætlana er varða erfðabreyttar lífverur skal þróuð í áföngum og með tilliti til fyrirliggjandi gagna og aðferðafræði við vöktun. Með áfangaskiptri nálgun þarf í mörgum tilvikum að taka tillit til umfangs sleppingarinnar. Fyrsti áfanginn getur byggst á niðurstöðum úr tilraunaprófunum en næstu áfangar á eftir á umfangsmiklum vettvangsprófunum og loks á könnunum á reitum sem eru nýttir í viðskiptaskyni. Sú reynsla og þær upplýsingar, sem aflað er við vöktun í tengslum við tilraunasleppingu erfðabreyttra lífvera, eru því líklegar til að koma að gagni þegar ákveða skal tilhögun vöktunarkerfisins sem nota skal eftir setningu á markað og krafist er vegna setningar erfðabreyttra lífvera á markað.

Einnig væri unnt að laga núverandi athugunaráætlanir að því að vakta þarf erfðabreyttar lífverur til að tryggja samanburðarhæfi og til að takmarka fjárútlát við þróun á nálgunaraðferðinni. Þetta tekur til fyrirliggjandi umhverfisathugunaráætlana á sviði landbúnaðar, matvælakannana, náttúruverndar, vistfræðilegra vöktunaráætlana til langs tíma, jarðvegsathugunar og

kannana sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða. Til að slíkar áætlanir geti orðið þáttur í vöktunaráætluninni þurfa tilkynnendur í fyrsta lagi að komast að viðeigandi samkomulagi við þá aðila eða stofnanir, þ.m.t. yfirvöld í viðkomandi ríkjum, sem taka að sér slík verkefni.

Í þessum þætti er lögð áhersla á tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit í samræmi við almennu markmiðin tvö skv. VII. viðauka en aðrar gerðir vöktunarkerfa koma engu að síður til greina.

1.3.1. *Tilvikssértæk vöktun*

Tilvikssértæk vöktun þjónar þeim tilgangi að staðfesta að vísindalega traustar forsendur í matinu á umhverfisáhættu varðandi hugsanleg, skaðleg áhrif af erfðabreyttri lífveru og notkun hennar séu réttar.

Með nálgunaraðferðinni skal:

– áherslan beinast að öllum hugsanlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið sem hafa verið greind í áhættumatinu, þar sem tillit er tekið til mismunandi staðsetningar, jarðvegstegundar, loftslagsskilyrða og

– tilgreindur tiltekinn frestur til að fá fram niðurstöður.

Fyrsti áfanginn í þróun vöktunaráætlunar fyrir tilvikssértæka vöktun er að ákvarða tilvikssértæk markmið vöktunaraðferðarinnar. Meðal annars þarf að ákvarða hvaða forsendur, sem varða tilvist og afleiðingar af hugsanlegum, skaðlegum áhrifum erfðabreyttu lífverunnar eða af notkun hennar, voru settar fram í matinu á umhverfisáhættu og sem staðfesta skal með tilvikssértæku vöktuninni. Ef niðurstöður áhættumatsins eru hins vegar þær að ekki sé um neina áhættu að ræða eða að hún sé óveruleg kann tilvikssértæk vöktun að vera óþörf.

Hugsanleg, skaðleg áhrif, sem greinast í matinu á umhverfisáhættu, skulu því aðeins vera tekin með í vöktunaráætluninni að vöktunin stuðli að því að forsendurnar, sem tengjast þessum áhrifum, séu staðfestar eða þeim hafnað.

Ef fyrirhuguð notkun erfðabreyttrar lífveru felur í sér ræktun getur verið nauðsynlegt að vega og meta vöktun á hugsanlegri áhættu vegna frjókornaflutnings, útbreiðslu og þráfestu þessara erfðabreyttu lífvera. Líkurnar á að þessi fyrirbæri komi fram veltur einnig á umfangi þessarar notkunar og á viðtökuumhverfinu, m.a. á nálægðinni við framleiðslu á hefðbundnum nytjaplöntutegundum, sem geta kynblandast, og á villtum, skyldum tegundum, og umfangi framleiðslunnar.

Á hinn bóginn er líklegt að hugsanleg umhverfisáhætta, sem hlýst af erfðabreyttum lífverum, sem hafa aðeins verið samþykktar til innflutnings og vinnslu, verði oft metin sem afar takmörkuð þar eð þessum erfðabreyttu lífverum verður ekki sleppt út í umhverfið og ólíklegt er að þær breiðist út.

Hugsanleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, sem hljótast af sleppingu eða setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, velta í fyrsta lagi á eðli erfðabreyttrar lífveru og á sértækri erfðabreytingu hennar. Sem dæmi má nefna að hugsanleg áhrif, sem hljótast af flutningi frjókorna frá erfðabreyttum nytjaplöntum í nytjaplöntur, sem eru ekki erfðabreyttar, eða í skyldar, villtar plöntur, munu fyrst og fremst velta á því hvort erfðabreytta nytjaplantan útæxlast (out-crossing) eða er sjálffrævandi. Í þessu samhengi getur einnig verið þörf á að huga að tilvist villtra, skyldra tegunda.

Öll síðkomin áhrif, t.d. hugsanleg þróun á þoli skordýra gagnvart Bt-eitrinu, tengjast þó aðeins þeim erfðabreyttu lífverum sem hefur verið breytt til að tjá þetta sérstaka eitur. Sú yrði ekki raunin að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem hefur verið breytt til að þola aðeins illgresiseyði, þar eð þessar erfðabreyttu lífverur hafa ekki í sér gen Bt-eitursins.

Á sama hátt skiptir það aðeins máli að vakta hugsanlegan flutning á genum sem valda þoli gegn sýklalyfjum og hugsanlegar afleiðingar þess að því er varðar erfðabreyttar lífverur ef breytingin tengist merkigeni fyrir sýklalyf.

Þegar markmiðin hafa verið sett fram á grundvelli hugsanlegra, skaðlegra áhrifa skal í næsta áfanga tilgreina þættina sem þarf að mæla í því skyni að ná fram þessum markmiðum. Bæði þættirnir og aðferðirnar, sem eru notaðar til að mæla og meta þá, verða að vera gild og henta til fyrirhugaðrar notkunar.

1.3.2. *Almennt eftirlit*

Almennt eftirlit byggist að miklu leyti á venjubundinni athugun (sem byggist á því að fara og skoða) og með því skal greina tilvist ófyrirséðra, skaðlegra áhrifa sem hljótast af erfðabreyttu lífverunni eða notkun hennar á heilbrigði manna og umhverfið sem ekki var spáð fyrir um í áhættumatinu. Líklegt er að þetta feli í sér athugun á svipfarseiginleikum en nákvæmari greining er ekki útilokuð.

Öfugt við það sem á við um tilvikssértæka vöktun skal almennt eftirlit:

– leitast við að greina og skrá öll óbein, tafin og/eða uppsöfnuð, skaðleg áhrif sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í áhættumatinu,

– fara fram á lengra tímabili og e.t.v. á stærra svæði.

Tegund almenns eftirlits, þ.m.t. staðir, svæði og allir þættir sem verða mældir, veltur að miklu leyti á því á eðli þeirra ófyrirséðu, skaðlegu áhrifin sem eru til skoðunar. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt getur verið að beita annars konar nálgun

á öll ófyrirséð, skaðleg áhrif á ræktuð vistkerfi, s.s. breytingar á líffræðilegri fjölbreytni, uppsöfnuð umhverfisáhrif vegna fjölda sleppinga og víxlverkana, en almennu eftirliti með öðrum áhrifum sem hljótast af genaflutningi.

Við almennt eftirlit er unnt að notast við fastsett, kerfisbundið eftirlit, þegar við á, s.s. vöktun nytjaplantna í landbúnaði, plöntuvarnarefna og lyfja fyrir dýr og menn, svo og áætlanir um vistfræðilega vöktun, athuganir á umhverfinu og náttúruvernd. Í vöktunaráætluninni geta einnig verið ítarlegar upplýsingar um það hvernig handhafi samþykkisins leggur fram eða fær aðgang að upplýsingum sem skipta máli og þriðji aðili hefur aflað með fastsettu, kerfisbundnu eftirliti.

Ef fastsett, kerfisbundið eftirlit er notað við almenna eftirlitið skal þeirri aðferð lýst, svo og breytingum á aðferðinni sem eru nauðsynlegar til að sinna viðeigandi, almennu eftirliti.

1.4. Grunnástand (baselines)

Ákvörðun á grunnástandi viðtökuumhverfisins er forsenda þess að unnt sé að greina og meta breytingar sem koma í ljós við vöktun. Grunnástandið er í stuttu máli viðmiðunarpunktur sem unnt er að bera öll áhrif, sem stafa af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, saman við. Þetta grunnástand skal því ákvarðað áður en gerð verður tilraun til að greina og vakta nokkur slík áhrif. Samhliða vöktun á „svæðum með erfðabreyttum lífverum“ og sambærilegum „svæðum þar sem ekki eru erfðabreyttar lífverur“ getur verið staðgönguaðferð og hún getur verið mikilvæg þar sem umhverfið er mjög virkt (dynamic).

Af þessum sökum geta áreiðanlegar upplýsingar um stöðu viðtökuumhverfisins, á grundvelli fullnægjandi umhverfisathugunarkerfa, reynst nauðsynlegar áður en kemur til framkvæmdar eftirlitsáætlana og aðgerða til að framfylgja stefnu í umhverfismálum. Umhverfisathugunaráætlunum er ætlað að taka tillit til sannreyndra eða væntra og líklegra vistkerfistengsla og geta auðveldað ákvörðun á:

– stöðu umhverfisins og breytingum þar á,
– ástæðunum fyrir slíkum breytingum og
– væntri þróun umhverfisins.

Vísar um stöðu viðtökuumhverfisins geta t.d. verið dýr, plöntur og örverur úr mismunandi lífveruhópum og vistkerfum. Viðeigandi vísa má velja á grundvelli eiginleika viðkomandi erfðabreyttrar lífveru og þáttanna sem á að vakta. Geta annarra lífvera til að kynblandast erfðabreyttu lífverunni getur einnig skipt máli í þessu sambandi. Að því er varðar tiltekna vísitegund er til fjöldi hugsanlegra þátta til mælingar eða hæfibreytna, t.d. fjöldi, vaxtarhraði, lífmassi, fjölgun, hraði fjölgunar/fækkunar í stofni og erfðafræðileg fjölbreytni.

Einnig getur verið rétt að huga að grunnástandi í tengslum við breytingar á stjórnunarvenjum sem notkun erfðabreyttra lífvera hefur í för með sér. Í þessu geta falist breytingar á notkun varnarefna að því er varðar ræktun nytjaplöntutegunda sem hefur verið breytt til að mynda þol gegn illgresiseyði og þol gegn skordýrum. Ef vöktunaráætlunin varðar erfðabreyttar nytjaplöntur, sem hafa þol gegn illgresiseyði, getur einnig verið rétt að líta á notkun illgresiseyðis fyrir hefðbundnar nytjaplöntur sem þátt í viðeigandi grunnástandi.

1.5. Tímabil

Vöktun skal standa yfir í svo langan tíma að unnt sé að greina ekki aðeins tafarlaus, hugsanleg áhrif, þar sem við á, heldur einnig tafin áhrif sem hafa verið greind í matinu á umhverfisáhættu. Einnig skal hafa í huga samspilið milli áætlaðs áhættustigs og þess hve lengi sleppingin varir. Langur sleppingartími getur aukið áhættuna af uppsöfnuðum áhrifum. Ef tafarlaus áhrif koma á hinn bóginn ekki í ljós í langan tíma er unnt að beina vöktuninni að töfðum og óbeinum áhrifum. Einnig skal vega og meta hvort nauðsynlegt er að framlengja vöktunaráætlunina umfram gildistíma samþykkisins. Það getur t.d. átt við ef þráfesta erfðabreyttu lífveranna í umhverfinu getur orðið umtalsverð.

Tilgreina skal ráðgert tímabil vöktunaráætlunarinnar og einnig skal gera grein fyrir líklegri tíðni heimsókna/skoðana og hléa vegna endurskoðunar vöktunaráætlunarinnar. Í því sambandi skal taka tillit til þess hve líklegt það er að hugsanleg áhrif, sem vakin var athygli á í matinu, komi fram. Huga skal t.d. að öllum skaðlegum áhrifum sem stafa af dreifingu, fjölgun og þráfestu/lifun erfðabreyttrar lífveru í umhverfinu eftir að hún var sett á markað. Þetta getur tekið daga eða mánuði þegar um er að ræða erfðabreyttar örverur sem hefur verið sleppt innan ramma lífhreinsunaráætlana (bio-remediation programmes) en þegar um er að ræða tilteknar tegundir nytjaplantna getur þetta tekið nokkur ár. Einnig skal vega og meta líkurnar á útbreiðslu og þráfestu breyttu raðanna sjálfra við kynblöndun með tegundum sem geta kynblandast.

Skipulagning skoðana veltur að miklu leyti á því hvers kyns áhrif á að vakta. Áhrif, sem stafa af frjókornaflutningi, koma t.d. aðeins í ljós eftir blómgun þó svo að það væri viðeigandi að heimsækja stað fyrir blómgun til að ganga úr skugga um að hve miklu leyti tegundir, sem geta kynblandast, eru fyrir hendi í nágrenninu. Á sama hátt skal tengja vöktun á sjálfsánum tegundum á síðari vaxtartímabilum því hvenær þær fella fræ og lifun þessara fræja og spírun.

Heimsóknir áður en vöktun hefst geta einnig reynst nauðsynlegar, ef við á, í því skyni að fastsetja viðeigandi grunnástand.

Vöktunaráætlanir og tímabil þeirra skulu ekki vera fastbundin í ótakmarkaðan tíma heldur skal endurskoða þær og breyta í ljósi niðurstaðna sem fást meðan vöktunaráætlunin varir.

1.6. Úthlutun ábyrgðar

Þegar upp er staðið er það tilkynnandinn/samþykkishafinn sem er ábyrgur fyrir því, samkvæmt tilskipuninni, að sjá til þess að tilkynningunni fylgi vöktunaráætlun, að henni sé komið á og að hún sé framkvæmd á viðeigandi hátt.

Sú ábyrgð er fyrst og fremst lögð á herðar tilkynnendum að leggja fram, sem hluta af tilkynningu þeirra skv. e-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar, vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka. Hæfi fyrirhugaðrar vöktunaráætlunar er ein þeirra viðmiðana sem allar umsóknir um setningu erfðabreyttrar lífveru á markað skulu dæmdar eftir. Eingöngu skal dæma áætlunina út frá því hvort hún er fullnægjandi eður ei en það krefst þess að hún uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipuninni sjálfri en ekki endilega að þessum leiðbeiningum sé fylgt strangt eftir.

Í 1. mgr. 20. gr. er síðan gerð krafa um að í kjölfar setningar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, á markað skuli tilkynnandinn sjá til þess að vöktun og tilheyrandi skýrslugjöf sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru sett í samþykkinu. Þessu skal náð fram með viðeigandi framkvæmd vöktunaráætlunarinnar.

Í tilkynningunni skal það því koma skýrt og greinilega fram hver ber ábyrgðina á hverjum áfanga vöktunaráætlunarinnar. Þetta gildir bæði um tilvikssértæka vöktun og einnig um almennt eftirlit sem þátt í vöktunaráætluninni. Þótt sú ábyrgð hvíli áfram á tilkynnandanum að sjá til þess að vöktunaráætluninni sé framfylgt útilokar það ekki að þriðju aðilar, s.s. ráðgjafar og notendur, geti verið aðilar að vöktuninni með því að taka að sér ýmis verkefni sem krafist er í vöktunaráætluninni. Ef er um að ræða almennt eftirlit getur þetta m.a. átt við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og/eða lögbær yfirvöld. Ef þriðju aðilar eru ráðnir til að annast rannsóknir í tengslum við vöktun eða samningur gerður við þá um slíkt skal útlista nákvæmlega hvernig þátttöku þeirra er háttað. Tilkynnandinn/samþykkishafinn er ábyrgur fyrir því að taka saman gögnin úr vöktuninni og niðurstöður hennar og hann verður að sjá til þess að þessar upplýsingar séu sendar til framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í samræmi við vöktunaráætlunina, einkum að því er varðar greiningu hvers kyns skaðlegra áhrifa.

Jafnframt skal geta þess að þetta útilokar ekki að aðildarríkin sinni viðbótarvöktun í formi tilvikssértækrar vöktunar eða almenns eftirlits. Markmiðið með slíku eftirliti er að gera þeim aðila, sem fer með áhættustjórnun, kleift að grípa tafarlaust til viðeigandi ráðstafana ef upp koma einhver óæskileg og ógreind áhrif innan ramma fyrra áhættumats. Ekki skal þó líta svo á að þetta geti komið í stað vöktunaráætlunarinnar en framkvæmd hennar er áfram á ábyrgð tilkynnandans (þótt það geti, með samþykki viðeigandi aðila, verið þáttur í henni).

1.7. Fyrirliggjandi kerfi

Rýmka má fyrirliggjandi vöktunar- og eftirlitskerfi þannig að þau fjalli um hugsanleg, skaðleg áhrif sem hljótast af setningu erfðabreyttra lífvera á markað. Þessi kerfi geta m.a. verið athugunaráætlanir á sviði landbúnaðar, matvælarannsókna, náttúruverndar, vistfræðilegra vöktunarkerfa til langs tíma, áætlana um athugun á umhverfinu og kannana sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða.

Fræframleiðslukerfi, þar sem vottunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar er fylgt og sem fela þar af leiðandi í sér kerfisbundnar skoðanir á ökrum og nærliggjandi svæðum, má t.d. laga að vöktun sérstakra þátta á ökrum.

Í aðildarríkjunum fer þegar fram vöktun og eftirlit með hefðbundnum nytjaplöntum, sem eru ræktaðar í viðskiptaskyni, að því er varðar útreikning á notkun áburðar, svo og varnir gegn skaðvöldum, sjúkdómum og illgresi. Á vaxtartímanum annast ráðgjafar, sem selja viðkomandi landbúnaðarafurðir, og ræktendurnir sjálfir þessa tegund reglulegrar vöktunar og eftirlits.

Af þessum sökum getur verið unnt að tengja sambærilega þjónustu við sölu á erfðabreyttu fræi þar sem fulltrúar fyrirtækisins eða samningsbundnir ráðgjafar annast a.m.k. einhvers konar almennt eftirlit. Koma má leiðbeiningum varðandi eftirlit, vöktun og skýrslugjöf til ræktenda sem kaupa erfðabreytt fræ og eitt af sölu- eða notkunarskilyrðum getur verið að samningur sé gerður um vöktun.

Ræktendur eða landbúnaðarráðgjafar geta vissulega gert kannanir á stórfelldum, ófyrirséðum breytingum eða áhrifum, s.s. útbreiðslu og bólfestu sjálfsáinna plantna á aðliggjandi svæðum, ef skýrar leiðbeiningar eru gefnar. Við þær kringumstæður er gert ráð fyrir að vöktun og eftirlit með skaðlegum áhrifum geti orðið þáttur í venjubundnum starfsvenjum við ákvörðun á magni og tegund varnarefna við eyðingu skaðvalda og illgresis.

2. **Aðferðafræði við vöktun**

Í þessum þætti eru leiðbeiningar um þá þætti og þau atriði sem getur þurft að greina og vakta innan ramma vöktunaráætlunarinnar, svo og um leiðir til að framkvæma þess háttar vöktun, þ.m.t. svæði sem á að vakta og tíðni vöktunar.

2.1. Þættir/atriði við vöktun

Í upphafi er nauðsynlegt að tilgreina þætti/atriði sem skipta máli og á að vakta, með viðeigandi rökstuðningi fyrir vali þeirra. Þetta veltur að miklu leyti á niðurstöðum matsins á umhverfisáhættu. Taka verður ákvarðanir, að því er varðar þætti eða atriði sem á að vakta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við breytta eiginleika erfðabreyttu lífverunnar, sem um er að ræða.

Þetta á m.a. við um vöktun á ætluðum áhrifum breytingarinnar á marklífverur, t.d. vöktun á stofnum maísmöls að því er varðar ræktun á Bt-maísyrkjum.

Á hinn bóginn getur líka reynst nauðsynlegt að vega og meta ósértæk atriði sem þátt í vöktunaráætluninni og dæmi um slík atriði eru sett fram hér á eftir, þótt önnur séu ekki útilokuð:

– áhrif af breytingunni á lífverur sem ekki eru í markhópi, þar á meðal þróun á þoli í villtum, skyldum tegundum eða skaðlegum lífverum, breyting á hýsilsviði eða á dreifingu skaðlegra lífvera og veira og þróun nýrra veira,
– dreifing, bólfesta og þráfesta í umhverfi eða vistkerfum sem eru ekki markumhverfi eða markvistkerfi,
– útæxlun/kynblöndun (t.d. tilvist, aðferðir og tíðni útæxlunar/kynblöndunar) með villtum ættingjum í náttúrulegum stofnum sem geta kynblandast,
– ótilætlaðar breytingar á grunnatferli lífverunnar, t.d. breytingar á fjölgun, fjölda afkvæma, vaxtaratferli og lifunarhæfni fræsins,
– breytingar í líffræðilegri fjölbreytni (t.d. á fjölda eða samsetningu tegunda).

2.2. Svæði/sýni

Í vöktunaráætluninni geta verið nánari upplýsingar um hvar vöktun eigi að fara fram og til hvaða svæðis hún tekur. Þar getur verið um að ræða tiltekið aðildarríki, landsvæði, einstaka staði, reiti eða önnur svæði sem teljast heppileg.

Svæðin og/eða sýnin sem á að vakta að því er varðar hugsanleg áhrif vegna setningar erfðabreyttu lífverunnar á markað skulu tilgreind, þ.m.t. svæðin sem þjóna sem viðmiðun eða til samanburðar. Öll viðmiðunar- eða samanburðarsvæði og/eða -sýni verða að vera nægilega dæmigerð með tilliti til umhverfis og aðstæðna við notkun ef unnt á að vera að draga sannfærandi ályktanir. Auk þess skulu allar aðferðir við sýnatöku byggjast á traustum vísindalegum og tölfræðilegum grunni. Á þessum grundvelli geta slík gögn veitt mikilvægar upplýsingar um breytingar á vísum og treyst greininguna á áhrifunum.

Þegar það er vegið og metið hvaða svæði á að vakta, að því er varðar t.d. erfðabreytta tegund nytjaplantna, má við ákvörðun á því hvaða búsvæði eru valin til vöktunar taka tillit til eiginleika hennar (bæði eðlislægra og breyttra), svo og fjölgunar hennar og útbreiðslu og tegunda vistkerfa sem geta orðið fyrir áhrifum. Svæði sem máli skiptir að vakta geta m.a. verið valdir akrar þar sem nytjaplöntur eru ræktaðar til sölu, svo og nærliggjandi búsvæði.

Einnig getur reynst nauðsynlegt að rýmka vöktun/eftirlit þannig að taki til ræktaðra eða óræktaðra, aðliggjandi eða nærliggjandi svæða, til svæða þar sem sjálfsánar plöntur eru líklegar til að skjóta upp kollinum eftir uppskeru og til verndaðra svæða. Tilteknar tegundir búsvæða, s.s. svæði, sem hefur verið hreyft við, og tegundaauðug plöntusamfélög, eru líklegri en önnur til að verða fyrir innrás. Röskuð svæði með litlum gróðri og með ríkulegu úrvali jurta og grasa eru einkar heppileg til vöktunar. Í fyrsta lagi finnast svona svæði víða og þau eru oft nærri landbúnaðarsvæðum þar sem ræktun er þéttbærari. Í öðru lagi eru þessi svæði oft við akvegi, skurði og útjaðra akra þar sem mestar líkur eru á að fræ fari niður og dreifist fyrir slysni.

Einnig er vert að vega og meta nauðsyn vöktunar vegna möguleika á flutningi erfðaefnis í lífrænt ræktaðar og hefðbundnar nytjaplöntur sem geta kynblandast. Slíkt krefst könnunar á því í hve miklum mæli slíkar nytjaplöntur eru ræktaðar á aðliggjandi eða nærliggjandi svæðum.

2.3. Skoðun

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina líklega tíðni skoðana. Þetta getur falið í sér tímaáætlun til að gefa til kynna tímasetningu og fjölda fyrirhugaðra vettvangsheimsókna. Í þessu samhengi skal, eins og þegar hefur verið útlistað í þáttum 1.5 og 2.2, taka tillit til þess hvenær hugsanleg, skaðleg áhrif eru líklegust til að koma fram og hvaða svæði skuli vakta.

2.4. Sýnataka og greining

Tilgreina skal þá aðferð sem notuð er til að vakta síðar þessa þætti/atriði og lýsa henni nákvæmlega, þ.m.t. tækni við sýnatöku og greiningu. Fylgja skal staðlaðri aðferðafræði, eins og t.d. er kveðið á um í Evrópustöðlum Staðlasamtaka Evrópu og aðferðum Efnahags- og framfarastofnunarinnar við vöktun lífvera í umhverfinu, eftir því sem við á, og gefa skal tilvísun í heimildir um aðferðafræðina. Aðferðir, sem eru notaðar við vöktun, skulu vera vísindalega traustar og gildar við þau tilraunaskilyrði þar sem á að beita þeim; því skal vega og meta eiginleika aðferðanna, eins og valvísi, sérhæfni, samanburðarnákvæmni, allar takmarkanir, greiningarmörk og hvort viðeigandi samanburður sé fyrir hendi.

Í vöktunaráætluninni skal einnig tilgreina hvernig búist er við að aðferðin verði uppfærð, ef við á, í samræmi við þá nálgun/aðferð við vöktunina sem hefur verið valin.

Einnig má beita tölfræðilegri greiningu við ákvörðun á tilhögun viðeigandi aðferðar við sýnatöku og prófun, í því skyni að ákvarða heppilegustu sýnastærð og lágmarksvöktunartímabil við ákvörðun á tölfræðilega marktækum áhrifum.

2.5. Öflun gagna og samanburður þeirra

Í vöktunaráætluninni skal tilgreint, bæði hvað varðar tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit, hvernig afla skal gagna og hvernig þau eru borin saman, hver gerir það og hversu oft. Þetta getur verið sérlega mikilvægt ef þriðju aðilar eru ráðnir til gagnaöflunar eða samið er við þá um það verkefni. Tilkynnendur geta þurft að leggja fram staðlaðar aðferðir, eyðublöð og aðferðarlýsingar við öflun og skráningu gagna til að tryggja samræmi. Til dæmis er unnt að leggja fram stöðluð skráningarblöð eða færa eða skrá gögnin beint inn í staðlaðan töflureikni í fartölvu. Tilkynnandinn getur einnig þurft að greina nánar frá því hvernig gögnin verða borin saman og ekki síður hvernig upplýsingar verða fengnar frá þriðju aðilum, s.s. ráðgjöfum eða notendum.

Einnig skal tilgreina skilafrest fyrir skýrslur með nákvæmum upplýsingum um niðurstöður vöktunarinnar og hve oft þær skulu birtast.

3. **Greining, skýrslugjöf, endurskoðun**

Í vöktunaráætluninni skal tilgreint hversu oft gögnin eru endurskoðuð og rædd í heildargreiningu.

3.1. Mat

Mat á gögnum skal, eftir því sem við á, fela í sér tölfræðilega greiningu með viðeigandi gildum fyrir staðalskekkju til að unnt sé að taka síðar ákvarðanir á traustum grunni. Þessar ákvarðanir snúast t.d. um hvort mat, sem athygli er vakin á í áhættumati, sé rétt. Í þessu sambandi er rétt grunnástand og/eða samanburður, sem tengist stöðu viðtökuumhverfisins, einnig afar mikilvægur fyrir nákvæmt mat. Með notkun tölfræðilegrar greiningar fást einnig upplýsingar um hvort aðferðin, þ.m.t. sýnataka og prófun, sé við hæfi.

Mat á niðurstöðum úr vöktun og könnunum getur leitt í ljós hvort vakta skuli aðra þætti samkvæmt áætluninni. Einnig getur þurft að kanna viðeigandi viðbrögð við öllum bráðabirgðaniðurstöðum, einkum ef þær benda til hugsanlegra, neikvæðra áhrifa á viðkvæm búsvæði og lífveruhópa.

Við túlkun á gögnum, sem aflað er með vöktun, getur þurft að hafa hliðsjón af öðrum umhverfisskilyrðum og annarri starfsemi sem fram fer. Verði breytinga vart á umhverfinu getur frekara mat reynst nauðsynlegt til að skera úr um hvort þær megi rekja til erfðabreyttu lífverunnar eða notkunar hennar eða hvort slíkar breytingar geti stafað af öðrum umhverfisþáttum en setningu erfðabreyttu lífverunnar á markað. Nauðsynlegt getur verið í þessu sambandi að endurmeta grunnástandið sem er notað til samanburðar.

Vöktunaráætlunin skal vera þannig úr garði gerð að niðurstöður bæði tilvikssértækrar vöktunar og almenns eftirlits, svo og viðbótarrannsókna, geti hæglega nýst í ferlinu við ákvarðanatöku að því er varðar endurnýjun á samþykki fyrir vörur.

3.2. Skýrslugjöf

Í kjölfar setningar erfðabreyttrar lífveru á markað er tilkynnandanum lagalega skylt, skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar, að sjá til þess að vöktun og skýrslugjöf sé háttað samkvæmt þeim skilyrðum sem eru tilgreind í samþykkinu. Leggja verður skýrslur um þessa vöktun fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, þó svo að ekki sé mælt fyrir um tímaramma fyrir framlagningu þeirra. Þessar upplýsingar skulu einnig gerðar aðgengilegar öllum í samræmi við kröfur 4. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar. Með þetta í huga skulu tilkynnendur gera grein fyrir skilyrðunum um skýrslugjöf í vöktunaráætluninni.

Auk þess skal það koma fram í vöktunaráætluninni hvernig viðkomandi upplýsingum, sem aflað er með fastsettu eða kerfisbundnu eftirliti, er komið á framfæri við leyfishafann og lögbær yfirvöld.

Tilkynnendur/samþykkishafar skulu sjá til þess að niðurstöður og ráðstafanir vöktunaráætlunarinnar séu gagnsæjar og í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvernig skýrt er frá upplýsingunum, sem hefur verið aflað, eða hvernig þær eru birtar. Það má t.d. gera með:

– upplýsingablöðum til notenda og annarra hagsmunaaðila,
– vinnufundum þar sem upplýsingar eru kynntar og hagsmunaaðilar geta miðlað reynslu sinni,
– skjölum sem eru geymd innan fyrirtækisins,
– skráningu á vefsetrum fyrirtækja,
– birtingu upplýsinga í fag- og vísindaritum.

Ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar tengjast einnig skýrslugjöf. Ef nýjar upplýsingar varðandi áhættu berast frá notendum eða úr öðrum áttum skal tilkynnandinn, í samræmi við 2. mgr. 20. gr., grípa þegar í stað til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið og upplýsa lögbært yfirvald þar um.

Auk þess þarf tilkynnandinn einnig að endurskoða upplýsingarnar og skilyrðin sem tilgreind eru í tilkynningunni.

3.3. Endurskoðun og aðlögun

Ekki skal líta á vöktunaráætlanir sem endanlegar. Mjög mikilvægt er að endurskoða vöktunaráætlunina og tilheyrandi aðferðir með viðeigandi millibili og uppfæra hana eða aðlaga eftir því sem nauðsyn krefur.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar getur lögbært yfirvald, sem tekur við upphaflegu tilkynningunni, á grundvelli skýrslna, sem tilkynnendur hafa lagt fram og í samræmi samþykkið og rammann um tilgreindu vöktunaráætlunina, aðlagað vöktunaráætlunina að loknu fyrsta vöktunartímabilinu. Tilkynnandinn ber þó áfram ábyrgð á framkvæmd endurskoðuðu vöktunaráætlunarinnar.

Við endurskoðun skal kanna hversu árangursríkar og skilvirkar mælingar og öflun gagna eru, þ.m.t. sýnataka og greining. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort ráðstafanir við vöktunina séu árangursríkar í tengslum við áhættumatið og öll álitaefni sem koma upp vegna áhættumatsins.

Ef tiltekin spálíkön eru t.d. notuð má fullgilda þau á grundvelli gagna sem hefur verið aflað og mats sem unnið er í kjölfarið. Á sama hátt skal einnig taka tillit til nýmæla og framfara í sýnatöku- og greiningartækni, eftir því sem við á.

Í kjölfar slíkra endurskoðana getur reynst nauðsynlegt að lagfæra aðferðirnar, markmið vöktunarinnar og vöktunaráætlunina og skal aðlaga þær eða uppfæra eftir því sem við á.

Fylgiskjal V.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 3. október 2002

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum

(2002/812/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum h-lið 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt C-hluta tilskipunar 2001/18/EB skal fyrirframtilkynning send lögbæru yfirvaldi í aðildarríki þegar fyrirhugað er að setja erfðabreytta lífveru eða samsetningu slíkra lífvera á markað.

2) Í tilkynningunni er m.a. að finna samantekt úr viðeigandi málsskjölum, sem lögbæra yfirvaldið skal senda lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum auk framkvæmdastjórnarinnar og skal framkvæmdastjórnin þegar í stað gera hana aðgengilega almenningi. Samantektin skal sett fram á sérstöku eyðublaði.

3) Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og eru settar fram á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt en upplýsingarnar, sem þannig eru látnar í té, má þó ekki leggja til grundvallar mati á umhverfisáhættu.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina, sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Við samantekt málsskjalanna, sem leggja skal fyrir lögbært yfirvald í aðildarríki skv. h-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, skal tilkynnandinn nota eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,
F. HANSEN
forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA Í TENGSLUM VIÐ SETNINGU ERFÐABREYTTRAR LÍFVERU EÐA SAMSETNINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA Á MARKAÐ SEM VÖRUR EÐA HLUTA AF VÖRUM

INNGANGUR

Nota skal eftirfarandi eyðublað við samantekt málsskjalanna sem fylgja tilkynningu til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu að því er varðar setningu erfðabreyttrar lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera á markað sem vörur eða hluta af vörum.

Þegar þetta skjal hefur verið fyllt út inniheldur það samantekt um upplýsingarnar sem skráðar hafa verið í tilheyrandi reiti í heildarskjalinu. Því verður áhættumatið, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, ekki unnið á grundvelli þessa skjals einvörðungu.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverri spurningu og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist á eyðublaði fyrir samantekt upplýsinga.

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga skiptist í 1. og 2. hluta.

1. hluti gildir um vörur sem eru að hluta til eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, öðrum en háplöntum, og skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Eðli erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur

C Áætluð hegðun vörunnar

D Upplýsingar um fyrri sleppingar

E Upplýsingar um vöktunaráætlunina

2. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum háplöntum. Hugtakið „háplöntur“ nær yfir fræplöntur sem skiptast í berfrævinga (Gymnospermae) og dulfrævinga (Angiospermae). 2. hluti skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Eðli erfðabreyttu háplantnanna sem varan inniheldur

C Upplýsingar um fyrri sleppingar

D Upplýsingar um vöktunaráætlunina

1. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA UM VÖRUR SEM INNIHALDA ERFÐABREYTTAR LÍFVERUR, AÐRAR EN HÁPLÖNTUR

A. **Almennar upplýsingar**

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki	
b) Númer tilkynningar	
c) Heiti vörunnar (verslunarheiti og önnur heiti)	
d) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar	

2. *Tilkynnandi/framleiðandi/innflytjandi*

a) Nafn tilkynnanda		
b) Heimilisfang tilkynnanda		
c) Tilkynnandinn er	innlendur framleiðandi	☐
	innflytjandi	☐

d) Þegar um er að ræða innflutning i. Nafn framleiðanda ii. Heimilisfang framleiðanda

3. *Lýsing á eiginleikum erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur*

Tilgreinið heiti og eðli hverrar tegundar erfðabreyttrar lífveru sem varan inniheldur

4. *Almenn lýsing á vörunni*

a) Tegund vöru
b) Samsetning vörunnar
c) Sérvirkni vörunnar
d) Notendahópar
e) Sérstök skilyrði fyrir notkun og meðhöndlun sem lagt er til að verði sett varðandi leyfið sem sótt er um
f) Landsvæði, ef við á, innan ESB sem varan á að takmarkast við samkvæmt skilmálum leyfisins sem sótt er um
g) Umhverfi sem varan hentar ekki fyrir
h) Áætluð eftirspurn á ári i. í Bandalaginu ii. á útflutningsmörkuðum fyrir vörur EB
i) Sérstakur auðkenniskóði erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna

5. *Hefur verið tilkynnt um samsetningu erfðabreyttu lífveranna í vörunni samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
i. Ef svarið er já: gefið upp land og númer tilkynningar	
ii. Ef svarið er nei: vísið til gagna um áhættugreiningu á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB.	

6. *Er öðru aðildarríki tilkynnt um vöruna á vegum sama tilkynnanda á sama tíma?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar:	

7. *Hefur önnur vara með sömu samsetningu erfðabreyttra lífvera verið sett á markað EB á vegum annars tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar:		

8. *Samantekt á gögnum, sem aflað er við sleppingu sömu erfðabreyttu lífveranna eða sömu samsetningar þeirra sem hefur farið fram áður eða fer fram við skilyrði sem eru dæmigerð fyrir mismunandi umhverfi þar sem hugsanlegt er að nota erfðabreyttar lífverur*

9. *Tilgreinið fyrirmæli og/eða tilmæli varðandi geymslu og meðhöndlun, þ.m.t. lögboðnar takmarkanir sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um*

10. *Tillaga um umbúðir*

11. *Tillaga að kröfum varðandi merkingar til viðbótar þeim sem krafist er samkvæmt lögum*

12. *Ráðstafanir sem tilkynnandi leggur til að verði gerðar ef um óviljandi sleppingu eða rangnotkun er að ræða*

13. *Ráðstafanir vegna förgunar og meðhöndlunar úrgangs (ef við á)*

B. **Eðli erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur**

UPPLÝSINGAR UM ARFÞEGA EÐA MÓÐURLÍFVERU(R) SEM ERFÐABREYTTA LÍFVERAN ER LEIDD AF

14. *Vísindaheiti og almenn heiti*

15. *Svipfars- og erfðaeinkenni*

16. *Landfræðileg dreifing og náttúrulegt búsvæði lífverunnar*

17. *Erfðafræðilegur stöðugleiki lífverunnar og þættir sem hafa áhrif á hann*

18. *Möguleiki á genaflutningi og skiptum við aðrar lífverur og líklegar afleiðingar genaflutnings*

19. *Upplýsingar um æxlun og þætti sem hafa áhrif á hana*

20. *Upplýsingar um lifun og þætti sem hafa áhrif á hana*

21. *Útbreiðsluleiðir og þættir sem hafa áhrif á þær*

22. *Víxlverkanir við umhverfið*

23. a) Greiningaraðferðir

23. b) Sanngreiningaraðferðir

24. *Flokkun samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og/eða umhverfisins*

25. a) Sjúkdómsvaldandi eiginleikar

25. b) Aðrir skaðlegir eiginleikar lífveranna, lifandi eða dauðra, þ.m.t. utanfrumuafurðir

26. *Eðli þekktra, erfðafræðilegra eininga utan litninga og lýsing á þeim*

27. *Samantekt á þekktri sögu fyrri erfðabreytinga*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTINGUNA

28. *Aðferðir sem notaðar eru við erfðabreytinguna*

29. *Eiginleikar genaferjunnar*

a) Eðli og uppruni genaferjunnar
b) Lýsing á byggingu genaferjunnar
c) Genakort og/eða skerðikort genaferjunnar

d) Gögn um röð
e) Upplýsingar um það að hve miklu leyti raðir, þar sem framleiðslan eða starfsemin er óþekkt, eru í genaferjunni
f) Genaflutningshæfni genaferjunnar
g) Hreyfanleikatíðni genaferjunnar
h) Sá hluti genaferjunnar sem verður eftir í erfðabreyttu lífverunni

30. *Upplýsingar um innskotið*

a) Aðferðir sem notaðar eru til að mynda innskotið
b) Skerðiset
c) Röð innskotsins
d) Uppruni og hlutverk hvers erfðafræðilegs þáttar innskotsins í erfðabreyttu lífverunni
e) Upplýsingar um það að hve miklu leyti innskotið takmarkast við þá starfsemi sem krafa er gerð um

f) Staðsetning innskotsins í erfðabreyttu lífverunni

UPPLÝSINGAR UM LÍFVERU(R) SEM INNSKOTIÐ ER FENGIÐ ÚR (ARFGJAFA)

31. *Vísindaheiti og önnur heiti*

32. *Tilgreinið hvort arfgjafinn hefur sjúkdómsvaldandi eða skaðlega eiginleika; tilgreinið eðli þessara eiginleika ef um þá er að ræða*

33. *Tilgreinið, ef arfgjafinn býr yfir sjúkdómsvaldandi eða skaðlegum eiginleikum, hvort gjafaraðirnar séu á einhvern hátt tengdar þeim*

34. *Flokkun samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og umhverfisins*

35. *Tilgreinið hvort náttúruleg skipti á erfðaefni milli arfgjafa og arfþega séu hugsanleg eða hafi verið sannreynd*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTA(R) LÍFVERU(R) Í VÖRUNNI

36. *Lýsing á erfðaeinkennum eða svipfarseiginleikum ef þau eru önnur en hjá arfþega eða arfþegum eða móður-lífveru(m)*

37. *Erfðafræðilegur stöðugleiki erfðabreyttu lífverunnar ef hann er annar en hjá arfþega eða arfþegum eða móðurlífveru(m)*

38. *Hraði og stig tjáningar hins nýja erfðaefnis*

39. *Virkni tjáðu prótínanna*

40. a) Lýsing á greiningaraðferðum fyrir erfðabreyttu lífveruna í umhverfinu, ef þær eru aðrar en fyrir arfþega eða móðurlífveru(r)

40. b) Lýsing á sanngreiningaraðferðum til að greina erfðabreyttu lífveruna frá arfþeganum eða móðurlífverunni

41. *Heilbrigðissjónarmið*

a) Eiturhrif eða ofnæmisvaldandi áhrif erfðabreyttu lífveranna og/eða efnaskiptaafurða þeirra, ef þau eru verulega frábrugðin eiturhrifum og ofnæmisvaldandi áhrifum arfþegans/móðurlífverunnar.

b) Hætta sem tengist vörunni, ef hún er umtalsverð

c) Samanburður á erfðabreyttu lífverunni og arfgjafanum, arfþeganum eða móðurlífverunni að því er varðar meinvirkni, sé verulegur munur á

d) Geta til að ná bólfestu, ef verulega frábrugðin getu arfþega eða móðurlífveru/-lífvera
e) Ef lífveran veldur fremur sjúkdómum í mönnum með heilbrigt ónæmiskerfi en arfþeginn/arfþegarnir eða móðurlífveran/-lífverurnar skal leggja fram upplýsingarnar sem tilgreindar eru í i. og iv. lið 2. liðar C-liðar í II. hluta III. viðauka A

VÍXLVERKUN ERFÐABREYTTU LÍFVERUNNAR OG UMHVERFISINS

42. *Lifun, fjölgun og útbreiðsla erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna í umhverfinu, ef annað en hjá arfþeganum eða móðurlífverunni*

43. *Umhverfisáhrif erfðabreyttu lífveranna, ef önnur en áhrif arfþegans eða móðurlífverunnar*

C. **Áætluð hegðun vörunnar, ef önnur en hegðun arfþega eða móðurlífvera**

UMHVERFISÁHRIF VÖRUNNAR

ÁHRIF VÖRUNNAR Á HEILBRIGÐI MANNA, EF ÖNNUR EN ÁHRIF ARFÞEGA EÐA MÓÐURLÍFVERA

D. **Upplýsingar um fyrri sleppingar**

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR SEM TILKYNNT HEFUR VERIÐ UM SAMKVÆMT B-HLUTA TILSKIPUNARINNAR (EF VIÐ Á)

1. *Númer tilkynningar*

2. *Sleppingarstaður*

3. *Markmiðið með sleppingunni*

4. *Lengd þess tíma sem sleppingin varir*

5. *Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu*

6. *Markmiðið með vöktun eftir sleppingu*

7. *Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu*

8. *Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið skv. 8. gr. tilskipunar 90/220/EBE eða 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB*

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR Í BANDALAGINU EÐA UTAN ÞESS

1. *Sleppingarland*

2. *Yfirvald sem hefur umsjón með sleppingunni*

3. *Sleppingarstaður*

4. *Markmiðið með sleppingunni*

5. *Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu*

6. *Markmiðið með vöktun eftir sleppingu*

7. *Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu*

8. *Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið*

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR Í BANDALAGINU EÐA UTAN ÞESS

E. **Upplýsingar um vöktunaráætlunina — tilgreind einkenni, eiginleikar og óvissuþættir sem varða erfðabreyttu lífveruna eða víxlverkun hennar við umhverfið og fjalla skal um í vöktunaráætluninni eftir setningu á markað**

2. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA UM VÖRUR SEM INNIHALDA ERFÐABREYTTAR HÁPLÖNTUR

A. **Almennar upplýsingar**

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki
b) Númer tilkynningar
c) Heiti vörunnar (verslunarheiti og önnur heiti)
d) Dagsetning staðfestingar fyrir móttöku tilkynningar

2. *Tilkynnandi*

a) Nafn tilkynnanda
b) Heimilisfang tilkynnanda
c) Er tilkynnandinn innlendur framleiðandi ☐ innflytjandi ☐
d) Gefa skal upp nafn og heimilisfang framleiðanda ef um innflutning er að ræða

3. *Almenn lýsing á vörunni*

a) Heiti arfþega eða móðurplöntu og fyrirhugað hlutverk erfðabreytingarinnar
b) Tiltekið form vörunnar sem ekki má setja á markað (fræ, afskorin blóm, plöntuhlutar til kynlausrar fjölgunar o.s.frv.) sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um
c) Fyrirhuguð notkun vörunnar og notendahópar

d) Sértæk fyrirmæli og/eða tillögur um notkun, geymslu og meðhöndlun, þ.m.t. lögboðnar takmarkanir, sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um
e) Landsvæði, ef við á, innan ESB sem varan á að takmarkast við samkvæmt skilmálum leyfisins sem sótt er um
f) Umhverfi sem varan hentar ekki fyrir
g) Tillaga um kröfur varðandi umbúðir
h) Tillaga um kröfur varðandi merkingar til viðbótar þeim sem krafist er samkvæmt lögum
i) Áætluð möguleg eftirspurn i. í Bandalaginu ii. á útflutningsmörkuðum fyrir vörur EB
j) Sérstakur auðkenniskóði erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna

4. *Hefur verið tilkynnt um erfðabreytta háplöntu í þessari vöru samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB og/eða tilskipun 90/220/EBE?*

Já ☐	Nei ☐
i) Ef svarið er nei: vísið til gagna um áhættugreiningu á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB	

5. *Er öðru aðildarríki tilkynnt um vöruna á sama tíma?*

Já ☐	Nei ☐
i) Ef svarið er nei: vísið til gagna á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB	

eða

Hefur varan verið tilkynnt í þriðja landi áður eða á sama tíma?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: gefið upp númer tilkynningar og aðildarríki	

6. *Hefur verið tilkynnt um sömu erfðabreyttu háplöntu áður að því er varðar setningu á markað í Bandalaginu?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: gefið upp númer tilkynningar og aðildarríki	

7. *Ráðstafanir sem tilkynnandinn leggur til að verði gerðar ef um óviljandi sleppingu eða rangnotkun er að ræða, svo og ráðstafanir varðandi förgun og meðhöndlun*

B. **Eðli erfðabreyttu háplöntunnar í vörunni**

UPPLÝSINGAR SEM VARÐA ARFÞEGA EÐA (EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á) MÓÐURPLÖNTUR

8. *Nákvæmt heiti*

a) Ættarheiti
b) Ættkvísl
c) Tegund
d) Undirtegund
e) Ræktunarafbrigði/ræktunarlína
f) Almennt heiti

9. a) Upplýsingar um æxlun

i. Æxlunarmáti
ii. Sérstakir þættir sem hafa áhrif á æxlun, ef um þá er að ræða
iii. Kynslóðartími

9. b) Geta til að kynblandast öðrum ræktuðum eða villtum tegundum plantna

10. *Lifunarhæfni*

a) Hæfileiki til að mynda þolin lífform eða dvalastig
b) Sérstakir þættir sem hafa áhrif á lifunarhæfni, ef um þá er að ræða

11. *Útbreiðsla*

a) Útbreiðsluleiðir og umfang útbreiðslu
b) Sérstakir þættir sem hafa áhrif á lifunarhæfni, ef um þá er að ræða

12. *Landfræðileg dreifing plöntunnar*

13. *Lýsing á náttúrulegu búsvæði plöntunnar, þ.m.t. upplýsingar um lífverur sem nærast á henni í náttúrunni og náttúrulega sníkla, keppinauta og samlífisverur ef um er að ræða tegund plantna sem er að öllu jöfnu ekki ræktuð í aðildarríkinu eða -ríkjunum*

14. *Verulegar víxlverkanir sem hugsanlega geta orðið milli plöntunnar og annarra lífvera í vistkerfinu þar sem hún er að öllu jöfnu ræktuð, þ.m.t. upplýsingar um eiturhrif á menn, dýr og aðrar lífverur*

15. *Svipfars- og erfðaeinkenni*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTINGUNA

16. *Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við erfðabreytinguna*

17. *Eðli og uppruni genaferjunnar sem er notuð*

18. *Stærð, uppruni [heiti arfgjafa] og fyrirhuguð starfsemi hvers efnishluta á því svæði sem til stendur að skjóta inn*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTU HÁPLÖNTUNA

19. *Lýsing á þeim einkennum og eiginleikum sem hefur verið bætt við eða breytt*

20. *Upplýsingar um þær raðir sem hefur í raun verið skotið inn, hafa verið felldar brott eða hefur verið breytt*

a) Stærð og gerð innskotsins og þær aðferðir sem eru notaðar við að lýsa því, þ.m.t. upplýsingar um hvern þann hluta genaferjunnar sem er skotið inn í erfðabreyttu háplöntuna eða sérhvern DNA-bera eða framandi DNA sem eftir verður í erfðabreyttu háplöntunni
b) Stærð og hlutverk brottfellda svæðisins eða svæðanna ef um úrfellingu er að ræða
c) Staðsetning innskots í plöntufrumunum (samþætt í litninginn, grænukornið eða hvatberann eða þau eru ósamþætt) og aðferðir við ákvörðun á henni
d) Fjöldi afrita og erfðafræðilegur stöðugleiki innskotsins
e) Lýsið starfsemi breytta erfðaefnisins á undan breytingunni og eftir hana ef um aðrar breytingar en innskot eða úrfellingu er að ræða, svo og beinum breytingum á tjáningu gena í kjölfar breytingarinnar

21. *Upplýsingar um tjáningu innskotsins*

a) Upplýsingar um tjáningu innskotsins og aðferðir sem notaðar eru til að lýsa því
b) Plöntuhlutarnir þar sem innskotið er tjáð (rætur, stöngull, frjókorn o.s.frv.)

22. *Upplýsingar um að hvaða leyti erfðabreytta háplantan er frábrugðin arfþegaplöntunni að því er varðar*

a) æxlunarmáta og/eða æxlunarhraða

b) útbreiðslu
c) lifunarhæfni
d) annan mun

23. *Geta til færslu erfðaefnis úr erfðabreyttu háplöntunni yfir í aðrar lífverur*

24. *Upplýsingar um hvers kyns skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem stafa af erfðabreytingunni*

25. *Upplýsingar um öryggi erfðabreyttu háplöntunnar með tilliti til heilbrigðis dýra ef fyrirhugað er að nota erfðabreyttu háplöntuna í dýrafóðri, ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

26. *Gangvirki víxlverkunar milli erfðabreyttu háplöntunnar og marklífveranna (ef við á), ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

27. *Verulegar víxlverkanir við lífverur utan markhóps, séu þær aðrar en við arfþega eða móðurlífveru(r).*

28. *Lýsing á greiningar- og sanngreiningaraðferðum til að greina erfðabreyttu háplöntuna frá arfþeganum eða móðurlífverunni*

UPPLÝSINGAR UM HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF AF SLEPPINGU ERFÐABREYTTU HÁPLÖNTUNNAR

29. *Hugsanleg umhverfisáhrif af sleppingu erfðabreyttra háplantna eða af setningu þeirra á markað (liður D.2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB), ef þau eru frábrugðin áhrifum af svipaðri sleppingu arfþegans eða móðurlífverunnar eða setningu þeirra á markað*

30. *Hugsanleg umhverfisáhrif af víxlverkun milli erfðabreyttu háplöntunnar og marklífveranna (ef við á), ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

31. *Möguleg umhverfisáhrif sem stafa af hugsanlegum víxlverkunum við lífverur utan markhóps, ef munur er á þeim lífverum og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

a) Áhrif á líffræðilega fjölbreytni á ræktunarsvæðinu
b) Áhrif á líffræðilega fjölbreytni á öðrum búsvæðum
c) Áhrif á frjóbera
d) Áhrif á tegundir í útrýmingarhættu

C. **Upplýsingar um fyrri sleppingar**

32. *Sögulegt yfirlit yfir fyrri sleppingar sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB og B-hluta tilskipunar 90/220/EBE á vegum sama tilkynnanda*

a) Númer tilkynningar
b) Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu
c) Niðurstöður sleppingarinnar að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið (lagt fyrir lögbært yfirvald skv. 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB)

33. *Sögulegt yfirlit yfir fyrri sleppingar sem hafa farið fram innan eða utan Bandalagsins á vegum sama tilkynnanda*

a) Sleppingarland
b) Yfirvald sem hefur umsjón með sleppingunni
c) Sleppingarstaður
d) Markmiðið með sleppingunni
e) Lengd þess tíma sem sleppingin varir
f) Markmiðið með vöktun eftir sleppingu
g) Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu
h) Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu
i) Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið

D. **Upplýsingar um vöktunaráætlunina — einkenni, eiginleikar og óvissuþættir sem hafa verið staðfest og varða erfðabreyttu lífveruna eða víxlverkun hennar við umhverfið og fjalla skal um í vöktunaráætluninni eftir setningu á markað**

Fylgiskjal VI.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 3. október 2002

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað

(2002/813/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu tilskipunar 90/220/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB skal fyrirframtilkynning send lögbæru yfirvaldi í aðildarríki þegar fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttri lífveru eða samsetningu slíkra lífvera í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

2) Innan ramma um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, sem settur var með tilskipun 2001/18/EB, skal yfirvaldið senda framkvæmdastjórninni samantekt um tilkynninguna á sérstöku eyðublaði og framkvæmdastjórnin skal síðan framsenda öðrum aðildarríkjum afrit af samantektinni.

3) Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og eru settar fram á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt en upplýsingarnar, sem þannig eru látnar í té, má þó ekki leggja til grundvallar mati á umhverfisáhættu.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina, sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lögbær yfirvöld, sem aðildarríkin hafa tilnefnt skv. tilskipun 2001/18/EB, skulu nota eyðublað fyrir samantekt tilkynninga, sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, þegar þau senda framkvæmdastjórninni samantekt tilkynninga sem borist hafa skv. 6. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,
F. HANSEN
forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRAR LÍFVERU EÐA SAMSETNINGAR ERFÐABREYTTRA LÍFVERA Í ÖÐRUM TILGANGI EN AÐ SETJA HANA Á MARKAÐ

INNGANGUR

Eyðublað fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttrar lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera hefur verið sett fram í þágu þeirrar málsmeðferðar sem fjallað er um í 11. gr. tilskipunar 2001/18/EB og samkvæmt henni.

Viðurkennt er að þessu eyðublaði er ekki ætlað að taka til allra þeirra upplýsinga sem krafist er þegar mat á umhverfisáhættu er unnið.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverri spurningu og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist á eyðublaði fyrir samantekt tilkynninga.

Eyðublað fyrir samantekt tilkynninga skiptist í 1. og 2. hluta.

1. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, öðrum en háplöntum, og skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Upplýsingar um arfþegann eða móðurlífverurnar sem erfðabreytta lífveran er leidd af

C Upplýsingar um erfðabreytinguna

D Upplýsingar um lífveru(r) sem innskotið er leitt af (arfgjafa)

E Upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna

F Upplýsingar um sleppinguna

G Víxlverkun erfðabreyttu lífverunnar og umhverfisins og hugsanleg áhrif á umhverfið

H Upplýsingar um vöktun

I Upplýsingar um ráðstafanir eftir sleppingu og meðhöndlun úrgangs

J Upplýsingar um áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum

Í 1. hluta skulu upplýsingarnar, sem skráðar eru, þó endurspegla nægilega vel (í samandregnu formi) upplýsingarnar sem lagðar eru fyrir lögbæra yfirvaldið í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar 2001/18/EB með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í formála III. viðauka A.

2. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum háplöntum. Hugtakið „háplöntur“ nær yfir fræplöntur sem skiptast í berfrævinga (Gymnospermae) og dulfrævinga (Angiospermae). 2. hluti skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Upplýsingar um erfðabreyttu plöntuna

C Upplýsingar um tilraunasleppinguna

D Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu háplantnanna

E Stutt lýsing á ráðstöfunum sem eru gerðar til áhættustýringar

F Samantekt á fyrirhuguðum vettvangsprófunum sem ætlaðar eru til að afla nýrra gagna um áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna.

Í 2. hluta skulu upplýsingarnar, sem skráðar eru, þó endurspegla nægilega vel (í samandregnu formi) upplýsingarnar sem lagðar eru fyrir lögbæra yfirvaldið í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar 2001/18/EB með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í formála III. viðauka B.

1. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA, ANNARRA EN HÁPLANTNA, Í SAMRÆMI VIÐ 11. GR. TILSKIPUNAR 2001/18/EB

A. Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki
b) Númer tilkynningar

c) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar
d) Heiti verkefnisins
e) Fyrirhugað sleppingartímabil

2. *Tilkynnandi*

Heiti stofnunar eða fyrirtækis

3. *Lýsing á eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar*

a) Tilgreinið hvort erfðabreytta lífveran er:	veirungur	☐
	RNA-veira	☐
	DNA-veira	☐
	baktería	☐
	sveppur	☐
	dýr	☐
	– spendýr	☐
	– skordýr	☐
	– fiskur	☐
	– annað dýr	☐ tilgreinið fylkingu og flokk
annað, tilgreinið (ríki, fylkingu og flokk)		
b) Auðkenni erfðabreyttu lífverunnar (ættkvísl og tegund)		
c) Erfðafræðilegur stöðugleiki skv. 10. lið í A-lið II. liðar í III. viðauka A.		

4. *Er slepping sömu erfðabreyttu lífverunnar fyrirhuguð annars staðar í Bandalaginu (í samræmi við 1. mgr. 6. gr.) á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: færið inn landskóða:	

5. *Hefur verið tilkynnt um sleppingu sömu erfðabreyttu lífverunnar annars staðar í Bandalaginu á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: – tilkynningaraðildarríki – númer tilkynningar	

6. *Hefur sama erfðabreytta lífveran verið tilkynnt vegna sleppingar eða setningar á markað utan Bandalagsins á vegum sama eða annars tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: – tilkynningaraðildarríki – númer tilkynningar	

7. *Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu lífveranna*

B. **Upplýsingar um arfþegann eða móðurlífverurnar sem erfðabreytta lífveran er leidd af**

1. *Lýsing á eiginleikum arfþega eða móðurlífveru:*

a) Tilgreinið hvort arfþeginn eða móðurlífveran er: veirungur ☐ RNA-veira ☐ DNA-veira ☐ baktería ☐ sveppur ☐ dýr ☐ – spendýr ☐ – skordýr ☐ – fiskur ☐ – annað dýr ☐ (tilgreinið fylkingu og flokk) annað, tilgreinið

2. *Heiti*

i. ættbálkur og/eða stærri flokkunareining (fyrir dýr)
ii. ættkvísl
iii. tegund
iv. undirtegund
v. stofn
vi. sýkigerð (lífmynd, staðbrigði, kyn o.s.frv.)
vii. almennt heiti

3. *Landfræðileg dreifing lífverunnar*

a)	Lífvera sem er fyrir í náttúrunni eða hefur á annan hátt náð fótfestu í landinu þar sem tilkynningin er sett fram:
	Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐
b)	Lífvera sem er fyrir í náttúrunni eða hefur á annan hátt náð fótfestu í öðrum EB-löndum:
	i. Já ☐
	Ef svarið er já: tilgreinið tegund vistkerfisins sem hún finnst í:
	vistkerfi við Atlantshaf ☐
	vistkerfi við Miðjarðarhaf ☐
	norðlæg vistkerfi ☐
	fjallavistkerfi ☐
	meginlandsvistkerfi ☐
	vistkerfi í Makarónesíu ☐
	ii. Nei ☐
	iii. Ekki vitað ☐
c)	Er hún oft notuð í tilkynningarríkinu?
	Já ☐ Nei ☐
d)	Er hún oft haldin í tilkynningarríkinu?
	Já ☐ Nei ☐

4. *Náttúrulegt búsvæði lífverunnar*

a)	Ef lífveran er örvera
	vatn ☐
	jarðvegur, lifir frjáls ☐
	jarðvegur, í tengslum við rótarkerfi plantna ☐
	í tengslum við kerfi laufblaða/stöngla ☐
	í tengslum við dýr ☐
	annað, tilgreinið
b)	Ef lífveran er dýr: náttúrulegt búsvæði eða venjulegt landbúnaðarvistkerfi:

5. a) Greiningaraðferðir

5. b) Sanngreiningaraðferðir

6. *Er arfþeginn flokkaður samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og/eða umhverfisins?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

7. *Er arfþeginn skæður sjúkdómsvaldur eða skaðlegur á einhvern annan hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hans), lifandi eða dauður?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já:		
a) fyrir hverjar eftirtalinna lífvera:	menn ☐	
	dýr ☐	
	plöntur ☐	
	aðrar ☐	
b) veitið þær upplýsingar sem máli skipta og tilgreindar eru í d-lið 11. liðar í A-lið II. liðar III. viðauka A við tilskipun 2001/18/EB		

8. *Upplýsingar um æxlun*

a) Kynslóðartími í náttúrulegum vistkerfum:		
b) Kynslóðartími í vistkerfinu þar sem sleppingin verður:		
c) Æxlunarmáti:	Kynæxlun ☐	Kynlaus æxlun ☐
d) Þættir sem hafa áhrif á æxlun:		

9. *Lifunarhæfni*

a) hæfileiki til að mynda þolin lífform eða dvalastig:	
i. dvalagró	☐
ii. þolhjúpuð lífsform	☐
iii. drjólar	☐
iv. kynlaus gró (sveppir)	☐
v. kyngró (sveppir)	☐
vi. egg	☐
vii. púpur	☐
viii. lirfur	☐
ix. annað, tilgreinið	

b) þættir sem hafa þýðingu fyrir lifunarhæfni:

10. a) Útbreiðsluleiðir

10. b) Þættir sem hafa áhrif á útbreiðslu

11. Fyrri erfðabreytingar á arfþeganum eða móðurlífverunni sem þegar hefur verið tilkynnt til sleppingar í landinu þar sem tilkynningin er sett fram (tilgreinið númer tilkynningar)

C. **Upplýsingar um erfðabreytinguna**

1. *Tegund erfðabreytingar*

i. innskot erfðaefnis	☐
ii. úrfelling erfðaefnis	☐
iii. basaskipti	☐
iv. frumusamruni	☐
v. annað, tilgreinið	

2. *Áætluð niðurstaða erfðabreytingarinnar*

3. a) Hefur genaferja verið notuð við breytinguna?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er nei: svarið næst 5. spurningu.	

3. b) Ef svarið er já: er genaferjan að öllu leyti eða að hluta fyrir hendi í erfðabreyttu lífverunni?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er nei: svarið næst 5. spurningu.	

4. *Ef svarið er já: veitið upplýsingar um eftirfarandi:*

a) Tegund genaferju	
plasmíð	☐
bakteríuveira	☐
veira	☐
kosmíð	☐
stökkull	☐
annað, tilgreinið	
b) Auðkenni genaferjunnar	
c) Hýsilsvið genaferjunnar	
d) Inniheldur genaferjan raðir þannig að velja eða sanngreina megi svipgerð?	
Já ☐	Nei ☐
þol gegn sýklalyfjum	☐
annað, tilgreinið	
Upplýsingar um hvaða gen með þol gegn sýklalyfi það er sem skotið er inn	
e) Hlutar sem genaferjan er gerð úr	
f) Aðferð til að færa genaferjuna inn í arfþegann	
i. ummyndun	☐
ii. rafgötun	☐
iii. innsetning með stórrennipípu (macroinjection)	☐
iv. innsetning með örrennipípu (microinjection)	☐
v. smitun	☐
vi. önnur, tilgreinið	

5. *Ef svarið við spurningunum í liðum 3a og 3b í C-lið er nei: hvaða aðferð var notuð við breytinguna?*

i. ummyndun	☐
ii. innsetning með örrennipípu	☐
iii. notkun örhylkis	☐
iv. innsetning með stórrennipípu	☐
v. önnur, tilgreinið	

6. *Samsetning innskotsins*

a) Samsetning innskotsins

b)	Uppruni hvers efnishluta innskotsins
c)	Fyrirhugað hlutverk hvers efnishluta innskotsins í erfðabreyttu lífverunni
d)	Staðsetning innskotsins í hýsillífverunni – á óbundnu plasmíði ☐ – samþætt litningnum ☐ – önnur, tilgreinið ☐
e)	Inniheldur innskotið hluta sem hefur óþekkt hlutverk eða sem framleiðir afurð með óþekkta verkun? Já ☐ Nei ☐ Ef svarið er já: tilgreinið nánar

D. **Upplýsingar um lífveru(r) sem innskotið er leitt af**

1. *Tilgreinið hvort lífveran er:*

veirungur	☐
RNA-veira	☐
DNA-veira	☐
baktería	☐
sveppur	☐
dýr	☐
– spendýr	☐
– skordýr	☐
– fiskur	☐
– annað dýr	☐ tilgreinið fylkingu
annað, tilgreinið	

2. *Nákvæmt heiti*

i.	ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii.	ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii.	ættkvísl
iv.	tegund
v.	undirtegund
vi.	stofn

vii. ræktunarafbrigði/ræktunarlína
viii. sýkigerð
ix. almennt heiti

3. *Er lífveran skæður sjúkdómsvaldur eða skaðleg á einhvern annan hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hennar), lifandi eða dauð?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já: tilgreinið eftirfarandi		
a) fyrir hverjar eftirtalinna lífvera?	menn ☐	
	dýr ☐	
	plöntur ☐	
	aðrar ☐	
b) eru gjafaraðirnar á einhvern hátt tengdar sjúkdómsvaldandi eða skaðlegum eiginleikum lífverunnar?		
Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já: veitið þær upplýsingar sem skipta máli og eru tilgreindar í d-lið 11. liðar í A-lið II. liðar III. viðauka A:		

4 *Er arfgjafinn flokkaður samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og umhverfisins, s.s. tilskipun 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

5. Skiptast arfgjafinn og arfþeginn á erfðaefni í náttúrunni?

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐

E. Upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna

1. *Erfðaeinkenni og svipfarseiginleikar arfþegans eða móðurlífverunnar sem hafa tekið breytingum vegna erfðabreytingarinnar*

a)	Er erfðabreytta lífveran frábrugðin arfþeganum að því er varðar lifunarhæfni?		
	Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
	Tilgreinið		
b)	Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar æxlunarmáta og/eða tíðni æxlunar?		
	Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
	Tilgreinið		
c)	Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar *útbreiðslu?*		
	Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
	Tilgreinið		

d) Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar *smithæfni?* Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Tilgreinið

2. *Erfðafræðilegur stöðugleiki erfðabreyttu lífverunnar*

3. *Er erfðabreytta lífveran skæður sjúkdómsvaldur eða skaðleg á einhvern hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hennar), lifandi eða dauð?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
a) fyrir hverjar eftirtalinna lífvera?	menn	☐
	dýr	☐
	plöntur	☐
	aðrar	☐
b) veiti þær upplýsingar, sem skipta máli og eru tilgreindar skv. d-lið 11. liðar í A-lið og i-lið 2. liðar í C-lið II. liðar III. viðauka A		

4. *Lýsing á greiningar- og sanngreiningaraðferðum*

a) Aðferðir sem eru notaðar til að greina erfðabreyttu lífveruna í umhverfinu
b) Aðferðir sem eru notaðar til að sanngreina erfðabreyttu lífveruna

F. **Upplýsingar um sleppinguna**

1. *Tilgangurinn með sleppingunni (þ.m.t. hvers kyns veruleg, jákvæð áhrif á umhverfið sem gera má ráð fyrir)*

2. *Er sleppingarstaðurinn frábrugðinn náttúrulega búsvæðinu eða vistkerfinu þar sem arfþeginn eða móðurlífveran eru alla jafna notuð eða haldin eða þar sem þau finnast?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

3. *Upplýsingar um sleppinguna og næsta umhverfi*

a) Landfræðileg staðsetning (stjórnsýslusvæði og, eftir því sem við á, reitahnit):
b) Stærð svæðisins (m^2): i. raunverulegur sleppingarstaður (m^2): ii. svæðið sem sleppingin tekur til (m^2):

c)	Nálægð við alþjóðlega viðurkenndar lífvistir eða vernduð svæði (þ.á m. drykkjarvatnsból) sem gætu orðið fyrir áhrifum:
d)	Jurta- og dýralíf, þ.m.t. nytjaplöntur, búfénaður og fartegundir dýra, sem getur haft víxlverkandi áhrif á erfðabreyttu lífveruna

4 *Aðferð við sleppingu og umfang hennar*

a)	Fjöldi (magn) erfðabreyttra lífvera sem ráðgert er að sleppa:
b)	Lengd þess tíma sem aðgerðin varir:
c)	Aðferðir og tilhögun sem miðar að því að forðast og/eða draga sem mest úr útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna út fyrir sleppingarstaðinn

5 *Stutt lýsing á umhverfisskilyrðum eins og þau eru að meðaltali (veðri, hitastigi o.s.frv.)*

6 *Gögn sem skipta máli varðandi fyrri sleppingar sömu erfðabreyttu lífverunnar, ef við á, einkum að því er varðar hugsanleg áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna*

G. **Víxlverkanir erfðabreyttu örverunnar og umhverfisins og hugsanleg áhrif á umhverfið, séu þau verulega frábrugðin víxlverkunum og áhrifum arfþegans eða móðurlífverunnar**

1 *Heiti marklífvera (ef við á)*

i.	ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii.	ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii.	ættkvísl
iv.	tegund
v.	undirtegund
vi.	stofn
vii.	ræktunarafbrigði/ræktunarlína

viii.	sýkigerð
ix.	almennt heiti

2 *Væntanlegt gangvirki og niðurstöður víxlverkana milli erfðabreyttu lífveranna, sem sleppt hefur verið, og marklífverunnar (ef við á)*

3 *Aðrar víxlverkanir, sem hugsanlega skipta máli, við aðrar lífverur í umhverfinu*

4 *Er líklegt að val, s.s. bætt samkeppnishæfni eða aukin ífærð, eigi sér stað að því er erfðabreyttu lífveruna varðar eftir sleppingu?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Veitið nákvæmar upplýsingar		

5 *Tegundir vistkerfa sem erfðabreytta lífveran gæti borist í frá sleppingarstaðnum og tekið sér bólfestu í*

6 *Nákvæmt heiti lífvera utan markhóps sem (að teknu tilliti til eðlis viðtökuumhverfisins) kann að verða fyrir verulegum óviljandi skaða af völdum sleppingar erfðabreyttu lífverunnar*

i.	ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii.	ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii.	ættkvísl
iv.	tegund
v.	undirtegund
vi.	stofn

vii. ræktunarafbrigði/ræktunarlína
viii. sýkigerð
ix. almennt heiti

7 *Líkur á skiptum á erfðaefni í lífi (in vivo)*

a) úr erfðabreyttu lífverunni og yfir í aðrar lífverur í vistkerfinu þar sem sleppingin á sér stað:
b) úr öðrum lífverum og yfir í erfðabreyttu lífveruna:
c) líklegar afleiðingar genaflutnings:

8 *Tilgreinið tilvísanir í viðeigandi niðurstöður (ef við á) úr rannsóknum á atferli og eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar og vistfræðilegum áhrifum af völdum hennar sem gerðar hafa verið í líkani af náttúrulegu umhverfi (t.d. örheimi o.s.frv.):*

9 *Hugsanlegar víxlverkanir við lífjarðefnafræðileg ferli, sem hafa þýðingu fyrir umhverfið (séu þær aðrar en arfþegans eða móðurlífverunnar)*

H. **Upplýsingar um vöktun**

1. *Aðferðir við vöktun erfðabreyttu lífveranna*

2. *Aðferðir til að vakta áhrif á vistkerfi*

3. *Aðferðir við að greina flutning innsetta erfðaefnisins úr erfðabreyttu lífverunni yfir í aðrar lífverur*

4 *Stærð vöktunarsvæðisins (m^2)*

5 *Lengd þess tíma sem vöktunin varir*

6 *Tíðni vöktunar*

I. **Upplýsingar um ráðstafanir eftir sleppingu og meðhöndlun úrgangs**

1 *Meðhöndlun vettvangs eftir sleppingu*

2 *Meðhöndlun erfðabreyttu örveranna eftir sleppingu*

3. a) Tegund og magn úrgangs sem verður til

3. b) Meðhöndlun úrgangs

I. **Upplýsingar um áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum**

1 *Aðferðir og tilhögun við að hefta útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna ef þær breiðast óvænt út*

2 *Aðferðir við að fjarlægja erfðabreyttu lífverurnar af svæðum sem hugsanlega hafa orðið fyrir áhrifum*

3 *Aðferðir við förgun eða hreinsun jurta, dýra, jarðvegs o.s.frv. sem kunna að verða fyrir mengun meðan útbreiðslan á sér stað eða eftir hana*

4 *Áætlanir um að vernda heilbrigði manna og umhverfið ef óæskileg áhrif koma fram*

2. HLUTI

EYÐUBLAÐ UM SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA HÁPLANTNA

(DULFRÆVINGAR OG BERFRÆVINGAR)

A. Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Númer tilkynningar
b) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar
c) Heiti verkefnisins
d) Fyrirhugað sleppingartímabil

2. *Tilkynnandi*

a) Heiti stofnunar eða fyrirtækis

3. *Er slepping á sömu erfðabreyttu háplöntunni fyrirhuguð annars staðar, innan eða utan Bandalagsins [í samræmi við 1. mgr. 6. gr.], á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: færið inn landskóða:	

4. *Hefur verið tilkynnt um sleppingu sömu erfðabreyttu háplöntunnar annars staðar, innan eða utan Bandalagsins, á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: númer tilkynningar:	

B. Upplýsingar um erfðabreyttu plöntuna

1. *Auðkenni arfþegans eða móðurlífverunnar*

a) Ættarheiti
b) Ættkvísl
c) Tegund
d) Undirtegund (ef við á)
e) Ræktunarafbrigði/ræktunarlína (ef við á)
f) Almennt heiti

2. *Lýsing á einkennum og eiginleikum sem hafa bæst við eða breyst, þ.m.t. merkigen og fyrri breytingar*

3. *Tegund erfðabreytingar*

a) Innskot erfðaefnis
b) Úrfelling erfðaefni
c) Basaskipti
d) Frumusamruni
c) Önnur, tilgreinið

4. *Veitið upplýsingar, ef um er að ræða innskot erfðaefnis, um uppruna og ætlaða starfsemi hvers efnishluta á því svæði sem til stendur að skjóta inn*

5. *Veitið upplýsingar, ef um er að ræða úrfellingu eða aðra breytingu á erfðaefni, um starfsemi raðanna sem felldar hafa verið brott eða þeirra sem hefur verið breytt*

6. *Stutt lýsing á þeirri aðferð sem notuð er við erfðabreytinguna*

7. *Lýsið útbreiðsluleiðum og umfangi útbreiðslunnar ef arfþeginn eða móðurlífveran er skógartrjátegund og sértækum þáttum sem hafa áhrif á útbreiðsluna*

C. Upplýsingar um tilraunasleppinguna

1. *Tilgangur sleppingarinnar (þ.m.t. hvers kyns upplýsingar sem skipta máli og liggja fyrir á þessu stigi), s.s. búvísindalegur tilgangur, prófun á kynblöndun, breytt lifunarhæfni eða útbreiðsla, prófun á áhrifum á marklífverur eða lífverur utan markhóps*

2. *Landfræðileg staðsetning sleppingarstaðarins*

3. *Stærð svæðisins (m^2)*

4. *Gögn sem skipta máli varðandi fyrri sleppingar sömu erfðabreyttu plöntunnar, hafi þær átt sér stað, einkum að því er varðar hugsanleg áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna*

D. **Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu háplantnanna í samræmi við lið D.2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB**

Tilgreinið sérstaklega ef eiginleikarnir, sem bæst hafa við, geta beint eða óbeint stuðlað að auknum, valtengdum ávinningi í náttúrulegu umhverfi; útskýrið einnig hvers kyns jákvæð áhrif á umhverfið, sem skipta máli og búist er við

E. **Stutt lýsing á hvers kyns ráðstöfunum sem tilkynnandi hefur gert til að hafa stjórn á áhættu, þ.m.t. einangrun sem er ætlað að takmarka dreifingu, t.d. vegna vöktunar og vöktunar að lokinni uppskeru**

F. **Samantekt á fyrirhuguðum vettvangstilraunum sem ætlaðar eru til að afla nýrra gagna um áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna (eftir því sem við á)**

Fylgiskjal VII.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 29. september 2003

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað

(Texti sem varðar EES)

(2003/701/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum öðrum málslið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar sleppingu erfðabreyttra örvera í öðrum tilgangi en að setja þær á markað er sú krafa sett fram í 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB að tilkynnandi slíkrar sleppingar sendi lögbæru yfirvaldi, að lokinni sleppingu og svo oft þaðan í frá sem mælt er fyrir um í samþykkinu, á grundvelli niðurstaðna úr mati á umhverfisáhættu, niðurstöður er varða sleppinguna með tilliti til hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og, eftir því sem við á, með sérstakri tilvísun til hvers kyns vöru sem tilkynnandinn hyggst tilkynna um síðar.

2) Flestar erfðabreyttar örverur, sem sleppt hefur verið í Bandalaginu fram til þessa samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB, eru erfðabreyttar háplöntur. Því er nauðsynlegt, að því er varðar þessar plöntur, að setja fram það eyðublað sem tilkynnandinn skal nota þegar hann leggur niðurstöður er varða sleppinguna fyrir lögbæra yfirvaldið. Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt. Eyðublaðið skal vera eins almennt og unnt er þannig að ein skýrsla geti, eftir því sem við á, verið fyrir marga staði, sleppingu margra ára eða sleppingu margra erfðabreyttra lífvera.

3) Þar eð erfðatækni einskorðast ekki við háplöntur verður nauðsynlegt að setja fram eyðublöð fyrir aðrar tegundir erfðabreyttra lífvera, s.s. erfðabreytt dýr (m.a. erfðabreytt skordýr), dýralyf og lyf (sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða eru gerð úr þeim) eða erfðabreyttar plöntur sem nota má til að framleiða úr lyfjavörur. Frekari þróun getur einnig kallað á aðlögun á þeim skýrslueyðublöðum sem hafa þegar verið sett fram.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilkynnandinn skal nota eyðublaðið, sem birt er í viðaukanum við þessa tilskipun, hér á eftir nefnt „skýrslueyðublaðið“ til þess að leggja fyrir lögbært yfirvald niðurstöður úr sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið skv. 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

2. gr.

Skýrslueyðublað skal aðeins varða eitt samþykki sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið út og skal auðkennt með einu tilkynningarnúmeri.

3. gr.

1. Tilkynnandi skal leggja fram lokaskýrslu fyrir hvert tilkynningarnúmer og einnig skal leggja fram lokaskýrslu og áfangaskýrslu, eina eða fleiri, um vöktun eftir sleppingu, eftir því sem við á. Báðar skýrslurnar skulu gerðar í samræmi við skýrslueyðublaðið.

2. Lokaskýrslan skal lögð fram eftir síðustu uppskeru erfðabreyttu háplantnanna. Ef ekki er krafist vöktunar eftir sleppingu í tengslum við tilkynningu er engin frekari skýrslugjöf nauðsynleg.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

3. Lokaskýrsla um vöktun eftir sleppingu skal lögð fram að lokinni þeirri vöktun. Lögbæra yfirvaldið skal, eftir því sem við á, taka fram í samþykkinu hve lengi vöktun eftir sleppingu skuli vara og tilgreina tímaáætlun um skil áfangaskýrslnanna um vöktun eftir sleppingu.

4. Lögbært yfirvald skal hvetja tilkynnendur til að leggja fram skýrsluna á rafrænu formi.

4. gr.

Lögbært yfirvald getur krafist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, einkum í formi færslubókar eða bráðabirgðaskýrslna sem leggja skal fram meðan á rannsóknaráætluninni stendur og áður en sleppingu er lokið.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Margot WALLSTRÖM
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR NIÐURSTÖÐUR ER VARÐA SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA HÁPLANTNA ÚT Í UMHVERFIÐ Í SAMRÆMI VIÐ 10. GR. TILSKIPUNAR 2001/18/EB

KENNIMERKI FYRIRTÆKISINS EÐA RANNSÓKNARSTOFNUNARINNAR (VALKVÆTT)

Tilkynnandinn skal fylla út skýrslueyðublaðið.

Tilkynnandinn skal fylla út skýrsluna samkvæmt tillögðu eyðublaði (merkja við í reiti og/eða tilgreina, eftir því sem unnt er, sérstök lykilorð til að nota í textareitum).

Tilkynnandinn skal skýra gögnin í skýrslunni, eftir því sem unnt er, með teikningum, myndum og töflum. Einnig má leggja fram tölfræðileg gögn þar sem við á.

Ef um er að ræða marga staði, margar erfðaummyndanir (multi-events) og/eða sleppingu eða sleppingar margra ára skal tilkynnandinn leggja fram almennt yfirlit yfir ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar og áhrifin sem verður vart svo lengi sem samþykkið gildir.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverjum lið og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist í þessari skýrslu.

1. ***Almennar upplýsingar***

1.1. **Evrópskt tilkynningarnúmer: B/XX/YY/ZZ**

1.2. **Tilkynningaraðildarríki:**

1.3. **Dagsetning og númer samþykkis:**

2. ***Staða skýrslu***

2.1. **Vinsamlegast tilgreinið hvort þessi skýrsla er, samkvæmt 3. gr. þessarar ákvörðunar:**

– lokaskýrsla

– skýrsla um vöktun eftir sleppingu

– ○ lokaskýrsla ○ áfangaskýrsla

3. ***Lýsing á sleppingunni***

3.1. **Vísindaheiti arfþegans:**

3.2. **Erfðaummyndanir (transformation events) (upphafsstafaorð) eða genaferjur ([1]) sem notaðar eru (ef auðkenni erfðaummyndunar liggur ekki fyrir)**

3.3. **Sértákn, ef fyrir liggur**

3.4. **Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi atriði og tilgreinið skipulag svæðisins eða svæðanna:**

([1]) Þegar um er að ræða minni háttar tilraunir á vettvangi þar sem unnt er að prófa ýmsar línur skal tilgreina genaferjurnar, enda veita þær innsýn í þá eiginleika og/eða erfðaefni sem hafa bæst við. Þegar um er að ræða umfangsmiklar tilraunir takmarkast fjöldi tilkynntra erfðaummyndana við eina eða fáeinar erfðaummyndanir.

Landfræðileg staðsetning (stjórnsýslusvæði og, eftir því sem við á, reitahnit)	Stærð sleppingarsvæðis eða -svæða ([1]) (m^2)	Auðkenni ([1]) og áætlaður fjöldi erfðabreyttra háplantna sem sleppt er fyrir hverja erfðaummyndun (fjöldi fræja/plantna á m^2)	Lengd þess tíma sem slepping varir (frá...*(dagur/mánuður/ár)....til.....(dagur/mánuður/ár))*

([1]) Tilgreinið stærð svæðisins þar sem erfðabreyttu háplöntunum er sleppt og, eftir því sem við á, stærð svæðisins þar sem þær er ekki að finna (t.d. jaðarsvæði þar sem þær er ekki að finna).
([2]) Genaferjur sem notaðar eru.

4. ***Hvers kyns vara sem tilkynnandinn hyggst tilkynna um síðar***

4.1. **Hyggst tilkynnandinn tilkynna slepptu erfðaummyndanirnar sem vörur sem síðar verða settar á markað samkvæmt löggjöf Bandalagsins?**

☐ Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað enn

Ef svarið er já: tilgreinið tilkynningarlandið/-löndin: . . . . . .

Ef svarið er já: tilgreinið þá notkun sem um er að ræða:

– Innflutningur
– Ræktun (t.d. framleiðsla á fræi/plöntunarefni)
– Matvæli
– Fóður
– Lyfjafræðileg notkun (eða vinnsla fyrir lyfjafræðilega notkun)
– Vinnsla m.t.t.
  – notkunar í matvælum
  – notkunar í fóðri
  – notkunar í iðnaði
– Annað (tilgreinið):

5. *Tegund(ir) sleppinga(r)*

Vinsamlegast veljið aðaltegund(ir) (í reitum) og undirtegund(ir) sleppinga(r). Ef um er að ræða marga staði, margar ummyndanir og/eða sleppingu eða sleppingar margra ára vinsamlegast leggið fram almennt yfirlit um tegund(ir) sleppinga(r) sem átt hefur/hafa sér stað meðan samþykkið hefur verið í gildi. Vinsamlegast merkið við viðeigandi tegund(ir):

5.1. **Slepping(ar) í rannsóknarskyni** ☐

5.2. **Slepping(ar) í þróunarskyni** ☐

– Skimun fyrir erfðaummyndun
– Staðfesting á verkun ([1])
– Búvísindalegir þættir (t.d. virkni/valvísi plöntuvarnarefnisins, afrakstursgeta, spírunarhæfni, það hversu vel plönturnar festa sig í sessi, þróttur plantnanna, hæð plantnanna, næmi fyrir veðurfarslegum þáttum/sjúkdómum o.s.frv.) (tilgreinið nánar)
– Breyttir búvísindalegir eiginleikar (t.d. þol gegn sjúkdómum/meindýrum/þurrkum/frosti o.s.frv.) (tilgreinið nánar)
– Breyttir eigindlegir eiginleikar (aukið geymsluþol, aukið næringargildi, breytt samsetning o.s.frv.) (tilgreinið nánar)
– Stöðugleiki tjáningarinnar
– Fjölgun lína
– Rannsókn á blendingsþrótti

([1]) Til dæmis prófun á nýja eiginleikanum við umhverfisaðstæður.

– Sameindaræktun (molecular farming) ([1])
– Hreinsun með plöntum
– Aðrar . . . . . (lýsið nánar) . . . . . .

5.3. **Opinberar prófanir**

– Skráning yrkja í landsskrá yfir yrki
  – Aðgreinanleiki, einsleitni og stöðugleiki
  – Ræktunar- og notagildi)
– Aðrar: (tilgreinið nánar) . . . . . .

5.4. **Leyfi fyrir illgresiseyði** ☐

5.5. **Slepping(ar) í staðfestingarskyni** ☐

5.6. **Fjölgun fræs** ☐

5.7. **Slepping(ar) í þágu rannsókna vegna lífverndar/áhættumats** ☐

– Rannsóknir á lóðréttum genaflutningi
  – Útæxlun með hefðbundnum tegundum nytjaplantna
  – Útæxlun með villtum, skyldum tegundum
– Rannsóknir á láréttum genaflutningi (genaflutningi til örvera)
– Meðhöndlun liðhlaupa
– Hugsanlegar breytingar á þráfestu eða dreifingu
– Hugsanleg ífærð
– Hugsanleg áhrif á marklífverur
– Hugsanleg áhrif á lífverur utan markhóps
– Athugun á þolnum, skyldum tegundum
– Athugun á þolnum skordýrum
– Annað: (lýsið nánar) . . . . . .

5.8. **Aðrar tegundir sleppinga:** ☐

(lýsið nánar) . . . . . .

6. ***Aðferð(ir), niðurstöður er varða sleppinguna, ráðstafanir til stjórnunar og vöktunar að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið***

6.1. **Ráðstafanir við áhættustjórnun**

Vinsamlegast tilgreinið ráðstafanir við áhættustjórnun sem gerðar hafa verið til að forðast eða lágmarka útbreiðslu erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna utan sleppingarstaða(r), einkum þær ráðstafanir

– sem ekki voru tilgreindar í umsókninni á sínum tíma,
– sem voru gerðar til viðbótar skilyrðunum í samþykkinu,
– sem einungis var krafist í samþykkinu við tilteknar aðstæður (t.d. í þurrkum eða flóðum),
– þar sem tilkynnandanum var, samkvæmt samþykkinu, heimilt að velja milli mismunandi ráðstafana.

Merkið við þar sem við á:

6.1.1. *Áður en sáð er/plantað:*

– Skýr merking framleiðslulotna erfðabreytta fræsins/plöntunarefnisins (aðgreint frá öðru fræi/öðrum hnýðum o.s.frv.) (lýsið nánar)
– Aðgreining við meðhöndlun og flutning fræsins/plöntunarefnisins (lýsið aðferðinni; gefið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að eitthvað fari til spillis við meðhöndlun og flutning)

([1]) *„Sameindaræktun“* merkir framleiðslu efna (t.d. prótína eða lyfja) fyrir tilstilli plantna sem hefur verið erfðabreytt m.t.t. sérstaks eiginleika. *„Sameindaræktun“* má skilgreina á sama hátt og framleiðslu lyfja sem plöntur efnasmíða, framleiðslu lyfja sem eru unnin úr plöntum, framleiðslu prótína sem eru að stofni til úr plöntum o.s.frv.

– Förgun umframfræs/-plöntunarefnis (lýsið aðferðinni)
– Tímabundin einangrun (tilgreinið nánar)
– Sáðskipti (tilgreinið fyrri nytjaplöntu(r))
– Annað: (tilgreinið nánar) . . . . . .

6.1.2. *Við sáninguna/plöntunina:*

– Aðferð við sáningu/plöntun
– Tæming og hreinsun sáningar-/plöntunarvéla á sleppingarsvæðinu
– Aðgreining við sáningu/plöntun (gefið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að eitthvað fari til spillis við sáningu/plöntun)
– Annað: (tilgreinið nánar) . . . . . .

6.1.3. *Meðan sleppingartímabilið varir:*

– Einangrunarfjarlægð (x metrar)
  – frá plöntutegundum sem geta kynblandast þeim og eru til sölu,
  – frá villtum, skyldum tegundum sem geta kynblandast þeim.
– Jaðarröð eða jaðarraðir (með sömu nytjaplöntu eða annarri nytjaplöntu, með nytjaplöntu sem ekki er genskeytt, x metrar o.s.frv.)
– Búr/net/girðing/skilti (tilgreinið nánar)
– Frjókornagildra (tilgreinið nánar)
– Fjarlæging á blómskipun erfðabreyttra plantna fyrir blómgun (tilgreinið hversu oft hún er fjarlægð)
– Fjarlæging njólaðra plantna/skyldra tegunda/blendingsmaka (hybrid partner) (tilgreinið hversu oft fjarlægt er, x metra umhverfis akurinn með erfðabreyttu plöntunum o.s.frv.)
– Annað: (tilgreinið nánar): . . . . . .

6.1.4. *Við lok sleppingar:*

– Uppskeru- eða förgunaraðferðir (á nytjaplöntu eða hluta hennar)/aðrar aðferðir (t.d. sýnataka og greining sykurrófumauks) (lýsið nánar)
– Uppskera/förgun fyrir fræþroska
– Skilvirk fjarlæging plöntuhluta
– Aðgreind geymsla og flutningur á nytjaplötum/úrgangi (tilgreinið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að fræ/nytjaplöntur/úrgangur, sem safnað hefur verið, fari til spillis)
– Hreinsun véla á sleppingarstaðnum
– Ákvörðunarstaður úrgangsins, meðhöndlun úrgangs/umframuppskeru/plöntuleifa (lýsið nánar)
– Meðhöndlun eftir uppskeru og ræktunarráðstafanir á sleppingarstaðnum (lýsið aðferðinni eða aðferðunum sem eru notaðar til að undirbúa sleppingarstaðinn og hafa umsjón með honum við lok sleppingar, þ.m.t. ræktunaraðferðir)
– Annað: (lýsið nánar): . . . . . .

6.1.5. *Ráðstafanir eftir söfnun*

Vinsamlegast tilgreinið hvaða ráðstafanir voru gerðar á sleppingarstaðnum eftir uppskeru:

Tíðni heimsókna (meðaltal): . . . . . .

– Nytjaplöntur í síðari ræktun (tilgreinið nánar)
– Skiptiræktun (tilgreinið nánar)
– Hvíldarland/engin ræktun (tilgreinið nánar)
– Vinnsla yfirborðsjarðvegs/engin djúpplæging
– Falskir sáðreitir (false-sowing beds)
– Varnir gegn liðhlaupum (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)
– Viðeigandi efnameðhöndlun (tilgreinið nánar)
– Viðeigandi jarðvegsmeðhöndlun (tilgreinið nánar)

– Annað (tilgreinið nánar)

6.1.6. *Aðrar ráðstafanir (lýsið nánar)*

6.1.7. *Neyðaráætlanir*

Tilgreinið:

a) hvort sleppingin fór fram eins og ráðgert var:
   – Já
   – Nei (tilgreinið ástæðuna, t.d. skemmdarverk, veðurfarsskilyrði o.s.frv.):

b) hvort grípa þurfti til ráðstafana samkvæmt neyðaráætlunum (vi. liður a-liðar í 2. mgr. 6. gr. og viðauki III B við tilskipun 2001/18/EB).
   – Nei
   – Já (lýsið nánar): . . . . . .

6.2. **Vöktunarráðstafanir eftir sleppingu**

Þar eð unnt er að nota skýrslueyðublaðið bæði fyrir lokaskýrslur og vöktunarskýrslur eftir sleppingu er tilkynnandi beðinn um að greina skýrt á milli þessara tveggja skýrslutegunda hér í lið 6.2. Vinsamlegast tilgreinið hvort:

– **vöktunaráætlun eftir sleppingu verði hrundið í framkvæmd** (eftir síðustu uppskeru erfðabreyttu háplantnanna, sé um að ræða lokaskýrslu),

– **vöktunaráætlun eftir sleppingu sé í gangi** (sé um að ræða áfangaskýrslu um vöktun eftir sleppingu),

– **vöktunaráætlun eftir sleppingu sé lokið** (sé um að ræða lokaskýrslu um vöktun eftir sleppingu),

– **ekki þurfi að fylgja vöktunaráætlun eftir sleppingu.**

Niðurstöður úr vöktuninni eiga að staðfesta eða ógilda fyrri forsendur í áhættumatinu.

Vinsamlegast tilgreinið, samkvæmt framangreindum atriðum, hvaða vöktunarráðstafanir verða gerðar, hafa verið gerðar eða standa yfir og þá hvar (á sleppingarstað/nálægt sleppingarstað (t.d. á jöðrum svæðanna)). Vinsamlegast hafið í huga að tilgreina skal allar vöktunarráðstafanir eftir sleppingu sem gerðar eru á öllu tímabilinu eftir sleppinguna.

Tilgreinið:

– vöktunarráðstafanir á staðnum:

  lengd:

  tíðni heimsókna (meðaltal):
  – athugun á þolnum, skyldum tegundum
  – athugun á þolnum skordýrum
  – varnir gegn liðhlaupum (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)
  – vöktun á genastreymi (tilgreinið nánar)
  – viðeigandi efnameðhöndlun og/eða jarðvegsmeðhöndlun
  – annað (tilgreinið nánar)

– vöktunarráðstafanir á aðliggjandi svæðum

  lengd:

  tíðni heimsókna (meðaltal):

  vöktunarsvæði:
  – athugun á þolnum, skyldum tegundum
  – athugun á þolnum skordýrum
  – varnir gegn liðhlaupum og/eða vöktun á villingsstofnum (feral populations) (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)
  – vöktun á genastreymi (tilgreinið nánar)
  – viðeigandi efnameðhöndlun og/eða jarðvegsmeðhöndlun
  – annað (tilgreinið nánar)

6.3. **Áætlun um athuganir/aðferðir**

Í þessum lið þarf að tilgreina áætlun um athuganir og nefna til aðferðirnar sem notaðar eru við öflun gagna um áhrifin sem skylt er að tilkynna samkvæmt næsta lið (lið 6.4). Allar breytingar á áætluninni eins og lagt er til að hún verði í umsókninni og B-hluta sniðs samantektarskýrslu um tilkynningu (SNIF) ([1]) skulu tilgreindar nákvæmlega.

Frá tilkynningardegi og fram að framlagningu lokaskýrslu er hugsanlegt að ný, vísindaleg sýn fáist eða nýjar aðferðir komi til sem breyti aðferðunum sem beitt er. Það er fyrst og fremst í þessum lið sem tilgreina skal slíkar breytingar.

6.4. **Áhrif sem koma fram**

6.4.1. *Til skýringar*

Greina skal frá öllum niðurstöðum er varða sleppinguna eða sleppingarnar m.t.t. áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, án tillits til þess hvort niðurstöðurnar bendi til þess að áhætta aukist, minnki eða sé óbreytt.

Meginmarkmiðið með upplýsingunum, sem veittar eru í þessum lið, er að:

– staðfesta eða ógilda allar forsendur að því er varðar tilvist og afleiðingar hugsanlegra áhrifa af völdum erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna sem greindar voru í matinu á umhverfisáhættu,

– greina áhrif erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna sem ekki var vænst í matinu á umhverfisáhættu.

Áhrif/víxlverkanir sem koma til vegna erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna,

– að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna,

– að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir umhverfið,

skulu tilgreind í þessum lið.

Sérstakur gaumur skal gefinn óvæntum og ótilætluðum áhrifum.

Upplýsingar um áhrif, sem tilkynnandinn kann að þurfa að gera grein fyrir, eru veittar hér á eftir. Áhrifin þarf vitaskuld að skoða í ljósi viðkomandi nytjaplöntu, nýja eiginleikans og viðtökuumhverfisins, svo og niðurstaðna úr mati á umhverfisáhættu sem fer fram í hverju tilviki fyrir sig.

Til að koma skipulagi á upplýsingarnar og auðvelda árangursríka leit í þeim skal tilkynnandinn nota, svo sem framast er kostur, sérstök lykilorð til að setja inn í textareitina í 6. lið, einkum í liðum 6.4.2, 6.4.3 og 6.4.4. Nýjasta uppfærsla skrárinnar yfir þessi sérstöku lykilorð finnst á Netinu á slóðinni http://gmoinfo.jrc.it.

6.4.2. *Áhrif sem vænta má*

Þessi liður snertir „áhrif sem vænta má“, það er að segja hugsanleg áhrif sem voru greind í matinu á umhverfisáhættu sem fylgdi tilkynningunni og mátti því búast við.

Tilkynnendur skulu leggja fram gögn er varða sleppinguna eða sleppingarnar sem staðfesta forsendurnar í matinu á umhverfisáhættu.

6.4.3. *Óvænt áhrif ([2])*

„Óvænt áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið **sem voru hvorki fyrirsjáanleg né greind í matinu á umhverfisáhættu** sem fylgdi tilkynningunni. Í þessum hluta skýrslunnar skulu vera allar upplýsingar sem varða óvænt áhrif eða athuganir sem skipta máli fyrir upphaflega matið á umhverfisáhættu. Að því er varðar óvænt, fram komin áhrif eða athuganir skal þessi liður vera svo ítarlegur sem framast er unnt til að túlka megi gögnin rétt.

6.4.4. *Aðrar upplýsingar*

Tilkynnendur eru hvattir til að leggja fram upplýsingar sem eru utan gildissviðs tilkynningarinnar en sem gætu skipt máli fyrir þær vettvangstilraunir sem um er að ræða. Undir þetta gætu einnig fallið athuganir á jákvæðum áhrifum.

7. **Niðurstöður**

Í þessum kafla skal tilkynnandinn tilgreina ályktanirnar sem hafa verið dregnar og ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á grundvelli niðurstaðna er varða sleppinguna með tilliti til frekari sleppinga(r) og, eftir því sem við á, vísa til hvers kyns vara sem hann hyggst tilkynna á síðara stigi.

([1]) Snið samantektarskýrslu um tilkynningu (SNIF).
([2]) Með fyrirvara um 8. gr. tilskipunar 2001/18/EB að því er varðar meðferð breytinga eða nýrra upplýsinga.

Upplýsingarnar í þessari skýrslu teljast ekki trúnaðarmál í skilningi 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

Það kemur ekki í veg fyrir að lögbært yfirvald krefjist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, bæði trúnaðargagna og upplýsinga sem ekki bundnar trúnaði.

Ef um trúnaðargögn er að ræða skulu þau lögð fram í viðauka við skýrslueyðublaðið ásamt samantekt, sem ekki er bundin trúnaði, eða almennri lýsingu á gögnunum sem gerð verður aðgengileg almenningi.

DAGSETNING:

Fylgiskjal VIII.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 23. febrúar 2004

þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB

(tilkynnt með númeri C(2004) 540)

(Texti sem varðar EES)

(2004/204/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Margþættra upplýsinga er krafist þegar tilkynnt er um erfðabreyttar lífverur samkvæmt tilskipun 2001/18/EB. Upplýsingarnar, sem krafist er, varða einstakar erfðabreyttar lífverur, umhverfið sem erfðabreyttu lífverunni er sleppt út í og víxlverkun erfðabreyttu lífverunnar og viðtökuumhverfisins, þ.m.t. hvers kyns áhrif á heilbrigði manna.

2) Upplýsingarnar, sem krafist er varðandi tilkynningar um sleppingu erfðabreyttra lífvera, eru tilgreindar í III. viðauka við tilskipun 2001/18/EB. Í IV. viðauka við þá tilskipun er að finna almenna lýsingu á viðbótarupplýsingum sem krafist er varðandi tilkynningar um setningu erfðabreyttra lífvera á markað. Þar eru einnig tilgreindar upplýsingar um merkingar sem krafist er fyrir erfðabreyttar lífverur sem eru vörur eða finnast í vörum sem ætlunin er að setja á markað. Sumar þessara viðbótarupplýsinga skulu færðar í eina skrá eða fleiri, þ.e. upplýsingar um erfðabreytingar sem nota má til að greina og sanngreina tilteknar vörur sem innihalda erfðabreyttar lífverur, þ.m.t. greiningaraðferðir sem varða viðmiðunarmörk sem komið var á samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, í því skyni að auðvelda eftirlit og skoðun eftir að vörurnar hafa verið settar á markað.

3) Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2001/18/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram eina eða fleiri skrár, hér á eftir nefndar „skrárnar“, svo að skrá megi upplýsingarnar um erfðabreytingarnar í erfðabreyttu lífverunum sem eru tilgreindar í 7. lið A-liðar í IV. viðauka við þá tilskipun.

4) Í þessum upplýsingum skal, eftir því sem við á, koma fram hvar sýni með erfðabreyttu lífverunum, hvort sem þær eru vörur eða finnast í vörum, eða erfðaefni þeirra eru geymd hjá lögbæra yfirvaldinu, ásamt nákvæmum upplýsingum um kirnaröð eða annars konar upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að sanngreina vöruna sem inniheldur erfðabreytta lífveru og afsprengi hennar, þ.m.t. um aðferðir við að greina og sanngreina erfðabreyttu vöruna, og um gögn sem fengist hafa úr tilraunum og staðfesta fullgildingu aðferðarinnar sem er notuð.

5) Við samantekt skrárinnar yfir þær upplýsingar, sem á að skrá, var tekið tillit til þess að aðrar upplýsingar — s.s. þær er varða matið á umhverfisáhættu, vísindarannsóknirnar, þ.á m. rannsóknir sem sýna fram á öryggi vörunnar, þ.m.t. vísanir, ef við á, til óháðra og jafningjarýndra rannsókna og aðferða til greiningar og sanngreiningar, og allar aðrar upplýsingar sem tilkynnandi leggur fram, aðferðir og áætlanir varðandi vöktun erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og viðbúnað í neyðartilvikum og niðurstöður úr vöktun eftir setningu á markað — eru í raun aðgengilegar samkvæmt viðeigandi ákvæðum tilskipunar 2001/18/EB, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1946/2003 frá 15. júlí 2003 um flutning erfðabreyttra lífvera

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1830/2003 (Stjtíð. EB L 268, 18.6.2003, bls. 24).

milli landa ([1]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([2]) og þær þarf því ekki að skrá.

6) Í þágu gagnsæis og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1049/2001 skulu skrárnar vera aðgengilegar almenningi, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Skrárnar skulu því innihalda tvær gagnasamstæður, eina sem er aðgengileg almenningi og aðra sem aðeins er aðgengileg aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Í fyrrnefndu gagnasamstæðunni skulu vera öll gögn í skránum, að undanskildum þeim sem ekki er unnt að birta sökum trúnaðarskyldu í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB, einkum í því skyni að vernda viðskiptahagsmuni. Í síðarnefndu gagnasamstæðunni skulu vera frekari trúnaðargögn. Með einstakar óskir um aðgang verður farið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1049/2001, en þar er að finna ákvæði um undantekningar sem tryggja vernd sömu hagsmuna og tilgreindir eru í 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

7) Á gildistíma samþykkisins og í tilhlýðilegan tíma eftir að hann rennur út skulu lögbær yfirvöld, skoðunarþjónusta, rannsóknarstofur aðildarríkjanna sem annast eftirlit og framkvæmdastjórnin hafa upplýsingar um aðferðir við greiningu og sanngreiningu aðgengilegar, þ.m.t. greiningaraðferðir varðandi viðmiðunarmörk sem komið var á samkvæmt tilskipun 2001/18/EB.

8) Þegar lögbær yfirvöld leggja gögnin fyrir framkvæmdastjórnina til færslu í skrárnar vantar e.t.v. sum þeirra, s.s. dagsetningu leyfisins eða um fullgildingarþættina fyrir greiningar- og sanngreiningaraðferðirnar. Á gildistíma samþykkisins og jafnvel um nokkra hríð eftir að hann rennur út kunna uppfærslur, s.s. varðandi greiningar- og sanngreiningaraðferðir, verslunarheiti eða um þann er ber ábyrgð, einnig að reynast nauðsynlegar. Því skal setja ákvæði um uppfærslu skránna.

9) Þróun aðferða við erfðabreytingar eða tilheyrandi greiningar- og sanngreiningaraðferðir, þ.m.t. greiningaraðferðir varðandi viðmiðunarmörk sem sett hafa verið samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, getur kallað á aðlögun þessarar ákvörðunar að tækniframförum. Á sama hátt getur frekari þróun löggjafar Bandalagsins kallað á aðlögun þessarar ákvörðunar til að tryggja samræmi og skilvirkni.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um nákvæma tilhögun við rekstur skráa (hér á eftir nefndar „skrárnar“) sem framkvæmdastjórnin skal halda skv. 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2001/18/EB í því skyni að skrá upplýsingar um erfðabreytingar í erfðabreyttum lífverum.

2. gr.

Í upplýsingunum, sem um getur í 1. gr., skulu koma nákvæmlega fram, í samræmi við ákvæði 3. gr., atriði sem varða kirnaraðir eða aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sanngreina vöru sem inniheldur erfðabreytta lífveru og afsprengi hennar, s.s. um aðferðir við greiningu og sanngreiningu vöru sem inniheldur erfðabreytta lífveru, þ.m.t. greiningaraðferðir varðandi viðmiðunarmörk sem sett voru samkvæmt tilskipun 2001/18/EB og gögn úr tilraunum sem staðfesta fullgildingu aðferðarinnar.

Skrárnar skulu vera í samræmi við skrár sem eru settar fram samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins og samhæfðar þeim.

3. gr.

Eftirfarandi skal færa í skrárnar:

a) upplýsingar um tilkynnandann og þá sem bera ábyrgð:

   i. nafn og heimilisfang tilkynnanda,

   ii. nafn og heimilisfang þess aðila, ef annar en tilkynnandi, sem hefur staðfestu í Bandalaginu og ber ábyrgð á setningu á markað, hvort sem hann er framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili,

b) almennar upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna eða lífverurnar:

   i. verslunarheiti varanna sem innihalda erfðabreyttar lífverur og heiti erfðabreyttu lífveranna í þeim, þ.m.t. vísindaheiti og almenn heiti arfþegans eða, eftir því sem við á, móðurlífveru erfðabreyttu lífverunnar,

([1]) Stjtíð. EB L 287, 5.11.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

ii. sértákn erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna í vörunni eða vörunum,

iii. tilkynningaraðildarríki,

iv. númer tilkynningar,

v. ákvörðun um að leyfa erfðabreyttu lífveruna eða lífverurnar,

c) upplýsingar um innskotið:

i. upplýsingar um kirnaröð innskotsins sem notuð er til að þróa leitaraðferðina, þ.m.t., og eftir því sem við á, alla röð innskotsins, ásamt fjölda basapara í jaðarröðum hýsilsins sem þörf er á til að fullmóta tilvikssértæka greiningaraðferð og greiningaraðferðir sem varða viðmiðunarmörkin sem sett voru samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, auk vörslunúmera fyrir opinbera gagnagrunna og tilvísana með gögnum um raðir innskotsins eða hluta þess,

ii. nákvæmt kort af DNA-innskotinu, þ.m.t. öll erfðastök, svæði með táknröðum og án þeirra, auk tilgreiningar á röð þeirra og tengingu,

d) upplýsingar um greiningar- og sanngreiningaraðferðirnar:

i. lýsingu á sanngreiningar- og greiningaraðferðum við tilvikssértæka greiningu, þ.m.t., þegar við á, greiningaraðferðir er varða viðmiðunarmörk sem sett hafa verið samkvæmt tilskipun 2001/18/EB,

ii. upplýsingar um greiningar- og sanngreiningartæki á borð við kjarnsýrumögnunarlykla (PCR-primers) og mótefni,

iii. upplýsingar, eftir því sem við á, um fullgildingarþætti í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur,

e) upplýsingar um framlagningu, geymslu og afhendingu sýna:

i. nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem ber(a) ábyrgð á framlagningu, geymslu og afhendingu samanburðarsýna,

ii. upplýsingar um geymdu sýnin, s.s. tegund efnis, lýsingu á erfðafræðilegum eiginleikum, magn efnis í gagnasafni, stöðugleika, viðeigandi geymsluaðstæður og geymsluþol.

4. gr.

Skrárnar skulu vera aðgengilegar almenningi í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB og reglugerð (EB) nr. 1049/2001.

Skráðu upplýsingunum skal skipt sem hér segir í:

a) safn upplýsinga sem er aðgengilegt almenningi,

b) safn upplýsinga með frekari trúnaðargögnum sem einungis aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu hafa aðgang að.

5. gr.

Lögbær yfirvöld skulu taka út úr tilkynningunum sem þeim berast skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB öll gögn sem varða upplýsingarnar sem um getur í 3. gr. þessarar ákvörðunar. Þau skulu leggja upplýsingarnar fyrir framkvæmdastjórnina og nota til þess eyðublaðið sem framkvæmdastjórnin lætur í té í þessu skyni, annaðhvort um leið og matsskýrslan er lögð fram eða eigi síðar en hálfum mánuði eftir það, þannig að framkvæmdastjórnin geti fært þær í skrárnar. Tilkynnandanum er heimilt að fylla út eyðublaðið með þeim fyrirvara að lögbær yfirvöld sannreyni þær upplýsingar sem þar eru gefnar.

Til að komast hjá tvískráningu upplýsinga má tilgreina tengingar í aðrar skrár eða gagnagrunna, s.s. eyðublöð fyrir samantekt tilkynninga, álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, matsskýrslu lögbærs yfirvalds, upplýsingamiðstöð um líföryggi, sem komið var á fót samkvæmt Cartagena-bókuninni um líföryggi, og sameindaskrá sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar.

6. gr.

Lögbært yfirvald skal senda framkvæmdastjórninni hvers kyns upplýsingar um uppfærslu skránna eigi síðar en tveimur vikum eftir að þær berast yfirvaldinu. Upplýsingarnar skulu færðar í skrárnar eigi síðar en tveimur vikum frá viðtöku.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

852. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til landflutningalaga.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn fagnar því að löggjöf um landflutninga sé löguð að því rekstrarumhverfi sem greinin býr við og breytingum sem orðið hafa á þessu sviði og gerir því ekki athugasemdir við megininntak frumvarpsins. Minni hlutinn vekur athygli á atriðum sem komu fram í umsögnum hagsmunaaðila um málið og taka hefði mátt til endurskoðunar við vinnslu frumvarpsins í nefndinni. Í ljósi athugasemda þeirra leggur minni hlutinn til að breytingar verði gerðar á frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar.

Í fyrsta lagi telur minni hlutinn rétt að vekja athygli á nauðsyn þess að orðið „vara“ sé skilgreint þannig að forðast megi misskilning. Mat minni hlutans er að óljóst sé hvað telst til vöru í skilningi frumvarpsins sem getur valdið óþarfa óvissu.

Í öðru lagi telur minni hlutinn að ákvæði 27. gr. frumvarpsins sem kveður á um þann frest sem móttakandi hefur til að veita vöru viðtöku sé ósanngjarnt þar sem tímamörk eru allt of þröng og gefa móttakandanum ekki nægjanlegt svigrúm. Lagt er til að í stað þriggja daga verði mörkin rýmkuð og miðist við sjö daga.

Loks er lagt er til að 3. og 4. mgr. 27. gr. verði felldar brott. Fram komu þau sjónarmið hjá umsagnaraðilum að verði þessi ákvæði að lögum geti það valdið miklum erfiðleikum í flutningum og starfsemi flytjenda. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og vekur athygli á því að verði umrædd ákvæði að lögum felur það í sér að skráður móttakandi geti móttekið vörur á þess að hann sé skuldbundinn til þess að greiða flutningsgjald eða annan áfallinn kostnað hjá flytjanda. Um er að ræða verulega íþyngjandi ákvæði og minni hlutinn telur auk þess fráleitt að flytjandi sem er ekki aðili að samningi sendanda og móttakanda líði fyrir samskipti þeirra og hugsanlegar deilur.

Leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. Í stað orðanna „þremur dögum“ í 1. mgr. 27. gr. komi: sjö dögum.
b. 3. og 4. mgr. 27. gr. falli brott.

Alþingi, 23. mars 2010.

Ásbjörn Óttarsson, frsm. Árni Johnsen.

853. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um lögskráningu sjómanna.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn getur ekki stutt álit meiri hluta nefndarinnar um umrætt frumvarp um lögskráningu og telur að efni þess þarfnist mun meiri umfjöllunar við, skoðunar á afleiðingum þess og vissu fyrir því að rafrænt skráningarkerfi geti annað því umfangi sem gert er ráð fyrir.

Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til þess að 900–1.000 fiskiskip bætast við þau 380 sem nú falla undir lög um lögskráningu. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki minnst á þetta gríðarlega aukna umfang lögskráningar. Því verður að ætla að höfundar frumvarpsins hafi ekki verið meðvitaðir um það, enda er stórmál á ferðinni sem vert hefði verið að vekja athygli á.

Minni hlutinn vekur athygli á að flest þau fiskiskip sem nú eiga að falla undir lögskráningu í fyrsta sinn eru innan raða Landssambands smábátaeigenda. Fyrir liggur vel rökstudd umsögn sambandsins þar sem það hafnar alfarið breytingu á gildandi lögum og vill að fiskiskip minni en 20 brúttótonn verði áfram undanþegin lögskráningu. Það er miður að ekki skuli tekið tillit til sjónarmiða Landssambands smábátaeigenda og í hæsta máta óeðlilegt að ekki skuli haft samráð við sambandið við vinnslu frumvarpsins og hugað að afleiðingum fyrirhugaðra breytinga fyrir aðila þess.

Minni hlutinn telur þær breytingar sem gerðar voru á lögum um lögskráningu og lögum um eftirlit með skipum 2001 hafa verið vel ígrundaðar og með þeim komið til móts við það sjónarmið Landssambands smábátaeigenda að tryggja með ábyggilegum hætti slysatryggingu sjómanna. Góð reynsla er komin á þær breytingar sem sýnir sig best í að gert er ráð fyrir að þær verði teknar upp í nýjum lögum um lögskráningu.

Við lagabreytinguna 2001 var ekki talið að gera þyrfti aðrar breytingar á þáttum er varða öryggi sjómanna og eftirlit með réttindum skipstjórnarmanna. Engar breytingar hafa orðið frá þeim tíma er kalla á fyrirhugaðar breytingar, ef undan er skilið aukin skilyrði fyrir eftirlit með rafrænum hætti.

Í 5. gr. frumvarpsins er skilyrt að ekki megi lögskrá í skiprúm nema fyrir liggi staðfesting á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna. Þar sem margoft hefur þurft að fresta gildistöku þessa ákvæðis vegna langra biðlista að Slysavarnaskóla sjómanna er útilokað að skólinn geti annað þeim fjölda sem bætist við verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Skal í þessu sambandi vakin athygli á að vegna fjársveltis verður ekkert af árlegri hringferð Sæbjargar til námskeiðahalda á komandi sumri eins og verið hefur. Á þetta atriði hefur minni hlutinn bent í vinnu nefndarinnar við frumvarpið. Gerir minni hlutinn að tillögu sinni að ákvæði nýrra laga um lögskráningu skipa minni en 20 brúttótonn komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 2012. Á þeim tíma gefst tækifæri til að reyna hið nýja kerfi og

sjá hvort skilvirkni þess uppfyllir kröfur sem til þess eru gerðar um öryggisþætti og hagræðingu. Í ljósi framangreinds leggur minni hlutinn til eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. ná lögin ekki til skipa sem eru minni en 20 brúttótonn frá gildistöku laganna til 1. nóvember 2012.

Alþingi, 23. mars 2010.

Ásbjörn Óttarsson.

854. Fyrirspurn [491. mál]

til fjármálaráðherra um tryggingagjald.

Frá Birgi Ármannssyni.

Vegna hve margra einstaklinga var greitt tryggingagjald árið 2008 og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast frá þeim tíma og fram í mars 2010? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og atvinnugreinum miðað við atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Skriflegt svar óskast.

855. Fyrirspurn [492. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um ábyrgð á framkvæmd 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Hvaða aðili í stjórnsýslunni ber ábyrgð á framkvæmd 22. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nánar tiltekið þeim þætti laganna er snýr að kynferðislegri áreitni á vinnustöðum?

Skriflegt svar óskast.

856. Lög [309. mál]

um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 844.

857. Lög [21. mál]

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 845.

858. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

(Eftir 2. umr., 23. mars.)

1. gr.

A-liður 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: hafa búsetu innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirliggjandi gagna og er heimilt að leita umsagnar endurskoðanda.
c. Í stað orðanna „endurskoðaðan ársreikning“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: ársreikning áritaðan samkvæmt lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.
d. Í stað orðanna „að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: og er heimilt að óska eftir umsögn endurskoðanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

859. Fyrirspurn [493. mál]

til fjármálaráðherra um markaðar tekjur og ríkistekjur.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvernig eru markaðar tekjur ríkisins skilgreindar frá öðrum tekjum ríkisins og hvert er hlutfall þeirra í heildarskatttekjum ríkisins?
2. Hverjar eru markaðar tekjur ríkisins og á grundvelli hvaða tilgreindu lagaákvæða eru þær innheimtar og ráðstafað?
3. Eru markaðar tekjur tæmandi taldar á séryfirliti nr. 3 í fjárlögum þessa árs?
4. Telur ráðherra það vera samrýmanlegt 40. gr. stjórnarskrárinnar að marka skatttekjur ríkisins í almennum lögum?

Skriflegt svar óskast.

860. Frumvarp til laga [494. mál]

um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi mæla fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

2. gr.

Skilyrði þess að krafa sé tekin til meðferðar.

Sá sem vistaður var á stofnun eða heimili sem lög þessi taka til getur krafist sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum, enda liggi fyrir skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns. Sýslumaður tekur afstöðu til krafna en sá sem krefst bóta getur leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr. uni hann ekki niðurstöðu sýslumanns.

3. gr.

Skilyrði sanngirnisbóta.

Greiða skal sanngirnisbætur úr ríkissjóði á grundvelli laga þessara hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða.

Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,
b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,
c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.

Með varanlegum skaða er átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

4. gr.

Fjárhæð sanngirnisbóta.

Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skal litið til:

1. alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra,
2. alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika.

Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skal einnig, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 millj. kr. Hámark þetta breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Nú hefur vistmaður verið vistaður á fleiri en einni stofnun eða heimili sem falla undir lög þessi og er þá heimilt að ákveða bætur til bráðabirgða og taka þá ákvörðun til endurskoðunar jafnóðum og fleiri skýrslur nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innkallanir vegna þeirra liggja fyrir. Við endanlegt mat skal líta til fyrrgreindra þátta með heildstæðum hætti, þó þannig að heildarbætur rúmist innan marka þess sem getur í 2. mgr.

Bætur allt að 2 millj. kr. skal greiða út í einu lagi. Bætur umfram það og allt að 4 millj. kr. skal greiða út 18 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bætur umfram 4 millj. kr. og allt að 6 millj. kr. skal greiða út 36 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því að hún er ákveðin í sáttaboði skv. 6. gr. eða úrskurði skv. 9. gr.

5. gr.

Innköllun.

Þegar nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur lokið skýrslu um könnun sína á starfsemi heimilis eða stofnunar skal ráðherra fela tilteknum sýslumanni að gefa út innköllun. Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði, svo og tvívegis í útbreiddu dagblaði. Þar skal skorað á þá sem dvalið hafa á tiltekinni stofnun eða heimili á tilgreindu tímabili er skýrslan tók til og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði.

Sýslumaður ákveður form innköllunar og gefur út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Á eyðublaðinu skal sá er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun eða heimili og helstu ástæður þess að hann telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum. Þar skal einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um viðkomandi, í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, þ.m.t. hljóðupptökur og endurrit vitnaskýrslu.

Nú er kröfu ekki lýst innan þess frests sem greinir í 2. mgr. og fellur hún þá niður.

Víkja má frá þessu í allt að tvö ár frá því að kröfulýsingarfresti lýkur ef sýnt þykir að þeim sem lýsir kröfu var það ekki unnt fyrr eða önnur veigamikil rök mæla með því.

6. gr.

Sáttaboð.

Að loknum kröfulýsingarfresti skal sýslumaður fara yfir þær kröfur sem lýst hefur verið og önnur tiltæk gögn. Hann skal afla staðfestingar nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir. Telji sýslumaður að líkur standi til að bótaskilyrði laga þessara séu uppfyllt skal hann að höfðu samráði við ráðherra gera viðkomandi einstaklingi skriflegt og bindandi sáttaboð. Að öðrum kosti skal hann synja kröfu með rökstuddu bréfi. Málsmeðferð af hálfu sýslumanns skal vera einföld og henni skal hraðað eins og kostur er. Honum er óskylt að taka munnlegar skýrslur af þeim sem gera kröfur. Skal hann eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að einu og sama heimilinu eða stofnuninni.

Hafni sá sem kröfu hefur lýst sáttaboði eða hafi kröfu hans verið synjað getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr.

Fallist sá sem kröfu hefur lýst á sátt samkvæmt þessari grein með skriflegum hætti felur það í sér afsal allra frekari krafna á hendur ríki og eftir atvikum sveitarfélögum, sbr. 13. gr., vegna vistunar á viðkomandi stofnun eða heimili. Gjalddagi er fyrsti dagur næsta mánaðar eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki viðtakanda bótanna.

7. gr.

Úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur.

Ráðherra skipar, án tilnefningar, nefnd þriggja manna og þriggja til vara til þess að taka afstöðu til krafna um sanngirnisbætur samkvæmt lögum þessum ljúki málum ekki á grundvelli 6. gr. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður skal fullnægja skilyrðum til að vera hæstaréttardómari, en hann skal jafnframt vera formaður nefndarinnar. Einn skal vera læknir og einn sálfræðingur. Um sérstök hæfisskilyrði gilda reglur stjórnsýslulaga. Varamenn skulu fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

Kostnaður við störf úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, sbr. þó 13. gr. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfslið.

8. gr.

Meðferð bótakrafna af hálfu úrskurðarnefndar.

Í erindi til úrskurðarnefndar á grundvelli 2. mgr. 6. gr. skal greina helstu rök fyrir því að viðkomandi eigi ríkari rétt en niðurstaða sýslumanns ber vott um. Úrskurðarnefndin getur kvatt þann sem leitað hefur til nefndarinnar til viðtals þar sem aflað verður nánari upplýsinga um grundvöll kröfunnar. Þá getur hún sömuleiðis leitað eftir afstöðu sýslumanns til kröfunnar eða kvatt aðra einstaklinga til viðtals, t.d. fyrrverandi starfsfólk á stofnun eða heimili.

Úrskurðarnefndinni er heimilt að óska eftir umboði þess sem kröfu gerir til að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans, ef slík gögn skipta sérstöku máli að áliti nefndarinnar. Slík gagnaöflun skal vera á kostnað nefndarinnar.

Úrskurðarnefndin skal hafa aðgang að hljóðupptökum og endurritum viðtala sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur tekið sem lið í rannsókn sinni á stofnun eða heimili, sem og að öðrum skjallegum gögnum sem síðarnefnda nefndin býr yfir.

Nú telur sá sem kröfu gerir að skýrsla sem hann kann að hafa gefið skv. 3. mgr. sé ófullnægjandi við mat á rétti hans til sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum, eða hann óskar af öðrum ástæðum eftir því að tjá sig nánar um atriði sem skýrslan tekur til, og skal þá úrskurðarnefndin heimila honum að gefa skýrslu á ný, eða leggja fram skriflega greinargerð. Úrskurðarnefndin skal meta framkomna framburði heildstætt.

Úrskurðarnefndin skal ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er.

9. gr.

Ákvörðun um bætur.

Úrskurðarnefndin skal kveða upp skriflegan úrskurð þar sem tekin er afstaða til kröfu þess sem leitar til nefndarinnar um bætur. Tilgreina skal helstu röksemdir sem niðurstaðan er reist á.

Við mat á því hvort nægilega sé í ljós leitt að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt, og við mat á þeim atriðum sem greinir í 4. gr., skal úrskurðarnefndin líta til fyrirliggjandi gagna og þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun eða heimili, einkum á grundvelli skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Nú hefur sá er kröfu gerir notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf og skal þá úrskurðarnefndin jafnframt hugsanlegum sanngirnisbótum úrskurða hæfilegan kostnað samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu lögmannsins. Að jafnaði skal ekki úrskurða hærri þóknun en svarar til 10 klst. vinnu.

Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnsýslustigi. Ekki er hægt að bera niðurstöðu um bótarétt skv. 3. og 4. gr. undir dómstóla fyrr en úrskurður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur liggur fyrir. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að úrskurðurinn var kynntur aðila máls og málsókninni skal beint að úrskurðarnefndinni.

Gjalddagi bóta er 1. dagur næsta mánaðar eftir að úrskurður er kveðinn upp.

10. gr.

Tengiliður vegna vistheimila.

Ráðherra skipar sérstakan tengilið sem koma skal með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum. Hann skal m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. Þá skal hann aðstoða fyrrverandi vistmenn sem eiga um sárt að binda í kjölfar vistunar við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun. Eftir 1. janúar 2013 getur ráðherra lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar.

11. gr.

Framsal krafna og aðilaskipti fyrir erfðir.

Ekki er heimilt að framselja kröfu samkvæmt lögum þessum, nema hún sé viðurkennd og fjárhæð hennar ákvörðuð af úrskurðarnefnd. Bætur eru undanþegnar aðför skv. 46. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Krafa um bætur samkvæmt lögum þessum erfist í samræmi við erfðalög, nr. 8/1962, hafi tjónþoli lýst kröfu skv. 5. gr. Hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa slíkri kröfu erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir.

12. gr.
Ýmis ákvæði.

Um sanngirnisbætur samkvæmt lögum þessum fer skv. 2. mgr. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Aðrar greiðslur sem einstaklingur kann að njóta, t.d. á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, eða úr lífeyrissjóðum, hafa ekki áhrif á ákvörðun sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum. Greiddar sanngirnisbætur mynda ekki heldur stofn til frádráttar vegna slíkra annarra greiðslna, né hafa áhrif á réttindi einstaklinga í almannatryggingakerfinu að öðru leyti.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um gögn úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur. Gögnin skulu gerð almenningi aðgengileg að þeim tíma liðnum sem getur í upplýsingalögum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1996.

Ráðherra er heimilt að gefa út og birta í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu sýslumanns eða úrskurðarnefndar, nánari reglur um viðmið við ákvörðun fjárhæða, meðferð bótakrafna, aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum, fyrirkomulag greiðslu bóta, viðmiðunarfjárhæð vegna lögmannskostnaðar og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara.

13. gr.
Ábyrgðarskipting.

Hafi sveitarfélag rekið heimili eða stofnun skal ráðherra efna til viðræðna við viðkomandi um skiptingu kostnaðar af bótagreiðslum og starfi sýslumanns og úrskurðarnefndar.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Forsætisráðherra skipaði haustið 2009 starfshóp um bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Í honum áttu sæti Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, formaður, Kristrún Heimisdóttir, lögfræðilegur ráðunautur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Ása Ólafsdóttir, aðstoðarmaður dómsmála- og mannréttindaráðherra, Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður og Eiríkur Jónsson, lektor við lagadeild HÍ. Í erindisbréfi starfshópsins kom fram að verkefni starfshópsins væri að semja drög að frumvarpi til laga þar sem mælt yrði fyrir um greiðslu bóta til þeirra sem orðið hafa fyrir illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum er heyra undir gildissvið laga nr. 26/2007. Einnig var tekið fram að rétt væri að starfshópurinn styddist við þá undirbúningsvinnu sem þegar hefði verið unnin í ráðuneytinu í þessu efni og þau sjónarmið sem fram kæmu í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins, dags. 8. september 2009. Þessari pólitísku stefnumótun var fylgt í starfi starfshópsins.

Starfshópurinn hefur átt fundi með fulltrúum Breiðavíkursamtakanna og Félags heyrnarlausra, með Róbert R. Spanó, formanni nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, og Þuríði B. Sigurjónsdóttur, framkvæmdastjóra nefndarinnar. Nefndin hefur kynnt sér fyrri samskipti forsætisráðuneytisins og Breiðavíkursamtakanna vegna bótagreiðslna, þ.m.t. frumvarp sem

Viðar Már Matthíasson prófessor samdi vorið 2008, en vinnan að þessu frumvarpi hófst á grundvelli hins eldra frumvarps og er hér víða stuðst við þá almennu umfjöllun sem þar var að finna. Þá hefur starfhópurinn kynnt sér fyrirkomulag bótagreiðslna af þessu tagi í nokkrum nálægum löndum, einkum í Noregi og á Írlandi. Starfshópurinn lauk störfum 10. mars 2010. Í skilabréfi var tekið fram að í þeim frumvarpsdrögum sem hann legði til væri hvorki að finna tillögu að hámarksfjárhæð bóta né heldur mælt fyrir um erfðarétt vegna þeirra einstaklinga sem fallnir væru frá fyrir gildistöku laganna. Væri eðlilegast að ráðherra, ríkisstjórn og Alþingi ákvæðu hvaða leið skyldi fara í þeim efnum en starfshópurinn gæti ekki gengið lengra en að rekja mismunandi sjónarmið um það málefni.

Forsætisráðherra hefur fallist á tillögur starfshópsins í megindráttum og er frumvarp þetta í grunninn samið af starfshópnum. Að því er varðar þau atriði sem starfshópurinn vísaði sérstaklega til ráðherra þá er hér lagt til í fyrsta lagi að hámarksfjárhæð bóta verði 6 millj. kr. Er sú fjárhæð rökstudd hér á eftir. Því tengt er mælt fyrir um að bætur yfir 2 millj. kr. greiðist í áföngum en ekki með eingreiðslu. Í öðru lagi er mælt fyrir um erfðarétt eftirlifandi barna vistmanna.

2. Forsaga málsins.

Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum 13. febrúar 2007 að láta fara fram rannsókn á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árabilinu 1950–1980, og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Jafnframt var ákveðið að veita þeim sem þess óskuðu sérfræðilega aðstoð við að takast á við minningar um þungbæra reynslu af dvöl á slíkum heimilum. Í kjölfarið lagði þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, fram frumvarp á Alþingi um slíka rannsókn sem varð að lögum nr. 26/2007. Sett var á fót nefnd undir formennsku Róberts R. Spanó prófessors sem hefur unnið skipulega að því að kanna tiltekin heimili og stofnanir sem falla undir lögin.

Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur nú lokið könnun á starfsemi eftirtalinna fjögurra stofnana:

a. vistheimilisins Breiðavíkur,
b. Heyrnleysingjaskólans,
c. vistheimilisins Kumbaravogs,
d. skólaheimilisins Bjargs.

Skýrsla um vistheimilið Breiðavík var afhent forsætisráðherra í ársbyrjun 2008 en skýrsla um hin heimilin þrjú haustið 2009.

Niðurstöður könnunar á starfsemi neðangreindra stofnana verða afhentar forsætisráðherra 30. júní 2010:

a. vistheimilisins Reykjahlíðar,
b. vistheimilisins Silungapolls,
c. heimavistarskólans Jaðars.

Niðurstöður könnunar á starfsemi neðangreindra stofnana verða afhentar forsætisráðherra 15. apríl 2011:

a. Upptökuheimili ríkisins.
b. Unglingaheimili ríkisins.

Niðurstöður af rannsókn nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 eru ítarlega raktar í þeim skýrslum sem hún hefur skilað forsætisráðherra. Verður sú umfjöllun ekki endurtekin hér, en rétt er að víkja stuttlega að því sem fyrir liggur um fjölda vistmanna. Eðli málsins sam-

kvæmt er einungis unnt að gera grein fyrir fjöldanum á þeim fjórum stofnunum sem fyrst voru nefndar hér að framan, en hann er eftirfarandi:

a. *Vistheimilið Breiðavík:*
Heimilið var starfrækt á árunum 1952–1979.
Vistmenn 155
Látnir 33
Viðtal 82
Komu ekki í viðtal . . . 18

b. *Vistheimilið Kumbaravogur:*
Heimilið var starfrækt 1965–1984.
Vistmenn 36
Látnir 4
Viðtal 19
Komu ekki í viðtal . . . 13

c. *Heyrnleysingjaskólinn:*
Könnun nefndarinnar náði yfir tímabilið 1947–1992
Nemendur 175
Látnir 10
Viðtal 46
Komu ekki í viðtal . . 119

d. *Skólaheimilið Bjarg:*
Könnun nefndarinnar náði yfir tímabilið 1965–1967
Vistmenn 20
Látnir 4
Viðtal 7
Komu ekki í viðtal 9

Eitt verkefna nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 var að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þætti til, sbr. d-lið 1. gr. laganna. Nefndin fól Viðari Má Matthíassyni prófessor að vinna álitsgerð um ýmis skaðabótaréttarleg atriði í tilefni af könnun nefndarinnar á starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1952–1979. Þar kemur meðal annars fram að á umræddu tímabili gilti sakarreglan sem meginregla um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Reglan um vinnuveitendaábyrgð gilti einnig á því tímabili sem um ræðir. Þá þurfti að vera ljóst að á milli skaðabótaskyldrar háttsemi og tjóns væru orsakatengsl. „Ljóst má vera að sönnun á orsakatengslum þegar langt er um liðið frá því að hin meinta skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað getur orðið tjónþolanum erfið. Hann þarf að sýna fram á, að tjónið verði rakið til háttseminnar, en ekki einhvers annars, sem drifið hefur á daga hans, eins og t.d. bágra heimilisaðstæðna fyrir dvöl og jafnvel eftir dvöl á vist- eða meðferðarheimili, óreglu síðar á lífsleiðinni eða annars konar áfalla,“ segir í álitsgerðinni. Meginreglan varðandi skaðabótakröfur er að þær fyrnast á 10 árum. Upphaf fyrningarfrests er að jafnaði miðað við það tímamark er hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað. Þess eru dæmi að dómstólar hafi miðað við síðara tímamark ef tjón kemur fram eftir að bóta-

skyld háttsemi á sér stað. Að mati Viðars Más er þó nánast útilokað að kröfur um skaðabætur vegna háttsemi, sem viðhöfð var fyrir árslok 1979, séu ekki fyrndar. Í álitsgerð sinni nefndi Viðar Már tvær færar meginleiðir hygðist íslenska ríkið, umfram skyldu, bæta þeim sem hefðu orðið fyrir tjóni vegna dvalar á Breiðavík skaðabætur. Annars vegar mætti leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Hins vegar væri hægt að setja almenn lög, er heimiluðu að greiddar yrðu bætur til þeirra sem orðið hefðu fyrir tjóni. Þar kæmu fram reglur um skilyrði bóta og aðferð eða viðmiðanir við ákvörðun á fjárhæð þeirra. Ákveða mætti að um yrði að ræða meðalhófsbætur ákveðnar eins fyrir alla eða eftir einföldum mælikvörðum, t.d. vistunartíma á Breiðavík. Meginatriði væri að setja almennar gegnsæjar reglur um skilyrði til skaðabóta og hvernig fjárhæð þeirra yrði ákvörðuð.

Eftir að skýrsla um Breiðavíkurheimilið kom út fól þáverandi ríkisstjórn Viðari Má Matthíassyni prófessor að útfæra bótafyrirkomulag í frumvarpi. Það frumvarp var síðan kynnt Breiðavíkursamtökunum á fundi í ágúst 2008. Undirtektir voru ekki góðar, m.a. vegna fjárhæðar bóta og aðferðafræði við mat á miska og varð ekki frekara framhald á málinu um sinn.

Núverandi forsætisráðherra ákvað síðan vorið 2009 að taka málið upp að nýju eins og fram kom í eftirfarandi svari við fyrirspurn á Alþingi 12. mars 2009:

„Ég vil fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og íslensku þjóðarinnar biðja fyrrverandi vistmenn á Breiðavíkurheimilinu og fjölskyldur þeirra afsökunar á þeirri ómannúðlegu meðferð sem þeir voru látnir sæta. Ég vil sömuleiðis biðja alla þá afsökunar sem hafa sem börn verið vistaðir á stofnunum eða heimilum fyrir tilstuðlan opinberra aðila hér á landi og sætt þar illri meðferð eða ofbeldi.

Það er hins vegar ekki hægt að ætlast til að slík fyrirgefning sé veitt nema þessi kafli í sögu íslenskra barnaverndarmála sé gerður upp. Í tíð fyrrverandi forsætisráðherra var hafist handa um það verk en Alþingi samþykkti lög árið 2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Mikilvægt er einnig að hafin er könnun á meðferð barna og unglinga á mörgum fleiri vistheimilum þar sem börn og unglingar voru vistuð fyrir tilstuðlan opinberra aðila og er skýrsla um það væntanleg núna í júní nk.

Varðandi síðari spurningu hv. þingmanns hafa verið settar fram hugmyndir um bótagreiðslur sem er alveg ljóst að Breiðavíkursamtökin hafa haft miklar athugasemdir við. Fulltrúar í forsætisráðuneytinu hafa á síðustu dögum fundað með forsvarsmönnum Breiðavíkursamtakanna um hvernig hægt sé að ljúka þessu máli í bærilegri sátt. Við erum að vísu bundin af þeim fjárheimildum sem núna eru í lögum en engu að síður standa þessi samtöl nú yfir. Ég vona að við komumst þar að niðurstöðu sem fulltrúar Breiðavíkursamtakanna geta verið sáttir við. Við skuldum þessum aðilum það að sú niðurstaða sem verður á bótagreiðslum verði gerð í bærilegri sátt við þessi samtök.“

Í framhaldinu skiptust fulltrúar forsætisráðuneytisins og Breiðavíkursamtakanna á hugmyndum um útfærslu frumvarps. Í tilefni af útkomu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar um þrjú heimili til viðbótar, þ.e. Heyrnleysingjaskólann, Kumbaravog og Bjarg, gaf ríkisstjórnin út fréttatilkynningu 8. september 2009 þar sem lagðar voru ákveðnar línur um framhaldið. Þar segir m.a.:

„Ráðuneytið sér fyrir sér að meginatriði löggjafar verði þessi:

a. Sett verði á fót bótanefnd en samhliða henni starfi tengiliður vistmanna við stjórnvöld er aðstoði fyrrverandi vistmenn við að ná fram rétti sínum, m.a. varðandi félagslega aðstoð, heilbrigðisþjónustu og menntun. Þegar skýrsla vistheimilisnefndar liggur fyrir verði auglýst eftir þeim sem telja sig eiga rétt á bótum.

b. Bótanefnd geti úrskurðað almennar bætur er nemi tiltekinni fjárhæð, sem eftir er að ákveða, og sé meginskilyrði að vistmaður hafi sjálfur orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á meðan vistun stóð. Ekki verði um strangar sönnunarkröfur að ræða.
c. Í sérstökum tilfellum verði heimilað að hækka bætur að álitum. Hækkun bóta geti m.a. komið til vegna alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, aðdraganda vistunar eða tímalengdar vistunar.
d. Kveðið verði á um skattfrelsi bóta, erfðarétt vegna einstaklinga sem fallnir eru frá, aðgang bótanefndar að gögnum vistheimilisnefndar til að einfalda málsmeðferð og lögmannsaðstoð.

Forsætisráðherra mun nú fela starfshópi að undirbúa frumvarp á grundvelli samskipta ráðuneytisins við Breiðavíkursamtökin og í ljósi fyrstu áfangaskýrslu vistheimilisnefndar sem fjallar um þrjú heimili til viðbótar eins og áður segir. Samráð verður haft við samtök fyrrverandi vistmanna og hlutaðeigandi sveitarfélög.“

Starfshópur til að vinna slíkt frumvarp var síðan skipaður, sbr. lýsingu á erindisbréfi hans í 1. kafla.

3. Nauðsyn lagasetningar – valkostir.

Fyrsta spurningin sem svara verður, þegar stjórnvöld hafa markað þá stefnu að greiða bætur þrátt fyrir að hefðbundnar bótakröfur séu fyrndar, er hvort lagasetning sé forsenda bótagreiðslna. Strangt til tekið er það ekki raunin nema hvað greiðslur úr ríkissjóði krefjast auðvitað fjárlagaheimildar. Hugsa mætti sér að ríkið semdi við þá sem teldust eiga tilkall til bóta án þess að sett væru sérstök lög um efnið. Ýmis vandkvæði eru hins vegar við þá leið. Í fyrsta lagi er alls óvíst hvort slíkur samkomulagsgrundvöllur er fyrir hendi, eða hvort allir þeir sem í hlut eiga mundu vilja gerast aðilar að slíkri sátt. Í öðru lagi gæti slíkt ferli orðið ógagnsærra en ella og skapað vandkvæði með tilliti til jafnræðis. Í þriðja lagi er eðlilegt að hin lýðræðislega löggjafarsamkoma, sem jafnframt fer með fjárveitingarvaldið, meti og marki þá leið sem farin skal og lögfesti almennar reglur um hana. Lagasetning felur þannig í sér skýrara, almennara, gagnsærra og lýðræðislegra ferli og veitir öllum hlutaðeigandi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ákvörðun bótafyrirkomulags.

Þá er spurning hvort setja eigi sérstök lög um hvert heimili eða stofnun eða setja almenn lög sem gildi þá um öll heimili og stofnanir sem falla undir lög nr. 26/2007. Fulltrúar Breiðavíkursamtakanna hafa lagt töluvert upp úr séreðli þess heimilis sem réttlæti að gert sé upp við vistmenn þar á öðrum grundvelli en eigi við um önnur heimili eða stofnanir. Á hinn bóginn má segja að hvert og eitt heimili eða stofnun hafi haft sín sérstöku einkenni. Til þess að gæta jafnræðis sé eðlilegast að setja almenn lög sem nái yfir öll þau heimili eða stofnanir sem hafa verið eða verða skoðuð á grundvelli laga nr. 26/2007. Er sú leið farin með frumvarpi þessu, til samræmis við það sem lagt var upp með í erindisbréfi starfshópsins.

Eitt af því sem huga verður að við lagasetningu af þessu tagi er fordæmisgildi bótagreiðslna á þessu sviði og krafa um jafnræði af hálfu þeirra sem vistaðir voru á annars konar stofnunum sem ekki féllu undir lögin. Þá þarf einnig að huga að jafnræði gagnvart öðrum þolendum ofbeldisbrota. Spurning er hvort þar eigi að horfa á dæmdar bætur eða fremur á þær lögbundnu reglur sem fyrir eru um fjárhæðir, t.d. 600 þús. kr. hámark miskabóta samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, eða fjárhæðir bóta fyrir varanlegan miska samkvæmt skaðabótalögum, nr. 50/1993. Í frumvarpinu er lagt til ákveðið hámark bóta og lögfest sjónarmið sem líta skal til við ákvörðun bótafjárhæðar

innan þess ramma, þar á meðal það sjónarmið að tekið skuli mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum, eftir því sem unnt er.

Bótakröfur sem vistmenn kunna að hafa átt á grundvelli þeirra reglna skaðabótaréttar sem í gildi voru er atvik gerðust eru yfirleitt fyrndar. Með því að ákveða að setja lög sem þessi er ríkið því að viðurkenna bætur umfram skyldu og þá þarf að ákveða um hvers konar bætur verði að ræða. Ekki þykir fært að miða tillögur um ákvörðun bóta við reglur um bætur fyrir fjártjón eftir þeim reglum sem gilda í íslenskum rétti. Ástæður þessa eru að útilokað er að leggja einstaklingsbundið mat á það, þegar svo langt er um liðið, hvert fjártjón hvers einstaklings kann að hafa verið vegna þeirra misgjörða sem ætlunin er að bæta sanngirnisbótum samkvæmt frumvarpinu. Þá hefur verið lengi í gildi sú regla að þeim sem verður fyrir tjóni beri að leitast við að takmarka það svo sem kostur er. Regla þessi er nú í 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Loks er stuðningskerfi það sem byggt hefur verið upp í íslensku samfélagi, bæði af hálfu sveitarfélaga og ríkisins, mun frekar miðað við að hlaupið sé undir bagga með þeim sem ekki geta séð sér farborða fjárhagslega. Ekki er í því kerfi bætt ófjárhagslegt tjón, svo sem andlegar þjáningar. Af hálfu ríkisins er fyrst og fremst um að ræða örorkustyrk og örorkulífeyri, allt að því gefnu að skilyrði þessara greiðslna séu uppfyllt, en auk þess, ef um vinnufærni er að ræða, eru greiddar bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Samkvæmt almennum uppgjörsreglum um skaðabætur mundu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins koma til frádráttar bótum fyrir skerðingu á starfsorku. Ekki þykir fært að leggja til sanngirnisbætur í frumvarpi þessu sem fælu það í sér að meta þyrfti hvort skyldu til að takmarka tjón hefði verið fullnægt og hvernig hugsanlegar greiðslur örorkustyrks eða örorkulífeyris ættu að koma til frádráttar þeim sanngirnisbótum sem ákveðnar yrðu.

Þær bætur sem frumvarpið mælir fyrir um eru því í eðli sínu miskabætur, þ.e. bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Þær eru nefndar sanngirnisbætur og er þar hið sérstaka eðli þeirra haft í huga, sem bóta sem samfélagið telur eðlilegt að greiða viðkomandi einstaklingum, þrátt fyrir að skylda standi ekki til þess samkvæmt almennum réttarreglum. Markmiðið er því ekki að greiða fullar bætur eins og þær yrðu dæmdar í dómsmáli um ófyrndar bótakröfur vegna líkamstjóns, enda er sem fyrr segir ófært að miða við hefðbundnar reglur um fjártjón. Markmiðið er á hinn bóginn að greiða viðkomandi einstaklingum bætur sem samfélagið telur sanngjarnt að þeir fái vegna þeirra misgjörða sem þeir hafa þurft að þola. Við útfærslu umræddra bóta í frumvarpinu hefur verið horft til þeirra miskabótaheimilda sem fyrir eru í íslenskum rétti, ekki síst 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, og 26. gr. sömu laga. Minnir sú nálgun sem lögð er til í frumvarpinu raunar um margt á aðferðafræðina sem notuð er við beitingu 26. gr. skaðabótalaga í dómaframkvæmd, en þar er um að ræða þá bótaheimild sem tíðast er notuð í sakamálum vegna kynferðisbrota og líkamsárása. Þar er engin bótafjárhæð nefnd heldur meta dómstólar fjárhæð bótanna á grundvelli sjónarmiða sem mótast hafa í dómaframkvæmd. Þar skipta miklu máli atriði eins og alvarleiki brotanna og afleiðinga þeirra, auk þess sem horft er til fyrirliggjandi dómaframkvæmdar í svipuðum málum. Í frumvarpinu er lagt til að sanngirnisbætur verði metnar á grundvelli svipaðra sjónarmiða, en innan hámarksfjárhæðar sem ákveðin verði af Alþingi.

Hvað sem framangreindum líkindum við 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, líður er í frumvarpinu slegið umtalsvert af þeim sönnunarkröfum sem gerðar eru til þess að bætur fáist greiddar samkvæmt þeirri lagagrein. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þarf til að mynda að liggja fyrir full sönnun á líkamstjóni, sem valdið hefur verið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í frumvarpinu er hins vegar m.a. lagt til að sýslumaður setji fram sáttaboð telji hann líkur standa til þess að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt, þ.e. að viðkomandi

hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi, en í mörgum tilvikum mundi þegar liggja fyrir skýrsla vistheimilisnefndar um að ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á umræddu heimili meðan á vistun viðkomandi stóð. Sömuleiðis segir í frumvarpinu að úrskurðarnefnd skv. 7. gr. skuli meta hvort nægilega sé í ljós leitt að bótaskilyrði séu uppfyllt.

Eitt af því sem taka þurfti afstöðu til við samningu frumvarpsins var hvort um ætti að vera að ræða einstaklingsmiðaðar bætur eða staðlaðar. Staðlaðar bætur mundu fela í sér að þær yrðu ákveðnar eftir mjög einföldum mælikvörðum án þess að taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Einstaklingsmiðaðar bætur mundu hins vegar kalla á skoðun á hverju og einu tilviki. Segja má að almennt séu einstaklingsmiðaðar bætur sanngjarnari, enda miða þær að því að bótafjárhæðir ráðist af því sem hver og einn einstaklingur hefur þurft að þola. Hins vegar yrði mun einfaldara og fljótlegra að ákvarða staðlaðar bætur. Einnig getur reynst mjög erfitt að staðreyna atvik langt aftur tímann þar sem oft er einungis tjónþoli sjálfur til frásagnar. Hér má vísa í það sem segir í áfangaskýrslu vistheimilisnefndar: „Tilgangur könnunarinnar er ekki sá […] að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl hvers og eins […] enda er slík aðferð, í ljósi fyrirliggjandi gagna, eðli málsins samkvæmt ekki fær þannig að niðurstöður geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar í fyrsta lagi til að ýmsir þeir, sem varpað gætu ljósi á einstaka tímabil í starfsemi stofnana, bæði vistmenn, nemendur og starfsmenn, eru látnir. Í öðru lagi er ljóst að frásagnir vistmanna eða nemenda eru misjafnar að efni til að því er varðar upplýsingar um dvölina eða námstímann, enda jafnan verulega langt um liðið síðan þeir voru á viðkomandi stofnun. Í þriðja lagi er ljóst af skjallegri gagnaöflun nefndarinnar að einstakar frásagnir um illa meðferð eða ofbeldi fá almennt ekki stuðning í rituðum gögnum frá þessum tíma.“ (*Áfangaskýrsla I*, bls. 35.) Niðurstaðan við undirbúning frumvarpsins var eigi að síður sú að bætur skuli ákvarðaðar að meginstefnu til á einstaklingsbundnum grunni. Aðstæður hvers og eins á mismunandi heimilum séu það ólíkar að ekki sé annað fært.

Við samningu frumvarpsins þurfti einnig að taka afstöðu til þess hver ætti að úrskurða um bætur. Starfshópurinn velti því fyrir sér hvort hægt væri að fela bótanefnd samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, að taka að sér þetta hlutverk. Ekki verður þó talið að sú sérhæfing sem þar er að finna eigi alfarið við um það verkefni sem hér blasir við. Niðurstaðan varð sú að heppilegast væri að setja á fót sérstaka úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur. Til að einfalda og hraða málsmeðferð er sýslumanni hins vegar falið að setja fram sáttaboð, að undangengnu tiltölulega einföldu ferli, en þeir sem eru ósáttir við niðurstöðu sýslumanns geta leitað til úrskurðarnefndarinnar, sem þjónar þá eins konar hlutverki kærustigs.

Við undirbúning frumvarpsins kom fram það sjónarmið að lagasetning gæti torveldað starf nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 að því leyti að þeir sem ættu eftir að koma fyrir hana mundu laga framburð sinn að kröfum laganna. Það er hins vegar mat starfshópsins sem vann frumvarpið að sú hætta sé óveruleg, auk þess sem lagasetning hafi verið boðuð um langan tíma og ljóst megi vera hvert verði meginefni hennar og sú hætta sé þegar fyrir hendi óháð því hvenær frumvarp kemur fram.

Sú spurning vaknaði einnig við samningu frumvarpsins hversu mikið vægi skýrsla vistheimilisnefndar ætti að hafa við ákvörðun um rétt til bóta. Nú er það svo að niðurstöður vistheimilisnefndar eru í sumum tilfellum þær að ekki hafi átt sér stað ill meðferð og ofbeldi á tilteknum heimilum og stofnunum á tilteknum tímabilum sem athuguð voru. Það sjónarmið hefði getið ráðið ferðinni að einungis yrði unnt að krefjast bóta vegna tímabila þar sem vistheimilisnefndin hefur talið að um illa meðferð og ofbeldi hafi verið að ræða. Við nánari athugun var hins vegar ekki talið rétt að útiloka þannig fyrirfram að nýjar upplýsingar gætu

komið fram sem gæfu tilefni til að endurmeta niðurstöðu vistheimilisnefndar í einstaka tilvikum. Má í því sambandi vísa til bréfs sem umboðsmaður Alþingis sendi forsætisráðuneytinu 29. janúar sl. Hafði hann haft til athugunar kvörtun þriggja einstaklinga sem vistaðir höfðu verið á Kumbaravogi. Í bréfi umboðsmanns sagði m.a.: „Þrátt fyrir að ég teldi ekki tilefni til frekari viðbragða af minni hálfu í tilefni af kvörtuninni sem slíkri taldi ég rétt að undirstrika það að vistheimilisnefnd væri að lögum ekki ætlað endanlegt úrskurðarvald um réttindi og skyldur einstaklinga, hvorki vistmanna né starfsmanna þeirra stofnana sem athuganir hennar beinast að.“ Voru það tilmæli umboðsmanns til forsætisráðuneytisins að bærust því erindi, þ.m.t. gögn eða aðrar upplýsingar frá fyrrverandi vistmönnum á stofnunum sem athugun vistheimilisnefndar tekur til, þar sem fram kæmu athugasemdir við lýsingu og/eða ályktanir vistheimilisnefndar um einstök tilvik eða almennt starf tiltekinna vistheimila, yrði þess gætt við frekari úrvinnslu ráðuneytisins á þessum málum að slík erindi og gögn komi til athugunar eftir því sem þau gæfu tilefni til. „Sama á við ef aðila utan ráðuneytisins verður falið að fjalla frekar um þessi mál og að því leyti sem þessi mál eiga undir önnur stjórnvöld ríkis eða sveitarfélaga,“ sagði enn fremur í bréfinu.

Eftir sem áður mun skýrsla vistheimilisnefndar og niðurstöður hennar hafa mikið vægi við sönnunarmat þegar kemur að því að leysa úr bótakröfum. Þannig segir t.d. í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins að úrskurðarnefndin skuli við mat sitt á því hvort bótaskilyrði séu uppfyllt líta til þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun eða heimili, einkum á grundvelli skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Rétt er að undirstrika þegar tillögu sem þessari um bótagreiðslur er fylgt úr hlaði að ástand á þessum heimilum og stofnunum var mjög mismunandi og varast verður að alhæfa um það efni eða rýra það góða og óeigingjarna starf sem víða átti sér stað í barnaverndarmálum á þeim tímabilum sem hér eru til umfjöllunar.

4. Samráð við undirbúning frumvarps.

Aðdragandi að frumvarpi þessu er orðinn alllangur. Efni þess hefur tekið talsverðum breytingum frá því að fyrsta frumvarpið um þetta efni var samið vorið 2008. Hefur þar verið höfð hliðsjón af viðbrögðum þeirra sem í hlut eiga. Þá gaf forsætisráðuneytið, eins og áður segir, út fréttatilkynningu 8. september 2009 þar sem tilgreind voru atriði sem ráðuneytið sæi fyrir sér að yrðu meginatriði löggjafarinnar. Í kjölfarið var starfshópurinn sem undirbjó frumvarpið skipaður, sbr. áðurgreinda umfjöllun um erindisbréf hans, og við vinnuna að frumvarpinu hafði starfshópurinn samráð við stjórn Breiðavíkursamtakanna, lögmann Félags heyrnarlausra, og formann og framkvæmdastjóra nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Þá hafa ýmsir fyrrverandi vistmenn á heimilum og stofnunum sem falla undir lög nr. 26/2007 haft samband við forsætisráðuneytið undanfarna mánuði og hefur efni frumvarpsins verið útskýrt fyrir þeim og eftir atvikum rætt um mismunandi leiðir í því efni.

5. Bótakerfi íslensks skaðabótaréttar.

5.1 Inngangur.

Líkt og áður greinir er frumvarpi þessu ætlað að ganga umfram skyldu og mæla fyrir um greiðslu tiltekinna bóta, sem að öðrum kosti væru ekki til staðar. Þykir rétt að gera hér stuttlega grein fyrir tilteknum meginatriðum er snerta grundvöll, útreikning og fjárhæðir bóta í íslenskum skaðabótarétti, sem og nokkrum tengdum atriðum.

5.2 Bætur vegna líkamstjóns.

5.2.1 Inngangur.

Orðið líkamstjón er í íslenskum skaðabótarétti notað í rúmri merkingu, þ.e. það tekur til hvers konar á tjóns á líkama, svo og tjóns sem felst í geðrænum afleiðingum skaðabótaskyldrar háttsemi (Alþt. 1992–93, A-deild, bls. 3624). Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, voru lögfestar reglur um grundvöll og útreikning bóta fyrir líkamstjón, þar með talið líkamstjón sem veldur dauða. Með lögunum er búið til ákveðið kerfi bótaliða, sem hverjum um sig er ætlað að bæta tiltekið tjón, sem þó er misítarlega skilgreint. Eitt af markmiðum laganna var að gera skaðabótauppgjörið gagnsærra, þannig að taka þyrfti sérstaka afstöðu til þess hverju sinni hvers konar líkamstjón væri verið að bæta, en ekki svo sem oft hafði tíðkast í eldri framkvæmd að ákveðnar voru bætur sem ein summa fyrir allt líkamstjón sem hlotist hafði af skaðabótaskyldri háttsemi. Skaðabótalög, nr. 50/1993, fólu í sér mikla réttarbót að þessu leyti. Auk þess má fullyrða að við lögfestingu þeirra hafi bætur fyrir ófjárhagslegt tjón hækkað verulega frá því sem áður hafði verið tíðkað í réttarframkvæmd.

Setja má fram eftirfarandi yfirlit um veigamestu bæturnar fyrir líkamstjón í íslenskum rétti:

	Tímabundið tjón	Varanlegt tjón
Ófjárhagslegt tjón	Þjáningabætur	Varanlegur miski
Fjárhagslegt tjón	Tímabundið atvinnutjón	Varanleg örorka (starfsorkuskerðing)

Skilin milli tímabundins og varanlegs líkamstjóns eru miðuð við svonefnd batahvörf (stöðugleikatímapunkt), þ.e. þegar heilsufar tjónþola eftir slys er orðið stöðugt, en þá er oftast ekki að vænta frekari bata. Það er breytilegt eftir eðli líkamstjóns hvenær batahvörf eru talin vera, en ekki er óalgengt að þau séu ákveðin einhvern tíma frá 12 til 24 mánuðum eftir tjónsatburð. Verður nú nánari grein gerð fyrir hverjum og einum fjögurra bótaliða.

5.2.2 Þjáningabætur.

Með þjáningabótum, sem mælt er fyrir um í 3. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er leitast við að bæta þau óþægindi, sársauka og lýti sem tjónþoli verður að sæta tímabundið vegna líkamstjóns. Stundum hefur líkamstjón einungis tímabundnar afleiðingar, en oft hefur það einnig varanlegar afleiðingar. Það er skilyrði þjáningabóta að tjónþoli hafi verið veikur vegna líkamstjónsins, en veikindahugtak 3. gr. er almennt talið fara saman við óvinnufærnishugtakið. Með öðrum orðum: tjónþoli þarf að vera veikur og óvinnufær til þess að eiga rétt til þjáningabóta fyrir þau óþægindi, sársauka og lýti sem hann hefur hlotið vegna tjónsatburðar. Þjáningabætur eru ákveðnar fyrir hvern dag sem skilyrði þeirra teljast vera fyrir hendi, hærri ef tjónþoli er rúmfastur en ef hann hefur fótaferð. Þjáningabætur greiðast þar til tjónþoli hættir að vera óvinnufær (veikur) eða þegar batahvörf verða, þ.e. þegar hið fyrra af þessum tveimur tímamörkum verður. Fjárhæð bóta fyrir hvern dag er 700 kr., á verðlagi ársins 1993, en 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur. Sé fjárhæðin uppreiknuð til september 2009 nemur fjárhæðin á dag 1.450 kr., en 2.700 kr. á hvern dag sem hann er rúmfastur. Til skýringar má nefna dæmi af einstaklingi þar sem batahvörf verða sex mánuðum eftir að tjónið verður. Sé hann veikur í skilningi ákvæðisins allan tímann fram að batahvörfum (án þess þó að vera rúmliggjandi) nemur fjárhæð þjáningabóta hans 261.000 kr.

5.2.3 Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

Með bótum fyrir tímabundið atvinnutjón er leitast við að bæta það tímabundna vinnutekjutap sem tjónþoli verður fyrir vegna líkamstjóns. Hér er um að ræða þau forföll sem hann hefur frá störfum vegna líkamstjónsins, oftast frá slysdegi og þar til hann verður vinnufær í nokkurn veginn sama mæli og hann var fyrir slysið. Til að eiga rétt til bóta fyrir tímabundið atvinnutjón þarf tjónþoli að hafa verið í vinnu þegar hann varð fyrir líkamstjóni. Börn og ungmenni eiga því venjulega ekki rétt til bóta samkvæmt þessum lið. Þá er það skilyrði bóta fyrir tímabundið atvinnutjón að tjónþolinn sé óvinnufær að hluta eða öllu leyti vegna líkamstjónsins. Rétti til bóta fyrir tímabundið atvinnutjón sleppir í síðasta lagi við batahvörf (þegar heilsufar hans er orðið stöðugt).

5.2.4 Varanlegur miski.

Með bótum fyrir varanlegan miska er leitast við að bæta varanleg óþægindi, sársauka, lýti og hvers konar aðra erfiðleika, andlega sem líkamlega, sem líkamstjónið hefur í för með sér og teljast varanlegir. Varanlegur miski eru því þær afleiðingar líkamstjóns sem áður greinir, frá batahvörfum og til loka ævi tjónþola. Varanlegur miski getur falist í lýti tjónþola, en veigameiri eru þó oft þær afleiðingar sem felast í vanlíðan hans, sársauka eða geðrænum afleiðingum, svo sem sífelldri endurupplifun tjónsatburðar, kvíða, þunglyndi og öðru. Með varanlegum miska er bætt það sem nefnt er ófjárhagslegt tjón, þ.e. tjón sem ekki felst í skerðingu launatekna eða skerðingu á getu til að afla launatekna.

Varanlegan miska á að meta til stiga skv. 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, en í aðalatriðum er um að ræða almennt mat, þ.e. mat sem er eins fyrir bæði kyn, óháð aldri, störfum og öðrum atriðum sem á hinn bóginn skipta máli fyrir mat á starfsorkuskerðingu. Mat á varanlegum miska er almennt mat, sem fyrr segir, það er einnig læknisfræðilegt mat. Í 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er mælt fyrir um að örorkunefnd skuli semja töflur um miskastig. Það hefur nefndin gert og er 2. útgáfa þeirra frá árinu 2006. Ákvörðun á varanlegum miska fer því fram með skilgreiningu á þeim varanlegu afleiðingum, líkamlegum sem andlegum, er tjónþoli hefur orðið fyrir vegna líkamstjóns og svo „heimfærslu þeirra til miskatöflu örorkunefndar. Í töflunni er að finna tilgreiningu á flestum algengustu afleiðingum líkamstjóns og hvernig meta eigi þær til miskastiga. Ekki eru þó allar afleiðingar tilgreindar í miskatöflu örorkunefndar, einkum skortir á að gerð sé viðhlítandi grein fyrir mati á miska þegar um geðrænar afleiðingar líkamstjóns er að ræða. Af athugasemdum með 4. gr. í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum, nr. 50/1993, (Alþt. 1992–93, A deild, bls. 3643) má draga þá ályktun að við mat á miska megi einnig líta til mats á varanlegum miska í Méntabel, þ.e. miskatöflu sem Arbejdsskadestyrelsen í Danmörku hefur gefið út og er ítarlegri en íslenska taflan, einkum um geðrænar (andlegar) afleiðingar líkamstjóna. Íslenska ákvæðið er sniðið eftir danska ákvæðinu og sömu sjónarmið liggja til grundvallar.

Í danskri og íslenskri réttarframkvæmd hefur verið litið svo á að eftirtaldir þættir vegi þyngst við ákvörðun á því hvernig afleiðingar líkamstjóns leiða til heimfærslu til miskastiga (Friis & Behn, Arbejdsskadesikringsloven, 4. útg., bls. 501):

– Í fyrsta lagi þær skerðingar sem líkamstjónið hefur í för með sér fyrir framkvæmd daglegra athafna tjónþola, eins og að sjá sjálfum sér farborða, klæða sig, borða, komast leiðar sinnar, lesa o.fl.
– Í öðru lagi þær takmarkanir, sem hann þarf vegna líkamstjóns síns, að þola á samvistum við annað fólk, t.d. vegna skertra möguleika til að hreyfa sig, skertrar sjónar, heyrnar o.fl.

– Í þriðja lagi takmarkanir eða erfiðleikar við að taka þátt í íþróttum, njóta menningarviðburða eða taka þátt í samfélagslegum viðburðum eða stunda önnur áhugamál í frístundum.
– Í fjórða lagi hið persónulega óhagræði, sársauki og vanlíðan sem fylgir því að vera sjáanlega hamlaður eða fatlaður, hvort sem það er líkamleg eða andleg fötlun. Einnig má hér nefna vanlíðan yfir því að glata t.d. vilja eða getu til að stunda kynlíf eða geta börn.

Í 2. mgr. 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, eru svo tilgreindar þær bætur sem greiða ber fyrir algeran, 100 stiga, miska. Ræðst það af aldri tjónþola, þannig að þeir sem eru yngri en 49 ára á tjónsdegi fá hæsta greiðslu fyrir hvert miskastig, þ.e. 40.000 kr. (83.045 kr. uppfært skv. 15. gr. laganna til september 2009), en eftir það aldursmark fer fjárhæð fyrir hvert miskastig lækkandi og nemur 30.000 kr. (62.285 kr. uppfært með sama hætti) hjá þeim sem eru 74 ára og eldri á tjónsdegi. Til útskýringar má nefna eftirfarandi dæmi úr miskatöflu örorkunefndar og þær bótafjárhæðir sem af viðkomandi áverkum mundu leiða.

Lýsing líkamstjóns	**Fjöldi stiga**	**Fjárhæð m.v. lok september 2009**
Ljót ör (stór, upphleypt og mislituð) eða miklar misfellur í andliti	15 (allt að 15)	1.245.675
Missir á auga	25	2.076.125
Algjör tannmissir í efri góm bættur með fölskum góm	8	664.360
Algjör heyrnarmissir á eyra	10 (allt að 10)	830.450
Vitræn skerðing eftir heilaskaða – þarf hjálp til athafna daglegs lífs	50 (allt að 50)	4.152.250
Missir á báðum ganglimum um mjöðm	80	6.643.600

Þá skal þess getið að í 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er sérstök heimild til að hækka miskabætur um allt að 50% „þegar sérstaklega stendur á“. Íslenskir dómstólar hafa í nokkrum tilvikum beitt þessari hækkunarheimild, en segja má að þau tilvik séu einskorðuð við mál þar sem um fjölþætt líkamstjón er að ræða, þar sem tjónþolinn verður öðrum háður um daglegar athafnir, t.d. að matast, þrífa sig, fara á salerni o.fl. Sem dæmi um tilvik þar sem hækkunarheimildinni hefur verið beitt má nefna Hrd. 2001, bls. 1169. Þar hálsbrotnaði maður og hlaut aðra stórfellda áverka í umferðarslysi er leiddu til algerrar lömunar í fótum og bol upp að öxlum og mikillar lömunar í handleggjum. Varanlegur miski var metinn 90 stig og taldi Hæstiréttur að það bætti ekki miska hans að fullu og hækkaði miskabætur um 35%. Á verðlagi í september 2009 væru miskabætur í máli þessu í heild 10.089.968 kr. Einnig skal bent á Hrd. 2003, bls. 435. Þar lenti 13 ára gömul stúlka í alvarlegu umferðarslysi og hlaut mikla áverka, andlega og líkamlega. Hún hafði verið afburðanemandi og þátttakandi í íþróttum og stundað tónlistarnám, en afleiðingar slyssins voru miklar vitrænar skerðingar í formi greindarskerðingar, minnistruflana, einbeitingarskorts, persónuleikabreytinga og hvatvísi. Miski hennar var metinn 75 stig, en Hæstiréttur taldi, í ljósi þess að hún mundi verða háð aðstoð annarra um helstu athafnir daglegs lífs og að ljóst væri að slysið hefði haft varanleg og afgerandi áhrif á tækifæri hennar til að njóta frístunda og hvers kyns lífsgæða um ókomna framtíð, að hækka bæri miskabætur um 30%. Á verðlagi í september 2009 væru miskabætur í þessu tilviki 8.096.888 kr. Loks skal bent á Hrd. 2003, bls. 2198. Þar hlaut maður mikil örkuml er hann fékk straum af háspennulínu við vinnu í háspennumastri. Þurfti að aflima

hann á báðum upphandleggjum um miðju, auk þess sem langvarandi og alvarleg veikindi leiddu af líkamstjóninu. Miski hans var metinn 90 stig. Hæstiréttur taldi að hann fengi ekki allan sinn miska bættan með því, einkum vegna þess að hann væri öðrum háður um helstu athafnir daglegs lífs, og hækkaði miskabætur um 35%. Á verðlagi í september 2009 væru miskabætur í þessu tilviki 10.089.968 kr.

5.2.5 Varanleg örorka.

Varanleg örorka er hin varanlega starfsorkuskerðing sem leiðir af líkamstjóni. Varanleg örorka á að taka til tímabilsins frá batahvörfum og til loka starfsævi tjónþola og á að vera grundvöllur skaðabóta til hans fyrir þá skerðingu á starfsorku sem líkamstjónið veldur honum frá batahvörfum og út starfsævina, sem skaðabótalög miða við að sé til 75 ára aldurs.

Um varanlega örorku og mat á henni eru reglur í 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Mat á varanlegri örorku er ekki læknisfræðilegt og það er ekki almennt mat, heldur einstaklingsbundið fjárhagslegt (félagslegt) örorkumat, þar sem leitast er við að finna ætlaða atvinnuþátttöku tjónþolans í framtíðinni ef slysið hefði ekki orðið og meta svo áhrif líkamstjónsins á atvinnuþátttökuna og hve mikið minni hún verður í raun vegna þess. Í 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er kveðið á um að við mat á tjóni vegna varanlegrar örorku skuli „líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við“. Í þessu felst að gera eigi þær kröfur til tjónþola að hann takmarki tjón sitt svo sem kostur er með því að taka þeirri vinnu sem hann á kost á og sanngjarnt er að ætlast til að hann taki. Það er breytilegt hvað gera má ríkar kröfur í þessu efni, en tjónþolinn getur sætt lækkun á bótum ef hann hefur ekki sinnt þessari skyldu.

5.3 Reglur 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, um miskabætur.

5.3.1 Almennt um 26. gr. skaðabótalaga.

Auk þeirra reglna um bætur fyrir líkamstjón, sem gerð hefur verið grein fyrir, eru reglur í 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem heimila að ákveða bætur fyrir miska í tilteknum tilvikum. Í skýringum frumvarps þess sem síðar varð að skaðabótalögum segir um samspil reglna 3. og 4. gr. annars vegar og 26. gr. hins vegar: „Fyrrgreind ákvæði 3. og 4. gr. frumvarpsins varða einungis miskabætur vegna spjalla á líkama. Í 26. gr. frumvarpsins er regla um bætur fyrir miska í öðrum tilvikum, þ.e. þegar brotið hefur verið með ólögmætum hætti gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns.“ Það er ekki útilokað, að tjónþoli gæti átt rétt á bótum vegna miska skv. 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, og skv. 26. gr. (Alþt. 1998–99, A deild, bls. 1299–1300). Af dómaframkvæmd verður þó varla ráðið að slík sé raunin í framkvæmd.

Miskabætur skv. 26. gr. eru ekki ákveðnar á sama grundvelli og tilgreindur er í 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, heldur á grundvelli matskenndrar ákvörðunar dómara. Reglu 26. gr. var breytt verulega með lögum nr. 37/1999, en með þeim breytingum var fyrst og fremst verið að rýmka heimild til að dæma miskabætur skv. 26. gr. (Alþt 1998–99, A deild, bls. 1299.). Til nánari upplýsingar um stöðu bótareglnanna í 26. gr. skal hér sérstaklega vikið að einstökum liðum í greininni og dæmdum fjárhæðum á grundvelli þeirra.

5.3.2 Miskabætur vegna líkamstjóns skv. 26. gr.

Ákvæðið heimilar að ákveða miskabætur til handa þeim sem verður fyrir líkamstjóni vegna ásetningsverka eða stórkostlegs gáleysis. Algengast er að ákvæði þetta sé notað vegna líkamstjóns sem valdið er með líkamsárás eða í handalögmálum, sem hefur litlar sem engar

varanlegar afleiðingar. Það er ekki unnt að útiloka að ákvæðið verði notað til þess að hækka miskabætur skv. 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Þó virðist ekki algeng í framkvæmd að krafist sé bóta samkvæmt báðum greinunum heldur algengara að krafa á grundvelli 26. gr. sé látin nægja. Eiginlegt mat á afleiðingum árásarinnar fer þá ekki fram heldur ákveða dómstólar fjárhæð bóta á grundvelli ákvæðisins. Hér á eftir fer yfirlit um nokkra slíka dóma sem veitir innsýn í dæmdar fjárhæðir:

Dómur	**Lýsing líkamstjóns**	**Upphafstími vaxta**	**Dæmdar miskabætur**	**Uppreiknaðar bætur til loka sept. 2009**
Hrd. 2000, bls. 1103	Högg í andlit sem leiddi til þverbrots í miðjum rótum beggja framtanna í efri góm.	Maí 1999	200.000	373.305
Hrd. 2002, bls. 1496	Högg í andlit, neðri kjálki tvíbrotinn.	Apríl 2002	200.000	315.097
Hrd. 2003, bls. 3369	Skurðsár frá vinstra gagnauga og niður á vör, auk annarra minni skurðsára í andliti.	Janúar 2000	100.000	178.824
Hrd. 2004, bls. 3729	Glóðaraugu á báðum augum, skerðing heyrnar, bitsár á geirvörtu, bak- og hálsverkir.	Október 2003	50.000	76.332
Hrd. 24. maí 2006, mál nr. 551/2005	Konu veitt höfuðhögg með felgulykli, skurðsár á höfði, ekki brot eða heilaskaði. Andlegt áfall, óttast um líf sitt.	Ágúst 2005	700.000	1.006.250
Hrd. 21. september 2006, mál nr. 64/2006	Maður stunginn með hníf í læri, úðað í andlit hans með „mace“-úða.	Maí 2004	150.000	224.198
Hrd. 7. desember 2006, mál nr. 410/2006	Maður höggvinn með sveðju í höfuð og líkama. Mikil skurðsár, sprungur í höfuðkúpu, blæðing á yfirborði heila.	Október 2005	600.000	844.444
Hrd. 19. desember 2006, mál nr. 321/2006	Skurður og rispa í andlit, tognun á hné.	September 2005	200.000	283.192
Hrd. 15. nóvember 2007, mál nr. 121/2007	Brot á efri kjálka og í augnbotni, tvær brotnar tennur, sár og mar víða um líkamann.	Mars 2006	400.000	554.261
Hrd. 29. nóvember 2007, mál nr. 381/2007	Kona sætti harkalegri atlögu fyrrum unnusta, sem stóð í a.m.k. hálfa klst. Litlir ytri áverkar. Þjáðist á eftir af áfallastreituröskun og auknu þunglyndi.	Nóvember 2006	1.200.000	1.576.550
Hrd. 9. október 2008, mál nr. 211/2008	Hnefahögg í andlit sem leiddi til þess að framtönn og rót hennar eyðilögðust.	September 2006	300.000	394.880
Hrd. 23. október 2008, mál nr. 172/2008	Hnefahögg í andlit, viðkomandi rotaðist og hlaut skurð á kinn, vör og höku.	September 2006	300.000	394.880

Dómur	Lýsing líkamstjóns	Upphafstími vaxta	Dæmdar miskabætur	Uppreiknaðar bætur til loka sept. 2009
Hrd. 30. október 2008, mál nr. 75/2008	Brotaþoli sleginn í höfuðið með glerílát sem brotnaði og leiddi til skurða í andliti (Hæstiréttur endurmat ekki bótafjárhæð).	Nóvember 2006	300.000	394.138
Hrd. 27. nóvember 2008, mál nr. 315/2008	Maður ruddist tvívegis inn á heimili fyrrverandi eiginkonu sinnar, sló hana hnefahöggum í andlit, sparkaði í hana o.fl.	Mars 2006	600.000	831.391
Hrd. 4. desember 2008, mál nr. 245/2008	Hnefahögg í andlit sem leiddi meðal annars til brota í andliti og áverka á heila (Hæstiréttur endurmat ekki bótafjárhæð).	Ekki tilgreindur	1.000.000	1.324.242 (uppfærsla frá árásardegi)
Hrd. 26. mars 2009, mál nr. 657/2008	Hnífsstunga í bak og framhandlegg sem leiddi til stungusárs inn í brjósthol og lunga með loftbrjósti og blæðingu í brjóstholi, auk áverka á ölnartaug.	Ágúst 2008	800.000	894.118
Hrd. 20. maí 2009, mál nr. 518/2008	Högg í andlit, sem leiddi til skurðsára á efri vör og þess að brotaþoli missti framtönn.	Ágúst 2006	200.000	264.848
Hrd. 4. júní 2009, mál nr. 49/2009	Ákærðu ruddust í heimildarleysi inn í íbúðarhús, veittust þar að sjö mönnum og slógu þá ítrekað í höfuð og víðsvegar um líkama með hættulegum vopnum og bareflum. Þrír mannanna hlutu beinbrot og einn lífshættulega áverka.	Mars 2008	300.000–700.000 (einn fékk 700.000, hinir 300.000)	361.157 – 842.700
Hrd. 17. september 2009, mál nr. 153/2009	Brotaþoli sleginn með krepptum hnefa í andlit og skorinn í andlitið með stálhnífi. Sauma þurfti 18 spor og hlaut hann ör.	Vaxtakröfu vísað frá	200.000 (ekki krafist meira)	240.771

5.3.3 Miskabætur vegna kynferðisbrota skv. 26. gr.

Eins og áður greinir hefur a-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að geyma heimild til að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Í b-lið 1. mgr. 26. gr. er síðan að finna heimild til þess að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Í tilviki kynferðisbrota eru miskabætur tíðast dæmdar á grundvelli 26. gr., án þess þó að ætíð sé skýrt hvorum liðnum nákvæmlega verið er að beita og stundum sé einföld tilvísun til 26. gr. látin nægja. Hér á eftir fer yfirlit um dóma í kynferðisbrotamálum til að veita innsýn í dæmdar miskabótafjárhæðir í slíkum málum. Tekið skal fram að einkum eru valdir dómar þar sem um brot gegn ungmennum er að ræða, oft ítrekuð langvarandi brot. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að þessir dómar veita skýra vísbendingu um bótaákvarðanir dómstóla vegna ofbeldis og misnotkunar, oft langvarandi, á börnum og ungmennum. Dómarnir í töflunni endurspegla því ekki endilega heildstætt ákvörðun miskabóta fyrir kynferðisbrot gegn öllum aldurshópum:

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Uppreiknaðar bætur til loka sept. 2009
Hrd. 1996, bls. 1863	Brotamaður hafði um margra ára skeið haft samræði og önnur kynferðismök við dóttur sína, frá því hún var 10 ára. Brot alvarleg og til þess fallin að valda mikilli röskun á tilfinningalífi og högum stúlkunnar.	Maí 1996	1.000.000	1.976.258
Hrd. 2001, bls. 627	Brotamaður viðhafði margs konar kynferðislegar athafnir með drengjum um nokkurt skeið er þeir voru 11 til 13 ára. Brotin talin til þess fallin að valda drengjunum margs konar sálrænum erfiðleikum.	Júní 2000	500.000 (fyrir alvarlegra brotið)	877.951
Hrd. 2002, bls. 1065	Brotamaður hafði á fimm ára tímabili margoft samræði og önnur kynferðismök við stjúpdóttur sína er hún var 9 til 14 ára. Brotin hlutu að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir líf og sálarheill stúlkunnar.	Febrúar 2001	1.000.000	1.723.866
Hrd. 2002, bls. 1400	Brotamaður hafði um eins árs skeið í nokkur skipti kynferðisleg mök við 9 ára telpu. Læknisvottorð sýndu að brotin höfðu valdið henni umtalsverðum sálrænum erfiðleikum.	September 2001	600.000	969.764
Hrd. 2002, bls. 1510	Brotamaður hafði ítrekað samfarir og önnur kynferðismök við stúlku, sem var 14 ára, og dvaldi á sjúkrahúsi. Hún átti við margs konar persónulega og félagslega erfiðleika að stríða síðar, en óvíst hvað leiddi af framangreindum atvikum.	Ágúst 2001	300.000	488.041
Hrd. 2004, bls. 1568	Brotamaður hafði um tólf til þrettán ára skeið samfarir og önnur kynferðisleg mök við stjúpdóttur sína frá því hún var 5 eða 6 ára. Afleiðingarnar fólust í ýmiss konar tilfinningalegum og persónulegum vanda stúlkunnar og hafði hún lítinn sjálfsstyrk og lélega sjálfsmynd.	Apríl 2002	1.500.000	2.363.227
Hrd. 2005, bls. 1373	Brotamaður misnotaði stúlku um tveggja ára skeið, er hún var 8–10 ára. Brot til þess fallin að valda margvíslegum sálrænum erfiðleikum. Brotin ollu ýmsum þjáningum, en framvinda óviss.	Desember 2000	800.000	1.383.869

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Uppreiknaðar bætur til loka sept. 2009
Hrd. 2005, bls. 4042	Brotamaður hafði samræði við dóttur sambýliskonu sinnar um margra ára skeið frá því hún var 8 ára. Brot almennt til þess fallið að valda margvíslegum sálrænum erfiðleikum og hafði að mati sérfræðings veruleg áhrif á persónuleika og félagsmótun stúlkunnar.	Október 2004	1.200.000	1.767.144
Hrd. 26. október 2006, mál nr. 220/2006	Brotamaður misnotaði dóttur sína kynferðislega a.m.k. frá tólf ára aldri og um a.m.k. tveggja ára skeið. Háttsemin til þess fallin að skaða sjálfsmynd stúlkunnar og valda henni „gríðarlegum andlegum erfiðleikum síðar meir“.	Júlí 2004	2.000.000	2.980.392
Hrd. 13. desember 2007, mál nr. 341/2007	Brotamaður viðhafði a.m.k. í tvö skipti ýmiss konar kynferðislega tilburði og viðhafði kynferðislegt samneyti við 10 ára stúlku. Brotin höfðu í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir stúlkuna.	Október 2006	1.000.000	1.313.298
Hrd. 23. apríl 2008, mál nr. 658/2007	Brotamaður braut gegn nokkrum stúlkum, þar á meðal bróðurdóttur sinni. Brot gegn henni höfðu átt sér stað í nokkur skipti á nokkurra mánaða tímabili. Stúlkan neitaði þó alltaf að brotin hefðu átt sér stað, en framburður hennar þótti ekki trúverðugur.	Ágúst 2005	800.000	1.150.000
Hrd. 15. maí 2008, mál nr. 539/2007	Brotamaður, tældi stúlku til kynferðismaka í 15 skipti á hálfs árs tímabili.	Júní 2006	1.000.000	1.334.861
Hrd. 28. maí 2008, mál nr. 58/2009	Brotamaður hafði um þrisvar sinnum í viku samræði við stjúpdóttur sína frá 2004 til 2007, þegar stúlkan var 11–14 ára.	Apríl 2004	2.500.000	3.767.241
Hrd. 19. júní 2008, mál nr. 83/2008	Brotamaður var kennari stúlku. Hann braut kynferðislega gagnvart henni um u.þ.b. tveggja ára skeið. Fólust brotin í strokum og kynferðismökum.	Júní 2007	500.000	641.703
Hrd. 4. des. 2008, mál nr. 334/2008	Byrgismálið.	Maí og júní 2005 (ein án vaxta)	800.000–1.000.000	840.132–1.452.430

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Uppreiknaðar bætur til loka sept. 2009
Hrd. 19. febrúar 2009, mál nr. 569/2008	Brotamaður braut ítrekað gagnvart barnabarni sínu, frá 1994 til 2005, með því að strjúka kynfæri stúlkunnar, stinga fingri í kynfæri hennar, láta hana fróa sér og hafa við sig munnmök.	Mars 1994	1.500.000	3.090.159
Hrd. 17. september 2009, mál nr. 19/2009	Ökukennari braut gegn fjórum nemendum sínum (14–17 ára), þar af tveimur þeirra um u.þ.b. tveggja ára skeið. Voru brotin misalvarleg, en fólust í ýmiss konar kynferðislegum tilburðum og þukli.	Desember 1998	1.000.000	1.903.103

5.3.4 Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar skv. 26. gr.

Líkt og áður greinir hefur b-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að geyma heimild til þess að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Ákvæðinu er gjarnan beitt vegna ærumeiðinga en einnig um ýmis konar önnur brot gegn persónu og einkalífi manna. Dómarnir um beitingu ákvæðisins eru nokkuð fjölbreytilegir en hér að aftan fer yfirlit um nokkra dóma sem veita ættu góða innsýn í þær fjárhæðir sem tíðkast í slíkum málum:

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Miskabætur uppfærðar til loka sept. 2009
Hrd. 1995, bls. 408	Ásakanir um sölu falsaðra myndverka	Desember 1990	100.000	235.262
Hrd. 1996, bls. 320	Aðdróttun í nokkrum fjölmiðlum um ófagleg vinnubrögð, brot á einkaleyfi o.fl. við hönnun og gerð ferju.	Júlí 1994	200.000	410.328
Hrd. 1996, bls. 3794	Aðdróttun í grein í vikublaði um misnotkun á konum í fjárhagslegum tilgangi.	Júlí 1995	200.000	404.630
Hrd. 1998, bls. 693	Aðdróttun í bréfi, sem lagt var fyrir stjórnvöld, m.a. um bresti í geðheilbrigði o.fl.	Febrúar 1998	20.000	38.418
Hrd. 1999, bls. 390	Blind stúlka var ekki talin hafa fengið þá aðstoð og þjónustu frá HÍ sem hún átti rétt á. Hún hvarf frá námi af þeim sökum og fór í annan skóla.	Mars 1997	600.000	1.175.785
Hrd. 1999, bls. 3985	Ummæli sem gengu of langt og komu fram í bréfi til Ríkisendurskoðunar um rangfærslur í bókhaldi um gjaldeyrisstöðu opinbers sjóðs.	September 1998	300.000	573.742

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Miskabætur uppfærðar til loka sept. 2009
Hrd. 2000, bls. 869	Framganga vinnuveitanda við riftun ráðningarsamnings vegna meints þjófnaðar starfsmanns, sem reyndist með öllu ósannaður, talin stórkostlegt gáleysi og fól í sér ólögmæta meingerð.	Desember 1998	400.000	761.241
Hrd. 2000, bls. 3440	Nefndarmenn í barnaverndarnefnd fóru, án fullnægjandi heimilda, inn á heimili föður og afa barns og námu það brott.	Mars 1999	250.000	471.413
Hrd. 2002, bls. 1212	Ummæli lögmanns í fjölmiðlum um að stúlka hefði gegn betri vitund sett fram rangar sakir á hendur föður sínum um kynferðisbrot.	Mars 2002	100.000	157.619
Hrd. 2004, bls. 1431	Lögreglumanni með langa starfsreynslu veitt áminning, án lagastoðar. Var talið skaða æru hans, auk þess sem hann var fluttur í annað starf.	Október 2002	100.000	156.002
Hrd. 2004, bls. 1553	Ummæli í dómnefndaráliti um að B túlkaði rannsóknir með rakalausum hætti og sóaði almannafé við tilgreinda rannsókn.	Nóvember 2002	100.000	156.281
Hrd. 1. mars 2007, mál nr. 278/2006	Mynd af tónlistarmanni á forsíðu blaðs með villandi texta um að hann væri fallinn í fíkniefnaneyslu.	Nóvember 2005	700.000	986.774
Hrd. 4. október 2007, mál nr. 37/2007	Umfjöllun í dagblaði, byggð á tölvupósti konu, um ætlað ástarsamband hennar.	Mars 2006	500.000	692.826
Hrd. 11. október 2007, mál nr. 491/2006	Ítrekaðar aðdróttanir í garð sálfræðings um misgjörðir hans í starfi.	Desember 2005	1.000.000	1.404.580
Hrd. 18. september 2008, mál nr. 430/2007	Hjúkrunarfræðingur var fluttur til í starfi eftir ásökun um kynferðislega áreitni utan vinnustaðar. Málefnalegar og faglegar ástæður ekki taldar fyrir flutningnum og hann álitinn ærumeiðandi fyrir hjúkrunarfræðinginn.	Desember 2006	800.000	1.050.639
Hrd. 2. október 2008, mál nr. 653/2007	Móðganir og aðdróttanir í tímariti (fjárfestir sagður blankur, hann hafi ekki greitt krónu í húsi sínu o.fl.).	Október 2007	500.000	628.551
Hrd. 11. desember 2008, mál nr. 34/2008	Móðganir og aðdróttanir í dagblöðum (viðkomandi m.a. nefndur „glæpur“ og „geðþekkur geðsjúklingur“ í fyrirsögnum).	Júní 2007	600.000	770.044
Hrd. 5. mars 2009, mál nr. 328/2008	Aðdróttanir í tímaritsgrein um refsiverða háttsemi (að standa fyrir vændi o.fl.).	Ágúst 2007	500.000	640.059

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Miskabætur uppfærðar til loka sept. 2009
Hrd. 30. apríl 2009, mál nr. 475/2008	Aðdróttanir í tímaritsgrein um refsiverða háttsemi (mansal).	Október 2007	500.000	628.551

5.3.5 Miskabætur skv. 2. mgr. 26. gr.

Með breytingum, sem gerðar voru á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, með lögum nr. 37/1999, var gildissvið reglunnar rýmkað og heimilað að dæma þann sem valdið hefur dauða annars manns af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi til að greiða miskabætur til maka, barna eða foreldra hins látna. Þess skal getið að um er að ræða sérreglu sem gengur almennt lengra en áður hafði verið talið heppilegt í skaðabótarétti þar sem reglan veitir þriðja aðila (maka, börnum eða foreldrum) heimild til að krefjast bóta fyrir andlegt tjón vegna andláts tjónþola. Ákvæðinu, sem á sér fyrirmynd í réttarframkvæmd á Norðurlöndum, hefur verið beitt nokkrum sinnum í réttarframkvæmd. Sem dæmi um dóma sem gengið hafa á grundvelli þessa ákvæðis má nefna:

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Miskabætur uppfærðar m.v. lok sept. 2009
Hrd. 2001, bls. 2571	Maður banaði stúlku er hann kom henni fram af svölum á 10 hæð í fjöleignarhúsi. Þau voru bæði mjög ölvuð og tilefni atlögunnar var að stúlkan krafðist þess að samfarir þeirra yrðu stöðvaðar.	Maí 2000	800.000 (hvoru foreldri)	1.409.677
Hrd. 2004, bls. 3368	Maður nokkur virtist hafa sofnað undir stýri og ók á röngum vegarhelmingi. Bifreið hans lenti framan á annarri og létust hjón er voru í þeirri bifreið. Syni þeirra, sem þannig missti báða foreldra sína í slysinu, voru dæmdar miskabætur.	Nóvember 2000	2.800.000	4.843.543
Hrd. 6. apríl 2006, mál nr. 524/2005	Maður varð öðrum að bana með hnífi eftir deilu þeirra. Dóttur hins látna, sem var þriggja ára voru dæmdar miskabætur, auk bóta fyrir missi framfæranda.	Maí 2005	1.000.000	1.452.430
Hrd. 11. apríl 2006, mál nr. 432/2005	Mistök urðu af hendi lækna við fæðingu barns, sem lést fjórum dögum eftir fæðingu. Talið var að um stórkostlegt gáleysi hefði verið að ræða og dæmdar miskabætur, hærri til móður en föður vegna tengsla við barn og vegna andlegs áfalls hennar.	Nóvember 2002	1.500.000	2.344.211

Dómur	Lýsing brots	Upphafs-tími vaxta	Dæmdar miskabætur	Miskabætur uppfærðar m.v. lok sept. 2009
Hrd. 31. maí 2007, mál nr. 602/2006	Maður nokkur sló annan þungu hnefahöggi á veitingastað. Sá er fyrir högginu varð féll í gólfið og hlaut bana af atlögunni. Hann var fjölskyldumaður sem ekki átti neinn hlut að upphafi átaka.	September 2005	2.000.000 (til ekkju) 1.500.000 (til 18 ára sonar)	2.831.916 2.123.937
Hrd. 5. júní 2008, mál nr. 522/2007	Ungur maður lést af völdum bílslyss er eldri maður ók bifreið í veg fyrir hann. Talið var að sá síðarnefndi hefði gerst sekur um alvarlegt brot á umferðarreglum og ástæður slyssins því raktar til stórfellds gáleysis hans.	Desember 2001	2.000.000 (hvort foreldri mannsins)	3.185.421

5.4 Bótagreiðslur af hálfu hins opinbera á Íslandi.

5.4.1 Skaðabótareglur eru hluti af heildstæðu bótakerfi.

Reglur skaðabótaréttar um grundvöll og fjárhæð bóta fyrir hvers konar líkamstjón eru aðeins hluti af heildstæðu bótakerfi. Ríkið greiðir með einum eða öðrum hætti umtalsverðar fjárhæðir vegna líkamstjóna og er í mjög mörgum tilvikum stærsti greiðandi bóta, en þó fyrst og fremst hvers konar kostnaðar vegna tjónsins, svo sem kostnaðar vegna dvalar á sjúkrastofnunum og hlutdeild í læknisþjónustu. Tryggingastofnun ríkisins greiðir einnig bætur vegna tímabundins fjártjóns, þ.e. dagpeninga. Þegar líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsorku og skerðingin er 50% eða meira getur tjónþoli átt rétt á örorkustyrk og þegar skerðingin er 75% eða meira getur tjónþoli átt rétt á örorkulífeyri. Þessi réttur til örorkulífeyris er óháður því hver orsök örorkunnar er. Lífeyrissjóðir greiða einnig örorkubætur að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Rétt er að vekja athygli á þeirri almennu reglu sem gilt hefur hér á landi að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins dragist frá þeim skaðabótum sem tjónþolinn kann að eiga á hendur þeim sem er skaðabótaskyldur vegna tjóns (nokkur breyting varð þó á frádráttarreglum með lögum nr. 53/2009, um breytingu á skaðabótalögum). Hið sama á við um hluta þeirra greiðslna sem tjónþoli fær frá lífeyrissjóðum. Þá geta tjónþolar átt rétt á margs konar greiðslum vegna fötlunar af völdum sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

5.4.2 Þátttaka ríkisins í öðrum bótakerfum.

Íslenska ríkið hefur, eftir ákvörðun Alþingis, undirgengist skyldur til þess að greiða bætur fyrir líkamstjón í tveimur tilvikum, öðrum en þeim sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Um er að ræða eftirtalin bótakerfi:

– Í fyrsta lagi greiðslur bóta til þolenda afbrota, samkvæmt lögum um það efni nr. 69/1995. Samkvæmt þeim lögum greiðir ríkissjóður bætur til þeirra sem verða fórnarlömb háttsemi sem telst brot á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og bíða skaða af. Rökin eru þau að ólíklegt sé að þeir sem valda slíku tjóni séu borgunarmenn fyrir því. Greiðsluskylda ríkissjóðs er takmörkuð við 2.500.000 kr. vegna líkamstjóns (sama fjárhæð vegna missis framfæranda) og 600.000 kr. vegna miska. Auk þess er greitt allt að 250.000 kr. vegna munatjóns.
– Í öðru lagi greiðslur bóta úr sjúklingatryggingum, sbr. lög nr. 111/2000, en samkvæmt

þeim lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins bætur úr sjúklingatryggingu til notenda heilbrigðisþjónustu vegna tjóns þeirra sem valdið er af heilbrigðisstarfsmönnum. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn annast sínar tryggingar sjálfir, en Tryggingastofnun greiðir bætur vegna annarra. Fjárhæðir bóta eru ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, en bætur úr sjúklingatryggingu geta að hámarki orðið 5.000.000 kr. (8.537.853 kr. í september 2009 miðað við hækkun vísitölu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna).

5.5 Nálgunin í frumvarpinu með tilliti til framangreindra reglna.

Við frumvarpsgerðina hefur verið horft heildstætt til framangreinda reglna og þess bótakerfis sem þær mynda. Líkt og áður greinir er ekki talið fært að miða við reglur um fjártjón, og því hafa reglur skaðabótalaga um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón og varanlega örorku hér takmarkaða þýðingu. Frumvarpið leggur á hinn bóginn til grundvallar að greiddar verði nokkurs konar miskabætur og við útfærslu þess var horft sérstaklega til framangreindra miskabótaheimilda í skaðabótalögum, einkum 4. gr. og 26. gr., enda er þar um veigamestu miskabótaheimildirnar að ræða (reglurnar um þjáningabætur í 3. gr. hafa takmarkaðri þýðingu að því leyti að bætur samkvæmt þeim eru iðulega mun lægri, sjá 5.2.2). Líkt og áður greinir má segja að sú aðferðafræði sem lögð er til grundvallar minni sumpart á aðferðafræði dómstóla við beitingu 26. gr. skaðabótalaga, þ.e. þeirrar bótaheimildar sem tíðast er notuð í sakamálum vegna kynferðisbrota og líkamssárása. Gert er ráð fyrir því að fjárhæðir bóta verði ákvarðaðar í hverju og einu tilviki, út frá tilteknum lögfestum sjónarmiðum og við þá ákvörðun verði tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum, eftir því sem unnt er. Lýsing umræddra mælikvarða getur eðli máls samkvæmt aldrei orðið fyllilega nákvæm og tæmandi í lögunum, en sýslumanni og úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur er falið að túlka þá í einstökum tilvikum með hliðsjón af viðurkenndum túlkunarreglum og almennum sanngirnissjónarmiðum. Ekki eru settar fram tilteknar fjárhæðir í frumvarpinu að öðru leyti en því að sett er fram tiltekin hámarksfjárhæð bóta, sem myndar ramma utan um bótaákvarðanir í einstökum málum. Starfshópurinn sem unnið hefur frumvarpið lagði ekki til tiltekna tölu í þeim efnum heldur mæltist til þess að ráðherra, ríkisstjórn og Alþingi ákvæðu fjárhæðina og hefðu þar m.a. hliðsjón af þeim reglum sem fyrir eru í 4. gr. og 26. gr. skaðabótalaga og þeirri dómaframkvæmd sem fyrir liggur. Um þetta atriði segir nánar tiltekið í skilabréfi starfshópsins, í umfjöllun um þá grein frumvarpsins sem fjallar um fjárhæðir bóta:

„Greinin mælir samkvæmt þessu fyrir um nánar tiltekin sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við ákvörðun bótafjárhæðar, auk þess sem líta skal til dómaframkvæmdar á sambærilegum sviðum. Í ákvæðinu er hins vegar jafnframt gert ráð fyrir því að tiltekið hámark verði sett á fjárhæðir bóta. Er þar m.a. höfð í huga framsetningin í 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, þar sem settur er rammi utan um fjárhæðir bóta fyrir varanlegan miska, en jafnframt haft í huga að eðlilegt sé, þegar ríkið ákveður að greiða bætur umfram skyldu, að ríkisstjórn og Alþingi ræði og afmarki hver heildarrammi bótanna skuli vera. Af síðastnefndri ástæðu, sem og vegna þess að erfitt er að færa fræðileg rök að einni fjárhæð frekar en annarri, telur starfshópurinn eðlilegast að ríkisstjórn og Alþingi taki afstöðu til þess hver hámarksfjárhæð bótanna skuli vera. Í því sambandi skal tekið fram að ákvörðun fjárhæðar miskabóta er iðulega mikið matsatriði, enda eru bæturnar samkvæmt eðli sínu bætur fyrir tjón sem ekki verður metið til fjár með almennum hætti. Þannig hefur til að mynda verið bent á að í athugasemdum við 4. gr. í því frumvarpi sem varð að skaðabótalögum nr. 50/1993 sé ekki að finna neinar sérstakar skýringar á því af hverju

umrædd fjárhæð var ákveðin vegna miskabóta, heldur virðist sem hún hafi einfaldlega verið ákvörðuð á grundvelli þess sem talið var hæfilegt. Aðrar miskabótaheimildir í lögum, svo sem ákvæði 26. gr. skaðabótalaga, eru þess eðlis að þar er tiltekin fjárhæð ekki sett fram heldur er dómstólum ætlað að ákvarða fjárhæðina í hverju og einu tilviki. Við slíkar ákvarðanir horfa dómstólar ekki síst til fyrirliggjandi réttarframkvæmdar í sambærilegum málum.

Samkvæmt framangreindu telur starfshópurinn sig ekki hafa forsendur til að leggja til eina tölu fremur en aðra heldur sé rétt að ríkisstjórn og Alþingi meti og ákveði hversu langt verði gengið í að bæta fyrir umræddar misgjörðir. Er þar enda um pólitíska en ekki fræðilega spurningu að ræða. Við slíka ákvörðun er engu að síður nauðsynlegt að litið verði til fyrirliggjandi dómaframkvæmdar um miskabætur, rétt eins og úrskurðarnefndinni samkvæmt frumvarpinu er uppálagt að gera þegar hún ákveður einstakar fjárhæðir innan heildarrammans. Til að auðvelda umræðu og ákvörðun um hámarksfjárhæðina hefur starfshópurinn útbúið meðfylgjandi skjal um dómaframkvæmd vegna miskabótaheimilda skaðabótalaga, nr. 50/1993. Eins og skjalið ber með sér er fjárhæð miskabóta vegna líkamstjóns skv. 26. gr. á bilinu 76.332 kr. til 1.576.550 kr. í umræddum dómum (á verðlagi í september 2009) en fjárhæð miskabóta vegna kynferðisbrota skv. 26. gr. á bilinu 488.041 kr. til 3.767.241 kr. Fjárhæðir bóta fyrir varanlegan miska skv. 4. gr. eru ákvarðaðar með nokkuð öðrum hætti, líkt og nánar er lýst í samantektinni, en í dómaframkvæmd hefur fjárhæð slíkra bóta farið allt upp í 10 millj. kr. í allra alvarlegustu tilfellunum (t.d. vegna áverka sem leiddu til lömunar í fótum og bol upp undir axlir og mikillar lömunar í handleggjum). Um framangreinda sem og aðra bótaliði í skaðabótalögunum vísast að öðru leyti til samantektarinnar.

Starfshópurinn leggur áherslu á að við ákvörðun hámarksfjárhæðarinnar verði hugað vel að heildarkostnaðinum við framkvæmd laganna og að fyllilega verði tryggt að þeir fjármunir sem nauðsynlegir eru til að standa undir þeirri fjárhæð verði til reiðu. Mikilvægt er að ekki verði lagt af stað nema með fjárhæð sem unnt er að standa við í gegnum allt ferlið, enda myndi lækkun fjárhæðarinnar síðar, svo sem vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum, orka mjög tvímælis gagnvart mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.“

Forsætisráðherra hefur ákveðið að leggja til að hámarksfjárhæð þessi verði 6 millj. kr. Er þá horft til þess að hæstu miskabætur í þeim dómum vegna kynferðisbrota sem raktir voru í 5.3.3 eru tæpar 3,8 millj. kr. Réttlætanlegt þykir að heimila hækkun umfram það með hliðsjón af sérstöku eðli þeirra misgjörða sem hér er um að ræða, þar sem samfélagið brást hjálparlausum börnum og þar sem tekið hefur mjög langan tíma að ná fram viðurkenningu og nú leiðréttingu.

Þrátt fyrir að aðferðafræðin við ákvörðun fjárhæðar bóta minni um margt á beitingu dómstóla á 26. gr. skaðabótalaga er vitanlega margvíslegur munur á. Fyrir það fyrsta þá er það t.a.m. sýslumaður og eftir atvikum úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur sem tekur ákvarðanir um fjárhæð bóta samkvæmt frumvarpinu, en ekki dómstólar. Í öðru lagi þá er staða tjónþola á ýmsan hátt betri en við beitingu 26. gr. skaðabótalaga. Sönnunarkröfur um skilyrði bóta verða vægari en samkvæmt hefðbundinni beitingu 26. gr. Auk þess á öll málsmeðferð að verða mun einfaldari og minna íþyngjandi fyrir tjónþola, a.m.k. ef sátt næst á grundvelli sáttaboðs sýslumanns. Í þriðja lagi eru þær bætur sem frumvarpið mælir fyrir um gerðar algjörlega óháðar almannatryggingakerfinu, en milli þess kerfis og reglna um skaðabætur hefur verið ýmislegt samspil, sbr. m.a. 5.4.1 að framan. Því hafa bætur greiddar úr almannatryggingum engin áhrif á fjárhæðir þeirra bóta sem frumvarpið mælir fyrir um, né leiðir

greiðsla bóta til skerðingar á réttindum í almannatryggingakerfinu. Um skilyrði fyrir greiðslu sanngirnisbóta vísast annars að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

Gengið er út frá því að dómsmála- og mannréttindaráðherra verði falin framkvæmd laganna að því marki sem ráðherra hefur hlutverki að gegna á grundvelli þeirra. Styðst það annars vegar við þau rök að dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með málefni þolenda ofbeldisbrota, sbr. lög nr. 69/1995. Hins vegar eru rök með því fyrirkomulagi að sýslumanni, sem heyrir undir dómsmála- og mannréttindaráðherra, er falið veigamikið hlutverk samkvæmt frumvarpinu.

6. Fyrirkomulag bótagreiðslna í öðrum ríkjum.

6.1 Inngangur.

Eins og áður greinir var við gerð frumvarpsins m.a. litið til þess hvernig önnur ríki hafa nálgast bótagreiðslur af þessum toga. Var sérstaklega litið til fyrirkomulagsins á Írlandi og Noregi og rétt þykir að geta hér nokkurra meginatriða um bótakerfi hvors ríkis fyrir sig, auk nánar tiltekinnar ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

6.2 Írland.

6.2.1 Inngangur.

Upp úr 1990 komu fram vísbendingar á Írlandi um að börn sem vistuð höfðu verið á ýmsum opinberum stofnunum hefðu þurft að þola illa meðferð af ýmsu tagi. Af því spratt þjóðfélagsumræða sem leiddi til lagasetningar: Commission to Inquire into Child Abuse Act, 2000 (Nr. 7 frá 2000) (http://www.childabusecommission.ie/publications/documents/a700.pdf). Í kjölfarið voru árið 2002 sett lög varðandi mögulega greiðslu bóta til þeirra einstaklinga sem í hlut áttu, Residential Institutions Redress Act, 2002 (Nr 13 frá 2002), hér eftir nefnd RIRA, þar sem komið var á fót sérstöku bótaráði (http://www.rirb.ie/documents/act_13_2002.pdf).

6.2.2 Bótaskilyrði.

Farin var sú leið að miða ekki við ákveðin tímamörk varðandi það hverjir gætu átt rétt á bótum. Skv. b-lið 1. gr. 7. kafla RIRA eru einu tímaskilyrðin þau að umsækjandi hafi verið vistaður á stofnun í bernsku. Orðið „barn“ er skilgreint í fyrsta kafla laganna sem einstaklingur undir 18 ára aldri og tekið fram að afleidd orð sæti sömu túlkun.

Skilyrði þess að leggja inn umsókn um bætur eru þrenn skv. 1. gr. 7. kafla. Umsækjandi þarf að sýna fram á að hann/hún:

1. sé sá sem hann/hún segist vera,
2. hafi á barnsaldri verið vistmaður á stofnun sem fellur undir lögin, og
3. hafi orðið fyrir tjóni meðan á vist þeirri stóð og að það tjón sé í samræmi við þá illu meðferð sem haldið er fram að hafi átt sér stað á meðan viðkomandi var þar vistaður.

Ill meðferð er skilgreind þannig í lögunum að í því felist: a) líkamleg meiðsl sem valdið er af ásetningi eða gáleysi eða vanrækslu við að afstýra slíkum meiðslum, b) misnotkun barns í kynferðislegum tilgangi, c) vanrækslu umönnunarskyldu gagnvart barni sem leiðir til alvarlegs líkamlegs eða sálræns skaða eða hamlar verulega þroska þess eða hefur alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir hegðun eða velferð barns, d) hvers kyns aðrar athafnir eða athafnaleysi gagnvart barni sem leiða til alvarlegs líkamlegs eða sálræns skaða eða hamlar verulega þroska þess eða hefur alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir hegðun eða velferð barns.

Þar sem engin eiginleg tímamörk voru sett þurfti nefndin að fást við mál þar sem bóta-

krafa var enn ófyrnd, enda var gert ráð fyrir því við setningu laganna. Ef bætur höfðu fengist eftir hefðbundnum leiðum þá var viðkomandi búinn að afsala sér möguleikanum á að sækja þær samkvæmt RIRA og öfugt.

6.2.3 Ákvörðun bóta og sönnun.

Samkvæmt 3. kafla RIRA skal bótaráð (Residential Institutions Redress Board) skipað við gildistöku laganna ákveða sanngjarnar og eðlilegar bætur með tilliti til sérstakra aðstæðna hvers tjónþola, sbr. 5. kafla laganna.

Í lögunum er ekki mælt nákvæmlega fyrir um til hvaða þátta bótanefndin skuli líta við ákvörðun bóta eða við hvaða fjárhæðir skuli miða. Ráðherra er gert að útfæra þau atriði með setningu reglugerðar, að fenginni skýrslu sérfræðinefndar skipaðrar læknis- og lögfræðimenntuðum einstaklingum, sbr. 16. og 17. kafla RIRA. Sérfræðinefndin gaf út skýrslu sína snemma árs 2002 (Skýrsla The Compensation Advisory Committee; http://www.rirb.ie/documents/cac_report2002.pdf) og á henni byggðist reglugerðin, sem kom út tæpu ári seinna (Residential Institutions Redress Act 2002 (Section 17), Regulations 2002; http://www.rirb.ie/pdfs/s17regs.pdf).

Sérfræðinefndin lagði til að litið yrði til fjögurra þátta við ákvörðun bóta:

1. alvarleika misnotkunar (the severity of abuse);
2. líkamlegs og andlegs skaða sem tjónþoli varð fyrir (the physical and mental injuries suffered or being suffered by applicants);
3. geðrænna afleiðinga (psycho-social sequelae);
4. tækifærismissis (loss of opportunity).

Hverju þessara atriða var veitt ákveðið vægi í formi stiga. Afleiðingar vega þar allt að 75 stig en það hversu alvarleg misnotkunin var í sjálfu sér allt að 25 stig.

Um sönnun gilda þær reglur að það er umsækjandans um bætur að færa sönnur fyrir:

1. því að hann sé sá sem hann segist vera,
2. því að hann hafi verið vistaður á stofnun sem lögin taka til,
3. þeirri illu meðferð sem hann varð fyrir af þeim sökum og,
4. þeim skaða sem sú illa meðferð olli honum.

Sönnunargögn má færa fram skriflega eða munnlega, sbr. 4 og 5. gr. 10. kafla RIRA.

Helsta viðmið sérfræðinefndarinnar voru miskabætur fyrir írskum dómstólum, bæði vegna þess að þar er helst hægt að segja að sjónarmið þjóðfélagsins endurspeglist og vegna þess að fyrirsjáanlegt var að einhverjir tjónþolar hefðu fremur í hyggju að gera skaðabótakröfu fyrir dómstólum heldur en bótanefndinni. Einnig var tekið tillit til þess að írska ríkisstjórnin hafði þegar gripið til ákveðinna aðgerða, svo sem að gefa fórnarlömbum misnotkunar í æsku kost á sálfræðimeðferð, sem annars hefði verið rétt að gera ráð fyrir sem hluta af hinum fjárhagslegu bótum.

Niðurstaðan var sú að flokka tjónþola í fimm flokka á grundvelli þess hversu mörg stig tjón þeirra hafði verið metið á samanlagt. Hæstu bætur geta samkvæmt lögunum numið 200.000–300.000 evrum en ef umsækejndur fá 25 stig eða færri í mati nefndarinnar eru þeim úrskurðaðar allt að 50.000 evrur. Auk þess voru bótaráðinu veittar tilteknar heimildir í 4–6. gr. reglugerðarinnar til að víkja frá þessari aðferðafræði við ákvörðun bóta.

6.2.4 Önnur atriði.
Endurskoðunarnefnd:

Samhliða bótaráðinu starfar endurskoðunarnefnd (Review Committee), sbr. 14. kafla RIRA. Þangað getur tjónþoli skotið ákvörðunum bótanefndar um synjun greiðslu og bæði tjónþoli og ráðherra skotið ákvörðunum um upphæð bóta.

Látnir tjónþolar:

Fjallað er um látna tjónþola í 9. kafla RIRA. Þar kemur fram í 1. gr. að ef tjónþoli, sem annars hefði getað sótt um bætur, fellur frá áður en hann kemur kröfu sinni til bótaráðs getur maki hans eða börn lagt inn umsókn fyrir hans hönd. Þetta á þó aðeins við ef tjónþoli fellur frá eftir 11. maí 1999 en þá hófst rannsókn á málefnum vistheimila á Írlandi.

Kostnaður:

Í 27. kafla RIRA er mælt fyrir um að bótanefndin skuli bæta umsækjenda sem veittar hafa verið bætur eðlilegan kostnað tengdan undirbúningi og framlagningu bótaumsóknar.

6.3 Noregur.

6.3.1 Almennt um greiðslur sanngirnisbóta.

Í Noregi er löng hefð fyrir greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði af ýmsum ástæðum. Geta slíkar bætur bæði farið fram á grundvelli einstaklingsbundinna umsókna, en einnig á grundvelli umsókna frá hópum, stundum eftir pólitísku frumkvæði, en stundum án þess. Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir slíkum bótagreiðslum í Noregi. Sú greinargerð er ekki tæmandi. (Um greiðslu sanngirnisbóta í Noregi má vísa til: Ane Sofie Tømmerås, Billighetserstatning og andre offentlige erstatningsordningar, Ósló 2002.)

Í Noregi hefur verið litið svo á að það fjalli undir fjárveitingavald Stórþingsins að það geti tekið ákvörðun um að bæta á grundvelli sanngirnissjónarmiða einstaklingum tjón sem þeir hafa orðið fyrir, en gætu þó ekki krafist dóms um. Skilyrðið er að sanngjarnt þyki að bæta slíkt tjón þar sem tjónþolinn hafi af einhverjum ástæðum orðið verr úti en aðrir og að við hið opinbera sé að sakast um þetta (Ane Sofie Tømmerås, bls. 139). Um þetta bótakerfi gilda ekki sérstök lög, heldur er litið svo á að það sé á forræði Stórþingsins. Saga þessa bótakerfis nær allt aftur til 1814. Stórþingið hefur skipað nefnd til þess að fjalla um umsóknir og afgreiða þær. Nefndin (Billighetserstatningsutvalget) hefur til skamms tíma haft heimild til þess að ákveða bætur allt að 200.000 NOK. Á árunum 1999–2001 voru ekki dæmi þess að til álita kæmi að bæta tjón hærri fjárhæð en 200.000 NOK (Ane Sofie Tømmerås, bls. 27). Umsóknir hafa verið af ýmsum toga, t.d. frá þeim sem undirgengust lobotomi-aðgerð, HIV-smituðum og Sömum (og Kvenum), sem ekki áttu þess kost að njóta menntunar. Langflestar umsóknir eru vegna líkamstjóns í rúmri merkingu þess orðs, þ.e. umsækjendur eru fórnarlömb ofbeldis, oft kynferðisbrota (sedelighetssaker) (Ane Sofie Tømmerås, bls. 149).

Tölulegar upplýsingar um umsóknir, afgreiðslu þeirra og meðaltal bótafjárhæða er eftirfarandi. Tekið skal fram að fjárhæðir í norskum krónum eru frá 2001 og tekur yfirlitið ekki tillit til verðþróunar þar í landi síðan. Umreikningur í íslenskar krónur miðast við 28. apríl 2008 (miðgengi 14.36).

Ár	Umsóknir	Samþykkt %	Meðaltal í NOK m.v. 2001	Ísl. kr.
1995	383	36	94.265	1.353.645
1997	834	59	47.102	676.385
1999	1.108	23	82.257	1.181.210
2000	800	35	79.384	1.139.940
2001	620	45	94.431	1.356.029

Fjárhæðir bóta eru ákveðnar á grundvelli sanngirnissjónarmiða, eins og af inntaki þessa úrræðis leiðir. Ekki eru neinar skýrar reglur um forsendur sem ákvörðun á fjárhæð bóta er reist á hverju sinni.

6.3.2 Ýmis tilvik um ákvörðun sanngirnisbóta á ýmsum afmörkuðum sviðum.
Bætur vegna ólögmæts eftirlits (urettmessig overvåking):

Á árinu 1999 voru sett lög sem heimiluðu greiðslu bóta til þeirra sem sætt höfðu ólögmætu eftirliti af hálfu hins opinbera og orðið fyrir tjóni. Eftir umsókn, sem leggja skal fram innan þriggja ára frá gildistöku laganna, er heimilað að greiða bætur allt að 100.000 NOK (1.436.000 ísl. kr.).

Bætur fyrir eignaupptöku hjá gyðingum á styrjaldarárunum:

Á styrjaldarárunum var framkvæmd eignaupptaka á búum 1.053 gyðinga í Noregi. Árið 1999 samþykkti Stórþingið að bæta á grundvelli umsókna með sanngirnisbótum (erkjentlighetssum) tjón sem af þessu leiddi. Ákveðnar voru staðlaðar bætur að fjárhæð 200.000 NOK (2.872.000 ísl. kr.). Auk þess samþykkti Stórþingið að greiða 250.000.000 NOK til þriggja tilgreindra mála í þágu gyðinga sem heildar.

Bætur til stríðsfanga og þeirra sem sættu nauðungarvinnu hjá Þjóðverjum og Japönum á styrjaldarárunum:

Þýskaland greiddi bætur til þeirra Norðmanna sem verið höfðu fangelsaðir af pólitískum ástæðum í síðari heimsstyrjöldinni. Bætur voru greiddar til 2.529 einstaklinga 2.244 NOK (32.224 ísl. kr.) á verðlagi ársins 2001 fyrir hvern mánuð. Þá voru greiddar bætur til þeirra Norðmanna sem sætt höfðu nauðungarvinnu, þó að hámarki 63.800 NOK (916.168 ísl. kr.) á mann.

Á árinu 2001 samþykkti Stórþingið að greiða bætur til þeirra sem voru fangar Japana í síðari heimsstyrjöldinni staðlaða fjárhæð 100.000 NOK (1.436.000 ísl. kr.).

Bætur til þeirra sem sættu lobotomi-aðgerð vegna geðsjúkdóma:

Á árinu 1995 ákvað Stórþingið að greiða þeim sanngirnisbætur sem sætt höfðu lobotomiaðgerð við geðsjúkdómum. Um 2.500 sjúklingar sættu þessari meðferð á árunum 1941–1974, sem var viðurkennd lækningameðferð á þessum tíma. Síðar hafi komið til miklar efasemdir um ágæti hennar (Ane Sofie Tømmerås, bls. 58). Nefnd þeirri sem ákveður sanngirnisbætur á vegum Stórþingsins, og áður er vikið að, var falið að ákveða bæturnar. Þær voru ákveðnar á bilinu frá 75.000 NOK til 200.000 NOK (1.077.000– 2.872.000 ísl. kr.). Einungis þeir sem orðið höfðu sérstaklega illa úti vegna þessarar meðferðar fengu bætur.

Kortlagning á vanrækslu við eftirlit og illa meðferð á barnaverndarstofnunum í Noregi 1945 til 1980:

Á árinu 2004 var lögð fram skýrsla nefndar, *NOU 2004:23*, *Barnehjem og spesialskolar under lupen*, sem falið hafði verið að rannsaka og kortleggja meinta vanrækslu við eftirlit og illa meðferð barna á barnaverndarstofnunum (barnaverninstitusjoner) í Noregi á árunum 1945–1980. Skýrslunni var fylgt eftir með tillögu frá barna- og fjölskylduráðuneytinu til Stórþingsins (St.meld. nr. 24, (2004–2005) Erstatningsordningar for barn i barneheimar og spesialskular for barn med åtferdsvanskar). Málið var til meðferðar í Stórþinginu og afgreitt þar af nefnd (Innst. S. nr. 217 (2004–2005) Innstilling til Stortinget frå familie-, kultur- og administrasjonskomiteen.) Tillaga nefndarinnar var sú að sú skipan á ákvörðun sanngirnisbóta af hálfu Stórþingsins yrði endurbætt og hámarksbætur hækkaðar um 50%, þ.e. í 300.000 NOK (4.308.000 ísl. kr. á gengi 28. apríl 2008 en 6.480.000 ísl. kr. á gengi 12. mars 2010). Þessi tillaga var samþykkt samhljóða á fundi í Stórþinginu 10. júní 2005.

Þess skal getið að eftir að upphafleg skýrsla kom fram, þ.e. *NOU 2004:23*, hafa nokkur sveitarfélög þar sem upplýst var um illa meðferð og ofbeldi gagnvart börnum ákveðið að greiða bætur, sem í sumum tilvikum a.m.k. eru mun hærri en þær bætur sem Stórþingið hefur ákveðið. Þannig hefur Bergen ákveðið að greiða allt að 750.000 NOK (10.770.000 ísl. kr.) og í skýrslu rannsóknarnefndar, dags. 8. maí 2007, sem skipuð var af sveitarfélaginu Þrándheimi eru sömuleiðis tillögur um að greiddar verði allt að 750.000 NOK. Þessar bætur eiga að vera óháðar því hvort og þá hve mikið greiðist eftir því bótakerfi sem er á vegum Stórþingsins. (Sjá skýrsluna: *Omsorg og overgrep, Granskning av barnehjem, skolehjem og fosterhjem benyttet av Trondheim kommune fra 1930 årene til 1980 årene*, Rapport fra granskningsutvalg oppnevnt af Fylkesmannen i Sør Trøndelag, Avgitt 8. mai 2007.)

6.4 Ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, 21. mars 2006, nr. 60/147.

Ofangreind ályktun er um meginreglur og leiðbeiningar um rétt til bóta fyrir fórnarlömb stórfelldra brota á alþjóðlegum mannréttindareglum og alvarlegum brotum á alþjóðlegum mannúðarlögum (international humanitarian law). Í ályktuninni er m.a. lýst skyldu ríkja til þess að virða alþjóðlegar mannréttinda- og mannúðarreglur. Í því felist, m.a. samkvæmt því sem segir í VIII. kafla ályktunarinnar, að tryggja fórnarlömbum slíkra brota rétt til hæfilegra bóta (13. gr.). Í 20. gr. ályktunarinnar segir:

„Bætur á að láta í té fyrir tjón sem hægt er að leggja efnahagslegan mælikvarða á, eins og viðeigandi er og í hlutfalli við alvarleika brotsins og kringumstæður máls sem rekja má til alvarlegra brota á alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum, eins og:

a. Líkamlegt og andlegt tjón.
b. Missir tækifæra, þar á meðal atvinnu, menntunar og félagslegra bóta.
c. Beint tjón og missir tekna, þar á meðal missir aflahæfis.
d. Miskabætur.
e. Kostnaður vegna lögmannsaðstoðar eða annarrar sérfæðiráðgjafar, lyf og læknisþjónusta, sálfræði- og félagsleg ráðgjöf.“

Rétt þykir að nefna þessa ályktun til hliðsjónar án þess þó að í því felist viðurkenning á að brot þau sem sumir vistmenn á stofnunum og vistheimilum fyrir börn á Íslandi urðu fyrir teljist brot á alþjóðlegum viðmiðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum greinum er að finna tillögu um gildissvið laganna og skilyrði þess að krafa verði tekin til meðferðar. Markmið laganna er að mæla fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr hendi ríkissjóðs til þeirra sem orðið hafa fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem verið hafa til rannsóknar hjá nefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Í 1. gr. er með almennum hætti mælt fyrir um gildissvið laganna en í 3. gr. er síðan nánar fjallað um skilyrði um illa meðferð eða ofbeldi annars vegar en varanlegan skaða hins vegar. Auk þessara tveggja meginskilyrða kemur fram í 2. gr. að krafa verður ekki tekin til meðferðar fyrr en skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um viðkomandi stofnun eða heimili liggur fyrir, auk þess sem sýslumaður hafi birt innköllun skv. 5. gr. Í kjölfar innköllunar tekur sýslumaður afstöðu til lýstra krafna en sá sem unir ekki niðurstöðu hans getur leitað til úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur, svo sem nánar er mælt fyrir um í 7.–9. gr.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir greiðslu sanngirnisbóta. Grunnskilyrðin samkvæmt frumvarpinu, að frátöldu því sem framan greinir um skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns, er að vistmaður hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða. Nauðsynlegt er að gera hér nokkra grein fyrir skilgreiningu hvors skilyrðisins fyrir sig, þ.e. hvað felist í illri meðferð eða ofbeldi annars vegar og varanlegum skaða hins vegar, sem og fyrir þeim sönnunarkröfum sem ætlast er til að gerðar verði í þessum efnum.

Markmiðið með starfi nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 er m.a. „að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð“, sbr. 1. gr. laganna. Það er síðan markmið þessa frumvarps að mæla fyrir um bætur vegna þeirrar illu meðferðar og ofbeldis sem átti sér stað á viðkomandi stofnunum og heimilum. Hugtökin ill meðferð og ofbeldi eru skýrð í skýrslu áðurnefndrar nefndar um könnun starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952–1979, sbr. einkum bls. 91–92 í skýrslunni: „Að öllu samanlögðu virtu telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin ill meðferð og ofbeldi […] falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili á árunum 1950–1980, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda var athöfnin ekki liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða tjóni á verðmætum. […] Þá er vafalaust í ljósi ofangreindrar umfjöllunar að áðurnefnd hugtök geta ekki einskorðast við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð féllu einnig athafnir gagnvart barni, sem vistað var í opinberri stofnun, sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins og þær athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem voru til þess fallnir að misbjóða barni.“ Að mati starfshópsins er mikilvægt að orða inntak þessara hugtaka í frumvarpinu sjálfu, þannig að grundvöllur bótanna megi verða eins ljós og frekast er unnt. Í 2. mgr. 3. gr. er hugtakið skilgreint með hliðsjón af framangreindri umfjöllun nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og miðað er við að inntakið hér sé það sama og nefndin hefur lagt til grundvallar. Þó er rétt að vekja athygli á því að í fyrrgreindri umfjöllun nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 26/2007 er fyrst nefnd „bein líkamleg, valdbeiting gagnvart barni í formi

refsinga“, en í frumvarpinu er hins vegar fyrst talað um „hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni“.

Undir framangreinda skilgreiningu getur fallið bæði ill meðferð og ofbeldi af hálfu starfsmanna stofnunar eða heimilis, sem og af hendi annarra vistmanna. Í því sambandi eru m.a. hafðar í huga athuganir nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á því hvernig opinberu eftirliti með starfsemi umræddra stofnana og heimila var háttað. Ljóst er að illa meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna kann í mörgum tilvikum að vera unnt að rekja til eftirlitsskorts eða athafnaleysis af hálfu hins opinbera eða fulltrúa þess. Miðar frumvarpið þannig við að til bóta geti komið vegna athafna vistmanna hvers gegn öðrum, svo fremi sem þær falla að skilgreiningu 2. mgr. 3. gr. á illri meðferð og ofbeldi.

Ætlast er til þess að við túlkun á framangreindum hugtökum frumvarpsins verði litið til þeirra samfélagsviðmiða sem voru ríkjandi á þeim tíma er atvik gerðust. Við sakarmat í skaðabótarétti er hefðbundið að líta til þeirra reglna og viðmiða sem ríkjandi voru er tjón átti sér stað. Þannig geta seinni tíma reglur og viðmið almennt ekki orðið grundvöllur þess að sök sé slegið fastri vegna atburða sem áttu sér stað í fortíðinni. Við túlkun á hugtökunum ill meðferð og ofbeldi samkvæmt frumvarpinu verður að líta til sambærilegra sjónarmiða, en ljóst er að almenn viðhorf til uppeldis barna hefur breyst umtalsvert á undanförnum áratugum. Framkoma og orðfæri gagnvart börnum er annað en áður var og skilningur á þörfum þeirra, þar á meðal fyrir umhyggju, er annar en áður. Ekki er unnt að fella undir hugtökin illa meðferð eða ofbeldi atriði sem, þrátt fyrir að teljast óásættanleg núna, voru í samræmi við gildandi viðmið á umræddum tíma og tíðkuðust þar af leiðandi mun víðar en á þeim heimilum og stofnunum sem hér eru til umfjöllunar, t.d. á einkaheimilum og spítölum. Af sömu ástæðu er ekki unnt að fella undir hugtökin athafnir eða athafnaleysi sem voru í samræmi við ríkjandi stefnu stjórnvalda á umræddum tíma.

Í 3. mgr. 3. mgr. frumvarpsins er hugtakið varanlegur skaði skilgreint sem varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar. Ekki er lagt til að aðrir eigi rétt til bóta en þeir sem orðið hafa fyrir varanlegum skaða. Rétt er þó að undirstrika að í langflestum tilfellum má ætla að hafi barn orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi þá skilji það eftir sár á sálinni sem gróa seint eða aldrei. Ekki þykir fært að mæla fyrir um greiðslu sanngirnisbóta til allra sem vistaðir voru á vist- og meðferðarheimilum þeim sem um ræðir, jafnvel þótt niðurstaða vistheimilisnefndar hafi verið að ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á umræddu tímabili, enda er það álit sumra í þeim hópi að þeim hafi orðið gott af vistinni og aðbúnaður þeirra og atlæti verið gott, a.m.k. miðað við aðstæður. Í þeim bótakerfum, sem athuguð voru við gerð frumvarps þessa, en þar er einkum um að ræða norsk og írsk bótakerfi, er í langflestum tilvikum miðað við að það sé skilyrði að sá einn eigi rétt til bóta sem hafi orðið verr úti en aðrir, vegna vanrækslu af hálfu hins opinbera. Að þessu leyti byggjast reglur frumvarpsins á sömu sjónarmiðum.

Ljóst er að sönnun vistmanns fyrir því að hann hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi í framangreindum skilningi getur reynst mjög erfið, ef hefðbundnum sönnunarkröfum er beitt. Jafnframt getur sönnun á varanlegum skaða vegna þeirrar illu meðferðar eða ofbeldis orðið erfið, svo löngu síðar. Af þessum ástæðum er slakað umtalsvert á hefðbundnum sönnunarkröfum þegar kemur að mati á því hvort þessi skilyrði séu uppfyllt, skv. 6. og 9. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir því í 6. gr. að sýslumaður skuli gera einstaklingi skriflegt og bindandi sáttaboð telji hann að „líkur standi til“ að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt. Þá er málsmeðferð hjá sýslumanni öll mjög einföld. Ef málið berst til úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur er einnig ljóst að sönnunarkröfur þar eru vægari en almennt í skaðabóta-

rétti, enda skal nefndin skv. 9. gr. meta hvort „nægilega sé í ljós leitt“ að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt. Málsmeðferð hjá úrskurðarnefndinni er aftur á móti viðameiri en hjá sýslumanni. Grunnhugsun frumvarpsins er enda sú að unnt sé að lýsa kröfu með einföldum hætti og sýslumaður geti boðið fram sátt án tafsamrar eða íþyngjandi sönnunarfærslu, telji hann *líkur* standa til þess að bótaskilyrði frumvarpsins séu uppfyllt. Ef einstaklingur er ósáttur við niðurstöðu sýslumanns getur hann á hinn bóginn leitað til úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur þar sem málið er tekið fyrir með ítarlegri hætti og kröfur til sönnunarfærslu eru ríkari. Um sönnunarfærsluna skal að endingu bent á að gera má ráð fyrir því að í tilviki flestra þeirra sem lýsa kröfu liggi þegar fyrir skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 þess efnis að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað á viðkomandi stofnun eða heimili þegar einstaklingurinn dvaldi þar. Slíkt mun vitanlega verða viðkomandi einstaklingum tiltekin stoð þegar þeir færa líkur að því að þeir hafi sjálfir orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi. Trúverðugleiki kröfugerðar og frásagnar tjónþola þar sem hún liggur fyrir mun vitanlega einnig hafa áhrif á mat á því hvort sönnun hafi tekist.

Þess má að lokum geta að úrlausn sýslumanns eða úrskurðarnefndar felur ekki í sér afstöðu til sakar einstakra starfsmanna á viðkomandi stofnunum.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lögfest þau sjónarmið sem sýslumaður og eftir atvikum úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur skulu leggja til grundvallar þegar fjárhæð sanngirnisbóta er ákveðin, telji þessir aðilar nægilega í ljós leitt að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt. Þar segir í fyrsta lagi að litið skuli annars vegar til alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þar með talið með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra, en hins vegar alvarleika afleiðinga þess ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra í lífi tjónþola sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika. Við útfærslu þessara sjónarmiða var m.a. horft til dómaframkvæmdar um 26. gr. skaðabótalaga og framsetningar 1. mgr. 4. gr. sömu laga, auk þess sem höfð var hliðsjón af því bótakerfi í Írlandi sem lýst var í almennum athugasemdum.

Í greininni kemur einnig fram að við ákvörðun fjárhæðar skuli, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Þykir slíkt mikilvægt með tilliti til jafnræðissjónarmiða, þannig að tryggt sé að ekki komi fram ósanngjarnt misvægi milli réttinda einstaklinga samkvæmt þessum lögum og réttinda annarra þolenda ofbeldisbrota. Í því sambandi verður m.a. að hafa í huga að þrátt fyrir að þau atvik sem frumvarpið lýtur að séu um margt sérstök, þá eru hinar geðrænu (andlegu) afleiðingar þessara misgjörða ekki verulega frábrugðnar afleiðingum ýmiss konar ofbeldisverka, einkum kynferðislegs ofbeldis, sem aðrir einstaklingar hafa sætt. Er í þeim efnum sérstaklega vísað til ákvarðana um bætur fyrir langvarandi kynferðislega misnotkun og ofbeldi gegn börnum, sem oft fer fram á heimilum og helst í hendur við þvinganir og hvers konar niðurlægjandi framkomu í þeirra garð. Að dómaframkvæmd í slíkum málum var að nokkru vikið í almennum athugasemdum að framan. Mikilvægt er að slík dómaframkvæmd sé höfð í huga þó að jafnframt sé ljóst og óumdeilt að þær misgjörðir sem frumvarpinu er ætlað að bæta eru á ýmsan hátt afar sérstakar. Er því mælt fyrir um að litið skuli til fyrirliggjandi dómaframkvæmdar „eftir því sem unnt er“.

Í greininni er jafnframt sett fram tiltekið hámark á fjárhæðir bóta. Er þar m.a. horft til framsetningarinnar í 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en jafnframt haft í huga að eðlilegt sé, þegar ríkið ákveður að greiða bætur umfram skyldu, að ríkisstjórn og Alþingi ræði og af-

marki hver heildarrammi bótanna skuli vera. Sýslumaður og eftir atvikum úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur ákvarða síðan bætur í einstökum tilvikum innan ramma hámarksfjárhæðarinnar á grundvelli þeirra sjónarmiða sem að framan voru rakin. Um hámarksfjárhæðina vísast að öðru leyti til umfjöllunar í almennum athugasemdum að framan. Lagt er til að hámarksfjárhæð þessi verði vísitölubundin til að gæta sanngirni gagnvart þeim sem vistaðir voru á heimilum eða stofnunum er teknar verða til meðferðar á síðari stigum í starfi sýslumanns/úrskurðarnefndar.

Í 3. mgr. er tillaga að reglu sem tekur til tilvika er einstaklingur hefur dvalið á fleiri en einni stofnun eða heimili sem lög nr. 26/2007 taka til. Eftir langan tíma kann að vera örðugt að greina á milli þess hvaða afleiðingar stafi af dvöl á einni stofnun og hvaða afleiðingar stafi af dvöl á annarri. Þess vegna er gerð tillaga um að slík tilvik verði leyst á sem einfaldastan hátt, þ.e. þannig að heimilt verði að mat fari fram til bráðabirgða í byrjun en verði endurskoðað þegar fyrir liggur skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um fleiri stofnanir sem viðkomandi dvaldi á. Þá fari fram heildstætt mat á varanlegum afleiðingum. Í því mati verði með öðrum orðum ekki reynt að greina á milli einstakra mögulegra orsaka heldur verði afleiðingarnar metnar í heild, þ.e. að því leyti sem þær kunna að vera raktar til dvalar á einstakri stofnun eða heimili.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að fari bætur yfir 2 millj. kr. skuli greiðslu þess sem umfram er frestað í 1,5–3 ár eftir þeirri reglu sem sett er fram í ákvæðinu. Stjórn Breiðavíkursamtakanna lagði á sínum tíma til, m.a. með hliðsjón af efnahagsástandi í þjóðfélaginu, að ef það mætti auðvelda ríkinu að hækka bótafjárhæðir þá mundu þau fallast á frestun á greiðslu hluta bóta. Er tillagan sett fram í því ljósi en þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að kostnaður af bótagreiðslum dreifist á lengri tíma og verður því auðveldari viðureignar fyrir ríkissjóð gangi áform eftir um batnandi afkomu þegar frá líður.

Ekki er gert ráð fyrir að bótakröfur beri vexti.

Um 5. gr.

Samkvæmt frumvarpinu fær sýslumaður mikilvæg verkefni við innköllun, yfirferð krafna og afgreiðslu þeirra. Lagt er til að ráðherra feli tilteknum sýslumanni að annast þessi verkefni þegar nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur lokið skýrslu um könnun sína á starfsemi tiltekins heimilis eða stofnunar. Gert er ráð fyrir að sýslumaður annist þessi verkefni sjálfur en feli þau ekki fulltrúum sínum nema í takmörkuðum mæli. Í þessari grein er fjallað um innköllun, birtingu hennar og efni. Innköllun skal sýslumaður gefa út þegar ráðherra hefur falið honum það samkvæmt framangreindu. Ekki eru sett nein tímamörk fyrir því að innköllun skuli gefin út en ætla má að það verði svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laganna varðandi þau heimili þar sem skýrsla liggur þegar fyrir. Á eyðublaði sem sýslumaður gefur út verði m.a. gefinn kostur á að þeir sem sæki um bætur veiti sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um viðkomandi í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Tengiliður vegna vistheimila skv. 10. gr. mun einnig hafa það hlutverk að leiðbeina fyrrverandi vistmönnum um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns.

Gert er ráð fyrir því að kröfur um sanngirnisbætur falli niður, sé þeim ekki lýst innan þess þriggja mánaða frests sem greinir í innköllun. Þó er lagt til að mögulegt sé að koma að kröfu á næstu tveimur árum þegar rök standa til þess.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um málsmeðferð af hálfu sýslumanns að loknum kröfulýsingarfresti. Sýslumaður mun samkvæmt greininni fara yfir þær kröfur sem borist hafa og afla nauðsynlegra gagna frá nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007. Þó mun hann ekki hafa heimild til aðgangs að gögnum um einstaka vistmenn, að undanskilinni staðfestingu á vistun þeirra á umræddri stofnun eða heimili, nema vistmenn veiti samþykki sitt fyrir því.

Gert er ráð fyrir einfaldri og skjótri málsmeðferð á þessu stigi enda ljóst að margir þeir sem lögin taka til hafa beðið árum saman eftir að þessu úrræði verði komið á. Túlka verður ákvæði stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu og andmælarétt í því ljósi. Sýslumaður mun að lokinni yfirferð yfir gögn máls taka ákvörðun um hvort bótakröfu verði synjað vegna þess að skilyrði laganna séu ekki uppfyllt eða hvort boðin verði fram sátt af hálfu stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að sýslumaður afgreiði samtímis allar kröfur er varða eitt og sama heimilið eða stofnunina, sé þess kostur. Þannig gefst sýslumanni betri yfirsýn yfir ástand á viðkomandi heimili og það mun einnig vera til hægðarauka við sönnunarmat. Eins og ákvæðið ber með sér er slakað talsvert á hefðbundnum sönnunarkröfum og nægir að sýslumaður telji líkur standa til þess að bótaskilyrði séu uppfyllt. Örðugt er, vegna eðlis málanna og fjölbreytileika þeirra, að orða sönnunarkröfur að þessu leyti með skýrari hætti í greininni. Ætla verður sýslumanni nokkurt svigrúm til mats á því í hverju og einu máli hvort líkur standi til þess að bótaskilyrði séu uppfyllt, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, trúverðugleika kröfugerðar, viðurkenndum túlkunarreglum og almennum sanngirnissjónarmiðum. Tilslökunin á sönnunarkröfum í ákvæðinu er líka til þess fallin að hraða málsmeðferð þar sem sýslumaður þarf ekki að kanna sönnunarstöðu í hverju máli til hlítar. Við sáttaboð skal sýslumaður hafa samráð við dómsmála- og mannréttindaráðherra enda eðlilegt að ráðherra sé hafður með í ráðum um ákvörðun af þessu tagi, einkum varðandi almenn og stefnumarkandi álitamál sem kunna að rísa þegar boðin er fram sátt fyrir marga einstaklinga í einu. Ekki er ætlunin að ráðherra setji sig inn í málefni hvers og eins einstaklings sem krefst bóta.

Í 2. mgr. 6. gr. er kveðið á um frest þess sem sækir um bætur til að bera niðurstöðu sýslumanns undir úrskurðarnefnd skv. 7. gr.

Í 3. mgr. 6. gr. er tekið fram að fallist sá sem krefst bóta á sátt feli það í sér afsal allra frekari krafna á hendur ríkinu og eftir atvikum sveitarfélögum, sbr. 13. gr. frumvarpsins, vegna vistunar á viðkomandi stofnun eða heimili. Sýslumaður mun gæta þess að undirskrift þess sem krefst bóta undir sáttina sé vottuð með tilhlýðilegum hætti.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að skipuð verði nefnd þriggja sérfræðinga sem hafi úrskurðarvald um sanngirnisbætur ljúki málum ekki á grundvelli 6. gr. Lagt er til að hún sé skipuð einum lögfræðingi, sem uppfyllir hæfisskilyrði hæstaréttardómara, svo og einum lækni og einum sálfræðingi. Slík skipan nefndarinnar ætti að gera henni kleift að leggja mat á hvort bótaskilyrði séu fyrir hendi og hversu alvarleg hin illa meðferð eða ofbeldi var og sömuleiðis áhrif hennar á viðkomandi einstakling.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru settar fram tillögur um meðferð krafna um sanngirnisbætur hjá þeirri nefnd sem mælt er fyrir um í 7. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þarf sá sem leitar til úrskurðarnefndarinnar að telja í erindi sínu fram helstu rök fyrir því að hnekkja beri niðurstöðu sýslumanns. Úrskurðarnefndin getur kvatt

þann sem leitað hefur til nefndarinnar til viðtals þar sem aflað verður nánari upplýsinga um grundvöll kröfunnar. Þá getur hún einnig leitað eftir afstöðu sýslumanns til erindisins.

Í 2. mgr. er lagt til að úrskurðarnefnd hafi heimild til að óska eftir umboði frá þeim er kröfu gerir um sanngirnisbætur, til þess að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans. Vera kann að nefndin telji þetta nauðsynlegt, t.d. að afla gagna frá heimilislækni eða öðrum, til þess að unnt sé að leggja mat á hve alvarlegar hinar varanlegu afleiðingar eru, svo og á orsök þeirra. Lagt er til að tekið verði af skarið um að slík gagnaöflun verði á kostnað nefndarinnar, en kostnaður af starfi hennar á að greiðast úr ríkissjóði. Tekið skal fram að ekki er unnt að ætlast til þess að úrskurðarnefndin sinni til hlítar rannsóknarreglu stjórnsýslulaga, heldur hefur hún visst svigrúm til að meta hvaða gagna hún telur nauðsynlegt að afla.

Í 3. mgr. er lagt til að nefndin hafi aðgang að þeim skýrslum sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 tekur, þ.e. bæði hljóðupptökum og endurritum skýrslna. Til þess að allrar sanngirni sé gætt er lagt til í 4. mgr. að sá er kröfu gerir geti, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að réttur grundvöllur ákvörðunar sanngirnisbóta liggi fyrir, komið að viðbótarskýrslu hjá nefndinni eða tjáð sig ítarlegar en hann áður gerði. Er tekið fram að úrskurðarnefndin skuli meta fram komna framburði heildstætt.

Loks er í 5. mgr. lagt til að úrskurðarnefndin skuli ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að úrskurður um sanngirnisbætur verði skriflegur og studdur helstu röksemdum sem úrskurðarnefndin hefur reist niðurstöðu sína á. Ekki er gert ráð fyrir löngum úrskurðum, enda meðferðartími máls almennt stuttur, ekki gerðar ríkar kröfur um sönnun og gagnaöflun þess vegna ekki viðamikil.

Í umfjöllun um 3. gr. kom fram að vegna þess hve erfitt getur reynst að sanna illa meðferð eða ofbeldi, sem og varanlegan skaða, sé slakað umtalsvert á hefðbundnum sönnunarkröfum þegar kemur að mati á því hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Á þetta einkum við um 6. gr., þar sem fram kemur að sýslumaður skuli, að undangenginni mjög einfaldri málsmeðferð, gera einstaklingi sáttaboð telji hann að „líkur standi til“ þess að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt. Málsmeðferðin hjá úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur verður umfangsmeiri og kröfur til sönnunarfærslu ríkari en hjá sýslumanni. Þó er ætlast til að þar verði einnig slakað nokkuð á hefðbundnum kröfum skaðabótaréttar, enda ber tillagan að 2. mgr. 9. gr. með sér að nefndin meti hvort „nægilega sé í ljós leitt“ að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt. Við það mat, sem og við matið á þeim atriðum sem greinir í 4. gr., skal úrskurðarnefndin líta til fyrirliggjandi gagna og þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun eða heimili, einkum á grundvelli skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Samkvæmt þessu er skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 ætlað mikið vægi við sönnunarmat, án þess þó að útilokað sé að nýjar upplýsingar geti komið fram sem gefi tilefni til að endurmeta niðurstöðu vistheimilisnefndar í einstaka tilvikum. Trúverðugleiki kröfugerðar og frásagnar tjónþola skiptir að sjálfsögðu einnig verulegu máli. Um þessi atriði vísast nánar til almennra athugasemda að framan.

Þá er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd ákveði lögmannskostnað ef sá er kröfu gerir hefur leitað sér lögfræðiaðstoðar við kröfugerð og e.t.v. gagnasöfnum. Nefndin á að úrskurða hæfilegan lögmannskostnað. Almennt ætti vinna lögmanns í slíkum málum ekki að vera viðamikil, en þó er gert ráð fyrir að hún geti orðið allt að 10 klst., en það ætti einungis við í undantekningartilvikum. Um fjárhæð tímagjalds er eðlilegt að úrskurðarnefndin mundi líta

til viðmiðunarreglna dómsmála- og mannréttindaráðherra um ákvörðun þóknunar verjenda eða réttargæslumanna.

Í 4. mgr. er lagt til að úrskurðir nefndarinnar verði endanlegir á stjórnsýslustigi og þar af leiðandi ekki kæranlegir til ráðherra. Þá er lagt til að ekki verði hægt að bera niðurstöðu um rétt til bóta samkvæmt lögunum undir dómstóla fyrr en úrskurður úrskurðarnefndarinnar liggur fyrir. Niðurstöður sýslumanns verða þar af leiðandi ekki bornar undir dómstóla. Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar verða hins vegar bornar undir dóm, svo fremi sem málið er höfðað innan sex mánaða frá því að úrskurðurinn var kynntur aðila máls. Lagt er til að tekið verði skýrt fram að málsókninni skuli beint að úrskurðarnefndinni. Er það gert til þess að taka af allan vafa um að málsókn skuli ekki beint að sýslumanni, en íslensk dómaframkvæmd kynni að verða talin standa til slíks væri þetta ekki tekið skýrlega fram.

Um 10. gr.

Hér er gerð tillaga um tengilið vegna vistheimila sem hafi það hlutverk að koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum, leiðbeina þeim um kröfugerð frammi fyrir sýslumanni og aðstoða við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita. Gert er ráð fyrir að hér verði um tímabundið starf að ræða á meðan úrskurðarnefnd skv. 7. gr. er að störfum og hugsanlega í tiltekinn tíma eftir það ef ástæða þykir.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að um rétt til framsals gildi sömu reglur um kröfu um sanngirnisbætur og gilda um bætur fyrir varanlegt líkamstjón. Hvað rétt til aðilaskipta fyrir erfðir er lögð til tvíþætt regla. Í fyrsta lagi erfist bótakrafan í samræmi við erfðalög, nr. 8/1962, hafi tjónþoli lýst kröfu áður en hann féll frá. Í öðru lagi erfist bótakrafan til eftirlifandi barna ef hann fellur frá fyrir gildistöku laganna eða áður en kröfulýsingarfrestur er úti. Rökin fyrir því að rýmka þannig erfðarétt miðað við almennar reglur varðandi miskabætur eru meðal annars þau hve langan tíma það hefur tekið fyrir ríkisvaldið að bjóða fram bætur. Margir fyrrverandi vistmanna sem kunna að uppfylla bótaskilyrði laganna eru því fallnir frá. Með því að mæla fyrir um erfðarétt barna þeirra er minningu þeirra sýnd hæfileg virðing og er það í samræmi við tillögur Breiðavíkursamtakanna. Rétt er þó að benda á að sönnun fyrir því að bótaskilyrði séu uppfyllt verður í einhverjum tilvikum erfiðari vegna þess að ekki verður til að dreifa staðfestri frásögn viðkomandi tjónþola sjálfs.

Um 12. gr.

Í 1. og 2. mgr. 12. gr. eru gerðar tillögur að ýmsum ákvæðum sem miða að því að tryggja enn frekar en 1. mgr. 11. gr. að þeir sem rétt eigi til bóta fái notið bótanna í reynd. Þannig er lagt til að bæturnar verði ekki skertar með álagningu tekjuskatts eða með skuldajöfnun af hálfu opinberra aðila, þær lækki ekki vegna annarra greiðslna sem viðkomandi nýtur, t.d. úr almannatryggingakerfinu, né komi til frádráttar slíkum greiðslum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki skýringa.

Í 3. mgr. er lagt til ákvæði um að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um gögn úrskurðarnefndarinnar. Þykir það rétt í ljósi eðlis málanna, en sú leið var einnig farin í 6. gr. laga nr. 26/2007. Í greininni er þó lagt til að upplýsingaréttur skapist að tilteknum tíma liðnum, sbr. 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til útgáfu reglna sem ekki þarfnast skýringa.

Um 13. gr.

Sum heimili eða stofnanir voru rekin af öðrum aðilum en ríkinu. Í þeim tilfellum er sveitarfélög ráku heimili er gert ráð fyrir að ríkið og viðkomandi semji sín á milli um kostnaðarskiptingu. Fyrrverandi vistmenn geti hins vegar eftir sem áður og óháð slíkum samningum sótt rétt á grundvelli laganna.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

Frumvarp þetta mælir fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Sá sem vistaður var á stofnun eða heimili sem lög þessi taka til getur krafist sanngirnisbóta samkvæmt lögunum, enda liggi fyrir skýrsla fyrrgreindrar nefndar um viðkomandi heimili og innköllun sýslumanns. Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skal litið til alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar og alvarleika afleiðinganna og einnig, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 m.kr. og skal það hámark breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs. Bætur allt að 2 m.kr. skal greiða út í einu lagi. Bætur umfram 2 m.kr. og allt að 4 m.kr. skal greiða út 18 mánuðum síðar. Bætur umfram 4 m.kr. og allt að 6 m.kr. skal greiða út 36 mánuðum síðar. Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því hún er ákveðin.

Gert er ráð fyrir að málsmeðferð verði í stórum dráttum með eftirfarandi hætti: Þegar nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur lokið skýrslu um könnun sína á starfsemi heimilis eða stofnunar skal ráðherra fela tilteknum sýslumanni að gefa út innköllun. Að loknum kröfulýsingarfresti skal sýslumaður fara yfir lýstar kröfur og önnur tiltæk gögn. Telji sýslumaður líkur standa til að bótaskilyrði séu uppfyllt skal hann í samráði við ráðherra gera viðkomandi einstaklingi bindandi sáttaboð. Að öðrum kosti skal hann synja kröfu með rökstuddu bréfi. Hafni umsækjandi sáttaboði eða hafi sýslumaður synjað kröfu getur umsækjandi skotið máli sínu til úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur. Ráðherra skipar þrjá menn og þrjá til vara í úrskurðarnefndina til þriggja ára í senn. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmann. Úrskurðarnefndin skal afla nánari upplýsinga og meta framkomna framburði heildstætt og ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er með skriflegum úrskurði þar sem tekin er afstaða til kröfu þess sem leitar til nefndarinnar um bætur. Hafi sá er kröfu gerir notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf skal nefndin, jafnframt hugsanlegum sanngirnisbótum, úrskurða hæfilega lögmannsþóknun. Að jafnaði skal ekki úrskurða hærri þóknun en svarar til 10 klst. vinnu. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hafi sveitarfélag rekið heimili eða stofnun skal ráðherra efna til viðræðna við viðkomandi sveitarfélag um skiptingu kostnaðar af bótagreiðslum og starfi sýslumanns og úrskurðarnefndar. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi sérstakan tengilið sem með virkum hætti skal upplýsa þá sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum, leiðbeina þeim um kröfugerð frammi fyrir sýslumanni og aðstoða við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita. Eftir 1. janúar 2013 getur ráðherra lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar.

Ekki eru forsendur til að meta nákvæmlega áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs, verði það að lögum. Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur nú lokið könnun á starfsemi fjögurra stofnana, þar sem 386 börn og unglingar eru talin hafa verið vistuð, og fyrir höndum er könnun á fimm öðrum vistheimilum og stofnunum. Erfitt er að segja til um hversu margir af þeim sem vistaðir voru á þessum heimilum og stofnunum teljast hafa orðið þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem valdið hafi varanlegum skaða og hve margir þeirra muni gera kröfu um bætur eða hversu háar bætur verða ákveðnar. Til viðmiðunar má þó taka sem dæmi að útgjöld í formi bótagreiðslna yrðu 300 m.kr. miðað við að 100 einstaklingar fengju bætur sem væru að meðaltali 3 m.kr. Sama er að segja um tímabundinn kostnað við úrskurðarnefndina og sérstakan tengilið. Miðað við að nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 ljúki störfum um mitt ár 2011 má reikna með að úrskurðarnefndin muni starfa fram á árið 2012 en nákvæmar forsendur til að áætla umfang starfs hennar eða hversu lengi hún muni starfa liggja ekki fyrir. Lauslega áætlað má þó reikna með að kostnaður vegna þóknana og annars sem leiðir af störfum úrskurðarnefndarinnar og sérstaks tengiliðs geti numið 18–20 m.kr. á ári sé tekið mið af sambærilegum úrskurðarnefndum og gert ráð fyrir að með nefndinni starfi einn starfsmaður í fullu starfi og að starf tengiliðs verði fullt starf. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að sýslumaður annist sjálfur verkefni samkvæmt lögunum en feli þau ekki fulltrúum sínum nema í takmörkuðum mæli. Er því reiknað með að kostnaður viðkomandi sýslumannsembættis verði óverulegur. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum sem samþykkt frumvarpsins kann að hafa í för með sér í fjárlögum 2010 eða í áætlun um ríkisútgjöld á næstu árum. Í fjáraukalögum fyrir árið 2008 var veitt 125 m.kr. fjárheimild til þessara bótagreiðslna og kostnaðar úrskurðarnefndar og gert er ráð fyrir að sú fjárheimild muni flytjast milli ára.

861. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé frjósemi beggja maka eða einhleyprar konu skert, er heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjóvgun. Þá er ætíð heimilt að nota gjafasæði sé um að ræða einhleypa konu eða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða fékk þær að gjöf til notkunar við glasafrjóvgun.
b. Í stað orðanna „sem leggja kynfrumurnar til“ í 2. mgr. kemur: sem lögðu kynfrumurnar til eða fengu þær að gjöf til notkunar við glasafrjóvgun.
c. Við 3. mgr. bætist: eða fengu þær að gjöf til notkunar við glasafrjóvgun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu.

Hér er lagt til að einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi verði heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjóvgun. Sama gildi um gagnkynhneigð og samkynhneigð pör, þar sem frjósemi beggja maka er skert.

Við setningu laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, var eitt af skilyrðum tæknifrjóvgunar að kona sem gengist undir tæknifrjóvgun væri í hjúskap eða sambúð með karli og að notaðar væru kynfrumur parsins. Notkun gjafaeggs eða gjafasæðis var þó heimil í undantekningartilfellum, einkum vegna skertrar frjósemi. Með lögum nr. 65/2006 var gerð sú breyting að konu sem var í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu var gert kleift að gangast undir tæknifrjóvgun og með lögum nr. 54/2008 var einhleypum konum heimilað að gangast undir tæknifrjóvgun. Jafnframt var gerð sú breyting að í fyrrgreindum tilvikum væri ætíð heimilt að nota gjafasæði. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. laganna um að gjöf fósturvísa sé bönnuð er hins vegar óbreytt. Um það ákvæði segir m.a. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996: „það þýðir að nota verður kynfrumur frá karlinum eða konunni.“ Að óbreyttum lögum er því eingöngu heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafrjóvgun ef sæði kemur frá verðandi föður. Ekki er því heimilt að nota gjafaegg við glasafrjóvgun einhleyprar konu, konu í sambúð með annarri konu eða konu þar sem ekki er unnt að nota sæði frá eiginmanni eða sambýlismanni.

Gert er ráð fyrir að þær konur sem þurfa á bæði gjafaeggi og gjafasæði að halda við glasafrjóvgun séu einkum einhleypar konur á seinni hluta frjósemisskeiðsins og einhleypar konur sem búa við skerta frjósemi, svo sem vegna krabbameinsmeðferðar.

Hér er lagt til að heimilt verði að nota gjafaegg og gjafasæði sé frjósemi einhleyprar konu eða beggja maka skert. Þá er lagt til að gerðar verði viðeigandi breytingar á ákvæðum 9. gr. laganna um geymslu fósturvísa, þannig að þau taki til geymslu fósturvísa, án tillits til þess hvort notaðar hafa verið kynfrumur parsins/konunnar eða gjafakynfrumur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Með frumvarpinu er lagt til að lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, verði breytt með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verði einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjóvgun, og að sama gildi um gagnkynhneigða og samkynhneigð pör, þar sem frjósemi beggja maka er skert. Í öðru lagi verði geymsla á fósturvísum heimiluð án þess að tillit sé tekið til þess hvort notaðar hafa verið kynfrumur parsins/konunnar eða gjafakynfrumur.

Í gildi er samningur við Art Medica um greiðsluþátttöku ríkisins í tilteknum fjölda tæknifrjóvgana. Ekki er gert ráð fyrir að semja þurfi á ný við Art Medica um aukinn fjölda tæknifrjóvgana vegna breytinganna sem lagðar eru til í frumvarpinu þar sem um örfá tilvik á ári er að ræða. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

862. Nefndarálit [396. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Írisi Lind Sæmundsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Valgerði Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, frá 9. júní 2009, um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Tillaga að þjónustutilskipun var fyrst lögð fram á vettvangi ESB í janúar 2004. Markmiðið var að greiða fyrir og auka þjónustuviðskipti milli landa en þrátt fyrir ákvæði um innri markað voru töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu enn til staðar sem komu niður á bæði þjónustuveitendum og neytendum. Til-

lagan fékk mikla athygli og var pólitískt umdeild, sér í lagi vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru upphaflega í tillögunni. Hin svokallaða upprunalandsregla var einnig afar umdeild og óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð, en samkvæmt henni giltu um þjónustuveitanda reglur þess lands þar sem hann var með staðfestu en ekki þar sem þjónustan var veitt.

Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem tillagan hlaut lagði framkvæmdastjórnin fram nýja tillögu þar sem tekin voru út ákvæði um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt og verulegar breytingar gerðar á upprunalandsreglunni. Sú tillaga var samþykkt í desember 2006. Tilskipunin fékk töluverða athygli í Noregi og gerðu Norðmenn ítarlegar úttektir á hinum ýmsu afleiðingum tilskipunarinnar. Að lokum náðist þó samstaða um hana og var hún eins og áður segir tekin upp í EES-samninginn 9. júní 2009.

Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu, sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu í formi lægra verðs og meiri gæða.

Nefndin hefur kynnti sér yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna þjónustutilskipunarinnar en hún er eftirfarandi:

„Við upptöku þjónustutilskipunarinnar (2006/123/EB) í EES-samninginn er minnt á af hálfu Íslands að tilskipunin hefur m.a. ekki áhrif á ráðningarskilmála og -skilyrði, samskipti milli aðila vinnumarkaðarins, réttinn til þess að semja um og ganga frá kjarasamningum og grundvallarréttindi, s.s. verkfallsréttinn og réttinn til að grípa til aðgerða á vinnustað. Þjónustutilskipunin hefur ekki áhrif á vinnulöggjöf eða þríhliða samvinnu verkalýðsfélaga, vinnuveitenda og stjórnvalda.

Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að hin víðtæka samstaða meðal Íslendinga um að gera áætlanir um aðgerðir, svo og viðeigandi ráðstafanir, sem miða að því að standa vörð um réttindi innlendra og útsendra starfsmanna og góðan aðbúnað á vinnustöðum, stríði ekki gegn þjónustutilskipuninni. Þær ráðstafanir geta m.a. náð yfir skilvirkt kerfi um almenna beitingu kjarasamninga og innleiðingu sameiginlegrar ábyrgðar verktaka og undirverktaka til þess að tryggja að réttindi vinnandi fólks séu virt.

Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að það verði áfram á valdsviði innlendra yfirvalda – á öllum stigum stjórnsýslunnar, ríkisvalds og sveitarstjórna – að ákvarða í hvaða mæli hið opinbera skuli veita þjónustu, hvernig hún skuli skipulögð og fjármögnuð og hvaða sérstöku kvaðir skuli gilda um slíka opinbera þjónustu.“

Yfirlýsing þessi er forsenda þess að íslensk stjórnvöld fallast á innleiðingu þjónustutilskipunarinnar hér á landi. Nefndin telur rétt að vísa sérstaklega til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tillögugreininni og gerir því breytingartillögu þar um.

Þá telur nefndin æskilegt að í heiti tillögunnar komi fram að um er að ræða heimild til staðfestingar á ákvörðun um að fella þjónustutilskipunina inn í EES-samninginn. Nefndin gerir því tillögu til breytingar á heiti þingsályktunartillögunnar.

Til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar var ákveðið að semja rammafrumvarp þar sem helstu efnisákvæði tilskipunarinnar eru tekin upp en það nefnist frumvarp til laga um þjón-

ustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Frumvarpið var lagt fyrir yfirstandandi þing og í kjölfar 1. umræðu var því vísað til viðskiptanefndar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar með vísan í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um þjónustutilskipun Evrópusambandsins, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi 26. maí 2009, að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, frá 9. júní 2009, um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Þjónustutilskipun), og breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við samninginn.
2. Heiti tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Þjónustutilskipun), og um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við samninginn.

Alþingi, 18. mars 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Helgi Hjörvar.
Valgerður Bjarnadóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ögmundur Jónasson.

863. Nefndarálit [397. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Írisi Lind Sæmundsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ómar Þór Eyjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er

varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB inniheldur tæknileg ákvæði er varða virka eignarhluti í lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfaviðskipta. Helstu breytingarnar sem hún mælir fyrir um eru eftirfarandi:

– Breyting á skilgreiningu hugtaksins virkur eignarhlutur (e. *qualifying holding*).
– Ekki er lengur gert ráð fyrir umsókn um samþykki fyrir því að mega eignast eða fara með virkan eignarhlut.
– Nákvæmari reglur um viðbrögð lögbærs stjórnvalds við tilkynningu aðila um að hann hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut, svo sem um tímafresti.
– Reglur um framkvæmd mats lögbærs stjórnvalds á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut. Upptalning viðmiða sem hafa skal hliðsjón af við slíkt hæfismat.
– Lögbært yfirvald getur sett sig upp á móti kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut á grundvelli tæmandi viðmiða. Ef þau gera ekki athugasemd innan tiltekins tímafrests öðlast viðkomandi sjálfkrafa rétt til að fara með hlutinn.

Innleiðing tilskipunar 2007/44/EB kallar á tilteknar breytingar á ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi og á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki hafa þegar verið lögð fram á Alþingi og tekin til fyrstu umræðu og eru til meðferðar hjá viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 18. mars 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Helgi Hjörvar.
Valgerður Bjarnadóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ögmundur Jónasson.

864. Svar [350. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um hjartasjúklinga og bráðamóttöku Landspítala.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Mun tíminn sem líður frá því að t.d. hjartasjúklingur kemur á bráðamóttöku í Fossvogi og kemst í hendur sérfræðinga við Hringbraut lengjast frá því sem er við sameiningu bráðamóttöku á einn stað?*
2. *Hvernig verður þjónustu sem veitt er t.d. á hjartadeild Landspítala háttað eftir sameiningu bráðamóttöku?*

Tvær stærstu bráðamóttökur Landspítala munu sameinast í eina bráðadeild í Fossvogi í lok mars 2010. Um er að ræða bráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut og móttöku slysa- og bráðadeildar í Fossvogi. Í beinu framhaldi af sameiningunni mun hjartamiðstöð taka til starfa á Landspítala við Hringbraut í núverandi húsnæði bráðamóttöku. Í hjartamiðstöð verður veitt almenn og sérhæfð göngudeildarþjónusta, dagdeildarþjónusta og bráðaþjónusta. Sólarhringsvakt verður frá kl. 8 á mánudagsmorgnum til kl. 20 á föstudögum. Þar verður m.a. boðið upp á bráðatíma fyrir hjartasjúklinga sem veikjast aftur eða versnar af sjúkdómi sínum, þjónustu sem hjartasjúklingar hafa í ríkum mæli leitað eftir á bráðamóttökur.

Bráðaþjónusta við hjartasjúklinga og aðra bráðveika sjúklinga verður á bráðadeild í Fossvogi um helgar og á hátíðisdögum og hjartalæknar munu sinna sérfræðiráðgjöf þar. Í undirbúningi fyrir sameiningu bráðamóttaka hafa fjölmargir starfshópar unnið að endurskoðun verkferla til að bæta þjónustu og koma í veg fyrir tafir í meðferð við þessar breytingar. Þannig hefur sjónum verið beint sérstaklega að sjúklingum með bráða kransæðastíflu sem þurfa að komast í hjartaþræðingu innan 90 mínútna frá komu. Framkvæmdar hafa verið tímamælingar á slíkum ferli sem hefst í Fossvogi og sýna þær að hægt er að undirbúa sjúkling fyrir þræðingu og flutning á 10–15 mínútum, um leið og hjartaþræðingarteymi er kallað út.

Starfshópur sérfræðilækna og sjúkraflutningamanns er nú að ljúka störfum við að endurskipuleggja feril sjúklinga sem greinast með bráða kransæðastíflu í sjúkrabíl á höfuðborgarsvæðinu eða á bráðadeild í Fossvogi og markmiðið er að stytta tímann frá greiningu til nauðsynlegrar meðferðar.

Með áðurnefndum aðgerðum telur Landspítali að tryggt verði að tími frá komu sjúklings til nauðsynlegrar meðferðar verði áfram innan settra marka og muni ekki lengjast.

Hjartadeildir taka áfram á móti hjartasjúklingum sem þurfa að leggjast inn, en legurýmum fækkar með tilkomu hjartamiðstöðvar. Hjartamiðstöð annast þjónustu við sjúklinga sem kallaðir eru inn til hjartaþræðinga, gangráðsísetningar og fleiri minni hjartainngripa, en sú þjónusta er nú á hjartadeildum.

865. Svar [387. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakaupum.

1. *Er hætta á að ákveðinn hópur sjúklinga sem þarfnast lyfja fái ekki lyf með nægjanlegri virkni vegna þess að dregið hefur verið stórlega úr greiðsluþátttöku ríkisins í kaupum á ýmsum lyfjum?*

Breytingar sem gerðar hafa verið á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í nokkrum lyfjaflokkum útiloka ekki sömu greiðsluþátttöku og áður í neinum lyfjum. Til að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu dýrustu lyfjanna í þessum flokkum þarf læknir hins vegar að sækja um lyfjaskírteini fyrir sjúkling og rökstyðja að hann þurfi að nota viðkomandi lyf. Með öðrum orðum, ef læknirinn telur að sjúklingurinn þurfi á dýrustu lyfjunum að halda í þessum völdu lyfjaflokkum og nái ekki sambærilegum bata með ódýrari lyfjum þá eru þau niðurgreidd eins og þau ódýrari af sjúkratryggingum. Þær breytingar sem gerðar hafa verið og lýst er hér að ofan hafa orðið til þess að læknar ávísa nú ódýrari lyfjum en áður, og í flestum tilfellum jafn góð-

um og árangursríkum. Þannig má segja að breytingarnar tryggi enn frekar að sjúklingar fái rétt lyf.

2. *Getur stórlega minni greiðsluþátttaka ríkisins í lyfjakaupum leitt til aukinnar sjúkdómatíðni og þar með verulegs kostnaðar fyrir ríkið til lengri tíma?*

Engin rannsókn hefur farið fram á áhrifum þeirra breytinga á greiðsluþátttöku ríkisins sem gerðar hafa verið frá 1. mars 2009. Ein rannsókn er þó í gangi, en þar er um að ræða meistaraverkefni (lokaverkefni) lyfjafræðinema og ber heitið *Áhrif þess að skipta um statinlyf á kólesterólgildi hjá sjúklingum með blóðþurrðarsjúkdóm*. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr rannsókninni.

Spurt er hvort breytingarnar hafi haft áhrif til aukinnar sjúkdómstíðni, þ.e. hvort sjúkdómsbyrði þeirra einstaklinga sem málið varðar hafi aukist vegna þessara breytinga. Landlæknisembættið hefur á undanförnum vikum og mánuðum haft samband við fjölda lækna til þess að fylgjast með hvort svo sé og hefur ekkert komið fram sem bendir til þess, en hafa ber þó í huga að skammt er liðið frá því að sumar þessara breytingar voru gerðar. Það er helst breytingin sem gerð var 1. janúar sl. og varðar astmalyf sem læknar hafa haft áhyggjur af og haft samband við lyfjamáladeild Sjúkratrygginga Íslands vegna vinnureglna við útgáfu lyfjaskírteina. Lyfjamáladeildin hefur tekið vel á þeim málum sem óhjákvæmilega koma upp við svona aðstæður og afgreitt lyfjaskírteini þegar rökstutt álit lækna liggur fyrir þess efnis að sjúklingur þurfi á dýrara lyfi að halda en hinar almennu greiðslureglur segja til um.

Fjöldi útgefinna lyfjaskírteina frá því að reglugerð breyttist 1. mars 2009 fram til 15. mars sl. er 1.457 skírteini vegna magalyfja, 2.463 lyfjaskírteini vegna blóðfitulækkandi lyfja, 741 skírteini vegna blóðþrýstingslyfja, 125 lyfjaskírteini vegna beinþéttnilyfja og 3.381 lyfjaskírteini vegna öndunarfæralyfja.

Umræddar breytingar á kostnaðarþátttöku skiluðu um 1 milljarði kr. í sparnað á árinu 2009 og hafa aðgerðirnar vegið á móti hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla. Flestir læknar hafa haft fullan skilning á nauðsyn þess að draga úr kostnaði við lyfjakaup á vegum ríkisins enda þótt aðgerðirnar hafi valdið auknu álagi á lækna, einkum sérfræðinga á stofu, sem ekki hafi fengið aukafyrirhöfn greidda að neinu leyti. Einn hjartalæknanna sem landlæknir hafði samband við nefnir t.d. að hann hafi þurft að vera u.þ.b. tvo tíma aukalega á stofu í byrjun vegna fyrirspurna sem vörðuðu breytingar á lyfjunum á síðasta ári. Enginn læknanna gat nefnt dæmi um að sjúklingur hefði orðið fyrir tjóni vegna lyfjabreytinganna. Enginn sjúklingur, svo vitað sé þegar fyrispurn þessari er svarað, hefur komið inn á bráðamóttöku af orsökum rekja má til þessara breytinga. Sumir læknanna nefndu þó óhagræði fyrir sjúklinga og að þeir þurftu oftar að koma í eftirlit fyrst eftir að breytingarnar gengu í garð og beinan og óbeinan kostnað sem af því leiddi í byrjun. Það er mat landlæknis að ekkert bendi til þess að breytingarnar muni auka sjúkdómatíðni eða sjúkdómsbyrði einstaklinga eða hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir þá eða heilbrigðiskerfið þegar fram í sækir. Þá hafa landlæknisembættinu ekki borist kvartanir frá sjúklingum, sem beinlínis lúta að fyrrgreindum breytingum.

866. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (bílaleigur)

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneytinu, Jón Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Gunnar Val Sveinsson og Björn Ragnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Özur Lárusson frá Bílgreinasambandinu, Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu og Snorra Olsen frá tollstjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að skattskyldum aðilum sem leyfi hafa til reksturs bílaleigu verði heimilað að reikna innskatt vegna kaupa á notuðum fólksbifreiðum sem nemi 20,32% af kaupverði bifreiðar. Heimildin verði tímabundin auk þess sem keyptar bifreiðar megi ekki verða fleiri en 15% af heildarfjölda fólksbifreiða í eigu bílaleigunnar.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að í frumvarpinu fælist frávik frá þeirri meginreglu að óheimilt væri að reikna innskatt vegna kaupa á notuðum lausafjármunum. Rökin fyrir þessu væru að létta undir með rekstri bílaleiga sem væri erfiður þessa dagana vegna ríkjandi efnahagsástands á sama tíma og mikil ferðavertíð væri fram undan. Undirliggjandi væri einnig sá gjaldeyrissparnaður þjóðfélagsins sem af því hlytist að beina kaupunum á innlendan markað fremur en erlendan.

Fram komu ábendingar um að verð á nýjum bílum væri hátt um þessar mundir vegna gengisfalls krónu og að talsverð eftirspurn væri eftir notuðum bifreiðum á markaðnum. Skiptar skoðanir komu fram um hvort eftirspurnaráhrif frumvarpsins væru til hagsbóta fyrir heimilin ef verð á bifreiðum hækkaði. Frumvarpið kynni að auðvelda heimilum í skuldavanda að losna undan óhagstæðum bílalánum.

Þá komu fram efasemdir um mikilvægi þess að ríkið styddi við rekstur bílaleiga á tímum þegar ferðaiðnaðurinn gengi vel.

Nefndin ræddi hættu á að heimildir frumvarpsins yrðu misnotaðar og var nefnt sem dæmi þegar sami aðili á bílaleigu og bílasölu, bílasalan kaupir bifreið á markaðsvirði, selur bílaleigunni á hærra verði sem síðan selur bifreiðina á lægra verði með tilheyrandi rekstrartapi og þegar áunnum rétti til að reikna innskatt.

Undirstrikað var á fundum nefndarinnar að heimildin í frumvarpinu er tímabundin og að áskilnaður er um að takmarka nýtingu hennar við 15% af heildarfjölda fólksbifreiða. Jafnframt megi búast við að eftirlit skattyfirvalda beinist að því hvort raunveruleg viðskipti liggja nýtingu heimildarinnar til grundvallar. Yfirvöldin geta við athugun á viðskiptum nýtt sér gagnagrunn Bílgreinasambandsins sem starfræktur er með vitund Samkeppniseftirlitsins. Sjónarmið komu fram um að setja ætti lágmarkstíma á eignarhald bifreiða sem keyptar eru á grundvelli frumvarpsins til að koma í veg fyrir svindl.

Í tilefni af athugasemdum Samtaka ferðaþjónustunnar, sem vöktu athygli á því að í rekstri bílaleiga væru bifreiðar jafnan keyptar fyrir upphaf ferðavertíðar að vori en seldar að vertíð lokinni að hausti, fellst nefndin á að miða viðmiðunardag um hámarksfjölda bifreiða í eigu bílaleigu við 1. júlí 2010 í stað gildistöku frumvarpsins eins og gert er í 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „við gildistöku ákvæðis þessa“ í 2. efnismgr. 1. gr. komi: 1. júlí 2010.

Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal og Þór Saari gera fyrirvara við álit þetta.

Alþingi, 24. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari, með fyrirvara.

867. Fyrirspurn [496. mál]

til forsætisráðherra um undirritun samkomulags um Icesave-skuldbindingar í júní 2009.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver var formlegur aðdragandi þeirrar ákvörðunar að fjármálaráðherra undirritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við Breta og Hollendinga um svokallaðar Icesave-skuldbindingar föstudaginn 5. júní 2009?
2. Var ákvörðun um undirritun tekin á ríkisstjórnarfundi eða kynnt á ríkisstjórnarfundi og þá hvenær?
3. Hvaða gögn varðandi málið lágu til grundvallar þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar að fallast á undirritun fjármálaráðherra og með hvaða hætti voru þau kynnt fyrir ráðherrum eða ríkisstjórn í heild?
4. Töldu forsætisráðherra og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar á þessum tíma að samkomulagið og undirritun þess 5. júní nyti meirihlutastuðnings á Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

868. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur og Harald Steinþórsson frá fjármálaráðuneytinu, Stefán Skjaldarson frá skattrannsóknarstjóra, Snorra Olsen, Eddu Símonardóttur og Jóhönnu Láru Guðbrandsdóttur frá tollstjóra, Lárus Ögmundsson og Guðmund Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði og Sigurð Tómas Magnússon, sérfræðing við Háskólann í Reykjavík. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands, Persónuvernd, PriceWaterhouseCoopers, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, tollstjóra, ríkissaksóknara, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að skattrannsóknarstjóra verði veittar sams konar heimildir og lögregla hefur skv. 88. gr. laga um meðferð sakamála til að óska kyrrsetningar eigna við rannsókn skattsvika eða annarra refsiverðra skattalagabrota í þeim tilgangi að tryggja greiðslu skattkrafna og fésektarkrafna sem sennilegt er að rannsókn leiði í ljós. Meginskilyrði er að hætta sé á að eignum þess sem grunur beinist að eða þess sem ábyrgð ber á skattgreiðslum verði skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Lagt er til að skattrannsóknarstjóri beri upp kyrrsetningarbeiðnina við tollstjóra sem síðan metur sjálfstætt hvort tilefni er til að fara með hana fyrir sýslumann.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna hættu á að aðilar sem eiga yfir höfði sér skattkröfur og fésektir vegna gruns um refsiverð skattalagabrot skjóti undan eignum sínum á meðan rannsókn mála þeirra stendur. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar frá júní 2009 kemur fram að skattrannsóknarstjóri telji æskilegt að embættið fái heimild til að kyrrsetja eignir strax við meðferð mála á rannsóknarstigi og að sérstaklega eigi það við um hin stærri og flóknari mál þar sem búast megi við að málsmeðferðartími sé langur. Þá kom fram á fundum nefndarinnar að frumvarpið mundi hafa þýðingu varðandi mál sem nú þegar sæta rannsókn skattrannsóknarstjóra.

Innan nefndarinnar hafa að teknu tilliti til sjónarmiða um réttláta málsmeðferð sakborninga og friðhelgi eignarréttarins komið fram skiptar skoðanir um hversu víðtækar heimildir opinberir valdhafar eigi að hafa til að tryggja endurheimt verðmæta sem grunur leikur á að skattgreiðendur hafi tileinkað sér með ólögmætum hætti, sérstaklega gagnvart hinum smærri sem standa oft höllum fæti. Kyrrsetning eigna getur haft mjög alvarleg áhrif á rekstur þeirra. Viðmælendum nefndarinnar bar saman um að kyrrsetning eigna er íþyngjandi þvingunarúrræði sem beita ber af sérstakri varúð, ekki síst þegar hún beinist að aðila sem ber ábyrgð á skattgreiðslum en er sjálfur ekki til rannsóknar. Um heimildir gerðarþola til endurupptöku og rétt hans til skaðabóta vegna miska og fjártjóns fer eftir almennum reglum um kyrrsetningu. Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um kyrrsetningu, sbr. 2. gr. þeirra laga.

Í athugasemdum frumvarpsins er vísað til 7. mgr. 103. gr. laga um tekjuskatt en þar segir að skattrannsóknarstjóri skuli við rannsóknaraðgerðir gæta ákvæða laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknar-

stigi. Þar er m.a. tekið fram að þeir sem rannsaka sakamál skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Skattrannsókn getur almennt gefið tilefni til þess að máli sé vísað til ríkisskattstjóra til endurákvörðunar opinberra gjalda og í annan stað að hafin sé refsimeðferð sem getur falist í sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra, sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd eða sakamálarannsókn hjá ríkislögreglustjóra. Í leiðbeiningum skattrannsóknarstjóra vegna ákvörðunar um refsimeðferð kemur fram að nær undantekningarlaust sæti öll mál sem koma til rannsóknar refsimeðferð. Við val á refsimeðferð er höfð hliðsjón af atriðum er greinir í 38. gr. reglugerðar nr. 373/2001, sbr. 1. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar.

Það er skilningur nefndarinnar að þegar máli er vísað til ríkislögreglustjóra eigi það ekki að hreyfa við kyrrsetningu sem úrskurðuð hefur verið samkvæmt frumvarpinu enda þótt skilyrðin séu ekki eins orðuð og í 1. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála. Telur nefndin að skilyrði frumvarpsins rúmist efnislega innan tilvitnaðs lagaákvæðis og að kyrrsetning á grundvelli frumvarpsins eigi að geta haldist, verði þess talin þörf, þar til endanlegur dómur um skattkröfuna fellur. Hnykkt er á þessum skilningi í c-lið breytingatillagna nefndarinnar.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að í frumvarpinu væri ekki skýrt kveðið á um rétt gerðarþola til að bera lögmæti kyrrsetningar undir dómstóla og leggur nefndin til að fenginni tillögu Lögmannafélags Íslands að úr því verði bætt, sbr. d-lið breytingartillögunnar. Nefndin leggur auk þess áherslu á að kyrrsetning standi ekki lengur yfir en brýna nauðsyn beri til og að henni verði ekki beitt í málum þar sem væntanlegar skattkröfur eru undir 5 millj. kr.

Nefndin ræddi þá tilhögun frumvarpsins að fela tollstjóra rekstur mála um kyrrsetningu sem skattrannsóknarstjóri fer fram á. Fram kom að rökin fyrir henni væru þau að hún félli vel að verkefnum tollstjóra sem innheimtir meiri hluta tekna ríkissjóðs. Að fenginni beiðni skattrannsóknarstjóra eigi tollstjóri að leggja sjálfstætt mat á hvort krafa um kyrrsetningu verður borin undir sýslumann. Tollstjóra er þó ekki ætlað að meta réttmæti væntanlegrar skattkröfu heldur hvort krefjast eigi kyrrsetningar með hliðsjón af eignastöðu þess sem krafan beinist gegn og á hvaða eignum krefjast eigi kyrrsetningar. Endanleg ákvörðun um það hvort farið er fram á kyrrsetningu eigna er því í höndum tollstjóra en frumkvæðið kemur frá skattrannsóknarstjóra.

Loks leggur nefndin til orðalagsbreytingar. Breytingin í a-lið á að undirstrika að krafa um kyrrsetningu skuli vera reist á rökstuddum grun. Breytingin í b-lið er reist á athugasemd frá Persónuvernd.

Nefndin var upplýst um að 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, stæði almennt ekki í vegi fyrir því að réttarfarslögum væri breytt afturvirkt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. Á undan orðinu „grunur“ í 1. og 2. efnismgr. komi: rökstuddur.
b. Í stað orðanna „hvers konar“ í 3. málsl. 2. efnismgr. komi: öllum nauðsynlegum.
c. 1. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

Tryggvi Þór Herbertsson og Pétur H. Blöndal gera fyrirvara við álitið.

Alþingi, 24. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari.

869. Svar [414. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um undanþágur frá reglum Evrópusambandsins.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

1. *Hafa einhver aðildarríki Evrópusambandsins fengið varanlegar og ótímabundnar undanþágur frá reglugerðum, tilskipunum eða öðrum lagafyrirmælum Evrópusambandsins? Ef svo er, hvaða aðildarríki?*
2. *Ef undanþágur hafa verið veittar, í hverju fólust þær?*

Í upphafi er rétt að taka fram að aðildarsamningar Evrópusambandsins (ESB) hafa sömu lagalegu stöðu og stofnsáttmálar sambandsins. Af þessu leiðir að ekki er hægt að breyta ákvæðum þeirra nema með samþykki allra aðildarríkja. Eftir samningaviðræður einstakra ríkja eru samningsniðurstöður útfærðar í aðildarsamningi við viðkomandi ríki. Er þar um að ræða bæði tæknilegar og efnislegar breytingar við löggjöf sambandsins, sumar hverjar tímabundnar og aðrar varanlegar. Vegna mikilvægis þess að sem mest lagalegt samræmi sé á öllu ESB-svæðinu er ekki mikið um varanlegar *undanþágur* frá löggjöf sambandsins. Hins vegar er ljóst að sérstakar aðstæður einstakra umsóknarríkja kalla oftar en ekki á *sérlausnir* hvað þau varðar. ESB hefur í mörgum tilvikum brugðist við því með því að þróa viðkomandi stefnu eða löggjöf til að slíkar sérlausnir rúmist innan hennar. Mörkin á milli undanþágu annars vegar og sérlausnar hins vegar eru ekki skýr, en markmið beggja er að koma til móts við þarfir verðandi aðildarríkja þannig að hagsmunir þeirra séu tryggðir.

Í skýrslu Evrópunefndar frá mars 2007, sem Björn Bjarnason þáverandi dómsmálaráðherra veitti formennsku, um tengsl Íslands og Evrópusambandsins, kemur fram prýðilegt

yfirlit yfir þær undanþágur og sérlausnir sem veittar hafa verið af hálfu Evrópusambandsins.[1] Eftirfarandi samantekt er byggt að miklu leyti á því yfirliti, en reynt hefur verið að greina á milli undanþága, þ.e. þegar ákveðnar reglur eru ekki taldar eiga við um viðkomandi ríki, og sérlausna til að bregðast við sérstökum aðstæðum einstakra ríkja. Í ljósi framangreinds verða svörin við fyrirspurninni fléttuð saman.

a) Undanþágur.

Við inngöngu sína í ESB árið 1973 fékk Danmörk heimild til að viðhalda skilyrðum um fimm ára búsetu áður en hægt væri að festa kaup á sumarhúsum þar í landi. Malta fékk sams konar heimild við inngöngu sína árið 2004 varðandi kaup á húseignum á eyjunni, með vísan til takmarkaðs fjölda húseigna og takmarkaðs landrýmis.[2] Í báðum tilvikum er um að ræða frávik frá meginreglunni um frjálst flæði fjármagns. Reglurnar gilda hins vegar gagnvart öllum íbúum ESB, þ.m.t Dönum og Maltverjum. Þær eru þannig óháðar þjóðerni og fela því ekki í sér frávik frá banni við mismunun.

Finnland og Svíþjóð fengu að halda sínu fyrirkomulagi á ríkiseinkasölu áfengis við inngöngu í ESB árið 1995. Jafnframt eru viðskipti með munntóbak heimil í Svíþjóð, þrátt fyrir almennt bann í löggjöf sambandsins, en í viðauka við aðildarsamninginn er Svíþjóð undanþegið banni viðkomandi tilskipunar.[3]

Mörg ný ríki ESB hafa fengið undanþágur á sviði skatta og vörugjalda í ákveðnum veruflokkum sem hafa sérstakt vægi. Má þar t.d. nefna vörugjöld á ákveðnar víntegundir í Austurríki, Búlgaríu og Rúmeníu og ákveðnar tegundir eldsneytis í Svíþjóð og Finnlandi.[4] Jafnframt hafa öll ríki sem hafa gerst aðilar að ESB frá 1995 fengið að viðhalda hærra viðmiði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki varðandi undanþágu frá virðisaukaskattskyldri veltu.

Ekki er einungis um að ræða að samið sé um aðlaganir og sérlausnir við inngöngu í sambandið, heldur hafa nokkur ríki jafnframt fengið ákveðnar aðlaganir þegar gerðar hafa verið breytingar á stofnsáttmálum ESB. Í tilviki Bretlands, Írlands, Danmerkur og Póllands voru gerðar sérstakar bókanir til að koma til móts við sjónarmið þessara ríkja við útfærslu á samvinnu sambandsins. Jafnframt var komið til móts við sjónarmið Írlands og Tékklands við fullgildingu Lissabon-sáttmálans.

Bretlandi var tryggður réttur til að taka ekki þátt í lokastigi Efnahags- og myntbandalags Evrópu, sem felur í sér upptöku evrunnar, í bókun við Maastricht-sáttmálann. Eftir að danska þjóðin hafnaði staðfestingu sáttmálans í þjóðaratkvæðagreiðslu var slík undanþága einnig gerð hvað Danmörk varðar. Bókun við samninginn áréttaði jafnframt að ESB ríkisborgararéttur kæmi ekki í stað dansks ríkisborgararéttar, tryggði Dönum rétt til að taka ekki þátt í samstarfi á sviði innanríkis- og dómsmála, sem m.a. snýr að innflytjendamálefnum og flóttamönnum, og tryggði þeim heimild til að standa utan við sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins.[5]

---

[1] Sjá http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/SkyrslaEvropunefndar-.pdf.

[2] Sjá bókun 6 við aðildarsamning Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2003:236:0931:0956 :EN:PDF.

[3] Sjá viðauka XV við aðildarsamning Finnlands, Svíþjóðar, Austurríkis og Noregs á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#0286010010

[4] Sjá m.a. viðauka XV við aðildarsamning Finnlands, Svíþjóðar, Austurríkis og Noregs á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#0286010010

[5] Sjá http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11992M/htm/11992M.html#0068000002

Við Amsterdam-sáttmálann voru jafnframt gerðar nokkrar bókanir til áréttingar á fyrri sérákvæðum, svo sem í tilfelli Danmerkur hvað þátttöku í varnarstefnunni varðar. Að auki var með bókun gerð ný undanþága fyrir Bretland og Írland til að standa utan ákveðinna þátta Schengen-samstarfsins. Var þar um að ræða sérákvæði tengd landamæraeftirliti, innflytjendamálum og samvinnu ríkja í lögreglu- og dómsmálum.[6]

Við gerð Lissabon-sáttmálans fengu Bretland og Pólland samþykkta bókun sem felur í sér að sáttmáli ESB um grundvallarréttindi útvíkki ekki heimildir Evrópudómstólsins né dómstóla í ríkjunum tveimur til að dæma um ósamræmi ákvæða eða aðgerða í þessum tveimur ríkjum við réttindi þau sem sáttmálinn kveður á um.[7] Þetta fyrirkomulag var útvíkkað með pólitískri yfirlýsingu til að ná jafnframt yfir Tékkland áður en samningurinn var fullgiltur af þeirra hálfu. Í kjölfar þess að írska þjóðin hafnaði staðfestingu á Lissabon-sáttmálanum í júní 2008 voru gerðar breytingar á honum til að koma til móts við sjónarmið Írlands og vörðuðu mikilvæga hagsmuni þeirra. Var þar m.a. um að ræða réttinn til lífs, menntunar og fjölskyldu, skattamál og öryggis- og varnarstefnu, en þetta var útfært með lagalega skuldbindandi samningi sem mun verða gerður að bókun við næstu breytingu á stofnsáttmálum ESB.

b) Sérlausnir.

Í viðræðum sínum um aðild og við inngöngu í ESB árið 1995 lögðu Svíar og Finnar mikla áherslu á landbúnað. Meginmarkmið ríkjanna var að tryggja að staða bænda yrði ekki lakari eftir aðild en hún hafði verið undanfarin ár. Niðurstaða viðræðna var sú að mótuð var sérlausn fyrir landbúnað á norðurslóðum, sem skilgreinist sem landbúnaður norðan við 62. breiddargráðu. Viðurkennt er að þar séu ræktunarskilyrði sérstaklega erfið og til að tryggja áframhaldandi landbúnað sé nauðsynlegt að heimila Finnum og Svíum að styðja landbúnað á þessum svæðum sérstaklega, umfram þann stuðning sem felst í sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB, svo lengi sem ríkin tvö telja þörf á slíkum stuðningi. Sérlausnin er útfærð þannig að framkvæmdastjórnin *skal* heimila Svíþjóð og Finnlandi að styðja sérstaklega við landbúnað norðan skilgreindra marka og á aðliggjandi svæðum sem búa við sambærilegar aðstæður.[8]

Ennfremur er Finnum heimilt að styðja við landbúnað sem á undir högg að sækja vegna aðildar, þar til fullri aðlögun að sameiginlegu landbúnaðarstefnunni er náð. Þessari síðastgreindu heimild er beitt til að styðja við landbúnað sunnan 62. breiddargráðu og semja Finnar við framkvæmdastjórnina til fimm ára í senn um framkvæmd þessa stuðnings. Ólíkt sérlausninni um norðurslóðalandbúnað er þessi heimild í eðli sínu tímabundin, en núverandi samkomulag Finna og framkvæmdastjórnarinnar gildir til ársins 2013.

Umræddur stuðningur er greiddur úr innlendum sjóðum, hann má framleiðslutengja að hluta eða fullu, án þess þó að leiða til aukinnar framleiðslu, og heildarstuðningur við landbúnað má ekki vera meiri en fyrir aðild.[9]

Bretland og Írland fengu upphaflega sérlausn um stuðning við harðbýl svæði (e. Less Favoured Areas) vegna hálandalandbúnaðar við inngöngu í ESB árið 1973. Tilgangur stuðningsins er að tryggja áframhaldandi búskap og búsetu á þessum svæðum, sem af náttúru-

---

[6] Sjá http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11997D/htm/11997D.html#0101010008

[7] Sjá http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2007:306:0156:0157:EN:PDF

[8] Stuðningurinn er byggður á 142. gr. aðildarsamnings Svíþjóðar, Finnlands, Austurríkis og Noregs á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#0009010007

[9] Stuðningurinn er byggður á á 141. gr. aðildarsamnings Svíþjóðar, Finnlands, Austurríkis og Noregs á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#000901000

legum og eða samfélagslegum ástæðum eiga undir högg að sækja. Síðar gengu Finnland, Svíþjóð og Austurríki einnig inn í þessa tilhögun með vísan til aðstæðna í þessum ríkjum. Í upphafi var einungis 85% af Finnlandi skilgreint sem harðbýlt svæði, en við endurskoðun á reglum ESB fengu Finnar því framgengt að allt landið fellur undir þá skilgreiningu. Skilgreindir eru þrír flokkar harðbýlla landsvæða og fellur allt landsvæðið norðan 62. breiddargráðu undir skilgreiningu á fjalllendi, sem veitir rétt til hæstu styrkja til harðbýlla svæða. Skilgreindar eru upphæðir á hvern hektara og þær greiddar til styrkþega samkvæmt fyrirfram ákveðnum forsendum.

Sérreglur gilda um svæði sem eru fjarlæg mörkuðum ESB. Um er að ræða Kanaríeyjar, Asoreyjar og Madeira og einnig frönsku svæðin, Guadeloupe, Guyana, Martinique og Réunion. Markmiðið er að stuðla að þróun á þessum svæðum, sem öll eiga erfitt uppdráttar vegna erfiðra aðstæðna. Er þar einkum litið til fjarlægðar frá mörkuðum, einangrunar (tvöföld einangrun, þ.e. einangrað svæði á einangraðri eyju), slakra landgæða, loftslags og að efnahagurinn byggist á framleiðslu á fáum vörutegundum. Um er að ræða sértækar aðgerðir til að tryggja fjölbreytt framboð af mætvælum og sérstakar greiðslur úr sjóðum ESB til að viðhalda framleiðslu landbúnaðarafurða á svæðunum.

Við inngöngu Finnlands og Svíþjóðar var jafnframt gerð sérstök bókun við aðildarsamninginn sem fjallar um styrki úr uppbyggingarsjóðum sambandsins. Bókunin viðurkennir að svæði sem hafa átta eða færri íbúa á hvern ferkílómetra skuli njóta sérstakra styrkja úr uppbyggingarsjóðum ESB (svokallað markmið 6). Er þar með öðrum orðum mælt fyrir um að slík svæði skuli mynda nýtt forgangsmarkmið hjá uppbyggingarsjóðum sambandsins og að þeir skuli veita fé til þeirra til viðbótar við önnur markmið sem voru tiltekin í löggjöf sambandsins á þeim tíma.[10] Þessi sérstaki stuðningur til fámennra svæða er nú orðinn hluti af almennu sjóðakerfi sambandsins og kemur fram sem eitt þeirra sjónarmiða sem liggja til grundvallar greiðslum úr Byggðaþróunarsjóði Evrópu (e. European Regional Development Fund).[11]

Þegar Grikkland gekk í Evrópusambandið árið 1981 var bómullarrækt ekki hluti af þeim landbúnaði sem hlaut styrki undir sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Hún var hins vegar efnahagslega mjög mikilvæg fyrir Grikki og því var sérstaða bómullarræktar viðurkennd í aðildarsamningnum með sérstakri bókun. Þar var kveðið á um skuldbindingu ESB til að koma á styrktarkerfi fyrir þetta svið landbúnaðar innan ákveðinna tímamarka og hefur bómullarrækt verið hluti af hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu síðan þá. Það var mikilvægt fyrir Spán og Portúgal við inngöngu þeirra árið 1986.[12]

Á sviði fiskveiða hefur verið samið um ákveðnar sérlausnir á hafsvæði í kringum Möltu og í Riga-flóa með vísan til verndunarsjónarmiða. Í tilviki Möltu er um að ræða sérstakt stjórnunarsvæði fyrir fiskveiðar innan 25 mílna lögsögu, sem felur í sér að einungis fiskibátar upp að 12 metra lengd mega veiða innan hennar. Í reynd hefur þetta þau áhrif að kvótinn á þessu svæði fellur allur til sjómanna frá Möltu, enda ekki hagkvæmt að sigla þangað frá öðrum löndum. Engin ný leyfi til veiða á þessu svæði hafa verið gefin út eftir inngöngu Möltu í ESB. Á hinu sérstaka stjórnunarsvæði fyrir fiskveiðar í Riga-flóa er ákveðinn fjöldi

---

[10] Sjá bókun 6 við aðildarsamning Svíþjóðar, Finnlands, Austurríkis og Noregs á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#0354020033.

[11] Sjá 10. gr. reglugerðar 1080/2006 og 52. gr. (f) reglugerðar 1083/2006. Hina fyrri má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docoffic/official/regulation/pdf/2007/feder/ce_1080(2006)_en.pdf og hina síðari: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:210:0025:0078:EN:PDF.

[12] Sjá bókun 3 við aðildarsamning Grikklands.

fiskibáta sem hefur heimild til að veiða þar og vélarstærð fiskibátanna má ekki fara yfir 221 kílówött. Þegar Eistland og Lettland sömdu um aðild að ESB voru þau einu ríkin sem höfðu veitt á þessu svæði og töldu mikilvægt að viðhalda því lífríki sem þar er með því að einskorða aðgang að svæðinu við ákveðin skip (listinn er birtur árlega) og takmarka magn veiða við það sem tíðkaðist fyrir aðild.[13]

Ein grundvallarregla hins sameiginlega fiskveiðikerfis ESB er reglan um jafnan aðgang allra skipa sem skráð eru í Evrópusambandinu að hafsvæðum utan 12 mílna lögsagna aðildarríkjanna. Frá þessari reglu hafa þó verið gerðar nokkrar undantekningar á ákveðnum fiskveiðisvæðum. Hjaltlandseyjahólfið (e. Shetland Box) hefur notið sérstakrar verndar frá árinu 1983, þar sem aðgangur fiskiskipa yfir tiltekinni stærð er háður sérstökum leyfum. Jafnframt er einungis tilteknum fjölda skipa heimilt að veiða í hólfinu og ákveðnar þjóðir hafa þar veiðiheimildir. Rauðsprettuhólfið (e. Plaice Box), sem skilgreint var árið 1989, takmarkar veiðar á tilteknu strandsvæði við Þýskaland með það fyrir augum að draga úr brottkasti á rauðsprettu. Jafnframt eru veiðar takmarkaðar á hafsvæði norðvestur af Írlandi sem og fiskveiðihólfi suðvestur af Írlandi. Þessar aðgangstakmarkanir eru settar til verndar stofnum sem taldir eru ofveiddir eða í sérstakri hættu. Þær eru endurskoðaðar reglulega og gengið er út frá því að þeim verði aflétt þegar stofnarnir verða í ástandi til að þola hefðbundnar veiðar. [14]

870. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Snorra Olsen, Eddu Símonardóttur og Jóhönnu L. Guðbrandsdóttur frá tollstjóra, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftirlitinu, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Almar Guðmundsson frá Félagi atvinnurekenda, Rakel Sveinsdóttur frá Creditinfo Íslandi, Jóhannes Á. Jóhannesson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði og Eirík Blöndal og Jóhönnu Lind Elíasdóttur frá Bændasamtökum Íslands. Þá hefur nefndin fengið umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpið fjallar um heimild rekstraraðila til að óska eftir ívilnandi meðferð í þeim tilgangi að gera upp vanskil á tilgreindum sköttum sem gjaldfallnir eru fyrir 1. janúar 2010. Meðferðin felst í því að vanskilafjárhæðin verður fryst í átján mánuði eða þar til hún verður greidd upp með útgáfu skuldabréfs á sérstökum kjörum. Umsækjandi þarf í staðinn að standa skil á greiðslu allra annarra skatta og skatta sem til falla frá umræddu tímamarki auk þess að

---

[13] Sjá viðauka III við aðildarsamning Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á vefslóðinni: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2003:236:0792:0796:EN:PDF.

[14] Sjá reglugerð 2371/2002, meginreglan um jafnan aðgang kemur fram í 17. gr. hennar.

sinna lögboðnum skýrsluskilum og viðurkenna greiðsluskyldu sína vegna krafna sem frests njóta.

Umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir í garð frumvarpsins þótt nokkrar efasemdir kæmu fram um skynsemi þess að veita afslátt á opinberum gjöldum til fyrirtækja að teknu tilliti til jafnræðis og samkeppni. Samkeppniseftirlitið taldi að frumvarpið gengi ekki gegn markmiðum samkeppnislaga.

Þá ræddi nefndin sérstaklega tilurð frumvarpsins, þau sérstöku kjör sem skuldabréfi til uppgjörs á vanskilum er ætlað að bera í formi vaxtaleysis og verðtryggingar og mögulegar heimtur ríkisins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að vanskil á opinberum gjöldum ógni stöðu margra lífvænlegra fyrirtækja við núverandi aðstæður.

Nefndin telur að frumvarpið gefi rekstraraðilum raunhæft tækifæri til að koma greiðslu skatta í eðlilegt horf og stuðli að bættum skilum til framtíðar. Í tilefni af athugasemdum Bændasamtakanna tekur nefndin fram að ummæli í greinargerð standi því ekki í vegi að bændur nýti sér úrræði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Pétur H. Blöndal og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 24. mars 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Llilja Mósesdóttir.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari.

871. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Hið yfirlýsta markmið með svokölluðum strandveiðum er að opna aðgengi að fiskveiðum í atvinnuskyni. Er að því stefnt að aðrir, og þar með fleiri, en nú stundi útgerð og fiskveiðar. Markmiðið er því að nýta ekki þá fjárfestingu betur sem þegar er til staðar í útgerð, t.d. minni báta, heldur að sjá til þess að fleiri geti stundað þessar veiðar.

Hvað sem um strandveiðar má segja að öðru leyti er að minnsta kosti ljóst að þetta fyrirkomulag eykur fastan kostnað í sjávarútvegi og er þess vegna ekki ýkja vel til hagræðingar fallið. Enda er það athyglisvert að ekki skuli beitt hagrænum rökum til þess að styðja við þá hugsun sem að baki þessum veiðum liggur. Í samræmi við það hefur ekki verið lagt hagrænt mat á veiðarnar eða reynsluna af þeim. Opinn aðgangur eins og strandveiðarnar ganga út á hafa það þess vegna í för með sér að verið er að veiða sama afla og áður með fleiri bátum.

Ein helst réttlæting veiðanna hefur líka verið að með þeim verði til aukin umsvif í minni sjávarplássum, af því að þær leiði til fjárfestingar og þar með umsvifa sem ekki yrðu ef þessi afli yrði dreginn að landi með fiskiskipaflotanum sem nú þarf mjög á auknum aflaheimildum að halda.

Byggðakvóti og strandveiðar.

Þegar þessi hugmynd var fyrst kynnt var út frá því gengið að strandveiðar kæmu í stað byggðakvóta. Því var mótmælt harðlega. Niðurstaða stjórnvalda var þá að stíga það skref einvörðungu að hálfu. Byggðakvótinn var skorinn niður um helming, sem olli miklum vanda í ýmsum sjávarplássum sem höfðu reitt sig á óbreytta úthlutun hans. Á þetta benti minni hlutinn og lagði á það áherslu í umræðu um málið (34. mál á 137. löggjafarþingi). Því miður sátu stjórnvöld við sinn keip og neituðu að hlusta á viðvörunarorðin.

Nú, einu ári síðar, hafa stjórnvöld hins vegar snúið við blaðinu og þar með viðurkennt að það fyrirkomulag sem gilti í fyrra hafi verið rangt og ósanngjarnt. Horfið er frá því að skerða byggðakvótann til þess að halda áfram strandveiðum. Þess í stað er ætlunin að auka veiðiheimildir í þeim fisktegundum sem strandveiðiflotinn mun veiða um 6 þúsund tonn. Ætla má að um 5 þúsund tonn verði þorskur. Má því segja að með strandveiðilögunum verði þorskkvóti aukinn um rúmlega 3–4 % og verði sá aukni kvóti veiddur á handfæri að sumarlagi.

Minni hlutinn gagnrýndi einnig þá svæðaskiptingu sem gilti um veiðarnar í fyrra. Á þá gagnrýni var ekki hlustað þá en nú viðurkenna stjórnvöld réttmæti hennar. Horfið hefur verið frá þeirri svæðaskiptingu sem þá gilti.

Ráðherraræði.

Gallinn er hins vegar sá að enginn veit hvaða hugmyndir eru uppi af hálfu stjórnvalda um hvernig svæðaskiptingunni verður háttað. Frumvarpið felur í sér galopna heimild ráðherrans til þess að ákvarða svæðaskiptinguna. Ekki er stafkrók að finna um hvað eigi að liggja til grundvallar svæðaskiptingunni í framtíðinni. Ekki er vitað hversu mörg svæðin verða eða hvort yfirleitt verður um svæðaskiptingu að ræða. Engar hugmyndir hafa heldur verið kynntar um hvernig ráðstafa eigi þeim 6 þúsund tonnum eftir svæðum, né hvað þar eigi að leggja til grundvallar. Þar til annað verður ákvarðað hefur því ráðherra þessi mál algjörlega í hendi sér. Þetta er í sjálfu sér í samræmi við önnur þau frumvörp sem flutt hafa verið um sjávarútvegsmál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar er reglan sú að galopna aðskiljanlegar heimildir til ráðherrans án þess að gert sé ráð fyrir neinum skorðum þar á. Má það teljast lítilþægni í meira lagi að meiri hluti Alþingis vilji ganga þannig frá málum að ráðherra verði falið lítt skilgreint vald til þess að stjórna fiskveiðum í landinu. Slíkt framsal í lagasetningu í þýðingarmiklum málaflokki er dæmi um vonda lagasetningu og þróun sem eindregið ber að vara við.

Framtíðarvandi – saga fortíðar.

Sú aðferð við stjórn fiskveiða sem verið er að innleiða með strandveiðunum mun strax framkalla margs konar vanda. Það sem blasir auðvitað við er að smám saman mun þeim bátum fjölga sem vilja stunda þessar veiðar. Þarna er um að ræða opinn aðgang, sem allir sem þess eiga kost hljóta að nýta sér. Því má ætla að bátunum muni enn fjölga frá því sem var í fyrra. Alls fengu þá 595 bátar veiðileyfi til strandveiða og komu 554 þeirra með afla að landi.

Nú stefnir í að fjölda báta verði lagt á næstunni vegna verkefnaskorts þar sem kvóti er víðast hvar á þrotum. Ganga má út frá því sem gefnu að þeir bátar sem á annað borð geta með

hægu móti stundað handfæraveiðar fari því til strandveiða. Því má ætla að bátunum sem sækja í þær aflaheimildir sem sérmerktar eru strandveiðiflotanum fjölgi, hugsanlega að miklum mun. Því er alveg óvíst hvernig þessar aflaheimildir munu nýtast. Minna má á að í fyrra kláruðust veiðiheimildirnar á fáeinum dögum sem ætlaðar voru mánaðarlega til strandveiða á veiðisvæði A. Þar var um þriðjungur bátanna sem leyfi höfðu til strandveiða gerður út.

Því miður er þetta frumvarp sama marki brennt og mörg önnur sem lögð hafa verið fyrir Alþingi. Ekki er búið að hugsa málin til enda, lítt er hugað að því að skoða málin í heild og stór og mikil álitamál afgreidd með því að veita ráðherra óskilgreint galopið vald til þess að fara með að vild. Þetta er auðvitað ekki boðleg aðferð og er síst til þess fallin að auka traust í mikilvægri atvinnugrein eða stuðla að framþróun í sjávarútveginum. Það er því óhjákvæmilegt að málið komi að nýju til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þar sem þess verði að minnsta kosti freistað að setja í fastara form þær reglur sem um þessar veiðar eiga að gilda og upplýsa um hvernig ætlunin er að standa að málum.

Alþingi, 25. mars 2010.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

872. Frumvarp til laga [497. mál]

um breytingar á lögum til að draga úr kennitöluflakki.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Þór Saari, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Við 1. mgr. 150. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að synja félagi skráningar eða afskrá það með hliðsjón af viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda ef þeir hafa ítrekað verið þátttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. málsl.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Við 1. mgr. 124. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að synja félagi skráningar eða afskrá það með hliðsjón af viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda ef þeir hafa ítrekað verið þátttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. málsl.

3. gr.

Breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Við 1. mgr. 124. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef þrotamaður er félag skal óheimilt að ráðstafa eignum og réttindum búsins varanlega til stjórnenda og helstu eigenda félagsins eða aðila þeim tengdum ef þeir hafa ítrekað verið þátttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er sá að slá varnagla við því að helstu eigendur og stjórnendur geti í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar orðið uppvísir að því að keyra fyrirtæki sín í þrot ítrekað.

Það er meginregla félagaréttar í tilviki einkahlutafélaga og hlutafélaga að enginn félagsmanna beri persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Að baki reglunni búa sanngirnisrök og að einstaklingar eigi að hafa tækifæri til að hefja atvinnurekstur án þess að bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum sem af því leiðir. Undanfarin ár hafa margir yfirfært rekstur yfir á hlutafélagaform sem m.a. má þakka tilkomu einkahlutafélaga, skattalegu hagræði og tískustraumum.

Skiptar skoðanir eru uppi um ágæti þessarar þróunar en framan af hefur verið talið að hún leiddi til aukinnar verðmætasköpunar. Efasemdir um þetta hafa þó ágerst eftir bankahrunið haustið 2008. Nefna mætti í því sambandi áhyggjur af því að ráðandi eigendur og stjórnendur fyrirtækja misnoti aðstöðu sína innan félaganna eða haldi áfram þátttöku í atvinnulífinu skömmu eftir gjaldþrot þeirra eins og ekkert hafi í skorist, t.d. með þeirri aðferð að flytja eignir hins gjaldþrota félags yfir í nýtt félag en skilja skuldirnar eftir.

Sannanlega geta gjaldþrot fyrirtækja átt sér eðlilegar skýringar og þegar svo ber undir verðskulda stjórnendur og eigendur þeirra ný tækifæri til rekstrar. Frumvarpið á ekki að koma í veg fyrir þetta. Benda má þó á að í 3. mgr. 148. gr. laga um hlutafélög og 3. mgr. 122. gr. laga um einkahlutafélög kemur fram að í tilkynningu um stofnun hlutafélags og einkahlutafélags skulu sönnur færðar á tiltekin hæfisskilyrði stofnenda og stjórnenda félags.

Heimild hlutafélagaskrár samkvæmt frumvarpinu felur í sér að stofnunin mun geta synjað félagi skráningu eða afskráð það ef viðskiptasaga stjórnenda þess eða helstu eigenda gefur tilefni til. Viðskiptaráðherra er falið að útfæra nánar skilyrði þessa í reglugerð. Má í því sambandi hafa til hliðsjónar viðmið sem tilgreind eru í 47. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, og koma til skoðunar þegar metið er hvort útiloka eigi fyrirtæki frá opinberum samningi. Með hliðsjón af eðli viðfangsefnisins er þó torvelt að setja reglur um þetta efni nema að fenginni reynslu hlutafélagaskrár. Ákvarðanir hennar þurfa að vera vel rökstuddar, sbr. 108. og 150. gr. hlutafélagalaga og 83. og 124. gr. einkahlutafélagalaga auk þess að taka mið af 75. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Loks er í frumvarpinu lagt til að við skipti á þrotabúum félaga verði skiptastjóra ekki heimilt að ráðstafa eignum og réttindum búsins varanlega til stjórnenda og helstu eigenda eða aðila þeim tengdum við þær aðstæður sem að framan greinir.

873. Breytingartillaga [446. mál]

við frv. til l. um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá Pétri H. Blöndal.

Í stað orðanna „en án vaxta“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. komi: með 5,5% vöxtum.

874. Breytingartillaga [386. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna).

Frá Pétri H. Blöndal og Tryggva Þór Herbertssyni.

Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóra skal að jafnaði ekki heimilt að krefjast kyrrsetningar ef samanlögð fjárhæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar er undir 50 millj. kr.

875. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Eygló Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára stúlkna gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini.

Greinargerð.

Hér á landi hófst leghálskrabbameinsleit árið 1964. Nú eru konur á aldrinum 20–69 ára boðaðar til skoðunar á tveggja ára fresti. Sá árangur sem náðst hefur með þessu skipulega leitarstarfi er ótvíræður og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Krabbameinsfélagsins hefur nýgengið lækkað um 64% og dánartíðnin um 83% á þessu tímabili. Í greinargerð starfshóps sóttvarnalæknis um kostnaðarhagkvæmni bólusetningar frá 12. janúar 2008, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, kemur fram að hér á landi greinast að meðaltali um 17 ný tilfelli af leghálskrabbameini og þrjú dauðsföll verða á ári hverju. Meðalaldur kvenna sem greinast með leghálskrabbamein er 45 ár og hafa erlendar rannsóknir sýnt að þróun krabbameinsins eftir HPV-sýkingu getur tekið um 20 ár. Enn fleiri konur greinast þó með forstigs-

breytingar og eru framkvæmdir yfir 300 keiluskurðir á ári þar sem hluti legháls er fjarlægður. Forstigsbreytingum í leghálsi er skipt í mismunandi stig eftir því hversu alvarlegar þær teljast. Vægar forstigsbreytingar geta horfið sjálfkrafa án þess að gripið sé til meðferðar. Meðalsterkar og sterkar forstigsbreytingar hverfa aftur á móti síður af sjálfsdáðum og því fara konur ávallt í nánari skoðun með leghálsspeglun. Við speglunina er tekið lítið vefjasýni frá leghálsi en rannsókn þess ákvarðar hvort framkvæmdur er keiluskurður.

Human papilloma veirur (HPV) eru aðalorsakavaldar krabbameins í leghálsi. Talið er að þær valdi um 70% allra leghálskrabbameina í heiminum, um 73% í Evrópu og um 60% hér á landi. Enn fremur er leghálskrabbamein algengasta tegund krabbameins á eftir brjóstakrabbameini hjá konum á aldrinum 15–44 ára innan Evrópusambandsins. HPV hefur lengi verið þekkt en í upphafi síðustu aldar uppgötvaðist eiginleiki veiranna til að smita. Með aukinni tækniþekkingu hefur HPV nú verið greind í marga stofna og yfir 100 undirflokka eða tegundir. Þær tegundir sem fyrst og fremst valda krabbameini í leghálsi eru HPV 16 og 18. Algengasta sýking HPV er á kynfærum og er kynhegðun fólks helsti áhættuþáttur fyrir smiti, sér í lagi ungur aldur við fyrstu kynmök og fjöldi rekkjunauta. Sýnt hefur verið með rannsókn að hér á landi er meðalaldur íslenskra kvenna 16 ár þegar þær hafa fyrst kynmök. Aftur á móti hafa um 20% stúlkna haft kynmök við 12 ára aldur en fátítt er að stúlkur hafi kynmök yngri en 12 ára.

Fyrir fáeinum árum komu á markað tvö bóluefni (Gardasil og Cervarix) gegn nokkrum stofnum HPV, þar á meðal stofni 16 og 18. Bóluefnin eru ónæmisvekjandi og örugg og koma í veg fyrir forstigsbreytingar af völdum HPV af gerð 16 og 18. Í fyrrnefndri greinargerð er farið yfir skiptingu kostnaðar við hvert stig í greiningu leghálskrabbameins og kostnað við bólusetningu allra 12 ára stúlkna hér á landi. Kemur þar fram að bólusetning kemur í veg fyrir um 1,7 dauðsföll á ári og vinnur alls um 16,9 lífsgæðavegin lífár. Enn fremur kemur fram að á verðlagi ársins 2006 var árlegur kostnaður við bólusetningu um 47 millj. kr. og sparnaður um 17 millj. kr vegna fækkunar leghálskrabbameins og forstiga þess. Í niðurstöðum greinargerðarinnar kemur jafnframt fram að HPV-bólusetning virðist vera kostnaðarhagkvæm miðað við aðstæður hér á landi og út frá ákveðnum forsendum. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að aukaverkanir eru vægar. Í skýrslu ráðgjafahóps heilbrigðisráðherra frá október 2008, sem endurskoðuð var í febrúar 2009, eru bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum hjá ungbörnum settar í forgang og jafnframt lagt til að hafin verði HPV-bólusetning 12 ára stúlkna hér á landi. Það er þó mikilvægt að halda áfram því leitarstarfi sem nú er unnið enda geta aðrir stofnar HPV valdið leghálskrabbameini. Mikilvægt er að hafist verði handa við bólusetningar 12 ára stúlkna hér á landi sem fyrst svo sá ávinningur sem af þeim hlýst geti nýst sem flestum konum hér á landi. Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur staðið sig mjög vel í skipulögðu leitarstarfi og hlotið mikið lof fyrir, bæði hérlendis og erlendis. Í ríflega 40 ár hefur farið hér fram leit að leghálskrabbameini og er skipulögð bólusetning allra 12 ára stúlkna liður í því að þróa og bæta enn frekar forvarnir gegn þessum mikla vágesti sem leghálskrabbamein er.

Með þingsályktunartillögu þessari ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára gamalla stúlkna hér á landi fyrir Human papilloma veiru (HPV). Fyrir þinginu liggur jafnframt þingsályktunartillaga um bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum. Í þeirri tillögu felst að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra ungbarna gegn pneumókokkasýkingum. Æskilegt væri þessar tillögur væru unnar og ræddar samhliða.

Tillögunni fylgdi skýrsla starfshóps um kostnaðarhagkvæmni bólusetningar frá 12. janúar 2008: **Bólusetning gegn leghálskrabbameinsvaldandi HPV (Human Papilloma Veirum). Kostnaðarvirknigreining á Íslandi.**

876. Frumvarp til laga [499. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Eygló Harðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Kristján Þór Júlíusson,
Margrét Tryggvadóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Ólöf Norðdal,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

1. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 63. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

2. málsl. 5. mgr. 70. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

4. mgr. 80. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

4. málsl. 2. mgr. 88. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. málsl. 6. mgr. 90. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

3. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Á eftir 163. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (164. gr.)

Gegnsætt hlutafélag er hlutafélag sem uppfyllir öll skilyrði þessarar greinar auk annarra skilyrða laga þessara.

Gegnsæjum hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðin gegnsætt hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ghf. og mega þessi félög ein tengja orðin eða skammstöfunina við heiti sitt eða skammstöfun á heiti hlutafélagsins.

Gegnsætt hlutafélag má aldrei eiga í hluthafa sínum eða eigendum hans beint eða óbeint. Gegnsætt hlutafélag má aldrei lána til eða veita tryggingar til aðila með takmarkaða ábyrgð, eða sameignafélaga, sem eru hluthafi í því eða eigenda þess hluthafa beint eða óbeint í gegnum önnur félög.

Ekki er heimilt að veðsetja hluti í gegnsæju hlutafélagi nema veðhafi sé gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð og eru slíkar veðsetningar ógildar.

Gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð, aðrir en sameignarfélög, eiga sem hluthafar einir rétt til greiðslu arðs og njóta atkvæðisréttar á félagsfundum. Aðrir hluthafar í gegnsæu hlutafélagi, sem áttu hluti við umbreytingu í gegnsætt hlutafélag skv. 10. mgr., geta krafist innlausnar á hlut sínum og skal verð hlutarins ákveðinn í samræmi við ákvæði 24 gr.

Gegnsætt hlutafélag má ekki eiga hluti í öðrum félögum en gegnsæjum hlutafélögum.

Gegnsætt hlutafélag skal reglulega birta lista á heimasíðu sinni ef til er en ella annars staðar á netinu yfir alla hluthafa sína, sem ekki eru einstaklingar, hlutafé þeirra,veðsetningu þess og veðhafa ef þeir eru ekki einstaklingar. Enn fremur skal birta lista yfir alla eignahluti félagsins, sbr. 6. mgr. Þá skal á sama stað birta samþykktir félagsins, skýrslu endurskoðanda, ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal hlutafé í gegnsæu hlutafélagi ávallt greitt með reiðufé þegar félagið er seljandi.

Þrátt fyrir ákvæði 153. gr. varðar það fangelsi allt að sex árum ef endurskoðandi gegnsæs hlutafélags gefur vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem gengur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri tekur ákvörðun sem brýtur vísvitandi gegn ákvæðum þessarar greinar. Gildir sú ábyrgð þó að viðkomandi hætti starfi eða sé fjarverandi stjórnarfund nema varamaður taki sæti hans. Nú eru stjórnarmaður og varamaður hans fjarverandi stjórnarfund af óviðráðanlegum ástæðum og bera þeir þá ekki ábyrgð á ákvörðunum teknum á þeim fundi. Endurskoðandi gegnsæs hlutafélags skal strax eftir stjórnarkjör kynna stjórnarmönnum og varamönnum þeirra, sem og framkvæmdastjóra, ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessum lögum. Ef stjórnarmaður eða endurskoðandi er ósáttur við ákvörðun stjórnar sem hann telur ganga gegn ákvæðum þessarar greinar getur hann bókað afstöðu sína og skal hún birt á heimasíðu félagsins og á næsta félagsfundi og ber hann þá ekki ábyrgð á ákvörðuninni. Úrsagnir stjórnarmanna og endurskoðanda taka ekki gildi fyrr en tilkynning um nýjan aðila hefur borist hlutafélagaskrá.

Breyting á samþykktum hlutafélags í því skyni að taka upp ákvæði þessarar greinar og breyta hlutafélagi í gegnsætt hlutafélag skal samþykkt af hluthöfum, sem ráða yfir meiru en $^{9}/_{10}$ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, sbr. 5. mgr. Sama atkvæðamagn þarf til að breyta samþykktum gegnsæs hlutafélags þannig að það uppfylli ekki lengur ákvæði þessarar greinar og verði almennt hlutafélag samkvæmt lögum þessum.

b. (165. gr.)

Lög þessi taka til opinbers hlutafélags eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum hlutafélag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint.

Opinberum hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.

Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal, þrátt fyrir ákvæði 63. gr., tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum og breytingu á henni ef það skiptir máli varðandi starf þeirra.

Starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga, sbr. 5 mgr. 70 gr., skal birta á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags, sbr. 84. gr. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Í samþykktum opinbers hlutafélags, sbr. 2 mgr. 88. gr., skal kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók, sbr. 6 mgr. 90. gr., vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

Upplýsingar sem lagðar eru fram í opinberum hlutafélögum, sbr. 91. gr., geta m.a. byggst á spurningum hluthafa til félagsstjórnar og framkvæmdastjóra

Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu. Jafnframt skal birta þar ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning opinbers hlutafélags.

11. gr.

Fyrirsögn XX. kafla laganna orðast svo: **Samlagshlutafélög, gegnsæ hlutafélög og opinber hlutafélög.**

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins.

Frumvarpi þessu er ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagaforminu, sem rædd verður hér á eftir, og koma algerlega í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, eins og komið hefur í ljós eftir hrunið að átt hefur sér stað. Tryggt verði að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt og uppi á borðum. Þá er ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda stóraukin og refsingar þyngdar til muna.

Á 136. og 137. þingi var flutt þingsályktunartillaga um að Alþingi ályktaði að fela viðskiptanefnd að semja lagafrumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar átti að vera að búa til tegund hlutafélaga sem væri með gegnsætt eignarhald, gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig dótturfyrirtækjum beint og óbeint. Slíkum félögum yrði bannað að lána til eða eiga í hlutafélögum sem ættu þau beint eða óbeint. Við samningu lagafrumvarps skyldi nefndin leita fulltingis sérfræðinga á sviðinu, endurskoðenda, lögfræðinga og hagfræðinga. Viðskiptanefnd átti að stefna að því að leggja fram tilbúið frumvarp fyrir 1. febrúar sl. sem gæti tekið gildi 1. maí 2010. Þessi tillaga varð ekki útrædd og þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Í umsögn frá Kauphöllinni um þingsályktunartillöguna var þess getið að fyrirtækin eða samtök þeirra gætu sjálf sett sér slíkar reglur. Að mati frumvarpshöfunda yrðu þær reglur aldrei nægilega traustar, sérstaklega varðandi ábyrgð endurskoðenda og stjórnenda, til að endurvekja það traust sem glataðist í hruninu. Til þess þarf tilstuðlan löggjafans.

Veila í hlutafélagaforminu.

Hlutafélagaformið er merkilegt tæki sem gerir einstaklingi kleift að taka þátt í atvinnurekstri án þess að taka of mikla áhættu, sem kynni að raska fjárhagslegu sjálfstæði hans og fjölskyldu hans. Hann takmarkar áhættu sína við hlutafjárframlagið. En það er veila í hlutafélagaforminu sem getur komið upp þegar hlutafélög lána til annarra hlutafélaga eða eignast hlut í öðrum hlutafélögum eins og berlega kom í ljós í hruninu og er enn að koma í ljós. Þessi veila er sýnd með dæmum á fylgiskjali I. Vegna þessarar veilu geta fjármunir streymt í hring nánast án viðstöðu og breytt eignarhaldi og yfirráðum og aukið eigin fé hlutafélagsins og jafnvel hagnað. Eina viðstaðan er kostnaður við að stofna hlutafélag og stimpilgjald sem hvoru tveggja var léttvægt í stóra dæminu. Þessir straumar fjár í hringi olli því að umræðan snerist fljótt um milljarðatugi króna og jafnvel 1.000 milljarða kr. í stað nokkurra milljarða kr. áður. Breytt eignarhald var svo falið með því að flytja það úr landi, gjarnan til landa sem ekki gefa upplýsingar. Allt var þetta fyrst á kostnað minni hluthafa, sem ekki nutu sömu fyrirgreiðslu, og lánveitenda en síðan þjóðarinnar allrar. Þessi veila í hlutafélagaforminu, sem reyndar er alþjóðleg, var notuð ítarlega í útrásinni enda voru almennir hluthafa andvaralausir. Völdin fluttust til stjórna hlutafélaganna eins og sýnt er í fylgiskjali I, sem leiddi til glannalegrar áhættutöku og gífurlegrar og óeðlilegrar eignamyndunar einstakra manna og á endanum olli þetta mikilli samtenginu alls atvinnulífsins og gerði það viðkvæmt fyrir áföllum. Með því að nota veiluna var búið til eigið fé sem í reynd var ekki til, eins og sýnt er með dæmum á fylgiskjali I, en lánveitendur lánuðu út á það fé og urðu fyrir miklu tjóni. Þannig varð til samtengt upplásið atvinnulíf sem sótti í áhættu og var mjög viðkvæmt fyrir áföllum. Þetta er sennilega ein af veigameiri ástæðum þess að allherjarhrun varð á Íslandi haustið 2008 þó að seinni tíma rannsóknir þurfi til að leiða í ljós hvaða þættir komu þar við sögu.

Dulið eignarhald kemur í veg fyrir eðlilega skattlagningu og býður heim skattundanskotum. Allt eftirlit verður mjög torvelt og stundum er eftirlit ómögulegt vegna skorts á upplýsingum. Þá skekkir dulið eignarhald samkeppni þar sem það liggur ekki fyrir þegar aðilar ná markaðsráðandi stöðu. Allt eftirlit með fjármálafyrirtækjum er nánast ómögulegt þegar eignarhaldið er dulið og falið í erlendum félögum sem ekki veita neinar upplýsingar. Til viðbótar villir það um fyrir almennum smærri hluthöfum.

Öll dæmin í fylgiskjali I sýna fram á mikla veilu í hlutabréfaforminu sem kemur fram þegar hlutafélög lána til eða kaupa í öðrum hlutafélögum, sérstaklega eiganda sínum. Þessi

veila gagnast aðallega stjórnum hlutafélaga og styrkir stöðu þeirra á kostnað almennra hluthafa. Auðgunaráhrifin eru svo sérstakur kafli fyrir sig. Segja má að öll þessi dæmi sýni að stjórnir félaganna eða starfsmennirnir eignist hluti í hlutafélaginu án þess að leggja því til áhættufé eða taka áhættu,

Einfaldasta lausnin kann að vera að banna hlutafélögum alfarið að eiga í hlutafélögum og banna þeim að lána til hlutabréfakaupa eða með veði í hlutabréfum. En það kann að koma í veg fyrir eðlilega verkaskiptingu í stærri fyrirtækjum og því er hér valin sú leið sem frumvarpið vísar og ætlað er að hindra slíka hringferð fjár.

Eiginleikar gegnsærra hlutafélaga.

Eignarhald gegnsærra hlutafélaga liggur alltaf fyrir en ógagnsætt eignarhald er annmarki á regluverkinu sem komið hefur í ljós eftir hrun. Samkvæmt frumvarpi þessu liggur eignarhald á öllum dótturfélögum gegnsærra hlutafélaga fyrir á netinu og þar sem þau verða öll að vera gegnsæ hlutafélög hvert um sig liggja öll dótturfélög þeirra fyrir og svo koll af kolli. Öll félög sem eru hluthafar og ráða einhverju (hafa arðs- og atkvæðarétt) verða að vera gegnsæ hlutafélög og þau ber að telja upp á netinu. Þar sem ráðandi félög eru öll gegnsæ verða þau einnig að gefa upp þau félög sem eru ráðandi í þeim og svo koll af kolli. Þannig liggur allt eigendaskipulag gegnsæs hlutafélaga fyrir hvað varðar félög. Ef einstaklingar eða aðrir aðilar með ótakmarkaða ábyrgð, ríkissjóður, sveitarfélag eða lífeyrissjóður, koma fyrir sem eigendur er ábyrgð þeirra ekki takmörkuð og eðli máls samkvæmt getur enginn keypt hlut í þeim og þannig getur ekki myndast fjárstraumur í hring sem m.a. var orsök hrunsins hér á landi. Þó er nauðsynlegt að setja sérákvæði um sameignarfélög þar sem hlutfélög geta verið eigendur að þeim.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga er óheimilt að lána til eigenda nema um sé að ræða venjuleg viðskiptalán (sjá 1. mgr. 104. greinar). Þar koma vandræðin strax upp eins og dómur Hæstaréttar er dæmi um. Hvað er venjulegt viðskiptalán? Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er hlutafélagi bannað að lána til kaupa á hlutabréfum þess eða veita tryggingar fyrir slíkum kaupum enda fara peningarnir þá í hring. Þó eru undanskilin kaup starfsmanna félagsins eða félags tengt þeim. Þarna opnaðist áhættulaus leið fyrir starfsmann til þess að kaupa hluti í félagi sem hann starfaði hjá. Hann stofnaði einkahlutafélag með lágmarkshlutafé, sem tók lán frá hlutafélaginu sem hann starfaði hjá til þess að kaupa hlutabréf í því sama hlutafélagi. Þannig fór féð í hring. Ef vel gekk og gengið hækkaði fékk starfsmaðurinn mismuninn sem hagnað. Ef illa gekk fór félagið á hausinn og starfsmaðurinn tapaði bara lágmarkshlutafé. Við þess aðgerð sýndist eigið fé vinnuveitandans vaxa en aðrir hluthafar þurftu að sætta sig við skertan hlut. Þær takmarkanir sem eru í gildandi lögum á lánveitingum til hluthafa gilda bara fyrir fyrstu og stundum aðra kynslóð eigenda. Þær koma ekki í veg fyrir að peningar streymi í hring með samblandi af kaupum og lánum í gegnum marga liði eigenda. Til þess að hamla gegn því er í þessu frumvarpi sett bann við lánveitingum til aðila með takmarkaða ábyrgð sem koma fyrir á eigendatré gegnsæs hlutafélags. Öðru máli gegnir um aðila með ótakmarkaða ábyrð, þ.e. einstaklinga, ríkissjóð, sveitarfélög og lífeyrissjóði. Það eru aðilar sem eðli máls samkvæmt er ekki hægt að kaupa hlut í og verða fyrir beinum skakkaföllum ef hlutabréfin sem lánað er fyrir lækka í verði.

Banki sem væri gegnsætt hlutafélag mætti alls ekki eiga lánaviðskipti við eigendur sína, sem eru félög, nema innlánsviðskipti. Hlutafélög sem eiga í banka yrðu að hafa lánaviðskipti sín við aðra banka. Það kann að leiða til þess að minna verði um stór hlutafélög sem eigendur

slíkra banka og þeir yrðu í framtíðinni í auknum mæli í eigu lífeyrissjóða og margra einstaklinga eða fyrirtækja einstaklinga með mikið eigið fé ætlað til óskuldsettra fjárfestinga.

Þar sem veðsetning hluta getur leitt til eignarhalds eru settar sömu reglur um veðsetningu hlutafjár í gegnsæu hlutafélagi.

Markhópur gegnsærra hlutafélaga.

Venjuleg framleiðslufyrirtæki, sem ekki eiga í öðrum fyrirtækjum og eru alfarið í eigu einstaklinga, geta strax orðið gegnsæ. Önnur hlutafélög geta orðið gegnsæ með því að selja frá sér hlutafélög sem þau eiga og ekki eru gegnsæ og samþykkja með nægum meiri hluta að eigendur þeirra sem ekki eru gegnsæir njóti hvorki arðs né atkvæðisréttar. Sá meiri hluti þarf að vera $^{9}/_{10}$ greiddra atkvæða og er gert ráð fyrir að félagið kaupi slíka hluti á matsverði ef krafa kemur fram um það. Vegna betri lánskjara og vinsælda sem fjárfestingarkostur mundi gegnsæjum hlutafélögum fjölga á þennan hátt. En vitaskuld þyrfti á endanum að leysa upp hringeignarhald og lánveitingar sem hafa farið í hring.

Öll þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll og starfa hér á landi ættu marka sér stefnu að fullnægja reglum um gegnsæ hlutafélög. Veltan í Kauphöllinni og gengi bréfa þar líður mjög fyrir trúnaðarbrestinn, sem hefur orðið eftir hrunið.

Fyrirtæki sem bankarnir hafa eignast og þeir þurfa á næstu missirum að koma aftur út á markað til nýrra eigenda ættu að stefna að því að verða gegnsæ. Það er ekki erfitt í byrjun, því að þau eru að leita nýrra eigenda sem auðveldara ætti að vera að nálgast ef þau eru gegnsæ hlutafélög. Þau yrðu að selja dótturfélög, sem ekki væru gegnsæ eða breyta þeim í gegnsæ hlutafélög, sem yfirleitt er ekki erfitt. Þessi fyrirtæki ættu líka að njóta meira traust hjá lánveitendum sem eru illa brenndir, þar á meðal bankinn sem selur.

Markhópur gegnsærra hlutafélaga gæti einnig verið eignarhaldsfélög, fjármögnunarfélög og fasteignafélög, sem háð eru langtímatrausti lánveitenda sem eru mjög áhættufælnir eftir hrunið.

Ljóst er að gegnsæ hlutafélög félög geta ekki átt í erlendum hlutafélögum nema sambærilegar reglur verði teknar upp annars staðar. Þó mætti hugsa sér að setja skilyrði að stjórnarmenn og endurskoðendur væru búsettir á Íslandi og féllu undir íslensk lög, auk annarra skilyrða. Sama á við um erlend hlutafélög sem eigendur gagnsæs hlutafélags. Erlent félag getur aldrei farið með atkvæðisrétt í slíku félagi. Þar sem vandamálið, þ.e. veilan í hlutabréfaforminu, er alþjóðlegt og á sinn þátt í þeirri kreppu sem glímt er við um allan heim er þess að vænta að sambærilegar eða betri lausnir verði fundnar alþjóðlega.

Alþjóðlegar samþættingar hlutafélaga.

Sú samþætting eignarhalds sem hér hefur verið til umræðu er alþjóðlegt fyrirbæri og algengt, t.d. í Japan og Þýskalandi en síður í Bandaríkjunum þar sem skattlagning arðs á milli móður og dóttur dregur úr hvatanum. Fyrst þegar slík samþætting hefst myndast miklir fjármunir í einkaeigu (fé sem í reynd er ekki til eins og sýnt er fram á í fskj. I), eigið fé vex og hagnaður. Þegar fram í sækir koma ókostirnir í ljós en þeir eru sérstaklega völd og áhrif sem stjórnir fyrirtækja öðlast án raunverulegs eignarhalds. Þá geta farið að koma fram önnur sjónarmið en arðsemi og hagsmunirnir snúast um ítök og völd en ekki hagnað eða rekstur hlutafélaga. Atvinnulífinu hnignar. Það væri áhugavert rannsóknarefni að kanna hvort uppgangur hagkerfa í Þýskalandi og Japan eftir stríð og síðan hnignum þeir undanfarið kunni að stafa af þessum sökum.

Traust – Forsenda atvinnusköpunar.

Atvinnuleysið er mikið böl fyrir viðkomandi einstaklinga og þjóðarhag. Grundvelli er kippt undan afkomu heimila, fólk brotnar niður og tekjur ríkissjóðs minnka en gjöldin aukast. Til að skapa atvinnu þurfa fyrirtæki að fjárfesta og til þess þurfa þau lánsfé og áhættufé en fjárfestar og lánveitendur treysta ekki hlutafélagaforminu að óbreyttum reglum og fenginni reynslu. Lítil von er til þess að hægt verði að minnka atvinnuleysið og stöðva brottflutning fólks nema fjárfestingar fyrirtækja fari aftur í gang. Þess vegna er mjög brýnt að byggja aftur upp traust á hlutabréfaeign og traust lánveitenda á fyrirtækjum og bæta þá galla sem augljósir er á reglum um hlutafélög.

Mjög almenn þátttaka var í hlutbréfamarkaðnum og færa má rök að því að eignahrunið sem varð í hruninu, í hlutabréfum og verðfalli fasteigna, sé ásamt gjaldþrotum og atvinnuleysi eitt mesta áfallið sem þjóðin varð fyrir. Hinn almenni hluthafi blæddi fyrir aðgerðir stærstu hluthafanna, situr eftir með sárt enni og oft glataðan ævisparnað og jafnvel skuldir umfram eignir. Þetta er venjulegt fólk, sjá fylgiskjal II. Fjöldi fólks lét glepjast til að kaupa stofnbréf í sparisjóðum, oft með lánum sem veitt voru í því skyni. Þessi hópur fólks er í mjög slæmri stöðu, jafnvel gjaldþrota, og reynsla þess er ekki heldur til að bæta traustið. Eftir hrunið ríkir mikil og almenn tortryggni í garð atvinnulífs, fjármálakerfis og hlutabréfamarkaðarins sérstaklega. Vantraustið er svo mikið að ótrúlegt er að almenningur fjárfesti aftur í hlutabréfum, burtséð frá því að margir hafa ekki til þess bolmagn eftir áfallið. Lánveitendur, innlendir sem erlendir, hafa ekki síður tapað óhemju fjár á hruninu og halda að sér höndum af sömu ástæðu. Þess vegna er mjög brýnt að læra af því sem miður fór til að finna lausnir sem koma í veg fyrir slík slys. Frumvarpshöfundar telja að þær hugmyndir sem hér eru reifaðar séu til þess fallnar að laga veilurnar sem komið hafa í ljós í hlutafélagaforminu.

Eignahrunið í kjölfarið hrunsins í október 2008.

Fyrsta áfallið af hruni bankanna var mikil verðlækkun á eignum almennings. Síðan dundu yfir gjaldþrot fyrirtækja, uppsagnir starfsfólks, atvinnuleysi og launalækkun. Verðlækkun eigna varð mest hjá hluthöfum í skráðum hlutafélögum og stofnfjáreigendum í sparisjóðum en oftast tapaðist eignin alveg, 100%. Fyrir liggur að meira en 55 þúsund einstaklingar töpuðu að jafnaði 1,4 millj. kr. í 12 hlutafélögum, sem urðu gjaldþrota (sjá fskj. II). Þar af voru meira en 12 þús. aldraðir (64 eða eldri) sem töpuðu að meðaltali 2,3 millj. kr. hver. (Þeim sem áttu meira en 50 millj. kr. virði í hlutabréfum er sleppt í þessum útreikningum.) Alls voru þetta um 80 milljarðar kr. að verðmæti 1. júlí 2008 sem urðu algerlega verðlaus. Eigendur séreignasjóða og fasteigna hafa tapað um 20%–40% af eignum sínum sem má meta varlega um 600 milljarða kr. Flestar þessar eignir höfðu reyndar hækkað mikið í verði í nokkur ár fyrir hrun. Þá hafa mörg atvinnufyrirtæki orðið gjaldþrota eða eru illa löskuð vegna keðjuverkunar gjaldþrota og eigendur þeirra hafa tapað mjög miklu eða öllu.

Að lokum má nefna að flestar eignir í landinu (nema gjaldeyrisreikningar) hafa rýrnað verulega vegna þess hve krónan hefur veikst og eignirnar eru mældar í krónum. Þannig hefur evran hækkað úr 120 kr. í 180 kr. frá júní 2008 til síðustu áramóta eða um 50% eða krónan lækkað um 33%. Lækkun krónunnar er enn meiri (-50%) ef miðað er við áramótin 2007–2008 til áramóta 2009–2010. Samkvæmt þessu hafa innstæður lækkað um 33% frá júní 2008 mælt í evrum vegna gengisfalls krónunnar. (2,5 millj. kr. innstæða í júní 2008 svaraði til 20.887 evra, stikkorð Icesave, en svaraði um áramótin til 13.900 evra, hefur sem sagt rýrnað um tæpar 7 þús. evrur. Á sama tíma eru erlendir innstæðueigendur Landsbankans tryggðir að fullu!) Fasteignir hafa rýrnað um 50%–60% mælt í evrum á sama tíma og þannig

mætti lengi telja. Lífeyrissjóðir landsmanna hafa heldur ekki farið varhluta af þessari rýrnun krónunnar. Þeir sem tóku áhættu með því að kaupa hlutabréf eða stofnbréf með lánum, jafnvel gengistryggðum lánum, eru margir í mjög erfiðri stöðu og einhverjir hugsanlega gjaldþrota. Svipað á við um marga þeirra sem keypt hafa fasteignir eða dýra bíla með erlendum lánum. Næst á eftir atvinnuleysinu er eignahrunið sennilega það högg sem veldur mestum búsifjum því oft er um ævisparnað fólks að ræða, sérstaklega hjá eldra fólki sem ekki á eftir vinnuþrek til að vinna upp tjónið eins og þeir sem yngri eru.

Tæknileg útfærsla breytinga.

Til álita kemur að breyta reglum fyrir hlutafélög almennt en á móti því mælir að hlutafélagaformið er alþjóðlegt og reglur um það nokkuð samræmdar um víða veröld. Þess vegna gæti það truflað samskipti erlendra fyrirtækja hér á landi ef þau gætu ekki starfað nema taka upp þrengri reglur, sem lítt væru þekktar erlendis. Sama á við um innlend fyrirtæki, sem hafa haslað sér völl erlendis og byggja ekki á trausti innan lands til að fá lánsfé og áhættufé. Þess vegna er hér valin sú leið að taka upp sérstakan flokk fyrirtækja, gegnsæ hlutafélög, ghf., sem búa ekki við þessa veilu í hlutbréfaforminu, sem orsakað hefur vantraustið hér á landi. Slík hlutafélög ættu að njóta trausts fjárfesta og lánveitenda og ættu því kost á áhættu- og lánsfé sem almenn hlutafélög ættu ekki kost á vegna tortryggni og vantrausts. Þetta ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að uppfylla skilyrði gegnsærra hlutafélaga.

Til álita kemur að dreifa ákvæðum um gegnsæ hlutafélög um hlutafélagalögin þar sem þau eiga við fremur en að þau séu öll að á sama stað. Í hlutafélagalögunum eru fyrir ákvæði um tvo sérstaka flokka hlutafélaga: opinber hlutafélög, ohf., og samlagshlutafélög, slhf. Ekki var farin sama leið við innleiðslu reglna um þessi sérstöku hlutafélög. Ákvæðin um opinber hlutafélög eru dreifð um lögin en ákvæðin um samlagshlutafélögin eru öll á sama stað, í XX. kafla. Að mati frumvarpshöfunda fer betur á því og það gefur skírari mynd af þeim sérákvæðum sem gilda um þessi form að hafa þau öll á sama stað og er sú leið því farin. Lagt er til að öll sérákvæði um gegnsæ hlutafélög, ghl., verði í einni grein á eftir greinunum um samlagshlutafélög, slhf., og öll sérákvæði um opinber hlutafélög, ohf., verði til samræmis flutt í eina nýja grein sem komi þar á eftir.

Það væri vel þess virði að skoða hvort ekki sé ástæða til að taka sérákvæði laga um einkahlutafélög upp í lögin um hlutafélög á sama hátt til að auka gegnsæi í lagasetningu því mörg ákvæði eru nákvæmlega þau sömu í lögunum en það er miklu meira verk og bíður betri tíma.

Það er svo spurning hvort ekki eigi að víkka þetta hugtak, gegnsæ hlutafélög, yfir á önnur fyrirtækjaform, eins og einkahlutafélög, sameignarfélög, samvinnufélög og samlög, svo að dæmi séu nefnd. Enn fremur mætti skoða aðra þætti, eins og um skarpari verkaskiptingu stjórnar (starfandi stjórnarformenn), lán til starfsmanna og kaup- og sölurétti á hlutabréfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–9. gr.

Til samræmis við ákvæðin um samlagshlutafélög eru öll ákvæði laganna um opinber hlutafélög, sem sett voru með lögum nr. 90 / 2006, færð í eina grein, 165. gr. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur formlega. Það er álit flutningsmanna að skýrara sé að hafa öll ákvæði laganna um sérstök hlutafélagaform, gegnsæ hlutafélög (ghf.), opinber hlutafélög (ohf.) og samlagshlutafélög (slhf.) á einum stað. Þannig sé auðveldara að átta sig á sérkennum hvers forms og hvað aðskilur þau frá almennum hlutafélögum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er til að við lögin bætist tvær nýjar greinar. Ný ákvæði um gegnsæ hlutafélög verði 164. gr. en sameinuð ákvæði um opinber hlutafélög í 165. gr., sbr. athugasemdir um 1.–9. gr.

Um a-lið (164. gr.).

a. Um 1. mgr.

1. mgr. er tekið fram að gegnsætt hlutafélag (ghf.) sé ákveðin tegund af hlutafélagi sem uppfyllir öll almenn skilyrði laganna um hlutafélög en verður auk þess að uppfylla þau skilyrði sem fram koma í greininni.

b. Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. tryggja að einungis þau fyrirtæki sem teljast gegnsæ hlutafélög skv. 1. mgr. megi hafa orðin gegnsætt hlutafélag í nafni sínu eða nota skammstöfunina ghf. og að þau megi tengja orðin gegnsætt hlutafélag eða skammstöfunina ghf. við heiti fyrirtækisins eða skammstöfun á því heiti. Sömuleiðis er hlutafélögum, sem uppfylla öll almenn ákvæði laganna um hlutafélög og skilyrði þessarar greinar skylt að nota heitið gegnsætt hlutafélag eða skammstöfunina ghf. Þau uppfylla þar á meðal ákvæði 10. mgr. um að breyta félaginu í gegnsætt hlutafélag. Ef hlutafélag breytir eðli sínu úr gegnsæu hlutafélagi í hefðbundið hverfur jafnframt heimild þess og skylda til að hafa þessa auðkenni í nafni sinu. Sjá nánar j-lið, um 11. mgr.

c. Um 3. mgr.

Í fyrri málslið 3. mgr. er afdráttarlaust ákvæði sem bannar gegnsæu hlutafélagi að kaupa eða eignast hluti í hluthafa sínum. Ekki má gegnsætt hlutafélag heldur kaupa hluti í eiganda hluthafa síns né eiganda hans o.s.frv. Markmiðið er að loka fyrir möguleika á því að fé geti streymt í hring í gegnum eignarhald. Ef félag getur keypt upp fyrir sig í eigendakeðjunni getur sá aðili keypt sig niður alla keðjuna og fjármunirnir fara í hring. Undanskilja þarf sameignarfélög þar sem lögaðilar, t.d. almenn hlutafélög, geta átt í sameignarfélagi sem er með ótakmarkaða ábyrgð.

Seinni málslið 3. mgr. er ætlað að loka fyrir það að fé geti streymt í hringi með samspili lána til hluthafa eða eigenda þeirra og kaupumfélags í eigendum sínum. Skv. 104 gr. laganna er bannað að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum hlutafélags lán eða setja tryggingar fyrir þá. Þó eru tvær veigamiklar og afdrifaríkar undantekningar frá þessari reglu. Síðasti málsliður 1. mgr. 104. gr. laganna hljóðar svo: „Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.“ Vísað hefur verið í þetta ákvæði í dómsmáli til að heimila mikil lán til hluthafa. Í 3. málsl. 2. mgr. 104. gr. segir: „Ákvæði 1.–2. málsl. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá.“ Þetta tekur til baka bann við að hlutafélag megi fjármagna kaup á hlutabréfum í sjálfu sér þegar um starfsmenn er að ræða eða félag þeirra, t.d. hlutafélag. Þessu ákvæði var bætt inn í lögin með lögum nr. 35/1997 með hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Var þessi heimild notuð ótæpilega í aðdraganda hrunsins og bjó til farveg fyrir fé til að fara í hringi.

Það er ekki nægilegt að banna gegnsæju hlutafélagi að lána til hluthafa sinna eins og 104. gr. gengur út á. Þannig gæti gegnsætt hlutafélag A ghf. lánað fé til B (sem gæti verið gegnsætt hlutafélag) sem gæti notað féð til að kaupa í C ghf. sem keypti svo í A og féð hefur farið

í hring. Þess vegna er nauðsynlegt að taka fyrir lánveitingar til aðila með takmarkaða ábyrgð sem eru ofar í eigendatrénu.

Öðru máli gegnir um aðila með ótakmarkaða ábyrð. Ekki er hægt að kaupa hlut í þeim eðli máls samkvæmt (einstaklingar, ríkissjóður, sveitarfélög og lífeyrissjóðir). Þeir hljóta auk þess að gæta vel að þeim skuldbindingum sem þeir taka á sig enda eru afleiðingarnar mjög alvarlegar. Þó þarf að undanskilja sameignarfélög þar sem almenn hlutafélög geta verið eigendur þeirra.

Til þess að tryggja að þessi ákvæði séu haldin eru ströng ákvæði um ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda. Sjá nánar j-lið, um 10. mgr.

d. Um 4. mgr.

Veðsetning eigna er oft ígildi eignarhalds, sérstaklega þegar skuldarinn er í veikri stöðu. Einnig vakna spurningar um gildi ákvæða 3. mgr. ef gengið er að veðinu. Þess vegna þurfa veðhafar að lúta sömu reglum og hluthafar að þessu leyti og vera annað hvort gegnsæ hlutafélög eða aðilar sem ekki er hægt að kaupa hlut í, aðilar með átakmarkaða ábyrgð; einstaklingar, ríkissjóður, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og sameignarfélög. Sparisjóðir mundu ekki mega eiga hlut, enda er hægt að eignast stofnbréf í þeim og þar með (takmörkuð) yfirráð, og ekki sameignarfélög. Tekið er sérstaklega fram að aðrar veðsetningar skuli vera ógildar og þarf að árétta það þegar veðsetning er skráð.

e. Um 5. mgr.

Ákvæði 5. mgr. er ætlað að tryggja að einungis gegnsæ hlutafélög eða aðilar sem ekki er hægt að kaupa eignarhluti í komi fyrir sem eigendur beint eða óbeint. Ef aðili sem er ekki gegnsætt hlutafélag en með takmarkaða ábyrgð, t.d. venjulegt hlutafélag, kaupir hlut í gegnsæu hlutafélagi, nýtur hann ekki arðs eða atkvæðisréttar og er það nægileg skerðing til að fæla slíka aðila frá kaupum. Ef slíkur aðili á hlut í hlutafélagi við umbreytingu í gegnsætt hlutafélag getur hann krafist þess að félagið kaupi þann hlut hans og skal sá hlutur metinn í samræmi við ákvæði 24. gr. laganna, sem fjallar um innlausn hluta þegar einn aðili hefur eignast meira en 90% hlutafjár og krefst innlausnar á hlutum annarra hluthafa.

Einu virku hluthafarnir í gegnsæu hlutafélagi, sem hægt er að kaupa eignarhlut í, eru því gegnsæ hlutafélög. Þessi regla er endurkvæm (recursiv) og því hljóta allar virkir eigendur þessara gagnkvæmu hlutafélaga sem hægt er að kaupa hlut í að vera gagnkvæm hlutafélög o.s.frv. Þetta leiðir til þess að allt eigendatréð eru annaðhvort aðilar sem ekki er hægt að kaupa hlut í eða gegnsæ hlutafélög.

Samkvæmt 8. mgr. skal gegnsætt hlutafélag birta á netinu lista yfir alla hluthafa sína. Þar sem allir (virkir) hluthafar sem hægt er að kaupa eignarhlut í eru gegnsæ hlutafélög verða þau, hvert um sig, á sama hátt að birta lista yfir alla hluthafa sína. Þeir hluthafanna sem hægt er að kaupa hlut í verða að vera gegnsæ hlutafélög o.s.frv. Þessi birtingarregla er endurkvæm og þess vegna liggur allt eigendatré (owners structure) ákveðins gegnsæs hlutafélags fyrir. Það gerir kleift að beita ákvæðum 3. mgr. (og 4. mgr.) og hindra með afgerandi hætti að fé fari í hring í gegnum eignarhald.

Það er spurning hvort ekki eigi að fela opinberri stofnun að halda utan um eigendatré allra gegnsærra hlutafélaga þannig að með auðveldum hætti sé unnt framfylgja ákvæðum þessara greinar.

f. Um 6. mgr.

Samkvæmt þessari málsgrein má gegnsætt hlutafélag einungis eiga í gegnsæjum hlutafélögum. Þessi regla er endurkvæm (recursiv) þannig að þessi dótturfélög mega sem gegnsæ hlutafélög einungis eiga í gegnsæjum hlutafélögum o.s.frv. Þannig er tryggt að öll félög sem gegnsætt hlutafélag á hlut í séu gegnsæ hlutafélög, sem og félög sem þau eiga í o.s.frv. Þessi málsgrein ásamt 5. mgr. stuðlar þannig að þeirri meginreglu að allt eigendatréð sé gegnsætt upp úr og niður úr að því er varðar eigendur með takmarkaða ábyrgð og hvergi myndast hringeignarhald. Það tryggir svo aftur að hægt er að framkvæma ákvæði 3. mgr. um að gegnsætt hlutafélag megi ekki kaupa í eða lána til eiganda síns ef hann er með takmarkaða ábyrgð og þannig er komið í veg fyrir að fé fari í hringi án fullrar ábyrgðar.

g. Um 7. mgr.

Ákvæði þessarar greinar tryggja að veigamiklar upplýsingar um gegnsætt hlutafélag birtist á netinu þannig að aftur megi skapa traust fjárfesta og lánveitenda sem urðu sennilega fyrir þyngsta högginu af hruninu. Þetta traust er afar mikilvægt til að fyrirtæki landsins geti fengið fjármagn til framkvæmda og reksturs. Áhættufé eða lánsfé.

Gert er ráð fyrir að birtir séu allir þeir hluthafar í gegnsæju hlutafélagi, sem eru með takmarkaða ábyrgð, þ.e. gegnsæ hlutafélög og aðrir, séu taldir upp á netinu. Einnig allir hlutir sem félagið á í öðrum fyrirtækjum, sem eiga öll að vera gegnsæ hlutafélög. Með því að rekja slóðina upp í gegnum eigendatréð með endurkvæmum hætti og í gegnum (gegnsæ) hlutafélög sem félagið á hlut í má með sama hætti finna (gegnsæ) hlutafélög, sem þau eiga hlut í og svo koll af kolli. Þannig er hægt að fá skýra mynd af öllu eignarhaldi hlutafélagsins þar sem hætta er á að fé fari í hring. Til að skapa enn frekara traust gæti verið skynsamlegt fyrir fyrirtækin að birta aðra helstu hluthafa þó að þess sé ekki krafist.

Þá er gerð krafa um að ýmsar upplýsingar sem varða hluthafa gegnsæs hlutafélags séu birtar á netinu. Samþykktir félagsins, skýrslu endurskoðanda, ársreikning og sex mánaða árshlutareikning. Sumar þessara upplýsinga hafa ekki legið fyrir, t.d. skýrsla endurskoðanda.

h. Um 8. mgr.

Flóknar reglur gilda fyrir almenn hlutafélög um hvenær hlutafé telst vera greitt. Til þess að skapa traust og jafnræði á milli hluthafa er hér lagt til að allt hlutafé gegnsæs hlutafélags verði staðgreitt með peningum. Það er líka í samræmi við upprunalegan tilgang hlutafjár að einstaklingur legga fram fé og takmarki þannig áhættu sína af þeim rekstri sem félagið hyggst stunda.

i. Um 9. mgr.

Ákvæði þessarar málsgreinar skerpa mjög á ábyrgð og skyldum stjórnenda og endurskoðenda gegnsæs hlutafélags að því er varðar þær reglur sem gilda sérstaklega um gegnsæ hlutafélög og getið er í þessari grein. Markmiðið er að almenningur, fjárfestar og lánveitendur geti algerlega treyst því að þessar reglur séu haldnar því þær eru undirstaða þess trausts sem nauðsynlegt er að byggja upp.

Mjög þungar refsingar eru lagðar við brotum á þessum reglum eða allt að sex ára fangelsi bæði gagnvart því að upplýsa ekki eða segja rangt frá þeim atriðum sem talin eru upp í 7. mgr. og að taka ákvörðun, sem brýtur ákvæði þessarar greinar, t.d. með því að kaupa hlut í eiganda hlutafélagsins eða eigendum hans í eigendatrénu, eða taka veð í slíkum hlutum eða lána til eða veita tryggingar aðila með takmarkaðri ábyrgð í eigendatrénu. Þetta er talið

nauðsynlegt í ljósi sögunnar því bæði fjárfestar (hluthafar) og lánveitendur verða að geta treyst því að þessar reglur séu haldnar. Það skal þó undirstrikað að einungis er átt við ákvæði þessarar greinar en ekki önnur ákvæði laganna þegar rætt eru um brot á upplýsingskyldu eða öðrum reglum.

Skýrar reglur eru settar um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Ábyrgð á ákvörðunum helst þó að viðkomandi láti seinna af störfum eða hætti. Þó að stjórnamaður mæti ekki á stjórnarfund ber hann ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þar eru teknar nema hann hafi sannanlega boðað varamann sinn fyrir sig á fundinn. Ef hvorugur, stjórnarmaður og varamaður, getur mætt á fundinn af óviðráðanlegum ástæðum bera þeir þó ekki ábyrgð á ákvörðunum fundarins. Hér er eingöngu átt við ákvarðanir, sem taka til þessarar greinar sem varðar gegnsæ hlutafélög sérstaklega.

Ef stjórnarmaður er ósáttur við ákvörðun stjórnar og greiðir atkvæði gegn henni en verður undir í atkvæðagreiðslu getur hann bókað andstöðu sína og ber stjórninni að birta hana strax á heimasíðu félagsins og kynna hana á næsta félagsfundi. Ber hann þá ekki ábyrgð á ákvörðun stjórnar. Þannig er skapaður farvegur fyrir þá stjórnarmenn sem ekki fella sig við ákvörðun meiri hluta stjórnar að því er varðar þessa grein og ætti að koma algerlega í veg fyrir það að þessar reglur séu brotnar. Sama regla gildir fyrir endurskoðanda sem kemst að því að þessar reglur séu brotnar. Hann getur krafist þess að bókun sín eða skýrsla verði birt strax á heimasíðu félagins og á næsta félagsfundi og telst hann þá hafa gert skyldu sína.

Endurskoðandi skal strax að loknu kjöri stjórnar sannanlega kynna fyrir nýkjörinn stjórn og framkvæmdastjóra þá ábyrgð og skyldur, sem þessi grein leggur þeim á herðar og þá jafnt fyrir þeim stjórnarmönnum sem eru endurkjörnir. Þannig er það lagt í hendur endurskoðanda félagins, sem starfar fyrir alla hluthafa, að sjá til þess að allir aðilar séu upplýstir um ábyrgð sína og skyldur. Úrsögn stjórnarmanns eða endurskoðanda getur ekki tekið gildi fyrr en búið er að kjósa nýjan stjórnarmann eða velja nýjan endurskoðanda. Réttur þeirra til bókunar sem getið eru um hér að framan verndar þá fyrir ábyrgð á ákvörðunum stjórnar.

j. Um 10. mgr.

Þessi málsgrein fjallar um breytingu á venjulegu hlutafélagi yfir í gegnsætt hlutafélag og öfugt. Þar sem breytingin yfir í gegnsætt hlutafélag getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá hluthafa sem eru með takmarkaða ábyrgð og ekki eru gegnsæ hlutafélög, þ.e. að missa arðs- og atkvæðisrétt, er gerð krafa til þess að sterkur meiri hluti hluthafa standi að breytingunni eða 90%. Það er sami meiri hluti og getur krafist innlausnar hlutafjár skv. 24. gr. Sjá nánar umfjöllun um 5. mgr.

Ljóst er að auðvelt er að breyta hlutafélögum sem eru alfarið í eigu banka eða sjóða eftir hrunið í gegnsæ hlutafélög. Það gæti verið liður í því að setja þau á markað og búa þannig til traust hjá væntanlegum fjárfestum. Það gæti hvatt fleiri til að fjárfesta og hækkað verðið. Eins ættu slík félög auðveldari aðgang að lánsfé.

Sömu kröfur eru gerðar til breytinga á gegnsæju hlutafélagi yfir í venjulegt hlutafélag og er ástæðan sú að fjárfestar gætu hafa keypt hluti í félaginu einmitt vegna þess að það var gegnsætt og naut þess vegna trausts. Eins þurfa lánveitendur að treysta því að ekki sé verið að flytja hlutafélög á milli forma á auðveldan hátt. Þetta nýja form hlutafélaga er sett á laggirnar til að búa til traust bæði hjá fjárfestum og lánveitendum. Þeir síðarnefndu munu væntanlega setja í lánasamninga sína uppsagnarákvæði tengt slíkri breytingu.

Um b-lið (164 gr.).
Greinin er skýrð hér að framan undir athugasemdum við 1.–9. gr.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dæmi um fjárstrauma sem fara viðstöðulítið í hringi en breyta eignahaldi, eigin fé og jafnvel hagnaði.

Hér á eftir eru nefnd nokkur dæmi um veilu í hlutabréfaforminu. Sum eru mjög ýkt til að sýna með skírum hætti í hverju vandinn er fólginn.

Dæmi 1. Krosseignarhald. Tvö hlutafélög A hf. og B hf. eru hvort með hlutafé 10 millj. kr. Aðalfundur A hf. ákveður að auka hlutafé sitt um 90 millj. kr. til að kaupa á 90 millj. kr. hlut í B hf. Hlutafjáraukningin er seld á genginu 1,0. Sama ákveður hluthafafundur hjá B hf. Svo kaupir stjórn A hf. hlutinn af B hf. en selur B hf. jafnframt allt útboð sitt sem er jafn verðmætt. Sama gerir stjórn B hf. Eftir þessar aðgerðir ræður stjórn A hf. öllu (90%) í B hf. Kýs alla stjórnina og getur breytt öllum samþykktum. Stjórn B hf. ræður á sama hátt öllu hjá A hf. Það eru stjórnirnar sem ráða öllu en upphaflegir hluthafa hafa ekkert að segja. Eigið fé A hf. vex um 90 millj. kr. því félagið á nú 90 millj. kr. eign í hlutabréfum og eigin hlutabréf teljast ekki til skuldar. Sama gerist með B hf. Bæði félögin geta tekið lán út á þessa eign þó að hún sé í reynd ekki til, af því að ef þau keyptu eigin bréf til baka þá eru eigin bréf verðlaus í hendi hlutafélags.(Það getur endalaust gefið út eigin bréf.) Hagnaður beggja félaga virðist vaxa því A fær 90% af hagnaði B og 90% af honum fer aftur til B. Þannig fer 10% af hagnaði B til upphaflegra hluthafa, 9% situr eftir í A og 81% fær það til baka, sem eykur hagnað næsta árs.

Þessi veila í hlutabréfaforminu er að sjálfsögðu aldrei notað svona greinilega né í einu skrefi. Oft eru fleiri hlutafélögum skotið inn í myndina til að fela áhrifin. Gott dæmi um þetta voru Kaupþing hf. og Exista hf. (áður Meiður hf.) sem áttu um 20% hvort í öðru. Eigið fé þeirra jókst um tugi milljarða og út á þá eign fengust lán þó að hún væri í reynd alls ekki til! Stjórn hvors félags réði umtalverðum hluta af stjórnarmönnum hins félagsins. Það vald var tekið frá hinum almenna hluthafa.

Dæmi 2: Raðeignarhald. Gunnar á 10 millj. kr. og stofnar hlutafélag A hf. með 10 millj. kr. hlutafé, sem Gunnar greiðir með peningum. Þá á Gunnar hlutabréf að verðmæti 10 millj. kr. og A á 10 millj. kr. í peningum. Eign í þjóðfélaginu hefur vaxið um 10 millj. kr.! A stofnar hlutafélag C hf., sömuleiðis með 10 millj. kr. hlutafé, sem það greiðir með peningum. Gunnar og A eiga þá hvort um sig 10 millj. kr. í hlutabréfum og C á 10 millj. kr. í peningum. Eign í þjóðfélaginu hefur aukist um 20 millj. kr. Nú kaupir C hlutabréfin í A af Gunnari á 10 millj. kr. og þá er Gunnar búin að fá peningana sína til baka! Gunnar kaus sjálfan sig og vini sína í stjórn A, sem aftur kaus sama fólk í stjórn B sem kaus sama fólk í stjórn C sem aftur kýs stjórn A! Öll þrjú hlutafélögin A, B og C eru þá með 10 millj. kr. eigið fé hvert um sig þó að engir fjármunir séu neins staðar!

Endurskoðunarreglur taka á þessum vanda með samstæðureikningsskilum þó að erfitt geti verið að finna hvert félaganna er móðurfélag. Til að komast hjá samstæðureikningum stofnar Gunnar 10 hlutafélög A_1, A_2, A_3, … , A_{10} með 1 millj. kr. hlutafé hvert. Þau félög stofna svo 10 hlutafélög B_1, B_2, B_3,…, B_{10} með 1 millj. kr. hlutafé hvert þannig að A_1 á 100 þús. kr. (10%) í hverju félaganna B_1, B_2, B_3, … , B_{10} og sama gerist með A_2 og öll hin A*i* hlutafélögin. Svo stofna öll B_i hlutafélögin 10 C i hlutafélög sem svo aftur kaupa A_i hlutafélögin af Gunnari þannig að C_1 kaupir 100 þús. kr. (10%) í hverju félaganna A_1, A_2, A_3,…, A_{10} og sama gerist með C_2 o.s.frv. Nú er ekki krafist samstæðureikningsskila og það sem meira er: Félögin eru öll óháð því þau eiga minna en 20% hvert í öðru. Þessi 30 hlutafélög sýnast hvert um sig vera með eigið fé 1 millj. kr. en samt eru engir fjármunir í öllu dæminu! Svo getur hvert þessara félaga hafið rekstur með því að taka lán út á eigið fé sitt, 1 millj. kr.

Inn í þessa keðju af eignarhaldi má svo gjarnan skjóta lánveitingum. B_7 gæti þannig lánað Gunnari (eða einhverjum öðrum) 100 þús. kr. til að kaupa hlutabréf í C_5 með veði í hlutabréfunum. (Athugið að Gunnar er ekki hluthafi í neinu hlutafélaganna þó að hann ráði þeim öllum!)

Hægt er að blanda öllum þessum dæmum saman, krosseignarhaldi, lánveitingum og raðeignarhaldi. Engin takmörk eru fyrir uppfinningarseminni. T.d. voru lán bankanna til starfsmanna til kaupa á hlutabréfum í viðkomandi banka blanda af lánveitingu og krosseignarhaldi, sérstaklega ef starfsmaðurinn hafði stofnað einkahlutafélag til að taka lánið og kaupa hlutinn. Áhrifin voru þau sömu og hér hefur verið lýst. Eigið fé bankans óx um söluna því skuldabréfið er eign í bókum bankans en hlutaféð er ekki skuld. Starfsmaðurinn fékk áhrif á stjórn bankans og áhrif upphaflegra (smárra) hluthafa dvínuðu að sama skapi. Lán sparisjóða (eða tengdra banka) til kaupa á stofnbréfum virka eins nema þar er um stofnbréf að ræða og oft með persónulegri ábyrgð stofnfjáreigandans. Litlu máli skipti hvort upphæðin, sem um ræðir, var 100 millj. kr. eða 200 millj. kr. því að hún fór í hring en hún hafði veruleg áhrif á völd og gat haft stórkostlega áhrif á eignamyndun ef gengið hækkaði.

Fylgiskjal II.

Eftirgreindar upplýsingar eru frá Verðbréfaskráningu Íslands. Verðmæti hlutabréfa er miðað við 1. júlí 2008 sem urðu síðan verðlaus. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um stofnbréf sparisjóða en þar var einnig um að ræða umtalsvert tap einstaklinga, mælt í tugum milljarða króna.

Verkefni:	Gengistafla	
Finna samanlagt verðmæti eignar hverrar kennitölu einstaklinga yngri en 65 ára í skráðum hlutafélögum sem voru með verðmæti 1. júlí 2008 en voru verðlaus síðar. Finna fjölda þeirra og samanlagða eign þeirra á neðangreindum bilum.	**Dagsetning**	27. júní 2008
	Kaupþing	770
	Landsbankinn	23,35
	Glitnir	15,65
Finna sama fyrir þá sem eru 65 ára og eldri (fædda 1943 og fyrr).	**Atorka**	6,44
Finna sama fyrir fyrirtæki/lögaðila (fyrirtæki, lífeyrissjóðir, safnreikningar o.fl.)	**Avion**	14,3
	Exista	7,6
	Straumur	9,96
	Bakkavör	29,25
	TM	46

	Einstaklingar fæddir fyrir 1944	**Einstaklingar fæddir 1944 og síðar**	**Lögaðilar**	**Samtals**
Fjöldi				
0–1 millj. kr.	7.336	33.204	920	**41.460**
1–3 millj. kr.	2.816	5.769	271	**8.856**
3–6 millj. kr.	1.351	2.044	136	**3.531**
6–10 millj. kr.	634	847	89	**1.570**
10–20 millj. kr.	423	651	109	**1.183**
20–50 millj. kr.	191	293	93	**577**
yfir 50 millj. kr.	96	190	287	**573**
Samtals	**12.847**	**42.998**	**1.905**	**57.750**

Verðmæti				
0–1 millj. kr.	2.290.394.839	7.468.460.920	224.685.185	**9.983.540.944**
1–3 millj. kr.	5.039.106.764	9.881.837.329	479.391.642	**15.400.335.735**
3–6 millj. kr.	5.669.149.311	8.664.703.056	577.567.663	**14.911.420.030**
6–10 millj. kr.	4.861.896.162	6.529.318.083	720.819.753	**12.112.033.998**
10–20 millj. kr.	5.809.506.342	8.907.381.627	1.577.440.022	**16.294.327.991**
20–50 millj. kr.	5.794.164.532	8.846.264.309	2.970.700.324	**17.611.129.165**
yfir 50 millj. kr.	15.140.965.543	88.054.150.026	1.247.614.902.314	**1.350.810.017.883**
Samtals	**44.605.183.493**	**138.352.115.350**	**1.254.165.506.903**	**1.437.122.805.746**

Meðaltal				
0–1 millj. kr.	312.213	224.927	244.223	**240.799**
1–3 millj. kr.	1.789.456	1.712.920	1.768.973	**1.738.972**
3–6 millj. kr.	4.196.262	4.239.092	4.246.821	**4.223.002**
6–10 millj. kr.	7.668.606	7.708.758	8.099.098	**7.714.671**
10–20 millj. kr.	13.734.058	13.682.614	14.471.927	**13.773.735**
20–50 millj. kr.	30.335.940	30.192.028	31.943.014	**30.521.888**
yfir 50 millj. kr.	157.718.391	463.442.895	4.347.090.252	**2.357.434.586**
Samtals	**3.472.031**	**3.217.641**	**658.354.597**	**24.885.243**

Þeim sleppt sem töpuðu meira en 50 millj. kr. verðmæti:			
	Einstaklingar fæddir fyrir 1944	**Einstaklingar fæddir 1944 og síðar**	**Allir einstaklingar**
Fjöldi	12.751	42.808	55.559
Heildarupphæð	29.464.217.950	50.297.965.324	79.762.183.274
Meðaluppæð	2.310.738	1.174.966	1.435.630

Samkvæmt þessu var heildartap hluthafa í þessum 12 félögum 1,437 milljarðar kr. Langstærsti hluti þessa taps, eða 1.351 milljarður kr., var tap einstaklinga (186 talsins) og lögaðila (287 talsins) sem töpuðu hver meira en 50 millj. kr. Þessi mikla eign byggðist hugsanlega að hluta á raðeignahaldi eða lánveitingum, Eftir stendur 86 milljarða kr. tap þeirra sem áttu

minna en 50 millj. kr. hver. Þetta voru 55.559 einstaklingar sem töpuðu alls 80 milljörðum kr. eða að meðaltali 1,4 millj. kr. og 1.618 lögaðilar, sem töpuðu 6 milljörðum kr. eða að meðaltali 4 millj. kr. Rétt er að benda á að þessar eignir höfðu eins og margar aðrar eignir hækkað umtalvert næstu árin fyrir hrunið.

877. Fyrirspurn [500. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Frá Skúla Helgasyni.

1. Hvernig hefur þróun brottfalls nemenda úr framhaldsskólum verið undanfarinn áratug, sundurliðað eftir árum og landshlutum?
2. Hvernig hefur brottfall þróast annars staðar á Norðurlöndum á sama tíma?
3. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið í ráðuneytinu til að draga úr brottfalli í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008 þar sem fram kom að stefnt skyldi að því að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði yrðu án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020, og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar?

Skriflegt svar óskast.

878. Fyrirspurn [501. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um unnin ársverk.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hve mörg ársverk voru unnin í landinu árin 2008, 2009 og það sem af er ársins 2010? Óskað er eftir sundurliðun eftir mánuðum og atvinnugreinum í samræmi við atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Skriflegt svar óskast.

879. Fyrirspurn [502. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um tekjur og tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hvernig voru heimtur útvarpsgjalds einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar á árinu 2009?
2. Hefur ráðherra íhugað að fella niður útvarpsgjald á lögaðila?
3. Þar sem Ríkisútvarpið ohf. nýtur opinberra styrkja í gegnum útvarpsgjaldið er þá skilgreint í þjónustusamningi með hvaða hætti útvarpið á að veita þjónustu í almannaþágu? Samræmist þetta EES-samningnum?

880. Fyrirspurn [503. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hver eru starfssvið Ríkisútvarpsins og hverjir stjórna þeim?
2. Hvaða innlendir þættir eru á dagskrá Ríkisútvarpsins? Hverjir annast dagskrárgerð þeirra eða hafa umsjón með þeim? Svör óskast greind eftir starfssviðum Ríkisútvarpsins.
3. Eru til stefnumótandi rammar um inntak þáttanna eða lýsing á hlutverki þeirra og ef svo er, hver tekur ákvarðanir þar að lútandi? Óskað er eftir að lýsingarnar fylgi ef þær eru til.

Skriflegt svar óskast.

881. Svar [429. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um innleiðingu stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.

1. *Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd í innkaupastefnu ríkisins og starfsemi Ríkiskaupa frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.*

Í samræmi við stefnuna var skipaður stýrihópur og vinnuhópur sem hafa það hlutverk að vinna að sameiginlegum verkefnum og ráðgjöf sem styðja vistvæn opinber innkaup. Starfsmenn frá Ríkiskaupum eiga sæti í báðum hópum. Stýri- og vinnuhópur vinna nú að aðgerðaáætlun þar sem verkþættir eru tímasettir og forgangsraðað eftir mikilvægi.

Þær aðgerðir sem Ríkiskaup sinna með þátttöku í hópavinnunni eru m.a. að nota þau umhverfisskilyrði eða umhverfisviðmið sem til eru í útboðum á rammasamningum. Umhverfisviðmið sem notuð hafa verið hjá ríki og sveitarfélögum í innkaupum á vörum og þjónustu eru vegna innkaupa á efnavörum, húsgögnum og dekkjum. Unnið hefur verið að íslenskri þýðingu á átta samnorrænum skilyrðum til viðbótar og verða þau umhverfisskilyrði notuð í nýjum rammasamningsútboðum. Í skoðun er að þýða enn fleiri skilyrði sem samþykkt hafa verið hjá löndum ESB.

	Gátlistar*	Umhverfisskilyrði (eldri)	Umhverfisskilyrði í þýðingu	Merki eða sambærilegt
Skrifstofupappír	x		x	Evrópublómið,Svanurinn,Blái engillinn
Tölvu og skrifstofubúnaður	x			
Húsgögn	x	x		
Prentþjónusta	x			Svanurinn
Bifreiðar	x			
Hreinsi- og ræstingaefni	x			Evrópublómið,Svanurinn,Blái engillinn
Dekk (hjólbarðar)		x		
Efnavörur		x		
Sápa og hársápa			x	Evrópublómið,Svanurinn,Blái engillinn
Dýnur			x	Ýmis sértæk skilyrði
Hótelþjónusta			x	Evrópublómið og Svanurinn
Lýsing			x	Evrópublómið og fleiri merki
Eldhústæki			x	Hljóðstyrkur,orkunotkun
Sáraumbúðir			x	Ýmis efni bönnuð
Prentdufthylki			x	Evrópublómið,Svanurinn,Blái engillinn

* Notist fyrir almenna kaupendur þegar útboð með umhverfisskilyrðum hefur farið fram

Sem dæmi um innleiðingu má nefna að undirritaður var rammasamningur Ríkiskaupa um ljósritunarpappír 1. mars 2010 við fjóra söluaðila. Við mat og samanburð tilboða í því útboði var valinn pappír af stærðinni A-4 og 80 g að þyngd, sem er algengasta stærðin í notkun. Ýmsar gæða- og umhverfiskröfur voru settar fram og allir söluaðilar sem samið var við bjóða nú pappír sem uppfyllir þessi skilyrði.

Opinberir aðilar sem hafa heimild til að nýta sér fyrr greindan rammasamning eru um 950 kennitölur og því fleiri sem kaupa samkvæmt þessum rammasamningi því meiri verða áhrifin af setningu umhverfisskilyrða við kaup á ljósritunarpappír.

Ríkiskaup eru að leggja lokahönd á nýja vefsíðu þar sem ný leitarvél mun gera kaupendum auðvelt að finna vörur í rammasamningum og þá rammasamningsflokka þar sem vistvænar áherslur eru.

Ríkiskaup senda reglulega út fréttabréf til rúmlega 2000 aðila (kaupenda og seljenda) með efni um opinber innkaup þar með talið fréttir af vistvænum málefnum. Ríkiskaup eiga mikinn þátt í uppbyggingu vefsins um vistvæn innkaup (VINN), en vísað er á vefinn www.vinn.is á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is.

Vinn-vefurinn inniheldur mikið fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir bæði kaupendur seljendur og útboðsaðila, t.d. er lýst hvernig stofnanir geta gert greiningu á eigin innkaupum og leiðbeiningar um hvernig stofnanir og fyrirtæki geta lagt grunn að árangursríkum vistvænum innkaupum. Á vefnum má einnig finna framvinduramma um þá þætti sem stjórnendur stofnana og fyrirtækja þurfa að huga að til að ná að samþætta vistvæna hugsun öllum innkaupum.

Að lokum má nefna að Ríkiskaup héldu ráðstefnu og vinnustofu dagana 4.–5. mars 2010. Á ráðstefnunni kynntu fjármálaráðherra og umhverfisráðherra vistvæna innkaupastefnu ríkisins og tilgang hennar. Einnig sagði Rikke Dreyer, sem unnið hefur hjá SKI, systurstofnun

Ríkiskaupa í Danmörku sl. 10 ár, frá því hvernig hefur verið staðið að innleiðingu vistvænna innkaupa hjá opinberum aðilum í Danmörku.

2. *Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd hjá Framkvæmdasýslu ríkisins frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.*

Framkvæmdasýsla ríkisins leggur metnað sinn í að framfylgja eins og kostur er þeirri stefnu sem fram kemur í ritinu: Menningarstefna í mannvirkjagerð – Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í apríl 2007. Eitt af áhersluatriðum þessarar stefnu er vistvæn þróun í mannvirkjagerð. Stefna stjórnvalda um vistvæn innkaup, sem samþykkt var í mars 2009, leggur síðan aukna áherslu á þetta atriði. Sjá má menningarstefnu í mannvirkjagerð á vefslóðinni: http://www.fsr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4647.

Til að fá fram mismunandi sjónarhorn á mögulegar útfærslur á vistvænni þróun í mannvirkjageiranum bauð Framkvæmdasýslan, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið, til umræðufundar í apríl 2009 um hvaða möguleikar væru fyrir hendi til þess að aðlaga BREEAM-vottunarstaðalinn að íslenskum aðstæðum. Á fundinum voru aðilar frá British Research Institute, íslenskir hönnuðir, fulltrúar stjórnvalda, háskólasamfélagsins og Þróunarvettvangs á sviði mannvirkjagerðar. Mikil og fróðleg umræða fór fram á fundinum um stefnur og strauma í vottunarmálum fyrir vistvænar byggingar.

Í maí 2009 boðaði Framkvæmdasýslan til opins fundar til að ræða samtök um vistvænar byggingar (Green Building Council), reynslu Hollendinga og möguleika á að koma slíku samstarfi á fót á Íslandi. Á fundinn mætti fulltrúi frá Dutch Green Building Council og sagði hún annars vegar frá stofnun þeirra samtaka í Hollandi og hins vegar lýsti hún því hvernig Hollendingar aðlöguðu BREEAM-vottunarkerfið að aðstæðum í Hollandi.

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, tók virkan þátt í stofnun samtakanna Vistvæn byggð, vettvangs um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð. Undirbúningshópur hefur hist reglulega frá sumrinu 2009 til að móta ramma og framtíðarsýn fyrir samtökin, en þau voru stofnuð í febrúar 2010 og er Framkvæmdasýslan einn af stofnaðilum.

Í október 2009 gaf Framkvæmdasýslan út kynningarritið Vistvænar byggingar. Markmiðið með útgáfu ritsins var að gera aðgengilegt almennt kynningarefni um vistvænar áherslur í byggingariðnaði. Ritinu hefur m.a. verið dreift til sveitarfélaga, skóla og þingmanna, en það er einnig aðgengilegt á vef FSR, http://www.fsr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5201.

Faghópur FSR um vistvæna þróun vann umhverfisstefnu fyrir innri starfsemi FSR sem tók gildi í nóvember 2009. Hópurinn er núna að útbúa leiðbeiningar, meðal annars varðandi innkaup, til að gera umhverfisvinnunna framkvæmanlega og mælanlega. Önnur verkefni er lúta að vistvænum verkefnum eru eftirfarandi:

– Í nóvember 2009 rýndi faghópur Framkvæmdasýslunnar um vistvæna þróun drög umhverfisráðuneytisins að stefnunni Velferð til framtíðar. Megináherslur 2010–2013 út frá sjónarmiði mannvirkjageirans. Athugasemdir voru sendar til umhverfisráðuneytisins.
– Í nóvember 2009 var bætt við flipa með upplýsingum um vistvæna þróun á vefsíðu FSR. Þar er fjallað um umhverfisvinnu Framkvæmdasýslunnar, en einnig er þar að finna viðeigandi tengla, kynningar og rit.
– Í janúar 2010 var faghópur FSR um vistvæna þróun með kynningu um vistvænar byggingar fyrir hóp Stjórnvísis um umhverfis- og öryggisstjórnun.

– Í febrúar 2010 var komið á fót samstarfi á milli Framkvæmdasýslunnar og Statsbygg (systurstofnun FSR í Noregi), varðandi innleiðingu útreikninga á vistferilskostnaði (Life Cycle Cost, LCC). Í marsmánuði 2010 hófst síðan samstarf á þessu sviði við Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar.
– Í febrúar 2010 átti Framkvæmdasýslan frumkvæði að þátttöku í samnorrænu verkefni um vistvæn opinber innkaup og staðla í byggingargeiranum hjá Nordic Innovation Center (NICe). Verkefnið stendur til júní 2010 og í febrúar var sendur fulltrúa fyrir Íslands hönd á vinnufund í Kaupmannahöfn.
– Í febrúar 2010 var komið á fót samstarfi á milli FSR og hóps á vegum Arkitektafélags Íslands sem hefur sótt um styrk til búa til íslenskt kennsluefni um sjálfbærni í byggingarlist.
– Í mars 2010 er framvinduskýrsla um umhverfisvinnu og umhverfisvottunarferli í Húsi íslenskra fræða í vinnslu hjá Framkvæmdasýslunni.
– Starfsmenn Framkvæmdasýslunnar hafa skrifað grein um vistvænar byggingar fyrir næsta tölublað tímarits arkitekta, en þemað í því blaði verður sjálfbær arkitektúr.

Frá því í febrúar hefur Framkvæmdasýslan verið í sambandi við Umhverfisstofnun með það að markmiði að verða leiðsöguverkefni fyrir Svansklúbbinn. Annars staðar á Norðurlöndum hefur umhverfismerkið Svanurinn lengi starfrækt félag fyrir fyrirtæki sem hafa samþykkt umhverfisstefnu og leggja áherslu á umhverfismerktar vörur við innkaup. Á hverju ári þurfa félagar meðal annars að skila yfirliti yfir kaup á umhverfismerktum vörum. Á Íslandi verður Svansklúbburinn væntanlega stofnaður í maí 2010 á 20 ára afmælisráðstefnu Svansins.

Sem dæmi um verkefni á vegum Framkvæmdasýslunnar eru í mars 2010 tvær byggingar í sérstöku hönnunarferli vistvænna bygginga, þ.e. Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi og Hús íslenskra fræða í Reykjavík. Hús íslenskra fræða fylgir jafnframt aðferðafræði BIM. Auk þess er ein bygging komin á framkvæmdastig eftir að hafa farið í gegnum slíkt ferli en það er Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri sem verður fyrsta umhverfisvottaða byggingin á Íslandi. Allar þessar byggingar munu fá vottun samkvæmt alþjóðlega vottunarkerfinu BREEAM.

3. *Hvernig hefur stefna um vistvæn innkaup ríkisins verið innleidd hjá Fasteignum ríkissjóðs frá því að hún var samþykkt í mars 2009? Óskað er eftir dæmum um innleiðingu.*

Verkefni Fasteigna ríkissjóðs eru viðhald, breytingar og endurbætur á húsnæði ríkisins sem stofnunin hefur umsjón með. Nýbyggingar liggja hins vegar ekki á hennar verksviði. Notendur sjá sjálfir um allan almennan rekstur, svo sem ræstingu og orkukaup. Þessu fylgir að aðkoma stofnunarinnar að vistvænum innkaupum er nokkuð önnur en ef hún sæi um allan daglegan rekstur og stýrði verkferlinu allt frá hönnun til úreldingar húsnæðis.

Fasteignir ríkissjóðs eru aðili að og fjárhagslegur bakhjarl að verkefninu BIM-Ísland (Building Information Model) ásamt átta öðrum stofnunum hjá ríki og borg. BIM er aðferðafræði sem hefur rutt sér til rúms víða um heim og á að stuðla að betri hönnun með skilvirkara upplýsingastreymi og nánara samstarfi allra hagsmunaaðila, allt frá frumstigi hönnunar. Tilgangurinn er að lækka líftímakostnað bygginga með því að sjá fyrir, ekki bara byggingarkostnað, heldur einnig rekstrarkostnað út líftíma byggingarinnar miðað við mismunandi forsendur í hönnun og efnisvali. Þar má t.d. bera kostnað við val á vistvænum byggingarefnum saman við aðra kosti og reikna orkukostnað áratugi fram í tímann. Lægri líftímakostnaður

er til marks um minni stofnkostnað, lægri rekstrarkostnað og þar með minni sóun verðmæta. Árangur sem næst á þessu sviði minnkar álagið á vistkerfið.

Fasteignir ríkissjóðs eru einnig einn af stofnaðilum sjálfseignarstofnunar um vistvæna mannvirkjagerð á Íslandi sem var stofnuð í febrúar sl. Tilgangur félagsins er að vera mótandi afl um sjálfbæra þróun manngerðs umhverfis á Íslandi. Liður í því er til að mynda umhverfisvottun bygginga samkvæmt breska staðlinum BREEAM eða þeim bandarísku LEED.

Umræðan um umhverfisvernd hefur staðið lengi og leitt til margvíslegra laga- eða reglusetninga í helstu viðskiptalöndum Íslands. Framboð á byggingarefnum hér á landi tekur t.d. mið af tilskipunum ESB um hvaða efni sé heimilt að nota við framleiðslu byggingarefna. Sem dæmi um slíka þróun í átt að vistvænni byggingarefnum er acrýlmálning í stað olíumálningar, flúrperur í stað glópera og glýcol í stað freóns. Fasteignir ríkissjóðs telja sér skylt að fylgja þessari þróun svo sem kostur er. Slíkt getur þó verið annmörkum háð í eldra húsnæði þar sem togast á verndunarsjónarmið og virðing fyrir gömlu handbragði og umhverfis- eða hagræn sjónarmið.

Fasteignir ríkissjóðs hafa beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr orkukostnaði hjá stofnunum. Þótt víðast sé um svokallaða græna orku að ræða draga slíkar aðgerðir úr sóun fjármuna. Nýleg dæmi um slíkt eru nýjar útveggjaeiningar með aukinni einangrun í rannsóknahúsi RALA á Keldnaholti. Verkinu er ekki lokið en ársnotkun á heitu vatni hefur þegar verið reiknuð niður sem nemur 1,2 millj. kr. á ári. Í Heilbrigðisstofnun Þingeyinga er verið að endurnýja allt lagnakerfi, ásamt stýringum. Reiknaður sparnaður í orkukostnaði er um 1,7 millj. kr. á ári.

Þá hafa Fasteignir ríkissjóðs keypt ráðgjöf af Verkfræðistofunni Vista og fleirum varðandi samtímamælingar á orkunotkun og betri orkunýtingu. Sú vinna hefur skilað verulegum sparnaði og þær stofnanir sem hafa notið átaksins eru MK, MÍ og Borgarholtsskóli. Niðurstöður um árangur liggja fyrir í greinargóðum skýrslum.

882. Frumvarp til laga [504 mál]

um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Margrét Tryggvadóttir, Eygló Harðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Tryggvi Þór Herbertsson.

1. gr.

Stofna skal sérstaka nefnd á vegum Alþingis sem rannsaki verklag og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og til loka ársins 2009 en þá tók eftirlitsnefnd samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, til starfa. Nefndin skal kanna starfsvenjur og verklagsreglur eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja og framkvæmd þeirra með tilliti til samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða og skal nefndin kanna hvernig íslensk fjármálafyrirtæki hafa framfylgt tilmælum stjórnvalda frá 2. desember 2008 um aðgerðir til að bæta rekstrar-

umhverfi fyrirtækja og áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Nefndin skal, meðal annars í þeim tilgangi að eyða tortryggni og grunsemdum um óeðlileg vinnubrögð innan fjármálastofnana, leggja mat á hvort mistök, mismunun eða óeðlilegir starfshættir hafi átt sér stað á þessum tíma.

Nefndin skal í þessu skyni:

a. afla upplýsinga um verklag og ákvarðanir hjá fjármálafyrirtækjum við sölu fyrirtækja, fjárhagslega endurskipulagningu þeirra, afskriftir skulda og almenna fyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum og eigendum fyrirtækja sem eru í fjárhagsvandræðum,
b. meta hvort farið hafi verið eftir tilmælum stjórnvalda og samkeppnisyfirvalda og einnig hvort að hlutlægni og jafnræði hafi verið höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku,
c. gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um óeðlilega starfshætti, og
d. skila til Alþingis skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar.

2. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tilgreind eru í 1. gr.

Í nefndinni skulu eiga sæti:

a. dómari við Hæstarétt skipaður af forsætisnefnd Alþingis og skal dómsmálaráðherra veita honum leyfi frá störfum réttarins meðan nefndin starfar,
b. sérfræðingur í banka- og fjármálarétti eða öðrum tengdum réttarsviðum, skipaður af forsætisnefnd Alþingis,
c. hagfræðingur, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi eða annar háskólamenntaður sérfræðingur, sem hefur víðtæka þekkingu á starfsemi fjármálamarkaða og fjármálafyrirtækja, skipaður af forsætisnefnd Alþingis.

Nefndin skal í störfum sínum vera óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

3. gr.

Um hæfi nefndarmanna skal fara eftir sömu reglum og í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nefndarmanni ber að víkja sæti ef hann tengist einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara.

Ákvæði 2. mgr. skulu ekki standa því í vegi að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkar upplýsingar nauðsynlegar til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

4. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum og lögaðilum er skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar. Nefndinni er heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til

að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og er viðkomandi þá skylt að mæta. Heimilt er að taka það sem fer fram á slíkum fundum upp á hljóð- eða myndband.

Skylt er að verða við kröfum nefndarinnar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu t.d. skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um starfsemi fjármálafyrirtækja.

5. gr.

Nefndinni er heimilt í þágu rannsóknarinnar að beita ákvæði 73. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, til þess að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

Nefndin getur við rannsókn máls gert athuganir á starfsstöð opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn ef nefndin telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein skal fylgja ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um leit og hald á munum. Nefndinni er heimilt að leita atbeina lögreglu við framkvæmd leitar.

6. gr.

Sérhverjum er skylt að koma fyrir nefndina til skýrslutöku krefjist hún þess. Nefndin skal tilkynna þeim sem hún óskar eftir að komi fyrir nefndina um skýrslutökuna með sannanlegum hætti og upplýsa um stað og stund hennar. Taka skal upp það sem fram fer í skýrslutöku á hljóð- eða myndband.

Þeim sem kemur fyrir nefndina á fund skv. 4. gr. eða er kallaður til skýrslugjafar skv. 1. mgr. er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

7. gr.

Óheimilt er að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta mann gjalda þess á annan hátt ef hann hefur látið nefndinni í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að viðkomandi aðili hefur veitt nefndinni upplýsingar.

8. gr.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

9. gr.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum ekki síðar en 1. janúar 2011.

Forseti Alþingis og formenn þingflokka fjalla um skýrslu nefndarinnar og gera tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðum hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt helsta verkefni íslenskra stjórnvalda um þessar mundir er að tryggja einstaklingum og fyrirtækjum lausnir við þeim skuldavanda sem nú blasir við bæði heimilum og fyrirtækjum. Nokkur umræða hefur sprottið um starfsemi og ákvarðanatöku fjármálafyrirtækja síðan í október 2008 og tortryggni verið mikil í þeirra garð. Markmið þessa frumvarps er að skapa

traustan farveg fyrir þá umræðu. Lögð er til stofnun sérstakrar nefndar sem er sjálfstæð og óháð og skal fara yfir starfsemi fjármálafyrirtækjanna frá október 2008 til ársloka 2009.

Sú sérstaka staða er nú uppi að fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og geta fjármálafyrirtæki þurft að taka erfiðar og afdrifaríkar ákvarðanir sem hafa áhrif á hvort fyrirtæki halda lífi eða ekki. Frá setningu neyðarlaganna svokölluðu og fram til loka árs 2009 var ekkert eftirlit með því hvernig fjármálafyrirtæki tóku ákvarðanir um afskriftir skulda, fjárhagslega endurskipulagningu og fleira því tengt. Í lok ársins 2009 voru samþykkt lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, og gerðu þau ráð fyrir að sérstök eftirlitsnefnd yrði stofnuð til þess að hafa eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar samkvæmt lögunum. Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að kanna og fylgjast með því hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgi samræmdum reglum sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa sett sér um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og voru staðfestar 2. mars 2010 af Fjármálaeftirlitinu. Eftirlitsnefnd þessi tók til starfa í lok árs 2009 en lögin um hana tóku gildi 31. október 2009. Ljóst er af lögum nr. 107/2009 að eftirlit nefndarinnar nær ekki lengra aftur í tímann en til 31. október 2009. Því má segja að nokkurs konar tómarúm hafi myndast á tímabilinu frá október 2008 loka október 2009.

Markmið frumvarps þessa er því að setja á fót nefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka starfsemi fjármálafyrirtækjanna í þessu millibilsástandi, en frumvarpið er að nokkru leyti byggt á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Ýmsar sögusagnir hafa gengið um ósamræmd og ógagnsæ vinnubrögð og hafa margir leitt að því líkur að fjármálafyrirtæki hafi mismunað viðskiptavinum sínum og hvorki hugað að samkeppnissjónarmiðum né jafnræðissjónarmiðum. Þessu hafa fjármálafyrirtækin vísað á bug og haldið því fram að allar ákvarðanir hafi verið teknar á grundvelli almenns mats og í þeim eina tilgangi að hámarka verðmæti og tryggja hagsmuni bankanna. Flutningsmenn telja mikilvægt að nefndin taki í skýrslu sinni afstöðu til þess á hvaða hátt skuli birta upplýsingar um afskriftir skulda til handa fyrirtækjum og eigendum þeirra. Sérstaklega skuli nefndin huga að því, með almannahagsmuni að leiðarljósi, að birta í skýrslunni upplýsingar um hvaða aðilar hafi fengið felldar niður skuldir sínar við fjármálafyrirtæki. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um meðferð mála sem tengjast afskriftum og endurskipulagningu hjá fjármálafyrirtækjum telja flutningsmenn mikilvægt að sett verði á fót sú nefnd sem frumvarp þetta fjallar um, enda telja þeir það afar mikilvægt og til hagsbóta fyrir alla aðila, bæði almenning og fjármálafyrirtækin, að grunsemdum sé eytt svo að traust skapist aftur á bankastarfsemi í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er hlutverk nýrrar rannsóknarnefndar skilgreint í fjórum liðum og auk þess fjallað um ástæður þess að stofnað er til rannsóknarinnar. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt ákvæðinu er í fyrsta lagi að afla upplýsinga um ákvarðanatöku og verklag fjármálafyrirtækja t.d. með því að fara yfir fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sölu þeirra, afskriftir skulda og almennar fyrirgreiðslur í bankakerfinu á tímabilinu frá október 2008 til áramóta 2009. Í öðru lagi skal nefndin meta hvort fjármálastofnanir hafi farið eftir tilmælum um hlutlægni, jafnræði og samkeppnissjónarmið. Í þriðja lagi skal nefndin tryggja að ef upp kemst um óeðlilega starfshætti við rannsókn nefndarinnar verði hlutaðeigandi yfirvöldum tilkynnt um slíkt. Hægt er að sjá fyrir sér að nefndin sendi tilteknar upplýsingar um starfsemi fjár-

málafyrirtækjanna til Fjármálaeftirlitsins sem er eftirlitsaðili þeirra. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að nefndin safni upplýsingum og setji fram rökstudda niðurstöðu í skýrslu til Alþingis.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun nefndarinnar og tiltekið að skipa skuli þriggja manna nefnd til þess að sinna rannsókninni. Í nefndinni skuli sitja hæstaréttardómari, sérfræðingur í banka- og fjármálarétti og hagfræðingur, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi eða annar háskólamenntaður sérfræðingur með sambærilega menntun. Markmið þessarar greinar og skilyrða um hæfni nefndarmanna er að tryggja að rannsóknin fari fram af hæfum og óháðum einstaklingum sem búi yfir þekkingu og reynslu til að fara yfir flókin bankaviðskipti. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis hlutist til um skipanir aðila í nefndina. Aðkoma dómsmálaráðherra er nauðsynleg hvað varðar skipun hæstaréttardómara í nefndina enda þarf að veita viðkomandi dómara leyfi frá störfum meðan á rannsókninni stendur. Þá er í greininni tiltekið að nefndin sé sjálfstæð og óháð fyrirmælum frá öðrum, þar á meðal Alþingi.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um hæfi nefndarmanna fari eftir 3. gr. stjórnsýslulaga þar sem lýst er vanhæfisástæðum og öðrum aðstæðum sem dregið geta óhlutdrægni nefndarmanns í efa. Í 2. mgr. kemur fram að þagnarskylda hvíli á nefndarmönnum og er þá átt við þagnarskyldu samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í 3. mgr. segir að tilvísun til þagnarskyldu samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skuli ekki standa því í vegi að nefndin geti birt upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu ef nefndin telur að upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að rökstyðja niðurstöður sínar. Þó ber nefndinni að gæta varúðar í meðförum upplýsinga um persónuleg málefni einstaklinga og aðeins birta slíkar upplýsingar ef verulegir almannahagsmunir eru af birtingunni. Ljóst er að hluti af umfjöllun nefndar þessarar getur snert persónuleg málefni einstaklinga og því er mikilvægt að nefndarmenn vandi mat sitt á því hvað telst nauðsynlegt að birta.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins skyldar einstaklinga, stofnanir og lögaðila til að verða við kröfum nefndarinnar um upplýsingar, gögn og fleira. Einnig er þar tekið fram að nefndinni sé heimilt að kalla til sín einstaklinga til fundar og afla munnlegra upplýsinga sem heimilt er að hljóðrita. Seinni málsgreinin felur í sér mikilvæga heimild til handa nefndinni þar sem í henni felst skylda til að láta af hendi upplýsingar sem leynt skulu fara á grundvelli bankaleyndar, sbr. 58. gr. laga um starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 161/2002. Eðlilegt verður að teljast að nefndin fái þessar heimildir, enda um að ræða upplýsingar sem hljóta að teljast forsenda rannsóknarinnar.

Um 5. gr.

Ákvæðið veitir nefndinni heimild til þess að beita 73. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, til þess að loka húsum eða geymslustöðum, afgirða svæði, varna mönnum för eða banna að fara með ákveðna muni burt. Þetta eru allt úrræði sem ekki þarf dómsúrskurð fyrir og þjóna því markmiði að koma í veg fyrir að gögnum verði spillt.

Þá segir einnig í greininni að nefndin geti gert athuganir á starfsstöðvum opinberra stofnana, fyrirtækja, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og geti lagt hald á gögn sem nauðsyn-

leg eru í þágu rannsóknarinnar. Um framkvæmd slíkrar aðgerðar gilda ákvæði í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Um 6. gr.

Ákvæðið skyldar hvern þann sem nefndin óskar eftir að fá á fund sinn að hlýða kalli um skýrslutöku. Einnig er skylt samkvæmt ákvæðinu að skýrslutakan sé tekin upp á hljóð- eða myndband, ólíkt því sem segir í 4. gr. þar sem upptaka er valkvæð. Heimilt er þeim sem kemur fyrir nefndina, hvort sem er til að gefa skýrslu eða til að veita munnlegar upplýsingar skv. 4. gr., að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

Um 7. gr.

Markmið ákvæðisins er að tryggja réttindi þeirra aðila sem láta nefndinni í té upplýsingar. Er þar átt við réttindi sem viðkomandi aðili á hjá t.d. vinnuveitanda sínum og er með þessu reynt að girða fyrir að vinnuveitandi láti starfsmann gjalda fyrir það að hafa afhent nefndinni upplýsingar, t.d. með því að segja upp samningi við hann, rýra réttindi hans eða láta viðkomandi gjalda þess á annan hátt. Ákvæðið gerir kröfu um að orsakatengsl séu milli upplýsingagjafar til nefndarinnar og þeirrar ákvörðunar sem takmarkar eða rýrir réttindi viðkomandi aðila en erfitt getur verið fyrir aðilann sem veitti upplýsingar að færa sönnur á meðferð sem hann hlaut. Því er tekið fram í ákvæðinu að séu leiddar líkur að því að viðkomandi einstaklingur hafi verið látinn gjalda þess að hafa veitt nefndinni upplýsingar þurfi gagnaðilinn að sanna sjálfur að þær ástæður hafi ekki legið að baki ákvörðun um að slíta vinnusamningi t.d. eða breyta kjörum viðkomandi aðila.

Um 8. gr.

Upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni má ekki leggja fram sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað hefur verið gegn honum. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt þar eð málsmeðferð samkvæmt lögum þessum er ekki sambærileg við rannsókn hjá lögreglu eða rannsókn á grundvelli laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og því ekki tryggt að viðkomandi einstaklingur hafi notið allra þeirra réttinda á rannsóknarstigi sem honum eru veitt samkvæmt þeim lögum og samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu Því er mælt svo fyrir um í ákvæðinu að sjálfstæð gagnaöflun skuli fara fram verði sakamál höfðað gegn einstaklingi sem gefið hefur skýrslu fyrir nefndinni.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er tiltekið að nefndin skuli skila niðurstöðum sínum ekki síðar en 1. janúar 2011. Síðan er gert ráð fyrir að Alþingi taki sérstaklega afstöðu til skýrslunnar og ákveði meðferð hennar.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

883. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna).

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Við 113. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Með sama hætti er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 6. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 94. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin á og þeirra sem síðar eru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

884. Frumvarp til laga [460. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (bílaleigur).

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum sem við gildistöku ákvæðis þessa hafa leyfi til að reka bílaleigu samkvæmt lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, er heimilt við kaup á notuðum fólksbifreiðum að reikna innskatt af kaupverði bifreiða sem verða til útleigu, þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu á viðkomandi bifreiðum til bílaleigunnar. Innskatturinn skal nema 20,32% af kaupverði bifreiðar.

Fjöldi keyptra bifreiða samkvæmt heimild 1. mgr. má ekki vera meiri en 15% af heildarfjölda fólksbifreiða sem eru í eigu bílaleigunnar 1. júlí 2010.

Endursala bifreiða sem um ræðir í 1. mgr. telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sundurliða skal í bókhaldi upplýsingar um kaup og sölu bifreiðanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Heimild skv. 1. og 2. mgr. gildir til 31. desember 2010.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

885. Þingsályktun [396. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Þjónustutilskipun), og um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Alþingi ályktar með vísan í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um þjónustutilskipun Evrópusambandsins, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi 26. maí 2009, að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009, frá 9. júní 2009, um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Þjónustutilskipun), og breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við samninginn.

886. Þingsályktun [397. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 706.

887. Lög [68. mál]

um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 858.

888. Lög [386. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna).

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 883.

889. Lög [446. mál]

um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 767.

890. Lög [460. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (bílaleigur).

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2010.)

Samhljóða þskj. 884.

891. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd. Umsagnir um málið bárust frá ASÍ, embætti sérstaks saksóknara, Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Íbúðalánasjóði, Neytendastofu, réttarfarsnefnd, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði verði bætt við XXVII. kafla laganna þess efnis að tímamörk og frestir til að rifta ráðstöfunum þrotamanns skv. XX. kafla laganna skuli á tímabilinu 6. október 2008 til 31. desember 2011 vera fjögur ár.

Nefndin ræddi þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í XX. kafla laganna er að finna almennar reglur um riftun og eru riftunarreglurnar í 131.–139. gr. bundnar við nánar tilgreind atvik sem átt hafa sér stað á tilteknu tímabili fyrir frestdag við skiptin. Þessir tímafrestir eru í flestum tilvikum sex mánuðir en rýmri frestir allt upp í tvö ár geta átt við þegar í hlut eiga þeir sem eru nákomnir þrotamanni. Með riftunarreglunum er þrotabúi gert kleift að ná undir skiptin eignum sem ráðstafað hefur verið í aðdraganda skipta eða leiðrétta misмun milli kröfuhafa og tryggja jafnræði meðal lánardrottna skuldarans. Flestar riftunarreglur eru hlutlægar í þeim skilningi að þrotabúið þarf ekki að sanna að sá sem riftunarkrafa beinist að hafi verið grandsamur um fjárhag skuldara (þrotamanns) á þeim tíma sem riftanleg ráðstöfun fór fram.

Í umsögn réttarfarsnefndar um málið kom m.a. fram gagnrýni á það að með frumvarpinu er lagt til að allir frestir til að rifta ráðstöfunum verði rýmkaðir tímabundið í fjögur ár óháð því hvort um sex mánaða frest eða allt að tveggja ára frest samkvæmt lögunum er að ræða. Samkvæmt frumvarpinu skal riftunarfrestur ná aftur til 6. október 2008 og eru því sex mánaða frestir sem byrjuðu að líða frá þeim tíma nú löngu liðnir. Af því leiðir að ráðstöfun gæti verið riftanleg verði frumvarpið að lögum þótt svo hafi ekki verið samkvæmt gildandi lögum í nærfellt sautján mánuði. Bendir réttarfarsnefnd á að með þessu feli frumvarpið í sér afturvirkni sem mjög hljóti að orka tvímælis hvort staðist geti ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Nefndin telur þessar athugasemdir réttmætar og leggur því til breytingu á frumvarpinu í samræmi við almennar lagaskilareglur þannig að ekki verði hróflað við þeim tímafrestum sem liðnir eru en þeir frestir sem ekki eru liðnir, þ.e. tveggja ára frestir, verði rýmkaðir. Nefndin tekur í því sambandi fram að mál verða sífellt flóknari og því tíma-

frekara að fara t.d. ofan í það hvort kröfuhöfum hafi verið mismunað eða hvort um málamyndagerninga sé að ræða. Nefndin telur því nauðsynlegt að framlengja frestina og leggur til að þeir frestir verði rýmkaðir tímabundið þannig að þeir gildi í þeim málum sem höfðuð eru fyrir árslok 2012.

Nefndin ræddi einnig um málshöfðunarfresti gjaldþrotalaga á fundum sínum en skv. 148. gr. þeirra verða þrotabú að höfða riftunarmál innan sex mánaða frá því að skiptastjóri átti þess fyrst kost að gera kröfuna. Samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki er málshöfðunarfresturinn tvö ár. Í umsögn réttarfarsnefndar er tekið fram að þegar krafa um gjaldþrotaskipti hefur verið tekin til greina liggur fyrir frestdagur við skiptin en af honum ráðast riftunarfrestir. Hún bendir sérstaklega á að á hinn bóginn sé hættara við að málshöfðunarfrestir 148. gr. laganna renni út ef skiptin ganga ekki greiðlega. Nefndin telur því ljóst að við þessu þurfi að bregðast með sömu rökum og búa að baki tillögum um lengingu riftunarfresta. Nefndin leggur því til að við bráðabirgðaákvæðið bætist að málshöfðunarfrestur skuli vera tólf mánaða frestur fram til ársloka 2012.

Nefndin tekur fram að við þær aðstæður sem nú eru í viðskiptalífinu sé í reynd verið að gefa aðilum lengri fresti til að vera í rekstri án þess að beita vanefndaúrræðum en telur að sama skapi sé nauðsynlegt að veita aðhald og lengja fresti ekki um of til þess að gæta jafnræðis gagnvart réttindum kröfuhafa. Telur nefndin að með lögfestingu þessara lengdu fresta sé meðalhófs gætt og að þetta sé mikilvægur þáttur í því að byggja upp traust í þjóðfélaginu að nýju.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við XXVII. kafla laganna bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Að því leyti sem í ákvæðum 2. mgr. 131. gr., 2. mgr. 132. gr., 2. mgr. 133. gr., 2. mgr. 134. gr., 2. mgr. 137. gr. og 2. mgr. 138. gr. laganna er kveðið á um tuttugu og fjögurra mánaða frest skal sá frestur vera fjörutíu og átta mánuðir í þeim málum sem höfðuð eru fyrir árslok 2012.

Jafnframt skal sex mánaða málshöfðunarfrestur í 148. gr. laganna vera tólf mánaða frestur fram til ársloka 2012.

Árni Þór Sigurðsson, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. mars 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Ögmundur Jónasson.
Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.	Róbert Marshall.

892. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Atli Gíslason, Róbert Marshall,
Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson,
Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Jón Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar“ í 7. mgr. kemur: framkvæmd við útgáfu leyfa og skilyrði fyrir leyfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135. og 136. löggjafarþingi.

Samkvæmt 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er meginreglan sú að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Fjárveitingavaldinu ber því að tryggja að nægilegt fé sé veitt til löggæslumála ár hvert svo að unnt sé að halda uppi lögum og allsherjarreglu í landinu. Í 1. mgr. 34. gr. laganna var þar til í júlí 2007 að finna ákvæði sem heimilaði lögreglu að innheimta sérstakan löggæslukostnað af skemmtistöðum ef það væri metið svo að aukinnar löggæslu væri þörf.

Töluverðar deilur hafa oft sprottið af innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar og ungmennafélög hafa m.a. verið krafin um háar fjárhæðir vegna landsmóta. Heimild lögreglustjóra til að binda skemmtanaleyfi skilyrðum um aukna löggæslu og greiðslu löggæslukostnaðar byggðist þá á hæpinni lagastoð.

Vorið 2007 voru samþykkt á Alþingi ný lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, og tóku þau gildi 1. júlí það ár. Með 28. gr. laganna var 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga felld úr gildi. Í 17. gr. nýju laganna er nú skýrar en áður kveðið á um að leyfi þurfi fyrir skemmtunum og hátíðum og er þar talið upp í dæmaskyni að það gildi um útihátíðir, útitónleika, skóladansleiki og tjaldsamkomur. Aðeins virðist gert ráð fyrir að einkasamkomur falli utan við gildissviðið. Í samræmi við það er í 5. mgr. greinarinnar ákvæði sem heimilar að það skilyrði sé sett fyrir veitingu skemmtanaleyfis að leyfishafi greiði þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Lagastoð fyrir innheimtu löggæslukostnaðar hefur því verið treyst.

Flutningsmenn telja að meginreglan eigi að vera sú að hið opinbera greiði allan kostnað af þeirri löggæslu sem lögreglan telur nauðsynlega á hverjum tíma. Lögreglustjóri á að meta hversu mikillar löggæslu er þörf og þeir sem standa fyrir samkomum eru ekki í aðstöðu til að meta slíkt eða andmæla mati lögreglustjóra. Ljóst er að greiðsla löggæslukostnaðar kemur

illa niður á starfi ungmennasambanda og íþróttafélaga sem hafa reglulega staðið fyrir útihátíðum og tjaldsamkomum á sumrin, að ekki sé minnst á skólaskemmtanir.

Mjög mikillar mismununar gætir í þessum efnum um allt land og segja má að hugdettur ráði oft hvort löggæslugjald er innheimt eða ekki. Til að mynda eru engar gjaldtökur af hálfu ríkisins á stærstu samkomum landsins eins og á stórhátíðum í Reykjavík, Akureyri og reyndar í flestum byggðarlögum landsins sem standa að útihátíðum. Aðeins örfá sýslumannsembætti landsins rukka löggæslukostnað.

Þessi mismunun er óeðlileg og ósanngjörn fyrir utan það að fremur ætti að verðlauna fólk sem vill standa fyrir útihátíðum á Íslandi en refsa því. Þetta bitnar á þeim sem minna mega sín en hinir sleppa. Árið 1998 ákvað fjárlaganefnd Alþingis að leggja til ákveðið fjármagn á ári sem átti að dekka þennan kostnað (þá alls um 7 millj. kr.). Alþingi samþykkti þetta og þannig gekk það fyrir sig í tvö ár, en þá tók dómsmálaráðuneytið til sinna ráða og úthlutaði þessum peningum að eigin geðþótta og síst til þeirra sem voru rukkaðir um löggæslugjald. Þar með hvarf þessi fjárlagaliður inn í heildarpakka ráðuneytisins og þeir sem á brann sátu óbættir hjá garði.

Niðurfelling þessarar gjaldtöku er einfalt réttlætismál. Af þeim sökum er lagt til að heimild lögreglu í 5. mgr. 17. gr. laganna til að krefjast greiðslu löggæslukostnaðar verði felld brott ásamt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd við innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar í reglugerð.

893. Frumvarp til laga [506. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Frá tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 61. gr. vegna tekjuáranna 2010 og 2011 er heimilt að draga fjárhæð sem greidd er fyrir vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði til eigin nota eða til útleigu utan atvinnurekstrar á grundvelli framlagðra reikninga fyrir vinnu sem unnin er á þeim árum. Frádráttur þessi getur þó aldrei orðið hærri en 50% af greiddri vinnu samkvæmt framangreindu án virðisaukaskatts og að hámarki 200.000 kr. hjá manni og 300.000 kr. hjá hjónum eða samsköttuðum.

Frádráttur þessi er háður því að skilað hafi verið launamiðum eða verktakamiðum með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður og tilskildum gögnum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni. Frádrátturinn kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skilyrði og framkvæmd frádráttar samkvæmt þessari grein, m.a. um framkvæmd frádráttar vegna vinnu sem greidd er af húsfélögum og eigendum húsnæðis sem þeir leigja til íbúðar utan atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er með ákvæði til bráðabirgða lögð til breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem felur í sér heimild manna til að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Heimild þessi mun koma til frádráttar tekjuskattsstofni við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna tekjuáranna 2010 og 2011.

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er með frumvarpinu lagt til að mönnum verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greidd vinnulaun vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota á grundvelli framlagðra reikninga. Frádrátturinn getur aldrei orðið hærri en 50% af því sem greitt er fyrir vinnuna og að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi eða 300.000 kr. hjá hjónum eða sambúðarfólki.

Með endurbótum og viðhaldi er m.a. átt við vinnu iðnaðarmanna, verkfræðinga og arkitekta hvort heldur sem er á íbúðarhúsnæðinu sjálfu eða lóð þess. Markmiðið með slíku ákvæði til bráðabirgða er að koma til móts við eigendur fasteigna sem þarfnast viðhalds en halda að sér höndum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði en fjölmennasti hópur á atvinnuleysisskrá eru þeir sem áður störfuðu við mannvirkjagerð. Frádráttarheimild hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt eins og atvinnuástandið er nú og horfur eru á því á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt litið svo á að slík tímabundin heimild sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og muni þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur frádráttarheimildin dregið úr greiðslum atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

Sú fjárhæð sem kemur til frádráttar frá skattstofni tekur mið af kostnaði við vinnu án virðisaukaskatts en þann skatt er heimilt að endurgreiða samkvæmt ákvæðum laga um virðisaukaskatt, sem lækkar kostnað við vinnu um nálægt 20%. Frádráttur samkvæmt þessari heimild mun þá leiða til ívilnunar sem numið getur u.þ.b. 16% til viðbótar. Sem dæmi má taka að sé reikningur fyrir vinnu að meðtöldum virðisaukaskatti 500.000 kr. endurgreiðast um 100.000 kr. sem virðisaukaskattur. Helmingur þess sem eftir er eða 200.000 kr. kæmi til frádráttar frá tekjuskattsstofni og getur leitt til lækkunar á tekjuskatti og útsvari um allt að 92.600 kr. Hámark þessarar ívilnunar hjá einhleypingi verður um 90.000 kr. og um 135.000 kr. hjá hjónum.

Áhrif þessa frádráttar á tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga geta orðið nokkur. Reglum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum var breytt í upphafi árs 2009. Fyrir þann tíma fengust 60% af greiddum skatti endurgreidd en nú fæst hann allur endurgreiddur. Lagabreytingin hafði þau áhrif að á árinu 2009 námu endurgreiðslurnar 1.475 millj. kr. en höfðu numið 1.005 m.kr árið 2008. Hækkunin er 46,7%. Einnig fjölgaði þeim sem fengu virðisaukaskattinn endurgreiddan. Þeir höfðu verið tæplega 6.200 en árið 2009 fengu 10.100 aðilar endurgreiðslu, sé miðað við að hver aðili hafi fengið skattinn endurgreiddan einu sinni. Stofn endurgreiðslunnar, þ.e. vinnuliður sem virðisaukaskattur var endurgreiddur af, dróst hins vegar saman um 12% og meðalstærð verkefna sem sótt var um endurgreiðslur af minnkaði um næstum helming. Þetta bendir til þess að einstaklingar hafi ráðist í smærri viðhaldsverkefni hugsanlega vegna niðurgreiðslunnar, verkefni sem annars hefðu ekki verið unnin. Meðalstærð verkefnis árið 2009 nam rétt tæpum 600.000 kr.

Ef gert er ráð fyrir að viðhaldsframkvæmdir við íbúðarhúsnæði verði óbreyttar milli ára má ætla að skattafslátturinn mundi nýtast að fullu. Þá er að vísu gert ráð fyrir því að fjöldi verkefna sé jafn mikill og fjöldi þeirra sem endurgreiðslu fengu og að verkefnin séu öll af svipaðri stærð. Frádrátturinn hefði numið 50% af fjárhæðinni og hefði lækkað tekjuskattsstofn um samtals allt að 3 milljörðum króna og tekjuskatt og útsvar um allt að 1,1 milljarð króna sem vera mundi tekjutap ríkis og sveitarfélaga að óbreyttu umfangi framkvæmda. Þessari aðgerð er hins vegar ætlað að auka umsvif í viðhaldsverkefnum frá því sem ella hefði verið.

Áætlað er að viðhaldskostnaður íslenskra heimila sem þau greiða sjálf hafi numið um 27 milljörðum króna árið 2008, sem er síðasta árið sem upplýsingar eru til um. Af þessum kostnaði er hér áætlað að launakostnaður sé um 25%, sem er nokkuð hærra en hlutfall launa í byggingarkostnaði alls. Viðhaldskostnaður í fjölbýlishúsum er venjulegast greiddur af húsfélögum og er ekki sérgreindur sem viðhald hjá heimilunum. Því til viðbótar er vinna við stækkun eða aðrar meiri háttar viðgerðir á íbúðarhúsnæði eða sumarhúsum skilgreind sem fjárfesting og ekki talin með viðhaldsliðum. Ef gengið er út frá viðhaldskostnaðinum eins og að ofan greinir og 25% hans talin vinnulaun ættu þessi umsvif að leiða til um 800 millj. kr. endurgreiðslu virðisaukaskatts miðað við þær reglur sem giltu árið 2008 (60% af virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað). Niðurgreiðslan það ár nam hins vegar um 1 milljarði króna sem er nokkurn veginn í samræmi við ofangreindar forsendur.

Á móti væntanlegu tekjutapi má gera ráð fyrir jákvæðum tekjuáhrifum. Í fyrsta lagi kann einhver hluti svartrar vinnu, sem þegar er til staðar, að koma upp á yfirborðið. Í öðru lagi, og að því leyti sem aukning verður á vinnumagni af þessum sökum, verður til nýr skattstofn hjá þeim sem vinnuna selja og í þriðja lagi kann með þessu að draga úr atvinnuleysisbótum.

Hægt er að meta lauslega hver áhrif gætu orðið af þessari aðgerð með eftirfarandi dæmi: Ef hjón ráðast í viðhaldsverkefni þar sem vinnuliðurinn er í samræmi við hámarksfrádrátt sem heimilaður er samkvæmt þessu frumvarpi og verkefnið er sams konar og samsetning byggingarvístölunnar þá má vinnuliður nema 600.000 kr. Miðað við 400.000 kr. mánaðarlaun iðnaðarmanns er hér um ein og hálf mánaðarlaun að ræða. Slíkt verkefni er 3 millj. kr. að heildarumfangi. Skattaafsláttur verkkaupans er um 120.000 kr. Sé atvinnuleysi ekki til staðar yrði um hreint tekjutap opinberra aðila að ræða en leiði þetta til aukinnar vinnu verður tekjuskattur og útsvar af nýjum launum umfram skattgreiðslur af atvinnuleysisbótum einnig um 120.000 kr. Auk þess minnkar þetta útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um yfir 200.000 kr. Þessu til viðbótar má nefna þrjá þætti: Í efnislið viðhaldsverkefnisins má ætla að 40% sé það sem nefnist innlent efni (t.d. gler, bárujárn, málning). Af kaupum á þeim fær ríkissjóður virðisaukaskatt og hann nemur um 200.000 kr. Því til viðbótar koma skattgreiðslur sem leiðir af hinni innlendu framleiðslu. Annar þáttur eru svo óbeinar skattgreiðslur einstaklings sem hefur nú verulega meiri ráðstöfunartekjur en meðan á atvinnuleysi stóð. Þá er greitt tryggingagjald af öllum launagreiðslum.

Heildaráhrifin ráðast af aukningu á umfangi viðhaldsframkvæmda og af því hvernig þær verða fjármagnaðar. Tilfærsla frá öðrum neysluútgjöldum dregur úr jákvæðum áhrifum en sé aukið viðhald fjármagnað með því að gengið er á sparifé eða með lántöku verða áhrifin meiri. Ætla verður að tímabinding frádráttarheimildarinnar muni stuðla að slíkri fjármögnun.

Áhrif frumvarpsins til lækkunar á tekjum sveitarfélaga verða væntanlega nokkru minni en áhrifin á tekjur ríkissjóð. Hlutdeild þeirra í tekjusköttum á laun yfir skattleysismörkunum eru um eða undir þriðjungi. Tekjutap þeirra, verði engar magnbreytingar, gæti því orðið um 300 millj. kr. Aukin umsvif munu bæta tekjur sveitarfélaga þar sem þau fá tekjur af auknum

vinnulaunum. Í dæminu sem sett er fram hér að framan yrði hlutur þeirra í skattalækkuninni um 40.000 kr. en hækkun vegna nýrra launa umfram atvinnuleysisbætur yrði um 50.000 kr.

Almennt eru þau viðhorf ríkjandi að varlega skuli farið í því að beita undanþágum í skattkerfinu og að frádrættir frá skattstofni séu sem minnstir. Sú tillaga sem hér er gerð víkur frá þeirri stefnu. Tilefnið sem skýrt er hér að framan er það ástand sem skapast hefur á vinnumarkaði í kjölfar bankahrunsins. Áætlað er að það ástand sé tímabundið og að þjóðin vinni sig út úr vandanum á næstu árum. Verður þá ekki lengur þörf á ráðstöfun sem þessari og er hún því tímabundin.

Auk þeirrar lagabreytingar sem hér er gerð tillaga um hefur einnig verið til athugunar að gera tillögu um frádrátt vegna aðkeyptrar heimilishjálpar, einkum fyrir aldraða og öryrkja. Það mál reyndist vera flóknara í framkvæmd og vandmeðfarnara. Verður það skoðað áfram og tillögur gerðar um það síðar ef það sýnist vænlegt til árangurs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds).

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við tekjuskattslögin ákvæði til bráðabirgða sem heimilar mönnum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Heimild þessi er veitt vegna tekjuáranna 2010 og 2011. Frádráttur þessi getur þó ekki orðið hærri en 50% af greiddri vinnu og að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum.

Heildaráhrif af þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um eru að á móti lækkun á tekjuskatti vegi að verklegar framkvæmdir einstaklinga muni aukast og tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti aukist sem og af öðrum óbeinum sköttum vegna vörukaupa sem notuð eru í viðhaldsverkefnum. Tekjur af atvinnutryggingargjaldi aukast vegna fjölgunar starfa og útgjöld ríkissjóðs vegna atvinnuleysisbóta minnka. Tekjur sveitarfélaga minnka vegna frádráttar frá tekju- og útsvarsstofni en aukast vegna aukinna atvinnutekna. Á móti kemur hins vegar að ef umsvif aukast á byggingamarkaði við tilkomu laganna skilar það sér í auknum veltusköttum. Reiknað er með að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr. Gert er hins vegar ráð fyrir að lagabreytingin leiði til 10% aukningar á viðhaldsverkefnum á vegum einstaklinga. Auknar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af efniskaupum þeirrar aukningar gæti orðið um 500 m.kr. auk þess sem skatttekjur af vinnulið aukningarinnar gætu numið um 150 m.kr. og minnkuð útgjöld vegna minna atvinnuleysis um 230 m.kr. Lækkun á tekju- og útsvarsstofni einstaklinga telst vera skattstyrkur sem færist til lækkunar á tekjum, en ekki sem útgjöld.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi teljandi áhrif á útgjöld skattkerfisins.

894. Frumvarp til laga [507. mál]

um breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Með fyrirvara um ákvæði 45. gr. og 46. gr. skal útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. f laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 86/2008, koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Veita má dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða ef útlendingur getur sýnt fram á ríka þörf á vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum, eða vegna mjög íþyngjandi félagslegra aðstæðna viðkomandi eða mjög íþyngjandi almennra aðstæðna í heimaríki eða í landi sem honum yrði vísað til. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef um barn er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvörðun.

Ef sótt hefur verið um hæli skv. 46. gr. skal fyrst skorið úr því hvort skilyrði eru til þess að veita hæli, áður en þessu ákvæði er beitt.

Heimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi skv. 12. gr. g í tvö ár hið minnsta, dvalarleyfi samkvæmt þessari grein ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. g laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 86/2008:

a. Í stað orðanna „e-lið 1. mgr. 46. gr.“ í d-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 46. gr. a.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Heimilt er að veita dvalarleyfi samkvæmt þessari grein þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr.
c. Á eftir orðunum „eitt ár“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: í senn.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Mæla má fyrir um réttaráhrif bráðabirgðadvalarleyfis í reglugerð sem sett er skv. 47. gr. b.

4. gr.

Á eftir 12. gr. g laganna kemur ný grein, 12. gr. j, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvalarleyfi sem flóttamaður.

Þegar flóttamanni er veitt hæli gefur Útlendingastofnun út dvalarleyfi.

Dvalarleyfi samkvæmt þessari grein skal veitt til þriggja ára hið minnsta og á flóttamaður rétt á endurnýjun dvalarleyfis að þeim tíma liðnum, nema skilyrði séu til að afturkalla hæli eða synjun á endurnýjun dvalarleyfis sé nauðsynleg vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna. Endurnýja má dvalarleyfi þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

Ráðherra getur sett frekari reglur um útgáfu dvalarleyfis fyrir flóttamenn og um rétt aðstandenda flóttamanna til dvalar, þar á meðal reglur sem takmarka rétt aðstandenda flóttamanna samkvæmt samningum sem íslenska ríkið á aðild að.

5. gr.

Á eftir orðinu „flóttamaður“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: skv. 44. gr.

6. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Málshraði.

Ákvörðun í máli útlendings skal hraðað eftir föngum. Skal útlendingur upplýstur reglulega um stöðu málsins.

Stjórnvald skal setja útlendingi ákveðinn frest til að kynna sér gögn máls og tjá sig um það. Máli skal ekki frestað að ósk aðila nema nauðsyn beri til.

7. gr.

Í stað 1. mgr. 25. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingi þegar í upphafi máls leiðbeint á tungumáli sem með sanngirni má ætla að hann geti skilið um réttindi hans og meðferð málsins. Útlendingi skal leiðbeint um:

a. rétt hans til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa á eigin kostnað,
b. rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingi, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., leiðbeint um:

a. rétt hans til að njóta aðstoðar túlks á öllum stigum máls; finnist ekki hæfur túlkur hér á landi innan sólarhrings eftir að slík beiðni kemur fram skal stjórnvald bjóða fram aðstoð túlks í gegnum síma,
b. rétt hans til að fá sér skipaðan talsmann við meðferð máls á kærustigi, sbr. 2. mgr. 34. gr.

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Birting ákvörðunar um frávísun og brottvísun.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun um frávísun eða brottvísun útlendings skal ákvörðunin tilkynnt honum skriflega svo fljótt sem verða má að viðstöddum starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem málið varðar. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru og um kærufrest.

9. gr.

Orðin „og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina“ í 2. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki:

a. í málum skv. 46. gr. a, þegar synjað er um efnismeðferð umsóknar,
b. í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar, og
c. í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við.

b. Á undan orðunum „1. mgr. 45. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 44. gr. eða.

c. 3. mgr. orðast svo:

Ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. má ekki framkvæma fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

11. gr.

Á eftir 5. málsl. 1. mgr. 33. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Að kröfu útlendings getur ráðherra þó ákveðið að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar sé talin ástæða til þess. Krafa þess efnis skal gerð ekki síðar en þremur dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum bundin því skilyrði að útlendingur beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá því að beiðni um það er synjað.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Orðin „þegar kærð er synjun, sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr., á meðferð umsóknar um hæli“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ef fylgdarlaust barn skv. 5. mgr. 44. gr. sækir um hæli skal stjórnvald skipa því talsmann úr hópi lögmanna.

13. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta hverfa aftur þangað, sbr. A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967. Um skilyrði þess að teljast flóttamaður er frekar mælt í 44. gr. a.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst einnig útlendingur sem telst ekki flóttamaður samkvæmt ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ef raunhæf ástæða er til

að ætla að hann eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði hann sendur aftur til heimalandsins. Sama gildir þegar um er að ræða ríkisfangslausan einstakling, verði hann sendur aftur til þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur.

Það er ekki skilyrði þess að útlendingur teljist flóttamaður skv. 1. eða 2. mgr. að hann hafi fullnægt þeim skilyrðum sem þar koma fram er hann yfirgaf land sitt eða land þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur. Þó má ákveða að sá njóti ekki verndar sem hefur með athöfnum sínum utan heimalands síns skapað aðstæður sem leiða til þess að hann hafi þörf fyrir vernd, ef sýnt er fram á að tilgangur athafnanna hafi verið sá að skapa slíka þörf eða ef um athafnir er að ræða sem eru refsiverðar.

Við mat skv. 1. og 2. mgr. skal taka tillit til þess ef um er að ræða barn.

Beita skal viðeigandi ákvæðum laganna þegar fylgdarlaust barn sækir um hæli. Með fylgdarlausu barni er átt við einhleypan einstakling undir átján ára aldri sem kemur inn á yfirráðasvæði ríkis án fylgdar fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á barninu samkvæmt lögum eða venju, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá hins fullorðna einstaklings. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir fylgdarlaust eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkisins.

14. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Nánar um ofsóknir skv. 44. gr.

Til þess að um sé að ræða ofsóknir skv. 1. mgr. 44. gr. verður að vera um að ræða athafnir sem í eðli sínu, eða vegna þess að þær eru endurteknar, fela í sér alvarleg brot á grundvallarmannréttindum, einkum ófrávíkjanlegum grundvallarmannréttindum á borð við réttinn til lífs og bann við pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, bann við þrældómi og þrælkun og bann við refsingum án laga. Sama á við um samsafn athafna, þ.m.t. ólögmæta mismunun, sem hafa eða geta haft sömu eða sambærileg áhrif á einstakling.

Þegar ástæður ofsókna skv. 1. mgr. eru metnar skal miða við skilgreiningar í a–e-lið þessarar málsgreinar. Ekki skiptir máli við mat skv. 1. mgr. 44. gr. hvort umsækjandi hefur þau einkenni eða skoðanir sem vísað er til ef sá sem er valdur að ofsóknum telur svo vera, en:

a. *kynþáttur* vísar einkum til húðlitar, ætternis og þjóðfélagshópa af tilteknum uppruna,
b. *trúarbrögð* vísa einkum til trúarskoðana og annarra lífsskoðana, þ.m.t. guðleysis, og tjáningar þeirra, þátttöku í hvers konar trúarsamkomum, opinberum eða ekki, eða ákvörðunar um að taka ekki þátt í þeim, aðgerða sem byggjast á trúarskoðunum og frelsi til að skipta um trú,
c. *þjóðerni* tekur ekki aðeins til ríkisborgararéttar eða ríkisfangsleysis heldur geta fallið þar undir þeir sem tilheyra tilteknum kynþætti eða tilteknum hópi fólks sem talar sama tungumál eða hefur sameiginlega menningarlega sjálfsmynd, sameiginlegan uppruna, landfræðilega eða pólitískt, eða hópi sem er skilgreindur út frá tengslum við hóp fólks á landsvæði annars ríkis,
d. *þjóðfélagshópur* vísar einkum til hóps fólks sem umfram það að sæta ofsóknum hefur sameiginleg einkenni eða bakgrunn sem ekki verður breytt, eða hefur sameiginleg einkenni eða lífsskoðanir sem eru svo mikilvægar sjálfsmynd þess að ekki ætti að gera kröfu til að þeim verði breytt eða það er talið til tiltekins þjóðfélagshóps þar sem það er álitið frábrugðið öðrum í samfélaginu,

e. *stjórnmálaskoðanir* vísa einkum til skoðana á stjórnvöldum sem kunna að beita ofsóknum og skoðana á stefnumótun þeirra og aðferðum, án tillits til þess hvort viðkomandi hefur aðhafst eitthvað til að tjá skoðanir sínar.

Þeir sem geta verið valdir að ofsóknum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eru:

a. ríkið,
b. hópar eða samtök sem stjórna ríkinu eða verulegum hluta landsvæðis þess, og
c. aðrir aðilar, sem ekki fara með ríkisvald, ef sýnt er fram á að ríkið eða hópar eða samtök skv. b-lið þessarar málsgreinar, þar með talið alþjóðastofnanir, geti ekki eða vilji ekki veita vernd gegn ofsóknum eða meðferð sem fellur undir 2. mgr. 44. gr., m.a. með því að ákæra og refsa fyrir athafnir sem fela í sér ofsóknir.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli í reglugerð.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: b-lið 2. mgr. 46. gr.
c. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Við ákvörðun um frávísun eða brottvísun geta stjórnvöld þó ákveðið að útlendingur njóti ekki verndar skv. 1. mgr. ef nauðsynlegt er vegna öryggis ríkisins, sbr. j-lið 1. mgr. 18. gr., d-lið 1. mgr. 20. gr. eða a-lið 2. mgr. 21. gr. Ákvörðun þess efnis getur ekki komið til framkvæmda fyrr en ekki er lengur fyrir að fara þeim aðstæðum sem fjallað er um í 1. mgr.
d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

   Gefa má út bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g þegar svo stendur á sem greinir í 3. mgr., en binda má það því skilyrði að það veiti ekki rétt á undanþágu frá atvinnuleyfi eða önnur réttindi sem fylgja bráðabirgðadvalarleyfi.
e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.*

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna, sbr. 32. gr. laga nr. 86/2008:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Flóttamaður skv. 44. gr., sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli.

   Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um:

   a. flóttamann sem fellur undir D- eða E-lið 1. gr. flóttamannasamningsins,
   b. flóttamann þegar ríkar ástæður eru til að ætla að:
      1. hann hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og þetta er skilgreint í alþjóðlegum samningum sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi,
      2. hann hafi framið alvarlegan ópólitískan glæp utan Íslands, áður en honum var veitt viðtaka sem flóttamanni, eða
      3. hann hafi orðið sekur um athafnir sem brjóta í bág við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna,

c. flóttamann skv. 2. mgr. 44. gr., ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu, eða
d. flóttamann skv. 2. mgr. 44. gr. ef útlendingurinn hefur yfirgefið heimaland sitt eða land þar sem hann hafði síðast fasta búsetu í þeim eina tilgangi að komast hjá refsingu fyrir eitt eða fleiri brot sem varða fangelsisrefsingu samkvæmt íslenskum hegningarlögum.

Um útlendinga sem falla undir 2. mgr. en sem ekki má vísa brott vegna ákvæða 45. gr., fer eftir ákvæðum þeirrar greinar.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um rétt aðstandenda til hælis.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlending skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 12. gr. f eða 12. gr. g.

17. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsókn um hæli verður ekki tekin til efnismeðferðar.

Með fyrirvara um ákvæði 45. gr. geta stjórnvöld synjað því að taka til efnismeðferðar umsókn skv. 1. mgr. 46. gr. ef:

a. umsækjanda hefur verið veitt hæli í öðru ríki,
b. umsækjandi hefur komið til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
c. krefja má annað norrænt ríki um að taka við umsækjanda samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins, eða samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja um endursendingu útlendinga sem hingað koma með ferjunni Norrænu, eða
d. krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna, um að taka við umsækjanda.

Þó skal taka umsókn um hæli til efnismeðferðar ef svo stendur á sem segir í b-, c- og d-lið 1. mgr., ef útlendingurinn hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd, eða ef sérstakar ástæður mæla annars með því.

Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd greinarinnar.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „dvalarleyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 12. gr. j.
b. Í stað 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um aðgang flóttamanna að menntun, sem og starfsþjálfun og endurmenntun vegna atvinnu, til jafns við íslenska ríkisborgara eða aðra útlendinga sem eru löglega búsettir í landinu. Sama á við um viðurkenningu á starfsréttindum og menntun flóttamanna.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um að þegar um er að ræða flóttamann sem fengið hefur hæli skv. 46. gr. megi víkja frá ákvæðum laga um biðtíma eða lágmarksbúsetutíma, sem sett eru sem skilyrði fyrir félagslegri aðstoð, réttindum félagslega tryggingakerfisins eða öðrum réttindum. Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð að í sama tilgangi megi leggja bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g eða skráningarskírteini hælisleitanda að jöfnu við dvalarleyfi skv. 12. gr. j.

Þegar fylgdarlausu barni er veitt hæli skv. 46. gr. skulu barnaverndaryfirvöld þegar í stað taka ákvörðun um skipun forsjáraðila eða um vistun barnsins á hæfilegum stað. Ráðherra getur í reglugerð sett frekari reglur um vistun fylgdarlausra barna sem fá hæli hér á landi og réttindi þeirra.

19. gr.

Á eftir 47. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (47. gr. a.)

Afturköllun hælis.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr., þ.e. ef:

a. hann hefur sjálfviljugur notfært sér á ný vernd heimalands síns,
b. hann hefur sjálfviljugur endurheimt ríkisfang sitt, sem hann hafði glatað,
c. hann hefur öðlast nýtt ríkisfang og nýtur verndar hins nýja heimalands síns,
d. hann hefur sjálfviljugur sest að á ný í landi því sem hann yfirgaf eða dvaldi ekki í vegna ótta við ofsóknir,
e. hann getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna þess að aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi, eða
f. hann getur horfið aftur til landsins sem hann áður hafði reglulegt aðsetur í vegna þess að aðstæður þær sem leiddu til þess að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi, ef um ríkisfangslausan mann er að ræða.

Hæli skal ekki afturkalla skv. e- eða f-lið 1. mgr. ef útlendingurinn getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur til landsins, sem hann áður hafði fast aðsetur í, vegna fyrri ofsókna.

Afturkalla má hæli ef í ljós kemur að útlendingi sem fellur undir ákvæði 1. eða 2. tölul. b-liðar 2. mgr. 46. gr. hefur verið veitt hæli hér á landi.

Útlendingastofnun skal tilkynna flóttamanni um það fyrir fram þegar til greina kemur að afturkalla hælisveitingu og hvers vegna það kemur til greina. Ef hæli er afturkallað skal stjórnvald taka til athugunar hvort sjónarmið skv. 1. mgr. 45. gr. koma til álita eða hvort 12. gr. f eða 12. gr. g eiga við.

b. (47. gr. b.)

Réttarstaða hælisleitanda.

Ráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til, þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

Í reglugerð skal mælt fyrir um réttindi hælisleitenda, þ.m.t.:

a. lágmarksframfærslu og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og skal tillit tekið til þeirra sem þurfa sérstaka aðstoð,
b. aðgang að menntun og starfsþjálfun,
c. tryggja skal barni sem sækir um hæli aðgang að skyldunámi grunnskóla eða sambærilegri menntun innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað barnsins.

Ef í ljós kemur að hælisleitandi hafði ekki þörf fyrir þá fyrirgreiðslu sem veitt var getur Útlendingastofnun krafið hann um endurgreiðslu kostnaðar að hluta eða öllu leyti.

Svo fljótt sem verða má eftir að umsókn um hæli var lögð fram skal Útlendingastofnun gefa út skráningarskírteini hælisleitanda. Útlendingi sem sækir um hæli skal einnig leiðbeint um rétt hans til að sækja um bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g og um réttaráhrif þess. Skráningarskírteinið skal gilda í ákveðinn tíma, allt að hálfu ári, og skal umsækjandi afhenda það lögreglu eða Útlendingastofnun þegar hann fær útgefið dvalarleyfisskírteini, bráðabirgðadvalarleyfi, ferðaskírteini fyrir flóttamann eða vegabréf fyrir útlending, honum er gert að fara úr landi eða hann fær af öðrum ástæðum vegabréf heimaríkis síns á ný.

Skráningarskírteini hælisleitanda gildir ekki sem staðfesting þess að uppgefnar persónuupplýsingar séu réttar. Það gildir ekki sem ferðaskilríki.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sendingu úr landi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 45. gr., og á eftir orðinu „hæli“ í sama málslið kemur: skv. 44. og 46. gr. og afturköllun hælis skv. 47. gr. a.
b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í málum sem varða umsóknir um hæli er stjórnvöldum skylt að eiga samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og leita upplýsinga hjá stofnuninni þegar það á við.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar og um málsmeðferð samkvæmt þessum kafla laganna.

21. gr.

Á eftir 50. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (50. gr. a.)

Upphaf máls vegna umsóknar um hæli.

Umsókn um hæli skv. 46. gr. skal lögð fram hjá lögreglu. Úr því skal skorið hvort maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki og þau börn sem komu með umsækjanda sækja einnig um hæli.

Umsækjandi skal afhenda með umsókninni vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem hann hefur í fórum sínum. Sama gildir um maka, sambúðarmaka eða samvistarmaka umsækjanda og börn hans hvort sem þau komu með umsækjanda eða sækja um hæli síðar.

Eins fljótt og unnt er frá því að umsókn um hæli er lögð fram, og áður en fyrsta skýrslutaka fer fram, skal starfsmaður Útlendingastofnunar kallaður til. Ef um fylgdarlaust barn er að ræða skv. 5. mgr. 44. gr. skal fulltrúa barnaverndaryfirvalda í umdæmi þar sem umsókn er tekin til meðferðar einnig tilkynnt um málið.

Lögregla skal strax í upphafi upplýsa útlending sem sótt hefur um hæli eins og kostur er um framhald málsins og réttindi hans. Skulu slíkar leiðbeiningar vera skriflegar eða aðgengilegar á mynd- eða hljóðmiðli.

Útlendingur sem sótt hefur um hæli skal upplýstur um skyldur hans til að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir og um afleiðingar þess ef hann skýrir ekki satt og rétt frá eða heldur leyndum upplýsingum sem skipt geta máli við úrlausn málsins.

b. (50. gr. b.)

Rannsókn lögreglu vegna umsóknar um hæli.

Lögregla aflar eins fljótt og kostur er persónuupplýsinga um útlending sem sótt hefur um hæli með milligöngu alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra til að sannreyna hver hann er. Sama á við um öflun upplýsinga um ferðaleið hans.

Ef vafi vaknar um aldur fylgdarlauss barns lætur lögregla, að beiðni Útlendingastofnunar, aldursgreina viðkomandi með viðurkenndum aðferðum. Viðkomandi er heimilt að neita því að gangast undir slíka rannsókn og skal starfsmaður Útlendingastofnunar gera honum grein fyrir því hvaða áhrif slík neitun hefur á meðferð málsins. Synjun á hælisumsókn getur ekki byggst á því eingöngu að viðkomandi hafi neitað að gangast undir aldursgreiningu.

Lögregla getur beitt þeim rannsóknarúrræðum sem lög þessi heimila, eftir því sem við á. Ráðherra getur í reglugerð sett frekari fyrirmæli um beitingu rannsóknarúrræða.

c. (50. gr. c.)

Viðtal við hælisleitanda.

Starfsmaður Útlendingastofnunar tekur viðtal við umsækjanda. Sá sem tekur viðtalið skal sjá til þess að upplýst verði um þær aðstæður umsækjanda sem hafa þýðingu fyrir umsókn hans eins og kostur er og kalla til túlk ef nauðsyn ber til.

Gera skal umsækjanda grein fyrir að þær upplýsingar sem hann gefur verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um umsókn hans. Umsækjandi skal inntur eftir því hvort hann samþykki að upplýsinga um hann verði aflað frá öðrum stjórnvöldum, þ.m.t. frá stjórnvöldum í öðrum ríkjum en heimaríki hans, ef þess gerist þörf vegna afgreiðslu málsins.

Þegar viðtal skv. 1. mgr. er tekið við fylgdarlaust barn skal starfsmaður Útlendingastofnunar sem hefur sérþekkingu á málefnum barna taka viðtalið, ef kostur er, og fara með málið. Talsmaður barns skv. 34. gr. skal vera viðstaddur viðtalið ásamt barninu. Skal talsmanni gefinn kostur á að ræða við barnið og leiðbeina því um viðtalið áður en það fer fram.

Ráðherra er heimilt að setja frekari reglur um framkvæmd viðtals, einkum að því er varðar viðtal þegar börn eiga í hlut eða aðrir sem vegna stöðu sinnar hafa þörf á ríkri vernd eða aðstoð.

d. (50. gr. d.)

Sérstök málsmeðferð – flýtimeðferð.

Í málum sem tekin eru til efnismeðferðar getur Útlendingastofnun ákveðið að umsókn um hæli sæti flýtimeðferð, m.a. þegar:

a. líkur eru á að umsókn um hæli verði samþykkt eða þegar sérstakar ástæður umsækjanda mæla með því, þ.m.t. ef um fylgdarlaust barn er að ræða eða einstakling sem hefur þörf á ríkri vernd eða aðstoð,

b. umsókn er bersýnilega tilhæfulaus, þ.e.:
   1. útlendingur hefur ríkisfang í ríki þar sem hann þarf ekki að óttast ofsóknir eða meðferð sem brýtur gegn 44. gr. laganna, eða það sama á við um ríki þar sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur áður haft reglulegt aðsetur, eða
   2. senda má útlending til ríkis þar sem hann þarf ekki að óttast ofsóknir eða meðferð sem brýtur gegn 44. gr. laganna,
c. umsækjandi hefur gefið ófullkomnar eða misvísandi upplýsingar til stuðnings umsókn sinni eða þær upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt gefa ekki tilefni til að ætla að 44. gr. laganna eigi við um hann,
d. um endurtekna umsókn er að ræða eftir synjun hælisumsóknar eða umsókn hefur verið dregin til baka, eða
e. víst má telja að umsókn sé í því skyni gerð að tefja framkvæmd ákvörðunar um brottvísun.

Útlendingastofnun getur í málum þeim sem greinir í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. tekið ákvörðun án þess að viðtal við hælisleitanda fari fram.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði fyrir því að beita megi flýtimeðferð samkvæmt greininni.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af sérfræðingum Lagastofnunar Háskóla Íslands, Dóru Guðmundsdóttur lögfræðingi og Kristínu Benediktsdóttur héraðsdómslögmanni að beiðni dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Frumvarpið er samið í kjölfar úttektar nefndar um meðferð hælisumsókna, sem skipuð var 21. apríl 2009 og skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra 17. júlí 2009.

Í nefndinni sátu Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Atli Viðar Thorstensen, verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands, Kristín Benediktsdóttir, héraðsdómslögmaður og stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands, Rósa Dögg Flosadóttir, settur forstjóri Útlendingastofnunar og Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Fulltrúar helstu stofnana sem koma að meðferð umsókna um hæli voru kallaðir fyrir nefndina, sem og fulltrúar samtaka sem stjórnvöld vinna með í tengslum við málefni hælisleitenda. Nefndin aflaði gagna og heimsótti þá staði þar sem flestir hælisleitendur dveljast meðan þeir bíða niðurstöðu í máli sínu.

Í skýrslunni koma fram tillögur um tilteknar breytingar á þeim ákvæðum laga um útlendinga sem fjalla sérstaklega um rétt til hælis og málsmeðferð í málum þar sem sótt er um hæli. Meginverkefni nefndarinnar var að kanna reglur um stjórnsýslulega meðferð umsókna um hæli og framkvæmd sem fylgt er. Ekki var að sama marki skoðað hvernig háttað er aðbúnaði hælisleitenda á meðan þeir bíða afgreiðslu mála sinna, þó að nefndin geri okkrar tillögur til úrbóta á því sviði. Þá fjallaði nefndin aðeins um um meðferð mála þar sem umsókn er lögð fram um hæli í tilviki einstaklings, en ekki um flóttamannahópa eða svokallaða kvótaflóttamenn sem fjallað er um í 51. gr. útlendingalaga.

Tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna eru hér færðar í frumvarpsform að því marki sem breytingar á gildandi lögum eru nauðsynlegar og þar sem þörf er á nýmælum í útlendingalögum. Þá eru nýjar heimildir til setningar reglugerða lagðar til þar sem þurfa þykir umfram almenna reglugerðarheimild í 58. gr. laganna. Við frumvarpsgerðina hefur verið farið að tillögum nefndarinnar eins og lýst er hér á eftir. Þá hafa frumvarpshöfundar kynnt sér athugasemdir Öryrkjabandalags Íslands um tillögur sem settar eru fram í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsóknka frá 15. september 2009 og athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands við skýrsluna sem birtar eru á vef stofnunarinnar.

2. Meginmarkmið breytinga.

Í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna kemur fram að almennt séu ákvæði útlendingalaga og reglur sem eru settar samkvæmt þeim í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasamninga, en í ýmsum atriðum væri æskilegt að tryggja vernd réttindanna með skýrari hætti í lögum, þar á meðal í málsmeðferðarreglum sem stjórnvöld vinna eftir.

Nefndin lagði til meginbreytingar um eftirfarandi atriði sem fjallað verður um hér á eftir: í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar til samræmis við þróun löggjafar í Evrópu (2.1), í öðru lagi að einstaklingum sem ekki eru flóttamenn samkvæmt skilgreiningu alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eða flóttamannasamningsins, verði veitt aukin vernd og ný réttarstaða í samræmi við alþjóðlegar mannréttindareglur (svokölluð viðbótarvernd, 2.2), í þriðja lagi að skýrari reglur verði settar um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða (2.3) og í fjórða lagi að skýrari reglur verði settar um meðferð hælisumsókna og réttarstöðu hælisleitenda.

2.1 Þróun löggjafar í Evrópu.

Í fyrsta lagi lagði nefndin til að við endurskoðun laganna yrði tekið mið af þeirri þróun sem orðið hefur í öðrum Evrópuríkjum, einkum með helstu tilskipunum sem í gildi eru innan Evrópusambandsins um málefni hælisleitenda. Er þetta lagt til í því skyni að komast hjá ósamræmi og óvissu um það hvernig eigi að framfylgja lögum um hælisleitendur. Þótt íslenska ríkið sé ekki skuldbundið til þess að innleiða tilskipanirnar eru íslenskar og evrópskar reglur samofnar vegna samvinnu Íslands og Noregs við Evrópusambandið, þ.m.t. vegna samstarfs sem byggist á reglugerð ráðsins nr. 343/2004 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna (Dyflinnarreglugerðinni), sem Ísland hefur samþykkt.

Nánar tiltekið skipta hér máli, auk Dyflinnarreglugerðarinnar, tilskipun ráðs Evrópubandalagsins nr. 2004/83/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksskilyrði til að ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar teljist flóttamenn eða menn sem að öðru leyti þarfnast alþjóðlegrar verndar og um inntak slíkrar verndar (hér eftir tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn), í öðru lagi tilskipun nr. 2005/85/EB frá 1.desember 2005 um lágmarkskröfur til málsmeðferðar í aðildarríkjum við veitingu og afturköllun á stöðu flóttamanns (hér eftir tilskipun 2005/85/EB um málsmeðferð) og í þriðja lagi tilskipun nr. 2003/9/EB frá 27. janúar 2003 um lágmarkskröfur varðandi móttöku hælisleitenda (hér eftir tilskipun 2003/9/EB um móttöku hælisleitenda). Um ítarlegar reglur er að ræða í þessum tilskipunum og miða þær að lágmarkssamræmingu innan Evrópusambandsins, en heimila betri vernd í einstökum ríkjum.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af fyrrgreindum reglum og er frekari grein gerð fyrir áhrifum þeirra þar sem við á í athugasemdum með hverri grein. Sú leið hefur verið farin að miða við ítarlegar breytingar á norsku útlendingalögunum, en ný lög frá 8. apríl 2008 tóku gildi í Noregi þann 1. janúar 2010 (sjá *Vedtak til lov om utlendingers adgang til riket og deres ophold her (utlendingsloven))*. Í Noregi var einnig tekið mið af fyrrgreindum reglum Evrópusambandsins við endurskoðun lagaákvæða um útlendinga, þ.m.t. flóttamenn. Er eðlilegt að hafa hliðsjón af ákvæðum norsku laganna þar sem Ísland og Noregur taka þátt í Schengen-samstarfi Evrópuríkja en eru ekki formlega bundin af þeim tilskipunum sem taldar eru hér að ofan. Þá hefur við samningu og breytingu útlendingalaga á liðnum árum að jafnaði verið litið til norskra laga um sama efni.

Rétt er að taka það fram, með fyrirvara um lögfestingu nýrra reglna um viðbótarvernd (sjá nánar í 2.2. hér á eftir), að ekki er um verulegar efnisbreytingar að ræða frá gildandi rétti að því er varðar afmörkun á flóttamannahugtakinu og reglur um veitingu hælis, þar sem tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn miðar lágmarkskröfur sínar við reglur flóttamannasamningsins. Að norskri fyrirmynd er lagt til í frumvarpinu að fleiri ákvæði sem afmarka og skýra hugtakið flóttamaður verði lögfest, en þessi ákvæði flóttamannasamnings hafa um árabil verið bindandi fyrir íslenska ríkið og hefur þeim verið fylgt í framkvæmd.

Þá er rétt að taka fram að við frumvarpsgerðina hefur verið gengið út frá því að áfram verði við beitingu laganna miðað við flóttamannasamninginn, sbr. *Handbók um réttarstöðu flóttamanna* sem gefin var út af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1979, sem og leiðbeiningar sem Flóttamannastofnunin hefur sent frá sér um þau álitaefni sem komið geta upp við beitingu ákvæða flóttamannasamningsins. Þá er gengið út frá því að framkvæmd sú sem mótast hefur við beitingu ákvæða VII. kafla laganna verði áfram lögð til grundvallar til viðmiðunar, þ.m.t. framkvæmd þar sem stuðst er við margháttaðar leiðbeiningarreglur frá Flóttamannastofnuninni.

Af þessum sökum hefur við frumvarpsgerðina einnig verið litið til þeirra athugasemda sem Flóttamannastofnunin hefur gert við einstök ákvæði þeirra tilskipana sem taldar eru hér að framan, einkum við tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn. Er sérstaklega tekið fram í athugasemdum við hverja grein þegar sjónarmiðum Flóttamannastofnunar hefur verið fylgt við þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

2.2. Aukin alþjóðleg vernd og ný réttarstaða.

Í öðru lagi lagði nefndin til að sett yrðu ákvæði í lögin um alþjóðlega vernd og réttarstöðu þeirra sem þafnast verndar gegn ofsóknum, án þess að viðkomandi falli undir hugtakið flóttamaður eins og það er skilgreint í 44. gr. gildandi laga og í A-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Benti nefndin á að samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum væri ljóst að erfitt hefði verið að sýna fram á það hér á landi að skilyrðum 44. gr. gildandi laga væri fullnægt. Á árunum 1999–2008 hefði aðeins í 1% tilvika verið fallist á umsókn um hæli skv. 46. gr. laganna. Taldi nefndin engu að síður að rík ástæða gæti verið fyrir hendi til að ætla að maður geti verið í hættu á að sæta meðferð sem yrði andstæð 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þ.e. pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð, eða komist í lífshættu verði honum vísað til heimalands síns, t.d. vegna tilviljanakennds ofbeldis sem viðgengst í stríðsátökum í landi hans án þess að þau beinist beint að honum. Í þeim tilvikum hefur verið hægt að veita hælisleitendum dvalarleyfi af mannúðarástæðum og sýndu

tölur að í 20% tilvika á fyrrgreindu tímabili hafði verið fallist á að veita hælisleitendum dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Tillaga nefndarinnar var því að útlendingum sem eru í hættu á að verða fyrir alvarlegum skaða en þó af ástæðum sem falla utan við flóttamannahugtakið verði veitt sama vernd og flóttamenn njóta, eða svokölluð viðbótarvernd.Tillögur nefndarinnar fela í sér aðlögun að þeim reglum sem mótast hafa og fylgt hefur verið í öðrum ríkjum Evrópu og sem nú koma fram í tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn.

Eins og frekari grein er gerð fyrir í skýrslu nefndarinnar hafa reglur um alþjóðlega vernd umfram þá vernd sem verður beint leidd af ákvæðum flóttamannasamningsins mótast á undanförnum áratugum. Er í þessu efni talað um alþjóðlega vernd, sem felur annars vegar í sér vernd gegn ofsóknum og hins vegar vernd sem kemur slíkri vernd til viðbótar. Er því oft talað um viðbótarvernd (e. *complementary protection* eða *subsidiary protection*) og verður svo gert í athugasemdunum, enda þótt hugtakið hafi ekki verið þýtt og hafi ekki formlega lögfræðilega merkingu. Í texta frumvarpsins er í sömu merkingu vísað til þeirrar lagagreinar þar sem þessi vernd kemur fram, en það er í 2. mgr. 44. gr. laganna, eins og henni er breytt, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Byggjast reglur um viðbótarvernd á alþjóðlegum mannréttindasamningum og öðrum alþjóðareglum um vernd grundvallarmannréttinda. Er þar fyrst og fremst um að ræða 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem leggur bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu; 6. og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem verndar réttinn til lífs og leggur óundanþægt bann við pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu; sem og 3. gr. samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, en greinin leggur bann við því að vísa úr landi, endursenda eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum. Leggja allir þessir samningar bann við slíkri meðferð af hálfu opinberra aðila, auk þess sem mannréttindasáttmáli Evrópu og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi geta veitt vernd gegn aðgerðum annarra, ef opinberir aðilar veita ekki nægilega vernd gegn brotum á þessum grundavallarmannréttindum.

Í alþjóðlegri vernd í rýmri merkingu felst einnig meginregla þjóðarréttar um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (e. *principle of non-refoulement*), sem kemur fram í 33. gr. flóttamannasamningsins, auk þess að njóta viðurkenningar á grundvelli framangreindra alþjóðasamninga og sem þjóðréttarregla.

Í skuldbindingum ríkja samkvæmt framangreindum samningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum er talið felast að ríkjum er óheimilt að senda útlendinga til ríkja þar sem viðkomandi getur átt á hættu meðferð sem brýtur gegn framangreindum skuldbindingum, án tillits til þess hvort viðkomandi telst vera flóttamaður samkvæmt skilgreiningu A-liðar 1. gr. flóttamannasamninngsins.

Það er hins vegar nýmæli í tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn að þjóðréttarsamningur skilgreini viðbótarvernd, afmarki ákveðna réttarstöðu á þeim grundvelli og geri ráð fyrir að ríki veiti einstaklingum hæli ef aðstæður þeirra falla undir skilgreininguna. Þessar reglur fela einnig í sér lögfestingu að hluta á meginreglunni að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*), þó að þessi sjónarmið falli ekki að öllu leyti saman, eins og fram kemur í athugasemdum með 15. gr. frumvarpsins (sem breytir 45. gr. gildandi laga).

Þar sem afmörkun hugtaksins „viðbótarvernd“ skiptir verulegu máli um það hvaða skyldur ríki taka á sig er rétt að taka fram að frumvarpið er sniðið eftir sambærilegu ákvæði norsku laganna, sbr. 28. gr. þeirra. Í því ákvæði er ekki vísað sérstaklega til skilgreiningar í 15. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn þar sem *alvarlegur skaði* er skilgreindur með þeim hætti sem fram kemur í breyttri 2. mgr. 44. gr. laganna (sbr. 13. gr. frumvarpsins), auk þess sem skv. 15. gr. tilskipunarinnar fellur þar undir alvarleg og einstaklingsbundin ógn gagnvart lífi eða persónu einstaklings vegna tilviljanakennds ofbeldis sem viðgengst í stríðsátökum í landi hans eða alþjóðlega. Eins og fram kemur í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna hefur dómstóll EB komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir orðalag ákvæðisins sé ekki hægt að gera kröfu um að viðkomandi geti sannað að ofbeldi vegna stríðsátaka beinist sérstaklega að honum *(Mál C-465/07 Elgfaji v Staatssecretaris van Justitie*, sbr. skýrslu nefndarinnar á bls. 30). Í skýringum með 28. gr. norsku laganna var tekið fram að ekki væri ástæða til þess að lögfesta þetta skilyrði sérstaklega, en að ákvæðið eins og það er lögfest veiti sambærilega vernd og lágmarksvernd tilskipunarinnar, auk þess sem vernd gegn því að senda fólk brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*) komi ákvæði 28. gr. norsku laganna til fyllingar.

Af þessum sökum verður að telja að ákvæði 2. mgr. 44. gr. laganna, eins og það er lagt til í frumvarpinu, geti tekið til einstaklinga sem stafar alvarleg ógn af tilviljanakenndu obeldi, eftir mati á aðstæðum í hverju tilviki. Er þá til þess að líta að þær aðstæður mundu oft falla að skilyrðinu um að raunhæf ástæða væri til að ætla að viðkomandi ætti á hættu að sæta pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð, eða að aðstaða viðkomandi mundi falla undir ákvæði 45. gr. um bann við því að vísa fólki brott.

Mikilvægasta nýmæli frumvarpsins má því með réttu segja að felist í því að veita þeim útlendingum sem falla undir ákvæði 2 mgr. 44. gr., eins og lagt er til að þeirri grein sé breytt, stöðu flóttamanns og hæli skv. 46. gr. laganna. Er um að ræða einföldun sem ætti að stuðla bæði að auknu réttaröryggi og aukinni skilvirkni í meðferð hælisumsókna. Er þessi leið í samræmi við ákvæði norsku laganna.

2.3 Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða

Í þriðja lagi lagði nefndin til að frekari ákvæði yrðu sett í lög um skilyrði þess að veita dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða á grundvelli núverandi 12. gr. f enda mundi það auka gagnsæi í meðferð þessarra mála og stuðla að jafnræði í meðferð þeirra að helstu sjónarmið sem venjulega eru lögð til grundvallar við veitingu dvalarleyfis skv. 12. gr. f yrðu fest í lög.

Með frumvarpinu er lagt til að útlendingar sem geta sýnt fram á þörf á vernd vegna atriða sem koma fram í 2. mgr. 44. gr. laganna, eins og lagt er til að greininni verði breytt, fái réttarstöðu flóttamanna og eigi rétt á hæli í samræmi við 46. gr. laganna. Má því gera ráð fyrir því, eins og kemur fram í skýrslu nefndarinnar, að stór hluti þeirra sem áður fengu dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða geti, ef frumvarpið verður að lögum, fengið hæli, með þeim réttaráhrifum sem því fylgir. Engu að síður er lagt til að ákvæði um dvalarlarleyfi í 12. gr. f laganna verði gert ítarlegra, án þess þó að um tæmandi talningu sé að ræða á þeim ástæðum sem geta verið grundvöllur slíks leyfis. Í samræmi við uppbyggingu laganna er einnig eðlilegt að skilyrði leyfis skv. 12. gr. f verði talin upp í ákvæðinu sjálfu.

Ekki er í skýrslu nefndarinnar að finna leiðbeiningar um viðmið í þessu efni, að öðru leyti en því að mikilvægt sé að stjórnvöld hafi nokkurt svigrúm til að geta brugðist við sérstökum aðstæðum, en jafnframt að gagnsæi og jafnræði sé tryggt. Þær breytingar sem gerðar voru

á ákvæði um dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum í Noregi gera ráð fyrir skilyrðum sem að nokkru byggjast á reynslu af beitingu ákvæðisins þar í landi.

Ekki er fyrir að fara ítarlegum upplýsingum um framkvæmd þessa ákvæðis hér á landi, en gera verður ráð fyrir að áfram verði byggt á sambærilegum sjónarmiðum og áður í þeim málum sem nú falla utan 2. mgr. 44. gr. laganna með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Vísað er til frekari umfjöllunar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins (sem breytir 12. gr. f). Í því sambandi er þó rétt að taka fram hér að ekki er sérstaklega vísað til stöðu einstaklinga eða hópa einstaklinga sem hafa sætt kynbundnu ofbeldi í greininni, þar á meðal fórnarlamba mansals. Getur aðstaða einstaklinga sem hafa orðið fyrir slíkri reynslu, þ.m.t. barna, fallið undir ákvæðið en einnig geta þeir einstaklingar notið verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna, ef skilyrðum þeirra er fullnægt. Auk þess er lagt til í frumvarpi til laga um breytingu á útlendingalögum, sem unnið er að í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og ráðgert er að leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi (2009–2010), að sérstök ákvæði verði tekin í lögin um dvalarleyfi fórnarlamba mansals í 12. gr. h og 12. gr. i í III. kafla laganna, um dvalarleyfi.

2.4 Skýrari reglur um meðferð hælisumsókna og réttarstöðu hælisleitenda.

2.4.1 Málsmeðferð í hælismálum.

Í fjórða lagi taldi nefndin að vegna þeirrar sérstöðu sem meðferð hælismála hefði, væri rétt að huga að lagabreytingum um meðferð þeirra. Þótt almennar reglur stjórnsýsluréttar og sérreglur útlendingalaga giltu á þessu sviði og væru á ýmsum sviðum fullnægjandi, væri rétt að lögfesta reglur sem nú eru í XIII. kafla reglugerðarinnar og reglur sem mótast hafa í framkvæmd. Þá væri nauðsynlegt að setja ný ákvæði til að tryggja vandaða málsmeðferð og til að bæta réttarstöðu hælisleitenda og væri rétt að líta til ákvæða tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð og nýrra norskra reglna um sérreglur við meðferð hælismála í því sambandi.

Þá taldi nefndin að styrkja þyrfti reglur um réttarstöðu hælisleitenda, þeirra sem fá hæli og þeirra sem synjað er um hæli, bæði við framkvæmd brottvísunar og ef framkvæmd brottvísunar fer ekki fram af einhverjum ástæðum. Einnig væri rétt að lögfesta reglur á ákveðnum sviðum þar sem þær hefðu mótast í framkvæmd, þar á meðal fyrir samvinnu lögreglu og Útlendingastofnunar, auk þess sem taka þyrfti mið af stjórnarskrárákvæðum og alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum við meðferð mála, bæði almennt og þar sem sérstakir hópar eiga í hlut. Mælti nefndin m.a. með því að í lögin yrðu sett nokkur meginatriði sem koma fram í reglugerð og verklagsreglum varðandi meðferð máls þegar fylgdarlausir einstaklingar undir 18 ára aldri sækja um hæli og ítrekaði mikilvægi meginreglu 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang við ákvarðanatöku og ráðstafanir sem varða börn.

Þar sem þau einstöku nýmæli sem mælt er fyrir um í lögunum varða atriði um málsmeðferð (auk skilgreininga á flóttamönnum og viðbótavernd) verður gerð grein fyrir helstu markmiðum frumvarpsins að því er þetta varðar undir lið 3.6 hér á eftir um einstaka þætti málsmeðferðarinnar.

Rétt er að taka fram að í samræmi við niðurstöður nefndarinnar er í mörgum tilvikum gert ráð fyrir því að þær reglur sem teknar verði í lögin verði útfærðar sérstaklega í reglugerðarákvæðum sem dómsmála- og mannréttindaráðherra setji. Er þar annars vegar miðað við að þær reglur sem koma fram í reglugerð nr. 53/2003, um útlendinga, með síðari breytingum, verði uppfærðar og hins vegar að framkvæmdareglur sem mótast hafa, með nákvæmum leið-

beiningum um framkvæmd, verði teknar í reglugerð sem hafi lagastoð í tilteknum ákvæðum útlendingalaga.

Þá er gert ráð fyrir því að í sumum tilvikum geti verið rétt að setja í reglugerð texta samninga sem gerðir eru við Evrópusambandið og aðildarríki þess, þar á meðal Dyflinnarreglugerðina, sem staðfest hefur verið og sem fylgt er í framkvæmd en hefur ekki stöðu réttarheimildar hér á landi. Að því er varðar tilskipanir Evrópusambandsins sem ekki binda íslenska ríkið, en hafðar hafa verið til hliðsjónar við setningu norskra laga og við þær breytingar sem eru lagðar til hér, er í mörgum tilvikum eðlilegra að festa reglur sem taka mið af tilskipununum í stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðum, með stoð í ákvæðum útlendingalaga. Stafar það af því að oft er um ítarlega útfærslu að ræða sem eðlilegra er að komi fram í stjórnvaldsfyrirmælum en í lögum. Er gert ráð fyrir því að frekari útfærslu á ákvæðum þeim sem fram koma í frumvarpinu verði að finna í endurskoðaðri reglugerð um útlendinga.

2.4.2 Réttarstaða hælisleitenda og þeirra sem fá hæli eða er synjað um hæli.

Með frumvarpinu eru lögð til nokkur nýmæli sem styrkja réttarstöðu flóttamanna, sem veitt hefur verið hæli, þeirra sem sækja um hæli (hælisleitenda) og þeirra sem synjað hefur verið um hæli.

Til skýringarauka þykir rétt að fara yfir þau helstu réttindi sem flóttamenn eiga tilkall til samkvæmt ákvæðum flóttamannasamningsins. Auk þess verður vísað til ákvæða tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, sem setur lágmarksreglur á þessu sviði en um einstakar breytingar er vísað til athugasemda með einstökum greinum frumvarpsins.

Flóttamenn sem fá hæli.

Eins og kemur fram í 47. gr. gildandi laga eiga þeir sem viðurkenndir eru sem flóttamenn rétt á hæli og að fá dvalarleyfi. Er vísað til þess í ákvæðinu að viðkomandi hafi þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Í II. og III. kafla flóttamannasamningsins er mælt fyrir um ýmis þau réttindi sem ríkjum ber að tryggja flóttamönnum, á sviði atvinnu, bæði sem launþegum og sjálfstætt starfandi, á sviði vinnuverndar, félagslegs öryggis (almannatrygginga), opinberrar aðstoðar, húsnæðis- og menntunarmála. Í sumum tilvikum er mælt fyrir um að flóttamenn skuli njóta sama réttar og borgarar ríkisins, en í öðrum tilvikum er um óákveðnari skyldur að ræða sem miðast við að tryggja flóttamönnum a.m.k. sama rétt og öðrum útlendingum, eða öðrum hópum útlendinga.

Aðrar þjóðréttarskuldbindingar sem skipta máli um réttindi útlendinga, þ.m.t. flóttamanna, eru m.a. alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966, samningur um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989, félagsmálasáttmáli Evrópu og mannréttindasáttmáli Evrópu. Með samþykki þessarra samninga hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að tryggja ríkisborgurum annarra aðildarríkja, eða útlendingum almennt, borgarleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg grundvallarréttindi, án mismununar. Þjóðréttarlegar skuldbindingar leyfa þó ákveðnar undantekningar frá því að útlendingum sé tryggð jöfn staða við eigin þegna ríkis, og leiðir þetta til þess að óvissa getur verið um tilkall útlendinga, sem fá dvalarleyfi hér á landi, til tiltekinna réttinda.

Réttur til að stunda atvinnu og eigin atvinnurekstur.

Ákvæði 17. og 18. gr. flóttamannasamningsins leggja þá skyldu á aðildarríki að veita löglega búsettum flóttamönnum sambærileg réttindi og gilda um aðra útlendinga að því er varðar réttinn til að stunda launaða atvinnu og eigin atvinnurekstur.

Í 26. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn er mælt fyrir um þá lágmarksskyldu að leyfa flóttamönnum að stunda launaða vinnu, í samræmi við reglur sem gilda um viðurkenningu starfsréttinda. Takmarka má réttindi þeirra sem njóta viðbótarverndar, m.a. þannig að taka má tillit til aðstæðna á vinnumarkaði að því er þennan hóp varðar. Þá gerir tilskipunin ráð fyrir því að flóttamenn njóti sama réttar til stafsþjálfunar og endurmenntunar sem tengist atvinnu eins og þegnar viðkomandi ríkis, en aftur má takmarka réttindi þeirra sem njóta viðbótarverndar. Loks gerir ákvæðið kröfu til þess að sömu reglur eigi við um starfskjör, launakjör og aðgang að félagslegu öryggi sem tengist launuðum störfum og sjálfstæðum atvinnurekstri.

Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga kemur fram að útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi sem flóttamenn samkvæmt lögum um útlendinga eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, sbr. e-lið 22. gr. laganna, eins og greininni var breytt með 11. gr. laga nr. 78/2008. Samkvæmt því eru flóttamenn undanþegnir því að þurfa atvinnuleyfi, en áður gerðu lög ráð fyrir að flóttamenn fengju óbundið atvinnuleyfi. Með breytingum þeim sem lagðar eru til á ákvæðum 46. gr. útlendingalaga (sbr. 16. gr. frumvarpsins), sem veitir þeim sem falla undir 44. gr. rétt til hælis, er sá hópur sem á rétt á að stunda atvinnu án atvinnuleyfis rýmkaður frá því sem áður var.

Telja verður að ekki sé nauðsynlegt að mæla sérstaklega fyrir um jafnan rétt flóttamanna að því er varðar starfs- og launakjör á vinnumarkaði, enda leiðir það af réttarreglum á viðkomandi sviðum auk kjarasamninga að þeir sem eru löglega í landinu og vinna eða stunda atvinnurekstur í samræmi við lög njóta sömu réttinda. Því er lagt til að nýmæli verði tekið upp sem veitir ráðherra heimild til að setja reglur um aðgang flóttamanna að starfsþjálfun og endurmenntun, auk ákvæðis sem ætlað er að tryggja að menntun og starfsþjálfun verði viðurkennd eftir sömu reglum og eiga við um þegna ríkis og útlendinga (þ.m.t. EES-útlendinga), sbr. frekar athugasemdir með 18. gr. frumvarpsins.

Húsnæði, almannatryggingar, heilbrigðisþjónusta og félagsleg aðstoð.

Samkvæmt 21. gr. flóttamannasamningsins er íslenska ríkið skuldbundið til að veita flóttmönnum, sem löglega dvelja í landinu, eins góða aðstöðu og mögulegt er að því er varðar húsnæði og aldrei lakari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður. Í 31. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn er staða flóttamanna og þeirra sem njóta viðbótarverndar lögð að jöfnu við útlendinga sem eru löglega búsettir í ríkinu.

Þeir sem hafa dvalarleyfi sem flóttamenn njóta því að lögum sama réttar og þegnar landsins og útlendingar sem eru löglega búsettir hér á landi þar sem ekki er gerður greinarmunur á grundvelli þjóðernis að þessu leyti. T.d. eru engar takmarkanir í lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, byggðar á þjóðerni eða búsetutíma. Því er ekki lagt til að sértæku ákvæði verði bætt í lögin um þetta.

Sömu sjónarmið gilda í meginatriðum varðandi aðgang að almannatryggingum og félagslegri aðstoð. Í 23. gr. flóttamannasamningsins er sú skylda lögð á ríki að veita flóttamönnum, sem löglega dvelja í ríkinu, sama rétt til opinberrar aðstoðar og hjálpar og eigin þegnum (félagsleg aðstoð), auk þess sem lagðar eru nokkuð óákveðnari skyldur á ríki með tilliti til félagslegra trygginga.

Almenn löggjöf hér á landi veitir flóttamönnum ekki tiltekin réttindi, en miða verður við eins og áður sagði að réttindi þeirra miðist við löglega dvöl eða búsetu hér á landi. Þannig eiga ákvæði laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, við um flóttamenn sem eru búsettir hér á landi.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að allir sem eru löglega búsettir í landinu njóti í aðalatriðum sömu stöðu varðandi þessi réttindi er oft gert að skilyrði að um lágmarksbúsetutíma sé að ræða áður en einstaklingur getur notið félagslegrar aðstoðar eða réttinda almannatryggingakerfisins. Er því lagt til að í 47. gr. laganna (18. gr. frumvarpsins) verði sett ný reglugerðarheimild sem tekur mið af 16. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, en þar er mælt fyrir um að flóttamenn séu sjúkratryggðir frá komudegi, eftir að þeim er veitt hæli. Gert er ráð fyrir að í reglugerð megi ákveða að miða réttindi flóttamanna, eða reikna biðtíma eða lágmarksbúsetutíma frá komudegi, eða því sem næst frá komudegi.

Heilbrigðisþjónusta.

Um rétt til heilbrigðisþjónustu fer eftir lögum um sjúkratryggingar, sbr. einnig lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Eiga flóttamenn sem hafa dvalarleyfi rétt á sama aðgangi að heilbrigðiskerfinu og aðrir. Uppfylla þessi ákvæði lágmarkskröfur tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, sem mælir fyrir um sama aðgang að heilbrigðiskerfinu fyrir flóttamenn, en heimilar að réttur þeirra sem njóta viðbótarverndar sé takmarkaður við nauðsynlega læknisþjónustu. Auk þess mæla ákvæði tilskipunarinnar fyrir um aðgang að hæfilegri læknisþjónustu fyrir hópa fólks sem þurfa á þeirri þjónustu að halda, svo sem barnshafandi konur, fatlaða einstaklinga eða einstaklinga, þ.m.t. börn, sem eru fórnarlömb ofbeldis o.s.frv.

Menntun.

Samkvæmt 22. gr. flóttamannasamningsins skulu ríki veita flóttamönnum sama aðgang að menntakerfi, námstyrkjum og viðukenningu prófskírteina og við á um aðra útlendinga. Eiga flóttamenn sem hafa dvalarleyfi því sama aðgang að framhaldsmenntun og þegnar ríkis, en munur getur verið á því hvort viðkomandi á rétt á lánum eða námsaðstoð. Samkvæmt sama ákvæði samningsins eiga flóttamenn sama rétt til barnafræðslu og þegnar ríkisins og tekur sá réttur til skólagöngu barna á grunnskólastigi, sem eru aðstandendur flóttamanna, sem og fylgdarlausra barna sem fá hæli. Sambærileg ákvæði er að finna í 27. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, auk þess sem ákvæði um fría og skyldubundna menntun barna á skólaskyldualdri í öðrum þjóðréttarsamningum, svo sem samningnum um réttindi barnsins, fela í sér ótvíræðan rétt á jöfnum rétti allra barna til menntunar. Er lagt til í 18. gr. frumvarpsins (sem breytir 47. gr. gildandi laga) að þessi réttindi séu áréttuð.

Réttarstaða hælisleitanda meðan mál er til meðferðar og ef umsókn er synjað.

Í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna er það gert að umtalsefni að ekki komi fram í útlendingalögum lýsing á lágmarksréttindum sem skylt er að tryggja þeim sem sækir um hæli. Framkvæmd hérlendis er nánar lýst í skýrslunni en hælisleitendur eru vistaðir á tilteknum stöðum í Reykjanesbæ, geti þeir ekki framfleytt sér, í samræmi við samning Útlendingastofnunar við Reykjanesbæ. Í skýrslunni var ekki lagt til að þeim úrræðum um vistun hælisleitenda sem fram koma í útlendingalögum yrði breytt, hvorki að því er varðar fyrr-

greind vistunarúrræði, né ákvæðum sem takmarka ferðafrelsi hælisleitenda, m.a. þar sem í lögum væru ný lagaákvæði sem ekki væri komin mikil reynsla á.

Nefndin lagði hins vegar til að nýtt ákvæði bætist við útlendingalög þar sem vikið væri að nokkrum grunnatriðum varðandi réttarstöðu hælisleitenda á meðan mál er til meðferðar, svo sem varðandi húsnæði, félags- og heilbrigðisþjónustu, rétt til að stunda nám eða atvinnu o.fl. og að rétt væri að útfæra slík réttindi frekar í reglugerð. Þá lagði nefndin til að tekið yrði mið af lágmarkskröfum tilskipunar 2003/9/EB um móttöku hælisleitenda við þessa lagabreytingu.

Í samræmi við þetta er lagt til í 19. gr. í frumvarpinu að í nýrri grein, 47. gr. b, verði ákvæði um heimild til vistunar hælisleitenda, sem nú er í 5. mr. 46. gr. laganna, og sömuleiðis ákvæði reglugerðar nr. 53/2003, um skráningarskírteini hælisleitenda. Þá er mælt fyrir um að útlendingi sem sækir um hæli skuli leiðbeint um rétt hans til að sækja um bráðabirgðadvalarleyfi á grundvelli 12. gr. g gildandi laga og um þau réttaráhrif sem slíku dvalarleyfi fylgir.

Skv. 11. gr. laga nr. 97/2002, eins og greininni var breytt með 7. gr. laga nr. 78/2008, er heimilt að veita útlendingi tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hafi honum áður verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi (og dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða). Eru því þau mikilvægu réttindi að geta stundað atvinnu tryggð á þessu tímabili, þó að útlendingur í þessari stöðu geti ekki stundað sjálfstæða starfsemi eða eigin atvinnurekstur samkvæmt lögunum.

Um önnur lágmarksréttindi sem tryggja ber hælisleitendum er gert ráð fyrir því, í samræmi við niðurstöður nefndarinnar, að þau verði talin í greininni en vísað verði til reglugerðar um nánari útfærslu. Er hér miðað við þau lágmarksréttindi sem tilskipun 2003/9/EB um móttöku hælisleitenda mælir fyrir um og eru í meginatriðum tryggð í framkvæmd hérlendis, með vistun og fyrirgreiðslu til hælisleitenda sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir. Er mælt fyrir um rétt til lágmarksframfærslu og nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, og réttindi barna til menntunar, auk þess sem mæla megi fyrir um frekari atriði varðandi aðgang fullorðinna hælisleitenda að menntun og starfsþjálfun.

Um réttarstöðu þeirra sem synjað hefur verið um hæli vísast til 15. gr. frumvarpsins (sem breytir 45. gr. laganna) þar sem gert er ráð fyrir að þeir sem svo er ástatt um geti fengið bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g gildandi laga, sbr. einnig 3. gr. frumvarpsins, sem breytir 12. gr. g.

3. Helstu breytingar og nýmæli laganna.

3.1 Flóttamenn og hæli.

Sú meginbreyting er gerð, í samræmi við skýrslu nefndarinnar, að styrkja ákvæði um viðbótarvernd, sem hingað til hefur byggst á ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laganna og framkvæmd. Í frumvarpinu er lagt til að þeir sem óska eftir vernd samkvæmt skilgreiningu 2. mgr. 44. gr. laganna, fái, ef þeir uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett, hæli skv. 46. gr. og teljist flóttamenn samkvæmt ákvæðum laganna, enda þótt þeir falli utan skilgreiningar A-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins og 1. mr. 44. gr. laganna.

Er í þessu efni miðað við norsku útlendingalögin þar sem sambærileg breyting hefur verið gerð en þessi skipan fullnægir einnig þeim kröfum sem gerðar eru í tilskipun 2004/83/EB. Með sama hætti og gert er í norsku útlendingalögunum er miðað við að allir þeir sem falla undir ákvæði 44. gr. laganna, hvort sem um er að ræða flóttamenn eða þá sem eiga rétt á viðbótarvernd, fái hæli skv. 46. gr. laganna og njóti sömu réttarstöðu. Þótt áðurnefnd tilskipun

geri ráð fyrir að greina megi á milli flóttamanna annars vegar og þeirra sem njóta viðbótarverndar hins vegar, og tryggja þeim síðarnefndu minni vernd, er sú leið ekki farin í frumvarpinu, enda verður að telja einfaldara og eðlilegra að standa með þessum hætti að meðferð hælismála, sbr. og meðferð þessara mála í Noregi.

3.2 Meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.

Lagt er til að ákvæði laganna sem felur í sér meginregluna um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (e. *principle of non-refoulement*) verði áfram í lögunum, en nokkrar breytingar verða gerðar á efni 45. gr. sem leiðir af breytingum á 44. gr. og 46. gr. laganna. Þó er lagt til að 1. mgr. 45. gr. laganna verði óbreytt, sbr. nánar 15. gr. frumvarpsins, enda tryggir slíkt samfellda réttarþróun.

Ákvæðið hefur sjálfstæða þýðingu þar sem í meginreglunni felst ríkari vernd en í breyttum ákvæðum 44. og 46. gr., m.a. vegna banns, sem stundum er ófrávíkjanlegt, við því að vísa útlendingum brott. Hér vísast frekar til athugasemda með 15. gr. frumvarpsins.

3.3 Dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Hér vísast til umfjöllunar undir lið 2.3 hér að framan.

3.4 Réttarstaða hælisleitenda.

Um nýmæli að því er varðar réttarstöðu hælisleitenda er vísað til umfjöllunar í lið 2.4.2 hér að framan. Rétt er að geta þess að engar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum um aðstandendur flóttamanna eða ákvæðum um rétt aðstandenda þeirra til dvalar hér á landi. Ekki var lagt til að breytingar yrðu gerðar á þessum reglum í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna.

3.5 Réttarstaða fylgdarlausra barna.

Í samræmi við niðurstöður nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að nokkur ný ákvæði verði tekin í lögin sem varða sérstaklega réttarstöðu barna undir 18 ára aldri.

Eins og nefndin bendir á í skýrslu sinni hvíla þjóðréttarskyldur á ríkjum að tryggja börnum sem sækja um hæli sérstaka vernd, sbr. 22. gr. samnings um réttindi barnsins. Á undanförnum árum hefur verið gerð aðgerðaráætlun um meðferð hælismála þegar börn eiga í hlut (skýrsla starfshóps dómsmálaráðuneytisins frá 2004 um vegalaus börn) auk þess sem aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali frá 17. mars 2009 tekur til barna sem eru fórnarlömb mansals. Í 89. gr. reglugerðar um útlendinga, eins og henni var breytt með 19. gr. reglugerðar nr. 769/2004, er mælt fyrir um málsmeðferð þegar fylgdarlaus börn eiga í hlut. Auk þess hefur Útlendingastofnun nýlega sett verklagsreglur um það efni (*Reglur um meðferð hælisbeiðna fyldarlausra barna og ungmenna frá 22. apríl 2009* og *Vinnureglur Útlendingastofnunar um málsmeðferð í málum sem varða börn án forsjármanna frá 22. apríl 2009*).

Þá er í þeim tilskipunum sem varða hælisumsóknir og réttarstöðu hælisleitenda fjallað sérstaklega um fylgdarlaus börn, sbr. einkum 19. gr. tilskipunar 2003/9/EB um móttöku hælisleitenda, þar sem mælt er fyrir um talsmann, skipun forsjáraðila (eða umsjón barnaverndaryfirvalda), vistun barna og almennt um að það sem barni er fyrir bestu skuli hafa forgang við ákvarðanatöku. Í 17. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð koma fram lágmarkskröfur um málsmeðferð þar sem fylgdarlaus börn eiga í hlut, þar á meðal um hlut-

verk talsmanns, um hælisviðtal og um aldursgreiningu barna. Þá eru í 30. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn ákvæði um réttarstöðu barna sem veitt hefur verið hæli.

Í samræmi við niðurstöður nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að eftirfarandi nýmæli verði gerð um þetta efni:

a. Í 34. gr. bætist við heimild til að skipa fylgdarlausu barni löglærðan talsmann á kostnað ríkisins. Er þetta í samræmi við breytingar á norsku útlendingalögunum. Sjá nánar 12. gr. frumvarpsins.
b. Í 44. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins, komi ný málsgrein þar sem kemur fram að við mat á umsóknum um hæli skuli taka tillit til þess ef um er að ræða barn. Er ákvæðinu ætlað að vera til leiðbeiningar um það að við allar umsóknir sem varða börn komi til sú skylda stjórnvalda að taka mið af því sem barni er fyrir bestu og á þetta við um öll börn sem sækja um hæli, hvort sem er með foreldrum eða forsjármönnum, eða ef börn eru fylgdarlaus. Í greininni er hutakið fylgdarlaust barn skilgreint og vísað til þeirra sérreglna sem settar eru um málsmeðferð þegar fylgdarlaus börn eiga í hlut.
c. Í 47. gr., sbr. 18. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir nýrri málsgrein þar sem fjallað er um réttarstöðu fylgdarlauss barns sem fær hæli hér á landi.
d. Í 47. gr. b (sbr. b-lið 19. gr. í frumvarpinu) er lagt til að mælt verði fyrir um rétt barna sem eru hælisleitendur til menntunar.
e. Þá koma fram í 21. gr. frumvarpsins tillögur að breytingum á málsmeðferð þegar fylgdarlaus börn eiga í hlut, sbr. frekar athugasemdir með 21. gr.

3.6 Málsmeðferðarreglur.

Að því er málsmeðferðarákvæði útlendingalaga varðar er lagt til að sú leið verði farin að endurskoða málsmeðferðarákvæði V. kafla laganna með tilliti til sérstöðu hælismála. Auk þess er lagt til að nokkrum nýjum ákvæðum um meðferð mála verði bætt í VII. kafla laganna, um vernd gegn ofsóknum og flóttamenn. Eftir sem áður ber að hafa í huga það meginsjónarmið að stjórnsýslulögin gilda um meðferð hælismála, nema annað leiði af lögunum, sbr. 23. gr. gildandi laga. Einnig hefur, í samræmi við niðurstöður nefndarinnar, verið tekið mið af þeim breytingum sem gerðar voru með nýjum norskum útlendingalögum, auk þess sem lágmarksreglur tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð hafa verið hafðar til hliðsjónar.

Eins og fram kemur í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna má í grófum dráttum flokka hælisumsóknir í þrjá flokka að því er varðar meðferð þeirra og byggist flokkunin á framkvæmd hælismála í samræmi við flóttamannasamninginn, fremur en á beinum ákvæðum laganna.

Í fyrsta lagi eru mál sem falla undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar, þar sem heimilt er að endursenda hælisleitanda til annars ríkis sem jafnframt tekur þátt í samstarfi á grundvelli reglugerðarinnar.

Í öðru lagi er um að ræða mál þar sem ástæður hælisleitanda fyrir umsókn eru augljóslega ekki þess eðlis að þau geti réttlætt ákvörðun um hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Viðmiðið er hér fyrst og fremst að hælisleitandi beri þegar í upphafi fyrir sig ástæður eða gögn sem augjóst er að leiða til þess að skilyrðum fyrir umsókn um hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum er ekki fullnægt.

Í þriðja lagi er um að ræða mál sem þarfnast nánari efnislegrar skoðunar og rannsóknar.

Taldi nefndin að einkum skorti á málsmeðferðarreglur í öðrum málaflokknum, þ.e. þegar umsókn er talin bersýnilega tilhæfulaus.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfest verði ákvæði sem endurspegla þessa þrjá flokka hælismála, en við gerð frumvarpsins hefur einnig verið tekið mið af nýrri norskri löggjöf um efnið og lágmarkskröfum þeim sem koma fram í tilskipun 2005/85/EB um málsmeðferð.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að í nýrri grein, 46. gr. a, sbr. 17. gr. frumvarpsins, verði talin atriði sem leiða til þess að umsókn um hæli verði ekki tekin til efnismeðferðar. Er hér miðað við að sú aðstaða sem áður leiddi til þess að viðkomandi ætti ekki rétt á hæli hér á landi, leiði nú til þess að mál verði ekki tekið til efnismeðferðar. Er lagt til að ákvæðið lögfesti sjónarmið sem viðurkennd eru í framkvæmd, þ.e. sjónarmið um fyrsta griðland og að nokkru leyti sjónarmið um öruggt þriðja land. Þar undir fellur svæðisbundin útfærsla þessara sjónarmiða, sem m.a. koma fram í Dyflinnarreglugerðinni, norræna vegabréfasamningnum og í samningi milli Íslands, Færeyja og Smyril Line (vegna komu útlendinga með ferjunni Norrænu).

Í þessum málum er málsmeðferð einfaldari en í málum sem eru tekin til efnismeðferðar en þó eiga reglur um málsmeðferð hælismála við úrlausn Útlendingastofnunar við þar til ákvörðun er tekin um að umsókn verði ekki tekin til efnismeðferðar. Því eiga umsækjendur m.a rétt á upplýsingum og leiðbeiningum um atriði þau sem fram koma í 25. gr. laganna, eins og lagt er til að henni verði breytt, þar á meðal að hafa samband við fulltrúa Flóttamannastofnunar og mannúðar- og mannréttindasamtök, auk þess sem ætlast er til að umsækjendur séu á öllum stigum málsins upplýstir um framgang þess. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um að synja um efnismeðferð sé kæranleg, en að kæra fresti ekki framkvæmd ákvörðunarinnar, nema ákvörðun sé tekin um frestun að ósk viðkomandi Einnig er gert ráð fyrir að réttur umsækjanda til skipaðs talsmanns sé fyrir hendi við málskot í þessum málum sem og í öðrum málum á kærustigi.

Í öðru lagi er lagt til að nýmæli verði í 50. gr. d (sbr. 21. gr. d í frumvarpinu) sem lögfesti heimild til flýtimeðferðar í ákveðnum tilvikum. Í flýtimeðferð felst annars vegar að veita megi ákveðnum málum forgang fram yfir önnur, og er þar um að ræða mál sem líklegt er að hljóti þá niðurstöðu að hæli verði veitt, þar á meðal þegar um aðstandendur flóttamanna er að ræða, eða sérstakar ástæður mæla annars með flýtimeðferð. Má þar í dæmaskyni nefna sérstaka verndarþörf þeirra sem sækja um hæli, t.d. ef um er að ræða fylgdarlaus börn, sjúka eða fatlaða einstaklinga eða fórnarlömb ofbeldis.

Þá er einnig heimilt að beita flýtimeðferð í tilvikum þegar umsóknin er talin bersýnilega tilhæfulaus vegna nánar tilgreindra atriða, sem þó kalla á að staðfest sé eftir frumathugun málsins að annaðhvort eigi við reglan um öruggt heimaland (ríkisborgararéttur í ríki þar sem ekki er hætta á ofsóknum) eða reglan um öruggt þriðja ríki (tengsl við ríki sem senda má viðkomandi til og þar sem ekki er hætta á ofsóknum). Loks eru talin í greininni önnur ákvæði sem heimila flýtimeðferð. Hér er einnig gert ráð fyrir að almennar og sértækar málsmeðferðarreglur laganna eigi við, með þeim undantekningum sem greinin heimilar, og sem setja ætti frekari reglur um í reglugerð.

Þar sem um efnisniðurstöðu Útlendingastofnunar er að ræða í þessum málum gilda almennar reglur um kæru og það að kæra fresti ekki framkvæmd, nema ákvörðun sé tekin um það.

Í þriðja lagi ber að nefna endurskoðun á ákvæðum um hvenær ákvörðun í hælismálum getur komið til framkvæmda ef endanlegri ákvörðun er skotið til dómstóla. Hafa ákvæði laganna verið gerð ítarlegri í því skyni að tryggja raunhæf réttarúrræði, í samræmi við niðurstöðu nefndar um meðferð hælisumsókna. Vísast um þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði til 11. gr. frumvarpsins.

Eftirfarandi eru helstu breytingar og nýmæli í frumvarpinu varðandi málsmeðferð:

6. gr.: Ný 23. gr. a um málshraða.

7. gr.: 25. gr., um leiðbeiningaskyldu, verði breytt þannig að hún mæli fyrir um þær leiðbeiningar sem nauðsynlegar eru í málum útlendinga almennt og hælisleitendur sérstaklega.

8. gr.: Ný 30. gr. a um birtingu ákvarðana.

10. gr.: Breytingar verði gerðar á 32. gr. laganna um það hvenær framkvæmd frávísunar og brottvísunar í hælismálum megi fara fram.

11. gr.: Breytingar verði gerðar á 1. mgr. 33. gr. um frestun á réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar ef mál er borið undir dómstóla.

12. gr.: Breytingar verði gerðar á 34. gr. laganna sem tryggi réttaraðstoð í kærumálum, þótt mál sé ekki tekið til efnismeðferðar og þar sem tryggt er að fylgdarlaus börn eigi rétt á aðstoð löglærðs talsmanns.

17. gr.: Í nýrri 46. gr. a verði ákvæði um mál sem ekki verða tekin til efnismeðferðar.

20. gr.: Breytingar verði gerðar á 50. gr. sem tryggi að stjórnvöld eigi samvinnu við Flóttamannastofnun.

21. gr.: Fjórar nýjar greinar bætist við sem fjalli um sérstök atriði málsmeðferðar, þar á meðal ákvæði um flýtimeðferð mála sem tekin eru til efnismeðferðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin er gerð til skýringa vegna þeirrar endurskoðunar sem á sér stað í frumvarpinu á ákvæðum VII. kafla laganna. Ekki er um efnisbreytingu að ræða. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 56. gr. norsku útlendingalaganna.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 12. gr. f taka mið af því sem fram kom í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna um að lögfesta skuli viðmið um það hvenær dvalarleyfi af mannúðarástæðum verði veitt. Er lagt til að almennt heimildarákvæði laganna verði að mestu tekið upp óbreytt en bætt við helstu viðmiðunum um hvenær veita má dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Ekki er um tæmandi talningu að ræða, þar sem veita verður stjórnvöldum svigrúm við mat á því hvenær rétt er að veita dvalarleyfi samkvæmt greininni.

Um aðskilin atriði er að ræða við mat á því annars vegar hvort rík mannúðarsjónarmið standi til þess að að veita dvalarleyfi og hins vegar hvort eðlilegt sé að veita dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla viðkomandi við landið. Í síðarnefnda tilvikinu má nefna tilvik þar sem útlendingurinn hefur búið hér áður, eða hann á hér ættingja, án þess að falla undir skilgreiningu á hugtakinu aðstandandi skv. 13. gr. laganna.

Ljóst er að við mat á því hvort rík mannúðarsjónarmið standi til þess að veita dvalarleyfi verður nú að líta til þess að þeir sem geta sýnt fram á þörf á vernd skv. 2. mgr. 44. gr. laganna eiga rétt á að fá hæli og njóta réttarverndar sem flóttamenn. Því verður að ætla að þörf á því að gefa út dvalarleyfi af mannúðarástæðum komi sjaldnar til en verið hefur. Engu að síður getur það enn komið til ef ekki hefur verið sýnt fram á að skilyrðum 44. gr. sé fullnægt, en að útlendingurinn þarfnist verndar skv. 1. mgr. 45. gr. Er þá gert ráð fyrir því að gefa megi út dvalarleyfi skv. 12. gr. f og yrði þá tekið mið af svipuðum sjónarmiðum og er gert í málum skv. VII. kafla laganna, svo sem almennra aðstæðna í heimalandi hælisleitanda eða því landi sem hann yrði sendur til, þar á meðal hvort grundvallarmannréttindi eru nægilega tryggð.

Eins og nú er yrði miðað við að alltaf færi fram heildarmat á öllum þáttum málsins áður en leyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða yrði veitt.

Með ríkri þörf á vernd af heilbrigðisástæðum er, í samræmi við framkvæmd í öðrum löndum, miðað við atriði á borð við það hvort um skyndilegan og lífshættulegan sjúkdóm er að ræða sem meðferð er til við hér á landi en ekki í heimalandi viðkomandi. Ef um langvarandi sjúkdóm er að ræða eru ríkari verndarsjónarmið fyrir hendi þegar sjúkdómur er á lokastigi. Jafnframt væri rétt að líta til þess hvort meðferð hefur hafist hér á landi og ekki er læknisfræðilega forsvaranlegt að rjúfa meðferð, sem og til atriða sem varða félagslegar aðstæður útlendings og horfur hans.

Með mjög íþyngjandi félagslegum aðstæðum viðkomandi er vísað til þess að útlendingur hafi þörf á vernd vegna félagslegra aðstæðna í heimalandi og má þar sem dæmi nefna aðstæður kvenna sem annað hvort hafa sætt kynferðislegu ofbeldi, sem leitt getur til erfiðrar stöðu þeirra í heimalandi, eða aðstæður kvenna sem ekki aðhyllast kynhlutverk sem er hefðbundið í heimaríki þeirra og eiga á hættu útskúfun eða ofbeldi við endurkomu. Verndarþörf þjóðfélagshópa að öðru leyti myndi fara eftir aðstæðum í hverju máli. Forsenda þess að dvalarleyfi verði veitt á grundvelli 12. gr. f í tilvikum eins og þeim sem nefnd eru hér að framan er að vernd verði ekki veitt samkvæmt VII. kafla laganna, en svo kynni oft að vera.

Með íþyngjandi aðstæðum að öðru leyti er einnig vísað til alvarlegra aðstæðna í heimaríki og væri þar oft um að ræða viðvarandi mannréttindabrot í ríkinu eða þá aðstöðu að yfirvöld veiti ekki þegnum sínum vernd gegn ofbeldisbrotum eða glæpum. Getur því einnig komið til að útlendingur við þessar aðstæður geti notið verndar skv. VII. kafla laganna um flóttamenn. Þykir þó rétt að hafa þetta almenna ákvæði í 12. gr. f, og fer beiting þess eftir mati á öllum aðstæðum. Það gæti, auk þess sem áður er rakið, tekið til óvenjulegra aðstæðna á borð við náttúruhamfarir eða langvarandi stríðsástand í heimaríki, en ekki yrði að jafnaði talið að ákvæðið tæki til neyðar af efnahagslegum rótum, svo sem fátæktar, hungursneyðar eða húsnæðisskorts.

Loks er lagt til, í samræmi við ákvæði alþjóðlegra skuldbindinga og almennra laga, að tekið sé sérstakt tillit til barna, hvort sem um að ræða fylgdarlaus börn eða önnur börn. Þannig kæmi til greina að minni kröfur yrðu gerðar til að börn nytu verndar og fengju dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f, ef þau fá ekki hæli samkvæmt umsókn, eða ættu ekki rétt á dvalarleyfi á öðrum grundvelli. Í samræmi við framkvæmd annars staðar yrði einnig tekið tillit til þess hvernig aðstæður í heimalandi væru, þ.m.t. hvort framfærsla barns væri örugg og forsjáraðilar til staðar ef barni er synjað um dvalarleyfi, einkum ef um fylgdarlaust barn er að ræða.

Tekið er fram í greininni að ekki skuli veita dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða ef óskað hefur verið eftir hæli skv. 46. gr. laganna, nema málsmeðferð samkvæmt því ákvæði sé lokið. Er það í samræmi við uppbyggingu frumvarpsins og leiðbeiningar frá Flóttamannastofnuninni og er ætlað að koma í veg fyrir að mál sem með réttu eiga undir ákvæði laganna um flóttamenn verði afgreidd á grundvelli 12. gr. f.

Loks er það nýmæli í greininni að veita mætti dvalarleyfi á þessum grundvelli ef útlendingur hefur haft bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g í tvö ár hið minnsta. Gæti slíkt átt við um útlending sem ekki hefur fengið hæli eða dvalarleyfi á öðrum grundvelli er samt sem áður í þeirri aðstöðu að honum verður ekki vísað brott, vegna ákvæða 45. gr. laganna, eða af öðrum ástæðum. Ljóst er að um ákvæði er að ræða sem ekki yrði oft beitt, enda þurfa skilyrði 1. gr. einnig að vera uppfyllt, auk þess sem mælt er fyrir um að sérstakar ástæður mæli ekki

á móti því að viðkomandi fái dvalarleyfi á þessum grundvelli. Mætti við mat á því m.a. líta til þess hvort útlendingur hefur aðstoðað yfirvöld við meðferð máls hans eða ekki.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á ákvæði 12. gr. g, um bráðabirgðadvalarleyfi, í samræmi við aðrar breytingar frumvarpsins. Hefur verið tekið mið af skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna, en þar kemur fram að dæmi hafa verið um að útlendingur sem synjað hefur verið um hæli og ákveðið hefur verið að vísa brott dveljist hér enn þar sem ekki hafi verið unnt að framkvæma brottvísunina, m.a. vegna skorts á ferðaskilríkjum eða óvissu um ríkisfang viðkomandi. Er í skýrslunni lagt til að lögunum verði breytt þannig að þar komi fram skylda stjórnvalda til að tryggja útlendingum í þessari stöðu ákveðin lágmarksréttindi.

Í frumvarpinu er lagt til að farin verði sú leið að í reglugerð verði mælt fyrir um þau réttindi sem sá sem bráðabirgðadvalarleyfi nýtur, enda eiga bráðabirgðadvalarleyfi bæði við um hælisleitendur á meðan á málsmeðferð stendur og eftir að umsókn hefur verið synjað en áður en hún kemur til framkvæmda.

Í athugasemdum með 11. gr. frumvarps til útlendingalaga, nr. 96/2002, kom fram sá tilgangur ákvæðisins að hælisleitendur sem dveljast hér um einhvern tíma vegna umsóknar sinnar geti fengið tímabundið atvinnuleyfi, sbr. nú 11. gr. laga nr. 97/2002. Önnur réttaráhrif eru ekki með beinum hætti tengd við bráðabirgðadvalarleyfi.

Eingöngu eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 12. gr. g, sem miðast við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að greininni verði breytt til samræmis við breytingar á 46. gr. núgildandi laga, sbr. 17. gr. frumvarpsins (ný grein 46. gr. a). Er við það miðað að ef umsókn um hæli er vísað frá án efnismeðferðar eigi umsækjandi ekki rétt á að fá bráðabirgðadvalarleyfi, heldur skráningarskírteini eins og mælt er fyrir um í grein þeirri sem lagt er til að verði 47. gr. b laganna, sbr. b-lið 19. gr. frumvarpsins.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að málslið verði bætt við 2. mgr. 12. gr. g, sem er sama efnis og fram kemur í 12. gr. f, um að víkja megi frá skilyrðum 11. gr. laganna í þessum tilvikum. Þetta er eingöngu gert til skýringa.

Efnisbreytingu er að finna í c-lið greinarinnar þar sem lagt er til að endurnýja megi dvalarleyfi samkvæmt greininni í allt að eitt ár í senn. Er það í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til, sbr. hér að framan. Enda þótt ekki sé líklegt að oft komi til þess að viðkomandi þurfi ítrekað á endurnýjun bráðabirgðadvalarleyfis að halda er þó ljóst af framkvæmd að til þess getur komið. Er því lagt til að Útlendingastofnun meti hvort ástæða er til að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt þessari grein, en samkvæmt nýmæli í 12. gr. f getur útlendingur óskað eftir því að fá dvalarleyfi samkvæmt þeirri grein, eftir að hafa haft bráðabirgðadvalarleyfi í a.m.k. tvö ár.

Í d-lið er lagt til að tekin verði upp reglugerðarheimild.

Loks er rétt, til skýringa, að vísa til breytinga sem er lagt til að gerðar verði á 4. mgr. 45. gr. laganna, sbr. d-lið 15. gr. frumvarpsins. Er þar gert ráð fyrir að þeir útlendingar sem vísa má brott vegna öryggis ríkisins, en sem ekki verður vísað frá að svo stöddu vegna ákvæða 45. gr. geti fengið dvalarleyfi skv. 12. gr. g, en að í því tilviki megi binda dvalarleyfi skilyrðum sem annars eiga ekki við.

Um 4. gr.

Með 4. gr. er lagt til nýmæli, þar sem fram koma reglur um dvalarleyfi flóttamanns, samkvæmt nýrri grein 12. gr. j. Númer greinarinnar skýrist af frumvarpi til breytinga á lögum um útlendinga sem unnið hefur verið að í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Það frumvarp er lagt fram samhliða þessu frumvarpi en þar er lagt til að við lögin bætist tvær nýjar greinar, 12. gr. h og 12. gr. i.

Greinin byggist á gildandi lögum, en mælt er fyrir um að flóttamaður sem er viðurkenndur sem slíkur eigi rétt á hæli og fái dvalarleyfi, sbr. 47. gr. gildandi laga. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá þeirri grein.

Í samræmi við uppbyggingu útlendingalaga er þó lagt til að sérstakt ákvæði verði tekið upp í III. kafla laganna þar sem fjallað er um dvalarleyfi fyrir flóttamenn. Lagt er til að greinin verði 12. gr. j og skýrist það af frumvarpi til breytinga á útlendingalögum, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, þar sem lagt er til að tvær nýjar greinar bætist við III. kafla, 12. gr. h og 12. gr. i.

Í samræmi við lágmarkskröfur 24. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, er mælt fyrir um að dvalarleyfi skuli veitt til a.m.k. þriggja ára. Með 24. gr. tilskipunar 2004/83/EB er ríkjum gert kleift að veita annars vegar aðstandendum flóttamanna og hins vegar þeim sem falla undir ákvæði 2. mgr. 44. gr. laganna styttra dvalarleyfi en til þriggja ára. Í samræmi við uppbyggingu frumvarpsins og tilgang er hér lagt til að allir þeir sem fá dvalarleyfi sem flóttamenn skv. 46. gr. laganna njóti sömu verndar og eigi því rétt á dvalarleyfi til a.m.k. þriggja ára, sem sé endurnýjanlegt. Er það, að því er varðar þá sem njóta verndar skv. 2. mgr. 44. gr., í samræmi við sambærileg ákvæði norskru útlendingalaganna. Einnig er áréttað að flóttamenn eigi sjálfkrafa rétt á endurnýjun dvalarleyfis að þeim tíma liðnum, nema skilyrði séu til að afturkalla hæli eða synja megi umsókn um endurnýjun vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna sem er sambærilegt orðalag og í d-lið 20. gr. laganna.

Ákvæði um réttarstöðu fjölskyldu flóttamanna hafa ekki verið tekin til sérstakrar endurskoðunar við gerð þessa frumvarps, enda fjallaði nefnd um meðferð hælisumsókna ekki sérstaklega um þær reglur. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði núgildandi laga haldi gildi sínu óbreytt, en að tekin sé í lögin heimild til að setja í reglugerð frekari ákvæði um aðstandendur flóttamanna. Því er ekki lagt til í frumvarpinu að skilgreining á fjölskyldu sé þrengd frá því sem er í 3. mr. 46. gr. gildandi laga, en í tilskipun 2004/83/EB er m.a. gert ráð fyrir að ríki geti gert kröfu um að til fjölskyldu hafi verið stofnað áður en flóttamaður yfirgefur heimaland sitt. Er lagt til að nota megi reglugerðarheimild þá sem lagt er til í frumvarpinu að verði tekin upp sem 4. mgr. 12. gr. j, ef ástæða verður talin til þess síðar að samræma íslenska löggjöf ákvæðum í samningum sem ríkið á aðild að.

Bent skal á að réttur til búsetuleyfis kemur til eftir fjögurra ára búsetu skv. 1. mgr. 15. gr. gildandi laga. Þær tillögur sem hér eru lagðar til, í samræmi við lágmarksréttindi áðurgreindrar tilskipunar, geta því leitt til óhagræðis við útgáfu dvalarleyfa og síðar mögulegs búsetuleyfis. Er því lagt til að ráðherra geti í reglugerð sett frekari ákvæði um dvalarleyfi samkvæmt greininni og gæti ráðherra því sett í reglugerð ákvæði um önnur tímaviðmið við útgáfu dvalarleyfis en fram koma í greininni, þó ekki þannig að dvalarleyfi flóttamanns verði til styttri tíma en þriggja ára.

Um 5. gr.

Greininni er breytt til skýringa vegna breytinga á ákvæðum VII. kafla laganna, um vernd gegn ofsóknum og flóttamenn, þar sem hugtakið flóttamenn skv. 44. gr. laganna, eins og lagt er til að henni verði breytt, tekur til fleiri aðila en skilgreining flóttamanns að gildandi lögum.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við sérstöku ákvæði um málshraða. Mjög mikilvægt er að mál útlendings sem er til meðferðar hjá stjórnvöldum verði ávallt afgreitt fljótt og án ástæðulausra tafa og að því sé hraðað eftir föngum, sbr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Samkvæmt því ákvæði ber stjórnvaldi þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast að skýra aðila máls frá því og upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Nefnd um meðferð hælisumsókna lagði til í skýrslu sinni að ákvæði yrði bætt í útlendingalög þar sem mælt væri fyrir um að reynt yrði að hraða meðferð máls eftir föngum og jafnframt að hælisleitanda yrði tilkynnt ef tafir yrðu á meðferðinni. Jafnframt yrði sett ákvæði um skilyrði þess að hælisleitendur gætu óskað eftir auknum frestum við meðferð máls hjá dómsmálaráðuneytinu þannig að tryggt væri að ekki yrði ónauðsynlegar tafir á meðferð máls. Tók nefndin fram að almennt mætti telja að ákvæði 9. gr. stjórnsýslulaga ætti að veita stjórnvöldum nægjanlegt aðhald í þessu efni og í reynd yrði ekki talið, með vísan til fjölbreytileika þeirra mála sem hér væri um að ræða, að fært væri að lögfest almenna reglu um tiltekinn tímafrest sem stjórnvöldum væri settur til afgreiðslu hælisumsókna. Tilgangur slíkrar sérreglu væri því fremur að tryggja þau réttindi hælisleitenda hér á landi að vera á hverjum tíma, að frumkvæði stjórnvalda, upplýstir um stöðu á máli þeirra. Nefndin taldi það mikilvægt, ekki síst með tilliti til þess að meðferð máls gangi snurðulaust fyrir sig og í sem bestri samvinnu við hælisleitanda, að hann væri reglulega upplýstur um það í hvaða farveg mál hans hefði verið lagt, hversu langt það væri komi o.s.frv. Áréttaði nefndin að sömu sjónarmið ættu við um stjórnsýsluframkvæmd dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og Útlendingastofnunar. Væru regluleg viðtöl við hælisleitendur, sem færu fram í nágrenni við vistúrræði kostur sem rétt væri að taka til skoðunar í því sambandi. Almennt mætti gera ráð fyrir að slík stjórnsýsluframkvæmd mundi auka möguleika til samvinnu við hælisleitanda.

Þess ber að geta að í 23. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð er gert ráð fyrir að hælisleitanda skuli tilkynnt um það sérstaklega ef ekki er hægt að taka ákvörðun innan sex mánaða eða að yfirvöld skuli tilkynna umsækjanda, eftir kröfu hans, hvenær vænta megi niðurstöðu. Í frumarpinu er ekki lagt til að sett verði ákveðin tímaviðmið, en að almennt ákvæði árétti reglur stjórnsýslulaga um málshraða.

Um 7. gr.

Í samræmi við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að ákvæðið um leiðbeiningarskyldu verði gert ítarlegra, m.a. varðandi heimildir til að fá túlk til aðstoðar á öllum stigum máls og heimildir til að útlendingur geti kallað til lögmann á eigin kostnað. Í skýrslu sinni tók nefndin fram að ábyrgð íslenskra stjórnvalda á að tryggja að upplýsingar bærist hælisleitendum með skýrum hætti væri rík. Mikilvægt væri að ábyrgð af því að tilkynningar, bréf og ákvarðanir frá Útlendingastofnun bærist hælisleitanda tryggilega og að tryggt væri að hann skildi efni viðkomandi skjals. Vísaði nefndin sérstaklega til álits umboðsmanns Alþingis frá 1. apríl 2009 í máli nr. 5261/2008 sem varðaði birtingu ákvörðunar um brottvísun sem skýrt dæmi um að stjórnvöld hefðu ekki gengið úr skugga um að

þessi þáttur málsmeðferðar væri í lagi en sömu sjónarmið ættu við um mál um frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis.

Þá taldi nefndin rétt að í löggjöf væri sérstaklega fjallað um viðbrögð finnist ekki hæfur túlkur hér á landi, fresti í því sambandi og aðstoð túlka gegnum síma, t.d. ef leita þyrfti túlkaþjónustu í öðrum löndum. Benti nefndin á að nánari fyrirmynd að ákvæði um réttindi hælisleitanda að þessu leyti mætti einkum sjá í 10. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð. Sem fyrr skal útlendingi sem lagt hefur fram umsókn um hæli leiðbeint um rétt til að fá skipaðan talsmann við meðferð máls á kærustigi, sbr. 2. mgr. 34. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði er lýtur að birtingu ákvörðunar um frávísun og brottvísun. Tilkynna skal allar ákvarðanir í máli útlendings um frávísun og brottvísun þeim sem í hlut á skriflega svo fljótt sem verða má. Í samræmi við athugasemdir nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að birtingin fari fram að viðstöddum starfsmönnum Útlendingastofnunar eða dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, eftir því hvaða stjórnvald á hlut að máli, til að tryggt verði að sá sem ákvörðun beinist að fái réttar upplýsingar um efni hennar og þýðingu. Í samræmi við almennar reglur stjórnsýslulaga er ákvörðunin bindandi þegar hún hefur verið birt fyrir útlendingi. Þá ber að leiðbeina þeim útlendingi sem ákvörðun beinist að um rétt hans til að kæra ákvörðunina, hvert henni skuli beint og um kærufrest.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að fellt verði á brott það skilyrði í niðurlagi 2. mgr. 31. gr. um að synjun á þeim umsóknum sem um er að ræða megi aldrei framkvæma fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina. Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan sú að ekki er heimilt að framfylgja slíkri synjun fyrr en útlendingur hefur lagt fram kæru en hann hefur 15 daga til þess að gera það frá birtingu eða tilkynningu ákvörðunar skv. 2. mgr. 30. gr. Að liðnum þeim fresti er því heimilt að framfylgja eða framkvæma ákvörðunina. Verður að telja að skilyrðið um frestun á framkvæmd í tvo sólarhringa frá tilkynningu ákvörðunarinnar sé í ósamræmi við framangreinda meginreglu.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytinar á 32. gr. laganna. Ákvæðið verður að mestu leyti óbreytt. Þó er lagt til að við undantekningar frá meginreglunni í 1. mgr. bætist að heimilt sé að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið áður en ákvörðun er endanleg í málum þegar um er að ræða synjun á efnismeðferð umsóknar, sbr. nánar 17. gr. frumvarpsins. Byggist þessi undantekning eins og hinar tvær í núgildandi 1. mgr. á reglunni um fyrsta griðland. Samkvæmt því verða nú þrjár undantekningar frá meginreglunni um að ekki megi framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg.

Hins vegar þykir rétt að útlendingur eigi þess kost á að kæra ákvarðanir Útlendingastofnunar til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins um synjun á frestun á framkvæmd þegar ekki hefur verið tekin afstaða til þeirra aðstæðna sem greinir í 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. við framkvæmd ákvörðunar og sem útlendingur ber fyrir sig. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar en útlendingur getur hins vegar óskað eftir því við ráðuneytið skv. 29. gr. stjórnsýslulaga meðan kæra er til meðferðar. Af framangreindu er jafnframt ljóst að reglur

stjórnsýslulaga gilda um málsmeðferð þessara ákvarðana nema annað leiði af reglum laganna. Þetta hefur m.a. í för með sér að ekki er lengur hægt að taka ákvarðanir munnlega.

Um 11. gr.

Hér er lögð til breyting á þeirri heimild ráðherra í 1. mgr. 33. gr. laganna að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar um brottvísun eftir kröfu útlendings. Heimildin er bundin því skilyrði að útlendingur beri efnisúrskurðinn undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 33. gr. frestar málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið ekki framkvæmd hennar. Samkvæmt núgildandi ákvæði laganna getur dómsmálaráðherra þó tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd hennar ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því ákvörðun var tekin. Í samræmi við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að þessi heimild ráðherra verði rýmkuð. Í skýrslu nefndarinnar var sérstaklega vísað til þess að veita þyrfti stjórnvöldum meira svigrúm til þess að ákveða frestun á framkvæmd ákvörðunar þar sem ýmsar veigamiklar ástæður gætu leitt til þess að rétt væri að fresta henni. Auk þeirra atriða sem um er getið í greinargerð með núgildandi ákvæði þá ber sérstaklega að geta þeirrar afstöðu íslenskra dómstóla að eftir að brottvísun útlendings hefur komið til framkvæmda og hann er ekki lengur staðsettur hér á landi fjalli dómstólar ekki um tilteknar dómkröfur þar sem viðkomandi útlendingur hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um þær. Í því sambandi ber að hafa í huga þau áhrif sem fjarvera aðila sjálfs í eigin dómsmáli hefur á möguleika hans til sönnunarfærslu um atriði sem ekki verða leidd fram með skjölum. Ljóst er að það hefur mikla þýðingu fyrir aðila sem sækir réttindi sín í dómsmáli að hann standi í réttarfarslegum atriðum jafnfætis gagnaðila sínum fyrir dómi og eigi þess kost að halda eða öðlast aftur þau réttindi sem skert voru ef málsúrslit verða honum í hag. Hér ber einnig að hafa í huga tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. 13 frá 1998 um rétt þeirra sem hafa sótt um hæli í aðildarríkjum ráðsins og verið hafnað, til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns í tengslum við ákvarðanir um brottvísun þeirra. Vísast sérstaklega til 4. mgr. 2. gr. tilmælanna þar sem það er sérstaklega talið falla undir raunhæft úrræði um frestun réttaráhrifa að aðili eigi þess kost að fá framkvæmd brottvísunar frestað uns óháður aðili, hvort sem það er dómstóll eða óháð stjórnsýslunefnd, hefur gengið úr skugga um hvort þær aðstæður sem 3. gr. Mannréttindasáttmálans tekur til séu fyrir hendi í málinu. Að sama skapi þarf jafnframt að tryggja skjóta úrlausn dómstóla um efnið, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 6. október 2005 í máli nr. 429/2005.

Um 12. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna. Beinist breytingin að því að felldar verði brott þær breytingar sem gerðar voru á greininni með 8. gr. laga nr. 20/2004 þess efnis að útlendingur ætti ekki rétt á að honum væri skipaður talsmaður við kæru á synjun sem byggð væri á þágildandi d- og e-lið 1. mgr. 46. gr. laganna. Samkvæmt því er lagt til að útlendingur eigi rétt á að honum sé skipaður talsmaður við kæru á synjun um að umsókn um hæli verði tekin til efnismeðferðar hér á landi, sbr. b-, c- og d-lið 1. mgr. 46. gr. a samkvæmt frumvarpinu. Ljóst er að útlendingur sem er ósáttur við niðurstöðu um synjun á framangreindum grundvelli hefur heimild til þess að kæra hana til ráðuneytisins. Kæra á slíkri synjun frestar ekki framkvæmd ákvörðunarinnar nema fallist hafi verið á að fresta réttaráhrifum hennar skv. 29. gr. stjórnsýslulaga, sbr. a-lið 1. mgr. 32. gr. laganna eins og

lagt er til að greininni sé breytt í frumvarpi þessu. Eru því miklar líkur á því að útlendingur sé farin úr landi þegar mál hans verður tekið fyrir á kærustigi. Skyldur stjórnvalda að lögum gagnvart aðila stjórnsýslumáls eru jafnan þær sömu hvort sem útlendingur er staddur hér á landi eða í útlöndum á meðan mál hans er til meðferðar. Geta stjórnvöld almennt ekki gert þá kröfu að aðili máls, sem ekki er staddur hér á landi meðan á meðferð málsins stendur, fái sér einhvern sem staddur er hér á landi til að liðsinna sér við meðferð málsins, a.m.k. ef möglegt er að hafa samband við hann með eðlilegri samskiptatækni. Þá ber að hafa í huga að samkvæmt lögunum eiga útlendingar sem sækja um hæli almennt rétt á að þeim sé skipaður talsmaður á kærustigi nema í tilteknum undantekingum sem beinast m.a. að því að útlendingur hafi verið dæmdur fyrir alvarleg brot erlendis eða hérlendis, ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins og ef hann sýnir háttsemi sem er alvarleg ógn við grundvallarþjóðfélagssjónarmið. Í ljósi þessa og réttaröryggissjónarmiða verður að telja ákveðin rök mæla með því að íslensk stjórnvöld greiði fyrir talsmann umsækjanda í kærumáli um synjun á að umsókn um hæli verði tekin til efnismeðferðar hér á landi skv. b-, c- og d-lið 1. mgr. 46. gr. a.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt er til að ákvæði 44. gr. verði breytt þannig að þar verði að finna nákvæmari skilgreiningu á því hver telst vera flóttamaður samkvæmt lögunum.

Lagt er til að í 1. mgr. 44. gr. verði skilgreining flóttamannasamningsins tekin upp í lögin. Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir því að við skýringu á hugtakinu flóttamaður verði áfram miðað við skilgreiningu A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (flóttamannasamningsins), sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967. Lagt er til, í samræmi við lagabreytingar á útlendingalöggjöfinni í Noregi, að skilgreining flóttamannasamningsins verði tekin upp í lögin. Sú breyting er gerð að hugtakið *tiltekinn þjóðfélagshópur* er notað sem þýðing á enska orðasambandinu *particular social group* í stað þess að tala um sérstaka félagsmálaflokka, eins og gert var í upphaflegri þýðingu samningsins. Í athugasemdum þýðanda í *Handbók um réttarstöðu flóttamanna* er bent á að fyrrgreinda þýðingin falli betur að íslensku nútímamáli.

Hugtakið *útlendingur* tekur samkvæmt ákvæðinu til allra þeirra sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, og tekur því einnig til þeirra einstaklinga sem eru ríkisfangslausir. Ákvæði A-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins um ríkisfangslausa einstaklinga er þó einnig tekið upp í lögin, en ekki er um efnisbreytingu að ræða, að þessu leyti.

Skilgreininin undanskilur ekki þá sem hafa ríkisfang ESB-ríkis, eins og nú er gert í gerðum Evrópusambandsins um efnið.

Lagt er til að fjórar nýjar málsgreinar bætist við 44. gr. þar sem frekari skilgreining á hugtakinu flóttamaður komi fram:

Í 2. mgr. 44. gr. er það nýmæli lagt til að þeir verði skilgreindir sem flóttamenn sem eiga rétt á því að njóta verndar vegna hættu á ofsóknum, pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð verði þeir sendir aftur til heimalands síns, eða lands þar sem þeir áður höfðu reglulegt aðsetur, ef um ríkisfangslausan einstakling er að ræða. Um alþjóðlega vernd, þ.m.t. hina svokölluðu *viðbótarvernd* (e. *subsidiary protection*) vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna var lagt til að nýju ákvæði yrði bætt í útlendingalögin þess efnis að þótt útlendingur teljist ekki flóttamaður, skuli hann engu að síður njóta sömu verndar, ef raunhæf ástæða er til að ætla að hann sé í hættu á að sæta

dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði hann sendur aftur til heimalandsins.

Lagt er til að ný 2. mgr. 44. gr. taki mið af þessari afmörkun og að sambærileg afmörkun taki til þeirra sem eru ríkisfangslausir.

Orðalag ákvæðisins tekur mið af tillögu nefndarinnar og er einnig í samræmi við b-lið 1. mgr. 28. gr. norsku útlendingalaganna. Í athugasemdum með norsku lögunum kemur fram að tekið hafi verið mið af skilgreiningu og afmörkun viðbótarverndar í 2. gr. e og 15. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn og fullnægi ákvæðið lágmarkskröfum tilskipunarinnar. Í samræmi við ákvæði norsku laganna og skýringar með þeim er við það miðað hér að 2. mgr. 44. gr., auk 1. mgr. 45. gr. laganna, geti tekið til þeirra aðstæðna sem greinir í c-lið 15. gr. tilskipunarinnar, eftir mati á öllum aðstæðum. Auk þess er við það miðað að ákvæðið verði túlkað með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins eins og þær eru túlkaðar hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. 44. gr. felur í sér það nýmæli að útlendingar sem falla undir þessa málsgrein teljast flóttamenn. Verður staða þeirra sem slíkra viðurkennd eftir málsmeðferðarreglum sem eru sambærilegar að öllu leyti við ákvörðun á því hvort um flóttamann skv. 1. mgr. 44. gr. er að ræða og eiga þeir rétt á hæli skv. 46. gr. laganna með sama hætti og flóttamenn skv. 1. mgr. 44. gr. Er þetta lagt til í samræmi við skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna og byggist á því að ljóst sé að þörf þeirra sem falla undir 2. mgr. 44. gr. fyrir vernd sé í raun hin sama og þeirra sem uppfylla skilyrði flóttamannahugtaksins og réttindi sem fylgja slíkri vernd ættu því að vera sambærileg réttindum einstaklinga sem veitt er réttarstaða flóttamanns.

Í 3. mgr. 44. gr. er lagt til að ný málsgrein verði tekin upp sem staðfestir að til flóttmanna teljist einnig þeir sem óska eftir því að vera viðurkenndir sem flóttamenn eftir að hafa verið utan heimalands síns um nokkra hríð en voru ekki flóttamenn þegar þeir yfirgáfu land sitt (flóttamaður *sur place*). Staða *sur place* flóttamanna er viðurkennd samkvæmt flóttamannasamningnum og veltur mat á því hvort um flóttamenn sé að ræða á sömu sjónarmiðum og annars er þegar samningurinn á við.

Orðalag það sem lagt er til að tekið verði upp sem 3. mgr. 44. gr. tekur mið af norsku útlendingalögunum og veitir eins og norska ákvæðið betri rétt en 5. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn. Eins og í norsku lögunum er miðað við að þörf á alþjóðlegri vernd geti risið vegna breyttra aðstæðna í heimalandi og einnig ef einstaklingur grípur fyrst til aðgerða sem skapa þörf á alþjóðlegri vernd eftir að hann hefur yfirgefið heimaland sitt. Miðað er við að um einstaklingsbundna ákvörðun sé að ræða og að um málsmeðferð fari eftir sömu reglum og ákvörðun um hæli. Í samræmi við tilmæli Flóttamannastofnunar í athugasemdum við 5. gr. tilskipunarinnar yrði því áfram við það miðað að mat yrði lagt á það fyrst og fremst hvort sýnt er fram á að skilyrðum laganna um flóttamenn sé fullnægt. Mat á þeim aðstæðum sem koma fram í 2. málsl. málsgreinarinnar fer eftir sömu sjónarmiðum og mat á hælisumsókn annars. Þá verður að gæta að meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*), ef ákvörðun yrði tekin um að veita viðkomandi ekki hæli.

Í 4. mgr. 44. gr. er nýmæli þar sem mælt er fyrir um að taka skuli tillit til þess við mat á skilyrðum greinarinnar hvort um barn er að ræða. Með hugtakinu barn er átt við einstakling undir 18 ára aldri og er þar miðað við skilgreiningu barns í 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Eins og gert er ráð fyrir í handbók Flóttamannastofnunar verður

staða barns tekin til skoðunar í samræmi við meginregluna um einingu fjölskyldunnar, þegar barn er í fylgd annars eða beggja foreldra.

Ef um fylgdarlaust barn er að ræða gilda sérstakar reglur, samkvæmt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og vísað er til í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Hugtakið *fylgdarlaust barn* er skilgreint í greininni og er þar miðað við skilgreiningu í tilskipunum Evrópsambandsins og Dyflinnarreglugerðinni á hugtakinu *fylgdarlaust ólögráða barn*.

Lagt er til að lokamálsgrein núgildandi 44. gr. falli brott. Ítarlegri ákvæði um flóttmenn, sem lagt er til að tekin verði í lögin leiða til þess að málsgreinin, eins og hún er orðuð, verður óþörf.

Um 14. gr.

Í greininni er lagt til að skýrt verði frekar hvað felst í ofsóknum, hverjir geta verið valdir að ofsóknum og vegna hvaða einkenna eða eiginleika ofsóknir beinast að þeim sem eru ofsóttir. Greinin er nýmæli og tekur mið af nýlegum breytingum í norsku útlendingalögunum sem og ákvæðum tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn. Eins og kemur fram í aðfararorðum tilskipunarinnar er tilgangur hennar að samræma viðmið í ríkjum Evrópusambandsins um það hvaða einstaklingar þarfnast alþjóðlegrar verndar, bæði flóttamenn skv. A-lið 1. gr. flóttamannasamningsins og aðrir þeir sem njóta viðbótarverndar. Er skilgreining á ofsóknum þáttur í þeirri samræmingu.

Lagt er til að tekin verði upp í lögin ein grein, 44. gr. a, þar sem viðmið eru sett um hvað felst í hugtakinu ofsóknir, á hvaða grundvelli ofsóknir eru sem kalla á alþjóðlega vernd og hvaða aðilar geta borið ábyrgð á ofsóknum. Er einnig lagt til að lögin veiti dóms- og mannréttindaráðherra heimild til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framangreind viðmið. Efnislega er tekið mið af ákvæðum 29. og 30. gr. norsku laganna, auk ákvæða tilskipunar 2004/38/EB, eins og nánar er lýst hér á eftir.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að tekin verði upp skilgreining á ofsóknum skv. 1. mgr. 44. gr., sem síðan verði útfærð nánar í reglugerð. Ákvæðið, eins og það er lagt til í frumvarpinu, er nægilega rúmt til að áfram verði tekið mið af leiðbeiningum Flóttamannastofnunar við mat á hverju máli um sig. Skilgreiningin tekur mið af 1. mgr. 9. gr. í tilskipun 2004/83/EB þar sem vísað er í alvarleg brot á grundvallarmannréttindum, einkum þeim ófrávíkjanlegu grundvallarmannréttindum sem ríkjum er, jafnvel á hættutímum, óheimilt að víkja frá skv. 2. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Er tekið mið af orðalagi þeirrar greinar og þeirra greina sem hún vísar til í frumvarpstextanum.

Ekki er um tæmandi talningu að ræða í 1. mgr. 44. gr. a eins og orðalag hennar ber með sér. Þá er í síðari málslið málsgreinarinnar gert ráð fyrir að samsafn athafna geti haft sömu eða sambærileg áhrif á einstakling og athafnir sem nefndar eru í fyrri málslið. Er þetta einnig í samræmi við leiðbeiningar Flóttamannastofnunarinnar, sbr. lið 53 í handbók Flóttamannastofnunarinnar, þar sem einnig er vísað í samsafn athafna, þ.m.t. ólögmæta mismunun, sem geta leitt til þess að um ofsóknir sé að ræða. Telja verður að 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar taki mið af viðmiðum um langvarandi mismunun, sem getur leitt til þess að einstaklingur geti fullnægt skilyrðum 1. mgr. 44. gr. um ástæðuríkan ótta við að vera ofsóttur.

Til frekari skýringar á afmörkun hugtaksins ofsóknir væri ráðlegt að ákvæði 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar yrði tekið upp í reglugerð. Í þessari grein tilskipunarinnar eru nefnd eftirfarandi dæmi um athafnir sem fela í sér ofsóknir, þó að ekki sé um tæmandi talningu að ræða:

a. líkamlegt eða andlegt ofbeldi, þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi,
b. löggjöf, dómar og stjórnvaldsákvarðanir, þ.m.t. ákvarðanir lögreglu, feli í sér mismunun eða sé beitt þannig að það feli í sér mismunun,
c. ákærur eða refsingar feli í sér mismunun eða brjóti gegn þeirri meginreglu að aðgerðir stjórnvalda skuli ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiði sínu (meðalhófsregla),
d. aðgangur að dómstólum sé ekki tryggður og það leiði til þess að refsingar feli í sér mismunun eða brot gegn meðalhófsreglu,
e. einstaklingar séu ákærðir, eða þeim refsað fyrir að neita að taka þátt í hernaði, ef þátttaka í slíkum hernaði mundi fela í sér brot á F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins,
f. athafnir sem beint er gegn einstaklingum af ákveðnu kyni eða gegn börnum.

Í 2. mgr. 44. gr. a eru talin upp viðmið sem lagt er til að notuð séu við við túlkun á 1. mgr. 44. gr. Sambærileg viðmið eru talin upp í 30. gr. norsku laganna og taka þau mið af 10. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, að öðru leyti en því að tekið er fram að frelsi til að skipta um trú falli undir hugtakið *trúarbrögð*. Er í því efni tekið mið af handbók Flóttamannastofnunar, liðum 71–73, og er sambærilegri afmörkun fylgt í frumvarpinu.

Að því er varðar d-lið 2. mgr. 44. gr. a, er í frumvarpinu einnig tekið mið af tilmælum Flóttamannastofnunarinnar um skilgreiningu á þjóðfélagshópi, og er þar vikið frá ákvæði d-liðar 30. gr. norsku laganna. Eins og d-liður 2. mgr. 44. gr. a er orðaður í frumvarpinu er nægilegt að eitt af þeim skilyrðum sem þar eru talin sé uppfyllt. Í norsku lögunum og í tilskipuninni er gert ráð fyrir því að bæði sé um það að ræða að einstaklingur tilheyri ákveðnum þjóðfélagshópi vegna einkenna sem hann getur ekki eða vill ekki breyta og að að samfélagið afmarki þjóðfélagshópinn sem slíkan vegna hinna sameiginlegu einkenna. Eins og athugasemdir Flóttamannastofnunarinnar við tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn bera með sér geta þessi atriði farið saman, en svo er þó ekki alltaf og hefur lengi verið ágreiningur um það hvort viðmiðið eigi að nota við túlkun flóttamannasamningsins. Mælir Flóttamannastofnunin með því að ríki veiti vernd í báðum tilvikum til þess að ekki komi til þess að einstaklingar sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda geti ekki notið hennar. Er lagt til að þessi leið sé farin. Alltaf yrði að sjálfsögðu um það að ræða að einstaklingur sem ber fyrir sig að tilheyra tilteknum þjóðfélagshópi hafi orðið fyrir ofsóknum vegna einkenna sinna eða skoðana.

Af þeim þjóðfélagshópum sem geta fallið undir framangreint ákvæði má í dæmaskyni nefna þá sem sæta ofsóknum vegna kynhneigðar eða kynímyndar, börn sem eru neydd til hjúskapar, börn sem eru fórnarlömb mansals eða annars ofbeldis, eða börn sem eru þvinguð til hernaðar. Ekki er lagt til að mælt verði fyrir um vernd ákveðinna hópa í ákvæðinu en rétt væri að í reglugerð verði sett frekari viðmið, sem taki mið af leiðbeiningum Flóttamannastofnunarinnar og sjónarmiðum sem koma fram í tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn. Er þá einnig hægara um vik að endurskoða reglur og taka mið af þeirri þróun sem verður í þessum málum. Þá verður að hafa í huga að í sumum tilvikum, svo sem varðandi kynbundið ofbeldi eða mansal, getur verið eðlilegra að setja reglur um vernd tiltekinna hópa, umfram vernd þeirra sem flóttamanna, eins og m.a. er lagt til í frumvarpi til breytinga á útlendingalögum sem ráðgert er að leggja fyrir yfirstandandi þing (2009–2010) og vísað er til í almennum athugasemdum. Slíkt mundi þó ekki útiloka mat á hælisumsókn sem lögð væri fram á þessum grundvelli, ef skilyrðum ákvæðisins væri fullnægt, og yrði að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort ákvæði 44. gr. laganna ættu við.

Lagt er til að afmörkun á því hverjir geti verið valdir að ofsóknum og þeirri meðferð sem vernd er veitt gegn skv. 2. mgr. 44. gr. verði í 3. mgr. 44. gr. a í frumvarpinu. Miðað er við afmörkun norsku laganna, sem tekur mið af 6. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, auk þess sem miðað er við að áfram verði stuðst við leiðbeiningar Flóttamannastofnunarinnar við skýringu á ákvæðinu. Athygli er vakin á því að þessi málsgrein á einnig við þegar skilyrði 2. mgr. 44. gr. eru metin öndvert við 1. og 2. mgr. greinarinnar, sem taka til 1. mgr. 44. gr.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. laganna verði að mestu óbreytt en að vísað verði í heiti greinarinnar til þeirrar meginreglu sem fram kemur í ákvæðinu, þ.e. meginreglunnar um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (e. *non-refoulement*), sem kemur m.a. fram í 33. gr. flóttamannasamnings. Þó verður að gera greinarmun á 1. málsl. og 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar, vegna mismunandi undantekninga sem gera má frá meginreglunni þegar flóttamenn eiga í hlut annars vegar og þeirra sem njóta viðbótarverndar hins vegar.

Undanþága 2. mgr. 45. gr. nær þannig til þeirra sem njóta verndar sem flóttamenn samkvæmt flóttamannasamningnum, eins og heimilt er skv. 2. mgr. 33. gr. hans, en gert er ráð fyrir að vernd skv. 2. málsl. 1. mgr. sæti ekki undantekningum, með fyrirvara um það sem kemur fram í 3. mgr. greinarinnar.

Tekið skal fram að að hluta til koma sömu verndarsjónarmið og greinin á við um fram í nýrri 2. mgr. 44. gr. laganna, eins og áður er lýst. Þrátt fyrir það er lagt til að ákvæði 45. gr. verði áfram í lögunum, enda getur víðtækari vernd falist í meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*), en felst í vernd skv. 2. gr. 44. gr. Þó að staðan mundi oft verða sú að útlendingur sem getur borið fyrir sig þær ástæður sem fram koma í 1. mgr. 45. gr. í umsókn um hæli skv. 46. gr. laganna, sbr. og 44. gr., er ekki svo í öllum tilvikum. Er lagt til að áfram verði byggt á þeirri framkvæmd sem fyrir hendi er og skýringum Flóttamannastofnunarinnar á meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*), sem og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga sem banna brottvísun af ástæðum sem koma fram í 2. málsl. 1. mgr. 45. gr.

Er rétt að vekja athygli á því að öll ríki Evrópusambandsins eru bundin af meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*) samkvæmt skuldbindingum í alþjóðlegum mannréttindasamningum og eftir viðurkenndum reglum þjóðaréttar. Kemur þetta einnig fram í 21. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn. Kemur ákvæðið þannig sjálfstætt til skoðunar ef vísað er til þess, m.a. í þeim tilvikum þegar taka á ákvörðun um frávísun eða brottvísun til annars lands en heimalands útlendings, sbr. til samanburðar orðalag 2. mgr. 44. gr. laganna, einsog lagt er til að henni verði breytt í 13. gr. frumvarpsins.

Í a-lið 15. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. mr. 45. gr. laganna falli brott. Af þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum 44. og 46. gr. leiðir að eðlilegt er að færa 2. mgr. 45. gr. gildandi laga í 46. gr. laganna og mæla þar fyrir um að ef viðkomandi uppfyllir ekki skilyrði laganna til að fá hæli sem flóttamaður skuli stjórnvald kanna að eigin frumkvæði hvort beita skuli ákvæðum 12. gr. f laganna. Áfram yrði heimilt að veita útlendingi dvalarleyfi ef 45. gr. á við í tilvikum þar sem 44. gr. á ekki við. Þar gæti einnig komið til 12. gr. g, um bráðabirgðadvalarleyfi, sem lagt er til í frumvarpinu að geti einnig tekið til þessarra aðstæðna.

Í b-lið 15. gr. frumvarpsins er sú breyting gerð að í stað F-liðar 1. mgr. flóttamannasamninsins er vísað í b-lið 2. mgr. 46. gr. þar sem ákvæði F-liðar 1. mgr. samningsins hafa verið tekin upp í ákvæðið.

Í c-lið 15. gr. frumvarpsins er 73. gr. norsku útlendingalaganna fylgt við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 3. og 4. mgr. 45. gr. Kemur þar fram heimild fyrir stjórnvöld til að taka ákvörðun um frávísun eða brottvísun af ástæðum sem varða öryggi ríkisins, sbr. frekari heimildir í ákvæðum laganna um frávísun og brottvísun. Eðli málsins samkvæmt yrði að túlka þessa heimild þröngt og alltaf er skilyrði að frávísun eða brottvísun komi ekki til framkvæmda fyrr en víst er að aðstæður þær sem meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu tekur til (*non-refoulement*) séu ekki lengur fyrir hendi.

Um 16. gr.

Lagt er til að 46. gr. laganna mæli áfram fyrir um rétt til hælis. Er 1. mgr. greinarinnar eingöngu breytt í því skyni að fella undir hana flóttamenn skv. 2. mgr. 44. gr., sbr. einnig 3. mgr. 44. gr. (flóttamenn *sur place*) til viðbótar við flóttamenn skv. 1. mgr. 44. gr.

Nokkrar efnisbreytingar verða þó á greininni m.a. vegna þess að sum þau atriði sem eru tiltekin í núgildandi ákvæði leiða framvegis til þess að umsókn verður ekki tekin til efnismeðferðar. Koma þau skilyrði fram í 46. gr. a, samkvæmt breytingum sem lagðar eru til með 17. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að í 2. mgr. 46. gr. verði taldar ástæður þess að umsækjandi eigi ekki rétt á að fá hæli. Hér er fyrst um það að ræða að ákvæði D- eða E-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins eigi við um umsækjanda, eins og fram kemur í núverandi 2. mgr. 44. gr. laganna. Enda þótt ekki séu líkur á að þessi ákvæði komi oft til skoðunar er ekki ástæða til að fella tilvísun til þeirra úr lögum. Yrði áfram miðað við handbók Flóttamannastofnunarinnar um réttarstöðu flóttamanna við túlkun á ákvæðunum.

Í frumvarpinu er norskum lögum fylgt og ákvæði F-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins tekið upp í lögin. Samkvæmt gildandi lögum á flóttamaður ekki rétt á hæli þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 46. gr. núgildandi laga, sem vísar til 3. mgr. 45. gr. Þá nýtur útlendingur ekki verndar gegn því að vera sendur brott skv. 1. mgr. 45. gr. laganna ef F-liður 1. gr. flóttamannasamningsins á við, eins og mælt er fyrir um í þeirri grein laganna.

Samhliða því að flóttamannahugtak laganna er rýmkað getur oftar reynt á þær aðstæður sem F-liður 1. gr. flóttamannasamningsins fjallar um og útiloka hæli og réttarstöðu flóttamanns. Er því í frumvarpinu lagt til að F-liður 1. gr. flóttamannasamningsins verði tekinn upp í ákvæðið. Einnig hefur verið tekið mið af tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn, einkum 12. gr. tilskipunarinnar, og er lágmarkskröfum hennar fullnægt með þessu ákvæði.

Lagt er til að í 2. tölul. b-liðar 2. mgr. 46. gr. verði miðað við tillögur Flóttamannastofnunar um túlkun tilskipunarinnar og þau tímamörk þegar umsækjandi leggur fram umsókn um hæli hér á landi, en ekki síðar, eins og heimilað er í 12. gr. (2)b ofangreindrar tiskipunar. Er þessu viðmiði einnig fylgt í norsku lögunum með vísan til þeirrar niðurstöðu Flóttamannastofnunarinnar að þetta ákvæði tilskipunarinnar sé ekki í samræmi við flóttamannasamninginn.

Lagt er til að í c-lið 2. mgr. 46. gr. laganna verði tekið upp ákvæði núverandi 3. mgr. 45. gr. laganna. Í skýringum með þeirri grein laganna var tekið fram að takmarka mætti vernd meginreglunnar um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í

hættu (*non-refoulement*) vegna hættu sem þjóðfélaginu stafaði af útlendingi og að sú takmörkun væri í samræmi við 2. mgr. 33. flóttamannasamningsins. Í athugasemdum Flóttamannastofnunar við 14. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, sem veitir sambærilega heimild, kemur fram að gera verði greinarmun á heimild 2. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins til að neita flóttamönnum um vernd gegn því að vera vísað brott í þeim tilvikum sem þar eru upp talin annars vegar og því að synja flóttamanni um hæli og réttarstöðu flóttamanns hins vegar. Flóttamannasamningurinn gerir ekki ráð fyrir því að 2. mgr. 33. gr. veiti heimild til þess að synja flóttamanni um hæli vegna þeirra ástæðna sem taldar eru upp í 2. mgr. 33. gr. samningsins.

Er því lagt til, í samræmi við túlkun Flóttamannastofnunarinnar, og í samræmi við þá leið sem farin er í norsku lögunum, að þessi undantekning á rétti til að fá hæli eigi aðeins við um þá flóttamenn sem falla undir 2. mgr. 44. gr., en ekki um flóttamenn skv. 1. mgr. 44. gr., sbr. A-lið 1. gr. flóttamannasamningsins. Af sömu sökum er f-liður 1. mgr. 46. gr. í gildandi lögum felldur brott.

Hins vegar er lagt til að ákvæði sambærilegt við það sem fram kemur í 3. mgr. 31. gr. norsku laganna verði tekið upp í d-lið 2. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 16. gr. frumvarpsins, en það ákvæði styðst við 3. mgr. 17. gr. í tilskipun 2004/83/EB um flóttamenn. Kemur þar fram að synja megi um hæli þeim sem óskar eftir vernd vegna ástæðna sem greinir í 2. mgr. 44. gr. laganna, ef brottför frá heimalandi er til þess eins að forðast refsingu þar. Er lagt til að ákvæðið verði tekið upp hérlendis í þágu samræmis í hérlendri löggjöf við löggjöf í Noregi. Gera verður ráð fyrir að sömu sönnunarreglur gildi um ástæðu brottfarar eða flótta frá heimalandi sem endranær. Í því tilviki að sýnt sé fram á að viðkomandi óttist ofsóknir eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð koma almenn sjónarmið til skoðunar, m.a. vernd gegn því að vera vísað brott, í andstöðu við meginreglu þá sem kemur fram í 45. gr., sbr. ákvæði það sem lagt er til að tekið verði upp sem 3. mgr. greinarinnar.

Í c-lið 16. gr. frumvarpsins er lagt til að ný málsgrein bætist við 46. gr. laganna sem áður var í 2. mgr. 45. gr. og fjallar um skyldur stjórnvalda til að meta hvort umsækjandi geti fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, ef umsókn um hæli er ekki tekin til greina. Við ákvæðið er bætt tilvísun í 12. gr. g um bráðabirgðadvalarleyfi í samræmi við efni þess ákvæðis.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um málsmeðferð í hælismálum. Í ákvæðinu, sem verður 46. gr. a í lögunum, eru talin upp atriði sem valda því að stjórnvöld geta synjað því að taka umsókn um hæli til meðferðar. Mælt er fyrir um samsvarandi atriði í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 46. gr. gildandi laga, um undanþágur frá því að eiga rétt á hæli, en rétt þykir, í samræmi við breytingar á útlendingalögunum í Noregi, að telja hér upp atriði sem leiða til þess að umsóknin verði ekki tekin til efnismeðferðar vegna þess að umsækjandi hefur fengið eða getur fengið vernd í öðru ríki, þar á meðal samkvæmt samningum sem íslenska ríkið á aðild að.

Tekið hefur verið mið af 32. gr. norsku laganna og ákvæðum tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð við endurskoðun á ákvæðum gildandi laga.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að umsækjanda hafi verið veitt hæli í öðru ríki, eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 46. gr. a. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Í öðru lagi er í b-lið ákvæðisins um að ræða regluna um fyrsta griðland, en eins og greinir í athugasemdum með ákvæðinu í núgildandi lögum er við það miðað að hælisumsókn skuli

afgreidd í fyrsta ríki sem flóttamaður kemur til og veitt getur honum vernd. Í orðalagi ákvæðisins koma fram skilyrði þess að ákvæðið eigi við, þar á meðal að stjórnvöld hafi gengið úr skugga um að verði umsækjandi sendur til ríkisins þurfi hann ekki að óttast ofsóknir eða að verða sendur áfram til heimalands síns í andstöðu við meginregluna um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*) eða þar sem hætta er á ómannúðlegri eða vansæmandi meðferð.

Í c-lið ákvæðisins eru tekin upp ákvæði gildandi laga um að vísa megi útlendingi sem komið hefur frá norrænu ríki aftur til þess ríkis í samræmi við norræna vegabréfaeftirlitssamninginn. Samningurinn er enn í gildi en hefur að nokkru marki misst gildi sitt vegna Dyflinnarreglugerðarinnar sem gildir á Norðurlöndunum.

Nýmæli er lagt til í síðari hluta c-liðar, þar sem vísað er til þess að sömu reglur gildi um þá sem koma hingað til lands frá Færeyjum. Eins og fram kemur í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna er í gildi samningur milli Íslands, Færeyja og Smyril Line, sem síðast var endurnýjaður 30. mars 2004, um endursendingu útlendinga sem hingað koma með ferjunni Norrænu, sem leggur að höfn á Seyðisfirði. Er þar gert ráð fyrir skjótri úrlausn mála þegar útlendingar koma á land og bendir nefndin á að lagareglur skorti um meðferð þessarra mála.

Samkvæmt samningnum er um það að ræða að Færeyjar skuldbinda sig til að taka við þeim útlendingum sem vísað er frá á Seyðisfirði og hefði verið vísað frá Schengen-landi ef landamæraeftirlit hefði farið fram í Færeyjum. Þetta á þó ekki við um útlendinga sem þurfa að hafa vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu, í Færeyjum og á Íslandi, en sem samkvæmt dvalarleyfi eða gildri vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu mega koma til Íslands, en sem samt sem áður má vísa brott við komu til Íslands vegna íslenskra lagareglna.

Er samningurinn byggður á þeirri forsendu að ekki fari fram landamæraeftirlit þegar Norræna kemur til Færeyja, þ.e. ferjan er ekki tæmd, en lögreglan í Færeyjum fer með landamæraeftirlit sem tekur til þeirra sem koma á land í Þórshöfn og þeim sem fara frá Þórshöfn með ferjunni. Tekur samningurinn til fleiri atriða en þar sem reynir á reglur um hæli, en slík mál geta þó komið til álita og er eðlilegt að fella meðferð mála þar sem sótt er um hæli við þessar aðstæður í sama farveg og á við um önnur tilvik þar sem endursending til fyrsta griðlands fer fram án efnismeðferðar. Er í samræmi við það lagt til að bætt sé við c-lið ákvæðisins tilvísun til samnings Íslands og Færeyja um þetta. Eðlilegt er að frekari reglur verði settar í reglugerð um framkvæmd þessarra mála.

Í d-lið ákvæðisins er vísað til endursendingar samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni. Ekki er ástæða til að breyta þessu ákvæði, sem er óbreytt frá eldri lögum en hefur verið fært í 46. gr. a. Hér er þó rétt að vísa til þess sem kemur fram í almennum athugasemdum að rétt geti verið að taka ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar í stjórnvaldsfyrirmæli sem sett yrðu með heimild í þessu ákvæði laganna.

Í greininni er lagt til að ákvæði verði tekið upp sem er að efni til sambærilegt við ákvæði 2. mgr. 46. gr. gildandi laga, um að ekki skuli senda flóttamann til annars ríkis ef hann hefur sérstök tengsl við ríkið. Er lagt til að ákvæðinu verði breytt miðað við breytt inntak greinarinnar. Áfram yrði þó miðað við sömu sjónarmið og lögð hafa verið til grundvallar hingað til við mat á því hvenær útlendingur hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd. Það skilyrði má einnig útfæra nánar í reglugerð sem og nýmæli í 2. mgr. þar sem segir að sérstakar ástæður mæli annars með því að umsóknin verði tekin til efnismeðferðar.

Er hér miðað við að stjórnvöldum sé eftirlátið mat og hafi heimild til að taka mál til efnismeðferðar umfram það sem leiðir af sérstökum reglum, svo sem reglum Dyflinnarreglugerðarinnar. Er ákvæðinu einnig ætlað að taka til þess ef varhugavert þykir að beita ákvæðum 2. mgr. 3. gr. Dyflinnarreglugerðarinnar og senda hælisleitendur til ríkja í Evrópu þar sem ástæða þykir að ætla að meðferð eða aðbúnaður hælisleitenda sé í andstöðu við 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar sem binda íslenska ríkið. Enn yrði byggt á því að um einstaklingsbundna ákvörðun væri að ræða þannig að metið væri hvort varhugavert væri að senda tiltekinn hælisleitanda til annars ríkis samkvæmt ákvæðum Dyflinnarreglugerðarinnar. Það færi þá eftir almennum málsmeðferðarreglum laganna, hver meðferð hælisumsóknarinnar yrði hér á landi, eftir að ákvörðun yrði tekin um að taka umsókn til efnismeðferðar.

Þær reglur sem koma fram í greininni eru í samræmi við þær lágmarkskröfur sem tilskipun 2005/85/EB um málsmeðferð gerir að því er varðar mál sem synja má að taka til efnismeðferðar, sbr. 25. gr., sbr. 27. gr. tilskipunarinnar. Verða aðrar umsóknir en þessar teknar til efnismeðferðar samkvæmt ákvæðum laganna. Veitir ákvæðið betri vernd að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að umsóknum verði synjað um efnismeðferð þegar senda má hælisleitanda til öruggs þriðja lands, eins og gert er ráð fyrir í 25. gr. tilskipunarinnar. Í 50. gr. b samkvæmt frumvarpinu er hins vegar mælt fyrir um að beita megi flýtimeðferð þegar svo stendur á.

Um 18. gr.

Þær breytingar sem eru lagðar til á 47. gr. eru fyrst og fremst til áréttingar og skýringar á gildandi rétti. Eins og fram kemur í ákvæðinu leiðir viðurkenning á stöðu útlendings sem flóttamanns til þess að hann fær hæli og fær þá dvalarleyfi. Í samræmi við uppbyggingu laganna er gert ráð fyrir að bætt verði við nýrri heimild til útgáfu dvalarleyfis, í 12. gr. j. Við hælisveitingu hefur útlendingur réttarstöðu flóttamanns samkvæmt íslenskum lögum, auk flóttamannasamningsins og annarra þjóðréttarsamninga.

Rétt er að taka fram að þó að lög mæli ekki í mörgum tilvikum sérstaklega fyrir um rétt flóttamanna, að frátöldum lögum á tilteknum sviðum, svo sem lög um atvinnuréttindi útlendinga (22. gr.), lög um sjúkratryggingar (16. gr.), lög um fullnustu refsinga (40. gr.) og höfundalög (60. gr.) gerir íslensk löggjöf þó ráð fyrir réttindum sem miðast við löglega dvöl og búsetu í landinu. Samkvæmt því falla flóttamenn sem fengið hafa dvalarleyfi undir ákvæði laga með þeim hætti, sbr. nánar almennar athugasemdir með frumvarpinu.

Til að árétta það að flóttamenn njóti þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í flóttamannasamningnum, sbr. einnig þær tilskipanir um efnið sem tekið hefur verið mið af, er lagt til að tvær nýjar málsgreinar veiti ráðherra heimild til að setja frekari reglur um réttindi flóttamanna sem veitt hefur verið hæli.

Í málsgrein sem lagt er til að verði 3. mgr. greinarinnar er tekið mið af nýlegu ákvæði í lögum nr. 112/2008, þar sem fram kemur að þegar hæli hefur verið veitt teljist flóttamaður sjúkratryggður frá komudegi. Orðalagi ákvæðisins er ætlað að vera nægilega rúmt til að veita lagastoð stjórnvaldsfyrirmælum þar sem miða má rétt flóttamanna til félagslegrar aðstoðar, félagslegra trygginga og annarra réttinda því sem næst við komudag þeirra.

Þá er í 4. mgr. greinarinnar nýmæli um fylgdarlaus börn, sem festir í sessi þá framkvæmd sem fylgt er, að skipa barni forsjáraðila, eða sjá um vistun þess, er því hefur verið veitt hæli. Þá er mælt fyrir um að nánari reglur megi setja í reglugerð.

Um 19 gr.

Um a-lið (47. gr. a).

Í 47. gr. a er tekið upp heimildarákvæði um afturköllun á hæli sem er í 2. mgr. 47. gr. gildandi laga. Í samræmi við breytingar á norskum lögum eru ákvæði C-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins tekin upp í lögin en í gildandi lögum er vísað til C-liðar 1. gr. í 2. mgr. 44. gr. sem felld er brott. Rétt þykir að skilyrðin verði tekin upp í lögin í samræmi við þær breytingar sem gerðar eru á ákvæðum um flóttamenn og alþjóðlega vernd. Áfram er miðað við að Útlendingastofnun taki ávörðun um afturköllun hælis, sbr. niðurlagsákvæði núverandi 47. gr., og kemur það nú fram í breyttri 50. gr.

Áfram yrði miðað við að túlka skilyrði greinarinnar í samræmi við leiðbeiningar í handbók Flóttamannastofnunar. Í norskri framkvæmd hefur, samkvæmt athugasemdum við norsku útlendingalögin, ekki reynt mikið á þessi ákvæði, sér í lagi e- og f-lið ákvæðisins, sem eru sambærileg við e- og f-lið, sem tekin yrðu upp í 47. gr. b, og kemur fram að oft getur verið óraunhæft að beita þeim stafliðum, þar sem útlendingur hefur myndað tengsl við hælisland, og jafnvel fengið varanlegt búsetuleyfi, áður en aðstæður breytast í heimalandi eða fyrra búsetulandi.

Hins vegar er rétt að hafa heimildarákvæðin í textanum og getur reynt á þau þegar um er að ræða flóttamenn skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. sem og fjöldaflóttaákvæði skv. 51. gr. a. Alltaf yrði miðað við að ákvörðun byggist á mati á aðstæðum hvers einstaklings. Greinin er einnig með fyrirvara um beitingu 1. mgr. 45. gr. þar sem sú grein á við.

Í samræmi við norsku útlendingalögin, sem og í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn, eru ákvæði C-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins tekin upp í lög án sérstakrar tilvísunar til þess hóps flóttamanna sem naut verndar fyrir gildistöku samningsins og er lagt til að ákvæði 47. gr. b gildi um alla flóttamenn skv. 44. gr. laganna.

Í 11. gr. og 16. gr. tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn er ríkjum veitt svigrúm til að túlka e- og f-liði ákvæðisins með áherslu á það hvort aðstæður í heimalandi hafi breyst varanlega til bóta, þannig að endurskoða megi mat á því hvort viðkomandi hafi ástæðuríkan ótta við ofsóknir. Í athugasemdum Flóttamannastofnunar við þessi ákvæði tilskipunarinnar ítrekar Flóttamannastofnunin mikilvægi þess að ríki meti fyrst og fremst skilyrðið um að viðkomandi geti sýnt fram á ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur vegna fyrri ofsókna, sbr. nánar handbók Flóttamannastofnunar. Hér er lagt til að ákvæði 2. mgr. 47. gr. a endurspegli orðalag flóttamannasamningsins og verði skýrt til samræmis við hann, þar sem ætla verður að það veiti betri vernd en lágmarkskröfur tilskipunarinnar. Er fordæmi norskra laga einnig fylgt að þessu leyti.

Þá er í 3. mgr. 47. gr. a nýmæli sem heimilar að afturkalla hælisveitingu ef hæli hefur verið veitt og síðar kemur í ljós að flóttamaður hefur gerst sekur um þau alvarlegu brot sem talin eru í 1. og 3. tölul. b-liðar 2. mgr. 46. gr., þ.e. a- og c-lið 1. gr. E í flóttamannasamningnum. Er þessi málsgrein í samræmi við 4. mgr. 31. gr. norsku laganna.

Lokamálsgrein greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um b-lið (47. gr. b.).

Í 47. gr. b er lagt til að nýtt ákvæði sé tekið í lögin, þar sem mælt er fyrir um réttarstöðu hælisleitanda. Ákvæði það sem lagt er til sem 1. mgr. er að finna í 5. mgr. 46. gr. gildandi laga og veitir næga lagastoð fyrir reglum sem settar kunna að vera um vistunarúrræði þeirra sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir meðan umsókn um hæli er tekin til meðferðar. Í 94. gr. reglugerðar um útlendinga eru þau fyrirmæli um vistun útlendinga samkvæmt greininni sem núverandi framkvæmd byggist á.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að vísað verði til þeirra lágmarksréttinda sem tryggja verður hælisleitendum og er gert ráð fyrir að frekari ákvæði verði sett í reglugerð um þetta efni. Í a-lið er vísað til þess að lágmarksframfærsla og nauðsynleg læknisþjónusta sé tryggð og er einnig vísað til þess að taka skuli tillit til þeirra sem þurfa sérstaka aðstoð. Fer það eftir almennum sjónarmiðum og öðrum ákvæðum laganna hverjir þurfa sérstaka aðstoð, en þar má m.a. telja börn, þá sem hafa orðið fyrir ofbeldi, vanrækslu, áföllum eða því um líku.

Í 3. mgr. 47. gr. a er lagt til að tekið verði upp nýmæli, sem byggist á ákvæðum tilskipunar 2003/9/EB, um móttöku hælisleitenda, þess efnis að ef í ljós kemur að hælisleitandi hafði ekki þörf fyrir þá fyrirgreiðslu sem veitt hefur verið geti Útlendingastofnun endurkrafið hann um útlagðan kostnað að hluta eða öllu leyti.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði úr 92. gr. reglugerðar um útlendinga og mælt fyrir um að skráningarskírteini skuli gefið út til hælisleitanda svo fljótt sem verða má. Hlýtur það alltaf að fara eftir atvikum hversu fljótt er talið rétt að gefa út slíkt skírteini og má gera undantekningu frá því ef útlendingi verður þegar vísað frá landi eða ef hann verður sendur til annars lands þar sem efnismeðferð hælisumsóknar fer fram. Í tilskipun 2003/9/EB er miðað við að skírteini sé gefið út innan þriggja daga frá því að hælisumsókn var lögð fram. Lagt er til að frekari reglur um útgáfu skírteinis og tímafresti komi fram í reglugerð sem sett yrði með heimild í lögunum.

Um 20. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. verði óbreytt frá gildandi lögum, að öðru leyti en því sem leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Í nýrri 4. mgr. 50. gr. er mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að eiga samvinnu við Flóttamannastofnun til að leita upplýsinga hjá henni þegar við á. Eins og fram kom í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna er ljóst að Flóttamannastofnun getur gegnt lykilhlutverki í að aðstoða stjórnvöld við upplýsingaöflun við meðferð tiltekins máls, m.a. um það hvernig ástand er í ríki sem hælisleitandi kemur frá eða jafnvel til að staðreyna frásögn hælisleitanda varðandi frásögn um ofsóknir sem hann hafi þurft að sæta eða líklegt er að hann verði fyrir snúi hann til baka. Í dómi Hæstaréttar Íslands 12. mars 2009, í máli nr. 353/2008, kom einnig fram mikilvægi þeirra upplýsinga sem stofnunin getur hugsanlega veitt og geta þær haft mikla þýðingu fyrir niðurstöðu í hælismáli. Líta megi á það úrræði að leita upplýsinga hjá Flóttamannastofnun sem lið í rannsókn máls þótt meta verði í hverju tilviki hvort nauðsynlegt sé að beina fyrirspurn til stofnunarinnar.

Þótt skylda til samvinnu við stofnunina hvíli á þjóðréttarskuldbindingu skv. 35. gr. flóttamannasamningsins taldi nefndin rétt að marka þessari samvinnu íslenskra stjórnvalda og Flóttamannastofnunarinnar skýran lagalegan grundvöll. Mikilvægt er að stjórnvöld vandi vel til þeirra spurninga sem þær leggja fyrir stofnunina og bíði vitanlega svara áður en ákvörðun er tekin í málinu, en málsmeðferð var að þessu leyti gagnrýnd í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Þessi regla á jafnt við um mál sem eru til meðferðar hjá Útlendingastofnun og kærumál fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu.

Í nýrri 5. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd greinarinnar auk þess sem lagt er til að almenn heimild til þess að setja reglur um málsmeðferð sem kemur fram í 6. mgr. 46. gr. gildandi laga verði í niðurlagi 50. gr.

Um 21. gr.

Um a-lið (50. gr. a).

Greinin er nýmæli, þar sem lagt er til að tekin verði í 50. gr. a reglur um málsmeðferð við upphafs hælismáls, þ.e. þegar umsókn um hæli er lögð fram. Byggist ákvæðið á 88. gr. í reglugerð um útlendinga, en því hefur verið breytt til samræmis við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna.

Í skýrslu nefndarinnar kom fram að rétt væri að það yrði föst regla að fulltrúi Útlendingastofnunar kæmi að máli strax og umsókn um hæli kæmi fram og væri viðstaddur fyrstu skýrslutöku. Það leiðir til þess að meiri ábyrgð er lögð á herðar Útlendingastofnunar strax í upphafi, án þess þó að hlutverk lögreglu við upphafsrannsókn málsins breytist. Eins og kemur fram í ákvæðinu er þó lagt til að forræði málsins verði hjá Útlendingastofnun sem í meginatriðum óskar eftir atbeina lögreglu við öflun upplýsinga og gagna en nánar skal mælt fyrir um hlutverk lögreglu í reglugerð.

Lagt er til að í 1. mgr. verði ákvæði um hvar umsókn skuli lögð fram og hvort aðstandendur sækja einnig um hæli. Getur umsókn verið hvort heldur er skrifleg eða munnleg. Í samræmi við almenn sjónarmið og leiðbeiningar sem dregnar verða af tilskipun 2005/85/EB um málsmeðferð er gert ráð fyrir því að allir fullorðnir aðstandendur staðfesti að þeir óski eftir hæli með sama hætti og umsækjandi.

Ákvæði þau sem tekin eru í 2. mgr. eru í 3. mgr. 46. gr. gildandi laga og mæla fyrir um að flóttamaður afhendi vegabréf eða önnur ferðaskilríki. Sama gildir um aðstandendur sem sækja um hæli.

Í 3. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um það að eins fljótt og unnt er frá því að umsókn var lögð fram skuli starfsmaður Útlendingastofnunar kallaður til. Er miðað við að þetta gerist án tafar og að öllu jöfnu innan sólarhrings frá því er umsókn var lögð fram. Er einnig mælt fyrir um að kalla skuli til starfsmann Útlendingastofnunar áður en fyrsta skýrslutaka fer fram og er það í samræmi við það sem áður segir. Þá kemur fram í sérákvæði um fylgdarlaus börn að fulltrúi barnaverndaryfirvalda skuli kallaður til þegar umsókn um hæli er lögð fram af fylgdarlausu barni.

Í 4. og 5. mgr. er mælt fyrir um leiðbeiningar til útlendings við meðferð málsins og eru þær í samræmi við niðurstöður í skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna.

Um b-lið (50. gr. b).

Í 50. gr. b eru nýmæli í lögum um rannsókn lögreglu vegna umsóknar um hæli.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lögfest sú framkvæmd sem fylgt hefur verið og í 3. mgr. er vísað til rannsóknarúrræða samkvæmt lögunum. Er einnig gert ráð fyrir að frekari reglur verði settar í reglugerð.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til nýmæli um aldursgreiningu þeirra sem sækja um hæli sem fylgdarlaus börn. Þótt um rannsóknarúrræði sé að ræða er lagt til að mælt verði fyrir um aldursgreiningu í þessu ákvæði. Eru hér lögfestar reglur sem settar voru af Útlendingastofnun og fylgt hefur verið í framkvæmd en þó er það nýmæli í niðurlagi ákvæðisins að mælt er fyrir um að synjun á hælisumsókn má ekki byggjast á því eingöngu að viðkomandi hafi neitað að gangast undir aldursgreiningu. Hins vegar má taka mið af því við ákvörðun málsins eins og annarra þátta. Þetta ákvæði er sett samkvæmt leiðbeiningum í 17. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð.

Um c-lið (50. gr. c).

Ákvæði þetta, sem lagt er til að verði 50. gr. c, er nýmæli í lögum og byggist á ákvæðum 89. gr. reglugerðar um útlendinga auk reglna sem settar hafa verið um meðferð hælis-

umsókna fylgdarlausra barna. Í samræmi við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna er lagt til að tekin séu upp í lögin ákvæði um það að starfsmaður Útlendingastofnunar taki hælisviðtal. Þá er rétt að sérreglur um hælisviðtal við fylgdarlaust barn komi fram í lögum og er lagt til að slíkar reglur komi fram í 3. mgr. greinarinnar, þar á meðal að talsmaður sem barni er skipaður geti verið viðstaddur viðtalið og skuli hafa færi á að undirbúa barnið fyrir viðtalið. Hefur verið tekið mið af ákvæðum 17. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð við gerð 3. mgr. greinarinnar. Lokamálsgrein ákvæðisins þarfnast ekki skýringa.

Um d-lið (50. gr. d).

Í ákvæði 50. gr. d, sem er nýmæli, er lagt til að lögfestar verði sérstakar málsmeðferðarreglur sem gildi í þeim tilvikum þegar ekki er talin þörf á fullri efnismeðferð hælisumsóknar. Ákvæðið tekur mið af niðurstöðum nefndar um meðferð hælisumsókna, og hefur hliðsjón verið höfð af ákvæðum tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð. Er í ákvæðinu veitt heimild til að beita styttri málsmeðferð, flýtimeðferð, m.a. þar sem ekki er tekið hælisviðtal við umsækjanda í ákveðnum tilkvikum í samræmi við 4. mgr. 23. gr. tilskipunarinnar. Er mælt fyrir um að ráðherra geti í reglugerð sett frekari reglur um þetta efni.

Greinin mælir fyrir um tvenns konar tilvik sem falla undir heimild til flýtimeðferðar. Annars vegar er um það að ræða að mál sé þess eðlis að líkur séu á að hæli verði veitt vegna aðstæðna málsins, t.d. vegna þess að um aðstandanda flóttamanns er að ræða sem getur fengið hæli samkvæmt ákvæðum 46. gr. laganna. Þá er gert ráð fyrir að flýtimeðferð geti farið fram þegar um börn er að ræða, eða þegar vegna sérstakra ástæðna einstaklings er talið rétt að flýta meðferð umsóknarinnar. Gert er ráð fyrir því að hælisviðtal fari fram í þessum málum og eiga málsmeðferðarreglur laganna og stjórnsýslulaga, þ.m.t. leiðbeiningaskylda um réttindi hælisleitenda því við í þessum málum.

Á hinn bóginn er mælt fyrir um flýtimeðferð vegna þess að telja megi umsóknina bersýnilega tilhæfulausa vegna reglna um öruggt heimaland eða öruggt þriðja land, eins og kemur fram í b-lið 1. mgr. 50. gr. d. Sama gildir ef þær upplýsingar sem umsækjandi hefur gefið eru ófullkomnar eða misvísandi og gefa ekki tilefni til að ætla að viðkomandi sé flóttamaður skv. 1. mgr. 44. gr., eða njóti verndar skv. 2. mgr. 44. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 50. gr. d. Þá getur verið um það að ræða að um endurtekna umsókn sé að ræða eftir synjun umsóknar eða eftir að umsókn hefur verið dregin til baka (d-liður 1. mgr. ákvæðisins) eða ef telja má víst, eftir atvikum málsins og gögnum að umsóknin sé einungis gerð í því skyni að tefja framkvæmd ákvörðunar um brottvísun (e-liður 1. mgr. ákvæðisins).

Ljóst er að þar sem um undantekningu er að ræða frá þeirri meginreglu að hælisleitandi eigi rétt á efnismeðferð hælisumsóknar verður að gera ráð fyrir þröngri túlkun ákvæðisins. Þá er gert ráð fyrir því að frekari reglur, einkum um viðmið um að umsókn teljist tilhæfulaus og að upplýsingar bendi ekki til þess að ákvæði 44. gr. eigi við, verði settar í reglugerð. Yrði áfram miðað við þá framkvæmd að meta þurfi hvert mál eftir aðstæðum umsækjanda og öllum málsatvikum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögunum í samræmi við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna. Í fyrsta lagi er lagt til að lögunum verði breytt í samræmi við þróun slíkrar löggjafar í Evrópu, í öðru lagi að einstaklingar sem ekki eru flóttamenn samkvæmt skilgreiningu alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna verði veitt aukin vernd og ný réttarstaða í samræmi við alþjóðlegar mannréttindareglur, svokölluð viðbótarvernd, í þriðja lagi eru settar skýrari reglur um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og í fjórða lagi skýrari reglur um meðferð hælisumsókna og réttarstöðu hælisleitenda.

Þessar breytingar á lögunum hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þannig mun væntanlega fleiri aðilum verða veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum á grundvelli viðbótarverndar þó svo erfitt sé að meta fjölda á þessu stigi. Kostnaður ríkissjóðs vegna hvers einstaklings sem veitt hefur verið dvalarleyfi af mannúðarástæðum hefur verið rúm 1 m.kr. á ári hafi viðkomandi verið tekjulaus í sex mánuði en tæpar 2 m.kr. hafi tekjuleysið varað í heilt ár. Á árinu 2009 var 10 hælisleitendum veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum og 7 á árinu 2008. Fyrir aukningu um hverja 10 hælisleitendur vegna frumvarpsins gætu útgjöld ríkisins því aukist um 10–20 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er ákvæði um að ekki verði heimilt að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið fyrr en viðkomandi hefur fengið færi á að leggja fram kæru í málum þar sem því er borið við að eiga á hættu að verða fyrir ofsóknum, lífláti, pyntingum eða annarri ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð. Fram til þessa hefur mátt framkvæma ákvörðun áður en 15 daga kærufrestur samkvæmt lögum er liðinn. Kostnaður ríkissjóðs vegna hælisleitenda var á árinu 2009 um 9 þús. kr. á dag sem er aðallega gisting og dagpeningar. Í 15 daga er heildarkostnaður fyrir hvern hælisleitanda því um 135 þú. kr. Sé miðað við að fjöldi þeirra sem vísað er úr landi verði hinn sami og að meðaltali árin 2008 og 2009, um 23 einstaklingar, þá má búast við að kostnaðaraukinn verði rúmar 3 m.kr.

Heimild ráðherra til að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar um brottvísun er rýmkuð í frumvarpinu. Aukning á kostnaði ríkisins vegna þessara mála er einkum í málum sem varða umsókn um hæli þar sem þeir einstaklingar eru á framfæri hins opinbera. Aukin útgjöld vegna lengri dvalar hvers einstaklings er nokkuð erfitt að meta svo og hversu mörg slík mál yrðu. Eins og fram kom að framan er kostnaður við hvern hælisleitanda um 9 þús. kr. á dag. Á ársgrundvelli yrði því útgjaldaaukinn tæpar 3,3 m.kr. fyrir hvern einstakling.

Að lokum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að útlendingum sem falla undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar sem og ákvæði norræna vegabréfaeftirlitssamningsins verði skipaður talsmaður sér að kostnaðarlausu þegar kærð er ákvörðun vegna umsóknar um hæli. Í núgildandi lögum er slíkur réttur ekki fyrir hendi. Almennt viðmið er að talsmanni er greitt fyrir tuttugu tíma í hverju máli, samtals 200 þús. kr. Að því gefnu að kærð mál verði um 23 talsins gæti heildarkostnaður því orðið 4,6 m.kr. á ári.

Eins og fram kemur hér að framan er mjög erfitt að meta almennt hvort réttarbætur hælisleitenda sem lagðar eru til í frumvarpinu leiði til fjölgunar á málum frá því sem verið

hefur. Á það einkum við um fjölda þeirra sem kunna að leita hælis hér á landi af mannúðarástæðum. Eins og áður segir eru viðbótarútgjöld ríkissjóðs vegna fjölgunar hælisleitenda á bilinu 10–20 m.kr. vegna hverra 10 einstaklinga sem bætast við. Auk þess má gera ráð fyrir að kostnaðarauki vegna annarra úrræða í frumvarpinu geti verið á bilinu 8–12 m.kr.

895. Frumvarp til laga [508. mál]

um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Þjóðskrá, sem rekin er sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu með fjárreiður sem eru algjörlega aðgreindar frá fjárreiðum ráðuneytisins, sbr. 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, og Fasteignaskrá Íslands, sem er sérstök ríkisstofnun sem starfar á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og undir umsjón þess, sbr. 7. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, skulu sameinast í eina ríkisstofnun er nefnist Þjóðskrá Íslands.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara tekur Þjóðskrá Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010.

3. gr.

Hlutverk stjórnar skv. 9. gr. laga nr. 6/2001 helst óbreytt. Starfssvið stjórnar nær þó ekki til starfsemi Þjóðskrár Íslands sem fellur undir lög nr. 54/1962 eða annarra laga um starfsemi Þjóðskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum*: Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
2. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 18. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
3. *Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
4. *Þinglýsingalög, nr. 39/1978, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Þjóðskrá Íslands.

5. *Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. og orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.
6. *Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1., 2., 4., 7. og 10. mgr. 2. gr. og orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 6. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
7. *Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 4. gr. og orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
8. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
9. *Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 8. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 16. gr., 18. gr., 1. mgr. og 3.–8. mgr. 19. gr., 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 2.–4. mgr. 22. gr., 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1.–3. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 32. gr. og 1. og 2. mgr. 32. gr. a laganna kemur: Þjóðskrá Íslands; og í stað orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 2. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 31. gr. og orðsins „Fasteignaskrár“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: Þjóðskrár Íslands.
10. *Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
11. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í b-lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
12. *Jarðalög, nr. 81/2004, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
13. *Lög um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
14. *Lög um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 2. og 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
15. *Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 7. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1.–5. mgr. 10. gr., 1.–4. mgr. 11. gr., 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr., 1. mgr. 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 1. gr., 2. gr., 2.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. og 4. mgr. 10. gr., 13. gr., 20. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
16. *Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. og 6. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
17. *Lög um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskráin“ í 6. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. og orðanna „þjóðskránni“ og „þjóðskráin“ í 11. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
18. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.

19. *Lög um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 18. gr. og orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. 3. gr.,17. gr., 2. mgr. 18. gr., 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.
20. *Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. og 6. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
21. *Lög um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. og 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
22. *Lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 2. gr., 22. gr., 1. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
23. *Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. og 4. tölul. 5. mgr. 28. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. og fyrirsögn 28. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
24. *Barnalög, nr. 76/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. og 3. mgr. 7. gr., 2. mgr. 18. gr., 5. mgr. 32. gr. og 6. mgr. 34. gr. og orðsins „þjóðskrá“ í 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
25. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ í 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands.
26. *Lög um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
27. *Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands sem ráðnir hafa verið með ráðningarsamningi, sbr. 41. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við sömu lög, störfum sínum og starfskjörum.

Skrifstofustjóri Þjóðskrár og forstjóri Fasteignaskrár Íslands skulu við gildistöku laga þessara halda störfum sínum og starfskjörum, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Skulu laun og starfskjör skrifstofustjóra Þjóðskrár vera þau sömu og skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu og taka því breytingum í samræmi við ákvarðanir kjararáðs.

Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á haustmánuðum 2009 ákvað dómsmála- og mannréttindaráðherra að setja á fót samráðshóp um málefni Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Samráðshópurinn var skipaður Þórunni J. Hafstein, settum ráðuneytisstjóra, Ásdísi Ingibjargardóttur, skrifstofustjóra, Hauki Ingibergssyni, forstjóra Fasteignaskrár Íslands, Jóni Magnússyni, skrifstofustjóra og Skúla Guðmundssyni, skrifstofustjóra Þjóðskrár.

Með lögum nr. 98/2009, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, sem gildi tóku 1. október 2009 fluttust málefni Fasteignaskrár Íslands frá fjármálaráðuneytinu til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Þar með heyrðu tvær af grunnskrám þjóðarinnar undir ábyrgðarsvið sama ráðuneytis; Fasteignaskrá Íslands sem fer með skráningu allra fasteigna í landinu og Þjóðskrá sem annast m.a. almannaskráningu og útgáfu ýmissa vottorða og skilríkja því viðkomandi. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 98/2009 kom fram að breytingin ætti að stuðla að aukinni samvinnu og samræmingu í skráarvinnslu ríkisins, og fæli jafnframt í sér aukna möguleika á rekstrarhagræði með ýmiss konar samrekstri og samvinnu.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra óskaði eftir því við samráðshópinn í september 2009 að hann tæki til athugunar hvort ávinningur kynni að vera af samþættingu tiltekinna rekstrarþátta. Hópurinn ákvað til að byrja með að skoða starfsemi tölvudeilda. Lagt var til að sameina tölvudeildir Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands og féllst ráðherra á þá tillögu sem kom til framkvæmda 1. janúar 2010.

Við þessa vinnu komu fram fjölmörg atriði sem bentu til þess að mikið hagræði yrði af fullri sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands og fól ráðherra samráðshópnum að kanna til hlítar hagkvæmni þess. Samhliða þessu var Framkvæmdasýslu ríkisins falið að kanna möguleika og hagkvæmni þess að starfsemi Þjóðskrár flyttist alfarið úr Borgartúni 24 í húsnæði að Borgartúni 21 þar sem Fasteignaskrá Íslands er til húsa. Með samráðshópnum störfuðu nokkrir vinnuhópar sem skipaðir voru starfsmönnum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands og var þeim falið að fjalla nánar um fjármál, húsnæðismál, skráarhald, stjórnsýslu, stoðþjónustu og öryggismál.

Í tillögu sinni til ráðherra í lok árs 2009 lagði samráðshópurinn til að starfsemi Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands yrði sameinuð í eina stofnun. Könnun samráðshópsins á hagkvæmni þess að sameina starfsemina hafði leitt í ljós að með slíkri sameiningu mætti í senn ná fram fjárhagslegri hagkvæmni og framþróun í skráarhaldi. Helstu rök fyrir sameiningu voru að mati samráðshópsins eftirfarandi:

- *Sambærileg verkefni*. Meginviðfangsefni Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands eru sambærileg, þ.e. skráning, varsla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga um grunnþætti þjóðfélagsins. Upplýsingarnar eru nýttar í fjölbreyttri starfsemi í margvíslegum kerfum víðs vegar um samfélagið, er oft miðlað til sömu notenda auk þess sem Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands eru að einhverju marki í samskiptum við sömu aðila innan stjórnkerfisins, svo sem sveitarfélög og sýslumenn.
- *Skráarhald*. Sameining leiðir til samlegðaráhrifa og stærðarhagkvæmni í skráarhaldi auk þess að styrkja stoðir samstarfsverkefnis um staðfangaskrá og samhæfingu fasteignaskrár og þjóðskrár. Þjóðskrá getur nýtt sér þekkingu og reynslu Fasteignaskrár Íslands við uppbyggingu rafrænna gagnagrunna, yfirfærslu gagna á rafrænt form og uppbyggingu skráningarkerfa fyrir dreifstýrða skráningu. Einnig liggja tækifæri í vöruþróun og nýsköpun.
- *Stoðþjónusta*. Umtalsverð samlegðaráhrif eru á sviði stoðþjónustu enda helstu verkefnin hliðstæð, svo sem á sviði starfsmannamála, skjalavörslu, fjármála, innkaupa og rekstrar, sölu og dreifingar gagna, vefs, afgreiðslu, símsvörunar og húsnæðismála. Í þessum rekstrarþáttum virðist í flestum tilfellum mega sameina tvö stoðþjónustukerfi í eitt.
- *Öryggismál*. Starfsemi Fasteignaskrár Íslands hefur hlotið vottun bresku staðlastofnunarinnar (BSI) skv. ÍST/ISO 27001 staðli um öryggi upplýsinga. Þjóðskrá hefur mótað öryggisstefnu í anda þessa staðals en ekki innleitt hann. Gögn sem þjóðskrá byggist á

eru grunngögn um íbúa landsins og aðra sem í skránni eru og væri mikill ávinningur ef starfsemi Þjóðskrár félli undir framangreinda öryggisvottun og kostnaður yrði lægri en ef Þjóðskrá mundi innleiða slíka vottun frá grunni auk þess sem fjögurra ára reynsla Fasteignaskrár Íslands mundi auðvelda innleiðingu.

- *Miðlun og sala upplýsinga.* Báðir skráarhaldarar hafa af því tekjur að selja upplýsingar úr skránum. Að frátöldu ríkisframlagi vegna útgáfu og framleiðslu vegabréfa hefur Þjóðskrá um ⅓ hluta tekna sinna af slíkri sölu og Fasteignaskrá Íslands fjármagnar starfsemi sína að fullu með sölu þjónustu og upplýsinga. Við sameiningu skapast möguleikar t.d. til að styrkja þjónustu- og söluþáttinn enn frekar. Ætla má að þetta gæti einnig orðið til hagsbóta fyrir notendur, sérstaklega þá sem kaupa gögn frá báðum aðilum. Sameinaður rekstur skránna gæti leitt til þess að eigin tekjur stæðu undir öllum útgjöldum skráarhaldsins.

Í tillögu samráðshópsins var ekki gert ráð fyrir að útgjöld lækkuðu vegna sameiningarinnar en greiningar framangreindra vinnuhópa leiddu í ljós að ætla má að töluverðir möguleikar séu á lækkun útgjalda til lengri tíma litið. Þó mun sameining hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér á fyrsta ári sameiningar vegna húsnæðis, aðstöðu og flutninga. Í 3–4 ár þar á eftir mun kostnaður ekki lækka umtalsvert frá því sem nú er verði ráðist í framþróun í starfseminni, svo sem innleiðingu öryggisvottunar Þjóðskrár, yfirfærslu pappírsgagna Þjóðskrár í rafrænt form og hönnunar- og forritunarvinnu við að gera kerfi Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands sambærileg. Eftir að þessi verkefni eru að baki skapast forsendur til töluverðrar kostnaðarlækkunar og eftir atvikum aukinnar tekjuöflunar á grundvelli vöruþróunar.

Samráðshópurinn lagði ekki mat á hver fjárhagslegur ávinningur gæti orðið en það fer m.a. eftir því að hve miklu marki lögð verði áhersla á að ná fram faglegum ávinningi af sameiningu. Hópurinn lagði til að það yrði sett sem markmið í sameiningarferlinu að ekki yrði beinn kostnaðarauki af breytingunum heldur yrði eftir fremsta megni leitast við að sparnaður og samlegðaráhrif við sameiningu fjármagni tímabundinn kostnað við breytingar. Eins og segir hér að framan má ætla að breytingaferli geti staðið í 3–4 ár en það var mat samráðshópsins að á þeim tíma gæti náðst fram verulegur faglegur ávinningur innan fjárhagsramma sameinaðrar stofnunar. Einnig auðveldar sameining Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands þeim að mæta og bregðast við fyrirsjáanlegri hagræðingarkröfu næstu ára. Sameinuð Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands getur orðið grunnur að nýrri stofnun er taki við rekstri fleiri grunnskráa ríkisins og samhliða mætti færa stjórnsýsluverkefni og ýmis verkefni á sviði skráningar og afgreiðslu til sýslumannsembætta á landsbyggðinni. Frekari þróun þjóðskrárgagnagrunnsins á rafrænt form mun veita möguleika á slíkum flutningi verkefna. Í þessu samhengi má einnig geta þess að Fasteignaskrá Íslands starfrækir útibú á Akureyri og hefur falið því aukin verkefni á undanförnum árum.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 6/2001 skal stjórn Fasteignaskrár Íslands móta starf og innra skipulag stofnunarinnar, hafa eftirlit með starfsemi hennar og gera tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar. Lagt er til að hlutverk stjórnarinnar haldist óbreytt og taki því ekki til þeirra verkefna sem lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, eða önnur löggjöf er tengist Þjóðskrá kveður á um.

Af frumvarpi þessu leiðir að Þjóðskrá verður ekki lengur skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu með sjálfstæðan fjárhag heldur hluti af nýrri stofnun. Þar sem Þjóðskrá er skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu eru ákvarðanir hennar í stjórnsýslumálum fullnaðarákvarðanir en með því að starfsemin verði hluti af stofnun verða ákvarðanir

kæranlegar til ráðuneytisins. Slík breyting yrði í samræmi við meginreglu stjórnsýsluréttarins um tvö kærustig.

Við sameiningu þá sem lögð er til í þessu frumvarpi er miðað við að réttindi og kjör starfsmanna Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands haldist óbreytt og er í því sambandi höfð hliðsjón af ákvæðum til bráðabirgða í lögum um Hagstofu Íslands og opinbera skýrslugerð, nr. 163/2007, sem m.a. fól í sér breytingu á Hagstofu Íslands úr ráðuneyti í sjálfstæða ríkisstofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands í nýja stofnun sem nefnist Þjóðskrá Íslands. Þjóðskrá var gerð að skrifstofu í dómsmálaráðuneytinu með lögum nr. 51/2006, um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962. Fasteignaskrá Íslands er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 6/2001 skal stjórn Fasteignaskrár Íslands móta starf og innra skipulag stofnunarinnar, hafa eftirlit með starfsemi hennar og gera tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar. Í stjórn sitja fulltrúar þeirra aðila sem greiða hluta rekstrarkostnaðar stofnunarinnar, þ.e. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja, en auk þeirra er einn skipaður án tilnefningar. Lagt er til að hlutverk stjórnarinnar haldist óbreytt og taki því ekki til laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, eða annarrar löggjafar er tengist Þjóðskrá.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna nýs heitis stofnunarinnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara verður til ný sjálfstæð ríkisstofnun. Sú aðgerð hefur ekki í för með sér breytingar á verkefnum starfsmanna. Réttarstaða þeirra fer eftir því hvort þeir hafa verið skipaðir embættismenn, eins og við á um skrifstofustjóra Þjóðskrár og forstjóra Fasteignaskrár Íslands, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eða ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Er við yfirfærslu starfsmanna til hinnar nýju stofnunar horft til þess sem gert var þegar Hagstofu Íslands var breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða ríkisstofnun, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 163/2007. Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að starfsmenn sem ráðnir hafa verið með gagnkvæmum uppsagnarfresti haldi störfum sínum og óbreyttum starfskjörum. Þannig verður aðild að lífeyrissjóði óbreytt og laun fara eftir þeim kjarasamningum sem við eiga. Í þessu felst enn fremur að núverandi starfsmenn Þjóðskrár geta, meðan þeir starfa hjá Þjóðskrá Íslands, kosið að taka áfram laun

samkvæmt kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem fram til þessa hafa samið um starfskjör þeirra. Hjá Þjóðskrá er starfsmaður sem á sínum tíma var ráðinn ótímabundið án gagnkvæms uppsagnarfrests. Af 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða leiðir að nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um að hann skuli með sama hætti halda starfi sínu. Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir að rof verði á ráðningu starfsmanna og að sérstaklega þurfi að bjóða þeim störf hjá Þjóðskrá Íslands. Með þeim hætti er leitast við að tryggja að breytingin hafi sem minnsta röskun í för með sér.

Hvað viðkemur starfi skrifstofustjóra Þjóðskrár, sem er skipaður ótímabundið í embætti, er í 2. mgr. mælt fyrir um að hann skuli halda starfi sínu. Lagt er til að núverandi skrifstofustjóra verði falið sambærilegt stjórnunarstarf hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt lögunum án breytinga á starfskjörum, þ.e. á þeim kjörum sem skrifstofustjórar við Stjórnarráð Íslands njóta. Í því felst enn fremur að hann telst áfram skipaður ótímabundið í embætti og skal njóta sömu launa og starfskjara og skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands. Laun hans skulu þ.a.l. taka breytingum í samræmi við ákvarðanir kjararáðs þegar laun skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands eru ákveðin af kjararáði, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006. Er þá gert ráð fyrir að eftirmaður hans eða nýir stjórnendur, sem ráðnir verða í tímans rás í stað núverandi skrifstofustjóra, verði ráðnir til starfa á grundvelli ótímabundins ráðningarsamnings.

Að sama skapi er gert ráð fyrir að forstjóri Fasteignaskrár Íslands njóti óbreyttra starfskjara og honum falið sambærilegt starf þannig að hann taki við starfi forstjóra Þjóðskrár Íslands það sem eftir er tímabundins skipunartíma hans. Um laun hans og önnur starfskjör fer því eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina starfsemi Þjóðskrár, sem nú er skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, og Fasteignaskrá Íslands, sem er stofnun sem starfar á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og undir umsjón þess.

Gert er ráð fyrir því að Þjóðskrá flytjist í Borgartún 21 þar sem Fasteignaskrá Íslands er til húsa. Vegna þessa flutnings er gert ráð fyrir 26 m.kr. kostnaði vegna breytinga á húsnæði og mun dómsmálaráðuneytið veita fé af safnlið ráðuneytisins til að mæta 17 m.kr. af þeim kostnaði en sameinuð stofnun beri það sem upp á vantar. Annar kostnaður vegna aðstöðu og flutninga er metinn minni háttar og mun verða borinn af fjárveitingum til stofnananna tveggja. Ekki hefur verið unnin sérstök úttekt á fjárhagslegum samlegðaráhrifum stofnananna tveggja eða rekstraráætlun gerð fyrir sameiginlega stofnun á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Gert er þó ráð fyrir talsverðri hagræðingu í rekstri vegna þessarar sameiningar þannig að hægt verði að mæta væntanlegum hagræðingarkröfum á næsta og jafnvel þarnæsta ári ef til þess kemur. Áætlað er að ráðist verði í framþróun í starfseminni svo sem innleiðingu öryggisvottunar Þjóðskrár, yfirfærslu pappírsgagna Þjóðskrár í rafrænt form og hönnunar- og forritunarvinnu við að gera kerfi Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands sambæri-

leg. Ráðgert er að þessar aðgerðir geti tekið 3–4 ár og að þeim tíma liðnum skapist forsendur til töluverðrar kostnaðarlækkunar og eftir atvikum aukinnar tekjuöflunar á grundvelli vöruþróunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er þannig gert ráð fyrir að sameinuð stofnun verði betur í stakk búin til að mæta rúmlega 36 m.kr. hagræðingarkröfu sem gerð er í fjárlögum 2010 auk þess að verða betur kleift að takast á við frekari hagræðingu ársins 2011 af um 1 ma.kr. veltu beggja stofnana.

896. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. g laganna koma tvær nýjar greinar, 12. gr. h og 12. gr. i, svohljóðandi:

a. (12. gr. h.)

Eftir umsókn þar um og að fenginni umsögn lögreglu skal Útlendingastofnun veita útlendingi, sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi brott úr landi á þessu tímabili.

Nú er rökstuddur grunur um að gert sé tilkall til stöðu fórnarlambs í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

b. (12. gr. i.)

Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt þegar annað tveggja á við:

a. það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi, eða
b. það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almenn atriði.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005, samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samnings) frá

15. nóvember 2000 og bókunar við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (Palermó-bókunar). Er fullgildingin í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn mansali, sbr. skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðaáætlun gegn mansali sem lögð var fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi, þskj. 754.

Sérstakt refsiákvæði um mansal var sett inn í almenn hegningarlög, sem 227. gr. a, með lögum nr. 40/2003. Í ákvæðinu er að finna sjálfstæða verknaðarlýsingu á mansali sem refsiverðri athöfn og var við lýsingu brotsins stuðst við 3. gr. Palermó-bókunarinnar. Ákvæðinu var breytt með lögum nr. 149/2009 betur til samræmis við orðalag 3. gr. Palermó-bókunarinnar og 4. gr. Evrópuráðssamningsins.

II. Alþjóðleg barátta gegn mansali.

Um langt skeið hafa ríki heims barist gegn ýmsum birtingarmyndum mansals og eru þeir alþjóðlegu samningar og samþykktir sem gerð hafa verið liður í þeirri baráttu. Þessir samningar lúta að banni við þræla- eða nauðungarvinnu, vernd barna, vernd og réttindum kvenna, aðgerðum gegn vændi og banni gegn hvers konar verslun með fólk í þessu skyni. Þá hafa á seinni árum einnig verið samþykktir samningar sem beinast gegn skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og smygli á fólki.

Palermó-samningurinn var undirritaður af hálfu íslenska ríkisins 13. desember 2000 ásamt framangreindri bókun við hann. Í Palermó-bókuninni var í fyrsta sinn sett fram heildstæð skilgreining á mansali sem alþjóðasamfélagið hafði komið sér saman um. Markmið bókunarinnar skv. 2. gr. hennar er a) að koma í veg fyrir verslun með fólk, með sérstöku tilliti til kvenna og barna, b) að vernda og aðstoða fólk sem fyrir slíku verður, þannig að mannréttinda þess sé gætt til fulls, og c) að stuðla að samvinnu aðildarríkja í því skyni að ná þessum markmiðum. Gildissvið Palermó-bókunarinnar nær þó einungis til brota sem eru framin án tillits til landamæra og með þátttöku skipulagðs glæpahóps, sbr. 4. gr.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn sama dag. Samningurinn gengur töluvert lengra varðandi vernd fórnarlamba en aðrir alþjóðasamningar á þessu sviði, þar á meðal Palermó-bókunin. Samningurinn styðst að mörgu leyti við bókunina en er mun ítarlegri. Þannig er gildissvið hans víðtækara en gildissvið Palermó-bókunarinnar en samningurinn gildir bæði um mansal innan lands sem og mansal milli landa. Þá gildir samningurinn án tillits til þess hvort skipulögð glæpasamtök standa að baki brotinu eða ekki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um að tvær nýjar greinar skuli bætast við lög um útlendinga, nr. 96/2002, 12. gr. h og 12. gr. i. Er í báðum tilfellum um nýmæli að ræða.

Um a-lið (12. gr. h).

12. gr. h mælir fyrir um að Útlendingastofnun skuli, eftir umsókn þar um og að fenginni umsögn lögreglu, veita útlendingi dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en þrjátíu daga, sé fyrir hendi grunur um að viðkomandi sé fórnarlamb mansals. Eins og fram kemur í 2. mgr. er þó ekki nægilegt að gera tilkall til dvalarleyfis á þessum grundvelli til að eiga rétt til þess heldur verður skilyrði 1. mgr. ákvæðisins, um að grunur leiki á að viðkomandi sé fórnarlamb mansals, að vera fyrir hendi. Þannig getur viðkomandi þurft að sýna fram á að

skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt sé fyrir hendi rökstuddur grunur um að tilkall til dvalarleyfis á þessum grundvelli sé gert í þeim tilgangi einum að afla sér dvalarleyfis án þess að nokkuð annað styðji við frásögn viðkomandi. Ef hin sérstöku skilyrði eru fyrir hendi skal veita dvalarleyfið jafnvel þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. laganna sem fjallar um grunnskilyrði þess að fá útgefið dvalarleyfi hér á landi. Þá er einnig mælt fyrir um að ekki skuli vísa viðkomandi aðila úr landi á þessum tíma, þrátt fyrir að brottvísunarheimildir 20. gr. laganna eigi við.

Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 13. gr. samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali og uppfyllir jafnframt skuldbindingar skv. 2. mgr. 10. gr. samningsins og 1. mgr. 7. gr. Palermó-bókunarinnar. Mikilvægt er að fórnarlamb mansals fái tækifæri til að ná bata og losna undan áhrifum þeirra sem stunda mansal og er ákvæðinu ætlað að stuðla að því. Í Evrópuráðssamningnum er þetta tímabil nefnt afturbata- og umþóttunartímabil og er því jafnframt ætlað að stuðla að því að fórnarlamb mansals geti tekið upplýsta ákvörðun um samstarf við yfirvöld. Ákvæði þessu er ekki ætlað að hafa áhrif á rannsókn og saksókn vegna umræddra brota en í því felst að ákvörðun fórnarlambs um að vinna með yfirvöldum við að upplýsa brot kemur ekki í veg fyrir skyldu þess samkvæmt lögum til að bera vitni í málinu. Gert er ráð fyrir því að hinu ætlaða fórnarlambi standi ýmis úrræði til boða á gildistíma dvalarleyfisins sem ætlað er að stuðla að uppbyggingu þess á meðan á afturbata- og umþóttunartímabilinu stendur.

Umsókn um dvalarleyfi getur borist Útlendingastofnun hvort sem er frá hinu mögulega fórnarlambi eða eftir öðrum leiðum, svo sem í gegnum lögreglu eða aðra aðila sem koma að mansalsmálum, svo sem eins og sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal sem starfar á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn mansali sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar Íslands 17. mars 2009. Í einhverjum tilvikum getur þannig háttað til að ekki sé hafin lögregluransókn á því máli sem um ræðir og er veiting dvalarleyfisins óháð því hvort slík rannsókn fari fram en eins og áður hefur komið fram er dvalarleyfinu meðal annars ætlað að gefa mögulegu fórnarlambi svigrúm til þess að taka upplýsta ákvörðun um samstarf við yfirvöld við rannsókn málsins. Vegna þessa þykir ekki rétt að takmarka veitingu dvalarleyfisins við þau fórnarlömb sem leitað hafa til lögreglu. Hins vegar þykir rétt, vegna alvarleika mansalsbrota, að Útlendingastofnun leiti umsagnar lögreglu um þær dvalarleyfisumsóknir sem stofnuninni berast. Það er þó ekki skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfisins að lögreglu sé kunnugt um mál umsækjanda eða telji ástæðu til að hefja sérstaka rannsókn á því. Stofnuninni getur jafnframt reynst nauðsynlegt, vegna skyldu sinnar til að upplýsa mál nægilega áður en ákvörðun er tekin í því, að leita umsagnar annarra aðila sem að máli fórnarlambsins hafa komið. Slíkir aðilar geta til dæmis verið sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal, félagsmálayfirvöld, heilbrigðisyfirvöld, Vinnumálastofnun eða frjáls félagasamtök.

Um b-lið (12. gr. i).

Í 12. gr. i er mælt fyrir um heimild Útlendingastofnunar til að gefa út endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs, þegar talið er að dvöl fórnarlambs mansals hérlendis sé nauðsynleg vegna persónulegra aðstæðna þeirra, og/eða vegna samvinnu þeirra við yfirvöld í tengslum við rannsókn eða við meðferð sakamáls. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 14. gr. samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali og fullnægir einnig skuldbindingum skv. 1. mgr. 7. gr. Palermó-bókunarinnar. Leyfið er endurnýjanlegt og uppfyllir því tilmæli bókunarinnar um að fórnarlambi sé gert kleift að vera um kyrrt á landsvæði ríkisins. Í því felst jafnframt að unnt er síðar, ef grundvöllur áframhaldandi dvalar fórnarlambs hér á landi breytist, að veita aðra tegund dvalarleyfis, þar á meðal dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur búsetu-

leyfis, að uppfylltum sérstökum skilyrðum fyrir einstökum tegundum slíkra dvalarleyfa. Í greinargerð með samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali kemur fram að persónulegar aðstæður fórnarlambs geti verið allt frá öryggi eða heilsufari þess til fjölskylduaðstæðna. Tafarlaus endursending fórnarlamba mansals til heimalands þeirra þykir leiða til þess að fórnarlömb greini síður frá reynslu sinni eða beri vitni gegn þrælasölum sínum. Vitnisburður fórnarlamba mansals þykir afar mikilvægur í baráttunni gegn mansali en sé hann ekki fyrir hendi er talið erfiðara að koma í veg fyrir að önnur fórnarlömb falli í sömu gildru. Talið er að eftir því sem unnt er að veita fórnarlömbum meiri vissu fyrir því að réttinda þeirra og hagsmuna sé gætt, þeim mun betri upplýsingar geti þau gefið yfirvöldum. Möguleiki á dvalarleyfi sé því hvati til frekari samvinnu af þeirra hálfu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna um dvalarleyfi verði breytt þannig að við bætast tveir nýir flokkar dvalarleyfa til handa fórnarlömbum mansals. Breytingin felur í sér í fyrsta lagi að Útlendingastofnun veiti útlendingi, sem grunur er um að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga, að fenginni umsögn þar til bærra aðila. Í öðru lagi að heimilt verði að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs. Þessi leyfi verði veitt þótt grunnskilyrðum um veitingu dvalarleyfa sé ekki fullnægt. Lagt er til að þessar breytingar verði gerðar á lögunum í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali og svokallaðrar Palermó-bókunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun sjálf veiting dvalarleyfanna ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Dvalarleyfi sem veitt yrðu á grundvelli þessa frumvarps leiða hins vegar til þess að viðkomandi öðlast ýmiss önnur réttindi í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar, svo sem rétt til öruggs húsnæðis, sálfræðiaðstoðar, efnahagslegrar aðstoðar, aðgangs að brýnni læknismeðferð, þýðingar- og túlkaþjónustu sem og rétt til aðstoðar réttargæslumanns. Kostnaður sem fylgir slíkum úrræðum yrði greiddur úr ríkissjóði meðan á hinu sex mánaða afturbata- og umþóttunartímabili stendur. Lítil og takmörkuð reynsla er af slíkum málum hér á landi og má gera ráð fyrir að kostnaður vegna þeirra komi fram nokkuð víða í stjórnkerfinu. Í nýlegu máli af þessu tagi er áætlað að kostnaður hafi verið 8 m.kr. og er þá ekki talinn með kostnaður við öryggisgæslu allan sólarhringinn. Mansalsmál eru væntanlega eins misjöfn og þau eru mörg og því verður ekki hægt að finna út eitthvert meðaltal í kostnaði vegna þeirra. Auk þess er mikil óvissa um fjölda slíkra mála árlega og verður á þessu stig því ekki lagt mat á hugsanlegan kostnað fyrir ríkissjóð.

897. Frumvarp til laga [510. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 87. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skiptastjóra heimilt við gjaldþrotaskipti á búi einstaklings að heimila honum í allt að tólf mánuði að búa áfram í húsnæði í eigu þrotabúsins eða halda umráðum einstakra lausafjármuna þess. Fyrir þau afnot skal þá greidd leiga, sem nemur að minnsta kosti þeim kostnaði sem þrotabúið ber af eigninni, en heimilt er skiptastjóra að áskilja að trygging sé sett fyrir spjöllum sem kunna að verða á henni. Áður en ákvörðun er tekin skal skiptastjóri leita afstöðu þeirra sem njóta tryggingarréttinda í eigninni.

2. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er skiptastjóra heimilt að fresta ráðstöfun eignar eftir því sem nauðsyn krefur vegna heimildar sem þrotamanni er veitt skv. 2. mgr. 87. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

6. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: að kaupandi beri áhættu af eigninni frá því að boð hans er samþykkt og njóti réttar til umráða yfir henni frá sama tíma, sbr. þó 55. gr., en við nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði, sem gerðarþoli hefur til eigin nota, skuli hann þrátt fyrir þetta njóta réttar til að halda notum af því í tiltekinn tíma, allt að tólf mánuðum frá samþykki boðs gegn greiðslu sem rennur til kaupanda og svarar að mati sýslumanns til hæfilegrar húsaleigu.

4. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur sá sem notið hefur réttinda yfir eigninni ekki fengið þeim fullnægt með öllu af söluverðinu og getur hann þá aðeins krafið gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem eftir stendur af skuldbindingunni að því leyti sem hann sýnir fram á að markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs hefði ekki nægt til fullnustu kröfunnar.

Jafnframt er þeim heimilt sem kann að verða krafinn um eftirstöðvar skuldbindingar að höfða mál á hendur þeim sem með hana fer til að fá þær felldar eða færðar niður samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

5. gr.

3. mgr. 69. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum 57. gr. verður beitt við nauðungarsölu samkvæmt reglum þessa kafla.

III. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, sbr. 24. gr. a. Lögmönnum er óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Lögmenn annast löginnheimtu. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmannsháttum.

Við löginnheimtu skv. 1. mgr. er lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald skv. 3. mgr. 24. gr. af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.

IV. KAFLI

Breyting á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingu.

8. gr.

3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli 24. gr. a laga um lögmenn, nr. 77/1998.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og réttarfarsnefnd. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, lögum um lögmenn, nr. 77/1998, og innheimtulögum, nr. 95/2008. Miða tillögurnar að því að bæta réttarstöðu skuldara m.a. svo að einstaklingar geti dvalið áfram í íbúðarhúsnæði um nokkurn tíma við gjaldþrotaskipti eða eftir nauðungarsölu. Þá eru einnig settar fram reglur sem kveða á um að kröfuhafi verði eftir nauðungarsölu að láta meta þá eign sem seld er ef hann ætlar að reyna að innheimta kröfu sem ekki hefur fengist greidd við nauðungarsölu og að hann geti ekki krafið gerðarþola eða annan um meira en nemur því sem skuldin fer fram úr verðmæti eignarinnar samkvæmt matinu. Að auki er lagt til að heimild lögmanna til að áskilja sér þóknun úr hendi skuldara við tilteknar kringumstæður verði takmörkuð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að skiptastjóri þrotabús geti heimilað þrotamanni að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu þrotabúsins í allt að tólf mánuði. Fyrir þau afnot skal greiða leigu sem nemur a.m.k. þeim kostnaði sem er af eigninni, en það sem umfram er gangi til greiðslu krafna sem tryggðar eru með veði í eigninni. Er hér því lagt til að lögfest verði til frambúðar sú regla sem sett var til bráðabirgða með lögum nr. 23/2009. Hér er þó gerð sú breyting frá fyrrgreindri reglu að heimild skiptastjóra er ekki háð því skilyrði að veðhafar í eign búsins samþykki ráðstöfunina, en hins vegar er gert ráð fyrir því að skiptastjóri leiti eftir afstöðu þeirra sem eiga tryggingarréttindi í eigninni. Með sama hætti er einnig lagt til að skiptastjóri geti veitt þrotamanni heimild til þess að hafa umráð einstakra lausafjármuna sem eru í eigu þrotabúsins. Fyrir afnotin verður þrotamaður að greiða leigu sem nemi að minnsta kosti þeim kostnaði sem þrotabúið ber af eigninni.

Í báðum tilvikum getur skiptastjóri áskilið að trygging verði sett fyrir spjöllum sem kunna að verða á eign. Með ákvæðinu er reynt að koma til móts við ósk þrotamanns sem vill búa áfram í því húsnæði sem verið hefur heimili hans, eða að hafa áfram afnot af eignum sem kunna að vera honum nauðsynlegar, þar til hann hefur fundið lausn á húsnæðismálum sínum eða greitt úr fjárhagsvanda sínum.

Um 2. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 87. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 1. gr. frumvarpsins, er lagt til að gerð verði undantekning frá þeirri skyldu skiptastjóra að hefjast umsvifalaust handa um ráðstöfun á þeim eignum og réttindum sem telja má sýnt að tilheyri þrotabúinu.

Í greininni er lagt til að slík skylda hvíli ekki á skiptastjóra þegar ákveðið hefur verið að heimila þrotamanni afnot eignar búsins á grundvelli þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á 87. gr. laganna.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um nauðungarsölu, þar sem mælt er fyrir um efni almennra skilmála um sölu fasteigna á uppboði. Er lagt til að við nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði, sem gerðarþoli hefur til eigin nota, megi ákveða að gerðarþoli eigi þess kost að búa þar áfram og halda áfram notum af íbúðarhúsnæðinu í tiltekinn tíma.

Þessari heimild er þó markaður ákveðinn tími, þ.e. í allt að tólf mánuði. Er jafnframt ráð fyrir því gert að nánari reglur um hámarkstímann verði settar í auglýsingu um almenna uppboðsskilmála sem dómsmálaráðherra setur, með heimild í 28. gr. laganna, en núgildandi auglýsing er nr. 41/1992. Er jafnframt lagt til að fyrir afnot gerðarþola af íbúðarhúsnæði greiði hann tiltekið endurgjald sem ákveðið verður af sýslumanni og svari til hæfilegrar húsaleigu hverju sinni.

Um 4. gr.

Hér er lögð til breyting á 57. gr. laga um nauðungarsölu. Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að sá sem notið hefur réttinda yfir eign sem seld er nauðungarsölu en hefur ekki fengið réttindum sínum fullnægt með öllu af söluverðinu geti því aðeins krafið gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem eftir stendur af skuldbindingunni að því leyti sem hann sýnir fram á að markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs hefði ekki nægt til fullnustu kröfunnar.

Hér eru því lagðar til tvær breytingar frá reglu 57. gr. laga um nauðungarsölu. Í fyrsta lagi tekur fyrirhuguð regla til allra þeirra sem kunna að eiga réttindi yfir seldri eign, en ekki eingöngu þess sem hefur gerst kaupandi að eigninni eins og núgildandi reglur kveða á um. Í öðru lagi verður það hlutverk þess sem vill innheimta eftirstöðvar veðskuldar hjá gerðarþola eða ábyrgðarmanni á skuldinni að sýna fram á hvert var markaðsverð eignarinnar á þeim tíma sem hún var seld. Kröfuhafi má þannig ekki krefja um meira en nemur mismuninum á eftirstöðvum skuldarinnar og markaðsverði hinnar seldu eignar.

Í 2. mgr. er lagt til að þeim sem kann að verða krafinn um eftirstöðvar skuldbindingar sé jafnframt heimilt að höfða mál á hendur kröfuhafa til að fá skuldir sínar færðar niður samkvæmt því sem segir í fyrirhugaðri 1. mgr. 57. gr. Er hér til þess að líta að gerðarþoli eða ábyrgðarmaður hans kann að eiga hagsmuni af því að fá viðurkennt að skuld hans hafi verið færð niður á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laganna og er því ráð fyrir því gert að hann geti sjálfur átt frumkvæði að slíkri málshöfðun.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á 3. mgr. 69. gr. laga nauðungarsölu. Í XI. kafla laganna er fjallað um nauðungarsölu á lausafjármunum. Í ákvæði núgildandi 3. mgr. 69. gr. laganna er tekið fram að beita megi ákvæðum 57. gr. um kröfu þess sem gerist kaupandi við nauðungarsölu samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Er hér því ráð fyrir því gert að fyrirhuguð regla 57. gr., eins og hún hefur verið lögð til í 4. gr. frumvarpsins, gildi nú fortakslaust við nauðungarsölu á lausafjármunum, í stað þess að hún sé háð mati.

Um 6. gr.

Lagt er til að dómsmálaráðherra gefi út leiðbeiningar handa lögmönnum um það endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Slíka heimild var að finna í lögmannalögum þar sem dómsmálaráðherra var heimilt að gefa út slíkar leiðbeiningar. Þær voru þó aldrei gefnar út og var heimildin felld út við setningu innheimtulaga, nr. 95/2008. Þar sem með fyrirhugaðri reglu er ekki verið að víkja að samningum lögmanna og kröfueigenda verður ekki talið að brotið sé gegn reglum samkeppnislaga. Þá lúta reglurnar einungis að því endurgjaldi sem lögmönnum er heimilt að áskilja sér úr hendi skuldara við innheimtu peningakröfu auk þess sem um er að ræða reglu sem verndar rétt skuldara við slíka innheimtu. Til þess er jafnframt að líta að ekki er beint samningssamband á milli skuldara og lögmanns sem tekur að sér slíka innheimtu.

Við setningu reglna sem þessara er rétt að tekið sé tillit til þess hvað eigi að felast í innheimtukostnaði lögmanna og hvaða aukaliða sé rétt að krefjast við innheimtuna. Jafnframt gætu slíkar reglur tekið til þess hvert sé hámark innheimtukostnaðar að teknu tilliti til höfuðstóls og áfallinna vaxta af kröfu, sbr. þó 7. gr. frumvarpsins.

Um 7. og 8. gr.

Hér er lögð til skilgreining á því hvað telst til löginnheimtu og um mörk slíkrar innheimtu og milliinnheimtu eftir innheimtulögum, nr. 95/2008. Til þess að taka af öll tvímæli er jafnframt lögð til breyting á innheimtulögum svo að ekki leiki vafi á um hvaða innheimta teljist til milliinnheimtu eftir innheimtulögum og hvaða innheimta falli undir löginnheimtu eftir lögmannalögum.

Í fyrirhugaðri reglu 7. gr. frumvarpsins er lagt til að lögmönnum verði óheimilt að áskilja sér þóknun af gjaldfelldum höfuðstól kröfu, umfram þann hluta kröfunnar sem fallin var í gjalddaga við upphaf löginnheimtu og þess sem fellur í gjalddaga eftir þann tíma. Ef skuld sem kemur til innheimtu hjá lögmanni er gjaldfelld sökum vanskila getur lögmaður einungis tekið innheimtukostnað af þeim hluta kröfunnar sem kominn var í gjalddaga við upphaf löginnheimtunnar og svo af þeim hluta kröfunnar sem fellur í gjalddaga síðar, en ekki af þeim hluta hennar sem gjaldfelldur er sökum þeirra vanefnda sem orðið hafa á greiðslu afborgana og vaxta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara).

Með frumvarpi þessu er lagt til að skiptastjóri í þrotabúi megi heimila einstaklingi að búa áfram í allt að tólf mánuði í húsnæði í eigu þrotabúsins eða halda umráðum einstakra lausafjármuna þess. Fyrir þessi afnot skal skuldarinn greiða leigu sem nemi að minnsta kosti þeim kostnaði sem þrotabúið hefur af eigninni. Á sama hátt á gerðarþoli við nauðungarsölu á eign sem hann hefur haft til eigin nota rétt á að halda notum af eigninni í allt að tólf mánuði frá samþykki boðs í hana gegn greiðslu sem metin er af sýslumanni hæfileg húsaleiga.

Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að sá sem telur sig ekki hafa fengið að fullu skuld sína greidda við nauðungarsölu geti einungis krafist þess mismunar sem er á eftirstöðvum kröfunnar og þess sem var markaðsvirði eignarinnar við samþykki boðsins. Þá er þeim sem krafinn er um þessar eftirstöðvar heimilt að höfða mál á hendur kröfuhafanum til að fá skuldirnar felldar eða færðar niður í samræmi við slíkt mat. Þessar reglur eiga bæði við um sölu á fasteignum og lausafé.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra skuli gefa út leiðbeiningar fyrir lögmenn um það endurgjald sem þeir mega áskilja sér við innheimtu peningakrafna. Þá er hugtakið löginnheimta skilgreint og kveðið á um að lögmanni sé óheimilt að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfunnar sem er gjaldfelld vegna vanskila á greiðslu afborgunar og vaxta.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

898. Frumvarp til laga [511. mál]

um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Embætti sérstaks saksóknara skal rannsaka grun um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja og þeirra sem átt hafa hluti í þeim fyrirtækjum eða farið með atkvæðisrétt í þeim, sömuleiðis grun um refsiverða háttsemi stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna fjármálafyrirtækja og þeirra annarra sem komið hafa að starfsemi fyrirtækjanna. Embættið skal eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.

2. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem sérstakur saksóknari fer með skv. 1. gr. tekur ríkissaksóknari ákvörðun um hvort hann fari með málið. Ríkissaksóknari sker úr um valdsvið sérstaks saksóknara gagnvart öðrum ákærendum ef vafi ris um það. Ríkissaksóknari getur enn fremur falið sérstökum saksóknara að fara með önnur mál en þau sem falla undir 1. gr. eða falið öðrum ákæranda að fara með mál sem þar fellur undir, svo sem ef rannsókn er þegar hafin á því.

II. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

3. gr.

Orðið „opinbers“ í 1. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „læknisrannsókn, þar með talin“ í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: líkamsrannsókn, einnig.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 192. gr. laganna:

a. Við d-lið bætist: svo og skipun verjanda eða synjun um skipun hans.
b. Við e-lið bætist: svo og skipun réttargæslumanns eða synjun um skipun hans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginmarkmiðið með þessu frumvarpi er að skilgreina með skýrari hætti en nú er gert hvert er verksvið embættis sérstaks saksóknara, sem sett var á stofn með lögum nr. 135/2008, gagnvart öðrum handhöfum ákæruvalds.

Þegar frumvarp til þeirra laga var upphaflega lagt fram var gert ráð fyrir að verksviðið yrði takmarkað við rannsókn og eftir atvikum saksókn vegna gruns um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Í meðförum Alþingis var verksviðið rýmkað þannig að það tekur nú ekki aðeins til ætlaðrar refsiverðrar háttsemi í aðdraganda og tengslum við umræddа atburði, heldur slíkrar háttsemi í kjölfar atburðanna.

Á þessum tíma var óvíst hvaða mál mundu falla undir verksvið hins sérstaka saksóknara, en frá því að hann tók til starfa hefur hann hafið rannsókn á fjölmörgum málum sem öll eiga það sammerkt að þau tengjast með einhverjum hætti þeim fjármálafyrirtækjum sem urðu greiðsluþrota haustið 2008. Sum þessara mála varða þá sem áttu stóra hluti í þessum fyrirtækjum án þess að þau viðfangsefni sem rannsóknin beinist að verði öll heimfærð undir það orðalag sem nú er að finna í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008. Þótt tiltekið svigrúm felist í 5. mgr. 2. gr. laganna, þar sem ríkissaksóknari, nánar tiltekið settur ríkissaksóknari, tekur ákvörðun um hvort sérstakur saksóknari fari með mál ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem 1. gr. laganna nær til, þykir rétt til þess að taka af allan vafa í þessu efni að orðalagi 1. mgr. 1. gr. verði breytt frá því sem nú er og það miðað við starfsemi fjármálafyrirtækja, sem og eigendur og stjórnendur þeirra og aðra sem þeim tengjast. Er þessi afmörkun á verksviði hins sérstaka saksóknara óneitanlega skýrari en nú er.

Jafnframt er lagt til að 5. mgr. 2. gr. verði breytt á þann veg að ríkissaksóknari í þeim málum, sem heyra undir sérstakan saksóknara, geti falið honum að fara með önnur mál en þau sem falla undir 1. gr. laganna, ef það þykir hagkvæmara. Einnig geti settur ríkissaksóknari falið öðrum ákæranda, t.d. ríkislögreglustjóra, að fara með mál sem þar fellur undir, t.d. í því tilviki að rannsókn sé þegar hafin á máli er kann að eiga rætur að rekja til þeirra atburða sem vísað er til í 1. gr., en tengist ekki falli fjármálafyrirtækjanna eða öðrum þeim atburðum sem fyrst og fremst leiddu til setningar laga nr. 125/2008. Þessi breyting er með öðrum orðum hugsuð til að auka á hagkvæmni við rannsókn mála, en henni er ekki ætlað að hafa áhrif á starfssvið sérstaks saksóknara eins og það var hugsað af hálfu löggjafans þegar embættið var sett á stofn.

Að tillögu réttarfarsnefndar eru jafnframt gerðar tillögur til breytinga á lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Í fyrsta lagi til að leiðrétta tvær villur, sem slæddust á sínum tíma inn í lagatextann, og í annan stað til að taka af skarið um heimild til að kæra tiltekna úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar. Samsvarandi heimild var fyrir hendi í eldri lögum um meðferð þessara mála en hins vegar er óljóst eftir þær breytingar sem gerðar voru á viðeigandi ákvæði með núgildandi lögum, hvort hún sé enn til staðar og er því lagt til að tekið verði af skarið um það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt því sem fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til að tilvísun til atburða er leiddu til setningar laga nr. 125/2008 verði felld brott þegar verksvið embættis sérstaks saksóknara er skilgreint. Í stað þess verði verksviðið miðað við rannsókn og eftir-

farandi ákvörðun um saksókn þegar fyrir hendi er grunur um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja, án tillits til þess hvort slík fyrirtæki tengist þeim atburðum er leiddu til setningar fyrrgreindra laga, enn fremur grunur um refsiverða háttsemi þeirra sem átt hafa hluti í þeim fyrirtækjum eða farið með atkvæðisrétt í þeim, svo sem hluthafa eða stofnfjáreigenda, sömuleiðis grunur um refsiverða háttsemi stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna fjármálafyrirtækja og þeirra annarra sem komið hafa að starfsemi þeirra fyrirtækja. Getur þetta t.d. tekið til lögmanna og endurskoðenda fyrirtækjanna.

Um 2. gr.

Fyrstu málsliðirnir tveir eru efnislega eins og í gildandi lögum. Lokamálsliðurinn er hins vegar nýmæli og er hann skýrður í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 að úrskurðir héraðsdómara um að skipa sakborningi verjanda eða synja honum um að fá skipaðan verjanda í sakamáli verði kæranlegir til Hæstaréttar. Sama gildi um úrskurði héraðsdómara um að skipa brotaþola réttargæslumann eða synja honum um að fá skipaðan réttargæslumann í sakamáli.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til í fyrsta lagi að gerðar verði breytingar á tveimur greinum laganna um sérstakan saksóknara til að skilgreina með skýrari hætti en nú er gert hvert sé verksvið embættis sérstaks saksóknara gagnvart öðrum handhöfum ákæruvalds. Í öðru lagi er lagt til annars vegar að leiðréttar verði tvær villur sem fóru inn í lagatexta í lög um meðferð sakamála og hins vegar að taka af skarið um heimild í sömu lögum til að kæra tiltekna úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

899. Frumvarp til laga [512. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

B-liður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af fastanefnd um happdrættismál sem starfar á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Í nefndinni eiga sæti Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður, Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður, Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri Happdrættis SÍBS, og Fanney Óskarsdóttir, lögfræðingur í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á orðalagi refsiákvæðis b-liðar 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2005, um happdrætti, að ákvæðið nái til happdrættis, *óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis*. Felur breytingin í sér að lögin kveði skýrt á um að bann við því að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um happdrætti, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum um happdrætti, taki einnig til starfsemi sem er rekin erlendis.

Samkvæmt lögum um happdrætti, nr. 38/2005, gilda sérstakar reglur um happdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi. Óheimilt er að reka slík happdrætti nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kom fram að enginn ágreiningur væri um að þetta næði einnig til happdrætta sem starfrækt væru á netinu að því gefnu að um væri að ræða happdrætti þar sem spilað væri um peninga eða peningaígildi (sjá Alþt. 2004–2005, A-deild, þskj. 1028, 675. mál). Á síðustu árum hefur þátttaka í fjárhættuspilum og veðmálum á netinu aukist. Einkum er um að ræða veðmálafyrirtæki sem staðsett eru erlendis og eru netsíður þeirra vistaðar erlendis. Í mörgum tilvikum er í raun um að ræða veðmálastarfsemi sem er sérstaklega beint að íslenskum ríkisborgurum, m.a. með auglýsingum sem birtar eru í íslenskum fjölmiðlum, þar á meðal á vefsíðum.

Síðustu árin hefur dreifing á ólöglegri happdrættis- og veðmálastarfsemi hér á landi í gegnum netið aukist. Nauðsynlegt er að sporna við þessari þróun m.a. með því að framfylgja með skilvirkari hætti banni við auglýsingum á þess konar starfsemi.

Dómstóll EB hefur nýlega í máli C-42/07 *La Liga Portuguese* áréttað rétt aðildarríkja til að banna og stöðva innan sinnar lögsögu dreifingu á happdrættis- og veðmálastarfsemi í gegnum netið þótt sú starfsemi sé lögleg í öðru aðildarríki.

Í dóminum segir m.a. að 49. gr. Rómarsáttmálans útiloki ekki að aðildarríki setji löggjöf um happdrættis- og veðmálastarfsemi sem banni rekstraraðilum, sem njóta staðfesturéttar í öðru aðildarríki og veita svipaða þjónustu á lögmætan hátt, að bjóða happdrætti og veðmál í gegnum netið innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis.

Með hliðsjón af dóminum er ekki skylt að viðurkenna hér á landi leyfi fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem gefin eru út utan íslenskrar lögsögu enda sé slík þjónusta óheimil á Íslandi.

Íslensk happdrættislöggjöf byggist á þeirri meginreglu að happdrættis- og veðmálastarfsemi skuli vera á vegum rekstraraðila sem til þess hafa heimild lögum samkvæmt eða samkvæmt sérstöku leyfi stjórnvalda. Hér á landi eru starfandi sex fyrirtæki sem hafa lögboðinn einkarétt á að bjóða upp á happdrætti, skafmiða, talnagetraunir, kassa og íþróttagetraunir. Annars konar leyfi, sem veitt eru í hvert skipti fyrir sig, t.d. önnur happdrætti, bingó o.s.frv., má eingöngu veita vegna góðgerðar- og samfélagslegra málefna og ekki í hagnaðarskyni. Hefur reglan verið sú að óheimilt er að auglýsa hvers konar happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki er leyfi fyrir samkvæmt lögum um happdrætti, nr. 38/2005.

Nauðsynlegt er að gera orðalagsbreytingar á b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna þannig að greinin nái markmiði sínu. Lögð er til viðbót þess efnis að ekki skipti máli hvort um er að ræða auglýsingu, kynningu eða miðlun upplýsinga um happdrætti sem rekið er á Íslandi eða erlendis. Í dómi Hæstaréttar 11. júní 2009 í máli nr. 577/2008 var sakborningur sýknaður af ákæru um að hafa borið ábyrgð á birtingu auglýsinga vefsíðu sem bauð upp á þátttöku í veðmálum, pókerspili og öðru happdrætti sem ekki hafði verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum um happdrætti en háttsemin var talin í ákæru varða við b-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2005, um happdrætti, sbr. c-lið 26. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Í dómi héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, sagði að ekkert væri fram komið um að með umræddum auglýsingum væri verið að kynna happdrættis- eða veðmálastarfsemi sem rekin væri hérlendis og var ákærði þegar af þeirri ástæðu sýknaður.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti, nr. 38/2005, er stefnt að því að refsivert verði að auglýsa, kynna eða miðla hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin á Íslandi eða erlendis. Er þetta gert til þess að taka af allan vafa um að ekki skiptir máli hvort starfsemi er rekin hér á landi eða erlendis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á orðalagi refsiákvæðis laganna þannig að ákvæðið nái til happdrættis, hvort sem starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis. Með breytingunni verði þannig kveðið skýrt á um að bann við því að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um happdrætti, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum um happdrætti, taki einnig til starfsemi sem rekin er erlendis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

900. Frumvarp til laga [513. mál]

um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ef sýslumanni er veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum getur ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Til skoðunar hafa verið í ráðuneytinu tillögur um eflingu sýslumannsembættanna með því að sameina einstök embætti í stækkuðum stjórnsýsluumdæmum en sýslumannsembættin eru nú 24 að tölu. Miðar sameining sýslumannsembætta að því að efla embættin og gera þeim betur kleift að ná fram þeirri hagræðingu og sparnaði sem nauðsynlegur er. Þá miðar athugun ráðuneytisins á nýrri skipan sýslumannsembætta að því að þau geti betur mætt þeim kröfum sem gerðar eru til nútímastjórnsýsluhátta, svo sem með rafrænni stjórnsýslu. Unnið er að greiningu á sameiningarmöguleikum og framtíðarskipulagi sýslumannsembættanna í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og er stefnt að framlagningu lagafrumvarps þar sem kveðið verði á um breytt skipulag. Á meðan framangreind vinna er unnin er mikilvægt að þeim embættum sem losna sé ráðstafað með skynsamlegum og lögmætum hætti án þess að stofnað sé til óþarfa ríkisútgjalda.

Að meginstefnu til skal auglýsa öll laus embætti hjá ríkinu. Hinar sérstöku aðstæður sem nú eru uppi í íslensku þjóðfélagi kalla á undantekningar hvað þetta varðar. Ekki er að finna heimild, hvorki í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, né í lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, til þess að setja mann tímabundið í embætti sem er laust í skilningi 7. gr. starfsmannalaga, né heldur að fela sýslumanni í einu embætti að fara einnig með stjórn annars embættis. Taka skal fram að 24. gr. starfsmannalaga á ekki við um það þegar embættið telst laust í skilningi starfsmannalaga, þar sem ákvæðið gerir einungis ráð fyrir að hægt sé að setja annan mann í stað embættismanns sem fellur frá, vegna fjarveru hans um lengri tíma eða vegna veikinda.

Í frumvarpi þessu er byggt á því sjónarmiði að ekki sé réttlætanlegt miðað við hið ríka aðhald í ríkisfjármálum að auglýsa laust til umsóknar sýslumannsembætti sem svo verði mögulega breytt eða lagt niður, með tilheyrandi ómaki fyrir væntanlega umsækjendur sem hafa jafnvel flust búferlum til að gegna starfinu, með tilheyrandi raski fyrir fjölskyldu viðkomandi. Þá má gera ráð fyrir að margir hæfir umsækjendur séu lítt hrifnir af því að sækja um starf sem kann að verða lagt niður í nánustu framtíð. Þannig mun fækka góðum umsækjendum sem mundu vilja sækjast eftir starfinu, en eitt markmiða þess að auglýsa laus störf er að fá hæfasta umsækjandann til starfa hverju sinni.

Sé litið til sparnaðarsjónarmiða er ekki fýsilegt að auglýsa þau embætti sem losna laus til umsóknar með skipun í huga til næstu fimm ára, í samræmi við núgildandi ákvæði starfsmannalaga. Verði embætti sem ráðstafað hefur verið með auglýsingu lagt niður skömmu síðar leiðir það til þess að réttindi til biðlauna verða virk. Hér er því um að ræða sparnað í þágu ríkissjóðs og jafnframt tekið tillit til væntinga þeirra sem falast eftir störfum hjá hinu opinbera.

Þá skal tekið fram að með breytingunni er miðað við að starfandi sýslumenn verði settir til að gegna þeim embættum sem losna. Þannig er ekki verið að setja aðila sem ekki starfa nú þegar sem sýslumenn í embætti sýslumanns og ekki verið að veita neinum neitt forskot umfram aðra, verði embættið svo á endanum auglýst til umsóknar. Frumvarpið gengur því eins skammt og unnt er, með vísan til meðalhófs og jafnræðis mögulegra framtíðarumsækjenda.

Breytingunni er ætlað að skapa svigrúm í þeirri vinnu sem nú fer fram í uppstokkun embætta og jafnframt spara ríkissjóði útgjöld og stuðla að því að ákvarðanir séu skýrar og skilmerkilegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, komi ákvæði til bráðabirgða sem heimili ráðherra að setja tímabundið skipaðan sýslumann í embætti sýslumanns annars embættis sem losnar, þegar slíkt embætti losnar vegna þess að viðkomandi æskir lausnar eða vegna þess að hann er forfallaður af öðrum ástæðum. Miðað er við að setningin geti aldrei varað lengur en til eins árs í senn, m.a. með hliðsjón af 5 ára skipunartíma sýslumanna. Ef ekki er að ári liðnu búið að sameina embættið öðru embætti eða leggja það niður er heimilt að setja aftur í embættið annaðhvort sama sýslumann sem áður var settur eða annan skipaðan sýslumann í hans stað. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að sett sé í embætti til skemmri tíma en eins árs.

Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið gildi lengur en til 1. janúar 2015, en þá er miðað við að fyrirhugaðar breytingar eigi að vera yfirstaðnar. Jafnframt þarf að kveða á um að ákvæðinu sé ætlaður ákveðinn gildistími þar sem því er ætlað að taka tímabundið úr sambandi þá meginreglu 7. gr. starfsmannalaga að laus embætti skuli auglýsa, en slíkt er lagt til vegna hinna sérstöku aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en afar brýnt er að framangreint ákvæði komi til framkvæmda sem fyrst.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að verði sýslumanni veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallist af öðrum ástæðum þá geti ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Til skoðunar hefur verið að sameina einstök sýslumannsembætti og stækka stjórnsýsluumdæmi í þeim tilgangi að efla starfsemina. Við þessar aðstæður þykir ekki skynsamlegt að auglýsa og skipa í embætti sýslumanna sem jafnvel stendur til að leggja niður. Þar sem meginstefna er að allar stöður hjá ríkinu skuli auglýstar og ekki er að finna heimild, hvorki í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins né í lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, til þess að setja mann tímabundið í embætti sem er laust þykir í ljósi aðstæðna nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir að ákvæðið falli úr gildi 1. janúar 2015.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Gera má ráð fyrir að fjármunir muni sparast verði frumvarpið að lögum þó svo ekki sé hægt á þessu stigi að áætla hvað það gæti verið mikið. Ræðst það fyrst og fremst af fjölda þeirra embætta sem losna og réttindum þeirra sem skipaðir verða til bráðabirgða. Almennt er gengið út frá því, sbr. bréf kjaranefndar frá árinu 1996, að sýslumenn sem settir yrðu tímabundið til að gegna embætti nágrannaumdæmis fengju hálf byrjunarlaun vegna starfans.

901. Frumvarp til laga [514. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan þriggja mánaða frá því að kærufrestur rann út. Þó er heimilt að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef mál er umfangsmikið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum varðandi fresti umhverfisráðherra til að úrskurða í kærumálum vegna þeirra ákvarðana sem tilgreindar eru í 1. og 3. mgr. 14. gr. laganna. Þær ákvarðanir sem þar eru tilgreindar eru m.a. ákvarðanir sem Skipulagsstofnun tekur skv. 6. gr. laganna um hvort framkvæmdir sem tilgreindar er í 2. viðauka laganna séu matsskyldar og ákvarðanir stofnunarinnar um hvort meta skuli matsskyldar framkvæmdir sameiginlega, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Lagt er til að úrskurðarfrestur ráðherra sé lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði, þ.e. um einn mánuð. Þó er heimilt að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef um er að ræða umfangsmikil mál. Er þá gert ráð fyrir að umhverfisráðherra meti við móttöku kæru í upphafi umfang máls og ákveði hvort nýta þurfi að hluta eða að öllu leyti heimild til viðbótarfrests og tilkynni það aðilum máls. Þá er mögulegt að við meðferð máls komi í ljós að afla þurfi frekari gagna, upplýsinga eða umsagna, sem muni lengja málsmeðferðina, og ber þá einnig að tilkynna það aðilum máls. Þannig er lagt til að hámarksfrestur ráðherra til að kveða upp úrskurði á grundvelli 14. gr. laganna verði þrír til sex mánuðir frá því að kærufrestur rennur út. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun Skipulagsstofnunar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Til nánari skýringa skal tekið dæmi: Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir 30. mars er frestur til að kæra viðkomandi ákvörðun til ráðherra til 30. apríl. Hér er lagt til að frestur ráðherra til að úrskurða í slíku tilviki verði til 30. júlí í stað 30. júní samkvæmt gildandi lögum, með fyrirvara um að nauðsynlegt kunni að vera að framlengja frest vegna umfangs máls, en þó aldrei lengur en til 30. október.

Ástæður þeirra breytinga sem hér eru lagðar til eru þær að miðað við umfang og eðli þeirra mála sem hér um ræðir eru gildandi úrskurðarfrestir ekki raunhæfir. Ákvarðanir um áhrif framkvæmda á umhverfið eru í eðli sínu matskenndar og við það mat þarf m.a. að leita umsagna hjá sérfræðistofnunum á viðkomandi fagsviði eða jafnvel að láta vinna sérfræðiálit um tiltekna þætti málsins. Í úrskurðum vegna slíkra kærumála er þannig lagt mat á áhrif framkvæmda á umhverfið á grundvelli slíkrar gagnaöflunar og er hún forsenda þess að hægt sé að kveða upp úrskurði. Jafnframt þarf í slíkum kærumálum að leita eftir umsögnum viðkomandi sveitarfélaga en þau taka ákvarðanir um hvort veita eigi leyfi fyrir matsskyldum framkvæmdum. Eðli þessara kærumála eru því með þeim hætti að ríkar kröfur eru gerðar til rannsóknar mála, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af framkvæmdinni getur tekið nokkurn tíma að fá fullnægjandi upplýsingar um mál og þegar nauðsynlegar umsagnir liggja fyrir ber að senda kærendum þær umsagnir og gefa þeim tækifæri á að gera athugasemdir við þær í samræmi við andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga. Með hliðsjón af framangreindu og þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna hvað varðar úrskurðartíma er tveggja mánaða frestur til að kveða upp úrskurði ekki raunhæfur og því er lögð til sú breyting sem frumvarp þetta kveður á um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að frestur ráðherra til að úrskurða í kærumálum vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar á grundvelli laganna verði lengdur úr tveimur mánuðum í sex mánuði. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að miðað við umfang og eðli þeirra mála sem hér um ræðir og með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna séu gildandi úrskurðarfrestir ekki raunhæfir.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

902. Frumvarp til laga [515. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. a laganna:

a. Í stað „7 kr./kg“ kemur: 12 kr./kg.
b. Í stað „3 kr./kg“ kemur: 5 kr./kg.

2. gr.

Í stað „3,00 kr./kg“ í viðauka I við lögin kemur: 5,00 kr./kg.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka V við lögin:

a. Í stað „3,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 7,00 kr./kg.
b. Eftirfarandi tollnúmer bætast við viðaukann:

2629.9000	Acetonitrile	120,00 kr./kg
2930.9000	DMSO	120,00 kr./kg
2933.3100	Oxidizer	120,00 kr./kg
3815.9000	Activator	120,00 kr./kg

4. gr.

Í stað „130,00 kr./kg“ í viðauka VI við lögin kemur hvarvetna: 160,00 kr./kg.

5. gr.

Í stað „1,50 kr./kg“ í viðauka VII við lögin kemur hvarvetna: 2,50 kr./kg.

6. gr.

Í stað „25,00 kr./kg“ í viðauka VIII við lögin kemur hvarvetna: 30,00 kr./kg.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XI við lögin:

a. Í stað „19,00 kr./kg“ kemur: 25,00 kr./kg.
b. Í stað „26,60 kr./kg“ kemur: 35,00 kr./kg.
c. Í stað „104,50 kr./stk. kemur: 138,00 kr./stk.
d. Í stað „313,50 kr./stk.“ kemur: 414,00 kr./stk.
e. Í stað „418,00 kr./stk.“ kemur: 552,00 kr./stk.
f. Í stað „627,00 kr./stk.“ kemur: 828,00 kr./stk.
g. Í stað „836,00 kr./stk.“ kemur: 1.104,00 kr./stk.
h. Í stað „1.672,00 kr./stk.“ kemur: 2.207,00 kr./stk.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar til hækkunar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíumálningu, blýsýrurafgeymum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum og heyrúlluplasti, ísócýanötum, leysiefnum og halógeneruðum efnasamböndum. Endurskoðun á þessum gjöldum er til þess að draga úr sjóðshalla sem átt hefur sér stað í þessum flokkum. Frumvarpið byggist á tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laganna.

Tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi ráðast af innflutningi og innlendri framleiðslu af vörum sem falla undir lögin og upphæð úrvinnslugjalds (kr./kg) í hverjum vöruflokki. Vegna mikils samdráttar í verslun og viðskiptum er erfitt að áætla tekjur Úrvinnslusjóðs til langs tíma. Unnið er út frá þeim forsendum að álagt magn árið 2010 verði það sama og árið 2009.

Kostnaður af rekstri Úrvinnslusjóðs, utan kostnaðar við skrifstofu, ræðst af magni úrgangs sem safnað er og ráðstafað (endurnýtt, endurunnið eða fargað) af þjónustuaðilum annars vegar og hins vegar upphæð þjónustugjalds (kr./kg) sem greitt er til þeirra þegar staðfesting á ráðstöfun liggur fyrir. Greitt er fyrir flutning og ráðstöfun. Í áætlun Úrvinnslusjóðs er magn úrgangs áætlað út frá meðaltali sl. fjögurra til fimm ára. Meiri óvissa er í þessari spá en áður vegna mikilla sveiflna í innflutningi og framleiðslu vegna hinna sérstöku aðstæðna sem ríkja nú í íslensku þjóðfélagi. Við mat á ráðstöfuðu magni er auk þess stuðst við þróun skilahlutfalls síðustu ára, þ.e. ráðstafað magn deilt með álögðu magni. Stærsti kostnaðarliðurinn er greiðsla til þjónustuaðila, og jafnframt skilagjald í tilfelli ökutækja, fyrir ráðstöfun, þ.e. endurnýtingu, endurvinnslu og förgun. Almennt er miðað við að þessi kostnaður, þ.e. magntengd greiðsla til þjónustuaðila, hækki um 5% milli áranna 2009 og 2010, að undanskilinni smurolíu. Í öllum vöruflokkum nema smurolíu og ökutækjum er hækkun á þessum greiðslum ákveðin hverju sinni af stjórn sjóðsins. Samningur er við olíufélögin um söfnun smurolíuúrgangs og þar eru greiðslur vísitölubundnar. Upphæð skilagjalds á ökutæki er bundin í þessum lögum.

Tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi miða við langtímamarkmið um að eigið fé í hverjum vöruflokki taki mið af ársveltu hans. Eigið fé er ætlað á móti framtíðarskuldbind-

ingum sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. a laganna sem fjalla um úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.

Innflutningur og innlend framleiðsla dróst saman á árinu 2009 miðað við undanfarin ár. Allar líkur eru á því að sama verði uppi á teningnum á þessu ári. Söfnun pappaumbúða til endurvinnslu virðist á sama tíma hlutfallslega vera að aukast og því ber að fagna. Á árinu 2008 var safnað og flutt til endurvinnslu eða endurnýtingar um 10.800 tonn af um 17.800 tonnum sem lagt var á úrvinnslugjald. Þetta gerir um 61% skilahlutfall en það var 45% árið 2007. Endurvinnsluhlutfall pappa- og pappírsumbúða árið 2008 var um 50%. Ákvæði í íslenskri löggjöf sem byggjast á EB-gerð mæla fyrir um endurvinnsluhlutfall sem ná á fyrir árslok 2011. Áætlun Úrvinnslusjóðs gerir ráð fyrir að þau markmið náist. Í lok árs 2008 féll verð á endurvinnslumörkuðum erlendis verulega. Til að halda söfnun gangandi hækkaði Úrvinnslusjóður greiðslur til þjónustuaðila tímabundið úr 12 kr./kg í 22 kr./kg. Fylgst er náið með þróun endurvinnslumarkaða sem hafa heldur verið að braggast auk þess sem íslenska krónan hefur fallið gagnvart evru. Þetta hefur gefið svigrúm til að lækka greiðslu til þjónustuaðila og er hún núna 17 kr./kg. Þó að ekki hefði komið til þessarar tímabundnu hækkunar á greiðslum til þjónustuaðila var fyrirséð að hækka þyrfti úrvinnslugjald m.a. vegna hækkandi skilahlutfalls. Í a-lið greinarinnar er lagt til að úrvinnslugjald á pappa og pappírsumbúðir hækki úr 7 kr./kg í 12 kr./kg sem er um 71% hækkun.

Í ársbyrjun 2008 var heyrúlluplast og plastumbúðir sameinaðar í einn vöruflokk með sama gjaldi. Við þetta var gjald á heyrúlluplasti lækkað úr 25 kr./kg í 3 kr./kg. Á þeim tíma var ljóst að hækka þyrfti fljótlega gjald á plast þar sem með þessu var gengið hratt á sameinaðan sjóð þessara flokka. Verð á góðu úrgangsplasti var hátt en féll verulega í lok árs 2008. Á árinu 2008 var safnað og flutt til endurvinnslu eða endurnýtingar um 3.400 tonn af um 11.800 tonnum sem lagt var á úrvinnslugjald. Ákvæði sem byggjast á EB-gerð mæla fyrir um endurvinnsluhlutfall sem ná á fyrir árslok 2011. Áætlun Úrvinnslusjóðs gerir ráð fyrir að þau markmið náist. Í b-lið greinarinnar er farið fram á hækkun úrvinnslugjalds úr 3 kr./kg í 5 kr./kg á plastumbúðir, þ.m.t. heyrúlluplast.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð breyting á viðauka I til hækkunar á úrvinnslugjaldi á heyrúlluplast. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 1. gr.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka V við lögin sem fjallar um lífræn leysiefni.

Annars vegar er í a-lið gerð tillaga um hækkun úrvinnslugjalds á leysiefni og hins vegar er í b-lið gerð tillaga um að bæta við nýjum tollnúmerum leysiefna.

Innflutningur hefur verið sveiflukenndur á liðnum árum og heldur farið minnkandi. Skilahlutfall hefur verið hátt síðan 2006 vegna breyttrar notkunar á hluta af efnunum. Komið hefur í ljós að stór skilaaðili, með 30% af mótteknu magni 2008, er með leysiefni sem ekki falla undir kerfið. Tekið hefur verið á því máli í samvinnu við viðkomandi. Sjóðsstaða leysiefna er orðin mjög erfið en úrvinnslugjald á leysiefni hefur ekki hækkað síðan 2003. Til stóð að

leggja til hækkun á gjaldinu á árinu 2008 en því var frestað. Í greininni er lögð til hækkun úrvinnslugjalds úr 3,00 kr./kg í 7,00 kr./kg eða um 133%. Jafnframt er lagt til að fleiri leysiefni beri úrvinnslugjald og að úrvinnslugjald að upphæð 120,00 kr./kg verði sett á ný tollnúmer leysiefna til að mæta þörfum Úrvinnslusjóðs til að greiða fyrir meðhöndlun á þeim. Þessi efni eru þess eðlis að þau skila sér að fullu til baka í meðhöndlun.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á viðauka VI sem fjallar um halógeneruð efni.

Vöruflokkurinn hefur verið rekinn með afgangi undanfarin ár utan ársins 2007 og hægt og bítandi verið að rétta af neikvæða sjóðsstöðu sem þegar var orðin árið 2003. Stórum uppsöfnuðum skammti af efnum var ráðstafað á þessu ári. Reksturinn verður því neikvæður á þessu ári. Gerð er tillaga um hækkun úrvinnslugjalds á halógeneruð efni úr 130,00 kr./kg í 160,00 kr./kg eða um 23%.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð til breyting á úrvinnslugjaldi á ísócýanöt sem falla undir viðauka VII. Um er að ræða lítinn vöruflokk og því þarf lítið út af að bregða til að reksturinn verði neikvæður. Sjóðurinn varð neikvæður 2003 og hefur verið það síðan. Í frumvarpinu er gerð tillaga um hækkun úrvinnslugjalds á ísócýanöt úr 1,50 kr./kg í 2,50 kr./kg sem er um 67% hækkun.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til breyting á viðauka VIII sem felur í sér hækkun á úrvinnslugjaldi á olíumálningu. Rekstur þessa sjóðs hefur nánast frá upphafi verið erfiður. Undanfarin ár hefur, í samstarfi við þjónustuaðila, verið leitað leiða til að ná niður kostnaði við meðhöndlun og förgun á málningarúrgangi. Meðalkostnaður hefur lækkað nánast stöðugt frá 2003 þegar hann var um 144 kr./kg en hann er nú um 136 kr./kg. Aðeins er lagt úrvinnslugjald á olíumálningu en ekki vatnsmálningu. Innheimta úrvinnslugjalds á málningu var skoðuð í samstarfi við tollyfirvöld. Skoðunin leiddi í ljós að ekki er ástæða að ætla að mikið sé um undanskot frá greiðslu gjaldsins í tolli. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalds á málningu úr 25,00 kr./kg í 30,00 kr./kg eða um 20%.

Um 7. gr.

Loks er í 7. gr. lögð til breyting á álagninu á blýsýrurafgeyma sem falla undir viðauka XI. Álagt magn rafgeyma er verulega minna í ár en á síðasta ári. Ekki hefur dregið úr söfnun rafgeymaúrgagns að sama skapi, þ.e. skilahlutfallið hefur hækkað verulega á milli ára. Óljóst er hver þróunin verður á næstu árum þar sem innflutningar bíla hefur dregist verulega saman og í stefnir að svo verði áfram sé miðað við meðaltal síðustu sjö ára. Því er lögð til hækkun gjalds sem nemur 32% til að mæta auknum mismun á milli útgjalda sjóðsins og minnkandi tekna.

Um 8. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á fjárhæðum úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, heyrúlluplast, halógeneruð efnasambönd, ísósýanöt, olíumálningu og blýsýrurafgeyma. Einnig er lögð til hækkun úrvinnslugjalds á lífræn leysiefni og að hefja innheimtu úrvinnslugjalds af fleiri tollnúmerum leysiefna. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmið með þessum hækkunum sé að draga úr sjóðshalla sem átt hefur sér stað í þessum uppgjörsflokkum. Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks og hver uppgjörsflokkur vera fjárhagslega sjálfstæður.

Miðað við að úrvinnslugjald verði lagt á álíka magn og að meðaltali á árunum 2007 og 2008 í þessum tilteknu uppgjörsflokkum má gera ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til rúmlega 140 m.kr. hækkunar tekna af úrvinnslugjaldi á ári. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna óskiptar til úrvinnslu úrgangs á vegum Úrvinnslusjóðs að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi sem rennur í ríkissjóð. Má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkisins hækki álíka mikið en þó getur verið nokkur munur á því hvernig tekjur og kostnaður falla til eftir tímabilum. Afkoma ríkissjóðs ætti að vera óbreytt eftir sem áður. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2010. Ekki er gert ráð fyrir þessum breytingum á tekjum og gjöldum í fjárlögum ársins 2010.

903. Frumvarp til laga [516. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með eru taldar rannsóknir, ræktun, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreif-

ing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, merkingar, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti. Þá taka lögin einnig til upplýsingagjafar til almennings og réttar hans til athugasemda.

b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðskýringin „Erfðabreyttar lífverur“ orðast svo: *Erfðabreytt lífvera* er lífvera, önnur en maður, þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun.
b. Við orðskýringu á hugtakinu „Markaðssetning“ bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Markaðssetning nær einnig til innflutnings.
c. Orðskýringin „Slepping eða dreifing“ orðast svo: *Slepping eða dreifing* er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur, eða vara sem hefur þær að geyma, eru ræktaðar, aldar eða þeim hleypt (sleppt eða dreift) utan húss án þess að þær séu lokaðar af með veggjum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.
d. Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Umsækjandi* er sá sem afhendir umsókn samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim auk þess að beita sér fyrir fræðslu um erfðabreyttar lífverur og áhrif þeirra á umhverfið í samráði við ráðgjafanefnd, sbr. 6. gr.

5. gr.

3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: vöktun erfðabreyttra lífvera og skýrslugjöf þar um.
b. 11. tölul. orðast svo: efni umsókna og meðferð þeirra, þ.m.t. gerð matsskýrslu sem Umhverfisstofnun skal vinna, tilkynningar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, gerð mats á umhverfisáhættu sem umsækjandi framkvæmir og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum.
c. 12. tölul. orðast svo: merkingar og vöruumbúðir erfðabreyttra lífvera eða vara sem innihalda þær.

7. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Upplýsingagjöf til almennings og réttur almennings til að gera athugasemdir,** með þremur nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (8. gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað. Þá skal veita almenningi aðgang að matsskýrslu sem stofnunin vinnur, sbr. 12. tölul. 7. gr.

Almenningur getur borið fram athugasemdir til Umhverfisstofnunar innan 30 daga frá birtingu útdráttar úr umsókn. Umhverfisstofnun sér um að koma þeim athugasemdum á framfæri samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú hefur umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur á markað í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu komið fram annars staðar á svæðinu og skal þá gera almenningi aðgengilegan útdrátt og/eða matsskýrslu slíkrar umsóknar. Skal almenningi veittur tiltekinn frestur til að gera athugasemdir. Nánar skal kveðið á um framkvæmdina í reglugerð sem ráðherra setur.

b. (9. gr.)

Umhverfisstofnun ber að upplýsa almenning í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið á Íslandi í öðrum tilgangi en að setja þær á markað,
b. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án leyfis,
c. þegar erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær eru settar á markað án leyfis,
d. þegar Umhverfisstofnun hefur krafist þess að umsækjandi bregðist við, t.d. með því að gera hlé á eða hætta við sleppingu eða dreifingu á erfðabreyttum lífverum vegna nýrra upplýsinga er hafa veruleg áhrif á mat á áhættu samfara sleppingu, sbr. nánari fyrirmæli í reglugerð sem ráðherra setur.

c. (10. gr.)

Umhverfisstofnun og umsagnaraðilum ber að gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem skaðað gætu samkeppnisstöðu umsækjanda og Umhverfisstofnun hefur, að ósk hans, samþykkt að farið verði með sem trúnaðarmál, samkvæmt nánari fyrirmælum sem umhverfisráðherra setur þar um.

Óheimilt er þó að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál:

a. almenna lýsingu á erfðabreyttum lífverum, nafn og heimilisfang umsækjanda, tilgang og staðsetningu sleppingar og fyrirhugaða notkun,
b. aðferðir og áætlanir sem varða vöktun erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og viðbrögð í neyðartilfellum,
c. mat á umhverfisáhættu.

8. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðast svo: Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða gögn skulu fylgja umsókn, þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að gera.

9. gr.

Í stað „8., 9. og 10. gr.“ í 11. gr. laganna kemur: 11., 12. og 13. gr.

10. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna, sem verður 16. gr., orðast svo:

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru, mat á umhverfisáhættu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitaefni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

11. gr.

Á eftir 1. málsl. 16. gr. laganna, sem verður 19. gr., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gildistími slíks leyfis má vera að hámarki 10 ár.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna, sem verður 20. gr.:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvaða gögn umsækjanda ber að leggja fram með umsókn, þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að framkvæma.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni umsóknar og semja matsskýrslu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.
c. 2. mgr. orðast svo:

   Umhverfisstofnun skal senda útdrátt úr umsókn og matsskýrslu sína til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

13. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Að fengnu leyfi til markaðssetningar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða lífverum, skal umsækjandi tryggja að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd slíkrar vöktunar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna, sem verður 26. gr.:

a. 2. málsl. fellur brott.
b. 3. málsl. orðast svo: Þá er Umhverfisstofnun heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna, úttekta eða kynningar, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir, úttektir eða kynningar og honum gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og þau verkefni sem Umhverfisstofnun er falið að annast samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau

atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en framangreindur kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

15. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 31. gr., orðast svo:

Umhverfisstofnun er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við almenning, eða eftir því sem við á tiltekna hópa, um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Slíkur fundur skal auglýstur sérstaklega.

16. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE, sem vísað er til í IV. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, þann 28. september 2007.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 12. mars 2001 samþykktu Evrópuþingið og ráðið tilskipun 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE. Tilskipunin varð hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þar um nr. 127/2007 hinn 28. september 2007. Hefðbundinn sex mánaða frestur Íslands til að innleiða tilskipunina í íslenska löggjöf rann út 28. mars 2008.

Tilskipun 2001/18/EB er endurskoðun á tilskipun ráðsins 90/220/EBE og felldi hana úr gildi. Tilskipuninni var ekki ætlað að koma í veg fyrir sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Aftur á móti kveður hún á um ítarlegri málsmeðferðarreglur en eldri tilskipunin gerði. Þar er ekki síst mikilvægt að kveðið er á um aukinn rétt almennings til aðkomu að málum áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Tekið skal fram að til þess að innleiða ákvæði tilskipunar 2001/18/EB að fullu er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð, á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, til viðbótar þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til.

Hér verða rakin helstu sjónarmið sem höfð voru til hliðsjónar við endurskoðun tilskipunar 90/220/EBE og helstu nýmæli sem felast í frumvarpi þessu.

I. Helstu sjónarmið við endurskoðun tilskipunar 90/220/EBE.

Nauðsynlegt var talið að skýra nánar gildissvið tilskipunar 90/220/EBE og þær skilgreiningar sem þar er að finna. Litið var til þess að erfðabreyttar lífverur sem sleppt er út í umhverfið geta fjölgað sér í umhverfinu, borist yfir landamæri og afleiðingar þess orðið óbætanlegar. Talið var nauðsynlegt, til að vernda heilsu manna og dýra, að leggja tilhlýðilega áherslu á eftirlit með þeirri hættu sem fylgir sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Í því sambandi er í aðfaraorðum tilskipunarinnar vísað til Rómarsáttmálans um það að aðgerðir í umhverfismálum skuli byggjast á þeirri meginreglu að þær séu til forvarna.

Nauðsynlegt var talið að koma á sameiginlegri aðferðafræði við framkvæmd mats á umhverfisáhættu sem og sameiginlegum markmiðum varðandi vöktun erfðabreyttra lífvera eftir að þeim hefur verið sleppt eða þær settar á markað.

Við samningu tilskipunarinnar var tekið sérstakt mið af varúðarreglunni (e. *Precautionary Principle*) og kveðið á um að taka beri tillit til hennar þegar tilskipunin komi til framkvæmda. Varúðarreglan er meginregla í umhverfisrétti sem er m.a. að finna í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar. Hún felur í sér að þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta má líka orða þannig að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar framkvæmda fyrir umhverfið, skuli náttúran njóta vafans. Þannig skal, eins nafn reglunnar ber með sér, fara fram af varúð.

Til að skapa heildstæðan og gagnsæjan lagaramma var talið nauðsynlegt að tryggja að samráð væri haft við almenning við undirbúning ráðstafana. Þá var einnig talið nauðsynlegt að almenningur yrði fræddur um þær ráðstafanir sem gerðar yrðu við framkvæmd tilskipunarinnar.

Tillit var tekið til alþjóðlegrar reynslu á þessu sviði og alþjóðlegra skuldbindinga í viðskiptum og að hluta til þeirra krafna sem gerðar eru í Kartagena-bókuninni um líföryggi sem gerð var við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Ísland er aðili að samningnum um líffræðilega fjölbreytni og hefur undirritað Kartagena-bókunina þó hún hafi ekki verið fullgilt hér á landi enn sem komið er. Kartagena-bókunin tekur sérstaklega til flutnings erfðabreyttra lífvera milli landa, leyfisveitingar, meðhöndlunar og notkunar, mats á áhættu og upplýsinga og aðgangs að upplýsingum. Með bókuninni er stefnt að því að tryggja viðhlítandi verndarstig hvað varðar öruggan flutning, meðhöndlun og notkun á lifandi erfðabreyttum lífverum, sem kunna að hafa skaðleg áhrif á verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni, sem og heilsu manna. Í aðfaraorðum tilskipunar 2001/18/EB er vísað til Kartagena-bókunarinnar og því eðlilegt að meginmarkmið hennar séu höfð til viðmiðunar við túlkun ákvæða tilskipunarinnar að því marki sem gildissvið bókunarinnar og tilskipunarinnar fara saman.

II. Meginþættir frumvarpsins.

Lagt er til að settur verði nýr kafli í lögin um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir vegna fram kominna umsókna um að setja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær á markað. Eins og fram kom hér að framan var það eitt af þeim sjónarmiðum sem höfð voru til hliðsjónar við endurskoðun tilskipunar 90/220/EBE að nauðsynlegt væri að tryggja að samráð væri haft við almenning við undirbúning ráðstafana. Einnig að nauðsynlegt væri að fræða almenning um þær ráðstafanir sem gerðar væru við framkvæmd tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun, sem samkvæmt lögunum hefur yfirumsjón með framkvæmd þeirra, beri skylda til að kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn, sem henni berst um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær á markað. Almenningur hefur svo rétt til að bera fram athugasemdir innan 30 daga frá birtingu útdráttarins. Einnig er lagt til að stofnuninni beri að veita almenningi aðgang að svokölluðum matsskýrslum sem stofnunin geri. Þá er enn fremur lagt til að Umhverfisstofnun verði gert skylt að kynna almenningi útdrátt úr umsókn og matsskýrslu sem henni berast vegna umsókna um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera sem fram koma annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð settri af ráðherra. Þá er og lagt til að Umhverfisstofnun beri að upplýsa almenning í nokkrum nánar tilgreindum tilvikum. Enn fremur

er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun fái rúma heimild til að mæla fyrir um samráð við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Rétt er að taka fram að almennt fer um aðgang almennings að upplýsingum um það sem lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, og reglugerðir settar með stoð í þeim ná til samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Samkvæmt þeim lögum er stjórnvöldum þeim sem falla undir 2. gr. laganna skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. laganna. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

Frumvarpið kveður á um trúnaðarskyldu Umhverfisstofnunar og umsagnaraðila um upplýsingar sem skaðað gætu samkeppnisstöðu umsækjanda. Vissar upplýsingar er þó óheimilt að fara með sem trúnaðarmál og eru þær tilgreindar sérstaklega í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er kveðið á um nákvæmari málsmeðferð við umsókn og leyfisveitingar til sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vara sem innihalda þær. Þannig er m.a. gert ráð fyrir að umsækjanda beri að framkvæma mat á umhverfisáhættu sleppingarinnar/markaðssetningarinnar og að Umhverfisstofnun beri að semja matsskýrslu þegar sótt er um leyfi til markaðssetningar. Þá er kveðið á um að hámarksgildistími leyfis Umhverfisstofnunar til markaðssetningar vöru, er inniheldur erfðabreyttar lífverur sé 10 ár. Loks er lögð sú skylda á umsækjanda, að fengnu leyfi til markaðssetningar, að hann tryggi að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á greininni. Lagt er til að í 1. málsl. verði bætt við markmið laganna að vernda líffræðilega fjölbreytni. Þetta er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og þá sérstaklega Kartagena-bókunina um líföryggi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni, en tilskipun 2001/18/EB innleiðir þá bókun að hluta til eins og greinir í almennum athugasemdum hér að framan.

Í samræmi við 1. gr. tilskipunar 2001/18/EB er bætt við 2. málsl. greinarinnar að notkun erfðabreyttra lífvera skuli fara fram í samræmi við varúðarregluna. Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan var varúðarreglan sérstaklega höfð til hliðsjónar við gerð tilskipunarinnar og þess getið í aðfaraorðum hennar að taka skuli tillit til hennar þegar tilskipunin komi til framkvæmda. Það þykir því rétt að hnykkja á þessu í markmiðsákvæði laganna.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Í a-lið er 1. mgr. 2. gr. laganna tekin upp og orðinu ræktun bætt við hana. Þar sem lögin ná til allrar notkunar og starfsemi þykir rétt að skýrt komi fram að ræktun er þar á meðal. Þá eru lögin látin ná til merkingar erfðabreyttra lífvera. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um merkingar og vöruumbúðir erfðabreyttra lífvera og því er hér ekki um efnisbreytingu að ræða. Rétt þótti að kveða á um þetta í gildissviðsgreininni. Helstu breytingar sem lagðar eru til á þessari grein eru svo þær að bætt er við 1. mgr. nýjum 4. málsl. sem tilgreinir að lögin taki til upplýsingagjafar til almennings og réttar almennings til að gera athugasemdir vegna fram kominna umsókna um að setja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær á markað.

Frumvarpið gerir, eins og að framan greinir, ráð fyrir nýjum kafla í lögunum, IV. kafla, sem fjallar um það atriði.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að 4. mgr. 2. gr. laganna verði felld brott. Þar er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli höfði í huga sérstaða landsins á norðurslóð. Hvað átt er við með þessu er hvorki skýrt nánar í lögunum sjálfum né í athugasemdum með frumvarpinu. Hér er því lagt til að málsgreinin verði felld brott enda ekki talin þörf á henni.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á orðskýringum um erfðabreyttar lífvera og sleppingu og dreifingu til samræmis við 2. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

Í aðfaraorðum tilskipunarinnar kemur fram sá skilningur að markaðssetning nái einnig til innflutnings og þykir rétt að bæta því við skilgreiningu á hugtakinu markaðssetning svo það fari ekki á milli mála. Það felur í sér að til þess að flytja inn erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær þarf að sækja um leyfi á sama hátt og til markaðssetningar.

Um 4. gr.

Hér er sú breyting lögð til að bætt er við hlutverk Umhverfisstofnunar að hún skuli beita sér fyrir fræðslu um erfðabreyttar lífverur og áhrif þeirra á umhverfið. Í lögum nr. 18/1996 er gert ráð fyrir því að ráðgjafanefnd, skv. 6. gr. laganna, skuli beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Í ljósi þess að sú nefnd hefur ekki haft fjármagn né aðstöðu til að sinna því hlutverki þykir eðlilegt að gera breytingu á þessu, auk þess sem það þykir falla vel að hlutverki Umhverfisstofnunar að taka þetta að sér. Það er þó gert ráð fyrir því að slíkt geti orðið í samráði við ráðgjafanefndina.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að fellt verði niður það hlutverk ráðgjafanefndarinnar að beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Um frekari skýringu á þessari grein vísast til athugasemda við 4. gr. hér að framan.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við reglugerðarheimildir ráðherra. Þetta er í samræmi við efni breytingalaga þessara og um skýringar vísast til athugasemda um 8., 11., og 12. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að við lögin bætist nýr kafli, IV. kafli, sem beri heitið „Upplýsingagjöf til almennings og réttur almennings til að gera athugasemdir“. Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan er þetta ein af þeim breytingum sem tilskipun 2001/18/EB felur í sér. Gert er ráð fyrir því að almenningur hafi meiri aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku en verið hefur þegar erfðabreyttar lífverur eru annars vegar.

Um a-lið (8. gr.).

Hér er lögð sú skylda á Umhverfisstofnun að kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað, en slík kynning gæti til dæmis farið fram með því að stofnunin birti útdráttinn á heimasíðu sinni með skýrum hætti. Þá er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun veiti almenningi aðgang að matsskýrslum sem stofnunin vinnur, sbr. 11. tölul. 7. gr. (er verður 12. tölul. 7. gr.). Í slík-

um tilvikum væri eðlilegt að Umhverfisstofnun tilkynnti, t.d. á heimasíðu sinni, að skýrslan lægi fyrir þannig að almenningur hefði raunverulega möguleika á að leita eftir aðgangi að henni.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt almennings til að gera athugasemdir við útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað. Fresturinn sem almenningi er hér veittur er 30 dagar frá því að Umhverfisstofnun hefur birt útdráttinn. Stofnunin skal svo koma athugasemdunum á framfæri samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur.

Í 3. mgr. er fjallað um skyldu Umhverfisstofnunar til að kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsóknum og matsskýrslur sem stofnunin hefur fengið sendar frá öðrum lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu. Sömuleiðis ber Umhverfisstofnun að taka við athugasemdum frá almenningi og koma þeim á framfæri samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samkvæmt því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

Um b-lið (9. gr.).

Í samræmi við tilskipun 2001/18/EB eru hér talin nokkur tilvik þar sem Umhverfisstofnun ber að upplýsa almenning sérstaklega. Þar með er ekki sagt að nóg sé að almenningur geti átt aðgang að upplýsingum að eigin frumkvæði í slíkum tilvikum heldur verður Umhverfisstofnun að eiga frumkvæði að því að upplýsa almenning. Það má t.d. gera með því að birta upplýsingarnar með skýrum hætti á heimasíðu stofnunarinnar.

Um c-lið (10. gr.).

Umhverfisstofnun og umsagnaraðilum ber samkvæmt þessari grein að gæta trúnaðar um ákveðin atriði sem skaðað gætu samkeppnisstöðu umsækjanda og hann hefur óskað eftir að leynt fari. Þó eru ákveðnar upplýsingar sem aldrei skulu leynt fara og eru þær taldar upp í ákvæðinu. Með þessu ákvæði er verið að tryggja að trúnaðar sé gætt um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar umsækjanda, þó þannig að réttur almennings til grundvallarupplýsinga sé tryggður.

Um 8. gr.

Hér er bætt við ákvæði sem heimilar ráðherra að kveða á um í reglugerð hvaða gögn skuli fylgja umsókn um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera og er þar sérstaklega tilgreint mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að láta framkvæma í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er bætt inn í ákvæðið að umsókn skuli fylgja mat á umhverfisáhættu í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

Um 11. gr.

Í samræmi við það sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 2001/18/EB er hér lagt til að í lögin verði sett ákvæði um að leyfi til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær verði að hámarki veitt til 10 ára. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Lagt er til að gerðar verði þrjár breytingar á 17. gr. laganna, sem verður 20. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að í 2. málsl. verði tekið fram að ráðherra kveði nánar á um í reglugerð hvaða gögn umsækjanda ber að leggja fram með umsókn, þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að framkvæma. Þetta er í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, sem kveður m.a. á um hvað skuli koma fram í umsókn um leyfi til þess að setja erfðabreytta lífveru eða lífverur á markað. Þar er m.a. vísað til III. og IV. viðauka tilskipunarinnar þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem fram skulu koma. Um er að ræða, auk upplýsinga um umsækjanda og verkefnið, ýmsar ítarlegar upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna, upplýsingar um aðstæður á sleppingarstað og í móttökuumhverfi, upplýsingar um víxlverkanir erfðabreyttu lífverunnar og umhverfisins og upplýsingar um vöktun, eftirlit, meðferð úrgangs og áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum, svo það helsta sé nefnt. Þá er einnig m.a. tilgreint í 13. gr. tilskipunarinnar að leggja skuli fram í umsókn mat á umhverfisáhættu og niðurstöður sem krafist er skv. D-hluta II. viðauka tilskipunarinnar. Um mat á umhverfisáhættu almennt er fjallað í II. viðauka. Gert er ráð fyrir að útfært verði í reglugerð, sem ráðherra setur á grundvelli þessara laga, hvaða gögn skulu fylgja umsókn og verða nefndir viðaukar væntanlega settir sem viðaukar með þeirri reglugerð. Rétt þykir að skýrt komi fram í greininni að það er umsækjandi sem framkvæmir mat á umhverfisáhættu. Umsækjandi ber einnig kostnað af gerð matsins.

Í öðru lagi er lagt til að sú breyting verði gerð á 2. málsl., sem verður 3. málsl. greinarinnar, að kveðið verði á um skyldu Umhverfisstofnunar til þess að gera sérstaka matsskýrslu í samræmi við fyrirmæli sem ráðherra setur í reglugerð. Þetta er í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2001/18/EB þar sem kveðið er á um skyldu lögbærra stjórnvalda í aðildarríkjunum til þess að semja sérstaka matsskýrslu innan 90 daga frá móttöku umsóknar um leyfi til að setja á markað erfðabreyttar lífverur. Í matsskýrslunni skal annaðhvort tilgreint að setja beri viðkomandi erfðabreytta lífveru eða lífverur á markað, og þá með hvaða skilyrðum, eða að ekki beri að gera slíkt. Í VI. viðauka með tilskipuninni eru svo settar fram viðmiðunarreglur vegna matsskýrslna. Þar er tilgreint hvaða atriði skulu einkum koma fram í matsskýrslunni, m.a. mat á því hvort lífverunni hafi verið lýst á fullnægjandi hátt í umsókn, upplýsingar sem byggjast á mati á umhverfisáhættu um hvers kyns nýja hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem stafað gæti af sleppingu lífverunnar og loks ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilyrðum skuli setja viðkomandi lífveru á markað. Gert er ráð fyrir því að þessi ákvæði verði nánar útfærð í reglugerð sem ráðherra setur en rétt þykir að þessi skylda Umhverfisstofnunar til gerðar matsskýrslu sé tilgreind í lögunum sjálfum. Gert er ráð fyrir því að kostnaður við gerð matsskýrslu verði hluti þess gjalds sem umsækjanda ber að greiða vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum þessum.

Í þriðja lagi er í samræmi við ákvæði tilskipunar 2001/18/EB lagt til að Umhverfisstofnun skuli senda útdrátt úr umsókn og matsskýrslu sína til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur.

Um 13. gr.

Tilskipun 2001/18/EB kveður á um skyldu umsækjanda, að fengnu leyfi til markaðssetningar vöru sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, til að tryggja að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu. Gert er ráð fyrir því að umhverfisráðherra kveði í reglugerð nánar á um útfærslu slíkrar vöktunar. Þetta er í samræmi við það sjónarmið, sem haft var til hliðsjónar við gerð tilskipunarinnar, að nauðsynlegt

væri að samræma markmið varðandi vöktun erfðabreyttra lífvera eftir að þeim hefur verið sleppt eða þær settar á markað.

Um 14. gr.

Í 22. gr. laga nr. 18/1996 er að finna gjaldtökuheimild til handa Umhverfisstofnun. Ekki er hér verið að gera efnislegar breytingar að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti krafið umsækjanda um gjald vegna kostnaðar af kynningu til almennings samkvæmt lögum þessum. Rétt þykir að umsækjandi beri allan þann kostnað sem fellur til vegna umsókna, þ.m.t. við gerð matsskýrslu, leyfisveitingu og eftirlit samkvæmt lögunum. Með kostnaði vegna kynningar er fyrst og fremst verið að vísa til þess kostnaðar sem hlotist getur af því ef Umhverfisstofnun nýtir þá heimild sem hún fær skv. 11. gr. þessa frumvarps til samráðs við almenning og eftir því sem við á tiltekna hópa áður en endanlega ákvörðun um leyfisveitingu er tekin.

Að öðru leyti er í þessari grein verið að skerpa á því að ráðherra setji gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og þau verkefni sem Umhverfisstofnun er falið að annast samkvæmt lögum þessum. Um er að ræða þjónustugjöld sem skulu ekki vera hærri en sá kostnaður sem stofnunin ber af framkvæmd þessara verkefna.

Um 15. gr.

Með þessari grein er lagt til að heimild Umhverfisstofnunar til samráðs við almenning eða eftir því sem við á tiltekna hópa verði víkkuð út þannig að ekki eru sérstök skilyrði sett fyrir ákvörðun stofnunarinnar um slíkt samráð eins og er gert í núgildandi lögum. Þetta er í samræmi við það sem kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar 2001/18/EB og þá áherslu sem lögð er á aukinn rétt almennings til samráðs í tilskipuninni. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti krafið umsækjanda um greiðslu þess kostnaðar sem til fellur vegna þessa samráðs, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Meginefni frumvarpsins felst í því að lagt er til að við lögin bætist kafli um upplýsingagjöf til almennings og rétt almennings til að gera athugasemdir. Er þar mælt fyrir um skyldu Umhverfisstofnunar til að kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um að setja á markað erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær. Einnig skal almenningi veittur aðgangur að matsskýrslu sem stofnunin vinnur um slíka umsókn. Berist athugasemdir frá almenningi við útdrátt úr umsókn skal Umhverfisstofnun koma þeim á framfæri samkvæmt samningnum

um Evrópska efnahagssvæðið. Sömuleiðis skal almenningi gerður aðgengilegur útdráttur og matsskýrsla hafi umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur á markað í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu komið fram annars staðar á svæðinu. Í öðru lagi er lagt til að umsjón með fræðslu um erfðabreyttar lífverur og áhrif þeirra á umhverfið færist frá sérstakri ráðgjafanefnd til Umhverfisstofnunar. Í þriðja lagi er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum laganna.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að kostnaður við aukin verkefni Umhverfisstofnunar, m.a. vegna vinnu við gerð nýrra reglugerða, verði á bilinu 2–2,7 m.kr. fyrsta árið en lækki verulega eftir það. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Umfang verkefna sem byggjast á gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu er innan við 0,2 m.kr. á ári. Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs eru því óveruleg.

904. Frumvarp til laga [517. mál]

um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 161/2002. Fjármálafyrirtækinu er enn fremur heimilt að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa.

2. gr.

Að því marki sem veðréttur, sem stofnast á grundvelli 1. gr., varðar kröfuréttindi eða undirliggjandi veð sem tengjast slíkum kröfuréttindum öðlast veðrétturinn réttarvernd við þinglýsingu yfirlýsingar þess efnis að fjármálafyrirtæki hafi nýtt heimild sína skv. 1. gr. á blað fjármálafyrirtækis í lausafjárbók. Er þá ekki þörf á frekari ráðstöfunum til að veðrétturinn öðlist réttarvernd, hvort sem varðar veðsetningu kröfuréttinda eða undirliggjandi veðréttinda.

Ákvæði 46. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, gilda ekki um veðsetningu almennrar fjárkröfu, sbr. 45. gr. laga um samningsveð, samkvæmt lögum þessum.

Um veðsetningu viðskiptabréfa á grundvelli 1. gr. skal þó farið eftir ákvæðum 43. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

3. gr.

Ráðstafanir fjármálafyrirtækis er tengjast afhendingu fjármuna í hið veðsetta eignasafn skulu ekki sæta riftun, sbr. 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

4. gr.

Um annað en kveðið er á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um samningsveð, nr. 75/1997, um veðsetningu eigna samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. október 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. (neyðarlögin). Í 5. gr. laganna var lagt til að bætt yrði við nýrri grein, 100. gr. a, í lög um fjármálafyrirtæki um sérstakar ráðstafanir. Þar var kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins, við mjög knýjandi aðstæður, til að taka yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda fjármálafyrirtækis og taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta og skipa fjármálafyrirtæki skilanefnd. Í 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. neyðarlaganna var kveðið á um það að Fjármálaeftirlitinu væri heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta ættu skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefði. Með lögum nr. 44/2009, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, voru þær heimildir Fjármálaeftirlitsins sem höfðu verið í 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki færðar í ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum.

Á grundvelli framangreindra ákvæða tók Fjármálaeftirlitið ákvarðanir um að skipa skilanefndir í stóru viðskiptabönkunum þremur í október 2008. Í kjölfar þess tók stofnunin ákvörðun um ráðstöfun eigna „gömlu bankanna“ til „nýju bankanna“.

Um miðjan desember 2009 höfðu tekist samningar á milli gömlu bankanna, nýju bankanna og fjármálaráðuneytisins um uppgjör og greiðslur vegna þeirra eigna sem færðar voru frá gömlu bönkunum til nýju bankanna með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins.

Í tveimur tilvikum er um að ræða uppgjör með skuldabréfi sem er með veðtryggingu. Auk þess hafði Fjármálaeftirlitið í tilvikum Straums – Burðaráss Fjárfestingabanka hf. og SPRON hf. tekið ákvarðanir sem miðuðu við að umrædd fjármálafyrirtæki gæfu út skuldabréf með veði í eignum sínum sem endurgjald vegna þeirra innstæðuskuldbindinga sem fluttar voru til Íslandsbanka hf. annars vegar og Arions banka hf. hins vegar.

Í framkvæmd hefur reynst erfitt að veita fullnægjandi veðtryggingu í samræmi við ákvæði samninganna á grundvelli gildandi laga. Byggjast þau vandkvæði annars vegar á ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, þar sem segir að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða kann að eignast. Hins vegar byggist ómöguleikinn á ákvæðum 46. gr. laga um samningsveð sem fjalla um það hvernig veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd. Skv. 46. gr. þarf annaðhvort veðsali eða veðhafi að tilkynna skuldara um veðsetninguna til að veðrétturinn öðlist réttarvernd. Í þeim tilvikum sem frumvarpinu er ætlað að ná til væru slíkar tilkynningar nær ómögulegar þar sem tilkynna þyrfti mörg hundruð viðskiptavinum viðkomandi fjármálafyrirtækis með sannanlegum hætti um veðtökuna. Raunhæfir hagsmunir fyrir slíkum tilkynningum eru vandséðir í þeim tilvikum sem hér um ræðir.

Í frumvarpi þessu er því lagt til að sett verði í sérstök lög ákvæði sem heimila fjármálafyrirtækjum að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli neyðarlaganna og að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eign-

um, samkvæmt samkomulagi við veðhafa. Er lagt til í frumvarpinu að um þessi tilvik verði gerðar ákveðnar undantekningar frá ákvæðum laga um samningsveð, en gert er ráð fyrir að um önnur atriði en þau sem sérstaklega er kveðið á um í frumvarpinu gildi lög um samningsveð. Mun breytingin, ef frumvarp þetta hlýtur afgreiðslu, gera viðkomandi fjármálafyrirtækjum það mögulegt að veita gagnaðilum sínum fullnægjandi veðtryggingu í samræmi við ákvæði samninganna á grundvelli gildandi laga.

Hefur samþykkt frumvarpsins því ekki neinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir fjármálafyrirtæki til að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli neyðarlaganna og ákvæða neyðarlaganna sem nú eru í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um fjármálafyrirtæki. Þá er lagt til að fjármálafyrirtæki verði líka heimilt að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa.

Er þannig lögfest heimild til veðsetningar í framangreindum tilvikum þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, en þar segir að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða kann að eignast.

Um 2. gr.

Í 46. gr. laga um samningsveð segir að veðréttur í almennum kröfum öðlist réttarvernd við það að skuldari fái tilkynningu um veðsetninguna annaðhvort frá veðsala eða veðhafa. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti. Í 2. gr. er kveðið á um sérstakar reglur um hvernig veðréttur sem stofnast á grundvelli 1. gr. frumvarpsins, að því marki sem hann varðar kröfuréttindi eða undirliggjandi við sem tengjast slíkum kröfuréttindum, öðlast réttarvernd. Er lagt til að það gerist með því að þinglýst sé á blað fjármálafyrirtækis í lausafjárbók yfirlýsingu um að fjármálafyrirtæki hafi nýtt sér heimild sína skv. 1. gr. Þarf þá ekki að grípa til frekari ráðstafana til að veðréttur öðlist réttarvernd og eiga því ákvæði 46. gr. ekki við í þessu tilviki og því óþarft að tilkynna skuldara um veðsetninguna til að veðrétturinn öðlist réttarvernd.

Í lokamálsgrein 2. gr. er tekið fram að um veðsetningu viðskiptabréfa á grundvelli 1. gr. fari þó eftir ákvæðum 43. gr. laga um samningsveð, en þar er m.a. kveðið á um að til að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verði að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er lagt til að fjármálafyrirtækjum verði heimilt að leysa ákveðnar eignir úr veðböndum og setja nýjar eignir að veði svo fremi sem ákveðinni veðþekju er viðhaldið. Á grundvelli 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. má krefjast riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, það sama á við ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki tryggð á annan hátt gegn fullnustugerðum án ástæðulauss dráttar eftir að skuldin varð til og ekki fyrr en á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Í ljósi þessa er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að ráðstafanir fjármálafyrirtækis sem tengjast afhendingu fjármuna í veðsetta eignasafnið skuli

ekki sæta riftun á grundvelli 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Talið er að gerningar á grundvelli laganna geti ekki fallið undir önnur ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en 137. gr.

Um 4. gr.

Mælt er fyrir um það í 4. gr. frumvarpsins að um annað en það sem kveðið er á um í frumvarpinu gildi reglur þær sem fram koma í lögum um samningsveð um veðsetningu eigna.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Um miðjan desember 2009 höfðu tekist samningar á milli gömlu bankanna, nýju bankanna og fjármálaráðuneytisins um uppgjör og greiðslur vegna þeirra eigna sem færðar voru frá gömlu bönkunum til nýju bankanna með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins. Með þessu frumvarpi er lagt til að ákveðnum fjármálafyrirtækjum verði heimilt að veita gagnaðilum sínum fullnægjandi veðtryggingu í samræmi við ákvæði samninganna á grundvelli gildandi laga. Um er að ræða fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Þessi heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir þykir nauðsynleg í ljósi þess að erfitt hefur reynst að veita fullnægjandi veðheimild í tengslum við uppgjör og greiðslur vegna þeirra eigna sem færðar voru á milli nýju og gömlu bankanna. Vandkvæðin stafa annars vegar af því að samkvæmt lögum stofnast veðréttur ekki í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða kann að eignast og hins vegar af því að veðréttur öðlast ekki réttarvernd nema veðhafi eða veðsali tilkynni skuldurum um veðsetningu en slíkt væri nærri ómögulegt þar sem tilkynna þyrfti mörg hundruð viðskiptavinum með sannanlegum hætti um veðtökuna.

Í frumvarpinu er því lagt til að viðkomandi fjármálafyrirtækjunum verði heimilt að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim og að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa. Þá er lagt til að þegar veðréttur stofnast samkvæmt frumvarpinu þá öðlist veðréttur réttarvernd þegar þinglýst sé á blað fjármálafyrirtækis í lausafjárbók yfirlýsingu um að fjármálafyrirtækið hafi nýtt sér heimildina samkvæmt lögunum. Auk þessa er lagt til í frumvarpinu að ekki verði hægt að krefjast riftunar á þeim gerningum sem gerðir eru á grundvelli laganna.

Frumvarpinu er ætlað að taka á vandamálum tengdum uppgjöri á eignum og skuldum gömlu bankanna og veðflutningum tengdum flutningi þeirra yfir í nýju bankanna. Verði frumvarpið lögfest verður ekki séð að það feli í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

905. Svar [476. mál]

forseta Alþingis, sbr. 3. mgr. 8. gr. þingskapa, við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um kærur um lögmæti alþingiskosninganna 2009.

1. *Hefur Alþingi borist kæra um lögmæti alþingiskosninganna sem fram fóru 25. apríl 2009?*

Ein kæra barst en þar var krafist viðurkenningar á því að allir sem náðu kjöri af þeim framboðslistum sem buðu fram hafi verið ólöglega kosnir. Þau rök voru færð fyrir kærunni að misvægi atkvæða milli kjördæma stangaðist á við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Um kæruheimild var vísað til 118. og 120. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

2. *Ef svo er, hvenær barst sú kæra og hver fjallaði um hana?*

Eins og fyrir er mælt í 118. gr. laga um kosningar til Alþingis var kæran, sem er dagsett 1. maí 2009, send dómsmálaráðuneytinu. Kæran barst Alþingi fyrir þingbyrjun en þingsetning fór fram 15. maí sama ár. Á þingsetningarfundi voru kosnir níu þingmenn í kjörbréfanefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanna skuli talin gild, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Kæran var lögð fyrir kjörbréfanefnd sem fjallaði um hana og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru lagalegar forsendur til að úrskurða kosningarnar ólögmætar á þeim forsendum sem kæran byggðist á. Það var því tillaga kjörbréfanefndar að kjörbréf aðalmanna og varamanna yrðu samþykkt, sbr. 46. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 1. gr. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Í framsöguræðu formanns kjörbréfanefndar á Alþingi var farið yfir kæruna og færð lagarök fyrir afstöðu nefndarinnar til hennar. Þar kom fram að 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar heimili misvægi atkvæða upp að ákveðnu marki og að þetta sérákvæði stjórnarskrárinnar gangi framar almennu ákvæði 65. gr.

Tillaga kjörbréfanefndar um afgreiðslu kjörbréfa þingmanna var samþykkt. Alþingi fjallaði því um kæruna með því að fallast á tillögu kjörbréfanefndar.

3. *Hefur kærendum verið svarað með formlegum hætti?*

Afgreiðsla Alþingis á tillögu kjörbréfanefndar og umræður um hana fóru fram fyrir opnum tjöldum og birt í Alþingistíðindum og á vef Alþingis. Ekki hefur tíðkast að tilkynna þeim sem lagt hafa fram kæru út af alþingiskosningum um niðurstöðuna sérstaklega.

Forseta Alþingis barst bréf frá þeim einstaklingum sem lögðu kæruna fram. Bréfið er dagsett 11. janúar 2010 en þar var óskað eftir því að kærunni yrði svarað með formlegum hætti. Þessu bréfi hefur verið svarað bréflega fyrir hönd forseta.

4. *Ef svo er, hvenær var það gert, hver var niðurstaðan og á hverju byggðist hún?*

Svarbréf til kærenda er dagsett 3. mars 2010. Í bréfinu er meðferð kærunnar lýst og vitnað til umfjöllunar formanns kjörbréfanefndar um hana þegar hann fylgdi tillögu nefndarinnar úr hlaði á Alþingi. Þar er enn fremur tekið fram að með samþykki Alþingis á tillögu kjörbréfanefndar hafi kæran hlotið afgreiðslu Alþingis og málinu þar með lokið. Svarið byggðist á tillögu kjörbréfanefndar, umfjöllun um málið á Alþingi og samþykkt þingsins á tillögunni.

5. Hvaða reglur gilda um málsmeðferð slíkra kærumála?

Fyrirmæli eru í 118. gr. laga um kosningar til Alþingis um kærur af þessu tagi. Sérhver kjósandi á kærurétt telji hann frambjóðanda sem hlotið hefur kosningu skorta einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega boðinn fram eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna. Kæru skal bera fram í tvíriti innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst en þó áður en næsta Alþingi kemur saman. Hún skal send dómsmálaráðuneytinu sem tilkynnir umboðsmönnum viðkomandi framboðslista um kæruna með því að senda þeim annað samrit hennar. Hitt samritið skal leggja fyrir Alþingi í þingbyrjun, sbr. enn fremur 4. mgr. 5. gr. þingskapa.

Alþingi ber skv. 1. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis að rannsaka kæruna og fella úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkjörins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi hafa borist frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans. Um úrskurð Alþingis um gildi kosningarinnar er vísað til þingskapa. Í ákvæðinu og í 121. gr. er síðan vikið að áhrifum þess ef Alþingi telur annmarka á kosningu einstaks þingmanns eða framboðslista leiða til ógildingar kosningarinnar.

Ljóst er af 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. þingskapa að kærur af þessu tagi ber að leggja fyrir kjörbréfanefnd en hún skal eins og áður segir gera tillögu til Alþingis um hvort kosning skuli talin gild. Við tillögugerðina tekur hún afstöðu til kærunnar.

Fyrirmæli eru í þingsköpum um meðferð tillagna kjörbréfanefndar á Alþingi. Heimilt er skv. 2. mgr. 1. gr. þingskapa að bera hana upp munnlega, án nokkurs fyrirvara og greiða atkvæði um þær í einu lagi. Við umræðuna gilda sömu reglur og við aðra umræðu um lagafrumvörp. Sömu reglur gilda um umræðuna ef kjörbréfanefnd lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild, sbr. 2. mgr. 4. gr. þingskapa. Þingmenn geta komið með breytingartillögur og tekið til máls í samræmi við almennar reglur. Þá er þinginu heimilt að fresta því að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur, sbr. 1. mgr. 5. gr. þingskapa. Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt, sbr. 5. mgr. 5. gr. þingskapa. Ef þingið frestar að úrskurða um kjörbréf þingmanns er honum á hinn bóginn óheimilt að taka þátt í störfum þingsins uns málið hefur verið útkljáð og kosning hans og kjörgengi verið viðurkennd.

Fyrirmæli stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem fjalla um málsmeðferð við töku stjórnvaldsákvarðana, einskorðast við ákvörðunartöku handhafa framkvæmdarvalds en gilda ekki um starfsemi Alþingis. Þau eiga því ekki við um meðferð Alþingis á kærum út af alþingiskosningum.

906. Tillaga til þingsályktunar [518. mál]

um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að fela Siglingastofnun að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar þannig að höfnin geti þjónustað 60–80 þús. tonna skip, allt að 225 metra löng.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 136. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er því endurflutt nú óbreytt. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

Fyrirhuguð er mikil uppbygging í Þorlákshöfn á næstu árum á sviði iðnaðar, stóriðju og matvælaiðnaðar. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi á takteinum hugmyndir að stærð og gerð hafnar á næstu missirum. Þorlákshöfn er eina þjónustuhöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið þar sem mjög mikil uppbygging atvinnurekstrar á sér nú stað.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla eru mjög ört vaxandi athafnasvæði og ein hin mesta uppbygging á landinu er í Árnessýslu. Erlend stórfyrirtæki í ýmsum greinum stóriðju standa nú í viðræðum við bæjaryfirvöld í Ölfusi um uppbyggingu þar. Slík uppbygging mun hafa mikla og jákvæða þýðingu fyrir Suðurland og landið allt. Því skiptir miklu máli að geta brugðist við eftirspurninni með stuttum fyrirvara. Nær 100 stór flutningaskip og farþegaskip koma nú þegar árlega til Þorlákshafnar og mikil aukning er fyrirsjáanleg auk alls fiskiskipaflotans sem Þorlákshöfn þjónustar, bæði lítil og stór skip.

907. Tillaga til þingsályktunar [519. mál]

um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Guðbjartur Hannesson, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um það við Háskóla Íslands að stofnað verði prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson skáld með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði.

Greinargerð.

Íslensk tunga er ankeri íslenskrar þjóðar, lykillinn að sjálfstæðri menningu og þjóðerni. Íslensk tunga hefur alltaf átt undir högg að sækja, en hún er lífseig með eindæmum og ber

þannig spegilmyndina af eðli þjóðarinnar og virðingu fyrir tungunni þótt stundum pusi í þræsingum. Um þessar mundir á íslensk tunga undir högg að sækja og rótgrónar stofnanir á Íslandi hafa meira að segja látið sér detta í hug að setja erlenda tungu í fremstu víglínu tungutaks Íslendinga við hlið íslenskunnar. Við slíku verður að sporna af lífs og sálar kröftum því sjálfstæði Íslands kann að vera í húfi.

Það er mikilvægt að Íslendingar og Háskóli Íslands sýni þeim manni sem hvað fegurst hefur ritað á íslenska tungu, Jónasi Hallgrímssyni, þá virðingu að vinna markvisst í stíl hans og fylgja eftir til komandi kynslóða þeim blæ íslenskrar náttúru og íslenskrar hugsunar sem hann tengdi saman í ritverkum sínum og skáldskap. Mikilvægi Jónasar Hallgrímssonar fyrir íslenska þjóð mælist ekki í verðbréfum heldur ómetanlegum verðmætum í þjóðarsálinni og persónuleika Íslendinga. Þess vegna er það engin tilviljun að Jónas Hallgrímsson býr í öllum Íslendingum.

Jónas Hallgrímsson kom sem vorvindur inn í íslenskt tungutak fyrir 200 árum og enn er vorvindurinn í loftinu, slíkt var afl skáldsins til þess að ríma við möguleika íslenskunnar á náttúrulegum grunni hennar. Þessi vorvindur hefur dugað okkur vel og við þurfum að tryggja vel að hann verði staðvindur í íslensku samfélagi.

Halldór Blöndal, fyrrverandi alþingismaður og forseti Alþingis, skrifaði í Morgunblaðið fyrir skömmu um Jónas: „Hann var magískur töframaður og það er eins og allt, sem hann snerti, verði lifandi og aðlaðandi á einhvern hátt.“

Í minningarorðum samtímamanns Jónasar, Konráðs Gíslasonar í Fjölni, segir svo um Jónas: „Það sem eftir hann liggur mun lengi halda uppi nafni hans á Íslandi og bera honum vitni.“

Öld er liðin frá því að Guðmundur á Sandi ritaði eftirfarandi um Jónas í grein í Eimreiðinni: „Jónas er æskumaður og æskuskáld. Hann var á undan tíma sínum, og enn þá stendur samtíð vor á herðum hans. Hann eldist ekki né fyrnist og er 100 ára ungur nú. Mál hans er með nýjabrumi enn þá, hreint eins og lindarvatn, ungt eins og döggin á grasinu.

Hann er konungur í Hulduríki.“

Enn þá andar suðrið sæla af tungutaki Jónasar og það er mikilvægt að virkja þessa auðlind inn í hjartslátt þjóðarinnar í starfi og leik. Einn af mörgum möguleikum er sá spennandi kostur að Háskóli Íslands skapi rúm um borð í móðurskipinu fyrir prófessorsembætti tengt nafni Jónasar Hallgrímssonar, prófessorsembætti sem hefði það markmið að fylgja íslenskunni áfram með reisn og styrkja íslenska ljóðrækt.

908. Svar [437. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um þjónustu menningarstofnana við byggðir landsins.

1. *Hvað hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands að jafnaði farið margar tónleikaferðir á ári út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?*

Starfsárið 2004–2005:

– 29.9.2004: Íþróttahúsið á Sauðárkróki.
– 30.9.2004: Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi.
– 19.3.2005: Höllin í Vestmannaeyjum.
– 22.4.2005: Íþróttahúsið á Flúðum.

Starfsárið 2005–2006:
- 14.9.2005: Íþróttahúsið á Klifi, Ólafsvík.
- 15.9.2005: Stykkishólmskirkja.
- 11.11.2005: Safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

Starfsárið 2006–2007:
- 15.9.2006: Íþróttamiðstöðin á Egilsstöðum.
- 6.2.2007: Íþróttahús Síðuskóla á Akureyri.

Starfsárið 2007–2008:
- 5.10.2007: Íþróttahúsið í Reykjanesbæ.
- 24.1.2008: Íþróttahúsið á Torfunesi á Ísafirði.

Starfsárið 2008–2009:
- 4.11.2008: Glerárkirkja á Akureyri.
- 5.11.2008: Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð, Eskifirði.
- 6.11.2008: Íþróttahúsinu á Höfn í Hornafirði.

Þess skal getið að nær öllum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands er útvarpað beint í Ríkisútvarpinu og ná þeir þannig til allra landsmanna. Þá hefur Sjónvarpið sýnt eftirtalda þætti:
- Heimsókn Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Þýskalands (Berlínar), frumsýning 10. apríl 2009 (tvær endursýningar).
- Tónverkið Edda 1 – sköpun heimsins eftir Jón Leifs, frumsýning 1. janúar 2007.
- Manstu gamla daga, frumsýning 6. október 2006 (tvær endursýningar).
- Hljómsveitin Ný dönsk og Sinfóníuhljómsveit Íslands, frumsýning 12. desember 2004 (tvær endursýningar).

2. *Hvað hefur Þjóðleikhúsið farið margar sýningarferðir út á land á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?*

Starfsárið 2004–2005:
- Græna landið: Akureyri.
- Grjótharðir: Fangelsið á Litla-Hrauni.
- Edith Piaf: Egilsstaðir.
- Edith Piaf: Akureyri.

Starfsárið 2006–2007:
- Patrekur 1,5: Akureyri, Búðardalur, Egilsstaðir, Eskifjörður, Grundarfjörður, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafjörður, Keflavík og Sauðárkrókur.

Starfsárið 2007–2008:
- norway.today: Akranes, Borgarnes, Grundarfjörður, Ísafjörður, Keflavík og Selfoss.

Starfsárið 2008–2009:
- Sá ljóti: Akranes, Akureyri, Egilsstaðir, Eskifjörður, Höfn í Hornafirði, Keflavík, Sauðárkrókur, Selfoss og Vestmannaeyjar.
- Ísvélin: Egilsstaðir (Þjóðleikur).
- Eftir lífið: Egilsstaðir (Þjóðleikur).
- Dúkkulísa: Egilsstaðir (Þjóðleikur).

3. *Hvað hefur leiklistarsvið Ríkisútvarpsins tekið upp mörg leikverk úti á landi á síðustu fimm árum?*

Á umræddu tímabili var eitt verk tekið upp úti á landi en það var Þumalína, sýning leikfélagsins á Sólheimum í leikstjórn Ásu Hlínar Svavarsdóttur.

4. *Hvað hefur dagskrársvið Ríkisútvarpsins hljóðvarps unnið margar þáttaraðir fyrir Rás 1 og Rás 2 úti á landi á síðustu fimm árum?*

Dagskrársvið Rásar 1 hefur unnið eftirtalda þætti úti á landi á síðustu fimm árum:
- Pipar og salt – vikulegur þáttur með léttri tónlist, framleiddur á Akureyri.
- Vítt og breitt – morgunþáttur, sendur út frá Akureyri tvisvar í viku.
- Sagnaslóð – vikulegur þáttur um sögulegan fróðleik, unninn á Akureyri og Sauðárkróki.
- Okkar á milli – 1–2 viðtalsþættir á viku í beinni útsendingu um menn og málefni, hafa komið frá svæðisstöðvunum.
- Stakir hátíðaþættir hafa komið frá öllum svæðisstöðvunum.
- Flækingur – síðdegisþáttur, alla virka daga frá landsbyggðinni sumarið 2008.
- Samfélagið í nærmynd – hefur verið samtengt í þrjú ár með einum umsjónarmanni á Akureyri og hinum í Reykjavik.
- Vikulokin – vikulegur þáttur, einstaka þættir hafa á tímabilinu verið sendir út frá landsbyggðinni.

Dagskrársvið Rásar 2 hefur unnið eftirtalda þætti úti á landi á síðustu fimm árum:
- Morgunútvarpið – daglegur þáttur, samsendur frá Akureyri og Reykjavík.
- A–J – vikulegur helgarþáttur, sendur út frá Akureyri.
- Sunnudagsmorgunn með Margréti Blöndal – í fjögur af þessum fimm árum var Margrét Blöndal með beinar útsendingar frá Akureyri alla sunnudagsmorgna.
- Bergsson & Blöndal – alla laugardaga, samsendur frá Akureyri og Reykjavík.

Fyrir utan ofangreinda þætti, hafa þættir einnig verið keyptir frá m.a. Egilsstöðum og Ísafirði. Nú er t.d. í vinnslu þátturinn Aldrei fór ég suður sem verður á dagskrá um páskana og þáttaröð um tónlist sem unnin er á Egilsstöðum sem einnig verður á dagskrá um páskana.

Hádegisútvarpið – þáttur alla virka daga, hóf göngu sína 15. mars sl., sendur út frá Akureyri á báðum rásum hljóðvarps. Auk þessu eru ellefufréttir sendar út alla virka daga frá Akureyri á báðum rásum.

5. *Hvað hefur Listasafn Íslands sett upp margar sýningar úti á landi á síðustu fimm árum, flokkað eftir stöðum og hverju ári?*

2005.
Sýningar:
- Reykjavík; Listasafn Íslands heimsækir Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, 107 verk á sýningunni

Umtalsvert magn verka lánað á sýningar á landsbyggðinni:
- Akureyri, Listasafnið; Skrýmsl, óvættir og afskræmingar, 9 verk lánuð

Alls lánuð verk á ýmsar sýningar innanlands og erlendis:
- 235 verk lánuð á ýmsar sýningar.

2006.
Sýningar:
- Reykjanesbær, Listasafn Reykjanesbæjar; Náttúruafl, 29 verk á sýningu.
- Húsavík, Safnahúsið á Húsavík; Úrval – íslenskt landslag og náttúra – abstrakt sýn og hlutbundin, 27 verk á sýningu.

Umtalsvert magn verka lánað á sýningar á landsbyggðinni:
- Akureyri, Listasafnið; Hraunblóm, 9 verk lánuð.

Alls lánuð verk á ýmsar sýningar innanlands og erlendis:
- 133 verk lánuð á ýmsar sýningar.

2007.
Sýningar:
- Reykjanesbær, Listasafn Reykjanesbæjar; Húsafellsmyndir Ásgríms Jónssonar, 24 verk á sýningu.
- Skriðuklaustur, Gunnarsstofnun; Passíusálmar, Barbara Árnason, 21 verk

Umtalsvert magn verka lánað á sýningar á landsbyggðinni:
- Hveragerði, Listasafn Árnesinga; Að flytja fjöll, 25 verk lánuð.

Alls lánuð verk á ýmsar sýningar innanlands og erlendis:
- 109 verk lánuð á ýmsar sýningar.

2008.
Sýningar:
- Seyðisfjörður, Skaftfell; Íslensk myndlist – hundrað ár í hnotskurn, 21 verk á sýningu.

Umtalsvert magn verka lánað á sýningar á landsbyggðinni:
- Hveragerði, Listasafn Árnesinga; Picasso á Íslandi, 48 verk lánuð.
- Hveragerði, Listasafn Árnesinga; Úrval verka eftir Höskuld Björnsson, 5 verk lánuð.

Alls lánuð verk á ýmsar sýningar innanlands og erlendis:
- 166 verk lánuð á ýmsar sýningar.

2009.
Sýningar:
- Vefsýning, Reykjavíkurmyndir Ásgríms Jónssonar, rafræn sýning á 25 myndum úr safneign.

Umtalsvert magn verka lánað á sýningar:
- Akureyri, Listasafnið; Kreppumálarar, 15 verk lánuð.
- Hveragerði, Listasafn Árnesinga; Andans konur, 26 verk lánuð

Alls lánuð verk á ýmsar sýningar innanlands og erlendis:
– 148 verk lánuð á ýmsar sýningar.

2010.

Sýningar:
– Hveragerði, Listasafn Árnesinga; Íslensk myndlist – 100 ár í hnotskurn, 59 verk lánuð.

909. Tillaga til þingsályktunar [520. mál]

um eflingu græna hagkerfisins.

Flm.: Skúli Helgason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Illugi Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Helgi Hjörvar, Guðmundur Steingrímsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Oddný G. Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þór Saari, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að hefja skuli undirbúning eflingar græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Alþingi samþykkir að kjósa níu manna nefnd með fulltrúum þingflokka sem hafi það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Nefndin skal m.a. gera tillögur um stjórnvaldsaðgerðir og úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem ýtt geti undir vöxt græna hagkerfisins auk þess að leita leiða til að samþætta hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar almennri ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum. Sérstök áhersla verði lögð á að greina hvernig bæta megi alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænnar atvinnustarfsemi. Nefndin skal gera tillögur um lagabreytingar er þjóni framangreindum markmiðum og setja mælanleg markmið um fjölgun grænna starfa í íslensku atvinnulífi. Þess verði gætt að samþætta tillögur nefndarinnar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum, svo sem *Velferð til framtíðar*, *Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða*, *20/20 Sóknaráætlun* og *Byggðaáætlun.*

Nefndin skal skipuð fulltrúum þingflokka og skal hún skila niðurstöðum fyrir 1. desember 2010. Þingflokkar sem ekki eiga kjörinn mann í nefndinni hafa heimild til áheyrnaraðildar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann og skal fjárheimilda í því skyni aflað í fjáraukalögum ársins 2010.

Greinargerð.

Grænt hagkerfi.

Græna hagkerfið hefur verið skilgreint sem það hagkerfi sem kemst á með grænni hagstjórn er felur í sér skipulega aðferðafræði við stefnumótun þar sem sjónarmið umhverfis- og náttúruverndar og sjálfbærrar auðlindastjórnunar eru samofin allri ákvarðanatöku í opinberri stjórnsýslu. Í grænu hagkerfi eru mannvit og mannauður virkjuð til nýsköpunar og framþróunar og hefðbundnar framleiðslugreinar endurnýja sig með sjálfbærni að leiðarljósi. Grænt hagkerfi byggist á virðingu fyrir náttúrunni og gæðum hennar sem eru sameign

þjóðarinnar í nútíð og framtíð og ber að umgangast sem slík af hófsemi með hliðsjón af hagsmunum afkomenda okkar. Grænt hagkerfi svarar því kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar, milli einstakra atvinnugreina og kynslóða

Græn störf.

Í nýlegri skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) eru græn störf skilgreind sem þau störf í landbúnaði, iðnaði, þjónustugreinum og stjórnsýslu sem stuðla að varðveislu eða endurheimt umhverfisgæða. Græn störf draga úr ágengni atvinnulífsins gagnvart náttúru og umhverfi og eru til þess fallin að auka sjálfbærni hagkerfisins. Græn störf finnast í fjölmörgum geirum atvinnulífsins og eiga það sammerkt að stuðla að samdrætti í orkunotkun, hráefnanotkun og vatnsnotkun með hagkvæmum aðferðum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sóun og mengun en styðja við endurreisn vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni. Græn störf eiga þannig þátt í að rjúfa þau bönd sem verið hafa milli hagvaxtar annars vegar og neikvæðra umhverfisáhrifa hins vegar. Markmið grænnar hagstjórnar er að græn störf séu jafnframt mannsæmandi.

Hvers vegna er nauðsynlegt að efla græna hagkerfið?

Á rúmri öld hefur jarðarbúum fjölgað úr tæplega 2 milljörðum í tæplega 7 milljarða manna. Sumar mannfjöldaspár gera ráð fyrir að jarðarbúar verði 9 milljarðar árið 2050. Þessi gríðarlegi mannfjöldi þarf að lifa af gæðum jarðar þannig að allir fái þrifist. Um 20% mannkyns taka til sín 80% af orku og auðæfum heims og losa langmest af gróðurhúsalofttegundum. Ef allir jarðarbúar leyfðu sér orkueyðslu Vesturlandabúa, að óbreyttu tæknistigi, væri framtíð mannkyns stefnt í voða. Eina haldbæra leið þjóða til að koma í veg fyrir loftslagsvá og orkuskort er að þróa hagkerfi sem byggjast á sjálfbærri orkunotkun og lágmarka sem kostur er nýtingu jarðefnaeldsneytis. Það er stærsta og líklega mikilvægasta verkefni mannkyns á þessari öld. Brýnt er að gera sér grein fyrir því að græna hagkerfið stillir sér ekki upp sem andstæðu við hefðbundinn atvinnurekstur eða hafnar hagvexti. Öðrum þræði byggist það á fjölbreyttu atvinnulífi sem er stutt breiðri þekkingu og fjölbreyttri menntun. Slíkur atvinnurekstur reynir ávallt að skilja eftir sig sem minnst neikvæð áhrif á umhverfisgæði og leggur sig fram um að gera eigin úrgang eða annarra að hráefni til verðmætasköpunar. Líkur eru á að staðfest yfirlýsing stjórnvalda um að atvinnuuppbygging skuli samræmast græna hagkerfinu muni auka áhuga erlendra aðila á fjárfestingum á Íslandi. Það leggur vitaskuld þær skyldur á stjórnvöld að athafnir fylgi orðum.

Sérstaða Íslands.

Á Íslandi eru 82% allrar orku sem notuð er í landinu endurnýjanleg orka sem á upptök sín í virkjun vatnsafls eða jarðvarma. Það var af mikilli framsýni sem ráðist var í fjárfestingar í hitaveitu víða um land á áttunda áratug síðustu aldar. Í dag sparar það milljarða króna á ári hverju fyrir heimili og fyrirtæki. En þrátt fyrir einstaka stöðu á þessu sviði er losun gróðurhúsalofttegunda frá hverju mannsbarni á Íslandi með því mesta í heiminum, um 17 tonn á ári. Þetta má að stærstum hluta rekja til umfangs áliðnaðarins hér á landi auk losunar frá vegasamgöngum og skipaflota. Á Íslandi eru samt mikil tækifæri til þess að þróa vistvæna orkugjafa sem smám saman gætu tekið við sem aðalorkugjafar ökutækja og skipa. Líta ber á útskiptingu innfluttra orkugjafa fyrir innlenda sem tækifæri til atvinnuuppbyggingar frekar en einblína á neikvæð áhrif af hækkandi verði jarðefnaeldsneytis. Um leið og olíuverð hækkar

verður flutningur um langar leiðir óhagkvæmari og hagur innlends iðnaðar og orkuframleiðslu vænkast.

Grænt hagkerfi á Íslandi.

Græn atvinnustarfsemi á Íslandi nær yfir vítt svið atvinnulífsins. Þar er m.a. um ræða grænan iðnað sem er háður orkunýtingu, ýmiss konar hátækniiðnað, ferðaþjónustu, landbúnað, sjávarútveg og skapandi greinar svo eitthvað sé nefnt. Áhugi erlendra aðila á að taka þátt í uppbyggingu verkefna á þessum sviðum fer vaxandi og skýrist m.a. af góðu aðgengi að endurnýjanlegri orku á samkeppnishæfu verði og háu almennu menntunarstigi. Vísbendingar um græna vaxtarsprota í íslensku atvinnulífi er víða að finna.

Innlend framleiðsla á vistvænu eldsneyti.

Spara mætti gjaldeyri fyrir á annan tug milljarða króna á hverju ári yrði Ísland sjálfbært hvað orkuöflun varðar. Á Íslandi eru mörg tækifæri til að skapa störf sem tengjast framleiðslu á vistvænu eldsneyti. Þar má nefna framleiðslu þar sem notast er við rafmagn, lífmassa, vetni, metan og metanól svo eitthvað sé nefnt. Kanna þarf hvernig efla megi framleiðslu og notkun hreinorkubíla á Íslandi, t.d. með því að opinberir aðilar kaupi og noti slík farartæki fremur en hefðbundin. Lagfæra þarf agnúa á starfsumhverfi fyrirtækja sem smíða og þjónusta hreinorkubíla.

Grænn orkuháður iðnaður.

Áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi sem ákjósanlegum vettvangi fyrir græna atvinnustarfsemi hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Aukinn áhuga má m.a. rekja til hærra eldsneytisverðs á alþjóðamörkuðum sem horfur eru á að muni halda áfram að hækka. Jafnframt hefur það áhrif að fyrirhuguð álagning kolefnisgjalda mun í fyrsta lagi hækka orkuverðið enn frekar og í öðru lagi auka þrýsting á orkufyrirtæki að færa sig úr kolefnaeldsneyti yfir í græna orku. Hvort tveggja eykur samkeppnishæfni grænnar orku frá Íslandi til notkunar í kolefnislausum iðnaði. Fjölmörg verkefni hafa verið til skoðunar sem tengjast fjárfestingu erlendra aðila í grænum orkuháðum iðnaði og eru hér nefnd nokkur dæmi um slík verkefni.

Framleiðsla á sólarkísil.

Mörg fyrirtæki í kísilframleiðslu fyrir sólarorkuiðnað hafa litið til Íslands sem mögulegs vettvangs fyrir starfsemi sína. Fyrirtækin mundu nota mismunandi framleiðslutækni til kísilhreinsunar og er orkuþörf mismikil eftir tækninni og því hve stór hluti framleiðsluferlisins mun eiga sér stað á Íslandi. Bent er á að lokaafurðin eru sólarsellur sem framleiða 10–20 sinnum þá orku sem þurfti til að framleiða þær.

Gagnaver.

Alþjóðleg samanburðarrannsókn gefur til kynna að Ísland sé eitt fjögurra landa í heiminum sem hentar best fyrir starfsemi gagnavera og í nýlegri greiningu McKinsey ráðgjafafyrirtækisins fékk Ísland hæstu einkunn allra landa. Fyrirtækið Verne Global hyggst hefja starfsemi umhverfisvæns gagnavers í Reykjanesbæ á öðrum ársfjórðungi 2010 og standa vonir til þess að fleiri aðilar muni fylgja í kjölfarið. Staðfestur er áhugi margra gagnaversfyrirtækja á því að setja upp gagnaver á Íslandi. Áhugi á því að reisa gagnaver á Íslandi byggist ekki síst á því að hér þarf mun minni kælingu auk þess sem þessi iðnaður vill tengjast endurnýjanlegri orku.

Gróðurhús í iðnaðarstærð.

Íslenskir og erlendir aðilar hafa hug á að setja upp allt að 100.000 m^2 hús til ræktunar á grænmeti til útflutnings. Samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði hefur aukist m.a. vegna hagstæðs orkuverðs í samanburði við önnur lönd, lágs gengis krónunnar og síðast en ekki síst möguleika á að tengja gróðurhúsarekstur með beinum tengingum við jarðvarmaveitur.

Annar iðnaður.

Unnið er að greiningu á samkeppnishæfni *grænna iðngarða* sem nýta orkustrauma frá jarðvarmaveitu. Athugað verður hvaða iðnferlar uppfylla þau skilyrði að vera umhverfisvænir, innbyrðis háðir og nýta orkustrauma jarðvarmaveitu. Slíkir garðar gætu orðið upphafið að myndun sérstaks klasa þar sem beitt yrði aðferðum iðnaðarvistfræðinnar. Líkur eru á að grænir iðngarðar á Íslandi sé ein af forsendum þess að laða megi nýja vistvæna atvinnustarfsemi til landsins.

Í undirbúningi er framleiðsla á umhverfisvænu metanóli með því að nýta koltvísýring úr borholum og rafgreint vetni sem framleitt er á staðnum. Metanólið er síðan blandað venjulegu bensíni, sem minnkar notkun innflutts eldsneytis. Þessi starfsemi gæti t.d. hentað vel í samhengi við grænan iðngarðaklasa þar sem vetni kæmi út úr framleiðsluferlinu sem aukaafurð.

Græn ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er ein mikilvægasta tekjulind þjóðarinnar og jafnframt þýðingarmikil fyrir hinar dreifðu byggðir landsins því hún skapar störf um land allt. Framtíð ferðaþjónustunnar hvílir ekki síst á því að borin verði virðing fyrir menningu og náttúru landsins. Sérstaða ferðaþjónustunnar felst ekki síst í því að vera bæði sérstakur vaxtarvettvangur og stoð fyrir aðrar greinar, t.d. skapandi greinar, grænan landbúnað, matvælaframleiðslu o.fl. Ferðaþjónustu á Íslandi er hagur af áherslum á gæði umfram magn og þannig fer náttúruvernd og arðsemi vel saman. Ferðamenn gera sífellt auknar kröfur til að ferðaþjónusta sé umhverfisvæn. Í þeirri þróun liggur sóknarfæri fyrir íslenska ferðaþjónustu að því tilskildu að henni verði sett stefna og unnið eftir henni. Til dæmis má gera raunhæfa áætlun um útskiptingu jarðefnaeldsneytis fyrir innlenda orku og fylgja henni eftir, m.a. með vottunum og hagrænum hvötum.

Nota má umhverfisvænar áherslur mun meira í kynningu Íslands sem ferðamannalands. Staðsetning landsins miðja vegu milli Evrópu og Norður-Ameríku þýðir minni notkun eldsneytis við ferðir til og frá landinu en til ýmissa annarra staða sem laða til sín fjölda ferðamanna. Nefndin skal leggja mat á það hvort Ísland eigi að sækjast eftir umhverfisvottun m.a. í þeim tilgangi að styrkja græna ímynd landsins. Jafnframt hvort raunhæft sé að markaðssetja Ísland sem grænt ráðstefnuland.

Grænn landbúnaður.

Grænn landbúnaður er umhverfisvænn og að mestu lífrænn. Sóknarfæri liggja m.a. í trausti og vaxandi kröfum neytenda um hollar og góðar landbúnaðarafurðir sem framleiddar eru á sjálfbæran hátt. Aukin spurn er jafnframt eftir sölu og dreifingu beint frá býli. Meta þarf kosti og galla þess að rýmka heimildir um heimaslátrun undir ströngu gæðaeftirliti, bæði í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og mengun sem fylgir flutningum um langan veg frá býlum í sláturhús og til að nýta vaxandi eftirspurn eftir staðbundinni framleiðslu. Markaðssetning á Íslandi sem heimalands slíks landbúnaðar getur skapað mörg tækifæri til sóknar á

næstu árum. Nefndin mun m.a. skoða leiðir til að efla stuðning við lífrænan búskap, til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar; auka fullvinnslu afurða og tryggja upprunamerkingu allra landbúnaðarafurða með sameiginlega hagsmuni bænda og neytenda í huga. Efla þarf rannsóknir, framleiðslu og nýtingu á sjálfbærum orkugjöfum til notkunar í landbúnaði. Leitað verði leiða til að efla rannsóknir og framleiðslu á vistvænum áburði, m.a. með því að nýta hráefni úr sjávarútvegi. Skoðaðir verði sérstaklega snertifletir milli landbúnaðar og umhverfismála með áherslu á bændur sem vörslumenn landgæða. Þar má nefna verkefni sem tengjast endurheimt votlendis, bætta ræktunarmenningu, bindingu kolefnis, aðgerðir til að draga úr jarðvegseyðingu, menningarlandslag o.fl.

Grænn sjávarútvegur.

Grænn sjávarútvegur miðar að sjálfbærri nýtingu fiskstofna, sjávarmassa og sjávarbotns kringum landið í þeirri merkingu að stofnar séu nógu sterkir til að skila hámarksafla til ókominna kynslóða en jafnframt að nota sem minnst af jarðefnaeldsneyti til að knýja fiskveiðiflotann. Styrkist stofnarnir leiðir það til aukins afraksturs, þ.e. aukins afla á orku- og sóknareiningu. Veiðistjórnun þarf að taka mið af veiðiþoli fiskstofna og ástandi sjávar og sjávarbotns á hverjum tíma, en auk þess af stærð klakstofns og stærð klakfiska.

Íslenski fiskiskipaflotinn losaði um 17% þeirra gróðurhúsalofttegunda sem losaðar voru hérlendis á árinu 2007. Brýnt er að draga úr þessari losun til þess að sjávarútvegur Íslendinga geti talist grænn. Nefndin skal leggja mat á mismunandi leiðir til að ná þessu markmiði, svo sem hvernig beita megi hagrænum hvötum til að örva vistvænar veiðar, alþjóðlega vottun veiða og vinnslu, samsetningu fiskiskipaflotans með tilliti til eldsneytisnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda, nýtingu nýrra og hagkvæmari veiðarfæra með tilliti til orkunotkunar og þróunar vistvænni orkugjafa.

Skapandi greinar.

Efnahagsleg velgengni ólíkra svæða í heiminum ræðst nú ekki síst af frjórri hugsun, frumkvöðlastarfi og nýsköpun. Afl sköpunar og nýrra hugmynda hefur fengið stóraukna þýðingu í heimi alþjóðavæðingar. Skapandi atvinnugreinar eru að verða einn helsti drifkraftur efnahagslífsins. Listir eru aflvaki skapandi greina og óaðskiljanleg þungamiðja þeirra. Íslensk tónlist, kvikmyndagerð, hönnun, sviðslistir, myndlist, bókmenntir og tölvuleikjagerð eru allt skapandi greinar í mikilli sókn, auðlind sem getur orðið ein mikilvægasta aflstöð íslensks atvinnulífs á 21. öldinni.

Í nýlegri skýrslu frá Nýsköpunarmiðstöð Norðurlanda kemur fram það mat að hagvöxtur á næstu árum verði mestur í skapandi greinum. Mikilvægt er að efla að mun gagnasöfnun og hagskýrslugerð um hlutdeild skapandi greina í verðmætasköpun á Íslandi en margar vísbendingar eru um verulegan vöxt í þessum geira. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir er hægt að meta hvaða greinar hafa þegar skilað árangri og hverjar eru líklegastar til að skila enn meiru með tilliti til efnahags og menningarlegra verðmæta.

Listamenn úr öllum listgreinum hasla sér völl erlendis í ríkari mæli jafnframt því að leggja æ meira til verðmætasköpunar í víðum skilningi innan lands. Sá hópur vex hröðum skrefum sem lítur á heiminn sem markaðssvæði sitt, sbr. velgengni íslenskra tónlistarmanna, rithöfunda, sviðslistafólks og kvikmyndagerðarmanna á erlendum vettvangi. Fyrirtæki spretta upp sem byggja á listrænu hugviti og skynja menninguna sem fjárhagsleg verðmæti og má þar nefna tölvuleikjaiðnaðinn sem dæmi. Útflutningur íslenskra lista og afleiddra vara hefur

aldrei verið meiri og tekjur af þeim útflutningi eru orðnar veigamikill þáttur í sértekjum sumra stofnana og undirstaðan í starfi einstakra listamanna, listhópa og menningarfyrirtækja.

Mikilvægt er að skilgreina hvað tilheyrir skapandi greinum á Íslandi. Styrkja þarf aðgengi skapandi greina að rannsóknasjóðum og hrinda í framkvæmd áformum um uppbyggingu meistaranáms í listum og skapandi greinum. Leitað verði leiða til að efla færni og þekkingu starfsfólks menningarstofnana ríkis og sveitarfélaga til að byggja upp alþjóðleg verkefni þvert á landamæri þjóða og laða með því nýtt fjármagn og ný viðmið til landsins.

Kanna þarf skilvirkni hins opinbera stoðkerfis lista og skapandi greina, sérstaklega hvað varðar alþjóðlega markaðssetningu greinanna, og kosti þess að sameina starf kynningarmiðstöðva listgreina undir einn hatt.

Marka þarf stefnu um hlutverk og möguleika skapandi greina í uppbyggingu annarra greina í landinu, svo sem ferðaþjónustu, sem og möguleika þeirra til að vera meginstoð í byggðaþróun.

Stoðkerfi atvinnulífsins og lagaumhverfi.

Nefndin skal leggja mat á hið opinbera stoðkerfi atvinnulífsins og hvernig megi bæta það til að ýta undir uppbyggingu græna hagkerfisins. Sérstaklega verði hugað að breytingum á lagaumhverfi fyrirtækja, skattaumhverfi „grænna fyrirtækja“, hvötum til grænnar atvinnusköpunar o.s.frv. Tekin verði til sérstakrar skoðunar aðlögun skattkerfisins að grænum áherslum. Hugað verði sérstaklega að klasagreiningu og uppbyggingu klasa á þeim sviðum þar sem ætla má að sóknarfæri séu hvað mest. Hafin er umfangsmikil vinna við kortlagningu hins íslenska jarðvarmaklasa undir verkefnastjórn dr. Michaels Porters, prófessors við Harvard háskóla. Vinnan er framkvæmd í samstarfi við alla þá hagsmunaaðila sem tilheyra jarðvarmaklasanum hérlendis, þar á meðal orkuframleiðendur, stóra orkunotendur, þjónustuaðila, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, félagasamtök, ráðgjafa, fjárfestingaraðila, ráðuneyti og aðra sérfræðinga á sviði jarðvarma. Markmið vinnunnar er að greina styrkleika og veikleika klasans, samkeppnishæfni hans og möguleika til alþjóðavæðingar, auk þess sem skoðað verður hvernig unnt er að efla klasann innan lands þannig að undirstöður fyrir grænan orkuháðan iðnað, græna ferðaþjónustu o.fl. styrkist enn frekar. Nefndin taki mið af framgangi og niðurstöðum þessarar vinnu sem áætlað er að ljúki í byrjun nóvember 2010.

Orkunýtingarstefna.

Mikilvæg forsenda græns hagkerfis á Íslandi er sjálfbær orkunýtingarstefna sem hefur að markmiði fjölbreytni í atvinnulífinu og efnahagslega áhættudreifingu. Slík stefna byggist á því að næg orka sé til staðar til að nýta í þágu grænnar atvinnustarfsemi. Leggja þarf mat á það hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo Íslendingar verði í fremstu röð tækniþróunar varðandi endurnýjanlega orku m.a. með það fyrir augum að auka útflutning þekkingar og tæknibúnaðar á því sviði.

Nefndin skal leggja mat á þá orkukosti sem þurfa að vera til staðar svo að græna hagkerfið geti orðið burðug stoð í íslensku atvinnulífi. Sérstaklega verði metið hvort forgangsraða þurfi orkukostum í þágu grænnar atvinnustarfsemi og hvernig nota megi nýja tækni til að bæta orkunýtingu í landinu. Hugað verði sérstaklega að leiðum til að fjölga orkukostum, svo sem með auknum rannsóknum og mati á virkjun sjávarorku. Tekið verði mið af rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og orkustefnu sem nú er í mótun á vettvangi stjórnvalda.

Menntun.

Fjallað verði um hlut umhverfismála og sjálfbærrar þróunar í námskrá grunnskóla og framhaldsskóla og metið hvernig megi ýta undir nám í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum. Sérstaklega verði kortlagt hvaða greinar á háskólastigi tengjast græna hagkerfinu og hvernig megi efla þær til að stuðla að endurnýjun á vinnumarkaði og eflingu nýrra atvinnugreina.

Hugað verði jafnframt að menntunarleiðum á þessum sviðum, þ.e. menntun til sjálfbærrar þróunar, bæði innan skólakerfisins og í fullorðinsfræðslu og símenntun. Leitað verði leiða til að efla listnám, skapandi hugsun, siðræna hugsun og umhverfis- og lýðræðisvitund nemenda strax á unga aldri.

Stefnumótun og löggjöf annarra þjóða.

Nefndin skal safna upplýsingum um lagasetningu og stefnumótun stjórnvalda á Norðurlöndum, í Evrópu og Bandaríkjunum hvað varðar eflingu græna hagkerfisins og taka mið af þeim gögnum í stefnumótun sinni.

Skipan og verksvið nefndar.

Nefndin skal skipuð níu fulltrúum þingflokka og skal hún kalla sérfræðinga til ráðuneytis eftir þörfum. Þingflokkar sem ekki eiga kjörinn fulltrúa í nefndinni hafa heimild til áheyrnaraðildar. Hugað verði að samþættingu við opinberar áætlanir stjórnvalda á sviði atvinnumála, einkum Velferð til framtíðar, Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, 20/20 Sóknaráætlun og Byggðaáætlun. Nefndin getur ráðið sér starfsmann og skal fjárheimilda aflað í fjáraukalögum ársins 2010.

910. Tillaga til þingsályktunar [521. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013 þannig að hún verði hluti af þeirri heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta sem nú er í vinnslu í víðtæku samráði hagsmunaaðila og byggist meðal annars á samþættingu ýmissa opinberra áætlana. Byggðaáætlunin grundvallast því að þessu sinni á aðgerðum sem tengjast nýsköpun og atvinnuþróun sem verða felldar að annarri stefnumótun, t.d. samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun, við gerð Sóknaráætlunar 2020. Byggðaáætlun tekur ekki á sérstöðu einstakra landshluta en það mun verða gert við frekari vinnslu þessara tillagna á vettvangi sóknaráætlunarinnar.

Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar eru að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Til þess að ná þessum markmiðum hafa verið skilgreind sjö lykilsvið og undir hverju þeirra eru tillögur um aðgerðir og eftirfylgni. Lykilsviðin eru eftirfarandi:

1. *Atvinnustefna.* Kjarni atvinnustefnunnar er bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknum og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.
2. *Samþætting áætlana og aukið samstarf.* Samþætting opinberra áætlana, m.a. á sviði byggðamála, menntamála, orkumála, samgangna, fjarskipta og menningarmála, er hugsuð í þeim tilgangi að bæta árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna.
3. *Efling stoðkerfis atvinnulífsins.* Tilgangurinn með þessu er m.a. að auka skilvirkni atvinnulífsins og gera það einfaldara. Það er meðal annars gert með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga sem byggjast á klasahugsun og á svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika og eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun.
4. *Nýsköpun og sprotafyrirtæki.* Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.
5. *Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.* Til viðbótar við innlenda nýsköpun og vöxt atvinnulífsins, sem kalla má „innri vöxt“, er mikilvægt að stuðla markvisst að erlendri nýfjárfestingu í atvinnulífinu. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna fjárfestingar mun taka til svæða sem skilgreind eru á byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA og mikilvægt að atvinnuþróunarfélög eigi samstarf við Fjárfestingarstofu um kynningu á helstu kostum og styrkleikum svæða.

6. *Efling ferðaþjónustu.* Eftir mikinn vöxt, vöruþróun og nýsköpun á síðustu árum er ferðaþjónustan orðin ein af meginstoðum íslensks efnahagslífs og skapar um fimmtung gjaldeyristekna þjóðarbúsins. Mikilvægt er að byggja nú á þeim styrkleikum sem til staðar eru og markaðssetja þá sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum um leið og gætt er að gæðum og frekari vöruþróun. Horfa þarf sérstaklega til sviða þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist, svo sem heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu.
7. *Félagsauður*. Félagsauður hvers svæðis er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Menntun, menning, félagsstarf, lýðræðisleg þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn eru allt atriði sem skipta máli. Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi, skv. 7. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í henni skal einnig gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 segir jafnframt að í byggðaáætlun skuli gerð grein fyrir framvindu gildandi byggðaáætlunar. Lögum samkvæmt vann iðnaðarráðherra að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og hafði við gerð hennar víðtækt samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og fleiri.

Haustið 2008 fól iðnaðarráðuneyti Byggðastofnun að vinna frumdrög að nýrri byggðaáætlun sem skyldi byggja á grunni gildandi áætlunar fyrir árin 2006–2009. Árið 2009 var þessi grunnur endurskoðaður með tilliti til samstarfsyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar og ákveðið að móta byggðaáætlunina þannig að hún yrði fyrst og fremst innlegg í Sóknaráætlun 2020 sem nú er unnið að.

Hér á eftir er fyrst farið stuttlega yfir meginmarkmiðin á hverju lykilsviði fyrir sig og svo fylgir listi yfir aðgerðir sem eru leiðir til að hrinda markmiðunum í framkvæmd.

I. Atvinnustefna.

Mikilvægur liður í Sóknaráætlun 20/20 verður greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina. Unnið verður í nánu samráði við helstu hagsmunaaðila. Við úrvinnslu og eftirfylgni verður byggt á klasahugmyndafræði um samstarf í samkeppni. Auk niðurstöðu samkeppnisgreininga sóknaráætlunar er lagt til að þegar verði hugað að uppbyggingu klasa á sviðum þar sem sterkur vísir er þegar til staðar. Þá þarf að huga sérstaklega að samkeppnishæfni Íslands á sviði beinna erlendra fjárfestinga.

1. Samkeppnishæfni og klasar.

Markmið: Skilgreina styrkleika og samkeppnishæfni.

Meginhugmynd: Í samráði við helstu hagsmunaaðila verður unnin greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina,

með tilliti til nýsköpunar, rannsókna og þróunar og beinna fjárfestinga. Lögð verður áhersla á að byggja á þeim þáttum sem þegar eru til staðar. Sérstaklega verður litið til sóknarfæra sem stuðla að klasasamstarfi atvinnugreina innan landshluta. Stoðkerfi atvinnulífsins tekur svo mið af greiningunni á samkeppnishæfni við ákvarðanir um uppbyggingu og stuðning auk þess sem atvinnustefnan mun birtast í samþættingu opinberra áætlana.

Árangursmat: Innleiðing stefnumótunar hjá stoðkerfi atvinnulífs og í samþættingu opinberra áætlana. Stofnun klasasamstarfs og samvinnuverkefni innlendra og erlendra aðila um uppbyggingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur sóknaráætlunar á vegum forsætisráðuneytis.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Fjárfestingarstofa.

Tímaáætlun: 2010.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna.

Markmið: Að ljúka mótun heildstæðrar orkunýtingarstefnu.

Meginhugmynd: Lokið verði við mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins, með áherslu á græna atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta endurnýjanlega orku á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Fjallað verður sérstaklega um möguleika á nýtingu orkuauðlinda til atvinnu- og verðmætasköpunar á næstu missirum. Breyttar aðstæður, bæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ný eftirspurn frá umhverfisvænum iðnaði kalla á nýja nálgun við uppbyggingu og fjármögnun orkuöflunar svo við getum mætt eftirspurninni. Í tengslum við mótun atvinnustefnu verði lagðar áherslur um það til hvers kyns uppbyggingar nýta á orkuauðlindirnar og tækifærin svo kynnt markvisst fyrir mögulegum fjárfestum.

Unnið er að því að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma fái lögformlega stöðu og að á grundvelli hennar verði reglubundið lögð fram þingsályktunartillaga um orkunýtingu. Með rammaáætluninni er stefnt að langþráðri sátt um orkunýtingarkosti þannig að uppbygging sem tengist nýtingu sjálfbærra orkuauðlinda verði sem markvissust.

Árangursmat: Kynning stefnumótunar í tveimur áföngum og samráð við hagsmunaaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, umhverfisráðuneyti, orkufyrirtæki, stýrihópur um sóknaráætlun, sveitarfélög, Fjárfestingarstofa, Nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun: 2010.

3. Efling landshluta- og héraðakjarna.

Markmið: Að skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðakjarna.

Meginhugmynd: Þessi aðgerð mun taka mið af umfjöllun á vettvangi Sóknaráætlunar 2020, en hún byggist á því að skipting landsins í vinnusóknarsvæði verði greind í skilvirkar daglegar vinnu- og þjónustusóknir. Þá verði kannað hvort efla megi kjarna svæðanna, t.d. með því að stækka svæðin með samgöngubótum, svo sem vegstyttingum og almenningssamgöngum. Þannig mætti skapa fólki til sveita betri skilyrði til að sækja vinnu utan heimilis og nýta betur þjónustufjárfestingar ríkis og sveitarfélaga, sem tengist eflingu sveitarstjórnarstigsins. Niðurstöður greininga gætu leitt til áherslubreytinga í áætlunum ríkis og sveitarfélaga og orðið hluti af heildstæðri sóknaráætlun. Eitt af markmiðunum er að almenningur og fyrirtæki geti sótt sem mest af þjónustu í skilgreindar þjónustumiðstöðvar. Þannig næst bæði hagræðing og bætt þjónusta.

Atvinnuþróunarfélögin greini aðstæður hvert á sínu starfssvæði samkvæmt sameiginlegu verklagi og skilgreiningarkvörðum sem þau ákveða í samráði við Byggðastofnun og stýrihóp um sóknaráætlun sem samhæfir niðurstöður félaganna.

Árangursmat: Atvinnuþróunarfélögin munu skila til Byggðastofnunar niðurstöðum sem metnar verða með hliðsjón af markmiðum og kvörðum sem settir verða sameiginlega fyrir öll svæðin. Farið verður yfir verkið og það skilgreint á fundi í upphafi og niðurstöðum og árangri lýst á fundi í verklok.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti, sveitarfélög, stýrihópur um sóknaráætlun 2020.

Tímaáætlun: 2010–2011.

4. Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklasi.

Markmið: Stuðla að uppbyggingu iðngarða sem tengjast orkuvinnslu, svo sem efnaverkfræðiklasa sem tengist íslenskum jarðhitasvæðum og háskólum.

Meginhugmynd: Iðngarðar með áherslu á nýsköpun sem tengist jarðvarma gæti orðið lyftistöng fyrir íslenskt atvinnulíf. Í iðngörðunum yrði byggt á efnum frá orkuvinnslu, auk hita og raforku. Efnaverkfræðiklasi er álitlegur kostur fyrir iðngarð. Hann samanstæði af mörgum fyrirtækjum sem saman mynduðu heild þar sem hver framleiðslueining styddi aðra. Hráefni sem kæmi frá jarðvarmaverum skapaði grunn að slíkum klasa. Þar sem engin ein framleiðslueining klasans mundi framleiða öll efnasambönd gæti hver og einn sérhæft sig í framleiðslu tiltekinna efna sem svo mætti nýta sem undirstöður í flóknari efnasambönd hjá öðrum. Uppbygging getur farið fram í áföngum. Hver eining gæti þurft á bilinu 30 til 50 MW af raforku til starfseminnar.

Fjárfestingarstofa hefur þegar haft frumkvæði að mótun hugmyndar um „grænan iðngarð“ í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Kadeco þar sem áhersla er lögð á mögulega aðkomu erlendra aðila til að tryggja hraða uppbyggingu. Markmið þessa verkefnis er að ljúka kortlagningu allra kosta á þessu sviði samhliða því sem stutt er við þau verkefni sem þegar eru í undirbúningi. Nýsköpunarmiðstöð mun leiða könnun á mögulegri hráefnisvinnslu og staðsetningu slíkra iðngarða og efnaverkfræðiklasa auk þess að leita vísindalegs samstarfs. Fjárfestingarstofa mun leita erlendra fjárfesta og samstarfsaðila við uppbyggingu.

Árangursmat: Skýrsla NMÍ og Fjárfestingarstofu um framgang og ákvörðun um framkvæmdir við iðngarða og efnaverkfræðiklasa.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, orkufyrirtækin, Fjárfestingarstofa, háskólar og eftir atvikum fleiri.

Tímaáætlun: 2011–2013.

5. Efling líftækni

Markmið: Efling framsækinna nýsköpunarfyrirtækja í líftækni með klasasamstarfi.

Meginhugmynd: Líftækni gæti á næstu áratugum haft svipuð áhrif á nýsköpun og framvindu atvinnulífsins og upplýsingatæknin hefur haft síðustu áratugi. Líftækni liggur til grundvallar margvíslegum lausnum á sviði auðlindanýtingar, heilsugæslu og umhverfisverndar. Þróun líftækninnar byggir á þremur megin stoðum, þ.e. þekkingu á erfðum og flóknum lífsferlum í frumum, frumframleiðslu í lífheiminum og samþættingu líftækninnar þvert á hefðbundna atvinnuvegaskiptingu. Líftæknin verður því best byggð upp með samræmdu átaki í samstarfi allra greina og innan hennar munu skapast mörg tækifæri til uppbyggingar nýrra fyrirtækja. Hér á landi er orðinn til vísir að líftækniklasa og mögulegt að efla enn samstarfið. Komið verði á formlegu klasasamstarfi um rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði líftækni sem með samræmdum aðgerðum getur leitt til stofnunar og eflingar framsækinna líftæknifyrirtækja.

Árangursmat: 1) myndun klasasamstarfs, 2) árangursmarkmið samstarfsaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Sjávaraútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Matís, háskólar og Samtök líftæknifyrirtækja.

Tímaáætlun: 2010–2013.

6. Þróun vistvænna veiða á grunnslóð og nýting nýrra veiðistofna

Markmið: Efling sjálfbærrar nýtingar nytjastofna á strandsvæðum.

Meginhugmynd: Aukin áhersla verður lögð á rannsóknir á stöðu vistkerfa á grunnslóðinni kringum landið, landnámi nýrra nytjategunda og þekktra tegunda þar sem útbreiðsla er að breytast. Meginviðfangsefni rannsóknanna verður að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun með bættri nýtingu sjávarfangs og þróun vistvænna aðferða við öflun þess. Rannsóknasetur á landsbyggðinni munu hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd verkefnisins.

Nýjar nytjategundir eru að nema hér land og útbreiðsla margra þekktra tegunda við Ísland að breytast. Þróa þarf veiðar og nýtingu nýrra tegunda og bregðast við tilkomu nýrra nytjastofna á svæðum þar sem þeir hafa ekki áður verið til staðar. Miklir möguleikar eru á að efla nýtingu margvíslegs sjávarfangs á grunnslóð. Á það við ýmsar fisktegundir, en einnig fleiri sjávardýr, þörunga og þang, ásamt þróun líftæknilegra aðferða við vinnslu og nýtingu.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknastofnunin, rannsóknasetur, aðrar rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

7. Fiskeldi.

Markmið: Fiskeldisafurðir verði samkeppnishæfar á alþjóðlegum mörkuðum.

Meginhugmynd: Á Íslandi er stundað eldi á bleikju, laxi, þorski, lúðu, sandhverfu, regnbogasilungi og urriða auk tilraunaeldis á fleiri tegundum. Einnig eru víða gerðar tilraunir með kræklingarækt. Stórefla þarf rannsóknir og þróun á fiskeldi og framleiðslu valinna tegunda þannig að gott vald náist á öllum þáttum eldis þeirra. Þannig verði markvisst unnið að því að fiskeldi stóraukist og framleiðsla valinna tegunda verði samkeppnisfær á alþjóðlegum mörkuðum.

Þorskeldi byggist nú aðallega á föngun og eldi á villtum þorski og er reiknað með um 2.000 tonna framleiðslu í ár. Forsenda verulegrar aukningar er að áfram verði unnið að kynbótum og framleiðslu seiða úr kynbættum efnivið. Framleiðsla bleikju er nú undir getu en forsenda aukningar er átak í markaðsöflun. Kræklingarækt hefur verið í þróun í allnokkur ár en framleiðslan verið lítil hingað til. Á næstu árum kemur í ljós hvort tekst að gera kræklingarækt arðbæra. Landssamband fiskeldisstöðva hefur látið vinna skýrslu um stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun og er í skýrslunni gerð grein fyrir helstu áherslum í rannsóknar- og þróunarstarfi í fiskeldi á næstu árum.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Fiskeldisnefnd, fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012–2013.

II. Samþætting áætlana og aukið samstarf.

Stjórnvöld vinna reglubundnar áætlanir á ýmsum sviðum. Til að áætlanagerðin verði markviss hluti af heildstæðri stefnu um bætta samkeppnishæfni er unnið að því á vegum stýrihóps um sóknaráætlun að samþætta áætlanirnar. Flestar miða áætlanirnar að eflingu innviða.

8. Samþætting opinberra áætlana.

Markmið: Auka skilvirkni við eftirfylgni stefnumótunar með samþættingu opinberra áætlana á ýmsum sviðum.

Meginhugmynd: Stjórnvöld leggja fram margvíslegar áætlanir á borð við byggðaáætlun, samgönguáætlun, áætlun í menntamálum, umhverfisverndaráætlun, fjarskiptaáætlun og áætlanir í orkumálum. Þá er nú unnið að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Með því að samþætta þessar áætlanir í gegnum vinnu við sóknaráætlun fyrir alla landshluta í samráði við hagsmunaaðila má ná betri árangri við eftirfylgni og framkvæmd stefnumála. Áhersla verði lögð á markvissa samþættingu opinberra áætlana við fyrirhugaðar breytingar í stjórnsýslunni. Þessi aðgerð tengist einu helsta verkefni Sóknaráætlunar 2020 og mun að líkindum verða fellt inn í þá vinnu.

Árangursmat: Samstarfshópur ráðuneyta skili tillögum einu sinni á ári til viðkomandi ráðuneytis um samþættingu og breytingar. Árangur mælist af virkni ráðuneyta og stofnana á þessu sviði.

Ábyrgð á framkvæmd: Forsætisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, önnur ráðuneyti og undirstofnanir þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2011.

9. Fjölþjóðlegt samstarf.

Markmið: Að stuðla að gagnvirku flæði upplýsinga og þekkingar og styðja fjölþjóðleg þekkingarnet á sviði byggðamála.

Meginhugmynd: Á grundvelli góðrar reynslu verði Ísland áfram virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON.
Samstarfsvettvangur Norðurlanda á sviði byggðamála er norræna embættismannanefndin um byggðamál (NR-K). Samstarfið felst í því að miðla reynslu, þekkingu, umræðum og kynnum í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. NR-K

hefur veitt fjárstyrki til samstarfs grannsvæða yfir landamæri, langmest til samstarfsins á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Byggðastofnun er tengiliður Íslands við NORA. Mörg góð verkefni hafa verið styrkt með fjármunum frá NORA og Íslendingar hafa verið mjög virkir þátttakendur í verkefnum sem styrkt hafa verið.

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar NPP 2007–2013 er að efla atvinnu-, efnahags- og félagslega samvinnu svæða og landa á norðurslóðum með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Norðurslóðaáætlun er ein af fimm svæðaáætlunum Evrópusambandsins sem tilheyra Interreg IV. Norðurslóðaáætlun hefur fengið víðtæka verkefnaþátttöku og stofnanir, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög verið virkir þátttakendur í mörgum verkefnum sem þótt hafa skilað góðum árangri. Norðurslóðaáætlun nær landfræðilega yfir mjög víðfeðmt svæði en þátttökulönd eru Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Byggðastofnun er landstengiliður NPP á Íslandi.

Fjölþjóðlegar og þverfaglegar byggðarannsóknir í ESB hófust með ESPON-áætluninni 2002. Sú áætlun er Interreg C-áætlun. Miðpunktur ESPON-starfsins er lítil stofnun í Lúxemborg en á vegum áætlunarinnar áttu á annað hundrað evrópskir háskólar og rannsóknastofnanir í rannsóknastarfi á síðasta starfstímabili hennar frá 2002–2006. Öll aðildarlönd ESB, umsóknarlöndin og Noregur, Sviss og Liechtenstein eru aðilar að ESPON og með tímabilinu 2007–2013 er Ísland líka þátttakandi. Byggðastofnun hefur starfrækt samband við ESPON og mun áfram rækja stjórnunarlegt hlutverk. Auglýst var eftir stofnun til að starfrækja faglegt net ESPON á Íslandi og hefur Byggðastofnun valið Háskólann á Akureyri til þess.

Árangursmat: Hver áætlun skilar ársskýrslu til iðnaðarráðuneytis og lýsir starfinu og árangri af því.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Háskólar, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins.

Tímaáætlun: 2010–2013.

10. Tölfræðileg gögn um byggðaþróun

Markmið: Fá haldgóðar upplýsingar um stöðu og þróun atvinnu- og mannlífs.
Meginhugmynd: Upplýsingar um þróun atvinnulífs og ýmissa samfélagslegra þátta eru forsendur markvissrar stefnumótunar um byggðaþróun. Unnið hefur verið að styrkingu upplýsingasöfnunar t.d. með alþjóðlegu samstarfi sem þarf að efla með víðtæku innlendu samráði. Stofna þarf starfshóp til að móta sameiginlegar tillögur hagsmunaaðila um söfnun, úrvinnslu og birtingu byggðatengdra upplýsinga er byggist m.a. á þeirri forvinnu sem þegar hefur farið fram hjá Byggðastofnun. Á árinu 2007 var á vegum Byggðastofnunar unnin greining á því hvaða upplýsingar væru til staðar og á hvaða formi, jafnframt því að skoðað var hvernig nágrannaþjóðir okkar safna og birta byggðatengdar upplýsingar. Víðast er lögð áhersla á upplýsingaöflun um frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og nýja tækni, menntun og starfshæfni, ferðamennsku og ástand jaðarsvæða. Jafnframt var unnið að mati

á því hvaða upplýsingar teldust mikilvægar út frá byggðalegum forsendum og hvaða svæðagrundvöllur væri nauðsynlegur.

Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðaþróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stöðulýsingu og áætlanagerð á sviði byggðamála. Mikið er til af gögnum um byggðaþróun og er Hagstofa Íslands þar lykilaðili þar sem hún vinnur með og geymir mikið af byggðatengdum upplýsingum á aðgengilegu formi. Fjölmargir aðrir aðilar afla og varðveita upplýsingar en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðamálum sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, menntunarstig, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, bæði hvað varðar val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugrar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda.

Árangursmat: Starfshópurinn skili tillögum innan settra tímamarka.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Hagstofa Íslands, ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Bændasamtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

III. Efling stoðkerfis atvinnulífsins.

Stoðkerfi atvinnulífsins er margbrotið og er ýmist almennt eða tengt einstökum atvinnugreinum, fagsviðum eða svæðum. Mikilvægt er að gera ítarlega úttekt á stoðkerfinu í heild og leita leiða til að gera það skilvirkara og einfaldara fyrir atvinnulífið um leið. Þungamiðjan í stoðkerfinu í gegnum byggðaáætlun verður tvíþætt: Annars vegar í gegnum vaxtarsamninganna þar sem aðilar á hverjum stað skilgreina styrkleika og sóknarfæri á sviði klasasamstarfs. Hins vegar í gegnum uppbyggingu þekkingarsetra. Stofnun Íslandsstofu verður skref í efldum stuðningi við útflutning á öllum sviðum með samræmdri og skilvirkri markaðssetningu.

11. Skilvirkara stoðkerfi

Markmið: Bæta samhæfingu og skilvirkni í stoðkerfi atvinnulífsins.

Meginhugmynd: Myndaður verði starfshópur sem geri tillögur um bætt fyrirkomulag í stoðkerfi atvinnulífsins, aukna samhæfingu í störfum og aukið samstarf innan kerfisins. Starfshópurinn hugi m.a. að leiðum til að bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur.

Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana er mikilvægt. Í því felst að þríþætt stoðkerfi vinnur saman að framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.

Stöðugt þarf að leita leiða til að ná sem mestum árangri og nýta fjármagn og mannauð sem best. Hérlendis er stoðkerfi atvinnulífsins nokkuð fastbundið hefðbundnum atvinnugreinum, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu. Margar vaxtargreinar íslensks atvinnulífs falla illa að slíkri skiptingu og má þar nefna greinar eins og líftækni, ferðaþjónustu og fiskeldi. Víðast í nágrannalöndum okkar er í auknum mæli horfið frá aðgerðum sem beinast fyrst og fremst að einstökum atvinnugreinum en sjónum beint í ríkara mæli að tilteknum svæðum og þeim möguleikum sem felast í atvinnulífi, umhverfi og menningararfi þeirra. Starfshópurinn láti framkvæma ítarlega greiningu á stoðkerfinu, uppbyggingu þess, áherslum, svæðisbundnum sérkennum, virkni og fjármögnun og geri tillögur um úrbætur sem leiði til aukins árangurs og samlegðaráhrifa. Lögð er áhersla á að stoðkerfið verði einn af burðarásum samstarfs í þekkingarsetrum, sbr. 2. tillögu.

Árangursmat: Starfshópurinn leggi fram tillögur um breytingar á grundvelli greiningar á stöðu og í samráði við aðila stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Fjárfestingarstofa, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.

Tímaáætlun: 2010.

12. Þróun og styrking vaxtarsamninga.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsvísu.

Meginhugmynd: Vaxtarsamningar verða ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar og nú er komið að endurnýjun þeirra í nýrri mynd. Verkefni á sviði nýsköpunar og þróunar sem skilgreind eru í byggðaáætluninni verði samræmd og tengd saman í gegnum vaxtarsamninga. Tilgangur þess er að efla staðbundna klasa með þátttöku þeirra í stærri heild sem getur náð meiri árangri í samstarfi, t.d. alþjóðlegu samstarfi, en einir sér. Þetta eykur einnig áhrif heimamanna á stefnumótun og framkvæmd aðgerða byggðaáætlunarinnar. Til þess að greiða götu þessa þarf að ljúka þeirri vinnu við framtíðarstefnumótun fyrir vaxtarsamninga sem hafin er. Mikilvægt er að það klasasamstarf sem stofnað hefur verið til verði sem mest sjálfbært svo svigrúm sé til þess að halda áfram að styðja og þróa nýja klasa auk þess að leggja aukna áherslu á rannsóknir og nýsköpun, m.a. í gegnum þekkingarsetrin.

Lögð hefur verið mikil áhersla á vaxtarsaminga sem aðferð til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gerðir hafa verið slíkir samningar við sjö atvinnuþróunarfélög á grundvelli byggðaáætlunar 2006–2009. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og á vegum þeirra hefur verið unnið að ýmsum nýjum og árangursríkum verkefnum. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Við gerð nýrra vaxtarsamninga er mikilvægt að byggt sé á því sem vel hefur tekist við framkvæmd fyrri samninga, með áherslu á skilvirka stjórnun og árangursmat.

Árangursmat: Mikilvægt er að viðmið árangurs verkefna samningsins séu skilgreind strax í upphafi og þau endurskoðuð reglulega með hliðsjón af framvindu hvers samnings. Árangur af starfi vaxtarsamninga verði metinn með reglubundnum hætti á grundvelli þeirra markmiða og áherslna sem lýst er í byggðaáætlun, einstökum samningum og verkefnum. Við mat á árangri einstakra vaxtarsamninga verði unnið með samræmda grunnmælikvarða allra vaxtarsamninga þannig að fram komi mat á heildarárangri af starfi þeirra. Almennir mælikvarðar verða því settir öllum vaxtarsamningum. Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð eru ábyrgðaraðilar á framkvæmd árangursmats samninganna í nánu samstarfi við stjórnir samninganna.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun.

Tímaáætlun: 2010–2013.

13. Efling þekkingarsetra.

Markmið: Auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra.

Meginhugmynd: Þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra og efnahagslegra framfara. Tilgangur samstarfsins er m.a. að örva nýsköpun í fyrirtækjum og efla samkeppnishæfni svæða og er því lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir þar sem tekið er mið af svæðisbundnum þörfum atvinnulífs, styrkleikum og tækifærum.

Við uppbyggingu þekkingarsetra verði lögð áhersla á samstarf og virkar þekkingarlínur á milli þekkingarsetra hérlendis og erlendra þekkingarsetra sem starfa á áþekkum kjarnasviðum með það að markmiði að styðja enn frekar við nýsköpun og þróun. Þannig verði þekkingarsetur á landinu hluti af alþjóðlegu netsamstarfi sem lagt getur grunn að uppbyggingu samkeppnishæfra atvinnusvæða á alþjóðavísu.

Með auknum rannsóknum, svo og nýsköpunar- og fræðistörfum innan þekkingarsetra, má auka möguleika þeirra til að afla fjármagns til verkefna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Vaxtarsamningar verði leiðandi í þróun klasasamstarfs fyrirtækja og opinberra aðila um rannsóknir og þróun í tengslum við þekkingarsetrin.

Árangursmat: Aðilar þekkingarsetra gera með sér samstarfssamning með skilgreindum markmiðum og áherslum. Árangur verður metinn með hliðsjón af markmiðum þekkingarsetranna um samstarf innan stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þessara ráðuneyta auk atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og samtaka þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Annað: Mikilvægt er að allir samningar ríkisins er fjalla um menntun, menningu, ferðamál, rannsóknir og þróun tengist með beinum hætti starfi þekkingarsetra.

IV. Nýsköpun og sprotafyrirtæki

Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki er mjög mikilvægur til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og fjölga atvinnutækifærum. Slík fyrirtæki renna þannig sterkari stoðum undir þau byggðarlög sem þau starfa í og bæta búsetuskilyrði. Í þessari byggðaáætlun er stuðningurinn þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins svo sem starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum, að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera, efla nýsköpun í ferðaþjónustu og svo framvegis.

14. Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar.

Markmið: Auðvelda nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknir og þróun.

Meginhugmynd: Alþingi hefur til meðferðar frumvörp til laga um endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar og ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Hagsmunaaðilar hafa kallað eftir slíku skrefi árum saman enda mikilvægt að stuðningur við nýsköpunarstarf í atvinnulífinu felist ekki aðeins í opinberu stoðkerfi eða beinum styrkjum heldur í umhverfi sem gerir þeim kleift að nýta eigin styrk og stuðning frá einkaaðilum sem hafa trú á framtíð þeirra. Með þessum lögum er fyrirtækjum bæði gert auðveldara að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknar- og þróunarstarf.

Um leið og lögin taka gildi er mikilvægt að kynna þau, byggja upp skilvirkt afgreiðsluferli og hraða afgreiðslu umsókna. Kynningin verði í samvinnu við atvinnuþróunarfélög um allt land.

Árangursmat: Gildistaka laga og reglubundin úttekt á tölum um nýtingu úrræða.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti, Rannís.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, ríkisskattstjóri og atvinnuþróunarfélög.

Tímarammi: 2010.

15. Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Meginhugmynd: Starfsstöð Impru á Akureyri var sett á fót í desember 2002 á grundvelli markmiða byggðaáætlunar 2002–2005. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í nýsköpunar- og þróunarstarfi á landsbyggðinni, m.a. með rekstri fjölmargra sérhæfðra verkefna sem sniðin hafa verið að þörfum tiltekinna markhópa og með tæknilegri ráðgjöf um vöruþróun og markaðssetningu.

Árangursmat: Á tveggja ára fresti verði gerð úttekt á árangri af starfsemi Impru á Akureyri.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tímaáætlun: 2010–2013.

16. Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema.

Markmið: Efla áhuga framhaldsskólanema á iðngreinum og nýsköpun með betri nýtingu verknámsaðstöðu um land allt.

Meginhugmynd: Stofna sjóð í samstarfi við hagsmunaaðila í atvinnulífinu sem auglýsir eftir hugmyndum að nýsköpun sem hægt er að þróa í verknámssaðstöðu framhaldsskólanna á sumrin. Góðar hugmyndir eru styrktar þannig að nemendur geti unnið í sumarleyfum að útfærslu og framleiðslu undir handleiðslu verknámskennara og nýtt þannig aðstöðu og tækjabúnað auk þess sem dregið er úr atvinnuleysi skólafólks. Þarna kynnast nemendur ekki aðeins verknámi heldur einnig nýsköpunarvinnu.

Árangursmat: Fjöldi umsókna og þátttakenda. Gæði verkefna.
Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneyti og framhaldsskólar, Nýsköpunarmiðstöð, Samtök iðnaðarins, fræðslumiðstöðvar, Samtök framhaldsskólanema.

Tímaáætlun: 2010–2013.

17. Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum.

Markmið: Auka hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum og spara þannig gjaldeyri, draga úr koltvísýringsútblæstri og hvetja til nýsköpunar og þróunar.

Meginhugmynd: Setja fram heildstæða áætlun um að auka hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum með sameiginlegu átaki fjölmargra hagsmunaaðila, skattalegum

ívilnunum, uppbyggingu fjölorkustöðva og hvatningu til nýsköpunar og þróunar. Í stað þess að velja orkugjafa er ætlunin að skapa almennar forsendur fyrir orkuskiptum, enda munu tækniframfarir og viðtökur markaðarins ráða mestu um það hvaða lausnir ná útbreiðslu. Iðnaðarráðuneytið hefur unnið að orkustefnu í samgöngum í samvinnu við Vistorku. Stefnt er að því að íslenskt efnahagslíf og samfélag geti starfað að mestu án innflutts jarðefnaeldsneytis árið 2050 en markaðir verði skilgreindir áfangar á þeirri leið. Þegar áætlunin um orkuskipti í samgöngum og merki hennar verður kynnt gefst öllum hagsmunaaðilum sem vilja vinna undir merki hennar kostur á að tengja sig verkefninu uppfylli þeir kröfur um visthæfni og nýsköpun. Víða um land er unnið rannsóknar- og þróunarstarf á sviði visthæfra innlendra orkugjafa sem tengja má betur saman. Mikilvægur þáttur í áætluninni er uppbygging fjölorkustöðva svo hægt sé að ferðast um landið á innlendum orkugjöfum.

Árangursmat: Innleiðing ívilnana, mælanlegir áfangar í notkun innlends visthæfs eldsneytis.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisráðuneyti, Vistorka, fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, háskólar, innflytjendur eldsneytis, hagsmunaaðilar í bílgreinum, sjávarútvegi og landbúnaði.

Tímaáætlun: 2010.

18. Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarmaverum.

Markmið: Koma á alþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun leiða til að breyta koltvísýringi frá stóriðju og jarðvarmaverum í hráefni.

Meginhugsun: Ljóst er að uppbyggingu margvíslegs iðnaðar á næstu árum mun fylgja losun gróðurhúsalofttegunda á borð við koltvísýring. Takist að þróa hagkvæmar leiðir til að nýta koltvísýringinn fremur sem hráefni í eldsneyti eða önnur efni er það því ekki aðeins mikilvægt skref í umhverfismálum heldur einnig verðmætasköpun. Einn aðili er þegar að hefja framleiðslu á eldsneyti úr náttúrulegum koltvísýringi frá jarðvarma auk þess sem slík nýting verður eðlilegur hluti iðngarða í tengslum við orkuver og efnaverkfræðiklasa. Ísland getur boðið upp á kjörskilyrði til að leiða fjölþjóðlegt þróunarverkefni á þessu sviði og mun Nýsköpunarmiðstöð hafa frumkvæði að því að koma því af stað.

Árangursmat: Fjöldi samstarfsaðila sem skrá sig til þátttöku og umfang verkefnis.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, innlendir og erlendir háskólar, orkufyrirtækin, stóriðjufyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

19. Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar.

Markmið: Minnka kostnað á rafhitunarsvæðum með innleiðingu nýrra lausna við húshitun.

Meginhugmynd: Skoðaðar verði aðrar leiðir en bein rafkynding á svæðum sem nýta raforku til húshitunar. Hvatt verður til uppsetningar varmadælna þar sem það þykir hagkvæmt. Einnig verði könnuð hagkvæmni viðarkyndingar, sem nýta mundi grisjunarvið úr skógum landsins.

Á undanförnum árum hefur hið opinbera varið allt að 930 millj. kr. árlega til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði auk um 250 millj. kr. í jarðhitaleit. Með þessum hætti hefur verið leitast við að jafna orkukostnað á milli þeirra svæða sem búa við hitaveitu og þeirra sem eru á svokölluðum köldum svæðum og nýta raforku og olíu til húshitunar, sem að öllu jöfnu er mun dýrara en hitaveitur. Lögð hefur verið áhersla á að draga úr notkun raforku til húshitunar og því hafa verið byggðar margar hitaveitur víða um land allt undanfarin ár og hafa þær verið styrktar af hinu opinbera til að standa undir hluta þess kostnaðar sem hlýst af lagningu veitnanna. Nú er talið að hitaveituvæðing á Íslandi hafi nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Því þarf að leggja áherslu á aðrar lausnir til umhverfisvænnar orkuöflunar sem mætti styrkja með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu.

Árangursmat: Lagt verður mat á þann sparnað sem hlýst af því að notendur rafhitunar breyti yfir í aðra orkugjafa svo sem varmadælur eða viðarkyndingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Orkustofnun/Orkusetur.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

V. Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.

Bein erlend fjárfesting felur ekki aðeins í sér fjölgun starfa, aukin verðmæti inn í hagkerfið og mikilvæga traustsyfirlýsingu á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf heldur er hún í flestum tilfellum hvati til nýsköpunar og þróunar. Með fjárfestingum eru erlendir aðilar að leggja fjármagn í framkvæmdir og deila áhættunni með innlendum aðilum í stað þess að bjóða aðeins lánsfé gegn vöxtum. Núverandi staða Íslands á alþjóðavettvangi og samkeppni um erlendar fjárfestingar gerir okkur nauðsynlegt að bæta samkeppnisstöðuna með ívilnunum til handa erlendum fjárfestum enda skila þær sér til baka í formi verðmætasköpunar og tekjuauka. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga í stað stakra fjárfestingarsamninga er mikilvægt skref sem stíga þarf auk þess sem efla verður kynningarstarf atvinnuþróunarfélaga á tækifærum, kostum og styrkleikum allra landshluta í gegnum samstarf við Fjárfestingarstofu.

20. Rammalöggjöf um ívilnanir.

Markmið: Gera ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga gegnsærri og bæta samkeppnisstöðu Íslands sem fjárfestingarkosts.

Meginhugmynd: Með rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga verður ferlið gagnvart erlendum fjárfestum mun einfaldara og gegnsærra auk þess hægt verður að kynna markvisst þær ívilnanir sem í boði eru og tengja styrkleikum og tækifærum Íslands og einstakra landshluta. Núverandi ferli, sem felur í sér sérsniðna fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna, byggða á heimildarlögum frá Alþingi og með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, er tímafrekt og ógegnsætt.

Heimild til að veita ívilnanir er byggð á byggðakorti ESA af Íslandi og nú miðast það við landsbyggðarkjördæmin þrjú.

Iðnaðarráðuneytið mun leggja fram frumvarp að rammalöggjöf um ívilnanir.

Árangursmat: Gildistaka rammalöggjafar, nýfjárfestingar á grundvelli rammalöggjafar.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Alþingi, ESA.

Tímaáætlun: 2010–2013.

21. Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar.

Markmið: Styrkleikar og tækifæri Íslands og einstakra landshluta verði kynnt erlendum fjárfestum með markvissum og samræmdum hætti til að efla atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun.

Meginhugmynd: Fjárfestingarstofa annist samræmda kynningu á Íslandi og einstökum landshlutum sem fjárfestingarkosti fyrir erlenda fjárfesta auk þess að samræma upplýsingaöflun og greiningarvinnu. Atvinnuþróunarfélög, í samvinnu við sveitarfélög og landshlutasamtök, verði bakhjarlar og samstarfsaðilar Fjárfestingarstofu í þessu mikilvæga verkefni og leggi áherslu á að láta vinna greiningar og upplýsingaefni um styrkleika og tækifæri einstakra svæða, landshluta eða atvinnugreina með samræmdum hætti.

Sérstök kynningarverkefni um einstök svæði, verkefni eða greinar verði unnin í samráði við Fjárfestingarstofu og framkvæmd samkvæmt umsaminni verkefnaáætlun. Mikilvægt er að fyrir liggi skilgreindar boðleiðir, upplýsingamiðlun og verkaskipting þegar erlendir fjárfestar leita eftir upplýsingum um fjárfestingartækifæri eða staðsetningu fyrir nýfjárfestingu. Í undirbúningi að stofnun Íslandsstofu hefur komið skýrt fram að kynning á Íslandi sem fjárfestingarkosti er eitt af lykilhlutverkum stofunnar. Það starf verður undirbúið af kostgæfni.

Árangursmat: Fjöldi skilgreindra samstarfsverkefna á sviði kynningar, fjöldi nýfjárfestingarverkefna.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjárfestingarstofa og atvinnuþróunarfélögin.

Aðrir þátttakendur: Íslandsstofa, iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2010–2013.

VI. Efling ferðaþjónustu.

Innviðir ferðaþjónustunnar hafa byggst hratt upp á undanförnum árum og greinin er nú ein af aðalútflutningsgreinum Íslendinga. Ferðaþjónustan er einnig sú atvinnugrein sem hraðast getur aukið gjaldeyristekjur og fjölgað störfum án umfangsmikilla fjárfestinga. Áherslan er því lögð á frekari vöruþróun og nýsköpun á grunni vandaðrar úttektar á auðlindum greinarinnar og stefnumótun og sýn m.a. unnin á forsendum heimamanna. Þessi vöruþróun miðar að því að skapa fleiri tækifæri til upplifunar, dreifa ferðamannastraumnum, bæði um landið og yfir árið og auka þau verðmæti sem greinin skapar um leið og sjálfbærni er lykilhugtak. Horfa þarf sérstaklega til sviða sem eiga það sameiginlegt að byggja á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar, eru óháðir árstíðum og skapa mikil verðmæti.

22. Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu tengd heilsu, lífstíl, ráðstefnum og menningu.

Markmið: Kortleggja innviði og vöruframboð, skilgreina sóknarfærin, efla nýsköpun og miðla samræmdum skilaboðum um kosti Íslands á viðkomandi sviðum.

Meginhugmynd: Á undanförnum árum hefur mikið starf verið unnið í þróun ýmiss konar afþreyingar fyrir ferðamenn. Nýjar áherslur hafa m.a. tengst sjálfbærri þróun, heilsueflingu og útivist og menningartengdri ferðaþjónustu. Mikilvægt er að hlúð verði að sjálfbærri nýsköpun innan ferðaþjónustunnar til að auka framlegð og styrkja samkeppnisstöðu hennar gagnvart ferðaþjónustu annarra landa.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að samantekt um möguleika heilsu- og lífstílsstengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Næstu skref eru að taka á þeim veikleikum eða vöntun á vöruframboði sem greiningin leiðir í ljós og móta svo áætlun um kynningu á Íslandi sem valkosti. Skilgreina þarf markmið og stefnu í uppbyggingu heilsuferðaþjónustu og síðan byggja upp þekkingargrunn er nýtist þeim sem vilja hasla sér völl innan þessarar greinar ferðaþjónustunnar og nýtist opinberum aðilum í stuðningsverkefnum, m.a. við mótun sameiginlegs vörumerkis fyrir Ísland sem heilsulind. Þá þarf einnig að skoða þann möguleika sem stærri verkefni á þessu sviði skapa til að fá hingað erlenda og innlenda nýfjárfestingu í ferðaþjónustu. Samkeppnisgreining gæti aukið áhuga erlendra fjárfesta ekki síður en ferðamanna.

Fundir, ráðstefnur, menningarviðburðir og hvataferðir fyrirtækja eru mikilvæg uppspretta tekna utan háannar í ferðaþjónustu. Tenging við náttúrutengda afþreyingu eða útivist skapar sóknarfæri fyrir marga landshluta. Þá rís nú ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík og menningarhús víða um land sem opnar íslenskri ferðaþjónustu nýja möguleika. Þeir verða aðeins nýttir með kynningu á Íslandi sem stað fyrir stærri fundi, ráðstefnur og menningarviðburði.

Vinna þarf áfram með greiningu á því hvernig nýta megi betur náttúru landsins, sögu þjóðarinnar og menningu í allri sinni fjölbreytni, hvort sem um er að ræða samtímasögu og menningu nútíðar eða sagnaarfinn.

Árangursmat: Fjöldi afþreyingarmöguleika er stendur ferðamönnum til boða samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu, þjónustukaup erlendra og innlendra ferðamanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisstofnun, heilbrigðisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, SAF og hagsmunaaðilar innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

23. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu

Markmið: Efla hagnýtar rannsóknir og þróun í ferðaþjónustu og koma á varanlegu og markvissu samstarfi fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana.

Meginhugmynd: Unnið verði á grunni markvissrar langtímaáætlunar þar sem hagnýt rannsóknar- og fræðsluverkefni eru skilgreind í samvinnu við hagsmunaaðila. Þróað verður hagnýtt fræðsluefni og verkefni sem nýtist fólki sem starfar í ferðaþjónustu. Hagnýtar rannsóknir og kannanir verði auknar til stuðnings við markvissa vöruþróun, atvinnuuppbyggingu og markaðssetningu. Haldið verði áfram að efla gerð hliðarreiknings við þjóðhagsreikning (*Tourism Satellite Account*) um ferðaþjónustu en fyrstu tölur byggðar á þeirri aðferðafræði voru birtar síðari hluta árs 2008. Hagstofa Íslands hefur stýrt þessu verkefni í samstarfi við iðnaðarráðuneytið.

Árangursmat: Byggt verði á endurmati frá ferðaþjónustuaðilum.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa, (Hagstofan og Rannsóknamiðstöð ferðamála).

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun, sveitarstjórnir, háskólar, ýmis hagsmunasamtök, fræðslusamtök atvinnulífsins og fagfélög innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

24. Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu.

Markmið: Safna saman fyrirliggjandi rannsóknum og gögnum og meta frekari rannsóknaþörf svo ljúka megi gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendi Íslands.

Meginhugmynd: Fjölmargir aðilar hafa safnað gögnum og sinnt rannsóknum á áhrifum ferðaþjónustu á hálendið og fjölfarna ferðamannastaði. Þörfin fyrir heildstæða áætlun um landnýtingu ferðaþjónustunnar á hálendinu vex með fjölda ferðamanna sem þangað sækja.

Til að undirbúa gerð slíkrar landnýtingaráætlunar þarf að kortleggja fyrirliggjandi rannsóknir á áhrifum og gögn um ferðahegðun og gera áætlun um frekari rannsóknir eftir því sem þörf krefur. Í því skyni mun Ferðamálastofa kalla til samráðshóp aðila sem lýkur þeirri vinnu og gerir tillögur um næstu skref og tímasetta áætlun um gerð landnýtingaráætlunar fyrir hálendið.

Árangursmat: Áfangaskýrsla og áætlun um rannsóknir og vinnslu landnýtingaráætlunar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar, rannsóknaraðilar á sviði ferðaþjónustu, SAF, ferðamálasamtök, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, nefnd um skipulag miðhálendisins.

Tímaáætlun: 2011–2012.

25. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Markmið: Koma á samræmdu gæða- og umhverfiskerfi fyrir smá sem stór fyrirtæki.

Meginhugmynd: Í byggðaáætlun 2006–2009 hófst vinna við að koma á gæða- og umhverfisvottunarkerfi sem nýtist íslenskri ferðaþjónustu í heild. Í þessu samhengi hefur einkum verið horft til þeirrar aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir í nágrannalöndum okkar, svo og í Nýja-Sjálandi. Mikilvægt er að stefna áfram að því markmiði að samræma gæðakröfur innan ferðaþjónustunnar. Jafnframt er mikilvægt að veita fyrirtækjum faglegan stuðning og ráðgjöf til þess að taka þátt í þeirri vinnu.

Samhliða aukinni vetrarferðamennsku þarf að huga sérstaklega að vottunarmálum fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á útivist og ferðalög. Vetrarferðir, og raunar einnig hálendis- eða jöklaferðir að sumarlagi, gera ríkar kröfur um undirbúning, aðgát og viðbrögð.

Árangursmat: Fjöldi fyrirtækja sem starfa á grunni þess kerfis sem þróað verður.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, iðnaðarráðuneyti, SAF, fræðslusamtök atvinnulífsins, ferðamálasamtök og landshlutamiðstöðvar.

Tímaáætlun: 2010–2011.

26. Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða.

Markmið: Auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra ferðamannastaða sem þegar eru til staðar.

Meginhugmynd: Unnin verði greining á hverju landsvæði þar sem horft verður til raunverulegra framkvæmdaverkefna til að byggja upp meginferðamannastaði. Tillögunum

verði í framhaldi raðað í forgangsröð og markvisst unnið að uppbyggingu samkvæmt þeirri áætlun. Ferðamálastofa sem og aðrir er koma að úthlutun styrkfjár styðjist við þessa greiningu þegar kemur að nýtingu fjármagns.

Árangursmat: Dreifing ferðamanna sé vöktuð á landsvæðunum. Framkvæmdir metnar á grunni áætlunar með reglubundnum hætti.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Byggðastofnun, þjóðgarðar, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, sveitarfélög o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

27. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum.

Markmið: Skoða sérstaklega hvernig stuðla megi að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi.

Meginhugmynd: Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á nýtingu hefðbundins staðbundins hráefnis og landbúnaðarafurða í margvíslegum matarverkefnum. Mikilvægt er að greina hvernig til hefur tekist og hvað þarf til að efla þessa starfsemi en bændamarkaðir eða sala afurða beint frá býli geta verið vaxandi tekjulind auk þess sem svæðisbundnar afurðir í matargerð geta verið mikilvægur þáttur í upplifun ferðamanna. Þá þarf að leysa kvótamál tengd vaxandi sjóstangveiði ferðamanna.

Árangursmat: Einföldun reglna og hindrunarlaus vöxtur greinarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og stofnanir þess.

Tímaáætlun: 2011–2012.

VII. Félagsauður.

Félagsauður hvers samfélags er innri styrkur þess til verkefna hvort sem er á sviði nýsköpunar, atvinnuuppbyggingar eða bættrar þjónustu og innviða. Félagsauðurinn hefur því afgerandi áhrif á búsetuskilyrði. Hann má til dæmis efla með menntun, menningarstarfi eða hvatningu til lýðræðislegrar þátttöku í ákvörðunum. Jöfn staða og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði, tækifæri til að afla sér menntunar við hæfi, sækja þjónustu og afþreyingu og margt fleira hefur áhrif á búsetuval. Skapandi greinar efla skapandi atvinnulíf. Því er mikilvægt að taka félagsauðinn ætíð með í reikninginn í allri áætlanagerð.

28. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.

Markmið: Að lýsa orsökum búferlaflutninga.

Meginhugmynd: Lagt er til að gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna. Í framhaldi af því verði gerð áætlun um úrbætur, sé tilefni til.

Árið 1997 kom út skýrslan „Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga“. Skýrsla þessi vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma.

Margt hefur breyst í íslensku samfélagi frá útkomu skýrslunnar og upplýsingar í skýrslunni voru ekki kyngreindar. Í ljósi þess að mikill kynjahalli er orðinn á landsbyggðinni, þar sem konur eru víða mun færri en karlar, karlar leita sér mun síður menntunar en konur og ekki síst vegna upplýsinga nýrra rannsókna sem sýna aukinn launamun karla og kvenna á landsbyggðinni er ástæða til að ráðast í þessa rannsókn. Skoða þarf þær samfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað tengt atvinnulífi.

Árangursmat: Skýrslan verður kynnt og hún birt í heild sinni þegar rannsókninni og úrvinnslu er lokið.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012.

29. Bætt aðgengi að menntun.

Markmið: Að bæta framboð og aðgengi að menntun á öllum skólastigum.

Meginhugmynd:

1. Að þekkingarsetrin verði miðstöðvar fjarnáms í sem flestum greinum sem kenndar eru á framhalds- og háskólastigi, einkum á þeim stöðum þar sem framhalds- og háskólar eru ekki staðsettir.
2. Að efla framboð á starfs- og iðnnámi og gera skólum kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda þar sem hver skóli byggi, eftir því sem hægt er, á sérkennum og styrkleikum hvers svæðis.
3. Að kortleggja í samvinnu við framhaldsskóla, fræðslusamtök á vinnumarkaði og Samtök iðnaðarins þau fyrirtæki í hverjum landshluta sem tekið geta nemendur á námssamning svo þeir geti lokið iðnnámi í sinni heimabyggð.

Árangursmat: Metið af menntamálaráðuneyti. Árangur verður metinn út frá fjölda nema í námi og útskrifuðum nemum í gegnum fjarnám í samanburði við fyrri ár.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Símenntunarstöðvar, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar og framhaldsskólar og samgönguráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

30. Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar.

Markmið: Að skilja orsakir kynbundins launamunar eftir svæðum svo gera megi markvissa aðgerðaáætlun.

Meginhugmynd: Rannsóknir benda til að kynbundinn launamunur sé mismunandi eftir svæðum. Frekari rannsóknir á þróun kynbundins launamunar og skýringum þess að hann er mismunandi eru mikilvægar forsendur markvissrar aðgerðaáætlunar um útrýmingu hans. Þá benda rannsóknir einnig til þess að munurinn á tekjum karla og kvenna sé mjög mismunandi eftir svæðum en sá munur getur einnig haft áhrif á þann kynjahalla sem víða gætir á landsbyggðinni og verður sífellt alvarlegra lýðfræðilegt vandamál þar sem fæðingartíðni lækkar og það fækkar í þeim aldurshópum sem samfélagið hvílir á.

Árangursmat: Kannanir á kynbundnum launamun og tekjum karla og kvenna.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Byggðastofnun, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2013.

31. Menning, skapandi greinar og listnám.

Markmið: Efla fjölbreytni og nýsköpun í lista- og menningarmálum og þróun skapandi greina.

Meginhugmynd: Fjölbreytt menningarlíf, listir og skapandi greinar hafa blómstrað víða um land. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa skilað miklu og mikilvægt er að áfram verði stutt við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og tengsl þess við atvinnulífið verði bætt. Til að ná enn meiri árangri þarf að efla menntun á þessum sviðum. Menningarsamningar gætu í samstarfi við vaxtarsamninga og aðra álíka samninga sem kostaðir eru af ríkinu komið á fót og stutt samstarfsverkefni með framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum og þannig unnið að framgangi þessara greina. Verkefnin gætu einnig tengst hugmyndum um þekkingarsetur á landsbyggðinni, sérstaklega ef þau ættu að tengjast starfsemi á háskólastigi. Þau ættu að byggjast á menningar- og náttúrusérkennum hvers svæðis, vera sem víðtækust á sviði rit-, nytja-, sviðs- og sjónlista og hafa tengsl við atvinnulíf, t.d. framleiðslufyrirtæki.

Árangursmat: Stjórnir vaxtar- og menningarsamninga munu meta árangur af því tveggja ára starfi sem tillagan er um. Eftirsóknarvert er að geta metið svæðisbundinn árangur af

listnámi, hvort það muni hafa áhrif á starfsemi sem fyrir er á svæðinu, leiða til nýrrar starfsemi, og hvort það muni hafa áhrif á búsetu-, starfs- og námsval nemendanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Svæðisbundnir menningar- og vaxtarsamningar.

Aðrir þátttakendur: Þekkingarsetur, atvinnuþróunarfélög, símenntunarstöðvar, framhaldsskólar, leikfélög, framleiðslu- og ferðafyrirtæki.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir undirbúningstímabili 2010 og að verkefninu verði hrundið í framkvæmd á árunum 2012–2013.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun:

Byggðaþróun – Ástand og horfur.

1. INNGANGUR

Stefnumótandi byggðaáætlun „skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum“ segir í 7. grein laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun. Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun samkvæmt þessari lagagrein í samvinnu við Byggðastofnun, ráðuneyti, sveitarfélög og fleiri og leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu, áætlunum um aðgerðir, tengslum byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Byggðastefna íslenskra stjórnvalda mótast mjög af því að Ísland er hluti alþjóðlegs samfélags, markaðar og regluverks. Byggðastefna Evrópusambandsins stefnir að „byggðalegum fjölbreytileika“[1] og líkri stefnu fylgja Norðurlönd.[2]

Á vettvangi norrænna byggðarannsókna og norræns samstarfs um byggðamál hefur athygli beinst að þróun byggðastefnu yfir í þriðju kynslóð byggðastefnu með áherslu á sérkenni svæða og „byggðalegan fjölbreytileika“. Fyrsta kynslóð byggðastefnu á Norðurlöndum var samkvæmt þessum viðhorfum mótuð á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og miðaði að því að jafna efnahagsskilyrði innanlands með hagrænum aðgerðum, styrkjum og undanþágum. Önnur kynslóð byggðastefnu óx smám saman á 10. áratugnum, framyfir aldamót, undir áhrifum vaxandi samkeppni við nýja þátttakendur í alþjóðavæðingunni, einkum lönd í Suðaustur-Asíu. Þessu fylgdu kröfur um meiri samkeppnishæfni og vöxt og þá færðust áherslur yfir á að efla svæðisbundinn vöxt til þess að mynda vöxt á landsvísu. Samkvæmt því var m.a. víða gripið til gerðar svæðisbundinna vaxtarsamninga. Áherslan á svæðin, á vöxt á landshlutavísu, og starfið á þeim grunni hefur leitt til fleiri tækifæra til ábyrgðar á landshlutastigi. Því hefur umræða um stefnumótun beinst að mikilvægi öflugs framkvæmdafólks

---

1 Green Paper on Territorial Cohesion; Turning territorial diversity into strength: http://ec.europa.eu/regional_policy/consultation/terco/paper_terco_en.pdf

2 www.nordregio.se/pdf/R2009_1.pdf

og skilvirkrar forystu á landshlutastigi. Með breyttu samstarfi um stefnumótun og „stækkun svæða“, sameiningum, hefur verið leitast við að efla frumkvæði, forystu og ábyrgð landshlutanna. Hér virðist vegurinn fyrir 3. kynslóð byggðastefnu vera varðaður. Athyglinni verði beint að sérstöðu hvers einstaks landshluta og vaxtarskilyrðum hans, stefnan þarf að vera sveigjanleg og þeir sem bera ábyrgð á henni líka. Alþjóðavæðingin virðist þannig koma í veg fyrir eina stefnu fyrir alla byggð hvers lands og mikilvægt að marka stefnu og áætlanir til framtíðar á þessum skilningi. Hin hraðvirku áhrif í alþjóðlegu efnahagskerfi hafa orðið Íslendingum augljós á árunum 2008 og 2009.

Lífskjör á Íslandi voru um langt árabil með því besta sem þekkist í hinum vestræna heimi. Hagvöxtur hefur verið mikill, verðbólga fremur lág og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Á síðari hluta árs 2008 urðu hins vegar alger og snögg umskipti. Ísland hefur orðið sérstaklega illa úti í þeirri heimskreppu sem nú geisar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, og stærstu bankastofnanir landsins hafa orðið gjaldþrota, en saman mynduðu þeir um 85% af bankakerfi landsins. Gjaldeyrismarkaður heima fyrir þornaði upp og alvarleg röskun varð á greiðslumiðlun til og frá landinu. Margt hefur verið rætt og ritað um orsakir þessa, en ljóst er að íslensku bankarnir höfðu vaxið mjög hratt á undangengnum árum. Þetta leiddi til þess að í árslok 2007 var íslenska bankakerfið orðið eitt hið stærsta í heimi í samanburði við verga landsframleiðslu. Það var því ljóst að fall þeirra myndi skapa djúpstæða kreppu á Íslandi. Fall íslensku krónunnar og háir vextir hafa leitt mikla erfiðleika yfir atvinnulífið. Mörg fyrirtæki hafa farið í þrot og atvinnuleysi hefur margfaldast. Skráð atvinnuleysi á árinu 2009 varð með 9,1% í maímánuði en lækkaði síðan stöðugt til septembermánaðar þegar það fór niður í 7,2%. Atvinnuleysi jókst hins vegar lítillega í októbermánuði og mældist þá 7,6%.[3] Atvinnuleysi ársins 2009 samsvarar því að stærstur hluti þeirra fjölgunar á störfum sem varð frá árinu 2000 hafi tapast. Á tímabilinu 2000–2008 fjölgaði hins vegar íbúum landsins um tæplega 37.000 eða um 13%. Þetta hefur leitt til þess að þjóðarbúskapurinn hefur færst inn í tímabil mikils samdráttar, stóraukins fjárlagahalla og mikillar aukningar opinberra skulda. Í kjölfar bankahrunsins sömdu íslensk stjórnvöld um lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli áætlunar sem hefur þríþætt markmið: Í fyrsta lagi að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og stuðla að hækkun á gengi íslensku krónunnar, í öðru lagi að móta stefnu í ríkisfjármálum fyrir árin eftir 2009 sem viðbrögð við fyrirsjáanlegum halla í ríkisrekstrinum, og í þriðja lagi að endurreisa fjármálakerfið. Mikill vandi blasir við í ríkisfjármálunum þar sem stöðva þarf hallarekstur ríkissjóðs. Það er mat Fjármálaráðuneytisins að ná þurfi fram allt að 40–50 milljarða króna sparnaði í ríkisrekstri á fjárlögum ársins 2010. Það svarar til 10% af útgjaldaveltu ráðuneytanna.

Grunnstoðir íslensks efnahagslífs eru þó sterkar. Landið býður uppá aðgengi að hreinum orkugjöfum, ríkulegum auðlindum í hafinu og velmenntað vinnuafl auk þess sem grunnstoðir samfélagsins eru að öðru leyti sterkar. Í þessum aðstæðum felast tækifæri þjóðarinnar til þess að vinna sig upp úr kreppunni til sjálfbærrar þróunar og þessar aðstæður – ásamt því að íbúafjöldi virðist vaxa utan höfuðborgarsvæðisins – rökstyðja að svipaðar áherslur verði lagðar í byggðaþróun nú og við síðustu byggðaáætlanir, að byggja á frumkvæði, auðlindum og mannauði í landshlutunum eins og gert er í vaxtarsamningunum, breyta byggðalegum fjölbreytileika í styrkleika eins og annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Skilgreina þarf sérkenni svæðanna, samfélög, auðlindir, sóknarfæri og veikleika og byggja

---

[3] Vinnumálastofnun – Staðan á vinnumarkaði – Október 2009.

áherslur og markmið á niðurstöðunum, samhæfa opinberar áætlanir og miða þær að sömu markmiðum og framtíðarsýn og draga þannig úr líkum á ágreiningi og hámarka samvirkni.

Undirbúningur fyrir þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun hófst haustið 2008 með fundum iðnaðarráðuneytis, Byggðastofnunar og annarra undirstofnana ráðuneytisins, um það leyti sem íslenska bankakerfið hrundi. Einmitt þá má segja að skyggni til framtíðar hafi verið minnst um langan tíma, örðugt hafi verið að meta framtíðarhorfur og hverjar áherslur og aðgerðir ættu að einkenna tillögur um stefnumótandi byggðaáætlun. Ráðuneytið fól Byggðastofnun að vinna að mótun áætlunarinnar og var ákveðið að hafa vinnsluferilinn opinn og leita víða eftir viðhorfum. Því gekkst Byggðastofnun fyrir málþingi undir heitinu *Byggðaþróun við breyttar aðstæður* föstudaginn 28. nóvember í Reykjavík og bauð til þess fulltrúum allra ráðuneyta, atvinnuþróunarfélaga, samtaka sveitarfélaga og fjölda stofnana sem Byggðastofnun taldi áríðandi að hafa samráð við um áætlunina. Í framhaldinu vann Byggðastofnun úr viðhorfum sem fram komu á málþinginu og lagði til kynningar á vefsíðu sinni ásamt gögnum málþingsins.[4] Tillögur mótuðust áfram í samstarfi Byggðastofnunar og iðnaðarráðuneytisins og í mars 2009 voru drög að aðgerðartillögum lögð til kynningar og umsagnar á vefsíðu Byggðastofnunar. Starfsmenn Byggðastofnunar héldu síðan fundi um þau seinni hluta marsmánaðar í samstarfi við átta atvinnuþróunarfélög í jafnmörgum landshlutum auk fundar með starfsmönnum og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík. Til funda í landshlutunum voru boðaðir sveitarstjórnarmenn, stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga og stjórnir og starfsfólk atvinnuþróunarfélaganna, drögin kynnt og rædd, fundarmenn beðnir um ábendingar og athugasemdir sem síðan var skilað til Byggðastofnunar í apríl og raunar fram í maí. Í júní og júlí 2009 voru tillögur þróaðar áfram í samstarfi iðnaðarráðuneytisins og Byggðastofnunar og stofnunin lagði þá fram fylgirit með tillögunni, *Byggðaþróun, ástand og horfur*.

Í nóvember 2009 voru endurskoðaðar aðgerðartillögur sendar til umsagnar þeirra sem gert höfðu skriflegar athugasemdir á vormánuðum og fylgiritið birt á heimasíðu Byggðastofnunar. Í framhaldinu voru nokkur atriði þess uppfærð í byrjun desember, verkefnaskrár NPP- og NORA-áætlananna og upplýsingar um atvinnuleysi.

2. ÞRÓUN SÍÐUSTU ÁRA OG ÞRÓUNARHORFUR

2.1 Mannfjöldi, tekjur og atvinna

2.1.1 Mannfjöldi

Mikil fjölgun fólks hefur verið á suðvesturhluta landsins síðastliðin ár sem framhald á þróun sem hefur verið viðvarandi alla 20. öldina.[5] Á tímabilinu frá 1. desember 2000 til 1. desember 2008 fjölgaði íbúum á Íslandi úr 282.845 í 319.756. Fjölgunin er 36.911 manns eða 13,05%. Hlutfallslega mesta fjölgunin á þessu tímabili varð á Suðurnesjum um 30,8%, á höfuðborgarsvæðinu um 15,2%, á Suðurlandi um 14,5%, á Vesturlandi 10,2%, á Austurlandi um 9,5% og á Norðurlandi eystra um 3,1%. Fækkun varð hins vegar á Vestfjörðum, um 9,5% og á Norðurlandi vestra um 6,1%.

---

[4] www.byggdastofnun.is/page/byggdaaetlun1013

[5] Hagstofa Íslands www.hagstofa.is

Tafla 2.1.1.1 Íbúafjöldi eftir svæðum árin 2000 og 2004.

Landssvæði	íbúar ’00	íbúar ’04	Mism.	%
Höfuðborgarsvæði	175.000	183.990	8.990	5,14%
Suðurnes	16.491	17.092	601	3,64%
Vesturland	14.263	14.418	155	1,09%
Vestfirðir	8.150	7.698	-452	-5,55%
Norðurland vestra	7.873	7.598	-275	-3,49%
Norðurland eystra	28.181	28.404	223	0,79%
Austurland	11.768	12.298	530	4,50%
Suðurland	21.119	21.793	674	3,19%
Samtals:	**282.845**	**293.291**	**10.446**	**3,69%**

Þróunin var þó ekki einsleit allt tímabilið eins og meðfylgjandi myndir og töflur bera með sér. Á árabilinu 2000–2004 var stöðug fólksfjölgun á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, á Akureyri og allra næstu sveitarfélögum og Mið-Austurlandi sem rekja má til virkjunarframkvæmda á svæðinu. Víðast hvar annars staðar var ákveðin fækkun.

Tafla 2.1.1.2 Íbúafjöldi eftir svæðum árin 2004 og 2008

Landssvæði	íbúar '04	íbúar '08	Mism.	%
Höfuðborgarsvæði	183.990	201.585	17.595	9,56%
Suðurnes	17.092	21.564	4.472	26,16%
Vesturland	14.418	15.720	1.302	9,03%
Vestfirðir	7.698	7.374	-324	-4,21%
Norðurland vestra	7.598	7.395	-203	-2,67%
Norðurland eystra	28.404	29.060	656	2,31%
Austurland	12.298	12.882	584	4,75%
Suðurland	21.793	24.176	2.383	10,93%
Samtals:	**293.291**	**319.756**	**26.465**	**9,02%**

Á árabilinu 2004–2008 varð fjölgun á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess ákveðnari og náði á því tímabili frá Borgarfirði og austur fyrir Þjórsá. Á árinu 2008 mátti sjá nokkra breytingu á þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár þar sem það fjölgaði í öllum landshlutum utan Austurlands þar sem rekja má fækkun íbúa til að þess að stórframkvæmdum á svæðinu er að mestu lokið. Vísbendingar um áframhald á þessari þróun má sjá í bráðabirgðatölum Hagstofunnar um mannfjölda 1. apríl 2009. Íbúum fjölgaði þá í mörgum sveitarfélögum utan við höfuðborgarsvæðið og þar á meðal nokkrum sem hafa búið við viðvarandi fólksfækkun til margra ára. Þegar litið er til kynjaskiptingar mannfjöldans má sjá að skipting og þróun skiptingarinnar er með nokkuð mismunandi hætti eftir landssvæðum. Þannig fjölgaði körlum á landinu um tæplega 21.000 frá árinu 2000 til ársins 2008 á meðan konum fjölgaði aðeins um tæp 16.000 á sama tímabili. Þetta hefur leitt af sér að karlar eru nú fleiri ern konur á öllum landssvæðum en árið 2000 og 2004 voru konur mun fleiri en karlar á höfuðborgarsvæðinu. Þróunin hefur verið mjög mismunandi eftir landsvæðum en hlutfallslega er mestur kynjahalli á Austurlandi þar sem karlar eru tæp 7.000 á móti innan við 6.000 konum. Helsta ástæða þessa munar á Austurlandi eru stórframkvæmdirnar á Austurlandi og líklegt verður að telja að þessi munur muni minnka verulega á næstu misserum.

Mynd 2.1.1.1 Þróun íbúafjöldans eftir sveitarfélögum árin 2000–2004.



Mynd 2.1.1.2 Þróun íbúafjöldans eftir sveitarfélögum árin 2004–2008.



Tafla 2.1.1.3 Kynjaskipting eftir svæðum 2000, 2004 og 2008 og breyting á milli áranna 2000 og 2008.

Karlar	2000	2004	2008	Breyting	% Breyting
Höfuðborgarsvæðið	86.275	90.844	101.364	15.089	17,49%
Suðurnes	8.412	8.711	11.187	2.775	32,99%
Vesturland	7.312	7.447	8.181	869	11,88%
Vestfirðir	4.179	3.949	3.800	-379	-9,07%
Norðurland vestra	4.047	3.867	3.787	-260	-6,42%
Norðurland eystra	14.288	14.319	14.686	398	2,79%
Austurland	6.090	6.675	6.985	895	14,70%
Suðurland	10.990	11.226	12.548	1.558	14,18%
Samtals	**141.593**	**147.038**	**162.538**	**20.945**	**14,79%**

Konur	2000	2004	2008	Breyting	% Breyting
Höfuðborgarsvæðið	88.725	93.146	100.221	11.496	12,96%
Suðurnes	8.079	8.381	10.377	2.298	28,44%
Vesturland	6.951	6.971	7.539	588	8,46%
Vestfirðir	3.971	3.749	3.574	-397	-10,00%
Norðurland vestra	3.826	3.731	3.608	-218	-5,70%
Norðurland eystra	13.893	14.085	14.374	481	3,46%
Austurland	5.678	5.623	5.897	219	3,86%
Suðurland	10.129	10.567	11.628	1.499	14,80%
Samtals	**141.252**	**146.253**	**157.218**	**15.966**	**11,30%**

Tilflutningar fólks úr dreifbýli í þéttbýli er alþjóðleg þróun. Byggðaaðgerðir verða að taka mið af þeirri þróun og því að fólk sækist í að búa í meira þéttbýli þar sem að oftast er að finna fjölbreyttari möguleika á ýmsum sviðum. Á sama hátt verða mælikvarðar sem nota á til að meta árangur af byggðastefnu og byggðaaðgerðum að taka mið af þessum staðreyndum. Þeir mælikvaðar sem litið verður til eru mannfjöldabreytingar og fólksflutningar, breyting á fjölda starfa, hagvexti og tekjum.

Ef hugað er að þróun byggðamála á gildistíma Byggðaáætlunar 2006–2009 er hægt að fullyrða að nokkuð víða hefur mikið áunnist þó þróunin hafi orðið mismunandi eftir svæðum, líkt og við er að búast þar sem það er að sjálfsögðu þannig að fleiri þættir en byggðaaðgerðir einar hafa áhrif á þróun mála.

2.1.2 Atvinnuleysi

Mynd. Hlutfallslegt atvinnuleysi í október 2009



Atvinnuleysi á landinu var lítið meginhluta tímabilsins frá árinu 2000 til haustsins 2008, hvort heldur sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.[6] Frá þessu voru þó tíma- og staðbundnar undantekningar. Gjörbreytt staða er nú uppi með þeirri gífurlegu aukningu sem varð í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Sú aukning hélt áfram á fyrstu mánuðum ársins 2009 og í októberlok mældist atvinnuleysi 7,6% en var í kringum 1% fyrri hluta árs 2008. Atvinnulausir karlar reyndust vera 8,0% á móti 7,6% hjá konum. Meginþungi þess atvinnuleysis er á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess. Í þessum kafla er byggt á tölum frá Vinnumálastofnun.

Mynd 2.1.2.1



Á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 5.500 manns atvinnulausir í árslok 2008 en hafði fjölgaði í rúmlega 10.000 í októberlok 2009 eða 7,4%. Þetta er mikil breyting þar sem atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu voru innan við eitt þúsund á fyrri hluta ársins 2008. Á tímabilinu fyrir árið 2008 var atvinnuleysi mest á fyrri hluta árs 2003 þegar það fór í 4.000 manns og á fyrri hluta ársin 2004 þegar það fór í tæplega 4000 manns. Frá þeim tíma hafði það síðan minnkað stöðugt fram til haustsins 2008 eins og áður segir.

---

6 Vinnumálastofnun www.vinnumalastofnun.is

Mynd 2.1.2.2



Á Suðurnesjum var mjög lítið atvinnuleysi á árunum 2000–2001 en jókst nokkuð á árunum á eftir þegar það var á bilinu 200–400 manns voru atvinnulausir. Það minnkaði síðan fram til haustins 2008 þegar það margfaldaðist á stuttum tíma og stóð í tæplega 1.200 manns í árslok. Eins og á höfuðborgarsvæðinu jókst atvinnuleysið á árinu 2009 og stóð í rúmlega 1.500 manns í októberlok eða 12,6%.

Mynd 2.1.2.3



Atvinnuleysi á Vesturlandi sveiflaðist mikið á tímabilinu 2000–2008. Það er nú í hámarki en stóð í árslok 2008 í rúmlega 300 manns. Hæst hafði það áður farið í ársbyrjun 2003 þegar það fór í tæplega 300 manns. Frá seinni hluta árs 2005 var mjög lítið atvinnuleysi á svæðinu eða á bilinu 50–100 manns alveg fram til ársins 2008 þegar að það fór að aukast. Í októberlok voru atvinnulausir á Vesturlandi tæplega 450 manns eða 4,7%.

Mynd 2.1.2.4



Á Vestfjörðum er atvinnuleysi með því minnsta á landinu eða 2,5% og er í októberlok 2009 nálægt hæstu toppum tímabilsins frá árinu 2000. Mesta atvinnuleysið var í kringum áramótin 2000/2001 þegar það fór í 140 manns og í upphafi árs 2004 þegar það var um 130 manns. Frá þeim tíma fór atvinnuleysi minnkandi fram til haustsins 2008 með þeirri undantekningu að tímabundin aukning varð sumarið 2007.

Mynd 2.1.2.5



Árstíðasveiflur einkenna atvinnuleysi á Norðurlandi vestra framan af tímabilinu. Sjá má atvinnuleysi upp á 80–120 manns yfir vetrarmánuðina sem aftur fór niður í 20–40 manns yfir sumarmánuðina. Heldur dró úr þessum sveiflum síðustu þrjú árin og var atvinnuleysi undir 40 allt fram til hausts 2008 þegar atvinnuleysi jókst nokkuð og fór í 70 manns í árslok. Á árinu hefur atvinnuleysi aukist nokkuð og mælist í októberlok 2,2% sem er svipað og það var yfir vetrarmánuðina á árunum 2000–2005.

Mynd 2.1.2.6



Þróun atvinnuleysis á Norðurlandi eystra var að mörgu leyti lík og á Norðurlandi vestra þar sem að árstíðasveiflur eru greinilegar. Atvinnuleysi á vetrum árin 2000–2005 fór í 500–600 manns en lækkaði um 200–300 manns á sumrin. Frá árinu 2005 minnkuðu þessar sveiflur verulega um leið og atvinnuleysi minnkaði niður í 300 manns. Frá haustinu 2008 til áramóta þrefaldaðist atvinnuleysi á Norðurlandi eystra og var 940 manns í árslok. Mjög veruleg aukning varð á atvinnuleysi í upphafi árs 2009 og fór það hæst yfir 1.600 manns en minnkaði nokkuð í mars- og aprílmánuðum. Í októberlok voru tæplega 1.100 manns atvinnulausir á Norðurlandi eystra eða 8,3%.

Mynd 2.1.2.7



Á Austurlandi voru tæplega 400 manns atvinnulausir ársbyrjun 2001. Nokkrar sveiflur voru á atvinnuleysi á tímabilinu 2001–2004, en eftir það fram til haustsins 2008 var atvinnuleysi á Austurlandi lítið. Frá haustmánuðum hefur það farið úr tæplega 50 upp í tæplega 250 í árslok. Í upphafi árs 2009 varð veruleg aukning eins og víðast hvar annars staðar á landinu og fór hæst í 460 manns í mars en lækkaði á árinu og var í októberlok um 240 manns eða 2,8%.

Mynd 2.1.2.8



Á Suðurlandi voru miklar árstíðarsveiflur framan af tímabilinu 2000–2008 þar sem atvinnuleysi á vetrum fór í 300–400 manns. Veruleg minnkun varð á atvinnuleysi frá og með árinu 2004 allt fram til hausts 2008 þegar atvinnuleysi stóð í um 100 manns. Fram til áramóta sexfaldaðist atvinnuleysið og hélt áfram að aukast í upphafi árs 2009 og fór hæst í 1.000 manns. Í októberlok stóð það í tæplega 700 manns eða 4,6%.

Mynd 2.1.2.9



2.1.3 Atvinnutekjur

Meðalatvinnutekjur hækkuðu um 37–38%, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess á tímabilinu 2000–2005, en nýrri tölur eru ekki til.[7] Mest var hækkunin á Austurlandi um 52% þar sem meðalatvinnutekjur á árinu 2005 voru rétt neðan landsmeðaltals. Minnst var hækkunin á Suðurnesjum 28% og 33% á Suðurlandi. Atvinnutekjur á landsbyggðinni voru á tímabilinu 15–20% lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur voru lægstar á Norðurlandi vestra og Suðurlandi þar sem þær voru aðeins 83% af landsmeðaltali. Líkur eru á að munur á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hafi minnkað á árinu 2006 en í skýrslu um Hagvöxt landshluta 2006, sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðastofnun, kemur fram að hagvöxtur utan höfuðborgarsvæðisins var meiri árið 2006 en hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu. Búast má við að nú sé þessi staða breytt í kjölfar fjöldaatvinnuleysis og lækkunar launa víða í samfélaginu.

Tafla 2.1.3.1 Meðalatvinnutekjur eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	106,2	105,6	105,3	106,0	106,8	106,0
Utan höfuðborgarsvæðis	90,4	91,3	91,8	90,6	89,2	90,1
Vesturland	92,1	92,9	92,2	90,7	91,1	92,1
Vestfirðir	89,6	88,5	89,7	87,2	86,2	87,1
Norðurland vestra	83,9	84,0	85,6	84,7	83,1	83,4
Norðurland eystra	89,8	91,6	92,8	91,0	90,5	90,6
Austurland	89,7	91,5	93,8	92,5	95,2	99,0
Suðurland	86,3	87,6	87,4	87,1	84,0	83,5
Suðurnes	100,2	99,4	98,9	97,6	92,1	93,0

Heimild: Hagstofa Íslands

Meðalatvinnutekjur karla á höfuðborgarsvæðinu og utan þess fylgja nokkuð heildarþróuninni. Þannig eru meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu nokkuð yfir landsmeðaltali á meðan þær eru undir meðaltali utan þess. Þá eru tekjurnar lægstar á Norðurlandi vestra og Suðurlandi en hæstar utan höfuðborgarsvæðisins á Austurlandi.

---

[7] Hagstofa Íslands www.hagstofa.is

Tafla 2.1.3.2 Atvinnutekjur karla eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	105,6	104,8	104,2	105,3	106,3	105,6
Utan höfuðborgarsvæðis	92,0	93,1	93,9	92,2	90,7	91,4
Vesturland	93,8	94,7	94,0	92,1	92,9	93,8
Vestfirðir	91,5	90,3	91,8	88,7	87,6	88,9
Norðurland vestra	82,8	82,6	85,0	84,2	82,5	83,8
Norðurland eystra	92,8	94,7	96,2	93,6	93,2	93,1
Austurland	91,1	93,7	97,1	95,0	96,1	97,5
Suðurland	85,8	87,8	88,2	87,7	84,7	84,3
Suðurnes	103,3	102,4	101,6	100,2	94,3	94,8

Heimild: Hagstofa Íslands

Meiri munur er á atvinnutekjum kvenna á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins en hjá körlum. Atvinnutekjur er lægstar á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. En minna munar á milli einstakra svæða utan höfuðborgarsvæðisins en hjá körlum.

Tafla 2.1.3.3 Atvinnutekjur kvenna eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100	100	100	100	100	100
Höfuðborgarsvæði	109,1	109	109	109	109	108
Utan höfuðborgarsvæðis	84,8	85,2	85,3	85,1	84,0	85,2
Vesturland	85,5	85,9	85,3	85,2	84,6	86,0
Vestfirðir	85,1	83,2	83,9	82,4	82,4	83,7
Norðurland vestra	82,9	83,6	84,2	83,6	82,6	82,6
Norðurland eystra	82,5	84,5	85,0	84,9	84,4	85,7
Austurland	83,5	83,4	83,4	83,7	85,8	89,2
Suðurland	83,6	83,9	83,4	84	81,6	81,4
Suðurnes	91,5	90,8	90,9	90,3	86,3	87,9

Heimild: Hagstofa Íslands

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands útgefin í september 2008 (bls. 40), *„Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði“*, kemur m.a. eftirfarandi fram: „Að meðaltali eru heildarlaun á höfuðborgarsvæðinu 12% hærri en á landsbyggðinni og ef tekið er tillit til vinnuframlags breikkar bilið á milli starfsmanna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Karlar á höfuðborgarsvæðinu hafa 16% hærra heildartímakaup en karlar á landsbyggðinni en þessi munur er 29% á meðal kvenna.“ Munur á launum karla og kvenna er samkvæmt skýrslunni einnig meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Mismunur í launum er því verulegur bæði á milli kynja og einnig eftir búsetu fólks sem styður niðurstöður Hagstofunnar um atvinnutekjur hér að framan.

Mynd 2.1.3.1 Fjöldi starfa á höfuðborgarsvæðinu og utan þess 2000–2007.



Á tímabilinu 2000–2007 fjölgaði störfum um 20.700 á landinu öllu. Öll sú fjölgun og meiri til varð á höfuðborgarsvæðinu en þar fjölgaði störfum á þessum tímabili um 21.100 á meðan störfum utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði um 400. Ef litið er til kynjaskiptingar þá fjölgaði körlum í störfum á höfuðborgarsvæðinu um 13.900 en konum í störfum um 7.200. Meginhluta þessarar aukningar má rekja til aukningar í þjónustustarfsemi, bæði í opinbera og einkageiranum. Utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði hins vegar starfandi körlum um 1.000 en konum fjölgaði um 600. Ef dregnar eru ályktanir af tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi er ekki óvarlegt að ætla a.m.k. 15 þúsund störf hafi tapast frá haustmánuðum 2008 til aprílloka 2009. Ætla má að allt að 11 þúsund þeirra séu á höfuðborgarsvæðinu og um 4 þúsund á landsbyggðinni, þ.m.t. á Suðurnesjum.

Mynd 2.1.3.2

Störf tapast aðeins á landsbyggðinni

Breytingar á fjölda starfandi eftir atvinnugreinum og svæðum

	1997-2007	
	Höfuðb.	Landsb.
Allar atvinnugreinar	31100	3700
Landbúnaður og fiskveiðar	200	-1900
Framleiðslustarfsemi	3600	-3200
Þjónustustarfsemi	27300	8800

Heimild: Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands (2008)

Sé litið til þróunar starfa á liðnum árum sést að hún var mjög á þann veg að störf lögðust af á landsbyggðinni. Ný störf urðu til á höfuðborgarsvæðinu, líka í landbúnaði og fiskveiðum. Þessi þróun kemur skýrt fram á töflunni hér til hliðar.[8]

2.2 Hagþróun

2.2.0 Almennt

Undanfarin ár hafa verið nokkrar sveiflur í framleiðslu í einstökum landshlutum en á tímabilinu frá 2000–2006 má segja að hagvöxtur hafi verið að mestu bundinn við þrjú svæði hér á landi.[9] Í fyrsta lagi er vöxtur á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess, frá Árnessýslu í austri og vestur í Borgarfjörð. Þá hefur verið töluverður hagvöxtur á Akureyri og nágrenni. Í þriðja lagi hefur verið mikill vöxtur á Mið-Austurlandi, vegna hinna miklu framkvæmda

---

[8] Lilja Mósesdóttir: Missir landsbyggðin af þekkingarsamfélaginu? Erindi á ársfundi Fræðasetra HÍ 2008 www.fraedasetur.hi.is/page/fraedasetur

[9] Hagþróun – Dr. Sigurður Jóhannesson og Sigurður Árnason, 2008. *Hagvöxtur landshluta 2000–2006*, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðastofnun.

þar. Annars staðar á landinu var hagvöxtur lítill eða enginn á þessu tímabili. Ef litið er til íbúatalna má greina mismunandi breytingar. Á Vesturlandi hefur orðið veruleg fólksfjölgun á suðurhluta svæðisins, í Borgarbyggð, á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, á meðan að það hefur orðið fækkun á Snæfellsnesi og í Dölum. Á Norðurlandi eystra er fjölgun íbúa bundin við Akureyri og 2–3 allra næstu sveitarfélög, á meðan fólki fækkar annars staðar. Á Austurlandi er fólksfjölgun bundin við Mið-Austurland, þ.e. Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Fjarðabyggð. Stór hluti af þeirri fjölgun eru erlendir verkamenn sem starfa við álversframkvæmdirnar. Á Suðurlandi nær fjölgunin austur að Þjórsá og jafnvel austur fyrir hana en fólki fækkar í Austur-Skaftafellssýslu og í Vestmannaeyjum.

Íbúatölurnar sjálfar segja ekki alla söguna. Í mörgum litlum byggðarlögum fækkar fólki undir fertugu ört meðan fjöldi þeirra sem eldri eru helst stöðugur. Tölur um fólksfjölgun og vöxt útsvarstekna í einstökum sveitarfélögum voru notaðar til þess að áætla hagvöxt þar á árunum 2000 til 2006. Þessar tölur virðast gefa allgóðar vísbendingar um raunverulegan hagvöxt, einkum þó útsvarstekjurnar, en þær skýra um 80% af breytileika í hagvexti á tímabilinu. Út frá þessum vísbendingum má áætla hagvöxt á smærri svæðum en áður hefur verið gert. Mjög hraður vöxtur var á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2000 til 2006. Þessi vöxtur smitaði út frá sér til nágrannabyggðanna. Þannig má sjá að töluverður vöxtur var í Árnessýslu á þessu tímabili. Vöxtur var einnig allmikill í Borgarfirði og á Suðurnesjum. Vöxt í Borgarfirði má raunar bæði tengja við Hvalfjarðargöng, sem stytti leiðina til höfuðborgarinnar um 50 kílómetra, og uppbyggingu stóriðju á Grundartanga. Í grannhéruðum höfuðborgarinnar má fá ódýrar lóðir, auk þess sem njóta má þeirra kosta sem lítil byggðarlög bjóða (til dæmis stuttra vegalengda), en samt er ekki langt í stórar verslanir og aðra þjónustu í höfuðborginni. Þá sækja margir vinnu til Reykjavíkur og margir borgarbúar fara á degi hverjum til vinnu í grannhéruðum. Geysimikill vöxtur var á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls en samdráttur eða stöðnun var í grannhéruðum á Austurlandi. Þá var nokkur vöxtur í Eyjafirði og í Skagafirði en annars staðar á Norðurlandi var víðast hvar lítils háttar samdráttur eða stöðnun. Byggð eflist heldur á Ísafirði en annars staðar á Vestfjörðum er stöðnun í framleiðslu eða samdráttur.

Á utanverðu Snæfellsnesi og í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum og Vestur Skaftafellssýslu var víða lítils háttar vöxtur en vísbendingar um einstaka sveitarfélög eru ekki á einn veg. Svipaða mynd og hér hefur verið dregin upp má sjá þegar fasteignaverð í þéttbýli er skoðað. Það hækkaði afar mikið á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi fram á árið 2008 en mun minna annars staðar á landinu. Þegar fasteignaverð árin 2007–2008 er skoðað sést að áhrifa höfuðborgarinnar gætir upp í Borgarfjörð, austur fyrir Selfoss og suður til Keflavíkur. Þá er verð hærra á Akureyri, Mið-Austurlandi og í Skagafirði en annars staðar á landsbyggðinni. Annars staðar á landinu er fasteignaverð yfirleitt innan við helmingur af verði í höfuðborginni.

Enn einn mælikvarðinn sem hægt er að setja á hagþróun eða þenslu á einstökum svæðum er hversu mikið var byggt á viðkomandi svæði. Á mynd 2.2.0.1 er yfirlit yfir heildarfjölda fokheldra fermetra eftir landssvæðum á árunum 2002–2008. Þar sést gríðarlegur munur sem hefur verið á byggingarmagni á landinu á tímabilinu. Á meðan fokheldir fermetrar á Reykjanesi (Suðurnes og höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkur) voru 1,5 milljón og 1 milljón í Reykjavík voru þeir aðeins 38 þúsund á Vestfjörðum og 94 þúsund á Norðurlandi vestra.

Á mynd 2.2.0.1 sést vel að hversu gríðarlegur munur er á byggingarmagni eftir landssvæðum og árum. Þessar tölur renna stoðum undir það sem áður hefur verið sagt um þenslusvæði á landinu, þ.e. í kringum höfuðborgarsvæðið og síðan á Austurlandi.

Mynd 2.2.0.1 Heildarfjöldi fokheldra fermetra eftir landssvæðum á árunum 2002–2008.



Heimild: Fasteignamat ríkisins

Mynd 2.2.0.2 Heildarfjöldi fokheldra fermetra eftir landssvæðum og árum á árunum 2002–2008.



Heimild: Fasteignamat ríkisins

Víða í þéttbýli á landsbyggðinni eru umhverfismál með þeim hætti að það laðar ekki til búsetu. Mikilvægt er að virkja íbúa til að taka þátt í að móta tillögur um hvernig samfélagið og umhverfið verði áhugaverðara og betra til búsetu. Misjafnt er eftir þéttbýliskjörnum hvar skórinn kreppir. Leggja þarf áherslu á ímynd hvers samfélags, sjálfsvirðingu og sérstöðu frekar en að leita fyrirmynda á höfuðborgarsvæðinu.

2.2.1 Atvinnugreinar

„Rekstraraðstæður fyrirtækja hafa versnað mikið í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hruns íslensku bankanna. Þannig hefur eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækja almennt dregist saman. Þá hefur lækkun á gengi krónunnar, hátt vaxtastig og takmörkuð geta bankanna til þess að veita lán leitt til þess að mörg fyrirtæki hafa farið í þrot. Fyrirtæki í útflutningi njóta þó góðs af bættri verðsamkeppnisstöðu og tekjur í erlendri mynt gera þeim auðveldara fyrir að greiða af erlendum lánum.“[10] Gert er ráð fyrir samdrætti í framleiðslu á árinu 2009 en hægum bata spáð næstu ár.

Heildarframleiðslugeta álvera á Íslandi er tæplega 800.000 tonn eftir að álver Alcoa Fjarðaráls náði fullum afköstum upp á 350.000 tonn á síðasta ári. Áætlanir eru um nýtt í Helguvík og stækkanir á öðrum sem gætu leitt til þess að framleiðslugeta álvera á Íslandi myndi aukast um rúmlega 50%. Inni í þessum tölum er ekki hugsanlegt álver á Bakka við Húsavík. Fjármálakreppan hefur leitt af sér miklu lækkun á eftirspurn og verði á áli. Útflutningsverðmæti áls verður því minna en á móti kemur að súrál ætti að lækka líka sem leiðir til lægri aðfangakostnaðar. Gert er ráð fyrir að álverð hækki á næstum árum. Lækkun álverðs leiðir að auki til lækkaðra tekna af raforkusölu í þeim tilfellum þar sem rafmagnsverði tengist álverði.

Á fiskveiðiárunum 2007–2008 var þorskkvóti minnkaður um 63.000 tonn, úr 193.000 tonna í 130.000 tonn. Á fiskveiðiárinu 2008–2009 var hann aukinn um 30.000 tonn í 160.000 tonn. Vegna lágs gengis íslensku krónunnar og hás verðs á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt fékk útgerðin gott verð fyrir afurðir sínar. Á móti kemur að gengisfall krónunnar hafði áhrif til hækkunar á skuldum og að olíuverð hækkaði mikið. Í kjölfar þeirrar efnahagslægðar sem riðið hefur yfir hefur eftirspurn eftir dýrari sjávarafurðum dregist saman en það hefur leitt til þess að verð hefur lækkað í erlendri mynt. T.d. lækkaði verð á ferskum þorski um þriðjung á einu ári, frá fyrsta ársfjórðungi 2008. Búist er við að verð á sjávarafurðum muni enn lækka nokkuð.

Gjaldþrotum hefur fjölgað að undanförnu, mest í byggingastarfsemi og verslun. Vegna samdráttar í innlendri eftirspurn og stöðu fasteignamarkaðarins má búast við að þessar greinar verði áfram í erfiðleikum með sinn rekstur.

Lægra gengi krónunnar hefur leitt til þess að innlend fyrirtæki eru nú samkeppnishæfari en áður bæði á innlandsmarkaði og í útflutningi. Á móti kemur samdráttur í eftirspurn á erlendum mörkuðum. Búast má við aukningu í tekjum af erlendum ferðamönnum á árinu 2009 jafnvel þó þeim fjölgi ekki því vegna stöðu krónunnar eru tekjur af hverjum ferðamanni hærri en áður á árinu 2009.[11]

2.3 Menntun, menning, samfélag

2.3.1 Samfélag

Síðasta áratug hefur áhersla stjórnvalda í atvinnu- og byggðaþróun víðast hvar verið á alþjóðavæðingu, á að samfélög lagi sig að einum alþjóðlegum markaði, færi atvinnuþróun yfir á vaxandi greinar á þeim markaði og sæki sér menntun sem auki færni einstaklinga og samfélaga og þar með samkeppnishæfni á alþjóðavísu. Um leið og finna má áherslu á alþjóðavæðingu og sjálfbæra þróun, að auðlindir séu nýttar hæfilega, í byggðastefnu evrópskra ríkja og ríkjasambanda í upphafi 21. aldar, má líka finna áherslu á byggðalega fjölbreytni, á að

---

[10] Fjármálaráðuneytið: Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla. Þjóðhagsspá fyrir árin 2009–2014, bls.28.

[11] Byggt á Fjármálaráðuneytið: Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla. Þjóðhagsspá fyrir árin 2009–2014, bls.28–30.

menning byggða og svæðasamfélaga verði vernduð og nýtt byggðum til eflingar. Byggðastefnu er þannig beitt gegn þeirri afleiðingu alþjóðavæðingarinnar að samfélög og menning verði einsleitari og ofuráhersla lögð á samkennd á stórum svæðum, en um leið á að styðja fjölbreytileika svæðanna. Umræður um fjölbreytt svæðasamfélög beinast einkum að nýtingu svæðisbundinna sérkenna, félagsauði og náttúruauðlindum og stjórnunaraðferðum við hæfi.

Sérstakar aðstæður hvers svæðis geta varðað samfélag, menningu og náttúrufar og vegið þungt í lífsgæðum íbúa ekki síður en möguleiki til atvinnusköpunar. Á Íslandi sýna kannanir að íbúar á landsbyggðinni meta mikils þætti eins og öruggt, barnvænt umhverfi og samfélag, kyrrð og ró, stuttar vegalengdir t.d. milli heimilis og skóla og til vinnu, samstöðu íbúa, samkennd og samfélag sem býður upp á mikla þátttöku og virkni hvers og eins. Þessar aðstæður auka sjálfstraust og ánægju íbúanna með eigið samfélag og verða þar með mikilvægir búsetuþættir, verðugt viðfangsefni byggðastefnu. Jákvætt viðhorf íbúanna til eigin samfélags hlýtur að vera undirstaða uppbyggingar.

Kenningar um sjálfsmynd samfélaga eru sóttar í hugmyndir um sjálfsmynd einstaklinga, þar sem veik sjálfsmynd er talin valda framtaksleysi og uppgjöf en sterk sjálfsmynd áræðni og dugnaði. Samfélög, þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi, þurfa að nýta sér staðbundna sérstöðu, þekkingu og menningu til að endurvekja og byggja upp sjálfsmynd íbúanna á svæðinu og ímynd þess hjá öðrum. Mikil áhersla hefur verið lögð á átaksverkefni á sviði atvinnuuppbyggingar, samgangna og menntamála en sífellt fleiri vísbendingar styðja mikilvægi félagslegra þátta, samfélagsanda og almennra búsetugæða til þess að styrkja byggð í landinu. Rannsóknir[12] á þýðingu félagslegs umhverfis fyrirtækja fyrir nýsköpunarstarfsemi og atvinnuþróun hafa sýnt fram á tengsl milli þess anda sem ríkir í byggðarlagi og þess hversu virkir íbúar, fyrirtæki og einyrkjar eru í nýsköpunarstarfi. Sjálfsmynd samfélaga byggir á einkennum, eiginleikum og sérstöðu svæðisins, er sameiningartákn með félagslegt gildi fyrir íbúana og auðveldar íbúum að finna sameiginlega upplifun.[13] Ábyrgð samfélagsins sjálfs er að halda ímynd svæðisins á lofti með því að viðhalda þekkingu og varðveita staðbundinn menningararf. Aðgerðir sem efla bjartsýni, drifkraft og jákvæð viðhorf almennings gagnvart sjálfum sér og samfélagi sínu, styrkir búsetu og nýsköpunarumhverfi byggðarlaga.

2.3.2 Menning

Menning samfélaga, þ.e. samskipta- og starfshættir einstaklinga í samfélagi, hefur mótast af lífsbaráttu, stað og tíma. Hættir sjálfsþurftabúskaparins breyttust þegar fólk flutti úr dreifbýli í þéttbýli verkskipting jókst. Samskipta- og starfshættir í alþjóðavæddu samfélagi eru aðrir en voru og gamlar venjur, hefðir og gildi gefa eftir og falla í gleymsku. Alþjóðavæðingin hefur í för með sér alþjóðlega menningu og staðbundin gildi dofna og hverfa. Í byggðastefnu er víða lögð áhersla á að bregðast við þessari þróun, greina og efla staðbundna menningu og byggja á henni lífsgæði, störf og sjálfbæra þróun.

Í daglegu tali um menningu er oft vísað til listgreina og bókmennta, leiklistar, tónlistar og myndlistar auk menningararfs, kvikmynda, útvarps, íþrótta og æskulýðsmála. Menningarstarf

---

[12] Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson (2004). Samfélagsandi og nýsköpunarstarf. Rannsókn á völdum landsbyggðasvæðum. Akureyri: Byggðarannsóknarstofnun Íslands

[13] Ray, Cristopher (2001). Culture Economies, a perspective on local rural development in Europe. Newcastel: Center for Rural Economy

fer fram um land allt, ýmist á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða einstaklinga og einkennist gjarnan, einkum í fámennum byggðarlögum, af mikilli virkni íbúanna.[14]

Íþrótta- og æskulýðsmál eru yfirleitt í höndum sveitarfélaga og íþróttasamtaka og eru víða talin mikilvægur búsetuþáttur, íþróttir taldar þroskandi og góður forvarnakostur. Ríkið hefur lengi stutt íþróttastarf á ýmsa vegu og setti Lýðheilsustöð á laggirnar árið 2003 til þess „að viðhalda og efla heilbrigði fólks, með forvarnarstarfi og samfélagslegri ábyrgð á heilbrigði.“[15] Starfsáherslur á þessu sviði varpa nýju ljósi á aðstæður í byggðum landsins sem í könnunum eru taldar til lífsgæða af íbúum.

Á þessum fyrsta áratug 21. aldar hefur ríkið stutt við menningarstarfsemi utan höfuðborgarinnar með fjárstuðningi til menningarsamninga og menningarhúsa. Fyrsti menningarsamningurinn var gerður fyrir Austurland að frumkvæði heimamanna og undirritaður árið 2001. Hann varð fordæmi fyrir gerð menningarsamninga í öðrum landshlutum, alls átta. Samningarnir eru samstarfssamningar ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna. Þau leggja fram fjármuni á móti framlagi ríkisins, menntamálaráðuneytisins, en iðnaðarráðuneyti hefur einnig varið fjármunum til þessara samninga. Menningarráð hvers landshluta stýrir framkvæmd og veitir styrki til verkefna á starfssvæði sínu. Þannig hefur fjöldi styrkja verið veittur til menningarverkefna á landinu öllu. Mörg menningarverkefni eru líka unnin á vegum vaxtarsamninganna. Munur á þeim og verkefnum samkvæmt menningarsamningunum er m.a. að þau eru samstarfsverkefni og taka oft til stærri svæða en verkefni á vegum menningarsamninga geta verið verkefni einstaklinga, einstakra félaga eða fyrirtækja.

Árið 1999 ákvað þáverandi ríkisstjórn að veita stofnstyrki til uppbyggingar fimm menningarhúsa utan höfuðborgarinnar og slík hús hafa verið byggð upp á Ísafirði, Akureyri og í Skagafirði.[16] [17] [18]

Varðveisla menningararfs er bæði menningar- og byggðamál og menningarminjar finnast á öllum svæðum. Á vegum ríkisins starfa minjaverðir á svæðum sem samsvara svæðum menningar- og vaxtarsamninga um mestallt landið. Með auknum fjárveitingum hins opinbera hafa fornleifarannsóknir vaxið mjög undanfarin ár og er sinnt bæði af einkaaðilum og ríkinu. Í þeim hafa tekið þátt bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og má t.d. nefna Hólarannsóknina í Skagafirði. Flest söfn eru rekin af ríki eða sveitarfélögum eða í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Mikil gróska í safnastarfi hefur styrkt menningartengda ferðaþjónustu.

2.3.3 Skapandi greinar

Segja má að frá upphafi byggðar hafi íslensk skáld haft sig í frammi við hirðir erlendra konunga og rithöfundar skráð sögu þessara kónga og ritverk sem enn teljast mikilvægar bókmenntir. Menning þessarar fámennu þjóðar hefur alið Nóbelsskáld og á síðustu árum hafa bækur margra íslenskra rithöfunda verið þýddar á erlend tungumál. Alþjóðleg velgengni tónlistarkonunnar Bjarkar hefur vakið athygli á Íslandi og sýnir hvernig skapandi greinar geta leitt til atvinnusköpunar, ímyndarsköpunar eða breytingar á ímynd samfélaga og peninga-

---

[14] *Menning,* menntamálaráðuneytið, janúar 2009.
[15] Lýðheilsustöð: www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/#Lydheilsa
[16] Ívar Jónsson: *Árangursmat á samningi ríkisins og sveitarfélaganna á Austurlandi frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 um menningarmál.* 2007
[17] *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni, menntamálaráðuneytið*, október 2000
[18] www.menntamalaraduneyti.is

legra verðmæta. Hún styður líka þá kenningu að lítil menningarsamfélög hafi gildi og geti alið öfluga, skapandi listamenn sem fá vægi í alþjóðasamfélaginu.

Skapandi greinar gefa tækifæri til fjölbreyttara atvinnulífs og sóknarfæra í byggðum landsins. Skapandi greinar er samheiti sem notað er fyrir listgreinar, hönnun, kvikmyndaiðnað, menningarmiðlun, margmiðlun og skyldar greinar. Tækifæri felast í samstarfi hönnuða og framleiðslufyrirtækja, hönnuðir geta m.a. aðstoðað fyrirtæki við vöruþróunarferlið og einstaklingar með rekstarþekkingu og markaðstengsl geta lagt íslenskum hönnuðum lið. Árangur af samstarfi ólíkra hagsmunaaðila veltur á færni manna í samskiptum, einkum trausti, sem er grundvöllur fyrir kraftmikla nýsköpunarstarfsemi og atvinnuþróun.

Vægi skapandi greina má að nokkru sjá af því að dönsk stjórnvöld telja að um 10% af heildarverðmætasköpun í Danmörku verði í skapandi greinum og hafa á árinu 2009 skilgreint fjögur svið skapandi greina sem þau vilja leggja áherslu á og fjárstuðning við til þess að auka samkeppnishæfni Dana á alþjóðavísu. Þessar greinar eru tíska, tónlist, matargerð og tölvuleikir.[19]

Víða á landsbyggðinni er unnið að því að skapa svæðum sérstöðu sem byggir á menningarauði svæðisins, s.s. matarmenningu, handverki, þjóðsögum, tónlist, leiklist, bókmenntum og fornminjum. Um leið er lögð áhersla á, samkvæmt aðferðinni um menningarábata, að efla vitund og þekkingu íbúanna um umhverfi sitt, náttúru og menningu. Menning og staðbundin þekking eru lykilþættir í félags- og efnahagslegri þróun dreifbýla svæða og þeir hafa orðið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í seinni tíð.

2.3.4 Menningartengd ferðaþjónusta

Á undanförnum árum hefur áhersla verið á menningartengda ferðaþjónustu og sérhæfing aukist t.d. með heilsutengdri ferðaþjónustu og ferðaþjónustu sem tengist viðburðum, eins og fjallað er um hér á eftir. Þá hafa áherslur við markaðssetningu breyst, m.a. færst yfir á markaðssetningu svæða frá menningarlegu sjónarhorni. Til grundvallar liggur greiningarvinna þar sem fengist er við sérstöðu hvers svæðis eða sveitarfélags, söguleg, náttúruleg og menningarleg. Slík vinna sýnir íbúum nánasta samfélag og umhverfi í nýju ljósi, henni hefur fylgt gróska í safnastarfi og mörg söfn og setur verið opnuð undanfarin ár. Má t.d. nefna Þórbergssetur í Suðursveit, Galdrasýninguna á Ströndum, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Síldaminjasafnið á Siglufirði, Draugasafnið á Stokkseyri, Landnámssetrið í Borgarnesi, Njálusetrið á Hvolsvelli. Svokallaðar bæjarhátíðir eru grein af menningartengdri ferðaþjónustu, eru af ýmsum toga og haldnar víða um land og laða til sín ferðamenn eins og íþróttamót, ekki síst hestamannamót, sem mörg draga að fjölda erlendra ferðamanna. Reynslan sýnir að samspil heildarinnar hefur úrslitaþýðingu við uppbyggingu á ferðaþjónustu, fjölbreytni og gæði þjónustuþátta, gæði grunngerðar, s.s. samgangna, stoðkerfis og að seglar svæðisins fléttist saman í eina heild og myndi áfangastað ferðamannsins. Lifandi og öflugar menningarstofnanir á borð við bókasöfn, minjasöfn, tónlistarskóla, leikfélög og kóra geta í samstarfi við ferðaþjónustuaðila staðið að fjölþættu menningarstarfi, sýningum, hátíðum og skemmtunum sem laða að innlenda og erlenda ferðamenn og auðga líf íbúanna. Fagmennska í ferðaþjónustu felst ekki síst í samstarfi, því samfélagið allt á þátt í að móta ferðavöruna, allir íbúar svæðisins eru í raun þátttakendur í ferðaþjónustunni með búsetu á áfangastaðnum. Eftirsókn er í því að byggja upp áfangastaði þar sem allt samfélagið er meðvitað um mikilvægi þess að allir séu meðvirkir og hluti af heildinni. Fjölmörg tækifæri eru í ferðaþjónustu á landsbyggðinni

---

[19] Erhvervs- og byggestyrelsen: www.oem.dk/sw25366.asp

og miklir möguleikar í nýsköpun og vöruþróun sem byggist á sögu, menningu og hefðum samfélaga og svæða.

2.3.5 Menntun

Möguleikar til menntunar eru mjög mikilvægur búsetuþáttur, aðgengi að framhalds- og háskólanámi sem og möguleikar á störfum fyrir langskólagengna í heimabyggð. Staðsetning háskólanáms hefur mikil áhrif á námssókn og sköpun starfa fyrir langskólagengið fólk. Háskólar geta skapað sérstök sóknarfæri fyrir svæðisbundna þróun utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar og þá einkum með framboði á störfum fyrir háskólamenntað fólk. Þannig styrkja háskólar líka svæðisbundna nýsköpun. Aðgengi að menntun hefur batnað stórlega á undanförnum árum, ekki síst með símenntunarstöðvum, fjarnámi, fjölgun háskóla og háskóla- og þekkingarsetra víða um land.

Aðgerðir ríkisins til þess að efla menntun og menningarstarf í byggðum landsins síðustu ár hafa verið fjölþættar og jafnan í nánu samstarfi við sveitarfélög. Skólar og þekkingarsetur á framhalds- og háskólastigi hafa verið styrkt sem og safna-, rannsóknar- og fræðastarf. Ríkið hefur sérstaklega beitt sér fyrir mikilli uppbyggingu í Háskólanum á Akureyri en líka stutt háskóla á Bifröst, Hvanneyri og Hólum og háskólasetur og rannsóknastofnanir á fleiri stöðum. Áhersla á fjarnám á framhalds- og háskólastigi hefur skilað sér í menntunarstöðvum víða um land.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er mikilvæg fyrir byggðaþróun þar sem stofnunin rekur þekkingar- og fræðasetur. Markmið hennar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl HÍ við atvinnu- og þjóðlíf. Í upphafi árs 2008 voru átta setur starfandi; á Hornafirði, í Vestmannaeyjum, Hveragerði, Sandgerði, Stykkishólmi, á Bolungarvík, Húsavík og Egilsstöðum: Um mitt ár 2009 tekur til starfa fræðasetur á Skagaströnd. Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og hafa hvert sitt áherslusvið sem tengjast sérstöðu svæðanna, en þrjú svið eru þó áberandi, umhverfisrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Starfsemi setrana hefur meðal annars mikla þýðingu fyrir svæðisbundna nýsköpun.

Dreifmenntun er hugtak sem lýsir blöndu af menntun sem sótt er með fjarnámi og staðbundnu námi. Þannig gefst nemendum sem eru búsettir í dreifbýli kostur á að sækja nám án þess að flytja búferlum. Framboð á fjar- og dreifnámi hefur vaxið síðustu ár enda verið mikil eftirspurn eftir slíku námi og nemendur úr flestum aldurs- og samfélagshópum. Aukið framboð hefur veitt fleirum tækifæri til náms og þannig verið stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms, óháð búsetu.

Í skýrslu starfshóps um fjar- og dreifnám[20] kom m.a. fram að mjög mismunandi er hversu aðgengilegt fjar- og dreifnám er fyrir grunnskólanemendur. Í skýrslunni setti starfshópurinn fram sjö tillögur til að bæta aðgengi nemenda. Meðal tillagna er að sett verði á fót upplýsingaveita, sjálfsmatskerfi skólanna nái til fjar- og dreifnáms, settar verði reglur um að grunnskólanemendur hafi jafnan aðgang að fjar- og dreifnámi í framhaldsskóla, átak verði gert í útgáfu íslenskra rafrænna kennslugagna og efld verði menntun og þjálfun kennara sem taka að sér kennslu í fjar- og dreifnámi með áherslu á aukna samvinnu kennara úr ólíkum skólum.

---

[20] Menntamálaráðuneytið (2007). Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám http://bella.stjr.is/utgafur/skyrsla_fjar-dreifnam.pdf

2.4 Stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar

2.4.0 Almennt

Stofnanir og stuðningsaðgerðir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem beinast að atvinnu- og byggðaþróun, eru margháttaðar og þrátt fyrir takmarkaða samhæfingu eru þær saman nefndar stoðkerfi í einu orði. Í stoðkerfinu eru þannig stofnanir sem stöðugt sinna atvinnu- og byggðamálum, aðgerðaáætlanir og styrktarsjóðir fyrir frumkvöðlastarfsemi, rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífi. Þá hafa stjórnvöld oft sett á laggirnar nefndir til að vinna tillögur til snöggra úrbóta við aðsteðjandi vanda í atvinnumálum ákveðinna byggða.

Ástæða er til að bera saman árangur af starfi nefnda sem settar eru á laggirnar tímabundið til þess að bregðast við áfalli byggðarlaga og „fyrirbyggjandi aðgerða“, þróunarstarf s.s. starf atvinnuþróunarfélaga og vaxtarsamninga. Á sama hátt er vert að meta stofnanauppbyggingu með annars vegar mörgum örstofnunum og hins vegar að byggja á þeim stofnanagrunni, starfs- og samstarfshefðum stofnana, sem fyrir eru.

Starfsemi í stoðkerfinu hefur verið efld m.a. með flutningi og tilfærslu verkefna til atvinnuþróunarfélaga, stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, aukinni starfsemi Fræðasetra Háskóla Íslands, auknu framboði fjarnáms á háskólastigi, þátttöku í erlendum samstarfsáætlunum, opnun starfsstöðva hinna ýmsu stofnana á landsbyggðinni, vaxtarsamningum, fjölbreyttum átaksverkefnum og nú síðast með eflingu Nýsköpunarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs sem styrkt hafa mörg sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Áform eru um að verja allt að 270 milljónum króna á næstu 3 árum í svonefnda öndvegisstyrki með áherslu á vistvænt eldsneyti og orkulíftækni, vistvænar byggingar og skipulag og sjálfbæra ferðaþjónustu. Viðbætur við Tækniþróunarsjóð eru jafnframt svonefndir Frumherjastyrkir með 60 milljóna framlagi og Brúarstyrkir sem eru afar mikilvæg viðbót. Af öðrum sjóðum er tengjast beint þróunarverkefnum í atvinnulífinu má nefna Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS sjóðinn.

Aðgengi sprotafyrirtækja að styrkjum og þolinmóðu fé í öðru formi frá ýmsum opinberum sjóðum og stofnunum hefur aukist á síðustu misserum. Miklar takmarkanir hafa hins vegar verið á lánsfjármögnun til frumkvöðla og sprotafyrirtækja eftir því sem þau komast lengra áfram á þróunarbrautinni. Þessi fyrirtæki eiga það jafnan sammerkt að geta ekki lagt fram þær tryggingar í formi veða sem lánastofnanir, jafnt opinberar sem almenna bankakerfið, gera kröfu um og því hefur fjölmörgum slíkum umsóknum verið hafnað í gegnum tíðina, óháð því hvort þær hafa þótt vænlegar að öðru leyti. Brýnt er að ráða bót á þessu, annað hvort með beinum lánveitingum eða ábyrgðum.

2.4.1 Mótvægisstyrkir

Í upphafi árs 2008 fól iðnaðarráðuneytið Byggðastofnun að hafa umsjón með og veita 360 milljónir til að efla atvinnuþróun, nýsköpun og ferðaþjónustu vegna mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar á þeim svæðum sem verða fyrir mestum áhrifum vegna skerðingar veiðiheimilda. Við mat á því hvaða svæði yrðu fyrir mestum áhrifum vegna þorskaflaskerðingar var aflað upplýsinga um hugsanleg áhrif þess í sveitarfélögum þar sem yfir tíu tonnum af þorski var landað á fiskveiðiárinu 2006–2007.[21] Byggt var á niðurstöðum í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (2007) *Um áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga*[22] og

---

[21] Byggðastofnun (2008). Mat á áhrifum niðurskurðar þorskheimilda fiskveiðiárið 2007–2008. Óbirt greinargerð.

[22] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2007). *Áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga.* Sambands íslenskra sveitarfélaga

skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (2007) *Hagvöxtur landshluta 1998–2005*,[23] auk annarra gagna sem Byggðastofnun aflaði. Styrkhæf svæði voru skilgreind á eftirfarandi hátt: *Sveitarfélög þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu var 10% eða meira.* Alls voru 34 sveitarfélög á skilgreindu svæði, íbúar 1. desember 2007 voru 53.214.000 sem var um 17% landsmanna. Ef miðað er við aldurshópinn 16–67 ára var markhópurinn um 35.653 einstaklingar, þar af voru 17.150 konur og 18.503 karlar, kynjahlutfallið var 49% á móti 51%.

Samtals bárust 556 umsóknir, sótt var um fjármögnun á verkefnum að upphæð 3,4 milljarða króna. Um 200 mkr. voru til ráðstöfunar til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og 160 mkr. til að efla ferðaþjónustu (töflur 2.4.1.1 og 2.4.1.2).

Tafla 2.4.1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun – 200 mkr.

Svæði	Fjöldi umsókna	Samtals sótt um
Suðurnes	13	78.950.000
Vesturland	22	123.350.000
Vestfirðir	69	475.477.000
Norðurland vestra	44	226.078.130
Eyjafjörður	35	192.089.250
Norðausturland	25	144.985.000
Austurland	32	215.755.000
Suðurland	13	71.950.000
Samtals	**253**	**1.528.487.060**

Tafla 2.4.1.2 Ferðaþjónusta – 160 mkr.

Svæði	Fjöldi umsókna	Samtals sótt um
Höfuðborgarsvæði	22	14.040.000
Suðurnes	8	58.000.000
Vesturland	36	212.544.925
Vestfirðir	87	489.564.758
Norðurland vestra	41	264.820.000
Eyjafjörður	30	191.920.000
Norðausturland	27	149.780.000
Austurland	37	238.732.000
Suðurland	14	88.456.000
Samtals	**303**	**1.840.966.683**

Aðferð

Við mat á umsóknum var lögð áhersla á nýsköpun, ný þróunarverkefni eða endurnýjun í starfandi fyrirtækjum, sköpun nýrra framtíðarstarfa, arðsemi, hve hratt störfin skapast og vaxtar- og markaðsmöguleikar. Samtals uppfylltu 327 umsóknir af 556 kröfur sjóðanna (töflur 2.4.1.3 og 2.4.1.4).

---

[23] Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2007). *Hagvöxtur landshluta 1998–2005.* www.byggdastofnun.is

Matsþættir

Mat á verkefnum byggðist á eftirfarandi:.

1. Viðskiptalegar forsendur
2. Atvinnusköpun
3. Hve fljótt störfin verða til
4. Fækkun starfa í sveitarfélaginu/fyrirtækinu
5. Nýnæmi/samkeppni
6. Líkur á árangri
7. Kostnaðaráætlun og verkþættir
8. Heildarfjármögnun

Tafla 2.4.1.3 Atvinnuþróun og nýsköpun – flokkun umsókna

		Samtals stig	Fjöldi	Hlutfall %
I.	Sérlega áhugaverðar umsóknir sem uppfylla mjög vel kröfur sjóðsins	176–200	16	
II.	Góðar umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	145–175	85	
III.	Umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	120–144	59	
IV.	Umsóknir sem uppfylla illa kröfur sjóðsins	81–119	40	
V.	Umsóknir sem uppfylla mjög illa kröfur sjóðsins	0–80	16	
VI.	Utan starfssviðs sjóðsins/ófullnægjandi umsókn		37	
			253	**100%**

160 umsóknir uppfylltu kröfur sjóðsins

Tafla 2.4.1.4 Ferðaþjónusta – flokkun umsókna

		Samtals stig	Fjöldi	Hlutfall %
I.	Sérlega áhugaverðar umsóknir sem uppfylla mjög vel kröfur sjóðsins	155–175	1	0,3
II.	Góðar umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	125–154	72	24
III.	Umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	105–124	94	31
IV.	Umsóknir sem uppfylla illa kröfur sjóðsins	70–104	59	19
V.	Umsóknir sem uppfylla mjög illa kröfur sjóðsins	0–69	75	25
VI.	Utan starfssviðs sjóðsins/ófullnægjandi umsókn		2	0,7
			303	**100%**

167 umsóknir uppfylltu kröfur sjóðsins

Atvinnuþróun og nýsköpun – 200 mkr.

Samtals voru veittir 76 styrkir, flestir til verkefna á Vestfjörðum að upphæð rúmlega 36 mkr. og næstflestir til verkefna á Norðurlandi vestra samtals að upphæð 31 mkr. (tafla 2.4.1.5).

Tafla 2.4.1.5 Atvinnuþróun og nýsköpun – svæði og upphæðir

Svæði	Fjöldi	Styrkupphæð
Suðurnes	3	9.600.000
Vesturland	9	23.750.000
Vestfirðir	15	36.100.000
Norðurland vestra	14	31.165.000
Eyjafjörður	13	32.400.000
Norðausturland	11	28.000.000
Austurland	8	26.500.000
Suðurland	3	11.500.000
Samtals	**76**	**199.015.000**

Byggðastofnun annast eftirfylgni

Flestir atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkirnir voru veittir til vöruþróunar og markaðssetningar í iðnaði og sjávarútvegi. Konur fengu 13% af fjármagninu. Að meðaltali voru styrkir til kvenna að upphæð tæplega 2 mkr. en styrkir til karla tæplega 3 mkr. (tafla 2.4.1.6).

Tafla 2.4.1.6 Atvinnuþróun og nýsköpun – kyn styrkhafa

Umsækjandi/ verkefnisstjóri	Fjárhæð alls	Hlutfall %	Meðaltal	Stuðull
Karlar	173.365.000	87	2.796.000	1
Konur	25.650.000	13	1.832.000	0,65
Samtals	**199.015.000**	**100**		

Ferðaþjónusta – 160 mkr.

Samtals voru veittir 77 ferðaþjónustustyrkir, flestir til verkefna á Vestfjörðum (tafla 2.4.1.7).

Tafla 2.4.1.7 Ferðaþjónusta – svæði og upphæðir

Svæði	Fjöldi	Styrkupphæð
Suðurnes	2	4.000.000
Vesturland	11	19.700.000
Vestfirðir	21	56.400.000
Norðurland vestra	12	15.900.000
Eyjafjörður	6	12.500.000
Norðausturland	7	12.000.000
Austurland	13	27.500.000
Suðurland	5	12.000.000
Samtals	**77**	**160.000.000**

Ferðamálstofu annast eftirfylgni

Ferðaþjónustustyrkir voru veittir til vöruþróunar og markaðssetningar, afgerandi flest eða 37 verkefni tengdust sögu og menningu, 24 verkefni voru sjávartengd, annars vegar í tengslum við sjóstangaveiði og hins vegar vöruþróun á sjávarafurðum til ferðamanna.

Tafla 2.4.1.8 Styrkir til ferðaþjónustuverkefna

Umsækjandi/ verkefnisstjóri	Fjármagn	Hlutfall / fjöldi	Meðaltal	Stuðull
Karlar	112.600.000	70 / 49	2.297.000	1
Konur	47.400.000	30 / 28	1.693.000	0,74
Samtals	**160.000.000**	**100 / 77**		

Konur fengu 30% fjármagnsins eða rúmar 47 mkr. og karlar rúmar 122 mkr. Konur fengu að meðaltali rúmlega 1,6 mkr. og karlar tæplega 2,30 mkr. í styrk (tafla 2.4.1.8).

Áhrif mótvægisaðgerða að upphæð 360 mkr. á stöðu kynjanna

Í ljósi þess að sjö af hverjum tíu umsækjendum voru karlar má ætla að þau sjónarmið, sem voru lögð til grundvallar, hafi verið hagfelldari körlum en konum. Hins vegar virðist sem matsferlið hafi ekki verið hagfelldara öðru kyninu þar sem hlutfall kvenna sem fengu styrk var það sama og þeirra sem sóttu um styrk og hlutfall karla sem fengu styrk var það sama og karla sem sóttu um styrk. Konurnar fengu hins vegar að meðaltali lægri styrki en karlar. Ætla má að styrkveitingarnar hafi jákvæðari áhrif á stöðu karla. Í besta falli viðheldur styrkveitingin núverandi kynjaskiptingu á vinnumarkaðinum en í versta falli getur hún aukið á mismunandi aðstæður kvenna og karla á vinnumarkaðinum.

Afar mikilvægt er að samþætting kynjasjónarmiða sé höfð að leiðarljósi við alla opinbera stefnumótun og ákvarðanatöku. Því er brýnt að ríkisvaldið setji skýrar verklagsreglur um það hvernig eigi að haga slíkri vinnu og hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir áður en hafist er handa við að skilgreina forsendur, markhópa eða svæði.

Árangursmat – janúar 2010

Mörgum góðum verkefnum var hafnað og því er mikilvægt að áfram verði stutt við atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnulífinu því víða á landsbyggðinni liggja ónýtt tækfæri. Jafnframt er áframhaldandi stuðningur við verkefni sem nú þegar eru komin af stað mikilvægur. Strax í upphafi vinnunnar var lögð áhersla á að meta árangur styrkveitinganna, niðurstöður munu liggja fyrir í byrjun árs 2010.

2.4.2 Mótvægisnefndir

Forsætisráðherra skipaði á árinu 2007 nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.[24] Sambærilegar nefndir voru skipaðar vegna stöðu mála á Norðurlandi vestra[25] og Norðausturlandi[26] á fyrri hluta ársins 2008. Í nefndunum sátu fulltrúar forsætis- og iðnaðarráðuneyta og fulltrúar heimamanna á hverju svæði. Nefndirnar funduðu með helstu stofnunum, fulltrúum atvinnulífs og sveitarstjórnum á svæðunum og í framhaldi af því bárust nefndunum tillögur um margvísleg verkefni sem voru mislangt komin í útfærslu og framkvæmd. Nefndirnar funduðu einnig með fulltrúum einstakra ráðuneyta um framgang einstakra tillagna. Á fundum með ráðuneytunum komu hins vegar nær engar tillögur fram um flutning verkefna og starfa frá höfuðborgarsvæðinu. Nefndunum var ætlað að gera tillögur

[24] Skýrsla nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, forsætisráðuneyti apríl 2007
[25] Skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi vestra, forsætisráðuneyti maí 2008
[26] Skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi eystra og Austurlandi, forsætisráðuneyti maí 2008

um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til landshlutanna.

Í skýrslum nefndanna er lýsing á þróun og stöðu búsetu og atvinnulífs á svæðunum, sem er almennt þannig að þetta eru þau svæði landsins þar sem byggðaþróun hefur verið svæðunum óhagstæð. Þá eru í skýrslunum tillögur sem hægt er að segja að séu almenns eðlis og sértækar tillögur um einstök verkefni á hverju svæði.

Nefndirnar töldu að almennar aðgerðir til að bæta samgöngur, byggja upp farsímasamband og háhraðatengingar og auka öryggi í raforkumálum væru brýnar. Þá var talið efla þyrfti og standa vörðum starfsemi opinberra stofnana á svæðinu á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar og fjölga störfum sem krefðust sérfræðimenntunar.

Fimm atriði eru talin skipta höfuðmáli til að bæta aðstæður og öryggi til búsetu og atvinnuuppbyggingar en það eru samgöngur, farsími og háhraði, öryggi í raforkumálum, efling menntunar, rannsókna og nýsköpunar og efling annarrar opinberrar þjónustu.

Stofnað hefur verið Háskólasetur Vestfjarða og Þróunarsetur á Ísafirði, gerður Vaxtarsamningur Vestfjarða og Menningarsamningur Vestfjarða (25 mkr. á ári). Á Vestfjörðum hafa verið áætlaðar vegaframkvæmdir fyrir 10 milljarða króna á næstu árum, fjarsíma- og háhraðaframkvæmdir og framkvæmdir við snjóflóðavarnir fyrir 2,5 milljarða króna. Lögð er til niðurgreiðsla flutningskostnaðar, að auka öryggi raforkuflutninga, að efla menntun, rannsóknir og nýsköpun undir faglegri forystu Háskólaseturs Vestfjarða. Lögð er höfuðáhersla á sjávarútvegs- og matvælasvið, mennta- og rannsóknasvið og menningar- og ferðaþjónustusvið. Lagðar eru fram tillögur um eflingu opinberrar þjónustu í 13 opinberum stofnunum.

Þá eru einnig nefndar sértækar aðgerðir sem sagðar eru ná til alls landsins, en það er að styrkja starfsemi rækjuvinnslustöðva, aðgerðir til flutningsjöfnunar og uppbygging olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum.

Á Vestfjörðum komu fram 37 sértækar tillögur um aðgerðir. Þær fólu í sér að til yrðu allt að 80 ný störf á Vestfjörðum og að árlegur kostnaður yrði um 500 mkr.

Menningarsamningur Norðurlands vestra hefur verið gerður (32 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Norðurlands vestra (30 mkr. á ári), Menningarhús hefur verið endurbyggt í Skagafirði (90 mkr samtals) og framlög til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra aukin vegna uppbyggingar nýrra námsbrauta sem tengist atvinnulífi á svæðinu (20 mkr. árið 2008) og til viðhalds á FNV (10 mkr.). Stefnt er að uppbyggingu og eflingu Háskólans á Hólum. Auka þarf aðgengi að fjarnámi á framhalds- og háskólastigi og tengja það með beinum hætti við rannsókna- og fræðistofnanir á svæðinu, t.d Verinu.

Mótvægisaðgerðir vegna þorskaflaskerðingar hafa verið (20 mkr.) á Skagaströnd og (20 mkr.) á Sauðárkróki og að 20 mkr. verði varið til viðhalds fasteigna sýslumanns á Blönduósi. Fjármunum verður varið til skráningarstarfa við Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Opinber verkefni hafa verið flutt til Norðurlands vestra, Fæðingarorlofssjóður til Hvammstanga 2007, Atvinnuleysistryggingasjóður til Skagastrandar, Sektarinnheimta vegna umferðarlagabrota og Þjónustuver Íbúðalánasjóðs samtals 55 störf. Þekkingarsetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands 3 verði byggt upp á Sauðárkróki (3 stöðugildi), Þekkingarsetur á Skagaströnd (1–2 stöðugildi), uppbygging annarra fiskirannsókna á Sauðárkróki, samstarf safna á Blönduósi (2 stöðugildi) og Selaseturs Íslands eflt. Þá er talið að efla eigi Innheimtumiðstöð á Blönduósi, Vinnumálastofnun á Skagaströnd og koma upp upplýsingakerfi í málefnum fatlaðra.

Talið er að efla þurfi og standa vörðum starfsemi opinberra stofnana á svæðinu á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar, fjölga störfum fyrir menntað fólk og að tengja saman

lykilaðila með þekkingarsetrum. Mikilvægt að efla nýsköpun, ekki aðeins í frumvinnslugreinum og iðnaði heldur einnig í þjónustugreinum og list og menningarstarfsemi og byggja á félags- og menningarauði svæðisins.

Nefndin telur að bæta þurfi samgöngur með áherslu á áframhaldandi uppbyggingu tengivega (570 mkr.) og að öðrum vegaframkvæmdum verði flýtt um eitt ár, endurbæta farsímasamband og háhraðatengingar og auka öryggi í raforkumálum. Markaðssetja þarf sérstöðu svæðisins í landbúnaði.

Styrkja þarf heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og nýta sameiningu sjúkrahúsanna á Blönduósi og Sauðárkróki til að bæta nýtingu aðstöðu á hvorum stað.

Á Norðurlandi vestra komu fram 11 sérgreindar tillögur um allt að 25 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og fleira og var árlegur kostnaður við framkvæmd þeirra áætlaður um 200 mkr.

Bæta þarf samgöngur og stytta vegalengdir milli byggðakjarna, auka öryggi fjarskipta. Auka þarf framboð á menntun og góðri heilbrigðisþjónusta. Fjölga þarf störfum fyrir menntað fólk. Byggja þarf upp þróunar- og frumkvöðlasetur og rannsóknastofnanir sem nýta sérstöðu svæðisins. Auka þarf samvinnu við stjórnvöld um leiðir til eflingar landbúnaðar á sviði ræktunar og vinnslu, hámarka nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu. Markaðssetja sérstöðu svæðanna í landbúnaði, nýta félagsauð. Flytja opinber störf til Norðausturlands og Austurlands enda ýmsir möguleikar til staðar.

Nefndin fyrir Norðausturland gerði tillögur um aðgerðir ríkisvaldsins sem tengjast atvinnu- og menningarmálum. Verksmiðjurekstur hefur verið til skoðunar í Mývatnssveit og á Húsavík; en ekki liggur fyrir kostnaður við þær tilraunir. Samningar eru um eftirfarandi verkefni: Menningarsamningur Eyþings (29 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Austurlands (20 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Norðausturlands (30 mkr. á ári), Menningarsamningur Austurlands (48 mkr. á ári), Þekkingarnet Austurlands (49 mkr. á árinu 2007). Ríkið kemur að rekstri þekkingarsetra á Húsavík, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði (ekki eru tilgreindar upphæðir). Starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands settar upp á Húsavík (2 stöðugildi) og Egilsstöðum (2 stöðugildi). Nytjaskógaræktun er studd og að skoða þarf leiðir til eflingar landbúnaðar á sviði ræktunar og vinnslu til að hámarka nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu og markaðssetja sérstöðu svæða í landbúnaði.

Á Norðausturlandi komu fram 17 sérgreindar tillögur um allt að 20 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og þjónustu í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og var áætlað að árleg útgjöld við framkvæmd þeirra yrði um 200 mkr.

2.4.3 Stofnanir og stoðkerfið

Stuðningskerfi atvinnu- og byggðaþróunar er margþætt og eftirlit með árangri takmarkað. Færa má rök fyrir því að nýting fjármuna og mannauðs geti verið betri en nú er með betri stefnumörkun, samþættri áætlanagerð og samstarfi.

Skilvirkara samstarf aðila stoðkerfisins á svæðis, lands- og alþjóðavísu er mikilvægt og þarf að auka. Eftirsóknarvert er að þeir fjármunir, sem varið er til kerfisins, nýtist sem best þeim verkefnum sem að er unnið og sem minnsti hluti þess fari til rekstrar og þjónustu stoðkerfisins sjálfs. Í þessu samhengi má benda sérstaklega á starf Nýsköpunarmiðstöðvar Impru og vaxtarsamninga sem hafa verið áberandi í umræðu um nýsköpun og þróun að undanförnu.

Mat á árangri og virk eftirfylgni með verkefnum er sjálfsagður hluti hinna ýmsu eininga stoðkerfisins sem ber að efla.

Mikilvægt er að þekkingarlínur séu opnar og virkar. Því þarf stoðkerfið að leggja aukna áherslu á þekkingaryfirfærslu og skilvirka nálgun að viðfangsefnum hverju sinni. Í þessu samhengi er rétt að huga að leiðum til að efla samstarf innan svæðisbundinna þekkingarsamfélaga með áherslu á starfsemi svæðisbundinna þekkingarsetra þar sem saman koma hinir ýmsu þættir stoðkerfisins, ólíkar fræðigreinar og fjölþætt þekking. Þekkingarlínur milli þekkingarsetra á landsvísu og alþjóðatengsl eru síðan sérlega mikilvæg í stóru, fámennu og dreifbýlu landi.

Nú, þegar illa árar í efnahagslegu tilliti, er mikilvægara en áður að leita leiða til að efla og auka skilvirkni stoðkerfisins. Athyglin hefur beinst að þeim greinum atvinnulífsins sem fyrir eru, nýsköpunarstarfi í þeim, að byggja á mannauði og náttúrugæðum sem þar er og á styrkleikum og sérstöðu svæða. Nýsköpunarverkefni starfandi fyrirtækja eru líkleg til að skila skjótum árangri og svæðisbundin nýsköpunarverkefni sem ganga þvert á atvinnugreinar og fræðasvið er vænleg til eflingar staðbundins atvinnulífs og byggðar.

Í öllum landshlutum starfa menningarráð í tengslum við menningarsamninga. Þessa starfsemi þyrfti að tengja betur við aðra þætti stoðkerfisins þannig að þeir aðilar sem starfa að menningu, menntun, nýsköpun, rannsóknum og þróun og ráðgjöf í atvinnumálum vinni saman á skapandi og gagnvirkan hátt og þekking þeirra sé aðgengileg og samþætt. Slíkt gæti t.d. gerst með þátttöku í starfi þekkingarsetra þar sem öll þessi öfl gætu fundið samráðsvettvang.

Sérstakt átak verði gert fyrir konur sem vilja ráðast í eigin atvinnurekstur, til að auðvelda þeim vinnslu viðskiptahugmyndar. Styrkja þarf atvinnusköpun kvenna með áherslu á vöruþróun og þjónustugreinar. Bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur sem hafa viðskiptahugmyndir en vantar aðstoð við að hrinda þeim í framkvæmd. Nýleg könnun sýnir að konur telja stoðkerfi atvinnulífsins ekki þjóna sínum þörfum með fullnægjandi hætti. Eftirfylgni við kvennaverkefni verði stóraukin meðal annars með rekstrarráðgjöf samhliða fjárveitingum. Boðið verði upp á fleiri og sveigjanlegri úrræði sem taka mið af þörfum kvenna, s.s. ráðgjöf, handleiðslu, tölvukunnáttu, bókhaldsþekkingu, ráðgjöf fagaðila o.s.frv. Jafnframt þarf að endurvekja samstarfsverkefni Byggðastofnunar og félagsmálaráðuneytis um staðbundna atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Fyrir breyttar áherslur og aðferðir í stoðkerfi atvinnulífsins eru lykilorðin:

- aukið samstarf og samþætting
- aukin eftirfylgni og árangursmat
- virkar þekkingarlínur

2.4.4 Þekkingarsamfélag og þekkingarsetur

Orðið þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra- og efnahagslegra framfara.

Mynd 2.4.4.1 Þekkingarsetur



Hugmyndin um þekkingarsetur hefur þróast undanfarin ár, einkum með tilliti til nýsköpunar, frumkvöðla, rannsókna, háskóla og stuðningskerfis. Leiðir að markmiðinu er að efla menntun og nýsköpun, þekkingarsamfélagið, og að byggja á staðbundnum styrk og sérkennum og með auk-

inni þátttöku í alþjóðlegum þekkingarnetum. Kökuritið hér á eftir sýnir núverandi hugmyndir um þekkingarsetur í hnotskurn.

Í þingsályktun um byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er áhersla lögð á gildi rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Þar er gert ráð fyrir að skilgreina forgangssvið og móta fyrirkomulag samstarfs, að áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra, stuðningi við atvinnustarfsemi og eflingu skapandi greina, að unnið verði að því að samhæfa stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni til að gera starfið markvissara og lögð áhersla á að tryggja góða tengingu við uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu en þangað munu setrin leita eftir faglegum stuðningi og þátttöku í starfi sínu. Um ofangreindar áherslur ályktaði Vísinda- og tækniráð 19. desember 2005:

„Vísinda- og tækniráð telur að efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, sem byggist á sérstöðu í héraði, sé líkleg til verðmætasköpunar á landsbyggðinni og auki því samkeppnishæfni Íslands.“[27]

Þekkingarsetur eru líkleg til að ná fram samlegðaráhrifum ólíkra fræðasviða og vera vettvangur ólíkra sjónarmiða, þau mynda mikilvægan grunn rannsókna og þróunarstarfs og sem slík líkleg til að leiða til skilvirkrar atvinnuþróunar og eflingar byggðar. Starfsemi þekkingarsetra, sem þegar hafa myndast, byggja á staðbundnum sérkennum, tækifærum og áherslum heimamanna og eru sem slík líkleg til að skila miklum árangri.

Haft er eftir hinum kunna fræðimanni og hugmyndafræðingi klasakenninganna, Micael E. Porter, að varasamt sé að flokka atvinnuvegina sem nýja og gamla, framsækna eða úrelta, það sem úrslitum ráði um árangur í atvinnulífinu og samkeppnislega yfirburði sé miklu frekar hvernig staðið er að hlutunum heldur en í hvaða atvinnuvegi er unnið. Upplýsinga- og þekkingarsamfélagið tekur til allra atvinnugreina samfélagsins, bæði þeirra hefðbundnu og þeirra nýju. Þekkingin er mikilvægasta auðlindin og mikilvægi náttúruauðlinda, vinnuafls og fjármagns felst aðallega í þeim skorðum sem þær setja. Án þessara auðlinda blómstrar þekkingin ekki og án þeirra getur stjórnun ekki skilað árangri, er haft eftir hagfræðingnum víðkunna, Peter F. Drucker. Hefðbundin skipting auðlinda í náttúruauðlindir, vinnuafl og fjármagn er takmarkandi og mikilvægt að tekið sé tillit til svæðisbundins félagsauðs, mannauðs, sögu og menningar þegar fjallað er um þekkingarsamfélag eða þekkingarhagkerfi, hverjar séu forsendur öflugs og framsækins atvinnulífs, auk legu eða staðsetningar.

Markmið nútímalegrar atvinnu- og byggðastefnu er að búa til „svæði sem læra“ (e. *learning regions*). Ferlið er að „bræða saman“ tiltekna **skjalfesta** þekkingu t.d. nýjar aðferðir eða þekkingu sem er mikilvæg í nýjum greinum framleiðslu við **þögla** þekkingu t.d. verkvit á tilteknu sviði, sem oft tengist sögulegum aðstæðum svo að úr verði **stað**- eða **svæðisbundin** þekking sem skapar svæðinu sérstöðu og samkeppnisforskot.[28]

Áherslur Evrópusambandsins í þessu samhengi er að finna í Lissabon- og Gautaborgarsáttmálunum sem miða að því að færa aðildarlöndin í átt „að samkeppnishæfu þekkingarsamfélagi, sem getur haldið uppi viðvarandi hagvexti, skapað fleiri og betri störf og tryggt félagslegt jafnvægi“.

---

[27] www.rannis.is/files/Ályktun%20Vísinda-%20og%20tækniráðs%2019des2005_1202917358.pdf
[28] Dr. Karl Benediktsson, erindi.

Mynd 2.4.4.2 Lærandi svæði



Kerfisbundnar matsaðferðir gefa ákveðna mynd af nýsköpunarstarfi og hagrænum árangri OECD-landa. Hefðbundnar greiningar eru t.d. mat á fjárframlagi til rannsókna (inputs) og fjölda einkaleyfa (outputs) svo dæmi séu tekin. En samskipti og samstarf aðila eru taldar jafn mikilvægar og fjárfestingar í rannsóknum og þróun. Þau samskipti eru lykillinn að því að umbreyta því sem lagt er til rannsókna og þróunar í raunverulega nýsköpun, vöruþróun eða viðskiptatækifæri innan starfandi fyrirtækja. Forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis í þekkingarsamfélagi nútímans er flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana. Bæði í gegnum óformlegar leiðir en jafnframt kerfisbundnar (útgáfur, einkaleyfi).

Flæði tækni og upplýsinga á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er forsenda nýsköpunar. Nýsköpun og tækniþróun er árangur flókinna tengsla þátttakenda í kerfinu þar sem þátttakendur eru m.a. fyrirtæki, háskólar og opinberar rannsóknastofnanir.

Viðtekið er að við mat á árangri og virkni nýsköpunarkerfa séu lagðar 4 megináherslur:

- Samskipti og samstarf fyrirtækja, aðallega sameiginlegt rannsóknastarf og annað tæknisamstarf.
- Samskipti á milli fyrirtækja, háskóla og opinberra rannsóknastofnana, þ.m.t. sameiginlegar rannsóknir, samvinna um einkaleyfi, sameiginlegar útgáfur og fleiri óformleg tengsl.
- Flæði þekkingar og tækni til fyrirtækja þ.m.t. tækniyfirfærsla.
- Hreyfanleiki starfsfólks, með áherslu á flutning tæknifólks innan og á milli opinberra aðila og einkafyrirtækja.

Nýsköpunarkerfi eru gjarna greind niður eftir umfangi og viðfangsefnum. Nýsköpunarkerfi á landsvísu, staðbundin nýsköpunarkerfi, svæðisbundin nýsköpunarkerfi, nýsköpunarkerfi bundin ákveðnum atvinnugreinum og nýsköpunarkerfi sem snúa fyrst og fremst að ákveðnum þjóðfélagshópum.

Ekki er um að ræða neina eina algilda skilgreiningu á nýsköpunarkerfum á landsvísu en sem dæmi má nefna eftirfarandi skilgreiningar (OECD 1997):

- „samstarfsnet opinberra stofnana og einkageira sem með starfsemi sinni og samskiptum hrinda af stað þekkingar og tækniyfirfærslu.“[29]

---

[29] Freeman, 1987

- „ólíkar stofnanir sem hver fyrir sig og sameiginlega leggja af mörkum til þróunar og miðlunar nýrrar tækni og þekkingar. Mynda vettvang fyrir stjórnvöld til að móta nýsköpunarferlin. Sem slík er um að ræða kerfi samtengdra stofnana til að mynda, varðveita og miðla þekkingu, hæfni og getu til að þróa nýja tækni.“[30]

Svæðisbundin nýsköpunarkerfi eru skilgreind sem samstarfsvettvangur fyrirtækja og stofnana sem saman leiða til þróunar nýrrar vöru eða þjónustu innan ákveðinna starfsgreina.

Undanfarin ár hafa víða um land verið myndaðir vísar að þekkingarsetrum sem er svæðisbundinn samstarfsvettvangur atvinnulífs, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins með að markmiði að stuðla að efnahags- og félagslegum framförum. Sums staðar má segja að þróun ofangreindra hugmynda um þekkingarsetur sé langt komin í raun. Athugun á fjölda stöðugilda, staðsetningu og stofnanasamsetningu þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni sem tengst geta hugmyndum um þekkingarsetur frá í febrúar 2009, leiðir í ljós að töluverð samþjöppun hefur átt sér stað og má nefna a.m.k. 10 svæði/staði þar sem grundvöllur er fyrir starfsemi öflugra þekkingarsetra og að um sé að ræða um 340 stöðugildi. Þau eru á eftirfarandi stöðum: Vesturlandi (Borgarnes), Vestfjörðum (Ísafjörður), Norðurlandi vestra (Sauðárkrókur), Eyjafirði (Akureyri), Norðurlandi eystra (Húsavík), Austurlandi (Egilsstaðir), Suðausturlandi (Höfn Hornafirði), Suðurlandi (Selfoss), Vestmannaeyjum og Sandgerði/Reykjanesbæ. Meginkjarnar setranna eru á ofangreindum þéttbýlisstöðum en aðilar setranna koma víðar að úr nærumhverfi þeirra og eins getur verið um minni sérstök setur að ræða sem tengjast meginsetrum. Sem dæmi um þetta getum við tekið Vestfirði þar sem þekkingarsamfélagið byggir á a.m.k. 41 stöðugildi frá 10 mismunandi aðilum/stofnunum sem staðsettir eru á Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði. Þeir aðilar sem a.m.k. kæmu að Þekkingarsetri Vestfjarða væru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Rannsókna- og fræðasetur Vestfjarða, Vaxtarsamningur Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða, Fornleifavernd, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hafrannsóknastofnun, Matís, Búnaðarsamtök Vesturlands, Háskólasetur Vestfjarða auk Galdraseturs, Sögusmiðju og Þjóðtrúarstofu.

Taflan hér að neðan sýnir hvar þessi störf liggja og um hversu marga aðila er að ræða.

Tafla 2.4.4.1 Grunnur þekkingarsetra

	Stöðugildi	**Aðilar**
Vesturland	46,0	13
Vestfirðir	43,0	12
Norðurland vestra	40,0	15
Eyjafjörður	46,5	12
Norðausturland	30,0	8
Austurland	37,0	13
Suðausturland	10,0	5
Suðurland	30,0	10
Vestmannaeyjar	21,0	10
Reykjanes	37,5	11
Samtals	**341,0**	

[30] Metcalfe, 1995

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða aðilar eru teknir með í talningu stöðugilda á landsvísu (utan höfuðborgarsvæðisins).

Tafla 2.4.4.2 Þekkingarsamfélagið – samsetning

Stofnun	Stöðugildi	Hlutfall
Atvinnuþróunarfélag	38,5	11,3%
Háskólasetur	22,0	6,5%
Hafrannsóknastofnun	23,0	6,7%
Landgræðslan	9,0	2,6%
Leiðbeiningarmiðstöðvar landbúnaði	50,0	14,7%
Matís	14,0	4,1%
Náttúrustofur	39,0	11,4%
Markaðsstofur	12,5	3,7%
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	17,0	5,0%
Símenntunarmiðstöðvar	28,0	8,2%
Vaxtarsamningar	6,0	1,8%
Menningarsamningar	13,0	3,8%
Veiðimálastofnun	3,0	0,9%
Fornleifavernd	5,0	1,5%
Skógrækt ríkisins	12,0	3,5%
Þekkingar- og rannsóknasetur	49,0	14,4%
	341,0	100,0%

Samkvæmt ofangreindu eru Leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði, þekkingar- og rannsóknarsetur, Atvinnuþróunarfélög, Náttúrustofur, Símenntunarmiðstöðvar, Háskólasetur auk Hafrannsóknastofnunar lykilaðilar í þekkingarsamfélaginu með um 70% stöðugilda. Nýsköpunarmiðstöð er staðsett á 7 stöðum á landsbyggðinni með 17 starfsmenn eða 5,0%. Starfsmenn „hreinna“ útibúa ríkisstofnana eru 105 talsins en aðilar með blandaða fjármögnun /eignarhald eru með 236 starfsmenn eða 69,2% þekkingarsamfélagsins.

Eins og áður sagði eru þegar til virk þekkingarsetur og eru Vestmannaeyjar, Höfn Hornafirði, Sandgerði, Ísafjörður og Húsavík dæmi um staði þar sem þekkingarsetur hafa þróast á afar jákvæðan hátt. Ef Vestmannaeyjar eru skoðaðar í þessu ljósi þá sýnir eftirfarandi tafla samsetningu þekkingarsamfélagsins. Fjölmargir aðilar koma þar við sögu og forsenda árangurs og skilvirkni er samstarf og tengsl sem er raunin.

Tafla 2.4.4.3 Vestmannaeyjar

Heiti	Staður	Fjöldi
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vestmannaeyjar	2
Atvinnuþróunarfélag	Vestmannaeyjar	1
Matís	Vestmannaeyjar	1
Hafrannsóknastofnun	Vestmannaeyjar	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Vestmannaeyjar	2
Náttúrustofa Suðurlands	Vestmannaeyjar	4
Þekkingarsetur Vestamannaeyja	Vestmannaeyjar	5

Rannsóknaþjónusta Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	1
Surtseyjarstofa	Vestmannaeyjar	1
Viska, Símenntunarmiðstöð	Vestmannaeyjar	2
	Samtals stöðugildi	**21**
	Fjöldi aðila	**10**

Veita þarf auknu fjármagni til rannsókna og þróunarstarfs í staðbundnum þekkingarsetrum og gera þeim þar með frekar kleift að sækja um fjármögnun verkefna í erlenda og innlenda samkeppnissjóði.

Mynd 2.4.4.3 Svæðaskipting á landsbyggðinni 2009



Augljós ávinningur er af auknu samstarfi ólíkra aðila þekkingarsamfélagsins og þá bæði á milli einstakra stofnana/einstaklinga svo og þvert á þekkingarsetrin.

Kortið hér að ofan sýnir umfang þekkingarsamfélaga eftir landshlutum. Hafa verður í huga að skilgreining á störfum sem tilheyra svæðisbundnum þekkingarsamfélögum er ekki algild en um er að ræða sérfræðistörf á ákveðnum fagsviðum hinna ýmsu stofnana samfélagsins. Hér er ekki tekið tillit til háskóla á landsbyggðinni né opinberra stofnana sem þar starfa að öllu leyti eins og Byggðastofnun, Landmælingar Íslands, Skógrækt ríkisins og Landgræðslan.

Á næstu þremur síðum er sundurliðað yfirlit yfir þekkingarsamfélagið á landsbyggðinni skipt niður í 10 svæði þekkingarsetra. Alls eru tiltekin 341 stöðugildi.

Tafla 2.4.4.4 Grunnur þekkingarsetra

Vesturland

Heiti	Staður	Fjöldi
Landgræðsla	Hvanneyri	2
Atvinnuráðgjöf	Borgarnes	6
Vaxtarsamningur Vesturlands	Borgarnes	1
Búnaðarsamtök Vesturlands	Hvanneyri	11
Menningarráð Vesturlands	Hvanneyri	1
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Borgarnes	4
Veiðimálastofnun	Hvanneyri	1
Atvinnuráðgjöf	Snæfellsbæ	1
Hafrannsóknastofnun	Ólafsvík	4
Markaðsstofa Vesturlands	Borgarnes	3
Skógrækt ríkisins	Hreðarvatn	3
Náttúrustofa Vesturlands	Stykkishólmur	4
Háskólasetur Snæfellsness	Stykkishólmur	4
Fornleifavernd	Stykkishólmur	1
Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	
Viðskiptaháskólinn Bifröst	Bifröst	
Landmælingar Íslands	Akranes	
	Samtals stöðugildi	**46**
	Fjöldi aðila	**13**

Vestfirðir

Heiti	Staður	Fjöldi
Atvinnuráðgjöf	Patreksfjörður	3
Rannsókna- og fræðasetur Vestfjarða	Bolungarvík	3
Vaxtarsamningur Vestfjarða	Ísafjörður	1
Náttúrustofa Vestfjarða	Bolungarvík	8
Fornleifavernd	Bolungarvík	1
Atvinnuráðgjöf	Ísafjörður	2
Menningarsamningur Vestfjarða	Ísafjörður	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Ísafjörður	3
Markaðsstofa Vestfjarða	Ísafjörður	1
Hafrannsóknastofnun	Ísafjörður	8
Matís	Ísafjörður	3
Atvinnuráðgjöf	Hólmavík	1
Búnaðarsamtök Vesturlands	Ísafjörður	1
Háskólasetur Vestfjarða	Ísafjörður	7
Sögusmiðjan	Hólmavík	
Galdrasetur	Hólmavík	
	Samtals stöðugildi	**43**
	Fjöldi aðila	**12**

Norðurland vestra

Heiti	Staður	Fjöldi
Atvinnuráðgjöf	Hvammstangi	3
Atvinnuráðgjöf	Blönduós	1
Atvinnuráðgjöf	Sauðárkrókur	1
Atvinnuráðgjöf	Siglufjörður	1
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	1
Hátæknisetur Íslands	Sauðárkrókur	1
Náttúrustofa Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	5
Matís	Sauðárkrókur	1
Fornleifavernd	Sauðárkrókur	1
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Blönduós	4
Leiðbeiningarmiðstöðin	Sauðárkrókur	6
Selasetur	Hvammstangi	3
Sjávarlíftæknisetur	Skagaströnd	3
Menningarráð Norðurlands vestra	Skagaströnd	1
Farskólinn Norðurlandi vestra	Sauðárkrókur	3
Farskólinn Norðurlandi vestra	Blönduós	1
Veiðimálastofnun	Sauðárkrókur	1
Landgræðslan	Hólum	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Sauðárkrókur	2
Háskólinn Hólum	Hólum	
Háskólinn Hólum	Sauðárkrókur	
Byggðastofnun	Sauðárkrókur	
	Samtals stöðugildi	**40**
	Fjöldi aðila	**15**

Eyjafjörður

Heiti	Staður	Fjöldi
Búgarður	Akureyri	10
Matís	Akureyri	4
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	Akureyri	3
Vaxtarsamningur Eyjafjarðar	Akureyri	1
Skógrækt ríkisins	Akureyri	3
Markaðsstofa Norðurlands	Akureyri	2,5
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Akureyri	5
Menningarráð Eyþings	Akureyri	1
Fornleifavernd	Akureyri	1
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Akureyri	5
Símenntun Háskólans Akureyri	Akureyri	2
Hafrannsóknastofnun	Akureyri	4
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Akureyri	5
Háskólinn Akureyri	Akureyri	
	Samtals stöðugildi	**46,5**

	Fjöldi aðila	**12**

Norðausturland

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Landgræðslan	Húsavík	3
Landgræðslan	Mývatnssveit	1
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Húsavík	8
Náttúrustofa Norðausturlands	Húsavík	6
Þekkingarsetur Þingeyinga	Húsavík	6
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Húsavík	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Húsavík	1
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn	Mývatnssveit	1
Búgarður		2
	Samtals stöðugildi	**30**
	Fjöldi aðila	**8**

Austurland

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Matís	Neskaupstaður	3
Þróunarfélag Austurlands	Egilsstaðir	4
Vaxtarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	1
Náttúrustofa Austurlands	Egilsstaðir	3
Náttúrustofa Austurlands	Neskaupstaður	5
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Egilsstaðir	2
Markaðsstofa Austurlands	Egilsstaðir	2
Upplýsingamiðstöð Austurlands	Egilsstaðir	1
Menningarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	1
Fornleifavernd	Egilsstaðir	1
Landgræðslan	Egilsstaðir	1
Búnaðarsamband Austurlands	Egilsstaðir	4
Þekkingarnet Austurlands	Egilsstaðir	6
Skógrækt ríkisins	Egilsstaðir	3
	Samtals stöðugildi	**37**
	Fjöldi aðila	**13**

Suðausturland

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Þekkingarnet Austurlands	Höfn Hornafirði	1
Matís	Höfn Hornafirði	2
Nýsköpunarmiðstöð	Höfn Hornafirði	1
Háskólasetrið	Höfn Hornafirði	5
Hafrannsóknastofnun	Höfn Hornafirði	1
	Samtals stöðugildi	**10**
	Fjöldi aðila	**5**

Suðurland

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Selfoss	3
Háskólasetrið Hveragerði	Hveragerði	2
Landgræðslan	Gnúpverjahreppur	1

Veiðimálastofnun	Selfoss	1
Menningarsamningur Suðurlands	Selfoss	1
Markaðsstofa Suðurlands	Selfoss	1
Búnaðarsamband Suðurlands	Selfoss	12
Fræðslunet Suðurlands	Selfoss	5
Vaxtarsamningur Suðurlands	Selfoss	1
Skógrækt ríkisins	Selfoss	3
Landgræðslan	Gunnarsholt	
	Samtals stöðugildi	**30**
	Fjöldi aðila	**10**

Vestmannaeyjar

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vestmannaeyjar	2
Atvinnuþróunarfélag	Vestmannaeyjar	1
Matís	Vestmannaeyjar	1
Hafrannsóknastofnun	Vestmannaeyjar	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Vestmannaeyjar	2
Náttúrustofa Suðurlands	Vestmannaeyjar	4
Þekkingarsetur Vestamannaeyja	Vestmannaeyjar	5
Rannsóknaþjónusta Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	1
Surtseyjarstofa	Vestmannaeyjar	1
Viska, Símenntunarmiðstöð	Vestmannaeyjar	2
	Samtals stöðugildi	**21**
	Fjöldi aðila	**10**

Reykjanes

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Fræðasetur	Sandgerði	2
Háskólasetur Suðurnesja	Sandgerði	1
Náttúrustofa Reykjaness	Sandgerði	4
Rannsóknastöðin BioIce	Sandgerði	10
Hafrannsóknastofnun	Grindavík	4
Miðstöð Símenntunar Suðurnesjum	Reykjanesbær	6
Saltfisksetur Íslands	Grindavík	1
Atvinnuráðgjafi SSS		0,5
Markaðsstofa Suðurnesja	Reykjanesbær	2
Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	1
Upplýsingamiðstöðvar		6
Stofnfiskur	Reykjanesbær/Hafnir	
Orf Lífrækni, Græna smiðjan	Grindavík	
Keilir, Miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs	Reykjanesbær	
	Samtals stöðugildi	**37,5**
	Fjöldi aðila	**11**
	Heildarfjöldi stöðugilda	**341**

2.4.5 Svæðisbundnar þróunaráætlanir

Starfsemi sem byggist á svæðisbundnum vaxtarsamningum og menningarsamningum þykir hafa skilað góðum árangri. Starfssvæði þessara samninga hafa ekki verið einstök sveitarfélög, heldur hafa iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti gert þessa samninga við sveitarfélög og fleiri aðila á svæðum sem miðast við starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga. Stjórn á framkvæmd þessara samninga og verkefnum sem á þeim byggjast hefur færst til samtaka sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og menningarráða, og það fært með sér ábyrgð, yfirsýn og störf á sviðum samninganna. Þessi þróun varpar ljósi á að samstarf sveitarfélaga um atvinnu- og byggðamál er vaxandi og mikilvægt og er jafnvel forsenda fyrir því að starfsemi og störf á þessum sviðum verði til og þróist á landsbyggðinni.

Áhersla stjórnvalda í atvinnu- og byggðaþróun á Íslandi hefur verið á þessi svæði og er enn, á að þróun byggist á svæðunum, því sem þar er, svæðisbundnum sérkennum, hefðum, mannauði og auðlindum. Áhersla er nú á aukið samstarf í svæðisbundnum þekkingarsamfélögun og sé litið til Evrópusambandsins og Norðurlanda sjást sams konar áherslur. Á þessum grundvelli byggist stefnan um þróun fyrirtækja og samfélaga í alþjóðlegri samkeppni komandi ára.

Sú góða reynsla sem fengist hefur af vaxtarsamningum og menningarsamningum hvetur til að samstarf sveitarfélaga verði eflt á grundvelli þessara samninga, þannig að til þeirra verði sótt markmið fyrir þróunaráætlanir fyrir svæði samninganna og landshlutasamtaka sveitarfélaga og á ábyrgð sveitarfélaganna og samtaka þeirra. Á þann hátt mætti tengja svæðisbundnar áherslur samninganna á sviði atvinnu- og byggðaþróunar við áætlanir einstakra sveitarfélaga, lýsa sérkennum, auðlindum, mannauði, félagsauði og markmiðum um uppbyggingu og setja upp framtíðarsýn fyrir hvert svæði. Slíkar áætlanir þyrfti að vinna í góðri sátt á svæðunum, þannig að hvert sveitarfélag gæti byggt stefnu sína á þessari sameiginlegu svæðisstefnu eða framtíðarsýn. Á þennan hátt sköpuðust líka nýjar og skilvirkar forsendur til samspils á milli áætlana á landsvísu, s.s. áætlana einstakra ráðuneyta, og svæðisbundinna áætlana, á milli stjórnsýslustiga, þannig að draga myndi úr líkum á ágreiningi, en líkur til góðs árangurs áætlana með því að hámarka samvirkni, myndu aukast.

Svæðaáætlanir af því tagi sem hér er lýst byggjast á sérstöðu hvers svæðis, sem elur af sér áherslur og viðfangsefni hverrar áætlunar. Eðlilega geta því efnistök verið ólík, stefna og málefni þó sameiginleg sé stefna að sjálfbærri þróun.

Mynd 2.5.0.1 Hlutfallslegur hagvöxtur landshluta 2000–2006



2.5 Landshlutar

2.5.0 Almennt

Erfitt er að spá fyrir um áhrif efnahagskreppunnar á byggðaþróun á komandi árum. Ástand í atvinnulífi hefur að undanförnu verið verst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Mögulegt er að það hafi þau áhrif að fólki fjölgi í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins,

ef atvinnuástand verður betra þar. Búsetuskilyrði eru misjöfn innan landshlutanna. Alls staðar eru þó möguleikar fyrir hendi en nýting þeirra og samkeppnishæfni svæðanna byggist á samgöngum, þekkingu til nýsköpunar og stjórn- og stoðkerfi sem er fært um að styðja nýsköpun og bæta búsetuskilyrði.[31]

2.5.1 Vesturland

Suðvesturland, allt frá Árnessýslu til Borgarfjarðar, er smám saman að verða eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Greiðar samgöngur eru um svæðið og íbúar hafa góðan aðgang að allri þeirri þjónustu og þekkingarstarfsemi sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðaþjónusta er vaxandi á Snæfellsnesi og Hvalfjarðargöngin hafa breytt miklu fyrir Vesturland. Miklir möguleikar á Snæfellsnesi, t.d. Búðir, Hellnar, Breiðafjörður o.fl. Áhugi er á að efla menningartengda ferðaþjónustu, auk þess sem Snæfellsnes vill markaðssetja sig sem vistvænt svæði og nýta aðdráttarafl jökulsins. Víða þykja ónýttir ýmsir möguleikar til menningartengdrar ferðaþjónustu, t.d. í Hvalfirði.

Með áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Grundartanga, hafnasamstarfi á svæðinu og eflingu háskóla, Viðskiptaháskólans að Bifröst og Landbúnaðarháskólans að Hvanneyri og samstarfi þeirra við atvinnulífið, munu byggðarlög á suðurhluta Vesturlands halda áfram að eflast. Þrír framhaldsskólar eru á svæðinu, á Akranesi, í Grundarfirði og svo nýr skóli í Borgarnesi. Menningarstarf er öflugt, t.d. í Reykholti og Landnámssetur í Borgarnesi. Íbúum hefur fækkað á Snæfellsnesi síðasta áratug nema í Grundarfirði. Með samgöngubótum síðustu ára, Hvalfjarðargöngum, Bröttubrekku, Vatnaleið og í Kolgrafarfirði eru góðar samgöngur af Snæfellsnesi við höfuðborgarsvæðið. Á þéttbýlisstöðunum á norðanverðu Snæfellsnesi er atvinnulíf fremur einhæft en næg atvinna. Sjávarútvegur er þó fjölbreyttur og byggist mjög á sókn á nálæg fiskimið. Ferðaþjónusta stendur traustum fótum og er vaxandi á Snæfellsnesi, m.a. vegna fjölbreyttrar náttúru á landi og sjó og góðra samgangna allan ársins hring. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 og skapar ný sóknarfæri í ferðaþjónustu, t.d. má nýta land betur fyrir sumarhúsabyggð. Möguleikar eru í fiskeldi, kræklingarækt, frekari nýtingu jarðhita á svæðinu og í fullnýtingu sjávarfangs. Í því efni er vert að minnast á sjávarrannsóknasetrið Vör í Ólafsvík þar sem unnið er að rannsóknum og markaðssetningu á beitukóngi.

Í Dalabyggð og Reykhólahreppi hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í sauðfjárrækt. Möguleikar felast helst í vöruþróun í landbúnaði, ferðaþjónustu, frekari uppbyggingu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum og víðtækari nýtingu jarðhita. Ferðaþjónusta er vaxandi, ekki síst í Flatey, en mörg tækifæri eru þó enn sem komið er ónotuð á þessu svæði og skortir á þjónustu við ferðamenn. Tækifæri kunna að opnast með vegi um Arnkötludal sem tengir Strandir og Vesturland. Það gæti m.a. verið í þjónustu en einnig opnast möguleikar á samstarfi milli þessara byggðarlaga.

Vaxtarsamningur fyrir Vesturland var gerður árið 2006. Í tengslum við hann má nefna klasastarf í ferðamálum á Vesturlandi undir heitinu „All Senses“.

---

[31] Halldór Kristjánsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir: Útg. Byggðastofnun, júlí 2008, http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Byggdarlog/Byggdarlog_loka.pdf

2.5.2 Vestfirðir

Þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum byggja afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Atvinnulíf er fremur fábreytt nema á Ísafirði, atvinna hefur verið næg en íbúum hefur samt fækkað alls staðar síðasta áratug. Flytja hefur þurft inn vinnuafl til fiskvinnslu.

Ferðaþjónusta er vaxandi og er víða öflug eins og á Ströndum í nágrenni Hólmavíkur (Sögusmiðjan). Þá eru siglingar um Djúpið o.fl. sem tengist einnig gönguleiðum á Hornströndum. Gistirými er hins vegar veiki hlekkurinn víða, auk skorts á afþreyingu fyrir ferðamenn. Þá má og nefna samgönguörðugleika. Tækifæri eru m.a. talin felast í náttúrulegum aðstæðum, s.s. sjóstangaveiði, auk þess sem menn sjá mikil tækifæri á Hólmavík og nágrenni og vilja frekari uppbyggingu tengda ferðaþjónustu.

Hin mörgu þjóðerni, sem nú má finna á Vestfjörðum, kunna að fela í sér möguleika til atvinnusköpunar og þróunar, t.d. á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina. Sóknarfæri felast líka í uppbyggingu rannsókna- og menntastofnana í tengslum við fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum og tengdum greinum s.s. eldi sjávardýra. Þorskeldi er í vexti og þorskeldisklasi nokkurra fyrirtækja er nýstofnaður. Á Ísafirði var nýlega sett á fót Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarsetur sem hýsir ýmsa starfsemi. Vetrarsamgöngur innan Vestfjarða hafa háð samstarfi þéttbýlisstaða, fyrirtækja og stofnana. Með greiðari og öruggari samgöngum milli þéttbýlisstaðanna opnast möguleikar og búsetuskilyrði batna.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur fólki fækkað mikið undanfarin ár. Atvinnuástand hefur þó verið gott og jafnvel hefur þurft að flytja inn erlent vinnuafl til fiskvinnslu. Atvinnulífið er einhæft og byggist mest á sjávarútvegi. Helstu sóknarfæri auk sjávarútvegs eru í ferðaþjónustu og fiskeldi. Möguleikar eru í ferðaþjónustu, ekki síst tengt Látrabjargi, ef samgöngubætur fást. Bættar samgöngur eru algjör forsenda áframhaldandi búsetu á svæðinu. Talsverðar væntingar eru tengdar mögulegri olíuhreinsunarstöð við Hvestu í Arnarfirði, en óvíst hvað verður. Á Tálknafirði hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfismál, en sprotafyrirtækið Villimey sem framleiðir krem úr jurtum, byggir ímynd sína m.a. á hreinleika í umhverfinu.

Í Strandasýslu hefur fólki fækkað stöðugt. Byggð er dreifð og atvinnulíf einhæft, hefur byggst á sauðfjárrækt og hlunnindanýtingu í sveitum og sjávarútvegi á Hólmavík og Drangsnesi. Nokkur vöxtur hefur þó verið í ferðaþjónustu og Galdrasetrið á Hólmavík er dæmi um velheppnaða nýsköpun á því sviði. Árneshreppur hefur sérstöðu hvað samgöngur snertir og er oft einangraður að vetrinum. Miklar væntingar eru vegna vegar um Arnkötludal sem mun breyta mjög miklu fyrir íbúana á Ströndum, en kemur íbúum Árnesshrepps þó ekki til góða nema að takmörkuðu leyti. Sú samgöngubót mun þó breyta miklu, bæði hvað varðar samgöngur til höfuðborgarinnar, möguleika á eflingu ferðaþjónustu og samstarf sveitarfélaga, jafnvel sameiningu við Dalabyggð.

Vaxtarsamningur fyrir Vestfirði var gerður árið 2006. Árið 2007 skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum og fór sú vinna fram í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 80 ný störf og var áætlað að árlegur kostnaður við þau yrði 500 mkr.

2.5.3 Norðurland vestra

Fólki hefur fækkað mikið í Húnaþingi undanfarin ár og atvinna dregist saman, jafnt í þéttbýli sem sveitum. Atvinnulíf byggist á landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustu, tekjur eru almennt lágar nema á Skagaströnd. Ullarþvottastöð er starfandi á Blönduósi og þar og á Hvammstanga eru afurðastöðvar. Með veiðum og vinnslu innfjarðarækju fyrir nokkrum ára-

tugum varð mikil uppsveifla á Hvammstanga sem ekki náðist að fylgja eftir. Aðstæður fyrir stóriðju hafa verið taldar góðar á svæðinu milli Skagastrandar og Blönduóss og með Þverárfjallsvegi stækkar atvinnu- og þjónustusvæðið til Sauðárkróks.

Ferðaþjónusta hefur verið að eflast, ekki síst í Skagafirði. Víða er verið að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu, t.d. Grettistak, Vesturfarasetrið, Hólar, söfnin, fljótasiglingarnar o.fl. Skagfirðingar hafa skapað sér sterka ímynd sem hestamenn og söngmenn, bæði innanlands og utan, a.m.k. hvað hestamennsku varðar. Ferðaþjónustan stendur líklega veikast í A-Hún. Tækifærin eru talin felast í eflingu ferðaþjónustu, m.a. með gönguleiðum, með menningu og sögu o.fl.

Opinber starfsemi hefur verið flutt á svæðið, Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi og Vinnumálastofnun á Skagaströnd, auk þess sem hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs og öll starfsemi Byggðastofnunar er á Sauðárkróki.

Íbúum hefur fækkað í Skagafirði en þar er atvinnulíf og opinber þjónusta tiltölulega fjölbreytt, einkum á Sauðárkróki. Sjávarútvegur er öflugur og Kaupfélag Skagfirðinga er stærsta fyrirtækið á svæðinu. Menningartengd ferðaþjónusta hefur verið í þróun, t.d. tengd íslenska hestinum, vesturförum og safnastarfi, sem og matarmenningu. Einnig eru öflugar fornleifarannsóknir í Skagafirði, sérstaklega tengt Hólum. Á þessu sviði eru sóknarfæri sem og í fiskeldi og nýjum búgreinum, t.d. hrossarækt og kornrækt. Hólaskóli hefur eflst á undanförnum árum og starfar nú á háskólastigi. Háskóla- og rannsóknastarf á sviði fiskeldis, sem fram fer í tengslum við öflug útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, fela í sér tækifæri til nýsköpunar. Verið – Vísindagarðar er þekkingarsetur sem starfar í tengslum við Háskólann á Hólum, en hýsir nú einnig Matís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður þar einnig með aðsetur. Nú er verið að kanna möguleika á stofnun koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki. Vöruþróun í sauðfjárslátrun í samvinnu við Nýsjálendinga er athyglisverð og lofandi. Landkostir og hafnarskilyrði hafa verið talin góð fyrir orkufrekan iðnað austan við botn Skagafjarðar og þá með hliðsjón af mögulegri orkuframleiðslu jökulánna í Skagafirði.

Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra var gerður í ársbyrjun 2008. Í janúar 2008 skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra og lauk hún störfum hálfu ári síðar. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 25 ný störf og var áætlað að árlegur kostnaður við þau yrði 200 mkr.

Íbúum á Siglufirði fækkaði allan seinnihluta síðustu aldar og hefur haldið áfram að fækka. Ekki hefur náðst að skapa fjölbreytni í atvinnulífi og sóknarfæri er helst að finna í fullnýtingu sjávarafla og ferðaþjónustu. Uppbygging Síldarminjasafns hefur vakið athygli og hlotið viðurkenningu og aðstæður til skíðaíþrótta eru óvíða betri frá náttúrunnar hendi en á Siglufirði. Héðinsfjarðargöng munu auðvelda aðgang að fjölbreyttri þjónustu í Eyjafirði og bæta búsetuskilyrði. Nú hefur Fjallabyggð sameinast Ólafsfjarðarbæ, en Héðinsfjarðargöng skapa skilyrði fyrir slíkri sameiningu.

2.5.4 Norðurland eystra

Nokkur íbúafjölgun hefur verið undanfarin ár á Akureyri, Grenivík, í Svalbarðsstrandarhreppi og í Eyjafjarðarsveit. Íbúum hefur hins vegar fækkað í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð, einkum út með firðinum að vestan. Störfum í iðnaði hefur fækkað, sjávarútvegur eflst en fyrst og fremst hefur störfum fjölgað í þekkingar- og þjónustugreinum. Akureyri hefur eflst sem skólabær með skólum á framhalds- og háskólastigi. Eyjafjörður er fjölmenn-

asta og öflugasta þéttbýlissvæði utan Suðvesturlands og líklegast, ásamt Miðausturlandi, til þess að laða til sín fólk og fyrirtæki utan þess svæðis.

Sameining sveitarfélaga og bættar samgöngur hafa í för með sér bætt búsetuskilyrði, starfsskilyrði fyrirtækja, meiri samkeppnishæfni svæðisins og betri skilyrði til að flytja þangað verkefni frá ríkinu, t.d. tengd sjávarútvegi.

Ferðaþjónusta er vaxandi og Mývatnssveit hefur sérstöðu. Einnig þar hafa menn hug á stefnumótun og frekari markaðssetningu, t.d. á vetrarferðaþjónustu. Aðrir sjá einnig tækifæri tengd vetrarferðamennsku, t.d. á Ólafsfirði. Nálægð við Akureyri er einnig talin gefa tækifæri. Ýmislegt er í vexti, t.d. Hvalaminjasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarferðir þaðan hafa visst forskot. Húsvíkingar hugsa einnig um strandmenningu með því að gera hafnarsvæðið aðgengilegt, en slíkt verkefni er í gangi víðar. Auk Mývatns má nefna þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Talsvert er verið að vinna í kynningarmálum nyrst og austast á svæðinu en á því svæði eru samgöngur veikleiki. Menn sjá m.a. tækifæri í nýtingu jarðhita á Þeistareykjum, í Kröflu og í Bjarnarflagi, t.d. á Húsavík og nágrenni, auk menningartengdrar ferðaþjónustu. Héðinsfjarðargöng eru talin geta eflt ferðaþjónustuna á því svæði. Skemmtiferðaskip hafa viðdvöl á Akureyri og hugsanlega geta nágrannabyggðir notið enn frekar góðs af. Jarðböðin við Mývatn hafa skapað aukna möguleika í ferðaþjónustu. Áhugi er á heilsutengdri ferðaþjónustu. Hugmynd um útivistarsvæði á Langanesi og í Hrísey og þá sem hreina og umhverfisvæna eyju.

Sóknarfæri eru á flestum sviðum og byggjast á íbúafjölda, þéttbýli og þeirri fjölbreytni sem er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu. Vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið var endurnýjaður í ársbyrjun 2008.

Íbúum hefur fækkað á Húsavík og atvinnulíf átt undir högg að sækja, bæði vegna tækniþróunar í fiskveiðum og -vinnslu og breytinga í vinnslu landbúnaðarafurða. Hins vegar hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu verið í sókn. Einnig má nefna ferðaþjónustuverkefni sem snertir þingeyska matarmenningu. Nálægð við ríkar orkulindir skapar sóknarfæri til framtíðar, í iðnaði, hátækni og líftækni. Í þessu ljósi eru rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum mikilvægar.

Í Mývatnssveit lagðist starfsemi Kísiliðjunnar af. Fyrirtækið Grænar lausnir hefur reynt að þróa framleiðslu á vörubrettum, en þar eru afar fá störf. Ferðaþjónusta er öflug og þar eru sóknarfæri. Áhersla hefur verið á að lengja ferðamannatímann, efla afþreyingarkosti, eins og jarðböðin eru gott dæmi um, og að nýta nálægðina við þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Á Þórshöfn er staða útgerðar sterk og hefur leitt til nýsköpunar við veiðar og vinnslu á kúfiski. Samgöngubætur, ekki síst nýr vegur um Hófaskarð sem tengir austasta svæðið vestur á við, munu stækka atvinnu- og þjónustusvæði þéttbýlisstaðanna og auka möguleikana í ferðaþjónustu.

Miklar væntingar hafa verið vegna möguleika á byggingu álvers við Bakka, ekki síst í Suður-Þingeyjarsýslu. Sú framkvæmd hefur þó frestast m.a. vegna efnahagsástandsins og óvíst um framhaldið.

Vaxtarsamningur fyrir Norðausturland var gerður árið 2008. Um svipað leyti skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og lauk hún störfum um hálfu ári síðar. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 20 ný störf á

sviði rannsókna, ráðgjafar og þjónustu í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og var áætlað að árleg útgjöld við framkvæmd þeirra yrði um 200 mkr.

2.5.5 Austurland

Á Miðausturlandi hefur verið mikil uppbygging vegna álversins í Reyðarfirði. Þá má nefna eflingu fiskeldis, allt frá Berufirði til Seyðisfjarðar. Sóknarfæri er líka að finna í nýjum búgreinum, einkum á Fljótsdalshéraði. Möguleikar eru í ferðaþjónustu, t.d. í sérstakri náttúru og nálægð við miðhálendið í tengslum við ferjusiglingar milli Seyðisfjarðar og hafna á meginlandi Evrópu. Vonir voru bundnar við möguleika tengda millilandaflugi á Egilsstöðum, en það hefur nú lagst af. Á Austurlandi er öflugt menningarstarf og vaxandi ferðaþjónusta. Þekkingarnet Austurlands var stofnað árið 2006 og rekur m.a. háskólanámssetur á Egilsstöðum.

Uppbygging orkufreks iðnaðar er mjög þýðingarmikil fyrir byggð á Austurlandi. Til þessa verks heyra samgöngubætur milli byggða á Miðausturlandi, uppbygging menntastofnana, opinberrar þjónustu og bygging íbúðarhúsnæðis.

Eftir langt tímabil fólksfækkunar hefur íbúum fjölgað á Miðausturlandi en íbúum hefur áfram fækkað í sveitarfélögum norðan við Fljótsdalshérað. Uppbygging á Miðausturlandi mun hafa áhrif til norðurs þó Vatnsskarðið dragi úr þeim. Miklu skiptir fyrir byggð í Vopnafirði og norður um, þar sem atvinnulíf er einhæft, að vegasamband við Hérað verði bætt.

Eftir mikla uppbyggingu síðustu áratugi varð afturkippur í atvinnulífi á Hornafirði, m.a. vegna hagræðingar og samdráttar í landbúnaði og sjávarútvegi sem stendur þó nokkuð traustum fótum og felur í sér færi til sóknar. Þá skapar starfsemi Nýheima skilyrði til þekkingarstarfsemi í tengslum við sjávarfang og -vinnslu auk þess sem lega Hornafjarðar og nálægð við Vatnajökul skapar sérstöðu fyrir ferðaþjónustu sem hefur verið í þróun og lofar góðu.

Vaxtarsamningur fyrir Austurland var gerður árið 2007.

Vaxandi ferðaþjónusta og mikill straumur sem tengist ferðum Norrænu. Þjónusta við ferðamenn er kannski helsti veikleikinn. Ýmislegt athyglisvert eins og Papeyjarferðir, steinasafnið á Stöðvarfirði, safn um sögu Frakka á Fáskrúðsfirði o.fl. Á suðausturhorninu tengist ferðaþjónustan nálægð við Jökulsárlón, jökulinn, þjóðgarðinn og öræfin. Veikleikinn er einnig sá að ferðamenn staldra ekki við á leið sinni frá Seyðisfirði og norður eða suður um landið. Eitthvað af skemmtiferðaskipum hafa einnig viðkomu á Seyðisfirði og hugsanlega mætti nýta það eitthvað.

2.5.6 Suðurland

Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í Árnessýslu og atvinnulíf eflst. Skilyrði virðast vera til þess að þessi þróun haldi áfram, góðir landkostir, þétt byggð og nálægð við höfuðborgarsvæðið. Selfoss er þjónustumiðstöð Suðurlands og uppbygging þar í þjónustugreinum hefur verið mikil. Suðurstrandarvegur mun bæta samband við alþjóðaflugvöll. Breikkun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss mun auka öryggi vegfarenda. Mikill straumur ferðamanna er um Suðurland og þar er öflug ferðaþjónusta og vaxandi.

Íbúum hefur heldur fækkað síðasta áratuginn í Rangárþingum en mun meiri fækkun hefur orðið í Vestur-Skaftafellssýslu. Mikil uppbygging er í ferðaþjónustu og einstakir náttúrustaðir fela í sér enn frekari sóknarfæri í þeirri grein. Vatnajökulsþjóðgarður mun væntanlega skapa ný tækifæri á svæðinu. Nýjar fræðigreinar og bætt markaðssetning fela í sér möguleika til þróunar í vinnslu landbúnaðarafurða, nýrra búgreina, matvælaiðnaðar og ferðaþjónustu.

Í Vestmannaeyjum hefur fólki fækkað mikið. Eyjarnar hafa mikla sérstöðu hér á landi vegna legu sinnar, mikilvægis sjávarútvegs, sérstakrar náttúru; fuglalífs og jarðsögu, byggðarsögu og eyjasamfélagsins. Á litlu svæði má fá yfirsýn yfir þetta allt og það, ásamt góðri þjónustu, hefur skapað Vestmannaeyjum sérstöðu sem ráðstefnustað og áfangastað ferðafólks. Þessa sérstöðu má nýta til þess að þróa ferðaþjónustu enn frekar og bjóða þekkingarfyrirtækjum hagstætt starfsumhverfi. Atvinnulíf er einhæft, tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu og sóknarfæri í þeim greinum er helst að finna í fullnýtingu sjávarfangs. Þekkingar- og rannsóknastarf í Eyjum er því mikilvægt og bættar samgöngur milli lands og Eyja eru forsenda fyrir þá fjölbreytni í atvinnulífi sem annars eru góð skilyrði fyrir. Miklar væntingar eru vegna fyrirhugaðra samgöngubóta með Landeyjahöfn. M.a. er stefnt að samstarfi við austursvæði Suðurlands og einnig búist við að ferðaþjónusta eflist verulega í Vestmannaeyjum. Tvö ný ferðaþjónustuverkefni sem nefna má eru „Pompeii Norðursins“, þar sem gera á minjar um Vestmannaeyjagosið sýnilegar og Tyrkjaránssetur. Frá árinu 2007 hefur einnig verið unnið að eflingu rannsókna- og háskólastarfs með opnun þekkingarseturs í Eyjum.

Sunnlendingar leggja áherslu á ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar, eins og flestir aðrir. Öflug ferðaþjónusta og mikill straumur ferðamanna einkennir Suðurland. Þar er einnig talsverð þjónusta við ferðamenn. Nefna má þætti eins og Sögusetrið, ferðir á Mýrdalsjökul, Gullfoss og Geysi o.fl. Þá eru greiðar samgöngur. Veikleikar eru m.a. að fá ferðamenn til að staldra við á svæðinu nær höfuðborginni. Áhugi er á að nýta garðyrkjuna til eflingar ferðaþjónustu og Vestmannaeyingar telja sig hafa ýmsar hefðir til að byggja ferðaþjónustuna á. Þá er nálægð við óbyggðirnar talinn kostur, t.d. á Vík og Kirkjubæjarklaustri og m.a. horfa menn til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vaxtarsamningur fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar var undirritaður árið 2006. Verkefni sem m.a. tengjast vaxtarsamningi eru Safnaklasi Suðurlands með 50–60 þátttakendur, frumkvöðlar í matvælaframleiðslu, en ekki síst Háskólafélag Suðurlands sem stofnað var 2007 og vill auka menntastig á svæðinu með eflingu háskólastarfs sem byggir á því sem fyrir er.

2.5.7 Suðurnes

Suðurnes eru í mikill nálægð við höfuðborgina og má segja að það sé eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Sérstaða Suðurnesja felst í staðsetningu alþjóðaflugvallarins og aðgengilegum háhitasvæðum. Uppbygging á sviði ferðaþjónustu hefur grundvallast á þessum aðstæðum og þær má nýta frekar. Bláa lónið er einn mesti ferðamannastaður landsins. Samt er erfitt að fá ferðamenn til að staldra við á Reykjanesi, annars staðar en í Bláa lóninu. Tækifærin sem menn sjá er t.d. hvalaskoðun, gönguleiðir, samgöngubætur, aukin kynning í Bláa lóninu. Þá má ekki gleyma nálægðinni við alþjóðaflugvöllinn sem skapar margs konar tækifæri, m.a. varðandi ferðaþjónustu.

Hafnarskilyrði og nágrenni við fiskimið hafa skotið stoðum undir mikla útgerð og fiskvinnslu. Ástæða fyrir íbúafjölgun á Suðurnesjum síðustu ár er þó frekar nágrennið við höfuðborgarsvæðið og flugvöllinn. Uppbygging á Vallarsvæðinu er hafin og þar eru möguleikar til vaxtar. Má þar t.d. nefna Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem stofnuð var árið 2007 í samstarfi við Háskóla Íslands. Sem stendur er mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og meira en annars staðar á landinu.

3. BYGGÐASTEFNA ERLENDIS OG FJÖÞJÓÐLEGT SAMSTARF

3.1 Byggðastefna Evrópusambandsins

3.1.1 Um byggðastefnu Evrópusambandsins

Stefna ESB í byggðamálum og byggðaþróun byggist á Lissabon og Gautaborgar sáttmálunum. Í Lissabonsáttmálanum[32] er áherslan á vöxt, samkeppnishæfni og störf en í Gautaborgarsáttmálanum[33] er áhersla á sjálfbæra þróun. Í þessum sáttmálum er áhersla lögð á þróun á sviði rannsókna og tækni, þekkingarsamfélag, nýsköpun, verndun umhverfisins og aðlögunarhæfni vinnuafls. Við mótun núverandi stefnu, sem gildir fyrir tímabilið 2007–2013, var leitast við að einfalda framkvæmd stefnunnar, útdeilingu styrkja og eftirlit. Í meginatriðum ákveða stofnanir sambandsins rammann um starfið, en aðildarríkin eða svæðin hafa svigrúm til að móta áherslur út frá eigin hagsmunum og aðstæðum.

Þrjú meginmarkmið einkenna byggðastefnuna; í fyrsta lagi að auka samleitni svæða (convergence), í öðru lagi að tryggja samkeppnishæfni og atvinnu á tilteknum svæðum og í þriðja lagi að auka samvinnu milli svæða sambandsins. Til þess að ná fram þessum markmiðum veitir Evrópusambandið tæplega 350 milljörðum evra til byggðamála á árunum 2007–2013, sem er um þriðjungur heildarfjárlaga sambandsins. Þrír uppbyggingarsjóðir veita aðallega styrki til verkefna í aðildarríkjunum; samheldnisjóður, byggðaþróunarsjóður og félagsmálasjóður.

Ráðherraráð ESB samþykkti í byrjun október 2006 heildarramma núverandi stefnu á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórn sambandsins.[34] Tillögur framkvæmdastjórnarinnar komu fram að höfðu nánu samráði við aðildarríkin. Ákveðin grundvallarsjónarmið liggja stefnunni til grundvallar, s.s. að styrkveiting frá ESB komi til viðbótar við framlög aðildarríkjanna en ekki í þeirra stað. Jafnframt er lögð áhersla á meðalhóf og jafnrétti kynjanna við ákvörðun verkefna. Á grunni heildarrammans vinna öll aðildarríkin rammaáætlanir þar sem forgangsmál þeirra eru tilgreind ásamt lykilþáttum varðandi framkvæmd stefnunnar. Þar er m.a. að finna greiningu á félags-/hagfræðilegum aðstæðum í ríkjunum og lýsingu á því hvernig áherslur ríkjanna stuðla að því að markmiðum Lissabonsáttmálans verði náð.

Rammaáætlanir aðildarríkjanna innihalda jafnframt tilteknar áætlanir sem þau telja að geti stuðlað að þeim markmiðum sem stefnt er að á viðkomandi svæðum. Sérhver áætlun spannar allt tímabil stefnunnar, þ.e. árin 2007–2013, og varðar yfirleitt einungis eitt af þremur meginmarkmiðum byggðastefnunnar. Sú nýbreytni er í núverandi byggðastefnu að sérhver áætlun fær einungis styrki úr einum sjóði sambandsins. Þetta er gert til þess að einfalda alla yfirsýn og eftirfylgni. Framkvæmdastjórn ESB þarf að samþykkja sérhverja áætlun til þess að tryggja að hún stuðli að heildarmarkmiðum sambandsins og falli innan rammaáætlunar viðkomandi ríkis. Þegar slíkt samþykki liggur fyrir er það í höndum aðildarríkjanna sjálfra að framkvæma áætlanirnar, velja þau verkefni sem rétt er að styrkja ásamt því að fylgjast með og meta árangur þeirra.

Greiðslur styrkja fara fram einu sinni á ári og í þremur áföngum til hverrar áætlunar um sig. Eftirlit er aðallega í höndum aðildarríkjanna sjálfra, en framkvæmdastjórnin fylgist jafnframt með framvindu mála. Fyrir sérhverja áætlun ríkis þarf að koma upp nokkrum fjölda

---

[32] Lisbon Strategy http://ec.europa.eu/growthandjobs/faqs/background/index_en.htm
[33] Gothenburg Strategy http://europa.eu/eur-lex/en/com/cnc/2001/com2001_0264en01.pdf
[34] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:291:0011:0032:EN:PDF

eftirlitsaðila til þess að fylgja á eftir verkefnum og miðla upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.[35]

3.1.2 Styrktarsjóðir

Uppbyggingarsjóðirnir (Structural Funds) tveir, Byggðaþróunarsjóðurinn (ERDF) og Félagsmálasjóðinn (ESF), veita fjármunum til byggðamála, auk Samheldnisjóðsins (CF). Byggðaþróunarsjóðurinn hefur 203 milljarða evra til ráðstöfunar, Félagsmálasjóðinn 75 milljarða evra og Samheldnisjóðurinn (CF) 70 milljarða evra á sama tímabili.[36] Þessum þremur sjóðum til viðbótar er rétt að nefna Evrópska dreifbýlisþróunarsjóðinn (EAFRD) sem hefur til ráðstöfunar 78 milljarða evra á tímabilinu 2007–2013.[37]

Hlutverk Byggðaþróunarsjóðs ESB er að jafna bilið milli þróunar svæða sambandsins. Áhersluatriði sjóðsins eru m.a. rannsóknir, nýsköpun, umhverfismál og uppbygging innviða samfélagsins. Þá styrkir sjóðurinn samstarf milli svæða og yfir landamæri Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum sambandsins og í reglum hans eru sérstök ákvæði um styrki til strjálbýlla afskekktra svæða en Ísland flokkast að stærstum hluta sem slíkt.

Félagsmálasjóðurinn stuðlar að bættum atvinnumöguleikum, hærra atvinnustigi og betri starfhæfni vinnuafls á viðkomandi svæðum. Þetta markmið tengist sterklega Lissabon sáttmálanum, sem er m.a. ætlað að auka samkeppnishæfni sambandsins og gera ESB að framsæknasta þekkingarhagkerfi veraldar. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum.

Hlutverk Samheldnisjóðsins er að styrkja efnahagslega og félagslega samheldni og auka þannig stöðugleika og sjálfbæra þróun svæðisins. Slíkt felst m.a. í því að bæta samgöngur, auka umhverfisvitund og leggja áherslu á notkun endurnýtanlegrar orku. Sjóðurinn styrkir einungis verkefni frá aðildarríkjum þar sem vergar þjóðartekjur á mann eru undir 90% af meðaltali sambandsins í heild.

Evrópski dreifbýlisþróunarsjóðurinn (European Agricultural Fund for Rural Development (EAFRD)) veitir stuðning til verkefna sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni, umhverfisvernd og bættum lífsgæðum íbúa viðkomandi svæðis, en þessir þrír þættir eru meginmarkmið byggðaþróunarstefnu sambandsins. Öll dreifbýlissvæði sambandsins geta sótt um stuðning úr sjóðnum, en einungis ákveðin svæði eru hluti af svonefndri „Leader“ nálgun, (sjá kafla 4.1.4) með forgangsverkefnum allra þriggja markmiða sem er ætlað að bæta stjórnsýslu og virkja þróunarmöguleika viðkomandi svæða. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum Evrópusambandsins.[38]

3.1.3 Svæðatengdar samstarfsáætlanir

Til þess að efla samheldni styður Byggðaþróunarsjóður ESB 69 svæðatengdar samstarfsáætlanir,[39] sem hver felur í sér mýmörg verkefni. Langflestar þessar áætlanir er fjölþjóðlegar (Cross border programmes), eða 52.[40] Þeirra á meðal er Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery, NPP) sem Svíar stýra. Þar hefur Ísland tekið þátt í tugum verkefna og tekur þátt

---

35 Byggt á skýrslu utanríkisráðherra frá apríl 2009 og á vefsíðum ESB

36 Uppbyggingarsjóðir Evrópusambandsins http://ec.europa.eu/regional_policy/policy/fonds/index_en.htm

37 EAFRD http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:261:0032:0034:EN:PDF og http://europa.eu/legislation_summaries/agriculture/general_framework/l60032_en.htm

38 Byggt á skýrslu utanríkisráðherra frá apríl 2009 og vefsíðum ESB

39 http://ec.europa.eu/regional_policy/cooperation/index_en.htm

40 http://ec.europa.eu/regional_policy/country/prordn/search.cfm?gv_pay=ALL&gv_reg=ALL&gv_obj=11&gv_the=ALL&lan=EN&gv_per=2

í 14 verkefnum 2009. (Sjá kafla 3.3.3 hér á eftir.) Í flokki fjölsvæðaáætlana[41] tekur Ísland þátt ESPON, samstarfsáætlun á sviði byggðarannsókna þar sem öll aðildar- og umsóknarlönd ESB hafa tekið þátt auk Noregs, Sviss og Liechtenstein. Byggðastofnun annast samstarf að Íslands hálfu við báðar þessar samstarfsáætlanir. (Sjá kafla 3.3.4 hér á eftir.)

Auk þessara svæðatengdu samstarfsáætlana og í sama tilgangi og þær eru gerðar, leggur ESB á þessu starfstímabili, 2007–2013, áherslu á samstarf við fjárfestingarbanka á sviði fjármálaverkfræði. Með þessu samstarfi er leitast við að bjóða viðbótarlán til atvinnuþróunar á svæðum ESB, leggja til sérhæfða þekkingu frá þessum stóru fjárfestingarbönkum á sviði fjármála og fjárhagsstýringar, hvetja frumkvæði til þess að nýta kosti þess að blanda styrkjum og lánum til fjármögnunar og tryggja sjálfbærni til langs tíma með áframhaldandi stuðningi úr Byggðaþróunarsjóði ESB með verkferlum sem byggjast á fjármálaverkfræði.[42] Fjórar sameiginlegar stuðningsáætlanir hafa verið skilgreindar og verið er að móta þrjár af þessum fjórum áætlunum, nefndar J-áætlanir.

JEREMIE (Joint European Resources for Micro to medium Enterprises) er sett á laggirnar að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB, Evrópska fjárfestingarbankans (EIB)[43] og Evrópska fjárfestingarsjóðsins (EIF)[44] og á að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni. Þessi áætlun býður hlutfjárkaup, áhættufjármagn, ábyrgðir, lán og tækniráðgjöf sem hefur margföld áhrif á sjóði ESB með áframhaldandi fjármálaþjónustu í staðinn fyrir styrki.

JESSICA (Joint European Support for Sustainable Investment in City Areas) er sett á laggirnar að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB, EIB og Banka framkvæmdastjórnar Evrópu (CEB)[45] til þess að styðja fjárfestingar í áætlunum og verkefnum til sjálfbærrar þróunar borga. Til verkefna í JESSICA áætluninni getur fjármagn fengist frá framkvæmdaáætlunum ESB og meðfjármagn frá sveitarfélögum, bönkum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarsjóðum.

JASPERS (Joint Assistance in Supporting Projects in European Regions) er samstarfsverkefni framkvæmdastjórnarinnar, EIB og Evrópska enduruppbyggingar- og þróunarsjóðsins (EBRD)[46] fyrir tæknilega aðstoðarþjónustu fyrir stór verkefni í ríkjunum 12 sem gengu í ESB árin 2004 og 2007 því þessa þjónusta skorti í löndunum 12. Á vegum áætlunarinnar eru starfandi þrjár framkvæmdaskrifstofur, í Varsjá, Vín og Búkarest og unnið er að 227 verkefnum.

JASMINE (Joint Action to Support Micro-finance Institutions in Europe)[47] er ætlað að bæta aðgengi að fjármagni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki fyrir minnihlutahópa, utangarðsfólk og þjóðernisbrot sem vilja skapa sér atvinnu.

3.1.4 Svæðastefna Evrópusambandsins (Territorial Agenda)

Svæðastefna Evrópusambandsins (Territorial Agenda of the European Union. Towards a More Competitive and Sustainable Europe of Diverse Regions)[48] var samþykkt í Leipzig

---

41 http://ec.europa.eu/regional_policy/cooperation/interregional/index_en.htm
42 Jaspers, Jeremie, Jessica, Jasmine http://ec.europa.eu/regional_policy/funds/2007/jjj/index_en.htm
43 European Investment Bank: http://www.eib.org
44 European Investment Fund: http://www.eif.org
45 The Council of Europe Bank: http://www.coebank.org/index.asp?ChangeLangue=EN
46 European Bank for Reconstruction and Development: http://www.ebrd.com/
47 http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/1312&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=fr
48 http://www.bmvbs.de/Anlage/original_1005295/Territorial-Agenda-of-the-European-Union-Agreed-on-25-May-2007-accessible.pdf

í maí 2007 á fundi ráðherra sem fara með þróun borga og svæðatengda samheldni (cohesion) í sambandslöndunum.

Svæðastefnunni er ætlað ramma inn aðgerðamiðaða stefnu fyrir samstarf ráðherranna og framkvæmdastjórnar ESB til þess að styrkja svæðatengda samheldni, bætt lífskjör og lífsgæði með jöfnum tækifærum sem snúa að svæða- og staðbundnum möguleikum, óháð því hvar fólk býr, á miðsvæði eða jaðarsvæðum Evrópu. Stefnan byggist á Lissabonsáttmálanum um atvinnuþróun og Gautaborgarsáttmálunum um tillit til náttúrunnar og sjálfbæra þróun. Hún er sett fram í 3 köflum um starf og áherslur auk framkvæmdalýsingar í 4. kaflanum og alls í 46 greinum.

Starfs- og áherslukaflarnir nefnast:

I. Viðfangsefni til framtíðar: Svæðatengd samheldni.
II. Nýjar ögranir: Styrking svæðatengdra sjálfsmynda, betri nýting fjölbreytileika svæða.
III. Svæðatengd forgangsmál fyrir þróun Evrópusambandsins.

3.1.5 Að snúa fjölbreytileika í styrk svæða

Í grænbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins dags. 6.10. 2008,[49] er gerð grein fyrir undirbúningi að stefnu Evrópusambandsins um svæðatengda samheldni (territorial cohesion) sem grundvöll til þess að snúa fjölbreytileika í styrk svæða. Þessi vinna er þáttur í að tengja samheldnistefnuna (cohesion policy) byggðasvæðum og skilgreina áhersluþætti, aðferðir og gerðir svæða. Dregnar eru ályktanir um mikilvægar áherslur, t.d. að virða fjölbreytileika svæða, mikilvægi góðs grunnverks, aðgengis almennt og að opinberri þjónustu, á sjálfbærni og á samsömun, að fólki finnist það heyra til á ákveðnum stað. Þá kemur fram áhersla á svæðasamstarf, dreifistjórnun (governance), stofnanasamstarf yfir landamæri, stofnanauppbyggingu eða -gerð og t.d. vakin athygli á að umbreyting amtanna í Danmörku hafi miðað að því að auka samheldniáhersluna í samþættri áætlanagerð. (Að setja upp eitt yfirvald áætlana fyrir borgir og landbúnaðarsvæði.) Í þessu vinnuskjali í aðdraganda þessarar grænbókar er rætt um að svæðistengd viðhorf geirastefnumiða (sectoral policies) séu ofurmikilvæg og um að sums staðar sé mikil áhersla á að samþætta svæðistengdar stefnur og áætlanir, s.s. samgöngur, fjarskipti, sjálfbæra þróun og umhverfismál og að flest lönd hafi einhvers konar landsáætlanir. Bent er á mikilvægi þess að samþætta geirastefnumið (málaflokka) og svæðatengd stefnumið til þess að hámarka samvirkni og forðast ágreining stefnumiða og áætlana.

3.2 Byggðastefna á Norðurlöndum

3.2.1 Noregur

Almennt

Norsk byggðastefna hefur byggst á því að halda beri öllu landinu í byggð. Áhersla er lögð á valfrelsi til búsetu. Mikilvægt er talið að nýta landið og auðlindir þess og ná þannig fram aukinni verðmætasköpun. Forsendan er að til staðar sé næg og fjölbreytt atvinna, sterk samfélagsgerð og fjölbreytt þjónusta. Áhersla er lögð á að dreifbýlissvæði Noregs taki þátt í átaksverkefnum með það að markmiði að efla byggðina. Lögð er áhersla á að lífsskilyrði séu þau sömu um allt land og að halda við núverandi búsetumynstri. Þetta markmið hefur verið útfært nánar á síðustu árum þannig að það gildi um byggð í einstökum landshlutum (lands-

[49] Green Paper on Territorial Cohesion; Turning territorial diversity into strength: http://ec.europa.eu/regional_policy/consultation/terco/paper_terco_en.pdf

deler) sem samsvara NUTS 2 svæðaskilgreiningu og er m.a. notað innan Evrópusambandsins.

Óhætt er að segja að byggðaaðgerðir Norðmanna eru víðtækar og til þeirra er varið miklu fjármagni. Norðmenn leggja ríka áherslu á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og taka þátt í öllum þeim áætlunum Evrópusambandsins sem kostur er.

Stefnumótun á sviði byggðamála byggist á samráði og samstarfi við þá sem málið varðar og breið pólitísk samstaða hefur verið um þá umfangsmiklu byggðastefnu sem rekin er.

Formið

Fjórða hvert ár leggur norska ríkisstjórnin fram skýrslu (Stortingsmelding om distriktsog regionalpolitikken) um þróun byggðarinnar. Þar er lýst hver þróunin hefur verið og hver sé stefna stjórnvalda í byggðaaðgerðum. Í raun eru það fylkin sem mest hvílir á varðandi framkvæmd byggðastefnunnar þó svo ríkið leggi fram stærsta hlut fjármunanna. Gerður er greinarmunur á „litlu“ og „stóru“ byggðastefnunni í Noregi. Til stóru byggðastefnunnar teljast ýmis stefnumál stjórnvalda, t.d. á sviði aðgerða í skattakerfinu, grunngerðar (samgangna, fjarskipta, menntunar, heilsugæslu), landbúnaðarstefnu, vinnumálastefnu, menntunar, landvarna og velferðarstefnu. Til litlu byggðastefnunnar teljast hefðbundnar aðgerðir á sviði atvinnu- og markaðsmála sem víða er beitt í hinum vestræna heimi. Þar má einkum nefna svæðisbundna styrki til fyrirtækja og einstakra atvinnugreina.

Í Noregi hefur skattaleg ívilnun verið snar þáttur í byggðastefnu landsins. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið setur skorður við heimildum til að veita styrki til atvinnulífsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt heimild til Norðmanna til að vera með mishá atvinnurekendagjöld og tryggingagjöld eftir landsvæðum. Hæst eru þau í þéttbýlinu í suðurhluta landsins, 14,1%, en lækka eftir því sem norðar dregur og eru engin í nyrstu héruðunum. Einnig hafa Norðmenn fengið heimild til að endurgreiða hluta flutningskostnaðar til og frá ýmsum byggðarlögum í Norður- og Vestur-Noregi. Þessu til viðbótar nota Norðmenn allar þær heimildir sem mögulegt er til að styðja við þau svæði sem eiga undir högg að sækja. Þannig eru veittir styrkir til lítilla nýstofnaðra fyrirtækja og þá horft sérstaklega til fyrirtækja í eigu kvenna.

Sérstakar aðgerðir

Í nyrstu héruðum Noregs, Finnmörku og Norður-Troms, eru sérstakar aðgerðir í gangi vegna þess að þar hefur fækkun íbúa verið viðvarandi vandamál. Fyrir utan þær aðgerðir sem að framan eru nefndar þá er á þessu svæði veittur afsláttur af endurgreiðslu námslána, undanþága frá greiðslu gjalda af rafmagni, lægri skattar á einstaklinga, hærri barnabætur og launauppbót til leikskólakennara.[50] Hluti af byggðaaðgerðum í Noregi hefur verið flutningur opinberra stofnana frá Osló út á land. Þessar áherslur hafa verið mismiklar og breytilegar en í skýrslu frá 2006, „Effekter af utlokalisering av statlige arbeidsplasser“ er þróun þessara aðgerða rakin undanfarna áratugi. Samkvæmt skýrslunni hefur flutningur starfa farið stigvaxandi og á árunum 2000–2006 á að flytja 17 stofnanir að hluta eða að öllu leyti með samtals 1200 störf. Árið 2006 á að flytja stóran hluta, 7 stofnanir sem einkum hafa sinnt ýmis konar eftirliti. Niðurstaða skýrsluhöfunda er að reynsla af flutningi stofnana hafi verið góð.

---

[50] Dómur gekk fyrir EFTA dómstólnum þann 3. maí 2006 varðandi barnabæturnar og var niðurstaðan að heimilt sé að vera með slíkar sérreglur á afmörkuðum svæðum.

Byggðamynstur

Í Noregi eru 19 fylki og 430 sveitarfélög. Umræða hefur verið í gangi um fækkun. Helstu verkefni sem fylkjunum er ætlað að sinna eru byggðastefna, háskóla- og framhaldsmenntun, rannsóknir, skipulagsmál, umhverfismál og stjórnun auðlinda, samgöngumál, menningarmál, heilsugæsla og sjúkrahús.

Vert er að geta þess að stjórnvöld leggja áherslu á sterkt höfuðborgarsvæði.

Svæðisbundin uppstokkun

Regional omstilling (mætti útleggjast sem „svæðisbundin uppstokkun“, en „omstilling“ getur haft merkingu eins og „aðlögun“ eða „endursköpun“ o.fl. í þeim dúr) er byggðaáætlun sem er á ábyrgð fylkjanna og sveitarfélaganna, en með aðkomu ríkisins og Innovasjon Norge, eða norsku nýsköpunarmiðstöðvarinnar, hér eftir skammstafað IN. Regional omstilling er ein af mörgum byggðaáætlunum í Noregi. Svæðið getur verið allt frá einu sveitarfélagi til fylkis. Áætlunin er að hámarki til sex ára og er ætluð svæðum sem standa frammi fyrir alvarlegum vandamálum, svo sem fábreytni í atvinnulífi og því að verið er að leggja niður grundvallarfyrirtæki á staðnum. Einnig geta hlutir eins og það að herinn dragi úr umsvifum verið ástæða þess að áætlunin er virkjuð.[51] Markmiðið er að styrkja atvinnulíf með því að stofna ný og ábatasöm fyrirtæki og auka verðmætasköpun og fjölbreytni og möguleika fyrir bæði kynin. Skoða á samfélagið í víðu samhengi, m.a. þjónustu sveitarfélagsins við atvinnulífið. Opinber eignaraðild er mikilvæg og sömuleiðis að tengja atvinnulífið inn í átakið auk sveitarfélagsins. Höfuðábyrgðin verður að liggja hjá heimamönnum. Starfið þarf að byggjast á víðtækri þátttöku og virkni á hinum ýmsu sviðum – og styrkri stjórn. Upplýsingaflæði frá stjórn átaksins til sveitarfélagsins, atvinnulífsins, fjölmiðla og íbúanna þarf að vera gott.

Greining skal taka mið af þróun síðustu 10 ára, íbúaþróun, þróun starfa, menntunar o.fl., spá um áframhaldandi þróun. Stefnumótun, annað stig, byggir á SVÓT-greiningu, skilgreind stefnumál, fjárhagsrammi, ábyrgð og umboð. Það þurfa að vera mælikvarðar eða mat á árangri. Svæðið á að leggja fram 25% kostnaðar, en fylkið 75%. Á sex ára framkvæmdastiginu skal áætlunin metin árlega og tekin ákvörðun um framhaldið á grundvelli þess mats. Fyrir þarf að liggja áætlun um hvernig á að meðhöndla umsóknir, um eftirfylgni, mat á verkefnum og verkefnislok og –framhald. Eigi síðar en tveimur árum fyrir lok áætlunar á að liggja fyrir áætlun um framhaldið.

Á lokastiginu metur IN árangur ásamt stjórn áætlunarinnar. Lokamat er m.a. byggt á spurningakönnun meðal fyrirtækja á svæðinu sem áætlunin nær til. Eftirfylgni byggist á svörum við þessum spurningum:

- Hvaða hæfni hefur orðið til sem er þess virði að verði framhald á?
- Hvaða árangurskröfur er mikilvægt að halda áfram með?
- Hverjir eru viðskiptavinirnir, hvaða svæði eru þetta?
- Hvaða skipulag hentar?
- Hvað gerist ef ekki verður framhald á?

Mikilvægir þættir við lok áætlunar eru að sveitarfélagið sé fært um að halda þróunarvinnu áfram eftir að tímabili lýkur, að það hafi virkjað atvinnulíf, hið opinbera og frumvinnslugreinar til þátttöku og að sveitarfélagið hafi not af verkefninu í frekara starf til þróunar atvinnulífs. Í framhaldinu þarf atvinnulífið að taka við ábyrgðinni af stoðkerfinu. Það er

---

[51] Það er raunar áhugavert að víða er tekið tillit til byggðasjónarmiða (í viðbót við varnarsjónarmiðin) þegar verið er að breyta fyrirkomulagi landvarna.

mikilvægt að tapa ekki þeirri þekkingu, reynslu og samstarfsneti sem mótaðist á áætlunartímabilinu, heldur nýta áfram á svæðinu.

Að sumu leyti má segja að „Svæðisbundna uppstokkunar“ verkefnið taki til sömu hluta og hér á sér stað þegar stjórnvöld rjúka af stað til að leysa vandamál sem upp koma í einstökum sveitarfélögum eða á stærri svæðum með sértækum aðgerðum.

Sjá heimasíðu Kommunal- og regionaldeparementet: http://www.regjeringen.no/nb/dep/krd.html?id=504 en þaðan er hægt að sækja mikið af upplýsingum um byggðamál í Noregi.

3.2.2 Svíþjóð

Almennt

Sænska byggðastefnan, sem í gildi er, ber nafnið „Landsstefna um svæðisbundna samkeppnishæfni, frumkvöðlastarf og atvinnu 2007–2013“. (A national strategy for regional competitiveness entrepreneurship and employment 2007–2013.)

Hún byggir á því að allir hlutar landsins eigi að leggja sitt af mörkum til vaxtar Svíþjóðar og sjálfbærrar þróunar landsins. Byggðastefnan setur markið á að skapa vöxt, að þróunin sé sjálfbær og hátt þjónustustig fyrir konur og karla í öllum landshlutum.

Áhersla er lögð á stað- og svæðisbundna samkeppnishæfni. Horft er til stað- og svæðisbundinna vinnumarkaðssvæða (vinnusóknarsvæða) og hvernig þau móta skilyrði til uppbyggingar í strjálbýli og landbúnaðarhéruðum, smáum og meðalstórum bæjum sem og borgum. Litið er svo á að þéttbýli, dreifbýli og sveitir hafi sterk tengsl innbyrðis.

Markmið byggðastefnunnar eru virk, sjálfbær staðbundin vinnumarkaðssvæði sem bjóða upp á hátt þjónustustig um allt landið. Litið er svo á að aðgerðir í öllum málaflokkun hafi áhrif á byggðaþróun.

Lögð er áhersla á samstarf allra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í undirbúningi og framkvæmd stefnunnar.[52]

Formið

Í viðbót við Landsstefnuna um svæðisbundna samkeppnishæfni, frumkvöðlastarf og atvinnu 2007–2013 og þróunaráætlun fyrir dreifbýlið (Rural Development Programme) eru margar áætlanir sem ýmist ná til landsins alls eða hluta landsins.

Til landsins alls nær þannig framkvæmdaáætlun fyrir uppbyggingarsjóðina og undir þá áætlun heyra átta svæðisbundnar áætlanir og jafnmargar framkvæmdaáætlanir. Þá eru 21 svæðisbundnar þróunaráætlanir og jafnmargir vaxtarsamningar.

Lögð er áhersla á innbyrðis tengsl áætlana eins og byggðaáætlana, samgönguáætlana, áætlana um uppbyggingu innviða og húsnæðis.

Til vaxtarsamninganna var varið 14,8 milljörðum sænskra króna árið 2007. Af þeirri upphæð komu 44% eða 6,3 milljarðar frá ríkinu. Aðrir aðilar sem leggja fram fé eru uppbyggingarsjóðirnir, lénin, sveitarfélögin og einkaaðilar.

Á árinu 2009 áætlar sænska stjórnin að varið verði 3,5 milljörðum sænskra króna til svæðisbundinna vaxtaraðgerða. Þar inní eru niðurgreiðslur á flutningskostnaði. Af þessum 3,5 milljörðum koma 1,5 milljarðar frá uppbyggingarsjóðunum. Þessu til viðbótar er svo veittur afsláttur af raforkuverði og lækkun launatengdra gjalda, á vissum svæðum, alls tæpir 1,4 milljarðar sænskra króna.

---

[52] http://www.regeringen.se/sb/d/1470 og http://www.skl.se/startsida.asp?C=24

Aðgerðir

Meðal þeirra aðgerða sem grípa á til svo árangur náist er:

- Að þétt sé haldið utan um aðgerðir ríkisins (sem eins og áður segir hafa allar áhrif á byggðamál).
- Skýrari ábyrgð svæðanna (heimafólks) á aðgerðum á tilteknum sviðum.
- Skýr mörk valdsviðs ríkis og sveitarfélaga.
- Samanburður á milli svæða nýttur til breytinga.
- Samstarf við uppbyggingarsjóði og byggðastefnu ESB.

Stefnan byggir á:

- Stað- og svæðisbundin áhrif heimamanna og ábyrgð á ráðstöfun opinberra framlaga.
- Að tekið sé tillit til mismunandi forsendna einstaklingsins til þroska og samkeppnishæfni fyrirtækja á hinum mismunandi svæðum svo sem dreifbýli, litlum og meðalstórum bæjum sem og stórborgum.
- Stefnumiðaðar aðgerðir sem stuðla að sjálfbærum vexti í samstarfi við þátttakendur jafnt staðbundið, svæðisbundið, evrópskt og hnattrænt.
- Samstarf þvert á málaflokka og samræming hjá ríkinu í samstarfi við staðbundna og svæðisbundna þátttakendur.
- Gott aðgengi að þjónustu einkaaðila jafnt sem opinberra aðila bæði fyrir borgarana og fyrirtækin um allt land.
- Aukið framboð vinnuafls með stækkun vinnusóknarsvæða og auknum hreyfanleika innan og milli svæða.
- Svæðisbundin stefnumótun og áætlanir sem ganga út frá samvinnu og samspili á landsvísu og evrópskum vettvangi með það að markmiði að styrkja sjálfbæran vöxt jafnt staðbundið og á héraðagrunni.

Gerð er nánari grein fyrir markmiðum einstakra svæða á sérstöku fylgiskjali.

Evrópusambandið er nálægt

Þegar sænsk stjórnvöld mótuðu þá stefnu sem gildir gagnvart uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins fyrir árin 2007–2013 var lögð áhersla á eftirtalin lykilorð út frá þeim möguleikum og vandamálum sem Svíþjóð og svæðin í landinu stóðu frammi fyrir:

- Nýsköpunarumhverfi og frumkvöðlastarf. (Innovative environments and entrepreneurship)
- Aukin samkeppnishæfni og meira framboð vinnuafls. (Skills supply and increased labour supply)
- Bættar samgöngur og gagnaflutningar. (Accessibility)
- Árangursmiðað samstarf yfir landamæri. (Strategic cross–norder cooperation)

Það er tekið fullt tillit til markmiða Lissabon og Gautaborgaryfirlýsinganna því sjálfbærni er alls staðar höfð að leiðarljósi.

Svæðisbundnar þróunaráætlanir, svæðisbundnir vaxtarsamningar og svæðisbundnar áætlanir fyrir uppbyggingarsjóðina til að styrkja samkeppnishæfni svæðanna og efla atvinnu ásamt áætlun um svæðasamvinnu, eru verkfæri við framkvæmd stefnunnar sem og stað- og héraðabundin forgangsröðun og aðgerða.

Stefnan gefur líka línuna um framkvæmd áætlana uppbyggingarsjóða ESB í Svíþjóð og er leiðbeinandi fyrir yfirvöld landsins varðandi samstarf í svæðisbundnu þróunarstarfi. Ekki fer á milli mála að sænska byggðastefnan tekur mjög mið af því að landið er aðili að Evrópu-

sambandinu. Við inngöngu Svía í Evrópusambandið fengu þeir sérákvæði vegna norðlægrar legu landsins hvað varðar landbúnað og byggðamál.

Samleitni stefna (cohesion policy) Evrópusambandsins felur í sér þrjú markmið á tímabilinu 2007–2013. Aðlögun (Convergence) svæða, samkeppnishæfni og atvinnu (Regional competitiveness and employment) og evrópska svæðasamvinnu. (European territorial cooperation). Svíar fá fjármuni til markmiða tvö og þrjú. Fjármagn til annars markmiðsins kemur bæði frá Byggðaþróunarsjóðnum og Félagsmálasjóðnum en þriðja markmiðið er fjármagnað í gegnum INTERREG.

Á heimasíðu Sænska sveitarstjórnarsambandsins kemur fram að allt að 60% af málum sem Sænsku sveitarfélögin fjalla um hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við Evrópusambandið.

Stefnan

Stefna ríkisstjórnarinnar er að mikilvægt sé að minnka beinar niðurgreiðslur til atvinnulífsins. Þar sem þörf er á fjármögnun til viðbótar því sem markaðurinn veitir aðgang að á að stefna að því að fjárframlög séu endurgreidd. Ríkisstjórnin telur að atvinnulífið eigi að eiga aðgang að áhættufjármagni, ábyrgðum og lánum innan ramma svæðisbundnu uppbyggingarsjóðanna þar sem við á.

Lögð er áhersla á stækkun skilvirkra svæða (functional regions) og þróað upplýsingasamfélag. Með þróun upplýsingasamfélagsins eiga borgararnir að geta unnið, notað þjónustu opinberra og einkaaðila og verið þátttakendur í samfélaginu burtséð frá hvar þeir búa. Með stækkun skilvirkra svæða er hugmyndin að tengja betur saman vinnumarkaðssvæði og draga þannig úr einhæfni, og gera sérhæfingu mögulega.

Tekið er tillit til hinna sérstöku skilyrða sem einkenna strjálbýl svæði í Norður-Svíþjóð sem og mikilvægis borga fyrir samkeppnishæfni svæða og landsins alls. Sérstök áætlun nær til dreifbýlis þar sem tekið er á efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri þróun. (Rural Development Programme.) Strjálbýlu svæðin í Norður Svíþjóð eru sérstök stuðningssvæði í byggðalegu tilliti. Á þessum svæðum búa rúm 15% þjóðarinnar.

Byggðamynstur

Í Svíþjóð eru 20 landsþing/lén og 290 sveitarfélög. Helstu verkefni landsþinganna/lénanna eru að sinna verkefnum sem eru sameiginleg fyrri stór landsvæði og kalla á mikið fjármagn. Skylduverkefni eru rekstur heilsugæslu og sjúkrahúsa, tannlækningar, og rekstur safnvega. Valkvæð verkefni eru menningarmál, menntun, ferðamál og byggðaþróun. Fjölmennasta sveitarfélagið er með yfir 770.000 íbúa og það fámennasta er með 2.600 íbúa.

3.2.3 Finnland

Almennt

Markmið finnskrar byggðastefnu er að skapa jafnvægi í byggðaþróun og tryggja aðgengi að þjónustu í öllu landinu, en einnig að efla samkeppnishæfni héraða og landsins í heild. Forsendur þessa eru að byggja upp þekkingu, nýsköpun, frumkvöðlastarf, atvinnulíf og innviði samfélagsins. Aðgerðunum er ætlað að byggja á styrkleikum hvers héraðs. Sameiginleg markmið byggðaaðgerða í Finnlandi byggja á Lögum um byggðaþróun (Regionsutveklingslag) og áherslum ríkisstjórnar í byggðamálum hverju sinni. Samkvæmt lögunum er eitt markmiðið að bæta aðstæður fyrir hagvöxt, örva uppbyggingu atvinnufyrirtækja og byggja upp atvinnulíf á grundvelli sérþekkingar og sjálfbærrar þróunar og að tryggja samkeppnishæfni

og hagsæld héraðanna. Annað markmið er að draga úr svæðisbundnum mismun, bæta lífsskilyrði og stuðla að jafnari byggðaþróun.

Lög um byggðaþróun vekja upp spurningu um hvernig eigi að byggja upp samkeppnishæfa byggðakjarna og efla á sama tíma svæði sem hafa átt í vök að verjast og búið við mikla fólksfækkun. Önnur grundvallarspurning er hvernig héruðin geta haft stjórn á kostnaði við velferðarþjónustu, uppbyggingu innviða og boðið upp á þjónustu í háum gæðaflokki á sama tíma og þau þurfa að veita nægjanlegum fjármunum til atvinnuuppbyggingar. Grunnforsendan í þessu samhengi er að uppbygging héraðanna leiði til almenns hagvaxtar sem aftur byggi upp hagvöxt héraðanna.

Finnskri byggðastefnu var breytt í grundvallaratriðum á seinni hluta tíunda áratugarins. Núgildandi lög um byggðaþróun voru sett árið 2002. Finnland gerðist aðili að Evrópusambandinu árið 1995 og finnsk byggðastefna byggir að miklu leyti á þeim stuðningi sem verkefni sem falla að stuðningsaðgerðum Evrópusambandsins fá. Samkvæmt því er höfuðáherslan á tímabilinu 2007–2013 á alþjóðavæðingu og aðlögun að þeim áhrifum og möguleikum sem hún skapar. Sum héruð landsins eru með þeim afskekktustu í Evrópu, auk þess sem veðurfar skapar ákveðin vandkvæði. Vegalengdir eru víða miklar og landið strjálbýlt. Þessar aðstæður skapa í mörgum tilvikum erfið skilyrði fyrir hagþróun og samkeppnishæfni. Aldursskipting skapar víða vandkvæði og mikill brottflutningur er frá ýmsum héruðum.

Stefnan fyrir tímabilið 2007–2013 er að styrkja samkeppnishæfni, atvinnuuppbyggingu og velferð héraða og landsins alls. Henni er einnig ætlað að taka mið af svæðisbundnum sérkennum og samrunastefnu Evrópusambandsins. Stefnan hefur skýr markmið: Að mæta með árangursríkum hætti alþjóðlegri samkeppnishæfni, að gera ráð fyrir og mæta breytingum í hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi og að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir fyrirtæki og íbúa. Sértækar aðgerðir eru vegna aðstæðna í Austur- og Norður-Finnlandi sem hafa að ýmsu leyti skapast vegna vaxtar í Suður- og Vestur-Finnlandi. Skilgreind hafa verið þrjú áherslusvæði sem stuðningi uppbyggingarsjóða ESB og byggðastuðningi ríkisstjórnarinnar er beint sérstaklega að.

Atvinnu- og efnahagsmálaráðuneytið í samvinnu við önnur ráðuneyti og Héraðsráðin bera ábyrgð á að móta áherslur byggðastefnunnar. Ráðuneytið sér einnig um samræmingu, vöktun og mat á stefnumarkandi áætlun í byggðamálum og vinnur það einnig í samvinnu við önnur ráðuneyti og héraðsráðin. Héraðsráðin eru ábyrg fyrir almennri byggðaþróun á sínum svæðum og vinna það í samráði við opinbera aðila. Þeim ber að vinna og samþykkja þessar stefnumarkandi áætlanir í samráði við opinbera aðila, sveitarfélög, samtök sem koma að byggðaþróun, en einnig að vinna tillögur að verkefnum sem ætlað er að fá stuðning ESB.[53]

Stefnumarkandi áætlanir ráðuneyta í byggðamálum

Það er í valdi ríkisins í Finnlandi að stuðla að byggðaþróun sem er í jafnvægi. Hvert ráðuneyti hefur í samræmi við hlutverk sitt, áhrif á lífskjör fólksins í landinu öllu. Ráðuneyti hafa með hliðsjón af þessu gert áætlanir um stjórnsýslustarfsemi sína eftir héruðum, sem er til nokkurra næstu ára.

Stefnumarkandi áætlanir ráðuneyta í byggðamálum svara meðal annars spurningum eins og: Hvernig á að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja á jaðarsvæðum? Hvernig á tryggja störf fyrir ungt fólk? Hvernig á að tryggja þjónustu ríkisins án tillits til héraða?

---

[53] http://www.tem.fi/index.phtml?l=sv&s=2149 og http://www.kunnat.net/k_perussivu.asp?path=1;161;279;280;37566

Stefnumarkandi framkvæmdaáætlanir í byggðamálum og áætlunum ráðuneyta er ætlað að hafa áhrif á fjárlagagerð, sem er breytileg frá einu héraði til annars, og krefjast mismunandi ráðstafananna. Kostnaður slíkra ráðstafana er einnig breytilegur eftir íbúafjölda, atvinnuskiptingu og staðsetningu.

Formið

Byggðastefnan er samsett úr héraðsáætlun sem er til 20–30 ára, héraðsbundinni áætlun um landnotkun til 10–20 ára og stefnumarkandi áætlun um byggðamál til fjögurra ára. Héraðsbundin áætlun um landnotkun og stefnumarkandi áætlun í byggðamálum skilgreina nánar með hvaða aðferðum er ætlað að ná þessum markmiðum. Með þessu er einnig ætlunin að ná samræmingu milli landsstjórnarinnar og sveitarstjórnanna.

Stefnumarkandi áætlun um byggðamál er samin til fjögurra ára og tengir saman ofangreindar áætlanir og verkefni sem eru unnin samkvæmt áætlunum ESB og byggja á sérhæfingu svæða.

Sérstakar áætlanir hafa verið gerðar af finnsku stjórninni til að ná markmiðum í byggðamálum. Þar má nefna Héraðsmiðstöðvaáætlunina, Sérfræðimiðstöðvaáætlunina og Þróunaráætlun fyrir eyjar. Eitt megineinkenni finnskra byggðaþróunaráætlana er að þær byggja á litlum og meðalstórum miðstöðvum í byggðaþróun. Áætlanirnar byggja einnig mjög á nýsköpun og byggja á samstarfi margra aðila.

Héraðsmiðstöðvaáætlunin hófst 2001 og gilti til 2006 og náði til 34 héraða. Núgildandi áætlun er fyrir tímabilið 2007–2010 og gerir ráð fyrir tengslaneti 35 héraðsmiðstöðva þar sem byggt er á sérkennum og styrkleikum hvers héraðs. Héraðsmiðstöðvar ná til vinnusóknarsvæða sem geta einnig veitt íbúunum fjölbreytta þjónustu, auk þess sem aukin áhersla er nú lögð á hagþróun svæðisins og samkeppnishæfni. Almennt mat hagsmunaaðila var að fyrri áætlun hefði tekist vel með einstaka undantekningum.

Sérþekkingarmiðstöðvaáætlunin (Centers of Expertice) er upphaflega frá 1994, en núgildandi áætlun er fyrir tímabilið 2007–2013. Áætlunin á að leiða saman sérhæfða þekkingu á ýmsum sviðum og hafa verið skilgreindar 22 sérþekkingarmiðstöðvar, sem ná til 45 sérþekkingarsviða allt frá líftækniiðnaði til menningarstarfsemi. Miðstöðvarnar efla samvinnu milli rannsóknastofnana, menntastofnana og fyrirtækja. Verkefnum er ætlað að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja, efla sérþekkingu í héraði og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja. Mat á árangri bendir til þess að áætlunin hafi að flestu leyti tekist vel, þó að nokkuð hafi skort á samvinnu milli sérfræðimiðstöðva og alþjóðleg tengsl fremur byggt á einstaklingum en starfsemi miðstöðvanna. Einnig hefur verið gagnrýnt að of hátt hlutfall fjármuna, sem eru lagðir í áætlunina, fari í almennan rekstur miðstöðvanna. Nýju áætluninni er ætlað að taka á þessum vandamálum, auk þess sem vaxandi áhersla er lögð á klasasamstarf. Reiknað er með 21 sérþekkingarmiðstöðvum og 13 klasasamstarfsverkefnum og að unnið verði með 63 svið mismunandi sérþekkingar. Aðrar áætlanir sem eru tengdar byggðamálum í Finnlandi eru sérstök áætlun fyrir strjálbýl svæði og Áætlun fyrir eyjar, en að auki má nefna að skilgreint hefur verið sérstakt tilraunaverkefni í Kainuhéraði í Austur-Finnlandi, en þar er gerð tilraun með sjálfstjórn svæðis sem býr við neikvæða byggðaþróun.

Byggðamynstur

Landinu er skipt í 348 sveitarfélög og er íbúafjöldi þeirra frá rúmlega hundrað upp í rúmlega 560.000 og stærð þeirra frá 5–15.000 km^2. Finnlandi er einnig skipt upp í 19 héruð en

að auki eru Álandseyjar, sem njóta sjálfstjórnar. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að veita ýmsa þjónustu í Finnlandi.

Atvinnu- og efnahagsmálaráðuneyti Finnlands hefur umsjón með framkvæmd byggðaaðgerða. Í landinu eru reknar héraðsskrifstofur sem veita ýmiss konar þjónustu ríkisvaldsins. Þá eru einnig reknar miðstöðvar fyrir atvinnu- og efnahagsþróun (T&E miðstöðvar), en í gegnum þær er einnig hægt að fá stuðning finnska tækni- og nýsköpunarsjóðsins (Tekes). Héraðsráðin eru lögbundið samstarf sem byggir á sjálfstjórn sveitarfélaga. Þau móta og eru virkir þátttakendur í verkefnum ESB í sínum starfssvæðum. Samband sveitarfélaga er ábyrgt fyrir rekstri sjúkrahúsa og verkefna sem eru á ábyrgð Héraðsráða Finnlands.

Sveitarfélögin veita ýmsa velferðarþjónustu í Finnlandi. Þau bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og sérfræði- og tannlæknaþjónustu. Þau eru einnig ábyrg fyrir þjónustu við aldraða og fatlaða og ýmsri annarri velferðarþjónustu. Rekstur framhaldsskóla, iðn- og tæknimenntun er einnig á þeirra ábyrgð. Sveitarfélög sjá einnig um fullorðinsfræðslu, listnám, menningar- og afþreyingarþjónustu og rekstur bókasafna. Þá má líka nefna vatnsveitur, raforkukerfi, meðferð úrgangs, gatnakerfi, umhverfisvernd og þróun og rekstur almenningssamgangna. Sveitarfélögin leitast einnig við að stuðla að viðskiptum og atvinnusköpun á sínum svæðum og gegna mikilvægu hlutverki í skipulagi landnotkunar.

Héraðaráð

Í Finnlandi eru 19 héruð, en að auki eru Álandseyjar sem njóta sjálfstjórnar. Héraðaráð eru lögbundin samstarfsvettvangur sveitarstjórna í Finnlandi. Þau vinna að verkefnum á sviði byggðamála og skipulagi byggðar í landinu. Héraðaráð kveða skýrt á um sameiginlegar þarfir héraða og vinna að því að efla hagsmuni svæðanna. Héraðaráðin hafa einnig önnur verkefni en þau sem kveðið er á í lögum. Fulltrúar í Héraðaráðum Finnlands eru í mörgum tilvikum áhrifamiklir fulltrúar sveitarfélaga og endurspegla pólitískan vilja íbúanna eins og hann hefur komið fram í kosningum.

Héraðaráðin leggja bæði áherslu á áætlanagerð til langs tíma og að bregðast við málum sem eru efst á baugi hverju sinni. Ráðin koma einnig í framkvæmd og samhæfa ýmis verkefni á landsvísu eða á vettvangi Evrópusambandsins. Skipulagning fyrir einstök héruð felur í sér stefnumarkandi byggðaáætlun, sem er grundvallar skjal við þróun héraðsins. Þessu skjali fylgja tvær aðrar áætlanir og framkvæmdaáætlanir sem taka þá einnig til verkefna Evrópusambandsins.

Byggðastuðningur ESB

Heildarstuðningur ESB vegna byggðaaðgerða fyrir tímabilið 2007–2013 er 1.600 milljónir evra, en þar af er stuðningur vegna svæðisbundinna verkefna tæplega 1.000 milljónir evra. Gert er ráð fyrir að mótframlög finnska ríkisins verði 1.900 milljónir evra. Í Norður- og Austur-Finnlandi og á Álandseyjum eru mótframlög finnska ríkisins 50%, en í Suður- og Vestur-Finnlandi 60%.

Í Norður-Finnlandi er stefnt að því að skapa 11.000 ný störf og 1.500 fyrirtæki, stefnt að því að nota 25% af fjárhagsstuðningnum til að skapa störf í 1.000 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi. Megináherslur eru að örva fyrirtækjastarfsemi, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, bæta samgöngur og samskipti og veita tæknilega aðstoð

Í Austur-Finnlandi er stefnt að því að skapa 13.000 ný störf og yfir 2.000 fyrirtæki. Stefnt er að því að nota 35% af fjárframlögum til að búa til 800 störf í rannsókna- og þróunarstarf-

semi. Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja og veita tæknilega aðstoð.

Í Vestur-Finnlandi er stefnt að því að skapa 9.800 störf, 2.000 ný fyrirtæki og að 12,5% af fjárhagsstuðningnum verði til að búa til 150 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja, þróa stærri bæjarsvæði og veita tæknilega aðstoð.

Í Suður-Finnlandi er stefnt að því að skapa 4.200 störf, 920 ný fyrirtæki og að 15,5% af fjárhagsstuðningnum verði til að búa til 290 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja, þróa stærri bæjarsvæði, þróa þekkingarklasa og veita tæknilega aðstoð.

3.2.4 Danmörk

Almennt um byggðastefnu

Danmörk er þéttbýl í norrænum samanburði og dönsk byggðastefna ber því vott, landslag og veðurfar líka látlaus og ferðalög auðveld milli landshluta. Þrátt fyrir það má greina ýmis vandamál á landsbyggðinni, m.a. tengd hnignun iðnaðar. Vöxtur og samkeppnisaðstaða Danmerkur er aðalmarkmið í danskri byggðastefnu og áhersla lögð á hagvöxt hvarvetna í landinu, bæði á sterkum og veikum svæðum. Fjárveitingar til veikustu svæða landsins eru tengdar samfjármögnun úr uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins og byggðastefna Danmerkur er nátengd byggðastefnu ESB.

Skilgreind hafa verið sérstök jaðarsvæði með tilliti til lágra meðaltekna og óhagfelldrar þróunar íbúafjöldans. 16 af 98 sveitarfélögum í Danmörku eru á þessum jaðarsvæðum og þar búa um 11% þjóðarinnar. Að auki hafa verið skilgreind sérstök millibilssvæði sem ekki eru skilgreind jaðarsvæði nú en voru styrkhæf á síðasta starfstímabili uppbyggingarsjóða ESB.[54] Aðaltilgangur svæðaskiptingarinnar er að geta stutt fyrirtæki í samræmi við reglur ESB.

Formið

Með lögum sem sett voru 2005 voru dönsku ömtin lögð niður og Danmörku skipt í 5 landshluta (regioner), Norður-Jótland, Mið-Jótland, Suður-Danmörku, Sjáland, og Höfuðborgarsvæðið (með Borgundarhólmi).[55] Í lögunum er kveðið á um landshlutaráð (regionsråd) og vaxtarráð hvers landshluta (regionalt vækstforum). Samkvæmt lögunum tóku svo landshlutaráð til starfa í hverjum landshluta 2007 með ábyrgð á atvinnu- og byggðaþróun. Verkefni hvers landshlutaráðs er í 6 málaflokkum sem tilgreindir eru í lögunum. Einn þeirra er heilbrigðisþjónustan, annar er atvinnu- og byggðaþróun landshlutans. Atvinnu- og byggðaþróunarstarfið er á fimm sviðum og tvö þeirra eru þróunaráætlun og stofnun vaxtarráðs landshlutans. Sama ár, 2005, voru sett lög um atvinnuþróun og Vaxtarráð ríkisins (Danmarks Vækstråd)[56] þar sem líka er kveðið á um hlutverk og verkaskiptingu ríkisins og landshlutanna, hlutverk ráðherra atvinnu- og byggingarmála og Vaxtarráðsins annars vegar og landshlutaráðanna og vaxtarráða landshlutanna hins vegar.

---

[54] Regionale fakta om yderområder: www.ebst.dk/yderomraader

[55] Lov om regioner og nedlæggelse af amtskommunerne: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=10065

[56] Lov om erhvervsfremme: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=27062#K4

Danska ríkisstjórnin starfrækir sérstaka ráðherranefnd um byggðastefnu samkvæmt þeirri áætlun um danska alþjóðavæðingu sem stjórnin samþykkti 2006.[57] Markmið áætlunarinnar er að Danmörk verði á öllum sviðum í fremstu röð á heimsvísu. Árlega gefur ríkisstjórnin út greinargerð sem lýsir árangri af byggðastefnunni, síðast í apríl 2008.[58] Þar sem annars staðar í stefnu stjórnvalda kemur fram hin mikla áhersla þeirra á vöxt, vaxtargreinar og vaxtarfyrirtæki.

Dönsk byggðastefna hefur sérstaka áherslu á hinar dreifðu byggðir. Sú áhersla birtist t.d. í dreifbýlislögunum[59] frá 2007 sem hefur heimildir handa matvælaráðherranum til að styrkja atvinnu- og byggðaþróun í dreifbýli Danmerkur. Markmið laganna eru :

1. meiri samkeppnishæfni,
2. fleiri frumkvöðlar og vinnustaðir í dreifbýli,
3. fjölbreytileiki landslags, rík náttúra og hreint umhverfi og
4. eftirsóknarverð lífsgæði fyrir börn, unglinga og fullorðna í dreifbýli með tilliti til þess að styrkja sambandið milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Áherslur í atvinnuþróun

Dönsk stjórnvöld leggja áherslu á vaxtargreinar atvinnulífsins, nýsköpun, útrás og erlenda markaði. Þá hafa þau sérstaklega lagt áherslu á nýsköpun í svonefndum skynjunar- eða upplifunargreinum (d. oplevelsesøkonomi, e. experience economy) til að byggja á sókn til framtíðar. Ríkisstjórnin hefur tilgreint þrjú áherslusvið þessara greina og að þeim er ásetningur um að beina þróunarvinnu á komandi árum. Þessi þrjú svið eru matarmenning, tónlist og tíska.[60]

Byggðamynstur

Mikil breyting varð í Danmörku 2007 með sameiningum sveitarfélaga og umbótum á starfsemi þeirra. Landshlutarnir eru 5 og sveitarfélögin 98 og að hálfu hins opinbera hefur verið lögð áhersla að dyrnar að bæjarskrifstofunni séu líka dyrnar að öllu opinbera kerfinu fyrir þegna landsins og lýsir það viðleitni stjórnvalda til þess að einfalda kerfið fyrir þegnana. Þessi mikla breyting á starfi sveitarfélaga hefur vakið mikla athygli í ESB, einkum fyrir það að með henni næst að stilla saman þróunaráætlanir sem gerðar eru í samráði sveitarfélaga og atvinnulífs annars vegar og atvinnustefnu vaxtarráðanna hins vegar.

Eins og annars staðar í Evrópu leggja dönsk stjórnvöld áherslu á sterkt höfuðborgarsvæði.

3.3 Fjölþjóðlegt samstarf um byggðamál (ESA, EK-R, Nordregio, NORA, NPP, ESPON)

3.3.1 Byggðakort fyrir Ísland

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tók ákvörðun um nýtt byggðakort fyrir Ísland þann 6. desember 2006. Í öllum ríkjum Evrópusambandsins og EFTA þurfa að liggja fyrir slík kort því á þeim eru mörkuð þau landssvæði þar sem heimilt er að veita byggðastyrki. Raunar var ákvörðunin um að sérstakt byggðakort skyldi gilda árið 2007 en með því að íbúafjöldi Íslands fór yfir 300.000 á árinu 2006 gafst færi á að skipta landinu í tvö svokölluð NUTS III

---

[57] Fremgang, fornyelse og tryghed: www.globalisering.dk/multimedia/Pixi.pdf

[58] Regionalpolitisk vækstredegørelse: www.oem.dk/graphics/oem/Publikationer/Publikationer/2008/Regionalpolitisk%20Vækstredegørelse%202008/site/images/Regionalpolitisk%20Vækstredegørelse%202008.pdf

[59] Landdistriktsloven: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=8675&exp=1

[60] Oplevelseszoner: www.ebst.dk/oplevelseszoner

svæði og þar með að nýtt byggðakort tæki gildi 1. janúar 2008. Það leiddi til þess að Reykjanes færðist inn á styrkjasvæðið og þar með er heimilt að veita byggðastyrki á Reykjanesi.

Mynd 3.3.1.1 Byggðastyrkjakort 2008–2013



Samkvæmt ákvörðun ESA mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki í öllum þeim sveitarfélögum sem nú falla undir landsbyggðarkjördæmin þrjú þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013.

Hámark styrks má nema allt að 15% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga þó er mögulegt að hækka hann um 10% þegar um millistór fyrirtæki er að ræða og um 20% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Með millistóru fyrirtæki er hér átt við fyrirtæki sem er með færri en 250 starfsmenn og með litlu fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn. Þá er og svigrúm fyrir stjórnvöld til að veita ákveðna tegund af rekstrarstyrkjum svo sem flutningsstyrki til framleiðslufyrirtækja.

Öll áform um styrkveitingar á byggðakortinu ber að tilkynna til ESA.

3.3.2 NUTS flokkunarkerfið

Flokkunarkerfi landsvæða í tölfræðilegum tilgangi (The Nomenclature of Territorial Units for Statistics. NUTS) var tekið upp á vegum Evrópsku hagstofunnar fyrir meira en 30 árum síðan. Tilgangurinn er að leggja fram einfalt og samræmt kerfi til sundurliðunar landsvæða (stjórnsýslueininga) við söfnun og úrvinnslu svæðisbundinnar tölfræði í Evrópusambandinu.

Þetta flokkunarkerfi (hér eftir nefnt NUTS) hefur verið notað í löggjöf Sambandsins síðan 1988 en það var ekki fyrr en árið 2003 að Evrópuþingið og Ráðherraráðið samþykktu gerð (Regulation) um NUTS flokkunarkerfið.

Ef tölfræði á svæðisgrunni á að vera samanburðarhæf þurfa landsvæði, sem bera á saman, að vera sem sambærilegust að fólksfjölda. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til pólitískra aðstæðna, stjórnsýslulegra aðstæðna og stofnanafyrirkomulags við afmörkun svæðanna. Þar sem það á við er ætlast til að svæði, sem samsett eru án þess að um stjórnsýslulegar einingar sé að ræða, endurspegli efnahagslega, félagslega, sögulega, menningarlega, landfræðilega og umhverfislega þætti. Það má því segja að það er töluverður sveigjanleiki í því hvernig NUTS svæðin eru skilgreind. Það er helst íbúafjöldinn sem er fast viðmið. Þó er hægt að hafa þar nokkuð svigrúm samanber svæðaskiptingu Íslands.

Það NUTS þrep sem landsvæði (stjórnsýslueining) fellur undir er ákveðið á grundvelli íbúafjölda þannig:

Tafla 3.3.2.1 NUTS-þrepin

Þrep	Lágmarks-fólksfjöldi	Hámarks-fólksfjöldi
NUTS I	3.000.000	7.000.000
NUTS II	800.000	3.000.000
NUTS III	150.000	800.000

Þar sem íbúafjöldi ríkis er undir lágmarks viðmiði NUTS þreps er viðkomandi ríki í heild NUTS svæði á því þrepi. Séu ekki til staðar stjórnsýslueiningar af viðeigandi stærð skulu slíkar einingar myndaðar úr aðliggjandi svæðum. Þessar samsettu einingar kallast „óvirkar stjórnsýslueiningar“ („non-administrative units“).

Á meðan Ísland var með undir 300.000 íbúa var landið eitt NUTS III svæði. Þegar íbúafjöldinn fór yfir 300.000 gafst færi á að fá landinu skipt í tvö NUTS III svæði. Ákveðið var að leggja kjördæmaskiptingu landsins til grundvallar. Ástæðan fyrir því er sú að með því móti var hægt að rökstyðja það að Reykjanes yrði inni á byggðakorti af Íslandi. Það var Hagstofa Íslands sem formlega gerði tillögu til Evrópsku hagstofunnar um skiptingu Íslands í tvö NUTS III svæði. Á tillöguna var fallist og gekk skiptingin í gegn 1. janúar 2008. Við þá breytingu tók nýtt byggðakort gildi fyrir Ísland. Eins og fram kemur síðar er Íslandi skipt í höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Hin formlegu mörk eru mörk landsbyggðarkjördæmanna annars vegar og Reykjavíkurkjördæmanna og Kragans hins vegar.

NUTS flokkunin er stigskipt þannig að í hverju landi eru þrjú stig: NUTS stig I, II og III. Fyrsta stigi er skipt upp í annað og öðru í þriðja. Þau lönd sem eru með yfir 7 milljónir íbúa skiptast í fleiri NUTS I svæði eftir íbúafjölda.

Frekari niðurskipting er svo framkvæmd þó hún sé minna notuð. Þá er komið að því sem kallast „Staðbundnar stjórnsýslueiningar“ (Local Administrative Units. LAU). Í því kerfi eru tvö þrep. Efra þrepið, (LAU þrep 1, eða NUTS þrep 4) er skilgreint fyrir flest lönd en þó ekki öll. Neðra þrepið, (LAU þrep 2, eða NUTS þrep 5) er skilgreint á sveitarfélagastiginu. Það eru því jafnmörg LAU 2, eða NUTS 5 svæði á Íslandi og sveitarfélögin eru mörg.

Segja má að í rauninni séu það aðeins NUTS I, II og III svæðin sem skipta máli. NUTS IV (LAU 1)og NUTS V (LAU 2) hafa ekki formlegt gildi þó þau séu til.

Stigskipt NUTS svæðisskipting Íslands lítur þannig út:

Kódi	Land	NUTS I	NUTS II	NUTS III
IS	Ísland			
IS0		Ísland		
IS00			Ísland	
IS001				Höfuðborgarsvæði
IS002				Landsbyggð

Á NUTS IV þrepi er Íslandi skipt í 8 svæði:

1. Austurland
2. Höfuðborgarsvæði
3. Norðurland eystra
4. Norðurland vestra
5. Suðurland
6. Suðurnes (Reykjanes)

7. Vestfirðir
8. Vesturland

Á NUTS V þrepi er Íslandi svo skipt í 79 svæði sem eru hin sömu og sveitarfélögin í landinu.

Til samanburðar má geta þess að Noregur er 1 NUTS I svæði, 7 NUTS II svæði og 19 NUTS III svæði.

NUTS svæðaskilgreiningar ná nú til 31 lands. Það eru löndin á Evrópska efnahagssvæðinu og Sviss.

NUTS svæðaskiptingin og tölfræði svæðanna er grundvöllur ákvarðana um það hvort svæðin eigi rétt á byggðastyrkjum frá ESB. Því er svæðaskiptingin mikilvæg og þörf á að gefa henni gaum.

3.3.3 Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi og að eflingu búsetuþátta með verkefnum með fjölþjóðlegu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Áherslur áætlunarinnar eru á nýsköpun, samkeppnishæfni, aðgengi, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samfélags auk tengsla þéttbýlis og dreifbýlis. Verkefni innan NPP skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Mynd 3.3.3.1 Starfssvæði NPP.



Áætlunin nær landfræðilega yfir mjög stórt svæði, en þátttökulönd eru Evrópusambandslöndin, Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Aðstæður og áherslur þátttökusvæða eru margbreytilegar en hafa ákveðin sameiginleg einkenni sem m.a. felast í veðurfarsaðstæðum norðurslóða, miklu dreifbýli, löngum vegalengdum og fl. Fjölþjóðleg samvinna innan Norðurslóðaáætlunar gefur ákveðin tækifæri til að þróa og finna nýjar leiðir til bættra búsetuskilyrða í víðum skilningi.

Mikill áhugi er fyrir þátttöku í verkefnum innan NPP, en í fyrri áætlun voru Íslendingar þátttakendur í 28 aðalverkefnum. Verkefnin hafa hátt nýsköpunargildi, víkka sjónarhorn samstarfsaðila á viðfangsefninu og efla sjálfstraust og getu til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á landsbyggðinni.

Áætlunin er samkeppnissjóður sem rekin er á svipuðum forsendum og rannsóknaáætlanir innan EES-samningsins, þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 50% mótframlagi umsóknaraðila hvað íslenska þátttöku varðar. Árlegt framlag Íslands til áætlunarinnar árin 2007 til 2009 eru 400.000€ og er íslensk verkefnaþátttaka styrkt

með því fjármagni einvörðungu. Ákvörðun um framlag Íslands fyrir árin 2010 til 2013 liggur ekki fyrir en vonir standa til að hún verði aukin vegna mikils áhuga og góðs árangurs. Heildarfjármagn áætlunarinnar að viðbættum mótframlögum er um 7 milljónir € fyrir árin 2007–2013.

Ísland var fullgildur aðili við mótun áherslna áætlunarinnar og gerð umsóknar um Norðurslóðaáætlun 2007–2013 til Evrópusambandsins, sem samþykkt var í september 2007. Jafnframt tók Ísland þátt í nefndarstarfi við gerð árangursmælikvarða fyrir áætlunina sem slíka og einstök verkefni innan hennar. Fjárhagsleg endurskoðun og eftirlit einstakra verkefna fer fram hjá Byggðastofnun en heildarendurskoðun á þátttöku Íslands í áætluninni er hjá Ríkisendurskoðun.

Áætluninni hafa borist 54 umsóknir um aðalverkefni á þeim 4 umsóknarfrestum sem liðnir eru og þar af hafa 27 verkefni verið samþykkt. Íslendingar hafa verið þátttakendur í 27 umsóknum og þar af hafa 14 verið samþykkt eða 52%. Samtals hafa borist liðlega 50 umsóknir um forverkefni, en þau hafa þann megin tilgang að vinna að gerð aðalumsókna, leita samstarfsaðila og frágangi mótfjármögnunar. Umsóknir um forverkefni eru ekki bundnar neinum sérstökum umsóknartíma.

Aðalverkefni með íslenskri þátttöku eru:

- *Roadex Network Implementing Accessibility.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands, Írlands, Svíþjóðar, Íslands, Grænlands, Noregs og Kanada. Íslenskur þátttakandi er Vegagerð ríkisins í samstarfi við verkfræðistofur og fleiri.
- *New Plants for the Northern Periphery Market.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslensku þátttakendurnir eru Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri í samstarfi við garðyrkjustöðvar og fyrirtæki.
- *Rural Transport Solutions.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslensku þátttakendurnir eru Þróunarstofa austurlands og Fjarðabyggð í samstarfi við Vegagerðina.
- *The THING Project – THing sites International Networking Group.* Samstarfsverkefni Noregs, Íslands, Skotlands og Færeyja. Íslenski þátttakandinn er Þjóðgarðurinn Þingvöllum í samstarfi við tengda aðila.
- *SMALLEST – Solutions for Microgeneration to Allow Energy Saving Technology.* Samstarfsverkefni Skotlands, Finnlands, Norður Írlands, Færeyja, Svíþjóðar, Íslands og Grænlands. Íslenski þátttakandinn er Þróunarstofa austurlands í tengslum við fjölmarka aðila innan orkugeirans.
- *Retail in Rural Regions.* Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Færeyja, og Skotlands þar sem Rannsóknarsetur verslunarinnar Háskólanum Bifröst er þátttakandi í samstarfi við verslanir, Samtök verslunar, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.
- *The Sea as Our Neighbour: Sustainable Adaption to Climate Change in Coastal Communities and Habitats on Europe's Northern Periphery – Coast Adapt.* Samstarfsverkefni Íslands, Norður Írlands, Írlands, Skotlands og Noregs þar sem Háskóli Íslands, Sveitarfélagið Árborg og Mýrdalshreppur eru þátttakendur en meðal tengdra aðila eru Siglingastofnun, Veðurstofa Íslands, Samtök sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og fleiri.
- *North Hunt, Sustainable Hunting Tourism.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar, Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar.
- *NEED, Northern Environment Education Development.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands, Höfn Hornafirði, Háskólasetrið Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag

Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafelli og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.
- *PELLETime – Solutions for competitive pellet production in medium size enterprises.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Skotlands. Íslenskir þátttakendur eru Héraðsskógar, Austurlandsskógar og Skógrækt ríkisins
- *Economuseum Northern Europe.* Samstarfsverkefni Íslands, Færeyja, Norður Írlands, Írlands, Noregs og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Fruman Nýheimum, Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.
- *Co-Safe, The cooperation for safety in sparsely populated areas.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Grænlands. Íslenskir þátttakendur eru FSA Háskólasjúkrahús, Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn í samstarfi við fjölmarga innlenda aðila.
- *OLEII, Our Life as Elderly – implementation.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur eru Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.
- *Northcharr, Sustainable Aquaculture of Arctic charr.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar og Noregs. Íslenskir þátttakendur eru Hólalax ehf, Rifós ehf, Íslandsbleikja ehf, Silfurstjarnan ehf, Klausturbleikja ehf, Skagafjarðarveitur, FISK-Seafood, Akvaplan-Niva og Matís.

Norðurslóðaáætlun 2007–2013 heyrir undir iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun rekur landsskrifstofu áætlunarinnar á Íslandi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum Byggðastofnunar[61] og Norðurslóðaáætlunar.

3.3.4 ESPON

Ísland er aðili að ESPON, á öðru starfstímabili áætlunarinnar, frá 2007–2013. Byggðarannsóknir voru umfangsmiklar á fyrsta starfstímabili ESPON, European Spatial Planning Observation Network, 2002–2006, fólu í sér samstarf á annað hundrað evrópskra háskóla og rannsóknastofnana og mikla öflun og miðlun þekkingar, sem einfalt er að nálgast á heimasíðu ESPON, www.espon.eu.

ESPON er ein af svæða- eða byggðatengdu aðgerðaáætlunum Evrópusambandsins, Interreg III C-áætlun. Aðild að ESPON eiga öll lönd Evrópusambandsins og lönd sem sótt hafa um aðild að sambandinu auk Noregs, Sviss, Liechtenstein og Íslands. Einkenni rannsóknaverkefna á vegum ESPON er samanburður milli svæða, víðtæk framsetning upplýsinga á kortum og síðan hinar miklu kröfur um fagleg vinnubrögð. Rannsóknastyrkir hafa aðallega verið veittir fjölþjóðlegum rannsóknateymum háskóla og annarra rannsóknastofnana á sviði byggðaþróunar. ESPON-rannsóknir hafa þegar haft áhrif á stefnumótun ESB í byggðamálum og svo mun áreiðanlega verða í næstu framtíð.

Breytingar hafa orðið á ESPON frá fyrra tímabilinu. Ein breytingin kemur fram í undirheiti áætlunarinnar sem nú er European Observation Network on Territorial Development and Cohesion eða Evrópska netverkið fyrir rannsóknir á svæða- eða byggðaþróun og aðlögun. Í nafnbreytingunni birtist viðurkenning á því að gagnlegra sé að rannsaka byggðaáhrif af áætlunum og stefnumiðum sem stjórnvöld setja fremur en áætlanirnar sjálfar. Breytingar hafa líka orðið á áherslum frá fyrsta starfstímabili ESPON. Á tímabilinu 2007–2013 verða

---

[61] Byggðatofnun, www.byggdastofnun.is/ og NPP, www.northernperiphery.eu

fimm megináherslur fyrir aðgerðir og rannsóknir sem taldar eru upp hér á eftir og hlutfall hverrar áherslu af útgjöldum ESPON sýnt innan sviga:

1. Hagnýtar rannsóknir á byggðaþróun, samkeppnishæfni og aðlögun (42,4%).
2. Verkefnamiðaðar rannsóknir á grundvelli óska notenda (14,4%).
3. Vísindavettvangar og -áhöld (13,5%).
4. Fjármögnun, eignarhald og þátttaka (12,2%).
5. Tæknileg aðstoð, greiningarstuðningur og samskipti (17,5%).

Auglýst er eftir styrkumsóknum til undir þremur fyrstu áherslunum en hinar eru starfsáherslur. Undir annarri. áherslunni eru átta skilgreind rannsóknasvið fyrir styrkhæf verkefni.

Byggðastofnun hefur fylgst með starfi ESPON og haft umsjón með því í umboði iðnaðarráðuneytisins. Starfsmenn Byggðastofnunar hafa setið fundi stjórnarnefndar ESPON og í mars gerði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að hann gegni hlutverki tengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og tengi þessar stofnanir og ESPON.

Mikilvægi ESPON-starfsins veltur annars vegar á því að fylgjast með rannsókna- og stefnumótunarvinnu á sviði byggðamála í Evrópusambandinu og á öflugri þátttöku íslenskra háskóla í hinum fjölþjóðlegu byggðarannsóknum sem styrktar eru og áhrif af því starfi á umræðu og stefnumótun í byggðamálum á Íslandi.

3.3.5 EK-R

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á sviði byggðamála. Norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) er samstarfsvettvangur embættismanna norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið felst í því að miðla reynslu, umræðum og kynnum af starfskerfinu og samvinnu um þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. Til samstarfsins er varið á árinu 2009 alla rúmlega 31 milljón danskra króna. Til grannsvæða samstarfsins er varið 10 milljónum danskra króna, til NORA rúmlega 6 milljónum danskra króna, til Nordregio 10 milljónum danskra króna og til rannsóknarverkefna, styrkja og fleira rúmum 5 milljónum danskra króna.

EK-R hefur samþykkt fjárveitingar á árinu 2009 til samstarfs yfir landamæri á 10 norrænum svæðum þar sem stjórnmálamenn, yfirvöld og almenningur tekur þátt í hagnýtu norrænu samstarfi. Þar til viðbótar er samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Ráðherrar byggðamála, orkumála og atvinnumála á Norðurlöndum hafa yfirumsjón með samstarfinu en framkvæmdin er í hjá EK-R.

Samstarfið byggir á samstarfsáætlun um byggðamál en núgildandi áætlun nær til áranna 2009–2012. Samstarfsáætlunin var samþykkt haustið 2008.

Eins og gefur að skilja er í áætluninni leitast við að leggja línurnar um á hvað eigi að leggja höfuðáherslu í starfi EK-R á næstu árum.

Sú sýn sem samstarfsáætlunin byggir á er þessi: Norræn samvinna á að vera kröftug í þróun nýrrar og skarpari byggðastefnu. Kjarni hinnar nýju stefnu er að í nánu samstarfi mismunandi stjórnsýslustiga og geira sé tekist á við þær áskoranir sem hnattvæðingin hefur í för með sér með það að markmiði að styrkja þróunarmöguleika Norðurlandanna á sjálfbæran hátt hvort heldur heimafyrir, á svæðagrunni eða landa.

Áætlunin byggir á því sem nefnt hefur verið þriðja kynslóð byggðastefnu. Fyrsta kynslóðin hafi snúist um að jafna mismun, önnur kynslóðin um að vöxt og sú þriðja sem nú sé ríkjandi byggist á að öll svæði og staðbundin samfélög séu virkjuð og fléttuð inn í evrópska og hnattræna hagkerfið. Þannig verði getan til nýsköpunar og vaxtar styrkt á besta mögulegan hátt.

Lögð er áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio (Norrænu fræðastofnunina í skipulags- og byggðamálum).

Þá eru lögð til þrjú aðgerðasvið á starfstímanum. 1) Miðlun reynslu og uppbygging þekkingar. 2) Hnattvæðing og samstarf yfir landamæri. 3) Þriðju kynslóðar byggðastefna. Á hverju aðgerðasviði eru settar fram tillögur um áherslur og verkefni sem vinna á að.

Gengið er út frá að fjárhagsramminn sem er um starfsemina í dag verði óbreyttur út áætlunartímabilið.

Í áætluninni er gegnið út frá að markmiðin um sjálfbærni, jafnrétti og aðgengi eru virt.

Mynd 3.3.5.1 Norrænu grannsvæðin



Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009. Því fylgir einnig formennska í nefndum. Í formennskuáætlun Íslands á sviði byggðamála má nefna að rannsókn á áhrifum háskóla á byggðaþróun, efling nýsköpunar og frumkvöðlastarfa á strjálbýlum svæðum með sérstaka áherslu á stuðning við konur og könnun á því hversu langt áhrifasvæði bæja nær út í nágrennið og hver eru tengsl samgöngubóta og byggðaþróunar.

3.3.6 Nordregio

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar rannsóknastofnunin Nordregio sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála og miðla þekkingu um þau til þeirra sem um byggðamál fjalla. Unnið er nú samkvæmt norrænu rannsóknaráætluninni innan Nordregio. Núgildandi áætlunartímabil nær yfir árin 2007–2009 en unnið er að nýrri áætlun fyrir árin 2010–2012. og munu áherslur taka mið af áherslum samstarfsáætlunarinnar í byggðamálum 2009–2012. Nordregio hefur getið sér orð sem ein virtasta vísindastofnun í Evrópu á sviði rannsókna í byggðamálum. Þar innan veggja er til staðar meiri þekking á samfélögum á strjálbýlum norrænum svæðum en annars staðar. Það háir þátttöku

Íslands í rannsóknarverkefnum að á Íslandi eru ekki aðgengilegar svæðisgreindar tölfræðiupplýsingar sem stuðst er við í rannsóknum á ýmsum þáttum byggðamála. Unnið er að því að leita lausna á þeim vanda. Íslendingar hafa tekið þátt í mótun rannsóknaáætlana og mati á styrkumsóknum. Nordregio hefur tekið að sér að vinna rannsóknir sem lagt var upp með í formennskuáætlun Íslands á árinu 2009.

3.3.7 Norræna Atlantssamstarfið, NORA

Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs.[62] NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Starfsemi NORA á Íslandi heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu sem landskrifstofa. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn, en löndin skiptast á um formennsku. Á árinu 2008 tóku Færeyingar við formennskunni, en Ísland tekur næst við henni árið 2010.

Mynd 3.3.7.1

Starfssvæði NORA

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma árleg framlög frá þátttökuþjóðunum, þar af leggja Íslendingar fram 500 þúsund DKK. Heildarfjármagn sem NORA hefur úr að spila árlega eru um 10 milljónir DKK. og af þeim fara á bilinu sex til sjö milljónir í verkefnastyrki.

Starfsemi NORA er margþætt og snýst um að efla samstarf á svæðinu með ýmsu móti, ekki síst með því að veita styrki til samstarfsverkefna. NORA á samstarf við ýmsa aðila í því skyni að fylgja eftir megin stefnumálum sínum og auk verkefnastyrkjanna standa samtökin fyrir ráðstefnum og vinnufundum, t.d. á sviði umhverfismála eða atvinnumála. Má t.d. nefna ráðstefnu um sjálfbæra orkunýtingu í desember 2008 og um nýsköpun í sjávarútvegi í byrjun maí 2009. NORA hefur einnig látið gera úttektir eða rannsóknir.

Eitt af verkefnum NORA sem hófst á árinu 2009 er greining á NORA-svæðinu, sem OECD hefur tekið að sér að gera. Fulltrúar OECD heimsækja NORA-löndin og halda fundi með stjórnmálamönnum, embættismönnum, fulltrúum háskóla og rannsóknastofnana og forsvarsmönnum fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka. Markmiðið er að skilgreina NORA-löndin sem svæði og styrkja grundvöll frekari samstarfs á svæðinu. Vonast er til að á grundvelli þessarar vinnu verði hægt að setja fram tillögur sem geti verið til leiðsagnar þegar teknar verða pólitískar ákvarðanir sem snerta svæðið og efli búsetuþróun. Þessi vinna er jafnframt hugsuð sem innlegg í norrænt samstarfs, í víðara samhengi.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fá-

---

[62] http://byggdastofnun.is/page/nora

mennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, en einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Undanfarið hefur umsóknum farið mjög fjölgandi og við fyrri úthlutun 2009 lágu fyrir 39 umsóknir og áttu Íslendingar þátt í 31 af þeim.

Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. DKK. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða. Á árinu 2008 var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað 2,6 milljónum DKK. (danskra króna) til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í níu þeirra. Í desember var úthlutað tæpum 3,3 millj. DKK. til 18 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 13 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð og hefur á undanförnum árum verið í u.þ.b. 70–90% verkefna.

Innan NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarf við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada.

Í október heimsótti framkvæmdastjórn NORA Kanada og lagði drög að formlegum samskiptum við ýmsa aðila þar.

Verkefni með íslenskri þátttöku, samþykkt á árinu 2008 og fyrri hluta árs 2009

Auðlindir sjávar

Torskehelse. Rannsókn á dánartíðni eldisþorsks með notkun rafræns skráningarkerfis með það að markmiði að draga úr seiðadauða. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Valdimar I. Gunnarsson, Sjávarútvegi.

Rotatorier (hjóldýr). Auka á gæði fæðisframleiðslu í þorskeldi. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja, en Matís tekur þátt fyrir Íslands hönd.

Fisk og innovation. Snýr að hagsmunabaráttu innan ESB fyrir norrænan sjávarútveg. Samstarf Íslands og Noregs. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Hellefisk vandringsmønster. Rannsókn á lúðu, hún merkt og fylgst með ferðum hennar. Ábyrgð verkefnis: Stjörnu-Oddi, en verkefnið er í samstarfi við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga.

Effektiv torskeopdræt. Rannsókn í þorskeldi sem snertir aukin gæði í fiskverkun og framleiðslu eldisþorsks. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Matís og Hraðfrystihúsið Gunnvör.

Standard for saltfisk. Myndun samstarfsnets saltfiskverkenda og markaðsaðila. Samstarf Noregs, Íslands og Færeyja. Matís leiddi þetta verkefni, en aðrir íslenskir þátttakendur voru Vísir og Þorbjörn Fiskanes.

Fersk opdrætstorsk. Markaðskönnun fyrir þorskafurðir. Íslenskur þátttakandi: Fiskeldishópur AVS og Hraðfrystihúsið Gunnvör.

Nordatlantiske delikatesser. Hluti norræns verkefnis, „Nordic Delights“, sameiginleg markaðssetning á valdri matvöru, tengt sögu og menningu. Íslenskur þátttakandi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Höfn.

Havpattedyr som fødevarer. Vinnufundur á vegum NAMMCO um nýtingu sjávarspendýra. Íslenskur þátttakandi: Sjávarútvegsráðuneytið.

Tejner. Rannsóknarverkefni þar sem skoðuð er aðlögun fisks að gildrum sem hann er veiddur í. Ábyrgð verkefnis: Hafrannsóknastofnun, Ísafirði.

Fiskefilleter og kollagen. Rannsókn á áhrifum kollagens á fiskafurðir, þorsk og síld, með betri afurðir að markmiði. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Ferðaþjónusta

Cruise Europe North. Móta á sameiginlega stefnu varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Norður-Atlantssvæðinu. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur: Akureyrarhöfn og Faxaflóahafnir.

Bådbyggertradition. Varðveisla handverks í bátasmíði. Samstarf Noregs, Íslands og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Síldarminjasafnið.

Nye rejsemål. Leit að samstarfsaðila og stofnun samstarfsnets um ævintýraferðir á Norður-Atlantssvæðinu. Ábyrgð: Borea Adventures, Ísafirði.

Netportal om får og uld. Safnasamstarf um kynningu menningararfs, sérstaklega sem lýtur að sauðfé og ull. Markaðssetning og kynning á handverki og list. Samstarf Íslands og Noregs. Ábyrgð verkefnis: Minjasafn Austurlands.

Net-markedsføring – turisme. Gerð lifandi kynningarefnis fyrir ferðaþjónustu yfir netið. Samstarf Íslands og Færeyja. Ábyrgð: Valgerður Matthíasdóttir.

Miami-Seatrade. Sameiginlegur sýningarbás Íslands, Grænlands og Færeyja á Seatrade Cruise Shipping Convention á Miami. Íslenskur þátttakandi: Cruise Iceland.

Turisme og vilde dyr. Rannsókn á áhrifum ferðamennsku á villt dýralíf. Íslenskir þátttakendur: Selasetrið o.fl.

Fiskerikultur. Rannsókn á sögu norrænna fiskimanna við Austfirði á tilteknu tímabili. Sótt um styrk til að finna samstarfsaðila. Íslenskur þátttakandi: Skálanessetur og Sagnabrunnur ehf.

Upplýsingatækni

Rent hav. Skrá á umfang affalls við fiskveiðar til að hægt sé að hafa bæði yfirsýn og stjórn og eftirlit með því að reglum sé framfylgt. Mögulegt að gefa „grænan stimpil“ til skipa, hafna og útgerða. Samstarf Noregs, Færeyja og Íslands. Íslenskur þátttakandi: Umhverfisstofnun.

Transatlantisk café. Að búa til fundarstað, kaffihús, þar sem norrænir gestir geta „hist“ yfir kaffibolla og spjallað saman með nútímatækni. Samstarf Færeyja, Íslands, Grænlands og Danmerkur. Íslenskir þátttakendur: Annette Finnsdóttir og Ásta Stefánsdóttir.

Samgöngur og flutningar

Energiseminar. Vestnorrænn vinnufundur um bætta orkunýtingu í samgöngum og flutningum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (haldinn í byrjun desember í Reykjavík). Samstarf allra NORA-landanna, auk Svíþjóðar og Álandseyja.

Containerservice. Gera á fýsileikakönnun á gámaflutningum vestur um haf með Mosjøen í Noregi sem miðstöð. Íslenskur þátttakandi: Siglingastofnun og Eimskipafélag Íslands.

Svæðasamstarf

Detailhandel. Rannsókn á verslun í dreifbýli, framhaldsverkefni. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja. Ábyrgð verkefnis: Rannsóknasetur verslunarinnar, Bifröst.

Matchmaking med Rusland. Samstarf um fjárfestingar og verslun, þekkingaryfirfærsla í tæknimálum o.fl. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Háskóli Íslands.

Vejrtjeneste for søberedskab. Þróun kerfis fyrir veðurspár á netinu. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Ábyrgð verkefnis: Ólafur Rögnvaldsson, en aðrir íslenskir þátttakendur eru Haraldur Ólafsson, Landsbjörg og Almannavarnir.

Edderdun. Sjálfbær nýting æðardúns. Íslenskur þátttakandi: Bændasamtök Íslands.

Lammekød. Markaðssetning á þurrkuðu eða reyktu lambakjöti og myndun samstarfsnets um verkefnið. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Bær. Tilraunaverkefni í berjarækt til að athuga hvaða tegundir henta best með Ísland sem tilraunasvæði. Íslenskur þátttakandi: Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

911. Frumvarp til laga [522. mál]

um skeldýrarækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda einnig um skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Framleiðslusvæði:* Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin.
3. *Lindýr:* Hryggleysingjar með mjúkan, óliðskiptan líkama, sveipaðan möttli (kápu) (*Mollusca*).
4. *Mannvirki:* Hvers konar byggingar og búnaður sem notaður er við ræktun skeldýra.
5. *Netlög:* Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
6. *Ræktun:* Ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.

7. *Ræktunarsvæði:* Afmarkað svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki ræktar skeldýr og dýr sem eru ekki fóðruð en taka sjálf upp næringu úr umhverfi.
8. *Skeldýr:* Flokkur lindýra sem hefur um sig skel.
9. *Skeldýrarækt:* Ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.
10. *Skeldýraræktarstöð:* Afmarkað svæði eða mannvirki þar sem skelræktarfyrirtæki ræktar skeldýr.
11. *Þörungaeitur:* Lífræn eiturefni sem samlokur safna í sig þegar þær nærast á þörungum sem innihalda slík efni (sjávarlífeitur).

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Þá hefur Fiskistofa eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsreglur sem gilda á hverjum tíma.

5. gr.
Svæðaskipting starfsemi.

Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.

Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra m.a. afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Ákvörðun ráðherra um svæðaskiptingu skal birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi o.fl.

Ráðherra getur takmarkað eða bannað skeldýrarækt eða ákveðnar aðferðir við slíka starfsemi í einstökum fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt lögum þessum. Áður en ákvörðun um slíkt bann er tekin getur ráðherra aflað umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

III. KAFLI
Leyfisveitingar o.fl.

7. gr.
Tilraunaleyfi.

Matvælastofnun er heimilt að gefa út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar, til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Leyfi þetta veitir ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu.

Áður en tilraunaleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Siglingastofnunar Íslands, um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu tilraunasvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Umsókn um tilraunaleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um tilraunaleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi og tegundir. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 3. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en tilraunaleyfi er veitt.

Tilraunaleyfi gildir að hámarki til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja það samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár. Í leyfi skulu koma fram upplýsingar um staðsetningu, aðferðir við ræktun og þær tegundir, sem leyfið gildir um. Leyfið gildir eingöngu um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og skal það vera bundið við afmörkuð svæði.

Einnig er heimilt að binda tilraunaleyfi skilyrðum um að leyfishafi haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og framvindu ræktunartilraunar, framkvæmi tilteknar forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun o.fl.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

Við útgáfu tilraunaleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Matvælastofnun er heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum.

8. gr.
Heilnæmiskönnun.

Áður en gefin eru út ræktunarleyfi skal leyfishafi eða umsækjandi láta framkvæma heilnæmiskönnun. Heilnæmiskönnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnun en heimilt er ráðherra að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum.

Niðurstöður úr heilnæmiskönnun skulu liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis.

9. gr.

Ræktunarleyfi.

Ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskannana.

Hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Áður en ræktunarleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Siglingastofnunar Íslands um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Jafnframt hefur Matvælastofnun heimild, að fenginni umsögn Fiskistofu, til að ákvarða stærð ræktunarsvæðis, hafi svæðaskipting ekki verið ákveðin, sbr. 5. gr.

Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 4. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en ræktunarleyfi er veitt. Þá getur Matvælastofnun takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæðis frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin samkvæmt 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess.

Telji Matvælastofnun að umsókn um ræktunarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út ræktunarleyfi til sjö ára í senn.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

Matvælastofnun getur við útgáfu ræktunarleyfis krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

10. gr.

Afturköllun.

Heimilt er að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis er Matvælastofnun heimilt að fella ræktunarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Einnig getur Matvælastofnun afturkallað ræktunarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis eða skilyrði eru að öðru leyti ekki uppfyllt.

Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- eða ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skal Matvælastofnun ávallt veita leyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

IV. KAFLI
Starfsemi.

11. gr.
Mannvirki og búnaður.

Mannvirki og búnaður sem nýtt eru í þágu skeldýraræktar skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem gilda á hverjum tíma.

Leyfishafi skal merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélögum og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem gilda á hverjum tíma.

12. gr.
Eftirlit og skýrslugjöf.

Matvælastofnun skal hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

13. gr.
Lok starfsemi.

Við lok starfsemi sem leyfi hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, bæði tilraunaleyfi og ræktunarleyfi, er leyfishafa skylt að fjarlægja öll mannvirki og allan búnað sem hann hefur notað til starfsemi sinnar innan þriggja mánaða. Matvælastofnun getur þó veitt leyfishafa lengri frest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu innan framangreindra tímamarka getur Matvælastofnun látið framkvæma verkið á hans kostnað.

14. gr.
Framleiðsla og dreifing.

Um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fer eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna þar að lútandi.

V. KAFLI
Gjaldtaka.

15. gr.
Gjaldskrá.

Fyrir leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu leyfishafar greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar vegna veitingar leyfis og til að standa straum af kostnaðarþáttum við eftirlitið, svo sem:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna útgáfu leyfa og eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo og vegna vinnu og annars kostnaðar Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunns, sbr. 5. gr.,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, þegar tiltekin starfsemi leyfishafa eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis skeldýra vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða

brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað við viðbótareftirlit ber leyfishafi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak opinbers eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagna hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á tilraunaleyfi og ræktunarleyfi til skeldýraræktar samkvæmt lögum þessum er óheimil.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, viðurlög, o.fl.

17. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald þeirra. Einnig skal skilgreina í reglugerðinni tegundir skeldýra sem heimilt er að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Enn fremur hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar og Siglingastofnunar Íslands.

18. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum samkvæmt 1. mgr. skulu sæta meðferð sakamála.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan samráðshóps um kræklingarækt sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 26. nóvember 2008 á grundvelli tilllagna í skýrslu nefndar um stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi, sem birt var 2. júní 2008. Þar var gerð tillaga um stofnun samráðshóps um uppbyggingu kræklingaræktar sem í sætu fulltrúar kræklingaræktenda og opinberra stofnana. Hlutverk samráðshópsins var að samþætta starf ríkisstofnana og koma með tillögur til ráðherra um fyrirhuguð ræktunarsvæði sem færu í heilnæmiskönnun og mat á tíðni eitraðra svifþörunga.

Samráðshópinn skipuðu: Ingimar Jóhannsson, formaður, Guðrún Þórarinsdóttir frá Hafrannsóknastofnuninni, varamaður Hrafnkell Eiríksson, Franklín Georgsson frá Matís ohf., varamaður Ragnar Jóhannsson, Þór Gunnarsson frá Matvælastofnun, varamaður Gísli Jónsson, Skúli Gunnar Böðvarsson frá Skelrækt og Björn Theodórsson, ritari starfshópsins. Þá starfaði Sigríður Norðmann, lögfræðingur í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með hópnum að gerð frumvarpsins.

Ekki eru til sérstök heildarlög um þessa atvinnugrein hér á landi en talið hefur verið að um hana gildi ákvæði laga um fiskeldi. Í framkvæmd hefur hins vegar komið í ljós að ákvæði þeirra laga eiga ekki að öllu leyti við um skeldýrarækt, t.d. kræklingarækt. Gera þarf a.m.k. nokkrar breytingar á lögunum til þess að þau geti gilt um skeldýrarækt eða kræklingarækt og bæta við þau sérstökum ákvæðum sem víkja nokkuð frá öðrum ákvæðum laganna. Ekki hefur heldur verið talið að lög um fiskrækt geti átt við um þessa atvinnugrein.

Í vinnu og á fundum samráðshópsins hefur verið rætt um hvort setja eigi sérstök lög um skeldýrarækt eða breyta eldri lögum um svipað efni, t.d. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi eða lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, til þess að þau geti gilt um kræklingaeldi eða kræklingarækt.

Aflað var upplýsinga um hvernig ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna er hagað í nágrannalöndum okkar. Niðurstöður þeirrar athugunar voru m.a. að ekki eru sérstök lög í Danmörku um þetta efni og heldur ekki á Írlandi heldur eru ákvæði laga og stjórnvaldsreglna um kræklingarækt hluti af fiskveiðilöggjöfinni. M.a. er ráðherra á Írlandi veitt heimild til að gefa út rekstrarleyfi þarlendis. Það vald hefur verið framselt til Fiskeridirektoratet í Danmörku. Sérstakar reglugerðir gilda síðan um útgáfu leyfa og eftirlit með starfseminni og svo aðrar reglugerðir um heilnæmis- og matvælaeftirlit með starfseminni sem byggðar eru á EES-gerðum um það efni.

Í frumvarpi þessu er farin sú leið að setja sérstök lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt.

Eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktar, einkum kræklingarækt er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum, þ.e. matvælaeftirlit sem fer eftir lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru á grundvelli EES-gerða um það efni, sbr. m.a. lög nr. 93/1995, um matvæli, sbr. og lög nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist hér á landi eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu sérstakra laga um skeldýrarækt er, svo sem nánar kemur fram í greininni, að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Skeldýrarækt er, sem kunnugt er, ný atvinnugrein sem hefur átt misjöfnu gengi að fagna á þeim tíma sem hún hefur starfað. Eigi að síður eru bundnar við það vonir að atvinnugreinin geti eflt atvinnulíf og byggð í landinu og þannig skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum, svo sem raun hefur orðið á með öðrum þjóðum. Með frumvarpi þessu er ætlunin því að styðja eftir föngum við uppbyggingu skeldýraræktar sem atvinnugreinar, m.a. kræklingaræktar, og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það að lögin taki til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda einnig um skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla. Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna gildi um alla skeldýrarækt, bæði kræklingarækt og ræktun tegunda sem festa sig á undirlag og einnig tegundir sem eru hreyfanlegar og botnlægar, svo sem hörpudisk og kuðungategundir.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í frumvarpinu, sem og hugtök sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við lagalega útfærslu heimilda til skeldýraræktar, þ.m.t. kræklingaræktar.

Um 4. gr.

Í greininni kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er hins vegar að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig er þar áréttað að Fiskistofa hefur eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsreglur sem gilda á hverjum tíma. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á yfirstjórn eða eftirliti með þeirri starfsemi samkvæmt frumvarpinu.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að ákveða skiptingu og skipulag svæða til skeldýraræktar meðfram ströndum landsins. Nauðsynlegt þykir að setja reglur um skipulag um hvers konar nýtingu strandsvæða þar sem tekið er tillit til þeirra fjölmörgu hagsmunaárekstra sem geta orðið á milli þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti, sem eru t.d. landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárshúsa, eigendur netlaga, æðarbændur, veiðiréttarhafar, sjófarendur, fiskeldisaðilar, aðilar sem nýta þara eða þörunga o.fl. Þó er ekki gert ráð fyrir ákvörðun ráðherra um heildarframleiðslu á hverju svæði enda fjallað um hana í ræktunarleyfum. Við það er nú miðað í frumvarpsgreininni að svæðaskipting styðjist við vistfræðileg eða hagræn rök, og því er gert ráð fyrir að ævinlega skuli afla umsagna tiltekinna stofnana áður en ákvörðun um hana er tekin. Gert er ráð fyrir að umsagnir þessara fagstofnana tryggi að aflað verði allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka ákvarðanir samkvæmt greininni. Einnig er gert ráð fyrir að ráð-

herra geti falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu. Slíkur gagnagrunnur er m.a. nauðsynlegur til að tryggja að skýrt sé hvaða svæði aðilar hafa til umráða vegna ræktunar. Talið er rétt að fela Fiskistofu það verkefni að annast skipulag, gerð og vörslu gagnagrunnsins en stofnunin annast einnig gerð og vörslu gagnagrunns um starfsemi á sviði fiskeldis og fiskræktar og hefur því öll gögn, tækni og þekkingu til að annast þessa vinnslu. Talið er rétt að þessi verkefni séu á hendi einnar stofnunar til að tryggja nauðsynlega heildaryfirsýn yfir starfsemi á þessum sviðum og samræmi í upplýsingaöflun og vörslu gagna um þau svæði sem ráðstafað verður samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að takmarka eða banna skeldýrarækt eða tilteknar aðferðir til slíkrar starfsemi á ákveðnum svæðum þar sem sérstök hætta er talin stafa af slíkri starfsemi. Hér er átt við staðbundna mengun eða viðkvæm svæði og hugsanlega verndun svæða og lífríkis þeirra fyrir þessari starfsemi. Loks er í ákvæðinu áréttað að áður en tekin er ákvörðun um slíka svæðaskiptingu skuli ráðherra m.a. afla umsagna ýmissa opinberra stofnana, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að umsagnir þessara stofnana tryggi að aflað verði allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka ákvarðanir samkvæmt greininni.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að Matvælastofnun sé heimilt að gefa út tímabundið tilraunaleyfi á meðan verið er að kanna hvort svæði hentar til skeldýraræktar. Slík tilraunaleyfi gilda til tveggja ára og að hámarki í fimm ár. Leyfin veita hins vegar ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu. Ástæður fyrir því að veita Matvælastofnun heimild til að gefa út tilraunaleyfi eru m.a. að gefa fyrirtækjum kost á að kanna hvort viðkomandi svæði henta til ræktunar áður en tekin er ákvörðun um hvort heilnæmiskönnun skuli gerð. Einnig er í ákvæðinu fjallað um að áður en tilraunaleyfi er veitt skuli Matvælastofnun afla umsagna tiltekinna stofnana, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Siglingastofnunar Íslands, til að afla upplýsinga um hvort sú starfsemi sem er áformuð gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðilegum áhrifum. Enn fremur kemur þar fram hvaða skilyrði umsókn um tilraunaleyfi þarf að uppfylla og hvaða gögn skulu fylgja henni til Matvælastofnunar svo og að stofnunin geti krafist frekari upplýsinga og gagna ef tilefni verður talið til þess. Enn fremur er gert ráð fyrir að leyfishafi skuli skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um hana. Þá er gert ráð fyrir að unnt sé að binda tilraunaleyfi tilteknum skilyrðum. Skal leyfið eingöngu gilda um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og vera bundið við afmörkuð svæði. Loks kemur þar fram að við útgáfu tilraunaleyfis geti Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Framangreind ákvæði eru sett til að setja skýrar reglur um leyfisveitingarnar og stuðla að gagnsæi við framkvæmd þeirra. Þá er í ákvæðinu fjallað um að Matvælastofnun sé heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum. Síðastgreint ákvæði er svipað og ákvæði um forgangsrétt tilraunaleyfishafa til nýtingarleyfis samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að áður en ræktunarleyfi eru gefin út sé skylt að framkvæma heilnæmiskönnun á tilraunasvæði. Kanna þarf hvort svæði hentar til skeldýraræktar eða hvort það sé óhentugt til slíkrar starfsemi vegna heilnæmisástæðna. Fram kemur að heilnæmiskönnun skuli skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við lög og stjórnvaldsreglur þar að lútandi. Þá er fjallað um að leyfishafi greiði kostnað við heilnæmiskönnunina en ráðherra er þó heimilt að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum. Loks er áréttað að niðurstöður úr heilnæmiskönnun skuli liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis og er það í samræmi við tilgang þessa ákvæðis.

Um 9. gr.

Í greininni eru ákvæði um ræktunarleyfi til skeldýraræktar, m.a. kræklingaræktar. Þar kemur fram m.a. að ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskönnunar. Fram kemur að hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Enn fremur eru í greininni fyrirmæli um þær kröfur sem umsókn um ræktunarleyfi skal uppfylla og ákvæði um málsmeðferð umsóknar. Gert er ráð fyrir því að Matvælastofnun skuli leita umsagna tiltekinna stjórnvalda, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Siglingastofnunar Íslands. Skylda til upplýsingagjafar hefur þann tilgang að ræktunarleyfi verði einungis veitt þeim sem fyrir fram getur sýnt fram á að hann sé líklegur til að uppfylla skilyrði laga og ræktunarleyfis, komi til útgáfu þess. Þess ber að sjálfsögðu að gæta að ekki séu lagðar víðtækari skyldur og kvaðir á umsækjanda en nauðsyn krefur með tilliti til þeirra upplýsinga sem leyfisveitandi þarf á að halda við meðferð umsóknar, enda geta rannsóknir verið bæði tímafrekar og kostnaðarsamar. Ræktunarleyfi til skeldýraræktar skulu gefin út til sjö ára í senn. Enn fremur er gert ráð fyrir að leyfishafi skuli skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um hana. Um veiðar skeldýra fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um sem gilda um veiðar á nytjastofnum sjávar, meðferð, vigtun og skráningu sjávarafla á hverjum tíma. Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæða frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin samkvæmt 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess. Hér er gert ráð fyrir að Matvælastofnun leggi mat á hvort taka skuli slíkar ákvarðanir í einstökum tilvikum. Áréttað skal að hér er um að ræða heimild en ekki skyldubundið ákvæði. Slíkar ákvarðanir Matvælastofnunar verða að sjálfsögðu að vera byggðar á tilteknum málaefnalegum og lögmætum sjónarmiðum og mega ekki ganga lengra en ástæða er talin til, sbr. m.a. meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 10. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að heimilt sé að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Ástæða þessa ákvæðis er hugsanlegar breytingar á aðstæðum á tilrauna- eða ræktunarleyfissvæðum, t.d. vegna mengunar og annarra umhverfisþátta. Einnig er í greininni heimild til að fella úr gildi ræktunarleyfi ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Enn fremur er ákvæði um að Matvælastofnun geti afturkallað ræktunarleyfi ef

leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis, t.d. með óheimilli sölu afurða, svo og ef skilyrði slíks leyfis eru að öðru leyti ekki uppfyllt. Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- og ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum. Loks er tekið fram að ekki sé heimilt að grípa til leyfissviptingar eða afturköllunar samkvæmt ákvæði þessu nema leyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að öll mannvirki og búnaður sem nýttur er í þágu skeldýraræktar, m.a. til kræklingaræktar, skuli vera í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna um það efni á hverjum tíma. Slík mannvirki þurfa m.a. að vera í samræmi við skipulag, ef þau eru í netlögum, stjórnvaldsreglur um siglingar og umferð á sjó o.fl. Síðastgreindar reglur heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Siglingastofnun Íslands. Þá kemur fram að leyfishafi skuli merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem gilda á hverjum tíma. Er það talið nauðsynlegt til að starfsemin geti farið fram á réttan hátt og viðkomandi stjórnvöld geti sinnt þeim hlutverkum sem þeim eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laganna. Þá kemur fram að eftirlitið skuli ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um skyldu ræktunarleyfishafa og einnig tilraunaleyfishafa til að fjarlægja allan búnað og öll mannvirki þegar starfsemi lýkur og honum settur ákveðinn tímafrestur til að framkvæma það verk. Ljóst er að mikil hætta getur verið af t.d. sokknum, yfirgefnum kræklingalínum og því er hér um mikilvægt ákvæði að ræða. Einnig er kveðið á um tiltekin þvingunarúrræði ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu.

Um 14. gr.

Hér er áréttað að um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fari eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna þar að lútandi. Hér er átt við matvælalög, nr. 93/1995, og ýmis sérlög sem fjalla um eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, m.a. skeldýra.

Um 15. gr.

Hér er að mestu leyti um að ræða sambærilegt ákvæði og í 25. gr. og 26. gr. matvælalaga, nr. 93/1995, sbr. breytingar á þeim lögum sem gerðar voru með lögum nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Í ákvæðinu eru afmarkaðir þeir meginkostnaðarþættir sem gjaldtöku vegna leyfisveitinga og eftirlits er ætlað að standa undir. Þá er þar sérstaklega áréttað að við gerð gjaldskrárinnar sé heimilt að reikna með, eftir því sem við á í

hverju tilviki, vinnu og öðrum kostnaði Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunnsins, þ.e. ef afgreiðsla einstakra umsókna hefur í för með sér tiltekinn kostnað vegna slíkrar vinnu. Um skýringu og túlkun ákvæðisins er vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð með sams konar ákvæði í frumvarpi sem varð að lögum nr. 143/2009, sbr. þskj. 17. í 17. máli á 138. löggjafarþingi. Gert er ráð fyrir að skýring og túlkun ákvæða laganna verði samræmd eins og unnt er.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni er framsal, leiga eða veðsetning ræktunarleyfis óheimil. Engar undantekningar eru hér gerðar frá þeirri reglu.

Um 17. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til útgáfu reglugerðar til fyllingar ákvæðum laganna. Er í greininni gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar mælt fyrir um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald ræktunarbúnaðar, skilgreindar tegundir sem heimilt er að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Þá hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Loks er gert ráð fyrir að ráðherra skuli við setningu reglugerðanna leita umsagna tiltekinna stjórnvalda eftir því sem við á, þ.e. þegar fjallað er um tiltekin úrlausnarefni á fagsviðum þeirra stjórnvalda.

Um 18. gr.

Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Því er talið nauðsynlegt að huga að varnaðaráhrifum laganna og því lögð til þau viðurlög sem þar er mælt fyrir um við brotum á þeim. Með ákvæðinu er einnig lagt til að um meðferð þeirra mála fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt en sú atvinnugrein hefur til þessa fallið undir lög um fiskeldi. Samkvæmt frumvarpinu er Matvælastofnun ætlað að gefa út annars vegar tímabundin tilraunaleyfi og hins vegar ræktunarleyfi sem gildir í sjö ár. Stofnunin skal leita umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Siglingamálastofnunar Íslands áður en leyfi eru gefin

út. Tilraunaleyfi er veitt til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja leyfið eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár. Áður en ræktunarleyfi er gefið út skal umsækjandi um slíkt leyfi láta framkvæma heilnæmiskönnun á því hafsvæði þar sem hann sækir um ræktunarleyfi. Slík könnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en umsækjandi um ræktunarleyfið greiðir kostnaðinn. Þó gerir frumvarpið ráð fyrir því að ráðherra fái heimild til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef heimildir fást til þess í fjárlögum. Hægt verður að sækja um ræktunarleyfi þó svo að tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt.

Eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktar er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu. Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir veitt leyfi og eftirlit og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofunar við leyfisveitingarnar og eftirlit með starfseminni. Vakni grunsemdir um að leyfishafi eða afurðir uppfylli ekki almennar og eðlilegar kröfur um meðferð og heilbrigði skeldýra skal stofnunin framkvæma viðbótareftirlit eða rannsóknir og skal leyfishafinn bera allan kostnað af slíku.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að allur kostnaður við veitingu leyfa og eftirlit með þeim verði greiddur af leyfishöfum sjálfum samkvæmt sérstakri gjaldskrá og því ekki gert ráð fyrir breytingum á afkomu ríkissjóðs. Hins vegar hefur ekki verið gerð sérstök áætlun af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um hugsanlegt umfang starfseminnar og því er ekki hægt að meta áhrifin á tekjur og gjöld. Heimild ráðherra til að greiða fyrir heilnæmiskannanir úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu eru háðar fjárveitingum á hverjum tíma. Í fjárlögum áranna 2006–2010 hefur verið veitt 3 m.kr. framlag árlega til rannsókna á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks, samtals 15 m.kr. fyrir tímabilið.

912. Frumvarp til laga [523. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn sem falla undir safnalög hafa heimild til að gera eintök af:

1. verkum í öryggis- og varðveisluskyni,
2. verkum sem í vantar hluta, sem telst minni hluti verksins í heild, og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda; tekur heimild til gerðar eintaka samkvæmt þessu ákvæði einungis til þess hluta verka sem vantar í eintak viðkomandi safns,
3. verkum sem safni er skylt, lögum samkvæmt, að eiga eintök af á safni sínu og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda,
4. verkum þegar frumrit þeirra eru of viðkvæm til útláns og eru ófáanleg á almennum markaði og hjá útgefanda,

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. er bundin við að eintökin séu einungis til notkunar í starfsemi safnanna og að eintakagerðin sé ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Söfnum eru þó heimil útlán á eintökum sem afrituð hafa verið skv. 2.–4. tölul. 1. mgr.

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. tekur ekki til forrita á stafrænu formi nema um tölvuleiki sé að ræða.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, svohljóðandi:

Þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra.

3. gr.

Orðið „íslenska“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. a laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

b. Orðin „og heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða leigu til almennings“ í 2. mgr. falla brott.

c. 3. mgr. fellur brott.

d. 4. mgr. verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

5. gr.

Á eftir orðunum „1. mgr. 11. gr.“ í 3. mgr. 45. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

6. gr.

Á eftir orðunum „1. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

7. gr.

Á eftir orðinu „ákvæðum“ í 3. mgr. 48. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

8. gr.

Á eftir orðunum „að því er kennslu varðar“ í 1. málsl. 1. mgr. 50. gr. c laganna kemur: 19. gr.

9. gr.

Á eftir 53. gr. laganna kemur ný grein, 53. gr. a, svohljóðandi:

Mennta- og menningarmálaráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar þeirra samtaka sem nefnd eru í 6. mgr. 11. gr., 1. mgr. 15. gr. a, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr.

10. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt.

11. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fer við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. 2. mgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi að eintökin séu afhent brotaþola, eyðilögð, fjarlægð af markaði eða tekin úr dreifingu, varanlega eða tímabundið, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Hið sama gildir um efni, áhöld og aðra muni sem varða undirbúning eða framkvæmd brots.

Ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. skulu eiga sér stað á kostnað hins brotlega og án endurgjalds af hálfu brotaþola. Liggi til þess alveg sérstakar ástæður er þó heimilt að kveða á um í dómi að brotaþoli skuli greiða hæfilegt endurgjald.

Við ákvörðun dómara skv. 1. og 2. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli umfangs brots og þeirra ráðstafana sem kveðið er á um jafnframt því sem tekið skal hæfilegt tillit til hagsmuna þriðja manns, þar á meðal í þeim tilvikum þegar eigandi munar veit ekki um brot.

12. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Sá sem hefur brotið gegn lögum þessum með ásetningi eða gáleysi skal greiða bætur vegna brotsins. Þótt brotið sé framið í góðri trú er heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotaþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni.

Dæma má höfundi eða öðrum rétthafa bætur fyrir miska vegna brots á lögum þessum.

13. gr.

Á eftir 59. gr. koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (59. gr. a.)

Þau samtök, sem hlotið hafa löggildingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 23. gr. og 23. gr. a, geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem löggildingin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétthöfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Að því tilskildu að fullnægt sé öðrum þeim skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., geta einstakir rétthafar eða samtök þeirra fengið lagt lögbann

við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð vegna miðlunar eða sjálfvirkrar, millistigs- eða skammtímageymslu gagna. Enn fremur verður lögbann lagt við því að þjónustuveitandi hýsi gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð á gögnunum.

Um lögbann samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

b. (59. gr. b.)

Í dómsmáli vegna brots á lögum þessum getur dómari að kröfu málsaðila lagt fyrir gagnaðila eða þriðja aðila að láta í té upplýsingar, sem hann hefur aðgang að, um vörur eða þjónustu sem kann að fela í sér brot á lögunum. Þetta á þó aðeins við ef sá sem krafan beinist að:

1. hefur í atvinnuskyni haft umráð yfir vörunum,
2. hefur í atvinnuskyni notað þjónustuna,
3. hefur veitt þjónustu sem notuð er til athafna er kunna að fela í sér brot á lögunum,
4. hefur veitt aðstoð við að framleiða eða dreifa vörunni eða við að veita þjónustuna.

Upplýsingar þær sem um ræðir í 1. mgr. ná til:

1. nafns og heimilisfangs framleiðenda, dreifingaraðila, þjónustuveitanda og annarra fyrrverandi eigenda vara og þjónustu og til heildsala og smásala sem vörurnar voru ætlaðar.
2. magns framleiddra, afhentra, móttekinna eða pantaðra vara eða þjónustu og söluandvirði vara eða þjónustu.

Dómara ber að synja kröfu skv. 1. mgr. ef ætla má að það að láta upplýsingarnar í té muni valda þeim sem krafan beinist að óhæfilegu tjóni, að teknu tilliti til þess hve mikið er í húfi fyrir þann sem kröfuna gerir til að fá upplýsingarnar.

Ekki er skylt að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari grein ef sá sem krafa beinist að er undanþeginn vitnaskyldu samkvæmt almennum réttarfarsreglum.

c. (59. gr. c.)

Í dómi þar sem kveðið er á um brot á lögum þessum eða ráðstafanir skv. 55. gr. má að beiðni brotaþola mæla fyrir um birtingu dómsins að hluta eða í heild. Birtingin skal fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast.

Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9/2006 falla brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1991 hafa menntamálaráðherrar í þrígang sagt á Alþingi að tímabært væri að hefja heildarendurskoðun höfundalaga í takt við þróun tækni og samfélags. Þá hefur komið fram í nefndarálitum menntamálanefndar Alþingis að brýnt væri að hefja heildarendurskoðun höfundalaga. Með frumvarpi þessu er hafinn fyrsti áfanginn í heildarendurskoðun höfundalaga en gert er ráð fyrir að hún fari fram á næstu þremur árum í jafnmörgum áföngum. Loka-

áfangi endurskoðunar höfundalaga verður svo heildarfrumvarp til nýrra höfundalaga sem ráðgert er að komi fram árið 2012.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum höfundaréttarnefndar og var tekið tillit til umsagna um drög að frumvarpinu, m.a. frá Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi, áður en gengið var frá endanlegum frumvarpstexta og athugasemdum með frumvarpinu. Varðar frumvarpið eftirtaldar tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins:

– Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu 2001/29/EB,
– tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB og
– tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um þjónustu á innri markaðinum 2006/123/EB.

Höfundaréttarnefnd er mennta- og menningarmálaráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál skv. 58. gr. höfundalaga. Í nefndinni eiga sæti sjö sérfróðir menn á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn auk tveggja varamanna. Nefndina skipa Rán Tryggvadóttir, formaður, Eiríkur Tómasson lagaprófessor, Erla S. Árnadóttir hrl., Gunnar Guðmundsson hdl., Knútur Bruun hrl., Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl. og Tómas Þorvaldsson hrl., og varamenn eru Hjördís Halldórsdóttir hdl. og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

– Lagðar eru til breytingar á 12. gr. höfundalaga um takmarkanir á höfundarétti til hagsbóta fyrir bóka-, skjala- og listasöfn vegna eintakagerðar í öryggis- og varðveisluskyni, gerðar sérstakra afnotaeintaka þar sem frumeintök þykja of viðkvæm til útláns o.fl.
– Í nýrri 12. gr. a er lagt til að kveðið verði á um heimildir safna til að veita aðgang að verkum á athafnasvæði sínu með þar til gerðum búnaði.
– Lagt er til að rýmkaðar verði takmarkanir á höfundarétti skv. 19. gr. í þágu notenda sem ekki geta nýtt sér venjulegt prentað mál og þannig aflétt takmörkunum á eintakagerð og dreifingu verndaðs efnis til slíkra aðila.
– Lagt er til að samningsumboð rétthafasamtakanna vegna ljósritunar, Fjölís, skv. 15. gr. a verði ekki bundið við íslenska höfunda eingöngu.
– Lagt er til að tekið verði upp ákvæði í 54. gr. höfundalaga um refsingu fyrir hlutdeild í höfundaréttarbrotum.
– Lagt er til að viðurkenning mennta- og menningarmálaráðuneytisins á samningsumboði og fyrirsvari höfundaréttarsamtaka fari fram eftir sérstökum málsmeðferðarreglum þannig að uppfyllt séu skilyrði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um þjónustu á innri markaðinum 2006/123/EB.
– Lagt er til að tekin verði upp í höfundalög valin ákvæði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB er varða afhendingu eða eyðileggingu eintaka, tækja og muna er tengjast broti, sérstaka bótareglu vegna höfundaréttarbrota, upplýsingarétt brotaþola vegna meðferðar máls og rétt brotaþola til opinberrar birtingar dómsniðurstöðu.
– Lagt er til að mælt verði fyrir um málsaðild samtaka skv. 23. gr. og 23. gr. a höfundalaga vegna lögbannsaðgerða í þágu rétthafa.
– Lagt er til að innleidd verði sérstaklega í höfundalög 3. mgr. 8. gr. í tilskipun 2001/29/EB um rétt rétthafa og samtaka þeirra til lögbanns gegn þjónustu milliliða sem þátt eiga í höfundaréttarbrotum á netinu en reynslan hefur sýnt að úrræði V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. IV. kafla laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, gagnist ekki nægilega, ein sér, til að sporna við höfundaréttarbrotum á netinu.

Opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur söfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni gegna mikilvægu hlutverki menningar og miðlunar í þágu skóla- og vísindasamfélagsins og almennings. Skv. 12. gr. höfundalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 9/2006, er mennta- og menningarmálaráðherra ætlað að setja í reglugerð reglur um heimildir framangreindra stofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni eftir nánari skilgreiningu sem kveða skal á um í reglugerðinni, enda fari slík eintakagerð ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Í eldri útgáfu lagaákvæðisins, 12. gr. laga nr. 73/1972, var einungis um heimild til útgáfu reglugerðar að ræða. Reglugerð um nánari skilyrði fyrir heimild bóka- og skjalasafna til eintakagerðar eftir verkum til notkunar í eigin starfsemi hefur þrátt fyrir þetta aldrei verið sett. Á þeim tíma sem liðið hefur frá gildistöku laga nr. 73/1972 hefur því ríkt réttaróvissa um heimildir og skilyrði fyrir eintakagerð bóka- og skjalasafna til notkunar í eigin starfsemi. Fyrir söfnin hefur þetta verið bagalegt þar sem á þeim hafa hvílt skyldur samkvæmt öðrum lögum sem hafa m.a. falið það í sér að eintakagerð getur verið óhjákvæmilegur liður í því að veita lögbundna þjónustu. Í frumvarpinu er lagt til að í stað reglugerðarheimildar í gildandi 12. gr. höfundalaga komi ný 12. gr. þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir eintakagerð í öryggis- og varðveisluskyni, gerð sérstakra afnotaeintaka þar sem frumeintök þykja of viðkvæm til útláns o.fl. Þá er mælt fyrir nýrri 12. gr. a er fjallar um heimildir safna til að veita aðgang að verkum á athafnasvæði sínu með þar til gerðum búnaði.

Samkvæmt 19. gr. gildandi höfundalaga njóta blindir, sjónskertir, heyrnarlausir, lestrarhamlaðir og aðrir þeir sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál sérstakra undantekninga gagnvart einkaréttindum höfunda, flytjenda og framleiðenda. Þannig er skv. 1. mgr. 19. gr. heimilt í þágu framangreindra aðila að gera eintök og dreifa þeim til viðkomandi, að því tilskildu að eintakagerðin og dreifingin fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Í 2. og 3. mgr. 19. gr. eru sett frekari skilyrði fyrir beitingu framangreindrar heimildar í 1. mgr. sömu greinar. Í frumvarpinu er lagt til að skilyrði 3. mgr. falli brott og hluti af skilyrði 2. mgr. 19. gr. Einnig er lagt til að orðalaginu „aðra þá sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál“ verði breytt í „aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar“. Orðalagsbreytingin er samkvæmt tillögu Blindrabókasafns Íslands og vísar til orðalags í 1. gr. laga um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að aðildarríkjum EES-svæðisins ber að yfirfara málsmeðferð við opinberar leyfisveitingar og ryðja úr vegi ýmsum skilyrðum og hindrunum fyrir þjónustufrelsi á innri markaðinum. Tilskipunin sjálf verður innleidd í íslensk lög með sérstöku lagafrumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra um þjónustuviðskipti en jafnframt var lagt fram samhliða því frumvarpi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum. Vegna innleiðingar tilskipunarinnar í íslensk lög er talin ástæða til að gera breytingar á fyrirkomulagi við viðurkenningu þeirra höfundaréttarsamtaka sem fara með samningsumboð fyrir hönd félagsmanna sinna og taka við greiðslum fyrir þeirra hönd í skjóli svonefnds heildarleyfis (samningskvöð), með þeim réttaráhrifum að utanfélagsmenn verða bundnir við ráðstafanir samtakanna. Ákveðið var að mæla fyrir um slíkar breytingar í frumvarpi þessu fremur en að fella þær inn í frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra.

Samkvæmt 2. tölul. 1. gr. bókunar 28 við EES-samninginn eru EFTA-ríkin skuldbundin til að aðlaga hugverkalöggjöf sína meginreglunni um frjáls viðskipti með vörur og þjónustu og því stigi í verndun hugverkaréttinda sem náðst hefur í lögum sambandsins, þar á meðal um fullnustu þessara réttinda. Síðastnefnd tilvísun hefur þó ekki verið skilin svo að hún taki

til þess hvernig úrræði til fullnustu hugverkaréttinda skuli framkvæmd, heldur hefur fullnusta hugverkaréttinda verið á forræði hvers EES-EFTA-ríkis. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB hefur mestmegnis að geyma réttarfarsreglur um málsaðild, sönnunargögn og ýmsar bráðabirgðaaðgerðir til að koma í veg fyrir brot gegn hugverkaréttindum. Af þessum sökum taldi undirnefnd fastanefndar EES-EFTA-ríkjanna að ákvæði tilskipunarinnar væru ekki þess eðlis að hún yrði tekin upp í EES-samninginn, sbr. bókun nefndarinnar frá 21. júní 2005. Þótt tilskipunin hafi ekki verið tekin upp í EES-samninginn er óhætt að segja að hún hafi haft áhrif á lagasetningu hér á landi. Uppruna tilskipunarinnar má að stórum hluta rekja til svonefnds TRIPS-samnings sem er viðauki við samning um Alþjóðaviðskiptastofnunina og lýtur að vernd hugverkaréttinda í viðskiptum. Hinn 30. desember 1994 var fullgiltur af Íslands hálfu samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO) sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995. Í 1. viðauka C með samningnum er að finna samning um hugverkarétt í viðskiptum, en sá viðauki er fyrrnefndur TRIPS-samningur (Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights). Marakess-samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ásamt viðaukum var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 62 frá 29. desember 1995 í C-deild Stjórnartíðinda. Í II. hluta TRIPS-samningsins er m.a. fjallað um höfundarétt og skyld réttindi. Samningurinn leggur tilteknar skyldur á aðildarríkin til að tryggja vernd hugverkaréttinda en um þær er fjallað í III. hluta samningsins sem fjallar um fullnustu hugverkaréttinda, þ.e. ákvæði um almennar skyldur (41. gr.), málsmeðferð og úrræði í einkamálum og innan stjórnsýslunnar (42.–49. gr.), bráðabirgðaráðstafanir (50. gr.), sérstakar kröfur í tengslum við landamæraeftirlit (51.–60. gr.) og málsmeðferð í refsimálum (61. gr.), ásamt ákvæðum sem varða öflun sönnunargagna vegna brota gegn hugverkaréttindum í 41. gr. og 50. gr. Ákvæði III. kafla TRIPS-samningsins hafa verið lögfest hér á landi með lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum, nr. 53/2006. Tilskipun 2004/48/EB gengur í ýmsum atriðum lengra en TRIPS-samningurinn (inniheldur svonefnd TRIPS-plús ákvæði) og þar með lög nr. 53/2006. Meðal slíkra ákvæða eru heimild til haldlagningar skjala er varða réttarbrot, ásamt þeim ólögmætu eintökum sem haldlögð eru (7. gr.), réttur rétthafa til að fá upplýsingar um dreifileiðir hinna ólögmætu hluta (8. gr.), réttur til að haldleggja innstæður á bankareikningum við tilteknar aðstæður (9. gr.), ásamt reglum um að málskostnaður falli á varnaraðila ef hann tapar máli (14. gr.). Þrátt fyrir að Íslandi sé ekki skylt að innleiða þau ákvæði tilskipunarinnar sem ganga lengra en ákvæði TRIPS-samningsins þykir þó rétt að líta til tilskipunarinnar við endurskoðun reglna um réttarfarsúrræði vegna höfundaréttarbrota þannig að tryggt sé lagasamræmi við höfundalög helstu nágrannaþjóða Íslands í þessum efnum, einkum samræmi við norræn höfundalög. Í frumvarpi þessu er því lagt til að tekin verði upp í höfundalög ákvæði sem eru sambærileg við 8. gr., 10. gr. og 15. gr. tilskipunar 2004/48/EB (11. gr., 13. gr. b og 13. gr. c í frumvarpinu).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 9/2006 var lögfest nýtt ákvæði 12. gr. höfundalaga sem kvað á um að setja skyldi reglugerð um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda yrði það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Slík reglugerð hefur þó ekki verið sett og að mati höfundaréttarnefndar þótti eðlilegra að breyta ákvæði 12. gr. höfundalaga á þann veg

að heimildir safna til eintakagerðar skyldu bundnar í lög en ekki einungis kveðið á um þær í reglugerð. Er það gert að fyrirmynd danskra höfundalaga.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ákveðnum stofnunum sem taldar eru upp í ákvæðinu sé heimiluð tiltekin eintakagerð í sérstökum tilgangi. Gæta þarf að því að eintakagerð samkvæmt þessu ákvæði má ekki vera í samkeppni við fjárhagslega hagsmuni rétthafa höfundaréttar og má ekki koma í stað eðlilegra innkaupa safna á verkum til að sinna eftirspurn notenda. Heimildin til eintakagerðar sem lögð er til í ákvæðinu er undantekning og skal túlkast þröngt eins og önnur undantekningarákvæði í lögum. Í ákvæðinu er lagt til að heimildin til sérstakrar eintakagerðar taki til safna, þ.m.t. listasafna, skjalasafna, almenningsbókasafna, háskólabókasafna og annarra vísinda- og fagbókasafna, sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni eða eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Í 12. gr. höfundalaga, eins og greinin hljóðar nú, er jafnframt gert ráð fyrir að eftirgerðarheimildin nái til menntastofnana en í frumvarpi þessu eru menntastofnanir undanskildar. Er það gert til að undirstrika að hin sérstaka heimild ákvæðisins til eintakagerðar skal ekki gilda í almennri starfsemi menntastofnana en getur þó gilt um þau söfn sem starfa innan tiltekinna menntastofnana. Heimildin á þá einungis við um bókasöfn innan menntastofnana en nær ekki til annarrar starfsemi þeirra. Til samanburðar eru menntastofnanir ekki sérstaklega taldar upp meðal aðila sem nýtt geta sér undanþágur 16. gr. dönsku höfundalaganna, sem er m.a. fyrirmynd frumvarps þessa, heldur er undanþágan í þeim lögum bundin við skjala- og bókasöfn sem njóta opinberra styrkja sem og safna sem njóta viðurkenningar samkvæmt safnalögum. Er lagt til að þetta fyrirkomulag verði tekið upp í íslensku lögunum, þ.e. að heimildin til eintakagerðar samkvæmt ákvæði þessu taki til starfsemi bókasafna tiltekinna menntastofnana, en ekki til eintakagerðar vegna almennra starfa menntastofnana. Annar skilningur væri óeðlilega víðtækur og í ósamræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Ákvæði 12. gr. höfundalaga um heimild safna til eintakagerðar á grundvelli reglugerðar tekur bæði til hliðrænnar og stafrænnar eintakagerðar. Sama gildir um sambærileg ákvæði í öðrum norrænum höfundalögum og er ekki lögð til breyting þar á. Þetta er í samræmi við c- lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29. Hliðræn eintakagerð er t.d. ljósritun prentaðra verka og upptaka verka úr hljóðvarpi og sjónvarpi á hliðræn tón- og myndbönd. Stafræn eintakagerð tekur bæði til þess þegar hliðræn verk eru færð í stafrænt form, t.d. skönnun á prentaðri grein í rafrænan gagnagrunn, og þess þegar stafrænt verk er afritað og sett á netið, innranet, rafrænan gagnabanka eða hlaðið á einstaklingstölvu, t.d. telst það að senda skjal sem viðhengi með tölvupósti vera sérstök stafræn eintakagerð. Þó að heimildin taki bæði til hliðrænnar og stafrænnar eintakagerðar er þó ekki sjálfgefið að á grundvelli hennar megi gera eintök af t.d. hliðrænum eintökum (t.d. prentuðu máli eða segulbandsupptökum) í stafrænu formi nema sérstök heimild sé veitt til þess. Þannig er tekið fram í reglugerð með norsku höfundalögunum[63] að meginreglan sé sú að eintakagerð sem fram fer á grundvelli undanþágu 16. gr. norsku höfundalaganna sé á sama formi og frumrit, þ.e. af hliðrænum eintökum má eingöngu taka hliðræn eintök og öfugt, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þessi regla gildir ekki um útprentun af stafrænu efni.[64] Í Danmörku og Svíþjóð er ekki sérstaklega

---

[63] Sjá FOR 2001-12-21 nr. 1563: Forskrift til åndsverkloven (lov av 12. mai 1961 nr. 2 om opphavsrett til åndsverk m.v.) eins og henni var breytt með FOR-2007-11-23-1281 fra 2008-01-01, hér eftir nefnd norska reglugerðin.

[64] 1. mgr. 1.–2. gr. í norsku reglugerðinni.

tiltekið hvenær skuli nota hliðræna tækni og hvenær stafræna. Fordæmi þeirra er fylgt að þessu leyti með þeim skilningi að eintakagerð skuli að meginstefnu vera á sama formi og frumrit nema sérstakar aðstæður komi til. Ákvæðið geymir tæmandi talningu á því til hvaða tilvika og í hvaða tilgangi undanþáguheimild bókasafna og sambærilegra stofnana geti verið. Eins og áður segir skulu undanþáguheimildir laga túlkast þröngt og gildir sú meginregla lögskýringa einnig um ákvæði 1. gr. frumvarps þessa.

Um 1. mgr.

Hér er sett fram skilgreining á þeim söfnum sem falla undir ákvæðið og verkum sem heimild til eintakagerðar nær til.

Um 2. mgr.

Hér er undirstrikað að heimildin til eintakagerðar skv. 1. mgr. sé bundin við að hún sé ekki í fjárhagslegum tilgangi og sé til eintakagerðar vegna notkunar í starfsemi viðkomandi safna. Heimilt er þó að lána út eintök sem gerð hafa verið skv. 2.–4. tölul. 1. mgr. Miðað er við að slíkt sé eingöngu gert í sérstökum tilvikum. Útlán taka ekki til stafrænna eintaka heldur má eingöngu lána út eintök í hliðrænu formi sem í flestum tilvikum eru þá ljósrit eða útprent.

Um 3. mgr.

Tölvuleikir falla undir forrit í tæknilegum skilningi í höfundalögum. Tölvuleikir hafa annan tilgang en forrit og uppfylla skilyrðin um að vera sjálfstæð listræn verk sem heimilt þarf að vera að gera eintök af í varðveisluskyni á söfnum á sama hátt og önnur bókmennta- og listaverk sem falla undir höfundarétt. Af þeim sökum þykir rétt að tiltaka að bannið við eintakagerð forrita taki ekki til þeirra. Hvað varðar önnur ákvæði höfundalaga um forrit þá gilda þau áfram um tölvuleiki.

Um 2. gr.

Mikilvægt er að söfn sem falla undir 1. mgr. 1. gr. samkvæmt frumvarpi þessu (sem verður 1. mgr. 12. gr. laganna) fái heimild til að veita aðgang að verkum í eigu sinni á þar til gerðum búnaði á athafnasvæði sínu vegna rannsókna eða einkanota notenda í samræmi við heimildarákvæði n-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29. Með þar til gerðum búnaði á athafnasvæði safna er m.a. átt við búnað til að skoða verk á stafrænu formi. Með því er þeim gert kleift að einfalda aðgang að stafrænu efni fyrir viðkomandi notendur. Ekki verður talið að um sé að ræða óeðlilega takmörkun á rétti höfunda þar sem eingöngu er um að ræða einfaldara aðgengi að efni sem safnið á fyrir á stafrænu formi og má veita aðgang að. Þó þarf að gæta þess að aðgengið sé bundið við athafnasvæði viðkomandi stofnanna og að notendur geti ekki gert stafræn eintök.

Um 3. gr.

Breytingin felur í sér að heildarleyfi (samningskvöð) skv. 15. gr. a tekur til allra höfunda, erlendra sem innlendra, þannig að höfundaréttarsamtök sem heimilt er að innheimta fyrir fjölföldun geta gert það fyrir alla höfunda. Er þessi breyting lögð til til þess að samræma ákvæðið öðrum ákvæðum höfundalaga um heildarleyfi og til samræmis við önnur norræn höfundalög.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. höfundalaga nr. 73/1972 er heimil eintakagerð og dreifing þeirra eintaka sem gerð hafa verið til sérstakra nota fyrir þá sem vegna fötlunar geta ekki lesið prentað mál svo framarlega sem það er ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Tekur dreif-

ingarheimildin einnig til dreifingar slíkra eintaka með rafrænum hætti um netið. Hins vegar er takmörkun á dreifingarheimildinni að finna í gildandi 2. mgr. 19. gr. því þar segir að ekki sé heimilt að dreifa eintökum, sem gerð eru skv. heimild 1. mgr., með útláni eða leigu. Engar skýringar er að finna á þeirri víðtæku takmörkun á dreifingarrétti slíkra eintaka í lögskýringargögnum heldur virðist þar þvert á móti gert ráð fyrir slíkri leigu og útláni. Er því lagt til að þessu verði breytt enda ekki rök fyrir að banna útlán eintaka sem gerð eru á grundvelli ákvæðis 1. mgr. Ákvæði 3. mgr. 19. gr. höfundalaga er samhljóða 3. mgr. 17. gr. danskra höfundalaganna, fram að lagabreytingu þar í landi í lok árs 2004. Þar er nú kveðið á um að sá sem eignast hefur eintak sem gert er á grundvelli 1. mgr. 19. gr. höfundalaga hafi heimild til að gera notkunar- og öryggiseintök af því eintaki. Heimildin fellur niður ef eintakið sem viðkomandi hefur eignast er gert aðgengilegt almenningi. Sambærilegt ákvæði eldri danskra höfundalaga var fellt niður þar sem talið var að heimild í 11. gr. a dönsku höfundalaganna um skammtíma eða tilfallandi eintakagerð og í 12. gr. dönsku höfundalaganna um stafræna eintakagerð til persónulegra nota væri nægileg heimild til eintakagerðar í þessu sambandi, þ.e. til að gera notkunar- og öryggiseintök. 11. gr. a dönsku höfundalaganna er sambærileg 10. gr. a höfundalaga nr. 73/1972 og telja verður að ákvæði 10. gr. a um skammtíma og tilfallandi eintakagerð og 1. mgr. 11. gr. höfundalaga um eintakagerð til einkanota sem ekki er takmarkað við hliðræna eintakagerð séu einnig nægileg heimild til gerðar öryggiseintaka og notkunareintaka í þeim tilvikum sem ákvæði 3. mgr. 19. gr. höfundalaga tekur til og því er lagt til að ákvæðið sé fellt niður eins og gert var í Danmörku 2004.

Lagt er til að orðalagi 1. mgr. og 4. mgr. (sem lagt er til að verði 3. mgr.) verði breytt til samræmis við orðalag 1. gr. laga um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982. Þar er vísað til þeirra sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt og er hér lagt til að vísað verði til þeirra sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar.

Um 5.–7. gr.

Í ákvæðum danskra, norskra og sænskra höfundalaga um svonefnd skyld réttindi, þ.e. réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóð- og myndrita, útvarpsstofnana og fleiri, sbr. V. kafla höfundalaga, er vísað til undanþáguákvæðisins vegna eintakagerðar bókasafna og annarra stofnana. Það hefur í för með sér að undanþáguheimildin tekur einnig til þessara skyldu réttinda. Þannig er tryggt að ekki þurfi t.d. að leita til listflytjenda um samþykki vegna eintakagerðar á grundvelli undaþáguákvæðisins á t.d. tónlistarupptökum.

Um 8. gr.

Með þessari breytingu er tryggt að þeir sem heimild 19. gr. höfundalaga tekur til geti leitað til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. laganna ef tæknilegar ráðstafanir koma í veg fyrir að þeir geti nýtt sér þá heimild til eintakagerðar sem felst í greininni.

Um 9. gr.

Þjónustutilskipun 2006/123/EB var samþykkt í ráði ESB 11. desember 2006 og tekur hún gildi árið 2010. Markmið tilskipunarinnar er að einfalda þjónustuviðskipti á innri markaðinum, stuðla að hagvexti og fjölga atvinnutækifærum í þjónustugreinum. Af 1. mgr. 2. gr. þjónustutilskipunarinnar leiðir að reglum tilskipunarinnar verður beitt um þá þjónustu sem veitt er af þjónustuaðila sem hefur staðfestu í aðildarríki EES (einu af 30 (27+3)).

Með hliðsjón af framansögðu mætti ætla að höfundaréttur sem slíkur falli utan gildissviðs tilskipunarinnar þar sem líta má á höfundarétt sem ákveðna tegund eignarréttar en ekki þjónustu, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Hér kemur til skoðunar túlkun framkvæmdastjórnar ESB á 11. tölul. 17. gr. tilskipunarinnar, sem finna má í handbók um innleiðingu tilskipunarinnar, og að hve miklu leyti slík túlkun kann að hafa bindandi áhrif á Evrópudómstólinn. Hér reynir jafnframt á kröfur 9. gr. tilskipunarinnar varðandi starfsleyfi/viðurkenningu ráðuneytisins á höfundaréttarfélögum, þ.m.t. það fyrirkomulag heildarleyfa (samningskvaða) sem mælt er fyrir um í höfundalögum (sjá t.d. 15. gr. a og 45. gr. höfundalaga). Skv. 11. tölul. 17. gr. tilskipunarinnar eru höfundaréttur og skyld réttindi undanþegin meginreglunni um þjónustufrelsi í 16. gr. tilskipunarinnar. Í handbók framkvæmdastjórnar ESB um innleiðingu þjónustutilskipunarinnar segir á bls. 57 að undantekningin varði höfundarétt sem slíkan en ekki þá þjónustu sem tengd sé umsýslu slíkra réttinda svo sem fram fer hjá höfundaréttarfélögum og einkaleyfaskrifstofum. Í svari framkvæmdastjórnar ESB um undantekninguna til Danmerkur sagði eftirfarandi:[65]

„Ákvæði 11. mgr. 17. gr. fela ekki í sér undanþágu sem nær til allrar þjónustu í tilgreindum flokki (reyndar eru margar undanþágur í 17. gr. sem vísa ekki til þjónustu heldur til málefna eða þátta löggjafar sem hafa áhrif á þjónustu almennt, t.d. vernd persónuupplýsinga, frjálsa för launaþega og einnig hugverkaréttindi). Þetta þýðir aðeins að þeir þættir lúta ekki meginreglunni í 16. gr. Til dæmis mun veitandi þjónustu sem inniheldur efni sem verndað er að höfundarétti (t.d. dagblað eða netmiðill) ekki geta mælt því í mót að 16. gr. heimili framboð slíkrar þjónustu án þess að gert sé ráð fyrir höfundarétti (t.d. að hunsa þörfina á að fá leyfi höfundar). En þjónustan sem slík (fjölmiðlaþjónusta eða þjónusta netmiðils) er ekki útilokuð frá 16. gr. einungis vegna þess að höfundaréttur er skilyrði sem hefur áhrif á innihald þjónustunnar. Sömu rök eiga við um þjónustu sem höfundaréttarfélög veita. Þjónusta sem þau veita (bæði fyrir notendur og rétthafa) felur í sér fyrirsvar, samningsgerð, leyfisveitingar, eftirlit o.s.frv. Sú staðreynd að þjónustan varðar höfundarétt fellir hana ekki út fyrir gildissvið 16. gr. á sama hátt og þjónustu sem felur í sér notkun efnis sem nýtur verndar að höfundarétti (eins og í tilgreindum dæmum sem vísað er til hér að ofan) er ekki utan við 16. gr. Undanþágan varðar aðeins afmörkuð viðfangsefni höfundaréttar.“

Samlíking framkvæmdastjórnar ESB á milli dagblaða eða netþjónustuaðila og innheimtuþjónustu höfundaréttarfélaga er ekki að öllu leyti viðeigandi. Höfundaréttarfélögin fá yfirfærðan til sín frá rétthöfum réttinn til að koma fram og semja um endurgjald í þeirra nafni. Rétthafarnir hafa ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir eigin verkum að gerðum slíkum samningum

---

[65] Article 17(11) does not constitute a derogation covering a whole category of services (indeed many of the derogations included in Article 17 do not refer to services but to „matters“ or aspects of legislation affecting services generally, e.g. data protection, posting of workers and also IPR). This means that only those aspects are not governed by the principle established in Article 16. For instance, a service provider whose services include content protected by copyright (for instance a newspaper or an on-line service) will not be able to argue that Article 16 allows the provision of the service without taking into account the existence of copyright in the country of reception of the service (for instance ignoring the need to obtain a licence). However, the service as such (the media service or the on-line service) is not excluded from Article 16 just because copyright is a requirement that will affect the content of the service. The same logic applies for the services provided by collecting societies. The services they provide (both to users and to right holders) are services of representation, negotiation, granting of licences, monitoring, etc. The fact that the services deal with copyright does not bring them out of the scope of Article 16, in the same manner as a service using content protected by copyright (as in the examples referred to above) is not out of Article 16. Only the specific issue of the copyright law applicable is covered by the derogation.

við höfundaréttarfélögin. Höfundaréttarsamtökin koma fram í nafni rétthafanna og gera samninga við efnisframleiðendur, eins og dagblöð og netþjónustuaðila, um notkun verka og fara með réttinn til endurgjalds, innheimta endurgjald og skila því til rétthafanna. Þar sem túlkun framkvæmdastjórnar ESB hefur þýðingu við framkvæmd tilskipunarinnar felst í henni að krafan um lögformlega viðurkenningu höfundaréttarfélaga á grundvelli samningskvaða verður að falla undir 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar en samkvæmt ákvæðinu verða kröfur til þeirra sem veita þjónustu að fylgja grunnreglum eins og jafnræðisreglu, réttlætanlegri nauðsyn og meðalhófi. Krafan um réttlætanlega nauðsyn er vandasöm í framkvæmd þar sem í henni felst krafa um að lögformleg viðurkenning sé grundvölluð á opinberu skipulagi, opinberu öryggi, almannaheill eða umhverfisvernd. Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar eru talin upp skilyrði sem aðildarríkjum er óheimilt að leggja á þjónustuaðila. Þar af er mikilvægast að í b-lið er aðildarríkjunum bannað að leggja þá skyldu á þjónustuaðila að fá lögformlega viðurkenningu í aðildarríki, óháð því hvort slík skilyrði eru sett í tengslum við tilskipunina eða önnur opinber fyrirmæli. Til þess að viðhaldið verði skilyrði höfundalaga um lögformlega viðurkenningu höfundaréttarfélaga sem fara með samningsumboð í nafni rétthafa þarf skilyrðið um viðurkenningu að falla undir undantekningu í 11. tölul. 17. gr. tilskipunarinnar. Önnur túlkun hefði í för með sér vandkvæði fyrir heildarleyfafyrirkomulagið í höfundalögum. Af túlkun framkvæmdastjórnar ESB leiðir enn fremur að undantekningin í 11. tölul. 17. gr. tilskipunarinnar hefði enga þýðingu ef lagt væri til grundvallar að höfundaréttur sem slíkur væri þegar undanþeginn skv. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Allar kröfur í lögum um viðurkenningu eða opinbert starfsleyfi sem skilyrði fyrir veitingu þjónustu hér á landi þurfa að uppfylla kröfur í 9. gr. tilskipunarinnar en starfsleyfi/viðurkenning er skilgreint sem hver sá ferill sem þjónustuveitandi þarf að undirgangast til að öðlast formlega ákvörðun eða ætlað samþykki hjá lögbæru yfirvaldi varðandi aðganginn að þjónustustarfsemi eða framboð þjónustu, sbr. 6. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Af kröfum í 9. gr. tilskipunarinnar leiðir að leyfisfyrirkomulagið má ekki mismuna umsækjendum, það verður að teljast nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna og það verður að uppfylla meðalhófsreglu, þ.e. að samræmi sé á milli takmörkunar og tilgangs sem stefnt er að. Í fyrsta lagi þarf að leggja mat á hvort leyfisfyrirkomulagið stuðlar að þeim markmiðum sem það er grundvallað á. Í öðru lagi þarf leyfisfyrirkomulagið að vera nauðsynlegt. Í kröfunni um nauðsyn felst þó að ekki má ganga lengra í kröfum til þjónustuveitanda en þjónar markmiðum leyfisfyrirkomulagsins, sbr. skýringu í 54. formálsgrein þjónustutilskipunarinnar þar sem segir að fyrirkomulag leyfa eigi einungis rétt á sér þegar fullnægjandi eftirliti með þjónustuveitanda verður ekki sinnt eftir á.

Í samræmi við framangreint og samkvæmt athugun á ákvæðum höfundalaga fela eftirtalin ákvæði höfundalaga í sér þjónustuhindranir í skilningi þjónustutilskipunarinnar:

- 11. gr. (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar rétthafasamtaka fyrir höfunda vegna eintakagerðar til einkanota),
- 15. gr. a (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar rétthafasamtaka fyrir höfunda vegna ljósritunar og hliðstæðrar eftirgerðar),
- 23. gr. (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir höfunda vegna flutnings höfundarverka í útvarpi og opinberan flutning),
- 23. gr. a (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir höfunda vegna endurvarps útsendingar útvarps sem flutt hefur verið um gervihnött),
- 25. gr. (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir höfunda vegna opinberrar birtingar myndlistarverka í kvikmyndum og sjónvarpi),

– 25. gr. b (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir höfunda vegna innheimtu fylgiréttargjalds við endursölu listaverka í atvinnuskyni),
– 45. gr. a (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir flytjendur vegna endurvarps útsendingar útvarps sem flutt hefur verið um gervihnött) og
– 47. gr. (viðurkenning fyrir hagsmunagæslu og fyrirsvar fyrir framleiðendur og listflytjendur vegna notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi).

Rétt er að benda á að framangreind ákvæði fela ekki aðeins í sér þjónustuhindrun í skilningi tilskipunarinnar heldur er beinlínis ráð fyrir því gert að aðeins einum höfundaréttarsamtökum á hverju sviði verði veitt viðurkenning til að koma fram í nafni viðkomandi rétthafa. Viðbrögð og ráðstafanir vegna innleiðingar þjónustutilskipunarinnar hafa verið til umræðu í samráðsnefnd norrænna ráðuneyta um höfundarétt. Sérstakur starfshópur á vegum samráðsnefndarinnar hefur fjallað um hugsanlegar breytingar á norrænum höfundalögum vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Hin sameiginlega norræna afstaða til innleiðingar tilskipunarinnar hefur verið sú að viðhalda beri því kerfi heildarleyfa sem nú er í norrænum höfundalögum þar sem gerður er áskilnaður um viðurkenningu þeirra norrænu ráðuneyta sem fara með málaflokkinn sem skilyrði fyrir fyrirsvari og hagsmunagæslu fyrir höfunda, framleiðendur, flytjendur og aðra rétthafa. Lagt hefur verið til að sú afstaða verði rökstudd með því að leyfisfyrirkomulag höfundalaga teljist uppfylla þær kröfur sem fram koma í 9. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Breytingar hafa þegar verið gerðar á hliðstæðum ákvæðum danskra höfundalaga og hinum framangreindu ákvæðum í íslensku höfundalögunum. Í frumvarpi þessu er lagt er til að bætt verði við almennu ákvæði í nýja grein, sem verður 53. gr. a, þar sem segir að ráðherra setji nánari reglur um viðurkenningu viðkomandi rétthafasamtaka eða samtaka þeirra í tilgreindum tilvikum. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins ber að viðhalda ríkjandi fyrirkomulagi viðurkenningar á einum höfundaréttarsamtökum, þar sem við á. Við ákvörðun um val á samtökum með viðurkenningu í huga ætti ávallt að leitast við að velja þau samtök sem hafi fyrirsvar fyrir stærstan hluta viðkomandi höfunda eða annarra rétthafa. Slík samtök geta verið frá öðru EES-landi en Íslandi. Áréttað er að á samtökum sem viðurkenningu hljóta hvílir skylda til að fara með mál utanfélagsmanna með sama hætti og mál félagsmanna þess. Þannig er gert ráð fyrir að ekki sé gerður greinarmunur á íslenskum og erlendum rétthöfum eða höfundaréttarsamtökum. Það fyrirkomulag að viðurkenna einungis ein samtök á hverju sviði styðst við meginregluna um að tryggja beri rétthöfum endurgjald fyrir afnot verka þeirra og að notendur verkanna skuli með gagnsæjum og auðveldum hætti hafa aðgang að kerfi til að gera upp afnot sín af viðkomandi verkum. Því uppfyllir núverandi fyrirkomulag í höfundalögunum kröfur tilskipunarinnar um meðalhóf að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins, enda er fyrirkomulagið ekki meira íþyngjandi en nauðsynlegt er til að ná markmiðinu með leyfisfyrirkomulaginu. Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að settar verði reglur um viðurkenningu ráðherra á höfundaréttarsamtökum sem fela m.a. í sér ákvæði um tímafresti fyrir meðferð umsókna, ákvæði um frá hvaða tímamarki skuli reikna afgreiðslufrest, heimild til að framlengja afgreiðslufrest, afleiðingar þess að umsókn er ekki afgreidd innan frests og fleiri atriði.

Um 10. gr.

Ekki reyndi að neinu ráði á það hvort hlutdeild í brotum á höfundarétti væri refsiverð fyrir tilkomu internetsins. Það er hugsanlega skýringin á því að ekki er að finna ákvæði um hlutdeild í brotum í gildandi höfundalögum. Norsk og sænsk höfundalög hafa hins vegar sér-

ákvæði um hlutdeild, sbr. 2. mgr. 54. gr. norsku höfundalaganna nr. 2/1961 og 3. mgr. 53. gr. sænsku höfundalaganna nr. 729/1960. Dönsk höfundalög hafa ekki sérákvæði um hlutdeild, enda taka hlutdeildarákvæði dönsku hegningarlaganna einnig til brota á sérlögum, sbr. 2. gr. þeirra. Hér á landi hefur verið litið svo á að beita megi ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hlutdeild með lögjöfnun. Þannig segir í greinargerð með almennum hegningarlögum að ákvæðum um hlutdeild megi „að sjálfsögðu“ beita með lögjöfnun utan laganna þegar skilyrði eru fyrir hendi. Telja verður hins vegar tryggara að mæla sérstaklega fyrir um það í höfundalögunum sjálfum að brot þeirra sem eiga hlutdeild í brotum annarra séu refsiverð á sama hátt og brot þeirra sem teljast aðalmenn í brotunum, enda getur verið erfitt að greina á milli þessa tvenns, t.d. þegar um er að ræða refsiverð not höfundarverka á netinu, þar sem nauðsynlegt er að kveða skýrt á um refsiábyrgð af hálfu þess sem „með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot ... er framið“, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Er þetta jafnframt í samræmi við þá meginreglu að refsiheimildir skuli vera skýrar, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að um saknæmt atferli væri að ræða hjá einhverjum á grundvelli hlutdeildar þá leiddi það til refsiábyrgðar ef önnur skilyrði 1. mgr. 54. gr. væru fyrir hendi, þ.e. ásetningur eða stórfellt gáleysi. Hins vegar væri minni háttar gáleysi nægilegt til að bótaábyrgð stofnaðist, sbr. 1. mgr. 56. gr. laganna.

Um 11. gr.

Greinin tekur mið af 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu fellur tilskipunin ekki undir EES-samninginn, en þó er talið rétt að líta til hennar þegar reglur um réttarfarsúrræði vegna höfundaréttar eru settar. Ákvæði 10. gr. tilskipunarinnar fjallar um ráðstafanir vegna höfundaréttarbrota í þágu þess sem misgert er við. Í því ákvæði eru beinlínis tilteknar þær aðgerðir að ólögmæt eintök séu fjarlægð úr dreifingu, bæði tímabundið og varanlega, og að þeim sé eytt, en ákvæðið er ekki tæmandi um þær aðgerðir er til greina koma. Þau úrræði, málsmeðferð og viðurlög sem unnt er að beita, eftir atvikum og ef réttmætt þykir eftir aðstæðum skyldu hafa það að markmiði að varna frekari réttarbrotum gegn hugverkaréttarbrotum. Enn fremur felst í 10. gr. tilskipunarinnar að til staðar skuli vera úrræði til að koma aftur á lögmætu ástandi, á kostnað hins brotlega þar sem við á, eins og innköllun hluta, stöðvun á sölu eða ónýting hinna ólögmætu hluta og þar sem við á hráefnis, íhluta og búnaðar sem nýtist aðallega til sköpunar eða framleiðslu á slíkum hlutum. Við beitingu aðgerðar sem ætlað er að koma á lögmætu ástandi ætti að taka tillit til hagsmuna þriðju aðila, einkum neytenda og einstaklinga sem hafa verið í góðri trú (24. skýringargrein tilskipunarinnar).

Í þessu sambandi þykir rétt að láta halda sér það ákvæði gildandi laga að dæma megi hinn brotlega til að afhenda slík eintök til brotaþola, þ.e. þess sem misgert er við, eða til að gera þau óhæf til ólöglegra nota, en auk þess er kveðið á um þær ráðstafanir sem að framan greinir og ekki hefur verið mælt skýrlega fyrir um í lögunum fram að þessu. Rétt þykir að nota heitið „brotaþoli“ í stað „þess sem misgert er við“, svo sem gert hefur verið í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Í 39. gr. þeirra laga er þetta hugtak skilgreint, en með því er átt við þolanda brots og getur það, eðli máls samkvæmt, átt við hvort sem brotið er refsivert eða aðeins bótaskylt. Ekki eru lagðar til breytingar á gildandi ákvæði hvað varðar þau brot er geta verið tilefni til ráðstafananna eða varðandi þá aðila er hafa heimild til að setja fram fyrir dómi kröfu um beitingu þeirra.

Orðalag 2. mgr. um áhöld og aðra muni er varða undirbúning eða framkvæmd brots er fært til nútímalegra horfs, en ekki er um efnislega breytingu að ræða. Við skýringu á þessu ákvæði ber að sjálfsögðu að líta til sjónarmiða um meðalhóf, sbr. 4. mgr., sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Ákvæði 3. mgr. á rætur að rekja til fyrrgreindrar tilskipunar, þar sem mælt er fyrir um að ráðstafanirnar skuli vera án kostnaðar fyrir brotaþola, þ.e. þann sem misgert er við. Er því lagt til að afnumið verði ákvæði gildandi laga um að afhenda megi honum ólögmæt eintök gegn endurgjaldi. Þó þykir rétt að mæla fyrir um það að liggi til þess alveg sérstakar ástæður sé þó heimilt að kveða á um í dómi að brotaþoli skuli greiða hæfilegt endurgjald. Þetta ákvæði er tekið úr tilskipuninni og gæti átt við í þeim tilvikum þegar brotaþoli hyggst með einhverjum hætti nýta hin ólögmætu eintök í stað þess að eyða þeim.

Nýmæli er að í höfundalögum sé beinlínis kveðið á um hagsmunamat þegar gripið er til ráðstafana í tilefni af broti gegn lögunum, svo sem lagt er til í 4. mgr. Samkvæmt gildandi lögum er tekið tillit til hagsmuna þeirra er hafa eignast ólögmæt eintök í grandleysi og til þeirra er hafa eignast slík eintök til einkanota með þeim hætti að ekki er heimilt að beita ákvæðum 1. og 2. mgr. 55. gr. laganna gegn þeim. Jafnframt er kveðið á um í 4. mgr. þeirrar greinar að ákvæði um ónýtingu og upptöku skuli ekki ná til bygginga. Lagt er til að umrædd ákvæði í 3. og 4. mgr. 55. gr. gildandi laga verði felld niður. Þess í stað verði tekið tillit til hagsmuna þeirra sem þar er vísað til með beitingu ákvæðinu í 4. mgr. um að fram fari mat á hagsmunum þeirra sem hlut eiga að máli þegar gripið er til ráðstafana skv. 1. og 2. mgr.

Við það hagsmunamat, sem ráðgert er í 4. mgr., verður að líta til þess annars vegar hversu alvarlegt og umfangsmikið brot er og hins vegar hvort ríkir hagsmunir eru í húfi fyrir þann sem er eigandi muna er til greina kemur að leggja hald á. Má sem dæmi nefna tölvu og tölvubúnað, en slíkur búnaður getur verið nauðsynlegur fyrir þann sem í hlut á til að geta haft aðgang að netinu og þar með að þeim upplýsingum og tjáskiptum er þar fara fram. Þá skiptir og máli hvort eigandi munar hafi verið viðriðinn brot. Sé hann grandlaus er almennt ekki gert ráð fyrir að munir í hans eigu verði gerðir upptækir, sbr. niðurlag málsgreinarinnar.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. endurspegla efnislega ákvæði 1. og 3. mgr. 56. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að sú takmörkun á bótafjárhæð, sem nú er kveðið á um í niðurlagi 3. mgr., falli brott.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að við ákvörðun bóta verði ekki eingöngu miðað við það beina fjárhagstjón, sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, þar á meðal vegna fjárútláta við að hafa uppi á þeim er brotið hefur gegn lögvörðum rétti hans, enda getur verið erfitt að færa sönnur á það, heldur verði einnig litið til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Sé sú fjárhæð hærri en hið beina fjárhagstjón bæri þar af leiðandi að leggja hana til grundvallar þegar bætur eru ákveðnar. Hér er um að ræða bætur fyrir ólögmæta auðgun sem verður að telja sanngjarnt að sá brotlegi inni af hendi til rétthafans.

Ef ekki verða færðar sönnur á tjónið eða hagnaðinn, sem oft getur orðið raunin, er gert ráð fyrir því í 2. málsl. 2. mgr. að bætur skuli dæmdar að álitum, eftir mati dómara hverju sinni. Styðst sú regla að nokkru leyti við dómaframkvæmd. Ekki þykir fært að lögfesta nánari viðmiðunarreglur um ákvörðun bótafjárhæðar vegna brots skv. 1. mgr. Þó væri eðlilegt að í framkvæmd yrði miðað við hæfilegt endurgjald, eins og samið hefði verið fyrir fram um not höfundarverks eða annarra þeirra framlaga sem njóta höfundaréttarverndar, að viðbættu álagi vegna frekara tjóns brotaþola eða hagnaðar hins brotlega. Ef ekki reyndist unnt að færa sönn-

ur á það um hve háar fjárhæðir væri þar að ræða gæti þrautalendingin orðið sú að bæta við endurgjaldið jafnháu álagi þannig að bæturnar næmu alls tvöföldu endurgjaldi fyrir lögmæt not. Hér að baki býr sú hugsun að þeim sem hyggur á hagnýtingu verndaðra höfundarverka eða annars efnis með t.d. opinberum tónlistarflutningi er að fyrra bragði skylt að afla leyfis til þess frá rétthöfum. Sá háttur hefur tíðkast í dómaframkvæmd í sumum nágrannalöndum Íslands, t.d. í Danmörku. Í slíkri bótaákvörðun felast ekki refsikenndar bætur (e. punitive damages), heldur er ákvörðun um bætur byggð á hlutlægu mati þar sem m.a. er tekið tillit til útgjalda rétthafa við hagsmunagæsluna, svo sem vegna kostnaðar við að bera kennsl á meintan brotamann og kostnað við rannsóknir á hinu ætlaða broti, sbr. 26. skýringargrein við tilskipun 2004/48/EB.

Að fyrirmynd 3. mgr. 83. gr. dönsku höfundalaganna er lagt til í 3. mgr. að ekki verði framvegis skylt heldur aðeins heimilt að dæma bætur fyrir miska vegna brots á lögunum. Er sú regla í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Þá er sömuleiðis, eins og í umræddu ákvæði dönsku höfundalaganna, gert ráð fyrir að miskabætur verði ekki einvörðungu dæmdar höfundi eða listflytjanda, eins og nú er kveðið á um í 2. mgr. 56. gr. gildandi laga, heldur geti aðrir rétthafar átt kröfu til slíkra bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, svo sem þeir sem eignast hafa höfundarétt að erfðum eða með framsali höfundar á rétti sínum.

Um 13. gr.

Um a-lið (59. gr. a).

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um það með ótvíræðum hætti að þau höfundaréttarsamtök eða önnur samtök, sem hlotið hafa löggildingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að gæta almennt hagsmuna höfunda og annarra rétthafa, hvort sem þeir eru í félagar í samtökunum eða standa utan þeirra, gagnvart útvarpsstöðvum og öðrum þeim sem flytja verk sem njóta höfundaverndar opinberlega, geti fengið lagt almennt bann við flutningi eða öðrum notum verka sem löggilding samtakanna nær til og verndar njóta samkvæmt höfundalögum. Með þessu er gert ráð fyrir að vikið verði frá því skilyrði lögbanns að sá einn sem á beinna lögvarinna hagsmuna að gæta geti krafist slíks banns. Er sú tilhögun staðfesting á dómaframkvæmd, sbr. t.d. nýlegan dóm Hæstaréttar frá 11. febrúar sl. í máli nr. 214/2009. Að öðru leyti er gengið út frá því að fyrir hendi þurfi að vera önnur skilyrði lögbanns, sem nú eru greind í 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., til þess að fallist verði á kröfu samtakanna um lögbann. Í því sambandi skal bent á 2. tölul. 2. mgr. þeirrar greinar þar sem fram kemur að ekki skuli leggja á lögbann ef sýnt þykir að hagsmunir gerðarþola af því að halda áfram starfsemi séu mun meiri en gerðarbeiðanda af því að fyrirbyggja hana. Sem dæmi af vettvangi höfundaréttar mætti nefna það ef lögbanns yrði krafist við notkun höfundarverka á vefsíðu, en í ljós væri leitt að sá sem starfrækti síðuna hefði lagt sig fram við að koma í veg fyrir brot á réttindum höfunda og annarra rétthafa. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að synjað yrði um lögbann á grundvelli þess hagmunamats sem vísað er til í umræddu ákvæði laga nr. 31/1990. Við mat á því hvort fallast beri á kröfu höfundaréttarsamtaka um lögbann verður jafnframt að hafa hliðsjón af lokamálslið 1. mgr. 8. gr. höfundalaga sem þýðir að nægilegt er fyrir samtökin að sanna eða gera sennilegt að ólögmætur og víðtækur flutningur eða önnur not á verkum, sem löggilding þeirra nær til, séu byrjuð eða yfirvofandi, t.d. flutningur í útvarpi, án þess að færa þurfi frekari sönnur á að um sé að ræða verk sem njóta verndar höfundalaga. Eins og segir í 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nýtur höfundur eignarréttar að verkum sínum. Skv. 3. gr. laganna getur hann leyft öðrum að flytja verk sín eða nota þau með öðrum hætti, þar á meðal gegn endurgjaldi. Jafnframt getur hann á grundvelli þess

ákvæðis bannað öðrum að nota verkin og fylgt því banni eftir með lögbanni ef þörf krefur. Í sumum tilvikum kemur það hins vegar að takmörkuðu gagni þótt einstakir höfundar fái lagt lögbann við ólögmætum flutningi eða notum á verkum sínum, hvort sem þeir gera það sjálfir eða fyrir atbeina höfundaréttarsamtaka, vegna þess að verk, sem útgefin hafa verið, eru til í tugþúsunda tali og því auðvelt fyrir þá sem reka t.d. útvarpsstöð að sniðganga slíkt bann með flytja önnur verk en þau sem slíkt bann tæki til. Í ýmsum nágrannaríkjum Íslands, t.d. í Danmörku, hafa dómstólar fallist á að höfundaréttarsamtök geti krafist slíks almenns lögbanns við notum verka. Á hinn bóginn verður varla dregin önnur ályktun af nýlegum dómum Hæstaréttar, t.d. H 11. apríl 2008 í máli nr. 146/2008, H 8. maí 2008 í máli nr. 194/2008, H 6. nóvember 2008 í máli nr. 559/2008 og H 11. febrúar 2010 í máli nr. 214/2009, en að höfundaréttarsamtök geti einvörðungu krafist lögbanns við notum verka þeirra höfunda sem veitt hafa samtökunum umboð sitt til hagsmunagæslu. Slíkt gerir það að verkum að örðugra er að halda uppi sjálfsagðri réttargæslu til verndar höfundarétti. Til þess að ráða bót á því er gerð sú tillaga sem felst í 1. mgr. og gerð er grein fyrir hér að framan.

Tekið skal fram, til að taka af öll tvímæli, að með ákvæðinu í 1. mgr. er ekki ætlunin að þrengja möguleika einstakra rétthafa til að krefjast lögbanns til verndar réttindum sínum, svo sem verið hefur, enda sé fullnægt almennum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Í 2. mgr. er fólgið nýmæli þar sem gert er ráð fyrir sérstakri heimild til að leggja lögbann við athöfnum milliliða, fyrst og fremst fjarskiptafyrirtækja. Tekur ákvæðið mið af lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, en í 12., 13. og 14. gr. þeirra laga er kveðið á um takmörkun á ábyrgð þjónustuveitanda vegna miðlunar, skyndivistunar og hýsingar. Hugtökin „rafræn þjónusta“, „þjónustuveitandi“ og „þjónustuþegi“ eru skilgreind í 2. gr. umræddra laga og er merking þeirra sú sama hér og þar kemur fram. Tilgangur ákvæðisins er fyrst og fremst að eyða mögulegum vafa um hvort lögbanni verður beint gegn fjarskiptafyrirtækjum vegna miðlunar, skyndivistunar og hýsingar gagna í þeim tilvikum þegar um er að ræða meint brot þjónustuþega á ákvæðum höfundalaga. Í íslenskum rétti hefur verið miðað við að lögbann verði einungis lagt við tilteknum athöfnum sem eru taldar ólögmætar í sjálfu sér. Vegna orðalags ákvæða 12., 13. og 14. gr. laga nr. 30/2002 er mögulegt að vafi yrði talinn leika á því hvort miðlun, skyndivistun eða hýsing þjónustuveitanda væri ólögmæt athöfn í sjálfu sér. Það gerir réttarvörslu rétthafa mun auðveldari ef skýrt er að hann geti lagt lögbann við athöfnum milliliða. Ekki verður séð að neinir lögverndaðir hagsmunir eigi að standa gegn því að sett verði ákvæði af því tagi sem hér er lýst, enda er heimild til lögbanns byggð á þeirri grundvallarforsendu að fyrir hendi sé réttarbrot af hálfu þjónustuþega sem sá sem fer fram á lögbann þyrfti eftir sem áður að sýna fram á.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu hefur gildi samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Bar aðildarríkjum hans að leiða umrædda tilskipun í landslög fyrir 10. janúar 2005. Í 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um skyldu aðildarríkjanna til að sjá til þess að rétthafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti. Var við innleiðingu tilskipunarinnar, með lögum nr. 9/2006, litið svo á að tilvitnað ákvæði teldist þegar uppfyllt með úrræðum sem fram koma í V. kafla laga nr. 30/2002, sbr. IV. kafla laga nr. 31/1990. Hins vegar þykir rétt að kveða skýrt á um rétt höfunda og annarra rétthafa til að beina kröfu um lögbann að þjónustuveitanda, t.d. fjarskiptafyrirtæki, svo að ekki fari á milli mála að slíkur réttur sé fyrir hendi samkvæmt íslenskum

lögum. Skiptir í því efni máli að skv. 1. mgr. 11. gr. höfundalaga er réttur til eintakagerðar af verki til einkanota ekki takmarkaður við það að upphaflegt eintak, sem eintak er gert eftir, sé löglegt. Því er ekki víst að á grundvelli gildandi laga kæmust hérlendir dómstólar að sömu niðurstöðu og dómstólar í ýmsum nágrannaríkjum, t.d. í Danmörku, að lögbann verði lagt við því að þjónustuveitandi miðli gögnum, jafnvel þótt fyrir liggi vísbendingar um ólögmætt athæfi af hálfu þjónustuþega.

Efni 3. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um b-lið (59. gr. b).

Þessi grein tekur mið af 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB. Megintilgangur 8. gr. tilskipunarinnar er að gera rétthafa kleift að nálgast upplýsingar um uppruna vara eða þjónustu sem fela í sér brot á höfundarétti og að fá vitneskju um þá sem hafa átt hlut að brotinu. Ákvæðið er í eðli sínu sjálfstætt réttarúrræði til viðbótar úrræðum þeim sem mælt er fyrir um sönnunargögn og öflun sönnunargagna í 6. og 7. gr. tilskipunarinnar og veitir rétthafa sjálfstæðan rétt til upplýsinga um framangreind atriði. Þess má geta að ákvæði 7. gr. tilskipunarinnar hafa þegar verið innleidd hér á landi með setningu laga nr. 53/2006, um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í höfundalögin. Ákvæði sem heimilar dómara að leggja fyrir aðila að dómsmáli að leggja fram tiltekið sönnunargagn (d. partsedition) eru ekki fyrir hendi í hérlendum réttarfarslögum. Ekki hefur verið farin sú leið hér á landi að mæla fyrir um slíka reglu í málum er varða brot á hugverkaréttindum almennt, en segja má að með ákvæðum greinarinnar, sem hér um ræðir, sé stefnt að þessu marki. Til samræmis við það sem mælt er fyrir um í tilskipuninni er gert ráð fyrir að úrræði því sem kveðið er á um í 1. mgr. verði eingöngu beitt gagnvart þeim er framið hafa brot í atvinnuskyni, en ekki gagnvart neytendum er hafa keypt vöru eða þjónustu. Lögtaka þessa úrræðis yrði umtalsverð réttarbót fyrir höfunda. Sem dæmi um þýðingu úrræðisins má nefna það tilvik þegar sá sem fer með höfundarétt, t.d. framleiðandi muna er njóta verndar sem nytjalist, verður var við sölu slíkra vara hér á landi. Hann gæti þá fengið smásalann skyldaðan til að láta uppi nafn og heimilisfang erlends framleiðanda, fjölda seldra eintaka og andvirði hins selda. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti rétthafinn möguleika á að setja fram kröfur á hendum erlendum dreifingaraðilum og framleiðendum varanna.

Hér þarf þó að hafa í huga meðalhófsreglu 3. mgr. og undanþágu frá upplýsingaskyldu skv. 4. mgr. Þeim sem grunur leikur á að hafi framið höfundaréttarbrot verður því ekki sjálfum gert að láta í té upplýsingar um eitthvað sem síðar getur leitt til refsiábyrgðar hans samkvæmt höfundalögum. Slík upplýsingaskylda væri ekki í samræmi við meginreglur opinbers réttarfars um réttindi sakbornings. Ákvæði 1. og 2. mgr. raska því ekki lögbundnum rétti til að neita að svara spurningum um eigið brot og brot náinna vandamanna.

Um 13. gr. c.

Ákvæðið í 1. mgr. tekur mið af 15 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB, þar sem er að finna heimild til að mæla fyrir um birtingu ákvarðana á því réttarsviði. Birting ákvarðana er talin hafa forvarnagildi gagnvart öðrum hugsanlegum brotamönnum og gegnir hlutverki í vitundarvakningu almennings um virðingu fyrir hugverkaréttindum (27. skýringargrein tilskipunarinnar). Lagt er til að ákvæðið nái jafnt til áfellisdóma í einkamálum sem sakamálum, svo og til dóma þar sem kveðið er á um ráðstafanir skv. 55. gr. höfundalaga. Ekki er lagt til að ákvæðið nái til úrlausna sýslumanns, t.d. um lögbann, eða til annarra úrlausna dómara en eiginlegra dóma.

Efni 2. mgr. skýrir sig sjálft.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9/2006 var svo mælt fyrir að frumvarp til endurskoðunar á ákvæðum b- og c-liðar 13. gr. laganna (50. gr. b og 50. gr. c laganna) skyldi lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á löggjafarþinginu 2006–2007. Í athugasemdum í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006 sagði um ákvæðið að í ljósi hraðrar þróunar í notkun tæknilegra ráðstafana og upplýsinga um réttindaumsýslu til að vernda efni á stafrænu formi sem er háð höfundarétti væri æskilegt að endurskoðun ákvæða b- og c-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b og 50. gr. c) sætti endurskoðun að tveimur árum liðnum með tilliti til þess tjóns er hlotist gæti af eintakagerð til einkanota og efnahagslegum áhrifum fyrrgreindra verndarráðstafana í því sambandi.

Þrátt fyrir framangreint ákvæði hefur umrædd endurskoðun á 50. gr. b og 50. gr. c í höfundalögum ekki farið fram enn þá. Reglur um lögvernd tæknilegra ráðstafana voru lögfestar með b-lið 13. gr. laga nr. 9/2006 vegna innleiðingar 6. gr. tilskipunar um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu 2001/29/EB. Hér var um að ræða nýjar reglur sem voru af öðrum toga en hefðbundnar réttarreglur höfundaréttarins. Á þeim tíma lágu ekki fyrir heildstæðar upplýsingar um beitingu slíkra ráðstafana og þýðingu þeirra fyrir notkun verndaðra verka. Þá var framkvæmdastjórn ESB ætlað skv. 1. mgr. 12. tilskipunarinnar að skila skýrslu um beitingu tilskipunarinnar þegar á árinu 2004. Hvað varðar 6. gr. tilskipunarinnar um vernd tæknilegra ráðstafana var framkvæmdastjórninni sérstaklega ætlað að leggja mat á hvort þær reglur veittu nægilega vernd fyrir rétthafa og hvor athafnir notenda sem væru í sjálfu sér lögmætar teldust hafa neikvæð áhrif á beitingu tæknilegra ráðstafana. Ef nauðsynlegt teldist skyldi framkvæmdastjórnin jafnframt gera tillögur um breytingar á tilskipuninni. Á þessum grundvelli og með hliðsjón af sambærilegum viðhorfum við innleiðingu tilskipunarinnar í dönsk höfundalög var svo mælt fyrir í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9/2006 að lagt skyldi fram frumvarp um endurskoðun 50. gr. b og 50. gr. c í höfundalögum á löggjafarþinginu 2006–2007. Að baki ákvæðinu var sú ráðagerð að menntamálaráðuneytið mundi fylgjast grannt með þróun mála í því skyni að ganga úr skugga um hvort útgefendur veittu þeim er rétt hefðu til lögmætan aðgang að efni á læstum hljómdiskum og mynddiskum, þannig að tryggt væri að tæknilegar hindranir mundu ekki standa í vegi fyrir beitingu undantekninga þeirra sem notendum væru tryggðar í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. höfundalaga. Hér undir má einnig flokka notkun skv. 19. gr. höfundalaga en láðst virðist hafa í meðförum menntamálanefndar Alþingis við breytingu á þeirri lagagrein að gera jafnframt breytingar á c-lið 13. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 9/2006.

Af hálfu útgefenda efnis á hljómdiskum og mynddiskum hafa komið fram þau sjónarmið að sniðganga tæknilegra ráðstafana sé óheimil, jafnvel þótt um sé að ræða eintakagerð til einkanota skv. 1. mgr. 11. gr. höfundalaga. Fyrir liggur að rétthafar á sviði tónlistar leggja minni áherslu á beitingu ráðstafana af þessum toga, einkum vegna þess óhagræðis sem hlotist hefur af beitingu þeirra fyrir notendur. Útgefendur sem áður notuðu afritunarvarnir á hljómdiskum hafa í mörgum tilvikum hætt því. Þá liggur fyrir að alþjóðasamtök hljóðritaútgefenda (IFPI) hafa beint þeim tilmælum til aðila að samtökunum að þeir búi þannig um hnútana tæknilega að notendur geti, eins og kostur er, gert einstök afrit til einkanota af útgefnu efni.

Þannig liggur fyrir að umsvifamesti seljandi tónlistar í rafrænu formi, Apple-fyrirtækið sem rekur iTunes tónlistarveituna, hefur fyrir nokkrum missirum hætt að beita afritunarlásum í tónlistarskrám sem þar eru seldar. Sama á við um fyrirtækið 3D Miðla ehf. sem rekur íslensku tónlistarveituna Tonlist.is. Komið hefur í ljós að vernd tæknilegra ráðstafana getur stutt við markaðsráðandi stöðu útgefenda sem bjóða fram efni sem eingöngu er hægt að nota í afspilunarbúnaði frá sama útgefanda. Þessi staða á markaði er til komin sökum þess að útgefendur og framleiðendur hafa ekki enn komið sér saman um sameiginlega staðla varðandi skráarsnið fyrir tónlist og kvikmyndir. Þá er ljóst að notkun ýmiss konar afspilunarbúnaðar, sem er í sjálfu sér lögmætur, felur í sér að notendum er ætlað að afrita tónlist af hljómdiskum og kvikmyndir af mynddiskum yfir á þann búnað. Þannig virðist ráð fyrir því gert að kvikmyndir séu afritaðar af mynddiskum yfir á svonefndar kvikmynda-tónhlöður (e. video iPod) og sjónvarpsflakkara án þess að notendur geri sér beinlínis grein fyrir því að slík afritun felur að öllum líkindum í sér notkun afritunarbúnaðar sem er ólögmætur samkvæmt skilgreiningu 50. gr. b í höfundalögum, enda munu flestar útgefnar kvikmyndir vera seldar með afritunarlás. Í þessu sambandi skiptir ekki máli þótt um sé að ræða afritun til einkanota eftir lögmætu eintaki. Hins vegar telst slík eintakagerð til einkanota ekki refsinæm ef uppfyllt eru skilyrði 4. mgr. 54. gr. höfundalaga. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins er óviðunandi að almennir neytendur afþreyingar- og menningarefnis á stafrænu sniði séu settir í þá stöðu að brjóta höfundalög með grandalausri notkun á framangreindum afspilunarbúnaði.

Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB um mat á tilskipunar 2001/29/EB kom út 30. nóvember 2007 (SEC(2007) 1556). Í skýrslunni koma fram upplýsingar um innleiðingu hennar á innri markaðinum og túlkun innlendra dómstóla téðri 6. gr. Í skýrsluna skortir hins vegar frekari greiningu á kostum og göllum ákvæðisins. Þá liggja ekki fyrir enn dómafordæmi frá Evrópudómstólnum er þýðingu kunna að hafa fyrir túlkun á 6. gr. tilskipunarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til af þeim sökum að ekki séu gerðar breytingar á 50. gr. b og 50. gr. c í höfundalögum önnur en sú sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins vegna ákvæða 19. gr. höfundalaga, og bráðabirgðaákvæðið um endurskoðun þessara ákvæða falli því brott úr lögunum. Það er jafnframt mat ráðuneytisins að aðgangsheimildir 50. gr. c í höfundalögum séu fullnægjandi fyrir þá aðila sem njóta undantekninga skv. II. kafla laganna með þeirri breytingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins vegna ákvæða 19. gr. höfundalaga. Af framangreindum ástæðum er því lagt til að frekari athugun á áhrifum téðra lagaákvæða bíði endurskoðunar höfundalaga sem er þegar hafin.

Fylgiskjal I.

Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi höfundalögum.

GILDANDI LÖG	BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM
II. KAFLI Takmarkanir á höfundarétti.	II. KAFLI Takmarkanir á höfundarétti.
12. gr. Setja skal í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.	12. gr. *Opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn sem falla undir safnalög hafa heimild til að gera eintök af :* *1. verkum í öryggis- og varðveisluskyni,* *2. verkum sem í vantar hluta, sem telst minni hluti verksins í heild, og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda. Tekur heimild til gerðar eintaka samkvæmt þessu ákvæði einungis til þess hluta verka sem vantar í eintak viðkomandi safns,* *3. verkum sem safni er skylt, lögum samkvæmt, að eiga eintök af á safni sínu og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda,* *4. verkum þegar frumrit þeirra eru of viðkvæm til útláns og eru ófáanleg á almennum markaði og hjá útgefanda,* *Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. er bundin við að eintökin séu einungis til notkunar í starfsemi safnanna og að eintakagerðin sé ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Söfnum eru þó heimil útlán á eintökum sem afrituð hafa verið skv. 2.–4. tölul. 1. mgr.* *Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. tekur ekki til forrita á stafrænu formi nema um tölvuleiki sé að ræða.*
	12. gr. a. *Þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra.*
15. gr. a. Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaga sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu	15. gr. a. Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaga sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu

menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt þessari málsgrein.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Samtökin skulu auk samningsaðildar hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá íslenska höfunda sem standa utan þeirra. Skal í samþykktum samtakanna kveðið á um ráðstöfun tekna vegna fjölföldunar og skulu höfundar, er standa utan þeirra, njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Höfundaréttarsamtök skv. 1. mgr. ábyrgjast allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar sem ekki eru félagar í samtökunum og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun og verða slíkar kröfur aðeins gerðar á hendur samtökunum. Kröfur samkvæmt þessari málsgrein fyrnast á fjórum árum eftir að fjölföldun með réttri heimild var framkvæmd. Ágreiningi um kröfur skal ráðið til lykta af úrskurðarnefnd skv. 57. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Í reglum þessum má m.a. mæla fyrir um að ákvæði greinarinnar skuli, eftir því sem við á, einnig taka til gerðar véllæsilegra eintaka af útgefnum verkum til afnota í tölvubönkum.

19. gr.

Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku og heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða leigu til almennings.

Sá sem eignast hefur eintak sem aðrir hafa gert samkvæmt heimildinni í 1. mgr. má gera sams konar eintök eftir því eintaki sem hann fékk, ef það er nauðsynlegt til þess að hann geti notað eintakið eftir tilgangi sínum, þar á meðal öryggisafrit. Slík eintök má ekki nota í öðrum tilgangi. Rétturinn til þess að nota þau fellur niður ef eintak sem fengið var samkvæmt heimild 1. mgr. er birt. Síðastgreint ákvæði gildir þó ekki ef opinberar stofnanir eða aðrar félagslegar stofnanir

menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt þessari málsgrein.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Samtökin skulu auk samningsaðildar hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá *[úrfelling]* höfunda sem standa utan þeirra. Skal í samþykktum samtakanna kveðið á um ráðstöfun tekna vegna fjölföldunar og skulu höfundar, er standa utan þeirra, njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Höfundaréttarsamtök skv. 1. mgr. ábyrgjast allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar sem ekki eru félagar í samtökunum og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun og verða slíkar kröfur aðeins gerðar á hendur samtökunum. Kröfur samkvæmt þessari málsgrein fyrnast á fjórum árum eftir að fjölföldun með réttri heimild var framkvæmd. Ágreiningi um kröfur skal ráðið til lykta af úrskurðarnefnd skv. 57. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Í reglum þessum má m.a. mæla fyrir um að ákvæði greinarinnar skuli, eftir því sem við á, einnig taka til gerðar véllæsilegra eintaka af útgefnum verkum til afnota í tölvubönkum.

19. gr.

Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem *eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar*. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku *[úrfelling]*.

[úrfelling]

sem starfa í almannaþágu lána eða leigja slík eintök.

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að lesa venjulegar bækur, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

V. KAFLI
Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr.

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að *nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar*, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

V. KAFLI
Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr.

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., *12. gr., 12. gr. a,* 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. mgr. 23. gr.

VI. KAFLI A
Tæknilegar ráðstafanir o.fl.

50. gr. c.

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b, að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b, að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, til að mynda samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja að notandinn geti nýtt sér hin tilvitn-

46. gr.

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., *12. gr., 12. gr. a,* 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. mgr. 11. gr., *12. gr., 12. gr. a*, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. mgr. 23. gr.

VI. KAFLI A
Tæknilegar ráðstafanir o.fl.

50. gr. c.

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b, að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, *19. gr.,* 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b, að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, til að mynda samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja að notandinn geti nýtt sér hin tilvitn-

uðu ákvæði í 1. mgr. hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

VII. KAFLI
Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sektum eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Aðili skv. 2. mgr. 25. gr. b lætur hjá líða að senda samtökum þeim sem getið er um í 5. mgr. 25. gr. b upplýsingar skv. 6. mgr. 25. gr. b.
3. Brot á 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. mgr. 31. gr.
4. Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.
5. Brot á 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d, 51. gr. og 52. gr.
6. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.
7. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af

uðu ákvæði í 1. mgr. hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

53. gr. a.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar þeirra samtaka sem nefnd eru í 6. mgr. 11. gr., 1. mgr. 15. gr. a, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr.

VII. KAFLI
Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. *Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt.*

Sektum eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Aðili skv. 2. mgr. 25. gr. b lætur hjá líða að senda samtökum þeim sem getið er um í 5. mgr. 25. gr. b upplýsingar skv. 6. mgr. 25. gr. b.
3. Brot á 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. mgr. 31. gr.
4. Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.
5. Brot á 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d, 51. gr. og 52. gr.
6. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.
7. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða

þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. mgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 50. gr. b, varðar eftirtalin eintakagerð einstaklinga til einkanota ekki refsingu:

1. eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda,
2. eintakagerð sem fram fer andstætt 1. mgr. 50. gr. b.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt 2. mgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir.

Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. mgr. séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignast í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

56. gr.

Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Dæma skal höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætri háttsemi.

Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttarröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. mgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 50. gr. b, varðar eftirtalin eintakagerð einstaklinga til einkanota ekki refsingu:

1. eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda,
2. eintakagerð sem fram fer andstætt 1. mgr. 50. gr. b.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága *fer* við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. 2. mgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi að eintökin séu *afhent brotaþola, eyðilögð, fjarlægð af markaði eða tekin úr dreifingu, varanlega eða tímabundið, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.*

Hið sama gildir um efni, áhöld og aðra muni sem varða undirbúning eða framkvæmd brots.

Ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. skulu eiga sér stað á kostnað hins brotlega og án endurgjalds af hálfu brotaþola. Liggi til þess alveg sérstakar ástæður er þó heimilt að kveða á um í dómi að brotaþoli skuli greiða hæfilegt endurgjald.

Við ákvörðun dómara skv. 1. og 2. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli umfangs brots og þeirra ráðstafana sem kveðið er á um jafnframt því sem tekið skal hæfilegt tillit til hagsmuna þriðja manns, þar á meðal í þeim tilvikum þegar eigandi munar veit ekki um brot.

56. gr.

Sá sem hefur brotið gegn lögum þessum með ásetningi eða gáleysi skal greiða bætur vegna brotsins. Þótt brotið sé framið í góðri trú er heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotaþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni.

Dæma má höfundi eða öðrum rétthafa bætur fyrir miska vegna brots á lögum þessum.

59. gr. a.

Þau samtök, sem hlotið hafa löggildingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 23. gr. og 23. gr. a, geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem löggildingin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétthöfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Að því tilskildu að fullnægt sé öðrum þeim skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., geta einstakir rétthafar eða samtök þeirra fengið lagt lögbann við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð vegna miðlunar eða sjálfvirkrar, millistigs- eða skammtímageymslu gagna. Enn fremur verður lögbann lagt við því að þjónustuveitandi hýsi gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð á gögnunum.

Um lögbann samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

59. gr. b.

Í dómsmáli vegna brots á lögum þessum getur dómari að kröfu málsaðila lagt fyrir gagnaðila eða þriðja aðila að láta í té upplýsingar, sem hann hefur aðgang að, um vörur eða þjónustu sem kann að fela í sér brot á lögunum. Þetta á þó aðeins við ef sá sem krafan beinist að:

1. *hefur í atvinnuskyni haft umráð yfir vörunum,*
2. *hefur í atvinnuskyni notað þjónustuna,*
3. *hefur veitt þjónustu sem notuð er til athafna er kunna að fela í sér brot á lögunum,*
4. *hefur veitt aðstoð við að framleiða eða dreifa vörunni eða við að veita þjónustuna.*

Upplýsingar þær sem um ræðir í 1. mgr. ná til:

1. *nafns og heimilisfangs framleiðenda, dreifingaraðila, þjónustuveitanda og annarra fyrrverandi eigenda vara og þjónustu og til heildsala og smásala sem vörurnar voru ætlaðar,*
2. *magns framleiddra, afhentra, móttekinna eða pantaðra vara eða þjónustu og söluandvirði vara eða þjónustu.*

Dómara ber að synja kröfu skv. 1. mgr. ef ætla má að það að láta upplýsingarnar í té muni valda

þeim sem krafan beinist að óhæfilegu tjóni, að teknu tilliti til þess hve mikið er í húfi fyrir þann sem kröfuna gerir til að fá upplýsingarnar.

Ekki er skylt að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari grein ef sá sem krafa beinist að er undanþeginn vitnaskyldu samkvæmt almennum réttarfarsreglum.

59. gr. c.

Í dómi þar sem kveðið er á um brot á lögum þessum eða ráðstafanir skv. 55. gr. má að beiðni brotaþola mæla fyrir um birtingu dómsins að hluta eða í heild. Birtingin skal fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast.

Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum

Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á II. kafla höfundalaga, nr. 73/1972 um takmarkanir á höfundarétti til hagsbóta fyrir bókasöfn og notendur sem vegna fötlunar geta ekki lesið prentað mál. Þá eru lagðar til breytingar á VII. kafla laganna, sem varða réttarúrræði sem nauðsynleg þykja til að bregðast við stórfelldum höfundaréttarbrotum á netinu. Með þeim breytingunum verða tekin upp nokkur ákvæði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á höfundalögum vegna innleiðingar svonefndrar þjónustutilskipunar 2006/123/EB.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

913. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Þór Saari, Ásmundur Einar Daðason, Birgitta Jónsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Steingrímsson, Margrét Tryggvadóttir, Róbert Marshall, Vigdís Hauksdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

52. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við lok löggjafarþings skal taka upp á næsta löggjafarþingi nema flutningsmaður dragi málið til baka.

Þingmál, sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við lok kjörtímabils þingsins, falla niður.

Fastanefndir þingsins skulu leggja fram nefndarálit í málum sem til þeirra hefur verið vísað fyrir lok hvers löggjafarþings. Fari ekki fram umræða um nefndarálit á yfirstandandi löggjafarþingi skal taka málið upp aftur á næsta löggjafarþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á störfum þingsins sem varða líftíma þingmála, þinglega meðferð mála og fyrirkomulag vinnu fastanefnda.

52. gr. gildandi laga um þingsköp Alþingis kveður á um að þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok falli niður. Af þessari reglu leiðir að flutningsmenn þingmála sem

ekki fást afgreidd á yfirstandandi löggjafarþingi þurfa að endurflytja mál á næsta löggjafarþingi vilji þeir halda málinu lifandi í þeirri von að fá það tekið fyrir í nefnd og í þingsal.

Fyrirkomulag þetta hefur nokkuð verið gagnrýnt enda getur það leitt til þess að þingmál „sofni“ í nefndum og falli síðan niður þar sem ekki hefur fengist umræða um það eða meðferð þess ekki verið lokið fyrir þinglok. Fyrirkomulagið gefur formönnum nefnda og meiri hluta nefnda vald til að stöðva mál og koma þar með í veg fyrir að þau fái eðlilega meðferð og atkvæðagreiðslu í þingsal. Slíkt verður að teljast verulegur ágalli á fyrirkomulaginu þar sem ítarleg lýðræðisleg umræða allra þingmanna ætti að fara fram um mál á öllum stigum þess. Hvert þingmál ætti að hljóta fulla og tæmandi þinglega meðferð og vera rætt í þremur umræðum á Alþingi ef um lagafrumvarp er að ræða og tveimur umræðum ef um þingsályktunartillögu er að ræða.

Þingsköp Alþingis gera ráð fyrir að nefndir þingsins skili af sér nefndaráliti um þau þingmál sem til þeirra er vísað og eru álit nefndanna hugsuð sem innlegg í umræðu um viðkomandi mál í þingsal og að lokum er það þingheimur sjálfur sem skal taka lokaafstöðu til þingmála. Framkvæmdin hefur þó oft verið önnur og í raun réttri hefur formaður eða meiri hluti nefndar möguleika á að tefja afgreiðslu máls í nefndinni svo lengi fram eftir þinginu að málið falli niður. Þó ber að halda því til haga að skv. 2. mgr. 15. gr. þingskapa getur þriðjungur nefndarmanna óskað eftir að nefndin haldi fund og taki á dagskrá tiltekið þingmál. Enga reglu er þó að finna í þingsköpum sem skyldar nefndir til þess að taka afstöðu til þingmála né getur tiltekinn hluti nefndarmanna óskað eftir því að nefnd taki afstöðu til mála eða afgreiði þau.

Á Norðurlöndunum er fyrirkomulag um líftíma þingmála nokkuð misjafnt. Fyrirkomulag íslensku þingskapanna er fengið frá Danmörku þar sem sama reglan gildir, þ.e. þingmál falla niður við lok hvers löggjafarþings hafi þau ekki hlotið lokaafgreiðslu.

Í Noregi er reglan almennt sú að þingmál geta lifað út kjörtímabilið. Óafgreidd stjórnarfrumvörp er hægt að taka upp á næsta kjörtímabili að fenginni tillögu um það frá forsætisnefnd sem áður hefur fengið álit um slíkt frá ríkisstjórn. Hvað varðar þingmannamál og nefndarálit er heimilt að taka þau upp á næsta þingi innan sama kjörtímabils, nema viðkomandi þingmaður eða þingnefnd dragi mál sitt til baka.

Í Svíþjóð gildir að þingmál verður að afgreiða á því kjörtímabili þegar það var lagt fram. Hafi fastanefndum ekki tekist að leggja fram álit sitt fyrir lok kjörtímabils telst málið vera fallið brott. Þó gildir sá fyrirvari að þingið sjálft getur samþykkt að tiltekið mál verði tekið á dagskrá á fyrsta löggjafarþingi næsta kjörtímabils.

Finnska þjóðþingið hefur sett sér þær reglur að verði þingmál ekki afgreitt á yfirstandandi þingi geti meðferð þess haldið áfram á næsta löggjafarþingi, nema kosningar hafi verið þar á milli. Hvað varðar fyrirspurnir og yfirlýsingar ríkisstjórnar þá halda þær ekki gildi sínu milli þinga en meðferð á skýrslum ráðherra getur þó haldið áfram á næsta þingi ef þingið ályktar um það. Um meðferð þingmála sem varða alþjóðamál er reglan sú að meðferð þeirra heldur áfram á næsta þingi ef þörf krefur og jafnvel þótt kosningar hafi farið fram milli þinga.

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á nokkurs konar blöndu af því fyrirkomulagi sem gildir á Norðurlöndunum. Í 1. gr. er lagt til að núverandi 52. gr. þingskapa Alþingis verði breytt á þann veg að þingmál falli ekki brott fyrr en við lok kjörtímabils þingsins. Þannig heimilar ákvæðið að þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu á því löggjafarþingi þegar þau voru lögð fram, megi taka upp á næsta þingi og ljúka þá þinglegri meðferð þeirra. Þó er gerður sá fyrirvari að flutningsmaður, hvort sem er þingmaður, þingnefnd eða ráðherra, geti

dregið mál til baka ef svo stendur á. Slíkt kæmi mögulega til greina þegar aðstæður tengdar þingmálum hafa breyst og markmið lagasetningar eru ekki lengur raunhæf.

Þá felst einnig í greininni bein krafa á þingnefndir að afgreiða öll þau mál sem til þeirra er vísað fyrir lok hvers löggjafarþings. Með ákvæðinu er reynt að sporna við því að mál dagi uppi í nefndum. Þó er tiltekið í ákvæðinu að nægilegt sé að nefnd afgreiði nefndarálit um þingmál á yfirstandandi löggjafarþingi en áframhaldandi umræða um þingmál getur beðið næsta löggjafarþings. Þannig má sjá fyrir sér að þingnefndir afgreiði fjölda mála að vori eða í september og síðan fari fram umræða um málin strax á nýju löggjafarþingi. Fyrsti málsliður ákvæðisins opnar einmitt fyrir þessa leið með því að takmarka ekki líftíma þingmála við hvert löggjafarþing.

Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að takast þarf á við nokkur tæknileg atriði sem tengjast meðal annars líftíma þingmála, svo sem vegna málanúmera og annarra atriða í meðförum þingsins en flutningsmenn telja engin veruleg vandkvæði því tengd. Það er mat flutningsmanna að breytingar þær sem frumvarpið boðar komi til með að styrkja störf og lýðræðislega virkni þingsins.

914. Frumvarp til laga [525. mál]

um breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

2. málsl. 11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skal semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölul. 3. gr., þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.
b. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í gjaldskrá er heimilt að ákveða eftirtalin gjöld.
c. B-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum.
d. C-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3,00% af aflaverðmæti. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.
e. 2. mgr. orðast svo:
   Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.

f. 5. mgr. orðast svo:
Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:
a. Í stað orðanna „til ársloka 2010“ í 1. mgr. kemur: til ársloka 2012.
b. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 2. mgr. kemur: 1. janúar 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Markmið þess er þríþætt. Í fyrsta lagi að kveða skýrar á um að innheimta aflagjalds skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 17. gr. laganna í hlutfalli við aflaverðmæti hafi fullgilda lagastoð. Í öðru lagi að styrkja grundvöll gjaldtöku hafna í opinberri eigu með því að kveða skýrar á um setningu gjaldskrár, forsendur gjaldskrár og upplýsingaskyldu til notenda en gert er í gildandi lögum. Í þriðja lagi er lagt til að bráðabirgðaákvæði um framkvæmdastyrki til hafna verði framlengt um tvö ár, m.a. í ljósi erfiðra rekstrarskilyrða hafna hér á landi. Í 4. gr. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum, er í 17. gr. kveðið á um gjaldtökuheimild hafna sem falla undir 2. tölul. 8. gr. laganna, þ.e. hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga. Skv. 11. gr. laganna er höfnum án sérstakrar hafnarstjórnar einnig heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. og er þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu einnig ætlað að gilda um þær hafnir eftir því sem við á. Þar sem í 17. gr. eru ítarleg ákvæði um grundvöll gjaldtöku er lögð til sú breyting í 1. gr. frumvarpsins að 2. málsl. 11. gr. falli brott, enda er þar um óþarfa tvítekningu að ræða í lögunum.

Um 2. gr.

Álitamál hafa komið upp um álagningu aflagjalds en í hafnalögum er aflagjaldið tilgreint sem sérstakur vörugjaldsflokkur. Bent hefur verið á að miðað við orðalag 17. gr. laganna kunni að orka tvímælis að miða upphæð aflagjaldsins við verðmæti afla. Á hinn bóginn er mjög löng hefð fyrir því viðmiði. Bent hefur verið á að þetta fyrirkomulag hafi þann kost fyrir útgerðirnar að þegar lágt verð fáist fyrir afla taki höfnin tillit til þess og taki lágt gjald fyrir þjónustu sína en þegar verð er hátt njóti hún góðs af því.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði skýrt á um að aflagjald miðist við aflaverðmæti sjávarafurða sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfnum og að það verði minnst 1,25% og mest 3% af aflaverðmæti en sjávarafurðir eru skilgreinar sem sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

Meginröksemd fyrir því að fara þessa leið er sú að ef fara ætti aðra leið, t.d. með því að færa álagningu aflagjalds yfir í svipaða viðmiðun og vörugjaldið, þ.e. að afla verði skipað í sérstakan vörugjaldsflokk og af honum greitt fast gjald miðað við þyngd, yrði mikil til-

færsla á tekjum hafna af afla. Sem dæmi má nefna skiptingu tekna af bolfiski og uppsjávarfiski. Til að tryggja að tekjur einstakra hafna haldist óbreyttar þyrfti að taka að lágmarki upp tvo nýja vörugjaldsflokka fyrir sjávarafurðir. Bolfiskur, þ.e. þorskur, ýsa og karfi, sem dæmi, eru mun verðmætari en uppsjávarfiskur, þ.e. makríll, loðna, síld og kolmunni sem eru mun verðminni afurðir. Verði tekið upp flokkaskipt gjald fyrir afla, grundvallað á þunga aflans, þarf gjald fyrir löndun bolfisks að vera mjög hátt í þeim höfnum sem reiða sig á hann en hafa ekki mikið af annars konar afla. Verði það ekki gert mun það lækka tekjur hafna sem búa við þessar aðstæður. Flestar hafnir hér á landi eru reknar með tapi og hafa því ekkert svigrúm til að bregðast við tekjumissi. Af þessum sökum sýnist eðlilegasta leiðin vera sú að gera breytingar á hafnalögum þannig að innheimta aflagjalds á grundvelli verðmætis verði ótvírætt heimil.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði skýrt á um það að stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skuli semja gjaldskrá fyrir höfnina þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda skv. 17. gr. Jafnframt eru lagðar til ýmsar minni háttar breytingar á greininni til þess að auka skýrleika hennar. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, en skv. 5. tölul. 3. gr. laganna er rekstur hafnar skilgreindur svo: „að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuaðstöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, upptökumannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm, og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsöguþjónustu, festarþjónustu, vigtarþjónustu, sorphirðu, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum. Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.“ Til að taka af allan vafa er í 2. gr. lagt til að auk vísunar til framangreinds ákvæðis laganna sé kveðið skýrt á um það að gjaldtöku hafnar sé einnig ætlað að standa undir fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar. Miðað er við að í forsendum gjaldskrár sé tekið tillit til opinberra framlaga til framkvæmda.

Með lögum nr. 28/2007 voru gerðar breytingar á hafnalögum þar sem kveðið var á um rétt notenda hafna til að krefjast upplýsinga um meðalkostnað við að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda. Markmið þessara breytinga var að lögfesta þá meginreglu um þjónustugjöld vegna opinberrar þjónustu að notendur eigi að geta kynnt sér forsendur gjaldtöku. Hafnasamband Íslands hefur hins vegar bent á að vandkvæðum er bundið að uppfylla umrædda lagaskyldu með nákvæmri sundurliðun kostnaðar við einstaka gjaldskrárliði. Ástæðan er m.a. sú að verulegur hluti af gjaldtöku hafna rennur til greiðslu stofnkostnaðar auk þess sem við gjaldtöku hafna þarf að horfa til þess hvaða fjárfestingar og viðhald þarf að ráðast í til framtíðar. Því markmiði sem stefnt var að með setningu laga nr. 28/2007 má að miklu leyti ná fram með því að skylda hafnir til að upplýsa notendur um almennar forsendur fyrir gjaldskrám og veita nánari upplýsingar um afkomu hafnarinnar. Eru lagðar til breytingar á 11. og 17. gr. laganna til samræmis við þessi sjónarmið.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að farið verði eftir ákvæðum eldri hafnalaga varðandi ríkisstyrktar framkvæmdir á gildistíma hafnaáætlunar 2001–2004 til áramóta 2012 og 2013. Sama gildir um heimild til að styrkja framkvæmdir í höfnum á grundvelli eldri hafnalaga, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/ 2002. Ákvæði í 24. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, takmarka mjög heimildir til að veita framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda frá því sem var í eldri

hafnalögum, nr. 23/1994. Meginregla laganna frá 2003 er að ekki sé heimilt að veita styrki til nýrra viðlegumannvirka og varnarmannvirkja nema þá í allra minnstu höfnunum. Áfram er þó heimilt að veita styrki til endurbóta á skjólgörðum og til viðhaldsdýpkana. Undanþága frá þessum ákvæðum var veitt með bráðabirgðaákvæði II í lögunum og heimilað að framkvæmdir sem kæmu inn í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2007–2010 gætu notið ríkisstyrkja í samræmi við ákvæði í eldri hafnalögum, nr. 23/1994, vegna áforma samgönguyfirvalda um að hafnir skuli jafnsettar á aðlögunartíma nýrra hafnalaga. Vegna niðurskurðar á fjárlögum síðustu árin hefur ekki tekist að fjármagna öll þau jafnsetningarverkefni sem komust inn á samgönguáætlun 2007–2010. Því er lagt til að umrætt bráðabirgðaákvæði verði framlengt um tvö ár eða til ársloka 2012.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að þeim sveitarfélögum sem reka hafnir sé veitt heimild til að innheimta aflagjald af sjávarafurðum og miðast gjaldið við prósentuhlutfall af aflverðmæti vara. Ráðgert er að gjaldið renni í hafnarsjóð viðkomandi hafnar til reksturs hennar. Hefð er fyrir því að leggja aflagjöld á miðað við verðmæti afla en í gildandi lögum er aflagjaldið talið sérstakur vörugjaldsflokkur. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði í gildandi lögum um ríkisstyrktar framkvæmdir eins og kveðið var á um í eldri lögum haldi gildi sínu til loka árs 2012. Sama gildir um heimild til að styrkja framkvæmdir í höfnum á grundvelli eldri hafnalaga, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Meginregla gildandi laga er að ekki sé heimilt að veita styrki til nýrra viðlegumannvirkja og varnarmannvirkja nema þá í allra minnstu höfnunum. Áfram er þó heimilt að veita styrki til endurbóta á skjólgörðum og viðhaldsdýpkana. Undanþága frá þessum ákvæðum var veitt með bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum. Þar sem ekki hefur tekist að fjármagna öll þau jafnsetningarverkefni sem komust inn á samgönguáætlun 2007-2010 er því lagt til að umrætt bráðbirgðaákvæði verði framlengt um tvö ár. Um er að ræða heimild þar sem áætlað er að framkvæmdir og fjárheimildir verði samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hvers árs. Kostnaðaráætlanir vegna allra þessara framkvæmda nema allt að 1.100 m.kr. Hvort og í hvaða mæli ráðist verður í þau verkefni ræðst þó alfarið af því hvaða fjárheimildir verða veittar til þeirra í fjárlögum á hverjum tíma.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til þess að segja til um hvort breyting á gjaldtöku í höfnum muni hafa veruleg áhrif á innheimtu tekna. Hvernig tekjuþróunin verður hjá hafnarsjóðunum fer eftir verðmæti afla og hvaða prósenthlutfall viðkomandi sveitarfélög munu miða við.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

915. Tillaga til þingsályktunar [526. mál]

um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd bókun um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi og samþykk var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. nóvember 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á bókun um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (Palermó-samning) og samþykkt sama dag af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York, hinn 15. nóvember 2000. Bókunin er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Á hverju ári er verslað með hundruð þúsunda manna, kvenna og barna um allan heim. Vinnuánauð og kynlífsþrælkun hafa færst í vöxt og eru gríðarlega arðbær glæpastarfsemi sem oft er stýrt af áhrifamiklum glæpasamtökum. Ungir einstaklingar eru oft og tíðum tældir inn í vændishringi með auglýsingum eftir heimilishjálp erlendis eða eru keyptir og seldir í gegnum vörulista, jafnvel fyrir tilstilli náinna fjölskyldumeðlima. Þegar þessir einstaklingar hafa verið hnepptir í þrældóm eru þeir oft barðir og þeim nauðgað áður en þeir eru seldir af einum húsbónda til annars. Þeir eru þannig brotnir niður andlega og því yfirleitt ófærir um að losa sig úr ánauðinni eða leita til yfirvalda eftir aðstoð. Hræðslan um brottvísun frá viðtökuríki eða hefnd glæpasamtaka sem beinist gegn þeim eða fjölskyldu þeirra heima fyrir setur þá auk þess í erfiða aðstöðu.

Þessi þróun hefur valdið síauknum áhyggjum í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Á sjöunda fundi nefndar um afbrotavarnir og refsiviðurlög árið 1998 lagði Argentína til að gerður yrði nýr samningur gegn verslun með börn. Ríki heims komu sér saman um að víkka út gildissviðið og láta það ná yfir mansal almennt, en á sama tíma vekja athygli á varnarleysi kvenna og barna og sérstakri þörf þeirra fyrir vernd og stuðning. Ríkin komu sér einnig saman um að besta leiðin til að takast á við vandamálið væri að útfæra Palermó-samninginn.

Samningaviðræðum um bókunina lauk seint í október árið 2000 og samþykkti allsherjarþingið hana ásamt fyrrnefndum samningi 15. nóvember 2000 í New York. Í samningnum eru settar fram grundvallarráðstafanir sem nauðsynlegar eru til forvarna gegn og baráttu við alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi. Í bókuninni eru síðan útfærðar sérstakar ráðstafanir í baráttunni gegn mansali. Túlka ber bókunina með hliðsjón af samningnum, sbr. 1. gr. hennar.

Bókunin ásamt samningnum var lögð fram til undirritunar á ráðstefnu sem fram fór í Palermó á Ítalíu 12.–15. desember og var undirrituð fyrir Íslands hönd 13. desember 2000. Bókunin öðlaðist gildi 25. desember 2003, en hinn 21. mars 2010 höfðu 137 ríki gerst aðilar að henni.

Markmið bókunarinnar eru að berjast gegn mansali, einkum verslun með konur og börn, að aðstoða og vernda fórnarlömb mansals og að stuðla að samstarfi aðildarríkjanna til að ná fyrrgreindum markmiðum. Í þessu skyni skilgreinir bókunin hugtakið mansal, leggur til leiðir

til að efla löggæslu og landamæraeftirlit, styrkir dómskerfið, eykur við vernd og stuðning við fórnarlömb og vitni, og kemur á forvarnastefnu.

Með aðild að bókuninni skuldbinda ríki sig til þess að gera mansal refsivert í landsrétti sínum sé það framið af ásetningi. Einnig skal vera refsivert að gera tilraun til, vera hlutdeildarmaður í, gera áætlun um eða stjórna því að aðrir einstaklingar fremji slíkt brot, sbr. 5. gr. bókunarinnar. Bókunin er fyrsti alþjóðlegi bindandi gerningurinn sem skilgreinir hugtakið mansal, en það merkir skv. a-lið 3. gr. að „útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, með því að hóta valdbeitingu eða beita valdi eða með annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða með því að afhenda eða taka við greiðslu eða ábata í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi, með misneytingu þeirra í gróðaskyni að markmiði. Í misneytingu í gróðaskyni felst, sem lágmark, fénýting vændis annarra eða kynferðisleg misneyting í gróðaskyni í annarri mynd, nauðungarvinna eða nauðungarþjónusta, þrælkun eða iðja í líkingu við þrælkun, ánauð eða það að fjarlægja líffæri“.

Sé slíkum þvingunum beitt hefur samþykki fórnarlambs mansals fyrir fyrirhugaðri misneytingu í gróðaskyni ekki áhrif á refsingu þess sem fremur brotið, sbr. b-lið 3. gr. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við barni með misneytingu þess í gróðaskyni að markmiði telst „mansal“ jafnvel þó að einhverjum þeirra aðferða er um getur í a-lið 3. gr. sé ekki beitt, sbr. c- og d-lið 3. gr. Bókunin tekur til allra einstaklinga en þó er áhersla lögð á börn og konur þar sem aðildarríkin viðurkenna að þessir hópar séu sérstaklega berskjaldaðir.

Bókunin gildir um forvarnir gegn brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt ákvæðum hennar, rannsókn á slíkum brotum og saksókn vegna þeirra, ef þau eru liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu. Aðildarríki bókunarinnar skuldbinda sig þó ekki einvörðungu til aðgerða gegn hinum brotlegu heldur einnig til að gera ráðstafanir til að vernda og styðja fórnarlömb mansals, sbr. 4. gr.

Í 6. gr. bókunarinnar segir að hvert aðildarríki skuli vernda friðhelgi einkalífs fórnarlamba mansals þar sem það á við og eftir því sem landslög heimila og halda nöfnum þeirra leyndum. Hvert aðildarríki skal tryggja að til séu leiðir innan réttarkerfis og stjórnsýslu þess til að fórnarlömbum mansals séu veittar upplýsingar um viðeigandi málsmeðferð fyrir dómstólum og innan stjórnsýslu og aðstoð við að koma sjónarmiðum sínum og áhyggjum á framfæri við meðferð sakamáls. Hvert aðildarríki skal einnig taka til skoðunar að koma á líkamlegri, sálrænni og félagslegri endurhæfingu fórnarlamba mansals. Einkum skal hvert aðildarríki skoða það að útvega þeim húsnæði við hæfi, ráðgjöf og upplýsingar á tungumáli sem þau skilja, læknisaðstoð, sálfræðiþjónustu og efnislega aðstoð og skapa þeim tækifæri til atvinnu, menntunar og þjálfunar. Aðildarríki skal, að því er varðar þessi atriði, taka tillit til aldurs, kyns og sérþarfa fórnarlamba mansals, einkum barna. Aðildarríki skal einnig leitast við að tryggja líkamlegt öryggi fórnarlamba mansals á meðan þau dvelja á yfirráðasvæði þess og að fórnarlömb eigi möguleika á að fá bætur fyrir skaða sem þau hafa beðið.

Hvert aðildarríki skal íhuga að samþykkja lagaákvæði eða aðrar viðeigandi ráðstafanir sem gera fórnarlömbum mansals kleift að vera um kyrrt á yfirráðasvæði þess, um stundarsakir eða til frambúðar, þar sem það á við, með eðlilegu tilliti til mannúðarsjónarmiða og samúðar með brotaþolum, sbr. 7. gr.

Samkvæmt 8. gr. bókunarinnar skal aðildarríkið, þar sem fórnarlamb mansals hefur ríkisborgararétt eða rétt til fastrar búsetu við komu til viðtökuríkisins, auðvelda og samþykkja endurkomu viðkomandi einstaklings að teknu eðlilegu tilliti til öryggis hans og án ótilhlýðilegrar eða ástæðulausrar tafar. Þegar aðildarríki skilar fórnarlambi mansals aftur til síns

heima skal, við slíka endurkomu, taka eðlilegt tillit til öryggis viðkomandi og til stöðu sérhvers málareksturs sem tengist því að einstaklingurinn er fórnarlamb mansals og skal slík endurkoma helst vera af fúsum og frjálsum vilja. Einnig skal það aðildarríki sem beiðninni er beint til án ótilhlýðilegrar og ástæðulausrar tafar sannreyna hvort einstaklingur, sem er fórnarlamb mansals, sé ríkisborgari þess eða hafi haft búseturétt þar þegar hann kom til þess aðildarríkis sem endursendir hann. Einnig skal aðildarríkið þar sem einstaklingurinn hefur ríkisborgararétt eða hafði búseturétt auðvelda endurkomu einstaklings sem er án réttra skilríkja og fallast á að gefa út ferðaskilríki eða aðrar heimildir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að gera fyrrnefndum einstaklingi kleift að ferðast til yfirráðasvæðis þess og koma þangað á ný. Þessi grein hefur þó hvorki áhrif á rétt sem fórnarlömbum mansals er veittur samkvæmt landslögum viðtökuaðildarríkisins né á gildandi tví- eða fjölhliða samninga eða fyrirkomulag sem kveður, að öllu leyti eða að hluta, á um endurkomu fórnarlamba mansals.

Samkvæmt 9. gr. bókunarinnar skulu aðildarríkin marka heildarstefnu, gera heildaráætlanir og aðrar ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali ásamt því að vernda fórnarlömb mansals, einkum konur og börn, gegn því að þau verði enn og aftur gerð að slíkum fórnarlömbum. Aðildarríkin skulu jafnframt beita sér fyrir átaki á sviði rannsókna, upplýsinga og kynninga í fjölmiðlum og eiga frumkvæði að aðgerðum í félags- og efnahagsmálum í samstarfi við frjáls félagasamtök til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali. Þá skulu aðildarríkin með tví- og fjölhliða samstarfi gera eða efla ráðstafanir til að aflétta ástandi, svo sem fátækt, vanþróun og skorti á jöfnum tækifærum, sem leiðir til mansals. Einnig skulu aðildarríkin samþykkja eða herða lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, t.d. á sviði menntunar og félags- eða menningarmála, í því skyni að draga úr eftirspurn sem ýtir undir alls kyns misneytingu einstaklinga í gróðaskyni og leiðir til mansals.

Eftir því sem við á og samkvæmt landslögum hvers og eins aðildarríkis skulu lögregla og önnur viðkomandi yfirvöld eiga samstarf sín á milli í formi gagnkvæmra upplýsingaskipta, sbr. 10. gr. Þær upplýsingar sem um ræðir eru til að glöggva sig á hvort einstaklingar, sem fara yfir landamæri ríkja, eða gera tilraun til þess, með ferðaskilríki annarra manna eða án ferðaskilríkja, séu brotamenn eða fórnarlömb mansals. Upplýsingarnar geta einnig varðað hvers konar ferðaskilríki sem einstaklingar hafa notað, eða gert tilraun til að nota, til þess að fara yfir landamæri ríkja í því skyni að stunda mansal og þær aðferðir sem skipulögð glæpasamtök beita við mansal. Einnig skal tryggja starfsþjálfun viðkomandi opinberra starfsmanna sem miðar að því að koma í veg fyrir mansal. Aðildarríki, sem tekur við upplýsingunum, skal verða við beiðni aðildarríkisins, sem sendir upplýsingarnar, þess efnis að notkun þeirra verði takmörkunum háð.

Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar varðandi frjálsa för fólks skulu aðildarríkin efla eftirlit á landamærum eftir því sem unnt er og nauðsyn krefur, til þess að koma í veg fyrir og koma upp um mansal, sbr. 11. gr. bókunarinnar. Eins skal hvert aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að flutningatæki, sem flytjendur í atvinnurekstri reka, séu notuð við mansal. Eftir því sem við á og með fyrirvara um gildandi alþjóðasamninga skal skylda flytjendur í atvinnurekstri, að meðtöldum flutningafyrirtækjum eða eigendum eða rekendum hvers kyns flutningatækja, til þess að ganga úr skugga um að allir farþegar séu með ferðaskilríki sem er krafist vegna komu til viðtökuríkis. Einnig skal hvert aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við landslög sín, til þess að sett verði viðurlög við því að sinna ekki slíkri skyldu. Enn fremur skal aðildarríki íhuga að grípa til ráðstafana sem gera kleift að synja einstaklingum sem eru viðriðnir mansal að koma inn á

yfirráðasvæði þess eða að afturkalla vegabréfsáritanir slíkra einstaklinga og efla samstarf stofnana sem annast landamæraeftirlit.

Samkvæmt 12. gr. skal eins og kostur er og nauðsyn krefur tryggja að ferða- og persónuskilríki sem útgefin eru í aðildarríki séu þess eðlis að þau verði ekki misnotuð, fölsuð eða breytt, endurgerð eða gefin út á ólöglegan hátt. Í samræmi við landslög sín og innan eðlilegra tímamarka skal aðildarríki að beiðni annars aðildarríkis ganga úr skugga um lögmæti og gildi ferða- og persónuskilríkja sem gefin eru út, eða gefið er til kynna að gefin hafi verið út í umboði þess og grunur leikur á að séu notuð við mansal, sbr. 13. gr.

Í 14. gr. er áréttað að bókunin hafi ekki áhrif á rétt, skyldur og ábyrgð ríkja og einstaklinga samkvæmt reglum þjóðaréttar, einkum samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 ásamt viðbótarsamningi við hann frá 1967 og meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Að auki skal túlka og beita ákvæðum bókunar þessarar í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur um bann við mismunun.

Við breytingu á almennu hegningarlögunum með lögum nr. 40/2003 var meðal annars tekið mið af bókuninni þegar nýrri grein var bætt við hegningarlögin sem gerði mansal refsivert. Frekari breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga voru gerðar með lögum nr. 149/2009 til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem bókunin leggur aðildarríkjum á herðar.

Fylgiskjal.

Bókun um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.	**Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime.**
Inngangsorð.	Preamble
Ríkin, sem eru aðilar að bókun þessari og	The States Parties to this Protocol,
lýsa því yfir að eigi ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali, einkum kvenna og barna, að skila árangri þurfi að beita heildrænum aðferðum, þar sem margar þjóðir leggjast á eitt, í viðkomandi uppruna-, umflutnings- og ákvörðunarlöndum sem meðal annars felast í því að koma í veg fyrir slíka sölu, refsa þrælasölum og vernda fórnarlömb slíkrar sölu með því, meðal annars, að vernda alþjóðlega viðurkennd mannréttindi þeirra,	Declaring that effective action to prevent and combat trafficking in persons, especially women and children, requires a comprehensive international approach in the countries of origin, transit and destination that includes measures to prevent such trafficking, to punish the traffickers and to protect the victims of such trafficking, including by protecting their internationally recognized human rights,
taka mið af þeirri staðreynd að þrátt fyrir að til sé samsafn alþjóðlegra gerninga, sem innihalda reglur og hagnýtar ráðstafanir til þess að berjast gegn misneytingu fólks í gróðaskyni, einkum kvenna og barna, er engum alhliða gerningi fyrir að fara sem fjallar um mansal í sinni margvíslegu mynd,	Taking into account the fact that, despite the existence of a variety of international instruments containing rules and practical measures to combat the exploitation of persons, especially women and children, there is no universal instrument that addresses all aspects of trafficking in persons,

hafa af því áhyggjur að vöntun á slíkum gerningi þýði að fólk, sem er berskjaldað gagnvart mansali, njóti ekki nægilegrar verndar,

minnast ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 53/111 frá 9. desember 1998 þar sem allsherjarþingið ákvað að koma á fót sérstakri milliríkjanefnd í því skyni að vinna að gerð heildstæðs alþjóðasamnings gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi og að fjalla, meðal annars, um gerð alþjóðlegs gernings um mansal kvenna og barna,

eru sannfærð um að viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi í formi alþjóðlegs gernings um að koma í veg og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, hjálpi til við að koma í veg fyrir og berjast gegn þeim glæp,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Tengsl við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.

1. Bókun þessi er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi. Túlka ber bókunina með hliðsjón af samningnum.
2. Ákvæði samningsins gilda um bókun þessa, að breyttu breytanda, nema kveðið sé á um annað í henni.
3. Líta ber á brot, sem gerð eru refsiverð skv. 5. gr. bókunar þessarar, sem brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum.

2. gr.

Yfirlýst markmið.

Markmiðin með bókun þessari eru:

a) að koma í veg fyrir mansal og berjast gegn því, þar sem sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna,
b) að vernda og aðstoða fórnarlömb mansals með fullri virðingu fyrir mannréttindum þeirra og
c) að stuðla að samstarfi aðildarríkja í því skyni að ná fyrrnefndum markmiðum.

3. gr.

Notkun hugtaka.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Mansal“ merkir að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, með því að hóta

Concerned that, in the absence of such an instrument, persons who are vulnerable to trafficking will not be sufficiently protected,

Recalling General Assembly resolution 53/111 of 9 December 1998, in which the Assembly decided to establish an open-ended intergovernmental ad hoc committee for the purpose of elaborating a comprehensive international convention against transnational organized crime and of discussing the elaboration of, inter alia, an international instrument addressing trafficking in women and children,

Convinced that supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime with an international instrument for the prevention, suppression and punishment of trafficking in persons, especially women and children, will be useful in preventing and combating that crime,

Have agreed as follows:

I. General provisions.

Article 1

Relation with the United Nations Convention against Transnational Organized Crime.

1. This Protocol supplements the United Nations Convention against Transnational Organized Crime. It shall be interpreted together with the Convention.
2. The provisions of the Convention shall apply, mutatis mutandis, to this Protocol unless otherwise provided herein.
3. The offences established in accordance with article 5 of this Protocol shall be regarded as offences established in accordance with the Convention.

Article 2

Statement of purpose.

The purposes of this Protocol are:

a) To prevent and combat trafficking in persons, paying particular attention to women and children;
b) To protect and assist the victims of such trafficking, with full respect for their human rights; and
c) To promote cooperation among States Parties in order to meet those objectives.

Article 3

Use of terms.

For the purposes of this Protocol:

a) “Trafficking in persons” shall mean the recruitment, transportation, transfer, harbouring or re-

valdbeitingu eða beita valdi eða með annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða með því að afhenda eða taka við greiðslu eða ábata í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi, með misneytingu þeirra í gróðaskyni að markmiði. Í misneytingu í gróðaskyni felst, sem lágmark, fénýting vændis annarra eða kynferðisleg misneyting í gróðaskyni í annarri mynd, nauðungarvinna eða nauðungarþjónusta, þrælkun eða iðja í líkingu við þrælkun, ánauð eða það að fjarlægja líffæri,

b) samþykki fórnarlambs mansals fyrir fyrirhugaðri misneytingu í gróðaskyni, er um getur í a-lið þessarar greinar, er málinu óviðkomandi hafi einhverjum þeirra ráða er um getur í a-lið verið beitt,

c) að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við barni með misneytingu þess í gróðaskyni að markmiði telst „mansal“ jafnvel þó að einhverjum þeirra aðferða er um getur í a-lið þessarar greinar sé ekki beitt,

d) „barn“ merkir sérhvern einstakling undir átján ára aldri.

4. gr.

Gildissvið.

Bókun þessi gildir, nema annað sé tekið fram í henni, um forvarnir gegn brotum, sem gerð eru refsiverð skv. 5. gr. bókunar þessarar, rannsókn á slíkum brotum og saksókn vegna þeirra, ef þau eru liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu, og um vernd brotaþola.

5. gr.

Verknaður gerður refsiverður.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lagaákvæði og aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að háttsemi, er um getur í 3. gr. bókunar þessarar, geti talist refsiverð þegar um ásetning er að ræða.
2. Hvert aðildarríki skal einnig samþykkja lagaákvæði og aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að eftirfarandi háttsemi geti talist refsiverð:

a) með fyrirvara um grundvallarhugtök réttarkerfis ríkisins, að gera tilraun til þess að fremja brot samanber 1. mgr. þessarar greinar,

b) að vera hlutdeildarmaður í broti sem gert er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar og

c) að gera áætlun um eða stjórna því að aðrir einstaklingar fremji brot sem gert er refsivert skv. 1.

ceipt of persons, by means of the threat or use of force or other forms of coercion, of abduction, of fraud, of deception, of the abuse of power or of a position of vulnerability or of the giving or receiving of payments or benefits to achieve the consent of a person having control over another person, for the purpose of exploitation. Exploitation shall include, at a minimum, the exploitation of the prostitution of others or other forms of sexual exploitation, forced labour or services, slavery or practices similar to slavery, servitude or the removal of organs;

b) The consent of a victim of trafficking in persons to the intended exploitation set forth in subparagraph (a) of this article shall be irrelevant where any of the means set forth in subparagraph (a) have been used;

c) The recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of a child for the purpose of exploitation shall be considered "trafficking in persons" even if this does not involve any of the means set forth in subparagraph (a) of this article;

d) "Child" shall mean any person under eighteen years of age.

Article 4

Scope of application.

This Protocol shall apply, except as otherwise stated herein, to the prevention, investigation and prosecution of the offences established in accordance with article 5 of this Protocol, where those offences are transnational in nature and involve an organized criminal group, as well as to the protection of victims of such offences.

Article 5

Criminalization.

1. Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences the conduct set forth in article 3 of this Protocol, when committed intentionally.
2. Each State Party shall also adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences:

a) Subject to the basic concepts of its legal system, attempting to commit an offence established in accordance with paragraph 1 of this article;

b) Participating as an accomplice in an offence established in accordance with paragraph 1 of this article; and

c) Organizing or directing other persons to commit an offence established in accordance with para-

mgr. þessarar greinar.

II. Vernd fórnarlamba mansals.

6. gr.

Aðstoð við fórnarlömb mansals og vernd þeirra.

1. Hvert aðildarríki skal, þar sem það á við og eftir því sem landslög heimila, vernda friðhelgi einkalífs fórnarlamba mansals og halda nöfnum þeirra leyndum, meðal annars með því að tryggja að málarekstur vegna mansals fari fram fyrir luktum dyrum.
2. Hvert aðildarríki skal tryggja að til séu leiðir innan réttarkerfis og stjórnsýslu þess til þess að veita fórnarlömbum mansals, þar sem það á við:

a) upplýsingar um viðeigandi málsmeðferð fyrir dómstólum og innan stjórnsýslu,
b) aðstoð við að koma sjónarmiðum sínum og áhyggjum á framfæri og að þau fái umfjöllun á viðeigandi stigum meðferðar sakamála, sem eru höfðuð gegn brotamönnum, með þeim hætti að réttindi varnaraðila séu ekki skert.

3. Hvert aðildarríki skal taka til skoðunar að koma á líkamlegri, sálrænni og félagslegri endurhæfingu fórnarlamba mansals, meðal annars og þar sem það á við, í samstarfi við frjáls félagasamtök, önnur viðkomandi samtök og aðrar undirstöðustofnanir borgaralegs samfélags. Einkum skal hvert aðildarríki skoða það að:
a) útvega þeim húsnæði við hæfi,
b) veita þeim ráðgjöf og upplýsingar, einkum um lagalegan rétt þeirra, á tungumáli sem fórnarlömb mansals skilja,
c) láta þeim í té læknisaðstoð, sálfræðiþjónustu og efnislega aðstoð og
d) skapa þeim tækifæri til atvinnu, menntunar og þjálfunar.

4. Hvert aðildarríki skal, þegar það beitir ákvæðum þessarar greinar, taka tillit til aldurs, kyns og sérþarfa fórnarlamba mansals, einkum sérþarfa barna, þ.m.t. hvað viðkemur húsnæði við hæfi, menntun og umönnun.
5. Hvert aðildarríki skal leitast við að tryggja líkamlegt öryggi fórnarlamba mansals meðan þau dvelja á yfirráðasvæði þess.
6. Hvert aðildarríki skal tryggja að til séu leiðir innan réttarkerfis þess til þess að bjóða fórnarlömbum mansals þann kost að fá greiddar skaðabætur.

7. gr.

Staða fórnarlamba mansals í viðtökuríkjum.

1. Hvert aðildarríki skal taka til skoðunar, jafnframt því að gera ráðstafanir skv. 6. gr. bókunar þessarar,

graph 1 of this article.

II. Protection of victims of trafficking in persons.

Article 6

Assistance to and protection of victims of trafficking in persons.

1. In appropriate cases and to the extent possible under its domestic law, each State Party shall protect the privacy and identity of victims of trafficking in persons, including, inter alia, by making legal proceedings relating to such trafficking confidential.
2. Each State Party shall ensure that its domestic legal or administrative system contains measures that provide to victims of trafficking in persons, in appropriate cases:
a) Information on relevant court and administrative proceedings;
b) Assistance to enable their views and concerns to be presented and considered at appropriate stages of criminal proceedings against offenders, in a manner not prejudicial to the rights of the defence.

3. Each State Party shall consider implementing measures to provide for the physical, psychological and social recovery of victims of trafficking in persons, including, in appropriate cases, in cooperation with non-governmental organizations, other relevant organizations and other elements of civil society, and, in particular, the provision of:
a) Appropriate housing;
b) Counselling and information, in particular as regards their legal rights, in a language that the victims of trafficking in persons can understand;
c) Medical, psychological and material assistance; and
d) Employment, educational and training opportunities.

4. Each State Party shall take into account, in applying the provisions of this article, the age, gender and special needs of victims of trafficking in persons, in particular the special needs of children, including appropriate housing, education and care.
5. Each State Party shall endeavour to provide for the physical safety of victims of trafficking in persons while they are within its territory.
6. Each State Party shall ensure that its domestic legal system contains measures that offer victims of trafficking in persons the possibility of obtaining compensation for damage suffered.

Article 7

Status of victims of trafficking in persons in receiving States.

1. In addition to taking measures pursuant to article 6 of this Protocol, each State Party shall consider

að samþykkja lagaákvæði eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir sem gera fórnarlömbum mansals kleift að vera um kyrrt á yfirráðasvæði þess, um stundarsakir eða til frambúðar, þar sem það á við.
2. Hvert aðildarríki skal, þegar það beitir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, taka eðlilegt tillit til mannúðarsjónarmiða og auðsýna brotaþolum samúð.

8. gr.

Heimflutningur fórnarlamba mansals.

1. Aðildarríkið, þar sem fórnarlamb mansals hefur ríkisborgararétt eða þar sem viðkomandi einstaklingur hafði rétt til fastrar búsetu við komu til yfirráðasvæðis viðtökuaðildarríkisins, skal auðvelda og samþykkja endurkomu fyrrnefnds einstaklings að teknu eðlilegu tilliti til öryggis hans og án ótilhlýðilegrar eða ástæðulausrar tafar.
2. Þegar aðildarríki skilar fórnarlambi mansals aftur til síns heima í aðildarríki þar sem viðkomandi einstaklingur hefur ríkisborgararétt eða þar sem hann hafði rétt til fastrar búsetu við komu til yfirráðasvæðis viðtökuaðildarríkisins skal, við slíka endurkomu, taka eðlilegt tillit til öryggis fyrrnefnds einstaklings og til stöðu sérhvers málareksturs sem tengist því að einstaklingurinn er fórnarlamb mansals og skal slík endurkoma helst vera af fúsum og frjálsum vilja.
3. Aðildarríki, sem beiðni er beint til, skal, að beiðni viðtökuaðildarríkis og án ótilhlýðilegrar eða ástæðulausrar tafar, sannreyna hvort einstaklingur, sem er fórnarlamb mansals, sé ríkisborgari þess eða hafði rétt til fastrar búsetu á yfirráðasvæði þess við komu til yfirráðasvæðis viðtökuaðildarríkisins.

4. Í því skyni að auðvelda endurkomu fórnarlambs mansals, sem er án réttra skilríkja, skal aðildarríkið, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur ríkisborgararétt eða hafði rétt til fastrar búsetu á yfirráðasvæði þess við komu til yfirráðasvæðis viðtökuaðildarríkisins, fallast á, að beiðni viðtökuaðildarríkisins, að gefa út ferðaskilríki eða aðrar heimildir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að gera fyrrnefndum einstaklingi kleift að ferðast til yfirráðasvæðis þess og koma þangað inn á ný.
5. Grein þessi hefur engin áhrif á rétt sem fórnarlömbum mansals er veittur samkvæmt landslögum viðtökuaðildarríkisins.
6. Grein þessi hefur engin áhrif á gildandi tví- eða fjölhliða samninga eða fyrirkomulag sem kveður, að öllu leyti eða að hluta, á um endurkomu fórnarlamba mansals.

adopting legislative or other appropriate measures that permit victims of trafficking in persons to remain in its territory, temporarily or permanently, in appropriate cases.
2. In implementing the provision contained in paragraph 1 of this article, each State Party shall give appropriate consideration to humanitarian and compassionate factors.

Article 8

Repatriation of victims of trafficking in persons.

1. The State Party of which a victim of trafficking in persons is a national or in which the person had the right of permanent residence at the time of entry into the territory of the receiving State Party shall facilitate and accept, with due regard for the safety of that person, the return of that person without undue or unreasonable delay.
2. When a State Party returns a victim of trafficking in persons to a State Party of which that person is a national or in which he or she had, at the time of entry into the territory of the receiving State Party, the right of permanent residence, such return shall be with due regard for the safety of that person and for the status of any legal proceedings related to the fact that the person is a victim of trafficking and shall preferably be voluntary.

3. At the request of a receiving State Party, a requested State Party shall, without undue or unreasonable delay, verify whether a person who is a victim of trafficking in persons is its national or had the right of permanent residence in its territory at the time of entry into the territory of the receiving State Party.
4. In order to facilitate the return of a victim of trafficking in persons who is without proper documentation, the State Party of which that person is a national or in which he or she had the right of permanent residence at the time of entry into the territory of the receiving State Party shall agree to issue, at the request of the receiving State Party, such travel documents or other authorization as may be necessary to enable the person to travel to and re-enter its territory.
5. This article shall be without prejudice to any right afforded to victims of trafficking in persons by any domestic law of the receiving State Party.
6. This article shall be without prejudice to any applicable bilateral or multilateral agreement or arrangement that governs, in whole or in part, the return of victims of trafficking in persons.

III. Forvarnir, samvinna og aðrar ráðstafanir.

9. gr.

Forvarnir gegn mansali.

1. Aðildarríkin skulu marka heildarstefnu, gera heildaráætlanir og aðrar ráðstafanir í því skyni að:

a) koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og

b) vernda fórnarlömb mansals, einkum konur og börn, gegn því að þau verði enn og aftur gerð að slíkum fórnarlömbum.

2. Aðildarríki skulu beita sér fyrir átaki á sviði rannsókna, upplýsinga og kynninga í fjölmiðlum og eiga frumkvæði að aðgerðum í félags- og efnahagsmálum í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali.

3. Samkvæmt stefnumiðum, áætlunum og öðrum ráðstöfunum, sem eru ákveðin samkvæmt þessari grein, skal, eftir því sem við á, gera ráð fyrir samstarfi við frjáls félagasamtök, önnur viðkomandi samtök og undirstöðustofnanir borgaralegs samfélags.

4. Aðildarríki skulu gera eða efla ráðstafanir, m.a. með tví- og fjölhliða samstarfi, til þess að aflétta ástandi, sem gerir fólk, einkum konur og börn, berskjaldað gagnvart mansali, t.d. fátækt, vanþróun og skorti á jöfnum tækifærum.

5. Aðildarríkin skulu samþykkja eða herða lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, t.d. á sviði menntunar og félags- eða menningarmála, m.a. með tví- og fjölhliða samstarfi, í því skyni að draga úr eftirspurn sem ýtir undir alls kyns misneytingu fólks í gróðaskyni, einkum kvenna og barna, og leiðir til mansals.

10. gr.

Gagnkvæm upplýsingaskipti og starfsþjálfun.

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum sem framfylgja lögum eða annast útlendingaeftirlit eða önnur viðkomandi yfirvöld skulu eiga samstarf sín á milli, eftir því sem við á, í formi gagnkvæmra upplýsingaskipta, í samræmi við ákvæði landslaga hvers og eins, til þess að þeim sé gert kleift að glöggva sig á:

a) því hvort einstaklingar, sem fara yfir landamæri ríkja, eða gera tilraun til þess, með ferðaskilríki annarra manna eða án ferðaskilríkja, séu brotamenn eða fórnarlömb mansals,

b) gerðum ferðaskilríkja sem einstaklingar hafa notað, eða gert tilraun til að nota, til þess að fara yfir landamæri ríkja í því skyni að stunda mansal og

c) þeim aðferðum sem skipulögð glæpasamtök beita við mansal. Sem dæmi má nefna það að útvega eða flytja fórnarlömb og leiðir og tengsl milli einstaklinga og innan samtaka sem stunda slíka

III. Prevention, cooperation and other measures.

Article 9

Prevention of trafficking in persons.

1. States Parties shall establish comprehensive policies, programmes and other measures:

a) To prevent and combat trafficking in persons; and

b) To protect victims of trafficking in persons, especially women and children, from revictimization.

2. States Parties shall endeavour to undertake measures such as research, information and mass media campaigns and social and economic initiatives to prevent and combat trafficking in persons.

3. Policies, programmes and other measures established in accordance with this article shall, as appropriate, include cooperation with non-governmental organizations, other relevant organizations and other elements of civil society.

4. States Parties shall take or strengthen measures, including through bilateral or multilateral cooperation, to alleviate the factors that make persons, especially women and children, vulnerable to trafficking, such as poverty, underdevelopment and lack of equal opportunity.

5. States Parties shall adopt or strengthen legislative or other measures, such as educational, social or cultural measures, including through bilateral and multilateral cooperation, to discourage the demand that fosters all forms of exploitation of persons, especially women and children, that leads to trafficking.

Article 10

Information exchange and training.

1. Law enforcement, immigration or other relevant authorities of States Parties shall, as appropriate, cooperate with one another by exchanging information, in accordance with their domestic law, to enable them to determine:

a) Whether individuals crossing or attempting to cross an international border with travel documents belonging to other persons or without travel documents are perpetrators or victims of trafficking in persons;

b) The types of travel document that individuals have used or attempted to use to cross an international border for the purpose of trafficking in persons; and

c) The means and methods used by organized criminal groups for the purpose of trafficking in persons, including the recruitment and transportation of victims, routes and links between and

verslun, og hugsanlegum leiðum til þess að komast á snoðir um slíkar aðferðir.

2. Aðildarríki skulu bjóða fram eða efla starfsþjálfun fyrir opinbera starfsmenn sem framfylgja lögum eða annast útlendingaeftirlit og aðra viðkomandi opinbera starfsmenn sem miðar að því að koma í veg fyrir mansal. Í þjálfuninni skal leggja áherslu á aðferðir sem er beitt til þess að koma í veg fyrir mansal, saksókn þrælasala og það að vernda réttindi fórnarlamba, m.a. að vernda fórnarlömb gegn þrælasölum. Þjálfunin skal og ganga út á nauðsyn þess að taka mið af mannréttindum og taka til mála er varða börn og kynferði sérstaklega, auk þess sem hvatt skal til samstarfs við frjáls félagasamtök, önnur viðkomandi samtök og undirstöðustofnanir borgaralegs samfélags.

3. Aðildarríki, sem tekur við upplýsingunum, skal verða við beiðni aðildarríkisins, sem sendi upplýsingarnar, þess efnis að notkun upplýsinganna verði takmörkunum háð.

11. gr.

Ráðstafanir á landamærum.

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar varðandi frjálsa för fólks, efla eftirlit á landamærum, eftir því sem unnt er og nauðsyn krefur, til þess að koma í veg fyrir og koma upp um mansal.

2. Hvert aðildarríki skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að flutningatæki, sem flytjendur í atvinnurekstri reka, séu notuð þegar framin eru brot sem gerð eru refsiverð skv. 5. gr. bókunar þessarar.

3. Fyrrnefnd lagaákvæði eða ráðstafanir skulu, meðal annars, eftir því sem við á og með fyrirvara um gildandi alþjóðasamninga, skylda flytjendur í atvinnurekstri, að meðtöldum flutningafyrirtækjum eða eigendum eða rekendum hvers kyns flutningatækja, til þess að ganga úr skugga um að allir farþegar séu með ferðaskilríki sem er krafist vegna komu til viðtökuríkisins.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við landslög sín, til þess að sett verði ákvæði um viðurlög við því að sinna ekki þeirri skyldu sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

5. Hvert aðildarríki skal taka til skoðunar að grípa til ráðstafana sem gera kleift, í samræmi við landslög þess, að synja einstaklingum, sem eru viðriðnir brot sem eru gerð refsiverð samkvæmt bókun þessari, um að koma inn á yfirráðasvæði þess eða að afturkalla vegabréfsáritanir slíkra einstaklinga.

among individuals and groups engaged in such trafficking, and possible measures for detecting them.

2. States Parties shall provide or strengthen training for law enforcement, immigration and other relevant officials in the prevention of trafficking in persons. The training should focus on methods used in preventing such trafficking, prosecuting the traffickers and protecting the rights of the victims, including protecting the victims from the traffickers. The training should also take into account the need to consider human rights and child- and gender-sensitive issues and it should encourage cooperation with non-governmental organizations, other relevant organizations and other elements of civil society.

3. A State Party that receives information shall comply with any request by the State Party that transmitted the information that places restrictions on its use.

Article 11

Border measures.

1. Without prejudice to international commitments in relation to the free movement of people, States Parties shall strengthen, to the extent possible, such border controls as may be necessary to prevent and detect trafficking in persons.

2. Each State Party shall adopt legislative or other appropriate measures to prevent, to the extent possible, means of transport operated by commercial carriers from being used in the commission of offences established in accordance with article 5 of this Protocol.

3. Where appropriate, and without prejudice to applicable international conventions, such measures shall include establishing the obligation of commercial carriers, including any transportation company or the owner or operator of any means of transport, to ascertain that all passengers are in possession of the travel documents required for entry into the receiving State.

4. Each State Party shall take the necessary measures, in accordance with its domestic law, to provide for sanctions in cases of violation of the obligation set forth in paragraph 3 of this article.

5. Each State Party shall consider taking measures that permit, in accordance with its domestic law, the denial of entry or revocation of visas of persons implicated in the commission of offences established in accordance with this Protocol.

6. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 27. gr. samningsins, taka til skoðunar að efla samstarf stofnana, sem annast landamæraeftirlit, meðal annars með því að koma á beinum samskiptum og viðhalda þeim.

12. gr.
Öryggi og stjórn skilríkja.

Hvert aðildarríki skal, eftir því sem hægt er og nauðsyn krefur, gera ráðstafanir:

a) til þess að tryggja að ferða- eða persónuskilríki, sem það gefur út, séu þess eðlis að ekki sé auðhlaupið að því að misnota þau og falsa eða breyta þeim, endurgera eða gefa þau út á ólöglegan hátt og
b) til að tryggja að ferða- eða persónuskilríki, sem aðildarríkið gefur út eða gefin eru út í umboði þess, séu traust og örugg og að koma í veg fyrir að þau séu framleidd og gefin út ólöglega.

13. gr.
Lögmæti og gildi skilríkja.

Aðildarríki skal, að beiðni annars aðildarríkis og í samræmi við landslög sín og innan eðlilegra tímamarka, ganga úr skugga um lögmæti og gildi ferða- eða persónuskilríkja sem gefin eru út, eða gefið er til kynna að hafi verið gefin út, í umboði þess og grunur leikur á að séu notuð við mansal.

IV. Lokaákvæði.

14. gr.
Fyrirvarar.

1. Ekkert í bókun þessari hefur áhrif á rétt, skyldur og ábyrgð ríkja og einstaklinga samkvæmt reglum þjóðaréttar, m.a. alþjóðlegum mannúðarlögum og alþjóðlegum mannréttindalögum og, einkum og eftir atvikum, samningi frá 1951 og viðbótarsamningi frá 1967 um réttarstöðu flóttamanna og samkvæmt meginreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, eins og hún er sett fram í þeim gerningum.
2. Túlka ber og grípa til þeirra ráðstafana er um getur í bókun þessari með þeim hætti að fólki sé ekki mismunað á þeirri forsendu að það sé fórnarlömb mansals. Túlka skal og grípa til fyrrnefndra ráðstafana í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur um bann við mismunun.

15. gr.
Lausn deilumála.

l. Aðildarríki skulu leitast við að leysa deilur um túlkun eða beitingu ákvæða bókunar þessarar með samningaviðræðum.
2. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlk-

6. Without prejudice to article 27 of the Convention, States Parties shall consider strengthening cooperation among border control agencies by, inter alia, establishing and maintaining direct channels of communication.

Article 12
Security and control of documents.

Each State Party shall take such measures as may be necessary, within available means:

a) To ensure that travel or identity documents issued by it are of such quality that they cannot easily be misused and cannot readily be falsified or unlawfully altered, replicated or issued; and

b) To ensure the integrity and security of travel or identity documents issued by or on behalf of the State Party and to prevent their unlawful creation, issuance and use.

Article 13
Legitimacy and validity of documents.

At the request of another State Party, a State Party shall, in accordance with its domestic law, verify within a reasonable time the legitimacy and validity of travel or identity documents issued or purported to have been issued in its name and suspected of being used for trafficking in persons.

IV. Final provisions.

Article 14
Saving clause.

1. Nothing in this Protocol shall affect the rights, obligations and responsibilities of States and individuals under international law, including international humanitarian law and international human rights law and, in particular, where applicable, the 1951 Convention3 and the 1967 Protocol4 relating to the Status of Refugees and the principle of non-refoulement as contained therein.

2. The measures set forth in this Protocol shall be interpreted and applied in a way that is not discriminatory to persons on the ground that they are victims of trafficking in persons. The interpretation and application of those measures shall be consistent with internationally recognized principles of non-discrimination.

Article 15
Settlement of disputes.

l. States Parties shall endeavour to settle disputes concerning the interpretation or application of this Protocol through negotiation.
2. Any dispute between two or more States Parties

un eða beitingu ákvæða bókunar þessarar, sem ekki er unnt að leysa með samningaviðræðum innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Hafi fyrrnefnd aðildarríki ekki komið sér saman um hvernig gerðardómsmeðferð skuli hagað, sex mánuðum eftir að gerðar er óskað, getur hvort eða hvert þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins í Haag með beiðni samkvæmt stofnsamþykkt hans.

3. Hvert aðildarríki getur, við undirritun bókunar þessarar eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni, lýst því yfir að það telji sig óbundið af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
4. Aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

16. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Palermó á Ítalíu frá 12. til 15. desember 2000 og eftir það í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York fram til 12. desember 2002.
2. Bókun þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu að því tilskildu að minnst eitt aðildarríki slíkrar stofnunar hafi undirritað bókun þessa í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu getur afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu hafi að minnsta kosti eitt aðildarríki hennar gert það. Slík stofnun skal í fyrrnefndu skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki lýsa yfir hvar mörk valdsviðs hennar liggja í þeim málum sem bókun þessi tekur til. Ennfremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á því hvar mörk valdsviðs hennar liggja og skiptir máli.
4. Bókun þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir öll ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu ef að minnsta kosti eitt aðildarríki slíkrar stofnunar er aðili að bókun þessari. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal,

concerning the interpretation or application of this Protocol that cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of those States Parties, be submitted to arbitration. If, six months after the date of the request for arbitration, those States Parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those States Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in accordance with the Statute of the Court.
3. Each State Party may, at the time of signature, ratification, acceptance or approval of or accession to this Protocol, declare that it does not consider itself bound by paragraph 2 of this article. The other States Parties shall not be bound by paragraph 2 of this article with respect to any State Party that has made such a reservation.
4. Any State Party that has made a reservation in accordance with paragraph 3 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 16
Signature, ratification, acceptance, approval and accession.

1. This Protocol shall be open to all States for signature from 12 to 15 December 2000 in Palermo, Italy, and thereafter at United Nations Headquarters in New York until 12 December 2002.

2. This Protocol shall also be open for signature by regional economic integration organizations provided that at least one member State of such organization has signed this Protocol in accordance with paragraph 1 of this article.
3. This Protocol is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. A regional economic integration organization may deposit its instrument of ratification, acceptance or approval if at least one of its member States has done likewise. In that instrument of ratification, acceptance or approval, such organization shall declare the extent of its competence with respect to the matters governed by this Protocol. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.

4. This Protocol is open for accession by any State or any regional economic integration organization of which at least one member State is a Party to this Protocol. Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. At the time of its accession, a regional economic inte-

jafnhliða aðild, lýsa yfir hvar mörk valdsviðs hennar liggja í þeim málum sem bókun þessi tekur til. Ennfremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á því hvar mörk valdsviðs hennar liggja og skiptir máli.

17. gr.
Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fertugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að því undanskildu að hún skal ekki öðlast gildi áður en samningurinn öðlast gildi. Að því er varðar þessa málsgrein skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki slíkrar stofnunar hafa afhent til vörslu.
2. Að því er varðar ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir afhendingu fertugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal bókun þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun afhendir viðeigandi skjal til vörslu eða þann dag þegar bókun þessi öðlast gildi skv. 1. mgr. þessarar greinar, hvort sem síðar verður.

18. gr.
Breytingar.

1. Aðildarríki að bókuninni er heimilt, eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku bókunar þessarar, að gera tillögu um breytingu á henni og leggja fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal að svo búnu framsenda breytingartillöguna aðildarríkjunum og ráðstefnu aðila að samningnum til umfjöllunar og ákvörðunar. Aðildarríkin að bókun þessari, sem funda á ráðstefnu aðila að samningnum, skulu leitast við af fremsta megni að afgreiða hverja breytingu með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til að samþykkja breytingartillöguna með samhljóða samþykki reynst árangurslausar og hafi samkomulag ekki náðst er, sem síðasta úrræði, gerð krafa um að tillagan verði samþykkt með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra aðildarríkja að bókun þessari sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundi á ráðstefnu samningsaðila.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja að þeim, sem eru aðilar að bókun þessari, segir til um. Slíkar stofnanir skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns neyti aðildarríki þeirra síns eigin atkvæðisréttar og öfugt.

gration organization shall declare the extent of its competence with respect to matters governed by this Protocol. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.

Article 17
Entry into force.

1. This Protocol shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fortieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, except that it shall not enter into force before the entry into force of the Convention. For the purpose of this paragraph, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.
2. For each State or regional economic integration organization ratifying, accepting, approving or acceding to this Protocol after the deposit of the fortieth instrument of such action, this Protocol shall enter into force on the thirtieth day after the date of deposit by such State or organization of the relevant instrument or on the date this Protocol enters into force pursuant to paragraph 1 of this article, whichever is the later.

Article 18
Amendment.

1. After the expiry of five years from the entry into force of this Protocol, a State Party to the Protocol may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations, who shall thereupon communicate the proposed amendment to the States Parties and to the Conference of the Parties to the Convention for the purpose of considering and deciding on the proposal. The States Parties to this Protocol meeting at the Conference of the Parties shall make every effort to achieve consensus on each amendment. If all efforts at consensus have been exhausted and no agreement has been reached, the amendment shall, as a last resort, require for its adoption a two-thirds majority vote of the States Parties to this Protocol present and voting at the meeting of the Conference of the Parties.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote under this article with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to this Protocol. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs and vice versa.

3. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki aðildarríkja.
4. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi gagnvart aðildarríki níutíu dögum eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki slíkrar breytingar til vörslu.
5. Þegar breyting öðlast gildi er hún bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni. Önnur aðildarríki eru eigi að síður bundin af ákvæðum bókunar þessarar og fyrri breytingum sem þau hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt.

3. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article is subject to ratification, acceptance or approval by States Parties.
4. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article shall enter into force in respect of a State Party ninety days after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of an instrument of ratification, acceptance or approval of such amendment.
5. When an amendment enters into force, it shall be binding on those States Parties which have expressed their consent to be bound by it. Other States Parties shall still be bound by the provisions of this Protocol and any earlier amendments that they have ratified, accepted or approved.

19. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki getur sagt upp bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Aðild svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu að bókun þessari lýkur þegar öll aðildarríki hennar hafa sagt henni upp.

Article 19
Denunciation.

1. A State Party may denounce this Protocol by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Such denunciation shall become effective one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.
2. A regional economic integration organization shall cease to be a Party to this Protocol when all of its member States have denounced it.

20. gr.
Vörsluaðili og tungumál.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er tilnefndur vörsluaðili bókunar þessarar.
2. Frumrit bókunar þessarar skal falið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

Article 20
Depositary and languages.

1. The Secretary-General of the United Nations is designated depositary of this Protocol.
2. The original of this Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

916. Tillaga til þingsályktunar [527. mál]

um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi felur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hafa forgöngu um að kanna til hlítar möguleika á ferjusiglingum frá Bretlandseyjum til Vestmannaeyja

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi felur það í sér að unnin verði hagkvæmniathugun á ferjusiglingum milli Bretlandseyja og Vestmannaeyja. Jafnframt að skoðað verði hvort einhverjar reglugerðir eða lagasmíð þurfi til að slíkar siglingar séu gerlegar.

Í kjölfar opnunar nýrrar Landeyjahafnar sem mun stytta vegalengdir og ferðatíma ásamt því að auka tíðni ferjusiglinga milli lands og Eyja opnast gríðarlegir möguleikar í flutningastarfsemi, m.a. með því að nýta höfnina í Heimaey sem millilandahöfn.

Nú þegar hafa flutningaskip á vegum stóru skipafélaganna viðkomu í Vestmannaeyjum, einkum vegna útflutnings á sjávarafurðum. Með tilkomu Landeyjahafnar aukast möguleikar á út- og innflutningi um Vestmannaeyjahöfn, til hagsbóta fyrir inn- og útflytjendur á Suður- og Austurlandi sem og sunnanverðu Reykjanesi. Mikilvægt er að kanna til hins ítrasta þá möguleika sem aukin umsvif í Vestmannaeyjum bjóða upp á.

Milli Vestmannaeyja og Skotlands eru aðeins um 600 sjómílur og á 20 sjómílna hraða, sem er siglingahraði Norrænu, tekur sigling þar á milli aðeins um 30 klst. Þá eru til úthafsferjur sem ná enn meiri hraða og er raunhæft að ætla að yfir sumartímann geti siglingatími ferju milli Vestmannaeyja og Skotlands verið allt niður í 20 klst. Ljóst er að ef útgerðir í Vestmannaeyjum, Reykjanesi og allt austur á Austfirði hafa aðgang að slíkum samgöngum aukast möguleikar á útflutningi sjávarafurða og ferskra matvæla á borð við landbúnaðarafurðir til mikilla muna.

Ekki einasta eru miklir möguleikar fólgnir í vöruflutningum milli Evrópu og Íslands þessa leið. Fólksflutningar, ferðamenn á eigin bílum eða á eigin vegum mundu fá nýjan valkost á að ferðast til Íslands í bæði styttri og lengri ferðir.

Markaðssvæðið er í raun öll Evrópa þar sem nægar tengingar eru um Bretland, þar á meðal ferjusiglingar til meginlands Evrópu. Þannig gæti opnast raunverulegur möguleiki á að fara á eigin bíl til og frá Íslandi til meginlands Evrópu með því að aka í gegnum Bretland. En auðvitað yrði nær markaðssvæðið Skotland með rúmlega 5 milljón íbúa.

Vinna þarf verkefnið með heimamönnum í Vestmannaeyjum, sveitarstjórninni o.fl. Uppi eru áform um byggingu stórskipakants í Eyjum og gætu áform um ferjusiglingar milli Eyja og Skotlands styrkt slíkar framkvæmdir verulega. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þarf að láta gera hagkvæmniúttekt á slíkum siglingum samhliða því að tryggja að ekki séu hindranir hjá stjórnsýslunni. Þá þarf að gera markaðsgreiningu og kanna hvort skipafélög, innlend sem erlend, hafi áhuga á að koma inn á þennan markað. Þá þarf að vinna úr því með hvaða hætti eðlilegast sé að standa að slíkum siglingum til að tryggja öruggar siglingar, eðlilega samkeppni, nýsköpunarsjónarmið o.fl.

Ferjusiglingar í meira mæli en við þekkjum nú gætu líka orðið að öryggismáli framtíðarinnar. Til dæmis hafa sumir spáð því að við Kötlugos gætu flugsamgöngur legið niðri í

langan tíma (mánuði eða ár, í versta falli). Þá væru ferjusiglingar milli Vestmanneyja–Íslands og Bretlandseyja ákaflega mikilvægar í að koma nauðþurftum til Íslands og útflutningsvörum okkar (m.a. fiski) á markaði erlendis sem og að halda uppi einhverjum ferðamannastraumi.

917. Tillaga til þingsályktunar [528. mál]

um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á grundvelli stöðugleikasáttmálans að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og sölu á innlendum afurðum og þar með fjölga störfum. Lagt er til að verkefnið verði kallað *Íslenskt, já takk,* hefjist sumarið 2010 og standi út árið hið minnsta.

Greinargerð.

Á núverandi erfiðleikatímum með vaxandi atvinnuleysi er mikil þörf á að hvetja landsmenn til að kaupa íslenskar vörur og þar með efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum. Slík hvatning hefur áður sýnt sig skila miklu til eflingar innlendrar framleiðslu. Nú þegar við þurfum á öllum okkar gjaldeyri að halda til að standa skil á erlendum skuldum og innflutningi á nauðþurftum sem við getum ekki framleitt innan lands er mikilsvert að auka hlutdeild innlendrar framleiðslu sem mest. Það sparar gjaldeyri, fjölgar störfum í framleiðslu og styður þannig margfalt við að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik. Með því að efla innlenda framleiðslu og hvetja landsmenn til kaupa íslenskt styðjum við marga þætti, svo sem gjaldeyrissparnað og fjölgun starfa, aukum og breikkum skattstofn og bætum öryggisstaðla með því að vera sjálfbjarga á enn fleiri vegu en við erum nú o.s.frv.

Verkefnið *Íslenskt, já takk* hefur áður verið notað til að efla innlenda framleiðslu og sölu á innlendum vörum með góðum árangri. Árið 1996 stóð ríkisvaldið ásamt aðilum vinnumarkaðarins að verkefni á landsvísu sem vakti mikla athygli. Á liðnum missirum hafa Samtök iðnaðarins jafnframt staðið fyrir minni auglýsingaherferðum undir sama heiti. Það er því sjálfsagt mál að nýta hið jákvæða viðhorf sem *Íslenskt, já takk* hefur meðal landsmanna til að vera vörumerki hvatningarverkefnisins.

Það er afar mikilvægt á hverjum tíma og ekki síst á viðsjárverðum efnahagstímum eins og nú að hvetja til kaupa á innlendri framleiðslu. Öll þekkjum við til hvernig til að mynda Frakkar, Þjóðverjar og Danir, svo að einhverjar Evrópuþjóðir séu nefndar, velja og verja sína eigin framleiðslu með ýmsum hætti. Má þar nefna fánamerkingar og sérmerkingar aðrar, eins og vöruheiti sem ekki má nota á aðrar sambærilegar vörur í heiminum. Í kreppunni vörðu þjóðir Evrópu miklum fjármunum til að verja sína eigin framleiðslu, til að mynda á bílum, og svo mætti lengi telja.

Samstarf ríkisvaldsins og allra aðila á vinnumarkaði væri eftirtektarvert átak sem án nokkurs vafa skilaði miklu til eflingar innlendrar framleiðslu. Með þingsályktun sem hér er gerð tillaga um er ríkisstjórninni allri falið að hafa frumkvæði að samstarfi við alla aðila á

vinnumarkaði til að koma verkefninu á laggirnar. Sérstaklega er rétt að nefna forsætisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Ráðherrar þessara ráðuneyta ættu ásamt fjármálaráðherra að mynda starfshóp sem stýrði undirbúningsvinnunni að samstarfinu við aðila vinnumarkaðarins. Lagt er til að vinnunni verði hraðað þannig að átakið geti hafist strax sumarið 2010 og staðið í hálft ár hið minnsta eða eins lengi og samstarfsaðilarnir telja æskilegt.

918. Frumvarp til laga [529. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefðu rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir stofnun A-deildar sjóðsins, þ.e. eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið er eigi minna en hálft starf.

b. Í stað orðanna „flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í B-deild og A-deild sjóðsins.

Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins“ í 1. mgr. kemur: veitt hefðu rétt til aðildar að sjóðnum fyrir stofnun A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

b. Í stað orðanna „flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 141/1996 voru gerðar verulegar breytingar á þágildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16/1965. Breytingarnar voru einkum fólgnar í því að eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna sem verið hafði að stórum hluta fjármagnað með gegnumstreymi skyldi lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en í þess stað skyldi stofnað nýtt kerfi með fullri sjóðsöfnun, fjármagnað með sam-

tímaiðgjöldum. Eldra kerfinu, sem er að stórum hluta gegnumstreymiskerfi þar sem launagreiðendur bera ábyrgð á hækkun lífeyris og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir greiðslum, skyldi lokað. Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og eldra eftirlaunakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var því lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Eldra kerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var sett í sér deild sem fékk nafnið B-deild. Greiðandi sjóðfélagar fengu val um að halda áfram greiðslum í óbreytt kerfi eða flytja sig í nýstofnað kerfi, sem fékk nafnið A-deild. Sambærilegt val höfðu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Við breytingarnar var gengið út frá því að kerfin skyldu vera jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga. Þar sem stefnt var að því að loka B-deildinni voru sett inn ákvæði um skilyrði sem þyrfti að uppfylla til að heimilt væri að ávinna sér frekari réttindi. Því var gert ráð fyrir að sjóðfélagar töpuðu rétti til aðildar ef iðgjaldagreiðslur féllu niður í ár eða lengri tíma, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er það gert að skilyrði til að heimilt sé að hefja töku ellilífeyris að sjóðfélagar hafi látið af þeim störfum sem veitt hafa þeim aðild að sjóðunum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, og 1. mgr. 8. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997. Jafnframt eru ákvæði í 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og í 8. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997 sem tiltaka sérstaklega að sjóðfélagar eigi ekki, auk launa fyrir störf sem veita aðild að sjóðunum rétt til ellilífeyris.

Við stofnun A-deildar var ekki ætlunin að opna fyrir þann möguleika að sjóðfélagar gætu hafið töku lífeyris úr B-deild eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga samhliða störfum sem uppfylltu almenn aðildarskilyrði að sjóðunum. Því voru sett sérstök ákvæði í lögin sem annars vegar er að finna í 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríksins, nr. 1/1997, og hins vegar í 26. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997. Ákvæði þessi hafa þó ekki þótt nægilega skýr og hefur umboðsmaður Alþingis látið í té álit sitt í máli nr. 5222/2008 þar sem hann telur sjóðfélaga eiga rétt til töku lífeyris samhliða störfum sem veitt hefðu aðild að B-deild fyrir stofnun A-deildar. Ljóst er þó af lögskýringargögnum sem fylgdu frumvarpi er varð að lögum nr. 141/1996 að ekki var ætlunin, með stofnun A-deildar, að opna fyrir þann möguleika að heimila lífeyristöku úr eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna samhliða slíkum störfum og jafnvel þótt viðkomandi sjóðfélagar ættu þess ekki kost eftir lokun B-deildar að greiða áfram í deildina. Þannig segir í athugasemdum um það ákvæði er varð að 37. gr. laga nr. 1/1997: „Ákvæði 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er til áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar hans. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.“ Sambærilegar athugasemdir eru að finna með frumvarpinu varðandi þá grein er varð að 26. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga hafa hagað framkvæmdinni til samræmis við þá ætlan að greiða ekki lífeyri úr B-deild og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga samhliða störfum sem greitt hefði verið af til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga fyrir stofnun A-deildar. Nú ríkir hins vegar nokkur óvissa eftir að umboðsmaður hefur látið álit sitt í ljós og þykir því nauðsynlegt, með lagafrumvarpi þessu, að leggja til lagabreytingar sem ætlað er að skýra og styrkja stoðina

undir núverandi framkvæmd sem sjá má af fyrri lögskýringargögnum að samræmist vilja löggjafans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á núgildandi 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, og nánar tilgreint hvenær sjóðfélagar sem eiga réttindi í A-deild og B-deild geta hafið töku lífeyris úr B-deild. Breytingunni er ætlað að taka af öll tvímæli um að þeir sem eru í störfum, sem heimila aðild að B-deild, geti ekki samhliða slíkum störfum tekið ellilífeyri úr B-deild, jafnvel þótt greitt sé af því starfi í annan lífeyrissjóð. Skiptir þá ekki máli þótt viðkomandi sjóðfélagi hafi ekki rétt til að ávinna sér frekari réttindi í B-deild, t.d. vegna aðstæðna sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í ákvæðinu er tilgreint að sjóðfélagi sem hefur skipun, setningu eða ráðningu til a.m.k. eins árs eða ráðningu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið sé eigi minna en hálft starf geti ekki hafið töku lífeyris úr B-deild.

Um 2. gr.

Sambærilegar breytingar og lagðar eru til með 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til að gerðar verði á 26. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997, og þannig tekinn af því allur vafi að með tilkomu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var ekki ætlunin að heimila lífeyristöku samhliða störfum sem veitt hefðu rétt til greiðslu í sjóðinn fyrir stofnun A-deildar. Skilyrðin til að heimilt sé að greiða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga eru þau að stafið sé hjá launagreiðanda sem heimild hefur til að greiða fyrir hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun og hafa ráðningu með föst mánaðarlaun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar sem ætlað er að skýra og styrkja stoðir undir núverandi framkvæmd lífeyrisgreiðslna. Breytingunni er ætlað að taka af öll tvímæli um að þeir sem eru í störfum, sem heimila aðild að B-deild, geti ekki samhliða slíkum störfum tekið ellilífeyri úr B-deild jafnvel þótt greitt sé af því starfi í annan lífeyrissjóð. Það sama á við um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, þ.e. að ekki sé heimil lífeyristaka samhliða störfum sem veitt hefðu rétt til greiðslu í sjóðinn fyrir stofnun A-deildar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

919. Frumvarp til laga [530. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal, þegar bílalán einstaklings er, á tímabilinu frá og með 1. apríl 2010 til og með 31. desember 2010, endurnýjað með nýju bílaláni sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja bílalánsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra bílalánsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja bílaláni.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

2. gr.

Á milli fjárhæðarinnar „30.000.000 kr.“ og orðsins „vegna“ í b-lið 2. tölul. 1. mgr. og b-lið 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: og

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–VI í lögum um stimpilgjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við, til bráðabirgða, ákvæði í lög um stimpilgjald sem heimila undanþágu stimpilgjalds við endurfjármögnun bílalána. Fyrir eru sams konar heimildir til handa þeim sem endurfjármagna fasteignaveðskuldabréf og líka þegar skilmálum slíkra bréfi er breytt og vanskilum er bætt við höfuðstól. Í tilviki bílalána er hins vegar einungis heimild til undanþágu við skilmálabreytingar. Er því gerð hér tillaga um að samræma þær undanþágur sem þegar eru í lögum.

Ákvæði þessi voru sett í ljósi þess ástands sem nú ríkir á fjármálamörkuðum og tilmæla yfirvalda til banka og sparisjóða um að aðstoða fólk sem kynni að lenda í greiðsluerfiðleikum vegna hækkunar fasteignalána sem rekja má til lækkunar krónu og verðbólguáhrifa. Slík áhrif ná einnig til bílalána einstaklinga.

Á þeim tíma sem ákvæðin hafa verið í gildi hefur aukist til muna endurfjármögnun bílalána einstaklinga. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi á fjármálamörkuðum og í samræmi við stefnu stjórnvalda er lagt til að sams konar ákvæði gildi um endurfjármögnun bílalána og endurfjármögnun fasteignaveðskuldabréfa.

Ásamt þessu er lagt til að breytt verði ákvæði til bráðabirgða í lögum um aukatekjur ríkis sjóðs. Þegar áðurgreind bráðabirgðaákvæði voru sett, var að auki heimiluð undanþága frá greiðslu þinglýsingargjalda í þeim tilvikum sem undanþágur laga um stimpilgjald eiga við. Í breytingunni felst að undaþágan á nú við um öll bráðabirgðaákvæði laga um stimpilgjald sem fjalla um skilmálabreytingar og endurfjármögnun fasteignaveðskuldabréfa og bílalána einstaklinga í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að endurfjármögnun bílalána einstaklinga verði undanþegin stimpilgjaldi. Undanþágan er háð sömu skilmálum og við endurfjármögnun fasteignaveðskuldabréfa.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að orðalagi 1. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs verði breytt lítillega. Fyrir mistök féll eitt orð út úr breytingartillögum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 130/2009 og er með greininni lagt til að úr því verði bætt. Vegna þess að orðið „og“ er ekki í núverandi lagatexta er óhjákvæmilegt að túlka 1. gr. laganna þannig að sérstakt gjald sé fyrir útgáfu stefnu í málum sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu en að í öðrum málum gildi önnur gjaldskrá.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að breyta bráðabirgðaákvæðinu á þann veg að undanþága þinglýsingargjalda taki til allra bráðabirgðaákvæða laga um stimpilgjald vegna endurfjármögnunar og skilmálabreytinga fasteignaveðskuldabréfa og bílalána.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimila undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda við endurfjármögnun bílalána einstaklinga. Af nýju bílaláni sem kemur í stað eldra bílaláns skal ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta bílalánsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra bílalánsins að viðbættum vanskilum. Ákvæði þetta er sett til bráðabirgða og er ætlað að gilda á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2010. Jafnframt er lagt til að ekki verði greitt þinglýsingargjald af þessum endurfjármögnuðu lánum.

Að meðaltali má gera ráð fyrir að kostnaður vegna stimpilgjalds og þinglýsingargjalds af endurfjármögnun bílaláns sé rúmar 10 þús. kr. og að tekjulækkun ríkissjóðs verða því um 1

m.kr. fyrir hverja 100 lánasamninga sem þannig eru endurfjármagnaðir. Hins vegar er ómögulegt að áætla hversu margir muni nýta sér þessa heimild.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

920. Frumvarp til laga [531. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.

2. gr.

Í stað orðsins „bifreiðum“ í 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ökutækjum.

3. gr.

Í stað fjárhæðanna „200.000 kr.“, „500.000 kr.“, „750.000 kr.“, „1.000.000 kr.“ og „1.250.000 kr.“ í 5. mgr. 19. gr. laganna kemur: 300.000 kr., 750.000 kr., 1.125.000 kr., 1.500.000 kr., og: 1.875.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um olíugjald.

Í fyrsta lagi er lagt til að söluaðilum olíu verði óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema viðskiptavinur greiði fyrir eldsneytið með viðskiptakorti söluaðilans. Þessi breyting er lögð til vegna þess að grunur leikur á að litaðri olíu sé í miklum mæli dælt á einkabíla á sjálfsafgreiðslustöðum. Talið er að tap ríkissjóðs vegna þessa nemi u.þ.b. 160 millj. kr. á ári.

Önnur tillagan snýr að lagfæringum á lögum til að taka af allan vafa um gjaldskyldu eftirvagna vegna kílómetragjalds.

Loks er lagt til að sektir vegna misnotkunar á litaðri olíu verði hækkaðar, m.a. til að viðhalda varnaðaráhrifum þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að aðilum sem gjaldskyldir eru vegna olíugjalds verði eingöngu heimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðslu ef greitt er með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylda aðilans. Aðgengi að gjaldfrjálsri litaðri olíu er of mikið en á eldsneytisstöðvum er lituð olía nær

undantekningarlaust seld í sjálfsafgreiðslu. Á árinu 2008 gerði ríkisskattstjóri athuganir á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum í eigu olíufélaganna á landinu. Um var að ræða tugi þúsunda færslna. Tæplega 74% þeirra reyndust vera vegna magns sem var innan við 80 lítrar. Mjög algeng tala var 40–60 lítrar í hvert skipti, magn sem vekur upp grunsemdir um að verið sé að dæla litaðri olíu á einkabíla en ekki stórar vinnuvélar. Jafnframt var tímasetning viðskiptanna oft á óhefðbundnum tímum. Séu þessar tölur uppreiknaðar miðað við fjárhæð olíugjalds í dag má ætla að ríkissjóður verði af um 160 millj. kr. árlega vegna misnotkunar á litaðri olíu. Verði tillagan að lögum verður ekki hægt að kaupa litaða olíu í sjálfsafgreiðslu með almennum viðskiptakortum, debet- eða kreditkortum eða peningum. Einungis verður því hægt að kaupa eldsneyti sem þetta með viðskiptakorti eða dælulykli þar sem opna þarf sérstaklega fyrir þessa tegund viðskipta. Lítið sem ekkert óhagræði hlýst af þessu, hvorki fyrir kaupendur eldsneytis né olíufélögin, enda er búnaðurinn þegar fyrir hendi. Þá má geta þess að eftirlit ríkisskattstjóra með misnotkun verður mun auðveldara.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna skal annars vegar greiða sérstakt kílómetragjald af bifreiðum tiltekinnar tegundar og hins vegar eftirvögnum. Gjaldskylda vegna bifreiða og eftirvagna er því ótvírætt samkvæmt ákvæðinu. Í 6. mgr. 13. gr. er svo að finna gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds en þau mistök virðast hafa orðið við lagasetningu að gjaldskráin nær eingöngu til bifreiða en ekki eftirvagna. Breytingatillögu þeirri sem hér er lögð fram er ætlað að bæta úr þessu. Gert er ráð fyrir því að ákvæði þetta öðlist þegar gildi en eðli málsins samkvæmt komi ekki til framkvæmda fyrr en á seinna gjaldtímabili ársins 2010.

Um 3. gr.

Lagt er til að sektarfjárhæðir verði hækkaðar um 50% en sektir hafa í mörgum tilvikum ekki þótt hafa haft nægileg varnaðaráhrif. Þá þykir það eitt og sér vera næg ástæða til endurskoðunar að sektirnar fylgja ekki breytingum á olíugjaldi.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að gefa þeim aðilum sem versla með litaða olíu, hvort sem eru viðskiptavinir eða söluaðilar, svigrúm til þess að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að geta haldið þeim viðskiptum áfram og er því lagt til lögin taki gildi 1. júlí 2010. Þó er lagt til að ákvæði 2. gr. taki gildi þegar í stað.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að söluaðilum olíu verði óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema viðskiptavinur greiði fyrir eldsneytið með viðskiptakorti söluaðilans. Þessi breyting er lögð til vegna þess að grunur leikur á að litaðri olíu sé í

stórum mæli dælt á einkabíla á sjálfsafgreiðslustöðum. Talið er að tap ríkissjóðs vegna þessa nemi u.þ.b. 160 m.kr. á ári. Í öðru lagi er lagt til að leiðrétt verði mistök í lagasetningu sem virðast hafa orðið til þess að skapa vafa um gjaldskyldu eftirvagna vegna kílómetragjalds. Í þriðja lagi er lagt til að sektir vegna misnotkunar á litaðri olíu verði hækkaðar um 50%, m.a. til að viðhalda varnaðaráhrifum sektanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að tekjur ríkissjóðs af olíugjaldi verði meiri eins og áður segir en ekki verður séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

921. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 12. gr. laganna:

a. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að nota hinn almenna þjóðfána í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirðing gerð.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Hafi vörumerki verið skráð þar sem þjóðfáninn er notaður án þess að skilyrði 4. mgr. séu uppfyllt skal afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu forsætisráðuneytisins.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Forsætisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu.
   Forsætisráðherra sker úr um álitaefni og ágreining sem upp kann að koma um leyfilega notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum: 9. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna orðast svo: samkvæmt kröfu forsætisráðuneytis ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem þjóðfáninn er notaður og starfsemi sú sem í hlut á er ekki íslensk að uppruna eða fánanum óvirðing gerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Gildandi lög um þjóðfána Íslendinga eru að stofni til frá árinu 1944. Hefur saga fánans verið nátengd sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og síðar fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Árið 1995 var skipuð nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga, einkum verndarákvæði þeirra í 12. gr. en einnig önnur ákvæði sem sett höfðu verið fánanum til verndar. Í framhaldi af vinnu nefndarinnar var lögunum breytt með lögum nr. 67/1998. Ein

helsta breyting laganna fólst í því að forsætisráðuneytið öðlaðist heimild til að veita leyfi til notkunar fánans í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vörum enda væri starfsemi sú sem í hlut ætti að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælti fyrir um í reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Voru rök fyrir þessari heimild m.a. þau að auka þyrfti frjálsræði um notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Tillaga að reglugerð fylgdi frumvarpinu en hún var þó aldrei sett, aðallega vegna þess að örðugt reyndist að skilgreina hlutlægar gæðaviðmiðanir sem nýst gætu til að uppfylla þetta skilyrði laganna á viðunandi hátt. Hefur því ekki verið hægt að verða við beiðnum um sérstakt leyfi til að nota fánann.

Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi er að gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið. Má ætla að notkun fánans í slíkum tilvikum geti verið til þess fallin að efla atvinnulíf og efnahag landsmanna og verka sem jákvætt skref í endurreisn á íslensku efnahagslífi. Má í þessu sambandi líta til framkvæmdar í Danmörku en þar hefur danski fáninn um langt skeið verið mikið notaður í markaðssetningu á dönskum vörum án þess að til þess hafi þurft sérstakt leyfi. Hefur notkun fánans í þessum tilgangi haft jákvæða þýðingu fyrir danska framleiðslu, svo sem í landbúnaði, og verið ákveðinn mælikvarði á gæði. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem mætt hafa mörgum íslenskum fyrirtækjum síðustu missirin hefur framleiðsla á íslenskum afurðum eflst og dafnað og ber að styðja við þann vöxt. Áfram verður þó að hafa það að leiðarljósi að í engu sé skert virðing við fánann, hvorki í orði né verki.

2. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. 12. gr. laganna fjallar um heimild til notkunar á fánanum í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu. Sú breyting er gerð á málsgreininni að í stað þess að leyfi þurfi hjá forsætisráðuneyti til notkunar fánans í þessum tilgangi er heimildin orðin almenn en að uppfylltum skilyrðum.

Þá er fellt á brott það skilyrði að starfsemi sú sem í hlut á sé að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir um með reglugerð. Í staðinn segir að starfsemi sú sem í hlut eigi sé „íslensk að uppruna“ og áfram þarf hún að vera þannig að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Markmið þessarar breytingar er að auka möguleika á notkun fánans, íslenskri framleiðslu og þjónustu til framdráttar. Þrátt fyrir að skilyrði um gæði sé fellt á brott er sú krafa eðli máls áfram til staðar, samofin því að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Sama á við um orðalagið „íslensk að uppruna“. Orðalagið er nýtt í lögunum og leggur þær skyldur á herðar þeim sem nota fánann að það sé ekki gert á röngum forsendum eða villandi máta. Þannig má gera ráð fyrir að það feli í sér að matvæli teljist íslensk að uppruna ef t.d. grænmeti og ávextir eru ræktaðir hér á landi, kjöt er af íslenskum húsdýrum eða villibráð og mjólkurvörur úr íslenskri mjólk. Ekki nægi að vörurnar séu innfluttar en pakkaðar hér á landi. Öðru máli kann að gegna um annan varning sem geti vel talist íslenskur þó úr erlendu hráefni sé, t.d. framleiðsla á íslenskri hönnun, húsgögnum eða fatnaði, o.s.frv.

Þótt heimilt sé að nota fánann í vörumerki er áfram óheimilt að nota fánann í firmamerki enda ólíku saman að jafna.

Ákvæði 5. mgr. 12. gr. laganna er breytt þannig að nú þurfi að afmá vörumerki úr vörumerkjaskrá sem uppfyllir ekki skilyrði 4. mgr. 12. gr. um íslenskan uppruna og virðingu við fánann. Breytist um leið 9. tölul. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, sbr. lög nr. 67/1998. Þá er lagt til að forsætisráðherra fái sérstaka heimild til að setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu og tiltekið að það sé hlutverk forsætisráðherra að

skera úr um álitaefni og ágreining sem upp kann að koma um leyfilega notkun fánans samkvæmt framangreindu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

922. Tillaga til þingsályktunar [533. mál]

um undirbúning og kostnaðaráætlun að dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í Grindavíkurhöfn og aðstöðu fyrir stórskipabryggju við Stórubót eða innan hafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson, Róbert Marshall,
Ásbjörn Óttarsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að fela Siglingastofnun Íslands að láta nú þegar gera úttekt á kostnaði við breikkun og dýpkun innsiglingar í Grindavíkurhöfn frá ytri görðum að Eyjabakka þannig að breidd rennunnar verði a.m.k. 50 metrar og dýpi um 10 metrar í allri rennunni og 7–8 metrar að Eyjabakka innan hafnar. Rannsóknir vegna þessara hugmynda hafa þegar verið unnar en eftir er að vinna nánar úr þeim. Mikilvægt er að ganga nú þegar til gerðar kostnaðaráætlunar og hugmynda að verkferli, bæði með tilliti til þess að Grindavíkurhöfn er ein mikilvægasta fiskihöfn landsins og að margvísleg áform eru uppi um iðnað í stórum stíl sem kallar á stórskipalægi.

Greinargerð.

Innsiglingin í Grindavíkurhöfn hefur lengi verið ein erfiðasta innsigling landsins en harðsækni sjómanna þar hefur aldrei slaknað og því er Grindavík ein öflugasta verstöð landsins og í fararbroddi á margan hátt. Um 35 þúsund tonn af fiski fara um höfnina á ári hverju. Þá eru uppi margvísleg áform um stóriðju í tengslum við orkunýtingu á hinu orkuríka svæði í landi Grindavíkur og nágrennis. Ljóst er að á næstu missirum og árum verður gengið til framkvæmda á þeim vettvangi. Þess vegna er mikilvægt að ljóst liggi fyrir um möguleika á og kostnaði við gerð stórskipabryggju. Höfnin getur nú þegar tekið á móti allt að 6–7 þúsund lesta skipum en til að mynda tvöföldun í þeim efnum myndi skipta miklu máli. Þá gæti

höfnin tekið á móti a.m.k. 130 metra löngum skipum og 20 metra breiðum í stað um 100 metra löngum og um 16 metra breiðum skipum eins og nú er. Reynsla af síðustu aðgerðum í gerð garða og dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í rennunni inn að höfninni, u.þ.b. 300 metra lengd, hefur reynst vel en þó kom fljótt í ljós að rennan þyrfti að vera a.m.k. 20 metrum breiðari þannig að hún væri minnst 50 metra breið alla leið.

Nauðsynlegum rannsóknum á innsiglingu og endurbótum á bryggjuplássi er lokið hjá Siglingastofnun en eftir er að vinna úr þeim, meta og gera tillögur að gerð mannvirkja og kostnaðaráætlun. Þessa þætti er mikilvægt að fá upp á borðið nú þegar, ekki síst þar sem öllum grunnrannsóknum er lokið. Rannsóknir Siglingastofnunar á innsiglingunni í Grindavíkurhöfn og aðstæðum þar voru mjög viðamiklar og hafa m.a. reynst grunnurinn að hönnun mannvirkja við gerð Landeyjahafnar við Bakka á Landeyjasandi. Þess er vænst að Siglingastofnun geti á skömmum tíma skilað hugmyndum að möguleikum bóta og uppbyggingar í Grindavík varðandi fiskiskipahöfn og aðstöðu flutningaskipa en mikilvægt er að hafa sem raunhæfasta kostnaðaráætlun til þess að vinna með að framgangi málsins.

923. Tillaga til þingsályktunar [534. mál]

um leiðréttingar á höfuðstól íbúðalána og minna vægi verðtryggingar.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiðrétta höfuðstól íbúðalána heimilanna tafarlaust með því að færa vísitölu verðtryggingar handvirkt fram fyrir hrun hagkerfisins og hækkanir höfuðstóls og afborganir húsnæðislána til samræmis við það. Raunvextir á verðtryggðum lánum verði að hámarki 2% – 3% og afborgunum af húsnæðislánum verði hægt að fresta um tvö ár með lengingu lánsins um þann tíma. Skuldabyrði heimila vegna gengistryggðra íbúðalána verði lagfærð í samræmi við lagfæringu verðtryggðra íbúðalána. Náð verði samkomulagi við eigendur verðtryggðra húsnæðislána um að þeim verði breytt í skuldabréf með föstum vöxtum og dregið úr vægi verðtryggingar.

Greinargerð.

Í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins breyttust aðstæður íslenskra heimila mjög til hins verra. Mestum vanda hafa stökkbreytt lán vegna húsnæðiskaupa valdið en bæði verðtryggð og gengistryggð lán hafa hækkað gífurlega frá því í janúar 2008. Orsök vandans er að finna í hruni á gengi krónunnar, verðbólgu og háum vöxtum en auk þess glíma mörg heimili við atvinnuleysi og tekjuskerðingu. Samkvæmt októberskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er eiginfjárstaða 20% íslenskra heimila neikvæð en ætla má að sú tala sé vanáætluð þar sem frost ríkir á fasteignamarkaði og verðfall á eignum fyrirsjáanlegt. Þeir sem eru í mestum vanda er fólk sem keypt hefur þak yfir höfuðið á síðustu tíu árum, ýmist fyrstu íbúð eða stækkað við sig. Ljóst er að fjölmörg heimili munu ekki geta staðið undir þeim byrðum sem á þau hafa verið lagðar og ljóst að til almennra aðgerða verður að grípa.

Almennar aðgerðir.

Dregist hefur allt of lengi að bregðast við þeim algjöra forsendubresti sem varð við hrunið. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið sértækar og miðast við að minnka það högg sem felst í gjaldþroti einstaklinga. Þær taka þó ekki á þeim almenna vanda sem heimilin standa frammi fyrir að neinu gagni þótt frysting og lenging lána geri fleirum kleift að standa skil við hver mánaðamót. Öllum ætti þó að vera ljóst að slíkt gengur ekki til frambúðar. Forsenda þess að sátt skapist í samfélaginu er almenn leiðrétting á skuldastöðu heimilanna. Venjulegir Íslendingar höfðu engar forsendur til að sjá fyrir það efnahagslega stórviðri sem gekk yfir landið. Auk þess höfðu margir fylgt ráðgjöf fjármálafyrirtækja sem í mörgum tilfellum mæltu með erlendri lántöku. Þá svíður mörgum að sjá skuldir svokallaðra útrásarvíkinga og forkólfa í atvinnulífinu afskrifaðar á meðan lán heimilanna standa ósnert. Réttlæti fæst ekki fyrr en forsendubresturinn hefur verið leiðréttur. Þannig verður fjöldagjaldþrotum afstýrt, flest heimili munu geta spjarað sig, almenn neysla eykst og með henni fara hjól atvinnulífsins aftur að snúast.

Svigrúm til leiðréttinga.

Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um það svigrúm, sem fjármálafyrirtæki hafa til almennra leiðréttinga. Viðskiptanefnd Alþingis hefur ítrekað kallað eftir þeim upplýsingum án árangurs. Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá október 2009 er fjallað um skuldir heimilanna. Úr skýringarmynd á bls. 21 má lesa að skuldir heimilanna hafi verið fluttar úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju með u.þ.b. 45% afslætti en engar tölur eru þó nefndar með umfjölluninni. 45% afslátturinn hefur verið til umræðu í marga mánuði en hefur þó hvorki verið staðfestur né heldur neitað. Þann 12. mars 2010 birti Morgunblaðið frétt um uppgjör nýju bankanna og samkvæmt henni voru lán heimilanna færðar yfir úr gömlu bönkunum í þá nýju á hálfvirði. Svigrúm til almennra leiðréttinga ætti því að vera nægilegt en leiðrétta þarf gengistryggð lán um u.þ.b. 50% en verðtryggðu lánin um u.þ.b. 20%. Um 80% íslenskra íbúðalána eru verðtryggð. Svigrúm fjármálafyrirtækja þyrfti að fást staðfest sem allra fyrst.

Afnám verðtryggingar.

Í núverandi kerfi verðtryggingar vantar allan hvata fyrir fjármagnsstofnanir að halda verðbólgunni lágri. Nauðsynlegt er að afnema verðtrygginguna með öllu nema á sérstökum ríkisskuldabréfum til langs tíma. Ef til vill hentar þó best að afnema hana í þrepum. Æskilegt væri að til að byrja með yrði sett þak á verðtrygginguna sem mundi miðast við 4% verðbótaþátt að hámarki árlega.

Ábyrgð lánastofnanna og ríkisvaldsins.

Ljóst er að ríkisvaldið sem og lánastofnanir höfðu haft veður af hruninu um þó nokkurt skeið fyrir hrunið án þess að gera ráðstafanir til að takmarka tjón heimila vegna þess. Auk þess má ætla að hrunið sé beinlínis tilkomið vegna breytni eða skorts á aðgerðum stjórnmálamanna og fjármálafyrirtækja. Því er með öllu ólíðandi að heimili og fjölskyldur landsins verði að bera byrðar hrunsins að mestu leyti, auk þess að taka á sig tekjuskerðingu og skattahækkanir.

Rof samfélagssáttmálans.

Með setningu neyðarlaganna, laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125 7. október 2008, tók ríkisvaldið að sér að

tryggja allar innstæður á reikningum á Íslandi þótt einungis væri gert ráð fyrir því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggði innstæður upp að 20.877 evrum. Með því tók ríkissjóður á sig tap vegna bankahrunsins. Stjórnvöld hafa því með lagasetningu bætt þeim sem áttu fé á reikningum í bönkunum innstæður sínar að fullu en þeim sem skulduðu bönkunum er hins vegar gert að greiða lán sín tilbaka með öllum þeim kostnaði sem á þau eru fallin. Þegar ljóst er að bankarnir hafa verulegt svigrúm til leiðréttingar lána og að jafnvel hafi verið gert ráð fyrir leiðréttingu við yfirfærslu skuldanna er óskiljanlegt að heimilin í landinu fái ekki að njóta réttlætis.

924. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar fullgera valkosti í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 136. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er því endurflutt. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

Það liggur ljóst fyrir að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslendinga að skipin munu stækka og ef ekki verður byggður stórskipakantur í Vestmannaeyjum mun skapast stórkostlegur vandi í stærstu verstöð Íslands þar sem skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar sem eru með um 10% af öllum afla landsins yrðu hreinlega úr leik. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu farþegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins hafi alla möguleika á þeim vettvangi.

Næsta kynslóð gámaskipa á Íslandi verður væntanlega byggð upp á 180–200 m löngum skipum og um 30 m breiðum og reikna þarf með a.m.k. 10 m djúpristu.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og líkantilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er því vinda þarf bráðan bug að því að byggja upp stórskipakant í Vestmannaeyjum.

Stórskipakantur utan Eiðis er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalathafnasvæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til

mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruparadís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar. Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur því að skynsemin verður að ráða.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Möguleikarnir á efnistöku eru austur á Urðum í nýja hrauninu, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygir sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur 93.000 fermetra, um 1,3 milljónir rúmmetrar að magni, en þessi möguleiki hefur ekki verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu þar nær daglega. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.

925. Tillaga til þingsályktunar [536. mál]

um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu á Skógum undir Eyjafjöllum.

Greinargerð.

Mikilvægi byggðasafna á Íslandi er óumdeilt. Þau eru allt í senn, menningarsöfn, sögusöfn og verkfærasöfn. Þau eru spegilmynd lífsins í landinu. Það segir í gömlu máltæki að því sem þú segir mér gleymi ég en það sem þú sýnir mér muni ég. Byggðasafnið tryggir skilvirkni hvors tveggja.

Byggðasöfnin eru mikilvæg fyrir þekkingu landsmanna á lífinu í landinu í gegnum tíðina, þróun búsetu, lífsháttum og öllu sem lýtur að mannlegu samfélagi Íslendinga. Það skiptir miklu að þau séu sett upp af alúð og tillitssemi og af mikilli vandvirkni.

Þá eru byggðasöfnin snar þáttur í ferðaþjónustu nútímans og erlendir ferðamenn sækja þau heim í sífellt meiri mæli. Vönduðustu söfn landsins í þessum efnum eru á heimsmælikvarða og það er mikilvægt fyrir framtíðina að hlúa að uppbyggingu þeirra með eins skilvirkum hætti og kostur er og nýta til þess nútímatækni hverju sinni í bland við safngripina sjálfa.

Byggðasafnið í Skógum er eitt öflugasta byggðasafn landsins. Það nýtur þess að hafa byggst upp undir forustu Þórðar Tómassonar, einhvers mesta safnamanns Íslandssögunnar, sem sinnti því af fádæma ósérhlífni og krafti, og þess að hafa byggst upp í nánum tengslum við grasrótina í landinu, fólkið sjálft í starfi og leik.

926. Tillaga til þingsályktunar [537. mál]

um Vefmyndasafn Íslands.

Flm.: Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Jón Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning og uppsetningu vefmyndasafns með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins. Slíkt nettengt safn yrði það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og mundi skapa óþrjótandi möguleika á landkynningu í þágu ferðaþjónustu, sögu, menningar og atvinnulífs. Þannig væri hægt að upplifa Ísland á líðandi stundu hvaðan sem er úr heiminum og kitla taugar til frekari kynna.

Greinargerð.

Tækni og gerð netmyndavéla er orðin slík að hægt er að setja vélar upp á ólíklegustu stöðum og tengja þær alþjóðlega tölvunetinu. Slíkt netmyndasafn yrði eins konar myndaalbúm landsins, persóna Íslands á líðandi stundu. Á hverri vefstöð gætu verið 2–3 linsur og menn gætu valið sjónarhornið í tölvunni og hverri stöð gæti fylgt t.d. 10 mínútna kynningarmynd af umhverfi og aðstæðum í nágrenni vefstöðvarinnar. Gullfoss, Þingvellir, Geysir, Lónsöræfi, Landmannalaugar, Eldey, Bláa lónið, Vatnajökull, Þjórsá, Þórsmörk, Akureyri, Vestmannaeyjar, Stykkishólmur, Árnastofnun, fiskvinnsluhús, bryggjustemning, hvalaskoðun, Skógafoss. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um netstöðvar í netmyndasafni Íslands, andliti Íslands.

Auðvelt er að virkja vefmyndavélar með sólarrafhlöðum til nokkurra ára, en reikna má með að hver stöð mundi kosta að meðaltali um 1,5 millj. kr.

Með vefmyndasafni hefði Ísland forgöngu í þessum efnum á heimsmælikvarða og með ólíkindum hvað hægt er að skapa fjölbreytt lifandi myndasafn frá Íslandi með þessum hætti. Að fylgjast með mannlífi, atvinnulífi, menningu og náttúru er ótrúlegur kostur, fylgjast með villtu blómabeði, á í leysingum, varpstöðvum fugla, hverum og hverasvæðum, fossum og fjöllum, innsiglingu í hafnir – hverju því er gefur mynd af andliti Íslands.

927. Tillaga til þingsályktunar [538. mál]

um Þríhnúkagíg.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Ásbjörn Óttarsson, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnúkagíg í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn með lagningu vegar að hnúknum og göngum í hann.

Greinargerð.

Þríhnúkagígur var ókannaður þar til á Jónsmessu 1974 er Árni B. Stefánsson augnlæknir og hellakönnuður seig niður á botn gígsins. Það var hins vegar ekki gert opinskátt fyrr en eftir að Daði Garðarsson úr Hjálparsveit skáta í Vestmannaeyjum seig niður á botn hellisins í leiðangri Eyjaskáta 17. júní 1977 en frá því var greint í Morgunblaðinu. Hellirinn er einstakur að gerð, tröllaukið gímald, um 175 m á dýpt og á við fótboltavöll að flatarmáli í botni, stærsta þekkta hraunhvelfing í heimi og eitt merkasta náttúruundur á Íslandi, falinn neðanjarðar við bæjardyr höfuðborgarinnar í landi Kópavogs.

Þríhnúkagígur er einstakt náttúruundur á heimsmælikvarða en víða um heim er gert út á heimsóknir í sérstæða hella og þeir skipta miklu máli í ferðaþjónustu og landkynningu. Stóru íbúðarblokkirnar þrjár efst á Laugarásnum sem eru tólf hæðir eru þekkt stærð. Botn Þríhnúkagígs mundi rúma blokkirnar þrjár hlið við hlið og ef Hallgrímskirkja væri síðan sett ofan á tólf hæða blokkirnar mundi vanta 15 metra upp á að krossinn á kirkjunni stæði upp úr gígopinu.

Þríhnúkar ehf. heitir félag áhugamanna undir forustu Árna B. Stefánssonar og hefur félagið hafið undirbúning að því að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan. VSÓ-ráðgjöf hefur m.a. unnið að verkefninu og gaf út greinargerð frumathugunar í nóvember 2009. Meðal þeirra hugmynda sem skoðaðar voru var að gera 200 m löng göng inn í gíginn sem mundu opnast inn í hellishvelfinguna á 64 m dýpi að stórum svölum og síðan yrði jafnvel hringstigi niður á botn hellisins. Ef ráðist verður í verkið á annað borð verður auðvitað ekki hjá því komist að opna leið fyrir ferðamenn niður á botn hellisins. Það er hreinlega ekki hægt að gera fólki það að geta ekki stigið fæti á botn stærsta hellis í heimi, það er ekki mannlegt. Þríhnúkar ehf. hafa gert samning við Kópavogsbæ um framgang verkefnisins, en Þríhnúkar í Bláfjöllum eru í landi Kópavogs. Verkefnið er firnamikið og reikna má með að það kosti um milljarð króna að gera göng, svalir, hringstiga, lýsingu og annað sem þarf til þess að fulls metnaðar sé gætt og nærgætni við náttúruundrið sjálft. Aðgengi að Þríhnúkagíg er einn af mörgum möguleikum í markaðssetningu Íslands á alþjóðavettvangi, enn ein fjólan í íslenska náttúruvöndinn.

Þríhnúkar eru í hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk, 5 km vestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hnúkarnir eru nánast beint fram undan sé ekið eftir Langholtsvegi eða meðfram Rauðavatni. Undir norðaustasta gígnum er þessi firnadjúpi gígur, ótrúlega stór flöskulaga gíghvelfing. Botn gígketilsins er 120 m undir yfirborði jarðar

og gímaldið sjálft um 150 þúsund rúmmetrar. Botninn er 75–48 m söðullaga hraunbingur á við fótboltavöll að stærð.

Á Íslandi er enginn aðgengilegur sýningarhellir með göngustígum og raflýsingu. Tveir fegurstu hellar landsins, Jörundur og Árnahellir, hafa verið friðlýstir sérstaklega og lokaðir fyrir nánast allri umferð.

Þríhnúkagígur er ein merkilegasta náttúrumyndun Íslands og gígurinn er með afbrigðum óaðgengilegur og hrollvekjandi, en hann er stærsti hellir í heimi og túlkar með sjálfum sér þau reginöfl sem búa í iðrum jarðar. Í ógn sinni er hann aðlaðandi, en til þess að hann verði hluti af daglegum möguleikum innlendra sem erlendra ferðamanna þurfa margir að leggja hönd á plóginn, Alþingi, ráðuneyti og margir fleiri, því hér er um svo einstæðan og metnaðarfullan möguleika að ræða að ekkert má til spara að opna þennan helli eins smekklega og kostur er.

928. Frumvarp til laga [539. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Valgerður Bjarnadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Helgi Hjörvar, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Magnús Orri Schram, Pétur H. Blöndal, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þór Saari, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 53. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þingmaður getur, meðan hann gegnir ráðherraembætti, ákveðið að sitja á Alþingi einungis samkvæmt embættisstöðu sinni sem ráðherra, sbr. 51. gr. stjórnarskrárinnar, og tekur varamaður hans þá sæti á Alþingi. Tilkynnir ráðherra forseta ákvörðun sína með bréfi sem forseti kynnir þinginu. Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi samkvæmt þessari málsgrein, nýtur allra sömu réttinda meðan hann situr á Alþingi eins og þeir alþingismenn sem eiga þar fast sæti. Varaþingmaðurinn hverfur af þingi þegar kjörtímabilið rennur út eða áður við þingrof eða þegar ráðherranum hefur verið veitt lausn frá embætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ráðherra sem jafnframt er kjörinn alþingismaður gert kleift, ef hann telur ástæðu til, að ákveða að varamaður hans taki sæti á Alþingi meðan hann gegnir ráðherraembætti en að hann sitji á þingi einungis í krafti embættisstöðu sinnar skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar. Nýti hann sér þennan möguleika yrði honum heimilt að taka þátt í umræðum á Alþingi en ætti ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans hefði hins vegar öll réttindi alþingismanns og bæri sömu skyldur. Hann væri m.a. kjörgengur í nefndir Alþingis eins og

aðalmaður ólíkt varaþingmönnum sem taka sæti í forföllum aðalmanns, sbr. 2. mgr. 17. gr. þingskapa.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Skilin á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins eru hins vegar óljós þar sem þingmenn, sem taka við ráðherraembætti, halda áfram þingmennsku og atkvæðisrétti sínum á þingi jafnvel þó þeir eigi yfirleitt ekki sæti í þingnefndum.

Flutt hefur verið frumvarp um breytingu á stjórnarskrá þess efnis að skýrt verði kveðið á um að þingmaður sem skipaður verði ráðherra skuli víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og varamaður hans taka sæti hans á meðan. Verði það frumvarp samþykkt getur breytingin eðli máls samkvæmt ekki tekið gildi fyrr en á nýju kjörtímabili. Það frumvarp sem nú er lagt fram gerir þeim sem svo kjósa kleift að hafa þennan háttinn á strax á þessu kjörtímabili.

Það er álit flutningsmanna að skýrari aðskilnaður löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins muni styðja við vandaðri vinnubrögð við löggjafarstörfin. Þetta á ekki einungis við um störf framkvæmdarvaldsins sem er ábyrgt fyrir flestum frumvörpum sem lögð eru fram á Alþingi, heldur einnig um störf löggjafans. Frumkvæði þingmanna að lagasetningu yrði líklega meira við skýrari aðgreiningu frá framkvæmdarvaldinu.

Þó að ráðherra ákveði að varamaður taki sæti hans á Alþingi heldur hann sömu kjörum og aðrir ráðherrar, sbr. 5. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Verði frumvarpið að lögum leiðir ákvörðun ráðherra um að varaþingmaður taki sæti hans á Alþingi því til aukinna útgjalda sem nemur þingfararkaupi og öðrum greiðslum til varaþingmannsins.

929. Svar [473. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um kostnað við sóknaráætlun.

1. *Hver er áætlaður heildarkostnaður stjórnvalda af 20/20 sóknaráætluninni og hvernig er gert ráð fyrir að hann skiptist eftir kjördæmum?*
2. *Hver er áætlaður stjórnunarkostnaður?*

Stýrihópur um gerð 20/20 sóknaráætlun markaði í upphafi þá stefnu að halda útlögðum kostnaði vegna sóknaráætlunarinnar í lágmarki. Hagsmunaaðilar og aðrir sem koma að vinnu við undirbúning og gerð sóknaráætlunar fá ekki greidd nefndarlaun og allur kostnaður vegna þátttöku fulltrúa ráðuneyta, sveitarfélaga eða samtaka þeirra er borinn af viðkomandi aðila og forsætisráðuneytið hefur ekki vitneskju um þann kostnað.

Stýrihópur um gerð 20/20 sóknaráætlunar fékk 20 millj. kr. af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á árinu 2009 og 25 millj. kr. í fjárlögum 2010 undir lið forsætisráðuneytis. Útlagður kostnaður á vegum stýrihópsins á árinu 2009 nam um 14,8 millj. kr. Þar af nam aðkeyptur sérfræðikostnaður vegna verkefnisstjórnar og samantektar á tölfræðilegum gögnum fyrir þjóðfundi á einstökum svæðum 12,8 millj. kr., fundarkostnaður 1,0 millj. kr. og ferðakostnaður 1,0 millj. kr.

Á árinu 2010 er útlagður kostnaður á vegum stýrihópsins áætlaður um 30 millj. kr. Aðkeyptur sérfræðikostnaður vegna verkefnisstjórnar, skipulagningar og umsjónar með þjóð-

fundum í átta landshlutum og annarra funda á vegum verkefnisins er áætlaður um 22 millj. kr., ráðstefnu- og fundakostnaður er áætlaður um 4 millj. kr., ferðakostnaður er áætlaður um 1,5 millj. kr. og útgáfu- og prentkostnaður er áætlaður um 1,5 millj. kr.

Beinn kostnaður stýrihópsins vegna öflunar gagna, skipulagningar, utanumhalds og úrvinnslu átta þjóðfunda í átta landshlutum er áætlaður 11–12 millj. kr. eða nálægt 1,5 millj. kr. á hvern fund. Aðkeyptur stjórnunarkostnaður nam um 7 millj. kr. á árinu 2009 og er áætlaður um 15–17 millj. kr. á árinu 2010.

3. *Hefur starfsfólk verið ráðið í tengslum við verkefnið? Ef svo er, hve margir hafa verið ráðnir, hverjir eru þeir og á hvaða grunni voru þeir ráðnir? Voru stöðurnar auglýstar og þá hvar?*

Starfsfólk forsætisráðuneytis og annarra ráðuneyta hefur unnið með stýrihópi um gerð 20/20 sóknaráætlunar eftir því sem unnt hefur verið. Verkefnið er afar umfangsmikið og því var ákveðið að gera samning við Kristin T. Gunnarsson, ráðgjafa hjá Expectus, um verkefnisstjórn til að tryggja utanumhald og framgang verkefnisins. Samningurinn rann út í árslok 2009 en var endurnýjaður á grundvelli niðurstöðu útboðs Ríkiskaupa um kaup á ráðgjafarþjónustu fram á mitt ár 2010.

Þá þótti nauðsynlegt að gera samning við ráðgjafa um að annast undirbúning, skipulagningu og umsjón með þjóðfundum sem haldnir voru í átta landshlutum á tímabilinu 30. janúar til 20. mars 2010. Í samstarfi við einstök ráðuneyti þurfti að afla tiltekinna tölfræðilegra upplýsinga um hvern og einn landshluta en þessi gögn voru ekki aðgengileg nema að litlu leyti. Á grundvelli rammasamnings Ríkiskaupa um kaup á ráðgjafarþjónustu var gerður samningur við ráðgjafarfyrirtækið Expectus til að annast þá vinnu. Samningurinn rann út í lok mars 2010.

930. Tillaga til þingsályktunar [540. mál]

um legslímuflakk (endómetríósu).

Flm.: Eygló Harðardóttir, Siv Friðleifsdóttir,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi felur heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir átaki til að fræða um legslímuflakk (endómetríósu) og skoða möguleikann á stofnun göngudeildar fyrir konur með legslímuflakk.

Greinargerð.

Legslímuflakk eða endómetríósa, er króníska, sársaukafullur sjúkdómur sem orsakast af því að frumur úr innra lagi legsins finnast á öðrum stöðum í kviðarholinu en legholinu. Sjúkdómurinn er meðfæddur og virðist að verulegu leyti háður erfðum. Frumurnar í legslímuflakki bregðast við mánaðarlegum hormónabreytingum líkt og þær gera á sínum eðlilega stað í leginu og blæðingar eiga sér stað inn í vefi og valda þar bólgu og örvefsmyndun með svonefndum samgróningum milli líffæra í kviðarholinu og blöðrumyndun á eggjastokkunum. Í stað þess að fara út úr líkamanum eins og við hefðbundnar blæðingar kemst blóðið ekki í

burtu. Slæmir verkir tengdir tíðablæðingum koma í kjölfarið og verða oft mjög langvinnir og erfiðir. Legslímuflakk finnst á eggjastokkum, eggjaleiðurum, blöðru, ristli, legböndum og víðar. Í sjaldgæfum tilfellum hafa þessar frumur m.a. fundist í lungum, nefi, nafla og heila. Af þeim konum sem hafa sjúkdóminn eru um 60% með einkenni og um 20% með mjög sár einkenni. Sjúkdómurinn einkennist meðal annars af miklum sársauka við blæðingar, sársauka við egglos, verkjum í kviðarholi á milli blæðinga, verkjum við samfarir, þvaglát og hægðir, erfiðleikum við að verða barnshafandi og ófrjósemi, erfiðleikum á meðgöngu og við fæðingu. Talið er að allt að 5–10% kvenna í heiminum þjáist af legslímuflakki en að erfiðustu formin taki til um 2% kvenna. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Samtaka kvenna með endómetríósu þjást um 2–5% stúlkna og kvenna hér á landi af sjúkdómnum einhvern tímann á frjósemisskeiði og er því ljóst að um töluverðan fjölda er að ræða. Á 20 ára tímabili greindust um 1.400 konur með sjúkdóminn á Íslandi og þar var í meiri hluta tilvika um að ræða talsvert alvarleg sjúkdómsform. Því má reikna með að á hverjum tíma eigi nokkur hundruð kvenna í vanda vegna sjúkdómsins hér á landi, en hjá mörgum þeirra greinist sjúkdómurinn seint og ekki fyrr en óafturkræfar vefjaskemmdir hafa orðið.

Áhrif legslímuflakks geta verið miklar á líf kvenna. Upplýsingar sem safnað var saman af Endometriosis All Party Parliamentary Group í Bretlandi og kynntar voru á ráðstefnu um legslímuflakk í Maastricht árið 2005 sýna að 65% kvenna höfðu fengið ranga sjúkdómsgreiningu í upphafi og að meðalgreiningartími var 8,3 ár. Jafnframt kom fram að 78% þeirra kvenna sem þjást af legslímuflakki hafa misst að meðaltali 5,3 daga á mánuði úr vinnu sökum sjúkdómsins. Í 36% þessara tilvika hafði sjúkdómurinn veruleg áhrif á vinnugetu þeirra með eftirfarandi hætti: 41% hættu að vinna eða var sagt upp störfum, 37% minnkuðu við sig vinnu, 23% skiptu um vinnu og 6% voru á bótum. Enn fremur kom í ljós að 72% kvenna töldu sjúkdóminn hafa áhrif á samband sitt við maka með þeim hætti að í 10% tilvika leiddi sjúkdómurinn til sambandsslita, 11% kvenna átti erfitt með að sinna börnum sínum og 34% sögðu þetta hafa leitt til mikilla erfiðleika í samlífi.

Önnur alvarleg afleiðing legslímuflakks eru áhrif þess á getu kvenna til barneigna. Þekkt eru tengsl þess við ófrjósemi en aðeins nýlega hefur sjúkdómurinn þó verið tengdur við áhættu við að eignast börn fyrir tímann og aðra erfiðleika á meðgöngu. Í umfangsmikilli rannsókn við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi kom í ljós að konur með legslímuflakk voru þriðjungi líklegri til að eignast fyrirbura en konur án sjúkdómsins. Sú staðreynd að ófrjósemi er ein afleiðing sjúkdómsins gerði það að verkum að 11,9% kvenna með legslímuflakk þurftu tilgerða æxlun (assisted reproduction technology – ART) til að verða barnshafandi, en aðeins 1,4% kvenna sem voru ekki með sjúkdóminn. Rannsóknin benti einnig til að nær tvöfalt fleiri konur með legslímuflakk fæddu með fyrirframákveðnum keisaraskurði, mögulega vegna skertrar fylgjustarfsemi. Konur með sjúkdóminn voru líklegri til að fá meðgöngueitrun og eiga við miklar blæðingar að stríða í kjölfar fæðingar.

Rangar hugmyndir hafa lengi verið ríkjandi um sjúkdóminn og upplýsingagjöf villandi, enda ekki auðvelt að útskýra sjúkdómsmyndina. Það hefur leitt til þess að minna er gert úr honum en ella. Ein ranghugmynd er að verkir séu eðlilegur hluti af lífi konunnar eða að tíðaverkir séu fyrst og fremst sálrænir. Aðrar konur fá að heyra að þær séu bara með lágan sársaukaþröskuld. Þegar þessu er haldið fram við ungar stúlkur og konur getur það fælt þær frá því að leita sér hjálpar. Einnig þekkist að læknar ráðleggi jafnvel ungum stúlkum að verða barnshafandi til að losna við sjúkdóminn. Vandinn er að meðganga og brjóstagjöf geta, líkt og hormónameðferð, dregið tímabundið úr einkennum en lækna ekki sjúkdóminn. Sama gildir um aðgerðir þegar leg og/eða eggjastokkar eru fjarlægð, en með því er oft ekki tekið

á legslímuflakki utan legsins. Til að greina sjúkdóminn verður að framkvæma kviðarholsspeglun eða ómun. Meðferðin felst að hluta til í sérhæfðri lyfjameðferð, en einnig í kviðarholsspeglun þar sem afbrigðileg slímhúð er fjarlægð í aðgerðum sem nauðsynlegt er að sérstaklega þjálfað heilbrigðisstarfsfólk geri. Hormónameðferð er jafnframt oft beitt fyrir eða í kjölfar aðgerða til að stöðva blæðingar og kalla fram tímabundin tíðahvörf. Þá eru hormónagetnaðarvarnir eins og getnaðarvarnapillan og hormónalykkjur notaðar til að halda blæðingum niðri og þar með einkennum sjúkdómsins. Vegna fyrrgreindra rangra hugmynda og skorts á upplýsingum og þekkingu á sjúkdómnum meðal heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks skólastofnana er ekki óalgengt að það taki 5 til 10 ár hjá konum að fá greiningu.

Í ályktuninni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að beita sér fyrir fræðslu um sjúkdóminn. Sérstaklega mikilvægt er að upplýsa starfsfólk heilbrigðis- og skólastofnana um sjúkdóminn og þróa klíniskar leiðbeiningar sem lúta að greiningu og meðferð. Stúlkur á Íslandi eru tiltölulega bráðþroska og hefjast blæðingar að meðaltali hjá þeim við 13 ára aldur. Með því að auka fræðslu um sjúkdóminn og tryggja að stúlkur fái greiningu sem fyrst má draga úr skaða, vanlíðan og verkjum. Algengt að stúlkur leiti fyrst til kennara, hjúkrunarfræðinga eða heimilislækna vegna verkja. Mikilvægt er að þessir aðilar fái fræðslu um sjúkdóminn til að stytta greiningartímann.

Árið 2003 opnaði göngudeild fyrir konur með legslímuflakk við Akademíska sjúkrahúsið í Uppsölum en það var fyrsta göngudeild sinnar tegundar í Svíþjóð þar sem safnað var saman sérhæfðu starfsfólki til að sinna konum með legslímuflakk. Miðstöðin var byggð upp að danskri fyrirmynd en í Danmörku eru starfandi sams konar göngudeildir við háskólasjúkrahúsið í Árósum og Herlev/Glostrup-sjúkrahúsið. Mikilvægt er að skoða möguleika á að byggja upp sams konar sérþekkingu á einum stað hér á landi sem heilbrigðis- og skólakerfið getur vísað konum með sjúkdóminn á og tryggt þannig sem besta meðferð við sjúkdómnum. Þá er talið mikilvægt að skurðaðgerðir vegna sjúkdómsins séu frá upphafi gerðar af læknum með sérstaka þjálfun í kviðsjártækni sem beinist að því að fjarlægja sem mest af afbrigðilegum vef í fyrstu atrennu, svo að árangur skurðaðgerða verði sem bestur og hægt sé að forðast fyrri aðstæður þar sem ófullkomnar aðgerðir leiddu til endurtekinna skurðaðgerða, jafnvel í 10–15 skipti. Heilbrigðisráðherra er í ályktuninni falið að skoða möguleikann á stofnun sams konar göngudeildar hér á landi, og þá sérstaklega fjármögnun til að tryggja mönnun og aðstöðu til að sinna konum með legslímuflakk með sem bestu móti.

Einnig þarf að skoða hvort og hvernig hægt væri að fylgjast með áhættuþáttum tengdum legslímuflakki við mæðraeftirlit, fæðingu og eftirmeðferð auk þess að efla rannsóknir á tengslum legslímuflakks, þ.m.t. faraldsfræði, erfðum, umhverfis- og lífsháttum í tengslum við sjúkdóminn, en jafnframt forvarna.

Því er hér lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir átaki um fræðslu á sjúkdómnum og skoði möguleikann á stofnun göngudeildar til meðferðar á konum með legslímuflakk.

931. Fyrirspurn [541. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um hjúkrunarrými, heimahjúkrun og heimaþjónustu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hve mörg hjúkrunarrými eru hér á landi og hver er meðallegutími?
2. Hvað er ráðgert að mörg ný hjúkrunarrými verði tilbúin á næstu árum?
3. Hvað kostar að reka eitt hjúkrunarrými á ári?
4. Hvert er hlutfall hjúkrunarrýma hér á landi í samanburði við nágrannaríki, greint eftir fjölda aldraðra og sundurliðað eftir löndum?
5. Hver er meðallegutími í nágrannaríkjunum?
6. Hvert er þjónustustig heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu við aldraða hér á landi í samanburði við nágrannaríki?
7. Hve mikla þjónustu er unnt að veita í heimahjúkrun og heimaþjónustu sveitarfélaga svo að það teljist fjárhagslega hagkvæmara en þjónusta í hjúkrunarrými?

Skriflegt svar óskast.

932. Tillaga til þingsályktunar [542. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 9. og 22. mars 2010.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 9. og 22. mars 2010. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2010 og er óbreyttur frá fyrra ári. Færeysk skip fá heimild til að veiða 30 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á loðnuvertíðinni 2010/2011 svo fremi að leyfilegur heildarafli verði a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum. Þá fá Færeyingar heimild til að vinna loðnu um borð og landa henni til manneldis erlendis. Mega þeir þannig vinna 3/4 hluta kvótans ef leyfilegur heildarafli er minni en 500 þús. lestir. Ef leyfilegur heildarafli er aftur á móti meiri en 500

þús. lestir mega Færeyingar vinna 2/3 hluta kvóta síns. Eftir 15. febrúar skal þó eigi meira en 1/3 hluti kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands. Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2010/2011 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2010.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2010.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2010.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 22. mars 2010 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2010. Heildarafli þorsks verður þó aldrei meiri en 1.200 lestir og lúðuafli aldrei meiri en 40 lestir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010.

a. Bréf utanríkisráðherra Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

[Bréf móttekið 9. mars 2010]

Harra uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum føroyska og íslendska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiði í føroyskum og íslendskum sjógvi í 2010.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi:

„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2010.

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá føroyskum nótaskipum í lodnuvertíðini 2010/2011 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er 500 túsund tons ella meir. Er heildarkvotan minni enn 500 túsund tons, verður parturin hjá føroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er føroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túsund tons, er loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á føroyskum verksmiðjuskipum nøgd sum svarar til 3/4 av kvotuni hjá føroyskum skipum, sbr. 1. grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti størri enn 500 túsund tons, er ikki loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á føroyskum skipum meira enn 2/3 av føroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 15. februar skal ikki meira enn 1/3 av føroysku kvotuni fara til matna uttan fyri Ísland.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2010/2011 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2010. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2010. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslendskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2010 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Hvør partur fyri seg skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2010.

6. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

7. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði

hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Jørgen Niclasen
uttanríkisráðharri

b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 22. mars 2010

Hr. utanríkisráðherra
Jørgen Niclasen
Føroya Landsstýri
Torshavn

Hr. utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar sem barst 9. mars sl. og er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Færeyja og Íslands um fiskveiðar innan færeyskrar og íslenskrar lögsögu á árinu 2010.
Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2010/2011 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.
Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að 3/4 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þús. lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur 2/3 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en 1/3 hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2010/2011 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2010. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2010 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2010.

6. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar til-

kynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

933. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Einstaklingum yngri en 18 ára eru óheimil afnot af sólarlömpum, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð. Um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
b. Við 2. mgr. bætist: og öðrum takmörkunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu í samstarfi við Geislavarnir ríkisins. Með því er lagt til að einstaklingum yngri en 18 ára verði bannað að nota sólarlampa eða ljósabekki eins og rætt er um í daglegu tali. Bannið er sett á grundvelli heilbrigðissjónarmiða og í ljósi þess að útfjólublá geislun frá sólarlömpum er nú flokkuð sem krabbameinsvaldandi. Útfjólublá geislun eykur marktækt líkur á húðkrabbameinum. Börn og ungmenni eru viðkvæmari en aðrir fyrir henni. Þeir sem sólbrenna ungir eiga frekar á hættu að fá illkynja sortuæxli síðar á ævinni. Illkynja sortuæxli eru talin alvarlegasta gerð húðkrabbameina. Samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri meginreglu í geislavörnum skal sérhver notkun geislunar vera réttlætanleg, þannig að gagn vegi þyngra en skaði.

Árið 2005 ráðlögðu norrænar geislavarnastofnanir ungmennum undir 18 ára aldri og fólki með ljósa húð að nota ekki ljósabekki. Umfjöllun og yfirlýsinguna sjálfa er að finna á vefslóðinni http://www.gr.is/frettir/nr/167. Í sameiginlegri yfirlýsingu fjögurra geislavarnastofnana Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Íslands frá 11. nóvember 2009 er nú lagt til að 18 ára

aldurstakmark verði sett varðandi notkun ljósabekkja. Umfjöllun og yfirlýsinguna sjálfa er að finna á vefslóðinni http://www.gr.is/frettir/nr/409. Þá tilkynnti Alþjóðlega rannsóknarstofnunin í krabbameinsfræðum (IARC) í Lyon, sem starfar á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þann 29. júlí 2009 að útfjólublá geislun frá ljósabekkjum væri nú flokkuð sem krabbameinsvaldandi en hún hafði áður verið flokkuð sem líklega krabbameinsvaldandi. Í tilkynningu stofnunarinnar kemur fram að hætta á húðkrabbameini eykst verulega ef notkun ljósabekkja hefst fyrir 30 ára aldur.

Í samræmi við þessa þróun hafa Geislavarnir ríkisins nú gert tillögu til heilbrigðisráðuneytisins um að það beiti sér fyrir innleiðingu 18 ára aldurstakmarks vegna notkunar sólarlampa í fegrunarskyni. Aldursmörkunum er ætlað að taka til notkunar sólarlampa á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo sem á sólbaðsstofum, heilsuræktarstöðvum og íþróttamiðstöðvum. Samstarfshópur um útfjólublåa geislun styður þessa tillögu eindregið en í hópnum eru, auk fulltrúa Geislavarna ríkisins, fulltrúi Krabbameinsfélagsins, landlæknis, Lýðheilsustöðvar og Félags húðlækna.

Á vegum samstarfshóps um útfjólublåa geislun hefur Capacent-Gallup gert árlegar kannanir á notkun ljósabekkja frá árinu 2004, annars vegar meðal 1300 manna þjóðarúrtaks 16–75 ára og hins vegar meðal 1800 manna úrtaks ungmenna 12–23 ára. Notendum á aldrinum 12–23 ára hefur fækkað marktækt frá árinu 2004 en engu að síður er fækkunin ekki jafnmikil og kannanir meðal 16–75 ára hafa sýnt. Á meðal 12–15 ára grunnskólanemenda mældist mikil fækkun notenda árið 2004 þegar átakinu Hættan er ljós var hleypt af stokkunum en því var sérstaklega beint gegn notkun fermingarbarna á ljósabekkjum. Á seinni árum hefur notendum í þessum aldurshópi hins vegar ekki fækkað. Niðurstöðurnar benda til þess að erfitt sé að hafa langvarandi áhrif á lífsvenjur unglinga með kynningarstarfi og fræðslu.

Þess ber að geta að í könnun sem gerð var í desember 2009 á vegum Lýðheilsustöðvar um viðhorf til lagasetningar um bann við ljósabekkjanotkun ungmenna undir 18 ára aldri kom fram að yfir 72% þátttakenda væru hlynntir slíkri lagasetningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að bannað verði með lögum að börn og ungmenni undir 18 ára aldri geti notað sólarlampa eða ljósabekki á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo sem á sólbaðsstofum, heilsuræktarstöðvum og íþróttamiðstöðvum. Á grundvelli heilbrigðissjónarmiða þykir rétt að sporna við notkun ungmenna á sólarlömpum vegna skaðlegra áhrifa þeirra á unga húð. Gert er ráð fyrir að eftirlit verði á hendi heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Bannið kemur ekki í veg fyrir að sólarlampar séu notaðir að læknisráði.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti útfært bannið nánar í reglugerð. Er þar m.a. haft í huga framvísun skírteina til að sýna fram á aldur viðskiptavina, merkingar á viðkomandi stað og á tækjunum sjálfum.

Um b-lið.

Með ákvæðinu er lagt til að reglugerðarheimild 2. mgr. 9. gr. verði útvíkkuð og við hana bætist að ráðherra geti í reglugerð mælt fyrir um að notkun geislatækja sem gefa frá sér ójónandi geislun geti verið háð takmörkunum. Eru þar t.d. höfð í huga skilyrði um merkingar, þ.m.t. viðvaranir um hættu af notkun sólarlampa.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum taki ákvæði þess gildi 1. janúar 2011. Þannig gefst tími fyrir þá aðila sem veita almenningi aðgang að sólarlömpum að laga sig að þeim breyttu reglum sem frumvarpið felur í sér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum

Með frumvarpinu er lagt til að lögum nr. 44/2002 um geislavarnir verði breytt þannig að einstaklingum yngri en 18 ára verði óheimil, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, afnot af sólarlömpum á stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

934. Frumvarp til laga [544. mál]

um virkjun neðri hluta Þjórsár.

Flm.: Ólöf Nordal, Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Illugi Gunnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal veita Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár og skal Landsvirkjun hefja framkvæmdir hið fyrsta.

Ákvörðun umhverfisráðherra frá 29. janúar 2010 um að synja staðfestingar skipulagsbreytingum sem snúa að virkjunum í neðri Þjórsá skal falla úr gildi.

2. gr.

Þeir virkjanakostir sem skal nýta, sbr. 1. gr., og hafa þegar verið metnir út frá umhverfisáhrifum eru:

A. Hvammsvirkjun, 82 MW að afli,
B. Holtavirkjun, 53 MW að afli,
C. Urriðafossvirkjun, 130 MW að afli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er kveðið á um að ráðist verði í framkvæmdir við virkjun neðri hluta Þjórsár í þeim tilgangi að efla atvinnulíf á sunnanverðu landinu. Verði frumvarpið að lögum skal hið fyrsta hefja framkvæmdir við þær þrjár virkjanir sem eru kenndar við Urriðafoss, Holt og Hvamm og skal nýta orkuna þaðan til uppbyggingar atvinnulífs á sunnanverðu landinu. Þessi áform um virkjanir hafa þegar uppfyllt öll skilyrði umhverfissjónarmiða og hagkvæmnissjónarmiða. Virkjanirnar hafa þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum án athugasemda, verið í tvígang settar í rammaáætlun og komið vel út í bæði skiptin, eru fjárhagslegar hagkvæmar og ýta undir íslenskt atvinnulíf.

Sterk rök hníga að því að rétt sé að fullnýta tiltekið svæði áður en haldið er inn á ný svæði. Fjárfestingarstofa hefur lýst því yfir að fjöldamörg verkefni séu í undirbúningi t.d. á sviði gagnavera og smærri iðnaðar. Landsvirkjun tilkynnti 9. nóvember 2007 að stjórn fyrirtækisins hefði ákveðið að orkan úr neðri hluta Þjórsár ætti að fara til annarra verkefna en stóriðju. Í tilkynningunni segir: „Stjórn Landsvirkjunar telur mikilsvert að fyrirtækið fái sem hæst verð fyrir raforkuna, dreifi áhættu og auki fjölbreytni viðskiptavina sinna. Landsvirkjun hefur því ákveðið að hefja viðræður um raforkusölu við fyrirtæki sem hyggjast byggja upp netþjónabú á Íslandi. Einnig eru í undirbúningi viðræður við fyrirtæki á sviði kísilhreinsunar fyrir sólarrafala. Ekki er enn hægt að greina frá því hver þessi fyrirtæki eru. Líkleg staðsetning þessarar starfsemi verður á Suðurlandi og Reykjanesi. Áhersla Landsvirkjunar á netþjónabú og sólarkísil byggist á því að vænta má hærra raforkuverðs í þeim viðskiptum en við aðra stórkaupendur. Landsvirkjun mun þess vegna ekki ganga til samningaviðræðna að sinni við fyrirtæki sem hyggja á bygginu nýrra álvera á Suður- eða Vesturlandi.“

Staðan í íslensku efnahagslífi er með allt öðrum hætti nú en haustið 2007 og er brýnna en nokkru sinni fyrr að tryggja orku til fjölbreyttra verkefna eins og vísað er til í framangreindri samþykkt stjórnar Landsvirkjunar. Augljóst er að ekki verður farið í uppbyggingu gagnavera og slíkra verkefna á sunnanverðu landinu nema orka frá Þjórsá sé tryggð.

Ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um hvernig haga skuli orkunýtingu í landinu þrátt fyrir að hafa kveðið á um eftirfarandi í stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009: „Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra. … Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggi að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er.“

Þann 29. janúar 2010 synjaði umhverfisráðherra skipulagsbreytingum sem snúa að virkjunum í neðri Þjórsá. Var annars vegar um að ræða tillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um breytingu á aðalskipulagi hreppsins og hins vegar aðalskipulagi Flóahrepps 2006–2018, en ráðherra samþykkti skipulagið að öðru leyti en því sem laut að virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Þessar ákvarðanir ráðherra höfðu alvarlegar afleiðingar á áform fyrir virkjun í neðri hluta Þjórsár. Það er nauðsynlegt og eðlilegt að Alþingi vindi ofan af þeirri ákvörðun ráðherra með því að kveða á um virkjun neðri hluta Þjórsár, enda hníga öll rök að því að ráðist verði í framkvæmdirnar.

Skráð atvinnuleysi í febrúar 2010 var 9,3% samkvæmt heimildum Vinnumálastofnunar eða að meðaltali 15.026 manns og jókst það um 2,2% að meðaltali frá janúar. Á sama tíma á árinu 2009 var atvinnuleysi 8,2%. Þá eru ótaldar þúsundir manna sem flust hafa burt af landinu. Það er brýnt að sporna við atvinnuleysi með öllum tiltækum ráðum og er skynsamleg nýting orkuauðlindanna mikilvægt lóð á vogaskálarnar. Aðilar vinnumarkaðarins kalla mjög eftir því að ákvarðanir verði teknar á þessu sviði og síðast 29. mars 2010 hvatti miðstjórn Alþýðusambands Íslands til þess að áfram verði haldið í orkunýtingu.

Í ljósi gríðarlegs atvinnuleysis og þess hversu brýn þörf er fyrir atvinnuuppbyggingu hér á landi er rétt að ráðast í þessar framkvæmdir enda hafa viðamiklar rannsóknir verið gerðar. Ekki er unnt að selja orku sem ekki er til og munum við fæla frá landinu þá sem vilja fjárfesta hér á landi ef ekki er unnt að virkja hér. Flutningsmenn telja að lokum rétt að árétta að hér verði hvergi slakað á kröfum í umhverfismálum enda hefur þegar farið fram mat á umhverfisáhrifum þessara verkefna og þau hafa komið afar vel út úr rammaáætlun. Ekki skal heldur slakað á umhverfiskröfum til væntanlegra notenda raforkunnar.

935. Tillaga til þingsályktunar [545. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan íslenskrar fiskveiðistjórnar.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Atli Gíslason, Helgi Hjörvar,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Róbert Marshall,
Skúli Helgason, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Magnús Orri Schram, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnarkerfisins þar sem lagðar verði fram grundvallarspurningar, meðal annars hvort taka eigi upp nýtt fiskveiðistjórnarkerfi, setja sérstakt stjórnarskrárákvæði um eignarhald auðlindarinnar og innkalla aflaheimildir og endurúthluta þeim gegn gjaldi til þjóðarinnar.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hefur forusta Landssambands íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, efnt til ágreinings við stjórnvöld vegna yfirlýstra áforma stjórnarflokkanna um breytingar á framtíðarskipan við stjórn fiskveiða. Á sama tíma hafa skoðanakannanir sýnt ríkan vilja meðal þjóðarinnar til þess að fyrirheit ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu nái fram að ganga. Brýnt er að fá úr því skorið hver þjóðarviljinn er í þessu efni.

Í sáttmála stjórnarflokkanna er kveðið á um mikilvægi þess að standa vörð um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum sínum. Einn af hornsteinum umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar er að þær séu nýttar með sjálfbærum hætti.

Markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Mörkuð er sú stefna að veiðiheimildir skuli ákvarðast af nýtingarstefnu sem byggist á aflareglu hverju sinni. Því er heitið í stjórnarsáttmálanum að með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá verði undir-

strikað að fiskstofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar, enda segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildunum.

Þá er því einnig heitið að brugðist verði frekar við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind.

Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem fram undan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða eins og segir í stjórnarsáttmálanum. Meðal brýnna aðgerða sem stjórnarsáttmálinn kveður á um er að:

– takmarka framsal á aflaheimildum, auka veiðiskyldu og endurskoða tilfærslur á heimildum milli ára,
– stofna auðlindasjóð sem fer með ráðstöfun fiskveiðiréttinda í eigu þjóðarinnar, arður af rekstri sjóðsins renni til atvinnuuppbyggingar.

Þá er því heitið að lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að:

– stuðla að vernd fiskstofna,
– stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar,
– treysta atvinnu,
– efla byggð í landinu,
– skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar,
– leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.

Endurskoðunin verði unnin í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og miðað við að áætlun um innköllun og endurráðstöfun taki gildi í upphafi fiskveiðiárs 1. september 2010.

Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans var um mitt síðasta ár skipaður starfshópur með fulltrúum stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að vinna að endurskoðuninni. Sá vinnuhópur hefur nú verið að störfum í sjö mánuði. Fulltrúar þriggja hagsmunaaðila hafa að svo stöddu sagt sig frá starfinu og óljóst er á þessari stundu hvenær eða með hvaða hætti nefndin getur lokið störfum.

Flutningsmenn tillögunnar telja að ekki verði undan því vikist að bregðast með áþreifanlegum hætti við úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, eins og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir. Málflutningur forsvarsmanna LÍÚ undanfarið bendir til þess að breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu muni vart nást fram í fullu samkomulagi við alla hagsmunaaðila.

Flutningsmenn telja að full ástæða sé til þess að þjóðin fái að tjá hug sinn um þetta mikilvæga mál.

Með þingsályktunartillögu þessari er ríkisstjórninni falið að vinna að framgangi málsins og láta orða þær spurningar sem æskilegt er að þjóðin svari.

936. Frumvarp til laga [546. mál]

um hafnir.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson.

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins samkvæmt lögunum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

II. KAFLI.
Um stjórn hafna og rekstur.

2. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

3. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna, að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.

4. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlags, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

5. gr.

Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hafnir. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Viðurlög við brotum.

6. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Önnur gjöld.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 13. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 7. gr.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.
8. Gjöld af ferjum og flóabátum.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

7. gr.

Öll gjöld skv. 6. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 8. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu, og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. a–b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 6. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af ráðherra, gildir fyrir þá hafnarsjóði er njóta ríkisstyrkja til framkvæmda. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn. Ráðherra getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

9. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

10. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Siglingastofnun Íslands ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

11. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Siglingastofnun ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Siglingastofnun ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

12. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Siglingastofnun sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

13. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI
Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerð o.fl.

14. gr.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans.

15. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Siglingastofnun Íslands fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

16. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Siglingastofnunar Íslands og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Siglingastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki munu gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Siglingastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Siglingastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

18. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

19. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þ.m.t. skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.

3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi siglingamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

20. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 19. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingamálastjóra.
4. Að höfnin sé innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA.

21. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. hafnargarða (öldubrjóta),
   b. dýpkun hafnar og innsiglingar,
   c. siglingamerki,
   d. sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.

3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. bryggjur og viðlegukanta,
   b. uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   c. upptökumannvirki fyrir skip,
   d. mengunar- og slysavarnir,
   e. vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   f. skipulag hafna og hafnarsvæða.
   g. niðurrif hafnarmannvirkja.

22. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Siglingastofnun Íslands sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 21. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á samgönguáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.

Skerðing á hámarki framlaga skv. 21. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 21. gr.

23. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um samgönguáætlun.

24. gr.

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat sem taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

25. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

26. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 7. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Tekjum af vörugjaldi skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. skal ráðstafað til sjóðsins eða til annarra þarfa samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

27. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

28. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Siglingastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnaframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

29. gr.

Siglingastofnun Íslands annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

30. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

31. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Siglingastofnunar Íslands.Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

33. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

34. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi hafnalög, nr. 61/2003.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að sett verði ný hafnalög samhliða því að núgildandi hafnalög verða felld úr gildi. Frumvarp þetta byggist á eldri hafnalögum, nr. 23/1994. Tvær meginástæður búa að baki frumvarpi þessu. Í fyrsta lagi er gríðarlega mikilvægt að styrkhæfi hafna landsins verði tekið upp aftur og að ríkissjóður veiti hlutfallslega fjármagn til lagfæringa, endurbóta og uppbyggingar hafna eins og var tryggt í eldri lögum frá 1994. Með tilkomu hafnalaga frá 2003 var gert ráð fyrir að fjárveitingar til hafna í byggðum landsins féllu niður. Það var rothögg fyrir fjölmargar hafnir landsins þar sem höfnin og bryggjan eru eitt af höfuðankerum byggðarlaga og lykillinn að möguleikum þótt misjafnlega ári til sjávar.

Í þessu frumvarpi er þó gert að skilyrði að til að hafnir geti notið styrkja verði þær að vera staðsettar á skilgreindu byggðasvæði samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). ESA hefur skilgreint slík svæði og á gildandi korti ESA yfir slík svæði fyrir árin 2008–2013 er svæðið frá Hvalfjarðarbotni og þaðan vestur og norður fyrir land allt að Straumsvík skilgreint sem byggðasvæði. Því verða nokkrar hafnir landsins undanskildar ríkisstyrkjum samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu, þ.e. Hafnarfjarðarhöfn, Kópavogshöfn og Faxaflóahafnir.

Hin grundvallarforsendan sem liggur að baki frumvarpi þessu er sú að í hafnalögum frá 2003 er gert ráð fyrir því að allar hafnir landsins séu í samkeppnisumhverfi. Þetta ákvæði hefur reynst vera mikill misskilningur og ekki henta þorra hafna landsins og alls ekki landsbyggðarhöfnum. Þar er engin samkeppni. Þessi tilraun hefur því gjörsamlega misheppnast og er ekki í takt við neinn raunveruleika. Ákvæðið þarf því að hverfa eins og um missýn hafi verið að ræða.

937. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Flm.: Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við 69. gr. f laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er ekki unnt í sakamáli að færa sönnur á brot er vísað er til í 1. mgr. 69. gr. b sem sennilegt þykir að framið hafi verið ef beitt væri reglum um sönnunarmat í einkamálum og má þá handhafi ákæruvalds leita dóms, án þess að nokkur sé ákærður, um upptöku tilgreindra verðmæta er svara til eða rekja má til ólögmæts ávinnings sem af háttseminni hlaust. Málið skal höfðað eins og um eignardómsmál væri að ræða. Heimilt er að krefjast kyrrsetningar til tryggingar upptöku verðmæta samkvæmt þessari málsgrein og í samræmi við 2. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er samið í þeim tilgangi að auka líkur á því að raunverulega takist að endurheimta verðmæti úr hendi þeirra sem í aðdraganda og kjölfar íslenska fjármálahrunsins hafa auðgast með óréttmætum hætti ásamt því að draga úr hvata til brotastarfsemi sem haft getur verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér. Telja verður að 69. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, girði ekki fyrir að frumvarpið taki til háttsemi sem átt hefur sér stað þar sem upptöku ólögmæts ávinnings verður ekki jafnað til hefðbundinnar refsingar. Þá stendur 70. gr. stjórnarskrár því ekki í vegi að beitt sé vægara sönnunarmati í málum sem varða upptöku ólögmæts ávinnings eins og frumvarpið mælir fyrir um samanborið við það þegar skorið er úr um sekt eða sakleysi í hefðbundnu sakamáli.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði alþjóðlega viðurkennt úrræði sem veitir heimild til þess að gera upptæk verðmæti sem leiða má líkum að að séu afrakstur alvarlegra brota án þess að höfða refsimál með útgáfu ákæru. Skilyrði upptökunnar sé því ekki að ákæruvaldið sýni fram á að refsiverð háttsemi sé hafin yfir allan vafa heldur að líkur hvað það varðar fullnægi hefðbundnu sönnunarmati dómara í einkamálum.

Heimild ákæruvalds til að krefjast upptöku samkvæmt frumvarpinu er takmörkuð við brot sem sennilegt er að hafi haft í för með sér verulegan ávinning og geti varðað sex ára fangelsi. Einnig er í frumvarpinu heimild til handa ákæruvaldinu til þess að óska kyrrsetningar til tryggingar upptöku ávinnings að gættum skilyrðum 2. mgr. 88. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Réttaráhrif frumvarpsins felast í því að ákæruvaldinu verður heimilt að höfða sjálfstætt mál til upptöku ólögmæts ávinnings þar sem beitt er vægara sönnunarmati en í sakamálum. Málareksturinn er hægt að hefja fyrir, á meðan eða eftir höfðun sakamáls og hvort sem höfðun sakamáls er ómöguleg eða hún leiðir ekki til sakfellingar. Kröfu um upptöku verði þar beint að tilgreindum verðmætum en ekki að þeim sem telst eigandi eða handhafi þeirra. Þeim sem telja til réttinda verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og sýna fram á að verðmætanna hafi verið aflað á lögmætan hátt ef ákæruvaldið leiðir líkum að því að þau megi

rekja til hinna tilgreindu brota. Dómstólum ber að gæta að því að málsmeðferðin sé réttlát og samþýðanleg stjórnarskrá, sbr. einkum 70. og 72. gr. stjórnarskrár.

Færð hafa verið rök fyrir því við undirbúning málsins að gera þurfi nánari grein fyrir því í frumvarpstextanum hvernig og við hvaða aðstæður heimild þessari verði beitt af hálfu rannsóknara og ákæruvalds og hvaða reglur gildi um málsmeðferðina þegar mál er höfðað. Eðlilegt er að slíkar ábendingar komi til skoðunar og verði ræddar við þinglega meðferð málsins þar sem hér vegast á hagsmunir samfélagsins af því að endurheimta verðmæti sem aflað hefur verið með óréttmætum hætti og réttaröryggissjónarmið.

Almennt má segja að frumvarpinu sé ætlað að heimila upptöku í alvarlegri málum þar sem ákæruvaldið telur meiri líkur en minni á því að ólögmætur ávinningur sé verulegur en að sakargögn nægi ekki til sakfellis í refsimáli eða aðrar ástæður koma í veg fyrir að hægt sé að sækja hinn grunaða til saka, þar af mætti nefna bæði réttarfarslegar ástæður og persónulegar eins og fjarveru, friðhelgi eða völd sakbornings.

Tilvísun frumvarpstextans til eignardómsmála er ætlað að undirstrika að upptökumálið beinist að tilgreindum verðmætum og að ekki þurfi að gefa út ákæru á hendur sakborningi eða beina kröfu á hendur eiganda eða handhafa réttinda. Athygli skal vakin á að í 3. mgr. 69. gr. f almennra hegningarlaga er gert ráð fyrir að beita megi upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður þegar ekki er vitað hver hefur gerst brotlegur eða er handhafi hlutaðeigandi réttinda. Þá gerir 69. gr. e ráð fyrir að nýta megi andvirði upptækra verðmæta til greiðslu skaðabóta til viðkomandi sem beðið hefur tjón vegna brots.

Hvað er eignaupptaka án þess að sakfellingar sé krafist?

Úrræði sem heimila stjórnvöldum upptöku verðmæta eða eigna sem orðið hafa til eða verið notaðar við glæpastarfsemi án þess að sakfellingar sé krafist þekkjast víða um heim. Með slíkum úrræðum er hægt að koma í veg fyrir að einstaklingar hagnist af glæpsamlegu athæfi og ágóði sem af því hlýst gerður upptækur og nýttur til að bæta tjón, hvort sem er hins opinbera eða einstaklinga. Eignaupptaka af þessu tagi virkar einnig sem fælingarmáttur gegn glæpastarfsemi, þar sem hugsanlegur ávinningur er takmarkaður verulega. Í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu kemur fram að þau ríki sem fullgildi samninginn skuli íhuga að taka upp í löggjöf sína úrræði sem heimila eignaupptöku án sakfellingar. Ísland er, eitt Norðurlandanna, ekki aðili að samningnum. Hins vegar er tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samningsins á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar yfir þau mál sem á að flytja á 138. löggjafarþingi.

Þegar eignaupptaka án þess að sakfelling liggi fyrir á sér stað er mál höfðað gegn verðmætum eða eign (in rem) en ekki gegn einstaklingi (in personam). Færa þarf sönnur á að verðmætin eða eignin tengist eða sé til komin vegna glæpastarfsemi. Mismunandi útfærslur eru á sönnunarmati sem dómari notar við úrskurð um hvort eign skuli gerð upptæk. Sum ríki notast við sönnunarmat einkamálaréttar, þar sem nægir að líkur séu leiddar að sakfellingu eða að meiri líkur en minni séu á sekt (balance of probabilities). Önnur ríki notast við sönnunarmat opinberra mála og þarf fullar sönnur fyrir brotinu sem verðmætin eða eignin hafi orðið til við, þ.e. sekt þarf að vera hafin yfir allan vafa. Hins vegar þarf ekki að dæma einstakling fyrir brotið.

Gera verður skýran greinarmun á eignaupptöku án þess að sakfellingar sé krafist og heimildum til upptöku eigna samkvæmt almennum hegningarlögum. Eignaupptöku án þess að sakfellingar sé krafist er ekki ætlað að koma í stað saksóknar á grundvelli almennra hegningarlaga þar sem refsimál er höfðað gegn einstaklingi. Úrræðið er hins vegar í sumum

tilvikum eina mögulega leiðin við að endurheimta illa fengin verðmæti. Það er sérstaklega gagnlegt í tilvikum þar sem hald hefur verið lagt á verðmæti en brotlegur aðili er látinn eða óþekktur. Líta mætti á eignaupptöku af þessu tagi sem lokaúrræði í tilfellum þar sem aðrar aðferðir duga ekki, annað hvort ef málshöfðun er ekki möguleg eða ef hún reynist árangurslaus. Einnig nýtist úrræðið í þeim tilvikum þar sem grandlaus þriðji aðili (bona fide third party) er aðili málsins sem eigandi verðmæta eða eignar sem er tilkomin vegna lögbrots.

Úrræðið er ekki bundið við málefni einstakra ríkja, heldur er það líka gagnlegt við að uppræta glæpi sem ná yfir landamæri. Í því skyni er samvinna milli ríkja afar mikilvæg. Í áliti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á aðild Íslands að sambandinu kemur fram að þar sem úrræði sem þetta sé ekki að finna í íslenskum lögum sé ekki hægt að framfylgja erlendum fyrirmælum af því tagi hérlendis. Enn fremur segir að „þótt ekki sé lögboðið að taka upp eignaupptöku án þess að sakfelling liggi fyrir ætti Ísland að veita aðstoð þeim löndum sem beita slíkri málsmeðferð“. Það er mat frumvarpshöfunda að aðstæður hérlendis kalli á upptöku slíks úrræðis sem nýst gæti bæði innan lands og í alþjóðlegri samvinnu.

Eignaupptaka án þess að sakfelling liggi fyrir þekkist eins og áður segir víða um heim, bæði í löndum sem fylgja engilsaxneskri réttarvenju og þeim sem fylgja venjum einkamálaréttar. Úrræðið á sér lengri sögu í ríkjum sem fylgja engilsaxneskri réttarvenju, svo sem í Bandaríkjunum, Írlandi og Suður-Afríku, en þekkist þó einnig í ríkjum sem fylgja venjum einkamálaréttar. Má þar nefna Albaníu, Kólumbíu, Quebec-fylki í Kanada, Liechtenstein, Slóveníu, Sviss og Taíland. Útfærsla úrræðisins er þó misjöfn milli landa og í sumum tilvikum er notast bæði við engilsaxneskar réttarvenjur og venjur einkamálaréttar.

Dómstólar hafa þurft að túlka lagaákvæði sem heimila eignaupptöku, bæði í tilfellum þar sem sakfellingar er krafist og ekki. Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði árið 1986 að eignaupptaka án þess að sakfellingar sé krafist samræmdist meginreglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð og grundvallaratriði eignarréttar.

Svissnesk útfærsla.

Ákvæði í svissneskum hegningarlögum heimila eignaupptöku, bæði í tilfellum þar sem sakfellingar er krafist og þar sem sakfellingar er ekki krafist. Í 70. gr. laganna, sem fjalla um eignaupptöku án þess að sakfellingar sé krafist, segir að dómari skuli skipa fyrir um upptöku eigna sem til eru komnar vegna afbrots eða sem ætla má að eigi að nota til að umbuna brotamanni. Í svissneskum rétti er notast við sönnunarstaðal opinberra mála, þ.e. að sekt sé hafin yfir allan vafa. Þetta á við í öllum eignaupptökumálum, hvort sem sakfellingar er krafist eða ekki.

Saksóknari þarf að færa sönnur á að afbrot hafi verið framið og viðkomandi eign eða verðmæti séu afrakstur afbrotsins. Hugtakið eign er skilgreint með víðtækum hætti. Um getur verið að ræða hlut, verðmæti eða hvers kyns fjárhagslegan ávinning sem hægt er að áætla.

Eins og áður segir þarf eignin að vera ágóði afbrots til þess að hægt sé að gera hana upptæka. Eignin getur verið til komin vegna hvers kyns afbrota sem tilgreind eru í hegningarlögum eða öðrum refsiákvæðum svissneskra laga. Til þess að eignaupptaka sé möguleg þarf að vera hægt að rekja eignina til afbrots. Séu slík tengsl ekki fyrir hendi er ekki hægt að framkvæma eignaupptöku.

Þar sem um er að ræða málshöfðun gegn eign (in rem) er hægt að framkvæma eignaupptöku án tillits til hver eigandi eignarinnar er, jafnvel þótt hann tengist ekki afbrotinu. Ef eignin er komin í hendur þriðja aðila getur hann orðið fyrir eignaupptöku eða fyrirskipað að

greiða skaðabætur, nema hann hafi sannanlega ekki haft upplýsingar um þær staðreyndir sem eignaupptakan byggist á.

Írsk útfærsla.

Eignaupptaka hvort sem sakfellingar er krafist eða ekki er heimil samkvæmt írskum lögum. Árið 1996 voru sett lög um hagnað af afbrotum (Proceeds of Crime Act) og lög um sérstaka stofnun sem færi með slík mál (Criminal Assets Bureau Act). Með þessum lögum var eignaupptaka án þess að sakfellingar sé krafist gerð möguleg. Lögin ná einungis til eigna að lágmarksverðmæti 12.700 evra. Einnig var komið á fót sjálfstæðri stofnun, sem hefur það hlutverk að leita uppi og gera upptækan ágóða af glæpastarfsemi. Með setningu laganna varð líka heimilt að nota ákvæði skattalaga við endurheimtur ágóða af glæpastarfsemi.

Lögin um hagnað af glæpum fylgja meginreglum einkamálaréttar. Í því felst m.a. að stofnunin (CAB) þarf aðeins að sýna dómstólum fram á að meiri líkur en minni (balance of probabilities) séu á að tiltekin eign sé tilkomin vegna afbrots. Ef dómstóll telur með fullnægjandi hætti sýnt fram á að tiltekin eign sé ágóði af glæpastarfsemi getur hann gefið út einhliða bráðabirgðaúrskurð (interim order) um kyrrsetningu eignarinnar í 21 dag. Hafi enginn að þeim tíma liðnum sýnt fram á að vera lögmætur eigandi eignarinnar getur dómstóllinn með tilkynningu kyrrsett eignina í sjö ár. Þeirri kyrrsetningu verður aðeins aflétt ef einhver gefur sig fram og getur sýnt fram á að vera lögmætur eigandi eignarinnar. Gefi sig enginn fram innan þess tíma, getur dómstólinn úrskurðað að eignin eða hagnaður af sölu hennar skuli renna til ríkissjóðs.

Í skýrslu Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna um endurheimtur stolinna eigna frá 2009 kemur fram að frá 1996 hafi írskir dómstólar fryst/kyrrsett eignir að verðmæti yfir 70 milljónir evra og innheimt yfir 100 milljónir evra í skattgreiðslur á grundvelli fyrrnefndra laga. Mikill árangur náðist í upphafi með beitingu eignaupptöku án sakfellingar. Það leiddi til þess að minna var notast við eignaupptöku þar sem sakfellingar er krafist á kostnað eignaupptöku þar sem sakfellingar er ekki krafist. Við því var brugðist og samvinna stofnana aukin í því skyni að nýta sem best kosti þessara tveggja úrræða.

938. Frumvarp til laga [548. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði.

Fjármálaráðherra er heimilt í þessu skyni að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir bygginguna.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.

Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum skv. 1. mgr. í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

4. gr.

Hlutafé félagsins við stofnun þess skal vera 20 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. júlí 2010. Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi félagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkefni um nýtt háskólasjúkrahús (Landspítala) hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Í tengslum við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins í lok júní árið 2009 var stofnað til viðræðuvettvangs með lífeyrissjóðum um aðkomu þeirra að fjármögnun stórra framkvæmda. Verkefni um nýjan Landspítala hefur verið kynnt sjóðunum og á fundi ríkisstjórnar Íslands 25. september 2009 var ákveðið að setja undirbúning framkvæmdarinnar af stað með sex manna verkefnisstjórn til viðræðna við sjóðina um aðkomu þeirra að verkefninu og útboð á frumhönnun nýs Landspítala.

Þann 4. nóvember 2009 undirrituðu fulltrúar tuttugu lífeyrissjóða og heilbrigðis-, forsætis- og fjármálaráðherrar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar viljayfirlýsingu um að hefja samstarf um undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingu Landspítala við Hringbraut. Yfirlýsingin sýnir fram á stuðning við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðugleika þess. Viðkomandi lífeyrissjóðir eru með 83,22% af heildareignum lífeyrissjóða landsmanna.

Heilbrigðisráðherra tilkynnti í byrjun nóvember 2009 um skipan verkefnisstjórnar. Í henni sitja Gunnar Svavarsson, formaður, Ingólfur Þórisson, Ingjaldur Hannibalsson, Gyða Baldursdóttir, Egill Tryggvason og Vilborg Þ. Hauksdóttir. Hlutverk verkefnisstjórnar hefur fyrst og fremst verið að sjá um að skapa formfestu í verkefninu, sjá um undirbúning hönnunarsamkeppni, annast samskipti við þá sem hafa lýst yfir áhuga á fjármögnun verksins, annast samskipti við skipulagsyfirvöld og að hafa umsjón með samningum við hönnuði.

Þann 9. desember 2009 óskaði verkefnisstjórnin eftir ábendingum frá Ríkisendurskoðun um verkefnið í ljósi ákvæða laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og heimildarákvæða fjárlaga. Að mati Ríkisendurskoðunar er talið nauðsynlegt að sett verði sérlög um byggingu nýs Landspítala, jafnvel þótt 30. gr fjárreiðulaga sé talin eiga við. Ekki sé eingöngu verið að skuldbinda ríkið til langs tíma, heldur jafnframt talið að verið sé að ráðstafa eignum og kveða á um fyrirkomulag framkvæmda. Það er með öðrum orðum að mati Ríkisendurskoðunar ekki fullnægjandi, í ljósi umfangs verkefnisins og þeirra skuldbindinga sem ríkið gengst undir, að afgreiða þetta einungis með heimildarákvæði í 6. gr. fjárlaga.

Þann 23. desember 2009 auglýstu Ríkiskaup, f.h. verkefnisstjórnar, eftir teymum sérfræðinga til að taka þátt í forvali vegna fyrirhugaðrar frumhönnunarsamkeppni um skipulag lóðar Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut og frumhönnunar nýbyggingar Landspítala. Sérstök forvalsnefnd skipuð Ingólfi Þórissyni, formanni, Ingjaldi Hannibalssyni, Gyðu Baldursdóttur, Vilborgu Þ. Hauksdóttur og Bergljótu S. Einarsdóttur, mat umsóknir um þátttöku í forvali frumhönnunarsamkeppninnar.

Í byrjun febrúar 2010 bárust sjö umsóknir um þátttöku í forvali frumhönnunarsamkeppninnar og uppfylltu sex teymi tilskildar hæfniskröfur. Fimm stigahæstu teymunum var boðið að taka þátt í frumhönnunarsamkeppninni en ábyrgðaraðilar þeirra eru Mannvit hf., Almenna verkfræðistofan hf., TBL arkitektar ehf., Verkís hf. og Efla hf. Fjögur fyrstnefndu teymin hlutu fullt hús stiga í hæfismatinu, 180 stig, og fimmta teymið hlaut 160 stig en lágmarksstigafjöldi teymis til að teljast hæft var 135 stig. Keppnislýsing frumhönnunarsamkeppninnar var tilbúin 12. mars 2010 en skilafrestur er til 9. júní 2010 og úrslit eiga að liggja fyrir mánuði seinna, eða í byrjun júlímánaðar. Meginforsenda frumhönnunarsamkeppninnar er að ljúka sameiningu stóru spítalanna á höfuðborgarsvæðinu þannig að starfsemi Landspítala í Fossvogi flytji á Hringbraut. Samkeppnin er tvíþætt og tekur annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild og hins vegar til útfærslu á fyrsta áfanga þess sem er spítalastarfsemi í 66.000 fermetra nýbyggingu.

Nýbyggingin skiptist í þrjá meginhluta. Þeir eru bráðakjarni með bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu, skurðstofum og rannsóknarstofum, legudeildir með 180 rúmum sem öll eru í einbýli og sjúklingahótel með 80 herbergjum. Jafnframt er um að ræða frumhönnun á 10.000 fermetra byggingu fyrir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands en kostnaður vegna þess hluta verkefnisins verður borinn af Háskóla Íslands. Við mat á innsendum samkeppnislausnum verður m.a. litið til arkitektúrs, ytra- og innra skipulags, áfangaskiptingar, sveigjanleika, tækni og tæknikerfa, umhverfissjónarmiða, byggingarkostnaðar, rekstrarkostnaðar bygginga og heildarhagkvæmni starfseminnar. Er ráðgert að sá þáttur vegi 85% af heildareinkunn en tilboð í hönnunarþóknun vegi 15%. Gert er ráð fyrir að það teymi sem verður hlutskarpast í samkeppninni vinni að hönnun verkefnisins fram að samstarfsframkvæmdarútboði en starfi að því loknu við verkefnisstjórn og hönnunarrýni með verkkaupa. Hvert teymi sem skilar inn tillögu sem uppfyllir skilyrði keppnislýsingar og tekin er til dóms í hönnunarsamkeppninni fær greiddar 18 milljónir króna, án virðisaukaskatts, fyrir vinnu sína við tillögugerðina í samkeppninni.

Heilbrigðisráðherra skipaði dómnefnd vegna samkeppninnar þann 9. mars 2010. Í dómnefndinni sitja Guðrún Ágústsdóttir, formaður, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Þrír eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Finnur Björgvinsson, Sigríður Ólafsdóttir og Jakob Líndal, einn samkvæmt tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands, Aðalsteinn Pálsson, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, Sigurlaug Lövdahl, og tveir samkvæmt tilnefningu Landspítala, Anna Stefánsdóttir og Ólafur Baldursson.

Gert er ráð fyrir að samningar séu gerðir við teymið sem vinnur í lok júlímánaðar 2010 og mun sjóðstreymi verkefnisins aukast verulega við það. Fram að þessu hefur verkefnið verið fjármagnað með fjárheimildum sem veittar voru á fjárlögum 2008. Í fjáraukalögum 2009 voru fjárheimildir þess árs bakfærðar og ekki er um frekari fjárheimildar á fjárlögum 2010 að ræða.

Í 6. gr. fjárlaga 2010 er að finna heimild um ráðstöfun eigna Landspítala inn í verkefnið sem geta tryggt veðhæfi þess á hönnunartíma. Þrátt fyrir þá heimild er talið mikilvægt að sérlög liggi einnig fyrir þar sem um er að ræða skuldbindingu ríkisins til langs tíma, verið er að ráðstafa eignum, kveðið er á um fyrirkomulag framkvæmda og heimildir og markmið verkefnisins er að leigja sjúkrahúsbyggingar til langs tíma, með það að markmiði að eignast síðan fasteignirnar að þeim tíma loknum.

Almennt um verkefnið.

Ríkisstjórnin heimilaði á árinu 2005 að efnt yrði til alþjóðlegrar skipulagssamkeppni um nýtt háskólasjúkrahús. Samkeppninni lauk haustið 2005 og var teymi hönnuða undir forystu dönsku arkitektastofunnar C. F. Möller hlutskarpast í samkeppninni. Fulltrúar ríkisins unnu með hönnunarteyminu á árunum 2006–2008 að ítarlegri þarfagreiningu, tæknigreiningu og að endanlegri útfærslu á verðlaunatillögunni. Mikið samráð hefur verið við skipulagsyfirvöld í Reykjavík á undirbúningstímanum. Í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir var lokið við undirbúningsáfanga sem nefnist frumathugun.

Eftir fall bankanna var útséð um að gerlegt væri að fara í framkvæmdir í samræmi við þær tillögur sem fyrir lágu. Óskaði Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala, eftir því að norsku hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækin Momentum Arkitekter AS og Hospitalitet AS yrðu ráðin til þess að fara yfir áætlanir og hönnunarforsendur vegna nýs háskólasjúkrahúss og skila skýrslu um niðurstöður sínar. Hún fól sérfræðingunum meðal annars að:

– Meta fyrirliggjandi áform um nýtt sjúkrahús, einkum í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi.
– Kanna hvort unnt væri að áfangaskipta framkvæmdum svo greiða mætti fyrir pólitískri ákvörðun um framhaldið.
– Komast til botns í því hvað það kostaði íslenskt samfélag að „gera ekkert“, þ.e. láta kyrrt liggja og búa áfram við núverandi aðstæður í rekstri Landspítala.

Meginniðurstöður ráðgjafarfyrirtækjanna eru eftirfarandi:

– Það er miklu dýrara að „gera ekkert“ en að ráðast í framkvæmdir.
– Undirbúningsvinnan fær góða umsögn frá fyrirtækjunum og þau staðfesta þá forsendu verkefnisins að miklir fjármunir muni sparast í rekstri með því að leggja af starfsemina í Fossvogi og sameina spítalareksturinn við Hringbraut.
– Sameining spítalanna tveggja er því forgangsmál og að mati ráðgjafanna er unnt að áfangaskipta verkefninu þannig að hagkvæmni hennar skili sér strax.
– Æskilegt er að hanna tilteknar byggingar með sveigjanleika í huga varðandi rekstur og fyrirkomulag þegar horft er til framtíðar.

- Tillögur gera ráð fyrir að við Hringbraut rísi ný hús, alls um 66.000 fermetrar, þar sem verði slysa- og bráðamóttaka, skurðstofur og gjörgæsla, legudeildir með 180 rúmum í einbýli og 80 herbergja sjúkrahótel.
- Gert er ráð fyrir að stór hluti núverandi húsnæðis við Hringbraut (53.000 fermetrar) verði gerður upp og nýttur áfram.
- Framkvæmdakostnaður er áætlaður 33 milljarðar króna fyrir nýbyggingar og húsgögn og kostnaður vegna tækjakaupa er áætlaður 7 milljarðar króna. Þegar lokið er við nýbyggingu er gert ráð fyrir endurbyggingu eldra húsnæðis og áætlað að hún kosti 11 milljarða króna.
- Selja má eignir og lóðir Landspítala og nota andvirðið til að greiða hluta framkvæmdakostnaðar.

Endurskoðaðar áætlanir um nýjan Landspítala breyta í engu áformum um uppbyggingu heilbrigðisvísindasviðs og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Ætlun Háskóla Íslands er að byggja þar hús sem mun hýsa læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, lyfjafræði, sálfræði, tannlækningar, matvæla- og næringarfræði, geislafræði og lífeindafræði auk starfsemi tilraunastöðvarinnar að Keldum. Norsku sérfræðingarnir gera ráð fyrir því að Læknagarður muni gegna hlutverki sínu lengur en miðað var við í fyrri uppbyggingaráætlunum við Hringbraut.

Nýr Landspítali í samstarfsframkvæmd.

Samstarf við lífeyrissjóði um verkefnið kallar á aðra nálgun við verkefnisstjórn og útboð en í hefðbundnum opinberum verkefnum. Almennt hefur aðferðafræði þar sem um samstarf af þessu tagi hefur verið að ræða gengið undir nafninu einkaframkvæmd opinberra verkefna. Við verkefni af þessu tagi verður að hafa fjölmörg atriði í huga og henni fylgja bæði kostir og gallar.

Telja verður að það sé mikill kostur fyrir hið opinbera að kostnaður þess sé ákveðinn fyrir fram og greiðslur til framkvæmdaraðila séu tiltölulega fastmótaðar yfir samningstímann, sem getur náð yfir nokkra áratugi. Með þessu móti getur hið opinbera fært talsvert af áhættu verkefnisins yfir á framkvæmdaraðilann sem ber allan ófyrirséðan kostnað. Tilhögunin skapar því hvata fyrir framkvæmdaraðila til að meta á raunhæfan máta heildarkostnað verkefnis þar sem nánast ógerningur er að krefjast viðbótargreiðslna vegna ófyrirséðs kostnaðar. Þetta hefur það í för með sér að við undirritun samnings um samstarfsframkvæmd vegna nýs Landspítala ná stjórnvöld að tryggja kostnað yfir allan framkvæmdatímann, sem er til bóta. Að sama skapi tryggir slík tilhögun að ríkið getur metið kostnaðinn heildstætt áður en það skuldbindur sig til greiðslu fjár og á því þann möguleika að snúa til baka frá hugmyndinni ef kostnaðurinn reynist of hár.

Stjórnvöld hafa talið það heppilegt fyrirkomulag við samstarfsframkvæmdarverkefni að útgjöldum vegna framkvæmdar sé jafnað yfir líftíma eignarinnar í stað þess að allur kostnaður sé gjaldfærður við upphaf framkvæmda eins og annars er gert. Fjárfesting í samstarfsframkvæmd kemur ekki inn á fjárfestingahreyfingar í ríkisbókhaldi. Venjan er að stjórnvöld hefji að sama skapi ekki greiðslur fyrr en eftir að framkvæmdum er lokið. Enn á ný skapar það hvata fyrir framkvæmdaraðila til að ganga eins hratt og örugglega frá verkinu og nokkur kostur er til að tryggja innstreymi fjár frá verkkaupa. Um þessi atriði þarf þó að semja sérstaklega vegna byggingar nýs Landspítala.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Þetta er gert þar sem stefnt er að því að skuldbinding ríkisins verði til langs tíma og ráðstafa á til félagsins verðmætum lóðarréttindum. Félagið á að annast útboð á byggingu nýs Landspítala í samstarfsframkvæmd sem nánar er lýst í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Í 2. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að leggja félaginu til lóðarréttindi við Hringbraut sem félagið mun svo nýta sér til að fjármagna rekstur sinn, svo sem kostnað við frumhönnun.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er tilgangi félagsins lýst en hann er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði.

Í 2. mgr. er félaginu heimilað að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

Í samþykktum fyrir félagið verður nánar kveðið á um tilgang þess en meginverkefni félagsins verða eftirfarandi:

- Vinna að almennri samhæfingu, undirbúningi og áætlanagerð vegna verkefnisins í samræmi við fyrirliggjandi fjárhagsramma.
- Hafa samráð við skipulagsyfirvöld um skipulagsmál, lóðarmál og hönnun byggingarinnar.
- Afmarka nýjum spítala hæfilega lóð og vinna drög að lóðarleigusamningi við fyrirhugaða bjóðendur.
- Vinna í samráði við Ríkiskaup að gerð útboðsskilmála og útboðsgagna að lokinni hönnunarsamkeppni um verkefnið.
- Hafa umsjón með framkvæmd útboðsins í samráði við Ríkiskaup og vinna með henni að mati framkominna tilboða.
- Gera tillögu til fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra um hagstæðustu leigutilboð vegna byggingarinnar.
- Hafa fyrir hönd leigjanda eftirlit með verkframkvæmdum og skilum húsnæðisins í samræmi við útboðsgögn.
- Vinna að öðrum verkefnum sem tengjast beint eða óbeint umræddu verkefni og falin verða félaginu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórn félagsins skuli eins og unnt er vinna að verkefnum skv. 1. mgr. í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins sem eru fjármálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Landspítalinn.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að stjórn félagsins skuli skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara og að þeir skuli kosnir á aðalfundi ár hvert.

Í 2. mgr. er kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

Í 3. mgr. segir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli vera lögráða. Þeir megi ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 4. mgr. segir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að hlutafé félagsins við stofnun þess skuli vera 20 milljónir króna og skuli greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Í greininni er kveðið á um að félagið skuli hefja rekstur 1. júlí 2010. Á þeim tíma gera áætlanir ráð fyrir að fjárheimildir á fjárlögum verði uppurnar. Þá segir í 2. málsl. að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi um starfsemi félagsins. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess er varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996, gilda lögin einvörðungu um stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga en ekki um hlutafélög og skiptir þar engu þótt hlutafélagið sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags. Vegna eðlis og umfangs þess verkefnis sem lögin taka til þykir engu að síður rétt að upplýsingalög gildi um starfsemi félagsins þannig að almenningur geti fengið aðgang að gögnum mála hjá því í samræmi við ákvæði laganna.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að stofna opinbert hlutafélag til að standa að undirbúningi vegna útboðs á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að félagið standi að undirbúningi og útboði á byggingu nýs háskólasjúkrahúss og að ríkið taki húsnæðið á langtímaleigu að byggingarframkvæmdum loknum. Í þessu skyni verði fjármálaráðherra heimilt að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem ríkið hefur til starfsemi spítalans undir bygginguna. Gert er ráð fyrir að stjórn félagsins verði skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara og að hlutafé félagsins verði 20 m.kr. sem komi úr ríkissjóði. Stjórn ráði framkvæmdastjóra sem fari fyrir daglegri starfsemi félagsins.

Í samræmi við viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar og tilgreindra lífeyrissjóða um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun og undirbúningi að byggingu nýs Landspítala var skipaður vinnuhópur sem hefur unnið að undirbúningi verkefnisins. Vinnuhópur-

inn hefur meðal annars undirbúið frumhönnunarkeppni og gerð keppnislýsingar vegna þeirrar keppni. Valdir hafa verið fimm hópar til að keppa um hönnun bygginganna og fær hver hópur 18 m.kr. til verksins eða samtals 90 m.kr. Kostnaður vegna vinnu vinnuhópsins hefur verið greiddur samkvæmt fjárheimildum sem veittar voru til byggingar spítalans á fjárlögum 2008 og fluttar hafa verið áfram á milli ára. Ekki er gert ráð fyrir að til frekari fjármögnunar á starfi vinnuhópsins þurfi að koma og mun hlutafélagið taka yfir verkefni vinnuhópsins þegar það hefur verið stofnað.

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að lóðir og lóðarréttindi landspítalans verði lögð inn í opinbera hlutafélagið. Félagið mun sjá um hönnun bygginga og frekari undirbúning verkefnisins og er miðað við að lífeyrissjóðirnir láni félaginu fyrir þessum útgjöldum gegn veði í lóðum og lóðarréttindum. Það er því ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði með rekstri félagsins. Þegar hönnun nýs spítala liggur fyrir er ætlunin að bjóða byggingu húsnæðis og rekstur þess út og er miðað við að sá sem verði með hagstæðasta tilboðið kaupi hönnun spítalans af félaginu. Aðkoma lífeyrissjóðanna að verkefninu er að fjármagna framkvæmdina, þ.e. lána fyrir byggingar- og hönnunarkostnaði. Verkefnið mun falla undir lög og reglur um opinber innkaup og á það einnig við um fjármögnunina. Öllum á því að vera frjálst að bjóða í fjármögnun verkefnisins. Því gæti farið svo að annar aðili en lífeyrissjóðirnir yrði með hagstæðari fjármögnun og því ekki víst að þeir fjármagni framkvæmdina. Verktaki mun leigja Landspítala byggingarnar í lok byggingartímans sem áætlað er að verði á árinu 2016. Gert er ráð fyrir að sú hagræðing sem nýr spítali og sameining hans á einum stað gefur kost á muni mynda svigrúm hjá Landspítala til að standa undir leigugreiðslum. Miðað er við að leigusamningur verði til langs tíma og að honum loknum flytjist eignarhald fasteignanna yfir til ríkisins.

Áætlanir gera ráð fyrir því að heildarkostnaður við verkið verði um 51 milljarður króna, þar af um 33 milljarðar króna til nýbygginga og 7 milljarðar króna í tækja- og búnaðarkaup. Auk þess er gert ráð fyrir að 11 milljarðar króna fari í endurbætur á núverandi húsnæði spítalans við Hringbraut sem nýtt verður áfram undir rekstur hans. Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir því að Landspítalinn greiði hönnunar- og framkvæmdakostnaðinn að viðbættum fjármagnskostnaði að fullu til baka í formi leigugreiðslna. Verkefni hlutafélagsins verður meðal annars að reikna það út áður en í framkvæmdirnar verður ráðist hvort þær forsendur muni ganga eftir en það er forsenda ríkisstjórnarinnar fyrir uppbyggingunni eins og fram kemur í viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra og lífeyrissjóðanna.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er í samræmi við ofanritað ekki gert ráð fyrir frekari framlögum úr ríkissjóði til starfsemi Landspítalans í tengslum við þetta verkefni umfram þær 20 m.kr. sem settar verða í hlutafé hins opinbera hlutafélags.

939. Frumvarp til laga [549. mál]

um grunngerð landupplýsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem lögin taka til.

Hvað varðar lögaðila sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. taka ákvæði laga þessara einvörðungu til stafrænna landupplýsinga sem verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þessara aðila.

Lög þessi hafa ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir lögin.

Landupplýsingar í eigu annarra aðila en þeirra sem lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þau gögn við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., á grundvelli laga þessara.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnunum ná lögin einungis til upprunalegrar útgáfu gagnanna, sem afrit þeirra byggjast á.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grunngerð landupplýsinga:* Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.
2. *Landupplýsingar:* Gögn og upplýsingar sem eru tengd yfirborði jarðar, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.
3. *Stjórnvöld:*
   a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
   b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
   c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. Lýsigögn: Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.

5. *Samhæfni:* Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.
6. *Vefþjónusta:* Lausn fyrir aðgengi og birtingu landupplýsinga á vefnum.
7. *Landupplýsingagátt:* Staður á vefnum sem veitir aðgengi að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra.

4. gr.

Lýsigögn.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn fyrir þær landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Uppfæra skal lýsigögnin ef breytingar verða á gögnunum eða ný gögn bætast við.

5. gr.

Landupplýsingagátt.

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnaþjónusta sem gerir kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra á grundvelli upplýsinga sem felast í lýsigögnum.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gerir mögulegt að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um, þysja inn/út, hliðra eða skara landupplýsingar.
3. Niðurhalsþjónusta sem gerir mögulegt að hala niður afritum landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.
4. Vörpunarþjónusta sem gerir mögulegt að varpa landupplýsingum til að samhæfni náist, svo sem milli hnitakerfa.
5. Þjónusta sem gerir mögulegt að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

Aðgangur að þjónustu skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal opinn öllum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

6. gr.

Skyldur stjórnvalda.

Stjórnvöld sem hafa landupplýsingar í umsjá sinni skulu sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr.

Séu landupplýsingar og vefþjónusta í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra skulu stjórnvöld hafa tæknilega getu til að miðla gögnum og tengja þau landupplýsingagátt, sbr. 5. gr.

Stjórnvöldum er ekki skylt á grundvelli laga þessara að afla nýrra gagna.

7. gr.

Tenging annarra en stjórnvalda við landupplýsingagátt.

Aðrir en stjórnvöld, sem búa yfir landupplýsingum sem eru í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra, geta sótt um að fá að tengja landupplýsingar sínar við landupplýsingagátt. Beiðni um slíkt skal send Landmælingum Íslands sem tekur ákvörðun um hvort tenging sé heimil. Jafnframt geta Landmælingar Íslands haft frumkvæði að eða óskað eftir að aðrir aðilar en stjórnvöld tengi gögn sín við landupplýsingagátt.

8. gr.

Sameiginleg notkun gagna.

Stjórnvöld skv. a- og b-lið 3. tölul. 3. gr. skulu veita hvert öðru aðgang að landupplýsingum og vefþjónustu þeim tengdum og gera hvert öðru kleift að skiptast á og nota landupplýsingar og þjónustu í opinberum verkefnum.

Stjórnvöld skulu veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr.

9. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands hafa umsjón með framkvæmd laga þessara.

Landmælingar Íslands sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar, sbr. 5. gr. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til að skyldum samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

10. gr.

Samræmingarnefnd vegna landupplýsinga.

Umhverfisráðherra skipar samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga til fimm ára í senn. Nefndin skal skipuð níu fulltrúum og skal einn tilnefndur af umhverfisráðuneyti, einn af forsætisráðuneyti, einn af fjármálaráðuneyti, einn af iðnaðarráðuneyti, einn af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, einn af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn af Landmælingum Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA). Umhverfisráðherra skipar formann hópsins.

Nefndin skal vera faglegur vettvangur til að móta stefnu í landupplýsingamálum. Nefndin skal einnig vinna að aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld við að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi. Aðgerðaáætlunin skal vera til fimm ára í senn og skal staðfest af umhverfisráðherra.

11. gr.

Gjaldtaka.

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að láta gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé gjald innheimt skal notendum gert kleift að greiða fyrir þjónustuna með rafrænum hætti.

12. gr.

Upplýsingagjöf.

Stjórnvöldum er skylt að veita Landmælingum Íslands þær upplýsingar á grundvelli þessara laga sem ráðherra óskar eftir, þ.m.t. um notkun, útbreiðslu og aðgengi að landupplýsingum.

13. gr.
Reglugerðarheimild.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þ.m.t. um:

a. þá þætti landupplýsinga sem lögin skulu ná til, sbr. 2. gr.,
b. þær upplýsingar sem lýsigögn skulu innihalda og um uppfærslu á þeim, sbr. 4. gr.,
c. landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær, m.a. um samsetningu leitarþátta, sbr. 5. gr.,
d. gjaldtöku, sbr. 11. gr.,
e. upplýsingar sem stjórnvöldum er skylt að veita ráðherra, sbr. 12. gr.

14. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samræmi við lög um grunngerð landupplýsinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landmælingar Íslands skulu koma á fót landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., fyrir 1. júní 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga sem nefnd hefur verið INSPIRE (e. Infrastructure for Spatial Information in the European Community). Tilskipunin tók gildi innan Evrópusambandsins 15. maí 2007.

II.

INSPIRE-tilskipunin grundvallast á svonefndri grunngerð fyrir landupplýsingar, sem aðildarríki koma upp hjá sér (e. National Spatial Data Infrastructure – NSDI). Undanfarin ár hefur víða um heim verið unnið að því að skilgreina og innleiða grunngerð landupplýsinga. Ýmsar skilgreiningar eru til á þessu hugtaki en eftirfarandi skilgreining lýsir því vel: *tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum*. Virk grunngerð landupplýsinga er mikilvægur þáttur góðrar skilvirkar stjórnsýslu svo sem við ákvarðanatöku, stefnumörkun og til að virkja almenning. Um leið er slíkt skipulag tækifæri fyrir einkamarkaðinn til að þróa nýjar lausnir þar sem landupplýsingar koma við sögu. Með þetta í huga hafa margar þjóðir heims á síðustu árum byggt upp grunngerð landupplýsinga (NSDI) og hefur reynslan sýnt að hjá sumum þeirra er um

langtímaverkefni að ræða. Hér á landi hefur grunngerð landupplýsinga ekki verið byggð upp formlega þó svo að mikil vakning hafi orðið vegna þessa málaflokks á undanförnum árum og margt hafi áunnist sem nýtist við að innleiða INSPIRE tilskipunina hér á landi.

Markmið INSPIRE-tilskipunarinnar er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar og þá einna helst í þágu umhverfismála. Landupplýsingar eru m.a. hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð. Vegna mikilvægis umhverfismála og pólitískrar stefnumörkunar innan Evrópusambandsins er talið nauðsynlegt að aðildarríkin geti skipst á landupplýsingum yfir landamæri og að gögnin séu samnýtanleg. Með tilskipuninni eru settar reglur um hvernig skipulag, upplýsingamiðlun og aðgengi að staðgögnum skuli vera auk þess sem sett eru fyrirmæli um það hvernig eftirliti með slíkum gögnum skuli háttað. Talið er að helmingur allra upplýsinga sem falla undir INSPIRE-tilskipunina séu á forræði umhverfisráðuneytisins og stofnana þess. Einnig ber að líta til þess að virk grunngerð landupplýsinga kemur til með nýtast fyrir aðrar landupplýsingar en þær sem snúa beint að umhverfismálum, svo sem landupplýsingar sem varða félagslega og hagræna þætti. Til framtíðar er því markmið laganna að sem flest staðgögn stjórnvalda séu hluti af grunngerð landupplýsinga.

III.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi í umhverfisráðuneytinu sem hefur starfað frá júlí 2008 við að undirbúa innleiðingu á INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar hér á landi. Í honum eiga sæti Sesselja Bjarnadóttir, umhverfisráðuneyti, Kristín Rannveig Snorradóttir, umhverfisráðuneyti, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands, Gunnar Haukur Kristinsson, Landmælingum Íslands, og Magnús Guðmundsson, Landmælingum Íslands. Landmælingum var upphaflega falið með bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 2. júlí 2008 að gera könnun á því til hvaða opinberu stofnana INSPIRE-tilskipunin nær og að meta stöðu landfræðilegra gagnagrunna sem þessar stofnanir reka. Einnig var verkefni Landmælinga að kortleggja á hvaða formi umræddir gagnagrunnar væru, hvað þyrfti til að koma þeim á stafrænt form og hver áætlaður kostnaður þess verkefnis væri. Í upphafi vinnu starfshópsins var litið til þess hvernig nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa fjallað um INSPIRE-verkefnið. Valið var að fara svipaða leið og í Danmörku þar sem sett voru sérstök lög um grunngerð landupplýsinga. Var þetta talið skýrara en að fara þá leið að breyta lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, þar sem verkefnum og skyldum Landmælinga Íslands eru gerð skil.

Í aðdraganda vinnu við frumvarpið var haft víðtækt samráð við fjölmargar stofnanir og sveitarfélög. Jafnframt hefur INSPIRE-tilskipunin verið kynnt meðal hagsmunaaðila á fundum og ráðstefnum, m.a. á árlegum ráðstefnum LÍSU-samstakanna árin 2007–2009. Tilskipunin var jafnframt þýdd og gerð aðgengileg á íslensku á vefnum árið 2007 til að auðvelda hagsmunaaðilum að kynna sér efni hennar. Áður en framangreindur starfshópur var settur á laggirnar hafði umhverfisráðuneytið leitað upplýsinga um hvaða áhrif INSPIRE kynni að hafa á störf stjórnvalda. Ráðuneytið sendi eftirfarandi aðilum bréf: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og forsætisráðuneyti og óskaði eftir upplýsingum um hvort og þá að hvaða leyti innleiðing INSPIRE-tilskipunarinnar mundi kalla á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað það myndi hafa í för með sér. Fram kom að þeir sem í stjórnsýslunni starfa telja að INSPIREýti á nauðsynlegar

úrbætur varðandi skipulag og umsýslu landupplýsinga hér á landi. Frumvarp þessu er ætlað að bæta verulega úr hvað varðar stefnu stjórnvalda um landupplýsingar. Jafnframt er mikilvægt að samræma öflun og innkaup landupplýsinga hér landi. Þar þarf að koma til víðtækt samstarf opinberra aðila til að tryggja sem hagkvæmastar lausnir á þessu sviði og að landupplýsingar nýtist sem víðast í samfélaginu.

Skýrsla Landmælinga Íslands „INSPIRE. Tilskipun Evrópusambandsins um samræmda notkun landupplýsinga. Greinargerð og tillögur. Landmælingar Íslands, nóvember 2008“ var gefin út í nóvember 2008. Skýrsluna má finna á heimasíðu Landmælinga Íslands. Við vinnslu skýrslunnar voru haldnir kynningarfundir um INSPIRE-tilskipunina og niðurstöður könnunar sem gerð var. Umrædd könnun var gerð meðal um 30 opinberra stofnana en niðurstöður hennar voru m.a. að gögn á vegum stjórnvalda eru dreifð og oft illa aðgengileg og ekki liggur fyrir heildarstefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði hér á landi. Í kjölfar skýrslunnar var áðurnefndur starfshópur myndaður og honum falið að vinna frumvarp þetta.

Annar þáttur við að afla upplýsinga á þessu sviði og kynna INSPIRE-tilskipunina var gerð könnunar meðal allra sveitarfélaga á Íslandi, sem Landmælingar Íslands stóðu að á haustmánuðum 2009. Stofnunin fékk til samstarfs við það verkefni Samband íslenskra sveitarfélaga en fyrirtækið Alta sá um framkvæmd könnunarinnar. Þá var frumvarpið sent til kynningar rúmlega 50 stofnunum og hagsmunaaðilum í febrúar 2010 og þeim gefið færi á að koma að athugasemdum við lokadrög frumvarpsins.

Hvað varðar hugtakanotkun í frumvarpinu er rétt að geta þess að hugtakið grunngerð landupplýsinga er notað um það sem á ensku er kallað „spatial data infrastructure“. Við vinnslu frumvarpsins var ákveðið að nota oftast orðið „landupplýsingar“ fyrir ensku hugtökin „spatial data“ og „geographic information“ þrátt fyrir að orðið „landupplýsingar“ sé talið hafa víðari merkingu en orðið „staðgögn“.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni segir að markmið frumvarpsins sé að tryggja að byggð verði upp og viðhaldið grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja aðgengi yfirvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi. Með þessu er lögð áhersla á að hér á landi eigi að vinna markvisst að því af hálfu stjórnvalda að auka notkun landupplýsinga með það að leiðarljósi að nýjasta tækni, staðlar og þekking verði notuð með sem bestum hætti. Þannig verði það annars vegar tryggt að þeirra grunngagna sé aflað sem samfélagið þarf á að halda og hins vegar að þessi grunngögn verði gerð aðgengileg þannig að sömu gagnanna verði ekki aflað margsinnis á vegum hins opinbera. Í markmiðinu felst einnig að það verði tryggt að auðvelt sé að finna gögn og að vefurinn verði nýttur til að miðla slíkum gögnum eða upplýsingum um þau til samfélagsins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint til hvaða gagna lögin taka. Hér er um að ræða stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. staðgögn, sem eru í eigu stjórnvalda eða á vegum þeirra og snerta íslenskt yfirráðasvæði. Með orðalaginu „á vegum“ er átt við stafræn gögn sem stjórnvöld nýta í verkefnum sínum án þess að eiga gögnin eða bera ábyrgð á þeim. Rétt er að benda á að staðgögn eru upplýsingar sem skilgreina staðsetningu og einkenni náttúrufitja eða manngerðra fitja og

afmörkun á jörðu. Þessar upplýsingar kunna m.a. að hafa fengist með fjarkönnun, kortlagningu og landmælingatækni.

Með INSPIRE-tilskipuninni fylgja þrír viðaukar sem fjalla um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem tilskipunin nær til. Er með frumvarpinu gert ráð fyrir að sett verði reglugerð sem mun m.a. tilgreina þessa þætti, en þeir eru eftirfarandi:

Viðauki 1	**Viðauki 2**	**Viðauki 3**
Hnitakerfi, landfræðilegt reitakerfi, örnefni, stjórnsýslueiningar, staðföng, lönd og lóðir, samgöngur, vatnafar, verndaðir staðir.	Hæð, yfirborð, uppréttar fjarkönnunarmyndir, jarðfræði.	Tölfræðilegar einingar, byggingar, jarðvegur, landnotkun, heilsa manna og öryggi, veitu- og stjórnvaldsþjónusta, aðstaða til umhverfiseftirlits, framleiðslu- og iðnaðaraðstaða, aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi, dreifing fólksfjölda - lýðfræði svæðisstjórnun og skýrslueiningar, náttúruleg áhættusvæði, skilyrði í lofthjúp, veðurfræðilegar mælingar, haffræðilegar mælingar, innhafssvæði, líflandfræðileg svæði, vistgerð, útbreiðsla tegunda, orkuauðlindir, jarðefnaauðlindir.

Á vettvangi Evrópusambandsins verða gefnar út leiðbeiningar um hvern þátt viðaukanna þar sem tæknileg atriði verða nánar útfærð.

Gert er ráð fyrir að INSPIRE-tilskipunin kom til framkvæmda í áföngum allt til ársins 2019. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn á vormánuðum 2010. Rétt er að vekja athygli á því lögin ná einvörðungu til stafrænna gagna. Þetta þýðir sem dæmi að lögin taka ekki til prentaðra korta eða loftmynda á filmu.

Lögin ná til allra stjórnvalda, sbr. 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Hinsvegar er það áréttað í 2. mgr. að einungis stafrænar landupplýsingar sem verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra stjórnvalda sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins falla undir lögin. Hafi hinar stafrænu landupplýsingar ekki orðið til eða verið aflað í tengslum við rækslu hins opinbera hlutverks munu þær því ekki falla undir gildissvið laganna.

Með ákvæði 3. mgr. er tekinn af allur vafi um að verði frumvarp þetta að lögum, hafi þau ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum og gögnum sem falla undir lögin. Rétt er að geta þess að skv. 1. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, er meginregla að höfundaréttur verður aðeins til hjá lifandi persónum en ekki lögaðilum. Eiga opinberar stofnanir

því að jafnaði ekki höfundarétt að verkum starfsmanna sinna nema hann hafi verið framseldur sérstaklega. Þá vísar ákvæðið einnig til þess að lögin hafi ekki áhrif á höfundarétt þriðja aðila sem hugsanlega á landupplýsingar eða gögn sem eru í notkun hjá opinberum aðilum. Dæmi um slíkt er þegar einkaaðilar sjá um öflun og framleiðslu frumgagna t.d. vegna kortagerðar eða loftmyndatöku. Um slík frumgögn gilda að jafnaði höfundalög, nr. 73/1972, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi í mörgum tilfellum fullan rétt á að nota gögnin, birta þau eða miðla þeim til annarra. Hins vegar er ljóst að dæmi eru um að stjórnvöld hafi ekki leyfi til opinberrar birtingar landupplýsinga vegna samninga við einkaaðila sem hafa undanskilið þann rétt sérstaklega í leyfissamningum, sbr. 3. gr. höfundalaga. Með frumvarpinu eiga slík tilvik að verða úr sögunni þar sem stjórnvöld verða að haga samningum um kaup á landupplýsingum með hætti að heimilt verði að birta þau og gera aðgengileg í landupplýsingagátt, sbr. 5 .gr. Þá rétt að benda á að áfram verður heimilt að binda notkun gagna leyfi, sem veitir afnotarétt í tilteknum verkefnum eða vörum. Þó verða slíkar leyfisveitingar að samræmast því almenna markmiði tilskipunarinnar að auðvelda samnýtingu landupplýsinga og þjónustu milli stjórnvalda.

Í 4. mgr. ákvæðisins er tilgreint að heimilt verður að nýta vefþjónustu vegna laganna, sbr. 5. gr., vegna gagna sem eru í eigu annarra en lögin ná til. Sem dæmi um slíkt mætti nefna ef gögn í eigu einkafyrirtækis væru birt á vefþjónustu enda væru gögnin talin eiga erindi til stjórnvalda eða almennings.

Í 5. mgr. ákvæðisins er fjallað um þau tilfelli þegar til eru mörg eintök af sömu gögnunum eða þegar mörg afrit eru gerð. Til hagræðis og einföldunar er eingöngu gert skylt að skrá og gera aðgengileg frumgögn. Þetta ákvæði kallar á nákvæma skráningu og að stjórnvöld setji upp skýrt verklag til að tryggja að ekki verði margskráning gagna.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Mikilvægt þykir að hugtök frumvarpsins séu skýr þar sem tilgangur þess er m.a. að skilgreina og tryggja uppbyggingu grunngerðar landupplýsinga sem er nýjung á Íslandi. Er um að ræða þýðingar á eftirtöldum hugtökum sem koma m.a. úr INSPIRE-tilskipuninni: Infrastructure for spatial information (grunngerð landupplýsinga), geographic information (landupplýsingar), metadata (lýsigögn), interoperability (samhæfni), web service (vefþjónusta), geoportal (landupplýsingagátt).

Rétt er að árétta að við skilgreiningu á hugtakinu stjórnvald, sbr. 3. tölul. ákvæðisins, var horft til þess hvernig það hugtak er skilgreint í lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006. Þau lög voru sett til að innleiða tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Skilgreining tilskipunar 2007/2/EB á stjórnvöldum (e. public authorities) er samhljóða skilgreiningu tilskipunar 2003/4/EB og var því talið rétt að haga skilgreiningunni í frumvarpi þessu með sama hætti og í lögum um upplýsingarétt um umhverfismál. Með hliðsjón af því að ákvæðið er samhljóða 2. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál er á því byggt að það verði skýrt á sambærilegan hátt.

Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Mikil aukning hefur verið í framleiðslu stafrænna korta og önnur vinnsla landupplýsinga fer vaxandi. Sífellt verður erfiðara að fá yfirsýn yfir hvað til er af slíkum gögnum hverju sinni. Með ákvæðinu er gerð sú krafa til stjórnvalda á Íslandi að skrá í veflausn svokölluð

lýsigögn um landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Einnig er undirstrikað mikilvægi þess að uppfæra upplýsingar um lýsigögn með reglulegum og skipulegum hætti svo að hægt sé að treysta því sem þar er skráð. Rétt er að árétta að lýsigögn eru ágrip upplýsinga um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafns svo sem á innihaldi, eiginleika eða ástandi.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Með henni er Landmælingum Íslands gert skylt að starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær. Landupplýsingagáttin skal vera opin og aðgengileg öllum. Gert er ráð fyrir að með slíkri landupplýsingagátt verði nýtt besta möguleg tækni hverju sinni við að tengja saman ólíka, dreifða gagnagrunna, svo sem með WMS-staðli (Web Map Service). Rétt er að árétta að með lögunum er ekki gert ráð fyrir að gögn verði afrituð til birtingar frá upprunastað sínum og þau geymd miðlægt, heldur munu gögn verða hýst og þeim viðhaldið á hverri stofnun og sveitarfélagi fyrir sig.

Í 1. tölul. er kveðið á um lýsigagnaþjónustu sem á að gera það kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra á grundvelli upplýsinga sem felast í lýsigögnum. Hér er um að ræða vefþjónustu þar sem fram koma lýsigögn, eða „gögn um gögn“ til að tryggja að mögulegt sé að fá heildaryfirsýn yfir þær landupplýsingar sem stjórnvöld búa yfir og geta nýst öðrum. Ekki verður heimilt að taka gjald fyrir notkun á þessari þjónustu. Ákvæðið er byggt á a-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 2. tölul. er kveðið á um skoðunarþjónustu sem á að lágmarki að gera það mögulegt að skoða, fara um, þysja inn/út, hliðra eða skara landupplýsingar og að sýna skýringar þeirra og viðeigandi lýsigögn. Þessi þjónusta gengur skrefi lengra en hefðbundin lýsigagnaþjónusta þannig að hægt er að skoða viðkomandi gögn, t.d. sem mynd á skjánum án þess að notandinn geti fengið sjálf frumgögnin til sín. Ekki verður heimilt að taka gjald fyrir notkun á þessari þjónustu. Ákvæðið er byggt á b-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 3. tölul. er fjallað um niðurhalsþjónustu sem gerir það mögulegt að hala niður afritum landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða hluta. Heimilt er að taka gjald fyrir þessa þjónustu sem m.a. miðast við umfang þeirra gagna sem halað er niður. Mikilvægt er að hugsanleg gjaldtaka sé hófleg svo að hún verði ekki hindrun í notkun samfélagsins á gögnunum. Ákvæðið er byggt á c-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 4. tölul. er kveðið á um vörpunarþjónustu sem gerir það mögulegt að varpa landupplýsingum til að samhæfni náist. Með vörpun er átt við þjónustu sem er ætlað að aðstoða notendur við að tengja saman gögn sem eru í ólíkum hnitakerfum eða ólíkum kortavörpunum og/eða að hægt sé að skoða þau saman varðandi gagnaform, tungumál og upplýsingatöflur. Í fæstum tilfellum mun notandi verða var við virkni þessarar þjónustu með beinum hætti. Heimilt verður að taka hóflegt gjald fyrir þessa þjónustu. Ákvæðið er byggt á d-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 5. tölul. er fjallað um þjónustu sem leyfir það að mismunandi vefþjónusta fyrir landupplýsingar verði tengd saman eða samhæfð. Þessari þjónustu er ætlað að gera notendum kleift að tengja saman fleiri en eina kortaþjónustu á vefnum og birta gögn sem eina heild. Heimilt verður að taka gjald fyrir þessa þjónustu. Ákvæðið er byggt á e-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 2. mgr. er heimild fyrir umhverfisráðherra að takmarka almennan aðgang að vefþjónustu eða hluta hennar. Ákvæði INSPIRE-tilskipunarinnar eru sambærileg við ákvæði tilskipunar

2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem var innleidd með lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006. Því þótti rétt að gæta samræmis við ákvæði þeirra laga og er því vísað til 6. gr. þeirra laga. Með hliðsjón af þessu er byggt á því að greinin verði skýrð á sambærilegan hátt og 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Ákvæði greinarinnar á sér að öðru leyti fyrirmynd í 13. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þá skyldu stjórnvalda sem hafa landupplýsingar í umsjá sinni að sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um að stjórnvöldum beri að hafa yfir að ráða tæknilegri getu til að miðla gögnum og tengja þau vefþjónustu, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þetta þýðir að stjórnvöld bera sjálf ábyrgð á því að nauðsynleg tæknileg geta sé fyrir hendi. Þannig þurfa einstakar stofnanir og sveitarfélög sjálf að tryggja að þau hafi yfir að ráða nauðsynlegum vél- og hugbúnaði. Aftur á móti skal það áréttað að Landmælingum Íslands ber að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og leiðsagnar. Með því skal tryggt að litlar stjórnsýslueiningar sem ekki hafa aðgang að tækni eða þekkingu til að byggja upp þá þjónustu sem lögin kveða á um, fái nauðsynlega aðstoð til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku Landmælinga Íslands vegna slíkrar leiðsagnar. Hins vegar er rétt að benda á að á grundvelli stefnu íslenskrar stjórnvalda um upplýsingasamfélagið má gera ráð fyrir því að íslenskar stofnanir hafi tæknilega getu og möguleika til að hagnýtingar upplýsingatækni, m.a. á sviði landupplýsinga, til að bæta opinbera þjónusta, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Þessi stefna er einnig tengd ýmsum markmiðum um umhverfismál því með aukinni þjónustu stjórnvalda á netinu, fjarvinnu og fjarnámi má t.d. draga úr mengun. Til viðbótar má einnig benda á að verði frumvarpið að lögum mun það leiða til betra skipulags og aðgengis að gagnagrunnum hjá stjórnvöldum og þar af leiðandi einnig til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Ákvæðið er byggt á 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Með ákvæði 3. mgr. er það áréttað að lögin kalla ekki á að nýrra gagna sé aflað, heldur verður þess krafist að stjórnvöld skrái og geri aðgengileg gögn sem þeir varðveita nú þegar. Þannig er markmiðið að nýta betur en nú er gert þau gögn sem aflað hefur verið með opinberu fé, ekki síst fyrir aðra opinbera aðila. Þannig á að vera tryggt að lögin verði ekki of íþyngjandi því kostnaður við öflun nýrra gagna getur verið mjög hár ef kröfur eru gerðar um mikil gæði og nákvæmni. Það skal hinsvegar áréttað að lögin ná til allra gagna sem munu verða til á vegum opinberra aðila í framtíðinni.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um það á hvaða hátt aðrir en stjórnvöld geta sótt um að tengja eða birta gögn sín við landupplýsingagátt stjórnvalda. Til þess að slík tenging verði heimiluð verða gögn þau sem um ræðir að falla innan gildissviðs laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þannig yrðu að vera um að ræða stafrænar landupplýsingar sem tækju til íslensks yfirráðasvæðis og ná til einhvers þeirra viðfangsefna sem INSPIRE-tilskipunin nær til. Til þess að tryggja að gögn uppfylli þær tæknilegu kröfur sem gerðar verða á grundvelli INSPIRE-tilskipunarinnar og laga þessara er gert ráð fyrir að aðilar sæki um slíka eða tengingu til Landmælinga Íslands. Var tekið mið af sambærilegu ákvæði í hinum dönsku INSPIRE-lögum, nr. 1331/2008. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að frumkvæði að tengingu samkvæmt þess-

ari grein geti komið frá Landmælingum Íslands eða öðrum. Ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku vegna tengingar við landupplýsingagátt á grundvelli þessarar greinar.

Um 8. gr.

Ákvæðið er byggt á 17. gr. tilskipunar 2007/2. Því er ætlað að tryggja að stjórnvöld veiti hvert öðru aðgang að landupplýsingum og vefþjónustu þeim tengdum og geri hvert öðru kleift að skiptast á og nota gögn og þjónustu í opinberum verkefnum.

Ákvæðið tekur einnig til þess að stjórnvöld á Íslandi skuli veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í 8. mgr. 17. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Landmælingar Íslands skuli annast þá starfsemi sem umhverfisráðherra er falið með lögunum. Hér má nefna sem dæmi að Landmælingar skulu samkvæmt frumvarpinu sjá um að netþjónustu skv. 5. gr. og grunngerð fyrir landupplýsingar sé komið á fót. Landmælingar Íslands starfa á grundvelli laga um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006. Samkvæmt þeim lögum skal stofnunin vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á þeim fagsviðum sem stofnunin starfar á. Meginfagsvið Landmælinga Íslands eru landmælingar, fjarkönnun, kortagerð og landupplýsingakerfi auk þess sem stofnunin þarf að koma að gerð staðla og vinnuleiðbeininga á framangreindum fagsviðum. Stofnuninni er ætlað að ráða yfir faglegri þekkingu til að geta sinnt þessu hlutverki sínu og því er hún vel til þess fallin að sjá um framkvæmd þeirra verkefna sem umhverfisráðherra er falið samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. segir að Landmælingar Íslands skuli sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Landmælingum Íslands er þannig samkvæmt greininni ætlað að vera stjórnvöldum (þ.e. stofnunum og sveitarfélögum) til ráðgjafar til þess að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu, sbr. einnig skýringar við 6. gr. frumvarpsins. Þykir stofnunin vel til þessa verkefnis fallin enda er þar fyrir hendi tæknileg geta og þekking til að sinna þessu verkefni og rekur stofnunin nú þegar margs konar vefþjónustu á þessu sviði sem er öllum opin án endurgjalds. Rétt er að taka fram að Landmælingum Íslands er heimilt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að semja við eða bjóða út einstaka verkþætti vegna framkvæmdar laganna.

Um 10. gr.

Með ákvæðinu er gerð tillaga um að umhverfisráðherra skuli setja á fót samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga. Skal nefndin skipuð til fimm ára í senn. Líkt og fram kemur í ákvæðinu skulu í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af umhverfisráðuneyti, forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Landmælingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA).

Í 2. mgr. er kveðið nánar um á um hlutverk nefndarinnar. Þannig er nefndinni ætlað að vera faglegur vettvangur stjórnvalda við að móta stefnu í landupplýsingamálum í víðu samhengi. Æskilegt er jafnframt að slík stefnumótun fari fram í samráði við hagsmunaaðila.

Þá er í 2. gr. jafnframt kveðið á um að samræmingarnefndinni sé skylt að vinna að aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld við að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi. Slík aðgerðaáætlun skal vera til fimm ára í senn og send umhverfisráðherra til staðfestingar. Sam-

ræmingarnefndin skal einnig taka afstöðu til þess hvaða landupplýsingar, aðrar en þær sem fram koma í 1.–3. viðauka INSPIRE-tilskipunarinnar, skuli falla undir lögin.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gjaldtöku. Markmið er laganna að tryggja aðgengi yfirvalda og almennings að stafrænum landupplýsingum á Íslandi og ber að skoða alla gjaldtöku með það í huga. Sérstaklega er kveðið á um að sú þjónusta sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 5 gr. skuli vera án endurgjalds. Fram kemur að gögn megi vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Í 2. mgr. ákvæðisins er einnig fjallað um heimild til að taka hóflegt gjald fyrir þá þjónustu sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. tölul. Með hóflegu gjaldi er átt við þjónustugjald en samkvæmt því má ekki taka hærra gjald en sem nemur öllum föstum og breytilegum kostnaði af veittri þjónustu eða afgreiðslu gagna. Hér má því t.d. taka gjald til að mæta öllum kostnaði af framreiðslu, fjölföldun og dreifingu gagna auk sanngjarnrar hlutdeildar í afskriftum á fjárfestingu í vélum og tækjum sem þörf er á við miðlun og niðurhal.

Ekki verður hins vegar heimilt að taka gjöld til þess að uppfylla skýrsluskyldur umhverfismála samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvæðið tekur mið af 14. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að hinum ýmsu stjórnvöldum á Íslandi sem lög þessi ná til beri að veita Landmælingum Íslands í umboði umhverfisráðherra ákveðnar upplýsingar, t.d. um framgang þeirra verkefna sem stjórnvöldum er falið að sinna með frumvarpinu. Dæmi um slík verkefni er skráning og miðlun lýsigagna og að stjórnvöld geri gögn sín aðgengileg.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að setja skulir reglugerðir um þar til greind málefni.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB (INSPIRE).

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, vegna nýrra laga um grunngerð landupplýsinga. Í 4. gr. þeirra laga eru talin upp verkefni Landmælinga Íslands og gert ráð fyrir því að í 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samræmi við lög um grunngerð landupplýsinga. Með ákvæðinu er Landmælingum Íslands í umboði umhverfisráðherra falið mikilvægt hlutverk við að vinna að uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samvinnu við fjölmargar stofnanir og sveitarfélög. Þetta nýja hlutverk Landmælinga Íslands er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um starfsemi stofnunarinnar árið 2006, þar sem kjarnaverkefni voru skilgreind betur en áður og svokölluð samkeppnisverkefni

voru boðin út til einkaaðila, svo sem gerð og útgáfa prentaðra korta. Hins vegar hefur þetta nýja hlutverk Landmælinga Íslands ekki áhrif á lögbundin verkefni annarra stjórnvalda á sviði landupplýsinga að öðru leyti en því að þeim er með lögum um grunngerð landupplýsinga gert skylt að miðla þeim gögnum sem þau búa yfir.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er gerð krafa um að Landmælingar Íslands sjái um að komið verði á fót landupplýsingagátt þeirri sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Ljóst er að smíði slíkrar lausnar mun taka nokkurn tíma og er í samræmi við það gert ráð fyrir að landupplýsingagáttin verði tilbúin til notkunar 1. júní 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga.

Frumvarpinu er ætlað að leiða í lög ákvæði tilskipunar 2007/2/EB, um notkun og miðlun landupplýsinga. Markmið þess er að tryggja samræmda uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga með það fyrir augum að auka möguleika á samnýtingu landupplýsingagagna og að tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að upplýsingunum. Gert er ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi umsjón með framkvæmd laganna og verði stjórnvöldum, þ.e. stofnunum og sveitarfélögum, til ráðgjafar og leiðsagnar við að fullnægja skyldum þeirra samkvæmt lögunum. Stofnunin skal setja á fót sérstaka landupplýsingagátt og sjá um rekstur hennar, viðhald og tæknilega þróun. Í gegnum gáttina skal öllum vera aðgengileg lýsigagnaþjónusta, skoðunarþjónusta, niðurhalsþjónusta, vörpunarþjónusta og þjónusta sem gerir mögulegt að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga, svo sem að tengja saman fleiri en eina kortaþjónustu á vefnum og birta gögn sem eina heild. Tvær fyrstnefndu þjónusturnar skulu veittar endurgjaldslaust en heimilt verður að innheimta gjald fyrir kostnaði við þrjár síðastnefndu þjónusturnar. Gert er ráð fyrir að tilskipunin komi til framkvæmda í áföngum allt til ársins 2019.

Vegna kröfu um lækkun kostnaðar og hagræðingu í opinberum rekstri hefur verið valið að fara aðra leið við innleiðinguna en áður var áætlað og er nú miðað við að tilskipunin verði uppfyllt með algjörum lágmarksbúnaði og lágmarkskostnaði og að nýta við það sem allra best þekkingu og búnað sem Landmælingar Íslands búa nú yfir. Kostnaðartölur hafa því lækkað talsvert frá áætlun sem sett var fram í skýrslu Landmælinga í nóvember 2008. Skýrist það m.a. af minni hugbúnaðarkostnaði við landupplýsingagátt samkvæmt nýrri könnun þar á, meiri aðkomu eigin starfsmanna og minni aðkeyptri ráðgjöf, nýrri tækni við vistun og miðlun gagna sem dregur úr þörf fyrir miðlæga vistun og lækkar vistunar- og afritunarkostnað, lengri innleiðingartíma, aukinni notkun á opnum hugbúnaði sem lækkar rekstrarkostnað, fækkun lykilgagnasetta til að einfalda innleiðinguna og áætlun um aukið norrænt samstarf sem talið er geta dregið úr þörf fyrir aðkeypta sérfræðiráðgjöf. Í þessu ljósi hefur kostnaður Landmælinga við innleiðingu tilskipunarinnar verið endurmetinn og er nú talið að kostnaður stofnunarinnar verði 8 m.kr. á ári en það er 27% lækkun frá fyrri áætlun, auk þess sem áætlað er að stofnunin geti aflað 2 m.kr. tekna á ári í gegnum gjaldtökuheimild frumvarpsins. Vegna

breyttra tækniforsendna og aukins hlutverks Landmælinga við innleiðingu má gera ráð fyrir að kostnaður annarra geti lækkað hlutfallslega meira. Í fyrri áætlun vó kostnaður Landmælinga 20% af kostnaði ríkisins við innleiðingu tilskipunarinnar.

Reiknað er með að kostnaðaráhrif frumvarpsins nái til um 30 stofnana hinna ýmsu ráðuneyta, auk sveitarfélaga. Áætlað er að yfirleitt verði um tiltölulega lítinn viðbótarkostnað að ræða hjá hverri stofnun, í um helmingi tilfella undir 1 m.kr. á ári, en annars oft á bilinu 1 til 2 m.kr. á ári meðan á innleiðingu stendur. Á móti kemur að reikna má með að þegar fram í sækir geti þessir aðilar sem og aðrir haft margvíslegt hagræði og sparnað af stöðlun þessara gagna. Ekki er því reiknað með að auka þurfi sérstaklega fjárframlög til þeirra til að standa straum af kostnaði við innleiðingu. Í athugasemdum með frumvarpinu er einnig áréttað að ráðgjöf og leiðsögn Landmælinga skuli tryggja að litlar stjórnsýslueiningar sem ekki hafa aðgang að tækni eða þekkingu til að byggja upp þá þjónustu sem lögin kveða á um, fái nauðsynlega aðstoð til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og ekki er gert ráð fyrir að stofnunin taki gjald fyrir þessa aðstoð. Einnig er gert ráð fyrir að stofnanir myndi svigrúm fyrir innleiðingu með breyttri forgangsröðun, t.d. með því að draga úr öðrum verkefnum meðan á innleiðingu stendur. Ekki er talin forsenda til þess að reikna með slíkum innri kostnaði við mat á frumvarpinu enda um að ræða úrbótaverkefni til að nýta betur en áður opinberar landupplýsingar og eðlileg krafa að stofnanir staðli vinnubrögð og geri gögn aðgengileg óháð kröfum frumvarpsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ef kostnaður annarra en Landmælinga lækkar um helming frá fyrri áætlun má gera ráð fyrir að tímabundinn kostnaður ríkissjóðs verði 30 m.kr. á ári en lækki síðan og verði 8 m.kr. Á móti hækka tekjur um 2 m.kr. Á sama hátt má áætla tímabundinn kostnað sveitarfélaga 7,5 m.kr. á ári. Vegna örra tæknibreytinga á þessu sviði má þó allt eins gera ráð fyrir að kostnaður við innleiðingu fari lækkandi á komandi árum. Reiknað er með að kostnaði verði að mestu mætt án hækkunar á útgjaldarömmum ráðuneyta. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum sem samþykkt frumvarpsins kann að hafa í för með sér í fjárlögum 2010 eða í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013.

940. Fyrirspurn [550. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fyrirhugaða starfsemi ECA á Íslandi.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hverjir eru eigendur ECA? Hvernig er stjórn félagsins skipuð?
2. Hvers konar starfsemi er fyrirhuguð á vegum ECA á Íslandi?
3. Hvenær hófust viðræður milli ECA og hins opinbera og að frumkvæði hvers hófust þær?
4. Hver heldur utan um málið af hálfu hins opinbera og veitir upplýsingar um framvindu þess?
5. Hvenær er áformað að rekstur ECA hefjist á Íslandi? Á hvaða stigi er málið nú?

6. Er eftir að skera úr um einhver vafaatriði málsins vegna og ef svo er, hver eru þau?
7. Hvernig samræmist fyrirhuguð starfsemi ECA gildandi stjórnarsáttmála?

Skriflegt svar óskast.

941. Fyrirspurn [551. mál]

til fjármálaráðherra um heildarkostnað ríkissjóðs af breytingum á heitum ráðuneyta.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs af eftirtöldum breytingum á heitum ráðuneyta, sbr. reglugerð nr. 101/2009 um breytingu á reglugerð nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands og hvernig sundurliðast hann eftir ráðuneytum:

a. dómsmála- og mannréttindaráðuneyti í stað dóms- og kirkjumálaráðuneytis,
b. mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað menntamálaráðuneytis,
c. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í stað samgönguráðuneytis,
d. efnahags- og viðskiptaráðuneyti í stað viðskiptaráðuneytis?

942. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Pétur H. Blöndal, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við 49. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra ber fjárhagslega ábyrgð á ráðuneyti sínu og með þá ábyrgð skal fara samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Fari stofnun eða fjárlagaliður fram úr fjárheimildum ber ráðherra að veita forstöðumanni eða ábyrgðaraðila fjárlagaliðar skriflega áminningu skv. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 2010.

Greinargerð.

Áminningakerfi.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2007 og ársáætlanir 2008 kemur fram að um fjórðungur fjárlagaliða var með halla í árslok 2007 og að stofnunin „telur að síendurtekin brot gegn fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og aðgerðaleysi ráðuneyta vegna þeirra sýni að ábyrgðin er ekki að öllu leyti hjá forstöðumönnum stofnana. Þá hvetur hún til þess að ákvæði um ábyrgð ráðuneyta á fjárreiðum ríkisstofnana verði gerð afdráttarlausari í gildandi lögum og reglum.“

Í árslok 2007 stóð um 15% fjárlagaliða í halla umfram 4% af fjárheimild. Í lok árs 2006 stóðu 72 fjárlagaliðir, eða u.þ.b. sjöundi hver í halla umfram 4% af heimild. Agaleysi gagnvart fjárheimildum er því greinilega mikið vandamál í rekstri ríkisins.

Í 49. gr. laga nr. 88/1997 segir að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Brot á ákvæðum laganna varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lagt er til að við 49. gr. laganna bætist málsgrein sem kveður á um að veita skuli forstöðumanni eða ábyrgðaraðila fjárlagaliðar skriflega áminningu skv. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fari rekstur sem hann ber ábyrgð á fram úr fjárheimildum ársins.

Gert er ráð fyrir að áminningakerfi fyrir forstöðumenn verði útfært í þá veru að fagráðuneyti áminni með samræmdum hætti forstöðumenn sem ekki virða ramma fjárlaga. Áður hafi þeir verið hvattir til að bæta úr því sem miður hefur farið innan tilskilins frests. Til að svo megi verða þarf að efla eftirlit með framkvæmd fjárlaga innan ársins þannig að bæði forstöðumaður og fagráðuneyti fái með góðum fyrirvara vitneskju um það að starfsemin verði ekki innan fjárheimilda. Þessum aðilum ber því að grípa til þeirra úrræða sem duga til að starfsemin verði innan heimilda. Takist það ekki ber að veita áminningu. Áður en til þess kemur þarf að fara í gegnum það ferli sem lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tiltaka og hefur forstöðumaður rétt til andmæla og skýringa samkvæmt lögunum. Verði ekki talið að hann beri ábyrgð á rekstrarumfangi umfram fjárheimildir ber að finna þann sem ábyrgðina ber.

Fari aðalskrifstofa ráðuneytis fram úr fjárheimildum er eðlilegt að forsætisráðuneytið veiti ábyrgðaraðila þess áminninguna, en fari forsætisráðuneytið fram úr fjárheimildum mundi Alþingi fjalla um það mál.

Ráðherraábyrgð.

Á Íslandi bera ráðherrar, sem æðstu handhafar framkvæmdarvalds, ábyrgð gagnvart Alþingi skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar og kallast þessi ábyrgð ráðherraábyrgð. Ráðherraábyrgðin greinist í pólitíska ábyrgð annars vegar og hins vegar lagalega ábyrgð.

Pólitíska ábyrgðin felst í því að ráðherra verður að hafa traust meiri hluta þingmanna, ellegar samþykkir Alþingi vantrauststillögu og neyðist þá ráðherra til að segja af sér.

Lagalega ábyrgðin felst í því að meiri hluti Alþingis getur ákært ráðherra fyrir embættisrekstur hans.

Í lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, er fjallað um lagalega ábyrgð ráðherra og ber hann refsiábyrgð í þrenns konar tilvikum ef hann:

1. brýtur gegn stjórnskipunarlögum landsins,
2. brýtur gegn öðrum lögum,

3. misbeitir stórlega valdi sínu eða framkvæmir nokkuð eða veldur því að framkvæmt sé nokkuð sem stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

Einungis landsdómur getur dæmt eftir þessum lögum. Brot gegn lögunum varða embættismissi, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Dómar landsdóms eru fullnaðardómar og verður ekki áfrýjað. Landsdómur hefur aldrei verið kallaður saman frá stofnun hans árið 1905 og því hefur aldrei reynt á lagalega ábyrgð ráðherra á Íslandi.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að ráðherra beri fjárhagslega ábyrgð á ráðuneyti sínu og því verði farið með þá ábyrgð samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð fari rekstur sem hann ber ábyrgð á fram úr fjárheimildum. Á þessa ábyrgð gæti einnig reynt krefjist ráðherra þess að forstöðumaður reki stofnun umfram fjárheimildir.

943. Frumvarp til umferðarlaga. [553. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi þar sem jafnræðis er gætt milli vegfarenda, óháð samgöngumáta, og tillit tekið til umhverfissjónarmiða við skipulagningu umferðar.

2. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé.

Ákvæði laganna um reiðhjól gilda einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki.

Ákvæði laganna um gangandi vegfarendur gilda einnig um þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum, sem og um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan einstakling sem sjálfur ekur hjólastól eða samsvarandi tæki.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. Aðalljós: Aksturs ljós vélknúinna ökutækja sem stjórnað er með rofa ásamt skiptirofa á milli lágra og hárra ljósgeisla.

2. *Aðrein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til aðlögunar að umferð á þeim vegi sem ekið er inn á.
3. *Akbraut:* Sá hluti vegar sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir umferð ökutækja.
4. *Akrein:* Hver og ein af samhliða reinum, hvort sem akreininni er skipt að endilöngu með yfirborðsmerkingum eða ekki.
5. *Akstur á einkalandi:* Akstur ökutækja á afmörkuðum einkalóðum, jörðum og vinnusvæðum utan almennrar umferðar.
6. *Akstur á afmörkuðum, skilgreindum svæðum:* Sérhæfður akstur ökutækja á afmörkuðum, skilgreindum og merktum svæðum utan almennrar umferðar, t.d. í ökugerði og aksturskeppnissvæði.
7. *Akstur utan umferðar:* Akstur ökutækja á snjó eða hjarni á svæðum opnum almenningi.
8. *Almenn umferð:* Öll meðferð ökutækja og önnur umferð samkvæmt lögum þessum á vegum sem opnir eru almenningi.
9. *Almennir stígar:* Stígar, svo sem göngu-, hjóla- og reiðstígar, sem merktir eru í samræmi við notkun þeirra og ætlaðir eru til frjálsrar umferðar og haldið við af fé ríkis eða sveitarfélaga.
10. *Almenningsvagn:* Ökutæki sem sérstaklega er útbúið til fólksflutninga og notað til reglubundins áætlunaraksturs samkvæmt fyrir fram ákveðnum akstursleiðum.
11. *Ásþungi:* Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.
12. *Beltabifhjól:* Bifhjól, búið beltum og eftir atvikum stýrimeið/stýrihjóli og innan við 400 kg að eigin þyngd. Beltabifhjól er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki á snjó og hjarni.
13. *Beygjurein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til beygju á vegamótum.
14. *Létt bifhjól (létthjól):* Vélknúið ökutæki á tveimur hjólum með sprengirými ekki yfir 50 cm^3 sé það búið brunahreyfli og ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.
15. *Bifhjól:* Vélknúið ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum með sprengirými yfir 50 cm^3 sé það búið brunahreyfli og hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.

    Ákvæði laganna um bifhjól eiga við um létt bifhjól og bifhjól, nema annað sé tekið fram.
16. *Bifreið:*
    a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til farþega- eða farmflutninga, og eftir atvikum til að draga annað ökutæki, er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
    b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til farþega- eða farmflutninga og/eða til að draga annað ökutæki, er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
17. *Breytt ökutæki:* Bifreið eða bifhjól þar sem búið er að breyta veigamiklum þáttum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu, frá upprunalegri útfærslu framleiðanda sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda.
18. *Dráttarvél:* Vélknúið ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki, er á hjólum og/eða beltum og er eigi hannað til hraðari aksturs en 40 km á klst.

19. *Eftirvagn:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af vélknúnu ökutæki, þ.m.t.:
    a. eftirvagn sem aðallega er ætlaður til farþega- og vöruflutninga,
    b. eftirvagn sem búinn er áfestum vélum og tækjum,
    c. hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn.
20. *Eigin þyngd:* Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum og þess háttar.
21. *Farstarfsmaður:* Starfsmaður flytjanda, það er ökumaður og aðrir í áhöfn hóp- eða vörubifreiðar sem aðstoða ökumann við önnur störf en akstur og einnig sá sem er í bifreið til þess að leysa ökumanninn af þegar hann tekur hvíld.
22. *Flytjandi:* Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks- eða farmflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.
23. *Fólksbifreið:* Bifreið sem aðallega er ætluð til fólksflutninga og gerð er fyrir átta farþega eða færri.
24. *Frárein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til aðskilnaðar frá umferð á þeim vegi sem ekið er af.
25. *Gangbraut:* Sérstaklega merktur hluti vegar með umferðarljósum, yfirborðsmerkingum eða skiltum sem er ætlaður gangandi og hjólandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.
26. *Gangstétt:* Sá hluti vegar til hliðar við akbraut sem er ætlaður gangandi og hjólandi vegfarendum.
27. *Göngugata:* Vegur sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum. Umferð annarra ræðst af merkingum, svo og þjónustuumferð sem getur verið heimiluð á tilteknum tímum sólarhrings á göngugötu.
28. *Heildarþyngd:* Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd sem leyfð er við skráningu þess.
29. *Hliðarvagn:* Ökutæki á einu hjóli sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða farmflutninga.
30. *Hópbifreið:* Bifreið sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.
31. *Hringtorg:* Vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis.
32. *Hættuljós:* Samhæft blikk allra stefnuljósa ökutækja. Hættuljós eru með sérstökum rofa merktum með þríhyrningi í flestum gerðum ökutækja.
33. *Lagning ökutækis:* Kyrrstaða ökutækis, með eða án ökumanns, sem stendur lengur yfir en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.
34. *Reiðhjól:* Ökutæki sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og búið er til aksturs í almennri umferð.
    Undir flokkinn reiðhjól fellur einnig samkvæmt lögunum:
    a. Rafknúinn hjólastóll sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungs ekið hraðar með verulegri breytingu.
    b. Lítið rafknúið ökutæki sem hannað er til aksturs á hraða frá 8 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. rafknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri.
35. *Sérsmíðað ökutæki:* Vélknúið ökutæki sem smíðað er sérstaklega eða sett saman úr hlutum mismunandi framleiðenda og merkt þannig.

36. *Sérrein:* Akrein sem einungis er ætluð ákveðinni tegund umferðar, svo sem bifreiða í forgangsakstri og akstri almenningsvagna, leigubifreiða og vistvænna ökutækja. Umferðarmerki gefa til kynna leyfilegan akstur á sérrein.
37. *Stefnuljós:* Blikkandi merkjaljós á hornum ökutækja með sérstökum rofa.
38. *Stöðvun ökutækis:* Stutt stöðvun sem ökumaður ákveður sjálfur að gera á akstri sínum og ekki er tilkomin vegna annarrar umferðar, umferðarmerkja, fyrirmæla lögreglu eða þess háttar.
39. *Vegamót:* Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.
40. *Vegöxl:* Sá hluti vegar sem liggur milli akbrautar og vegbrúnar.
41. *Vegfarandi:* Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.
42. *Vegur:* Akbraut, stígur, brú, merkt vegslóð, torg, húsasund, bifreiðastæði eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar.
43. *Vélknúið ökutæki:* Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.
44. *Viðvörunarþríhyrningur:* Viðvörunarmerki í formi þríhyrnings með endurskini.
45. *Vistgata:* Sérmerkt svæði með blandaðri umferð akandi og gangandi vegfarenda með 15 km hámarkshraða á klst. þar sem gangandi vegfarendur njóta forgangs.
46. *Vinnuvél:*
    a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
    b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða farmflutninga eða til að draga annað ökutæki, er á hjólum og er eigi hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst. Bifhjól getur ekki talist vinnuvél.
    c. Vélknúið ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni.
47. *Vörubifreið:* Bifreið sem aðallega er ætluð til farmflutninga, er með leyfða heildarþyngd meiri en 3,5 tonn og er að hámarki fyrir sex farþega.
48. *Þéttbýli:* Afmarkað svæði með sérstöku merki sem táknar þéttbýli og/eða svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.
49. *Ökutæki:* Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Ráðherra er heimilt að ákvarða í reglugerð nánari skilgreiningar á hugtökum samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Reglur fyrir alla umferð.

4. gr.
Tillitssemi, almenn aðgæsluskylda og óþarfa hávaði.

Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim sem býr eða staddur er við veg tillitssemi og skal haga hraða og akstursháttum að öðru leyti þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir þannig að hái þeim í umferðinni. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um auðkenni fatlaðra.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi eigi hávaði eða loftmengun að óþörfu, m.a. með því að hafa það ekki í gangi lengur en nauðsynlegt er.

Um viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða vegna umferðar ökutækja fer eftir reglum um gerð og búnað ökutækja.

Veghaldari skal gera ráðstafanir í samráði við viðkomandi skólayfirvöld og lögreglu til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

5. gr.

Leikir o.fl.

Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

Eigi má draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 69. gr. Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum.

Eigi má vera að leik á vegi þannig að til óþæginda verði fyrir umferð.

6. gr.

Óhreinkun vegar o.fl.

Eigi má henda út úr ökutæki á ferð, skilja eftir á vegi eða strengja yfir opinn veg í leyfisleysi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur.

Ef hlutur sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð fellur eða rennur af ökutæki á veg skal ökumaður sjá til þess að hluturinn sé þegar fjarlægður. Ef það er eigi unnt skal vara vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt þar til það sem hættu eða óþægindum veldur hefur verið fjarlægt.

7. gr.

Fyrirmæli og leiðbeiningar fyrir umferð.

Ökumanni er óheimilt að aka gegn rauðu umferðarljósi.

Vegfarandi skal fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar, hljóðmerkjum eða öðrum hætti á eða við veg, sbr. 85. gr. Fyrirmæli og leiðbeiningar þessar gilda framar almennum umferðarreglum.

Fyrirmæli gefin með umferðarljósum gilda framar fyrirmælum um biðskyldu eða stöðvunarskyldu samkvæmt umferðarmerki.

Vegfarandi skal án tafar fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem lögregla eða sá annar sem ráðherra hefur heimilað að stjórna umferð gefur og gilda þau framar öðrum slíkum sem gefin eru á annan hátt.

8. gr.

Rekstur búfjár.

Eigi má án leyfis lögreglu reka búfé á vegi.

Rekstri búfjár skulu ætíð fylgja nægilega margir gæslumenn.

Búfé skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

9. gr.

Vistgata.

Um vistgötu ber að aka hægt og eigi hraðar en 15 km á klst. Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Vistgötu skal merkja sérstaklega. Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum.

10. gr.

Almennar reglur um forgangsakstur.

Ökumaður ökutækis í forgangsakstri skal nota sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumaður skal gefa til kynna með stefnumerkjum hvert hann hyggst víkja, draga úr hraða og gæta varúðar gagnvart öðrum vegfarendum. Ökumaður skal einungis nema staðar ef nauðsyn ber til og þá utan akbrautar. Hljóð- og ljósmerki má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækis skylt að taka tillit til annarra vegfarenda. Notkun hljóð- eða ljósmerkja við forgangsakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að sýna tillitssemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

Vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til forgangsaksturs og er greinilega auðkennt að framan með hvítri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki skv. 1. mgr. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglu um aksturinn svo fljótt sem auðið er að honum loknum. Notkun hvítrar veifu í öðrum tilvikum en fjallað er um í þessari grein er bönnuð.

Við forgangsakstur samkvæmt þessari grein er ökumanni heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að víkja frá ákvæðum IV. kafla um umferðarreglur fyrir ökumenn vélknúinna ökutækja og V. kafla um ökuhraða, enda gæti hann sérstaklega ákvæða 2. mgr. 7. gr. um að fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum fyrir umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum og umferðarljósum.

Ökumaður í forgangsakstri skal ávallt fara eftir leiðbeiningum sem lögreglan gefur við umferðarstjórn. Við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum skal ökumaður draga svo mikið úr hraða að hann geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Ökutæki á vegum forsetaembættisins, Alþingis og ráðuneyta, þegar það er í fylgd lögreglu í tengslum við opinberar heimsóknir og þess háttar, getur fallið undir 1., 3. og 4. mgr. án þess að það sé sérstaklega skráð til slíks aksturs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um forgangsakstur, þar á meðal skráningu ökutækja til forgangsaksturs, um notkun sérstakra hljóð- eða ljósmerkja við slíkan akstur og um námskeið fyrir þá sem sinna forgangsakstri.

11. gr.

Bann við aðkomu að slys- eða brunastað og við því að rjúfa eða hindra lögmæta hópgöngu.

Óviðkomandi má eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hann hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarandi má eigi rjúfa eða hindra á annan hátt lögmæta hópgöngu nema með leyfi lögreglu.

12. gr.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

Eigi má án leyfis nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá sem á hlut að því að skemma umferðarmerki skal strax lagfæra það ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

13. gr.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á því eða ekki. Hann skal veita slösuðum mönnum og dýrum, eftir því sem við á, hverja þá hjálp sem honum er unnt og taka að öðru leyti þátt í aðgerðum sem óhappið gefur tilefni til. Hver sá sem hlut á að umferðaróhappi eða hefur verið sjónarvottur að því skal gefa upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang og upplýsingar um ökutæki ef við á ef þess er óskað af öðrum þeim sem hlut á að óhappinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef maður hefur látist eða slasast í umferðarslysi skal sá sem átti hlut að því tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. KAFLI
Umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur.

14. gr.

Notkun gangstétta, göngustíga o.fl.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, göngustíg eða göngugötu. Vegöxl og akbraut má nota ef gangstétt eða göngustígur er ekki til staðar. Sé gengið eftir vegöxl eða akbraut skal að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

15. gr.

Ganga yfir akbraut.

Gangandi vegfarandi sem ætlar yfir akbraut skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

IV. KAFLI
Umferðarreglur fyrir ökumenn.

16. gr.

Notkun akbrauta og sérreina.

Ökumaður skal aka á akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, göngustíg eða göngugötu, sbr. þó 2. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 41. gr.

Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja skal ökumaður nota þá rein sem ökutæki hans er ætluð.

Sveitarstjórn, eða Vegagerðinni þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að ákveða hvaða ökutæki megi almennt eða í einstökum tilvikum aka á sérreinum og skal sú ákvörðun tilgreind með umferðarmerkjum. Við ákvörðunina skal þess m.a. gætt að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, skilvirkni samgangna og umferðaröryggis vegfarenda.

17. gr.

Hvar skal aka á vegi.

Ökumaður skal vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Þegar ökutæki er ekið á 60 km hraða á klst. eða meira skal bil á milli ökutækja vera eigi skemmra en 50 metrar við bestu aðstæður. Utan þéttbýlis skal ökutæki sem háð er sérstökum hraðareglum skv. 36. gr. auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan að þeir sem fram úr aka geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju og þess háttar sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin ef það er gefið til kynna með umferðarmerki eða ekið er á akbraut með einstefnuakstri.

18. gr.

Akstur á vegamótum og í beygjum og hringtorgum.

Ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Hann skal sérstaklega gefa gaum að umferð óvarinna vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir kemur, og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu.

Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðlínu akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á.

Tveir ökumenn sem koma úr gagnstæðum áttum á vegamót og ætla báðir að beygja til vinstri skulu aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum þegar þeir mætast ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

Þar sem ein beygjuakrein er inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal beygjan tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri reinar í akstursstefnu sína skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá rein sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Þar sem tvær beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal sá sem velur hægri rein í beygju koma inn á rein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á.

Ökumaður sem ekur að hringtorgi skal veita þeim sem eru í torginu forgang. Í hringtorgi sem skipt er í tvær reinar skal ökumaður velja hægri rein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og að jafnaði á vinstri rein, innri hring, ætli hann að aka fram hjá einum eða fleiri gatnamótum. Ökumaður á ytri hring skal veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Óheimilt er að skipta um rein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi.

19. gr.

Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.

Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um það að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama gildir ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á þeirri akrein sem hann ætlar inn á og fara af aðreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein sem umferð af aðrein ætlar inn á skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Frárein skal nota strax og hún byrjar.

Þar sem tvær samhliða akreinar renna saman í eina á vegi skulu ökumenn aka þannig að eitt ökutæki fari í senn af hvorri akrein eftir því sem við verður komið og umferðarmerki gefa það til kynna.

20. gr.

Akstur við biðstöð almenningsvagna o.fl.

Ökumaður sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem almenningsvagn hefur numið staðar skal draga úr hraða, færa sig yfir á vinstri akrein eða nema staðar ef nauðsyn ber til ef ökumaður almenningsvagnsins hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað. Ökumaður almenningsvagnsins skal eftir sem áður sýna sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. gildir ekki þegar hámarkshraði á vegi er meiri en 50 km á klst. Við þær aðstæður skal ökumaður færa sig yfir á næstu akrein til vinstri í tæka tíð ef aðstæður leyfa.

Ökumaður sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út skal viðhafa sérstaka aðgát. Sama á við þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað.

21. gr.

Þegar ökutæki mætast.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt að nægilegt hliðarbil sé milli þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar þeim megin á akbrautinni sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem fyrstur kemur að njóta forgangs, en sá sem síðar kemur að skal, ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

22. gr.

Almennar reglur um framúrakstur.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum, nema ökutækið á undan beygi til hægri eða undirbúi greinilega hægri beygju.

Ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að:

a. akrein sú sem nota á til framúraksturs sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað er hindri framúraksturinn,
b. sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr öðru ökutæki sem á undan er,
c. sá sem á eftir ekur hafi ekki byrjað akstur fram úr honum, og
d. hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar sem mótumferð er óheimil.

Sá sem ekur fram úr skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Sá sem ekið hefur vinstra megin fram úr skal aka til hægri á ný svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim sem á undan fara má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

23. gr.

Aðgæsluskylda ökumanns við framúrakstur.

Þegar ökumaður verður þess var að ökumaður sem á eftir kemur ætlar að aka fram úr vinstra megin skal hann vera eins langt til hægri og unnt er og gefa stefnumerki til hægri þegar hann telur að öðrum sé óhætt að aka fram úr. Má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar ef þörf krefur.

24. gr.

Bann við framúrakstri.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Sama gildir þegar komið er að gangbraut eða á henni. Óheimilt er að aka fram úr öðru ökutæki þegar óbrotin miðlína (hindrunarlína) er langsum á milli akbrauta þar sem ekið er í gagnstæðar áttir. Sama gildir um akstur þeim megin við heila línu þar sem hálf- eða fullbrotnar línur eru hinum megin langsum á milli akbrauta.

Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og:

a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum,
d. umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, enda sé nægilegt útsýni yfir gangbrautina, eða
e. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli.

25. gr.

Skylda til að veita öðrum forgang.

Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, skal veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

Nú ætlar ökumaður að aka inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða yfir gangstétt eða af vegöxl og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

Þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skal sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang.

Ökumaður sem á að veita öðrum forgang skal gefa greinilega til kynna að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við hvar þau eru á vegi og hver fjarlægð þeirra er og hraði.

Þegar ökumaður ætlar að beygja til vinstri á vegamótum ber honum að veita umferð sem á móti kemur forgang, svo og gangandi vegfarendum og hjólreiðamönnum sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig að hann valdi ekki umferð á veginum sem hann fer yfir óþarfa óþægindum ef hann neyðist til að nema þar staðar.

Á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

26. gr.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

Ökumaður sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður sem ætlar að aka yfir gangstétt eða göngustíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður sýna sérstaka aðgát og tillitssemi gagnvart gangandi vegfaranda.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda sem fer yfir akbraut þá sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni þar sem ekki eru vegamót.

Við gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og

ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana kemst fram hjá.

Ökumaður sem nálgast gangbraut þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal aka þannig að það valdi ekki gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast, svo sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

27. gr.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð.

Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur, sbr. 1. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, nema annað sé ákveðið, sbr. 1. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Sérstakar reglur um bann við stöðvun eða lagningu ökutækis.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
d. í göngum, undir brú eða á brú,
e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni miðlínu eða deililínu langsum á milli akreina, þar sem ekið er í gagnstæðar áttir, eða með heilli línu langsum á milli akreina, þar sem eru hálf- eða fullbrotnar línur hinum megin eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
g. á hringtorgi.

Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki í eftirtöldum stæðum:

a. á merktu stæði fyrir bifreið fatlaðra,
b. á biðstöð almenningsvagns eða í minna en 15 m fjarlægð frá henni, nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum,
c. á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið og hópbifreið,
d. á merktu stæði ætluðu bifreið til rafhleðslu,
e. á merktu stæði ætluðu sjúkrabifreið,
f. á merktu stæði ætluðu reiðhjóli, og
g. á merktu stæði ætluðu bifhjóli.

Eigi má leggja ökutæki:
a. að hluta eða í heild fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð,
b. við hlið ökutækis sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls,
c. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
d. við vatnshana slökkviliðs.

Ákvæði 27. gr. og þessarar greinar eiga, eftir því sem við á, við um eftirvagna.

29. gr.

Undantekningar vegna ökutækja í vegavinnu.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs, sjúkraflutningaliðs eða sambærilegra aðila.

30. gr.

Bann við akstri, stöðvun eða lagningu ökutækis í þéttbýli utan vega.

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Þetta gildir þó ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga, aksturs lögreglu og slökkviliðs eða annars sambærilegs aksturs.

31. gr.

Skyldur ökumanns þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

Nú stöðvast ökutæki vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka á stað þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Skal þá flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema annað leiði af 3. mgr. 13. gr. Hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina skal ökumaður gera ráðstafanir með hættuljósi og viðvörunarþríhyrningi til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um viðvörunarbúnað ökutækis sem stöðvast í sérstökum tilvikum og notkun hans.

32. gr.

Merki og merkjagjöf.

Þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða til að afstýra hættu skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni. Merki skal gefa þannig að sem minnstum óþægindum valdi og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að blikka aðalljósum.

Ökumaður skal með góðum fyrirvara veita öðrum vegfarendum upplýsingar um breytingu á fyrirhugaðri akstursstefnu sinni. Upplýsingar eru veittar með því að gefa stefnumerki með stefnuljósi á vélknúnu ökutæki, en annars með því að rétta út hönd.

Stefnumerki skal gefa áður en ökumaður:
a. beygir á vegamótum,
b. ekur inn á og eftir frárein,

c. ekur af aðrein og inn á veg,
d. ekur að eða frá brún vegar,
e. skiptir um akrein,
f. ekur fram úr öðru ökutæki,
g. vill gefa öðrum til kynna að honum sé óhætt að aka fram úr,
h. ekur inn í eða út úr bifreiðastæði,
i. ekur út úr hringtorgi,
j. ekur á ytri hring torgs fram hjá gatnamótum af torginu, og
k. breytir akstursstefnu við akstur aftur á bak.

Í öðrum tilvikum en greinir í a–k-lið 3. mgr. skal ökumaður enn fremur á sama hátt gefa stefnumerki ef hann má ætla að slíkt geti komið öðrum vegfarendum að gagni eða stuðlað að gagnkvæmum skilningi vegfarenda á milli um akstursstefnu.

Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi eða hættuljósi á vélknúnu ökutæki, en annars með því að rétta upp hönd.

Merki skv. 2.–4. mgr. skal gefið tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

33. gr.

Ljósanotkun.

Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin aðalljós eða önnur ökuljós ávallt vera tendruð.

Við akstur annarra ökutækja en vélknúinna í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð.

Nota skal háan ljósgeisla þegar vegsýn ökumanns nægir ekki til að aka örugglega með lágum ljósgeisla miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað eða ásamt lágum ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljósstyrkur framvísandi aðalljósa má að hámarki vera 225.000 cd. Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um auðkenningu ökutækja sem eigi skulu búin ljósum.

34. gr.

Hættuljós og viðvörunarþríhyrningar.

Ef nokkur kostur er skulu hættuljós og stöðuljós vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á akbraut. Ávallt skal setja upp viðvörunarþríhyrning.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns ef því er lagt samhliða ystu brún vegar.

V. KAFLI
Ökuhraði.

35. gr.

Almennar reglur.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má þó aldrei vera meiri en hámarkshraði sá sem ákveðinn hefur verið á vegi. Ökumaður skal haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinni breyttu vegsýn.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. í þéttbýli,
b. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
c. við vegamót, í hringtorgum og í beygjum,
d. áður en komið er að gangbraut,
e. við blindhæð eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
g. þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
h. þegar vegur er blautur eða háll,
i. þegar ökutæki nálgast almenningsvagn eða merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
j. þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,
k. þegar ökutæki nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða vegfaranda sem ber auðkenni sjónskertra,
l. þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg, eða þar sem vegavinna fer fram, og
m. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

36. gr.

Almennar hraðatakmarkanir.

Hraðamörk á vegum skulu ákveðin að teknu tilliti til m.a. umhverfissjónarmiða, skilvirkni samgangna og umferðaröryggis vegfarenda.

Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst., nema sérstakar ástæður mæli með hærri hraðamörkum og umferðarmerki gefi það til kynna.

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst. á vegum með malarslitlagi og vegum með einni akrein með bundnu slitlagi, en 90 km á klst. á öðrum vegum með bundnu slitlagi.

Á fáförnum vegum með bundnu slitlagi og tveimur akreinum má ökuhraði vera allt að 100 km á klst.

Ákveða má hærri hraðamörk á vegum, þó eigi meira en 110 km á klst., ef akstursstefnur eru aðgreindar og aðstæður að öðru leyti leyfa, enda mæli veigamikil umferðaröryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Á afmörkuðum bifreiðastæðum og í bílastæðahúsum skal ökuhraði ákveðinn að hámarki 15 km á klst.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari ákvæði um þær tegundir vega þar sem heimilt er að ákveða minni eða aukinn hámarkshraða, þar á meðal um rafræna stjórnun hraða á vegum.

37. gr.

Um lægri hámarkshraða ökutækis.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 36. gr. ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

VI. KAFLI

Sérreglur um akstursíþróttir og aksturskeppni.

38. gr.

Leyfisveitingar og almennar reglur um aksturskeppni.

Leita skal leyfis Umferðarstofu til að halda aksturskeppni á lokuðum eða afmörkuðum, skilgreindum svæðum. Ef um aksturskeppni á þjóðvegi er að ræða skal leita samþykkis Vegagerðarinnar. Ef um aksturskeppni utan vega er að ræða skal leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar.

Við allan undirbúning og framkvæmd aksturskeppni ber að taka tillit til þess að keppnin og annar akstur keppenda valdi eigi öðrum verulegum óþægindum eða hættu eða skemmdum á vegi eða náttúruspjöllum.

Keppnishaldari er ábyrgur fyrir skemmdum á vegum og öðrum mannvirkjum, svo og á náttúru, sem hljótast af aksturskeppni eða öðrum akstri keppenda eða starfsmanna við keppni.

Umferðarstofu er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um hámarkshraða að því er varðar ökutæki er taka þátt í aksturskeppni á vegi, enda verði þá umferð annarra ökutækja þar bönnuð og aðrar viðeigandi öryggisráðstafanir gerðar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um akstursíþróttir og framkvæmd aksturskeppni, svo og um gerð verklagsreglna á grundvelli alþjóðlegra reglna um akstursíþróttir sem hafðar skulu til hliðsjónar við veitingu leyfa, og um lágmarksaldur ökumanna miðað við ökutæki.

39. gr.

Akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum.

Umferðarstofu er heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur barna fer fram á þar til gerðum æfingasvæðum.

Börn frá 5 ára aldri mega aka rafbílum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir börn. Með sama hætti mega börn sem náð hafa 10 ára aldri eða eru a.m.k. 140 sentimetrar á hæð aka öðrum gerðum vélknúinna leiktækja á sérstökum svæðum í skemmtigörðum.

40. gr.

Undanþága til æfinga og keppni vegna aldurs.

Að fengnu leyfi Umferðarstofu er heimilt að víkja frá ákvæðum laga þessara um ökuskírteini og um lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppni á lokuðum svæðum eða afmörkuðum svæðum utan vega. Undanþága þessi gildir þó ekki um þann sem sviptur hefur verið ökurétti.

Undanþága að því er varðar þann sem ekki hefur náð 18 ára aldri er háð skriflegu samþykki foreldris eða annars forsjármanns.

Nánari ákvæði um lágmarksaldur ökumanna samkvæmt þessari grein miðað við ökutæki koma fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

VII. KAFLI.

Sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól.

41. gr.

Reiðhjól.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða ef það er unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla á hjólastíg eða hægra megin á akrein þeirri sem lengst er til hægri og ætluð er almennri umferð. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara til vinstri, má fara beint áfram inn á vegamótin og beygja þá fyrst þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð.

Heimilt er að hjóla á gangstétt, göngustíg og göngugötu, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum eða sveitarstjórn hefur ekki sérstaklega lagt bann við því. Þegar gangstétt eða göngustíg hefur verið skipt upp með miðlínu í rein fyrir gangandi vegfarendur annars vegar og hjólreiðamenn hins vegar skal hjólað á viðeigandi rein. Ef hjólastígur er samhliða göngustíg er einungis heimilt að hjóla á hjólastígnum. Hjólreiðamaður á gangstétt, göngustíg eða göngugötu skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Ganga skal þannig frá reiðhjóli sem er lagt að eigi stafi hætta eða truflun af.

Umferðarstofa setur reglur um gerð og búnað reiðhjóla þar sem m.a. komi fram kröfur um hemlabúnað og hljóð-, ljós- og glitmerki reiðhjóla.

42. gr.

Börn og reiðhjól.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, má reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum. Á reiðhjóli má eigi flytja fleiri farþega en það er ætlað til.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

43. gr.

Almennar reglur um akstur bifhjóla.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki, nema þegar ekið er samhliða öðru bifhjóli á sömu akrein í þéttbýli, enda sé hámarkshraði þar eigi meiri en 60 km á klst. og aðstæður leyfa slíkt.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða göngustíg, nema skilyrði 2. mgr. 26. gr. eigi við.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til.

Óheimilt er að flytja farþega á léttu bifhjóli nema ökumaður sé 20 ára eða eldri, enda sé bifhjólið til þess ætlað.

Barn sem er 150 sm eða lægra að líkamshæð má ekki vera farþegi á bifhjóli.

Ökumaður og farþegi bifhjóls skulu að jafnaði hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum, báðar hendur á stýri og bæði (öll) hjól bifhjólsins á vegi þegar það er á ferð.

VIII. KAFLI

Bann við akstri undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna o.fl.

44. gr.

Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ellihrumleika, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi sem um ræðir í 2. mgr. stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

45. gr.

Bann við ölvunarakstri.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,20‰, en er minna en 1,20‰, eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofts, en er minna en 0,60 milligrömm, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi sem að framan greinir stjórn ökutækis.

46. gr.

Bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Mælist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði ökumanns telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr.

Eigi má fela manni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr. stjórn ökutækis.

47. gr.

Tilkynningarskylda vegna gruns um ölvunarakstur o.fl.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða starfsmenn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu með því m.a. að gera lögreglunni viðvart.

Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað sem þarf til aksturs ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis eða undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Skylt er afgreiðslumanni sem veit eða hefur ástæðu til að ætla að ökumaður ætli að aka ökutækinu að reyna að koma í veg fyrir brotið með því m.a. að gera lögreglunni viðvart.

48. gr.

Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

Ökumanni vélknúins ökutækis er skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef:

a. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. og 46. gr.,
b. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið á um heimild til töku öndunar-, svita- eða munnvatnssýna,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki,
d. hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit, eða
e. umferðarslys sem hann á þátt í hefur leitt til dauða eða alvarlegs slyss.

Lögreglan getur fært ökumann til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar og þess háttar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn

ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. og 46. gr., eða hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða er ófær um það. Liggi fyrir grunur um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglan auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.

Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvagsýnis. Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal framkvæmt af lækni eða hjúkrunarfræðingi. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. Neiti ökumaður er heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar, sbr. þó 4. mgr.

Um þvagrannsókn skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nema fyrir liggi ótvírætt samþykki ökumanns.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1.–3. mgr. Vegna kostnaðar við töku og rannsókn öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 20.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.

49. gr.

Upplýsingaskylda o.fl.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir hver hafi stjórnað því á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

IX. KAFLI
Aksturs- og hvíldartími ökumanna sem annast farþega- og farmflutninga þungra ökutækja í atvinnuskyni.

50. gr.

Um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.

Í þágu umferðaröryggis skal ökumaður við akstur í farþega- og farmflutningum í atvinnuskyni á ökutækjum yfir 3,5 tonnum að heildarþyngd njóta nægjanlegrar hvíldar til að geta sinnt störfum sínum. Í því skyni skal kveðið á um hámark daglegrar, vikulegrar og tveggja vikna vinnuskyldu ökumanns og skyldu hans til hvíldar eða til að gera hlé á akstri.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. 1. mgr., ökurita o.fl. þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. lágmarksaldur ökumanna sem sjá um þá flutninga sem reglurnar taka til,
c. leyfilegan aksturstíma ökumanns, sbr. 1. mgr., og skyldu hans til að gera hlé á akstri og til að taka hvíld frá akstri miðað við daglegan, vikulegan og tveggja vikna akstur,
d. skyldu til notkunar ökurita sem er búnaður ökutækis þar sem m.a. eru skráðar og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns auk hraða ökutækis,
e. skyldu til að varðveita í ökuritaskífum, ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma,
f. skyldu til afhendingar gagna með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. d- og e-lið,
g. útgáfu, efni og form ökuritakorts sem er lykill að rafrænum ökurita og í eru varðveittar rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,

h. skyldu flytjanda til að leita til viðurkennds viðgerðarmanns eða verkstæðis til uppsetningar og skoðunar á ökurita,
i. gjald fyrir ökuritakort,
j. skyldu ökumanns og flytjanda til að fylgja reglum sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein,
k. hvernig með skuli fara þegar tveir eða fleiri ökumenn skipta með sér akstri sem fellur undir grein þessa.

51. gr.

Frávik frá aksturs- og hvíldartíma.

Sé umferðaröryggi ekki teflt í tvísýnu er ökumanni heimilt að víkja frá reglum sem settar eru á grundvelli c-liðar 2. mgr. 50. gr. varðandi aksturstíma þurfi hann að ná hentugum áfangastað, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks eða til þess að koma í veg fyrir tjón á ökutæki eða farmi.

Noti ökumaður þessa heimild skal hann í síðasta lagi við komu á áfangastað gera sérstaka grein fyrir ástæðum frávika á ökuritaskífu eða á útprentun úr rafrænum ökurita.

52. gr.

Skipulag vinnutíma, ábyrgð flytjanda og notkun ökurita.

Flytjandi skal skipuleggja störf ökumanns þannig að honum sé kleift að fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 50. gr. og hafa eftirlit með því að eftir þeim sé farið í starfseminni. Með sama hætti skulu ökumaður og flytjandi sjá til þess að ökuriti sé notaður og að fylgt sé reglum um notkun hans og um varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma.

Óheimilt er að miða laun ökumanns sem annast farþega- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni samkvæmt þessum kafla við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi séu greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er óheimilt að veita ökumanni kaupauka eða launauppbót í þessum tilvikum.

53. gr.

Farstarfsmenn.

Farstarfsmönnum er skylt að haga vinnutíma og vinnutilhögun í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Flytjandi ber ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag vinnutíma farstarfsmanna sem annast farþega- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni. Í reglunum skal m.a. kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. skilgreiningu vinnustaðar, vinnutíma og hvíldartíma,
c. skyldu til skráningar vinnutíma og
d. skyldu til varðveislu gagna í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

X. KAFLI
Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar í akstri.

54. gr.
Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.

Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Jafnframt er ökumanni óheimilt að senda eða lesa smáskilaboð eða nota farsíma á annan hátt meðan á akstri stendur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um notkun fjarskiptabúnaðar og annars búnaðar sem valdið getur truflun við akstur, þar á meðal um bann eða takmarkanir á notkun hans meðan á akstri stendur.

XI. KAFLI
Ökuskírteini og ökupróf.

55. gr.
Skilyrði til að mega stjórna ökutæki.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjórinn gefur út. Ríkislögreglustjórinn getur falið sýslumönnum að annast útgáfu ökuskírteina.

Veita má ökuskírteini til aksturs bifreiðar þeim sem:

a. er fullra 18 ára,
b. hefur nægilega andlega og líkamlega færni, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar, og uppfyllir kröfur um sjón,
c. hefur hlotið verklega og bóklega kennslu í ökuskóla sem hefur starfsleyfi og fengið þjálfun í akstri í ökugerði, hafi enn fremur sannað með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf,
d. hefur fasta búsetu hér á landi.

Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um leyfi fatlaðs manns sem er fullra 15 ára til að hljóta ökuskírteini til að mega stjórna hægfara vélknúnu ökutæki sem er sérstaklega hannað fyrir fatlaðan einstakling.

Ökumanni með bráðabirgðaskírteini sem er yngri en 20 ára er óheimilt að aka breyttu ökutæki. Þetta á þó ekki við um ökutæki sem er sérútbúið er fyrir fatlaðan ökumann.

Neita má þeim um ökuskírteini sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Ökumaður skal hafa ökuskírteini meðferðis við akstur og framvísa því sé þess krafist af lögreglu eða eftir atvikum eftirlitsmanni skv. XVI. kafla.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði m.a. um:

a. efni og form ökuskírteinis,
b. skilyrði til útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun,
c. nánari kröfur skv. b- og d-lið 2. mgr., og
d. akstursmat skv. 57. gr. og námsheimild skv. 66. gr.

56. gr.
Ökuréttindaflokkar.

Réttindi og aldur til að öðlast ökuleyfi til að aka vélknúnu ökutæki skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *AM-flokkur:* Réttindi til að stjórna léttu bifhjóli. Ökuskírteini fyrir AM-flokk má veita þeim sem er orðinn 16 ára.
2. *A1-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifhjóli:
   a. á tveimur hjólum með vélarafl ekki meira en 11 kW, með slagrými ekki meira en 125 cm^3 og hlutfall milli afls og eigin þyngdar ekki meira en 0,1 kW/kg,
   b. á þremur eða fleiri hjólum með afl ekki meira en 15 kW.

   Ökuskírteini fyrir A1-flokk veitir jafnframt réttindi til að stjórna léttu bifhjóli í AM-flokki og beltabifhjóli. Ökuskírteini fyrir A1-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
3. *A2-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifhjóli á tveimur hjólum með vélarafl ekki meira en 35 kW og hlutfall milli afls og eigin þunga ekki meira en 0,2 kW/kg og sem ekki er leitt af ökutæki með meira en tvöfalt afl. Ökuskírteini fyrir A2-flokk veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifhjóli í A1-flokki, léttu bifhjóli í AM-flokki og beltabifhjóli. Ökuskírteini fyrir A2-flokk má veita þeim sem er orðinn 20 ára.
4. *A-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifhjóli á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, með slagrými yfir 50 cm^3, sé það búið brunahreyfli og hannað til hraðari aksturs en 45 km/klst. á þremur eða fleiri hjólum með afl meira en 15 kW, jafnframt réttindi til að stjórna bifhjóli í A1- og A2-flokki, léttu bifhjóli í AM-flokki og beltabifhjóli. Ökuskírteini fyrir A-flokk má veita þeim sem er orðinn 22 ára með því skilyrði að hann hafi a.m.k. í tvö ár haft ökuskírteini fyrir A2-flokk eða hann sé orðinn 24 ára og hafi lokið námi og prófi fyrir A-flokk.
5. *B-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns, 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd og er með eða án eftirvagns sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, svo og með eftirvagn að leyfðri heildarþyngd meira en 750 kg, enda sé vagnlest 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.

   B-flokkur veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifhjóli á þremur, fjórum eða fleiri hjólum í A1-, A2- eða A-flokki, léttu bifhjóli í AM-flokki, dráttarvél í T-flokki, beltabifhjóli og vinnuvél. Ökuskírteini fyrir B-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
6. *BE-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn sem ekki fellur undir B-flokk. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir BE-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini fyrir BE-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
7. *Farþegaflutningar í atvinnuskyni:* Réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til slíkra flutninga skal bundið því skilyrði að viðkomandi fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf samkvæmt námskrá. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk má veita þeim sem er orðinn 20 ára.
8. *C1-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns og er 7.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd með eða án eftirvagns sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C1-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini fyrir C1-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
9. *C1E-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið í C1-flokki með eftirvagn meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Leyfð heildarþyngd vagnlestar má ekki vera meiri en 12.000

kg og leyfð heildarþyngd eftirvagns ekki meiri en eigin þyngd bifreiðar. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C1E-flokk skal hafa ökuskírteini fyrir C1-flokk. Réttindi fyrir C1E-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í BE-flokki. Ökuskírteini fyrir C1E-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

10. *Farmflutningar í atvinnuskyni:* Réttindi til að stjórna bifreið í C1-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir C1-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf samkvæmt námskrá. Ökuskírteini til farmflutninga í atvinnuskyni fyrir C1-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
11. *C-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns og er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd með eða án eftirvagns sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Réttindi fyrir C-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í C1-flokki. Réttindi fyrir C-flokk veita enn fremur réttindi til vöruflutninga í atvinnuskyni enda sé fullnægt skilyrðum um nám og próf í námskrá vegna slíkra réttinda. Ökuskírteini fyrir C-flokk og til vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
12. *CE-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið í C-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini fyrir CE-flokk má veita þeim sem hefur ökuskírteini fyrir C-flokk. Réttindi fyrir CE-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í BE- og C1E-flokki. Réttindi fyrir CE-flokk veita enn fremur réttindi til að stjórna bifreið í DE-flokki enda hafi viðkomandi réttindi fyrir D-flokk. Ökuskírteini fyrir CE-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
13. *D1-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir fleiri en átta og færri en 17 farþega auk ökumanns með eða án eftirvagns sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D1-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini fyrir D1-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
14. *D1E-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd vagnlestar 12.000 kg eða minni og leyfð heildarþyngd eftirvagns ekki meiri en eigin þyngd bifreiðarinnar. Eftirvagn má ekki nota til fólksflutninga. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D1E-flokk skal hafa skírteini fyrir D1-flokk. Réttindi fyrir D1E-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í BE- flokki Ökuskírteini fyrir D1E-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
15. *Farþegaflutningar í atvinnuskyni í D1-flokki:* Réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir D1-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf samkvæmt námskrá. Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D1-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
16. *D-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir fleiri en átta farþega auk ökumanns með eða án eftirvagns sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Réttindi fyrir D-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki. Réttindi fyrir D-flokk veita enn fremur réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni enda sé fullnægt skilyrðum um nám og próf í námskrá vegna slíkra réttinda. Ökuskírteini fyrir D-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.
17. *DE-flokkur:* Réttindi til að stjórna bifreið í D-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir DE-flokk skal hafa öku-

skírteini fyrir D-flokk. Réttindi fyrir DE-flokk veita jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í í BE- og D1E-flokki. Ökuskírteini fyrir DE-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

18. *T-flokkur:* Réttindi til að stjórna dráttarvél. Ökuskírteini fyrir T-flokk má veita þeim sem er orðinn 17 ára.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um ökuréttindaflokka og um ökuréttindi sem þarf til að mega stjórna ökutæki sem skrá skal samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur skv. 3. mgr. 70. gr.

57. gr.

Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini til byrjanda og önnur ökuréttindi.

Ökuskírteini fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk til byrjanda eru tvenns konar:

a. Bráðabirgðaskírteini.
b. Fullnaðarskírteini sem er gefið út fullnægi byrjandi eftirtöldum skilyrðum:
   1. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu ökukennara þar að lútandi,
   2. hafi ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar.

Fullnægi byrjandi ekki skilyrðum 2. tölul. b-liðar 1. mgr. má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess. Fullnægi hann hins vegar skilyrðum 2. tölul. b-liðar og fari í akstursmat, sbr. 1. tölul. b-liðar, má gefa út fullnaðarskírteini.

Hafi bráðabirgðaskírteini byrjanda verið endurnýjað, sbr. 2. mgr., getur hann fengið fullnaðarskírteini fullnægi hann skilyrðum 1. og 2. tölul. b-liðar 1. mgr.

Skilyrði þess að fá útgefið ökuskírteini fyrir C1-, C-, D1- og D-flokk er að umsækjandi hafi fullnaðarskírteini fyrir B-flokk miðað við eftirgreind tímabil:

a. Ökuskírteini, útgefið fyrir 1. janúar 1997, sem veitir réttindi til að stjórna bifreið, veitir jafnframt réttindi til að stjórna fólksbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd með eftirvagn/tengitæki, sbr. 6. mgr.
b. Ökuskírteini, útgefið frá og með 1. júlí 1958 og fyrir 1. júní 1993 sem veitir réttindi til að stjórna bifreið, veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í C-flokki fyrir allt að 5.000 kg farm með eftirvagn eða tengitæki, sbr. 6. mgr.
c. Ökuskírteini, útgefið frá og með 12. apríl 1960 og fyrir 1. mars 1988 sem veitir réttindi til að stjórna bifreið, veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki með eftirvagn eða tengitæki, sbr. 6. mgr.
d. Ökuskírteini, útgefið fyrir 12. apríl 1960 sem veitir réttindi til að stjórna bifreið, veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í D1- og D-flokki með eftirvagn eða tengitæki, sbr. 6. mgr.
e. Ökuskírteini, útgefið fyrir 1. júlí 1958 sem veitir réttindi til að stjórna bifreið, veitir jafnframt réttindi til að stjórna ökutæki í A1-, A2-, A-, B-, C1- og C-flokki með eftirvagn eða tengitæki, sbr. 6. mgr.

Reglur um ökuréttindi til aksturs í atvinnuskyni miðað við þau tímamörk sem ökuskírteinið gildir frá eru sem hér segir:

a. Ökuskírteini, útgefið fyrir 12. apríl 1960 sem veitir réttindi til að stjórna leigubifreið til mannflutninga, veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í B-, D1- og D-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

b. Ökuskírteini, útgefið frá og með 12. apríl 1960, og fyrir 1. mars 1988, sem veitir réttindi til að stjórna leigubifreið til mannflutninga, veitir jafnframt réttindi til að stjórna bifreið í B- og D1-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Reglur um ökuréttindi vegna eftirvagns og tengitækis, miðað við gildistíma ökuskírteinis, eru að ökuskírteini, útgefið fyrir 15. ágúst 1997, sem veitir réttindi til að stjórna bifreið í B-, C1-, C-, D1- eða D-flokki, veitir jafnframt rétt fyrir BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk, eftir því sem við á.

58. gr.

Gildistími ökuskírteinis.

Bráðabirgðaskírteini fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk, gildir í þrjú ár.

Fullnaðarskírteini fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B- og T-flokk gildir í 15 ár en þó fyrir þann sem orðinn er:

a. 60 ára í tíu ár,
b. 65 ára í fimm ár,
c. 70 ára í fjögur ár,
d. 71 árs í þrjú ár,
e. 72 ára í tvö ár og
f. 80 ára í eitt ár.

Sama gildir um gildistíma ökuskírteinis fyrir AM- og T- flokk.

Ökuskírteini fyrir C1-, C-, D1- og D-flokk, þ.m.t. ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-, D1- og D-flokk og til farmflutninga í atvinnuskyni fyrir C1- og C-flokk, skal gefa út til fimm ára frá útgáfudegi. Sama gildir um ökuskírteini fyrir framangreinda flokka og réttindi til aksturs í atvinnuskyni sem fylgdu eldri ökuréttindum, sbr. 57. gr. Ökuskírteini fyrir umsækjanda sem orðinn er:

a. 70 ára gildir í fjögur ár,
b. 71 árs í þrjú ár,
c. 72 ára í tvö ár, og
d. 80 ára í eitt ár.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Um mat á hvort sá er óskar eftir endurnýjun fullnægi enn skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. skal, ef þörf krefur, fylgja málsmeðferð þeirri sem fram kemur í 2. mgr. 61. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um gildistíma ökuskírteinis. Þar má m.a. kveða á um að gefa megi út ökuskírteini með takmörkuðum gildistíma, takmarka það við notkun ökutækis sem uppfyllir tiltekin skilyrði um búnað og takmarka útgáfuna með öðrum hætti. Ráðherra getur enn fremur sett nánari reglur um endurnýjun ökuskírteinis, m.a. að próf skuli tekið að nýju þegar ökuskírteini er endurnýjað eða að hlutaðeigandi gangi undir hæfnispróf.

59. gr.

Stjórnendur dráttarvéla og vinnuvéla.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar, enda sé ökumaður fullra 16 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél í almennri umferð nema hann hafi til þess ökuréttindi.

Stjórnandi vinnuvélar skal auk þess hafa lokið tilskildu námi í meðferð slíkra tækja.

Ákvæði laganna um ökuskírteini gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um stjórnendur vinnuvéla og dráttarvéla.

60. gr.

Erlend ökuskírteini.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um þau skilyrði sem þeir sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini þurfa að fullnægja til að mega stjórna vélknúnu ökutæki, þ.m.t. hvaða skilyrði handhafi erlends ökuskírteinis þarf að uppfylla til að fá íslenskt ökuskírteini.

Ráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefið á Evrópska efnahagssvæðinu gildi einnig eftir að handhafi þess hefur sest að hér á landi, samkvæmt nánari reglum. Með sama hætti getur ráðherra ákveðið að ökuskírteini útgefið í öðru ríki gildi hér á landi, enda séu íslensk ökuskírteini jafnframt tekin gild í því ríki.

61. gr.

Afturköllun ökuréttinda.

Útgefandi ökuréttinda getur afturkallað ökuréttindi ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini eða ef ökumaður hafnar að undirgangast læknisrannsókn skv. 2. mgr.

Ef læknir eða lögregla telur að vafi leiki á því að handhafi ökuréttinda fullnægi skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. skal gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart án tafar. Stendur þagnarskylda læknis því ekki í vegi. Eins fljótt og unnt er skal trúnaðarlæknir óska eftir því að hlutaðeigandi komi til læknisrannsóknar. Við þá rannsókn skal meta þá líkamlegu og andlegu þætti sem áhrif hafa á akstурshæfni og koma nánar fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra og landlækni. Trúnaðarlæknir getur ákveðið að handhafi ökuréttinda fari í verklegt hæfnispróf að lokinni læknisrannsókn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipun trúnaðarlæknis Umferðarstofu, einn eða fleiri, hæfiskröfur þeirra o.fl.

Nú fullnægir handhafi ökuréttinda ekki skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. að mati trúnaðarlæknis Umferðarstofu, eða hlutaðeigandi neitar að taka þátt í læknisrannsókn eða prófi sem nauðsynlegt er til að taka ákvörðun samkvæmt þessari grein um hvort skilyrði til að mega stjórna ökutæki séu enn uppfyllt, og skal útgefandi ökuréttinda þá afturkalla ökuréttindin þegar í stað.

Sá sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Byrjandi sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn skv. 55. gr. og sviptur er ökuréttindum öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérhæft ökunám vegna akstursbanns skv. 3. mgr. 107. gr. og staðist ökupróf að nýju.

Sá sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar, akstursbanns eða afturköllunar skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Heimilt er að taka gjald vegna þess kostnaðar sem hlýst af starfi trúnaðarlæknis Umferðarstofu.

62. gr.

Starfsleyfi ökuskóla.

Ökunám skal fara fram í ökuskóla sem hefur fengið til þess starfsleyfi hjá Umferðarstofu.

Ökuskóli skal m.a. uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta starfsleyfi:

a. að forstöðumaður skólans hafi starfsleyfi sem ökukennari,
b. að a.m.k. fimm ökukennarar starfi við skólann, sem launamenn eða sem verktakar,
c. að fyrir liggi staðfestar kennsluskrár fyrir þá flokka ökuréttinda sem skólinn óskar starfsleyfis fyrir,
d. að ökuskólinn hafi aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu, og
e. að ökuskólinn hafi starfsábyrgðartryggingu.

Ökuskóla er heimilt að framkvæma ökupróf að uppfylltum nánari skilyrðum m.a. um óháða prófdómendur í samræmi við reglugerð skv. 65. gr.

Starfsleyfi skal binda við kennslu fyrir einn flokk ökutækja eða fleiri.

Fyrir útgáfu starfsleyfis skal ökuskóli greiða leyfisgjald sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sinni

Starfsleyfi skal veita til fimm ára í senn. Lok starfsleyfis skal miða við áramót.

63. gr.

Starfsleyfi ökukennara.

Umferðarstofa gefur út starfsleyfi ökukennara til ökukennslu.

Starfsleyfi ökukennara til að annast ökukennslu má aðeins veita þeim sem:

a. hefur náð 24 ára aldri,
b. hefur a.m.k. fimm ára reynslu af akstri ökutækja í þeim flokki sem hann annast kennslu,
c. hefur stundað nám fyrir ökukennara í viðkomandi flokki og lokið prófum sem því námi fylgja, og
d. fullnægir kröfum um líkamlegt og andlegt hæfi sem gerðar eru til ökumanna sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Áður en starfsleyfi er útgefið skal Umferðarstofa kanna að umsækjandi uppfylli öll skilyrði sem gerð eru við útgáfu starfsleyfis til ökukennslu.

Starfsleyfi til ökukennslu gildir í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi í viðkomandi flokki. Endurnýja má starfsleyfi ökukennara til allt að fimm ára í senn uppfylli hann skilyrði til útgáfu starfsleyfis og hafi sótt starfstengd námskeið, í samræmi við ákvæði í reglugerð skv. 65. gr.

64. gr.

Afturköllun starfsleyfis ökukennara og ökuskóla.

Umferðarstofa getur svipt ökukennara og ökuskóla starfsleyfi ef skilyrðum fyrir útgáfu starfsleyfis er ekki lengur fullnægt. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ökukennari eða ökuskóli sem sviptur hefur verið starfsleyfi sínu getur því aðeins öðlast það að nýju að sýnt sé fram á að skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis séu uppfyllt. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en starfsleyfi er veitt að nýju.

65. gr.

Starfsskyldur ökuskóla og ökukennara.

Ökuskólar og ökukennarar skulu haga starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem ráðherra setur í reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um:

a. nánara inntak starfsleyfis ökuskóla, sbr. 62. gr., og ökukennara, sbr. 63. gr.,
b. málsmeðferð við útgáfu og afturköllun á starfsleyfi ökukennara og ökuskóla, sbr. 64. gr.,
c. framkvæmd ökunáms og ökuprófa,
d. fyrirkomulag á aðstöðu ökuskóla til bóklegrar og verklegrar ökukennslu,
e. aðgang að viðeigandi ökutæki til kennslu,
f. kröfur til kennslufræðilegrar ráðgjafar,
g. árlega skýrslugjöf ökuskóla til Umferðarstofu,
h. kynningar- og leiðbeiningarskyldu ökuskóla gagnvart nemendum,
i. eftirlit Umferðarstofu með ökukennslu og ökuskólum, og
j. starfstengd námskeið ökukennara.

66. gr.

Kennsluakstur.

Kennsluakstur á bifreið má því aðeins fara fram að við hlið nemanda sitji ökukennari sem uppfyllir ákvæði 63. gr. laga þessara sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður sem hefur ökuskírteini eftir að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.–46. og 48. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Kennsluakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að kennsluakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af kennsluakstrinum.

Kennsluakstur má eigi fara fram fyrr en tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið og að fenginni námsheimild frá lögreglustjóra. Skal nemandi þá fullnægja skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. og má ekki vera svo ástatt um hann að 5. mgr. 55. gr. eigi við. Sá sem sviptur hefur verið ökurétti má eigi hefja kennsluakstur fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út. Synjun lögreglustjóra á veitingu námsheimildar má kæra til ráðherra.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um kennsluakstur á afmörkuðum, skilgreindum svæðum (ökugerðum). Má þar m.a. kveða á um að kennsluakstur fari fram án þess að ökukennari sitji við hlið nemanda.

67. gr.

Æfingaakstur.

Nemanda í grunnökunámi sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning á vegum ökuskóla er heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Engum má veita leyfi sem leiðbeinanda nema hann:

a. hafi náð 24 ára aldri,
b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki,
c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið sviptur ökuleyfi.

Leyfi skal gefið út á nafn nemanda og leiðbeinanda og til tiltekins tíma, mest fimmtán mánaða. Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi þegar nemandi hefur öðlast ökuréttindin. Heimilt er að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á. Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur og sýna það þegar lögreglan krefst þess.

Bifreið sem notuð er til æfingaaksturs með leiðbeinanda skal sérstaklega auðkennd til æfingaaksturs. Óheimilt er að nota merkið við annan akstur en æfingaakstur með leiðbeinanda.

Æfingaakstur á bifhjóli skal fara fram á lokuðu, afmörkuðu aksturssvæði þar sem ekki er önnur umferð og leiðbeinandinn getur haft stöðugt eftirlit með nemandanum og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

Æfingaakstur skal fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarstofa gefur út. Um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði 66. gr.

Leiðbeinanda er óheimilt að taka endurgjald fyrir starf sitt.

XII. KAFLI
Um ökutæki.

68. gr.
Öryggi, gerð og búnaður ökutækis.

Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi og það valdi ekki óþarfa hávaða eða mengun.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við þær reglur sem Umferðarstofa setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar. Þegar umráð ökutækis byggjast á eignarleigusamningi eða öðrum samsvarandi samningi um hlutaðeigandi ökutæki ber umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein.

Ökumaður skal gæta þess sérstaklega að stýrisbúnaður, hemlar og ljósabúnaður ökutækis séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn, svo og tengingu ökutækis og eftirvagns og tengibúnað.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé verulega áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því. Skal yfirmaður verkstæðis gera eiganda ökutækisins viðvart og tilkynna til lögreglu verði eigi úr bætt.

Umferðarstofa setur reglur um gerð og búnað ökutækis þar sem kveðið er á um hvaða tæknilegar kröfur ökutæki og íhlutir þess þurfi að uppfylla til að tryggja megi örugga notkun þess. Í reglunum skal m.a. kveðið á um hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits. Þá er heimilt að kveða á um bann á viðskiptum með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna sem settar eru skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur. Þá er heimilt að kveða á um undanþágur frá kröfum enda sé nægjanlegt öryggi tryggt með öðrum hætti.

69. gr.
Tenging og dráttur ökutækis.

Við bifreið og bifhjól má tengja einn eftirvagn. Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn sem skal þá vera hægra megin við ökutækið.

Við létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða hliðarvagn.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um drátt ökutækja, þ.m.t. tengingu eftirvagna, reiðhjóla og hliðarvagna, og um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

70. gr.
Skráning.

Áður en vélknúið ökutæki, sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð eða á snjó eða hjarni, er tekið í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar. Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem aðeins er notuð utan vegar. Einnig skal skrá vinnuvél og eftirvagn hennar ef vinnuvélin er notuð til aksturs á vegi.

Áður en beltabifhjól, sbr. skilgreiningu í 3. gr., er tekið í notkun skal það skráð og skráningarmerki sett á það.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um skráningu annarra ökutækja en þeirra sem skráningarskyld eru skv. 1. og 2. mgr. Ráðherra getur einnig ákveðið að eigi þurfi að skrá skráningarskylt ökutæki sem ekki er notað í almennri umferð. Skal þá kveða á um hvar nota megi ökutækið.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningu ökutækis og eigenda þess, m.a. um:

a. tilkynningu eigendaskipta,
b. skráningarmerki,
c. skráningarskírteini sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
d. tímabundinn akstur skráningarskylds ökutækis án skráningar,
e. gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækis og búnaði þess,
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um notkun ökutækis sem skráð er erlendis og ökutækis í eigu erlends ríkis, þar á meðal hvernig og hvenær beri að skrá það hér á landi.

71. gr.
Einkamerki.

Eigandi bifreiðar eða bifhjóls hefur heimild til þess að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmerki ökutækisins (einkamerki).

Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 50.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki. Réttur til einkamerkis gildir í átta ár. Skráður eigandi ökutækis skal fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli 3. mgr. þessarar greinar skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um heimild til að velja einkamerki á ökutæki samkvæmt þessari grein.

72. gr.
Skoðun ökutækis.

Ökutæki, skráð hér á landi, skal færa til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli 3. mgr. Ákvæðið gildir þó ekki um dráttarvél.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar í samræmi við 1. mgr. Þegar umráð ökutækis byggist á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki ber umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og tíðni aðalskoðunar skv. 1. mgr. Þá setur ráðherra þar ákvæði um skilyrði annarra tegunda skoðunar, þar á meðal skoðunar við afhendingu skráningarmerkja, skráningarskoðunar, vegaskoðunar, skoðunar ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR-skoðunar), skoðunar vegna breytingar á ökutæki og endurskoðunar. Í reglugerð um skoðun ökutækja skal ráðherra einnig mæla fyrir um hvernig skoðun skuli fara fram, um skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði og um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 5.–7. mgr. þessarar greinar.

Reynist ástand ökutækis, sem lögreglan stöðvar, ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að ökutækið skuli fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis, sbr. 2. mgr., skal við aðalskoðun eða endurskoðun greiða sérstakt vanrækslugjald er renni í ríkissjóð:

a. við aðalskoðun ef ökutæki hefur ekki verið fært til aðalskoðunar fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar, og
b. við endurskoðun ef ökutæki er ekki fært til endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar.

Vanrækslugjald skal vera að fjárhæð 15.000 kr. Sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á lækkar gjaldið í 7.500 kr. Heimilt er að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Gjaldið getur að hámarki orðið 30.000 kr. Heimilt er ráðherra að hækka fjárhæð í samræmi við breytingar á verðlagi.

Vanrækslugjald nýtur lögveðs í viðkomandi ökutæki með sama hætti og gjald skv. 1. mgr. 110. gr., sbr. 2. mgr. 111. gr., en fellur þó ekki niður við eigendaskipti. Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 111. gr.

73. gr.

Bann við notkun ökutækis.

Nú kemur í ljós að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá lögreglan tekið af því skráningarmerki án frekari viðvörunar.

XIII. KAFLI

Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.

74. gr.

Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í bifreiðum.

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum 150 sm á hæð eða lægra. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er 150 sm á hæð eða lægra má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum, sbr. 2. mgr.

Eigi er skylt að nota öryggis- eða verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði eða við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.–4. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flokkun, gerð og notkun öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis. Þar skal m.a. kveðið á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Ráðherra setur þar jafnframt reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

75. gr.

Öryggis- og verndarbúnaður á bifhjólum.

Hver sá sem er á ferð á bifhjóli eða öðru vélknúnu ökutæki sem er opið og án verndarbúnaðar skal nota hlífðarhjálm ætlaðan til slíkra nota. Ökumaður ber ábyrgð á að farþegi noti hlífðarhjálm.

Ökumaður og farþegi sem falla undir 1. mgr. skulu nota annan hlífðarfatnað og búnað við akstur eftir því sem við á.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm við akstur bifhjóls á bifreiðastæði eða við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti og veltigrind skal nota beltið þegar bifhjólið er á ferð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flokkun, gerð og notkun hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanns og farþega bifhjóls og vélknúins ökutækis án verndarbúnaðar.

Ráðherra getur sett ákvæði í reglugerð um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms við sérstakar aðstæður.

76. gr.

Notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar o.fl.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar barn hefur fengið læknisvottorð sem undanþiggur það notkun hlífðarhjálms af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

Lögregla og foreldrar skulu vekja athygli barna á skyldu skv. 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar, svo og ákvæði um endurskinsfatnað og annan útbúnað vegna öryggis vegfarenda í umferð til að gera þá sýnilega.

XIV. KAFLI

Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.

77. gr.

Hleðsla ökutækja, flutningur farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Farm ökutækis skal skorða tryggilega og festa við ökutækið. Gæta skal þess að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að það valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana eða valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hleðslu og frágang farms og skyldu til að breiða yfir farm, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm. Þá getur ráðherra sett reglur í reglugerð um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

78. gr.

Flutningur á hættulegum farmi.

Við flutning á hættulegum farmi skal fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. Flutningur telst hvers konar tilfærsla á hættulegum farmi á landi þ.m.t. lestun, losun og geymsla farmsins í ökutækinu og annað sem fram fer meðan á flutningi stendur og er þáttur í flutningi farmsins, þar á meðal geymsla í vörugeymslu.

Hver sem kemur að flutningi á hættulegum farmi skv. 1. mgr. skal sýna varúð og standa þannig að verki að sem minnst hætta sé á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni eða umhverfisspjöllum. Áður en hættulegur farmur er fluttur skal ganga úr skugga um að umbúðir og merking farmsins sé fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notaður er við flutninginn, skal vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af. Ekki má afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess að flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

Lögreglan hefur eftirlit með flutningi á hættulegum farmi. Umferðarstofa gætir þess að búnaður ökutækis sé í samræmi við reglur skv. 5. mgr. þegar ökutæki er skráð til flutnings á hættulegum farmi.

Umferðarstofa skal birta samning Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi á vegum (ADR) og viðauka hans á vefsvæði sínu. Heimilt er að birta enska útgáfu af viðaukum samningsins, og skulu þeir uppfærðir jafnóðum og breytingar verða á þeim. Heimilt er að vísa til samningsins og viðauka hans í reglum um flutning á hættulegum farmi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flutning á hættulegum farmi skv. 1. mgr., þar á meðal um flokkun hættulegs farms, öryggisbúnað, ábyrgð og skyldur, öryggisráðgjafa, réttindi (ADR-réttindi) sem ökumaður skal hafa til að annast flutning á hættulegum farmi og eftirlit.

79. gr.

Akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Ökumaður ökutækis, sem fjallað er um í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar, skal sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þyngdar ökutækisins og skal víkja greiðlega fyrir öðrum og nema staðar ef þörf krefur.

Ökumaður ökutækis skv. 1. mgr. skal við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að hætta stafi af eða eignatjón.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eða í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar getur veghaldari leyft meiri ásþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni ásþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Vegagerðin getur veitt undanþágu frá reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Regl-

ur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja. Í reglunum getur ráðherra m.a. kveðið á um í hvaða tilvikum kalla verður til aðstoð lögreglu við flutning á vegum. Þá skal í reglum þessum kveðið á um hámark ásþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Heimilt er að innheimta gjald vegna kostnaðar við veitingu undanþágu og eftirlit með að skilyrði séu uppfyllt, svo og aðstoð lögreglu og Vegagerðarinnar við flutning sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

XV. KAFLI
Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

80. gr.
Umferðarstjórn.

Lögreglan stjórnar umferð þar sem hún telur þess þörf.

Við vegavinnu, og þar sem skemmd hefur orðið á vegi þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá sem hefur með höndum vegavinnu stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um merkjagjöf við umferðarstjórn, þar á meðal um heimild annarra en lögreglunnar til að stjórna umferð.

81. gr.
Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.

Veghaldari getur kveðið á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjórn, þegar það á við, og lögreglu, m.a. um:

a. stöðvun og lagningu ökutækis,
b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð, og
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Á þjóðvegum ákveður Vegagerðin hraðamörk skv. 2.–4. mgr. 36. gr.

Hraðamörk á þjóðvegum í þéttbýli skulu þó ákveðin að fenginni umsögn sveitarstjórnar og lögreglu. Á öðrum vegum ákveður sveitarstjórn hraðamörkin að fenginni umsögn lögreglu.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal veghaldari gefa til kynna með umferðarmerkjum. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, skal birta á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

82. gr.
Takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir.

Veghaldari getur, í samráði við lögreglu og almannavarnanefnd, þegar það á við, takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir á vegi sem hættulegur er vegna skemmda eða af öðrum orsökum þar til viðgerð er lokið eða hætta liðin hjá.

Sveitarstjórn og Vegagerðinni, þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði. Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum og mengunarspám.

Takmarkanir á umferð vegna mengunar frá ökutækjum geta t.d. falist í breytingum á hámarkshraða, takmörkun á umferð stærri ökutækja eða takmörkun almennrar umferðar með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri tölu skráningarmerkja. Upplýsingar um slíkar takmarkanir skulu gefnar með umferðarmerkjum og auglýsingum á opinberum vettvangi, svo sem á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða gjald allt að 20.000 kr. vegna notkunar negldra hjólbarða á nánar tilteknum svæðum, fyrir ákveðið tímabil eða ákveðið skipti að höfðu samráði við Vegagerðina.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður grípa megi til takmarkana, sbr. 2. og 3. mgr., vegna mengunar frá ökutækjum, svo og nánari kröfur, viðmið og fyrirkomulag vegna gjaldtöku á notkun negldra hjólbarða skv. 4. mgr.

83. gr.

Stöðukort og stöðureitir.

Ráðherra getur ákveðið að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin megi því aðeins leggja ökutæki að notuð séu sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í þéttbýli er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

84. gr.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða.

Handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða er heimilt, í tengslum við flutning á þeim, að leggja ökutæki hvar sem er á landinu í bifreiðastæði sem ætlað er fyrir fatlaða og auðkennt með þar til gerðu umferðarmerki.

Handhafa stæðiskorts skv. 1. mgr. er jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu, enda sé þá gætt ákvæða 3.–5. mgr. þessarar greinar.

Þegar ökutæki er lagt í bifreiðastæði skal stæðisskorti komið fyrir innan við framrúðu þannig að framhlið þess sjáist vel að utan.

Skylt er að sýna stæðisskort við eftirlit. Heimilt er lögreglumanni eða stöðuverði sem annast eftirlit með stöðvunarbrotum að leggja hald á stæðisskort til bráðabirgða ef grunur leikur á misnotkun þess.

Ef stöðuvörður verður var við misnotkun stæðiskorts skal hann gera viðkomandi lögreglustjóra viðvart.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum 27. og 28. gr. um stöðvun og lagningu ökutækis, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir þá, sbr. 110. gr.

85. gr.

Umferðarmerki o.fl.

Veghaldari skal sjá um að setja upp umferðarmerki samkvæmt lögum þessum.

Eigi má án leyfis veghaldara setja merki á eða við veg.

Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. skal veghaldari greiða, nema um annað sé um samið.

Um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna og hvenær megi frá þeim víkja, skal kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur.

86. gr.

Merking vegna framkvæmda við veg.

Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af er þeim sem stjórnar verki skylt að sjá um að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt. Veghaldari ber ábyrgð á merkingum vega en getur með samningi falið þeim sem annast framkvæmd við veg að setja upp fullnægjandi merkingar.

Leyfi veghaldara þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni sem getur haft í för með sér óþægindi eða hættu fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn auðkenndur viðvörunarmerkjum.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdir á eða við veg, m.a. um gerð öryggisáætlunar og ábyrgð veghaldara og verktaka við að tryggja öryggi á framkvæmdarstað.

87. gr.

Auglýsingaskilti við veg.

Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki við veg eða á vegi skv. 1. mgr. 85. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri, að kröfu veghaldara, látið fjarlægja ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 85. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XVI. KAFLI

Eftirlit lögreglu og Vegagerðarinnar með ástandi og hleðslu ökutækja o.fl.

88. gr.

Eftirlit með ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja.

Lögreglu er heimilt að stöðva ökutæki og skoða ástand þess, stærð, þyngd og hleðslu, þar á meðal hvort gætt hafi verið ákvæða 78. gr. um flutning á hættulegum farmi, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það verði fært til sérstakrar skoðunar.

Telji lögregla við eftirlit skv. 1. mgr. ástæðu til að ætla að í akstri ökutækis, sem er meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, hafi verið brotið gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, og 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja, eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða, skal lögregla að jafnaði kalla til eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Skal þá farið með athugun máls með þeim hætti sem greinir í 89. og 90. gr.

89. gr.

Eftirlit Vegagerðarinnar með akstri þungra ökutækja.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd við eftirlit í því skyni að kanna hvort fylgt hafi verið

ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða.

Ökumanni ökutækis til farþega- eða farmflutninga er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki, sbr. 1. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður skoði stærð, heildarþyngd, ásþunga og búnað ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og geri aðrar athuganir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits samkvæmt þessari grein. Þá skal ökumaður veita eftirlitsmanni aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.

Ef við eftirlit samkvæmt þessari grein vaknar grunur um brot á reglum sem vísað er til í 1. mgr. er eftirlitsmanni Vegagerðarinnar heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta slíku banni um frekari för þar til því hefur verið aflétt. Óhlýðnist ökumaður banni eftirlitsmanns skal það þegar tilkynnt til lögreglu.

Reynist heildarþyngd eða ásþungi ökutækis meiri en heimilt er ber ökumanni að fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns um að létta ökutækið eða gera aðrar ráðstafanir um áframhaldandi akstur ökutækis krefjist eftirlitsmaður þess.

90. gr.

Upplýsingaskylda og andmælaréttur vegna eftirlits Vegagerðarinnar.

Ökumaður eða flytjandi skal að kröfu Vegagerðarinnar afhenda þau gögn sem nauðsynleg þykja við athugun einstaks máls skv. 89. gr., þar á meðal gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli d- og e-liðar 50. gr. Þetta gildir jafnt við eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn skal kalla til atbeina lögreglu.

Áður en Vegagerðin tekur ákvörðun um hvort skilyrði séu til að ákvarða stjórnvaldssekt skv. 92. gr. skal hún gefa aðila málsins kost á að tjá sig um mál. Skal Vegagerðin að öðru leyti gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

91. gr.

Framkvæmd eftirlits Vegagerðarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki, tækjabúnað og framkvæmd eftirlits, svo og málsmeðferð skv. 89. og 90. gr.

XVII. KAFLI

Stjórnvaldssektir vegna brota á ýmsum reglum um akstur þungra ökutækja.

92. gr.

Stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar.

Vegagerðin leggur stjórnvaldssektir á þá ökumenn sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd sem brjóta gegn:

a. ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni, sbr. þó 2. mgr. 93. gr.,
b. 68. gr. um búnað slíkra ökutækja,

c. 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, og
d. 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til brots á ákvæðum í reglugerðum samkvæmt lögum þessum sem settar eru um þau atriði sem greinir í a–d-lið þeirrar málsgreinar.

Vegagerðin getur einnig ákvarðað lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni stjórnvaldssekt ef ökumaður á vegum hans sætir sektum skv. 1. mgr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Stjórnvaldsekt getur numið allt að 300.000 kr. og skal nánar kveða á um sektarfjárhæðir vegna einstakra brota í reglugerð sem ráðherra setur. Skal við ákvörðun um fjárhæð sektar hafa hliðsjón af eðli og umfangi brots, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Stjórnvaldsekt sem ákveðin er samkvæmt þessari grein rennur í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við eftirlit, álagningu og innheimtu sektarinnar. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Vegagerðarinnar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Heimilt er að kæra ákvörðun Vegagerðarinnar um stjórnvaldssekt til ráðherra innan mánaðar frá því slík ákvörðun var tilkynnt aðila. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð í málinu innan tveggja mánaða frá því að kæra berst.

Veita skal 25% afslátt af fjárhæð stjórnvaldssektar ef sektin er greidd að fullu innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar.

Ákvörðun Vegagerðarinnar um að leggja stjórnvaldssekt á lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni er aðfararhæf. Kæra til ráðherra skv. 5. mgr. þessarar greinar frestar aðför en úrskurður ráðherra er aðfararhæfur. Við aðför samkvæmt ákvörðunum Vegagerðarinnar eða ráðherra skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara samkvæmt lögum um aðför.

93. gr.

Vísun máls til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum skv. 92. gr. og refsingu skv. XVIII. kafla skal Vegagerðin vísa þeim hluta málsins sem varðar refsiábyrgð til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Ef ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. á undangengnum þremur árum og er á ný grunaður um slíkt brot skal Vegagerðin vísa máli hans til lögreglu.

Við framvísun máls til lögreglu skv. 1. eða 2. mgr. skal Vegagerðin láta fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Vegagerðarinnar um að vísa máli til lögreglu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem maður hefur veitt Vegagerðinni sem sönnunargagn í sakamáli sem rannsakað er af lögreglu eða höfðað er gegn honum vegna brota sem varða refsingu skv. XVIII. kafla laga þessara.

XVIII. KAFLI
Refsingar.

94. gr.
Brot er varða sektum.

Sá skal sæta sektum sem brýtur gegn 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6.–13. gr., 16.–34. gr., 38.–40. gr., 41. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr., 43. gr., 3. mgr. 48. gr., 50. gr., 54. gr., 66.–67. gr., 69. gr., 70. gr., 74. gr., 1. og 4. mgr. 75. gr., 78. gr. og 1. og 2. mgr. 79. gr., 2. mgr. 85. gr., 86.–87. gr. eða 1. mgr. 90. gr. eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim ákvæðum.

Nú hefur ökumaður tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. á síðastliðnum þremur árum og brýtur að nýju gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, og skal hann þá sæta sektum samkvæmt þessari grein.

Eigi skal refsa skv. 1. mgr. fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 110. gr., að a-lið 2. mgr. 28. gr. undanskildum, sbr. b-lið 1. mgr. 110. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Heimilt er að gera skráðum eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis sekt, ef það hefur verið notað við brot gegn ákvæðum 35. eða 36. gr. um hraðakstur, án þess að sýnt sé fram á ásetning eða gáleysi eiganda eða umráðamanns ef brot ökumanns varðar ekki punktum skv. 2. mgr. 100. gr., enda sé aksturinn myndaður í löggæslumyndavél og ökumaðurinn hefur ekki notað ökutækið í algjöru heimildarleysi.

Ef skilyrði 4. mgr. eru fyrir hendi og lögaðili er eigandi ökutækis er heimilt að gera honum sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga.

95. gr.
Brot er varða sektum eða fangelsi.

Sá skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem brýtur gegn 35.–37. gr., 44.–49. gr., 55. gr. eða 59. gr. eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessum ákvæðum.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis ítrekað brot gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira og skal hann þá sæta fangelsi eigi skemur en 30 daga.

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 35. og 36. gr. skal höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Á vegi þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km á klst. eða meiri skal sekt ákveðin hærri en ella. Sama gildir um ákvörðun sektar vegna hraðabrots við akstur:

a. bifreiðar sem er minna en 3,5 tonn að heildarþyngd með eftirvagn, þ.m.t. tjaldvagn og hjólhýsi,
b. vörubifreiðar,
c. almenningsvagns og hópbifreiðar, og
d. bifhjóls með hliðarvagni eða skráningarskyldum eftirvagni.

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 35. og 36. gr., sbr. 3. mgr., skal sekt ákveðin hærri en ella þegar hraðinn er 140 km á klst. eða meiri.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 35. og 36. gr., sbr. 3. mgr., skal sekt ákveðin mun hærri en ella þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er.

96. gr.

Brot eiganda eða lögaðila.

Ef brot, sem greinir í 94. eða 95. gr. eða í ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi skal honum einnig refsað fyrir brotið.

97. gr.

Sektarreglugerð ráðherra.

Sektir allt að 500.000 kr. fyrir brot skv. 94. og 95. gr. og ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

98. gr.

Fullkomin samlagning sekta.

Þegar ákvörðun sektar vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum sem tilgreind eru í 94. eða 95. gr. eða í ákvæðum í reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

99. gr.

Afsláttur af sektarfjárhæð.

Veita skal sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

100. gr.

Almennar reglur um sviptingu ökuréttar.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Getur svipting náð til ákveðins flokks ökuréttinda skv. 56. gr. eða sviptingar ökuréttar í heild.

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Ráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök brot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er skal svipting ökuréttar eigi ákvörðuð skemur en í þrjá mánuði.

Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu ákveðins réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini.

101. gr.

Svipting ökuréttar vegna ítrekaðra brota gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Nú hefur ökumaður tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. og brýtur að nýju gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, og er þá heimilt að svipta hann ökurétti til farþega- og farmflutninga í samræmi við ákvæði 100. gr.

102. gr.

Svipting ökuréttar vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða 46. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brots á ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, eða 46. gr.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts skal hann ekki sviptur ökurétti við fyrsta brot.

Neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár og sex mánuði og allt að tveimur árum og sex mánuðum eftir alvarleika brots og vínandamagni í blóði ökumanns eða vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 46. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en sex mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði ökumanns.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en þrjú ár.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. eða 46. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en þrjú ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið. Varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en fimm ár. Ef 2. mgr. þessarar greinar á við um fyrra brot ökumanns skal svipting ökuréttar fara eftir reglum 1. mgr., nema ákvæði 4. og 6. mgr. eigi við um síðara brot ökumanns.

Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 5. mgr., ef:

a. hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælist og

b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjakort frá sjúkratryggingastofnuninni, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælist, og
c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

Tekið skal fram í vottorði læknis skv. a-lið 8. mgr. að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki.

103. gr.

Bráðabirgðasvipting.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttar vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

104. gr.

Áhrif áfrýjunar.

Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttar, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar ef sérstaklega stendur á.

105. gr.

Brot erlendis.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður með fasta búsetu hér á landi sætt sviptingu ökuréttar eða refsingu erlendis fyrir verknað sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttar og má þá svipta hann þeim rétti í sérstöku opinberu máli. Koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 100.–104. gr.

106. gr.

Endurveiting ökuréttar.

Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá lögreglustjóri, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Endurveitingu ökuréttar skv. 1. mgr. má heimila þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Við mat á umsókn vegna endurveitingar skal m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skal litið til eftirfarandi þátta:

a. brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu,
b. háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu,
c. útistandandi sekta og sakarkostnaðar enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær,
d. aðstæðna umsækjanda að öðru leyti.

Ef umsækjandi hefur á sviptingartímabilinu gerst sekur um brot gegn 55. gr. lengist tími til endurveitingar um sex mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki um tvö ár.

Ef umsækjandi hefur erlendis orðið vís að ölvunarakstri, verið sviptur ökurétti eða hlotið dóm vegna annarra brota á umferðarlögum, sem hefðu haft áhrif á endurveitingu ef framin væru hér á landi, skal litið til þeirra við ákvörðun um endurveitingu.

Heimilt er að kæra synjun lögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til ráðherra. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um endurveitingu ökuréttar, um námskeið fyrir þá sem sviptir hafa verið ökurétti og málsmeðferð við endurveitingu ökuréttar að afloknu námskeiði.

107. gr.

Akstursbann.

Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaökuskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis.

Þegar skilyrði 1. mgr. fyrir akstursbanni eru fyrir hendi skal svo fljótt sem unnt er banna byrjanda að aka. Með akstursbanni eru afturkölluð þau ökuréttindi sem bráðabirgðaskírteinið veitir og nýtur byrjandi þá sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi.

Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérhæft ökunám vegna akstursbanns og staðist ökupróf að nýju. Námskeið vegna sérhæfðs ökunáms skal haldið reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda sé þess þörf. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, þar á meðal um fjölda þátttakenda og markmið og lengd námskeiðs.

Ákvörðun lögreglustjóra um akstursbann má kæra til ráðherra innan eins mánaðar frá því að ákvörðunin var tilkynnt byrjanda. Heimilt er að bera úrskurð ráðherra undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

108. gr.

Haldsréttur í ökutækjum.

Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð sakamála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.

109. gr.

Upptaka ökutækja.

Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf

til að stjórna og notað er við brotið nema það sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi þess hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna eða undir áhrifum áfengis sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar og vínandamagn í blóði er 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna eða áfengis þar sem vínandamagn í blóði hefur mælst 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér hefur numið 0,60 milligrömmum eða meira og sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

110. gr.

Álagning og innheimta gjalds vegna brota gegn lögunum.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni. Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr.

Ráðherra getur ákveðið að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds skv. 1. mgr. að öllu leyti eða að hluta fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjalds skv. 1. mgr. fari að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Gjald samkvæmt þessari grein skal renna til umferðaröryggismála.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Ráðherra ákveður fjárhæð gjalds sem á er lagt skv. 1. mgr., en það má eigi nema hærri fjárhæð en 20.000 kr. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Ráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest og ráðstöfun gjaldsins til umferðaröryggismála. Má þar m.a. ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

111. gr.

Ábyrgð á álagningu gjalds, lögveðsréttur o.fl.

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 110. gr., hvílir á þeim sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld sem tryggð eru með veði í ökutækinu hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 3. mgr. og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengins fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.

112. gr.

Brottflutningur ökutækja.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja og ökutæki sem telja verður að eigandi hafi látið af hendi yfirráðarétt að, enn fremur ökutæki sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði sem ekki er ætlað til almennrar umferðar skal það því aðeins flutt á brott að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur verði það selt. Ef eigandi er óþekktur má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið við nauðungarsölu eða til niðurrifs ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó innan árs frá því sala fór fram krafist greiðslu á söluandvirðinu að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu.

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

XIX. KAFLI
Stjórnsýsla umferðarmála.

113. gr.
Yfirstjórnarvald á sviði umferðarmála.

Ráðherra fer með yfirstjórn umferðarmála.

Umferðarstofa annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála í samræmi við lög þessi.

114. gr.
Verkefni Umferðarstofu.

Verkefni Umferðarstofu eru að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,
b. veita starfsleyfi til að stunda ökukennslu og leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með framkvæmd ökuprófa og ökukennslu og gerð námskráa,
c. hafa eftirlit með starfsemi skoðunarstofa,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál, þar á meðal eiga samráð við sveitarfélög um framkvæmd fræðsluskyldu þeirra,
e. að setja reglur um gerð og búnað ökutækja,
f. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
g. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
h. annast skráningu umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum,
k. annast útgáfu handbókar með reglugerðum á sviði umferðarmála og nánari skýringum á ákvæðum þeirra,
l. annast gerð skoðunarhandbókar, og
m. annast önnur verkefni sem Umferðarstofu eru falin samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvörðun ráðherra.

Umferðarstofu er heimilt að fela félögum, samtökum eða stofnunum á sviði umferðarmála framkvæmd ákveðinna verkefna sem henni tilheyra samkvæmt reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Þetta gildir þó ekki um valdheimildir Umferðarstofu til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna.

Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starf og hlutverk Umferðarstofu.

115. gr.

Stjórn og starfslið Umferðarstofu.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofu og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

116. gr.

Gjöld sem renna til Umferðarstofu.

Til Umferðarstofu rennur gjald vegna:

a. skráningar ökutækja,
b. skráningarmerkis,
c. viðurkenningar á gerð,
d. einkamerkis,
e. innheimtu umferðaröryggisgjalds,
f. starfsleyfis og eftirlits með ökuskólum og ökukennurum,
g. umsýslu ökuprófa,
h. eftirlits með skoðunarstofum ökutækja,
i. leyfisveitinga og eftirlits með akstursíþróttasvæðum, aksturskeppnum og ökugerðum,
j. önnur gjöld sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. mgr. skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu umferðar- og umferðaröryggismála auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda skal taka mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem Umferðarstofa veitir.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofu, að fjárhæð 400 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofu af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknastarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

XX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

117. gr.

Umferðarfræðsla og sértæk fræðsluskylda sveitarfélaga.

Umferðarfræðsla skal fara fram í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðherra ákveður að fenginni umsögn Umferðarstofu nánari tilhögun fræðslu skv. 1. mgr. í aðalnámskrá samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað.

118. gr.

Þjóðréttarlegar skuldbindingar á umferðarsviðinu.

Við setningu reglna og reglugerða samkvæmt lögum þessum skal ráðherra á hverjum tíma taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði umferðarmála.

119. gr.

Sameining reglugerða.

Ráðherra getur ákveðið að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál þar sem fram koma þau fyrirmæli samkvæmt lögum þessum sem setja skal í reglugerð.

120. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast 1. janúar 2011. Falla þá úr gildi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir hafa verið gefnar út.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 55. gr. má veita þeim ökuréttindi sem verða fullra:

a. 17 ára, á árinu 2011,
b. 17 ára og þriggja mánaða, á árinu 2012,
c. 17 ára og sex mánaða, á árinu 2013,
d. 17 ára og níu mánaða, á árinu 2014.

Ökunám má hefja 12 mánuðum áður.

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr. um ökuréttindaflokka gilda ákvæði ákvæði reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997 eða sambærileg ákvæði um ökuréttindaflokka fram til 1. janúar 2013.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. skal gildistími ökuskírteinis, annars en bráðabirgðaskírteinis, sem gefið hefur verið út fyrir 1. janúar 2013, vera sem hér greinir:

a. Ökuskírteini fyrir A1-, A-, M-, B-, BE- og T-flokk gildir þar til skírteinishafi er orðinn 70 ára Sama á við um ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokk þegar slík réttindi fylgja eldri ökuréttindum. Ökuskírteini samkvæmt þessum lið skal þó endurnýja í síðasta lagi 31. desember 2032. Fari endurnýjun þess ekki fram fyrir þann tíma skal lögreglustjóri afturkalla ökuskírteinið.
b. Ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokk og ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk gilda til tíu ára frá útgáfudegi.
c. Ökuskírteini til vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1- og C-flokk og til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D1- og D-flokk gilda til fimm ára frá útgáfudegi.

XIII. kafli umferðarlaga, nr. 50/1987, um fébætur og vátryggingu, sbr. 88.–99. gr., heldur gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt sérstök lög um lögmæltar ökutækjatryggingar o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 1. nóvember 2007 skipaði samgönguráðherra í nefnd um endurskoðun umferðarlaga. Í nefndina voru skipuð þau Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem jafnframt var formaður, Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneyti, Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti, Jón Haukur Edwald, Ökukennarafélagi Íslands, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, Ólafur Guðmundsson, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, og Signý Sigurðardóttir, Samtökum verslunar og þjónustu.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var henni falið að taka gildandi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum, til heildarendurskoðunar og semja frumvarp til nýrra umferðarlaga á grundvelli tillagna nefndarinnar. Í því augnamiði og með hliðsjón af erindisbréfi nefndarinnar hefur við endurskoðunina og gerð þessa frumvarps verið lagt til grundvallar að stefna bæri að eftirfarandi markmiðum:

Í fyrsta lagi að færa gildandi ákvæði til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu síðastliðinna tveggja áratuga og þróun í umferðarmálum.

Í öðru lagi að lagfærð yrðu þau ákvæði í gildandi ákvæðum sem eru óskýr eða haldin annmörkum, einkum að teknu tilliti til breytinga á mannvirkjagerð í umferðinni og á umferðarmenningunni.

Í þriðja lagi að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Í fjórða lagi að taka til athugunar hvort og þá að hvaða marki gera skuli breytingar á þeirri almennu framsetningu gildandi laga að ráðherra sé veitt víðtækt vald til að setja nánari fyrirmæli um einstök atriði í stjórnvaldsfyrirmæli og jafnframt að leitast verði við að lögfesta í ríkari mæli í umferðarlögunum sjálfum grundvallarefnisreglur á einstökum sviðum. Samhliða því verði leitast við að útfæra reglugerðarheimildir ráðherra sem eftir standa með heildstæðari og skýrari hætti.

Í fimmta lagi lagi að taka til skoðunar og gera tillögur um tilteknar efnisbreytingar á ákvæðum gildandi laga, einkum um viðurlög við brotum á umferðarlögum, með það í huga að gera þær hátternisreglur sem gilda í umferðinni skilvirkari og að auka varnaðaráhrif þeirra.

Við endurskoðunina og gerð frumvarpsins aflaði nefndin umfangsmikilla gagna um stöðu umferðarmála á Íslandi, á Norðurlöndum og í öðrum ríkjum Evrópu.

Þá átti nefndin fjölmarga fundi með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila á sviði umferðarmála hér á landi og tók á móti helstu sérfræðingum þjóðarinnar á þessu sviði til að veita nefndinni upplýsingar og til að setja fram ábendingar.

Umferðarlaganefnd skilaði drögum að frumvarpi til umferðarlaga til ráðherra með bréfi dags. 5. júní 2009. Frumvarpið var síðan sett á vef ráðuneytisins til almennrar umsagnar með fresti til 15. september 2009 til að gera athugasemdir við það. Að lokinni vinnu við athugasemdir sem bárust var frumvarpið sett að nýju til umsagnar á vef ráðuneytisins með fresti til 26. nóvember 2009 og jafnframt sent til ráðuneyta og stofnana sem koma að umferðarmálum til umsagnar.

Fjölmargar athugasemdir bárust við frumvarpið, m.a. frá eftirtöldum eftirtöldum aðilum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, umhverfis- og samgöngusviði, Vís – Vátryggingafélagi Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, sýslu-

manninum í Borgarfirði, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Slóðavinum, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Vinnueftirlitinu, Vegagerðinnni, Umferðarstofu, Forvarnahúsi, ÖBÍ – Öryrkjabandalagi Íslands, Ökukennarafélaginu, umhverfisráðuneytinu, Landssambandi hestamanna, Samtökum atvinnulífsins, Bifhjólasamtökum lýðveldisins Sniglunum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Akureyrarbæ, sýslumanninum á Blönduósi, sýslumanninum í Bolungarvík, Samtökum verslunar og þjónustu, Umferðarstofu, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dóms- og mannréttindaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Auk þess hafa fjölmargir einstaklingar sent inn athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af niðurstöðum nefndarinnar, svo og athugasemdum sem bárust ráðuneytinu, og breytingar gerðar á upphaflegum frumvarpsdrögunum til samræmis við framkomnar athugasemdir. Enn fremur hefur orða- og hugtakanotkun verðið samræmd í frumvarpinu.

II. Helstu breytingar frá gildandi lögum.

Helstu stefnumið frumvarpsins og meginbreytingar frá gildandi umferðarlögum eru eftirfarandi:

- Sett er fram markmiðsgrein í 1. gr. frumvarpsins, en það er nýmæli í umferðarlögum hér á landi.
- Gildissvið umferðarlaga er gert skýrara og byggt á þeirri grundvallarstefnumörkun að meginákvæði laganna eigi í aðalatriðum við um umferð á vegum sem ætlaðir eru vélknúnum ökutækjum sem eru skráningarskyld.
- Viðhaldið er þeirri stefnumörkun, sem sögulega hefur verið lögð til grundvallar hér á landi og í Danmörku, að í upphafi laganna sé að finna ítarlegt ákvæði þar sem öll helstu orð og hugtök sem fram koma í lögunum eru skilgreind. Ný og endurskoðuð hugtök í 3. gr. eru m.a.: Aðalljós, aðrein, akstur á einkalandi, akstur á afmörkuðum skilgreindum svæðum, akstur utan umferðar, almenn umferð, almennir stígar, almenningsvagn, beltabifhjól, beygjurein, endurskoðuð skilgreining á léttu bifhjóli og bifhjóli, breytt ökutæki, endurskoðuð skilgreining á eftirvagni, fólksbifreið, frárein, endurskoðuð skilgreining á gangbraut, göngugata, hringtorg, hættuljós, sérsmíðað ökutæki, sérrein, stefnuljós, stöðvun ökutækis, vegöxl, viðvörunarþríhyrningur, vörubifreið og endurskoðuð skilgreining á þéttbýli. Niður falla skilgreiningar á hugtökunum tengitæki og torfærutæki. Skilgreiningu á hugtakinu vegur er breytt þannig að í stað „götuslóða“ kemur hugtakið „merkt vegslóð“.
- Ákvæði gildandi laga um neyðarakstur eru gerð mun ítarlegri og fellur nú slíkur akstur undir hugtakið forgangsakstur, sbr. 10. gr.
- Sveitarstjórn, og Vegagerðinni þegar um er að ræða þjóðveg, ber að taka ákvarðanir um útfærslu á sérreinum með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum, skilvirkni samgangna og umferðaröryggi vegfarenda, sbr. 16. gr.
- Sett eru fram viðmið um hversu langt bil skuli vera milli ökutækja á vegi miðað við akstur á 60 km hraða á klst., sbr. 17. gr.
- Nýmæli um akstur í hringtorgum, sbr. 18. gr.
- Ákvæði um varúðarskyldu við biðstöð almenningsvagna kemur í stað sambærilegs ákvæðis í gildandi lögum um hópbifreiðar, sbr. 20. gr.

– Ákvæði um að þegar ökutæki mætast skuli sá ökumaður víkja sem betur fær því við komið er breytt þannig að sá sem kemur fyrr að hindrun skuli víkja fyrir þeim sem seinna kemur að, sbr. 21. gr.
– Samspil og uppbygging ákvæða laganna um framúrakstur, sbr. 22.–24., er einfölduð frá gildandi lögum. Lagt er bann við því að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að gatnamótum og enn fremur er lagt bann við að aka fram úr þar sem er óbrotin miðlína, sbr. 24. gr.
– Ákvæði um bann við stöðvun og lagningu ökutækis eru færð til nútímalegra horfs, sbr. 28. gr.
– Ákvæði um hámarksljósastyrk framvísandi ljósa mega að hámarki vera 225.000 cd (candella), sbr. 33. gr.
– Ákvæði um skyldu til að hafa stöðuljós og hættuljós tendruð ef ökutæki stöðvast á akbraut og að ávallt skuli setja upp viðvörunarþríhyrning, sbr. 34. gr.
– Ákvæði um að hraði ökutækis megi aldrei vera meiri en hámarkshraði, hvernig sem aðstæður til aksturs er að öðru leyti, sbr. 35. gr.
– Reglur um að hámarksökuhraði í þéttbýli skuli vera 50 km á klst. nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum, sbr. 36. gr.
– Reglur um hámarkshraða utan þéttbýlis eru rýmkaðar og ökuhraði á akbraut með bundnu slitlagi og fleiri en einni akrein er samræmdur í 90 km á klst., sbr. 36. gr. Hámarkshraði skal ákveðinn með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum, skilvirkni samgangna og umferðaröryggi vegfarenda.
– Ákvæði VI. kafla um akstursíþróttir og aksturskeppni eru mun ítarlegri en í gildandi lögum. Umferðarstofu er falin umsýsla með leyfisveitingum og þess háttar, sbr. 38.–40. gr.
– Ákvæði um hjólreiðamenn eru færð til nútímalegra horfs, sbr. 41. og 42. gr.
– Ákvæði um að heimilt sé að aka bifhjóli samhliða öðru bifhjóli þar sem hámarkshraði er 60 km á klst. eða minna, enn femur að barn verði að vera 150 sm á hæð eða hærra til að mega vera farþegi á bifhjóli og að ekki megi „prjóna“ á bifhjóli, sbr. 43. gr.
– Gildissvið ákvæða umferðarlaga um bann við ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna eru annars vegar rýmkuð og hins vegar gerð skýrari. Þannig er leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanns lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰, sbr. 45. gr. Sjá nánar almennar athugasemdir í VII. kafla hér síðar.
– Ávana- og fíkniefni skulu mæld í blóði ökumanns en ekki blóði eða þvagi eins og er í gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 46. gr.
– Bann við að afhenda eða selja ökumanni véknúins ökutækis eldsneyti, sé hann augljóslega undir áhrifum áfengis, nær einnig til þess sem er augljóslega undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sbr. 47. gr.
– Reglur um framkvæmd öndunarprófs og sýnatöku vegna gruns um ölvunarakstur eða akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna eru gerðar fyllri, sbr. 48. gr.
– Efnisákvæði ESB-reglna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í farþega- og farmflutningum á ökutækjum yfir 3,5 tonnum eru tekin upp í lögin í IX. kafla, sbr. 50.–53. gr.
– Ákvæði um bann við notkun farsíma er skerpt, sbr. 54. gr.
– Gerð er sú breyting frá gildandi ákvæðum umferðarlaga að einstaklingur þurfi að vera fullra 18 ára til að heimilt sé að veita honum ökuskírteini til að aka bifreið, sbr. 55. gr. Samkvæmt gildandi lögum er lágmarksaldurinn 17 ár.

- Ökuréttindaflokkar eru nú tilgreindir í heild í lögunum, sbr. 56. gr. Jafnframt er fellt úr lögunum hugtakið „aukin ökuréttindi“. Ákvæði 56. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2013 að því er varðar ný ökuréttindi í samræmi við tilskipun /2006/126/EB.
- Ákvæði um gildistíma eldri ökuskírteina er skilgreindur í 57. gr.
- Gildistími almenns ökuskírteinis verður 15 ár miðað við þau ökuskírteini sem gefin eru út frá og með 1. janúar 2013, sbr. 58. gr.
- Lágmarksaldur til að mega stjórna dráttarvél er hækkaður úr 15 árum í 16 og áskilið er að stjórnandi vinnuvélar hafi sótt tilskilin námskeið, sbr. 59. gr.
- Ákvæðum gildandi umferðarlaga um skilyrði til að viðhalda fullnaðarskírteini er breytt með það í huga að setja á laggirnar raunhæfara og skilvirkara kerfi við mat á aksturshæfni ökumanna. Trúnaðarlækni Umferðarstofu verður falið að meta aksturshæfni ökumanna, svo sem vegna aldurs og sjúkdóma, sbr. 61. gr.
- Þungamiðja ökunáms flyst yfir til ökuskóla, sbr. 62. gr., og ákvæði laganna um ökukennslu, ökuskóla og ökukennara eru að öðru leyti færð til nútímalegra horfs, sbr. 63.–67. gr.
- Umferðarstofu er veitt heimild til að setja reglur um gerð og búnað ökutækja, sbr. 68. gr.
- Ákvæði um skráningu nær í meginatriðum til allra ökutækja sem ætluð eru til notkunar á vegi, svo og til beltabifhjóla sem einkum eru notuð á snjó og hjarni, sbr. 70. gr. Þetta á einnig við um vinnuvélar og hvers konar eftirvagna. Ráðherra er veitt heimild til að setja reglugerð um skráningu annarra ökutækja.
- Gjald fyrir einkamerki er hækkað úr 25.000 kr. samkvæmt gildandi lögum í 50.000 kr., sbr. 71. gr.
- Settar eru ítarlegri reglur um flutning á hættulegum farmi á landi en eru í núverandi lögum, sbr. 78. gr.
- Hlutverk Vegagerðarinnar í aðstoð vegna flutnings á vegum er aukið og leggur Vegagerðin mat á þörf fyrir aðstoð lögreglu, sbr. 79. gr.
- Sveitarstjórn og Vegagerðinni verður heimilt að takmarka umferð vegna mengunar og sveitarstjórn er veitt heimild til að innheimta gjald vegna notkunar nagladekkja, sbr. 82. gr., en nánari útfærsla verður í reglugerð.
- Eftirlitshlutverk Vegagerðarinnar vegna aksturs ökutækja til farþega- og farmflutninga yfir 3,5 tonnum verður aukið, sbr. 89. gr.
- Vegagerðinni verður veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota á reglum um aksturs- og hvíldartíma í farþega- og farmflutningum allt að 300.000 kr., sbr. 92. gr.
- Ákvæði XIII. kafla gildandi laga um fébætur og vátryggingu eru afnumin með það í huga að sett verði sérlög um ökutækjatryggingar, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um að XIII. kafli haldi gildi sínu þar til ný lög taka gildi um lögmæltar ökutækjatryggingar.
- Almenn refsiregla gildandi laga er afnumin og kveðið á um með skýrum hætti með sérstöku tilvísunarkerfi hvaða hátternisreglur laganna varða refsingu. Er þannig lagt til grundvallar að sumar hátternisreglur laganna séu þess eðlis að ekki standi til þess rök að til refsiábyrgðar stofnist ef út af þeim er brugðið. Ákvæði laganna sem varða sektum eru þannig talin upp í 1. mgr. 94. gr.
- Heimilt verður að láta eiganda eða umráðamann ökutækis sæta refsiábyrgð á hlutlægum grundvelli, þ.e. án þess að sýnt sé fram á sök hlutaðeigandi. Á það við þegar hraðakstursbrot er numið í löggæslumyndavél, sbr. 4. mgr. 94. gr.

– Ítrekaður ölvunarakstur, þegar vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið yfir 2‰ eða vínandamagn í lítra lofts 1,00 milligramm eða meira, skal varða fangelsi eigi skemur en í 30 daga, sbr. 2. mgr. 95. gr.
– Hámarkssekt vegna umferðarlagabrota er hækkuð úr 300.000 krónum í núgildandi lögum í allt að 500.000 kr., sbr. 97. gr.
– Ákvæði um akstursbann eru gerð ítarlegri, sbr. 107. gr.
– Gjöld vegna stöðubrota rennur til umferðaröryggismála í stað þess að þau renni til reksturs bifreiðastæða og bifreiðageymslna til almenningsnota, sbr. 110. gr.
– Gerðar eru verulegar breytingar á framsetningu gildandi ákvæða um heimildir ráðherra til að útfæra nánar einstakar efnisreglur í umferðarlögum með setningu almennra stjórnvaldsfyrirmæla, einkum reglugerða. Er því leitast við að fækka reglugerðarheimildum og gera þær sem eftir standa fyllri og skýrari.
– Ráðherra verður heimilt að samræma reglugerðir á umferðarsviðinu í eina reglugerð, sbr. 119. gr.
– Ákvæði 115. gr. gildandi laga um Umferðarráð í núverandi mynd verður afnumið, sjá nánar umfjöllun í niðurlagi IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.

III. Aukið umferðaröryggi.

Umtalsverður árangur hefur náðst í baráttunni gegn umferðarslysum hér á landi á undanförnum árum þrátt fyrir mikla aukningu umferðar og fjölgun ökutækja á götum landsins. Með aukinni áherslu á að draga úr ölvunarakstri, lækkun ökuhraða og aukinni notkun öryggisbúnaðar í ökutækjum hefur marktækur árangur náðst í fækkun umferðarslysa. Önnur atriði sem máli skipta í þessu sambandi eru öruggari ökutæki, betri umferðarmannvirki, öflugri löggæsla, markvissara forvarnarstarf o.fl. En betur má ef duga skal, langtímatakmark stjórnvalda er að útrýma banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni og er þessu frumvarpi ætlað að stuðla að því að svo verði.

Á árunum 2004 til 2008 létust að jafnaði 20 manns á ári í umferðarslysum hér á landi, en fimm ár þar á undan (1999–2003) létust að jafnaði tæplega 26 á ári. Árið 2007 létust 15 manns í umferðarslysum, 12 árið 2008 og 17 árið 2009 og er það í fyrsta sinn frá því formleg slysaskráning hófst árið 1967 að dánartíðni er jafn lág þrjú ár í röð. Á árunum 2004 til 2008 slösuðust að jafnaði 158 manns alvarlega á hverju ári en fimm ár þar á undan (1999–2003) voru þeir 172 að jafnaði á ári. Um 75% þeirra sem látast í umferðarslysum hér á landi látast á þjóðvegum í dreifbýli og tæplega 50% þeirra sem slasast alvarlega í umferð hér á landi slasast á þjóðvegum í dreifbýli. Milli 30 og 40% þeirra sem látast á þjóðvegum í dreifbýli látast í árekstrum bíla úr gagnstæðum akstursáttum og sama hlutfall í útafakstri. Um 50–55% þeirra sem slasast alvarlega á þjóðvegum í dreifbýli slasast í útafakstri en um 20–25% í árekstrum bíla úr gagnstæðum áttum.



Mynd 1. Fjöldi slysa með meiðslum 2002–2008.Umferðarstofa.

Efnahagsleg áhrif umferðarslysa eru gífurleg en talið er að um 1–5% af vergri þjóðarframleiðslu ríkja heims glatist í kjölfar umferðarslysa. Eru þá ótalin öll þau félagslegu og tilfinningalegu áhrif sem slysin hafa á samfélagið í heild sinni. Í skýrslu Línuhönnunar frá árinu 2006, sem unnin var með styrk frá RANNUM og Reykjavíkurborg, kemur fram að kostnaður vegna umferðarslysa sem metin var til 11–15 milljarða kr. fyrir árið 1995 í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, samsvaraði 21 til 29 milljörðum kr. á árinu 2005 ef núvirt væri með hliðsjón af meðalvísitölu launa árin 1995 til 2005.

Til að ná megi því markmiði umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda að fækka umferðarslysum er nauðsynlegt að allir taki höndum saman um að láta þetta takmark verða að veruleika. Með frumvarpi þessu eru lagt til að viðurlög við umferðarlagabrotum, svo sem hraðakstursbrotum og akstri undir áhrifum áfengis eða ávana- og fíkniefna, verði hert, ökuleyfisaldur hækkaður, leyfilegt áfengismagn í blóði lækkað, að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi aðgerðir til að auka umferðaröryggi verði gerð skýrari og að reglur um stöðvun og lagningu ökutækis verði hertar, svo nokkuð sé nefnt. Með þessu er leitast við að skapa umhverfi til að fækka slysum í umferðinni og koma í veg fyrir þann mannlega harmleik sem þeim oft á tíðum fylgir og minnka jafnframt fjárútgjöld hins opinbera og einkaaðila vegna umferðarslysa.



Mynd 2. Fjöldi alvarlegra slysa og banaslysa 2002–2008. Umferðarstofa.

Ljóst er að umferðarlög leggja fyrst og fremst skyldur á herðar vegfarendum í umferðinni þar sem mannleg mistök eru meginorsök umferðarslysa. Auk metnaðarfullrar lagaumgjarðar eru það verkefni stjórnvalda að halda uppi virku eftirliti með öryggi í umferðinni og bæta umhverfi vega með öruggari samgöngumannvirkjum og leitast þannig við að fækka alvarlegum afleiðingum umferðarslysa með öruggara vegakerfi. Í raun má segja að það sé sameiginleg ábyrgð allra þeirra sem eiga á einhvern hátt að koma að umferð á vegum, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, að stuðla að útrýmingu alvarlegra umferðarslysa og banaslysa í umferðinni.

IV. Ný viðhorf í umferðaröryggismálum og umferðarmenningu.

Eins og áður hefur komið fram var frumvarp til nýrra umferðarlaga tvívegis sett á vef ráðuneytisins til kynningar. Það sem margar af þeim athugasemdum sem bárust eiga sammerkt er að í þeim er lögð áhersla á að taka verði tillit til þess að samgöngumunstur á landi hafi breyst á undanförnum árum. Reiðhjólaeign landsmanna hafi margfaldast, svo og fjöldi bifhjóla á götum landsins, og auk þess hafi gangandi vegfarendum farið fjölgandi. Þetta leiði til þess að auka beri áherslu á að umhverfissjónarmiða sé gætt við skipulagningu umferðar á landi. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá vori 2009 segir orðrétt í kafla um umhverfi og auðlindir: „Unnin verði áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitar-

félögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Í slíkri stefnu verði almenningssamgöngur um allt land stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Almenningssamgöngur verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar.“ Enn fremur er vert að nefna að árið 2007 nam útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum 1.017 þúsund tonnum CO_2-ígilda eða 23% af heildarútstreymi á Íslandi. Samgöngur voru þá næststærsta uppsprettan á eftir útstreymi frá iðnaði og efnanotkun. Vegasamgöngur vógu þyngst og var útstreymi frá þeim 934 þúsund tonn CO_2-ígilda eða tæp 92% af útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á landi. Milli áranna 1990 og 2007 jókst útstreymi frá vegasamgöngum um 81% og varð sú aukning aðallega eftir árið 2002. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á þessi sjónarmið.

Hafa breytingar á meðförum frumvarpsins í ráðuneytinu m.a. mótast af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á sviði samgangna og umhverfismála og athugasemdum sem borist hafa og varða umhverfisþætti umferðar. Í ýmsum greinum frumvarpsins koma fram áherslur á umhverfismál, svo sem í markmiðsgrein frumvarpsins, 4. gr. um takmörkun á hávaða frá ökutækum, í 16. gr. um að umhverfissjónarmið skuli m.a lögð til grundvallar við ákvarðanir um notkun sérreina, í 36. gr. að umhverfissjónarmið skulu hafa ákveðið vægi í ákvörðunum um hraðamörk á vegum og um mengun frá ökutækjum, sbr. 68. gr.

Í 82. gr. frumvarpsins er stefnumótandi ákvæði um aðgerðir til að draga úr mengun af völdum ökutækja og heimild til álagningar gjalds vegna notkunar negldra hjólbarða. Til grundvallar þessu ákvæði liggur skýrsla starfshóps samgönguráðuneytis og umhverfisráðuneytis, „Mótvægisaðgerðir gegn svifryki, aðgerðir gegn sóti frá díselvélum og malbiksögnum frá nagladekkjum“, sem gefin var út í apríl 2007. Þar er m.a. fjallað um notkun negldra hjólbarða. Bent er á að negldir hjólbarðar eigi stóran þátt í að hraða sliti á götum, sérstaklega malbiks. Enn fremur eigi þau ótvírætt stóran hlut í tilurð svifryks úr malbiki sem yfirleitt mælist yfir 50% af heildarmagni svifryks í Reykjavík. Ávinningur af því að draga úr notkun negldra hjólbarða felist m.a. í eftirtöldum atriðum:

1. Minna slit á götum.
2. Minna svifryk.
3. Minni kostnaður við hreinsun gatna og niðurfalla.
4. Minni eyðsla eldsneytis.
5. Minni umferðarhávaði næst vegi.

Bent er á að á móti þessum ávinningi vegi hins vegar umferðaröryggissjónarmið í vissum tilfellum þar sem negldir hjólbarðar geti aukið öryggi við sérstakar aðstæður. Því megi gera ráð fyrir að einhver málamiðlun þurfi að eiga sér stað ef ákveðið verður að taka gjald af notkun negldra hjólbarða, en óhjákvæmilega muni það leiða til þess að dregið verði úr notkun nagladekkja. Niðurstaða starfshópsins er engu síður að hugað verði að gjaldtöku fyrir notkun negldra hjólbarða, en lagt er til að samráð verði haft við umhverfisráðuneytið vegna umhverfisþáttarins.

Í frumvarpi þessu hefur verið leitast við að gera valdmörk á milli stjórnvalda, einkum ráðherra, lögreglustjóra og sveitarstjórna, skýrari og einfaldari. Þetta felst m.a. í því að draga úr stjórnsýsluhlutverki lögreglunnar og láta slík verkefni í hendur Umferðarstofu, Vegagerðarinnar og sveitarstjórna, eftir því sem við á. Þykir eðlilegra að það sé á höndum þessara aðila að útfæra heimildir á grundvelli laganna, t.d. umsýslu vegna aksturskeppna, sbr. VI. kafla um akstursíþróttir og aksturskeppni á vegum, ákvarðanir um hraðamörk á vegum og uppsetningu umferðarmerkja, svo nokkuð sé nefnt. Það er hins vegar hlutverk lögreglu að grípa inn í ef ekki er farið að ákvæðum laganna. Ákvæði XVII. kafla frumvarpsins um stjórn-

valdssektir Vegagerðarinnar byggjast þó á nokkuð öðrum forsendum, en þar er um sérhæft eftirlit að ræða sem rök mæla með að Vegagerðin hafi með höndum að fullu, en að kæra megi niðurstöðu um stjórnvaldssekt til ráðuneytisins.

Eins og frumvarp þetta ber með sér er aukin áhersla lögð á að greina mismunandi hópa vegfarenda og réttindi þeirra og skyldur í umferðinni. Gengið er út frá því að umferðarmerki segi í auknum mæli til um fyrir hvaða hópa vegfarenda tiltekinn vegur er og um notkun hans og er sveitarstjórnum gefið visst frjálsræði að þessu leyti. Gera má ráð fyrir að þetta leggi auknar kvaðir á veghaldara um að setja umferðarmerki upp og halda þeim við. Með auknum fjölbreytileika í samgöngumáta í framtíðinni er viðbúið að mismunandi hópar vegfarenda komi til með að nota sama veg í auknum mæli, þar sem erfitt verður að koma því við að hver hópur „hafi sinn veg fyrir sig“. Slíkt fyrirkomulag kallar á breytta umferðarhegðun og umferðarmenningu vegfarenda sem óneitanlega mun gera auknar kröfur um tillitssemi í umferðinni.

Á undanförnum árum hefur þróun í umferðarmálum í auknum mæli beinst að því að auka aðgengileika í umferðinni (accessibility) í stað þess að leggja áherslu á hreyfanleika (mobility). Nýmæli í frumvarpi þessu, svo sem um göngugötur, lokanir vega eða svæða vegna mengunar og aukin áhersla á sérreinar, eru dæmi um nýja sýn í umferðarmálum þar sem ótakmarkað aðgengi allra ökutækja í umferðinni er ekki lengur sjálfsagður hlutur. Þannig er dregið úr hreyfanleika en aðgengi bætt í samræmi við forsendur sem gefnar eru í samræmi við markmiðsgrein frumvarpsins og einstakar greinar þess.

Umferðarlög miða að því að skapa þannig leikreglur að vegfarendur komist á sem öruggastan hátt frá einum stað til annars í umferðinni án tillits til samgöngumáta. Í samræmi við þá þróun sem orðið hefur að því marki að efla fjölbreytni í samgöngum er lögð á það áhersla í frumvarpinu að jafnræðis sé gætt gagnvart þátttakendum í umferðinni, en áhersla á vélknúin ökutæki í umferðinni er engu síður enn mikil eðli máls samkvæmt.

Starfshópi sem falið var að gera tillögu að framtíðarskipan stofnana samgöngumála skilaði skýrslunni „Framtíðaskipan stofnana samgöngumála, greining og valkostur“ útgefinni í júní 2009, en skýrslan var unnin að frumkvæði Kristjáns L. Möller ráðherra. Í skýrslunni kemur fram að ráð sem heyra undir ráðuneytið séu fjölmenn og einkum vísað til Umferðarráðs í því sambandi. Draga megi í efa að svo fjölmenn ráð starfi með skilvirkum hætti. Nefndin leggur til að skoðaður verði vel sá kostur að fela samgönguráði að annast nauðsynlegt samráð við hagsmunaaðila í stað þess fyrirkomulags sem nú er. Jafnframt er lagt til að stofnanirnar sjálfar setji saman samráðshópa, kjósi þær svo, eða skipuleggi samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni með öðrum hætti. Jafnframt verði samgönguþing vettvangur samráðs hagsmunaaðila. Á grundvelli þessara sjónarmiða er ekki lagt til í frumvarpinu að ákvæði 115. gr. gildandi umferðarlaga um Umferðarráð haldi gildi sínu. Það þýðir þó ekki að samráðsvettvangur um umferðarmál verði lagður niður, fremur að hugað verði að nýrri skipan þessara mála þegar frumvarp þetta verður að lögum.

V. Alþjóðleg samvinna á umferðarsviðinu.

Ljóst er að verulegar breytingar hafa orðið á þróun umferðar, eiginleikum ökutækja og umferðarmenningu á síðastliðnum tveimur áratugum eða frá því að gildandi lög, umferðarlögin frá 1987, voru sett. Eins og jafnan hefur verið ítrekað við setningu almennra laga á þessu sviði, sjá nánar umfjöllun um sögulega þróun umferðarlöggjafar hér á landi í VI. kafla, er ljóst að hátternisreglur um umferð á vegum, form- og efnisskilyrði fyrir réttindum til að aka vélknúnum ökutækjum og um skilyrði fyrir eiginleikum slíkra tækja o.s.frv., koma ein-

ungis að vissu marki inn á atriði eins og um ástand vega, merkingu þeirra, umferðarleiðbeiningar og skipulag vega og samgangna í einstökum byggðarlögum. Um slík atriði er að meginstefnu til fjallað í öðrum lögum, einkum vegalögum, sbr. nú lög nr. 80/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2008, og skipulags- og byggingarlögum, nú lög nr. 73/1997. Þá er skipulag samgangna og vegagerð einnig viðfangsefni við mótun samgönguáætlunar, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, og við gerð vegáætlunar sem er vegáætlunarkafli samgönguáætlunar, sbr. 16. gr. vegalaga. Við gerð þessa frumvarps hefur þó verið leitast við að tryggja að heildstætt samræmi sé á milli efnisákvæða í umferðarlögum og ákvæðum fyrrgreindra laga um skipulag samgangna og veghald. Endurskoðun nefndarinnar á ákvæðum umferðarlaga hefur hins vegar á ný fært heim sanninn um nauðsyn þess að leitast verði við að taka stefnumótun á sviði mannvirkjagerðar og samgangna á Íslandi til heildarathugunar með það í huga að móta samræmd viðmið um þessi efni, m.a. á grunni alþjóðlegra staðla og reglna.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að gildandi umferðarlögum kemur fram, eins og nánar verður rakið í II. kafla, að ein af ástæðum þess að eldri umferðarlög sættu endurskoðun var sú „að nauðsynlegt [hefði verið], m.a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur [væri] umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamninga um umferð“. Litið var m.a. til alþjóðasamnings um umferð á vegum frá 1968. Þá var jafnframt litið til breytinga á reglum annars staðar á Norðurlöndum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur að samnorrænum umferðarreglum er byggðust m.a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál. (Alþt. 1986, A-deild, bls. 898.) Var það í samræmi við það sem áður hafði tíðkast við samningu eldri umferðarlaga hér á landi, þ.e. að líta til umferðarlöggjafar annarra þjóða og alþjóðasamninga, sjá t.d. Alþt. 1938, A-deild, bls. 120, Alþt. 1940, A-deild, bls. 231–232, og Alþt. 1956, A-deild, bls. 469. Þannig var t.d. í almennum athugasemdum við frumvarp það sem síðar varð að stofni til að umferðarlögum, nr. 26/1958, höfð hliðsjón af samningi um umferð á vegum frá 1949 sem Ísland varð síðar aðili að.

Á undanförnum árum og áratugum hefur alþjóðleg samvinna á sviði umferðarmála aukist mjög og örar breytingar hafa orðið á alþjóðlegum reglum á þessu sviði. Á þetta ekki hvað síst við á EES-svæðinu, en Ísland hefur undirgengist skuldbindingar á sviði umferðarmála á grundvelli EES-samningsins. Æskilegt þykir, m.a. vegna sjónarmiða um umferðaröryggi, að samræmi sé á milli umferðarlaga og helstu alþjóðasamninga og viðmiða um umferðarmál. Eins og að framan er rakið hefur eitt af markmiðum yfirstandandi endurskoðunar á gildandi umferðarlögum, nr. 50/1987, verið það að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Íslenska ríkið hefur gerst aðili að tveimur alþjóðasamningum um umferðarmál, annars vegar alþjóðasamningi um bifreiðaumferð (International Convention on Motor Traffic) sem undirritaður var í París 24. apríl 1926 og hins vegar samningi um umferð á vegum (Convention on Road Traffic) sem undirritaður var í Genf 19. september 1949. Þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi ekki gerst aðili að öðrum alþjóðasamningum um umferðarmál hefur, sem fyrr segir, sögulega verið höfð hliðsjón af alþjóðlegu samstarfi við samningu frumvarpa að umferðarlögum. Samningurinn um umferð á vegum (Convention on Road Traffic), sem undirritaður var í Vín 8. nóvember 1968 og litið var til við samningu frumvarps til gildandi umferðarlaga, kom í stað fyrrnefndra samninga sem íslenska ríkið hefur gerst aðili að, sbr. 48. gr. samningsins. Við samninginn hefur verið gerður viðbótarsamningur Evrópuríkja (European

Agreement Supplementing the Convention on Road Traffic) sem var undirritaður 1. maí 1971. Báðir þessir samningar hafa sætt reglubundnum breytingum, m.a. til að halda í við hraða tækniþróun á þessu sviði og aukna samfélagslega þörf fyrir umferðaröryggi og umhverfisvernd.

Á vettvangi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (United Nations Economic Commission for Europe, UNECE) hafa verið gerðir ýmsir alþjóðasamningar fyrir utan fyrrnefnda samninga frá 1968 og 1971. Meðal þeirra er samningur um umferðarmerki (Convention on Road Signs and Signals) sem undirritaður var 8. nóvember 1968 í Vín. Einnig hefur verið gerður viðbótarsamningur Evrópuríkja við hann (European Agreement supplementing the Convention on Road Signs and Signals) sem undirritaður var 1. maí 1971. Við viðbótarsamninginn var bætt bókun um vegamerkingar (Protocol on Road Marking, additional to the European Agreement supplementing the Convention on Road Signs and Signals) sem var undirrituð 1. mars 1973. Þessir sáttmálar hafa einnig sætt reglubundnum breytingum. Jafnframt er rétt að minnast á samninginn um alþjóðlegar samræmdar tæknikröfur fyrir ökutæki, búnað og hluti sem eru settir og/eða notaðir í ökutæki (Agreement concerning the Establishment of Global Technical Regulations for Wheeled Vehicles, Equipment and Parts which can be fitted and/or be used on Wheeled Vehicles) sem undirritaður var 25. júní 1998. Við samningu þessa frumvarps hefur eins og kostur er verið tekið mið af þessum alþjóðasamningum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið við þá.

Með 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, öðlaðist m.a. meginmál samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) lagagildi hér á landi. Í 6. kafla samningsins er fjallað um flutningastarfsemi. Endurspegla ákvæði kaflans 74.–85. gr. Rómarsamningsins. Ákvæði 2. mgr. 47. gr. EES-samningsins vísar í XIII. viðauka sem hefur að geyma sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga. Þá hefur fjöldi ESB-gerða á umferðarsviðinu verið tekinn upp í EES-samninginn. Hafa þær haft að geyma margvíslegar reglur sem tengjast umferðarlöggjöf, t.d. tæknikröfur til ökutækja, reglur um ökuskírtini, öryggi og gerð ökutækja til farþega- og farmflutninga, gagnkvæm viðurkenning skírteina, samræming á reglum um vinnutíma o.fl. Æskilegt þykir að samræmdar skilgreiningar og reglur gildi, eins og mögulegt er, um þessi atriði á EES-svæðinu.

VI. Söguleg þróun umferðarlöggjafar á Íslandi.

Fyrstu lögboðnu umferðarreglur hér á landi voru í lögum um vegi, nr. 57/1907. Þegar bifreiðaumferð hófst hér voru síðan sett bifreiðalög nr. 21/1914. Árið 1940 voru í fyrsta sinni hér á landi sett sérstök umferðarlög, nr. 110/1940. Einnig voru þá sett ný bifreiðalög, nr. 75/1940. Hvor tveggja þessi lög höfðu að geyma ný ákvæði um umferð þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð hér á landi 1. janúar 1941. Til þess kom þó aldrei að þau ákvæði kæmu til framkvæmda. Ástæðan var sú að breskur her kom hingað til lands og jókst umferð mjög á vegum landsins. Var búist við að breytingin gæti valdið sérstakri slysahættu sem ekki var fyrirsjáanleg þegar lögin voru sett. Voru gefin út bráðabirgðalög þar sem gildistöku laganna frá 1940 var frestað um óákveðinn tíma. Ári síðar voru sett ný umferðarlög, nr. 24/1941, þar sem miðað var við vinstri umferð en samhliða þeim lögum voru bifreiðalögin, nr. 23/1941, sett.

Í frumvarpi því er varð að umferðarlögum, nr. 24/1941, er rakið að gildandi ákvæði um umferð hafi þótt með öllu ónóg þar sem þá var komin umferð bæði á götum og vegum. Þá þótti réttara að setja heldur sérstök umferðarlög en að fella nauðsynleg ákvæði inn í vegalög og bifreiðalög. Í frumvarpinu væru tekin þau ákvæði sem nauðsyn þætti að væru í lögum og

hefði verið höfð hliðsjón af umferðarlöggjöf annarra Norðurlanda. Þá væri jafnframt gert ráð fyrir því að „allmiklu ítarlegri ákvæði [kæmu] í reglugerð og [yrðu] teknar í hana einnig þær sérreglur, sem settar [væru] samkvæmt ákvæðum bifreiðalaganna“. Yrði reglugerðin „aðalleiðarvísir alls almennings um allt varðandi umferð á vegum og götum“. Þá var vikið að því að þá væri á landinu vinstri handar umferð og hafi fyrst verið kveðið á um þetta fyrirkomulag í vegalögunum frá 1907.

Árið 1955 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun löggjafar um umferðarmál og bifreiðamál, svo og reglugerða um sömu málefni. Á þeim grunni voru umferðarlögin frá 1941 afnumin með setningu nýrra umferðarlaga, nr. 26/1958, sbr. 90. gr. síðarnefndu laganna. Með þeim lögum voru einnig felld úr gildi bifreiðalögin frá 1941, en í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að umferðarlögunum frá 1958 er rakið að framangreind nefnd, sem dómsmálaráðherra hafði skipað til að semja frumvarpið, hefði komist að þeirri niðurstöðu að „bezt [færi] á því, að ein heildarlög [yrðu] sett um alla umferð, enda [væri] það í samræmi við lög á Norðurlöndum og tillögur hinnar samnorrænu nefndar“. Nefndin var sammála um að rétt væri að hafa norræna löggjöf til fyrirmyndar íslenskum umferðarlögum eftir því sem við gæti átt, enda væri það í samræmi við „meginstefnu íslenskrar löggjafar“. Fjöldi ákvæða hefði þó verið tekinn óbreyttur að efni til úr eldri íslenskum lögum og íslenskir staðhættir og umferðarþróun ávallt verið höfð í huga. Í því sambandi tók nefndin fram að henni væri mikill vandi á höndum, einkum hvað varðaði umferð í þéttbýli, vegna hins ört vaxandi fjölda vélknúinna ökutækja. Hins vegar væri jafnljóst að ekki yrði úr þessu bætt með umferðarlöggjöf, nema að litlu leyti. Þannig skipti mjög miklu máli ástand vega, merking þeirra, umferðarleiðbeiningar, byggingaskipulag í bæjum og fræðsla barna og fullorðinna um umferðarmál. Þótt ýmsar umbætur hefðu verið gerðar á þessum sviðum væru þær engan veginn nægilegar enn sem komið væri. Þess væri því ekki að vænta að breyting á umferðarlöggjöfinni einni gæti valdið straumhvörfum í þessum efnum. Hér ylti fyrst og fremst á framkvæmd laganna, aðstöðu þeirri sem þeim er um framkvæmdina ættu að sjá væri sköpuð og góðri samvinnu stjórnvalda og almennings.

Hinn 13. maí 1964 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því að upp yrði tekinn hægri handar akstur á Íslandi. Eftir samþykkt þingsályktunarinnar sendi dómsmálaráðuneytið umferðarlaganefnd ályktunina og óskaði þess, með skírskotun til fyrri greinargerðar nefndarinnar, að hún léti í té endurnýjaða greinargerð um þær aðgerðir sem nauðsynlegar væru til þess að komið yrði á hægri umferð hér á landi svo og yfirlitsáætlun um kostnað sem því væri samfara. Umferðarlaganefnd skilaði álitsgerð 4. febrúar 1965. Á þeim grundvelli voru á árinu samþykkt lög nr. 65/1966, um hægri handar umferð, en ákvæði laganna um þá skipan komu eigi til framkvæmda, sbr. 17. gr. laganna, fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1968, sem dómsmálaráðherra mundi ákveða, að fenginni tillögu sérstakrar framkvæmdanefndar sem sett var á laggirnar samkvæmt lögunum. Lög nr. 65/1966 voru síðar felld inn í umferðarlög, nr. 40/1968, en þau lög héldu gildi sínu þar til gildandi umferðarlög, nr. 50/1987, voru sett.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að gildandi umferðarlögum kemur fram að tilgangur endurskoðunar á þágildandi umferðarlögum frá 1968 hafi verið tvíþættur: Annars vegar var talið ljóst að umferðarlögin væru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt. Hins vegar væri nauðsynlegt, m.a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur

væri umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Þessi tvö atriði réðu mestu um breytingar þær sem fólust í lögunum.

Samkvæmt frumvarpi til laganna átti það að gera íslenska ríkinu kleift að gerast aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. desember 1968. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af breytingum sem þá höfðu verið gerðar á umferðarlögum annars staðar á Norðurlöndunum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur um samnorrænar umferðarreglur er byggðust m.a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál. Þá var við samningu frumvarpsins einnig tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Leitaði umferðarlaganefnd í upphafi starfs síns eftir ábendingum og óskum frá aðilum, stofnunum og samtökum sem láta sig umferðarmál varða á einn eða annan hátt og bárust henni mörg svör með gagnlegum ábendingum og tillögum.

Með lögfestingu gildandi umferðarlaga frá 1987 var uppsetningu laganna breytt verulega frá því sem áður var í umferðarlögum. Var lögunum skipt í fleiri kafla og hverjum kafla skipt upp með millifyrirsögnum. Átti fyrirkomulag þetta að auðvelda mjög uppflettingu og lestur. Þá var röð einstakra kafla breytt. Var það einkum gert með tilliti til áhersluatriða. Þannig voru umferðarreglur fyrst teknar fyrir, þá reglur um ökumenn, síðan ákvæði um ökutæki o.s.frv.

Núgildandi umferðarlög hafa tekið margvíslegum breytingum frá gildistöku, en þau hafa oftsinnis verið endurskoðuð í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins og má þar helst nefna samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Er rétt að gera nú í stórum dráttum grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum sem gerðar hafa verið frá gildistöku þeirra.

Með lögum nr. 62/1988 var skráningarkerfi ökutækja breytt og stofnað var hlutafélag með þátttöku ríkissjóðs og ýmissa hagsmunaaðila sem tengdust bifreiðaeign og þjónustu. Var umræddu hlutafélagi, sem hlaut nafnið Bifreiðaskoðun Íslands hf., falið að annast lögbundna skoðun og skráningu ökutækja. Áður hafði Bifreiðaeftirlit ríkisins haft umsjón með mörgum þeirra starfa sem hinu nýja hlutafélagi voru falin. Enn fremur var bætt við ákvæðum sem lögðu á almenna skyldu til notkunar bílbelta við akstur sem og til notkunar öryggisbúnaðar fyrir börn undir 6 ára aldri, sbr. lög nr. 55/1990. Loks var framkvæmd ökuprófa færð til Umferðarráðs, sbr. lög nr. 12/1992. Þá voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum til samræmis við réttarfarsbreytingarnar sem tóku gildi 1. júlí 1992.

Almenn endurskoðun laganna fór fram með lögum nr. 44/1993 og laut að ýmsum tæknilegum hliðum löggjafarinnar. Má þar helst nefna endurskoðun ákvæða um akstur utan vega í þéttbýli, notkun ökuljósa og alþjóðlega samræmingu ökuréttindaflokka. Þá var m.a. lagt til að ráðherra yrði heimilað að setja reglur um æfingaakstur á bifreið án löggilts ökukennara en undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda. Enn fremur var ákvæðum um skoðun ökutækja breytt á þann veg að settar voru almennar reglur um viðurkenningu (faggildingu) skoðunarstöðva. Þá var kveðið á um skyldunotkun hlífðarhjálms við akstur torfærutækis sem og að heimilt yrði að svipta fólk rétti til að öðlast ökuréttindi til jafns við sviptingu ökuréttinda.

Með lögum nr. 37/1996 var dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja reglur um notkun sérstakra skráningarmerkja (einkamerkja). Lög nr. 138/1996 kváðu m.a. á um heimild ráðherra til setningar reglna um stofnun og starfsemi sérstakra ökuskóla. Með lögum nr. 48/1997 voru m.a. lögfestar reglur um notkun tæknibúnaðar til mælingar áfengismagns í útöndunarlofti ökumanna.

Nánari útfærsla á nýrri framkvæmd hvað varðaði ölvunarakstur var gerð með lögum, nr. 23/1998, nánar tiltekið um greiðslu sakarkostnaðar hins sakfellda og aðgerðir gagnvart

ósamvinnuþýðum sakborningum. Þá var núgildandi innheimtukerfi umferðarsekta (punktakerfi) komið á fót með lögum nr. 57/1997. Lagt var bann við notkun farsíma og annars konar fjarskiptabúnaðar án notkunar handfrjáls búnaðar með lögum nr. 91/2001. Settar voru reglur um fullnaðarskírteini og akstursmat að undangengnu bráðabirgðaskírteini með lögum nr. 83/2002.

Yfirstjórn umferðarmálaflokks var færður frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis, sbr. lög nr. 132/2003. Lög nr. 84/2004 höfðu að geyma ákvæði varðandi innheimtu gjalda í stað sekta vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar, sem og ákvæði um aksturs- og hvíldartíma í farþega- og farmflutningum, sbr. einnig lög nr. 66/2006. Einnig var lagt til í sömu lögum að svipting ökuréttar vegna ölvunar við akstur tæki mið af áfengismagni í blóði og svipting vegna ítrekunar ölvunar við akstur yrði lengd. Með lögum 69/2007 var kveðið á um þyngingu viðurlaga vegna hraðaksturs sem og aukið aðhald varðandi akstur bráðabirgðaskírteinishafa. Þá var kveðið á um að hægt yrði að gera vélknúið ökutæki upptækt við stórfelld umferðarlagabrot. Með lögum nr. 83/2007 var kveðið á um lögbundinn lágmarkshlífðarbúnað bifhjólafólks. Loks var með lögum nr. 65/2008 lagt sérstakt vanrækslugjald á þá sem ekki færa ökutæki sín til skoðunar innan tiltekins tíma.

VII. Breytingar á ákvæðum um leyfilegt hámarksmagn vínanda í blóði.

1. Ölvunarakstur sem orsakavaldur umferðarslysa.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á gildissviði banns við ölvunarakstri. Lagt er til að leyfilegt hámarksmagn vínanda í blóði ökumanns verði lækkað úr 0,5‰ (prómill), sbr. 45. gr. gildandi laga, í 0,2‰, sjá 45. gr. frumvarpsins. Lækkun þessi á m.a. rætur að rekja til tillagna umferðaröryggisáætlunar fyrir árin 2002–2012. Í breytingunni felst sú afdráttarlausa stefna yfirvalda að áfengi og akstur vélknúinna ökutækja fari ekki saman.

Í skýrslu frá 2006, sem gefin er út á vegum Evrópusambandsins og varðar áfengisneyslu í Evrópu (Alcohol in Europe), kemur fram yfirlýsing þess efnis að þjóðir skuli stefna að því að hafa refsimörk 0,5 prómill eða lægri; rannsóknir sýni að séu ökumenn með 0,2–0,4 prómill í blóði aukist slysahætta þrefalt. Ljóst er að ölvunarakstur er önnur algengasta orsök banaslysa í umferðinni á Íslandi á eftir hraðakstri (sjá mynd 3). Samkvæmt slysaskrá Umferðarstofu olli ölvunarakstur tæplega 70 slysum með meiðslum árið 2007:

	Fjöldi	%
Hraðakstur	36	19
Ölvunarakstur	31	16
Bílbelti ekki notað	25	13
Ökumaður sofnar undir stýri	10	5
Biðskylda ekki virt	10	5

Mynd 3. Fimm algengustu orsakir banaslysa í umferðinni 1998–2006. Skýrsla rannsóknarnefndar umferðarslysa 2006.

Rannsóknir á ökuhæfni ökumanna sem hafa neytt áfengis sýna flestar fram á að 0,5‰ áfengis í blóði hafi veruleg áhrif á akstureshæfni ökumanna og auki líkindi á slysum. Þegar ökumaður er undir áhrifum áfengis stórskerðist viðbragðsgeta hans. Ökumaður, sem hefur 0,5‰ áfengismagn í blóði sínu, er almennt 150 sinnum líklegri til að lenda í banaslysi en ef hann væri allsgáður og er um 30 sinnum líklegri til að verða fyrir alvarlegu líkamstjóni. Skiptar skoðanir eru um áhrif „minni háttar áfengismagns“ í blóði, þ.e. þegar áfengismagn í blóði er undir 0,5‰. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að marktækur munur er á hæfni þeirra ökumanna sem hafa 0,2‰ áfengismagn í blóði og þeirra sem ekki hafa neytt áfengis. Þeir sem neytt höfðu áfengis, þótt í litlum mæli væri, gerðu fleiri mistök við prófanir. Fyrir hver 0,2‰ sem áfengi eykst í blóði ökumanns tvöfaldast slysahættan. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mjög lítið magn áfengis í blóði truflar samhæfðar sjálfvirkar hreyfingar líkamans og dregur úr almennri akstureshæfni til muna.

Við undirbúning og gerð þessa frumvarps leitaði nefnd samgönguráðherra álits þeirra Jakobs Kristinssonar dósents og Kristínar Magnúsdóttur, deildarstjóra hjá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, um hver yrðu áhrif þess að lækka leyfilegt hámark áfengis í blóði ökumanns úr 0,5% í 0,2% og óskaði eftir að teknar yrðu í því efni saman fyrirliggjandi rannsóknir fræðimanna. Skýrsla þeirra Jakobs og Kristínar er dagsett 25. mars 2009. Samantekt niðurstaðna þeirra kemur fram á bls. 7 en þar er eftirfarandi:

„1. Etanól skerðir hæfni manna til þess að leysa af hendi flókin verkefni á borð við það að aka bifreið, jafnvel þótt styrkur þess í blóði sé lægri en 0,5%. Áhrif þess eru þó lítil og minnka með lækkandi styrk.

2. Fremur líklegt er að lækkun vanhæfismarkanna í Svíþjóð úr 0,5% í 0,2% hafi leitt til aukins umferðaröryggis. Erfitt er samt að meta hve mikil [áhrifin] urðu.

3. Skýrsluhöfundar koma ekki auga á nein tæknileg eða mælingarfræðileg vandamál samfara því að lækka vanhæfismörkin í 0,2%.

4. Ef vanhæfismörkin verða lækkuð í 0,2% hér á landi verður að gera hliðarráðstafanir, sem lúta að akstri undir áhrifum lyfja. Í því sambandi mætti hugsanlega nota sænsku umferðarlögin sem fyrirmynd.“

2. Áhættutaka ökumanna.

Áfengi hefur mismunandi áhrif á einstaklinga. Magn áfengis í blóði einskorðast ekki aðeins við fjölda þeirra drykkja sem ökumaður neytir heldur er slíkt mat mjög aðstæðu- og persónubundið. Almennir áhrifaþættir á borð við kyn og líkamsgerð ökumanns, skipta miklu, sem og sértækari áhrifaþættir. Má þar t.d. nefna syfju og almenna þreytu ökumanns, sem og

hvenær ökumaður neytti síðast matar eða áfengis, svo dæmi séu nefnd. Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur núgildandi hámarksmagn áfengis í blóði veitt ökumönnum rúmt svigrúm til áfengisneyslu og jafnvel hvatt til áhættutöku af hálfu ökumanna. Eðlilegt er að gera þá kröfu til ökumanna að þeir neyti engra áfengra drykkja áður en þeir setjast undir stýri. Fjöldi fólks stendur nú í rangri trú um að neysla takmarkaðs áfengismagns skerði ekki akstursháfni. Þó er ljóst að ökumenn geta ekki undir almennum kringumstæðum vitað hversu mikil áhrif neysla áfengis hefur á líkama þeirra hverju sinni. Nauðsynlegt er að bregðast við þessum vanda með því að eyða allri óvissu á meðal ökumanna hvað þetta varðar. Hafa erlendar rannsóknir, m.a. frá Svíþjóð, Ástralíu og Bandaríkjunum, sýnt fram á að hertar reglur um hámarksmagn áfengis í blóði hafi þau áhrif að ökumenn halda síður út í umferð eftir áfengisneyslu.

3. Ákvæði norskra og sænskra hegningarlaga um hámark leyfilegs áfengismagns í blóði.

Í flestum ríkjum Vestur-Evrópu er miðað við sama leyfilega hámarksmagn áfengis í blóði og hér á landi samkvæmt gildandi umferðarlögum eða 0,5‰. Aðeins tvö ríki hafa lækkað umrætt hámarksmagn niður í 0,2‰, þ.e. Svíþjóð og Noregur. Til þeirra ríkja hefur verið horft við þá tillögugerð sem hér er rædd.

3.1. Svíþjóð.

Ákvæði 4. gr. sænsku umferðarbrotalaganna (Lag om straff för vissa traffikkbrott nr. 1951:649) var breytt árið 1990, og urðu Svíar þar með fyrstir þjóða til að lækka hámark leyfilegs áfengismagns í blóði úr 0,5 ‰ niður fyrir 0,2 ‰. Í skýrslu, sem gefin var út af hálfu sænskra umferðaryfirvalda árið 1997 (Utvärdering av 1990 års reform av trafikkbrotslagen), kom fram að á árunum 1990–1993 fækkaði öllum umferðarslysum á sænskum vegum um 4%. Þá fækkaði öllum banaslysum um 8% á sama tímabili. Framkvæmd var samanburðarrannsókn í kjölfar lagabreytinganna sem staðfesti að árið 1991 hafði fjöldi þeirra sem hættu við akstur vegna ótta við að hafa neytt áfengis í of miklu magni þrefaldast frá því sem var fyrir breytingarnar árið 1987. Má í ljósi þessa draga þá ályktun að áðurnefnd lagabreyting hafi haft jákvæð áhrif á umferðaröryggi og umferðarmenningu þar í landi. Því til stuðnings vísast einnig til niðurstaðna þeirra Jakobs Kristinssonar dósents og Kristínar Magnúsdóttur, deildarstjóra hjá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, sem að framan eru raktar, um að „[fremur] líklegt [sé] að lækkun vanhæfismarkanna í Svíþjóð úr 0,5% í 0,2% hafi leitt til aukins umferðaröryggis“.

3.2. Noregur.

Norðmenn hafa fylgt fordæmi Svía hvað varðar lækkun leyfilegs hámarksmagns áfengis í blóði. Í greinargerð frumvarps til laga nr. 79 frá árinu 2000, sem breyttu núgildandi umferðarlögum (vegtraffikklov nr. 4, 10. juni 1965), kemur fram að áfengisneysla ökumanna sé mesta ógn við umferðaröryggi þar í landi. Um 40% ökumanna, sem létu lífið í umferðarslysum fyrir lagabreytinguna, hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

4. Ályktanir og niðurstöður.

Brýn þörf er á framlagi ökumanna í þágu þess að auka umferðaröryggi, hvort sem það er í eigin þágu eða annarra, og koma í veg fyrir þau fjölmörgu dauðsföll og alvarlegu umferðarslys sem árlega verða vegna ölvunaraksturs. Ökumaður þarf ávallt að vera vakandi og allsgáður til að geta brugðist rétt við hættum sem upp geta komið við akstur. Áhrif áfengis

draga verulega úr hæfni ökumanns til að greina merki um ýmsar hættur líkt og fyrr hefur komið fram. Ein stærsta ógnin sem almennt umferðaröryggi stendur frammi fyrir hér á landi felst í fjölda þeirra ökumanna sem telja sig færa um að neyta áfengis og stýra vélknúnu ökutæki. Reglulega taka margir ökumenn þá áhættu að halda út í umferð eftir áfengisneyslu, ómeðvitaðir um raunveruleg áhrif áfengis á skynfæri og akstursháfni þeirra. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið er þannig lagt til með þessu frumvarpi að bann við ölvunarakstri í umferðarlögum hér á landi byggist á sambærilegu fyrirkomulagi og tekið hefur verið upp í Svíþjóð og Noregi, þ.e. að hámarksmagn áfengis verði lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰. Nái tillögur frumvarpsins fram að ganga má vænta þess, m.a. í ljósi reynslu Svía, að áhættuhegðun tengd áfengisneyslu minnki talsvert meðal íslenskra ökumanna.

VIII. Lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi verði hækkaður úr 17 árum í 18 ár.

1. Ungir ökumenn og slysahætta.

Umferðarslys eru algengasta dánarorsök ungs fólks á aldrinum 15–24 ára innan OECD-ríkja en rúmlega 35% þeirra sem láta lífið á þessu aldursbili farast í umferðarslysum. Á öðrum Norðurlöndum, þ.e. Danmörk, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi, er lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi 18 ár. Hið sama á við um ýmis önnur Evrópulönd, til að mynda Holland, Belgíu, Frakkland og Þýskaland. Ljóst er að 17 ára nýliðar á meðal ökumanna eiga af öllum aldurshópum þátt í flestum umferðarslysum hér á landi. Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa lentu 17 ára ökumenn á Íslandi í 576 umferðarslysum á árinu 2007. Það eru 60% fleiri slys en hjá 18 ára ökumönnum sem áttu aðild að 361 umferðarslysi sama ár. Rannsóknir hafa sýnt að þótt tillit sé tekið til ekinna kílómetra í hverjum aldurshópi er óhappatíðni nýliða (17–19 ára) í umferðinni allt að 6–8 sinnum hærri en ökumanna á aldrinum 24–26 ára. Um er að ræða nánast algilt vandamál í löndum þar sem þátttaka nýrra ökumanna í umferðinni er mikil. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að 17 ára ökumenn lenda í alvarlegustu umferðarslysunum, þ.e. banaslysum og slysum sem leiða til líkamlegra meiðsla.



Mynd 4. Aldur orsakavalda í umferðarslysum á Íslandi árið 2007.
Heimild: Umferðarstofa.

Aldur	Banaslys	Alvarleg slys
17	8	41
18	6	30
19	4	24
20	5	25
21	2	15
22	2	14
23	4	15
24	3	15

Mynd 5. Aldur orsakavalda í umferðarslysum á Íslandi árin 2002–2006. Heimild: Umferðarstofa.

Erlendis hafa viðamiklar rannsóknir verið gerðar á akstursheğun ungra ökumanna. Er þá skoðuð slysatíðni þeirra sem taka bílpróf 17 ára og borin saman við tíðni þeirra sem taka bílpróf 18 ára að teknu tilliti til ekinna kílómetra.



Mynd 6. Aldur, reynsla og tíðni óhappa. Heimild: Maycock o.fl., 1991.

Efsta línan táknar aldur einstaklinga er þeir taka ökupróf og eru merktir inn á hana bókstafir sem tákna próftöku við 17 ára aldur (A), próftöku við 20 ára aldur (B) o.s.frv. Sé litið til stöðu 17 ára ökumanns sést að óhappatíðni hans er mest í fyrstu, rúmlega 0,6 óhöpp á ári, en fellur mjög skarpt eftir því sem hann öðlast meiri reynslu af akstri. Einnig má sjá að byrjunartíðni óhappa lækkar eftir því sem ökumaður er eldri þegar hann öðlast fyrst ökuréttindi. Búast má við því að þeir sem öðlast ökuréttindi 18 ára valdi 6% færri slysum en þeir sem öðlast ökuréttindi 17 ára. Enn fremur mundu 20 ára nýliðar valda 17% færri slysum sé sá hópur borinn saman við þá sem taka bílpróf 17 ára. Rannsóknir sýna einnig að auknum þroska, sem og hærri aldri einstaklinga, fylgir minni tilhneiging til þess að sækja í áhættusama iðkun á borð við hrað- og ölvunarakstur.

2. 18 ára ökumenn eru hæfari nýliðar.

Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir sem snerta hækkun aldurs til að öðlast ökuréttindi. Á mynd 7 sést metinn ávinningur þess að hækka lágmarksaldur úr 17 árum í 18 ár, 18 árum í 19 ár, o.s.frv.

Breyting	Tegund óhappa	Besti árangur %	Óvissa
17–18 ár	Öll óhöpp og slys	-7	(-15%; +1%)
18–19 ár	Öll óhöpp og slys	-6	(-17; +4)
19–20 ár	Öll óhöpp og slys	-6	(-22; +13)
20–21 ár	Öll óhöpp og slys	-5	(-29; +27)

Mynd 7. Metinn ávinningur hækkunar bílprófsaldurs. Heimild: Elvik o.fl., 1997.

Ef litið er á áætluð áhrif hækkunar bílprófsaldurs úr 17 árum í 18 ár gæti það valdið fækkun allt að 7% allra slysa og óhappa. Samkvæmt áliti rannsóknarnefndar umferðarslysa er unnt að áætla í ljósi framangreindra rannsókna að hlutfallsleg fækkun umferðarslysa meðal nýliða yrði 5–9% ef tillögur frumvarpsins verða að veruleika. Þó er ljóst að heill árgangur ökumanna mun að sama skapi hverfa af götum og vegum landsins. Slíkt hefur ekki einungis áhrif á slysatíðni 17 ára ökumanna heldur einnig annarra ökumanna sem kynnu að verða mótaðilar í slysum. Draga mundi úr heildarfjölda ekinna kílómetra og þar af leiðandi heildarfjölda slysa og slasaðra á Íslandi.

3. Ályktanir og niðurstöður.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er lagt til með frumvarpinu að aldur til að öðlast ökuréttindi verði hækkaður úr 17 árum í 18 ár. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að einstaklingar öðlast lögræði við 18 ára aldur, þ.e. sjálfræði og fjárforræði, sbr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Núgildandi fyrirkomulag veldur því vandkvæðum að ýmsu leyti þegar ökumaður undir 18 ára aldri lendir í slysi sem veldur honum eða öðrum teljanlegu fjártjóni. Þá getur 17 ára ökumaður ekki borið fjárhagslega ábyrgð á ökutæki sínu án þess að aðkoma forráðamanns sé nauðsynleg. Einnig er rétt að taka fram að þegar 17 ára ungmenni veldur alvarlegu umferðarslysi eða banaslysi þarf lögregla eftir atvikum að gefa barnaverndaryfirvöldum kost á að fylgjast með rannsókn máls eða jafnvel að veita fulltrúa kost á að vera viðstaddur skýrslutöku í slíkum málum, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Framangreind breyting á núgildandi fyrirkomulagi mun án efa valda töluverðum breytingum á samgönguháttum 17 ára vegfarenda. Ljóst er að atvinnutækifæri og menntunarmöguleikar ýmissa ungmenna kynnu að skerðast við umræddar breytingar, sér í lagi þar sem almenningssamgöngur eru oft af skornum skammti í íslensku dreifbýli.

Engum dylst að ábyrgð sú sem ökuréttindum fylgir er mikil og rík skylda er lögð á herðar ólögráða einstaklingum með því að veita þeim ökuréttindi. Í ljósi framangreindra atriða er ljóst að umferð á íslenskum vegum yrði í heild sinni öruggari ef lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi yrði hækkaður um eitt ár frá því sem nú er.

IX. Á að tekjutengja sektir vegna brota á umferðarlögum?

1. Almennt.

Á undanförnum árum hefur skapast umræða hér á landi um hugsanlega tekjutengingu viðurlaga með beinum hætti vegna brota á umferðarlögum. Ástæður þessa má m.a. rekja til þess að fordæmi er fyrir slíku fyrirkomulagi í nágrannaríkjum, svo sem í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Einnig hefur því verið haldið fram að núgildandi fyrirkomulag sektargreiðslna þjóni ekki tilgangi sínum gagnvart hátekjufólki og til sé hópur fólks hér á landi sem virðir einstök ákvæði umferðarlaga að vettugi sökum þess að fjárhæðir sekta og gjalda hafa ekki teljanleg áhrif á fjárhag þess. Helst mætti þar nefna umferðarlagasektir vegna aksturs undir áhrifum áfengis og vímuefna eða hraðaksturs svo dæmi séu nefnd. Ljóst er að ef slíkt háttalag nær fótfestu í íslenskri umferðarmenningu munu bæði almenn sem og sérstök varnaðaráhrif viðurlaga vegna umferðarlagabrota fara þverrandi. Ljóst er að ef vilji er til breytinga á núgildandi fyrirkomulagi eru ýmsar leiðir færar. Annars vegar væri unnt að hækka fjárhæð sekta töluvert en um leið gera ráð fyrir möguleikum á hlutfallslegri lækkun sekta og gjalda með tilliti til tekjulágra einstaklinga. Slíkt fyrirkomulag er nú fyrir hendi í Danmörku. Einnig væri hægt að ganga svo langt að láta sektir og greiðslur vegna umferðarlagabrota alfarið miðast við árstekjur sektargreiðanda en slíkt fyrirkomulag þekkist í Finnlandi. Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir fyrirkomulagi beggja landa hvað umferðarsektir varðar.

2. Danmörk.

Í sektarreglugerð þeirri, sem sett er skv. 17. kafla a dönsku umferðarlaganna nr. 1058/2008, skulu sektir vegna brota á umferðarreglum almennt samanstanda af upphæð deilanlegri með 500 DKR, sbr. 1. mgr. 118. gr. a laganna. Á þeirri meginreglu eru þó undantekningar. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að einstaklingar með sérstaklega lágar tekjur geta hlotið lægri sektir á grundvelli skertrar greiðslugetu en þær skuli þó aldrei geta orðið lægri en 300 DKR. Þegar sá sem gerist brotlegur við dönsk umferðarlög hefur ekki náð 18 árum í aldri er hin almenna regla sú að sá hinn sami greiði aðeins helming umræddrar sektar sem þó getur aldrei náð lægri upphæð en 300 DKR. Sjálfstætt mat á greiðslugetu þess einstaklings fer þá ekki fram enda er gengið út frá því að börn og ungmenni hafi ekki háar tekjur ef einhverjar. Hinn brotlegi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt almenn skilyrði þess að falla í hóp tekjulágra. Í þeim tilfellum þar sem umferðarlagabrot felst í akstri undir áhrifum áfengis- og vímuefna eða akstri á sviptingartíma vegna slíkra brota getur sá brotlegi þó ekki notið áðurnefndra ívilnana á grundvelli aldurs eða tekna. Enn fremur geta tekjulágir einstaklingar ekki notið ívilnana vegna greiðslu fullra sekta gerist þeir brotlegir við 1. mgr. 56. gr. dönsku umferðarlaganna.

3. Finnland.

Finnar eru brautryðjendur í beinni tekjutengingu sekta vegna umferðarlagabrota og á fyrirkomulagið rætur að rekja til ársins 1921. Umferðarsektir eru þar alfarið tekjutengdar og miðast upphæð sérhverrar sektar við tekjur sektargreiðanda sem byggðar eru á nýjasta skattframtali. Umferðarsektir í Finnlandi ráðast þar af leiðandi alfarið af alvarleika brotsins, tekjum þess sem gerist brotlegur og eftir atvikum fjölskyldustærð hans ef við á. Engri almennri sektarreglugerð er til að dreifa þar í landi heldur notast yfirvöld við sérstakar reiknieiningar sem gefa tegund og alvarleika brotsins til kynna. Sem dæmi má nefna að sektargreiðsla vegna aksturs gegn rauðu ljósi telst ígildi 10 reiknieininga. Eru tekjur þess brotlega

ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og sérstakur hluti mánaðarlauna ákvörðuð. Er sú upphæð því næst margfölduð með reiknieiningunum 10. Einnig er tekið mið af því hversu mörgum aðilum hinn brotlegi þarf að framfleyta, og lækkar sektin hlutfallslega eftir því. Að því loknu fæst heildarupphæð sektargreiðslunnar. Eðli málsins samkvæmt geta finnskar umferðarsektir orðið gífurlega háar enda eru engin sektarhámörk tiltekin. Vitað er til þess að sérstaklega tekjuháir sektargreiðendur séu að inna af hendi fleiri tugi þúsunda evra. Þó hafa verið sett lágmarksviðmið fyrir hraðakstursbrot en sektir vegna þeirra geta aldrei numið lægri upphæð en 115 evrum.

4. Ályktanir og niðurstöður.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976 og 2. gr. laga nr. 140/1998, skal eftir því sem við á, þegar fjárhæð sektar er ákveðin, höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því. Ákvæði þetta gildir í öllum tilvikum þegar fjársektir eru ákveðnar hvort sem er samkvæmt hegningarlögum eða sérrefsilögum, enda komi ekki annað fram eða verði leitt af ákvæðum sérrefsilaga. Ljóst er að í gildandi umferðarlögum er ekki að finna ákvæði sem beinlínis gerir ráð fyrir að horft sé til sambærilega sjónarmiða og rakin eru í 1. mgr. 51. gr. hegningarlaga við ákvörðun fjársektar vegna brota á umferðarlögum. Gildandi umferðarlög gera því að meginstefnu til ráð fyrir að sektir vegna umferðarlagabrota taki mið af broti hverju sinni og séu að verulegu leyti staðlaðar á grundvelli sektarreglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Ljóst er að staðlaðar sektir hafa að jafnaði þungbærari áhrif á einstaklinga með takmarkaða greiðslugetu en þá sem teljast efnameiri. Slíkt fyrirkomulag, sem tekur fyrst og fremst mið af eðli háttseminnar og brotsins, felur hins vegar í sér verulega samræmingu og hagræði út frá sjónarmiðum um saknæmi brots og þeirri hættu sem það hefur haft í för með sér. Í eðli sínu fælist tekjutenging umferðarlagasekta á finnska vísu í sér nokkra styrkingu á réttarvitund borgaranna gagnvart viðurlögum vegna brota á umferðarlögum. Ljóst er þó að slík bein tekjutenging umferðarlagasekta fæli í sér umfangsmiklar breytingar á því fyrirkomulagi sem þekkist hér á landi og hefur ýmsa ókosti. Helst ber þar að nefna að innheimta sektar í hverju tilviki tæki sem fyrr segir mið af tekjum þess brotlega og fæli í sér umfangsmeiri útreikninga en þegar tíðkast. Að auki getur umrætt fyrirkomulag leitt til ósamræmis. Verði greiðandi sektar fyrir atvinnumissi eða annars konar tekjuskerðingu gæti skattframtal síðastliðins árs ekki endurspeglað raunverulega greiðslugetu hans. Rétt er að nefna í þessu sambandi að torvelt hefur reynst í framkvæmd að veita erlendum ríkisborgurum sem aka á finnskum vegum umferðarsektir þar sem upplýsingar um skattgreiðslu þeirra liggja ekki fyrir hjá þarlendum stjórnvöldum. Að lokum má nefna að tekjutenging sekta virðist ekki hafa haft teljanleg áhrif á almennt umferðaröryggi í Finnlandi enda er tíðni umferðarlagabrota áþekk því sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Með hliðsjón af framansögðu er ekki lagt til með þessu frumvarpi að gerðar verði efnislegar breytingar á grunnforsendum þess viðurlagakerfis sem nú gildir hér á landi. Á hinn bóginn er í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins um að auka varnaðaráhrif viðurlaga vegna umferðarlagabrota lagðar til breytingar á gildandi ákvæðum sem fela í sér að refsingar fyrir brot á lögunum verða hertar. Um inntak þeirrar breytingar er ítarlega fjallað í athugasemdum við XVIII. kafla frumvarpsins um refsingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að setja markmiðsákvæði í lögin, en slíkt hefur ekki verið gert í fyrri umferðarlögum. Meginmarkmið frumvarpsins er að vernda líf og heilsu vegfarenda með hámarksumferðaröryggi hér á landi og er byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur og jafnframt litið til umheimsins um nýjungar í frumvarpinu sem ætlað er efla enn frekar umferðaröryggi en nú er. Á undanförnum árum hafa umhverfissjónarmið fengið meira vægi í samgöngumálum á landi og endurspeglast sú þróun í frumvarpinu. Því er jafnframt ætlað að tryggja visst jafnræði milli mismunandi ferðamáta í umferðinni eftir því sem við verður komið.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gildandi umferðarlaga er efnislega samhljóða 1. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Þar er lögð til sú meginregla að ákvæði laganna gildi, nema annað sé sérstaklega tekið fram, um umferð á vegum. Þar sem vegur er fyrir sérstaka tegund umferðar er tekið fram að ákvæði laganna gildi „eftir því sem við [eigi]“. Þá gildi ákvæði laganna loks einnig, „eftir því sem við á“, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Í 3. og 5. gr. a gildandi laga er einnig að finna ákvæði sem lúta í eðli sínu að gildissviði laganna. Skv. 3. gr. gilda ákvæði um umferð ökutækja einnig, „eftir því sem við á“, um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé, sbr. 2. gr. laga nr. 44/1993. Ákvæði um gangandi vegfarendur gildi einnig um þann sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum, enn fremur um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan mann sem ekur hjólastól.

Með 3. gr. laga nr. 44/1993 var lögfest nýtt ákvæði í umferðarlög, 5. gr. a, sem ber fyrirsögnina „Akstur utan vega“. Hefur því ákvæði síðan verið breytt enn með 2. gr. laga nr. 66/2006. Samkvæmt gildandi 1. mgr. 5. gr. a má í þéttbýli ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd um akstur utan vega, eins og tilgreint er í 5. gr. a gildandi laga, en ekki þykir ástæða til að taka það sérstaklega fram í 2. gr. Undantekningu frá þessari reglu er að finna í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins sem fjallar um akstur utan vega vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta nauðsynlegrar umferðar.

Með 2. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi leitast við að steypa saman í eitt almennt gildissviðsákvæði framangreindum ákvæðum 1., 3. og 5. gr. a gildandi laga. Þá er leitast við að einfalda fyrirmæli um gildissvið umferðarlaga þannig að skýrt liggi fyrir til hvaða atriða lögin taka. Skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að meginreglan verði sú að ákvæði laganna gildi um umferð á vegum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í 2. mgr. 2. gr. er síðan lagt til grundvallar að ákvæði laganna gildi einnig eftir því sem við á um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Í öðru lagi er í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins einnig lagt til að ákvæði laganna gildi eftir því sem við á um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé.

Með 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði það nýmæli til áréttingar að ákvæði laganna um reiðhjól, sbr. einkum sérreglur um það efni í 41. og 42. gr. frumvarpsins, gildi einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki, eins og þessi síðastnefndu hugtök eru sérstaklega skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Er með þessu tekið af skarið um að sérreglur gildi um þessar tegundir ökutækja, enda hvorki rétt né

heppilegt að um þau gildi að öllu leyti sömu reglur og um hefðbundnar tegundir vélknúinna ökutækja.

5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. gildandi laga, en lagt er til ákvæðið gildi einnig um ökumann sem ekur tæki samsvarandi hjólastól.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. gildandi umferðarlaga og hefur að geyma skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í frumvarpinu og talin þurfa sérstakrar skýringar við. Má þar nefna hugtök sem snúa að nýmælum í frumvarpi þessu og varða atriði sem ekki er að finna í gildandi lögum. Enn fremur hafa verið gerðar breytingar á ýmsum skilgreiningum gildandi umferðarlaga, sem og nýmælum bætt við.

Við endurskoðun á skilgreiningum hefur í frumvarpinu verið fylgt þeirri stefnu að setja einungis fram skilgreiningar á hugtökum sem fram koma í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Til hagræðingar er hugtökum raðað eftir stafrófsröð, líkt og í gildandi umferðarlögum.

Fyrst ber að nefna það nýmæli að skilgreina sérstaklega notkun vélknúinna tækja. Gerður er greinarmunur á akstri í almennri umferð og akstri utan umferðar að því marki sem unnt er. Í almennri umferð er gert ráð fyrir því að öll vélknúin ökutæki sem þar eru notuð séu skráningarskyld og öll notkun í samræmi við umferðarlög. Almenn umferð er skilgreind sem akstur á vegum sem opnir eru almenningi. Sérstaklega er síðan tekið á akstri á sérstökum svæðum utan umferðar og á einkalöndum. Þar er ekki gerð krafa um að öll ökutæki séu skráð og vísað til nánari reglna í reglugerð, t.d. hvað varðar akstursíþróttir, æfinga- og kennslusvæði o.s.frv. Með þessu er leitast við að aðlaga íslenska löggjöf því fyrirkomulagi sem fyrirfinnst í nágrannalöndum þar sem umferðarlögin eiga að mestu leyti við í almennri umferð.

Almennir stígar eru skilgreindir í frumvarpinu og er mið tekið af ákvæði vegalaga um sama efni. Þá er göngugata skilgreind sérstaklega, en slíkar götur eru víða erlendis þar sem einungis er leyfð umferð gangandi vegfarenda og eftir atvikum hjólandi, en umferð vélknúinna ökutækja eingöngu á tilteknum tímum dags inn á svæðið til að ferma og afferma ökutæki.

Lagt er til að breytt verði á skilgreiningum á bifhjóli og að nokkru á léttu bifhjóli með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/24/EB og að ekki verði gerð krafa um ákveðna þyngd bifhjóla eins og er í núgildandi skilgreiningum.

Lagt er til að stöðvun ökutækis verði sérstaklega skilgreind í lögum.

Sem dæmi um skilgreiningu sem hefur verið felld út er *torfærutæki* þar sem hér var um að ræða séríslenska skilgreiningu sem nú er óþörf með þeim aðgreiningum á umferð sem getið er hér að framan. Hins vegar er beltabifhjól nú skilgreint, en slík tæki eru einkum notuð á snjó og hjarni, og skráningarskylt skv. 70. gr. Í núgildandi reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 er beltabifhjól flokkað sem torfærutæki.

Þá eru gerðar breytingar á skilgreiningu á hugtakinu vegur, þannig að í stað orðsins „*götuslóði*“ er lagt til að komi „*merkt vegslóð*“, en með því verði skorið úr um að vegur sé ætíð skilgreint svæði. Þannig telst því akstur á ómerktri vegslóð akstur utan vega. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að það nái til aksturs á vegum, sbr. 2. gr. Ekki er í frumvarpinu fjallað um kröfur til merkinga á vegslóð, en gera má ráð fyrir að í framtíðinni geti opinber skráning á vegslóð í GPS-staðsetningarkerfi komið að einhverju leyti í stað hefðbundinna umferðarmerkja.

Nokkrar nýjar skilgreiningar eru jafnframt teknar upp í þessu frumvarpi vegna breyttra umferðarmannvirkja og nýjunga sem komið hafa frá því að fyrri lög voru sett fyrir rúmum 20 árum. Af þessum skilgreiningum má nefna *aðreinar, fráreinar* og *beygjureinar, viðvörunarþríhyrningar, aðal-* og *stefnuljós, hættuljós,* og *breytt ökutæki og sérsmíðuð,* svo nokkuð sé nefnt. *Almenningsvagn* er einnig ný skilgreining sem lagt er til að lögfest verði og felur í sér skírskotun til ákveðinnar notkunar fólksflutningabifreiða fremur en gerð.

Í gildandi umferðarlögum er skortur á skilgreiningum varðandi umferðarmannvirki sem komið hafa fram eftir að þau lög voru sett. Í því efni má nefna *hringtorg* og nú á síðustu missirum hafa komið fram akreinar fyrir sérstaka umferð, sem hér er lagt til að nefndar verði sérreinar, sem engin ákvæði voru um áður þar sem umferðarskipulag í þéttbýli er í örri þróun þykir ekki rétt að takmarka skilgreininguna við ákveðna tegund umferðar, en dæmi um ökutæki sem eðlilegt er að nota megi *sérreinar* má nefna bifreiðar í forgangsakstri, almenningsvagna, leigubifreiðar, vistvæn ökutæki, ökutæki með ákveðinn lágmarksfjölda farþega og reiðhjól.

Lagt er til að skilgreiningar á eftirvagni og tengitæki verði sameinaðar. Aðgreining á tengitæki og eftirvagni hefur einkum byggst á því að á tengitæki sé áfest vél eða tæki, t.d. loftpressa eða annað tæki, en á eftirvagni sé farmur. Þar sem sömu lögmál gilda um tengitæki og eftirvagn þykja ekki efni standa til þeirrar aðgreiningar sem verið hefur hingað til í gildandi lögum.

Sérstaklega má einnig benda á nánari skilgreiningar á því sem varðar aðra umferð en á *vélknúnum ökutækjum*, þ.e. umferð gangandi, hjólandi o.s.frv.

Með 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um inntak þeirra skilgreininga sem fram koma í frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. greinarinnar eru að mestu samhljóða 1.–3. mgr. 4. gr. gildandi laga, en lagt er til að fyrirsögn greinarinnar breytist og taki betur mið af inntaki hennar. Þá er lagt til í 5. mgr. að veghaldara verði gert að gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni til og frá skóla í samráði við skólayfirvöld og lögreglustjóra. Í gildandi lögum er þetta sameiginlega á forræði veghaldara og lögreglustóra í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Þá er lagt til að ákvæði 35. gr. gildandi laga um óþarfa hávaða o.fl. við akstur vélknúins ökutækis verði færð undir 4. gr., enda eru þær reglur í eðli sínu sambærilegar við þær efnisreglur um tillitssemi og aðgætni sem síðarnefnda ákvæðið fjallar um.

4. mgr. er nýmæli sem felur í sér áréttingu á að viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá ökutækjum samkvæmt umferðarlögum fari eftir reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004, en reglur þessar byggjast á viðmiðum um hávaða frá ökutækjum sem fram koma í gerðum Evrópusambandsins sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. er efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga, en í 2. mgr. er bætt við hjólaskautum í upptalningu á tækjum sem óheimilt er að draga mann á.

Um 6. gr.

Réttara þykir að skipa ákvæði um óhreinkun vegar í kafla frumvarpsins um almenna umferð og er lagt til að 1. og 2. mgr. 77. gr. gildandi laga verði færðar undir 6. gr. frumvarps-

ins. Þá er bætt við í 1. mgr. banni við að henda úr ökutæki á ferð einhverju því sem valdið getur öðrum vegfarendum hættu, svo og banni við því að strengt sé í leyfisleysi yfir opinn veg eitthvað það sem valdið getur hættu fyrir vegfarendur sem leið eiga um veginn. Er hér einkum litið til þess að óvörðum vegfarendum, t.d. þeim sem ferðast um á reiðhjólum og bifhjólum, geti stafað hætta af slíku athæfi.

Um 7 gr.

Ákvæði greinarinnar eru í grundvallaratriðum samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að lögfest verði sérstaklega í 1. mgr. greinarinnar bann við því að ekið sé gegn rauðu umferðarljósi. Þessi regla er ekki beinlínis orðuð í gildandi umferðarlögum heldur er um hana mælt í 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum, sem sett er einkum á grundvelli 84. gr. laganna. Á þeim grundvelli er vegfaranda skylt að hlíta því banni skv. 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, sbr. t.d. Hrd. 30. nóvember 2006 í máli nr. 163/2006. Eðlilegt er og rétt að grundvallarregla af þessu tagi um breytni í almennri umferð sé lögfest með skýrum og ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum.

Í 5. gr. gildandi laga er eingöngu fjallað um leiðbeiningar til vegfarenda um umferð en lagt er til að skerpt verði á ákvæðinu í heild sinni þannig að vegfarendur skuli fara eftir bæði fyrirmælum og leiðbeiningum á grundvelli greinarinnar og að það skuli gert án tafar.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 78. gr. gildandi laga, en réttara þykir að hafa hana undir kaflanum um almenna umferð. Þó er 2. málsl. 2. mgr. gildandi laga tekin út, en ekki þykir þörf á að tilgreina að gæslumaður skuli fara fyrir rekstri ef vænta má umferðar ökutækja um veginn.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga, en gerðar eru ákveðnar breytingar á uppsetningu ákvæðisins. Lagt er til að fellt verði út sérstakt ákvæði í upphafsmálslið 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um að heimilt sé að dveljast og vera að leik á vistgötu sem óþarfi er að hafa í lögum. Þá er lagt til að gerð verði sú breyting, frá því sem nú gildir skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. að fortakslaus hámarkshraði á vistgötu verði 15 km á klst., en nú er ákvæðið orðað þannig að ekki skuli „að jafnaði“ ekið hraðar en það. Í samræmi við þetta er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, um að eigi megi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða þegar gangandi vegfarandi er nærri, verði felldur brott, enda ákvæðið ekki nægilega skýrt. Kveðið er á um forgang gangandi vegfaranda umfram ökutæki í vistgötu. Loks er lagt til að felldur verði brott síðari málsliður 4. mgr. 7. gr. gildandi laga, um að bann ákvæðisins um lagningu ökutækja, nema á sérstaklega merktum stæðum, eigi ekki við um reiðhjól, en þess í stað er lagt til að bann við lagningu nema á merktum stæðum einskorðist við vélknúin ökutæki.

Um 10. gr.

Lagt er til að gerðar verði talsverðar breytingar frá gildandi ákvæði 8. gr. umferðarlaga um neyðarakstur.

Í fyrsta lagi er lagt til að horfið verði frá því að nota hugtakið „neyðarakstur“ um þann akstur sem hér um ræðir og tekið upp hugtakið „forgangsakstur“. Lýsir það betur þeirri tegund aksturs sem ákvæðið fjallar um. Þá er með 1. mgr. leitast við að skilgreina forgangs-

akstur þannig að ljóst þyki í hvaða tilvikum ákvæðið á við. Er þá m.a. horft til 1. gr. reglna nr. 634/2004 um neyðarakstur, en jafnframt er leitast við að færa þróun á framkvæmd reglnanna inn í lögin eins og nánar verður rakið síðar.

Í öðru lagi er lagt til að 3. mgr. 7. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 643/2004 verði bætt við í lok 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, að breyttu breytanda. Í regluákvæðinu er kveðið á um að notkun hljóð- eða ljósmerkja við neyðarakstur dragi ekki úr skyldu ökumanns að sýna tillitssemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 643/2004, sem fjalla um tilteknar hátternisreglur (umferðarreglur) í neyðarakstri verði í heild sinni teknar upp í 10. gr. frumvarpsins sem 3. og 4. mgr. Varða þær í fyrsta lagi heimild ökumanns í forgangsakstri til að láta hjá líða að fylgja tilteknum ákvæðum umferðarlaga, ef brýna nauðsyn ber til, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar. Í öðru lagi mæla þær fyrir um skyldu ökumanns við þessar aðstæður til að fara ávallt eftir merkjum lögreglu við umferðarstjórn og skyldu hans til að draga úr hraða við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum. Reglur þessar eru af því tagi að nauðsynlegt er að hafa þær í lögum en ekki einungis í almennum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir í 5. mgr. að sömu meginreglur og fram koma í 1., 3. og 4. mgr. gildi um akstur í tengslum við opinberar heimsóknir og þess háttar sé aksturinn í fylgd lögreglu. Byggist þetta ákvæði á 3. mgr. 1. gr. reglna um neyðarakstur nr. 643/2004.

Í fimmta lagi er lagt til að í 6. mgr. verði mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um forgangsakstur í reglugerð, þar á meðal um skráningu ökutækja til forgangsaksturs, um notkun sérstakra hljóð- eða ljósmerkja við slíkan akstur og um námskeið fyrir þá sem sinna forgangsakstri.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 4. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Með 2. mgr. er lagt til að sú breyting verði frá 5. mgr. 8. gildandi laga að afnumið verði bann við að hindra för líkfylgdar. Slíkur akstur fer jafnan fram án atbeina lögreglu. Þessi regla er jafnframt talin óheppileg nú á tímum þar sem umferðarþungi hefur aukist og hægur akstur líkfylgdar getur eftir atvikum skapað hættu fyrir aðra hraðari umferð. Hins vegar er lagt til að niðurlagsákvæði 5. mgr. 8. gr. gildandi laga verði einfaldað. Í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er þannig ítrekað að vegfarandi megi eigi rjúfa eða á annan hátt hindra lögmæta hópgöngu, nema með leyfi lögreglu. Ekki er þörf á að skilgreina frekar einstakar tegundir slíkrar hópgöngu.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Bætt er við skyldu þess sem hefur verið sjónarvottur að eða átt aðild að umferðaróhappi að gefa upp kennitölu, sé þess óskað, og þess sem á aðild að umferðaróhappi að gefa upplýsingar um ökutæki, þegar það á við.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 11. gr. gildandi laga en orðalag hennar einfaldað og fært til nútímalegra horfs. Þá bætt við hana ákvæði um notkun göngugötu.

Lagt er til að 2. mgr. gildandi laga verði felld niður þar sem of miklar hömlur eru með henni lagðar á ökumenn bifhjóla og reiðhjóla með því að banna þeim að leiða hjól sín á gangstétt, gangstíg eða vegöxl. Um flutning á farmi vísast til 77. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga, að því undanskildu að lagt er til að bannað verði að aka á göngugötu. Þó er tekið fram í niðurlagi 1. mgr. að undantekningu frá reglum um bann við akstri á gangstétt, göngustíg og göngugötu sé að finna í 2. og 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins, sbr. nú 4. mgr. 39. gr. gildandi laga.

Þá er lagt til í 3. mgr. að sveitarstjórn eða Vegagerðinni þegar um þjóðveg er að ræða verði heimilt að kveða á um hvaða ökutæki megi nota einstakar sérreinar, hvort sem er varanlega eða á ákveðnum tíma dags. Hugtakið sérrein er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins og vísast um það til sérstakra athugasemda við það ákvæði. Er þetta nýmæli nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar við skipulag umferðar, einkum í þéttbýli, vegna aukins umferðarþunga, að gera í ríkari mæli ráð fyrir að tiltekinn hluti stærri akbrauta sé einskorðaður við sérstaka tegund umferðar sem eigi að hafa forgang miðað við eðli akstursins. Hér koma t.d. til álita bifreiðar í forgangsakstri, sbr. 10. gr., almenningsvagnar, sbr. 20. gr., leigubifreiðar, bifreiðar með ákveðinn fjölda farþega og vistvænar bifreiðar, svo nokkuð sé nefnt. Víða erlendis hefur hjólreiðamönnum verið heimilað að nota sérreinar á tilteknum stöðum eða á ákveðnum tímum, að því tilskildu að sú ráðstöfun verði ekki talin valda hættu eða röskun á umferðaröryggi.

Í samræmi við markmið 1. gr. frumvarpsins, svo og það að verið er að ákveða skipulagningu umferðar, þ.e. greiða fyrir ákveðinni tegund umferðar og jafnframt að takmarka rétt annarra til að nota ákveðnar akreinar, þykir rétt að fram komi í greininni hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar við ákvörðun á því hvaða ökutæki megi nota ákveðnar sérreinar. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Um 17. gr.

Ákvæðið er að meginstefnu til samhljóða gildandi 14. gr. umferðarlaga. Þó er lagt til í fyrsta lagi að 2. mgr. verði felld brott, enda er hún óþörf. Í öðru lagi er lagt til í 3. mgr. að meginregla 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. verði nánar útfærð með nánar skilgreindri viðmiðun um bil á milli ökutækja eftir hámarkshraða á akbraut. Ef ekið er hægar en 60 km á klst. gildir meginreglan um að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Ef ekið er á 60 km á klst. eða meiri hraða er lagt til að lögfest verði sú regla að bil á milli ökutækja skuli vera eigi skemmra en 50 metrar. Er hér höfð nokkur hliðsjón af þeim viðmiðum og venjum sem myndast hafa í ökunámi og ökukennslu.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um akstur á vegamótum í beygjum og hringtorgum. Lagt er til að gerðar verði verulegar breytingar frá 15. gr. gildandi laga um þetta efni, auk þess sem lögfest verði nýmæli um akstur í hringtorgum, sem ekki er að finna í gildandi lögum. Með ákvæðum 18. gr. frumvarpsins er þannig í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins leitast við að laga gildandi reglur að þeim breytingum sem orðið hafa á umferðarmannvirkjum frá því að gildandi lög voru sett ásamt því að gera þessar reglur skýrari.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að gerð verði sú áherslubreyting að bætt verði við skyldu þess sem beygir að huga að umferð óvarinna vegfarenda, þ.e. gangandi og hjólandi. Veruleg aukning hefur orðið á notkun reiðhjóla sem samgöngutækis, samhliða aukinni áherslu stjórnvalda á hjólastíga og bættan aðbúnað hjólreiðafólks. Einnig er bætt við að huga þurfi að umferð sem á móti kemur en ekki einungis umferð sem fer í sömu átt. Á þetta einkum við þá sem taka vinstri beygju í veg fyrir umferð á móti.

Í 2. mgr. er grunnreglan um staðsetningu ökutækis í hægri og vinstri beygju að mestu óbreytt hvað varðar akbraut þar sem ein akrein er í hvora akstursstefnu. Þó er í 3. mgr. lagt til að þegar tveir ökumenn mætast báðir í vinstri beygju verði mælt svo fyrir að þá „[skuli] þeir aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum“, sem er orðin meginreglan í umferð í dag, í stað þess að þeim sé það heimilt eins og mælt er fyrir í gildandi lögum.

Í 4. mgr. er fjallað um þau tilvik þar sem ein beygjurein er inn á akbraut, með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu. Þá skal samkvæmt málsgreininni taka beygjuna sem hentugust er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Í fyrri málslið 5. mgr. er að fjallað um þau tilvik þegar ökumaður nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri reinar í akstursstefnu sína. Er þá gert ráð fyrir að ökumaður skuli í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá rein sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Í síðari málslið er hins vegar vikið að þeim tilvikum þar sem tvær beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu en þá skal sá sem velur hægri rein í beygju koma inn á rein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á. Er þetta ákvæði nýmæli og er tilkomið vegna þeirrar breytingar í mannvirkjagerð gatna að í dag eru fjölmörg gatnamót með fleiri en eina akrein í hverja akstursstefnu, hægri, vinstri og beint. Í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir þessu. Hugsunin bak við síðari málslið 5. mgr. er því sú að oft og tíðum þarf ökumaður að velja akreinar og skipuleggja akstur um gatnamót með það í huga hvernig aka þarf um næstu gatnamót á eftir. Óvissa og ósamræmi hefur skapast þar sem tvær beygjureinar koma inn í akbraut með þremur akreinum og því nauðsynlegt að skapa ákveðna og skýra reglu í því. Yfirborðsmerkingar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru nú í samræmi við síðari málslið 5. mgr.

Kveðið er á um nýmæli í 6. mgr. greinarinnar og fjallar hún um akstur í hringtorgum. Engum slíkum ákvæðum er til að dreifa í gildandi lögum eins og að framan er rakið. Gerð hringtorga er nú orðin verulega algengur þáttur í mannvirkjagerð, einkum í þéttbýli hér á landi. Ljóst er að talsvert skortir á að gætt sé samræmis við ákvörðunartöku um staðsetningu og fyrirkomulag hringtorga. Er ljóst að mikilvægt er til framtíðar að hugað verði að því að skapa yfirsýn og stefnumörkun hvað gerð hringtorga varðar. Það skal hins vegar ítrekað að ekki er fjallað um viðmið og staðla við mannvirkjagerð og veghald í umferðarlögum. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að umferðarlög kveði með skýrum hætti á um þær umferðarreglur sem eiga að gilda við akstur í hringtorgum. Í 6. mgr. 18. gr. frumvarpsins eru því settar fram tillögur að reglum um það efni sem taka við af þeim viðmiðum og venjum sem horft hefur

verið til í ökunámi og ökukennslu. Þá hefur einnig verið horft til reglna í lögum annarra ríkja. 6. mgr. skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 19. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru samhljóða 17. gr. gildandi laga að frátöldum örlitlum orðalagsbreytingum.

5. mgr. er nýmæli, en þar er lagt til að þegar tvær akreinar þrengjast og verða að einni akrein eigi ökumenn, eftir því sem við verður komið, að fara til skiptis inn í þrenginguna. Sífellt algengara er að slíkar þrengingar séu gerðar á akbrautum til að draga úr umferðarhraða, vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum og er mikilvægt að umferð á báðum akreinum gangi sem greiðast fyrir sig. Áskilið er að slíkur „fléttuakstur“ sé gefinn til kynna með umferðarmerki.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 18. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að hugtakið „almenningsvagn“ komi í stað orðsins „hópbifreið“. Þessi breyting hefur það að markmiði að afmarka þá tegund bifreiða sem fyrirmæli ákvæðisins fjalla um, sbr. skilgreiningu á hugtakinu almenningsvagn sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt skilgreiningunni á almenningsvagni tekur þetta ákvæði nú einungis til þeirra hópbifreiða sem eru í reglubundnum áætlunarakstri á fyrir fram skipulögðum akstursleiðum, svo sem strætisvagna, flugrútna o.s.frv.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að skylda ökumanns skv. 1. mgr. til að draga úr hraða og, ef nauðsyn krefur, færa sig yfir á vinstri akrein eða nema staðar þegar hann nálgast biðstöð almenningsvagna eigi ekki við á vegi þar sem hámarkshraði er meiri en 50 km á klst. Þar sem hámarkshraði er yfir 50 km á klst. er skv. 2. mgr. lagt til það fyrirkomulag að ökumaður færi sig í tæka tíð yfir á næstu akrein til vinstri til að auðvelda almenningsvagni að komast út í umferðina, ef aðstæður leyfa. Leggja verður til grundvallar að umferðarhraði á vegum í þéttbýli, þar sem leyfilegur hámarkhraði er 60 eða 70 km á klst., sé að jafnaði með þeim hætti að hætta geti skapast ef krafist er að ökumenn fylgi þeirri skyldu þar að draga úr hraða eða jafnvel nema staðar vegna aksturs almenningsvagns frá biðstöð.

Um 21. gr.

Greinin er í öllum meginatriðum samhljóða 19. gr. gildandi laga. Samkvæmt gildandi 3. málsl. 1. mgr. er reglan sú að ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skuli sá ökumaður „sem betur fær því við komið“ aka út af vegi eða aftur á bak. Þessi efnisregla er of óáþreifanleg að efni til. Er því lagt til að tekin verði upp fortakslausari viðmiðun þannig að orðalaginu „sem betur fær því við komið“ verði breytt í „sem fyrstur kemur að skuli njóta forgangs, en sá sem síðar kemur að“ skuli „ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aftur á bak“.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 19. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er fjallað um framúrakstur í ákvæðum 20.–24. gr. Lagt er til að uppbygging og samspil ákvæðanna verði einfaldað. Ákvæði 22. gr. muni nú bera undirfyrirsögnina „Almennar reglur um framúrakstur“, 23. gr. undirfyrirsögnina „Aðgæsluskylda

ökumanns við framúrakstur“. Ákvæði 24. gr. beri áfram fyrirsögnina „Bann við framúrakstri“, en hún verði gerð að undirfyrirsögn. Gildandi ákvæði 23. gr. er fært undir 22. gr. og gert þar að 4. og 5. mgr. Er 22. gr. frumvarpsins að öðru leyti samhljóða gildandi ákvæðum 20. og 23. gr. umferðarlaga. Þá er gildandi 24. gr. færð undir 24. gr., sbr. einnig nánar umfjöllun um síðarnefndu greinina hér síðar.

Um 23. gr.

Ákvæðið er samhljóða 21. gr. gildandi laga, sbr. þó nýja fyrirsögn greinarinnar sem fjallað er um í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að lögfest verði sú regla, sem er í samræmi við venju við akstur hér á landi, að ökumaður gefi stefnumerki til hægri þegar hann telur að öðrum sé óhætt að aka fram úr sínu ökutæki.

Um 24. gr.

Ákvæðið er í meginatriðum samhljóða 22. gr. gildandi laga. Þó er tveimur málsliðum bætt við 1. mgr. Í fyrsta lagi er kveðið þar skýrt á um bann við því að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Þar með er fyrri málsliður 24. gr. gildandi laga færður undir 24. gr., enda er hann í eðli sínu einnig fyrirmæli um bann við framúrakstri. Óheppilegt er að hafa bannreglur af þessu tagi um sama efni í tveimur aðskildum ákvæðum.

Í 3. málsl. 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú regla, sem nú er ekki að finna í umferðarlögum, að óheimilt sé að aka fram úr öðru vélknúnu ökutæki þegar óbrotin miðlína (hindrunarlína) er langsum á milli akbrauta þar sem ekið er í gagnstæðar áttir. Er gert ráð fyrir að akstur framúr reiðhjóli falli ekki undir þessa reglu. Sama gildir um akstur þeim megin við heila línu þar sem eru hálf- eða fullbrotnar línur hinum megin langsum á milli akbrauta. Við afmörkun á orðalagi þessa ákvæðis er höfð hliðsjón af ákvæðum um merkingar á yfirborði vega í II. kafla reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Um merkingar langsum eftir akbraut er fjallað í 23. gr. reglugerðarinnar. Hugtakið „miðlína“ er notað yfir merkingu sem aðskilur umferð í gagnstæðar áttir. Skulu þær vera 100 mm breiðar og skiptast þær í a. óbrotna línu (hindrunarlínu), b. hálfbrotna línu, c. hálfbrotna línu við hliðina á heilli línu, d. fullbrotna línu og e. fullbrotna línu við hliðina á heilli línu. Sem fyrr greinir gerir 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að bannreglan gildi um þær tegundir miðlína sem fjallað er um í a-, c- og e-liðum að framan, enda er í þeim tilvikum við það miðað að hættulegt sé að aka yfir óbrotna línu eða þeim megin frá sem heila línan er.

Ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 22. gr. gildandi laga er gert að 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Þar eru talin upp þau tilvik þar sem heimilt er að aka fram úr öðru ökutæki enda séu skilyrði til framúraksturs að öðru leyti fyrir hendi. Ekki er hróflað við þeirri upptalningu að öðru leyti en því sem leiðir af áðurnefndri sameiningu gildandi 22. gr. við 24. gr. frumvarpsins. Þannig er nú lagt til að d-liður 2. mgr. 24. gr. kveði á um heimild til að aka fram úr öðru ökutæki við gangbraut sem stjórnað er af lögreglu eða með umferðarljósum, enda sé nægilegt útsýni yfir gangbrautina. Þessa undanþágureglu er nú að finna í síðari málslið 24. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 26. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. gildandi laga. Það skal ítrekað að ávallt verður að túlka og beita ákvæðum 27. og 28. gr. frumvarpsins, er lúta að stöðvun vélknúins ökutækis og lagningu þess, með hliðsjón af heimild 110. gr. frumvarpsins til að leggja á gjald vegna brota á tilteknum hátternisreglum í ákvæðum 27. og 28. gr. Hvað varðar 27. gr. frumvarpsins er viðhaldið þeirri reglu gildandi laga, sem verður nú í 3. mgr. 27. gr., sbr. 110. gr. frumvarpsins, að heimilt sé að leggja á gjald þegar ökutæki er stöðvað eða því lagt á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað á grundvelli 81. gr.

Um 28. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í grundvallaratriðum samhljóða 28. gr. gildandi laga, en þó eru gerðar talsverðar breytingar á uppsetningu ákvæðisins og lagt til að reglur um bann við stöðvun eða lagningu ökutækis nái yfir fleiri tilfelli en í gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er gerð betur grein fyrir hugtakinu „miðlína“ í f-lið 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Er þá horft til útfærslu merkinga langsum eftir akbraut skv. II. kafla reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Sjá nánar athugasemd við 24. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er í a–g-lið 2. mgr. talin upp þau stæði þar sem ekki má leggja eða stöðva ökutæki, að undanskildum þeim ökutækjum sem stæðin eru ætluð. Ákvæði c–d-liðar 2. mgr. eru nýmæli (að undanteknu banni við stöðvun og lagningu í stæði leigubifreiðar í c-lið). Hugtakið „almenningsvagn“ er sett í b-lið 2. mgr., sjá almennt um þessa orðalagsbreytingu athugasemdir við 3. og 20. gr. frumvarpsins. Hópbifreið og vörubifreið eru settar ásamt með leigubifreið í c-lið 2. mgr.

Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði breyting á orðalagi gildandi b-liðar 2. mgr. 28. gr. Í ákvæði gildandi laga er mælt fyrir um að eigi megi leggja ökutæki „þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan“. Þetta orðalag er óskýrt og hefur valdið óvissu í framkvæmd. Lagt er til að orðalagið verði skýrara með því að beinlínis sé lagt bann við að leggja ökutæki „að hluta eða í heild fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð“. Ekki er þannig áskilið að ökutækinu sé að öllu leyti lagt fyrir framan innkeyrslu. Nægilegt sé að það sé a.m.k. staðsett þar að hluta og ökutækið torveldi með því akstur inn í eða út af innkeyrslunni.

Í fjórða lagi er ákvæði a-liðar 2. mgr. 28. gr. gildandi laga um bann við lagningu ökutækis á brú flutt yfir í d-lið 1. mgr., en ekki þykir ástæða til að aðgreina hvort ökutæki sé stöðvað eða því lagt undir brú eða á brú.

Samkvæmt 110. gr. frumvarpsins verður 28. gr. frumvarpsins grundvöllur gjaldtöku ef út af er brugðið. Óheimil stöðvun og lagning ökutækis á stæðum sem falla undir 2. og 3. mgr. er háttsemi sem leiðir til óþæginda og röskunar í umferðinni fyrir aðra vegfarendur sem bregðast verður við. Er það breyting frá gildandi ákvæði 28. gr., sbr. 108. gr. umferðarlaga þar sem einungis háttsemisreglur á grundvelli a-, b-, h- i- og j-liðar 1. mgr. (að undanskildum vörubifreiðum og hópbifreiðum) eru grundvöllur gjaldtöku. Nánar verður gerð grein fyrir þessu fyrirkomulag í athugasemdum við gjaldtökuheimild 110. gr. frumvarpsins.

Um ráðstafanir vegna lagningar ökutækis á grundvelli 4. mgr. fer eftir 112. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga, en nær nú einnig til sambærilegra aðila þeim sem þar eru taldir upp.

Um 30. gr.

Greinin er að meginstefnu til samhljóða 5. gr. a gildandi laga, en eðlilegt þykir að ákvæði þetta sé fært í IV. kafla.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar eru samhljóða 1. mgr. 30. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skýrt verði mælt fyrir um það í ákvæðinu að við þær aðstæður sem þar er fjallað um beri ökumanni að gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við með því að nota hættuljós og að setja upp viðvörunarþríhyrning.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 31. gr. gildandi umferðarlaga en með breyttu orðalagi. Þó er það nýmæli í k-lið 3. mgr. að gefið skuli stefnumerki við akstur afturábak þegar breytt er um akstursstefnu en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 5. mgr. er lagt til að mælt sé fyrir um að ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skuli gefa merki öðrum til leiðbeiningar og að merkið skuli gefa með hemlaljósi eða hættuljósi. Samkvæmt gildandi ákvæði er slík merkjagjöf bundin við hemlaljós, en í samræmi við þá breytingu, sem lögð er til með 34. gr. frumvarpsins, sjá nánar hér síðar, er gerð tillaga um að slíkt merki geti einnig verið með hættuljósi.

Í 6. mgr. er skerpt á ákvæðinu um að ökumaður skuli á greinilegan og ótvíræðan hátt gefa merki um fyrirhugaða breytingu á akstursstefnu eða hraðalækkun þannig að áskilið er að merki skuli gefið tímanlega.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. gildandi laga, en með breyttu orðalagi. Lagt er til að gerðar verði tvær efnislegar breytingar á ákvæðinu:

Í 1. mgr. 32. gr. gildandi laga segir að við akstur vélknúins ökutækis skuli lögboðin ljós eða önnur viðurkennd „ökuljós“ „jafnan“ vera tendruð. Við lögfestingu 32. gr. gildandi laga var ákveðið að ljósanotkun við akstur bifreiðar og bifhjóls skyldi lögboðin allan sólarhringinn. Með breytingalögum nr. 44/1993 var síðan ákveðið í ljósi jákvæðrar reynslu af framangreindu nýmæli að leggja til samsvarandi reglu um akstur allra vélknúinna ökutækja. Er lagt til með 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins að þessu ákvæði verði lítillega breytt þannig að skýrt sé tekið fram að „aðalljós“ skuli „ávallt“ vera tendruð. Er því með skýrari hætti áréttuð gildandi efnisregla um ljósanotkun við akstur vélknúinna ökutækja allan sólarhringinn. Þá er í öðru lagi tekið með ótvíræðum hætti fram að skyldan tekur til tendrunar lögboðinna „aðalljósa“. Er þá horft til skilgreiningar þessa hugtaks í 1. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum. Jafnframt er lagt til að notað sé orðið „vegsýn“ í stað „sjónsvið“ í 3. mgr. sem er nákvæmara orðalag.

Um skilgreiningu á þokuljósi og hjálparljósi í 6. mgr. vísast til skilgreininga þar um í athugasemdum við 6. gr. laga nr. 44/1993, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, að því undanskildu að hættuljós eru nú skilgreind sérstaklega, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 7. mgr. 32. gr. gildandi laga er mælt fyrir um bann við því að nota ljós þannig að valdið getið öðrum vegfarendum glýju. Er lagt til að þessu almenna viðmiði verði viðhaldið, en að í fyrri málslið 7. mgr. 33. gr. frumvarpsins komi skýr og ótvíræð regla í þessum efnum þar sem kveðið verði á um að ljósstyrkur framvísandi aksturs ljósa megi að hámarki vera 225.000 cd (candella). Er þá lögfest sú regla um ljósstyrk háljósa sem nú fram kemur í 1. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum.

Um 34. gr.

Lagt er til að gerð verði efnisbreyting frá 33. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 33. gr. gildandi laga er svo fyrir mælt að stöðuljós skuli vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Í síðari málsliðum sömu málsgreinar er síðan að finna undantekningar frá þessari reglu, sbr. einnig í 3. mgr. greinarinnar. Lagt er til annars vegar að lögfest verði skýr og fortakslaus regla um að stöðuljós og hættuljós skuli, ef nokkur kostur er, vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á akbraut. Fyrirvarinn miðast aðeins við þau tilvik þegar ekki er fært að tendra stöðuljós og hættuljós vegna rafmagnsleysis ökutækis. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir að ávallt skuli setja upp viðvörunarþríhyrning. Eiga þessar reglur við hvort sem um rökkur eða birtu er að ræða og óháð því hvort um akbraut er að ræða í þéttbýli eða utan þéttbýlis. Kyrrstæð bifreið á akbraut veldur ávallt hættu í umferð. Þá er rétt að við slíkar aðstæður sé mælt fyrir um notkun hættuljósa og viðvörunarþríhyrninga, en þau hugtök eru skilgreind í 3. gr. Þá má vísa til skýrgreiningar á hættuljósum í 9. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til 36. gr. gildandi laga. Í 3. málsl. 1. mgr. er lagt til að það nýmæli verði lögfest að hraði ökutækis megi aldrei verða meiri en hámarkshraði sá sem ákveðinn hefur verið á vegi. Þar með er tekinn af allur vafi um það að færa megi rök fyrir því að aðstæður geti skapast við akstur á vegi þannig að réttlætt geti akstur yfir hámarkshraða.

Í c-lið 2. mgr. er bætt við tilvísun til hringtorga hvað varðar þá sérstöku skyldu ökumanns að aka nægilega hægt miðað við aðstæður. Horft er til þeirra nýmæla um akstur á hringtorgum sem fram koma í 18. gr. frumvarpsins. Þá er hugtakinu hópbifreið í i-lið 2. mgr. 36. gr. gildandi laga breytt í almenningsvagn í samræmi við þá breytingu á hugtakanotkun að þessu leyti sem lögð er til með 3. og 20. gr. frumvarpsins.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum í samræmi við 37. gr. gildandi laga með eftirtöldum breytingum:

Í fyrsta lagi eru í 1. mgr. tilgreind sömu atriði og fram koma í 16. gr. frumvarpsins, sem leggja beri til grundvallar við ákvörðun á hraðamörkum, þó svo að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða. Ábyrgð þeirra sem taka slíkar ákvarðanir er mikil og því brýnt að litið sé til tilgreindra sjónarmiða við þá ákvörðun.

Í öðru lagi er kveðið á um að þar sem ekki eru sérstakar leiðbeiningar og merkingar um annað megi ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km á klst. Í 1. mgr. 37. gildandi laga

segir að ökuhraði í þéttbýli megi ekki vera meiri en 50 km á klst. Með tilliti til þess að stofnbrautir liggja í gegnum þéttbýli þar sem réttlætanlegt getur verið að hámarkshraði sé yfir 50 km á klst. þykir rökréttara að mæla svo fyrir að hámarksökuhraði í þéttbýli sé 50 km á klst. nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum.

Í þriðja lagi er í 3. mgr. lagt til að viðhaldið verði þeirri reglu 2. mgr. gildandi 37. gr. umferðarlaga að utan þéttbýlis megi ökuhraði ekki vera meiri 80 km á klst., en þessi regla þó bundin við vegi með malarslitlagi og vegi með bundnu slitlagi með eina akrein. Um aðra vegi með bundnu slitlagi gildi áfram meginreglan um 90 km hámarkshraða á klst.

Í fjórða lagi er lagt til að gerð verði sú meginbreyting á frá gildandi 3. og 4. mgr. 37. gr. gildandi laga að ákveða megi hærri hraðamörk á tilteknum vegum en greinir í 2. og 3. mgr., þó eigi meiri en 110 km á klst. Samkvæmt núgildandi efnisákvæði er heimildin bundin við 100 km á klst., en hún hefur ekki verið nýtt í framkvæmd. Áfram verða þó gerðar strangar kröfur til nýtingar þessarar heimildar, þ.e. að aðstæður leyfi slíkan hraða og hann sé æskilegur til að greiða fyrir umferð. Þá mega veigamikil umhverfisöryggisjónarmið ekki mæla gegn nýtingu heimildarinnar. Það yrði verkefni ráðherra, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, skv. 8. mgr. þessarar greinar, að setja nánari efnisreglur um þær tegundir vega sem hér koma til greina. Ljóst er að þar er fyrst og fremst átt við svokallaða „2x1“ eða „2x2 vegi“ utan þéttbýlis þar sem eru tvær akbrautir í eina átt og ein akbraut í gagnstæða átt eða tvær akbrautir í gagnstæðar áttir með vegriði milli akstursleiða. Í því sambandi getur ráðherra ákveðið á grundvelli reglugerðarheimildar 8. mgr. að hámarkshraða á slíkum vegum verði stjórnað með rafrænum skiltum sem búin verða sjálfvirkum skynjurum með tilliti til veðurs og annarra aðstæðna.

Í fimmta lagi er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að almennt gildi sömu reglur um ökuhraða, sbr. 36. gr. frumvarpsins, um bifreiðar sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og bifreiðar með eftirvagna. Fyrir utan hópbifreiðar, sem falla í fyrrnefnda flokkinn, er skv. 1. og 2. mgr. 38. gr. gildandi laga mælt svo fyrir að bifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, svo sem flutningabifreiðum, sé óheimilt að aka hraðar en 80 km á klst. Hér takast á tvenns konar sjónarmið, annars vegar um að takmarka eins og kostur er hraða stærri og þyngri bifreiða, og bifreiða með eftirvagna, vegna hættueiginleika þeirra, og hins vegar um að leitast eins og kostur er við að samræma hraða bifreiða á þjóðvegum landsins m.a. með það að markmiði að draga úr framúrakstri. Ef hámarkshraði á vegum er mismunandi eftir stærð og þyngd ökutækja eykst tilhneiging ökumanna annarra bifreiða sem heimilt er að aka hraðar til að aka fram úr hægfara bifreiðum. Á þetta sjónarmið við hvort sem um er að ræða bifreiðar sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, eða bifreiðar með eftirvagna sem gert er að fara hægar en aðrar bifreiðar. Hvað varðar ökumenn stærri bifreiða sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd ber einnig að horfa til þess að almennt er um reynslumikla ökumenn að ræða sem stunda akstur í atvinnuskyni. Að öllu virtu er hér lagt til grundvallar að rök standi til þess að samræma hámarksakstursshraða stærri og minni bifreiða og bifreiða sem aka með eftirvagna fremur en að viðhalda þeirri aðgreiningu á milli þessara bifreiða sem er að finna í 37. og 38. gr. gildandi laga. Í þessu sambandi skal einnig horft til þess að skv. 70. gr. frumvarpsins er lagt til að allir eftirvagnar, svo og hjólhýsi og tjaldvagnar séu skráningarskyldir.

Í sjötta lagi er lagt til það nýmæli í 7. mgr. að hámarkshraði á aðgreindum bifreiðastæðum sé að hámarki 15 km á klst., en slysatölur sýna að mörg umferðarslys eiga sér stað á slíkum stöðum.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra til að ákveða sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en greinir í 36. gr. ef talin er þörf á vegna hönnunar ökutækisins.

Um VI. kafla.

Lagt er til að lögfestur verði nýr VI. kafli þar sem verði að finna sérreglur um akstursíþróttir og aksturskeppni. Skv. 1. mgr. 34. gr. gildandi laga, sbr. 9. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 138/1996 og 1. gr. laga nr. 123/2003, getur ráðherra sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Um slíkar reglur er fjallað í reglugerð nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni. Í 2. mgr. 34. gr. er mælt svo fyrir að eigi sé heimilt að efna til aksturskeppni nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi og án samþykkis sveitarstjórnar utan vega.

Í 3. mgr. 34. gr. er ráðherra síðan veitt heimild til að setja nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Helstu efnisreglur um akstursíþróttir og aksturskeppni hafa því ekki verið lögfestar í gildandi lögum. Ráðherra er á hinn bóginn veitt víðtæk heimild til að setja reglur um þessi efni. Í ljósi þeirrar almennu stefnumörkunar frumvarpsins, sbr. I. kafla hér að framan, um að leitast eins og kostur er við að taka meginhátternisreglur á einstökum sviðum upp í lögin sjálf er með ákvæðum 38.–40. gr. frumvarpsins lagt til að grundvallarákvæði um akstursíþróttir og aksturskeppni, sem nú koma einungis fram í reglugerð nr. 507/2007, verði lögfest. Er hér einnig horft til álits umboðsmanns Alþingis frá 29. desember 2006 í máli nr. 4700/2006. Þar benti umboðsmaður á það að þótt gildandi ákvæði 34. gr. umferðarlaga hafi veitt ráðherra nokkurt svigrúm til að ákvarða efni þeirra reglna sem honum væri heimilt að setja um akstursíþróttir og aksturskeppni hlytu þær reglur að þurfa að standa í málefnalegu sambandi við þau markmið sem byggju að baki umferðarlögum. Af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins leiddi því jafnframt að mati umboðsmanns, að við setningu stjórnvaldsfyrirmæla bæri ráðherra að gæta þess að þau ættu sér stoð í og samræmdust gildandi lögum. Með þetta í huga er sem fyrr greinir lagt til með ákvæðum í VI. kafla frumvarpsins að helstu efnisreglur um leyfisveitingar, almennar reglur um aksturskeppni á vegi og utan vega af þessu tilefni verði lögfestar. Á hinn bóginn verður ráðherra áfram veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða, sbr. 5. mgr. 38. gr. frumvarpsins

Um 38. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er fjallað um leyfisveitingar Umferðarstofu til að halda aksturskeppni á lokuðum skilgreindum svæðum. Í 3. gr. reglugerðar nr. 507/2007 er þessi heimild í höndum lögreglu, en í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um að draga úr stjórnsýsluhlutverki lögreglunnar er lagt til að Umferðarstofu verði falið að annast leyfisveitingar og annað utanumhald um aksturskeppnir. Á sama hátt sér Vegagerðin um leyfisveitingar vegna aksturskeppni á þjóðvegi, sbr. 2. málsl. 1. gr., og sveitarstjórn í þeim tilvikum þegar halda á aksturskeppni utan vega, sbr. 3. málsl. 1. gr.

Í 2. og 3. mgr. er að finna almennar reglur um aksturskeppni og ábyrgð keppnishaldara. Eru þær að nokkru marki efnislega samhljóða 7. gr. reglugerðar nr. 507/2007 þar sem vikið er að hátternisreglum sem hafa það að markmiði að vernda öryggi manna og koma í veg fyrir skemmdir á vegi, mannvirkjum eða á náttúru.

Í 4. mgr. er Umferðarstofu, veitt heimild til að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um hámarkshraða að því er varðar ökutæki er taka þátt í aksturskeppni á vegi, enda verði þá umferð annarra ökutækja þar bönnuð og aðrar viðeigandi öryggisráðstafanir gerðar.

Með 5. mgr. er ráðherra falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um akstursíþróttir og aksturskeppni, þar á meðal um framkvæmd löggæslueftirlits, framkvæmd aksturskeppni, um gerð verklagsreglna á grundvelli alþjóðlegra reglna um akstursíþróttir sem hafðar skulu til hliðsjónar við veitingu leyfa og um lágmarksaldur miðað við ökutæki.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum. Eru ákvæðin samhljóða 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 507/2007, að því undanskildu að lagt er til að Umferðarstofu verði falin umsjón með leyfisveitingum í samræmi við ákvæðið.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um undanþágur frá ákvæðum laganna í tilefni af æfingum og keppni vegna aldurs. Er ákvæðið efnislega samhljóða 21. gr. reglugerðar nr. 507/2007, með þeirri undantekningu að Umferðarstofu verði falið að heimila undanþágu frá ákvæðum um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum, að höfðu samráði við lögreglustjóra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um lágmarksaldur samkvæmt greininni miðað við ökutæki, en slík ákvæði er nú að finna í a–e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 507/2007.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla eru sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól. Það skal áréttað að með 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ráðgert að ákvæði laganna um reiðhjól gildi einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki, eins og þau hugtök eru skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Á þetta ákvæði reynir því einkum við framkvæmd 41.–43. gr. frumvarpsins í þessum kafla.

Einn af mikilvægum þáttum íslenskrar umferðarmenningar og þróunar hennar á undanförnum árum er fólginn í vaxandi fjölda fólks sem hefur valið sér reiðhjólið sem samgöngutæki. Í frumvarpinu er lagt til grundvallar að það eigi að vera eitt af markmiðum laganna að styðja við þessa þróun með því að gera reglur um réttindi, skyldur og öryggi hjólreiðamanna skýrari og fyllri. Ganga á út frá því að hjólreiðamenn séu virkir og sýnilegir þátttakendur í umferðinni og að því sé hugað að eðlilegu samspili á milli almennrar umferðar vélknúinna ökutækja og umferðar hjólreiðamanna. Við gerð frumvarpsins hefur á þessum grundvelli verið horft til athugasemda og ábendinga sem fram hafa komið af hálfu Landssambands hjólreiðamanna.

Um 41. gr.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum 39. gr. gildandi laga. Þó er bætt við 2. mgr. ákvæði um að hjólreiðamaður skuli hjóla á hjólastíg, þ.e. ef hann er til staðar.

Í samræmi við þær forsendur sem greinir að framan í athugasemdum við VII. kafla er hins vegar lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar frá gildandi ákvæði á 3., 4. og 7. mgr. og orðalag ákvæðisins að öðru leyti fært til nútímalegra horfs.

Í fyrsta lagi er lagt til í 3. mgr. að orðalag 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. gildandi laga verði gert skýrara.

Í öðru lagi er í 1. málsl. 4. mgr. bætt við heimild til að hjóla á göngugötu, en það er í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið að vegfarendum beri í auknum mæli að deila vegi, en undir þeim kringumstæðum reynir sérstaklega á tillitssemi vegfarenda.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði það nýmæli í 2. málsl. 4. mgr. að einungis sé heimilt að hjóla á viðeigandi rein þegar gangstétt eða göngustíg hefur verið skipt upp með miðlínu í reinar fyrir gangandi vegfarendur annars vegar og hjólreiðamenn hins vegar. Er nauðsynlegt að setja slíka reglu þar sem í vöxt færist að beinlínis sé gert ráð fyrir hjólandi vegfarendum á gangstéttum og göngustígum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að þar sem sérstakur hjólastígur er lagður nálægt göngustíg skuli hjólreiðamaður nota hjólastíginn.

Í fjórða lagi er lagt til að með 6. mgr. verði gerðar breytingar á gildandi ákvæði 7. mgr. 39. gr. Ekki er talin ástæða til að skylda hjólreiðamenn að læsa reiðhjóli, enda aðstæður að þessu leyti með mismunandi hætti víða um land. Verður það að vera ákvörðun hvers hjólreiðamanns fyrir sig hvaða varúðarráðstafanir hann viðhefur um öryggi hjólsins. Á hinn bóginn er ítrekuð sú gildandi regla að ganga skuli þannig frá reiðhjóli sem lagt er að eigi stafi hætta eða truflun af.

Í fimmta lagi er í 7. mgr. lagt til Umferðarstofa setji reglur um gerð og búnað reiðhjóla og er þetta ákvæði í samræmi við niðurlag 68. gr. frumvarpsins varðandi reglur um gerð og búnað annarra ökutækja.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. gildandi umferðarlaga að undanskildum fyrri málslið 2. mgr. Vakin er athygli á því að við gerð frumvarpsins var rætt um þá tillögu að gildandi ákvæði 1. mgr. 40. gr. um lágmarksaldur barna til að hjóla á akbraut yrði hækkaður úr 7 ára í 12 ára aldur. Við heildstætt mat á þessari tillögu verður að hafa í huga að ekki hafa komið fram vísbendingar um að gildandi regla, sem styðst við áralanga reynslu í íslensku samfélagi og telja verður í samræmi við almenna samfélagsvitund um þroska og stöðu barna, hafi reynst varhugaverð. Þá fer hjólreiðastígum fjölgandi og er börnum almennt tamt að nota þá. Þá kæmi breyting af þessu tagi illa við börn á fámennari þéttbýlissvæðum.

Í stað fortakslauss banns við því að flytja farþega á reiðhjóli eins og er í gildandi lögum, að undanskilinni heimild til að hafa barn í sérstökum stól á reiðhjóli, er í fyrri málslið 2. mgr. lagt til að flytja megi farþega á reiðhjóli sé það sérstaklega útbúið til þess. Reiðhjól á markaði eru afar fjölbreytt og þykja ekki efni til að banna að flytja farþega, ef búnaður reiðhjólsins leyfir slíkt.

Um 43. gr.

Ákvæði greinarinnar hefur tekið talsverðum breytingum frá 41. og 42. gr. gildandi umferðarlaga. Lagt er til að lögfest verði það nýmæli að heimilt sé að aka bifhjóli samhliða öðru bifhjóli á sömu akrein í þéttbýli, enda sé hámarkshraði eigi meiri en 60 km á klukkustund. Ekki er talin ástæða til að setja hömlur við því að slíkur akstur eigi sér stað þegar aðstæður með tilliti til umferðar leyfa.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 41. gr. gildandi laga.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 41. gr. gildandi laga, en felld er niður skylda farþega til að sitja klofvega.

4. mgr. er nýmæli um að flytja megi farþega á léttu bifhjóli enda sé ökumaðurinn 20 ára eða eldri og bifhjólið til þess gert. Þykir rétt að víkja frá fyrri reglu sem bannaði þetta m.a. til að gæta samræmis við aðrar heimildir í frumvarpinu til að flytja farþega á óvörðum ökutækjum.

5. mgr. er nýmæli, en ekki hafa verið reglur í lögum um takmarkanir á því að barn megi vera farþegi á bifhjól, öðru en léttu bifhjóli. Rétt þykir að miða við 150 sm líkamshæð að lágmarki sem er í samræmi við 74. gr. frumvarpsins varðandi lágmarkshæð barns í sambandi við sérstakan öryggis- og verndarbúnaðar í bifreið.

6. mgr. er samhljóða 1. mgr. 42. gr. gildandi laga en bætt er við greinina að farþegi bifhjóls skuli hafa báðar fætur á fótstigum og ökumanni bifhjóls er gert að hafa hjól bifhjólsins að jafnaði á veginum þegar það er á ferð. Er hér vísað til þess að svokallað „prjón“ við akstur bifhjóls getur verið mikið hættuspil og er þessu ákvæði ætlað að banna slíkt hátterni.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla eru ákvæði um bann við akstri undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna. Um stefnumarkandi breytingar á ákvæðum þessa kafla vísast til umfjöllunar í kafla IV. í almennum athugasemdum.

Um 44. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 44. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Almenn framsetning greinarinnar um bann við ölvunarakstri er í meginatriðum sambærileg þeirri sem er að finna í 45. gr. gildandi laga. Í samræmi við þá almennu stefnumörkun frumvarpsins að rýmka gildissviðs banns við ölvunarakstri er lagt til að gerð verði sú breyting á 2. mgr. að ef vínandamagn í blóði ökumanns er meira en 0,20‰, eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofts, verði hann ekki talinn geta stjórnað ökutækinu örugglega, enda sé vínandamagnið í blóði minna en 1,20‰ eða 0,60 milligrömm í lítra lofts. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til ítarlegrar umfjöllunar í VII. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þó skal ítrekað að eins og fram kemur í 2. mgr. 102. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að svipting ökuréttar komi til við fyrsta brot þegar vínandamagn í blóði er 0,20‰ til 0,49‰ (eða vínandamagn í lofti nemur 0,1 til 0.245 milligrömmum í lítra lofts).

Um 46. gr.

Greinin fjallar um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er ákvæðið að meginstefnu til í samræmi við 45. gr. a gildandi laga. Þó er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi ákvæði að mæling á tilvist ávana- og fíkniefna, sem grundvöllur að ályktun um að ökumaður teljist undir áhrifum slíkra efna og því óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, fari aðeins fram á blóði ökumanns. Verði þannig felld niður tilvísun til þess að mæling í þvagi geti verið nægur grundvöllur í þessum efnum. Er hér á því byggt að þegar ávana- og fíkniefni, eða óvirkt umbrotsefni þess, mælist aðeins í þvagi ökumanns, en ekki í blóði, sé almennt í reynd rétt að ályktað að slíks efnis hafi verið neytt, en að ekki sé lengur um að það að ræða að ökumaður sé undir áhrifum efnisins þannig að hann teljist óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega. Í dómi Hæstaréttar frá 19. júní 2006 í máli nr. 260/2008 byggði Hæstiréttur niðurstöðu sína á því að tilvist óvirkra umbrotsefna ávana- og fíkniefna

í þvagi ökumanns væri hins vegar samkvæmt gildandi 45. gr. a umferðarlaga, ein og sér, nægur grundvöllur þess að fært væri að álykta að ákærði hefði verið undir áhrifum efnisins og því óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega í merkingu ákvæðisins. Það er því ljóst að ekki er að þessu leyti samhengi á milli framsetningar 45. gr. a gildandi laga og þeirra vísindalegu ályktana sem með réttu verða dregnar af þvagmælingu um akstursháfni ökumanns. Á því er byggt við gerð þessa frumvarps að það sé ekki ætlunin með lögmæltu banni í umferðarlögum við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna að leggja refsingu við neyslu slíkra efna, enda verði ekki staðreynt með mælingu á blóði ökumanns að slík neysla hafi í reynd haft áhrif á hæfni hans til aksturs. Á þeim forsendum er sem fyrr greinir lagt til að fellt verði úr 2. mgr. greinarinnar að mæling á tilvist ávana- og fíkniefna „í þvagi“ ökumanns geti, ein og sér, talist viðhlítandi grundvöllur til stofnunar refsiábyrgðar. Er því nú það eitt áskilið að mæling á blóði ökumanns leiði í ljós að hann hafi fyrir akturinn neytt ávana- og fíkniefna, sem bönnuð eru á íslensk yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefna og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Það skal áréttað að hér er lagt til grundvallar að eyðutilvísun 1. mgr. frumvarpsins, sem er samhljóða framsetningunni í gildandi 45. gr. a, til laga um ávana- og fíkniefni og reglugerða settra samkvæmt þeim lögum feli í sér stjórnskipulega viðhlítandi heimild, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, fyrir refsinæmi banns við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna samkvæmt umferðarlögum. Hefur enda þessi löggjafarháttur ekki sætt athugasemdum í dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga, en gerð er smávægileg orðalagsbreyting með því að orðinu „þjónar“ er skipt út með orðinu „starfsmenn“, sem telja verður eðlilegra í þessu samhengi. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að tilkynningarskylda skv. 2. mgr. nái til þess að ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Þá er lagt til með 94. og 95. gr. frumvarpsins, eins og nánar verður rakið síðar, að gerð verði sú breyting hér á að háttsemi í formi athafnaleysis, sem þessi grein mælir fyrir um, varði ekki refsingu. Með ákvæðinu er þó mælt sem fyrr fyrir um það að þeir sem ákvæðið tekur til sinni lögboðinni skyldu að gera ráðstafanir til að hamla því að ölvaður ökumaður aki ökutæki, m.a. með því að gera lögreglunni viðvart. Ekki er hins vegar talið rétt að virtu eðli þessarar skyldu að refsiábyrgð geti stofnast á hendur þessum aðilum ef út af er brugðið. Er það og í samræmi við réttarframkvæmd.

Um 48. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 47. gr. gildandi laga, en þó er lagt til að gerðar verði tilteknar efnisbreytingar.

Gildandi ákvæði var lögfest í núverandi mynd með 6. gr. laga nr. 66/2006. Var þá lögð til sú breyting á þágildandi ákvæði að ökumanni var gert skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf. Jafnframt var lagt til það nýmæli að ökumanni yrði gert skylt að láta í té munnvatnssýni undir ákveðnum kringumstæðum.

Þær breytingar sem gerðar voru á 47. gr. gildandi laga með 6. gr. laga nr. 66/2006 voru tilkomnar vegna tillögu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði og skilaði skýrslu í febrúar árið 2001. Í skýrslunni var m.a. lagt til að lögreglu yrði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í skýrslunni er m.a. eftirfarandi tekið fram: „Skaðleg áhrif áfengis á hæfni ökumanns eru vel þekkt. Síðustu ár hefur

aukin athygli beinst að akstri undir áhrifum fíkniefna með tilliti til umferðaröryggis. Erfitt er að segja til um ætlaðan fjölda ökumanna sem aka eða hafa ekið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja, vegna skorts á prófun ökumanna. Hins vegar er ljóst að fjöldi þeirra hefur aukist undanfarin ár og er talið að í Noregi hafi fjöldi þeirra sem aka undir áhrifum fíkniefna eða lyfja fimmfaldast á síðastliðnum 10–15 árum.“ Í fyrrnefndri skýrslu starfshópsins kom enn fremur eftirfarandi fram: „Komið hafa fram nýjar aðferðir við að mæla hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna, aðrar en með blóð- eða þvagsýni. Þróuð hafa verði tæki til að greina hvort ökumaður sé undir áhrifum ýmissa ávana- og fíkniefna með töku munnvatnssýnis. Er þessi aðferð einföld í framkvæmd og er gerð af lögreglumanni á staðnum í stað þess að færa ökumann til læknis til rannsóknar. Í Belgíu og Sviss eru í almennri notkun tæki til slíkra mælinga. Slík tæki eru þó ekki lögfull sönnun þess að ökumaður sé ekki undir áhrifum og reynist sýnið jákvætt þarf að færa ökumann til blóð- eða þvagrannsóknar til nánari greiningar og staðfestingar. Með þessu er hins vegar hægt að leiða í ljós hvort ástæða sé til að færa ökumann til slíkrar rannsóknar og þannig hægt að komast hjá því að sýni séu send í dýrar rannsóknir sem ekki reynast svo jákvæð. Slíkar mælingar myndu auðvelda eftirlit lögreglu, spara verulega tíma hjá lögreglu, starfsfólki heilsugæslu og rannsóknarstofu, og þeirri kvöð oft létt af ökumanni að vera færður til frekari rannsóknar.“

Samkvæmt 1. mgr. getur lögreglumaður í þeim tilvikum sem upp eru talin krafist þess að ökumaður vélknúins ökutækis gangist undir öndunarpróf og láti í té munnvatnssýni eftir atvikum ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 45. gr. og 46. gr., vegna neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða neyslu ávana- og fíkniefna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, ef hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Jafnframt er lögreglu heimilt að gera ökumanni að gangast undir slík próf ef talin er ástæða til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið sérstaklega á um heimild til töku öndunar- eða munnvatnssýna.

Í samræmi við þetta er viðhaldið því fyrirkomulagi gildandi laga í 2. mgr. að lögreglumaður geti fært ökumann til rannsóknar á svita- og munnvatnssýni, auk öndunarsýnis eins og var fyrir gildistöku laga nr. 66/2006, eða til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 46. gr., eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða láta í té munnvatnssýni eða er ófær um það. Ljóst er hins vegar vegna þeirrar grundvallarbreytingar sem gerð er með 46. gr. frumvarpsins, sbr. hér að framan, að ekki verður lengur þörf á að framkvæma þvagrannsókn ef grunur leikur á akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Kemur þá blóðrannsókn aðeins til greina ef staðreyna á hvort akstur hafi verið í andstöðu við 46. gr.

Samkvæmt 3. mgr. annast lögregla töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum þvag-, svita- og munnvatnssýnis. Er þetta ákvæði að efni til samhljóða 3. mgr. 47. gr. gildandi laga. Er sem fyrr talið eðlilegt að heimild til töku munnvatnssýnis sé bæði til handa lögreglu og fyrrgreindum heilbrigðisstarfsmönnum svo unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir á síðari stigum gerist þess þörf. Þær heimildir sem lögregla hefur til að rannsaka hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna felast hins vegar einungis í því að færa hann til töku á blóðsýni sé ástæða til að ætla að ökumaður sé undir áhrifum. Öndunarsýni koma ekki að gagni í þessu skyni, auk þess sem þvagsýna er ekki lengur þörf, sbr. 46. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er lagt til í 3. mgr. að aðrar rannsóknir og klínískt mat skuli framkvæmdar af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 47. gr. gildandi laga er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. Álitamál hefur verið hvort í þessu felist heimild til að framkvæma blóð- eða þvagsýnatöku með valdbeitingu. Í þessu sambandi skal tekið fram að skv. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, verður líkamsrannsókn í formi lífsýnatöku, þar á meðal blóð- og þvagsýnatöku, aðeins ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Fól þetta ákvæði í sér breytingu frá eldra ákvæði 2. mgr. 93. gr. laga nr. 19/1991 þar sem rannsóknara var rétt að framkvæma líkamsrannsókn án dómsúrskurðar ef brýn hætta var á að bið eftir úrskurði ylli sakarspjöllum. Rök standa til þess að ekki verði að öllu leyti gerðar jafnstrangar kröfur til rannsóknaraðgerða skv. 48. gr. frumvarpsins og gerðar eru skv. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008, enda hefur skilvirk refsivarsla grundvallarþýðingu við rannsókn og eftirlit lögreglu vegna ölvunaraksturs og aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að kveða með skýrari hætti á um heimild til að beita ökumann valdi ef hann neitar að hlíta rannsókn skv. 2. mgr. og er lagt til að um það verði mælt í lokamálslið 3. mgr.

Ein tegund líkamsrannsóknar skv. 2. mgr. er þvagrannsókn sem felur í sér verulegt inngrip í líkama manns, eins og dæmin sanna. Þvagrannsókn er úrræði sem notað þarf í minna mæli vegna framangreindrar breytingar í 46. gr. Að þessu virtu, og í ljósi eðlis þessa rannsóknarúrræðis, er lagt til með 4. mgr. að þvagrannsókn verði aðeins beitt, án ótvíræðs samþykkis ökumanns, að fyrir liggi úrskurður dómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sbr. nú lög nr. 88/2008. Er þá horft til grundvallarreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og þeirra sjónarmiða sem búa að baki áðurnefndri 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008. Ekki er heldur viðurhlutamikið né of tímafrekt að óska eftir úrskurði dómara við þessar aðstæður þannig að gætt sé réttaröryggis þess sem í hlut á.

Í 1. mgr. 102. gr. frumvarpsins er, eins og í gildandi lögum, mælt svo fyrir að neiti maður um að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. skuli hann sviptur ökurétti, auk þess sem lagt er hér til að slík neitun teljist sjálfstætt brot á lögunum skv. 94. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að refsiákvæði af þessu tagi fer ekki í bága við stjórnarskrárvarinn rétt manns til að fella ekki á sig sök. Rétturinn til að fella ekki á sig sök er nátengdur eða felst í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar og að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 1. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einn mikilvægasti þáttur reglunnar um að maður skuli teljast saklaus þar til sekt er sönnuð er sá grundvöllur sem sakfelling byggist á. Við málsmeðferð í máli sakbornings skal þannig gæta hlutleysis og aðeins byggja á sönnunargögnum sem voru lögð fyrir dómstólinn og eru lögmæt en ekki fengin með þvingun. Gera verður þannig greinarmun á rétti sakbornings til að tjá sig ekki um sakargiftir annars vegar og hins vegar skyldu hans til að veita atbeina sinn við öflun sönnunargagna sem eiga sjálfstæða tilveru án tillits til vilja sakbornings og fengin eru frá honum með þvingun, svo sem skjöl, blóð-, öndunar- og þvagsýni, sjá dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá 17. desember 1996 í máli Saunders gegn Bretlandi og frá 5. janúar 2006 í máli Schmidt gegn Þýskalandi. Þannig er t.d. upphaflegt markmið réttarins til að neita að tjá sig að sporna við því að maður verði þvingaður til að játa sök við yfirheyrslur hjá lögreglu og að upplýsingar sem fengnar eru fram með slíkri þvingun verði ekki lagðar til grundvallar við ákvörðun um sekt manns en með því skapast hætta á að menn verði ranglega sakfelldir, sjá dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 14.

febrúar 2000 í máli John Murray gegn Bretlandi. Þegar gögn, svo sem lífsýni, eru hins vegar hlutlæg í eðli sínu eiga þessi sömu rök ekki við.

Að öllu þessu virtu er, sem fyrr greinir, lagt til að viðhaldið verði því fyrirkomulagi, sbr. 3. mgr. 47. gr. og 102. gr. gildandi laga, að neitun ökumanns á að hlíta rannsókn skv. 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr., teljist sjálfstætt brot og geti nú varðað sekt, sbr. 1. mgr. 94. gr., og sviptingu ökuréttar, sbr. 1. mgr. 102. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um gjaldtökuheimild vegna kostnaðar við töku sýna og rannsókn skv. 1.–3. mgr. Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 47. gr. gildandi laga, en lagt er til að upphæðin verði 20.000 kr. í stað 15.000 kr. í gildandi lögum.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 58. gr. gildandi laga. Rétt er hins vegar að færa ákvæðið, sem fjallar um upplýsingaskyldu eigenda (umráðamanns) ökutækis gagnvart lögreglu, framar í lögin og þá hér í kafla um bann við ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla eru reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni, en ákvæði um þessi efni er nú að finna í 44. gr. a og 44. gr. b gildandi laga, sbr. 3. laga nr. 84/2004 og 3. og 4. gr. laga nr. 66/2006. Réttara er og heppilegra að ákvæði þessi, sem hafa að geyma refsinæmar hátternisreglur er varða tiltekna tegund ökutækja, séu staðsett í sérstökum kafla og í ítarlegri útfærslu en í gildandi lögum.

Framsetning gildandi 44. gr. a umferðarlaga er með þeim hætti að ráðherra er veitt víðtækt vald til að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni, ökurita o.fl., þar sem m.a. skuli kveðið á um nánar tilgreind atriði sem talin eru upp í ákvæðinu. Með 3. gr. laga nr. 66/2006 var gerð heildstæð breyting á reglugerðarheimild 44. gr. a umferðarlaga í það horf sem nú gildir og þá einkum í ljósi dóms Hæstaréttar frá 28. október 2004 í máli nr. 251/2004. Var ætlunin einkum sú að styrkja eins og kostur væri lagastoð gildandi reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna vegna þeirra athugasemda sem fram höfðu komið um þetta atriði, m.a. í áðurnefndum dómi. Hvað sem því líður er ljóst að gildandi 44. gr. a og 44. gr. b umferðarlaga byggjast sem fyrr á þeirri meginstefnumörkun að það sé á valdi ráðherra að setja einstakar efnisreglur um þau atriði sem tilgreind eru í ákvæðunum.

Í samræmi við eitt af meginmarkmiðum fyrirliggjandi frumvarps hefur við samningu þess verið tekin afstaða til þess hvort og þá að hvaða marki rétt sé að umferðarlögin sjálf hafi að geyma þær hátterniskröfur sem gera verður til þeirra ökumanna sem annast farþega- eða farmflutninga í atvinnuskyni og þá í ljósi skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem ákvæði þessi byggjast á. Við akstur ökutækja til farþega- og farmflutninga á vegum reynir mikið á ökumanninn og því er mikilvægt að reglur um slíkan akstur og lögboðna hvíld ökumanns séu þannig úr garði gerðar að ökumanni sé gert að hvílast með hæfilegu millibili.

Hefur sú leið verið farin að setja fram ítarlegri reglur en nú eru í gildandi lögum, en ekki þykja efni til að taka inn allar hátternisreglur sem er að finna í reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra sem voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt í framhaldi af gildistöku EES-samningsins 1993. Þessar reglur byggjast á reglugerð EB nr. 3820/85/EBE, frá 20. desember 1985, um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga

á vegum, reglugerð (EB) nr. 3821/85, frá 20. desember 1985, um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, tilskipun ráðsins nr. 88/599/EBE, frá 23. nóvember 1988, um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar nr. 3820/85/EBE, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EB, frá 11. mars 2002, um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum.

Nú hefur reglugerð nr. 561/2006, frá 15. mars 2006, um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutning á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins nr. 2135/98/EB og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 gengið í gildi og leyst fyrri reglugerð af hólmi. Jafnframt hefur tilskipun 88/599/EBE verið felld úr gildi en í hennar stað kemur tilskipun ráðsins 2006/22/EB um sama efni.

Um 50. gr.

1. mgr. er nýmæli, en í henni koma fram þau sjónarmið sem reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna byggjast á, þ.e. að þær séu settar í þágu umferðaröryggis. Jafnframt eru tiltekin þau tímabil sem miðað er við varðandi akstur og hvíld ökumanns í farþega- og farmflutningum ökutækja yfir 3,5 tonn.

Reglugerðarheimild í 2. mgr. byggist á 1. mgr. 44. gr. a gildandi laga.

Um 51. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði samhljóða ákvæði og fram kemur í 13. gr. reglugerðar nr. 662/2006 um heimild ökumanns til að víkja frá reglum aksturs- og hvíldartíma, þ.e. að heimilt verði að víkja frá reglum sem settar verða á grundvelli 50. gr. frumvarpsins varðandi leyfilegan aksturstíma þar til daglega hvíld skuli taka, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks, ökutækis eða farms þess. Ítrekuð er sú forsenda að slíkt frávik tefli ekki umferðaröryggi í tvísýnu.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að lögfest verði almenn skylda flytjanda til að skipuleggja störf ökumanns þannig að honum sé kleift að fara eftir ákvæðum 50. gr. um aksturs- og hvíldartíma. Þessa skyldu er nú að finna í 12. gr. reglugerðar nr. 662/2006.

Síðari málsliður 1. mgr. byggist á 2. mgr. 44. gr. a gildandi laga, en ökumaður og flytjandi skulu sjá til þess að ökuriti sé notaður í þeim ökutækjum sem falla undir reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

2. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. a gildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 44. gr. b gildandi laga.

Um 54. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 47. gr. a gildandi laga sem lögfest var með 1. gr. laga nr. 91/2001, um breytingu á umferðarlögum. Lagt er til að ákvæðið verði gert skýrara með því að tekið verði af skarið í nýjum málslið um að einnig sé lagt bann við því að ökumaður sendi eða lesi smáskilaboð eða nýti aðra notkunarmöguleika farsímans, svo sem leiki, myndavélar, tölvupósthólf o.s.frv. á meðan á akstri stendur. Um forsendur fyrir þessari

breytingu má vísa til þeirra löggjafarsjónarmiða sem fram koma í lögskýringargögnum að baki breytingalögum nr. 91/2001.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 47. gr. a gildandi laga, en þó er lagt til að gerðar verði ákveðnar orðalagsbreytingar til skýringarauka.

Um XI. kafla.

Í kaflanum er finna efnisreglur um ökupróf, ökuskírteini, ökukennara og ökunám. Rétt er að ákvæðum þessum sé safnað saman í einn, sjálfstæðan kafla í lögunum, en þessi ákvæði eru nú hluti af VII. kafla gildandi laga um ökumenn. Hefur þessi framsetning hvort tveggja það að markmiði að vera til hagræðis og að auka skýrleika.

Í tengslum við heildarendurskoðun umferðarlaga, sem nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, skipaði samgönguráðherra í febrúar 2008 starfshóp til að fjalla um málefni ökunáms og ökukennslu hér á landi. Nefndin skilaði af sér skýrslu af þessu tilefni í september 2008. Þar koma fram tillögur starfshópsins í 25 liðum ásamt nánari greinargerð um hvern lið. Þá fylgdi með uppkast að nýrri reglugerð um ökunám, ökupróf og endurmenntun ökumanna. Við gerð þessa frumvarps hefur að nokkru marki verið horft til skýrslu starfshópsins, einkum varðandi breytingar á ákvæðum gildandi laga um ökunám og ökukennslu eins og nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum við 62.–65. gr.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að ríkislögreglustjóri gefi út ökuskírteini. Jafnframt er gert ráð fyrir í síðari málslið 1. mgr. að ríkislögreglustjóri geti falið sýslumönnum að annast útgáfu ökuskírteina og er þetta breyting frá 1. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Með a-lið 2. mgr. er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá fyrirkomulagi gildandi laga að maður þurfi að verða orðinn fullra 18 ára til þess að veita megi honum ökuskírteini til að aka bifreið, enda fullnægi hann einnig kröfum um líkamlegt og andlegt heilbrigði, sbr. b-lið sömu greinar, hafi hlotið kennslu í ökuskóla og sannað akstursháfni sína og þekkingu með prófi, sbr. c-lið 2. mgr., og uppfylli kröfur um búsetuskilyrði, sbr. d-lið. Um forsendur og rök fyrir þessari breytingu vísast nánar til ítarlegrar umfjöllunar í VIII. kafla í almennum athugasemdum.

Ákvæði b-liðar er breytt þannig að einungis megi veita þeim ökuskírteini sem er til þess nægilega andlega og líkamlega hæfur, sbr. þó 3. mgr., og hefur fullnægjandi sjón. Ákvæði gildandi laga um heyrn þykir ekki eiga við þar sem mat verður að fara fram hverju sinni á því hvort skert heyrn valdi því fortakslaust að viðkomandi teljist ekki hæfur til að stjórna ökutæki. Öðru máli gegnir hins vegar um sjón ökumanns.

C-liður 2. mgr. er samhljóða c-lið 2. mgr. 48. gr. gildandi laga að því undanskildu að gerð er krafa um kennslu í ökuskóla, en þar undir fellur kennsla ökukennara með starfsleyfi. Enn fremur er áskilið að viðkomandi hafi fengið þjálfun í akstri í ökugerði sem er liður í ökukennslu.

Með d-lið 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að maður verði að hafa fasta búsetu hér á landi til að geta fengið ökuskírteini. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 501/1997 um ökuskírteini, með síðari breytingum. Þetta skilyrði er þess eðlis að um það verður að vera mælt í lögum. Á hinn bóginn er í niðurlagi ákvæðisins enn gert ráð fyrir því að um undanþágur frá búsetuskilyrðinu verði sem fyrr nánar fjallað í reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Reglugerðarheimild 3. mgr. er efnislega samhljóða 49. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr er nýmæli sem byggist á sömu löggjafarsjónarmiðum og framangreind breyting á aldurslágmarki til að hljóta ökuréttindi. Mælt er svo fyrir að 18 og 19 ára ökumönnum verði bannað að aka breyttum ökutækjum. Skv. 3. gr. frumvarpsins er breytt ökutæki skilgreint þannig að um sé að ræða ökutæki þar sem veigamiklum atriðum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu hefur verið breytt frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda. Akstur ökutækja, sem fullnægja öllum almennum kröfum um gerð og búnað ökutækja, eins og þau eru ákveðin af framleiðanda, er einn og sér vandasamur, ekki síst fyrir unga ökumenn sem eru að hefja akstursferil sinn og skortir því þjálfun og færni við akstur bifreiða. Er því og brýnt og nauðsynlegt út frá almannahagsmunum að girða fyrir akstur 18 og 19 ára ökumanna á breyttum ökutækjum sem víkja frá upprunalegri útfærslu framleiðanda, oft með þeim hætti að draga úr þeim eiginleikum ökutækisins sem upprunalega hafa haft það að markmiði að tryggja öryggi við aksturinn. Þetta gildir þó ekki um breytt ökutæki sem sérstaklega er útbúið til aksturs fyrir fatlaðan ökumann.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. gildandi laga, en þó er gert ráð fyrir að ökumaður framvísi ökuskírteini ef eftirlitsmaður Vegagerðarinnar, sbr. XVI. kafla, krefst þess í tengslum við eftirlit með akstri ökutækja til farþega- og farmflutninga yfir 3,5 tonnum.

Reglugerðarheimild í 7. mgr. er samhljóða 2. mgr. 52 gr. gildandi laga.

Reglugerðarheimild í 8. mgr. tekur mið af þeim breytingum sem orðið hafa varðandi ökuskírteini.

Um 56. gr.

Grein þessi er nýmæli þar sem lagt er til að ákvæði sem verið hafa í reglugerð nr. 501/1997 um ökuréttindaflokka og aldursmörk fyrir hvern flokk og eru nú í breyttu formi og efnislega í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/126/EB um ökuskírteini komi fram í umferðarlögum. Megintilgangurinn er að samræma ökuréttindi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. til að auðveldara sé að ferðast innan svæðisins akandi og stunda atvinnustarfsemi sem útheimtir ökuréttindi.

Þar sem ökuréttindi eru í raun grunnundirstaða þess hvaða ökutæki ökumaður megi aka þykja rök liggja fyrir því að hafa flokkana í umferðarlögum en ekki í reglugerð eins og verið hefur. Á sama hátt og reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. IX. kafla frumvarpsins, eru tíundaðar í umferðarlögum er ekki síður ástæða til að ökuréttindaflokkar séu þar einnig tilgreindir. Á þetta m.a. við um aldursskilyrði fyrir C1-, C-, D1- og D-flokk, þ.e. réttindaflokka fyrir bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd (vörubifreið) og bifreið fyrir fleiri farþega en 8 auk ökumanns (hópbifreið/rúta). Þykir því eðlilegt að þessi skilyrði komi fram í heild í 56. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við fyrrnefnda tilskipun nr. 2006/126/EB um ökuskírteini, nánar tiltekið 4. gr., sem leysir af hólmi í áföngum tilskipun 91/439/EBE um sama efni. Skv. 16. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að leiða þessar reglur í landslög fyrir 19. janúar 2011.

Helsta nýmælið frá gildandi lögum varðandi ökuréttindaflokkana er ákvæði um hærri aldursmörk til að mega öðlast ökuskírteini fyrir A1-, A2- og A-flokk, svo og C1-, C-, D1- og D-flokk.

Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf en rétt þykir að skýra eftirfarandi atriði nánar:

AM-flokkur: Samkvæmt tilskipun 2006/126/EB mega aldursmörk vera frá 14 til 18 ára. Hækkun aldursmarka í 16 er í samræmi við hækkun lágmarksaldurs fyrir B-flokk í 18 ár.

A1-, A2- og A-flokkur: Samkvæmt tilskipun nr. 2006/126/EB er lágmarksaldur fyrir A1-flokk 16 ár en má vera á bilinu 16–18 ár. Krafa er gerð um tveggja ára mun á lágmarksaldri milli A1- og A2-flokks annars vegar og milli A2- og A-flokks hins vegar. Samkvæmt umferðarlögum er lágmarksaldur 17 ár fyrir A1-flokk. Hækkun á aldursmörkum í 18 ár er í samræmi við þá hækkun á aldursmörkum fyrir B-flokk sem er úr 17 árum í 18. Hafa verður í huga að A-flokkur veitir réttindi til að stjórna bifhjóli sem aka má á allt að 100 km hraða, en reynslan sýnir að slysahætta á bifhjóli er meiri en á bifreið.

C1- og C1E-flokkur: Sá sem sækir um ökuskírteini fyrir C1- og C1E- flokk þarf samkvæmt gildandi umferðarlögum og frumvarpinu að hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Samkvæmt gildandi lögum (17 ára aldursmark fyrir B-flokk) getur byrjandi í fyrsta lagi fengið fullnaðarskírteini 18 ára. Samkvæmt frumvarpinu (18 ára aldursmark fyrir B-flokk) getur byrjandi í fyrsta lagi fengið fullnaðarskírteini 19 ára.

Samkvæmt tilskipun 2006/126/EB eru aldursmörk fyrir C1- og C1E- flokk 18 ár. Þar af leiðir að viðkomandi getur ekki, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, fengið ökuskírteini fyrir C1- og C1E- flokk fyrr en hann er orðinn 19 ára.

Eins og áður sagði eru ákvæði greinarinnar í samræmi við fyrrnefnda tilskipun 2006/126/EB um ökuskírteini. Skv. 16. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að leiða reglur um ökuréttindaflokka samkvæmt tilskipuninni í landslög fyrir 19. janúar 2011. Þessi ákvæði taka síðan gildi ekki seinna en 19. janúar 2013 en til hagræðingar er miðað við að þau taki gildi hér á landi 1. janúar 2013, sbr. ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Er mikilvægt að þessi aðlögunartími sé notaður vel til að undirbúnings fyrir breytta skipan þessara mála. Fram til 31. desember 2012 gilda ákvæði reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997 um þetta efni. Gert er ráð fyrir að þessar reglur verði komnar að fullu til framkvæmda 1. janúar 2033.

Um 57. gr.

Í 1.–3. mgr. er fjallað um bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini, fyrir byrjanda, og byggjast þær á 51. gr. gildandi laga.

Í 4.–6. mgr. er fjallað um eldri ökuskírteini og gildistíma þeirra, en nauðsynlegt er að þessi ákvæði séu tæmandi talin í frumvarpinu. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 58. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistíma ökuskírteinis og er lagt til að slíkar grundvallarreglur séu lögfestar í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini 2006/126/EB.

1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 51. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er það nýmæli að 70 ára reglan varðandi gildistíma almenns ökuskírteinis er afnumin og er lagt til að meginreglan verði sú að gildistíminn verði 15 ár. Í tilskipun 2006/126/EB hafa aðildarríki EES-samningsins val um að ökuskírteini gildi í 10 til 15 ár. Að vel athuguðu máli er lagt til að gildistími ökuskírteinis hér á landi verði 15 ár þegar ákvæði tilskipunarinnar koma til framkvæmda hér á landi, en lagt er til að miðað verði við 1. janúar 2013 til hagræðis í stað 19. janúar 2013 eins og segir í tilskipuninni. Jafnframt eru settar fram reglur um gildistíma fullnaðarskírteinis sem skírteinishafi fær eftir 60 ára aldur. 15 ára gildistíminn á við um öll ökuskírteini sem gefin eru út eftir 1. janúar 2013, hvort sem um er að ræða ný eða endurútgefin ökuskírteini, t.d. ef ökuskírteini hefur glatast.

Í 3. mgr. eru ákvæði um gildistíma ökuskírteinis vegna farþega- og farmflutninga í atvinnuskyni, en slík réttindi skulu gefin út til fimm ára frá útgáfudegi miðað við tilskipun 2006/126/EB. Jafnframt eru settar fram reglur um gildistíma slíks ökuskírteinis eftir 70 ára aldur skírteinishafa.

1. málsl. 4. mgr. er samhljóða 5. mgr. 51. gr. núgildandi laga, en síðari málsliður 4. mgr. er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir að beita megi málsmeðferð skv. 2. mgr. 61. gr. frumvarpsins ef vafi leikur á hæfi skírteinishafa til aksturs í viðkomandi ökuréttindaflokki.

Í 5. mgr. er ítrekuð heimild 5. mgr. 51. gr. gildandi laga um að endurnýja megi ökuskírteini að loknum gildistíma enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Á hinn bóginn er lagt til að lögfest verði það nýmæli að við mat á hvort skírteinishafi fullnægi heilbrigðiskröfum b-liðar 2. mgr. 55. gr. skuli, ef þörf krefur, fylgja málsmeðferð þeirri sem fram kemur í 2. mgr. 61. gr. frumvarpsins, en um nánari skýringar í því efni vísast til athugasemda við þá grein.

Í 5. mgr. er að finna reglugerðarheimild ráðherra þar sem takmarkanir á gildistíma og notkun ökutækis og aðrar takmarkanir á þeirri heimild sem ökuskírteini veitir koma fram.

Um 59. gr.

Í greininni er fjallað um skilyrði til að stjórna dráttarvélum og vinnuvélum í umferð. Er hún að nokkru marki sambærileg við 55. gr. gildandi laga, en þar sem torfærutæki teljast ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til sjálfstæðs flokks vélknúinna ökutækja er lagt til að ákvæði þau um stjórnendur slíkra tækja, sem er að finna í 55. gr. gildandi laga, verði felld brott. Þá verði lágmarksaldur til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar hækkaður úr 15 árum í 16 ár í 1. mgr., sbr. sömu málsgrein 55. gr.

Í 2. mgr. er áréttuð sú regla, sem er að finna í fyrra málslið 2. mgr. 55. gr. gildandi laga, að enginn megi stjórna vinnuvél nema hann hafi gilt ökuskírteini, þannig að reglan gildir nú í almennri umferð.

Í 3. mgr. er lagt til það nýmæli í umferðarlögum að stjórnandi vinnuvélar skuli hafa lokið tilskildu námi í meðferð slíkra tækja. Er þá m.a. litið til þess að hér sé um mismunandi flókin tæki að ræða og að tryggt verði að vera að stjórnandi vinnuvélar hafi nauðsynlega kunnáttu til verksins, án tillits til ökuréttinda viðkomandi.

Um 60. gr.

Greinin byggir á 52. og 54. gr. gildandi laga. Lagt er til að lögfest verði það nýmæli að ráðherra geti ákveðið að ökuskírteini útgefið í öðru ríki gildi hér á landi, enda séu íslensk ökuskírteini jafnframt gild í því ríki. Slíkar reglur gilda um ökuskírteini sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þá áskilið að fyrir liggi gagnkvæm viðurkenning ökuréttinda á milli Íslands og annars ríkis, en sambærilegt ákvæði er nú í reglugerð um ökuskírteini nr. 501/1997.

Um 61. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 53. gr. gildandi laga. Þó er lagt til í 2. mgr. að lögfest verði nýmæli sem ætlað er að tryggja enn frekar að raunhæft og virkt læknisfræðilegt eftirlit sé með því að ökumenn fullnægi skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. um að vera líkamlega og andlega hæfir til að stjórna ökutæki. Lagt er til að mælt verði fyrir um þá skyldu læknis að gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart án tafar ef hann telur að vafi leiki á því að handhafi ökuréttinda fullnægi ekki umræddum skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. Þar sem

læknir eru bundinn þagnarskyldu um málefni sjúklinga sinna skv. 1. mgr. 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988, og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, er sérstaklega lögboðið að þessi þagnarskylda standi umræddri tilkynningarskyldu ekki í vegi. Er þá m.a. horft til 2. mgr. 15. gr. læknalaga þar sem segir að þagnarskylda læknis „[gildi] ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar“, og til 1. mgr. 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, þar sem segir að „[þagnarskylda] skv. 12. gr. [nái] ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum“. Í þeim tilvikum beri starfsmanni í heilbrigðisþjónustu skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld, sbr. síðari málslið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 74/1997. Hér vegast á annars vegar brýnir almannahagsmunir af því að þeir ökumenn, sem vafi leikur á að fullnægi lögmæltum heilbrigðiskröfum, séu ekki undir stjórn ökutækis og hins vegar hagsmunir einstaklinga af því að eiga í trúnaðarsambandi við lækni. Nauðsynlegt er að gera lækni það kleift að gera trúnaðarlækni viðvart ef vafi leikur á um akstursháfni ökumanns. Eðlilegt er hins vegar að endanlegt mat á því hvort á skorti að ökumaður sé líkamlega og andlega hæfur til að stjórna ökutæki sé í höndum sérstaks trúnaðarlæknis Umferðarstofu, en ekki persónulegs læknis hlutaðeigandi. Að fenginni tilkynningu læknis skal trúnaðarlæknir Umferðarstofu, eins fljótt og unnt er, óska eftir því að hlutaðeigandi ökumaður komi til læknisrannsóknar. Við þá rannsókn skal meta þá líkamlegu og andlegu þætti sem áhrif hafa á akstursháfni og koma nánar fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra og landlækni. Trúnaðarlæknir getur ákveðið að handhafi ökuréttinda fari í verklegt ökupróf að lokinni læknisrannsókn. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um skipun trúnaðarlæknis Umferðarstofu, einn eða fleiri, hæfniskröfur þeirra o.fl.

Ákvæði 3. mgr. er byggt á 2. og 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. gildandi laga, en gerðar eru ákveðnar efnis- og orðalagsbreytingar sem taka mið af nýmæli 2. mgr. sem gerð er grein fyrir hér að framan. Þá er lagt til að útgefanda ökuréttinda sé skylt að afturkalla ökuréttindi ef svo háttar til sem segir í ákvæðinu.

Gert er ráð fyrir að gjald vegna þjónustu trúnaðarlæknis verði í samræmi við þann kostnað sem hlýst af starfseminni.

Um 62. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum við XI. kafla frumvarpsins hefur við endurskoðun gildandi laga verið sérstaklega horft til reglna um ökunám og ökukennslu. Starfshópur sem skipaður var á vegum samgönguráðherra skilaði af sér skýrslu um það efni í september 2008 sem höfð hefur verið að nokkru til hliðsjónar við gerð þessa frumvarps.

Um ökukennara og ökuskóla er nú fjallað í 56. gr. gildandi laga, en þar er að finna sjálfstæðar efnisreglur í 1.–4 mgr. Í 5. mgr. er síðan mælt svo fyrir að ráðherra setji nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu. Þá geti ráðherra sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla, sbr. 7. mgr. Um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla fer þannig nánar eftir reglugerð nr. 327/1999. Þá er gert ráð fyrir því í a-lið 1. mgr. 52. gr. gildandi laga að ráðherra setji reglur um ökunám og ökukennslu.

Með 62. gr. frumvarpsins er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting á fyrirkomulagi ökukennslu hér á landi að hún skuli nú fara fram í ökuskólum sem hlotið hafa til þess starfsleyfi Umferðarstofu. Verði þannig að meginstefnu til horfið frá því að ökukennsla verði

áfram á forræði og ábyrgð hvers einstaks ökukennara fyrir sig heldur sé það verkefni ökuskóla að annast ökunám, bæði hinn bóklega og verklega hluta.

Samkvæmt 7. mgr. 56. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla. Um það efni er nú fjallað í 11.–17. gr. reglugerðar nr. 327/1999 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, með síðari breytingum. Í samræmi við fyrrgreinda grundvallarbreytingu er hér lagt til að meginreglur um starfsleyfi ökuskóla komi fram í lögunum sjálfum og er við útfærslu þeirra tekið að nokkru mið af tillögum áðurgreinds starfshóps samgönguráðherra um ökunám, ökukennslu og ökuskóla frá því í september 2008.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að Umferðarstofa veiti ökuskólum starfsleyfi til að annast ökunám.

Í 2. mgr. er að finna þau skilyrði sem ökuskóli þarf að uppfylla til að fá útgefið starfsleyfi.

Samkvæmt 3. mgr. verður ökuskóla heimilt að framkvæma ökupróf að uppfylltum skilyrðum sem nánar verða sett í reglugerð skv. 65. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 4. mgr. skal starfsleyfi bundið við kennslu fyrir einn flokk ökutækja eða fleiri, en samkvæmt þessu getur ökuskóli sótt um starfsleyfi fyrir fleiri en einn flokk ökutækja, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum 2. mgr. fyrir hvern flokk fyrir sig. Er þetta ákvæði að meginstefnu til samhljóða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 327/1999, en ráðgert er að nánari lýsing á mismunandi flokkum ökutækja komi áfram fram í reglugerð sem ráðherra setur.

Samkvæmt 5. mgr. skal ökuskóli við útgáfu starfsleyfis greiða leyfisgjald sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sinni. Er það gjald þjónustugjald og verður upphæð þess því að miða við þann kostnað sem hlýst af málsmeðferð Umferðarstofu við útgáfu leyfisins.

Samkvæmt 6. mgr. skal starfsleyfi veitt til fimm ára í senn. Lok starfsleyfis skal miða við áramót.

Um 63. gr.

Með greininni er lagt til að gerðar verði ákveðnar efnisbreytingar frá 1. mgr. 56. gr. laga hvað varðar starfsleyfi ökukennara. Er hér sem fyrr greinir horft að nokkru leyti til þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um ökukennslu, ökupróf, starfsleyfi ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Í 1. mgr. er lagt til að mælt verði svo fyrir að Umferðarstofa gefi út starfsleyfi til ökukennslu, en nánar er mælt fyrir um umsókn og skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis í 2. mgr.

Í 2. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem sá er sækir um starfsleyfi til að annast ökukennslu þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi verður hann skv. a-lið 2. mgr. að hafa náð 24 ára aldri. Er þannig lagt til að lágmarksaldur til að hljóta starfsleyfi sé hækkað um þrjú ár, en skv. a-lið 2. mgr. 56. gr. gildandi laga er lágmarksaldurinn 21 ár. Er hér annars vegar horft til tillögu a-liðar 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins um hækkun almenns lágmarksaldurs til að hljóta ökuskírteini úr 17 árum í 18 ár og hins vegar til þess að æskilegt þykir að ökukennari hafi a.m.k. fimm ára reynslu af akstri bifreiða og bifhjóla, sbr. b-lið 2. mgr. 63. gr. Er það jafnframt breyting frá b-lið 2. mgr. 56. gr. gildandi laga þar sem aðeins er krafist þriggja ára reynslu af akstri bifreiða. Í c-lið 2. mgr. 63. gr. er auk þess gert að skilyrði að hlutaðeigandi hafi stundað nám fyrir ökukennara í viðkomandi flokki og lokið prófum sem því námi fylgja. Þá er í d-lið 2. mgr. áskilið að sá er æskir starfsleyfis sem ökukennari þurfi að fullnægja kröfum um líkamlegt og andlegt hæfi sem gerðar eru til ökumanna sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Samkvæmt 3. mgr. skal Umferðarstofa, áður en starfsleyfi er útgefið, kanna að umsækjandi uppfylli öll skilyrði sem gerð eru við útgáfu starfsleyfis til ökukennslu. Þessi regla kemur ekki fram í gildandi lögum.

Lagt er til í 4. mgr. að starfsleyfi til ökukennslu gildi í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um skilyrði fyrir endurnýjun starfsleyfis sem er sumpart samhljóða síðari málslið 4. mgr. 56. gr. gildandi laga. Þó er jafnframt áskilið að hlutaðeigandi ökukennari hafi sótt starfstengd námskeið sem nánar eru tilgreind í reglugerð, settri á grundvelli j-liðar 65. gr. frumvarpsins.

Um 64. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 56. gr. gildandi laga getur útgefandi ökukennararéttinda hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum ef ástæða þykir til. Þetta ákvæði er ófullnægjandi og ekki í samræmi við þær lagaáskilnaðarkröfur sem leiðir af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Með 64. gr. frumvarpsins er því lagt til að lögfest verði skýrt ákvæði um að farið skuli að stjórnsýslulögum við meðferð slíkra mála, en hér eiga einkum við meginreglur 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt og tilkynningarskyldu stjórnvalds um meðferð máls.

Þá er í 2. mgr. jafnframt ráðgert að málið skuli sent hlutaðeigandi lögreglustjóra til umsagnar áður en starfsleyfi er veitt að nýju.

Um 65. gr.

Greinin fjallar um almenna skyldu ökukennara og ökuskóla til að haga starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laganna og reglna sem ráðherra setur í reglugerð. Er þetta ákvæði samsvarandi 18. gr. reglugerðar nr. 327/1999. Er og ráðgert að í reglugerð sem ráðherra setur verði m.a. mælt fyrir um inntak starfsleyfa ökuskóla og ökukennara, um framkvæmd ökuprófa, um málsmeðferð við útgáfu starfsleyfis til ökuskóla og ökukennara og afturköllun slíkra starfsleyfa, um framkvæmd ökuprófa, aðstöðu ökuskóla til bóklegrar og verklegrar ökukennslu aðgang að viðeigandi ökutæki til kennslu, um kröfur til kennslufræðilegrar ráðgjafar, um árlega skýrslugjöf ökuskóla til Umferðarstofu og um kynningar- og leiðbeiningarskyldu ökuskóla gagnvart nemendum, eftirlit Umferðarstofu með ökukennslu og ökuskólum og starfstengd námskeið og endurmenntun ökukennara. Er hér að nokkru leyti tekið mið af þeim atriðum sem fram koma í 11.–17. gr. reglugerðar nr. 327/1999.

Um 66. gr.

Greinin fjallar um kennsluakstur undir handleiðslu ökukennara og er efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 57. gr. gildandi laga. Hugtakanotkun hefur hér verið nokkuð á reiki og er í frumvarpinu talið rétt að gera greinarmun á kennsluakstri undir handleiðslu ökukennara sem hefur útgefið starfsleyfi sem nú er fjallað um í framangreindum 1.–3. mgr. 57. gr. gildandi laga, og hins vegar æfingaakstri sem fram fer undir leiðsögn og eftirliti leiðbeinanda, en um það efni er fjallað í nýmæli 67. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að ökunemi þurfi, áður en hann hefur kennsluakstur, að sækja um námsheimild hjá lögreglustjóra. Fer þá fram mat á því hvort ökunemi fullnægi m.a. heilbrigðisskilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. og hvort svo sé ástatt um hann sem greinir í 5. mgr. 55. gr., en námsheimild verður ekki gefin út ef svo er að mati lögreglustjóra. Synjun námsheimildar má kæra til ráðuneytis. Er um að ræða stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara að reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við úrlausn slíkra mála.

Ákvæði 5. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 5. mgr. 57. gr. gildandi laga, þó að gættri breyttri hugtakanotkun.

Um 67. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 57. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Um þetta efni er þannig fjallað í 30. og 31. gr. reglugerðar nr. 501/1997 um ökuskírteini, með síðari breytingum, og 2. lið í IV. viðauka við reglugerðina.

Í greininni er nú lagt til að lögfestar verði skýrar efnisreglur um æfingaakstur með leiðbeinanda.

Samkvæmt 1. mgr. er nemanda í grunnökunámi sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara á vegum ökuskóla heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Felld er niður 5. mgr. 57. gr. gildandi laga að ekki megi fara fram æfingaakstur vegna aukinna ökuréttinda, en æfingaakstur er eingöngu heimill í tengslum við grunnökunám. Skilyrði til að veita leyfi til leiðbeinanda samkvæmt greininni er að hann hafi a. náð 24 ára aldri, b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki, og c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar. Er þetta ákvæði í að meginstefnu til í samræmi við 2. mgr. 2-liðar IV. viðauka við reglugerð nr. 501/1997.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um tímalengd leyfis til leiðbeinanda og um merkingar ökutækis sem notað er til æfingaaksturs.

Í 4. mgr. er það nýmæli að kveðið er á um að æfingaakstur á bifhjóli skuli fara fram á lokuðu, afmörkuðu svæði þar sem ekki er önnur umferð og leiðbeinandinn getur haft stöðugt eftirlit með nemandanum og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

Í 5. mgr. er mælt svo fyrir að æfingaakstur skuli fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarstofa gefur út. Um æfingaakstur með leiðbeinanda gildi að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði 66. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. mgr. er lagt bann við því að leiðbeinandi taki endurgjald fyrir starf sitt. Leiðbeinendur hafa aðeins leyfi til að sinna æfingaakstri tímabundið og er gjarnan um að ræða foreldra eða önnur skyldmenni sem sinna þessu hlutverki. Ekki er því ætlast til þess að leiðbeinendur veiti reglubundna þjónustu í þessum efnum og taki fyrir hana þóknun. Hafi hlutaðeigandi áhuga á slíku ber honum að æskja starfsleyfis sem ökukennari í samræmi við reglur þar um.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað almennt um kröfur til gerðar, búnaðar og skráningar ökutækja, eins og gert er í VIII. kafla gildandi laga. Með tilliti til þess að í gildandi ákvæðum VIII. kafla er að verulegu leyti að finna reglugerðarheimildir ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um þessi efni er lagt til að ákvæði kaflans sæti þónokkrum efnisbreytingum. Lagt er til að Umferðarstofu verði falið að setja reglur um gerð og búnað ökutækja enda lúta þær fyrst og fremst að tæknilegum kröfum sem gerðar eru til ökutækja.

Um 68. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru efnislega samhljóða 59. gr. gildandi laga. Þó eru gerðar ákveðnar orðalagsbreytingar á 2. mgr. og ítrekað að eigandi eða umráðamaður ökutækis beri ábyrgð á því að ökutækið sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við reglur sem Umferðarstofa setur um gerð og búnað ökutækja á grundvelli 5. mgr. greinarinnar. Þá er lagt til í síðari málslið 2. mgr. að lögfest verði það nýmæli að þegar umráð ökutækis byggist á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki beri umráðamaður þess einn ábyrgðina skv. 2. mgr. Er þá horft til þess sem er tíðkanlegt að ökutæki er keypt með því að gerður er um kaupin eignarleigusamningur við fjármálafyrirtæki sem skráð er sem eigandi ökutækisins, en kaupandi telst þá aðeins umráðamaður. Við þær aðstæður er eðlilegt að hin lögbundna skylda til að haga ástandi ökutækisins í samræmi við gildandi reglur hvíli á umráðamanni. Er þessi tillaga einnig í samræmi við samsvarandi tillögu sem lögð er til í 72. gr. frumvarpsins um skyldu til að færa ökutæki til reglubundinnar skoðunar.

Það nýmæli er í 5. mgr. ákvæðisins að gert er ráð fyrir að Umferðarstofu verði falið að setja reglur um gerð og búnað ökutækja. Þar er gert ráð fyrir að tæknikröfur til gerðar og búnaðar ökutækja, sem að mestu leyti byggjast á gerðum Evrópusambandsins og miða að samræmingu krafna um gerð og búnað ökutækja á Evrópska efnahagssvæðinu, verði settar í reglur sem Umferðarstofu er falið að útfæra.

Um 69. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 62. gr. gildandi laga. Breytingar markast af því að tengitæki fellur nú undir skilgreiningu á eftirvagni, sbr. 3. gr., og er því fellt út úr greininni.

Um 70. gr.

Greinin fjallar um skráningarskyldu ökutækja. Lagt er til að gerð verði breyting frá fyrirkomulagi 63. gr. gildandi laga. Byggt verði á því meginstefnumiði að öll vélknúin ökutæki, sem ætluð eru til notkunar á vegum í almennri umferð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, svo og á snjó eða hjarni, séu skráð og á þau sett viðeigandi skráningarmerki. Á það líka við um vinnuvélar og eftirvagna sem eru minni en 750 kg að heildarþyngd (jeppakerrur). Þá verði viðhaldið gildandi reglum um að sama gildi um dráttarvél, eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Eigi þurfi þó að skrá eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar sem alfarið eru notaðar utan opinberra vega. Sérstök athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að eftirvagn minni en 750 kg að heildarþyngd (jeppakerra) og vinnuvél sem notuð er á vegi í almennri umferð verði skráð, gagnstætt því sem er í gildandi umferðarlögum. Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að vátryggingarskyldu slíkra ökutækja sem miðast fyrst og fremst við notkun þess en ekki eiginleika eða tegund.

Í 2. mgr. er tekið fram að beltabifhjól skuli vera skráningarskylt. Undir það hugtak fellur bifhjól, búið beltum og eftir atvikum stýrimeið/stýrihjóli sem er innan við 400 kg að eigin þyngd, en slík ökutæki eru einkum ætluð til aksturs á snjó eða hjarni. Í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja er beltabifhjól flokkað sem torfærutæki en samkvæmt gildandi lögum má ekki aka torfærutæki á vegi, og er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á því fyrirkomulagi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að ráðherra geti í reglugerð mælt fyrir um skráningu annarra ökutækja en þeirra sem skráningarskyld eru skv. 1. og 2. mgr. Ráðherra geti og ákveðið að ekki þurfi að skrá skráningarskyld ökutæki, sem nær eingöngu eru notuð utan almennrar umferðar. Skuli þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið.

4. mgr. er efnislega samhljóða 64. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra vegna notkunar ökutækis sem skráð er erlendis og ökutækis í eigu erlends ríkis, þar á meðal hvernig og hvenær beri að skrá það hér.

Um 71. gr.

Greinin er að meginstefnu til samhljóða 64. gr. a gildandi laga um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustarfi á skráningarmerki ökutækisins, þ.e. svokölluð einkamerki. Gert er ráð fyrir að heimildin sjálf komi fram í 1. mgr. greinarinnar, en nú kemur hún aðeins fram í 34. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, með síðari breytingum. Áfram verður ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einkamerki, sbr. 3. mgr. Ákvæði 2. mgr. er að mestu samhljóða 2. mgr. 64. gr. a gildandi laga. Lagt er til að gjaldið hækki úr 25.000 kr. í 50.000 kr. en það hefur verið óbreytt frá því að lög nr. 36/1996, um breytingu á umferðarlögum, tóku gildi vorið 1996.

Það skal tekið fram að með 4. gr. laga nr. 69/2007 var bætt við ákvæði 64. gr. a gildandi laga nýjum 2. og 3. málsl. 2. mgr. þar sem mælt var svo fyrir að réttur til einkamerkis gildi í átta ár og að skráður eigandi ökutækis skuli fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Áður var aðeins gert ráð fyrir því í c-lið 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, að réttur til einkamerkis skyldi endurnýjaður á átta ára fresti og að fyrir endurnýjun skyldi greiða sérstakt gjald. Var talið að að af lögmætisreglu íslensks réttar leiddi að nauðsynlegt væri að slíkt ákvæði væri í umferðarlögum. Var þessi breyting gerð til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis frá 13. febrúar 2007 í máli nr. 4843/2006. Þá þótti sanngjarnt að ökumenn 65 ára og eldri væru undanþegnir gjaldi vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Tekið er fram í lögskýringargögnum að baki lögum nr. 69/2007 að frá 65 ára aldri fái ökumenn ökuskírteini útgefin til ákveðins tíma og eftir 80 ára aldur sé þeim gert að endurnýja ökuskírteini sitt árlega. Með hliðsjón af framangreindu þótti eðlilegt að einstaklingar á þessu aldursskeiði þyrftu ekki að greiða fyrir rétt til einkamerkis þar sem ökuskírteini þeirra gildir í skemmri tíma en átta ár.

Um 72. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu til að færa ökutæki til reglubundinnar skoðunar, sbr. 67. gr. gildandi laga, sbr. breytingu með lögum nr. 65/2008.

Ákvæði 1. mgr. 67. gr. gildandi laga mælir aðeins fyrir um heimild ráðherra til að setja reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar. Þessi framsetning er ófullnægjandi, enda er nauðsynlegt að skylda til að færa ökutæki til skoðunar sé lögbundin, ekki síst þegar sérstakt gjald getur komið til vegna vanrækslu á að gæta þeirrar skyldu, sbr. 2.–4. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008. Með þetta í huga er lagt til að lögfest verði fortakslaus og hlutlæg skylda í 1. mgr. til að færa ökutæki, skráð hér á landi, til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar).

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um það að eigandi (umráðamaður) ökutækis beri ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar í samræmi við 1. mgr. Í samræmi við þær röksemdir, sem fram koma í athugasemdum við 68. gr., er þó sérstaklega gert ráð fyrir því að þegar umráð ökutækis byggjast á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki beri umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein. Er þetta ákvæði í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 8/2009.

Með 3. mgr. er lagt til að ráðherra verði falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði aðalskoðunar skv. 1. mgr. Þá setji ráðherra þar ákvæði um skilyrði annarra tegunda skoðunar, þar á meðal skoðunar við afhendingu skráningarmerkja, skráningarskoðunar, vegaskoðunar, skoðunar ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR-skoðunar), skoðunar vegna breytingar á ökutæki og endurskoðunar. Í reglugerðinni skuli ráðherra einnig mæla fyrir um hvernig skoðun skuli fara fram, um skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði og um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 5.–7. mgr. greinarinnar. Um þessi efni er nú fjallað í áðurnefndri reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja og er með ákvæði þessu leitast við að styrkja lagagrundvöll þeirra efnisákvæða sem fram koma í reglugerðinni.

Með 4. mgr. er lögfest sú heimild lögreglu að krefjast þess að ökutæki, sem stöðvað er, sé fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu reynist ástand ökutækisins ekki vera í lögmæltu ástandi. Kemur þetta ákvæði nú fram í 14. gr. reglugerðar nr. 8/2009 en rétt er að það sé lögfest.

Í 5.–7. mgr. er fjallað um svokallað vanrækslugjald, en um það er nú fjallað í 2.–4. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008. Í ákvæðum frumvarpsins er þó lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á gildandi ákvæðum. Þannig er með a-lið 5. mgr. skýrt tekið fram að leggja skuli á umrætt gjald við aðalskoðun eða endurskoðun ef ökutæki er ekki fært til aðalskoðunar fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar, sbr. 3. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Þá er með b-lið 5. mgr. lagt til að sama gildi ef ökutæki er ekki fært til endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns samkvæmt ákvæðum reglugerðar, sbr. 3. mgr. 72. gr. frumvarpsins.

Með 1. málsl. 6. mgr. er áfram lagt til að vanrækslugjald nemi 15.000 kr. Með 2. málsl. er lagt til að skýrt verði mælt fyrir um að lækka skuli gjaldið í 7.500 kr. sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á. Í 3. málsl. 6. mgr. er áfram gert ráð fyrir því að heimilt sé að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Gjaldið geti þó að hámarki orðið 30.000 kr., sbr. 3. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008.

Ákvæði 7. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 67. gr. gildandi laga.

Um 73. gr.

Greinin er samhljóða 69. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að í stað „löggæslumanns“ sé við það miðað að „lögreglan“ hafi ein þá heimild til að taka skráningarmerki af ökutæki við þær aðstæður sem fjallað er um í ákvæðinu. Er það ekki breyting frá framkvæmd gildandi laga.

Um 74. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 71. gr. gildandi laga. Þess skal getið að á grundvelli 7. mgr. 71. gr. gildandi laga hefur ráðherra sett reglugerð nr. 348/2007 um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum sem m.a. er sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE frá 16. desember 1991 um skyldubundna notkun öryggisbelta- og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB um breytingu á áðurgreindri tilskipun frá 1991. Í 5. gr. reglugerðar nr. 348/2007 er fjallað í sex liðum um undanþágur frá notkun öryggisbeltis.

.

Um 75. gr.

Lagt er til að gerð verði sú breyting á gildandi lögum að ákvæði núgildandi 72. gr. taki í grein þessari til bifhjóla og allra annarra vélknúinna ökutækja á ferð sem eru opin og án verndarbúnaðar, svo sem beltabifhjóla. Þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæðið eigi aðeins við um þau tæki sem eru án verndarbúnaðar tekur ákvæðið ekki til blæjubíla, þótt opnir séu, sem búnir eru öryggisbeltum, sbr. 74. gr. frumvarpsins.

Í fyrri málslið 1. mgr. er lagt til að hver sá sem er á ferð á bifhjóli eða öðru vélknúnu ökutæki án verndarbúnaðar, skuli nota hlífðarhjálm sem sérstaklega er ætlaður til slíkra nota og er það óbreytt frá 1. mgr. 72. gr. Ekki þykir þörf á að tiltaka að sama eigi við um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls (eða eftirvagni tengitækis).

Í síðari málslið 1. gr. er lagt til að ökumaður, sbr. 1. málsl., beri ábyrgð á að farþegi noti hlífðarhjálm, en í 2. mgr. gildandi laga nær ákvæðið einungis til farþega sem eru 15 ára eða yngri.

Við umfjöllun um 2. mgr. ber að hafa í huga að með a-lið 1. gr. laga nr. 83/2007 var tveimur nýjum málsliðum bætt við í 1. mgr. 72. gr. gildandi laga. Þar er svo fyrir mælt að hver sá sem sé á bifhjóli skuli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama sé um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 83/2007 er m.a. rakið að Bifhjólasamtökin Sniglarnir hafi barist fyrir umræddri lagabreytingu enda hafi bifhjólum á undanförnum árum fjölgað mjög hér landi sem annars staðar. Með bættu vegakerfi og auknum hraða hafi alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Við þessu þurfi að bregðast með öllum tiltækum ráðum. Slys á ökumönnum og farþegum geti orðið mjög alvarleg. Vörn sem bifhjól veiti í slysum sé ekki í líkingu við þá vörn sem ökumenn og farþegar bifreiða hljóti af sínum ökutækjum. Þegar bifhjólaslys verði kastist bifhjólafólk nær undantekningarlaust af bifhjólinu og lendi á götunni eða í nánasta umhverfi. Af þessu leiði að hlífðarfatnaður sé mikilvægasti öryggisbúnaður bifhjólafólks og geti skipt sköpum um meiðsli ef slys verður.

Eftir að þessi ákvæði komu inn í gildandi umferðarlög hafa forsvarsmenn bifhjólamanna breytt um stefnu og fært fyrir því rök að lögbundin skylda til að klæðast hlífðarfatnaði við almennan akstur bifhjóla sé í raun óframkvæmanleg og hafa þeir því sett sig upp á móti slíku ákvæði í umferðarlögum. Engu síður er það mat hagsmunaaðila að æskilegt sé að bifhjólamenn klæðist slíkum fatnaði og er stöðugum áróðri haldið uppi af hálfu samtaka bifhjólamanna í þessu skyni. Að þeirra mati eiga önnur sjónarmið hins vegar við um akstur óvarinna ökumanna í atvinnuskyni eða þeirra sem taka þátt í keppnisíþróttum tengdum slíkum tækjum.

Að teknu tilliti til framangreindra röksemda og að vandlega skoðuðu máli er lagt til í 2. mgr. að ökumaður og farþegi sem falla undir 1. mgr. skuli, eftir því sem við á, nota annan hlífðarfatnað og búnað (þ.e. annan en hlífðarhjálm). Rétt þykir að gera greinarmun á fortakslausri skyldu til að nota hlífðarhjálm í 1 mgr. annars vegar og notkun á hlífðarfatnaði og búnaði eftir því sem við á hins vegar, sbr. 2. mgr. Með þessu er áréttað að ökumaður og farþegi bifhjóls skuli klæðast þeim búnaði sem hæfir viðkomandi akstri og fellur slíkur fatnaður og búnaður þannig í flokk með öryggisbúnaði og verndarbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir að brot á 2. mgr. leiði til sektargreiðslu.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 72. gr. gildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 5. mgr. 72. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að krafa um notkun öryggisbeltis á bifhjóli eigi við um bifhjól sem eru með veltigrind.

Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að ráðherra setji nánari reglur um flokkun, notkun og kröfur til hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla og annarra vélknúinna ökutækja án verndarbúnaðar, sbr. 2. mgr. Í því sambandi ber að líta til þess að hlífðarfatnaður og búnaður sem fellur undir 2. mgr. eru t.d. hlífðarhanskar, öryggisskór og skyggni (visor), en flestir staðlar sem gilda um fatnað og búnað bifhjólamanna ná eingöngu til útbúnaðar atvinnu- og keppnisökumanna.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 4. mgr. 72. gr. gildandi laga.

Um 76. gr.

Samkvæmt 72. gr. a gildandi laga, sbr. 22. gr. laga nr. 44/1993 og 1. gr. laga nr. 132/2003, getur ráðherra sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar og kemur þessi regla fram í 4. mgr. 76. gr. frumvarpsins. Í reglum nr. 631/1999 um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna er slík skylda lögð á börn yngri en 15 ára. Með 76. gr. frumvarpsins er lagt til að efnisákvæði framangreindra reglna nr. 631/1999 verði lögfestar í samræmi við eitt af meginmarkmiðun frumvarpsins um að helstu hátternisreglur, sem nú er aðeins að finna í stjórnvaldsfyrirmælum, séu lögbundnar.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um gildi þess að hafa hlífðarhjálm á höfði við hjólreiðar. Því er í frumvarpinu einungis kveðið á um að barni yngra en 15 ára sé skylt að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar, sbr. 1. mgr., en í 4. mgr. er ráðherra heimilað að setja ákvæði í reglugerð um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar fyrir þá sem eru 15 ára og eldri. Slíkt yrði þó ekki gert nema að vandlega skoðuðu máli og í samráði við sérfræðinga á þessu sviði.

Síðari málsliður 4. mgr. er nýmæli, en lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja ákvæði í reglugerð um endurskinsfatnað og annan búnað til að gera gangandi og hjólandi vegfarendur sýnilegri í umferðinni og um kröfur til slíks búnaðar. Hér koma t.d. til greina endurskinsvesti fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur, svo og endurskin fyrir hestamenn og hesta, en samsvarandi reglugerðarheimild er nú í 7. mgr. 32. gr. gildandi laga.

Um XIV. kafla.

Kaflinn fjallar um flutning á farmi, hleðslu ökutækis og þyngd þess og stærð, sbr. X. kafla gildandi laga. Lagt er til að gerðar verði ákveðnar grundvallarbreytingar á ákvæðum kaflans eins og nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 77. gr.

Ákvæði greinarinnar svara að meginstefnu til 73. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að lögfestur verði nýr málsliður í upphafi 1. mgr. þar sem mælt er fyrir um þá almennu skyldu að farm ökutækis skuli skorða tryggilega og festa við ökutækið. Kemur þessi meginregla nú fram í fyrri málslið 2. gr. reglugerðar nr. 554/2003 um hleðslu, frágang og merkingu farms. Sem fyrr er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hleðslu og frágang farms og skyldu til að breiða yfir farm og svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm, sbr. fyrri málslið 4. mgr. greinarinnar. Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, sbr. nú 74. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 73. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu er bæti tjón vegna flutnings

þeirra, sbr. nú reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi, með síðari breytingum. Engar sérstakar hátternisreglur um þessi efni koma fram í gildandi lögum. Lagt er til að á því verði gerð breyting.

Í fyrri málslið 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins er lagt til að mælt verði almennt fyrir um að um flutning á hættulegum farmi á landi skuli fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. greinarinnar Þá er í síðari málslið sömu málsgreinar skilgreint hvað felst í hugtakinu „flutningur“ samkvæmt fyrri málsliðnum.

Í 2. mgr. er lögð varúðarskylda á þá sem flytja hættulegan farm í merkingu 1. mgr. Þá er gert skylt að huga að því, áður en hættulegur farmur er fluttur, að umbúðir og merking farmsins sé fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notaður er við flutninginn, skulu jafnframt vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af. Þá má ekki afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess að flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

Í 3. mgr. er að finna meginákvæði um eftirlit með flutningi á hættulegum farmi. Samkvæmt fyrri málslið verður það verkefni lögreglu að hafa eftirlit með sjálfum flutningnum á hættulegum farmi og er það undantekning frá ákvæðum 89. gr. frumvarpsins um að eftirlit með hleðslu, frágangi og merkingu farms sé í höndum eftirlitsmanna Vegagerðarinnar, sjá nánar skýringar við það ákvæði. Umferðarstofa gætir þess að búnaður ökutækis sé í samræmi við reglur skv. 5. mgr. þegar ökutæki er skráð til flutnings á hættulegum farmi.

Í 4. mgr. er það nýmæli að lagt er til að samningur Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi á landi, ADR-samningurinn svokallaði, verði birtur á vefsvæði Umferðarstofu ásamt viðaukum A og B sem skulu uppfærðir jafnóðum og þeir breytast, en það er á tveggja ára fresti. Þannig er tryggt að nýjasta útgáfa samningsins og viðaukanna sé ætíð aðgengileg fyrir þá sem koma að flutningi á hættulegum farmi á landi.

Eftir sem áður verður áfram að gera ráð fyrir reglusetningarheimild ráðherra um flutning á hættulegum farmi, m.a. á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins á þessu sviði. Er þannig mælt svo fyrir í 5. mgr. 78. gr. frumvarpsins að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um flutning á hættulegum farmi skv. 1. mgr., þar á meðal um flokkun hættulegs farms, öryggisbúnað, ábyrgð og skyldur, öryggisráðgjafa, réttindi (ADR-réttindi) sem ökumaður skal hafa til að annast flutning á hættulegum farmi og eftirlit. Eru þetta mun ítarlegri efnisheimildir en er nú að finna í 5. mgr. 73. gr. gildandi laga.

Um 79. gr.

Í greininni er að finna sérstakar reglur um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja. Um þessi efni er nú fjallað í 75. og 76. gr. gildandi laga og reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

Samkvæmt 1. mgr. er lögð sú almenna skylda á ökumann ökutækis, sem fjallað er um í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. greinarinnar, að sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þunga ökutækisins og skuli hann víkja greiðlega fyrir öðrum og nema staðar ef þörf krefur. Með þessari framsetningu er gert ráð fyrir því, eins og nú er, að í reglum sem ráðherra setur komi fram nánari flokkanir á þeim tegundum ökutækja með tilliti til lengdar, breiddar, hæðar og þunga sem lúta þeim sérstöku efnisreglum sem fram koma í greininni.

Samkvæmt 2. mgr. skal ökumaður ökutækis skv. 1. mgr. við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður ganga úr skugga um að það sé unnt

án þess að hætta stafi af eða eignatjón. Er um að ræða samsvarandi reglu og fram kemur í 2. mgr. 75. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 76. gr. gildandi laga, að því undanskildu að í 4. mgr. er lagt til að það verði í höndum Vegagerðarinnar einnar, en ekki veghaldara, ef um annan aðila er að ræða, að veita undanþágur frá reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. Er það og í samræmi við það eftirlits- og sektarhlutverk sem Vegagerðinni verður fengið á þessu sviði með ákvæðum XVI. og XVII. kafla frumvarpsins.

Í 5. mgr. er að finna reglugerðarheimild ráðherra þar sem saman er mælt fyrir um þær heimildir sem nú er að finna í 1. og 3. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. gildandi laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að það verði í höndum Vegagerðarinnar að meta þörf á aðstoð lögreglu við flutning og kalla hana til ef þörf krefur.

Í 6. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna kostnaðar við veitingu undanþágu og eftirlit með að skilyrði séu uppfyllt og enn fremur vegna aðstoðar lögreglu og Vegagerðarinnar við flutning sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Um 80. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 79. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að gerð verði smávægileg breyting á orðalagi þannig að heimild lögreglu til að stjórna umferð þar sem hún telur þess þörf verði fortakslausari í lagatextanum.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 1. mgr. 80. gr. gildandi laga.

Reglugerðarheimildir 2. og 3. mgr. 79. gr. og 2. mgr. 80. gr. gildandi laga er nú að finna saman í 3. mgr. greinarinnar.

Um 81. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að felld verði niður ákvæði 1. mgr. 81. gr. gildandi laga sem mælir fyrir um að vegamálastjóri ákveði hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast til aðalbrauta þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr. laganna. Ljóst er að hugtakið „aðalbraut“ á sér hvorki skírskotun í gildandi lögum að öðru leyti né í vegalögum, nr. 80/2007, sbr. 8. gr. þeirra laga um þjóðvegi. Þá er í annan stað ekki ástæða til að hafa ákvæði af þessu tagi í umferðarlögum sem í eðli sínu kveður á um heimildir veghaldara til að skilgreina eðli og tegund vegar utan þéttbýlis.

Í 1. mgr. er ákvæði 2. mgr. 81. gr. gildandi laga, en lagt til að það sé veghaldari sem kveði á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjórn og lögreglu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Vegagerðin ákveði hraðamörk skv. 36. gr., ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða, en í þéttbýli skal veghaldari leita umsagnar sveitastjórnar og lögreglu skv. 3. mgr.. Ef ákvörðun um hraðamörk lýtur að þjóðvegi sem fer um fleiri en eitt lögregluumdæmi, sbr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, ber að óska eftir umsögnum frá hlutaðeigandi lögreglustjórum.

Í 4. mgr. er lagt til að varanlegar ákvarðanir um stöðvun og lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, megi birta á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

Um 82. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að hluta til samhljóða 82. gr. gildandi laga, en lagt er til að það verði samræmt 2. mgr. 48. gr. vegalaga, nr. 80/2007, þar sem eðlilegt er að regla af þessu tagi, sem

felur í sér heimild veghaldara til að hafa áhrif til takmörkunar eða banns við umferð á vegi, komi fram í umferðarlögum. Jafnframt er lagt til að veghaldari hafi samráð bæði við lögreglu og almannavarnanefnd, þegar það á við, vegna ákvörðunar um takmörkun eða bann við umferð um stundarsakir á vegi, sem hættulegur er vegna skemmda eða af öðrum orsökum, þar til viðgerð er lokið. Í lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, er fjallað um starfsemi almannavarnanefnda og vísast til þeirra laga um aðkomu almannavarnanefndar að ákvörðunum sem falla undir 1. mgr.

Það nýmæli er lagt til í 2. mgr. að sveitarstjórn og Vegagerðin geti bannað umferð um stundarsakir vegna mengunar sem er yfir leyfilegum mörkum samkvæmt viðmiðum. Er hér aðallega átt við svifryksmengun. Eins og fram kemur í IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið orsakar umferð ökutækja um 20% af heildarútblæstri gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Í þéttbýli hefur ítrekað komið upp sú staða að mengun frá útblæstri ökutækja fer yfir leyfileg mörk. Því þurfa veghaldari eða sveitarstjórn að hafa möguleika á að grípa til ráðstafana til að draga úr slíkri mengun til að vernda heilsu almennings. Til grundvallar slíkum takmörkunum verða þó að liggja haldbærir útreikningar sérfræðinga á þörf fyrir slíkar umferðartakmarkanir.

Í 3. mgr. eru talin upp úrræði og takmarkanir sem unnt er að grípa til í því skyni að draga úr mengun frá ökutækjum, en lögð skal áhersla á að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og er gert ráð fyrir að þetta verði nánar útfært í reglugerð, sbr. 5. mgr.

4. mgr. er nýmæli en þar er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða gjald allt að 20.000 kr. sem lagt er á eigendur eða umráðamenn ökutækis sem ekur með negldum hjólbörðum. Þessu ákvæði er ætlað annars vegar að minnka notkun negldra hjólbarða til að koma í veg fyrir mengun vegna svifryks og kostnað sveitarfélaga við að halda slíkri mengun í skefjum og hins vegar að hlífa vegum vegna notkunar á negldum hjólbörðum. Hefur slíkt fyrirkomulag tíðkast víða erlendis og gefið góða raun.

Gert er ráð fyrir að ökumenn ökutækja sem aka inn á svæði þar sem gjaldskylda er fyrir hendi geti keypt leyfi fyrir einstakt skipti í stað þess að þurfa að kaupa leyfi fyrir það tímabil sem notkun negldra hjólbarða er heimil.

Í 5. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra til takmörkunar á umferð vegna mengunar og frekari útfærslu á 1.–4. mgr.

Um 83. gr.

Ákvæðið fjallar um stöðukort og stöðureiti og er efnislega samhljóða 83. gr. gildandi laga.

Um 84. gr.

Í 78. gr. a gildandi laga er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. Á þeim grundvelli hefur verið sett reglugerð nr. 369/2000 um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, með síðari breytingum.

Með ákvæði þessu er lagt til að lögfest verði nýmæli þar sem í lögunum sjálfum verði mælt fyrir um helstu efnisreglur um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, enda fela þessar reglur í sér undanþágur frá almennum reglum um bann við stöðvun og lagningu ökutækja. Koma þessar reglur nú fram í áðurnefndri reglugerð nr. 369/2000, en áfram verður gert ráð fyrir því að ráðherra hafi heimild til að mæla nánar fyrir um þessi atriði í reglugerð, sbr. 6. mgr. greinarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er samhljóða 1. gr. reglugerðar nr. 369/2000.

Um 85. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. samsvarar 85. gr. gildandi laga, en lagt er til að veghaldari komi í stað lögreglustjóra í greininni. Í 4. mgr. er að finna þá reglugerðarheimild um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa, hljóðmerkja o.fl. sem er að finna í 84. gr. gildandi laga.

Um 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 86. gr. gildandi laga og fjallar um skyldu þess sem stjórnar vegavinnu að merkja stað á fullnægjandi hátt. Í 2. málsl. er kveðið upp úr um að veghaldari beri ábyrgð á merkingum vega, en hann geti með samningi falið þeim sem annast framkvæmd við veg að setja upp fullnægjandi merkingar. Það skal ítrekað, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, að hugtakið veghaldari er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. vegalaga, nr. 80/2007, þannig: „Sá aðili sem hefur veghald vegar.“ Þá eru veghaldarar nánar upp taldir í 13. gr. sömu laga þannig að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sveitarfélög veghaldarar sveitarfélagsvega en eigendur einkavega hafi veghald þeirra.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 77. gr. gildandi laga að breyttu breytanda.

Í 3. mgr. er lagt til að mælt verði svo fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdir á eða við veg, m.a. um gerð öryggisáætlunar og um ábyrgð veghaldara og verktaka við að tryggja öryggi á framkvæmdarstað.

Um 87. gr.

Ákvæðið er samhljóða 87. gr. gildandi laga, en lagt er til að notað verði orðið „ljósaskilti“ í stað „ljósabúnaðar“ í 1. mgr. sem þykir gleggra.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hið almenna vegaeftirlit lögreglu með ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja. Þá er í annan stað að finna efnisreglur um hið sértæka eftirlit Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Vegagerðin hefur frá gildistöku laga 84/2004, um breytingu á umferðarlögum, haft eftirlit með akstursog hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita í því sambandi, svo og með heildarþyngd og ásþunga ökutækja. Eftirlitið hefur að verulegu leyti farið fram í samvinnu við lögregluna þegar stöðva þarf ökutæki og taka skýrslur af ökumönnum. Með lögum nr. 66/2006 var þetta eftirlitshlutverk Vegagerðarinnar styrkt frekar, sbr. 68. gr. gildandi laga, þannig að stofnunin hefur haft á hendi sérhæft eftirlit með tilteknum skýrt afmörkuðum þáttum. Er gildandi heimild bundin við eftirlit sem krefst tiltekins búnaðar og þekkingar á ökutækjum og flutningum, svo sem vigtun ökutækja, álestur og úrvinnslu gagna úr ökuritum og skoðun á frágangi farms og hleðslu.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 66/2006, sem fólu í sér tilteknar breytingar á gildandi umferðarlögum, er rakið að mikilvægt sé að umferðareftirlit á þjóðvegum sé öflugt, ekki síst vegna aukins fjölda ökutækja og aukinna farmflutninga. Miklir hagsmunir séu af því að þungatakmarkanir séu virtar. Of þungar bifreiðar á vegum geti valdið skemmdum á yfirborði og/eða burðarlagi vega. Viðgerð geti verið afar kostnaðarsöm og sé því nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir með eftirliti með þunga farmflutningabifreiða.

Með frumvarpi þessu er framangreindri löggjafarstefnu viðhaldið og leitast við að efla enn frekari þátt Vegagerðarinnar í hinu sérhæfða eftirliti sínu með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn af leyfðri heildarþyngd á vegum landsins. Er þá enn horft til þess sem segir í

framangreindum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 66/2006, að skv. 3. gr. tilskipunar 96/96/EB skuli sérhvert aðildarríki taka upp tæknilegt eftirlit á vegum þannig að markmiðum 1. gr. verði náð að því er varðar farmflutningabifreiðir, sem falla undir tilskipunina, með tilliti til innlendra reglna sem eiga við um slík ökutæki samkvæmt tilskipun 96/96/EB. Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 680/2002 sem breyting á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378/1998. Hagkvæmt sé að eftirlit beinist að öllum þeim atriðum sem skoða ber samkvæmt gildandi reglum þegar ökumaður farmflutningabifreiðar hefur sinnt stöðvunarmerki lögreglu eða eftirlitsmanns á vegum úti. Er í því sambandi átt við reglur um þungatakmarkanir, aksturs- og hvíldartíma og frágang farms.

Það er ljóst að gildandi fyrirkomulag, sem lögfest var upphaflega með lögum nr. 84/2004 og síðan breytt í núverandi horf með lögum nr. 66/2006, sbr. 68. gr. gildandi laga, hefur ekki gengið sem skyldi. Fyrir liggur að hið sérhæfða eftirlit Vegagerðarinnar hefur ekki náð tilgangi sínum að fullu sökum þess að gildandi lög gera ráð fyrir að öll mál, þar sem grunur leikur á um brot á þeim reglum sem Vegagerðinni er ætlað að fylgjast með skv. 68. gr. gildandi laga, skuli send lögreglu í hefðbundinn farveg sakamála.

Að þessu virtu er með ákvæðum í þessum kafla frumvarpsins og XVII. kafla um stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar vegna ýmissa brota ökumanna sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að brot á ákvæðum laganna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna um stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, um búnað slíkra ökutækja og um hleðslu, frágang og merkingu farms, að undanskildum hættulegum farmi, sbr. 78. gr., skuli almennt séð ekki sæta viðurlögum í formi refsinga, þ.e. fjársekta eða fangelsis, heldur varði slík brot stjórnvaldssektum sem ákveðnar verða af Vegagerðinni í samræmi við eftirlitshlutverk hennar samkvæmt þessari grein. Með því er lagt til að refsikennd viðurlög við brotum af þessum tagi séu sett í farveg hefðbundinna stjórnsýslumála þar sem upphafleg stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar sé tekin hjá Vegagerðinni, en að sú ákvörðun sé síðan kæranleg til samgönguráðherra. Er þá horft til þess að brot á umræddum reglum eru í eðli sínu byggð á tiltölulega fastmótuðum og hlutlægum reglum. Þá verður talið að almennu réttaröryggi sé viðhaldið með því að Vegagerðinni verður nú við framkvæmd þessara mála til undirbúnings ákvörðun um hvort leggja skuli á stjórnvaldssekt að fylgja reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, m.a. um rannsókn mála og um andmælarétt og upplýsingarétt aðila máls, ásamt óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar, sbr. 2. mgr. 90. gr. frumvarpsins. Má einnig vænta þess að mál af þessu tagi fái með þessu fyrirkomulagi skjótvirkari afgreiðslu. Þá er tryggt að ákvörðun Vegagerðarinnar um álagningu stjórnvaldssektar geti hverju sinni fengið endurskoðun á grundvelli stjórnsýslukæru hjá viðkomandi ráðuneyti, eins og fyrr greinir, sbr. nánar 6. mgr. 92. gr. frumvarpsins. Ef aðili máls er áfram ósáttur við lúkningu slíkra mála getur hann í samræmi við grundvallarreglur íslensks réttar, sbr. 60. gr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, skotið máli til dómstóla eða leitað til umboðsmanns Alþingis, sbr. lög nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Um 88. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 1. mgr. 68. gr. gildandi laga. Þó er áréttað að lögreglan hefur eftirlit með því hvort gætt hafi verið reglna 78. gr. um flutning á hættulegum farmi, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Ekki er hróflað við því fyrirkomulagi samkvæmt gildandi lögum að almennt umferðareftirlit í þéttbýli og á þjóðvegunum sé sem fyrr eitt af meginviðfangsefnum lögreglunnar.

Ákvæði 2. mgr. tekur mið af þeirri kerfisbreytingu sem rakin er í meginatriðum í athugasemdum við XVI. kafla. Er þannig gert ráð fyrir því að skýr skil verði á milli hins almenna vegaeftirlits lögreglu er lýtur að ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja og hins sértæka eftirlits Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Að undanskildu eftirliti með flutningi á hættulegum farmi, sbr. 78. gr. frumvarpsins, verður það verkefni eftirlitsmanna Vegagerðarinnar að hafa eftirlit með því hvort gætt hafi verið ákvæða IX. kafla frumvarpsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. frumvarpsins um búnað ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, 77. gr. frumvarpsins um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 3. og 4. mgr. 79. gr. frumvarpsins um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja, eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða.

Ákvæði 2. mgr. gerir þannig ráð fyrir því að telji lögregla við framkvæmd hins almenna vegaeftirlits skv. 1. mgr. að ástæða sé til að ætla að í akstri ökutækis, af þeirri gerð sem hér um ræðir, hafi verið brotið gegn framangreindum ákvæðum skuli lögregla kalla til eftirlitsmenn Vegagerðarinnar. Fer þá um athugun einstakra mála af hálfu Vegagerðarinnar með þeim hætti sem greinir í 89.–91. gr. frumvarpsins.

Um 89. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hið sértæka eftirlit Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd.

Ákvæði 1. mgr. tekur að nokkru marki mið af 2. mgr. 68. gr. gildandi laga, en hér er gerð tillaga um að heimild eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til að stöðva ökutæki af þeirri gerð sem hér um ræðir verði víðtækari en nú er að því leyti að það taki samkvæmt frumvarpsgreininni einnig til athugunar á búnaði slíkra ökutækja, sbr. 68. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 4. mgr. 68. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skylda ökumanns vöruflutninga- eða hópbifreiðar verði víðtækari að því leyti að honum beri skylda til að hlíta því að gerðar verði aðrar þær athuganir af hálfu eftirlitsmanna sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits samkvæmt þessari grein. Ljóst er hins vegar að þeirri heimild verður að beita af varfærni og gæta verður þess að ekki sé gengið lengra hverju sinni en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 155/2007, um stærð og þyngd ökutækja. Samkvæmt ákvæðinu ber ökumanni að fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns um að létta ökutækið eða gera aðrar ráðstafanir um áframhaldandi akstur þess reynist heildarþyngd eða ásþungi ökutækisins meiri en heimilt er.

Um 90. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingaskyldu og andmælarétt ökumanns og flytjanda í tilefni af eftirliti Vegagerðarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú fortakslausa skylda ökumanns eða flytjanda að láta Vegagerðinni í té þau gögn sem nauðsynleg þykja til athugunar einstakra mála skv. 2. mgr. 89. gr. Málsgreinin er að öðru leyti samhljóða 5. mgr. 68. gr. gildandi laga, sbr. 12. gr. laga nr. 66/2006.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli sem tekur mið af nýju hlutverki Vegagerðarinnar skv. XVI. kafla frumvarpsins. Ber stofnuninni að gefa aðilum málsins kost á að gæta andmæla áður en tekin er ákvörðun um stjórnvaldssekt skv. 92. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða áréttingu á grundvallarreglu stjórnsýsluréttar um andmælarétt aðila máls, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga,

nr. 37/1993, en ákvarðanir Vegagerðarinnar á grundvelli 92. gr. frumvarpsins eru ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Er þannig einnig áréttað í 2. mgr. 90. gr. að Vegagerðin skuli að öðru leyti gæta ákvæða stjórnsýslulaga við undirbúning slíkra ákvarðana.

Um 91. gr.

Ákvæðið er að meginstefnu til samhljóða 6. mgr. 68. gr. gildandi laga, sbr. 12. gr. laga nr. 66/2006. Áfram er við það miðað að ráðherra setji nánari reglur í reglugerð um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki, tækjabúnað og framkvæmd eftirlits skv. 89. og 90. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að skýrar reglur liggi fyrir um þessi atriði þannig að eftirlit samkvæmt greininni verði faglegt og virkt, ekki síst með það í huga að eftirlitið er liður í undirbúningi ákvarðana um álagningu stjórnvaldssekta. Þá er lagt til með greininni að reglugerðarheimild ráðherra taki einnig til setningar nánari reglna um málsmeðferð Vegagerðarinnar skv. 89. og 90. gr. frumvarpsins.

Um XVII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um heimildir Vegagerðarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota við akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Um þau löggjafarsjónarmið sem ákvæði kaflans styðjast við vísast til almennra athugasemda að baki XVI. kafla.

Það fyrirkomulag sem lagt er til í þessum kafla, þ.e. að brot á ákvæðum laganna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og þess háttar varði stjórnvaldssektum er í samræmi við þróun á þessu sviði þar sem ekki er um hefðbundin brot á umferðarlögum að ræða. Er það fyrirkomulag sem gerð er tillaga um í samræmi við framkvæmd þessara mála í ýmsum öðrum löndum, svo sem í Noregi, Þýskalandi og Bretlandi, en þar fer VOSA (The Vehicles and Operator Services Agency) með framkvæmd eftirlits og fullnustu á þessu sviði.

Um 92. gr.

Með 1. mgr. er mælt fyrir um það verkefni Vegagerðarinnar að ákvarða stjórnvaldssektir á hendur þeim ökumönnum sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd sem brotið hafa gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. IX. kafli frumvarpsins, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Það skal tekið fram að lagt er til að í þeim tilvikum þegar ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. frumvarpsins á þremur undanförnum árum og er á ný grunaður um slíkt brot falli heimild Vegagerðarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir niður, sbr. 2. mgr. 93. gr. frumvarpsins. Þriðja brot ökumanns gegn ákvæðum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns verði þannig talið refsivert brot sem varði sektum á grundvelli XVIII. kafla frumvarpsins, sbr. ákvæði 2. mgr. 94. gr. frumvarpsins, sem nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Með 2. mgr. er gert ráð fyrir því að heimild Vegagerðarinnar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. nái einnig til brota á ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt lögunum um þau atriði sem greinir í a–d-lið. Það er enda ljóst að um framangreind atriði er að verulegu leyti gert ráð fyrir nánari útfærslu ráðherra með stjórnvaldsfyrirmælum.

Samkvæmt 3. mgr. nær heimild Vegagerðarinnar til álagningar stjórnvaldssekta einnig til þess að ákvarða lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni slíka sekt ef ökumaður á vegum lögaðilans sætir sektum skv. 1. mgr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Er þetta ákvæði að nokkru marki sambærilegt við síðari málslið 3. mgr. 100. gr. gildandi laga, en er eðli máls samkvæmt víðtækara að efni til þar sem hér er ekki gert ráð fyrir hefðbundinni fjársekt til handa lögaðila vegna refsiverðrar háttsemi ökumanns heldur er um að ræða stjórnvaldssektir sem teljast til refsikenndra viðurlaga. Er þá gengið út frá því að ef brot skv. 1. mgr. þessarar greinar eigi sér stað í atvinnurekstri, og brot hefur orðið til hagsbóta fyrir lögaðila eða getur orðið til hagsbóta fyrir slíkan aðila, sé rétt, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að heimilt verði að leggja stjórnvaldssekt á lögaðilann við þær aðstæður. Er þá við það miðað að lögaðilinn geti í rekstri sínum leitast við að tryggja að ökumenn á hans vegum fari að þeim reglum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. og reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögunum um þau atriði sem þar greinir.

Með 4. mgr. er ráðgert að stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar geti numið allt að 300.000 kr. og skuli nánar kveða á um sektarfjárhæðir vegna einstakra brota í reglugerð sem ráðherra setur. Ljóst er að fastmótaðar reglur í þessum efnum í reglugerð, sem taka skulu mið af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða, girða fyrir sjálfstætt mat Vegagerðarinnar á þeim fjárhæðum stjórnvaldssekta sem við eiga í hverju tilviki.

Í 5. mgr. er fjallað um innheimtu sekta.

Í 6. mgr. er að finna heimild til að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar um stjórnvaldssektir til ráðherra innan mánaðar frá því að slík ákvörðun var tilkynnt aðila. Er því um að ræða styttri kærufrest en almennt gildir í stjórnsýslunni, en nauðsynlegt er að mál þessi fái skjótvirkan framgang innan stjórnsýslukerfisins. Í samræmi við þetta er í síðari málslið sömu málsgreinar gert ráð fyrir því að ráðherra skuli kveða upp úrskurði í tilefni af kæru vegna ákvörðunar Vegagerðarinnar um stjórnvaldssekt innan tveggja mánaða frá því kæra berst.

Samkvæmt 7. mgr. er Vegagerðinni veitt heimild til að gefa ökumanni eða lögaðila kost á allt að 25% afslætti af fjárhæð stjórnvaldssektar ef sektin er greidd að fullu innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Er rétt og eðlilegt að sambærilegt hagræði fyrir ökumann og lögaðila eigi hér við eins og þegar um almennar fjársektir er að ræða. Er þetta og sama regla og fram kemur í 9. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 8. mgr. er fjallað um aðfararhæfi ákvarðana Vegagerðarinnar um stjórnvaldssektir á hendur lögaðila sem annast farþega- eða farmflutninga í atvinnuskyni.

Um 93. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um samspil málsmeðferðar Vegagerðarinnar skv. XVII. og XVIII. kafla frumvarpsins og almennrar málsmeðferðar lögreglu, og þá einkum um þau tilvik þegar Vegagerðinni ber að vísa máli til lögreglu.

Í 1. mgr. er ráðgert að þegar meint brot á lögunum varða bæði stjórnvaldssektum skv. 92. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla skuli Vegagerðin vísa þeim hluta málsins sem varðar refsiábyrgð til lögreglu. Er hér er m.a. horft til þess fyrirkomulags sem nú gildir skv. 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 5. gr. laga nr. 52/2007.

Eins og fyrr er rakið er gert ráð fyrir því að þriðja brot ökumanns á undangengnum þremur árum gegn ákvæðum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns verði talið refsivert brot sem varði sektum á grundvelli XVIII. kafla frumvarpsins, sbr. a-lið 1. mgr. 92. gr. frumvarpsins. Er því með 2. mgr. þessarar greinar lagt til að í þeim tilvikum þegar grunsemdir vakna hjá

Vegagerðinni um þriðja brot ökumanns gegn þessum ákvæðum skuli Vegagerðin vísa máli hans til lögreglu sem fer þá með rannsókn þess í samræmi við almennar reglur um meðferð sakamála. Er þannig gert ráð fyrir því í 2. mgr. 94. gr. og 101. gr. frumvarpsins, sem nánar verða raktar hér síðar, að þriðja brot ökumanns gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma geti varðað fjársektum og eftir atvikum sviptingu ökuréttar.

Samkvæmt 3. mgr. skal Vegagerðin við framvísun máls skv. 1. eða 2. mgr. láta lögreglu í té afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Við ákvörðun Vegagerðarinnar um framvísun máls gilda ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki. Er hér því lagt til að tekið verði upp sambærilegt fyrirkomulag að þessu leyti og nú er að finna í 4. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 5. gr. laga nr. 52/2007.

Með 4. mgr. er leitast við að girða fyrir að upplýsingar, sem maður hefur veitt Vegagerðinni, verði notaðar sem sönnunargagn í sakamáli sem rannsakað er af hálfu lögreglu eða höfðað er gegn honum vegna brota sem varða refsingu skv. XVIII. kafla frumvarpsins. Er hér að nokkru leyti horft til framsetningar ákvæðis 2. mgr. 42. gr. a samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 6. gr. laga nr. 57/2007.

Um XVIII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um refsingar vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Ljóst er að umferðarlöggjöf er í eðli sínu sérrefsilöggjöf þar sem leitast er við með boðum og bönnum að hafa áhrif á breytni vegfarenda í umferðinni, einkum þeirra sem aka vélknúnum ökutækjum, einnig eftir atvikum annarra, svo sem þeirra er fara um á reiðhjólum og gangandi vegfarenda. Með lögfestingu refsireglna á sviði umferðarmála er þannig brugðist við þeirri eðlislægu hættu fyrir líf manna og heilbrigði sem stafar af umferð ökutækja. Í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins, um að herða á reglusetningu á sviði umferðarmála, er þannig lagt til að refsireglum á þessu sviði verði breytt í því skyni að auka varnaðaráhrif refsinganna með hærri fjársektum og lengri sviptingartíma ökuréttar. Með ákvæðum í þessum kafla er því að verulegu leyti vikið skýrt og afdráttarlaust frá gildandi dómvenjum á þessu sviði, eins og nánar verður vikið að í skýringum við einstök ákvæði.

Helstu breytingar á ákvæðum um refsingar, sem gerð er tillaga um í þessu frumvarpi eru þessar:

Horfið er frá núverandi fyrirkomulagi um notkun almennrar refsireglu og tekin upp sértæk refsiregla með beinum tilvísunum til hátternislýsinga sem varða annars vegar sektum og hins vegar sektum og fangelsi, sjá 94. og 95. gr.

Lagt er til að lögfest verði sérákvæði um hlutlæga refsiábyrgð eiganda vélknúins ökutækis vegna brota gegn tilgreindum ákvæðum frumvarpsins þegar aksturinn er myndaður í löggæslumyndavél, sjá 4. mgr. 94. gr.

Ítrekaður ölvunarakstur, þegar vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið yfir 2‰ eða vínandamagn í lítra lofts 1,00 milligramm eða meira, skal varða fangelsi eigi skemur en í 30 daga, sjá 2. mgr. 95. gr.

Lagt er til að núverandi fyrirkomulag um sektarreglugerð ráðherra verði óbreytt en þó verði heimilt að mæla þar fyrir um sektir allt að 500.000 kr., sjá 97. gr.

Tímalengd sviptingar ökuréttar vegna brota gegn bannákvæðum laganna um ölvunarakstur og vímuefnaakstur verði aukin, sjá 102. gr.

Verulegar breytingar eru gerðar á ákvæði um endurveitingu ökuréttar, sjá 106. gr.

Breytingar eru gerðar á ákvæði um akstursbann byrjanda sem fengið hefur bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, sjá 107. gr.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum breytingartillögum, sem tilgreindar eru hér að framan, í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 94. gr.

Núverandi fyrirkomulag á refsireglum XIV. kafla gildandi laga er í grundvallaratriðum byggt þannig upp að í 1. mgr. 100. gr. er að finna almenna refsireglu sem gerir ráð fyrir að fyrir hvers kyns brot á lögunum, eða reglum settum samkvæmt þeim, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Það er einkenni slíkra almennra refsireglna að enginn greinarmunur er gerður í slíkum ákvæðum á milli einstakra hátternislýsinga heldur er þar að finna eyðutilvísun án nánari afmörkunar. Með 94. gr. frumvarpsins er lagt til að horfið verði frá slíkri framsetningu, enda er hún bæði lagatæknilega óheppileg auk þess sem hún kann að valda vandkvæðum í framkvæmd út frá sjónarmiðum um skýrleika refsiheimilda.

Samkvæmt 1. mgr. skal sá sæta sektum sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim:

1. 4. gr. um tillitssemi og leyfilegan hávaða vegna umferðar ökutækja.
2. 1.–2. mgr. 5. gr. um háttsemi í eða á ökutæki eða á vegi.
3. 6. gr. um bann við að henda út úr ökutæki eða skilja eftir á vegi eða strengja yfir veg það sem hættu getur valdið fyrir aðra vegfarendur.
4. 7. gr. um bann við akstri gegn rauðu umferðarljósi og í andstöðu við leiðbeiningar og fyrirmæli um umferð.
5. 8. gr. um bann við rekstri búfjár.
6. 9. gr. um hraða og umferð á vistgötum.
7. 10.–13. gr. um forgangsakstur, um bann við aðkomu að slys- eða brunastað og við því að rjúfa eða hindra lögmæta hópgöngu, um skemmdir á umferðarmerkjum og um skyldur vegfarenda við umferðaróhöpp.
8. 16.–34. gr. sem mæla fyrir um almennar umferðarreglur fyrir ökumenn.
9. 38.–40. gr. sem mæla fyrir um sérreglur um akstursíþróttir, aksturskeppni og torfærutæki.
10. 41. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. um umferðarreglur fyrir hjólreiðamenn.
11. 43. gr. um akstur bifhjóla.
12. 3. mgr. 48. gr. um að neita að veita atbeina sinn við rannsókn skv. 2. mgr. sömu greinar.
13. 50. gr. um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.
14. 54. gr. um notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar í akstri.
15. 66. og 67. gr. um kennsluakstur og æfingaakstur.
16. 69. gr. um tengingu og drátt ökutækja.
17. 70. gr. um skráningu ökutækja.
18. 74. gr. og 1. og 4. mgr. 75. gr. um öryggisbelti og annan öryggis- og verndarbúnað í akstri ökutækis og bifhjóls.
19. 78. gr. um flutning á hættulegum farmi.
20. 1. og 2. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.
21. 2. mgr. 85. gr. um bann við því án leyfis lögreglustjóra eða Vegagerðarinnar að setja umferðarmerki á eða við veg.
22. 86. og 87. gr. um merkingu við veg og auglýsingaskilti við veg.
23. 1. mgr. 90. gr. um upplýsingaskyldu ökumanns og flytjanda í tilefni af eftirliti Vegagerðarinnar.

Í 2. mgr. 94. gr. er fjallað um þau tilvik þegar ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á þremur undangengnum árum vegna brota gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. a-lið 2. mgr. 92. gr. frumvarpsins, og brýtur að nýju gegn ákvæðum sama kafla. Er gert ráð fyrir að þá skuli hlutaðeigandi hljóta hefðbundna fjársekt, sbr. nánar í athugasemdum við 93. og 94. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að heimilt verði að gera skráðum eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis sekt, ef það hefur verið notað við brot gegn 35. eða 36. gr. laga þessara, án þess að sýnt sé fram á ásetning eða gáleysi hans, ef brot ökumanns varðar ekki punktum skv. 2. mgr. 100 gr., enda sé aksturinn myndaður í löggæslumyndavél og ökumaðurinn hefur ekki notað ökutækið í heimildarleysi. Er hér um svokallaða hlutlæga refsiábyrgð að ræða. Er þessi heimild háð því skilyrði að fyrir liggi að hraðakstursbrot, sem myndað er í löggæslumyndavél, varði ekki ökumann ökutækisins punktum samkvæmt punktakerfi 2. mgr. 100. gr. frumvarpsins og reglugerð ráðherra. Ef svo er kemur hlutlæg ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækis á þessum grundvelli ekki til greina. Aðalábyrgðin verður því sem fyrr reist á saknæmi ökumanns sem sætir sektum, sbr. 1. mgr. 95. gr., og eftir atvikum sviptingu ökuréttar skv. 100. gr., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Þessi tillaga um refsiábyrgð í formi hlutlægrar refsiábyrgðar eiganda vélknúins ökutækis hefur kosti og galla. Kostir hennar eru einkum þeir að með henni verður eftirlit og úrlausn brota gegn ákvæðum um akstursháða gert skilvirkara í framkvæmd. Til að staðreyna brot á hlutlægum grundvelli, að öðrum skilyrðum uppfylltum, þarf aðeins að ganga úr skugga um hver er skráður eigandi eða umráðamaður þess vélknúna ökutækis sem myndað hefur verið í löggæslumyndavél og sætir hann sektum óháð því hvort hann hefur sjálfur eða annar maður ekið í umrætt sinn. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að umrætt ökutæki sé ekki notað í heimildarleysi og þá í þeirri merkingu að ekki liggi fyrir að ökutækið hafi verið tekið ófrjálsri hendi, sbr. einkum 244. gr. eða 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, og eigandinn eða umráðamaður því sviptur virkum eignarráðum þess með ólögmætum hætti. Hafi eigandi eða umráðamaður þannig lánað öðrum ökutækið til notkunar eru hlutlæg skilyrði ákvæðisins uppfyllt þótt lántaki fari út fyrir heimildir sínar við notkun þess. Með þessu fyrirkomulagi er eiganda eða umráðamanni ökutækis gert skylt að hafa virka umsjón og eftirlit með ökutæki sínu, t.d. gagnvart nánum aðstandendum, svo sem maka eða börnum, og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru svo að það sé ekki notað með þeim hætti sem fer í bága við framangreindar reglur umferðarlaga. Gallar hlutlægrar refsiábyrgðar felast einkum í því að um er að ræða frávik frá hefðbundinni tilhögun refsiábyrgðar þar sem jafnan er áskilið að sá er sætir refsiábyrgð hafi sýnt er saknæma háttsemi. Þó er ljóst að hlutlæg ábyrgð er heimil að íslenskum rétti, enda sé skýrlega mælt fyrir um hana í lögum, sbr. Hrd. 2000, bls. 280. Dæmi um hlutlæga refsiábyrgð er t.d. að finna í 3. mgr. 170. gr. tollalaga, nr. 88/2005, en það ákvæði er þó byggt á öðrum löggjafarsjónarmiðum en hér eiga við.

Eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis verður aðeins gerð sekt á grundvelli 4. mgr., enda er ekki fullnægt skilyrðum 100. gr. um sviptingu ökuréttar nema sýnt sé fram á saknæmi hans sem ökumanns. Hafi eigandi verið ökumaður í umrætt sinn, og brot hans varðar ekki punktum, er ábyrgðin valkvæð að því leyti að velja má á milli þess að sekta hann á grundvelli 5. mgr. eða á grundvelli 1. mgr., enda sé sýnt fram á að hefðbundnum saknæmisskilyrðum sé fullnægt.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir því að sé skilyrðum 3. mgr. fullnægt, og lögaðili er eigandi ökutækis, sé heimilt að gera honum sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 95. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sá skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim:

1. 35.–37. gr. um ökuhraða.
2. 44.–49. gr. um bann við ölvunarakstri og vímuefnaakstri.
3. 55. gr. um skilyrði þess að mega stjórna ökutæki.
4. 59. gr. um skilyrði þess að mega stjórna dráttarvél og vinnuvél.

Ekki er lagt til að hámarkstími fangelsisrefsingar samkvæmt frumvarpinu verði lengdur og því miðað við tveggja ára fangelsi eins og er skv. 1. mgr. 100. gr. gildandi laga. Á hinn bóginn er það stefnumið frumvarpsins með þeirri breyttu framsetningu á refsireglum umferðarlaga, sem hér er gerð tillaga um, að í ríkari mæli verði gripið til fangelsisrefsingar vegna alvarlegra brota gegn þeim ákvæðum sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar. Er það og í samræmi við þá auknu lengd sviptingartíma ökuréttar vegna ölvunar- og vímuefnaaksturs sem nánar er mælt fyrir um í 100. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi verður og að ítreka það samspil sem er á milli ákvæða umferðarlaga um ökuhraða og um bann við ölvunar- og vímuefnaakstri, þegar veruleg hætta skapast af akstri eða brot er að öðru leyti alvarlegt, og þeirra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem eiga sérstaklega við um akstur vélknúins ökutækis, svo sem 1. mgr. 165. gr., sbr. 167. gr., og 168. gr.

Lagt er til að við c-lið 3. mgr. verði bætt almenningsvagni, sbr. skýringu í 3. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við framangreind stefnumið um að herða skuli refsingar fyrir alvarleg brot gegn ákvæðum umferðarlaga, einkum um ökuhraða og um ölvunar- og vímuefnaakstur, er lagt til í 2. mgr. greinarinnar að þegar stjórnandi vélknúins ökutækis hefur ítrekað brot gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira, skuli hann þá sæta fangelsi eigi skemur en 30 daga. Samkvæmt ríkjandi dómvenju er gert ráð fyrir því að ökumaður sem brotið hefur af sér í þriðja skipti gegn bannákvæðum gildandi laga um ölvunarakstur skuli sæta fangelsi í 30 daga. Með fyrrgreindu nýmæli er ekki ætlunin að hrófla að meginstefnu til við þeirri dómvenju, en lagt til að það frávik verði gert frá henni að í þeim tilvikum þegar ökumaður hefur í annað skipti brotið gegn banni við stórfelldum ölvunarakstri, sbr. 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr., og vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira, skuli hann þá þegar sæta fangelsi eigi skemur en í 30 daga. Er þá lagt til grundvallar að akstur vélknúins ökutækis undir slíkum kringumstæðum sé til þess fallinn að valda gífurlegri hættu, enda ökumaður með öllu ófær um að stjórna ökutæki. Er því með þessari tillögu leitast við að auka varnaðaráhrif fangelsisrefsinga við þessar aðstæður.

Ákvæði 3.–5. mgr. er samhljóða 5.–7. mgr. 100. gr. gildandi laga, að breyttu breytanda.

Um 96. gr.

Ákvæðið fjallar um refsiábyrgð eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi og er samhljóða fyrri málslið 3. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Um 97. gr.

Í þessar grein er fjallað um sektarreglugerð ráðherra, sbr. nú 4. mgr. 100. gr. gildandi laga, en lagt er til að ráðherra geti í sérstakri reglugerð ákveðið að fengnum tillögum ríkissaksóknara sektir allt að 500.000 kr. fyrir þau brot sem nánar er mælt fyrir um í 94. og 95. gr. frumvarpsins og ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegund brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt verður að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Með ákvæði þessu er þannig lagt til að viðhaldið verði því fyrirkomulagi sem nú hefur verið við lýði allt frá gildistöku laga nr. 57/1997 þar sem heimild til setningar sérstakrar reglugerðar um sektir vegna brota á ákvæðum umferðarlaga var fyrst lögfest. Rétt er að gera stuttlega grein fyrir þeim röksemdum sem bjuggu að baki upptöku þessa fyrirkomulags og því hvernig það hefur reynst á þeim rúma áratug sem það hefur verið við lýði.

Í frumvarpi því sem varð að áðurnefndum lögum nr. 57/1997 er ítarlega fjallað um forsendur þær sem búa að baki reglugerðarheimild ráðherra til að ákvarða sektir allt að tiltekinni fjárhæð vegna brota á umferðarlögum. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 57/1997 og lögfesti heimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um sektir vegna umferðarlagabrota í reglugerð kemur m.a. fram að með þessu sé stefnt að því að refsingar vegna umferðarlagabrota verði staðlaðar í ríkara mæli en nú er með þeim hætti að sektir fyrir tiltekin brot, þá upphaflega allt að fjárhæð 100.000 kr., yrðu tilteknar í reglugerð sem verði bindandi fyrir lögreglu og dómstóla. Þó yrði heimilt að víkja frá staðlaðri refsingu til hækkunar eða lækkunar ef veigamikil rök mæltu með því. Þessu næst er rakið að það sé alkunn staðreynd að í flestum málum sé sekt ákveðin án nokkurs tillits til greiðslugetu og jafnvel eftir taxtabundnum sjónarmiðum, svo sem vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota.

Í athugasemdunum er síðan m.a. rakið að þegar um er að ræða brot sem refsað er fyrir með tiltölulega lágum sektarfjárhæðum mæli fleiri rök með því að hafa staðlaðar refsingar en á móti. Rök fyrir stöðluðum refsingum séu m.a. þessi:

- Mikilvægt sé að jafnræðis sé gætt innan hvers umdæmis og milli umdæma þannig að svipuð eða sams konar refsing komi fyrir brot sömu tegundar hvort sem hún er ákvörðuð af lögreglu eða dómstólum.
- Ökumenn geti betur séð fyrir hvaða afleiðingar brot þeirra hafa.
- Sakborningur sætti sig betur við fjárhæð sektar ef hann veit að um staðlaða refsingu er að ræða. Erfitt geti reynst og tímafrekt fyrir þann sem ákvarðar sekt að fá réttar upplýsingar um raunverulegar eignir og tekjur brotamanns og önnur þau atriði sem talin eru upp í 51. gr. almennra hegningarlaga. Komi þar margt til, svo sem vanframtaldar tekjur og eignir og aðrar félagslegar aðstæður en fram koma í opinberum gögnum.
- Fjárhæðir slíkra sekta séu ekki svo háar að greiðsla þeirra gangi nærri greiðslugetu sakbornings eða skerði framfærslugetu hans.
- Umferðarlagabrot sömu tegundar séu oftast tiltölulega lík hvert öðru.

Að baki framangreindri lagabreytingu lá sú forsenda að brot á umferðarlögum væru fyrirferðarmest þeirra brota sem upplýst væru hér á landi og sektarrefsing lægi við. Ljóst er að þessi grundvallarforsenda hefur ekki breyst frá gildistöku laga nr. 57/1997. Vegna fjölda þessara mála er enn mikilvægt að meðferð þeirra sé einföld og samræmi í niðurstöðum.

Með ákvæði 97. gr. frumvarpsins er því lagt til, sem fyrr greinir, að mælt sé fyrir um útfærslu á almennum sektarheimildum 94. og 95. gr. frumvarpsins með reglugerð. Í reglugerðinni verði sem fyrr ekki sjálfstæðar efnisreglur eða refsiákvæði heldur tilvísun til einstakra

boð- og bannreglna í lögunum sem heimilt verði að leggja sektir við og sektir og önnur viðurlög tilteknar innan refsiramma umferðarlaga og almennra hegningarlaga. Það hefur sýnt sig að sektarreglugerð ráðherra á sviði umferðarlagabrota stuðlar að meira gagnsæi refsinga og miðar að því að efla réttaröryggi borgaranna og tryggja jafnræði þeirra í milli. Þá veita niðurlagsákvæði greinarinnar sem fyrr lögreglustjórum nægjanlegt svigrúm til að víkja frá sektarákvæðum reglugerðarinnar ef atvik eru með þeim hætti að ósanngjarnt þykir að ákvarða sekt samkvæmt þeim.

Það skal tekið fram að þótt lagt hafi verið til grundvallar með lögum nr. 57/1997 að dómstólar yrðu bundnir af sektarreglugerðum ráðherra hafa dómstólar ekki talið sig bundna af þeim við úrlausn sakamála á sviði gildandi laga, sbr. *Hrd. 14. janúar 1999 í máli nr. 425/1998 og Hrd. 30. maí 2002, nr. 138/2002*. Í þessum dómum er á því byggt að skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar beri dómstólum að meta viðurlög sjálfstætt á grundvelli umferðarlaga og megi þeir þá m.a. líta til ákvarðana lögregluyfirvalda á þessu sviði og leiðbeininga ríkissaksóknara. Með 97. gr. frumvarpsins er ekki hróflað við þessari afstöðu, enda byggist hún á stjórnskipulegum valdheimildum dómstóla. Þá er einnig haft í hug að dómstólar hafa í reynd dæmt nær undantekningarlaust á grundvelli þeirra stöðluðu refsinga sem fram hafa komið í sektarreglugerðum ráðherra.

Um 98. gr.

Ákvæðið fjallar um fullkomna samlagningu sekta sem ákvarðaðar eru vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum sem tilgreind eru í 94. eða 95. gr. frumvarpsins eða ákvæðum í reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Er það samhljóða 8. mgr. 100. gr. gildandi laga að efni til.

Um 99. gr.

Ákvæðið fjallar um afslátt af sektarfjárhæð og er samhljóða 9. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Um 100. gr.

Ákvæðið hefur að geyma almennar reglur um sviptingu ökuréttar og er að því leyti samhljóða 101. gr. gildandi laga. Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að svipting geti náð til ákveðinna flokka ökuréttinda. Einkum er horft í því sambandi til sviptingar ökuréttar vegna brots á aksturs- og hvíldartímareglum, en í slíku tilviki getur verið réttlætanlegt að almenn ökuréttindi standi óhreyfð.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstakt punktakerfi vegna umferðarlagabrota sem getur legið til grundvallar sviptingu ökuréttar. Er lagt til að þessu kerfi sem reynst hefur vel í framkvæmd verði viðhaldið, en rétt er því að gera nokkra grein fyrir þeim röksemdum sem bjuggu að baki því þegar það var lögfest með lögum nr. 57/1997.

Í athugasemd við 4. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 57/1997 kemur fram að með ákvæðinu sé lagður lagagrundvöllur að þýðingarmikilli nýbreytni í viðurlagakerfi vegna umferðarlagabrota. Punktakerfi vegna umferðarlagabrota sé ætlað að skapa þann varnað að umferðarlagabrotum fækki og umferðaröryggi aukist. Fyrirbyggjandi áhrif punktakerfisins séu grundvölluð á því að uppsöfnun punkta vegna umferðarlagabrota leiði til sviptingar ökuréttar í þrjá mánuði. Gert sé ráð fyrir að reglum um punktakerfi verði hagað þannig að einungis síbrotamenn í umferðinni sem ekki láta segjast missi ökuréttinn. Ákvörðunum um punktafjölda fyrir einstök brot verði hagað þannig að tiltölulega fáir ökumenn á hverjum tíma verði sviptir ökurétti vegna punktakerfisins. Þessu næst er rakið að umferðarlagabrot séu

algengustu brot sem komi til kasta lögreglu. Svipting ökuréttar vegna slíkra brota sé það úrræði sem mest varnaðaráhrif hafi. Með punktakerfi vegna umferðarlagabrota sé átt við að tiltekin brot á umferðarlögum samsvari einum eða fleiri punktum. Við hvert brot sem ökumaður gerist sekur um fær hann tiltekinn fjölda punkta sem færast ásamt upplýsingum um brotið í punktakerfið. Mikilvægt sé að punktakerfið verði einfalt, sanngjarnt, án undanþágna og skapi viðbótarvarnað en dragi ekki úr varnaðaráhrifum annarra viðurlaga samkvæmt umferðarlögum. Gert er ráð fyrir að reglur um punktakerfi hafi m.a. að geyma eftirfarandi efnisatriði:

- Þegar sakborningur lýkur máli með greiðslu sektar, gengst undir lögreglustjórasátt um greiðslu sektar og önnur viðurlög eða máli lýkur með sakfellingu samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun og niðurstaðan er skráð í málaskrá lögreglu færast einn eða fleiri punktar í punktakerfi.
- Hvert brot samsvari einum til fjórum punktum eftir alvarleika brotsins.
- Ölvunarakstursbrot og brot sem felst í því að aka sviptur ökurétti falla utan punktakerfis þar sem viðurlög við slíkum brotum fela í sér ítrekunaráhrif sem þykja skapa nægan varnað.
- Akstur yfir hámarkshraða og önnur brot sem varðað geta sviptingu ökuréttar verði innan punktakerfis.
- Punktar haldi gildi sínu í punktakerfinu næstu þrjú árin eftir að brot er framið án tillits til þess hvenær málsmeðferð lauk hjá lögreglu eða fyrir dómi.
- Verði maður á þriggja ára tímabili uppvís að brotum á umferðarlögum sem jafngilda samtals 12 punktum skal hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði vegna uppsöfnunar brota.
- Þegar þriggja ára fresturinn er reiknaður út skal miða við þær dagsetningar þegar brot eru framin en ekki hvenær gengist er undir sekt eða sakfellt er fyrir dómi. Þannig getur svipting komið til vegna brota sem eldri eru en þriggja ára ef brot sem til meðferðar er var framið innan þriggja ára frá fyrsta broti af þeim sem samtals jafngilda 12 punktum. Punktarnir þurrkast því ekki út ef málsmeðferð er ekki lokið í máli vegna brots sem framið var innan þriggja ára markanna og fyllt gæti 12 punkta.
- Punktarnir þurrkist út þegar sakborningur hefur verið sviptur ökurétti vegna uppsöfnunar punkta.
- Viðvörun verði gefin út til ökumanns þegar hann hefur náð átta punktum á þriggja ára tímabili. Þó að slík viðvörnun farist fyrir eða berist ekki ökumanni í hendur hefur það ekki áhrif á sviptingu ökuréttar ef ökumaður nær síðar 12 punktum.

Þá er í athugasemdum rakið að gert hafi verið ráð fyrir að punktarnir færðust í punktakerfið þegar umferðarlagabrot hefðu verið staðreynd. Svipting á grundvelli uppsafnaðra punkta yrði ákveðin af lögreglustjóra eða dómara samhliða refsingu og öðrum viðurlögum sem ákveðin eru vegna þess brots sem til meðferðar er hverju sinni.

Við samningu þessa frumvarps er sem fyrr greinir lagt til grundvallar að áfram skuli byggt á framangreindu punktakerfi við úrlausn mála um brot á umferðarlögum, enda hafi það í grundvallaratriðum gefist vel og stuðlað að auknum varnaðaráhrifum viðurlaga í formi sviptingar ökuréttar fyrir þessi brot.

Um 101. gr.

Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af þeirri sérreglu um ítrekað brot ökumanns gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem nánar er rakið í athugasemdum við 92.–94. gr. frumvarpsins. Ljóst er að svipting ökuréttar í þessum tilvikum getur

haft í för með sér verulegt inngrip í atvinnuréttindi hlutaðeigandi ökumanns, en lagt er til að ökumaður missi einungis ökuréttindi til farþega- og farmflutninga í atvinnuskyni á ökutækjum yfir 3,5 tonn við slíkt brot, nema um mjög vítaverð brot séu að ræða, sbr. 100. gr.

Um 102. gr.

Ákvæðið hefur að geyma sérreglur um sviptingu ökuréttar vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs og er að meginstefnu til samhljóða 102. gr. gildandi laga. Í samræmi við þau stefnumið sem nánar eru rakin í athugasemdum við XVIII. kafla er á hinn bóginn lagt til að sviptingartími vegna alvarlegra eða stórfelldra brota gegn ölvunarakstursákvæðum umferðarlaga verði að jafnaði lengdur. Er þannig með þeim breytingum, sem hér verða nánar raktar, vikið með skýrum og afdráttarlausum hætti frá þeim dómvenjum sem myndast hafa á undanförnum árum og áratugum við túlkun og framkvæmd 102. gr. gildandi laga.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 102. gr. gildandi laga, að breyttu breytanda.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði nýmæli sem tekur mið af þeirri grundvallarbreytingu á gildissviði ölvunarakstursákvæða umferðarlaga sem ítarlega er rökstudd í IV. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Þannig er ekki gert ráð fyrir að stjórnandi vélknúins ökutækis, sem brotið hefur gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts, sé sviptur ökurétti við fyrsta brot.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 102. gr. gildandi laga.

Með ákvæði 4. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími í þeim tilvikum þegar stjórnandi vélknúins ökutækis hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, verði lengdur um sex mánuði, úr einu ári í eitt ár og sex mánuði, og hámarkssviptingartími í þessum tilvikum lengdur úr tveimur árum í tvö ár og sex mánuði. Áfram er við mat á lengd sviptingar í einstökum tilvikum miðað við alvarleika brots og vínandamagn í blóði ökumanns eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér.

Í 5. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími vegna brota gegn 46. gr. frumvarpsins um bann við vímuefnaakstri verði lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði en að hámarkssviptingartími verði enn tvö ár.

Í 6. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími vegna stórfelldra brota gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, vari eigi skemur en þrjú ár og er það aukning um eitt ár frá 5. mgr. 102. gr. gildandi laga. Hér er vísað til þeirrar röksemda sem búa að baki 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins.

Í 7. mgr. er fjallað um ítrekuð brot gegn bannákvæðum um ölvunar- og vímuefnaakstur. Er þar lagt til að lágmarkssviptingartími vegna ítrekaðra brota gegn 45. eða 46. gr. verði þrjú ár og er það aukning um eitt ár frá 6. mgr. 102. gr. gildandi laga. Er lagt til að þessi regla eigi sem fyrr einnig við um þau tilvik þegar stjórnandi vélknúins ökutækis neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. frumvarpsins. Viðhaldið er þeirri reglu að hámarkssviptingartími við þessar aðstæður sé fimm ár eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið.

Í annan stað er lagt til í 7. mgr. að varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skuli svipting ökuréttar eigi vara skemur en fimm ár. Er það aukning um tvö ár frá 6. mgr. 102. gr. gildandi laga og er það veruleg breyting sem rökstyðja verður sérstaklega. Í þessum tilvikum hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður sætt sektum og sviptingu ökuréttar vegna brota gegn bannákvæðum um ölvunarakstur og gerist á ný sekur um ölvunarakstur sem telst stórfelldur. Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi verði að sæta

sviptingu ökuréttar í fimm ár. Verður að telja að þetta nýmæli muni auka verulega á varnaðaráhrif viðurlaga í þessum málaflokki og fela í sér skýr skilaboð löggjafans um að ítrekuð brot af þessu tagi séu með öllu óásættanleg.

Með lokamálslið 7. mgr. greinarinnar er tekið tilliti þeirra tilvika sem falla undir sérreglu 2. mgr. þegar vínandamagn í blóði stjórnanda vélknúins ökutækis við fyrsta brot er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts. Ef hann gerist á ný sekur um ölvunarakstur skal að meginreglu fara eftir fyrirmælum 1. mgr. greinarinnar hvað varðar sviptingu ökuréttar og er þannig í reynd gengið út frá því að fyrra brotið hafi ekki strangt tiltekið ítrekunaráhrif.

Ákvæði 8. mgr. eru samhljóða 8. mgr. 102. gr. gildandi laga.

Um 103. gr.

Hér er fjallað um bráðabirgðasviptingu ökuréttar og er að meginstefnu til samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 104. gr.

Hér er fjallað um réttaráhrif áfrýjunar dóms þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttar. Ákvæðið er samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 105. gr.

Hér er fjallað um réttaráhrif umferðarlagabrota erlendis af hálfu íslenskra ríkisborgara og manna búsettra hérlendis. Er það samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 106. gr.

Ákvæðið fjallar um endurveitingu ökuréttar en um þetta efni er nú fjallað í 1. mgr. 106. gr. gildandi laga. Lagt er til að ákvæðið verði mun ítarlega en er í gildandi lögum og að lögfestar verði að nokkru marki þær efnisreglur um endurveitingu ökuréttinda sem nú koma fram í reglugerð nr. 706/2004.

Í 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 106. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og tekur mið af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 706/2004 og gerir ráð fyrir að endurveitingu ökuréttar skv. 1. gr. megi heimila þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Þá er nánar tiltekið að við mat á umsókn vegna endurveitingar skuli m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skuli litið til eftirfarandi þátta: a. brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu, b. háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu, c. útistandandi sekta og sakarkostnaðar enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær og d. aðstæður umsækjanda að öðru leyti. Eru þetta að meginstefnu til sömu sjónarmið og koma fram í 2. gr. reglugerðar nr. 706/2004.

Þessi framsetning á 2. mgr. 106. gr. frumvarpsins er töluvert frábrugðin að efni til 2. mgr. 106. gr. gildandi laga, en þar segir nú að endurveitingu skuli því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því. Með 2. mgr. 106. gr. frumvarpsins er því matsgrundvelli ákvörðunar um endurveitingu ökuréttinda breytt efnislega þannig að slíka endurveitingu megi veita á grundvelli tiltekinna sjónarmiða og að umsókn verði aðeins synjað að sérstakar ástæður mæli með því. Ljóst er að þær ástæður verða að vera í málefnalegu og beinu samhengi við þau sjónarmið sem koma til mats við töku ákvörðunar lögreglustjóra um hvort orðið verði við umsókn, sbr. 2. mgr. 106. gr.

Í 3. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi hefur gerst sekur um brot gegn 55. gr. frumvarpsins á sviptingartímabilinu með því að aka sviptur ökuréttindum. Lagt er til að tími til endurveitingar lengist um sex mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki um 18 mánuði. Gengur þessi tillaga lengra en fram kemur nú í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 706/2004, en þar er gert ráð fyrir að tíminn lengist um þrjá mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki um eitt ár. Er þessi breyting í samræmi við meginstefnumið frumvarpsins um að auka varnaðaráhrif brota á umferðarlögum.

Í 4. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi hefur erlendis orðið vís að ölvunarakstri, verið sviptur ökurétti eða hlotið dóm vegna annarra brota á umferðarlögum sem hefðu haft áhrif á endurveitingu ef framin væru hér á landi. Er þá gert ráð fyrir að litið skuli til þeirra við ákvörðun um endurveitingu. Er þessi regla samhljóða þeirri sem fram kemur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 706/2004. Ganga verður út frá því að við þetta mat megi horfa til íslenskra laga og dómaframkvæmdar um sams konar brot.

Ákvæði 5. og 6. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 106. gr. gildandi laga en bætt er við heimild ráðherra til setningar reglugerða um námskeið fyrir þá sem sviptir hafa verið ökurétti og málsmeðferð við endurveitingu ökuréttar að afloknu námskeiði.

Um 107. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um akstursbann sem felur í sér afturköllun bráðabirgðaskírteinis byrjanda, þ.e. ökumanns með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, en um það er nú fjallað í 106. gr. a gildandi laga. Það ákvæði var lögfest með 8. gr. laga nr. 69/2007, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarp þess sem síðar varð að lögum nr. 69/2007 (varð 8. gr.) sagði m.a. að þegar akstursbanni væri beitt yrði „byrjandi, ökumaður með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, í sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi. Byrjandinn [hefði] misst ökuréttinn og [yrði] að fara í sérstakt ökunám og taka ökupróf til þess að öðlast hann á ný. […] Tillaga að reglum um akstursbann [væri] samin með hliðsjón af 127. gr. dönsku umferðarlaganna.“

Eftir gildistöku 106. gr. a gildandi laga setti samgönguráðherra reglugerð nr. 612/2007, sem breytti reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini, og mælti m.a. fyrir um nýja grein, 58. gr. a, þar sem fram koma ákvæði um akstursbann. Greinin er efnislega samhljóða 106. gr. a umferðarlaga. Með 9. gr. reglugerðar nr. 612/2007 var bætt við nýjum viðauka, XI. viðauka, við reglugerð um ökuskírteini. Sá viðauki bar yfirskriftina „Sérstakt námskeið vegna akstursbanns“.

Með 107. gr. frumvarpsins eru lagðar til ákveðnar breytingar á ákvæði 106. gr. a gildandi laga um akstursbann í ljósi reynslunnar. Er markmið þessara breytinga að gera ákvæðið skýrara og þar með að auka virkni þess í framkvæmd.

Í síðari málslið 2. mgr. er áréttað að staða byrjanda, sem sætt hefur akstursbanni, er sú sama og manns sem ekki hefur lokið ökunámi, en þetta er nú aðeins tekið fram í athugasemdum við framangreinda 8. gr. laga nr. 69/2007. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er farið með mál, þar sem byrjandi í akstursbanni ekur bifreið, með sama hætti og mál þeirra sem sviptir hafa verið ökurétti heldur fer um slík tilvik eftir þeim reglum sem gilda um þá sem ekki hafa lokið ökunámi. Það athugast að þetta á þó aðeins við í því eina tilviki sem heimilt er að beita akstursbanni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis, sbr. síðari málslið 1. mgr., sem er samhljóða síðari málslið 1. mgr. 106. gr. a gildandi laga.

Í 106. gr. a gildandi laga er tímalengd sviptingar ökuréttinda vegna akstursbanns ekki afmörkuð beint eða óbeint með öðrum hætti en þeim að hún skuli vara þangað til tveimur

skilyrðum er fullnægt, þ.e. að sá sem sætir akstursbanni hafi (1) lokið sérstöku námskeiði og (2) staðist ökupróf að nýju. Ljóst er að það að uppfylla síðara skilyrðið er almennt séð á forræði þeirra sjálfra sem sæta akstursbanni. Fyrra skilyrðið er það á hinn bóginn ekki. Í ákvæði gildandi laga er ekki að finna nánari afmörkun á því hvenær það skilyrði kemur fram, þ.e. um hvenær slík námskeið skuli haldin. Skilyrðið um lok sérstaks námskeiðs hefur hins vegar grundvallarþýðingu þegar lagt er mat á endanlega lengd afturköllunar bráðabirgðaskírteinis byrjanda. Með vísan til þessa er með 3. mgr. greinarinnar lagt til að lögfest verði sú regla að sérhæft ökunám vegna akstursbanns skuli halda reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda sé þess þörf. Er þá til hliðsjónar horft til 3. mgr. 3. tölul. XI. viðauka við reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini. Vegna eðlis akstursbanns, sem refsikenndra viðurlaga sem eru afar íþyngjandi fyrir byrjanda, sbr. Hrd. 28. apríl 2008, mál nr. 179/2008, er nauðsynlegt að skýrt liggi fyrir í ákvæðinu hvenær byrjandi, sem sætt hefur akstursbanni, eigi möguleika á því að sækja sérhæft ökunám til að öðlast ökuréttindi að nýju. Áfram er þó gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun hins sérhæfða ökunáms vegna akstursbanns, m.a. um fjölda þátttakenda og markmið þess og lengd.

Samkvæmt 3. mgr. 106. gr. a gildandi laga má bera ákvörðun um akstursbann undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina byrjanda um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ákvörðun lögreglustjóra um akstursbann er stjórnvaldsákvörðun, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 28. apríl 2008. Það er meginregla í íslenskum rétti að aðili máls geti kært stjórnvaldsákvarðanir til æðra stjórnvalds ef því er til að dreifa, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Er þannig stuðlað að réttaröryggi borgaranna og skapað aukið hagræði fyrir aðila máls svo að ekki sé, a.m.k. í fyrstu atrennu, nauðsynlegt að fara dómstólaleiðina til að íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun á borð við akstursbann verði endurskoðuð. Er því lagt til í 4. mgr. að lögfest verði kæruheimild til dómsmálaráðherra vegna ákvarðana lögreglustjóra samkvæmt þessari grein. Þó er kærufrestur takmarkaður við einn mánuð frá því að ákvörðun var tilkynnt byrjanda. Á hinn bóginn er áfram gert ráð fyrir því að aðili máls geti ákveðið að bera úrskurð ráðherra undir dómstóla á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eins og gert var án athugasemda í títtnefndum dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 2008. Rétt er að taka fram að í samræmi við orðalag greinarinnar er áskilið að úrskurður dómsmálaráðherra liggi fyrir áður en heimilt er að bera ákvörðun um akstursbann undir dómstóla. Er og rétt að aðili máls tæmi hér kæruleiðir innan stjórnsýslunnar áður en dómstólaleiðin er farin á grundvelli þess réttarfarshagræðis sem lög um meðferð sakamála hafa í för með sér.

Um 108. gr.

Ákvæðið fjallar um haldsrétt í ökutækjum og er samhljóða 107. gr. gildandi laga.

Um 109. gr.

Ákvæðið hefur að geyma sérreglu um upptöku ökutækja sem er samhljóða 107. gr. a gildandi laga sem lögfest var með 9. gr. laga nr. 69/2007. Ekki er talin þörf á því að gera breytingar á þessu ákvæði, en almennt er talið að sú reynsla sem komin er á gildandi ákvæði sé jákvæð.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um álagningu og innheimtu gjalds vegna brota gegn tilgreindum ákvæðum laganna, einkum um stöðvun og lagningu ökutækja, en það er að því leyti samhljóða 108. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til í b-lið að ákvæði 28. gr. frumvarpsins um stöðvun og lagningu ökutækja verði grundvöllur gjaldtöku. Í greinargerð með 108. gr. gildandi laga sem samsvarar 110. gr. segir að eigi verði refsað fyrir þau brot nema þau hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða valdið óþarfa óþægindum. Hér er því stigið skrefi lengra og gert ráð fyrir að leggja megi á gjald vegna stöðvunar og lagningar á grundvelli 28. gr., nema augljóst sé að brotið hafi ekki valdið hættu eða óþarfa óþægindum.

Í lokamálslið 3. mgr. er lagt til að gjald samkvæmt greininni renni til umferðaröryggismála og því skuli þannig ekki lengur varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota, eins og mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. 108. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. greinarinnar er lagt til að heimild ráðherra til að ákveða fjárhæð gjalds, sem á er lagt skv. 1. mgr., verði afmörkuð nánar þannig að gjaldið geti eigi numið hærri fjárhæð en 20.000 kr. Er það og betur í samræmi við lögmætisreglu íslensks réttar og almennar kröfur til framsals valds af þessu tagi af hálfu löggjafans.

Um 111. gr.

Ákvæðið fjallar um ábyrgð á álagningu gjalds sem lagt hefur verið á skv. a–f-lið 1. mgr. 110. gr. frumvarpsins, lögveðsrétt o.fl. Er það samhljóða 109. gr. gildandi laga.

Um 112. gr.

Ákvæðið fjallar um brottflutning ökutækja og er samhljóða 110. gr. gildandi laga.

Um XIX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um stjórnsýslu umferðarmála, en ákvæði kaflans taka að nokkru leyti mið af ákvæðum í XV. kafla gildandi laga.

Um 113. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að mælt verði með skýrum hætti fyrir um yfirstjórnunarvald ráðherra í umferðarmálum eins og um þau er fjallað í frumvarpinu. Er það og til áréttingar á því stjórnarfarslega yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverki með umferð og eftirliti með ökutækjum sem ráðherra er falið með ákvæði 3. tölul. 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 111. gr. gildandi laga.

Um 114. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um verkefni Umferðarstofu, en ákvæði þessa efnis er nú að finna í 1. mgr. 112. gr. gildandi laga. Með b-lið 1. mgr. er bætt við ákvæðið því hlutverki Umferðarstofu að veita starfsleyfi til starfrækslu ökuskóla, sbr. 62. gr. frumvarpsins, og til að stunda ökukennslu, sbr. 63. gr., og annast gerð námskráa. Þá er í d-lið tekið fram að Umferðarstofu beri við framkvæmd fræðsluhlutverks síns að eiga samráð við sveitarfélög um framkvæmd fræðsluskyldu þeirra skv. 117. gr. frumvarpsins. Í e-lið 1. mgr. er tekið fram að Umferðarstofu beri að annast setningu á reglum um gerð og búnað ökutækja sem er nýmæli. Í k-lið er

lagt til að lögfest verði það nýmæli að Umferðarstofu beri að annast gerð handbókar um almenna reglugerð um umferðarmál, sbr. 119. gr. frumvarpsins, og nánari skýringar á ákvæðum hennar. Er þá lagt til grundvallar að velji ráðherra að nýta heimild þá sem fram kemur í 119. gr. frumvarpsins, um að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál, verði sú skylda Umferðarstofu virk að annast gerð handbókar með reglum og reglugerðum á umferðarsviðinu þar sem fram komi nánari skýringar á ákvæðum þeirra. Vísast að öðru leyti um þetta efni til skýringa við 119. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er að efni til byggt á 2. mgr. 112. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að ákvæðið verði gert mun skýrara með því að heimild sú til ytra valdframsals, sem hér er mælt fyrir um, taki til þess að Umferðarstofa feli félögum, samtökum eða stofnunum á sviði umferðarmála framkvæmd ákveðinna verkefna sem tilheyra stofnuninni. Þau verkefni sem Umferðarstofa felur öðrum verða að vera skýrt afmörkuð og ákveðin. Þá er áfram gert ráð fyrir því að efni og umfang þessarar heimildar verði nánar afmarkað í reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Hins vegar er lagt til að lögfest verði það nýmæli í síðari málslið 2. mgr. að heimild fyrri málsliðarins gildi ekki um valdheimildir Umferðarstofu til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna. Er þá átt við ákvarðanir í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 112. gr. gildandi laga en lagt er til að fellt verði út ákvæði er kveður á um að ráðherra staðfesti skipurit Umferðarstofu og skiptingu í starfsdeildir, en eðlilegra er að þetta verkefni sé hjá framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Um 115. gr.

Í greininni er fjallað um skipan og starfslið Umferðarstofu og er hún samhljóða 113. gr. gildandi laga.

Um 116. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 114. gr. gildandi laga, sbr. einkum þá breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 10. gr. laga nr. 69/2007, m.a. í ljósi álits umboðsmanns Alþingis frá 25. nóvember 2005, máls nr. 4189/2004. Þó er bætt við f–i-lið til samræmis við breytingar á frumvarpi þessu frá gildandi lögum.

Um 117. gr.

Greinin er sumpart samhljóða 116. og 117. gr. gildandi laga um fræðsluskyldur sveitarfélaga og um að kennsla í umferðarreglum fari fram í grunnskólum. Þó er lagt til að gerðar verði ákveðnar efnisbreytingar á þessum ákvæðum.

Með 1. mgr. er áréttað að umferðarfræðsla skuli fara fram í grunnskólum, leikskólum og framhaldsskólum. Greinin er því einungis að hluta til samhljóða 1. málsl. 117. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 2. og 3. málsl. 117. gr. gildandi laga setur menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Umferðarstofu, reglugerð um tilhögun umferðarfræðslu og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka fræðslu í öðrum skólum. Með 2. mgr. er lagt til að ákvæði þessi verði gerð skýrari. Þannig er tekið fram að mennta- og menningarmálaráðherra ákveði að fenginni umsögn Umferðarstofu nánari tilhögun umferðarfræðslu í leikskólum, grunnskólum og framhaldskólum í aðalnámskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla, laga nr. 90/2008, um leikskóla, og laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 90/2008 setur menntamálaráðherra leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla. Í aðalnámskrá leikskóla skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfniþætti á námssviðum leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna. Um aðalnámskrá í grunnskólum er nú fjallað í 24. gr. laga nr. 91/2008.

Fyrsta málsgrein kveður upp úr um það að umferðarfræðsla skuli kennd í leik-, grunn- og framhaldsskólum og er þannig áréttuð sú mikilvæga stefna gildandi laga að umferðarfræðsla á fyrstu skólastigum sé þýðingarmikill þáttur í forvörnum og öryggismálum á sviði umferðarmála. Með því að taka það sérstaklega fram að mennta- og menningarmálaráðherra skuli ákveða tilhögun umferðarfræðslu í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er lögð enn ríkari áhersla á það að slík fræðsla sé reglulegur liður í skólastarfinu.

Um umferðarfræðslu í framhaldsskólum gilda að vissu marki önnur lögmál þar sem skólaskyldu lýkur með grunnskóla. Í lögum um framhaldsskóla er aukin áhersla lögð á forvarnarstarf, en með þeirri hækkun bílprófsaldurs sem lögð er til í frumvarpi þessu er mikilvægt að umferðarfræðsla fari fram á framhaldsskólastigi.

Í 1. mgr. 116. gr. gildandi laga er fjallað um fræðsluskyldur sveitarfélaga. Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild sveitarfélaga til að skipa umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélagi. Loks er í 3. mgr. mælt svo fyrir að sveitarstjórn og sveitarstjórnir setji nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

Með 3. mgr. þessarar greinar er lagt til að ákvæði um fræðsluskyldu sveitarfélaga verði einfölduð. Afnumin verði hin almenna fræðsluskylda sveitarfélaga, sem er í höndum Umferðarstofu, sbr. d-lið 114. gr. frumvarpsins, en í staðinn viðhaldið því fyrirkomulagi að sveitarfélagi sé skylt að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað. Að þessu virtu er lagt til að ákvæði 2. og 3. mgr. 116. gr. gildandi laga verði afnumin, enda eðlilegra að það sé á forræði hvers sveitarfélags fyrir sig að skipuleggja innan ramma sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hvernig það annast þær sértæku fræðsluskyldur sem eftir standa. Það skal ítrekað að skv. d-lið 114. gr. frumvarpsins ber Umferðarstofu að eiga samráð við sveitarfélög við framkvæmd fræðsluskyldu þeirra samkvæmt þessari grein.

Um 118. gr.

Samkvæmt greininni skal ráðherra við setningu reglugerða samkvæmt lögunum á hverjum tíma taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði umferðarmála. Er því ráðgert að ráðherra leitist eins og kostur er við að innleiða þjóðréttarreglur á þessu sviði með stjórnvaldsfyrirmælum og þá þannig að gætt sé samræmis á milli landa sem slík fyrirmæli mæla eftir atvikum fyrir um. Með þessu ákvæði er einnig tryggt að heildarreglusetning hér á landi á sviði umferðarmála sé, eins og kostur er, að efni til nánar útfærð í reglum sem taka mið af íslenskum aðstæðum, enda sé samkvæmt hlutaðeigandi þjóðréttarreglu svigrúm fyrir íslensk stjórnvöld til að horfa til slíkra atriða.

Um 119. gr.

Með greininni er ráðherra veitt heimild til að ákveða að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál þar sem fram koma þau fyrirmæli samkvæmt lögum þessum sem setja skal í

reglugerð. Gæti það fyrirkomulag bæði verið til hagræðis og skýringarauka, svo og gerð handbókar skv. k-lið 114. gr. frumvarpsins þar sem reglur og reglugerðir á umferðarsviðinu væru settar fram á heildstæðan hátt.

Um 120. gr.

Lagt er til að ný umferðarlög taki gildi 1. janúar 2011. Falli þá um leið úr gildi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Nauðsynlegt þykir að nokkur tími líði frá samþykkt frumvarpsins á Alþingi þar til lögin taka formlega gildi, enda þarf í millitíðinni að fara fram víðtækt og markvisst kynningarstarf af hálfu stjórnvalda auk þess sem þær stjórnkerfisbreytingar sem lögin gera ráð fyrir þarf að undirbúa.

Í 2. mgr. er áréttað að reglugerðir, sem settar eru samkvæmt gildandi lögum, haldi gildi sínu við gildistöku nýrra laga, uns nýjar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli ákvæða frumvarpsins. Er það og eðli máls samkvæmt háð því að ákvæði gildandi reglugerða hafi næga stoð í ákvæðum nýrra laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er fjallað um aðlögunartíma sem nauðsynlegur er vegna breytinga til hækkunar á lágmarksaldri þeirra sem hljóta ökuréttindi, sbr. a-lið 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Skv. 1. mgr. er lagt til að aðlögunartími verði fjögur ár. Er þá hvort tveggja horft til hagsmuna og væntinga þeirra ungmenna sem hafa nú miðað við það að geta öðlast ökuréttindi 17 ára. Þá er ekki síst með bráðabirgðaákvæði þessu tekið tillit til hagsmuna ökukennara. Gera má ráð fyrir að skemmri aðlögunartími hefði í för með sér a.m.k. 50% samdrátt á sviði ökukennslu í ljósi þess að heill árgangur ungra ökunema sem ellegar hefði hafið ökunám verður að bíða til 17 ára aldurs í stað 16 ára aldurs samkvæmt gildandi lögum.

XIII. kafli gildandi umferðarlagalaga um fébætur og vátryggingar hefur verið á forræði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá 1. janúar 2004 þegar umferðarmál fluttust úr dóms- og kirkjumálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Hefur verið unnið að frumvarpi til laga um lögmæltar ökutækjatryggingar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og er gert ráð fyrir að það verði samþykkt á Alþingi á sama tíma og þetta frumvarp. Til að slá varnagla við því ef töf verður á samþykkt frumvarpsins er mælt svo fyrir að XIII. kafli laganna haldi gildi sínu þar til frumvarp þess efnis hefur verið samþykkt af Alþingi.

Þar sem gildistími ökuskírteinis, sbr. 58. gr. frumvarpsins, verður 15 ár (til samræmis við ákvæði tilskipunar 2006/126/EB), þarf að taka af öll tvímæli varðandi gildistíma eldri skírteina, en nýjar reglur taka gildi 1. janúar 2013 eins og fram kemur í greininni. Nauðsynlegt er því að setja sambærilegt ákvæði þar að lútandi í ákvæði til bráðabirgða. Í tilskipun 2006/126/EB er aðildarríkum gefinn frestur til 2033 til að fullnægja öllum kröfum sem fram koma í tilskipuninni eins og fram kemur í ákvæðinu og er miðað við að við lok dags 31. desember 2032 verði öll ökuskírteini útgefin á grundvelli eldri réttinda fallin brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga.

Markmiðið með frumvarpi þessu er einkum að færa gildandi lög til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu og þróun í umferðarmálum undanfarinna ára. Þá er frumvarpinu ætlað að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur átt sér stað á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Talið er að eftirfarandi breytingar á gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu geti haft áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að mælt verði fyrir um skyldu læknis til að gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart ef hann telur vafa leika á því að handhafi ökuréttinda fullnægi tilteknum skilyrðum og jafnframt kveðið á um að heimilt skuli vera að taka gjald vegna kostnaðar sem hlýst af starfi trúnaðarlæknisins. Miðað við að allt að fimmtíu málum verði vísað til trúnaðarlæknis Umferðastofu á ári og að gjald fyrir hverja læknisskoðun yrði allt að 10 þús. kr. þá má gera ráð fyrir að tekjur af gjaldinu væru um 0,5 m.kr. til að standa undir þessum kostnaði.

Í öðru lagi er lagt til að gildistími örkuskírteinis verði 15 ár í stað þess að það gildi til 70 ára aldurs. Taki lögin gildi 1. janúar 2011 reynir þó ekki á þetta fyrr en 1. janúar 2026 og í flestum tilvikum ekki fyrr en 19. janúar 2033 varðandi ökuskírteini sem samkvæmt gildandi lögum voru gefin út til 70 ára aldurs viðkomandi ökumanns. Áætlað er að þetta hafi óveruleg áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina.

Í þriðja lagi er lagt til að leita skuli leyfis Umferðarstofu til að halda aksturkeppni á tilgreindum svæðum gegn nýju gjaldi til stofnunarinnar. Ekki eru forsendur til að meta áhrif ákvæðisins en það ætti að koma nánar fram við undirbúning tilhlítandi reglugerðar.

Í fjórða lagi er kveðið á um gjald vegna afgreiðslu starfsleyfa til ökuskóla og ökukennara en Umferðarstofu er ætlað að gefa út slík starfsleyfi. Í landinu hafa nú 35 ökuskólar starfsleyfi til 5 ára í senn og um 200 ökukennarar hafa nú löggildingu lögreglustjóra sem gefin er út til 5 ára í senn. Ekki er áætlað að þetta ákvæði hafi í för með sér útgjöld umfram tekjur af leyfisveitingum.

Í fimmta lagi er kveðið á um skráningarskyldu eftirvagna að heildarþyngd 750 kg eða minna og vinnuvéla gegn 2.500 kr. gjaldi. Áætlað er að um þrjú þúsund eftirvagnar séu óskráðir í dag en mun minna er um óskráðar vinnuvélar. Áætlað er að útgjöld Umferðarstofu vegna skráningar aukist um 2,5 m.kr. næstu þrjú árin en verði svo óveruleg eftir það. Nýju skráningargjöldin eiga að standa undir kostnaðinum.

Í tengslum við undirbúning frumvarpsins hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið haft til skoðunar áform um að fjölga öryggismyndavélum. Þær áætlanir miðast við að myndavélum verði fjölgað um 10 á ári hverju næstu þrjú árin þannig að þær verði orðnar samtals 40 árið 2013. Stofnkostnaður við hverja öryggismyndavél er um 20 m.kr. og er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður fyrir 40 vélar sé um 57 m.kr. á ári. Þessar áætlanir fela því í sér að stofnkostnaðarútgjöld ríkissjóðs mundu aukast um 200 m.kr. á ári næstu þrjú árin og að rekstrarkostnaður aukist um 13 m.kr. á fyrsta ári eftir gildistökuna laganna, 23 m.kr. á öðru ári og 33 m.kr. á þriðja ári og eftirleiðis. Samtals gera því þessi áform ráð fyrir að útgjöld

vegna stofnkostnaðar aukist um 600 m.kr. og vegna rekstrarkostnaðar um 33 m.kr. á þessum þremur árum. Framgangur þessara áforma mun fara eftir því hvaða fjárheimildir verða fyrir hendi til að standa undir útgjöldunum. Óvissa er um hvort fjölgun öryggismyndavéla mundi skila ríkissjóði auknum sektartekjum til lengri tíma litið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld aukist um 3 m.kr. en að á móti komi jafn miklar rekstrartekjur af gjaldtöku þannig að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt eftir sem áður.

944. Frumvarp til laga [554. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „og séreignarsjóðum“ í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „í a.m.k. þrjá mánuði“ í fyrri málslið 3. mgr. 47. gr. laganna kemur: a.m.k. síðasta mánuðinn.

3. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Milliríkjasamningar.

Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Í stað orðanna „30. júní 2010“ í 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 31. desember 2010.

5. gr.

Í stað orðanna „30. júní 2010“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 31. desember 2010.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum verður svohljóðandi:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal endurgreiða þeim atvinnuleitendum sem hafa fengið skertar atvinnuleysisbætur eftir 1. mars 2009 vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, sem nemur fjárhæð skerðingarinnar. Skilyrði er að viðkomandi atvinnuleitendur hafi óskað eftir endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir 1. september 2010.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá teljast elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutrygg-

ingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, ekki til tekna skv. 1. mgr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Atvinnuleysistryggingakerfinu var breytt hér á landi sumarið 2006 með lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Fram til haustsins 2008 reyndi lítið á hið nýja kerfi enda var skráð atvinnuleysi hér á landi mjög lítið á því tímabili. Frá því í nóvember 2008 hefur hins vegar reynt afar mikið á kerfið en frá þeim tíma hefur atvinnuleysi farið ört vaxandi hér á landi. Þannig fór skráð atvinnuleysi úr 1,3% í 6,6% af mannafla á innlendum vinnumarkaði í september 2008 til janúar 2009 og hefur skráð atvinnuleysi hér á landi haldið áfram að aukast frá þeim tíma. Í janúar 2010 var skráð atvinnuleysi 9% á innlendum vinnumarkaði sem jafngildir því að 14.705 einstaklingar hafi að meðaltali verið án atvinnu þann mánuðinn og í febrúar 2010 var skráð atvinnuleysi orðið 9,3% sem jafngildir því að 15.026 einstaklingar hafi að meðaltali verið án atvinnu.

Með lögum nr. 131/2008, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, var ákvæðum til bráðabirgða V og VI bætt við lögin um atvinnuleysistryggingar. Ákvæði til bráðabirgða V kveður á um að heimilt sé að uppfylltum tilteknum skilyrðum að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna og að ekki komi til skerðingar atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar að því er varðar greiðslur frá vinnuveitanda vegna minnkaðs starfshlutfalls á gildistíma ákvæðisins. Jafnframt var sjálfstætt starfandi einstaklingum gert heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum nr. 131/2008 var breytingum þessum ætlað að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði og var gildistími ákvæðanna því takmarkaður. Lögum um atvinnuleysistryggingar var breytt í tvígang á árinu 2009 þar sem gildistími fyrrnefndra ákvæða var framlengdur í bæði skiptin og er gildistími þeirra nú til 30. júní 2010. Með fyrrnefndum breytingalögum, þar sem gildistími ákvæðanna var framlengdur, voru jafnframt gerðar ákveðnar breytingar á efni þeirra. Þannig er það eitt af skilyrðum þess að geta átt rétt á hlutabótum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V að starfshlutfall viðkomandi hafi skerst um a.m.k. 20% en fari þó ekki niður fyrir 50% starfshlutfall. Hvað varðar rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI þá er þeim unnt að halda rekstri sínum opnum samhliða því að geta átt rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli ákvæðisins samfellt í þrjá mánuði. Ætli sjálfstætt starfandi einstaklingur að halda rekstri sínum áfram að þeim tíma liðnum á hann ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samhliða því. Standi reksturinn hins vegar ekki undir sér að loknum þessum þremur mánuðum að því marki að viðkomandi einstaklingur hafi næga atvinnu í tengslum við reksturinn getur hann átt rétt á áframhaldandi greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði stöðvi hann rekstur sinn.

Í ljósi þess að enn fer skráð atvinnuleysi vaxandi hér á landi og að áframhaldandi óvissa ríkir á innlendum vinnumarkaði í kjölfar breyttra aðstæðna frá því haustið 2008 er í frumvarpi þessu lagt til að gildistími ákvæða til bráðabirgða V og VI í lögum um atvinnuleysis-

tryggingar, sem hafa að geyma framangreind ákvæði, verði framlengdur til 31. desember 2010.

Enn fremur er í frumvarpi þessu lagt til að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, skerði ekki atvinnuleysisbætur skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Er það í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið í tengslum við skerðingu lífeyrisgreiðslna á grundvelli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, en greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, skerða ekki þær greiðslur. Í því skyni að gæta jafnræðis er lagt til að ákvæði þetta verði afturvirkt til 1. mars 2009 eða til þess tíma er bráðabirgðaákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, hvað varðar heimild til úttektar elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignarlífeyrissjóðum fyrir sextíu ára aldur tók fyrst gildi. Í samræmi við framangreint er í frumvarpi þessu lagt til að í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um atvinnuleysistryggingar verði kveðið á um að Atvinnuleysistryggingasjóði beri að endurgreiða þeim atvinnuleitendum sem hafa fengið skertar atvinnuleysisbætur eftir 1. mars 2009 vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, þá fjárhæð sem nemur skerðingunni. Þó er það gert að skilyrði að viðkomandi atvinnuleitendur hafi óskað eftir fyrrnefndri endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir 1. september 2010.

Í því skyni að gæta jafnræðis að því er varðar húsaleigubætur milli þeirra sem eru yngri en sextíu ára og þeirra sem eru sextíu ára og eldri er í frumvarpi þessu jafnframt lögð til samsvarandi breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum, hvað varðar áhrif elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, á húsaleigubætur. Þannig er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, teljist ekki til tekna samkvæmt lögum um húsaleigubætur og skerði því ekki slíkar bætur.

Þá er í frumvarpinu lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögum um atvinnuleysistryggingar að við framkvæmd laganna skuli tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að. Á þetta einkum við um túlkun ákvæða VIII. kafla laganna. Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við ákvæði 47. gr. laganna og var ákvæðinu í kjölfarið breytt með lögum nr. 134/2009, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, þar sem sá tími sem umsækjandi um atvinnuleysisbætur þarf að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði áður en heimilt er að leggja saman starfstímabil hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var styttur úr þremur mánuðum í síðasta mánuðinn á ávinnslutímabilinu. Þegar litið er til túlkunar Evrópudómstólsins á ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 29. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og viðauka VI við samninginn, verður að ætla að Vinnumálastofnun sem fer með framkvæmd laganna verði jafnframt að hafa ákveðið svigrúm til að meta hvert tilvik fyrir sig (e. on case-by-case basis). Meginreglan er því að umsækjanda um atvinnuleysisbætur ber að hafa starfað hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili laganna en engu

síður er gert ráð fyrir að ákvæði þetta veiti Vinnumálastofnun aukið svigrúm til að túlka ákvæði laganna til samræmis við dómafordæmi Evrópudómstólsins sem og EFTA-dómstólsins á framangreindri reglugerð sem og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um sama efni, sem leysa mun af hólmi reglugerð (EBE) nr. 1408/71, enda áhersla lögð á að túlkun innlendra laga sé í sem bestu samræmi við þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir á grundvelli þeirra milliríkjasamninga sem þau hafa gerst aðilar að.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 47. gr. laganna til samræmis við fyrrnefndar breytingar sem gerðar voru á 1. mgr. ákvæðisins með lögum nr. 134/2009, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Með fyrrnefndum breytingalögum voru hins vegar ekki gerðar breytingar á 3. mgr. ákvæðisins þar sem vísað er til 1. mgr. varðandi umrætt tímabil. Því er í frumvarpi þessu lagt til að 3. mgr. ákvæðisins verði breytt til samræmis við 1. mgr. þess hvað þetta varðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur.

Með frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar sem m.a. er ætlað að koma á móts við ríkjandi aðstæður á vinnumarkaði og þróun atvinnuleysis.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum um atvinnuleysistryggingar. Í fyrsta lagi er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis núgildandi laga til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli verði framlengdur til 31. desember 2010. Áður var gert ráð fyrir að heimildin mundi gilda út júní 2010. Í öðru lagi er lagt til að tekjur úr séreignarsjóðum skerði ekki atvinnuleysisbætur. Jafnframt er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður skuli endurgreiða þeim atvinnuleitendum sem hafa fengið skertar atvinnuleysisbætur eftir 1. mars 2009 vegna greiðslna úr séreignarlífeyrissjóðum. Í þriðja lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögum um atvinnuleysistryggingar að við framkvæmd laganna skuli tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland á aðild að. Í fjórða lagi er lagt til sá sem flytur til Íslands verði að hafa unnið síðasta mánuðinn á ávinnslutímabilinu, sem er fimm ár, til að getað talist tryggður hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Í gildandi lögum þarf viðkomandi að hafa unnið í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabilinu.

Þá er lögð til sú breyting á lögum um húsaleigubætur að tekjur úr séreignarsparnaðarlífeyrissjóði skerði ekki húsaleigubætur.

Að mati fjármálaráðuneytisins fela breytingarnar í frumvarpinu í sér talsverðar líkur á auknum útgjöldum. Mikil óvissa er þó um hver stærðargráðan á þeirri aukningu gæti orðið. Reiknað er með að framlenging um sex mánuði á gildistíma bráðabirgðaákvæðis um hlutaatvinnuleysisbætur gæti aukið útgjöld ríkissjóðs. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru í janúar sl. 1.680 launþegar sem fengu greiddar hlutaatvinnuleysisbætur samkvæmt bráðabirgðaheimildinni. Einnig er áætlað að um 250 sjálfstætt starfandi einstaklingar

hafi fengið greiddar hlutaatvinnuleysisbætur vegna verulegs samdráttar í rekstri. Í forsendum fjárlaga 2010 er reiknað með að atvinnuleysi í ár verði 9,6%. Framreiknað út frá þessum tölum gætu útgjöld ríkissjóðs í júlí og út desember á þessu ári orðið allt að 900 m.kr. hærri en ella vegna framlengingar á bráðabirgðaákvæði um hlutaatvinnuleysisbætur. Sú útkoma miðast við að ákvæðið um hlutaatvinnuleysisbætur hafi ekki áhrif á ákvarðanir um uppsagnir, þ.e. að starfsmönnum sé ýmist sagt upp að hluta eða að fullu án tillits til bótaréttarins. Þess skal þó getið að í forsendum fjárlaga 2010 var ekki sérstaklega reiknað með lækkun á útgjöldum atvinnuleysisbóta vegna afnáms ákvæða um hlutaatvinnuleysisbætur launþega. Á hinn bóginn, ef atvinnurekendur taka mið af rétti til hlutaatvinnuleysisbóta og lækka starfshlutföll í stað þess að segja starfsfólki alveg upp, gæti það vegið á móti útgjaldaaukningu vegna hlutaatvinnuleysisbóta og jafnvel gott betur þannig að nettósparnaður hljótist af því. Á móti er einhver hætta á misnotkun með þeim hætti að hlutaatvinnuleysisbætur verði í raun notaðar til að greiða niður launakostnað atvinnurekenda. Einnig er hætt við því að sjálfstætt starfandi einstaklingar noti hlutaatvinnuleysisbætur til að greiða niður sinn rekstur. Hert eftirlit hjá Vinnumálastofnun minnkar þó líkurnar á slíkri misnotkun. Vakin skal athygli á því að í breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar frá desember 2009 var reiknað með að breytingar á reglum um tekjutengdar hlutaatvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi mudi skila um 1.200 m.kr. í sparnaði. Í forsendum fyrir þeim sparnaði var m.a. reiknað með því að ákvæðið um hlutaatvinnuleysisbætur mundi falla úr gildi í lok júní á þessu ári en með því að framlengja það ákvæði um hálft ár er nú gert ráð fyrir að draga hluta af þeim áformum til baka þannig að sparnaður verði um 200 m.kr. lægri. Þar að auki er gert ráð fyrir að útgjöld vegna afnáms á tekjutengingu við séreignarlífeyrissparnað til útgreiðslu á atvinnuleysisbótum muni auka útgjöld ríkissjóðs um allt að 10 m.kr. Auk þess gætu útgjöld aukist verulega vegna framlengingar á ákvæði um hlutatvinnuleysisbætur launþega en ef vel tekst til gæti það þó orðið óveruleg aukning á útgjöldum eða jafnvel orðið nettósparnaður. Talið er að aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu hafi minni háttar áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um 200 m.kr. vegna hlutaatvinnuleysisbóta sjálfstætt starfandi og um 10 m.kr. vegna breytingu á tekjutengingu atvinnuleysisbóta eða samtals um 210 m.kr. miðað við forsendur fjárlaga 2010. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki lagt fram tillögur um hvernig skuli mæta þeirri útgjaldaaukningu.

945. Frumvarp til laga [555. mál]

um Vinnumarkaðsstofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Vinnumarkaðsstofnun.

1. gr.
Stjórnsýsla.

Vinnumarkaðsstofnun er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Vinnumarkaðsstofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar. Jafnframt ber forstjóri lagalega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðherra.

Vinnumarkaðsstofnun skal reka þjónustustöðvar um landið og eru þær hluti stofnunarinnar. Félags- og tryggingamálaráðherra ákveður hvar á landinu þjónustustöðvar stofnunarinnar skulu vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar, að ákveða hvort þjónustustöðvar stofnunarinnar verði sameinaðar þjónustustöðvum annarra opinberra stofnana.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni og af öðrum tekjum hennar.

2. gr.

Verkefni Vinnumarkaðsstofnunar.

Verkefni sem Vinnumarkaðsstofnun er ætlað að sinna eru meðal annars að:

a. annast stjórnsýslu á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála,
b. fjalla um og gera tillögur til ráðherra að stefnumótun á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála,
c. vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um vinnumarkaðsmál og vinnuverndarmál, þar á meðal gera reglulega grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða,
d. hafa samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á,
e. veita fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra margþætta þjónustu, aðstoð og aðhald,
f. veita atvinnuleitendum þjónustu í formi ráðgjafar, virkra vinnumarkaðsúrræða og vinnumiðlunar, þ.m.t. starfshæfnismats, starfsendurhæfingar og sérhæfðra atvinnutilboða eftir því sem við á hverju sinni,
g. samræma starfshæfnismat, þar á meðal að þróa og ákvarða hvaða mælitæki og aðferðir skuli nýtt til mats á starfshæfni í samstarfi við aðra aðila sem starfa á þessu sviði,
h. annast af opinberri hálfu skipulag starfsendurhæfingar og samhæfingu fjármögnunar,
i. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,
j. annast eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum sem og annað eftirlit á vinnumarkaði sem henni er falið með lögum,
k. safna gögnum um ástand á vinnumarkaði og um vinnuvernd og gefa reglulega út upplýsingar þar um, þar á meðal halda skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem og líkamlega, sem ætla má að stafi af starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,
l. veita fræðslu og upplýsingar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
m. vinna að rannsóknum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála,
n. meta samspil áhættu, samfélagslegs kostnaðar og hvata fyrirtækja til virkrar vinnuverndar og aðgengilegs vinnumarkaðar,
o. stuðla að þróun og notkun staðla, innra eftirlits og vottunar á sviði vinnuverndar og aðgengilegs vinnumarkaðar,
p. annast verkefni sem stofnuninni er falið með öðrum lögum,

q. vinna önnur verkefni á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um verkefni Vinnumarkaðsstofnunar í reglugerð.

3. gr.

Stjórn Vinnumarkaðsstofnunar.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar, að fengnum tilnefningum, ellefu manna stjórn Vinnumarkaðsstofnunar til fjögurra ára í senn. Þó skulu formaður og varaformaður stjórnar, sem ráðherra skipar án tilnefninga, skipaðir til jafnlengdar embættistíma þess ráðherra sem skipar. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn skal tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn skal tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skal tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og einn skal tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara og skulu þeir skipaðir með sama hætti.

Stjórn Vinnumarkaðsstofnunar samþykkir í byrjun árs starfsáætlun fyrir stofnunina. Þá fjallar hún jafnframt um rekstraráætlun fyrir stofnunina og hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Stjórn Vinnumarkaðsstofnunar skal vera ráðgefandi aðili fyrir forstjóra stofnunarinnar sem og félags- og tryggingamálaráðherra í faglegri stefnumótun og öðrum málum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Stjórnin skal fylgjast með þróun vinnumarkaðsmála, meðal annars með reglulegu samráði við vinnumarkaðsráðin, sbr. 4. gr., svo sem stöðu atvinnumála á einstökum svæðum á landinu og vera til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsaðgerðum. Enn fremur skal stjórnin vera forstjóra stofnunarinnar og félags- og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar um bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar á meðal innan einstakra starfsgreina. Þá gerir stjórnin tillögur til ráðherra um úrbætur á þessum sviðum, þar á meðal hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum, lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra skal leita umsagnar stjórnar við undirbúning að setningu nýrra laga og reglugerða á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Forstjóri Vinnumarkaðsstofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu sem fulltrúar í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar og ætla má að leynt eigi að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af stjórnarsetu.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að ákveða þóknun fulltrúa í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar.

II. KAFLI
Ýmis ákvæði.

4. gr.

Vinnumarkaðsráð.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Í hvert vinnumarkaðsráð skulu tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum launafólks á hverju svæði og tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum atvinnurekenda. Jafnframt skal einn ráðsmanna tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn tilnefndur af heilbrigðisráðherra og einn tilnefndur af samtökum sveitarfélaga á hverju svæði. Tilnefna skal jafnmarga

fulltrúa til vara. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar formann og varaformann vinnumarkaðsráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Náist ekki samkomulag um tilnefningu skv. 1. mgr. úrskurðar félags- og tryggingamálaráðherra um hver skuli tilnefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka.

Félags- og tryggingamálaráðherra ákveður staðsetningu vinnumarkaðsráða að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar.

Vinnumarkaðsráð á hverju svæði skal í nóvember ár hvert skila skýrslu til stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar um stöðu atvinnumála og vinnuverndarmála ásamt tillögum um þær vinnumarkaðsaðgerðir og þær aðgerðir í vinnuverndarmálum sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur skulu vinnumarkaðsráðin vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumarkaðsstofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum og aðgerðum í vinnuverndarmálum.

Félags- og tryggingamálaráðherra getur falið vinnumarkaðsráðum önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar.

5. gr.

Samráð um vinnumarkaðsmál.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal a.m.k. einu sinni í mánuði leiða samráð um vinnumarkaðsmál í því skyni að samhæfa stefnumörkun sem og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Aðild að samráðinu eiga forystumenn eftirtalinna aðila: Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Öryrkjabandalags Íslands. Jafnframt skal forstjóri Vinnumarkaðsstofnunar eða fulltrúi hans eiga aðild að samráðinu. Félags- og tryggingamálaráðherra skal tilnefna varamann sinn.

Þrátt fyrir 1. mgr. er félags- og tryggingamálaráðherra heimilt að boða til samráðsins fulltrúa annarra samtaka launafólks og atvinnurekenda en um getur í 1. mgr. ef hann telur þörf á.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. koma ákvæði laganna ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2011 að undanskildu ákvæði 2. mgr. 1. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

7. gr.

Þegar ákvæði laga þessara koma til framkvæmda, sbr. 6. gr., verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 4., 5. og 6. gr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. 4. gr. laganna verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Stjórnsýsla.

Vinnumarkaðsstofnun annast framkvæmd laga þessara í umboði félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra er heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

c. 5. gr. laganna fellur brott.

d. 6. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „Vinnumálastofnunar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vinnumarkaðsstofnun.

8. gr.

Þegar ákvæði laga þessara koma til framkvæmda, sbr. 6. gr., verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum:

a. Í stað orðanna „Vinnueftirlits ríkisins“ í b-lið 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 2. mgr. 48. gr. a, og 71. gr. sem og XII. kafla, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vinnumarkaðsstofnun.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 7. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildum XII. kafla, kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Í stað orðsins „Vinnueftirlitinu“ í 4. mgr. 12. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildum XII. kafla, kemur, í viðeigandi beygingarfalli, með eða án greinis eftir því sem við á: Vinnumarkaðsstofnun.
d. Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. a laganna:
   1. 1. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Telji Vinnumarkaðsstofnun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sérstaklega hættulega getur hún krafist afturköllunar allra eintaka hennar.
   2. Í stað orðsins „því“ í 1. málsl. 3. mgr. og í upphafi 4. mgr. kemur: henni.
e. Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:
   1. Í stað orðanna „Vinnueftirlit ríkisins“ kemur: Vinnumarkaðsstofnun.
   2. Orðin „sbr. 14. gr. og 78. gr., staflið e, laga þessara“ falla brott.
f. Eftirfarandi breytingar verða á XII. kafla laganna:
   1. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 73. gr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
   2. 74. gr. verður svohljóðandi:
      Vinnumarkaðsstofnun annast framkvæmd laga þessara í umboði félags- og tryggingamálaráðherra.
   3. 75. gr. verður svohljóðandi:
      Vinnumarkaðsstofnun innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og inniloftsþáttum, skoðun á leiktækjum og verkpöllum, átaksprófanir, námskeið og próf, útgáfu skírteina og leyfa sem og útgefið efni, þar á meðal fræðsluefni, samkvæmt gjaldskrá sem félags- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við forstjóra Vinnumarkaðsstofnunar.
   4. 76. gr. fellur brott.
   5. 77. gr. fellur brott.
   6. Í stað orðanna „Vinnueftirlits ríkisins“ í 2. mgr. 78. gr. og „Vinnueftirlitinu“ í 1. mgr. 79. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í XII. kafla laganna, að undanskilinni 2. mgr. 81. gr., 85. gr. og 4. mgr. 86. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli, með eða án greinis eftir því sem við á: Vinnumarkaðsstofnun.
   7. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 78. gr., 5. mgr. 79. gr. og 6. mgr. 82. gr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

8. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 81. gr.:
   a. Í stað orðanna „Vinnueftirliti ríkisins“ og orðsins „þess“ í 1. málsl. kemur: Vinnumarkaðsstofnunar, og: stofnunarinnar.
   b. 3. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Telji Vinnumarkaðsstofnun ekki þörf á sérstakri vettvangskönnun skal hún tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar.
9. 85. gr. verður svohljóðandi:
   Telji Vinnumarkaðsstofnun að veruleg hætta sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur hún krafist þess að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar sem þannig er á sig kominn.
10. 4. mgr. 86. gr. verður svohljóðandi:
   Vinnumarkaðsstofnun skal gert viðvart svo fljótt sem verða má og skal hún umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.
11. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 4. og 5. mgr. 87. gr. og 1. og 2. mgr. 98. gr. kemur: félags- og tryggingamálaráðuneytis.
12. Fyrirsögn kaflans verður: **Eftirlit Vinnumarkaðsstofnunar.**

9. gr.

Þegar ákvæði laga þessara koma til framkvæmda, sbr. 6. gr., verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum:

a. Í stað orðsins „Vinnumálastofnun“ í 2. mgr. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 7. og 8. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vinnumarkaðsstofnun.
b. 7. gr. laganna fellur brott.
c. 8. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Forstjóra Vinnumarkaðsstofnunar er heimilt að vinna að undirbúningi að fyrirhugaðri starfsemi Vinnumarkaðsstofnunar samkvæmt lögum þessum.

II.

Forstjóri Vinnumarkaðsstofnunar skal bjóða annars vegar starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins og hins vegar starfsmönnum Vinnumálastofnunar störf hjá Vinnumarkaðsstofnun frá 1. janúar 2011. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt ákvæði þessu.

III.

Vinnumarkaðsstofnun tekur frá 1. janúar 2011 annars vegar við eignum Vinnueftirlits ríkisins og hins vegar við eignum Vinnumálastofnunar sem og réttindum og skyldum þessara stofnana að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.

IV.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal skipa stjórn Vinnumarkaðsstofnunar frá og með 1. janúar 2011. Umboð sitjandi fulltrúa annars vegar í stjórn Vinnumálastofnunar og hins vegar í stjórn Vinnueftirlits ríkisins fellur niður frá sama tíma. Enn fremur skal ráðherra skipa ný vinnumarkaðsráð frá og með 1. janúar 2011. Umboð sitjandi fulltrúa í vinnumarkaðsráðum fellur niður frá sama tíma. Þá skal ráðherra skipa nýja stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs frá og með 1. janúar 2011. Umboð sitjandi fulltrúa í stjórn sjóðsins fellur niður frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Vinnumarkaðsstofnun, sem hefur það hlutverk að annast stjórnsýslu á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Meginmarkmið sameiningar þessara tveggja stofnana er að starfrækja eina öfluga opinbera stofnun sem fjallar um málefni vinnumarkaðarins í víðum skilningi þar sem áhersla verður meðal annars lögð á öruggt og gott starfsumhverfi, sveigjanleika, öflugt stuðningsnet og aðhald. Með sameiningu þessara tveggja stofnana má ætla að betri heildarsýn fáist yfir verkefni þeirra sem öll varða aðstæður á vinnumarkaði með einum eða öðrum hætti sem og þjónustu við þá sem eru þar virkir þátttakendur eða vilja vera það. Með samþættingu verkefna þessara stofnana verður auðveldara að koma á samfellu milli vinnuverndarstarfs innan fyrirtækja og þjónustu við þá sem hafa helst úr lestinni af vinnumarkaði. Því standa vonir til að árangur þjónustunnar verði markvissari sem aftur verði til þess að fleiri geti tekið virkan þátt á vinnumarkaði.

Ein leið að þessu markmiði er að gæta að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þannig að starfsumhverfi fyrirtækja á innlendum vinnumarkaði tryggi sem best öryggi, heilbrigði og velferð starfsmanna. Er stofnuninni meðal annars ætlað að veita fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra margþætta þjónustu, aðstoð og aðhald. Jafnframt er stofnuninni ætlað að veita atvinnuleitendum, þar á meðal atvinnuleitendum með skerta starfshæfni, þjónustu í formi ráðgjafar, virkra vinnumarkaðsúrræða og vinnumiðlunar, þ.m.t. starfshæfnismats, starfsendurhæfingar og sérhæfðra atvinnutilboða eftir því sem við á hverju sinni en áfram er gert ráð fyrir að þjónustan miðist við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Þá er stofnuninni ætlað að halda utan um gerð starfshæfnismats, þar á meðal að þróa og ákvarða hvaða mælitæki og aðferðir skuli nýtt til mats á starfshæfni í samstarfi við þá aðila aðra sem starfa á sviði starfsendurhæfingar, þ.m.t. Starfsendurhæfingarsjóð. Einnig er stofnuninni ætla að samhæfa skipulag og fjármögnun af hálfu hins opinbera. Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa samstarfsnefnd um starfsendurhæfingu, í samræmi við 12. lið stöðugleikasáttmálans frá í júní 2009. Í nefndinni verði fulltrúar aðila stöðugleikasáttmálans, Öryrkjabandalags Íslands, lífeyrissjóðanna, og Hlutverks eftir því sem við á. Nefndin vinni að því að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, meðal annars með tilliti til samræmdra reglna um mat á starfshæfni og vinnugetu. Markmiðið er að ná sameiginlegri niðurstöðu þannig að allir landsmenn njóti sama réttar til starfsendurhæfingar og starfshæfingar þótt greiðsluskylda vegna bæði bóta og þjónustu sé hjá mismunandi aðilum.

Við sameiningu stofnananna er ekki gert ráð fyrir breytingum á tilgangi eftirlits á vinnustöðum sem fram fer á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þannig er gert ráð fyrir að áfram verði tryggt að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar

sínar á sviði vinnuvernadarmála, þ.m.t. samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu á þessu sviði.

Miðað er við að atvinnurekendur beri áfram ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum, meðal annars um sérstakt áhættumat þar sem áhætta í starfi er metin með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Í kjölfar áhættumats þarf síðan að gera áætlun um heilsuvernd sem meðal annars byggist á áhættumatinu en þar skal koma fram áætlun um forvarnir. Verður að líta á áætlunina um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum sem eina af grunnstoðum þess að komið verði í veg fyrir að starfsmenn heltist úr lestinni af vinnumarkaði þar sem ætla má að sé farið eftir slíkri áætlun megi draga úr líkum á að atvinnutengdir sjúkdómar eða önnur óþægindi leiði til þess að starfsmenn geti ekki lengur sinnt störfum sínum. Þá er stofnuninni ætlað að annast útgreiðslu atvinnuleysistrygginga til þeirra sem missa störf sín tímabundið.

Hinni sameinuðu stofnun er þannig meðal annars ætlað að annast framkvæmd á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, auk annarra verkefna sem stofnununum tveimur hefur verið falið með öðrum lögum, svo sem lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum, lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

Enn fremur má gera ráð fyrir að ákveðin rekstrarhagræðing náist fram við sameiningu þessara tveggja stofnana þar sem dregið verður úr yfirbyggingu þeirra, stoðþjónusta samnýtt og þjónustustöðvar þeirra, sem staðsettar eru vítt og breytt um landið, verða sameinaðar í eina þjónustustöð vinnumarkaðsmála á hverjum stað. Þannig er stefnt að því að bæta þjónustuna við einstaklinga sem og fyrirtæki á hverjum stað með faglega sterkari starfseiningum en áður. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjónustustöðvar hinnar sameinuðu stofnunar kunni að verða sameinaðar þjónustustöðvum annarra opinberra stofnana á hverjum stað, svo sem Tryggingastofnunar ríkisins, svo unnt sé að samhæfa þjónustu fleiri aðila með það að markmiði að hún gagnist betur notendum hennar. Ráðherra skal leita umsagnar forstjóra og stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar um staðsetningu þjónustustöðva Vinnumarkaðsstofnunar og mögulega sameiningu við þjónustustöðvar annarra opinberra stofnana. Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa sérstaka nefnd til að meta meðal annars kosti og galla frekara samstarfs eða sameiningar Vinnumarkaðsstofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins með tilliti til verkefna sem snúa að högum fólks sem er eða gæti verið á vinnumarkaði. Unnt væri að útfæra slíkar sameiningar með þjónustusamningi viðkomandi stofnana. Gert er ráð fyrir að hin sameinaða stofnun sinni rannsóknum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála en ætla verður að koma megi á öflugu rannsóknarsviði í fyllingu tímans sem hefði meiri getu en nú er til staðar til skipulegra rannsókna á þessum sviðum. Þetta getur skipt verulegu máli við framkvæmd stærri rannsókna sem Ísland hefur áhuga á að gerast aðili að á vettvangi Evrópusambandsins, svo sem þeirra sem framkvæmdar eru á vegum stofnunar Evrópusambandsins um bætt starfsskilyrði og lífskjör, og Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar.

Færst hefur í vöxt að fela Vinnumálastofnun með lögum ákveðið eftirlitshlutverk á innlendum vinnumarkaði enda þótt meginreglan á íslenskum vinnumarkaði sé að aðilar vinnumarkaðarins fari sjálfir með það eftirlit, svo sem með því að atvinnurekendur haldi gerða kjarasamninga. Eftirlit Vinnumálastofnunar hefur einkum beinst að því að koma í veg fyrir

ólöglegt vinnuafl á innlendum vinnumarkaði og að hafa eftirlit með því að erlendir þjónustuveitendur starfi með lögmætum hætti hér á landi. Vinnueftirlit ríkisins hefur hins vegar haft eftirlit með því að atvinnurekendur fari að lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Með sameiningu stofnananna tveggja verður eftirlit þeirra samþætt en með því má ætla að eftirlitið verði markvissara um leið og eftirlitsheimsóknum til fyrirtækja fækki. Enn fremur er miðað við að í tengslum við sameiningu þessara tveggja stofnana verði í samráði við aðila vinnumarkaðarins hugað að hugsanlegum tilfærslum á einstaka verkefnum sem falla undir starfssvið stofnananna til annarra opinberra stofnana.

Lagt er til að hin nýja sameinaða stofnun starfi undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra en gert er ráð fyrir að ráðherra skipi ellefu manna stjórn stofnunarinnar sem í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem og Öryrkjabandalags Íslands auk formanns sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi án tilnefningar. Stjórn Vinnumarkaðsstofnunar samþykkir í byrjun árs starfsáætlun fyrir stofnunina. Þá fjallar hún jafnframt um rekstraráætlun fyrir stofnunina og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Jafnframt er lagt til að stjórnin verði ráðgefandi aðili fyrir forstjóra stofnunarinnar sem og félags- og tryggingamálaráðherra í faglegri stefnumótun og öðrum málum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Jafnframt fylgist stjórnin með þróun vinnumarkaðsmála, svo sem stöðu atvinnumála á einstökum svæðum á landinu, og verði til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsaðgerðum. Enn fremur verði stjórnin forstjóra stofnunarinnar og félags- og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar um bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar á meðal innan einstakra starfsgreina, og geri tillögur um úrbætur á þessum sviðum, þar á meðal hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum, lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar stjórnar við undirbúning að setningu nýrra laga og reglugerða á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála.

Áfram er lögð mikil áhersla á náið samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins um þróun og skipulag á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála í því skyni að samhæfa stefnumörkun sem og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Í þessu skyni er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra leiði a.m.k. einu sinni í mánuði sérstakt samráð aðila vinnumarkaðarins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sérstök stofnun, Vinnumarkaðsstofnun, verði sett á laggirnar sem heyri undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra fer því með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með stofnuninni og ber ábyrgð gagnvart Alþingi á störfum hennar. Gert er ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra skipi forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að sá sem skipaður verður í starf forstjóra hafi lokið námi á háskólastigi. Enn fremur er gert ráð fyrir að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og annist daglegan rekstur hennar. Þá er lagt til að forstjóri beri jafnframt ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, auk ákvæða annarra almennra laga sem fjalla um ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana. Þá ber forstjóra að fara að almennum fyrirmælum ráðherra sem setur honum erindisbréf, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en hann ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðherra.

Mikilvægt er að stofnunin hafi þjónustustöðvar á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að veita öllum sem til hennar leita góða þjónustu óháð búsetu. Ekki síður skiptir máli að þekking á staðháttum sé fyrir hendi innan stofnunarinnar. Á það einkum við í ljósi þess að aðstæður á vinnumarkaði geta verið mismunandi eftir landshlutum enda þótt landið sé eitt atvinnusvæði. Miðað er við að staðarval þjónustustöðva ráðist af því að sem flestir íbúar þess eigi greiðan aðgang að þjónustunni. Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði hvar á landinu þjónustustöðvar stofnunarinnar skulu vera staðsettar að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Einnig er talið mikilvægt að ráðherra verði heimilt að sameina þjónustustöðvar hinnar nýju stofnunar þjónustustöðvum annarra opinberra stofnana að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar í þeim tilgangi að samþætta þjónustu fleiri aðila svo unnt sé að mæta þörfum notenda þjónustunnar betur.

Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa nefnd aðila stöðugleikasáttmálans, og Öryrkjabandalags Íslands vegna málefna er varða sérstaklega skjólstæðinga þess, til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar. Ráðgjafar ráðuneytisins munu vinna með nefndinni. Í nefndarstarfinu verði jafnframt rætt um mögulega framtíðarverkaskiptingu hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins meðal annars varðandi málefni atvinnulausra. Það er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra í tengslum við framlengingu stöðugleikasáttmálans í október 2009. Þá meti nefndin kosti og galla frekari sameiningar Vinnumarkaðsstofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins með tilliti til verkefna sem snúa að högum fólks sem er eða gæti verið á vinnumarkaði.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við þeim verkefnum sem Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins sinna lögum samkvæmt. Þar á meðal er henni ætlað að sinna stjórnsýslu á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála sem og að sinna lögbundnu eftirliti á þeim sviðum. Enn fremur er við það miðað að stofnunin geri tillögur til ráðherra um stefnumótun á þessum sviðum og verði ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar. Stofnuninni er meðal annars ætlað að fylgjast með atvinnuástandi og atvinnuhorfum á innlendum vinnumarkaði sem og árangri vinnumarkaðsaðgerða. Henni er jafnframt ætlað að vera leiðandi af hálfu hins opinbera í skipulagningu og uppbyggingu á starfsendurhæfingu um allt land í því skyni að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði, sér og samfélaginu til hagsbóta. Stofnunin mun í starfi sínu vinna að því að samþætta starf sitt og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, meðal annars með tilliti til samræmdra reglna um mat á starfshæfni og vinnugetu. Í því starfi verði sérstaklega tekið mið af frumkvæði og því þróunarstarfi sem unnið hefur verið að af hálfu aðila vinnumarkaðarins með stofnun og starfrækslu Starfsendurhæfingarsjóðs. Markmiðið er að allir landsmenn njóti sama réttar til starfsendurhæfingar og starfshæfingar þó greiðsluskylda vegna bæði bóta og þjónustu sé hjá mismunandi aðilum.

Þá er stofnuninni ætlað að vinna að söfnun gagna og vinna að rannsóknum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 3. gr.

Lagt er til að félags- og tryggingamálaráðherra skipi ellefu manna stjórn Vinnumarkaðsstofnunar til fjögurra ára í senn. Þó er lagt til að formaður og varaformaður stjórnar, sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi án tilnefninga, séu skipaður til jafnlengdar embættistíma þess

ráðherra sem skipar. Enn fremur er lagt til að tveir fulltrúar verði tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og tveir af Samtökum atvinnulífsins. Þá er gert ráð fyrir að Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalag Íslands tilnefni hver sinn fulltrúa til setu í stjórninni. Lagt er til að tilnefning og skipun varamanna sé með sama hætti.

Lagt er til að stjórn Vinnumarkaðsstofnunar hafi eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Henni er meðal annars ætlað að fjalla um og samþykkja starfsáætlun fyrir stofnunina sem forstjóri leggur fyrir hana eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Jafnframt skal stjórn Vinnumarkaðsstofnunar vera ráðgefandi aðili fyrir forstjóra stofnunarinnar sem og félags- og tryggingamálaráðherra í faglegri stefnumótun og öðrum málum á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Jafnframt er lagt til að stjórnin skuli fylgjast með þróun vinnumarkaðsmála, meðal annars með reglulegu samráði við vinnumarkaðsráðin, sbr. 4. gr. frumvarps þessa, svo sem stöðu atvinnumála á einstökum svæðum á landinu, og vera til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsaðgerðum. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórnin sé forstjóra stofnunarinnar og félags- og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar um bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar á meðal innan einstakra starfsgreina. Þá er lagt til að stjórnin geri tillögur til ráðherra um úrbætur á þessum sviðum, þar á meðal hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum, lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Lagt er til að ráðherra skuli leita umsagnar stjórnar við undirbúning að setningu nýrra laga og reglugerða á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála.

Gert er ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að ákveða þóknun fulltrúa í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar en í því felst jafnframt að ráðherra geti ákveðið að ekki komi til greiðslu þóknunar til þeirra fulltrúa hagsmunaaðila í stjórninni sem um getur í 1. mgr. ákvæðisins. Er það í samræmi við þær starfsreglur ráðuneytisins að ekki séu greiddar þóknanir fyrir setu fulltrúa hagsmunaaðila í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins.

Um 4. gr.

Vísað er til athugasemda við 6. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, en auk þess sem þar kemur fram er með frumvarpi þessu lagt til að skýrsla vinnumarkaðsráðanna til stjórnar Vinnumarkaðsstofnunar skuli auk tillagna um vinnumarkaðsaðgerðir innihalda tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að vinnumarkaðsráðin verði hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumarkaðsstofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á aðgerðum í vinnuverndarmálum auk vinnumarkaðsúrræða.

Um 5. gr.

Lagt er til að félags- og tryggingamálaráðherra leiði a.m.k. einu sinni í mánuði sérstakt samráð á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála í því skyni að samhæfa stefnumörkun sem og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Í 1. mgr. eru nánar tilgreind þau samtök aðila vinnumarkaðarins sem gert er ráð fyrir að eigi aðild að samráðinu en þó er lagt til að ráðherra sé heimilt að boða til samráðsins fulltrúa annarra samtaka launafólks og atvinnurekenda en þeirra sem þar eru tilgreindir, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en gert er ráð fyrir að ákvæði laganna komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2011 að undanskildu ákvæði 2. mgr. 1. gr. sem kveður á um skipun forstjóra og ráðningu annarra starfsmanna hinnar nýju stofnunar.

Um 7. og 8. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæðum þessum leiðir af sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sem lögð er til með frumvarpi þessu. Til frekari skýringar er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 9. gr.

Lagt er til að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga sameinist Atvinnuleysistryggingasjóði þannig að úr verði einn sjóður. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga var settur á laggirnar með lögum nr. 46/1997 sem kveða á um rétt bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra til atvinnuleysistrygginga. Aðrir sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa átt rétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, gilda um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna annars vegar úr Atvinnuleysistryggingasjóði og hins vegar úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga þannig að sömu reglur gilda um þá sem eiga rétt á greiðslum úr öðrum hvorum sjóðnum óháð því til hvaða sjóðs þeir greiða tryggingagjald af launum sínum. Þykir hagsmunum bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra því ekki betur borgið með rekstri sérstaks sjóðs og því verður ekki séð að það þjóni sérstökum tilgangi að reka sérstakan sjóð fyrir þrjár starfsstéttir. Enn fremur ber að líta til þess að nokkur umsýslukostnaður fylgir því að reka tvo sjóði en fækkun hefur orðið í hópi þeirra sem ætlað er að greiða í Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í ákvæði þessu leiðir af sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sem lögð er til með frumvarpi þessu. Til frekari skýringar er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið á um að forstjóra Vinnumarkaðsstofnunar sé heimilt að vinna að undirbúningi að fyrirhugaðri starfsemi Vinnumarkaðsstofnunar áður en lögin koma til framkvæmda 1. janúar 2011 enda mikilvægt að vel sé staðið að undirbúningi að hinni nýju stofnun svo að hún geti hafið starfsemi sína á tilsettum tíma. Er meðal annars gert ráð fyrir að forstjórinn hugi að ráðningu starfsfólks fyrir þann tíma en gert er ráð fyrir að hann komi til með að bjóða annars vegar starfsfólki Vinnumálastofnunar og hins vegar starfsfólki Vinnueftirlits ríkisins störf í hinni nýju stofnun frá því að hún tekur til starfa 1. janúar 2011, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að sú skylda sem kveðið er á um í 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þess efnis að auglýsa beri laus störf gildi ekki hvað varðar ráðningu samkvæmt ákvæði þessu.

Í ákvæði til bráðabirgða III er kveðið á um yfirtöku Vinnumarkaðsstofnunar frá 1. janúar 2011 á eignum annars vegar Vinnueftirlits ríkisins og hins vegar Vinnumálastofnunar, sem og yfirtöku réttinda og skyldna þessara stofnana að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.

Í ákvæði til bráðabirgða IV er kveðið á um að félags- og tryggingamálaráðherra skuli skipa stjórn Vinnumarkaðsstofnunar sem og nýja stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 1.

janúar 2011. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra skuli skipa ný vinnumarkaðsráð frá sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun.

Með frumvarpi þessu er lagt er til að Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Vinnumarkaðsstofnun, sem hafi það hlutverk að annast stjórnsýslu á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála. Meginmarkmið með sameiningu þessara tveggja stofnana er að starfrækja eina öfluga opinbera stofnun sem fjallar um málefni vinnumarkaðarins í víðum skilningi þar sem áhersla verður lögð á sveigjanleika, öflugt stuðningsnet og aðhald.

Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við þeim verkefnum sem Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins sinna lögum samkvæmt. Auk þeirra verkefna er stofnuninni jafnframt ætlað að veita atvinnuleitendum, þar á meðal atvinnuleitendum með skerta starfshæfni, aðstoð í formi ráðgjafar, starfshæfnismats, starfsendurhæfingar og sérhæfðra atvinnutilboða eftir því sem við á hverju sinni og er gert ráð fyrir að þjónustan miðist við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Þá er stofnuninni ætlað að halda utan um gerð starfshæfnismats, þar á meðal að þróa og ákvarða hvaða mælitæki og aðferðir skuli nýttar til mats á starfshæfni, sem og að samhæfa skipulag og fjármögnun starfsendurhæfingar.

Í frumvarpinu er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra leiði a.m.k. einu sinni í mánuði sérstakt samráð tilgreindra aðila á sviði vinnumarkaðs- og vinnuverndarmála í því skyni að samhæfa stefnumörkun sem og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæðið um sérstök vinnumarkaðsráð í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði tekið upp í nýju lögunum. Hvorugt þessara samráðsákvæða er talið hafa kostnaðarauka í för með sér.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákveðin rekstrarhagræðing muni nást fram við sameiningu þessara tveggja stofnana með eftirfarandi hætti. Í fyrsta lagi reiknað með að ekki verði greitt fyrir setu í stjórnum og nefndum en lagt er til að ráðherra skipi tíu manna stjórn stofnunarinnar þar sem í eigi sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk formanns. Gert er ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra verði heimilt að ákveða þóknun fulltrúa í stjórninni en að í því felist jafnframt að ráðherra geti ákveðið að ekki komi til greiðslu þóknunar til tiltekinna fulltrúa hagsmunaaðila. Það er í samræmi við þær starfsreglur ráðuneytisins að ekki séu greiddar þóknanir fyrir setu fulltrúa hagsmunaaðila í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Einnig verður stjórn Vinnueftirlits ríkisins lögð niður í núverandi mynd sem og heimild ráðherra til að skipa vinnuverndarráð einstakra starfgreina. Þá er lagt til að Tryggingarsjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga verði sameinaður Atvinnuleysistryggingasjóði sem veldur því að ekki þarf að skipa sérstaka stjórn í tengslum við tryggingasjóðinn líkt og verið hefur. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum hvað varðar skipan fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Að meginstefnu verða ekki greidd laun fyrir setu i stjórnum og

ráðum nýrrar stofnunar. Reikna má með að formenn nefnda og ráða fái þóknun en aðrir ekki og er miðað við 5 m.kr. á ári í kostnað. Gert er ráð fyrir að samtals muni sparast um 25 m.kr. á ári vegna lægri stjórnar- og nefndarkostnaðar. Í öðru lagi er reiknað með sparnaði í húsnæðiskostnaði þ.e. viðhaldi, tryggingum rafmagni og hita. Húsnæðiskostnaður Vinnumálastofnunar, er rúmar 60 m.kr. en húsnæðiskostnaður Vinnueftirlitsins er um 30 m.kr. á ári. Helmingur kostnaðarins fellur til í Reykjavík og hinn helmingurinn á landsbyggðinni. Áætlunin er að sameina starfsstöðvar á þeim sjö stöðum á landsbyggðinni þar sem báðar stofnanirnar eru fyrir. Miðað við að sameinuð stofnun komist af með 75–80% af þeim fjármunum sem núna fara í húsnæðiskostnað, munu um 20 m.kr. sparast í rekstri. Í þriðja lagi er reiknað með að með hagræðingu og breyttu starfsmannaskipulagi verði hægt að fækka stöðugildum um 5–7 miðað við núverandi verkefni. Þar sem Vinnumarkaðsstofnun eru hins vegar ætluð ný verkefni á sviði starfsendurhæfingar og starfshæfnismats, sem einnig eru 5–7 stöðugildi, er gert ráð fyrir að þau störf verði unnt að manna með núverandi starfsmönnum stofnananna. Því er gert ráð fyrir að öllum starfsmönnum að undanskildum yfirmönnum verði boðin störf hjá hinni nýju stofnun.

Áætlað er að biðlaunakostnaður vegna sameiningarinnar verði um 28 m.kr., og mun hann falla á Vinnumarkaðsstofnun. Þá kemur til um 6 m.kr. kostnaður vegna nýs forstjóra sem gert er ráð fyrir að verði skipaður eftir gildistöku laganna en hann mun vinna að undirbúningi stofnunarinnar. Annan kostnað vegna undirbúnings breytinganna, 3–5 m.kr., mun ráðuneytið greiða af núverandi fjárheimild sem það hefur til ráðstöfunar.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um 45 m.kr. á ári sem telst vera 3% af samanlögðum rekstrarfjárheimildum stofnana fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Á móti fellur til 37 m.kr. einskiptiskostnaðar á næstu tveimur árum vegna starfsloka núverandi forstjóra sem í hlut eiga og undirbúnings sameiningar.

946. Frumvarp til laga [556. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: til annars vinnuveitanda á grundvelli framsals eða samruna.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal vanefndir framseljanda á skyldum sínum fyrir aðilaskiptin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum, var ætlað að innleiða tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti. Í ljósi túlkunar Hæstaréttar Íslands á 1. mgr. 3. gr. laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum í máli nr. 375/2004, Blaðamannafélag Íslands gegn Frétt ehf., hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemdir við fyrrnefnt ákvæði laganna en því er ætlað að innleiða 3. gr. umræddrar tilskipunar. Mál þetta varðaði ágreining um greiðslu vangoldinna launa blaðamanns er starfaði hjá Fréttablaðinu ehf. í kjölfar aðilaskipta að félaginu. Í dómi Hæstaréttar var fallist á að aðilaskipti hefðu farið fram að félaginu Fréttablaðinu ehf. í skilningi laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum er félagið Frétt ehf. tók yfir rekstur Fréttablaðsins ehf. sumarið 2002. Hins vegar taldi dómstóllinn að 1. mgr. 3. gr. laganna ætti eingöngu við um réttarstöðu starfsmanna en ekki skuldir framseljanda. Var því talið að réttur blaðamannsins til ógreiddra launa sem komu til fyrir aðilaskiptin yrði ekki byggður á lögunum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Engu síður hafi framsalshafa borið að virða ráðningarsamning blaðamannsins við framseljanda frá kaupsamningsdegi og þar til nýr ráðningarsamningur var gerður milli starfsmannsins og framsalshafa.

Eftirlitsstofnun EFTA telur þessa túlkun Hæstaréttar ekki vera í samræmi við dómafordæmi Evrópudómstólsins sem og EFTA-dómstólsins í málum er varða túlkun á 3. gr. tilskipunarinnar. Í þessu sambandi ber að geta þess að almennt er lögð áhersla á að líta skuli til fordæma Evrópudómstólsins í málum er varða túlkun á efni tilskipana og hefur fyrri tilskipunum Evrópusambandsins um þetta efni meðal annars verið breytt með vísan til fordæma dómstólsins. Því ber við túlkun innlendra laga aðildarríkjanna sem ætlað er að innleiða tilskipunina að líta til túlkunar Evrópudómstólsins á ákvæðum tilskipunarinnar. Hið sama gildir við túlkun þeirra laga sem ætlað er að innleiða tilskipunina í ríkjunum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en þá ber jafnframt að líta til fordæma EFTA-dómstólsins. Evrópudómstóllinn hefur meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að tilgangur tilskipunarinnar sé að tryggja réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum þannig að þeir geti haldið áfram að starfa fyrir nýjan vinnuveitanda á grundvelli sömu starfsskilyrða og þeir höfðu hjá fyrri vinnuveitanda. Enn fremur verði að líta á reglur tilskipunarinnar sem ófrávíkjanlegar (e. *mandatory*) og því ekki unnt að semja sig frá þeim þannig að þær verði starfsmönnum í óhag. Í því sambandi má nefna að í máli nr. C-305/94 (*Rotsart*) komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að í ljósi þessarar lögboðnu verndar sem tilskipuninni væri ætlað að veita starfsmönnum við aðilaskipti að fyrirtækjum geti aðilaskipti að ráðningarsamningi ekki verið háð vilja framsalshafa eða framseljanda auk þess sem framsalshafi geti ekki hindrað aðilaskiptin með því að neita að uppfylla skyldur sínar. Þannig færist ráðningarsamningurinn milli framseljanda og launamanns í fyrirtækinu sjálfkrafa frá framseljanda til framsalshafa eingöngu vegna aðilaskiptanna (e. *by the mere fact of the transfer of the undertaking*) án tillits til gagnstæðs vilja framseljanda eða framsalshafa og þrátt fyrir mótmæli þess síðarnefnda um að uppfylla skyldur sínar. Enn fremur hefur Evrópudómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að framseljandi sé laus allra skuldbindinga á grundvelli ráðningarsambandsins að því gefnu að landslög leggi ekki sameiginlega ábyrgð á framsalshafa og framseljanda eftir að aðilaskiptin hafa farið fram eins og tilskipunin heimilar. Í þessu sambandi má nefna að í máli nr. C-144 og 145/87 (*Harry Berg*) komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að framseljandinn hafi verið laus frá skyldum sínum sem vinnuveitandi eingöngu vegna aðilaskiptanna og að þau réttaráhrif aðilaskiptanna hafi ekki verið háð samþykki hlutaðeigandi starfsmanna.

Þá hefur EFTA-dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að framseljandi verði laus frá skyldum sínum á grundvelli ráðningarsambandsins og jafnframt að réttindi starfsmanna verði eingöngu varin séu allar þær skyldur sem um er að ræða færðar yfir til framsalshafa frá dagsetningu aðilaskiptanna, sbr. mál nr. E-2/04 (*Rassmusssen*).

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að Hæstiréttur Íslands hafi hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgðin á vangreiddum launum sem komu til fyrir framsalið liggi eingöngu á herðum framseljanda enda þótt sýnt hafi verið fram á að aðilaskipti hafi orðið að rekstri félagsins í skilningi laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Sú túlkun að framseljandi beri einn ábyrgð á hugsanlegum vanefndum á réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem séu fyrir hendi á þeim degi er aðilaskiptin eiga sér stað samræmist hins vegar ekki efni 3. gr. tilskipunarinnar að mati Eftirlitsstofnunarinnar því þar sé gert ráð fyrir að framsalshafi taki við réttindum og skyldum framseljanda á þeim degi er aðilaskipti eiga sér staða nema lög heimili að framsalshafi og framseljandi beri sameiginlega ábyrgð.

Við innleiðingu tilskipunar nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti, hér á landi með lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum, var ekki gert ráð fyrir að framseljandi og framsalshafi bæru sameiginlega ábyrgð eins og tilskipunin gerir ráð fyrir að aðildarríkin geti ákveðið heldur eingöngu að réttindi og skyldur á grundvelli ráðningarsamnings eða ráðningarsambands færðust yfir til framsalshafa.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að þrátt fyrir að orðalag ákvæðis 1. mgr. 3. gr. laganna útiloki ekki samkvæmt orðanna hljóðan að greiðsla vangreiddra launa falli undir ákvæðið verði að horfa til þeirrar túlkunar sem Hæstiréttur hefur viðhaft á ákvæðinu í dómum sínum. Í ljósi þess verði ekki talið að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna feli í sér með fullnægjandi hætti innleiðingu á efni 3. gr. tilskipunarinnar nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti. Því er í frumvarpi þessu lögð til breyting á ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna í því skyni að orðalag þess samræmist betur þeirri túlkun Evrópudómstólsins sem og EFTA-dómstólsins á 3. gr. tilskipunarinnar sem rakin er hér að framan. Breytingin hefur það í för með sér að við aðilaskipti tekur framsalshafi yfir réttindi og skyldur framseljanda, þar með taldar vanefndir á grundvelli ráðningarsamnings eða ráðningarsambands sem komu til fyrir aðilaskiptin, og tekur breytingin þannig af allan vafa hvað þetta varðar.

Jafnframt er lögð til breyting á 1. mgr. 1. gr. laganna en við þá breytingu sem gerð var á lögunum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum með lögum nr. 108/2006, um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, virðist sem fallið hafi brott seinni hluti þágildandi 1. mgr. 1. gr. laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Í ljósi þess að með lögum nr. 108/2006 var ekki ætlunin að breyta gildissviði laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum að þessu leyti er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt í fyrra horf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum nr. 22/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er verið að breyta ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna í því skyni að orðalag þess samræmist betur þeirri túlkun Evrópudómstólsins sem og EFTA-dómstólsins á 3. gr. tilskipunarinnar nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti. Er þessi breyting gerð eftir ábendingu frá Eftirlitsstofnunar EFTA. Í öðru lagi er lögð til breyting á 1. mgr. 1. gr. laganna þar sem orðalagi ákvæðisins er breytt í fyrra horf en með breytingum sem gerðar var á lögunum árið 2006 virðist sem fallið hafi á brott seinni hluti þágildandi 1. mgr. 1. gr. laganna.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

947. Frumvarp til laga [557. mál]

um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda eftir því sem nánar er kveðið á um í lögunum.
b. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 83. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3. mgr. 84. gr. og 4. mgr. 89. gr. c.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar eða félags- eða heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vanræki sveitarstjórn þær skyldur er hvíla á sveitarfélaginu getur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

4. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum, taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál til meðferðar skal nefndin tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins.
b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ef ágreiningur rís milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa ákveðið hvar barn telst eiga fasta búsetu, svo og mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess.
c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.
d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun.
e. 6. mgr. (verður 7. mgr.) orðast svo:
   Barnaverndarnefndir sem í hlut eiga geta skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. til kærunefndar barnaverndarmála.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:
   a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
   b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
   c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð

kona er beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

8. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.

9. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „áreitni eða ofbeldis af hendi annarra“ í 1. mgr. kemur: ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra.
b. Á eftir orðunum „eða eigin hegðunar þess“ í 1. mgr. kemur: eða að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds.
e. Við 2. málsl. 4. mgr. bætist: innan viku frá því að ákvörðunin var tekin.
f. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
c. 3. mgr. orðast svo:

Barnaverndarnefnd skal ætíð meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar. Sérstaklega ber að meta þörf á samstarfi við þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. Ef barnaverndarnefnd telur hagsmuni barns kalla á samstarf við þessa aðila ber nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess.
b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarnefnd eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari úrræði. Barnaverndarnefnd getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun barnaverndarnefndar, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til kærunefndar barnaverndarmála.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: kveðið á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Foreldrar geta skotið úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. eða forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

15. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og innan 14 daga kveða upp úrskurð, eða taka ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28. eða 29. gr., að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi.

16. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. er ekki kæranlegt til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b.

17. gr.

Í stað orðanna „kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: kröfu á hendur barnaverndarnefnd, foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a eða 67. gr. b og fósturforeldrum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
b. 2. mgr. orðast svo:

Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.

c. 3. mgr. fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Ef barnaverndarnefnd þykir“ í 1. málsl. kemur: heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu eða.
b. Við 1. málsl. bætist: eða þungaða konu.
c. Við 2. málsl. bætist: eða þungaðrar konu.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess“ í 1. mgr. kemur: upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna.
b. Í stað orðanna „upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið“ í 3. mgr. kemur: upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „skal hún þegar taka afstöðu til þess“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skal hún taka afstöðu til þess.
c. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr.

22. gr.

Orðið „óháðra“ í 48. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði eða ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr. til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð eða ákvörðun.

Kærunefnd getur ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveði upp úrskurð ef mál þykir ekki varða mikilsverða hagsmuni barns.

Kærunefnd skal innan tveggja vikna frá því að henni berst kæra taka mál til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í máli svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

24. gr.

Á eftir 53. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

a. (53. gr. a.)

Lögsaga.

Dómsmál samkvæmt lögum þessum er unnt að höfða hér á landi ef:

a. aðili er búsettur hér á landi,
b. barn er búsett hér á landi eða
c. barn dvelst eða er statt hér á landi og nauðsynlegt þykir að leita atbeina dómstóla til að tryggja öryggi þess.

b. (53. gr. b.)

Flýtimeðferð.

Mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka.

b. 3. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Um sérfróða meðdómsmenn og þinghöld.*

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.
b. 3. mgr. fellur brott.

27. gr.

Síðari málsliður 61. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 53. gr. b og ákvæði 1. mgr. 54. gr. gilda ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili. Þegar barnaverndarnefnd telst varnaraðili er nefndinni heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.

Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „svo fljótt sem verða má“ í 1. mgr. kemur: innan viku.
b. Á eftir orðunum „stuttan frest“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: að jafnaði ekki lengri en tvær vikur.
c. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.
d. Við 5. mgr. bætist: að jafnaði innan tveggja vikna.

30. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttindi barns við málsmeðferð.

Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja.

Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:
a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstra barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða

e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarnefndar eða fær hæli eða dvalarleyfi á Íslandi.

b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.

32. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 66. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarstofa veitir væntanlegum og starfandi fósturforeldrum fræðslu, almennar leiðbeiningar og annan almennan faglegan stuðning.

33. gr.

3. málsl. 2. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

Á eftir 67. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (67. gr. a.)

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. 25. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., eða forsjársvipting á sér stað skv. 29. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt kynforeldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarnefndin hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

b. (67. gr. b.)

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt kynforeldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarnefnd hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef barnaverndarnefnd telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt kynforeldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til kærunefndar barnaverndarmála.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

35. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:

Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. 74. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. 67. gr. a eða b skal barnaverndarnefnd sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal barnaverndarnefnd í þessum tilvikum gera áætlun um stuðningsúrræði í samvinnu við foreldri skv. 23. gr.

36. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. 8. mgr. orðast svo:

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið úrskurði samkvæmt þessari grein til kærunefndar barnaverndarmála.

38. gr.

Á eftir 74. gr. laganna bætist við ný grein, 74. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.

Ávallt skal kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni.

Fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri eru aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Þessir fósturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til kærunefndar barnaverndarmála.

39. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara.

Um fjárhæðir skv. 1. mgr. og skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í

tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.

40. gr.

76. gr. laganna fellur brott.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:
   a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra eða vegna eigin hegðunar þeirra,
   b. greina vanda barna, kanna aðstæður þeirra og meta þörf fyrir meðferð eða stuðning,
   c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota og
   d. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.
b. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Barnaverndarstofu og getur hún mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili“ í 5. mgr. kemur: samninga um vistun barns og skyldur barnaverndarnefnda.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Öll starfsemi heimila og stofnana skv. 79. gr. skal miða að því að tryggja börnum rétt til einkalífs, rétt til að ráða persónulegum högum sínum og rétt til að hafa samskipti við aðra, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins og þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.
b. B- og c-liður 3. mgr. orðast svo:
   b. beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum,
   c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar.

44. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

84. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Vistúrræði á vegum barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu gera samninga við vistforeldra á einkaheimili eða skipuleggja vistúrræði á annan hátt, til að veita barni móttöku sem nauðsynlegt reynist að vista utan heimilis, þegar slíkt úrræði þykja henta barninu betur en vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Heimilt er að vista barn á einkaheimili samkvæmt þessari grein að jafnaði í allt að þrjá mánuði. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum laganna um fóstur.

Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að gera samning við vistforeldri eða setja á laggirnar annað úrræði fyrir tiltekið barn skal sækja um leyfi Barnaverndarstofu. Ef vistforeldri er búsett í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt.

Barnaverndarnefnd veitir þeim vistforeldrum sem starfa á vegum nefndarinnar fræðslu og annan faglegan stuðning eftir því sem þörf krefur.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 80. gr. og 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barns í vistúrræði skv. 1. mgr. eftir því sem við á.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um úrræði samkvæmt þessu ákvæði þar sem m.a. skal kveða á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, útgáfu leyfis, ráðstöfun barns og samninga um vistun.

46. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.**

47. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn sem ráðstafar barni í vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr. laganna greiðir til ríkisins gjöld sem nema hluta kostnaðar við rekstur úrræða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: að frádregnum gjöldum skv. 2. mgr. 87. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðuneytið setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða skv. 2. mgr. 87. gr., svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Ráðuneytið setur með sama hætti reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. Verði vanhöld á því að sveitarfélög greiði þau gjöld sem því ber samkvæmt reglugerðinni skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Barnaverndarstofu það sem eftir verður eigi síðar en 31. desember ár hvert. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir þá greiðslu hjá við-

komandi sveitarfélagi með því að draga umrædda greiðslu af jöfnunarframlögum til viðkomandi sveitarfélags.

49. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, **Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis,** með fjórum nýjum greinum, 89. gr. a – 89. gr. d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (89. gr. a.)

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara,
b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt,
c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og
d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.

b. (89. gr. b.)

Hlutverk barnaverndarnefndar.

Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur vistúrræða á vegum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Barnaverndarnefnd skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili, stofnun eða í öðru vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

c. (89. gr. c.)

Hlutverk Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Barnaverndarstofa metur gæði og árangur þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og stöðlum. Ef Barnaverndarstofa telur að úrræði uppfylli ekki þær kröfur sem eru gerðar getur stofan svipt barnaverndarnefnd leyfi til að nýta tiltekið úrræði.

Barnaverndarnefnd getur skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

d. (89. gr. d.)

Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja úrræði á ábyrgð ríkisins að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

Ráðuneytið setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kafla þessa, m.a. nánar um markmið, áherslur og aðferðir.

50. gr.

2. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

51. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin gilda um öll þau mál sem eru í gangi við gildistöku þeirra, óháð því hvort atvik þau sem mál er sprottið af hafi að einhverju eða öllu leyti átt sér stað í tíð eldri laga, þó með þeim frávikum sem tilgreind eru í 3.–9. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. gildir um úrskurði og ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laganna.

Ákvæði 16. gr. gildir um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis eftir gildistöku laganna.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. gildir um þau mál sem berast kærunefnd eftir gildistöku laganna.

Ákvæði b-liðar 24. gr. og 25. gr. gilda um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laganna.

Ákvæði 29. og 30. gr. gilda um mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laganna.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. málsl. 2. mgr. 35. gr. gilda um umgengni og stuðning í tilvikum foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barns með sérstökum samningi samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. og 40.–42. og 44.–49. gr. taka gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var af félags- og tryggingamálaráðherra 8. júlí 2008. Starfshópnum var falið að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Var hópnum falið að skoða sérstaklega ákvæði laganna sem varða vistun barna utan eigin heimilis og framkvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Þá

var starfshópnum ætlað að fjalla um hverju þyrfti að breyta í framkvæmd barnaverndarstarfs án lagabreytinga.

Hrefna Friðriksdóttir var tilnefnd af Barnaverndarstofu meðan hún starfaði sem lögfræðingur stofunnar og var hún jafnframt skipaður formaður starfshópsins. Í upphafi árs 2009 tók Hrefna við stöðu lektors í sifja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands en var falið að starfa áfram sem formaður hópsins. Aðrir í starfshópnum voru Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra, og Þorgerður Benediktsdóttir lögfræðingur, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra.

Starfshópurinn hóf störf á haustmánuðum 2008. Gerðar voru nokkrar breytingar á ákvæðum barnaverndarlaga á vorþingi 2009, sbr. lög nr. 52/2009, sem þóttu ekki þola bið og tók formaður starfshópsins þátt í undirbúningi að setningu þeirra laga.

Í upphafi starfsins var ákveðið að leita álits og umsagna fjölmargra aðila um reynsluna af framkvæmd barnaverndarlaganna, meðal annars formanna allra barnaverndarnefnda, félagsmálastjóra og yfirmanna fjölskyldudeilda og barnaverndar, kærunefndar barnaverndarmála, umboðsmanns barna, samstarfsaðila barnaverndarnefnda og frjálsra félagasamtaka. Eftirtaldir aðilar sendu starfshópnum athugasemdir:

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar.
Fjölskyldusvið Akraneskaupstaðar.
Félagsmálanefnd Álftaness.
Félagsþjónusta Norðurþings.
Fjölskyldumiðstöð Árborgar.
Barnavernd Reykjavíkur.
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar.
Fjölskylduráð Garðabæjar.
Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar.
Félagsmálaráð Seltjarnarness.
Umboðsmaður barna.
Kærunefnd barnaverndarmála.
Kvennadeild Landspítalans.
Menntasvið Reykjavíkurborgar.
Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.
Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Landspítala.
Samtök um kvennaathvarf.
Félagsráðgjafafélag Íslands.
Rannsóknasetur um barna- og fjölskylduvernd.
Samtökin Blátt Áfram.

Starfshópurinn fundaði einnig með nokkrum aðilum til að ræða einstaka álitaefni og fékk gagnlegar ábendingar, svo sem frá starfsmönnum Barnaverndarstofu, borgarlögmanni og formanni kærunefndar barnaverndarmála. Starfshópurinn hélt alls 19 fundi.

2. Reynslan af ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ljóst er að barnaverndarlögin, nr. 80/2002, sem tóku gildi 1. júní 2002 fólu í sér umtalsverðar breytingar frá eldri lögum og hefur framkvæmd barnaverndarstarfs tekið allnokkrum

stakkaskiptum með hinum nýju lögum. Að mati starfshópsins tókst almennt vel til við setningu nýrra barnaverndarlaga árið 2002 og hafa þau reynst nokkuð vel. Lögin eru mun skýrari en eldri lög og hafa stuðlað að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi á landinu. Starfshópurinn skilar sérstakri samantekt þar sem fjallað er frekar um reynsluna af barnaverndarlögunum, nr. 80/2002, og er sú samantekt fylgiskjal með frumvarpi þessu.

3. Meginmarkmið breytinga.

Frumvarpið er nokkuð viðamikið. Að meginstefnu til er þó um að ræða breytingar sem hafa það að markmiði að skýra ákvæði frekar eða skerpa á þeim og að lögfesta þá túlkun ákvæða sem átt hefur sér stað frá gildistöku laganna. Allnokkur nýmæli er einnig að finna. Viðamest þeirra eru nýmæli sem fela í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem talið er fyrir bestu að vistast utan heimilis. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Í 5. kafla í þessum athugasemdum er sérstaklega fjallað um þessar breytingar og rök fyrir þeim.

Við gerð frumvarpsins fór starfshópurinn vandlega yfir innkomnar umsagnir og ábendingar og hefur tekið tillit til þeirra eftir föngum í vinnu sinni. Einnig hefur verið litið til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um barnaverndarstarf og framkvæmd laganna, einkum í ársskýrslum Barnaverndarstofu og úrskurðum kærunefndar barnaverndarmála, álitum umboðsmanns Alþingis og dómum. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af þróun barnaverndarréttar á alþjóðavettvangi og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og litið til þingsályktunar Alþingis frá 16. mars 2009 um lögfestingu samningsins.

4. Helstu nýmæli.

Rétt þykir að veita yfirlit yfir helstu nýmæli frumvarpsins. Upptalning breytinga og nýmæla er ekki tæmandi og vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins um frekari útlistanir.

a. Kærunefnd barnaverndarmála.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt upp með að afmarka nánar hvaða ákvörðunum barnaverndarnefnda megi skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Frá gildistöku laganna hafa vaknað spurningar um kæruheimildir og aðild að kærumálum og er mikilvægt að reglur um þetta séu eins skýrar og nokkur er kostur. Farin er sú leið að skerpa ákvæði 1. gr. en jafnframt að kveða með skýrari hætti á um heimild til að kæra ákvarðanir í einstaka ákvæðum, svo sem í 9., 10., 11., 13., 16., 37. og 39. gr. frumvarpsins.

Þá eru í 23. gr. frumvarpsins lagðar til nokkrar breytingar á málsmeðferð kærunefndar.

b. Lögsaga barnaverndarnefnda.

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um lögsögu barnaverndarnefnda í málum barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi og barna sem koma hingað til lands eða eru hér á landi án forsjáraðila sinna en fá hér hæli eða dvalarleyfi. Mælt er fyrir um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál, umsjá eða forsjá barnsins og ábyrgð á kostnaði vegna ráðstöfunar. Jafnframt eru ákvæði um flutning mála milli umdæma barnaverndarnefnda gerð skýrari og lögð áhersla á samstarf og samfellu.

c. Tilkynningarskylda.

Í 6.–8. gr. frumvarpsins er að finna nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um tilkynningarskyldu. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta framsetningu hinnar almennu tilkynningarskyldu í 1. mgr. 16. gr. laganna og breyta orðalagi til samræmis við þá breytingu sem fólst í lögum nr. 52/2009. Í öðru lagi er lagt til það nýmæli að fjalla með skýrari hætti um tilkynningarskyldu vegna þungaðra kvenna en gert er í núgildandi lögum auk þess sem ákvæðið nær nú einnig til þess þegar þunguð kona er beitt ofbeldi. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að í ákvæðum 17. og 18. gr. laganna um tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum og tilkynningarskyldu lögreglu verði vísað í 16. gr., þ.e. þá lýsingu á aðstæðum barna sem þar eru nefndar. Að lokum er í 8. gr. frumvarpsins að finna það nýmæli að takmarka nokkuð tilkynningarskyldu lögreglu um brot sem börn fremja. Markmið þessara breytinga er að gera tilkynningarskylduna skýrari og að tilkynningar verði markvissari en áður.

d. Samstarf í barnavernd.

Í 11. og 13. gr. frumvarpsins er fjallað um samstarf barnaverndarnefnda og þeirra sem starfa með börnum. Kveðið er á um skylduna til að meta þörf á samstarfi og til að koma á samstarfi með skýrari hætti en í núgildandi lögum. Þá er í 13. gr. það mikilvæga nýmæli að barnaverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði að láta aðilum sem nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. laganna í té upplýsingar um líðan barns og meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins. Með þessu er leitast við að tryggja möguleika á virkara samstarfi en nú er með hagsmuni barns að leiðarljósi.

e. Réttarstaða barns.

Í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli sem snúa að því sérstaklega að skýra og bæta réttarstöðu barns. Í 12. gr. eru lagðar ríkari skyldur á barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á varanlegri ráðstöfun barns að meta þarfir þess fyrir frekari úrræði eftir að barnið verður lögráða og jafnframt um rétt ungmennis til að skjóta til kærunefndar synjun á að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að barn verður 18 ára.

Í 21. gr. er lagt til að fella niður aldursmörk þau sem er að finna í 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, en markmiðið er að auka rétt barna til þátttöku.

Í 26. og 30. gr. er fjallað með skýrari hætti um réttindi barns við málsmeðferð fyrir dómi.

Í 35. gr. er að finna mikilvæg nýmæli sem miða að því að tryggja betur réttindi barns í fóstri. Þar er meðal annars lagt til að barnaverndarnefnd beri ávallt ábyrgð á að taka ákvarðanir um umgengni við barn eftir að foreldri afsalar sér umsjá eða forsjá eða er svipt umsjá eða forsjá samkvæmt ákvæðum laganna. Ákvæðið tengist nýmælum í 34. gr. frumvarpsins um réttarstöðu foreldra og hefur meðal annars í för með sér það nýmæli að barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um umgengni ef annað foreldri er svipt forsjá skv. 29. gr. laganna og hitt tekur við forsjá barns.

Þá er lagt til í 43. gr. að gera ákvæði 82. gr. laganna um réttindi barns og beitingu þvingunar skýrari en nú er.

Að lokum er í 49. gr. lagt til að lögfesta ný ákvæði um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis með það að markmiði að tryggja betur réttarstöðu og réttaröryggi þeirra.

f. Val á þeim sem tekur að sér að annast barn.

Í 16. gr. er tekið af skarið um að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. laganna sé ekki kæranleg ákvörðun nema í því einstaka tilviki sem sérstaklega er fjallað um í b-lið 34. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er ekki skýrt að hvaða leyti og gagnvart hverjum er um stjórnvaldsákvörðun að ræða þegar barnaverndarnefnd velur einhvern til að annast barn. Það liggur fyrir að hér er um mikilvægar og oft vandasamar ákvarðanir að ræða og eins og oftast í barnaverndarmálum eru fleiri en einn sem bera ríka hagsmuni barns fyrir brjósti. Hér er lögð áhersla á að enginn eigi rétt á að taka að sér að annast barn heldur eigi barn rétt á bestu mögulegu umönnunaraðilum. Barnaverndarnefnd beri að velja úr hópi þeirra sem hafa fengið sérstakt leyfi og í fósturráðstöfun felist í grunninn ekki ákvörðun um rétt og skyldu tiltekinna aðila. Nauðsynlegt er að reglur um ákvarðanatöku og réttarstöðu allra er láta sig mál varða séu eins skýrar og nokkur er kostur enda er allur dráttur og óvissa um réttarstöðu barns á því viðkvæma tímamarki sem hér um ræðir líkleg til að hafa skaðleg áhrif á hagsmuni barns. Um nánari útlistun er vísað til skýringa við ákvæði frumvarpsins.

g. Málsmeðferð fyrir dómi.

Í 24.–30. gr. frumvarpsins eru ýmis nýmæli sem snerta meðferð mála fyrir dómi. Í a-lið 24. gr. er það nýmæli að kveða á um lögsögu með skýrum hætti en slíkt ákvæði er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Í b-lið 24. gr. er að finna það mikilvæga nýmæli að öll mál skv. X. kafla barnaverndarlaga skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Rétt þykir að taka af skarið um þetta til að samræma málsmeðferð og tryggja málshraða en þess má geta að flest mál hafa sætt flýtimeðferð til þessa. Í 25. gr. er lagt til að mæla með skýrari hætti fyrir um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Í 29. gr. er að finna breytingar á ákvæði 63. gr. þar sem lögð er frekari áhersla á málshraða í málum skv. XI. kafla barnaverndarlaga.

h. Réttarstaða foreldra sem fara sameiginlega með forsjá.

Í b-lið 34. gr. frumvarpsins er að finna mikilvægt nýmæli þar sem fjallað er um réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman. Þegar foreldri sem barn býr hjá afsalar sér eða er svipt umsjá eða forsjá barns hefur skapast óvissa um réttarstöðu þess foreldris sem hefur hlutdeild í forsjá en býr ekki með barni sínu. Í núgildandi lögum er einungis að finna ákvæði um réttarstöðu forsjárlauss foreldris við þessar aðstæður.

Hér verður sem endranær að taka ríkt tillit til hagsmuna barnsins og sérstöðu barnaverndarmála. Í b-lið 34. gr. er gerður greinarmunur á því hvort um tímabundna eða varanlega ráðstöfun er að ræða. Sé um tímabundna ráðstöfun að ræða er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti ákveðið að fela hinu foreldrinu umsjá barns og að foreldri geti skotið synjun til kærunefndar barnaverndarmála. Ef foreldri sem barn býr hjá afsalar sér eða er svipt forsjá barns er hins vegar gert ráð fyrir að hitt foreldrið fari eftir það eitt með forsjá barnsins. Ákvæðið tengist einnig 35. gr. frumvarpsins þar sem gerðar eru breytingar á réttindum barns í fóstri með það að markmiði að tryggja hagsmuni barns.

i. Réttarstaða fósturforeldra.

Í 38. gr. frumvarpsins er réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni við barn í fóstri almennt gerð skýrari. Þá er að finna það nýmæli að fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri verða aðilar að máli um umgengni sem þýðir að þessir fósturforeldrar taka þátt í gerð

samnings um umgengni, geta óskað breytinga á fyrri ákvörðun, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála. Nokkur óvissa hefur verið um réttarstöðu fósturforeldra að þessu leyti en markmiðið með ákvæðinu er að styrkja réttarstöðu þeirra.

j. Skólamál barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Í 39. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um kostnað vegna skólagöngu barna sem ráðstafað er í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag en þar sem þau eiga lögheimili. Markmið með ákvæðinu er að kveða skýrar en verið hefur á um skyldur sveitarfélags sem ráðstafar barni og skyldur viðtökusveitarfélagsins. Ákvæðið er í samræmi við álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 14. október 2009.

k. Ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis.

Í 39., 47. og 48. gr. frumvarpsins er að finna mikilvæg nýmæli um afmörkun og skiptingu kostnaðar vegna vistunar barna utan heimilis. Lagt er til að ráðuneytið setji reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga með börnum sem ráðstafað er í fóstur. Einnig er lagt til að sveitarfélög greiði gjöld sem nemi hluta kostnaðar við rekstur heimila og stofnana sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. laganna. Þessar breytingar tengjast breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nánar er fjallað um í 5. kafla athugasemdanna hér á eftir, þ.e. flutningi verkefna frá sveitarfélögunum yfir til ríkis. Markmiðið er enn fremur að jafna og samræma greiðslur, tryggja þannig betra jafnræði og draga úr togstreitu um val á úrræði fyrir tiltekið barn.

l. Vistun barna utan heimilis, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, mat og eftirlit.

Í 41., 42., og 44.–46. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis.

Eins og áður sagði var starfshópnum sérstaklega falið að skoða ákvæði barnaverndarlaga um vistun barna utan heimilis. Lagðar eru til nokkuð viðamiklar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að ríkið beri ábyrgð á að byggja upp öll heimili og stofnanir fyrir börn og taki því við hluta þeirra verkefna sem áður voru hjá sveitarfélögum. Sveitarfélög muni þó eftir sem áður bera ábyrgð á tilteknum vistúrræðum.

Þá er lagt til í 49. gr. frumvarpsins að lögfesta sérstakan kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Nánar er fjallað um þessar breytingar 5. kafla hér á eftir og í skýringum við einstök ákvæði.

5. Vistun barna utan heimilis.

5.1 Yfirlit yfir framkvæmd vistunar samkvæmt ákvæðum núgildandi laga.

Við setningu núgildandi barnaverndarlaga voru ekki gerðar grundvallarbreytingar á ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis eða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum. Þó voru gerðar umtalsverðar breytingar á lagaákvæðum þar sem leitast var við að gera öll ákvæði um uppbyggingu úrræða, nýtingu þeirra og réttarstöðu barna mun skýrari. Nánari útfærslu er einnig að finna í reglugerð um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 271/1995, með síðari breytingum, og reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004.

Fjallað er um grundvöll að vistun barns utan heimilis í ákvæðum VI. kafla laganna um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Samkvæmt 25. og 27. gr. laganna geta barnaverndarnefndir tekið við umsjá eða forsjá barns og ráðstafað barninu í fóstur eða vistað barnið á heimili eða stofnun eða í öðru úrræði skv. XIII. eða XIV. kafla laganna. Þá reynir á þessi ákvæði ef foreldri er svipt umsjá eða forsjá skv. 27.–29. gr. laganna.

Rétt er að gefa hér nokkra yfirsýn yfir framkvæmd vistunar samkvæmt núgildandi lögum og skoða sérstaklega hver tekur ákvörðun um vistun og hvernig greiðslum er háttað:

– Heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins skv. 79. gr. barnaverndarlaga, reglugerð um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 271/1995, með síðari breytingum, og reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 2001. Hér er átt við heimili og stofnanir til að mæta ákveðnum þörfum barna sem nánar er lýst í lagaákvæðinu. Barnaverndarstofa getur sett úrræði á laggirnar eða falið öðrum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings. Barnaverndarstofa tekur ákvörðun um vistun eftir að umsókn berst frá barnaverndarnefnd, meðal annars um hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Við upphaf vistunar er gerður vistunarsamningur sem undirritaður er af meðferðarheimili eða stofnun, barnaverndarnefnd, foreldrum og barni eftir atvikum. Barnaverndarnefnd ábyrgist að meðferðarheimili berist frá foreldrum hvers barns sem svarar einföldum barnalífeyri í upphafi hvers mánaðar sem notað er til að mæta sérstökum persónulegum þörfum barnsins en kostnaður vegna vistunar greiðist af hálfu ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu í ársskýrslu voru alls 44 börn vistuð á meðferðardeild Stuðla árið 2007. Þá komu alls 93 börn í alls 182 skipti á lokaða deild í neyðarvistun. Á meðferðarheimilum voru vistuð alls 104 börn árið 2007. Samkvæmt tölulegum upplýsingum Barnaverndarstofu um barnaverndarmál árið 2008 bárust það ár alls 56 umsóknir um vist á Stuðlum og 76 um vistun á öðrum meðferðarheimilum, eða alls 132 umsóknir.
– Heimili og stofnun skv. 84. gr. barnaverndarlaga og VII. kafla reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004. Hér er átt við úrræði til að mæta tilteknum þörfum barna sem barnaverndarnefnd setur á laggirnar með viðvarandi skipulögðum hætti og ræður starfsmenn til að veita börnum móttöku, svo sem vistheimili og sambýli. Barnaverndarnefnd getur falið öðrum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings. Barnaverndarnefnd fær leyfi Barnaverndarstofu til að reka heimili eða stofnun. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um vistun barns og ber skv. 5. og 43. gr. reglugerðar að gera samning við rekstraraðila um vistun hvers barn. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu var 91 barn vistað á vistheimili eða sambýli árið 2006.
– Annað vistunarúrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga og VII. kafla reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004. Hér er átt við öll önnur vistunarúrræði sem barnaverndarnefndir grípa til en þau sem teljast heimili og stofnanir. Fyrst og fremst reynir hér á vistun hjá vistforeldri á einkaheimili, jafnt þegar um er að ræða nákomna ættingja eða aðra, en heimilt er að vista barn í slíku úrræði í allt að þrjá mánuði. Barnaverndarnefnd fær leyfi Barnaverndarstofu til að reka úrræði af þessu tagi og almennt er gert ráð fyrir að leyfi liggi fyrir áður en vistun hefst. Samkvæmt 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 getur vistun í undantekningartilvikum hafist áður en leyfi liggur fyrir ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þykir augljóslega best borgið hjá tilteknum einstaklingum. Í þeim tilvikum þarf að senda

sérstaka tilkynningu til Barnaverndarstofu og sækja um leyfi innan sjö daga frá því að vistun hefst. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um vistun og ber skv. 5. og 43. gr. reglugerðarinnar að gera samning við vistforeldri þar sem meðal annars skal kveðið á um greiðslur. Engar samræmdar reglur eru til um greiðslur með barni sem vistast skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarnefndir eru hvattar til að fá leyfi til að hafa tiltæk einkaheimili á hverjum tíma sem geta tekið við börnum í bráðatilvikum. Einhverjar nefndir gera þetta og greiða þá til dæmis viðkomandi fast grunngjald auk gjalds fyrir vistun hvers barns meðan vistun varir. Í öðrum tilvikum þegar viðurkennt er að barni sé fyrir bestu að vistast hjá aðilum sem barnið þekkir þarf barnaverndarnefnd að sækja um leyfi fyrir þá vistun sérstaklega og semja við viðkomandi um greiðslur. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu voru alls 96 börn vistuð á einkaheimilum eða í öðrum úrræðum skv. 84. gr. árið 2006.

– Tímabundið eða varanlegt fóstur skv. XII. kafla barnaverndarlaga og reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Barnaverndarnefnd velur fósturforeldra að höfðu samráði við Barnaverndarstofu úr hópi þeirra sem stofan hefur metið hæfa. Barnaverndarnefnd gerir fóstursamning við fósturforeldra þar sem meðal annars eru ákveðnar greiðslur til fósturforeldra. Í 24. gr. reglugerðar um fóstur er að finna viðmið um hvað teljist framfærslueyrir, fósturlaun og annar kostnaður og tekið fram að framfærslueyrir og fósturlaun skuli nema samanlagt að lágmarki tvöföldum barnalífeyri. Fjárhæðir ber að öðru leyti að meta með hliðsjón af þörfum barns í hverju tilviki. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu var alls 136 börnum ráðstafað í tímabundið og varanlegt fóstur árið 2006. Vísbendingar eru um að fósturráðstöfunum, sérstaklega í tímabundið fóstur, fari fjölgandi. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu bárust þannig 55 umsóknir um fósturheimili fyrstu sex mánuði ársins 2009 í samanburði við 45 á samsvarandi tímabili árið 2008.
– Styrkt fóstur skv. XII. kafla barnaverndarlaga og reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Ef gert er ráð fyrir kostnaðarþátttöku ríkisins þá velur Barnaverndarstofa fósturforeldra í samvinnu við barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd gerir fóstursamning við fósturforeldra en ákvæði samningsins um kostnað vegna viðbótarþjónustu í tengslum við hið styrkta fóstur eru háð samþykki Barnaverndarstofu. Samkvæmt 24. gr. reglugerðar um fóstur greiðir barnaverndarnefnd að jafnaði framfærslueyri og fósturlaun sem svara sjöföldum barnalífeyri með barni í styrktu fóstri. Ríkið greiðir fósturforeldrum til viðbótar sem svarar allt að tíföldum barnalífeyri. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu í ársskýrslu voru alls 11 börn vistuð í styrktu fóstri árið 2007.

5.2 Rök að baki breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um allnokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að heppilegt væri að færa frekari ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vista þarf utan heimilis samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga frá sveitarfélögum/barnaverndarnefndum yfir til ríkisins. Nefnd sú, sem skipuð var af félagsmálaráðherra til að endurskoða barnaverndarlög í heild sinni árið 1997, skilaði drögum að frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga til félagsmálaráðherra í desember 2000. Í þeim drögum var gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á ákvæðum um úrræði fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis. Ekki var fallist á tillögur nefndarinnar og gera núgildandi lög ráð fyrir svipaðri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi uppbyggingu úrræða og áður hafði verið.

Starfshópurinn hefur farið vandlega yfir þau sjónarmið sem lágu til grundvallar umræðu um þessi atriði við setningu núgildandi laga. Starfshópurinn tekur undir þau rök sem fyrri nefnd færði fram því til stuðnings að færa frekari ábyrgð yfir til ríkisins.

Helstu ókostir verkaskiptingar samkvæmt núgildandi lögum eru:

– Óljós skil milli úrræða sem ríkinu ber að byggja upp og úrræða á ábyrgð einstakra sveitarfélaga, meðal annars óljós skil milli sérhæfðrar meðferðar á ábyrgð ríkisins og þess stuðnings sem barnaverndarnefndir veita börnum sem vistuð eru á heimilum eða stofnunum.
– Flestar barnaverndarnefndir eiga í erfiðleikum með að hafa tiltæk úrræði eins og heimili og stofnanir og slík úrræði hafa fyrst og fremst verið til staðar í Reykjavík.
– Réttur barns til að njóta úrræðis eins og vistheimilis, fjölskylduheimilis eða sambýlis er mjög mismunandi eftir búsetu.
– Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga getur valdið togstreitu þegar kemur að vali á heppilegu úrræði þar sem sveitarfélög bera fjárhagslega ábyrgð á stuðningsúrræðum og vissum úrræðum fyrir börn utan heimilis en ríkið á öðrum, þannig hefur í sumum tilvikum til dæmis verið tekist á um lengd vistunar á meðferðarheimili þar sem sambýli hefði hugsanlega hentað barni betur og um val milli fósturheimilis annars vegar og meðferðarheimilis hins vegar.
– Þó að ágreiningur tengist ekki kostnaði er kerfið engu að síður ósveigjanlegt og erfitt að sníða úrræði að þörfum hvers barns.
– Núverandi kerfi tryggir ekki nægilega samræmdar kröfur til úrræða og framkvæmdar vistunar.

Meginröksemdir fyrir ábyrgð ríkisins á uppbyggingu heimila og stofnana samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eru þær að með þessu fæst samfellt yfirlit og yfirsýn yfir helstu úrræðin. Þannig er stuðlað að bættri og skipulagðri nýtingu þeirra og um leið betri nýtingu fjármuna ríkis og sveitarfélaga. Um leið er leitast við að auka gæði, skapa aukinn sveigjanleika, aukna möguleika á sérhæfingu úrræða og frekari samræmingu. Þá verður verkaskipting ríkis og sveitarfélaga einnig skýrari.

Til að ná þessum markmiðum er einnig mikilvægt að breyta fyrirkomulagi á greiðslu kostnaðar vegna ráðstöfunar barns í fóstur og vistun á heimili eða stofnun. Gera verður ráð fyrir að staðla þurfi greiðslur mun meira en nú er, til dæmis greiðslur til fósturforeldra. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í kostnaði eða greiði ákveðin gjöld vegna vistunar barns á heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins samkvæmt nánari útfærslu í reglugerð.

Starfshópurinn leggur þó áherslu á að á meðan ríkið ber ábyrgð á uppbyggingu úrræða í barnavernd þá er hættan á togstreitu að einhverju leyti óhjákvæmileg. Ef ríkið ber frekari ábyrgð á uppbyggingu úrræða vegna vistunar utan heimilis þá getur til dæmis skapast ákveðin hætta á togstreitu milli annars vegar skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja barni stuðningsúrræði án vistunar utan heimilis og hins vegar valkostar um að vista barn.

Við val á nánari útfærslu verkaskiptingar verður einnig að hafa í huga að til dæmis markmið, aðdragandi, val á úrræði og tímalengd vistunar barns utan heimilis er með talsvert fjölbreyttum hætti. Stundum ber vistun brátt að og henni er ætlað að standa í skamman tíma meðan könnun máls fer fram og þetta getur kallað á sérsniðið vistúrræði í nærumhverfi barnsins. Stundum á vistun sér hins vegar talsverðan aðdraganda og tími vinnst til að finna heppilegt og jafnvel varanlegt úrræði fyrir barn.

5.3 Mismunandi leiðir.

Ábyrgð á uppbyggingu úrræða, val á úrræði fyrir hvert barn og skipting kostnaðar getur verið með ýmsum hætti. Starfhópurinn telur þó sýnt að best fari á því að sá aðili sem ber meginábyrgð á kostnaði sé einnig sá sem velur úrræði fyrir tiltekið barn. Þá telur starfshópurinn einnig að leitast eigi við að tryggja öllum börnum á landinu sambærileg úrræði sem mæta þörfum þeirra í hvert sinn. Hér getur reynt á viðkvæm atriði eins og að úrræði sé tiltækt þegar barn þarf á því að halda, unnt sé að velja einhvern tiltekinn sem talinn er barni fyrir bestu að vistast hjá eða að unnt sé að velja einhvern í nánu umhverfi barnsins sem tryggi af fremsta megni stöðugleika, samfellu og samvinnu í máli barnsins.

Starfshópurinn hefur sérstaklega velt fyrir sér hvernig og hvort unnt sé að tryggja að breyting á núverandi fyrirkomulagi feli ekki í sér aukinn heildarkostnað eða feli ekki í sér aukin útgjöld fyrir annað hvort ríki eða sveitarfélög. Þörf fyrir mismunandi úrræði og fjöldi úrræða fer að sjálfsögðu eftir þörfum barna hverju sinni og þessi atriði er erfitt að sjá fyrir eða meta til hlítar. Þá hafa mismunandi sveitarfélög byggt upp og nýtt úrræði með ólíkum hætti. Verði gerðar breytingar á ábyrgð sveitarfélaga og ábyrgð á greiðslum er erfitt að tryggja að hvert og eitt sveitarfélag verði í sömu sporum og áður jafnvel þó skipting heildarkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga allra samanlagt yrði með svipuðum hætti og fyrir breytingar.

Starfshópurinn afmarkaði nokkrar leiðir sem unnt væri að fara:

- **Leið 1.** Barnaverndarstofa nýtir heimild sína skv. 6. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga til að byggja upp og bjóða barnaverndarnefndum úrræði með það að markmiði að auðvelda nefndum að sinna lögbundnum hlutverkum sínum.
- **Leið 2.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *heimili og stofnun* skv. 84. gr. og 1. mgr. 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Sveitarfélög bera áfram ábyrgð á *öðrum úrræðum* skv. 84. gr. og 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar.
- **Leið 3.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *öll úrræði* skv. 84. gr. og 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, þ.e. heimili, stofnanir og önnur úrræði.
- **Leið 4.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *öll úrræði* skv. 84. gr. og 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga og tekur ákvörðun um val á fósturforeldri fyrir einstakt barn og gerir samning við fósturforeldri.

Hver og ein þessara leiða hefur ákveðna kosti og galla í för með sér. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga og þá verður að huga sérstaklega að fyrirkomulagi mats og eftirlits með úrræði af hverri tegund eftir því hvaða leið er valin.

Að vandlega athuguðu máli mælir starfshópurinn í öllum aðalatriðum með **leið 2**. Þau sjónarmið sem hér ráða mestu eru að tryggja:

- jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra þegar vista þarf þau á heimili eða stofnun,
- að jafnframt verði unnt að grípa til úrræðis í nærumhverfi barnsins, svo sem vistunar á einkaheimili í skamman tíma þegar það hentar þörfum barnsins og
- frekara samræmi í greiðslum til þeirra sem taka að sér að annast börn.

Mælt er með því að félags- og tryggingamálaráðuneytið setji, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, gjaldskrá þar sem ákveðin verði þau gjöld sem sveitarfélög greiða vegna vistunar barna á heimilum og stofnunum. Þá verði sett reglugerð um greiðslur með börnum í fóstri. Með þessu er stefnt að því að heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga breytist sem minnst frá því sem nú er. Þá er einnig unnt að samræma frekar kostnað sveitarfélaga vegna

mismunandi úrræða. Einnig er mikill kostur að samræma stöðu fósturforeldra og tryggja frekar jafnræði þeirra.

5.4 Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis.

Í tengslum við breytta verkaskiptingu þykir nauðsynlegt að leggja til nýtt fyrirkomulag á mati og eftirliti í tengslum við úrræðin. Við mótun og skýringu á einstaka ákvæðum nýs kafla um þetta í frumvarpinu var meðal annars höfð hliðsjón af ákvæðum laga um eftirlit í norsku barnaverndarlögunum nr. 100 frá 1992, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim (Forskrift om tilsyn med barn i barnverninstitusjoner for omsorg og behandling nr. 1564 frá 2003, forskrift internkontroll etter barnevernloven nr. 1584 frá 2005 og forskrift om krav til kvalitet og internkontroll i barneverninstitusjoner nr. 580 frá 2008).

Á undanförnum árum hafa sjónir manna beinst í ríkum mæli að eftirliti með úrræðum og eftirliti með líðan barns sem vistað er utan heimilis. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um vistun barna utan heimilis, svo sem undirbúningi, upplýsingum, tengslum við foreldra og nákomna, eftirliti og eftirfylgd. Í nýútkominni skýrslu á vegum Evrópuráðsins um framkvæmd tilmæla ráðsins um réttindi barna á stofnunum (Rec (2005)5 on the rights of children living in residential institutions) koma fram ábendingar um að almennt þurfi að treysta eftirlit með starfsemi stofnana og að víða skorti á að gæði umönnunar- og meðferðarstarfs séu tryggð með því að skilgreindir séu lágmarksgæðastaðlar.

Starfshópurinn leggur áherslu á að gæðamat og aukið eftirlit geti stuðlað að betra réttaröryggi og betri árangri af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Ýmis mikilvæg skref hafa verið stigin í þessa átt hér á landi og má sérstaklega nefna að Barnaverndarstofa hefur á undanförnum árum falið óháðum sérfræðingi eftirlit með langtímameðferðarheimilum á vegum ríkisins og stofan gaf út árið 2008 *Staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda.* Við útfærslu á gæðamati og eftirliti verður að gæta þess að slíkt starf verði ekki of íþyngjandi fyrir viðkomandi starfsemi. Sérstaklega verður að huga vandlega að því hversu marga aðila unnt er að kynna fyrir barni og hversu oft er unnt að bjóða barni upp á heimsóknir í því skyni að fylgjast með líðan þess eða til að hafa eftirlit með vistun áður en eftirlitið getur farið að hafa neikvæð áhrif á þann stöðugleika og það öryggi sem barn á rétt á að njóta meðan vistun varir.

Starfshópurinn verður að benda á að það er því miður óraunhæft að ætla að tiltekið fyrirkomulag eftirlits geti með óyggjandi hætti komið að öllu leyti í veg fyrir að eitthvað geti farið úrskeiðis við umönnun eða meðferð barns. Sjálfsagt er að huga að því að auka eftirlit en fyrst og fremst verður að leggja ríka áherslu á að tryggja gæði starfsins á öllum stigum til að auka líkur á að starfið taki mið af hagsmunum og þörfum barnsins og að barn beri traust til einhvers af þeim aðilum sem koma að máli og geti sagt frá í þeim tilvikum þegar eitthvað bjátar á.

Hugtakið *eftirlit* er oft notað um ýmsa þætti í starfsemi barnaverndar. Í sambandi við vistun utan heimilis má greina þetta að einhverju leyti í tvennt. Annars vegar er um að ræða eftirfylgd eða **eftirlit með ráðstöfun** þar sem fylgst er með líðan barns meðan ráðstöfun varir og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum (d. *personrettede tilsynsbesøg*). Hins vegar er um að ræða **eftirlit með úrræði** til að tryggja að úrræðið sem slíkt uppfylli skilyrði laga (d. *driftsorienterede tilsynsbesøg*). Þá er stundum talað um **innra eftirlit** þegar ef til vill væri réttara að tala um gæðastjórnun eða gæðamat. Einnig getur svokallað **ytra eftirlit** eða ytra mat einnig staðið með ólíkum hætti í tengslum við þá grunnstarfsemi sem verið er að skoða. Við fram-

kvæmd eftirlits hefur þannig til dæmis í norskum rétti verið rætt annars vegar um það sem kallað er *individtilsyn* þar sem áhersla er lögð á að fá upplýsingar frá einstaklingum sem vistaðir eru og hins vegar *systemrevisjon* þar sem lögð er áhersla á að safna kerfisbundnum öðrum upplýsingum um framkvæmd starfsins.

Markmið með eftirliti í víðum skilningi getur þannig til dæmis verið að:

- tryggja að tiltekin ráðstöfun nái tilgangi sínum,
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna og viðurkenndra gæðastaðla,
- kanna hvort starfsemi uppfylli tiltekin markmið sem sett hafa verið,
- kanna árangur af tilteknu starfi,
- stuðla að aukinni ábyrgð tiltekinna aðila á eigin starfi eða
- fjalla um einstök álitamál eða einstaklingsmál.

Hluti af framangreindu tilheyrir eðlilegri gæðastjórnun og þróun í gæðamálum. Þannig verður að leggja ríka áherslu á að hver og ein opinber stofnun hafi þá yfirsýn, það faglega aðhald og þá eftirfylgd að tryggja með einhverjum kerfisbundnum hætti að starfsemin uppfylli framangreind skilyrði. Þá er einnig eðlilegt að hluti þessara verkefna sé hjá aðila sem er ótengdur rekstrinum þannig að hann geti talist hæfur til að leggja hlutlaust og trúverðugt mat á einstaka þætti.

Samkvæmt lögum nr. 26/2007 var skipuð nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Nefndinni var meðal annars falið að gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir að brotinn væri réttur á börnum í opinberri forsjá. Í fyrstu skýrslu nefndarinnar er aðallega fjallað um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslunni er einnig sérstakur kafli um gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála þar sem sjónum er beint að eftirliti með vistun barna á meðferðarheimilum og stofnunum á grundvelli ákvæða núgildandi laga. Í annarri skýrslu nefndarinnar þar sem fjallað er um önnur heimili er vísað til þessa kafla um samsvarandi atriði.

Starfshópurinn hafði umfjöllun nefndarinnar sérstaklega í huga við mótun ákvæða um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Nefndin um vist- og meðferðarheimili taldi það mikilvægan þátt í núgildandi barnaverndarlögum hversu margir koma að ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis og framkvæmd þeirrar ráðstöfunar þar sem samspil ólíkra aðila ynni að því að tryggja réttindi barns. Í lögunum væri reynt að tryggja að allir hefðu tilteknu hlutverki að gegna og þar væri um að ræða samspil barns, foreldra, talsmanna og lögmanna eftir atvikum, svo og barnaverndarnefndar, Barnaverndarstofu, stofnunar eða meðferðarheimilis og dómstóla eða kærunefndar barnaverndarmála í sumum tilvikum. Nefndin benti á að þetta væri viðamikið kerfi og gera yrði ráð fyrir að einhverjir þessara aðila hefðu tækifæri til og væru líklegir til að vekja máls á því ef hagsmunir barns væru fyrir borð bornir eða grunur léki á broti gegn réttindum barns. Að höfðu samráði við Barnaverndarstofu voru nefnd nokkur atriði sem hrinda mætti í framkvæmd til að styrkja núgildandi kerfi, auka gæði starfsins og bæta réttarstöðu barna á öllum stigum máls. Eftirfarandi eru tillögur nefndarinnar um forgangsatriði sem starfshópurinn tók mið af og hópurinn telur eiga við jafnhliða þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laganna:

- Sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna eftir viðmiðum um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing.
- Sveitarfélög tryggi framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.

– Menntun rekstraraðila og starfsmanna á meðferðarheimilum og stofnunum fyrir börn verði aukin og styrkt og stefnt að því að rekstraraðilar og sem flestir starfsmenn hafi fjölbreytta menntun og reynslu af uppeldis- og meðferðarmálum til að tryggja faglega framkvæmd og inntak meðferðar.
– Barnaverndarstofa tryggi víðtæka kynningu og kennslu í því að framfylgja stöðlum um vistun barna utan heimilis á vettvangi barnaverndarnefnda og meðferðarheimila.
– Barnaverndarstofa tryggi að með reglubundnum hætti verði fengnir óháðir rannsakendur til að gera úttekt eða árangursmat á stofnunum og heimilum fyrir börn.
– Félags- og tryggingamálaráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti sé háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða, reglna og gæðastaðla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með setningu núgildandi barnaverndarlaga voru gerðar allverulegar breytingar á fyrirkomulagi úrskurðarvalds og málskota í barnaverndarmálum. Var ákvörðunarvald og málskotsréttur í alvarlegustu málunum fluttur til dómstóla. Stofnuð var kærunefnd barnaverndarmála og ráðgert að til hennar mætti skjóta úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda. Þá var gert ráð fyrir að unnt væri að kvarta til Barnaverndarstofu yfir þeim ákvörðunum sem ekki væri unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála en þessi kvörtunarleið var talin leiða af eftirlitshlutverki stofunnar og auðvelda henni að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs á landinu.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3609/2002 kemur fram að við skýringu ákvæða í sérlögum um kæruheimildir sé ekki sjálfgefið að rétt sé að leggja til grundvallar að efnislegt inntak þeirra sé nákvæmlega það sama og inntak hinnar almennu kæruheimildar í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að afmarka þetta frekar með því að undirstrika að unnt sé að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda og er þar átt við ákvarðanir sem falla undir ákvæði stjórnsýslulaga. Þá er stefnt að því að geta þess sérstaklega í lögunum hvenær stjórnsýsluákvörðun er tekin sem unnt er að kæra til kærunefndar. Ljóst er að málsmeðferð barnaverndarmála er flókin, þar eru oftast teknar margar og ólíkar ákvarðanir bæði um form og efni og mikilvægt að kæruleiðir séu eins skýrar og unnt er. Víða í lögunum er sérstaklega áréttuð heimild til að kæra ákvörðun til kærunefndar og þykir fara betur á því að fjalla um kæruheimildir í einstaka ákvæðum en að telja upp öll tilvik í 6. gr. laganna.

Sú breyting sem lögð er til í b-lið leiðir af ákvæðum 45. og 49. gr. frumvarpsins en stefnt er að því sem fyrr að telja með tæmandi hætti þær ákvarðanir Barnaverndarstofu sem unnt er að skjóta til kærunefndar.

Um 2. gr.

Við setningu núgildandi laga var lögfest það nýmæli að Barnaverndarstofa gæti rekið þjónustumiðstöðvar í því skyni að stuðla að þverfaglegu samstarfi. Á undanförnum árum hafa reglulega komið upp mál barna sem glíma við fjölþættan vanda þar sem reynir á rétt til þjónustu og nýtingu úrræða innan fleiri en eins kerfis velferðarþjónustunnar. Sérstaklega hefur reynt á mörk barnaverndarlaga, laga um málefni fatlaðra og laga um heilbrigðisþjónustu. Þetta á helst við þegar kemur að uppbyggingu og nýtingu úrræðis fyrir barn sem getur ekki

verið heima hjá foreldrum sínum um lengri eða skemmri tíma vegna vanda barnsins og/eða foreldranna. Í einstaka tilvikum hafa þjónustukerfi gert með sér samning um ábyrgð á úrræði og skiptingu kostnaðar. Mikilvægt þykir að kveða sérstaklega á um heimild Barnaverndarstofu til að taka frumkvæði að því að byggja upp sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda af þessu tagi. Gera verður ráð fyrir að önnur yfirvöld taki þátt í að veita þjónustu eða taki þátt í kostnaði í samstarfi við Barnaverndarstofu í samræmi við skyldur sínar samkvæmt viðeigandi lögum og samningi sem gerður yrði í hvert sinn.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum er að finna heimild Barnaverndarstofu til að áminna barnaverndarnefnd um að rækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laganna en ekki er kveðið á um frekari viðurlög.

Ef til áminningar kemur er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni viðkomandi sveitarstjórn um slíkt. Sveitarstjórn getur ekki gefið barnaverndarnefnd fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála og er óheimill aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum um einstök mál, sbr. 13. gr. laganna. Engu að síður verður að gera ráð fyrir að sveitarstjórn beri ábyrgð á því að innan umdæmisins starfi barnaverndarnefnd sem rækir störf sín í samræmi við ákvæði laganna, sbr. 10. og 88. gr. laganna. Ef Barnaverndarstofa áminnir barnaverndarnefnd fyrir að sinna ekki skyldum sínum samkvæmt lögunum verður að gera ráð fyrir að það reyni á skyldu sveitarstjórnar til að tryggja að bætt verði úr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni félagsmálaráðuneytinu um áminningu og þykir þetta meðal annars leiða af eftirlitshlutverki ráðuneytisins gagnvart stofnunni. Við setningu laganna bar þetta ráðuneyti einnig ábyrgð á málum sveitarfélaga og mátti því gera ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið gæti beitt eftirlitsákvæðum sveitarstjórnarlaga gagnvart þeim sveitarstjórnum sem ekki sinntu skyldum sínum. Sú breyting var gerð með lögum nr. 167/2007 að ábyrgð á málefnum sveitarfélaga var flutt til samgönguráðuneytisins. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni félagsmálaráðuneytinu sem fyrr um áminningu en rétt þykir að taka fram að ráðuneytið geti beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þ.e. sent erindi og mælt með því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið taki í taumana.

Um 4. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. laganna eru afmarkaðar þær ákvarðanir sem barnaverndarnefndir geta ekki framselt til starfsmanna heldur talið rétt að nefndirnar taki sjálfar. Er hér um að ræða ákvarðanir um að leita til dómstóla og því þykir rétt að bæta þarna við ákvörðun um að setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og þar með festa í sessi regluna sem fram kemur í c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004.

Um 5. gr.

Í a-lið er skerpt á skyldum barnaverndarnefnda við þær aðstæður þegar barn flytur úr einu umdæmi í annað meðan barnaverndarmál er til meðferðar. Mjög mikilvægt er að tryggja sem allra mesta samfellu í vinnslu máls við þessar aðstæður. Nauðsynlegt er að tilkynna mál tafarlaust ásamt því að senda allar nauðsynlegar upplýsingar og að barnaverndarnefnd sem tekur við málinu hefji strax frekari vinnslu þess.

Í b-lið er lagt til að tekin verði að tvímæli um að Barnaverndarstofa geti skorið úr ágreiningi eða óvissu um hvar barn skuli talið eiga fasta búsetu en þetta atriði er grundvöllur ákvörðunar um hvort barnaverndarnefnd skuli að jafnaði bera ábyrgð á vinnslu máls. Barnaverndarstofa hefur tekið ákvarðanir um þetta atriði með lögjöfnun frá 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga.

Í c-lið er lagt til að skýra nánar réttarstöðu barna og valdsvið barnaverndarnefndar þegar til nefndar berst mál barns sem ekki á lögheimili á Íslandi eða sem er hér á landi án forsjáraðila sinna. Mál af þessu tagi eru sjaldgæf, þau geta verið af ýmsum toga en í einstaka tilvikum hafa vaknað spurningar um réttarstöðu aðila. Í núgildandi lögum er tekið fram að barnaverndarnefnd þar sem barn dvelst eða er statt fari með mál þess. Mikilvægt er að fram komi með skýrum hætti að barnaverndarnefnd taki við umsjá barns sem er statt hér á landi með þessum hætti. Af því leiðir að barnaverndarnefnd hefur heimild til og ber að grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi barns, svo sem að ráðstafa barni í fóstur eða aðra vistun þegar það á við.

Í d-lið er lagt til nýmæli til að skýra réttarstöðu barna sem kunna að koma hingað til lands eða sem eru hér á landi án forsjáraðila sinna og fá hér hæli eða dvalarleyfi. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um að tiltekin barnaverndarnefnd taki við forsjá barns þegar leyfi er veitt og ráðstafi barni í fóstur eða á heimili eða stofnun. Er tillagan að öðru leyti í samræmi við skýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði þann 9. janúar 2004 um málefni vegalausra barna en í nefndinni áttu sæti fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar, Barnaverndarstofu, ríkislögreglustjóra, sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og Rauða kross Íslands. Þessir aðilar voru sammála um að í þeim tilvikum þegar börn fengju hæli eða dvalarleyfi hér á landi væri eðlilegt að kostnaður vegna ráðstöfunar þeirra í fóstur eða aðra vistun greiddist úr ríkissjóði.

Í e-lið er kæruheimild gerð skýrari.

Um 6. gr.

Sú breyting sem lögð er til í a-lið felur í fyrsta lagi í sér skýrari framsetningu á lýsingu aðstæðna sem eiga að leiða til skyldu til að tilkynna. Rétt þykir að afmarka þessi atriði sérstaklega í 1. mgr. 16. gr. laganna en hér er um að ræða grunnflokka algengustu barnaverndarmála. Árétta ber að ekki er lagt til að skilgreina það frekar eða með öðrum hætti í lagaákvæðinu hvenær aðstæður eru með þeim hætti að skylt sé að tilkynna. Það orðalag sem notað er í lögum getur aldrei orðið tæmandi lýsing á þeim aðstæðum barns sem barnaverndarnefnd á að láta sig varða. Í 16. gr. laganna eru notaðir hefðbundnir flokkar með svipuðum hætti og í löggjöf annarra landa og þykja mega skilgreina innan þeirra allar þær aðstæður sem reyna þarf á. Nánari útlistun aðstæðna verður að byggjast á túlkun ákvæðisins með hliðsjón af þekkingu og rannsóknum á þörfum barna í vanda. Barnaverndarstofa hefur þannig til dæmis látið vinna sérstakt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd sem hefur að geyma mikilvægar leiðbeiningar í þessum efnum. Telja verður að óöryggi um það hvenær beri að tilkynna verði að mæta með frekari leiðbeiningum og fræðslu en ekki með breytingu á lagaákvæðinu.

Í öðru lagi er gerð orðalagsbreyting í nýjum staflið, b-lið, í 1. mgr. til samræmis við breytingar á 1. gr. með lögum nr. 53/2009, þ.e. talað um ofbeldi og aðra vanvirðandi háttsemi í stað ofbeldis og áreitni.

Í b-lið er lögð til breyting á 2. mgr. 16. gr. laganna, þ.e. að bæta inn ákvæði um þungaðar konur. Við setningu núgildandi laga þótti rétt að taka af öll tvímæli um heimildir barnaverndarnefnda í málum þar sem heilsu og lífi ófædds barns þykir stefnt í hættu. Var þetta gert til

þess að heimila barnaverndarnefnd skv. 3. mgr. 21. gr. að hefja könnun máls ef tilkynning bærist nefndinni. Rétt þykir að fjalla um þessar aðstæður með skýrum hætti í ákvæði 16. gr. til að skjóta styrkari stoðum undir tilkynningarskylduna í þessum málum. Þá er nýmæli að þessi vernd nái einnig til þeirra tilvika þegar þungaðar konur eru beittar ofbeldi sem stefnir heilsu eða lífi hins ófædda barns í hættu.

Um 7. gr.

Rétt þykir að fjalla sem fyrr sérstaklega um tilkynningarskyldu þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af börnum en lagt er til að um lýsingu á aðstæðum sé vísað til 16. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í fyrri málsliðnum eru lagðar til breytingar hliðstæðar 7. gr. frumvarpsins. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á skyldu lögreglu til að tilkynna um tilvik eins og lýst er í 16. gr. laganna, þ.e. ef lögregla verður vör við þær aðstæður sem þar er lýst óháð því hvort framið hafi verið refsivert brot eða ekki.

Í síðari málsliðnum er fjallað um sérstaka tilkynningarskyldu lögreglunnar vegna refsiverðra brota. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga ber lögreglu að tilkynna barnaverndarnefnd öll tilvik þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni eða gegn barni, svo og að gefa barnaverndarnefnd kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Hér er um mjög víðtæka skyldu að ræða. Tilkynningum frá lögreglu til barnaverndarnefnda hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum án þess að um hafi verið að ræða samsvarandi fjölgun barnaverndarmála. Þannig telst stór hluti tilkynninga frá lögreglu fjalla um smávægileg brot þar sem barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að kanna mál ekki frekar, sbr. 5. mgr. 21. gr. laganna þar sem fram kemur að ákvörðun um að hefja könnun skuli ekki tekin nema rökstuddur grunur gefi tilefni til þess. Rétt þykir að takmarka tilkynningarskyldu lögreglu um brot barna og brot gegn börnum og mæla með því að orðalag 18. gr. laganna verði fært að mestu leyti til samræmis við ákvæði 61. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en samkvæmt því ákvæði ber lögreglu að tilkynna barnaverndarnefnd ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi. Til skýringar má nefna að ein helsta breytingin verður sú að brot á umferðarlögum verða ekki lengur tilkynningarskyld nema í þeim tilvikum þegar 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. þykir eiga við. Undirstrika verður að ákvæði 18. gr. barnaverndarlaga gildir hvort tveggja um brot barna og brot gegn börnum. Að teknu tilliti til þessa meðal annars þykir nauðsynlegt að hafa ákvæðið rýmra en ákvæði laga um meðferð sakamála og tryggja að auk allra brota á ákvæðum almennra hegningarlaga tilkynni lögregla barnaverndarnefnd öll brot gegn refsiákvæðum barnaverndarlaga. Um önnur sérrefsilög en barnaverndarlög gildir ákvæðið um brot sem varða þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að skýra nánar ákvæði 19. gr. laganna um möguleika á að bera ákvörðun um nafnleynd undir kærunefnd barnaverndarmála með því að taka sérstaklega fram að unnt sé að skjóta til kærunefndar ákvörðun um að synja afléttingu nafnleyndar. Kærunefndin hefur fjallað um mál af þessu tagi þó það komi ekki berum orðum fram í ákvæði núgildandi laga.

Um 10. gr.

Í a–c-lið eru lagðar til breytingar í samræmi við breytingar á 1. gr. með lögum nr. 53/2009 og þær breytingar sem felast í 6. gr. frumvarpsins um tilkynningar í málum þungaðra kvenna.

Í d-lið er gert ráð fyrir að breyta orðunum „láta mál niður falla“ í „að hefja ekki könnun“. Ástæðan er sú að í 11. gr. frumvarpsins eru gerðar sérstakar tillögur um málsmeðferð við lokun barnaverndarmáls.

Samkvæmt e-lið er lagt til að tilkynna skuli foreldrum um tilkynningu og ákvörðun vegna hennar eigi síðar en viku frá því að ákvörðun var tekin. Ástæða þykir til að skerpa á þessari málsmeðferð enda mikilvægt að tryggja markviss og samfelld vinnubrögð í máli.

Í f-lið er nýmæli sem er til þess fallið að styrkja samstarf barnaverndarnefndar við þá sem láta sig hag barns varða. Lagt er til að barnaverndarnefnd beri að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist. Einhverjar barnaverndarnefndir munu þegar hafa sett sér vinnureglur af þessu tagi en rétt þykir að gera ráð fyrir þessu í öllum tilvikum. Markmiðið er að tryggja að tilkynnandi fái örugga vitneskju um að tilkynning hafi komist til skila. Ekki er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd upplýsi tilkynnanda um ákvörðun sem tekin er vegna tilkynningar nema samþykki forsjáraðila liggi fyrir en barnaverndarnefnd ber að upplýsa tilkynnanda almennt um þá málsmeðferð sem viðhöfð er í kjölfar móttöku tilkynningar.

Um 11. gr.

Í a- og b-lið er að finna nýmæli um lok barnaverndarmáls. Samkvæmt núgildandi lögum tekur barnaverndarnefnd formlega ákvörðun um að hefja könnun máls og markar slík ákvörðun um leið formlegt upphaf barnaverndarmáls. Lögin fjalla hins vegar ekki með sama hætti um lok máls en gengið er út frá því að barnaverndarnefnd láti mál niður falla á síðari stigum um leið og í ljós kemur að ekki sé ástæða til frekari afskipta. Reynslan sýnir að foreldrar eru yfirleitt sáttir við þá niðurstöðu að ekki sé þörf frekari afskipta. Í einhverjum tilvikum geta foreldrar hins vegar verið ósammála mati barnaverndarnefndar og óskað frekari aðgerða, ýmist frekari könnunar eða úrræða. Á þetta hefur reynt fyrir kærunefnd barnaverndarmála sem úrskurðaði til dæmis í máli nr. 15/2003 þar sem foreldri var ósátt við ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þar sem nefndin taldi ekki þörf á frekari könnun vegna gruns um kynferðisofbeldi. Rétt þykir að taka hér af öll tvímæli. Samkvæmt a-lið 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að ákvörðun um að loka máli í kjölfar könnunar sé kæranleg. Árétta ber að einungis er gert ráð fyrir að ákvörðunin sem slík sé kæranleg en ekki einstaka ágreiningsatriði um hvernig ber að kanna mál eða hvaða úrræða væri rétt að grípa til.

Í b-lið er svipað ákvæði, þ.e. gert er ráð fyrir að unnt sé að kæra ákvörðun um að loka máli þegar áætlun rennur út, þ.e. ákvörðun barnaverndarnefndar um að ekki sé talin þörf á frekari afskiptum. Sem endranær er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að skjóta til kærunefndar ágreiningi um einstaka tillögur barnaverndarnefndar um tiltekin úrræði.

Í c-lið er skerpt á skyldum barnaverndarnefndar til að reyna að tryggja nauðsynlegt samstarf í þágu hagsmuna barns. Í núgildandi lögum er víða lögð áhersla á samstarf í barnaverndarmálum, svo sem í 5. mgr. 4. gr., 20. gr. og 3. mgr. 23. gr. Í umfjöllun um 20. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til núgildandi laga er fjallað nokkuð um samstarf og ólíka stöðu barnaverndarnefndar annars vegar og annarra stofnana eða aðila sem sinna þjónustu við börn hins vegar.

Um 12. gr.

Í 25. gr. núgildandi laga er fjallað um samþykki foreldra og/eða barns fyrir því að ráðstafa megi barni í fóstur eða aðra vistun. Fjallað er með almennum hætti um afsal á forsjá eða umsjá og tímabundnar ráðstafanir eða ráðstafanir sem vara þar til barn verður lögráða. Í framkvæmd hefur verið gengið út frá því að ef um varanlega ráðstöfun er að ræða þá afsali foreldri sér forsjá til barnaverndarnefndar. Mikilvægt þykir að taka af skarið um þetta í lögum enda þykir ljóst að markmið með varanlegri ráðstöfun samræmist ekki því að foreldri fari áfram með forsjá barns. Þess má geta að ef barn er stálpað hlýtur að koma til álita hvort ráðstöfun er í eðli sínu varanleg eða tímabundin, að teknu tilliti til takmarkana sem lagðar eru til að gildi um tímabundið fóstur í 32. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er stefnt að því að skýra réttarstöðu ungmenna 18–20 ára. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti, með samþykki ungmennis, ákveðið að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist allt til 20 ára aldurs. Rétt þykir að skýra stöðu barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur eða aðra vistun utan heimilis og vistun er ætlað að vara þar til þau verða lögráða en með þessum breytingum er þó ekki verið að auka beinar skyldur barnaverndarnefnda frá því sem nú er. Fyrst og fremst er nauðsynlegt að barnaverndarnefnd meti stöðu þessara barna og hjálpi þeim að sjá hvernig þau geti best fótað sig í lífinu eftir að fóstri eða vistun lýkur. Í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd telji almenna þjónustu betur til þess fallna en áframhaldandi vistun að mæta þörfum ungmennis. Þá ætti mat barnaverndarnefndar á stöðu barns að fela í sér yfirlit yfir þau ákvæði laga eða þá þjónustu sem barnið gæti nýtt sér, til dæmis þjónustu samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem barnið mun eiga lögheimili. Í öðrum tilvikum má gera ráð fyrir að áframhaldandi fóstur eða vistun verði talin æskileg og að barnaverndarnefnd geri í þeim tilvikum áætlun og viðeigandi samninga um áframhaldandi vistun. Rétt er að taka fram að barnaverndarnefnd getur gert slíka áætlun til skamms tíma og endurnýjað eftir þörfum. Ef gerður er samningur um áframhaldandi vistun samkvæmt þessu ákvæði þá gilda önnur ákvæði barnaverndarlaganna um ráðstöfunina eftir því sem við á.

Skylda barnaverndarnefndar til að meta stöðu barns að þessu leyti er vonandi til þess fallin að sátt verði um niðurstöðuna en rétt þykir að ungmenni geti skotið synjun um að veita þessa tilteknu þjónustu til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 13. gr.

Í a-lið er nýmæli sem opnar frekar möguleika barnaverndarnefndar til að hafa samstarf við þá sem vinna með mál barns. Eins og rakið er í almennum athugasemdum í upphafi þessa frumvarps er byggt á þeirri meginreglu að barnaverndarnefndir leiti eftir samþykki foreldris til þess að láta öðrum í té upplýsingar um stöðu barns eða vinnslu máls. Rétt þykir að mæla fyrir um heimild barnaverndarnefndar til að kveða upp úrskurð um að láta megi nauðsynlegar upplýsingar í té. Ef barnaverndarnefnd telur fullreynt að ná samvinnu við foreldra en telur engu að síður að það geti þjónað hagsmunum barnsins og það sé nauðsynlegt að láta þeim sem vinna með mál barns í té upplýsingar þá er unnt að kveða upp úrskurð samkvæmt þessum lið. Í ljósi þessa ákvæðis getur þá einnig reynt á ákvæði 31. gr. um neyðarráðstafanir ef talið er að vinda þurfi bráðan bug að ráðstöfun af þessu tagi. Árétta ber að hér er um að ræða aðstæður þar sem barnaverndarnefnd telur ekki rétt eða skilyrði ekki uppfyllt fyrir því að vista barn utan heimilis gegn vilja foreldris. Ef barn er tekið úr umsjá foreldris þá tekur

barnaverndarnefnd jafnframt við hluta af foreldraskyldunum og hefur heimild til að láta öðrum í té nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja viðunandi umönnun og aðstæður barnsins.

Í b-lið er kæruheimild gerð skýrari.

Um 14. gr.

Lagðar eru til breytingar til nánari skýringa á ákvæði gildandi laga. Í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. núgildandi laga kemur fram að dómstóll geti úrskurðað barn til vistunar í allt að tólf mánuði í senn en ekki er tekið fram frá hvaða tíma úrskurður skuli gilda. Algengast er að dómstólar hafi túlkað ákvæðið svo að miða upphafstímann við það tímamark þegar barnaverndarnefnd úrskurðaði um vistun barns utan heimilis samkvæmt ákvæði 27. gr. eða þegar barn var tekið af heimili skv. 31. gr. laganna. Þar sem rekstur málsins fyrir dómi getur tekið nokkurn tíma getur sá tími sem æskilegt er að taka ákvörðun um styst að sama marki. Jafnvel þó barn sé í langflestum tilvikum vistað utan heimilis meðan mál er í gangi fyrir dómstólum þá verður að hafa í huga að hin eiginlega vinnsla er oft í nokkurri biðstöðu, þ.e. stundum erfitt að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum stuðningsaðgerðum þar til niðurstaða dómstóls liggur fyrir.

Rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um í a-lið að heimilt sé með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp. Með því gefst betra svigrúm til að meta hversu lengi sé þörf á vistun.

Í b-lið er gert ráð fyrir að taka af öll tvímæli um að ráðstöfun haldist þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. laganna og er þetta í samræmi við dómaframkvæmd.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að skýra nánar heimildir barnaverndarnefndar í kjölfar neyðarráðstöfunar. Í 31. gr. núgildandi laga er fjallað um þær ráðstafanir sem barnaverndarnefnd verður að grípa til innan tilskilins tíma í kjölfar neyðarráðstöfunar, þ.e. ráðstöfunar sem vinda þarf bráðan bug að. Oftast er hér um að ræða töku barns af heimili eða kyrrsetningu barns á stað þar sem það dvelur og ef grípa þarf til frekari ráðstafana er oftast um það að ræða að barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 27. gr. laganna. Í öðrum tilvikum hefur mál átt sér lengri aðdraganda og aðstæður barns eru mjög alvarlegar. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um að nefndin geti innan tilskilinna tímamarka ýmist kveðið upp úrskurð eða tekið ákvörðun um málshöfðun skv. 28. eða 29. gr. laganna. Árétta ber að ákvæði VIII. kafla um málsmeðferð gilda einnig þegar teknar eru ákvarðanir um málshöfðun fyrir dómi.

Um 16. gr.

Ljóst er að val barnaverndarnefndar á þeim sem falið er að annast barn sem vistað er utan heimilis er mikilvægt og vandasamt verkefni. Tekist hefur verið á um að hvaða leyti og gagnvart hverjum er um stjórnvaldsákvörðun að ræða samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. Í áliti umboðsmanns Alþingis 27. nóvember 2002 í máli nr. 3609/2002 var komist að þeirri niðurstöðu með hliðsjón af núgildandi lögum að þegar nákomnir ættingjar, eins og um var að ræða í því tiltekna máli, legðu fram formlega umsókn um að taka barn í fóstur þá teldust þeir hafa einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta í því stjórnsýslumáli sem lyki með fósturráðstöfun barnaverndarnefndar. Umboðsmaður taldi a.m.k. í slíkum tilvikum yrði að leggja til grundvallar að ráðstöfun barns í fóstur af hálfu barnaverndarnefndar væri kæranleg ákvörðun.

Lagt er til það nýmæli að taka af skarið og mæla fyrir um að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis sé ekki kæranleg ákvörðun. Það hefur í för með sér að hvorki foreldrar sem barn hefur búið hjá né þeir sem óska eftir að annast barn geta skotið ákvörðun barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds. Þetta á jafnt við þegar um er að ræða tímabundnar og varanlegar ráðstafanir. Hér er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir mega einungis ráðstafa börnum til þeirra sem fengið hafa sérstakt leyfi. Barnaverndarnefndir standa stundum frammi fyrir því að velja úr hópi nokkurra sem fengið hafa leyfi og sem hugsanlega óska allir eftir að taka sama barnið í fóstur. Ákvörðun um hver verður fyrir valinu byggist á heildstæðu mati á hagsmunum og þörfum barnsins að teknu tilliti til stöðu barnaverndarmálsins, eðli ráðstöfunarinnar og til dæmis stöðu þeirra sem eiga umgengnisrétt við barnið. Þá hefur það óhjákvæmilega allnokkur áhrif á barn að vistast utan heimilis. Öll óvissa um réttarstöðu barns á þessu viðkvæma tímamarki er erfið og þess vegna nauðsynlegt að reglur um aðild og kæruheimildir séu skýrar. Matskenndar reglur um hver teljist nákominn og hver hafi hagsmuna að gæta eru erfiðar í framkvæmd í þessum málaflokki. Sá tími sem mál kann að taka er einnig til þess fallinn að stefna hagsmunum barns í hættu. Þess má geta að ákvarðanir um val á fósturforeldrum eru ekki kæranlegar í norskum rétti þar sem lögð er áhersla á að enginn eigi rétt á að taka tiltekið barn í fóstur eða vistun samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Í fósturráðstöfun felist því ekki ákvörðun um rétt þeirra sem óska eftir að taka tiltekið barn í fóstur heldur sé um að ræða val barnaverndarnefndar á fósturforeldrum úr hópi þeirra sem metnir hafi verið hæfir. Þess má að lokum geta að þeir sem eru ósáttir við ákvörðun barnaverndarnefndar geta kvartað til Barnaverndarstofu sem getur metið hvort barnaverndarnefnd hafi gætt lögmætra sjónarmiða og komið á framfæri ábendingum ef þurfa þykir þó ekki sé unnt að fella ákvörðun úr gildi. Gert er ráð fyrir einni undantekningu frá framangreindu, þ.e. í samræmi við tillögu um nýtt ákvæði laganna, 67. gr. b, sem ætlað er að skýra réttarstöðuna þegar forsjá barns hefur verið sameiginleg og vísast til skýringa við b-lið 34. gr.

Um 17. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem taldar eru leiða af ákvæðum 34. gr. frumvarpsins og marka réttarstöðu foreldris sem ekki hefur farið með forsjá barns eða foreldris sem barn hefur ekki búið hjá þegar forsjá barns er sameiginleg. Í 34. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta foreldri geti fengið umsjá eða forsjá barns í vissum tilvikum eftir að beitt hefur verið úrræðum laganna. Réttarstaða barns og tengsl foreldra í þessum aðstæðum eru engu að síður mjög sérstaks eðlis og ólík þeirri réttarstöðu sem barnalögin taka fyrst og fremst mið af. Nauðsynlegt þykir að taka af skarið með þessu hætti og marka skil milli barnalaga og barnaverndarlaga.

Um 18. gr.

Í a- og b-lið er gert ráð fyrir að víkka lítillega út heimild Barnaverndarstofu til að óska upplýsinga úr sakaskrá og með samsvarandi hætti víkka út bann við ráðningu einstaklinga til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum og stofnunum samkvæmt ákvæðum laganna. Þegar barnaverndarlögin voru sett árið 2002 voru ekki ákvæði í lögum um bann við ráðningu manna sem dæmdir höfðu verið fyrir alvarleg brot á almennum hegningarlögum. Við setningu laganna þótti rétt að setja ákvæði sem bannaði ráðningu þeirra sem hlotið hefðu refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot, ef brot beindist gegn barni. Nú hafa verið sett lög á einstaka sviðum sem ganga lengra. Þannig er

lagt bann við ráðningu manna í 6. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og 11. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, hafi þeir hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga óháð því að hverjum brot beinist. Samsvarandi ákvæði er í 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, auk þess sem bannið nær einnig til þeirra sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Rétt þykir að heimild Barnaverndarstofu skv. 1. mgr. 36. gr. laganna og bann við ráðningu skv. 2. mgr. 36. gr. nái með samsvarandi hætti til allra brota gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga óháð því að hverjum brot beinist.

Nokkuð hefur borið á óöryggi um hvaða upplýsinga skuli aflað við ráðningu og í einhverjum tilvikum virðist sem eingöngu sé aflað upplýsinga um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga en ekki óskað eftir upplýsingum um önnur brot sem kunna að koma fram á sakavottorði.

Rétt er að útskýra nánar muninn á þessu. Samkvæmt reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 680/2009, er gert ráð fyrir að gefa skuli út sakavottorð til handa þeim sem óskar þess um sjálfan sig. Í slíku sakavottorði er einungis tilgreindar takmarkaðar upplýsingar, þ.e. upplýsingar um niðurstöður mála ákveðinn árafjölda aftur í tímann. Talið er heimilt og jafnvel nauðsynlegt að afla sakavottorðs áður en ráðið er í ábyrgðarstörf, sérstaklega störf sem gera ráð fyrir umönnun einstaklinga. Sem dæmi má nefna ákvæði 9. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005. Öll þau störf sem unnin eru fyrir barnaverndaryfirvöld eru að einhverju leyti vandmeðfarin og viðkvæm og kalla oftast á samskipti eða nálægð við viðkvæm gögn og einstaklinga sem eiga í vanda eða eiga um sárt að binda. Rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um að við ráðningu í starf hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum skuli ávallt liggja fyrir sakavottorð.

Þar sem gert er ráð fyrir algeru banni við ráðningu einstaklings sem hlotið hefur refsidóm vegna kynferðisbrots verður þó einnig að gera ráð fyrir að aflað sé sérstaklega til viðbótar upplýsinga um hvort viðkomandi hafi einhvern tíma hlotið refsidóm vegna brots gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. óháð tímamörkum sem eru yfirleitt í sakavottorði. Þess má geta að samkvæmt áðurnefndri reglugerð um sakaskrá getur ríkissaksóknari gert undanþágu frá tímamörkum sem tilgreind er um sakavottorð og með þeim hætti gefið þær upplýsingar sem farið er fram á í þessum lögum.

Auk þess að taka fram um bann við ráðningu vegna tiltekinna brota er einnig að finna það nýmæli að fjalla um áhrif annarra brota, þ.e. að meta skuli önnur refsiverð brot með tilliti til starfs og þess brots sem viðkomandi hefur verið dæmdur fyrir.

Að lokum má geta þess að samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ekki skilyrðislaust gert ráð fyrir að upplýsingar fylgi umsókn um starf. Heimilt er að vinna úr umsóknum og óska einungis þessara upplýsinga um þá sem þykir koma til greina að ráða.

Samkvæmt c-lið er gert ráð fyrir að 3. mgr. 36. gr. laganna falli brott. Þegar barnaverndarlögin voru sett voru ekki ákvæði um rétt yfirmanna skóla, leikskóla og annarra stofnana fyrir börn til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá um umsækjendur. Ákvæði 3. mgr. 36. gr. hefur nú verið tekið orðrétt upp í 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007. Auk þess segir í 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra eða skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Vel fer á því að fjalla um þessi atriði í viðeigandi sérlögum og því rétt að fella ákvæðið niður í barnaverndarlögum.

Um 19. gr.

Breytingarnar í þessari grein eru til samræmist við aukna vernd þungaðra kvenna við þær aðstæður þegar þær eru beittar ofbeldi sem stefnir heilsu eða lífi ófædds barns í hættu.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir að upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd sé nánar skýrð hér. Rétt þykir að fram komi með skýrum hætti að skyldan nái til að láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum. Þá þykir nauðsynlegt að upplýsingaskyldan taki ekki einungis til foreldra og barna heldur einnig til annarra heimilismanna. Hér getur til dæmis verið um að ræða stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, uppkomin systkini barnsins, aðra ættingja, vini eða þá sem búa á heimili barns, enda verður að líta svo á að þessir aðilar geti komið að umönnun barns með þeim hætti að hagsmunum þess sé stefnt í hættu. Til samanburðar má benda á að skv. 7. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004, verður sá sem óskar eftir leyfi til að gerast fósturforeldri að afla samþykkis allra heimilismanna sem náð hafa 15 ára aldri fyrir því að Barnaverndarstofa afli tiltekinna upplýsinga úr sakaskrá og hið sama gildir um þá til dæmis sem óska eftir leyfi til að taka börn í sumardvöl og til að gerast stuðningsfjölskylda fyrir barn samkvæmt reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004.

Um 21. gr.

Í a-lið er fellt niður 12 ára aldursmark gildandi laga. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um rétt barns til að tjá sig við meðferð máls, sem það varðar, hjá stjórnvöldum og dómstólum og hafa ákvæðin ekki að geyma sérstök aldursmörk. Telja verður að aldursmörk geti haft óheppileg áhrif, þau draga hugsanlega úr rétti yngri barna og draga úr því að metin verði staða sérhvers barns að þessu leyti. Þess má geta að breyting var gerð á sambærilegu ákvæði við setningu nýrra barnlaga árið 2003. Hér er lagt til að réttur barns til að tjá sig um mál verði bundinn við mat á aldri og þroska barnsins í hverju tilviki en alls ekki er gert ráð fyrir að breytingin dragi úr þessum mikilvæga rétti barnsins.

Í b-lið er opnað ákvæðið um skipan talsmanns. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd taki afstöðu til þessa um leið og tekin er ákvörðun um að hefja könnun máls. Á því stigi málsins er hins vegar óljóst hvort fyrir liggja nægilegar upplýsingar til að meta þörf barns fyrir talsmann. Rétt þykir að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd beri ætíð að meta þetta en að matið farið fram á því stigi málsins þegar það hentar best. Ekki er gert ráð fyrir að þetta dragi úr rétti barns.

Í c-lið er lagt til að skipta út orðinu „jafnan“ sem mun hafa merkinguna alltaf og setja í staðinn orðin „að jafnaði“ enda verði að telja það hafa verið ætlunina við setningu laganna. Samkvæmt 31. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004, er hlutverk talsmanns að ræða við barn og koma á framfæri sjónarmiðum þess. Óraunhæft er að ætla talsmanni að uppfylla þessa skyldu í málum mjög ungra barna jafnvel þótt grípa eigi til ráðstafana skv. 25., 27., 28. eða 29. gr. laganna og því óeðlilegt að gera ráð fyrir að talsmaður sé ávallt skipaður. Vert er að undirstrika að með þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir að draga að neinu leyti úr skyldum starfsmanna barnaverndarnefndar til að meta hagsmuni barna, meðal annars með því að ræða við þau eða meta hegðun þeirra og viðbrögð. Þá er hér ekki dregið að neinu leyti úr skyldu til að skipa talsmann fyrir barn þegar hagsmunir barnsins krefjast þess með tilliti til aldurs og þroska.

Um 22. gr.

Samkvæmt 48. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að samþykki foreldris og barns, þegar það á við, sé undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að aðilum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins. Hér er lagt til að fella brott orðið „óháðra“ enda er í framkvæmd með öllu óraunhæft að gera ráð fyrir að kalla til utanaðkomandi einstaklinga og veita þeim aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum í máli barns til að gera þeim kleift að votta undirskrift. Til að vernda hagsmuna þeirra einstaklinga sem eiga í hlut, barns og foreldris, verður að láta hér nægja vottun starfsmanna barnaverndarnefndar, nefndarmanna eða lögmanns aðila þó enginn þeirra geti með réttu talist óháður.

Um 23. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um kærunefnd barnaverndarmála. Breytingar í 1. mgr. eru til samræmingar við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna. Síðari málsliðir 1. mgr. núgildandi 51. gr. laganna eru gerðir að 3. mgr. ákvæðisins.

Í 2. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli. Ljóst er að kærunefnd er falið að fjalla um mörg og ólík mál. Í sumum þeirra reynir fyrst og fremst á það sem kalla má lagaleg atriði eða túlkun laga. Má hér nefna sem dæmi afmörkun á hugtökunum stjórnsýsluákvörðun og aðild, eða hvort mál er tækt til efnismeðferðar, vísa beri máli frá eða vísa því aftur til barnaverndarnefndar, svo og til dæmis mál um styrk til að greiða lögmannskostnað. Æskilegt er að öll mál fái sem skjótustu meðferð fyrir kærunefnd og standi ekki í vegi fyrir áframhaldandi vinnslu máls hjá barnaverndarnefnd. Þá er ljóst að sérþekking kærunefndarmanna nýtist misvel við lausn ólíkra ágreiningsmála. Rétt þykir að liðka fyrir málsmeðferð kærunefndar og heimila formanni að taka einum ákvörðun í kjölfar kæru þegar mál varðar ekki mikilsverða hagsmuni barns.

Um 3. mgr. vísast til skýringa á 1. mgr. en hér er einungis um að ræða tilfærslu efnisákvæða.

Um 24. gr.

Í a-lið er lagt til nýtt ákvæði um lögsögu í dómsmálum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja að unnt sé að reka mál á Íslandi ef barn er búsett hér á landi þó forsjáraðilar barns kunni að vera búsettir erlendis eða jafnvel finnist ekki.

Svipuð sérákvæði um lögsögu og lögð eru til í a- og b-lið nýrrar greinar, 53. gr. a, er að finna í ákvæðum barnalaga. Varðandi c-lið þeirrar greinar verður að benda á að skv. 5. mgr. 15. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd fari með mál barns sem dvelst eða er statt hér á landi án þess að eiga hér lögheimili. Gera verður ráð fyrir að barnaverndarnefnd muni leggja megináherslu á að koma málinu í hendur réttra yfirvalda í heimalandi barnsins en þó verður einnig að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd verði að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi barns, meðal annars með því að leita atbeina dómstóla. Þess má geta að við setningu barnalaganna, nr. 76/2003, var felld úr gildi heimild dómstóla til að kveða upp úrskurð um bráðabirgðaforsjá í máli barns sem ekki væri búsett hér á landi. Var þessi heimild felld niður meðal annars með þeim rökum að barnaverndaryfirvöld gætu gripið til nauðsynlegra aðgerða til að vernda barn í slíkum tilvikum, til dæmis með því að kyrrsetja barn. Með þessu ákvæði frumvarpsins eru tryggðar heimildir barnaverndarnefndar til að fylgja slíku máli eftir ef nauðsynlegt reynist.

Við setningu barnaverndarlaganna var lögð rík áhersla á málshraða og mælir 3. mgr. 54. gr. sérstaklega um að hraða skuli málum samkvæmt ákvæðum X. kafla svo sem kostur er. Mál um sviptingu forsjár hafa í allmörgum tilvikum verið rekin samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála, þ.e. hlotið svokallaða flýtimeðferð. Þetta hefur meðal annars í för með sér að mál er þingfest utan reglulegs dómþings og allir frestir geta verið skemmri en almennt er. Þá gilda þær mikilvægu reglur að kæru- og áfrýjunarfrestir til Hæstaréttar eru styttri. Samkvæmt XIX. kafla laga um meðferð einkamála er það háð mati dómara hverju sinni hvort mál hljóti flýtimeðferð og í einhverjum tilvikum virðist vera tekist á um þetta. Í ljósi reynslunnar, eðlis barnaverndarmála og hagsmuna barna af skjótri úrlausn þykir rétt og nauðsynlegt að taka af skarið og lögfesta að mál skv. X. kafla barnaverndarlaga skuli ætíð sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla einkamálalaga.

Um 25. gr.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem leiða af breytingum skv. b-lið 24. gr. frumvarpsins um flýtimeðferð.

Rétt þykir að kveða skýrara að orði um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn í barnaverndarmálum. Við setningu núgildandi laga var gengið út frá því að barnaverndarmál væru þannig vaxin efnislega að almennt bæri að gera ráð fyrir að sérþekkingar væri þörf. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna var gengið út frá því að sérfróðir meðdómsmenn yrðu kallaðir til nema í undantekningartilvikum sem voru nefnd sérstaklega. Í dómi Hæstaréttar frá 7. febrúar 2008 í máli nr. 382/2007 kemur fram að það sé háð mati héraðsdómara hvort kveðja skuli til sérfróða meðdómendur skv. 54. gr. laganna en í málinu hafði héraðsdómari einn lagt efnisdóm á mál og sýknað stefndu af kröfu um sviptingu forsjár. Ekki þykir rétt að kvika frá því að þörf sé sérþekkingar til að kveða upp efnisdóm í barnaverndarmáli. Því þykir rétt að taka af öll tvímæli og gera það skylt að kveðja til sérfróða meðdómsmenn nema við þær sérstöku aðstæður sem er lýst í ákvæðinu.

Þá er lagt til að heiti ákvæðisins verði breytt og felld niður sérreglan um málshraða enda þykja ákvæði um flýtimeðferð koma að öllu leyti í staðinn.

Um 26. gr.

Í greininni er lagt til ákvæði til nánari skýringa um réttarstöðu barns í máli fyrir dómi. Í dómi Hæstaréttar frá 23. apríl 2008 í máli nr. 192/2008 reyndi á túlkun 3. mgr. 55. gr. núgildandi laga og talið að eðli máls samkvæmt og með hliðsjón af 2. mgr. 46. gr. laganna væri skyldan til að gefa barni kost á að tjá sig bundin við að barn yrði talið hafa aldur og þroska til þess. Rétt þykir að lagaákvæðið endurspegli þessa túlkun.

Um 27. gr.

Ákvæði þessi leiða af þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum X. kafla laganna. Ekki þykir rétt að mæla fyrir um að hin sérstaka flýtimeðferð XIX. kafla einkamálalaga gildi um mál skv. XI. kafla barnaverndarlaga enda eru sérstök ákvæði í kaflanum um meðferð málanna. Rétt er að taka fram að samkvæmt núgildandi lögum gildir hin almenna regla 3. mgr. 54. gr. laganna um að hraða málum einnig um mál skv. XI. kafla. Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella niður umrædda 3. mgr. 54. gr. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í 29. gr. frumvarpsins þykir nægilega skýrt að lögð er sem fyrr höfuðáhersla á málshraða skv. XI. kafla.

Um 28. gr.

Hér eru lagðar til breytingar til samræmis við það sem tíðkast hefur í framkvæmd. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er gert ráð fyrir að foreldri geti skotið til dómstóls úrskurði barnaverndarnefndar um vistun barns í allt að tvo mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti leitað til dómstóls ef nefndin telur þörf á lengri vistun en tvo mánuði. Í framkvæmd gerist það nokkuð oft að barnaverndarnefnd úrskurðar um vistun og tekur um leið ákvörðun um að leita til dómstóls eftir heimild til að vista barnið lengur en tvo mánuði. Ef foreldri hefur skotið úrskurði barnaverndarnefndar til dómstóls þá hefur það tíðkast í framkvæmd að barnaverndarnefnd geri kröfu um vistun skv. 28. gr. laganna í greinargerð og að foreldri sem sóknaraðila sé þá gefinn kostur á að koma að stuttri greinargerð vegna þeirrar kröfu. Hér er lagt til að lögfesta þessa framkvæmd enda augljóst hagræði af því að sameina þessi mál.

Í b-lið er auk þess lagt til að dómari geti í öðrum tilvikum sameinað mál sem rekin eru á sama tíma skv. X og XI. kafla ef það þykir henta.

Um 29. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til að skerpa á málsmeðferð í úrskurðarmálum. Í XI. kafla núgildandi laga er vikið í verulegum atriðum frá almennri meðferð einkamála og einnig vikið talsvert frá þeirri málsmeðferð sem fjallað er um í X. kafla laganna og á við um forsjársviptingarmál. Markmiðið var að tryggja greiðan aðgang að skjótri úrlausn dómstóls um kröfur skv. 27. og 28. gr. laganna um tímabundna vistun barns utan heimilis. Við setningu laganna var sérstaklega tekið fram að reglurnar væru að nokkru leyti sambærilegar við málsmeðferðarreglur í lögræðislögum um rétt nauðungarvistaðs manns til að bera ákvörðun undir dómstól. Nauðsynlegt þykir að skerpa enn frekar á mikilvægi málshraða í þessum málum. Þrátt fyrir að málin geti verið nokkuð ólík innbyrðis verður að leggja áherslu á að hér er einungis um að ræða tímabundna vistun barns utan heimilis. Þessi mál eiga því að vera að mun einfaldari en mál um sviptingu forsjár. Þá er mjög mikilvægt að þessi mál gangi hratt og örugglega fyrir sig til að forðast í lengstu lög þá biðstöðu sem málsmeðferðartíminn hefur í för með sér fyrir barnið sem á í hlut. Þetta getur verið sérstaklega mikilvægt í málum barna sem náð hafa 15 ára aldri og eru rekin vegna andstöðu barnsins við vistun utan heimilis, til dæmis á stofnun eða meðferðarheimili. Málshraði er einnig mjög mikilvægur í málum yngri barna þar sem börn hafa þörf fyrir stöðugleika, öryggi og trygg tengsl. Þannig er barnið oftast vistað til bráðabirgða utan heimilis á meðan mál er rekið og stundum í úrræði þar sem einungis er gert ráð fyrir bráðabirgðavistun, svo sem vistheimili eða einkaheimili skv. 84. gr. laganna. Nauðsynlegt er að taka sem fyrst ákvörðun um heppilegasta vistunarstaðinn fyrir barnið og hrinda í framkvæmd þeim stuðningi sem stefnt er að því að láta reyna á meðan sú vistun á að vara sem gerð er krafa um.

Í a-lið er gert ráð fyrir að dómari ákveði stað og stund til þinghalds innan viku frá því að honum berst mál.

Samkvæmt b-lið skal frestur varnaraðila til að leggja fram greinargerð að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur.

Í c-lið er hnykkt á því að dómari skuli ekki veita frekari fresti nema sérstaklega standi á. Hér má til dæmis hafa í huga mál sem aðilar eru sammála um að fresta eða mál sem skyndilega taka nýja óvænta stefnu.

Samkvæmt d-lið skal mál að jafnaði flutt innan tveggja vikna frá því að öflun gagna er lokið.

Um 30. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Samkvæmt 61. gr. núgildandi laga skulu ákvæði X. kafla gilda um mál sem rekin eru skv. XI. kafla eftir sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um sérstök frávik. Í X. kafla er að finna ákvæði 55. gr. um aðild barns og hafa dómstólar talið þetta ákvæði gilda fullum fetum um mál skv. XI. kafla. Rétt þykir að fjalla með sérstökum hætti um réttarstöðu barns í málum sem rekin eru skv. XI. kafla. Eins og áður hefur verið vikið að er umtalsverður munur á málum sem rekin eru skv. X. og XI. kafla laganna. Mál skv. XI. kafla eru um tímabundna vistun barns og mikilvægt er að horfa á aðdraganda málsins, markmið ráðstöfunar og málsmeðferð að öðru leyti.

Því er lögð til ný grein, 63. gr. a, þar sem í 1. mgr. er áréttað að barn sem er aðili máls njóti þeirra réttinda sem aðild fylgir, meðal annars réttar til að tjá sig.

Þá er lagt til að í 2. mgr. verði fjallað sérstaklega um réttindi barna sem ekki eru aðilar, þ.e. barna yngri en 15 ára eða barna sem samþykkja ráðstöfun fyrir sitt leyti. Árétta ber að 46. gr. laganna gerir ráð fyrir víðtækum rétti barns sem náð hefur aldri og þroska til að tjá sig um barnaverndarmál á öllum stigum málsmeðferðar. Í samræmi við ákvæði 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að barni sé að jafnaði skipaður talsmaður ef gera á kröfu um vistun utan heimilis. Þá er aðdragandi þess að dómstóll fjallar um mál skv. XI. kafla sá að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð og/eða tekið ákvörðun um að leita til dómstóls en í báðum tilvikum ber að gæta ákvæða VIII. kafla laganna um málsmeðferð, meðal annars andmælaréttarins. Alla jafna verður því að ganga út frá því að ef barn hefur aldur og þroska til þá liggi afstaða þess skýr fyrir í gögnum máls sem fylgja málatilbúnaði barnaverndarnefndar. Þá er að lokum bent á þau rök sem þegar hafa verið færð fyrir því að skjót úrlausn dómstóls á málum skv. XI. kafla þjóni alla jafna mikilvægum hagsmunum barns. Að teknu tilliti til alls þessa er hér gert ráð fyrir að dómari gefi barni kost á að tjá sig að teknu tilliti til aldurs barns og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls. Undirstrika verður að hér er ekki ætlunin að draga úr þeim sjálfsagða rétti barns að sjónarmið þessi liggi fyrir í málinu og að tekið sé réttmæt tillit til þeirra. Við mat á þessum atriðum verður meðal annars að líta til þess hvort barnið hafi hagsmuni af því að vera margsinnis boðið að tjá sig um sömu atriði með stuttu millibili án þess að staða máls eða aðstæður hafi breyst.

Um 31. gr.

Hér er að finna ákvæði til skýringarauka. Í 1. mgr. 65. gr. núgildandi laga er fjallað um við hvaða aðstæður geti reynt á ráðstöfun barns í fóstur. Sú breyting sem lögð til í a-lið er eingöngu til að gera ákvæðið skýrara og skerpa á þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi en samsvarandi orðalag er að finna í 2. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Þá er breytingartillagan að sínu leyti í samræmi við ákvæði c- og d-liðar 5. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er til fyllingar lagt til að bæta inn ákvæðum um tímabundið fóstur. Er þetta til samræmis við ákvæði 3. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Sérstaklega er mikilvægt taka fram í lögum að tímabundið fóstur skuli ekki vara nema samanlagt í tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum, sbr. 23. gr. reglugerðarinnar um fóstur. Er þetta í samræmi við markmið með tímabundnu fóstri og þá kröfu sem fram kemur meðal annars í 2. mgr. 67. gr. laganna um að leitast skuli við að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Ljóst er að foreldrar kunna í einhverjum tilvikum að kjósa að samþykkja

tímabundið fóstur til eins árs í senn frekar en að afsala sér forsjá og samþykkja ráðstöfun barns í varanlegt fóstur. Hér verður þó fyrst og fremst að hafa þarfir og hagsmuni barns að leiðarljósi en ekki afstöðu foreldris.

Um 32. gr.

Með greininni er ætlunin að auka nokkuð hlutverk Barnaverndarstofu gagnvart fósturforeldrum með það að markmiði að auka gæði þessara úrræða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýjum kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun einstakra barna, sbr. 49. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum með þeim kafla þá er nauðsynlegt að greina á milli þess annars vegar að fylgjast með líðan barns og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum og hins vegar að meta og auka gæði úrræðis. Lögð er áhersla á að auka gæði barnaverndarstarfs á öllum stigum og mikilvægi hlutverka þeirra fjölmörgu aðila sem eiga þátt í að tryggja réttindi barns sem er vistað utan heimilis. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa veiti væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og faglegan stuðning. Hér er lagt til að skyldur Barnaverndarstofu að þessu leyti nái einnig til starfandi fósturforeldra. Lögð er áhersla á almennan faglegan stuðning til aðgreiningar frá þeim stuðningi sem barnaverndarnefndum er skylt að veita í tengslum við sjálfa fósturráðstöfunina.

Um 33. gr.

Lagt er til að felld sé niður árétting 3. málsl. 2. mgr. 67. gr. laganna þess efnis að um fóstur til ættingja fari eftir almennum reglum um ráðstöfun barns í fóstur. Ákvæði 66. gr. laganna um leyfisveitingar og ákvæði 67. gr. um val á fósturforeldrum gilda fullum fetum um alla þá sem óska eftir að taka barn í fóstur, ættingja jafnt sem aðra. Óþarfi er að taka þetta sérstaklega fram og hætta á að slík árétting geti valdið misskilningi.

Vert er að taka fram að þetta breytir ekki raunverulegri stöðu ættingja við þessar aðstæður. Þannig haggar þetta því ekki að skv. 67. gr. laganna ber barnaverndarnefnd við val á fósturforeldri sérstaklega að leitast við að tryggja stöðugleika og sem minnsta röskun á högum barns. Í því felst að barnaverndarnefnd metur tengsl barns við alla þá sem standa nærri barninu og hafa tekið þátt í umönnun þess og tekur tillit til þess við val á fósturforeldrum eftir því sem þjónar best hagsmunum barnsins og markmiðum með fóstri.

Um 34. gr.

Í greininni er a-liður í meginatriðum samhljóða 71. gr. núgildandi laga. Lagt er til að færa ákvæðið enda eru efnisatriði þess fyrst og fremst tengd vali á þeim sem falið er að annast barn og því í tengslum við ákvæði 67. gr. laganna. Hér er jafnframt lögð til efnisleg breyting í samræmi við nýmæli um réttindi barns sem lögð eru til í 35. gr. frumvarpsins og er vísað í nánari skýringar á því ákvæði.

Ákvæði b-liðar er mikilvægt nýmæli. Í núgildandi lögum er einungis fjallað um réttarstöðu forsjárlauss foreldris en ekki foreldris sem hefur átt þátt í forsjá barns í tengslum við val á þeim sem annast barn í kjölfar ákvörðunar um ráðstöfun barns utan heimilis. Frá því lögin voru sett hefur verið lögð vaxandi áhersla á sameiginlega forsjá beggja foreldra þrátt fyrir að þau búi ekki saman og með breytingu á barnalögum frá árinu 2006 er sameiginleg forsjá nú meginregla við skilnað foreldra eða sambúðarslit. Engu að síður gera barnalögin ráð fyrir að ákveða verði hjá hvoru foreldri barn hafi lögheimili og að jafnaði fasta búsetu.

Brýnt er að skýra réttarstöðu foreldra að þessu leyti. Hér verður sem endranær að taka mið af sérstöðu barnaverndarmála og móta réttarstöðuna með hliðsjón af hagsmunum barnsins

og þeim vandasömu aðstæðum sem barnið hefur undantekningarlaust búið við þegar kemur að ráðstöfun utan heimilis. Í 24. og 25. gr. núgildandi laga er nokkuð vikið að réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en í b-lið 34. gr. er lagt til að skýra réttarstöðuna enn frekar þegar kemur að ráðstöfun barns í fóstur.

Þá er gerður skýr greinarmunur á tímabundinni og varanlegri ráðstöfun barns í b-lið. Nauðsynlegt þykir að skýrar formreglur gildi um réttarstöðu barns og foreldris sem barn hefur ekki búið hjá við þessar aðstæður sem lýst er í ákvæðinu. Þetta ræðst fyrst og fremst af þörf barnsins fyrir markvissan stuðning og þeirri staðreynd að markmið með tímabundinni ráðstöfun er að barn snúi aftur til þess foreldris sem búseta barnsins hafði verið ákveðin hjá samkvæmt ákvæðum barnalaga. Samkvæmt 2. mgr. b-liðar er þó lagt til að gerður sé munur á réttarstöðu forsjárlauss foreldris og forsjárforeldris. Samkvæmt a-lið, og í samræmi við núgildandi lög, gilda ákvæði um tímabundið fóstur um ráðstöfun til forsjárlauss foreldris og forsjárlaust foreldri hefur umsagnarrétt þegar kemur að ráðstöfun barns. Þegar hins vegar er um að ræða foreldri sem hefur átt þátt í forsjá barns er gert ráð fyrir því í b-lið að barnaverndarnefnd geti metið hæfi viðkomandi og gert við foreldrið skriflegan samning. Í slíkum samningi þarf sérstaklega að meta þörf barns fyrir stuðning, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Þá getur foreldri sem átt hefur hlutdeild í forsjá skotið ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála ef barnaverndarnefnd fellst ekki á ósk foreldrisins um að fá umsjá barns. Vert er að minna á að foreldri getur einnig höfðað mál og krafist þess að fá forsjá barnsins samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Í 3. mgr. b-liðar er fjallað um réttarstöðuna þegar svo stendur á að foreldrar hafa farið sameiginlega með forsjá barns en einungis annað þeirra er svipt forsjá með dómi. Hér gæti komið til álita að barnaverndarnefnd og foreldri sem ekki er svipt forsjá færu sameiginlega með forsjá barnsins. Þetta þykir ekki heppileg niðurstaða og í stað þess er lagt til í 3. mgr. að foreldri sem ekki er svipt fái eitt forsjá barnsins. Réttarstaða foreldrisins verður þó að taka mið að brýnum hagsmunum barns við þessar viðkvæmu aðstæður. Hér gilda því nýmæli um réttindi barns sem lögð eru til í 35. gr. frumvarpsins og er vísað í til skýringa á því ákvæði.

Um 35. gr.

Í þessari grein er að finna mikilvæg nýmæli sem þykja nauðsynleg til að treysta réttarstöðu barns eftir að forsjá þess breytist fyrir tilstilli barnaverndarnefndar eða eftir að barn hefur verið svipt forsjá foreldris í barnaverndarmáli. Vert er að árétta að við þessar aðstæður hefur reynt til þrautar á það hvort foreldrar semja sjálfir um breytingar á forsjá barns, að annað afsali sér forsjánni til hins foreldrisins eða annað foreldri velji að höfða mál samkvæmt ákvæðum barnalaga til að krefjast forsjárinnar. Ósætti foreldranna er því yfirleitt mikið og samskipti þeirra mjög erfið. Þá kemur ekki til sviptingar forsjár nema hagir og aðstæður foreldris séu í samræmi við 29. gr. laganna. Mál um umgengni eftir að foreldri hefur misst forsjá barns á grundvelli barnaverndarlaga eru því í grundvallaratriðum ólík málum um umgengni sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þá er í barnaverndarlögunum lögð rík áhersla á stuðning við barn sem ráðstafað er í fóstur og telja verður líklegt að barn hafi í einhverjum tilvikum sömu þörf fyrir stuðning þó hitt foreldrið taki við forsjánni. Mikilvægt er að tryggja bæði barninu og foreldrinu sem annast barnið eftir breytingu á forsjá þá vernd og þann stuðning sem barnaverndarlögin fela í sér.

Í 1. mgr. er lagt til að taka af öll tvímæli um að ákvæði 74. gr. laganna gildi um alla umgengni við börn eftir að barni hefur verið ráðstafað á grundvelli barnaverndarlaga, óháð því hver fái umsjá eða forsjá barns. Í þessu felst það nýmæli að barnaverndarnefnd ákveður um-

gengni við barn þó hitt foreldri barnsins fái umsjá eða forsjá samkvæmt ákvæðum 34. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er jafnframt að finna það nýmæli að barnaverndarnefnd verði að meta í þeim tilvikum þegar hitt foreldri barns fær umsjá eða forsjá skv. 34. gr. frumvarpsins hvort barn þurfi sérstakan stuðning og gera þá áætlun um stuðning í samræmi við ákvæði 23. gr. laganna.

Um 36. gr.

Ákvæðinu eru efnislega markaður nýr staður, sbr. a-lið 34. gr. frumvarpsins.

Um 37. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem fyrst og fremst tengjast nýmælum í 38. gr. frumvarpsins. Í a-lið er þannig lagt til að fellt verði brott efnisatriði sem sérstaklega er fjallað um í 38. gr. frumvarpsins um réttarstöðu fósturforeldra í tengslum við umgengni.

Í b-lið eru tekin af tvímæli um kæruheimild.

Um 38. gr.

Greinin er nýmæli um réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun um umgengni. Umboðsmaður Alþingis gagnrýndi lagaákvæði um réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun um umgengni við barn í varanlegu fóstri í áliti sínu frá 7. apríl 2006 í máli nr. 4474/2005. Með 38. gr. frumvarpsins er ætlunin að styrkja réttarstöðu fósturforeldra.

Samkvæmt 1. mgr. skal ávallt kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni. Á þetta við um samninga sem gerðir eru við upphaf fóstur eða síðar, svo og úrskurði eða breytinga á úrskurði.

Í 2. mgr. er lagt til að bætt verði sérstaklega réttarstaða þeirra sem taka barn í varanlegt fóstur. Lagt er til að fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri verði aðilar að máli um umgengni barnsins við foreldra eða aðra nákomna. Þessir fósturforeldrar eru þá aðilar með sama hætti og foreldrar, þ.e. þeir taka þátt í að gera samning um umgengni, geta óskað breytinga á umgengni sem ákveðin hefur verið með samningi eða úrskurði og geta skotið úrskurði um umgengni til kærunefndar barnaverndarmála. Árétta ber að niðurstaða máls ræðst sem fyrr af hagsmunum barnsins og rétti þess til að umgangast foreldra og aðra nákomna.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að skerpa orðalag 75. gr. laganna til að taka af öll tvímæli um að hér sé átt við þann kostnað sem felst í ráðstöfun barns í fóstur og leiðir af ákvæðum barnaverndarlaga. Notuð eru hugtökin *framfærslueyrir, fósturlaun* og *annar útlagður kostnaður* sem leiðir af ákvæðum laganna en þessi hugtök eru nánar útfærð í reglugerð um fóstur, nr. 804/2004.

Í 2. mgr. er einnig að finna það mikilvæga nýmæli að ráðherra setji reglugerð þar sem mælt verði fyrir um greiðslur til fósturforeldra og vísast nánar um þetta í athugasemdir við 48. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er í fyrsta lagi að finna áréttingu á því að fósturforeldrar og fósturbörn eigi rétt á allri almennri þjónustu og um hana fari samkvæmt lögum sem gilda á hverju sviði en sambærilegt ákvæði er nú að finna í 39. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Þá hefur þetta ákvæði frumvarpsins að geyma nýmæli um skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri til samræmis við ákvæði 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og álit menntamálaráðuneytis-

ins um túlkun ákvæðisins frá 14. október 2009. Um þetta álitaefni er fjallað í samantekt sem er fylgiskjal frumvarpsins. Til áréttingar þá er því slegið föstu í áliti menntamálaráðuneytisins að sveitarfélagi (viðtökusveitarfélagi) beri að tryggja fósturbarni, sem ráðstafað er í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, skólavist. Varðandi kostnað er það álit menntamálaráðuneytisins að viðtökusveitarfélaginu beri að greiða almennan kostnað vegna fósturbarnsins með sama hætti og almennt er greitt vegna annarra barna í sveitarfélaginu, þ.m.t. kostnað vegna skóla og aksturs. Menntamálaráðuneytið taldi hins vegar að því sveitarfélagi sem ráðstafi barni í tímabundið fóstur beri að greiða kostnað umfram þann sem talist getur venjulegur, eins og kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða annarra sérþarfa. Vegna þess ágreinings sem verið hefur um skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri þykir mikilvægt að lagaákvæðið endurspegli þessa túlkun með skýrum hætti. Vert er að taka sérstaklega fram að sérreglan gildir einungis um börn í tímabundnu fóstri sem eiga jafnan lögheimili í því sveitarfélagi sem ráðstafar þeim í fóstur. Börn í varanlegu fóstri eiga hins vegar að jafnaði lögheimili hjá fósturforeldrum sínum og njóta því óskoraðra réttinda eins og önnur börn sem eiga lögheimili í tilteknu sveitarfélagi.

Um 40. gr.

Lagt er til að efnisatriðum núgildandi 76. gr. laganna verði skipað í nýjum kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis, sbr. 49. gr. frumvarpsins.

Um 41. gr.

Í 5. kafla almennra athugasemda hér að framan er fjallað um breytingar á verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga. Þar er að finna yfirlit yfir rök fyrir því að leggja frekari ábyrgð á ríkið varðandi uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis. Rökin eru meðal annars þau að sveitarfélög hafi ekki öll haft bolmagn eða faglegar forsendur til að setja upp nauðsynleg úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis og að mikilvægt sé að tryggja jafnræði allra barna. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður að ganga út frá því að ríkið muni tryggja nægilegt framboð faglegra úrræða fyrir öll börn á landinu sem þurfa á því að halda.

Í greininni er orðað nýmæli um aukið hlutverk ríkisins. Gert er ráð fyrir að ábyrgð ríkisins taki sem fyrr til þess að byggja upp heimili og stofnanir. Grundvallarmunurinn er sá að frumvarpið gerir ráð fyrir mun fjölbreyttari úrræðum til að mæta þörfum barna í margvíslegum aðstæðum. Þannig er færð yfir til ríkisins sú ábyrgð að byggja upp heimili og stofnanir sem í núgildandi lögum hvílir á sveitarfélögum. Við afmörkun á því hlutverki sem fært er yfir til ríkisins eru hafðar til hliðsjónar skilgreiningar á úrræðum skv. 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004.

Í núgildandi lögum er lögð áhersla á að ríkið beri ábyrgð á sérhæfðum úrræðum fyrir börn í tilteknum vanda, þ.e. úrræðum fyrir börn í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, úrræðum til að greina vanda þeirra barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð og úrræðum til að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auk þessa beri ríkið einnig ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum og greina vanda þeirra almennt, til að meta þörf þeirra fyrir hvers konar meðferð eða stuðning og til að veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna.

Með orðunum heimili og stofnun er gert ráð fyrir að ríkið hafi tiltækar til dæmis sérstakar móttöku- eða meðferðarstöðvar, meðferðarheimili, vistheimili, fjölskylduheimili og sambýli.

Hér er þó ekki um tæmandi talningu að ræða. Miðað er við úrræði sem sett er á laggirnar með viðvarandi skipulögðum hætti sem standi börnum almennt til boða og sem einn eða fleiri starfi við í fullu starfi. Að þessum skilyrðum uppfylltum getur við vissar aðstæður komið til greina að reka heimili eða stofnun til dæmis á eða í tengslum við einkaheimili viðkomandi rekstraraðila. Árétta ber að þetta nýja fyrirkomulag hefur í för með sér gerbreytta möguleika á sérhæfingu og mun meiri sveigjanleika en er í núverandi kerfi. Þannig mun ríkið geta skipulagt til dæmis bráðamóttökur fyrir börn á ýmsum aldri sem glíma við fjölþættan vanda, svo og mismunandi greiningar-, búsetu- og/eða meðferðarúrræði eftir þörfum hverju sinni. Þá verður unnt að velja heppilegasta úrræðið fyrir barn í hvert sinn og skipuleggja mun betur hvernig eitt úrræði getur tekið við af öðru.

Í b-lið er lögð til breyting sem tengist tillögu að nýjum kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna, sbr. 49. gr. frumvarpsins. Í stað orðalags núgildandi laga um að Barnaverndarstofa fari með faglegt og fjárhagslegt eftirlit heimila og stofnana þykir réttara að nota orðalagið að Barnaverndarstofa fari með faglega og fjárhagslega yfirstjórn. Þetta samræmist einnig því að ráðgert er að auka hlut félagsmálaráðuneytisins í eftirlitinu.

Um 42. gr.

Breytingar á greininni fela í sér að efnisatriði eru færð úr ákvæði 80. gr. laganna og í nýjan kafla um mat og eftirlit, sbr. 49. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Í a-lið er lagt til að skerpa ákvæði 82. gr. laganna um réttindi barns sem vistað er á heimili eða stofnun. Í núgildandi ákvæði er nefndur réttur barns til að ráða persónulegum högum sínum og hafa samskipti við aðra en rétt þykir að auki að orða almennan rétt barns til að njóta einkalífs. Þess má geta að ákvæðið er efnislega í samræmi við reglur Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar.

Í b-lið er fjallað um beitingu þvingunarráðstafana. Ákvæði 82. gr. laganna var nýmæli á sínum tíma enda voru ákvæði um réttindi barns og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum fábrotin fyrir setningu laganna. Talsvert hefur verið rætt um réttindi barna á stofnunum á undanförnum árum, meðal annars að hvaða marki rétt sé að afmarka beitingu þvingunar í lögum og hvað unnt sé að afmarka í reglugerð. Heimili eða stofnun tekur að hluta við þeim almennu skyldum sem felast í forsjá þegar barn er vistað utan heimilis. Í því felst meðal annars rétturinn og skyldan til að veita barni trygga umönnun og uppeldi, beita jákvæðum aga og setja barni þau mörk sem vistunin krefst en þessu hlutverki verða ekki gerð tæmandi skil í lögum. Óhjákvæmilegt er að unnt sé að beita þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem nauðsynleg þykja til að halda uppi nauðsynlegum aga, reglu og festu í starfsemi og rekstri heimilis eða stofnunar. Í núgildandi lögum eru nefnd dæmi um þvingunarráðstafanir og talað um beitingu þvingunar þegar nauðsyn ber til. Hér er lagt til að nota almennt orðalagið *þvingunarráðstafanir* og *alvarleg agaviðurlög* og útfæra nánar hvenær telji megi nauðsyn bera til. Með orðinu þvingunarráðstöfun getur sem fyrr komið til greina að grípa þurfi til þess ráðs að halda barni frá öðrum börnum. Með alvarlegum agaviðurlögum er átt við til dæmis verulega sviptingu réttinda sem barn nýtur innan heimilis eða stofnunar. Með því að vísa til hættu fyrir þroska viðkomandi barns eða annarra barna er meðal annars vísað til þess að meðferð barnsins sjálft eða annarra barna á heimili eða stofnun sé stefnt í hættu eða árangur gerður

að engu. Þrátt fyrir þessar breytingar er einnig gert ráð fyrir að ráðuneytið setji að tillögu Barnaverndarstofu reglugerð um framkvæmd ákvæðisins en óþarft þykir að árétta það sérstaklega í b-lið.

Í c-lið er lagt til að í stað orðanna „sérstakar ástæður komi til“ verði miðað við að nauðsyn beri til meðal annars að teknu tilliti til markmiðs vistunar barns. Varðandi reglugerð er vísað til athugasemda við b-lið.

Um 44. gr.

Við setningu núgildandi laga þótti rétt að gera ráð fyrir að þeim möguleika að barnaverndarnefndir, félagasamtök og aðrir aðilar gætu fengið leyfi Barnaverndarstofu til að reka úrræði skv. 79. gr. samsvarandi þeim sem væru á ábyrgð ríkisins. Um nýmæli var að ræða og var fyrirmynd þess að nokkru sótt til norskra laga en þar í landi hafa þróast fjölbreyttar tegundir úrræða. Skemmst er frá að segja að aldrei hefur reynt á þetta ákvæði og við þær aðstæður gerir það lögin óskýrari en ella. Í ljósi reynslunnar, tillögu um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og aukins svigrúm við skilgreiningu úrræða skv. 79. gr. laganna þykir engin þörf á ákvæði 83. gr. og réttast að fella það niður.

Um 45. gr.

Í greininni er leitast við að skilgreina það hlutverk sem lagt er til að barnaverndarnefndir hafi áfram með höndum við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis. Ákvæðið tekur fyrst og fremst mið af þeim hlutverkum sem ríkinu eru falin, sbr. 41. gr. frumvarpsins en við afmörkun á verkefni barnaverndarnefndar er einnig litið til skilgreininga úrræða í 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Þar er greint á milli annars vegar heimila og stofnana, þ.e. viðvarandi skipulagðar starfsemi, og hins vegar þess sem kölluð eru önnur úrræði. Önnur úrræði eru þau sem ekki eru skilgreind sem heimili eða stofnun. Fyrst og fremst reynir þá á vistun hjá vistforeldri á einkaheimili, jafnt þegar um er að ræða nákomna ættingja eða aðra, en slík vistun getur varað að jafnaði í allt að þrjá mánuði.

Rétt þykir að nota hér hugtakið vistúrræði á vegum barnaverndarnefnda. Hugtakið vistúrræði er nokkuð þrengra en hugtakið önnur úrræði samkvæmt ákvæði áðurnefndrar reglugerðar, þ.e. ekki er með sama hætti miðað við að barnaverndarnefndir hafi almennt tiltæk einkaheimili sem geti tekið að sér umönnun ótiltekinna barna þegar á reynir. Með vistúrræði er lögð megináhersla á úrræði fyrir tiltekið barn í ákveðnum aðstæðum.

Ekki þykir heppilegt að afmarka hvaða þörfum barna skuli mæta með vistúrræði heldur er gengið út frá því að með tilliti til hagsmuna barns þyki vistúrræði henta barninu betur en vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr. laganna, sbr. 41. frumvarpsins. Hér mun fyrst og fremst koma til álita vistun hjá tilteknum aðila sem barnið þekkir eða sem er í nærumhverfi barnsins. Hér getur verið um að ræða ættingja barns eða annan nákominn, til dæmis þann sem hefur sinnt hlutverki tilsjónarmanns, persónulegs ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Þá getur verið um að ræða einhvern sem þykir henta tilteknu barni sérstaklega vel við ákveðnar aðstæður, til dæmis með tilliti til búsetu, samvinnu við foreldra eða þjónustu sem barnið þarf á að halda. Ákvæðið er ekki bundið við vistun hjá vistforeldri á einkaheimili heldur getur við sérstakar aðstæður einnig reynt á að barnaverndarnefnd skipuleggi vistúrræði á annan hátt, þ.e. einhvers konar búsetu sem er sérsniðin fyrir tiltekið barn án þess þó að vera heimili eða stofnun.

Meginástæða fyrir því að barnaverndarnefndum er ætlað þetta hlutverk er að tryggja að unnt sé að velja besta úrræði fyrir hvert barn með nokkuð skilvirkum hætti og viðhalda

þannig ákveðnum sveigjanleika í uppbyggingu úrræða. Ekki þykja standa rök til þess að ríkið hafi tiltæk úrræði af því tagi sem hér er lýst enda eru þau alla jafna sérsniðin að þörfum tiltekins barns í ákveðnum aðstæðum. Þá er oftast æskilegt að unnt sé að grípa til þeirra með nokkuð skjótvirkum hætti og vistun varir að jafnaði í stuttan tíma.

Lagt er til að vistun hjá vistforeldri á einkaheimili standi að jafnaði ekki lengur en í þrjá mánuði. Þetta er sama regla og kemur fram í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga og sem gerir ráð fyrir að ef ráðgerð sé lengri vistun á einkaheimili þá gildi að jafnaði um það reglur um fóstur.

Til að tryggja gæði vistúrræða er lagt til í 3. mgr. b-liðar að barnaverndarnefndir fái leyfi Barnaverndarstofu fyrir úrræði í hvert sinn. Með því er unnt að tryggja yfirsýn yfir beitingu úrræða og samræmdar lágmarksgæðakröfur til þeirra sem taka að sér að annast börn. Ef vistforeldri er búsett í öðru umdæmi er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd láti fylgja með umsókn yfirlýsingu barnaverndarnefndar í umdæmi væntanlegra vistforeldra um að sú nefnd sjái ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt. Er þetta í samræmi við ákvæði í reglugerð. Ekki er svigrúm til að óska umsagnar barnaverndarnefndar með sama hætti og þegar um fóstur er að ræða og miðast þetta fyrst og fremst við að barnaverndarnefnd sem á í hlut kanni hvort nefndin hafi haft einhver afskipti af börnum á heimili vistforeldra sem þykja eiga að koma í veg fyrir að viðkomandi taki að sér þetta hlutverk.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd veiti vistforeldrum fræðslu og faglegan stuðning eftir því sem þörf krefur.

Ákvæði 5. mgr. er nánast samhljóða ákvæði 4. mgr. 84. gr. núgildandi laga. Þannig er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd meti sem fyrr meðal annars hvort unnt sé að beita stuðningsúrræðum án þess að vista barn utan heimilis, undirbúi barn undir vistun og að barn eigi rétt á umgengni. Þá gildir 82. gr. laganna um réttindi og beitingu þvingunar einnig um vistúrræði. Sú breyting er lögð til að afmarka gildissvið 80. gr. laganna við 1. og 3. mgr. ákvæðisins enda er til dæmis áréttað í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga að 2. mgr. 80. gr. gildi ekki um úrræði skv. 84. gr. eðli máls samkvæmt og ekki standa rök til þess að 4. eða 5. mgr. 80. gr. gildi heldur um þessi úrræði.

Í 6. mgr. er gert fyrir að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um nánari útfærslu.

Um 46. gr.

Í samræmi við tillögur um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða er felld niður vísan til heimila í heiti XIV. kafla laganna.

Um 47. gr.

Hér er að finna það nýmæli að sveitarstjórn greiði til ríkisins gjöld sem nema hluta af kostnaði við rekstur úrræða og vísað til þess að gjöldin verði nánar ákveðin í reglugerð skv. 88. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga ber ríkið alfarið ábyrgð á kostnaði vegna heimila og stofnana sem rekin eru skv. 79. gr. laganna. Sveitarfélög bera hins vegar allan kostnað vegna heimila og annarra úrræða skv. 84. gr. laganna, þ.e. vistheimila, sambýla, vistforeldra og annarra. Einn af ágöllum núverandi kerfis er þessi munur á þátttöku í kostnaði við mismunandi úrræði eins og nánar kemur fram í 5. kafla í almennum athugasemdum. Er þessi munur talinn geta haft óheppileg áhrif á mat á þörfum barns og val á heppilegasta úrræðinu fyrir barnið. Nauðsynlegt þykir að jafna frekar en nú er gert þann kostnað sem fylgir vistun barns utan heimilis. Þetta er gert annars vegar með þeirri gjaldtöku sem hér

er lögð til og hins vegar með því að greiðslur til fósturforeldra verði ákveðnar í reglugerð. Með þessu verður kostnaður og skipting hans mun fyrirsjáanlegri og samræmdari en verið hefur og mun minni hætta á að kostnaður hafi áhrif á val á úrræði.

Með gjaldinu er einnig stefnt að því að draga sem mest úr áhrifum breytinga á heildarútgjöld annars vegar fyrir ríkið og hins vegar fyrir sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir að fjárhæð gjalda muni taka mið af þessu. Ljóst er að Reykjavíkurborg er það sveitarfélag sem hefur borið mestan kostnað vegna úrræða skv. 84. gr. laganna með rekstri vistheimila, fjölskylduheimila og sambýla. Reykjavíkurborg er um leið það sveitarfélag sem nýtir þessi úrræði, auk úrræða á ábyrgð ríkisins, langmest og mun því greiða samsvarandi stærstan hluta heildarkostnaðarins. Önnur sveitarfélög hafa einnig á einhverjum tímum rekið heimili og stofnanir, til dæmis sambýli, og öll sveitarfélög hafa þurft að hafa tiltæk úrræði skv. 84. gr. í einhverju formi með tilheyrandi kostnaði, til dæmis við að finna þá sem taka að sér að annast barn, skipuleggja og útfæra úrræði og greiða umönnunar- og rekstraraðilum. Jafnvel þótt enn sé gert ráð fyrir vistúrræðum á vegum barnaverndarnefnda í sérstökum tilvikum þykir ljóst að heimili og stofnanir á vegum ríkisins sem ætlað er að mæta þörfum barna hvar sem er á landinu munu draga verulega úr þeim kostnaði sem sveitarfélög bera eða geta þurft að bera samkvæmt núgildandi lögum.

Um 48. gr.

Breytingu í a-lið leiðir af ákvæði 47. gr. frumvarpsins um breytingu á 87. gr. laganna.

Í b-lið er útfærð nánar heimild ráðherra til að setja reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um upphæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða vegna vistunar barna á heimilum eða stofnunum á ábyrgð ríkisins, svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Eins og fram kemur í 47. gr. frumvarpsins um breytingu á 87. gr. laganna er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði hluta kostnaðar. Þannig er stefnt að lágmarksbreytingum á hlutdeild bæði ríkis og sveitarfélaga á heildarkostnaði frá því sem er í núverandi kerfi. Vert er þó að geta þess að einhverjar breytingar eru væntanlega óhjákvæmilegar. Yfirfærslu verkefnanna til ríkisins mun væntanlega fylgja einhver viðbótarkostnaður, til dæmis stofnkostnaður og kostnaður við aukið mannahald hjá Barnaverndarstofu. Þá mun nýting þeirra úrræða sem ríkið mun byggja upp að sjálfsögðu aldrei liggja ljós fyrir. Á móti kemur að útilokað er að tryggja að öll sveitarfélög verði eins sett og þau hafa verið og má til dæmis benda á að kostnaður einstakra sveitarfélaga hefur eðlilega verið breytilegur frá ári til árs í þessu sambandi.

Í b-lið er einnig að finna það mikilvæga nýmæli að ráðuneytið setji að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. laganna, sbr. 39. gr. frumvarpsins, og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. laganna. Um hið síðara atriði eru nú þegar ákvæði í reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Um rökin fyrir því að ákveða frekari fjárhæðir vegna fósturs í reglugerð má meðal annars vísa til skýringa við ákvæði 47. gr. frumvarpsins, þ.e. að jafna frekar greiðslur vegna barna sem vistast utan heimilis. Ákvæði núgildandi laga, sem gera ráð fyrir að fjárhæðir séu að öllu leyti metnar í hvert sinn með tilliti til þarfa barns, hafa einnig valdið talsverðu óöryggi í framkvæmd. Samræmdar reglur munu skapa meira jafnræði með fósturforeldrum og einnig fósturbörnum. Gera verður ráð fyrir að reglugerð geti ýmist tiltekið fastar fjárhæðir eða mælt fyrir um svigrúm og tiltekið þá mælikvarða eða aðferðir sem nota skal við að taka ákvörðun, til dæmis við sérstakar aðstæður, sérstakt álag eða þegar kemur að því sem flokkast sem annar kostnaður.

Enn fremur er í b-lið kveðið á um það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi til skjalanna og sjái um að standa skil á gjöldum sveitarfélags til Barnaverndarstofu eigi síðar en 31. desember ár hvert ef sveitarfélag hefur þá ekki greitt tilskilið gjald. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir síðan þau gjöld hjá viðkomandi sveitarfélagi. Það er þekkt fyrirkomulag að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi nærri málum á þennan hátt. Vísast í því efni til 7. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, en það er kveðið á um greiðslur Jöfnunarsjóðs á útlögðum kostnaði Barnaverndarstofu vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður sér síðan um að draga fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna framangreindra nemenda af jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Um 49. gr.

Í kafla 5.4 í almennum athugasemdum er fjallað um mikilvægi þess að styrkja mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Í þessari grein er lagt til að setja nýjan kafla í lögin sem fjallar um þessi atriði. Tilgangurinn er að auka gæði og árangur af úrræðum og réttaröryggi barna sem vistuð eru utan heimilis.

Hugtakið eftirlit hefur verið notað um ýmsa þætti starfsemi. Mikilvægt er að greina að einhverju leyti milli þess annars vegar að fylgja eftir ráðstöfun og sjá til þess að hún nái tilgangi sínum og hins vegar að hafa eftirlit með sjálfu úrræðinu til að tryggja að reksturinn uppfylli skilyrði laga. Þá ber að leggja áherslu á annars vegar innra mat eða eftirlit, sem kalla mætti gæðastjórnun, og hins vegar ytra mat eða eftirlit af hálfu þeirra sem eru óháðir starfseminni sem eftirlit er haft með. Eins og áður sagði er markmið hins nýja kafla hvort tveggja að auka gæði starfsins og að tryggja ákveðið óháð eftirlit. Heiti kaflans tekur mið af þessu og nær yfir hvort tveggja mat og eftirlit sem aftur snýr bæði að gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis.

Í kaflanum eru útlistuð markmið með mati og eftirliti. Þá er reynt að greina með skýrum hætti á milli hlutverka barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytisins.

Um a-lið (89. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um markmið mats og eftirlits með gæðum og vistun. Lögð er áhersla á að tryggja að rekstur úrræða og framkvæmd vistunar sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna. Þá ber að tryggja að einstaka ráðstafanir nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt. Markmiðið er einnig að auka gæði og stuðla að umbótum, svo og að safna upplýsingum, meðal annars um vistun, nýtingu og árangur.

Um b-lið (89. gr. b).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk barnaverndarnefndar.

Í 1. mgr. er lögð áhersla á að hver barnaverndarnefnd leggi mat á gæði og árangur vistúrræða á vegum nefndarinnar. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum nefndarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna. Það er nýmæli að kveða á um þetta í barnaverndarlögum en gera verður ráð fyrir að skyldan hafi engu að síður hvílt á barnaverndarnefndum í samræmi við eðlilega og faglega stjórnsýsluhætti. Með hliðsjón af þessu má einnig undirstrika að barnaverndarnefnd ber eðli máls samkvæmt einnig að meta gæði barnaverndarstarfs í heild, svo og annarra stuðningsúrræða. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla taki mið af tilgangi og eðli úrræðis.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði sem að mestu svara til 76. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 80. gr. núgildandi laga en efnisákvæðin eru þó útfærð nokkur nánar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skuli fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Ákvæði þetta er órjúfanlegur liður í þeirri ábyrgð sem barnaverndarnefnd ber á máli barns samkvæmt ákvæðum laganna. Samkvæmt 15. gr. laganna um lögsögu ber þannig barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur eða vistun ávallt ábyrgð á málinu meðan vistun varir. Þá ber barnaverndarnefnd skylda til að gera áætlun um meðferð málsins skv. 23. gr. og áætlun um trygga umsjá skv. 33. gr. laganna þar sem meðal annars skal koma fram hversu lengi fóstur eða vistun skuli vara, markmið með vistun, stuðningur við barnið og aðra og annað sem skiptir máli. Barnaverndarnefndin ber þannig ábyrgð á að allar ákvarðanir um fóstur og vistun taki mið af upplýsingum sem aflað var við könnun máls, niðurstöðu könnunar, áætlunum, árangri af samstarfi við foreldra, líðan barnsins í úrræði og hagsmunum barns í heild meðan úrræði varir og til framtíðar. Hér er í raun ekki um að ræða hlutverk sem hefðbundið er að skilgreina sem eftirlit, sbr. heiti núgildandi 76. gr. laganna, heldur eru þetta undirstöðuatriði við vinnslu máls og hlutverk sem enginn getur haft með höndum annar en barnaverndarnefnd í núverandi kerfi. Í 2. mgr. er til áréttingar tekið fram að barnaverndarnefnd skuli afla upplýsinga ef ástæða þykir til. Hér kæmi til dæmis til álita að afla upplýsinga frá leikskóla, skóla, heilsugæslu eða öðrum sem veita barninu þjónustu. Í ákvæðinu er einnig áréttað sérstaklega að barnaverndarnefnd skuli leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað sinn og líðan í samræmi við aldur og þroska. Segja má að þetta ákvæði leiði af hinu almenna ákvæði 4. gr. laganna um hagsmuni barns, samvinnu við barn og tillit til sjónarmiða og óska þess, svo og 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð. Vegna mikilvægis ákvæðisins þykir rétt að undirstrika þetta hlutverk barnaverndarnefndar. Með ákvæðinu er lagt að barnaverndarnefndum að vera vakandi fyrir því hver þörf barns er fyrir samband eða samskipti í víðum skilningi og hvaða leiðir er hægt að fara í því sambandi, til dæmis með þeirri tækni sem er í boði hverju sinni.

Í 3. mgr. er ákvæði um heimsóknir barnaverndarnefndar á fósturheimili og heimili og stofnanir þar sem börn eru vistuð. Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. um heimili og stofnanir er í samræmi við efnisákvæði í núgildandi 80. gr. laganna. Ekki er talið rétt að útfæra þetta nánar í lögum enda eru heimili og stofnanir samkvæmt ákvæðum laganna með mjög fjölbreyttu og ólíku sniði. Gert er ráð fyrir að unnt verði að útfæra þetta nánar í reglugerð eða reglum eftir því sem þurfa þykir og má til dæmis benda á að í núgildandi reglum um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu er fjallað um reglulega samráðsfundi vegna vistunar barns á langtímameðferðarheimili. Í 2. málsl. 3. mgr. segir að barnaverndarnefnd skuli heimsækja fósturheimili eins og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Það er nýmæli að heimsóknir skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir en markmiðið er að fylgjast sérstaklega vel með því hvernig barn aðlagast í upphafi vistunar. Að öðru leyti er eftirfarandi haft til hliðsjónar. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd meti í hvert sinn þörf á heimsóknum og gangi ekki út frá því sem vísu að lágmarkið dugi. Þannig verði að taka sérstakt tillit til þess hvort barn er í tímabundnu, styrktu eða varanlegu fóstri og markmiðs með fóstrinu. Einnig geti barnaverndarnefndir aflað með reglubundnum hætti upplýsinga um stöðu barns í fóstri með öðrum hætti en heimsóknum. Í öðru lagi er tekið mið af því sem lagt er til í 2. mgr. um reglubundið samband við fósturbarn. Gengið er út frá því að barni gefist kostur á að tjá sig í samræmi við aldur og þroska þegar barnaverndarnefnd

kemur í heimsókn en ákvæði 2. mgr. einskorðast ekki við heimsóknirnar heldur er lögð áhersla á greið og opin samskipti sem geta dregið úr þörf á frekari heimsóknum. Í þriðja lagi er einnig litið til þeirra fjölmörgu aðila sem telja verður í aðstöðu til að gera viðvart ef eitthvað bjátar á í fóstri. Þannig þurfa fósturforeldrar til dæmis að sækja um leyfi til Barnaverndarstofu í hvert sinn sem þeir óska eftir að taka barn í fóstur. Barnaverndarstofa metur þau gögn sem fylgja umsókn og leggur mat á hæfi viðkomandi, meðal annars með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um fyrri reynslu fósturforeldra. Einnig má benda á aukið hlutverk Barnaverndarstofu gagnvart starfandi fósturforeldrum sem ráðgert er í 32. gr. frumvarpsins. Þá eru líkur á að fósturbarn gangi í skóla, njóti þjónustu eða sé í samskiptum við fjölmarga aðila í sínu nærumhverfi sem ber skylda til að gera viðvart ef grunur leikur á að aðstæður barns séu óviðunandi.

Um c-lið (89. gr. c).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Barnaverndarstofu. Í 1. mgr. er að finna ákvæði sem leiðir af 7. gr. laganna þar sem meðal annars er fjallað um samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs, þróun og rannsóknir og yfirstjórn og uppbyggingu úrræða. Einnig er höfð hliðsjón af 3. mgr. 84. gr. núgildandi laga þar sem Barnaverndarstofu er ætlað að hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum á ábyrgð sveitarfélaga, hvetja til og liðsinna við uppbyggingu úrræða. Hér er því í raun ekki um nýmæli að tefla en með breyttu orðalagi er lögð áhersla á söfnun upplýsinga og mat á þeim með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að Barnaverndarstofa leggi mat á gæði og árangur heimila og stofnana sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. laganna. Þetta er samsvarandi ákvæði og á við um barnaverndarnefndir og úrræði á þeirra vegum, sbr. 1. mgr. b-liðar, og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu Barnaverndarstofu til að tryggja að skipulag, rekstur og framkvæmd vistunar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna. Ákvæði 79. gr. laganna, í þeirri útfærslu sem lögð er til í 41. gr. þessa frumvarps, felur í sér skyldu til að reka fjölbreytt heimili og stofnanir og gert er ráð fyrir að skipulag gæðamats taki tillit til eðlis og markmiðs með hverju úrræði eða tegund úrræða. Miðað er við meðal annars að markmið með hverju úrræði liggi fyrir, allar ytri aðstæður verði tryggar, faglegur rekstur tryggður, til dæmis fjöldi hæfra starfsmanna, fullt tillit tekið til réttinda barna í samræmi við ákvæði laganna og upplýsingum safnað kerfisbundið og þær varðveittar með tryggum hætti. Þá er mikilvægt að setja frekari reglur, staðla, móta verklag og tryggja fræðslu og leiðbeiningar þegar það á við. Þess má geta að ýmis framangreind atriði er þegar að finna um þau heimili og stofnanir sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk samkvæmt gildandi lögum, svo sem í þjónustusamningum, reglugerð um meðferðarstöð ríkisins, reglum Barnaverndarstofu um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila og reglum um réttindi barna og beitingu þvingunar. Þá ber sérstaklega að geta *Staðla fyrir vistun eða fóstur á vegum barnaverndaryfirvalda* sem Barnaverndarstofa gaf út árið 2008.

Í 3. mgr. er fjallað um eftirlit Barnaverndarstofu með úrræðum á vegum barnaverndarnefnda skv. 84. gr. Í núgildandi lögum er ekki með beinum hætti fjallað um þetta eftirlit en þó má telja að það felist í almennu eftirliti Barnaverndarstofu með störfum barnaverndarnefnda skv. 3. mgr. 8. gr. laganna. Mikilvægt er að skerpa þetta eftirlitshlutverk Barnaverndarstofu til að auka réttaröryggi barna sem vistuð eru utan heimilis. Við útfærslu þessa eftirlits af hálfu Barnaverndarstofu verður þó að taka mið af eðli úrræða skv. 84. gr. laganna eins og lagt er til að ákvæðið verði útfært í 45. gr. frumvarpsins. Hér verður almennt um að ræða ein-

stök úrræði sem verða sérsniðin að þörfum tiltekinna barna og vara í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leggi megináherslu á að tryggja að barnaverndarnefndir sæki um leyfi fyrir úrræði, að uppfylltar séu kröfur til þeirra sem taka að sér að annast barn og að öðru leyti uppfylltar kröfur til vistunarinnar. Í ákvæðinu er tekið fram að Barnaverndarstofa geti svipt barnaverndarnefnd leyfi til að reka úrræði en ákvæði um þetta er nú að finna í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004. Þá má minna á að Barnaverndarstofa getur beitt úrræðum 8. gr. laganna, til dæmis áminningu, svo sem ef barnaverndarnefnd verður uppvís að því að reka úrræði án þess að hafa tilskilið leyfi.

Í 4. mgr. er áréttað að barnaverndarnefnd geti skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

Um d-lið (89. gr. d).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk félagsmálaráðuneytisins. Í því felst fyrst og fremst það nýmæli að ráðuneytinu er með berum orðum falið eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum eftir atvikum. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr. núgildandi laga hefur ráðuneytið eftirlit með starfsemi Barnaverndarstofu en Barnaverndarstofa hefur skv. 2. mgr. 79. gr. laganna faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk. Barnaverndarstofa hefur á undanförnum árum falið óháðum sérfræðingi að gera reglubundnar úttektir á meðferðarheimilum ríkisins og þess má geta að það samræmist tillögum í skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Í skýrslu nefndarinnar er einnig lögð áhersla á að ráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti sé háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða, reglna og gæðastaðla.

Til að tryggja frekar skilin milli annars vegar faglegrar og fjárhagslegrar yfirstjórnar og hins vegar eftirlits og tryggja frekar sjálfstæði eftirlitsaðila er lagt til í 1. mgr. að ráðuneytið tilnefni óháðan sérfræðing til að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. laganna með reglubundnum hætti. Gert er ráð fyrir að hlutverk sérfræðings verði mótað nánar í reglugerð, meðal annars að teknu tilliti til markmiða mismunandi úrræða, en þó er tekið fram að leitast skuli við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji reglugerð um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kaflans, meðal annars um markmið, áherslur og aðferðir. Við nánari afmörkun verður að taka tillit til þess að hér haldast í hendur hlutverk barnaverndarnefndar sem fylgist með ráðstöfun barns, hlutverk Barnaverndarstofu sem fylgist almennt með gæðum úrræðis og hlutverk eftirlitsaðila sem fylgist með því að starfsemin uppfylli skilyrði laga. Við útfærslu á hlutverkum hvers og eins verður að gæta þess að sjónarmið um úttektir eða eftirlit beri ekki starfsemina ofurliði. Leitast ber við að tryggja samfellu, stöðugleika, traust og öryggi í umönnun barns og að starfskraftar nýtist sem best í að styrkja gæði umönnunar og meðferðar sem barni stendur til boða.

Um 50. gr.

Lagt er til að skerpt sé nokkuð á orðalagi refsiákvæðis 99. gr. Með lögum nr. 52/2009 voru gerðar mikilvægar breytingar á 1. mgr. 99. gr. laganna með það að markmiði að tryggja frekar vernd barna gegn ofbeldi og líkamlegum refsingum og vanvirðandi háttsemi. Í þessari grein er lagt til að í stað þess að gera það refsivert að hvetja barn til lauslætis og leiða það

á glapstigu þá verði í ákvæðinu kveðið á um refsinæmi þess að hvetja barn til lögbrota, áfengis- og fíkniefnaneyslu og þess að stefna heilsu sinni og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu. Æskilegt er að hafa ákvæðið í nútímalegra horfi með þessum hætti og í betra samræmi við lýsingu á þeirri hegðun sem réttlætir afskipti barnaverndaryfirvalda samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Einnig má benda á að samhliða gildir ákvæði 206. gr. almennra hegningalaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, meðal annars um samsvarandi refsingu við því að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis, eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. 61/2007.

Um 51. gr.

Samkvæmt 1. mgr. taka lögin þegar gildi, þ.e. að því leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í ákvæðinu.

Í 2. mgr. er áréttað að lögin gildi almennt um öll mál sem eru í gangi við gildistökuna þó atvik hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga. Er þetta sambærilegt við lagaskilaákvæði 1. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 3.–8. mgr. er fjallað sérstaklega um nokkur ákvæði frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um áhrif þeirra á mál sem kunna að vera þegar í vinnslu.

Samkvæmt 3. mgr. taka afmarkanir á kæruheimild og ákvæði um kæruaðild til úrskurða og ákvarðana barnaverndarnefnda sem teknar eru eftir gildistöku laganna. Einstaklingur sem telur sig njóta ríkari réttar samkvæmt ákvæðum núgildandi laga getur því skotið máli til kærunefndar ef kærufrestur er ekki liðinn.

Ákvæði 4. mgr. leiðir í raun af meginreglunni í 3. mgr. Hér er áréttað að nýmæli um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis gildi um þær ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laganna.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að allir nefndarmenn kærunefndar afgreiði þau mál sem eru óafgreidd við gildistöku laganna en formaður geti einn afgreitt þau mál berast síðar.

Samkvæmt 6. mgr. gilda ákvæðin um flýtimeðferð og breyting á ákvæði um sérfróða meðdómsmenn um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt 7. mgr. gilda ákvæði um hraðari málsmeðferð í málum skv. XI. kafla laganna og afmörkun á ákvæði um réttindi barns um þau mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laganna.

Í 8. mgr. er tekið fram að nýmæli 35. gr. frumvarpsins um ákvarðanir barnaverndarnefndar um umgengni og um stuðning við foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barnsins síns með sérstökum samningi, sbr. 34. gr. frumvarpsins, gildi einungis um þá samninga sem gerðir eru eftir gildistöku laganna. Í öllum tilvikum þar sem barni hefur verið ráðstafað í tímabundið fóstur gilda hefðbundin ákvæði laganna um fóstur, meðal annars um umgengni og stuðning. Í núgildandi lögum hefur foreldri í einhverjum tilvikum tekið við forsjá barns síns samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar eftir að hitt foreldrið hefur afsalað sér eða verið svipt forsjánni og þá hefur hingað til verið gert ráð fyrir að um umgengni fari samkvæmt ákvæðum barnalaga. Ekki þykir rétt að hrófla við þeirri réttarstöðu.

Í 9. mgr. er kveðið á um gildistöku ákvæða sem mæla fyrir um eða leiða af nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er tekur til ábyrgðar á uppbyggingu úrræða, gjaldtöku vegna vistunar, reglugerðar um greiðslur vegna fósturs og nýmæla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun utan heimilis. Nauðsynlegt þykir að gefa ríki og sveitarfélögum tíma til að aðlaga starfsemi sína og undirbúa breytingar og því taka þessi ákvæði gildi þann 1. janúar 2011.

Fylgiskjal I.

Samantekt starfshóps félags- og tryggingamálaráðherra um reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

1. INNGANGUR

Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp þann 8. júlí 2008 sem falið var að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Hópnum var sérstaklega falið að skoða ákvæði laganna sem varða vistun barna utan eigin heimilis og framkvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Þá var starfshópnum falið að fjalla um hverju þyrfti að breyta í framkvæmd barnaverndarstarfs án lagabreytinga.

Í hópinn voru skipuð Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur og lektor í sifja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði, og Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Starfshópurinn ákvað að skila sérstakri samantekt þar sem fjallað er nokkuð um reynsluna af barnaverndarlögunum, nr. 80/2002, (hér eftir bvl.), og vikið að breytingum sem huga mætti að við framkvæmd laganna án lagabreytinga. Samantektin er rituð af formanni starfshópsins. Starfshópurinn var sammála í öllum meginatriðum en í lokakafla samantektarinnar er gerð grein fyrir fyrirvörum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um tvö tiltekin atriði.

Á starfstímanum var bankahrun á Íslandi eins og kunnugt er og fyrirsjáanlegt að hér á landi verði umtalsverðar efnahagsþrengingar á komandi árum. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur skipað stýrihóp um velferðarvakt sem ætlað er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Skipað var í nokkra vinnuhópa og einn þeirra hugar sérstaklega að málefnum barna upp að 18 ára aldri. Stýrihópur um velferðarvakt skilaði áfangaskýrslu í mars 2009 þar sem fram kemur yfirlit yfir þá þætti sem huga þarf sérstaklega að svo hlúa megi sem best að fjölskyldum í landinu í kjölfar efnahagsþrenginganna. Í kjölfarið samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun um velferð. Þá hafa einstök sveitarfélög einnig gripið til markvissra aðgerða, meðal annars til að fylgjast með líðan barna og til að bregðast við ástandinu. Í þessari samantekt starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga verður fyrst og fremst lögð áhersla á þá þætti sem eru almennt til þess fallnir að styrkja faglegt barnaverndarstarf. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ríki og sveitarfélög standi frammi fyrir mjög erfiðum verkefnum við endurskipulagningu og forgangsröðun í allri opinberri þjónustu á næstu árum. Óumdeilt er þó að hagsmunir og velferð barna skuli vera í forgrunni í velferðarþjónustu. Er von til þess að samantektin og markviss vinna og áherslur velferðarvaktarinnar nýtist við þessi vandasömu verkefni.

Starfshópurinn er almennt á þeirri skoðun að vel hafi tekist til við setningu nýrra barnaverndarlaga árið 2002. Lögin hafa almennt stuðlað að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi á landinu og framkvæmd laganna tekist nokkuð vel. Þá verður að geta þess að samantektinni er ekki ætlað að vera tæmandi umfjöllun um barnaverndarstarf á landinu. Þannig verður lítið vikið að mörgu því sem vel hefur verið gert og frekar reynt að draga fram nokkur atriði sem æskilegt þykir að bæta. Þá verður að minna á að starfshópnum var ekki fal-

in heildarendurskoðun laganna. Samantektin byggir fyrst og fremst á innkomnum athugasemdum og fundum með völdum aðilum. Einnig hefur verið litið til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um barnaverndarstarf og framkvæmd laganna, einkum í ársskýrslum Barnaverndarstofu og úrskurðum kærunefndar barnaverndarmála, álitum umboðsmanns Alþingis og dómum. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af þróun barnaverndarréttar á alþjóðavettvangi og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og litið til þingsályktunar Alþingis frá 16. mars 2009 um lögfestingu samningsins. Starfshópurinn leyfir sér einnig að styðjast við þá þekkingu og reynslu af vinnslu barnaverndarmála sem hópurinn hefur af áralöngu starfi innan barnaverndar.

Starfshópurinn skilar jafnframt frumvarpi til breytinga á lögunum ásamt greinargerð (hér eftir nefnt frv.). Í greinargerð með frumvarpi til breytinga á lögunum er gerð nánari grein fyrir störfum starfshópsins auk þess sem hér verður vísað til umfjöllunar í frumvarpinu um einstök atriði eftir því sem við á.

2. SKIPULAG BARNAVERNDARMÁLA

2.1 Félagsmálaráðuneytið

2.1.1 Stefnumótun

Við setningu barnaverndarlaganna árið 2002 var skerpt nokkuð á ákvæðum um skyldur ráðuneytisins. Þannig ber ráðuneytið til dæmis ábyrgð á stefnumótun í barnavernd skv. 5. gr. bvl. og skal leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Í apríl 2008 var lögð fram á Alþingi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Mikilvægt er að á hverjum tíma liggi fyrir skýr stefnumótun byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til bvl. (hér eftir nefnd grg. bvl.) er gert ráð fyrir að ráðuneytið láti reglulega endurskoða stefnuna á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til greina kemur að beita hverju sinni til að stuðla að því að viðunandi árangur náist. Sérstaklega var tekið fram að heildarstefna í barnaverndarmálum gæti orðið til þess að tryggja að öll börn á landinu njóti sambærilegrar þjónustu.

Í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun sem áður var vísað til er að finna greinargott yfirlit yfir áherslur og verkefni ríkisins í barnaverndarmálum. Starfshópurinn telur mikilvægt að félags- og tryggingamálaráðherra móti heildarstefnu um allt barnaverndarstarf á landinu og skoði sérstaklega hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga og barnaverndarnefnda, til dæmis fjölda mála, meðferð mála og úrræði fyrir börn á vegum barnaverndarnefnda víðs vegar á landinu. Með því gætu skapast frekari forsendur fyrir markvissara og samræmdara barnaverndarstarf á öllu landinu.

Þá verður ekki hjá því komist að benda á ýmislegt í framkvæmdaáætluninni sem ekki virðist hafa verið hrint í framkvæmd en um leið minnt á að ekki er tíundað það sem vel hefur verið gert. Starfshópurinn bendir á að eftirfarandi liggur ekki fyrir:

- árleg greinargerð um samvinnu milli ráðuneyta um málefni barna,
- árleg greinargerð um samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin um barnaverndarstarf,
- árleg greinargerð um stöðu og þróun barnaverndarmála byggð á upplýsingum hérlendis og erlendis,
- árleg greinargerð um framkvæmd eftirlits með kvikmyndum og tölvuleikjum og samantekt um stöðu verklagsreglna um framkvæmd mats og aldurstakmörkunar,

– mat á fræðsluverkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt starfsmarkmiði,
– endurskoðun á handbók Barnaverndarstofu,+
– viðmið um frumkvæðiseftirlit,
– endurskoðun á samningi Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar,
– niðurstöður rannsóknar á framburði barna sem komu í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi,
– niðurstaða athugunar á líkamlegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi,
– tillögur um verklag og úrræði vegna þungaðra kvenna eða
– viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna.

2.1.2 Reglugerðir

Í bvl. er gert ráð fyrir setningu fjölmargra reglugerða. Þegar hafa verið settar nokkrar reglugerðir á sviðum þar sem æskilegast var að útfæra ákvæði laganna nánar, meðal annars reglugerð nr. 56/2004, um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, og nr. 652/2004, um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Á öðrum sviðum voru til staðar reglugerðir og reglur sem hafa nýst að verulegu leyti eftir setningu bvl., svo sem reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga með síðari breytingum, reglur Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 1999 og reglur Barnaverndarstofu um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 2001.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að fara vel yfir reglur sem settar voru með stoð í eldri lögum og að settar verði þær reglugerðir sem lögin gera ráð fyrir. Þannig er mikilvægt að huga að setningu eftirfarandi reglugerða:

– skv. 5. mgr. 6. gr. um kærunefnd barnaverndarmála,
– skv. 9. mgr. 7. gr. um Barnaverndarstofu,
– skv. 4. mgr. 79. gr. og 5. mgr. 80. gr. um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana og faglega starfsemi þeirra og
– skv. 5. mgr. 82. gr. um réttindi barna og beitingu þvingunar.

2.2 Barnaverndarstofa

Reglur um hlutverk Barnaverndarstofu í bvl. eru í meginatriðum sambærilegar við ákvæði eldri laga. Nokkrar áherslubreytingar voru þó gerðar og eru ákvæðin að flestu leyti skýrari en áður. Hér verður vikið að nokkrum atriðum en önnur rædd síðar, svo sem fóstur og vistun á heimili eða stofnun.

2.2.1 Yfirumsjón og stjórnsýsla

Barnaverndarstofa fer í reynd með yfirumsjón og stjórnsýslu barnaverndarstarfs á landinu. Starfshópurinn telur að Barnaverndarstofa hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Barnavernd er sérhæfður málaflokkur en þar reynir jafnt á faglega, víðtæka þekkingu á eðli og sérstöðu barnaverndarmála svo og samspil þessara mála við aðra málaflokka á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Barnaverndarstofa hefur meðal annars lagt sig fram við að safna upplýsingum um barnaverndarstarf á landinu, greina þær og birta, stuðla að rannsóknum og úttektum á einstaka þáttum barnaverndarstarfs og innleitt ýmsar nýjungar á sviðinu.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að Barnaverndarstofu verði gert kleift að sinna hlutverkum sínum af kostgæfni. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að Barnaverndarstofu verði falið tím-

anlega að hefja undirbúning og leggja drög að gerð endurskoðaðrar og vandaðrar heildarstefnu í barnaverndarmálum sem leggja ber fram á árinu 2010.

Hlutverk Barnaverndarstofu er sérstaklega mikilvægt í kjölfar efnahagsvanda þjóðarinnar enda brýnt að fylgjast vel með aðbúnaði barna og álagi og viðbrögðum barnaverndarnefnda á landinu. Barnaverndarstofa hefur þegar, í samráði við félags- og tryggingamálaráðherra, hafið heimsóknir og samræður við barnaverndarnefndir vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í þeim tilgangi að leggja mat á starfsskilyrði, verkefni og úrræði nefndanna. Leitast á við að leiða í ljós möguleika nefndanna til að bregðast við frekara álagi og með hvaða hætti Barnaverndarstofa gæti best liðsinnt nefndunum við þær aðstæður sem búast má við. Bráðabirgðaupplýsingar liggja fyrir hjá Barnaverndarstofu en gera verður ráð fyrir að heildarsamantekt verði unnin eftir að allar nefndir hafa verið heimsóttar. Að mati starfshópsins er mikilvægt að Barnaverndarstofa skoði sérstaklega með hvaða hætti unnt verði að leggja sveitarfélögum lið við það vandasama hlutverk þeirra að marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlanir eftir næstu sveitarstjórnarkosningar.

2.2.2 Eftirlit með barnaverndarnefndum

Í 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. bvl. er fjallað sérstaklega um eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum. Við setningu laganna var hugað rækilega að verkaskiptingu Barnaverndarstofu, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla og með hliðsjón af réttaröryggi einstaklinga var allt vald til að fjalla um kærur eða til að úrskurða í einstaka málum fært frá Barnaverndarstofu. Í 3. mgr. 7. gr. er fjallað almennt um eftirlit og í 8. gr. er fjallað um almenna söfnun upplýsinga og meðferð kvartana yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda í einstaka málum.

Það sjónarmið hefur heyrst að varhugavert sé að eftirlit með barnaverndarnefndum fari saman við hlutverk Barnaverndarstofu varðandi leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf og spurt hvort það samrýmist góðum stjórnsýsluháttum að hafa þetta tvíþætta hlutverk á einni og sömu hendi. Starfshópurinn gerir ekki athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Bent er á mikilvægi þess að unnt sé að leita til sérhæfðrar stofnunar eftir leiðbeiningum og ráðgjöf enda stuðli slíkt að nauðsynlegri samræmdri túlkun og samhæfingu í starfi barnaverndarnefnda. Hið almenna eftirlitshlutverk Barnaverndarstofu er af sömu rót runnið, þ.e. markmiðið er að stuðla að samhæfingu og tryggja að barnaverndarnefndir ræki skyldur sínar. Þar sem Barnaverndarstofa fjallar aldrei um kærur á stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda heldur einungis um almennar kvartanir sem lúta að vinnslu máls, starfsháttum barnaverndarnefnda og starfsvenjum þeirra er ekki hætta á að Barnaverndarstofa úrskurði á kærustigi í máli sem stofan hefur áður komið að á fyrri stigum í formi ráðgjafar. Þetta tryggir einnig að endurskoðun allra verulegra íþyngjandi ákvarðana barnaverndarnefnda og stærri ákvarðanir eru í höndum kærunefndar eða dómstóla. Þá verður að telja að meðferð á kvörtunum yfir störfum barnaverndarnefnda sé eðlilegur hluti af rækslu almenns eftirlits í stjórnsýslu. Til samanburðar er nærtækt að benda til dæmis á hlutverk fylkismanns samkvæmt ákvæðum norsku barnaverndarlaganna en fylkismaður hefur ráðgjafahlutverk og einnig það hlutverk að úrskurða um kærur á þeim stjórnsýsluákvörðunum barnaverndaryfirvalda sem ekki eru bornar undir fylkisnefnd. Líkt og hér er lögð áhersla á almenna, sérfræðilega ráðgjöf eftirlitsaðila og verkefnin talin órjúfanlegur liður í því eftirliti sem stofnuninni er ætlað að sinna.

2.2.3 Þverfaglegt samstarf og sérhæfð þjónusta

Í 6. mgr. 7. gr. bvl. er að finna eitt af nýmælum laganna um að Barnaverndarstofa geti rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana og að Barnaverndarstofa geti boðið barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn enda sé markmiðið að auðvelda nefndum að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða sem leggur grunn að þjónustu eins og Barnahúsi og fjölkerfameðferð (MST). Starfshópurinn telur afar mikilvægt að setja nánari ákvæði um þjónustu af þessu tagi í reglugerð um Barnaverndarstofu eða sérstaka reglugerð, meðal annars útfæra heimild stofunnar til að taka gjöld fyrir þessu sérstöku verkefni sem lagaákvæðið heimilar.

Starfshópurinn telur mikið og augljóst hagræði af því að ríkið hafi forgöngu um að setja á laggirnar ýmis sérhæfð úrræði, svo sem að semja um réttinn til að nota tiltekin meðferðarúrræði, sjá um ráðningu og þjálfun sérhæfðra starfsmanna, tryggja vinnuaðstöðu, aðgang að úrræði, samninga um nýtingu og að fylgjast með og hafa eftirlit með að úrræði nái tilgangi sínum. Starfshópurinn telur afar mikilvægt að bæta framboð sérhæfðra meðferðarúrræða utan stofnana, til dæmis frekari úrræði vegna líkamlegs ofbeldis. Verður að hvetja til þess að Barnaverndarstofu verði gert kleift að bæta úr brýnni þörf fyrir úrræði af þessu tagi.

2.3 Barnaverndarnefndir

2.3.1 Stefna og framkvæmdaáætlun

Í 9. gr. bvl. er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil. Ákvæði greinarinnar er nýmæli sem hefur það markmið að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Gert er ráð fyrir að í slíkri áætlun séu meðal annars sett markmið í barnaverndarstarfi, þar komi fram skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangsröðum verkefna, mat á starfsmannaþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu er nokkur misbrestur á þessu í framkvæmd og talsvert vantar upp á að sveitarfélög hafi sinnt þessari lagaskyldu sinni.

2.3.2 Skráning upplýsinga

Í VIII. kafla bvl. er að finna mun skýrari ákvæði um málsmeðferð en voru í eldri lögum þar sem barnaverndarnefndum er meðal annars gert að skrá á kerfisbundinn hátt öll mál sem koma til meðferðar og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti, sbr. 39. gr. Kerfisbundin og markviss skráning leggur meðal annars grunn að mótun raunhæfrar stefnu og gerð framkvæmdaáætlunar.

Innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins er eitt af verkefnum Barnaverndarstofu en söfnun slíkra gagna og úrvinnsla upplýsinga gefa sterkar vísbendingar um stöðu barnaverndarstarfs á landinu á hverjum tíma. Starfshópurinn verður að undirstrika mikilvægi þess að barnaverndarnefndir hagi skráningu mála þannig að unnt verði að senda Barnaverndarstofu nauðsynlegar upplýsingar með skilvirkari hætti en nú er. Þess má geta að reglubundin skráning grunnupplýsinga, eða sískráning á vegum Barnaverndarstofu, virðist ganga nokkuð vel og þannig liggja fyrir á hverjum tíma nýlegar upplýsingar um ákveðna grunnþætti, svo sem fjölda tilkynninga, ákvarðanir um könnun og fjölda umsókna um úrræði eins og fóstur eða vistun. Dráttur virðist hins vegar vera á því að barnaverndarnefndir skili upplýsingum

sem birtar eru í ársskýrslu Barnaverndarstofu en árið 2008 voru birtar upplýsingar um störf barnaverndarnefnda fyrir árið 2006 sem telja verður ófullnægjandi.

Þá verður að finna að því að skráningu eða vinnubrögðum virðist að einhverju leyti ábótavant þar sem misræmi er í tölum barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu þegar kemur að fjölda fósturbarna og fjölda barna sem vistuð eru utan heimilis.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið rætt um að koma á samræmdu formi eða kerfi um skráningu upplýsinga um barnaverndarmál. Að mati starfshópsins er ljóst að umfang og fyrirkomulag barnaverndarstarfs er með ólíkum hætti víðs vegar á landinu. Nokkur fjöldi sveitarfélaga hefur unnið að því að koma sér upp sérhæfðu tölvukerfi um skráningu barnaverndarmála, önnur haga skráningu með hliðsjón af öðrum málaflokkum sem unnir eru jafnhliða og einhver sveitarfélög haga eflaust skráningu almennt að teknu tilliti til umfangs starfsins í heild sinni. Starfshópurinn telur ekki standa rök til þess að nýtt tölvukerfi muni tryggja skráningu og skil upplýsinga. Lykilhugtök hér eru kerfisbundin og markviss skráning starfsmanna barnaverndarnefnda. Hver barnaverndarnefnd verður þannig að koma sér upp skráningarkerfi sem tryggir að alltaf sé unnt að finna mál, upplýsingar um málið og nauðsynlegar samtölur um öll mál með skjótum og einföldum hætti og að tímanlega sé hægt að skila til Barnaverndarstofu þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Hver barnaverndarnefnd verður enn fremur að tryggja að starfsmenn noti kerfið eða skrái jafnóðum þær upplýsingar sem kalla þarf eftir. Barnaverndarstofa verður á móti að gæta þess að senda barnaverndarnefndum tímanlega óskir um þær reglubundnu upplýsingar sem nefndunum er ætlað að skila til stofnunar svo unnt verði að gera breytingar á skráningarkerfum eða vinnubrögðum ef á þarf að halda.

2.3.3 Ábyrgð sveitarfélaga, fjöldi nefnda og starfsmannahald

Barnaverndarnefndir á vegum sveitarfélaga hafa með einum eða öðrum hætti borið grunnábyrgð á vinnslu barnaverndarmála frá því fyrstu barnaverndarlög voru sett á Íslandi árið 1932. Starfshópurinn telur ekki brýnt verkefni að breyta þessu. Breytingar á grunnverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða á grunnábyrgð innan sveitarfélagana myndu kalla á heildarendurskoðun laganna og þar yrði að ýmsu að hyggja sem hópurinn telur ekki efni til að fjalla um frekar á þessu stigi.

Barnaverndarnefndum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum áratugum og þær eflst og styrkst að sama skapi. Fækkun þeirra skýrist bæði af sameiningu og fækkun sveitarfélaga svo og að í allmörgum tilfellum hafa sveitarfélög komið sér saman um skipun barnaverndarnefndar. Eitt af nýmælum bvl. var að kveða á um lágmarksfjölda íbúa að baki hverrar barnaverndarnefndar sem gerði það að verkum að enn fleiri sveitarfélög sameinuðust um þetta verkefni. Barnaverndarnefndir eru nú 30 talsins.

Að mati starfshópsins verður að taka hvort tveggja tillit til fjölda íbúa og landfræðilegrar legu umdæmis við mat á þeirri stærð sem æskilegust er í því skyni að stuðla að öflugu og virku starfi. Hér verður að hafa í huga sérstöðu barnaverndarmála, meðal annars fjölbreytileika þeirra verkefna sem barnaverndarnefndir bera ábyrgð á. Þannig verður að sjálfsögðu að tryggja faglega þekkingu og reynslu barnaverndarstarfsmanna en einnig meðal annars viðbragðsflýti og markvissa og þétta eftirfylgd til að barnaverndarnefnd geti til dæmis brugðist tafarlaust við tilkynningu sem kann að berast á hvaða tíma sólarhrings sem er og skipulagt þá samvinnu og stuðning sem á reynir í hverju máli. Kostir við fleiri íbúa að baki hverri nefnd eru augljóslega stærri og öflugri starfsmannahópur, meiri reynsla og þar með fagleg þekking og möguleikar á sérhæfingu og samstarfi innan starfshóps. Ef umdæmi er hins vegar

víðfeðmt þá verður að dreifa starfskröftum sem dregur úr kostunum og auk þess vakna ýmsar spurningar um kostnað við fleiri en eina starfsstöð, varðveislu gagna og sérstaklega samræmda og samhæfða vinnslu mála og úrræði fyrir alla innan umdæmisins. Starfshópurinn fagnar heimsóknum Barnaverndarstofu til barnaverndarnefnda landsins og væntir þess að Barnaverndarstofa skoði sérstaklega starfsskilyrði ólíkra nefnda með tilliti til samhæfingar og jafnræðis íbúa svæðisins. Þá ætti samantekt Barnaverndarstofu að gefa mynd af samræmi milli ólíkra umdæma.

Í handbók Barnaverndarstofu er fjallað nokkuð um verkefni barnaverndarstarfsmanna, málafjölda, flokkun mála og mat á starfsmannaþörf. Augljóst er að verkefnum barnaverndarnefnda hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum, sérstaklega hefur tilkynningum fjölgað. Eitt af markmiðum með heimsóknum Barnaverndarstofu til nefndanna er að skoða fjölda starfsmanna og álag á starfsmönnum barnaverndarnefnda. Þá hefur Barnaverndarstofa áður skoðað sérstaklega fyrirkomulag bakvakta eða möguleika barnaverndarnefnda til að taka við og bregðast við tilkynningum samkvæmt ákvæðum bvl. sem berast utan dagvinnutíma. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu hafa barnaverndarnefndir víða um land brugðist við auknu umfangi með fjölgun starfsmanna á allra síðustu árum og virðast sæmilega vel settar til að mæta auknu álagi. Það á þó ekki við í öllum tilvikum auk þess sem sums staðar á landsbyggðinni reynist torvelt að ráða fagfólk til starfa. Barnaverndarstofa hefur bent á að erfitt sé að bera sveitarfélög saman þar sem skipulag sé ólíkt og víða um samþætta þjónustu að ræða. Þannig sé enginn einn mælikvarði til sem geri kleift að bera saman ástand mála í ólíkum umdæmum barnaverndarnefnda.

Starfshópurinn telur afar brýnt að Barnaverndarstofa haldi áfram að fylgjast með og meta skipulag, álag og vinnslu barnaverndarmála innan umdæma barnaverndarnefnda og vinna markvisst að því að tryggja a.m.k. lágmarks samræmda og samhæfða þjónustu við öll börn á landinu. Starfshópurinn undirstrikar mikilvægi þess að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna enda gegna barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra lykilhlutverki í aðdraganda ákvörðunar um ráðstöfun, framkvæmd hennar og eftirfylgd. Í þessu felst að unnið verði frekar að mótun viðmiða um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing og tryggð sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verði hugað sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðlað að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar eftir því sem kostur er.

3. VINNSLA BARNAVERNDARMÁLA

3.1 Upphaf barnaverndarmáls

3.1.1 Hvað er barnaverndarmál?

Umræða um barnaverndarmál hefur aukist umtalsvert meðal fagfólks og almennings en mörgum þykir óljóst hvað fellur undir þetta hugtak. Kallað hefur verið eftir skýrari skilgreiningum á því hvenær aðstæður barns séu með þeim hætti að tilkynna beri til barnaverndaryfirvalda, hvenær barnaverndaryfirvöldum beri að sinna málum og með hvaða hætti, hver beri ábyrgð á hvaða þjónustu við börn, til dæmis uppbyggingu úrræða, og hversu langt skuli ganga.

Við setningu laga um barnavernd hefur verið fjallað um takmörk þess sem unnt er að skilgreina í lögum eða reglugerðum að þessu leyti og lögð áhersla á að afmörkun málaflokksins verði að ráðast fyrst og fremst af faglegri umræðu um þarfir barna, hlutverk foreldra, flokkun eða tegundir mála og skyldur hins opinbera. Handbók Barnaverndarstofu fyrir barnaverndar-

nefndir og SOF-kerfið (Skilgreining og flokkun – hjálpartæki við könnun og flokkun mála) eru dæmi um tæki sem nýtast vel og mikilvægt er að halda við og kynna. Í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 er sérstaklega gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa endurskoði og kynni SOF-kerfið betur, stefnt var að því að áætlun um framkvæmd þessa lægi fyrir 1. júlí 2008 og verkefninu lokið 1. júlí 2009. Einnig var gert ráð fyrir endurskoðun handbókarinnar fyrir sama tíma. Starfshópurinn hvetur til þess að endurskoðunin verði nýtt til að fjalla frekar um faglegar skilgreiningar.

Starfshópurinn telur þörf á frekari rannsóknum, faglegri umfjöllun, afmörkun og kynningu á hugtakinu barnaverndarmál. Sérstaklega er mikilvægt að ræða mörk og samspil mismunandi þjónustukerfa, svo sem barnaverndar, félagsþjónustu sveitarfélaga, skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins og þjónustu við fatlaða, og hafa það í huga þegar sett eru lög eða reglur á hverju sviði fyrir sig.

3.1.2 Tilkynningar

Markvisst hefur verið unnið að því að kynna og fjalla um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda á undanförnum árum. Eins og áður sagði hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað jafnt og þétt, sérstaklega tilkynningum frá lögreglu. Hér er vísað til umfjöllunar í frv. þar sem lögð er til breyting á ákvæðinu um tilkynningarskyldu lögreglu.

Árið 2003 setti Barnaverndarstofa í samráði við heilbrigðisyfirvöld verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda og árið 2006 svipaðar reglur um tilkynningarskyldu starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig mun Barnaverndarstofa hafa í undirbúningi að setja verklagsreglur um tilkynningarskyldu lögreglunnar. Verklagsreglunum er ætlað að minna á tilkynningarskylduna og um leið að auðvelda og skýra boðleiðir með það að markmiði að styrkja og bæta samvinnu aðila. Starfshópurinn telur reglur af þessu tagi hafa mikilvægu hlutverki að gegna og æskilegt að skoða frekara samstarf að þessu leyti, til dæmis við þá sem sinna fötluðum börnum og/eða foreldrum þeirra.

Þá er talið nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglurnar um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks og meðal annars huga sérstaklega að þeim sem sinna foreldrum sem til dæmis glíma við fíkn og geðræna erfiðleika.

3.1.3 Hvernig verður mál barnaverndarmál?

Í 21. gr. bvl. var leitast við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmáls skýrari en í eldri lögum, Þar eru m.a. afmarkaðar skyldur barnaverndarnefndar í kjölfar þess þegar tilkynning berst, fjallað um ákvörðun um að hefja könnun máls og skyldur nefndarinnar í kjölfarið.

Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort barnaverndarnefndir sinna ætíð þeirri lagaskyldu að taka ákvörðun innan sjö daga frá því að tilkynning berst eða upplýsingar liggja fyrir með öðrum hætti. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu er í einhverjum tilvikum brotalöm á þessu, þannig hefur stofan þurft að gera athugasemdir við að ákvörðun hafi ekki verið tekin innan tilskilins tíma eða að ekki liggi fyrir hvenær ákvörðun var tekin. Þá er einnig mikilvægt að foreldrum berist tilkynning um þá ákvörðun sem er tekin og að hin eiginlega könnun hefjist strax eftir að tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun.

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem gefin var út árið 2008 voru í fyrsta sinn birtar tölur um fjölda mála, þ.e. ákvarðanir um að hefja könnun máls samkvæmt ákvæðum bvl. Athygli vekur að þrátt fyrir umtalsverða fjölgun tilkynninga á nokkru árabili virtist ekki samsvarandi fjölgun þeirra tilvika sem talin var ástæða til kanna. Þannig virtist sífellt lægra hlutfall tilvika sem tilkynnt voru barnaverndarnefndum leiða til þess að mál barns væri kannað sem barna-

verndarmál. Í ljós hefur komið að þetta má að hluta til rekja til þess að barnaverndarnefndir hafa hagað talningu mála með ólíkum hætti, þ.e. túlkað mismunandi hvernig ákvörðun er tekin um könnun þegar fleiri en ein tilkynning berst í máli tiltekins barns. Ýmissa annarra skýringa má leita, svo sem að umræða hafi aukist um skylduna til að tilkynna grunsemdir en ekki vitneskju, í meiri almennri umræðu um ýmiss konar aðstæður barna, léttvægari tilkynningum, breyttum vinnubrögðum lögreglu við túlkun ákvæðisins um tilkynningarskyldu og betri skráningu tilkynninga hjá barnaverndarnefndum. Einnig má vera að barnaverndarnefndir komist ekki yfir að kanna fleiri mál en raun ber vitni vegna álags og skorts á mannafla.

Starfshópurinn telur umhugsunarefni þann mun sem verið hefur á hlutfalli tilkynninga og ákvarðana um könnun milli einstakra barnaverndarumdæma. Sérstaklega verður að hvetja til þess að skilgreiningar, skráning mála og talning verði með sambærilegum hætti um allt land en hér gegna leiðbeiningar Barnaverndarstofu lykilhlutverki. Þrátt fyrir þær skýringar sem fram hafa komið á mismunandi talningu mála þá telur hópurinn þennan mun meiri en svo að skýringa verði eingöngu leitað í ólíkri félagslegri samsetningu íbúa. Hugsanlega tengist þetta vandamál að einhverju leyti mismunandi skilgreiningum á hugtakinu barnaverndarmál almennt og ólíkri verkaskiptingu opinberra aðila á mismunandi svæðum, til dæmis barnaverndarnefnda og félagsmálanefnda. Slík vinnubrögð verður að telja varhugaverð með hliðsjón af meginreglunni um lögbundna stoð allra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Starfshópurinn telur mikilvægt að fylgjast vel með þessari þróun, leita raunhæfra skýringa og grípa til viðbragða ef þörf krefur.

3.2 Könnun

3.2.1 Markmið könnunar

Í 22. gr. og VIII. kafla bvl. er að finna nokkuð skýrari ákvæði um markmið og framkvæmd könnunar barnaverndarmáls en áður. Í grg. bvl. kemur fram að ekki verði settar nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað enda sé það breytilegt eftir eðli máls hverju sinni. Hér reynir á skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin en um leið gæta þess að könnun verði ekki umfangsmeiri en þörf krefur. Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað skal taka saman greinargerð um niðurstöður könnunar og í bvl. er það nýmæli að ákvörðun um beitingu úrræða skuli liggja fyrir að jafnaði innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort barnaverndarnefndir sinni þeirri lagaskyldu sinni að ljúka könnun innan tilskilins frests. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu hefur í einhverjum tilvikum verið fundið að þessu við afgreiðslu á kvörtunum yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda og einnig því að ekki liggi alltaf fyrir skriflegar greinargerðir um niðurstöður könnunar í samræmi við ákvæði bvl. og reglugerðar um málsmeðferð.

Starfshópurinn hvetur til þess að þetta verði kannað nánar og barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra veitt viðeigandi fræðsla um þessi atriði.

3.2.2 Samstarf

Barnavernd samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga er órjúfanlegur hluti af velferðarþjónustu og annarri þjónustu við börn og fjölskyldur í samfélaginu. Óumdeilt er að gott samstarf þeirra sem sinna þjónustu við börn er oftast lykill að farsælli lausn. Nokkrir umsagnaraðilar lögðu áherslu að bætt samstarf við barnaverndaryfirvöld og þörf fyrir breytingar í þeim efnum. Rétt þykir að fara nokkrum almennum orðum um þetta.

Í núgildandi lögum er víða lögð áhersla á samstarf í barnaverndarmálum, svo sem í 5. mgr. 4. gr., 20. gr. og 3. mgr. 23. gr. Í grg. bvl. er fjallað nokkuð um samstarf og ólíka stöðu barnaverndarnefndar annars vegar og annarra stofnana eða aðila sem sinna þjónustu við börn hins vegar. Samkvæmt núgildandi lögum er samstarf barnaverndarnefndar og þeirra sem veita barni þjónustu háð samþykki foreldris barnsins. Samstarf í þessum skilningi getur falist í að barnaverndarnefnd láti öðrum aðilum í té upplýsingar um stöðu barns eða vinnslu máls eða að samvinna komist á um stuðningsaðgerðir, mótun þeirra, framkvæmd, eftirlit og mat á árangri. Samstarfsaðilar barnaverndarnefndar hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að slaka á kröfum núgildandi laga um samþykki foreldra og opna fyrir frekara samstarf.

Í frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum eru lagðar til nokkrar mikilvægar breytingar á ákvæðum um samstarf en engu að síður er í grundvallaratriðum áfram gert ráð fyrir samþykki foreldra um þessi atriði. Hér verður sem fyrr að leggja áherslu á hið víðtæka vald barnaverndarnefnda til að hafa afskipti af viðkvæmustu einkamálum barna og foreldra. Minna verður á að einungis reynir á þetta í málum þar sem barnaverndarnefnd hefur metið aðstæður barnsins með þeim hætti að rétt sé að styðja foreldrana í uppeldishlutverkinu. Barnaverndarnefndir verða fyrst og fremst að reyna að ná samvinnu við foreldra og barn eftir atvikum og eru þar í þeirri vandasömu stöðu að reyna að byggja upp traust og veita stuðning í skugga þess valds sem leiðir af lögunum. Þetta vald liggur meðal annars í því að foreldrar hafa almennt ekki áhrif á ákvörðun um hvort mál verður barnaverndarmál, réttur barnaverndarnefndar til að afla upplýsinga um barn og foreldra er ekki háður samþykki foreldra og barnaverndarnefndir geta úrskurðað eða krafist aðgerða sem fela í sér afgerandi inngrip í friðhelgi fjölskyldunnar. Ekki síst í ljósi þessa verður að telja gríðarlega mikilvægt að taka tillit til og vernda rétt foreldra barns til að hafa áhrif á hver fái upplýsingar um barn í barnaverndarmáli eða hver komi að því að veita þjónustu. Þetta tillit til foreldra getur haft úrslitaáhrif á það hvort tekst að byggja upp traust og samvinnu barnaverndarnefndar, foreldra og barns og með því freista þess að bæta stöðu barns. Hér verður að ganga út frá þeirri meginreglu að það sé barni að jafnaði fyrir bestu að lúta forsjá foreldra sinna og það þjóni því almennt hagsmunum barnsins að ná samvinnu við foreldra um nauðsynlegan stuðning þegar það á við. Þá þykir reynslan sýna að barnaverndarnefndir reyni að vera vakandi fyrir því að meta þörf fyrir samstarf og að foreldrar samþykki í allflestum tilvikum tillögur um samstarf.

Um breytingartillögur vísast til frumvarpsins og umfjöllunar um einstaka greinar.

3.3 Úrræði

3.3.1 Áætlanir

Í 23. gr. bvl. og í reglugerð um málsmeðferð, nr. 56/2004, er fjallað um áætlanir um stuðningsúrræði og einhliða áætlanir um beitingu þvingunar.

Reynslan sýnir að nokkuð skortir á að áætlanir séu gerðar með fullnægjandi hætti. Í einhverjum tilvikum er úrræðum beitt án þess að skrifleg áætlun sé gerð, í öðrum tilvikum uppfyllir áætlun ekki þau lágmarksskilyrði sem verður að gera og í enn öðrum eru áætlanir ekki endurnýjaðar eftir þörfum.

Starfshópurinn hvetur til þess að þetta verði kannað sérstaklega og barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra veittar viðeigandi leiðbeiningar og fræðsla um þessi atriði.

3.3.2 Stuðningsúrræði

Í 24. gr. bvl. eru talin upp í dæmaskyni þau úrræði sem barnaverndarnefnd skal beita ef þörf krefur og auk þess er gert ráð fyrir úrræðum ef barn þarfnast vistunar utan heimilis sem

nánar verður vikið að síðar. Í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga er fjallað nánar um skilgreiningu nokkurra úrræða, skilyrði, leyfisveitingar, samning um beitingu úrræðis og eftirlit.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og með hvaða hætti barnaverndarnefndum tekst að tryggja börnum nauðsynleg stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum bvl. Einhverjar úttektir og athuganir á úrræðum hafa verið gerðar en starfshópnum er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið umfangsmiklar rannsóknir á framboði, nýtingu og árangri af beitingu stuðningsúrræða í barnavernd, til dæmis persónulegra ráðgjafa, tilsjónarmanna eða stuðningsfjölskyldu.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að þessi atriði verði skoðuð nánar og undirstrikar nauðsyn þess að börnum standi ætíð til boða úrræði samkvæmt ákvæðum bvl. þegar þörf krefur. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu hefur í einhverjum tilvikum þurft að gera athugasemdir við að ekki hafi verið gerðar áætlanir um viðeigandi stuðningsúrræði og einnig fundið að skorti eða drætti á því að nauðsynleg úrræði hafi raunverulega staðið til boða þrátt fyrir að gerð hafi verið áætlun um beitingu þeirra.

Gera verður ráð fyrir að sveitarfélög hafi í framkvæmdaáætlunum sínum metið eða áætlað þarfir barna fyrir tiltekin úrræði og hvernig eigi að mæta þessum þörfum. Þá treystir starfshópurinn því að sveitarfélög fylgist vel með núverandi efnahagsástandi og geri sér far um að standa vörð um velferð barna. Nauðsynlegt er að leiðbeina sveitarfélögum og barnaverndarnefndum um þau úrræði sem æskilegust eru eða vænlegust til árangurs og fylgjast með því að börn njóti viðeigandi úrræða um allt land. Þá er mikilvægt að fylgjast með því að fullnægjandi kröfur séu gerðar til þeirra sem sinna stuðningi, leyfi veitt, samningar gerðir um beitingu úrræða og eftirlit haft með því að skilyrði séu uppfyllt og ráðstöfun nái tilgangi sínum.

3.3.3 Úrræði fyrir þungaðar konur

Í bvl. eru ýmis nýmæli sem taka til þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu með óviðeigandi eða háskalegu líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., e-lið 1. mgr. 24. gr. og 31. gr.

Í 2. mgr. 31. gr. bvl. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis þungaðrar konu ef önnur úrræði koma ekki að gagni. Markmið sviptingar er að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun en hvorki í lögunum né í grg. bvl. er að finna leiðbeiningar um hvaða stofnun eigi að sinna þessu hlutverki. Starfshópnum er kunnugt um að reynt hefur á þetta ákvæði í nokkrum tilvikum og þá þykir hafa skort viðeigandi úrræði. Í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 er fjallað um þennan vanda, mikilvægi þess að skoða með hvaða hætti er eðlilegast og heppilegast að haga stuðningi við þungaðar konur og sérstaklega hversu brýnt er að skoða úrræði sem unnt verði að nota ef beita þarf þvingun. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leiti eftir samstöðu fulltrúa barnaverndar- og heilbrigðisyfirvalda um að setja á laggirnar starfshóp og stefnt að tillögum um verklag og úrræði fyrir 1. október 2008. Starfshópurinn leggur áherslu á að þessu verkefni verði fylgt eftir.

3.3.4 Almennt um vistun barns utan heimilis

Rétt þykir að fjalla lítillega um það fyrirkomulag á vistun barna utan heimilis sem nú er við lýði en jafnframt er vísað til frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

a) Almennt um fóstur

Ákvæði um fóstur í bvl. og reglugerð um fóstur nr. 804/2004 eru talsvert ítarlegri og skýrari en þau voru samkvæmt eldri lögum. Þá gaf Barnaverndarstofa út árið 2008 Staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda. Einnig má minna á rannsóknir sem Barnaverndarstofa stóð fyrir um líðan barna í fóstri og birtar eru með ársskýrslu stofunnar 2004.

Starfshópurinn telur að í meginatriðum hafi tekist vel til um mótun reglna og framkvæmd á þessu sviði. Starfshópurinn verður þó að benda á nokkur atriði sem telja verður að betur megi fara.

Reynslan sýnir að barnaverndarnefndir leita ekki alltaf lögbundins samráðs við Barnaverndarstofu um ráðstöfun barns í fóstur. Þannig ber við að barni sé ráðstafað í fóstur til aðila sem ekki hafa fengið leyfi Barnaverndarstofu eða án vitneskju stofunnar. Þá liggur ekki alltaf fyrir fóstursamningur við fósturforeldra áður en barn fer til viðkomandi í fóstur né tilkynni barnaverndarnefnd til Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings í upphafi eða um endurnýjun samnings eða lok fósturs.

Í einhverjum málum hefur komið í ljós að barnaverndarnefndir fara ekki eftir ákvæði 23. gr. reglugerðarinnar um tímamörk samninga um tímabundið fóstur.

Þá verður að finna að því hve langan tíma það getur tekið barnaverndarnefndir að skila umsögn til Barnaverndarstofu um þá sem óska eftir leyfi til að taka barn í fóstur.

Reynslan sýnir einnig að brotalöm virðist vera á því að gengið sé frá skriflegum samningi um umgengni barns í fóstri við foreldra og aðra nákomna eða kveðinn upp úrskurður um umgengni ef ekki tekst að gera skriflegan samning. Hér er því ekki haldið fram að umgengni eigi sér ekki stað í þessum tilvikum en áréttað mikilvægi þess að ganga frá þessum atriðum með formlegum og lögbundnum hætti.

Starfshópnum bárust ýmsar ábendingar frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum sem nýtast í umræðu um framkvæmd laganna en þykja ekki kalla á lagabreytingar. Starfshópurinn hvetur til þess að Barnaverndarstofa eigi áfram reglubundið og náið samstarf við Landssamtökin og Félag fósturforeldra og skoði þær ábendingar sem komið er á framfæri.

Starfshópurinn telur afar brýnt að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra fari að öllu leyti eftir ákvæðum bvl., reglugerðar og staðla um vinnubrögð í fósturmálum og að Barnaverndarstofa fylgi því eftir með markvissum hætti ef svo er ekki.

Eins og fram kemur í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2008 hafa ráðstafanir barna í fóstur farið jafnt og þétt vaxandi á undanförnum árum. Mestu munar þar um fjölgun tímabundinna fósturráðstafana en alls munu 357 börn hafa verið í fóstri á árinu 2007. Þá liggur einnig fyrir að umsóknum barnaverndarnefnda um fósturheimili fjölgaði talsvert á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2009 samanborið við árið 2008. Umsóknum fólks sem óskar eftir því að gerast fósturforeldrar hefur fjölgað nokkuð á sama tíma. Starfshópurinn telur mjög brýnt að huga að aðgerðum til að tryggja nægt framboð af hæfum og frambærilegum fósturforeldrum svo og að tryggja hraða og markvissa afgreiðslu umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldri.

Í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 er gert ráð fyrir að auka eftirlit með samstarfi barnaverndarnefnda við fósturforeldra og vinnubrögðum nefndanna í fósturmálum með því að taka í gagnið frá 1. janúar 2009 matsblað sem fósturforeldrar, starfsmaður barnaverndarnefndar, kynforeldrar og barn eftir atvikum fylli út í lok fósturs. Starfshópnum er ekki kunnugt um að þetta hafi verið gert.

Þá er starfshópnum ekki kunnugt um að fyrir liggi áætlun um innleiðingu framhaldsnámskeiða fyrir fósturforeldra í tengslum við Foster Pride sem liggja átti fyrir 1. júlí 2008 eða áætlun um fjölkerfameðferðarfóstur (MTFC/TFC) sem ráðgerð var fyrir 1. september 2008.

b) Skólamál fósturbarna

Frá því að ábyrgð á rekstri grunnskóla var færð frá ríki til sveitarfélaga hafa nokkrum sinnum komið upp ágreiningsmál um skólagöngu fósturbarns, sérstaklega barns sem barnaverndarnefnd ráðstafar í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag án þess að lögheimili barnsins breytist að sama skapi. Óþarfi er að hafa um þetta mörg orð í þessari samantekt. Við setningu nýrra grunnskólalaga nr. 91/2008 var markmiðið að taka af skarið um rétt fósturbarns til skólagöngu með setningu ákvæðis í 5. gr. um ábyrgð sveitarfélaga.

Nokkur ágreiningur reis um þýðingu lagaákvæðisins og samspil grunnskóla- og barnaverndarlaga. Barnaverndarstofa óskaði eftir túlkun menntamálaráðuneytisins á ákvæði 5. gr. grunnskólalaganna. Barnaverndarstofa taldi að með nýju ákvæði 5. gr. grunnskólalaganna væri réttarstaða barna í tímabundnu fóstri að öllu leyti sú sama og réttarstaða þeirra barna sem flytja í sveitarfélag, þ.e. viðtökusveitarfélag bæri ábyrgð á að tryggja fósturbarni skólagöngu og greiða þann kostnað sem af því leiddi. Samband íslenskra sveitarfélaga taldi ákvæði 5. gr. hins vegar einungis fela í sér að barn ætti óskoraðan rétt á skólavist, þ.e. viðtökusveitarfélagi væri óheimilt að synja fósturbarni um skólavist, en að því sveitarfélagi sem ráðstafaði barninu í fóstur bæri að greiða kostnað vegna skólagöngu barnsins. Barnaverndarstofa kynnti barnaverndarnefndum þau sjónarmið sem stofan lagði áherslu á. Þá gerði Samband íslenskra sveitarfélaga öllum skólum landsins grein fyrir stöðunni og vakti athygli á skyldu sveitarfélaga til að tryggja barni skólavist.

Í umræðu um skólagöngu fósturbarna hefur stundum verið látið að því liggja að börnum sé að stærstum hluta ráðstafað frá stærri sveitarfélögum til þeirra smærri sem sum hver hafi ekki bolmagn til að tryggja þeim skólagöngu. Ástæða er til að árétta að öll sveitarfélög landsins eru formlega jafnsett að þessu leyti, þ.e. öll geta átt von á að ráðstafa barni í fóstur og að einstaklingar með lögheimili í sveitarfélaginu fái leyfi til að fóstra barn. Mikilvægt er að benda á að samkvæmt tölulegum upplýsingum Barnaverndarstofu um barnaverndarmál árið 2008 þá bárust stofunni samtals 106 umsóknir um fósturheimili árið 2008, 42 umsóknir frá Reykjavík, 27 frá sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur og 37 umsóknir frá sveitarfélögum á landsbyggðinni. Umsóknir þeirra sem óskuðu eftir að gerast fósturforeldrar voru alls 65 árið 2007, þar af 28 frá einstaklingum sem búsettir voru í Reykjavík og nágrenni. Árið 2008 bárust Barnaverndarstofu alls 64 umsóknir, þar af alls 32 frá einstaklingum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Þá verður að benda á að ekki er sjálfgefið að viðtökusveitarfélag verði fyrir auknum kostnaði af fósturbarni auk þess sem viðtökusveitarfélag getur átt rétt á framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þessara barna.

Starfshópurinn telur afar brýnt að tryggja rétt fósturbarns til skólagöngu við hæfi. Ákvæði um þetta og framkvæmd þeirra þarf að vera eins skýr og nokkur er kostur og með þeim hætti að draga úr mögulegum ágreiningi um skólavistina sem slíka eða kostnað við hana. Starfshópnum er kunnugt um að Barnaverndarstofa hefur almennt hvatt barnaverndarnefndir til að leggja sig fram um að tryggja gott samstarf í þessum efnum, meðal annars hvatt barnaverndarnefndir til að hafa eins tímanlega og kostur er samráð og samstarf við alla þá aðila sem bera ábyrgð á skólamálum. Einnig er vert að minna á að skv. 8. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004, ber barnaverndarnefnd, við gerð umsagnar til Barnaverndarstofu í tilefni af umfjöllun um hæfi fósturforeldra, að kanna með almennum hætti hvernig skólamálum er háttað

í skólahverfi umsækjenda. Hér verður þó enn og aftur að minna á sérstöðu barnaverndarmála. Þrátt fyrir að yfirleitt sé tími til undirbúa úrræði vandlega þá getur ráðstöfun borið nokkuð brátt að. Þá blasir við að fjöldi hæfra aðila til að annast börn í þessum vandasömu aðstæðum er ekki ótakmarkaður. Starfshópurinn leggur áherslu á að hér verði ávallt í algerum forgangi að tryggja barni vist hjá þeim hæfu aðilum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barnsins. Árétta ber að fósturráðstöfun skiptir sköpum um þroskavænleg lífsskilyrði barna sem eiga í hlut. Þá verður að líta til þess að öllum skólum landsins ber skylda að tryggja börnum lögbundna skólaþjónustu.

Menntamálaráðuneytið sendi frá sér álit um túlkun 5. gr. grunnskólalaganna þann 14. október 2009. Ráðuneytið rakti viðeigandi lagaákvæði og túlkun þeirra. Í niðurstöðu segir meðal annars svo:

„Eins og rakið hefur verið hér að framan er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla. Sérstaklega er kveðið á um skyldu sveitarfélaga í 3. mgr. sömu greinar til að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar greinir í lögunum. Samkvæmt því er enginn munur á þessari skyldu sveitarfélaga hvort sem um er að ræða börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra með lögheimili í sama sveitarfélagi. … Þegar virt eru ummæli í lögskýringargögnum … verða ekki dregnar víðtækari ályktanir en svo að í kostnað viðtökusveitarfélagsins felist allur venjubundinn kostnaður sem hlýst af skólagöngu þessara barna, svo sem kostnaður vegna skóla og aksturs, en ekki kostnaður umfram það eins og kostnaður við sérfræðiþjónustu eða vegna annarra sérþarfa. Síðastnefndur kostnaður sé hann fyrir hendi myndi þá falla á það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur sem er sama sveitarfélag og barn á lögheimili í. … Af þessu leiðir einnig að gera verður ráð fyrir að verði ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna barns sem ráðstafað hefur verið tímabundið í fóstur heyri það undir félags- og tryggingamálaráðuneytið að fjalla um slíkan ágreining …“

Meirihluti starfshópsins leggur til ákvæði í frumvarpinu í samræmi við þessa túlkun ráðuneytisins og áréttar mikilvægi þess að reglur um þetta liggi skýrt fyrir. Þá ber einnig að leggja sérstaka áherslu á að þessar breytingar geta haft áhrif á rétt viðtökusveitarfélaga til greiðslna úr Jöfnunarsjóði samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sem geta dregið úr fjárhagslegum áhrifum lagabreytingarinnar. Þess ber að geta að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshópnum gerir fyrirvara við þessa afgreiðslu sem nánar er gerð grein fyrir í lokakafla samantektarinnar.

c) Heimili og stofnanir

Ábyrgð á rekstri heimila og stofnana fyrir börn hvílir á ríkinu skv. XIII. kafla bvl. og á sveitarfélögunum skv. XIV. kafla bvl. Ákvæði þessara kafla eru mun skýrari en samsvarandi ákvæði eldri laga en þó hefur verið gagnrýnt að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé óljós samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. Um þetta er fjallað nánar í frv. en eftirfarandi ábendingar þykja eiga vel við að mestu leyti hvort sem verkaskiptingu verður breytt eða ekki.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. XIII. kafla. Barnaverndarstofa fylgist vel með fjölda umsókna, aldri, kyni, búsetu og fjölskylduaðstæðum barnanna, ástæðum og aðdraganda umsókna, vistun, vistunarsamningum, vistunartíma og útskrift. Þá á Barnaverndarstofa í reglubundnum viðræðum við barnaverndarnefndir um þörf fyrir vistun og reynir að fylgjast með og bregðast við ef veru-

legar breytingar verða á eftirspurn eftir þjónustu meðferðarheimila. Á síðustu fimm árum dró markvert úr eftirspurn eftir meðferðardvöl á stofnunum Barnaverndarstofu og var rýmum fækkað til að tryggja viðunandi nýtingu fjármuna. Umsóknir voru hins vegar fleiri á fyrstu mánuðum ársins 2009 en á samsvarandi tímabili árið 2008. Starfshópurinn treystir því að Barnaverndarstofa sé í viðbragðsstöðu og leiti allra leiða til að bregðast við ef núverandi efnahagsvandi eða annað leiðir til umtalsverðrar fjölgunar umsókna um vistun á meðferðarheimili eða stofnun.

Barnaverndarnefndum er skylt að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að mæta þörfum barna í tilteknum vanda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla bvl. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem kom út árið 2008 og í skýrslum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er gerð grein fyrir ýmsum vistunarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Önnur sveitarfélög hafa mótað úrræði af þessu tagi sem eru fyrir hendi þegar á þarf að halda eða leysa úr þörfinni með því að fá jafnóðum leyfi Barnaverndarstofu til að vista einstakt barn á einkaheimili skv. 84. gr. þegar á þarf að halda. Öll úrræði skv. 84. gr. bvl. krefjast þess að viðkomandi barnaverndarnefnd fái leyfi Barnaverndarstofu. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu eru nokkrar áhyggjur af því að barnaverndarnefndir sæki ekki með skilvirkum hætti um leyfi til að reka úrræði skv. 84. gr., tryggi ekki að leyfi hafi ætíð verið veitt áður en barn er vistað eða tilkynni Barnaverndarstofu um vistun samkvæmt ákvæði 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Starfshópurinn undirstrikar mikilvægi þess að fylgt sé ákvæðum laga og reglugerðar að þessu leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. bvl. skal Barnaverndarstofa hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum samkvæmt ákvæðinu, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Starfshópurinn telur brýnt að kortleggja þörf fyrir úrræði af þessu tagi og bendir á að gera megi ráð fyrir aukinni þörf fyrir vistun á næstunni. Þá telur starfshópurinn einsýnt að Barnaverndarstofu væri á grundvelli 6. mgr. 7. gr. bvl. unnt að setja á laggirnar og bjóða barnaverndarnefndum vistunarúrræði eins og hér er mælt fyrir um til að bæta úr aðkallandi vanda, til dæmis vistheimili og sambýli.

d) Réttindi barna á stofnunum

Á undanförnum árum hefur verið lögð sívaxandi áhersla á að tryggja réttindi barna á stofnunum og í alþjóðasamhengi má nefna nýleg tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um réttindi barna á stofnunum (2005)5 og Evrópuverkefnið Quality4Children sem hafði að markmiði að þróa gæðastaðla fyrir umönnun og meðferð barna í vistunarúrræðum utan heimilis. Barnaverndarstofa hefur sett reglur um réttindi barna á stofnunum og beitingu þvingunar og einnig sérstaka staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda þar sem lögð er áhersla á að treysta réttindi og velferð barna í anda samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Fyrir setningu núgildandi bvl. voru lagaákvæði um réttindi barna á stofnunum fábrotin. Markmið með 82. gr. laganna var að tryggja að þvingunarráðstafanir og agaviðurlög ættu sér trausta lagastoð. Við útfærslu lagaákvæðisins var höfð hliðsjón af Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda sem samin var fyrir félagsmálaráðuneytið í maí 1998. Í þessari greinargerð er meðal annars fjallað um lagagrundvöll fyrir beitingu þvingunarráðstafana og lagt til að setja í lög almennar reglur um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem síðar yrðu útfærðar nánar í reglugerðum eða annars konar almennum fyrirmælum.

Í 82. gr. er lögð áhersla á friðhelgi einkalífs barns á stofnun, sbr. 1. og 2. mgr. um rétt barns til að ráða sjálft persónulegum högum sínum, hafa samskipti við aðra og vera frjálst ferða sinna, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem samræmist tilgangi vistunar og velferð og öryggi barnsins og annarra. Hér verður að árétta að um ósjálfráða einstaklinga er að ræða sem eiga almennt rétt á að lúta forsjá annarra. Barn sem vistað er á stofnun lýtur almennt forsjá foreldra sinna sem felur í sér víðtækan rétt og skyldur foreldra til að sjá barninu fyrir viðunandi uppeldi. Löggjafinn hefur einungis útfært inntak forsjár í helstu aðalatriðum, sbr. 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003, en leggur að öðru leyti áherslu á að hlutverk foreldra taki mið af þörfum barns og aðstæðum hverju sinni. Óumdeilt er að forsjá felur meðal annars í sér réttinn og skylduna til að vernda barn með því að beita jákvæðum aga og setja því hæfileg mörk. Stofnun sem tekur við umsjá barns samkvæmt samningi við foreldri eða úrskurði tekur við hluta þessara réttinda og skyldna. Í 3. mgr. 82. gr. er undirstrikað að óheimilt sé að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum og einnig áréttað að einungis sé heimilt að beita þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum þegar nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setji að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Við setningu laganna og síðar hefur nokkuð verið rætt um hvort nauðsynlegt sé að fjalla frekar um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í lögum í stað þess að vísa til útfærslu í reglugerð. Þess má geta að ákvæði 82. gr. er til dæmis nánast samhljóða ákvæði 5–9 í norsku barnaverndarlögunum frá 1992 og fyllilega sambærilegt við ákvæði 123. gr. dönsku laganna um félagsþjónustu frá 2007 þar sem er að finna almenna lagastoð svipaða þeirri íslensku og nánari útfærslu í reglugerð.

Starfshópurinn leggur til í frv. að skerpa á ákvæði 82. gr. með því að undirstrika meginregluna um rétt barns til einkalífs og útfæra frekar þær aðstæður sem heimila beitingu þvingunar. Starfshópurinn telur þó óhjákvæmilegt að kveða engu að síður á um setningu reglugerðar þar sem þetta verði útfært nánar og bendir á að hafa megi hliðsjón af Forskrift om rettigheter og bruk av tvang under opphold i barneverninstitusjon í Noregi frá 2002 og Bekendtgørelse om magtanvendelse over for børn og unge, der er anbragt uden for hjemmet í Danmörku frá 2007.

e) Eftirlit

Á undanförnum árum hafa sjónir manna talsvert beinst að eftirliti með vistun barna utan heimilis. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um vistun barna utan heimilis, svo sem undirbúningi, upplýsingum, tengslum við foreldra og nákomna, eftirliti og eftirfylgd.

Starfshópurinn leggur áherslu á að gæðamat og aukið eftirlit geti stuðlað að betra réttaröryggi og betri árangri af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta sérstakan kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Þær tillögur sem þar eru gerðar tóku meðal annars mið af fyrstu skýrslu nefndar sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 26/2007 til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Nefndinni var meðal annars falið að gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir að brotinn væri réttur á börnum í opinberri forsjá. Í fyrstu skýrslu nefndarinnar er aðallega fjallað um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslunni er einnig sérstakur kafli um gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála þar sem sjónum er beint að eftirliti með vistun

barna á meðferðarheimilum og stofnunum á grundvelli ákvæða núgildandi laga. Um þetta er vísað til 5. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið og skýringa við ákvæði 51. gr. frumvarpsins.

3.4 Úrskurðarvald og málsmeðferð

Við setningu núgildandi laga var framsetningu ákvæða um flokkun úrræða, úrskurðarvald, málsmeðferð og málskot breytt allverulega. Að mati starfshópsins hefur nýtt fyrirkomulag í meginatriðum reynst vel. Hér verður fjallað um nokkur atriði frekar.

3.4.1 Aðild barns

Aðild að máli tengist úrskurðarvaldi og reglum um málskot. Við setningu núgildandi laga var lögð áhersla á flokkun ráðstafana barnaverndarnefnda og byggt fyrst og fremst á því:

- hvort ráðstöfun er með eða án samþykkis aðila og
- hvort ráðstöfun felur í sér töku barns af heimili eða ekki.

Hugtökin úrskurðarvald og málskot koma einungis til álita þegar samþykki aðila fyrir tiltekinni ráðstöfun liggur ekki fyrir og barnaverndarnefnd ákveður að beita þurfi þvingun til að freista þess að ná markmiðum laganna. Með aðila er fyrst og fremst átt við þann sem fer með forsjá barns en eitt af nýmælum bvl. var að mæla fyrir um aðild barns 15 ára og eldra í þeim málum þegar barn er vistað utan heimilis. Þetta má einnig orða sem svo að þegar barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að vista barn sem orðið er 15 ára gamalt utan heimilis þá verður nefndin að hafa samráð við barnið með sama hætti og forsjáraðila, þ.e. kynna fyrir barninu tillögu að ráðstöfun og freista þess að gera áætlun um beitingu úrræðisins í samvinnu við forsjáraðila og barnið. Ef annar hvor forsjáraðila og/eða barnið vilja ekki gera skriflega áætlun þá verður barnaverndarnefnd að meta hvort gera skuli einhliða áætlun um beitingu þvingunar og fylgja því eftir að nauðsynlegum þvingunarúrræðum verði beitt gegn þeim sem ekki vill samþykkja vistun.

Í þeim umsögnum og athugasemdum sem starfshópnum bárust bar nokkuð á gagnrýni á ákvæði um aðild barns. Var bent á að í málum þar sem barnaverndarnefnd og forsjáraðilar væru sammála um þörf fyrir vistun utan heimilis ætti afstaða barnsins ekki að ráða jafnmiklu og raun ber vitni enda hefði sú málsmeðferð sem grípa þyrfti til einungis í för með sér óþarfa umstang, töf og kostnað.

Starfshópurinn hefur farið vel yfir innkomnar athugasemdir en getur ekki fallist á að gera eigi breytingar á ákvæðum um aðild barns. Ákvæðin um aðild barns voru sett með hliðsjón af svipuðum reglum í nágrannaríkjum okkar og meginreglum og sjónarmiðum um þátttöku barns, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Má benda á að til dæmis í Noregi er gengið lengra og þar eru börn aðilar óháð aldri ef vistun er tilkomin vegna þess að barnið er talið stefna heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni.

Það er hafið yfir allan vafa að barnaverndarmál er mál barns, hagsmunir barns eiga að ráða úrslitum þegar tekin er ákvörðun í barnaverndarmáli og að ganga ber út frá því að barn eigi almennt rétt á að taka þátt í meðferð málsins. Þetta þýðir að barn á almennan rétt á því að fá upplýsingar um mál, að tjá afstöðu sína með einhverjum hætti og að hafa áhrif á niðurstöðu að teknu tilliti til aldurs og þroska. Reglur um þátttöku barna eru órjúfanlegur liður í vaxandi virðingu fyrir barni sem hæfum og sjálfstæðum einstaklingi. Þessar reglur tengjast einnig almennum hugmyndum um mikilvægi valdeflingar í velferðarþjónustu, að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum, efla sjálf og sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsvirðingu og ábyrgð.

Virðing og valdefling eiga ekki einungis við þegar allir eru sammála heldur eru sérstaklega mikilvæg hugtök þegar reynir á rétt einhvers til að vera ósammála og til að láta fjalla um og reyna á sín sjónarmið.

Það er mikilvægt að undirstrika að aðild að barnaverndarmáli ræður ekki úrslitum um hvort úrræði er beitt eða ekki heldur hefur fyrst og fremst áhrif á málsmeðferðina, þ.e. hefur áhrif á hver tekur endanlega ákvörðun, hvaða aðferðum er beitt við töku ákvörðunar og hvaða möguleika einstaklingur hefur eða finnst hann hafa til að hafa áhrif á hina endanlegu niðurstöðu. Þegar mótaðar eru reglur um aðkomu einstaklings að barnaverndarmáli verður að hafa í huga að hvort tveggja forsjáraðilar og börn hafa í grunninn takmörkuð áhrif á gang barnaverndarmáls þrátt fyrir almennar áherslur á mikilvægi samvinnu. Fastmótaðar reglur um aðild eru mjög mikilvægar fyrir þann sem finnst fyrir liggja að taka ákvarðanir um mál sem skipta sköpum í hans lífi. Það er almennt viðurkennt að vistun barns utan heimilis er afgerandi inngrip í líf fjölskyldu og fyrst og fremst í líf barnsins. Vistun utan heimilis hefur í för með sér grundvallarbreytingar á öllu daglegu lífi barns, tengslum, umgjörð og athöfnum. Gera verður ráð fyrir að afstaða barns til vistunar utan heimilis verði ákveðnari eftir því sem barn eldist, óháð því hvort sjónarmið barnsins þykja skynsamleg eða ekki. Ákvæði um aðild barns eru viðurkenning á þessari staðreynd og trygging fyrir því að sjónarmið barnsins verði vegin og metin. Þá hafa margir bent á mikilvægi þess að færa ábyrgðina á hinni endanlegu ákvörðun frá barnaverndarnefnd eða foreldrum yfir til dómstóla í hinum alvarlegri tilvikum þar sem slíkt geti undirstrikað alvarleika málsins í augum barnsins og auðveldað samvinnu eftir að ákvörðun liggur fyrir.

Samkvæmt upplýsingum starfshópsins hafði einungis reynt á aðild barns í fjórum málum fyrir dómstólum árið 2008. Starfshópurinn gengur út frá því að samvinna hafi náðst í öðrum málum þar sem þörf var á úrræði fyrir barn enda treystir starfshópurinn því að barnaverndarnefndir láti alltaf á það reyna hvort dómstóll fallist á kröfu ef talið er nauðsynlegt að vista barn utan heimilis.

Rétt er að taka fram að starfshópurinn leggur ríka áherslu á markvissa og skjóta úrlausn ágreiningsmála um tímabundna vistun barns utan heimilis og leggur til í frv. nokkrar breytingar í þeim efnum. Gera verður ráð fyrir að skjót málsmeðferð eigi einkum við í málum þar sem fyrir liggur að forsjáraðilar eru til samvinnu, gripið hefur verið til neyðarráðstöfunar gagnvart barninu og barnaverndarnefnd getur sýnt fram á að barn sem neitar að samþykkja vistun stefnir lífi sínu eða þroska í hættu með alvarlegri hegðun.

3.4.2 Kærunefnd barnaverndarmála

Samhliða breytingum á úrskurðarvaldi og reglum um málskot var sett á laggirnar ný kærunefnd barnaverndarmála. Í frv. er lagðar til nokkrar breytingar til að skýra frekar hlutverk og málsmeðferð kærunefndar. Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að úrskurðir kærunefndar verði gerðir aðgengilegir með einhverjum hætti til að tryggja að unnt verði að draga af þeim nauðsynlegan lærdóm.

3.4.3 Dómstólar

Meginbreytingar á úrskurðarvaldi og málskoti í bvl. fólust í því að færa valdið til að taka ákvarðanir í alvarlegustu málunum frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Að mati starfshópsins hafa ákvæðin um hlutverk barnaverndarnefnda og dómstóla í 26.–29. gr. bvl. að meginstefnu til reynst vel svo og ákvæðin um málsmeðferð í X. og XI. kafla. Starfshópurinn leggur til nokkrar breytingar í frv. til að skerpa á fáeinum atriðum.

Það er erfitt og vandasamt að meta hvort ákvæðin um aðkomu dómstóla dragi með óeðlilegum hætti úr því að barnaverndarnefndir grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi barna. Tölur um fjölda úrskurða eða dóma gefa ekki sérstaklega til kynna að þvingunarráðstöfunum hafi fækkað. Þessar tölur segja þó ekkert til um það hvort alvarlegum málum hafi fjölgað eða hvort barnaverndarnefndir láti hugsanlega hjá líða í einhverjum málum að gera kröfur fyrir dómi.

Talsverður fjöldi úrskurða og dóma liggur fyrir í barnaverndarmálum. Starfshópurinn telur reynsluna sýna fram á nauðsyn þess að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra kynni sér og fylgist vel með úrskurðum og dómum sem falla samkvæmt ákvæðum bvl. til að viðhalda og tryggja þekkingu á kröfum og málsmeðferð fyrir dómi. Með því móti má auka líkur á að barnaverndarnefnd sé tilbúin til að grípa fumlaust og af öryggi til þvingunarráðstöfunar þegar þörf krefur. Einnig er mikilvægt að barnaverndarnefndir tryggi fullnægjandi sérþekkingu þeirra sem reka mál fyrir dómi ef á þarf að halda. Ekki síður er nauðsynlegt að fulltrúi eða yfirmaður þeirrar barnaverndarnefndar sem gerir kröfu fyrir dómi fylgi máli vel eftir og móti framvindu þess í nánu samstarfi við þann lögmann sem rekur málið eftir atvikum. Þá er að síðustu mikilvægt að huga að þekkingu dómara og fræðslu fyrir þá um eðli, sérstöðu og meðferð barnaverndarmála.

3.5 Aðrar ráðstafanir

Í bvl. er fjallað um ýmsar aðrar ráðstafanir en hér hafa verið nefndar. Starfshópurinn telur ekki ástæður til að fjalla um þær sérstaklega umfram þær breytingar sem lagðar eru til í frv.

4. BREYTINGAR Á ÁKVÆÐUM UM VISTUN BARNS UTAN HEIMILIS

Starfshópnum var sérstaklega falið að skoða ákvæði bvl. sem varða vistun barna utan eigin heimilis og framkvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Starfshópurinn taldi ástæðu til að skoða fyrst og fremst ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn í þessu sambandi.

Í frv. er að finna tillögur starfshópsins til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna úrræða fyrir börn sem nauðsynlegt er að vista utan heimilis. Við gerð þeirra tillagna var meðal annars litið til starfs nefndar sem skipuð var til að endurskoða barnaverndarlög í heild sinni árið 1997 og þeirra tillagna sem nefndin skilaði til ráðuneytisins árið 2000. Þá var litið til þróunar í nágrannaríkjum okkar, sérstaklega þeirra breytinga sem tóku gildi í Noregi árið 2005. Þar var tekin ákvörðun um að færa ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis frá miðstjórnvaldi, eða fylkeskommune. Rætt var um hvort sveitarfélögin ættu sjálf að taka við hlutverkinu en yfirgnæfandi rök þóttu standa til þess að færa ábyrgðina til ríkisins til að tryggja samhæfingu, samræmi, jafnrétti, réttaröryggi og réttindi barnanna.

Um þetta vísast nánar til 5. kafla í almennum athugasemdum frv. og skýringa við einstakar greinar. Þá gerir starfshópurinn ráð fyrir að um málið fari samkvæmt ákvæðum X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um samskipti ríkis og sveitarfélaga og breytingar á verkaskiptingu. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafði sérstakan fyrirvara um þessi atriði sem nánar verður gerð grein fyrir í lokakafla samantektarinnar.

5. FYRIRVARI FULLTRÚA SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er í meginatriðum sammála þeim tillögum sem starfshópurinn leggur fram en gerir fyrirvara fyrir hönd sambandsins við tvö atriði.

Í 39. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 75. gr. laganna, sem fjallar um kostnað vegna fósturbarna. Að mati fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga felst í frumvarpsgreininni frávik frá þeirri grundvallarreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án endurgjalds. Tillaga meirihluta starfshópsins felur í sér mjög íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Þótt ekki verði um kostnaðaráhrif að ræða fyrir sveitarstjórnarstigið í heild sinni mun innbyrðis kostnaðarskipting breytast og verða það einkum minnstu sveitarfélögin sem munu bera hallan af þeirri breytingu. Fulltrúi sambandsins hefur ekki sannfæringu fyrir því að tillagan leiði til framfara á sviði barnaverndarmála. Ljóst er að sveitarfélögum ber nú þegar skylda til að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga. Fulltrúi sambandsins er þó sammála því að nauðsynlegt sé að breyta barnaverndarlögum með hliðsjón af áliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem vísað er til í kafla um skólamál fósturbarna. Spurningin er fyrst og fremst sú hvort breytingin eigi að vera á þá leið sem meirihluti starfshópsins leggur til eða hvort fremur eigi að leggja til breytingu í þveröfuga átt, þ.e. að taka skýrt fram að bæði almennur og sértækur skólakostnaður vegna barna í tímabundnu fóstri skuli greiðast af lögheimilissveitarfélagi, eftir atvikum á grundvelli viðmiðunarreglna sambandsins, líkt og verið hefur sbr. reglugerð nr. 804/2004.

Í 43. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 79. gr. laganna sem felur í sér að ríkið taki alla ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að vista börn skv. lögunum en í 84. gr. gildandi laga hafa tiltekin vistunarúrræði verið á ábyrgð sveitarfélaganna. Samkvæmt 47. og 48. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að auknum kostnaði ríkisins af þessum sökum verði mætt með því að sveitarfélög greiði vistunargjöld til ríkisins. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er sammála þessari tillögu um breytta verkaskiptingu enda virðist ljóst að ábyrgð verði skýrari og val á vistunarúrræðum betra en áður. Jafnframt er þó ljóst að í gjaldtökuheimildinni felst að ríkið geti krafið sveitarfélög um gjald fyrir vistunarúrræði sem nú þegar eru á ábyrgð ríkisins. Til þess að tryggja að sveitarfélögin verði ekki fyrir auknum kostnaði af þessum breytingum leggur fulltrúi sambandsins áherslu á að gert verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd tillagnanna, með hliðsjón af 101. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar verði jafnframt kveðið á um réttindi þeirra starfsmanna sem flytjast frá sveitarfélögum til ríkisins, fyrirkomulag gjaldtöku og önnur atriði sem máli skipta til að tryggja að hvorugur aðilinn beri skarðan hlut frá borði.

Fylgiskjal II.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti:

Umsögn um áhrif frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum, á fjárhag sveitarfélaga.

Að meginstefnu til er markmið frumvarpsins að skýra ákvæði gildandi laga eða skerpa á þeim. Allnokkur nýmæli er þó einnig að finna. Viðamest þeirra er nýmæli sem felur í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem talið er fyrir bestu að vistast utan heimilis. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Þau nýmæli frumvarpsins sem geta einkum haft kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum eru eftirfarandi:

Skólamál barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Í 39. gr. er kveðið á um breytingar á 75. gr. laganna sem lúta að kostnaði vegna skólagöngu barns sem ráðstafað er í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag en þar sem það á lögheimili. Lagt er til að viðtökusveitarfélagið greiði allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu. Er hér um að ræða breytingu frá reglugerð um fóstur, nr. 804/2004, þar sem segir að sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur greiði kostnað vegna grunnskóla meðan ráðstöfun varir. Í frumvarpinu kemur fram að greinin sé í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og álit menntamálaráðuneytisins um túlkun ákvæðisins frá 14. október 2009, sem komst að þeirri niðurstöðu að viðtökusveitarfélaginu beri að greiða almennan kostnað vegna fósturbarna með sama hætti og almennt er greitt vegna annarra barna í sveitarfélaginu, þ.m.t. kostnað vegna skóla og aksturs, en því sveitarfélagi sem ráðstafi barni í tímabundið fóstur beri að greiða kostnað umfram þann sem talist getur venjulegur, eins og kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða annarra sérþarfa.

Samkvæmt framansögðu leiðir greinin ekki til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin í heild en hún mun hins vegar leiða til þess að almennur skólakostnaður mun að einhverju leyti færast til milli sveitarfélaga.

Ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis.

Í 39., 47. og 48. gr. eru lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis. Lagt er til að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir skv. 84. gr. barnaverndarlaga en sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum skv. 84. gr. laganna. Markmiðið er að tryggja jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra. Félags- og tryggingamálaráðuneytið mun setja gjaldskrá, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem ákveðin verði þau gjöld sem sveitarfélög greiða vegna vistunar barna á heimilum og stofnunum. Jafnframt verður sett reglugerð um greiðslur með börnum í fóstri. Þessum breytingum er ætlað að jafna og samræma greiðslur, tryggja betra jafnræði og draga úr togstreitu um val á úrræði fyrir tiltekið barn. Einnig er mikill kostur að samræma stöðu fósturforeldra og tryggja frekar jafnræði þeirra. Stefnt er að

því að heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna vistunar barna utan heimilis breytist sem minnst frá því sem nú er.

Stofnanir og heimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga sem færast frá sveitarfélögum til ríkisins eru eingöngu starfrækt í Reykjavík, alls fjögur heimili. Áætlaður kostnaður vegna þeirra fyrir árið 2010 er samtals 203.472.000 króna. Þar sem slík heimili eru ekki starfrækt utan Reykjavíkur hafa önnur sveitarfélög leyst málin með því að koma börnum fyrir í annars konar úrræðum. Kostnaður við þau er talinn vera á bilinu 50–100 milljónir króna, en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Samkvæmt þessu færist kostnaður á bilinu 250–300 milljónir króna frá sveitarfélögum til ríkisins vegna tilfærslu heimila og stofnana skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Þeim kostnaði verður að öllu leyti mætt með gjaldtöku fyrir vistanir í úrræðum á vegum Barnaverndarstofu. Jafnframt er áætlað að yfirfærslu verkefnanna til ríkisins fylgi kostnaður vegna faglegra og fjárhagslegra verkefna eins og inntöku og útskrift, innheimtu gjalda o.fl. Gert er ráð fyrir að sambærilegur umsjónar- og umsýslukostnaður falli niður hjá sveitarfélögum. Um verði að ræða eitt stöðugildi. Kostnaður við þá stöðu reiknast inn í gjöld sveitarfélaga sem þýðir álag á þá fjárhæð sem áður var nefnd, þ.e. 250–300 milljónir króna.

Rétt er að benda á að í frumvarpinu er ekki kveðið á um ráðstöfun þeirra fasteigna sem Reykjavíkurborg nýtir nú fyrir starfsemi þessara heimila. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leigi þær húseignir enda er sá kostnaður innan heildarfjárhæðarinnar.

Sömuleiðis eru engin ákvæði í frumvarpinu um réttindi þeirra starfsmanna sem starfa á heimilunum í tengslum við yfirtöku ríkisins á skyldum sveitarfélaga.

Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis

Í 49. gr. er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Gert er ráð fyrir því að barnaverndarnefndir leggi mat á gæði og árangur vistúrræða á þeirra vegum. Fram kemur í frumvarpinu að það sé nýmæli að kveða á um þetta í barnaverndarlögum en gera verður ráð fyrir að skyldan hafi engu að síður hvílt á barnaverndarnefndum í samræmi við eðlilega og faglega stjórnsýsluhætti. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum nefndarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna.

Einn liður í bættu eftirliti og gæðum barnaverndarstarfs er að heimsóknir barnaverndarnefndar á fósturheimili skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir, en samkvæmt núgildandi lögum skal barnaverndarnefnd heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári en oftar ef ástæða þykir til. Gera verður ráð fyrir að þessi breyting hafi einhverja útgjaldaaukningu í för með sér í ferða- og dagpeningakostnaði og aukinni vinnu starfsmanna barnaverndarnefnda. Að einhverju leyti er unnt að lágmarka þessa kostnaðaraukningu með því að samnýta ferðir auk þess sem ýmis dæmi eru um að nú þegar séu farnar tvær eða fleiri eftirlitsferðir vegna skjólstæðinga barnaverndarnefnda.

Niðurstaða um kostnaðaráhrif.

Samkvæmt framansögðu má vænta þess að frumvarpið muni ekki hafa í för með sér miklar breytingar á heildarútgjöldum sveitarfélaga vegna barnaverndarmála.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi í landinu. Frumvarpið er viðamikið og í því eru að finna allnokkrar breytingar og nýmæli sem eru af þrennum toga.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem er ætlað að skýra og skerpa ákvæði laganna frekar og lögfesta túlkun ákvæðanna frá gildistöku þeirra.

Í öðru lagi eru breytingar er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis. Lagt er til að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir en sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum. Með því að færa ábyrgð á rekstri og uppbyggingu heimila og stofnana til ríkisins er ætlunin að ná fram meira jafnræði milli barna, óháð því hvar á landinu þau búa. Þá næst fram samfellt yfirlit og yfirsýn yfir helstu úrræðin. Þeirri breytingu er einnig ætlað að skerpa enn frekar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og gefa möguleika á betri nýtingu fjármuna opinberra aðila. Fram til þessa hefur eingöngu Reykjavíkurborg rekið slíkar stofnanir og heimili sem gert ráð fyrir að færist yfir til ríkisins en önnur sveitarfélög hafa leyst málin með öðrum úrræðum. Um er að ræða fjögur heimili í Reykjavík og er árlegur rekstrarkostnaður þeirra áætlaður um 204 m.kr. Starfsmenn þeirra eru um 32 talsins og er um helmingur þeirra í verktakavinnu. Fyrirhugað er að ríkið yfirtaki rekstur þessara heimila og er stefnt að því að Barnaverndarstofa leigi húsnæðið þar sem heimilin eru vistuð. Nákvæmar tölur um kostnað annarra sveitarfélaga liggja ekki fyrir en áætlað er að hann sé á bilinu 50–100 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að til falli kostnaður við umsýslu um heimilin, innheimtu gjalda og fleira. Sá kostnaður er áætlaður að verði ígildi eins stöðugildis hjá Barnaverndarstofu eða um 8 m.kr. að meðtöldum starfstengdum kostnaði. Frumvarpið kveður á um að sveitarfélög taki þátt í kostnaði og greiði gjald vegna vistunar barns á heimili eða stofnun á ábyrgð ríkisins. Gjaldið verður útfært nánar í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur að fengnum tillögum frá Barnaverndarstofu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en gjaldskrá reglugerðarinnar liggur ekki fyrir. Stefnt er að því að breytingar á hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í heildarkostnaðinum verði sem minnstar frá því sem er í núverandi kerfi. Einhver óvissa verður jafnan um nýtingu þeirra úrræða sem ríkið mun þurfa að byggja upp og því kann að verða breytilegt hversu hátt hlutfall af kostnaði við reksturinn næst með innheimtu gjalda.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði ný ákvæði um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Eru þar jöfnum höndum lagðar skyldur á barnaverndarnefndir, Barnaverndarstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Hér er verið að lögfesta það gæðaeftirlit sem sjálfsagt þykir að beita við vistun barna utan heimilis. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður aukist í tengslum við þetta fyrirkomulag.

Verði frumvarpið lögfest er gert ráð fyrir að útgjöld sem nú svara til um 262–312 m.kr. færist til ríkisins þannig að útgjöld ríkissjóðs aukist sem því nemur. Fyrirhugað er að þessum auknum útgjöldum verði mætt með gjaldi á sveitarfélög sem senda börn í vistun. Þar sem sú reglugerð og fyrirkomulag gjaldtöku og fjárhæðir liggja ekki fyrir hjá félags- og trygginga

málaráðuneytinu hefur fjármálaráðuneytið ekki forsendur til að meta hvort sú tekjuöflun geti gengið eftir þannig að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt eftir sem áður.

948. Frumvarp til laga [558. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir orðunum „skylt að greiða í“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fræðslusjóði atvinnulífsins sem og.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú breyting sem lögð er til með frumvarpi þessu er undirliggjandi þeim markmiðum er fram koma í stöðugleikasáttmála Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 25. júní 2009 um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir tilteknum aðgerðum sem koma fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 um réttindi launafólks. Svo ná megi þeim markmiðum sem þar koma fram þótti jafnframt mikilvægt að tryggja að öllum atvinnurekendum verði skylt að greiða í fræðslusjóði atvinnulífsins iðgjöld þau sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni í kjarasamningsviðræðum á sama hátt og þeim er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði stéttarfélaganna. Er frumvarp þetta því lagt fram í þeim tilgangi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frumvarpið kveður á um að atvinnurekendum verði skylt að greiða í fræðslusjóð viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni. Fyrirkomulagið verður þá með sams konar hætti og nú tíðkast með greiðslum í sjúkrasjóði og orlofssjóði stéttarfélaga. Breytingin felur í sér greiðsluskyldu vegna fræðslusjóða fyrir fyrirtæki sem ekki eru aðilar að heildarsamtökum atvinnurekenda.

Verði frumvarpið lögfest verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eiga við um aðila á almennum vinnumarkaði en ekki ríkið. Hins vegar greiðir ríkissjóður nú þegar slík iðgjöld sem frumvarpið kveður á um samkvæmt þeim kjarasamningum sem það er aðili að.

949. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðisstofnun ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 83. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Íbúðalánasjóður.

2. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: félags- og tryggingamálaráðuneyti.

3. gr.

Í stað orðanna „kærunefnd húsaleigumála“ í 4. mgr. 17. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 84. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: kærunefnd húsamála.

4. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 38. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 84. gr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „kosnar skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: skipaðar af sveitarstjórn skv. 13. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

6. gr.

84. gr. laganna verður svohljóðandi:

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa í kærunefnd húsamála til þriggja ára í senn og skulu tveir þeirra vera lögfræðingar og einn verkfræðingur. Húseigendafélagið tilnefnir einn fulltrúa og skal hann vera lögfræðingur. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar og

skal annar þeirra vera verkfræðingur en hinn skal uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skal varaformaður uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

Kostnaður við starfsemi kærunefndar húsamála greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

7. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar frístundahúsamála“ í 3. mgr. 11. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 25. gr., og í stað orðanna „úrskurðarnefndar um frístundahúsamál“ í fyrirsögn 28. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: kærunefnd húsamála.

8. gr.

Í stað orðsins „úrskurðarnefnd“ í 6. mgr. 12. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: kærunefnd.

9. gr.

25. gr. laganna verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Kæruheimild.

Hlutaðeigandi aðila er heimilt að vísa ágreiningsefni á grundvelli laga þessara til kærunefndar húsamála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum. Kærunefndin skal leitast við að ljúka afgreiðslu mála á grundvelli laga þessara innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

Álit og úrskurðir kærunefndar húsamála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 14. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 79. og 80. gr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

11. gr.

Í stað orðsins „fjöleignarhúsamála“ í 5. mgr. 16. gr. a laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 79. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: húsamála.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

b. Í stað orðanna „Húsnæðisstofnun ríkisins“ 1. mgr. kemur: Íbúðalánasjóði.
c. Í stað orðsins „stofnuninni“ í 2. mgr. kemur: Íbúðalánasjóði.

13. gr.

79. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „kærunefndarinnar“ í 1. mgr. kemur: kærunefndar húsamála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 7. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Kæruheimild.*

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 41. og 42. gr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

16. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 34. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

17. gr.

41. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 1. mgr. kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin skal taka erindi til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.
c. Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 3. mgr. kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
e. Í stað orðsins „kærunefndar“ í 4. mgr. kemur: úrskurðarnefndar.
f. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Málsmeðferð.*

19. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Kæruheimild.**

20. gr.

Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: félags- og tryggingamálaráðuneyti.

22. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 65. gr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

23. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar félagsþjónustu“ í 1. mgr. 63. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 65. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
   Félags- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála til þriggja ára í senn og skulu þeir allir vera lögfræðingar. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.
b. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. mgr. kemur: tveggja.
c. Á eftir orðinu „félagsþjónustu“ í 4. mgr. kemur: og húsnæðismála.
d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um störf og skrifstofuhald úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

VI. KAFLI
Gildistaka.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal kærunefnd húsamála ljúka afgreiðslu þeirra erinda sem kærunefnd fjöleignarhúsamála, kærunefnd húsaleigumála og úrskurðarnefnd frístundahúsamála hafa til meðferðar við gildistöku laga þessara. Enn fremur skal úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála ljúka afgreiðslu þeirra erinda sem kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga hafa til meðferðar við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjölmargar úrskurðar- og kærunefndir eru starfandi innan stjórnsýslunnar en þar á meðal eru tíu nefndir starfandi á þeim málefnasviðum er falla undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í ríkisfjármálum var ákveðið að kanna hvort unnt

væri að hagræða á þessu sviði án þess þó að skerða það réttaröryggi sem felst í skipan slíkra nefnda fyrir almenning. Frumvarp þetta er meðal annars afrakstur þeirrar vinnu en í því er lagt til að kærunefnd fjöleignarhúsamála, sbr. lög nr. 26/1994, um fjöleignarhús, með síðari breytingum, kærunefnd húsaleigumála, sbr. húsaleigulög nr. 36/1994, með síðari breytingum, og úrskurðarnefnd frístundahúsamála, sbr. lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, verði sameinaðar í kærunefnd húsamála. Er meðal annars litið til þess að nefndir þessar fjalla allar um erindi þar sem upp hafa komið ágreiningsmál milli einstaklinga í tengslum við húseignir án aðkomu stjórnvalda og þykir því eðlilegt að slíkum málum verði skotið til sömu nefndarinnar til úrlausnar.

Lagt er til að félags- og tryggingamálaráðherra skipi þrjá fulltrúa í hina nýju nefnd, kærunefnd húsamála, til þriggja ára í senn og skulu tveir þeirra vera lögfræðingar og einn verkfræðingur. Gert er ráð fyrir að Húseigendafélagið tilnefni einn fulltrúa og skal hann vera lögfræðingur, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera verkfræðingur en hinn skal uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skal varaformaður uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Þá er lagt til að hinni nýju kærunefnd húsamála verði heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

Enn fremur er í frumvarpi þessu lagt til að kærunefnd húsnæðismála, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sameinist í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála. Þykir hlutverk þessara tveggja nefnda af svipuðum toga þar sem þær taka til meðferðar erindi einstaklinga sem eru ósáttir við tilteknar ákvarðanir hins opinbera, annars vegar af hálfu sveitarfélaga og hins vegar af hálfu Íbúðalánasjóðs.

Lagt er til að félags- og tryggingamálaráðherra skipi þrjá fulltrúa í hina nýju nefnd, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála, til þriggja ára í senn og skulu þeir allir vera lögfræðingar. Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa og að ráðherra skipi tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Gert er ráð fyrir að varamenn séu skipaðir með sama hætti og að formaður og varaformaður uppfylli skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Þá er lagt til að hinni nýju úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála verði heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

Með frumvarpi þessu eru hins vegar hvorki lagðar til breytingar á heimild málsaðila til málskots né á málsmeðferð á grundvelli fyrrnefndra sérlaga auk þess sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sérlög gildi áfram um ágreiningsefnið sem lagt er fyrir hvora nefndina fyrir sig og taka nefndirnar því ákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem við eiga hverju sinni. Fer það því eftir viðeigandi sérlögum hvort nefndirnar kveða upp úrskurði eða eru álitsgefandi í niðurstöðum sínum að því er varðar þau ágreiningsefni sem lögð eru fyrir þær. Í ljósi jafnræðis og þeirrar almennu venju innan stjórnsýslunnar að málskot til úrskurðar- og kærunefnda eru málsaðilum að kostnaðarlausu er lagt til að fellt verði brott 15.000 kr. gjald til ríkissjóðs sem sá sem vísar ágreiningi til úrskurðarnefndar frístundamála skal greiða, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að lækkun rekstrarútgjalda félags- og tryggingamálaráðuneytisins með sameiningu og fækkun úrskurðar- og kærunefnda. Lagt er til að fimm úrskurðar- og kærunefndir er falla undir málefnasvið ráðuneytisins verði sameinaðar í tvær. Þannig er lagt til að kærunefnd fjöleignarhúsamála, sbr. lög nr. 26/1994, um fjöleignarhús, með síðari breytingum, kærunefnd húsaleigumála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum, og úrskurðarnefnd frístundahúsamála, sbr. lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, verði sameinaðar í kærunefnd húsamála. Jafnframt er lagt til að kærunefnd húsnæðismála, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sameinist í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála.

Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar komi til með að fækka þeim erindum sem berast fyrrnefndum nefndum árlega þar sem hvorki eru lagðar til breytingar á heimild málsaðila til málskots né á málsmeðferð á grundvelli fyrrnefndra sérlaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að í hvora nefnd verði skipaðir þrír fulltrúar sem er fækkun frá fjölda þeirra fulltrúa sem nú eru skipaðir í allar fimm nefndirnar. Þó er gert ráð fyrir að hvor nefndin um sig fái heimild til að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Þá er í frumvarpinu lagt til að fellt verði brott 15.000 kr. gjald til ríkissjóðs sem sá sem vísar ágreiningi til úrskurðarnefndar frístundahúsamála skal greiða. Ekki er gert ráð fyrir að það hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs sem einhverju nemur.

Verði frumvarpið lögfest er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni lækka um 2–4 m.kr. á ári vegna lægri kostnaðar við þessi nefndarstörf en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum.

950. Frumvarp til laga [560. mál]

um greiðsluaðlögun einstaklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Að uppfylltum skilyrðum laga þessara er einstaklingum heimilt í kjölfar gagnaöflunar að fara þess á leit við umboðsmann skuldara að hann samþykki umsókn um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun, annaðhvort með samningi við kröfuhafa (frjáls greiðsluaðlögun) eða með úrskurði héraðsdóms um staðfestingu á frumvarpi til greiðsluaðlögunar (þvinguð greiðsluaðlögun) náist ekki samningar við kröfuhafa.

2. gr.
Gildissvið og skilyrði greiðsluaðlögunar.

Greiðsluaðlögun tekur til allra fjárskuldbindinga einstaklings, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögum þessum.

Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar í samræmi við lög þessi. Einstaklingur telst ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar þegar ætla má að hann geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar á næstu árum með tilliti til eðlis skuldanna og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna hans að öðru leyti.

Lögin taka þó ekki til einstaklinga, sem hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu lítill hluti af heildarskuldum.

Eigi tveir eða fleiri einstaklingar veðtryggða fasteign í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að leita greiðsluaðlögunar, ef greiðsluaðlögun á að taka til veðskulda.

Hjón eða einstaklingar í óvígðri sambúð geta í sameiningu leitað greiðsluaðlögunar.

3. gr.
Greiðsluaðlögun.

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, skilmálabreytingar, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist með ákveðnu millibili á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

Umboðsmaður skuldara setur verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar.

II. KAFLI
Heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

4. gr.
Umsókn um greiðsluaðlögun.

Skuldari skal leggja umsókn um greiðsluaðlögun fram hjá embætti umboðsmanns skuldara.

Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn skuldara, kennitala hans, lögheimili og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
2. Sundurliðaðar upplýsingar um eignir skuldara.
3. Sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og ábyrgða og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra.
4. Hverjar tekjur skuldara eru, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða öðru tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum eða atvinnuhögum. Hvort hann muni hafa aðra fjármuni en vinnutekjur sínar til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra.
5. Hvort skuldari hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, einn eða í félagi við aðra, og ef svo er, hve stór hluti skulda hans stafi frá atvinnurekstrinum.
6. Mat skuldara á meðaltali mánaðarlegra útgjalda sinna, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsnæðis og afborgana af skuldum.
7. Mat skuldara með hliðsjón af framansögðu á því hversu háa fjárhæð hann geti greitt mánaðarlega til að standa við skuldbindingar sínar.
8. Lýsing skuldara á því hvað valdið hafi skuldastöðu hans og hvers vegna hann geti ekki eða sjái ekki fram á að geta staðið að fullu við skuldbindingar sínar.
9. Hvort einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar sem kynnu að teljast riftanlegar í skilningi gjaldþrotalaga.
10. Hverjir kunna að vera ábyrgðarmenn skuldara, veðþolar hans og samskuldarar og hvort að hann hefur sjálfur gengist í skuldaábyrgð.
11. Yfirlýsing um að embætti umboðsmanns skuldara sé heimilt að staðreyna gefnar upplýsingar og afla nánari upplýsinga, án þess að þagnarskylda þeirra sem búa yfir slíkum upplýsingum hindri það, sé talin þörf á því.

Upplýsingar samkvæmt framantöldu skal einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum, ef slíks er þörf til að afmarka upplýsingar um útgjöld og tekjur skuldara.

Umsókninni skulu fylgja gögn til staðfestingar þeim upplýsingum sem hún hefur að geyma, vottorð um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjögur skattframtöl skuldara.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða upplýsingar einstaklingur sem óskar greiðsluaðlögunar skuli láta af hendi, sem og aðrir sem honum tengjast og hafa sameiginlegt heimilishald.

5. gr.
Aðstoð við gerð umsóknar um greiðsluaðlögun.

Skuldari á rétt á endurgjaldslausri aðstoð frá umboðsmanni skuldara við að semja umsókn um greiðsluaðlögun og afla gagna í samræmi við ákvæði laga þessara. Skuldari skal þó

jafnan sjálfur hafa frumkvæði að öflun nauðsynlegra gagna og koma þeim til umboðsmanns skuldara.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um það í reglugerð hvaða aðstoð skuldara bjóðist við gerð umsóknar og öflun fylgigagna með henni.

6. gr.

Rannsóknarskylda umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara skal ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lögunum og hann getur, ef þörf krefur, krafist þess að skuldari staðfesti upplýsingarnar með skriflegum gögnum.

Umboðsmaður skuldara skal auk þess afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli varðandi skuldir, eignir, tekjur og hegðun skuldara, áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra aðila sem málið varðar á sinn fund í því skyni ef þörf krefur.

7. gr.

Aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Synja skal um heimild til greiðsluaðlögunar ef:

a. fyrirliggjandi gögn sýna fram á að skuldari uppfyllir ekki skilyrði laga þessara um að leita greiðsluaðlögunar,
b. fullnægjandi gagna hefur ekki verið aflað og skuldari hefur ekki leitast við eftir megni að upplýsa um skuldastöðu sína,
c. ekki er unnt að upplýsa um raunverulega skuldastöðu skuldara, t.d. vegna umfangs umdeildra krafna, flókinna eignatengsla eða erlendra skulda,
d. aðstæður við stofnun skulda eða síðari ráðstafanir skuldara benda ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér á óheiðarlegan hátt til þess að geta leitað greiðsluaðlögunar,
e. skuldari hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu, eða
f. skuldari hefur áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun. Þó er umboðsmanni skuldara heimilt að samþykkja umsókn í slíkum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Einnig er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef slíkt þykir óhæfilegt. Við mat á slíku skal taka sérstakt tillit til þess hvort:

a. stofnað hafi verið til meginhluta skuldanna nýlega og ekki sé um að ræða eðlilega lántöku til endurfjármögnunar eða öflunar nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis,
b. umtalsverður hluti skuldanna eigi rætur að rekja til refsiverðrar háttsemi skuldara samkvæmt dómi,
c. skuldari hafi efnt til fjárfestinga eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar við gjaldþrotaskipti,
d. skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
e. skuldari hafi á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga eða skuldir hans eru þess eðlis að bersýnilega sé ósanngjarnt að heimild til greiðsluaðlögunar nái til þeirra.

8. gr.

Ákvörðun um greiðsluaðlögun.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir.

Samþykki umboðsmaður skuldara umsóknina skal hann upplýsa skuldara um réttinn til að krefjast þvingaðrar greiðsluaðlögunar skv. V. kafla. Jafnframt skal upplýsa skuldara um skyldur sínar skv. 13. gr.

Ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn til ráðherra. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til félags- og tryggingamálaráðherra innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara.

9. gr.

Tímabil greiðsluaðlögunarumleitana.

Með samþykki umboðsmanns skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefst tímabil greiðsluaðlögunarumleitana og getur það orðið allt að fjórir mánuðir. Umleitunum um frjálsa greiðsluaðlögun skal lokið innan þriggja mánaða og geri skuldari kröfu um þvingaða greiðsluaðlögun skal héraðsdómur kveða upp úrskurð innan mánaðar frá því að krafan barst héraðsdómi.

III. KAFLI
Upphaf frjálsrar greiðsluaðlögunar.

10. gr.

Skipun umsjónarmanns.

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn skuldara um að leita greiðsluaðlögunar skal umboðsmaður skuldara þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður skal hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði. Umsjónarmaður getur verið starfsmaður embættis umboðsmanns skuldara eða annar aðili sem uppfyllir hæfisskilyrði laganna og umboðsmaður skuldara hefur falið að gegna starfinu.

11. gr.

Innköllun krafna.

Umsjónarmaður skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á lánardrottna skuldara, sem telja sig eiga kröfur á hendur honum, að lýsa kröfum fyrir umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni. Þegar sérstaklega stendur á getur umsjónarmaður veitt lengri kröfulýsingarfrest, þó ekki lengri en fimm vikur.

Vanlýst krafa sem vitað er um skal falla undir greiðsluaðlögunina, en viðkomandi kröfuhafa er þá ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum.

Þeim kröfuhöfum sem vitað er um og samábyrgðarmönnum skuldara skal kunngert að greiðsluaðlögunarumleitanir séu hafnar með því að umsjónarmaður sendir þeim afrit af innkölluninni. Þar skal einnig upplýst hvaða kröfur skuldari hefur gefið upp að viðkomandi kröfuhafi eigi.

12. gr.

Stöðvun greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur ákveðið að taka umsókn um greiðsluaðlögun til meðferðar, sbr. 8. gr., hefst greiðslustöðvun, sbr. þó 3. mgr. Í því felst að kröfuhöfum er óheimilt að:

a. krefjast eða taka við fullri greiðslu eða hluta af greiðslu eða annars konar greiðslum á kröfum sínum,
b. skuldajafna kröfu umsækjanda við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafan og gagnkrafan séu af sömu rót runnar,
c. gjaldfella skuldir samkvæmt gjaldfellingarákvæðum,
d. gera fjárnám í eigum umsækjanda eða láta selja þær á nauðungaruppboði,
e. neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilisfólks, með tilvísan til fyrri vanrækslu á greiðslum, eða
f. krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni.

Vextir falla áfram á skuldir meðan á greiðslufresti stendur en þeir eru ekki gjaldkræfir. Vextir af kröfum sem tryggðar eru með veði í eign sem skuldari fær að halda gjaldfalla þó í samræmi við samninga þar um, að því marki sem veð svarar til verðmætis hinnar veðsettu eignar.

Greiðslufresturinn nær ekki til krafna um meðlög eða opinber gjöld sem falla til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefur verið veitt.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur ákveðið að taka umsókn um greiðsluaðlögun til meðferðar, sbr. 8. gr., frestast nauðungarsala sem leitað kann að hafa verið á eignum skuldara, meðan reynt er að koma greiðsluaðlögun á.

13. gr.

Skyldur skuldara við greiðsluaðlögun.

Á meðan leitað er greiðsluaðlögunar skal skuldari:

a. leggja til hliðar af launum og öðrum tekjum sínum það fé sem er umfram það sem skuldari þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða,
b. segja upp leigusamningum og öðrum samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru og þjónustu sem er nauðsynleg skuldara eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds,
c. ekki láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta kröfuhöfum sem greiðsla, nema með samþykki umsjónarmanns,
d. ekki stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni kröfuhafa, nema með samþykki umsjónarmanns.

Telji umsjónarmaður skuldara hafa brugðist skyldum sínum skv. 1. mgr. skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 17. gr.

14. gr.

Sala eigna skuldara.

Telji umsjónarmaður það bersýnilega ósanngjarnt að skuldari haldi eftir tilteknum eignum getur hann ákveðið að selja skuli þær eignir skuldara sem umsjónarmaður telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Í vafatilvik-

um skal umsjónarmaður leita nánari upplýsinga frá skuldara og kanna afstöðu kröfuhafa ef kostur er á og nauðsyn krefur.

Eigi skuldari eignir sem umsjónarmaður ákveður að skuli selja skal ákvörðun umboðsmanns skuldara um að heimila greiðsluaðlögun hafa sömu réttaráhrif og greiðslustöðvun, eftir því sem við getur átt, sbr. 2. þátt laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eignir skal selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáist fyrir þær. Umsjónarmaður ákveður hvernig sala fer fram og annast söluna sjálfur, nema hann taki sérstaka ákvörðun um annað. Er skuldara skylt að annast söluna sjálfur ef umsjónarmaður ákveður það.

Umsjónarmaður skal gera veðhöfum viðvart um söluna með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Með sérstöku samþykki umsjónarmanns má aðili sem hefur eignarréttarfyrirvara í viðkomandi eign taka eignina aftur.

Að sölu lokinni falla niður þau veðréttindi sem ekki fékkst greitt upp í af söluandvirðinu sé um veðsettar eignir að ræða. Ef þess gerist þörf ákveður umsjónarmaður hvaða veðréttindi falla niður að lokinni sölu.

Framfylgi skuldari ekki ákvörðun umsjónarmanns skv. 1. mgr. eða komi hann með einhverjum hætti í veg fyrir fyrirhugaða sölu eigna skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 17. gr.

15. gr.

Mat á eignum sem skal halda eftir.

Umsjónarmaður metur verðmæti þeirra eigna sem skuldara er ekki gert að selja, telji hann það nauðsynlegt. Ef um fasteign er að ræða skal umsjónarmaður almennt miða við mat Fasteignaskrár Íslands.

Kröfuhafi getur á eigin kostnað óskað mats sérfróðra aðila fallist hann ekki á mat umsjónarmanns.

16. gr.

Tímabil greiðsluaðlögunar.

Tímabil greiðsluaðlögunar, hvort heldur hún er samkvæmt samkomulagi um frjálsa greiðsluaðlögun eða úrskurði héraðsdóms um þvingaða greiðsluaðlögun, skal að jafnaði vera tvö til fimm ár. Tímabilið skal reikna frá því að samningur kemst á milli skuldara og kröfuhafa eða frá úrskurði héraðsdóms um þvingaða greiðsluaðlögun.

17. gr.

Niðurfelling greiðsluaðlögunarumleitana.

Ef fram koma upplýsingar sem ætla má að muni hindra að greiðsluaðlögun sé heimil á grundvelli laga þessara skal umsjónarmaður tilkynna um slíkt til umboðsmanns skuldara sem í kjölfarið tekur afstöðu til málsins með rökstuddri ákvörðun. Skuldara skal gefið tækifæri til að láta álit sitt í ljós áður en slík ákvörðun er tekin. Ákvörðun umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana getur skuldari kært til félags- og tryggingamálaráðherra innan viku frá því að ákvörðunin barst honum.

IV. KAFLI
Frjáls greiðsluaðlögun.

18. gr.
Frumvarp til frjálsrar greiðsluaðlögunar.

Umsjónarmaður skal, eins fljótt og auðið er eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn, leggja fram tillögu að frumvarpi til frjálsrar greiðsluaðlögunar. Frumvarpið skal samið í samráði við skuldara.

Tillaga umsjónarmanns skal vera á þann veg að framfærsla skuldara og fjölskyldu hans sé tryggð og að raunhæft megi telja að öðru leyti að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu.

Feli tillaga umsjónarmanns í sér að skuldari inni af hendi reglulegar afborganir á tilteknu tímabili skal umsjónarmaður miða við að skuldari haldi eftir svo miklu af tekjum sínum sem með sanngirni má ætla að dugi til að sjá honum og heimilisfólki hans farborða og þeim einstaklingum sem hann hefur framfærsluskyldu gagnvart samkvæmt lögum. Ef skuldari hefur rétt til umgengni við börn samkvæmt barnalögum skal tekið tillit til eðlilegra útgjalda í tengslum við umgengnina.

Afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar.

19. gr.
Samþykki frjálsrar greiðsluaðlögunar.

Umsjónarmaður sendir tillögu að frumvarpi skuldara til frjálsrar greiðsluaðlögunar til allra kröfuhafa sem þekktir eru og málið varðar. Kröfuhöfum skal gefinn þriggja vikna frestur, eftir að þeim hefur verið sent frumvarpið, til að taka afstöðu til frumvarpsins.

Ef umsjónarmaður telur það nauðsynlegt, eða vegna tilmæla frá kröfuhafa, skal boða til sérstaks fundar með skuldara og kröfuhöfum til að ræða greiðsluaðlögunina áður en frumvarp til frjálsrar greiðsluaðlögunar er sent kröfuhöfum. Sé talin ástæða til skulu veðþolar, ábyrgðarmenn, samskuldarar skuldara og eigendur þeirra skulda sem skuldari er ábyrgðarmaður fyrir einnig boðaðir á fundinn.

Umsjónarmaður skal leitast við að ná samningi milli skuldara, kröfuhafa og ábyrgðarmanna skuldara um greiðsluaðlögun.

Kröfuhafi skal ekki leggjast gegn frumvarpi til greiðsluaðlögunar að ástæðulausu. Kröfuhafi sem leggst gegn frumvarpinu skal gera grein fyrir afstöðu sinni og skila skriflegum rökstuðningi til umsjónarmanns innan tilskilins tíma. Stjórnvöld, innheimtumaður eða fyrirsvarsmaður stofnunar eða félags í eigu opinberra aðila, geta samþykkt frumvarp til greiðsluaðlögunar án tillits til ákvæða í öðrum lögum, reglugerðum eða samþykktum, hvað varðar aðrar kröfur en sektir.

Frumvarp til greiðsluaðlögunar telst samþykkt þegar allir kröfuhafar sem málið snertir hafa samþykkt það. Kröfuhafi sem hefur fengið senda tilkynningu í samræmi við 1. mgr. og hefur ekki lagst gegn frumvarpinu áður en þriggja vikna fresturinn rann út telst hafa samþykkt frumvarpið.

Ef samningur um greiðsluaðlögun tekst skulu skuldari, kröfuhafar og ábyrgðarmenn skuldara undirrita hann og tekur hann þá þegar gildi.

V. KAFLI
Þvinguð greiðsluaðlögun.

20. gr.
Krafa um þvingaða greiðsluaðlögun.

Ef skuldari og kröfuhafar komast ekki að samkomulagi um frjálsa greiðsluaðlögun getur skuldari krafist þess að umsjónarmaður sendi kröfu um þvingaða greiðsluaðlögun til héraðsdóms.

Krafa um þvingaða greiðsluaðlögun skal hafa borist umsjónarmanni eigi síðar en tveimur vikum eftir að ljóst er að samkomulag um frjálsa greiðsluaðlögun hefur ekki tekist. Þá skal umsjónarmaður þegar í stað senda kröfuna til héraðsdóms í því umdæmi þar sem embætti umboðsmanns hefur aðsetur ásamt tillögu umsjónarmanns að frumvarpi til greiðsluaðlögunar sem ekki náðist samkomulag um og öðrum málsgögnum.

Ef krafist er þvingaðrar greiðsluaðlögunar framlengist tímabil greiðsluaðlögunarumleitana um einn mánuð. Ef úrskurður héraðsdóms um neitun staðfestingar á þvingaðri greiðsluaðlögun er kærður eða ef Hæstiréttur fellir úr gildi úrskurð héraðsdóms um þvingaða greiðsluaðlögun skal líta svo á að tímabil greiðsluaðlögunarumleitana standi þar til dómstólar hafa afgreitt málið.

21. gr.
Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

Héraðsdómur skal þegar í stað tilkynna öllum kröfuhöfum um kröfu skuldara um þvingaða greiðsluaðlögun. Tilkynningunni skal fylgja fyrirliggjandi frumvarp til greiðsluaðlögunar. Þar skal þess einnig getið að kröfuhöfum sé heimilt að senda inn skriflega umsögn um málið innan tveggja vikna. Skuldara er einnig heimilt að senda inn sína umsögn innan sama frests.

Að loknum umsagnarfresti skal héraðsdómari boða til þinghalds þar sem málið er tekið til meðferðar. Gefst skuldara, umsjónarmanni og kröfuhöfum þar tækifæri til að gera stuttlega grein fyrir athugasemdum sínum við fyrirliggjandi frumvarp. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð um kröfu skuldara áður en tímabili greiðsluaðlögunarumleitana lýkur. Héraðsdómur getur framlengt tímabil greiðsluaðlögunarumleitana ef þess gerist brýn þörf.

22. gr.
Staðfesting héraðsdóms.

Héraðsdómur skal staðfesta kröfu skuldara um þvingaða greiðsluaðlögun með úrskurði ef hún uppfyllir skilyrði laganna. Héraðsdómur skal hins vegar neita um staðfestingu ef:

a. óhæfilegt væri að mati dómara að staðfesta greiðsluaðlögunina,
b. fyrir liggja gallar á málsmeðferðinni sem ekki hefur verið ráðin bót á og hafa augljóslega haft áhrif á gerð frumvarps um greiðsluaðlögun, eða
c. svo margar af kröfum á hendur skuldara eru umdeildar að ekki er grundvöllur fyrir því að úrskurða um kröfu skuldara.

Héraðsdómi er heimilt að gera breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi til greiðsluaðlögunar á grundvelli gagna málsins og þeirra athugasemda sem dóminum hafa borist.

Úrskurð héraðsdóms skal kynna skuldara og kröfuhöfum á þann hátt sem héraðsdómur ákveður. Úrskurðinn má kæra til Hæstaréttar innan tveggja vikna frá úrskurði héraðsdóms.

23. gr.

Sé bú einstaklings undir gjaldþrotaskiptum er heimilt að ljúka þeim með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert á grundvelli V. kafla laga þessara, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum laga þessara.

VI. KAFLI
Greiðsla til kröfuhafa.

24. gr.

Skipting greiðslna milli kröfuhafa og undantekningar.

Greiðsluaðlögun nær til allra fjárskuldbindinga skuldara, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Þær eignir eða afborganir sem skipta skal milli kröfuhafa skiptast hlutfallslega eftir fjárhæð krafna með eftirfarandi undantekningum:

a. *Kröfur tryggðar með veði.* Ef skuldari heldur eftir eignum sem tryggðar eru með veði skal hann, meðan á greiðsluaðlögun stendur, greiða af veðkröfum umsamda vexti eða tiltekið hlutfall vaxta af kröfum sem eru innan matsverðs hinnar veðsettu eignar, sbr. 12. gr. Unnt er að semja um að ekki skuli greiða afborganir af þeim hluta höfuðstóls veðkröfu sem er innan matsverðs hinnar veðsettu eignar meðan á greiðsluaðlögun stendur, sbr. ákvæði 3. gr. Þessar kröfur falla ekki niður þegar greiðsluaðlögun lýkur.

   Sá hluti veðtryggðra krafna sem er yfir matsverði þeirra eignar sem stendur til tryggingar skal greiddur samkvæmt greiðsluaðlöguninni á sama hátt og óveðtryggðar kröfur. Falla þær niður að öðru leyti þegar skuldari hefur fullnægt skyldum sínum og greiðsluaðlögun lýkur.

b. *Kröfur um opinber gjöld.* Greiðsluaðlögunin nær ekki til opinberra gjalda sem falla til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar var veitt.

c. *Framfærslu- og meðlagsskyldur:* Meðlag og lífeyri sem skuldara ber að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum, að undanskilinni uppsafnaðri skuld við hið opinbera vegna meðlags, skal greiða að fullu.

d. *Kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis.* Fésektir, sem ákveðnar hafa verið með dómi eða sátt á síðustu þremur árum áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skal greiða að fullu. Aðrar sektir falla undir greiðsluaðlögunina. Kröfur um skaðaeða miskabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi skulu greiddar að fullu.

e. *Minni háttar kröfur.* Kröfur sem nema lágum fjárhæðum skulu greiddar að fullu ef umsjónarmaður telur slíkt sanngjarnt og viðeigandi með tilliti til framkvæmdar greiðsluaðlögunar.

f. *Vextir og útgjöld.* Vexti og annan kostnað vegna krafna má greiða í lægra hlutfalli en aðrar kröfur ef ríkar ástæður eru til þess.

g. *Eðli kröfunnar.* Umsjónarmaður getur ákveðið að greiða skuli hærra hlutfall af tilteknum kröfum ef ríkar ástæður eru til þess.

h. *Námslán.* Skuldir vegna námslána falla ekki undir greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður skal þó almennt leggja til að afborganir námslána falli niður á greiðsluaðlögunartíma.

Ef ekki er unnt að uppfylla kröfur skv. b- til d-lið 1. mgr. og viðkomandi kröfuhafar fallast ekki á lækkun krafnanna verður greiðsluaðlögun ekki við komið.

Sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndar ekki skattstofn og skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Skuldara er skylt í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun að koma því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni.

25. gr.

Umdeildar kröfur.

Ef krafa er umdeild að mati umsjónarmanns skal leggja fjármuni til hliðar til að greiða hana. Komi í ljós að skuldara beri að greiða kröfuna fellur hún undir ákvæði greiðsluaðlögunarinnar. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir, með málshöfðun eða öðrum aðgerðum, til þess að fá skorið úr gildi kröfunnar innan sex mánaða frá því að greiðsluaðlögun var samþykkt skal fjármununum skipt milli þeirra kröfuhafa sem greiðsluaðlögunin nær til.

26. gr.

Tryggingarkröfur.

Ef skuldari er skuldbundinn til að greiða fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sem hann hefur gefið áður en meðferð beiðni um greiðsluaðlögun hófst, en skylda samkvæmt þeirri yfirlýsingu er enn ekki virk þegar greiðsluaðlögun tekur gildi, skal ekki gert ráð fyrir skuldbindingunni við greiðsluaðlögunina. Verði ábyrgðarskuldbinding virk síðar skal farið eftir ákvæðum laga þessara um breytingar á greiðsluaðlögun eins og við getur átt. Skuldara ber þó ekki að greiða meira af þeirri skuld sem hann hefur tekið ábyrgð á en nemur því hlutfalli af óveðtryggðum kröfum sem honum ber að greiða samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

VII. KAFLI
Breyting, riftun eða ógilding greiðsluaðlögunar.

27. gr.

Breyting á greiðsluaðlögun að kröfu skuldara.

Skuldari getur krafist þess að gerðar verði breytingar á skilmálum greiðsluaðlögunar ef á greiðsluaðlögunartímabilinu koma upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

Ef skuldara hefur eftir að greiðsluaðlögunartímabil hófst verið gert kunnugt um kröfu sem stofnaðist fyrir upphaf greiðsluaðlögunarinnar en greiðsluaðlögunin náði ekki til getur hann krafist þess að viðkomandi krafa verði felld undir greiðsluaðlögunina. Verði svo gert skal krafan metin í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunarinnar og af henni greitt í samræmi við það sem greitt er af samsvarandi kröfum, þó einungis frá þeim tíma sem krafan var kynnt skuldara. Skuldara er óheimilt að greiða kröfuna utan greiðsluaðlögunar, nema fyrir liggi samþykki allra kröfuhafa.

Ekki er unnt að krefjast breytinga í samræmi við þessa grein fyrr en skuldari hefur fullreynt að ná þeim fram með frjálsum samningum við alla kröfuhafa. Náist slíkt samkomulag skal það lagt fyrir umboðsmann skuldara og taka breytingarnar ekki gildi fyrr en umboðsmaður skuldara hefur samþykkt þær. Telji umboðsmaður skuldara breytingarnar ósanngjarnar eða óhæfilegar skal hann hafna þeim. Ákvörðun umboðsmanns skuldara þess efnis má kæra til félags- og tryggingamálaráðherra.

28. gr.

Breyting, riftun eða ógilding greiðsluaðlögunar að kröfu kröfuhafa.

Kröfuhafi, sem greiðsluaðlögunin nær til, getur krafist þess að gerðar verði breytingar á greiðsluaðlögun ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á greiðsluaðlögunartímabilinu. Hafi fjárhagsstaðan batnað vegna þess að skuldari hefur fengið í hendur háa fjárupphæð getur kröfuhafi krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða að fullu milli kröfuhafa án þess að greiðsluaðlöguninni sé breytt að öðru leyti.

Kröfuhafi, sem greiðsluaðlögunin nær til, getur krafist þess að greiðsluaðlögun verði rift eða hún ógilt ef skuldari hefur gerst sekur um óráðvendni eða vanrækt gróflega skyldur sínar samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

29. gr.

Þinghald og málsmeðferð vegna breytinga, riftunar eða ógildingar á greiðsluaðlögun.

Kröfu um breytingu á samningi um frjálsa greiðsluaðlögun skal beint til umboðsmanns skuldara með skriflegu erindi. Umboðsmaður skuldara sendir aðilum sem málið varðar framkomið erindi og kallar eftir nauðsynlegum upplýsingum. Boðað skal til fundar ef kröfuhafi eða skuldari krefst þess eða umboðsmaður skuldara telur það nauðsynlegt. Umboðsmaður skuldara skal innan mánaðar frá viðtöku kröfu taka ákvörðun um erindið. Ákvörðun umboðsmanns skuldara má kæra til félags- og tryggingamálaráðherra.

Kröfu um breytingu á þvingaðri greiðsluaðlögun skal beint til héraðsdóms með skriflegu erindi. Skuldara og kröfuhöfum skal gefinn kostur á að gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni til kröfunnar. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð í málinu innan mánaðar frá því að krafan barst dóminum.

Um kröfur er varða riftun eða ógildingu greiðsluaðlögunar fer skv. 2. mgr.

30. gr.

Upplýsingaskylda skuldara gagnvart kröfuhöfum.

Ef upp koma aðstæður sem skuldari veit eða má vita að veiti kröfuhöfum rétt til að ógilda eða rifta greiðsluaðlögun, sbr. 28. gr., skal hann innan sanngjarns tíma og á tryggan hátt upplýsa kröfuhafana um þær aðstæður.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Skráning greiðsluaðlögunar o.fl.

Umsjónarmaður skal óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á, til að tryggja rétt kröfuhafa gagnvart réttindum þriðja manns. Skal sú skráning vera gjaldfrjáls.

Umboðsmaður skuldara skal halda skrá yfir alla sem fengið hafa heimild til greiðsluaðlögunar.

Þegar greiðsluaðlögunartímabil er liðið skulu yfirvöld og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun í samræmi við lög þessi.

Hafi skuldari fengið að halda eftir veðsettum eignum meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur samkvæmt lögum þessum og eignirnar eru skráðar í opinberum skrám skal skrá athugasemd um greiðsluaðlögunina þar.

Félags- og tryggingamálaráðherra getur gefið frekari fyrirmæli í reglugerð um skráningu greiðsluaðlögunar eða samningaviðræðna um greiðsluaðlögun.

32. gr.

Veðbönd afmáð eftir að greiðsluaðlögun er lokið.

Þegar greiðsluaðlögun er lokið getur skuldari krafist aflýsingar á veðkröfum sem eru umfram matsverð þeirrar eignar sem stendur til tryggingar í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunarinnar.

33. gr.

Skipting söluandvirðis eigna skv. 14. gr. þegar greiðsluaðlögun hefur ekki komist á.

Ef greiðsluaðlögun kemst ekki á skiptir umboðsmaður skuldara fjármunum sem lagðir hafa verið til hliðar skv. 14. gr. milli kröfuhafa, þó þannig að kröfuhafar með forgangskröfur vegna kostnaðar fái greiðslur fyrst. Þegar kröfuhafar sem hafa lagt út fé með undangengnum kröfum um greiðslur hafa fengið það sem þeim ber má skipta þeim fjármunum sem umfram eru á annan hátt, ef hlutfallsleg skipting hefði óeðlilegar afleiðingar fyrir skuldara. Við mat á því skal tekið tillit til þess hvort skuldari á gjaldfallnar og ógreiddar skuldir sem tryggðar eru með veði í eigin íbúð.

34. gr.

Ábyrgð skuldara á útgjöldum.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi stofnar til greiðsluaðlögunar í samræmi við þessi lög án tilefnis er skuldbundinn til að endurgreiða allan kostnað hins opinbera og kostnað kröfuhafa vegna málsins.

35. gr.

Greiðsla málskostnaðar.

Umboðsmaður skuldara ber kostnað vegna meðferðar umsóknar um greiðsluaðlögun og starfa umsjónarmanna. Kröfuhafar greiða þann kostnað sem á þá fellur af meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og framkvæmd hennar. Kostnaður við sölu eigna greiðist af söluandvirði þeirrar eignar sem seld er.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um greiðslu málskostnaðar samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Kröfur sem hefur ekki verið tilkynnt um.

Samningskröfur sem stofnuðust fyrir upphaf tímabils greiðsluaðlögunarumleitana og skuldari hefur ekki verið krafinn um að greiða á greiðsluaðlögunartímabilinu falla niður þegar greiðsluaðlögun lýkur.

37. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

38. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, með síðari breytingum: 3. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. greiðsluaðlögun, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur á hendur lántaka eða aðalskuldara hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.
2. Frá 1. júní 2011 verða eftirfarandi breytingar á lögum:
   a. X. kafli a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, o.fl., með síðari breytingum, fellur brott.
   b. Lög nr. 65/1996, um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, falla brott.
   c. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði:
      a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Um meðferð hennar fyrir dómi og heimild til málskots gilda sömu reglur og um meðferð beiðni um þvingaða greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga.
      b. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Taki héraðsdómari til greina beiðni skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni. Um skipun og stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara verður unnt að sækja um greiðsluaðlögun á grundvelli X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og óska eftir réttaraðstoð á grundvelli laga nr. 65/1996 til ársloka 2010. Skal meðferð umsókna á grundvelli framangreindra laga vera lokið fyrir 1. júní 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er flutt af félags- og tryggingamálaráðherra, en það var samið að frumkvæði dómsmála- og mannréttindaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra. Þar sem í frumvarpinu felst að sett verði heilsteypt löggjöf um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga þótti rétt að verkefnið yrði á hendi félags- og tryggingamálaráðuneytis, enda um félagslegt úrlausnarefni að ræða.

Á 116. löggjafarþingi 1992–1993 lögðu þingmennirnir Össur Skarphéðinsson og Sigbjörn Gunnarsson fram tillögu til þingsályktunar (520. mál) um að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd til að undirbúa samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndin átti m.a. að kanna svipuð lög annars staðar á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af þeim. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna hafi skuldir heimilanna aukist úr rúmum 60 milljörðum í 226 milljarða kr. frá árinu 1981 til loka ársins 1992 eða nær fjórfaldast. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafi þær á þessum tíma hækkað úr 14% í tæp 54%. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, skipaði í kjölfarið nefnd árið 1993 sem falið var að meta hvort setja skyldi lög um greiðsluaðlögun. Nefndin skilaði niðurstöðu 1994 og

lagði til löggjöf áþekka þeirri sem hér er lögð fram. Þingmannafrumvörp komu ítrekað fram um málið frá 1995 til 2006, en voru aldrei afgreidd úr nefnd.

Á 118. löggjafarþingi 1994–1995 (396. mál) lagði Finnur Ingólfsson ásamt 12 öðrum þingmönnum fram frumvarp til laga um greiðsluaðlögun. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að tilgangur þess sé að gefa þeim einstaklingum sem séu í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hafi skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasi við mörgum þeirra.

Á 119. löggjafarþingi 1995–1996 (41. mál) flutti Ólafur Ragnar Grímsson ásamt þremur öðrum þingmönnum frumvarp um greiðsluaðlögun og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það hafi verið flutt á síðasta þingi af þingflokki Framsóknarflokksins og hafi Finnur Ingólfsson verið fyrsti flutningsmaður.

Á 123. löggjafarþing 1998–1999 (96. mál) flutti Jóhanna Sigurðardóttir ásamt 10 öðrum þingmönnum frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Í greinargerð er markmiði með flutningi frumvarpsins lýst og efnislega er það hið sama og fram kemur í framangreindri tillögu til þingsályktunar og frumvörpum.

Á 127., 128., 130., 131., 132. og 133. löggjafarþingi flutti Jóhanna Sigurðardóttir ásamt öðrum þingmönnum sama frumvarp, þ.e. síðast á löggjafarþingi 2006–2007. Á því löggjafarþingi beindi Jóhanna fyrirspurn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra hvort hann væri reiðubúinn til þess að beita sér fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun (481. mál). Í svari ráðherra kom fram að svo væri og teldi hann að um mikilvægt mál væri að ræða fyrir neytendur og heimilin í landinu. Þá hófst vinna í viðskiptaráðuneytinu að löggjöf um greiðsluaðlögun, sem lauk með gerð frumvarps sem lagt var fram í ríkisstjórn í ársbyrjun 2008, en ekki varð samstaða um framlagningu þess á þingi. Þá hófst undirbúningur að löggjöf um greiðsluaðlögun í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem þó tæki aðeins til samningskrafna.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun í febrúar 2009. Við meðferð þess frumvarps í allsherjarnefnd kom fram vilji til að greiðsluaðlögun gæti líka tekið til veðkrafna. Því lét allsherjarnefnd útbúa frumvarp um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Bæði frumvörpin urðu að lögum í apríl 2009.

Það frumvarp sem hér er lagt fram er í anda þeirrar upphaflegu hugmyndar að ein lög um greiðsluaðlögun gildi um jafnt veðkröfur sem samningskröfur. Stöðugt endurmat hefur átt sér stað á greiðsluaðlögunarúrræðinu frá því að það kom til árið 2009 og meðal annars um það fjallað í samráði stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins um úrlausnir á skuldavanda heimilanna. Mikil samstaða er um þá lausn sem hér er kynnt meðal hagsmunasamtaka og hafa sérfræðingar á vegum Alþýðusambandsins og BSRB komið að lokavinnslu málsins.

Markmið frumvarpsins er að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Skilyrði fyrir greiðsluaðlögun er að skuldari sé ófær um að standa í skilum eða verði það um fyrirsjáanlega framtíð. Skuldari þarf að safna saman og leggja fram gögn sem leiða í ljós ógjaldfærni hans og fá í kjölfarið lagða inn umsókn til umboðsmanns skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Samþykki umboðsmaður skuldara umsóknina er skuldara og kröfuhöfum ætlaður ákveðinn tími til að ná samkomulagi um uppgjör skulda, þ.e. samkomulagi um frjálsa greiðsluaðlögun. Takist það ekki getur skuldari vísað málinu til héraðsdóms og fengið staðfestan úrskurð um þvingaða greiðsluaðlögun sem er bindandi fyrir kröfuhafa og skuldara. Greiðsluaðlögunartímabilið skal að jafnaði standa í tvö til fimm ár, eftir að greiðsluaðlögun er komið á. Að loknu greiðsluaðlögunartímabili skulu samningskröfur afskrifaðar, en áfram skal greitt af veðkröfum sem rúmast innan matsvirðis eignar sem þær hvíla á.

Greiðsluaðlögun er ætlað að auðvelda skuldara að endurskipuleggja fjármál sín og laga skuldir að greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Greiðsluaðlögun er að þessu leyti ólík gjaldþrotaskiptum sem eru fyrst og fremst sameiginlegt uppgjör kröfuhafa á búi skuldara, enda er skiptastjóri í raun starfsmaður kröfuhafa og ber honum sem slíkum að hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi í störfum sínum við uppgjör búsins. Við skuldauppgjör samkvæmt þessu frumvarpi eru hagsmunir skuldara hins vegar hafðir að leiðarljósi. Með frumvarpinu er ætlunin að festa í lög sértækar reglur, m.a. að norskri fyrirmynd (Lov, av 17. juli 1992 nr. 99, om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner (gjeldsordningsloven)), sem er ætlað að ná því markmiði að færa raunvirði fjárkrafna að veruleikanum. Það er markmið þessa frumvarps að einstaklingar fari framvegis frekar þessa leið við uppgjör og endurskipulagningu sinna fjármála en leið gjaldþrotaréttarins.

Eftir gjaldeyris- og bankahrunið haustið 2008 eiga margir í miklum greiðsluvanda enda þótt vandinn verði ekki í öllum tilvikum rakinn til hruns fjármálakerfisins. Fjöldi einstaklinga stendur ekki lengur undir greiðslubyrði lána, sem hefur þyngst mjög undanfarin missiri, enda hafa skuldbindingar fólks í mörgum tilvikum vaxið langt umfram virði eigna sem standa þeim til tryggingar. Löggjöfin mun hraða endurreisn efnahagslífsins með því að auðvelda endurskipulagningu fjárhags einstaklinga.

Afleiðingar hrunsins í október 2008 birtast í margvíslegum myndum. Þar vegur þyngst verðlækkun eigna og mikil verðbólga í kjölfar falls krónunnar. Hrunið hafði að sjálfsögðu í för með sér snöggan samdrátt í framleiðslu og minnkandi eftirspurn í hagkerfinu. Sá samdráttur hefur haft alvarleg áhrif á atvinnustig og eftirspurn eftir vinnuafli. Þar sem stærsti hluti fjárskuldbindinga er verðtryggður eða gengistryggður jukust skuldir lántakenda mjög við hrunið. Því er brýnt að góð greiðsluaðlögunarlöggjöf sé fyrir hendi til að forða gjaldþrotum og nauðungarsölum íbúða í þúsundatali og koma í veg fyrir óþarft samfélagslegt tjón af aðlögun skuldastöðunnar að raunveruleikanum.

Þegar umboðsmaður skuldara samþykkir umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar felst í því viðurkenning eða mat stjórnvalda á að litlar sem engar líkur séu á að kröfuhafar fái fullar efndir krafna sinna og nauðsynlegt sé að afskrifa þær að hluta eða í heild. Krafa sé því ekki meira virði en þær greiðslur sem skuldari getur staðið undir. Eftir þær hamfarir sem dunið hafa á íslensku efnahagslífi er nauðsynlegt að aðlaga virði eigna og krafna að veruleikanum og eðlilegri greiðslugetu skuldara.

Sú breyting sem gerð var á gjaldþrotalögum með lögfestingu X. kafla a um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar hefur um margt reynst vel. Það hefur þó verið gagnrýnt að lögin taki um of mið af gjaldþrotaréttinum og hagsmunum kröfuhafa, skilyrði til greiðsluaðlögunar séu of ströng, mun fyllri ákvæði vanti um framkvæmdina sjálfa og þau kveði ekki nægilega skýrt á um það hvernig breytingum verði háttað eftir að nauðasamningur um greiðsluaðlögun hefur tekið gildi. Þá taki lögin ekki til veðkrafna. Það gera hins vegar að hluta til lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Hið mikla álag sem er á dómstólum landsins um þessar mundir hefur valdið því að óeðlilega löng bið er eftir því að sumir dómstólar afgreiði beiðnir um heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Þá blasir einnig við að álag á dómstóla muni aukast á næstu missirum. Í frumvarpi þessu er lagt til að heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði að hluta færð frá dómstólum til umboðsmanns skuldara og skuli hann að jafnaði afgreiða umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að hún er fullbúin.

Þau úrræði sem hér er ætlunin að leiða í lög hafa þegar verið lögfest annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst voru reglur þessa efnis lögfestar í Danmörku árið 1984. Þar var þeim skipað í 4. þátt gjaldþrotaskiptalaganna. Danir nefna þetta réttarúrræði „gældssanering“. Næst var sams konar úrræði lögleitt í Noregi 1992 og er þar nefnt „gjeldsordning“. Eins og áður hefur komið fram var einkum höfð hliðsjón af norsku lögunum við samningu þessa frumvarps. Þá voru lög um þetta efni sett í Finnlandi 1993 og í Svíþjóð 1994, en í þeim löndum er úrræðið nefnt „skuldsanering“.

II. Samþykkt lög frá hruni fjármálakerfisins.

Frá hruninu í október 2008 hefur löggjafinn leitað ýmissa leiða til að takast á við og leysa úr greiðsluvanda einstaklinga og fyrirtækja. Með lögum nr. 24/2009 var gerð breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., með innleiðingu X. kafla a, en sá kafli tekur til greiðsluaðlögunar vegna samningskrafna. Með samningskröfum er vísað til 1. mgr. 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en með þeim er átt við allar kröfur á hendur skuldara, aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans, sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. laganna. Enn fremur tekur nauðasamningur til greiðsluaðlögunar ekki til krafna sem hefði verið skipað eftir 114. gr. laganna ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Verði frumvarp þetta að lögum falla úr gildi ákvæði X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti. Þá hafa einnig verið samþykkt lög um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 32/2009, auk laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Í kjölfar samþykktar þeirra laga gerðu flest fjármálafyrirtæki landsins með sér samkomulag um að setja upp verkferla innan sinna fyrirtækja, svokallaða sértæka skuldaaðlögun, til að fella meðferð og afgreiðslu skuldamála einstaklinga og fyrirtækja í sambærilegan farveg innan flestra fjármálafyrirtækja. Framgangur mála í sértækri skuldaaðlögun hefur ekki verið eins hraður og vonast var til. Mikilvægt er að allir kröfuhafar átti sig á því að ekki þýðir í frjálsum samningum um skuldaskil að bjóða skuldurum lakari rétt en þeir geta fengið með greiðsluaðlögun. Því fyrr sem sú staðreynd verður ljós, þeim mun betur mun ganga við meðferð skuldamála í frjálsum samningum.

III. Málsmeðferð.

Einstaklingur sem hyggst sækja um heimild til að leita greiðsluaðlögunar skal senda umsókn til umboðsmanns skuldara, en lagt er til í frumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, að sett verði á stofn sérstök stofnun sem beri nafnið umboðsmaður skuldara og starfi hún á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Gert er ráð fyrir að umboðsmaður skuldara veitir skuldara aðstoð við útfyllingu umsóknar og öflun nauðsynlegra gagna. Með umsókn skal m.a. fylgja greiðsluáætlun skuldara, hvað hann telji sig geta greitt af skuldum sínum, í einu lagi eða mánaðarlega, en í frumvarpinu er nánar tilgreint hvaða upplýsingar skuldari þurfi að leggja fram. Þrátt fyrir aðstoð umboðsmanns skuldara er skuldara sjálfum ætlað verulegt hlutverk við öflun nauðsynlegra gagna til undirbúnings umsókn um greiðsluaðlögun. Þegar allra gagna hefur verið aflað tekur umboðsmaður skuldara ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar. Hefur stofnunin tvær vikur frá því að fullbúin umsókn lá fyrir til að taka þá ákvörðun. Hafni umboðsmaður skuldara umsókn skal hann rökstyðja ákvörðun sína skriflega. Þá ákvörðun má kæra til ráðherra. Veiti umboðsmaður samþykki sitt skal hann þegar í stað tilnefna umsjónarmann með greiðsluaðlögun sem auglýsir innköllun krafna í Lögbirtingablaðinu. Frestur til að lýsa kröfum er þrjár vikur. Þeir kröfuhafar sem lýsa kröfum

innan frestsins eiga einir rétt á því að láta málið til sín taka. Kostnaður vegna starfa umsjónarmanns greiðist af umboðsmanni skuldara.

Að lokinni innköllun leggur umsjónarmaður fram tillögu að frumvarpi til frjálsrar greiðsluaðlögunar fyrir kröfuhafa og skuldara en tillagan skal unnin í samráði við skuldara. Frumvarpið skal taka mið af því hvað raunhæft sé að ætla að skuldari geti greitt að teknu tilliti til fjárhags, framfærslukostnaðar og heimilishalds.

Kröfuhafar taka skriflega afstöðu til tillögu umsjónarmanns eigi síðar en þremur vikum frá því að þeim berst tillagan. Þeir geta hafnað tillögunni eða samþykkt eftir atvikum eða lagt til á henni breytingar. Viðræðum um frjálsa greiðsluaðlögun skal lokið innan þriggja mánaða frá samþykki umboðsmanns skuldara. Samþykki allir kröfuhafar frumvarpið er kominn á samningur. Þeir kröfuhafar sem ekki gera grein fyrir afstöðu sinni til tillögu umsjónarmanns innan tilskilins frests teljast hafa samþykkt hana.

Takist ekki samkomulag getur skuldari krafist þvingaðrar greiðsluaðlögunar fyrir héraðsdómi. Komi til þess framlengist þriggja mánaða viðræðufrestur um einn mánuð og geta því lengst liðið fjórir mánuðir frá samþykkt heimildar til að leita greiðsluaðlögunar þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir. Krafa um þvingaða greiðsluaðlögun verður að berast umsjónarmanni eigi síðar en tveimur vikum eftir að ljóst er að samkomulag um frjálsa greiðsluaðlögun tekst ekki. Umsjónarmaður sendir Héraðsdómi Reykjavíkur þegar í stað kröfu skuldara ásamt frumvarpi umsjónarmanns og öðrum málsgögnum. Tekur þá héraðsdómur við málinu og gefur aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir sem eru tillögunni andvígir verða að rökstyðja það sjónarmið sitt sérstaklega fyrir héraðsdómi. Héraðsdómur getur fallist á kröfu skuldara með því að staðfesta frumvarp umsjónarmanns, breytt eða óbreytt, eða hafnað kröfu skuldara uppfylli frumvarpið eða skuldarinn ekki skilyrði laganna.

IV. Gildissvið og skilyrði greiðsluaðlögunar.

Forsenda þess að umboðsmaður skuldara samþykki umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er sú að skuldari eigi í verulegum greiðsluerfiðleikum. Ekki er skilyrði að skuldari sé þegar orðinn ófær um að standa í skilum heldur er nægjanlegt að það sé fyrirsjáanlegt. Greiðsluerfiðleikar verða að hafa staðið eða vera líklegir til að standa um nokkurn tíma og að lausn þeirra sé ekki í sjónmáli. Skuldari verður að sýna fram á greiðsluvanda sinn með viðhlítandi gögnum. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Þá telst það ekki heldur viðvarandi greiðsluvandi þó að skuldari verði skyndilega atvinnulaus. Í Noregi hefur m.a. verið horft til þess að einstaklingur þurfi að hafa verið atvinnulaus í a.m.k. eitt ár svo hægt sé að tala um viðvarandi greiðsluvanda. Það er nokkuð langur tími. Þetta þarf þó að meta í hverju tilviki. Þegar um tímabundna greiðsluerfiðleika er að ræða nægir oft að breyta greiðsluskilmálum lánasamninga til þess að einstaklingar ráði við skuldabyrði sína. Þá má ekki gleyma því að lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, halda gildi sínu og samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þeim lögum sem rýmka frekar heimildir fólks til að njóta þess úrræðis við tekjufall. Ef skuldari verður fyrir slysi og hlýtur af varanlega örorku má gera ráð fyrir að greiðsluerfiðleikar hans verði varanlegir. Ekki er það gert að skilyrði fyrir því að heimilt sé að samþykkja umsókn um greiðsluaðlögun að skuldir hafi náð tiltekinni upphæð eða að skuldari hafi náð tilteknum aldri. Það kann þó í einhverjum tilvikum að kalla á sérstaka rannsókn af hálfu umboðsmanns skuldara ef upphæð skulda er

óvenju lág þegar sótt er um heimild. Ekki er þó ástæða til að leggja mikla rannsóknarkvöð á umboðsmann af þessu tilefni.

Ekki má samþykkja umsókn ef hún telst á einhvern hátt óeðlileg. Það á t.d. við ef skuldasöfnun á rætur að rekja til ólögmætra eða ósiðlegra athafna skuldara. Í því samhengi má nefna að ef greiðsluerfiðleikar stafa af brotastarfsemi eða margvíslegri misnotkun kemur ekki til álita að samþykkja greiðsluaðlögun. Einnig ber að hafna greiðsluaðlögun ef skuldari gefur í umsókninni rangar upplýsingar um fjárhagsstöðu sína. Enn fremur ber að hafna umsókn ef skuldari hefur fært eignir yfir á skyldmenni sín til að láta efnahagsreikning sinn líta verr út en ella. Við mat á umsókn verður einnig að taka tillit til þess hvort nýverið hafi verið stofnað til skuldanna – jafnvel í þeim tilgangi að fá greiðsluaðlögun. Nýleg endurfjármögnun eldri lána, t.d. vegna húsnæðis, telst þó ekki til nýfenginna lána og því ekki ástæða til að hafna umsókn af því tilefni. Ef skuldari sýnir lítinn sem engan áhuga á að leysa sín mál eftir bestu getu, eða hann hefur efnt til fjárfestinga eða gert ráðstafanir sem væru riftanlegar ef bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, ber að hafna umsókn.

V. Sjónarmið þegar skuldir eiga rót sína að rekja til ábyrgðar vegna atvinnurekstrar.

Þegar skuldir eiga rót sína að rekja til atvinnurekstrar er margs að gæta við ákvörðun um hvort rétt sé að fella þær undir mögulega greiðsluaðlögun. Rétt er þó að hafa í huga að lögunum er ætlað að taka til greiðsluvanda einstaklinga en ekki fyrirtækja. Það breytir ekki því að skuldirnar hvíla á einstaklingnum þó að upptök þeirra megi rekja til starfsemi fyrirtækja, t.d. vegna ábyrgða. Í mörgum tilvikum getur það skipt verulegu máli fyrir samfélagið hvort skuldir, sem eiga rót sína að rekja til atvinnurekstrar, falli undir greiðsluaðlögun. Þetta á við ef höfnun umsóknar leiðir til þess að starfsemi leggst niður og fólk missir atvinnu. Á hitt er þó að líta að við þessar aðstæður kann að vera eðlilegra að viðkomandi atvinnurekstur verði látinn fara leið gjaldþrotalaga, þ.e. í gegnum nauðasamninga eða skiptameðferð. Stundum getur verið erfitt að gera glöggan greinarmun á skuldum einstaklinga og fyrirtækja. Einkum koma slík vafamál upp þegar skuldir eiga rætur að rekja til ótakmarkaðrar ábyrgðar einstaklings á atvinnurekstri. Ef umsókn um greiðsluaðlögun er samþykkt kann það að leiða til þess að fyrirtækið sjálft fari í raun í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu vegna niðurfellingar skulda einstaklingsins sem hefur fengið greiðsluaðlögun. Ýmis sjónarmið, m.a. samkeppnissjónarmið um jafnræði fyrirtækja á markaði, kunna að mæla því í mót að þessi leið sé farin. Mestu skiptir þó, þegar metið er hvort einstaklingur eigi rétt á greiðsluaðlögun, hve miklar skuldir verða raktar til þessarar starfsemi. Þetta vandamál kemur síður upp ef um er að ræða skuldir sem rekja má til ábyrgða vegna félaga sem bera takmarkaða ábyrgð, svo sem hlutafélaga. Það þarf þó ekki að vera einhlítt. Í þeim tilvikum er a.m.k. auðveldara að greina á milli skulda félags og einstaklings og ólíklegra en ella að greiðsluaðlögun einstaklingsins hafi áhrif á það hvort fyrirtækið lifir eða deyr.

VI. Greiðsluaðlögun tekur til allra fjárskuldbindinga einstaklings.

Greiðsluaðlögun tekur til allra fjárskuldbindinga nema lög kveði sérstaklega á um annað. Greiðsluaðlögun tekur til veð- og samningskrafna. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, sem taka einungis til samningskrafna, að undir greiðsluaðlögun samkvæmt þessu frumvarpi falla veð- og samningskröfur. Í sumum tilvikum er ekki fullljóst hvort krafa telst vera veð- eða samningskrafa. Til að skera úr um það þarf í einhverjum tilvikum að fara fram sala eða mat á virði veðsettra eigna. Ef eign er seld eru veðkröfur greiddar í samræmi við andvirði hinnar seldu eignar. Áhvílandi kröfur sem ekki

fást greiddar af andvirði eignarinnar teljast til samningskrafna. Það sama á við þegar veðsett eign er metin til verðs, þ.e. að sá hluti kröfu sem fellur innan matsverðs telst veðkrafa en sá hluti sem er utan matsverðs telst samningskrafa. Greiðsluaðlögun tekur jafnt til krafna einkaaðila sem opinberra aðila. Lögin taka þó ekki til skatta og gjalda sem verða til eftir að heimild umboðsmanns skuldara til greiðsluaðlögunar hefur verið fengin. Fésektir vegna refsiverðs verknaðar ber og að greiða að fullu og er því haldið utan greiðsluaðlögunar. Greiðslur vegna framfærslu og meðlag með börnum eru undanþegnar greiðsluaðlögun. Ef skuldari hefur fyrir börnum að sjá skal reyna við mat á framfærslukostnaði að tryggja þeim sambærileg tækifæri og öðrum börnum á sama aldri á sama svæði eins og nokkur kostur er.

VII. Lagarammi og skipting greiðslna milli kröfuhafa.

Lögin setja samningsferlinu um greiðsluaðlögun ákveðinn ramma, kveða á um aðkomu stjórnvalda, aðstoð umsjónarmanns, afborgunarfjárhæð, greiðsluaðlögunartímabil, réttaráhrif, gildistíma o.fl. Eins og áður hefur komið fram er markmið laganna að aðstoða skuldara við að ná tökum á fjármálum sínum. Áherslur við greiðsluaðlögun eru því aðrar en við gjaldþrot. Þegar ákvarða skal hversu mikið af tekjum skuldara fari til greiðslu skulda skal fyrst taka mið af nauðsynlegum kostnaði skuldara við að sjá sér og sínum farborða. Að jafnaði skal gefa skuldara kost á að búa áfram í húsnæði sínu ef það telst ekki bersýnilega ósanngjarnt vegna stærðar, staðsetningar, verðmætis þess o.fl. Ef sala á húsnæði er óhjákvæmileg verður að tryggja að skuldari geti útvegað sér annað húsnæði, með kaupum eða leigu eftir atvikum. Ef ákveðið er að selja eign skuldara fer tillaga umsjónarmanns eftir því hvort greiðist upp í veðkröfur eða ekki. Ef allar veðkröfur fást greiddar skal það sem eftir stendur renna til skuldara svo hann geti keypt eða leigt nýtt húsnæði eftir atvikum. Annars verður umsjónarmaður að meta nauðsynina hverju sinni. Þegar tekið hefur verið frá fyrir nauðsynlegum framfærslu- og rekstrarkostnaði skuldara og fjölskyldu hans liggur fyrir hve mikið stendur eftir til að greiða kröfuhöfum. Greiðsla til hvers kröfuhafa skal vera í réttu hlutfalli við hlutfallslega stærð kröfu hans af heildarfjárhæð krafna. Á því eru þó undantekningar. Heimild er til þess að á greiðsluaðlögunartímabilinu verði t.d. ekki greitt af höfuðstól veðtryggðra lána og því ekki greiddar afborganir af þeim kröfum. Veðkröfuhafar verða því að sætta sig við að fá aðeins greidda vexti, eða hlutfall af þeim, á greiðsluaðlögunartímabilinu, ella væri hætta á að lítið fengist upp í aðrar samningskröfur. Rökin fyrir þessu eru þau að veðkröfuhafar fá á endanum kröfur sínar greiddar að mestu, enda tryggðar með veði í eignum skuldara, en samningskröfuhafar þurfa aftur á móti að sætta sig við að kröfur þeirra falli niður og verði afskrifaðar að greiðsluaðlögunartímanum liðnum. Veðkröfuhafar þurfa því að þola bið og fá hlutfallslega minna í sinn hlut á þessu tímabili en aðrir kröfuhafar. Það verður að teljast sanngjarnt. Hvernig skipting greiðslna milli kröfuhafa er nákvæmlega ræðst af frumvarpi umsjónarmanns til greiðsluaðlögunar og endanlegri afgreiðslu þess við frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun. Í aðalatriðum gilda sömu reglur um opinber gjöld og samningskröfur nema lög kveði sérstaklega á um annað.

VIII. Sala á eignum skuldara.

Samkvæmt frumvarpinu er umsjónarmanni með greiðsluaðlögun gert heimilt að ákveða að skuldari selji þær eignir sínar sem bersýnilega er ósanngjarnt að hann haldi eftir. Umsjónarmaður skal þó ekki taka slíka ákvörðun nema að vel athuguðu máli og koma þá einkum til skoðunar þau áhrif sem sala eigna hefði á skuldarann og heimilishald hans. Sérstakt tillit skal þá tekið til áhrifa eignasölu á börn skuldara þannig að tryggt sé að salan leiði ekki af sér að

þau búi við skert tækifæri, t.d. hvað varðar menntun og félagslegt starf. Komi sala eigna til athugunar skulu einnig bornir saman hagsmunir kröfuhafa og skuldara af sölunni, en þeir geta verið misjafnir eftir verðmæti hins selda og fjölda kröfuhafa. Er þá almennt miðað við að ekki verði krafist sölu nema hún hafi áhrif svo um munar á greiðslur eða greiðsluhlutfall samkvæmt skilmálum frumvarps greiðsluaðlögunar. Í ljósi hins skamma tíma sem greiðsluaðlögunarumleitunum eru ætlaðar er jafnframt mikilvægt að umsjónarmaður kynni sér markaðsaðstæður eins og kostur og leggi mat á hversu líklegt sé að honum takist að koma viðkomandi hlutum í verð innan þess tíma. Er því miðað við að umsjónarmaður kynni skuldara ekki um ákvörðun um eignasölu fyrr en slíkt mat hefur farið fram. Ekki er nauðsynlegt að sala fari fram á þeim tíma sem greiðsluaðlögunarumleitun fer fram. Umsjónarmanni er heimilt að taka tillit til markaðsaðstæðna og mæla fyrir um að sala fari fram síðar á greiðsluaðlögunartíma og hvernig söluverði skuli þá ráðstafað.

Viðbúið er að í þessu sambandi komi fyrst og fremst til skoðunar sala fasteigna, einkum íbúðarhúsnæðis, og verðmætra lausafjármuna eins og bifreiða. Í því samhengi má minna á að í sértækri skuldaaðlögun er gengið út frá því að skuldari haldi eftir hóflegu húsnæði og einni bifreið. Í ljósi mikillar nauðsynjar skuldara á að halda íbúðarhúsnæði er almennt miðað við að skuldari verði ekki krafinn um sölu þess nema í sérstökum tilvikum. Til að sala íbúðarhúsnæðis komi til athugunar verða því almennt að vera uppi þær aðstæður að veðskuldir séu undir söluverði íbúðarinnar og að söluandvirðinu verði, að frádreginni greiðslu veðskulda, unnt að ráðstafa bæði til kaupa eða leigu á nýju húsnæði fyrir skuldara og til greiðslu krafna samkvæmt greiðsluaðlöguninni. Grundvallarforsenda er því ávallt sú að skuldari verði ekki skilinn eftir í óvissu um bústað sinn eftir sölu íbúðar. Því skulu markaðsaðstæður metnar sérstaklega vel í þessum tilfellum. Enn fremur skal taka sérstakt tillit til fjölskylduhaga skuldara og skal síður ákveða sölu íbúðar ef hún er talin hæfa skuldara og fjölskyldu hans að stærð og staðsetningu, sama hver staða veðskulda er. Komi sala til athugunar er einnig rétt að hafa í huga hvaða áhrif búferlaflutningar geta haft á skuldara og fjölskyldu hans, einkum hvað varðar starfsstöð og félagslegar aðstæður eins og skólagöngu. Ofangreind sjónarmið koma hins vegar síður til álita ef um er að ræða aðrar fasteignir en þá sem skuldari býr í, svo sem aðrar íbúðir, sumarbústaði o.fl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skuldari eigi rétt á að halda eftir lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám samkvæmt lögum nr. 90/1989, um aðför. Sé sala lausafjármuna ákveðin skal almennt miðað við að um svo verðmæta muni sé að ræða að sala þeirra sé kröfuhöfum verulega til hagsbóta. Þá skal eins og áður var nefnt ávallt miðað við að skuldari geti bersýnilega verið án munanna, að teknu tilliti til fjölskylduaðstæðna. Hér kæmi til dæmis til skoðunar að krefjast sölu bifreiða þegar skuldari hefur fleiri en eina bifreið til ráðstöfunar. Um óskráða lausafjármuni má ætla að umsjónarmaður krefjist eingöngu sölu í undantekningartilvikum, þ.e. þegar um verulega verðmæta muni er að ræða. Allt er þetta þó háð mati hverju sinni.

Sé umsjónarmaður í vafa um hvort krafa um sölu sé tilhlýðileg skal hann leita afstöðu skuldara og fá nánari upplýsingar eða skýringar frá honum. Eins skal hann eftir atvikum leita afstöðu kröfuhafa, enda ekki ástæða til að krefjast sölu ef kröfuhafar fallast á að skuldari fái að halda viðkomandi eignum eftir. Fallist skuldari ekki á ákvörðun umsjónarmanns um sölu eða komi hann með einhverjum hætti í veg fyrir að af sölu verði skal umsjónarmaður óska þess við sýslumann að greiðsluaðlögunarumleitanir verði felldar niður.

Mikilvægt er að umsjónarmanni sé gert heimilt að kveða á um sölu eigna skuldara. Verður að telja sanngjarnt að skuldara, sem leitar eftir eftirgjöf skulda sinna, verði gert að koma í

verð þeim eignum sem honum eru bersýnilega ónauðsynlegar. Þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að við athugun umsjónarmanns komi í ljós að sala slíkra eigna leiði til þess að hægt sé að leysa greiðsluerfiðleika skuldara að fullu, án greiðsluaðlögunar.

IX. Lengd greiðsluaðlögunartímabils og skipulag greiðslna.

Á greiðsluaðlögunartímabilinu greiðir skuldari af öllum skuldum, hvort heldur samningur kemst á samkvæmt frjálsri eða þvingaðri greiðsluaðlögun. Samningur kveður á um hversu háa afborgunarfjárhæð skuli greiða og hvort greiðsla skuli innt af hendi í einu lagi eða mánaðarlega. Í gildandi lögum um greiðsluaðlögun, X. kafla a gjaldþrotalaga, er ekki kveðið á um hversu langt þetta greiðsluaðlögunartímabil skuli vera. Samkvæmt reynslu frá Norðurlöndunum er nú algengast að greiðslutímabilinu sé ætlað að standa í þrjú til fimm ár. En þar, m.a. í Svíþjóð, hefur verið til umræðu að stytta þetta tímabil jafnvel niður í eitt ár. Í þessu frumvarpi er lagt til að tímabilið verði að jafnaði tvö til fimm ár. Við ákvörðun um lengd tímabilsins ber að hafa ýmis sjónarmið í huga. Fjárhæð skulda skiptir þar að sjálfsögðu máli. Einnig er rétt að taka tillit til þess hvort skuldari hefur börn á framfæri. Mikilvægt er að fjárhagsstaða forsjáraðila takmarki ekki um of möguleika barna til náms og aðhlynningar. Þá verður skuldari að geta tekist á við óvænt útgjöld, t.d. læknis- og tannlækningakostnað. Leitast skal við að tryggja að börn skuldara geti tekið fullan þátt í almennu tómstundastarfi barna á sama aldri í samfélaginu. Ef skuldari fer með forsjá barns ætti það frekar að verða til þess að stytta greiðslutímabilið en hitt. Ef á hinn bóginn þrengingar skuldara á þessu tímabili eru ekki miklar og breytingar á lífsgæðum hans eða fjölskyldu eru afar takmarkaðar er það frekar til þess fallið að lengja tímabilið en hitt. Aldur skuldara skiptir hér einnig máli. Augljóst er að ef skuldari er kominn nærri eftirlaunaaldri er aflahæfi hans orðið afar takmarkað og mælir það með að greiðsluaðlögunartímabilið geti verið enn styttra. Þá þarf að hafa í huga þau sálrænu áhrif sem tímalengd greiðsluaðlögunarinnar hefur á greiðslugetu og tekjuöflunarvilja skuldara. Þetta verður að meta í hverju tilviki. Í greinargerð með lagaákvæðinu er fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem hafa skal til hliðsjónar við mat á því hversu langt þetta tímabil skuli vera.

Í samningi þarf að koma skýrt fram hvaða fjárhæð renni til greiðslu skulda, hvort sem um er að ræða eina afborgunarupphæð eða mánaðarlegar greiðslur. Enn fremur þarf að liggja ljóst fyrir hvernig þær greiðslur skiptist milli kröfuhafa. Kveðið er á um það í 24. gr. frumvarpsins að skuldari skuli í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun koma því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni. Hefur það fyrirkomulag gefist vel við tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

X. Hlutverk umboðsmanns skuldara og umsjónarmanns.

Umboðsmanni skuldara er ætlað mikilvægt hlutverk í greiðsluaðlögunarferlinu. Því er brýnt að hann sé hlutlaus í afstöðu sinni til skuldara og kröfuhafa. Umboðsmaður skuldara veitir viðtöku umsókn frá skuldara og tekur ákvörðun um hvort heimila skuli honum að leita eftir greiðsluaðlögun. Þá er honum falið að skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Það kemur í hlut umboðsmanns að taka ákvörðun um hvort fella eigi niður heimild til að leita greiðsluaðlögunar, svo sem ef síðar kemur í ljós að skuldari uppfyllir ekki skilyrði laganna. Ef síðar er krafist breytinga á greiðsluaðlögunarsamningi, sem komst á með frjálsri greiðsluaðlögun, kemur það í hlut umboðsmanns skuldara að taka endanlega ákvörðun um breytingarnar.

Umsjónarmaður auglýsir og innkallar kröfur, auk þess að leggja fram útfærða tillögu að frumvarpi til greiðsluaðlögunar fyrir skuldara. Umsjónarmaður skal hafa samráð við skuldara áður en hann gerir endanlega tillögu að frumvarpi til greiðsluaðlögunar. Umsjónarmaður leggur til við umboðsmann skuldara að heimild til greiðsluaðlögunarumleitana falli niður ef síðar kemur í ljós að skuldari uppfyllir ekki skilyrði til að fá greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður skal hafa frumkvæði að því að leita niðurstöðu í málefnum skuldara með samningum við kröfuhafa. Mikilvægt er að hann reyni með öllum ráðum að ná samkomulagi milli kröfuhafa og skuldara þegar honum hefur verið veitt heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður tekur ákvörðun um og annast sölu eigna skuldara. Ef ekki tekst samkomulag um frjálsa greiðsluaðlögun kemur það í hlut umsjónarmanns að leggja beiðni fyrir héraðsdóm um þvingaða greiðsluaðlögun krefjist skuldari þess. Umsjónarmaður skal einnig sjá um að ganga frá öllum lausum endum, t.d. að semja um greiðslumiðlun eftir að greiðsluaðlögun er komin á, gæta að þinglýsingum o.s.frv.

XI. Breyting, riftun eða ógilding greiðsluaðlögunar.

Skuldari og kröfuhafar geta náð fram breytingum á greiðsluaðlögun á tímabilinu. Margvíslegar breytingar geta orðið á högum skuldara sem kunna að réttlæta breytingar á greiðsluaðlögun. Í fyrsta lagi getur fjárhagsstaða skuldara batnað eða versnað eftir atvikum á tímabilinu. Í öðru lagi kann skuldari að hafa brugðist skyldum sínum eða hegðað sér á þann hátt, t.d. með auknum lántökum á greiðsluaðlögunartímabilinu, að kröfuhafar telji á sér brotið og krefjist breytinga, riftunar eða ógildingar greiðsluaðlögunar. Þá getur sviksamleg hegðun eða vanefndir leitt til þess að greiðsluaðlögunarsamningi verði rift eða hann ógiltur að kröfu kröfuhafa og hann jafnvel krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldara í framhaldinu. Í þriðja lagi getur viljað svo til að skuldari fái óvænta eingreiðslu, t.d. arf eða annað þess háttar, sem ástæða er til að kröfuhafar fái hlutdeild í, án þess að greiðsluaðlögun sé tekin upp að öðru leyti. Þá er sama afborgunarfjárhæð greidd áfram, en kröfuhafar fá hlutdeild í ávinningnum samkvæmt samkomulagi. Takist ekki samkomulag geta kröfuhafar óskað eftir því við sýslumann að hann ákveði hlutdeild kröfuhafa í ávinningnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Greiðsluaðlögun er ætlað að gefa einstaklingum kost á því að endurskipuleggja fjármál sín og aðlaga skuldir að greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að ætla að skuldari geti staðið við sínar skuldbindingar. Markmið og tilgangur greiðsluaðlögunar er því annað en gjaldþrotaskipta, sem er sameiginlegt uppgjör kröfuhafa á búi skuldara, þar sem hagsmunir kröfuhafa eru leiðarljós við uppgjör búsins.

Forsenda þess að skuldari geti sótt um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er sú að hann eigi við verulega greiðsluerfiðleika að etja. Þeir verða að hafa staðið um nokkurn tíma og að lausn þeirra virðist ekki í sjónmáli um fyrirsjáanlega framtíð. Skuldari verður að sýna fram á greiðsluvanda sinn með viðhlítandi gögnum. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð.

Þegar umboðsmaður skuldara samþykkir umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar felst í því viðurkenning stjórnvalda á að litlar sem engar líkur séu á að kröfuhafar

fái fullar efndir krafna sinna og nauðsynlegt sé að afskrifa þær að hluta eða í heild. Krafa er ekki meira virði en þær greiðslur sem skuldari getur staðið undir. Sú niðurstaða er bæði kröfuhöfum og skuldurum í hag enda blasi að óbreyttu ekkert annað við en að viðkomandi skuldari verði tekinn til gjaldþrotaskipta, þar sem vænta mætti þess að kröfuhafar fengju minna eða ekkert upp í sínar kröfur.

Um 2. gr.

Greiðsluaðlögun skal ná til allra fjárskuldbindinga skuldara, nema um annað sé sérstaklega kveðið á í frumvarpinu. Undir greiðsluaðlögun falla því bæði veðkröfur og samningskröfur og er hugsunin með framlagningu frumvarpsins að skapa heildarlausn fyrir skuldara bæði varðandi veðkröfur og samningskröfur.

Til að umsókn um heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði samþykkt er það skilyrði sett í 2. mgr. að skuldari sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Er hér um tvö aðskilin skilyrði að ræða, þótt við það sé miðað að um viðvarandi greiðsluvanda verði að ræða. Með því er átt við að sá skuldari sem lendir í tímabundnum greiðsluerfiðleikum, svo sem vegna atvinnumissis eða annarra ástæðna, geti ekki umsvifalaust leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum þessum heldur skuli hann áður leita annarra leiða til að aðlaga skuldbindingar sínar að tímabundnum aðstæðum, svo sem með greiðslufresti eða öðrum skilmálabreytingum eða með tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Sé um atvinnuleysi að ræða er því miðað við að það þurfi að hafa varað um nokkurn tíma og að ólíklegt sé að úr uppsöfnuðum greiðsluvanda skuldarans megi leysa hefji skuldari störf á ný. Í Noregi hefur m.a. verið miðað við að einstaklingur þurfi að hafa verið atvinnulaus í a.m.k. eitt ár svo hægt sé að tala um viðvarandi greiðsluvanda. Það er nokkuð langur tími en þetta þarf þó að meta í hverju tilviki. Oft nægir í tilvikum sem þessum að breyta greiðsluskilmálum lánasamninga til þess að einstaklingar ráði við skuldabyrði sína. Ef skuldari verður fyrir slysi og hlýtur af varanlega örorku má gera ráð fyrir að greiðsluerfiðleikar hans verði varanlegir. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita frjálsrar greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Ekki er það gert að skilyrði fyrir því að heimilt sé að samþykkja umsókn um greiðsluaðlögun að skuldir hafi náð tiltekinni upphæð eða að skuldari hafi náð tilteknum aldri.

Í eldri lögum um greiðsluaðlögun var gert að skilyrði að umsækjandi ætti lögheimili á Íslandi. Slíkt skilyrði er ekki gert lengur, enda þykir það ekki þjóna sjálfstæðum tilgangi. Þvert á móti eru öll rök með því að gera fólki kleift að leita greiðsluaðlögunar sem flutt hefur til útlanda til náms eða í atvinnuleit.

Það skilyrði kemur fram í 3. mgr. að lögin taki ekki til skuldara sem hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi undangengin þrjú ár, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn eða í félagi við aðra, nema að skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu aðeins lítill hluti heildarskulda hans. Ekki er gert að skilyrði að atvinnustarfsemi hafi verið hætt. Þá þykir ekki rétt að setja í ákvæðið hversu mikill hluti skulda einstaklingsins megi stafa frá atvinnurekstrinum og skal það vera í höndum umboðsmanns skuldara að meta hvert tilvik fyrir sig. Eðlilegt er þó að miða við að hlutfall skulda vegna atvinnurekstrar fari ekki upp fyrir þau mörk að án þess hluta skuldanna væri skuldari ekki orðinn ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Í slíkum tilfellum gæti verið eðlilegra að fyrirtækið sjálft yrði tekið til skiptameðferðar eða leitaði nauðasamninga.

Í 4. mgr. er kveðið svo á að eigi tveir eða fleiri einstaklingar veðtryggða fasteign í óskiptri sameign verði þeir í sameiningu að leita greiðsluaðlögunar enda er úrræðið háð því að eigandi geti ekki greitt af áhvílandi veðskuldum.

Samkvæmt 5. mgr. er tveimur eða fleiri einstaklingum sem búa saman og hafa sameiginlegt heimilishald heimilað að leita greiðsluaðlögunar í sameiningu, séu þeir í einhverjum mæli ábyrgir fyrir skuldum hver annars. Er hér einkum verið að miða við hjón. Séu horfur á að sameiginleg greiðsluaðlögun leiði til þess að málsmeðferð og framkvæmd greiðsluaðlögunarinnar megi einfalda með þessum hætti skal slíkt heimilt, en þetta er þó háð mati hverju sinni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna skilgreiningu á því hvað felst í greiðsluaðlögun og er þar að mestu miðað við þá skilgreiningu sem finna má í gildandi lögum. Kemur fram í greininni að með greiðsluaðlögun megi kveða á um algera eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist reglulega á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

Eins og síðar er lýst í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í frumvarpi til greiðsluaðlögunar skuli kveðið á um mismunandi meðferð mismunandi rétthárra krafna. Er þar einkum tekið tillit til mismunandi meðferðar veðkrafna og samningskrafna og er miðað við að almennt skuli breyta skilmálum greiðslna veðkrafna eða veita gjaldfrest á þeim. Að öðru leyti skuli þær haldast óbreyttar á hendur skuldara, að teknu tilliti til nauðsynlegra skilmálabreytinga og matsverðs hinnar veðsettu eignar. Um samningskröfur skuli hins vegar almennt miðað við algera eða hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim eða greiðslu þeirra með afborgunum að teknu tilliti til greiðslugetu skuldara. Í flokk samningskrafna skuli falla sá hluti kröfu sem tryggður er með veði í eign, en matsverð eignar nær ekki upp í. Í ljósi þessarar mismunandi meðferðar er því hugsanlegt að í frumvarpi til greiðsluaðlögunar verði kveðið á um algera eftirgjöf samningskrafna en greiðslufrest eða breytt form á greiðslu veðkrafna. Í frumvarpinu eru hugtökin samningskröfur og veðkröfur miðuð við skilgreiningar 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um það að umboðsmaður skuldara skuli setja verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar. Markmiðið með því er að ná sem mestu samræmi í framkvæmd greiðsluaðlögunar, óháð því hver er umsjónarmaður með greiðsluaðlögun.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um umsókn um greiðsluaðlögun. Lagt er til að þeir einstaklingar sem eiga í greiðsluerfiðleikum og vilja leita greiðsluaðlögunar skuli beina erindi sínu til umboðsmanns skuldara, en í frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn sérstök stofnun er nefnist umboðsmaður skuldara og er gert ráð fyrir að hún verði byggð á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Í 2. mgr. 4. gr. eru í ellefu liðum dregnar saman þær upplýsingar sem skulu koma fram í umsókn til umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að skuldari, eftir atvikum með aðstoð umboðsmanns skuldara, leggi mat á hversu háa fjárhæð hann geti greitt mánaðarlega til að standa skil á skuldbindingum sínum. Er upptalning 2. mgr. ekki tæmandi, enda er gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara geti krafist þess að skuldari afli frekari upplýsinga en kveðið er á um í ákvæðinu. Upplýsingar skv. 2. mgr. skal skv. 3. mgr. eftir atvikum einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum, ef skuldari eða umboðsmaður skuld-

ara telja slíkt nauðsynlegt. Slíkar upplýsingar kynnu eftir atvikum að varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald skuldara, jafnvel þótt ljóst sé að allir heimilismenn skuldarans beri ekki gagnkvæma framfærsluskyldu gagnvart honum og taki þátt í greiðslu skulda hans, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda heimili með honum ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða þess að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld.

Í 4. mgr. 4. gr. kemur fram að umsókninni skuli fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum í henni og er þar meðal annars vísað til vottorðs um hjúskaparstöðu og fjölskyldu til að fyrir liggi staðfesting á fjölskylduhögum skuldara. Þá er gerður áskilnaður um að fjögur síðustu skattframtöl skuldara fylgi umsókninni.

Í ákvæðum 4. og 5. gr. er ekki kveðið á um sérstakan tímaramma sem umboðsmaður skuldara hefur til að undirbúa umsókn skuldara, enda er undirbúningurinn að mörgu leyti háður því hvenær nauðsynlegar upplýsingar berast, m.a. að tilhlutan skuldara sjálfs.

Í ákvæðinu er loks kveðið á um það að félags- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða upplýsingar einstaklingur sem óskar greiðsluaðlögunar skuli láta af hendi, sem og aðrir sem honum tengjast og hafa sameiginlegt heimilishald.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt skuldara til að fá endurgjaldslausa aðstoð við að útbúa umsókn um greiðsluaðlögun og afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru við framlagningu umsóknar. Ljóst er að margir skuldarar munu þurfa aðstoð við þetta, þó að gert sé ráð fyrir því að skuldari hafi að jafnaði sjálfur frumkvæði að öflun gagna. Lagt er til að það verði hlutverk embættis umboðsmanns skuldara að aðstoða skuldara við gagnaöflun.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um rannsóknarskyldu umboðsmanns skuldara. Í ákvæðinu er kveðið á um það að umboðsmaður skuldara skuli ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Er lagt til að umboðsmaður geti krafið skuldara um staðfestingu á upplýsingum í umsókn með skriflegum gögnum.

Þá er í greininni heimild fyrir umboðsmann skuldara til að afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli áður en hann tekur ákvörðun um hvort að veita eigi heimild til greiðsluaðlögunar. Í þessu skyni er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra aðila á sinn fund.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær ástæður sem leiða til þess að umboðsmaður skuldara skuli hafna umsókn skuldara. Þar er í a-lið nefnt að umsókn skuli hafnað ef sýnt þykir af fyrirliggjandi gögnum að skuldari uppfylli ekki skilyrði laganna um að leita greiðsluaðlögunar, sbr. ákvæði I. kafla. Skv. b-lið skal umsókn hafnað ef fullnægjandi gagna hefur ekki verið aflað og ef skuldari hefur ekki reynt eftir megni að upplýsa með nægilega nákvæmum hætti um skuldastöðu sína. Hér er einungis um það að ræða að skuldari hafi ekki orðið við áskorunum umboðsmanns skuldara um öflun gagna eða upplýsingagjöf sem honum einum er unnt að afla eða gefa. Er hér áréttað eins og víða annars staðar í frumvarpi þessu að skuldari skuli taka virkan þátt og sýna viðeigandi viðleitni við að varpa sem skýrustu ljósi á skuldastöðu sína

og félagslegar aðstæður. Í c-lið segir að umsókn skuli hafnað ef umboðsmaður skuldara telur að ekki sé unnt að upplýsa um raunverulega skuldastöðu skuldara, t.d. vegna umfangs umdeildra krafna, flókinna eignatengsla eða erlendra skulda. Skv. d-lið getur umboðsmaður skuldara hafnað umsókn skuldara ef sýnt þykir að ráðstafanir skuldara fram að umsókn hans bendi ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér á óheiðarlegan hátt til þess að geta fallið undir skilyrði um greiðsluaðlögun. Skal umboðsmaður skuldara eins og kostur er, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum um tekjur og skuldbindingar skuldara, leggja mat á hvort ákvæðið eigi við. Er með þessu komið í veg fyrir að einstaklingur geti fyrir umsókn um greiðsluaðlögun ráðstafað tekjum sínum umfram efni til ónauðsynlegra hluta og látið ógert að greiða af þeim skuldbindingum sem hann hafði áður gengist undir, í því skyni að fá þær skuldbindingar lækkaðar eða niðurfelldar með greiðsluaðlögun. Á þetta ákvæði fyrst og fremst við um þann skuldara sem hefur haft svo háar tekjur að ljóst megi vera að honum hafi verið unnt að ráðstafa þeim til greiðslu skuldbindinga sinna og eðlilegrar framfærslu sinnar og fjölskyldu. Skv. e-lið skal hafna umsókn skuldara ef skuldari hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu. Tengist þessi liður að mörgu leyti framangreindri umfjöllun um d-lið enda má ætla að skuldari leggi fram rangar upplýsingar í því skyni að geta talist falla undir skilyrði greiðsluaðlögunar. Að lokum er þess getið í f-lið að umsóknar skuli synjað hafi skuldari áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun í samræmi við lögin, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Skal þar einkum miðað við þau tilvik þar sem skuldari hefur ratað í greiðsluerfiðleika á nýjan leik sökum veikinda eða aldurs.

Í 2. mgr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef augljóst má vera að samþykkt umsóknar væri óhæfileg. Í framhaldinu eru í fimm liðum rakin atriði sem umboðsmaður skuldara skal sérstaklega líta til við mat á slíku. Ekki þykir rétt í b-lið 2. mgr. að útiloka rétt til greiðsluaðlögunar þótt einhver hluti skulda stafi af refsiverðri háttsemi, en umboðsmanni er falið mat á þýðingu þess. Þá er í e-lið 2. mgr. almenn heimild til synjunar ef um er að ræða aðila sem mjög hafa farið offari í skuldsetningu, sem og í þeim tilvikum þegar rót skulda er af þeim toga að samfélagslega óásættanlegt er að greiðsluaðlögun nái til skuldara. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldir vegna viðskipta í aðdraganda falls bankanna haustið 2008 og þá sérstaklega skattskuldir tengdar slíkum viðskiptum. Á vegum skattyfirvalda er nú unnið að rannsókn á viðskiptum í hinum föllnu bönkum og grunur leikur á stórfelldum skattundanskotum. Álagning skatta á slík viðskipti eða á niðurfellingar af stórtækri skuldsetningu á grundvelli kaupréttarsamninga er dæmi um skuldsetningu sem ekki er þess eðlis að sanngjarnt sé að ákvæði greiðsluaðlögunar nái til hennar, enda álagningunni sannanlega ætlað að afla samfélaginu sanngjarns endurgjalds fyrir þá aðstöðu sem skuldari naut.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. segir að umboðsmaður skuldara skuli taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara. Í ljósi aðstæðna skuldara er mikilvægt að umsókn hans fái greiða meðferð og er í ákvæðinu miðað við að umboðsmaður skuldara taki ákvörðun sína innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir. Í þeim tilvikum þegar umboðsmaður telur þörf frekari gagna eða upplýsinga frá skuldara skal honum umsvifalaust gert viðvart um slíkt og honum gefinn kostur á að bregðast við þeim tilmælum. Samþykki umboðsmaður skuldara umsókn skuldara skal hann upplýsa skuldara um réttinn til að krefjast þvingaðrar greiðsluaðlögunar

skv. V. kafla og hvenær sá réttur rennur út skv. 9. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr. Skuldari skal jafnframt upplýstur um skyldur sínar meðan á greiðsluaðlögunarumleitunum stendur, sbr. 13. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að ekki sé hægt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn um greiðsluaðlögun. Ef hins vegar umboðsmaður synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til félags- og tryggingamálaráðherra. Gert er ráð fyrir að kæra þurfi innan viku frá því að skuldara barst tilkynning um synjun umboðsmanns skuldara.

Um 9. gr.

Eins og áður hefur verið nefnt er mikilvægt í ljósi stöðu skuldara að málsmeðferð greiðsluaðlögunarumleitana sé eins stutt og mögulegt er. Miðað skal við að allar ákvarðanir í því ferli sem hér á eftir er lýst verði teknar með eins skömmum fyrirvara og kostur er á. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að umleitunum um frjálsa greiðsluaðlögun skuli lokið innan þriggja mánaða frá samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun. Í samræmi við það ferli sem kveðið er á um í frumvarpinu getur innköllun krafna og umþóttunarfrestur kröfuhafa numið sex vikum og ætti því að gefast nægur tími fyrir umsjónarmann að taka afstöðu til allra atriða um stöðu skuldarans og leggja fram frumvarp til greiðsluaðlögunar. Komi til þess að skuldari leggi fram kröfu um þvingaða greiðsluaðlögun skal héraðsdómur kveða upp úrskurð sinn innan mánaðar frá því að krafan barst dóminum. Tímabil greiðsluaðlögunarumleitana getur því lengst orðið fjórir mánuðir, sbr. þó 22. gr.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. skal umboðsmaður skuldara skipa óháðan umsjónarmann með greiðsluaðlögun um leið og umsókn skuldara um að leita greiðsluaðlögunar er samþykkt. Skal umsjónarmaður hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði. Ekki er gert að skilyrði að umsjónarmaður hafi málflutningsréttindi enda er í ljósi hlutverks hans ekki gert ráð fyrir að hann komi fram fyrir héraðsdómi, nema eftir atvikum til upplýsingagjafar. Umsjónarmaður getur annaðhvort verið starfsmaður embættis umboðsmanns skuldara eða annar aðili sem umboðsmaður skuldara hefur falið að gegna starfinu. Kostnaður vegna starfa umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði, sbr. 35. gr.

Um 11. gr.

Með sama hætti og gert er í gildandi lögum um greiðsluaðlögun er í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að umsjónarmaður birti innköllun í Lögbirtingablaði þar sem skorað er á lánardrottna skuldarans að lýsa kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan þriggja vikna frá fyrri birtingu innköllunar. Með hliðsjón af skömmum tíma greiðsluaðlögunarumleitana er afar mikilvægt að umsjónarmaður sendi auglýsingu þessa efnis tafarlaust eftir skipan sína. Innköllunin hefur ekki þau réttaráhrif að vanlýst krafa falli niður, en kröfuhafi sem lýsir ekki kröfu sinni fer hins vegar á mis við heimild til að hafa afskipti af meðferð málsins fyrir umsjónarmanni og dómstólum ef til þess kemur að krafist verði þvingaðrar greiðsluaðlögunar. Lýsi hann kröfunni eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn fellur krafan því eins og aðrar kröfur undir greiðsluaðlögunina. Sama á við um kröfur sem vitað er um en ekki er lýst. Viðkomandi kröfuhafa skal send tillaga að frumvarpi til greiðsluaðlögunar skv. 1. mgr. 18. gr. og skal litið svo á að frumvarpið sé samþykkt af hans hálfu.

Á grundvelli 27. gr. skal krafa sem skuldara er gert kunnugt um eftir að greiðsluaðlögunartímabil hófst falla undir greiðsluaðlögunina ef skuldari krefst þess. Ef það er gert skal krafa

metin í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunar og af henni greitt í samræmi við sambærilegar kröfur. Í 36. gr. er kveðið á um að samningskröfur sem stofnuðust fyrir upphaf greiðsluaðlögunarumleitana og skuldari hefur ekki verið krafinn um að greiða falli niður þegar greiðsluaðlögunartíma lýkur.

Til að stuðla að skilvirkari málsmeðferð er svo um mælt í 2. mgr. að umsjónarmaður skuli senda þekktum kröfuhöfum afrit af auglýsingunni. Samábyrgðarmönnum skuldara skal jafnframt sent afrit auglýsingarinnar til upplýsingar enda getur samþykkt greiðsluaðlögun haft áhrif á hagsmuni þeirra.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er kveðið á um að á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana skuli skuldara veitt greiðslustöðvun vegna skuldbindinga sinna. Í samræmi við markmið frumvarpsins þykir eðlilegt að skuldara sé veittur frestur á greiðslu viðkomandi skulda á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Í 1. mgr. er nánar kveðið á um það hvað kröfuhöfum sé óheimilt að gera á meðan greiðsluaðlögunarumleitanir fara fram. Segir þar að kröfuhöfum sé óheimilt að krefjast eða taka við fullri greiðslu eða hluta af greiðslu eða annars konar greiðslum á kröfum sínum, skuldajafna kröfu umsækjanda við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafan og gagnkrafan séu af sömu rót runnar, gjaldfella skuldir samkvæmt gjaldfellingarákvæðum, gera fjárnám í eigum umsækjanda eða láta selja þær á nauðungaruppboði, neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilisfólks, með tilvísan til fyrri vanrækslu á greiðslum eða krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni.

Í 2. mgr. er svo um mælt að vextir af viðkomandi kröfum skuli reiknaðir meðan á greiðslufresti stendur, en að þeir falli þó ekki í gjalddaga á meðan. Vextir af kröfum sem tryggðar eru með veði í eign sem skuldari fær að halda gjaldfalla þó í samræmi við samninga þar um, að því marki sem veð svarar til verðmætis hinnar veðsettu eignar.

Í 3. mgr. kemur fram að greiðslufresturinn nái ekki til krafna um meðlög eða opinber gjöld sem falla til eftir að umsókn skuldara hefur verið samþykkt og meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Loks er í 4. gr. kveðið á um það að nauðungarsala sem leitað kann að hafa verið á eignum skuldara frestist þegar umboðsmaður skuldara hefur tekið ákvörðun um að taka umsókn um greiðsluaðlögun til meðferðar.

Um 13. gr.

Ákvæði 13. gr. snúa að því hvernig skuldari skuli haga sínum fjármálum á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Víki skuldari augljóslega frá þessum skyldum með vísvitandi hætti getur slíkt leitt til þess að umsjónarmaður fái greiðsluaðlögunarumleitanir felldar niður á grundvelli 17. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi nefnt að skuldari skuli leggja til hliðar af launum sínum og öðrum tekjum það sem fer umfram það sem skuldari þarf til framfærslu sinnar, fjölskyldu og heimilis síns. Sökum ákvæða 12. gr. um greiðslustöðvun á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana er viðbúið að slík staða geti komið upp. Í öðru lagi skal skuldari segja upp leigusamningum og öðrum samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru, þjónustu eða eðlilegu heimilishaldi sem er nauðsynleg skuldaranum eða heimili hans til lífsviðurværis. Hér skal einkum litið til útgjalda sem nema umtalsverðum fjárhæðum og óumdeilt megi vera að sé sanngjarnt að skuldari geti verið án. Sem dæmi mundi áskrift að dagblaði ekki falla hér undir. Í c- og d-lið er kveðið um það að skuldari geti ekki án sam-

þykkis umsjónarmanns gripið til stærri ráðstafana, svo sem að láta af hendi eða veðsetja eignir eða stofna til nýrra skulda.

Ef umsjónarmaður telur að skuldari hafi brugðist skyldum sínum skv. 1. mgr. 13. gr. skal hann óska eftir því við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 17. gr.

Um 14. gr.

Í ljósi þess að í greiðsluaðlögun felst að jafnaði eftirgjöf af kröfum með tilheyrandi afskriftum í lok greiðsluaðlögunartímabils er rétt að skuldara skuli gert að leggja sitt af mörkum til að eins hátt hlutfall verði greitt af kröfum og sanngjarnt er. Í 14. gr. er umsjónarmanni veitt heimild til þess, að vel athuguðu máli, að krefja skuldara um að afhenda til sölu þær eignir og þá muni sem umsjónarmaður telur af sanngirnisástæðum, með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum, að skuldari geti verið án. Við mat á slíku skal umsjónarmaður bera saman hagsmuni kröfuhafa og skuldara af sölunni, en þeir geta verið misjafnir eftir verðmæti hins selda og fjölda kröfuhafa. Skal þá miðað við að sala eignanna hafi áhrif á greiðsluhlutfall krafna svo um munar fyrir alla kröfuhafa. Einnig skal umsjónarmaður meta hversu líklegt sé að honum takist að koma viðkomandi hlutum í verð innan skamms tíma, með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Hér er viðbúið að til skoðunar komi fyrst og fremst fasteignir, einkum íbúðarhúsnæði, og verðmætir lausafjármunir eins og bifreiðar.

Við mat á því hvort íbúð skuldara skuli seld skal umsjónarmaður m.a. líta til þess að hve miklu leyti íbúðin sé veðsett. Við þær aðstæður þar sem veðskuldir eru undir matsverði íbúðarinnar má ætla að til álita komi að íbúðin verði seld, að því gefnu að tryggt sé að söluandvirðinu, að frádreginni greiðslu veðskulda, megi ráðstafa bæði til kaupa eða leigu á nýrri íbúð fyrir skuldara og til greiðslu krafna samkvæmt greiðsluaðlöguninni. Litið skal í þessu sambandi til fjölskylduhaga skuldara. Umsjónarmaður skal einnig líta til aðstæðna á húsnæðismarkaði hverju sinni og meta hvort af sölu íbúðar, og þar af leiðandi kaupa eða leigu á nýrri íbúð, geti orðið innan tímabils greiðsluaðlögunarumleitana. Megi ætla að sala eða kaup íbúðar muni dragast á langinn eða sé með öllu óvíst um hvaða söluverð fæst samþykkt skal umsjónarmaður síður kveða á um sölu íbúðar samkvæmt greininni. Umsjónarmaður er þó ekki bundinn af því að sala fari fram á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana og getur mælt fyrir um að sala fari fram einhvern tíma á greiðsluaðlögunartímanum. Almennt skal umsjónarmaður einnig síður kveða á um sölu íbúðar ef hann telur hana að stærð og staðsetningu hæfa skuldara og fjölskyldu hans. Skal einnig líta til áhrifa þess á skuldara og fjölskyldumeðlimi hans að þurfa að flytja milli staða, m.t.t. starfsstöðva þeirra, skólagöngu og félagslegra aðstæðna.

Skuldarinn getur hins vegar verið í þeirri aðstöðu að íbúðarhúsnæði hans sé veðsett fyrir fullu verði eða jafnvel hærri fjárhæð. Undir þeim kringumstæðum hafa lánardrottnar almennt engan hag af því að húsnæðið sé selt og skal því almennt ekki gera ráð fyrir sölu þeirrar íbúðar. Þó skal litið til þess hvort íbúðarhúsnæðið sé bersýnilega verulega umfram þá stærð sem skuldara og fjölskyldu hans hæfir.

Í þeim tilvikum þar sem skuldari á aðrar fasteignir en það íbúðarhúsnæði sem hann býr í skal almennt miðað við að skuldara verði gert að selja slíkar eignir, að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða. Getur þar t.d. verið um að ræða annað íbúðarhúsnæði, sumarbústaði eða jarðeignir.

Um lausafjármuni skal gengið út frá því að skuldari eigi rétt á að halda lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám skv. 43. gr.

laga nr. 90/1989, um aðför. Komi til kröfu um sölu lausafjármuna skal almennt miðað við að um verðmæta muni sé að ræða, að sala þeirra sé kröfuhöfum verulega til hagsbóta og að skuldari geti bersýnilega verið án þeirra, að teknu tilliti til fjölskylduaðstæðna. Nærtækasta dæmið er varðandi bifreiðir en sé um það að ræða að skuldari hafi sjálfur, eða ásamt fjölskyldumeðlimum, tvær bifreiðir til ráðstöfunar, getur umsjónarmaður eftir atvikum kveðið á um sölu annarrar bifreiðarinnar.

Umsjónarmaður getur einnig kveðið á um sölu óskráðra lausafjármuna telji hann slíkt til hagsbóta svo um muni fyrir kröfuhafa. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir með óyggjandi hætti að skuldari eigi viðkomandi lausafjármuni og getur umsjónarmaður óskað eftir upplýsingum frá skuldara í því skyni. Almennt má segja að umsjónarmaður skuli einungis beita þessari heimild í þeim tilvikum þar sem um verulega verðmæta muni er að ræða.

Í síðari málslið 1. mgr. segir að í vafatilvikum skuli umsjónarmaður leita nánari upplýsinga frá skuldara og eftir atvikum leita afstöðu kröfuhafa til sölu eignanna. Í þessu getur m.a. falist að umsjónarmaður fái fram sjónarmið skuldara um nauðsyn hans eða fjölskyldumeðlima hans á því að halda eftir viðkomandi eignum. Afstaða kröfuhafa getur einnig haft áhrif enda skal ekki krafist sölu þeirra eigna sem allir kröfuhafar samþykkja að skuldari fái að halda eftir.

Að lokum skal þess getið að ákvörðun umsjónarmanns um sölu eigna getur leitt til þess að þau verðmæti sem þar með safnast saman nægi til að leysa greiðsluerfiðleika skuldara að fullu. Komi slík staða upp skal umsjónarmaður, að því gefnu að sölu eignanna eða samningum um sölu þeirra sé lokið, tilkynna umboðsmanni skuldara um að skilyrði fyrir niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana séu fyrir hendi í samræmi við 17. gr.

Í 2. mgr. segir að eigi skuldari eignir sem umsjónarmaður ákveður að eigi að selja skuli ákvörðun umboðsmanns skuldara um að heimila greiðsluaðlögun hafa sömu réttaráhrif og greiðslustöðvun, eftir því sem við getur átt, sbr. 2. þátt laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram sú grundvallarregla að eignir skuli selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáist fyrir þær.

Skal umsjónarmaður ákveða hvernig sala eigna fari fram og annast söluna sjálfur, nema hann taki sérstaka ákvörðun um annað. Er umsjónarmanni því heimilt að láta sérfróða aðila, svo sem fasteignasala eða bílasala, annast söluna að fullu eða aðstoða umsjónarmann við söluna. Eftir atvikum kemur til greina að skuldari hlutist til um sölu eigna óski skuldari þess og telji umsjónarmaður líklegra að sala náist fram með þeim hætti. Er eðlilegt að skuldari sýni þá viðleitni að aðstoða við leit að kaupendum að viðkomandi eignum enda leiðir sala eigna frekar til þess að umsjónarmaður leggi fram frumvarp til greiðsluaðlögunar. Kostnaður vegna sölu eignar greiðist af söluandvirði þeirrar eignar sem seld er, sbr. 35. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að þegar eign hefur verið seld falli niður þau veðréttindi sem ekki fékkst greitt upp í af söluandvirðinu þegar um veðsettar eignir er að ræða. Ef þess gerist þörf er það umsjónarmaður sem ákveður hvaða veðréttindi falla niður að lokinni sölu.

Loks segir í 5. mgr. að framfylgi skuldari ekki ákvörðun umsjónarmanns skv. 1. mgr. eða komi með einhverjum hætti í veg fyrir fyrirhugaða sölu eigna skuli umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 17. gr. Samþykki umboðsmaður skuldara niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana er skuldara heimilt að kæra þá ákvörðun til félags- og tryggingamálaráðherra, sbr. 17. gr.

Um 15. gr.

Í ljósi mismunandi meðferðar veðkrafna og samningskrafna við greiðsluaðlögun er mikilvægt að fyrir liggi hvaða kröfur eða hvaða hlutfall krafna falli í hvorn flokkinn. Í tilvikum þar sem óljóst er um hvort veðið sé hærra en verð eignarinnar er því nauðsynlegt að umsjónarmaður skeri úr um nákvæma skiptingu viðkomandi kröfu í veðkröfu og samningskröfu. Í 15. gr. er því mælt fyrir um að umsjónarmaður skuli verðmeta þær eignir sem skuldara er ekki gert að selja telji umsjónarmaður það nauðsynlegt. Er hér lagt til að hvað varðar fasteignir skuli almennt miðað við verðmat Fasteignaskrár Íslands. Verðmat annarra veðsettra eigna skal umsjónarmaður annast sjálfur en fallist kröfuhafi ekki á það mat umsjónarmanns er honum heimilt að leggja fram mat sérfróðra aðila. Kröfuhafi skal bera allan kostnað við slíkt mat.

Um 16. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að tímabil greiðsluaðlögunar, hvort sem um er að ræða frjálsa greiðsluaðlögun eða þvingaða greiðsluaðlögun, skuli að jafnaði vera tvö til fimm ár. Er þetta í samræmi við lengd greiðsluaðlögunar í nágrannalöndum okkar.

Það er hlutverk umsjónarmanns að gera tillögu um það hversu langt greiðsluaðlögunartímabil á að vera hverju sinni. Við mat á lengd greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður m.a. taka tillit til þess hvort hagir skuldara og fjölskyldu hans séu með þeim hætti að fimm ára greiðsluaðlögunartímabil hefði í för með sér sérstakt álag eða óvenjulega miklar fórnir fyrir skuldara. Þá skal fremur miða við styttra greiðsluaðlögunartímabil ef verulegur hluti af skuldum skuldarans er á grundvelli tryggingarábyrgðar. Hafi skuldarinn um langa hríð staðið við skuldbindingar sínar í samræmi við breytta skilmála eða aðra skuldaaðlögun utan þessara laga skal fremur miðað við styttra greiðsluaðlögunartímabil en lengra. Þá þarf að taka tillit til þess hvert aflahæfi skuldara er.

Umsjónarmaður skal miða við að greiðsluaðlögunartímabil skuli vera lengra ef skuldarinn fær að halda eftir eigin íbúð þar sem veðkröfur nema umtalsvert minni fjárhæð en virði íbúðarinnar. Þá skal einnig fremur miðað við lengra tímabil ef takmarkaður hluti af fyrirsjáanlegum arði fer til þess að greiða skuldbindingar. Það sama á við ef greiðsluaðlögun telst hafa umtalsverð áhrif gagnvart samábyrgum skuldurum.

Um 17. gr.

Samkvæmt 17. gr. skal umsjónarmaður tilkynna umboðsmanni skuldara um það ef á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana koma upp tilvik eða aðstæður sem hann telur að muni hindra að greiðsluaðlögun verði samþykkt. Er hér fyrst og fremst átt við þau tilvik þar sem nánari skoðun umsjónarmanns eða nýjar upplýsingar leiða til þess að skuldari uppfylli ekki skilyrði greiðsluaðlögunar skv. I. og II. kafla. Eins og vísað er til í frumvarpinu skal umsjónarmaður einnig tilkynna umboðsmanni skuldara um það ef skuldari hefur með vísvitandi hætti brugðist skyldum sínum eða komið í veg fyrir að ákvörðun umsjónarmanns um sölu eigna verði framfylgt. Áður en umboðsmaður skuldara tekur endanlega ákvörðun um erindi umsjónarmanns skal skuldara þó gefinn skammur frestur til að láta álit sitt í ljós eða koma með viðeigandi skýringar. Skuldari getur kært ákvörðun umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana innan viku frá því að ákvörðunin barst honum.

Um 18. gr.

Umsjónarmaður skal svo skjótt sem auðið er, að lokinni innköllun krafna, leggja fyrir kröfuhafa, að höfðu samráði við skuldara, tillögu að frumvarpi fyrir kröfuhafa um frjálsa greiðsluaðlögun.

Við vinnslu tillögunnar skal fyrst líta til þess hvað skuldari þarf til að sjá sér og sínum farborða og tryggja þannig framfærslu hans og hans nánustu. Við mat á framfærslukostnaði skal einnig taka mið af tekjum annarra fjölskyldumeðlima, ef fjölskylduhagir skuldara gefa tilefni til þess. Þá skal umsjónarmaður horfa til þess að skuldari geti staðið undir þeim skuldbindingum sem frumvarpið leggur á hann á greiðsluaðlögunartímabilinu. Umsjónarmaður skal horfa sérstaklega til þess hvort skuldari sé framfærsluskyldur með börnum og taka sérstakt tillit til þess. Getur umsjónarmaður í þessu sambandi tekið mið af neysluviðmiði því sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur beitt, en í frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn sérstök stofnun, umboðsmaður skuldara, sem byggð verði á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Tillaga umsjónarmanns getur falið í sér algera eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist með ákveðnu millibili á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

Að greiðsluaðlögunartímabilinu loknu er gert ráð fyrir því að tekist hafi að endurskipuleggja fjárhag skuldara. Það er eitt þeirra atriða sem umsjónarmaður horfir til við tillögugerðina. Umsjónarmaður skal vinna tillöguna í samráði við skuldara, enda verður að líta svo á að tillagan sé tilboð frá skuldara til kröfuhafa um uppgjör.

Afborgunarfjárhæð er sú fjárhæð sem skuldari greiðir af veð- og samningskröfum meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur. Annars vegar er um að ræða afborgunarfjárhæð sem eingreiðslu sem skuldari innir af hendi. Hún skiptist milli samningskröfuhafa samkvæmt samkomulagi. Þeir teljast til samningskröfuhafa sem ekki njóta tryggingaréttinda í eignum skuldara eftir að eign hefur verið seld eða metin af umsjónarmanni eða sérfræðingum til verðs.

Hinn möguleikinn er sá að skuldari greiði reglulegar afborganir á tilteknu tímabili meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur. Afborgunarfjárhæðin skal bundin við launavísitölu eða aðra vísitölu sem aðilar koma sér saman um að afborganir skuli miðaðar við. Ákvæði laga um vexti og verðtryggingu standa því ekki í vegi, enda hér um sérlög að ræða sem ganga framar almennu lagaákvæði. Við val á verðtryggingarkosti er einnig eðlilegt að líta til möguleika skuldara sjálfs til tekjuöflunar á greiðsluaðlögunartíma. Þetta á sérstaklega við þegar um skuldara er að ræða sem er við aldur og hefur takmarkaða möguleika til tekjuöflunar.

Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins er fjallað um samþykki frjálsrar greiðsluaðlögunar.

Í 1. mgr. kemur fram að umsjónarmaður sendir öllum kröfuhöfum sem þekktir eru tillögu að frumvarpi til greiðsluaðlögunar. Umsjónarmaður sendir kröfuhöfum tillögu í sínu nafni eftir samráð við skuldara og eftir að hafa metið sjálfstætt greiðslugetu hans, framfærslukostnað og hvaða skuldbindingar líklegt megi telja að skuldari geti staðið við. Kröfuhöfum er gefinn þriggja vikna frestur til að bregðast við frumvarpinu.

Ef umsjónarmaður telur nauðsynlegt eða fram hafa komið tilmæli frá kröfuhafa skal umsjónarmaður halda fund með kröfuhöfum og skuldara áður en frumvarp um frjálsa greiðsluaðlögun er sent kröfuhöfum. Sé talin ástæða til skulu veðþolar, ábyrgðarmenn, samskuldarar skuldara og eigendur þeirra skulda sem skuldari er ábyrgðarmaður fyrir einnig boðaðir á fundinn.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að umsjónarmaður skuli leitast við að ná samningi milli skuldara, kröfuhafa og ábyrgðarmanna skuldara um greiðsluaðlögun.

Kveðið er á um það í 4. mgr. að kröfuhafi skuli ekki leggjast gegn frumvarpinu nema hann hafi ástæðu til að ætla að skuldari geti greitt meira og skal senda skriflegan rökstuðning þar um til umsjónarmanns.

Frumvarp umsjónarmanns til greiðsluaðlögunar telst samþykkt þegar allir kröfuhafar hafa samþykkt það. Þeir kröfuhafar sem fá tilkynningu frá umsjónarmanni og hafa ekki gert athugasemdir þegar þrjár vikur eru liðnar frá því að tillagan var send teljast hafa samþykkt frumvarpið. Stjórnvöld, innheimtumaður eða fyrirsvarsmaður stofnunar eða félags í eigu opinberra aðila, geta samþykkt frumvarp til greiðsluaðlögunar án tillits til ákvæða í öðrum lögum, reglugerðum eða samþykktum, hvað varðar aðrar kröfur en sektir. Lögin veita forsvarsmönnum heimild til að samþykkja tillögu umsjónarmanns ef kröfuhafi er opinber aðili. Ef samningur um greiðsluaðlögun tekst skulu skuldari, kröfuhafar og ábyrgðarmenn skuldara undirrita hann og tekur hann þá þegar gildi.

Um 20. gr.

Ef ekki tekst samkomulag milli skuldara og kröfuhafa um frjálsa greiðsluaðlögun getur skuldari krafist þvingaðrar greiðsluaðlögunar. Krafa skuldara um þvingaða greiðsluaðlögun skal berast umsjónarmanni eigi síðar en tveimur vikum eftir að ljóst er að samkomulag um frjálsa greiðsluaðlögun hafi ekki tekist. Skal umsjónarmaður þegar í stað senda kröfu skuldara, ásamt tillögu umsjónarmanns að frumvarpi til greiðsluaðlögunar, til Héraðsdóms Reykjavíkur, en gert er ráð fyrir að öll mál er varða þvingaða greiðsluaðlögun fari til meðferðar þar. Hér ber að hafa í huga að tillaga umsjónarmanns að frumvarpi til greiðsluaðlögunar kann að hafa tekið breytingum frá því að upphaflega frumvarpið var sent aðilum, í kjölfar þess að veitt var heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Frá þeim tíma kunna kröfuhafar og skuldari að hafa gert athugasemdir við frumvarpið og umsjónarmaður jafnvel gert tillögu um breytingar á sinni upphaflegu tillögu. Umsjónarmaður skal senda héraðsdómi upphaflega frumvarpið, ásamt athugasemdum aðila og tillögum að breytingum sem hann kann að hafa lagt til að gerðar yrðu á frumvarpinu. Með kröfu skuldara sendir umsjónarmaður skýrslu um störf sín og þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að ná samkomulagi um frjálsa greiðsluaðlögun. Nauðsynlegt er að héraðsdómur hafi góða yfirsýn yfir það sem gerðist í ferlinu meðan leitað var frjálsrar greiðsluaðlögunar, svo hann sé betur í stakk búinn til að taka ákvörðun um hvort staðfesta eigi þvingaða greiðsluaðlögun og á hvaða forsendum það skuli gert.

Ef krafist er þvingaðrar greiðsluaðlögunar framlengist tímabil greiðsluaðlögunarumleitana sjálfkrafa um einn mánuð. Héraðsdómur hefur einn mánuð frá því að honum berst krafa skuldara, til að taka ákvörðun um hvort hann fallist á kröfu skuldara með staðfestingu frumvarps umsjónarmanns, breyttu eða óbreyttu, eða hafni kröfu skuldara. Það er mikilvægt fyrir alla aðila að þetta ferli gangi hratt og vel og að skuldarar og kröfuhafar fái niðurstöðu um það hvernig skuldbindingum þeirra sé háttað og hvernig framhaldið eigi að vera. Það er mikilvægt að eyða allri réttaróvissu sem fyrst. Því er gefinn skammur tími til að ljúka málinu. Málin geta dregist ef aðilar nýta þau réttarfarsúrræði sem möguleg eru. Meðan mál eru í þeim farvegi er litið svo á að greiðsluaðlögunarumleitanir séu áfram í gangi. Í ljósi aðstæðna skuldara og þeirrar greiðslustöðvunar sem honum er veitt skv. 12. gr. er afar mikilvægt að komi til þess að mál dragist vegna þessa skuli séð til þess að málsmeðferð verði flýtt eins og kostur er og að einungis skammir frestir skuli veittir.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er kveðið á um málsmeðferð fyrir héraðsdómi. Þar segir að héraðsdómur skuli þegar í stað tilkynna kröfuhöfum um framkomna kröfu skuldara og gefa þeim möguleika á því að koma að athugasemdum innan tveggja vikna frá því að þeir fengu tilkynningu frá héraðsdómi. Skuldara er einnig heimilt að senda inn umsögn sína innan sama frests.

Að loknum umsagnarfresti skal dómari boða til þinghalds þar sem aðilum gefst færi á því að gera stuttlega grein fyrir sínum sjónarmiðum. Að þinghaldi loknu úrskurðar héraðsdómari í málinu. Skal kveða upp úrskurð um kröfu skuldara áður en tímabili greiðsluaðlögunarumleitana lýkur, en þó er héraðsdómi heimilt að framlengja tímabil greiðsluaðlögunarumleitana ef þess gerist brýn þörf. Héraðsdómara er því ekki ætlaður langur tími til að kveða upp úrskurð sinn um hvort frumvarp til greiðsluaðlögunar skuli staðfest, því breytt eða hafnað.

Um 22. gr.

Að jafnaði skal héraðsdómur staðfesta tillögu umsjónarmanns um frumvarp til greiðsluaðlögunar ef frumvarpið uppfyllir öll skilyrði laganna og engin þeirra sjónarmiða sem lögin kveða á um að skuli leiða til annarrar niðurstöðu eru til staðar. Ef frumvarpið uppfyllir öll skilyrði laganna, en sjónarmið sem fram hafa komið við meðferð málsins draga fram að það sé sanngjarnt að gera breytingar á frumvarpinu, getur héraðsdómari staðfest frumvarpið með breytingum.

Héraðsdómari skal hafna staðfestingu frumvarpsins ef það er óhæfilegt að staðfesta það. Það er fyrst og fremst dómarans að meta hvort það teljist óhæfilegt, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem rakin eru í frumvarpinu, m.a. hvort það teljist hæfilegt með tilliti til annarra þegna samfélagsins að staðfesta frumvarpið með úrskurði. Hið sama á við ef málsmeðferð og gagnaöflun er ábótavant og ekki verður bætt úr því fyrir héraðsdómi. Ef fjárhagsstaða skuldara er svo óljós vegna margra óljósra krafna að ekki er hægt að leggja mat á það hvort skuldari uppfylli skilyrði laganna um greiðsluaðlögun skal dómari synja staðfestingar á frumvarpinu.

Úrskurð héraðsdóms skal kynna skuldara og kröfuhöfum á þann hátt sem héraðsdómur ákveður. Úrskurðurinn er kæranlegur til Hæstaréttar innan tveggja vikna.

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um það hvernig fara á með bú einstaklings sem er undir gjaldþrotaskiptum og vill leita greiðsluaðlögunar. Ekki er unnt að fella þau tilvik að fullu undir ákvæði frumvarpsins, en lagt er til að þeir sem svo er ástatt um geti lokið skiptunum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert á grundvelli V. kafla þessa frumvarps, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Er þetta í samræmi við gildandi ákvæði í X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 24. gr.

Í 24. gr. frumvarpsins er kveðið á um skiptingu greiðslna milli kröfuhafa. Meginreglan er að þær eignir eða afborganir sem skipta skal milli kröfuhafa skiptast hlutfallslega eftir fjár-

hæð krafna. Í ákvæðinu eru þó gerðar nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu sem taldar eru upp í a–g-lið.

Fyrsta undantekningin snýr að kröfum sem tryggðar eru með veði. Segir í a-lið að ef skuldari heldur eftir eignum sem tryggðar eru með veði skuli skuldari, meðan á greiðsluaðlögun stendur, greiða umsamda vexti eða tiltekið hlutfall vaxta af veðkröfum sem eru innan matsverðs hinnar veðsettu eignar. Gert er ráð fyrir því að mögulegt sé að kveða á um það að skuldari skuli ekki greiða afborganir af höfuðstól veðkröfu meðan á greiðsluaðlögun stendur. Með þann hluta kröfunnar sem fellur utan matsverðs samkvæmt ákvörðun umsjónarmanns, sbr. 15. gr., skal fara eins og aðrar samningskröfur. Meginsjónarmiðið varðandi stöðu veðkrafna og afborgana ræðst af þeirri staðreynd að veðkröfuhafar fá kröfu sína upp að matsverði eignar greidda, þar sem þær falla ekki niður við lok greiðsluaðlögunartímans, öfugt við samningskröfur, sem falla niður að loknu greiðsluaðlögunartímabili. Því heimila lögin að á greiðsluaðlögunartímabilinu sé greitt hlutfallslega minna af veðkröfum en öðrum kröfum. Veðkröfur er oftar en ekki stærstu kröfur á hendur skuldara og því má ætla að aðrir kröfuhafar fengju lítið ef greitt yrði hlutfallslega af veðkröfum eins og af öðrum kröfum. Því þurfa veðkröfuhafar að sæta þessari meðferð meðan á þriggja til fimm ára greiðsluaðlögunartímabili stendur.

Önnur undantekning 24. gr. frumvarpsins snýr að kröfum vegna opinberra gjalda. Þannig nær greiðsluaðlögunin ekki til opinberra gjalda eða krafna sem falla til eftir að sýslumaður hefur samþykkt heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

Þriðja undantekning greinarinnar snýr að meðlags- og framfærslukröfum, en þær falla ekki undir greiðsluaðlögun heldur eru eins konar forgangskröfur við greiðsluaðlögun þar sem skuldari verður að standa skil á þeim að fullu.

Í fjórða lagi er í greininni gerð undantekning að því er varðar kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis. Þar segir að fésektir, sem ákveðnar hafa verið með dómi eða sátt á síðustu þremur árum áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skuli greiða að fullu. Aðrar sektir falla undir greiðsluaðlögunina. Kröfur um skaða- eða miskabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi skulu einnig greiddar að fullu.

Í fimmta lagi er kveðið á um að heimilt sé að greiða minni háttar kröfur, þ.e. kröfur sem nema lágum fjárhæðum, að fullu ef umsjónarmaður telur slíkt sanngjarnt og viðeigandi með tilliti til framkvæmdar greiðsluaðlögunar.

Í sjötta lagi er kveðið á um það að heimilt sé að taka minna tillit til vaxta og kostnaðar og færa niður fjárhæð kröfu samkvæmt kröfulýsingu sem þeim nemur.

Í sjöunda lagi er mælt fyrir um að greiðsluaðlögun taki ekki til námslána. Ástæða þess er sú að námslán eru nátengd aflahæfi skuldara og ekki veitt á viðskiptalegum forsendum. Um helmingur útgjalda Lánasjóðs íslenskra námsmanna kemur nú úr ríkissjóði og því um ríkisstyrkt framfærslukerfi að ræða. Þá er endurgreiðsla tengd launum skuldara. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að afborganir námslána verði felldar niður á greiðsluaðlögunartíma og öðrum kröfuhöfum þannig skapað sanngjarnt svigrúm.

Loks er kveðið á um það að með hliðsjón af eðli kröfunnar geti umsjónarmaður kveðið á um að greiða skuli hærra hlutfall kröfu ef ríkar ástæður eru til þess. Þetta kemur einkum til ef sanngirnisástæður mæla með því að greitt sé meira af einni tegund krafna en af öðrum. Það segir sig sjálft að ef skuldara er ekki unnt að uppfylla kröfur skv. b–d-lið og viðkomandi kröfuhafar fallast ekki sjálfviljugir á lækkun krafnanna er ekki unnt að koma greiðsluaðlögun í kring. Kröfueigendur þessara krafna hafa því í raun neitunarvald um það hvort greiðsluað-

lögun komist á. Umsjónarmaður getur krafist skýringa frá viðkomandi kröfuhöfum fallist þeir ekki á lækkun krafna sinna.

Þá er í 24. gr. kveðið á um það að sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndi ekki skattstofn og skerði ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Í lokamálsgrein greinarinnar er kveðið á um skyldu skuldara til að koma því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt greiðsluaðlögun í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með umdeildar kröfur við greiðsluaðlögun, en þegar skuldari leitar eftir greiðsluaðlögun kunna að vera til staðar kröfur á hendur honum sem eru umdeildar. Þá kunna slíkar kröfur að falla á hann á greiðsluaðlögunartímabilinu. Í slíkum tilvikum ber að taka frá fjárhæð sem hefði farið til að greiða kröfurnar ef þær hefðu verið viðurkenndar. Ef ekki hefur verið gerður reki að því að fá skorið úr gildi kröfunnar með málshöfðun eða öðrum aðgerðum innan sex mánaða frá því greiðsluaðlögun var samþykkt skal skipta fjármununum milli annarra kröfuhafa.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um tryggingarkröfur, þ.e. þau tilvik þar sem skuldari er skuldbundinn til að greiða fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sem hann hefur gefið áður en meðferð beiðni um greiðsluaðlögun hófst en skylda samkvæmt yfirlýsingunni er ekki orðin virk þegar greiðsluaðlögun tekur gildi. Í slíkum tilvikum er lagt til að ekki skuli gert ráð fyrir skuldbindingunni við greiðsluaðlögunina. Ef ábyrgðarskuldbindingin verður virk síðar er möguleiki að breyta greiðsluaðlöguninni í samræmi við ákvæði frumvarpsins þar um. Þá er gert ráð fyrir að skuldari greiði sama hlutfall á skuld samkvæmt ábyrgðinni og hann greiðir af óveðtryggðum kröfum samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

Um 27. gr.

Í 27. og 28. gr. er kveðið á um heimild til breytinga á greiðsluaðlögun, en á greiðsluaðlögunartímanum getur ýmislegt komið upp sem breytir aðstæðum og leiðir til þess að endurskoða þarf forsendur greiðsluaðlögunar.

Í 27. gr. er kveðið á um heimild skuldara til að krefjast þess að gerðar verði breytingar á skilmálum greiðsluaðlögunar.

Skilyrði þess að skuldari geti óskað eftir því að gerðar verði breytingar á skilmálum greiðsluaðlögunar eru að á greiðsluaðlögunartímabilinu komi upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt greiðsluaðlöguninni. Kröfu skuldara skal ekki taka til greina ef tilefni breyttra forsendna verður rakið til óábyrgrar hegðunar hans. Hér koma því einkum til skoðunar tilvik eins og þau þar sem skuldari verður fyrir slysi, viðvarandi atvinnuleysi, o.s.frv. Þetta þarf þó að meta hverju sinni.

Ef fram kemur krafa, sem stofnaðist áður en umsókn skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar var samþykkt og skuldara var ekki kunnugt um þegar skilmálar greiðsluaðlögunar voru ákveðnir og greiðsluaðlögunin tekur ekki til, getur skuldari gert kröfu um að krafan verði felld undir greiðsluaðlögun. Uppfylli krafan skilyrðin um að heimilt sé að fella hana undir greiðsluaðlögun og það er samþykkt eða umboðsmaður skuldara eða héraðsdómur kveða á um það skal greitt af henni í samræmi við það sem verið hefði ef hún hefði verið

hluti af skilmálunum í upphafi. Aðeins er greitt af henni frá þeim tíma sem breyting á skilmálum greiðsluaðlögunar tekur gildi. Skuldara er hins vegar óheimilt að greiða kröfuna utan greiðsluaðlögunar, nema fyrir liggi samþykki allra kröfuhafa.

Áður en skuldari krefst breytinga á greiðsluaðlögun samkvæmt þessari grein skal hann hafa leitað eftir samkomulagi þar um við aðra kröfuhafa. Náist slíkt samkomulag skal það borið undir umboðsmann skuldara, sem skal samþykkja það nema í sérstökum undantekningartilfellum. Ef ekki næst samkomulag getur skuldari lagt til við umboðsmann skuldara eða héraðsdóm að skilmálum greiðsluaðlögunar verði breytt samkvæmt kröfu skuldara, eftir því hvort um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun hefur verið að ræða.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er fjallað um tilvik þegar kröfuhafi getur lagt fram kröfu um breytingu á skilmálum greiðsluaðlögunar á greiðsluaðlögunartímabilinu. Þetta getur einkum orðið þegar fjárhagsstaða skuldara hefur batnað mikið frá því sem var þegar skilmálar greiðsluaðlögunar voru samþykktir. Ekki geta kröfuhafar sett fram slíka kröfu nema fjárhagsstaða skuldara hafi batnað verulega. Hvort fjárhagsstaða skuldara hafi breyst svo, að það veiti kröfuhöfum möguleika á því að gera slíka kröfu, þarf að meta hverju sinni. Við skýringu á þessari grein verður þó að horfa til þess að greiðsluaðlögun var komið á miðað við fjárhagsstöðu skuldara á þeim tíma. Hugsunin er sú að skuldari geti endurskipulagt fjármál sín og byrjað upp á nýtt. Greinina má ekki skýra á þann hátt að það letji skuldara til að afla eins mikilla tekna og honum er kostur. Því skal ekki taka tillit til þess ef fjárhagsstaða skuldara batnar vegna eigin vinnu skuldara eða bættra launakjara hans, nema um verulega aukningu tekna sé að ræða.

Þegar skuldarinn fær háa eingreiðslu á greiðsluaðlögunartímabilinu, t.d. arf eða annað þess háttar, getur kröfuhafi krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða að fullu milli kröfuhafa án þess að greiðsluaðlöguninni sé breytt að öðru leyti. Þá er sama afborgunarfjárhæð greidd áfram en kröfuhafar fá hlutdeild í ávinningnum samkvæmt samkomulagi við skuldara eða ákvörðun umboðsmanns skuldara eða héraðsdóms.

Ef skuldari stendur ekki við þær skuldbindingar sem á honum hvíla, og skýringar verða raktar til aðstæðna sem skuldari hefur stjórn á, geta kröfuhafar krafist riftunar eða ógildingar á greiðsluaðlögun skv. 3. mgr. ákvæðisins. Ef greiðsluaðlögun er rift eða hún ógilt verður réttarstaðan eins og greiðsluaðlögun hafi aldrei komist á.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um málsmeðferð þegar skuldari eða kröfuhafar krefjast breytinga, riftunar eða ógildingar á greiðsluaðlögun, sbr. 27. og 28. gr. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um upplýsingaskyldu skuldara gagnvart kröfuhöfum. Lagt er til að skuldara verði skylt að upplýsa kröfuhafa innan sanngjarns tíma og á tryggan hátt um aðstæður sem upp koma og skuldari veit eða má vita að veita kröfuhöfum rétt til að ógilda eða rifta greiðsluaðlögun.

Um 31. gr.

Í 31. gr. frumvarpsins er kveðið á um skráningu greiðsluaðlögunar og fleiri atriði sem huga þarf að þegar greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að umsjónarmaður skuli óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði skráð í þinglýsingabækur og aðrar opinberar bækur vegna fasteigna, skipa, lausafjár og bifreiðar, sem eru í eigu skuldara. Þetta á við um þær eignir skuldara sem skráðar eru á hans nafn. Veðbönd á eignum sem umsjónarmaður ákveður að selja og eru seldar meðan leitað er greiðsluaðlögunar falla niður. Meðan leitað er greiðsluaðlögunar, og á greiðsluaðlögunartímabilinu sjálfu, getur kröfuhafi ekki fengið þinglýst betri rétti en hann hafði þegar umboðsmaður skuldara samþykkti umsókn um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt hefst ákveðið ferli sem miðar að því að gera upp fjárhag skuldara með það að leiðarljósi að jafnvægi náist milli greiðslugetu og skulda skuldara, miðað við fjárhagsstöðuna eins og hún var þegar heimild var veitt. Samningskröfuhafar geta því ekki fengið stöðu veðkröfuhafa eftir að samþykki sýslumanns liggur fyrir. Kröfuhafar geta ekki fengið tryggingarétt í eignum skuldara eftir að umsókn skuldara hefur verið samþykkt. Skráning að frumkvæði umsjónarmanns í þinglýsingabækur um að heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar liggi fyrir er gjaldfrjáls.

Enn fremur skal umsjónarmaður þinglýsa athugasemd um það að greiðsluaðlögunarumleitanir hafi verið felldar niður eða að greiðsluaðlögun hafi verið komið á, hvort sem um er að ræða frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun, og hversu langt greiðsluaðlögunartímabilið er. Skráningar af þessu tagi eru einnig gjaldfrjálsar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um það að umboðsmaður skuldara skuli halda skrá yfir alla sem fengið hafa heimild til greiðsluaðlögunar. Í 3. mgr. er kveðið á um það að þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið skuli yfirvöld og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun, enda eru það einu upplýsingarnar sem ástæða er fyrir stjórnvöld og eftirlitsaðila að halda utan um varðandi greiðsluaðlögun. Aðrar upplýsingar á ekki að skrá í opinberar bækur. Oft getur verið um að ræða persónulegar upplýsingar sem engin ástæða er til að yfirvöld haldi utan um með því að skrá þær sérstaklega. Annars er félags- og tryggingamálaráðherra ætlað að setja nánari ákvæði um meðferð þessara upplýsinga í reglugerð.

Um 32. gr.

Eftir að greiðsluaðlögunartímabili er lokið getur skuldari krafist aflýsinga á veðkröfum, sem falla niður eftir að tímabilinu er lokið samkvæmt skilmálum greiðsluaðlögunar. Forsendan er sú að skuldari hafi staðið við sínar skuldbindingar. Við aflýsingu skal skuldari leggja fram samning samkvæmt frjálsri greiðsluaðlögun eða staðfestan úrskurð dómara um þvingaða greiðsluaðlögun. Skuldari á rétt á því að fá kvittun frá kröfuhafa um að hann hafi staðið við sínar skuldbindingar ef nauðsyn krefur, en annars eiga kvittanir um greiðslur samkvæmt skilmálum greiðsluaðlögunar að duga til að fá veðkröfum aflýst.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er fjallað um skiptingu söluandvirðis eigna þegar greiðsluaðlögun hefur ekki komist á. Á ákvæðið við þegar sú staða er uppi að eignir skuldara séu seldar á því tímabili sem leitað er greiðsluaðlögunar, án þess að greiðsluaðlögun komist á síðar. Umsjónarmaður hefur tvo möguleika meðan leitað er greiðsluaðlögunar, í þeim tilvikum þegar hann þarf að fá mat á virði eigna skuldara. Hann getur selt eignir skv. 14. gr. og fengið söluandvirðið greitt, eða metið þær sérstaklega til virðis, en þá falla kröfur sem eru utan virðingar í hóp samningskrafna. Ef umsjónarmaður velur að selja eign, áður en fullljóst er að greiðsluaðlög-

un komist á, færist áhættan af sölunni yfir á skuldara. Eign kann með öðrum orðum að verða seld án þess að greiðsluaðlögun komist á.

Í slíkum tilvikum skal umboðsmaður skuldara skipta þeim fjármunum sem lagðir hafa verið til hliðar á milli kröfuhafa í samræmi við reglur ákvæðisins.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um ábyrgð skuldarans á útgjöldum ef hann af ásetningi eða gáleysi, og án tilefnis, stofnar til greiðsluaðlögunarmáls með því að leggja fram umsókn um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Enda er eðli málsins samkvæmt eðlilegt að skuldari beri fjárhagslega ábyrgð á slíkum útgjöldum. Kostnaður sem sýnt er fram á að féll til vegna hegðunar skuldara fellur að öllu leyti á hann.

Um 35. gr.

Í 35. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að umboðsmaður skuldara beri kostnað af meðferð umsókna um greiðsluaðlögun og starfa umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að kröfuhafar greiði þann kostnað sem á þá fellur af meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og framkvæmd hennar. Þá er kveðið á um það að kostnaður vegna sölu eigna skuli greiðast af söluandvirði þeirrar eignar sem seld er. Loks er í ákvæðinu að finna heimild fyrir félags- og tryggingamálaráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um greiðslu málskostnaðar.

Um 36. gr.

Hér er kveðið á um það hvað verður um kröfur sem ekki hefur verið tilkynnt um. Lagt er til að samningskröfur, sem stofnuðust áður en heimild var veitt til að leita greiðsluaðlögunar og skuldari var ekki krafinn um að greiða meðan á greiðsluaðlögunartímabili stóð með því að kröfu væri lýst í kjölfar auglýsingar um innköllun eða að niðurstöðu frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar var ekki breytt á greiðsluaðlögunartímabilinu að beiðni kröfuhafa, falli niður að greiðsluaðlögunartímabili loknu. Örlög slíkra krafna eru hin sömu og samningskrafna sem falla niður að loknu greiðsluaðlögunartímabili í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunar.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. 9. gr. laga um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, frá þeim tíma sem frumvarp þetta öðlast gildi. Þá er lagt til að 1. júní 2011 verði breytingar á þremur öðrum lagabálkum. Lagt er til að X. kafli a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., falli brott. Einnig er lagt til að lög nr. 65/1996, um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, falli brott. Loks er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sem nauðsynlegt er að gera vegna brottfalls X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þrátt fyrir að frumvarp þetta verði samþykkt verði áfram unnt að sækja um greiðsluaðlögun á grundvelli X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og óska eftir réttaraðstoð á grundvelli laga nr. 65/1996 til ársloka 2010, en gert er ráð fyrir að meðferð umsókna á grundvelli framangreindra laga verði lokið fyrir 1. júní 2011. Ástæða þessa er að mikilvægt er að lagaskil verði ekki til þess að tafir verði á skilvirkri meðferð greiðsluaðlögunarumsókna.

Einnig er gert ráð fyrir að lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði gildi áfram og að skuldarar geti valið hvaða leið hentar hverjum og einum best.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda sem flestum að komast í gegnum þá erfiðleika sem gjaldmiðla- og bankahrunið hafa valdið heimilum landsins. Samhliða eru lögð fram tvö önnur frumvörp sem í grunninn hafa sama markmið en hvort um sig tekur á sérstökum viðfangsefnum. Það eru frumvarp til laga um umboðsmann skuldara og frumvarp til laga um breytingar á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Með þessu frumvarpi verður einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum gert kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirséða framtíð.

Lagt er til að einstaklingur sem orðinn er ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar geti lagt inn umsókn hjá umboðsmanni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og að sú þjónusta verði veitt án endurgjalds. Samkvæmt frumvarpinu nær greiðsluaðlögun til allra fjárskuldbindinga skuldara og miðast við að greitt sé hlutfallslega jafnt af öllum kröfum en á því eru gerðar fáeinar undantekningar. Þær kröfur sem ekki falla undir greiðsluaðlögun eru skuldir sem tryggðar eru með veði í eignum sem skuldarinn heldur eftir, opinber gjöld sem falla til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar var veitt, meðlags- og lífeyrisgreiðslur að undanskilinni meðlagsskuld við hið opinbera, fésektir vegna dóma sem eru yngri en þriggja ára og skaða- og miskabætur samkvæmt dómum. Námslán eru undanþegin greiðsluaðlögun en þó er gert ráð fyrir að afborganir falli niður á greiðsluaðlögunartímanum. Þá getur umsjónarmaður ákveðið að greitt skuli hærra hlutfall af tilteknum skuldum ef rík ástæða þykir til. Undir greiðsluaðlögun getur fallið alger eftirgjöf krafna, hlutfallsleg lækkun þeirra, gjaldfrestur á þeim, greiðsla þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist reglulega á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn og nær hún bæði til samningskrafna og allra veðkrafna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að umsjónarmaður geti farið fram á sölu fasta- og lausafjármuna telji hann það sanngjarnt og/eða nauðsynlegt. Þá er lagt til í frumvarpinu að greiðsluaðlögunartímabilið skuli að jafnaði vara í þrjú

til fimm ár og í tilvikum þvingaðrar greiðsluaðlögunar verði öll meðferð mála hjá einum héraðsdómstóli í stað allra eins og er í gildandi lögum. Með þessu er staða skuldarans styrkt til muna, allt greiðsluaðlögunarferlið einfaldað, hraði málsmeðferða aukinn og komið á samræmi í meðferð greiðsluaðlögunarmála.

Samkvæmt gildandi lögum geta einstaklingar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Það gera þeir með því að sækja um greiðsluaðlögun samningskrafna á grundvelli X. kafla laga um gjaldþrotaskipti og um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á grundvelli laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Í núgildandi lögum er eingöngu gefinn kostur á greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna í íbúðarhúsnæði en ekki annarra veðkrafna. Frumvarpið miðar að því að einstaklingar leiti til umboðsmanns skuldara frekar en að leita eftir nauðasamningum til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla laga um gjaldþrotaskipti þótt áfram verði hægt að sækja um greiðsluaðlögun á grundvelli þeirra laga og óska eftir réttaraðstoð á grundvelli laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðarsamninga til ársloka 2010. Meðferð umsókna á þeim grundvelli skal vera lokið fyrir 1. júní 2011 en þá er gert ráð fyrir að þessi lagaákvæði falli brott.

Án þess að nákvæmar áætlanir liggi fyrir má gera ráð fyrir að frumvarpið hafi meiri áhrif til hækkunar en lækkunar útgjalda ríkissjóðs. Á þetta helst við um nýtt embætti umboðsmanns skuldara sem áformað er að stofna á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem í kjölfarið verður lögð niður. Veldur þar helst að samkvæmt frumvarpinu mun greiðsluaðlögunin ná til allra fjárskuldbindinga skuldarans með fáeinum undantekningum. Með því fjölgar þeim sem eiga kost á úrræðinu en engar tölur liggja fyrir um það hve stór þessi hópur gæti verið. Á móti kemur að lögfesting frumvarpsins ætti að létta álagi af dómstólum landsins þar sem heimild til að leita greiðsluaðlögunar og afgreiðsla umsókna verður samkvæmt frumvarpinu að hluta færð frá þeim til umboðsmanns skuldara. Þá færist kostnaður vegna umsjónarmanna að stærstum hluta til umboðsmanns skuldara og að ári liðnu verður þessi kostnaður alfarið hjá því embætti. Einnig gæti ríkissjóður þurft að afskrifa einhver eldri gjöld eða innheimtu þeirra seinkar enn frekar vegna greiðsluaðlögunarinnar. Áhrif frumvarpsins á útgjöld lánastofnana í eigu ríkissjóðs eru líklegast óveruleg en hins vegar gæti frumvarpið haft áhrif á fjárstreymi og afskriftir þeirra og þá einna helst hjá Íbúðalánasjóði þar sem langstærsti hluti skulda einstaklinga eru fasteignalán og sjóðurinn er stærsti lánveitandi slíkra lána. Þá gæti frumvarpið haft neikvæð áhrif á fjárstreymi hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar sem gert er ráð fyrir að umsjónarmenn mælist til þess að afborganir verði frystar meðan á greiðsluaðlögun stendur en ekki er gert ráð fyrir að komi til afskrifta hjá lánasjóðnum þar sem námslán eru ekki meðal fjárskuldbindinga sem greiðsluaðlögunin nær til.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að óvíst er um hver fjárhagsleg áhrif af lögfestingu þessa frumvarps verða á ríkissjóð. Ræður þar mestu að ekki liggja fyrir áætlanir um það hversu mikið eftirspurn eftir greiðsluaðlögunarúrræðum gæti aukist umfram það sem annars yrði. Unnið er að samantekt gagna og frekari greiningu fjárhagslegra áhrifa frumvarpsins á ríkissjóð og fjármálastofnanir í hans eigu en niðurstöður liggja enn ekki fyrir.

951. Frumvarp til laga [561. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. kafli, **Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.**

2. gr.

Í stað orðanna „lögum þessum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: þessum kafla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lögum þessum“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: þessum kafla.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Greiðsluaðlögun skal einnig taka til skulda sem skuldari stofnaði til vegna kaupa á fasteigninni, sbr. 2. mgr., og sem sannanlega runnu til greiðslu kaupverðs hennar eða nauðsynlegra endurbóta á henni í tengslum við kaupin, en sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila. Slík veðréttindi og kröfur að baki þeim eru í lögum þessum nefnd lánsveð og þinglýstir eigendur þeirrar fasteignar sem lánsveð hvílir á sameiginlega nefndir lánsveðsali. Greiðsluaðlögun getur jafnframt náð til skulda sem stofnað er til í nafni lánsveðsala en til hagsbóta fyrir skuldara í þeim tilgangi sem getið er í 1. málsl. enda færi skuldari sönnur á slíkt. Þá er og skilyrði að lánsveði sé þinglýst á þá fasteign sem það hvílir á.

Hvarvetna í þessum kafla þar sem er fjallað um stöðu skulda eftir veðröð í fasteigninni skal raða lánsveðum í veðröð fasteignarinnar eftir þeirri dagsetningu þegar lánsveðinu var þinglýst á fasteign lánsveðsala. Þannig gengur lánsveð framar yngri veðréttindum í fasteign skuldara nema um lögveðsréttindi sé að ræða. Sé greiðsluaðlögun ætlað að taka til lánsveðs skal hugtakið veðhafi í þessum kafla einnig ná til veðhafa þess lánsveðs.

4. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu upplýsingar skal veita um lánsveð ef leitað er greiðsluaðlögunar vegna þess.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Um meðferð hennar fyrir dómi og heimild til málskots gilda sömu reglur og um meðferð beiðni um þvingaða greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga.
b. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Taki héraðsdómari til greina beiðni skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni. Um skipun og stöðu umsjónar-

manns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fastar mánaðargreiðslur mega þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmannsins að svari til þeirrar húsaleigu sem skuldara er kleift að greiða og hæfileg getur talist með tilliti til aðstæðna hans.
b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Einnig skal boða lánsveðsala ef við á.

7. gr.

Á eftir orðunum „Umsjónarmaður lætur skuldaranum“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: og lánsveðsala.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „veði í þeirri fasteign“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða lánsveði.
b. Í stað orðanna „eftirstöðvum veðskulda á fasteigninni sem hún varðar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eftirstöðvum veðskulda á fasteigninni og lánsveði sem greiðsluaðlögun varðar.
c. Á eftir orðunum „hvíla á fasteigninni“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og lánsveði.
d. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þær ráðstafanir ná einnig til lánsveða sem greiðsluaðlögunin tekur til og ræðst rétthæð þeirra í veðröð af ákvæðum 6. mgr. 2. gr.
e. Á eftir orðunum „alla veðhafa“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: og lánsveðsala.
f. Á eftir 2. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Kröfur á hendur skuldara, er standa að baki þeim veðréttindum sem afmáð eru af fasteigninni eða lánsveði, falla niður á sama hátt og gildir um greiðsluaðlögun einstaklinga.

9. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma þrír nýir kaflar, II. kafli, **Tímabundin úrræði einstaklinga er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota,** með sex nýjum greinum (13.–18. gr.), III. kafli, **Ráðstöfun afborgana lánasamninga einstaklinga við fjármálafyrirtæki,** með tveimur nýjum greinum (19. og 20. gr.), og IV. kafli, **Sameiginleg ákvæði,** með einni nýrri grein (21. gr.), sem orðast svo:

a. (13. gr.)

Ákvæði þessa kafla fjalla um tímabundið úrræði sem einstaklingar, er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili, geta óskað eftir til að ráðstafa annarri fasteigninni til veðhafa. Nema annað komi fram vísar orðið greiðsluaðlögun í þessum kafla til þessa úrræðis og þeir sem hennar óska sameiginlega nefndir skuldari.

Einstaklingur sem fyrir 7. október 2008 hafði fest kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, og átti á sama tíma fasteign sem hann hafði ekki selt getur lagt inn skriflega umsókn til embættis umboðsmanns skuldara um greiðsluaðlögun þeirra veðkrafna sem getið er í 3. mgr. 2. gr. og hvíla á báðum þessum fasteignum, enda hafi þær báðar verið óslitið í hans eigu frá tilgreindu tímamarki. Enn fremur verður sá sem óskar greiðsluaðlögunar að uppfylla skilyrði 1. mgr. 2. gr. að því er báðar fasteignir varðar. Þá verður önnur fasteignin að uppfylla skilyrði 2. mgr. 2. gr. en sú sem ekki uppfyllir þau skilyrði verður annaðhvort að hafa áður uppfyllt skilyrðin, næst á undan þeirri fasteign sem uppfyllir skilyrðin, eða skuldari hefur fest kaup á henni með það í huga að halda heimili sitt þar. Hvíli engar veðkröfur á annarri hvorri fasteigninni skal umsókn skuldara vísað frá.

Í skriflegri umsókn til embættis umboðsmanns skuldara skal einkum greint frá eftirtöldu:

1. Nafni skuldara, kennitölu og lögheimili.
2. Hvaða fasteignir beiðnin varðar, hverjir þinglýstir eigendur þeirra eru, hverjir eiga þar lögheimili, hver stærð þeirra er og eftir atvikum nánari lýsing þeirra.
3. Hvaða skuldir hvíla á fasteignunum, en í greinargerð um þær skal lýst nákvæmlega meðal annars tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvum, greiðsluskilmálum, ákvæðum um vexti og verðtryggingu, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu.
4. Hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.

Með beiðni skulu fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum sem í 2. og 3. mgr. greinir, en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans. Með umsókn skal fylgja verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á báðum fasteignum.

b. (14. gr.)

Umboðsmaður skuldara skal taka afstöðu til umsóknar skv. 13. gr. á grundvelli ákvæða um rannsóknarskyldu hans í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og er honum m.a. heimilt að krefjast frekari gagna og upplýsinga með umsókn.

Umboðsmaður skuldara hafnar umsókninni ef svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef beiðni er ekki gerð á fullnægjandi hátt eða nauðsynleg gögn fylgja henni ekki.
2. Ef veruleg ástæða er til að ætla að upplýsingar í beiðni séu ekki réttar.
3. Ef ætla má að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar.
4. Hafi skuldari hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma þegar til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað.
5. Hafi verið stofnað til skulda á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
6. Hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.
7. Skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til félags- og tryggingamálaráðherra innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun

umboðsmanns skuldara. Ekki er unnt að kæra til ráðherra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn.

Meðan á greiðsluaðlögun stendur verður ekki stofnað til samningsveðs í þeim fasteignum sem hún nær til. Á tímabili greiðsluaðlögunar verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteigninni nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfallið hefur eftir upphaf hennar.

c. (15. gr.)

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn skuldara um að leita greiðsluaðlögunar skal umboðsmaður skuldara þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun er uppfyllir þær hæfiskröfur sem gerðar eru til umsjónarmanna samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þegar umsjónarmaður hefur verið skipaður skal hann tafarlaust kveðja skuldara á sinn fund og leita eftir þörfum frekari upplýsinga til undirbúnings á greiðsluaðlögun.

Umsjónarmaður skal í samráði við skuldara gera frumvarp til greiðsluaðlögunar þar sem greint er frá eftirtöldu:

1. Hverjar skuldirnar eru sem greiðsluaðlögun er ætlað að taka til, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er, sundurliðuð annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til greiðsluaðlögunar.
2. Tillögu um ráðstöfun annarrar fasteignarinnar til veðhafa en að skuldari haldi eftir hinni fasteigninni þannig að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á þeirri fasteign nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til 80–110% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði, sbr. og 16. gr.

d. (16. gr.)

Í frumvarpi til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður gera tillögu um hvorri fasteign skuldara skal ráðstafað til veðhafa en hinni skal skuldari halda eignarrétti yfir. Við gerð tillögunnar skal umsjónarmaður eftir atvikum taka mið af sjónarmiðum sem gilda um sölu eigna skuldara samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Veðkröfur á hvorri fasteign fyrir sig skulu almennt halda gildi sínu og skulu ekki færðar á milli þeirra, nema ljóst sé að viðmiðum þeim sem fram koma í 2. tölul. 3. mgr. 15. gr. verður ekki náð.

Umsjónarmaður gerir tillögu um hvaða veðréttindi í báðum fasteignum skuli standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á þeirri fasteign þannig að þessar veðskuldir nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til 80–110% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði. Umsjónarmaður skal ákveða hlutfallið innan þessara marka. Þau veðréttindi sem falla innan þessara marka standa óhögguð á þeirri fasteign sem þau hvíla á, sbr. þó 3. mgr.

Umsjónarmaður skal leitast við að nýta veðrými fasteignanna til hins ýtrasta til að tryggja að veðkröfur þær er standa að baki veðréttindum sem falla utan þeirra marka sem getið er í 2. mgr. á annarri fasteigninni geti staðið innan greindra marka á hinni. Ávallt skal gert ráð fyrir því að veðrými innan markanna verði nýtt til fulls á þeirri fasteign sem áfram verður eign skuldara. Geri umsjónarmaður tillögu um að veðréttindi flytjist milli fasteignanna til að nýta veðrými skal fylgt rétthæð þeirra veðréttinda sem þannig flytjast á milli fasteigna, þannig að þau veðréttindi sem þannig standa fremst í veðröð verði fyrst flutt á milli. Veðréttindi sem þannig eru flutt á milli fasteigna eru eftirstæð þeim veðréttindum sem fyrir eru á þeirri fasteign sem þau flytjast á. Standi veðkrafa að hluta innan markanna og að hluta utan

þeirra skal eftirstöðvum hennar skipt að tiltölu því til samræmis og ákveður þá umsjónarmaður nýjan höfuðstól skuldarinnar sem veðréttindi eru þannig fyrir.

Ef skuldari óskar eftir því í umsókn sinni að greiðsluaðlögun taki einnig til lánsveðs skulu öll skilyrði þar að lútandi í I. kafla laga þessara vera uppfyllt. Jafnframt skulu málsmeðferðarreglur þess kafla um lánsveð, veðhafa og lánsveðsala gilda eftir því sem við getur átt ásamt málsmeðferðarreglum þessa kafla. Umsjónarmaður skal ákveða í frumvarpi til greiðsluaðlögunar, að teknu tilliti til hagsmuna skuldara, lánsveðsala og allra veðhafa, með hvaða hætti greiðsluaðlögun taki til lánsveðs og hefur ákvörðun hans, sbr. 5. mgr. 17. gr., varðandi lánsveð öll sömu réttaráhrif og ákvarðanir um önnur veðréttindi sem greiðsluaðlögunin tekur til.

e. (17. gr.)

Frumvarp til greiðsluaðlögunar skal liggja fyrir innan fjögurra vikna frá skipun umsjónarmanns enda skal hann innan þess tímamarks boða með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsl. 3. mgr. 12. gr. eftir því sem við á. Sé þörf á því að boða til fundar með auglýsingu í Lögbirtingablaði þar sem veðhafi er ókunnur skal heimilt að framlengja frest til að kalla saman veðhafafund um tvær vikur.

Á veðhafafundi kynnir umsjónarmaður fyrirliggjandi gögn og gefur þeim veðhöfum sem fundinn sækja kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Verðmat á fasteignunum sem skuldari hefur aflað skv. 4. mgr. 13. gr. skal lagt til grundvallar nema veðhafi, sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess, fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna. Telji umsjónarmaður að veðhafi eigi hagsmuna að gæta skal hann fresta meðferð máls og heimila veðhafa að leita slíkrar matsgerðar en ella synjar hann frestun meðferðar málsins.

Teljist sýnt, samkvæmt verðmati sem fjallað er um í 2. mgr., að samanlögð fjárhæð veðskulda sé hærri en söluverð fasteignar sem skuldari mun halda eftir, í því hlutfalli sem getið er í 2. mgr. 16. gr., skal umsjónarmaður á fundinum í samræmi við frumvarp til greiðsluaðlögunar gefa veðhöfum, sem eiga veðréttindi í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa, og þeim veðhöfum, sem eiga veðkröfur í þeirri fasteign sem skuldari heldur og eigi njóta veðréttinda samkvæmt frumvarpi til greiðsluaðlögunar, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín þá fasteign með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra. Veðréttindi sem flutt eru milli fasteigna teljast í þessum skilningi réttlægri en veðréttindi sem voru áhvílandi á fasteigninni fyrir greiðsluaðlögun en innbyrðis röð þeirra breytist ekki.

Komi fram á veðhafafundi tilboð skv. 3. mgr. í þá fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa skal þá þegar leitað afstöðu þeirra veðhafa er framar standa í veðröð en tilboðsgjafi. Hafni þeir boðinu skal leitað eftir afstöðu þess veðhafa sem næstur er fyrir framan tilboðsgjafa og þannig koll af kolli. Sé tilboð samþykkt skal veðhafi standa við það innan tveggja vikna ásamt því að leggja til nauðsynleg skjöl vegna eigendaskipta. Sá veðhafi sem á veðkröfu á fyrsta veðrétti skal leysa til sín fasteign sem ráðstafað er til veðhafa ef ekki næst önnur niðurstaða á veðhafafundinum eða ef aðeins einum veðhafa er til að dreifa.

Umsjónarmanni er heimilt að fresta veðhafafundi í skamman tíma og eigi lengur en tvær vikur, án auglýsingar, ef hann telur að slík frestun leiði til samkomulags um frumvarp til greiðsluaðlögunar. Ef ekki næst samkomulag milli veðhafa og skuldara um greiðsluaðlögun ákveður umsjónarmaður hvernig henni skuli háttað og tilkynnir það á veðhafafundinum.

f. (18. gr.)

Í samræmi við niðurstöðu veðhafafundar, sbr. 17. gr., skal umsjónarmaður afmá af fasteignunum veðréttindi sem standa utan marka, sbr. 2. mgr. 16. gr., í veðröð. Um ráðstafanir samkvæmt þessari málsgrein gerir umsjónarmaður yfirlýsingu sem þinglýst skal á fasteignirnar en fyrir hana greiðist ekkert gjald. Kröfur á hendur skuldara, er standa að baki þeim veðréttindum sem afmáð eru af fasteigninni eða lánsveði, falla niður á sama hátt og gildir um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndar ekki skattstofn og skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Rísi ágreiningur um niðurstöðu veðhafafundar geta þeir sem eiga hlut að máli leitað úrlausnar um hana fyrir dómstólum í samræmi við þær reglur, eftir því sem við á, sem gilda samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga um málsmeðferð fyrir dómi vegna þvingaðrar greiðsluaðlögunar.

g. (19. gr.)

Frá 1. júlí 2010 skulu fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, ráðstafa innborgunum einstaklinga vegna samningsbundinna afborgana lánasamninga þeirra við fjármálafyrirtækið þannig að innborgun skal fyrst ráðstafað til lækkunar höfuðstóls, síðan til greiðslu áfallins kostnaðar og að lokum til greiðslu áfallinna vaxta.

h. (20. gr.)

Einstaklingur sem hyggst leita greiðsluaðlögunar samkvæmt ákvæðum laga þessara eða laga um greiðsluaðlögun einstaklinga sökum þess að hann er í vanskilum með afborganir lánasamnings við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, getur áður en slík umsókn er lögð fram gert fjármálafyrirtækinu tilboð um tímabundinn samning aðila er miði að því að lánasamningur verði í skilum í lok samningstímans. Tilboðið skal stutt gögnum þannig að fjármálafyrirtæki sé unnt að taka afstöðu til þess. Tekið skal mið af ákvæðum 3. gr. varðandi upplýsingagjöf til fjármálafyrirtækisins. Í tilboðinu skal tilgreina hversu hátt hlutfall skuldari hyggst greiða af gjaldföllnum greiðslum af höfuðstól, áföllnum kostnaði og vöxtum.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að gera skuldara gagntilboð og skal það rökstutt. Hafni fjármálafyrirtæki tilboði skuldara skal það gert með skriflegum og rökstuddum hætti.

i. (21. gr.)

Heimilt er að beita ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, m.a. um greiðslu málskostnaðar.

10. gr.

Við 13. gr. laganna, er verður 22. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

II. kafli laga þessara fellur úr gildi 31. desember 2011. Ljúka skal afgreiðslu umsókna um greiðsluaðlögun, sbr. 2. mgr. 13. gr., sem berast fyrir þann tíma, samkvæmt ákvæðum II. kafla.

11. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um tímabundin úrræði einstaklinga vegna greiðsluerfiðleika.**

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði félags- og tryggingamálaráðherra og flutt samhliða frumvörpum um greiðsluaðlögun einstaklinga og umboðsmann skuldara. Í frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga er lagt til að lögfestar verði sérstakar reglur um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga. Markmiðið er að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Skilyrði fyrir greiðsluaðlögun er að skuldari sé ófær um að standa í skilum og verði það um fyrirséða framtíð. Hins vegar eru ekki allir skuldarar í þeirri stöðu og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja greiðsluaðlögunarúrræði fyrir einstaklinga sem eru afmarkaðri en hin almenna greiðsluaðlögun einstaklinga. Lúta þau úrræði í fyrsta lagi að greiðsluaðlögun einstaklinga sem setið hafa uppi með tvær fasteignir frá október 2008 vegna kaupa á fasteign til að halda heimili án þess að unnt hafi verið að selja hina eldri. Í öðru lagi eru í frumvarpinu ákvæði um ráðstöfun afborgana af lánasamningum sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki. Þegar eru lögfest ákvæði um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði en lagt er til að við þau verði bætt úrræði er nýst geti þeim sem fengið hafa lánsveð frá þriðja aðila og nýtt það til kaupa á fasteign þar sem þeir halda heimili.

Eftir hrun banka- og fjármálakerfisins haustið 2008 eiga margir í miklum greiðsluvanda enda þótt vandinn verði ekki í öllum tilvikum rakinn til hruns fjármálakerfisins. Fjöldi einstaklinga stendur ekki lengur undir greiðslubyrði lána, sem hefur þyngst mjög undanfarin missiri, enda hafa skuldbindingar fólks í mörgum tilvikum vaxið langt umfram virði eigna sem standa þeim til tryggingar. Með frumvarpinu er ætlunin að ná því markmiði að færa raunvirði fjárskuldbindinga (krafna) að veruleikanum og hraða endurreisn íslensks samfélags eins og kostur er með endurskipulagningu fjárhags einstaklinga.

Að hluta til er markmið frumvarpsins að koma sem flestum í gegnum þær efnahagslegu þrengingar sem þjóðin á nú við að glíma með tímabundnum aðgerðum. Það mun ráða miklu um hvernig til tekst með endurreisn efnahagslífsins hve margir verða færir um að leggja þar gjörva hönd á plóg. Því fleiri sem verða efnahagshruninu að bráð, þeim mun færri verða í stakk búnir til að taka þátt í uppbyggingunni. Hætta er á, ef ekki verður brugðist við, að fjölmargir einstaklingar verði gjaldþrota og þúsundir íbúða endi á nauðungarsölum, með tilheyrandi sóun og eignatapi ásamt félagslegum hörmungum og óróa í samfélaginu. Stjórn- og lagakerfið er heldur ekki undir það búið að takast á við slíka holskeflu.

Með frumvarpi þessu er í raun lögð til viðbót við úrræði laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, auk þess sem lagt er til að nokkrum greinum í gildandi lögum verði breytt til að bæta og skýra réttarstöðu lántakenda. Lagt er til að efnisákvæðum gildandi laga verði skipað í sérstakan kafla, er verði fyrsti kafli laganna. Er síðan lagt til að bætt verði við tveimur nýjum köflum við lögin, er hver um sig hefur að geyma ákveðin úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda en þriðji kaflinn sem lagt er til að bætist við fjallar um sameiginleg ákvæði.

Hafa ber í huga að frumvarpi þessu er ætlað að vera liður í niðurjöfnun þess gífurlega tjóns sem íslenskt samfélag varð fyrir við hrunið og nánar er lýst hér að framan. Enginn einn hópur þjóðfélagsins getur borið slíkt tjón og enginn getur heldur verið ósnortinn af því. Það er skylda ríkisvaldsins að kveða í raun á um niðurjöfnun tjónsins eins og kostur er, t.d. milli skuldara og kröfuhafa eins og gert er í þessu frumvarpi. Um leið er stuðlað að eðlilegu mati

á verðmæti eigna og endurreisn efnahagslífsins hraðað. Mikilvægt er að skapa sátt og samstöðu í þjóðfélaginu í kjölfar þess áfalls sem hrunið er. Úrræði fyrir skuldara, á borð við þau sem hér eru kynnt til sögunnar, eru nauðsynlegur þáttur í slíkri sátt og sönnun þess að litið er til hagsmuna bæði skuldara og kröfuhafa.

Lagt er til að tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði geti einnig náð til svokallaðra lánsveða, þ.e.a.s. þegar íbúðarkaupandi setur veð í fasteign þriðja manns til tryggingar sínu láni eða jafnvel þegar þriðji maður tekur lán og setur fasteign sína að veði til hagsbóta fyrir íbúðarkaupanda. Oft er um það að ræða að foreldrar eða jafnvel afar og ömmur aðstoði börn og barnabörn með þessum hætti við að koma sér upp heimili. Með þessum hætti nær þetta greiðsluaðlögunarúrræði á heildstæðan hátt yfir þær veðkröfur sem íbúðarkaupandi hefur stofnað til vegna kaupa á heimili.

Í nýjum II. kafla er lagt til að lögfest verði tímabundið úrræði til handa einstaklingum er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota. Hér er komið til móts við þann hóp sem hafði fest kaup á fasteign til heimilisnota fyrir 7. október 2008 en hafði ekki náð á sama tíma að selja eldri fasteign sína. Meginskilyrði þess að greiðsluaðlögun, en svo er úrræði þetta nefnt í lögunum, verði veitt er að báðar fasteignirnar hafi verið nýttar eða ætlaðar til nýtingar sem heimili og að sömu aðilar hafi haft óslitið eignarhald þeirra síðan hrunið varð. Gert er ráð fyrir að á grundvelli umsóknar þinglýsts eiganda fasteignanna skipi umboðsmaður skuldara umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Í samstarfi við eiganda gerir umsjónarmaður frumvarp að greiðsluaðlögun sem miðar að því að ákveða markaðsverð beggja fasteigna og á grundvelli þess ákveða hvaða veðkröfur rúmast innan 80–110% af verðmæti hvorrar fasteignar fyrir sig. Er gert ráð fyrir því að þinglýstur eigandi haldi annarri eigninni og að eftir greiðsluaðlögun hvíli veðkröfur allt að framangreindu marki á eigninni. Hinni eigninni er ráðstafað og afsalað til veðhafa í samræmi við rétthæð veðkrafna er hvíla á þeirri fasteign. Líkt og við nauðungarsölu fasteigna falla niður veðkröfur er ekki rúmast innan hinna skilgreindu marka eða eru réttlægri en veðréttindi þess veðhafa sem fasteign er ráðstafað til. Einnig falla niður kröfur á einstakling sem standa að baki þeim veðréttindum sem eru afmáð. Þannig miðar úrræðið að því að sem flestir geti losað sig úr þeirri stöðu að sitja uppi með tvær fasteignir vegna ákvarðana sem teknar voru fyrir hrun um breytingar á húsnæði til heimilishalds. Lagt er til að þetta úrræði falli úr gildi í árslok 2011.

Í nýjum III. kafla eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi ráðstöfunar afborgana inn á lánasamninga. Samkvæmt dómvenju er innborgunum á peningakröfu ráðstafað fyrst til að greiða áfallinn kostnað og vexti og þegar kostnaður og vextir hafa verið greiddir að fullu er innborgun ráðstafað til að greiða niður höfuðstól kröfunnar. Í frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð á þessu en til að byrja með nær breyting bara til ákveðinna krafna fjármálafyrirtækja. Þannig er lagt til að frá 1. júlí 2010 skuli fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, ráðstafa innborgunum einstaklinga vegna samningsbundinna afborgana lánasamninga þeirra við fjármálafyrirtækið þannig að innborgun skuli fyrst ráðstafað til lækkunar höfuðstóls, síðan til greiðslu áfallins kostnaðar og að lokum til greiðslu áfallinna vaxta. Í kaflanum er einnig að finna ákvæði um heimild skuldara, sem er í vanskilum samkvæmt lánasamningi við fjármálafyrirtæki, til að gera kröfuhafa tilboð um tímabundinn samning aðila er miði að því að lánasamningur verði í skilum í lok samningstímans. Slíkur samningur kann að fela í sér eftirgjöf krafna. Hér er boðið upp á úrræði sem kann að nýtast þeim sem ekki eiga í miklum vandræðum og geta með þessum aðgerðum komist hjá viðameiri greiðsluaðlögun. Fjármálafyrirtæki er í sjálfsvald sett hvort það tekur slíku tilboði skuldara en synjun skal vera rökstudd. Sé tilboði hafnað standa skuldara til boða önnur greiðsluaðlögunarúrræði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–4. gr.

Gert er ráð fyrir því að efnisákvæðum gildandi laga, nr. 50/2009, verði skipað í einn kafla en þrír nýir kaflar bætist við lögin. Breytingar á 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laganna eru tilkomnar vegna þessa.

Í b-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að skuldari geti óskað eftir því að greiðsluaðlögun taki einnig til skulda sem hann stofnaði til vegna kaupa á fasteign til að halda heimili og sem sannanlega runnu til greiðslu kaupverðs hennar eða nauðsynlegra endurbóta á henni í tengslum við kaupin, en sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila. Slík veðréttindi og kröfur að baki þeim eru nefnd lánsveð og þinglýstir eigendur þeirrar fasteignar sem lánsveð hvílir á sameiginlega nefndir lánsveðsali. Greiðsluaðlögun getur jafnframt náð til skulda sem stofnað er til í nafni lánsveðsala en til hagsbóta fyrir skuldara í þeim tilgangi sem getið er að framan enda færi skuldari sönnur á slíkt. Þá er og skilyrði að lánsveði sé þinglýst á þá fasteign sem það hvílir á. Ljóst er að meginreglan er að skuldari hafi fengið lánsveð til að standa straum af kaupum á heimili en ekki þykir rétt að útiloka að greiðslujöfnun geti náð til skulda er varið var í nauðsynlegar endurbætur eða innréttingar samhliða heimiliskaupum. Eru viðmið 2. mgr. 2. gr. um hóflegt húsnæði þar til hliðsjónar.

Þá er í b-lið 3. gr. frumvarpsins skilgreint hvar beri að telja lánsveð í veðröð þar sem fjallað um stöðu skulda eftir veðröð í fasteigninni. Raða skal lánsveðum í veðröð fasteignarinnar eftir þeirri dagsetningu þegar lánsveðinu var þinglýst á fasteign lánsveðsala. Þannig gengur lánsveð framar yngri veðréttindum í fasteign skuldara nema um lögveðsréttindi sé að ræða. Þótt hér sé einvörðungu vísað til I. kafla er í lokamálsgrein d-liðar 9. gr. frumvarpsins (er verði 16. gr. laganna) gert ráð fyrir að þessi meginregla gildi einnig um greiðsluaðlögun II. kafla eftir nánari ákvörðun umsjónarmanns. Hugtakið veðhafi nær þannig einnig til veðhafa lánsveðs, hvort sem um er að ræða greiðsluaðlögun samkvæmt ákvæðum I. eða II. kafla.

Breyting á 3. gr. laganna varðar upplýsingagjöf skuldara vegna lánsveðs.

Um 5. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 4. gr. laganna, sbr. a- og b-lið, er nauðsynlegt að gera vegna ákvæða í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga sem, ef það verður að lögum, leiðir til brottfalls X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Þá er gerð tillaga um að yfirstjórn þeirra mála sem lögin fjalla um færist frá dómsmála- og mannréttindaráðherra til félags- og tryggingamálaráðherra.

Um. 6.–7. gr.

Í a-lið 6. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna að fastar mánaðargreiðslur sem umsjónarmaður með greiðsluaðlögun á að reikna út að skuldara sé kleift að greiða á ákveðnu tímabili miðist við hæfilega húsaleigu sem skuldari, í hverju tilviki fyrir sig, getur greitt í stað þess að greiðslan miðist við hæfilega húsaleigu á almennum markaði fyrir eign þá sem um ræðir eins og lögin kveða nú á um. Með þessari breytingu er þess vænst að þetta úrræði nýtist fleirum. Flest rök hníga til þess að rýmka þetta skilyrði, til að auðvelda fólki að halda húsnæði sínu á þeim óvissutímum sem framundan eru. Það er hagur jafnt skuldara og kröfuhafa að áfram sé greitt af áhvílandi veðlánum í samræmi við getu lántaka frekar en að kröfuhafar þurfi að leysa til sín óþarflega margar eignir.

Í b-lið 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu við greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum að lánsveðsali sé boðaður á veðhafafundi.

Breyting samkvæmt 7. gr. frumvarpsins (á 9. gr. laganna) varðar upplýsingagjöf til lánsveðsala.

Um 8. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 12. gr. laganna snúa fyrst og fremst að málmeðferð vegna lánsveða en í e-lið, sbr. 6. mgr. 12. gr. laganna, er fjallað um afmáningu verðréttinda af fasteign sem standa utan þeirra marka í veðröð sem svarar til söluverðs hennar á almennum markaði að viðbættum 10 hundraðshlutum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laganna. Hér er gerð tillaga um að til viðbótar við afmáningu veðréttindanna falli niður þær kröfur á hendur skuldara sem standa að baki þeim. Er þetta til samræmis við sambærileg ákvæði er varða greiðsluaðlögun einstaklinga.

Um 9. gr.

Lagt er til að þrír nýir kaflar bætist við lögin og í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir meginefni og tilgangi þeirra.

Nýr II. kafli fjallar um tímabundið úrræði sem stendur til boða einstaklingum er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota. Lagt er til að efni kaflans verði skipað í sex greinar er verði 13.–18. gr. laganna, sbr. a–f-lið. Hér er gert ráð fyrir að um tímabundið úrræði sé að ræða og því er í 10. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þessi kafli falli úr gildi við árslok 2011.

Nýr III. kafli fjallar um ráðstöfun afborgana lánasamninga einstaklinga við fjármálafyrirtæki. Lagt er til að efni kaflans verði skipað í tvær greinar er verði 19.–20. gr. laganna, sbr. g- og h-lið.

Nýr IV. kafli fjallar um sameiginleg ákvæði. Lagt er til að efni kaflans verði skipað í eina grein er verði 21. gr. laganna, sbr. i-lið.

Um a-lið (13. gr.).

Úrræði það sem lagt er til að tekið verði upp í II. kafla laganna er ætlað til aðstoðar einstaklingum er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum, enda sé eignarhaldið tilkomið vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili án þess að eldri fasteign ætluð til sömu nota hafi verið seld. Úrræðið felst í því að annarri fasteigninni er ráðstafað til veðhafa en hinni heldur sá sem úrræðisins leitar. Nefnist úrræðið greiðsluaðlögun og nær til þeirra veðkrafna sem hvíla á fasteignunum. Sá einstaklingur eða einstaklingar sem leita greiðsluaðlögunar samkvæmt þessum kafla eru nefndir saman skuldari, til samræmis við önnur ákvæði laganna.

Auk þess sem að framan greinir er það skilyrði fyrir því að greiðsluaðlögun verði samþykkt að einstaklingur hafi fest kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, fyrir 7. október 2008 án þess að hafa selt eldri fasteign sína og þær hafi báðar verið óslitið í hans eigu frá þessu tímamarki. Greiðsluaðlögun getur einungis sá einstaklingur nýtt sér sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteigna og hefur forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignirnar í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til greiðsluaðlögunar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá getur greiðsluaðlögun aðeins varðað fasteign þar sem einstaklingur heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða hóflegt húsnæði miðað við þarfir hans og fjölskyldu hans, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Sé fasteignin í sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili. Hin fasteignin sem einstaklingurinn á og greiðsluaðlögun er ætlað að ná til verður annaðhvort að hafa áður uppfyllt framangreind skil-

yrði, næst á undan þeirri fasteign sem uppfyllir skilyrðin, eða einstaklingurinn hefur fest kaup á henni með það í huga að halda heimili sitt þar. Alla jafna er þar átt við byggingarlóðir eða ófullgerðar húseignir sem einstaklingurinn hefur gagngert fest kaup á til að byggja framtíðarheimili og sem ætlaðar eru til slíkrar búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Þá er það enn fremur skilyrði fyrir því að greiðsluaðlögun verði beitt að veðkröfur á skuldara hvíli á báðum fasteignunum. Taka ber hins vegar skýrt fram að gert er ráð fyrir því að skilyrði þeirrar greiðsluaðlögunar sem gert er ráð fyrir að lögfest verði sem II. kafli laganna verði tæmandi talin í lögunum. Þannig þarf einstaklingurinn ekki að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga til að fá samþykki fyrir greiðsluaðlögun.

Gert er ráð fyrir að sá sem óskar greiðsluaðlögunar samkvæmt II. kafla leggi inn skriflega umsókn til embættis umboðsmanns skuldara og eru kröfur um upplýsingar sambærilegar og gerðar eru í I. kafla, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, að undanskildum 4. og 5. tölul., og einnig 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna. Með umsókn skal einnig fylgja verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á báðum fasteignum en í því sambandi er litið til 2. mgr. 12. gr. laganna.

Um b-lið (14. gr.).

Lagt er til að embætti umboðsmanns skuldara taki afstöðu til umsóknar um greiðsluaðlögun á grundvelli almennra ákvæða um rannsóknarskyldu hans sem finna má í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og nýti heimildir í þeim lögum til að krefjast frekari gagna ef svo ber undir.

Lagt er til að ástæður þess að umboðsmaður skuldara geti hafnað umsókn um greiðsluaðlögun taki mið af 1., 2. og 4.–8. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir að tímafrestur umboðsmanns skuldara til að taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara verði tvær vikur, enda liggi fyrir fullbúin umsókn. Kalli umboðsmaður skuldara eftir frekari gögnum eða upplýsingum eftir að umsókn berst telst hún ekki fullbúin fyrr en slíkum erindum hefur verið svarað með fullnægjandi hætti af hálfu skuldara. Gert er ráð fyrir að skuldari geti kært synjun umboðsmanns skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar til félags- og tryggingamálaráðherra innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara en ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn.

Í lokamálgrein er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar varðandi stofnun samningsveða og nauðungarsölur á fasteignum.

Um c-lið (15. gr.).

Verði fallist á greiðsluaðlögun er gert er ráð fyrir að umboðsmaður skuldara skipi umsjónarmann með henni er uppfylli þær hæfiskröfur sem gerðar eru til umsjónarmanna samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Um þóknun hans fer einnig eftir þeim lögum, sbr. i-lið (er verði 21. gr. laganna). Hann skal í samráði við skuldara gera frumvarp til greiðsluaðlögunar og stýra greiðsluaðlögunarferlinu. Í greiðsluaðlögunarfrumvarpi gerir umsjónarmaður tillögu um ráðstöfun annarrar fasteignarinnar til veðhafa en að skuldari haldi eftir hinni fasteigninni þannig að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á þeirri fasteign nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til 80–110% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði.

Um d-lið (16. gr.).

Ekki er gert ráð fyrir því að lögákveðið verði hvorri fasteigninni skuldari haldi eftir heldur að umsjónarmaður skuli gera tillögu um hvorri fasteign skuldara skuli ráðstafað til veðhafa en hinni skuli skuldari halda eignarrétti yfir. Í því sambandi ber umsjónarmanni eftir atvikum að líta til almennra sjónarmiða sem gilda um sölu eigna skuldara samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Almennt er lagt til grundvallar við greiðsluaðlögun að veðkröfur á hvorri fasteign haldi gildi sínu og verði ekki færðar á milli þeirra nema ljóst sé að viðmiðum um að veðskuldir nemi ekki hærri fjárhæð en 80–110% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði verði ekki náð. Ræðst endanlegt hlutfall innan þessara marka af ákvörðun umsjónarmanns. Þau veðréttindi sem falla innan markanna standa óhögguð á þeirri fasteign sem þau hvíla á en umsjónarmaður skal leitast við að nýta veðrými fasteignanna til hins ýtrasta til að tryggja að veðkröfur þær er standa að baki veðréttindum sem falla utan markanna geti staðið innan greindra marka á hinni. Í þessu sambandi þykir eðlileg meginregla að veðrými innan markanna verði nýtt til fulls á þeirri fasteign sem áfram verður eign skuldara. Verði veðréttindi flutt milli fasteignanna til að nýta veðrými skal fylgt rétthæð þeirra veðréttinda sem þannig flytjast á milli fasteigna, þannig að þau veðréttindi sem standa fremst í veðröð þeirra sem flytja á verði fyrst flutt á milli og svo koll af kolli. Standi veðkrafa að hluta innan markanna og að hluta utan þeirra skal eftirstöðvum hennar skipt að tiltölu því til samræmis. Það leiðir af reglu þessarar greinar, um að veðréttindi innan markanna standi óhögguð á hvorri fasteign fyrir sig, að veðréttindi sem flutt eru milli fasteigna eru eftirstæð öllum veðréttindum sem fyrir voru á fasteigninni. Þannig má sem dæmi nefna að ef á annarri fasteigninni hvílir einvörðungu ein veðkrafa sem er umfram mörk þau sem tiltekin eru en á hinni hvíli þrjár veðkröfur innan markanna, hver á sínum veðrétti, og enn sé veðrými til staðar þá væri mögulegt að flytja hluta veðkröfunnar sem hvílir á fyrsta veðrétti á milli fasteigna en sá hluti sem þannig væri fluttur mundi teljast á fjórða veðrétti og þar með eftirstæður hinum.

Í lokamálsgreininni er gerð tillaga um, til samræmis við breytingar á I. kafla, að greiðsluaðlögun geti einnig náð til lánsveðs. Um umsókn og málsmeðferð gilda sömu ákvæði og gilda varðandi lánsveð í I. kafla eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að umsjónarmaður ákveði í frumvarpi til greiðsluaðlögunar, með tilliti til málsmeðferðarreglna I. og II. kafla, hvort lánsveð teljist með veðréttindum á þeirri fasteign sem áfram verður eign skuldara eða hvort það fylgi þeirri fasteign sem ráðstafað er til kröfuhafa. Til dæmis gæti komið til álita að lánsveð kæmi til greiðsluaðlögunar á þeirri fasteign sem áfram verður eign skuldara, eftir að hinni hefur verið ráðstafað til kröfuhafa, ef umsjónarmaður telur það eðlilega niðurstöðu í hverju tilviki fyrir sig. Mundi í slíku tilviki að mestu stuðst við málsmeðferðarreglur I. kafla varðandi þennan þátt. Ljóst er þó að umsjónarmanni er falin sú ábyrgð að gera tillögu um og eftir atvikum ákveða um greiðsluaðlögun lánsveða ef um þau er að ræða.

Um e-lið (17. gr.).

Í þessu ákvæði er að finna málsmeðferðarreglur við greiðsluaðlögun sem umsjónarmanni ber að fylgja. Hliðsjón var höfð af málsmeðferðarreglum 12. gr. laganna. Umsjónarmaður kallar saman veðhafafund innan ákveðinna tímamarka og kynnir þar fyrirliggjandi gögn og gefur veðhöfum kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Þótt veðhafar mæti ekki á fundinn þrátt fyrir boðun eða auglýsingu í Lögbirtingablaði skal umsjónarmaður eigi að síður halda fundinn og taka þær ákvarðanir sem honum ber. Verðmat á fasteignunum sem skuldari hefur aflað skal lagt til grundvallar nema veðhafi, sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess, fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna. Það er

mat umsjónarmanns sem ræður því hvort veðhafi eigi hagsmuna að gæta og sé svo skal hann fresta meðferð máls og heimila veðhafa að leita slíkrar matsgerðar en ella synjar hann frestun meðferðar málsins. Á það fyrst og fremst við þegar umsjónarmaður telur einsýnt að kröfur veðhafa muni ekki falla innan 80–110% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði, þrátt fyrir endurskoðun verðmats og krafa veðhafa um endurskoðun því þýðingarlaus.

Teljist sýnt samkvæmt verðmatinu að samanlögð fjárhæð veðskulda sé hærri en söluverð fasteignar sem skuldari mun halda eftir, sbr. framangreind mörk, skal umsjónarmaður á fundinum og í samræmi við frumvarp til greiðsluaðlögunar gefa veðhöfum, sem eiga veðréttindi í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa, og þeim veðhöfum, sem eiga veðkröfur í þeirri fasteign sem skuldari heldur og eigi njóta veðréttinda samkvæmt frumvarpi til greiðsluaðlögunar, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín þá fasteign með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra. Veðréttindi sem flutt eru milli fasteigna teljast í þessum skilningi réttlægri en veðréttindi sem voru áhvílandi á fasteigninni fyrir greiðsluaðlögun en innbyrðis röð þeirra breytist ekki. Með þessu móti er leitast við að, líkt og í 12. gr. laganna, að gefa öllum veðhöfum kost á því að leysa til sín með framangreindum hætti þá eign sem ráðstafa skal til kröfuhafa, líka þeim sem eiga kröfur utan marka í báðum fasteignum ef því er að skipta. Í ákvæðinu er lýst málsmeðferð varðandi tilboð og ráðstöfun til veðhafa en ef ekki fæst önnur niðurstaða skal sá veðhafi sem á veðkröfu á fyrsta veðrétti leysa til sín fasteign sem ráðstafað er til veðhafa. Sama gildir ef aðeins einum veðhafa er til að dreifa.

Lagt er til að umsjónarmanni verði heimilt að fresta veðhafafundi í allt að tvær vikur ef hann telur að slík frestun leiði til samkomulags um frumvarp til greiðsluaðlögunar. Ekki er gert ráð fyrir að slík frestun sé auglýst öðruvísi en með tilkynningu þar um á veðhafafundi. Samkvæmt ákvæðinu er stefnt að því að samkomulag náist milli veðhafa og skuldara um greiðsluaðlögun en að öðrum kosti ákveður umsjónarmaður hvernig henni skuli háttað og tilkynnir það á veðhafafundinum.

Um f-lið (18. gr.).

Að fenginni niðurstöðu um greiðsluaðlögun er lagt til að umsjónarmaður afmái af fasteignunum veðréttindi sem standa í veðröð utan þeirra marka sem ákveðin voru. Umsjónarmaður geri yfirlýsingu sem þinglýst skal á fasteignirnar en fyrir hana greiðist ekkert gjald. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum 12. gr. laganna. Til viðbótar er hér lagt til að kröfur að baki þeim veðréttindum á hendur skuldara falli niður við afmáningu þessara veðréttinda af fasteigninni á sama hátt og gildir um greiðsluaðlögun einstaklinga. Með þessu er tryggt að greiðsluaðlögunin nái því markmiði að fasteignareigandinn greiði einvörðungu af einni fasteign sem ætluð er til að halda heimili og sú skuldabyrði sem hann beri sé í eðlilegu samræmi við verðmæti fasteignarinnar líkt og almennt er lagt til grundvallar við greiðsluaðlögun. Til samræmis við þær almennu reglur er lagt til að sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndi ekki skattstofn og skerði ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Líkt og í niðurlagsmálsgrein 12. gr. laganna er gert ráð fyrir því að rísi ágreiningur um niðurstöðu veðhafafundar geti þeir sem eiga hlut að máli leitað úrlausnar um hana fyrir dómstólum en ekki er gert ráð fyrir að honum verði áður skotið til æðra stjórnvalds. Hér er lagt til að málsmeðferð fyrir dómi verði í samræmi við þær reglur, eftir því sem við á, sem gilda samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga um málsmeðferð fyrir dómi vegna þvingaðrar greiðsluaðlögunar en ljóst er að einnig kunna að skipta máli þau sjónarmið sem gilda um úrlausn ágreinings um gildi nauðungarsölu.

Um g-lið (19. gr.).

Hér eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi ráðstöfunar afborgana inn á lánasamninga. Samkvæmt dómvenju á Íslandi er innborgunum á peningakröfu ráðstafað fyrst til að greiða áfallinn kostnað og vexti og þegar kostnaður og vextir hafa verið greiddir að fullu er innborgun ráðstafað til að greiða niður höfuðstól kröfunnar. Lagt er til að breyting verði gerð á þessu en til að byrja með taki hún bara til ákveðinna krafna fjármálafyrirtækja. Þannig er lagt til að frá 1. júlí 2010 skuli fjármálafyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, ráðstafa innborgunum einstaklinga vegna samningsbundinna afborgana lánasamninga þeirra við fjármálafyrirtækið þannig að innborgun skuli fyrst ráðstafað til lækkunar höfuðstóls, síðan til greiðslu áfallins kostnaðar og að lokum til greiðslu áfallinna vaxta.

Margir hafa orðið til að gagnrýna framangreinda dómvenju um ráðstöfun á innborgun peningakröfu. Sem dæmi um áhrif þeirrar breytingar sem hér er lögð til má nefna vanefnd á mánaðarlegum afborgunum lánasamnings sem staðið hefur í þrjá mánuði. Er þá áfallinn kostnaður og dráttarvextir vegna þeirra vanefnda. Ef skuldari getur greitt inn á þessa skuld, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur áföllunum kostnaði og dráttarvöxtum, stendur höfuðstóll óbreyttur að lokinni innborgun og áfallandi dráttarvextir reiknast af honum, þrátt fyrir að skuldari sýni fram á vilja til greiðslu, auk þess sem höfuðstóll kann að hafa áhrif á verðtryggingarþátt láns eftir atvikum. Vilji er til að breyta þessu með þeim hætti að innborgun í því dæmi sem hér er tekið verði fyrst ráðstafað til greiðslu höfuðstóls. Engu af greiðslunni er þá ráðstafað til greiðslu kostnaðar eða dráttarvaxta þar sem hún nægir ekki til að greiða niður allan höfuðstólinn. Frá þessum innborgunardegi lækkar höfuðstóll og myndar nýjan stofn til útreiknings dráttarvaxta. Ógreiddir en áfallnir dráttarvextir halda gildi sínu en eru ekki vaxtareiknaðir sérstaklega. Úrræðið nýtist sérstaklega vel þeim sem eiga við tímabundna greiðsluerfiðleika að ræða og geta komið láni í skil innan árs. Vegna ákvæða 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, sem kveður á um að sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skuli þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, er ljóst að höfuðstólsfærsla dráttarvaxta einu sinni á ári leiðir til hækkunar höfuðstóls láns sem er í vanskilum. Í daglegu tali er þetta oft nefndir vaxtavextir. Innan hvers árs reiknast hins vegar ekki neinir vextir af vöxtum, þótt afborgun af láni gangi bara inn á höfuðstól. Þannig eru það rök með þessari lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um að hún feli í sér sanngjarnari máta á ráðstöfun innborgana á peningakröfu en verið hefur auk þess sem hún virki sem hvati á skuldara til að greiða upp vanskil til að lækka höfuðstól og þar með þá refsivexti sem greiðast vegna vanskilanna.

Þess er vænst að fleiri aðilar taki upp þessa ráðstöfun á greiðslum frá skuldara án sérstakra lagafyrirmæla þar um en síðar kunni að verða leidd í lög almennari ákvæði um þetta efni er tækju til stærri hóps og endurskoðuðu dráttarvaxtagreiðslur og ákvarðanir um þær með víðtækari hætti, t.d. með endurskoðun á fyrrnefndri 12. gr. vaxtalaga.

Um h-lið (20. gr.).

Hér er gert ráð fyrir að lögfest verði ákvæði um heimild skuldara, sem er í vanskilum samkvæmt lánasamningi við fjármálafyrirtæki, til að gera kröfuhafa tilboð um tímabundinn samning aðila er miði að því að lánasamningur verði í skilum í lok samningstímans. Slíkur samningur kann að fela í sér eftirgjöf krafna. Hér er boðið upp á úrræði sem kann að nýtast þeim sem ekki eiga í miklum vandræðum og geta með þessum aðgerðum komist hjá viðameiri greiðsluaðlögun. Fjármálafyrirtæki er í sjálfsvald sett hvort það tekur slíku tilboði

skuldara en synjun skal vera rökstudd. Sé tilboði hafnað standa skuldara til boða önnur greiðsluaðlögunarúrræði. Eigi að síður má telja að þessi lögbundna málsmeðferð styrki stöðu skuldara og er því gerð tillaga um að hún verði lögfest.

Um i-lið (21. gr.).

Í ljósi þess að samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp um greiðsluaðlögun einstaklinga og um stofnun embættis umboðsmanns skuldara þykir eðlilegt og stuðla að samræmi í réttarframkvæmd að gera tillögu um að við lausn þeirra úrlausnarefna sem umboðsmanni skuldara eða umsjónarmönnum með greiðsluaðlögun er ætlað að leysa sé unnt að beita sambærilegum eða viðeigandi ákvæðum laga um greiðslulögun einstaklinga ef ekki er fjallað um álitaefnið með beinum hætti í þessum lögum. Þetta gildir meðal annars og eftir atvikum um málskostnað vegna starfa umboðsmanns skuldara, umsjónarmanns með greiðsluaðlögun og þann kostnað sem kröfuhafar bera.

Um 10. gr.

Lagt er til að II. kafli falli úr gildi í árslok 2011, enda er úrræðið eðli málsins samkvæmt tímabundið. Umsóknir um beitingu þessa úrræðis sem berast fyrir þetta tímamark verða þó afgreiddar á grundvelli ákvæða kaflans.

Um 11. gr.

Í ljósi þeirra viðamiklu breytinga sem lagðar eru til á lögunum er hér gerð tillaga um að heiti laganna verði breytt.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda sem flestum að komast í gegnum þá erfiðleika sem gjaldmiðla- og bankahrunið hafa valdið heimilum landsins. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram tvö önnur frumvörp sem í grunni hafa sama markmið en hvert um sig tekur á sérstökum viðfangsefnum. Það eru frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru tvenns konar. Annars vegar er um breytingar á formgerð laganna og hins vegar eru lögð til ný úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum.

Lagt er til að efnisákvæðum gildandi laga verði skipað í sérstakan kafla, er verði fyrsti kafli laganna. Þá er lagt til að bætt verði tveimur nýjum köflum við lögin, er hvor um sig hefur að geyma ákveðin úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda en þriðji kaflinn sem lagt er til að bætist við lögin fjallar um sameiginleg ákvæði. Þar er meðal annars kveðið á um að heimilt sé að beita ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga um greiðsluaðlögun samkvæmt þessum lögum og einnig er kveðið á um að II. kafli laganna falli úr gildi í árslok 2011.

Með nýjum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga eru lagðar til eftirtaldar breytingar. Lagt er til að í kafla II verði lögfest tímabundið úrræði til handa einstaklingum er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota. Hér er komið til móts við þann hóp sem hafði fest kaup á fasteign til heimilisnota fyrir 7. október 2008 en hafði á sama tíma ekki náð að selja eldri fasteign sína. Gert er ráð fyrir að einstaklingurinn leiti til umboðsmanns skuldara sem skipi honum umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni og skal hún miða að því að ákveða markaðsverð beggja fasteigna og á grundvelli þess að ákveða hvaða veðkröfur rúmast innan 80–110% af verðmæti hvorrar fasteignar fyrir sig. Gert er ráð fyrir því að þinglýstur eigandi haldi annarri eigninni og að eftir greiðsluaðlögun hvíli veðkröfur allt að framangreindu marki á henni en hinni eigninni verði ráðstafað og afsalað til veðhafa í samræmi við fjárhæð veðkrafna sem hvíla á fasteigninni. Þær veðkröfur sem ekki rúmast innan markanna eða eru réttlægri en veðréttindi þess veðhafa sem fasteign er ráðstafað til falla niður. Þá falla einnig niður kröfur á þá sem standa að baki þeim veðréttindum sem eru afmáð. Með þessu er reiknað með að sem flestir geti losað sig úr þeirri stöðu að sitja uppi með tvær fasteignir vegna ákvarðana sem teknar voru fyrir hrun en skilyrði fyrir því að einstaklingum verði veitt þetta úrræði er að báðar fasteignirnar hafi verið nýttar eða ætlaðar til nýtingar sem heimili og að sömu aðilar hafi haft óslitið eignarhald þeirra síðan efnahagshrunið varð.

Lagt er til að í kafla III verði kveðið á um fyrirkomulag ráðstöfunar afborgana inn á lánasamninga. Samkvæmt frumvarpinu munu fjármálafyrirtæki ráðstafa innborgunum einstaklinga vegna afborgana lánasamninga við fjármálafyrirtækið þannig að innborgun gangi fyrst til lækkunar höfuðstóls, síðan til greiðslu áfallins kostnaðar og að lokum til greiðslu áfallinna vaxta en samkvæmt dómvenju er innborgunum á peningakröfu ráðstafað fyrst til að greiða að fullu áfallinn kostnað og vexti og að lokum er því sem eftir er ráðstafað til greiðslu höfuðstóls kröfunnar. Til að byrja með gildir þetta ákvæði eingöngu um ákveðnar kröfur fjármálafyrirtækja. Þá er gert ráð fyrir að lögfest verði ákvæði um heimild skuldara, sem er í vanskilum með lánasamning, að gera kröfuhafa tilboð um tímabundinn samning er miði að því að lánssamningur verði í skilum í lok samningstímans. Þetta úrræði er hugsað fyrir þá einstaklinga sem ekki eru í miklum vandræðum og geta með þessu komist hjá viðameiri aðgerðum sem færu þá í gegnum umboðsmann skuldara.

Fjárhagsleg áhrif frumvarpsins, verði það óbreytt að lögum, á ríkissjóð og fjármálastofnanir í hans eigu eru óljós. Annars vegar má gera ráð fyrir neikvæðum áhrifum á útgjöld, eignastöðu og fjárstreymi vegna aukins álags á umboðsmann skuldara og mögulegra afskrifta vegna greiðsluaðlögunar, hins vegar létta önnur ákvæði frumvarpsins álagið á umboðsmann skuldara og styrkja stöðu Íbúðalánasjóðs þegar innborgun inn á höfuðstól fær forgang fram fyrir greiðslu áfallins kostnaðar. Unnið er að frekari greiningu fjárhagslegra áhrifa ákvæða frumvarpsins á ríkissjóð og fjármálastofnanir í hans eigu en niðurstöður liggja enn ekki fyrir.

952. Frumvarp til laga [562. mál]

um umboðsmann skuldara.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Umboðsmaður skuldara er ríkisstofnun sem gæta skal hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Embætti umboðsmanns skuldara heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra.

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
c. fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar,
d. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi,
e. gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim,
f. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

2. gr.

Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn. Skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina.

Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til ráðherra, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

3. gr.

Umboðsmaður skuldara getur krafið stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati stofnunarinnar eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Stofnunin getur þó ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

4. gr.

Umboðsmanni skuldara og starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5. gr.

Lánastofnanir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið rennur beint til umboðsmanns skuldara og skal innheimt af stofnuninni.

Álagning gjaldsins skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Gjaldið skal greitt ársþriðjungslega fyrir fram með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Ef gjald er greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Hefji lánastofnun starfsemi eftir að álagning fer fram miðast álagning gjaldsins við næsta gjalddaga eftir að starfsemi lánastofnunarinnar hófst.

Fyrir 1. júní ár hvert skal umboðsmaður skuldara gera áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Skulu lánastofnanir hafa umsagnarrétt um áætlunina. Áætlunina skal leggja fyrir ráðherra til samþykktar. Samþykki ráðherra áætlunina skal miða álagningu gjaldsins við hana. Miða skal við að lánastofnanir greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi umboðsmanns skuldara skal hann ganga upp í gjald næsta árs í hlutfalli við álagt gjald. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu gjalda á næsta ári.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar.

6. gr.

Umboðsmaður skuldara gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Skýrsluna skal birta opinberlega.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfsmenn annarra ríkisstofnana sem kunna að verða lagðar niður skulu njóta forgangs til starfa hjá umboðsmanni skuldara.

II.

Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal háttað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við áætlun sem umboðsmaður skuldara gerir eins

fljótt og auðið er eftir að lögin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar af rekstri umboðsmanns skuldara innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn embætti umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að það verði byggt á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Fjárhagsstaða margra einstaklinga hefur versnað mjög á síðustu misserum og ljóst er að lítið má út af bregða hjá mörgum skuldsettum heimilum ef ekki á illa að fara. Þessa stöðu má ekki síst rekja til bankahrunsins í október 2008, gengislækkunar krónunnar sem haft hefur þau áhrif að verðlag hefur hækkað sem komið hefur af stað verðbólgu, sem leiðir til hækkunar á afborgunum verðtryggðra lána. Óhagstætt gengi krónunnar hefur jafnframt leitt til þess að eftirstöðvar og afborganir lána í erlendri mynt hafa hækkað umtalsvert. Erfitt er að selja fasteignir og bíla og hefur það leitt til þess að margir lántakendur sitja uppi með yfirveðsettar eignir sem þeir ráða ekki við að greiða af og geta með engu móti selt. Í ljósi þessa er mikilvægt að koma aðstoð við skuldara í sterkara og skýrara form en verið hefur og er besta leiðin til þess að setja á stofn embætti umboðsmanns skuldara, sem hafi skýra stoð í lögum.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur verið starfrækt í rúmlega 13 ár. Hún var formlega sett á laggirnar í febrúar 1996 sem tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins í samstarfi við nokkra aðila. Starfsemi Ráðgjafarstofunnar byggist á samkomulagi 17 aðila um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofunnar frá 7. desember 2007. Gildir samkomulagið í fimm ár. Nú standa 16 aðilar að baki samkomulaginu. Þeir eru Alþýðusamband Íslands, Arion banki, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki, Landsbanki (NBI hf.), Landssamtök lífeyrissjóða, Kópavogsbær, Kreditkort hf., Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga og þjóðkirkjan.

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar er að veita fólki sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum og komið er í þrot með fjármál sín endurgjaldslausa ráðgjöf. Ráðgjafarstofan skal veita fólki aðstoð við að fá yfirsýn yfir stöðu mála, hjálpa því við að gera greiðsluáætlanir, velja úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna ef þess er þörf. Þá skal Ráðgjafarstofan veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna með útgáfu sérstakra bæklinga og fræðsluefnis.

Starfsmannafjöldi Ráðgjafarstofu hafði verið óbreyttur frá árinu 1996 en jókst um helming á árinu 2008 og hefur ásókn í þjónustu stofunnar aldrei verið meiri.

Fjármögnun embættis umboðsmanns skuldara.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um hlutverk umboðsmanns skuldara. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að hlutverk stofnunarinnar verði m.a. að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna skuldara, að fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar, að taka við erindum skuldara, að gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim og að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Þessi verkefni stofnunarinnar snúa ekki eingöngu að því að leysa úr vanda sem einstaklingar og fjölskyldur hafa komist í vegna lánveitinga, en þó má segja að langflest verkefnanna muni snúast um ráðgjöf til einstaklinga um það hvernig best sé að haga greiðslu skulda og um það hvaða leiðir einstaklingum séu færar út úr skuldavanda.

Í ljósi þessa þykir eðlilegt að þeir aðilar sem stunda lánveitingar greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar. Hluti þeirra aðila sem koma að og fjármagna rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna nú stunda lánastarfsemi eða eru samtök aðila sem stunda lánastarfsemi. Þannig eru t.d. Arion banki, Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki, Kreditkort hf., Landsbanki (NBI hf.), Landssamtök lífeyrissjóða og Samband íslenskra sparisjóða aðilar að samkomulaginu um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofunnar.

Því er lagt til í frumvarpinu að fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem lánastofnanir á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, greiði kostnað af rekstri umboðsmanns skuldara. Í 4. gr. laga nr. 161/2002 er talið upp hvaða fyrirtæki teljast lánastofnanir og eru það m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki, sbr. 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í samkomulagi um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá því í desember 2007 er gert ráð fyrir heildarkostnaði við rekstur að fjárhæð tæplega 57 millj. kr. Er fjárhæðin á verðlagi í október 2007 og gerir samkomulagið ráð fyrir því að framlög til Ráðgjafarstofunnar taki breytingum í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands. Þá er heimild fyrir framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu að gera tillögu um breytingu framlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að sett verði á stofn sérstök ríkisstofnun er beri heitið umboðsmaður skuldara. Gert er ráð fyrir að stofnunin heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra.

Lagt er til að hlutverk umboðsmanns skuldara verði að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna skuldara og fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar. Markmið stofnunarinnar á að vera að ná fram eins hagstæðri lausn og kostur er fyrir skuldara, án tillits til þess hvaða áhrif sú lausn hefur á hagsmuni einstakra kröfuhafa. Þá á stofnunin að taka við erindum og ábendingum skuldara, gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim auk þess sem stofnuninni beri að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Af þessu leiðir að stofnunin verður félags- og tryggingamálaráðherra til ráðuneytis um málefni skuldara og stefnumörkun á því sviði.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um skipan umboðsmanns skuldara, en gert er ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar beri starfsheitið umboðsmaður skuldara. Gert er ráð fyrir að umboðsmaður skuldara sé embættismaður, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996, og að ráðherra skipi í embættið til fimm ára í senn í samræmi við ákvæði sömu laga. Í frumvarpinu er lagt til að gerð sé krafa um að umboðsmaður skuldara skuli hafa menntun á háskólastigi og búi yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum þeim sem heyra undir stofnunina. Gert er ráð fyrir því að kjararáð

ákvarði umboðsmanni skuldara laun, sbr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 1. gr. laga um kjararáð, nr. 47/2006.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að umboðsmaður skuldara skuli stjórna starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráða aðra starfsmenn hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um að vinna mál fyrir stofnunina.

Kveðið er sérstaklega á um það að ákvörðunum umboðsmanns skuldara verði ekki skotið til félags- og tryggingamálaráðherra, nema sérstaklega sé mælt fyrir um slíka málskotsheimild í lögum.

Loks er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra geti með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um heimild stofnunarinnar til að krefja stjórnvöld um þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að stofnunin geti sinnt hlutverki því sem henni er falið í lögum. Jafnframt er kveðið á um það að fyrirtækjum og samtökum sé skylt að veita stofnuninni allar upplýsingar sem að mati hennar eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Frá rétti stofnunarinnar til upplýsinga er gerð sú undantekning að umboðsmaður skuldara á rétt á að fá upplýsingar er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt eiga að fara, nema með leyfi hlutaðeigandi ráðherra.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að þagnarskyldan haldist þó að látið sé af starfi.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um kostnað við rekstur umboðsmanns skuldara. Lagt er til að fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem lánastofnanir á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, greiði kostnað af rekstri umboðsmanns skuldara. Í 4. gr. laga nr. 161/2002 er talið upp hvaða fyrirtæki teljast lánastofnanir og eru það m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki, sbr. 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir að álagning gjaldsins fari fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Gjaldið skal greitt ársþriðjungslega fyrir fram með þremur jafnháum greiðslum. Ef gjald er greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við ákvæði vaxtalaga. Ef lánastofnun hefur starfsemi eftir að álagning fer fram miðast álagning gjaldsins við næsta gjalddaga eftir að starfsemi lánastofnunarinnar hófst.

Í greininni er lagt til að umboðsmaður skuldara skuli á hverju ári, fyrir 1. júní, gera áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Gert er ráð fyrir að þær lánastofnanir sem greiða eiga gjaldið hafi umsagnarrétt um áætlunina. Áætlunina skal leggja fyrir ráðherra til samþykktar. Samþykki ráðherra áætlunina skal miða álagningu gjaldsins við hana. Miða skal við að lánastofnanir greiði gjaldið í hlutföllum við umfang starfsemi sinnar.

Í 6. mgr. er kveðið á um það hvernig fara skuli með það ef rekstrarafgangur eða rekstrartap verður af starfsemi umboðsmanns skuldara.

Loks er kveðið á um það að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá skyldu skuldara að gefa félags- og tryggingamálaráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði birt opinberlega.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verði boðin störf hjá umboðsmanni skuldara. Með ákvæðinu er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem þessir starfsmenn verða ráðnir í. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá er einnig kveðið á um það að starfsmenn annarra ríkisstofnana sem kunna að verða lagðar niður skulu njóta forgangs til starfa hjá embætti umboðsmanns skuldara.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvernig haga skuli útreikningi og greiðslu kostnaðar vegna reksturs umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi. Gert er ráð fyrir að útreikningi skuli háttað með sama hætti og gert er ráð fyrir í 5. gr. með þeirri breytingu að áætlun um rekstur sem miða skal við skal unnin svo fljótt sem unnt er eftir gildistöku laganna og skal álagning gjaldsins fara fram svo fljótt sem auðið er eftir það.

Þar sem ekki liggur fyrir reynsla af gjaldtöku þeirri sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins og ljóst er að slík gjaldtaka þarf að byggjast á reynslu er lagt til að ákvæðið verði endurskoðað innan þriggja ára frá gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Frumvarpinu er ætlað að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda þeim að koma skuldastöðu og greiðslubyrði í ásættanlegt horf. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram tvö önnur lagafrumvörp sem hafa sama markmið, þ.e. að bæta skulda- og greiðslustöðu einstaklinga. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og hins vegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns skuldara sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til úrlausnar þeim. Með sérstöku embætti umboðsmanns skuldara

verður aðstoð við þá einstaklinga sem lent hafa í verulegum greiðsluerfiðleikum í skýrara formi en verið hefur. Umboðsmanni skuldara er ætlað að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar, taka við erindum skuldara, gæta hagsmuna þeirra og bregðast við ef gengið er á réttindi þeirra. Einnig á hann að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Kostnaður vegna embættis umboðsmanns skuldara verður greiddur af lánastofnunum með sérstöku gjaldi sem mun taka mið af rekstraráætlun embættisins. Miðað er við að lánastofnanir greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi.

Embætti umboðsmanns skuldara byggist á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og verður hún í kjölfarið lögð niður en Ráðgjafarstofan er samstarfsverkefni ríkisins og fleiri aðila. Mikil fjölgun starfsmanna varð hjá Ráðgjafarstofunni í kjölfar efnahagshrunsins og eru þeir nú 28 og teljast þeir vera ríkisstarfsmenn. Af þeim eru átta fastráðnir en aðrir eru með ráðningu til loka árs 2010. Frumvarpið kveður á um að starfsmönnum verði boðin störf hjá nýja embættinu en í því felst ekki að um sambærileg störf verði að ræða. Fjárheimildir félags- og tryggingamálaráðuneytis vegna Ráðgjafarstofunnar nema um 100 m.kr. í fjárlögum þessa árs en að auki var gerður samningur á milli dóms- og mannréttindaráðuneytisins og Ráðgjafarstofunnar um 20 m.kr. framlag vegna vinnu við greiðsluaðlögun einstaklinga. Á móti hafa komið um 40 m.kr. mótframlög samstarfsaðilanna.

Nýrri stofnun er ætlað mun viðameiri hlutverk en Ráðgjafarstofan hefur haft til þessa. Annars vegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu að öll þjónusta við skuldara verði meiri umfangs sbr. hagsmunagæslu fyrir skuldara en slík þjónusta er ekki í boði nú og hins vegar má gera ráð fyrir að málum muni fjölga við lögfestingu frumvarpanna sem greint var frá hér í upphafi.

Frá efnahagshruni hefur Ráðgjafarstofan fengið 2.900 mál en þar af eru um 600 vegna greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti og 200 sem unnin eru samkvæmt lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafu. Umsvifin eru langt umfram það sem áætlað var þegar lögin um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti voru sett. Í fjárhagsáætlunum fyrir embætti umboðsmanns skuldara er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður nemi um 330 m.kr. auk þess sem til fellur 33 m.kr. stofnkostnaður á þessu ári. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði tæplega 200 m.kr. og aðkeypt þjónusta sem að mestu leyti verður vegna umsjónarmanna greiðsluaðlögunar um 70 m.kr. en gert er ráð fyrir að hluti umsjónarmanna verði fastráðinn hjá stofnuninni. Í fjárlögum yfirstandandi árs er um 80 m.kr. heimild hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu sem er ætluð umsjónarmönnum. Engar áætlanir liggja fyrir um langtímaþróun embættis umboðsmanns skuldara, en gera má ráð fyrir að þegar hagur almennings vænkast muni þörfin minnka og málum stofnunarinnar um leið fækka.

Verði frumvarpið lögfest má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist árlega um 330 m.kr. og á þessu ári um 230 m.kr. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að embætti umboðsmanns skuldara innheimti gjald af lánastofnunum sem samsvari þessum gjöldum. Gert er ráð fyrir að framangreint gjald renni beint til reksturs embættisins. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni. Einnig falla niður árleg útgjöld ríkissjóðs vegna reksturs Ráðgjafasstofunnar og greiðslur til umsjónarmanna greiðsluaðlagana sem samtals nema nettó um 140 m.kr. og um 81 m.kr. á þessu ári.

953. Frumvarp til laga [563. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Eygló Harðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Nordal, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 63. gr. a fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að felld verði brott 2. mgr. 63. gr. a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 1. mgr. ákvæðisins er einstaklingi veitt heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef sýnt er fram á að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Í 2. mgr. er gildissvið ákvæðisins þrengt þannig að heimildin nái ekki til einstaklinga sem undanfarin þrjú ár hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Hafi einstaklinginn hætt atvinnurekstrinum og skuldirnar sem stafa af honum eru aðeins lítill hluti af heildarskuldum einstaklingsins getur hann þó leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 24/2009, sem lögfesta fyrrgreint ákvæði og önnur sem lúta að greiðsluaðlögun, kemur fram að úrræðið ætti fyrst og fremst að vera fyrir almenna launþega. Þó kemur fram strax í I. kafla athugasemdanna að úrræðið geti bæði átt við um einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur og einstaklinga sem stundað hafa atvinnustarfsemi en þá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Nauðsynlegt er við setningu slíkra skilyrða að gæta sanngirni, meðalhófs og jafnræðis. Í athugasemdunum kemur glöggt fram að greiðsluaðlögun sé ætlað að vera fyrir einstaklinga en enda þótt bæði einstaklingar og lögaðilar geti leitað nauðasamninga samkvæmt gildandi lögum þá hafi reynslan sýnt að það úrræði gagnast frekar þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Greiðsluaðlögun er því úrræði sem ætlað er að mæta sérþörfum einstaklinga og veita þeim möguleika á að nýta sér úrræði af svipuðum meiði.

Ekki er að finna í athugasemdunum neina útlistun á því hvernig nauðasamningar hafa nýst og þá hverjum, heldur er eingöngu vísað til þeirra sem stunda atvinnurekstur af einhverju tagi. Hér verður að horfa til þess að þeir sem stunda atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð eiga mun meira sameiginlegt með launamönnum en lögaðilum sem stunda atvinnurekstur. Einstaklingar með ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri eru í mjög svipuðum aðstæðum og launamenn. Slíkur rekstur einstaklings er oft smærri í sniðum og kaup og kjör einstaklingsins því líkari því að hann sé launamaður en atvinnurekandi. Þá færa menn fremur áhættusaman rekstur í félög til að takmarka ábyrgð sína og vart hægt að ætla að einstaklingur sem er með atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð fari geyst í lántökum enda liggur ábyrgð hans að baki. Má því ætla að rekja megi til efnahagshrunsins þá erfiðleika sem einstaklingur í atvinnurekstri stendur frammi fyrir. Ótakmörkuð ábyrgð þýðir að rekstrargrundvöllur hefur bein áhrif á fjárhag einstaklingsins og fjölskyldu hans og hann ber beina ábyrgð á skuldbindingum sem koma til vegna atvinnurekstursins. Því er mikilvægt að slíkum einstaklingi sé gert kleift að leita úrræða til jafns við einstaklinga sem eru launamenn.

Augljóslega þarf að skilja á milli reksturs með ótakmarkaðri ábyrgð og reksturs með takmarkaðri ábyrgð en slíkur rekstur er þá í félagi og um hann gilda aðrar reglur, auk þess sem auðveldara er fyrir lögaðila að leita nauðasamninga. Þá ber að hafa í huga að þó svo að skuldir einstaklinga í atvinnurekstri hafi hugsanlega verið lítill hluti af heildarskuldum hafa aðstæður breyst gríðarlega mikið á skömmum tíma. Í athugasemdum við ákvæðið kemur enn fremur fram að með því að setja skilyrði um að skuldir vegna atvinnureksturs séu einungis lítill hluti heildarskulda eigi ákvæðið að geta nýst t.d. iðnaðarmönnun og sölumönnum. Skuldir hafa vaxið mjög í kjölfar efnahagshrunsins og t.d. er algengt að vinnuvélar eða bifreiðar sem nýttar eru í rekstri séu keyptar með erlendum lánum sem hafa margfaldast vegna gengishrunsins. Þau skilyrði sem sett eru í ákvæðinu ganga því mun lengra en sanngjarnt er og líklegt að ákvæðið nýtist ekki eins og því var ætlað.

Þess ber að geta að ríkisstjórnin hefur kynnt væntanlegar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun þannig að hún verði félagslegt úrræði fremur en vægara form gjaldþrots eins og nú er. Að auki eigi úrræðið að nýtast fleirum en nú er. Nauðsynlegt er að gæta jafnræðis við aðgang að greiðsluaðlögun og er það von flutningsmanna að tekið verði á þessu atriði í breytingum ríkisstjórnar og tryggt að einstaklingar í atvinnurekstri með ótakmarkaðri ábyrgð geti til jafns við aðra einstaklinga leitað nauðasamninga til greiðsluaðlögunar sýni þeir fram á þeir séu og verði um fyrirséða framtíð ófærir um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Verði ekki tekið á þessu atriði í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er eðlilegt að um þetta mál verði fjallað samhliða á Alþingi svo hægt verði að gera breytingar á fyrirkomulagi greiðsluaðlögunar með sjónarmið sanngirni og jafnræði að leiðarljósi.

954. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Eygló Harðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Nordal, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eignist viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki eða dótturfélög þeirra yfir 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum skulu ákvæði í VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið með lagabreytingu þessari er að stuðla að auknu gagnsæi, jafnræði og bættri samkeppnisstöðu á þeim mörkuðum þar sem að minnsta kosti einn samkeppnisaðili er kominn í eigu fjármálafyrirtækis. Nýju bankarnir, NBI hf., Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og dótturfélög þeirra, svokölluð eignaumsýslufélög, hafa nú tekið við eignarhaldi og rekstri hinna ýmsu fyrirtækja sem eiga í verulegum fjárhagsvandræðum. Fjármálafyrirtækin eiga úti-

standandi kröfur á fyrirtækin sem þau hafa talið betur tryggðar með yfirtöku á hlutafé í félög um þessum en með því að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Mörg dæmi eru um þetta fyrirkomulag en helst má nefna eignarhald NBI hf. á Húsasmiðjunni gegnum eignaumsýslufélag sitt, Vestia, og eignarhald Arion banka hf. gegnum eignaumsýslufélag sitt á Högum, auk eignarhalds Íslandsbanka hf. á Icelandair Group.

Í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er að finna ákvæði í 22. gr. þar sem fjallað er um heimild fjármálafyrirtækja til að yfirtaka eignir viðskiptaaðila sinna og tryggja þannig fullnustu krafna sinna. Þá er fjármálafyrirtækjum heimilað tímabundið að stunda aðra starfsemi en fjármálastarfsemi eingöngu í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila síns. Þessi heimild hefur nokkuð verið nýtt gegnum árin en þó líklegast aldrei eins og nú eftir efnahagshrunið. Í frumvarpi til laganna segir um ákvæðið að það sé einskorðað við starfsemi og eignir viðskiptamanna sem ratað hafa í erfiðleika og atbeina viðskiptabanka er þörf til að bæta úr.

Þess ber að geta að efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þar er lögð til viðbót við ákvæði 22. gr. á þann hátt að við bætist nýr málsliður þar sem segir að Fjármálaeftirlitinu beri að meta hvort skilyrðum samkvæmt greininni sé fullnægt. Þá segir að Fjármálaeftirlitið geti sett fjármálafyrirtækjum tiltekinn tímafrest eða önnur skilyrði til þess að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Flutningsmenn styðja viðbót þessa enda telja þeir að hún setji fjármálafyrirtækjum strangari skilyrði en ella og hvetja til þess að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja ljúki fyrr en ella, söluferli geti þá hafist og eðlilegt samkeppnisástand komist aftur á.

Samkvæmt frumvarpi þessu eru lagðar þær skyldur á fjármálafyrirtæki og viðskiptaaðila þeirra að á meðan fjármálafyrirtæki hefur yfir 40% eignarhald í viðskiptaaðila sínum skuli sá viðskiptaaðili lúta ákvæðum VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. VII. kafli laganna fjallar um þær reglulegu upplýsingar sem útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber að birta opinberlega, en það eru ársreikningur, árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn. VIII. kafli fjallar síðan um aðrar skyldur til að veita upplýsingar, t.d. viðbótarupplýsingar vegna nýrra lána og upplýsingar um breytingar á stofnsamningi eða samþykktum. Einnig er að finna í kaflanum ákvæði sem lúta að upplýsingum sem útgefendum hlutabréfa og útgefendum skuldabréfa ber að veita. Lagt er til að félög í eigu fjármálafyrirtækis lúti þessum skörpu reglum um upplýsingaskyldu eftir því sem við á.

Markmiðið með beitingu þessara reglna er að auka gagnsæi í starfsemi félaganna og auka þannig jafnræði með samkeppnisaðilum á viðkomandi markaði, en með eignarhaldi fjármálafyrirtækis eykst verulega hætta á markaðsmisnotkun enda er yfirlýst markmið fjármálafyrirtækis sem tímabundið tekur yfir rekstur viðskiptaaðila að hámarka virði eignarinnar. Er því hætta á því að fjármálafyrirtæki, í viðleitni til að hámarka virði eignar sinnar, skaði verulega heilbrigða samkeppni og skekki stöðu keppinauta á markaði. Margir hafa lýst áhyggjum sínum af samkeppnismarkaði vegna eignarhalds bankanna og telja yfirtekin félög misnota stöðu sína, þau nýti sér aukið fjármagn til þess að kæfa samkeppnisaðila sína. Með þessu njóti félög sem voru í erfiðri rekstrarstöðu góðs af því að hafa verið tekin yfir af fjármálafyrirtæki en samkeppnisaðilar standi frammi fyrir stóraukinni og ósanngjarnri samkeppni.

Með því að skylda fyrirtæki í eigu fjármálafyrirtækja til þess að lúta ríkum kröfum um upplýsingaskyldu sem lagðar eru á félög skráð á markaði er það von flutningsmanna að gagnsæi aukist og að heilbrigðri samkeppni verði síður ógnað þar sem starfsemi yfirtekinna félaga er þá meira fyrir opnum tjöldum en annars væri.

955. Fyrirspurn [565. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um samningsmarkmið varðandi landbúnað í viðræðum við Evrópusambandið.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Kemur til álita að fallast á að hverfa frá núgildandi landbúnaðarstefnu, heimila innflutning á lifandi dýrum og aflétta tollvernd gagnvart landbúnaðarafurðum, sbr. álit framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 24. febrúar sl.?

956. Frumvarp til laga [566. mál]

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um almannatryggingar.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Tryggvi Þór Herbertsson.

1. gr.

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

5. tölul. 25. gr., 33. gr. og 2. mgr. 43. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „til 72 ára aldurs“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að koma í veg fyrir að vinnufúsu fólki verði sagt upp starfi eingöngu vegna þess að það hefur náð ákveðnum aldri. Þegar alþýðutryggingar voru fyrst stofnaðar í Þýskalandi að frumkvæði Ottós von Bismarck kanslara Þýskalands árið 1891 var ellilífeyrisaldur miðaður við 70 ár en þá var meðalaldur um 47 ár. Ellilífeyrisaldurinn var lækkaður í 65 ár 1916 í Þýskalandi og hefur þessi aldur, 65 til 70 ára, verið viðmið flestra lífeyriskerfa síðan þrátt fyrir að meðalaldur hafi hækkað umtalsvert en meðalaldur hér á landi er nú um og yfir 80 ár. Fólk er miklu hraustara núna og margir halda vinnuþreki miklu lengur en þessi mörk ganga út frá. Sumt fólk er þó orðið lasið og þreytt og það stundar vinnu, sem veitir því ekki ánægju. Það fólk mun að sjálfsögðu nota þann rétt að hefja töku ellilífeyris snemma og hvíla sig frá amstrinu og snúa sér að áhugamálum. Margir eru hins vegar mjög

virkir og hafa gaman af vinnu sinni og því getur það verið hastarlegt og allt að því skaðlegt fyrir það fólk að hætta starfi og missa það hlutverk og innihald, sem vinnan er. Þessu frumvarpi er ætlað að taka burt hindranir, sem er að finna í lögum, á því að fólk geti starfað áfram ef það kýs svo.

Erlendis er í gangi þróun í þá veru að ellilífeyrisaldur er hækkaður með hliðsjón af hækkandi meðalaldri, betra heilsufari eldra fólks, lengra námi og miklum kostnaðarauka lífeyriskerfa vegna þess að fólk er sífellt styttra á vinnualdri og tekur sífellt lengur ellilífeyri. T.d. hafa Þjóðverjar, sem voru komnir með ellilífeyrisaldur niður í 60 og 63 ár, m.a. til að minnka atvinnuleysi, hækkað hann aftur í þrepum frá árinu 2000 í 65 ár og eru núna búnir að ákveða að hækka hann enn frekar í 67 ár í þrepum. Eldri hugmyndir um að minnka atvinnuleysi með því að lækka ellilífeyrisaldur virðast ekki hafa virkað enda er talið að það sé arðsemi starfa sem réttlætir þau en ekki það að skipta út aldurshópum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að felld verði brott úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sú skylda að segja starfsmanni upp störfum þegar hann nær 70 ára aldri og að veita embættismanni lausn þegar þeim aldri er náð. Þá er einnig lögð til breyting á lögum um almannatryggingar. Skv. 23. gr. þeirra laga er nú heimilt að fresta töku lífeyris fram að 72 ára aldri. Það leiði þá til 0,5% hækkunar á bótum fyrir hvern frestunarmánuð en hámark sett við 30% sem samsvarar frestun í 5 ár, þ.e. frá 67 ára aldri til 72 ára. Lagt er til að ekkert hámark verði hér eftir á frestun á töku lífeyris og því að samsvarandi hámark hækkunar sé fellt brott.

Frumvarpinu er ætlað að vernda aldraða fyrir uppsögnum sem grundvallast eingöngu á aldri þeirra. Virkni og hæfni ellilífeyrisþega er mjög mismunandi og því ótækt að kveða á um það í lögum að við ákveðinn aldur skuli þeim sagt upp störfum. Viss sveigjanleiki er reyndar til staðar á almennum vinnumarkaði þar sem ekki er kveðið á um hámarksstarfsaldur í lögum. öndvert við opinbera starfsmenn. Þá er kveðið á um það í 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, að lífeyrissjóður skuli hefja útborgun ellilífeyris þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri en sjóðunum sé þó heimilt að gefa sjóðsfélögum kost á að fresta töku lífeyris. Augljóslega er því gert ráð fyrir því að sjóðsfélagar geti starfað áfram eftir 70 ára aldur. Engin mörk eru nefnd í sambandi við hvað frestunin megi vera löng. Eðlilegt verður að telja út frá þróun heilbrigðis og vinnuþreks að fólki sé gefið tækifæri í reglugerðum sjóðanna að fresta töku ellilífeyris til t.d. 85 ára aldurs. Hækkar þá væntanlegur ellilífeyrir þannig að hvorki lífeyrissjóðurinn né sjóðsfélaginn tapi eða græði á þeirri ákvörðun sjóðsfélagans að hefja töku ellilífeyris seinna. Ekkert bannar heldur fólki að taka ellilífeyri hjá lífeyrissjóðum jafnframt því að vinna enda er þetta réttur sem fólk hefur greitt fyrir. Í 4. mgr. 1. gr. laganna segir að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Þetta er grundvöllur lágmarksréttinda og verður ekki séð að þetta ákvæði banni að greitt sé til lífeyrissjóðs eða séreignarsjóðs eftir 70 ára aldur.

Fleiri dæmi um þennan sveigjanleika má finna í lögum og er t.a.m. kveðið á um frítekjumark ellilífeyrisþega í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þá hafa áherslur í málefnum lífeyrisþega verið þær að gera þeim kleift að vinna hafi þeir til þess getu eða vilja. Stefna stjórnvalda hefur verið sú að auka virkni fólks og horfa fremur til starfsgetu en vangetu þeirra til starfa. Þá ber að geta þess sérstaklega að nú er unnið að gerð frumvarps sem m.a. er ætlað að lögfesta tilskipun Evrópusambandsins 2000/78/EB um jafna meðhöndlun til at-

vinnu og starfa. Tilskipuninni er m.a. ætlaði að koma í veg fyrir mismunun á vinnumarkaði vegna trúar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar o.fl.

Má því segja að lagaumhverfið í þessum efnum endurspegli nokkra mótsögn enda er í gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kveðið á um að veita skuli embættismönnum lausn og segja starfsmönnum upp þegar þeir hafa náð 70 ára aldri og er þar í engu tekið mið af getu starfsmanna eða hæfni. Aldur er afstæður og mjög misjafnt á hvaða aldri menn missa getu og hæfni til að sinna starfi sínu. Hjá einhverjum gerist það fyrir ellilífeyrisaldur og í sumum tilfellum löngu eftir að þeir hefja töku lífeyris og hætta störfum. Óeðlilegt hlýtur að teljast að ríkisvaldið setji reglur sem mismuni mönnum svo klárlega eftir aldri. Haldi starfsmaður ríkisins fullri getu til að sinna starfi sínu er ótækt að beita lagareglu til að bola honum úr stöðu sinni og hugsanlega missa dýrmæta þekkingu úr kerfinu. Þá er leitt til þess að hugsa að ríkið fari fyrir með fordæmi um að mönnum sé mismunað eftir aldri. Slíkt getur haft áhrif á vinnumarkaðinn í heild sinni.

Missi starfsmaður getu sína til að sinna starfi sínu er eðlilegt að honum sé sagt starfi sínu lausu geri hann það ekki sjálfur. Hvað viðkemur starfsmönnum ríkisins eiga ákvæði um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest að vera í öllum ráðningarsamningum ríkisins frá og með árinu 1975. Um þá sem ráðnir voru fyrir þann tíma gilda þá almennar reglur laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar af leiðandi verður að telja að missi starfsmaður getu til að sinna starfi sínu falli slíkt undir tilvik 21. gr. enda hafi starfsmaður þá ekki náð fullnægjandi árangri í starfi. Samkvæmt ákvæðinu er þá hægt að veita starfsmanni áminningu og segja honum upp sé ekki ráðin bót á.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að það að fá að sinna starfi meðan geta er til þess er mikilvægt fyrir félagslega virkni fólks, þátttöku þess í samfélaginu og lífsgæði. Dýrmæt þekking getur enn fremur færst og lærst kynslóða á milli en tapast ekki snögglega af vinnumarkaði þegar virkur, duglegur og hæfur einstaklingur nær ákveðnum aldri og þarf eftir það að hætta störfum. T.d. er athyglisvert að flestir gerendur á fjármálamarkaði fyrir hrun voru undir 40 ára aldri og það virtist skorta reynslu og varkárni eldra fólks.

Æskilegast væri að fólk geti minnkað ábyrgð sína og virkni hægt og rólega og t.d. tekið lengri, jafnvel skipt leyfi eða minnkað vinnuframlag sitt þegar starfsþrekið dvínar. Slík breyting krefst mikillar og breyttrar skipulagningar á vinnumarkaði sem virðist vera hafin og snertir atvinnurekendur, lífeyrissjóði og almannatryggingar. Þannig má nýta reynslu og þekkingu starfsmannsins og jafnframt veita honum hlutverk og tilgang.

Í lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1991, er aldraður skilgreindur sem sá sem náð hefur 67 ára aldri. Er miðað við það aldursmark í fjölda annarra laga sem kveða á um réttindi og skyldur fólks og t.a.m. virkjast þá réttur til ellilífeyris skv. 17. gr. laga um almannatryggingar. Ekki eru lagðar til breytingar á þessum skilgreiningum enda nauðsynlegt að hafa eitthvert viðmið í lögunum en skilgreining má þó ekki verða til þess að mismuna fólki eftir aldri og mikilvægt að taka mið af getu og hæfni hvers einstaklings. Þó getur verið varasamt að senda fólki þau skilaboð að það sé orðið „löggilt gamalmenni“ eins og margir orða þessa skilgreiningu á „aldraður“. Fólk fer þá ef til vill að hegða sér í samræmi við það. Verður „aldrað“. Komið hefur fyrir að þetta hugtak „aldraður“ leiði til þess að atvinnurekendur grípi þessi skilaboð á lofti og telji eðlilegt að fólk hætti störfum af því að það sé nú orðið „aldrað“ þó að í rauninni hafi ekkert breyst nema að viðkomandi átti afmæli. Mikilvægt er að átta sig á hversu víðtæk þessi áhrif eru og hvort hverfa þurfi frá þessu hugtaki til að koma í veg fyrir ástæðulausa fordóma. Reyndar mætti hreinlega tala um 67 ára og eldri í stað orðsins „aldraður“.

Þegar eftirlaunaaldur var ákveðinn var meðalaldur fólks mun lægri en nú og aldraðir tóku ellilífeyri í fáein ár en eru nú á ellilífeyri í tugi ára. Nauðsynlegt er að gæta þess að lögin staðni ekki heldur endurspegli það samfélag og þann veruleika sem við lifum við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 5. tölul. 25. gr. í gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, falli brott. Í greininni er kveðið á um að ef maður, sem skipaður er eða settur í embætti skuli líta svo á að hann skuli gegna því þar til ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Í 5. tölul. er vísað til 33. gr. sem kveður á um hámarksaldur til að gegna embætti. Samkvæmt greininni skal veita embættismanni lausn frá embætti frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

Þá er einnig lagt til að sambærilegt ákvæði í sömu lögum um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn falli brott en þar er kveðið á um að starfsmanni skuli þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur náð 70 ára aldri.

Markmiðið með breytingunni sem hér er lögð til er að fella niður ákvæði er skylda opinbera starfsmenn til að hætta störfum við 70 ára aldur.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 23. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þeir sem eiga rétt á ellilífeyri skv. 17. gr. en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Frestunin tekur til bóta skv. 17., 20. og 22. gr. Með breytingunni er lagt til að fólk geti frestað töku ellilífeyris án aldurshámarks, t.d. til 85 ára aldurs. Það tekur þá áhættu af því að taka bætur í skemmri tíma en fær hækkun á lífeyri sem nemur þeirri áhættu, sbr. þær eftirfarandi breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eftir að bótaréttur hefur verið reiknaður út skuli hækka ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót, sbr. 17. og 22. gr. laganna og 8. gr. laga um félagslega aðstoð, um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%.“ Með breytingunni er lagt til að orðin „fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%“ falli brott og að ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót hækki því um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað án takmarkana eða um 6% fyrir hvert ár. Þessi hækkun er talin svara til þess að lífeyrir er tekinn skemur sem nemur frestuninni. Ef töku lífeyris er t.d. frestað til 80 ára aldurs, um 13 ár, hækkar lífeyrir einstaklingsins um 13 x 6% eða 78%, enda tekur hann lífeyri 13 árum skemur en ella.

Með þessum breytingum sem hér eru lagðar til er því rutt úr vegi lagalegum hindrunum á því að fólk sem þess óskar geti starfað áfram á meðan hugur stendur til þess.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

957. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna og í stað sama orðs í 2. mgr. 2. gr., c-lið 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 7. mgr. 28. gr., 1. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 39. gr., 3. og 4. mgr. 47. gr., 1. mgr. 56. gr., 1. mgr. 57. gr. b, 1. mgr. 57. gr. c, 1. mgr. 59. gr., 2. mgr. 64. gr., 1. mgr. 67. gr., 2. mgr. 70. gr., 73. gr., 74. gr., 5. mgr. 75. gr., 2. mgr. 76. gr., 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 3.–5. mgr. 78. gr., 80. gr., 82. gr., 85. gr. a, 6. mgr. 131. gr., 1. mgr. 132. gr., 4. mgr. 136. gr., 137. gr., 145. gr., 2. mgr. 146. gr. og 146. gr. a laganna kemur: ráðherra.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja nánari reglur um skráningu loftfara, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga, þar á meðal um þjóðerni, skráningarskírteini og kennispjald.

3. gr.

B-liður 1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: gilt lofthæfivottorð eða gild heimild til starfrækslu loftfars, eftir því sem við á.

4. gr.

7. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja nánari reglur um lofthæfi, þ.m.t. um vottun loftfara, íhluta og búnaðar, um viðurkenningu á viðhaldsstöðvum og skilyrði hennar og um hæfniskröfur til starfsfólks á þessu sviði.

5. gr.

Við 6. mgr. 57. gr. a laganna bætast þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:

k. veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitingu veðurþjónustu, tilnefningu og starfsleyfisskyldur þjónustuveitanda, veðurfræðilega ábyrga aðila, hæfni og getu, skipulag og stjórnun, gæðakerfi, starfsreglur, vöktun veðurs, veðurspár, veðurskeyti, veðurkort, eldvirkni og búnað til veðurmælinga á flugvöllum;
l. fjarskiptaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um eftirlit, tíðninotkun, truflanir og notkun hvers konar fjarskiptaþjónustu, samskiptakerfa og samskiptaaðferða og verklagsreglur þar að lútandi;
m. upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitendur þjónustunnar, eftirlit, gæðastjórnunarkerfi, nákvæmni gagna, útgáfu flugmálaupplýsinga, gjaldtöku og tungumál.

6. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 3. mgr. 70. gr. c laganna kemur: ráðherra.

7. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 71. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

a. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi ágreiningur orðið í notendanefnd og rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis tekið ákvörðun um gjald geta notendur farið fram á frekari rökstuðning og annan fund til frekari viðræðna. Náist ekki að sætta sjónarmið innan nefndarinnar í þeim viðræðum og rekstraraðili hefur tekið endanlega ákvörðun um gjaldið er aðilum heimilt að skjóta ágreiningi sínum til Flugmálastjórnar Íslands. Ákvörðun stofnunarinnar samkvæmt þessari grein er endanleg á stjórnsýslustigi. Aðili sem skýtur ágreiningi til stofnunarinnar skal greiða kostnað sem af málskoti hlýst nema niðurstaðan verði honum í vil en þá ber gagnaðila að greiða kostnaðinn. Um grundvöll kostnaðar fer samkvæmt ákvæði um gjaldtöku í lögum um Flugmálastjórn Íslands.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leyfi stofnunarinnar þarf til flugsýninga, kennsluflugs og fallhlífarstökks á sýningu eða samkomu.
b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra er m.a. heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

a. verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum;
b. flugsýningar, þ.m.t. umsókn um leyfi til flugsýningar, ábyrgan stjórnanda flugsýningar, stjórnanda loftfars sem tekur þátt í flugsýningu, öryggisreglur, eftirlit, upplýsingaskyldu, heimild til afturköllunar leyfis o.fl.;
c. fallhlífarstökk, þ.m.t. um viðurkennda fallhlífarklúbba, flug með fallhlífarstökkvara, framkvæmd fallhlífarstökks, lágmarksöryggisreglur, búnað, skírteini, réttindi, fallhlífarstökk á sýningum eða samkomum, umsókn um leyfi til fallhlífarstökks, stökkstjóra, eftirlit, upplýsingaskyldu o.fl.

10. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: 113.100.

11. gr.

Við 106. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flytjendum sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands er skylt að greiða bætur til farþega eða eigenda farangurs eða farms eftir atvikum, enda hafi tjón orðið vegna tafa á flutningi.

Flytjendum er ekki skylt að greiða bætur til farþega sem orðið hefur fyrir töfum ef farþegi ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um bætur vegna tafa, svo sem fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþegum eða eigendum farangurs eða farms, og eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, svo sem með upplýsingaöflun, vettvangsskoðun, heimildum til að stöðva brot og krefjast þess að látið sé af brotum, með reglugerð. Þá er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um heimild Flugmálastjórnar til að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu nauðsynlegar upplýsingar og gögn er aflað hefur verið á grundvelli þessarar greinar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.150“ í 1. mgr. kemur: 4.700.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 2. mgr. kemur: 1.150.
c. Í stað fjárhæðarinnar „17“ í 3. mgr. kemur: 19.

13. gr.

Á eftir 4. mgr. 125. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila skal tryggja að heildarverð fyrir ferð eða flutning skuli ávallt fela í sér opinber gjöld og skatta. Í söluferlinu skal heildarverð ávallt vera sýnilegt kaupanda og skulu opinber gjöld og skattar birt sérgreind frá öðrum gjöldum, kostnaði og þóknun rekstraraðilans. Viðbótar valkvæður kostnaður skal ávallt vera sýnilegur við upphaf söluferlisins.

Óheimilt er að mismuna viðskiptavinum við upplýsingagjöf eða aðgengi að farmiðum og farmiðaverði á grundvelli þjóðernis, búsetu eða staðsetningar söluaðila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um upplýsingagjöf vegna kostnaðar farmiða eða flutnings í reglugerð.

14. gr.

Á eftir 126. gr. b laganna kemur ný grein, 126. gr. c, svohljóðandi:

Telji neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Flugmálastjórnar Íslands um að hún láti málið til sín taka.

Berist Flugmálastjórn slík kvörtun skal hún m.a. leita álits viðkomandi þjónustuveitanda á kvörtuninni, ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem þar eru veittar eigi við rök að styðjast og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan og markvissan hátt.

Náist ekki samkomulag skv. 2. mgr. skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun Flugmálastjórnar. Ákvörðun stofnunarinnar sætir kæru til ráðherra samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Flugmálastjórn er heimilt að framfylgja ákvörðunum samkvæmt þessari grein í samræmi við 136. gr.

Gerist flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila sekur um ítrekuð brot gagnvart neytendum er Flugmálastjórn heimilt, auk þeirra úrræða sem um ræðir í 136. gr., að svipta viðkomandi aðila starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Flugmálastjórn er heimilt að birta ákvarðanir sínar á grundvelli þessa ákvæðis með opinberum hætti og nafngreina þá flugþjónustuaðila sem hlut eiga að máli.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 136. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur lagt dagsektir eða févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28., 84. og 140. gr. Um upphæðir dagsekta fer skv. 2. mgr. en févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að taka ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar á eftirlitsskyldan aðila að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA eða Flugöryggisstofnunar Evrópu enda er sú starfsemi sem tillaga um sekt grundvallast á óheimil samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

16. gr.

140. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að taka ákvarðanir er snúa að verksviði stofnunarinnar og teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ákvarðanir stofnunarinnar hafa almennt gildi en geta einnig haft sérstakt gildi sé þeim beint að ákveðnum hópum eða einstökum aðilum. Ákvarðanir Flugmálastjórnar binda þá aðila sem þær beinast að og skulu birtar í flugmálahandbók eða á heimasíðu stofnunarinnar eftir því sem við á.

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, svo og þeir sem starfrækja flugvelli og flugleiðsöguþjónustu hér á landi, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Flugmálastjórn er heimilt að fela öðrum aðila útgáfu upplýsingabréfs.

Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands skulu vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.

17. gr.

Á eftir 146. gr. c laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (146. gr. d.)

Notast skal við alþjóðlega staðla og viðurkennda framkvæmd mælieininga við starfrækslu flugs í lofti sem og á jörðu niðri.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja reglur um mælieiningar við starfrækslu flugs í lofti sem og á jörðu niðri, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um gildissvið, almenna notkun mælieininga, leiðbeiningar, breytur, samhæfingu og birtingu.

b. (146. gr. e.)

Flugmálastjórn Íslands getur sett nánari reglur um tæknilegar útfærslur almennra krafna um flugkort, starfrækslu loftfara, skráningu þeirra og lofthæfi og umhverfisvernd.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildu ákvæði 8. gr. sem tekur gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur til breytinga á nokkrum ákvæðum laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Lög og reglur á sviði flugsamgangna eru í eðli sínu alþjóðlegar reglur og mótast hið íslenska lagaumhverfi á því sviði að miklu leyti af þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með aðild sinni að Alþjóðaflugmálastofnuninni og samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Margar þeirra breytinga sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á gildandi loftferðalögum eru þáttur í því að ríkið uppfylli þessar alþjóðlegu skuldbindingar og að íslenskt lagaumhverfi endurspegli þær breytingar sem hafa orðið á því alþjóðlega. Þar sem flugsamgöngur eru hlutfallslega stór þáttur í atvinnustarfsemi hér á landi hefur ávallt verið lögð áhersla á að hið íslenska lagaumhverfi sé uppfært og lagað að hinu alþjóðlega fljótt og vel. Í frumvarpinu er einnig að finna breytingar er snúa að neytendahagsmunum en á síðustu árum hefur verið lögð meiri áhersla á mikilvægi neytendasjónarmiða í flugsamgöngum bæði erlendis og hérlendis og eru breytingar þessar gerðar til að endurspegla þá áherslubreytingu.

Ákvæði 7., 8., 13. og 15. gr. eru lögð til vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningum. Í 7. og 8. gr. eru innleidd ákvæði vegna Evróputilskipunar nr. 2009/12/EC um gjaldtöku á flugvöllum en þar er lagt til að komi upp óleysanlegur ágreiningur vegna gjaldtöku innan notendanefndar, sbr. 71. gr. a gildandi loftferðalaga, verði aðilum heimilt að skjóta honum til Flugmálastjórnar Íslands. 13. gr. er tilkomin vegna Evrópureglugerðar 1008/2008 um sameiginlegar reglur um framkvæmd flugþjónustu innan sambandsins en ákvæðið snýr að neytendahagsmunum og skyldar flugrekendur, flytjendur, ferðaskrifstofur eða umboðsmenn framangreindra aðila til að tryggja að tilteknar upplýsingar komi ávallt fram í því heildarverði fyrir flug eða flutning sem upp er gefið. Auk þess er í tilskipuninni nú kveðið á um heimild til þess að gera vægari fjárhagslegar rekstrarkröfur til minni flugrekanda í samræmi við umfang þess rekstrar. Ákvæði 15. gr. kemur til vegna Evrópureglugerðar 216/2008 um sameiginlegar reglur og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu en þar er lagt til að Flugmálastjórn Íslands verði gert heimilt að taka ákvörðun um lagningu stjórnvaldssektar á eftirlitsskyldan aðila að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA eða Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Í 10. og 12. gr. er að finna breytingar sem tilkomnar eru vegna aðildar Íslands að Montreal-samningnum[1] sem fjallar um sameiginlegar alþjóðareglur um bætur vegna tjóns flugfarþega. Breytingarnar snúa að hækkun fjárhæða sem flytjendum ber að greiða í bætur verði tjón.

Í 5. og 9. gr. er lagt til að heimildir ráðherra til setningar reglugerða á afmörkuðum sviðum flugsamgangna verði auknar. Þá er í 2., 4. og 17. gr. verið að auka heimildir Flugmálastjórnar Íslands til setningar reglna á tilteknum sviðum á verksviði stofnunarinnar sem áður hafa verið hjá ráðuneytinu. Hér er aðallega um að ræða reglur er lúta að tæknilegum þáttum í rekstri loftfara eða viðhaldsstöðva. Eru þessar heimildir tilkomnar m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins og eru þáttur í fyrirhugaðri innleiðingu allra þeirra krafna sem Alþjóðaflugmálastofnunin gerir í viðaukum við samþykkt um alþjóðaflugmál.[2]

Nýmæli tengd neytendavernd er að finna í 11. og 14. gr. en þar eru m.a. flytjendur sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands gerðir bótaskyldir vegna tjóns sem verður vegna tafa á flugi, sbr. 11. gr., og í 14. gr. er kvörtunum neytenda flugþjónustu skapaður farvegur

---

[1] Convention for the Unification of Certain Rules for International Carriage by Air.
[2] Chicago-samningurinn: Samningur um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), undirritaður í Chicago 7. desember 1944.

og Flugmálastjórn Íslands veitt heimild til að taka ákvarðanir um þær. Hingað til hefur Flugmálastjórn einungis veitt álit sem ekki hefur verið bindandi fyrir veitanda þjónustunnar. Í 16. gr. er svo lagt til að heimildir Flugmálastjórnar til ákvarðanatöku á starfssviði sínu séu styrktar og að birting ákvarðana á heimasíðu stofnunarinnar hafi gildi.

Um nokkurt skeið hefur staðið fyrir dyrum heildarendurskoðun laga um loftferðir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Þar sem sú vinna er komin skammt á veg þótti brýnt að koma að tilteknum breytingum á lögunum ekki síst með tilliti til mikilvægis þess að neytendavernd verði styrkt á sviði flugmála og þess að alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins séu virtar. Í öðrum tilvikum þótti mikilvægt að styrkja og bæta lagastoð fyrir setningu reglugerða á tilteknum sviðum.

Frumvarpið er samið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í samvinnu við Flugmálastjórn Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin tekur mið af almennum tilmælum um að í lögum sé ekki sérstaklega tilgreint hvaða ráðherra eigi í hlut sem eykur sveigjanleika við að færa einstök verkefni milli ráðuneyta.

Um 2. gr.

Lagt er til að Flugmálastjórn Íslands verði veitt heimild til að setja nánari reglur um skráningu loftfara. Til stendur að innleiða í íslenskan rétt kröfur sem Alþjóðaflugmálastofnunin gerir til skráningar loftfara, sbr. athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins, og verða þær kröfur m.a. innleiddar á grundvelli þessarar heimildar. Talið er að heimildin eigi fremur að vera hjá stofnuninni en hjá ráðherra þar sem skilyrði vegna skráningar loftfara eru oft og tíðum tæknilegs eðlis og krefjast sérfræðiþekkingar.

Um 3. gr.

Breyting þessi er gerð þar sem hugtakið lofthæfisskírteini er ekki lengur notað heldur er hugtakið lofthæfivottorð notað. Einnig getur verið um annars konar gilda heimild til starfrækslu loftfars að ræða og því mikilvægt að slíkur möguleiki komi fram í lögunum.

Um 4. gr.

Breyting ákvæðisins felst eingöngu í því að nú er Flugmálastjórn veitt heimild til að setja reglur um lofthæfi sem ráðherra var áður heimilt. Þær reglur sem settar eru á grundvelli þessa ákvæðis eru í flestum tilvikum tæknilegs eðlis og krefjast sérfræðiþekkingar á sviðinu. Af þeirri ástæðu er eðlilegt að stofnunin sjái um setningu reglnanna.

Um 5. gr.

Lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerð m.a. um veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu, fjarskiptaþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála. Nú stendur yfir vinna við að innleiða í íslenskan rétt kröfur sem Alþjóðaflugmálastofnunin gerir í viðaukum við Chicago-samninginn um almenningsflug og er reglugerðarheimildin nauðsynleg vegna innleiðingar þeirra reglna og þáttur í að uppfylla alþjóðlegar skyldur Íslands á sviði flugmála.

Um 6. gr.

Um greinina vísast til athugasemdar við 1. gr.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að síðari málsliður 3. mgr. 71. gr. verði felldur niður en samkvæmt honum þarf staðfestingu ráðherra fyrir gjaldskrá þjónustu rekstraraðila flugvallar, flugleiðsöguþjónustu og flugumferðar. Breytingin er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/12/EC um gjaldtöku á flugvöllum. Er þetta ákvæði í beinum tengslum við ákvæði 8. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að komi upp óleysanlegur ágreiningur um gjaldtöku verði hægt að skjóta þeim ágreiningi til ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands. Yrði 2. málsl. 3. mgr. 71. gr. ekki felldur niður væri hugsanlegt að sú staða kæmi upp að Flugmálastjórn Íslands tæki ákvörðun um gjaldskrá sem ráðherra hefði þá þegar staðfest. Verður slíkt að teljast óæskilegt og fara gegn grunnskipulagi íslenskrar stjórnsýslu.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að komi upp óleysanlegur ágreiningur innan notendanefndarinnar verði aðilum heimilt að skjóta honum til Flugmálastjórnar Íslands sem tekur ákvörðun í málinu. Ákvæðið er sett til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt EES-samningnum og á það rætur sínar að rekja til Evróputilskipunar nr. 2009/12/EC um gjaldtöku á flugvöllum. Markmið tilskipunarinnar er að setja meginreglur varðandi gjaldtöku á flugvöllum innan aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA/EES-ríkjanna. Tilskipunin miðar að því að endurskilgreina sambandið milli rekstraraðila flugvalla og notenda flugvalla varðandi eftirtalda þætti: gagnsæi gjaldtöku, samráð vegna gjaldtöku og jafnræði notenda. Þar að auki er sú skylda lögð á ríki að tryggja að óháðum eftirlitsaðila verði falið að skera úr ágreiningi milli aðila. Tilskipunin var að mestu innleidd með lögum nr. 15/2009, um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, en eftir stóð að innleiða ákvæði um hinn óháða eftirlitsaðila sem gæti skorið úr um ágreining aðila. Í 8. gr. er því lagt til að Flugmálastjórn Íslands verði veitt þetta hlutverk og heimild til ákvörðunartöku til úrlausnar ágreiningi. Ákvörðun Flugmálastjórnar samkvæmt greininni er því ekki stjórnvaldsákvörðun og af þeirri ástæðu er hún endanleg á stjórnsýslustigi og ekki kæranleg til ráðherra. Í samræmi við gildistökuákvæðið er lagt til að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2011, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er kveðið á um að sá aðili sem skýtur ágreiningi til stofnunarinnar skuli greiða þann kostnað sem af málskotinu hlýst nema niðurstaðan verði honum í vil og þá beri gagnaðila að greiða kostnaðinn. Um flókin mál getur verið að ræða og töluverður kostnaður getur hlotist af úrlausn þeirra sem Flugmálastjórn mundi þurfa að bera. Mikilvægt er að ráðdeild sé sýnd í fjármálum ríkisins og þar sem notendanefndinni er m.a. ætlað að vera vettvangur samráðs og sameiginlegra úrlausna rekstraraðila og notenda er ekki talið óeðlilegt að þeir sem óska úrlausnar Flugmálastjórnar í framhaldi af því ferli greiði kostnað vegna málskotsins.

Um 9. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 76. gr. verði bætt málslið þar sem leyfi Flugmálastjórnar er gert að skilyrði fyrir flugsýningum, kennsluflugi og fallhlífarstökki á sýningu eða samkomu og í 3. mgr. verði ráðherra veitt heimild til að setja ákvæði í reglugerð um flugsýningar og fallhlífarstökk. Í gildandi reglugerð um flugsýningar og flugkeppnir nr. 442/1976 er lagastoðin

82., 89. og 188. gr. eldri loftferðalaga, nr. 34/1964. Í gildandi loftferðalögum eru 76. og 145. gr. sambærilegar við 89. og 188. gr. eldri laga, en 82. gr. eldri laga á enga samsvörun í gildandi lögum. Í 82. gr. eldri laga er fjallað um leyfi til loftferða og þar segir í 3. mgr. að leyfi þurfi til sýningarflugs og kennsluflugs. Í gildandi loftferðalögum er ekki minnst á flugsýningar, sýningarflug eða kennsluflug og nauðsynlegt að bæta þar úr. Gildandi reglugerð um fallhlífarstökk nr. 440/1976 er lagastoðin 188. gr. eldri loftferðalaga, nr. 34/1964, sem er eins og áður segir sambærileg við 145. gr. gildandi loftferðalaga. Ákvæðinu er því ætlað að styrkja reglugerðarheimildir ráðherra.

Um 10. gr.

Lagt er til að upphæð hlutlægrar bótaábyrgðar á tjóni hvers farþega verði hækkuð úr 100.000 SDR í 113.100 SDR. Þessi breyting kemur til vegna breytinga sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur gert á Montreal-samningnum og tóku gildi fyrir aðildarríki 30. desember 2009 en samningurinn fjallar um sameiginlegar alþjóðareglur um bætur vegna tjóns flugfarþega. Þar sem íslenska ríkið er aðili að samningnum er það skuldbundið til að innleiða þessa hækkun.

Um 11. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um skyldu flytjenda sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands til að greiða bætur til farþega eða eigenda farangurs eða farms hafi tjón orðið vegna tafa á flutningi. Í 2. mgr. verði kveðið á um að flytjanda sé ekki skylt að greiða bætur til farþega sem orðið hefur fyrir töfum ef farþeginn hefur ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða. Í 3. mgr. er svo kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerðir um fyrirkomulag bótagreiðslna og annað tengt bótagreiðslum til farþega eða eigenda farangurs eða farms. Ákvæðinu er því ætlað að tryggja réttindi neytenda flugþjónustu verði þeir fyrir tjóni.

Um 12. gr.

Þessar breytingar eru einnig gerðar vegna breytinga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Montreal-samningum, sbr. athugasemdir við 10. gr.

Um 13. gr.

Í greininni eru lögð til nýmæli tengd neytendavernd. Ákvæðið er sett til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt EES-samningnum og á rætur sínar að rekja til Evrópureglugerðar nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um framkvæmd flugþjónustu innan sambandsins. Lagt er til að sú skylda verði lögð á flugrekendur, flytjendur, ferðaskrifstofur eða umboðsmenn framangreindra aðila að tryggja að í heildarverði séu sérgreind álögð opinber gjöld og skattar frá öðrum gjöldum, kostnaði eða þóknunum rekstraraðilans sem óhjákvæmilegar eru í rekstri hans. Með þessu er m.a. verið að koma í veg fyrir að rekstraraðili geti dulið almennan rekstrarkostnað undir því yfirskini að um opinber gjöld eða skatta sé að ræða. Flugfélög hafa t.d. um nokkurt skeið verið með sérgreint eldsneytisgjald og flokkað það með sköttum og gjöldum þannig að ætla megi að þetta sé hluti af opinberri skattheimtu en ekki almennum rekstrarkostnaði flugrekandans. Kaupendum þarf að vera ljóst hvaða upphæð þeir þurfa í raun að greiða fyrir farmiða eða flutning, m.a. svo að þeim sé mögulegt að gera raunverulegan verðsamanburð á milli þeirra sem bjóða upp á þjónustuna. Einnig þarf valkvæður kostnaður að vera ljós allt frá upphafi söluferlisins.

Í 2. mgr. er lagt til að hnykkt verði á þeim réttindum neytenda að óheimilt sé að mismuna þeim um upplýsingagjöf og aðgengi að farmiðaverði og farmiðum á grundvelli þjóðernis, búsetu eða staðsetningar söluaðila.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um upplýsingagjöf vegna kostnaðar farmiða eða flutnings í reglugerð.

Um 14. gr.

Lagt er til það nýmæli að kveðið verði á um rétt neytenda flugþjónustu til að kvarta til Flugmálastjórnar telji þeir flugrekanda, flytjanda, ferðaskrifstofu eða umboðsmann þeirra hafa brotið gegn skyldum sínum samkvæmt loftferðalögunum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Kveðið er á um hvernig Flugmálastjórn skuli bregðast við slíkum kvörtunum og heimild hennar til töku ákvörðunar til að skera úr um ágreining. Er ákvörðunin kæranleg til ráðherra og Flugmálastjórn heimilt að framfylgja henni skv. 136. gr. Flugmálastjórn er einnig heimilt að svipta aðila starfsleyfi sem ítrekað gerast brotlegir gagnvart neytendum.

Samkvæmt gildandi lögum hefur Flugmálastjórn veitt álit sitt á þeim kvörtunum sem farþegar beina til hennar en reynslan sýnir að flugrekendur hafna í ítrekuðum mæli álitum Flugmálastjórnar þar sem þau séu einungis álit en ekki ákvörðun og því ekki bindandi fyrir þá. Af þessari ástæðu þykir mikilvægt að styrkja stoðir neytendaverndar á sviði flugþjónustu og veita Flugmálastjórn heimild til að skera út um kvartanir sem henni berast með ákvörðun sem hefur bindandi áhrif fyrir veitendur þjónustunnar.

Um 15. gr.

Í gildandi 3. mgr. 136. gr. loftferðalaga hefur Flugmálastjórn Íslands heimild til að leggja févíti á eftirlitsskylda aðila sem brjóta gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni. Í 15. gr. er lögð til sú breyting að stofnuninni verði einnig heimilt að leggja á dagsektir vegna þessara brota. Eru brotin oft þess eðlis að eðlilegra er að um dagsektir sé að ræða fremur en févíti.

Einnig er í ákvæðinu lagt til að Flugmálastjórn verði gert heimilt að leggja stjórnvaldssektir á eftirlitsskyldan aðila að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA eða Flugöryggisstofnunar Evrópu enda sé um óheimilt athæfi að ræða samkvæmt íslenskum lögum. Ákvæðið er sett til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og á rætur sínar að rekja til reglugerðar 216/2008 um sameiginlegar reglur og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að Eftirlitsstofnun EFTA og Flugöryggisstofun Evrópu sé heimilt að leggja sektir á eftirlitsskylda aðila. Talið er að EES-samningurinn veiti þeim stofnunum ekki heimild til að leggja sektir á eftirlitsskylda aðila á Íslandi og því sé nauðsynlegt að Flugmálastjórn Íslands komi að því ferli og sé það íslenska stjórnvald sem leggur sektirnar á.

Um 16. gr.

Ákvæðið er að hluta til efnislega samhljóða 140. gr. gildandi laga en heimildir Flugmálastjórnar Íslands til töku ákvarðana á verksviði sínu er styrktar. Sérstaklega er áréttað að ákvarðanir Flugmálastjórnar geta bæði haft almennt gildi og sérstakt gildi, þ.e. beinst að tilteknum hópum eða aðilum, sem og að þær eru bindandi fyrir þá aðila sem ákvörðunin beinist að. Einnig er lagt til að birting ákvarðana á heimasíðu stofnunarinnar verði lögð að jöfnu við birtingu í flugmálahandbók enda geta ákvarðanir haft gildi fyrir almenna farþega svo sem á sviði neytenda- og öryggismála. Í slíkum tilvikum er talið eðlilegra að ákvarðanirnar séu birt-

ar á heimasíðu stofnunarinnar enda auðveldar það aðgengi að upplýsingunum fyrir hinn almenna borgara. Þá er Flugmálastjórn er einnig heimilað að fela öðrum aðila útgáfu upplýsingabréfs en útgáfa þess er nú í höndum Flugstoða ohf. Heimildin er fyrst og fremst hugsuð til að brúa bilið og veita svigrúm fram að því að stofnunin tekur við verkefninu sjálf.

Um 17. gr.

Lagt er til að í 146. gr. d verði kveðið á um þá skyldu að notast skuli við alþjóðlega staðla og viðurkennda framkvæmd mælieininga við starfrækslu flugs og heimild Flugmálastjórnar til að setja reglur um slíkar mælieiningar. Einnig er lagt til að í 146. gr. e verði Flugmálastjórn Íslands veitt heimild til að setja nánari reglur um tæknilegar útfærslur almennra krafna um flugkort, starfrækslu loftfara, skráningu þeirra og lofthæfi og umhverfisvernd. Er hér yfirleitt um tæknileg atriði að ræða sem krefjast sérfræðiþekkingar og því eðlilegt að heimild til setningar slíkra reglna sé hjá Flugmálastjórn.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin öðlist þegar gildi að undanskildu ákvæði 8. gr. sem kveður á um heimild aðila í notendanefnd til að skjóta ágreiningi til Flugmálastjórnar Íslands. Er gildistöku þess ákvæðis frestað til að veita stofnuninni tíma til að búa sig undir aukin verkefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem miða m.a. að því að aðlaga gildandi lög þannig að íslenska ríkið uppfylli betur alþjóðlegar skuldbindingar og að íslenskt lagaumhverfi endurspegli þær breytingar sem hafa orðið á alþjóðavettvangi í sambandi við loftferðir. Í frumvarpinu eru einnig gerðar breytingar sem snúa að neytendahagsmunum.

Helstu breytingar í frumvarpinu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru lagðar til nokkrar breytingar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum. M.a. er kveðið á um að komi upp óleysanlegur ágreiningur vegna gjaldtöku innan notendanefndar verði aðilum heimilt að skjóta honum til Flugmálastjórnar Íslands. Auk þess er kveðið á um heimild til þess að gera vægari fjárhagslegar rekstrarkröfur til minni flugrekenda í samræmi við umfang þess rekstrar. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem tilkomnar eru vegna aðildar Íslands að Montreal-samningnum svokallaða sem fjallar um sameiginlegar alþjóðareglur um bætur vegna tjóns flugfarþega. Breytingarnar snúa að hækkun fjárhæða sem flytjendum ber að greiða í bætur verði tjón. Í þriðja lagi eru lögð til nýmæli tengd neytendavernd. Lagt er til að flytjendur sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands verði gerðir bótaskyldir vegna tjóns sem verður vegna tafa á flugi og er kvörtunum frá neytendum flugþjónustu skapaður farvegur þar sem Flugmálastjórn Íslands er veitt heimild til að taka ákvarðanir um þær. Samkvæmt gildandi reglum hefur Flugmálastjórn einungis veitt álit sem ekki hefur verið bindandi fyrir veitanda þjónustunnar.

Ákvæði 7. gr frumvarpsins um málskot gætu aukið útgjöld Flugmálastjórnar Íslands en ekki eru tiltækar forsendur til að leggja mat á hversu háa upphæð um er að ræða. Gert er þó ráð fyrir því að kostnaður Flugmálastjórnar vegna málskota verði greiddur af þeim aðila sem stofnunin úrskurðar gegn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

958. Svar [381. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um rekstur Ríkisútvarpsins ohf.

1. *Hver er heildarkostnaður eftirfarandi liða hjá Ríkisútvarpinu ohf. sl. þrjú starfsár, sundurliðað eftir árum miðað við sjónvarp og hljóðvarpsrásir:*
   a. *stjórn Ríkisútvarpsins ohf.,*
   b. *fjármagnskostnaður,*
   c. *fréttadeild,*
   d. *innlend dagskrárdeild,*
   e. *erlend dagskrárdeild,*
   f. *tæknideild,*
   g. *markaðs- og auglýsingadeild,*
   h. *dreifikerfi,*
   i. *safnadeild,*
   j. *leikmyndadeild,*
   k. *annað?*

Þar sem spurningar háttvirts þingmanns snerta starfsemi Ríkisútvarpsins beint var óskað eftir svörum frá stofnuninni vegna þeirra.

Uppgjörstímabil Ríkisútvarpsins ohf. miðast við 1. september–31. ágúst. Þar af leiðandi hafa einungis verið gerð upp tvö heil rekstrarár hjá félaginu, þ.e. fyrir tímabilið 1. september 2007–31. ágúst 2008 og 1. september 2008–31. ágúst 2009. Í meðfylgjandi töflu er sundurliðaður kostnaður bæði rekstrarárin.

	1.9.08–31.8.09 [millj. kr.]	**1.9.07–31.8.08 [millj. kr.]**
Fréttastofa (fréttir, íþróttir, vefur, svæðisstöðvar. o.fl.)	1.093	1.219
Innlend dagskrá Sjónvarps	925	974
Erlend dagskrá Sjónvarps	293	322
Dagskrá hljóðvarps (Rás 1 og Rás 2)	534	569
Safnadeild (sameiginleg fyrir Rás 1, Rás 2 og Sjónvarp)	76	64
Dreifikerfi (Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins)	268	223
Þar af gervihnattadreifing Fjarskiptasjóðs	*71*	*37*
Markaðs- og söludeild	338	328
Rekstur húsnæðis, mötuneytis o.fl.	265	261
Yfirstjórn, fjármáladeild, starfsmannahald o.fl.	247	254
Þar af stjórn	*7*	*12*
Samtals rekstrargjöld	**4.040**	**4.215**
Hreinn fjármagnskostnaður	946	762
Afskriftir	228	252
Þar af dreifikerfi	*74*	*80*

Auk þess má geta að kostnaður vegna tæknideilda er innifalinn í ofangreindum rekstrargjöldum en sé hann aðgreindur er hann sem hér segir:

Tæknideildir	512	673
Þar af upptöku- og leikmyndadeild	*173*	*180*

Frá því félagið hóf starfsemi hafa verið stöðugar breytingar á skipulagi þess til að auka hagkvæmni og bregðast við breytingum í rekstrarumhverfi sem skýrt getur frávik í samanburði á milli rekstraráranna tveggja.

2. *Hver er heildarkostnaður við kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum og hvernig skiptist hann eftir verkefnum?*

Á tímabilinu 1. september 2008–31. ágúst 2009 varði Ríkisútvarpið alls 175 millj. kr. án vsk. til kaupa á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum. Skipting efnis og lengd var með eftirfarandi hætti:

Heimildarmyndir og heimildarþættir	Framleiðandi	Lengd [klst:mín.]
Dieter Roth Puzzle	Ax ehf.	01:45
Orðið tónlist: Jórunn Viðar – Magnús Blöndal (2 þ.)	Ergis ehf.	02:08
Næsti hálftími verður þrjú kortér	Græna gáttin kvikmyndagerð ehf.	00:52
Ama Dablam – Handan tómsins	Hugó film ehf.	01:00
Heimsmethafinn í vitanum	JKH-kvikmyndagerð ehf.	00:52
Úti í mýri	Landmark kvikmyndgerð ehf.	00:26
Þetta kalla ég dans	Litla gula hænan ehf.	00:54
Sófakynslóðin	Litli Dimon sf.	00:34
Chukotka á hjara veraldar	Lífsmynd ehf. Valdimar L Kvikm	00:52
Galdrakarlinn á Súganda	Ljósop ehf.	00:29
Leyndardómar Scoresbysunds	Plús Film ehf.	00:36
Úr vísnabók heimsins	Ragnhildur Ásvaldsdóttir	00:27
Rauða nefið – undirbúningsvinna	Ragnhildur Ásvaldsdóttir	03:00
From Oakland to Iceland	Ragnhildur Magnúsdóttir	00:28
Vinur minn Bobby Fischer	Seylan ehf	01:30
Íslenski forystusauðurinn	Umbi sf., kvikmyndafélag	00:19
Kjötborg	Villingur ehf.	00:43
Rafmögnuð Reykjavík	Zik Zak eignarhaldsfélag ehf.	00:50
Alfreð Elíasson og Loftleiðaævintýrið (3 þættir)	Heimildarmyndir ehf.	02:12
Kvikmynd		
Brúðguminn	Sögn ehf.	01:33
Leiknar þáttaraðir		
Hamarinn (4 þættir)	Pegasus ehf.	03:34
Svartir englar (6 þættir)	Svartir Englar	04:30
Snæfellssaga (handrit)	Sögn ehf.	
Jói og Góa (handrit)	Saga Film hf.	
Menningar- og skemmtiþættir		
Káta maskínan (10 þættir)	Þetta líf. Þetta líf ehf.	04:00
Áramótaskaupið 2008	Saga Film hf.	00:53

Tiger Lillies	Arnar Þór Þórisson	00:40
Tónleikar á Menningarnótt 2008	Immi ehf.	01:34
Músíktilraunir 2009	Immi ehf.	00:53
Þursaflokkurinn og Caput	Sena ehf.	01:16
Stuttmyndir		
Skröltormar	Mystery Ísland ehf.	00:23
Naglinn	Markell ehf.	00:16
Barna- og unglingaefni		
Jólaævintýri Dýrmundar (24 þættir)	Immi ehf.	02:48
Sá stóri	Taka kvikmyndagerð ehf.	00:15
Skólahreysti (10 þættir)	Saga Film hf.	08:02
Talsetning á barnaefni	Stúdíó Sýrland	

Skýringar

Fyrir utan talsetningu barnaefnis eru þetta samtals 35 titlar með mismörgum þáttum allt frá einum upp í tuttugu og fjóra. Lengd þátta er breytileg. Alls greiddi RÚV 108 millj. kr. vegna framangreindra 35 titla. Sumt af þessu efni er ósýnt og greiðsla fyrir suma þætti getur skipst á fleiri en eitt rekstrartímabil. Í talsetningu á barnaefni var varið 67 millj. kr. Ríkisútvarpið telur sig ekki einhliða geta veitt upplýsingar um kostnað við kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum án samþykkis þeirra.

Einnig má nefna að auk þess að verja 175 millj. kr. til kaupa á framleiddu efni leigði RÚV ýmis tæki og búnað af sjálfstæðum framleiðendum. Á tímabilinu 1. september 2008–31. ágúst 2009 keypti RÚV þjónustu og leigði tæki og búnað af sjálfstæðum framleiðendum fyrir rúmlega 14 millj. kr.

3. *Hver er heildarkostnaður við gerð innlends dagskrárefnis innan Ríkisútvarpsins ohf. og hvernig skiptist hann eftir verkefnum?*

Rétt er að hafa í huga að ef skoða á stök dagskrárverkefni þarf að athuga að beinn heildarframleiðslukostnaður dagskrárdeildar samanstendur m.a. af samnýtingu á starfsfólki, tækjum, húsnæði og öðrum búnaði sem þarf til framleiðslunnar. Það er því tæknilega erfitt að sundurliða kostnað eða sundurgreina viðbótarkostnað sem verður til við framleiðslu einstakra þátta. Fréttamenn RÚV vinna sem dæmi að framleiðslu fjölmargra frétta og fréttatengdra þátta, jafnt í útvarpi, sjónvarpi sem á vefnum, og vinna við það á vöktum alla daga ársins. Kostnaður við t.d. Tíufréttir Sjónvarps er tiltölulega lítill viðbótarkostnaður. Samnýting starfsfólks og búnaðar gildir einnig um þá sem koma að gerð annarra innlendra þátta. Þegar kostnaður við einstaka þætti er skoðaður er því fyrst og fremst verið að tilgreina beinan viðbótarkostnað. Í töflunum hér á eftir má sjá upplýsingar um beinan kostnað við gerð nokkurra þátta í innlendri dagskrá Sjónvarpsins og hljóðvarpsins. Þá er ekki meðtalin hlutdeild í sameiginlegum rekstri RÚV, svo sem húsnæði, tækjabúnaði, stoðdeildum (öðru en útsendingu) og yfirstjórn auk gjalda sem lenda á félaginu í heild, t.d. fjármagnskostnaði.

Sundurliðun á kostnaði fréttasviðs fyrir tímabilið 1. september 2008–31. ágúst 2009:

	[millj. kr.]
Fréttasvið	**1.093**
Fréttastofa RÚV	743
Svæðisstöðvar	92
Vefur	43
Íþróttadeild	215

Sundurliðun á kostnaði hljóðvarps fyrir tímabilið 1. september 2008–31. ágúst 2009:

	[millj. kr.]
Dagskrá hljóðvarps (Rás 1 og Rás 2)	534
Rás 1	360
Rás 2	174

Sundurliðun á kostnaði við innlenda dagskrá Sjónvarps fyrir tímabilið 1. sept. 2008–31. ágúst 2009:

Innlend dagskrá sjónvarps	**[millj. kr.]**
Kastljós	130
Spaugstofan	81
Stundin okkar	38
Gott kvöld	32
Útsvar	30
Söngvakeppni Sjónvarpsins	24
Kiljan	25
Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva	25
Silfur Egils	14
Ýmsir þættir	181
Samtals eigin dagskrárframleiðsla	580
Aðkeypt tilbúið efni af sjálfstæðum framleiðendum	108
Talsetning á barnaefni	67
Samtals aðkeypt dagskrárframleiðsla	175
Sameiginlegur kostnaður, svo sem dagskrárstjórnun, höfunda- og flutningsréttargreiðslur, útsending o.fl.	106
Ósundurliðaður tæknikostnaður	64
Samtals ósundurliðað	170
Innlend dagskrá Sjónvarps alls	**925**

Einnig er óskað eftir sundurliðun á dagskrá hljóðvarps og upplýsingum um helstu kostnaðarliði.

Dagskrá hljóðvarps samanstendur af mjög mörgum stökum þáttum og föstum dagskrárliðum, samtals skipta þeir hundruðum. Í töflunum hér á eftir má sjá hvernig fjármunirnir skiptast milli helstu dagskrárflokka. Til hægri eru tilgreind dæmi um þætti sem falla innan hvers dagskrárflokks. Fjárhæðirnar endurspegla ekki fjölda mínútna sem fluttar eru á hljóðvarpsrásunum.

Rás 1	[millj. kr.]	Dæmi um þætti
Samfélagsmál (án umfjöllunar fréttasviðs)	80	Samfélagið í nærmynd, Okkar á milli, Út um græna grundu o.s.frv.
Menning, listir og vísindi	108	Orð skulu standa, Andrarímur, Ársól, Sagnaslóð, Seiður og hélog, Glætan, framhaldssögur, kvöldsögur, bókmenntaþættir (stakir og seríur), Sómafólk – þríleikur, Einfarar – sexleikur, Skyldan kallar o.s.frv.

Tónlist	132	Sinfóníuhljómsveit Íslands, Myrkir músikdagar, Nordic Affect og Händel, Messiaen – Anna Guðný Guðmundsdóttir, Stefnumót, Hlaupanótan, Næturtónar o.fl. – Ath. að höfundar- og flutningsréttargreiðslur eru meðtaldar.
Barnaefni	11	Leynifélagið, Nonni og Selma – fjör í fyrsta bekk, Mánafjöll o.s.frv.
Ýmislegt annað	29	Kvöldgestir, guðsþjónustur o.s.frv.
Samtals	**360**	

Rás 2	[millj. kr.]	Dæmi um þætti
Daglegir þættir á virkum dögum	55	Morgunútvarp Rásar 2, Poppland o.s.frv.
Ýmsir þættir	22	Litla hafmeyjan, Hið opinbera, Færibandið, Plata vikunnar o.s.frv.
Helgarútvarp	38	Frá A til J, Helgarútgáfan, Eigi skal slökkva…, Útvarp Mið-Ísland o.s.frv.
Unglingaefni	3	Spurningakeppnin Nema hvað?, Gettu betur o.s.frv.
Tónleikar og tónlist	56	Stórtónleikar Rásar 2 á Menningarnótt, Músíktilraunir, Airwaves, Söngkeppni Samfés, spiluð tónlist o.s.frv. – Ath. að höfundar- og flutningsréttargreiðslur eru meðtaldar.
Samtals	**174**	

4. Hverjir eru starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf., skipt eftir deildum, og hvert er starfsheiti þeirra?

Nafn	**Starfsheiti**	**Deild**
Freyja Dögg Frímannsdóttir	Fréttamaður	Akureyri
Gunnlaugur Starri Gylfason	Tæknimaður	Akureyri
Ágúst Ólafsson	Fréttamaður	Akureyri
Björn Sigmundsson	Tæknimaður	Akureyri
Óskar Þór Halldórsson	Fréttamaður	Akureyri
Hermann Björgvin Kolbeinsson	Tæknimaður	Akureyri
Anton Antonsson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Sigrún Elíasdóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Jóhannes Már Sigurðarson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Þórir Traustason	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Hálfdán Steinþórsson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Heiðar Valur Bergmann	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Karl Magnús Þórðarson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Berglind Kristjánsdóttir	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Böðvar Jónsson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Ása Magnúsdóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Elín Helena Evertsdóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Harpa Dögg Benediktsd. Hjarðar	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Einar Logi Vignisson	Auglýsingastjóri	Auglýsingar
Steindór Ingi Snorrason	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Steinunn Stefánsdóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Jónas Friðrik Hjartarson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar
Unnur Bjarnadóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Þórgunnur Guðrún Ásgrímsdóttir	Bókunarfulltrúi	Auglýsingar
Tryggvi Guðmundsson	Markaðsfulltrúi	Auglýsingar

Bjarni Rúnar Bjarnason	Tónmeistari	Dagskrá útvarps
Þórir Steingrímsson	Tæknistjóri	Dagskrá útvarps
Einar Sigurðsson	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Magnús Þorsteinn Magnússon	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Markús Hjaltason	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Ragnar Guðmundur Gunnarsson	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Úlfhildur Eysteinsdóttir	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Ólafur Thoroddsen	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Gunnar Gunnarsson	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Marta María Stefánsdóttir	Dagskrárritstjóri	Dagskrá útvarps
Sigrún Stefánsdóttir	Dagskrárstjóri	Dagskrá útvarps
Davíð Berndsen	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Jóhann Egill Jóhannsson	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Georg Magnússon	Tæknimaður	Dagskrá útvarps
Eyjólfur Valdemarsson	Forstöðumaður	Dreifikerfi og tækniþróun
Kristján Benediktsson	Verkfræðingur	Dreifikerfi og tækniþróun
Sigríður Halldórsdóttir	Fréttamaður	Egilsstaðir
Þórunn Úlfarsdóttir	Launafulltrúi	Fjármálasvið
Haraldur Jónasson	Aðalbókari	Fjármálasvið
Þóra Pétursdóttir	Launafulltrúi	Fjármálasvið
Guðrún Óðinsdóttir	Rekstrarstjóri	Fjármálasvið
Kristín Elísabet Björnsdóttir	Rekstrarstjóri	Fjármálasvið
Bjarni Kristjánsson	Fjármálastjóri	Fjármálasvið
Guðbjörg Jóhannesdóttir	Bókari	Fjármálasvið
Guðrún Ólöf Svavarsdóttir	Bókari	Fjármálasvið
Andrea Margrét Gunnarsdóttir	Fulltrúi	Fjármálasvið
Margrét Guðjónsdóttir	Sérfræðingur	Fjármálasvið
Sigurður Hinrik Hjörleifsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Kristín Helga Karlsdóttir	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Michael Dean Ford	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Ingvi Ágústsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Jóhannes Reykdal	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Ólafur Ragnar Halldórsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Valgeir Gunnlaugur Ísleifsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Atli Axfjörð Friðgeirsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Jónatan Fjalar Vilhjálmsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Pétur Guðmundsson	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Friðgeir Axfjörð	Tæknimaður	Útsending- og myndvinnsludeild
Bogi Ágústsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Ásgeir Tómasson	Fréttamaður	Fréttastofa
Gunnar Hrafn Jónsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Guðjón Helgason	Fréttamaður	Fréttastofa
Þorvaldur Friðriksson	Fréttamaður	Fréttastofa
Kristján R Kristjánsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Óðinn Jónsson	Fréttastjóri	Fréttastofa
Ingólfur Bjarni Sigfússon	Varafréttastjóri	Fréttastofa
Sigríður Hagalín Björnsdóttir	Varafréttastjóri	Fréttastofa
Heiðar Örn Sigurfinnsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Pálmi Jónasson	Fréttamaður	Fréttastofa
Rakel Þorbergsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa

Broddi Broddason	Varafréttastjóri	Fréttastofa
Arnar Páll Hauksson	Fréttamaður	Fréttastofa
Ægir Þór Eysteinsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Þórhallur Birgir Jósepsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Svavar Halldórsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Þórdís Arnljótsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Kristófer Ingi Svavarsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Áslaug Guðrúnardóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Kristján Sigurjónsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Aðalbjörn Sigurðsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Jón Örn Thordarson	Fréttamaður	Fréttastofa
Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Björn Malmquist	Fréttamaður	Fréttastofa
Hallgrímur Indriðason	Fréttamaður	Fréttastofa
Kristín Sigurðardóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Lára Ómarsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
María Sigrún Hilmarsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Ragnhildur Hrefna Thorlacius	Fréttamaður	Fréttastofa
Bríet Konráðsdóttir	Aðstoðarfréttamaður	Fréttastofa
Þuríður Magnúsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Fréttastofa
Daði Sveinsson	Aðstoðarfréttamaður	Fréttastofa
Anna Heiður Oddsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Fréttastofa
Ragnar Halldór Santos	Tæknimaður	Fréttastofa
Tinna Magnúsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Fréttastofa
Einar Þór Rafnsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Viðar Oddgeirsson	Deildarstjóri	Fréttastofa
Jóhann Steinar Hauksson	Tæknimaður	Fréttastofa
Ingi Þór Ingibergsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Tómas Gunnarsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Víðir Björnsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Ellen Lárusdóttir	Tæknimaður	Fréttastofa
Mark Richard Eldred	Tæknimaður	Fréttastofa
Ragna Kjartansdóttir	Tæknimaður	Fréttastofa
Freyr Arnarson	Tæknimaður	Fréttastofa
Ingvar Alfreðsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Gunnar Örn Heimisson	Tæknimaður	Fréttastofa
Guðni Már Kristinsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Þór Ægisson	Tæknimaður	Fréttastofa
Vilhjálmur Þ Guðmundsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Björn Grétar Ævarsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Jón Snær Ragnarsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Óskar Heimir Ingvarsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Guðmundur Bergkvist Jónsson	Tæknimaður	Fréttastofa
Þórður Helgi Þórðarson	Dagskrárgerðarmaður	Fréttastofa
Margrét Marteinsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Anna Kristín Jónsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Gunnar Gunnarsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Ása Briem	Fréttamaður	Fréttastofa
Erla Sigríður Ragnarsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Sveinn Halldór Guðmarsson	Fréttamaður	Fréttastofa

Linda H Blöndal Hrafnkelsdóttir	Fréttamaður	Fréttastofa
Kristinn Hrafnsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Friðrik Páll Jónsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Jón Guðni Kristjánsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Freyr Eyjólfsson	Fréttamaður	Fréttastofa
Kolbrún Birna Halldórsdóttir	Förðun	Förðun
Ragna Fossberg	Leikmyndagerðamaður	Förðun
Úlfur Grönvold	Leikmyndagerðamaður	Grafík
Gunnar H Baldursson	Leikmyndagerðamaður	Grafík
Davíð Jón Ögmundsson	Tæknimaður	Grafík
Bjarni Hinriksson	Grafískur hönnuður	Grafík
Ólöf Erla Einarsdóttir	Grafískur hönnuður	Grafík
Sigurður Kristján Þórisson	Tæknimaður	Grafík
Sigurður Óskar L. Bragason	Grafískur hönnuður	Grafík
Jakob Jóhannsson	Grafískur hönnuður	Grafík
Kalman le Sage de Fontenay	Grafískur hönnuður	Grafík
Gunnar Gísli Guðnason	Tæknimaður	Hljóðdeild
Hjörtur Svavarsson	Tæknimaður	Hljóðdeild
Vernharður Bjarnason	Tæknimaður	Hljóðdeild
Óskar Eyvindur Arason	Tæknimaður	Hljóðdeild
Friðjón Jónsson	Tæknimaður	Hljóðdeild
Pálína Ragnhildur Hauksdóttir	Tæknimaður	Hljóðdeild
Runólfur Þorláksson	Deildarstjóri	Hljóðdeild
Hilmar Már Ólafsson	Tæknimaður	Hljóðdeild
Finnur Björnsson	Tæknimaður	Hljóðdeild
Óli Valur Þrastarson	Tæknimaður	Hljóðdeild
Vilmundur Þór Gíslason	Tæknimaður	Hljóðdeild
Hjálmar Bjarnason	Húsvörður	Húsrekstur
Kormákur Bragason	Húsvörður	Húsrekstur
Lýður Sigurðsson	Húsvörður	Húsrekstur
Gunnsteinn Sigurðsson	Húsvörður	Húsrekstur
Haraldur Jónsson	Húsvörður	Húsrekstur
Edda Kristjánsdóttir	Fulltrúi – þýðingar	Innkaupadeild Sjónvarps
Erna Ósk Kettler	Fulltrúi	Innkaupadeild Sjónvarps
Guðrún Helga Jónasdóttir	Aðstoðardeildarstjóri	Innkaupadeild Sjónvarps
Hrönn Ísleifsdóttir	Fulltrúi	Innkaupadeild Sjónvarps
Guðmundur Ingi Kristjánsson	Deildarstjóri	Innkaupadeild Sjónvarps
Halldóra Ingimarsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Sigmar Guðmundsson	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Egill Óskar Helgason	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Erla Jóhannsdóttir	Fulltrúi	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Brynja Þorgeirsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Helgi Seljan Jóhannsson	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Þóra Arnórsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Eva María Jónsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Jóhanna Jóhannsdóttir	Aðstoðardeildarstjóri	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Egill Eðvarðsson	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Elísabet Linda Þórðardóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps
Salóme Þorkelsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Innlend dagskrárdeild Sjónvarps

Óskar Þór Nikulásson	Dagskrárgerðarmaður	Íþróttir
Adolf Ingi Erlingsson	Fréttamaður	Íþróttir
Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson	Fréttamaður	Íþróttir
María Björk Guðmundsdóttir	Tæknimaður	Íþróttir
Einar Örn Jónsson	Fréttamaður	Íþróttir
Kristín Harpa Hálfdánardóttir	Deildarstjóri	Íþróttir
Hjörtur Júlíus Hjartarson	Fréttamaður	Íþróttir
Ríkey O Beck	Fulltrúi	Markaðsdeild
Guðmundur Þór Kárason	Kynningarfulltrúi	Markaðsdeild
Þorsteinn Þorsteinsson	Forstöðumaður	Markaðsdeild
Valgeir Vilhjálmsson	Markaðsrannsóknir	Markaðsdeild
Gunnar Þorsteinsson	Dagskrárritstjóri	Markaðsdeild
Herbert Sveinbjörnsson	Kynningar	Markaðsdeild
Ásgrímur Angantýsson	Málfarsráðunautur	Málfar
Magnea Tryggvadóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Björk Kristófersdóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Kristján Sæmundsson	Matreiðslumeistari	Mötuneyti
María Björk Jóhannsdóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Arnheiður G A Lindsay	Starfsmaður	Mötuneyti
Erla Pálsdóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Signý Björk Rósantsdóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Anna Þórey Sigurðardóttir	Starfsmaður	Mötuneyti
Ólöf Sigursveinsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Hanna Gunnhildur Sigurðardóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Steinunn Harðardóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Lana Kolbrún Eddudóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Guðmundur F Benediktsson	Þulur	Rás 1
Sigvaldi Júlíusson	Þulur	Rás 1
Gunnar Stefánsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Guðni Tómasson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Hjálmar Sveinsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Pétur Halldórsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Leifur Hauksson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Haukur Ingvarsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Lísa Pálsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Una Margrét Jónsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Magnús Ragnar Einarsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Halla Steinunn Stefánsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Sigríður Steinunn Stephensen	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Sigríður Pétursdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Viðar Eggertsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Ingibjörg Eyþórsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Elísabet Indra Ragnarsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Guðrún Ólöf Gunnarsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Anna Sigríður Einarsdóttir	Þulur	Rás 1
Arndís Björk Ásgeirsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Ævar Kjartansson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Eiríkur Ómar Guðmundsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Hrafnhildur Halldórsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1
Jórunn Th Sigurðardóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 1

Bergljót Anna Haraldsdóttir	Verkefnisst. tónlistar	Rás 1
Ólafur Páll S Gunnarsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Margrét Erla Maack	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Ágúst Bogason	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Matthías Már Magnússon	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Aðalheiður Ólafsdóttir	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Ásgeir Eyþórsson	Dagskrárgerðarmaður	Rás 2
Jón Ingi Benediktsson	Forstöðumaður	Rekstrardeild
Kristín Þórarinsdóttir	Aðalgjaldkeri	Rekstrardeild
Hreinn Valdimarsson	Tæknimaður	Safnadeild
Sigrún Ása Sigmarsdóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Brynja V Eggertsdóttir	Fulltrúi	Safnadeild
Dagbjört Tryggvadóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Kristín Ósk Hlynsdóttir	Safnastjóri	Safnadeild
Hafrún Arnþórsdóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Guðríður Gísladóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Linda Wright	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Margrét Ögn Rafnsdóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Bára Halldórsdóttir	Tæknimaður	Safnadeild
Inga Björg Sverrisdóttir	Bókasafnsfræðingur	Safnadeild
Bjarni Pétur Magnússon	Fulltrúi	Sala safnaefnis
María Erna Sigurðardóttir	Fulltrúi	Símsvörun
Hrefna Guðmundsdóttir	Fulltrúi	Símsvörun
Bjarni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri	Skrifstofa útvarpsstjóra
Páll Magnússon	Útvarpsstjóri	Skrifstofa útvarpsstjóra
Jónína Lýðsdóttir	Fulltrúi	Skrifstofa útvarpsstjóra
Hannes Jóhannsson	Forstöðumaður	Tæknirekstrardeild
Karl Jóhann Jóhannsson	Netstjóri	Tölvudeild
Gísli Jónasson	Netumsjón	Tölvudeild
Gunnar Magnússon	Deildarstjóri	Tölvudeild
Hlynur Þór Jensson	Tölvari	Tölvudeild
Andri Steinn Snæbjörnsson	Vefforritari	Tölvudeild
Margeir Örn Óskarsson	Kerfisfræðingur	Tölvudeild
Árni Jóhannsson	Kerfisfræðingur	Tölvudeild
Örn Sigurðsson	Tölvari	Tölvudeild
Ingjaldur Kárason	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Pétur Hauksson	Leikmyndagerðamaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Guðmundur Atli Pétursson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Jón Páll Pálsson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Ingibjörg Jónsdóttir	Leikmyndagerðamaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Guðmundur Einarsson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Gísli Eyþórsson	Leikmyndagerðamaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Vilmar H Pedersen	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Sigurður Óli Jensson	Leikmyndagerðamaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Gunnlaugur Þorsteinsson	Leikmyndagerðamaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Starri Sigurðarson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Sæmundur Kr. Sigurðsson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Sigurður Narfi Rúnarsson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Sveinn M Benediktsson	Tæknimaður	Upptöku- og leikmyndadeild
Bergljót Baldursdóttir	Vefritstjóri	Vefur

Guðmundur Pálsson	Fréttamaður	Vefur
Sigurbjörn Reginn Óskarsson	Umsjónarmaður	Vefur
Ásrún Brynja Ingvarsdóttir	Fréttamaður	Vefur
Rúnar Snær Reynisson	Fréttamaður	Vefur

Alls 282 starfsmenn

5. *Hver er hlutfallsleg skipting sýningartíma milli eftirfarandi efnisflokka íslensks sjónvarpsefnis á kjörtíma:*
   a. *leikið efni,*
   b. *skemmtiefni,*
   c. *íþróttir,*
   d. *fréttir,*
   e. *fréttatengt efni,*
   f. *heimildarþættir,*
   g. *listir og menning,*
   h. *barna- og unglingaefni,*
   i. *annað, svo sem tónlist, vísindi o.fl.?*

Á rekstrartímabilinu frá 1. september 2008–31. ágúst 2009 var hlutfallsleg skipting sýningartíma íslensks sjónvarpsefnis á kjörtíma (kl. 19.00–23.00), eftir efnisflokkum, með eftirfarandi hætti:

	1.9.'08–31.8.'09
Leikið efni	5,6%
Skemmtiefni	8,9%
Íþróttir	7,4%
Fréttir	40,0%
Dægurmál og fréttatengt	15,9%
Listir og menning	10,9%
Heimildaþættir	4,2%
Annað efni s.s. tónlist, vísindi o.fl.	7,1%

Íslenskt barna- og unglingaefni er ekki sýnt á kjörtíma.

959. Fyrirspurn [568. mál]

til utanríkisráðherra um aðkomu Íslands að stríðsrekstri í Írak og Afganistan.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hver er aðkoma Íslands að stríðsrekstri í Írak og Afganistan, ef einhver er, og hver hefur hún þá verið frá því að stríðsreksturinn hófst?
2. Í hverju felast aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Írak og Afganistan og á hvaða réttarheimildum byggjast þær?

3. Er um að ræða þróunaraðstoð af Íslands hálfu við þessi lönd, og ef svo er, hvernig er þeim fjármunum varið?
4. Stendur til að breyta aðkomu Íslands á einhvern hátt að þessum málum, þ.e. ef hún er einhver?

Skriflegt svar óskast.

960. Frumvarp til laga [569. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.
b. Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

2. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, 26. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafi getur krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu enda standi veigamikil rök til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna þess að:

1. Félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir, sem fram koma fyrir hönd félags, hafa brotið gegn ákvæðum 76. og 95. gr. um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna.
2. Annar hluthafi í félaginu hefur misbeitt áhrifum sínum í félaginu.
3. Djúpstæður og langvarandi ágreiningur er milli hluthafans og annarra hluthafa um rekstur félagsins.

Ef innlausn skv. 1. mgr. leiðir til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiðir með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það skal ekki taka kröfu hluthafans til greina. Sama máli gegnir ef félagið finnur einhvern sem er reiðubúinn til að kaupa hlutabréfin gegn greiðslu er svarar til innlausnarverðsins. Ákvæði 4. mgr. 22. gr. gilda eftir því sem við á.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: eða þeim sem hann framselur vald sitt.
b. Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og endurskoðanda.

4. gr.

Við 3. mgr. 55. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í félagi þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) skal þó miðað við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður. Í öðrum hlutafélögum geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár, krafist þess við stjórn félagsins, innan mánaðar frá því að stjórn tilkynnir um samning, að endurskoðanda verði falið að meta að hve miklu leyti verð sé sanngjarnt og efnislega rökstutt.

5. gr.

Á eftir orðinu „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

6. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 1. mgr. 76. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Við 79. gr. a laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Við gerð starfskjarastefnu skal höfð hliðsjón af EES-samþykktum, m.a. um eftirfarandi:

1. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
2. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
3. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og almennt ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
4. Hlutir skuli ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að viðkomandi öðlast rétt til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum og því um líku fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
5. Stjórnarmenn skulu ekki njóta kaupréttar á hlutum og því um líku, sbr. 3. tölul. 1. mgr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Orðið „málfrelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.
c. Í stað orðsins „fimm“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eitt.

9. gr.

Í stað „ $\frac{1}{10}$ “ í 2. málsl. 85. gr. laganna kemur: $\frac{1}{20}$.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „viku“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tveimur vikum.

b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega.
c. Í stað orðanna „Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta“ í 4. mgr. kemur: Tveimur vikum fyrir hluthafafund hið skemmsta nema boðunarfrestur sé skemmri, sbr. 1. mgr.

11. gr.

Á eftir orðunum „Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án“ í 1. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna kemur: verulegs.

12. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 95. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Á eftir 95. gr. laganna kemur ný grein, 95. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði meira en $\frac{1}{20}$ hlutafjárins á þeim tíma sem framsal eða afhending fer fram, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c, 7.–8. gr. og 37. gr. um öflun sérfræðiskýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda skv. 79. gr. og 79. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sérfræðiskýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 102. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr. laganna.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er í þess stað heimilt að setja það skilyrði að sá er biður um rannsókn skuli setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber þá kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar rannsóknarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.
b. Í stað orðsins „viku“ í 4. mgr. kemur: tvær vikur.

II. KAFLI
Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.
b. Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

16. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafi getur krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu enda standi veigamikil rök til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna þess að:

1. félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir, sem fram koma fyrir hönd félags, hafa brotið gegn ákvæðum 51. og 70. gr. um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna;
2. annar hluthafi í félaginu hefur misbeitt áhrifum sínum í félaginu;
3. djúpstæður og langvarandi ágreiningur er milli hluthafans og annarra hluthafa um rekstur félagsins.

Ef innlausn skv. 1. mgr. leiðir til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiðir með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það skal ekki taka kröfu hluthafans til greina. Sama máli gegnir ef félagið finnur einhvern sem er reiðubúinn til að kaupa hlutina gegn greiðslu er svarar til innlausnarverðsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: eða þeim sem hann framselur vald sitt.
b. Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og endurskoðanda.

18. gr.

Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

19. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 1. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Við 54. gr. a laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Við gerð starfskjarastefnu skal höfð hliðsjón af EES-samþykktum, m.a. um eftirfarandi:

a. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
b. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
c. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og almennt ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
d. Hlutir skuli ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að unnið er til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum og því um líku fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
e. Stjórnarmenn skulu ekki njóta kaupréttar á hlutum og því um líku, sbr. a-lið 1. mgr.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Orðið „málfrelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.
c. Í stað orðsins „fimm“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eitt.

22. gr.

Í stað „ 1/10 “ í 2. málsl. 60. gr. laganna kemur: 1/20.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „viku“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tveimur vikum.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hluta, samþykkja það fyrir fram skriflega.
c. Í stað orðanna „Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta“ í 4. mgr. kemur: Tveimur vikum fyrir hluthafafund hið skemmsta nema boðunarfrestur sé skemmri, sbr. 1. mgr.

24. gr.

Á eftir orðunum „Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án“ í 1. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: verulegs.

25. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 70. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Á eftir 70. gr. laganna kemur ný grein, 70. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði meira en 1/10 hlutafjárins á þeim tíma sem framsal eða afhending fer fram, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. b og 26. gr. um öflun skýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda skv. 54. gr. og 54. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla skýrslu skv. 5. gr., sbr. 6. gr. og 6. gr. a – 6. gr. b. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. Skýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslu ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 77. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr. laganna.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er í þess stað heimilt að setja það skilyrði að sá er biður um rannsókn skuli setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber þá kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar rannsóknarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.
b. Í stað orðsins „viku“ í 4. mgr. kemur: tvær vikur.

III. KAFLI

Lög um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „einn fimmta“ í 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. laganna kemur: einn tíunda.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.

Með lögum þessum eru innleidd tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009 um breytingu á tilmælum 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar starfskjör stjórnenda í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á skýrslu þeirri er viðskiptaráðherra bað Lagastofnun Háskóla Íslands um að semja um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum og frumvarpsdrögum á þeim grundvelli. Að því verki stóðu Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson. Þar að auki er bætt við ákvæðum um breytingu á reglum um starfskjör stjórnar og æðstu stjórnenda í hlutafélögum og einkahlutafélögum á grundvelli nýrra EES-tilmæla, ákvæðum um einfaldari leiðir varðandi undanþágu frá innköllunarskyldu við lækkun hlutafjár í hlutafélögum og einkahlutafélögum og fleiri atriði til einföldunar við undanþágur varðandi m.a. heimilisfesti stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og útibússtjóra, svo og ákvæðum um tryggingu fyrir kostnaði vegna rannsóknar á hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þar að auki er gert ráð fyrir þrengingu ákvæða varðandi sölu og kaup á eigin hlutum með tilliti til hæstaréttardóma nr. 228/2009 (Glitnir) og 350/2009 (Straumur-Burðarás).

Tilgangur þessa lagafrumvarps er samkvæmt framansögðu fyrst og fremst að styrkja minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Það er grundvallarregla í félagarétti að meiri hluti hluthafa ræður öllu jöfnu ferðinni við ákvarðanatöku á hluthafafundi og fer því með æðsta vald í málefnum hvers hlutafélags, sbr. 1. mgr. 80. gr. nr. 2/1995, um hlutafélög, og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Meiri hlutinn hefur því afgerandi áhrif á niðurstöðu hluthafafundar og félagi er sjaldan eða aldrei unnt að mæta öllum óskum minni hlutans. Þó að hagsæld félagsins sé alla jafna helsta hagsmunamál hluthafa fara hagsmunir meiri hlutans og minni hlutans ekki ávallt saman. Áætlunum minni hlutans, jafnvel forsendum fjárfestingar hans í félaginu, kann að vera kastað fyrir róða með ákvörðunum hluthafafundar og hann verður að öllu jöfnu að láta sér það lynda ef félagið skilar takmörkuðum hagnaði eða jafnvel tapi af þeim ráðstöfunum. Reglum um minnihlutavernd er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita valdi meiri hlutans ákveðið mótvægi. Reglur um minnihlutavernd verða þó að hafa sín takmörk sem byggjast á því að virða verður ótvíræðan rétt meiri hlutans til þess að stjórna félaginu og fara með hagsmuni þess. Slík sjónarmið leiða einnig til þess að reglur um minnihlutavernd mega ekki íþyngja félagi um of.

Reglur um minnihlutavernd eiga rætur að rekja til siðferðislegra og hagfræðilegra raka. Í hlutafélagalögum er leitast við að tryggja ákveðin siðferðileg grunngildi á borð við jafnræði og sanngirni. Væru þau gildi ekki tryggð í lögum gætu sterkir hópar auðgast með óréttmætum hætti á kostnað hópa sem njóta veikari stöðu. Þar sem vernd utanaðkomandi fjárfesta er tryggð með lögum og fylgt eftir af krafti eru fjárfestar taldir fúsari en ella til að fjármagna félög og fjármálamarkaðir fjölbreyttari og verðmætari í slíkum réttarkerfum.

Umræða um minnihlutavernd hefur aukist á undanförnum árum og tengist gjarnan umræðu um stjórnarhætti fyrirtækja. Minnihlutavernd hluthafa er þó langt frá því að vera ný af

nálinni. Frá setningu fyrstu laga um hlutafélög hér á landi hefur t.d. ávallt verið gert ráð fyrir að hverjum hlut fylgdu sömu réttindi þó að reglan hafi verið ólögfest fram til ársins 1978. Þrátt fyrir að réttindi minni hluthafa hafi frá setningu fyrstu hlutafélagalaganna, nr. 77/1921, verið tryggð að vissu marki var það ekki fyrr en við setningu laga nr. 32/1978, um hlutafélög, að sá vilji löggjafans að tryggja vernd minni hluta hluthafa birtist skýrt í lögum og lögskýringargögnum. Lögin höfðu að geyma fjölmörg nýmæli sem tryggja áttu minni hlutanum aukna vernd auk þess sem grundvallarreglur um jafna meðferð hluthafa og bann við ótilhlýðilegum ráðstöfunum voru lögfestar með ákvæðum laganna. Sem dæmi um réttindi, sem tekin voru upp í lögin frá 1978 og ætlað var að stuðla að sterkari stöðu minni hlutans gagnvart meiri hlutanum, má nefna réttinn til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, sbr. 86. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og fyrirspurnarrétt hluthafa og upplýsingaskyldu stjórnar á hluthafafundi, sbr. 91. gr. sömu laga. Við setningu gildandi laga nr. 2/1995, um hlutafélög, hélt þessi þróun áfram með ýmsum hætti, m.a. á grundvelli þeirra tilskipana Evrópubandalagsins sem þá höfðu verið teknar upp í íslensk lög.

Lög nr. 89/2006, um breytingu á lögum um hlutafélög, stuðluðu einnig að aukinni vernd minni hlutans. Frumvarpið var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem viðskiptaráðherra skipaði í ársbyrjun 2004 og var meðal annars ætlað að taka á því hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og hvernig haga bæri reglum til að tryggja skilvirkni og traust viðskiptalífsins. Meðal helstu nýmæla laganna voru reglur um starfskjarastefnu stjórnenda, rafræna hluthafafundi og samskipti og upplýsingaskyldu frambjóðenda til stjórnar um hagsmunatengsl. Auk þess var hluthöfum auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags (mörkin færð úr 1/4 hlutafjárins í 1/10 þess) og höfða skaðabótamál í nafni félags gegn forráðamönnum félags (mörkin færð úr 1/5 hlutafjárins í 1/10 þess). Þýðingarmiklar tillögur, sem nefnd viðskiptaráðherra hafði lagt til og var að finna í drögum að frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 89/2006, voru hins vegar ekki teknar upp í hlutafélagalög. Má þar nefna tillögur um lengingu lágmarksfrests til boðunar hluthafafundar í fjórtán daga, bann við því að stjórnarformaður taki að sér önnur störf fyrir félög en þau sem eru í verkahring hans og reglur um viðskipti tengdra aðila í hlutafélögum.

Af öðrum breytingum, sem lagðar hafa verið til á undanförnum árum, má nefna frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á 130. og 131. löggjafarþingi. Þar var lögð til sú regla að áskilja sérfræðiskýrslu í tengslum við kaup félags á eignum hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og félögum sem fyrrgreindir aðilar eiga ráðandi hlut í. Frumvarpið fékk ekki mikla umfjöllun á Alþingi enda ríkti um það sátt þvert á flokkslínur. Málið kallaði hins vegar á nokkrar umræður í þjóðfélaginu og margir voru ekki á eitt sáttir um efni frumvarpsins. Frumvarpinu var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar eftir fyrstu umræðu með samhljóða samþykki viðstaddra þingmanna. Þar hefur frumvarpið verið skráð til umfjöllunar í rúm fjögur ár en það var þó látið fylgja með þingsályktunartillögu um stöðu minni hluthafa sem lögð var fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi árið 2009.

Að lokum ber að nefna nýlega samþykkt lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, lög nr. 13/2010. Í lögunum eru lagðar til breytingar á gildandi lögum er varða eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn. Mestu máli fyrir umfjöllunarefnið skipta þær breytingar sem lagðar eru til á reglum um eignarhald en þær varða aðeins hlutafélagalög. Í stuttu máli má segja að lögunum nr. 13/2010 sé markaður sá tilgangur að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa og um leið skerpa á upplýsingaskyldu stjórnenda. Nú ber félagsstjórn til að mynda að sjá til þess að hlutaskrá geymi réttar upplýs-

ingar á hverjum tíma, m.a. um atkvæðisrétt hluthafa og samstæðutengsl og undirbúa stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra og þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Þessu til viðbótar nær upplýsingaskylda félagsstjórnar og framkvæmdastjóra á grundvelli 91. gr. hlutafélagalaga nú einnig til hlutafjáreignar einstakra hluthafa og atkvæðisréttar þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að fyrir hendi sé svipuð heimild til handa efnahags- og viðskiptaráðherra til að framselja undanþáguvald til hlutafélagaskrár og vikið er að í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins varðandi undanþágu frá innköllunarskyldu vegna lækkunar hlutafjár. Ákvæði greinarinnar snerta nánar tiltekið undanþágu frá reglum um heimilisfesti stofnenda hlutafélaga, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna, og undanþágu þannig að t.d. frjáls félagasamtök geti verið meðal stofnenda hlutafélaga, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli ef að lögum verður, er mælt fyrir um að hluthafi geti krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu ef veigamikil rök standa til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna einhverra þeirra þriggja tilvika sem nefnd eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laganna. Það er þó skilyrði að innlausn leiði ekki til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiði með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það. Auk þess á félagið þess kost að finna sjálft kaupanda að hlutabréfunum sem reiðubúinn er að greiða andvirði innlausnarverðsins. Reglan á sér fyrirmynd í norsku einkahlutafélagalögunum en sams konar innlausnarákvæði er ekki að finna í löggjöf annarra Norðurlanda. Leggja verður áherslu á að ströng skilyrði eru sett fyrir því að dómstóll geti beitt reglunni. Þannig verður að liggja fyrir brot á bannreglunni um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna, misbeiting hluthafa á áhrifum sínum eða djúpstæður og langvarandi ágreiningur milli hluthafa. Ætla verður að talsvert þurfi til að koma svo að dómstólar fallist á kröfu þess hluthafa sem krefst innlausnar á grundvelli greinarinnar. Auk þess eru dómstólar bundnir þeirri reglu að krafa um innlausn verður ekki tekin til greina ef hún leiðir til umtalsverðs tjóns fyrir starfsemi félagsins eða er með öðrum hætti ósanngjörn fyrir það. Krafan verður heldur ekki tekin til greina ef félagið getur bent á annan hluthafa sem er reiðubúinn til þess að taka við hlutum þess hluthafa sem krefst innlausnar, gegn gjaldi sem svarar a.m.k. til innlausnarverðsins.

Um innlausnarverðið er vísað til 4. mgr. 22. gr. hlutafélagalaga sem gildir eftir því sem við á. Liggi reikningsgrundvöllur ekki fyrir í samþykktunum eða samkomulag um innlausnarverðið verður mat að jafnaði að liggja fyrir. Það leiðir af eðli máls að málsókn má ekki dragast lengi frá þeim tíma er þeir atburðir gerðust sem urðu tilefni málsóknarinnar.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 53. gr. hlutafélagalaga, m.a. með tilliti til þess að ríkisstjórn Íslands samþykkti í október 2006 aðgerðaáætlun, Einfaldara Ísland. Í kjölfarið var skipaður samráðshópur ráðuneyta, skrifstofu Alþingis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins sem er forsætisráðherra til aðstoðar við að framfylgja áætluninni. Á grundvelli tillagna samráðshópsins gaf forsætisráðuneytið í apríl 2007 út leiðbeiningar til stjórnvalda um einföldun opinbers regluverks og stjórnsýslu. Þar er bent á leiðir til að draga úr reglubyrði fyrir almenning og atvinnulífið. Með reglubyrði er átt við þann tíma og kostnað sem hlýst af því

að fara eftir opinberum reglum. Þær tillögur sem hér koma fram eru hluti af einföldunaráætlun fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og miða að því að einfalda stjórnsýsluframkvæmd þegar sótt er um undanþágu hvað varðar innköllunarskyldu (birtingu um lækkun hlutafjár í Lögbirtingablaði) en skýrsla um það efni var samin af viðskiptaráðuneytinu í september 2007.

Í a-lið er lagt til að ráðherra verði heimilt að framselja vald sitt t.d. til hlutafélagaskrár. Með því móti væri unnt að koma í veg fyrir að þeir fulltrúar félaga sem hyggjast lækka hlutafé og hafa þá samskipti við hlutafélagaskrá þurfi að fara sérstaka aukaferð til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til að fá undanþágu frá innköllunarskyldu.

Í núgildandi lögum er kveðið á um yfirlýsingu, sem undirrituð er af stjórn félags og endurskoðendum, þess efnis að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárlækkun fari fram. Í b-lið er lagt til að nákvæmar verði lýst því hverjir það eru sem skrifa skulu undir yfirlýsinguna en í framkvæmd hefur borið á því að ekki hafi allir stjórnarmenn skrifað undir slíka yfirlýsingu. Er frumvarpi þessu ætlað að leysa úr þeim vafa sem kann að vera uppi. Allir aðalmenn stjórnar félags ásamt endurskoðanda þurfi að skrifa undir. Þá er einnig lagt til að nú þurfi aðeins einn endurskoðandi, sbr. lög nr. 79/2008, um endurskoðendur, að skrifa undir yfirlýsinguna.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir breytingu á 3. mgr. 55. gr. laganna m.a. með hliðsjón af hæstaréttardómi nr. 228/2009 sem kveðinn var upp 29. október 2009, í máli Þorsteins M. Jónssonar, Björns Inga Sveinssonar, Hauks Guðjónssonar, Jóns Sigurðssonar, Katrínar Pétursdóttur, Péturs Guðmundarsonar og Skarphéðins Bergs Steinarssonar gegn Vilhjálmi Bjarnasyni. Þykir rétt að takmarka heimild stjórnar í hlutafélögum, þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), til að ákveða fjárhæð þá sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir kaup á eigin hlutum. Ákvæðin taka líka til sölu á hlutum þessara félaga. Er kveðið á um að miða skuli við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður til að draga úr líkum á kaupum á yfirverði eða sölu á undirverði. Heimilt mun vera samkvæmt EES-rétti að setja slíka reglu.

Jafnframt er gert ráð fyrir að í öðrum hlutafélögum geti hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár, krafist þess innan mánaðar frá því að stjórn tilkynnir um samning að endurskoðanda verði falið að meta hvort verð það sem stjórn hefur samið um sé sanngjarn og efnislega rökstutt. Komist endurskoðandi að þeirri niðurstöðu að verð það, sem stjórn samdi um, hafi verið ósanngjarnt eða ekki nægileg rökstutt getur hluthafi eftir atvikum átt bótaábyrgð á hendur félaginu eða stjórn þess. Vísast til skaðabótakafla laganna í því sambandi. Hugsast getur að stjórn hafi gert fyrirvara í samningi um hugsanlegar athugasemdir hluthafa þannig að gera megi breytingar og ekki reyni á skaðabótaábyrgð.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir breytingu á 1. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna, með öðrum orðum möguleika á framsali efnahags- og viðskiptaráðherra til hlutafélagaskrár á valdi til að veita framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum undanþágu frá heimilisfesti, sbr. nánari athugasemdir við 1. og 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 140. gr. laganna um heimilisfesti útibússtjóra fara eftir reglum um heimilisfesti framkvæmdastjóra þannig að framsal undanþáguheimildar getur samkvæmt því náð til útibússtjóra.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir breytingu á 1. mgr. 76. gr. laganna. Samkvæmt henni mega félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Samkvæmt frumvarpsgreininni eru skilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra þrengd með því að fella niður orðið „bersýnilega“, sbr. nánar athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins. Af hálfu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins þótti rétt að bæta þessu ákvæði inn í frumvarpið til að styrkja minnihlutavernd.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 79. gr. a í hlutafélagalögum en með 3. gr. laga nr. 89/2006 voru innleidd ákvæði úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum. Lagaákvæðin hér á landi voru þó látin ná til fleiri hlutafélaga, svo og sambærilegra einkahlutafélaga.

Tillögurnar eru fram komnar vegna tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009 um breytingu á tilmælum 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar starfskjör stjórnenda í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (óopinber þýðing). Nýrri málsgrein yrði bætt við 79. gr. a. Síðarnefndu tilmælin voru samþykkt í Evrópusambandinu og síðar sem EES-tilmæli vegna fjármálahrunsins, sbr ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2009 frá 22. október 2009. Þykir starfskjarastefna í fyrirtækjum stundum hafa tekið mið af skammtímasjónarmiðum í stað langtímahagsmuna félaga. Er nú m.a. leitast við að hafa árangur félaga í huga, setja takmörk á breytilega þætti starfskjara, fresta útborgunum og miða t.d. við þrjú til fimm ár, gera ráð fyrir endurgreiðslum í vissum tilvikum og reyna að tryggja að starfslokagreiðslur séu ekki inntar af hendi í kjölfar slaks árangurs.

Í 5. tölul. þessarar greinar, þar sem segir að stjórnarmenn skuli ekki njóta kaupréttar á hlutum o.þ.u.l., sbr. 3. tölul. 1. mgr. 79. gr. a í lögunum, skal tekið fram að töluliðurinn hljóðar svo: Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Þá hafa verið samþykkt tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu í fjármálageiranum (óopinber þýðing) en sú gerð er ekki tekin til meðferðar í þessu frumvarpi heldur verður hugað að samningu sérákvæða. Almenn ákvæði þessarar greinar gilda þó um starfskjarastefnu í fjármálageiranum nema sérákvæði víki þeim til hliðar.

Bent skal á að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna markaðsskráðra félaga, svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir), er breytt með gerð 2009/385/EB en þær breytingar eru ekki heldur teknar til meðferðar hér þar eð gert er ráð fyrir að Kauphöll Íslands, Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins hugi sem fyrr að leiðbeiningum og reglum hvað þetta varðar, m.a. um starfskjaranefnd í félögum.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 81. gr. hlutafélagalaga að því er varðar umboðsmenn og ráðgjafa. Í 1. mgr. tilvitnaðs ákvæðis er hluthafa tryggður réttur til þess að hafa með

sér ráðgjafa á hluthafafund, t.d. lögmann. Aftur á móti nýtur ráðgjafinn ekki málfrelsis að gildandi rétti. Í þessu frumvarpi er lögð til sú breyting að ráðgjafi njóti málfrelsis á hluthafafundi í skjóli þess hluthafa sem fékk hann til starfans. Þetta er í samræmi við norskan og sænskan rétt. Hópur þeirra sem á hlut í félögum er fjölbreyttur. Ætla má að hluthafar séu ekki allir vel í stakk búnir til að taka til máls á hluthafafundi, t.d. þegar um flókin málefni er að ræða. Engu að síður er mikilvægt að sjónarmið slíkra hluthafi komi fram. Það er því til þess fallið að styrkja minnihlutavernd í félögum að veita ráðgjafa málfrelsi á hluthafafundi.

Þá er lögð til sú breyting að umboð til handa umboðsmanni gildi aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Regla gildandi laga um að umboð megi veita til allt að fimm ára þykir geta stuðlað um of að því að hluthafar verði óvirkir með því að láta umboðsmanninn um málefni sín yfir mjög langt tímabil. Eins árs frestur er einnig í samræmi við danskan og sænskan rétt.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 85. gr. hlutafélagalaga. Ákvæði íslenskra laga um kröfu hluthafa um aukafund eru sambærileg við dönsk og sænsk ákvæði. Í norskum rétti er minni hluthöfum hins vegar tryggður ríkari réttur til að krefjast fundar þar eð þeir sem eiga 5% hlutafjár eða meira geta farið fram á fund. Á móti má benda á að í íslenskum rétti sem dönskum er ekki hefð fyrir því að færa jafnlitlum hópi hluthafa tiltekin réttindi, heldur eru lægstu mörk miðuð við eigendur 1/10 hlutafjárins. Helgast það viðhorf sennilega af því að ella sé hætta á að smærri hluthafar misnoti þau réttindi sem þeim eru veitt í lögum, félaginu til tjóns. Ákvæði 85. gr. hlutafélagalaga tryggir hluthöfum mikilsverð réttindi sem felast í því að eiga þess kost að ræða málefni félagsins. Beiting ákvæðisins er félaginu að jafnaði heldur ekki þungbær. Því þykir rétt að lækka áskilnað greinarinnar niður í 1/20 hlutafjárins.

Um 10. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á 88. gr. hlutafélagalaga varðandi lengingu á fresti til að boða hluthafafund voru einnig lagðar til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006 og varð að lögum nr. 89/2006. Ákvæðið, sem fellt var út úr frumvarpinu í meðförum þingsins, byggðist á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis er viðskiptaráðherra skipaði *(Íslenskt viðskiptaumhverfi,* september 2004). Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar (þskj. 1183, 444. mál), sem fylgdi breytingartillögu um að fella ákvæðið um lengdan fundarboðunartíma brott, sagði að nefndin teldi ekki þörf á að lengja nefndan frest.

Hér er lagt til að lögfest verði sama regla og lögð var til í framangreindu frumvarpi. Það sjónarmið þykir eðlilegt, sem fram kemur í skýrslunni *Íslenskt viðskiptaumhverfi,* að alla jafna hljóti að vera æskilegt að hluthafar hafi nægan tíma til að afla gagna og kynna sér þau mál sem til umfjöllunar verða á hluthafafundi. Þó er lagt til að boða megi til hluthafafundar með skemmst sjö daga fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrirfram skriflega. Að öðru leyti þykir um rökin fyrir frumvarpsgreininni rétt að vísa til athugasemda með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, sem varð að lögum nr. 89/2006. Í athugasemdunum sagði svo:

„Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 88. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. málsl. 1. mgr. þar sem fjallað er um boðun hluthafafundar. Lagt er til að skemmsti frestur til boðunar hluthafafundar verði lengdur úr einni viku í tvær.

Breytingin er lögð til þar eð frestur núgildandi laga þykir of stuttur til að hluthafar geti kynnt sér þau mál sem taka á fyrir á fundinum en það hlýtur að vera æskilegt að hluthafar hafi nægan tíma til að afla gagna og kynna sér þau mál sem til umfjöllunar verða á hluthafafundi. Til samanburðar má geta þess að í dönskum hlutafélagalögum er kveðið á um að skemmsti frestur til boðunar hluthafafundar sé vika en í öðrum ríkjum Evrópusambandsins er slíkur lágmarksfrestur fjórtán til þrjátíu dagar.

Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði undantekning frá reglunni þess efnis að boða megi hluthafafund með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 90% af hlutafé félagsins, samþykkja það fyrir fram skriflega. Líklegt er að heimildin verði helst notuð af félögum með fáa hluthafa en í slíkum tilvikum er fjórtán daga boðunarfrestur e.t.v. óþarflega langur.

Í þriðja lagi eru í tveimur liðum lagðar til breyting á 4. mgr. ákvæðisins þar sem kveðið er á um framlagningu og útsendingu gagna fyrir hluthafafund. Fyrri breytingin tengist breytingu þeirri sem lögð er til í 1. tölul. þessarar greinar og miðar að því að gefa hluthöfum nægan tíma til að afla nauðsynlegra gagna og kynna sér þau fyrir hluthafafund. Lagt er til að þau gögn, sem talin eru upp í ákvæðinu, skuli leggja fram í síðasta lagi tveimur vikum fyrir hluthafafund nema í þeim tilvikum þar sem hluthafar, sem ráða yfir minnst 90% af hlutafé félagsins, samþykkja styttri boðunarfrest. Í slíkum tilvikum gildir sami frestur varðandi framlagningu gagna.“

Taka má fram hér að samkvæmt lögum nr. 126/2009 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa), sem taka til hlutafélaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gildir sú meginregla að boða skuli til hluthafafundar í þessum hlutafélögum (markaðsfélögum) minnst þremur vikum fyrir fundinn í stað einnar viku minnst samkvæmt lögum um hlutafélög. Sé unnt að boða til hluthafafundar rafrænt nægja þó tvær vikur og tíu dagar ef um framhaldshluthafafundi er að ræða. Lengist lágmarksfrestur samkvæmt þessu til boðunar í framangreindum félögum á grundvelli EES-reglna.

Um 11. gr.

Í 91. gr. hlutafélagalaga er mælt svo fyrir að félagsstjórn og framkvæmdastjóri verði að kröfu hluthafa að leggja fram upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins, stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála sem bíða afgreiðslu fundarins. Upplýsingaskyldan gildir einnig um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu. Þetta ákvæði er mikilvægur og hagnýtur þáttur í minnihlutavernd, einkum í stórum félögum þar sem áhrif smærri fjárfesta eru takmörkuð og þeir hafa hagsmuni af því að draga málefni félagsins fram í dagsljósið.

Eins og fram kemur í 91. gr. eru takmörk á því hvaða upplýsingar verði veittar. Þannig er stjórninni ekki skylt að leggja fram upplýsingarnar ef það er mat hennar að framlagning upplýsinga á hluthafafundi sé til tjóns fyrir félagið. Félagsstjórnin hefur því lokaorð um hvort upplýsingar séu skaðlegar félaginu. Í þessu ljósi virðist auðvelt fyrir stjórn að skýla sér bak við ákvæðið til þess að komast hjá upplýsingagjöf. Þess vegna má færa rök fyrir því að skilyrði núgildandi laga fyrir upplýsingagjöf sé of þröngt. Hér er því lagt til að skerpt verði á upplýsingaréttinum með því að áskilja að upplýsingar verði að valda félagi *verulegu* tjóni svo að félagsstjórn og framkvæmdastjóri geti vikist undan upplýsingagjöf. Þetta er til samræmis við norrænan rétt.

Um 12. gr.

Í 95. gr. hlutafélagalaga er að finna meginreglu um minnihlutavernd. Þar kemur fram að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Ákvæðið á því aðeins við að ákvörðun sé „bersýnilega“ til þess fallin að ívilna hluthöfum eða öðrum með þeim hætti sem í greininni segir. Af þessu leiðir að talsvert þarf til að koma svo að reglunni verði beitt. Færa má gild rök fyrir því að skilyrðið sé of strangt fyrir hluthafa sem vilja véfengja ákvörðun hluthafafundar. Hér er því lagt til að orðið „bersýnilega“ verði fellt brott úr greininni. Breytingin er til þess fallin að styrkja minnihlutavernd með því að auðvelda einstökum hluthöfum að byggja rétt á 95. gr. hlutafélagalaga. Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við norskan og sænskan rétt.

Um 13. gr.

Þessi grein, sem er nýmæli ef að lögum verður (95. gr. a), á sér ákveðna hliðstæðu í II. kafla hlutafélagalaganna um stofnun hlutafélaga. Í 8. gr. hlutafélagalaga segir m.a. annars að afli félag annarra fjárhagsverðmæta en greinir í 6. gr. frá stofnanda eða hluthafa þurfi samþykki hluthafafundar ef endurgjaldið nemur að minnsta kosti 1/10 hlutafjárins. Í norskum lögum er að finna ákvæði sem eru efnislega samhljóða 8. gr. hlutafélagalaga enda eiga ákvæðin bæði rætur að rekja til 1. mgr. 11. gr. annarrar félagaréttartilskipunarinnar (77/91/EBE). Greinunum er ætlað að tryggja þá hagsmuni hluthafa og lánardrottna að hlutafé haldist innan félagsins enda eru umræddar ráðstafanir fyrirfram taldar tortryggilegar.

Í norskum lögum eru svipuð ákvæði og hér eru lögð til og taka til viðskipta milli tengdra aðila. Reglan er hugsuð sem viðbót við þær reglur sem gilda um viðtöku félags við endurgjaldi í öðru en peningum þegar um stofnun hlutafélags og hlutafjárhækkun er að ræða. Hún verndar hluthafa og lánardrottna gegn því að aðrir hluthafar grípi til ótilhlýðilegra ráðstafana á kostnað félagsins.

Umrætt ákvæði tekur til samninga milli félagsins og ýmissa fyrirsvarsmanna þess og tengdra aðila. Samningar, sem fara fram úr ákveðnu hámarki, þ.e. nema að raunvirði meira en 1/20 hlutafjárins, binda ekki félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Ákvæði þetta gildir fyrst og fremst milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Skv. 4. mgr. þessarar greinar frumvarpsins tekur ákvæðið einnig til samninga sem félagið hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Skilgreiningu hugtaksins nákomnir er ekki að finna í hlutafélagalögum. Aftur á móti er lagt til í þessari málsgrein að hugtakið verði skilgreint sérstaklega. Hefur það verið gert einkum með hliðsjón af norskum lögum en einnig var litið til 3. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 14. gr.

Ákvæði íslensks réttar um sérstakar rannsóknir eru minni hluthöfum tiltölulega hliðhollar. Hluthöfum í íslenskum hlutafélögum er mun auðveldara að krefjast rannsóknar en t.d. hluthöfum danskra hlutafélaga. Í Noregi og Svíþjóð þarf hins vegar minna til að krefjast sérstakrar rannsóknar. Með tilliti til þess að sérstök rannsókn felur í sér talsvert inngrip í starfsemi félags og hætta getur skapast á að úrræðið verði misnotað, ef skilyrði fyrir beitingu eru gerð of rúm, er ekki talið tilefni til að rýmka skilyrðin til samræmis við norsk eða sænsk hlutafélagalög.

Tvær breytingar eru lagðar til á 97. gr. hlutafélagalaga.

Í a-lið er lagt til að sett sé svipað ákvæði um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af rannsókn og er í 87. gr. hlutafélagalaga um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar vegna boðunar til fundar. Er ætlunin að taka af tvímæli um að þessi leið sé heimil enda getur núverandi ákvæði leitt til þess að erfitt verði að fá menn til að annast rannsóknir ef óljóst er með greiðslugetu félags. Er gert ráð fyrir því að sá er biður um rannsókn setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar í þessum tilvikum en félagið beri þann kostnað endanlega. Nú greiðir félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans og glati rannsóknarbeiðandi þá tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið. Núverandi leið laganna verður þó áfram fær, þ.e. að ráðherra tilnefni rannsóknarmann sem fái greidda þóknun frá félaginu samkvæmt ákvörðun ráðherra en beri áhættuna af því að fá ekki greiðslu frá félaginu.

Í b-lið er lagt til að tímabilið, sem hluthafar hafa til að skoða skýrslu rannsóknarmanna, sé lengt úr einni viku í tvær. Er breytingunni ætlað að tryggja ákveðið samræmi milli 97. gr. og reglna hlutafélagalaga um boðun til hluthafafundar.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lagt til að á eftir 18. gr. laganna um einkahlutafélög komi ný grein er verði 18. gr. a. Vísað er til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 114. gr. laganna um heimilisfesti útibússtjóra fara eftir reglum um heimilisfesti framkvæmdastjóra þannig að framsal undanþáguheimildar getur samkvæmt því náð til útibússtjóra.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 51. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 54. gr. a í lögunum um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins en tilvísun skal vera í c-lið 1. mgr. 54. gr. a í lögunum um einkahlutafélög.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 56. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á 60. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 9. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 63. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 66. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 70. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er í athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að á eftir 70. gr. laganna um einkahlutafélög komi ný grein er verði 70. gr. a. Vísað er til athugasemda við 13. gr. frumvarpsins. Sá munur er þó á að í einkahlutafélögum er miðað við 1/10 hlutafjárins en ekki 1/20 eins og í hlutafélögum.

Um 27. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 72. gr. laganna um einkahlutafélög. Vísað er til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Í 2. mgr. 96. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, er mælt fyrir um að félagsmenn sem fara með minnst einn fimmta hluta þeirra atkvæða á aðalfundi, þar sem kjósa skal endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn, geti krafist þess að stjórn félags beini þeim tilmælum til ársreikningaskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji skráin ástæðu til að verða við ósk hluthafanna skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun endurskoðandans skal greidd af félaginu. Augljóst er að ákvæðinu er ætlað að tryggja minnihlutavernd enda er endurskoðandi, sem ráðinn er á grundvelli svipaðra ákvæða í norrænni löggjöf, nefndur endurskoðandi minni hlutans (minoritetsrevisor). Endurskoðandi, sem tilnefndur er af ársreikningaskrá, stendur jafnfætis endurskoðendum sem kjörnir eru á hluthafafundum. Hann nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur. Í danskri réttarframkvæmd hefur verið talið að ekki sé unnt að þrengja verksvið endurskoðanda minni hlutans, t.d. með því að fela honum ákveðin verkefni. Ætla verður að sömu sjónarmið gildi hér á landi.

Reglur íslensks réttar um tilnefningu endurskoðanda að kröfu hluthafa eru frábrugðnar reglum annarra samanburðarlanda að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er regluna ekki að finna í hlutafélagalögunum sjálfum, líkt og í öðrum samanburðarlöndum. Helgast þetta væntanlega af því að í íslenskum hlutafélagalögum er ekki að finna sérstakan kafla um endurskoðun líkt og annars staðar. Ekki verður séð að það skipti sköpum um minnihlutavernd að ákvæðið sé í hlutafélagalögunum sjálfum. Í öðru lagi eru hlutfallslegar kröfur íslensku greinarinnar til verndar minni hlutanum strangastar í öllum samanburðarlöndunum. Þannig þarf krafan að

stafa frá hluthöfum sem ráða yfir 20% hlutafjárins eða meira hér á landi en sama skilyrði er 10% í Danmörku og 5% í Noregi. Í Svíþjóð þarf ýmist samþykki hluthafa er ráða yfir 10% hlutafjárins eða 33,3% þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Á tveimur stöðum í íslenskri hlutafélagalöggjöf er krafist samþykkis hluthafa sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjárins. Á það við um kröfu um dóm um félagsslit, sbr. 1. mgr. 106. gr. hlutafélagalaga, og kröfu um hlutfalls- og margfeldiskosningu við stjórnarkjör í félögum þar sem hluthafar eru 200 eða færri, sbr. 7. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga. Í félögum, þar sem hluthafar eru fleiri en 200, geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu. Þótt slík regla kunni að vera réttlætanleg þegar um félagsslit er að ræða verður ekki talið að tilnefning endurskoðanda að kröfu hluthafa feli í sér svo mikið inngrip í rekstur félags að það þörf sé á áskilnaði um samþykki hóps sem ræður yfir 1/5 hlutafjárins eða meira. Í þessari grein er því lagt til að mörkin verði færð niður í 1/10 hlutafjárins. Slík breyting stuðlar bæði að bættri minnihlutavernd og auknu samræmi lagaákvæða sem tryggja slíka vernd.

Um 29. gr.

Í greininni er greint frá heimild vegna innleiðingar EES-tilmæla um starfskjör stjórnenda, sbr. athugasemd við 7. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga.

Markmið frumvarpsins er að styrkja minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Í því eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga. Í frumvarpinu er einnig lögð til breyting á reglum um starfskjör stjórna og æðstu stjórnenda í hlutafélögum og einkahlutafélögum á grundvelli nýrra EES-tilmæla. Er það gert til að halda starfskjörunum innan hóflegra marka, m.a. með tilliti til varanlegs árangurs í rekstri félaganna. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem heimila ráðherra að framselja vald sitt til hlutafélagskrár, meðal annars um innköllunarskyldu við lækkun hlutafjár.

Verði frumvarpið lögfest verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

961. Frumvarp til laga [570. mál]

um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Markmið laganna og tilgangur rannsóknar.

Markmið laga þessara er að tryggja ráðherra aðgang að þeim upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að geta framkvæmt rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að framkvæma rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Tilgangur rannsóknarinnar er að stjórnvöld öðlist betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu skuldugra heimila hér á landi á nokkurra ára tímabili.

2. gr.

Upplýsingar og afhending þeirra.

Ráðherra er heimilt, vegna rannsóknar skv. 1. gr., að safna frá eftirtöldum lögaðilum gögnum sem innihalda þær upplýsingar um fjárhagslegar aðstæður einstaklinga og fjölskyldna sem hér greinir:

1. Frá Íbúðalánasjóði, fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og Lánasjóði íslenskra námsmanna: Upplýsingar um fjárhæðir, innborganir, kjör, stöðu og tryggingar þeirra lána sem þeir hafa veitt einstaklingum.
2. Frá ríkisskattstjóra: Upplýsingar um tekjur og eignir einstaklinga sem talið hafa fram til skatts hér á landi.
3. Frá Vinnumálastofnun: Upplýsingar um umsóknir og skráningar einstaklinga á atvinnuleysisskrá, um starfshlutfall hvers umsækjanda og um fjárhæðir og hlutfall greiddra atvinnuleysisbóta til hvers umsækjanda.
4. Frá Þjóðskrá: Fjölskyldunúmer einstaklinga með íslenskar kennitölur, auk upplýsinga um kyn þeirra, hvort þeir hafi íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hér á landi.
5. Frá Fjársýslu ríkisins: Upplýsingar um útgreiðslur barnabóta til framfærenda barna og um útgreiðslur vaxtabóta.
6. Frá Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Akureyrarkaupstað, Reykjanesbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ, sveitarfélaginu Árborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um greiddar húsaleigubætur, veitta fjárhagsaðstoð og aðrar bótagreiðslur til einstaklinga.
7. Frá Tryggingastofnun ríkisins: Upplýsingar um útgreiðslur bóta til einstaklinga.

Þær upplýsingar sem safnað er samkvæmt grein þessari mega ekki innihalda önnur persónuauðkenni en kennitölur, fjölskyldunúmer, kyn, íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hér á landi.

Söfnun upplýsinga samkvæmt grein þessari má eigi fara fram tíðar en ársfjórðungslega.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og önnur ákvæði laga um þagnarskyldu er þeim lögaðilum sem ráðherra krefur um gögn samkvæmt lögum þessum skylt að veita umbeðnar upplýsingar á því formi sem ráðherra tiltekur án endurgjalds og innan þeirra tímamarka sem hann ákveður hverju sinni.

3. gr.
Samkeyrsla.

Hverju sinni sem ráðherra tekur á móti persónuupplýsingum sem greinir í 2. gr. skal hann nýta kennitölur og eftir atvikum fjölskyldunúmer hinna skráðu til að samkeyra upplýsingarnar við áður mótteknar upplýsingar. Beita skal aðferðum sem Persónuvernd samþykkir til að skipta á kennitölum og fjölskyldunúmerum hinna skráðu og öðrum auðkennum sem hverfandi litlar líkur eru taldar á að utanaðkomandi geti varpað aftur yfir í hin upphaflegu persónuauðkenni. Þegar að samkeyrslu lokinni skal eyða þeim gögnum sem móttekin voru það sinnið.

Samkeyrsla móttekinna upplýsinga má einungis fara fram í afmörkuðu, aðgangsstýrðu rými og með tölvubúnaði sem er ekki nettengdur öðrum búnaði. Skal aðgangur bundinn við þá eina sem nauðsynlegir eru til að vinnsla skv. 1. mgr. geti farið fram.

4. gr.
Vinnsla samkeyrðra upplýsinga.

Óheimilt er að tengja hinar samkeyrðu upplýsingar við aðrar upplýsingar eða veita öðrum aðgang að þeim, þar á meðal netaðgang.

Ráðherra skal rannsaka þær upplýsingar sem hafa verið samkeyrðar skv. 3. gr. í því skyni að varpa ljósi á fjárhagsstöðu skuldugra heimila og taka eingöngu saman úr þeim ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar skv. 5. gr.

5. gr.
Meðferð tölfræðilegra upplýsinga.

Ráðherra skal kynna niðurstöður rannsóknar sinnar í ráðherranefnd um efnahagsmál sem tekur ákvörðun um hvernig bregðast skuli við þeim niðurstöðum og um birtingu þeirra opinberlega.

Ráðherra er óheimilt að veita persónugreinanlegar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna.

6. gr.
Eftirlit.

Persónuvernd skal hafa eftirlit með að rannsókn sú sem lög þessi fjalla um sé framkvæmd í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi falla úr gildi 1. maí 2013. Fyrir þann tíma skal þeirri rannsókn sem lög þessi fjalla um vera lokið og öllum samkeyrðum gögnum eytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar þeirrar fjármálakreppu sem reið yfir á árinu 2008 hefur fjárhagsstaða skuldugra heimila versnað mikið. Afar brýnt er að stjórnvöld hafi völ á sem nýtilegustum upplýsingum um þessa stöðu hverju sinni svo að ákvarðanir stjórnvalda um aðgerðir á þessu sviði verði teknar með upplýstum hætti.

Á árinu 2009 ákvað Seðlabanki Íslands að safna upplýsingum í því skyni að meta áhrif fjármálakreppunnar á heimilin í landinu. Í því skyni veitti Persónuvernd bankanum leyfi til að safna frá fjármálafyrirtækjum, skattyfirvöldum og Vinnumálastofnun upplýsingum um fjármál og atvinnu einstaklinga og samkeyra þær upplýsingar til frekari vinnslu. Samhliða samkeyrslunni voru þau persónuauðkenni sem upplýsingarnar geymdu dulkóðuð með dulkóðunarlykli sem Persónuvernd geymdi. Leyfi Persónuverndar voru bundin því skilyrði að þeim lykli yrði eytt þegar rannsókninni lyki og fór sú eyðing fram í lok febrúar 2010.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 5. mars 2010 var kynnt tillaga efnahags- og viðskiptaráðherra að framkvæmd rannsóknar á fjárhagsstöðu heimila á grundvelli nýrra gagna. Frumvarpi þessu er ætlað að búa þeirri rannsókn umgjörð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar veita efnahags- og viðskiptaráðherra heimild til að framkvæma þá rannsókn sem frumvarpið fjallar um, auk þess að lýsa tilgangi rannsóknarinnar og markmiði laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um þær upplýsingar sem ráðherra er heimilt að kalla eftir vegna rannsóknar sinnar.

Í 1. mgr. eru taldir upp þeir skráarhaldarar sem kalla má eftir upplýsingum frá og tilteknar þær upplýsingar sem leitað verður eftir frá hverjum fyrir sig:

Um 1. tölul.

Með fjármálafyrirtækjum er átt við lögaðila sem falla undir gildissvið laga um fjármálafyrirtæki, nú lög nr. 161/2002, með áorðnum breytingum. Með lífeyrissjóðum er átt við lögaðila sem falla undir lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú lög nr. 129/1997, með áorðnum breytingum. Með lánum er átt við hvers kyns lán sem viðkomandi skráarhaldari hefur veitt einstaklingum, þ.m.t. lán til kaupa á húsnæði og ökutækjum. Þar sem eldri lög takmarka miðlun umræddra upplýsinga, sbr. t.d. ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, sbr. nú 58. gr. laga nr. 161/2002, með áorðnum breytingum, þá víkur ákvæði 1. tölul. 2. gr. frumvarpsins slíkum takmörkunum til hliðar.

Um 2. tölul.

Með tekjum og eignum er átt við hvers kyns upplýsingar um tekjur og eignir einstaklinga hér á landi sem borist hafa ríkisskattstjóra, þ.m.t. upplýsingar úr skattframtölum og staðgreiðsluupplýsingar.

Um 4. tölul.

Fjölskyldunúmerum er safnað frá Þjóðskrá í því skyni að geta borið saman fjárhag fjölskyldna. Því markmiði er náð með því að samkeyra mótteknar persónuupplýsingar undir fjölskyldunúmerum. Þá er safnað upplýsingum kyn hinna skráðu til þess að rannsóknin geti varpað ljósi á með hvaða hætti fjármálakreppan kemur misjafnlega niður á fjárhagsstöðu karla og kvenna, sbr. til hliðsjónar nú g-lið 1. mgr. 1. gr. og 16. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Að auki er safnað upplýsingum um búsetu hinna skráðu hér á landi í því skyni að gefa færi á að skoða hvort fjárhagslegar aðstæður þeirra sem búsettir eru tímabundið hér á landi gefi tilefni til sértækra aðgerða í þágu þeirra.

Um 5. tölul.

Upplýsingar um greiddar barnabætur eru sóttar til Fjársýslu ríkisins þar sem henni er falið að ávísa bótunum til útborgunar, sbr. nú 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 555/2004 um greiðslu barnabóta, sbr. nú 8. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum. Upplýsingar um greiddar vaxtabætur eru sóttar til Fjársýslu ríkisins í ljósi þess að stofnuninni er falið að annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð, en ríkissjóði er falið að greiða vaxtabætur skv. 1. gr. reglugerðar um greiðslu vaxtabóta, nú nr. 990/2001, með áorðnum breytingum, sbr. nú A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum.

Um 6. tölul.

Upplýsingar um greiddar húsaleigubætur eru sóttar til sveitarfélaga þar sem þau annast greiðslu slíkra bóta, sbr. nú 2. mgr. 2. gr. laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur. Upplýsingar um veitta fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eru sóttar til þeirra þar sem þau annast sjálf greiðslu slíkra bóta, sbr. nú VI. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með áorðnum breytingum. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga upplýsingar um hverjar þær bætur til einstaklinga sem sveitarfélög kunna að annast útgreiðslu á á hverjum tíma. Einungis er heimilt að sækja þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum tölulið til Sambands íslenskra sveitarfélaga og átta stærstu sveitarfélaganna á landinu. Þetta er gert í því ljósi að þó að regluleg framlagning umbeðinna upplýsinga valdi stærri sveitarfélögum ekki vandkvæðum geti slíkt valdið minni sveitarfélögum byrði.

Um 7. tölul.

Með lögum um almannatryggingar, sbr. nú m.a. 16. og 31. gr. laga nr. 100/2007, með áorðnum breytingum, og lögum um félagslega aðstoð, sbr. nú 1. gr. laga nr. 99/2007, með áorðnum breytingum, er Tryggingastofnun ríkisins falið að greiða einstaklingum margvíslegar bætur, þar á meðal lífeyristryggingar almannatrygginga, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, aldurstengdar örorkuuppbætur, tekjutryggingar, örorkustyrki og barnalífeyri; slysatryggingar almannatrygginga, þ.e. sjúkrahjálp, dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur; auk bóta félagslegrar aðstoðar, þ.e. mæðra- og feðralaun, barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, makabætur, dánarbætur, endurhæfingarlífeyri, heimilisuppbót, frekari uppbætur, styrki vegna kaupa á bifreið, uppbætur vegna kaupa á bifreið, uppbætur vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðslur umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til stofnunarinnar upplýsingar um þær bætur til einstaklinga sem hún annast útgreiðslu á á hverjum tíma.

Samkvæmt 2. mgr. má safna kennitölum og fjölskyldunúmerum, ásamt upplýsingum um kyn, hvort þeir hafi íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hinna skráðu hér á landi. Þetta er heimilað í því skyni að hægt verði að safna upplýsingum um einstaklinga frá þeim lögaðilum sem tilgreindir eru í 1. mgr. og samkeyra upplýsingarnar þannig að saman safnist upplýsingar um hvern einstakling og um hverja fjölskyldu. Í ákvæðinu er tekið fram að ekki sé heimilt að afla annarra persónuauðkenna, þ.e. upplýsinga sem einkum eru nýttar til auðkenningar einstaklinga, svo sem nöfn, símanúmer eða heimilisföng.

Tilgreindum lögaðilum ber að afhenda umbeðnar upplýsingar svo oft sem ráðherra óskar eftir þeim en með ákvæði 3. mgr. um hámarkstíðni eru sett takmörk við því óhagræði sem þessir aðilar mundu hafa af mjög tíðri upplýsingasöfnun.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla nánar fyrir um afhendingu upplýsinga vegna rannsóknarinnar, svo sem hversu nákvæmar og sundurgreindar umbeðnar upplýsingar skuli

vera, yfir hvaða tímabil þær skuli ná, hvernig kóðun einstakra tegunda upplýsinga skuli háttað, hvaða skráarsnið skuli notað, á hvers konar gagnamiðlum skuli afhenta gögnin og hvernig skuli haga frágangi hinna umbeðnu gagna að öðru leyti. Einnig er mælt fyrir um að aðilar afhendi upplýsingarnar án endurgjalds. Þá er kveðið á um að ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að afhenta umbeðnar upplýsingar.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar mæla fyrir um hvernig fara skuli með þær upplýsingar sem mótteknar eru frá skráarhöldurum. Þær upplýsingar má eingöngu vinna í þeim tilgangi að búa til úr þeim gagnasafn til frekari úrvinnslu í rannsókn þeirri er frumvarpið fjallar um. Þetta gagnasafn er samkeyrt þannig að upplýsingar um hvern skráðan einstakling, sem fengnar eru frá hinum tilgreindu skráarhöldurum, sýni í hinum samkeyrðu gögnum samantekna mynd af öllum þeim upplýsingum sem safnað hefur verið um hvern hinna skráðu. Með samkeyrslu undir fjölskyldunúmerum fæst þannig heildarmynd af fjárhagsstöðu hvers heimilis, þar á meðal um fjárhæð og samsetningu skulda heimilismanna, tekjur þeirra, áhrif atvinnuleysis o.s.frv. Þessi mynd verður svo sífellt skýrari þegar nýjar upplýsingar berast eftir hvern ársfjórðung og eru samkeyrðar við hið samkeyrða safn sem fyrir er af upplýsingum.

Þar sem það þjónar ekki tilgangi rannsóknar þeirrar sem frumvarpið fjallar um að varðveita móttekin gögn eftir að upplýsingar úr þeim hafa verið samkeyrðar er mælt fyrir um eyðingu þeirra þegar að lokinni samkeyrslu, þannig að einungis hinar samkeyrðu upplýsingar eru varðveittar. Af sömu ástæðu er boðið að einu persónuauðkennum hinna skráðu sem koma fyrir í gögnunum verði umbreytt eða varpað í önnur auðkenni með aðferðum sem geri ólíklegt að utanaðkomandi geti síðar meir nýtt þau til að afhjúpa hin eiginlegu persónuauðkenni. Persónuvernd er falið að mæla fyrir um útfærslu þessarar vinnslu og þeirra aðferða sem skuli beitt. Meðal aðferða af því tagi sem vísað er til í ákvæðinu má einkum nefna svonefnda sterka dulkóðun, þ.e. dulkóðun umræddra persónuauðkenna með þeim algrímum og dulkóðunarlyklum af þeirri lengd sem hverju sinni er almennt viðurkennt að valdi því að óraunhæft verði að afkóða hin dulkóðuðu auðkenni, svo sem vegna þess að slíkt mundi kalla á vinnslu sem alla jafna tæki mörg ár á tölvubúnaði sem teldist mjög öflugur.

Engin þörf er talin á að aðrir en þeir fulltrúar ráðherra, sem annast samkeyrslu móttekinna gagna og dulkóðun persónuauðkenna, hafi aðgang að hinum mótteknu gögnum eða umræddri samkeyrslu og dulkóðun. Því er mælt fyrir um þrönga aðgangsstýringu þessarar vinnslu.

Um 4. gr.

Það þjónar ekki tilgangi rannsóknar þeirrar sem frumvarpið boðar að ráðherra veiti öðrum, svo sem stofnunum eða fyrirtækjum, aðgang að hinum samkeyrðu upplýsingum. Þegar af þeirri ástæðu er lagt fyrirvaralaust bann við að hinar samkeyrðu upplýsingar verði með nokkru móti tengdar við aðrar upplýsingar eða aðgangur verði veittur öðrum en þeim sem starfa á ábyrgð ráðherra að þeirri rannsókn sem lögin lúta að.

Hinar samkeyrðu upplýsingar innihalda engin persónuauðkenni, heldur einungis auðkenni í stað kennitalna og fjölskyldunúmera, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Samt sem áður munu hinar samkeyrðu upplýsingar ekki verða ópersónugreinanlegar. Þvert á móti munu þær innihalda mikið magn upplýsinga frá ýmsum skráarhöldurum sem valda því að flestir viðkomandi skráarhaldara munu með einföldum hætti geta afhjúpað hina skráðu. Jafnvel mætti nota upplýsingar sem birtar eru opinberlega, svo sem úr álagningarskrám, í sama tilgangi. Þannig

liggja gild rök er lúta að upplýsingaöryggi, til viðbótar þeim er rakin eru hér að framan, til grundvallar banni við aðgangi annarra en ráðherra að hinum samkeyrðu upplýsingum.

Í 2. mgr. greinarinnar er hnykkt á þeim tilgangi sem ráðherra er heimilt að vinna með hinar samkeyrðu upplýsingar í. Þá er sérstaklega tekið fram að úr hinum samkeyrðu upplýsingum megi eingöngu taka saman ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar eða birtingar, en þar er einkum vísað til tölfræðilegra upplýsinga um hópa af viðeigandi lágmarksstærð, t.d. 100 einstaklinga eða fjölskyldunúmer.

Um 5. gr.

Hér að framan eru rakin sjónarmið um friðhelgi einkalífs og mikilvægi þess að takmarka vinnslu við tilgang þeirrar rannsóknar sem frumvarpið býður að skuli fara fram. Því til samræmis er í 5. gr. að finna tæmandi tilgreiningu á því með hvaða hætti skuli fara með afurðir rannsóknarinnar. Er ákvörðunarvald um birtingu þeirra falin ráðherranefnd um efnahagsmál, en hana skipa forsætisráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, sbr. þjóðhagsáætlun fyrir árið 2010, 2. mál 138. löggjafarþings.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra sé óheimilt að veita persónugreinanlegar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna.

Um 6. gr.

Með lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nú lögum nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, er Persónuvernd falið eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Þrátt fyrir að með frumvarpi þessu sé gert ráð fyrir að þeirri rannsókn sem hér er fjallað um verði veitt sérstök lagastoð sem innihaldi fyrirmæli um með hvaða hætti skuli haga vinnslunni er í 6. gr. þess hnykkt á að ákvæði laga um meðferð persónuupplýsinga og eftirlit Persónuverndar skuli ná til rannsóknarinnar. Stofnunin getur því t.d. mælt fyrir um hvernig þessi vinnsla skuli fara fram og gert úttektir á því að farið sé að reglum um meðferð persónuupplýsinga rétt eins og varðandi aðra vinnslu slíkra upplýsinga.

Um 7. gr.

Svo sem rakið er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er því ætlað að sjá til þess að fram fari vinnsla persónuupplýsinga sem stjórnvöld telja mjög brýna í ljósi tímabundinna og óvenjulegra aðstæðna. Með frumvarpinu er því ekki ætlunin að koma á fót varanlegu gagnasafni með þeim upplýsingum sem ráðherra verður heimilt að safna samkvæmt ákvæðum þess. Því er mikilvægt að kveðið sé á um skilyrðislaus lok umræddrar vinnslu og eyðingu annarra gagna en þeirra sem innihalda niðurstöður rannsóknarinnar, þ.e. tölfræðilegra upplýsinga um hópa einstaklinga. Er gert ráð fyrir að söfnun upplýsinga geti staðið yfir í allt að eitt til tvö ár og að allri úrvinnslu verði lokið innan þriggja ára hið mesta, en að niðurstöður kunni að liggja fyrir fyrr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Með frumvarpinu er lagt til að á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra fari fram víðtæk rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila yfir nokkurra ára tímabil. Er það gert í ljósi tímabundinna og óvenjulegra efnahagsaðstæðna heimilanna í samfélaginu en nauðsynlegt er að afla stjórnvöldum betri yfirsýn yfir þær til þess að auðveldara verði að taka ákvarðanir um viðbrögð.

Markmiðið rannsóknarinnar er að greina greiðsluvanda heimilanna m.a. eftir tekjuhópum, aldurshópum, kyni og fjölskyldugerðum, og meta síðan áhrif af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og hvort þörf sé á fleiri aðgerðum. Þannig er frumvarpinu ætlað að ná yfir þær upplýsingar sem ráðherra þarfnast hjá tilgreindum skráarhaldara til þess að framkvæma rannsóknina. Ekki er um varanlegt gagnasafn að ræða og upplýsingarnar verða ávallt ópersónugreinanlegar. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að söfnun upplýsinga geti staðið yfir í eitt til tvö ár og að allri úrvinnslu verði lokið innan þriggja ára hið mesta, þótt fyrstu niðurstöður liggi fyrir fyrr.

Gert er ráð fyrir að rannsóknin muni í heildina kosta allt að 50 m.kr. Þar af verði um 30 m.kr. vegna launakostnaðar en gert er ráð fyrir einum til einum og hálfum starfsmanni vegna verkefnisins. Annar kostnaður er vegna hug- og vélbúnaðar, aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar og viðhalds og þróunar gagnagrunns. Miðað við að rannsóknin hefjist um mitt þetta ár og að kostnaður ársins verði um 20 m.kr. en lækki svo í 12 m.kr. á ársgrunni fram á mitt ár 2013.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það leiða til 50 m.kr. aukinna útgjalda ríkissjóðs á næstu þremur árum. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í útgjaldaramma efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í gildandi fjárlögum.

962. Fyrirspurn [571. mál]

til forsætisráðherra um Icesave-tilboð Breta og Hollendinga fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvernig hljóðaði Icesave-tilboð Breta og Hollendinga til íslenskra stjórnvalda sem þeir gerðu rétt fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars sl., en ráðherra taldi atkvæðagreiðsluna marklausa með hliðsjón af því tilboði?

Skriflegt svar óskast.

963. Frumvarp til laga [572. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með kæru skal fylgja málskotsgjald, að upphæð 200.000 kr., og rennur gjaldið í ríkissjóð. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur kæru ekki til meðferðar nema málskotsgjald fylgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í staðinn fyrir orðin „10., 11. og 12. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt raskar samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.
d. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr.

3. gr.

Á eftir 17. gr. f laganna kemur ný grein, 17. gr. g, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald. Gjaldið nemur 250.000 kr. fyrir hvert fyrirtæki sem tekur þátt í samrunanum. Gjaldið er greitt við afhendingu samrunatilkynningar og rennur það í ríkissjóð.

4. gr.

Á eftir orðinu „aðili“ í 1. málsl. 41. gr. laganna kemur: þ.m.t. Samkeppniseftirlitið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá þeim tíma sem liðinn er frá haustmánuðum 2008 hefur skapast um það alþjóðleg samstaða að verndun eða efling virkrar samkeppni sé afar mikilvæg í efnahagskreppum. Um þetta er m.a. fjallað í skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda um samkeppni og efnahagskreppur sem birt var síðla árs 2009. Þar kemur fram það mat að virk samkeppni og samkeppnisstefna sé ein af forsendum norræna velferðarkerfisins. Af fjármálakreppum fyrri tíðar

megi læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægðum. Samkeppni milli fyrirtækja sé þannig mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Telur ráðuneytið að þessi sjónarmið eigi augljóslega við hér á landi og því mikilvægt að huga að styrkingu samkeppnislaga. Er þetta frumvarp lagt fram í þessu skyni.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja kærugjald að upphæð 200.000 kr.

Í öðru lagi er lagt til að nýr málsliður bætist við 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga er heimilar Samkeppniseftirlitinu að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni.

Í þriðja lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té vegna hans.

Í fjórða lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið hefur ekki málskotsrétt til dómstóla takmarkar möguleika eftirlitsins til þess að efla samkeppni og gæta hagsmuna almennings í samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins er meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en í henni sitja þrír nefndarmenn. Tilgangur þeirra breytinga sem nú eru lagðar til er að stuðla að skilvirkni og tryggja að fyrirtæki taki þátt í þeim kostnaði sem fellur á ríkið vegna starfa áfrýjunarnefndarinnar.

Í meðfylgjandi töflu er að finna yfirlit yfir fjölda kæra annars vegar og úrskurða hins vegar á hverju ári frá gildistöku núgildandi samkeppnislaga, nr. 44/2005. Þau lög tóku gildi á miðju ári 2005, en fyrir þann tíma fjallaði áfrýjunarnefndin einnig um ákvarðanir sem nú heyra undir Neytendastofu.

	Kærur	**Úrskurðir**
2005, 2. ársfj.	10	9
2006	8	8
2007	9	10
2008	12	8
2009	18	14

Eins og sjá má af töflunni hélst málafjöldi í kringum einn tug á ári á árunum 2005 til og með 2008. Miklu fleiri mál komu hins vegar til meðferðar á árinu 2009. Að sama skapi hefur svokallað áfrýjunarhlutfall snarhækkað, frá því að vera á bilinu 9,5% til 11,5% síðustu ár, í tæplega 20% á árinu 2009. Með áfrýjunarhlutfalli er átt við hlutfall kærðra ákvarðana sem birtar eru á heimasíðu. Í kjölfar bankahrunsins hefur verkefnum fjölgað og álag á stofnunina aukist til muna. Fjölgun kæra er í takt við það. Ekki er ólíklegt að þessi þróun haldi áfram.

Hefði áfrýjunargjald samkvæmt frumvarpinu verið í gildi á árunum 2007 og 2008 hefðu tekjur af því samtals numið 1,8 millj. kr. á árinu 2007 (samanborið við 6 millj. kr. í launakostnað) og 2,4 millj. kr. á árinu 2008 (samanborið við 12,4 millj. kr. í launakostnað). Gjaldið mun því ekki standa undir nema hluta af kostnaðinum.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála geta verið umfangsmiklir og flóknir og falið í sér ítarlega skoðun á viðskiptalífinu og lögfræðilegum og hagfræðilegum álitaefnum. Mál sem fara fyrir nefndina varða ávallt atvinnustarfsemi og af því leiðir að sjaldnast eru einstaklingar aðilar málsins. Hér eiga því ekki við sömu neytendaverndarsjónarmið varðandi málskot til æðra stjórnvalds og verður því að telja réttlætanlegt að málsaðilar taki þátt í að greiða kostnað af umfjölluninni. Jafnframt er eðlilegt að málum sé ekki skotið til áfrýjunarnefndar nema viðkomandi hafi raunverulega hagsmuni af málskotinu. Málskotsgjald stuðlar að því.

Álitaefnin sem úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála lúta að geta snúist um mikla fjárhagslega hagsmuni aðila og kostnaður af störfum nefndarinnar er verulegur. Í raun vekur það athygli að málskot til nefndarinnar hafi ekki haft í för með sér kostnað fyrir þann sem ákveður að skjóta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til nefndarinnar. Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að í 4. mgr. 9. gr. verði kveðið á um sérstakt málskotsgjald að upphæð 200.000 kr. og rennur gjaldið í ríkissjóð. Þess má geta að í Danmörku er fyrirkomulagið með svipuðum hætti. Þar starfar áfrýjunarnefnd samkeppnismála en til hennar má skjóta ákvörðunum danska samkeppniseftirlitsins. Í reglugerð um áfrýjunarnefndina er kveðið á um 5.000 DKR málskotsgjald sem skylt er að greiða til þess að nefndin taki mál til skoðunar. Gjald þetta er heimilt (en ekki skylt) að endurgreiða að hluta eða öllu leyti ef málið hefur unnist fyrir nefndinni.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til breyting á 16. gr. samkeppnislaga þar sem kveðið er á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða.

Samkvæmt gildandi samkeppnislögum getur Samkeppniseftirlitið tekið stjórnvaldsákvörðun og beint fyrirmælum til fyrirtækja eða samtaka þeirra sem brotið hafa gegn bannreglum samkeppnislaga. Slík fyrirmæli getur einnig verið að finna í ákvörðunum sem teknar eru vegna samkeppnishamlandi samruna eða í sáttum sem Samkeppniseftirlitið gerir við hlutaðeigandi fyrirtæki skv. 17. gr. f laganna. Ljóst er að fyrirtæki geta brotið gegn fyrirmælum í ákvörðunum eða sáttum og varða slík brot stjórnvaldssektum. Hins vegar geta brotin verið þess eðlis að nauðsynlegt sé að breyta viðkomandi fyrirmælum til að vinna enn frekar gegn brotum og samkeppnishömlum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að Samkeppniseftirlitið geti breytt skilyrðum fyrir því að heimila samruna ef forsendur hafa breyst og skilyrðin tryggja ekki lengur virka samkeppni, sbr. t.d. úrskurð nr. 6/2007. Æskilegt er hins vegar að Samkeppniseftirlitið hafi skýra almenna lagaheimild til að setja ný fyrirmæli þegar ákvörðun eða sátt er brotin. Sökum þessa er lagt til í a-lið að í stað orðanna „10., 11. og 12. gr.“ komi „bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.“

Varðandi breytingarnar sem lagðar eru til í b-lið er fyrst rétt að líta til þess að í 17. gr. eldri samkeppnislaga, nr. 8/1993, var kveðið á um að samkeppnisráð gæti gripið til aðgerða gegn aðstæðum, samningum, skilmálum og athöfnum sem hefðu skaðleg áhrif á samkeppni og tekin dæmi um hvað gæti falist í hinum skaðlegu áhrifum. Orðinu „aðstæður“ var bætt inn að tilstuðlan efnahags- og viðskiptanefndar en nefndina taldi vanta „heimild til handa samkeppnisráði til að bregðast við, ekki vegna einhverra sérstakra tiltekinna ákvarðana í fyrir-

tæki, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafa gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á að gripið væri til aðgerða.“ Með lögum nr. 107/2000 voru gerðar breytingar á þágildandi samkeppnislögum og horfið frá blönduðu kerfi bann- og misbeitingarreglna og teknar upp bannreglur að erlendri fyrirmynd. Í því samhengi var gerð breyting á 17. gr. og almenn heimild til íhlutunar vegna samninga og athafna fyrirtækja sem höfðu skaðleg áhrif á samkeppni felld brott, en í stað þess var samkeppnisráði veitt heimild til að stöðva hegðun sem braut í bága við bannreglur laganna. Við þessa breytingu var þess hins vegar sérstaklega gætt að heimild til þess að vinna gegn samkeppnishamlandi aðstæðum félli ekki á brott. Kom fram í frumvarpi sem varð að þeim lögum „að þrátt fyrir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 17. gr. hafi samkeppnisráð eftir sem áður möguleika til að grípa inn í aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.“

Með núgildandi samkeppnislögum var veitt skýr heimild til þess að krefjast skipulagsbreytinga á fyrirtækjum í þeim tilvikum þar sem slík aðgerð er nauðsynleg til þess stöðva brot á samkeppnislögum. Hins vegar var felld úr gildi framangreind heimild til þess að grípa inn í aðstæður sem raska samkeppni. Í athugasemdum í frumvarpinu var bent á að ef það ákvæði stæði óbreytt í lögum hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimild til þess að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA „þar sem heimildin til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtæki hefði brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.“

Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði veitt slík rýmri heimild sem gerir því kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að efla samkeppni, þ.m.t. uppskiptingu markaðsráðandi fyrirtækja, án þess að það þurfi að sýna fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við bannreglur samkeppnislaga. Rétt er taka hér strax fram að ákvæði EES-samningsins koma ekki í veg fyrir að fyrirhuguð breyting sé lögfest í íslenskan samkeppnisrétt og sem dæmi má nefna að í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi er að finna strangari samkeppnisreglur en í regluverki Evrópusambandsins. Þá má sérstaklega líta til þess að það leiðir af 2. mgr. 3. gr. reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna (sem er hluti af EES-samningnum) að aðildarríki EES geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu „strangari landslögum“ gagnvart markaðsráðandi fyrirtækjum.

Til stuðnings því að rýmka heimildir Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti er í upphafi rétt að líta til þess að samkeppnislög ríkja byggjast almennt á tveimur meginstoðum:

– Annars vegar bannreglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki raski samkeppni með hegðun sinni á markaði (sbr. t.d. 10. og 11. gr. samkeppnislaga sem banna samkeppnishamlandi samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu).
– Hins vegar reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki breyti samkeppnislegri gerð markaðarins og dragi úr samkeppni með samruna eða yfirtöku (sbr. t.d. ákvæði 17. gr. c samkeppnislaga).

Eftir sem áður er ljóst að samkeppnishömlur geta í vissum tilvikum átt rót sína að rekja til annarra atriða en samruna eða brota fyrirtækja á bannreglum samkeppnislaga. Hugsanlegt er t.d. að fyrirtæki sé í slíkri yfirburðastöðu á markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Í slíkum tilvikum felst hið samkeppnislega vandamál ekki í brotlegri hegðun viðkomandi fyrirtækis heldur í því að yfirburðastaða þess sem slík raskar samkeppni. Þá geta einkenni á markaði eða háttsemi tiltekinna fyrirtækja dregið úr virkri samkeppni þrátt fyrir að þessi atriði falli ekki nauðsynlega undir bannreglur samkeppnisréttarins. Dæmi um það er háttsemi fyrirtækja á fákeppnismarkaði sem gerir þeim

auðveldara að stunda þegjandi samhæfingu án þess þó að í háttseminni felist samskipti milli viðkomandi fyrirtækja sem leiða til þess að hún félli undir bann við ólögmætu samráði.

Sú röskun á samkeppni sem leitt getur af framangreindu getur verið jafn alvarleg fyrir neytendur og sú takmörkun á samkeppni sem leiðir af broti á bannreglum samkeppnislaga. Sökum þessa hafa ýmis ríki í samkeppnislögum sínum úrræði sem ætlað er vinna gegn samkeppnishömlum af þessum toga, sbr. nánar hér á eftir. Slík úrræði ganga mislangt en segja má að kjarni slíkra reglna felist í því að veitt er heimild til þess að breyta tilteknu ástandi eða háttsemi á markaðnum til frambúðar í því skyni að bæta virkni viðkomandi markaðar og efla samkeppni almenningi og atvinnulífinu til hagsbóta. Úrræði þessi eru þannig til viðbótar við bann- og samrunareglur samkeppnisréttarins og eru sett til þess að unnt sé bregðast við hvers konar háttsemi eða aðstæðum sem takmarka samkeppni og skaðar þar með kjör almennings.

Í 14. gr. norsku samkeppnislaganna, nr. 12/2004, kemur þannig fram að unnt sé að grípa til aðgerða gegn viðskiptaháttum, samningum eða aðgerðum sem takmarka eða eru líklegar til að takmarka samkeppni. Ekki er skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis gagnvart fyrirtækjum að þau hafi brotið gegn bannákvæðum norskra samkeppnislaga. Í skýringum í frumvarpi með norsku lögunum segir að ekki sé unnt að útiloka að upp komi tilvik sem raski samkeppni en feli ekki í sér brot á banni laganna við samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig geti verið um að ræða tilvik þar sem erfitt sé að sanna brot á bannreglum. Er talið nauðsynlegt að norsku samkeppnislögin hafi að geyma heimild til að grípa inn í slíkar samkeppnishömlur. Hér má einnig vísa til bandarísks samkeppnisréttar. Á grundvelli 5. gr. laga um Federal Trade Commission geta bandarísk samkeppnisyfirvöld bannað eða breytt háttsemi fyrirtækja jafnvel þótt hún fari ekki gegn bannreglum bandarískra samkeppnislaga (Sherman-lögin).

Í breskum samkeppnisrétti er að finna víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða gegn samkeppnishömlum sem ekki stafa af samruna eða broti fyrirtækja á bannreglum breskra samkeppnislaga. Samkvæmt breskum samkeppnislögum getur breska samkeppniseftirlitið vísað málum til annars stjórnvalds á sviði samkeppnisréttar (samkeppnisnefndin (Competition Commission)) þegar eftirlitið telur líkur á því að til staðar séu aðstæður eða einkenni á tilteknum breskum markaði sem takmarki eða raski samkeppni, sbr. 131. gr. Enterprise-laganna. Aðstæður eða einkenni á viðkomandi markaði eru í þessum skilningi skilgreind sem hvers konar þættir í gerð eða uppbyggingu viðkomandi markaðar og hvers konar hegðun m.a. fyrirtækja sem kaupa og selja vöru á viðkomandi markaði. Breska samkeppniseftirlitið hefur bent á að mál af þessum toga (market investigations) snúist ekki um rannsókn á því hvort fyrirtæki hafi brotið lög með því að hafa með sér ólögmætt samráð eða misnotað markaðsráðandi stöðu. Tilgangur þessara rannsókna sé að kanna hvort samkeppni sé virk á viðkomandi markaði í heild sinni. Þegar slík samkeppnisleg vandamál séu til staðar dugi ekki endilega bannreglur breskra samkeppnislaga. Ef samkeppnisnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að aðstæður á markaði raski samkeppni hefur hún mjög víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða. Getur nefndin til að mynda mælt fyrir um uppskiptingu fyrirtækja ef það er talið nauðsynlegt til að tryggja virka samkeppni. Samkvæmt þessu er ljóst að bresk samkeppnisyfirvöld geta breytt háttsemi fyrirtækja eða krafist skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum þrátt fyrir að þau hafi ekki brotið gegn þarlendum samkeppnislögum.

Eins og framan er rakið er sérstaklega brýnt að verja eða efla samkeppni í efnahagskreppum þar sem slíkt stuðlar að hraðari endurreisn atvinnulífsins almenningi til hagsbóta. Þá ber að líta til þess að landfræðileg einangrun landsins, fámenni og tilhneiging til myndunar fákeppnismarkaða fela í sér sterk rök fyrir því að hér á landi gildi mjög öflug samkeppnislög.

Sökum þessa er brýnt að styrkja samkeppnislögin og gera Samkeppniseftirlitinu enn frekar kleift að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta m.a. af óhæfilegri samþjöppun á markaði og skaðlegri fákeppni. Er það gert með því að veita Samkeppniseftirlitinu heimild sem byggist á svipaðri hugsun og samskonar heimild í m.a. breskum rétti.

Hér skiptir einnig máli að skv. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Segir einnig í ákvæðinu að stofnunin skuli vegna þessa grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Ákvæðið sjálft veitir hins vegar enga sjálfstæða heimild til aðgerða. Getur Samkeppniseftirlitið því aðeins gripið til aðgerða vegna skaðlegra stjórnunar- og eignatengsla ef þau fela í sér brot á bannreglum samkeppnislaga eða verða til við samruna. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 16. gr. mundu möguleikar Samkeppniseftirlitsins að vinna gegn hamlandi stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja hér á landi aukast. Eins verður að telja það sérstaklega mikilvægt að eftirlitið hafi slíkar heimildir í því ástandi sem ríkir á mörkuðum í dag þar sem mörg fyrirtæki hafa verið yfirtekin af fjármálafyrirtækjum í kjölfar efnahagshrunsins, en það getur haft veruleg áhrif á helstu samkeppnismarkaði hér á landi.

Til að ná fram þessari styrkingu á samkeppnislögum er með b-lið lagt til að nýjum staflið verði bætt við 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og Samkeppniseftirlitinu heimilað að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Er skýrt tekið fram að með aðstæðum sé átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Þá tekur hugtakið háttsemi til hvers konar atferlis sem á einhvern hátt raskar samkeppni. Af þessu, og þeim breytingum sem lagðar eru til á 2. mgr. ákvæðisins, leiðir að Samkeppniseftirlitinu verður m.a. heimilt að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum ef það getur sýnt fram á það með fullnægjandi rökum að staða þeirra á markaðnum feli í sér alvarlega röskun á samkeppni. Verður Samkeppniseftirlitið í því samhengi að skilgreina viðkomandi markað og leiða í ljós með skýrum hætti þær samkeppnishömlur sem um er að tefla. Í slíkum breytingum á skipulagi fyrirtækja felast ekki óeðlileg afskipti af eignarréttindum heldur er um að ræða nauðsynlega aðgerð til þess að vernda mikilvæga almannahagsmuni. Ekkert fyrirtæki getur átt réttmæta kröfu til þess að vera til frambúðar í yfirburðastöðu sem hindrar með alvarlegum hætti virka samkeppni.

Ljóst er hins vegar að aðeins verður gripið til slíkra aðgerða í undantekningartilvikum og uppfylla verður ákvæði 3. málsl. 2. mgr. um að ekki sé fyrir hendi jafnárangursríkt úrræði sem er minna íþyngjandi. Þá ber að hafa í huga að viðkomandi fyrirtæki geta skotið ákvörðun um breytingu á skipulagi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og eftir atvikum til dómstóla. Í slíkum málum gildir sú undantekningarregla til hagsbótar fyrir viðkomandi fyrirtæki að málskot til dómstóla frestar réttaráhrifum úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um breytingar á skipulagi þess, sbr. 41. gr. samkeppnislaga. Tryggir þetta réttaröryggi viðkomandi fyrirtækja og möguleika til að láta reyna á lögmæti kröfu samkeppnisyfirvalda um breytingar á skipulagi þeirra.

Með breytingum í c- og d-lið er verið að aðlaga texta 2. mgr. að þeim breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr.

Um 3. gr.

Hér á landi verða fjölmargir samrunar ár hvert en aðeins ber að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins fari heildarvelta fyrirtækjanna yfir ákveðin mörk. Tilkynningarskyldan miðast við samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er meiri en 2 milljarðar kr. á Íslandi og að minnsta kosti tvö fyrirtækjanna hafa 200 millj. kr. ársveltu hvert um sig. Berist Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning ber því að taka afstöðu til samrunans innan skilgreindra og lögbundinna tímafresta. Að öðrum kosti getur ekki orðið af íhlutun vegna hans. Í þessu felst að ákvörðun um að sameina fyrirtæki yfir framangreindum stærðarmörkum er um leið ákvörðun um ráðstöfun á rekstrarsvigrúmi Samkeppniseftirlitsins, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Vegna hinna lögbundnu fresta ganga þær athuganir fyrir öðrum. Í ljósi þessa er eðlilegt að fyrirtæki sem tilkynnir samruna þurfi að greiða gjald sem gengur þá upp í þann kostnað sem rannsóknin hefur í för með sér.

Sú vinna sem verður af úrvinnslu samrunatilkynninga hjá Samkeppniseftirlitinu er mismikil eftir því um hvers konar samruna er að ræða. Það er því miklum erfiðleikum háð að áætla kostnað við meðferð hvers samruna fyrir sig. Í ljósi þess er lagt til að innheimta sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern samruna óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té vegna hans. Ljóst er þó að gjaldið mun ekki standa undir kostnaði við eftirlit Samkeppniseftirlitsins, a.m.k. í þeim tilvikum þegar ítarlegrar rannsóknar er þörf.

Samrunagjald er nýmæli hér á landi en ekkert annarra Norðurlandanna hefur lögfest ákvæði þar um. Hins vegar er samrunagjald þekkt í ýmsum öðrum Evrópulöndum, t.d. í Austurríki, Þýskalandi, Bretlandi og Spáni. Lagt er til að samrunagjaldið nemi 250.000 kr. og skal greiða Samkeppniseftirlitinu gjaldið við afhendingu samrunatilkynningar. Við ákvörðun þessarar upphæðar var t.d. höfð hliðsjón af skráningargjaldi fyrirtækja- og hlutafélagaskrár. Við stofnun einkahlutafélags skal greiða 88.500 kr., við stofnun hlutafélags 171.000 kr., við stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri 88.500 kr. og við stofnun samvinnufélags 171.000 kr.

Rétt þykir að útskýra nánar þær tegundir gjalda sem helst koma til greina við ákvörðun samrunagjalds. Í fyrsta lagi er um að ræða flatt gjald (flat fees), líkt og lagt er til að lögfest verði í samkeppnislög. Þetta gjald er samræmt og lagt á allar tilkynningar vegna samruna, óháð stærð eða umfangi samrunanna. Kostir þess eru einkum að gjaldið er fyrirsjáanlegt og hlutlaust en megingalli þess er að gjaldið er ekki í neinu samhengi við umfang samruna og vinnuframlag eftirlitsaðila vegna hvers samruna. Í öðru lagi kemur til greina að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu (fee for service). Þá er gjaldið miðað við þann tíma sem samkeppnisyfirvöld þarfnast til að fara yfir viðkomandi samruna. Kosturinn við slík gjöld er að fyrirtækin sem málið varðar greiða vegna þess tíma sem fer í að yfirfara samrunann en ókosturinn er að samrunaeftirlit með fyrirtækjum á starfsvettvangi sem ekki hefur fengið skoðun nýlega getur tekið langan tíma og þýtt mikil útgjöld fyrir viðkomandi fyrirtæki. Jafnframt er ekki hægt að innheimta gjaldið fyrr en eftir að samkeppnisyfirvöld hafa lokið við skoðunina á samrunanum og það gæti leitt til ágreinings um útreikning gjalda. Í þriðja lagi getur verið um að ræða gjöld sem eru tengd umfangi (tiered fees based on complexity). Í slíkum tilvikum tengist útreikningurinn á samrunagjaldi því hversu flókinn samruninn er. Í Austurríki er t.d. innheimt fast gjald vegna samrunatilkynninga en ef samruninn þarf að fá ítarlega skoðun bætist við aukagjald. Gjald af þessum toga getur verið sanngjarnara en flatt gjald ef það eru ekki tengsl á milli stærðar samruna og þess hversu flókinn hann er. Það getur hins vegar komið upp ágreiningur um hvort samruni teljist flókinn eða ekki. Einnig getur skapast hætta

á að fyrirtæki hætti einfaldlega við samruna ef samkeppnisyfirvöld komast að því að viðkomandi samruni muni þarfnast frekari skoðunar. Í fjórða lagi getur verið um að ræða gjöld tengd tekjum viðkomandi fyrirtækja (tiered fees based on size of transaction/size of revenues). Samrunagjald er þá byggt á tekjum viðkomandi fyrirtækis í viðkomandi landi. Dæmi um lönd með kerfi sem þetta eru Bandaríkin, Bretland og Spánn. Helsti ókostur þessa fyrirkomulags er að ekki þarf að vera samhengi á milli þess hversu miklar tekjur fyrirtækið hefur og þess hversu mikla vinnu samkeppnisyfirvöld þurfa að leggja fram til þess að skoða samrunann.

Í frumvarpi þessu er lagt til að valin verði einfaldasta útfærsla gjaldtöku sem völ er á. Að fenginni reynslu af henni kann síðar að koma til athugunar að taka upp annars konar tilhögun, sbr. það sem hér var rakið.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að Samkeppniseftirlitið hafi heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar er úrlausn æðra setts stjórnvalds um skýringu á lögum bindandi fyrir lægra sett stjórnvald. Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurði æðra setts stjórnvalds (t.d. úrskurðarnefndar) hnekkt, að til staðar sé ótvíræð lagaheimild fyrir það að skjóta deiluefninu til dómstóla, enda er almennt ekki talið að lægra sett stjórnvöld hafi lögvarða hagsmuni af því að geta borið mál undir dómstóla. Undantekningu frá meginreglunni er þó að finna í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, upplýsingalögum, nr. 50/1996, og lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, getur aðili máls borið úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 297/1998, sem þáverandi samkeppnisráð höfðaði gegn Myllunni-Brauði, Mjólkursamsölunni í Reykjavík og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, segir: „Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurðinum hnekkt að fyrir hendi sé ótvíræð lagaheimild fyrir það til að skjóta deiluefninu til dómstóla“. Samkeppnisráð taldist ekki aðili máls í framangreindum skilningi og var 51. gr. þágildandi samkeppnislaga, nr. 8/1993, sem samsvarar núgildandi 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, ekki talin fela í sér heimild til handa samkeppnisráði að bera málið undir dómstóla.

Samkeppniseftirlitinu er hins vegar stefnt þegar málsaðilar bera úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla. Sú niðurstaða var staðfest í dómi Hæstaréttar frá 17. febrúar 1997 í máli nr. 63/1997, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma gegn samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Samkeppniseftirlitið getur því þurft að verja ákvarðanir áfrýjunarnefndarinnar þó svo að þær fari í bága við afstöðu eftirlitsins.

Sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið hefur ekki málskotsrétt til dómstóla takmarkar möguleika eftirlitsins til þess að gæta hagsmuna almennings í samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins er meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum. Mikilvægt er að eftirlitið geti, eftir atvikum, varið fyrir dómstólum niðurstöðu ákvarðana sinna sem áfrýjunarnefndin hefur ógilt eða breytt. Slíkt leiðir til jafnræðis aðila máls og einnig er hægt að leiða líkur að því að það leiði til ennþá vandaðri málsmeðferðar hjá áfrýjunarnefndinni. Oft er um að ræða stór og mikilvæg mál sem eru stefnumarkandi á markaði og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að aukinni samkeppni neytendum til hagsbóta. Því er ljóst að mikilvægt er að eftirlitið geti borið úrskurði áfrýjunarnefndarinnar undir dómstóla.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta hefur það megin markmið að efla eftirlit og samkeppni í viðskiptum á milli fyrirtækja sem starfa á markaði. Með því að styrkja lagaheimildir samkeppnisyfirvalda er þess einnig vænst að unnt verði að veita aðhald sem stuðlar að því að hagkerfið jafni sig hraðar af efnahagshruninu 2008 en annars yrði með óbreyttum lögum.

Í frumvarpinu er lagðar til eftirtaldar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja málskotsgjald að fjárhæð 200.000 kr. sem renni til ríkissjóðs. Í öðru lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Í þriðja lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern þann samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu og rennur til ríkissjóðs. Í fjórða lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.

Tilgangur þess að leggja á málskotsgjald þegar kært er til áfrýjunarnefndar samkeppnismála er í fyrsta lagi að þeir einir nýti sér réttinn sem raunverulegra hagsmuna hafa á málskotinu. Breytingunni er því ætlað að draga úr fjölda minni háttar mála sem kærð eru til nefndarinnar. Í annan stað er litið til þess að gjaldið mæti einhverjum hluta af kostnaðinum við nefndina, sem hefur vaxið mikið á undanförnum árum. Frá gildistöku laganna og fram til ársins 2008 voru árlega um 10 mál kærð. Á síðasta ári varð mikil aukning í fjölda kæra og að sama skapi hækkaði áfrýjunarhlutfallið frá því að vera 10% á árunum 2005 til 2008 í það að vera 20% árið 2009 og er útlit fyrir frekari fjölgun mála á þessu ári. Málin sem tekin eru fyrir geta verið flókin og krafist mikillar vinnu og þar eru yfirleitt miklir hagsmunir í húfi. Því verður að teljast líklegt að fjöldi þeirra mála sem vísað verður til áfrýjunarnefndarinnar muni ekki fækka mikið vegna málskotsgjaldsins. Að fenginni reynslu fyrri ára má áætla að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu geti numið 2–5 m.kr. á ári.

Til þess að megin markmið frumvarpsins nái tilgangi sínum þ.e. að veita aukið aðhald á samkeppnismörkuðum þarf stofnunin að byggja upp þekkingu og reynslu af beitingu heimildarinnar og ráðast í rannsóknir á viðkomandi samkeppnismörkuðum. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar rannsóknir umfangsmiklar og kostnaður af þeim getur hlaupið á tugum milljóna króna. Því áformar Samkeppniseftirlitið að fjölga stöðugildum um 2–3 ef fjárveitingar fást til þess. Kostnaður vegna þessa yrði ekki minni en 20 m.kr. á ári. Í yfirstandi fjárlögum er ekki gert ráð fyrir þessum nýju stöðugildum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimt verði samrunagjald af öllum fyrirtækjum sem taka þátt í samruna við önnur fyrirtæki. Gjaldið verði 200 þús. kr. og greiðist óháð stærð þeirra fyrirtækja sem sameinast eða því hvort stofnunin þurfi að leggja í einhverja rannsókn-

arvinnu vegna samrunans. Á liðnum árum hefur fjöldi samruma verið nokkrir tugir á ári en miklar sveiflur hafa verið á fjöldanum á milli ára. Tekjur af þessu gjaldi gætu því numið um 6–10 m.kr. á ári.

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar til dómsstóla myndi hafa mikla þýðingu fyrir möguleika eftirlitsins við að varðveita virka samkeppni á mörkuðum. Hins vegar yrði þessu ákvæði ekki beitt nema í undantekningartilvikum og ár geta liðið án þess að komi til beitingar þess. Því er kostnaður vegna þessa óljós.

Verði frumvarpið lögfest má ætla að tekjur ríkissjóðs vegna nýrrar gjaldtöku geti numið 8–15 m.kr. ári. Útgjöld vegna fjölgunar starfsmanna til að auka rannsóknir á samkeppnismörkuðum í samræmi við markmið frumvarpsins gætu numið um 20 m.kr. á ári en ekki er gert ráð fyrir fjárheimildum vegna þess í gildandi fjárlögum.

964. Frumvarp til laga [573. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.
b. 17. tölul. orðast svo: *Stórnotandi:* Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWh á ári.
c. 19. tölul. orðast svo: *Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Þau skulu gerð til fimm ára en uppfærð árlega eftir á miðað við breytingar á viðmiðum tekjumarka eins og þau eru tilgreind í 12. og 17. gr.

2. gr.

Í stað „7 MW“ í 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 10 MW.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum til að stunda viðskipti með raforku.
c. 3. og 4. mgr. falla brott.

d. 5. mgr. orðast svo:

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að:

a. reka raforkumarkað,
b. eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað,
c. selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað.

Fyrirtækinu ber að halda reikningum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í a–c-lið aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

4. gr.

Í stað orðanna „ef reisa á línur“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: fyrir nýjum raflínum.

5. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum tilvikum má sækja um leyfi ráðherra til að reisa sjálfstætt flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda tengist hvorki virkjun né notandinn flutningskerfinu eða dreifikerfi. Leita skal umsagnar flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar áður en leyfi er veitt.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk flutningsfyrirtækisins.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tillit til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku. Tekjumörk skulu tvískipt, þ.e. vegna flutnings á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar og skulu hin síðarnefndu ákvörðuð í bandaríkjadölum. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á viðmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga vegna flutnings til dreifiveitna annars vegar og til stórnotenda hins vegar. Starfsemi flutningsfyrirtækisins skv. 5. mgr. 8. gr., sem ekki er nauðsynleg vegna rekstursins, er undanskilin við ákvörðun tekjumarka. Sama gildir um orkukaup vegna tapa í flutningskerfinu og aðföng vegna kerfisþjónustu.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist flutningsstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit

til meðalrekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað flutningsfyrirtækisins. Þegar stórar fjárfestingar bætast við fastafjármuni flutningsfyrirtækisins skal skipting rekstrarkostnaðar milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur uppfærð. Við setningu nýrra tekjumarka skal liggja fyrir endurskoðuð skipting rekstrarkostnaðar á milli stórnotenda og dreifiveitna.

2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Stærri fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem þær fara í notkun en minni fjárfestingar skulu taldar til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum og skulu eignir teknar inn í hann á opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þess tíma sem þær voru teknar inn í eignastofn flutningsfyrirtækisins. Skipting eignastofns á milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.
3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Áreiðanleika afhendingar þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarka.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að flutningsfyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni í rekstri, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 1. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal flutningsfyrirtækið skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til flutningsfyrirtækisins sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk

eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu, áreiðanleika afhendingar og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

7. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadölum.

Byggt skal á því að verðlagning flutningsfyrirtækisins vegna flutnings til dreifiveitna sé í samræmi við meðalkostnað að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent til dreifiveitna á hærri spennu ber að lækka gjaldtöku með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til afhendingaröryggis við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 3. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

Greiða skal úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna framleiðslu virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

Varaaflsstöðvar sem nýttar eru þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfisþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Notandi sem í framleiðslu sinni er algjörlega háður því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en aðeins raforku getur óskað heimildar til beinnar tengingar við virkjunina skv. 5. gr. enda þótt hann nái ekki stórnotendaviðmiðinu. Gjald fyrir úttekt þessa fer skv. 5. mgr.

Flutningsfyrirtækinu er heimilt að afhenda raforku til stórnotenda á 66 kV eða lægri spennu enda standi sérstök gjaldtaka undir viðbótarkostnaði.

Flutningsfyrirtækið skal einnig setja gjaldskrá fyrir kerfisþjónustu og töp í flutningskerfinu sem tekur mið af kostnaði ásamt hæfilegri þóknun.

Eigi síðar en sex vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan þriggja vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er flutningsfyrirtækinu heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV að því gefnu að samkomulag náist þar að lútandi á milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu.

9. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk dreifiveitna.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tillit til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 17. gr. a, skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á grunnforsendum. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist dreifingu fyrirtækisins á rafmagni, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til rekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað dreififyrirtækisins.
2. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fasta-

fjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Áreiðanleika dreifingar raforku þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarka.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri dreifiveitu með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja viðkomandi dreifiveitu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að dreifiveitunni hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna dreifiveitunni með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 1. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir dreifiveitur fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal hver dreifiveita skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. september ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til viðkomandi dreifiveitu sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skipting eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu og áreiðanleika afhendingar, gæði dreifiveitu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengi gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá dreifiveitna.

Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hverrar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400 V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlis-

svæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr., með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.
2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

11. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Leyfi til að reka raforkumarkað.

Leyfi ráðherra þarf til þess að reka raforkumarkað. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika og þekkingu á raforkumarkaði til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Nánar skal kveðið á um skilyrði leyfisveitingar og starfsemi raforkumarkaðar í reglugerð.

12. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitið.

13. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í fyrirsögn 27. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitsins.

14. gr.

Í stað orðanna „og 1. mgr. 18. gr.“ í 32. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr. og 18. gr. a.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, III – XI, XIV og XV í lögunum falla brott.

16. gr.

Viðauki við lögin, **Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfinu skv. 6. tölul. 3. gr.**, fellur brott.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2015 og ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laganna skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

II.

Ef uppsafnaðar ofteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2009 skal flutningsfyrirtækið eða deifiveita eftir því sem við á setja gjaldskrá sína ár hvert frá og með árinu 2011 og þar til hlutfallið er komið undir 10% þannig að hlutfall uppsafnaðra oftekinna tekna lækki. Skulu uppsafnaðar ofteknar tekjur ekki nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum við lok árs 2020. Ef uppsafnaðar vanteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2009 er heimilt að setja gjaldskrá þannig að hlutfallið lækki niður fyrir 10% fyrir lok árs 2020, þó þannig að tekjur hvers árs fari ekki meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 1. júlí 2003 komu raforkulög, nr. 65 frá 27. mars 2003, til framkvæmda. Með lögum nr. 89/2004 um breytingu á raforkulögum var kveðið á um að iðnaðarráðherra skyldi skipa nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin yrði endurskoðun laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði XIII. Samkvæmt umræddu bráðabirgðaákvæði skyldi vinnu við endurskoðunina vera lokið fyrir 31. desember 2010.

Í samræmi við framanritað skipaði iðnaðarráðherra þann 16. júní 2008 nefnd til endurskoðunar á raforkulögum. Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Álfheiður Ingadóttir, Baldur Dýrfjörð, Bryndís Skúladóttir, Guðni A. Jóhannesson, Gústaf Adolf Skúlason, Grétar Mar Jónsson, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, Jónína B. Bjarnadóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kristján Skarphéðinsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ólafur Hr. Sigurðsson, Ólöf Nordal, Pétur Þórðarson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Þórður Guðmundsson og Þuríður Einarsdóttir. Sumarið 2009 tóku Skúli Helgason, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Þórhallur Kristjánsson sæti í nefndinni í stað Álfheiðar Ingadóttur, Grétars Mars Jónssonar og Katrínar Júlíusdóttur. Starfsmenn nefndarinnar voru Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, Guðjón Axel Guðjónsson, Ingvi Már Pálsson og Lárus M. K. Ólafsson. Þá hefur Páll Harðarson veitt nefndinni hagfræðilega ráðgjöf. Auk nefndarmanna komu á fundi nefndarinnar ýmsir aðilar sem hafa sérþekkingu á tilteknum sviðum er snerta viðfangsefni nefndarinnar.

Í frumvarpinu er að finna áfangatillögur sem byggjast á vinnu nefndarinnar og talið er brýnt að leggja fram nú. Taka ber fram að nefndin hefur ekki lokið störfum og mun hún koma saman að nýju í byrjun sumars og starfa fram á haust. Eins og nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu er í því að finna tillögur að breytingum á skilgreiningum í I. kafla, breytingum á einstaka ákvæðum í II., III. og IV. kafla laganna, m.a. ný ákvæði um tekjumörk, gjaldskrár og beinar tengingar. Þá eru að auki lagðar til lagfæringar

á texta laganna einkum með það að markmiði að gera hann skýrari og fella brott úrelt ákvæði. Meginatriði frumvarpsins fara hér á eftir.

II. Almennt um efnisákvæði frumvarpsins.

Skilgreining á flutningskerfi.

Í frumvarpinu er lögð til endurskoðuð skilgreining á hugtakinu flutningskerfi. Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu í núgildandi lögum nær flutningskerfið frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna. Talið er nauðsynlegt að endurskoða skilgreiningu á flutningskerfinu með tilliti til aðstöðu fyrir tengingu við flutningskerfið og mælingu inn á það, þ.e. þar sem skil flutningskerfisins við virkjanir og aðveitustöðvar eru. Með frumvarpinu er lagt til að skil milli orkuframleiðanda og flutningsfyrirtækis verði við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því, og ber ábyrgð á, vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki.

Í öðru lagi er lagt til að tekin verði úr núgildandi skilgreiningu tilvísun í afhendingarstaði sem taldir eru upp í viðauka við lögin. Í ákvæði til bráðabirgða með raforkulögum var ákveðið að skilgreina alla afhendingarstaði flutningskerfisins til dreifiveitna og þeir taldir upp í viðauka. Talið er að slík lögfesting afhendingarstaða geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins.

Skilgreining á stórnotanda.

Í raforkulögum er kveðið á um að stórnotandi sé notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira. Þeir sem nota svo mikið magn orku geta tengst flutningskerfi raforku beint en ekki um dreifiveitu og greiða fyrir flutning raforkunnar samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur. Til þessa hafa eingöngu stóriðjuver fallið undir skilgreiningu stórnotanda. Hins vegar hafa aðrir aðilar með háan nýtingartíma sýnt áhuga á að koma upp starfsemi hér á landi, svo sem netþjónabú. Þótt slík starfsemi hafi háan nýtingartíma getur hún verið nokkuð undir þeim aflmörkum sem lögin kveða á um nú. Til að skapa þessum minni stórnotendum möguleika á tengingu við flutningskerfið er lagt til að aðlögunartímabil þeirra verði þrjú ár frá fyrstu afhendingu að telja. Þá er lagt til að í stað þess að kveða bæði á um 14 MW afl og árlegan nýtingartíma upp á 8.000 stundir verði notað orkuviðmiðið 80 GWh á ári. Er það allnokkur lækkun frá viðmiði núgildandi laga en 80 GWh eru u.þ.b. 10 MW.

Skilyrði fyrir veitingu virkjanaleyfis.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmkaðar verði heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi með því að endurskoða stærðarmörk. Er lagt til að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri (í stað 7 MW samkvæmt núgildandi lögum) skuli tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu.

Eignarhald á flutningsfyrirtækinu.

Lagt er til að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Samkvæmt núgildandi lögum skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Ekki þykir heppilegt að fyrirtæki sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og hafa ríka hagsmuni af starfsemi flutningsfyrirtækisins, t.d. raforkuframleiðendur og dreifiveitur, eigi hlut í flutningsfyrirtækinu og er því lagt til að kveðið verði á um beint eignarhald ríkis og/eða sveitarfélaga

að flutningsfyrirtækinu. Jafnframt er með frumvarpinu lagt til ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að við gildistöku laganna skuli iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, flutningsfyrirtækisins, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Flutningsfyrirtækið og rekstur flutningskerfis.

Ákvæði raforkulaga um stofnun flutningsfyrirtækis eru að mestu leyti úrelt og er því lögð til endurskoðun og uppfærsla á þeim ákvæðum. Jafnframt eru endurskoðuð ákvæði um heimildir flutningsfyrirtækisins til að stunda aðra starfsemi en þá sem tengist beint flutningi raforku en tengist hlutverki fyrirtækisins. Lagt er til að flutningsfyrirtækinu verði heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða og selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað. Um er að ræða sambærilegar heimildir og hjá flutningsfyrirtækjum í nágrannalöndunum. Skal slíkri starfsemi haldið aðskildri í bókhaldi félagsins.

Tekjumörk og gjaldskrár.

Hagrænar aðstæður raforkuflutnings.

Kenningar hagfræði skýra hvernig samkeppni leiðir til lægra verðs og meiri umsvifa á markaði en við einkasölu. Eitt af efnahagslegum verkefnum stjórnvalda er því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir einokun. Margs konar hindranir geta verið í vegi fyrir því að virk samkeppni náist á einstökum mörkuðum. Stærðarhagkvæmni er dæmi um slíka samkeppnishindrun en hún á sér stað þegar fastur kostnaður er mikill, t.d. í formi fjárfestinga, og viðbótarkostnaður aukinna afkasta er fastur eða jafnvel fallandi, sem leiðir til þess að meðalkostnaður fellur með aukinni framleiðslu. Slíkt hefur mjög oft í för með sér að eitt stórt fyrirtæki getur þjónað markaðnum við lægri kostnaði en mörg smærri. Ný fyrirtæki ná ekki fótfestu og svokölluð „náttúruleg einokun“ skapast með hærra verði og minna framboði en ella, þ.e. við samkeppni. Stjórnvöld sjá sig knúin til afskipta og setja einokunarfyrirtækinu reglur um verðlagningu þannig að verði sé haldið í samræmi við meðalkostnað. Niðurstaða slíkrar reglunar (e. regulation) er meira framboð en við einkasöluaðstæður en minna en samkeppni hefði leitt af sér.

Almenningsveitur (e. utilities) hafa einkenni náttúrulegrar einokunar. Á seinni hluta síðustu aldar komu fram þær hugmyndir að þau einkenni ættu ekki við um alla þætti í starfseminni. Með því að skilja á milli framleiðslu og flutnings í rekstri veitufyrirtækjanna mætti koma á samkeppni í framleiðslu en hins vegar væri flutningurinn í eðli sínu náttúruleg einokun. Með þessum aðskilnaði var markmiðið að minnka umfang eftirlitsvandans og efla hagkvæmni.

Raforkugeirinn fellur undir hefðbundna veitustarfsemi. Líkt og hjá öðrum almenningsveitum má aðgreina framleiðslu og flutning. Raforkuflutningur einkennist af mikilli stærðarhagkvæmni og því er hagkvæmt að einn aðili sjái um slíkan rekstur. Flutningur raforku er því dæmi um náttúrulega einokun. Þar sem slík einokunarfyrirtæki skortir það aðhald sem samkeppni veitir verður kostnaður gjarnan meiri en það sem hagkvæmast getur orðið. Starfsemin er því ekki einungis undir eftirliti hvað verðlagningu snertir heldur einnig hvað varðar rekstrarkostnað. Stýring verðs felur þannig í sér að fylgst er með þeim kostnaði sem heimilt

er að nota sem grundvöll verðlagningar. Í þessum kostnaði þarf að taka tillit til arðsemi af þeim fjármunum sem liggja í rekstrinum. Slíkir útreikningar búa hins vegar til hvata til fjárfestinga, þ.e. fyrirtæki hefur hag af því að hámarka fjármuni sína sem kallar á sérstakt eftirliti með fjárfestingum þeirra fyrirtækja sem sæta reglun. Hið endanlega markmið slíks eftirlits er að raforkuflutningur sé rekinn með þjóðhagslega arðsemi í huga.

Aðferð tekjumarka.

Með því að setja flutningsfyrirtækinu sérstök tekjumörk, sem aftur hefur áhrif á gjaldskrá, er verði stýrt. Tekjumörkin eru samtala rekstrarkostnaðar, afskrifta og útreiknaðrar framlegðar fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT). Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins stendur þannig almennt undir meðalkostnaði við rekstur fyrirtækisins að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi.

Aðferðin ein og sér tryggir ekki hvata til hagræðingar og lækkunar á rekstrarkostnaði flutningsfyrirtækisins. Til að ýta undir hagræðingu og skilvirkni eru hámarkstekjur flutningsfyrirtækisins, hin svokölluðu tekjumörk, festar til ákveðins tíma (með verðleiðréttingum), eða fimm ára samkvæmt frumvarpinu. Nái flutningsfyrirtækið kostnaði niður fyrir það sem reiknað var með á tekjumarkatímabilinu fær fyrirtækið að halda viðbótarhagnaðinum þar til tekjumörk eru sett næst. Þá er hagræðingu skilað til neytenda með ákveðnum töfum í formi lækkunar á leyfilegum tekjum flutningsfyrirtækisins og þar með gjaldskrá.

Þessi aðferð felur í sér að útreiknaða framlegðin fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) er margfeldi af fastafjármunum að viðbættum veltufjármunum og arðsemiskröfu hins vegar. Fastafjármunir birtast enn fremur í útreikningi afskrifta. Með þeirri tengingu sem myndast í tekjumörkum við magn fjármuna og leyfilegar tekjur myndast hvati til offjárfestingar. Því þarf enn fremur að hafa eftirlit með að hagkvæmni sé gætt í fjárfestingu flutningsfyrirtækisins.

Þættir sem þarfnast endurskoðunar í núgildandi lögum.

Á undanförnum árum hefur verið búið til kerfi þar sem framleiðsla og dreifing raforku er aðskilin í samræmi við þróun í Evrópu. Nokkur reynsla hefur náðst í starfsemi raforkuflutninga innan hinnar nýju lagaumgjörðar sem tók gildi árið 2003. Lögin taka mið af þeim aðstæðum sem voru á þeim tíma. Í þeim eru óvissuþættir og túlkunaratriði sem hafa gert framkvæmd laganna erfiða og úr því þarf að bæta. Nokkrir þættir standa þar upp úr í núgildandi lögum.

- Verðlagsáhrif eru tvíreiknuð, þ.e. eignir eru uppreiknaðar miðað við verðbólgu á sama tíma og arðsemi af þeim er reiknuð miðað við vexti óverðtryggðra markaðsbréfa en vextir slíkra bréfa innifela verðbólguálag.
- Vandamál sem tengjast því að gjaldskrá stórnotenda er í bandaríkjadölum en tekjumörk og eignagrunnur flutningsfyrirtækisins er í krónum.
- Skilgreining eignagrunnsins hefur verið of þröng þar sem veltufjármunir hafa verið undanskildir.
- Lengd tekjumarkatímabila.
- Ákvörðun ávöxtunarkröfu til útreiknings á arðsemi.
- Vandamál tengd hagræðingarkröfu.
- Skort hefur á skýrari reglur við ákvörðun á þeim kostnaði sem lagður er til grundvallar við setningu tekjumarka.

Beinar tengingar.

Lögð er til breyting sem tekur mið af þeim kröfum sem koma fram í 22. gr. tilskipunar 2003/54/EB. Breytingin felur í sér að fellt er út það skilyrði fyrir svonefndri beinlínutengingu að flutningsfyrirtækið hafi áður hafnað tengingu við flutningskerfið, en óheimilt er samkvæmt tilskipuninni að setja slíkt skilyrði. Að öðru leyti getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfinu sem lögin gera ráð fyrir og með sama hætti getur umsækjandi þurft að óska eftir öðrum heimildum í samræmi við ákvæði annarra laga sem um slíka framkvæmd fjalla, svo sem á sviði skipulags, bygginga, umhverfisverndar o.s.frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til ný skilgreining á hugtakinu flutningskerfi. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er með hinni nýju skilgreiningu kveðið skýrar á um skilin á því hvar raforkan er afhent á milli orkuframleiðanda og flutningsfyrirtækis. Flutningsfyrirtækið þarf ekki að nálgast raforkuna inn í virkjun orkuframleiðanda heldur eru skilin við rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtækið ber þannig ábyrgð á tengingu við tengivirkið. Jafnframt er ekki í skilgreiningunni lengur vísað til afhendingarstaða þeirra sem taldir eru upp í viðauka með lögunum.

Í b-lið greinarinnar er lögð til ný skilgreining á hugtakinu stórnotandi og felst í henni sú breyting að miðað er við notkun innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWh á ári. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til þriggja ára aðlögunartímabil þar sem hluti viðskiptavina uppfyllir ekki umrædd skilyrði frá fyrsta degi starfsemi. Hið þriggja ára aðlögunartímabil er frá fyrstu afhendingu raforku að telja, þó að undanskildum uppkeyrslutíma, en að þeim tíma loknum er gert ráð fyrir að viðkomandi kaupandi raforku uppfylli lágmarkskröfur. Jafnframt er lagt til að nota orkuviðmiðið GWh í stað nýtingarstunda og MW, og að lækka viðmiðið frá núgildandi lögum. Viðmiðið 80 GWh jafngildir um 10 MW og er því um nokkra lækkun að ræða frá núgildandi lögum en jafnframt er þá samhengi milli þessarar skilgreiningar og 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri skuli tengjast flutningskerfinu beint.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að rýmkaðar verði heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi með því að endurskoða stærðarmörk. Er lagt til að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri (í stað 7 MW samkvæmt núgildandi lögum) skuli tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu.. Eins og fram kemur í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins er þessi breyting í samræmi við nýja skilgreiningu á hugtakinu stórnotandi.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á því ákvæði raforkulaga sem snýr að rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Í a-lið greinarinnar er lögð fram breyting sem snýr að eignarhaldi flutningsfyrirtækisins. Er lagt til að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Með sveitarfélögum er átt við hérlend sveitarfélög. Samkvæmt núgildandi raforkulögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 58/2008, skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Ekki þykir heppilegt að fyrirtæki sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og hafa

ríka hagsmuni af starfsemi flutningsfyrirtækisins, t.d. raforkuframleiðendur og dreifiveitur, eigi hlut í flutningsfyrirtækinu og er þessi breyting því lögð til.

Lesa ber a-lið greinarinnar með hliðsjón af gildistökuákvæði frumvarpsins (17. gr.) og ákvæði til bráðabirgða I við frumvarpið. Eigendur flutningsfyrirtækisins í dag eru sem hér segir:

Landsvirkjun 64,73%
RARIK 22,51%
Orkuveita Reykjavíkur 6,78%
Orkubú Vestfjarða 5,98%

Af framangreindum eigendalista sést að ákveðinn aðlögunartíma þarf til að koma því nýja beina eignarhaldi ríkis og/eða sveitarfélaga á flutningsfyrirtækinu fyrir sem hér er lagt til, þ.e. selja þarf eignarhluti orkufyrirtækjanna í flutningsfyrirtækinu. Er því lagt til að hið nýja fyrirkomulag eignarhalds skuli koma til framkvæmda 1. janúar 2015. Með ákvæði til bráðabirgða I við frumvarpið er því lagt til að við gildistöku laganna skuli iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á eignarhlutum orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að bætt verði við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna, um viðskiptavini flutningsfyrirtækisins, að þeir geti líka verið þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögunum til að stunda viðskipti með raforku.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að 3. og 4. mgr. 8. gr. falli brott en þau ákvæði fjalla um stofnun flutningsfyrirtækisins og eru því úrelt og óþörf í dag.

Í d-lið greinarinnar er fjallað um hvaða starfsemi flutningsfyrirtækið má stunda og er þar lagt til að því verði heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða og selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað. Um er að ræða sambærilegar heimildir og hjá flutningsfyrirtækjum í nágrannalöndunum. Skal slíkri starfsemi haldið aðskildri í bókhaldi félagsins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna þar sem kveðið er á um leyfi til að reisa línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Markmið greinarinnar er að gera ákvæðið skýrara og kveða nánar á um leyfisskyldu tiltekinna framkvæmda á þá vegu að ekki sé vafa undirorpið hvaða framkvæmdir við flutningskerfið skuli lúta ákvæðum um leyfisskyldu eður ei. Að óbreyttu kann núverandi orðalag ákvæðisins samkvæmt orðanna hljóðan að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða byggingu loftlínu eða lagningu jarðstrengs. Til að taka af allan vafa er lagt til að orðalagi ákvæðisins sé breytt á þá vegu að leyfisskyldan taki til nýrra raflína sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Vísast þar til skilgreiningar á orðinu raflína í 12. tölul. 2. gr., þ.e. samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis. Samkvæmt framanrituðu væri því ekki gerður greinarmunur á því hvort raflína væri lögð í jörðu eða hún reist ásamt því sem nauðsynlegur tengibúnaður við raflínuna yrði háður umræddri leyfisveitingu.

Um 5. gr.

Meginregla raforkulaganna er sú að flutningsvirki skuli tengjast flutningskerfinu og vera hluti af því. Í beinlínutengingu felst undanþága frá þessari meginreglu og felur í sér sjálfstæða línulögn milli einstakra virkjana og notenda. Viðkomandi lína telst þá ekki hluti af flutningskerfinu, ekki rekin af flutningsfyrirtækinu og yrði alfarið á ábyrgð eiganda línunnar. Dæmi um slíkt gæti t.d. verið ef sami aðili mundi reisa stóriðjuver og virkjun sem annaði raforkuþörf iðjuversins. Ljóslega verða bæði notandinn og virkjunaraðilinn að vera samþykkir því að reist sé bein lína. Eðlilegast er að aðilar sæki sameiginlega um leyfið en semji sín á milli um eignarhald og annað sem viðkemur flutningsvirkinu. Skilyrði fyrir beinlínutengingu er að hvorki virkjun né notandi tengist flutningskerfinu með öðrum hætti og njóti því ekki þess öryggis sem felst í tengingu við flutningskerfið.

Um 6. gr.

Í núgildandi raforkulögum fjallar 12. gr. um tekjumörk og gjaldskrá. Í þessu frumvarpi er sú grein gerð mun ítarlegri en áður og nokkrar breytingar lagðar til. Lagt er til að ákvæðinu verði nú skipt í tvo hluta þar sem 12. gr. fjallar um setningu tekjumarka en 12. gr. a um gjaldskrá.

Lagt er til að settur verði skýrari rammi um það hvernig tekjumörk skulu ákvörðuð. Mikilvægt er að tekjumörk séu sett þannig að í þeim felist réttir hvatar fyrir flutningsfyrirtækið til þess að hagræða í hvívetna og þannig stuðlað að þjóðhagslega hagkvæmum raforkuflutningi. Um leið þarf að tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll til lengri tíma og hvetja til hagkvæmra fjárfestinga.

Í 1. mgr. kemur fram að markmiðið með setningu tekjumarka er í senn að tryggja hagræðingu í rekstri og að tekjur séu í samræmi við tilkostnað að teknu tilliti til arðsemi. Hvatar til hagræðingar verða til með afmörkun tekjumarkatímabila. Raforkuflutningur er í eðli sínu náttúruleg einokun sem leiðir óhindrað til hærra verðs og minni umsvifa en við samkeppni Af þessum sökum er nauðsynlegt að stýra verði með því að setja hámark á leyfðar tekjur. Hins vegar er ljóst að fyrirtækið verður að bera arð og gera þarf ráð fyrir því í tekjumörkum. Heimilar tekjur byggjast á tilteknum kostnaðarliðum við reksturinn og því er mikilvægt að kostnaði sé haldið í skefjum. Það er gert með því að setja leyfilegan kostnað fastan á tilteknu tímabili (tekið er tillit til almennra verðlagshækkana). Takist fyrirtækinu að lækka rekstrarkostnað heldur það ávinningnum af því þar til næstu tekjumörk eru sett en þá er hagræðingu skilað til notenda með töfum sem nemur uppfærslu rekstrarkostnaðar í nýjum tekjumörkum. Slíkt fyrirkomulag er því mjög til hagsbóta fyrir notendur.

Samkvæmt 9. gr. raforkulaga skal flutningsfyrirtækið byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Tekjumörk tryggja fyrirtækinu fullar tekjur á móti nýfjárfestingum og þeim fjárfestingum sem mynda fastafjármuni. Þetta getur skapað vandamál sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur þeirrar reglunar sem hér er fylgt. Það verður til hvati fyrir flutningsfyrirtækið að fjárfesta meira en arðsamt er. Það er því hætta á offjárfestingu og því fer ekki endilega saman rekstrarleg og þjóðhagsleg arðsemi.

Til að stuðla að því að aðeins sé ráðist í þjóðhagslega hagkvæmar fjárfestingar er því nauðsynlegt að opinber aðili fari yfir fjárfestingaráætlanir til samþykktar eða höfnunar á þeim grundvelli og að vel sé fylgst með fjárfestingum flutningsfyrirtækja og þeim kostnaði sem þeim fylgir. Gæta þarf þess í hvívetna að lágmarka kostnað sem stofnað er til að teknu tilliti til þeirra krafna sem fram koma í 9. gr. laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um fyrirkomulag setningar tekjumarka. Þar segir að Orkustofnun setji flutningsfyrirtækinu tekjumörk. Orkustofnun hefur eftir sem áður eftirlit með starfsemi flutningsfyrirtækisins, er „reglunaraðilinn“. Þá segir að tekjumörkin skuli vera tvískipt, annars vegar vegna flutnings til dreifiveitna og hins vegar til stórnotenda og tilgreint að tekjumörkin til stórnotenda skulu vera í bandaríkjadölum. Gjaldskrá vegna flutnings til stóriðju er nú þegar í bandaríkjadölum og til þess að draga úr gengisáhættu og gæta samræmis er rökrétt að tekjumörk séu í sömu mynt og gjaldskráin. Þá skal kostnaði bæði við rekstur og fjárfestingar hvors hluta haldið til haga til að mynda grundvöll tekjumarka. Það leggur flutningsfyrirtækinu þær skyldur á herðar að greina allan rekstrarkostnað og fjárfestingar eftir því hvorum hluta slíkt tilheyrir og kallar á – eins og fram kemur í næstu málsgrein – reglulega endurskoðun þeirrar skiptingar eftir því sem raforkukerfið stækkar og þróast. Með þessu frumvarpi er tekjumarkatímabilið lengt úr þremur árum í fimm til þess að auka hvata til hagræðingar í rekstri. Með lengingu tekjumarka heldur framleiðandi hagræðingu lengur en áður og sterkari hvati til hagræðingar verður til fyrir vikið sem á endanum verður til hagsbóta fyrir notendur. Annarri starfsemi flutningsfyrirtækisins er haldið utan tekjumarka á þeim forsendum að það sé fyrst og fremst flutningurinn sem sé einokunarstarfsemi í eðli sínu og háður reglun.

Í 3. mgr. eru tiltekin fjögur viðmið sem nota skal við setningu tekjumarka. Þau eru: rekstrarkostnaður sem tengist flutningsstarfsemi, arðsemi af flutningsstarfsemi, afskriftir fastafjármuna og áreiðanleiki afhendingar.

Rekstrarkostnaður. Skilgreint er hvað skuli talið með í rekstrarkostnaði og að við setningu tekjumarka skuli taka tillit til meðaltals kostnaðar við rekstur næstu fimm ára á undan með eins árs töf með áhrifum verðlagsbreytinga auk áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á þann kostnað. Þar sem tekjumörkin eru sett til fimm ára fram í tímann er nauðsynlegt að tekið sé tillit til kostnaðar við rekstur á fimm ára tímabili þar á undan svo ekki verði til rangir hvatar í rekstrinum. Væri aðeins litið til næstu þriggja ára á undan gæti fyrirtækið freistast til að hafa rekstrarkostnað hlutfallslega hærri þau ár sem lægju til viðmiðunar en hafa kostnað lægri á þeim árum sem ekki væru lögð til grundvallar og færa þannig kostnað milli ára eftir því sem unnt væri. Með því að hafa tímabil tekjumarka og viðmiðunar jafnlöng er hvatt til jafnvægis í rekstrinum og tekið jafnt tillit til alls kostnaðar við setningu nýrra tekjumarka. Til að ákveða tekjumörk þarf að gera ráð fyrir raunhæfum kostnaði og því er nauðsynlegt að leiðrétta rekstrarkostnað sl. fimm ára fyrir verðlagsbreytingum og áhrifum nýrra fjárfestinga. Jafnframt er í 3. mgr. mælt fyrir um að endurskoða skuli skiptingu rekstrarkostnaðar milli stórnotenda og dreifiveitna bæði þegar stórar fjárfestingar eigi sér stað og við setningu nýrra tekjumarka. Í fyrra tilfellinu er ljóst að verulegar breytingar geta orðið á skiptingu rekstrarkostnaðar þegar nýjar fjárfestingar koma inn og í síðara tilfellinu er tekið á áhrifum smærri fjárfestinga á þessa skiptingu og það talið nægja á fimm ára fresti.

Nokkurs konar viðbótarákvæði um hagræðingu er hnýtt við umfjöllun um rekstrarkostnað sem viðmið tekjumarka. Þetta ákvæði gefur eftirlitsaðila tækifæri til að kalla eftir meiri hagræðingu ef hinn „innbyggði“ hagræðingarhvati sem fæst með setningu tekjumarkatímabila er ekki talinn hafa skilað nægjanlegri hagræðingu. Í þessari heimild felst að Orkustofnun getur gert sérstaka hagræðingarkröfu á flutningsfyrirtækið í upphafi nýs tekjumarkatímabils ef markmið laganna um skilvirkni í rekstri nást ekki. Hagræðingarkrafan skal byggjast á viðmiðum úr sambærilegum rekstri að undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun þarf að kalla til sérfræðinga utan stofnunarinnar til að meta hagræðingarkröfuna og flutningsfyrirtækið skal fá tækifæri til að skýra sitt sjónarmið. Tilteknir eru tímafrestir við ferlið.

Arðsemi. Núverandi lög kveða á um að arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera jöfn markaðsávöxtun á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum til fimm ára. Jafnframt er í reglugerð kveðið á um hvernig kostnaður og eignagrunnur skulu uppfærðir með verðlagi. Á þessu fyrirkomulagi hafa verið tveir gallar. Annars vegar er arðsemisviðmiðunin of lág (þ.e. raunávöxtunarþátturinn), sem þýðir að hvorki eru til staðar eðlilegir hvatar til fjárfestingar né heldur er tryggt að fyrirtækinu séu búin þau skilyrði að það geti fjármagnað sig á eðlilegum forsendum til lengri tíma. Hins vegar þýðir uppfærsla eignagrunns með verðlagi að tvisvar er tekið tillit til verðbólgu, fyrst með uppfærslu miðað við vísitölu neysluverðs og síðan með verðbólguálagi óverðtryggðra skuldabréfa sem hefur gert arðsemisviðmiðunina of háa. Þetta hefur að vísu hingað til eingöngu átt við stórnotendahlutann vegna ákvæða í núverandi lögum um tímabundna hálfa arðsemi sem féll úr gildi á árinu 2010. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að arðsemisviðmiðunin byggist á vegnum fjármagnskostnaði (WACC) í samræmi við það sem tíðkast í svipuðum rekstri í öðrum Evrópulöndum. Þá er gengið út frá tilteknu hlutfalli skulda og eigin fjár í fjármögnun fyrirtækisins og viðeigandi áhættuálagi bætt á ávöxtunarkröfu vegna eigin fjár. Vaxtaþættirnir eru myndaðir á grundvelli líkansins um verðlagningu eigna (e. Capital Asset Pricing Model). Almennt skal við útreikning taka mið af hagkvæmasta hlutfalli skulda og eigin fjár, fremur en raunverulegu hlutfalli í bókum einstakra fyrirtækja. Þá skal við útreikning vaxta af skuldum taka mið af vöxtum sem tíðkast í sambærilegum rekstri fremur en í bókum einstakra fyrirtækja. Hætta er á að ef vextir skulda einstakra fyrirtækja séu lagðir til grundvallar tapist hvatinn til að lágmarka vaxtakostnað þar eð vextir fengjust þá sjálfkrafa bættir eða tekjur væru teknar af flutningsfyrirtækinu ef það gerði betur í fjármögnun.

Nýlunda er hér að við ákvörðun á arðsemi er miðað við veltufjármuni auk fastafjármuna. Í núgildandi lögum er litið fram hjá því að fyrirtæki nota ekki aðeins fastafjármuni í rekstrinum heldur þurfa þau einnig töluverða veltufjármuni sem fela í sér t.d. birgðir og skammtímakröfur. Í tilviki flutningsfyrirtækisins hafa veltufjármunir verið á bilinu 20–25% af tekjum undanfarin ár. Því segir í 3. mgr. að miða skuli við bókfært virði fastafjármuna auk 20% af tekjumörkum til þess að mæta kostnaði af veltufjármunum. Tekið er fram hvenær fjárfestingar fari inn í eignagrunn en það hefur áhrif á arðsemi og þar með tekjumörk. Stærri fjárfestingar bætast við jafnskjótt og þær eru teknar í notkun en minni fjárfestingar teljast til fastafjármuna frá því að þær eiga sér stað. Tillagan miðar að því að tekið verði tillit til fjárfestinga sem augljóslega hafa áhrif á forsendur tekjumarkasetningar og skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar milli tekjuramma. Slíkar leiðbeiningar er ekki að finna í núverandi raforkulögum sem hefur leitt til óþarfa óvissu um hvernig breytingar undanfarinna ára skuli meðhöndlaðar.

Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum í samræmi við gjaldskrána og tekjumörkin fyrir þann hluta en í núverandi lögum er þessi eignastofn í íslenskum krónum. Þessi breyting stuðlar að meiri stöðugleika bæði í rekstri flutningsfyrirtækisins og í gjaldskrá fyrir stórnotendur. Jafnframt verður meira samræmi milli raunverulegra fjármagnsgjalda og leyfða fjármagnsgjalda en fyrirtækið hefur fjármagnað sig að hluta til í erlendri mynt. Í 2. tölul. 3. mgr. er tekið fram að skipting eignagrunns milli tekjumarkahluta skuli endurskoðuð ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Slík regluleg endurskoðun er nauðsynleg til þess að tekjumörk séu rétt ákvörðuð. Í lokamálslið 2. tölul. 3. mgr. er lagt til að á grundvelli þeirra efnisreglna og viðmiða sem fram koma í 2. tölulið skuli arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila. Mikilvægt er að óháður aðili, með sérfræðiþekkingu á þessu sviði, leggi mat á hver eðlileg arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera þrátt fyrir að það sé

síðan Orkustofnun sem setji flutningsfyrirtækinu tekjumörk, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt lokamálsgrein 6. gr. skal ráðherra setja reglugerð þar sem m.a. er nánar fjallað um mat sérfróðra aðila. Sams konar fyrirkomulag er lagt til varðandi ákvörðun á arðsemi dreifiveitna, sem lið í tekjumörkum dreifiveitna, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. segir að Orkustofnun yfirfari rekstraruppgjör flutningsfyrirtækisins sem skilað skal eigi síðar en 1. maí vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. ágúst skal Orkustofnun hafa lokið sínu uppgjöri. Í því felst að Orkustofnun uppfærir sett tekjumörk miðað við verðlagsbreytingar og aðrar breytingar sem 12. gr. heimilar, svo sem breytingu rekstrarkostnaðar og eignagrunns vegna nýrra fjárfestinga, og ber saman við raunverulegar rekstrarniðurstöður flutningsfyrirtækisins.

Í framhaldi af uppgjöri skv. 5. mgr. er hægt skv. 6. mgr. að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára en þær geta þó aldrei orðið meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Ef svo ber undir skal ná hlutfallinu niður fyrir lok næsta árs á eftir. Segja má að þessar reglur séu til sveiflujöfnunar þannig að ekki þurfi stöðugt að vera að hreyfa við gjaldskrám þótt tekjumörkum sé ekki fylgt út í hörgul án þess þó að slíkur mismunur megi verða of mikill eða leiðrétting dragist of lengi.

Um 7. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildandi ákvæði 12. gr. í raforkulögunum verði skipt upp í tvö ákvæði þannig að ákvæði 12. gr. a gildi um gjaldskrá flutningsfyrirtækisins en 12. gr. um tekjumörkin og setningu þeirra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að litlar efnisbreytingar verði á gildandi ákvæði um gjaldskrá og vísast um það til greinargerðar með 12. gr. laga nr. 65/2003, 8. gr. laga nr. 89/2004, 2. gr. laga nr. 149/2004 og 4. gr. laga nr. 67/2008. Þó er nú lagt til að í lögin komi skýrt ákvæði um að gjaldskrá fyrir flutning fyrir stórnotendur verði í bandaríkjadölum. Þá er lagt til að smávægilegar breytingar verði á tímarammanum fyrir samþykki Orkustofnunar á gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Með 5. mgr. 7. gr. er lögð til breyting á núverandi 12. gr. raforkulaganna með það fyrir augum að koma til móts við þann möguleika að byggður sé upp orkufrekur iðnaður við eða í nágrenni við virkjun sem þegar er tengd flutningskerfinu. Er þá gert ráð fyrir að notandinn tengist beint við virkjun og sé í þeim skilningi ekki beintengdur flutningskerfinu en getur á hinn bóginn notið þess í gegnum tengingu virkjunarinnar og/eða að rekstur virkjunarinnar er háður tengingu við flutningskerfið. Í þessum tilvikum ber að greiða 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Þá er samkvæmt ákvæðinu heimilt að veita frekari afslátt ef úttekt stórnotandans er algjörlega bundin við virkjunina, þ.e. framleiðsla hans eða notkun stöðvast algjörlega ef orkuframleiðsla virkjunarinnar stöðvast. Skilyrt er að notandi greiði ætíð fyrir kerfisþjónustu til flutningsfyrirtækisins.

Með 6. mgr. er lagt til að komið sé sérstaklega til móts við notendur sem byggja upp framleiðslufyrirtæki við hlið eða skammt frá jarðvarmavirkjun og nýta frá henni fleiri afurðir en einungis raforku. Miklar væntingar eru bundnar við að hægt sé að byggja upp fyrirtæki sem nýtt geta koltvísýring og mögulega aðrar afurðir frá jarðvarmavirkjunum. Þar sem framleiðsla, starfsemi og rekstur þessara fyrirtækja er alfarið háð því að þau fái jöfnum höndum fleiri afurðir en raforku til þess að framleiðsluferlin séu í gangi er talið réttlætanlegt að heimila að viðkomandi aðilar geti sótt um undanþágu frá skilyrði 5. mgr. um stórnotanda og njóti þar með beinnar tengingar við virkjun þó svo að notkun nái ekki stórnotendaviðmiðum laganna.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til að við 13. gr. laganna, sem fjallar um sérleyfi til dreifingar, bætist nýr málsliður þess efnis að flutningsfyrirtækinu sé heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV, að því gefnu að samkomulag náist þar að lútandi á milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu. Er ákvæði þetta hugsað fyrir þann hóp viðskiptavina sem telst til minni stórnotenda en fyrir þá er oft og tíðum heppilegra að fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV. Er gert ráð fyrir því að umræddir stórnotendur greiði þann kostnað sem af niðurspenningunni hlýst.

Um 9. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við 6. gr.

Um 10. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við 7. gr.

Um 11. gr.

Með greininni er lögð til ný grein sem kemur í kjölfar 18. gr. um leyfi til að reka raforkumarkað. Tekur greinin mið af 18. gr. sem fjallar um leyfi til að stunda raforkuviðskipti. Er gert ráð fyrir að ráðherra framselji Orkustofnun viðkomandi leyfisveitingarvald, sbr. 32. gr. núgildandi raforkulaga. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild flutningsfyrirtækisins til að reka raforkumarkað en ekki er að finna ákvæði um það hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem óska eftir slíku leyfi eða hver veitir leyfið. Er ákvæði þetta því lagt til sem nýtt ákvæði í lögin.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við núgildandi raforkulög eru mörg hver úrelt og hafa ekkert sjálfstætt gildi lengur. Er með greininni lagt til að slík ákvæði til bráðabirgða verði afnumin og því um ákveðna hreinsun og uppfærslu á lagatextanum að ræða. Þau ákvæði sem lagt er til að falli brott eru I, III–XI, XIV og XV.

Um 16. gr.

Eins og fram kemur í almennun athugasemdum og í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins eru í viðauka við raforkulög skilgreindir allir afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfinu. Talið er að slík lögfesting afhendingarstaða geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins. Er því lagt til að viðaukinn verði afnuminn.

Um 17. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar við birtingu. Hins vegar er lagt til að ákvæði a-liðar 3. gr., sem fjallar um eignarhald flutningsfyrirtækisins, komi til framkvæmda 1. janúar 2015 og að ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr. komi til framkvæmda 1. janúar 2011. Fjalla þau ákvæði um tekjumörk og gjaldskrá og er æskilegt að þau ákvæði komi til framkvæmda um áramót bæði af tæknilegum ástæðum og til að veita hæfilega aðlögun að breyttu fyrirkomulagi.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra skipi nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, flutningsfyrirtækisins, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Samkvæmt 6. og 9. gr. þessa frumvarps eru settar takmarkanir á færslu of- eða vantekinna tekna samkvæmt tekjumörkum milli ára. Þannig skulu þær aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum. Þar eð þessar takmarkanir eru nýmæli þykir rétt að gefa þeim fyrirtækjum sem eru fyrir utan þessi mörk í lok árs 2009 ákveðið svigrúm til að bregðast við.

Vanteknar tekjur má rekja til þess að gjaldskrá viðkomandi fyrirtækja hefur að jafnaði verið lægri en tekjumörk hafa gefið tilefni til. Með ákvæðinu er þeim fyrirtækjum sem hafa haldið raforkuverði tiltölulega lágu undanfarin ár heimilað að setja gjaldskrá sem miðar að því að þau njóti þeirrar inneignar sem þau hafa safnað. Þó er heimildin ekki ótakmörkuð. Verði uppsafnaðar vanteknar tekjur enn yfir viðmiðunarmörkum í lok árs 2020 er fyrirtækjunum óheimilt að flytja það sem umfram er milli ára. Fyrirtækjunum eru einnig settar skorður sem ætlað er að draga úr mögulegum áhrifum á raforkuverð. Þannig skulu tekjur hvers árs ekki fara meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum.

Einnig þykir rétt að gefa þeim fyrirtækjum sem hafa uppsafnaðar ofteknar tekjur umfram viðmiðunarmörk í árslok 2009 svigrúm til að koma sér niður fyrir mörkin. Með því er jafnframt stefnt að því að draga úr sveiflum í raforkuverði. Fari uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur niður fyrir framangreind mörk á ákvæðið ekki lengur við eðli málsins samkvæmt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi; Í fyrsta lagi eru lagðar til nýjar skilgreiningar á hugtökunum flutningskerfi og stórnotandi. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir veitingu virkjanaleyfis. Lagt er til að heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi verði rýmkaðar með því að endurskoða stærðarmörk þannig að virkjunum sem eru 10 MW eða stærri sé heimilt að tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu. Í gildandi lögum eru mörkin miðuð við 7 MW. Í þriðja lagi er lagt til að flutningsfyrirtækið Landsnet skuli vera í beinni meirihlutaeign ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Í gildandi lögum skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að ná samkomulagi um uppskipti eða kaup á eignarhlut Landsnets við þau félög ríkisins

sem fara með eignarhlut í Landsnetinu. Samkvæmt ársreikningi 2009 var eigið fé Landsnets rúmir 8 milljarðar kr. Í fjórða lagi er lagt til að flutningsfyrirtækinu verði m.a. heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða. Í fimmta lagi eru lögð til ný ákvæði um tekjumörk og gjaldskrá bæði flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Lagt er til að tekjumörkin verði samtala rekstrarkostnaðar, afskrifta og útreiknaðrar framlegðar fyrir fjármagnsliði og skatta. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins á þannig að standa almennt undir meðalkostnaði við rekstur fyrirtækisins að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Í sjötta lagi eru lagt til breytt ákvæði um beinar tengingar milli notenda og virkjana sem tekur mið af kröfum sem koma fram í 22. gr. tilskipunar 2003/54/EB.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

965. Frumvarp til laga [574. mál]

um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri og samkeppnishæfni Íslands með því að tilgreina hvaða ívilnanir heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi og hvernig þeim skuli beitt.

2. gr.

Gildissvið og heimild.

Lög þessi ná til skilgreindra ívilnana sem kveðið er á um í III. og IV. kafla laganna vegna nýfjárfestinga hér á landi, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 5. gr.

Á grundvelli laga þessara er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga, sbr. 21. gr., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um aðkomu ríkisins og, eftir atvikum, sveitarfélaga vegna nýfjárfestinga hér á landi.

Lög þessi ná ekki til fjárfestinga í fjármálastarfsemi.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum skal eftirfarandi merking lögð í þessi hugtök.

1. *Byggðaaðstoð:* Ríkisaðstoð sem veitt er með heimild í c-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að efla byggðaþróun og efnahagslíf á ákveðnu landsvæði í samræmi við samþykkt byggðakort.
2. *Byggðakort:* Kort af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur, með ákvörðun nr. 378/06/COL, samþykkt fyrir árin 2007–2013, þar sem fram kemur á hvaða svæðum á Íslandi heimilt er að veita byggðaaðstoð og að hvaða marki.

3. *Fjárfestingarverkefni:* Verkefni sem nýfjárfesting lýtur að.
4. *Fjárfestingarkostnaður:* Kostnaður vegna áþreifanlegra eigna (t.d. tæki og búnaður) jafnt sem óáþreifanlegra eigna (t.d. hugverkaréttindi og leyfi) sem fellur til í tengslum við fjárfestingarverkefni hér á landi.
5. *Ívilnun:* Skilgreind ríkisaðstoð skv. III. og IV. kafla sem er forsenda þess að tiltekið fjárfestingarverkefni verði að veruleika hér á landi.
6. *Lítið fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. viðauka 1 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal við lög þessi, sbr. 27. gr.
7. *Meðalstórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. viðauka 1 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.
8. *Nýfjárfesting:* Fjárfesting sem lýtur að uppsetningu nýs verkefnis eða nýrrar starfsemi hér á landi eða felur í sér sjálfstæða viðbót við eldra verkefni. Fjárfesting sem kemur í stað eldri fjárfestingar telst ekki nýfjárfesting í skilningi laga þessara.
9. *Stórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. viðauka 1 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

II. KAFLI

4. gr.

Umsókn um ívilnun.

Umsókn um ívilnun vegna nýfjárfestingar á Íslandi skal send iðnaðarráðuneytinu. Sérstök þriggja manna nefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögur til iðnaðarráðherra um afgreiðslu, sbr. 17. gr.

Umsókn um ívilnun, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en hafist er handa við fyrirhugað fjárfestingarverkefni hér á landi. Umsókn skulu fylgja öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum.

Um meðhöndlun umsókna um ívilnun fer samkvæmt ákvæðum V. kafla laganna.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ívilnana.

Við mat á því hvort veita eigi ívilnun vegna nýfjárfestingar samkvæmt lögum þessum skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi,
b. að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um viðkomandi fjárfestingarverkefni, þá aðila sem að því standa og hvernig fjármögnun er háttað,
c. að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki þegar hafið og að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika hér á landi,
d. að a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði sé fjármagnaður án ríkisaðstoðar og þar af sé að lágmarki 20% fjármagnað af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun,
e. að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 millj. kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk hjá umsóknaraðila við rekstur fjárfestingarverkefnis á fyrstu tveimur árum þess,

f. að fyrir liggi arðsemisútreikningar, sbr. 18. gr., sem sýni fram á að viðkomandi nýfjárfesting sé þjóðhagslega hagkvæm út frá hagsmunum íslensks efnahagslífs og samfélags, t.d. út frá atvinnusköpun, byggðaþróun, útflutningi, skatttekjum, nýsköpun og aukinni þekkingu,
g. að um nýfjárfestingu sé að ræða og að tæki og búnaður sem kemur til vegna fjárfestingarinnar sé nýr,
h. að viðkomandi nýfjárfesting verði að lágmarki til fimm ára í starfrækslu á Íslandi,
i. að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli og teljist ekki óæskileg í umhverfislegu tilliti,
j. að ekki séu fyrir hendi, hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess, vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi eða endurgreiðslukrafa skv. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, og að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja.

III. KAFLI

6. gr.

Byggðaaðstoð.

Í kafla þessum er kveðið á um hvaða ívilnanir stjórnvöldum er heimilt að veita í formi byggðaaðstoðar vegna fjárfestingarverkefna hér á landi.

Heimildir stjórnvalda til að veita ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar takmarkast af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda skv. 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þær skuldbindingar og heimildir eru nánar útfærðar í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/06/COL, frá 6. desember 2006, um byggðakort og aðstoðarhlutföll (Ísland) sem birt var 28. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11, bls. 28, en þar kemur fram á hvaða svæðum á Íslandi heimilt er að veita byggðaaðstoð árin 2007–l 2013 og að hvaða marki.

7. gr.

Hámark leyfilegrar byggðaaðstoðar.

Með vísan til 2. mgr. 6. gr. getur ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar, sbr. 8.–10. gr., almennt numið að hámarki 15% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði þess fjárfestingarverkefnis sem sótt er um ívilnun fyrir. Fyrir meðalstór fyrirtæki er hámark ívilnunar 25% af fjárfestingarkostnaði og fyrir lítil fyrirtæki er hámark ívilnunar 35% af fjárfestingarkostnaði.

Í þeim tilvikum þegar fjárfestingarkostnaður fjárfestingarverkefnis er meiri en 50 milljónir evra lækkar hlutfall leyfilegrar hámarksaðstoðar, sbr. 1. mgr., í samræmi við heildarfjárfestingarkostnað, sbr. 3. mgr.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um útreikning á leyfilegu hlutfalli ríkisaðstoðar, samkvæmt grein þessari, í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundna byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 85/06/COL, frá 6. apríl 2006, sem birt var 28. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11, bls. 1.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag byggðaaðstoðar.

8. gr.

Ívilnun í formi beins fjárstuðnings.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi beins opinbers fjárstuðnings vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis til þess félags sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið. Er þá um að ræða stofnfjárstyrk sem fellur til í upphafi verkefnis.

Um hámark ívilnunar skv. 1. mgr. vísast til 7. gr., sbr. 21. gr.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag hins beina fjárstuðnings.

9. gr.

Ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi frávika frá sköttum eða opinberum gjöldum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Með samningi skv. 21. gr. er heimilt að veita ívilnanir skv. 1. mgr. í formi eftirfarandi frávika fyrir viðkomandi félag sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið:

1. Heimild til að kveða á um að tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skuli í tíu ár frá því að skattskyldar tekjur myndast aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur skv. 21. gr. er gerður við félagið. Lækki hið almenna tekjuskattshlutfall á tímabilinu niður fyrir framangreint hlutfall skal hið lægra tekjuskattshlutfall gilda um félagið.
2. Heimild til að fyrna nýjar eignir félags á því ári þegar þær eru teknar í notkun í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
3. Heimild til að fyrna eignir félags að fullu þrátt fyrir ákvæði 35. og 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
4. Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi, sbr. lög nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, og markaðsgjaldi, sbr. lög nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, í tíu ár frá því að gjaldskylda myndast.
5. Lækkun stimpilgjalds, samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, í 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félag gefur út eða stofnað er til í tengslum við uppbyggingu viðkomandi fjárfestingarverkefnis í tíu ár frá því að gjaldskylda myndast.
6. Undanþága frá gjöldum skv. 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, í tíu ár frá því að gjaldskylda myndast.
7. Lækkun fasteignaskatts að því leyti að skatthlutfall fasteignaskatts viðkomandi félags sé 30% lægra en lögbundið hámark að viðbættu álagi, sbr. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, í tíu ár frá því að skattskylda myndast hjá félagi samkvæmt lögum nr. 4/1995.
8. Lækkun tryggingagjalds að því leyti að skatthlutfall almenns tryggingagjalds viðkomandi félags sé 20% lægra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, í tíu ár frá því að skattskylda myndast hjá félagi samkvæmt lögum nr. 113/1990.
9. Undanþága frá tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, vegna innflutnings og kaupa viðkomandi félags eða einhvers

fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum, tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess.

10. Heimild til að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna uppbyggingar viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Um hámark ívilnunar skv. 2. mgr. vísast til 7. gr., sbr. 20. gr.

Með samningi skv. 21. gr. er heimilt að kveða á um að ekki skuli leggja á félag, sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, umhverfisskatta eða skatta á raforkukaup eða notkun, nema slíkir skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi og mismuni ekki viðkomandi félagi að öðru leyti.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnana sem tengdar eru sköttum og opinberum gjöldum.

10. gr.
Ívilnun í tengslum við land eða lóð undir nýfjárfestingu.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi sölu eða leigu ríkis eða sveitarfélags á landi eða lóð í eigu ríkis eða sveitarfélags undir viðkomandi fjárfestingarverkefni til þess félags sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði.

Um hámark ívilnunar skv. 1. mgr. vísast til 7. gr., sbr. 20. gr.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar sem tengd er sölu eða leigu á landi eða lóð.

IV. KAFLI

11. gr.
Almennar ívilnanir.

Í kafla þessum er kveðið á um hvaða ívilnanir stjórnvöldum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi, óháð staðsetningu fjárfestingarverkefnis.

Heimildir stjórnvalda til að veita ívilnun vegna fjárfestinga, sem ekki eru byggðatengdar, takmarkast af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda skv. 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þær heimildir eru nánar útfærðar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð um almenna hópundanþágu), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 sem birt var 18. desember 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal við lög þessi, sbr. 27. gr.

Ívilnun skv. 12.–15. gr. laga þessara getur verið í formi beins fjárstuðnings, frávika frá tilteknum sköttum og gjöldum skv. 9. gr. eða annarrar tegundar leyfilegrar ríkisaðstoðar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

12. gr.

Ívilnun vegna þjálfunarkostnaðar nýfjárfestingar.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi þjálfunaraðstoðar vegna kostnaðar við þjálfun starfsfólks sem fellur til í tengslum við nýfjárfestingu.

Hámark leyfilegrar þjálfunaraðstoðar eru 2 milljónir evra fyrir hvert fjárfestingarverkefni.

Um skilyrði fyrir veitingu þjálfunaraðstoðar vísast nánar til 38. og 39. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna þjálfunarkostnaðar.

13. gr.

Ívilnun vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem hlutfall af fjárfestingareða launakostnaði viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Ívilnun skv. 1. mgr. getur að hámarki numið 10% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði fyrir meðalstór fyrirtæki en 20% fyrir lítil fyrirtæki, þó aldrei að hærri fjárhæð en 7,5 milljónir evra fyrir hvert fjárfestingarverkefni.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vísast nánar til 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

14. gr.

Ívilnun vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefni, sem hlutfall af fjárfestingarkostnaði viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum vísast nánar til 30.–37. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er slík ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefni.

15. gr.

Ívilnun vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar til fyrirtækja vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga sem fela í sér m.a. orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar samkvæmt þessari grein vísast nánar til 17.–25. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er slík ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga.

16. gr.

Almenn frávik frá tilgreindum ákvæðum laga.

Í samningi skv. 21. gr. er heimilt að kveða á um að viðkomandi félag, sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, skuli undanþegið:

1. ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur það skilyrði að 4/5 hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar,
2. ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem þess er krafist að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi, svo og sambærilegum síðari ákvæðum,
3. ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum,
4. ákvæðum laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, enda viðhaldi félagið fullnægjandi viðlagatryggingu.

V. KAFLI

17. gr.

Nefnd um veitingu ívilnana vegna nýfjárfestinga.

Sérstök þriggja manna nefnd iðnaðarráðherra fer yfir umsóknir um ívilnun, sbr. 4. gr., og gerir tillögu til ráðherra um afgreiðslu. Iðnaðarráðherra skipar nefndina og skulu fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra tilnefna sinn mann hvor, en sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin leggur mat á umsóknir og kallar eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru.

Nefndin skal hafa samráð við sveitarfélög í tengslum við aðkomu þeirra að fyrirhuguðum fjárfestingarverkefnum sem staðsett eru innan umdæma þeirra.

Við mat á umsókn um ívilnun skal nefndin hafa heimild til þess að afla álits sérfróðra aðila um þætti sem að umsókn snúa, til að mynda varðandi mat á efnahags- og samfélagslegum ávinningi.

Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda um störf nefndarinnar. Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um störf nefndarinnar.

18. gr.

Arðsemisútreikningar.

Áður en nefnd skv. 17. gr. gerir tillögu til iðnaðarráðherra vegna umsóknar um ívilnun skal Fjárfestingarstofa framkvæma útreikninga fyrir nefndina á arðsemi og ávinningi fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis og vinna aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að liggi fyrir áður en tekin er afstaða til umsóknar.

Aðili sem sækir um ívilnun skal leggja fram rekstrar- og viðskiptaáætlun vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis sem kleift er að byggja arðsemisútreikninga á og meta þannig þann virðisauka sem eftir verður í landinu vegna viðkomandi verkefnis. Liggi fullnægjandi gögn ekki fyrir til að framkvæma arðsemisútreikninga skal Fjárfestingarstofa kalla eftir þeim.

Ívilnanir skulu því aðeins boðnar umsækjanda ef arðsemisútreikningar gefa með skýrum hætti til kynna að veiting ívilnunar til viðkomandi fjárfestingarverkefnis hafi í för með sér efnahags- og samfélagslegan ávinning fyrir Ísland, jafnt til lengri sem skemmri tíma.

Við mat á efnahags- og samfélagslegum ávinningi af fyrirhugaðri starfsemi skal horft til mismunandi samsetninga ívilnana sem leyfilegar eru skv. III. og IV. kafla laga þessara.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um arðsemisútreikninga, hvernig þeir skuli framkvæmdir og hvaða gögn þurfa að liggja fyrir áður en þeir eru framkvæmdir.

19. gr.

Boð um ívilnun.

Nefnd skv. 17. gr. skal gera tillögu til iðnaðarráðherra um að hafna beiðni um ívilnun eða að leggja fyrir umsækjanda boð um ívilnun.

Leggi iðnaðarráðherra fram boð um ívilnun skal það byggjast á þeim heimildum sem fram koma í III. og IV. kafla og getur það verið samsett úr fleirum en einni tegund ívilnana, sbr. þó 20. gr.

20. gr.

Takmörk leyfilegrar ívilnunar.

Ívilnun til umsækjanda vegna fjárfestingarverkefnis getur að hámarki ekki farið yfir þau mörk sem leyfileg eru í samræmi við reglur þær um byggðaaðstoð sem fram koma í III. kafla eða samkvæmt reglum um almennar ívilnanir sem fram koma í IV. kafla. Ekki er heimilt að fullnýta ívilnanir bæði úr III. og IV. kafla vegna sama fjárfestingarverkefnis þannig að samtala ívilnunar fari yfir þau mörk sem kveðið er á um í lögunum.

21. gr.

Samningur um veitingu ívilnunar.

Fallist umsækjandi á boð iðnaðarráðherra um ívilnun skal gerður samningur milli umsækjanda og iðnaðarráðherra, fyrir hönd stjórnvalda og, eftir atvikum, sveitarfélaga um veitingu ívilnunar vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Samningur skv. 1. mgr. skal kveða á um þær skuldbindingar sem kunna að þykja nauðsynlegar fyrir viðkomandi fjárfestingarverkefni og hversu lengi samningur skuli gilda. Í samningi skal enn fremur m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

a. skilgreiningu og afmörkun á viðkomandi fjárfestingarverkefni,
b. skilgreiningu og afmörkun á þeim lögaðila sem ívilnunar nýtur samkvæmt samningnum,
c. hvaða ívilnunum veitt er til verkefnisins,
d. hvernig ívilnun er komið til verkefnis og á hvaða tíma,
e. eftirlit og endurgreiðslu ívilnunar ef skilyrði samnings eru ekki uppfyllt.

Ívilnanir þær sem kveðið er á um í samningi geta að hámarki verið veittar til tíu ára. Samningur um veitingu ívilnunar, sem iðnaðarráðherra undirritar samkvæmt lögum þessum, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

22. gr.

Fjárheimild.

Að því leyti sem um beinar greiðslur úr ríkissjóði er að ræða er veiting ívilnunar samkvæmt lögum þessum háð fjárveitingu Alþingis hverju sinni samkvæmt fjárlögum og, eftir því sem við á, fjárveitingu sveitarfélaga.

23. gr.

Afmörkun ívilnunar.

Ívilnun er eingöngu veitt vegna ákveðins fjárfestingarverkefnis umsækjanda en ekki til annarrar starfsemi hans. Aðila sem ívilnunar nýtur samkvæmt lögum þessum er einvörðungu heimilt að nýta þá ívilnun í það skilgreinda fjárfestingarverkefni sem kveðið er á um í samningi skv. 21. gr.

24. gr.

Eftirlit með notkun ívilnunar.

Til tryggingar á réttri notkun ívilnunar, sbr. 23. gr., ber aðila sem ívilnunar nýtur að senda iðnaðarráðuneyti árlega skýrslu um framvindu fjárfestingarverkefnis, hlut ívilnunar í framgangi þess, samtals fjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á undanförnu ári og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila ef einhver er.

25. gr.

Afturköllun og/eða endurgreiðsla ívilnunar.

Fella ber niður ívilnun og endurkrefja um þegar veitta ívilnun komi í ljós að aðili sem nýtur ívilnunar hefur vísvitandi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum sem höfðu áhrif á veitingu ívilnunarinnar.

Endurkrefja ber um ívilnun ef hún hefur verið nýtt til annarra hluta en fjárfestingarverkefnis þess sem var forsenda veitingar hennar.

Komi í ljós að ívilnun til aðila er komin umfram þær heimildir sem fram koma í lögum þessum eða samningi um veitingu ívilnunar skal endurkrefja aðila um þann hluta sem umfram er og stöðva veitingu frekari ívilnunar.

Ef ákvörðun um ívilnun er afturkölluð, samkvæmt grein þessari eða í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um ólögmæta ríkisaðstoð, skulu stjórnvöld, sbr. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, gera ráðstafanir til þess að endurheimta veitta ríkisaðstoð frá þiggjanda hennar.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI

27. gr.

Innleiðing á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð um almenna hópundanþágu), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 sem birt var 18. desember 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal með lögum þessum og hefur lagagildi hér á landi.

28. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi 31. desember 2013. Ívilnanir sem veittar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu út þann tíma sem kveðið er á um í viðkomandi samningi um veitingu ívilnunar, sbr. 21. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ári áður en lögin falla úr gildi skal iðnaðarráðherra skipa nefnd sem leggja skal mat á hvernig til hafi tekist með framkvæmd laganna og gera tillögu um hvort framlengja skuli gildistíma þeirra, að undangenginni endurskoðun á ákvæðum laganna. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 31. desember 2013.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 800/2008

frá 6. ágúst 2008

þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum altækrar ríkisaðstoðar([1]), einkum a- og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tiltekin skilyrði sé aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð í þágu rannsókna og þróunar, aðstoð í þágu umhverfisverndar, atvinnumála og menntunar og aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans í allmörgum ákvörðunum og öðlast nægilega reynslu til að skilgreina viðmiðanir um samrýmanleika að því er varðar aðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í formi fjárfestingaraðstoðar á svæðum sem njóta aðstoðar og utan þeirra, í formi áhættufjármagnskerfa og á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, einkum með tilliti til framkvæmdar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans með tilliti til ríkisaðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki ([3]), og að því er varðar útvíkkun á gildissviði þeirrar reglugerðar þannig að það taki til aðstoðar vegna rannsókna og þróunar, framkvæmdar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 ([4]), framkvæmdar

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 210, 8.9.2007, bls. 14.
([3]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006 (Stjtíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85).
([4]) Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22.

á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð og áhættufjármagn ([5]) og viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til að stuðla að auknum áhættufjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([6]), sem og til framkvæmdar á rammareglum Bandalagsins vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar ([7]).

3) Framkvæmdastjórnin hefur einnig öðlast nægilega reynslu af beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans á sviði aðstoðar til menntunar, aðstoðar til eflingar atvinnu, umhverfisverndar, aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og á sviði svæðisbundinnar aðstoðar bæði að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki svo og stór fyrirtæki, einkum með tilliti til framkvæmdar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar ([8]), reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu ([9]), reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð ([10]), rammareglna Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar ([11]), rammareglna Bandalagsins um aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna umhverfisverndar ([12]), viðmiðunarreglna Bandalagsins frá 2008 um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ([13]) og viðmiðunarreglna um innlenda, svæðisbundna aðstoð fyrir 2007–2013 ([14]).

4) Í ljósi þessarar reynslu er nauðsynlegt að aðlaga sum þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 68/2001, 70/2001, 2204/2002 og 1628/2006. Til einföldunar og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti haft skilvirkara eftirlit með aðstoð skal láta eina reglugerð koma í stað þessara reglugerða. Einföldun ætti m.a. að nást með almennum, samræmdum skilgreiningum og þverlægum ákvæðum sem mælt er fyrir um í I. kafla þessarar reglugerðar. Til þess að tryggja samfellu í lögum um ríkisaðstoð skulu skilgreiningar á aðstoð og aðstoðarkerfi samsvara þeim skilgreiningum sem kveðið er á um fyrir þessi hugtök í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ([15]). Slík einföldun er nauðsynleg til að tryggja að Lissabon-áætlunin um hagvöxt og atvinnu skili árangri, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

5) Samkvæmt þessari reglugerð skal undanþiggja hvers konar aðstoð sem uppfyllir öll viðeigandi skilyrði þessarar reglugerðar og hvers konar aðstoðarkerfi, enda uppfylli aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, öll þau skilyrði þessarar reglugerðar sem máli skipta. Til að tryggja gagnsæi og skilvirkara eftirlit með aðstoð skal hverri stakri aðstoð, sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, fylgja skýr tilvísun til gildandi ákvæða II. kafla og til landslaga sem staka aðstoðin grundvallast á.

6) Til að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin einnig vera í aðstöðu til þess að afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá aðildarríkjunum um þær ráðstafanir sem hrundið er í framkvæmd samkvæmt þessari reglugerð. Láti aðildarríki hjá líða að útvega upplýsingar innan eðlilegra tímamarka um þessar aðstoðarráðstafanir getur það talist vera vísbending um að ekki sé farið að skilyrðum þessarar reglugerðar. Slík vanræksla getur því orðið til þess að framkvæmdastjórnin ákveði að þessi reglugerð eða sá hluti hennar sem við á verði dreginn til baka síðar, að því er varðar viðkomandi aðildarríki, og að tilkynna verði framkvæmdastjórninni um alla síðari aðstoð, þ.m.t. nýjar, stakar aðstoðarráðstafanir sem eru veittar á grundvelli aðstoðarkerfa, sem áður féllu undir þessa reglugerð, í samræmi við 88. gr. sáttmálans. Um leið og aðildarríki hefur látið í té réttar og fullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin heimila að þessi reglugerð öðlist aftur fullt gildi.

([5]) Stjtíð. EB C 235, 21.8.2001, bls. 3.
([6]) Stjtíð. ESB C 194, 18.8.2006, bls. 2.
([7]) Stjtíð. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006.
([9]) Stjtíð. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006.
([10]) Stjtíð. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29.
([11]) Stjtíð. EB C 45, 17.2.1996, bls. 5.
([12]) Stjtíð. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3.
([13]) Stjtíð. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.
([15]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

7) Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, skal áfram falla undir tilkynningarskylduna í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð er með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkjanna að tilkynna aðstoð sem hefur samsvarandi markmið og þau sem þessi reglugerð tekur til. Framkvæmdastjórnin mun meta þess háttar aðstoð, m.a. á grundvelli þeirra skilyrða sem sett eru fram í þessari reglugerð og í samræmi við viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í sérstökum viðmiðunarreglum eða rammagerðum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir, í hvert sinn sem viðkomandi aðstoð er innan gildissviðs slíks sérgernings.

8) Þessi reglugerð gildir ekki um aðstoð við útflutning eða aðstoð þar sem innlendum vörum aðildarríkja er ívilnað á kostnað innfluttra. Hún gildir alls ekki þegar um er að ræða aðstoð við að fjármagna uppsetningu og rekstur dreifikerfis í öðrum löndum. Aðstoð við að standa straum af kostnaði við þátttöku í kaupstefnum, eða vegna rannsókna eða ráðgjafarþjónustu, sem er nauðsynleg til að setja nýja framleiðsluvöru eða framleiðsluvöru, sem er fyrir hendi, á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.

9) Þessi reglugerð gildir um nánast allar atvinnugreinar. Í fiskveiði- og lagareldisgreinum skal með þessari reglugerð einungis undanþegin aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til menntunar og aðstoð við illa setta eða fatlaða starfsmenn.

10) Í landbúnaðargeiranum skal með þessari reglugerð, í ljósi þeirra sérreglna sem gilda um frumframleiðslu landbúnaðarafurða, einungis undanþegin aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til menntunar, aðstoð til umhverfisverndar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna, að svo miklu leyti sem þessir flokkar aðstoðar falla ekki undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1857/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu landbúnaðarafurða og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 ([16]).

11) Í ljósi þess hve margt er líkt með vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða og afurða sem eru ekki úr landbúnaði skal þessi reglugerð gilda um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

12) Hvorki starfsemi á bújörðum, sem er nauðsynleg fyrir tilreiðslu afurða fyrir fyrstu sölu, né fyrsta sala til endurseljenda eða vinnsluaðila, skal teljast til vinnslu eða markaðssetningar í skilningi þessarar reglugerðar. Þegar lögfest hefur verið í Bandalaginu að taka upp sameiginlega skipulagningu markaðarins í tiltekinni grein landbúnaðar eru aðildarríkin skuldbundin, samkvæmt ákvörðun Dómstóls Evrópubandalaganna, til að gera engar þær ráðstafanir sem gætu orðið til þess að grafa undan eða víkja frá henni. Þessi reglugerð skal því ekki gilda um aðstoð þar sem fjárhæðin er ákvörðuð á grundvelli verðs eða magns afurða, sem eru keyptar eða settar á markað, né skal hún gilda um aðstoð sem bundin er því skilyrði að henni sé skipt á milli frumframleiðenda.

13) Í ljósi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1407/2002 frá 23. júlí 2002 um ríkisaðstoð við kolaiðnaðinn ([17]) skal þessi reglugerð ekki gilda um aðstoð til að greiða fyrir starfsemi í kolavinnslu fyrir utan aðstoð til menntunar, aðstoð til rannsóknar, þróunar og nýsköpunar og aðstoð til umhverfisverndar.

14) Ef svæðisbundið aðstoðarkerfi miðar að því að hrinda í framkvæmd svæðisbundnum markmiðum en beinist sérstaklega að ákveðnum atvinnugreinum kunna markmið og hugsanlega áhrif kerfisins að vera atvinnugreinabundin fremur en þverlæg. Því skulu svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem beinast að tilteknum atvinnugreinum, svo og svæðisbundin aðstoð, sem veitt er starfsemi í stáliðnaði, í skipasmíðum, eins og gert er ráð fyrir í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu ramma um ríkisaðstoð til skipasmíða ([18]) og í gervitrefjaiðnaðinum, ekki fá undanþágu frá tilkynningunni. Hins vegar gegnir ferðaþjónusta mikilvægu hlutverki í hagkerfum einstakra ríkja og hefur almennt séð sérstaklega góð áhrif á svæðaþróun. Svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem

([16]) Stjtíð. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 3.

([17]) Stjtíð. EB L 205, 2.8.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

([18]) Stjtíð. ESB C 260, 28.10.2006, bls. 7.

miða að ferðaþjónustu, skulu því undanþegin tilkynningarskyldunni.

15) Aðstoð, sem veitt er fyrirtækjum, sem eiga í erfiðleikum í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækjum, sem eiga í erfiðleikum ([19]), skal metin með hliðsjón af þessum viðmiðunarreglum til þess að hindra að farið sé í kringum þær. Aðstoð við þessi fyrirtæki skal því falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Til þess að létta stjórnsýslubyrði af aðildarríkjum skal við úthlutun aðstoðar, sem fellur undir þessa reglugerð, til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, einfalda skilgreininguna á því hvað telst vera fyrirtæki sem á í erfiðleikum miðað við þá skilgreiningu sem er notuð í viðmiðunarreglunum. Enn fremur skulu lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa verið með réttarstöðu lögaðila í minna en þrjú ár, ekki teljast, með hliðsjón af þessari reglugerð, eiga í erfiðleikum að því er varðar þetta tímabil nema þau uppfylli viðmiðanir um sameiginlega málsmeðferð vegna ógjaldfærni samkvæmt landslögum. Þessi einföldun skal vera með fyrirvara um flokkun þessara litlu og meðalstóru fyrirtækja samkvæmt þessum viðmiðunarreglum að því er varðar aðstoð, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, og með fyrirvara um flokkun stórra fyrirtækja sem fyrirtækja, sem eiga í erfiðleikum samkvæmt þessari reglugerð, sem áfram falla undir skilgreininguna í heild, sem kveðið er á um í þessum viðmiðunarreglum.

16) Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að heimiluð aðstoð breyti ekki viðskiptakjörum þannig að þau brjóti í bága við almannahagsmuni. Því skal fjárfestingaraðstoð, sem veitt er aðstoðarþega, sem krafinn er um endurgreiðslu í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu gilda því áfram um alla sérstaka aðstoð, sem er greidd til slíks aðstoðarþega, og öll aðstoðarkerfi, sem fela ekki í sér skýrt ákvæði, sem útilokar slíka aðstoðarþega. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á lögmætar væntingar aðstoðarþega sem ekki hefur verið krafinn um endurgreiðslu.

17) Til þess að tryggja samræmda beitingu á reglum framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð sem og einfalda stjórnsýslu skal samræma skilgreiningar á hugtökum sem varða mismunandi flokka aðstoðar sem falla undir þessa reglugerð.

18) Við útreikning á aðstoðarhlutfalli skulu allar tölur, sem eru notaðar, vera án frádráttar vegna skatta eða annarra gjalda. Að því er varðar útreikning á aðstoðarhlutföllum skal aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, vera afvöxtuð þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við afvöxtunarútreikning og til að reikna þá fjárhæð sem veitt er í aðstoð sem ekki er í formi láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt, eins og mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferða við útreikning á viðmiðunarvöxtum og afvöxtunarstuðlum ([20]).

19) Í þeim tilvikum, sem veitt aðstoð felst í undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum sem á að greiða síðar, með fyrirvara um að virt sé tiltekið aðstoðarhlutfall, sem er skilgreint með núverandi vergu styrkígildi, koma til afvaxtanir hlutagreiðslna aðstoðar á grundvelli viðmiðunarvaxta sem eru í gildi hverju sinni þegar þetta skattahagræði kemur til framkvæmda. Þegar um er að ræða undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum, sem á að greiða síðar, getur verið að ekki sé vitað fyrir fram um gildandi viðmiðunarvexti og nákvæma fjárhæð hlutagreiðslna aðstoðar. Þegar svo háttar til skal aðildarríkið setja hámark fyrir fram á afvaxtað virði aðstoðarinnar, að teknu tilliti til gildandi aðstoðarhlutfalls. Þegar fjárhæð hlutagreiðslu aðstoðar á tilteknu ári er þekkt er síðan hægt að afvaxta hana á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta á þeim tíma. Afvaxtað virði hverrar hlutagreiðslu aðstoðar skal dregið frá heildarfjárhæð hámarksaðstoðar.

20) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og skilvirkt eftirlit skal þessi reglugerð aðeins gilda um gagnsæja aðstoð. Gagnsæ aðstoð er aðstoð þar sem hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat. Fara skal með aðstoð í formi lána sem gagnsæja þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli viðmiðunarvaxtanna eins og mælt er fyrir um í orð-

([19]) Stjtíð. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2.

([20]) Stjtíð. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6.

sendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferða við útreikning á viðmiðunarvöxtum og afvöxtunarstuðlum. Aðstoð í formi skattaráðstafana skal teljast gagnsæ þegar ráðstöfunin kveður á um hámark sem tryggir að ekki sé farið yfir gildandi viðmiðunarmörk. Ef um er að ræða lækkanir á umhverfissköttum, sem ekki falla undir viðmiðunarmörk fyrir staka tilkynningu samkvæmt þessari reglugerð, er ekki þörf á að tilgreina hámark til þess að aðgerðin teljist gagnsæ.

21) Aðstoð í formi ábyrgðakerfa skal teljast gagnsæ ef framkvæmdastjórnin, að fenginni tilkynningu, hefur samþykkt aðferðina við að reikna vergt styrkígildi og einnig þegar um er að ræða svæðisbundna fjárfestingaraðstoð ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt slíka aðferð eftir innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1628/2006. Framkvæmdastjórnin mun skoða slíkar tilkynningar á grundvelli tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgðar ([21]). Aðstoð í formi ábyrgðakerfa skal teljast gagnsæ ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli öryggisgjalds sem mælt er fyrir um í liðum 3.3 og 3.5 í þeirri tilkynningu.

22) Í ljósi þess hve erfitt er að reikna vergt styrkígildi aðstoðar í formi fyrirframgreiðslna, sem ber að endurgreiða, skal slík aðstoð ekki falla undir þessa reglugerð nema heildarfjárhæð fyrirframgreiðslnanna, sem ber að endurgreiða, sé undir gildandi viðmiðunarmörkum stakrar tilkynningar og hámarkshlutföllum aðstoðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

23) Þar eð háar fjárhæðir í aðstoð fela í sér hættu á meiri röskun á samkeppni skal framkvæmdastjórnin meta þær hverja fyrir sig. Því skal setja viðmiðunarmörk fyrir hvern flokk aðstoðar innan gildissviðs þessarar reglugerðar sem taka mið af flokki viðkomandi aðstoðar og hugsanlegum áhrifum hennar á samkeppni. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu gilda áfram um alla aðstoð umfram þessi viðmiðunarmörk.

24) Í því skyni að tryggja að aðstoð sé í réttu hlutfalli og takmarkist við nauðsynlega fjárhæð skulu viðmiðunarmörkin, eftir því sem verður við komið, tilgreind sem aðstoðarhlutföll í samanburði við safn af aðstoðarhæfum kostnaði. Þar eð viðmiðunarmörkin grundvallast á formi aðstoðar þar sem erfitt er að greina aðstoðarhæfan kostnað skulu þau, að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns, sett fram sem hámarksfjárhæð aðstoðar.

25) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar skal fastsetja viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru, sem aðstoðarhlutfall eða fjárhæð aðstoðar þannig að jafnvægi náist milli þeirra markmiða að halda samkeppnisröskun í lágmarki í þeim geira sem fær aðstoð og þeirra að ráða bót á markaðsbrestum eða styrkja samheldni markaðarins. Að því er varðar svæðisbundna fjárfestingaraðstoð skal setja þessi viðmiðunarmörk með tilliti til heimilaðra aðstoðarhlutfalla samkvæmt kortinu yfir svæðisbundna aðstoð.

26) Til að meta hvort viðmiðunarmörkin fyrir stakar tilkynningar og hámarkshlutföll, sem sett eru í þessari reglugerð, séu virt skal taka mið af heildarfjárhæð opinbers stuðnings við verkefni, sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu eða landsbundnu framlagi eða af sjóðum Bandalagsins.

27) Enn fremur skal í þessari reglugerð tilgreina við hvaða aðstæður er heimilt að sameina ólíka flokka aðstoðar sem falla undir þessa reglugerð. Þegar aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð, er sameinuð ríkisaðstoð, sem ekki fellur undir hana, skal taka tillit til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um samþykki aðstoðar, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, og jafnframt til reglna um ríkisaðstoð sem liggur til grundvallar þeirri ákvörðun. Sérákvæði skulu gilda að því er varðar sameiningu aðstoðar til handa fötluðum starfsmönnum við aðra aðstoðarflokka, einkum fjárfestingaraðstoð, sem hægt er að reikna á grundvelli þess launakostnaðar sem um ræðir. Með þessari reglugerð eru einnig sett ákvæði um sameiningu aðstoðarráðstafana þar sem hægt er að skilgreina aðstoðarhæfan kostnað og þeirra þar sem það er ekki hægt.

28) Til að tryggja að aðstoðarinnar sé þörf og hún feli í sér hvatningu til þróunar annarrar starfsemi eða verkefna skal þessi reglugerð ekki gilda um aðstoð til starfsemi sem aðstoðarþegi annast nú þegar við markaðsaðstæður eingöngu. Að því er varðar hvers konar aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð, í þágu lítilla

([21]) Stjtíð. ESB C 155, 20.6.2008, bls. 10.

og meðalstórra fyrirtækja telst hvatning vera fyrir hendi ef viðkomandi fyrirtæki hefur lagt inn umsókn hjá aðildarríkinu áður en það hefur starfsemi, er tengist framkvæmd verkefnisins eða þeirrar starfsemi sem nýtur aðstoðar. Að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja skulu skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einkum að því er varðar stærð greiðsluhluta fjárfestingar á hvert fyrirtæki, þátttöku einkafjárfesta, stærð félagsins og stigið, sem fjármagnað fyrirtæki er á, tryggja að áhættufjármagnsráðstöfunin hafi hvatningaráhrif.

29) Fyrir hverja aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð og veitt er aðstoðarþega, sem er stórfyrirtæki, skal aðildarríki, auk skilyrðanna sem gilda um lítil og meðalstór fyrirtæki, einnig tryggja að aðstoðarþegi hafi greint, í innanhússskjali, hvort styrkta verkefnið eða starfsemin beri sig með og án aðstoðar. Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að þetta innanhússskjal staðfesti verulega stækkun eða aukið umfang verkefnisins/starfseminnar, verulega aukningu heildarfjárhæðar, sem aðstoðarþegi eyðir í styrkta verkefnið eða starfsemina, eða flýti verulega verklokum verkefnisins/starfseminnar er um ræðir. Að því er varðar svæðisbundna aðstoð er einnig hægt að greina áhrif hvatningar á grundvelli þess að verkefnið, sem slíkt, hefði ekki verið framkvæmt á viðkomandi styrktu svæði án aðstoðarinnar.

30) Að því er varðar aðstoð til handa illa settum eða fötluðum starfsmönnum telst hún hafa hvatningaráhrif ef viðkomandi aðstoðarráðstöfun leiðir til hreinnar fjölgunar illa settra eða fatlaðra starfsmanna sem ráðnir eru til starfa í viðkomandi fyrirtækjum eða hefur í för með sér viðbótarkostnað vegna starfsstöðva eða búnaðar sem er ætlaður fötluðum starfsmönnum. Ef fyrirtæki sem fær aðstoð í formi launastyrks til þess að ráða fatlaða starfsmenn hefur þegar fengið aðstoð vegna ráðningar fatlaðra einstaklinga, sem uppfyllir annaðhvort skilyrði reglugerðar (EB) nr. 2204/2202 eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hana sérstaklega, er gert ráð fyrir að skilyrðið um hreina fjölgun fatlaðra starfsmanna, sem voru uppfyllt vegna fyrirliggjandi ráðstafana, teljist áfram uppfyllt í skilningi þessarar reglugerðar.

31) Sérstök skilyrði um aðstoð í formi skattaráðstafana skulu einnig gilda um hvatningaráhrif með hliðsjón af því að hún er veitt á grundvelli annarrar málsmeðferðar en aðrir flokkar aðstoðar. Gert er ráð fyrir að lækkanir á umhverfissköttum fullnægi skilyrðum tilskipunar ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu á lagaramma Bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og rafmagns ([22]), sem fellur undir þessa reglugerð, og hafi hvatningaráhrif í ljósi þess að þessar lækkanir stuðli, a.m.k. óbeint, að umhverfisvernd með því að heimila að viðkomandi skattkerfi sé í heild samþykkt eða fram haldið, og hvetji þannig fyrirtæki, sem eru umhverfisskattsskyld, til að draga úr mengun.

32) Enn fremur, þar sem erfitt er að meta hvatningaráhrif sérstakrar aðstoðar sem stórum fyrirtækjum er veitt, skal skilja þetta aðstoðarform undan gildissviði þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort slíkra hvatningaráhrifa gætir með tilliti til tilkynningar um viðkomandi aðstoð á grundvelli viðmiðana sem eru settar í gildandi viðmiðunarreglum, rammaákvæðum eða öðrum gerningum Bandalagsins.

33) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekið verði upp staðlað eyðublað þar sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í stuttu máli í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða sérstök aðstoð veitt í samræmi við þessa reglugerð. Eyðublaðið fyrir samanteknu upplýsingarnar skal nota til að birta ráðstöfunina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á Netinu. Senda skal samanteknu upplýsingarnar til framkvæmdastjórnarinnar á rafrænu formi með því að nota þar til gerðan upplýsingatæknibúnað. Aðildarríkið skal birta orðréttan texta slíkra aðstoðarráðstafana á Netinu. Ef um er að ræða aðstoð við sérstakar aðstæður er heimilt að fella niður viðskiptaleynd. Heiti aðstoðarþega og fjárhæð aðstoðar teljast ekki vera viðskiptaleyndarmál. Aðildarríkin skulu sjá til þess að slíkir textar séu aðgengilegir á Netinu á meðan aðstoðarráðstöfunin er í gildi. Að undanskilinni aðstoð í formi skattaráðstafana skal veiting aðstoðar einnig fela í sér tilvísun til sérákvæðis (sérákvæða) í II. kafla þessarar reglugerðar er varðar slíka gerð.

34) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit skal framkvæmdastjórnin setja fram sérstakar kröfur

([22]) Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/75/EB (Stjtíð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 100).

hvað varðar form og efni ársskýrslna sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðarkerfi sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð í ljósi ákvæða 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999.

35) Rétt er að setja frekari skilyrði sem þarf að uppfylla í tengslum við hvers kyns aðstoð sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð. Samkvæmt a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans skal slík aðstoð vera í réttu hlutfalli við markaðsbresti eða þann vanda sem þarf að leysa til að hún teljist vera Bandalaginu í hag. Þess vegna er rétt að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við aðstoð sem er veitt í tengslum við tilteknar efnislegar og óefnislegar fjárfestingar, svo fremi sem um sé að ræða fjárfestingaraðstoð. Í ljósi umframgetu Bandalagsins og sérstakra vandamála vegna röskunar á samkeppni á sviði vöruflutninga á vegum og loftflutninga, svo fremi sem um er að ræða fyrirtæki sem eru með meginstarfsemi sína í þessum flutningageirum, eru flutningatæki og -búnaður ekki talin með aðstoðarhæfum fjárfestingarkostnaði. Sérákvæði skulu gilda um skilgreiningu á efnislegum eignum að því er varðar umhverfisaðstoð.

36) Í samræmi við meginreglurnar um aðstoð, sem fellur undir 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, skal líta svo á að aðstoð sé veitt á þeim tíma þegar aðstoðarþegi fær lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt gildandi lagareglum í viðkomandi ríki.

37) Til að auka ekki hlut fjármagnsþáttarins í fjárfestingu á kostnað verkþáttarins skal mæla fyrir um ráðstafanir til að unnt sé að meta aðstoð við fjárfestingu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja annaðhvort á grundvelli fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar vegna ráðninga í tengslum við framkvæmd fjárfestingarverkefnisins.

38) Aðstoðarkerfi á sviði umhverfismála í formi skattalækkana, aðstoð í þágu illa settra starfsmanna, svæðisbundin fjárfestingaraðstoð, aðstoð í þágu nýstofnaðra lítilla fyrirtækja, aðstoð í þágu nýrra fyrirtækja sem kvenkynsframkvöðlar koma á fót eða aðstoð í formi áhættufjármagns sem veitt er aðstoðarþega í formi sérstakrar aðstoðar getur haft stórfelld áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði þar sem verið er að ívilna aðstoðarþega umfram önnur fyrirtæki sem hafa ekki fengið slíka aðstoð. Þar eð sérstök aðstoð er eingöngu veitt einu fyrirtæki er líklegt að sérstök aðstoð hafi aðeins takmörkuð jákvæð áhrif á umhverfið, ráðningu illa settra og fatlaðra starfsmanna, svæðisbundna samheldni eða bresti á áhættufjármagnsmörkuðum. Af þessum sökum skulu aðstoðarkerfi, sem varða þessa flokka aðstoðar, vera undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar, en sérstök aðstoð skal tilkynnt framkvæmdastjórninni. Sérstök aðstoð, sem er viðbót við aðstoð, sem veitt er á grundvelli svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar, skal þó undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar, þar eð aðstoðarþátturinn takmarkast við 50% að hámarki af heildaraðstoð sem veitt er vegna fjárfestingarinnar.

39) Með ákvæðum þessarar reglugerðar, sem varða aðstoð til að efla fjárfestingar og atvinnu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, er ekki, eins og í reglugerð (EB) nr. 70/2001, gefinn kostur á að auka hámarkshlutföll aðstoðar með svæðisbundnum aukaaðstoðargreiðslum. Hins vegar skal vera hægt að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum þau hámarkshlutföll aðstoðar, sem mælt er fyrir um í ákvæðum um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, svo fremi skilyrðin um veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar og aðstoðar til eflingar atvinnu séu uppfyllt. Eins skal í ákvæðum er varða aðstoð á sviði fjárfestinga vegna umhverfisins ekki mælt fyrir um neinn möguleika á að hækka hámarkshlutföll aðstoðar með svæðisbundnum aukaaðstoðargreiðslum. Einnig skal gefast kostur á að láta hámarkshlutföll aðstoðar sem mælt er fyrir um í ákvæðunum um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð gilda um verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið enda séu skilyrði fyrir úthlutun svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar uppfyllt.

40) Með því að ráða bót á annmörkum illa settra svæða stuðlar svæðisbundin aðstoð innan einstakra aðildarríkja að efnahagslegri, félagslegri og svæðisbundinni samheldni aðildarríkjanna og Bandalagsins í heild. Svæðisbundinni aðstoð innan einstakra aðildarríkja er ætlað að aðstoða við að byggja upp verst settu svæðin með því að styðja við fjárfestingar og efla atvinnusköpun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Hún stuðlar að stofnun nýrra starfsstöðva, stækkun starfsstöðva, sem fyrir eru, aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með því að bæta við afurðum eða með grundvallarbreytingu í heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar.

41) Til þess að koma í veg fyrir að stórum svæðisbundnum fjárfestingarverkefnum sé óeðlilega skipt í undirverkefni og þannig komist hjá tilkynningarmörkunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal stórt fjárfestingarverkefni teljast eitt fjárfestingarverkefni ef sama fyrirtækið eða fyrirtækin ráðast í upphaflegu fjárfestinguna innan þriggja ára og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir. Til að meta hvort fjárfesting er fjárhagslega óskiptanleg tekur framkvæmdastjórnin tillit til tæknilegra, starfrænna og skipulegra tengsla og nánasta umhverfis. Fjárhagslegur óskiptanleiki skal metinn óháð eignarhaldi. Í þessu felst að til þess að ákvarða hvort stórt fjárfestingarverkefni telst vera eitt fjárfestingarverkefni ætti matið að vera það sama án tillits til þess hvort eitt fyrirtæki vinnur verkefnið, fleiri en eitt fyrirtæki deili fjárfestingarkostnaðinum eða fleiri fyrirtæki beri kostnaðinn af aðskildum fjárfestingum innan sama fjárfestingarverkefnis (t.d. ef um er að ræða samrekstur).

42) Andstætt svæðisbundinni aðstoð, sem er takmörkuð við svæði, sem njóta aðstoðar, skal vera unnt að veita aðstoð til að efla fjárfestingar og atvinnu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum bæði á svæðum sem njóta aðstoðar og þeim sem ekki njóta aðstoðar. Aðildarríkin skulu því geta veitt fjárfestingaraðstoð á svæðum sem njóta aðstoðar svo fremi þau virði öll skilyrði sem gilda um svæðisbundnar fjárfestingar og aðstoð til eflingar atvinnu eða öll skilyrði sem gilda um aðstoð vegna fjárfestinga og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

43) Efnahagsþróun svæða, sem njóta aðstoðar, er oft heft af tiltölulega lítilli frumkvöðlastarfsemi, einkum ef fjöldi nýrra fyrirtækja, sem eru stofnuð, er undir meðallagi. Því er nauðsynlegt að fella inn í þessa reglugerð þann flokk aðstoðar sem heimilt er að veita til viðbótar við fjárfestingaraðstoð sem er hvatning til stofnsetningar fyrirtækja og þróunar lítilla sprotafyrirtækja á svæðum sem njóta aðstoðar. Til þess að tryggja að þessi aðstoð í þágu nýstofnaðra fyrirtækja á svæðum, sem njóta aðstoðar, falli í réttan farveg skal veitt aðstoð í þessum flokki samsvara þeim erfiðleikum sem hver svæðisflokkur stendur frammi fyrir. Enn fremur, til að komast hjá óviðunandi röskun á samkeppni, þ.m.t. að flæma burt þau fyrirtæki sem fyrir eru, skal aðstoðin algerlega takmarkast við lítil fyrirtæki og lágar fjárhæðir og fara stiglækkandi. Ef aðstoð er einungis veitt nýstofnuðum, litlum fyrirtækjum eða nýjum fyrirtækjum, sem kvenkyns frumkvöðlar hafa komið á fót, getur það haft þau ótilætluðu áhrif að það hvetji lítil fyrirtæki til að hætta starfsemi og byrja aftur til þess að fá þess konar aðstoð. Aðildarríkin skulu vera á varðbergi gagnvart þessari hættu og skulu gera aðstoðarkerfi sín þannig úr garði að komið sé í veg fyrir þennan vanda með því t.d. að setja tímamörk á umsóknir eigenda fyrirtækja sem hafa nýlega hætt starfsemi.

44) Lítil frumkvöðlastarfsemi meðal tiltekinna flokka íbúa sem líða fyrir erfiða stöðu sína, s.s. heft aðgengi að fjármagni, getur hindrað efnahagsþróun í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað hugsanlegan markaðsbrest í þessu tilliti að því er varðar mismunandi hópa fólks og getur á þessu stigi dregið þá ályktun að miðað við karlmenn séu konur undir meðaltali í stofnun fyrirtækja, eins og m.a. hefur verið sýnt fram á með hagskýrslugögnum Hagstofu Evrópubandalaganna. Því er nauðsynlegt að fella inn í þessa reglugerð þann flokk aðstoðar sem kveður á um hvata fyrir kvenkyns frumkvöðla til að koma á fót fyrirtækjum til þess að takast á við þá sérstöku markaðsbresti sem konur eiga við að etja, einkum að því er varðar aðgang að fjármagni. Konur standa einnig frammi fyrir sérstökum erfiðleikum í tengslum við umönnunarkostnað sem þær standa straum af vegna ættingja. Slík aðstoð skal gera kleift að ná efnislegu, fremur en formlegu, jafnræði karla og kvenna með því að draga úr misrétti í reynd á sviði frumkvöðlastarfsemi í samræmi við dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna. Þegar þessi reglugerð fellur úr gildi verður framkvæmdastjórnin að endurmeta réttmæti þess að halda gildissviði þessarar undanþágu og flokkum aðstoðarþega

45) Sjálfbær þróun er ein aðalstoð Lissabon-áætlunarinnar um hagvöxt og atvinnu, ásamt samkeppnishæfni og orkuöryggi. Sjálfbær þróun grundvallast m.a. á afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi með öflugri vernd og auknum umhverfisgæðum. Það að stuðla að auknu sjálfbæri í orkumálum og baráttu gegn loftslagsbreytingum leiðir bæði til aukins orkuöryggis og tryggir samkeppnishæfni evrópsks efnahagslífs og framboð á orku á viðráðanlegu verði. Á sviði umhverfisverndar þarf oft að takast á við markaðsbresti í formi neikvæðra ytri þátta. Við eðlilegar markaðsaðstæður hafa fyrirtæki alla jafna ekki hvata til að draga úr

mengun þar eð slík lækkun getur leitt til aukins kostnaðar. Ef fyrirtæki eru ekki skyldug til að telja með kostnað vegna mengunar tekur þjóðfélagið í heild á sig þennan kostnað. Þessa innfellingu umhverfiskostnaðar er hægt að tryggja með því að setja umhverfisreglugerðir eða skatta. Skortur á heildarsamræmingu á umhverfisstöðlum innan Bandalagsins skapar ójöfn skilyrði. Enn fremur er hægt að ná frekari umhverfisvernd með framtaksverkefnum sem ganga lengra en lögboðnir staðlar Bandalagsins, sem getur skaðað samkeppnisstöðu viðkomandi fyrirtækja.

46) Í ljósi þess að næg reynsla hefur fengist af beitingu viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar skal fjárfestingaraðstoð, sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra en kveðið er á um í viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar eða auka umhverfisvernd, þegar engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, aðstoð til kaupa á flutningatækjum sem ganga lengra en umhverfisstaðlar eða sem auka umhverfisvernd, þegar engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, aðstoð til að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að taka fyrr en ella upp staðla Bandalagsins, sem verða settir í framtíðinni, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga í orkusparnaði, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga í hagkvæmari samvinnslu, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga til að efla endurnýjanlega orkugjafa, þ.m.t. aðstoð er varðar sjálfbært, lífrænt eldsneyti, aðstoð vegna umhverfisrannsókna og tiltekin aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, undanþegin tilkynningarskyldunni.

47) Aðstoð í formi skattalækkana í þágu umhverfisverndar sem fellur undir þessar reglugerð skal, í samræmi við viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar, takmarkast við 10 ára tímabil. Að þessu tímabili loknu skulu aðildarríkin endurmeta hvort viðkomandi skattalækkanir eiga rétt á sér. Þetta skal vera með fyrirvara um möguleika aðildarríkjanna um að samþykkja aftur þessar ráðstafanir eða sambærilegar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð eftir að hafa framkvæmt slíkt endurmat.

48) Réttur útreikningur á viðbótarfjárfestingu eða framleiðslukostnaði til að ná fram umhverfisvernd er nauðsynlegur til að ákvarða hvort aðstoð samrýmist 3. mgr. 87. gr. sáttmálans eða ekki. Eins og greint er frá í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar skal takmarka aðstoðarhæfan kostnað við viðbótarfjárfestingarkostnað sem nauðsynlegur er til að ná fram aukinni umhverfisvernd.

49) Í ljósi þeirra erfiðleika sem geta komið upp, einkum við frádrátt á ávinningi sem leiðir af viðbótarfjárfestingu, skal kveða á um einfaldaða reikningsaðferð til að reikna viðbótarfjárfestingarkostnað. Því skal reikna þennan kostnað við beitingu þessarar reglugerðar án þess að taka með í reikninginn rekstrarkostnað, kostnaðarlækkanir eða viðbótarframleiðslu og án þess að taka tillit til rekstrarkostnaðar sem á fellur meðan fjárfestingin varir. Hámarkshlutföll aðstoðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð fyrir ólíka flokka umhverfisverndaraðstoðar sem um ræðir hafa því verið lækkuð kerfisbundið samanborið við hámarkshlutföll aðstoðar sem kveðið er á um í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

50) Að því er varðar umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestinga í orkusparnaðarráðstöfunum er við hæfi að heimila aðildarríkjunum að velja annaðhvort einfaldaða aðferð við útreikning eða útreikning á öllum kostnaði, sem er eins og sá sem kveðið er á um í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Í ljósi þeirra erfiðleika, sem geta komið upp við beitingu á aðferðinni, sem byggist á útreikningi á öllum kostnaðinum, skal utanaðkomandi endurskoðandi staðfesta þessa kostnaðarútreikninga.

51) Að því er varðar umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestingar í samvinnslu og umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestinga til að efla endurnýjanlega orkugjafa, skal viðbótarkostnaður, að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar, reiknaður án þess að tillit sé tekið til stuðningsráðstafana sem eru veittar vegna sama aðstoðarhæfa kostnaðar, að undanskilinni annarri fjárfestingaraðstoð.

52) Að því er varðar fjárfestingar sem tengjast vatnsorkustöðvum skal bent á að umhverfisáhrif geta tvöfaldast. Með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda fela þær vissulega í sér möguleika. Hins vegar geta slíkar stöðvar einnig haft neikvæð áhrif, t.d. á vatnakerfi og líffræðilega fjölbreytni.

53) Til að útiloka mun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli ýmissa framtaksverkefna sem tengjast litlum og meðalstórum fyrirtækjum Bandalagsins

og einstakra landa og með hliðsjón af gagnsæi stjórnsýslunnar og réttaröryggi skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“, sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([23]).

54) Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ný störf og stuðla almennt að félagslegum stöðugleika og drifkrafti í efnahagslífinu. Hins vegar getur þróun þeirra takmarkast af markaðsbrestum sem verður til þess að þau lenda í dæmigerðum vanda. Lítil og meðalstór fyrirtæki eiga oft í erfiðleikum með að fá fjármagn, áhættufjármagn eða lán vegna áhættutregðu tiltekinna fjármálamarkaða og þess hve takmarkaðar tryggingar þau geta lagt fram. Einnig getur takmarkað fjármagn skert aðgang þeirra að upplýsingum, einkum að því er varðar nýja tækni og möguleika á nýjum mörkuðum. Til að auðvelda þróun í atvinnustarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru tilteknir flokkar undanþegnir aðstoð samkvæmt þessari reglugerð þegar þeir eru í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar af leiðandi er réttmætt að slík aðstoð sé undanþegin fyrirframtilkynningu og meta það svo, aðeins með tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, falli aðstoðarþegi undir skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að hann megi gera ráð fyrir að dæmigerðir erfiðleikar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem stafa af markaðsbrestum, þrengi að þeim, þegar aðstoð fer ekki yfir gildandi tilkynningarmörk.

55) Ákvarða skal mismunandi grunnhlutföll aðstoðar og mismunandi aukaaðstoðargreiðslur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með hliðsjón af þeim mun sem er milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Markaðsbrestir, sem hafa almennt áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki, þ.m.t. erfiðleikar í aðgengi að fjármagni, leiða jafnvel til meiri hindrana í þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja samanborið við meðalstór fyrirtæki.

56) Á grundvelli fenginnar reynslu við beitingu viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til að stuðla að fjárfestingum með áhættufjármagni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum virðast vera ákveðnir brestir í áhættufjármagnsmarkaði í Bandalaginu að því er varðar tilteknar tegundir fjárfestinga á vissum stigum í þróun fyrirtækjanna. Þessir markaðsbrestir stafa af ófullkomnu jafnvægi á framboði og eftirspurn eftir áhættufjármagni. Þar af leiðandi getur verið of lítið af áhættufjármagni í boði á markaðnum og fyrirtæki fá ekki fjármögnun þrátt fyrir að eiga verðmæt viðskiptalíkön og vaxtarmöguleika. Meginuppspretta markaðsbrests, sem varðar áhættufjármagnsmarkaði, sem einkum hefur áhrif á aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og sem getur réttlætt opinbera íhlutun, tengist ófullkomnum eða misvísandi upplýsingum. Af þeim sökum skal útiloka áhættufjármagnskerfi í mynd fjárfestingarsjóða, sem stjórnað er í viðskiptalegum tilgangi, þar sem hátt hlutfall sjóðanna kemur frá einkafjárfestum í formi einkafjármagns, sem stuðlar að áhættufjármagnsráðstöfun, sem miðar að hagnaði í þágu valinna fyrirtækja, frá tilkynningarskyldunni með tilteknum skilyrðum. Þau skilyrði að stjórn fjárfestingarsjóða skuli miðast við viðskipti og að þær áhættufjármagnsaðgerðir, sem fylgja þeim, miði að hagnaði skulu ekki koma í veg fyrir að fjárfestingarsjóðir miði starfsemi sína að tilteknum markmiðum og tilteknum markaðshlutum, s.s. fyrirtækjum sem stofnuð eru af kvenkyns frumkvöðlum. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á stöðu Fjárfestingarsjóðs Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum Bandalagsins um áhættufjármagn.

57) Aðstoð við rannsóknir, þróun og nýsköpun getur stuðlað að hagvexti, aukið samkeppnishæfni og hleypt auknum krafti í atvinnulífið. Á grundvelli reynslunnar af beitingu reglugerðar (EB) nr. 364/2004, rammaákvæða Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar og rammaákvæða Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar virðist, miðað við tiltæka rannsóknar- og þróunargetu bæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja, sem markaðsbrestir geti komið í veg fyrir að markaðurinn nái hámarksframleiðslu og leiði til óhagkvæmrar niðurstöðu. Óhagkvæm niðurstaða af þessu tagi tengist jákvæðum, utanaðkomandi þáttum/útbreiðslu á þekkingu, opinberum eignum/útbreiðslu á þekkingu og ófullkomnum og misvísandi upplýsingum svo og vandamálum í tengslum við samræmingu og netbilanir.

58) Aðstoð við rannsóknir, þróun og nýsköpun, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, er brýn vegna þess að einn helsti ókosturinn

([23]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

við skipulagsform lítilla og meðalstórra fyrirtækja er að þeim getur reynst erfitt að fá aðgang að tækninýjungum, tækniyfirfærslu eða mjög hæfu starfsfólki. Því skal aðstoð vegna aðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna, aðstoð vegna hagkvæmniathugana og aðstoð til að standa straum af kostnaði í tengslum við hugverkarétt lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði iðnaðar, svo og aðstoð til ungra lítilla nýsköpunarfyrirtækja, aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar og vegna stuðningsþjónustu í þágu nýsköpunar og aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki vera undanþegin tilkynningarskyldu, með ákveðnum skilyrðum.

59) Að því er varðar aðstoð við verkefni á sviði rannsókna og þróunar skal sá hluti rannsóknarverkefnisins, sem fær aðstoð að öllu leyti, falla undir flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða þróunarstarfs. Ef verkefni tekur til ólíkra verkefna skal hvert verkefni falla undir þá flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða þróunarstarfs eða ekki undir neinn þessara flokka. Þetta þarf ekki nauðsynlega að vera í tímaröð, þar sem byrjað er á grunnrannsóknum og haldið áfram til starfsemi sem er nær markaðnum. Því getur verkefni sem er framkvæmt á síðara stigi verkefnisins flokkast sem iðnaðarrannsóknir. Á sama hátt er ekki útilokað að starfsemi sem fram fer á fyrra stigi verkefnisins geti falið í sér þróunarstarf.

60) Í landbúnaði skal undanþiggja tiltekna aðstoð vegna rannsókna og þróunar ef sambærileg skilyrði og þau sem kveðið er á um í sérákvæðum, sem mælt er fyrir um í landbúnaði í rammaákvæðum Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar, eru uppfyllt. Ef þessi sérstöku skilyrði eru ekki uppfyllt er rétt að kveða á um að aðstoð sé undanþegin ef hún uppfyllir skilyrðin sem sett eru í almennu ákvæðunum sem tengjast rannsóknum og þróun í þessari reglugerð.

61) Aukin þjálfun og ráðning illa settra eða fatlaðra starfsmanna og bætur vegna aukakostnaðar vegna ráðningar illa settra eða fatlaðra starfsmanna er aðalmarkmiðið með efnahags- og félagsmálastefnu Bandalagsins og aðildarríkja þess.

62) Þjálfun skilar yfirleitt jákvæðum áhrifum út í samfélagið í heild þar eð hún eykur fjölda hæfra starfsmanna sem kemur öðrum fyrirtækjum til góða, eykur samkeppnishæfni atvinnugreina í Bandalaginu og gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar áætlanir í atvinnumálum Bandalagsins. Þjálfun, þ.m.t. rafrænt nám, er einnig nauðsynleg að því er varðar uppbyggingu, öflun og útbreiðslu þekkingar, almenn eign sem skiptir höfuðmáli. Í ljósi þess að fyrirtæki í Bandalaginu fjárfesta of lítið í þjálfun starfsmanna sinna, einkum ef þjálfunin er almenn og ávinningurinn, sem af henni leiðir, er ekki tafarlaus og áþreifanlegur fyrir viðkomandi fyrirtæki, getur ríkisaðstoð stuðlað að því að ráða bót á þessum markaðsbresti. Því ber að undanskilja slíka aðstoð frá tilkynningarskyldunni með sérstökum skilyrðum. Í ljósi þeirra óþæginda, sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir og hlutfallslega auknum kostnaði, sem þau þurfa að bera, þegar þau fjárfesta í þjálfun starfsmanna sinna, skal hlutfall þeirrar aðstoðar sem er undanþegin þessari reglugerð aukið að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Menntun í sjóflutningageiranum er sérstaks eðlis og því þarf að beita sérstökum aðferðum í þeirri starfsgrein.

63) Hægt er að gera greinarmun á almennri og sértækri þjálfun. Leyfileg aðstoðarhlutföll skulu breytileg í samræmi við tegund þjálfunar sem er í boði og stærð fyrirtækisins. Almenn menntun veitir hæfi sem unnt er að yfirfæra og eykur verulega ráðningarhæfi þess starfsmanns sem nýtur hennar. Aðstoð í þessum tilgangi hefur minni áhrif til röskunar á samkeppni sem þýðir að unnt er að undanþiggja hærra hlutfall aðstoðar kröfunni um fyrirframtilkynningu. Hins vegar hefur sérstök menntun, sem aðallega kemur fyrirtækinu til góða, í för með sér meiri hættu á samkeppnisröskun svo að hlutfall aðstoðar, sem hægt er að undanþiggja kröfunni um fyrirframtilkynningu, ætti að vera miklu lægra. Menntun telst einnig vera almenn í eðli sínu þegar hún tengist umhverfisstjórnun, nýjungum í umhverfismálum eða félagslegri ábyrgð fyrirtækja og eykur þar með hæfi aðstoðarþega til þess að stuðla að almennum markmiðum á sviði umhverfismála.

64) Tilteknum flokkum illa settra eða fatlaðra starfsmanna reynist enn erfitt að komast inn á vinnumarkaðinn. Af þeim sökum er réttlætanlegt að opinber yfirvöld beiti ráðstöfunum sem hvetja fyrirtæki til að fjölga störfum, einkum fyrir starfsmenn í þeim flokkum sem eru illa settir. Kostnaður vegna starfsmanna er hluti venjulegs rekstrarkostnaðar allra fyrirtækja. Því er sérlega mikilvægt að aðstoð til illa settra eða fatlaðra starfsmanna hafi jákvæð áhrif í atvinnumálum og hafi ekki eingöngu jákvæð

áhrif á atvinnuþátttöku þessara flokka starfsmanna og geri ekki einungis fyrirtækjum kleift að draga úr kostnaði sem þau annars þyrftu að bera. Því skal slík aðstoð undanþegin fyrirframtilkynningu ef líklegt er að hún hjálpi þessum flokkum starfsmanna við að koma aftur inn á vinnumarkaðinn eða, að því er varðar fatlaða starfsmenn, að koma aftur inn á vinnumarkaðinn og halda þar stöðu sinni.

65) Heimilt er að reikna aðstoð í tengslum við atvinnu fatlaðra starfsmanna í formi styrkja vegna launagreiðslna á grundvelli sérstakrar fötlunar viðkomandi starfsmanns eða veita hana sem eingreiðslu, svo fremi að aðferðin leiði ekki til þess að aðstoðin fari yfir hámarkshlutfall aðstoðar fyrir hvern starfsmann sem hlut á að máli.

66) Rétt er að kveða á um bráðabirgðaákvæði fyrir staka aðstoð sem veitt er áður en þessi reglugerð öðlast gildi og sem ekki hefur verið tilkynnt í bága við skuldbindinguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Með niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1628/2006, skal heimila, að núverandi, svæðisbundin fjárfestingarkerfi, með undanþágu, gildi áfram með þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir í þeirri reglugerð, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

67) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar Ef þessi reglugerð fellur úr gildi án framlengingar, skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, áfram undanþegin í sex mánuði til viðbótar til að aðildarríkjunum gefist tími til aðlögunar.

68) Reglugerð (EB) nr. 70/2001, reglugerð (EB) nr. 68/2001 og reglugerð (EB) nr. 2204/2002 féllu úr gildi 30. júní 2008 og því ber að fella reglugerð (EB) nr. 1628/2006 úr gildi,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

EFNISYFIRLIT

I. kafli ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Gildissvið

2. gr. Skilgreiningar

3. gr. Skilyrði fyrir undanþágu

4. gr. Aðstoðarhlutfall og aðstoðarhæfur kostnaður

5. gr. Gagnsæi aðstoðar

6. gr. Viðmiðunarmörk fyrir stakar tilkynningar

7. gr. Uppsöfnun

8. gr. Hvatningaráhrif

9. gr. Gagnsæi

10. gr. Eftirlit

11. gr. Ársskýrsla

12. gr. Sérstök skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð

II. kafli SÉRÁKVÆÐI UM MISMUNANDI FLOKKA AÐSTOÐAR

1. þáttur Svæðisbundin aðstoð

13. gr. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu

14. gr. Aðstoð til nýstofnaðra lítilla fyrirtækja

2. þáttur Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

15. gr. Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

3. þáttur Aðstoð vegna frumkvöðlastarfs sem er í höndum kvenna
16. gr. Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað
4. þáttur Aðstoð til umhverfisverndar
17. gr. Skilgreiningar
18. gr. Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi
19. gr. Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðlar að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi
20. gr. Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar
21. gr. Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar
22. gr. Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni
23. gr. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum
24. gr. Aðstoð til umhverfisrannsókna
25. gr. Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum
5. þáttur Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum
26. gr. Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja
27. gr. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum
6. þáttur Aðstoð í formi áhættufjármagns
28. gr. Skilgreiningar
29. gr. Aðstoð í formi áhættufjármagns
7. þáttur Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar
30. gr. Skilgreiningar
31. gr. Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna
32. gr. Aðstoð til tæknilegra hagkvæmniathugana
33. gr. Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverkaréttar á sviði iðnaðar
34. gr. Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða
35. gr. Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja
36. gr. Aðstoð til ráðgjafarþjónustu við nýsköpun og til stoðþjónustu við nýsköpun
37. gr. Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki
8. þáttur Aðstoð til menntunar
38. gr. Skilgreiningar
39. gr. Aðstoð til menntunar
9. þáttur Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna
40. gr. Aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrkja
41. gr. Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja
42. gr. Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu

III. kafli LOKAÁKVÆÐI

43. gr. Niðurfelling

44. gr. Bráðabirgðaákvæði

45. gr. Gildistaka og gildissvið

I. viðauki Skilgreining á litlu og meðalstóru fyrirtæki

II. viðauki Eyðublað fyrir veitingu samantekinna upplýsinga vegna rannsóknar- og þróunaraðstoðar samkvæmt tilkynningarskyldunni sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr.

Eyðublað fyrir veitingu samantekinna upplýsinga vegna stórra fjárfestingarverkefna samkvæmt aukinni tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr.

III. viðauki Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga samkvæmt tilkynningarskyldunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi flokka aðstoðar:

a) svæðisbundna aðstoð,

b) fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til eflingar atvinnu,

c) aðstoð til fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar koma á fót,

d) aðstoð til umhverfisverndar,

e) aðstoð vegna ráðgjafar til handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og vegna þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum,

f) aðstoð í formi áhættufjármagns,

g) aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar,

h) aðstoð til menntunar,

i) aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna.

2. Hún gildir ekki um:

a) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,

b) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

3. Þessi reglugerð gildir um aðstoð í öllum greinum atvinnulífsins nema:

a) aðstoð í þágu starfsemi á sviði fiskveiða og lagareldis, sem fellur undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000 ([24]), að frátalinni þjálfunaraðstoð, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna,

b) aðstoð í þágu starfsemi í frumframleiðslu landbúnaðarafurða, að frátalinni aðstoð til menntunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, aðstoð til umhverfisverndar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna, að því marki sem þessir flokkar falla ekki undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1857/2006,

c) aðstoð til starfsemi á sviði vinnslu og markaðssetningar landbúnaðarafurða í eftirfarandi tilvikum:

   i. þegar fjárhæð aðstoðar er ákveðin á grundvelli verðs eða magns þeirra afurða sem keyptar eru af frumframleiðendum eða settar á markað af viðkomandi fyrirtækjum eða

   ii. þegar aðstoðin er háð því skilyrði að hún sé að hluta til eða eingöngu veitt frumframleiðendum,

d) aðstoð í þágu kolavinnslu, að frátalinni þjálfunaraðstoð, rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunaraðstoð og umhverfisaðstoð,

e) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði stáliðnaðar,

f) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði skipasmíða,

([24]) Stjtíð. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22.

g) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði gervitrefjaiðnaðar.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um svæðisbundin aðstoðarkerfi sem snúa að sérstakri atvinnustarfsemi á framleiðslu- eða þjónustusviði. Kerfi sem miðast við ferðaþjónustu skulu þó ekki talin snúa að sérstökum atvinnugreinum.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um sérstaka aðstoð sem veitt er stórum fyrirtækjum, nema að því leyti sem kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr.

6. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi aðstoð:

a) aðstoðarkerfi sem útiloka ekki sérstaklega greiðslur stakrar aðstoðar í þágu fyrirtækis sem krafið er um endurgreiðslu, í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum,

b) sérstaka aðstoð í þágu fyrirtækis sem krafið er um endurgreiðslu, í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum,

c) aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum.

7. Að því er varðar c-lið 6. mgr. telst lítið og meðalstórt fyrirtæki vera fyrirtæki sem á í erfiðleikum ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) ef fyrirtækið er félag með takmarkaðri ábyrgð þar sem meira en helmingur af skráðu eigin fé hefur tapast og meira en fjórðungur af því fé hefur tapast á undanförnum 12 mánuðum eða

b) ef fyrirtækið, þar sem a.m.k. einhverjir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum fyrirtækisins, þar sem meira en helmingur af eigin fé, samkvæmt reikningum félagsins, hefur tapast og meira en fjórðungur af því fé hefur tapast á undanförnum 12 mánuðum eða

c) ef fyrirtækið, óháð félagsformi, uppfyllir viðmiðanir um sameiginlega málsmeðferð vegna greiðsluerfiðleika samkvæmt landslögum.

Ekki er talið að lítið eða meðalstórt fyrirtæki, sem hefur starfað skemur en í þrjú ár, eigi samkvæmt þessari reglugerð í erfiðleikum að því er varðar það tímabil nema það uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein c-liðar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samrýmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans,

2. „aðstoðarkerfi“: sérhver lagagerð, sem unnt er, án þess að grípa þurfi til frekari framkvæmdaráðstafana, að byggja á staka aðstoð til fyrirtækja sem eru skilgreind almennt og óhlutbundið með gerðinni og sérhver gerð sem unnt er að byggja á aðstoð, sem er ekki tengd sérstöku verkefni, til eins eða nokkurra fyrirtækja um ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð,

3. „stök aðstoð“:

   a) sérstök aðstoð og

   b) tilkynningarskyld aðstoð á grundvelli aðstoðarkerfis,

4. „sérstök aðstoð“: stök aðstoð sem ekki er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis,

5. „aðstoðarhlutfall“: fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði,

6. „gagnsæ aðstoð“: aðstoð þar sem hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat,

7. „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

8. „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

9. „svæði sem njóta aðstoðar“: svæði sem eru aðstoðarhæf fyrir svæðisbundna aðstoð, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013,

10. „efnislegar eignir“: eignir sem tengjast landi, byggingum og stöðvum, vélum og búnaði með fyrirvara um 12. mgr. 17. gr. Í flutningageiranum teljast flutningatæki og búnaður til flutninga vera aðstoðarhæfar eignir nema að því er varðar svæðisbundna aðstoð og að undanskildum vöruflutningum á vegum og flutningum í lofti,

11. „óefnislegar eignir“: eignir sem felast í yfirfærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verkþekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa,

12. „stór fjárfestingarverkefni“: fjárfesting í fjármunaeign með aðstoðarhæfum kostnaði yfir 50 milljónir evra, reiknuð á verði og gengi þess dags þegar aðstoðin er veitt,

13. „fjöldi starfsmanna“: fjöldi starfseininga á ári, þ.e. fjöldi einstaklinga í fullu starfi á einu ári þar sem hlutastörf og árstíðabundin störf reiknast sem brot af starfseiningu,

14. „störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis“: störf er varða þá starfsemi sem fjárfestingin tengist, þ.m.t. störf sem verða til í kjölfar aukinnar nýtingar vegna afkastanna sem skapast með fjárfestingunni,

15. „launakostnaður“: sú heildarfjárhæð, sem aðstoðarþega ber í reynd að greiða vegna viðkomandi starfs, sem felur í sér:

    a) bruttólaun, fyrir skatt,

    b) skyldubundið framlag, t.d. almannatryggingagjöld, og

    c) kostnaður við umönnun barna og foreldra,

16. „aðstoð vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til eflingar atvinnu“: aðstoð sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 15. gr.,

17. „fjárfestingaraðstoð“: svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu skv. 13. gr., aðstoð vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til að efla atvinnu og fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar skv. 18. til 23. gr.,

18. „illa settur starfsmaður“: einstaklingur sem:

    a) hefur ekki gegnt reglubundnu, launuðu starfi næstliðna sex mánuði eða

    b) hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi eða starfsmenntun (3. flokki í alþjóðlegu menntunarflokkuninni) eða

    c) er yfir 50 ára aldri eða

    d) býr einn sem fullorðinn einstaklingur með einn eða fleiri á framfæri eða

    e) vinnur í geira eða atvinnugrein í aðildarríki þar sem kynjamisvægi er a.m.k. 25% meira en meðaltal kynjamisvægis allra atvinnugreina í því aðildarríki og tilheyrir þeim kynjahópi sem færri eru í eða

    f) er í þjóðernisminnihluta í aðildarríki og þarfnast aukinnar tungumálakunnáttu, starfsþjálfunar eða starfsreynslu til að bæta möguleika sína á að fá stöðuga vinnu,

19. „verulega illa settur starfsmaður“: einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus lengur en 24 mánuði,

20. „fatlaður starfsmaður“: einstaklingur sem:

    a) er viðurkennt að sé fatlaður samkvæmt landslögum eða

    b) er viðurkennt að sé skertur af völdum líkamlegra, geðrænna eða sálrænna erfiðleika,

21. „vernduð vinna“: starf í fyrirtæki þar sem a.m.k. helmingur starfsmanna er fatlaður,

22. „landbúnaðarafurðir“:

    a) vörurnar sem eru tilgreindar í I. viðauka sáttmálans, þó ekki afurðir fiskveiða og lagareldis sem falla undir reglugerð (EB) nr. 104/2000,

    b) vörur sem falla undir kóðana 4502, 4503 og 4504 (korkvörur) í sameinuðu tollnafnaskránni,

    c) vörur sem ætlað er að líkja eftir eða koma í stað mjólkur og mjólkurafurða, eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([25]),

23. „vinnsla landbúnaðarafurða“: öll starfsemi er varðar landbúnaðarafurðir ef afrakstur hennar er afurð sem einnig er landbúnaðarafurð, þó ekki starfsemi á bújörðum sem er nauðsynleg við undirbúning dýra- eða plöntuafurða til fyrstu sölu,

24. „markaðssetning landbúnaðarafurða“: að geyma eða sýna með það í huga að selja, bjóða til sölu, afhenda eða einhver önnur aðferð til að markaðssetja, þó ekki fyrsta sala frumframleiðanda til endurseljenda eða vinnsluaðila og öll starfsemi sem felst í að undirbúa afurð fyrir slíka fyrstu sölu; sala frumframleiðanda til neytenda skal teljast markaðssetning ef hún fer fram á sérstökum stað sem notaður er í þeim tilgangi,

---

([25]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

25. „ferðaþjónusta“: eftirfarandi starfsemi, samanber atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endurskoðun 2:

    a) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 55: gistiaðstaða,

    b) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 56: starfsemi tengd veitingasölu,

    c) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 79: ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta,

    d) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 90: starfsemi á sviði skapandi lista og skemmtunar,

    e) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 91: starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi,

    f) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 93: starfsemi á sviði íþrótta, skemmtunar og tómstunda,

26. „fyrirframgreiðsla sem ber að endurgreiða“: lán vegna verkefnis sem er greitt í einni eða fleiri afborgunum og skilyrði fyrir endurgreiðslu miðast við niðurstöðu rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefnisins,

27. „áhættufjármagn“: fjármögnun með hlutafé og ígildi hlutafjár til fyrirtækja á fyrstu vaxtarstigum (frumstigi, upphafsstigi og útþenslustigi)

28. „fyrirtæki sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað“: lítið fyrirtæki sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

    a) ein kona eða fleiri eiga a.m.k. 51% af eigin fé viðkomandi lítils fyrirtækis eða eru skráðir eigendur viðkomandi lítils fyrirtækis og

    b) kona fer með stjórn litla fyrirtækisins,

29. „stáliðnaður“: starfssvið sem felur í sér framleiðslu á einni eða fleiri af eftirfarandi vörum:

    a) steypujárn og járnblendi:

       steypujárn fyrir framleiðslu á stáli, steypa og annað steypujárn, spegiljárn og kolefnisríkt járnmangan, að frátöldu öðru járnblendi,

    b) hrávörur og hálfunnar vörur úr járni eða venjulegu eða eðalstáli:

       fljótandi steypustál, ýmist í hleifum eða ekki, þ.m.t. hleifar til smíða á hálfunnum vörum: blokkir, hellur og plötur; þynnur og blikkrenningar, heitvalsað plötuefni í rúllum, að undanskilinni framleiðslu á fljótandi stáli til smíða í litlum og meðalstórum málmsteypum;

    c) heitfágaðar vörur úr járni, venjulegu stáli eða eðalstáli:

       teinar, brautarbitar, tengispangir, undirstöðuplötur, efnismiklir prófílar 80 mm og þar yfir, þilstál, teinar og prófílar undir 80 mm og flatjárn sem er undir 150 mm, stálstangir, stálrör og stálprófílar, heitvölsuð bönd og ræmur (þ.m.t. húðað og óhúðað), heitvalsaðar þynnur (húðaðar eða ekki), 3 mm plötur og þynnur og þar yfir, breitt flatjárn 150 mm og þar yfir, að undanskildum vír og vörum unnum úr vír, glansstangir og steypujárn,

    d) kaldvalsaðar vörur:

       blikkplötur, blýblandaðar plötur, svart stál, galvanhúðaðar þynnur, aðrar húðaðar þynnur, kaldvalsaðar þynnur, spenna- og rafalablikk, kaldvalsaðar plötur, í vafningum eða sléttar,

    e) rör:

       saumlaus stálrör, soðin stálrör meira en 406,4 mm að þvermáli,

30. „gervitrefjaiðnaður“:

    a) þrýstimótun á almennri gerð þráðar og garns úr pólýester, akrýli eða pólýprópýleni, óháð notkun þess, eða

    b) fjölliðun (þ.m.t. fjölliðuþéttun) þegar hún er samþætt þrýstimótun með tilliti til þess vélbúnaðar sem er notaður eða

    c) hvers konar stoðvinnsla samhliða framleiðslubúnaði til þrýstimótunar á þræði á vegum væntanlegs aðstoðarþega eða annars fyrirtækis í sömu samstæðu, sem er yfirleitt, þegar um er að ræða þá tilteknu starfsemi, samþætt þess háttar framleiðsluaðstöðu með tilliti til vélbúnaðarins sem er notaður til framleiðslunnar.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði í II. kafla hennar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að sérhver stök aðstoð sem veitt er samkvæmt slíku kerfi uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar og að kerfinu fylgi skýr til-

vísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Stök aðstoð, sem er veitt samkvæmt kerfi, sem um getur í 1. mgr., telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að hún uppfylli skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar og að ráðstöfun um staka aðstoð fylgi skýr tilvísun í viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar þar sem fram koma viðeigandi ákvæði, titill þessarar reglugerðar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Sérstök aðstoð, sem uppfyllir öll skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði í II. kafla hennar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að slíkri aðstoð fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram koma viðeigandi ákvæði, titill þessarar reglugerðar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Aðstoðarhlutfall og aðstoðarhæfur kostnaður

1. Við útreikning á aðstoðarhlutfalli skulu allar tölur, sem eru notaðar, vera án nokkurs frádráttar vegna skatta eða annarra álagna. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal afvöxtuð til sama virðis og hún var í þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við afvöxtunarreikning, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.

2. Í þeim tilvikum sem veitt aðstoð felst í undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum, sem á að greiða síðar, með fyrirvara um að virt sé tiltekið aðstoðarhlutfall, sem er skilgreint með vergu styrkígildi, kemur til afvöxtun hlutagreiðslna aðstoðar á grundvelli viðmiðunarvaxta sem eru í gildi á þeim mismunandi tímum þegar skattahagræði kemur til framkvæmda.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera studdur skriflegum sönnunargögnum sem skulu gagnsæ og sundurliðuð.

5. gr.

Gagnsæi aðstoðar

1. Reglugerð þessi gildir aðeins um gagnsæja aðstoð.

Einkum teljast eftirfarandi flokkar aðstoðar vera gagnsæir:

a) aðstoð sem felst í styrkjum og vaxtastyrkjum,

b) aðstoð í formi lána þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta þegar aðstoð er veitt,

c) aðstoð í formi ábyrgðarkerfa:

   i. ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðferðina við að reikna vergt styrkígildi, í kjölfar tilkynningar um aðferðina innan ramma beitingar þessarar reglugerðar eða reglugerðar (EB) nr. 1628/2006, og samþykkta aðferðin varðar beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem liggja til grundvallar eða

   ii. ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli lágmarks öryggisgjalds sem mælt er fyrir um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgða,

d) aðstoð sem felst í skattaráðstöfunum ef ráðstöfunin kveður á um þak sem tryggir að ekki sé farið yfir gildandi viðmiðunarmörk.

2. Eftirfarandi flokkar aðstoðar teljast ekki vera gagnsæir:

a) aðstoð sem felst í fjármagnsinnspýtingu með fyrirvara um sérstök ákvæði um áhættufjármagn,

b) aðstoð sem felst í ráðstöfunum er varða áhættufjármagn að frátalinni aðstoð sem uppfyllir skilyrði 29. gr.

3. Aðstoð í formi fyrirframgreiðslna, sem ber að endurgreiða, getur aðeins talist vera gagnsæ aðstoð ef heildarfjárhæð fyrirframgreiðslunnar, sem ber að endurgreiða, fer ekki yfir gildandi mörk samkvæmt þessari reglugerð. Ef mörkin eru tilgreind með tilliti til aðstoðarhlutfalls skal heildarfjárhæð fyrirframgreiðslunnar, sem ber að endurgreiða, tilgreind sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði, ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutfall.

6. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir stakar tilkynningar

1. Þessi reglugerð gildir ekki um staka aðstoð af neinu tagi, hvort sem um er að ræða sérstaka aðstoð á grundvelli aðstoðarkerfis, þar sem vergt styrkígildi fer yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

a) fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,

b) fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar: 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,

c) aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

d) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum: 2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

e) aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og hagkvæmniathuganir:

   i. ef verkefnið byggist fyrst og fremst á grunnrannsóknum, 20 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   ii. ef verkefnið er fyrst og fremst iðnaðarrannsóknir, 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   iii. fyrir öll önnur verkefni, 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   iv. ef verkefnið er Evreka-verkefni, tvöföld fjárhæðin sem mælt er fyrir um í i., ii. og iii. lið.

f) aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tengslum við hugverkarétt á sviði iðnaðar: 5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

g) aðstoð til menntunar: 2 milljónir evra fyrir hvert menntunarverkefni,

h) aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna: 5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,

i) aðstoð vegna atvinnu fatlaðra starfsmanna í formi launakostnaðar: 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,

j) aðstoð til að vega á móti viðbótarkostnaði vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna: 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári.

Til að ákvarða viðeigandi viðmiðunarmörk sem gilda um aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og hagkvæmniathuganir samkvæmt e-lið, telst verkefni vera „fyrst og fremst“ grunnrannsóknir eða „fyrst og fremst“ iðnaðarrannsóknir ef meira en 50% aðstoðarhæfs kostnaðar sem stofnað er til vegna starfsemi sem tilheyrir flokknum grunnrannsóknir eða iðnaðarrannsóknir. Í tilvikum þar sem ekki er hægt að ákvarða ráðandi eiginleika verkefnisins gilda lægri viðmiðunarmörkin.

2. Svæðisbundin aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna, skal tilkynnt framkvæmdastjórninni ef heildarfjárhæð allrar aðstoðarinnar fer yfir 75% af hámarksfjárhæð aðstoðar sem fjárfesting, með aðstoðarhæfum kostnaði, sem nemur 100 milljónum evra, getur hlotið, ef miðað er við stöðluð viðmiðunarmörk aðstoðar sem eru í gildi fyrir stór fyrirtæki á samþykkta kortinu yfir svæðisbundna aðstoð á þeim degi er veita skal aðstoðina.

7. gr.

Uppsöfnun

1. Við ákvörðun á því hvort viðmiðunarmörk aðstoðar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., og hámarkshlutfall aðstoðar, sem mælt er fyrir um í II. kafla, séu virt skal tekið mið af heildarfjárhæð opinbers stuðnings við starfsemina eða verkefnið sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu, landsbundnu framlagi eða af sjóðum Bandalagsins.

2. Aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má bætast við alla aðra aðstoð, sem er undanþegin þessari reglugerð, svo fremi þessar aðstoðarráðstafanir varði annan aðstoðarhæfan kostnað sem tilgreindur er.

3. Aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra aðstoð sem er undanþegin þessari reglugerð eða minni háttar (*de minimis*) aðstoð, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 ([26]), eða við aðra fjármögnun Bandalagsins í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnað, sem að hluta til eða öllu leyti skarast, ef slík uppsöfnun leiðir til þess að aðstoðarhlutfall fer yfir hæsta aðstoðarhlutfall eða gildandi fjárhæð aðstoðar samkvæmt þessari reglugerð.

([26]) Stjtíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5.

4. Með fyrirvara um 3. mgr. er heimilt að bæta aðstoð í þágu fatlaðra starfsmanna, eins og kveðið er á um í 41. og 42. gr., við aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn sem er yfir hæstu gildandi viðmiðunarmörkum samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að slík uppsöfnun leiði ekki til þess að aðstoðarhlutfallið fari yfir 100% af viðkomandi kostnaði á tímabilinu sem hlutaðeigandi starfsmenn eru ráðnir.

5. Að því er varðar uppsöfnun aðstoðarráðstafana, sem eru undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð, með skilgreinanlegan aðstoðarhæfan kostnað og aðstoðarráðstafana, sem eru undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð og eru ekki með skilgreinanlegan kostnað, gilda eftirfarandi skilyrði:

a) ef markfyrirtæki hefur fengið fjármagn samkvæmt ráðstöfun um áhættufé skv. 29. gr. og sækir síðan, á fyrstu þremur árunum eftir fyrstu fjárfestingu með áhættufjármagni, um aðstoð innan gildissviðs þessarar reglugerðar skulu viðeigandi viðmiðunarmörk aðstoðar, eða aðstoðarhæf hámarksfjárhæð samkvæmt þessari reglugerð, skerðast um 50% almennt og um 20% fyrir markfyrirtæki sem eru á svæðum sem njóta aðstoðar. Skerðingin skal ekki vera hærri en heildarfjárhæð áhættufjármagnsins sem fæst. Þessi lækkun gildir ekki um aðstoð á sviði rannsóknar, þróunar og nýsköpunar sem er undanþegið skv. 31. til 37. gr.

b) á fyrstu þremur árunum eftir að aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja var veitt er óheimilt að bæta við annarri aðstoð sem undanþegin er samkvæmt þessari reglugerð, nema um sé að ræða aðstoð sem er undanþegin skv. 29. gr. og aðstoð sem er undanþegin skv. 31. til 37. gr.

8. gr.

Hvatningaráhrif

1. Einungis aðstoð sem hefur hvatningaráhrif er undanþegin þessari reglugerð.

2. Aðstoð, sem veitt er litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fellur undir þessa reglugerð, telst hafa hvatningaráhrif ef aðstoðarþegi hefur lagt fram umsókn til viðkomandi aðildarríkis um aðstoð áður en vinna við verkefnið eða starfsemina hefst.

3. Aðstoð, sem er veitt stórum fyrirtækjum og fellur undir þessar reglugerð, telst hafa hvetjandi áhrif ef, auk þess að fullnægja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., aðildarríkið hefur gengið úr skugga um, áður en viðkomandi stök aðstoð er veitt, að skjölin, sem aðstoðarþegi gengur frá, sýni fram á að ein eða fleiri eftirfarandi viðmiðana séu uppfylltar:

a) veruleg stækkun verkefnisins eða starfseminnar sem rekja má til aðstoðarinnar,

b) veruleg aukning á umfangi verkefnisins eða starfseminnar sem rekja má til aðstoðarinnar,

c) veruleg hækkun heildarfjárhæðar sem aðstoðarþegi ver til verkefnisins eða starfseminnar og rekja má til aðstoðarinnar,

d) veruleg aukning á hraða við að ljúka verkefninu eða starfseminni sem um ræðir,

e) að því er varðar svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, sem um getur í 13. gr., að verkefni hefði ekki verið hrundið í framkvæmd sem slíku á hinu styrkta svæði sem um ræðir, án aðstoðar.

4. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. gilda ekki um skattaráðstafanir ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skattaráðstafanirnar kveða á um lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt hlutlægum viðmiðunum og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins og

b) skattaráðstöfunin var samþykkt áður en hafist var handa við styrkta verkefnið eða starfsemina; þetta skilyrði á ekki við ef um er að ræða skattkerfi sem framhald er á.

5. Að því er varðar aðstoð til að bæta viðbótarkostnað vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna, eins og um getur í 42. gr., skulu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar teljast uppfyllt ef skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 42. gr., er fullnægt.

Að því er varðar aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi styrkja vegna launagreiðslna og aðstoð vegna ráðningar á fötluðum starfsmönnum í formi styrkja vegna launagreiðslna, eins og um getur í 40. og 41. gr. skulu skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. og. 3. mgr. þessarar greinar, teljast uppfyllt ef aðstoðin leiðir til hreinnar fjölgunar í ráðningu illa settra eða fatlaðra starfsmanna.

Að því er varðar aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, eins og um getur í 25. gr., telst skilyrðunum, sem mælt er um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar fullnægt.

Að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns, eins og um getur í 29. gr., telst skilyrðunum, sem mælt er um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar fullnægt.

6. Sé skilyrðunum í 2. og 3. mgr. ekki fullnægt, fellur öll aðstoðarráðstöfunin utan undanþágu samkvæmt þessari reglugerð.

9. gr.

Gagnsæi

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku aðstoðarkerfis eða úthlutunar sérstakrar aðstoðar, sem hefur verið undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skal viðkomandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni samantekt upplýsinga sem varða slíka aðstoðarráðstöfun. Þetta yfirlit ber að veita á rafrænu formi, um upplýsingatæknihugbúnað framkvæmdastjórnarinnar og vera á því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar staðfesta viðtöku á yfirlitinu.

Framkvæmdastjórnin skal birta samantekt upplýsinga í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Við gildistöku aðstoðarkerfis eða úthlutunar sérstakrar aðstoðar, sem hefur verið undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skal viðkomandi aðildarríki birta á Netinu heildartexta slíkrar aðstoðarráðstöfunar. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal sá texti kveða á um skilyrðin sem mælt er fyrir um í landslögum og sem tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðkomandi aðildarríki skulu sjá til þess að óstyttur texti aðstoðarráðstöfunarinnar sé aðgengilegur á Netinu svo fremi viðkomandi aðstoðarráðstöfun sé í gildi. Í samanteknu upplýsingunum frá viðkomandi aðildarríki skv. 1. mgr. skal tilgreina veffang sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar.

3. Þegar stök aðstoð er veitt, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, að undanskilinni aðstoð, sem er í formi skattaráðstafana, skal gerðin um veitingu aðstoðarinnar hafa að geyma skýra tilvísun í sérákvæðin í II. kafla, sem þessi gerð varðar, í landslög, sem tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar, og í veffangið, sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skal í hvert sinn þegar stök aðstoð er veitt á grundvelli fyrirliggjandi aðstoðarkerfis vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, sem fjallað er um í 31. gr., og stakrar aðstoðar, sem fer yfir 3 milljónir evra, og í hvert sinn, þegar stök svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er veitt á grundvelli stórra fjárfestingarverkefna, sem ekki þarf að tilkynna sérstaklega skv. 6. gr., skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni umbeðnar, samanteknar upplýsingar rafrænt, á stöðluðu eyðublaði, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, um viðurkenndan upplýsingatæknihugbúnað framkvæmdastjórnarinnar, innan 20 virkra daga frá þeim degi sem lögbært yfirvald veitir aðstoðina.

10. gr.

Eftirlit

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með aðstoðarráðstöfunum sem henni hefur verið tilkynnt um skv. 9. gr.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir alla staka aðstoð eða aðstoðarkerfi sem er undanþegið samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til staðfestingar því að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins, ef réttur þess til aðstoðar eða hækkunar á framlögum er háður stöðu þess sem lítils eða meðalstórs fyrirtækis, upplýsingar um hvatningaráhrif aðstoðarinnar og upplýsingar, sem gera kleift að ákvarða nákvæmlega fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar með beitingu þessarar reglugerðar í huga.

Halda skal skrár varðandi staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt. Halda skal skrár varðandi aðstoðarkerfi í 10 ár frá þeim degi sem síðasta aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi.

3. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar til að hafa eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar.

Láti hlutaðeigandi aðildarríki umbeðnar upplýsingar ekki í té innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða tímamarka, sem almennt samkomulag er um, eða láti ófullnægjandi upplýsingar í té skal framkvæmdastjórnin senda áminningu þar sem nýr frestur er veittur til þess að leggja þær fram. Ef viðkomandi aðildarríki lætur ekki í té umbeðnar upplýsingar þrátt fyrir slíka áminningu er framkvæmdastjórninni heimilt, eftir að hafa veitt viðkomandi aðildarríki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, að taka ákvörðun þess efnis að tilkynna skuli framkvæmdastjórninni um allar aðstoðarráðstafanir, sem þessi reglugerð gildir um, eða hluta þeirra í framtíðinni til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

11. gr.

Ársskýrsla

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár, eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir fyrir, á rafrænu formi sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ([27]). Veffangið, sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar, skal einnig fellt inn í slíka ársskýrslu.

12. gr.

Sérstök skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð

1. Til að fjárfesting geti talist vera aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar skal fjárfesting felast í eftirfarandi:

a) fjárfestingu í efnislegum og/eða óefnislegum eignum, sem tengjast stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar, sem fyrir er, aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar á nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreyting í heildarframleiðsluferli starfsstöðvar, sem fyrir er, eða

b) yfirtöku fjármunaeigna, sem tengjast starfsstöðinni beint ef starfsstöðinni hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt og óháður fjárfestir kaupir eignirnar. Ef um er að ræða lítið fyrirtæki, sem fjölskylda upphaflegs eiganda eða eigenda rekur áfram eða fyrrverandi starfsmenn, skal víkja frá skilyrðinu um að óháður fjárfestir kaupi eignirnar.

Yfirtaka á hlutum í fyrirtækinu ein og sér telst ekki vera fjárfesting.

2. Til þess að óefnislegar eignir teljist vera aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar verða þær að fullnægja eftirfarandi skilyrðum.

a) aðeins fyrirtækið, sem þiggur aðstoðina, má nota þær. Að því er varðar svæðisbundna aðstoð má aðeins nota þær í starfsstöðinni sem þiggur aðstoðina.

b) þær verða að teljast til afskrifanlegra eigna,

c) þriðju aðilar verða að kaupa þær við markaðsaðstæður, án þess að kaupandi sé í aðstöðu til að hafa áhrif, í skilningi 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([28]), á seljanda eða öfugt, eða

d) ef um er að ræða fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja verða þær að vera innifaldar í eignum fyrirtækisins, ef um er að ræða svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, og vera áfram í starfsstöðinni, sem fær svæðisbundna styrkinn, í a.m.k. fimm ár eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki,

3. Til þess að atvinna sem skapast beint með fjárfestingarverkefni geti talist aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar verður hún að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) atvinna skal skapast innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur,

b) fjárfestingarverkefnið skal leiða til hreinnar aukningar í fjölda starfa í viðkomandi starfsstöð borið saman við meðaltal síðustu 12 mánaða og

c) að starfinu, sem verður til, sé haldið í a.m.k. fimm ár ef um er að ræða stórt fyrirtæki og a.m.k. þrjú ár ef um er að ræða lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

II. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI UM MISMUNANDI FLOKKA AÐSTOÐAR

1. ÞÁTTUR

Svæðisbundin aðstoð

13. gr.

Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu

1. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að hún uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

Sérstök aðstoð, sem einungis er notuð til viðbótar veittri aðstoð á grundvelli svæðisbundinna fjárfestingar- og atvinnuaðstoðarkerfa og er ekki meira en 50% heildaraðstoðar sem veita skal til fjárfestingarinnar, samrýmist hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að sérstaka aðstoðin sem veitt er uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar.

2. Aðstoðin skal veitt á svæðum sem eru aðstoðarhæf fyrir svæðisbundna aðstoð, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt um svæðisbundna aðstoð

([27]) Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1.
([28]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013. Fjárfestingin skal standa yfir í a.m.k. fimm ár á svæðinu þar sem styrkurinn er veittur, eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, eftir að allri fjárfestingunni er lokið. Þetta kemur ekki í veg fyrir að skipt sé um úrelta stöð eða búnað á því tímabili sem um getur í þeim lið vegna hraðra tæknibreytinga, að því tilskildu að atvinnustarfsemi haldist á viðkomandi svæði í lágmarkstíma.

3. Aðstoðarhlutfallið miðað við núverandi vergt styrkígildi má ekki fara yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar sem er í gildi á viðkomandi svæði á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.

4. Að undanskilinni aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna, og svæðisbundinni aðstoð til flutningageirans er heimilt að hækka viðmiðunarmörkin í 3. mgr. um 20 prósentustig fyrir aðstoð, sem er veitt litlum fyrirtækjum, og um 10 prósentustig fyrir aðstoð sem er veitt til meðalstórra fyrirtækja.

5. Viðmiðunarmörkin, sem eru fastsett í 3. mgr., skulu gilda um aðstoðarhlutfall, sem er reiknað annaðhvort sem hlutfall af aðstoðarhæfum efnislegum og óefnislegum kostnaði við fjárfestinguna eða sem hlutfall af áætluðum launakostnaði einstaklingsins sem var ráðinn, reiknað fyrir tveggja ára tímabil, fyrir störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis, eða hvort tveggja, að því tilskildu að aðstoðin fari ekki yfir þá fjárhæð sem hærri er af útreikningi á hvoru um sig.

6. Þegar aðstoðin er reiknuð á grundvelli efnislegs eða óefnislegs fjárfestingarkostnaðar, eða yfirtökukostnaðar ef um slíkt er að ræða, skal aðstoðarþeginn fjármagna a.m.k. 25% aðstoðarhæfs kostnaðar, annaðhvort af eigin fé eða með utanaðkomandi fjármögnun, með einhverjum hætti sem ekki felur í sér opinberan stuðning. Þegar hámarksaðstoð, sem er samþykkt á grundvelli landsbundinnar áætlunar um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki og aukin í samræmi við 4. mgr., fer yfir 75%, lækkar þó fjárframlag aðstoðarþega í samræmi við það. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli efnislegs eða óefnislegs fjárfestingarkostnaðar gilda einnig skilyrðin sem eru sett fram í 7. mgr.

7. Ef um yfirtöku á starfsstöð er að ræða skal einungis tekið tillit til kostnaðar við kaup á eignum af þriðja aðila, að því tilskildu að viðskiptin fari fram við markaðsaðstæður. Ef yfirtökunni fylgir önnur fjárfesting skal kostnaðurinn, sem tengist hinu síðarnefnda, bætast við kostnaðinn vegna kaupanna. Einungis skal tekið tillit til kostnaðar, sem tengist yfirtöku á eignum, sem leigusamningur fylgir, öðrum en landi og byggingum, ef leigusamningurinn er í formi fjármögnunarleigu og felur í sér skuldbindingu um að kaupa eignina þegar tími leigusamningsins rennur út. Fyrir leigu á landi og byggingum skal leigusamningurinn gilda í a.m.k. fimm ár eftir að áætlað er að fjárfestingarverkefninu ljúki eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

Eignirnar, sem aflað er, skulu vera nýjar nema ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki og yfirtökur. Ef um er að ræða yfirtökur skulu eignir, sem eru keyptar með aðstoð, sem var veitt fyrir kaupin, dregnar frá. Ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki má einnig taka tillit til heildarkostnaðar við fjárfestingar í óefnislegum eignum. Fyrir stór fyrirtæki er slíkur kostnaður aðeins aðstoðarhæfur upp að 50% af heildarkostnaði aðstoðarhæfs fjárfestingarverkefnis.

8. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli launakostnaðar skulu störf beinlínis sköpuð fyrir tilstilli fjárfestingarverkefnisins.

9. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. er heimilt að hækka hámarksaðstoðarhlutfall fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða í:

a) 50% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem eiga rétt á aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 40% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

b) 25% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem rétt eiga á aðstoð, skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 20% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, ef aðstoðarþegi hefur færri en 750 starfsmenn og/eða minna en 200 milljónir evra í veltu, sem er reiknað í samræmi við I. viðauka þessarar reglugerðar.

10. Til þess að koma í veg fyrir að stórum fjárfestingarverkefnum sé óeðlilega skipt í undirverkefni skal stórt fjárfestingarverkefni teljast eitt fjárfestingarverkefni ef sama fyrirtækið eða fyrirtækin ráðast í fjárfestinguna innan þriggja ára og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir.

14. gr.

Aðstoð til nýstofnaðra, lítilla fyrirtækja

1. Aðstoðarkerfi í þágu lítilla nýstofnaðra fyrirtækja teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. gr., séu uppfyllt.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið fyrirtæki.

3. Fjárhæð aðstoðarinnar má ekki fara yfir:

a) 2 milljónir evra fyrir lítil fyrirtæki með atvinnustarfsemi á svæðum sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans,

b) 1 milljón evra fyrir lítil fyrirtæki með atvinnustarfsemi á svæðum sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans.

Árlegar fjárhæðir í aðstoð á hvert fyrirtæki mega ekki fara yfir 33% af fjárhæðunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) á svæðum, sem falla undir a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, 35% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum frá stofnun fyrirtækisins og 25% á næstu tveimur árunum eftir það,

b) á svæðum, sem falla undir c-lið 3. gr. 87. gr. sáttmálans, 25% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum frá stofnun fyrirtækisins og 15% á næstu tveimur árunum eftir það.

Þessi hlutföll má hækka um 5% á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans þar sem verg landsframleiðsla á mann er lægri en 60% af meðaltali ESB-25 á svæðum þar sem færri en 12,5 íbúar eru á hvern ferkílómetra og litlum eyjum þar sem færri en 5000 íbúar eru og öðrum samfélögum af sömu stærð sem búa við sambærilega einangrun.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal ná yfir lögfræði-, ráðgjafar- og stjórnsýslukostnað sem tengist beint stofnun lítils fyrirtækis sem og eftirfarandi kostnaður, að svo miklu leyti sem stofnað er til hans á fyrstu fimm árunum frá stofnun fyrirtækisins:

a) vextir á utanaðkomandi fjármagn og arður af eigin fé, sem er notað, og fer ekki yfir viðmiðunarvextina,

b) gjald fyrir leigu á framleiðsluaðstöðu/-búnaði,

c) orka, vatn, kynding, skattar (aðrir en virðisaukaskattur og fyrirtækjaskattar á rekstrartekjur) og stjórnsýslugjöld,

d) afskriftir, gjöld vegna leigu á framleiðsluaðstöðu/-búnaði, svo og launakostnaður, að því tilskildu að fjárfestingar eða atvinnusköpun og ráðningarráðstafanir, sem liggja til grundvallar, hafi ekki fengið aðra aðstoð.

6. Lítil fyrirtæki undir yfirráðum hluthafa fyrirtækja sem hefur verið lokað á undanförnum 12 mánuðum geta ekki fengið aðstoð samkvæmt þessari grein ef viðkomandi fyrirtæki hafa verið virk á þeim markaði, sem um ræðir, eða á aðliggjandi mörkuðum.

2. ÞÁTTUR

Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

15. gr.

Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin í 2., 3. og 4. mgr. séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 20% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um lítil fyrirtæki er að ræða,

b) 10% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða.

3. Eftirfarandi skal teljast aðstoðarhæfur kostnaður:

a) kostnaður vegna fjárfestinga í efnislegum og óefnislegum eignum eða

b) áætlaður launakostnaður vegna atvinnu sem skapast beinlínis með fjárfestingunni (aðstoð vegna atvinnusköpunar) reiknaður yfir tveggja ára tímabil.

4. Þegar fjárfestingin varðar vinnslu og markaðssetningu á landbúnaðarvörum má aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir:

a) 75% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á ystu svæðunum,

b) 65% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á minni eyjunum í Eyjahafinu í skilningi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1405/2006 ([29]),

c) 50% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem eiga rétt á aðstoð, skv. a-lið 3. mgr. 87. gr.,

d) 40% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öllum öðrum svæðum.

3. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna frumkvöðlastarfs sem er í höndum kvenna

16. gr.

Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað

1. Aðstoðarkerfi í þágu lítilla fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að ákvæði 2.–5. mgr. séu uppfyllt.

2. Aðstoðarþegar skulu vera lítil fyrirtæki sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað.

3. Fjárhæð aðstoðarinnar má ekki fara yfir 1 milljón evra á hvert fyrirtæki.

Árlegar fjárhæðir aðstoðar á hvert fyrirtæki mega ekki fara yfir 33% af fjárhæðunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.

4. Aðstoðarhlutfall má ekki fara yfir 15% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu fimm árunum eftir stofnun fyrirtækisins.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður telst vera lögfræði-, ráðgjafar og stjórnsýslukostnaður sem tengist beint stofnun litla fyrirtækisins, sem og eftirfarandi kostnaður, að svo miklu leyti sem stofnað er til hans á fyrstu fimm árunum frá stofnun fyrirtækisins.

a) vextir á utanaðkomandi fjármagn og arður af eigin fé sem er notað og fer ekki yfir viðmiðunarvextina,

b) útgjöld vegna leigu á framleiðslustöðvum/-búnaði,

c) orka, vatn, upphitun, skattar (aðrir en virðisaukaskattur og fyrirtækjaskattar á rekstrartekjur) og stjórnsýslugjöld,

d) afskriftir, útgjöld vegna leigu á framleiðslustöðvum/-búnaði, svo og launakostnaður, að því tilskildu að fjárfestingar eða atvinnusköpun og ráðningarráðstafanir, sem liggja til grundvallar, hafi ekki fengið neina aðra aðstoð,

e) kostnaður vegna umönnunar barna og foreldra, eftir atvikum, kostnaður sem tengist foreldraorlofi.

6. Lítil fyrirtæki undir yfirráðum hluthafa fyrirtækja sem hefur verið lokað á undanförnum 12 mánuðum geta ekki fengið aðstoð samkvæmt þessari grein ef viðkomandi fyrirtæki eru virk á þeim markaði sem um ræðir eða aðliggjandi mörkuðum.

4. ÞÁTTUR

Aðstoð til umhverfisverndar

17. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „umhverfisvernd“: hvers konar aðgerð sem miðar að því að ráða bót á eða koma í veg fyrir spjöll á náttúrulegu umhverfi eða náttúruauðlindum vegna starfsemi aðstoðarþega, að draga úr hættu á slíkum spjöllum eða stuðla að skilvirkari nýtingu á náttúruauðlindum, þ.m.t. ráðstafanir til að spara orku og nota endurnýjanlega orkugjafa,

2. „orkusparandi ráðstafanir“: aðgerð sem gerir fyrirtækjum kleift að draga úr þeirri orku sem þau nota, m.a. í framleiðsluferlinu,

3. „Bandalagsstaðall“:

   a) lögboðinn Bandalagsstaðall, sem setur þau mörk, sem einstök fyrirtæki verða að ná með tilliti til umhverfisverndar, eða

   b) sú skuldbinding samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB ([30]) um að nota fullkomnustu tækni sem völ er á eins og sett er fram í nýjustu upplýsingum þar að lútandi sem framkvæmdastjórnin hefur birt skv. 2. mgr. 17. gr. þeirrar tilskipunar,

4. „endurnýjanlegir orkugjafar“: eftirfarandi endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti: vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, ölduog sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa,

([29]) Stjtíð. ESB L 265, 26.9.2006, bls. 1.

([30]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi,

5. „lífrænt eldsneyti“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,

6. „sjálfbært lífrænt eldsneyti“: lífrænt eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að stuðla að notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([31]); þegar Evrópuþingið og ráðið hefur samþykkt þessa tilskipun og hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, gilda viðmiðanirnar sem þar er mælt fyrir um,

7. „orka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum“: orka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, að meðtöldum þeim hluta brennslugildisins sem er framleiddur með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni, þar sem einnig eru notaðir hefðbundnir orkugjafar, og að meðtöldu endurnýjanlegu rafmagni, sem er notað til að fylla á geymslukerfi, en að undanskildu rafmagni sem er fengið frá þess háttar kerfum,

8. „samvinnsla raf- og varmaorku“: samhliða framleiðsla varmaorku, raforku og/eða vélrænnar orku í einu og sama vinnsluferlinu,

9. „samvinnsla með góða orkunýtni“: samvinnsla raf- og varmaorku sem uppfyllir viðmiðanirnar í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ([32]) og fullnægir samræmdu nýtniviðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB ([33]),

10. „umhverfisskattur“: skattur þar sem sérstakur skattstofn hefur skýr, neikvæð áhrif á umhverfið eða þar sem leitast er við að skattleggja tiltekna starfsemi, vörur eða þjónustu þannig að hægt sé að fella umhverfiskostnað inn í verð hennar og/eða þannig að framleiðendum eða neytendum sé beint að starfsemi þar sem meira tillit er tekið til umhverfisins.

11. „lágmarksskattstig Bandalagsins“: lágmarksskattstig, sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins fyrir orkuvörur og rafmagn, lágmarksskattstig, merkir lámarksskattstig sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2003/96/EB,

12. „efnislegar eignir“: fjárfestingar í landi sem eru óhjákvæmilegar til að uppfylla umhverfismarkmið, fjárfestingar í byggingum, verum og búnaði, sem ætlað er að draga úr eða eyða óþægindum, og fjárfestingar í því skyni að laga framleiðsluaðferðir að verndun umhverfisins.

18. gr.

Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi

1. Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfismálum en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 8. mgr. þessarar greinar.

2. Fjárfestingaraðstoðin skal uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

a) fjárfestingin skal gera aðstoðarþega kleift að auka umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína með því að ganga lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum, óháð því hvort gildandi, lögboðnir staðlar eru strangari en Bandalagsstaðlar,

b) fjárfestingin á að gera aðstoðarþega kleift að auka umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi.

3. Ekki er heimilt að veita aðstoð þar sem umbætur eru gerðar til að tryggja að fyrirtæki fari að Bandalagsstöðlum sem þegar hafa verið samþykktir en hafa ekki ennþá öðlast gildi.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 35% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í viðkomandi Bandalagsstöðlum, án þess að tekið sé mið af ávinningi og kostnaði í rekstri.

6. Með tilliti til 5. mgr. skal kostnaður vegna fjárfestinga, sem tengjast beint umhverfisvernd, ákvarð-

([31]) COM (2008) 19 lokaútgáfa.
([32]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.
([33]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183.

aður með tilliti til staðleysuaðstæðna (e. counterfactual situation):

a) ef auðvelt er að greina kostnað vegna fjárfestinga í umhverfisvernd í heildarfjárfestingarkostnaðinum skal nákvæmlega sá kostnaður vera aðstoðarhæfur kostnaður,

b) í öllum öðrum tilvikum skal viðbótarfjárfestingarkostnaðurinn ákvarðaður með því að bera fjárfestinguna saman við staðleysuaðstæður þar sem engin ríkisaðstoð er veitt; rétta staðleysan skal vera kostnaður á tæknilega sambærilegri fjárfestingu sem kveður á um minni umhverfisvernd (sem samsvarar lögbundnum Bandalagsstöðlum, ef þeir eru fyrir hendi) og sem trúlega yrði án þess að aðstoð kæmi til („viðmiðunarfjárfesting“). „Tæknilega sambærileg fjárfesting“ merkir fjárfestingu með sömu framleiðslugetu og alla aðra tæknilega eiginleika (nema þá sem tengjast beint viðbótarfjárfestingu vegna sömu umhverfisverndar). Auk þess verður slík viðbótarfjárfesting, í viðskiptalegu tilliti að vera trúverðugur kostur miðað við þá fjárfestingu sem verið er að meta.

7. Aðstoðarhæf fjárfesting skal vera í formi fjárfestinga í efnislegum og/eða óefnislegum eignum.

8. Ef um er að ræða fjárfestingar sem miða að því að ná meiri umhverfisvernd en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum skal velja staðleysu á eftirfarandi hátt:

a) ef fyrirtæki er að laga sig að innlendum stöðlum, sem hafa verið samþykktir þar sem Bandalagsstaðlar eru ekki fyrir hendi, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í innlendum stöðlum,

b) þegar fyrirtæki laga sig að eða ganga lengra en kveðið er á um í innlendum stöðlum, sem eru strangari en viðkomandi Bandalagsstaðlar, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum, Kostnaður vegna þeirra fjárfestinga sem þörf er á til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í Bandalagsstöðlum er ekki aðstoðarhæfur,

c) ef engir staðlar eru fyrir hendi skal aðstoðarhæfur kostnaður vera nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður til þess að ná meiri umhverfisvernd en þeirri sem viðkomandi fyrirtæki hefðu náð hefði engin umhverfisaðstoð verið veitt.

9. Aðstoð vegna fjárfestinga í tengslum við meðhöndlun á úrgangi annarra fyrirtækja er ekki undanþegin samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðla að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi

1. Fjárfestingaraðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum, sem gera fyrirtækjum, sem eru virk í flutningageiranum, kleift að ganga lengra en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum að því er varðar umhverfisvernd eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. gr., séu uppfyllt.

2. Fjárfestingin, sem veitt er aðstoð til, skal uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr.

3. Aðstoð vegna kaupa á nýjum ökutækjum til vöruflutninga á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og flutninga á sjó, sem uppfylla Bandalagsstaðla, sem hafa verið samþykktir, skal undanþegin, þegar slík kaup eiga sér stað áður en þessir Bandalagsstaðlar öðlast gildi og ef þeir, þegar þeir verða lögbundnir, gilda ekki afturvirkt um þau ökutæki sem þegar hafa verið fest kaup á.

4. Aðstoð vegna endurbóta á starfsemi fyrirliggjandi flutningabifreiða, sem hefur umhverfisvernd að markmiði, skal undanþegin ef þau flutningatæki, sem eru fyrirliggjandi, eru endurbætt miðað við umhverfisstaðla sem ekki voru í gildi á þeim degi þegar þessi flutningatæki voru tekin í notkun eða ef þessi flutningatæki heyra ekki undir neina umhverfisstaðla.

5. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 35% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. gr. án þess að tekið sé tillit til ávinnings og kostnaðar í rekstri.

20. gr.

Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar

1. Aðstoð, sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að fara að nýjum Bandalagsstöðlum, sem auka umhverfisvernd og hafa ekki enn öðlast gildi, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að hún uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2., 3. mgr. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Bandalagsstaðlar skulu hafa verið samþykktir og fjárfestingunni hrundið í framkvæmd og henni lokið a.m.k. einu ári áður en viðkomandi staðall öðlast gildi.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 15% af aðstoðarhæfum kostnaði að því er varðar lítil fyrirtæki og 10% af aðstoðarhæfum kostnaði að því er varðar meðalstór fyrirtæki ef framkvæmd og lok eiga sér stað meira en þremur árum áður en staðallinn öðlast gildi og 10% að því er varðar lítil fyrirtæki ef lok eiga sér stað frá einu ári allt að þremur árum áður en staðallinn öðlast gildi.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í Bandalagsstaðlinum miðað við þá umhverfisvernd sem gerð var krafa um áður en staðallinn öðlaðist gildi.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

21. gr.

Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar

1. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að hún uppfylli:

a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar eða

b) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. hennar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 60% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri orkusparnaði en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr.

Reikna skal aðstoðarhæfan kostnað að frádregnum hvers konar rekstrarhagnaði eða kostnaði sem tengist viðbótarfjárfestingu vegna orkusparnaðar og sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum sem fjárfestingin stendur yfir ef um er að ræða lítil eða meðalstór fyrirtæki, á fyrstu fjórum árunum ef um er að ræða fyrirtæki sem ekki taka þátt í áætlun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir á koltvísýringi (CO) og á fyrstu fimm árunum ef um er að ræða stór fyrirtæki sem taka þátt í áætlun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir á koltvísýringi. Að því er varðar stór fyrirtæki er heimilt að stytta þetta tímabil niður í fyrstu þrjú árin sem fjárfestingin stendur yfir ef hægt er að sýna fram á að afskriftartími fjárfestingarinnar fari ekki yfir þrjú ár.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal annast útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 20% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

22. gr.

Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni

1. Aðstoð vegna fjárfestinga á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 45% af aðstoðarhæfum kostnaði. Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri samvinnslu með góða orkunýtni miðað við viðmiðunarfjárfestingu. Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

4. Nýja samvinnslueiningin skal í heildina fela í sér sparnað í samanburði við viðmiðanirnar fyrir aðskilda framleiðslu raforku og varma sem kveðið er á um í tilskipun 2004/8/EB og ákvörðun 2007/74/EB. Umbæturnar á fyrirliggjandi samvinnslueiningu eða breytingu á fyrirliggjandi orkuframleiðslustöð yfir í samvinnslueiningu skal leiða til sparnaðar á frumorku í samanburði við upphaflega stöðu.

23. gr.

Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, sé fullnægt:

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 45% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður er sá viðbótarkostnaður sem aðstoðarþegi stendur straum af í samanburði við hefðbundna orkuframleiðslu eða hefðbundið upphitunarkerfi með sömu afkastagetu með tilliti til skilvirkrar orkuframleiðslu.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

4. Fjárfestingaraðstoð á sviði umhverfismála vegna framleiðslu á lífeldsneyti skal eingöngu undanþegin ef styrktar fjárfestingar eru að öllu leyti notaðar til að framleiða sjálfbært lífeldsneyti.

24. gr.

Aðstoð til umhverfisrannsókna

1. Aðstoð til rannsókna, sem tengjast beint fjárfestingunum, sem um getur í 18. gr., til fjárfestinga í orkusparandi aðgerðum samkvæmt skilyrðunum, sem sett eru fram í 21. gr., og fjárfestingar vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt skilyrðunum, sem eru sett fram í 23. gr., samrýmast hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, sé fullnægt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar vegna rannsókna sem gerðar eru fyrir hönd litilla fyrirtækja um 20 prósentustig og rannsókna sem gerðar eru fyrir hönd meðalstórra fyrirtækja um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna rannsóknarinnar.

25. gr.

Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum

1. Kerfi fyrir umhverfisaðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2003/96/EB, samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Þeir sem þiggja aðstoð í formi skattalækkunar skulu a.m.k. greiða lágmarksskatt Bandalagsins sem kveðið er á um í tilskipun 2003/96/EB.

3. Skattalækkanir skulu veittar í minnst tíu ár. Að þessum tíma liðnum skulu aðildarríkin endurmeta hvort viðkomandi aðstoðarráðstöfun eigi rétt á sér.

5. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum

26. gr.

Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna ráðgjafar sem utanaðkomandi ráðgjafar veita.

Viðkomandi þjónusta skal ekki vera samfelld eða reglubundin starfsemi og ekki tengjast venjulegum rekstrarútgjöldum fyrirtækisins, s.s. ráðgjöf í skattamálum, reglubundinni lögfræðiþjónustu eða auglýsingum.

27. gr.

Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum

1. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna leigu, uppsetningar og rekstrar sýningaraðstöðu fyrirtækis þegar það tekur í fyrsta sinn þátt í tiltekinni kaupstefnu eða sýningu.

6. ÞÁTTUR

Aðstoð í formi áhættufjármagns

28. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „eigið fé“: eignarhald í fyrirtæki sem felst í hlutabréfunum sem gefin eru út til fjárfesta,

2. „ígildi eigin fjár“: fjármálagerningar þar sem arður handhafa grundvallast fyrst og fremst á hagnaði eða tapi viðkomandi markfyrirtækis og sem eru ekki tryggðir ef um er að ræða vanefndir,

3. „einkahlutafé“: einkahlutafé — sem andstæða við opinbert hlutafé — eða ígildi fjárfestinga með eigið fé í fyrirtækjum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkað, þ.m.t. áhættufjármagn,

4. „sprotafjármagn“: fjármögnun til rannsókna, mats og þróunar á upphaflegri hugmynd sem er undanfari uppbyggingarstigs,

5. „uppbyggingarfjármagn“: fjármögnun fyrirtækja sem ekki hafa selt vöru sína eða þjónustu og mynda enn sem komið er ekki hagnað til vöruþróunar eða til að hefja markaðssetningu,

6. „útfærslufjármagn“: fjármögnun til stækkunar og útfærslu á fyrirtæki, sem ekki er víst hvort standi á sléttu eða skilar arði, í því skyni að efla framleiðslugetu markaðsþróun eða vöruþróun eða til að leggja fram hreint viðbótarveltufé,

7. „útgönguáætlun“: áætlun um innlausn á eignarhlutum í eigu áhættufjármagnssjóðs eða hlutabréfasjóðs í samræmi við áætlun um hámarksarð, þ.m.t. sala, afskriftir, innlausn á forgangshlutum/endurgreiðsla á lánum, sala til annarra áhættufjármagnseigenda, sala til fjármálastofnana og sala með opinberu útboði, þ.m.t. fyrsta útboð verðbréfa (IPO).

8. „markfyrirtæki“: fyrirtæki sem fjárfestir eða fjárfestingarsjóður íhugar að fjárfesta í.

29. gr.

Aðstoð í formi áhættufjármagns

1. Aðstoðarkerfi fyrir áhættufjármagn í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin,

sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Áhættufjármagnsráðstöfunin skal vera í formi þátttöku í sjóði sem annast fjárfestingar fyrir einkaaðila sem stjórnað er á viðskiptalegum grundvelli.

3. Hlutar fjárfestinga, sem greiddir verða úr fjárfestingarsjóðnum, skulu ekki fara yfir 1,5 milljónir evra fyrir hvert markfyrirtæki á hverju tólf mánaða tímabili.

4. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á svæðum, sem njóta aðstoðar, sem og lítil fyrirtæki á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar, skal áhættufjármagnsráðstöfunin takmarkast við útvegun á sprotafjármagni, fjármagni á uppbyggingarstigi og/eða útfærslufjármagni. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á svæðum, sem ekki njóta aðstoðar, skal áhættufjármagnsráðstöfunin takmarkast við útvegun á sprotafjármagni, fjármagni á uppbyggingarstigi og/eða útþenslufjármagni.

5. Fjárfestingarsjóðurinn skal útvega a.m.k. 70% af heildarfjármagni sem fjárfest er í litlum og meðalstórum markfyrirtækjum í formi eigin fjár eða ígildi eigin fjár.

6. Að minnsta kosti 50% af fjármagni fjárfestingarsjóðsins skulu koma frá einkafjárfestum. Ef um er að ræða fjárfestingarsjóði, sem sérhæfa sig í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, á svæðum sem njóta aðstoðar, skulu a.m.k. 30% af fjármagninu koma frá einkafjárfestum.

7. Til að tryggja að áhættufjármagnsráðstöfunin miði að hagnaði skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) viðskiptaáætlun skal liggja fyrir um hverja fjárfestingu þar sem fram koma nákvæmar upplýsingar um vöru, sölu og hagnaðarþróun og gerð er grein fyrir hagkvæmni verkefnisins fyrir fram og

b) fyrir hverja áætlun skal liggja fyrir skýr og raunhæf útgönguáætlun.

8. Til að tryggja að fjárfestingarsjóðnum sé stjórnað á viðskiptalegum grundvelli skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) samningur skal liggja fyrir milli faglegs sjóðsstjóra og aðila að sjóðnum, að því tilskildu að þóknun stjórnandans tengist frammistöðu og þar sem markmið sjóðsins eru skilgreind og fram kemur fyrirhuguð tímaáætlun fjárfestinganna og

b) einkafjárfestar skulu eiga fulltrúa í ákvörðunartöku, svo sem fyrir milligöngu fjárfestanefndar eða ráðgjafarnefndar, og

c) bestu starfsvenjur og lögboðið eftirlit gilda um stjórnun sjóða.

7. ÞÁTTUR

Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar

30. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „rannsóknarstofnun“: stofnun, t.d. háskóli eða rannsóknarstofa, óháð réttarstöðu (skipulögð í samræmi við opinberan rétt eða einkarétt) eða fjármögnunaraðferð, sem hefur að meginmarkmiði að leiða grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarf og miðla niðurstöðum sínum með kennslu, útgáfu eða tækniyfirfærslu. Allur hagnaður verður að vera endurfjárfestur í þessari starfsemi, miðlun niðurstaðna eða kennslu. Fyrirtæki, sem geta haft áhrif á slíka stofnun, t.d. í krafti stöðu sinnar sem hluthafar, eða aðilar að stofnuninni, skulu ekki hafa neinn forgang að rannsóknargetu slíkrar stofnunar eða að rannsóknarniðurstöðum hennar.

2. „grunnrannsóknir“: tilraunastarf eða fræðileg vinna sem fer fram fyrst og fremst til að afla nýrrar þekkingar á grundvallarþáttum fyrirbæra eða á áþreifanlegum staðreyndum, án þess að um sé að ræða sérstakan tilgang eða áform um notkun,

3. „iðnaðarrannsóknir“: skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem beinast að því að afla nýrrar þekkingar og færni til að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða til að koma í kring mikilvægum umbótum á vörum, ferlum eða þjónustu sem fyrir er. Þær taka til gerðar íhluta í flókin kerfi sem eru nauðsynlegir vegna iðnaðarrannsókna, nánar tiltekið vegna almennrar fullgildingar á tækni að frumgerðum undanskildum,

4. „þróunarstarf“: öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirliggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri viðeigandi þekkingu og kunnáttu til að gera áætlanir og ráðstafanir eða hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar vörur, ferla eða þjónustu. Þetta getur t.d. einnig tekið til annarrar starfsemi sem miðar að hugmyndalegri skilgreiningu, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu. Þessi starfsemi getur einnig tekið til vinnslu á drögum, teikningum, áætlunum og öðrum skjallegum gögnum að því tilskildu að þau séu ekki ætluð til notkunar í viðskiptum.

Þróun á frumgerðum og tilraunaverkefnum, sem hægt er að nota í viðskiptaskyni, telst einnig með þegar frumgerðin þarf að vera fullunnin verslunarvara og þegar of kostnaðarsamt er að framleiða hana til þess eins að nota til kynningar og fullgildingar. Ef um er að ræða kynningar- eða tilraunaverkefni, sem síðar verður notað í viðskiptum, verður að draga allar tekjur af þeirri notkun frá aðstoðarhæfum kostnaði.

Tilraunaframleiðsla og prófun vara, verkferlar og þjónusta geta einnig átt kost á aðstoð, að því tilskildu að það sé ekki hægt að nota þetta eða umbreyta til notkunar í iðnaði eða í viðskiptaskyni.

Þróunarstarf felur ekki í sér venju- eða reglubundnar breytingar á vörum, framleiðslulínum, framleiðsluferlum, þjónustu, sem fyrir er, og annarri yfirstandandi starfsemi, jafnvel þótt þessar breytingar geti talist til endurbóta,

5. „mjög menntað starfsfólk“: rannsakendur, verkfræðingar, hönnuðir og markaðsstjórar með menntun á háskólastigi og a.m.k. fimm ára viðeigandi faglega reynslu; doktorsnám getur talist sem viðeigandi fagleg reynsla,

6. „útsent starfsfólk“: tímabundin ráðning starfsfólks hjá aðstoðarþega í tiltekinn tíma, en að honum loknum hefur starfsfólk rétt til að snúa aftur til fyrri vinnuveitanda.

31. gr.

Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna

1. Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni ef hún uppfyllir skilyrði í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Sá hluti rannsóknar- og þróunarverkefnisins sem nýtur aðstoðar verður að öllu leyti að falla undir einn eða fleiri flokka eftirfarandi rannsóknarflokka:

a) grunnrannsóknir,

b) iðnaðarrannsóknir,

c) þróunarstarf.

Ef verkefnið tekur til mismunandi verkefna skal hvert verkefni skilgreint eins og það falli undir einn þeirra flokka sem taldir eru upp í fyrstu undirgrein eða eins og það falli ekki undir neinn þessara flokka.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir grunnrannsóknir,

b) 50% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir iðnaðarrannsóknir,

c) 25% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir þróunarstarf.

Aðstoðarhlutfall skal ákvarðað fyrir hvern aðstoðarþega, þ.m.t. í samstarfsverkefni, eins og kveðið er á um í i. lið b-liðar 4. mgr.

Ef um er að ræða aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis, sem unnið er í samstarfi milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja, má sameinuð aðstoð vegna beins ríkisstuðnings við tiltekið verkefni og, þar sem þau fela í sér aðstoð, framlög frá rannsóknarstofnunum til þess verkefnis ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutfall fyrir hvert fyrirtæki sem fær aðstoð.

4. Aðstoðarhlutfall fyrir iðnaðarrannsóknir og þróunarstarf í 3. mgr. má auka á eftirfarandi hátt:

a) ef aðstoð er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig og aðstoð, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og

b) heimilt er að bæta við 15 prósentustiga hækkun þar til hámarksaðstoðarhlutfallið nemur 80% af aðstoðarhæfum kostnaði ef

   i. verkefnið felur í sér samstarf a.m.k. tveggja fyrirtækja sem eru óháð hvort öðru og ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

      — ekkert eitt fyrirtæki stendur straum af meira en 70% af aðstoðarhæfum kostnaði við samstarfsverkefnið,

      — verkefnið felur í sér samstarf við a.m.k. eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða er unnið í a.m.k. tveimur aðildarríkjum eða

   ii. verkefnið felur í sér skilvirkt samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar og ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

      — rannsóknarstofnunin stendur straum af a.m.k. 10% af aðstoðarhæfum kostnaði við verkefnið og

      — rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður verkefnisins svo fremi þær megi rekja til rannsókna sem stofnunin framkvæmdi eða

   iii. ef um er að ræða iðnaðarrannsóknir, sé niðurstöðum verkefnisins dreift víða á tækni- og vísindaráðstefnum eða þær birtar í vísinda- og tæknitímaritum eða í opnum gagnasöfnum

(gagnagrunnum þar sem allir geta nálgast óunnin rannsóknargögn) eða um gjaldfrjálsan eða opinn hugbúnað.

Að því er varðar i. og ii. lið í b-lið fyrstu undirgreinar telst undirverktakastarfsemi ekki vera skilvirkt samstarf.

5. Eftirfarandi telst vera aðstoðarhæfur kostnaður:

a) starfsmannakostnaður (vísindamenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk sem vinnur að rannsóknarverkefninu),

b) kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja, aðstoðarhæfur,

c) kostnaður tengdur byggingum og landi, að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja, aðstoðarhæfur. Að því er varðar land er útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til í reynd, aðstoðarhæfur,

d) kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem eru fengin frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila og ekkert samráð á sér stað, sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina,

e) annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins,

f) annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til beint í kjölfar rannsóknarstarfseminnar.

6. Öllum aðstoðarhæfum kostnaði skal úthlutað til sérstaks flokks rannsóknar- og þróunarverkefna.

32. gr.

Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana

1. Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana, sem framkvæmdar eru í undirbúningsstarfi fyrir iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarf, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki 75% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarstarfsemi og 50% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir starfsemi á sviði þróunarstarfs,

b) að því er varðar stór fyrirtæki 65% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarstarfsemi og 40% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir starfsemi á sviði þróunarstarfs.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna rannsóknarinnar.

33. gr.

Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverkaréttar á sviði iðnaðar

1. Aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem tengist öflun og staðfestingu einkaleyfa og annars hugverkaréttar á sviði iðnaðar samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfall skal ekki fara yfir það aðstoðarhlutfall vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 31. gr., að því er varðar þá rannsóknarstarfsemi sem leiddi fyrst til þess hugverkaréttar á sviði iðnaðar sem um ræðir.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) allur kostnaður sem stofnað er til áður en réttindin eru veitt í fyrsta lögsagnarumdæminu, þ.m.t. kostnaður sem tengist undirbúningi, skjalavistun og meðferð umsóknarinnar, auk kostnaðar við endurnýjun umsóknarinnar áður en réttindin hafa verið veitt,

b) þýðing og annar kostnaður tengdur öflun eða staðfestingu réttindanna í öðrum lögsagnarumdæmum,

c) kostnaður við að verja lögmæti réttindanna meðan á opinberri meðferð umsóknarinnar stendur og hugsanlegri andmælameðferð, jafnvel þó að sá kostnaður verði til eftir að réttindin eru veitt.

34. gr.

Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða

1. Aðstoð til rannsókna og þróunar að því er varðar þær vörur sem taldar eru upp í I. viðauka við samninginn samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal njóta undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. þessarar greinar, séu uppfyllt.

2. Aðstoðin verður að vera í þágu hagsmuna allra rekstraraðila í þeim tiltekna geira eða undirgeira sem um ræðir.

3. Upplýsingar um þá rannsókn, sem verður framkvæmd og markmið hennar, skulu birtar á Netinu áður en rannsóknin hefst. Áætluð dagsetning væntanlegra niðurstaðna og birtingarstaður þeirra á Netinu, sem og ábending þess efnis að niðurstöðurnar fáist endurgjaldslaust, skal fylgja með.

Niðurstöður rannsóknarinnar skulu vera aðgengilegar á Netinu í a.m.k. 5 ár. Þær skulu birtar eigi síðar en þær upplýsingar sem heimilt er að veita aðilum að hvers konar samtökum.

4. Aðstoð skal veitt rannsóknarstofnun milliliðalaust og má ekki fela í sér neina aðstoð aðra en til rannsókna í þágu fyrirtækis sem framleiðir, vinnur eða markaðssetur landbúnaðarvörur, né veita framleiðendum slíkra vara verðstuðning.

5. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá kostnaður sem kveðið er á um í 5. mgr. 31. gr.

7. Aðstoð vegna rannsókna og þróunar í tengslum við vörur, sem eru taldar upp í I. viðauka við samninginn og uppfylla ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 30., 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar, séu uppfyllt.

35. gr.

Aðstoð við ung nýsköpunarfyrirtæki

1. Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið fyrirtæki sem hefur starfað a.m.k. í 6 ár þegar aðstoðin er veitt.

3. Rannsóknar- og þróunarkostnaður aðstoðarþega skal nema a.m.k. 15% af heildarrekstrarkostnaði á minnst einu ári af þremur áður en aðstoðin er veitt eða, þegar um er að ræða sprotafyrirtæki og ekki er um nein fullfrágengin reikningsskil að ræða, í endurskoðun á yfirstandandi reikningstímabili eins og vottað er af ytri endurskoðanda.

4. Aðstoðarfjárhæðin má ekki fara yfir 1 milljón evra.

Aðstoðarfjárhæðin skal þó ekki fara yfir 1,5 milljónir evra á svæðum, sem falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og 1,25 milljón evra, sem falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans.

5. Aðstoðarþegi getur eingöngu fengið aðstoð einu sinni á því tímabili sem það telst vera ungt nýsköpunarfyrirtæki.

36. gr.

Aðstoð vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar

1. Aðstoð vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrðin í 2. til 6. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

3. Aðstoðarfjárhæð skal ekki fara yfir 200 000 evrur að hámarki fyrir hvern aðstoðarþega á hverju þriggja ára tímabili.

4. Þjónustuveitandinn skal njóta góðs af innlendri eða evrópskri vottun. Njóti þjónustuveitandi ekki góðs af innlendri eða evrópskri vottun má aðstoðarhlutfall ekki fara yfir 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

5. Aðstoðarþegi verður að nota aðstoðina til þess að kaupa þjónustu á markaðsverði eða, ef þjónustuveitandinn er stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, á verði sem endurspeglar heildarkostnað hennar að viðbættri hæfilegri þóknun.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) að því er varðar ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar, kostnaður sem tengist: rekstrarráðgjöf, tækniaðstoð, þjónustu við tækniyfirfærslu, þjálfun, ráðgjöf vegna kaupa, verndar og viðskipta með hugverkarétt og vegna leyfissamninga og ráðgjafar um notkun á stöðlum,

b) að því er varðar stuðningsþjónustu á sviði iðnaðar, kostnaður í tengslum við: skrifstofurými, gagnabanka, tæknibókasöfn, markaðsrannsóknir, gæðamerkingu, prófun og vottun.

37. gr.

Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki

1. Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki frá rannsóknarstofnun eða stóru fyrirtæki til lítils eða meðalstórs fyrirtækis telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Starfsfólkið sem er fengið að láni má ekki koma í stað annars starfsfólks heldur skal það notað í nýstofnuð störf hjá fyrirtækinu, sem nýtur aðstoðar, og verður að hafa starfað í a.m.k. tvö ár í rannsóknarstofnuninni eða stórfyrirtækinu sem sendir fólk til starfa.

Starfsfólkið, sem er fengið að láni, verður að vinna að rannsóknum, þróun og nýsköpun innan þess litla eða meðalstóra fyrirtækis sem fær aðstoðina.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði í mest 3 ár á hvert fyrirtæki og hvern einstakling sem er fenginn að láni.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera allur starfsmannakostnaður í tengslum við lán á og ráðningu á mjög hæfu starfsfólki, þ.m.t. kostnaður við að leita aðstoðar hjá ráðningarskrifstofu og að greiða ferðakostnað þess starfsfólks sem er fengið að láni.

5. Þessi grein gildir ekki um ráðgjafarkostnað sem um getur í 26. gr.

8. ÞÁTTUR

Aðstoð til menntunar

38. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „sérmenntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist beinlínis og fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmanns í fyrirtæki og veitir hæfni sem er ekki eða aðeins að litlu leyti yfirfæranleg á önnur fyrirtæki eða starfssvið,

2. „almenn menntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist ekki eingöngu eða fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmanns í fyrirtæki en veitir hæfni sem er að miklu leyti yfirfæranleg á önnur fyrirtæki eða starfssvið. Menntun telst vera „almenn“ ef hún er t.d.:

   a) skipulögð sameiginlega af nokkrum sjálfstæðum fyrirtækjum eða ef starfsmenn mismunandi fyrirtækja geta aflað sér þessarar menntunar,

   b) viðurkennd, vottuð eða metin af opinberum yfirvöldum eða aðilum eða af öðrum aðilum eða stofnunum sem aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur veitt nauðsynlegt umboð á þessu sviði.

39. gr.

Aðstoð til menntunar

1. Aðstoð til menntunar telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 25% af aðstoðarhæfum kostnaði við sérmenntun og

b) 60% af aðstoðarhæfum kostnaði við almenna menntun.

Þó er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um mest 80% af aðstoðarhæfum kostnaði sem hér segir:

a) um 10 prósentustig ef menntunin er veitt illa stöddum starfsmönnum,

b) um 10 prósentustig ef aðstoðin er veitt meðalstórum fyrirtækjum og um 20 prósentustig ef aðstoðin er veitt litlum fyrirtækjum.

Þegar aðstoð er veitt í sjóflutningageiranum getur hlutfallið orðið 100% hvort sem menntunarverkefnið snertir sérmenntun eða almenna menntun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) sá sem fær menntunina skal ekki vera virkur áhafnarmeðlimur heldur skal hann vera aukamaður um borð og

b) menntunin skal fara fram um borð í skipum sem eru skráð í Bandalaginu.

3. Í tilvikum þar sem bæði sérmenntun og almenn menntun eru þættir í aðstoðarverkefninu, sem ekki er hægt að aðskilja við útreikning á hlutfalli aðstoðarinnar, og í tilvikum þar sem ekki er unnt að skera úr um hvort um er að ræða sérmenntun eða almenna menntun, skal hlutfallið, sem gildir fyrir sérmenntun, gilda.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður við menntunarverkefni skal vera:

a) starfsmannakostnaður vegna kennara,

b) ferðakostnaður kennara og nemenda, þ.m.t. vegna gistingar,

c) annar tilfallandi kostnaður, s.s. efni og búnaður sem tengist beint verkefninu,

d) afskriftir af tækjum og búnaði sem er einungis notaður í menntunarverkefninu,

e) kostnaður við leiðbeiningar- og ráðgjafarþjónustu viðvíkjandi menntunarverkefninu,

f) starfsmannakostnaður vegna lærlings (stjórnsýslukostnaður, leiga, óbeinn kostnaður) allt að heildarfjárhæð annars styrkhæfs kostnaðar samkvæmt liðum a til e. Einungis má reikna þann tíma sem lærlingur stundar í raun nám, að frádregnum virkum vinnustundum við framleiðslu eða samsvarandi.

9. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna

40. gr.

Aðstoð vegna ráðningar illa settra eða fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks

1. Aðstoðarkerfi vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrks teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef þau uppfylla skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera launakostnaður á 12 mánaða tímabili í kjölfar ráðningar.

Ef starfsmaður er verulega illa settur skal aðstoðarhæfur kostnaður vera launakostnaður á mest 24 mánaða tímabili í kjölfar ráðningar.

4. Ef ráðningin felur ekki í sér nettófjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð, miðað við meðaltal undanfarinna tólf mánaða, skal staðan eða stöðurnar hafa losnað vegna brottfarar af frjálsum vilja, starfsloka á grundvelli aldurs, styttingar á vinnutíma af frjálsum vilja eða lögmætrar uppsagnar vegna misferlis en ekki vegna almennra uppsagna.

5. Illa settur starfsmaður skal eiga rétt á samfelldri atvinnu í samfelldan lágmarkstíma í samræmi við viðkomandi landslög eða kjarasamninga sem gilda um ráðningarsamninga nema þegar um er að ræða lögmæta uppsögn vegna misferlis.

Ef ráðningartíminn er styttri en 12 mánuðir eða 24 mánuðir, eftir atvikum, skal lækka aðstoðina hlutfallslega í samræmi við það.

41. gr.

Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks

1. Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera launakostnaður á tilteknu tímabili meðan hinn fatlaði einstaklingur starfar.

4. Ef ráðningin felur ekki í sér hreina fjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð, miðað við meðaltal undanfarinna tólf mánaða, skal staðan eða stöðurnar hafa losnað vegna brottfarar af frjálsum vilja, starfsloka á grundvelli aldurs, styttingar á vinnutíma af frjálsum vilja eða lögmætrar uppsagnar vegna misferlis en ekki vegna almennra uppsagna.

5. Starfsmenn skulu eiga rétt á samfelldri atvinnu í samfelldan lágmarkstíma í samræmi við viðkomandi

landslög eða kjarasamninga sem gilda um ráðningarsamninga nema þegar um er að ræða lögmæta uppsögn vegna misferlis.

Ef ráðningartíminn er styttri en 12 mánuðir skal lækka aðstoðina hlutfallslega í samræmi við það.

42. gr.

Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu

1. Aðstoð sem er veitt til að bæta upp aukakostnað við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera annar kostnaður en launakostnaður sem fellur undir 41. gr. sem er umfram þann kostnað sem styrkþegi hefði þurft að greiða vegna ófatlaðra starfsmanna þann tíma sem fatlaðir starfsmenn eru við störf.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) kostnaður við aðlögun húsnæðis,

b) kostnaður við að hafa í vinnu fólk sem starfar eingöngu við að aðstoða fatlaða starfsmenn,

c) kostnaður við að aðlaga eða kaupa búnað, eða kaupa viðurkenndan hugbúnað sem fatlaðir starfsmenn geta notað, þ.m.t. aðlagaður tæknibúnaður eða tæknileg hjálpartæki, sem er umfram þann kostnað sem aðstoðarþegi hefði þurft að greiða vegna ófatlaðra starfsmanna þann tíma sem fatlaðir starfsmenn eru við störf.

d) ef aðstoðarþegi fær starfsmann í starf með verndaðri vinnuaðstöðu, kostnaður við að byggja, setja upp eða stækka viðkomandi starfsstöð svo og allur stjórnsýslu- og flutningskostnaður vegna fatlaðra starfsmanna.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

43. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1628/2006 er felld úr gildi.

Líta ber á allar tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina og reglugerð (EB) nr. 68/2001, reglugerð (EB) nr. 70/2001 og reglugerð (EB) nr. 2204/2002 sem tilvísanir í þessa reglugerð.

44. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Þessi reglugerð gildir um staka aðstoð sem var veitt áður en hún öðlaðist gildi, uppfylli aðstoðin öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að undanskilinni 9. gr.

2. Öll aðstoð, sem er veitt fyrir 31. desember 2008, sem uppfyllir ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, en uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 68/2001, reglugerð (EB) nr. 70/2001, reglugerð (EB) nr. 2204/2002 eða reglugerð (EB) nr. 1628/2006, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

Alla aðra aðstoð, sem er veitt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sem uppfyllir hvorki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð né skilyrðin, sem mælt er fyrir um í einni reglugerðanna, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal framkvæmdastjórnin meta í samræmi við gildandi ramma, viðmiðunarreglur, orðsendingar og auglýsingar.

3. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu öll aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma, að undanskildum svæðisbundnum aðstoðarkerfum. Undanþága vegna aðstoðarkerfa rennur út á þeim degi sem gildistímabil samþykkts korts yfir svæðisbundna aðstoð rennur út.

45. gr.

Gildistaka og gildissvið

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 31. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skilgreining á litlu og meðalstóru fyrirtæki

1. gr.

Fyrirtæki

Fyrirtæki er aðili sem stundar atvinnustarfsemi, óháð því hvert rekstrarform þess er að lögum. Þetta tekur einkum til sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldufyrirtækja sem fást við handverk eða aðra starfsemi og sameignarfélaga eða samtaka sem stunda atvinnustarfsemi að staðaldri.

2. gr.

Fjöldi starfsfólks og viðmiðunarmörk sem ákvarða flokkun fyrirtækja

1. Flokkur örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja nær til fyrirtækja sem hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra.

2. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 50 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 10 milljónir evra.

3. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru örfyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra.

3. gr.

Tegundir fyrirtækja sem mið er tekið af við útreikning starfsmannafjölda og fjárhæða

1. „Óháð fyrirtæki“ er fyrirtæki sem ekki er flokkað sem hlutdeildarfyrirtæki í skilningi 2. mgr. eða sem tengt fyrirtæki í skilningi 3. mgr.

2. „Hlutdeildarfyrirtæki“ eru öll fyrirtæki sem ekki eru flokkuð sem tengd fyrirtæki í skilningi 3. mgr. og þar sem eftirfarandi vensl eru til staðar: fyrirtæki (aðliggjandi fyrirtæki) sem eiga, annaðhvort ein eða ásamt einu eða fleiri tengdum fyrirtækjum í skilningi 3. mgr., 25% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti í öðru fyrirtæki (fráliggjandi fyrirtæki).

Þó má flokka fyrirtæki sem óháð, og líta svo á að það eigi ekki hlutdeildarfyrirtæki, jafnvel þótt þessum 25% mörkum sé náð eða farið yfir þau, ef um er að ræða eftirfarandi fjárfesta, svo fremi þeir séu ekki tengdir fyrirtækinu, sem um ræðir, í skilningi 3. mgr., annaðhvort einir eða sameiginlega:

a) opinber fjárfestingarfélög, áhættufjármagnsfélög, einstaklinga eða hópa einstaklinga sem stunda reglulega áhættufjárfestingarstarfsemi og fjárfesta fyrir eigið fé í óskráðum fyrirtækjum (viðskiptaenglar) svo fremi heildarfjárfesting þessara fjárfesta í sama fyrirtækinu sé innan við 1 250 000 evrur,

b) háskóla eða rannsóknarmiðstöðvar sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni,

c) stofnanafjárfesta, þ.m.t. byggðaþróunarsjóðir,

d) óháð staðaryfirvöld með árlega fjárveitingu sem er lægri en 10 milljónir evra og þar sem íbúar eru færri en 5 000.

3. „Tengd fyrirtæki“ eru fyrirtæki sem tengjast hvert öðru á einhvern eftirfarandi hátt:

a) fyrirtæki ræður meirihluta atkvæða hluthafa eða félaga í öðru fyrirtæki,

b) fyrirtæki hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta manna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn annars fyrirtækis,

c) fyrirtæki hefur yfirráð yfir öðru fyrirtæki samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við það fyrirtæki eða ákvæðum í stofnsamþykktum þess,

d) fyrirtæki, sem er hluthafi eða félagi í öðru fyrirtæki, ræður eitt meirihluta atkvæða hluthafanna eða félaganna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að ekki sé um að ræða yfirráð ef fjárfestarnir, sem taldir eru upp í annarri undirgrein 2. mgr., taka ekki beinan eða óbeinan þátt í stjórnun fyrirtækisins sem um er að ræða, með fyrirvara um réttindi þeirra sem hagsmunaaðila.

Fyrirtæki, sem tengjast á einhvern þann hátt sem lýst er í fyrstu undirgrein í gegnum eitt eða fleiri önnur fyrirtæki eða einhvern af fjárfestunum, sem lýst er í 2. mgr., teljast einnig tengd.

Fyrirtæki, sem tengjast á þennan hátt í gegnum einstakling, eða hóp einstaklinga, sem starfa saman, teljast líka tengd fyrirtæki ef þau stunda starfsemi sína eða hluta starfsemi sinnar á sama viðkomandi markaði eða á aðliggjandi mörkuðum.

„Aðliggjandi markaður“ er markaður fyrir vöru eða þjónustu sem liggur að eða frá viðkomandi markaði.

4. Ekki er hægt að líta svo á að fyrirtæki sé lítið eða meðalstórt ef 25% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé þess er stjórnað beint eða óbeint af einum eða fleiri opinberum aðilum, ýmist einum aðila eða nokkrum í sameiningu, nema í þeim tilvikum sem sett eru fram í annarri undirgrein 2. mgr.

5. Fyrirtæki geta gefið út stöðuyfirlýsingu með gögnum um mörkin, sem sett eru fram í 2. gr., þar sem fram kemur hvort þau eru óháð fyrirtæki, hlutdeildarfyrirtæki eða tengd fyrirtæki. Yfirlýsinguna má gefa út jafnvel þótt fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé unnt að ákvarða eignarhald á því, og getur þá fyrirtækið lýst því yfir í góðri trú að hægt sé með réttu að álykta að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða í sameign margra fyrirtækja sem tengjast. Slíkar yfirlýsingar eru gefnar út með fyrirvara um eftirlit og rannsóknir sem kveðið er á um í innlendum reglum eða reglum Bandalagsins.

4. gr.

Gögn sem notuð eru við útreikning á fjölda starfsfólks, fjárhæðum og viðmiðunartímabili

1. Gögnin um útreikning á fjölda starfsfólks og fjárhæða eru þau sem varða síðasta samþykkta reikningsskilatímabil og eru reiknuð á ársgrundvelli. Tekið er mið af þeim frá þeirri dagsetningu þegar uppgjörinu er lokað. Fjárhæðin, sem valin er fyrir veltuna, er reiknuð án virðisaukaskatts og annarra óbeinna skatta.

2. Ef fyrirtæki uppgötvar, þann dag sem uppgjöri er lokað, að það hefur á ársgrundvelli farið yfir eða fallið niður fyrir mörkin um fjölda starfsfólks eða fjárhagsmörkin, sem sett eru fram í 2. gr., leiðir það ekki til þess að það öðlist eða tapi stöðu örfyrirtækis, lítils eða meðalstórs fyrirtækis nema farið sé yfir þau mörk tvö samfelld reikningsskilatímabil.

3. Þegar um er að ræða nýlega stofnuð fyrirtæki, þar sem uppgjör hefur enn ekki verið samþykkt, skulu gögnin fengin úr áreiðanlegu mati sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.

5. gr.

Fjöldi starfsfólks

Fjöldi starfsfólks samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda einstaklinga sem unnu fullt starf í viðkomandi fyrirtæki eða á vegum þess allt viðmiðunarárið sem um ræðir. Störf einstaklinga, sem hafa ekki unnið allt árið, eða unnið í hlutastarfi, hvort sem það er lengur eða skemur, og árstíðabundins starfsfólks, reiknast sem brot af ársverkum. Til starfsfólks teljast:

a) launþegar,

b) einstaklingar sem starfa fyrir fyrirtækið, aðrir en yfirmenn þess, og sem teljast starfsfólk samkvæmt landslögum,

c) eigendur sem stjórna,

d) aðilar sem stunda reglulega starfsemi í fyrirtækinu og njóta fjárhagslegs ávinnings af fyrirtækinu.

Lærlingar eða nemendur í starfsþjálfun á námssamningi eða á starfsþjálfunarsamningi teljast ekki til starfsfólks. Sá tími sem varið er til fæðingar- og foreldraorlofs reiknast ekki með.

6. gr.

Ákvörðun gagna fyrirtækis

1. Þegar um er að ræða óháð fyrirtæki eru gögnin, þ.m.t. fjöldi starfsfólks, eingöngu ákvörðuð á grundvelli uppgjörs fyrirtækisins.

2. Gögn fyrirtækis, þ.m.t. fjöldi starfsfólks, sem á hlutdeildarfyrirtæki eða tengd fyrirtæki, eru ákvörðuð á grundvelli uppgjörs og annarra gagna fyrirtækisins eða samstæðureikninga þess, séu þeir fyrir hendi, eða samstæðureikninga þar sem gögn fyrirtækisins koma fram sem hluti af samstæðureikningum.

Við gögnin, sem um getur í fyrstu undirgrein, bætast gögn hlutdeildarfyrirtækja viðkomandi fyrirtækis sem liggja að því eða frá því. Samsöfnun er í réttu hlutfalli við hlutdeild í eigin fé eða atkvæðisrétti (eftir því hvort er hærra). Þegar um er að ræða gagnkvæma eignarhlutdeild gildir hærri hlutfallstalan.

Við gögnin, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, bætast 100% gagna allra fyrirtækja sem tengjast beint eða óbeint viðkomandi fyrirtæki ef þau gögn eru ekki þegar hluti af uppgjörinu sem hluti af samstæðureikningum.

3. Að því er varðar beitingu 2. mgr. eru gögn hlutdeildarfyrirtækja viðkomandi fyrirtækis fengin úr uppgjöri þeirra og öðrum gögnum, eða úr samstæðureikningum, séu þeir fyrir hendi. Við þau bætast 100% gagna fyrirtækja sem eru tengd þessum hlutdeildarfyrirtækjum nema gögnin úr uppgjöri þeirra séu þegar hluti af samstæðureikningum.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. skal taka gögn fyrirtækja sem eru tengd viðkomandi fyrirtæki úr uppgjöri þeirra og öðrum gögnum, eða úr samstæðureikningum séu þeir fyrir hendi. Við þetta bætast í réttu hlutfalli gögn hugsanlegra aðliggjandi eða fráliggjandi hlutdeildarfyrirtækja tengda fyrirtækisins nema þau hafi þegar verið tekin inn í samstæðureikningana í hlutfalli sem er a.m.k. jafnt hlutfallinu sem getið er í annarri undirgrein 2. mgr.

4. Þegar engin gögn um starfsfólk tiltekins fyrirtækis birtast í samstæðureikningum er fjöldi starfsfólks reiknaður með því að safna saman, í réttum hlutföllum, gögnunum frá hlutdeildarfyrirtækjum þess og með því að bæta við gögnunum frá fyrirtækjunum sem viðkomandi fyrirtæki tengist.

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem veittar eru fyrir aðstoð vegna rannsókna og þróunar samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr.

1. Aðstoð í þágu (heiti fyrirtækis (fyrirtækja) sem fær aðstoðina, lítið og meðalstórt fyrirtæki eða ekki):

2. Tilvísun aðstoðarkerfis (vísun framkvæmdastjórnarinnar í það eða þau fyrirliggjandi kerfi sem veitt aðstoð fellur undir):

3. Opinber stofnun/stofnanir sem veita aðstoðina (nafn og tengiliðir þess yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina):

4. Aðildarríki þar sem verkefni eða ráðstöfun, sem nýtur aðstoðar, er hrundið í framkvæmd:

5. Tegund aðstoðarkerfis eða ráðstöfunar:

6. Stutt lýsing á verkefni eða ráðstöfun:

7. Ef við á, aðstoðarhæfur kostnaður (í evrum):

8. Núvirði aðstoðarfjárhæðar (vergt) í evrum:

9. Aðstoðarhlutfall (prósentur af vergu styrkígildi)

10. Skilyrði háð greiðslum áformaðrar aðstoðar (ef um þau er að ræða).

11. Áætluð upphafs- og lokadagsetning verkefnis eða ráðstöfunar.

12. Dagsetning þegar aðstoð var veitt.

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem veittar eru fyrir aðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem um getur í 4. mgr. 9. gr.

1. Aðstoð í þágu (heiti fyrirtækis (fyrirtækja) sem fær aðstoðina).

2. Tilvísun aðstoðarkerfis (tilvísun framkvæmdastjórnarinnar í það eða þau fyrirliggjandi kerfi sem veitt aðstoð fellur undir).

3. Opinber stofnun/stofnanir sem veita aðstoðina (heiti og tengiliðir þess yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina).

4. Aðildarríki þar sem fjárfestingin á sér stað.

5. Svæði (3. stig í flokkun hagskýrslusvæða NUTS 3) þar sem fjárfestingin á sér stað.

6. Sveitarfélag (áður 5. stig í flokkun hagskýrslusvæða, nú LAU 2) þar sem fjárfestingin á sér stað.

7. Tegund verkefnis (stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar sem fyrir er, aukin fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreytingu í heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar).

8. Framleiddar vörur eða þjónusta veitt á grundvelli fjárfestingarverkefnisins (með vöruskrá Evrópubandalaganna/atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna eða vöruflokkun Evrópubandalagsins fyrir verkefni í þjónustugeiranum).

9. Stutt lýsing á fjárfestingarverkefni.

10. Núvirði aðstoðarhæfs kostnaðar við fjárfestingarverkefni (í evrum).

11. Núvirði aðstoðarfjárhæðar (vergt) í evrum.

12. Aðstoðarhlutfall (% í núverandi jafngildi vergs styrks).

13. Skilyrði háð greiðslum áformaðrar aðstoðar (ef um þau er að ræða).

14. Áætluð upphafs- og lokadagsetning verkefnis.

15. Dagsetning þegar aðstoð var veitt.

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.

Látið í té umbeðnar upplýsingar hér að neðan:

I. HLUTI

Tilvísun í aðstoð	*(framkvæmdastjórnin fyllir út)*	
Aðildarríki		
Tilvísunarnúmer aðildarríkis		
Svæði	Heiti svæðisins (flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([1])	Staða svæðisbundinnar aðstoðar ([2])
Úthlutunaryfirvald	Heiti	
	Heimilisfang Vefsíða	
Heiti aðstoðarráðstöfunarinnar		
Landsbundinn lagagrundvöllur Upplýsingar um viðkomandi landsbundna útgáfu		
Vefslóð að óstyttum texta aðstoðarráðstöfunarinnar		
Tegund aðstoðar	Kerfi	
	Sérstök aðstoð	Heiti aðstoðarþega
Breyting á gildandi aðstoðarráðstöfun		Aðstoðarnúmer framkvæmdastjórnarinnar
	Framlenging	
	Breytingar	
Gildistími ([3])	Kerfi	dd/mm/áá til dd/mm/áá
Dagsetning úthlutunar ([4])	Sérstök aðstoð	dd/mm/áá

Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á að fá aðstoð		
	Takmarkað við tilteknar atvinnugreinar — Tilgreinið í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. ([5])		
Tegund þiggjanda aðstoðar	Lítil og meðalstór fyrirtæki		
	Stór fyrirtæki		
Fjárhagsáætlun	Árleg fjárhæð áætlaðrar heildarfjárhæðar fjárveitingarinnar samkvæmt kerfinu ([6])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
	Heildarfjárhæð sérstakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt ([7])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
	Ábyrgðir ([8])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
Tegund aðstoðar (5. gr.)	Styrkur		
	Vaxtastyrkir		
	Lán		
	Ábyrgðir/Tilvísun í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ([9])		
	Skattaráðstafanir		
	Áhættufjármagn		
	Fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða		
	Annað (tilgreinið)		
Ef fjármagnað er að hluta úr sjóðum Bandalagsins	Tilvísun	Fjárhæð framlags Bandalagsins	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)

([1]) NUTS — Flokkun hagskýrslusvæða.

([2]) Ákvæði a-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, blönduð svæði og svæði sem ekki eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð.

([3]) Tímabilið þegar yfirvald aðstoðarinnar getur veitt aðstoðina.

([4]) Líta skal svo á að lágmarksaðstoð sé veitt á þeim tíma sem aðstoðarþegi öðlast lagalegan rétt til slíkrar aðstoðar samkvæmt gildandi lagareglum viðkomandi ríkis.

([5]) NACE, 2. endursk. — Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.

([6]) Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: Tilgreina skal árlega áætlaða heildarfjárhæð fjárveitingar samkvæmt kerfinu eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem til eru í kerfinu.

([7]) Þegar um er að ræða staka aðstoð skal tilgreina heildarfjárhæð/skattatap.

([8]) Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.

([9]) Eftir því sem við á skal vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem hún samþykkir aðferðina við að reikna vergt styrkígildi, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

II. HLUTI

Tilgreina skal ákvæði í reglugerð um almenna hópundanþágu sem veitt aðstoð fellur undir.

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu ([1]) (13. gr.)	Kerfi	… %	
	Sérstök aðstoð (1. mgr. 13. gr.)	… %	
Aðstoð til nýstofnaðra lítilla fyrirtækja (14. gr.)		… %	
Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (15. gr.)		… %	
Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað (16. gr.)		… %	
Aðstoð til umhverfisverndar (17.–25. gr.)	Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi (18. gr.) Vísa skal sérstaklega í viðeigandi staðal	… %	
	Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðla að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi (19. gr.)	… %	
	Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar (20. gr.)	… %	
	Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar (21. gr.)	… %	
	Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni (22. gr.)	… %	

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)		Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
	Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (23. gr.)		… %	
	Aðstoð til umhverfisrannsókna (24. gr.)		… %	
	Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum (25. gr.)		… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum (26.–27. gr.)	Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (26. gr.)		… %	
	Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum (27. gr.)		… %	
Aðstoð í formi áhættufjármagns (28.–29. gr.)			… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð til umhverfisverndar (30.–37. gr.)	Aðstoð til rannsókn-ar- og þróunar-verkefna (31. gr.)	Grunnrannsóknir (a-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
		Iðnaðarrannsóknir (b-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
		Þróunarstarf (c-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
	Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana (32. gr.)		… %	
	Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverka-réttar á sviði iðnaðar (33. gr.)		… %	
	Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða (34. gr.)		… %	
	Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja (35. gr.)		… í innlendum gjaldmiðli	
	Aðstoð til ráðgjafarþjónustu við nýsköpun og til stoðþjónustu við nýsköpun (36. gr.)		… í innlendum gjaldmiðli	

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
	Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki (37. gr.)	… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð til menntunar (38.–39. gr.)	(Sérmenntun (1. mgr. 38. gr.)	… %	
	(Almenn menntun (2. mgr. 38. gr.)	… %	
Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna (40.–42. gr.)	Aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrkja (40. gr.)	… %	
	Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja (41. gr.)	… %	
	Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu (42. gr.)	… %	

([1]) Þegar um er að ræða sérstaka svæðisaðstoð umfram aðstoð sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi/-kerfum skal tilgreina bæði aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu og hlutfall sérstöku aðstoðarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta kveður á um heildastæða lagasetningu sem ætlað er að mynda ramma utan um hvaða ívilnanir stjórnvöldum, og eftir atvikum sveitarfélögum, er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Er frumvarpið afrakstur vinnu tveggja starfshópa á vegum iðnaðarráðherra og tekur mið af fyrirkomulagi ívilnana til nýfjárfestinga í öðrum ríkjum Evrópu.

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, frá maí 2009, segir að lögð verði „áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum“ og til að ná góðum og jöfnum hagvexti, sem sé forsenda fyrir nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi, þurfi að „stuðla að beinum erlendum fjárfestingum“. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er að finna nánari útfærsla á þessum áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar að því er varðar eflingu nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Markmið frumvarpsins er að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi með því að tilgreina með gegnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingarverkefna. Með frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi og samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA eftir því sem þörf hefur verið metin á í hvert skipti. Hefur það fyrirkomulag reynst þungt í vöfum, ómarkvisst og ekki boðið upp á nægjanlegan sveigjanleika til að mæta ólíkum fjárfestingarverkefnum. Í stað þessa fyrirkomulags er, með þeirri rammalöggjöf sem hér er mælt fyrir um, lagt til að fyrir fram liggi fyrir hvaða ívilnandi kjör bjóðast vegna nýfjárfestinga hér á landi og þannig með gegnsæjum og markvissum hætti reynt að auka möguleika á því að fá til landsins fjölbreytta og jákvæða nýfjárfestingu. Víða í nágrannaríkjum Íslands eru sambærilegar ívilnanir og þær sem kveðið er á um í frumvarpinu

í boði og væri því með slíkri lagasetningu verið að efla samkeppnishæfni Íslands hvað erlenda fjárfestingu varðar og gera Íslandi betur kleift að nýta þá sérstöðu sem landið hefur í alþjóðlegu tilliti. Verði frumvarpið að lögum er að sama skapi ferlið við gerð fjárfestingarsamninga stytt og einfaldað þar sem ekki yrði lengur þörf á sértækum heimildarlögum frá Alþingi og sérstöku samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir hvert einstakt fjárfestingarverkefni.

Með frumvarpinu er lagt til ákveðið ríkisaðstoðarkerfi sem er háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Er lagt til að lögin verði tímabundin til 31. desember 2013. Er sú dagsetning lögð til þar sem á sama tíma fellur úr gildi núgildandi byggðakort fyrir Ísland sem afmarkar heimildir íslenskra stjórnvalda til að veita byggðaaðstoð. Að auki eru aðrar þær heimildir til veitingar ríkisaðstoðar sem frumvarpið vísar til í stöðugri endurskoðun af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA. Þykir því eðlilegt að lögin séu tímabundin og að við lok gildistíma þeirra fari fram endurskoðun á lögunum, m.a. með hliðsjón af því hvernig til hafi tekist og þeim reglum sem gilda um ríkisaðstoð frá og með árinu 2014.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarp þetta er gerð nánari grein fyrir forsögu frumvarpsins, fyrri framkvæmd í tengslum við ívilnanir vegna fjárfestinga, samanburði við önnur ríki Evrópu, efnislegu innihaldi frumvarpsins og framkvæmdar- og stjórnsýslulegum atriðum þess.

1. Aðdragandi frumvarpsins.

Á fundi ríkisstjórnar 18. janúar 2008 var ákveðið að skipa starfshóp til að meta heildarávinning þess fyrir ríki og sveitarfélög ef fjárfestum í atvinnurekstri yrðu boðnar ívilnanir í þeim tilgangi að efla íslenskt atvinnulíf. Starfshópinn skipuðu Sveinn Þorgrímsson iðnaðarráðuneyti sem jafnframt var formaður, Andrés Svanbjörnsson iðnaðarráðuneyti, Elísabet Sigurðardóttir forsætisráðuneyti, Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hanna Dóra Hólm Másdóttir iðnaðarráðuneyti, Ingvi Már Pálsson fjármálaráðuneyti, Margrét Sæmundsdóttir viðskiptaráðuneyti, Snorri Björn Sigurðsson Byggðastofnun, Stefanía Traustadóttir samgönguráðuneyti og Þórður H. Hilmarsson Fjárfestingarstofu. Var skýrsla þess starfshóps lögð fram til kynningar á fundi ríkisstjórnar þann 29. maí 2009 en hún byggist m.a. á mati á ívilnunum annarra þjóða, svo sem Írlands, Wales, Ungverjalands og Kanada, og heimildum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í skýrslunni kemur fram að helstu ívilnanir sem metnar voru og talið var að gætu hentað Íslandi væru:

– ívilnanir á grundvelli hefðbundinna fjárfestingarsamninga,
– framkvæmdastyrkir í upphafi (stofnívilnanir),
– tímabundinn skattaafsláttur,
– hliðrun á afskriftarreglum,
– styrkir til þjálfunar starfsfólks,
– ívilnanir vegna rannsókna og þróunar,
– hlutafjárframlag.

Með vísan til framangreinds voru tillögur starfshópsins eftirfarandi:

1. Ráðist verði í nákvæma og ítarlega lagasetningu sem er forsenda þess að koma á kerfi fyrir markvissa beitingu ívilnana til að örva fjárfestingu á Íslandi.
2. Arðsemisútreikningar verði notaðir við mat á áhrifum mismunandi ívilnana og verði Fjárfestingarstofunni falið að annast matið í samráði við fjármálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

3. Ívilnanir verði því aðeins boðnar ef arðsemisútreikningar sýna ávinning fyrir Ísland, þ.m.t. samfélagslegan ávinning.
4. Ávinningur verði reiknaður út fyrir mismunandi ívilnanir allt að því hámarki sem EES-samningurinn segir til um.

Á grundvelli framangreindrar skýrslu og með vísan til samstarfsyfirlýsingar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var ákveðið á fundi ríkisstjórnarinnar 29. maí 2009 að skipa annan starfshóp til að útfæra tillögur um beitingu ívilnana til að örva fjárfestingar hér á landi og skyldi sá starfshópur skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps fyrir lok árs 2009. Þann starfshóp skipuðu Ingvi Már Pálsson iðnaðarráðuneyti sem jafnframt var formaður, Þóra M. Hjaltested efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Indriði H. Þorláksson fjármálaráðuneyti og Þórður H. Hilmarsson Fjárfestingarstofu.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er afrakstur vinnu framangreinds starfshóps. Til viðbótar við framangreinda skýrslu kannaði starfshópurinn nánar hvernig fyrirkomulag ívilnana til nýfjárfestinga í öðrum ríkjum Evrópu er háttað og átti starfshópurinn m.a. fund með Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar sem farið var yfir hvaða takmarkanir samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið setur íslenskum stjórnvöldum þegar kemur að slíkum ívilnunum. Að auki hafði starfshópurinn samráð við ýmsa aðila sem að þessum málum koma.

2. Yfirlit yfir veitingu ívilnana vegna fjárfestinga á Íslandi.

Almennt má segja að veiting ívilnana vegna fjárfestinga hér á landi hafi í gegnum tíðina verið ómarkviss og takmörkuð, a.m.k. í samanburði við það sem þekkist í nágrannaríkjum Íslands. Eftirfarandi dæmi má nefna um sértækar ívilnanir sem veittar hafa verið vegna einstakra framkvæmda.

2.1 Álver í Straumsvík.

Sértækar lögbundnar ívilnanir fyrir erlenda fjárfestingu má rekja allt aftur til ársins 1966 þegar íslenska ríkið gerði samning við Swiss Aluminium Ltd, sbr. lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. Í þeim lögum var kveðið á um frávik frá almennum skattareglum. Þau frávik eru ekki lengur í gildi þar sem fyrirtækið fór árið 2006, að eigin ósk, yfir í hið almenna íslenska skattakerfi. Ástæðan var m.a. sú að viðskiptaumhverfið var þá orðið mun samkeppnishæfara en áður og hafði tekið slíkum breytingum til bóta að stjórnendur álversins töldu hagstæðara að laga sig að íslenskum skattalögum.

2.2 Járnblendiverksmiðja á Grundartanga.

Með lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, var staðfestur samningur milli ríkisins og Elkem-Spigerverket A/S um verksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárni. Í þeim lögum, og aðalsamningi, er að finna ýmis frávik frá almennum skattareglum og því um sértæka ívilnun fyrir erlenda fjárfestingu að ræða.

2.3 Áliðnaður eftir 1997 (álver á Grundartanga, í Reyðarfirði og í Helguvík).

Með lögum nr. 62/1997m um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, og lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík, er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera fjárfestingarsamninga við þar tilgreind félög sem stofnuð eru í þeim tilgangi að reisa og reka álver á viðkomandi stöðum. Samkvæmt þessum fjárfestingarsamningum og heimildarlögum

skulu viðkomandi álver greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi nema að því leyti sem á annan veg er mælt í fjárfestingarsamningunum og heimildarlögunum. Í viðkomandi lögum er síðan með tæmandi hætti talið upp hvaða frávik, skattaleg sem önnur, gilda fyrir viðkomandi félög. Þessir þrír fjárfestingarsamningar eru í stórum dráttum sambærilegir, jafnt efnislega sem formlega. Í stuttu máli snúa þau frávik sem í þeim eru, þ.e. ívilnanir, að eftirfarandi þáttum: Trygging að tekjuskattshlutfall verði ekki hærra en ákveðin prósenta á gildistíma samningsins (15% í tilfelli Helguvíkur en 18% í tilfelli hinna eldri). Heimild til að fyrna eignir að fullu. Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi, markaðsgjaldi og rafmagnsöryggisgjaldi. Sérreglur varðandi stimpilgjöld, skipulagsgjald og fasteignaskatta. Ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta.

Fjárfestingarsamningarnir vegna álvers á Grundartanga og álvers í Helguvík eru til 20 ára en fjárfestingarsamningurinn vegna álvers í Reyðarfirði er til 40 ára.

Í samræmi við 61. gr. EES-samningsins var Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnt um þá ríkisaðstoð sem í þessum fjárfestingarsamningum felst og féllst ESA í öllum þremur tilvikunum á þær röksemdir íslenskra stjórnvalda að um lögmæta byggaaðstoð væri að ræða í samræmi við það byggðakort sem gildir fyrir Ísland. Nánar er fjallað um reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð síðar í þessari greinargerð.

2.4 Kvikmyndagerð.

Samkvæmt lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði 20% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Upphaflega var þetta endurgreiðsluhlutfall 12%. Um er að ræða sértækt ívilnunarkerfi og er tilgangur þess að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi og draga þannig að erlenda kvikmyndagerð til landsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt það ríkisaðstoðarkerfi sem í lögunum felst.

2.5 Alþjóðleg viðskiptafélög.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, fólu í sér sértæka ívilnun að því leyti að alþjóðleg viðskiptafélög sem skráð voru hér á landi áttu að greiða 5% tekjuskatt á meðan að almenna skatthlutfallið var 33%. Eins og fram kemur í frumvarpi að lögunum byggðust lögin á starfi og tillögum verkefnisstjórnar sem forsætisráðherra skipaði 1997 til að vinna að athugun á möguleikum þess að efna til sérhæfðrar alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi utan lögsögu á Íslandi. Í kjölfar setningar laga nr. 31/1999 komst ESA að þeirri niðurstöðu að sú sértæka skattalega ívilnun sem fólst í lögunum væri í andstöðu við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð. Var íslenskum stjórnvöldum því gert skylt að afnema lögin og endurkrefja viðkomandi styrkþega um veitta ríkisaðstoð. Mál þetta fór fyrir EFTA-dómstólinn sem staðfesti niðurstöðu ESA.

Af framangreindu má ráða að ívilnunum til að efla fjárfestingu á Íslandi hefur fram til þessa ekki verið beitt með markvissum hætti heldur fremur til að bregðast við einstaka verkefnum eða hugmyndum sem upp hafa komið á hverjum tíma.

3. Takmarkanir á heimild stjórnvalda til að veita ívilnanir vegna fjárfestinga út frá ákvæðum EES-samningsins.

Í 61. gr. EES-samningsins kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í sömu grein er einnig fjallað um undanþágur frá meginreglunni. Til fyllingar þessu ákvæði gefur ESA út leiðbeinandi reglur um form og efnisreglur í tengslum við ríkisaðstoð. Er þessum leiðbeinandi reglum skipt upp í kafla og tekur hver kafli breytingum eftir því sem þörf er metin á. Þannig er í hinum leiðbeinandi reglum t.d. að finna sér kafla um ríkisábyrgðir, byggðaaðstoð, aðstoð til skipasmíða, þjálfunaraðstoð, aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, rannsóknar- og þróunaraðstoð o.s.frv.

3.1 Reglur um byggðaaðstoð.

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð. Núgildandi reglur gilda fyrir árin 2007–2013 og á grundvelli þessara reglna hefur hvert og eitt aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis sitt samþykkta byggðakort sem afmarkar hvaða byggðaaðstoð er heimil hjá viðkomandi ríki. Samkvæmt því byggðakorti sem gildir á Íslandi frá 2007–2013, sbr. ákvörðun ESA frá 6. desember 2006, mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki til verkefna í landsbyggðarkjördæmunum þremur, þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Hámark styrks má nema allt að 15% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga. Þó er mögulegt að hækka hann um 10% þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Með meðalstóru fyrirtæki er hér átt við fyrirtæki sem er með færri en 250 starfsmenn og með litlu fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn. Þá er og svigrúm fyrir stjórnvöld til að veita ákveðna tegund af rekstrarstyrkjum svo sem flutningsstyrki til framleiðslufyrirtækja en almennt eru rekstrarstyrkir ekki leyfilegir nema í undantekningartilvikum.

Öll áform um veitingu ríkisaðstoð á grundvelli byggðakortsins ber að tilkynna til ESA. Gæta verður sérstaklega að því þegar aðstoð er í formi skattaívilnana þar sem almennt er litið á frávik frá almennum sköttum sem rekstraraðstoð, þ.e. niðurgreiðsla á daglegum rekstrarkostnaði hjá viðkomandi fyrirtæki.

Á myndinni má sjá nánar hvernig núgildandi byggðakort fyrir Ísland lítur út.



Samkvæmt leiðbeinandi reglum ESB um byggðaaðstoð gilda sérreglur um stærri fjárfestingarverkefni, þ.e. þegar kostnaður verkefnis er hærri en 50 milljónir evra. Lækkar þá hlutfall leyfilegrar ríkisaðstoðar í samræmi við aukna stærð verkefnis en það er í samræmi við þá stefnu ESB að beina byggðastyrkjum frekar að minni fjárfestingarverkefnum heldur en stærri verkefnum.

3.2 Reglur um aðra ríkisaðstoð en byggðaaðstoð.

Ýmsar aðrar ívilnanir en byggðaaðstoð koma til skoðunar í tengslum við hvata til nýfjárfestinga. Þar má nefna ríkisaðstoð vegna kostnaðar við þjálfun og menntun starfsfólks, ríkisaðstoð vegna fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja óháð staðsetningu verkefnis, ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og umhverfisverkefna. Um hverja tegund af slíkri ríkisaðstoð gilda sérstakar reglur innan Evrópusambandsins sem ná einnig til Íslands í gegnum almenn ríkisstyrkjaákvæði EES-samningsins. Eru þessar reglur tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. EES-samningsins (reglugerð um almenna hópundanþágu). Reglugerð sú er birt sem fylgiskjal við frumvarp þetta til áréttingar á þeim heimildum og leikreglum sem gilda um veitingu ríkisaðstoðar í formi almennra ívilnana vegna fjárfestinga á Íslandi, enda er með frumvarpinu með formlegum hætti verið að innleiða umræddа reglugerð í landsrétt.

4. Mikilvægi erlendrar fjárfestingar.

Á síðustu áratugum hefur orðið gífurlegur vöxtur um heim allan á beinum erlendum fjárfestingum. Margar ástæður eru fyrir aukinni fjárfestingu milli landa en helst má þó nefna af-

nám hindrana á fjármálamarkaði sem átti sér stað fyrir síðustu aldamót, lægri flutnings- og samskiptakostnaður og meiri efnahagsleg velsæld. Með auknum erlendum fjárfestingum hefur á sama hátt skapast meira svigrúm fyrir harðari samkeppni milli landa en líka til meiri samþjöppunar fyrirtækja. Þá skilar fjárfesting oft miklum hagnaði og hefur í mörgum tilvikum jákvæð áhrif á landsframleiðslu þess lands sem tekur á móti henni. Verðmætaáhrif af erlendri fjárfestingu eru nýsköpun og þekking, viðskiptatengsl, atvinnuþróun, skatttekjur og aukið fjármagnsflæði.

Kostir Íslands frá sjónarhóli fjárfesta eru margvíslegir. Dæmi um það eru umhverfisvænar orkuauðlindir landsins, hagstætt raforkuverð, hátt menntunarstig, sveigjanlegt vinnuafl, sértæk tækniþekking, landrými og hafnarskilyrði, fríverslunarsamningar, lágir fyrirtækjaskattar og stöðugleiki í stjórnkerfinu. Á móti kemur að á Íslandi er ekki til staðar almenn löggjöf um ívilnanir vegna fjárfestinga eins og þekkist víða í þeim löndum sem eru í samkeppni við að draga til sín jákvæða erlenda fjárfestingu. Markmið með frumvarpi þessu er því að auka samkeppnishæfni Íslands með því að koma á fót gegnsærri rammalöggjöf um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Reynsla undanfarinna ára af samskiptum Íslands við erlenda fjárfesta sýnir að mikilvægt er að hafa tiltækar upplýsingar fyrir fram um þau ívilnandi kjör sem þeim kunna að bjóðast hér á landi.

5. Löggjöf um ívilnanir vegna fjárfestinga í ríkjum Evrópu.

Tékkland.

Í Tékklandi er sérstök löggjöf um ívilnanir vegna fjárfestinga í framleiðsluiðnaði. Þær ívilnanir sem þar eru í boði eru mismunandi eftir svæðum en um fjórar tegundir ívilnunar getur verið að ræða. Í fyrsta lagi undanþágu frá tekjuskatti fyrirtækja, að hluta eða öllu leyti, í fimm ár. Í öðru lagi fjárstuðning fyrir hvert starf sem viðkomandi fjárfestingarverkefni skapar. Í þriðja lagi aðstoð til að greiða hluta af þjálfunarkostnaði vegna verkefnis og í fjórða lagi aðstoð við lóðarkaup vegna verkefnis. Hámark fjárfestingaraðstoðar samkvæmt framangreindu er 40% af fjárfestingarkostnaði. Skilyrði þess að hljóta ívilnun er að um nýja fjárfestingu sé að ræða, fjárfestingin verður að vera a.m.k. að fjárhæð um 2 milljónir evra og þar af verður helmingurinn að vera fjármagnaður af fjárfesti, fjárfestingin verður að vera a.m.k. 5 ár í landinu, óheimilt er að hefja fjárfestingarverkefnið fyrr en búið er að veita ívilnun og framkvæmdin verður að vera umhverfislega jákvæð.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt framangreint ívilnunarkerfi í Tékklandi og í byrjun árs 2009 höfðu um 600 fyrirtæki hlotið ívilnun samkvæmt þessu ívilnunarkerfi.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð eru í boði fyrir fjárfesta svæðisbundnir fjárfestingarstyrkir og svæðisbundnir styrkir (byggðaaðstoð) til atvinnusköpunar. Ívilnunin nær því til ákveðinna svæða í Svíþjóð og er ákveðið hlutfall af fjárfestingarkostnaði eða launakostnaði. Hámark ívilnunar er háð stærð viðkomandi fyrirtækis, staðsetningu verkefnis og hvers eðlis fjárfesting er. Getur ívilnunin orðið allt að 50% af fjárfestingarskostnaði. Að auki er á ákveðnum jaðarsvæðum í Svíþjóð veittur afsláttur af tryggingargjaldi til að efla fjárfestingu á svæðinu.

Finnland.

Í Finnlandi er fjárfestingaraðstoð í boði vegna fjárfestinga á tilteknum svæðum (byggðaaðstoð). Fjárfestingaraðstoðin er háð stærð viðkomandi fyrirtækis og staðsetningu verkefnis.

Að hámarki getur aðstoðin numið 35% af fjárfestingarkostnaði. Til viðbótar við fjárfestingaraðstoð eru einnig í boði flutningsstyrkir, þjálfunaraðstoð, umhverfisstyrkir, aðstoð vegna rannsóknar- og þróunarverkefna og skattaívilnun í formi hærri fyrningarhlutfalls vegna fastafjármuna.

Írland.

Á Írlandi eru margvíslegar ívilnanir í boði fyrir fjárfesta og hafa Írar á undanförnum árum gengið hvað lengst í að veita slíkar ívilnanir með góðum árangri. Fyrir utan lága fyrirtækjaskattlagningu bjóða Írar upp á skattaleg frávik vegna fjárfestinga, styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, þjálfunarstyrki og stofnfjárstyrki. Hefur Írland ríkar heimildir til að veita byggðaaðstoð samkvæmt því byggðakorti sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt fyrir Írland.

Skotland.

Í Skotlandi er annars vegar sérstök löggjöf um ríkisaðstoð vegna fjárfestinga á ákveðnum svæðum í landinu (byggaaðstoð) og hins vegar löggjöf um þjálfunaraðstoð vegna fjárfestingarverkefna. Bæði ríkisaðstoðarkerfin eru í samræmi við þær reglur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett um slíka ríkisaðstoð.

Grikkland.

Sérstök löggjöf er í Grikklandi um ívilnanir vegna fjárfestinga. Slíkar ívilnanir eru ýmist í formi stofnfjárstyrks, niðurgreiðslu launakostnaðar eða skattfrádráttar. Ívilun er mismikil eftir tegund fjárfestingar og staðsetningu fjárfestingarverkefnis og getur að hámarki verið 40% af fjárfestingarkostnaði.

Slóvakía og Króatía.

Í Slóvakíu og Króatíu er efnislega sams konar löggjöf um ívilnanir vegna fjárfestinga og er til staðar í Tékklandi og lýst er að framan.

Kanada.

Í Kanada er 15% tekjuskattsfrádráttur í boði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Einnig eru aðrar skattalegar ívilnanir í boði vegna nýfjárfestinga.

6. Efnisatriði frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins er kveðið á um markmið og gildissvið laganna. Eins og fram hefur komið í lýsingu á aðdraganda frumvarpsins er fyrirhugað markmið laganna að örva og efla nýfjárfestingu á Íslandi og stuðla þannig að styrkingu á íslensku atvinnulífi. Frumvarpið kveður þannig á um skilgreindar ívilnanir sem heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi. Ekki skiptir þar máli hvort um erlenda fjárfestingu sé að ræða eða innlenda þar sem horft er til eðlis og áhrifa viðkomandi fjárfestingarverkefnis en ekki uppruna við mat á því hvort veita eigi ívilnun til fjárfestingarverkefnis. Komi til veitingar ívilnunar er lagt til að iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og eftir atvikum sveitarfélaga, undirriti samning vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis þar sem skyldur og réttindi aðila að samningnum eru útfærð, sbr. nánar V. kafla frumvarpsins.

Með ívilnunum er átt við leyfilega ríkisaðstoð sem tilgreind er í III. og IV. kafla frumvarpsins. Hugtakið ríkisaðstoð nær bæði til aðstoðar frá ríki og sveitarfélögum og er því í

frumvarpinu gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga við veitingu ívilnana. Er það í samræmi við fyrri aðkomu sveitarfélaga að þeim fjárfestingarsamningum sem gerðir hafa verið vegna erlendra fjárfestinga hér á landi.

Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um umsóknarferli vegna ívilnana sem og skilyrði fyrir veitingu ívilnana. Lagt er til að fjárfesti sem óskar eftir ívilnun í tengslum við ákveðið fjárfestingarverkefni verði gert að leggja fram umsókn til sérstakrar nefndar á vegum iðnaðarráðherra um veitingu ívilnana. Nánar er fjallað um þessa nefnd og málsmeðferð í tengslum við umsókn í V. kafla frumvarpsins. Í 5. gr. frumvarpsins er tilgreint hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt þegar lagt er mat á það hvort veita eigi ívilnun vegna fjárfestingar samkvæmt lögunum. Eru þau skilyrði eftirfarandi:

a. að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi,
b. að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um viðkomandi fjárfestingarverkefni, þá aðila sem að því standa og hvernig fjármögnun er háttað,
c. að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki þegar hafið og að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika hér á landi,
d. að a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði sé fjármagnaður án ríkisaðstoðar og þar af sé að lágmarki 20% fjármagnað af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun,
e. að árleg velta vegna fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 millj. kr. eða að nýfjárfestingin skapi a.m.k. 20 ársverk hjá umsóknaraðila við rekstur fjárfestingarverkefnis á fyrstu tveimur árum þess,
f. að fyrir liggi arðsemisútreikningar, sbr. 18. gr., sem sýni fram á að viðkomandi nýfjárfesting sé þjóðhagslega hagkvæm út frá hagsmunum íslensks efnahagslífs og samfélags, t.d. út frá atvinnusköpun, byggðaþróun, útflutningi, skatttekjum, nýsköpun og aukinni þekkingu,
g. að um nýfjárfestingu sé að ræða, sbr. 3. gr., og að tæki og búnaður sem kemur til vegna fjárfestingarinnar sé nýr,
h. að viðkomandi nýfjárfesting verði notuð að lágmarki til fimm ára starfrækslu á Íslandi,
i. að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli og teljist ekki óæskileg í umhverfislegu tilliti,
j. að ekki séu fyrir hendi, hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess, vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi eða endurgreiðslukrafa samkvæmt 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, og að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja.

Með framangreindum skilyrðum er reynt að tryggja að eingöngu sé veitt ívilnun til fjárfestingarverkefna sem leiði til raunverulegrar eflingar íslensku atvinnulífi og hafi jákvæð efnahagsleg jafnt sem samfélagsleg áhrif í för með sér. Að auki eru skilyrðin í samræmi við þær reglur sem gilda á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um veitingu ríkisaðstoðar í formi fjárfestingaraðstoðar, sbr. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 85/06/COL, frá 6. apríl 2006 sem birt var 28. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11, bls. 1. Í þeim reglum kemur fram að skilyrði þess að heimila fjárfestingartengda byggðaaðstoð séu m.a. að aðstoðin sé forsenda þess að viðkomandi fjárfestingarverkefni verði að veruleika, að um nýfjárfestingu sé að ræða, að meiri hluti verkefnisins sé fjármagnaður án ríkisaðstoðar, að viðkomandi fjárfestir fjármagni verkefnið sjálfur að einhverju

leyti og að viðkomandi fjárfesting verði í landinu um ákveðið skeið. Eru þessi skilyrði í 5. gr. frumvarpsins því sambland krafna sem leiða af regluverki Evrópusambandsins um ríkisaðstoð og markmiða stjórnvalda um að leggja fram hvata að varanlegri, jákvæðri og umhverfisvænni nýfjárfestingu til eflingar atvinnulífinu. Jafnframt var við gerð frumvarpsins höfð hliðsjón af 4. gr. laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, þar sem með tæmandi hætti er talið upp hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað sérstaklega um hvaða ívilnanir séu heimilaðar á þeim grundvelli að um byggðaaðstoð (*regional aid*), í skilningi EES- samningsins, sé að ræða. Eins og fram hefur komið er sú aðstoð veitt á grunni þess byggðakorts sem gildir fyrir Ísland til ársloka 2013 og kveður almennt á um að hámarki 15% fjárfestingaraðstoð sem hlutfall af fjárfestingarkostnaði viðkomandi verkefnis, en lægri styrkhlutfall gildir þó fyrir stærri verkefni. Samkvæmt byggðakorti Íslands er það skilyrði fyrir styrkveitingu að fjárfestingarverkefnið sé í einhverju af landsbyggðarkjördæmunum þremur, auk annarra skilyrða sem koma fram í áðurgreindum leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013. Samkvæmt frumvarpinu getur byggðaaðstoð að formi til verið beinn stofnfjárstyrkur, sem frávik frá tilteknum sköttum og opinberum gjöldum eða sem niðurgreiðsla á landi eða lóð undir nýfjárfestingu. Þær ívilnanir sem snúa að sköttum eða opinberum gjöldum sem lagðar eru til í III. kafla eru í formi bindingar hámarkstekjuskattshlutfalls þess félags sem reisir og rekur fjárfestingarverkefnið í tíu ár, auknar heimildir til fyrningar eigna, undanþágu frá iðnaðarmálagjaldi, markaðsgjaldi og eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja o.fl., lækkun á stimpilgjaldi, 30% lækkun á fasteignaskatti, 20% lækkun á almennu tryggingagjaldi, undanþága frá tollum og vörugjöldum vegna innflutnings og kaupum viðkomandi félags á byggingarefnum, vélum, tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess, og heimild til að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna uppbyggingar viðkomandi fjárfestingarverkefnis. Framangreindar ívilnanir endurspegla ívilnanir í fyrri fjárfestingarsamningum og ívilnanir í ríkisaðstoðarkerfum annarra ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um aðrar almennar ívilnanir sem koma til greina vegna nýfjárfestinga hér á landi, þ.e. óháð staðsetningu fjárfestingarverkefnis. Í þeim tilvikum er lagt til að ramminn fyrir veitingu slíkra ívilnana verði ákvarðaður í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Sú reglugerð liggur til grundvallar þeim efnisreglum sem gilda í Evrópuréttinum um hvers konar ríkisaðstoð sé heimilt að veita, og upp að hvaða marki, án þess að tilkynna beri viðkomandi eftirlitsstofnun fyrir fram um veitingu hennar og fá samþykkta. Þær ívilnanir vegna nýfjárfestinga sem tilgreindar eru í IV. kafla eru þjálfunaraðstoð, aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og aðstoð til umhverfistengdra fjárfestingarverkefna. Til samræmis við fyrri fjárfestingarsamninga er síðan kveðið á um það að í samningi skv. 21. gr. verði heimilt að kveða á um að viðkomandi félag sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið skuli undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur það skilyrði að 4/5 hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og

að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar, undanþegið ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem þess er krafist að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi, undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum, og undanþegið ákvæðum laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, enda viðhaldi félagið fullnægjandi viðlagatryggingu.

Í V. kafla frumvarpsins er kveðið á um þá nefnd sem leggja ber mat á hvort og með hvaða hætti veita eigi ívilnanir til nýfjárfestinga á grundvelli laganna. Jafnframt er kveðið á um þá arðsemisútreikninga sem ber að viðhafa áður en ákvörðun er tekin um að bjóða ívilnun, með það fyrir augum að reyna að tryggja að veiting ívilnunar hafi í för með sér efnahagslegan og samfélagslegan ávinning fyrir Ísland, jafnt til lengri sem skemmri tíma. Í kaflanum er fjallað um framkvæmdarleg atriði í sambandi við veitingu ívilnunar, þ.e. boð um ívilnun, samning um ívilnun, hámark leyfilegrar ívilnunar, eftirlit með notkun ívilnunar og afturköllun eða endurgreiðslu ívilnunar. Gert er ráð fyrir því að nefndin hafi ákveðið svigrúm til veitingu ívilnana innan þess ramma sem lagður er til með frumvarpinu. Þannig gefst kostur á að hafa mismunandi samsetningu ívilnana eftir ólíkum fjárfestingarverkefnum og ólíkri staðsetningu þeirra. Í störfum sínum getur nefndin því, að teknu tilliti til ákvæða stjórnarskrár og stjórnsýslulaga, t.d. veitt ríkari ívilnanir til fjárfestingarverkefna á ystu jaðarsvæðum (t.d. Vestfjörðum eða Norðurlandi eystra) en til fjárfestingarverkefna í námunda við höfuðborgarsvæðið séu fyrir því málefnaleg rök og að því gefnu að veitingin sé innan ramma þeirra hámarka sem sett eru með lögunum.

Útilokað er að meta af einhverri nákvæmni beinan kostnað ríkissjóðs af því ríkisaðstoðarkerfi sem í frumvarpinu felst, en það er margþætt eins og fram kemur í tillögum frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að í fjárlögum fyrir árið 2011 verði kveðið á um hvað ívilnanir í formi beinna útgreiðslna úr ríkissjóði megi samtals nema á því ári, og svo sambærilegt fyrir árin 2012 og 2013, en sams konar fyrirkomulag er í tengslum við lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Í tilviki ívilnana tengdum sköttum eða opinberum gjöldum er hins vegar samkvæmt frumvarpinu ekki gert ráð fyrir beinum fjárútlátum ríkissjóðs heldur tilgreinda lækkun á skatttekjum sem koma til vegna viðkomandi fjárfestingarverkefna sem farið er í á grundvelli laganna og hefðu þannig ella ekki fallið til hér á landi. Í lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er þannig t.d. ekki kveðið á um að sá skattfrádráttur og skattafsláttur sem þar er tilgreindur fyrir nýsköpunarfyrirtæki sé háður fjárveitingu Alþingis hverju sinni.

Markmið stjórnvalda er sem áður segir að stuðla að aukinni nýfjárfestingu og þar með verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap með sköpun nýrra atvinnutækifæra og fjölgun starfa sem ella hefðu ekki orðið til. Lagt er til grundvallar að sú verðmætasköpun muni leiða til aukinna skatttekna, bæði beinna og óbeinna, til allrar framtíðar, sem búast má við að geri betur en að vega upp beinan kostnað af þeirri ríkisaðstoð sem efnt er til í þessu sambandi. Hver nettóáhrifin verða til lengri tíma litið á afkomu ríkissjóðs, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls er útilokað að meta í fjárhæðum á þessu stigi, en við fyrirhugaða endurskoðun laganna, í lok árs 2013, ætti að vera komin skýrari mynd á það.

Í tengslum við fjármögnun á slíku ríkisaðstoðarkerfi sem hér er mælt fyrir um má nefna að víða í nágrannaríkjum Íslands í Evrópu eru slík kerfi fjármögnuð sameiginlega af viðkom-

andi ríki og með framlögum úr sjóðum Evrópusambandsins. Ísland hefur í dag ekki aðgang að slíkum sjóðum Evrópusambandsins þar sem Ísland er ekki aðildarríki að Evrópusambandinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er kveðið á um markmið frumvarpsins en það er að efla nýfjárfestingar í atvinnulífinu á Íslandi með því að kveða á um hvaða ívilnanir heimilt er að veita til fjárfestingarverkefna. Með slíku ríkisaðstoðarkerfi, sem með frumvarpinu er lagt til, er á sama tíma samkeppnishæfni Íslands aukin í hinni alþjóðlegu samkeppni sem ríkir um jákvæðar erlendar fjárfestingar. Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Með greininni er kveðið á um gildissvið laganna en það er afmarkað við þær ívilnanir sem tilgreindar eru í frumvarpinu og heimilt er að veita aðilum vegna nýfjárfestingar hér á landi.

Með greininni er enn fremur lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera á grundvelli laganna, fjárfestingarsamninga við einstaka fjárfesta, fyrir hönd stjórnvalda og, eftir atvikum sveitarfélaga. Í 21. gr. frumvarpsins er nánari umfjöllun um samninga þá sem iðnaðarráðherra er heimilt að gera á grundvelli laganna.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er aðkoma sveitarfélaga að veitingu ívilnana vegna fjárfestingarverkefna innan umdæma þeirra bæði nauðsynleg og eðlileg. Í þeim fjárfestingarsamningum sem gerðir hafa verið er víða að finna sérákvæði um fasteignaskatta, lóðarleigu og annað sem er á forræði sveitarfélaga. Þrátt fyrir að fulltrúar sveitarfélaga hafi ekki hingað til undirritað viðkomandi fjárfestingarsamninga hafa verið gerðir samhliða samningar milli sveitarfélaga og viðkomandi fjárfesta þar sem kveðið er á um þessi atriði (sbr. samningar um opinber gjöld, lóðarsamningar og hafnarsamningar). Með frumvarpinu er lagt til að þessi aðkoma sveitarfélaga að fjárfestingarverkefnum verði áfram tryggð samanber nánar ákvæði 17. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að lögin nái ekki til fjárfestinga í fjármálastarfsemi. Er slíka afmörkun að finna í sambærilegum ríkisaðstoðarkerfum í nágrannaríkjum Íslands. Fjárfestingar í fjármálastarfsemi eru annars eðlis en beinar fjárfestingar í atvinnurekstri og erfiðleikum bundið að afmarka hvað felst í nýfjárfestingu í fjármálastarfsemi og meta áhrif slíkra fjárfestinga með áþreifanlegum hætti.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem er að finna í frumvarpinu. Í flestum tilvikum eru skilgreiningarnar á þessum hugtökum teknar með beinum hætti úr þeim reglum Evrópusambandsins sem gilda um veitingu ríkisaðstoðar á Evrópska efnahagssvæðinu, samanber umfjöllun í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að umsóknir um ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis sendist til iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt að iðnaðarráðherra skipi þriggja manna nefnd sem meti umsóknir og geri tillögur til ráðherra um afgreiðslu þeirra, sbr. umfjöllun um 17. gr. frumvarpsins. Skilyrði er

að beiðni um umsókn berist ráðuneytinu áður en framkvæmdir við fjárfestingarverkefnið hefjast, svo að meta megi umsóknina og hvort skilyrði 5. gr. frumvarpsins séu uppfyllt.

Um 5. gr.

Með greininni eru sett fram þau skilyrði sem umsækjandi verður að uppfylla til að eiga hugsanlegan rétt til ívilnunar vegna nýfjárfestingar hér á landi.

Fyrsta skilyrði er að sett verði á fót sérstakt félag sem skráð yrði hér á landi um fjárfestingarverkefnið. Skýrist það skilyrði af því að nauðsynlegt er að ákveðinn lögaðili sé skilgreindur sem sá aðili sem reisir og rekur fjárfestingarverkefnið og nýtur því þeirrar ívilnunar sem veitt er til verkefnisins. Einnig er skilyrðið sett í því augnamiði að tryggja að gjaldfærsla kostnaðar og uppgjör fari að íslenskum lögum, tekjur og launakostnaður verði skattlagður hér á landi og til að rekstri vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis sé ekki blandað saman við annan rekstur hjá viðkomandi félagi.

Í öðru lagi þurfa að liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um fjárfestingarverkefnið svo að unnt sé að leggja mat á hvort það uppfylli skilyrði laganna o.s.frv. Þannig ber að upplýsa með gegnsæum hætti um alla þá aðila sem að fjárfestingarverkefninu koma og eigendur þess félags sem stofnað er um fjárfestinguna, hvernig fjármögnun er háttað, hvernig rekstrar- og viðskiptaáætlun verkefnisins er fyrirséð, atvinnu- og verðmætasköpun, hvernig uppsetning verkefnisins er fyrirhuguð og til hversu langs tíma starfsemin er fyrirhuguð.

Í þriðja lagi er skilyrði að fyrirhugað verkefni sé ekki þegar hafið þegar sótt er um ívilnun og að ívilnunin sé forsenda þess að verkefnið verði að veruleika. Þetta skilyrði er í samræmi við áðurnefndar leiðbeinandi reglur Evrópusambandins um byggðaaðstoð til fjárfestingarverkefna þar sem veiting slíkrar ríkisaðstoðar er eingöngu réttlætanleg ef hún er forsenda þess að ráðist er í ákveðið fjárfestingaverkefni, þ.e. myndar nægjanlega sterkan hvata til þess (*incentive effect*).

Í fjórða lagi er skilyrði að a.m.k. 20% af fjárfestingarkostnaði verkefnis sé fjármagnaður af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun. Er það til að tryggja að um raunverulega fjárfestingu sé að ræða sem ákveðinn fjárfestir stendur að baki. Jafnframt að a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði sé fjármagnaður án opinberrar aðstoðar. Er það hlutfall í samræmi við ákvæði laganna sem heimila að hámarki 35% ríkisaðstoð til einstaks fjárfestingarverkefnis, þ.e. sem hlutfall af fjárfestingarkostnaði. Er kveðið á um bæði þessi skilyrði í áðurnefndum leiðbeinandi reglum ESA um byggðaaðstoð.

Í fimmta lagi að árleg velta vegna viðkomandi verkefnis sé a.m.k. 300 m.kr. eða að fjárfestingin skapi, við rekstur verkefnisins, a.m.k. 20 ársverk á fyrstu tveimur árum verkefnisins. Með því móti er tryggt að fjárfestingarverkefnin séu af þeirri stærð að þau hafi merkjanlega efnahagslega þýðingu og séu þar af leiðandi líkleg til að efla í raun íslenskt atvinnulíf. Hafa ber í huga að því ríkisaðstoðarkerfi sem lagt er til með frumvarpinu er ekki ætlað að ná til allra hugsanlegra fjárfestingarverkefna í landinu, óháð stærð og efni, og er því með ákvæðinu settur ákveðinn þröskuldur varðandi umfang verkefnis. Með hliðsjón af því að eðli fjárfestingarverkefna er ólíkt, sum eru mannaflsfrek en önnur ekki o.s.frv., er með ákvæðinu kveðið á um annars vegar tiltekin ársverk og hins vegar tiltekna árlega veltu. Benda má á að samkvæmt skilgreiningu á litlu fyrirtæki, sbr. 3. gr. frumvarpsins, getur fyrirtæki að slíkri stærðargráðu fallið undir þetta ákvæði frumvarpsins.

Í sjötta lagi að fyrir liggi arðsemisútreikningar, sbr. 18. gr., sem sýni fram á að viðkomandi fjárfesting sé þjóðhagslega hagkvæm út frá hagsmunum íslensks efnahagslífs og samfé-

lags, t.d. út frá atvinnusköpun, byggðaþróun og útflutnings- og skatttekjum. Nánar er vísað til umfjöllunar um 18. gr. frumvarpsins.

Í sjöunda lagi að um nýfjárfestingu sé að ræða, sbr. skilgreiningu í 3. gr., og að búnaður sé nýr. Eingöngu er heimilt að veita ívilnun vegna nýfjárfestingar sem sé umhverfislega ekki óæskileg og er því gerð krafa um að tæki og búnaður sé nýr. Sams konar krafa þekkist í erlendri löggjöf um ívilnanir og er þetta skilyrði í samræmi við hinar leiðbeinandi reglur ESA um byggðaaðstoð.

Í áttunda lagi að viðkomandi fjárfesting verði að lágmarki til fimm ára í landinu. Slíkt skilyrði er víða að finna í ívilnanalöggjöf í nágrannaríkjum Íslands og er til að tryggja efnahags- og samfélagslegan ávinning af fjárfestingunni. Að auki er skilyrðið í samræmi við hinar leiðbeinandi reglur ESA um byggðaaðstoð.

Í níunda lagi að starfsemi viðkomandi félags sem nýtur ívilnunar sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Eðlilegt er að gera slíka kröfu ef veita á ívilnun til fjárfestingarverkefnis. Með því að tilgreina að viðkomandi fjárfesting teljist ekki vera óæskileg í umhverfislegu tilliti er verið að árétta að íslensk umhverfislöggjöf nær að fullu til viðkomandi nýfjárfestingar. Er því ekki með þessu orðalagi um ríkari kröfu að ræða en gerð er samkvæmt núgildandi landslögum almennt til nýfjárfestingarverkefna að því er varðar umhverfismál.

Í tíunda lagi að ekki séu fyrir hendi, hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga hér á landi né heldur endurgreiðslukrafa skv. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, og að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna ESA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja. Eðlilegt er að gera slíka kröfu ef veita á ívilnun til fjárfestingarverkefnis og er það í samræmi við almennar reglur Evrópusambandsins um veitingu ríkisaðstoðar.

Um 6. gr.

Með greininni er mælt fyrir um hvaða ívilnanir heimilt er að veita til fjárfestingarverkefna með þeirri réttlætingarástæðu að um byggðaaðstoð (*regional aid*) sé að ræða. Í greininni er vísað til þess að heimildirnar takmarkist í samræmi við þær skuldbindingar Íslands sem leiða af samkeppnisákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en ákvæði 61.–64. gr. samningsins, sem vísað er til í greininni, fjalla um ríkisaðstoð. Sérákvæði um byggðaaðstoð er síðan að finna í leiðbeinandi reglum ESA um byggðaaðstoð, sem gilda frá 2007–2013, og ákvörðun ESA nr. 378/06/COL um byggðakort það sem ESA hefur samþykkt fyrir Ísland og gildir til loka árs 2013. Um skýringar við greinina vísast nánar til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 7. gr.

Með greininni er kveðið á um hámark leyfilegrar byggðaaðstoðar. Slíkt hámark fer eftir þeim reglum sem gilda um byggðaaðstoð sem Ísland hefur undirgengist í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Lagt er til að ráðherra muni með reglugerð kveða nánar á um þær efnisreglur sem leiða af regluverki Evrópusambandsins á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag byggðaaðstoðar. Um nánari skýringar við greinina vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Í leiðbeinandi reglum ESB um byggðaaðstoð er að finna ítarlegar efnisreglur um veitingu byggðaaðstoðar. Þar er m.a. að finna hvernig reikniformúlur um hvernig reikna skuli út leyfilega hámarksaðstoð vegna fjárfestingarverkefna sem eru stærri en 50 milljónir evra en hámark leyfilegrar aðstoðar lækkar eftir því sem fjárfesting er stærri. Er lagt til að ráðherra setji reglugerð þar sem fram komi þessar reiknireglur vegna stærri fjárfestingarverkefna.

Um 8. gr.

Með greininni er kveðið á um eitt form af byggðaaðstoð, þ.e. beinan fjárstuðning. Slík ríkisaðstoð getur jafnt komið frá ríki eða sveitarfélagi og er ætlað að vera stofnfjárstyrkur til að ýta ákveðnu fjárfestingarverkefni úr vör. Slíkur stofnfjárstyrkur fellur því að jafnaði til þegar í upphafi verkefnisins. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag hins beina fjárstuðnings.

Um 9. gr.

Með greininni er kveðið á um annað form af byggðaaðstoð, þ.e. ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum. Slíkar ívilnanir eru vel þekktar og sem dæmi um þær hér á landi má nefna fjárfestingarsamninga við álver á Grundartanga, í Reyðarfirði og í Helguvík, samanber umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í greininni er talið upp með tæmandi hætti hvaða ívilnanir í formi frávika frá almennum reglum um skatta og opinber gjöld er heimilt að veita til fjárfestingarverkefna hér á landi.

Er sérstaklega tilgreint að þau frávik sem talin eru upp séu eingöngu fyrir það félag (lögaðila) sem, skv. a-lið 5. gr. frumvarpsins, er stofnað um nýfjárfestinguna og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið. Er það í samræmi við afmörkun fyrri fjárfestingarsamninga og heimildarlaga á því hvaða aðili það er sem á rétt á viðkomandi ívilnun.

Nauðsynlegt er að tilgreina öll slík frávik með tæmandi hætti með vísan til þess að skv. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skal skattamálum „skipað með lögum“. Þannig má ekki fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann og enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Samkvæmt þessu ákvæði stjórnarskrárinnar hafa því stjórnvöld takmarkaða heimild til að semja um skattamál hvers og eins fjárfestis sem óskar eftir ívilnun. Sá rammi sem ákvarðar skattskyldu hvers lögaðila verður að liggja fyrir í lögum. Hin tæmandi upptalning í 2. mgr. greinarinnar er því sett fram með hliðsjón af 77. gr. stjórnarskrárinnar en jafnframt að teknu tilliti til þess að stjórnvöld hafi ákveðið svigrúm við samsetningu ívilnana vegna ólíkra fjárfestingarverkefna.

Í upptalningu 2. mgr. er í fyrsta lagi lagt til að heimilt verði að kveða á um að tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skuli í tíu ár frá því að skattskyldar tekjur myndast hjá félagi aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur skv. 21. gr. er gerður við félagið. Lækki hið almenna tekjuskattshlutfall á tímabilinu niður fyrir framangreint hlutfall skal hið lægra tekjuskattshlutfall gilda um félagið. Sambærilegt ákvæði er að finna í núgildandi fjárfestingarsamningum og veitir það fjárfesti ákveðið rekstrarlegt öryggi gegn hugsanlegum tekjuskattshækkunum á fyrstu tíu árum framkvæmdarinnar.

Í öðru lagi er kveðið á um heimild til að fyrna nýjar eignir á því ári þegar þær eru teknar í notkun, í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar. Er ákvæðið sams konar og í eldri fjárfestingarsamningum.

Í þriðja lagi er ákvæði um fyrningu kostnaðar að fullu (100%) af búnaði sem notaður er eða fyrirhugað er að nota í viðkomandi nýfjárfestingu, en samkvæmt tekjuskattslögum er ein-

göngu heimilt að fyrna búnað að 90%. Er ákvæðið sams konar og í eldri fjárfestingarsamningum.

Í fjórða lagi eru tilgreindar undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi í tíu ár frá upphafi rekstrar félags. Endurspegla þær undanþágur frávik sem eru til staðar í eldri fjárfestingarsamningum. Í mörgum tilvikum er um að ræða markaðar tekjur til verkefna sem viðkomandi félög hafa ekki not af.

Í fimmta lagi er að finna ákvæði um stimpilgjöld sem eru sambærileg þeim sem er að finna í eldri fjárfestingarsamningum, þ.e. að stimpilgjöld af skjölum sem gefin eru út í tengslum við fjárfestingarverkefnið séu 0,15% í tíu ár frá því gjaldskylda myndast.

Í sjötta lagi er lögð til undanþága frá tilteknum gjaldaákvæðum í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í tíu ár frá því gjaldskylda myndast. Sams konar ákvæði er að finna í fyrri fjárfestingarsamningum (með lengri tíma þó). Þau rafföng sem viðkomandi félög flytja inn og kunna að falla undir þessi ákvæði fara í mörgum tilvikum, sbr. fyrri fjárfestingarsamninga, ekki á almennan markað og þarf Neytendastofa því ekki að hafa eftirlit með þeim. Af þeim sökum er lagt til að heimilt verði að veita undanþágu frá þessum sérgreindu gjöldum.

Í sjöunda lagi er að finna heimild fyrir sveitarfélög til að lækka skatthlutfall fasteignaskatts fyrir viðkomandi félag um 30% frá því lögbundna hámarki sem kveðið er á um í lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, í tíu ár frá því skattskylda myndast. Ákvæði um frávik frá fasteignaskatti er að finna í fyrri fjárfestingarsamningum og um slíkt hefur verið samið beint á milli fjárfestis og viðkomandi sveitarfélags og er sem áður segir ekki gert ráð fyrir því að það fyrirkomulag breytist í meginatriðum með lögum þessum. Með vísan til framangreindra ákvæða stjórnarskrár verður frávikið hins vegar að vera lögbundið og því ekki unnt að semja um ólík frávik í hverju tilviki fyrir sig án lagaheimildar, og er því lagt til að heimild til afsláttar frá fasteignagjöldum verði framangreind 30% frá hinu lögbundna hámarki, í tíu ár.

Í áttunda lagi er að finna heimild til lækkunar tryggingagjalds að því leyti að skatthlutfall almenns tryggingagjalds viðkomandi félags sé 20% lægra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, í tíu ár frá því að skattskylda myndast hjá félagi samkvæmt lögum nr. 113/1990. Er þetta ákvæði fyrst og fremst hugsað fyrir fjárfestingar í jaðarbyggðum en fyrirkomulag með lægra tryggingagjald fyrir afmörkuð svæði þekkist m.a. í jaðarbyggðum Svíþjóðar, Noregs og Finnlands.

Í níunda lagi er að finna heimild til að veita undanþága frá tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, vegna innflutnings og kaupa viðkomandi félags eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum, tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess. Er um sams konar ákvæði að ræða og í fyrri fjárfestingarsamningum.

Í tíunda lagi er að finna heimild til að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna uppbyggingar viðkomandi fjárfestingarverkefnis. Er um sams konar ákvæði að ræða og í fyrri fjárfestingarsamningum.

Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag ívilnana sem tengdar eru sköttum og opinberum gjöldum.

Til samræmis við ákvæði í fyrri fjárfestingarsamningum er jafnframt lagt til að með samningi skv. 21. gr. verði heimilt að kveða á um að ekki skuli leggja á félag, sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, umhverfisskatta eða skatta á raforku-

kaup eða notkun, nema slíkir skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi og mismuni ekki viðkomandi félagi að öðru leyti.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að ríki eða sveitarfélög hafi heimild til að leigja eða selja lóð eða land undir viðkomandi nýfjárfestingarverkefni á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði. Lóðarsamningar hafa verið hluti af fyrri fjárfestingarsamningum þar sem í sumum tilfellum hefur falist ríkisaðstoð í sölu eða leigu á landi undir viðkomandi fjárfestingarverkefni. Víða í nágrannalöndum okkar er land og lóðir undir fjárfestingarverkefni á hagstæðu verði stór hluti af því ívilnunarkerfi sem þar er í boði, t.d. í Tékklandi. Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar sem tengd er sölu eða leigu á landi eða lóð.

Um 11. gr.

Með greininni er mælt fyrir um hvaða ívilnanir heimilt er að veita til fjárfestingarverkefna með öðrum réttlætingarástæðum en að um byggðaaðstoð sé að ræða. Í greininni er vísað til þess að heimildirnar takmarkist í samræmi við þær skuldbindingar Íslands sem leiðir af samkeppnisákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en ákvæði 61.–64. gr. samningsins, sem vísað er til í greininni, fjalla um ríkisaðstoð. Sérstaklega er vísað til framangreindrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við frumvarp þetta. Um skýringar við greinina vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 12. gr.

Með greininni er kveðið á um eitt form af almennri ívilnun, þ.e. þjálfunaraðstoð (training aid). Slíkri ríkisaðstoð er ætlað að koma til móts við stofnkostnað sem fellur til hjá fyrirtæki við að þjálfa starfsmenn og kenna á t.d. tæki og búnað í tengslum við ákveðna nýfjárfestingu. Um slíka aðstoða er fjallað í 38.–39. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 og vísast þangað, sbr. fylgiskjal við frumvarp þetta. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag slíkrar aðstoðar.

Um 13. gr.

Með greininni er kveðið á um annað form af almennri ívilnun, þ.e. ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SMEs). Slíkri ríkisaðstoð er ætlað að auðvelda nýfjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja og er um hana fjallað í 15. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 og vísast þangað sbr. fylgiskjal við frumvarpið. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag slíkrar aðstoðar.

Um 14. gr.

Með greininni er kveðið á um annað form af almennri ívilnun, þ.e. ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna (R&D). Um slíka ríkisaðstoð er fjallað í 30.–37. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 og vísast þangað sbr. fylgiskjal við frumvarpið. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag slíkrar aðstoðar.

Um 15. gr.

Með greininni er kveðið á um annað form af almennri ívilnun, þ.e. ríkisaðstoð til umhverfistengdra fjárfestingarverkefna (environment aid). Um slíka ríkisaðstoð er fjallað í 17.–25. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 og vísast þangað, sbr. fylgiskjal við frumvarpið. Gert er ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem ívilnun hlýtur sé nánar fjallað um fyrirkomulag slíkrar aðstoðar.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða tilgreindum ákvæðum í núgildandi fjárfestingarsamningum.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 16. gr. eiga fyrst og fremst við þar sem erlendur aðili er eigandi að viðkomandi félagi (sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið). Í slíkum tilvikum hefur verið talið nauðsynlegt að heimila frávik frá því skilyrði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að 4/5 hlutar hlutafjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar. Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er það á færi ráðherra að veita undanþágur frá ákvæðinu en eðlilegt þykir að fjalla um undanþáguna í frumvarpi þessu líkt og gert hefur verið í fyrri fjárfestingarsamningum.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 16. gr. kveður á um undanþágu frá ákvæðum laga um skyldutryggingar brunatjóns og viðlaga, að því gefnu að brunatryggingu og viðlagatrygginu sé viðhaldið með fullnægjandi hætti. Í tilfelli stærri fjárfestingarverkefna kunna þau að falla illa að ákvæðum laga um þessar skyldutryggingar og er því lagt til, líkt og kveðið er á um í fyrri fjárfestingarsamningum, að þess í stað skulu eignir vera tryggðar á fullnægjandi hátt.

Um 17. gr.

Líkt og fram kemur í 4. og 17. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra skipi nefnd þriggja manna sem fari yfir umsóknir og geri tillögu til ráðherra um afgreiðslu. Er þar um sambærilegt fyrirkomulag að ræða og í lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lagt er til að fulltrúar fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og Fjárfestingarstofu skipi nefndina, auk formanns sem skipaður er af iðnaðarráðherra án tilnefningar.

Lagt er til að nefndin hafi náið samráð við sveitarfélög á þeim svæðum þar sem fyrirhuguð fjárfesting er ráðgerð. Sem áður segir er það í samræmi við fyrri framkvæmd þar sem mikilvægur hluti ívilnana vegna nýfjárfestinga snýr að þáttum sem eru á forræði sveitarfélaga eins og fasteignaskattur og sala eða leiga á lóðum eða landi til fjárfestingarverkefnisins. Áður en nefndin gerir tillögu til ráðherra um afgreiðslu erindis ber nefndinni því að hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag um hvaða ívilnanir komi til greina að mati sveitarfélagsins. Í þessu sambandi ber jafnframt að hafa í huga að slíkar ívilnanir af hálfu sveitarfélags eru háðar fjárveitingu sveitarfélaga, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Eðli máls samkvæmt er gert ráð fyrir því að nefndin sé bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga í störfum sínum.

Um 18. gr.

Með greininni er nánar kveðið á um arðsemisútreikninga þá sem vísað er til í f-lið 5. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er það forsenda frumvarpsins að ívilnanir verði eingöngu veittar til fjárfestingarverkefna sem sýnt þyk-

ir að skila muni efnahagslegum og samfélagslegum ávinningu fyrir Ísland. Með greininni er því lagt til að áður en nefnd skv. 17. gr. gerir tillögu til ráðherra vegna beiðnar um ívilnun skuli Fjárfestingarstofa framkvæma útreikninga á arðsemi og ávinningi fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis. Til að Fjárfestingarstofa geti framkvæmt slíka útreikninga þurfa fullnægjandi gögn um fjárfestinguna að liggja fyrir frá umsækjana og getur bæði nefndin og Fjárfestingarstofa kallað eftir þeim.

Með greininni er lagt til að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd arðsemisútreikninga. Á vegum Fjárfestingarstofu hefur, í samstarfi við PriceWaterHouse Coopers í Belgíu, verið unnið módel fyrir slíka arðsemisútreikninga. Í reglugerðinni verður nánar fjallað um þau viðmið sem liggja að baki slíkum arðsemisútreikningum og hvernig þeir skuli framkvæmdir.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að nefnd skv. 17. gr. skuli gera tillögu til ráðherra um að hafna beiðni um ívilnun eða að leggja fyrir umsækjanda tilboð um ívilnun. Ef lagt er fram boð um ívilnun skal það byggja á þeim heimildum sem fram koma í frumvarpinu og getur það verið samsett úr fleirum en einni tegund ívilnana.

Um 20. gr.

Í samræmi við áðurnefndar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda að EES-samningnum geta ívilnanir samkvæmt frumvarpinu hvorki farið yfir þau mörk sem heimiluð eru í samræmi við reglur þær um byggðaaðstoð sem fram koma í III. kafla, eða samkvæmt reglum um almennar ívilnanir sem fram koma í IV. kafla. Ekki er heimilt að fullnýta ívilnanir bæði úr III. og IV. kafla vegna sama fjárfestingarverkefnis.

Um 21. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga vegna fjárfestingarverkefna hér á landi. Í 21. gr. frumvarpsins er að finna nánari útfærslu á því hvað koma skuli fram í slíkum samningi um veitingu ívilnunar. Í eðli sínu er um fjárfestingarsamning að ræða og er gert ráð fyrir að hver og einn fjárfestingarsamningur sem gerður verður á grundvelli laganna verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda, líkt og gert hefur verið.

Með greininni er lagt til að samningur um fjárfestinguna sé gerður á milli fjárfestisins (umsækjanda um ívilnun) og iðnaðarráðherra, fyrir hönd stjórnvalda og, eftir atvikum, sveitarfélaga. Í samningnum skuli réttindi og skyldur aðila tíunduð með sambærilegum hætti og gert hefur verið í eldri fjárfestingarsamningum. Samningur skal kveða á um þær skuldbindingar sem kunna að þykja nauðsynlegar fyrir viðkomandi fjárfestingarverkefni og hversu lengi samningurinn skuli gilda.

Lagt er til að ívilnanir þær sem kveðið er á um í samningi geti að hámarki verið veittar til 10 ára. Er það í samræmi við kröfur sem gerðar eru til fjárfestingaraðstoðar í gegnum reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð, þ.e. að aðstoðin falli til í upphafsáföngum verkefnisins en sé ekki rekstraraðstoð til að greiða niður á löngum tíma daglegan rekstrarkostnað viðkomandi fyrirtækis.

Í samningi skal enn fremur m.a. kveðið á um afmörkun á viðkomandi fjárfestingarverkefni, hvaða ívilnunum veitt er til verkefnisins, hvernig ívilnun er komið til verkefnis og á hvaða tíma auk ákvæða um eftirlit og endurgreiðslu ívilnunar ef skilyrðum samnings er ekki uppfyllt.

Um 22. gr.

Í samræmi við fjárlög og lög um fjárreiður ríkisins er með greininni lagt til að veiting ívilnunar samkvæmt frumvarpinu, að frátöldum ívilnunum sem tengjast sköttum eða opinberum gjöldum, verði háð fjárveitingu Alþingis hverju sinni samkvæmt fjárlögum og, eftir því sem við á, sveitarfélaga.

Í tilviki skattaívilnana er ekki gerð ráð fyrir beinum fjárútlátum ríkissjóðs heldur tilgreinda lækkun á skatttekjum sem koma til vegna viðkomandi fjárfestingarverkefna sem farið er í á grundvelli laganna og hefðu þannig ella ekki fallið til hér. Í lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er þannig t.d. ekki kveðið á um að sá skattfrádráttur og skattafsláttur sem þar er tilgreindur fyrir nýsköpunarfyrirtæki sé háður fjárveitingu Alþingis hverju sinni.

Útilokað er að meta af einhverri nákvæmni beinan kostnað ríkissjóðs af því ríkisaðstoðarkerfi sem í frumvarpinu felst, en það er margþætt eins og fram kemur í tillögum frumvarpsins. Markmið stjórnvalda er sem áður segir að stuðla að aukinni nýfjárfestingu og þar með verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap með sköpun nýrra atvinnutækifæra og fjölgun starfa sem ella hefðu ekki orðið til. Sú verðmætasköpun mun án efa leiða til aukinna skatttekna, bæði beinna og óbeinna, til allrar framtíðar, sem búast má við að geri gott betur en að vega upp beinan kostnað af þeirri ríkisaðstoð sem efnt kann að vera til í þessu sambandi. Ákvæði frumvarpsins um arðsemisútreikninga er m.a. ætlað að tryggja framangreint. Hver nettóáhrifin verða til lengri tíma litið á afkomu ríkissjóðs, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls er útilokað að meta í fjárhæðum á þessu stigi. Við þær óvissu aðstæður í efnahagsmálum sem nú ríkja er því með engu móti hægt að setja fram töluleg viðmið í þessu sambandi.

Um 23. gr.

Með greininni er kveðið á um að ívilnun sem kann að vera veitt aðila sé í öllu tilvikum eingöngu vegna þess fjárfestingarverkefnis sem hann leggur fram. Sé sami aðili í annarri starfsemi er honum óheimilt að nýta ívilnunina til þeirrar starfsemi.

Um 24. gr.

Til að tryggja að ívilnun sé nýtt með réttum hætti er með greininni lagt til að aðila sem ívilnunar nýtur verði gert að senda iðnaðarráðuneyti árlega skýrslu um framvindu fjárfestingarverkefnis, hlut ívilnunar í framgangi þess og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila ef einhver er.

Um 25. gr.

Með greininni er kveðið á um afturköllun og endurgreiðslu ívilnunar ef upp kemur að ívilnun hefur verið ekki verið nýtt á réttan hátt, rangar upplýsingar hafa verið gefnar eða ívilnun sé komin umfram þær heimildir sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er greinin í samræmi við efnisreglur um eftirlit með veitingu ríkisaðstoðar, sbr. 61.–64. gr. EES-samningsins, sbr. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Með greininni er lagt til að sem hluti af frumvarpinu verði innleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. EES-samningsins (reglugerð um almenna hópundanþágu). Sú reglugerð var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 sem birt var 18. desember 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu og hefur lagagildi hér á landi verði frumvarpið að lögum.

Um 28. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er lagt til að um tímabundna löggjöf verði að ræða, til 31. desember 2013. Er sú dagsetning lögð til þar sem á sama tíma fellur úr gildi núgildandi byggðakort fyrir Ísland, sem afmarkar heimildir íslenskra stjórnvalda til að veita byggðaaðstoð. Að auki eru aðrar þær heimildir til veitingar ríkisaðstoðar sem frumvarpið vísar til í stöðugri endurskoðun af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA. Þykir því eðlilegt að lögin séu tímabundin.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að ári áður en lögin falla úr gildi skuli iðnaðarráðherra skipa nefnd sem leggja skal mat á hvernig til hafi tekist með framkvæmd laganna og gera tillögu um hvort framlengja skuli gildistíma þeirra, að undangenginni endurskoðun á ákvæðum laganna. Gert er ráð fyrir að fulltrúar þeirra þriggja ráðuneyta sem koma að nefnd um veitingu ívilnunar, sbr. 17. gr., muni sitja í þeirri endurskoðunarnefnd og hafa samráð við hagsmunaaðila. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 31. desember 2013. Gert er ráð fyrir að slík endurskoðun taki m.a. hliðsjón af því hvernig til hafi tekist og þeim reglum Evrópusambandsins sem gilda um ríkisaðstoð frá og með árinu 2014.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Með frumvarpinu er lögð til heilstæð löggjöf sem ætlað er að mynda ramma utan um þær ívilnanir sem stjórnvöldum og sveitarfélögum verði heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Frumvarpið er afrakstur vinnu starfshópa á vegum iðnaðarráðherra og tekur það mið af fyrirkomulagi ívilnana í öðrum Evrópuríkjum. Markmiðið með frumvarpinu er að örva og efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði ákveðin skilyrði fyrir ívilnunum. Í skilyrðunum felst t.d. að a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði verði fjármögnuð án ríkisaðstoðar og að þar af verði að lágmarki 20% fjármögnuð af eigin

fé þess aðila sem sækir um ívilnun. Auk þess skal árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis nema a.m.k. 300 m.kr. eða skapi nýfjárfestingin a.m.k. 20 ársverk hjá umsóknaraðila við rekstur fjárfestingarverkefnis á fyrstu tveimur árum þess. Þá er skilyrt að nýfjárfestingin sé þjóðhagslega hagkvæm útfrá arðsemisútreikningum.

Í öðru lagi eru lagðar til sérstakar ívilnanir sem flokkast undir byggðaaðstoð, þ.e. hún takmarkist við ákveðin svæði á Íslandi þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið og með samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA. Almennt er gert ráð fyrir að ívilnanir geti numið allt að 15% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði. Fyrir meðalstór fyrirtæki er hámark ívilnunar 25% af fjárfestingarkostnaði og fyrir lítil fyrirtæki er hámark ívilnunar 35% af fjárfestingarkostnaði. Slíkar ívilnanir geta verið í formi beinna stofnfjárstyrkja eða í formi frávika frá sköttum eða opinberum gjöldum með tilheyrandi samningi þar um. Lagt er til að frávik frá sköttum og gjöldum verði t.d. undanþága frá iðnaðarmálagjaldi, lækkun stimpilgjalds, lækkun fasteignaskatts, lækkun tryggingagjalds og undanþágur frá tollum og vörugjöldum. Einnig er heimilt með samningi að kveða á um að tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skuli í tíu ár frá því að skattskyldar tekjur myndast hjá félagi aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur er gerður við félagið. Þá er lagt til að heimilt verði að selja eða leigja land í eigu ríkis eða sveitarfélags til viðkomandi félags á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði.

Í þriðja lagi eru lagðar til almennar ívilnanir sem ekki eru byggðatengdar. Þær ívilnanir felast í styrkjum til þjálfunarkostnaðar, allt að 2 milljónum evra fyrir hvert fjárfestingarverkefni, sérstakar ívilnanir vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum og ívilnanir vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna.

Í fjórða lagi er lagt til að þar sem um beinar greiðslur úr ríkissjóði er að ræða verði veiting ívilnunar samkvæmt frumvarpinu háð fjárveitingu Alþingis hverju sinni samkvæmt fjárlögum og eftir því sem við á fjárveitingu sveitarfélaga. Fyrst í stað er áætlað að ívilnanir verði fyrst og fremst veittar í formi frávika frá almennum reglum um skatta og gjöld. Komi til beinna stofnfjárstyrkja eða annarra útgreiðslna úr ríkissjóði er ráðgert að þörf á slíkri fjárheimild verði tekin til skoðunar í tengslum við umfjöllun um frumvörp til fjárlaga.

966. Frumvarp til laga [575. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum (gæðamál, tryggingarfjárhæðir).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   f. leggja fram staðfestingu um ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi,
   g. búa yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt að mati Ferðamálastofu.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ferðamálastofu er heimilt að óska frekari gagna í tengslum við leyfisveitingu.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi, framkvæmd leyfisveitinga og eftirlit með leyfishöfum, þar á meðal um flokkun leyfa og öryggismál.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Vegna mikilla breytinga á neytendamarkaði er Ferðamálastofu heimilt samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu og framlagningu tilskilinna gagna skv. 4. mgr. 18. gr. að veita tímabundna undanþágu varðandi mat á tryggingarfjárhæð fyrir árið 2010. Skilyrði fyrir undanþágunni eru þau að verulegur samdráttur hafi orðið í sölu alferða ferðaskrifstofu. Við ákvörðun Ferðamálastofu um veitingu undanþágu samkvæmt ákvæðinu skal tekið mið af 14. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði 17. gr.

Ferðamálastofu er heimilt að endurskoða ákvörðun sína til hækkunar ef í ljós kemur að aukning hefur orðið á farþegafjölda og/eða alferðum hefur fjölgað og/eða rekstrartekjur vegna alferða hafa aukist hjá ferðaskrifstofu sem hlotið hefur undanþágu skv. 1. mgr. Við mat á því hvort aukning hjá ferðaskrifstofu hafi orðið svo mikil að rétt sé að endurskoða ákvörðun, skal leggja til grundvallar hagsmuni neytenda.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Óski ferðaskrifstofa eftir undanþágu skv. 1. mgr. 17. gr. a er Ferðamálastofu heimilt að taka beiðnina til athugunar þegar eftirfarandi gögn hafa borist henni:

a. rökstudd beiðni fyrir undanþágu,
b. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið á undan; þó er heimilt að leggja fram óendurskoðaðan ársreikning, áritaðan af endurskoðanda,
c. tryggingaskyld velta ársins á undan, sundurgreind eftir mánuðum, staðfest af endurskoðanda,
d. áætlun yfir tryggingaskylda veltu yfirstandandi árs, sundurgreind eftir mánuðum, staðfest af endurskoðanda.

Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. um árleg skil ferðaskrifstofa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 2009 barst iðnaðarráðuneytinu töluverður fjöldi kæra vegna ákvarðana Ferðamálastofu um fjárhæðir trygginga vegna alferða, í samræmi við lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Í kjölfar þess ákvað iðnaðarráðherra að skipa nefnd sem m.a. skyldi leggja fram breytingar á ákvæðum laganna. Nefndin er skipuð fulltrúum iðnaðarráðuneytis, Ferðamálastofu, Samtaka ferðaþjónustunnar og Neytendasamtakanna og einum endurskoðanda. Iðnaðarráðherra fór einnig fram á það við nefndina að skoðuð yrðu ákvæðin um leyfisveitingar með tilliti til öryggis og gæðakrafna. Er það frumvarp sem nú er lagt fram afrakstur þeirrar nefndar.

Gagnrýni ferðaskrifstofa vegna útreiknings fjárhæðar trygginga vegna alferða hefur m.a. beinst að því að sú regla, að miða við veltu ársins á undan, þegar það á við, við útreikning fjárhæðarinnar komi sér afar illa nú í kjölfar efnahagskreppu þar sem sala alferða til útlanda

hafi dregist mjög mikið saman milli ára. Enn fremur hefur verið erfiðara fyrir ferðaskrifstofur að fá bankaábyrgðir fyrir umræddum tryggingum. Hins vegar er ljóst að allar breytingar, er varða útreikning tryggingarfjárhæðar, verða að taka mið af því markmiði laganna að tryggja neytendavernd.

Í núgildandi lögum um skipan ferðamála hefur Ferðamálastofa ekki heimild til að halda tryggingum óbreyttum eða lækka mat tryggingarfjárhæðar ef framlögð gögn gefa tilefni til hækkunar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Við síðustu ákvarðanir Ferðamálastofu um tryggingarfjárhæðir vegna alferða hafa ferðaskrifstofur í einhverjum tilvikum sætt verulegri hækkun á tryggingum, um tugi eða jafnvel hundruð milljóna, milli áranna 2009 og 2010, þrátt fyrir samdrátt í rekstri milli ára, fækkun ferða og farþega. Ástæðan er m.a. sú að tryggingar fyrir árið 2010 eru metnar út frá veltutölum 2008 sem var gott rekstrarár ferðaskrifstofa en verulegur samdráttur hefur orðið í ferðum til útlanda.

Áríðandi er að geta komið til móts við ferðaskrifstofurnar og verða við óskum þeirra um óbreyttar tryggingar eða lækkun þeirra með tilliti til efnahagsástandsins án þess þó að skerða þá neytendavernd sem lögunum er ætlað að tryggja. Til að svo megi verða er þörf á lagabreytingu með setningu tímabundins undanþáguákvæðis, eins og hér er lagt til, þar sem Ferðamálastofu er veitt heimild til að ákveða að fjárhæð trygginga geti haldist óbreytt eða lækkað samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu. Með því væri verið að koma til móts við fyrirtæki á erfiðum tímum en á sama tíma verði þess gætt að ekki verði gengið á neytendaverndina.

Í ljósi ört vaxandi ferðaþjónustu er áríðandi að huga að gæðum ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna. Í því sambandi verður að gera auknar kröfur til þjónustuveitenda. Ef gæði ferðaþjónustu eru ekki nægilega mikil og skortur er á öryggi ferðamanna er mikil hætta á að íslensk ferðaþjónusta standist ekki samanburð í harðri samkeppni við önnur lönd.

Vegna margbreytileika afþreyingarfyrirtækja í ferðaþjónustu er lagt til í frumvarpi þessu að iðnaðarráðherra verði heimilt að setja ákvæði í reglugerð m.a. um flokkun leyfa, öryggismál og eftirlit. Mikilvægt er að samráð verði haft við fagaðila í ferðaþjónustunni við setningu slíkrar reglugerðar til að tryggt verði að framkvæmdin verði sem líkust milli ferðaþjónustuaðila. Þannig má ferðamönnum verða ljóst að sömu kröfur eru gerðar til öryggis hjá öllum ferðaþjónustuaðilum.

Til að tryggja neytendasjónarmið er lagt til að umsækjendur um ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendaleyfi þurfi að leggja fram ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi sem og að tilhlýðileg þekking sé fyrir hendi af hálfu umsækjenda um ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendaleyfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að tveir nýir stafliðir bætist við 2. mgr. 9. gr. laganna. Í núgildandi 2. mgr. er gerð grein fyrir skilyrðum þeim er þurfa að vera uppfyllt til að hægt sé að veita ferðaskrifstofu- eða ferðaskipuleggjendaleyfi. Lagt er til að við ákvæðið bætist nýr stafliður, f-liður, þar sem gert er að skilyrði að umsækjendur um ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendaleyfi þurfi að sýna fram á þeir hafi ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi. Mikilvægt er að ferðamenn geti treyst því að tryggingamál ferðaþjónustuaðila séu í lagi.

Einnig er lagt til að bætt verði við nýjum staflið, g-lið, þar sem gert er að skilyrði að þeir sem bjóða upp á afþreyingarferðir búi yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta

gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Mikil fjölgun hefur orðið á útgáfu ferðaskipuleggjendaleyfa síðastliðin tvö ár. Mikilvægt er að þeir sem selja þjónustu hafi þekkingu eða reynslu á sínu sviði. Núverandi staða gefur hverjum sem er tækifæri til að hefja starfsemi óháð því hvort þekking og/eða reynsla búi að baki. Líklegt er að sá sem býr yfir reynslu eða þekkingu hafi aflað sér hennar t.d. með námskeiðum og viðeigandi menntun, í björgunarsveit, fyrra starfi o.s.frv.

Í b-lið er lagt til að Ferðamálastofu verði heimilt að óska frekari gagna í tengslum við leyfisveitingu. Það er Ferðamálastofu að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort þörf sé á frekari gögnum í tengslum við leyfisveitingu.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að heimild ráðherra til setningar reglugerðar verði afmörkuð á skýrari hátt en áður, þ.e. ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi, framkvæmd leyfisveitinga og eftirlit með leyfishöfum, þar á meðal um flokkun leyfa og öryggismál.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er að finna undanþáguákvæði sem veitir Ferðamálastofu heimild til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 17. gr. laganna. Um er að ræða heimildarákvæði sem skýra ber þröngt og á aðeins við um ástæður sem rekja má til mikils samdráttar í efnahagslífi og breyttu ferðamynstri ferðamanna í kjölfarið. Í undanþágunni felst að Ferðamálastofu er heimilt að ákvarða hæsta gildi tryggingarfjárhæðar skv. 1. mgr. 17. gr. á grundvelli nýrra gagna samkvæmt nýrri 4. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enn fremur er það gert að skilyrði að verulegur samdráttur hafi orðið í rekstri ferðaskrifstofu. Því þarf beiðni ferðaskrifstofu að vera vel rökstudd og ítarleg. Í því felst að fram þurfa að koma m.a. ástæður beiðninnar, upplýsingar um hvort farþegar eru að koma frá útlöndum eða fara til útlanda á vegum ferðskrifstofunnar, fækkun farþega á milli ára staðfest af endurskoðanda, hvenær árs flestir farþegar eru erlendis á vegum ferðaskrifstofunnar o.s.frv.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að Ferðamálastofu sé heimilt að endurskoða ákvörðun sína þegar hún telur að skilyrði undanþágunnar skv. 1. mgr. 17. gr. a séu ekki lengur fyrir hendi. Má sem dæmi nefna ef ferðaskrifstofa tekur yfir rekstur annarrar ferðaskrifstofu þá sé Ferðamálastofu heimilt að endurskoða ákvörðun vegna þeirrar ferðaskrifstofu sem tekur yfir rekstrurinn.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um framlagningu gagna vegna undanþágubeiðni ferðaskrifstofa skv. 1. mgr. 17. gr. a. Ferðamálastofu er heimilt að taka til athugunar hvort veita skuli undanþágu skv. 1. mgr. 17. gr. a þegar eftirfarandi gögn hafa borist: a) rökstudd beiðni fyrir undanþágunni, b) endurskoðaður ársreikningur fyrir árið á undan, en þó er veitt heimild til að leggja fram óendurskoðaðan ársreikning ef endurskoðaður ársreikningur er ekki tilbúinn; hins vegar er gerð sú krafa að óendurskoðaður ársreikningur sé áritaður af endurskoðanda, c) tryggingaskyld velta ársins á undan staðfest af endurskoðanda og d) áætlun yfir tryggingaskylda veltu yfirstandandi árs. Áætlunin skal staðfest af endurskoðanda. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. 18. gr. um árleg skil ferðaskrifstofa. Þrátt fyrir að ferðaskrifstofum sé veitt undanþága verða þær engu að síður að skila inn gögnum fyrir 1. október skv. 3. mgr. 18. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2055, um skipan ferðamála.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til tímabundið undanþáguákvæði þar sem Ferðamálaskrifstofu er veitt heimild til að ákveða að fjárhæð tryggинga vegna alferða geti haldist óbreytt eða lækka hana samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu. Í öðru lagi er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að setja ákvæði í reglugerð m.a. um flokkun leyfa, öryggismál og eftirlit. Í þriðja lagi er lagt til að umsækjendur um ferðaskrifstofu- og ferðaskipulagsleyfi leggi fram ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi sem og að viðeigandi þekking sé fyrir hendi af hálfu umsækjenda um ferðaskrifstofu- og ferðaskipulagsleyfi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

967. Frumvarp til laga [576. mál]

um breyting á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

5. *Samvinnsla raf- og varmaorku:* Samhliða vinnsla raforku, varmaorku og/eða vélrænnar orku í einu og sama vinnsluferlinu sem uppfyllir viðmiðanir um góða orkunýtni.
6. *Upprunaábyrgð á raforku frá samvinnslu:* Staðfesting á að raforka sé framleidd með samvinnslu sem hefur góða orkunýtni samkvæmt viðmiðunum sem Orkustofnun setur.

2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við greinina bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   7. Lægra brennslugildi eldsneytis þess orkugjafa, sem raforkan er framleidd með, og hvernig varmi, sem verður til um leið og raforkan, er notaður.
   8. Magn raforku sem kemur frá samvinnslu með góða orkunýtni sem ábyrgðin tekur til.
   9. Sparnað frumorku sem er reiknaður út í samræmi við viðmiðanir um góða orkunýtni.
b. Í stað orðanna „tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði“ í 6. tölul. kemur: viðeigandi tilskipunar sem er hluti af EES-samningnum.

4. gr.

Á eftir orðunum „endurnýjanlegum orkugjöfum“ hvarvetna í 1., 3., 4., 5., 7. og 8. gr. laganna, nema í lokamálslið 1. mgr. 4. gr., kemur: eða samvinnslu raf- og varmaorku.

5. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE, að því er varðar upprunaábyrgðir vegna samvinnslu raf- og varmaorku í aflstöðvum öðrum en jarðvarmavirkjunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu að höfðu samráði við Orkustofnun, Landsnet og Samorku. Í því eru lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði um skyldu til útgáfu upprunaábyrgða á raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2006.

Markmið tilskipunar 2004/8/EB er að auka orkunýtni og bæta orkuöryggi með því að skapa ramma um aukna samvinnslu raf- og varmaorku, sem byggist á góðri orkunýtni og eftirspurn eftir notvarma, að teknu tilliti til sérstakra innlendra aðstæðna, einkum veðurfars- og efnahagsskilyrða, og draga þar með úr notkun á innfluttu jarðefnaeldsneyti. Í tilskipuninni er m.a. að finna ákvæði um setningu á samræmdum nýtniviðmiðunum við samvinnslu raf- og varmaorku, skyldu aðildarríkja til að sjá til þess að hægt sé að ábyrgjast uppruna raforku frá samvinnslu, greiningu á innlendum möguleikum á notkun samvinnslu, kröfur varðandi stuðningskerfi við samvinnslu, stjórnsýslumeðferð og skýrslugjöf. Einungis ákvæði tilskipunarinnar um upprunaábyrgðir kalla á lagabreytingar.

Í þeim ríkjum þar sem stór hluti raforkuvinnslu á sér stað með jarðefnaeldsneyti skiptir miklu máli að nýta sem best það eldsneyti sem notað er til orkuframleiðslunnar. Samvinnsla á raforku og hita getur haft töluverða þýðingu við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka orkuöryggi þar sem bætt nýting dregur úr þörf á innflutningi jarðefnaeldsneytis. Raforkuvinnsla á Íslandi byggist hins vegar nánast einvörðungu á nýtingu vatnsafls og jarðvarma, en jarðefnaeldsneyti er fyrst og fremst notað í varaaflsstöðvum og aflstöðvum á svæðum sem eru utan samtengds raforkukerfis landsins. Þörf fyrir varmaorku er hins vegar nú þegar að stærstum hluta mætt með orku frá jarðhitasvæðum. Samvinnsla raf- og varmaorku er því vart raunhæfur kostur hér á landi nema í jarðvarmavirkjun þar sem slík samvinnsla fer nú þegar fram í þeim virkjunum þar sem það er hagkvæmt. Tilskipunin tekur hins vegar ekki til samvinnslu raforku og varma/hita með jarðhita og hefur því takmarkaða þýðingu hér á landi, nema mögulega á afmörkuðum svæðum utan samtengds raforkukerfis.

Frumvarpið felur í sér að lagt er til að lögum nr. 30/2008 verði breytt þannig að ákvæði um upprunaábyrgðir sem Landsneti hefur verið falið að gefa út ná bæði til ábyrgða vegna raforkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem nú er, sem og ábyrgða vegna raforku frá samvinnslu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breyting á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að upprunaábyrgðir sem Landsneti hefur verið falið að gefa út nái til ábyrgða vegna raforkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum sem og vegna raforku frá samvinnslu. Er breytingin í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/8/EB um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

968. Frumvarp til laga [577. mál]

um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, með síðari breytingum, og laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Vatnalög, nr. 20/2006, með síðari breytingum.

1. gr.

Vatnalög, nr. 20/2006, með síðari breytingum, falla brott.

II. KAFLI

Lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

2. gr.

Lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er samið í iðnaðarráðuneyti, er lagt fram til að fella brott vatnalög, nr. 20/2006, ásamt síðari breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, þ.e. með 2. gr. laga nr. 31/2007, lögum nr. 133/2007, 75. gr. laga nr. 167/2007, I. kafla laga nr. 58/2008, lögum nr. 127/2008 og 23. gr. laga nr. 9/2009. Þá er jafnframt lagt til að lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, verði felld brott. Vatnalög, nr. 20/2006, voru samþykkt á Alþingi 16. mars 2006 en við samþykkt þeirra var gildistöku laganna frestað og var sú frestun framlengd til 1. júlí 2010 með breytingu á lögunum árið 2008. Í kjölfar samþykktar vatnalaga var gerð breyting á lögum um varnir gegn landbroti, með lögum nr. 31/2007. Markmið þeirra breytingalaga var að leiðrétta yfirsjónir sem urðu við gerð vatnalaganna, nr. 20/2006, sem leiddu til verkefnatilflutnings frá landbúnaðarráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

Frá setningu vatnalaga árið 2006 hefur verið unnið mikið starf við endurskoðun þeirra og fyrir liggur tillaga nefndar um frumvarp til nýrra vatnalaga. Tillagan byggist m.a. á starfi nefndar um endurskoðun vatnalaga sem skipuð var af iðnaðarráðherra og í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka, auk fulltrúa iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Tillagan felur í sér ýmsar grundvallarbreytingar frá ákvæðum gildandi vatnalaga. Unnið er að kynningu og frágangi frumvarpa sem byggjast á frumvarpi nefndarinnar og nefndar um innleiðingu vatnatilskipunar í iðnaðar- og umhverfisráðuneytum svo leggja megi þau fram á yfirstandandi þingi. Mikil vinna hefur átt sér stað við undirbúning nýrra vatnalaga og því er ekki talin ástæða til að fresta lögunum frá 2006 heldur eðlilegast að fella þau úr gildi.

1. Endurskoðun vatnalaga, nr. 15/1923.

Á 132. löggjafarþingi, vorið 2006, var frumvarp til nýrra vatnalaga samþykkt sem lög frá Alþingi, sbr. lög nr. 20/2006. Lögunum var ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923,

með síðari breytingum. Markmiðið með setningu nýrra vatnalaga var að samræma ákvæði gildandi vatnalaga annarri löggjöf, sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku þeirra, auk þess sem talið var að einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna væru úrelt eða væri betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar.

Við umfjöllun Alþingis um frumvarpið á 132. löggjafarþingi kom upp ágreiningur um efni þess, ekki síst um breytt ákvæði um eignarráð yfir vatni. Gerði frumvarpið ráð fyrir að réttindi landeiganda yfir vatni á landi hans yrðu orðuð sem eignarréttur og skilgreind með neikvæðum hætti í stað jákvæðrar skilgreiningar vatnalaga, nr. 15/1923, en þau kveða á um rétt landeiganda til hagnýtingar og umráða vatns á þann hátt sem lögin heimila. Gagnrýni ýmissa þingmanna á frumvarpið laut einnig að því að það hefði of takmarkað sjónarhorn og fjallaði fyrst og fremst um eignarhald og orkunýtingu. Kallað var eftir heildstæðri endurskoðun vatnalöggjafar og var í því sambandi einkum vísað til þess löggjafarstarfs sem fram yrði að fara í kjölfar upptöku vatnatilskipunar Evrópusambandsins í EES-samninginn. Við 2. umræðu um frumvarp til vatnalaga náðu þingflokkar samkomulagi um meðferð þess. Fól það í sér að gildistöku nýrra vatnalaga yrði frestað til 1. nóvember 2007 og að iðnaðarráðherra skipaði nefnd sem kanna skyldi samræmi laganna við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, þar á meðal fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra til vatnsverndarlaga sem byggjast mundi á vatnatilskipun Evrópusambandsins.

Töf varð á því að nefndin yrði skipuð og var gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, frestað á ný með lögum nr. 133/2007 og þá til 1. nóvember 2008. Vatnalaganefnd var svo skipuð í janúar 2008 og sátu í henni fulltrúar allra þingflokka, auk fulltrúa umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Nefndin skilaði viðamikilli skýrslu ásamt sameiginlegum tillögum til iðnaðarráðherra í september 2008.

2. Niðurstöður vatnalaganefndar.

Í skýrslu vatnalaganefndar er bent á að breyttar aðstæður í samfélaginu og ný viðhorf í umhverfis- og auðlindamálum kalli á endurskoðaða og skýrari vatnalöggjöf. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að víðtæk sátt ríki um þær grundvallarforsendur sem löggjöfin skuli reist á. Það stuðli að því að regluverkið geti haldist stöðugt til lengri tíma og auðveldi um leið stefnumótun um nýtingu og vernd til framtíðar. Bent er á að stöðugleiki í löggjöf og skýrleiki réttinda og heimilda sé afar mikilvægur þegar litið sé til hagsmuna af vernd og nýtingu vatnsauðlindarinnar og þeirrar margvíslegu atvinnustarfsemi sem á auðlindinni byggist.

Það var niðurstaða vatnalaganefndar að rétt væri að gera nokkrar endurbætur á vatnalögum, nr. 20/2006. Meginástæða þess væri að ekki væri tryggt að fullnægjandi tillit yrði tekið til hagsmuna almennings tækju lögin gildi óbreytt. Taldi vatnalaganefnd vænlegt til að skapa sátt í samfélaginu að réttarreglur um vatn og vatnsréttindi yrðu leiddar í lög með heildstæðum hætti þar sem litið væri til þeirra ólíku hagsmuna sem við auðlindina væru bundnir. Áleit nefndin nauðsynlegt að vatnalög, sem grundvallarlöggjöf um vatn og vatnsréttindi, tækju með fullnægjandi og samræmdum hætti mið bæði af hagsmunum landeigenda og almennings þannig að af lögunum yrði ráðið að hvaða leyti réttindi annars aðilans lytu takmörkunum vegna hagsmuna hins. Jafnframt taldi nefndin að löggjöfin þyrfti að endurspegla með skýrari hætti samfélagslega þýðingu vatnsins.

Tillögur vatnalaganefndar lutu einkum að fimm þáttum. Í fyrsta lagi taldi nefndin nauðsynlegt að endurskoða orðalag réttindaákvæðis 4. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, og tryggja að fullnægjandi tillit yrði tekið til hagsmuna almennings. Skilgreining réttindanna yrði að endur-

spegla samspil réttinda landeigenda og almennings þannig að ljóst væri að réttindi hvors aðila um sig séu takmörkuð vegna hagsmuna hins, eins og skýrt mætti ráða af jákvæðri skilgreiningu vatnalaga, nr. 15/1923, á umráða- og hagnýtingarrétti landeigenda.

Í öðru lagi var það mat vatnalaganefndar að kveða þyrfti með skýrum hætti á um þær heimildir sem rétt þætti að almenningur hefði gagnvart vatni, svo sem um rétt til umferðar um vötn, rétt til baða og til neyslu vatns í eignarlöndum, sem og þær takmarkanir sem þeim rétti yrðu settar með tilliti til hagsmuna landeigenda.

Í þriðja lagi lagði vatnalaganefnd til að markmiðsákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, yrði endurskoðað með það í huga að það endurspeglaði betur fjölþætt hlutverk vatnalöggjafar, þ.e. að lögin taki mið bæði af hagsmunum landeigenda og almennings og leggi áherslu á samfélagslega hagsmuni tengda nýtingu og vernd vatnsauðlindarinnar.

Í fjórða lagi áleit nefndin nauðsynlegt að mörk þeirra heimilda sem VII. kafli vatnalaga, nr. 20/2006, mælir fyrir um, þ.e. heimilda landeigenda til vatnaframkvæmda, yrðu skýrð með hliðsjón af grundvallarreglu 13. gr. laganna. Taldi nefndin brýnt að kveðið yrði skýrar á um það að hvaða leyti heimildir landeigenda skv. VII. kafla lúti takmörkunum vegna hagsmuna almennings og annarra einstaklinga.

Í fimmta lagi lagði nefndin til að fram færi endurskoðun á stjórnsýsluákvæðum vatnalaga, nr. 20/2006, sem miðaði að því í fyrsta lagi að tryggja að við meðferð mála samkvæmt lögunum yrði litið til ólíkra hagsmuna sem við vatnsauðlindina eru tengdir, í öðru lagi að ákvæðin yrðu gerð skýrari og að betur yrði hugað að samræmi við stjórnsýsluákvæði annarra laga á þessu sviði og í þriðja lagi að skipulag stjórnsýslu vatnamála yrði gert heildstæðara og í því sambandi yrði tekið mið af ákvæðum vatnatilskipunar Evrópusambandsins.

Til þess að skapa svigrúm fyrir þá endurskoðun sem nefndin taldi nauðsynlegt að ráðist yrði í lagði hún til að gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, yrði frestað og að skipuð yrði nefnd til að vinna að endurskoðuninni í samræmi við framangreindar tillögur.

3. Vinna við endurskoðun vatnalaga, nr. 20/2006.

Hinn 28. október 2008 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, sbr. lög nr. 127/2008. Fólu þau í sér að gildistöku vatnalaga yrði frestað til 1. júlí 2010. Skv. 2. gr. laganna skyldi iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, skipa nefnd sem falið yrði að endurskoða ákvæði laganna og skyldi hún hafa til hliðsjónar tillögur vatnalaganefndar.

Af hálfu iðnaðarráðuneytis var starf nefndarinnar undirbúið með fræðilegri vinnu, gagnaöflun og framsetningu hugmynda að útfærslu tillagna vatnalaganefndar.

Í ágúst 2009 skipaði iðnaðarráðherra fimm manna nefnd sem falið var að fullvinna frumvarp til nýrra vatnalaga.

Nefndin hélt alls 10 fundi og við störf sín hafði nefndin að leiðarljósi tillögur vatnalaganefndar og studdist einnig við vinnugögn sem iðnaðarráðuneytið lagði henni til. Þegar nefndin hafði mótað tillögu sína að frumvarpi til vatnalaga sendi hún það nokkrum aðilum til kynningar og umsagnar, bæði hagsmunaaðilum og fagstofnunum. Bárust umsagnir m.a. frá Orkustofnun, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnun, kærunefnd skipulags- og byggingarmála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtökunum. Hafði nefndin umsagnirnar til hliðsjónar við frekari vinnslu frumvarpsins. Nefndin fékk skipulagsstjóra á sinn fund og jafnframt þá starfsmenn umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar sem leitt hafa vinnu við undirbúning innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Formaður nefndarinnar átti fundi með ýmsum starfsmönnum bæði iðnaðar-

ráðuneytis og umhverfisráðuneytis og einstakir nefndarmenn ráðguðust við fagfólk um afmörkuð atriði. Nefndin skilaði frumvarpi til vatnalaga til iðnaðarráðherra 1. desember 2009.

Eins og áður segir hafa iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti unnið að kynningu og frágangi frumvarpa sem byggjast á frumvarpi nefndarinnar og tillögum nefndar um innleiðingu vatnatilskipunar. Unnið er að því að ljúka við gerð þeirra svo leggja megi þau fram á yfirstandandi þingi. Mikil vinna hefur átt sér stað við undirbúning nýrra vatnalaga og því er ekki talin ástæða til að fresta lögunum frá 2006 heldur eðlilegast að fella þau úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, með síðari breytingum, og laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að vatnalög, nr. 20/2006, falli brott. Sem stendur er verið að endurskoða ný vatnalög. Í öðru lagi er lagt til að lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, falli brott.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

969. Frumvarp til laga [578. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipulag skólastarfs o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fela skólameistara forstöðu í fleiri en einum framhaldsskóla.

2. gr.

Í stað tölunnar „180“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 175.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Starfsþjálfunarsamningar skulu gerðir við upphaf vinnustaðanáms og kveða á um rétt og skyldur vinnuveitanda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.

b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ráðherra getur með samningi falið skóla eða öðrum aðila umsýslu með gerð og skráningu samninga og eftirlit með þeim.
c. Í stað orðsins „skólameistari“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: ráðherra.

4. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli A, **Skólasafn,** með einni nýrri grein, 39. gr. a, er hljóðar svo ásamt fyrirsögn:

Skólasafn.

Í öllum framhaldsskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns.

Hlutverk skólasafns er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

5. gr.

Við ákvæði I til bráðabirgða í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Frestur framhaldsskóla til þess að setja sér námsbrautarlýsingar skv. 23. gr. er til 1. ágúst 2015.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir fyrirmæli 2. gr. skal við það miða að frá og með 1. ágúst 2015 verði árlegur fjöldi vinnudaga nemenda að lágmarki 180 dagar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í mennta- og menningarmálaráðuneyti, hefur þann tilgang að veita nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ríkisútgjöldum til framhaldsskólans og jafnframt til þess að bregðast við ábendingum um mikilvægi þess að hafa áfram í lögum ákvæði um skólasöfn.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að fela skólameistara forstöðu fleiri en einum framhaldsskóla eftir því sem aðstæður leyfa og við verður komið. Með slíkri ráðstöfun gefst svigrúm til aukinnar hagkvæmni og til þess að bregðast við aðstæðum tímabundið.

Um 2. gr.

Í 15. gr. gildandi laga um framhaldsskóla er fjallað um grundvöll nýrrar námseiningar, en vinna nemenda skal metin í stöðluðum námseiningum. Eitt námsár sem mælir alla ársvinnu nemenda með fullnaðarárangri telst 60 einingar. Þá er miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé 180. Það er fjölgun um fimm daga á skólaári frá því sem var í eldri lögum, nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og er grundvöllur núverandi kjarasamninga framhaldsskólakennara. Fyrirhuguð lenging kallar því á breyttan kjarasamning kennara og hækkuð útgjöld.

Til að ekki komi til kostnaðarauka af lengdu skólaári er lagt til að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda verði 175 í stað 180.

Um 3. gr.

Með greininni er lagðar til breytingar á 28. gr. gildandi laga er fjallar um vinnustaðanám. Ein meginforsenda þess að einstakir skólar gætu borið ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnustaðanám nemenda var m.a. að komið yrði á fót sérstökum sjóði um vinnustaðanám. Í því sambandi miðar I. bráðabirgðaákvæði laganna við að 28. gr. laganna komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 2011. Hæpið er að skilyrði skólanna til þess að taka á sig fyrrnefnda ábyrgð batni í bráð. Því er lagt til að ráðherra geti í þess stað falið skóla eða öðrum aðila með samningi umsýslu með gerð og skráningu samninga og eftirlit með þeim.

Um 4. gr.

Á grundvelli markmiðsgreinar laga um framhaldsskóla hefur við undirbúning námskrárgerðar verið lögð áhersla á fimm grunnþætti menntunar: Læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Ljóst er að skólasöfn munu gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi, einkum að því er varðar skilning á eðli upplýsinga og gagna sem nemendur þurfa að hafa greiðan aðgang að í námi sínu og tómstundum. Skólasöfn eru mikilvægur liður í því að skapa öflugt námssamfélag í hverjum skóla. Efni ákvæðisins tekur mið af 36. gr. eldri laga, nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Þó svo að ákvæðið hafi ekki verið tekið upp í gildandi lög hefur ekki verið litið svo á að í því fælist að skólasöfn skyldu aflögð í framhaldsskólum, enda er í starfsemi framhaldsskóla almennt gert ráð fyrir skólasöfnum og sérstöku starfsfólki með menntun á sviði bókasafna og upplýsingatækni, sbr. lokamálsgrein 8. gr. gildandi laga og 10. gr. reglugerðar nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Ákvæðið gerir þannig ekki ráð fyrir því að lögð séu aukin verkefni á framhaldsskóla heldur frekar að skólasöfnum sé gefinn sá sess sem þeim ber að hafa í daglegu starfi framhaldsskóla. Verði safni ekki við komið í skóla gerir ákvæðið ráð fyrir að aðgangur að líku safni geti verið með öðrum hætti, svo sem í tengslum við bókasafn á vegum sveitarfélags eins og dæmi eru um.

Um 5. gr.

Í 23. gr. gildandi laga er fjallað um námsbrautarlýsingar. Á ákvæðið að vera komið að fullu til framkvæmda 1. ágúst 2011. Til þess að draga úr útgjöldum og auka svigrúm framhaldsskóla er rétt að reikna með því að hægja þurfi á innleiðingu nýrra námsbrauta sem krefjast verulegrar breytinga. Hins vegar er ástæða til að halda þeim möguleika opnum að skólar innleiði nýtt nám eins og þegar er hafið í nokkrum skólum. Lagt er að framhaldsskólum verði gefinn sérstakur frestur til að innleiða ákvæði 23. gr. til 1. ágúst 2015.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipulag skólastarfs o.fl.).

Markmiðið með frumvarpinu er fyrst og fremst að veita framhaldsskólum nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ríkisútgjöldum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi er lagt til að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda verði 175 í stað 180. Í eldri lögum um framhaldsskóla var kveðið á um 175 vinnudaga nemenda og er það grundvöllur núverandi kjarasamninga framhaldsskólakennara. Fyrirhuguð lenging um 5 daga samkvæmt gildandi lögum hefði kallað á breyttan kjarasamning kennara og hækkuð útgjöld. Í öðru lagi er lagt til að frestur framhaldsskóla til að setja sér námsbrautalýsingar verði til 1. ágúst 2015 í stað 1. ágúst 2011. Til þess að draga úr nýjum útgjöldum og auka svigrúm framhaldsskóla er talið rétt að hægja þurfi á innleiðingu nýrra námsbrauta sem krefjast verulegrar breytinga. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar vegna vinnustaðarnáms. Ólíklegt þykir að skólarnir geti við núverandi aðstæður tekið á sig kvaðir samkvæmt gildandi lögum er varðar vinnustaðanám. Því er lagt til að ráðherra geti falið skóla eða öðrum aðila með samningi um umsýslu, gerð og skráningu samninga um vinnustaðanám og eftirlit með þeim. Í fimmta lagi er lagt til að ráðherra geti falið skólameistara fleiri en einum framhaldsskóla forstöðu. Í sjötta lagi er lögð til ný grein þar sem kveðið er á um að allir framhaldsskólar skuli vera með aðgang að bókasöfnum. Í dag eru allir framhaldsskólar með aðgang að bókasafni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur geri það fremur kleift að varna því að útgjöld framhaldsskóla aukist vegna gildandi lagaákvæða.

970. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: mennta- og menningarmálaráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.

Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006, um háskóla.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.
b. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.
c. Í stað orðsins „Tveir“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.
d. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra.
e. Í stað orðsins „Tveir“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.
f. Í stað orðanna „Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr., þrír fulltrúar skv. 4. tölul. 3. mgr.“

5. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðanna „fjallar um og tekur þátt í að móta“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: mótar og setur fram.

7. gr.

Í stað orðanna „eins árs“ í lokamálslið 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: tveggja ára.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Háskólaráði er heimilt að ákveða að í skólaráði sitji einnig fulltrúar tiltekinna kennslugreina sem saman mynda deild. Enn fremur er háskólaráði heimilt að ákveða að í skólaráði sitji fulltrúi opinberrar stofnunar sem er í mjög nánu samstarfi um kennslu og þjálfun nemenda.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Rektor veitir ótímabundin akademísk störf við háskóla og framgang akademískra starfsmanna. Forseti fræðasviðs veitir tímabundin akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla í umboði rektors. Forstöðumaður veitir akademísk störf við stofnun sem heyrir undir háskólaráð í umboði rektors. Veiting starfs skal ákveðin á grundvelli tillögu sem gerð er samkvæmt nánari reglum settum af háskólaráði en þær afmarka jafnframt umboð forseta og forstöðumanna. Þegar starf hefur verið veitt skal gerður um það ráðningarsamningur.

10. gr.

Í stað orðsins „skóla“ í 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: háskóla.

11. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurmenntun.

Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átt við eftirfarandi:

a. námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess,
b. viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 24. gr. laganna:

1. E-liður orðast svo: gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23. gr. a.
2. Við bætist nýr stafliður sem orðast svo: gjöldum fyrir fræðslu fyrir almenning.

13. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. og 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir fulltrúar sem tilnefndir hafa verið í háskólaráð skv. 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna fyrir gildistöku laga þessara skulu sitja út tilnefningartíma sinn. Ákvæði a- og b-liðar 4. gr. laga þessara koma til framkvæmda þegar tilnefningartími fulltrúa ráðherra skv. 2. mgr. 6. gr. laganna er liðinn. Þegar tilnefningartími fulltrúa ráðherra skv. 3. mgr. 6. gr. laganna er liðinn skal fyrst tilnefna fulltrúa háskólasamfélagsins skv. c-lið 4. gr. laga þessara og því næst fulltrúa skv. e-lið 4. gr. laga þessara.

Kjörtímabil þeirra nemenda á háskólafundi sem kjörnir voru í febrúar 2009 framlengist um eitt ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á einstökum ákvæðum laganna vegna þeirrar reynslu sem komin er á framkvæmd laganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að dregið verði fram með skýrari hætti það hlutverk opinberra háskóla að miðla fræðslu til almennings og að veita samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Að öðru leyti er hlutverk opinberra háskóla það sama og annara háskóla sem falla undir lög nr. 63/2006, um háskóla.

Í öðru lagi er lagt til að fulltrúum ráðherra í háskólaráði verði fækkað en á móti verði fulltrúum háskólasamfélagsins fjölgað. Þannig verði einn fulltrúi ráðherra í háskólaráði háskóla með færri en 5.000 nemendur og tveir fulltrúar háskólasamfélagsins. Í háskólaráðum háskóla

með fleiri nemendur en 5.000 verði fulltrúar ráðherra tveir, en fulltrúar háskólasamfélagsins þrír og fulltrúar sem tilnefndir eru af fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði verði einnig þrír. Með þessu er komið enn betur til móts við þau sjónarmið er fram komu við setningu laganna á Alþingi, um mikilvægi þess að tryggja fræðilega þekkingu og tengingu við opinbera háskóla. Er þetta í samræmi við lýðræðishefðir opinberu háskólanna og er til þess fallið að skjóta styrkum stoðum undir fræðilega þekkingu innan háskólaráðsins. Í þessu samhengi er einnig lagt til að það verði hlutverk háskólafundar að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskóla

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting að kjörtími fulltrúa nemenda á háskólafundi lengist um eitt ár og ennfremur eru lagðar til breytingar á einstökum ákvæðum laganna er miða að því að einfalda stjórnsýslu opinberra háskóla í samræmi við ábendingar sem þar hafa komið fram.

Þá er í fjórða lagi lagt til að skýrari greinarmunur verði gerður á menntun sem fólgin er í endurmenntun og fræðslu til almennings annars vegar og hinni eiginlegu starfsemi háskóla að veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi hins vegar.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í skýringum við 2. og 3. gr. þess frumvarps, sem varð að lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla, kemur fram að byggt hafi verið á 2. og 3. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla. Þau lög geyma rammalög um starfsemi háskóla og taka því einnig til opinberra háskóla. Nauðsynlegt þykir aftur á móti að kveða sérstaklega á um hlutverk opinberra háskóla. Er hér því lagt til að þau ummæli í skýringum við 3. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 85/2008 að opinber háskóli „miðli fræðslu til almennings og [veiti] samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar“, verði tekin upp í ákvæðið. Til áréttingar er einnig lagt til að háskóla sé veitt heimild til þess að veita endurmenntun þeim sem lokið hafa háskólaprófi í fræðum sem stunduð eru í deildum hans. Er það í samræmi við eldri lög um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessu er ennfremur áréttaður sá munur sem felst annars vegar í því að veita þeim sem lokið hafa háskólaprófi endurmenntun í sínum fræðum og hins vegar að miðla fræðslu til almennings, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að fjölgað verði þeim fulltrúum sem tilnefndir eru af háskólafundi og þeim sem tilnefndir eru af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði eins og nánar er lýst í ákvæðinu. Að sama skapi verði þeim fulltrúum fækkað sem ráðherra velur án tilnefningar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Með greininni er áréttað það hlutverk háskólafundar að marka stefnu háskóla í málum er varða sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans.

Um 7. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2008 var ákveðið að fulltrúar nemenda á háskólafundi skyldu kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn. Aðrir fulltrúar á háskólafundi skyldu hins vegar kjörnir til tveggja ára í senn. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa borist athugasemdir frá Stúdentaráði Háskóla Íslands vegna þess fyrirkomulags að fulltrúar nemenda skuli aðeins kosnir til eins árs í senn og eru fulltrúar beggja fylkinga stúdenta, Röskvu og Vöku, á einu máli um að óska eftir því að fulltrúar nemenda á háskólafundi verði kosnir til tveggja ára í senn, líkt og aðrir fulltrúar á háskólafundi. Kosningar til Stúdentaráðs fara fram á hverju ári en kosningar til háskólaráðs annað hvert ár. Hefur Stúdentaráð vakið athygli á því óhagræði sem hlýst af því að þurfa að halda þrenar kosningar samtímis, eins og gera þyrfti nú í ár að óbreyttri löggjöf, þar sem kjósa þarf fulltrúa til háskólafundar, Stúdentaráðs og háskólaráðs. Þá hefur verið bent á að slíkt fyrirkomulag sé til þess fallið að flækja kosninguna fyrir hinn almenna nemanda sem geti átt erfitt með að átta sig á kosningakerfinu. Þá séu ekki rök til þess að kjósa svo oft fulltrúa á háskólaþingið sem kemur aðeins saman tvisvar á ári og það geti jafnframt veikt stöðu nemenda á fundinum ef þeir eru ætíð nýkjörnir en ekki aðrir fulltrúar á þinginu.

Um 8. gr.

Af hálfu Háskóla Íslands hefur verið bent á að æskilegt sé að fyrirkomulag skipunar skólaráðs sé ekki um of ráðandi um það hvernig skóla (fræðasviði) er skipað í deildir. Í gildandi lögum kemur einn fulltrúi frá hverri deild. Slíkt fyrirkomulag getur leitt til þrýstings á að deildum fjölgi. Meiri sveigjanleiki skapast á hinn bóginn í skipulagi ef ekki er ákveðið fyrirfram hversu margir fulltrúar í skólaráði koma frá hverri deild. Þau sjónarmið búa að baki seinni breytingunni að náin samvinna er á milli Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Landspítala um menntun heilbrigðisstarfsmanna og um vísindasamstarf. Til að þjóna því hlutverki og treysta samstarfið þykir rétt að gera ráð fyrir möguleika á aðkomu hvorrar stofnunar að stjórnun hinnar stofnunarinnar. Því er æskilegt að Háskóla Íslands verði heimilt að veita Landspítalanum formlega aðild að stjórn Heilbrigðisvísindasviðs (skólaráðinu).

Um 9. gr.

Lög nr. 85/2008, um opinbera háskóla, tóku gildi í júní 2008 og leystu þá m.a. af hólmi lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Þessi endurskoðun á löggjöfinni hafði m.a. að markmiði að skipta mætti Háskóla Íslands og öðrum opinberum háskólum upp í skóla eða fræðasvið undir stjórn forseta.

Þegar Háskóli Íslands innleiddi þetta skipulag var út frá því gengið að sú meginregla yrði áfram gildandi að veitingarvald vegna akademískra starfa væri formlega á hendi háskólarektors. Aftur á móti væri sú skipan tekin upp á grundvelli nýrra laga að forsetar fræðasviða veittu tímabundin störf háskólakennara og sérfræðinga í umboði rektors. Við undirbúning að setningu innri reglna háskólans var hins vegar bent á að skýra mætti 1. mgr. 17. gr. gildandi laga um opinbera háskóla þannig að veitingarvaldið hafi með bindandi hætti verið fært frá rektor til forseta fræðasviða. Þar sem reglur háskólans sækja stoð sína til laganna leiðir þessi niðurstaða til þess að rektor teljist ekki til þess bær að veita ótímabundin störf háskólakennara og sérfræðinga. Með ákvæðinu er lagt til að tvímæli verði tekin af um það að veitingarvaldið vegna starfa háskólakennara og sérfræðinga liggi hjá háskólarektor, en að forsetum fræðasviða og forstöðumönnum einstakra stofnana innan opinberra háskóla sé falið, í umboði

rektors, að annast ráðningarmál þegar um tímabundna veitingu slíkra starfa er að ræða. Er þessi niðurstaða í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að það verði stjórnsýsla hvers háskóla sem annist skipulag og framkvæmd prófa. Með breytingunni er stuðlað að þverfræðilegri samvinnu og möguleikum nemenda til að stunda nám í fleiri en einum skóla og deildum sama háskóla. Auk þess búa að baki tillögunni sjónarmið um hagræðingu, öryggi, nýtingu húsnæðis og búnaðar.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að kveðið verði á um heimildir opinberra háskóla til að bjóða upp á endurmenntun í þágu þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem eru stunduð innan hans. Hugtakið endurmenntun hefur ekki verið skilgreint í lögum um opinbera háskóla en skilgreining þess getur haft verulega þýðingu fyrir réttarstöðu nemenda og gjaldtöku skv. 2. mgr. 24. gr. laganna.

Í 2. mgr. er lagt til að við skilgreiningu hugtaksins endurmenntun verði einkum horft til hlutverks Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands eins og það er skilgreint í reglum nr. 844/2001, um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Í 3. gr. reglnanna segir að stofnuninni sé ætlað að halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess, halda námskeið fyrir sama markhóp á þverfaglegum grunni og bjóða upp á lengra nám sem stundað er samhliða starfi. Þá kemur fram í 3. gr. reglna nr. 844/2001 að haft skuli samstarf við deildir Háskóla Íslands um þróun og framkvæmd námskeiða. Það hefur sætt gagnrýni að farið sé á svig við gjaldtökuheimildir 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla með því að boðið sé upp á nám til fyrstu og síðari háskólagráðu sem skipulagt er utan dagskóla, samhliða starfi nemenda, þannig að innheimt séu há skólagjöld í formi endurmenntunargjalda skv. e-lið 2. mgr. 24. gr. Með ákvæðinu er jafnframt settur rammi fyrir það meistaranám sem Háskóli íslands hefur boðið á þverfaglegum grunni undir formerkjum endurmenntunar. Dæmi um slíkt er svonefnt MPM og MBA nám við Háskóla íslands.

Um 12. gr.

Mikilvægt er að skýr greinarmunur sé gerður á kjarnastarfsemi opinberra háskóla skv. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins annars vegar og hins vegar hlutverki opinberra háskóla varðandi fræðslu til almennings og endurmenntun skv. 2. og 3. málsl. sömu málsgreinar. Með hliðsjón af almennum samkeppnisreglum kann að vera skylt að halda þeim þáttum í starfsemi opinberra háskóla sem varða fræðslu til almennings og endurmenntun aðskildum í bókhaldi frá kjarnastarfsemi skólanna, sem fjármögnuð er með framlagi úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla og styrkjum úr rannsóknasjóðum. Af slíkum reglum leiðir almennt að halda ber kostnaði af þeim þáttum í starfsemi ríkisaðila sem eru í samkeppni við einkaaðila aðskildum í bókhaldi frá lögbundinni kjarnastarfsemi sem skilgreina má sem almannaþjónustu. Þannig kann að vera skylt að innheimta námskeiðsgjöld vegna fræðslu til almennings og endurmenntunargjöld sem standa undir kostnaði við þróun og kennslu, að því leyti sem slíkt námsframboð er ekki kostað af fjárveitingum á fjárlögum skv. 1. mgr. 24. gr. laganna. Af skyldum opinberra háskóla skv. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins á sviði kennslu og a-lið 2. mgr. 24. gr. laganna leiðir að nemendur í skipulegu grunnnámi sem leiðir til fyrstu háskólagráðu (BA/BS gráðu) eiga rétt á náminu gegn greiðslu skrásetningargjalds, óháð því hvort hvort slíkt nám er skipulagt á öðrum tíma eða með öðru fyrirkomulagi en

almennt tíðkast á vegum háskóla. Gjald fyrir endurmenntun í þeim skilningi sem hér um ræðir kemur aðeins til álita þegar um er að ræða nám skv. 11. gr. frumvarpsins, í kjölfar háskólanáms sem lokið hefur verið með fyrstu prófgráðu, í tengslum við þau fræði sem hún byggist á, sbr. ennfremur skýringar við 11. gr.

Af þessari framsetningu leiðir að endurmenntun skv. 11. gr. frumvarpsins getur ekki talist skipulagt nám sem lýkur með fyrstu prófgráðu sem er á fræðasviði háskóla, sbr. 7. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Heimild til gjaldtöku skv. 12. gr. frumvarpsins tekur einvörðungu til endurmenntunar í skilningi 11. gr. frumvarpsins og fræðslu til almennings.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirða.

Rétt þykir að kveða sérstaklega á um að þeir sem tilnefndir hafa verið í háskólaráð við gildistöku laganna sitji út tilnefningartíma sinn. Af því leiðir að í fyrsta sinn mun reyna á fyrirmæli 4. gr. um fækkun fulltrúa ráðherra í háskólaráði þegar tilnefningartími þeirra er liðinn. Í háskólum með færri en 5.000 nemendur er um einfalda tilfærslu að ræða. Í háskólum með fleiri nemendur verður að gera ráð fyrir því að tilnefningartíma fulltrúa ráðherra geti lokið fyrr. Af þeim sökum er gert ráð fyrir því að fyrst verði fjölgað fulltrúum háskólasamfélagsins og síðar þeim fulltrúum sem tilnefndir eru af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í 2. mgr. er lögð til sú breyting að kjörtími fulltrúa nemenda á háskólafundi verði tvö ár eins og nánar er rakið í skýringum við 7. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar með því markmiði að gera hlutverk háskóla skýrara og að gera stjórnsýslu skilvirkari miðað við þá reynslu sem komin er á framkvæmd gildandi laga.

Helstu breytingarnar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að hugtakið endurmenntun og heimildir opinberra háskóla til gjaldtöku vegna hennar verði gerðar skýrari. Lögð er til breyting sem gerir skýrari greinarmun á menntun sem fólgin er í endurmenntun og fræðslu til almennings annars vegar og hinni eiginlegu starfsemi háskóla hins vegar sem er að veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Í öðru lagi er lagt til að fulltrúum ráðherra í háskólaráði verði fækkað en á móti verði fulltrúm háskólasamfélagsins fjölgað. Í þriðja lagi er lagt til að kjörtímabil nemenda á háskólafundi lengist um eitt ár. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á einstökum lagaákvæðum til að einfalda stjórnsýslu opinberra háskóla.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

971. Tillaga til þingsályktunar [580. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var 25. nóvember 2008 í Genf, í Sviss og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Lýðveldisins Kólumbíu, sem undirritaður var í Genf í Sviss 25. nóvember 2008. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningunum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa gert 20 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Kólumbíu meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um verslun með óunnar landbúnaðarvörur. Því hefur Ísland gert 20 tvíhliða landbúnaðarsamninga við ríki eða ríkjahópa í tengslum við fríverslunarsamningana, að samningnum við Kólumbíu meðtöldum.

Samningaviðræðurnar um fríverslunarsamninginn og landbúnaðarsamninginn tóku eitt ár og þeim lauk í júní 2008.

Fríverslunarsamningurinn við Kólumbíu kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða að loknu 5–10 ára aðlögunartímabili.

Sjávarafurðir eru um þessar mundir mikilvægasta útflutningsvara Íslands til Kólumbíu en útflutningur til Kólumbíu er almennt lítill. Tollar við innflutning á sjávarafurðum til Kólumbíu eru á bilinu 5–20%. Með lækkun þessara tolla skapar samningurinn forsendur fyrir aukin viðskipti með sjávarafurðir.

Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Kólumbíu. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Lýðveldisins Kólumbíu og hins vegar milli Sviss og Lýðveldisins Kólumbíu, auk fríverslunarsamningsins. Verslun með óunnar landbúnaðarvörur fellur undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Kólumbía mun m.a. fella niður tolla á vatn og lifandi hross frá gildistöku samningsins en tollar á íslenskt lambakjöt falla að fullu niður að loknum tíu ára aðlögunartíma. Samkvæmt 12. gr. landbúnaðarsamningsins öðlast hann gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn. Jafnframt er gert ráð fyrir að hann muni gilda svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR
MILLI
LÝÐVELDISINS KÓLUMBÍU
OG
EFTA-RÍKJANNA

FREE TRADE AGREEMENT
BETWEEN
THE REPUBLIC OF COLOMBIA
AND
THE EFTA STATES

FORMÁLSORÐ

PREAMBLE

Lýðveldið Kólumbía (hér á eftir nefnt „Kólumbía“) annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) hins vegar, þar sem hvert einstakt ríki er nefnt samningsaðili og ríkin til samans „samningsaðilar“,

The Republic of Colombia (hereinafter referred to as “Colombia”) on one part, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”) on the other part, each individual State referred to as a “Party” or collectively as the “Parties”:

SEM EINSETJA SÉR að styrkja hin sérstöku vináttubönd og samstarf sín á milli og æskja þess að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækara alþjóðasamstarfs, einkum á milli Evrópu og Suður-Ameríku, með því að fjarlægja viðskiptahindranir,

RESOLVED to strengthen the special bonds of friendship and co-operation between them and desirous, by way of the removal of obstacles to trade, to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst for broader international co-operation, in particular between Europe and South America;

SEM HAFA Í HUGA þau mikilvægu tengsl sem eru á milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna, einkum sameiginlega yfirlýsingu um samstarf sem var undirrituð í Bern 17. maí 2006, og vilja styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

CONSIDERING the important links existing between Colombia and the EFTA States, in particular the *Joint Declaration on Co-operation signed in Bern* on 17 May 2006 and wishing to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, réttarreglu, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

REAFFIRMING their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under international law, including the principles set out in the *United Nations Charter* and the *Universal Declaration of Human Rights*;

SEM VIÐURKENNA að samband er á milli góðra stjórnarhátta í fyrirtækjum og hjá hinu opinbera og heilbrigðrar efnahagsþróunar og staðfesta stuðning sinn við meginreglur um stjórnun fyrirtækja í hinu alþjóðlega átaksverkefni Sameinuðu þjóðanna „Global Compact“ og einnig áform sín um að auka gagnsæi og koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu,

ACKNOWLEDGING the relationship between good corporate and public sector governance and sound economic development, and affirming their support to the principles of corporate governance in the *UN Global Compact*, as well as their intent to promote transparency and prevent and combat corruption;

SEM BYGGJA Á réttindum og skyldum hvers og eins samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn“) og öðrum samningum á grundvelli hans og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

BUILDING on their respective rights and obligations under the *Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization* (hereinafter referred to as “the WTO Agreement”) and the other agreements negotiated thereunder and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun og virðingu fyrir grundvallarréttindum starfsmanna og meginreglunum sem eru settar fram í samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samningsaðilarnir eiga aðild að,

REAFFIRMING their commitment to economic and social development and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the *International Labour Organisation (ILO) Conventions* to which the Parties are party;

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta heilsu og lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig með auknum viðskiptum og fjárfestingum og styrkja með því efnahagsþróunina á víðum grundvelli með það fyrir augum að draga úr fátækt,

AIMING to create new employment opportunities, improve health and living standards and to ensure a large and steadily growing volume of real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows, thereby promoting broad-based economic development in order to reduce poverty;

SEM ERU REIÐUBÚIN að viðhalda getu sinni til að standa vörð um almannahag,

WILLING to preserve their ability to safeguard the public welfare;

SEM HYGGJAST auka samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

INTENDING to enhance the competitiveness of their firms in global markets;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum sínum og tryggja fyrirsjáanlegan lagaramma og lagaumhverfi fyrir verslun, viðskipti og fjárfestingar með því að setja skýrar reglur sem eru öllum til hagsbóta,

DETERMINED to create an expanded and secure market for goods and services in their territories and to ensure a predictable legal framework and environment for trade, business and investment by establishing clear and mutually advantageous rules;

SEM VIÐURKENNA að ávinningur af auknu frelsi í viðskiptum megi ekki glatast vegna samkeppnishamlandi starfshátta,

RECOGNISING that the gains from trade liberalisation should not be offset by anti-competitive practices;

SEM EINSETJA SÉR að styðja við sköpun og nýsköpun með því að standa vörð um hugverkarétt en viðhalda um leið jafnvægi á milli réttinda rétthafa og almenningshagsmuna yfirleitt, einkum að því er varðar menntun, rannsóknir, lýðheilsu og aðgang að upplýsingum,

RESOLVED to foster creativity and innovation by protecting intellectual property rights while maintaining a balance between the rights of the holders and the interests of the public in general, particularly in education, research, public health and access to information;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að framkvæma þennan samning á þann hátt að samrýmist vernd og varðveislu umhverfisins, stuðli að sjálfbærri þróun og efli samstarf þeirra á milli í umhverfismálum,

DETERMINED to implement this Agreement in a manner consistent with environmental protection and conservation, promote sustainable development, and strengthen their co-operation on environmental matters;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi fríverslunarsamning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Free Trade Agreement (hereinafter referred to as “this Agreement”):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Gr. 1.1

Stofnun fríverslunarsvæðis.

Samningsaðilar stofna hér með fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um landbúnað, sem eru gerðir samtímis á milli Kólumb-

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1

Establishment of a Free Trade Area

The Parties to this Agreement, consistent with Article XXIV of the WTO *General Agreement on Tariffs and Trade 1994* (hereinafter referred to as “the

íu og hvers og eins EFTA-ríkjanna, í samræmi við XXIV. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, *hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994* (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) og V. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, *hins almenna samnings um þjónustuviðskipti* (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“).

Gr. 1.2

Markmið.

Markmið þessa samnings eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994,

b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. GATS-samningsins,

c) að fjölga verulega tækifærum til fjárfestinga á fríverslunarsvæðinu,

d) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,

e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagstengsl milli samningsaðilanna,

f) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda,

g) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og

h) að tryggja samstarf í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni með það fyrir augum að auka og bæta ávinninginn af þessum samningi, einkum þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða.

Gr. 1.3

Landfræðilegt gildissvið.

1. Þessi samningur skal, nema annað sé tekið fram í honum, gilda um yfirráðasvæði samningsaðilanna í samræmi við landslög þeirra og þjóðarétt.

2. Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar viðskipti með vörur.

Gr. 1.4

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum og öðrum samningum á grundvelli hans og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

Gr. 1.5

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.

1. Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta-

GATT 1994") and Article V of the WTO *General Agreement on Trade in Services* (hereinafter referred to as "the GATS"), hereby establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary Agreements on Agriculture, concurrently concluded between Colombia and each individual EFTA State.

ARTICLE 1.2

Objectives

The objectives of this Agreement are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the GATT 1994;

(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the GATS;

(c) to substantially increase investment opportunities in the free trade area;

(d) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;

(e) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;

(f) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;

(g) to contribute, by the removal of barriers to trade and investment, to the harmonious development and expansion of world trade; and,

(h) to ensure co-operation related to trade capacity building, in order to expand and improve the benefits of this Agreement, specially for small and medium-sized enterprises.

ARTICLE 1.3

Geographical Scope

1. This Agreement shall, unless otherwise specified therein, apply to the territories of the Parties, in accordance with their domestic law and international law.

2. This Agreement shall not apply to the territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

ARTICLE 1.4

Relation to Other International Agreements

The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which they are a party and any other international agreement to which they are a party.

ARTICLE 1.5

Trade and Economic Relations Covered by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the

og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Kólumbíu hins vegar en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem sá samningur tekur til.

trade and economic relations between, on the one side, each individual EFTA State and, on the other side Colombia, but not to trade relations between individual EFTA States**,** unless otherwise provided for in this Agreement.
2. As a result of the customs union established by the *Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein*, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

Gr. 1.6
Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að hlutaðeigandi ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir sem fara með opinbert vald sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi á yfirráðasvæði hans.

ARTICLE 1.6
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

Gr. 1.7
Skattlagning.

1. Samningur þessi skal ekki takmarka fjárhagslegt fullveldi samningsaðila til að samþykkja skattaráðstafanir nema að því er varðar eftirfarandi reglur:

a) gr. 2.11 (Innlend meðferð) og þau ákvæði önnur í þessum samningi sem eru nauðsynleg til að þeirri grein sé komið til framkvæmda í jafn miklum mæli og III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
b) gr. 4.3 (Bestukjarameðferð) og gr. 4.5 (Innlend meðferð) að því marki sem varðar skattlagningu skv. gr. 4.15 (Almennar undantekningar) og
c) gr. 5.3 (Innlend meðferð) að því marki sem varðar skattlagningu skv. gr. 5.8 (Undantekningar).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. hefur þessi samningur ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef þessi samningur stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar að því leyti sem misræminu nemur.

ARTICLE 1.7
Taxation

1. This Agreement shall not restrict a Party's fiscal sovereignty to adopt taxation measures, except for the disciplines referred to hereafter:

(a) Article 2.11 (National Treatment) and such other provisions of this Agreement as are necessary to give effect to that Article to the same extent as does Article III of the GATT 1994;
(b) Articles 4.3 (Most Favoured Nation Treatment) and 4.5 (National Treatment) to the extent relevant for taxation according to Article 4.15 (General Exceptions); and
(c) Article 5.3 (National Treatment) to the extent relevant for taxation according to Article 5.8 (Exceptions).

2. Notwithstanding paragraph 1, this Agreement shall not affect the rights and obligations of a Party under any tax convention. In the event of any inconsistency between this Agreement and such convention, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

Gr. 1.8
Rafræn viðskipti.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir vaxandi hlutverki rafrænna viðskipta í viðskiptum sín á milli. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að auka samstarf sitt í rafrænum viðskiptum, þeim öllum til hagsbóta, með það fyrir augum að styðja við þau ákvæði þessa samnings sem tengjast vöru- og þjónustu-

ARTICLE 1.8
Electronic Commerce

The Parties recognise the growing role of electronic commerce for trade between them. With a view to supporting provisions of this Agreement related to trade in goods and services the Parties undertake to intensify their co-operation on electronic commerce for their mutual benefit. For that purpose the Parties

viðskiptum. Með það í huga hafa samningsaðilarnir sett rammann sem er að finna í I. viðauka (Rafræn viðskipti).

Gr. 1.9
Almennar skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema kveðið sé á um annað eða það sé auðskilið af sérstöku samhengi þar sem þau eru notuð:

a) „dagar“: almanaksdagar,
b) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,
c) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, kröfu, veitingu, stjórnsýsluaðgerð eða annað,
d) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili.

have established the framework contained in Annex I (Electronic Commerce).

ARTICLE 1.9
Definitions of General Application

For purposes of this Agreement, unless otherwise provided for, or clearly understood from the specific context in which it is used:

(a) “days” means calendar days;
(b) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;
(c) “measure” means any measure by a Party whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, requirement, provision, administrative action, or in any other form;
(d) “person” means a natural person or a juridical person.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

Gr. 2.1
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

a) „tollyfirvald“: yfirvaldið sem, samkvæmt löggjöf samningsaðila, ber ábyrgð á framkvæmd tollalaga,
b) „innflutningstollar“: hvers konar tollar eða gjöld sem eru lögð á eða tengjast innflutningi á vörum, þ.m.t. hvers konar aukaskattar eða aukagjöld, nema:
   i. gjöld sem jafngilda innlendum sköttum sem eru lagðir á skv. 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
   ii. undirboðs- eða jöfnunartollar sem eru lagðir á skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða
   iii. þóknun eða önnur gjöld í tengslum við innflutning í réttu hlutfalli við kostnað vegna veittrar þjónustu,
c) „tollalöggjöf“: hvers konar ákvæði í lögum eða reglum sem samningsaðili samþykkir og gilda um innflutning, útflutning eða umflutning vöru og meðhöndlun hennar samkvæmt hvers konar tollareglum, að meðtöldu banni, takmörkunum og eftirliti.

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 2.1
Definitions

For the purposes of this Agreement, unless otherwise specified:

(a) “customs authority” means the authority that according to the legislation of a Party is responsible for the administration of its customs legislation;
(b) “customs duties on imports” means any duty or a charge of any kind imposed on, or in connection with, the importation of goods, including any form of surtax or surcharge, except:
   (i) charges equivalent to an internal tax imposed consistently with Article III.2 of the GATT 1994;
   (ii) antidumping or countervailing duties that are applied pursuant to Article VI of the GATT 1994; or
   (iii) fees or other charges in connection with importation commensurate with the cost of services rendered.
(c) “customs legislation” means any legal or regulatory provision adopted by a Party, governing the import, export, or transit of goods and their placing under any customs procedure, including measures of prohibition, restriction and control.

Gr. 2.2
Gildissvið.

Þessi kafli gildir um eftirfarandi vörur sem samningsaðilar versla með sín á milli:

a) framleiðsluvörur sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST)), að frátöldum framleiðsluvörum sem eru tilgreindar í II. viðauka (Undanskildar vörur),
b) unnar landbúnaðarafurðir sem tilgreindar eru í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í 3. kafla (Unnar landbúnaðarafurðir) og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir, eins og kveðið er á um í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).

ARTICLE 2.2
Scope

This Chapter applies to the following products traded between the Parties:

(a) products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”), excluding the products listed in Annex II (Excluded Products);
(b) processed agricultural products specified in Annex III (Processed Agricultural Products) with due regard to the arrangements provided for in Chapter 3 (Processed Agricultural Products); and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex IV (Fish and Other Marine Products).

Gr. 2.3
Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála.

1. Ákvæði um upprunareglur og tollameðferð koma fram í V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála).

2. Ákvæði um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála er að finna í VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála).

ARTICLE 2.3
Rules of Origin and Mutual Administrative Assistance in Customs Matters

1. The provisions on rules of origin and customs procedures are set out in Annex V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters).
2. The provisions on mutual administrative assistance in customs matters are set out in Annex VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters).

Gr. 2.4
Greitt fyrir viðskiptum.

Til að greiða fyrir viðskiptum milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna skulu samningsaðilar:

a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að marghliða samstarfi sín á milli í því skyni að auka þátttöku sína í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því innan ramma sameiginlegu nefndarinnar að greiða fyrir viðskiptum,

í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í VII. viðauka (Greitt fyrir viðskiptum).

ARTICLE 2.4
Trade Facilitation

To facilitate trade between Colombia and the EFTA States, the Parties shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote multilateral co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee,

in accordance with the provisions set out in Annex VII (Trade Facilitation).

Gr. 2.5
Stofnun undirnefndar um upprunareglur, tollameðferð og að greiða fyrir viðskiptum.

1. Hér með er stofnuð undirnefnd um upprunareglur, tollameðferð og að greiða fyrir viðskiptum.

2. Störf undirnefndarinnar skulu felast í því að miðla upplýsingum, fylgjast með þróun, gera tæknilegar breytingar sem varða II. viðauka (Undanskildar

ARTICLE 2.5
Establishment of a Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation

1. A Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation is hereby established.
2. The functions of the Sub-Committee shall be to exchange information, review developments, prepare technical amendments relating to Annexes II (Ex-

framleiðsluvörur), III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir), V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála), VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála), VII. viðauka (Greitt fyrir viðskiptum) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) og að aðstoða sameiginlegu nefndina.

3. Fulltrúar EFTA-ríkjanna og fulltrúar Kólumbíu skipa formannssæti í undirnefndinni til skiptis í ákveðinn tíma sem samkomulag er um. Formaður er kosinn á fyrsta fundi undirnefndarinnar. Ákvarðanir undirnefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki.

4. Undirnefndin skal skila skýrslu til sameiginlegu nefndarinnar. Undirnefndinni er heimilt að leggja tillögur fyrir sameiginlegu nefndina um málefni sem tengjast störfum hennar.

5. Undirnefndin skal koma saman eins oft og þörf krefur. Sameiginlegu nefndinni og formanni undirnefndarinnar er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni samningsaðila, að kalla undirnefndina saman. Fundirnir skulu haldnir til skiptis í Kólumbíu og EFTA-ríki.

6. Formaðurinn skal, í samráði við samningsaðila, semja bráðabirgðadagskrá hvers fundar og senda samningsaðilunum, að jafnaði eigi síðar en tveimur vikum áður en fundur er haldinn.

Gr. 2.6

Lækkun innflutningsgjalda.

1. Við gildistöku þessa samnings skal Kólumbía lækka innflutningstolla á vörur sem eiga uppruna sinn í EFTA-ríkjum eins og kveðið er á um í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur).

2. EFTA-ríkin skulu, við gildistöku þessa samnings, fella niður alla innflutningstolla á framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í Kólumbíu, nema kveðið sé á um annað í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).

3. Hafa skal samráð, að beiðni samningsaðila, með það fyrir augum að hraða niðurfellingu tolla sem tilgreindir eru í viðkomandi viðaukum. Samkomulag á milli samningsaðilanna um að hraða niðurfellingu tolla skal ganga framar öllum gjaldskrár- eða lækkunarflokkum sem eru settir fram í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) ef samningsaðilarnir samþykkja það í samræmi við lagaskilyrði í löndum þeirra.

cluded Products), III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products), V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters), VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters), VII (Trade Facilitation) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), and assist the Joint Committee.

3. The Sub-Committee shall be chaired alternatively by a representative of Colombia or an EFTA State for an agreed period of time. The chair shall be elected at the first meeting of the Sub-Committee. The Sub-Committee shall act by consensus.

4. The Sub-Committee shall report to the Joint Committee. The Sub-Committee may make recommendations to the Joint Committee on matters related to its functions.

5. The Sub-Committee shall meet as often as required. It may be convened by the Joint Committee, by the chair of the Sub-Committee on his or her own initiative, or upon request of any Party. The venue shall alternate between Colombia and an EFTA State.

6. A provisional agenda for each meeting shall be prepared by the chair in consultation with the Parties, and forwarded to them, as a general rule, not later than two weeks before the meeting.

ARTICLE 2.6

Dismantling of Import Duties

1. Upon entry into force of this Agreement, Colombia shall dismantle its customs duties on imports of products originating in EFTA States, as provided in Annexes III (Processed Agricultural Products) , IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products).

2. Upon entry into force of this Agreement, the EFTA States shall eliminate all customs duties on imports of products originating in Colombia, unless otherwise provided for in Annexes III (Processed Agricultural Products) and IV (Fish and Other Marine Products).

3. At the request of a Party, consultations shall be held to consider accelerating the elimination of the customs duties set out in the respective Annexes. An agreement between the Parties to accelerate the elimination of a customs duty shall supersede any duty rate or dismantling category set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), if approved by the Parties in accordance with their internal legal requirements.

4. Ekki skal taka upp neina nýja tolla eða önnur gjöld í tengslum við innflutning á upprunavörum til samningsaðila og heldur ekki hækka gjöld sem þegar hafa verið lögð á nema kveðið sé á um það í þessum samningi.
5. Samningsaðilar gera sér grein fyrir að þeir hafa heimild til:
a) í kjölfar einhliða tollalækkunar, að hækka tiltekinn toll að því marki sem er ákveðið í áætlun hvers og eins samningsaðila um lækkun gjaldskrár fyrir það ár sem um er að ræða,
b) að viðhalda tolli eða hækka hann, eftir því sem nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumála heimilar, á grundvelli tollfríðinda sem sett eru fram í áætlun viðkomandi samningsaðila um lækkun tolla,
c) að hækka toll skv. gr. 12.17 (Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað).

Gr. 2.7

Grunntollar.

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi eins og fram kemur í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), skal vera bestukjaratollur sem gildir frá 1. apríl 2007.

2. Ef samningsaðili lækkar gildandi bestukjaratoll einhvern tíma eftir gildistökudag þessa samnings skal sá tollur því aðeins gilda að hann sé lægri en sá tollur sem er reiknaður út í samræmi við viðkomandi viðauka.

Gr. 2.8

Útflutningsgjöld.

1. Þegar samningur þessi öðlast gildi skulu samningsaðilar leggja niður alla tolla og önnur gjöld, þ.m.t. aukagjöld og annars konar framlög sem tengjast útflutningi á vörum til samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í IX. viðauka (Útflutningsgjöld).
2. Ekki skal taka upp neina nýja tolla eða önnur gjöld í tengslum við útflutning á vörum til samningsaðila og heldur ekki hækka tolla eða gjöld sem þegar hafa verið lögð á.

Gr. 2.9

Takmarkanir á innflutningi og útflutningi.

1. Óheimilt er að taka upp eða viðhalda bönnum eða takmörkunum, öðrum en tollum, sköttum eða öðrum gjöldum, hvort heldur er í formi kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfa eða annarra ráðstafana, í viðskiptum milli samningsaðilanna í samræmi

4. No new customs duties or other charges in relation to the importation of originating products to a Party shall be introduced nor shall those already applied be increased, except as provided for in this Agreement.
5. The Parties recognise that they may:

(a) following a unilateral tariff reduction, raise a customs duty to the level established in the tariff dismantling schedules of each Party, for the respective year;
(b) maintain or increase a customs duty as authorised by the WTO Dispute Settlement Body, based on the preferential duty set out in the tariff dismantling schedules of the Party concerned;

(c) increase a customs duty pursuant to Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits).

ARTICLE 2.7

Base Rate

1. For each product the base rate of customs duty, to which the successive reductions set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products) are to be applied, shall be the most-favoured nation rate of duty applied on 1 April 2007.
2. If at any moment after the date of entry into force of this Agreement a Party reduces its applied most favored nation customs duty, that customs duty shall apply only if it is lower than the customs duty calculated in accordance with the relevant Annexes.

ARTICLE 2.8

Export Duties

1. The Parties shall, upon entry into force of this Agreement, eliminate all customs duties and other charges, including surcharges and other forms of contributions, in relation to the exportation of goods to a Party, except as provided for in Annex IX (Export Duties).
2. No new customs duties or other charges in relation to the exportation of goods to a Party shall be introduced nor shall those already applied be increased.

ARTICLE 2.9

Import and Export Restrictions

1. No prohibitions or restrictions other than duties, taxes or other charges, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be instituted or maintained in trade between the Parties in accordance with Article XI of

við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 sem er hér með felld inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

2. Samningsaðilar gera sér grein fyrir því að með 1. mgr. er samningsaðila bannað að taka upp eða viðhalda:

a) verðkröfum við útflutning og innflutning, nema að því marki sem leyft er við framkvæmd ráðstafana og skuldbindinga vegna jöfnunar og undirboða eða
b) innflutningsleyfi sem er háð því skilyrði að krafa um nothæfi sé uppfyllt, nema kveðið sé á um annað í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð).

3. Samningsaðili skal hvorki taka upp né viðhalda ráðstöfun sem er í ósamræmi við WTO-samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa. Ný málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa og hvers konar breytingar á gildandi málsmeðferð við leyfisveitingu eða skrá yfir framleiðsluvörur skal birt, ef því verður við komið, 21 degi áður en skilyrðið verður virkt en eigi síðar en á þeim degi er skilyrðið verður virkt.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem koma fram í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð).

Gr. 2.10

Umsýsluþóknun og formsatriði.

1. Hver samningsaðili skal ganga úr skugga um að þóknun og gjöld hvers konar, önnur en innflutnings- og útflutningsgjöld og skattar sem um getur í III. gr. GATT-samningsins frá 1994, séu í samræmi við 1. mgr. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og athugasemdir um túlkun hans.

2. Samningsaðili skal ekki gera kröfu um skýrslur ræðisstofa, þ.m.t. tengdar þóknanir og gjöld, í tengslum við innflutning vöru frá öðrum samningsaðila.

3. Hver samningsaðili skal hafa aðgengilegar á Netinu uppfærðar upplýsingar um þóknanir og gjöld sem hann leggur á í tengslum við innflutning eða útflutning.

Gr. 2.11

Innlend meðferð.

Samningsaðilar skulu, nema kveðið sé á um annað í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð), beita innlendri meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun, sem er hér með felld inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement *mutatis mutandis*.

2. The Parties understand that paragraph 1 prohibits a Party from adopting or maintaining:

(a) export and import price requirements, except as permitted in enforcement of countervailing or anti-dumping measures and undertakings; or

(b) import licensing conditioned on the fulfillment of a performance requirement, except as provided for in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment).

3. No Party shall adopt or maintain a measure that is inconsistent with the *WTO Agreement on Import Licensing Procedures*. Any new import licensing procedure and any modification of its existing import licensing procedures or list of products, shall be published whenever practicable, 21 days prior to the date when the requirement becomes effective but in any event no later than that date.

4. Paragraphs 1 and 2 shall not apply to the measures set out in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment).

ARTICLE 2.10

Administrative Fees and Formalities

1. Each Party shall ensure that all fees and charges of whatever character other than import and export duties and of taxes referred to in Article III of the GATT 1994 are applied in accordance with paragraph 1 of Article VIII of the GATT 1994 and its interpretive notes.

2. No Party shall require consular transactions, including related fees and charges, in connection with the importation of any good of another Party.

3. Each Party shall make available and maintain through the Internet updated information about the fees and charges it imposes in connection with importation or exportation.

ARTICLE 2.11

National Treatment

Except as provided for in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment), the Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which is hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

Gr. 2.12

Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun í XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felldar inn í þennan samning og verða hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.12

State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the *Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994*, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement *mutatis mutandis*.

Gr. 2.13

Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum um beitingu ráðstafana er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (hér á eftir nefndur „samningurinn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“) og sem leiðir af ákvörðunum um beitingu þess samnings sem samþykktar hafa verið af nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Skilgreiningarnar í viðauka A við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, svo og orðalisti um samræmd hugtök viðkomandi alþjóðlegra stofnana, gilda að því er þennan kafla varðar og um öll samskipti samningsaðilanna um mál er varða heilbrigði og hollustuhætti dýra og plantna.

2. Samningsaðilar skulu starfa saman að skilvirkri framkvæmd samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og þeirra ákvæða sem sett eru fram í þessari grein með það fyrir augum að greiða fyrir tvíhliða viðskiptum, með fyrirvara um rétt til að samþykkja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna og ná viðeigandi verndarstigi hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

3. Í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skulu samningsaðilar ekki beita ráðstöfunum sínum er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna vegna eftirlits, skoðunar, samþykkis eða vottunar, með það fyrir augum að takmarka markaðsaðgang, nema þeir hafi til þess vísindalegan rökstuðning, með fyrirvara um 7. mgr. 5. gr. samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

4. Samningsaðilar skulu auka samstarf á sviði ráðstafana er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og bæta kerfi sín er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

5. Kólumbía og EFTA-ríki skulu, þegar nauðsyn krefur, taka upp tvíhliða samninga til að auðvelda

ARTICLE 2.13

Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO *Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures* (hereinafter referred to as “the SPS Agreement”) and resulting from the decisions on the application of the SPS Agreement adopted by the WTO Committee on Sanitary and Phytosanitary Measures. For the purpose of this Chapter and for any communication on sanitary and phytosanitary related matters between the Parties, the definitions in Annex A of the SPS Agreement, as well as the glossary of harmonised terms of the relevant international organisations, shall apply.

2. The Parties shall work together in the effective implementation of the SPS Agreement and of the provisions set forth in this Article with the purpose of facilitating bilateral trade, without prejudice to the right to adopt measures necessary to protect human, animal or plant health and to achieve the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection.

3. In accordance with the SPS Agreement, the Parties shall not use their sanitary and phytosanitary measures related to control, inspection, approval or certification to restrict market access without scientific justification, without prejudice to paragraph 7 of Article 5 of the SPS Agreement.

4. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of sanitary and phytosanitary measures, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and to improving their sanitary and phytosanitary systems.

5. Colombia and any of the EFTA States shall, whenever necessary, for facilitating access to their

aðgang að mörkuðum sínum, þ.m.t. samningar á milli viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra.

6. Samningsaðilar samþykkja að tilnefna og tilkynna hver öðrum, við gildistöku þessa samnings, um tengiliði vegna tilkynninga- og upplýsingaskipta um málefni er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
7. Samningsaðilar koma hér með á fót umræðuvettvangi fyrir sérfræðinga á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Boða skal til fundar á þeim vettvangi að ósk eins samningsaðila. Til að nýta fjármuni sem best skulu samningsaðilar, að því marki sem unnt er, leitast við að nota tæknilegar samskiptaleiðir á borð við rafræn boðskipti, myndeða símafundi eða láta fundi fara fram samhliða fundum sameiginlegu nefndarinnar eða fundum er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Á fundinum skal m.a.:

a) yfirfara og ganga úr skugga um hvort ákvæðum þessarar greinar hafi verið komið til framkvæmda,
b) fjalla um ráðstafanir, sem einhver samningsaðilanna telur að séu líklegar til að hafa eða hafi haft áhrif á aðgang að mörkuðum annarra samningsaðila, með það fyrir augum að finna viðeigandi lausnir í tæka tíð í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
c) meta framgang hagsmuna samningsaðilanna á sviði markaðsaðgangs,
d) ræða frekari þróun samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
e) fjalla um skuldbindingar samningsaðilanna sem tengjast hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í öðrum alþjóðasamningum og
f) koma á fót sérfræðihópum í tæknimálum eftir þörfum.

Gr. 2.14
Tæknilegar reglur.

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat, í samræmi við WTO-samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“) sem er hér með felldur inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilar skulu auka samstarf sitt á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og auðvelda aðgang að mörkuðum hver annars. Þeir skulu, í þessu skyni, einkum hafa með sér samstarf um að:

respective markets, develop bilateral agreements including those between their respective regulatory authorities.
6. The Parties agree to designate and notify upon the entry into force of this Agreement to each other, contact points for notification and information exchange on issues related to sanitary and phytosanitary systems matters.
7. The Parties hereby establish a forum for SPS experts. The forum shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, to the extent possible, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or telephone conference, or arrange for meetings to take place in conjunction with Joint Committee meetings or with relevant SPS meetings. The forum shall inter alia:

(a) overview and ensure the implementation of this Article;

(b) consider measures that any Party considers are likely to affect, or have affected, access to the markets of another Party with the aim of finding appropriate and timely solutions in conformity with the SPS Agreement;

(c) assess progress on market access interests of the Parties;
(d) discuss further developments of the SPS Agreement;
(e) consider the Parties obligations related to sanitary and phytosanitary matters in other international agreements; and
(f) establish technical expert groups, as needed.

ARTICLE 2.14
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO *Agreement on Technical Barriers to Trade* (hereinafter referred to as “the TBT Agreement”), which is hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.
2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets. To this end, they shall in particular co-operate in:

a) styrkja hlutverk alþjóðlegra staðla sem grundvallar tæknilegra reglna, þ.m.t. aðferðir við samræmismat,
b) stuðla að faggildingu aðila, sem annast samræmismat, á grundvelli viðeigandi staðla og leiðbeininga Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC),

c) stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats aðila sem annast samræmismat og hafa verið viðurkenndir samkvæmt viðeigandi marghliða samningum á milli hlutaðeigandi faggildingarkerfa eða faggildingaraðila og
d) stuðla að gagnsæi við þróun tæknilegra reglna og aðferða samningsaðilanna við samræmismat, m.a. til þess að tryggja að allar samþykktar, tæknilegar reglur séu birtar opinberlega á Netinu með frjálsum og almennum aðgangi. Ef samningsaðili leggur hald á vörur í komuhöfn, sem eru upprunnar á yfirráðasvæði annars samningsaðila, vegna þess að komið hefur í ljós að þær samrýmast ekki tæknilegum reglum, skal hann þegar í stað tilkynna innflytjandanum um ástæður þess að lagt er hald á þær.

3. Samningsaðilar skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða, sem eru tilnefndir vegna málefna er varða tæknilegar viðskiptahindranir, til að auðvelda tæknilegt samráð og upplýsingaskipti um öll málefni sem geta komið upp vegna beitingar sérstakra tæknilegra reglna, staðla og aðferða við samræmismat.

4. Ef samningsaðili leitar eftir upplýsingum eða útskýringum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal samningsaðili, eða samningsaðilar, sem beiðni er beint til, veita slíkar upplýsingar eða útskýringar á prenti eða á rafrænan hátt innan hæfilegs tíma. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal leitast við að svara slíkri beiðni innan 60 daga.

5. Ef samningsaðili telur að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir, sem eru ekki í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, sem líklegt er að hafi eða hafi haft áhrif á aðgang að markaði hans, getur hann óskað eftir tæknilegu samráði, með milligöngu tengiliðar sem annast málið og hefur verið settur skv. 3. mgr., með það fyrir augum að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir. Slíkt samráð, sem getur farið fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar eða annars staðar, skal fara fram innan 40 daga frá því að óskað er eftir því. Einnig getur samráð farið fram með mynd- eða símafundi. Samráð innan sameiginlegu nefndarinnar skal teljast til samráðs skv. gr. 12.5 (Samráð).

(a) reinforcing the role of international standards as a basis for technical regulations, including conformity assessment procedures;
(b) promoting the accreditation of conformity assessment bodies on the basis of relevant Standards and Guides of the International Organization for Standardization (ISO) and the International Electrotechnical Commission (IEC);
(c) promoting mutual acceptance of conformity assessment results of conformity assessment bodies, which have been recognised under appropriate multilateral agreements between their respective accreditation systems or bodies; and

(d) reinforcing the transparency in the development of technical regulations and conformity assessment procedures of the Parties to, among others, ensure that all adopted technical regulations are officially published on the Internet with free and public access. Where a Party detains at a port of entry goods originating in the territory of another Party due to a perceived failure to comply with a technical regulation, it shall immediately notify the importer of the reasons for the detention.

3. The Parties shall exchange names and addresses of designated contact points for technical barriers to trade (TBT) related matters in order to facilitate technical consultations and the exchange of information on all matters that may arise from the application of specific technical regulations, standards and conformity assessment procedures.

4. If a Party requests any information or explanation pursuant to the provisions of this Article, the requested Party or Parties shall provide such information or explanation in print or electronically within a reasonable time. The requested Party or Parties shall endeavor to respond to such a request within 60 days.

5. If a Party considers that another Party has taken measures, not in conformity with the TBT Agreement, which are likely to affect or have affected access to its market, it may request, through the responsible contact point established pursuant to paragraph 3, technical consultations with a view to finding an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement. Such consultations, which can take place both within and outside the framework of the Joint Committee, shall be held within 40 days from the request. Consultations may also be held via phone or video-conferences. Consultations within the Joint Committee shall constitute consultations under Article 12.5 (Consultations).

Gr. 2.15

Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um styrki og jöfnunarráðstafanir, þó með fyrirvara um 2. mgr.
2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í EFTA-ríki eða í Kólumbíu og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. WTO-samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem þær vörur tilheyra sem kunna að verða rannsakaðar og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 15 daga frá því að tilkynningin berst.
3. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) skal aðeins gilda um 2. mgr. þessarar greinar.

ARTICLE 2.15

Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, subject to paragraph 2.
2. Before a Party initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Colombia or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the WTO *Agreement on Subsidies and Countervailing Measures*, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods may be subject to investigation and allow for a 30 days period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place within 15 days from the receipt of the notification in the Joint Committee if any Party so requests.
3. Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to the present Article, except to its paragraph 2.

Gr. 2.16

Undirboð.

1. Farið skal með réttindi og skyldur varðandi ráðstafanir gegn undirboðum í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (hér á eftir nefndur „WTO-samningur um undirboð“), þó með fyrirvara um 2. mgr.
2. Þegar samningsaðila berst nægilega vel rökstutt erindi skal hann tilkynna þeim samningsaðila sem talinn er bjóða vörur sínar á undirboðskjörum, um það skriflega áður en rannsókn hefst samkvæmt WTO-samningnum um undirboð og gefa 20 daga frest til samráðs til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Sé ekki hægt að finna slíka lausn skal hver og einn samningsaðili halda sínum réttindum og skyldum skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins og WTO-samningnum um undirboð.
3. Sameiginlega nefndin skal endurskoða þessa grein til að ákvarða hvort efni hennar sé enn nauðsynlegt til að ná stefnumiðum samningsaðilanna.

4. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) skal aðeins gilda um 2. mgr. þessarar greinar.

ARTICLE 2.16

Anti-Dumping

1. The rights and obligations relating to anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on the Implementation of Article VI of the GATT 1994* (hereinafter referred to as the "WTO Anti-Dumping Agreement"), subject to paragraph 2.
2. When a Party receives a properly documented application and before initiating an investigation under the WTO Anti-Dumping Agreement, the Party shall notify in writing the other Party whose goods are allegedly being dumped and allow a 20 day period for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. If such a solution cannot be reached, each Party retains its rights and obligations under Article VI of GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT and the WTO Anti-Dumping Agreement.

3. The Joint Committee shall review the present Article in order to determine whether its content is still necessary to achieve the policy objectives of the Parties.
4. The Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to the present article, except to its paragraph 2.

Gr. 2.17

Víðtækar verndarráðstafanir.

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samningnum um verndarráðstafanir (hér á eftir nefndur „samningurinn um verndarráðstafanir“).

ARTICLE 2.17

Global Safeguard Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under Article XIX of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on Safeguards* (hereinafter referred to as "the Safeguard Agreement").

2. Þegar samningsaðili gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal hann undanskilja innflutning á upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum ef slíkur innflutningur, einn og sér, veldur ekki alvarlegu tjóni eða hættu á slíku tjóni. Samningsaðilinn, sem gerir ráðstafanir, skal gera slíkar undantekningar í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
3. Samningsaðila er óheimilt að beita gagnvart sömu vöru á sama tíma:
a) tvíhliða verndarráðstöfun og
b) ráðstöfun skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um verndarráðstafanir.

Gr. 2.18

Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Hafi lækkun eða niðurfelling tolls samkvæmt samningi þessum leitt til þess að vara, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, hefur, á aðlögunartímabilinu[1], verið flutt inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila í slíku auknu magni, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við slíkar aðstæður að aukningin sé veigamikil orsök[2] alvarlegs tjóns eða hættu á slíku tjóni fyrir innlenda framleiðslu sambærilegrar vöru eða samkeppnisvöru á yfirráðasvæði aðila sem vara er flutt inn til, getur sá samningsaðili gripið til verndarráðstafana að því marki sem nauðsynlegt er til að bæta skaðann eða koma í veg fyrir hann, þó með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar.
2. Því aðeins má gera verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða að hætta sé á slíku tjóni samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð og skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. samningsins um verndarráðstafanir.
3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til verndarráðstafana samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað, og aldrei síðar en 30 dögum áður en ráðstöfun er gerð, tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á slíku tjóni af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og hvaða dag rannsókninni,

[1] „Aðlögunartímabil“: tíu ára tímabil frá gildistökudegi þessa samnings. Ef í skránni með VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), fyrir þann aðila sem beitir ráðstöfuninni, er kveðið á um lengra en tíu ára aðlögunartímabil fyrir viðkomandi vöru þá merkir aðlögunartímabil það tímabil sem tollar eru felldir niður af viðkomandi vöru samkvæmt þeirri skrá.
[2] „Veigamikil orsök“: orsök sem er þýðingarmeiri en aðrar orsakir.

2. In taking measures under these WTO provisions, a Party shall exclude imports of an originating product from one or several Parties if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall make such exclusion in accordance with WTO jurisprudence.

3. No Party may apply, with respect to the same good, at the same time:
(a) a bilateral safeguard measure; and
(b) a measure under Article XIX of the GATT 1994 and the Safeguard Agreement.

ARTICLE 2.18

Bilateral Safeguard Measures

1. During the transition period[1], where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, a product originating in the territory of a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause[2] of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of this Article.

2. Safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures and definitions laid down in Articles 3 and 4 of the Safeguard Agreement.
3. The Party intending to take or extend a safeguard measure under this Article shall, immediately and in any case no later than 30 days before taking a measure, make notification to the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved, and the proposed measure, as well as the date of completion of the investigation procedure referred to in

[1] “Transition period” means ten years from the date of entry into force of this Agreement. For any product for which the Schedule to Annex VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Product) of the Party applying the measure provides for tariff elimination of more than ten years, transition period means the tariff elimination period for the products set out in that Schedule.
[2] “Substantial cause” means a cause which is more important than any other cause.

sem um getur í 2. mgr. lýkur, hve lengi hún á að standa yfir og á hve löngum tíma ráðstöfunin verður afnumin í áföngum.

4. Samningsaðili, sem beitir tvíhliða verndarráðstöfun, skal, að höfðu samráði við hinn samningsaðilann, grípa til jöfnunaraðgerða til aukins viðskiptafrelsis sem gagnkvæmt samkomulag er um í formi ívilnana sem hafa að verulegu leyti sömu áhrif á viðskipti eða eru ígildi viðbótartolla sem talið er að ráðstöfunin hafi í för með sér. Samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, skal veita tækifæri til slíks samráðs eigi síðar en 15 dögum eftir að tvíhliða verndarráðstöfuninni er beitt.

5. Ef skilyrðin í 1. og 2. mgr. eru uppfyllt hefur samningsaðilinn sem flytur inn, að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón eða hættu á tjóni, heimild til að:

a) fresta frekari lækkun tolla sem kveðið er á um í þessum samningi vegna vörunnar eða

b) hækka toll af framleiðsluvörunni og skal miða við þann toll sem lægri er:
   i. toll sem fæst í bestukjarameðferð (hér á eftir nefnd „bestukjarameðferð“) og er í gildi þegar ráðstöfunin er gerð eða
   ii. bestukjaratoll sem er í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

6. Enginn samningsaðili hefur heimild til að viðhalda tvíhliða verndarráðstöfun:

a) nema að því marki sem kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun,

b) lengur en í tvö ár. Tímabilið má framlengja um allt að einu ári ef lögbært yfirvald samningsaðilans, sem flytur inn, ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. og 3. mgr. hér að framan, að ráðstöfunin sé áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun og fyrir liggi að innlendi iðnaðurinn sé í aðlögun eða

c) fram yfir lok aðlögunartímabilsins.

7. Ekki skal beita tvíhliða verndarráðstöfun vegna innflutnings framleiðsluvöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

8. Innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, sem er tilgreind í 3. mgr., skal samningsaðili, sem annast verndarráðstöfun samkvæmt þessum kafla, ganga til samráðs við samningsaðilann, þaðan sem framleiðsluvaran kemur, sem ráðstöfuninni er beint að, til að greiða fyrir lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við og skal tilkynna sameiginlegu nefndinni um

paragraph 2, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure.

4. A Party applying a bilateral safeguard measure shall, after consultations with the other Party, provide mutually agreed trade liberalisation compensation in the form of concessions having substantially equivalent trade effects or equivalent to the value of the additional duties expected to result from the measure. The Party applying the measure shall provide an opportunity for such consultations no later than 15 days after the application of the bilateral safeguard measure.

5. If the conditions in paragraphs 1 and 2 are met, the importing Party may to the extent necessary to prevent or remedy serious injury or threat thereof:

(a) suspend the further reduction of any rate of duty provided for under this Agreement for the product; or

(b) increase the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the Most-Favoured Nation (hereinafter referred to as “MFN”) applied rate of duty in effect at the time the measure is imposed; or
   (ii) the MFN applied rate of duty in effect on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

6. No Party may maintain a bilateral safeguard measure:

(a) except to the extent, as may be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment;

(b) for a period exceeding two years. The period may be extended by up to one year if the competent authority of the importing Party determines, in conformity with the procedures set out in paragraphs 2 and 3 above, that the measure continues to be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment and that there is evidence that the domestic industry is adjusting; or

(c) beyond the expiration of the transition period.

7. No bilateral safeguard measure shall be applied to the import of a product, which has previously been subject to such a measure.

8. Within 30 days from the date of notification specified in paragraph 3, the Party conducting a safeguard proceeding under this Chapter, shall enter into consultations with a Party whose product is subject to that proceeding, in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter and shall notify to Joint Committee the results of the consultations. In

niðurstöður samráðsins. Ef engin slík lausn finnst er samningsaðilanum, sem vara er flutt inn til, heimilt að samþykkja ráðstöfun skv. 5. mgr.

9. Ef engin slík lausn finnst er samningsaðilanum, sem vara er flutt inn til, heimilt að grípa til ráðstöfunar í samræmi við 5. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem gripið er til aðgerða gegn, er heimilt að grípa til jöfnunarráðstöfunar ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunaraðgerð. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíka verndarráðstöfun og jöfnunarráðstöfun. Við val á verndarráðstöfun og jöfnunarráðstöfun skulu þær aðgerðir hafa forgang sem raska sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunarráðstöfun skal alla jafna fela í sér frestun ívilnana, sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti, eða ívilnana sem í megindráttum jafngilda þeim viðbótartolli sem búist er við að leiði af verndarráðstöfuninni. Samningsaðili, sem grípur til jöfnunarráðstöfunar, skal beita henni í eins skamman tíma og kostur er til að ná í meginatriðum jafngildum áhrifum á viðskipti og einungis á meðan ráðstöfun skv. 5. gr. er beitt.

10. Til að auðvelda aðlögun við aðstæður þar sem reiknað er með að verndarráðstöfun standi yfir í eitt ár eða meira skal samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, smám saman draga úr henni þann tíma sem henni er beitt.

11. Þegar ráðstöfun er lokið skal beita þeim tolli sem hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.

12. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til verndarráðstafana til bráðabirgða ef samkvæmt bráðabirgðamati er ljóst að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni á innlendum iðnaði eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til slíkra ráðstafana, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Uppfylla skal viðeigandi kröfur og fylgja þeirri málsmeðferð sem um getur í 2.–9. mgr. þann tíma sem bráðabirgðaverndarráðstöfunum er beitt.

13. Hætta skal verndarráðstöfunum til bráðabirgða innan 180 daga. Eftirfarandi fyrirkomulag skal gilda:

a) gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal reiknaður sem hluti af því tímabili sem endanlega ráðstöfunin, sem getið er í 6. mgr., varir, ásamt hvers konar framlengingu hennar,
b) slíkar ráðstafanir er einungis heimilt að gera í formi tollahækkunar skv. 5. mgr.Endurgreiða skal viðbótartolla þegar í stað og aflétta öllum ábyrgðum ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr., the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 5.

9. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 5 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee. In the selection of the safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the safeguard measure. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the measure under paragraph 5 is being applied.

10. In order to facilitate adjustment in a situation where the expected duration of a safeguard measure is one year or more, the Party applying the measure shall progressively liberalise it at regular intervals during the period of application.

11. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

12. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify all the Parties and the Joint Committee**.** During the time of the application of the provisional safeguard measure, the pertinent requirements and procedures set out in paragraphs 2 to 9 shall be met.

13. Any provisional safeguard measures shall be terminated within 180 days at the latest. The following modalities shall apply:

(a) the period of application of any provisional measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 6 and any extension thereof.
(b) such measures may only be imposed as a tariff increase pursuant to paragraph 5. Any additional duty actually paid shall be promptly refunded, and any guarantee shall be liberated, if the investiga-

leiðir ekki í ljós að skilyrðum í 1. mgr. hafi verið fullnægt,
c) allar jöfnunaraðgerðir, sem gagnkvæmt samkomulag er um, eða jöfnunarráðstafanir skulu miðast við samanlagðan gildistíma bráðabirgðaverndarráðstöfunar og verndarráðstöfunar.

Gr. 2.19
Almennar undantekningar.

Að því er varðar þennan kafla skal XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

Gr. 2.20
Þjóðaröryggi.

Að því er varðar þennan kafla skal XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar af öryggisástæðum og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

Gr. 2.21
Greiðslujöfnuður.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða yfirvofandi hætta er á því, er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í GATT-samningnum frá 1994 og WTO-samkomulaginu um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.
3. Samningsaðili, sem gerir ráðstafanir samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það.

3. KAFLI
UNNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Gr. 3.1
Gildissvið.

1. Fara skal með unnar landbúnaðarafurðir skv. 2. kafla (Vöruviðskipti), nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.
2. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum um landbúnað, nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

tion described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.
(c) any mutually agreed compensation, or compensatory action, shall be based on the total period of application of the provisional safeguard measure and of the safeguard measure**.**

ARTICLE 2.19
General Exceptions

For the purpose of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

ARTICLE 2.20
National Security

For the purpose of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

ARTICLE 2.21
Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.
2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the WTO *Understanding on the Balance of Payments Provisions of the GATT 1994*, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation.

3. The Party introducing a measure under this Article shall promptly notify the other Parties thereof.

CHAPTER 3
PROCESSED AGRICULTURAL PRODUCTS

ARTICLE 3.1
Scope

1. Processed agricultural products shall be governed by Chapter 2 (Trade in Goods), unless otherwise provided for in this Chapter.
2. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO *Agreement on Agriculture*, unless otherwise specified in this Agreement.

Gr. 3.2
Verðjöfnunarráðstafanir.

1. Til þess að tekið sé tillit til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum, sem eru notuð í framleiðsluvörur sem um getur í gr. 3.3. (Tollaívilnanir), útilokar þessi samningur ekki að tollur sé lagður á innflutningsvörur.
2. Innflutningstollur, sem lagður er á innflutningsvörur, skal grundvallast á en ekki vera umfram, þann mun sem er á verði innanlands og heimsmarkaðsverði á landbúnaðarhráefnum sem notuð eru í viðkomandi framleiðsluvörur.

ARTICLE 3.2
Price Compensation Measures

1. In order to take account of differences in the cost of the agricultural raw materials incorporated into the products referred to in Article 3.3 (Tariff Concessions), this Agreement does not preclude the levying, upon import, of a duty.
2. The duty, levied upon import, shall be based on, but not exceed, the differences between the domestic price and the world market price of the agricultural raw materials incorporated into the products concerned.

Gr. 3.3
Tollaívilnanir.

1. Með hliðsjón af þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í gr. 3.2 (Verðjöfnunarráðstafanir) skulu EFTA-ríkin ekki veita lakari meðferð vegna framleiðsluvara, sem eru tilgreindar í töflu 1 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar eru í Kólumbíu, en Evrópubandalagið nýtur 1. janúar 2008.

2. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur, sem eru tilgreindar í töflu 2 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar í EFTA-ríki, skal Kólumbía lækka tolla eins og tilgreint er í töflunni.

ARTICLE 3.3
Tariff Concessions

1. Taking into account the provisions laid down in Article 3.2 (Price Compensation Measures) the EFTA States shall accord for products listed in the Table 1 of Annex III (Processed Agricultural Products), originating in Colombia, treatment no less favourable than that accorded to the European Community on 1 January, 2008.
2. For products listed in Table 2 of Annex III (Processed Agricultural Products), and originating in an EFTA State, Colombia shall reduce its customs duties as specified therein.

Gr. 3.4
Útflutningsstyrkir í landbúnaði.

1. Samningsaðilar skulu ekki samþykkja, viðhalda, hefja eða hefja að nýju greiðslu útflutningsstyrkja, eins og skilgreint er í WTO-samningnum um landbúnað, í viðskiptum sínum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.
2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, hefur eða hefur að nýju greiðslu útflutningsstyrkja, eins og um getur í 1. mgr., vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við gr. 3.3 (Tollaívilnanir), er hinum samningsaðilunum heimilt að hækka tolla á slíkan innflutning allt að þeim tolli sem gildir í bestukjarameðferð á þeim tíma. Hækki samningsaðili tollinn skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum það innan 30 daga.

ARTICLE 3.4
Agricultural Export Subsidies

1. The Parties shall not adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in the WTO *Agreement on Agriculture*, in their trade on products subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.
2. Should a Party adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in paragraph 1, on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 3.3 (Tariff Concessions), the other Parties may increase the rate of duty on such imports up to the applied MFN tariff in effect at that time. If a Party increases the rate of duty, it shall notify the other Parties within 30 days.

Gr. 3.5
Inngripsverðkerfi.

Kólumbíu er heimilt að viðhalda verðsveiflukerfi sínu (price stabilization mechanism) fyrir landbúnaðarafurðir eins og fram kemur í töflu 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir).

ARTICLE 3.5
Price Band System

Colombia may maintain its Price Stabilization Mechanism for agricultural products as set out in Table 3 to Annex III (Processed Agricultural Products).

Gr. 3.6
Tilkynningar.

EFTA-ríkin skulu tilkynna Kólumbíu, snemma í ferlinu og eigi síðar en fyrir gildistöku þessa samn-

ARTICLE 3.6
Notification

The EFTA States shall notify Colombia at an early stage, at the latest before the entry into force of

ings, um allar ráðstafanir sem gerðar eru skv. gr. 3.2 (Verðjöfnunarráðstafanir). EFTA-ríkin skulu tilkynna Kólumbíu um allar breytingar á þeirri meðferð sem Evrópubandalagið nýtur.

Gr. 3.7
Samráð.

Samningsaðilar skulu endurskoða reglulega þróunina í viðskiptum sínum með þær framleiðsluvörur sem þessi kafli tekur til. Í ljósi þeirrar endurskoðunar, og með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem samningsaðilarnir og Evrópubandalagið hafa sín á milli eða hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, skulu samningsaðilarnir ákveða hugsanlegar breytingar á þessum kafla.

this Agreement, of all measures applied under Article 3.2 (Price Compensation Measures). The EFTA States shall inform Colombia of all changes in the treatment accorded to the European Community.

ARTICLE 3.7
Consultation

The Parties shall review periodically the development of their trade in products covered by this Chapter. In the light of these reviews and taking into account the arrangements between the Parties and the European Community or in the WTO, the Parties shall decide on possible changes to this Chapter.

4. KAFLI
ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

Gr. 4.1
Gildissvið og umfang.

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og samningsaðilar samþykkja eða viðhalda. Hann gildir um allar þjónustugreinar.
2. Í þessum kafla merkir „ráðstafanir samningsaðila“ ráðstafanir sem eru samþykktar eða viðhaldið af:

a) ríkisstjórnum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum og yfirvöldum og
b) óopinberum stofnunum sem fara með vald í umboði ríkisstjórna, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda.

3. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugumferðarréttinda, nema kveðið sé á um annað í 3. lið viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningarnar í 6. lið viðaukans við GATS-samninginn, um flutningaþjónustu í lofti, gilda að því er varðar þennan kafla.
4. Ekki skal líta svo á að neitt í þessum kafla feli í sér skuldbindingar, að því er varðar opinber innkaup, sem kveðið er á um í 7. kafla (Opinber innkaup).

CHAPTER 4
TRADE IN SERVICES

ARTICLE 4.1
Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures adopted or maintained by Parties affecting trade in services. It applies to all services sectors.
2. For the purpose of this Chapter, “measures by Parties” means measures adopted or maintained by:

(a) central, regional, or local governments and authorities; and
(b) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional, or local governments or authorities.

3. In respect of air transport services, this Chapter shall not apply to measures affecting air traffic rights as well as measures affecting services directly related to the exercise of air traffic rights, except as provided for in paragraph 3 of the GATS Annex on Air Transport Services. The definitions contained in paragraph 6 of the GATS Annex on Air Transport Services shall apply for the purpose of this Chapter.

4. Nothing in this Chapter shall be construed to impose any obligation with respect to government procurement, which is subject to Chapter 7 (Government Procurement).

Gr. 4.2
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þjónustuviðskipti“: þjónusta sem er veitt:

   i. frá yfirráðasvæði eins samningsaðila inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila,
   ii. á yfirráðasvæði eins samningsaðila til þjónustuneytanda annars samningsaðila,

ARTICLE 4.2
Definitions

For the purpose of this Chapter:

(a) “trade in services” is defined as the supply of a service:
   (i) from the territory of one Party into the territory of any other Party;
   (ii) in the territory of one Party to the service consumer of any other Party;

iii. af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með viðskiptanærveru á yfirráðasvæði annars samningsaðila,
iv. af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með nærveru einstaklinga frá samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila,

b) „þjónusta“: þjónusta á öllum sviðum nema þjónusta sem stjórnvöld veita,

c) „þjónusta sem stjórnvöld veita“: þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur,

d) „ráðstöfun“: ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað sambærilegt,

e) „veiting þjónustu“: framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala og afhending þjónustu,

f) „ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“: ráðstafanir er varða:
i. kaup á, greiðslu fyrir eða afnot af þjónustu,
ii. aðgang að eða afnot af þjónustu, í tengslum við veitingu þjónustu sem sá samningsaðili krefst að almenningi standi almennt til boða,

iii. nærveru, þ.m.t. viðskiptanærvera, aðila frá einum samningsaðila vegna þjónustuveitingar á yfirráðasvæði annars samningsaðila,

g) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskipta- eða atvinnustarfsemi, þar á meðal:

i. stofnun, yfirtaka eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
ii. stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu á yfirráðasvæði samningsaðila í því skyni að veita þjónustu,

h) „svið:“ þjónustu er:
i. að því er varðar sérstaka skuldbindingu, eitt eða fleiri eða öll undirsvið þeirrar þjónustu, eins og tilgreint er í skrá samningsaðila,
ii. að öðrum kosti þjónustusviðið í heild, þ.m.t. öll undirsvið þess,

i) „þjónusta samningsaðila“: þjónusta sem er veitt:

i. frá eða á yfirráðasvæði samningsaðila eða, ef um er að ræða sjóflutninga, af skipi sem er skráð samkvæmt lögum samningsaðila eða af aðila frá samningsaðilanum sem veitir þjónustuna með því að gera út skip og/eða nýta það að öllu leyti eða að hluta eða

(iii) by a service supplier of one Party, through commercial presence in the territory of any other Party;
(iv) by a service supplier of one Party, through presence of natural persons of a Party in the territory of any other Party;

(b) “services” includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;

(c) “a service supplied in the exercise of governmental authority” means any service which is supplied neither on a commercial basis nor in competition with one or more service suppliers;

(d) “measure” means any measure by a Party, whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, decision, administrative action, or any other form

(e) supply of a service” includes the production, distribution, marketing, sale and delivery of a service;

(f) “measures by a Party affecting trade in services” includes measures in respect of:
(i) the purchase, payment or use of a service;
(ii) the access to and use of, in connection with the supply of a service, services which are required by that Party to be offered to the public generally;
(iii) the presence, including commercial presence, of persons of a Party for the supply of a service in the territory of another Party;

(g) “commercial presence” means any type of business or professional establishment, including through:
(i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person; or
(ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office, within the territory of a Party for the purpose of supplying a service;

(h) “sector” of a service means:
(i) with reference to a specific commitment, one or more, or all, subsectors of that service, as specified in a Party’s Schedule,
(ii) otherwise, the whole of that service sector, including all of its subsectors;

(i) “service of a Party” means a service which is supplied:
(i) from or in the territory of a Party, or in the case of maritime transport, by a vessel registered under the laws of a Party, or by a person of a Party which supplies the service through the operation of a vessel and/or its use in whole or in part; or

ii. af þjónustuveitanda samningsaðila ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru eða nærveru einstaklings,

j) „þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu[3],
k) „þjónustuaðili sem hefur einokunaraðstöðu“: hver sá aðili, einkaaðili eða opinber aðili, sem samningsaðili hefur veitt leyfi eða komið á fót, formlega eða í raun, til að starfa sem eini veitandi þessarar þjónustu á viðkomandi markaði á yfirráðasvæði hans,
l) „þjónustuneytandi“: hver sá aðili sem fær eða notar þjónustu,
m) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,

n) „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“: einstaklingur sem, samkvæmt lögum þess samningsaðila:
   i. er ríkisborgari í landi þessa annars samningsaðila, sem er búsettur á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða
   ii. hefur fasta búsetu hjá þessum öðrum samningsaðila sem er búsettur á yfirráðasvæði einhvers samningsaðilanna ef þessi annar samningsaðili veitir, í meginatriðum, þeim sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði hans sömu meðferð og sínum eigin ríkisborgurum að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Að því er varðar þjónustuveitingu með nærveru einstaklinga (aðferð 4), tekur þessi skilgreining til fastrar búsetu fyrrnefnds annars aðila sem er búsettur á yfirráðasvæði samningsaðila eða á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,
o) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,
p) „lögaðili annars samningsaðila“: lögaðili sem er annaðhvort:

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence or through the presence of natural persons, by a service supplier of a Party;
(j) “service supplier” means any person that supplies, or seeks to supply, a service;[3]
(k) “monopoly supplier of a service” means any person, public or private, which in the relevant market of the territory of a Party is authorised or established formally or in effect by that Party as the sole supplier of that service;

(l) “service consumer” means any person that receives or uses a service;
(m) “person” means either a natural person or a juridical person;
(n) “natural person of another Party” means a natural person who, under the legislation of that other Party, is:
   (i) a national of that other Party who resides in the territory of any WTO Member; or

   (ii) a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party, if that other Party accords substantially the same treatment to its permanent residents as to its nationals in respect of measures affecting trade in services. For the purpose of the supply of a service through presence of natural persons (Mode 4), this definition covers a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party or in the territory of any WTO Member;

(o) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;
(p) “juridical person of another Party” means a juridical person which is either:

[3] Ef þjónustan er ekki veitt beint eða óskað beint eftir veitingu hennar af lögaðila heldur með annars konar viðskiptanærveru, t.d. útibúi eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn) þó fá sömu meðferð og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum kafla. Slík meðferð skal ná til viðskiptanærveru aðila sem veitir þjónustuna eða óskað er eftir að veiti hana en hún þarf ekki að ná til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt eða óskað er eftir að hún sé veitt.

[3] Where the service is not supplied or sought to be supplied directly by a juridical person but through other forms of commercial presence such as a branch or a representative office, the service supplier (*i.e.* the juridical person) shall, nonetheless, through such commercial presence be accorded the treatment provided for service suppliers under this Chapter. Such treatment shall be extended to the commercial presence through which the service is supplied or sought to be supplied and need not be extended to any other parts of the service supplier located outside the territory where the service is supplied or sought to be supplied.

i. stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum þessa annars samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði:

A) samningsaðila eða
B) aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða undir stjórn einstaklinga á vegum þessa annars samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla öll skilyrði A-liðar i-liðar, eða

ii. ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru, í eigu eða undir stjórn:

A) einstaklinga frá þeim samningsaðila eða
B) lögaðila frá þeim samningsaðila skv. i-lið p-liðar,

q) lögaðili er:
i. „í eigu“ aðila frá samningsaðila ef meira en 50% af eignarhlut í honum eru hrein eign aðila frá þeim samningsaðila,
ii. „undir stjórn“ aðila frá samningsaðila ef þessir aðilar hafa vald til að tilnefna meirihluta stjórnenda eða stjórna starfsemi hans á annan hátt lögum samkvæmt,
iii. „tengdur“ öðrum aðila ef hann stjórnar eða honum er stjórnað af þessum öðrum aðila eða ef bæði honum og þeim aðila er stjórnað af sama aðila,

r) „beinir skattar“: allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þ.m.t. skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, skattar af heildarupphæð launa, sem fyrirtæki greiða, svo og skattar af verðmætisaukningu fjármagns.

Gr. 4.3

Bestukjarameðferð.

1. Samningsaðili skal, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, þegar í stað og án skilyrða, veita meðferð sem er eigi lakari þegar um er að ræða þjónustu og þjónustuveitendur annars samningsaðila en meðferð sem hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu eða veitir þjónustuveitendum aðila sem á ekki hlut að samningnum, nema kveðið sé á um annað í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í XI. viðauka (Skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar).

2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum samningum, sem samningsaðili hefur gert og tilkynnt hefur verið um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.

(i) constituted or otherwise organised under the laws of that other Party, and is engaged in substantive business operations in the territory of:
(A) any Party; or
(B) any Member of the WTO and is owned or controlled by natural persons of that other Party or by juridical persons that meet all the conditions of subparagraph (i)(A); or

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:
(A) natural persons of that other Party; or
(B) juridical persons of that other Party identified under subparagraph (p)(i);

(q) a juridical person is:
(i) “owned” by persons of a Party if more than 50 per cent of the equity interest in it is beneficially owned by persons of that Party;
(ii) “controlled” by persons of a Party if such persons have the power to name a majority of its directors or otherwise to legally direct its actions;
(iii) “affiliated” with another person when it controls, or is controlled by, that other person; or when it and the other person are both controlled by the same person;

(r) “direct taxes” comprises all taxes on total income, on total capital or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of property, taxes on estates, inheritances and gifts, and taxes on the total amounts of wages or salaries paid by enterprises, as well as taxes on capital appreciation.

ARTICLE 4.3

Most-Favoured-Nation Treatment

1. Except as provided for in its List of MFN Exemptions contained in Annex XI (Lists of MFN Exemptions), a Party shall accord immediately and unconditionally, in respect of all measures affecting the supply of services, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to like services and service suppliers of any non-party.

2. Treatment granted under other agreements concluded by one of the Parties and notified under Article V or Article V *bis* of the GATS, as well as treatment granted in accordance with Article VII of the GATS, shall not be subject to paragraph 1.

3. Ef samningsaðili gerir samning sem tilkynnt er um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita þeim samningsaðila nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í honum felst.
4. Ákvæði þessa kafla skulu ekki túlkuð á þann hátt að þau komi í veg fyrir að samningsaðili geti veitt aðliggjandi löndum hagstæðari skilmála í því skyni að auðvelda skipti á þjónustu sem verður bæði til og er notuð á samliggjandi svæðum á landamærum.

3. If a Party enters into an agreement notified under Article V or Article V *bis* of the GATS, it shall upon request from another Party afford adequate opportunity to that Party to negotiate the benefits granted therein.
4. The provision of this Chapter shall not be so construed as to prevent any Party from conferring or according advantages to adjacent countries in order to facilitate exchanges limited to contiguous frontier zones of services that are both locally produced and consumed.

Gr. 4.4
Markaðsaðgangur.

1. Að því er varðar markaðsaðgang á þann hátt sem tilgreint er í a-lið gr. 4.2 (Skilgreiningar) skal sérhver samningsaðili veita þjónustu og þjónustuveitendum frá öðrum samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð en þá sem kveðið er á um samkvæmt skilmálum, takmörkunum og skilyrðum sem hafa verið samþykkt og tilgreind eru í skrá hans[4].
2. Á sviðum, þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar varðandi markaðsaðgang, eru ráðstafanir, sem samningsaðili skal ekki viðhalda eða samþykkja, hvort heldur er á grundvelli undirskiptingar svæða eða á grundvelli alls yfirráðasvæðisins, nema annað sé tekið fram í skrá hans, skilgreindar sem:

a) takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einokunaraðstöðu, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum,
b) takmarkanir á heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
c) takmarkanir á samanlögðum fjölda þjónustuverkefna eða á heildarmagni veittrar þjónustu, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum[5],

ARTICLE 4.4
Market Access

1. With respect to market access through the modes of supply identified in subparagraph (a) of Article 4.2 (Definitions), each Party shall accord services and service suppliers of any other Party treatment no less favourable than that provided for under the terms, limitations and conditions agreed and specified in its Schedule.[4]
2. In sectors where market-access commitments are undertaken, the measures which a Party shall not maintain or adopt either on the basis of a regional subdivision or on the basis of its entire territory, unless otherwise specified in its Schedule, are defined as:

(a) limitations on the number of service suppliers whether in the form of numerical quotas, monopolies, exclusive service suppliers or the requirements of an economic needs test;
(b) limitations on the total value of service transactions or assets in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;
(c) limitations on the total number of service operations or on the total quantity of service output expressed in terms of designated numerical units in the form of quotas or the requirement of an economic needs test;[5]

[4] Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í skrá sinni yfir skuldbindingar og ef flutningur fjármagns yfir landamæri er mikilvægur hluti af þjónustunni, sem er veitt á þann hátt sem um getur í i. lið a-liðar í gr. 4.2 (Skilgreiningar), er sá samningsaðili þar með skuldbundinn til að leyfa slíka fjármagnsflutninga. Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í skrá sinni yfir skuldbindingar og ef þjónustan er veitt á þann hátt sem um getur í iii. lið a-liðar í gr. 4.2 (Skilgreiningar) er sá samningsaðili þar með skuldbundinn til að leyfa tengda fjármagnsflutninga inn á yfirráðasvæði sitt.

[5] Ákvæði c-liðar 2. mgr. í gr. 4.2 (Skilgreiningar) taka ekki til ráðstafana samningsaðila sem takmarka aðföng sem eru notuð við veitingu þjónustu.

[4] To the extent that a market-access commitment is undertaken by a Party in its Schedule of Commitments, and where the cross-border movement of capital is an essential part of a service supplied through the mode of supply referred to in subparagraph (a)(i) of Article 4.2 (Definitions), that Party is hereby committed to allow such movement of capital. To the extent that a market-access commitment is undertaken by a Party in its Schedule of Commitments, and where a service is supplied through the mode of supply referred to in subparagraph (a)(iii) of Article 4.2 (Definitions), that Party is hereby committed to allow related transfers of capital into its territory.

[5] Subparagraph 2(c) of Article 4.2 (Definitions) does not cover measures of a Party which limit inputs for the supply of services.

d) takmarkanir á heildarfjölda einstaklinga sem heimilt er að ráða á sérstöku þjónustusviði eða sem þjónustuveitanda er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir veitingu sérstakrar þjónustu í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,

e) ráðstafanir sem takmarka eða útheimta að þjónustuveitandinn hafi á sínum vegum sérstaka lögaðila eða sameiginlegt fyrirtæki sem getur veitt þjónustu fyrir hann og

f) takmarkanir á aðkomu erlends fjármagns, settar fram sem hámarkshundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa eða sem heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra erlendra fjárfestinga.

Gr. 4.5

Innlend meðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í skrá hans og samkvæmt þeim skilyrðum og hæfniskröfum sem eru settar fram þar, veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustunnar, en hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs[6].

2. Samningsaðili getur uppfyllt kröfur 1. mgr. með því að veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila meðferð sem er að formi til sams konar eða ólík þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.

3. Meðferð, sem er að formi til sams konar eða ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnisskilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur samningsaðilans miðað við samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendur annars samningsaðila.

Gr. 4.6

Viðbótarskuldbindingar.

Samningsaðilum er heimilt að semja um skuldbindingar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og eru ekki háðar skráningu skv. gr. 4.4 (Markaðsaðgangur) eða gr. 4.5 (Innlend meðferð), þ.m.t. þær ráðstafanir sem varða hæfi, staðla eða leyfisveitingar. Slíkar skuldbindingar skulu færðar í skrá samningsaðila.

(d) limitations on the total number of natural persons that may be employed in a particular service sector or that a service supplier may employ and who are necessary for, and directly related to, the supply of a specific service in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;

(e) measures which restrict or require specific types of legal entity or joint venture through which a service supplier may supply a service; and

(f) limitations on the participation of foreign capital in terms of maximum percentage limit on foreign shareholding or the total value of individual or aggregate foreign investment.

ARTICLE 4.5

National Treatment

1. In the sectors inscribed in its Schedule, and subject to any conditions and qualifications set out therein, each Party shall accord to services and service suppliers of any other Party, in respect of all measures affecting the supply of services, treatment no less favourable than that it accords to its own like services and service suppliers.[6]

2. A Party may meet the requirement of paragraph 1 by according to services and service suppliers of any other Party, either formally identical treatment or formally different treatment to that it accords to its own like services and service suppliers.

3. Formally identical or formally different treatment shall be considered to be less favourable if it modifies the conditions of competition in favour of services or service suppliers of the Party compared to like services or service suppliers of any other Party.

ARTICLE 4.6

Additional Commitments

Parties may negotiate commitments with respect to measures affecting trade in services not subject to scheduling under Articles 4.4 (Market Access) or 4.5 (National Treatment), including those regarding qualifications, standards or licensing matters. Such commitments shall be inscribed in a Party's Schedule.

---

[6] Sérstakar skuldbindingar, sem gengið er út frá í þessari grein, skulu ekki túlkaðar þannig að þess verði krafist af samningsaðila að hann bæti upp verri samkeppnisstöðu sem stafar af því að um erlenda þjónustu eða þjónustuveitendur er að ræða.

[6] Specific commitments assumed under this Article shall not be construed to require any Party to compensate for any inherent competitive disadvantages which result from the foreign character of the relevant services or service suppliers.

Gr. 4.7

Innlendar reglur.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að öllum ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt á sanngjarnan, hlutlægan og óhlutdrægan hátt.
2. Hver samningsaðili skal, að beiðni aðila sem málið varðar og er þjónustuveitandi annars samningsaðila, viðhalda eða koma á fót, eins fljótt og unnt er, dómstólum, gerðardómi eða stjórnsýsludómstólum eða sérstakri málsmeðferð þar sem stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, verða tafarlaust endurskoðaðar og gripið til viðeigandi úrræða ef slíkt telst réttmætt. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni, sem tekur viðkomandi stjórnsýsluákvörðun, skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í reynd í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
3. Ef samningsaðili krefst þess að fyrir liggi leyfi fyrir veitingu þjónustu skulu lögbær yfirvöld þess samningsaðila tilkynna umsækjandanum, innan hæfilegs tíma eftir að umsókn, sem telst uppfylla innlend lög og reglur, hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án óþarfra tafa.

4. Á sviðum þar sem gengist er undir sérstakar skuldbindingar skal hver samningsaðili tryggja að ráðstafanir, sem varða hæfniskröfur og málsmeðferð, tæknilega staðla og kröfur um leyfisveitingu:
   i. séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, s.s. hæfni og getu til að veita þjónustu,
   ii. séu ekki íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þjónustunnar og
   iii. takmarki ekki í sjálfu sér veitingu þjónustunnar þegar málsmeðferð við leyfisveitingu er annars vegar.
5. Þegar ákvarðað er hvort samningsaðili uppfylli skyldur skv. 4. mgr. skal tekið tillit til alþjóðlegra staðla viðkomandi alþjóðastofnana[7] sem sá samningsaðili notar.
6. Hver samningsaðili skal sjá fyrir fullnægjandi málsmeðferð til að sannprófa hæfni fagmanna hjá öðrum samningsaðilum.

[7] Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.

ARTICLE 4.7

Domestic Regulation

1. Each Party shall ensure that all measures of general application affecting trade in services are administered in a reasonable, objective and impartial manner.
2. Each Party shall maintain or institute as soon as practicable judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures which provide, at the request of an affected service supplier of another Party, for the prompt review of, and where justified, appropriate remedies for, administrative decisions affecting trade in services. Where such procedures are not independent of the agency entrusted with the administrative decision concerned, the Party shall ensure that the procedures in fact provide for an objective and impartial review.

3. Where authorisation is required by a Party for the supply of a service, the competent authorities of that Party shall, within a reasonable period of time after the submission of an application is considered complete under that Party's domestic laws and regulations, inform the applicant of the decision concerning the application. At the request of the applicant, the competent authorities of that Party shall provide, without undue delay, information concerning the status of the application.
4. In sectors where specific commitments are undertaken, each Party shall ensure that measures relating to qualification requirements and procedures, technical standards, and licensing requirements:
   (i) are based on objective and transparent criteria, such as competence and the ability to supply the service;
   (ii) are not more burdensome than necessary to ensure the quality of the service; and
   (iii) in the case of licensing procedures, are not in themselves a restriction on the supply of the service.
5. In determining whether a Party is in conformity with the obligation under paragraph 4, account shall be taken of international standards of relevant international organisations[7] applied by that Party.
6. Each Party shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of any other Party.

[7] The term "relevant international organisations" refers to international bodies whose membership is open to the relevant bodies of all Parties.

Gr. 4.8

Viðurkenning.

1. Til að uppfylla viðkomandi staðla sína eða viðmiðanir um útgáfu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum skal hver samningsaðili taka tilhlýðilegt tillit til hverrar beiðni frá öðrum samningsaðila um að viðurkenna menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem sá samningsaðili veitir. Slíka viðurkenningu er heimilt að byggja á samningi eða fyrirkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila eða veita hana einhliða að öðrum kosti.

2. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum fyrirliggjandi eða síðari samningi eða fyrirkomulagi eða semja við hann með sambærilegum samningum eða fyrirkomulagi. Ef viðurkenning samningsaðila er einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

3. Viðurkenning samningsaðila skal ekki vera með þeim hætti að hann mismuni löndum þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum og ekki heldur með þeim hætti að það skapi duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum.

ARTICLE 4.8

Recognition

1. For the purpose of the fulfilment of its relevant standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, each Party shall give due consideration to any requests by another Party to recognise the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in that other Party. Such recognition may be based upon an agreement or arrangement with that other Party, or otherwise be accorded autonomously.

2. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of a non-party, that Party shall afford another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.

3. A Party shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorisation, licensing, or certification of service suppliers, or a disguised restriction on trade in services.

Gr. 4.9

För einstaklinga.

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og einstaklinga hjá samningsaðila sem eru ráðnir af þjónustuveitanda samningsaðila til að veita þjónustu.

2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá samningsaðila né ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.

3. Einstaklingum, sem sérstök skuldbinding gildir um, er heimilt að veita þjónustu í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.

4. Þessi kafli skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að hafa stjórn á för einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þ.m.t. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að vernda landamæri hans og tryggja skipulega för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim

ARTICLE 4.9

Movement of Natural Persons

1. This Article applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Party, and natural persons of a Party who are employed by a service supplier of a Party, in respect of the supply of a service.

2. This Chapter shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Party, nor shall it apply to measures regarding nationality, residence or employment on a permanent basis.

3. Natural persons covered by a specific commitment shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of that commitment.

4. This Chapter shall not prevent a Party from applying measures to regulate the entry of natural persons of another Party into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across, its borders, provided that such measures are not applied in such a manner

hætti að þær geri að engu eða skerði þann ávinning sem aðili hefur samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.[8]

Gr. 4.10
Gagnsæi.

1. Hver samningsaðili skal birta, þegar í stað og eigi síðar en við gildistöku, nema um neyðartilvik sé að ræða, allar viðeigandi ráðstafanir um almenna beitingu sem varða eða hafa áhrif á framkvæmd þessa kafla. Einnig skal birta alþjóðasamninga sem samningsaðili hefur undirritað og varða eða hafa áhrif á þjónustuviðskipti.
2. Ef birting, sem um getur í 1. mgr., er ekki framkvæmanleg skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi á annan hátt.
3. Ekkert í þessum kafla leggur samningsaðilum þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða bryti í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna, opinberra eða einkarekinna fyrirtækja.

Gr. 4.11
Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi, sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði sínu, starfi ekki í ósamræmi við skyldur þessa samningsaðila skv. gr. 4.3 (Bestukjarameðferð) og sérstökum skuldbindingum hans.

2. Ef sá sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila keppir, annaðhvort beint eða í gegnum eignatengd fyrirtæki, um veitingu þjónustu utan þess sviðs sem hann hefur einokunaraðstöðu á og þjónustan fellur undir sérstakar skuldbindingar þessa samningsaðila, skal samningsaðilinn sjá til þess að sá þjónustuveitandi misnoti ekki einokunaraðstöðu sína til að starfa á yfirráðasvæði hans með þeim hætti að brjóti í bága við þessar skuldbindingar.
3. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um þjónustuveitendur með einkarétt þegar samningsaðili, formlega eða í reynd:
a) veitir heimild fyrir eða kemur á fót litlum fjölda þjónustuveitenda og
b) kemur að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni milli þessara þjónustuveitenda á yfirráðasvæði sínu.

[8] Þótt vegabréfsáritunar sé krafist fyrir einstaklinga skal ekki litið svo á að verið sé að gera að engu eða skerða ávinning sem fæst samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

as to nullify or impair the benefits accruing to any Party under the terms of a specific commitment.[8]

ARTICLE 4.10
Transparency

1. Each Party shall publish promptly and, except in emergency situations, at the latest by the time of their entry into force, all relevant measures of general application which pertain to or affect the operation of this Chapter. International agreements pertaining to or affecting trade in services to which a Party is a signatory shall also be published.
2. Where publication as referred to in paragraph 1 is not practicable, such information shall be made otherwise publicly available.
3. Nothing in this Chapter shall require any Party to provide confidential information, the disclosure of which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest, or which would prejudice legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

ARTICLE 4.11
Monopolies and Exclusive Service Suppliers

1. Each Party shall ensure that any monopoly supplier of a service in its territory does not, in the supply of the monopoly service in the relevant market, act in a manner inconsistent with that Party's obligations under Article 4.3 (Most-Favoured-Nation Treatment) and specific commitments.
2. Where a Party's monopoly supplier competes, either directly or through an affiliated company, in the supply of a service outside the scope of its monopoly rights and which is subject to that Party's specific commitments, the Party shall ensure that such a supplier does not abuse its monopoly position to act in its territory in a manner inconsistent with such commitments.

3. The provisions of this Article shall also apply to cases of exclusive service suppliers, where a Party, formally or in effect:
(a) authorises or establishes a small number of service suppliers; and
(b) substantially prevents competition among those suppliers in its territory.

[8] The sole fact of requiring a visa for natural persons shall not be regarded as nullifying or impairing benefits under a specific commitment.

Gr. 4.12

Viðskiptahættir.

1. Samningsaðilar viðurkenna að ákveðnir viðskiptahættir þjónustuveitenda, aðrir en þeir sem falla undir gr. 4.11 (Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt), geti hamlað samkeppni og þar með takmarkað þjónustuviðskipti.
2. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, hefja samráð með það fyrir augum að afnema þá viðskiptahætti sem um getur í 1. mgr. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal fjalla ítarlega og með velvilja um slíka beiðni og eiga samstarf um að veita upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að og eru ekki trúnaðarmál, sem varða það málefni sem um ræðir. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal enn fremur veita samningsaðilanum, sem leggur beiðnina fram, aðrar tiltækar upplýsingar með fyrirvara um landslög og að gert hafi verið fullnægjandi samkomulag um að fyllsta trúnaðar verði gætt af hálfu samningsaðilans sem leggur beiðnina fram.

ARTICLE 4.12

Business Practices

1. Parties recognise that certain business practices of service suppliers, other than those falling under Article 4.11 (Monopolies and Exclusive Service Suppliers), may restrain competition and thereby restrict trade in services.
2. Each Party shall, at the request of any other Party, enter into consultations with a view to eliminating practices referred to in paragraph 1. The Party addressed shall accord full and sympathetic consideration to such a request and shall co-operate through the supply of publicly available non-confidential information of relevance to the matter in question. The Party addressed shall also provide other information available to the requesting Party, subject to its domestic law and to the conclusion of satisfactory agreement concerning the safeguarding of its confidentiality by the requesting Party.

Gr. 4.13

Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í gr. 4.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) og XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar), setja takmarkanir á alþjóðlegar yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, (hér á eftir nefndur „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn“), þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við greinar þess samnings, að því tilskildu að samningsaðili muni ekki setja neinar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans um slík viðskipti, nema skv. gr. 4.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ARTICLE 4.13

Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 4.14 (Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments) and Annex XIV (Payments and Capital Movement) a Party shall not apply restrictions on international transfers and payments for current transactions with another Party.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the International Monetary Fund (hereinafter referred to as "IMF"), including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of the Agreement of the IMF, provided that a Party shall not impose restrictions on capital transactions inconsistently with its specific commitments regarding such transactions, except under Article 4.14 (Restrictions to Safeguard the Balance of Payments) or at the request of the IMF.

Gr. 4.14

Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum.
3. Samningsaðili, sem grípur til takmarkana eða viðheldur þeim, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

ARTICLE 4.14

Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee thereof.

Gr. 4.15

Almennar undantekningar.

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun landa, þar sem aðstæður eru þær sömu, eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum, skal ekkert í þessum kafla túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu[9],
b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. ákvæði sem tengjast:
   i. því að koma í veg fyrir villandi og sviksamlega viðskiptahætti eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum,
   ii. því að vernda friðhelgi einstaklingsins í tengslum við vinnslu og dreifingu persónuupplýsinga og fara með persónulegar skrár og reikninga sem trúnaðarmál,
   iii. öryggi,
d) ekki í samræmi við gr. 4.5 (Innlend meðferð), að því tilskildu að þegar ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra samningsaðila[10],

ARTICLE 4.15

General Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Chapter shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Party of measures:

(a) necessary to protect public morals or to maintain public order;[9]
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Chapter including those relating to:
   (i) the prevention of deceptive and fraudulent practices or to deal with the effects of a default on services contracts;
   (ii) the protection of the privacy of individuals in relation to the processing and dissemination of personal data and the protection of confidentiality of individual records and accounts;
   (iii) safety;
(d) inconsistent with Article 4.5 (National Treatment), provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of other Parties;[10]

---

[9] Aðeins má beita undantekningu á grundvelli allsherjarreglu ef um er að ræða raunverulega og nægilega alvarlega ógnun við grundvallarhagsmuni þjóðfélagsins.

[10] Ráðstafanir sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta taka til ráðstafana sem samningsaðili gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

i. gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á því að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð í tengslum við skattskylda þætti sem eiga uppruna sinn að rekja til eða eru notaðir á yfirráðasvæði samningsaðila eða
ii. gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði samningsaðila eða
iii. gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir skattahagræðingu eða skattsvik, þ.m.t. ráðstafanir um að skyldur séu uppfylltar eða
iv. gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars samningsaðila, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum eða

---

[9] The public order exception may be invoked only where a genuine and sufficiently serious threat is posed to one of the fundamental interests of society.

[10] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Party under its taxation system which:

(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with respect to taxable items sourced or located in the Party's territory; or

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Party's territory; or

(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or

(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Party in order to ensure the imposition or collection of taxes on such consumers derived from sources in the Party's territory; or

e) ekki í samræmi við gr. 4.3 (Bestukjarameðferð), að því tilskildu að ólík meðferð sé til komin vegna samnings um að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða um að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem samningsaðilinn er bundinn af.

Gr. 4.16

Undantekningar af öryggisástæðum.

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að láta af hendi,

b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:

i. varðandi þjónustu sem er veitt, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að birgja upp herstöðvar,

ii. varðandi kjarnakleyf efni og kjarnasamrunaefni eða efni sem þau eru unnin úr,

iii. á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum, eða

c) að komið sé í veg fyrir að aðili grípi til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

2. Sameiginlega nefndin skal fá eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um ráðstafanir sem eru gerðar skv. b- og c-lið 1. mgr. og hvenær þær falla úr gildi.

Gr. 4.17

Skrár um sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig skv. gr. 4.4 (Markaðsaðgangur), gr. 4.5 (Innlend meðferð) og gr. 4.6 (Viðbótarskuldbindingar). Að því er varðar þau svið sem skuldbindingarnar taka til skal eftirfarandi tilgreint í hverri skrá:

(e) inconsistent with Article 4.3 (Most-Favoured-Nation Treatment), provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Party is bound.

ARTICLE 4.16

Security Exceptions

1. Nothing in this Chapter shall be construed:

(a) to require any Party to furnish any information, the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests;

(b) to prevent any Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:

(i) relating to the supply of services as carried out directly or indirectly for the purpose of provisioning a military establishment;

(ii) relating to fissionable and fusionable materials or the materials from which they are derived;

(iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or

(c) to prevent any Party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

2. The Joint Committee shall be informed to the fullest extent possible of measures taken under paragraphs 1(b) and (c) and of their termination.

ARTICLE 4.17

Schedules of Specific Commitments

1. Each Party shall set out in a schedule the specific commitments it undertakes under Articles 4.4 (Market Access), 4.5 (National Treatment), and 4.6 (Additional Commitments). With respect to sectors where such commitments are undertaken, each Schedule shall specify:

---

v. greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af þáttum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra eða

vi. ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn samningsaðilans.

Skattaheiti eða hugtök í d-lið gr. 4.15 (Almennar undantekningar) og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum samningsaðilans sem gerir ráðstafanirnar.

(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or

(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Party's tax base.

Tax terms or concepts in subparagraph (d) of Article 4.15 (General Exceptions) and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Party taking the measure.

a) skilmálar, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð,

c) samþykkt varðandi viðbótarskuldbindingar sem um getur í gr. 4.6 (Viðbótarskuldbindingar) og

d) tímamörk á framkvæmd slíkra skuldbindinga og gildistökudagur þeirra, ef við á.

2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 4.4 (Markaðsaðgangur) og gr. 4.5 (Innlend meðferð), skulu skráðar í dálkinn sem á við gr. 4.4 (Markaðsaðgangur). Þá merkir skráningin einnig skilyrði eða forsendu sem á við gr. 4.5 (Innlend meðferð).

(a) terms, limitations and conditions on market access;
(b) conditions and qualifications on national treatment;
(c) undertakings relating to additional commitments referred to in Article 4.6 (Additional Commitments); and
(d) where appropriate, the time-frame for implementation of such commitments and the date of entry into force of such commitments.

2. Measures inconsistent with both Articles 4.4 (Market Access) and 4.5 (National Treatment) are inscribed in the column relating to Article 4.4 (Market Access). In this case, the inscription is considered to provide a condition or qualification to Article 4.5 (National Treatment) as well.

Gr. 4.18
Endurskoðun.

1. Samningsaðilar skulu, í því skyni að auka enn frekar frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli, endurskoða skrár sínar um sérstakar skuldbindingar og skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar a.m.k. þriðja hvert ár og gera ráðstafanir til að draga úr eða afnema að verulegu leyti þá mismunun, sem enn á sér stað milli samningsaðila að því er varðar þjónustuviðskipti sem falla undir þennan kafla, á gagnkvæmum hagkvæmnisgrundvelli og tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings.
2. Samningsaðilar skulu yfirfara í sameiningu þær samningaviðræður sem kveðið er á um í 4. mgr. VI. gr. og 1. mgr. XV. gr. GATS-samningsins og fella niðurstöður slíkra viðræðna inn í þennan kafla, eftir því sem við á.

ARTICLE 4.18
Review

1. With the objective of further liberalising trade in services between them, the Parties shall review their schedules of specific commitments and their Lists of MFN Exemptions at least every three years to provide for a reduction or elimination of substantially all remaining discrimination between the Parties with regard to trade in services covered in this Chapter on a mutually advantageous basis and ensuring an overall balance of rights and obligations. The first such review shall take place not later than two years after the entry into force of this Agreement.

2. The Parties shall jointly review the negotiations provided for in paragraph 4 of Article VI and paragraph 1 of Article XV of the GATS and incorporate any results of such negotiations, as appropriate, into this Chapter.

Gr. 4.19
Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla:
a) XI. viðauki (Skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
b) XII. viðauki (Viðurkenning á menntun og hæfi þjónustuveitenda),
c) XIII. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu),
d) XIV. viðauki (Greiðslur og fjármagnsflutningar),
e) XV. viðauki (Skrár um sérstakar skuldbindingar),
f) XVI. viðauki (Fjármálaþjónusta) og
g) XVII. viðauki (Fjarskiptaþjónusta).

ARTICLE 4.19
Annexes

The following Annexes attached to this Agreement form an integral part of this Chapter:
(a) Annex XI (Lists of MFN Exemptions);

(b) Annex XII (Recognition of Qualifications of Service Suppliers);
(c) Annex XIII (Movement of Natural Persons Supplying Services);
(d) Annex XIV (Payments and Capital Movement)
(e) Annex XV (Schedules of Specific Commitments);
(f) Annex XVI (Financial Services); and
(g) Annex XVII (Telecommunications Services).

5. KAFLI
FJÁRFESTINGAR

Gr. 5.1

Umfang.

Þessi kafli gildir um viðskiptanærveru á öllum sviðum, nema að því er varðar þjónustusvið eins og fram kemur í gr. 4.1 (Gildissvið og umfang) í 4. kafla (Þjónustuviðskipti) í þessum samningi.

Gr. 5.2

Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,

b) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili hjá samningsaðila sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum Kólumbíu eða EFTA-ríkis og stundar umtalsverð viðskipti í Kólumbíu eða viðkomandi EFTA-ríki,

c) „einstaklingur“: ríkisborgari í Kólumbíu eða EFTA-ríki samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis,

d) „ríkisborgari“: einstaklingur sem hefur ríkisfang samningsaðila eða fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við landslög hans,

e) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskiptastarfsemi, þar á meðal:
   i. stofnun, yfirtaka eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
   ii. stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu,

   á yfirráðasvæði annars samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

2. Að því er varðar einstaklinga tekur þessi kafli ekki til atvinnuleitar eða atvinnuþátttöku á vinnumarkaði eða veitir rétt til aðgangs að vinnumarkaði annars samningsaðila.

Gr. 5.3

Innlend meðferð.

Að því er tekur til viðskiptanærveru og með fyrirvara um ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis, sem koma fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis) varðandi þetta, skal hver samningsaðili beita meðferð, gagnvart aðilum frá öðrum samningsaðila og viðskiptanærveru slíkra aðila, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann beitir gagnvart sínum eigin aðilum við sömu aðstæður.

CHAPTER 5
INVESTMENT

ARTICLE 5.1

Coverage

This Chapter shall apply to commercial presence in all sectors, with the exception of services sectors as set out in Article 4.1 (Scope and Coverage) in Chapter 4 (Trade in Services) of this Agreement.

ARTICLE 5.2

Definitions

1. For the purpose of this Chapter,

(a) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;

(b) “juridical person of a Party” means a juridical person constituted or otherwise organised under the law of Colombia or of an EFTA State and engaged in substantive business operations in Colombia or in the EFTA State concerned;

(c) “natural person” means a national of Colombia or of an EFTA State according to its respective legislation;

(d) “national” means a natural person who has the nationality of a Party or is a permanent resident of a Party in accordance with its domestic law;

(e) “commercial presence” means any type of business establishment, including through:
   (i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person, or
   (ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office,

   within the territory of another Party for the purpose of performing an economic activity.

2. As regards natural persons, this Chapter shall not extend to seeking or taking employment in the labor market or confer a right of access to the labor market of another Party.

ARTICLE 5.3

National Treatment

With respect to commercial presence, and subject to the reservations/non-conforming measures set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) to this, each Party shall grant to juridical and natural persons of another Party, and to the commercial presence of such persons, treatment no less favorable than that it accords, in like situations to its own juridical and natural persons.

Gr. 5.4

Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis.

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í gr. 5.3 (Innlend meðferð), gildir ekki um:

a) neina ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis sem samningsaðili hefur skráð í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),

b) breytingu á ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis, sem fjallað er um í a-lið, að því marki sem breytingin eykur ekki ósamræmi fyrirvarans við gr. 5.3 (Innlend meðferð),

c) neina ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis sem samningsaðili samþykkir í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar og er felld inn í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),

d) neina ráðstöfun sem samningsaðili samþykkir eða viðheldur að því er varðar svið, undirsvið eða starfsemi, eins og fram kemur í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),

að því marki sem slík ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis brýtur ekki í bága við gr. 5.3 (Innlend meðferð).

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem er liður í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í gr. 5.9 (Endurskoðun) í þessum kafla, til að endurskoða stöðu þeirra ráðstafana vegna fyrirvara/ósamræmis, sem eru settar fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis), á a.m.k. þriggja ára fresti með það fyrir augum að fækka slíkum ráðstöfunum vegna fyrirvara/ósamræmis eða fella þær niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis sem koma fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis), í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.

4. Þegar um er að ræða samþykkt nýs fyrirvara á grundvelli laga, sem eru samþykkt af löggjafanum, eins og um getur í c-lið 1. mgr., skal viðkomandi samningsaðili tryggja að það hafi ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga hans samkvæmt þessum samningi. Hann skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um fyrirvarann og tilgreina, ef við á, þær ráðstafanir sem miða að því að halda óbreyttu heildarumfangi skuldbindinga hans. Þegar samningsaðila berst slík tilkynning er honum heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann og málefni sem hann varða. Hefja skal slíkt samráð án tafar.

ARTICLE 5.4

Reservations/Non-conforming Measures

1. National Treatment as provided for under Article 5.3 (National Treatment) shall not apply to:

(a) any reservation/non-conforming measure that is listed by a Party in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);

(b) an amendment to a reservation/non-conforming measure covered by paragraph (a) to the extent that the amendment does not increase the non-conformity of the reservation with Article 5.3 (National Treatment);

(c) any new reservation/non-conforming measure adopted by a Party in accordance with paragraph 4 of this Article and incorporated into Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);

(d) any measure that a Party adopts or maintains with respect to sectors, subsectors, or activities, as set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);

to the extent that such reservation/non-conforming measure is inconsistent with Article 5.3 (National Treatment).

2. As part of the review provided for in Article 5.9 (Review) of this Chapter the Parties undertake to review at least every three years the status of the reservations/non-conforming measure set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) with a view to reducing or removing such reservations/non-conforming measures.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove in whole or in part reservations/non-conforming measure set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) by written notification to the other Parties.

4. In case of the adoption of a new reservation, based on a law adopted by the legislature, as referred to in subparagraph 1(c), the Party concerned shall ensure that the overall level of its commitments under this Agreement is not affected. It shall promptly notify the other Parties of the reservation and set out, where applicable, the measures aimed at maintaining the overall level of its commitments. On receiving such notification, any other Party may request consultations regarding the reservation and related issues. Such consultations shall be entered into without delay.

Gr. 5.5

Starfsmenn í lykilstöðum.

1. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita einstaklingum frá öðrum samnings-

ARTICLE 5.5

Key Personnel

1. Each Party shall, subject to its laws and regulations, grant natural persons of another Party, and key

aðila og starfsmönnum í lykilstöðum, sem starfa hjá einstaklingum eða lögaðilum frá öðrum samningsaðila, tímabundna heimild til komu og dvalar á yfirráðasvæði sínu til að stunda þar starfsemi í tengslum við viðskiptanærveru, þ.m.t. ráðgjöf og helsta tækniþjónusta.

2. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglur, heimila einstaklingum eða lögaðilum frá öðrum samningsaðila, ásamt viðskiptanærveru, að ráða til sín, í tengslum við viðskiptanærveru, starfsmenn í lykilstöður að eigin vali, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til komu, dvalar og atvinnu á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem felast í heimildinni sem er veitt slíkum lykilstarfsmönnum.

3. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita tímabundna heimild til komu og dvalar og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl fyrir maka og ólögráða börn starfsmanns í lykilstöðu sem hefur fengið tímabundna heimild til komu og dvalar og atvinnuleyfi í samræmi við 1. og 2. mgr. Maka og ólögráða börnum skal veitt dvalarleyfi til jafnlangs tíma og þeim einstaklingi.

4. Með fyrirvara um 1.–3. mgr þessarar greinar skal XIII. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu) gilda um þessa grein að breyttu breytanda.

Gr. 5.6

Réttur til reglusetningar.

Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla, XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar) og XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis) skal ekki aftra samningsaðila frá því að setja reglur um viðskiptanærveru eins og fram kemur í d-lið 1. mgr. í gr. 5.2 (Skilgreiningar).

Gr. 5.7

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem Kólumbía og eitt eða fleiri EFTA-ríki eru aðilar að. Sá skilningur ríkir að ekki sé hægt að beita neinu því fyrirkomulagi sem viðhaft er við lausn deilumála í samningi um fjárfestingarvernd, sem Kólumbía og eitt EFTA-ríki eru aðilar að, vegna meints brots á þessum kafla.

Gr. 5.8

Undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar

personnel, which is employed by natural or juridical persons of another Party, temporary entry and stay in its territory in order to engage in activities connected with commercial presence, including the provision of advice or key technical services.

2. Each Party shall, subject to its laws and regulations, permit natural or juridical persons of another Party, and their commercial presence, to employ, in connection with commercial presence, any key personnel of the natural or juridical person's choice provided that such key personnel has been permitted to enter, stay and work in its territory and that the employment concerned conforms to the terms, conditions and time limits of the permission granted to such key personnel.

3. The Parties shall, subject to their laws and regulations, grant temporary entry and stay and provide any necessary confirming documentation to the spouse and minor children of key personnel who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraphs 1 and 2. The spouse and minor children shall be admitted for the period of the stay of that person.

4. Subject to paragraphs 1 to 3 of this Article, Annex XIII (Movement of Natural Persons Supplying Services) shall apply to this Article *mutatis mutandis.*

ARTICLE 5.6

Right to Regulate

Subject to the provisions of this Chapter and Annexes XIV (Payments and Capital Movements) and XVIII (Reservations/Non-conforming Measures), a Party is not prevented from regulating the commercial presence as set out in subparagraph 1(d) of Article 5.2 (Definitions).

ARTICLE 5.7

Relation to other International Agreements

The provisions of this Chapter shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under other international agreements, to which Colombia and one or several EFTA States are parties. It is understood that any dispute settlement mechanism in an investment protection agreement to which Colombia and one EFTA State are parties is not applicable to alleged breaches of this Chapter.

ARTICLE 5.8

Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions, including measures necessary

almennar undantekningar, þ.m.t. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda allsherjarreglu[11], og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum að breyttu breytanda.

Gr. 5.9
Endurskoðun.

Endurskoða skal þennan kafla með reglulegu millibili innan sameiginlegu nefndarinnar með tilliti til þess að þróa frekar skuldbindingar samningsaðilanna.

Gr. 5.10
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema í tilvikum sem tilgreind eru í gr. 5.11 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) og XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar), setja takmarkanir á greiðslur vegna yfirstandandi viðskipta og fjármagnsflutninga þegar um er að ræða starfsemi sem tengist „viðskiptanærveru“ á öðrum sviðum en þar sem þjónusta er veitt.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við þær greinar, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast skyldum hans samkvæmt þessum kafla.

Gr. 5.11
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem grípur til eða viðheldur takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

[11] Kólumbía áskilur sér rétt til að samþykkja ráðstafanir af ástæðum sem varða allsherjarreglu skv. 100. gr. „Constitución Política de Colombia (1991)“, að því tilskildu að sameiginlega nefndin fái þegar í stað skriflega tilkynningu frá Kólumbíu um að ráðstöfun hafi verið samþykkt af hálfu Kólumbíu og að henni sé beitt í samræmi við málsmeðferðarkröfurnar sem eru settar fram í „Constitución Política de Colombia (1991)“, t.d. kröfurnar sem eru settar fram í 213., 214. og 215. gr. „Constitución Política de Colombia (1991)“.

to maintain public order[11], shall be governed by Article XIV of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis*.

ARTICLE 5.9
Review

This Chapter shall be subject to periodic review within the framework of the Joint Committee regarding the possibility to further develop the Parties' commitments.

ARTICLE 5.10
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 5.11 (Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments) and Annex XIV (Payments and Capital Movements), a Party shall not apply restrictions on current payments and capital movements relating to activities with regard to "commercial presence" in non-services sectors.

2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the IMF, including the use of exchange actions which are in conformity with the said Articles, provided that a Party does not impose restrictions on capital transactions inconsistent with its obligations under this Chapter.

ARTICLE 5.11
Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis*.
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee.

[11] Colombia reserves the right to adopt measures for reasons of public order pursuant to Article 100 of the Constitución Política de Colombia (1991), provided that Colombia promptly provides written notice to the Joint Committee that it has adopted a measure and that the measure is applied in accordance with the procedural requirements set out in the Constitución Política de Colombia (1991), such as the requirements set out in Articles 213, 214 and 215 of the Constitución Política de Colombia (1991).

6. KAFLI
HUGVERKAVERND

Gr. 6.1

Almenn ákvæði.

1. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og alþjóðasamninga sem um getur þar.

2. Sérhver samningsaðili skal koma ákvæðum þessa kafla til framkvæmda og er heimilt, en ber ekki skylda til, að leiða í landslög víðtækari vernd en krafist er í þessum kafla, að því tilskildu að slík vernd brjóti ekki í bága við ákvæði þessa kafla.

3. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum að því er varðar vernd[12] hugverka, með fyrirvara um undantekningar sem þegar hefur verið kveðið á um í 3. og 5. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).

4. Hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi, sem samningsaðili veitir ríkisborgurum annars lands að því er varðar vernd hugverka, skal þegar í stað og skilyrðislaust veitt ríkisborgurum hinna samningsaðilanna, með fyrirvara um þær undantekningar sem þegar hafa verið veittar í 4. og 5. gr. TRIPS-samningsins.

5. Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. TRIPS-samningsins geta samningsaðilar gert viðeigandi ráðstafanir, að því tilskildu að þær séu í samræmi við ákvæði þessa samnings, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir að rétthafar misbeiti hugverkarétti eða til að koma í veg fyrir starfshætti sem hamla viðskiptum á óeðlilegan hátt eða hafa skaðleg áhrif á miðlun tækni milli landa.

Gr. 6.2

Grundvallarreglur.

1. Í samræmi við 7. gr. TRIPS-samningsins viðurkenna samningsaðilar að vernd og framfylgd hugverkaréttar ætti að ýta undir tækninýjungar og miðlun

[12] Í 3. og 4. mgr. merkir hugtakið „vernd“ einnig atriði er hafa áhrif á framboð, öflun, gildissvið, viðhald og framfylgd hugverkaréttar, svo og atriði er varða nýtingu hugverkaréttar sem er sérstaklega fjallað um í þessum kafla.

CHAPTER 6
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 6.1

General Provisions

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Chapter and the international agreements referred to therein.

2. Each Party shall give effect to the provisions of this Chapter and may, but shall not be obliged to, implement in the national legislation more extensive protection than is required by this Chapter, provided that such protection does not contravene the provisions of this Chapter.

3. The Parties shall accord to the nationals of other Party treatment no less favourable than that it accords to its own nationals with regard to the protection[12] of intellectual property, subject to the exceptions already provided in Articles 3 and 5 of the *Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights* (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").

4. With regard to the protection of intellectual property, any advantage, favour, privilege or immunity granted by a Party to the nationals of any other country shall be accorded immediately and unconditionally to the nationals of the other Parties, subject to the exceptions already provided in Articles 4 and 5 of the of the TRIPS Agreement.

5. In accordance with paragraph 2 of Article 8 of the TRIPS Agreement, Parties may take appropriate measures, provided that they are consistent with the provisions of this Agreement, if needed to prevent the abuse of intellectual property rights by right holders or the resort to practices which unreasonably restrain trade or adversely affect the international transfer of technology.

ARTICLE 6.2

Basic Principles

1. In accordance with Article 7 of the TRIPS Agreement, the Parties recognise that the protection and enforcement of intellectual property rights should

[12] For the purposes of paragraphs 3 and 4 "protection" shall include matters affecting the availability, acquisition, scope, maintenance and enforcement of intellectual property rights as well as those matters affecting the use of intellectual property rights specifically addressed in this Chapter.

og útbreiðslu á tækni á þann hátt er nýtist bæði framleiðendum og notendum tækniþekkingar og stuðlar að félagslegri og efnahagslegri velferð og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

2. Samningsaðilar viðurkenna að miðlun tækni stuðlar að aukinni getu innanlands með það fyrir augum að skapa traustan og lífvænlegan tæknigrundvöll.

3. Samningsaðilar viðurkenna að upplýsinga- og samskiptatækni hefur áhrif á sköpun og notkun bókmennta- og listaverka.
4. Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. TRIPS-samningsins er samningsaðilum heimilt, þegar þeir semja eða breyta lögum sínum og reglum, að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði og fæðu manna og til að efla áhuga almennings á sviðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir félagslega, hagræna og tæknilega þróun, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist ákvæðum þessa kafla.
5. Samningsaðilar viðurkenna meginreglurnar sem eru settar fram í yfirlýsingunni um TRIPS-samninginn og lýðheilsu, sem var samþykkt 14. nóvember 2001 á fjórða ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem haldinn var í Doha í Katar, og ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd 6. mgr. Doha-yfirlýsingarinnar, sem var samþykkt 30. ágúst 2003, og breytinguna á TRIPS-samningnum sem var samþykkt 6. desember 2005.

Gr. 6.3

Skilgreining á hugverkum.

Í þessum samningi vísar hugtakið „hugverk“ til allra flokka hugverka sem falla undir gr. 6.6 (Vörumerki) – 6.11 (Trúnaðarupplýsingar/ráðstafanir í tengslum við tilteknar vörur sem reglur hafa verið settar um).

Gr. 6.4

Alþjóðasamningar.

1. Með fyrirvara um réttindi og skyldur sem um getur í þessum kafla staðfesta samningsaðilarnir þau réttindi og skyldur sem gilda hvað þá varðar, þ.m.t. rétturinn til að gera undantekningar og nýta sér sveigjanleika samkvæmt TRIPS-samningnum, svo og öðrum marghliða samningum sem tengjast hugverkum og samningum á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) (hér á eftir nefnd „Alþjóðahugverkastofnunin“) sem þeir eru aðilar að, einkum:

a) *Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar* (Stokkhólmsgerð, 1967), hér á eftir nefndur „Parísarsamningurinn“,

contribute to the promotion of technological innovation and to the transfer and dissemination of technology, to the mutual advantage of producers and users of technological knowledge and in a manner conducive to social and economic welfare, and to a balance of rights and obligations.
2. The Parties recognise that technology transfer contributes to strengthen national capabilities with the aim to establish a sound and viable technological base.
3. The Parties recognise the impact of information and communication technologies on the creation and usage of literary and artistic works.
4. In accordance with paragraph 1 Article 8 of the TRIPS Agreement, the Parties may, in formulating or amending their laws and regulations, adopt measures necessary to protect public health and nutrition, and to promote the public interest in sectors of vital importance to their socio-economic and technological development, provided that such measures are consistent with the provisions of this Chapter.
5. The Parties recognise the principles established in the *Declaration on the TRIPS Agreement and Public Health*, adopted on 14 November 2001 by the WTO at its Fourth Ministerial Meeting, held in Doha, Qatar, and the *Decision of WTO's General Council on the Implementation of Paragraph 6 of the Doha Declaration*, adopted on 30 August 2003 and the *Amendment of the TRIPS Agreement* adopted on 6 December 2005.

ARTICLE 6.3

Definition of Intellectual Property

For the purposes of this Agreement, the term "intellectual property" refers to all categories of intellectual property that are the subject of Articles 6.6 (Trademarks) to 6.11 (Undisclosed Information / Measures Related to Certain Regulated Products).

ARTICLE 6.4

International Conventions

1. Without prejudice of the rights and obligations contained in this Chapter, the Parties reaffirm their existing rights and obligations, including the right to apply the exceptions and to make use of the flexibilities, under the TRIPS Agreement, and any other multilateral agreement related to intellectual property and agreements administered under the auspices of the World Intellectual Property Organization (hereinafter referred to as "WIPO") to which they are party, in particular the following:
(a) *Paris Convention of 20 March 1883 for the Protection of Industrial Property* (Stockholm Act, 1967) hereinafter referred to as the "Paris Convention";

b) *Bernarsáttmálanum frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum* (Parísargerð, 1971) og
c) *alþjóðasamningi frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningurinn).*

2. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að einum eða fleiri af þeim samningum sem eru taldir upp hér á eftir, skulu fullgilda eða gerast aðilar að eftirtöldum marghliða samningum við gildistöku þessa samnings:
a) *Búdapestsáttmálanum frá 28. apríl 1977 um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála,*
b) *alþjóðasamningi um vernd nýrra plöntuafbrigða frá 1978* (UPOV-samningurinn frá 1978) eða *alþjóðasamningi um vernd nýrra plöntuafbrigða frá 1991* (UPOV-samningurinn frá 1991) og

c) *samstarfsamningi um einkaleyfi frá 19. júní 1970* (Washington-gerð, breytt 1979 og lagfærð 1984).

3. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að einum eða fleiri af þeim samningum sem eru taldir upp hér á eftir, skulu fullgilda eða gerast aðilar að eftirtöldum marghliða samningum frá og með gildistökudegi þessa samnings:
a) *samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um flutning og hljóðritanir* (WPPT) og
b) *samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um höfundarrétt* (WCT).

4. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að *bókuninni frá 27. júní 1989 við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja,* skulu fullgilda eða gerast aðilar að þessum samningi fyrir 1. janúar 2011.

5. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leggja fram, eins fljótt og unnt er, til umfjöllunar hjá lögbærum yfirvöldum samningsaðilanna, gögn um að þeir hafi gerst aðilar að *Genfargerð Haag-samningsins (1999) um alþjóðlega skráningu iðnhönnunar*.

6. Samningsaðilar geta samþykkt, með sameiginlegri ákvörðun, að sérfræðingar skiptist á skoðunum um aðgerðir sem tengjast gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um hugverkarétt og önnur mál í tengslum við hugverkarétt sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

Gr. 6.5

Ráðstafanir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni.

1. Samningsaðilar árétta fullveldisrétt sinn til innlendra auðlinda og viðurkenna réttindi sín og skyldur, eins og ákvarðað er í samningnum um líffræðilega

(b) *Berne Convention of 9 September 1886 for the Protection of Literary and Artistic Works* (Paris Act, 1971); and
(c) *International Convention of 26 October 1961 for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organizations* (Rome Convention).

2. The Parties to this Agreement which are not parties to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements at the entry into force of this Agreement:
(a) *Budapest Treaty of 28 April 1977 on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure*;
(b) *International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1978* (1978 UPOV Convention), or the *International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1991* (1991 UPOV Convention); and
(c) *Patent Cooperation Treaty of 19 June 1970* (Washington Act, amended in 1979 and modified in 1984).

3. The Parties to this Agreement which are not parties to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements within one year from the date of entry into force of this Agreement:
(a) *WIPO Performances and Phonograms Treaty* of 20 December 1996 (WPPT); and

(b) *WIPO Copyright Treaty* of 20 December 1996 (WCT).

4. The Parties which are not parties to the *Protocol of 27 June 1989 Relating to the Madrid Agreement concerning the International Registration of Marks* shall ratify or accede to this agreement before 1 January 2011.

5. The Parties will carry out the necessary actions to submit as soon as possible for the consideration of the Parties' competent national authorities the adherence to the *Geneva Act (1999) of the Hague Agreement concerning the International Registration of Industrial Designs*.

6. The Parties to this Agreement may agree, upon mutual consent, to have an exchange of views of experts on activities relating to existing or future international conventions on Intellectual Property Rights and on any other matter related to Intellectual Property Rights as the Parties may agree upon.

ARTICLE 6.5

Measures Related to Biodiversity

1. The Parties reaffirm their sovereign rights over their natural resources and recognise their rights and obligations as established by the *Convention on Bio-*

fjölbreytni, varðandi aðgang að erfðaauðlindum og sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningnum af nýtingu þeirra.

2. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi og gildi líffræðilegrar fjölbreytni og arftekinnar þekkingar þar að lútandi, nýsköpunar og venju í samfélögum innfæddra og staðbundnum samfélögum. Sérhver samningsaðili skal ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að erfðaauðlindum sínum í samræmi við meginreglur og ákvæði í gildandi landslögum og alþjóðalögum.

3. Samningsaðilarnir viðurkenna framlag samfélaga innfæddra og staðbundinna samfélaga í fortíð, nútíð og framtíð og þekkingu þeirra, nýsköpun og venjur við varðveislu og sjálfbæra notkun líffræðilegra auðlinda og erfðaauðlinda og framlag arftekinnar þekkingar innfæddra og staðbundinna samfélaga til menningarlegrar, efnahagslegrar og félagslegrar þróunar þjóða.
4. Samningsaðilar skulu hafa samstarf í málum sem varða skort á framfylgd gildandi lagaákvæða um aðgang að erfðaauðlindum og arftekna þekkingu, nýsköpun og venjur.
5. Samningsaðilar skulu krefjast þess, í samræmi við landslög hvers og eins, að í einkaleyfisumsóknum sé greint frá uppruna eða upptökum erfðaauðlinda sem uppfinningamaðurinn, eða sá sem sækir um einkaleyfi, hefur haft aðgang að. Samningsaðilar geta einnig krafist þess, sé kveðið á um það í landslögum þeirra, að fyrirframupplýst samþykki (PIC) liggi fyrir og geta beitt þeim ákvæðum sem sett eru fram í þessari grein þegar um arftekna þekkingu er að ræða, eftir því sem við á.
6. Samningsaðilar skulu, í samræmi við landslög sín, hafa viðurlög samkvæmt stjórnsýslulögum, einkamálarétti eða hegningarlögum ef uppfinningamaður eða umsækjandi um einkaleyfi gefur vísvitandi villandi eða ranga yfirlýsingu um uppruna eða upptök. Dómari getur krafist þess að dómsúrskurður verði birtur.
7. Ef kveðið er á um það í lögum samningsaðila:
a) skal aðgangur að erfðaauðlindum vera háður fyrirfram upplýstu samþykki þess samningsaðila sem leggur til erfðaauðlindina og
b) skal aðgangur að arftekinni þekkingu samfélaga innfæddra og staðbundinna samfélaga, sem tengjast þessum auðlindum, vera háður samþykki og þátttöku þessara samfélaga.
8. Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir á sviði stefnumótunar og laga- og stjórnsýslulegar ráðstafanir til þess að auðveldara verði að uppfylla skilmála og skilyrði fyrir aðgangi sem samningsaðilarnir setja vegna slíkra erfðaauðlinda.

logical Diversity with respect to access to genetic resources, and to the fair and equitable sharing of benefits arising out of the utilisation of these genetic resources.
2. The Parties recognise the importance and the value of their biological diversity and of the associated traditional knowledge, innovations and practices of indigenous and local communities. Each Party shall determine the access conditions to its genetic resources in accordance with the principles and provisions contained in applicable national and international law.
3. The Parties recognise past, present and future contributions of indigenous and local communities and their knowledge, innovations and practices to the conservation and sustainable use of biological and genetic resources and in general the contribution of the traditional knowledge of their indigenous and local communities to the culture and economic and social development of nations.
4. The Parties shall consider collaborating in cases regarding non compliance with applicable legal provisions on access to genetic resources and traditional knowledge, innovations and practices.
5. According to their national law, the Parties shall require that patent applications contain a declaration of the origin or source of a genetic resource, to which the inventor or the patent applicant has had access. As far as provided for in their national legislation, the Parties will also require the fulfilment of prior informed consent (PIC) and they will apply the provisions set out in this Article to traditional knowledge as applicable.

6. The Parties, in accordance with their national laws, shall provide for administrative, civil or criminal sanctions if the inventor or the patent applicant wilfully make a wrongful or misleading declaration of the origin or source. The judge may order the publication of the ruling.

7. If the law of a Party so provides:
(a) access to genetic resources shall be subject to the prior informed consent of the Party that is the Party providing the genetic resources; and
(b) access to traditional knowledge of indigenous and local communities associated to these resources shall be subject to the approval and involvement of these communities.
8. Each Party shall take policy, legal and administrative measures, with the aim of facilitating the fulfillment of terms and conditions for access established by the Parties for such genetic resources.

9. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnumótunar, eftir því sem við á, sem miða að því að tryggja sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningi af nýtingu erfðaauðlinda eða tengdrar arftekinnar vitneskju. Slík hlutdeild skal byggð á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

Gr. 6.6
Vörumerki.

1. Samningsaðilar skulu veita rétthöfum vörumerkja vöru og þjónustu fullnægjandi og árangursríka vernd. Vörumerki geta verið hvers konar tákn eða samsetning tákna sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum og þjónustu annarra fyrirtækja. Slík tákn, einkum orð sem fela í sér samsett orð, mannanöfn, bókstafi, tölustafi, myndeiningar, hljóð og litasamsetningar og samsetningar slíkra tákna, skal vera unnt að skrá sem vörumerki. Ef tákn eru ekki til þess fallin að greina á milli viðkomandi vara eða þjónustu geta samningsaðilar ákveðið að skráningarhæfi fari eftir aðgreiningarhæfi sem hefur áunnist við notkun. Samningsaðilar geta sett það skilyrði fyrir skráningu að tákn séu sýnileg.

2. Samningsaðilar skulu nota hina alþjóðlegu flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja sem var komið á með Nice-sáttmálanum frá 15. júní 1957 og gildandi breytingum á honum til að flokka þá vöru og þjónustu sem nota á vörumerkið fyrir.

3. Ekki skal nota flokka vöru og þjónustu hinnar alþjóðlegu flokkunar, sem um getur í 2. mgr., til að ákvarða hvort varan og þjónustan, sem er skráð fyrir tiltekið vörumerki, sé lík eða frábrugðin vöru og þjónustu með öðru vörumerki.

4. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi *sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd þekktra merkja* (1999) og *sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd merkja og annan eignarrétt á sviði iðnaðar í táknum, á Netinu* (2001), sem voru samþykkt á þingi Parísarsamtakanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar og á aðalfundi Alþjóðahugverkastofnunarinnar og skulu styðjast við meginreglurnar sem er að finna í þessum tilmælum.

Gr. 6.7
Landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti og vísbendingar um upptök.

1. Samningsaðilar skulu sjá til þess að í landslögum þeirra séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að

9. The Parties shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, with the aim of ensuring the fair and equitable sharing of the benefits arising from the use of genetic resources or associated traditional knowledge. Such sharing shall be based on mutually agreed terms.

ARTICLE 6.6
Trademarks

1. The Parties shall grant adequate and effective protection to trademark right holders of goods and services. Any sign, or any combination of signs, capable of distinguishing the goods or services of one undertaking from those of other undertakings, shall be capable of constituting a trademark. Such signs, in particular words including combinations of words, personal names, letters, numerals, figurative elements, sounds and combinations of colours as well as any combination of such signs, shall be eligible for registration as trademarks. Where signs are not inherently capable of distinguishing the relevant goods or services, the Parties may make registrability depend on distinctiveness acquired through use. Parties may require, as a condition of registration, that signs be visually perceptible.

2. Parties shall use the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Trademarks established by the *Nice Agreement of 15 June 1957* and its effective amendments to classify the goods and services to which the trademarks shall be applied.

3. The classes of goods and services of the International Classification referred to in paragraph 2 shall not be used to determine whether the goods or services listed for a specific trademark are similar or different to those of another trademark.

4. The Parties recognise the importance of the *Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Well-Known Marks* (1999), and the *Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Marks, and other Industrial Property Rights in Signs, on the Internet* (2001), adopted by the Assembly of the Paris Union for the Protection of Industrial Property and the General Assembly of WIPO, and shall be guided by the principles contained in these Recommendations.

ARTICLE 6.7
Geographical Indications, Including Appelations of Origin and Indications of Source

1. The Parties to this Agreement shall ensure in their national laws adequate and effective means to protect

vernda landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti[13] og vísbendingar um upptök.

2. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „landfræðilegar merkingar“: merkingar sem gefa til kynna að vörutegund sé upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, eða á svæði eða í umhverfi innan þess yfirráðasvæðis, þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vörunnar sérstaklega til landfræðilegs uppruna hennar og

b) „vísbendingar um upptök“: hvort nöfn, framsetning, myndir, fánar eða tákn séu beinar eða óbeinar vísanir til tiltekins lands, svæðis, umhverfis eða staðar sem gefa til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu. Ekkert í þessum samningi krefst þess að samningsaðili breyti löggjöf sinni ef vernd vísbendinga um upptök er, á gildistökudegi þessa samnings, takmörkuð í landslögum hans við tilvik þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vörunnar til landfræðilegs uppruna.

3. Óheimilt er að nota vísbendingu um upptök í viðskiptum með vörur eða þjónustu ef sú vísbending er röng eða misvísandi eða ef líklegt er að notkun hennar valdi ruglingi hjá almenningi varðandi landfræðilegan uppruna viðkomandi vöru eða þjónustu eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

4. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um 23. gr. TRIPS-samningsins, veita þeim sem eiga hagsmuna að gæta lagaúrræði til að koma í veg fyrir að landfræðilegar merkingar séu notaðar á samskonar vörur eða sambærilegar, sem eru ekki upprunnar á þeim stað sem er tilgreindur í viðkomandi merkingu, á þann hátt að sé villandi eða skapi rugling hjá almenningi að því er varðar landfræðilegan uppruna vörunnar, eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

Gr. 6.8

Höfundarréttur og skyld réttindi.

1. Samningsaðilar skulu veita og tryggja höfundum bókmennta- og listaverka og listflytjendum, framleiðendum hljóðrita svo og útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum fullnægjandi og árangursríka vernd verka þeirra, flutnings, hljóðrita og útsendinga, eftir því sem við á.

2. Óháð fjárhagslegum réttindum höfundar, og jafnvel þótt höfundur hafi framselt þess konar réttindi, skal hann þó hafa rétt til að krefjast viðurkenningar á því að hann sé höfundur verksins og til að mótmæla

[13] Ef samningsaðili hefur gert ráðstafanir til að vernda upprunaheiti í landslögum er ekkert í þessum samningi sem krefst þess að því verði breytt.

geographical indications, including appellations of origin[13], and indications of source.

2. For the purposes of this Agreement

(a) “geographical indications” are indications which identify a good as originating in the territory of a Party, or a region or locality in that territory, where a given quality, reputation or other characteristic of the good is essentially attributable to its geographical origin; and

(b) “indications of source”, whether names, expressions, images, flags or signs constitute direct or indirect references to a particular country, region, locality or place as the geographical origin of goods or services. Nothing in this Agreement shall require a Party to amend its legislation if, at the date of entry into force of this Agreement, its national law limits the protection of indications of source to cases where a given quality, reputation or other characteristic of the good or the service is essentially attributable to its geographical origin.

3. An indication of source may not be used in the course of trade for a good or service where that indication is false or misleading or where its use is likely to cause confusion to the public as to the geographical origin, of the good or service in question, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10*bis* of the Paris Convention.

4. Without prejudice to Article 23 of the TRIPS Agreement, the Parties shall provide the legal means to interested parties to prevent the use of a geographical indication for identical or comparable goods not originating in the place indicated by the designation in question in a manner which misleads or confuses the public as to the geographical origin of the good, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10*bis* of the Paris Convention.

ARTICLE 6.8

Copyright and Related Rights

1. The Parties shall grant and assure to the authors of literary and artistic works and to performers, producers of phonograms and broadcasting organisations, an adequate and effective protection of their works, performances, phonograms and broadcasts, respectively.

2. Independently of the author’s economic rights, and even after the transfer of the said rights, the author shall have the right to claim, at least, authorship of the work and to object to any distortion, mutilation

[13] If any Party has provided for the protection of appellations of origin in its national legislation, nothing in this Agreement shall require to amend it.

hvers konar afbökunum, skemmdum eða öðrum breytingum á því, eða annars konar spjöllum á því, sem vega myndu að heiðri hans eða orðspori.
3. Þau réttindi sem höfundi eru veitt í samræmi við 2. mgr. skulu haldast að honum látnum, a.m.k. þangað til fjárhagslegu réttindin falla niður og skulu þau vera í höndum þeirra einstaklinga og stofnana, sem lög ákveða í því landi þar sem verndar er krafist.

4. Réttindi skv. 2. og 3. mgr. skulu, að breyttu breytanda, veitt listflytjendum vegna lifandi listflutnings eða listflutnings sem tekinn hefur verið upp.

Gr. 6.9
Einkaleyfi.

1. Einkaleyfi skulu fáanleg fyrir öllum uppfinningum, hvort sem um er að ræða vörur eða aðferð, á öllum sviðum tækni, að því tilskildu að um sé að ræða eitthvað nýtt sem er framlag til uppfinninga og nýtanlegt í atvinnulífi. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. mgr. skal vera unnt að fá einkaleyfi og nýta einkaleyfisrétt án mismununar eftir uppfinningastað, tæknisviði og því hvort vörurnar eru innfluttar eða framleiddar innanlands.
2. Samningsaðilum er heimilt að synja um einkaleyfi fyrir uppfinningar ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að þær séu nýttar í ábataskyni á yfirráðasvæði þeirra til að vernda allsherjarreglu eða siðgæði, þ.m.t. að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra og plantna eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið, svo framarlega sem slík synjun stafar ekki eingöngu af því að nýting sé bönnuð samkvæmt lögum þeirra.
3. Samningsaðilum er einnig heimilt að synja um einkaleyfi fyrir:

a) aðferðir við sjúkdómsgreiningu, lækningar eða skurðlækningar á mönnum eða dýrum,
b) plöntur og dýr, að undanskildum örverum, og vinnsluaðferðir, sem eru í grundvallaratriðum líffræðilegs eðlis og notaðar við ræktun plantna eða dýra, að undanskildum vinnsluaðferðum sem eru hvorki líffræðilegar né örverufræðilegar. Samningsaðilar skulu þó kveða á um vernd plöntuyrkja, annaðhvort með einkaleyfum eða með sérstöku skilvirku kerfi eða samblandi af hvoru tveggja. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal samningsaðili, sem kveður ekki á um vernd einkaréttar fyrir plöntur, kosta kapps um að bjóða slíka vernd einkaleyfis sem samrýmist 1. mgr.

4. Hver samningsaðili skal leggja sig fram um að taka umsóknir um einkaleyfi og umsóknir um samþykki fyrir markaðssetningu fljótt til umfjöllunar með það fyrir augum að komast hjá óeðlilegum töfum. Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf og veita hver öðrum aðstoð við að ná þessu markmiði.

or other modification of, or other derogatory action in relation to, the said work, which would be prejudicial to his honour or reputation.
3. The rights granted to the author in accordance with paragraph 2 shall, after his death, be maintained, at least until the expiry of the economic rights, and shall be exercisable by the persons or institutions authorised by the legislation of the country where protection is claimed.
4. Rights under paragraphs 2 and 3 shall be granted, *mutatis mutandis*, to performers as regards their live performances or fixed performances.

ARTICLE 6.9
Patents

1. Patents shall be available for any inventions, whether products or processes, in all fields of technology, provided that they are new, involve an inventive step and are capable of industrial application. Subject to paragraph 3, patents shall be available and patent rights enjoyable without discrimination as to the place of invention, the field of technology and whether products are imported or locally produced.

2. Each Party may exclude from patentability inventions, the prevention within their territory of the commercial exploitation of which is necessary to protect *ordre public* or morality, including to protect human, animal or plant life or health or to avoid serious prejudice to the environment, provided that such exclusion is not made merely because the exploitation is prohibited by its law.
3. Each Party may also exclude from patentability:

(a) diagnostic, therapeutic and surgical methods for the treatment of humans or animals;
(b) plants and animals other than micro-organisms, and essentially biological processes for the production of plants or animals other than non-biological and microbiological processes. However, the Parties shall provide for the protection of plant varieties either by patents or by an effective *sui generis* system or by any combination thereof. Notwithstanding the foregoing, a Party that does not provide for patent protection for plants, shall undertake reasonable efforts to make such patent protection available consistent with paragraph 1.

4. Each Party shall make best efforts to process patent applications and marketing approval applications expeditiously with a view to avoiding unreasonable delays. The Parties shall co-operate and provide assistance to one another to achieve this objective.

5. Hver samningsaðili um sig getur, að því er varðar hvers konar lyfjavörur sem eru háðar einkaleyfi, gefið kost á því að einkaleyfishafi fái endurheimt eða bætt einkaleyfistímabil eða bættan einkaleyfisrétt vegna ósanngjarnrar styttingar gildandi einkaleyfistímabils sem rekja má til öflunar markaðssamþykkis í tengslum við fyrstu markaðssetningu vörunnar á yfirráðasvæði þess samningsaðila. Endurheimt samkvæmt þessari málsgrein skal veita allan einkarétt sem fylgir einkaleyfi með fyrirvara um sömu takmarkanir og undantekningar og gilda um upprunalega einkaleyfið.

Gr. 6.10

Hönnun.

Samningsaðilar skulu tryggja, í landslögum sínum, fullnægjandi og árangursríka vernd iðnhönnunar, einkum með því að kveða á um fullnægjandi verndartíma í samræmi við staðla sem gilda á alþjóðavísu. Samningsaðilarnir skulu leitast við að samræma verndartímabil sín.

Gr. 6.11

Trúnaðarupplýsingar/ráðstafanir í tengslum við tilteknar vörur sem reglur hafa verið settar um.

1. Samningsaðilar skulu vernda óbirtar upplýsingar í samræmi við 39. gr. TRIPS-samningsins.

2. Ef samningsaðili setur það skilyrði fyrir því að markaðssetning á lyfjavörum eða efnavörum fyrir landbúnað, þar sem notaðar eru nýjar efnaeiningar[14], verði samþykkt, að lögð verði fram óbirt prófunargögn um öryggi og skilvirkni, og verulega erfitt er að rekja uppruna þeirra, skal samningsaðilinn ekki leyfa að vara, sem inniheldur sömu, nýju efnaeininguna, sé markaðssett á grundvelli upplýsinga frá fyrri umsækjanda án samþykkis hans, í hæfilega langan tíma, sem, þegar um er að ræða lyfjavörur, er venjulega[15] fimm ár og, þegar um er að ræða efnavörur fyrir landbúnað, tíu ár frá þeim degi þegar markaðssetning er samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðilans. Þrátt fyrir þetta ákvæði skal samningsaðili ekki bundinn neinum takmörkunum varðandi styttri málsmeðferð fyrir

5. With respect to any pharmaceutical product that is covered by a patent, each Party may make available a restoration/compensation of the patent term or patent rights to compensate the patent owner for unreasonable curtailment of the effective patent term resulting from the marketing approval process related to the first commercial marketing of the product in the territory of that Party. Any restoration under this paragraph shall confer all exclusive rights of a patent subject to the same limitations and exceptions applicable to the original patent.

ARTICLE 6.10

Designs

The Parties shall ensure in their national laws adequate and effective protection of industrial designs by providing in particular, an adequate term of protection in accordance with internationally prevailing standards. The Parties shall seek to harmonise their respective term of protection.

ARTICLE 6.11

Undisclosed Information/Measures Related to Certain Regulated Products

1. The Parties shall protect undisclosed information as set out by and in accordance with Article 39 of the TRIPS Agreement.

2. Where a Party requires as a condition for marketing approval of pharmaceutical products or agricultural chemical products which utilise new chemical entities[14], the submission of undisclosed test data related to safety and efficacy, the origination of which involves a considerable effort, the Party shall not allow the marketing of a product which contains the same new chemical entity, based on the information provided by the first applicant without his consent, for a reasonable period, which, in the case of pharmaceutical products means normally[15] five years and, in the case of agricultural chemicals products, ten years from the date of the marketing approval in the territory of the Party. Subject to this provision, there shall be no limitation on any Party to implement

[14] Í þessari málsgrein merkir „ný efnaeining“ virkt frumefni sem hefur ekki áður verið samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðila sem efnavara fyrir landbúnað eða lyfjavara. Samningsaðilarnir þurfa ekki að beita þessu ákvæði þegar um er að ræða lyfjavörur sem innihalda efnaeiningu sem hefur áður verið samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðilans vegna lyfjavöru.

[15] „Venjulega“ merkir að verndin skuli standa í fimm ár, nema í undantekningartilvikum þegar nauðsynlegt er að lýðheilsuhagsmunir gangi framar réttindum sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

[14] For the purposes of this paragraph, a “new chemical entity” means an active principle that has not been previously approved in the territory of the Party for an agricultural chemical or pharmaceutical product. The Parties need not apply this provision with respect to a pharmaceutical product that contains a chemical entity that has been previously approved in the territory of the Party for a pharmaceutical product.

[15] “Normally” means that the protection shall extend to five years, unless there is an exceptional case, where the public health interests would need to take precedence over the rights provided for in this paragraph.

slíkar vörur á grundvelli rannsókna á lífjafngildi (bioequivalence) eða lífaðgengi (bioavailability).

3. Leyfa má að stuðst sé við eða vísað til gagna sem um getur í 2. mgr.

a) ef leitað er eftir samþykki fyrir endurinnfluttar vörur sem hafa verið samþykktar fyrir útflutninginn og

b) til að komast hjá ónauðsynlegri endurtekningu prófana á efnavörum fyrir landbúnað, þar sem hryggdýr eru notuð, enda fái fyrri umsækjandi fullnægjandi bætur.

4. Samningsaðili getur gert ráðstafanir til að vernda lýðheilsu í samræmi við:

a) framkvæmd yfirlýsingarinnar um TRIPS-samninginn og lýðheilsu (WT/MIN(01)/DEC/2) (hér á eftir í þessari grein nefnd „yfirlýsingin“),

b) undanþágu frá einhverju ákvæði TRIPS-samningsins sem aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykkja í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda og

c) breytingu á TRIPS-samningnum í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda.

5. Ef samningsaðili styðst við samþykki fyrir markaðssetningu sem annar samningsaðili veitir og veitir samþykki sitt innan sex mánaða frá framlagningu fullbúinnar umsóknar um samþykki fyrir markaðssetningu, sem er lögð fram hjá samningsaðilanum, skal hæfilegt tímabil fyrir einkanot gagna, sem lögð eru fram í tengslum við það að fá samþykkið sem stuðst er við, hefjast þann dag þegar fyrsta samþykki fyrir markaðssetningu er veitt.

abbreviated approval procedures for such products on the basis of bioequivalence or bioavailability studies.

3. Reliance on or reference to data referred to in paragraph 2 may be permitted,

(a) where approval is sought for reimported products that have already been approved before exportation, and

(b) in order to avoid unnecessary duplication of tests of agricultural chemicals products involving vertebrate animals where the first applicant is adequately compensated.

4. A Party may take measures to protect public health in accordance with:

(a) implementation of the *Declaration of the TRIPS Agreement and Public Health* (WT/MIN(01)/DEC/2) (hereinafter referred to in this Article as the “Declaration”);

(b) any waiver of any provision of the TRIPS Agreement adopted by WTO members in order to implement the Declaration; and

(c) any amendment to the TRIPS Agreement to implement the Declaration.

5. Where a Party relies on a marketing approval granted by another Party, and grants approval within six months of the filing of a complete application for marketing approval filed in the Party, the reasonable period of exclusive use of the data submitted in connection with obtaining the approval relied on shall begin on the date of the first marketing approval.

Gr. 6.12

Öflun og viðhald hugverkaréttar.

Ef öflun hugverkaréttar er komin undir því að réttur sé veittur eða skráður skulu samningsaðilar sjá til þess að málsmeðferð við veitingu eða skráningu sé sambærileg þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum 62. gr.

ARTICLE 6.12

Acquisition and Maintenance of Intellectual Property Rights

Where the acquisition of an intellectual property right is subject to the right being granted or registered, the Parties shall ensure that the procedures for grant or registration are of the same level as that provided under the TRIPS Agreement, in particular Article 62.

Gr. 6.13

Framfylgd hugverkaréttar.

Samningsaðilar skulu setja ákvæði um framfylgd hugverkaréttar í landslög sín, sambærileg þeim sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum í 41.–61. gr.

ARTICLE 6.13

Enforcement of Intellectual Property Rights

The Parties shall establish provisions for enforcement of intellectual property rights in their national laws that are of the same level as that provided under the TRIPS Agreement, in particular Articles 41 to 61.

Gr. 6.14

Réttur til upplýsinga við meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð.

Samningsaðilarnir geta kveðið á um að við meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð skuli dóms-

ARTICLE 6.14

Right of Information in Civil and Administrative Procedures

The Parties may provide that, in civil and administrative procedures, the judicial authorities shall have

málayfirvöld hafa heimild til þess, nema það samrýmist ekki alvarleika brotsins, að fyrirskipa þeim sem brotið fremur að segja rétthafa deili á þriðju aðilum, sem eiga hlutdeild í framleiðslu og dreifingu ólöglegrar vöru eða þjónustu, og upplýsa um dreifingarleiðir.[16]

Gr. 6.15

Frestun lögbærra yfirvalda á afgreiðslu.

1. Samningsaðilar skulu samþykkja málsmeðferð sem gerir rétthafa, sem hefur gildar ástæður til að ætla að innflutningur á vörum eigi sér stað þar sem brotið sé gegn höfundarrétti eða vörumerki, kleift að leggja fyrir lögbær yfirvöld, á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu, skriflega umsókn um að tollyfirvöld fresti því að afgreiða slíkar vörur til frjálsrar dreifingar. Samningsaðilar skulu íhuga að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart annars konar hugverkaréttindum.
2. Sá skilningur ríkir að ekki skuli vera skylt að beita þeirri málsmeðferð sem er sett fram í 1. mgr. varðandi frestun á afgreiðslu vara til frjálsrar dreifingar sem rétthafi hefur sett eða sett hefur verið með samþykki hans á markað í öðru landi.

Gr. 6.16

Réttur til skoðunar.

1. Lögbær yfirvöld skulu gefa umsækjanda um frestun á afgreiðslu vöru og öðrum aðilum, sem koma að frestuninni, kost á að skoða vörur sem frestað hefur verið að afgreiða eða lagt hefur verið hald á.

2. Þegar vörur eru rannsakaðar geta lögbær yfirvöld tekið sýni og afhent eða sent þau til rétthafans, samkvæmt gildandi reglum viðkomandi samningsaðila, sé það eindregin ósk rétthafa, eingöngu til greiningar og til þess að auðvelda síðari málsmeðferð. Þegar aðstæður leyfa skal skila sýnum að lokinni tæknilegri greiningu og, eftir atvikum, áður en varan er afgreidd eða haldlagningu aflétt. Öll greining á þessum sýnum skal vera alfarið á ábyrgð rétthafa.

Gr. 6.17

Ábyrgðaryfirlýsing, trygging eða jafngild ráðstöfun

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að umsækjandi leggi fram tryggingu eða jafngildi hennar sem nægir til að vernda varnaraðila og lögbær yfirvöld og til að koma í veg fyrir misnotkun eða, í tilvikum sem kveðið er á um í landslögum

[16] Til frekari skýringar: litið er svo á að þetta ákvæði gildi ekki þegar það stríðir gegn stjórnskipulegum eða lögbundnum ábyrgðum.

the authority, unless this would be out of proportion to the seriousness of the infringement, to order the infringer to inform the right holder of the identity of third persons involved in the production and distribution of the infringing goods or services and of their channels of distribution.[16]

ARTICLE 6.15

Suspension of Release by Competent Authorities

1. The Parties shall adopt procedures to enable a right holder, who has valid grounds for suspecting that the importation of goods infringing copyright or trademark may take place, to lodge in writing an application with the competent authorities, administrative or judicial, for the suspension of the release into free circulation of such goods by the customs authorities. The Parties shall consider the application of such measures to other intellectual property rights.
2. It is understood that there shall be no obligation to apply procedures set forth in paragraph 1 to the suspension of the release into free circulation of goods put on the market in another country by or with the consent of the right holder.

ARTICLE 6.16

Right of Inspection

1. The competent authorities shall give the applicant for the suspension of goods and other persons involved in the suspension the opportunity to inspect goods whose release has been suspended or which have been detained.
2. When examining goods, the competent authorities may take samples and, according to the rules in force in the Party concerned, at the express request of the right holder, hand over or send such samples to the right holder, strictly for the purposes of analysis and to facilitate the subsequent procedure. Where circumstances allow, samples must be returned on completion of the technical analysis and, where applicable, before goods are released or their detention is lifted. Any analysis of these samples shall be carried out under the sole responsibility of the right holder.

ARTICLE 6.17

Liability Declaration, Security or Equivalent Assurance

1. The competent authorities shall have the authority to require an applicant to provide a security or equivalent assurance sufficient to protect the defendant and the competent authorities and to prevent abuse, or in the cases provided in their domestic legislation to

[16] For greater certainty, this provision does not apply when it conflicts with constitutional or statutory guarantees.

þeirra, að hann lýsi yfir eða samþykki ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að afgreiðslu var frestað.
2. Trygging eða jafngildi hennar skv. 1. mgr. skal ekki að ástæðulausu koma í veg fyrir að þessari málsmeðferð sé beitt.

declare to accept liability for damages resulting from the suspension of release.
2. The security or equivalent assurance under paragraph 1 shall not unreasonably deter recourse to these procedures.

Gr. 6.18
Hvatning til rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi þess að stuðla að rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun, að miðlun tæknilegra upplýsinga og því að auka og efla tæknigetu sína og þeir munu kappkosta að vinna saman á þessum sviðum, eftir því sem þeir eiga kost á.

2. Samstarf Kólumbíu og Ríkjasambandsins Sviss, á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr., má einkum byggja á viljayfirlýsingum sem farið hafa milli skrifstofu menntamála og rannsókna í ráðuneyti innanríkismála í Ríkjasambandinu Sviss annars vegar og kólumbísku vísinda- og tækniþróunarstofnunarinnar „Francisco José de Caldas“ (COLCIENCIAS) frá 26. apríl 2005 hins vegar.

3. Í samræmi við það geta Kólumbía og Ríkjasambandið Sviss leitað eftir og ýtt undir tækifæri til samstarfs samkvæmt þessari grein og, eftir því sem við á, unnið að sameiginlegum, vísindalegum rannsóknarverkefnum. Embættin, sem um getur í 2. mgr., skulu vera tengiliðir sem greiða fyrir þróun samstarfsverkefna og endurskoða reglubundið stöðu slíks samstarfs með aðferðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.
4. Kólumbía annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Konungsríkið Noregur hins vegar skulu leita tækifæra til samstarfs samkvæmt þessari grein. Byggja skal slíkt samstarf á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um og móta það á viðeigandi hátt.
5. Öllum tillögum og fyrirspurnum varðandi vísindalegt samstarf samningsaðilanna skal beint til þeirra fyrir milligöngu eftirtalinna stofnana:
- Kólumbía: Kólumbíska vísinda- og tækniþróunarstofnunin „Francisco José de Caldas“ (COLCIENCIAS),
- lýðveldið Ísland: Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS), ráðuneyti menntamála, vísinda og menningarmála,
- Konungsríkið Noregur: rannsóknarráð Noregs (Forskningsraadet) og
- Ríkjasambandið Sviss: skrifstofa menntamála og rannsókna í ráðuneyti innanríkismála.

ARTICLE 6.18
Promotion of Research, Technological Development and Innovation

1. The Parties acknowledge the importance of promoting research, technological development and innovation, of disseminating technological information, and of building and strengthening their technological capacities, and they will seek to co-operate in such areas, taking into account their resources.
2. Between Colombia and the Swiss Confederation co-operation in the fields mentioned in paragraph 1, may be based, in particular, on the respective Letters of Intent between the State Secretariat for Education and Research of the Federal Department of Home Affairs of the Swiss Confederation and the *Instituto Colombiano para el Desarollo de la Ciencia y la Tecnología “Francisco José de Caldas” (COLCIENCIAS)* of 26 April 2005.
3. Accordingly, Colombia and the Swiss Confederation may seek and encourage opportunities for co-operation according to this Article and, as appropriate, engage in collaborative scientific research projects. The offices mentioned in paragraph 2 shall act as contact points to facilitate the development of collaborative projects and periodically review the status of such collaboration through mutually agreed means.
4. Colombia on one side and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway on the other side will seek opportunities for co-operation according to this Article. Such co-operation shall be based on mutually agreed terms and will be formalised through appropriate means.
5. Any proposal or inquiry regarding scientific collaboration between the Parties shall be directed to the Parties through the following entities:
- Colombia: *Instituto Colombiano para el Desarrollo de la Ciencia y la Tecnología “Francisco José de Caldas” (COLCIENCIAS)*;
- the Republic of Iceland: Icelandic Center for Research (RANNÍS), Ministry of Education, Science and Culture;
- the Kingdom of Norway: The Research Council of Norway (Forskningsraadet); and
- the Swiss Confederation: State Secretariat for Education and Research of the Federal Department of Home Affairs.

7. KAFLI
OPINBER INNKAUP

Gr. 7.1

Gildissvið og umfang.

Beiting þessa kafla

1. Þessi kafli gildir um hvers konar ráðstafanir samningsaðila varðandi innkaup sem þessi samningur tekur til.

2. Í þessum kafla teljast innkaup, sem þessi samningur tekur til, vera innkaup á vegum hins opinbera á vörum, þjónustu eða samblandi af þessu:

a) með hvers konar samningsaðferðum, þ.m.t. kaup, langtíma- eða skammtímaleiga eða kaupleiga, með eða án kaupréttar,
b) þar sem verðmæti, eins og það er metið skv. 4. og 5. mgr. eftir því sem við á, jafngildir eða fer yfir viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem er tilgreind í 1.–3. viðbæti við XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til),
c) sem innkaupastofnun annast og
d) með fyrirvara um aðstæður sem eru tilgreindar í XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til) og XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

3. Þessi kafli gildir ekki um:

a) samkomulag utan samnings eða neins konar aðstoð sem samningsaðili, þ.m.t. ríkisfyrirtæki, veitir, þ.m.t. samstarfssamningar, fjárveitingar, lán, styrkir, eiginfjáraukning, ábyrgðir og skattameðferð,
b) kaup eða yfirtöku þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði uppgjörs og reksturs eftirlitsskyldra fjármálastofnana, eða þjónustu sem tengist sölu, innlausn og dreifingu skulda hins opinbera[17], þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldaviðurkenningar og önnur verðbréf,
c) kaup, sem eru fjármögnuð með alþjóðlegum styrkjum, lánum eða annarri aðstoð, þegar gildandi málsmeðferð eða skilyrði myndu vera í ósamræmi við þennan kafla,
d) samninga sem er úthlutað samkvæmt:
   i. alþjóðlegum samningi og ætlaðir eru til sameiginlegrar framkvæmdar eða nýtingar verkefnis af hálfu samningsaðila,
   ii. alþjóðlegum samningi sem varðar setu herliðs og
e) ráðningarsamninga hins opinbera og ráðstafanir sem tengjast slíkum samningum eða

[17] Til frekari skýringar: litið er svo á að þessi kafli gildi ekki um kaup á bankaþjónustu, fjármálaþjónustu eða sérhæfðri þjónustu sem varðar eftirtalda starfsemi: a) að stofna til skulda hins opinbera eða b) meðferð skulda hins opinbera.

CHAPTER 7
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 7.1

Scope and Coverage

Application of Chapter

1. This Chapter applies to any measure of a Party regarding covered procurement.

2. For the purpose of this Chapter, "covered procurement" means a procurement for governmental purposes of goods, services, or any combination thereof:

(a) by any contractual means, including purchase, lease, rental or hire purchase, with or without an option to buy**;**
(b) for which the value, as estimated in accordance with paragraphs 4 and 5 as appropriate, equals or exceeds the relevant threshold specified in Appendices 1 through 3 to Annex XIX (Covered Entities);
(c) that is conducted by a procuring entity; and
(d) subject to the conditions specified in Annexes XIX (Covered Entities) and XX (General Notes).

3. This Chapter does not apply to:

(a) non-contractual agreements or any form of assistance that a Party, including a government enterprise, provides, including co-operative agreements, grants, loans, subsidies, equity infusions, guarantees, and fiscal incentives;
(b) the procurement or acquisition of fiscal agency or depository services, liquidation and management services for regulated financial institutions, or services related to the sale, redemption and distribution of public debt[17], including loans and government bonds, notes and other securities;
(c) procurement funded by international grants, loans, or other assistance where the applicable procedure or condition would be inconsistent with this Chapter;
(d) contracts awarded pursuant to:
   (i) an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the contracting parties;
   (ii) an international agreement relating to the stationing of troops;
(e) public employment contracts and related employment measures; and

[17] For greater certainty, this Chapter does not apply to procurement of banking, financial, or specialised services related to the following activities: (a) the incurring of public indebtedness; or (b) public debt management.

f) kaup eða leigu á landi, byggingum sem eru til fyrir eða öðrum fasteignum eða rétt yfir þeim.

Mat

4. Við mat á verðgildi innkaupa, í þeim tilgangi að fá fullvissu fyrir því að þessi samningur taki til innkaupanna, skal innkaupastofnun:

a) hvorki skipta innkaupum í aðskilin innkaup né nota sérstaka aðferð til að meta verðgildi innkaupanna í þeim tilgangi að komast hjá beitingu ákvæða þessa kafla,
b) taka tillit til greiðslna í hvaða formi sem er, þ.m.t. bónusgreiðslur, þóknanir, umboðslaun, vextir, aðrar tekjuleiðir sem kann að vera kveðið á um í samningnum og, ef innkaupin fela í sér möguleika á valfrjálsum ákvæðum, hámarksverðgildi innkaupanna í heild, að teknu tilliti til valfrjálsu innkaupanna og
c) byggja útreikninga sína á hámarksverðgildi innkaupanna í heild allan þann tíma sem þau standa yfir ef skipta á innkaupunum í marga hluta með samningum sem á að úthluta einum eða fleiri birgjum samtímis eða á tilteknu tímabili.

5. Ef metið hámarksverðgildi innkaupanna í heild, allan þann tíma sem þau standa yfir, er ekki þekkt skulu innkaupin falla undir þennan kafla.

6. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að samningsaðili geti mótað nýja stefnu varðandi innkaup, málsmeðferð eða samningsaðferðir, að því tilskildu að samræmis við þennan kafla sé gætt.

Gr. 7.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skilyrði fyrir þátttöku“: hvers konar skráning, menntun og hæfi eða aðrar forsendur fyrir þátttöku í innkaupum,
b) „byggingarþjónusta“: þjónusta þar sem markmiðið er að annast mannvirkjagerð eða húsbyggingar, með hvaða aðferðum sem er, á grundvelli 51. deildar í bráðabirgðaaðalvöruflokkun Sameinuðu þjóðanna (CPC),
c) „dagar“: almanaksdagar,
d) „rafrænt uppboð“: ítrunarferli sem felur það í sér að birgjar nota rafrænar aðferðir til að kynna annaðhvort nýtt verð eða ný gildi, eða hvort tveggja, fyrir magnmælanlega þætti tilboðsins, ótengda verðlagningu, sem tengjast matsviðmiðunum, sem leiðir til flokkunar eða endurflokkunar tilboða,
e) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum eða öðrum táknum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla síðar. Slík tjáning getur falið

(f) the acquisition or rental of land, existing buildings, or other immovable property or the rights thereon.

Valuation

4. In estimating the value of a procurement for the purpose of ascertaining whether it is a covered procurement, a procuring entity shall:

(a) neither divide a procurement into separate procurements nor use a particular method for estimating the value of a procurement for the purpose of avoiding the application of this Chapter;
(b) take into account all forms of remuneration, including any premiums, fees, commissions, interest, other revenue streams that may be provided for under the contract and, where the procurement provides for the possibility of option clauses, the total maximum value of the procurement, inclusive of optional purchases; and
(c) where the procurement is to be conducted in multiple parts, with contracts to be awarded at the same time or over a given period to one or more suppliers, base its calculation on the total maximum value of the procurement over its entire duration.

5. Where the total estimated maximum value of a procurement over its entire duration is not known, the procurement shall be covered by this Chapter.

6. Nothing in this Chapter shall prevent a Party from developing new procurement policies, procedures or contractual means, provided that they are consistent with this Chapter.

ARTICLE 7.2

Definitions

For purposes of this Chapter:

(a) “conditions for participation” means any registration, qualification or other pre-requisites for participation in a procurement;
(b) “construction service” means a service that has as its objective the realisation by whatever means of civil or building works, based on Division 51 of the United Nations Provisional Central Product Classification (CPC);
(c) “days” means calendar days;
(d) “electronic auction” means an iterative process that involves the use of electronic means for the presentation by suppliers of either new prices, or new values for quantifiable non-price elements of the tender related to the evaluation criteria, or both, resulting in a ranking or re-ranking of tenders;
(e) “in writing” or “written” means any worded, numbered expression, or other symbols that can be read, reproduced and later communicated. It

í sér upplýsingar sem eru sendar og geymdar með rafrænum hætti,

f) „lokað útboð“: innkaupaaðferð þar sem innkaupastofnunin hefur samband við birgi eða birgja að eigin vali,

g) „ráðstöfun“: hvers konar lög, reglugerð, málsmeðferð, stjórnsýsluleiðbeiningar eða -venjur eða hvers konar aðgerð innkaupastofnunar vegna innkaupa sem þessi samningur tekur til,

h) „fjölnotaskrá“: skrá yfir birgja sem innkaupastofnun hefur ákvarðað að uppfylli skilyrðin fyrir því að vera í þeirri skrá og innkaupastofnunin hyggst skipta við oftar en einu sinni,

i) „tilkynning um fyrirhugað útboð“: tilkynning sem innkaupastofnun birtir þar sem birgjum, sem hafa áhuga, er boðið að leggja fram beiðni um þátttöku, tilboð eða hvort tveggja,

j) „uppbætur“: skilyrði eða starfsemi sem stuðlar að byggðaþróun eða bætir viðskiptajöfnuð samningsaðila, s.s. notkun innlends efnis, veiting leyfa fyrir tækni, fjárfestingar, gagnkvæm viðskipti og álíka aðgerðir eða kröfur,

k) „opið útboð“: innkaupaaðferð þar sem allir birgjar, sem hafa áhuga, geta lagt fram tilboð,

l) „innkaup“: ferli þar sem hið opinbera fær til afnota eða kaupir vörur eða þjónustu, eða sambland af hvoru tveggja, í þágu ríkisins, sem hvorki er ætlunin að selja eða endurselja í hagnaðarskyni né heldur að nota við framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu í hagnaðarskyni eða til endursölu,

m) „innkaupastofnun“: stofnun sem fellur undir 1.–3. viðbæti við XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til),

n) „opinber sérleyfissamningur um verk“: samningur sömu gerðar og byggingarsamningar, nema að því leyti að þóknun fyrir verk, sem á að vinna, felst annaðhvort eingöngu í réttinum til að hagnýta bygginguna eða þeim rétti ásamt greiðslu,

o) „hæfur birgir“: birgir sem innkaupastofnun viðurkennir að uppfylli skilyrði fyrir þátttöku,

p) „útboð með forvali“: innkaupaaðferð þar sem einungis hæfir birgjar fá boð frá innkaupastofnun um að leggja fram tilboð,

q) „þjónusta“: felur í sér byggingarþjónustu nema annað sé tekið fram,

r) „staðall“: skjal sem viðurkenndur aðili hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um, til sameiginlegrar og endurtekinnar beitingar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleika vöru eða þjónustu eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast

may include electronically transmitted and stored information;

(f) “limited tendering” means a procurement method whereby the procuring entity contacts a supplier or suppliers of its choice;

(g) “measure” means any law, regulation, procedure, administrative guidance or practice, or any action of a procuring entity relating to a covered procurement;

(h) “multi-use list” means a list of suppliers that a procuring entity has determined satisfy the conditions for participation in that list, and that the procuring entity intends to use more than once;

(i) “notice of intended procurement” means a notice published by a procuring entity inviting interested suppliers to submit a request for participation, a tender, or both;

(j) “offsets” means any condition or undertaking that encourages local development or improves a Party's balance-of-payments accounts, such as the use of domestic content, the licensing of technology, investment, counter-trade and similar actions or requirements;

(k) “open tendering” means a procurement method where all interested suppliers may submit a tender;

(l) “procurement” means the process by which a government obtains the use of or acquires goods or services, or any combination thereof, for governmental purposes and not with a view to commercial sale or resale or with a view to use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;

(m) “procuring entity” means an entity covered under Appendices 1 through 3 to Annex XIX (Covered Entities);

(n) “public works concessions” means a contract of the same type as construction services contracts, except for the fact that the remuneration for the works to be carried out consists either solely in the right to exploit the construction or in this right together with a payment;

(o) “qualified supplier” means a supplier that a procuring entity recognises as having satisfied the conditions for participation;

(p) “selective tendering” means a procurement method whereby only qualified suppliers are invited by the procuring entity to submit a tender;

(q) “services” includes construction services, unless otherwise specified;

(r) “standard” means a document approved by a recognised body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines, or characteristics for goods or services, or related processes and production methods, with which compliance is

þeim og sem ekki er skylt að fylgja. Hann getur enn fremur náð yfir eða átt eingöngu við um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð,

s) „birgir“: aðili eða hópur aðila sem lætur eða getur látið innkaupastofnun í té vörur eða þjónustu,

t) „tækniforskrift“: útboðskrafa þar sem:

i. lýst er eiginleikum vöru eða þjónustu sem á að kaupa, s.s. gæðum, nothæfi, öryggi og stærðum eða ferli og aðferðum við framleiðslu eða útvegun eða

ii. fjallað er um kröfur um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða eftir því sem við á um tiltekna vöru eða þjónustu.

not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements as they apply to a good, service, process, or production method;

(s) "supplier" means a person or group of persons that provides or could provide goods or services to a procuring entity; and

(t) "technical specification" means a tendering requirement that:

(i) lays down the characteristics of goods or services to be procured, including quality, performance, safety, and dimensions, or the processes and methods for their production or provision; or

(ii) addresses terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements, as they apply to a good or service.

Gr. 7.3

Undantekningar frá kaflanum.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til einhverra aðgerða eða birti ekki upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína, sem tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða herbúnaði eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.

2. Með fyrirvara um að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að þær geti talist til geðþóttabundinnar eða óréttlætanlegrar mismununar samningsaðila eða duldra takmarkana á viðskiptum milli þeirra skal ekkert í þessum kafla túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, allsherjarreglu eða öryggi,
b) nauðsynlegar til þess að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) nauðsynlegar til þess að vernda hugverk eða
d) í tengslum við vöru eða þjónustu fatlaðra eða góðgerðarstofnana eða afrakstur af fangelsisvinnu.

3. Af hálfu samningsaðila ríkir sá skilningur að bliður 2. mgr. feli í sér ráðstafanir á sviði umhverfismála sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra eða plantna.

ARTICLE 7.3

Exceptions to the Chapter

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from taking any action or not disclosing any information that it considers necessary for the protection of its essential security interests relating to the procurement of arms, ammunition, or war materials, or to procurement indispensable for national security or for national defense purposes.

2. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between the Parties or a disguised restriction to trade between the Parties, nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party fromadopting or maintaining measures:

(a) necessary to protect public morals, order or safety;
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to protect intellectual property; or
(d) relating to goods or services of persons with disabilities, philanthropic institutions, or prison labour.

3. The Parties understand that subparagraph 2 (b) includes environmental measures necessary to protect human, animal or plant life or health.

Gr. 7.4

Meginreglur.

Innlend meðferð og bann við mismunun

1. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal hver samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, veita tafarlaust og skilyrðislaust eigi óhagstæðari

ARTICLE 7.4

General Principles

National Treatment and Non-Discrimination

1. With respect to any measure regarding covered procurement, each Party including its procuring entities shall accord immediately and unconditionally to the goods and services of another Party and to the

meðferð þegar um er að ræða vörur og þjónustu annars samningsaðila og birgja annars samningsaðila, sem bjóða slíka vöru og þjónustu, en hann veitir þegar um er að ræða innlendar vörur, þjónustu og birgja.

2. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili og innkaupastofnanir hans:

a) veita birgjum, með staðfestu í landi þeirra, eigi lakari meðferð en öðrum birgjum með staðfestu í landinu á grundvelli umfangs erlendra eignartengsla eða eignarhalds og
b) ekki mismuna birgjum með staðfestu í landi þeirra á grundvelli þess að vörur eða þjónusta, sem viðkomandi birgir býður fram vegna tiltekinna innkaupa, séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

Rafrænar aðferðir

3. Þegar innkaup, sem þessi samningur tekur til, eru gerð með rafrænum aðferðum skal innkaupastofnun:

a) tryggja að við innkaupin séu notuð upplýsingatæknikerfi og hugbúnaður, þ.m.t. sú tækni sem tengist sannvottun og dulkóðun upplýsinga, sem eru alla jafna tiltæk og rekstrarsamhæfð öðrum upplýsingatæknikerfum og hugbúnaði sem eru alla jafna tiltæk og
b) nota kerfi sem tryggja áreiðanleika beiðni um að leggja fram þátttökutilkynningu og tilboð, þ.m.t. að ákveða tímamörk slíkrar beiðni og að koma í veg fyrir óeðlilegan aðgang.

Framkvæmd innkaupa

4. Innkaupastofnun skal annast innkaup, sem þessi samningur tekur til, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt:

a) sem er í samræmi við þennan kafla og skal beita aðferðum á borð við opin útboð, útboð með forvali og lokuð útboð, eins og tilgreint er í gr. 7.10 (Útboðsferli),
b) þannig að komast megi hjá hagsmunaárekstrum og
c) þannig að koma megi í veg fyrir óheiðarlega viðskiptahætti.

Upprunareglur

5. Hver samningsaðili skal, við vöruinnkaup sem þessi samningur tekur til, beita upprunareglum sem hann beitir í venjubundnum viðskiptum með slíkar vörur.

Uppbætur

6. Að því er varðar innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki falast eftir, reikna með, koma á eða innleiða uppbætur á neinu stigi innkaupa.

Ráðstafanir sem eru ekki bundnar við innkaup

7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um tolla eða nein önnur gjöld, sem eru lögð á eða tengjast innflutningi, aðferðir við álagningu slíkra tolla eða gjalda, aðrar

suppliers of another Party offering such goods or services, treatment no less favourable than the treatment accorded to domestic goods, services and suppliers.

2. With respect to any measure regarding covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not:

(a) treat a locally established supplier less favourably than another locally established supplier on the basis of the degree of foreign affiliation or ownership; or
(b) discriminate against a locally established supplier on the basis that the goods or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of another Party.

Use of Electronic Means

3. When conducting covered procurement by electronic means, a procuring entity shall:

(a) ensure that the procurement is conducted using information technology systems and software, including those related to authentication and encryption of information, that are generally available and interoperable with other generally available information technology systems and software; and
(b) maintain mechanisms that ensure the integrity of requests for participation and tenders, including establishment of the time of receipt and the prevention of inappropriate access.

Conduct of Procurement

4. A procuring entity shall conduct covered procurement in a transparent and impartial manner that:

(a) is consistent with this Chapter, using methods such as open tendering, selective tendering, and limited tendering as specified in Article 7.10 (Tendering Procedures);
(b) avoids conflicts of interest; and
(c) prevents corrupt practices.

Rules of Origin

5. Each Party shall apply to covered procurement of goods the rules of origin that it applies in the normal course of trade to those goods.

Offsets

6. With regard to covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not seek, take account of, impose, or enforce offsets at any stage of a procurement.

Measures Not Specific to Procurement

7. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to customs duties and charges of any kind imposed on, or in connection with, importation, the

innflutningsreglur eða formsatriði og ráðstafanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, nema um sé að ræða ráðstafanir vegna opinberra innkaupa sem þessi samningur tekur til.

Gr. 7.5

Birting upplýsinga um innkaup.

1. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta allar ráðstafanir sem gilda almennt um innkaup sem þessi samningur tekur til og allar breytingar á þeim upplýsingum, í viðeigandi miðlum sem um getur í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir), þ.m.t. opinberlega tilnefndir rafrænir miðlar.
2. Hver samningsaðili skal skýra fyrrnefndar upplýsingar fyrir öðrum samningsaðila ef sá aðili óskar eftir því.

Gr. 7.6

Birting tilkynninga.

Tilkynning um fyrirhuguð innkaup

1. Hver innkaupastofnun skal, vegna allra innkaupa, sem þessi samningur tekur til, birta tilkynningu þar sem birgjum er boðið að leggja fram tilboð eða, ef við á, umsókn um þátttöku í því útboði sem um er að ræða, nema við þær aðstæður sem lýst er í 8. mgr. gr. 7.10 (Útboðsferli). Birta skal tilkynninguna í þeim rafrænu miðlum eða prentmiðlum sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir) og allar slíkar tilkynningar skulu vera aðgengilegar þann tíma sem tilboðsfrestur vegna viðkomandi innkaupa varir.
2. Í hverri tilkynningu um fyrirhuguð innkaup komi eftirfarandi fram, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla:

a) lýsing á fyrirhuguðum innkaupum,
b) aðferð sem notuð er við innkaupin,
c) öll skilyrði sem birgjar verða að uppfylla vegna þátttöku í innkaupunum,
d) heiti þeirrar stofnunar sem sendir út tilkynninguna,
e) heimilisfang og tengiliður þar sem birgjar geta nálgast öll skjöl varðandi innkaupin,
f) eftir atvikum, heimilisfang og lokafrestur til að leggja fram beiðni um þátttöku í innkaupunum,
g) heimilisfang og lokafrestur til að leggja fram tilboð,
h) dagsetningar fyrir afhendingu vöru eða þjónustu sem kaupa á eða gildistími samningsins og
i) ábending um að innkaupin falli undir þennan kafla.

3. Stofnanir skulu birta tilkynningar tímanlega á þann hátt að áhugasömum birgjum hjá samningsaðilunum sé tryggður sem greiðastur aðgangur án mismununar. Slíkur aðgangur skal vera ókeypis, á

method of levying such duties and charges, other import regulations or formalities, and measures affecting trade in services other than measures governing covered procurement.

ARTICLE 7.5

Publication of Procurement Information

1. Each Party shall promptly publish any measure of general application regarding covered procurement and any modification to this information, in the appropriate publications referred to in Appendix 2 of Annex XX (General Notes), including officially designated electronic media.
2. Each Party shall, on request, provide to another Party an explanation relating to such information.

ARTICLE 7.6

Publication of Notices

Notice of Intended Procurement

1. For each covered procurement, a procuring entity shall publish a notice inviting suppliers to submit tenders, or where appropriate, applications for participation for that procurement, except in the circumstances described in paragraph 8 of Article 7.10 (Tendering Procedures). The notice shall be published in the electronic or paper media listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), and each such notice shall be accessible during the entire period established for tendering for the relevant procurement.

2. Except as otherwise provided for in this Chapter, each notice of intended procurement shall include:

(a) a description of the intended procurement;
(b) the procurement method;
(c) any conditions that suppliers must fulfill to participate in the procurement;
(d) the name of the entity issuing the notice;
(e) the address and contact where suppliers may obtain all documents relating to the procurement;
(f) where applicable, the address and any final date for the submission of requests for participation in the procurement;
(g) the address and the final date for the submission of tenders;
(h) the dates for delivery of the goods or services to be procured or the duration of the contract; and
(i) an indication that the procurement is covered by this Chapter.

3. Entities shall publish the notices in a timely manner through means which offer the widest possible and non-discriminatory access to the interested suppliers of the Parties. These means shall be accessible

einum þjónustustað sem er tilgreindur í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

Tilkynning um fyrirhuguð innkaup

4. Hver samningsaðili skal hvetja innkaupastofnanir sínar til að birta upplýsingar um fyrirhuguð innkaup stofnunarinnar í rafrænum miðlum, sem eru tilgreindir í 2. viðbæti XX. viðauka (Almennar athugasemdir), eins fljótt og unnt er á viðkomandi reikningsári. Í slíkum tilkynningum skal tilgreina hvaða innkaup um er að ræða og áætlaðan birtingardag tilkynningarinnar um fyrirhuguð innkaup.

Gr. 7.7

Skilyrði fyrir þátttöku.

1. Við mat á því hvort birgir uppfylli skilyrði fyrir þátttöku skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans:

a) takmarka slík skilyrði að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja að birgir hafi lagalegar og fjárhagslegar forsendur og viðskiptalega og tæknilega getu til að sinna þeim innkaupum sem um er að ræða og meta þær forsendur og getu á grundvelli viðskiptastarfsemi birgisins, bæði innan og utan yfirráðasvæðis samningsaðilans þar sem innkaupastofnunin er,
b) grundvalla ákvarðanir sínar eingöngu á þeim skilyrðum sem innkaupastofnun hefur tilgreint fyrir fram í tilkynningum eða útboðsgögnum,
c) ekki setja það skilyrði fyrir þátttöku birgis í innkaupum að innkaupastofnun viðkomandi samningsaðila hafi áður gert við hann einn eða fleiri samninga,
d) hafa heimild til að krefjast þess að viðkomandi birgir hafi reynslu þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla kröfur vegna innkaupanna og
e) heimila að allir innlendir birgjar og birgjar annars samningsaðila, sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku, séu viðurkenndir sem hæfir birgjar og hæfir til þátttöku í innkaupunum.

2. Þegar sönnunargögn eru fyrirliggjandi getur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, útilokað birgi af ástæðum á borð við:

a) gjaldþrot,
b) rangar yfirlýsingar,
c) verulega eða viðvarandi annmarka á framkvæmd efnislegra krafna eða skuldbindinga samkvæmt fyrri samningi eða samningum,
d) endanlega dóma vegna alvarlegra afbrota eða annarra alvarlegra brota,
e) alvarlegt misferli eða aðgerðir eða aðgerðaleysi sem gefur slæma mynd af ráðvendni birgisins í viðskiptum eða
f) ógreidda skatta.

Skráningarkerfi og verklag við ákvörðun hæfis

3. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, getfree of charge through a single point of access specified in Appendix 2 to Annex XX (General Notes)

Notice of Planned Procurement

4. Each Party shall encourage its procuring entities to publish in an electronic medium, listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), as early as possible in the fiscal year, information regarding the entity's future procurement plans. Such notices should include the subject matter of the procurement and the planned date of the publication of the notice of intended procurement.

ARTICLE 7.7

Conditions for Participation

1. In assessing whether a supplier satisfies the conditions for participation, a Party, including its procuring entities:

(a) shall limit such conditions to those that are essential to ensure that a supplier has the legal and financial capacities and the commercial and technical abilities to undertake the relevant procurement and evaluate those capacities and abilities on the basis of that supplier's business activities both inside and outside the territory of the Party of the procuring entity;
(b) shall base its determination solely on the conditions that the procuring entity has specified in advance in notices or tender documentation;
(c) may not impose the condition that, in order for a supplier to participate in a procurement, the supplier has previously been awarded one or more contracts by a procuring entity of the given Party;
(d) may require relevant prior experience where essential to meet the requirements of the procurement; and
(e) allow all domestic suppliers and suppliers of another Party that satisfy the conditions for participation to be recognised as qualified suppliers and to participate in the procurement.

2. Where there is supporting evidence, a Party, including its procuring entities, may exclude a supplier on grounds such as:

(a) bankruptcy
(b) false declarations
(c) significant or persistent deficiencies in performance of any substantive requirement or obligation under a prior contract or contracts;
(d) final judgments in respect of serious crimes or other serious offences;
(e) professional misconduct or acts or omissions that adversely reflect upon the commercial integrity of the supplier; or
(f) failure to pay taxes.

Registration Systems and Qualification Procedures

3. A Party, including its procuring entities, may

ur haldið úti skráningarkerfi fyrir birgja, en þar skulu áhugasamir birgjar skrá sig og veita tilteknar upplýsingar.
4. Innkaupastofnanir skulu ekki taka upp eða nota skráningarkerfi eða hæfismat í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að hindri að óþörfu þátttöku birgja annarra samningsaðila í innkaupaferli samningsaðilans.
5. Innkaupastofnanir skulu þegar í stað tilkynna birgjum, sem hafa farið fram á hæfismat, um ákvörðun sína þar að lútandi. Ef innkaupastofnun hafnar beiðni um hæfismat eða neitar að viðurkenna hæfi birgis skal sú innkaupastofnun, að beiðni viðkomandi birgis, þegar í stað láta honum í té skriflega skýringu.

Fjölnotaskrár
6. Innkaupastofnun getur komið á fót eða haldið úti fjölnotaskrá yfir birgja, að því tilskildu að tilkynning, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að sækja um að verða færðir í skrána, sé birt í viðeigandi miðlum sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).
7. Í tilkynningunni, sem kveðið er á um í 6. mgr., skal eftirfarandi koma fram:
a) lýsing á vörum eða þjónustu eða flokkum sem heimilt er að hafa í skránni,
b) frestur til að leggja fram beiðni um að vera færður í skrána,
c) þau skilyrði fyrir þátttöku sem birgjar þurfa að uppfylla og þær aðferðir sem viðkomandi innkaupastofnun mun nota til að sannreyna að skilyrðin hafi verið uppfyllt,
d) nafn og heimilisfang innkaupastofnunarinnar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við stofnunina og fá öll viðeigandi skjöl sem skrána varða,
e) gildistími skrárinnar og með hvaða hætti hún er endurnýjuð eða henni eytt eða, þegar gildistíminn er ekki gefinn upp, upplýsingar um með hvaða hætti tilkynnt verður um að notkun skrárinnar hafi verið hætt og
f) ábending um að nota megi skrána fyrir innkaup sem falla undir ákvæði þessa kafla.
8. Innkaupastofnun skal heimila birgjum að óska, hvenær sem er, eftir því að verða færðir í fjölnotaskrá og skal færa alla hæfa birgja í skrána eins skjótt og aðstæður leyfa.

Gr. 7.8
Útboðsgögn og tækniforskriftir.

Útboðsgögn
1. Innkaupastofnun skal afhenda birgjum útboðsgögn með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að gera þeim kleift að semja og leggja fram tilboð.

maintain a supplier registration system under which interested suppliers are required to register and provide certain information.
4. Procuring entities shall not adopt or apply any registration system or qualification procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to the participation of suppliers of another Party in its procurement.
5. A procuring entity shall promptly communicate to any supplier that has applied for qualification its decision on whether that supplier is qualified. Where an entity rejects an application for qualification or ceases to recognise a supplier as qualified, that entity shall, on request of the supplier, promptly provide it a written explanation.
Multi-Use Lists
6. A procuring entity may establish or maintain a multi-use list of suppliers, provided that a notice inviting interested suppliers to apply for inclusion on the list is published in the appropriate medium listed in Appendix 2 of Annex XX (General Notes).

7. The notice provided for in paragraph 6 shall include:
(a) a description of the goods or services, or categories thereof, for which the list may be used;
(b) any deadlines for submission of applications for inclusion on the list;
(c) the conditions for participation to be satisfied by suppliers and the methods that the procuring entity will use to verify a supplier's satisfaction of the conditions;
(d) the name and address of the procuring entity and other information necessary to contact the entity and obtain all relevant documents relating to the list;
(e) the period of validity of the list and the means for its renewal or termination, or where the period of validity is not provided, an indication of the method by which notice will be given of the termination of use of the list; and
(f) an indication that the list may be used for procurement covered by this Chapter.
8. A procuring entity shall allow suppliers to apply at any time for inclusion on a multi-use list and shall include on the list all qualified suppliers within a reasonably short time.

ARTICLE 7.8
Tender Documentation and Technical Specification

Tender Documentation
1. A procuring entity shall provide to suppliers tender documentation that includes all information necessary to permit suppliers to prepare and submit re-

Hafi heildarlýsing ekki komið fram í tilkynningunni um fyrirhuguð innkaup skal vera heildarlýsing í útboðsgögnunum á eftirfarandi:

a) innkaupunum, þ.m.t. hvers konar og hve mikið magn vöru eða þjónustu á að kaupa eða, þegar ekki er vitað um magnið, áætlað magn og allar kröfur sem þarf að uppfylla, þ.m.t. allar tækniforskriftir, vottorð um samræmismat, áætlanir, teikningar eða leiðbeiningar,

b) skilyrðum fyrir þátttöku birgja, þ.m.t. skrá yfir upplýsingar og skjöl sem birgjar þurfa að leggja fram í þessu sambandi,

c) öllum matsviðmiðunum sem þarf að taka tillit til við úthlutun samnings, nema eingöngu sé miðað við verð en þá skal lýsa hlutfallslegu mikilvægi slíkra viðmiðana,

d) þegar innkaupastofnun hyggst gera innkaup með rafrænum hætti, hvers konar kröfum um sannvottun og dulkóðun eða öðrum kröfum sem tengjast viðtöku upplýsinga í rafrænu formi,

e) þegar innkaupastofnunin heldur rafrænt uppboð, þeim reglum sem gilda um uppboðið, þ.m.t. auðkenni þeirra þátta tilboðsins sem tengjast matsviðmiðunum,

f) þegar tilboð eru opnuð opinberlega, dagsetningu, tímasetningu og staðsetningu opnunarinnar og, eftir atvikum, upplýsingum um þá aðila sem mega vera viðstaddir,

g) hvers konar öðrum skilmálum eða skilyrðum, þ.m.t. greiðsluskilmálar og hvers konar takmarkanir á því hvernig heimilt er að leggja fram tilboð, t.d. í pappírsformi eða með rafrænum hætti og

h) dagsetningar varðandi afhendingu vöru eða þjónustuveitingu eða gildistíma samningsins.

2. Ef samningsstofnanir bjóða ekki gjaldfrjálsan beinan og rafrænan aðgang að öllum útboðsgögnum og öllum fylgiskjölum skulu stofnanirnar hafa útboðsgögnin tiltæk, án tafar, ef einhver af birgjum samningsaðilanna vill kynna sér þau.

Tækniforskriftir

3. Innkaupastofnun skal ekki semja, samþykkja eða beita neinum tækniforskriftum eða mæla fyrir um samræmismatsaðferðir sem hafa þann tilgang eða þau áhrif að hindra að óþörfu viðskipti milli ríkja samningsaðilanna.

4. Mæli innkaupastofnun fyrir um tækniforskriftir viðvíkjandi vöru eða þjónustu, sem er keypt, skal hún, eftir því sem við á:

a) setja fram tækniforskriftir sem varða nothæfis- og virknikröfur fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika og

sponsive tenders. Unless already provided in the notice of intended procurement, such documentation shall include a complete description of:

(a) the procurement, including the nature and the quantity of the goods or services to be procured or, where the quantity is not known, the estimated quantity and any requirements to be fulfilled, including any technical specifications, conformity assessment certification, plans, drawings, or instructional materials;

(b) any conditions for participation of suppliers, including a list of information and documents that suppliers are required to submit in connection therewith;

(c) all evaluation criteria to be considered in the awarding of the contract, and, except where price is the sole criterion, the relative importance of such criteria;

(d) where the procuring entity will conduct the procurement by electronic means, any authentication and encryption requirements or other requirements related to the receipt of information by electronic means;

(e) where the procuring entity will hold an electronic auction, the rules, including identification of the elements of the tender related to the evaluation criteria, on which the auction will be conducted;

(f) where there will be a public opening of tenders, the date, time, and place for the opening and, where appropriate, the persons authorised to be present;

(g) any other terms or conditions, including terms of payment and any limitation on the means by which tenders may be submitted, e.g., paper or electronic means; and

(h) any dates for the delivery of goods or the supply of services or the duration of the contract.

2. Where contracting entities do not offer free direct access to the entire tender documents and any supporting documents by electronic means, entities shall make promptly available the tender documentation at the request of any interested supplier of the Parties.

Technical Specifications

3. A procuring entity shall not prepare, adopt, or apply any technical specification or prescribe any conformity assessment procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to international trade between the Parties.

4. In prescribing the technical specifications for the goods or services being procured, a procuring entity shall, where appropriate:

(a) specify the technical specification in terms of performance and functional requirements, rather than design or descriptive characteristics; and

b) byggja tækniforskriftirnar á alþjóðlegum stöðlum, ef til eru, en að öðrum kosti á innlendum tæknireglum, viðurkenndum landsstöðlum eða byggingarreglugerðum.

5. Innkaupastofnun er óheimilt að mæla fyrir um tækniforskriftir þar sem gerð er krafa um eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða tegundar, tiltekins uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ógerlegt sé að lýsa útboðsskilmálum nógu nákvæmlega eða skiljanlega með öðrum hætti og að því tilskildu að í slíkum tilvikum séu orðin „eða sambærilegt“ látin fylgja með í útboðsgögnum.

6. Innkaupastofnun skal ekki leita eftir eða samþykkja ráðgjöf, þannig að það hefði þau áhrif að hindra samkeppni, sem kynni að verða notuð við samningu eða samþykkt tækniforskrifta vegna tiltekinna innkaupa, frá aðila sem kynni að hafa viðskiptalegan ávinning af innkaupunum.

7. Til glöggvunar; samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, getur í samræmi við þessa grein, samið, samþykkt eða beitt tækniforskriftum til að stuðla að varðveislu náttúruauðlinda eða vernda umhverfið.

Breytingar

8. Ef innkaupastofnun breytir, áður en samningi er úthlutað, viðmiðunum eða tæknilegum kröfum, sem settar eru fram í tilkynningu eða útboðsgögnum, sem eru afhent birgjum sem taka þátt í útboðinu, eða breytir eða gefur út aðra tilkynningu eða útboðsgögn skal hún senda, í skriflegu formi, allar slíkar breytingar eða breyttar eða endurútgefnar tilkynningar eða útboðsgögn:

a) öllum birgjum, sem taka þátt í útboðinu á þeim tíma sem upplýsingunum er breytt, ef vitað er hverjir þeir eru, og í öllum öðrum tilvikum á sama hátt og upprunalegu upplýsingarnar og
b) í tæka tíð til að slíkir birgjar geti breytt og lagt fram að nýju breytt tilboð, eftir því sem við á.

(b) base the technical specification on international standards, where such exist or otherwise, on national technical regulations, recognised national standards or building codes.

5. A procuring entity may not prescribe any technical specifications that require or refer to a particular trademark or trade name, patent, copyright, design or type, specific origin, producer, or supplier, unless there is no other sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that, in such cases, words such as “or equivalent” are also included in the tender documentation.

6. A procuring entity shall not seek or accept, in a manner that would have the effect of precluding competition, advice that may be used in the preparation or adoption of any technical specification for a specific procurement from a person that may have a commercial interest in the procurement.

7. For greater certainty, a Party, including its procuring entities, may, in accordance with this Article, prepare, adopt, or apply technical specifications to promote the conservation of natural resources or protect the environment.

Modifications

8. Where, prior to the award of a contract, a procuring entity modifies the criteria or technical requirements set out in a notice or tender documentation provided to participating suppliers, or amends or reissues a notice or tender documentation, it shall transmit in writing all such modifications or amended or re-issued notice or tender documentation:

(a) to all suppliers that are participating at the time the information is amended, if known, and in all other cases, in the same manner as the original information; and
(b) in adequate time to allow such suppliers to modify and re-submit amended tenders, as appropriate.

Gr. 7.9

Frestur.

Innkaupastofnun skal gefa birgjum nægan tíma til að leggja fram umsókn um þátttöku í innkaupum og semja og leggja fram tilboð, að teknu tilliti til þess hvers eðlis og hve flókin innkaupin eru. Hver samningsaðili skal gefa fresti sem samrýmast skilyrðunum sem eru tilgreind í 3. viðbæti XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

ARTICLE 7.9

Time Limits

A procuring entity shall provide suppliers sufficient time to submit applications to participate in a procurement and prepare and submit responsive tenders, taking into account the nature and complexity of the procurement. Each Party shall apply time limits according to the conditions specified in Appendix 3 of Annex XX (General Notes).

Gr. 7.10

Útboðsferli.

1. Stofnanir skulu úthluta opinberum samningum, í samræmi við þennan kafla og án mismununar, með

ARTICLE 7.10

Tendering Procedures

1. Entities shall award their public contracts by open, selective or limited tendering procedures ac-

almennu útboði, útboði með forvali eða lokuðu útboði samkvæmt landslögum sínum.

Útboð með forvali

2. „Útboð með forvali“: innkaupaaðferð þar sem einungis hæfir birgjar fá boð frá innkaupastofnun um að leggja fram tilboð.

3. Þegar innkaupastofnun hyggst efna til útboðs með forvali skal hún:

a) fella inn í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup a.m.k. þær upplýsingar sem fram koma í a-, b-, c-, d-, e-, f- og i-lið 2. mgr. í gr. 7.6 (Birting tilkynninga) og bjóða birgjum að leggja fram þátttökubeiðni og
b) veita hæfum birgjum, í upphafi útboðsfrests, a.m.k. þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir í g- og h-lið 2. mgr. í gr. 7.6 (Birting tilkynninga) sem hún boðar að séu tilgreindar í 2. mgr. í 3. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

4. Innkaupastofnun skal viðurkenna sem hæfa birgja þá innlendu birgja og birgja annarra samningsaðila sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í tilteknum innkaupum nema innkaupastofnunin tilgreini, í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum, ef þau eru aðgengileg almenningi, hvers konar takmarkanir á þeim fjölda birgja sem verður heimilað að leggja fram tilboð og forsendur fyrir vali takmarkaðs fjölda birgja.

5. Ef útboðsgögn eru ekki gerð aðgengileg almenningi frá og með þeim degi þegar tilkynningin, sem um getur í 4. mgr., er birt skulu innkaupastofnanir sjá til þess að gögnin séu samtímis aðgengileg öllum hæfum birgjum sem eru valdir í samræmi við 5. mgr.

6. Stofnanir, sem halda varanlegar skrár yfir hæfa birgja, geta valið birgja, sem fá boð um að leggja fram tilboð, úr hópi þeirra sem eru skráðir, með þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir í gr. 7.6 (Birting tilkynninga).

Lokuð útboð

7. Innkaupastofnun er heimilt, að því tilskildu að hún beiti ekki þessu ákvæði í því skyni að komast hjá samkeppni meðal birgja eða á þann hátt að mismuni birgjum frá öðrum samningsaðila eða verndi innlenda birgja, að efna til lokaðs útboðs og getur kosið að beita ekki gr. 7.6 (Birting tilkynninga), gr. 7.7 (Skilyrði fyrir þátttöku), gr. 7.8 (Útboðsgögn og tækniforskriftir), gr. 7.9 (Tímamörk), gr. 7.12 (Rafræn uppboð), gr. 7.13 (Viðræður) eða gr. 7.14 (Opnun tilboða og úthlutun samninga) við eftirfarandi aðstæður:

a) að því tilskildu að ekki séu gerðar verulegar breytingar á kröfum um útboðsgögn, þegar:

cording to their national legislation in compliance with this Chapter and in a non-discriminatory manner.

Selective Tendering

2. “Selective tendering” means a procurement method whereby only qualified suppliers are invited by the procuring entity to submit a tender;

3. Where a procuring entity intends to use selective tendering, the entity shall:

(a) include in the notice of intended procurement at least the information specified in subparagraphs 2 (a), (b), (c), (d), (e), (f) and (i) of Article 7.6 (Publication of Notices) and invite suppliers to submit a request for participation; and
(b) provide, by the commencement of the time-period for tendering, at least the information foreseen in subparagraphs 2 (g) and (h) of Article 7.6 (Publication of Notices) to the qualified suppliers that it notifies as specified in paragraph 2 of Appendix 3 to Annex XX (General Notes).

4. A procuring entity shall recognise as qualified suppliers such domestic suppliers and suppliers of another Party that meet the conditions for participation in a particular procurement, unless the procuring entity states in the notice of intended procurement or, where publicly available, in the tender documentation, any limitation on the number of suppliers that will be permitted to tender and the criteria for selecting the limited number of suppliers.

5. Where the tender documentation is not made publicly available from the date of publication of the notice referred to in paragraph 4, procuring entities shall ensure that those documents are made available at the same time to all the qualified suppliers selected in accordance with paragraph 5.

6. Entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed, under the conditions foreseen in Article 7.6 (Publication of Notices).

Limited Tendering

7. Provided that it does not use this provision for the purpose of avoiding competition among suppliers or in a manner that discriminates against suppliers of another Party or protects domestic suppliers, a procuring entity may use limited tendering and may choose not to apply Articles 7.6 (Publication of Notices), 7.7 (Conditions for Participations), 7.8 (Tender Documentation and Technical Specification), 7.9 (Time Limits), 7.12 (Electronic Auctions), 7.13 (Negotiations) and 7.14 (Opening of Tenders and Contract Awards) only under the following circumstances:

(a) provided that the requirements of the tender documentation are not substantially modified where:

i. engin tilboð eru lögð fram eða enginn birgir óskar eftir þátttöku,
ii. engin tilboð, sem samrýmast meginkröfum í útboðsgögnum, hafa verið lögð fram,
iii. engir birgjar uppfylla skilyrði fyrir þátttöku eða
iv. tilboð, sem eru lögð fram, fela í sér samráð,

b) þegar einungis tiltekinn birgir getur útvegað vörur eða þjónustu og ekki er um annan raunhæfan valkost að ræða eða vöru eða þjónustu sem getur komið í staðinn, af eftirfarandi ástæðum:
i. óskað er eftir listaverki,
ii. vegna verndar einkaleyfis, höfundarréttar eða annars einkaréttar eða
iii. vegna þess að samkeppni skortir af tæknilegum ástæðum,

c) þegar um er að ræða aukaafhendingu upphaflegs birgis á vöru eða þjónustu, sem var ekki innifalin í upphaflegum innkaupum, og aðkoma annars birgis vegna fyrrnefndrar aukaafhendingar vöru eða þjónustu:
i. getur ekki orðið af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, s.s. vegna krafna um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við þann búnað, hugbúnað, þjónustu eða uppsetningu sem fyrir er og fylgir í upphaflegu innkaupunum og
ii. myndi valda innkaupastofnuninni verulegum óþægindum eða verulegri kostnaðaraukningu,

d) ef það er bráðnauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem innkaupastofnunin gat ekki séð fyrir, að fá vörur eða þjónustu í tæka tíð með því að efna til almenns útboðs eða útboðs með forvali og slík útboð myndu leiða af sér alvarlegt tjón fyrir innkaupastofnunina,

e) þegar um er að ræða innkaup á vörumarkaði,

f) þegar innkaupastofnun kaupir frumgerð eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni viðkomandi stofnunar í tengslum við tiltekinn samning um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun,

g) þegar um er að ræða innkaup, sem eru gerð við sérlega hagstæðar aðstæður sem eru einungis fyrir hendi í mjög skamman tíma þegar óvenjulegar ráðstafanir eru gerðar, t.d. við skiptameðferð, gjaldþrotameðferð, almenn uppboð eða gjaldþrot en ekki við venjubundin kaup af venjulegum birgjum eða

h) þegar samningi er úthlutað til sigurvegara í hönnunarsamkeppni, að því tilskildu að:
i. samkeppnin hafi verið skipulögð með þeim hætti að samrýmist meginreglum þessa kafla,

(i) no tenders were submitted, or no supplier requested participation;
(ii) no tenders that conform to the essential requirements of the tender documentation were submitted;
(iii) no suppliers satisfied the conditions for participation; or
(iv) the tenders submitted have been collusive;

(b) where the goods or services can be supplied only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute goods or services exist for any of the following reasons:
(i) the requirement is for a work of art;
(ii) the protection of patents, copyrights or other exclusive rights; or
(iii) due to an absence of competition for technical reasons;

(c) for additional deliveries by the original supplier of goods or services that were not included in the initial procurement where a change of supplier for such additional goods or services:
(i) cannot be made for economic or technical reasons such as requirements of interchangeability or interoperability with existing equipment, software, services or installations procured under the initial procurement; and
(ii) would cause significant inconvenience or substantial duplication of costs for the procuring entity;

(d) insofar as is strictly necessary where, for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseeable by the procuring entity, the goods or services cannot be obtained in time using an open or selective tendering procedure, and the use of such procedures would result in serious injury to the procuring entity;

(e) for purchases made on a commodity market;

(f) where a procuring entity procures prototypes or a first product or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development;

(g) for purchases made under exceptionally advantageous conditions that only arise in the very short term in the case of unusual disposals such as those arising from liquidation, receivership, public auction or bankruptcy, but not for routine purchases from regular suppliers; or

(h) where a contract is awarded to a winner of a design contest provided that:
(i) the contest has been organised in a manner that is consistent with the principles of this

einkum að því er varðar birtingu tilkynningar um fyrirhuguð innkaup og

ii. að þátttakendur séu metnir af óháðri dómnefnd með það fyrir augum að gerður verði hönnunarsamningur við þann sem sigrar.

8. Innkaupastofnun skal taka saman skriflega skýrslu um sérhvern samning sem úthlutað er skv. 7. mgr. þessarar greinar. Í skýrslunni skal koma fram nafn viðkomandi innkaupastofnunar, andvirði og tegund keyptrar vöru eða þjónustu og yfirlýsing þar sem fram koma aðstæður og skilyrði sem er lýst í 7. mgr. þessarar greinar og sem voru rökstuðningur fyrir lokuðu útboði.

Gr. 7.11

Upplýsingatækni.

Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafrænar aðferðir við skilvirka miðlun upplýsinga um opinber innkaup, einkum að því er varðar útboðstækifæri stofnana, en virða um leið meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

Gr. 7.12

Rafræn uppboð.

Ef innkaupastofnun hyggst gera innkaup, sem þessi samningur tekur til, með rafrænu uppboði skal hún láta hverjum þátttakanda í té, áður en rafrænt uppboð hefst:

a) sjálfvirka matsaðferð, þ.m.t. reiknilíkan sem er byggt á matsviðmiðunum sem eru settar fram í útboðsgögnum og notaðar við sjálfvirka röðun eða endurröðun meðan á uppboðinu stendur,

b) niðurstöður úr frummati á þáttum útboðsins þegar gera á samning á grundvelli hagstæðasta tilboðs og

c) allar aðrar viðeigandi upplýsingar varðandi framkvæmd uppboðsins.

Gr. 7.13

Viðræður.

1. Samningsaðili getur kveðið á um að stofnanir hans skuli taka upp viðræður:

a) í tengslum við innkaup þar sem þær hafa lýst ásetningi um slíkt í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða

b) ef mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð er augljóslega hagstæðast í ljósi þeirra matsviðmiðana sem settar eru fram í tilkynningum eða útboðsgögnum.

2. Innkaupastofnanir skulu ekki mismuna birgjum sem taka þátt í viðræðunum.

3. Stofnun skal:

Chapter, in particular relating to the publication of a notice of intended procurement; and

(ii) the participants are judged by an independent jury with a view to a design contract being awarded to a winner.

8. A procuring entity shall prepare a report in writing on each contract awarded under paragraph 7 of this Article. Each such report shall include the name of the procuring entity, the value and kind of goods or services procured, and a statement indicating the circumstances and conditions described in paragraph 7 of this Article that justified the use of limited tendering.

ARTICLE 7.11

Information Technology

The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.

ARTICLE 7.12

Electronic Auctions

Where a procuring entity intends to conduct a covered procurement using an electronic auction, the entity shall provide each participant, before commencing the electronic auction, with:

(a) the automatic evaluation method, including the mathematical formula, that is based on the evaluation criteria set out in the tender documentation and that will be used in the automatic ranking or re-ranking during the auction;

(b) the results of any initial evaluation of the elements of its tender where the contract is to be awarded on the basis of the most advantageous tender; and

(c) any other relevant information relating to the conduct of the auction.

ARTICLE 7.13

Negotiations

1. A Party may provide for its entities to conduct negotiations:

(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent in the notice of intended procurement; or

(b) where it appears from the evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.

2. Procuring entities shall not, in the course of negotiations, discriminate between participating suppliers.

3. An entity shall:

a) tryggja að hvers konar útilokun birgja frá þátttöku í viðræðum sé í samræmi við matsviðmiðanir sem eru settar fram í tilkynningum eða útboðsgögnum og
b) veita þeim birgjum, sem eftir eru þegar viðræðum lýkur, tiltekinn frest til þess að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð.

Gr. 7.14
Opnun tilboða og úthlutun samninga.

Meðferð tilboða

1. Innkaupastofnun skal taka á móti og opna öll tilboð samkvæmt verklagsreglum sem tryggja sanngirni og óhlutdrægni í innkaupaferlinu og að farið sé með tilboð sem trúnaðarmál. Hún skal einnig gæta trúnaðar í meðferð tilboða, a.m.k. þar til þau hafa verið opnuð.
2. Ef innkaupastofnun veitir birgjum tækifæri til að leiðrétta óviljandi formgalla, milli þess sem tilboð eru opnuð og þar til valið er úr þeim, skal stofnunin veita öllum birgjum, sem eru þátttakendur, sama tækifæri.

Úthlutun samninga

3. Innkaupastofnun skal gera kröfu um að til þess að úthlutun komi til greina skuli tilboð lagt fram:
a) skriflega og vera, þegar það er opnað, í samræmi við þær grundvallarkröfur sem tilgreindar eru í tilkynningum og útboðsgögnum og
b) af birgi sem uppfyllir öll skilyrði um þátttöku.

4. Innkaupastofnun skal, nema hún ákvarði að úthlutun samnings þjóni ekki almannahagsmunum, ganga til samninga við birgi sem stofnunin hefur ákvarðað að uppfylli þátttökuskilyrðin og sé fyllilega fær um að standa við samninginn og tilboð hans sé talið hagstæðast þegar eingöngu er miðað við kröfur og valviðmiðanir sem eru tilgreindar í tilkynningum og útboðsgögnum eða, þegar verð er eina viðmiðunin, á grundvelli lægsta verðs.

5. Ef innkaupastofnun fær tilboð þar sem verð er óeðlilega lágt, miðað við tilgreint verð í öðrum tilboðum sem hafa verið lögð fram, er henni heimilt að sannreyna hjá birgi hvort hann sé fær um að uppfylla þátttökuskilyrðin og standa við samningsskilmála.
6. Innkaupastofnun er óheimilt að hætta við innkaup eða falla frá eða breyta samningum, sem hefur verið úthlutað, á þann hátt að farið sé í kringum skuldbindingar samkvæmt þessum kafla.

Gr. 7.15
Gagnsæi upplýsinga um innkaup.

Upplýsingar sem veittar eru birgjum

1. Innkaupastofnun skal þegar í stað veita birgjum,

(a) ensure that any elimination of suppliers participating in negotiations is carried out in accordance with the evaluation criteria set out in the notices or tender documentation; and
(b) where negotiations are concluded, provide a common deadline for the remaining participating suppliers to submit any new or revised tenders.

ARTICLE 7.14
Opening of Tenders and Contract Awards

Treatment of Tenders

1. A procuring entity shall receive and open all tenders under procedures that guarantee the fairness and impartiality of the procurement process and the confidentiality of tenders. It also shall treat tenders in confidence until at least the opening of the tenders.

2. Where a procuring entity provides suppliers with an opportunity to correct unintentional errors of form between the opening of tenders and the awarding of the contract, the entity shall provide the same opportunity to all participating suppliers.

Awarding of Contracts

3. A procuring entity shall require that, in order to be considered for an award, a tender shall be submitted:
(a) in writing and shall, at the time of opening, comply with the essential requirements specified in the notices and tender documentation; and
(b) by a supplier that satisfies any conditions for participation.
4. Unless a procuring entity determines that it is not in the public interest to award a contract, the entity shall award the contract to the supplier that the entity has determined satisfies the conditions for participation and is fully capable of undertaking the contract and whose tender is determined to be the most advantageous solely on the basis of the requirements and evaluation criteria specified in the notices and tender documentation, or where price is the sole criterion, the lowest price.
5. Where a procuring entity receives a tender with a price that is abnormally lower than the prices in other tenders submitted, it may verify with the supplier that it can comply with the conditions of participation and is capable of fulfilling the terms of the contract.
6. A procuring entity may not cancel a procurement or terminate or modify awarded contracts in a manner that circumvents the obligations under this Chapter.

ARTICLE 7.15
Transparency in Procurement Information

Information Provided to Suppliers

1. A procuring entity shall promptly inform suppli-

sem hafa lagt fram tilboð, upplýsingar um ákvarðanir sínar um samningsgerð og gera það skriflega sé þess óskað. Innkaupastofnun skal, með fyrirvara um gr. 7.16 (Upplýsingagjöf) og samkvæmt beiðni, gefa birgi, sem hefur lagt fram tilboð sem ekki er gengið að, skýringu á ástæðum stofnunarinnar fyrir því og hvaða kosti tilboð þess birgis, sem samið er við, hefur umfram tilboð hans.

Birting upplýsinga um úthlutun

2. Eigi síðar en 72 dögum eftir úthlutun skal innkaupastofnun birta á pappír eða í rafrænum miðlum, sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir), tilkynningu þar sem fram koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

a) nafn og heimilisfang innkaupastofnunar,
b) lýsing á þeirri vöru eða þjónustu sem er keypt,
c) dagsetning úthlutunar,
d) nafn og heimilisfang birgis sem samið er við,
e) verðgildi samningsins og
f) hvaða innkaupaaðferð var notuð og, í þeim tilvikum þar sem málsmeðferð skv. 8. mgr. gr. 7.10 (Útboðsferli) hefur verið beitt, lýsing á þeim aðstæðum sem réttlæta þá málsmeðferð.

Skráahald.

3. Innkaupastofnun skal halda skýrslur og skrár yfir útboð vegna innkaupa sem þessi samningur tekur til, þ.m.t. skýrslur sem kveðið er á um í 9. mgr. í gr. 7.10 (Útboðsferli), og skal geyma þessar skýrslur og skrár í a.m.k. þrjú ár eftir gerð samnings.

Gr. 7.16

Upplýsingagjöf.

Upplýsingamiðlun til samningsaðila

1. Samningsaðili skal, ef annar samningsaðili óskar eftir því, veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort innkaup hafi farið fram með sanngjörnum hætti, óhlutdrægni hafi verið gætt og hvort þau verið í samræmi við þennan kafla. Í upplýsingunum skulu m.a. koma fram eiginleikar og kostir þess tilboðs sem hefur verið valið.

Upplýsingar sem ekki eru veittar

2. Engum samningsaðila, innkaupastofnun eða endurskoðunaryfirvaldi er heimilt að gefa upplýsingar ef aðilinn sem veitti þær hefur tilnefnt þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög, nema hafa til þess leyfi þess aðila.

3. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa kafla hefur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki heimild til að veita tilteknum birgi upplýsingar sem gætu skaðað réttmæta samkeppni milli birgja.

4. Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að þess sé krafist að samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir

ers that have submitted tenders of its contract award decisions and, on request, shall do so in writing. Subject to Article 7.16 (Disclosure of Information) a procuring entity shall, on request, provide an unsuccessful supplier with an explanation of the entity´s reasons for not selecting that supplier's tender and the relative advantages of the successful supplier's tender.

Publication of Award Information

2. Not later than 72 days after an award, a procuring entity shall publish in a paper or electronic medium listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), a notice that includes at least the following information about the contract:

(a) the name and address of the procuring entity;
(b) a description of the goods or services procured;
(c) the date of award;
(d) the name and address of the successful supplier;
(e) the contract value; and
(f) the procurement method used and, in cases where a procedure has been used pursuant to paragraph 8 of Article 7.10 (Tendering Procedures), a description of the circumstances justifying the use of such procedure.

Maintenance of Records

3. A procuring entity shall maintain reports and records of tendering procedures relating to covered procurement, including the reports provided for in paragraph 9 of Article 7.10 (Tendering Procedures), and shall retain such reports and records for a period of at least three years after the award of a contract.

ARTICLE 7.16

Disclosure of Information

Provision of Information to a Party

1. On request of any Party, a Party shall provide promptly any information necessary to determine whether a procurement was conducted fairly, impartially and in accordance with this Chapter. The information shall include information on the characteristics and relative advantages of the successful tender.

Non-Disclosure of Information

2. No Party, procuring entity or review authority may disclose information that the person providing it has designated as confidential in accordance with domestic law, except with the authorisation of such person.

3. Notwithstanding any other provision of this Chapter, a Party, including its procuring entities, may not provide information to a particular supplier that might prejudice fair competition between suppliers.

4. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Party, including its procuring entities, authori-

hans, yfirvöld og endurskoðunaraðilar láti af hendi trúnaðarupplýsingar samkvæmt þessum kafla ef afhending þeirra:

a) myndi hindra framkvæmd laga,
b) gæti komið í veg fyrir réttmæta samkeppni milli birgja,
c) myndi fara í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna aðila, þ.m.t. vernd hugverkaréttar, eða
d) myndi á annan hátt stríða gegn almannahagsmunum.

Gr. 7.17

Innlend málsmeðferð við endurskoðun vegna vefengingar birgis.

1. Ef birgir samningsaðila ber fram kvörtun um meint brot á ákvæðum þessa kafla varðandi innkaup, sem falla undir þennan samning, skulu samningsaðilar, hver um sig, hvetja birgja til að leita eftir skýringum hjá innkaupastofnunum sínum með viðræðum sem miða að því að leysa slík umkvörtunaratriði.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að tímanleg, skilvirk og gagnsæ endurskoðun fari fram af hálfu stjórnsýslu eða dómsvalds, án mismununar, samkvæmt viðeigandi grunnreglu um málsmeðferð sem birgir getur nýtt sér til að vefengja meint brot á ákvæðum þessa kafla sem upp koma í tengslum við innkaup sem þessi samningur tekur til og varða eða vörðuðu hagsmuni hans.
3. Hver birgir skal fá nægan tíma til að semja og leggja fram erindi um vefengingu og skal hann aldrei vera skemmri en tíu dagar frá því að birgi varð kunnugt, eða hefði mátt vera kunnugt, um tilefni vefengingarinnar.

4. Hver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna a.m.k. eina óhlutdræga stjórnsýslustofnun eða dómsvald, sem er óháð innkaupastofnunum hans, til að taka við og taka til athugunar erindi birgis um vefengingu, sem tengist innkaupum sem þessi samningur tekur til, og leggja fram viðeigandi niðurstöður og tilmæli.
5. Ef annar aðili en yfirvaldið, sem um getur í 4. mgr., tekur erindi um vefengingu fyrst til athugunar skal samningsaðili sjá til þess að birgir geti áfrýjað upphaflegu ákvörðuninni til óhlutdrægrar stjórnsýslustofnunar eða dómsvalds sem er óháð innkaupastofnuninni sem gerir innkaupin sem eru tilefni vefengingarinnar.
6. Endurskoðunarnefnd, sem er ekki dómstóll, skal annaðhvort vera háð endurskoðun dómstóls eða starfa samkvæmt málsmeðferðarreglum sem mæla fyrir um að:

ties, and review bodies, to release confidential information under this Chapter where release:

(a) would impede law enforcement;
(b) might prejudice fair competition between suppliers;
(c) would prejudice the legitimate commercial interests of particular persons, including the protection of intellectual property; or
(d) would otherwise be contrary to the public interest.

ARTICLE 7.17

Domestic Review Procedures for Supplier Challenges

1. In the event of a complaint by a supplier of a Party regarding an alleged breach of this Chapter in the context of covered procurement, each Party shall encourage suppliers to seek clarification from its entities through consultations with a view to facilitating the resolution of any such complaints.
2. Each Party shall provide a timely, effective, transparent and non-discriminatory administrative or judicial review procedure according to the due process principle through which a supplier may challenge alleged breaches of this Chapter arising in the context of covered procurements in which the supplier has, or has had, an interest.

3. Each supplier shall be allowed a sufficient period of time to prepare and submit a challenge, which in no case shall be less than ten days from the time when the basis of the challenge became known or reasonably should have become known to the supplier.
4. Each Party shall establish or designate at least one impartial administrative or judicial authority that is independent of its procuring entities to receive and review a challenge by a supplier arising in the context of a covered procurement, and to make appropriate findings and recommendations.

5. Where a body other than an authority referred to in paragraph 4 initially reviews a challenge, the Party shall ensure that the supplier may appeal the initial decision to an impartial administrative or judicial authority that is independent of the procuring entity whose procurement is the subject of the challenge.

6. A review body that is not a court shall either be subject to judicial review or have procedures that provide that:

a) innkaupastofnunin skuli svara erindi um vefengingu skriflega og afhenda endurskoðunarnefndinni öll viðeigandi skjöl,
b) aðilar að málsmeðferðinni (þátttakendur) skuli eiga rétt á því að láta álit sitt í ljós áður en endurskoðunarnefnd tekur ákvörðun um vefenginguna,
c) þátttakendur skuli eiga rétt á fyrirsvari og föruneyti,
d) þátttakendur hafi aðgang að öllum þáttum málsmeðferðar,
e) þátttakendur skuli hafa rétt til að fara þess á leit að málsmeðferð sé opinber og að heimilt sé að leiða fram vitni og
f) ákvarðanir eða tilmæli, er varða erindi birgis um vefengingu, séu sett fram tímanlega, skriflega, með skýringu á forsendum fyrir hverri ákvörðun eða tilmælum.

7. Hver samningsaðili skal samþykkja eða beita málsmeðferð þar sem:

a) gert er ráð fyrir skjótvirkum bráðabirgðaráðstöfunum til að gefa birgi kost á því að taka þátt í innkaupunum. Slíkar bráðabirgðaráðstafanir geta leitt til þess að frestun verði á innkaupaferlinu. Málsmeðferð getur falið það í sér að taka megi tillit til neikvæðra afleiðinga sem vega þyngra að því er varðar þá hagsmuni sem um er að ræða, þ.m.t. almannahagsmunir, þegar ákvörðun er tekin um það hvort slíkum ráðstöfunum skuli beitt. Réttmætar ástæður fyrir því að hafast ekki að skulu lagðar fram skriflega og
b) gert er ráð fyrir, þegar endurskoðunarnefnd hefur ákvarðað að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessa kafla eða þegar birgir hefur ekki rétt til að vefengja brot gegn ákvæðum þessa kafla samkvæmt landslögum samningsaðilans, að innkaupastofnunin hafi ekki fylgt ráðstöfunum samningsaðilans við framkvæmd þessa kafla, aðgerð til leiðréttingar eða jöfnunar vegna taps eða skaða, sem orðinn er, og má takmarka annaðhvort við kostnað við gerð tilboðsins eða kostnað vegna erindis um vefengingu eða hvort tveggja.

Gr. 7.18

Breytingar og leiðréttingar á gildissviði.

1. Samningsaðila er heimilt að gera leiðréttingar, formlegs eðlis, á því hvert gildissvið hans er samkvæmt þessum kafla, eða gera minniháttar breytingar á áætlunum sínum í XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til), að því tilskildu að hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og enginn

(a) the procuring entity shall respond in writing to the challenge and disclose all relevant documents to the review body;
(b) the participants to the proceedings ("participants") shall have the right to be heard prior to a decision of the review body being made on the challenge;
(c) the participants shall have the right to be represented and accompanied;
(d) the participants shall have access to all proceedings;
(e) the participants shall have the right to request that the proceedings take place in public and that witnesses may be presented; and
(f) decisions or recommendations relating to supplier challenges shall be provided, in a timely fashion, in writing, with an explanation of the basis for each decision or recommendation.

7. Each Party shall adopt or maintain procedures that:

(a) provide for rapid interim measures to preserve the supplier's opportunity to participate in the procurement. Such interim measures may result in suspension of the procurement process. The procedures may provide that overriding adverse consequences for the interests concerned, including the public interest, may be taken into account when deciding whether such measures should be applied. Just cause for not acting shall be provided in writing; and

(b) provide for, where a review body has determined that there has been a breach of this Chapter or, where the supplier does not have a right to challenge directly a breach of this Chapter under the domestic law of a Party, a failure by a procuring entity to comply with a Party's measures implementing this Chapter, corrective action or compensation for the loss or damages suffered, which may be limited to either the costs for the preparation of the tender or the costs relating to the challenge, or both.

ARTICLE 7.18

Modifications and Rectifications to Coverage

1. A Party may make rectifications of a purely formal nature to its coverage under this Chapter, or minor amendments to its schedules in Annex XIX (Covered Entities), provided that it notifies the other Parties in writing and no Party objects in writing within 30 days of the notification. A Party that makes such

samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni. Samningsaðili, sem gerir slíkar leiðréttingar eða minniháttar breytingar, þarf ekki að grípa til jöfnunarráðstafana gagnvart öðrum samningsaðilum.

2. Samningsaðila er annars heimilt að breyta gildissviði sínu samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að:

a) hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og bjóði jafnframt viðunandi jöfnunarráðstöfun til að viðhalda gildissviði sambærilegu því sem var fyrir breytinguna, nema kveðið sé á um annað í 3. mgr. og
b) enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni.

3. Samningsaðili þarf ekki að grípa til mótvægisráðstafana verði samningsaðilarnir ásáttir um að fyrirhuguð breyting nái til innkaupastofnunar sem samningsaðili hefur í reynd lagt niður eftirlit sitt með eða hefur ekki lengur áhrif á. Ef samningsaðili andmælir þeirri fullyrðingu að slíkt opinbert eftirlit eða áhrif hafi verið afnumin í reynd getur hann farið fram á frekari upplýsingar eða samráð til að fá skýringu á því hvers konar opinbert eftirlit eða áhrif um sé að ræða og ná samkomulagi um áframhaldandi gildissvið viðkomandi innkaupastofnunar samkvæmt þessum kafla.

a rectification or minor amendment need not provide compensatory adjustments to the other Parties.

2. A Party may otherwise modify its coverage under this Chapter provided that:

(a) it notifies the other Parties in writing and offers at the same time acceptable compensatory adjustments to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification, except where provided for in paragraph 3; and
(b) no Party objects in writing within 30 days of the notification.

3. A Party need not provide compensatory adjustments in those circumstances where the Parties agree that the proposed modification covers a procuring entity over which a Party has effectively eliminated its control or influence. Where a Party objects to the assertion that such government control or influence has been effectively eliminated, the objecting Party may request further information or consultations with a view to clarifying the nature of any government control or influence and reaching agreement on the procuring entity's continued coverage under this Chapter.

Gr. 7.19
Þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

1. Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (hér á eftir nefnd „lítil og meðalstór fyrirtæki") í opinberum innkaupum. Samningsaðilar viðurkenna einnig mikilvægi viðskiptabandalaga milli birgja hvers og eins samningsaðila, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Samningsaðilar samþykkja að vinna sameiginlega að því að skiptast á upplýsingum og auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að upplýsingum um málsmeðferð, aðferðir og samningskröfur í tengslum við opinber innkaup, með áherslu á sérþarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

ARTICLE 7.19
Small and Medium Sized Enterprises Participation

1. The Parties agree on the importance of the participation of small and medium sized enterprises (hereinafter referred to as "SMEs") in government procurement. The Parties also recognise the importance of business alliances between suppliers of each Party, and in particular of SMEs.

2. The Parties agree to work jointly towards exchanging information and facilitating SMEs access to government procurement procedures, methods and contracting requirements, focused on SMEs special needs.

Gr. 7.20
Samstarf.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi samstarfs í því skyni að fá betri skilning á fyrirkomulagi opinberra innkaupa hver annars og betri aðgang að mörkuðum hver annars, einkum fyrir birgja sem teljast lítil fyrirtæki.

2. Samkvæmt 10. kafla (Samstarf) skulu samningsaðilar leitast við að vinna saman að málefnum á borð við:

ARTICLE 7.20
Co-operation

1. The Parties recognise the importance of co-operation with a view to achieving a better understanding of their respective government procurement systems, as well as a better access to their respective markets, in particular for small business suppliers.

2. According to Chapter 10 (Co-operation) the Parties shall endeavour to co-operate in matters such as:

a) þróun og notkun rafrænna samskipta í opinberum innkaupakerfum,
b) miðlun reynslu og upplýsinga, s.s. regluramma, bestu starfshátta og tölfræði.

Gr. 7.21
Frekari viðræður.

Ef Kólumbía eða eitthvert EFTA-ríki býður aðila, öðrum en samningsaðila, aukinn ávinning síðar varðandi aðgang að markaði fyrir opinber innkaup, með tilliti til umfangs þess gildissviðs sem samkomulag er um samkvæmt þessum kafla, skal hann, að beiðni hvaða samningsaðila sem er, samþykkja að ganga til viðræðna um gagnkvæma útvíkkun gildissviðs samkvæmt þessum kafla.

8. KAFLI
STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

Gr. 8.1
Markmið.

1. Samningsaðilar viðurkenna að samkeppnishamlandi starfshættir kunni að draga úr ávinningi af auknu frelsi sem fæst með þessum samningi. Þeir starfshættir samrýmast ekki réttri framkvæmd þessa samnings að svo miklu leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli Kólumbíu og EFTA-ríkis.
2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að beita samkeppnislögum sínum með það fyrir augum að banna slíka starfshætti og vinna saman að málum sem falla undir þennan kafla. Samstarf þetta tekur til tilkynninga, upplýsingaskipta, tæknilegrar aðstoðar og samráðs.

Gr. 8.2
Samkeppnishamlandi starfshættir.

1. Í þessum kafla merkir „samkeppnishamlandi viðskiptahættir“:
a) lárétta eða lóðrétta samninga, samstilltar aðgerðir eða fyrirkomulag milli fyrirtækja sem miðar að því eða hefur þau áhrif að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni og
b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja sem hafa yfirburðastöðu á markaðnum.
2. Stefna landsyfirvalda samningsaðilanna varðandi framfylgd skal vera í samræmi við meginreglur um gagnsæi, bann við mismunun og sanngjarna málsmeðferð.
3. Þegar við á getur Kólumbía uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein á grundvelli samkeppnislaga á Andesfjallasvæðinu og fyrir tilstuðlan þess yfirvalds sem framfylgir samkeppnislögum og -reglum á því svæði. Réttindi og skyldur samkvæmt þessum kafla gilda aðeins á milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna.

(a) development and use of electronic communications in government procurement systems;
(b) exchange of experiences and information, such as regulatory frameworks, best practices and statistics.

ARTICLE 7.21
Further Negotiations

In case Colombia or any EFTA State offers in the future, a non-party, additional advantages with regard to its respective government procurement market access coverage agreed under this Chapter, it shall agree, upon request of any Party, to enter into negotiations with a view to extending coverage under this Chapter on a reciprocal basis.

CHAPTER 8
COMPETITION POLICY

ARTICLE 8.1
Objectives

1. The Parties recognise that anti-competitive practices have the potential to undermine the benefits of liberalisation arising from this Agreement. These practices are incompatible with the proper functioning of this Agreement, insofar as they may affect trade between Colombia and an EFTA State.
2. The Parties undertake to apply their respective competition laws with a view to proscribing such practices and to co-operate in matters covered by this Chapter. This co-operation includes notification, exchange of information, technical assistance and consultation.

ARTICLE 8.2
Anti-competitive Practices

1. For the purposes of this Chapter, “anti-competitive practices” refer to:
(a) horizontal or vertical agreements, concerted practices or arrangements between enterprises, which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and
(b) the abuse by one or more enterprises of a dominant position in a market.
2. The enforcement policy of the Parties’ national authorities shall be consistent with the principles of transparency, non-discrimination and procedural fairness.
3. When applicable, Colombia may implement its obligations under this Article through the Andean Community competition laws and the Andean enforcement authority. Rights and obligations under this Chapter will only apply between Colombia and the EFTA States.

Gr. 8.3

Samstarf.

1. Samningsaðilar skulu, á grundvelli landslaga og fyrir tilstilli lögbærra yfirvalda, gera sitt ýtrasta til að koma á samstarfi um málefni sem varða framfylgd samkeppnislaga.

2. Hver samningsaðili skal tilkynna öðrum samningsaðila um þær aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum sem gætu haft áhrif á mikilvæga hagsmuni þess samningsaðila. Í tilkynningum skulu koma fram nægilega ítarlegar upplýsingar til að samningsaðilinn, sem tekur við þeim, geti gert frummat á því hvaða áhrif aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum hafa á yfirráðasvæði hans.

3. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, taka tillit til mikilvægra hagsmuna hinna samningsaðilanna þegar hann grípur til aðgerða til að framfylgja lögum um samkeppnishamlandi starfshætti. Ef samningsaðili telur að samkeppnishamlandi starfshættir kunni að skaða mikilvæga hagsmuni annars samningsaðila er honum heimilt að koma áliti sínu á málinu á framfæri við þann aðila með milligöngu lögbærs yfirvalds síns. Samningsaðilinn, sem málinu er beint til, skal, með fyrirvara um aðgerðir samkvæmt eigin samkeppnislögum og fullt frelsi til að taka endanlega ákvörðun, fjalla á viðeigandi hátt um þau sjónarmið sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, lætur í ljós.

4. Telji samningsaðili að samkeppnishamlandi starfshættir á yfirráðasvæði annars samningsaðila hafi umtalsverð, óhagstæð áhrif á yfirráðasvæði hans sjálfs eða á viðskiptatengsl milli samningsaðilanna getur hann farið fram á það við hinn samningsaðilann að hann hefji viðeigandi aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum. Í beiðninni skal greina eins nákvæmlega og unnt er frá eðli og áhrifum hinna samkeppnishamlandi starfshátta. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal íhuga hvort hefja skuli aðgerðir til að framfylgja lögum varðandi þá samkeppnishamlandi starfshætti sem eru tilgreindir í beiðninni og skal tilkynna samningsaðilanum, sem leggur fram beiðnina, um ákvörðun sína og afleiðingar slíkrar aðgerðar.

5. Samningsaðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum, þ.m.t. upplýsingar sem almenningur hefur ekki aðgang að, að því tilskildu að slík upplýsingaskipti hafi ekki áhrif á yfirstandandi rannsókn. Öll upplýsingaskipti skulu lúta reglum og kröfum um trúnaðarkvaðir sem gilda á yfirráðasvæði hvers samningsaðila. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar ef það gengur þvert á lög hans sjálfs um afhendingu upplýsinga. Hver samningsaðili skal uppfylla trúnaðarkvaðir vegna þeirra upplýsinga

ARTICLE 8.3

Co-operation

1. The Parties shall make best efforts to co-operate, subject to their national laws and through their competent authorities, on issues concerning competition law enforcement.

2. Each Party shall notify another Party of competition enforcement activities that may affect important interests of the other Party. Notifications shall be sufficiently detailed to enable the notified Party to make an initial evaluation of the effect of the enforcement activity within its territory.

3. Each Party should, in accordance with its laws, take into consideration the important interests of the other Parties in the course of its enforcement activities on anticompetitive practices. If a Party considers that an anticompetitive practice may adversely affect another Party's important interests, it may transmit its views on the matter to such other Party through its competent authority. Without prejudice to any action under its competition laws and to its full freedom of ultimate decision, the Party so addressed should give appropriate consideration to the views expressed by the requesting Party.

4. If a Party considers that an anticompetitive practice carried out within the territory of another Party has a substantially adverse effect within its territory or on trade relations between the Parties, it may request that the other Party initiate appropriate enforcement activities. The request shall be as specific as possible about the nature and the effect of the anticompetitive practice. The requested Party shall consider whether to initiate an enforcement activity with respect to the anticompetitive practice identified in the request, and shall advise the requesting Party of its decision and of the outcome of such activity.

5. The Parties are encouraged to exchange information, including information that is not publicly available, provided that this does not affect any ongoing investigation. Any exchange of information shall be subject to the rules and standards of confidentiality applicable in the territory of each Party. No Party shall be required to provide information when this is contrary to its laws regarding disclosure of information. Each Party shall maintain the confidentiality of any information provided to it subject to the limita-

sem honum eru veittar með þeim takmörkunum á notkun þeirra sem samningsaðilinn, sem leggur fram upplýsingarnar, fer fram á.
6. Til að efla samstarfið enn frekar geta samningsaðilar undirritað samninga um samstarf.

Gr. 8.4
Samráð.

Samningsaðili getur óskað eftir samráði innan sameiginlegu nefndarinnar til að efla skilning á meðal samningsaðilanna eða fjalla um málefni sem kemur upp í tengslum við þennan kafla, með fyrirvara um sjálfræði hvers samningsaðila til að þróa, viðhalda og framfylgja stefnu sinni og lögum um samkeppni. Í beiðninni skal tilgreina ástæðurnar fyrir samráði. Hefja skal samráð þegar í stað með það fyrir augum að komast að niðurstöðu sem samrýmist markmiðum þessa kafla. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan nauðsynlegan stuðning og upplýsingar, með fyrirvara um viðmiðanir og reglur sem koma fram í 5. mgr. í gr. 8.3 (Samstarf).

Gr. 8.5
Ríkisfyrirtæki og aðilar með einokunaraðstöðu.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili geti komið á fót eða viðhaldið ríkisfyrirtæki og/eða tilnefnt aðila með einokunaraðstöðu.
2. Samningsaðilar skulu sjá til þess að ríkisfyrirtæki og tilnefndir einokunaraðilar taki ekki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum, sem hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, svo framarlega sem beiting þessa ákvæðis hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.
3. Þessi grein gildir ekki um opinber innkaup.

Gr. 8.6
Lausn deilumála.

Enginn samningsaðili getur beitt málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessum samningi í málum er varða efnisatriði þessa kafla.

9. KAFLI
GAGNSÆI

Gr. 9.1
Birting og afhending upplýsinga.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að lög hans, reglur, stjórnsýsluákvarðanir sem hafa almennt gildi, svo og alþjóðasamningar, sem hann er bundinn af, sem gætu haft áhrif á framkvæmd þessa samnings, séu birt eða gerð aðgengileg almenningi með öðrum hætti þannig að einstaklingar og aðrir, sem eiga hagsmuna að gæta, geti kynnt sér þau.

tions that the submitting Party requests for the use of such information.

6. To further strengthen co-operation, the Parties may sign co-operation agreements.

ARTICLE 8.4
Consultations

To foster understanding between the Parties, or to address any matter arising under this Chapter, and without prejudice to the autonomy of each Party to develop, maintain and enforce its competition policy and legislation, a Party may request consultations within the Joint Committee. This request shall indicate the reasons for the consultations. Consultations shall be held promptly with a view to reaching a conclusion consistent with the objectives set forth in this Chapter. The Parties concerned shall give to the Joint Committee all the support and information needed, subject to the criteria and standards set out in paragraph 5 of Article 8.3 (Co-operation).

ARTICLE 8.5
State Enterprises and Designated Monopolies

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from establishing or maintaining a state enterprise and/or designated monopolies.

2. The Parties shall ensure that state enterprises and designated monopolies do not adopt or maintain anti-competitive practices affecting trade between the Parties, insofar as the application of this provision does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. This Article does not apply to government procurement.

ARTICLE 8.6
Dispute Settlement

No Party may have recourse to dispute settlement under this Agreement for any matter arising under this Chapter.

CHAPTER 9
TRANSPARENCY

ARTICLE 9.1
Publication and Disclosure of Information

1. Each Party shall ensure that its laws, regulations, administrative rulings of general application and their respective international agreements, which may affect the operation of this Agreement, are published or otherwise made publicly available in such a manner as to enable persons and other interested parties to become acquainted with them.

2. Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, birta, eða gera almenningi aðgengilegar með öðrum hætti, dómsniðurstöður sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Samningsaðilar skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Ekkert í þessum samningi skal túlkað svo að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar, sem eru trúnaðarmál, ef slíkt hindrar framkvæmd laga eða er á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða brýtur í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekanda.
5. Ef samningsaðili, sem veitir öðrum samningsaðila upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings, tilnefnir upplýsingarnar sem trúnaðarmál skal hinn samningsaðilinn uppfylla trúnaðarkvaðir sem á þeim hvíla.
6. Ef ósamræmi er á milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum köflum, skulu þau síðarnefndu gilda þar sem ósamræmis gætir.

2. To the extent possible, the Parties shall publish or otherwise make available judicial decisions that may affect the operation of this Agreement.

3. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1 and 2.
4. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.

5. Where a Party providing information to another Party in accordance with this Agreement designates the information as confidential, the other Party shall maintain the confidentiality of the information.

6. In case of any inconsistency between the provisions of this Article and provisions relating to transparency in other Chapters, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

Gr. 9.2
Tilkynningar.

1. Ef ekki er kveðið á um annað skal litið svo á að tilkynningu til samningsaðila hafi verið veitt viðtaka þegar hún hefur verið afhent yfirvaldi samningsaðila, sem það annast, og yfirvaldið hefur staðfest viðtöku.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna yfirvald sem veitir tilkynningum viðtöku og tilkynna hinum samningsaðilunum um þá tilnefningu innan 90 daga frá því að samningur þessi öðlast gildi.

ARTICLE 9.2
Notifications

1. Unless otherwise provided for, a notification to a Party shall be deemed received when it has been delivered to and receipt has been confirmed by the responsible authority of that Party.
2. Each Party shall designate an authority responsible for receiving notifications and shall communicate such designation to the other Parties within 90 days following the entry into force of this Agreement.

10. KAFLI
SAMSTARF

Gr. 10.1
Gildissvið og markmið.

1. Samningsaðilar skulu ákveða að efla samstarf sem gerir kleift að styðja við framtaksverkefni á sviði uppbyggingar viðskiptafærni (hér á eftir nefnt „uppbygging viðskiptafærni“) með það fyrir augum að víkka út og auka ávinninginn af þessum samningi, með skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um, í samræmi við innlendar áætlanir og stefnumið.
2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal fylgja eftirfarandi markmiðum:
a) að efla og þróa þau samskipti sem fyrir eru milli samningsaðilanna og varða uppbyggingu viðskiptafærni,
b) að ýta undir og skapa ný viðskipta- og fjárfestingartækifæri sem eykur samkeppnishæfni og stuðlar að nýsköpun og

CHAPTER 10
CO-OPERATION

ARTICLE 10.1
Scope and Objectives

1. The Parties shall decide to foster co-operation that allows support of trade capacity building (hereinafter referred to as “TCB”) initiatives in order to expand and improve the benefits of this Agreement, on mutually agreed terms, in accordance with national strategies and policy objectives

2. The co-operation under this Chapter shall pursue the following objectives:
(a) strengthening and developing the existing relations with regard to TCB between the Parties;

(b) enhancing and creating new trade and investment opportunities, fostering competitiveness and innovation; and

c) að koma þessum samningi í framkvæmd og hagnýta árangurinn af því sem hvata efnahagsvaxtar og þróunar og til að draga úr fátækt.

Gr. 10.2
Aðferðir og leiðir.

1. Samningsaðilar skulu vinna saman að því markmiði að skilgreina og beita árangursríkustu aðferðum og leiðum sem völ er á til að hrinda ákvæðum þessa kafla í framkvæmd. Þeir skulu, í því skyni, samræma aðgerðir sínar aðgerðum viðkomandi alþjóðastofnana og, ef við á, vinna að samnýtingu við önnur form tvíhliða samstarfs milli samningsaðila.
2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal annaðhvort eiga sér stað, innan vébanda Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða á tvíhliða grundvelli eða sem sambland af þessu tvennu.
3. Samningsaðilar munu meðal annars nýta sér eftirfarandi til framkvæmdar ákvæðum þessa kafla:
a) skipti á upplýsingum og reynslu,
b) sameiginlega skilgreiningu, þróun og framkvæmd verkefna og samvinnu á sviði nýsköpunar, þ.m.t. málþing og málstofur og
c) tæknisamstarf og samvinnu á sviði stjórnsýslu.
4. Samningsaðilar geta hleypt af stokkunum og hrint í framkvæmd verkefnum og starfsemi í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni með þátttöku innlendra og alþjóðlegra sérfræðinga og stofnana.

Gr. 10.3
Sameiginlega nefndin og tengiliðir.

1. Varðandi framkvæmd þessa kafla eru eftirfarandi tengiliðir tilnefndir:
a) fyrir EFTA-ríkin: aðalskrifstofa EFTA og
b) fyrir Kólumbíu: ráðuneyti viðskipta, iðnaðar og ferðamála
2. Tengiliðirnir eru ábyrgir fyrir því að tillögur um verkefni fari rétta boðleið. Auk þess bera þeir ábyrgð á stjórnun og þróun samstarfsverkefna EFTA og eru tengiliðir við sameiginlegu nefndina. Þeir skulu, í þessu skyni, setja reglur og ákveða málsmeðferð til að auðvelda starfið.
3. EFTA-ríki sem bjóða fram tvíhliða samstarf, sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu tilnefna tengilið vegna slíks samstarfs.
4. Sameiginlega nefndin skal endurskoða framkvæmd ákvæða þessa kafla reglulega og vera samræmingaraðili eftir því sem við á.

11. KAFLI
FRAMKVÆMD ÞESSA SAMNINGS

Gr. 11.1
Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilar koma hér með á fót sameiginlegri

(c) implementing this Agreement and optimising its results, in order to provide an impulse for economic growth and development and to contribute to the reduction of poverty.

ARTICLE 10.2
Methods and Means

1. The Parties shall co-operate with the objective of identifying and employing the most effective methods and means for the implementation of this Chapter. To this end they shall coordinate efforts with relevant international organisations and develop, where applicable, synergies with other forms of bilateral co-operation between the Parties.
2. Co-operation under this Chapter shall be carried out either through EFTA activities, bilaterally or through a combination of the two.

3. The Parties will use, among others, the following instruments for the implementation of this Chapter:
(a) exchange of information and experience;
(b) joint identification, development and implementation of projects and innovative activities of co-operation, including seminars and workshops; and
(c) technical and administrative co-operation.
4. The Parties may initiate and implement projects and activities related to TCB with the participation of national and international experts and institutions.

ARTICLE 10.3
Joint Committee and Contact Points

1. For the implementation of this Chapter, the following contact points are designated:
(a) for the EFTA-States: the EFTA Secretariat; and
(b) for Colombia: the Ministry of Trade, Industry and Tourism
2. The contact points shall be responsible for the channelling of the project proposals. In addition they are responsible for managing and developing of EFTA co-operation projects and are the links to the Joint Committee. For this purpose they shall establish rules and procedures in order to facilitate this work.
3. For co-operation on a bilateral basis taking place under the present Chapter, EFTA States providing such co-operation shall designate a Contact point.
4. The Joint Committee shall periodically review the implementation of this Chapter and act as a co-ordinating body as appropriate.

CHAPTER 11
ADMINISTRATION OF THE AGREEMENT

ARTICLE 11.1
Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Joint Committee

nefnd EFTA-ríkjanna og Kólumbíu og skal hún skipuð fulltrúum allra samningsaðila. Fulltrúar samningsaðilanna skulu vera fulltrúar ríkisstjórnar eða háttsettir embættismenn, tilnefndir af þeim í þessu skyni.

2. Sameiginlega nefndin skal:

a) hafa umsjón með því að ákvæði þessa samnings séu uppfyllt og þeim beitt á réttan hátt,

b) meta þann árangur sem hefur náðst við beitingu ákvæða þessa samnings,

c) hafa yfirsýn yfir frekari mótun þessa samnings, t.d. þann kost að afnema eftirstandandi viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna,

d) hafa umsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi og mæla með viðeigandi aðgerðum við þá,

e) setja sér starfsreglur,

f) gefa álit sitt á því hvernig túlka eða beita ber ákvæðum þessa samnings, að beiðni samningsaðila,

g) ákveða fjárhæð þóknunar og útgjalda sem verða greidd gerðardómsmönnum,

h) semja og samþykkja staðlaðar starfsreglur fyrir gerðardóma sem skulu fela í sér siðareglur gerðardómsmanna og

i) taka til umfjöllunar öll önnur málefni sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings eða sem falla undir hann í umboði samningsaðilanna.

3. Sameiginlega nefndin getur:

a) skipað undirnefndir og starfshópa, eftir því sem hún telur nauðsynlegt til að aðstoða hana við verkefni sín, og falið þeim skyldustörf. Undirnefndirnar og starfshóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

b) ákveðið að breyta áætlunum um niðurfellingu tolla í II. viðauka (Undanskildar framleiðsluvörur), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir), VIII viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), sértækum upprunareglum í V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála) og skrá yfir aðila í viðbæti 1–3 við XX. viðauka (Almennar athugasemdir),

c) ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein, tekið til athugunar og lagt til hvers konar breytingar á réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi með fyrirvara um að lagaskilyrðum í landi hvers samningsaðila um sig sé fullnægt og

d) boðað samningsaðilana til viðræðna síðar til að kanna hvort unnt sé að auka það frelsi sem þegar

Colombia-EFTA comprising representatives of each Party. The Parties shall be represented by cabinet-level representatives or senior officials delegated by them for this purpose.

2. The Joint Committee shall:

(a) supervise the fulfillment and correct application of the provisions of this Agreement;

(b) evaluate the achieved results in the application of this Agreement;

(c) oversee the further elaboration of this Agreement including the possibility of removing remaining barriers to trade and other restrictive measures concerning commerce between Colombia and the EFTA States;

(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established pursuant to this Agreement and recommend appropriate actions to them;

(e) establish its own rules of procedure;

(f) upon request of any Party, provide its opinion regarding the interpretation or application of this Agreement;

(g) establish the amount of remuneration and expenses that will be paid to panelists;

(h) prepare and adopt the Model Rules of Procedure for panels which shall include the standards of conduct for panelists; and

(i) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement or is entrusted to it by the Parties.

3. The Joint Committee may:

(a) set up sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks and delegate responsibilities to them. Except where specifically provided for in this Agreement, sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee;

(b) decide to amend the tariff-elimination schedules in Annex II (Excluded Producst), IV (Fish and Other Marine Products), VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), specific rules of origin in Annex V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters) and the list of entities in Appendices 1 through 3 to Annex XX (General Notes);

(c) except as otherwise provided for in this Article, consider and propose any amendments to the rights and obligations under this Agreement, subject to the fulfillment of the internal legal requirements of each Party; and

(d) convene the Parties for future negotiations to examine deepening the already reached liberalisati-

hefur náðst á hinum ýmsu sviðum sem þessi samningur tekur til.
4. Sameiginlega nefndin skal halda fundi hvenær sem nauðsyn krefur en alla jafna reglulega fundi annað hvert ár og aukafundi samkvæmt skriflegri beiðni samningsaðila til hinna samningsaðilanna. Aukafundir skulu haldnir innan 30 daga frá síðustu beiðni, nema samningsaðilar verði ásáttir um annað.
5. Verði samningsaðilarnir ekki ásáttir um annað skulu fundir sameiginlegu nefndarinnar haldnir annaðhvort í Bógóta eða Genf eða með tæknilegum aðferðum sem eru fyrir hendi. Kólumbía og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega á slíkum fundum.
6. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eftir því sem kveðið er á um í þessum samningi og lagt fram tilmæli um öll önnur mál.
7. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt samhljóða.

Gr. 11.2

Samræmingaraðilar og tengiliðir.

1. Hver samningsaðili skal tilnefna samræmingaraðila samnings og skal tilkynna hinum samningsaðilunum um slíka tilnefningu innan 90 daga frá því að samningur þessi öðlast gildi.
2. Samræmingaraðilar samnings skulu, nema annað sé tekið fram í þessum samningi:

a) vinna sameiginlega að því að semja dagskrár, sjá um annan undirbúning fyrir fundi sameiginlegu nefndarinnar og fylgja eftir ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar, eftir því sem við á,
b) vera tengiliðir til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna um hvert það málefni sem fellur undir þennan samning,
c) tilgreina, að beiðni samningsaðila, embætti eða embættismenn sem bera ábyrgð á tilteknu málefni og aðstoða við að auðvelda samskipti eftir því sem þörf krefur og
d) fjalla um hvert það málefni annað sem sameinlega nefndin felur þeim.

3. Hver samningsaðili skal bera ábyrgð á starfsemi þess samræmingaraðila samnings sem hann tilnefnir og þeim kostnaði sem hlýst af starfseminni.

12. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

Gr. 12.1

Samstarf.

Samningsaðilar skulu jafnan leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ýtrasta, með samvinnu, samráði eða með öðrum hætti, til að finna lausn, sem allir aðilar geta sætt sig við, á hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

on in the different sectors covered by this Agreement.
4. The Joint Committee shall meet whenever necessary but normally every two years in regular session and in special session by written request of any Party to the other Parties. Special sessions shall take place within 30 days of receipt of the last request, unless the Parties agree otherwise.
5. Unless otherwise agreed by the Parties, sessions of the Joint Committee shall be held alternately in Bogota and Geneva or by any technological means available. Such sessions shall be chaired jointly by Colombia and one of the EFTA States.

6. The Joint Committee may take decisions as provided for in this Agreement and on all other matters it may make recommendations.
7. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.

ARTICLE 11.2

Agreement Coordinators and Contact Points

1. Each Party shall designate an Agreement Coordinator and communicate such designation to the other Parties within 90 days following the entry into force of this Agreement.
2. Unless otherwise specified in this Agreement, the Agreement Coordinators shall:

(a) work jointly to develop agendas, make other preparations for Joint Committee meetings and follow up on Joint Committee decisions as appropriate;

(b) act as a contact point to facilitate communications between the Parties on any matter covered by this Agreement;
(c) on the request of a Party, identify the office or official responsible for a given matter and assist in facilitating communication as necessary; and

(d) address any other matter entrusted to it by the Joint Committee.

3. Each Party shall be responsible for the operation and expenses of its designated Agreement Coordinator.

CHAPTER 12
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 12.1

Co-operation

The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation, consultations or other means to reach a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

Gr. 12.2
Gildissvið.

Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu ákvæði þessa kafla um lausn deilumála gilda um lausn allra deilumála á milli samningsaðilanna varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings, einkum þegar samningsaðili telur að ráðstöfun annars samningsaðila samrýmist ekki skuldbindingum samkvæmt þessum samningi.

ARTICLE 12.2
Scope of Application

Except as otherwise provided in this Agreement, the dispute settlement provisions of this Chapter shall apply with respect to the settlement of all disputes between the Parties regarding the interpretation or application of this Agreement, in particular when a Party considers that a measure of another Party is inconsistent with the obligations of this Agreement.

Gr. 12.3
Vettvangur valinn.

1. Heimilt er að leysa deilumál, vegna máls er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, á vettvangi hvors samningsins sem er, að vali þess samningsaðila sem ber fram kvörtun.
2. Þegar samningsaðili, sem ber fram kvörtun, hefur óskað eftir því að skipaður verði gerðardómur á vettvangi WTO skv. 6. mgr. WTO-samningsins *Samkomulag um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála* (hér á eftir nefnt „Samkomulag um lausn deilumála“) eða gerðardómur skv. 1. mgr. gr. 12.6 í þessum samningi (Beiðni um gerðardóm) skal einungis nota þann vettvang sem valinn hefur verið í slíkum málum, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.
3. Samningsaðili skal, áður en hann hefur málsmeðferð samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumáls, á milli hans og annars samningsaðila, tilkynna hinum samningsaðilunum um þá fyrirætlan sína.

ARTICLE 12.3
Choice of Forum

1. Disputes regarding the same matter arising under this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party.
2. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, once the complaining Party has requested a WTO panel under Article 6 of the WTO *Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes* (hereinafter referred to as the “DSU”) or a panel under this Agreement pursuant to paragraph 1 of Article 12.6 (Request for a Panel), the forum selected shall be used to the exclusion of the other in respect of that matter.
3. Before a Party initiates a dispute settlement procedure against another Party under the WTO Agreement, that Party shall notify the other Parties of its intention.

Gr. 12.4
Sáttaumleitanir.

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sáttaumleitana verði þeir ásáttir um það. Sáttaumleitanir má hefja eða hætta þeim hvenær sem er. Þær geta haldið áfram á meðan málsmeðferð gerðardóms, sem komið er á fót samkvæmt þessum kafla, stendur yfir.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila við annars konar málsmeðferð.

ARTICLE 12.4
Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties so agree. They may begin and be terminated at any time. They may continue while procedures of a panel established in accordance with this Chapter are in progress.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties’ rights in any other proceedings.

Gr. 12.5
Viðræður.

1. Samningsaðili getur óskað skriflega eftir viðræðum við hvaða annan samningsaðila sem er um hvert það málefni sem um getur í gr. 12.2 (Gildissvið). Samningsaðili, sem leggur fram beiðnina, skal tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það.
2. Viðræður skulu fara fram á vegum sameiginlegu nefndarinnar ef þeir samningsaðilar sem leggja fram beiðni um viðræður og þeir sem beiðni er beint til samþykkja það.

ARTICLE 12.5
Consultations

1. A Party may request in writing consultations with any other Party with respect to any matter referred to in Article 12.2 (Scope of Application). The requesting Party shall notify the other Parties in writing thereof.
2. Consultations shall take place in the Joint Committee if the Parties making and receiving the request for consultations so agree.

3. Í beiðni um viðræður skal tilgreina ástæður fyrir kvörtuninni, þ.m.t. að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem um er að ræða og tilgreina þann lagagrundvöll sem kvörtunin er byggð á.
4. Viðræður skulu fara fram innan:
a) 30 daga frá þeim degi er beiðni berst um viðræður varðandi áríðandi málefni[18],
b) 45 daga frá þeim degi er beiðni berst um viðræður varðandi önnur mál eða
c) einhvers annars tímabils sem samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, eru ásáttir um.
5. Viðræður geta farið fram þannig að menn koma saman eða með því að nota þann tæknibúnað sem samningsaðilarnir, sem eiga í viðræðum, hafa aðgang að. Ef um er að ræða viðræður þar sem menn koma saman skal það vera á stað sem samningsaðilarnir, sem eiga í viðræðum, eru ásáttir um. Ef viðræður samningsaðila leiða ekki til samkomulags skulu viðræðurnar fara fram á yfirráðasvæði samningsaðilans sem beiðni er beint til.
6. Samningsaðilarnir skulu, er þeir eiga í viðræðum, veita nægar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvernig gildandi ráðstöfun gæti haft áhrif á framkvæmd og beitingu þessa samnings. Samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, skulu fara með allar trúnaðar- eða einkaupplýsingar, sem þeir skiptast á meðan á viðræðum stendur, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
7. Viðræður skulu bundnar trúnaði og vera með fyrirvara um rétt samningsaðila, sem eiga í viðræðum, ef til frekari málsmeðferðar kemur.
8. Samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um hverja þá lausn mála sem gagnkvæmt samkomulag er um.

Gr. 12.6

Beiðni um skipun gerðardóms.

1. Samningsaðili, sem á í viðræðum, getur óskað skriflega eftir því að stofnaður verði gerðardómur:
a) ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur ekki svarað beiðni um viðræður innan 15 daga frá þeim degi er hann tekur á móti slíkri beiðni,
b) ef viðræður fara ekki fram innan þeirra tímamarka sem sett eru í gr. 12.5 (Viðræður) eða innan annarra tímamarka sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, og samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, hafa orðið ásáttir um eða
c) ef samningsaðilum, sem eiga í viðræðum, tekst ekki að leysa mál innan 60 daga frá þeim degi er

[18] Til áríðandi málefna teljast málefni er varða vörur sem hætt er við skemmdum eða varða á annan hátt vörur eða þjónustu sem missir fljótt söluverðmæti sitt, s.s. tilteknar árstíðabundnar vörur og þjónusta.

3. The request for consultations shall set out the reasons for the complaint, including an identification of the measure concerned and an indication of the legal basis of the complaint.
4. Consultations shall be held within:
(a) 30 days following the date of receipt of the request for consultations regarding urgent matters[18];
(b) 45 days following the date of receipt of the request for consultations for all other matters; or
(c) such other period as the consulting Parties may agree.
5. Consultations may be held in person or by any technological means available to the consulting Parties. If in person, consultations shall be held in the place agreed by the consulting Parties. If no agreement has been reached by the consulting Parties the consultations shall be held in the territory of the requested Party.

6. In a consultation, the consulting Parties shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure in force might affect the operation and application of this Agreement. The consulting Parties shall treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
7. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the consulting Parties in any further proceedings.
8. The consulting Parties shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

ARTICLE 12.6

Request for a Panel

1. A consulting Party may request in writing the establishment of a panel:
(a) if the requested Party has not responded to the request for consultations within 15 days of the date of receipt of such request;
(b) if consultations are not held within the periods established in Article 12.5 (Consultations) or within any other periods as the requested and requesting Parties may have agreed; or

(c) in the event that the consulting Parties fail to resolve a matter within 60 days of the date of the

[18] Urgent matters include those concerning perishable goods, or otherwise involving goods or services that rapidly lose their trade value, such as certain seasonal goods and services.

beiðni um viðræður berst eða, ef um áríðandi mál er að ræða, innan 45 daga eða innan annarra tímamarka sem þeir verða ásáttir um.
2. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal afhenda samningsaðilanum, sem kvörtun er beint gegn, beiðni um að stofna gerðardóm. Í beiðninni skal koma fram ástæða fyrir því að hún er lögð fram, þær sérstöku ráðstafanir sem um er að ræða og henni skal fylgja stutt samantekt um þann lagagrundvöll sem kvörtunin byggist á sem nægir til þess að leggja málið fyrir með skýrum hætti.
3. Senda skal hinum samningsaðilunum afrit af beiðninni.
4. Valið í gerðardóm og það hvernig hann sinnir hlutverki sínu skal vera þannig að samrýmist ákvæðum þessa kafla og stöðluðum starfsreglum, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað

receipt of the request for consultations or as regards urgent matters within 45 days, or within any other period as they may agree.
2. The complaining Party shall deliver the request for the establishment of a panel to the Party complained against. The request shall contain the reason for the request, the identification of the specific measures, and a brief summary of the legal basis of the complaint sufficient to present the problem clearly.

3. A copy of the request shall be communicated to the other Parties.
4. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, the panel shall be selected and perform its functions in a manner consistent with the provisions of this Chapter and the Model Rules of Procedure.

Gr. 12.7

Þátttaka þriðja aðila.

1. Samningsaðli, sem á ekki hlut að deilumáli, skal, þegar skrifleg tilkynning er afhent samningsaðilum sem eiga hlut að deilumálinu og gerðardómi, eiga rétt á að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóm, taka við greinargerðum frá deiluaðilum, þ.m.t. viðaukar, gefa skýrslur og munnlegar yfirlýsingar.
2. Þegar skrifleg tilkynning er afhent skv. 1. mgr. skal þriðji aðili að deilumálinu láta fylgja skýringu á sérstökum hagsmunum sínum í deilumálinu.
3. Þegar þriðji aðili gefur munnlega yfirlýsingu eða leggur fram greinargerð skal hann virða jafnan rétt deiluaðila og skal ekki taka upp ný málefni sem ganga gegn starfsskilmálunum. Munnlegar yfirlýsingar eða greinargerðir þriðja aðila skulu auðvelda gerðardómi lausn deilumálsins, einkum á þann hátt að veita aukna yfirsýn eða sérstaka þekkingu eða innsýn.

4. Gerðardómur skal ekki taka til greina munnlegar yfirlýsingar eða greinargerðir sem uppfylla ekki kröfur sem eru settar fram í 3. mgr.Gerðardómur þarf ekki að taka fram í skýrslu sinni þau rök sem þriðji aðili setur fram í skriflegum gögnum sínum eða munnlegum yfirlýsingum.

ARTICLE 12.7

Third Party Participation

1. A Party which is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written notice to the disputing Parties and the panel, to make written submissions to the panel, receive written submissions including annexes of the disputing Parties, attend hearings and make oral statements.
2. When delivering a written notice pursuant to paragraph 1, a third party to the dispute shall include an explanation of its particular interest in the dispute.
3. When making oral statements or written submissions, a third party shall respect the equal rights of the disputing Parties and not introduce new matters that go beyond the terms of reference. The oral statements or written submissions of the third party shall assist the panel in the resolution of the dispute, in particular by providing an additional perspective or a particular knowledge or insight.
4. The panel shall not consider oral statements or written submissions that do not meet the requirements set forth in paragraph 3. The panel is not required to address in its report the arguments made by the third party in its written submissions or oral statements.

Gr. 12.8

Menntun og hæfi gerðarmanna.

1. Gerðarmenn skulu:
a) vera sérfróðir eða hafa reynslu á sviði laga, alþjóðaviðskipta og annarra málefna sem þessi samningur tekur til eða í úrlausn deilumála sem rísa vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga,
b) valdir á grundvelli hlutlægni, óhlutdrægni, áreiðanleika og góðrar dómgreindar,

ARTICLE 12.8

Qualifications of Panelists

1. Panelists shall:
(a) have expertise or experience in law, international trade, other matters covered by this Agreement, or in the resolution of disputes arising under international trade agreements;
(b) be chosen strictly on the basis of objectivity, impartiality, reliability, and sound judgment;

c) vera óháðir, ekki í eignartengslum við neinn samningsaðila eða taka við fyrirmælum frá neinum þeirra og
d) fara að siðareglum sem eiga sér stoð í hinum stöðluðu starfsreglum.

2. Ef deiluaðili hefur réttmætar efasemdir um að gerðardómsmaður fylgi viðmiðunum um háttsemi, sem eiga sér stoð í hinum stöðluðu starfsreglum, getur hann lagt það til við hinn deiluaðilann að gerðardómsmaðurinn verði látinn víkja. Ef hinn deiluaðilinn er ekki samþykkur eða gerðardómsmaðurinn víkur ekki skal ákvörðunin tekin af framkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins (hér á eftir nefndur „Alþjóðagerðardómurinn“).

Gr. 12.9

Val gerðardóms.

1. Þrír menn skulu skipa gerðardóm. Stofndagur gerðardóms telst vera dagurinn þegar formaður er skipaður.

2. Hver deiluaðili skal, innan 20 daga frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að skipa gerðardóm, skipa gerðardómsmann, sem getur verið ríkisborgari í sama ríki og viðkomandi samningsaðili, gera tillögu um allt að fjóra frambjóðendur til formanns í gerðardómi og tilkynna öðrum deiluaðilum skriflega um nafn gerðardómsmannsins og frambjóðenda sinna til formanns, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um bakgrunn þeirra.

3. Innan tíu daga til viðbótar frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að stofna gerðardóm skulu deiluaðilarnir leitast við að ná samkomulagi um formann og velja hann úr hópi þeirra frambjóðenda sem samningsaðilarnir hafa gert tillögu um. Ef deiluaðilar ná ekki samkomulagi skulu gerðardómsmennirnir tveir, sem þegar hafa verið skipaðir, leitast við, innan tíu daga til viðbótar, að koma sér saman um formann úr hópi þeirra frambjóðenda sem deiluaðilarnir hafa gert tillögu um. Ef gerðardómsmenn telja ekki rétt að skipa neinn af þeim frambjóðendum, sem tillaga er gerð um, geta þeir skipað annan einstakling.

4. Hafi nefndarmennirnir þrír ekki verið tilnefndir eða skipaðir innan 40 daga frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að skipa gerðardóm skulu nauðsynlegar tilnefningar gerðar, að beiðni einhvers deiluaðilanna, á eftirfarandi hátt:

a) ef gerðardómsmaður hefur ekki verið tilnefndur í samræmi við 2. mgr. skal framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins tilnefna til formanns aðila af skrá yfir frambjóðendur sem samningsaðilarnir, sem eiga hlut að deilumáli, hafa gert tillögu um eða

(c) be independent of and not be affiliated with or take instructions from, any Party; and

(d) comply with the standards of conduct established by the Model Rules of Procedure.

2. If a disputing Party has justifiable doubts as to the panelist´s compliance with the standards of conduct established in the Model Rules of Procedure, it may propose to the other disputing Party the removal of the panelist. If the other disputing Party does not agree, or the panelist does not withdraw, the decision shall be made by the Secretary-General of the Permanent Court of Arbitration (hereinafter referred to as “the PCA”).

ARTICLE 12.9

Panel Selection

1. The panel shall comprise three members. The date of establishment of the panel shall be the date on which the chair is appointed.

2. Each disputing Party shall, within 20 days after the date of receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, appoint a panelist, who may be a national of said Party, propose up to four candidates to serve as the chair of the panel, and notify the other disputing Party in writing of the name of the panelist and its proposed candidates to serve as chair, including their relevant background information.

3. Within an additional ten days from the receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, the disputing Parties shall endeavour to agree on and appoint the chair from among the candidates proposed by both Parties. If the disputing Parties do not agree, the two panelists already appointed shall within an additional ten days, endeavour to agree on the chair from among the candidates proposed by the disputing Parties. If the panelists do not find it appropriate to appoint any of the proposed candidates they may appoint a different individual.

4. If all three members have not been designated or appointed within 40 days from the receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, the necessary designations shall be made, at the request of any of the disputing Parties, in the following manner:

(a) if a panelist has not been designated in accordance with paragraph 2, the Secrertary-General of the PCA shall name a member from among the list of candidates for the chair proposed by the disputing Parties; or

b) ef formaður hefur ekki verið tilnefndur í samræmi við 3. mgr. skal framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skipa til formanns aðila úr hópi frambjóðenda sem deiluaðilarnir hafa gert tillögu um.

5. Ef gerðardómsmaður, sem hefur verið skipaður, hættir störfum, er sagt upp störfum eða verður ófær um að gegna starfi sínu skal skipa annan mann í hans stað á eftirfarandi hátt:

a) sé um að ræða gerðardómsmann, sem samningsaðili hefur skipað, skal sá samningsaðili tilnefna annan gerðardómsmann innan 15 daga en sé það ekki gert skal skipa annan í hans stað í samræmi við a-lið 4. mgr.,
b) sé um að ræða formann gerðardóms skulu samningsaðilarnir koma sér saman um skipun annars formanns í hans stað innan 30 daga, en sé það ekki gert skal skipa annan formann í hans stað í samræmi við b-lið 4. mgr.,
c) ef engir frambjóðendur, sem samningsaðilar gera tillögu um, eru lengur til staðar skal hver samningsaðili gera tillögu um allt að þrjá frambjóðendur til viðbótar innan sömu 30 daga og um getur í b-lið og framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skal skipa gerðardómsmanninn eða formanninn innan sjö daga frá þeim degi úr hópi þeirra frambjóðenda sem gerð hefur verið tillaga um.

6. Framlengja skal þann frest sem gildir um málsmeðferð frá og með þeim degi er gerðardómsmaður eða formaður hættir störfum, er sagt upp störfum eða verður ófær um að sinna störfum og til þess dags þegar eftirmaður hans hefur verið skipaður.

7. Ef framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins getur ekki gegnt skyldustörfum sínum, eins og sett er fram í þessari grein, eða er ríkisborgari í landi samningsaðila, sem á hlut að deilumálinu, skal aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins annast tilnefningarnar.

Gr. 12.10

Hlutverk gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja hlutlægt mat á málið, sem er til umfjöllunar, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, túlkað í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar og í ljósi greinargerða og röksemda deiluaðila, svo og annarra upplýsinga sem henni berast meðan á málsmeðferð stendur og setja fram nauðsynlegar niðurstöður fyrir lausn deilumálsins í samræmi við beiðnina um stofnun gerðardóms og starfsskilmálana.

2. Verði deiluaðilar ekki ásáttir um annað, innan 20 daga frá því að þeim berst beiðni um stofnun gerðardóms, skulu starfsskilmálar hennar vera:

(b) if the chair has not been designated in accordance with paragraph 3, the Secretary-General of the PCA, shall appoint the chair from among the candidates for the chair proposed by the disputing Parties.

5. If an appointed panelist withdraws, is removed, or becomes unable to serve, a replacement shall be appointed in the following manner:

(a) in the case of a panelist appointed by a Party, that Party shall designate a new panelist within 15 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with subparagraph 4(a);

(b) in the case of the chair of the panel, the Parties shall agree on the appointment of a replacement within 30 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with subparagraph 4(b);
(c) if there are no remaining candidates proposed by the Parties, each Party shall propose up to three additional candidates within the same 30 days as referred to in subparagraph (b), and the panelist or chair shall be appointed by the Secretary-General of the PCA within seven days thereafter from among the candidates proposed.

6. Any time period applicable to the proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the panelist or chair withdraws, is removed, or becomes unable to serve and ending on the date the replacement is appointed.

7. If the Secretary-General of the PCA is unable to perform his obligations as set forth by this Article or is a national of a Party to the dispute, the designations shall be made by the Deputy Secretary-General of the PCA.

ARTICLE 12.10

Role of the Panel

1. The panel shall make an objective assessment of the matter under its consideration, in light of the relevant provisions of this Agreement interpreted in accordance with rules of interpretation of public international law and in light of the submissions and arguments of the disputing Parties as well as other information received during the proceedings, and formulate the necessary findings for settling the dispute in accordance with the request for the establishment of the panel and the terms of reference.

2. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, within 20 days from the date of the receipt of the request for the establishment of the panel, its terms of reference shall be:

„að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, þau málefni sem vísað er til þeirra í beiðni um gerðardóm og að komast að niðurstöðu, taka ákvarðanir og leggja fram tilmæli eins og um getur í 3. mgr. í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms).“

3. Ákvarðanir gerðardóms, þ.m.t. samþykkt skýrslunnar skulu alla jafna teknar með einróma samþykki. Ef ekki fæst einróma samþykki innan gerðardóms getur hann samþykkt ákvarðanir sínar með meirihluta atkvæða. Gerðardómur hefur ekki heimild til að veita upplýsingar um það hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti nefndarinnar.

4. Senda skal samningsaðilum skýrslurnar, svo og allar aðrar ákvarðanir gerðardóms. Birta skal skýrslurnar nema deiluaðilar ákveði annað.

Gr. 12.11

Staðlaðar starfsreglur.

1. Málsmeðferð í gerðardómi skal vera í samræmi við hinar stöðluðu starfsreglur nema kveðið sé á um annað í þessum samningi. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um að öðrum reglum sé beitt í gerðardómi.

2. Innan sex mánaða frá gildistöku þessa samnings skal sameiginlega nefndin samþykkja hinar stöðluðu starfsreglur sem skulu tryggja a.m.k. eftirfarandi:

a) hver deiluaðili skal eiga rétt á skýrslugjöf fyrir gerðardómi a.m.k. einu sinni og fá jafnframt tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,

b) skýrslugjöf fyrir gerðardómi skal vera opin almenningi nema deiluaðilar verði ásáttir um annað,

c) vernd upplýsinga sem einhver samningsaðilanna merkir sem trúnaðarmál,

d) gerðardómi er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að leita upplýsinga og tæknilegrar ráðgjafar sérfræðinga,

e) skýrslutaka gerðardóms skal fara fram í Washington D.C. BNA nema deiluaðilarnir verði ásáttir um annað,

f) deiluaðilar eiga rétt á að nota annaðhvort sitt eigið tungumál eða ensku við munnlegan málflutning. Skrifleg gögn skulu lögð fram á spænsku með enskri þýðingu eða á ensku með spænskri þýðingu,

g) hver deiluaðili skal bera eigin kostnað, þ.m.t. kostnaður við þýðingar á skriflegum gögnum og annar kostnaður sem tengist undirbúningi og framkvæmd málsmeðferðarinnar, þ.m.t. stjórnunarkostnaður og

“To examine, in light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to it in the panel request and to make findings, determinations and recommendations as referred to in paragraph 3 of Article 12.13 (Reports of the Panel).”

3. The decisions of the panel including the adoption of the report shall normally be taken by consensus. If the panel is not able to reach a consensus, it may adopt its decisions by majority. No panel may disclose which panelists are associated with majority or minority opinions.

4. The reports, as well as any other decision of the panel, shall be communicated to the Parties. The reports shall be made public, unless the disputing Parties decide otherwise.

ARTICLE 12.11

Model Rules of Procedure

1. The procedure before the panel shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure unless otherwise provided for in this Agreement. The disputing Parties may agree on different rules to be applied by the panel.

2. Within six months following the date of entry into force of this Agreement, the Joint Committee shall adopt the Model Rules of Procedure which shall ensure at least the following:

(a) each disputing Party shall have the right to at least one hearing before the Panel, as well as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;

(b) the hearings before the panel shall be open to the public unless otherwise agreed by the disputing Parties;

(c) the protection of information designated as confidential by any of the Parties;

(d) at the request of a disputing Party, or on its own initiative, the panel may seek information and technical advice from experts it deems appropriate;

(e) unless otherwise agreed by the disputing Parties, the hearings of the panel shall take place in Washington D.C. USA;

(f) in presenting oral arguments the disputing Parties have the right to use either their own language or English. Written submissions must be submitted in Spanish with an English translation or in English with a Spanish translation;

(g) each disputing Party’s individual costs, including the costs for the translation of the written submissions as well as other costs related to the preparation and the carrying out of the proceedings, including the disputing Parties’ administration costs, shall be borne by each disputing Party; and

h) deiluaðilar skulu bera að jöfnu kostnað vegna gerðardómsmanna og stjórnunarkostnað vegna munnlegrar skýrslutöku, þ.m.t. túlkun. Gerðardómur getur þó ákveðið að kostnaðarskipting sé misjöfn, m.a með tilliti til einstakra atriða málsins og annarra aðstæðna sem geta talist skipta máli.

Gr. 12.12

Sameiginleg málsmeðferð.

Ef fleiri en einn samningsaðili fara fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls eða ráðstöfunar skal stofna aðeins einn gerðardóm til að fjalla um kvörtunina, ef það er gerlegt.

Gr. 12.13

Skýrslur gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja fram bráðabirgðaskýrslu innan 90 daga frá stofnun hans, en innan 50 daga þegar um þýðingarmikil málefni er að ræða, nema deiluaðilarnir verði ásáttir um annað.
2. Deiluaðila er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóm um bráðabirgðaskýrsluna innan 14 daga frá framlagningu hennar. Gerðardómur skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu innan 30 daga frá framlagningu bráðabirgðaskýrslunnar.
3. Í skýrslunum skal fjallað um:

a) niðurstöður á grundvelli staðreynda og laga ásamt rökstuðningi fyrir þeim, þ.m.t. að ákvarða hvort deiluaðili hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þessum samningi eða hvers konar aðrar ákvarðanir sem farið er fram á í starfsskilmálunum,
b) tilmæli um lausn deilumálsins og framkvæmd skýrslunnar,
c) ef um það er beðið, niðurstöður um það hversu skaðleg áhrif það hefur haft á viðskipti deiluaðila að annar deiluaðili hefur ekki gegnt skyldum sínum samkvæmt þessum samningi og
d) ef um það er beðið, hæfilega langan tíma til að fara að kröfum í lokaskýrslunni.

Gr. 12.14

Beiðni um skýringu á skýrslunni.

1. Innan 10 daga frá því að lokaskýrsla er lögð fram getur deiluaðili lagt skriflega beiðni fyrir gerðardóm um útskýringu á hvers konar ákvörðun eða tilmælum í skýrslunni sem samningsaðilinn telur að séu óljós. Gerðardómur skal svara beiðninni innan 10 daga frá því að hún er lögð fram.
2. Framlagning beiðni skv. 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á tímafrest sem um getur í gr. 12.16 (Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð) og gr. 12.17

(h) costs for the panelists and the administrative costs for the oral hearings, including interpretation, shall be borne by the disputing Parties in equal parts. The panel may however decide that the costs be distributed differently taking into account, *inter alia*, the particulars of the case and other circumstances that may be deemed relevant.

ARTICLE 12.12

Consolidation of Proceedings

Where more than one Party requests the establishment of a panel relating to the same matter or measure, and whenever feasible, a single panel should be established to examine complaints relating to the same matter.

ARTICLE 12.13

Reports of the Panel

1. Unless the disputing Parties otherwise agree, the panel shall submit an initial report within 90 days, and 50 days in the event of urgent matters, after the date of its establishment.
2. A disputing Party may submit written comments to the panel on its initial report within 14 days of its presentation. The panel shall present to the disputing Parties a final report within 30 days of presentation of the initial report.
3. The reports shall contain:

(a) the findings of fact and law together with the reasons therefor, including the determination as to whether a disputing Party has not conformed with its obligations under this Agreement or any other determination requested in the terms of reference;
(b) the recommendations for the resolution of the dispute and the implementation of the report;
(c) if requested, the findings about the level of adverse trade effects caused to a disputing Party by the other disputing Party's failure to conform with the obligations of this Agreement; and
(d) if requested, a reasonable period to comply with the final report.

ARTICLE 12.14

Request for Clarification of the Report

1. Within 10 days of the presentation of the final report, a disputing Party may submit a written request to the panel for clarification of any determination or recommendation in the report that the Party considers ambiguous. The panel shall respond to the request within 10 days following its submission.
2. The submission of a request pursuant to paragraph 1 shall not affect the time periods referred to in Article 12.16 (Implementation of the Report and Com-

(Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað) nema gerðardómur ákveði annað.

Gr. 12.15

Málsmeðferð frestað eða hætt.

1. Deiluaðilar geta ákveðið að fresta starfi gerðardóms hvenær sem er, en ekki lengur en 12 mánuði frá samþykkt slíks samkomulags. Ef vinnu gerðardóms er frestað í meira en 12 mánuði skal heimild hans til að fjalla um deilumálið falla niður nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

2. Ef umboð gerðardóms fellur niður og deiluaðilar hafa ekki orðið ásáttir um lausn deilumálsins á ekkert í þessum samningi að hindra deiluaðila í því að leggja fram nýja kvörtun varðandi sama málefni.

3. Deiluaðilar geta ákveðið, hvenær sem er, að málsmeðferð í gerðardómi verði hætt með sameiginlegri tilkynningu um það til formanns gerðardóms.

4. Aðili, sem ber fram kvörtun, getur dregið hana til baka hvenær sem er áður en lokaskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kvörtun vegna sama máls.

5. Samningsaðili getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er áður en lokaskýrslan er gefin út, lagt til að deiluaðilarnir reyni að leysa það í vinsemd.

Gr. 12.16

Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð.

1. Úrskurðir gerðardóms, sem um getur í a- og d-lið í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms), eru endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila.

2. Samningsaðili, sem kvörtun er beint gegn, skal, innan 30 daga frá útgáfu skýrslunnar, tilkynna hinum samningsaðilanum um það hvenær og hvernig hann muni fylgja úrskurðinum. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, skal fylgja úrskurðinum þegar í stað nema í skýrslu gerðardóms sé gefinn tiltekinn tími fyrir framkvæmd úrskurðarins skv. d-lið 3. mgr. í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms) eða deiluaðilar komi sér saman um annan tíma. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, skal taka tillit til allra tilmæla gerðardóms um lausn deilumálsins og framkvæmd úrskurðarins.

3. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, getur einnig, innan 30 daga frá því að skýrslan er gefin út, tilkynnt samningsaðilanum, sem ber fram kvörtun, að hann telji ógerlegt að fylgja úrskurðinum og boðið jöfnunaraðgerð. Ef samningsaðili, sem ber fram kvörtun, telur að áformuð jöfnunaraðgerð sé óviðunandi eða ekki nægilega ítarlega útfærð til að gefa

pensation) and Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits) unless the panel decides otherwise.

ARTICLE 12.15

Suspension and Termination of Procedure

1. The disputing Parties may agree to suspend the work of the panel at any time for a period not exceeding 12 months following the date of such agreement. If the work of the panel has been suspended for more than 12 months, the authority of the panel to consider the dispute shall lapse, unless the disputing Parties agree otherwise.

2. If the authority of the panel lapses and the disputing Parties have not reached an agreement on the settlement of the dispute, nothing in this provision shall prevent a disputing Party from introducing a new complaint regarding the same matter.

3. The disputing Parties may agree to terminate the proceedings before a panel at any time by jointly notifying the chairperson of the panel.

4. A complaining party may withdraw its complaint at any time before the final report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

5. A panel may, at any stage of the proceedings prior to release of the final report, propose that the disputing Parties seek to settle the dispute amicably.

ARTICLE 12.16

Implementation of the Report and Compensation

1. The rulings of the panel on the matters referred to in sub-paragraphs (a) and (d) of Article 12.13 (Reports of the Panel) shall be final and binding for the disputing Parties.

2. The Party complained against shall within 30 days after the issuance of the report notify the other Party as to when and how it will comply with the ruling. The Party complained against shall comply with the ruling promptly, unless the panel report sets a period of time for the implementation of the ruling pursuant to subparagraph 3(d) of Article 12.13 (Reports of the Panel) or the disputing Parties agree on a different period of time. The Party complained against shall take into account any recommendations of the panel for the resolution of the dispute and the implementation of the ruling.

3. The Party complained against may also notify the complaining Party within 30 days after the issuance of the report that it considers it impracticable to comply with the ruling, and offer compensation. If the complaining Party considers the proposed compensation to be unacceptable or not sufficiently detailed to asses properly, it may request consultation with the

rétt mat getur hann farið fram á viðræður með það fyrir augum að ná samkomulagi um jöfnunaraðgerð. Ef ekki næst samkomulag um jöfnunaraðgerð verður samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, að hlíta upprunalegum úrskurði gerðardóms skv. 2. mgr.

Gr. 12.17
Úrskurður kemur ekki til framkvæmda – ávinningi frestað.

1. Ef samningsaðili sem kvörtun er beint gegn:
a) fylgir ekki úrskurðinum í skýrslunni þegar í stað eða innan þess tíma sem er ákveðinn af upphaflegum gerðardómi eða samþykktur af deiluaðilum eða
b) fer ekki að samkomulagi um jöfnun skv. 3. mgr. í gr. 12.16 (Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð) innan þess tíma sem deiluaðilar verða ásáttir um

getur samningsaðili, sem ber fram kvörtun, frestað þeim ávinningi, sem fæst með þessum samningi, um jafngildi þess ávinnings sem leiðir af ráðstöfun sem gerðardómur telur brjóta gegn þessum samningi.

2. Þegar hugað er að því hvaða ávinningi skuli fresta skv. 1. mgr. skal samningsaðili, sem ber fram kvörtun, fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og þeim sem ráðstöfun sú, sem gerðardómur hefur ákvarðað að samrýmist ekki skyldum samkvæmt þessum samningi, hefur haft áhrif á. Ef samningsaðili, sem ber fram kvörtun, telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira eða geirum, getur hann frestað ávinningi í öðrum geirum.

3. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem samningsaðili, sem ber fram kvörtun, beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem brýtur í bága við þennan samning, hefur verið samrýmd úrskurði gerðardóms eða þar til deiluaðilarnir hafa leyst deilumálið á annan hátt.

4. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal tilkynna samningsaðilanum, sem kvörtun er beint gegn, um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta og ástæður fyrir slíkri frestun og hvenær hún hefst, eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag sem hún á að koma til framkvæmda. Innan 15 daga frá þeirri tilkynningu getur samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, farið fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann úrskurði um hvers konar ágreining varðandi tilkynnta frestun, þ.m.t. hvort frestun ávinnings sé réttmæt og hvort ávinningurinn, sem samningsaðilinn, sem ber fram kvörtun, hyggst afnema, sé of mikill. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

aim of reaching an agreement on compensation. If there is no agreement on compensation, the Party complained against must comply with the ruling of the original panel pursuant to paragraph 2.

ARTICLE 12.17
Non-Implementation and Suspension of Benefits

1. If the Party complained against:
(a) fails to comply with the ruling in the report promptly or within any other time decided by the original panel or agreed by the disputing Parties; or
(b) fails to comply with an agreement on compensation pursuant to paragraph 3 of Article 12.16 (Implementation of the Report and Compensation) within the time period agreed by the disputing Parties,

the complaining Party may suspend benefits granted under this Agreement equivalent to those affected by the measure that the panel has found to violate this Agreement.

2. In considering which benefits to suspend pursuant to paragraph 1, the complaining Party should first seek to suspend the application of benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure that the panel has found to be inconsistent with the obligations of this Agreement. If the complaining Party considers that it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors, it may suspend benefits in other sectors.

3. The suspension of benefits shall be temporary and shall only be applied by the complaining Party until the measure found to violate this Agreement has been brought into conformity with the rulings of the panel or until the disputing Parties have otherwise settled the dispute.

4. The complaining Party shall notify the Party complained against of the benefits which it intends to suspend, the grounds for such suspension and when suspension will commence, no later than 30 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, the Party complained against may request the original panel to rule on any disagreement regarding the notified suspension, including whether the suspension of benefits is justified and whether the benefits which the complaining Party intends to suspend are excessive. The ruling of the panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.

5. Sé ágreiningur um það hvort samningsaðili, sem kvörtun er beint gegn, hafi farið að tilmælum í skýrslunni þegar í stað eða innan þess tíma, sem er ákveðinn af upphaflegum gerðardómi eða samþykktur af deiluaðilum, getur hver þeirra sem er vísað deilumálinu til upphaflega gerðardómsins. Skýrsla gerðardóms skal að jafnaði afhent innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.
6. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni samningsaðila sem á hlut að deilunni, skera úr um það hvort framkvæmdarráðstafanir sem samningsaðili, sem ber fram kvörtun, samþykkir eftir að ávinningi er frestað séu í samræmi við úrskurð gerðardóms í þessum kafla og hvort rétt sé að hætta við eða breyta frestun ávinnings. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.
7. Gerðardómur samkvæmt þessari grein skal, ef unnt er að koma því við, skipaður aðilum úr upphaflega gerðardómnum. Ef einhver gerðardómsmanna fellur frá, hættir störfum, er sagt upp störfum eða er ekki tiltækur af öðrum ástæðum skal annar gerðardómsmaður skipa mann í hans stað skv. 5. mgr. í gr. 12.9 (Val gerðardóms).

5. In case of disagreement as to whether the Party complained against has complied with the report promptly or within any other time period decided by the original panel or agreed by the disputing Parties, either of these Parties may refer the dispute to the original panel. The report of the panel shall normally be rendered within 45 days from the request. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.
6. At the request of a disputing Party, the original panel shall determine the conformity with the rulings of the panel in this Chapter of any implementing measures adopted after the suspension of benefits by the complaining Party and whether the suspension of benefits should be terminated or modified. In this case the ruling of the panel shall be given within 30 days from the date of that request.
7. A panel under this Article shall whenever possible be composed of members of the original panel. If any of the panelists dies, withdraws, is removed or is otherwise unavailable, that panelist shall be replaced by a panelist appointed pursuant to paragraph 5 of Article 12.9 (Panel Selection).

13. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

Gr. 13.1
Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar.

Viðaukar, þ.m.t. viðbætar þeirra og neðanmálsgreinar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Gr. 13.2
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart Kólumbíu og EFTA-ríki á fyrsta degi þriðja mánaðar frá þeim degi er Kólumbía og það EFTA-ríki afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

3. Þegar um er að ræða EFTA-ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent til vörslu.

Gr. 13.3
Breytingar.

1. Sé ekki kveðið á um annað í b-lið 3. mgr. í gr. 11.1 (Sameiginlega nefndin) skulu breytingar á þess-

CHAPTER 13
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 13.1
Annexes, Appendices, and Footnotes

The Annexes including their Appendices and the footnotes to this Agreement constitute an integral part of this Agreement.

ARTICLE 13.2
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective legal and constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force in relation to Colombia and an EFTA State, on the first day of the third month following the date on which Colombia and that EFTA State deposited their instrument of ratification, acceptance or approval.
3. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance, or approval after this Agreement has entered into force, it shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.

ARTICLE 13.3
Amendments

1. Except as provided for in subparagraph 3 (b) of Article 11.1 (Joint Committee), amendments to this

um samningi, eftir athugun sameiginlegu nefndarinnar, lagðar fyrir samningsaðilana til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
3. Samningsaðilar geta komið sér saman um að breyting öðlist gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa uppfyllt lagaskilyrði í löndum þeirra, að því tilskildu að Kólumbía og a.m.k. eitt EFTA-ríkjanna séu á meðal þessara samningsaðila.
4. Texti breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent til vörslu hjá vörsluaðila.

Gr. 13.4
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi að sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem þessi ríki og samningsaðilarnir verða ásátt um.

2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal um samþykki samningsaðilanna og skjal um aðild inngönguríkisins hefur endanlega verið afhent til vörslu.

Gr. 13.5
Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum eftir að hafa sent skriflega tilkynningu til hinna samningsaðilanna; slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
2. Ef Kólumbía segir upp samningnum telst hann útrunninn þegar uppsögnin tekur gildi.
3. Ef EFTA-ríki segir upp aðild að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skal það jafnframt segja upp aðild að þessum samningi í samræmi við 1. mgr.

Gr. 13.6
Tengsl við viðbótarsamninga.

1. Þessi samningur öðlast ekki gildi á milli Kólumbíu og EFTA-ríkis nema viðbótarsamningurinn, landbúnaðarsamningur á milli Kólumbíu og EFTA-ríkis sem um getur í gr. 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis), öðlist gildi samtímis. Hann gildir svo lengi sem við

Agreement shall, after consideration by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval in accordance with their respective legal and constitutional requirements.
2. Amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval, unless the Parties agree otherwise.
3. The Parties may agree that an amendment shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal legal requirements, provided that Colombia and at least one EFTA State are among those Parties.
4. The text of the amendments and the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 13.4
Accession

1. Any State becoming a member of the European Free Trade Association (EFTA), may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on such terms and conditions as may be agreed between such State and the Parties.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the last deposit of the instrument of approval of the Parties and of the instrument of accession of the acceding State.

ARTICLE 13.5
Withdrawal

1. Any Party may withdraw from this Agreement after it provides written notification to the other Parties: such withdrawal shall be effective six months after the date on which the notification is received by the Depositary, except as otherwise agreed by the Parties.
2. If Colombia withdraws, this Agreement shall expire when its withdrawal becomes effective.
3. In case any EFTA State withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association, it shall withdraw at the same time from this Agreement in accordance with paragraph 1.

ARTICLE 13.6
Relation to the Complementary Agreements

1. This Agreement shall not enter into force between Colombia and an EFTA State unless the complementary Agreement on Agriculture between Colombia and that EFTA State referred to in Article 1.1 (Establishment of a Free Trade Area) enters into force si-

bótarsamningurinn á milli þessara samningsaðila er í gildi.

2. Ef einstakt EFTA-ríki eða Kólumbía segir upp viðbótarsamningnum um landbúnað milli þess EFTA-ríkis og Kólumbíu skal líta svo á að það sé einnig uppsögn á þessum samningi. Báðar uppsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi skv. gr. 13.5 (Uppsögn).

Gr. 13.7
Fyrirvarar.

Í þessum samningi er ekki gert ráð fyrir fyrirvörum í skilningi d-liðar 2. gr. og 19.–23. gr. í Vínarsamningnum um alþjóðasamningarétt.

Gr. 13.8
Gildir textar.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 2. mgr. eru enskir og spænskir textar þessa samnings jafngildir og áreiðanlegir. Ef ágreiningur rís skal enski textinn ráða.
2. Eftirfarandi textar eru aðeins gildir og áreiðanlegir á ensku annars vegar og spænsku hins vegar:
a) á ensku:
   i. tafla 1 í II. viðauka (Undanskildar vörur),
   ii. tafla 1 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir),
   iii. tafla 1 og 2 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og
   iv. 2., 3., 4. og 5. viðbætir við XV. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).
b) á spænsku:
   i. tafla 1 í II. viðauka (Undanskildar vörur),
   ii. tafla 2 og 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir),
   iii. tafla 3 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir),
   iv. viðbætir við VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) og
   v. 1. viðbætir við XV. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

Gr. 13.9
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

multaneously. It shall remain in force as long as the complementary agreement remains in force between those Parties.
2. If an individual EFTA State or Colombia withdraws from the complementary Agreement on Agriculture between that EFTA State and Colombia, it shall be understood that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 (Withdrawal).

ARTICLE 13.7
Reservations

The present Agreement does not allow reservations within the meaning of Article 2(d) and Articles 19 to 23 of the Vienna Convention on the Law of Treaties.

ARTICLE 13.8
Authentic Texts

1. Except as provided in paragraph 2, the English and Spanish texts of this Agreement are equally valid and authentic. In case of divergence, the English text shall prevail.
2. The following texts are only valid and authentic in English or Spanish respectively:
(a) in English:
   (i) Table 1 in Annex II (Excluded Products);
   (ii) Table 1 in Annex III (Processed Agricultural Products);
   (iii) Tables 1 and 2 in Annex IV (Fish and Other Marine Products); and
   (iv) Appendices 2, 3, 4 and 5 to Annex XV (Lists of Specific Commitments).
(b) in Spanish:
   (i) Table 2 in Annex II (Excluded Products);
   (ii) Tables 2 and 3 in Annex III (Processed Agricultural Products);
   (iii) Table 3 in Annex IV (Fish and Other Marine Products);
   (iv) the Appendix to Annex VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products); and
   (v) Appendix 1 to Annex XV (Lists of Specific Commitments).

ARTICLE 13.9
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments have signed this Agreement.

Gjört í Genf 25. nóvember 2008 í tveimur frumritum á ensku og spænsku. EFTA-ríkin skulu afhenda vörsluaðila eitt frumrit og Kólumbía skal fá hitt frumritið afhent.

Done at Geneva, this 25th day of November 2008, in two originals in the English and Spanish languages. One original shall be deposited by the EFTA States with the Depositary and Colombia shall have the other original.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

. . . . . .

For the Republic of Iceland

. . . . . .

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

. . . . . .

For the Principality of Liechtenstein

. . . . . .

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

. . . . . .

For the Kingdom of Norway

. . . . . .

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

. . . . . .

For the Swiss Confederation

. . . . . .

Fyrir hönd Lýðveldisins Kólumbíu

. . . . . .

For the Republic of Colombia

. . . . . .

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur

milli Lýðveldisins Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu

1. gr.
Gildissvið og umfang

Viðbótarsamningur þessi um viðskipti með grunnlandbúnaðarvörur (hér á eftir nefndur „þessi samningur“) milli Lýðveldisins Íslands (hér á eftir nefnt „Ísland“) og Lýðveldisins Kólumbíu (hér á eftir nefnt „Kólumbía“), sem nefnd eru „samningsaðili“ eða „samningsaðilarnir“, er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Kólumbíu og EFTA-ríkjanna (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“) sem er undirritaður á sama tíma 25. nóvember 2008, einkum samkvæmt grein 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis) í fríverslunarsamningnum.

2. gr.
Almennar reglur

Þessi samningur tekur til ráðstafana sem samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda og varða landbúnaðarvörur:

a) sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá (hér á eftir nefnd „ST“) og falla ekki undir III. viðauka (Unnar landbúnaðarvörur) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) við fríverslunarsamninginn og

b) sem heyra undir II. viðauka (Framleiðsluvörur sem eru undanskildar) sem um getur í a-lið greinar 2.2 (Gildissvið) í fríverslunarsamningnum.

3. gr.
Tollaívilnanir

1. Kólumbía skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarvörur, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í I. viðauka við þennan samning. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarvörur, sem eru upprunnar í Kólumbíu, eins og tilgreint er í II. viðauka við þennan samning.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er samningsaðila heimilt að skilyrða allar undanþágur á tolli, sem gilda um sojabaunir og maískorn, til þess að fullnægja nothæfiskröfum.

Agreement on Agriculture

Between the Republic of Iceland and the Republic of Colombia

ARTICLE 1
Scope and Coverage

This complementary Agreement on trade in basic agricultural products (hereinafter referred to as “this Agreement”) between the Republic of Iceland (hereinafter referred to as “Iceland”) and the Republic of Colombia (hereinafter referred to as “Colombia”) referred to as a “Party” or collectively as “the Parties” is concluded further to the Free-Trade Agreement between the EFTA States and Colombia (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which is signed simultaneously on 25th November 2008, in particular pursuant to Article 1.1 (Establishment of a Free Trade Area) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 2
General Rules

This Agreement applies to the measures adopted or maintained by the Parties related to agricultural products:

(a) classified in Chapters 1 through 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”) and not included in Annexes III (Processed Agricultural Products) and IV (Fish and Other Marine Products) to the Free Trade Agreement; and

(b) covered by Annex II (Excluded Products) referred to in subparagraph (a) of Article 2.2 (Scope) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 3
Tariff Concessions

1. Colombia shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex I to this Agreement. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Colombia as specified in Annex II to this Agreement.

2. Notwithstanding paragraph 1, a Party may condition any waiver of custom duties applied to soybeans and corn to the fulfillment of a performance requirement.

4. gr.
Grunntollar

1. Nema kveðið sé á um annað í I. og II. viðauka við þennan samning skal grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt I. og II. viðauka, samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. apríl 2007.

2. Ef, með fyrirvara um 1. mgr., samningsaðili lækkar gildandi bestukjaratoll, hvenær sem er eftir gildistökudag þessa samnings, skal sá tollur því aðeins gilda að hann sé lægri en sá tollur sem er reiknaður út í samræmi við viðkomandi viðauka.

5. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála í V. viðauka (Upprunareglur) við fríverslunarsamninginn gilda um þennan samning, með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar tilvísanir til „EFTA-ríkja“ í þeim viðauka eigi við Ísland.
2. Að því er þennan samning varðar gilda ákvæði 3. gr. V. viðauka (Upprunareglur) við fríverslunarsamninginn ekki um framleiðsluvörur, sem falla undir þennan samning, sem eru fluttar út frá einu EFTA-ríki til annars EFTA-ríkis.

6. gr.
Ákvæði fríverslunarsamningsins

Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi gilda eftirfarandi ákvæði, auk 9. kafla (Gagnsæi) og 12. kafla (Lausn deilumála) fríverslunarsamningsins, að breyttu breytanda um þennan samning: 1.3 (Landfræðilegt gildissvið), 1.4 (Tengsl við aðra alþjóðasamninga), 1.6 (Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir og sveitarfélög), 1.7 (Skattlagning), 2.3 (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð í tollamálum), 2.8 (Útflutningstollar), 2.9 (Takmarkanir á inn- og útflutningi), 2.10 (Umsýslugjöld og formsatriði), 2.11 (Innlend meðferð), 2.12 (Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki), 2.13 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigði dýra og plantna), 2.14 (Tæknilegar reglur), 2.15 (Styrkir og jöfnunarráðstafanir) 2.16 (Undirboð), 2.17 (Víðtækar verndarráðstafanir), 2.18 (Tvíhliða verndarráðstafanir), 2.19 (Almennar undantekningar), 2.20 (Þjóðaröryggi), 2.21 (Greiðslujöfnuður), 8.3 (Samstarf), 13.1 (Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar), 13.3 (Breytingar), 13.5 (Afturköllun) og 13.7 (Fyrirvarar).

ARTICLE 4
Base Rate

1. Unless otherwise provided for in Annexes I and II to this Agreement, for each product the base rate of customs duty, to which the successive reductions set out in Annexes I and II are to be applied, shall be the most-favoured nation rate of duty applied on 1 April 2007.
2. Without prejudice to paragraph 1, if at any moment after the date of entry into force of this Agreement a Party reduces its applied most favoured nation customs duty, that customs duty shall apply only if it is lower than the customs duty calculated in accordance with the relevant Annexes.

ARTICLE 5
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The rules of origin and the provisions on co-operation in customs matters in Annex V (Rules of Origin) to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraph 2. Any reference to "EFTA States" in that Annex shall be taken to refer to Iceland.
2. For the purpose of this Agreement, Article 3 of Annex V (Rules of Origin) to the Free Trade Agreement shall not apply to products covered by this Agreement, which are exported from one EFTA State to another.

ARTICLE 6
Provisions of the Free Trade Agreement

Except as otherwise provided for in this Agreement, the following provisions as well as Chapters 9 (Transparency) and 12 (Dispute Settlement) of the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis*, to this Agreement: 1.3 (Geographical Scope), 1.4 (Relation to Other International Agreements), 1.6 (Central, Regional and Local Governments), 1.7 (Taxation), 2.3 (Rules of Origin and Mutual Administrative Assistance in Customs Matters), 2.8 (Export Duties), 2.9 (Import and Export Restrictions), 2.10 (Administrative Fees and Formalities), 2.11 (National Treatment), 2.12 (State trading Enterprises), 2.13 (Sanitary and Phytosanitary Measures), 2.14 (Technical Regulations), 2.15 (Subsidies and Countervailing Measures) 2.16 (Anti-Dumping), 2.17 (Global Safeguard Measures), 2.18 (Bilateral Safeguard Measures), 2.19 (General Exceptions), 2.20 (National Security), 2.21 (Balance of payments), 8.3 (Co-operation), 13.1 (Annexes, Appendices and Footnotes), 13.3 (Amendments), 13.5 (Withdrawal) and 13.7 (Reservations).

7. gr.
Tvíhliða nefnd

1. Hér með er komið á fót tvíhliða nefnd um viðskipti með landbúnaðarvörur. Hún skal koma saman að beiðni annars samningsaðilans. Til þess að hagkvæm nýting aðbúnaðar sé möguleg skulu samningsaðilarnir freista þess að nota nútímatækni samskiptamiðla á borð við rafræn samskipti, mynd- eða símafundi og koma saman hvenær sem nauðsyn krefur, helst í tengslum við fundi hinnar sameiginlegu nefndar fríverslunarsamningsins.
2. Nefndin skal:
a) fylgjast með framkvæmd og stjórnun skuldbindinga samkvæmt þessum samningi,
b) leggja mat á viðskipti með landbúnaðarvörur samkvæmt þessum samningi og áhrif hans á landbúnaðargeira samningsaðilanna,
c) vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur innan ramma landbúnaðarstefnu hvors samningsaðila um sig,
d) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
e) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.

ARTICLE 7
Bilateral Committee

1. A bilateral Committee on trade in agricultural products is hereby established. It shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or phone conferences, and meet whenever necessary, preferably taking advantage of meetings of the Joint Committee of the Free Trade Agreement.
2. The Committee shall:
(a) monitor the implementation and administration of the commitments under this Agreement;
(b) evaluate developments of trade in agricultural products under this Agreement and its impact on the agricultural sector of the Parties;
(c) continue the efforts to further liberalise trade in agricultural products within the framework of the Parties' respective agricultural policies;
(d) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(e) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

8. gr.
Aukið frelsi í viðskiptum

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags slíkra viðskipta sína á milli, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og þróunar í landbúnaðarstefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni hvors aðilans sem er, hafa samráð í þeim tilgangi að ná þessu markmiði, þ.m.t. úrbætur á markaðsaðgangi með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarvörum og með því að útvíkka vörusvið sem fellur undir þennan samning.

ARTICLE 8
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their trade in agricultural products, taking account of the pattern of such trade between them, the particular sensitivities of such products, and the development of agricultural policy on either side. At the request of either Party, the Parties shall consult to achieve this objective, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extending the scope of agricultural products covered by this Agreement.

9. gr.
Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað

Samningsaðilarnir árétta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

ARTICLE 9
WTO Agreement on Agriculture

The Parties reaffirm their rights and obligations under the *WTO Agreement on Agriculture*, unless otherwise specified in this Agreement.

10. gr.
Útflutningsstyrkir í landbúnaði

1. Samningsaðilarnir skulu ekki samþykkja, viðhalda, innleiða eða endurinnleiða útflutningsstyrki, eins og skilgreint er í samningi Alþjóðaviðskipta-

ARTICLE 10
Agricultural Export Subsidies

1. The Parties shall not adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in the *WTO Agreement on Agriculture*, in their trade in products

stofnunarinnar um landbúnað, í viðskiptum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.
2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, hefur eða hefur aftur greiðslu útflutningsstyrkja vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við 3. gr., er hinum samningsaðilanum heimilt að hækka slíkan innflutningstoll svo að nemi allt að þeim tolli í þeirri bestukjarameðferð sem gildir á þeim tíma. Hækki samningsaðili tollinn skal hann tilkynna það hinum samningsaðilanum innan 30 daga.

subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.

2. Should a Party adopt, maintain, introduce or reintroduce export subsidies on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 3, the other Party may increase the rate of duty on such imports up to the applied most-favoured nation tariff in effect at that time. If a Party increases the rate of duty, it shall notify the other Party within 30 days.

11. gr.
Inngripsverðkerfi (Price Band System)

Kólumbíu er heimilt að viðhalda verðsveiflukerfi sínu (Price Stabilization Mechanism) fyrir landbúnaðarvörur, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarvörur) við fríverslunarsamninginn.

ARTICLE 11
Price Band System

Colombia may maintain its Price Stabilization Mechanism for the agricultural products as set out in Table 3 to Annex III (Processed Agricultural Products) to the Free Trade Agreement.

12. gr.
Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins

1. Þessi samningur öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningur milli Íslands og Kólumbíu öðlast gildi. Þessi samningur gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

2. Ef Ísland eða Kólumbía segir upp fríverslunarsamningnum ber að skilja það svo að einnig sé verið að segja upp þessum samningi. Báðar uppsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi samkvæmt grein 13.5 í fríverslunarsamningnum.

ARTICLE 12
Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

1. This Agreement shall enter into force as of the same date as the Free Trade Agreement enters into force between Iceland and Colombia. This Agreement shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to the Free Trade Agreement.
2. In case Iceland or Colombia withdraws from the Free Trade Agreement, it shall be understood that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 of the Free Trade Agreement.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Genf 25. nóvember 2008 í tveimur frumritum á ensku og spænsku og eru báðir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun ákvæða samnings þessa skal enski textinn ráða.

Done at Geneva, this 25th day of November, 2008, in two originals in the English and Spanish languages, both being equally valid and authentic. In case of any divergence in the interpretation of this Agreement, the English text shall prevail.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

For the Republic of Iceland

Fyrir hönd Lýðveldisins Kólumbíu

For the Republic of Colombia

972. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður orðast svo: Helstu verkefni sem undir varnarmál falla eru.
b. Í stað orðanna „starfssviði Varnarmálastofnunar“ í 9. tölul. kemur: varnarmálum.
c. Orðin „Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi“ í 11. tölul. falla brott.
d. 12. tölul. fellur brott.
e. Í stað orðanna „á starfssviði stofnunarinnar“ í 13. tölul., er verður 12. tölul., kemur: varnarmála.
f. 14. tölul. fellur brott.
g. 15. tölul., er verður 13. tölul., orðast svo: Önnur verkefni samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Verkefni er falla undir varnarmál.*

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Verksamningar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. og V. kafla laga þessara er utanríkisráðherra heimilt, með samþykki hlutaðeigandi ráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir lögin falla, við aðrar ríkisstofnanir.

4. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:
   Stofnunum sem vinna við verkefni samkvæmt lögum þessum er óheimilt að ráða til slíkra starfa eða hafa við slík störf einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 22. gr.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: utanríkisráðuneytið.
c. Orðin „og aðila máls leiðbeint um rétt til að kæra ákvörðunina til utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

6. gr.

10. og 11. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. mgr. 12. gr., 1. málsl. 14. gr. og 17. gr. laganna kemur: Utanríkisráðherra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 13. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. kemur: Utanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. kemur: Honum.
c. 4. málsl. fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna og sama orðs í 2. mgr. kemur: Utanríkisráðherra; og: hann.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ og orðsins „stofnunin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Utanríkisráðherra; og: hann.
c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnunar“ og orðsins „stofnunin“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissjóðs; og: utanríkisráðherra.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði Atlantshafsbandalagsins.*

11. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 19. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: Utanríkisráðuneytið.

12. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Utanríkisráðuneytið annast í samvinnu við viðeigandi stofnanir undirbúning og framkvæmd varnaræfinga.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Starfsmenn Varnarmálastofnunar“ í 1. málsl. kemur: Þeir starfsmenn stofnana, verktaka og annarra aðila sem vinna við einstök verkefni samkvæmt lögum þessum.
b. 3. málsl. fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ og orðsins „stofnunin“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Utanríkisráðuneytið; og: það.
b. Í stað orðsins „Stofnunin“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Ráðuneytið.

c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. og orðsins „hún“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Utanríkisráðuneytið; og: það.
d. Orðið „utanríkisráðuneytisins“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 24. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. kemur: Utanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnunar“ í 2. málsl. kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 3. málsl. kemur: Ráðuneytið.

16. gr.

25. og 26. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
a. Orðin „verkefni Varnarmálastofnunar og“ í 1. málsl. falla brott.
b. A-liður fellur brott.

18. gr.

Í stað orðsins „Stjórnsýslukæra“ í fyrirsögn X. kafla laganna kemur: Reglugerðarheimildir.

19. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast þrír nýir töluliðir sem orðast svo:

3. Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal Varnarmálastofnun starfa áfram til 1. janúar 2011. Til þess tíma fer stofnunin með verkefni skv. 7. gr. og V. kafla laga þessara, nema ráðherra hafi falið þau annarri stofnun skv. 7. gr. a, en frá þeim tíma skal hún lögð niður. Á þessu tímabili mega starfsmenn stofnunarinnar hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.
4. Við gildistöku laga þessara skipar utanríkisráðherra verkefnisstjórn, sem tekur yfir hlutverk forstjóra Varnarmálastofnunar en það embætti er lagt niður frá sama tíma. Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum samkvæmt lögunum þar til stofnunin verður lögð niður, sbr. 3. tölul. Hún getur gert tillögur til utanríkisráðherra um ráðstöfun verkefna skv. 7. gr. a. Hún skal skipuð fimm einstaklingum sem tilnefndir eru af forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.
5. Starfsfólki Varnarmálastofnunar, sem við gildistöku laga þessara fæst við þau verkefni sem kunna að verða falin öðrum stofnunum, skal boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni samkvæmt lögum þessum til 1. janúar 2011, sbr. 7. gr. a. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

20. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í áformum ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu opinberrar þjónustu sem kynnt voru á síðasta ári kemur m.a. fram að Varnarmálastofnun verði lögð niður á árinu 2010 og verkefni hennar samþætt hlutverki annarra opinberra stofnana. Á fundi sínum 4. desember 2009 samþykkti ríkisstjórn Íslands minnisblað utanríkisráðherra um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Ákvað ríkisstjórnin þar með að samræma ákvörðun um að leggja Varnarmálastofnun niður og samþætta verkefni hennar við hlutverk annarra opinberra stofnana við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna hafði verið gert ráð fyrir því að lögfest yrði sameining samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í nýju innanríkisráðuneyti fyrir lok kjörtímabilsins.

Ákveðið var að á vegum ríkisstjórnarinnar yrði skipaður starfshópur undir forystu utanríkisráðuneytis til að undirbúa þær breytingar sem framangreint minnisblað fjallaði um. Í starfshópnum áttu sæti Guðmundur B. Helgason, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, formaður, f.h. utanríkisráðherra; Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti; Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti; Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti; og Karl Alvarsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Starfsmaður starfshópsins var Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, sérfræðingur hjá varnarmáladeild utanríkisráðuneytis.

Í erindisbréfi starfshópsins var áréttað að áformuðum breytingum væri ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands, svo sem þátttöku í starfi Atlantshafsbandalagsins, varnarsamninginn við Bandaríkin eða annað fjölþjóðlegt samstarf um öryggismál. Var starfshópnum ætlað að greina þau varnar- og öryggistengdu verkefni sem nú eru falin utanríkisráðuneyti og Varnarmálastofnun, innviði hins áformaða innanríkisráðuneytis og þá möguleika sem skapast á endurskipulagningu öryggismála með tilkomu þess. Á grundvelli þeirrar greiningar var starfshópnum ætlað að gera tillögur um verkaskiptingu innanríkisráðuneytis og utanríkisráðuneytis og fyrirkomulag verkefna Varnarmálastofnunar á vegum innanríkisráðuneytis. Þá var starfshópnum ætlað að vinna verk- og samrunaáætlun vegna þessara breytinga og gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar.

Í skýrslu starfshópsins sem skilað var til utanríkisráðuneytisins í mars 2010 kemur m.a. fram að í fyrirhuguðum breytingum felist tækifæri til að samþætta verkefni sem varnarmálalög aðskilja frá hefðbundinni borgaralegri starfsemi á sviði öryggismála á borð við almannavarnir og landhelgisgæslu. Með slíkri samþættingu væri stefnt að því að styrkja faglega starfsemi íslenskra stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum og tryggja sem best gagnkvæma hagsmuni Íslands og alþjóðlegra samstarfsaðila innan málaflokksins, með hliðsjón af þeirri staðreynd að Ísland er herlaus þjóð með borgaralega innviði til slíks samstarfs að leggja. Sterk rök hnígi að því að samhæfa ábyrgð og skyldur er varða framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á eina hendi eins og lagður er grunnur að með þeirri stefnumörkun að koma á fót innanríkisráðuneyti og flytja til þess hlutverk varnarmálaráðuneytis frá utanríkisráðuneyti. Mikilvægt væri að stjórnsýsluleg, fjárhagsleg og fagleg ábyrgð færi saman.

Samkvæmt skýrslu starfshópsins telur hann að þau verkefni sem nú eru falin Varnarmálastofnun falli ekki beint að neinni einni stofnun sem nú er starfandi. Horft til verkefna og starfsemi Varnarmálastofnunar annars vegar og verkefna hjá Landhelgisgæslu og ríkislögreglustjóra hins vegar þá væri góð samsvörun milli þeirra. Framtíðarsýn starfshópsins er að eftir endurskipulagningu á verkefnum Landhelgisgæslu Íslands, Vaktstöðvar siglinga og ríkislögreglustjóra fari undirstofnun innanríkisráðuneytis með framkvæmd verkefna á sviði varnar- og öryggismála,

þ.m.t. þeirra sem áður voru falin Varnarmálastofnun. Er einnig gert ráð fyrir að unnt verði að fela fleiri aðilum framkvæmd einstakra verkþátta með þjónustusamningum.

Niðurstöður starfshópsins taka mið af þeirri forsendu að innanríkisráðuneyti verði stofnsett í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna og ákvörðun ríkisstjórnarinnar á fundi sínum 4. desember 2009. Fram að því er gert ráð fyrir óbreyttri verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins þannig að stofnunum sem heyra munu undir hið áformaða innanríkisráðuneyti kann um tíma að vera falið að annast verkefni á ábyrgðarsviði utanríkisráðuneytis. Til að unnt sé að samþætta verkefni Varnarmálastofnunar við áform um stofnun innanríkisráðuneytis með skipulegum hætti leggur starfshópurinn til að sameining hlutaðeigandi ráðuneyta verði nánar tímasett og undirbúningur að því markmiði hafinn til hliðar við þann feril sem starfshópurinn sér fyrir sér um ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Varnarmálastofnun verði lögð niður frá og með 1. janúar 2011. Til að skapa svigrúm fyrir fyrirhugaðar breytingar og ráðstöfun verkefna er lagt til að embætti forstjóra Varnarmálastofnunar verði lagt niður við gildistöku laganna. Enn fremur er lagt til að utanríkisráðherra skipi verkefnisstjórn til að annast daglegan rekstur Varnarmálastofnunar og þá breytingastjórnun sem nauðsynleg er vegna niðurlagningar stofnunarinnar. Þá er lagt til að utanríkisráðherra verði fengin heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni við aðrar ríkisstofnanir að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra. Markmið lagafrumvarps þessa er að varnarmálalög endurspegli, verði frumvarpið að lögum, að stofnunin sé lögð niður.

Skýrsla starfshópsins er birt á vef utanríkisráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er það lagt fram í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Í því felst að Varnarmálastofnun verði lögð niður á árinu 2010 og verkefni hennar samþætt við hlutverk annarra opinberra stofnana við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Í samræmi við þetta er lagt til í greininni að ákvæði 6. gr. varnarmálalaga um starfsrækslu Varnarmálastofnunar verði fellt brott.

Um 2. gr.

Með greininni er mælt fyrir um nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga. Í fyrsta lagi er þar um að ræða breytingu á fyrirsögn ákvæðisins, sem í varnarmálalögum ber fyrirsögnina Verkefni Varnarmálastofnunar. Þar sem lagt er til með frumvarpi þessu að stofnunin verði lögð niður þarf fyrirsögn ákvæðisins að taka breytingum. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að gildissvið varnarmálalaga, eins og því er lýst í 1. gr., breytist. Þau halda gildi sínu að því er varðar stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Varnarmál verða m.ö.o. ennþá andlag lagasetningarinnar þrátt fyrir þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Með vísan til þess þykir fara vel á því að fyrirsögn ákvæðis 7. gr. laganna verði *Verkefni er falla undir varnarmál*.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til með greininni eru sprottnar af því sama.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til ný grein, 7. gr. a, sem fjalli um verksamninga. Með því er utanríkisráðherra veitt heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni við aðrar ríkisstofnanir. Slíkir verksamningar verði gerðir með samþykki þess ráðherra sem fer með yfirstjórn þeirrar ríkisstofnunar er verksamningur er gerður við. Tillaga að þessu ákvæði er sett fram með hliðsjón af 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, sem heimilar einstökum ráðherrum, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu. Í skýringum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 88/1997 kemur fram að tilhneiging hafi verið til þess í stjórnun ríkisrekstrar að líta í auknum mæli á verkefni og rekstrarþætti ríkisins frekar en stofnanirnar sem rekstrareiningu. Litið sé til þess hvernig verkefnin séu leyst, hagkvæmni í vinnubrögðum, skilvirkni þjónustunnar, tilgangi verkefnisins o.s.frv. Sömu sjónarmið og greind eru í athugasemdum við það frumvarp er varð að lögum nr. 88/1997 búa að baki því ákvæði sem lagt er til með 3. gr. frumvarps þessa. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta ákvað ríkisstjórnin hinn 4. desember 2009 að samræma ákvörðun um að leggja Varnarmálastofnun niður og samþætta verkefni hennar við hlutverk annarra opinberra stofnana við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Stofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands og embætti ríkislögreglustjóra kæmi helst til álita að gera verksamninga við á grundvelli þessa ákvæðis. Um væri að ræða undirstofnanir dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, sem áformað er að sameinist í nýtt innanríkisráðuneyti.

Lögmætisregla íslensk stjórnsýsluréttar felur í sér að skýra lagaheimild þarf til að stjórnvaldi sé heimilt að framselja vald sitt til að hafa tiltekin verkefni með höndum. Samkvæmt 3. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, fer utanríkisráðherra með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laganna. Varnarmálastofnun er í lögunum falið að vinna verkefni á sviði varnarmála, sbr. 6. gr., og eru helstu verkefni hennar skilgreind nánar í 7. gr. núgildandi laga. Við undirbúning að niðurlagningu stofnunarinnar um áramótin 2010/2011 kann að vakna þörf fyrir að flytja verkefni hennar annað og þá til undirstofnana þeirra ráðuneyta sem koma til með að mynda innanríkisráðuneyti, eins og áður var nefnt. Heimildarákvæðinu í 3. gr. frumvarpsins er ætlað að mæta þeirri þörf. Gerð verksamninga á grundvelli ákvæðis 3. gr. frumvarps þessa mundi fyrst og fremst koma til álita á tímabilinu frá gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, til þess tíma er Varnarmálastofnun er lögð niður um áramótin 2010/2011, svo vistun verkefna liggi fyrir á þeim tímapunkti.

Ákvæðið heimilar ekki utanríkisráðherra að framselja vald sitt til töku stjórnvaldsákvarðana, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um ýmsar breytingar á 9. gr. núgildandi varnarmálalaga.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað 1. og 2. mgr. 9. gr. komi ný málsgrein þar sem ákvæði 1. og 2. mgr. lúta annars vegar að hlutverki forstjóra Varnarmálastofnunar við ráðningu starfsliðs og hins vegar að kröfum sem gerðar eru um öryggisvottun starfsmanna og verktaka er vinna fyrir stofnunina. Það leiðir af sjálfu sér að þar sem frumvarpið leggur til að stofnunin verði lögð niður eru ákvæði þessi óþörf.

Þá eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 9. gr. sem endurspegla það að Varnarmálastofnun er lögð niður. Ákvæði málsgreinarinnar fjallar um þær kröfur sem gerðar eru um öryggisvottun þeirra starfsmanna sem vinna við verkefni samkvæmt varnarmálalögum og andmælarétt einstaklings, verktaka eða starfsmanns verktaka komi til þess að vinnu- eða verksambandi er sagt upp sökum þess að skilyrði öryggisvottunar eru ekki uppfyllt. Þar er Varnarmálastofnun ætlað hlutverk, sem ekki verður fyrir hendi þegar stofnunin hefur verið lögð niður.

Að því er varðar lokaorð ákvæðisins um kærurétt til utanríkisráðherra vegna synjunar um starf eða verk eða uppsagnar á gildandi vinnu- eða verksambandi, er ljóst að þessi kæruleið fellur brott við það að það er utanríkisráðuneytið sem kemur í stað Varnarmálastofnunar. Skylda til leiðbeiningar um kærurétt fellur því einnig brott. Þar sem hefðbundin málskotsleið innan stjórnsýslunnar er ekki tæk í þessu tilviki, er ítrekað hér að heimildir til að bera stjórnvaldsákvarðanir undir umboðsmann Alþingis leiðir af lögum um nr. 85/1997.

Um 6. gr.

Í núgildandi 11. gr. varnarmálalaga segir að starfsmenn Varnarmálastofnunar megi hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Lagt er til að ákvæðið verði fellt brott út meginmáli laganna, en það haldi gildi sínu með bráðabirgðaákvæði til 1. janúar 2011 vegna mikilvægis þeirra starfa sem varnarmálalög mæla fyrir um fyrir varnir og öryggi landsins.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að lagt er til að 4. málsl. 1. mgr. falli brott, enda fellur brott lægra stjórnsýslustig við það að Varnarmálastofnun er lögð niður og þar með einnig kæruréttur til æðra stjórnvalds. Sömu athugasemdir eiga við hér og í umfjöllun um 5. gr. varðandi heimildir til að bera stjórnvaldsákvarðanir undir umboðsmann Alþingis.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 16. gr. laganna falli brott. Það sem eftir stendur af ákvæðinu við þá breytingu er 2. mgr., sem fjallar um samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins. Því er lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði *Samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði Atlantshafsbandalagsins* í stað *Rekstrarkostnaður*. Annað í ákvæðinu þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. varnarmálalaga er tekinn af allur vafi um að utanríkisráðherra beri ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga, sem haldnar eru hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda. Ekki er lögð til breyting á því í frumvarpinu, en vegna niðurlagningar Varnarmálastofnunar er nauðsynlegt að gera breytingar á 2. mgr. 20. gr. varnarmálalaga. Því er lagt er til

í greininni að 2. mgr. 20. gr. verði breytt þannig að utanríkisráðuneytið annist í samvinnu við viðeigandi stofnanir undirbúning og framkvæmd varnaræfinga. Með þessari breytingu er þess gætt að utanríkisráðuneytið taki við hlutverki Varnarmálastofnunar að þessu leyti en því verði sinnt í fullri samvinnu við aðrar stofnanir eftir því sem við á.

Um 13.–16. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 27. gr. núgildandi varnarmálalaga er að finna almenna heimild til málskots innan stjórnsýslunnar. Með þeirri breytingu sem frumvarp þetta felur í sér fellur brott lægra stjórnsýslustigið, sem er ein af forsendum fyrir því að málskotsheimild skapist. Að sama skapi flyst ákvörðunarvald stjórnvaldsins til utanríkisráðuneytis. Heimildir til að bera stjórnvaldsákvarðanir þess undir umboðsmann Alþingis leiðir af lögum um umboðsmann, eins og áður hefur komið fram. Óþarfi þykir því að hafa almennt ákvæði um slíkt málskot í varnarmálalögum við þá breytingu sem stefnt er að með frumvarpinu.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í nýjum 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að búið verði í haginn fyrir aðlögunarferli sem stendur frá þeim tíma er lögin taka gildi og til þess tíma er nýtt innanríkisráðuneyti tekur til starfa.

Í fyrsta lagi er lagt til að, þrátt fyrir ákvæði laganna, skuli Varnarmálastofnun starfa áfram til 1. janúar 2011. Vegna þeirra áforma, sem byggjast á samþykkt ríkisstjórnar frá 4. desember 2009, miðar lagafrumvarp þetta að því að gera varnarmálalög svo úr garði að þau endurspegli niðurlagningu stofnunarinnar. Þar sem hins vegar er gert ráð fyrir að breyting á varnarmálalögum taki þegar gildi, en að stofnunin verði ekki lögð niður fyrr en 1. janúar 2011, er nauðsynlegt að hún geti á tímabilinu frá gildistöku laganna til áramóta 2010/2011 rækt það hlutverk sem hún hefur haft samkvæmt núgildandi lögum. Þess vegna er í bráðabirgðaákvæði lagt til hún fari með verkefni samkvæmt lögunum, nema ráðherra hafi falið þau annarri stofnun skv. 7. gr. a, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá er í þessum tölulið lagt bann við því að starfsmenn Varnarmálastofnunar fari í verkfall eða taki þátt í verkfallsboðun á tímabilinu frá gildistöku laganna og þar til stofnunin hefur verið lögð niður. Er þetta ákvæði sama efnis og 11. gr. núgildandi laga sem lagt er til í frumvarpinu að fella brott, en það haldi gildi sínu til áramóta í bráðabirgðaákvæði.

Í nýjum 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að verkefnisstjórn taki yfir hlutverk forstjóra Varnarmálastofnunar frá gildistöku lagann og það embætti sé lagt niður frá sama tíma. Verkefnisstjórnin beri þannig ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum samkvæmt lögunum þar til stofnunin verður lögð niður. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin geti gert tillögur til utanríkisráðherra um hvaða verkefni verði falin öðrum ríkisstofnunum skv. 7. gr. a, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að hún verði skipuð fulltrúum fimm ráðuneyta, þ.e. forsætis-, utanríkis-, fjármála-, dómsmála- og mannréttinda- og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyta.

Í nýjum 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er fjallað um stöðu starfsmanna Varnarmálastofnunar við niðurlagningu stofnunarinnar. Lagt er til að því starfsfólki sem við gildistöku laga þessara fæst við þau verkefni sem kunna að verða falin öðrum stofnunum, verði boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni samkvæmt lögum þessum til 1. janúar 2011, sbr. 7. gr. a. Tekið er fram að ákvæði 7. gr. laga nr. 7071996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er varðar skyldu til að auglýsa störf eigi ekki við í þessum tilvikum.

Um 20. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Með frumvarpinu er verið að bregðast við þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja Varnarmálastofnun niður og samþætta verkefni hennar hlutverkum annarra opinberra stofnana í tengslum við áform um stofnun innanríkisráðuneytis.

Til þess að þessi áform geti gengið eftir eru lagðar til breytingar sem miða að því að varnarmálalög endurspegli niðurlagningu stofnunarinnar og að utanríkisráðherra verði fengin heimild til að gera samninga um rekstrarverkefni Varnarmálastofnunar við aðrar ríkisstofnanir þar til nýtt innanríkisráðuneyti hefur verið stofnað og forræði á verkefnum flyst þangað. Þá er bætt við þremur nýjum bráðabirgðaákvæðum sem hafa þann tilgang að skapa svigrúm fyrir fyrirhugaðar breytingar. Fyrsta ákvæðið lýtur að niðurlagningu stofnunarinnar 1. janúar 2011 og útvistun verkefna hennar. Einnig er kveðið á um bann við verkfalli starfsmanna. Annað bráðabirgðaákvæðið lýtur að starfslokum forstjóra og skipun sérstakrar verkefnastjórnar sem mun bera ábyrgð á daglegum rekstri og verkefnum stofnunarinnar frá gildistöku laganna þar til stofnunin verður lögð niður. Verkefnastjórnin skal skipuð fimm einstaklingum sem tilnefndir eru af forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Þriðja bráðabirgðaákvæðið lýtur að starfsfólki Varnarmálastofnunar. Ef þau verkefni sem starfsfólkið vinnur að flytjast til annarra stofnana skal þeim boðið starf hjá þeim. Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Markmiðið með þeim breytingum á stjórnsýslunni sem þessu frumvarpi er ætlað að vera liður í er að auka skilvirkni og hagræði. Ekki er endanlega búið að ákveða til hvaða stofnana verkefnin verða flutt og því liggja ekki fyrir áætlanir um hversu mikið mun sparast til lengri tíma í útgjöldum ríkissjóðs en gert er ráð fyrir að hagræðið verði umtalsvert.

Verði frumvarpið lögfest má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist óverulega á þessu ári vegna biðlauna og mögulegs kostnaðar við verkefnastjórn. Væntanlegrar hagræðingar mun hins vegar þegar fara að gæta við tilfærslu verkefna stofnunarinnar og því fljótt vega upp á móti þeim kostnaði.

973. Tillaga til þingsályktunar [582. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að á árunum 2009–2012 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Á árunum 2009–2012 skal unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar. Markmiðin eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í samgöngumálum.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Markmið þeirrar áætlunar (sóknaráætlun fyrir Ísland) er að landið skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Með sóknaráætlun er gert ráð fyrir samþættingu opinberra áætlana. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana. Gert er ráð fyrir að sú samþætting og samræmda forgangsröðun liggi fyrir í haust og geti breytt tímasetningum og röðun framkvæmda í þessari áætlun.

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Verkefni:

a. Stefnt verði að greiðari umferð almenningssamgangna, endurskoðun á tilhögun og fjármögnun þeirra með það m.a. að markmiði að auka hlut almenningssamgangna í þjónustu við íbúa.
b. Unnið verði að eflingu reiðhjólanotkunar, m.a. með markvissri uppbyggingu reiðhjólastíga.
c. Unnin verði áætlun um að vinna gegn flöskuhálsum og að greiðari umferð og auknu umferðaröryggi á völdum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
d. Aukinn verði hlutur upplýsingakerfa í samgöngum til að auka afköst og bæta stýringu og öryggi umferðarkerfa.
e. Gera úttekt á því með hvaða hætti megi koma á strandsiglingum að nýju með það að markmiði að draga úr landflutningum með tilheyrandi álagi á vegakerfið.

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Verkefni:

a. Unnið verði að þróun aðferða til kostnaðar- og ábatagreiningar ásamt mati á efnahagslegum og samfélagslegum þáttum til að nota við forgangsröðun stærri samgönguverkefna.
b. Skoðaðir verði áfram valkostir og aðferðir við gjaldtöku af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna. Unnið verði að undirbúningi nýrrar framtíðarskipunar gjaldtöku sem taki mið af því að notandinn greiði eftir notkun og byggð er á nýjustu tækni m.a. fyrir umferð á vegum.

c. Leitað verði leiða til að fjármagna umfangsmiklar framkvæmdir sem ekki rúmast innan almennra fjárveitinga til áætlunarinnar, m.a. með gjaldtöku af notendum verði það niðurstaða Alþingis.
d. Leitað verði ódýrra leiða til að leggja bundið slitlag á umferðarlitla vegi.
e. Aflað verði gagna um þróun þungaflutninga á vegum og áhrif þeirra á vegakerfið.
f. Lokið verði við endurskoðun á skipulagi samgöngustofnana.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
Verkefni:
a. Unnið verði að könnun leiða og gerð markvissrar áætlunar um hvernig standa megi að orkuskiptum í samgöngum sem lið í að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda.
b. Lokið verði við að breyta skattlagningu eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að neyslugrannir bílar, t.d. tvinnbílar, tengiltvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Unnið verði að þessu í samvinnu við fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.
c. Unnið verði að breytingum á kröfum í útboðum með það að markmiði að auka hlut vistvænna ökutækja í sérleyfisakstri.
d. Auknar verði kröfur til opinberra stofnana og fyrirtækja um að þær noti vistvæn ökutæki í starfsemi sinni.
e. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænum samgöngum, sérstaklega rannsóknum er lúta að notkun vistvæns eldsneytis. Aukið verði hlutfall íblöndunar með lífolíu eða etanóli í eldsneyti.
f. Unnið verði markvisst að aðgerðum á öllum sviðum samgangna til að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfið. Sérstaklega verði hugað að því að auka fjölbreytni ferðamáta og stuðla að því að vegir í þéttbýli falli að skipulagi byggðar og góðri borgarhönnun.
g. Unnið verði að könnun á sjávarflóðum og rannsóknum á hækkun sjávarborðs vegna veðurfarsbreytinga.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.
Verkefni:
a. Stefnt skal markvisst að því að auka öryggi í samgöngum hér á landi og unnið verði að því á gildistíma áætlunarinnar að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum eða banaslysum á öllum sviðum samgangna. Gerð verður sérstök aðgerðaáætlun á hverju sviði samgangna sem miðar að því að ná þessu markmiði.
b. Áfram verði unnið að öflugum rannsóknum sem stuðla að auknu öryggi í samgöngum.
c. Unnið verði markvisst að miðlun upplýsinga í samgöngum.

1.5 Markmið um jákvæða byggðaþróun.
a. Lögð verði áhersla á að við ákvörðun um forgangsröðun verkefna verði horft til uppbyggingar á einstökum svæðum í samræmi við áherslur og svæðaskiptingu sóknaráætlunar fyrir Ísland.
b. Horft verði til mikilvægis einstakra framkvæmda sem hvata til að skapa heildstæð atvinnu-, búsetu- og þjónustusvæði.
c. Efld verði verkefni sem miða að því draga úr ferðaþörf.

d. Efnt verði til samstarfsvettvangs um samgöngumál í samstarfi við háskóla, rannsóknarstofnanir og hagsmunaaðila þar sem sérstaklega verði hugað að samþættingu landnotkunarskipulags og samgangna og sambandi heilbrigði og samgöngumála, ásamt öðrum áherslum samgönguáætlunar.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Flugmálastjórn Íslands, fjármál.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
2.1.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Framlag af almennum skatttekjum	**243,0**	**240,0**	**194,0**	**194,0**	**871,0**
Ríkistekjur					
Rekstrartekjur	198,6	198,6	198,6	198,6	794,4
Markaðar tekjur	21,4	21,4	21,4	21,4	85,6
Sértekjur	**4,5**	**4,7**	**4,7**	**4,7**	**18,6**
Tekjur og framlög alls	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
Til ráðstöfunar	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
2.1.2 GJÖLD					
Rekstur og þjónusta					
Rekstur	467,5	464,7	418,7	418,7	1.769,6
Rekstur samtals	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
Gjöld samtals	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**

2.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, fjármál.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
2.2.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Flugvallaskattur	484,0	360,0	360,0	360,0	1.564,0
Varaflugvallagjald	521,0	357,0	357,0	357,0	1.592,0
Markaðar tekjur samtals	**1.005,0**	**717,0**	**717,0**	**717,0**	**3.156,0**
Framlag af almennum skatttekjum	**2.370,4**	**2.241,7**	**2.019,4**	**2.019,4**	**8.650,9**
Tekjur og framlög alls	**3.375,4**	**2.958,7**	**2.736,4**	**2.736,4**	**11.806,9**
Viðskiptahreyfingar					
Lántökur					
Afborganir lána/viðskiptafærsla	-399,6	-111,6	-111,6	-111,6	-734,4
Viðskiptahreyfingar samtals	**-399,6**	**-111,6**	**-111,6**	**-111,6**	**-734,4**
Til ráðstöfunar	**2.975,8**	**2.847,1**	**2.624,8**	**2.624,8**	**11.072,5**

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
Sérstök fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis*					
Samgöngumiðstöð í Reykjavík					
Flughlað við samgöngumiðstöð					
Stækkun flugstöðvar á Akureyri					
Flughlað við flugstöð					
Sérstök fjármögnun samtals					

* Ekki er reiknað með framlagi til þessara verkefna innan samgönguáætlunar.

2.2.2 GJÖLD

Rekstur og þjónusta					
Samkvæmt þjónustusamningi við:					
Keflavíkurflugvöll ohf.	1.423,6	1.402,0			2.825,6
Flugstoðir ohf.	1.229,1	1.122,0			2.351,1
FLUG-KEF ohf.			2.327,7	2.327,7	4.655,4
Rekstur samtals	**2.652,7**	**2.524,0**	**2.327,7**	**2.327,7**	**9.832,1**
Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóður samkvæmt þjónustusamningi við:					
Keflavíkurflugvöll ohf.	0	0			0
Flugstoðir ohf.	65,1	65,1			130,2
FLUG-KEF ohf.			65,1	65,1	130,2
Viðhald og styrkir samtals	**65,1**	**65,1**	**65,1**	**65,1**	**260,4**
Stofnkostnaður					
Keflavíkurflugvöllur	0	0	0	0	0
Aðrir alþjóðaflugvellir í grunnneti	58,0	100,0	67,0	78,0	303,0
Aðrir flugvellir í grunnneti	28,0	19,0	46,0	35,0	128,0
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	35,0	8,0	0	0	43,0
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	137,0	131,0	119,0	119,0	506,0
Stofnkostnaður samtals	**258,0**	**258,0**	**232,0**	**232,0**	**980,0**
Gjöld samtals	**2.975,8**	**2.847,1**	**2.624,8**	**2.624,8**	**11.072,5**

2.2.2.1 Viðhald og stofnkostnaður.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
VIÐHALD					
Yfirborð brauta og hlaða (Malbik-Klæðing-Ralumac)	19,0	40,0	29,0	31,0	119,0
Yfirborð brauta og hlaða (málning)	8,0	9,0	11,0	9,0	37,0
Byggingar, búnaður og önnur verkefni	20,0	8,0	15,0	15,0	58,0
Ýmis verk vegna leiðsögu og tæknibúnaðar	18,0	8,0	10,0	10,0	46,0
VIÐHALD SAMTALS	**65,0**	**65,0**	**65,0**	**65,0**	**260,0**
AÐRIR ALÞJÓÐAFLUGVELLIR					
Reykjavík					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	11,0	2,0	6,0	19,0
Byggingar	0	0	65,0	0	65,0
Reykjavík samtals	**0**	**11,0**	**67,0**	**6,0**	**84,0**

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
Akureyri					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	13,0	4,0	0	7,0	24,0
Flugbrautir og hlöð	18,0	0	0	0	18,0
Akureyri samtals	**31,0**	**4,0**	**0**	**7,0**	**42,0**
Egilsstaðir					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	16,0	85,0	0	0	101,0
Flugbrautir og hlöð	7,0	0	0	65,0	72,0
Byggingar	12,0	0	0	0	12,0
Egilsstaðir samtals	**35,0**	**85,0**	**0**	**65,0**	**185,0**
AÐRIR ALÞJÓÐAVELLIR SAMTALS	**66,0**	**100,0**	**67,0**	**78,0**	**311,0**
AÐRIR FLUGVELLIR Í GRUNNNETI					
Vestmannaeyjar/Bakki					
Flugbrautir og hlöð	0	16,0	35,0	0	51,0
Vestmannaeyjar/Bakki samtals	**0**	**16,0**	**35,0**	**0**	**51,0**
Ísafjörður/Þingeyri					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	3,0	0	0	3,0
Flugbrautir og hlöð	0	0	0	35,0	35,0
Byggingar	12,0	0	0	0	12,0
Ísafjörður/Þingeyri samtals	**12,0**	**3,0**	**0**	**35,0**	**50,0**
Bíldudalur					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	0	4,0	0	4,0
Bíldudalur samtals	**0**	**0**	**4,0**	**0**	**4,0**
Þórshöfn					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	3,0	0	0	0	3,0
Þórshöfn samtals	**3,0**	**0**	**0**	**0**	**3,0**
Hornafjörður					
Byggingar	2,5	0	0	0	2,5
Hornafjörður samtals	**2,5**	**0**	**0**	**0**	**2,5**
Vopnafjörður					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	0	7,0	0	7,0
Byggingar	2,5	0	0	0	2,5
Vopnafjörður samtals	**2,5**	**0**	**7,0**	**0**	**9,5**
AÐRIR FLUGVELLIR Í GRUNNNETI SAMTALS	**20,0**	**19,0**	**46,0**	**35,0**	**120,0**
LENDINGARSTAÐIR					
Flugbrautir og hlöð	35,0	8,0	0	0	43,0
LENDINGARSTAÐIR SAMTALS	**35,0**	**8,0**	**0**	**0**	**43,0**
ÖNNUR MANNVIRKI, BÚNAÐUR OG VERKEFNI					
Flugstjórnarmiðstöð	25,0	25,0	25,0	25,0	100,0
Leiðarflug	8,0	1,0	3,0	3,0	15,0
GNSS/AIS/Upplýsingaþjónusta	11,0	11,0	11,0	11,0	44,0
Veðurupplýsingakerfi	9,0	10,0	0,0	0,0	19,0
Flugvernd og öryggismál	7,0	7,0	3,0	3,0	20,0
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	30,0	30,0	30,0	30,0	120,0
Þróun og áætlanagerð	15,0	15,0	15,0	15,0	60,0
Stjórnunarkostnaður	32,0	32,0	32,0	32,0	128,0
ÖNNUR MANNVIRKI, BÚNAÐUR OG VERKEFNI SAMTALS	**137,0**	**131,0**	**119,0**	**119,0**	**506,0**

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

3.1 Fjármál.

Árið 2009 á verðlagi fjárlaga 2009, seinni þrjú árin á verðlagi fjárlaga 2010, millj. kr.

	2009	2010	2011	2012	Samtals
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Vitagjald	145,0	240,0	240,0	240,0	865,0
Framlag úr ríkissjóði	**1.982,2**	**2.073,9**	**1.202,9**	**1.030,0**	**6.289,0**
Aðrar ríkistekjur					
Vottorð	2,3	5,3	5,3	5,3	18,2
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	1,3	1,3	5,2
Sértekjur					
Almennar sértekjur	202,5	212,6	160,0	160,0	735,1
Tekjur af Landeyjahöfn			34,0	34,0	68,0
Tekjur og framlög alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.643,5**	**1.470,6**	**7.980,5**
Til ráðstöfunar alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.643,5**	**1.470,6**	**7.980,5**
Gjöld					
Rekstrargjöld					
Hafnamál	31,0	27,0	10,0	10,0	78,0
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	46,4	45,0	33,0	33,0	157,4
Rekstur Hafnabótasjóðs	13,5	13,0	13,0	13,0	52,5
Siglingavernd	17,0	14,0	14,0	14,0	59,0
Skipamál	70,0	66,0	66,0	66,0	268,0
Vitar og leiðsögukerfi	145,0	137,1	137,1	137,1	556,3
Vaktstöð siglinga	321,2	309,0	278,1	278,1	1.186,4
Skipaeftirlit	102,0	100,2	100,2	100,2	402,6
Hafnarríkiseftirlit	27,0	27,0	27,0	27,0	108,0
Rannsóknir og þróun	54,0	50,0	39,7	39,7	183,4
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,0	20,0	10,0	10,0	60,0
Minjavernd og saga	2,0				2,0
Þjónustuverkefni	206,1	219,2	166,6	166,6	758,5
Rekstur Landeyjahafnar			34,0	34,0	68,0
Rekstrargjöld alls	**1.055,2**	**1.027,5**	**928,7**	**928,7**	**3.940,1**
Stofnkostnaður					
Vitar og leiðsögukerfi	32,0	32,0	28,8	28,8	121,6
Hafnarmannvirki	382,6	282,6	345,0	345,0	1.355,2
Lendingabætur	7,5				7,5
Ferjubryggjur	12,3	12,3	11,1	11,1	46,8
Sjóvarnargarðar	63,6	133,6	126,9	57,0	381,1
Hafnabótasjóður, framlag Landeyjahöfn	770,1	1.045,1*)	203,0	100,0	2.118,2
Stækkun tollaðstöðu Seyðisfirði	10,0				10,0
Stofnkostnaður alls	**1.278,1**	**1.505,6**	**714,8**	**541,9**	**4.040,4**
Gjöld alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.643,5**	**1.470,6**	**7.980,5**

*) Hér eru ekki meðtaldar 150,5 millj. kr. sem er áætlað að þurfi á fjáraukalögum 2010.

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
3.2.1 Stofnkostnaður.
Tafla 3-1. Hafnarmannvirki, heildarfjárveitingar.

	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Almennar hafnir, ríkishluti framkvæmda					
Ríkishluti framkvæmda innan grunnnets, tafla 3-2.	508,4	175,2	272,7	233,7	
Ríkishluti framkvæmda utan grunnnets, tafla 3-4.	24,0	55,1	72,3	111,3	
Almennar hafnir, ríkishluti framkvæmda alls áætlað	**532,4**	**230,3**	**345,0**	**345,0**	**1.452,7**
Almennar hafnir, fjárheimildir					
Almennar hafnir, fjárveiting á fjárlögum	**382,6**	**282,6**	**345,0**	**345,0**	
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun	97,5				
Almennar hafnir, fjárveiting alls til ráðstöfunar	**480,1**	**282,6**	**345,0**	**345,0**	**1.452,7**
Landeyjahöfn					
Ríkishluti framkvæmda, áætlað	**1.559,0**	**1.270,0**	**203,0**	**100,0**	**3.132,0**
Landeyjahöfn, fjárveiting á fjárlögum	**770,0**	**1.045,1**	**203,0**	**100,0**	
Fjáraukalög 2010, fjárveitingaþörf (ósamþ.)		150,5			
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun samkvæmt yfirliti SI	863,4				
Landeyjahöfn, fjárveiting til ráðstöfunar	**1.633,4**	**1.195,6**	**203,0**	**100,0**	**3.132,0**
Landeyjahöfn, framkvæmdakostnaður árin 2005 til 2008					304,0
Heildarkostnaður Landeyjahafnar, áætlað					3.436,0

3.2.1.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar.
Tafla 3-2. Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	58,1	18,5	8,3		84,9
Grundarfjörður	13,0		17,7		30,7
Stykkishólmur			12,3		12,3
Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur)	64,9	5,9	40,6		111,4
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)		33,8	15,9	9,3	59,0
Bolungarvík	30,7		33,5	75,8	140,0
Skagaströnd			14,9	21,0	35,9
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	48,4		21,5		69,9
	215,1	**58,2**	**164,7**	**106,1**	**544,1**
Norðausturkjördæmi					
Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)	19,9			4,8	24,7
Dalvíkurbyggð (Dalvík)	29,6	11,0		16,8	57,4
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	21,1	21,0	27,3	39,2	108,6
Grímsey	24,2	4,8	11,5		40,5
Norðurþing (Húsavík)	20,0				20,0
Langanesbyggð (Þórshöfn)	40,0	25,8			65,8
Vopnafjörður			21,5		21,5
Seyðisfjörður	19,8	10,5			30,3
Fjarðabyggð (Mjóifjörður)	2,7				2,7
Djúpivogur				22,9	22,9
	177,3	**73,1**	**60,3**	**83,7**	**394,4**

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	53,2	12,0	12,0	12,0	89,2
Vestmannaeyjar	27,5	12,8	31,1	14,3	85,7
Þorlákshöfn	0,6	17,3			17,9
Grindavík	32,8				32,8
Sandgerði				12,0	12,0
	114,1	**42,1**	**43,1**	**38,3**	**237,6**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	0,9	1,2	3,6	4,6	10,3
Slysavarnir o.fl.	1,0	0,6	1,0	1,0	3,6
Samtals hafnir í grunnneti	**508,4**	**175,2**	**272,7**	**233,7**	**1.190,0**

Tafla 3-3. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum grunnnets.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Grjótgarður að Tösku og sandfangari (96.000 m^3) – verklok	50,8				75%
Lenging stálþils, austurkants (80 m, dýpi 7 m, þekja 1.600 m^2) – verklok	43,4				60%
Ólafsvík:					
Lenging viðlegukants við Norðurtanga, lagnir og þekja (500 m^2) – verklok	13,6				60%
Endurbygging grjótvarnar á Suðurgarði (130 m kafli, endurraða og bæta í um 6.000 m^3)		31,0			75%
Breikka þekju við Suðurþil úr 11 m í 20 m (810 m^2) – frestað 2008			11,3		60%
Nýtt mastursshús við Suðurþil (2,5 x 5 m) – frestað 2008			6,0		60%
Grundarfjörður					
Dýpkun hafnar – verklok	3,8				75%
Rif Litlubryggju – verklok	5,8				60%
Flotbryggja (20 x 3 m) – verklok	3,8				60%
Öldudempandi flái vestan Miðgarðs (70 m, um 1.500 m^3) – verklok	10,2				75%
Endurbygging efsta hluta Norðurgarðs, steypuviðgerð á kerum í undirstöðu (áætl. 40 m kafli) – frestað 2008			37,0		60%
Stykkishólmur					
Smábátaviðlega fyrir allt að 60 báta, annar áfangi (flotbryggja, um 50 m)			25,8		60%
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Ferjubryggja, lenging, þekja á stálþil (660 m^2), lagnir og lýsing	11,1				60%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Patreksfjörður:					
Endurbygging stálþils, þilrekstur og kantur (308 m, dýpi 4–6 m), lagnir og þekja (5.500 m^2)	123,7	12,3	85,0		60%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður:					
Mávagarður, stálþilsbryggja við Olíubirgðastöð (60 m, dýpi 9 m) lagnir og þekja (1.400 m^2 malbik)		42,0	33,3		60%
Dýpkun við bryggju Mávagarði (dæling um 30.000 m^3)		23,0			75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m)				4,5	75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlað 15.000 m^3)				11,0	75%
Bolungarvík					
Endurbygging stálþils efst við Brjótinn (130 m, dýpi 4–9 m), lagnir og þekja (3.000 m^2)	63,6				60%
Endurbygging stálþils við Brjót, fremri hluti (78 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.300 m^2)			70,0	76,0	60%
Grundargarður; endurbygging á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m^3)				56,0	75%
Endurbyggður öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m^3)				10,0	75%
Skagaströnd					
Endurbyggð brimvörn Útgarðs, um 55 m kafli, endurraðað og bætt í grjóti (um 2.300 m^3)			25,0		75%
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m, dýpi 4 m)				44,0	60%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Skjólgarður byggður frá Strandvegi, Suðurgarður (um 330 m – 54.900 m^3) – verklok	80,3				75%
Lenging Sandfangara (um 30 m – 10.000 m^3) + endurbygging			36,0		75%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð					
Ólafsfjörður:					
Innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda – verklok	33,0				75%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlað 10.000 m^3)				8,0	75%
Dalvíkurbyggð					
Dalvík:					
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m) – verklok	0,4				60%
Ferjubryggja, stálþil með kanti (40 +10 m, dýpi 6 m) – lagnir og þekja (1.100 m^2)	41,1	23,0			60%
Dýpkun að ferjubryggju í 5 m (um 6.200 m^3, að hluta sprengt) – verklok	16,0				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (um 2.400 m^2 – 5.000 m^3)				12,0	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (30 m)				13,8	60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlað 6.000 m^3)				5,0	75%
Hafnasamlag Norðurlands					
Akureyri:					
Tangabryggja, lagnir (rafmagnshús og tvö möstur) og þekja (2.580 m^2) – verklok	32,2				60%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Oddeyrarbryggja, lenging til austurs, steyptur kantur – verklok, lagnir og þekja (1.950 m^2)	11,7	44,0			60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (70 m, dýpi 9 m) lagnir og þekja (2.100 m^2)			57,0	82,0	60%
Grímsey:					
Lenging syðri skjólgarðs og tunna á enda – verklok	8,0				75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m) – efni keypt 2008	24,0				60%
Skutaðstaða fyrir ferju (pallur 160 m^2) og steypt þekja ofan við (200 m^2) – verklok	13,2	4,0			60%
Steypt þekja við harðviðarbryggju (300 m^2)		6,0			60%
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjótvinnsla í landi, flutningur og útlögn (300 steinar 6–10 t)	2,4		19,2		75%
Norðurþing					
Húsavík:					
Undirbúningsrannsóknir vegna stækkunar Húsavíkurhafnar	24,9				100%
Langanesbyggð					
Þórshöfn:					
Hafskipabryggja endurbyggð, stálþil (155 m, dýpi 6–9 m), lagnir og þekja (2.800 m^2)	83,0	54,0			60%
Vopnafjörður					
Ásgarður, endurbyggja trébryggju (léttbyggð bryggja, 50 m)			45,0		60%
Flotbryggja smábátahöfn (40 m)				18,0	
Seyðisfjörður					
Bryggja við frystihús endurbyggð, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 7 m) – verklok	41,0				60%
Strandarbakki, endurbyggja fendera (170 m)		22,0			60%
Fjarðabyggð					
Mjóifjörður:					
Styrkja og endurbyggja trébryggju – verklok	5,5				60%
Djúpivogur					
Trébryggja, smábátahöfn endurbyggð (5 x 24 m – efni keypt 2007), lagnir og lýsing				48,0	60%
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Álaugareyjarbryggja, suðurkantur endurbyggður, lagnir og þekja (4.000 m^2) – verklok	86,0				60%
Viðhaldsdýpkun, í höfn (áætl. efnisfl. 25 þús. m^3/ár)	19,6	20,0	20,0	20,0	75%
Vestmannaeyjar					
Básaskersbryggja, þekja og raflögn – verklok	10,0				60%
Bæjarbryggja, endurbygging vesturkants	17,0				60%
Nausthamarsbryggja við flotbryggju, endurbygging stálþils (60 m, dýpi 3 m) lagnir og þekja (1.200 m^2)			65,0	30,0	60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	24,1	21,4			75%
Þorlákshöfn					
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (um 35.000 m^3)	1,0	29,0			75%
Grindavík					
Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs, lagnir og þekja (3.000 m^2) – verklok	68,0				60%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Sandgerði					
Endurbygging Suðurgarður (endurraða fremsta hluta garðs og bæta í grjótvörn – um 1.000 m^3)				20,0	75%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða (ýmis verk)	1,5	2,0	6,0	7,7	75%
Til slysavarna o.fl. (ýmis verk, styrkhæfni, meðaltal áætlað 60%)	2,0	1,2	2,0	2,0	60%
Samtals áætlað í grunnneti	975,7	334,9	543,6	468,0	
Þar af VSK	192,0	68,1	110,5	95,1	

3.2.1.2 Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar.

Tafla 3-4. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Snæfellsbær (Arnarstapi)	1,8				1,8
Reykhólar	3,9	29,9		7,7	41,5
Tálknafjörður			48,3	36,3	84,6
Ísafjarðarbær (Suðureyri)		6,6	17,7	11,0	35,3
Súðavík			2,4		2,4
Norðurfjörður	3,3				3,3
Drangsnes				6,4	6,4
Hólmavík	12,0			46,4	58,4
	21,0	**36,5**	**68,4**	**107,8**	**233,7**
Norðausturkjördæmi					
Dalvíkurbyggð (Hauganes)					
Hafnasamlag Norðurlands (Hjalteyri)			1,0		1,0
Norðurþing (Kópasker)					
Langanesbyggð (Bakkafjörður)	0,6				0,6
Borgarfjörður eystri		18,0			18,0
Fjarðabyggð (Stöðvarfjörður)	2,4				2,4
	3,0	**18,0**	**1,0**		**22,0**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða		0,6	2,4	3,0	6,0
Til slysavarna o.fl.			0,5	0,5	1,0
Fjárveitingar til hafna utan grunnnets alls	**24,0**	**55,1**	**72,3**	**111,3**	**262,7**

Tafla 3-5. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTUR KJÖRDÆMI					
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (áætlaðir efnisflutningar 800–1.000 m^3/ár)	3,0				75%
Reykhólar					
Dýpkun, innsigling 40 m breið í 4 m og innan garðs í 2 m (gröftur um 25.000 m^3) – verklok	6,5				75%
Grjótvarnargarður norðaustan við höfnina, lengd u.þ.b. 200 m (20.000 m^3)		50,0			75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (20 m)				10,0	60%
Endurbyggja trébryggju (kanttré 30 m, dekk 120 m^2)				6,0	60%
Tálknafjörður					
Endurbyggja gömlu bryggju, stálþil (140 m, dýpi 4–6 m), lagnir og þekja (1.200 m^2)			101,0	76,0	60%
Ísafjarðarbær					
Suðureyri:					
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m^3, dæling – frestað 2007)		11,0			75%
Endurbyggja þil löndunarbryggju, efni keypt 2008 (60 m, dýpi 5 m), lagnir og þekja (2.000 m^2)			37,0	23,0	60%
Súðavík					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m) – frestað frá 2008			5,0		60%
Norðurfjörður					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m) – frestað 2008	5,5				60%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, grjótvörn í kverkina utan á bryggju (um 1.000 m^3)				7,0	75%
Drangsnesbryggja, endurbyggja þekju við krana og fram á enda bryggju (um 280 m^2)				4,6	60%
Hólmavík					
Grjótvörn á vesturkant stálþilsbryggju (um 5.000 m^2)	20,0				75%
Endurbygging stálþils frá 1961 (104 m, dýpi 6 m)				97,0	60%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 400 m^3/ár)			1,6		75%
Langanesbyggð					
Bakkafjörður:					
Námufrágangur – verklok	1,0				75%
Borgarfjörður eystri					
Viðlegubryggja við Hólmagarð, harðviðarbryggja (27 m, dýpi 3 m)		28,2			60%
Tunna við enda Hólmagarðs (D 6 m)		6,0			75%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Dýpkun við viðlegubryggju (um 200 m^3)		1,5			75%
Fjarðabyggð					
Stöðvarfjörður:					
Klæðning Gömlu bryggju við löndunarstað smábáta (42 m kafli) – verklok	5,0				60%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða – ýmis verk		1,0	4,0	5,0	75%
Til slysavarna o.fl. (ýmis verk, styrkhæfni, meðaltal áætlað 60%)			1,0	1,0	60%
Samtals áætlað utan grunnnets	41,0	97,7	149,6	229,6	
Þar af VSK	8,1	19,9	30,4	46,7	

3.2.1.3 Sjóvarnargarðar.
Tafla 3-6. Fjárveitingar til sjóvarna.

Kjördæmi Sveitarfélag	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður		18,5			18,5
Hvalfjarðarsveit	7,5				7,5
Snæfellsbær	21,7	2,5			24,2
Stykkishólmur	1,8				1,8
Reykhólahreppur	5,6				5,6
Vesturbyggð	4,0			4,8	8,8
Ísafjarðarbær	11,8		9,2		21,0
Súðavíkurhreppur	0,2	5,3			5,5
Árneshreppur	0,7				0,7
Strandabyggð				5,8	5,8
Blönduósbær	16,1			6,9	23,0
Skagafjörður, svf.			6,6		6,6
	69,4	**26,3**	**15,8**	**17,5**	**129,0**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð	24,0	7,8			31,8
Dalvíkurbyggð	7,7				7,7
Akureyrarkaupstaður (Hrísey, Grímsey)	12,5				12,5
Arnarneshreppur		11,1			11,1
Norðurþing (Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn)	12,8				12,8
Langanesbyggð				11,3	11,3
Borgarfjarðarhreppur			9,6		9,6
	57,0	**18,9**	**9,6**	**11,3**	**96,8**
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður	5,3				5,3
Mýrdalshreppur	7,0	98,9	85,8		191,7
Vestmannaeyjabær				4,8	4,8
Árborg, svf.	23,5		5,6		29,1
Ölfus, svf.		3,2	9,2		12,4
Grindavíkurkaupstaður	15,6				15,6
Sandgerðisbær	8,0				8,0
Gerðahreppur	6,0				6,0
Reykjanesbær	4,4	10,7		8,0	23,1
Vogar, svf.				12,3	12,3
	69,8	**112,8**	**100,6**	**25,1**	**308,3**

Kjördæmi Sveitarfélag	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Álftanes, svf.	16,4				16,4
Seltjarnarneskaupstaður	4,9				4,9
	21,3				**21,3**
ÓSKIPT	0,4	0,8	0,9	3,1	5,2
Sjóvarnir samtals	**217,9**	**158,8**	**126,9**	**57,0**	**560,6**
Sjóvarnir, fjárveiting á fjárlögum	**63,6**	**133,6**	**126,9**	**57,0**	**381,1**
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun samkvæmt yfirliti SÍ	154,3	25,2			
Fjárveiting alls til ráðstöfunar	**217,9**	**158,8**	**126,9**	**57,0**	**560,6**

Tafla 3-7. Sundurliðun framkvæmda við sjóvarnir.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður					
Vestan skipasmíðastöðvar Þ&E og inn í Krókalón (90 + 40 m – 2.600 m^3)		10,6			7/8
Kalmansvík, vörn við bakkafót (250 m – 2.000 m^3)		8,2			7/8
Miðvogur, vörn við bakkafót (130 m – 600 m^3)		2,3			7/8
Hvalfjarðarsveit					
Uppgjör vegna framkvæmda 2006	8,6				7/8
Snæfellsbær					
Ólafsvík, við fiskverkun Snoppu (70 m – ca. 1.500 m^3) – verklok frá 2008	5,7				7/8
Ólafsvík við fiskverkun Klumbu (160 m – 1.600 m^3) – verklok	6,5				7/8
Hellissandur við Keflavíkurgötu, lenging um 85 + 35 m (2.200 m^3)	5,9	2,8			7/8
Barðastaðir Staðarsveit, við sumardvalarhús, útihús og heimreið (400 m – 1.500 m^3) – flýtt samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	6,6				7/8
Stykkishólmsbær					
Ægisgata, sjóvörn (30 m – 400 m^3) – samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	2,0				7/8
Reykhólahreppur					
Flatey, vörn í krikann vestan við bryggju, steyptur veggur (23 m – 35 m^3) – verklok frá 2008	6,4				7/8
Vesturbyggð					
Brunnar Hvallátrum (200 m – 1.500 m^3) – verklok frá 2008	4,6				7/8
Bíldudalur, sjóvörn við Arnarbakka í átt að Litlueyri (80 m – 1.000 m^3)				5,5	7/8
Ísafjarðarbær					
Þingeyri, innan við smábátahöfnina (200 m – 1.700 m^3)	8,9				7/8
Ísafjörður, Sigurðarbúð við Pollbotn (140 m – 1.000 m^3)	4,6				7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Flateyri, hækka núverandi sjóvarnargarð við Brimnesveg (800 m – 2.000 m^3)			10,5		7/8
Súðavíkurhreppur					
Við Langeyri (120 m – 1.800 m^3) – flýtt samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	0,2	6,1			7/8
Árneshreppur					
Við Kallahús samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	0,8				7/8
Strandabyggð					
Hólmavík, sjóvörn norðan og austan við Rifshaus (105 m – 1.300 m^3)				5,7	7/8
Hólmavík, endurbyggja sjóvörn við fiskmarkað (60 m – 200 m^3)				0,9	7/8
Blönduósbær					
Sunnan Blöndu suður frá horninu á Háubrekku (220 m – 3.500 m^3) – frestað 2008	18,4				7/8
Styrkja sjóvörn við Hafnarbraut og Ægisbraut (140 m – 1.500 m^3)				7,9	7/8
Skagafjörður, svf.					
Hraun á Skaga, lengja sjóvörn til austurs í átt að vita (150 m – 1.700 m^3)			7,5		7/8
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð					
Siglufjörður, frá Hafnarbryggju að Óskarsbryggju (um 400 m – 5.000 m^3) – frestað 2008	20,4				7/8
Siglufjörður, Hvanneyrarkrókur, frá sjóvarnargarði að íþróttahúsi (um 180 m – 1.600 m^3)	6,5				7/8
Siglunes, mælingar og undirbúningur	0,5				7/8
Siglunes, við fiskverkun Stefáns Einarssonar og sumarhús (70 m + 25 m – 900 m^3)		8,9			7/8
Dalvíkurbyggð					
Árskógssandur, syðst við bakkann undir Ægisgötu (um 100 m – 500 m^3) – verklok frá 2008	2,1				7/8
Árskógssandur, vestan hafnar (80 m – 1.600 m^3) – frestað 2008	6,7				7/8
Arnarneshreppur					
Hjalteyri, sjóvörn sunnan á eyrinni við fiskeldi Eyjafjarðar (220 m – 2.600 m^3)		12,7			7/8
Akureyrarkaupstaður					
Hrísey, styrking og hækkun sjóvarna austast (160 m) og framlenging við Varir (50 m, alls 210 m – 1.500 m^3) – verklok frá 2008	6,3				7/8
Hrísey, norðan Hríseyjarhafnar (100 m – 1.900 m^3) – verklok frá 2008	8,0				7/8
Norðurþing					
Húsavíkurbakkar, styrking sjóvarnar (um 200 m – 3.000 m^3)	14,6				7/8
Langanesbyggð					
Þórshöfn, sjóvörn við Bakkaveg, styrking (300 m – 2.800 m^3)				12,9	7/8
Borgarfjarðarhreppur					
Sjóvörn milli gamla frystihúss og löndunarbryggju (55 m – 900 m^3)			4,7		7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Sjóvörn við Borgarfjarðarveg, fiskverkunarhús (80 m – 1200 m^3)			6,3		7/8
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður, svf.					
Sjóvörn við Suðurfjöru við innsiglingarmerki (um 60 m – 700 m^3) – samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	6,1				7/8
Mýrdalshreppur					
Sjóvarnir við Vík í Mýrdal undirbúningur, grjótrannsókn, hönnun o.fl.	8,0				7/8
Sjóvörn vestan Víkurár, grjótvörn á flóðgarð (730 m – 40.000 m^3)		113,0	98,0		7/8
Vestmannaeyjabær					
Þrælaeiði, endurröðun og styrking sjóvarnar á Eiðinu (150 m – 1.000 m^3) – frestað 2007				5,5	7/8
Árborg, svf.					
Eyrarbakki, Hraunsá–Hraunsnef, grjótvörn og fegrun gamla sjógarðsins (500 m – 7.000 m^3)	26,8				7/8
Eyrarbakki, Gamla-Hraun–Barnaskóli (nær Eyrarbakka) (170 m – 2.000 m^3)			6,4		7/8
Ölfus, svf.					
Þorlákshöfn, austan Austurgarðs hjá golfvelli (200 m – 1.000 m^3 kjarnagrjót og 150 dolosar)		3,7			7/8
Þorlákshöfn, framan við sjóvörn við Fiskeldi Eyjafjarðar, viðhald grjóturðargarðs (150 m)			0,4		7/8
Selvogur, sjóvarnargarðar við Bjarnastaði og Þorkelsgerði 1 (150 + 70 m – 2.500 m^3)			10,0		7/8
Grindavíkurkaupstaður					
Gerðistangar fremst (menningarminjar Stóragerði, 100 m – 800 m^3), við Arfadalsvík og hluta Staðarbótar (æðarvarp, 300 m – 2.400 m^3) – verklok frá 2008	12,1				7/8
Buðlunga (65 m – 500 m^3) og Miðbær (115 m – 1.000 m^3) og austan Litlubótar (30 m – 500 m^3)	5,7				7/8
Sandgerðisbær					
Bursthús, grjótvörn utan á jarðvegsgarði framan við sumarbústað (100 m – 1.000 m^3)	4,7				7/8
Býjarsker–Hólshús, styrking sjóvarnar (um 120 m – 1.000 m^3)	4,4				7/8
Gerðahreppur					
Móts við Útskálarif og Mannskaðaflös, bæta í skörð, hækka og styrkja (40–50 m og 100 m) og innan við Garðshöfn við H. Pétursson (140 m), magn alls 1.620 m^3 – verklok	6,9				7/8
Reykjanesbær					
Innri-Njarðvík, Hákotstangi við kirkjugarð (160 m – 1.700 m^3) – verklok frá 2008	5,0				7/8
Innri-Njarðvík, Hákotstangi – lengja sjóvörn í átt að Kópu (200 m – 3.200 m^3)		12,2			7/8
Hafnir, styrking frá bryggju í átt að Snoppu og sunnan Snoppu (250 + 85 m – 2.500 m^3)				9,1	7/8
Vogar, svf.					
Stóru-Vogaskóli og eiðið við Vogatjörn, bakkavörn (150 + 150 m – 1.600 m^3)				6,4	7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Vatnsleysuströnd, við Stóra Knarrarnes (150 m – 2.100 m^3)				7,7	7/8
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Álftanes, svf.					
Við Hlið (70 m – 660 m^3 + 40 m – 240 m^3 = 900 m^3) – frestað 2007	5,4				7/8
Sunnan við sjómerki (Akrakoti) (300 m^3 og endurröðun) – frestað 2007	1,2				7/8
Helguvík vestur (180 m – 3.100 m^3) – frestað 2007	12,1				7/8
Seltjarnarneskaupstaður					
Búðatjörn–Svörtubakkar, endurröðun og styrking – frestað 2008	3,4				7/8
Lambastaðagrandi–botn víkurinnar (hér er fyrirhugað að reisa skólpdælustöð, 80 m – 800 m^3) – frestað 2008	2,2				7/8
ÓSKIPT					
Óskipt til sjóvarna	0,5	0,9	1,0	3,5	7/8
Áætlaður heildarkostnaður við sjóvarnir samtals	**248,8**	**181,4**	**144,8**	**65,1**	

4. VEGÁÆTLUN
4.1 Fjármál.
Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	2009	2010	2011	2012	Samtals
4.1.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Bensíngjald	7.730	7.420	7.502	7.577	30.229
Þungaskattur km-gjald	974	790	816	824	3.404
Olíugjald	6.204	6.260	6.339	6.434	25.237
Leyfisgjöld flutninga	8	4	4	4	20
Leyfisgjöld leigubifreiða	7	6	6	6	25
Markaðar tekjur samtals	**14.923**	**14.480**	**14.667**	**14.845**	**58.915**
Framlag úr ríkissjóði					
Framlag til innanlandsflugs	344	308	277	277	1.206
Framlag til jarðganga	4.055	4.255	220	1.174	9.704
Fyrir fram ráðstöfun markaðra tekna	9.375	3.795	1.532	-100	14.602
Framlag úr ríkissjóði samtals	**13.774**	**8.358**	**2.029**	**1.351**	**25.512**
GREITT ÚR RÍKISSJÓÐI SAMTALS	**28.697**	**22.838**	**16.696**	**16.196**	**84.427**
4.1.2 Viðskiptahreyfingar.					
Vegna afskrifta markaðra tekna	-75	-75	-75	-75	-300
Vegna skuldar frá 1999	-332	-21			-353
Viðskiptahreyfingar samtals	**-407**	**-96**	**-75**	**-75**	**-653**
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	**28.290**	**22.742**	**16.621**	**16.121**	**83.774**

4.1.3 Sérstök fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.*

Suðurlandsvegur
Vesturlandsvegur
Reykjanesbraut
Vaðlaheiðargöng
Sundabraut
Hvalfjarðargöng – tvöföldun

Sérstök fjármögnun samtals

*Ekki er reiknað með framlagi til þessara verkefna innan samgönguáætlunar

Skipting útgjalda.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
GJÖLD					
10-211 Rekstur Vegagerðarinnar					
4.1.4 Rekstur Vegagerðarinnar.					
1.01 Almennur rekstur	560	546	491	491	2.088
1. Yfirstjórn		354			
2. Upplýsingaþjónusta		90			
3. Umferðareftirlit		102			
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	81	81	81	81	324
Rekstur samtals	**641**	**627**	**572**	**572**	**2.412**
10-212 Samgönguverkefni					
4.1.5 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald.					
1.07 Þjónusta	3.694	3.383	3.146	3.146	13.369
1. Veggöng		90			
2. Viðhald vegmerkinga		773			
3. Samningar við sveitarfélög		420			
4. Viðhaldssvæði		400			
5. Vetrarviðhald		1.700			
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.072	1.047	912	912	3.943
1. Ferjur		714			
2. Sérleyfi á landi		333			
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	344	308	277	277	1.206
1.21 Rannsóknir	149	139	97	97	482
Þjónusta og styrkir samtals	**5.259**	**4.877**	**4.432**	**4.432**	**19.000**
5.10 Viðhald	5.179				
1. Viðhald bundinna slitlaga		1.500			
2. Viðhald malarvega		623			
3. Styrkingar og endurbætur		1.560			
4. Brýr og varnargarðar		360			
5. Umferðaröryggi		340			
6. Vatnaskemmdir		200			
7. Viðhald girðinga		65			
8. Frágangur gamalla efnisnáma		20			
9. Minjar og saga		11			
Viðhald samtals	**5.179**	**4.679**	**4.117**	**4.117**	**18.092**

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
4.1.6 Stofnkostnaður.					
6.10 Stofnkostnaður/Framkvæmdir	17.211				17.211
Stofn- og tengivegakerfi					
1. Almenn verkefni		6.931	6.325	4.944	18.200
2. Tengivegir malbik			380	300	680
3. Jarðgöng		5.160	220	1.174	6.554
Stofn- og tengivegir samtals		**12.091**	**6.925**	**6.418**	**25.434**
Annað en stofn- og tengivegir					
1. Héraðsvegir		98	200	200	498
2. Landsvegir utan stofnvegakerfis		100	100	100	300
4. Styrkvegir		80	80	80	240
5. Reiðvegir		60	65	65	190
6. Smábrýr		30	30	37	97
7. Girðingar		100	100	100	300
Annað en stofn- og tengivegir samtals		**468**	**575**	**582**	**1.625**
Stofnkostnaður samtals	**17.211**	**12.559**	**7.500**	**7.000**	**44.270**
Samgönguverkefni og rekstur samtals	**28.290**	**22.742**	**16.621**	**16.121**	**83.774**
Afskrift markaðra tekna	75	75	75	75	300
Gjöld	**28.365**	**22.817**	**16.696**	**16.196**	**84.074**
Raunkostnaður 2009	**26.421**				
Flutt til 2010	**1.944**				
Samkvæmt fjárlögum		19.159			
Flutt frá fyrri árum (2008 og 2009)		3.658			
Samtals		**22.817**			

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

Suðurkjördæmi

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður m.kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
		Undirbúningur verka utan áætlunar			502	156	83	165	99					
1		Hringvegur												
	v5	Um Fjarðará	0,3	C8	89	24	65				×	×		
	v5	Göng undir Almannaskarð		C8	4	4					×	×		
	x3	Um Jökulsá á Breiðamerkursandi		C8		1	52				×			
	x7	Um Gljúfursá		C8	85				85		×	×		
	a1	Um Aurá		C8	60				60		×	×		
	a9	Um Dýralæk		C8	95				95		×	×		
	c3	Um Hellu	0,5	C10	64	4	60				×			
	d4	Um Selfoss	0,5	C10		6					×			
	d9-e1	Vestan Litlu kaffistofu	6,5	A34/ B15,5	1.150		430	720			×	×		
30		Hrunamannavegur												
	06–07	Skipholt–Foss	5,5	C8	57	54	3				×	×		
32		Þjórsárdalsvegur												
	01	Um Kálfá		C8		16					×	×		
33		Gaulverjabæjarvegur												
	02	Gaulverjabær–Skipar	6,0	C8	8	3	5				×	×		
35		Biskupstungnabraut												
	03	Hringtorg við Borg í Grímsnesi	0,5	C9	60				60		×	×		
	06	Hringtorg við Reykholt	0,5	C9	65				65		×	×		
41		Reykjanesbraut												
	15–18	Krýsuvíkurvegur–Víknavegur		A34	329	309	20				×	×		
	20–21	Við Grænás, hringtorg, undirgöng	0,3	A22	145		65	80			×	×		
43		Grindavíkurvegur												
	01	Lýsing við Grindavík	0,6	C10	16	14	2							
45		Garðskagavegur												
	04	Um Sandgerði	0,4	C10		29					×	×		
	06	Um Ósabotna	5,4	C8		59				×	×	×		×

Suðurkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
208	Fjallabaksleið nyrðri												
06	Sigalda–Sprengisandsleið	5,3			10					×	×		
222	Mýrdalsjökulsvegur												
01	Hringvegur–Sólheimakot	1,2	C7	2	1	1				×	×		
254	Landeyjahafnarvegur (Bakkafjöruvegur)												
01	Hringvegur–Landeyjahöfn	11,2	C8	654	247	380	27			×	×		×
262	Vallarvegur												
01	Fljótshlíðarvegur–Markarskarð	4,0	C7	41	39	2					×		
264	Rangárvallavegur												
01	Hringvegur–Keldur	7,5	C7	132	105	27				×	×		
268	Þingskálavegur												
01	Rangárvallavegur–Þingskálar	4,5	C7		1					×	×		
282	Ásmundarstaðavegur												
01	Hringvegur–Ásmundarstaðir				59						×		
305	Villingaholtsvegur												
	Um Sýrlæk		C7	5	2	3				×	×		
308	Hamarsvegur												
	Smábrýr	0,4	C7	17	8	9				×	×		
318	Langholtsvegur (Oddgeirshólavegur)												
01	Hringvegur–Langholt 2	3,4	C7	85	60	25					×		
340	Auðsholtsvegur												
01	Hrunamannavegur–Syðra-Langholt	2,5	C7		6					×	×		
351	Búrfellsvegur												
01	Hæðarendi–Biskupstungnabraut	2,7	C7		8					×	×		
354	Sólheimavegur												
01	Stærribæjarvegur–Sólheimar	4,5	C8		3	2				×	×		
359	Bræðratunguvegur												
01	Um Hvítá	7,4	C8	1.087	442	585	60			×	×		×
360	Grafningsvegur efri												
02	Ýrufossvegur–Úlfljótsvatn	1,3	C7		14					×	×		
365	Lyngdalsheiðarvegur												
01	Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur	15,0	C8	1.023	424	569	30			×	×		×

Suðurkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
380	Hlíðarendavegur												
01	Þrengslavegur–Hlíðarendi	5,3	C7		29						×		
424	Keflavíkurvegur												
01	Reykjanesbraut–Njarðarbraut	0,6	A22	167	125	42				×	×		
425	Nesvegur												
02	Reykjanesviti–Staður		C8		8					×	×		
427	Suðurstrandarvegur												
05–06	Ísólfsskáli–Herdísarvík	14,6	C8	650			300	350		×	×		×
12–13	Herdísarvík–Þorlákshöfn	33,6	C8	1.481	1.015	230	236			×	×		×
2421	Safnavegur												
01	Á Skógum	0,4	C7	18	17	1				×	×		
	Samtals Suðurkjördæmi				**3.302**	**2.661**	**1.618**	**814**					

Reykjavík og Suðvesturkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
	Undirbúningur verka utan áætlunar			555	207	81	102	165					
1	Hringvegur												
f3	Úlfarsfellsvegur–Hafravatnsvegur		A22	89	24	65					×		
f4	Hafravatnsvegur–Þingvallavegur	1,6	A22	561	41	200	320			×	×		
f5	Vegamót við Leirvogstungu	0,5	A22	389	244	145				×	×		
f5	Undirgöng við Klébergsskóla		A22	72	57	15				×			
40	Hafnarfjarðarvegur												
02	Gatnamót við Nýbýlaveg		A34	48	45	3				×	×		
03	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		A34	400			400				×		
41	Reykjanesbraut												
11	Gatnamót við Stekkjarbakka		A34		4								
12	Gatnamót við Arnarnesveg		A34	174	151	23				×	×		
12	Um Kópavog og Garðabæ	4,7	A34		148					×	×		
13	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		A34		175					×	×		
42	Krýsuvíkurvegur												
01	Reykjanesbraut–Ásvellir		C9		7						×		
49	Nesbraut												
03	Reykjanesbraut–Hafnarfjarðarvegur (strætóreinar)		A34		5						×		
411	Arnarnesvegur												
05	Reykjanesbraut–Rjúpnavegur	4,2	A22	1.260				500	×		×		
415	Álftanesvegur												
04	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	4,5	A22	1.394	234	4	430	726		×	×		×
431	Hafravatnsvegur												
02	Úlfarsfellsvegur–Hringvegur			12	10	2				×	×		
454	Holtavegur												
01	Sæbraut–Holtabakki				1								
	Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur			1.039	167	172	350	350		×	×	×	
	Smærri verk og ófyrirséð			87	32	15	20	20					
	Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu			77	23	2	2	50	×	×	×	×	
	Öryggisaðgerðir			400			200	200		×			
	Hjóla- og göngustígar			400			200	200		×	×	×	
	Göngubrýr og undirgöng			200			100	100		×	×		
	Samtals Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæmi				**1.575**	**727**	**2.124**	**2.311**					

Norðvesturkjördæmi

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
		Undirbúningur verka utan áætlunar			299	166	68	40	29					
1		Hringvegur												
	g5	Um Borgarfjarðarbrú, vegrið	2,5	B12	60			60			×			
	g6	Um Borgarnes	0,4	B15,5	9	7	2				×			
	h0–h1	Grafarkot–Brekkunef	9,3	C10	203	193	10				×	×		
	k1	Um Hrútafjörð	8,5	C9	59	48	11				×	×		×
	n0–n1	Um Norðurárdal í Skagafirði	14,0	C9	6	3	3				×	×		
50		Borgarfjarðarbraut												
	4	Um Reykjadalsá	2,2	C8	290			150	140		×	×		
54		Snæfellsnesvegur												
	03	Um Hítará	0,7	C8		2	1							
	05	Um Haffjarðará	1,4	C8	360			180	180		×	×		
	10	Um Fróðárheiði	5,4	C8	221	192	25	1	3		×	×		×
55		Heydalsvegur												
	02	Um Stampafossgil	0,4	C7		5					×			
59		Laxárdalsvegur												
	01	Vestfjarðavegur–Gröf	3,6	C7	123	50	65	6	2		×	×		×
60		Vestfjarðavegur												
	03	Um Tunguá	0,3	C8		12					×	×		
	05	Laxá hjá Búðardal	0,5	C8	191	186	5				×	×		
	09	Um Svínadal	13,5	C8		3								
	24	Reykhólasveitarvegur–Þorskafjarðarvegur	6,1	C8	78	58	20				×	×		
	29	Kleifastaðir–Fjarðarhorn	9,6	C8		16					×	×		×
	31–33	Eiði–Kjálkafjörður	16,1	C8	3.150			634	1.100	×	×	×		×
	33–34	Kjálkafjörður–Vatnsfjörður	15,9	C8	718	159	475	84			×	×		×
	43	Um Hjarðardalsá		C8	5	4	1				×	×		
	47	Breiðadals- og Botnsheiðargöng		C8	129	9		120			×			

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Norðvesturkjördæmi														
61		Djúpvegur												
	07	Krossárdalsvegur–Broddanes	4,0	C8	171	140	30	1			×	×		
	26–29	Ísafjörður–Mjóifjörður	10,1	C8	448	361	86	1			×	×		×
	38	Um Arnardalsá		C8		1					×	×		
	45	Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng)	8,3	C8	4.552	2.439	2.113				×	×	×	×
72		Hvammstangavegur												
	01	Um Hvammstanga	1,0	C8	62	60	2				×			
504		Leirársveitarvegur												
	01	Leirá–Svínadalsvegur	4,5	C7	19	18	1				×	×		
509		Akranesvegur												
	01	Þjóðbraut	0,7	C10		3					×	×		
550		Kaldadalsvegur												
	02	Austan Tröllháls	9,4	C8		11					×	×		×
574		Útnesvegur												
	03	Um þjóðgarð	16,9	C7	60	52	8				×	×		×
576		Framsveitarvegur												
	01	Snæfellsnesvegur–golfvöllur	4,9	C7	25	24	1				×	×		
605		Tröllatunguvegur												
	01	Vestfjarðavegur–Djúpvegur	25,4	C8	821	661	142	18			×	×		×
643		Strandavegur												
	02	Djúpvegur–Drangsnesvegur (1. áfangi)	4,0	C7	64	62	2				×	×		×
	02	Djúpvegur–Drangsnesvegur (2. áfangi)	3,8	C7	480			330	150		×	×		×
722		Vatnsdalsvegur												
	04	Hvammur–Hringvegur	8,2	C7	174	170	4				×	×		
744		Þverárfjallsvegur												
	03	Skagavegur–Sauðárkrókur	12,4	C8	22	19	3				×	×		×
745		Skagavegur												
	02	Örlygsstaðir–Krókssel	2,4	C7	48	44	4				×	×		
		Samtals Norðvesturkjördæmi				**5.178**	**3.082**	**1.625**	**1.604**					

Norðausturkjördæmi

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
		Undirbúningur verka utan áætlunar			329	111	78	70	70					
1		Hringvegur												
	p7–p8	Gatnamót og undirgöng á Akureyri		A22	32	14	18				×	×		
	q2	Vaðlaheiðargöng	7,5	C9	102	102					×	×	×	×
	s6–s7	Ármótasel–Skjöldólfsstaðir 2	7,8	C8	161	157	4				×	×		×
	s7	Um Ysta Rjúkandi	1,0	C8		14		180			×	×		
	t1	Um Rangá hjá Flúðum	0,2	C8		15					×	×		
	t6	Litla Sandfell–Skriðdalsvegur	11,0	C8	523	212	259	52			×	×		×
	t8	Um Selá í Breiðdal		C8		11					×	×		
	u7	Valtýskambur–Sandbrekka	5,1	C8	306	229	77				×	×		
	v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	4,2	C8		12					×	×		
76		Siglufjarðarvegur												
	15	Héðinsfjarðargöng	14,3	C8	5.254	2.207	3.047				×	×		×
82		Ólafsfjarðarvegur												
	05	Snjóflóðavarnir við Sauðanes	1,0	C8				50		×	×	×		
85		Norðausturvegur												
	09	Sýslumörk–Lón		C8		1					×	×		×
	15	Hófaskarðsleið	30,0	C8	1.338	658	590	90			×	×		×
	14c	Fremri Háls–Sævarland	8,0	C8	115	110	5				×	×		×
	14d	Raufarhafnarleið	14,0	C8	468	117	335	16			×	×		×
	43	Vopnafjörður–Brunahvammsháls 2. áfangi	38,0	C8	1.826	814	517	380	115	×	×	×		×
92		Norðfjarðarvegur												
	07	Hólmaháls	5,0	C9	289	251	38				×	×		×
	09	Norðfjarðargöng	16,0	C8	9.500			220	1174	×	×	×	×	×
	12	Flugvöllur–Neskaupstaður		C9		10								×
94		Borgarfjarðarvegur												
	06	Lagarfossvegur–Unaós	4,0	C8	106	99	7				×	×		
	07	Innri Hvannagilsá		C8		9					×	×		
96		Suðurfjarðavegur												
	04	Fáskrúðsfjarðargöng		C8		21					×			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Norðausturkjördæmi													
815	Hörgárdalsvegur												
01	Brakandi–Björg	4,8	C7	24	21	3				×	×		
816	Dagverðareyrarvegur												
01	Hringvegur–Gásir	4,5	C7	18	16	2				×	×		
821	Eyjafjarðarbraut vestri												
05	Sandhólar–Nes	5,5	C7		5					×	×		
828	Veigastaðavegur												
01	Hringvegur–Eyjafjarðarbraut eystri	3,9	C7		7						×		
833	Illugastaðavegur												
02	Slitlagsendi–Illugastaðir	9,9	C7	88	87	1				×	×		
862	Dettifossvegur												
01	Hringvegur–Dettifossvegur vestri	25,0	C8	970	320	560	90			×	×		×
925	Hróarstunguvegur												
04	Vífilsstaðavegur–Hringvegur	1,4	C7	26	22	4				×	×		
931	Upphéraðsvegur												
01	Fellabær–Ekkjufell	1,6	C7		10					×	×		
8490	Knarrarbergsvegur												
01	Veigastaðavegur–Leifsstaðavegur	1,1	D4	44	43	1				×	×		
9572	Mjóeyrarvegur												
01	Norðfjarðarvegur–höfn	0,7	C8		27						×		
	Þéttbýlisstaðir				4								
	Samtals Norðausturkjördæmi				**5.736**	**5.546**	**1.148**	**1.359**					

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður m.kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Samtals stofn- og tengivegir				**15.791**	**12.016**	**6.515**	**6.088**					
Sameiginlegt og óskipt												
Sameiginlegur jarðgangakostnaður				10	10	10	10					
Samgöngurannsóknir				21	20	20	20					
Breytingar á Herjólfi				28	45							
Tengivegir, malbik						380	300					
Héraðsvegir				86	98	200	200					
Landsvegir utan stofnvegakerfis				109	100	100	100					
Styrkvegir				85	80	80	80					
Reiðvegir				70	60	65	65					
Smábrýr					30	30	37					
Girðingar				105	100	100	100					
Samtals sameiginlegt og óskipt				**514**	**543**	**985**	**912**					
Samtals stofnkostnaður				**16.305**	**12.559**	**7.500**	**7.000**					

5. ÁÆTLUN UMFERÐARSTOFU
5.1 Fjármál.
5.1.1 Tekjur og framlög.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
Ríkistekjur	226,6	202,8	172,4	172,4	774,2
Sértekjur	293,0	234,1	234,1	234,1	995,3
Ráðstöfun höfuðstóls samkvæmt sérstakri ákvörðun	45,7	113,5	113,5	113,5	386,2
Tekjur samtals	**565,3**	**550,4**	**520,0**	**520,0**	**2.155,7**

5.1.2 Gjöld.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
Rekstur og þjónusta	565,3	550,4	520,0	520,0	2.155,7
Rekstur samtals	**565,3**	**550,4**	**520,0**	**520,0**	**2.155,7**

6. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN
6.1 Fjármál.
6.1.1 Tekjur og framlög.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
Frá vegáætlun	349,5	340,0	300,0	300,0	1.289,5
Flutt frá fyrra ári	16,5	0	0	0	16,5
Til ráðstöfunar alls	**366,0**	**340,0**	**300,0**	**300,0**	**1.306,0**

6.1.2 Gjöld.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	**Samtals**
Ökumaður og farartæki	98,0	81,0			
Áróður og fræðsla	30,5	32,0			
Öruggari vegir og umhverfi þeirra	227,0	224,0			
Samstarf og þróun	10,5	3,0			
Samtals	**366,0**	**340,0**	**300,0**	**300,0**	**1.306,0**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. INNGANGUR

Samgönguáætlun 2007–2010 var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 17. mars 2007. Vegna mikils niðurskurðar á þorskkvóta haustið 2007 var ákveðið að gera viðauka við áætlunina sem samþykktur var sem þingsályktun á Alþingi 29. maí 2008. Ýmis verkefni úr áætluninni eru enn í vinnslu þótt öðrum sé lokið.

Að öllu eðlilegu hefði átt að leggja fram og samþykkja endurskoðaða samgönguáætlun 2009–2012 á 135. löggjafarþingi, en vegna óvissu í efnahagsmálum varð ekki af því.

Samgönguráð vinnur nú að gerð tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022, stefnumarkandi langtímaáætlun. Samhliða tillögunni verður lögð fram tillaga að nánari áætlun fyrir fyrstu fjögur ár tímabilsins, þ.e. 2011–2014. Sem hluti af vinnunni eru unnar tillögur að undirmarkmiðum og að störfum eru vinnuhópar, m.a. um almenningssamgöngur, umhverfismál, öryggismál, höfuðborgarsvæðið og forgangsröðun framkvæmda.

Samgönguáætlun þessi er lögð fram með skiptingu fjármagns til framkvæmda árin 2011 og 2012 með hliðsjón af því að stórframkvæmdir í samgöngumálum með lánum frá lífeyrissjóðunum hefjist á áætlunartímabilinu. Þeim fjármunum, sem losna við ákvörðun um þær framkvæmdir, verður ráðstafað til framkvæmda á landsbyggðinni.

1.1 Þróun ríkisfjármála, fyrirvarar.

Með tilliti til framangreinds og þess að áætlun um ríkisfjármál 2011 og 2012 liggur ekki fyrir þótt samdráttur sé fyrirsjáanlegur er í tillögu þessari gert ráð fyrir nálægt 10% samdrætti í framlögum til rekstrar frá 2010 til 2011 og sömu framlögum 2012. Gert er ráð fyrir um 10% niðurskurði á framkvæmdafé Siglingastofnunar Íslands og til flugmála en til vega-framkvæmda verði varið 7.500 millj. kr. árið 2011 og 7.000 millj. kr. árið 2012.

Með tillögu þessari er gerð grein fyrir ráðstöfunum fjármuna í samræmi við fjárlög áranna 2009 og 2010 og framangreindum framlögum árin 2011 og 2012 á verðlagi fjárlaga 2010, nema 2009 er á verðlagi fjárlaga 2009.

1.2 Sóknaráætlun.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Markmið þeirrar áætlunar (sóknaráætlunar fyrir Ísland) er að landið skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf að huga sérstaklega að því hvernig hægt er að tryggja samkeppnishæfni landsins til lengri tíma. Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Grundvöllur atvinnustefnunnar á að byggjast á fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðum viðskiptaháttum, jafnrétti og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Með sóknaráætlun er gert ráð fyrir samþættingu opinberra áætlana. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Þannig er gert ráð fyrir að samgönguáætlun verði samþætt öðrum áætlunum sem falla undir sóknaráætlunina, þ.m.t. fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun, ferðamálaáætlun og áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þá er gert ráð fyrir að í þeirri samþættingu felist samræmi í forgangsröðun í þágu sameiginlegra markmiða. Gert

er ráð fyrir að sú samþætting og samræmd forgangsröðun liggi fyrir í haust og geti breytt tímasetningum á röðun framkvæmda í þessari áætlun.

1.3 Sameining samgöngustofnana.

Nú stendur yfir umfangsmikil vinna við endurskipulagningu samgöngustofnana í framhaldi af tillögum nefndar um framtíðarskipan stofnana samgöngumála sem taldi að unnt væri að ná fram hagkvæmari og faglega sterkari stofnunum með sameiningu og endurskipulagningu. Tillaga samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er sú að mynduð verði annars vegar stjórnsýslustofnun og hins vegar framkvæmda- og rekstrarstofnun. Að þessu er nú unnið í ráðuneytinu.

1.4 Almenningssamgöngur.

Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að auka hlut almenningssamgangna í samgöngum og þjónustu við borgarana. Þegar hefur farið fram greining á stöðu almenningssamgangna sem fram fer með styrkjum ríkisins. Hún takmarkast að mestu við ferjusiglingar og samgöngur milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Sú greining hefur leitt í ljós að nýting þessara almenningssamgangna er afleit og hagkvæmni er lítil og er t.d. verið að styrkja fleiri en eina tegund almenningssamgangna á nokkra staði sem eru í innri samkeppni. Ljóst er að grundvallarbreytingar verður að gera á skipulagi almenningssamgangna og framkvæmd. Svigrúm til breytinga nú er þó lítið þar sem stór hluti fjármuna til samgöngumála er bundinn eins og er, auk þess sem flestir samningar vegna almenningssamgangna eru til ársloka 2010. Þá hefur ekki hingað til verið sett fram stefna um hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum höfuðborgarsvæðisins eða aðkomu ríkisins að þeim. Ljóst er að við núverandi aðstæður verður hlutur almenningssamgangna ekki aukinn nema með tilflutningi fjármuna til málaflokksins og að einhverju leyti frá öðrum þáttum samgangna.

Unnið er nú að langtímastefnumörkun varðandi almenningssamgöngur sem kynnt verður í 12 ára áætluninni í haust. Þar verður m.a. leitast við að móta stefnu um hvernig tryggja megi lágmarksþjónustu vegna ferða milli svæða á landinu og flutning almennings innan svæða til að sinna þörfum samfélags og atvinnulífs. Lögð verður áhersla á samvinnu við svæðasamtök sveitarfélaga til að efla málaflokkinn. Mikilvægt er nú að draga úr skattlagningu almenningssamgangna og að ekki sé mismunað eftir því hvort um samgöngur innan sveitarfélaga eða á milli sveitarfélaga er að ræða. Mikilvægt er að endurgreiddir verði að fullu skattar af olíugjaldi á almenningssamgöngur en jafnframt verði þá sett þjónustumarkmið um tíðni og hlutverk almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

1.5 Umhverfismál.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er rík áhersla lögð á umhverfismál. Eitt brýnasta verkefnið sem stjórnvöld standa nú frammi fyrir er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þar með hlýnun jarðar. Að mörgu leyti hefur staða Íslands í loftslagsmálum skýrst eftir að ráðherraráð ESB samþykkti beiðni Íslands um að gera samkomulag milli Íslands og ESB um sameiginlegt markmið í loftslagsmálum. Með samkomulaginu mun iðnaður og flugstarfsemi þurfa að standast kröfur viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Þá þarf Ísland einnig að draga úr annarri losun – frá sjávarútvegi, samgöngum o.fl. – líklega um 30% til 2020 miðað við 2005. Drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem eru í vinnslu sýna að það ætti að vera vel gerlegt með markvissum aðgerðum, ekki síst á sviði samgangna, auk aðgerða

með bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfisráðherra hafa komist að samkomulagi um að vinna saman að verkefnum sem lúta að þessum sameiginlegu markmiðum í umhverfismálum. Ljóst er að mörg verkefni á sviði umhverfismála kalla á skýra framtíðarsýn, nýja hugsun og oft flóknar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi. Önnur verkefni eru einfaldari í framkvæmd. Mikilvægt er að hefja nú þegar undirbúning og framkvæmd slíkra verkefna. Við endurskoðun 12 ára samgönguáætlunar sem nú stendur yfir er unnið að nánari stefnumörkun á þessu sviði.

1.6 Hjólreiðastígaáætlun.

Miðað er við að stórefla möguleika á notkun reiðhjóla sem samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu með gerð áætlunar og til framkvæmda í stígagerð. Vísað er til heimildar í vegalögum, nr. 80/2007, til að veita fé af samgönguáætlun til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem skal gerð að höfðu samráði við sveitarfélög. Reiknað er með að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði að undangengnum samningum þar um.

1.7 Strandsiglingar.

Til skoðunar hefur verið með hvaða hætti mætti koma á strandsiglingum að nýju með það að markmiði að draga annars vegar úr landflutningum með tilheyrandi álagi á vegakerfið og hins vegar til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið þar sem siglingar eru mun umhverfisvænni kostur. Starfshópur á vegum ráðuneytisins hefur verið að skoða þessa kosti m.a. hvort ekjusiglingar með flutningavagna („roll-on/roll-off“) milli Reykjavíkur og stærstu hafna innan lands (Ísafjarðar, Sauðárkróks, Akureyrar og Reyðarfjarðar). En ýmislegt bendir til að strandflutningaþjónusta, þar með talið með ekjuskipum („roll-on/roll-off“) geti verið hagkvæm, sérstaklega fyrir vagna sem ekið er eftir vegum til skips og frá skipi. Haldið verður áfram að skoða möguleika á þessu og leitað viðbragða hagsmunaaðila og um leið kannað hvort og að hvaða marki aðkoma ríkissjóðs er nauðsynleg.

1.8 Sérstök fjármögnun, gjaldtaka.

Með stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í kjölfar efnahagshrunsins, um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum, var óhjákvæmilegt að gripið yrði til róttækra aðgerða, þ.m.t. með verulegum niðurskurði verklegra framkvæmda og með því að setja skorður við frekari skuldaaukningu ríkissjóðs. Þessar aðgerðir eru í samræmi við og byggðar á samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við þessar aðstæður hefur verið horft til annarra valkosta auk hefðbundinnar fjármögnunar við fjármögnun stærri vegaframkvæmda, þ.m.t. einkaframkvæmd[1] og eða annað fyrirkomulag fjármögnunar með gjaldtöku.

Ljóst er að markaðir tekjustofnar til samgöngumála standa ekki undir brýnum framkvæmdum. Því er mikilvægt að finna aðrar fjármögnunarleiðir.

---

[1] Í skýrslu nefndar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði til að leggja mat á aðrar aðferðir í fjármögnun samgönguframkvæmda kemur fram „[m]eð einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, má auka tekjur til vegamála. Einkaframkvæmd er að mati nefndarinnar álitleg leið í samgönguframkvæmdum, ef hún að núvirði er ódýrari kostur en eigin framkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku er fyrir hendi og annar kostur er um leiðarval, þegar sértækri gjaldtöku er beitt. Með þeim hætti hefur einkaframkvæmd ekki áhrif á röð annarra framkvæmda. Tryggt verði að jafnræðis og gagnsæis verði gætt við val á framkvæmdaraðilum.“ Önnur leið sem valkostur þykir þó ekki skipta máli t.d. í Noregi þar sem litið er fyrst og fremst á gjaldtökuleið sem aðferð til að flýta framkvæmd sem öllum beri að taka þátt í.

Í samræmi við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og samtaka vinnumarkaðarins var ákveðið að kanna hvort efla mætti atvinnu og halda uppi viðunandi framkvæmdastigi næstu missirin með þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun margvíslegra framkvæmda. Þar á meðal eru ýmsar vegaframkvæmdir, svo sem við Suðurlandsveg, Vesturlandsveg, Vaðlaheiðargöng, Sundabraut, tvöföldun Hvalfjarðarganga og bygging samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll. Viðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið milli stjórnvalda og fulltrúa lífeyrissjóðanna vegna fjármögnunar þessara verkefna.

Ljóst er að til að ráðast í stórframkvæmdir, þ.m.t. þær sem taldar voru hér að framan, án aukinnar skuldsetningar ríkissjóðs, verður að taka upp notendagjöld. Ef horft er til þeirra aðferða sem notaðar eru í ríkjum í kringum okkur þá hafa notendagjöld verið nýtt til að standa undir kostnaði af rekstri og uppbyggingu samgöngukerfisins (notandi greiðir), til að stýra notkun með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og síðan til að flýta fyrir framkvæmdum sem þegar hafa verði ákveðnar innan langtímaframkvæmdaáætlana.

Það er ekki nýtt að gert sé ráð fyrir sérstakri fjármögnun í samgönguáætlun. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir og verkefni á sviði flugmála, siglingamála og vegamála yrðu fjármagnaðar þannig. Ástæða þess var sú að um var að ræða viðamiklar framkvæmdir sem rúmuðust ekki innan markaðra tekna. Í gildandi samgönguáætlun 2007–10 er gert ráð fyrir að nokkrar framkvæmdir verði fjármagnaðar sérstaklega. Nefna má lengingu Akureyrarflugvallar, byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík o.fl. Þá hefur verið horft til sérstaks átaksverkefnis í uppbyggingu flutningabrauta frá Reykjavík til Akureyrar annars vegar og frá Reykjavík að Markarfljóti hins vegar, auk þess sem gert var ráð fyrir gerð Vaðlaheiðarganga. Í áætluninni er ekki tekin bein afstaða til þess með hvaða hætti þessi fjármögnun á sér stað.

Mikilvægt er að með gjaldtöku á notendur er annars vegar hægt að leggja í mannaflsfrekar samgönguframkvæmdir til að halda upp atvinnu í landinu og hins vegar til að flýta einstökum framkvæmdum í forgangsröðun sem hefur þó ekki áhrif á röðun annarra framkvæmda sem fyrirhugað er að fara í í samræmi við langtímaáætlun í samgöngumálum. Rétt er að það komi til kasta fjárveitingarvaldsins, þ.e. Alþingis, að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða framkvæmdum eigi að flýta með gjaldtöku eða sérstöku framlagi.

Framkvæmdir sem hugsanlega kæmu til skoðunar í þessu sambandi eru taldar upp í köflum 2.2.5 og 4.1.3.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Flugmálastjórn Íslands.

Flugmálastjórn Íslands hefur starfað frá árinu 2007 í nýju formi eftir samþykkt laga nr. 100/2006 er breytti starfsemi stofnunarinnar töluvert. Þá fékk stofnunin aukið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk á sviði flugleiðsögu og flugvalla. Meginhlutverk stofnunarinnar er því vottun og heimildaveiting á öllum sviðum flugmála og eftirlit með þeirri starfsemi með flugöryggismál að leiðarljósi. Undir það fellur m.a. flugrekstur, skólar í flugstarfsemi, heimildir einstaklinga, stjórnun á lofthæfi, flugleiðsaga, flugvellir og flugvernd. Enn fremur gætir stofnunin hagsmuna íslenskra aðila í flugi á alþjóðavettvangi.

2.1.1 Helstu breytingar í áherslum frá fyrri samgönguáætlun.

Í flugöryggismálum er megináherslan á að framfylgja nýjum reglugerðum sem eru eða verða undir forræði Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA). Aðkallandi er orðið að innleiða

hér á landi reglugerð ESB nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur á sviði almenningsflugs og stofnun EASA, með breytingum.

Hvað varðar flugöryggi almennt eru áherslur stofnunarinnar byggðar á kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um gerð og útfærslu á flugöryggisáætlun og megináhersla stofnunarinnar árið 2010 verður á úttektum á gæðakerfum leyfishafa í flugmálum og í framhaldi af því á öryggisstjórnunarkerfum.

Í lofthæfismálum er áhersla á að innleiða nýjar kröfur EASA, þ.m.t. um staðfestingu á lofthæfi, og kröfur varðandi viðvarandi lofthæfi lítilla loftfara. Þá er unnið að áætlun til að vakta lofthæfisstöðu skráðra loftfara á Íslandi. Í flutningaflugi er áherslan á að innleiða endanlega og framfylgja flutningaflugsreglugerð ESB (EU-OPS). Hvað varðar flugleiðsögu þá skiptir þátttaka í sameinaða evrópska loftrýminu (SES-II) mjög miklu máli, bæði hvað varðar skipulagningu stjórnunar umferðar um loftrýmið og innleiðingu og eftirfylgni reglugerða ESB á þessu sviði. Vottun og starfsleyfisveiting fyrir nýtt flugleiðsögufyrirtæki (KEF/Flugstoðir) hérlendis er svo ein af áherslum ársins 2010 á þessu sviði.

Á dagskrá er einnig að taka afstöðu til þess hvort og hvernig Ísland verði aðili að Eurocontrol. Eins og er þá er Ísland eitt Evrópuríkja utan þeirrar stofnunar og vandséð að það þjóni hagsmunum Íslands til lengdar að standa utan þessara samtaka.

2.1.2 Starfsemi stofnunarinnar – helstu verkefni.

Nánast öll flugstarfsemi grundvallast á því að rekstraraðili geti sýnt fram á að allar kröfur, einkum flugöryggislegar, séu uppfylltar. Úttektir og vottun á rekstraraðilum til að sannreyna að skilyrði til heimildaveitinga séu til staðar eru því eðlilega ein stoð í starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Með reglubundnu eftirliti er svo fylgst með því að skilyrði heimildaveitinga séu ávallt fyrir hendi. Heimildaveitingar þessar snerta ýmsa þætti flugstarfsemi, svo sem

- lofthæfi loftfara og þar með stjórnun viðhalds og viðhaldsstöðva,
- flugrekstur í atvinnuskyni hjá flugrekendum og flugskólum,
- heimildaveitingu og eftirlit með einstaklingum og skírteinum þeirra,
- tilnefningar og heimildaveitingar til aðila er veita flugleiðsöguþjónustu,
- heimildir til að reka flugvelli og lendingarstaði og er eftirlit með þeirri starfsemi umfangsmest hvað varðar millilandaflugvelli,
- heimildaveitingar og eftirlit með flugverndarmálum og tengjast þau mál millilandaflugvöllum en einnig flugrekendum,
- heimildaveitingar erlendra flugrekenda sem vilja fljúga til og frá Íslandi, tengt réttindum samkvæmt sáttmálanum um Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO).

Kröfur um heimildaveitingar eru í nær öllum tilvikum alþjóðlegar og þar ganga reglur Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og almennar reglur ESB að jafnaði lengst. Í einstaka tilfellum er um að ræða íslenskar kröfur, t.d. reglur um heimasmíði loftfara, fis og loftför utan krafna EASA eins og söguleg loftför. Framangreindar kröfur byggjast á stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Vegna þess hve flug er alþjóðlegt og að stærsti hluti tekna aðila í rekstri í flugmálum er erlendur fer mikill hluti af starfsemi stofnunarinnar fram á erlendri grundu. Þá taka starfsmenn stofnunarinnar þátt í úttektum á flugöryggi og flugvernd í öðrum löndum fyrir hönd Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Stofnuninni ber auk þess að annast skoðanir á erlendum loftförum sem hingað koma fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

2.1.3 Alþjóðastarf.

Mikil alþjóðleg samskipti fara fram hjá Flugmálastjórn Íslands, t.d. við stofnanir eins og Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), Samtök flugmálastjórna í Evrópu (ECAC) og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA), auk annarra stofnana eins og Eurocontrol. Megintilgangur alþjóðlegra samskipta Flugmálastjórnar Íslands er að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar og standast úttektir, gæta hagsmuna Íslendinga á þessum vettvangi og greiða götu einstaklinga og þeirra íslensku lögaðila sem stunda atvinnurekstur tengdan flugi. Það nær einnig til hinna nýju flugleiðsögufyrirtækja hérlendis eins og Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf.

Í október 2010 er fyrirhuguð úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) á flugmálum á Íslandi samkvæmt áætlun stofnunarinnar. Undirbúningur hefur staðið yfir hérlendis í meira en ár og spurningar ICAO sem svarað hefur verið skipta þúsundum.

Ísland náði kjöri í aðalráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) haustið 2007, fyrst og fremst fyrir tilstilli Norðurlandanna og Samtaka evrópskra flugmálastjóra (ECAC) en Norðurlöndin skiptast á að bjóða sig fram til setu í ráðinu sem kosið er í á þriggja ára fresti. Þessu fylgir að Ísland leiðir samstarf flugmálastjórna Norðurlandanna í Montreal í Kanada til haustsins 2010 og veitir sameiginlegri skrifstofu Norðurlandanna (NORDICAO) forustu.

Stofnunin tekur þátt í öflugu samstarfi þeirra ríkja sem annast flugleiðsögu á Norður-Atlantshafinu (NAT-SPG) og er í miklum tengslum við Evrópustöðvar ICAO í París. Stofnunin kemur einnig að gerð loftferðasamninga með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

2.1.4 Fjármál.

Stjórnsýsluverkefni Flugmálastjórnar Íslands og alþjóðasamstarf, svo og eftirlit í þágu almannaheilla breytast ekki verulega á milli ára en þó er stöðugt verið að bæta við verkefnum á því sviði eins og auknu eftirliti í flugvernd, eftirliti með réttindum flugfarþega, flugtæknilegri umfjöllun um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda o.fl.

Beint framlag úr ríkissjóði er áætlað 240 millj. kr. fyrir árið 2010 en rekstrartekjur 198,6 millj. kr. Markaðar tekjur eru 21,4 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingu tekna milli áranna 2009 og 2010 en framlag ríkisins lækkar um 3 millj. kr. Miðað við 10% samdrátt í rekstrarkostnaði 2011 og óbreyttar ríkistekjur lækkar framlag af almennum skattekjum um 46 millj. kr. 2011. Ekki er gert ráð fyrir breytingum milli áranna 2011 og 2012. Þjónustutekjur grundvallast á nákvæmu verkbókhaldi.

Ný reglugerð um gjaldskrá fyrir þjónustu Flugmálastjórnar Íslands tók gildi 1. janúar 2007. Gerðar hafa verið tvær breytingar síðan, sú fyrri tók gildi 22. janúar 2008 og sú síðari tók gildi 24. júlí 2009. Stefnt er að árlegri endurskoðun þar sem þjónustutekjur Flugmálastjórnar Íslands eru fyrst og fremst greiðslur einstaklinga og lögaðila fyrir vottanir og staðfestingar eða eftirlit sem þeir hafa þörf fyrir starfsemi sinnar vegna. Þessa þjónustu gætu viðskiptavinir Flugmálastjórnar Íslands í mörgum tilfellum sótt til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu ef svo vildi til að þeir teldu það hagkvæmara þar sem flug á þessu svæði byggist á gagnkvæmri viðurkenningu.

Hluti kostnaðar og umfang rekstrar Flugmálastjórnar Íslands er háð umsvifum í íslenskum flugmálum þó að stofnunin geti ekki aukið afkastagetu sína eða dregið úr henni með sama hraða og aðilar í flugrekstri. Það tekur um eitt til tvö ár að lágmarki að þjálfa upp nýjan eftirlitsmann og til að standast úttektir erlendra aðila á stofnuninni verður ákveðinn lágmarksfjöldi eftirlitsmanna og sérfræðinga að starfa á hverju sviði. Kostnaður við eftirlit eykst eftir því sem þeim fjölgar sem hafa heimildir útgefnar af stofnuninni en minnkar að ákveðnu marki ef samdráttur verður. Þjónustutekna Flugmálastjórnar Íslands verður í raun ekki aflað

án þess að beint vinnuframlag komi til. Erfitt er að áætla hvort eftirspurn eftir vottunarþjónustu, heimildaveitingu og eftirliti eykst eða minnkar. Á árinu 2009 var nokkur samdráttur í flugrekstri þeirra sem hafa heimildir frá stofnuninni og tekjur stofnunarinnar minnkuðu að sama skapi. Ekki er búist við frekari samdrætti og er frekar von um einhverja aukningu aftur á árinu 2010. Nauðsynlegt er að geta brugðist við breytingum af þessu tagi með heimild til tekjuöflunar og ráðstöfunar þegar umsvif eru mikil og nota rekstrarafgang til að bæta upp tekjumissi vegna minni umsvifa.

Stefnt er að því að þeir rekstraraðilar sem hafa heimildir frá Flugmálastjórn Íslands greiði um 50% af heildarkostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, byggt á kostnaðarlíkani og greiningu sem endurspeglist í gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, þar á meðal eftirlit. Að lokum er rétt að geta þess að í flugmálum eru úttektir, skoðanir og eftirlit oftast eins konar framhaldsvottun á heimildaveitingu og er því tilkomið í þágu rekstaraðila sem greiða fyrir þjónustu stofnunarinnar og stuðla að áframhaldandi rekstri öflugs samgöngukerfis.

2.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, fjármál.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 102/2006 hafa Flugstoðir ohf. frá 1. janúar 2007 annast flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur sem áður var á höndum Flugmálastjórnar Íslands. Þá hefur Keflavíkurflugvöllur ohf. frá 1. janúar 2009 annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2008. Enn fremur sér félagið um rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í kjölfar niðurstöðu starfshóps sem fjalla skyldi um mögulega sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. var talið rétt að stefna að sameiningu þessara opinberu hlutafélaga. Helstu röksemdir sameiningar tóku mið af því að hægt yrði að ná fram aukinni hagræðingu og rekstrarhagkvæmni. Þá var talið að með sameiningu félaganna mætti efla starfsemina sem undir félögin falla auk þess sem talið var að sameinað félag yrði betur í stakk búið til að veita þá þjónustu sem því er ætlað að sinna. Með lögum nr. 153/2009 hefur nú verið ákveðið að sameina þessi opinberu hlutafélög í nýtt opinbert hlutafélag, FLUG-KEF, sem stofnað hefur verið af þessu tilefni. Nú er unnið að samruna félaganna en miðað er við að honum verði lokið í apríl 2010.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur gert þjónustusamninga við Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöll ohf. um rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu en gert er ráð fyrir að þeir færist til hins nýja félags.

Fram að brotthvarfi Bandaríkjahers af landinu 30. september 2006 ráku Bandaríkin Keflavíkurflugvöll en fengu framlög frá NATO til ákveðinna viðhalds- og nýframkvæmda. Frá því að íslenska ríkið tók við rekstri Keflavíkurflugvallar hefur litlu fé verið varið til viðhalds- og nýframkvæmda á flugvellinum. Við stofnun Keflavíkurflugvallar ohf. var hluti af fasteignum og lausabúnaði flugvallarins lagt til félagsins á meðan aðrar fasteignir ríkisins, þar á meðal flugbrautirnar, eru á ábyrgð Varnarmálastofnunar en hluti lausabúnaðar er enn leigður af Bandaríkjunum. Á næstu árum mun þurfa að ráðast í umfangsmikil og kostnaðarsöm viðhaldsverkefni á innviðum flugvallarins, þ.m.t. á flugbrautum, og tryggja þarf fjármögnum þeirra verkefna með gjaldtöku af notendum eða framlagi af fjárlögum.

Nú er unnið að því að taka upp nýjar reglur Evrópusambandsins um gjaldtöku á flugvöllum. Samkvæmt reglunum telst Keflavíkurflugvöllur í samkeppnisrekstri og fellur undir ríkisstyrkjareglur á Evrópska efnahagssvæðinu sem takmarkar heimildir til fjármögnunar úr ríkissjóði. Ríkinu er þó heimilt að styrkja þjónustu sem er ekki af viðskiptalegum toga, svo

sem flugvernd og flugumferðarstjórn. Aðlögun að nýjum reglum er hafin og mun halda áfram á tímabilinu. Með lögum nr. 15/2009, um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, voru skattarnir lendingargjald (71. gr. a) og öryggisgjald (71. gr. b) felldir niður en þess í stað var flugvallarrekendum heimilað að taka upp þjónustugjöld. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og flugvallarskattur og varaflugvallargjald samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, verði felld niður en þjónustugjöld tekin upp þeirra í stað. Að hluta til er þetta tilkomið vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, sem hefur talið að álagning varaflugvallargjaldsins sé ekki í samræmi við skuldbindingar sem leiði af EES-samningnum. Ekki liggur fyrir hvenær af þessu verður og því er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi í áætluninni.

Framangreind þróun er í samræmi við tillögur vinnuhópa á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem jafnframt leggja áherslu á að rekstur félaganna verði gerður sjálfbær, sbr.:

1. skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála, mars 2005,
2. skýrslu starfshóps um fjármögnun flugvalla, maí 2009,
3. skýrslu starfshóps um sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf.

2.2.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu eru flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Brottfararfarþegar í millilandaflugi greiða varaflugvallagjald en því er ætlað að standa undir þeim viðbótarrekstrar- og fjárfestingarkostnaði sem hlýst af varaflugvallarhlutverki innanlandsflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Flugvallaskatturinn er hins vegar lagður á alla brottfararfarþega bæði í innanlands- og millilandaflugi. Varaflugvallagjald og flugvallaskattur skiluðu rúmum 1.005 millj. kr. á árinu 2009 og gert er ráð fyrir 717 millj. kr. tekjum á árinu 2010. Umtalsverð lækkun er vegna fækkunar farþega til landsins. Á árinu 2007 voru farþegar um Keflvíkurflugvöll tæpar tvær milljónir en þeir voru um 1.650 þúsund á árinu 2009. Farþegaspár benda til þess að lítil breyting muni verða á heildarfarþegafjölda á árinu 2010.

Samkvæmt fjárlögum hefur verið heimilt að nýta 605,4 millj. kr. af mörkuðum tekjum til verkefna samkvæmt áætluninni hvort ár, en mismunurinn er nýttur til að greiða niður viðskiptaskuld á framkvæmdalið verkefna. Þessi viðskiptaskuld er tilkomin vegna láns Flugstoða ohf. á árinu 2008 hjá ríkissjóði vegna framkvæmda við lengingu Akureyrarflugvallar, gerð aðflugsbúnaðar við völlinn og til að flýta malbiksyfirlögn. Gert var ráð fyrir að lánið yrði endurgreitt af flugmálaáætlun á tíu árum, fyrst 2009. Greiddar voru inn á viðskiptahreyfingu vegna lánsins 399 millj. kr. á árinu 2009 og gert er ráð fyrir 111 millj. kr. greiðslu á árinu 2010.

Sérstök fjármögnun. Liðurinn sérstök fjármögnun er til að gera grein fyrir þeim verkefnum sem ætlað er að fjármögnuð verði með sérstökum hætti. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili flugvallanna fjármagni framkvæmdir með láni, m.a. hjá lífeyrissjóðunum, en þau lán verði endurgreidd með sérstakri gjaldtöku, innritunargjöldum og öðrum tekjum af rekstri fasteignanna. Nánar er gerð grein fyrir þessum verkefnum í kafla 2.2.5.

2.2.2 Rekstrargjöld.

Umsamið endurgjald þjónustusamnings vegna reksturs innanlandssamgöngukerfisins er í samræmi við fjárlög eða 1.190,1 millj. kr. vegna ársins 2009 og 1.122 millj. kr. vegna ársins 2010. Þá var Flugstoðum gert að hagræða í rekstri sínum á árinu 2009 vegna bágrar stöðu ríkissjóðs um 100 millj. kr. Tap var á rekstri innanlandskerfisins bæði árin sem mætt hefur

verið að hluta með framlagi af öðrum rekstrareiningum. Miðað við óbreytt þjónustustig er ljóst að erfitt verður að ná endum saman í rekstrinum. Gæta verður þess að uppfylla reglugerðarkröfur við takmörkun á þjónustustigi þannig að ekki komi til lokunar flugvalla. Gert er ráð fyrir að með lækkuðu þjónustustigi náist að lækka kostnað og draga úr taprekstri. Lagðar hafa verið fram tillögur um upptöku þjónustugjalds vegna flugleiðsögu innan lands auk hækkunar á gjaldskrá.

2.2.3 Viðhald.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að áætlunarflugvellir uppfylli kröfur um lágmarksástand. Dýrustu framkvæmdir á þessu sviði á áætlunartímanum eru viðhald á yfirborði flugbrauta og annarra athafnasvæða flugvéla. Málun flugbrauta fellur undir þennan lið og viðhald bygginga og rafbúnaðar.

2.2.4 Stofnkostnaður.

Í frumvarpi til fjárlaga 2009 voru 422 millj. kr. áætlaðar til stofnframkvæmda í flugmálum. Vegna efnahagsástandsins voru 200 millj. kr. skornar af þessum lið í fjárlögum og eftir standa, með uppfærðum verðlagsforsendum 258 millj. kr. Sama fjárhæð er til ráðstöfunar 2010 en reiknað er með að þessi fjárhæð verði skorin niður um 10% til viðbótar árin 2011 og 2012 þannig að aðeins verði til ráðstöfunar 232 millj. kr. hvort ár.

2.2.4.1 Keflavíkurflugvöllur.

Eins og fram er komið greiddu Bandaríkjaher og NATO fyrir framkvæmdir og meiri háttar viðhald á flugvellinum fram að brottför Bandaríkjahers 30. september 2006. Samkvæmt svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur frá því í febrúar 2005 voru framkvæmdir varnarliðsins og NATO, samtals á 10 ára tímabili, 1994–2004, 12,7 milljarðar kr. á verðlagi þessara ára.

Samkvæmt sérfræðiskýrslu Ríkisendurskoðunnar vegna stofnefnahagsreiknings Keflavíkurflugvallar ohf. og rekstraráætlunar félagsins til 10 ára eru árlegar fjárfestingar að meðaltali um 1,8 milljarðar kr. Jafnframt, miðað við forsendur félagsins, verður sjóðstreymi þess neikvætt um 17 milljarða kr. í lok áætlunartímabilsins. Ljóst er að til að svo fari ekki þurfa að koma til umtalsverðar gjaldskrárhækkanir enda verða framlög ríkisins til flugvallarins háð ríkisstyrkjareglum ESB.

Af þessum sökum er ekki reiknað með framlögum af fjárlögum til framkvæmda né viðhalds. Reiknað er með að það þurfi að koma af sjálfsaflafé flugvallarins. Hér á eftir er gerð grein fyrir nauðsynlegustu framkvæmdum áranna og hefur þá allri meiri háttar viðhalds- og endurnýjunarþörf verið frestað eins og unnt er en ljóst er að takmörk eru fyrir því hve lengi er hægt að fresta slíku.

Áætlun um helstu fjárfestingar	**millj. kr.**
2009	374,0
Líflenging malbiks	136,0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	44,0
Aðflugsbúnaður og flugbrautarljós	19,0
Vélar og tæki (snjóplógar)	137,0
Eldsneytislögn	20,0
Fraktflughlað	18,0

2010		253,9
Svarratsjá	91,9	
VORTAC-viti	33,7	
Viðgerð og nýtt malbik á Háaleitishlað, flugvélastæði 105–111	25,7	
Líflengingarefni og rannsóknir á akbraut Kíló 3–4	30,6	
Líflengingarefni á akbraut Echo	45,0	
Riðbreytir 50/60 Hz – Hólsvellir 12	27,0	
2011		292,5
Viðgerð og endurnýjun malbiks á flughlaði við flugstöð LE	225,0	
Líflengingarefni á akbraut, nóvember	40,5	
Riðbreytir 50/60 Hz – Hólsvellir 12	27,0	
2012		614,7
Viðgerð og endurnýjun malbiks á flughlaði við flugstöð LE	85,0	
Lenging aðflugsljósa við flugbraut 29 um 600 m	90,0	
Viðgerð og nýtt malbik á akbraut Kíló 3–4	432,0	
Líflengingarefni á akbraut Charlie 3	7,2	

2.2.4.2 Aðrir alþjóðaflugvellir í grunnneti.

Reykjavík: Sendar og móttakarar verða endurýjaðir 2010 og boðskiltum á flugbrautum breytt. Marker-viti við Elliðavatn verður endurnýjaður 2011. Endurnýjaður verður NDB-viti við Skaga 2012. Gert er ráð fyrir að byggður verði fyrsti áfangi vélageymslu á Reykjavíkurflugvelli árið 2011.

Samgöngumiðstöð: Nánar er gerð grein fyrir því verkefni í grein 2.2.5 Sérstök fjármögnun.

Akureyri: Á Akureyrarflugvelli var lokið lengingu flugbrautar og verkefnum tengdum því árið 2009 en fjárveiting til þess verkefnis var að mestu leyti frá árinu 2008. Þá var einnig lokið uppsetningu vararafstöðvar. Akbraut að flugminjasafni var malbikuð 2009 og lokið verður frágangi bílastæða 2010. Einnig hefur verið lokið við endurnýjun aðflugsbúnaðar fyrir hina lengdu braut, þar á meðal uppsetningu blindaðflugskerfis. Núverandi flughlað stenst ekki kröfur flugvallarreglugerðar um fjarlægðir stærri flugvéla frá flugbraut og verður hönnun nýs flughlaðs lokið 2010. Sendar og móttakarar verða endurýjaðir 2010 og NDB-viti 2012.

Flugstöð: Nánar er gerð grein fyrir því verkefni í grein 2.2.5 Sérstök fjármögnun.

Egilsstaðir: Egilsstaðaflugvöllur er nú mest notaði varaflugvöllur fyrir Keflavík. Lokið var 2009 við að girða Egilsstaðaflugvöll sunnan megin til samræmis við flugverndarkröfur. Núverandi flughlað stenst ekki kröfur flugvallarreglugerðar um fjarlægðir stærri flugvéla frá flugbraut og verður hönnun nýs flughlaðs lokið 2010. Veðurkerfi á Egilsstaðaflugvelli var endurnýjað 2009. Gert er ráð fyrir að ljósabúnaður við endaöryggissvæði við suðurenda verði lagfærður til að uppfylla reglugerðarkröfur um endaöryggissvæði og aðflugsljós fyrir aðflug úr suðri verða sett upp árið 2010 til að uppfylla reglugerðarkröfur. Sendar og móttakarar verða endurýjaðir 2010 ásamt fjarskiptastjórnbúnaði í turni. Reiknað er með að ganga frá endaöryggissvæði við norðurenda 2012 þannig að svæðið nýtist til flugtaka til að vinna á móti styttingu á suðurenda vegna breytinga þar til að uppfylla kröfuna um endaöryggissvæði.

2.2.4.3 Aðrir flugvellir í grunnneti.

Gerðar verða endurbætur á yfirborðum flugbrauta Vestmannaeyjaflugvallar bæði árið 2010 og 2011.

Sendar og móttakarar verða endurýjaðir á Ísafjarðarflugvelli 2010 og yfirlag á flugbraut endurbætt 2012.

Byggingu véla- og tækjageymslu á Þingeyrarflugvelli var lokið 2009.

Á Bíldudal verður sett upp upptökutæki 2011.

Á Þórshafnarflugvelli var gamla vararafstöðin frá Egilsstöðum sett upp 2009.

Að kröfu heilbrigðisyfirvalda voru rotþrær og lagnir endurnýjaðar á Hornafjarðarflugvelli og Vopnafjarðarflugvelli 2009.

Á Vopnafjarðarflugvelli verður settur upp NDB-viti 2011.

2.2.4.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Gert er ráð fyrir að malarslitlag verði endurbætt á fimm flugbrautum árið 2009 og á einni flugbraut árið 2010.

2.2.4.5 Aðrar framkvæmdir, búnaður og verkefni.

Undir þennan lið heyra verkefni sem ekki eru bundin við einstaka flugvelli.

Kostnaðarhlutdeild innanlandsflugs vegna stofnkostnaðar alþjóðaflugþjónustu. – Þessi liður er vegna kostnaðarhlutdeildar Íslands í stofnkostnaði flugstjórnarkerfa, en liðurinn fjármagnar stofnkostnað innanlandshluta Flugstjórnarmiðstöðvarinnar í samræmi við samninginn um Alþjóðaflugþjónustuna. Yfirstandandi er viðamikil framkvæmd við endurnýjun fjarskiptastjórnkerfis fjarskiptastöðva og fjarskiptanets flugstjórnarmiðstöðvarinnar.

Leiðarflug. – Gert er ráð fyrir uppsetningu fjarskiptabúnaður á fjallastöðvum fyrir leiðarflug innan lands, jafnframt er gert ráð fyrir endurbótum á leiðsögubúnaði.

GNSS/AIS/Upplýsingaþjónusta. – GPS-kortagerð og mælingar ásamt endurgerð OBST-korta á alþjóðaflugvöllum, áskrift að kortagrunnum og þjónustusamningur vegna FRAME-APS-gagnagrunns AIP-handbókar.

Veðurupplýsingakerfi. – Endurbætur á miðlægum hluta veðurupplýsingakerfis Flugstoða.

Flugvernd og öryggismál. – Þessi liður fjármagnar uppbyggingu flugverndarmannvirkja, m.a. kaup á vopnaleitar-, flugverndar-, björgunar- og öryggisbúnaði flugvalla.

Til leiðréttinga og brýnna verkefna. – Þessi liður, sem er of vægt áætlaður, sérstaklega í núverandi efnahagsástandi, fjármagnar brýn verkefni sem upp kunna að koma á hverju ári og nauðsynlegt er að leysa með skömmum fyrirvara. Samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þarf fyrir slíkum verkefnum. Einnig er þessi liður notaður til fjármögnunar á öðrum verkefnum samgönguáætlunar sem hafa farið fram úr áætlun, m.a. vegna verðlagsþróunar. Til greina kemur að gert verði áhættumat vegna hindrana við flugvelli.

Þróun og áætlanagerð. – Þessi liður fjármagnar hönnun og gerð frumáætlana, t.d. gerð frumkostnaðaráætlana vegna gerðar samgönguáætlana framtíðarinnar. Einnig þróun aðferða við áhættumat á hindrunum við flugbrautir, auk forrita sem notuð eru við utanumhald eigna og framkvæmda. Fyrir liggur átaksverkefni um áætlanagerð yfir nauðsynlegar úrbætur gagnvart alþjóðlegum og innlendum stöðlum í flugvallarmálum landsins, m.a. flugbrautum og öryggissvæðum, til undirbúnings úttekta á vegum EASA og ICAO á næstu árum.

Stjórnunarkostnaður. – Þessi liður fjármagnar stjórnun og stoðþjónustu vegna framkvæmda og skýrslugerðir samkvæmt kröfum í þjónustusamningi.

2.2.5 Sérstök fjármögnun.

Undir þennan lið falla samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli og stækkun flugstöðvarinnar á Akureyri. Forsenda framkvæmdarinnar er að rekstraraðili flugvallanna fjármagni

byggingarnar og lóðaframkvæmdir með láni m.a. hjá lífeyrissjóðunum en þau lán, 2,2 milljarðar kr., verði endurgreidd með sérstakri gjaldtöku, innritunargjöldum og öðrum tekjum af rekstri fasteignanna. Ekki liggur fyrir hve há þessi gjaldtaka á notendur þarf að vera. Þetta kallar á umfjöllun Alþingis og samráð við notendur.

Jafnframt verður að gera grein fyrir fjármögnun flughlaða, 1,6 milljörðum kr., sem ekki er gerð tillaga um í þessari áætlun. Heildarkostnaður vegna þessara framkvæmda er því áætlaður 3,8 milljarðar kr. Undirbúningur að samgöngumiðstöð í Reykjavík og stækkun flugstöðvar á Akureyri eru vel á veg komin. Deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll er í undirbúningi.

2.2.5.1 Samgöngumiðstöð í Reykjavík.

	m²	**millj. kr.**
Aðalbygging	3.300	1.100
Lóð og bílastæði	20.500	174
Flughlað	40.000	650
Heildarkostnaður		1.974

2.2.5.2 Stækkun flugstöðvar á Akureyri.

	m²	**millj. kr.**	
Viðbygging og breyting á núverandi húsnæði	viðb. 1.930		900
Flughlöð:	25.400		984
1. áfangi: Norðan flugstöðvar		636	
2. áfangi: Bílastæði og skurður		50	
3. áfangi: Frágangur á nyrðri hluta flughlaðs		136	
4. áfangi: Syðri akbraut		40	
5. áfangi: Syðri akbraut		122	
Heildarkostnaður			1.884

2.3 Flugöryggismál.

Eftirlit með flugstarfsemi og flugöryggi er samtvinnað þar sem byggt er á því að rekstraraðilar og einstaklingar sýni fram á að kröfur til þessarar starfsemi séu uppfylltar. Úttektir og vottun til að sannreyna að skilyrði til heimildaveitinga séu til staðar eru því eðlilega ein meginstoðin í starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Áherslur í eftirliti hafa þróast á undanförnum árum yfir í að fylgjast með því að innri eftirlitskerfi fyrirtækjanna séu fullnægjandi (gæðakerfi og verklag). Auk þessa hafa kröfur um formleg öryggisstjórnunarkerfi (SMS) komið fram síðustu ár og varðar það m.a. flugrekstur, flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvalla. Samhliða þessum kröfum á fyrirtækin er aukin krafa á eftirlit Flugmálastjórnar þar sem áherslan er sú að úttektarkerfi stofnunarinnar muni frekar grundvallast á greiningu á gögnum.

Þau gögn eru einkum skýrslur um flugatvik og upplýsingar úr úttektum. Slík greining miðar að því að leggja áherslu á úrbætur á sviðum þar sem veikleikar eða áhætta finnst og eins til að fylgjast með því að frammistaða kerfa sé innan eðlilegra marka. Í tengslum við þetta hefur Flugmálastjórn unnið stöðugt að bættri skráningu á flugatvikum og hefur tekið þátt í þróun á gagnagrunni á vegum ESB í ECCAIRS.

Til að ná betri árangri í úrvinnslu á gögnum af þessu tagi hefur ICAO sett fram tillögur um að aðildarríki skilgreini sérstaka áætlun um flugöryggi sem skilgreinir tengsl eftirlitskerfa með flugstarfsemi ásamt því sem settir eru skilgreindir mælikvarðar og markmið. Dæmi um

slíkan mælikvarða er að fjöldi alvarlegra flugatvika og flugslysa í flutningaflugi sé innan tiltekinna marka t.d. með viðmiðið 100.000 flugstundir eða ein milljón fluga. Flugmálastjórn vinnur að því að innleiða slíka áætlun um flugöryggi ásamt því að festa gæðakerfi stofnunarinnar frekar í sessi.

Með verkefnastofni um flugöryggi voru skráð mörg hugsanleg umbótaverkefni með aðkomu hagsmunaaðila. Sum þeirra verkefna sem tilgreind eru þar eru hluti af núverandi starfsemi Flugmálastjórnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en önnur þurfa sérstök fjárframlög til að verða sett á laggirnar.

Forgangsverkefni.

Nr.	Verkefni
1	*Áætlun um flugöryggi samkvæmt kröfum ICAO.* Ljúka sérstakri áætlun um flugöryggi samkvæmt kröfum ICAO *(State Safety Program)* og tilheyrandi aðlögun eftirlits. Þetta verkefni er komið vel áleiðis en áætlunina þarf að festa í sessi og leita leiða til að styrkja greiningu á gögnum til að ná fram sem hagkvæmustu eftirliti. Þetta verkefni felur í sér að skilgreina nánar samhengi krafna, fyrirkomulag eftirlits og greiningu á atvikum með áherslu á áhættugreiningu. Þessi nálgun á við eftirlit stofnunarinnar á svo til öllum sviðum nema hvað varðar flugvernd. Ekki er gert ráð fyrir að viðbótarfjármagn þurfi til að ljúka þessari áætlun að sinni. Stefnt er að því að gerð þessarar áætlunar verði lokið á árinu 2010.
2	*Innleiðing öryggisstjórnunarkerfa.* Fullnægja þarf kröfum um öryggisstjórnarkerfi. Kynning á öryggisstjórnarkerfum og þróun á eftirliti með þeim. Þessi kynning er þegar hafin sem og þjálfun eftirlitsmanna. Þessu þarf að fylgja áfram úr hlaði en þessi mál eru komin lengst í flugleiðsögu og á flugvöllum. Von er á frekari kröfum í annarri flugstarfsemi á næstu þremur árum, t.d. í flugrekstri, þjálfun og viðhaldsstöðvum. Frekari kynningu fyrir hagsmunaaðila og þjálfun eftirlitsmanna verður lokið á árinu 2010.
3	*Greining á flugatvikum.* Sérstök verkefni tengd greiningu flugslysa og flugatvika hjá Flugmálastjórn og rannsóknarnefnd flugslysa. Þetta tengist verkefni 1 og styrkir það. Með samvinnu við t.d. háskólasamfélagið er hægt að framkvæma sérhæfðar greiningar og jafnframt þróa aðferðir sem stuðla að því að koma á framfæri flugöryggislegum upplýsingum úr gagnagrunnum Flugmálastjórnar.
4	*Breytingar á kröfum – undirbúningsvinna Flugmálastjórnar og fyrirtækja.* Undirbúa þarf innleiðingu á nýjum reglugerðapakka varðandi flugleiðsögu – *Single European Sky*. Breyting og aðlögun vegna breyttra reglugerða hvað varðar flugleiðsögu. Þessar reglugerðir eru tilbúnar frá ESB: – EASA: PART-OPS og PART-FCL. Kröfur um flugrekstur og þjálfunarmál sem koma í stað EU-OPS og JAR-FCL. Undirbúa aðlögun. Enn er um að ræða drög að kröfum frá EASA (NPAs). (Áhersla 2010–2012.) – EASA: PART-OR og PART-AR. Kröfur um eftirlit Flugmálastjórnar og kröfur á stjórnkerfi fyrirtækja í flugstarfsemi. Undirbúa aðlögun. Enn er um að ræða drög að kröfum frá EASA (NPAs). (Áhersla 2010–2012.) – EASA: Kröfur um flugvelli og flugleiðsögu: Drög liggja ekki enn fyrir en eru í deiglunni. (Áhersla 2011–2012.)

Nr.	Verkefni
5	*Ferjuflugmenn.* Bæta upplýsingagjöf til ferjuflugmanna sem eiga leið um Ísland. Þetta felst fyrst og fremst í upplýsingagjöf, þ.m.t. samráð við þjónustuaðila.
6	*Tilkynningarkerfi án skyldu.* Kanna þarf möguleika á að koma þessu á með einföldum hætti. Móta úrvinnslu á slíkum gögnum.
7	*Ýmis verkefni.* Ýmis verkefni úr verkefnastofni og önnur tengd. Eftirtalin verkefni koma helst til álita en eru háð fjárframlögum. – Eftirlit með flugafgreiðslu. – Móta nánar aðferðir varðandi tilkynningarkerfi án skyldu. – Eftirfylgd við tilmæli rannsóknarnefndar flugslysa. – Ný tækni í flugleiðsögu. Móta nánar stefnu og kröfur varðandi GPS-aðflug sem getur komið í stað dýrari búnaðar. Koma jafnframt á framfæri upplýsingum um hagnýta notkun GPS í almannaflugi.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

Siglingamálaáætlun fjallar um rekstur og framkvæmdir sem eru á forræði eða í umsjón Siglingastofnunar Íslands. Í verkbókhaldi Siglingastofnunar Íslands er haldið utan um kostnað við einstök verkefni. Kostnaði við yfirstjórn, bókhald og almenna skrifstofu er deilt út á verkefni og þannig séð til þess að þjónustuverkefni sem greidd eru af almennum viðskiptavinum, jafnt sem verkefni kostuð af ríkissjóði, standi undir kostnaði við yfirstjórn og skrifstofu.

Rekstrarverkefnum má skipta upp í stjórnsýsluverkefni, leiðsögukerfi á sjó og vöktun skipaumferðar, eftirlit með skipum, rannsóknir á náttúrufari hafs og stranda, öryggi sjófarenda og að lokum áætlun um öryggi sjófarenda.

Helstu framkvæmdir í umsjá Siglingastofnunar Íslands eru ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir og sjóvarnargarðar. Hafnakafli siglingamálaáætlunar byggist á hafnalögum, nr. 61/2003, með áorðnum breytingum. Í samræmi við ákvæði laganna mun ríkið draga úr fjárstuðningi til nýframkvæmda í höfnum á áætlunartímabilinu og þá sérstaklega í stærri höfnunum. Upphaflega stóð til að breyting á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í nýjum hafnarmannvirkjum tæki gildi í upphafi árs 2007 en gildistöku þessa ákvæðis hefur verið frestað nokkrum sinnum með bráðabirgðaákvæði í hafnalögum þannig að styrkhlutfall sé óbreytt frá eldri hafnalögum, nr. 23/1994. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að leggja til við Alþingi að gildistöku breytinganna verði frestað enn um sinn þannig að ríkissjóði verði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum í samræmi við eldri lög til ársloka 2012. Tillaga um framlög til hafnarframkvæmda árin 2011 og 2012 byggist á að framangreind breyting á hafnalögum nái fram að ganga.

3.1 Fjármál.

Heildarfjármagn.

Á grundvelli fjárlaga 2009 gerði Siglingastofnun í janúar það ár tillögu að breytingu á gildandi áætlun sem einungis náði til reksturs og framkvæmda ársins 2009. Breytingarnar voru fyrst og fremst fólgnar í nýjum kostnaðaráætlunum, niðurskurði framkvæmda og aðlögun rekstrarverkefna að fjárlögum ársins 2009.

Sú áætlun sem hér er lögð fram nær yfir tímabilið 2009–2012. Áætlun fyrir árin 2009 og 2010 byggist á fjárlögum þeirra ára ásamt breytingu sem gerð var á áætluninni í upphafi árs 2009 og stöðu verka um síðustu áramót.

Heildarfjármagn til siglingamála á áætlunartímabilinu 2009–2012 nemur 7.980 millj. kr. Stærsti hlutinn, eða 6.289 millj. kr., er framlag úr ríkissjóði en að auki eru markaðar tekjur, vitagjald 865 millj. kr. og almennar ríkistekjur og sértekjur 826 millj. kr.

3.1.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur.

Samkvæmt lögum um vitamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum, er vitagjaldi ætlað að standa undir starfsemi Siglingastofnunar Íslands. Í lögunum er vitagjaldið ákveðið 125,12 kr. af hverju brúttótonni skips, þó aldrei lægra en 4.900 kr. af hverju skipi. Vitagjaldinu var síðast breytt með lögum nr. 144/2009. Erlend skip greiða fjórðung vitagjalds við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári.

Framlag úr ríkissjóði.

Áætlað ríkisframlag til siglingamála á áætlunartímabilinu nemur 6.289 millj. kr. Um þriðjungur þeirrar fjárhæðar, eða 2.118 millj. kr., mun renna til Landeyjahafnar. Að auki er gert ráð fyrir að í fjáraukalögum 2010 muni þurfa 150,5 millj. kr. framlag til Landeyjahafnar svo hægt verði að taka höfnina í notkun um mitt ár 2010.

Sértekjur.

Sértekjur koma af verkefnum sem seld eru út fyrir stofnunina. Stærsti einstaki liðurinn er þóknun fyrir umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum. Reiknað er með að þessar tekjur muni dragast saman á tímabilinu. Af öðrum verkefnum má nefna yfirferð gagna vegna nýsmíða og breytinga á skipum og ýmis skírteini fyrir skip og áhafnir.

Gert er ráð fyrir að samið verði sérstaklega við rekstraraðila Landeyjahafnar um greiðslu fyrir afnot af farþegaaðstöðu og bryggju og viðhaldsdýpkun hafnarinnar.

3.1.2 Rekstur og þjónusta.

Helstu rekstrar- og þjónustuverkefni Siglingastofnunar:

Hafnamál: Undir þennan lið falla verkefni svo sem gerð áætlana um uppbyggingu hafna og sjóvarna og umsjón með framkvæmdum.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort: Undir þennan lið falla m.a. dýptarmælingar, botnrannsóknir, gerð grunnkorta og líkantilraunir af höfnum, rannsóknir sem tengjast ákveðnum framkvæmdum, grunnkort af höfnum og líkantilraunir.

Á árinu 2010 verður lokið líkantilraunum af stórskipahöfn utan við Eiðið í Vestmannaeyjum og næsta verkefni í röðinni verður líkantilraun af stækkun Akraneshafnar.

Úttekt á hafnaraðstæðum fyrir nýja atvinnustarfsemi verður gerð á eftirtöldum stöðum. Akranesi, Arnarfirði, Bolungarvík, Finnafirði, Gunnólfsvík, Fjarðabyggð, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og vestan Straumsvíkur. Þá verða kannaðir möguleikar á nýrri innsiglingu við Hornafjarðarós og úrbætur á dýpi á Grynnslunum. Á sumum af þeim stöðum sem taldir eru hér að framan getur úttekt leitt til þess að farið verði í líkantilraunir.

Rekstur Hafnabótasjóðs: Í hafnalögum er kveðið á um að stofnunin annist vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og er afmörkuð fjárhæð ætluð til þess verkefnis. Hafnabótasjóður skiptist í tvær deildir, A-deild sem ætlað er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum og B-deild sem ætlað er að fjármagna viðgerðir tjóna á sömu mannvirkjum.

Siglingavernd: Markmið siglingaverndar er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum. Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd laga nr. 50/2004, um siglingavernd. Þá annast stofnunin erlent samstarf tengt siglingaverndinni sem eðli máls samkvæmt er allmikið.

Skipamál: Á stjórnsýslusviði stofnunarinnar er unnið að undirbúningi og kynningu á laga- og reglugerðarsetningu á sviði siglinga-, vita- og hafnamála og fylgir því erlent samstarf, m.a. við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO), Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA), Evrópusambandið (ESB) og fleiri aðila. Auk þess undirbýr stofnunin fundi siglingaráðs þar sem kynnt eru drög að frumvörpum og reglugerðum.

Haldin er skrá yfir skip og báta og gefin út mælibréf, skrásetningarskírteini og þjóðernisskírteini fyrir íslensk skip, en starfræktur er sérstakur gagnagrunnur vegna þessarar starfsemi. Þá sér stofnunin um útgáfu skírteina til íslenskra sjómanna, atvinnukafaraskírteina og skírteina fyrir leiðsögumenn og hafnsögumenn skipa. Siglingastofnun hefur eftirlit með lögskráningu sjómanna og gefur út undanþágur og veitir starfsleyfi vegna fyrirtækja í ferðaþjónustu á sjó, ám og vötnum.

Vitar og leiðsögukerfi: Undir þennan lið fellur rekstur vitakerfisins ásamt rekstri vöktunar- og upplýsingakerfa fyrir siglingar og fiskveiðar í íslensku efnahagslögsögunni, þ.m.t. rekstur leiðréttingastöðva fyrir GPS, rekstur sjálfvirks auðkenniskerfis skipa, AIS, og móttaka upplýsinga frá LRIT (Long Range Identification and Tracking) um gervihnetti. Einnig er um að ræða umsjón með rekstri rafræns tilkynningarkerfis skipa (SafeSeaNet) og rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Siglingastofnun Íslands sér um innleiðingu þessa kerfis.

Vaktstöð siglinga: Vaktstöð siglinga starfar samkvæmt lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og ber ábyrgð á starfseminni, þ.m.t. vegna alþjóðlegs samstarfs er að þessu lýtur.

Skipaeftirlit: Siglingastofnun ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits með skipum og hefur eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa. Þá sér stofnunin um upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, framkvæmir skyndiskoðanir, fer yfir teikningar og önnur gögn vegna nýsmíði skipa og breytinga á þeim, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði og sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína.

Hafnarríkiseftirlit: Siglingastofnun annast eftirlit með ástandi og mönnun erlendra kaupskipa sem taka höfn hér á landi. Gert er ráð fyrir að 25% erlendra farþega- og flutningaskipa, sem koma til hafnar í hverju aðildarríki, séu tekin til skoðunar með það að markmiði að draga úr siglingum undirmálsskipa um heimshöfin.

Rannsóknir og þróun: Kostnaður við rannsóknir og þróun er áætlaður 50 millj. kr. árið 2010 en 39,7 millj. kr. næstu tvö ár þar á eftir. Undir þennan lið fellur öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og íbúa á strandsvæðum og grunnrannsóknir sem nýtast við hönnun hafnarmannvirkja, sjóvarnargarða og annarra mannvirkja við strendur landsins. Helstu verkefnaflokkar eru:

Hafna- og strandrannsóknir: Þessar rannsóknir tengjast höfnum en eru óháðar einstökum mannvirkjum og felast m.a. í öldufarsreikningum og rannsóknum á efnisflutningum og frumáætlunum. Helstu verkefni eru: Öldufars- og efnisburðarrannsóknir vegna ferjulægis við Bakkafjöru, landbrot við Vík í Mýrdal, Jökulsá á Breiðamerkursandi og siglingaöryggi stærri fiskiskipa á grunnsævi, einkum á Grynnslunum utan við Hornafjarðarós.

Umhverfisrannsóknir: Lögð verður sérstök áhersla á verkefni er tengjast siglingu stórra skipa í íslenskri efnahagslögsögu. Helstu verkefni eru: Upplýsingakerfi um veður og sjólag, sjávarföll, rek stórra skipa, hafíss og mengandi efna ásamt könnun á sjávarflóðum, rannsóknir á hækkun sjávarborðs af völdum veðurfarsbreytinga og undirstöðukönnun á virkjun vinds, öldu og sjávarfalla.

Rannsóknir sem tengjast öryggi skipa og áhafna: Áhersla verður lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkosta að sá lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í lög og reglugerðir um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru: Hreyfimælingar á skipum og rannsóknir á sjóveiki sem og þreytu um borð í skipum, stöðugleiki skipa, nýting andveltigeyma, rannsóknir á hávaða, hleðsla og ofhleðsla smábáta, loftflæði til aðalvéla skipa, loftræstikerfi skipa, eigin skoðanir skipa, umhverfisvænir orkugjafar, afgashreinsun frá aðalvélum skipa, veiðar og orkugreining.

Áætlun um öryggi sjófarenda: Framlag úr ríkissjóði til áætlunar um öryggi sjófarenda er áætlað 20 millj. kr. árið 2010 en 10 millj. kr. næstu tvö ár þar á eftir. Siglingastofnun fer með framkvæmd áætlunarinnar. Verkefnisstjórn, sem í eiga sæti fulltrúar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Landhelgisgæslu Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hagsmunaaðila, hefur eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðlar að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma. Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, gæða- og öryggiskröfur um borð í skipum og rannsóknir.

Í áætlun um öryggi sjófarenda eru nú lagðar megináherslur á öryggisstjórnun um borð í skipum. Tilgangur öryggisstjórnunar um borð í skipum er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir öruggri stjórn og að búnaður skips og hæfni skipverja sé eins góð og mögulegt er hverju sinni.

Helstu verkefnisflokkar áætlunarinnar:

Menntun og þjálfun sjómanna: Áhersla verður lögð á námsgagnagerð með kennsluefni fyrir sjómenn, útgáfu fræðsluefnis um menntun og þjálfun sjómanna og námskeið þeim tengd.

Fræðsluefni og miðlun upplýsinga: Helstu verkefnin undir þessum lið eru átaksverkefni með málfundum og ráðstefnum, fræðslupésar, myndefni og handbækur um öryggismál sjómanna, veggspjöld með leiðbeiningum og merkingum svo og upplýsingar á heimasíðu Siglingastofnunar um öryggisreglur fyrir skip, breytingar á þeim og upplýsingar um öryggismál almennt.

Öryggisstjórnun: Í þessari áætlun fær öryggisstjórnun um borð í skipum meira vægi í verkefnum en áður. Verkefnunum verður skipt niður í almenna öryggisstjórnun þar sem skilgreiningar og leiðbeiningar um öryggisstjórnun verða settar á vef Siglingastofnunar. Hugað verður að öryggisstjórnunarkerfum bæði í fiskiskipum og farþegaskipum ásamt hættumati og slysaskráningu.

Rannsókna- og þróunarverkefni: Eitt af meginverkefnum áætlunarinnar eru styrkveitingar með það að markmiði að hvetja hugvitsmenn til að koma með hugmyndir og tillögur að nýjum lausnum í öryggismálum sjófarenda. Reynt verður að auka og festa í sessi samstarf við nágrannaþjóðir okkar í rannsókna- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna eins og gert hefur verið í verkefninu um viðhorfskönnun sjómanna. Farið verður af

stað með rannsóknir á alvarlegum slysum ásamt verkefni um tryggingafræðilegt mat sjóslysa og kostnað samfélagsins af þeim.

Skilgreining stefnumótandi áherslna og markmiða: Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Stefnt skal að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum. Hafin er úrvinnsla er varðar skilgreiningu á stefnumótandi áherslum og markmiðum og eru myndir hér að neðan fyrsti liður í þessari úrvinnslu.

Mynd 1: Tilkynningar um slys.



Mynd 2: Dauðaslys á sjó.



Mynd 3: Fjöldi skipa sem hafa farist.



Mynd l sýnir þriggja ára meðaltalsfjölda tilkynntra slysa á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins, mynd 2 fjölda dauðaslysa og mynd 3 fjölda skipa sem hafa farist. Þessar tilkynningar eru frá öllum skipum en fjöldi starfandi á eingöngu við um fiskveiðar. Fjöldi starfandi sjómanna á kaupskipum á fyrri hluta tímabilsins var talsverður en er hverfandi á seinni hlutanum þannig að tilkynnt slys og dauðaslys á 10.000 manns eru marktæk á seinni hlutanum. Aukningu á tilkynningum um slys frá tímabilinu 1984–1986 má skýra að hluta með breytingum á lögum um slysabætur.

Mælanleg undirmarkmið: Á vegum Landspítala er unnið að heilsufræðilegum upplýsingum um slys á sjómönnum. Hér er um viðamikla vinnu að ræða sem þegar er farið af stað með. Siglingastofnun mun koma að þessari vinnu og nýta þær upplýsingar sem fram munu koma til að fullgera eftirtalin markmið.

Markmið 1: Dauðaslysum á sjó hefur fækkað mjög hin síðari ár eins og sjá má af mynd 2. Á þriggja ára tímabili 2007–2009 urðu að meðaltali 2,33 dauðaslys á hverja 10.000 starfandi sjómenn. Stefnt verður að því árin 2009–2012 að dauðaslysum fækki enn frekar.

Markmið 2: Skipskaðar hafa að meðaltali verið fimm árlega á þriggja ára tímabilum 1998–2006. Á þriggja ára tímabili 2007–2009 fórst að meðaltali eitt skip á ári. Stefnt verður að því árin 2009–2012 að skipsköðum fækki enn frekar. Samkvæmt rannsóknum rannsóknanefndar sjóslysa fjölgaði skipum sem sukku vegna óþekkts leka fram til ársins 2005 en hafa staðið í stað eftir það.

Markmið 3: Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári þegar miðað er við skráningar LSH og Slysaskrá Íslands. Þegar skráning þessara aðila liggur fyrir er hægt að takast á við þetta verkefni af fullum krafti.

Minjavernd og saga: Þær stofnanir sem mynduðu Siglingastofnun Íslands árið 1996 gegndu veigamiklu hlutverki í framþróun íslensks samfélags á 20. öld og er saga þeirra og viðfangsefni mikilvægur þáttur þjóðarsögunnar. Einnig eru varðveittar hjá stofnuninni minjar og skjöl af ýmsu tagi frá fyrri tímum. Siglingastofnun Íslands er ljós sú ábyrgð sem á henni hvílir gagnvart söguritun og minjavernd. Þegar hefur verið skráð saga íslenskra vita og saga

hafnargerðar á Íslandi. Takast þarf á við skrásetningu á sögu annarra verkefna sem stofnunin fæst við.

Siglingastofnun Íslands hefur einnig hug á að kynna sjó- og strandminjar með því að setja upp upplýsingaskilti, t.d. um merka vita, verstöðvar, lendingarstaði og hafnarmannvirki í samvinnu við áhugasama aðila. Þá hafa nokkrir vitar verið friðaðir og má búast við að verja þurfi fé til viðhalds á þeim í samræmi við friðunarskilmála.

Þjónustuverkefni: Hér er um að ræða ýmis verkefni sem seld eru viðskiptavinum Siglingastofnunar Íslands og þar sem greiðslur koma fyrir veitta þjónustu í formi sértekna. Kaupendur þjónustunnar eru fyrst og fremst hafnarsjóðir, útgerðir og sjómenn. Undir þennan lið falla t.d. hönnun, umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum og sjóvörnum, tækjaleiga, rekstrarvörur vegna innsiglingarljósa í eigu hafnarsjóða, yfirferð gagna vegna nýsmíði og breytinga á skipum, útgáfa skipsskírteina, starfsleyfa og atvinnuréttindaskírteina, námskeiðahald og sala á fræðsluefni fyrir sjómenn.

Rekstur Landeyjahafnar: Um er að ræða áætlaðan árlegan kostnað við rekstur hafnarmannvirkja, farþegaaðstöðu og viðhaldsdýpkun hafnarinnar.

3.1.3 Stofnkostnaður.

3.1.3.1 Vitar- og leiðsögukerfi.

Stefnt er að því að ljúka uppbyggingu sjálfvirks auðkenniskerfis skipa (AIS) árið 2011 þannig að það kerfi ásamt stafrænum valkallsbúnaði (DSC) Vaktstöðvar siglinga geti komið í stað STK-búnaðarins sem nýttur hefur verið í sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa. STK-kerfið er að verða úrelt, komið að endurnýjun, og því talið hagkvæmt að nýta AIS-kerfið sem tilkynningarkerfi.

Undir þennan lið fellur einnig nauðsynleg endurnýjun á búnaði vita og upplýsingakerfis um veður og sjólag.

3.1.3.2 Hafnarmannvirki.

Mat á áætluðum kostnaði ríkissjóðs við framkvæmdir í höfnum miðast við að greiðsluþátttaka ríkissjóðs haldist óbreytt samkvæmt eldri hafnalögum til ársloka 2012 og er þá miðað við að Alþingi samþykki enn einu sinn að framlengja ákvæði til bráðabirgða þar að lútandi í gildandi hafnalögum.

Í lok árs 2009 tók fjármálaráðuneytið ákvörðun um að gera þá tillögu til Alþingis að með lokafjárlögum 2008 skyldi fella niður hluta þeirrar fjárheimildar sem staðið hafði ónotuð á liðnum Hafnarmannvirki við árslok 2008 þannig að eftir stóðu einungis 97,5 millj. kr. Þetta skýrir að í töflu 3–1 eru endanlegar fjárheimildir ársins 2009 lægri en áætlaður ríkishluti framkvæmda. Þetta er síðan jafnað út árið 2010 með því að draga úr framkvæmdum.

3.1.3.3 Lendingabætur.

Hér er um að ræða styrki til einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga til framkvæmda utan skilgreindra hafnarsvæða. Styrkir þessir eru fyrst og fremst til framkvæmda á stöðum þar sem útgerð og/eða ferðaþjónusta er stunduð í atvinnuskyni. Í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 var ákveðið að fella niður þennan lið og er við það miðað að svo verði út áætlunartímabilið.

3.1.3.4 Ferjubryggjur.

Undir þennan lið falla framlög til viðhalds og endurbyggingar hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar svo sem í Breiðafjarðareyjum og við Ísafjarðardjúp.

3.1.3.5 Sjóvarnargarðar.

Framkvæmdum er raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B og C. Mörg verkefni sem voru á samgönguáætlun 2007–2010 komast ekki inn á þessa áætlun sökum mikils niðurskurðar á framlagi til sjóvarna. Enn fremur er töluvert af sjóvörnum 15–20 ára og eldri er þarfnast styrkingar sem ekki eru í þessari áætlun. Svo er á hitt að líta að um 17 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands, en 10–12 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum. Nýtt stórflóð mundi skapa nýja framkvæmdaþörf. Búast má við stórflóðum á 10–20 ára fresti sé tekið mið af reynslu.

Fjárveitingar til sjóvarna. Gert er ráð fyrir að vinna að sjóvörnum á áætlunartímabilinu fyrir samtals 640 millj. kr. Af þeirri fjárhæð greiðir ríkið 561 millj. kr., að meðtalinni ónotaðri fjárheimild í byrjun áætlunartímabils, en sveitarfélög og landeigendur 79 millj. kr.

3.1.3.6 Hafnabótasjóður framlag.

Hér er átt við framlag til B-deildar sjóðsins sem veitt hefur styrki til lítilla hafnarsjóða til að aðstoða þá við að fjármagna hluta hafna í nýframkvæmdum og styrki til tjónaviðgerða. Eignir B-deildar Hafnabótasjóðs voru að mestu uppurnar í árslok 2009 þar sem sjóðnum var gert að skila inn í ríkissjóð 200 millj. kr. af eigin fé með frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2008. Ekki er fyrir fram gert ráð fyrir framlögum í B-deild Hafnabótasjóðs. Þess í stað er gert ráð fyrir að sótt verði um það eftir þörfum í fjáraukalög til að sjóðurinn geta sinnt hlutverki sínu.

3.1.3.7 Landeyjahöfn.

Verkið var boðið út í júní 2008 og framkvæmdir hófust í framhaldi af því. Í árslok 2008 hafði verið unnið fyrir samtals 304 millj. kr. í Landeyjahöfn. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að framkvæmdakostnaður verði 3.132 millj. kr. Heildarkostnaður við verkið er því áætlaður 3.436 millj. kr. Stefnt er á að taka mannvirkið í notkun í júlí 2010.

3.1.3.8 Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði.

Ráðstafað var 10 millj. kr. framlagi á fjárlögum 2009 til að ljúka framkvæmdum við stækkun tollaðstöðunnar.

3.2 Flokkun hafna.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskihafnir. Staðalkröfurnar greinast í tvennt:

- tæknikröfur sem lúta að skipulagi hafna og hafnasvæða, gæðum innsiglingar og kyrrð í höfninni,
- notendakröfur sem eru reglur varðandi mat á nýtingu á bryggjuplássi, þ.e. hvort höfn annar þeim fjölda skipa sem þar leggur að og landar, enn fremur hvort aðstaða þarf að vera fyrir farmskip og viðmiðunarreglur varðandi ýmsan búnað hafna.

Þróun fiskiskipaflotans hefur síðustu áratugi verið í átt að stærri og djúpristari skipum. Siglingastofnun hefur aðlagað staðalkröfur til fiskiskipahafna að þessari þróun og er nú t.d.

krafist meira dýpis í stórskipahöfnum en áður var. Einnig hafa kröfur um burðarþol hafnarbakka aukist. Fyrir um tveimur áratugum var algengast að miða leyfilegt álag við 1–3 t/m^2. Nú er krafa um notaálag 4 t/m^2 á hafnarbökkum þar sem losun og lestun flutningaskipa fer fram og búast má við notkun gámalyftara.

Höfnum er skipt niður í fjóra flokka og eru mismunandi staðalkröfur gerðar í hverjum þeirra. Flokkun þessi hefur verið nýtt við að forgangsraða framkvæmdum með tilliti til ríkisframlags á hafnaáætlun. Flokkunin er unnin með hjálp reiknilíkans sem tekur mið af eftirfarandi:

– þjónustustigi sem höfn veitir,
– aflamagni sem landað er í viðkomandi höfn,
– verðmæti afla sem landað er,
– magni sem unnið er í viðkomandi verstöð,
– vöruflutningum sem fara um höfnina,
– aðstæðum til hafnargerðar á viðkomandi stað.

Allar hafnir í flokkum I og II eru í grunnneti. Auk þess eru í grunnneti ferjuhafnir þar sem eru reglubundnar ferjusiglingar og iðnaðarhöfnin á Grundartanga. Utan grunnnets eru flestar fiskihafnir í flokki III og IV og iðnaðarhöfnin við þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Flokkunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti, um leið og 12 ára áætlun.

Tafla 3-1. Flokkun hafna.

Flokkur I, stórar fiskihafnir:

*Akraneshöfn	Akureyrarhöfn	*Eskifjarðarhöfn
*Fáskrúðsfjarðarhöfn	Grindavíkurhöfn	Hafnarfjarðarhöfn
*Hornafjarðarhöfn	Ísafjarðarhöfn	*Neskaupstaðarhöfn
Reykjavíkurhöfn	*Reykjaneshöfn	Sauðárkrókshöfn
*Seyðisfjarðarhöfn	*Vestmannaeyjahöfn	*Vopnafjarðarhöfn
Þorlákshöfn		

* Hafnir þar sem löndun er á uppsjávarfiski 2008.

Flokkur II, meðalstórar fiskihafnir:

Bolungarvíkurhöfn	Dalvíkurhöfn	Djúpavogshöfn
Grundarfjarðarhöfn	Húsavíkurhöfn	Kópavogshöfn
Ólafsfjarðarhöfn	Ólafsvíkurhöfn	Patreksfjarðarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn	Rifshöfn	Sandgerðishöfn
Siglufjarðarhöfn	Skagastrandarhöfn	*Þórshöfn

* Höfn þar sem löndun er á uppsjávarfiski 2008.

Flokkur III, bátahafnir:

Bíldudalshöfn	Flateyrarhöfn	Hólmavíkurhöfn
Hvammstangahöfn	Raufarhöfn	Stykkishólmshöfn
Stöðvarfjarðarhöfn	Suðureyrarhöfn	Súðavíkurhöfn
Tálknafjarðarhöfn	Þingeyrarhöfn	

Flokkur IV, smábátahafnir:

Arnarstapahöfn	Árskógssandshöfn	Bakkafjarðarhöfn
Blönduóshöfn	Borgarfjarðarhöfn eystri	Breiðdalsvíkurhöfn
Brjánslækjarhöfn	Drangsneshöfn	Grenivíkurhöfn
Grímseyjarhöfn	Hjalteyrarhöfn	Hofsóshöfn
Hríseyjarhöfn	Kópaskershöfn	Mjóafjarðarhöfn
Norðurfjarðarhöfn	Vogahöfn	

Auk þeirra 59 fiskihafna sem tilgreindar eru í framantöldum fjórum flokkum eru nokkrir minni löndunarstaðir. Fyrir hvern flokk er miðað við hönnunarskip sem skilgreint er út frá lengd, breidd og djúpristu (sjá töflu 3-5).

Tafla 3-2. Skilgreining á hönnunarskipum eftir flokkum hafna.

Flokkur I **Stórar fiskihafnir**	**Flokkur II** **Meðalstórar fiskihafnir**	**Flokkur III** **Bátahafnir**	**Flokkur IV** **Smábátahafnir**
Fiskiskip,	**Fiskiskip,**	**Fiskiskip,**	**Fiskiskip,**
70–80 m löng	50–60 m löng	40–50 m löng	10–15 m löng
12–16 m breið	10–12 m breið	7–9 m breið	3–4 m breið
8–9 m djúprista	6–8 m djúprista *)	5–6 m djúprista *)	2–3 m djúprista
Flutningaskip,	**Flutningaskip,** **)		
100–130 m löng,	80–110 m löng,		
14–20 m breið	12–16 m breið		
6–7 m djúprista	5–6 m djúprista		

*) Ef löndun á uppsjávarfiski er yfir 10.000 tonn að meðaltali miðað við þriggja ára tímabil er tekið mið af dálki I, stórar fiskihafnir.

**)Ekki er þörf á aðstöðu fyrir flutningaskip ef samgöngur eru greiðar allt árið við nálæga flutningahöfn.

Tafla 3-3. Helstu staðalkröfur fyrir fjóra flokka hafna.

	Flokkur I Stórar fiskihafnir	**Flokkur II Meðalstórar fiskihafnir**	**Flokkur III Bátahafnir**	**Flokkur IV Smábátahafnir**
Innsigling, breidd rennu	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum
Sæflötur hafnar	Stærri en 10 ha	Stærri en 5 ha	Hafnarkví stærri en 1 ha með öruggu skjóli fyrir báta	Hafnarkví stærri en 70 m^2 x fjöldi smábáta sem notar höfnina > 5% tímans
Snúningssvæði	*Flutningaskip* D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Sé snúið við bryggju eða ef dráttarbátur er til aðstoðar telst vera í lagi þótt þvermál snúnings sé um 15% minna *Fiskiskip* D > 1,2 x lengd hönnunarskips	*Flutningaskip* D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Má þó vera allt að 20% minna snúnings-þvermál sé snún-ingur við bryggju eða ef dráttarbátur er til staðar *Fiskiskip* D > 1,2 x lengd hönnunarskips	D > 1,2 x lengd hönnunarskips	D > 1,2 x lengd hönnunarskips
Dýpi				
Innsigling	> 9,5 m á smástraumsfjöru, háð kenniöldu	> 8 m á smástraumsfjöru, háð kenniöldu	6,5 m á smástraumsfjöru, háð kenniöldu	4 m á smástraumsfjöru, háð kenniöldu
Snúningssvæði	> 9 m á smástraumsfjöru	> 7,5 m á smástraumsfjöru	> 6 m á smástraumsfjöru	> 3 m á smástraumsfjöru
Löndunarbryggja	> 9 m á stórstraumsfjöru	> 8 m á stórstraumsfjöru	> 6,5 m á stórstraumsfjöru	> 2,5 m á stórstraumsfjöru
Kyrrð, gæði viðlegukanta	A–B	A–B	A–B	A–B
Landrými við kanta	Athafnasvæði við flutninga- og löndunarkanta > 30 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta > 25 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta > 20 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Smábátar landa við krana. Akstursbreidd við krana > 12 m

4. VEGÁÆTLUN

Fjárhæðir áætlunarinnar á árinu 2009 eru í samræmi við samþykkt fjárlög og fjáraukalög fyrir það ár. Vegna efnahagsástandsins var ýmsum framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru á því ári samkvæmt gildandi samgönguáætlun frestað, auk þess sem fjárveitingar til almenns rekstrar, almenningssamgangna, þjónustu og viðhalds voru lækkaðar umtalsvert. Heildar-

framlag til vegagerðar í fjárlögum er 28.365 millj. kr., en samkvæmt fyrri vegáætlun 2007–10 fyrir árið 2009 var það 41.670 millj. kr. á sama verðlagi, eða 47% hærra. Fjárhæðir áætlunarinnar árið 2010 eru í samræmi við samþykkt fjárlög auk 3.658 millj. kr. sem fluttar eru af ónýttum fjárveitingum áranna 2008 og 2009. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til rekstrar Vegagerðarinnar, þjónustu, styrkja, rannsókna og viðhalds lækki um 1.060 millj. kr. 2011 og verði óbreyttar 2012. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður verði 7.500 millj. kr. 2011 og 7.000 millj. kr. 2012.

4.1 Fjármál.

Heildarfjármagn til vegamála samkvæmt fjárlögum á árinu 2010 er 19.159 millj. kr. Að auki fara 20,9 millj. kr. í greiðslu skulda við ríkissjóð.

Rúmlega 75% fjárins koma frá mörkuðum tekjustofnum eða 14.470 millj. kr. Einnig er ráðstafað 61,6 millj. kr. af framtíðartekjum Vegagerðarinnar. Þær eru greiddar úr ríkissjóði nú en færast sem viðskiptahreyfing Vegagerðarinnar gagnvart ríkinu. Aðrar sértekjur eru um 10 millj. kr. Til viðbótar þessu koma framlög úr ríkissjóði. Skipta má þeim í þrennt. Framlag til innanlandsflugs, framlag til jarðgangagerðar og almennt framlag.

Gert er ráð fyrir að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir til samræmis við verðlagshækkanir á tímabilinu, svo og ríkisframlög, þannig að áætlunin haldi verðgildi sínu.

Síðasta endurgreiðsla af láni viðbótarframlags úr ríkissjóði frá árinu 1999 verður á árinu 2010 20,9 millj. kr.

4.1.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Þeir eru bensíngjald, olíugjald og þungaskattur á bifreiðar yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga.

Bensíngjald var síðast hækkað 11. desember 2008 um 12,5% og er nú 37,07 kr./l.

Olíugjald er nú 52,77 kr./l Það tók gildi 1. júlí 2005 með lögum nr. 87/2004 og var þá 41 kr./l allt þar til 11. desember 2008 þegar það var hækkað í 46,12 kr./l. Næst var það hækkað 28. maí 2009 og þá í 51,12 kr./l. Nýjasta hækkunin tók gildi 1. janúar 2010 en þá hækkaði gjaldið í 52,77 kr./l. Hækkunin á einu ári var því 28,7%. Þungaskattur hefur einnig tekið breytingum. Þann 11. desember 2008 var hann hækkaður um 12,5% en 28. maí 2009 var hann lækkaður aftur um 20% þannig að niðurstaðan er sú að skatturinn er 10% lægri í dag en hann var árið 2008.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða álagningu markaðra tekna á árunum 2009–2012. Fjárhæðir vegna 2009 eru rauntölur á verðlagi þess árs. Aðrar tölur eru í milljónum króna á verðlagi fjárlaga 2010.

Ár	Bensíngjald millj. kr.	Olíugjald millj. kr.	Km-gjald millj. kr.	Leyfisgjöld flutninga millj. kr.	Leyfisgjöld leigubifreiða millj. kr.	Alls millj. kr.
2009	7.730	6.204	974	4	6	14.918
2010	7.420	6.260	790	4	6	14.480
2011	7.502	6.339	816	4	6	14.667
2012	7.577	6.434	824	4	6	14.845

Bifreiðaeign.

Frá 1995 jókst bifreiðaeign jafnt og þétt fram til ársins 2010 þegar bifreiðum á skrá fækkaði í fyrsta sinn frá því á milli áranna 1993 og 1994. Fækkunin nú nam 4.440 bifreiðum. Nýskráningar bifreiða voru í algjöru lágmarki. Einungis voru nýskráðar 2.570 bifreiðar, þar af 2.211 fólksbifreiðar. Til samanburðar má nefna að metárið 2005 voru nýskráningar tæplega 26.000 talsins. Í árslok 2004 komst bifreiðaeign landsmanna yfir 200.000 bifreiðar og í ársbyrjun 2010 var hún alls 238.149 bifreiðar.

Ársbyrjun	Fólksbílar	Fólksbílar á 1.000 íbúa	Hópferða-bílar	Vörubílar	Bifreiðar samtals
1960	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
2000	151.409	543	1.621	17.807	170.837
2001	158.936	562	1.673	19.432	180.041
2002	159.865	558	1.711	19.990	181.566
2003	161.721	561	1.699	20.278	183.698
2004	166.869	574	1.709	21.235	189.813
2005	175.427	598	1.762	23.035	200.224
2006	187.442	625	1.899	25.544	214.885
2007	197.291	641	1.929	28.100	227.320
2008	207.513	662	1.943	31.095	240.551
2009	209.740	656	1.955	31.819	243.514
2010	205.338	647	1.888	30.923	238.149

Tekjur af bensíni.

Síðastliðin fimmtán ár hefur sala á bensíni aukist um tæplega 1% á ári að meðaltali. Mikil aukning varð á milli áranna 2005 og 2006 eða 5,1% og aukningin á milli 2006 og 2007 var 4,1%. Helst þetta í hendur við mikinn fjölda nýskráninga bifreiða á þessum árum. Á árinu 2008 dróst salan saman aftur um 5,3% og um 0,5% á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að bensínsala aukist um 1% á ári í lítrum talið frá 2010 til 2012.

Bensíngjald var síðast hækkað í desember 2008. Hækkunin nam 12,5% og er gjaldið núna 37,07 kr./l af blýlausu bensíni.

Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af öllum bifreiðum sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Einungis er um að ræða kílómetragjald en það er stighækkandi frá 0,26 kr./km í flokki bifreiða 10–11 tonn upp í 11,60 kr./km fyrir bifreiðar sem eru 31 tonn eða meira. Gjaldið var hækkað um 12,5% í desember 2008 en lækkað aftur um 20% í maí 2009 og er því um 10% lægra nú en það var fyrir hækkunina 2008. Tekjur af kílómetragjaldi voru tæplega 974 millj. kr. á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að tekjur af kílómetragjaldi verði um 790 millj. kr. á árinu 2010 og aukist um 1% á ári vegna aukins aksturs þungra bifreiða með vaxandi þungaflutningum á vegunum.

Tekjur af olíugjaldi.

Lög um olíugjald tóku gildi 1. júlí 2005. Gjaldið er nú 52,77 kr. af hverjum seldum lítra og hefur tekið örum hækkunum frá því í desember 2008. Þá hækkaði það um 5 kr./l úr 41 kr./l í 46 kr./l. Það hækkaði það aftur í maí 2009 og þá í 51,12 kr./l. Loks hækkaði það í

ársbyrjun 2010 í 52,77 kr./l. Sala á dísilolíu hefur dregist saman í takti við minnkandi umsvif í landinu og er gert ráð fyrir að hún verði um 120 milljónir lítra á árinu 2010 á móti 149 milljónum lítra árið 2007. Áætluð árleg aukning eftir árið 2010 er 1%.

Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða.

Aðrar tekjur eru annars vegar leyfisgjöld flutninga og hins vegar leyfisgjöld leigubifreiða. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til fólks- og vöruflutninga samkvæmt lögum nr. 73/2001 og um útgáfu atvinnuleyfa til leigubílstjóra samkvæmt lögum nr. 134/2001 og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögunum. Áætlaðar tekjur af leyfisveitingum eru 10 millj. kr. á ári á tímabili áætlunarinnar.

Framlag úr ríkissjóði.

Framlag úr ríkissjóði á árinu 2010 er 8.358 millj. kr. og skiptist í framlag til innanlandsflugs, framlag til jarðganga og almennt framlag úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að framlög vegna 2011 og 2012 verði um 2.000 og 1.400 millj. kr. Framlag til áætlunarflugs er 277 millj. kr. hvort ár en almennt framlag úr ríkissjóði 1.532 millj. kr. 2011 en afgangur markaðra tekna 2012 100 millj. kr. Eins og kunnugt er þá er jarðgangaáætlun hluti vegáætlunar. Í gildandi vegáætlun var gert ráð fyrir að framkvæmdir við Norðfjarðargöng hæfust 2009 en nú er gert ráð fyrir að þær hefjist 2011. Gert er ráð fyrir 220 millj. kr. framlagi 2011 og 1.174 millj. kr. 2012.

4.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Á árinu 2009 voru greiddar 332 millj. kr. af 500 millj. kr. láni úr ríkissjóði frá árinu 1999 og 2010 er síðasta greiðsla af láninu, 20,9 millj. kr.

4.1.3 Sérstök fjármögnun.

Vegna stöðu efnahagsmála og alvarlegrar stöðu ríkissjóðs hefur að undanförnu verið rætt um aðkomu lífeyrissjóðanna eða annarra fjárfesta að fjármögnun vegaframkvæmda auk annarra framkvæmda í landinu. Forsendur aðkomu lífeyrissjóðanna eru einkum þær að sjóðirnir fái viðunandi arð af fjárfestingum sínum og fjárfestingarnar séu þjóðhagslega arðbærar. Jafnframt liggur fyrir að ríkissjóður hefur takmarkað svigrúm til að auka skuldbindingar sínar. Þetta þýðir að auknar framkvæmdir verður að fjármagna með veggjöldum. Eftirtaldar framkvæmdir hafa verið skoðaðar í tengslum við aðkomu lífeyrissjóðanna.

Verkefni	Kostnaður [millj. kr.]	Lengd verk-efnis	Hægt að byrja	Árlegur kostnaður [millj. kr.]					Samtals [millj. kr.]
				2010	2011	2012	2013	2014	
Suðurlandsvegur									
Vesturlandsvegur–Hólmsá	3.450	5 ár	2010	200	250	1.000	1.000	1.000	3.450
Hólmsá–Hveragerði	5.200	4 ár	2010	450	1.700	1.700	1.350		5.200
Hveragerði–Selfoss	4.400	3 ár	2012			1.400	1.500	1.500	4.400
Ný brú á Ölfusá	2.800	2 ár	2013				1.400	1.400	2.800
Vesturlandsvegur									
2 + 1 og mislægt	2.840	2 ár	2013				1.300	1.540	2.840
Reykjanesbraut	6.000	4 ár	2011		1.100	1.400	1.700	1.800	6.000
Vaðlaheiði	8.600	3 ár	2011		2.500	3.100	3.000		8.600
Samtals				**650**	**5.550**	**8.600**	**11.250**	**7.240**	**33.290**

Ef Alþingi samþykkir upptöku veggjalda til að flýta vegaframkvæmdum munu framangreind verkefni eða hluti þeirra bætast við lista þeirra verkefna sem ætlað er að koma í framkvæmd á næstu missirum samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að samgönguáætlun.

4.1.4 Rekstur Vegagerðarinnar (1.01 og 1.02).

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2010 er fjárveiting til þessara liða samtals 627 millj. kr.

Stjórnsýsla veghalds.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þessi svið sjá um stjórnun stofnunarinnar, fjármál hennar, bókhald, almennt skrifstofuhald í Reykjavík, fjárhags- og rekstraráætlanir, kostnaðareftirlit, lögfræði, starfsmannamál, hönnun verka, stjórnun verka og eftirlit með þeim, gerð áætlana, gerð veghönnunarreglna og ýmsar rannsóknir auk umferðareftirlits og upplýsingaþjónustu sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Ýmsir þessara verkþátta eins og hönnun, stjórnun og eftirlit með verkum fara einnig fram úti á starfssvæðum Vegagerðarinnar.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdirnar sem ráðist er í hafa stöðugt orðið stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari. Þá vex stöðugt þörfin fyrir gerð viðmiðunarreglna og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Vinna við stjórn og eftirlit verkefna varðandi fólks- og vöruflutninga og umsjón og eftirlit með almenningssamgöngum er orðin mjög umfangsmikil. Loks má nefna að kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda auka kostnaðinn.

Umsýslugjald til ríkissjóðs.

Vegagerðin greiðir umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum sem er ætlað að standa straum af innheimtu á þeim gjöldum sem falla undir markaðar tekjur Vegagerðarinnar.

Upplýsingaþjónusta.

Upplýsingasöfnun um ástand vegakerfisins og umferð hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur þörf á upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum og kostnaður þar með. Samfara þessari þróun hefur viðamikil uppbygging á tækjabúnaði til gagnasöfnunar við vegi átt sér stað. Þessi tækjabúnaður sendir reglulega upplýsingar um veður og umferð sem og myndir af aðstæðum á hverjum stað. Upplýsingar eru síðan nýttar af starfsmönnum Vegagerðarinnar til að taka ákvörðun um aðgerðir í vetrarþjónustu, starfsmönnum upplýsingaþjónustu vegna upplýsingagjafar til vegfarenda og síðan af vegfarendum sjálfum á netinu, textavarpinu og í talvél til að greina og meta aðstæður vegna fyrirhugaðra ferða um vegi landsins. Þróaður hefur verið öflugur skráningarhugbúnaður þar sem færð, ástand og aðstæður sem og ítarupplýsingar fyrir viðkomandi stað eru skráðar og þeim miðlað til vegfarenda.

Umferðareftirlit.

Eftirlitsstörf Vegagerðarinnar í umferðinni hafa verið í svipuðu horfi frá árinu 2006 en höfðu fram að þeim tíma aukist jafnt og þétt. Er svo komið að umferðareftirlit Vegagerðarinnar sinnir nú eftirliti með tilteknum þáttum umferðarlaga, eftirliti er snýr að innheimtu

olíu- og kílómetragjalds og eftirliti er varðar rekstrar- og atvinnuleyfi til fólks- og farmflutninga.

Eftirlit með þunga ökutækja og að fylgja eftir þungatakmörkunum til að koma í veg fyrir skemmdir á vegum af völdum of þungra ökutækja hefur verið eitt helsta verkefni umferðareftirlits Vegagerðarinnar. Hin síðari ár hafa fleiri verkefni bæst við og annast umferðareftirlit Vegagerðarinnar nú fjölþætt eftirlit með stórum ökutækjum.

Vegagerðin annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja og hleðslu, frágangi og merkingu farms. Enn fremur annast hún eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita. Eftirlitið fer einkum fram með athugun á ökutækjum og búnaði þeirra á vettvangi á þar til gerðum eftirlitsstöðum. Auk þess fer fram fyrirtækjaeftirlit í starfsstöð flutningsaðila og með innköllun gagna til skoðunar í starfsstöð.

Vegagerðin annast í samstarfi við ríkisskattstjóra eftirlit með notkun litaðrar olíu á ökutæki og eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning og búnaður þeirra og skráning á akstri vegna ákvörðunar kílómetragjalds sé í samræmi við lög um olíugjald og kílómetragjald. Það fyrirkomulag sem er á gjaldtöku eftir lögum um olíugjald og kílómetragjald kallar á meira eftirlit og aðrar eftirlitsaðferðir en var eftir eldri lögum um þungaskatt.

Vegagerðinni hefur verið falið að fylgja eftir og kanna réttmæti ábendinga um að leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um fólks- og vöruflutninga á landi sé stunduð án leyfis. Komi í ljós brot er Vegagerðinni að undangenginni rannsókn falið að stöðva viðkomandi flutninga og kæra brot til lögreglu. Framkvæmd laga um leigubifreiðar hefur loks í för með sér að sinna þarf eftirliti með því að farið sé að ákvæðum laganna.

Lagt er til að fjárveiting verði 102 millj. kr. 2010.

4.1.5 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald.

Styrkir til ferja, sérleyfishafa og innanlandsflugs (1.11 og 1.13).

Fjárveiting til þessa liðar var 1.416 millj. kr. árið 2009, er 1.355 millj. kr. 2010 og gert er ráð fyrir að hún verði 1.189 millj. kr. 2011 og 2012.

Unnið er að langtímastefnumótun um almenningssamgöngur. Stefnt er að því að taka upp viðræður við svæðasamtök sveitarfélaga um samstarf vegna almenningssamgangna innan þeirra svæða. Jafnframt verði hugað að stofnun samgöngufélaga um rekstur almenningssamgangna á einstökum svæðum. Framboð og eftirspurn almenningssamgangna verði stillt saman eins og unnt er, t.d. með tilkomu þjónustuborðs sem sér um skipulagningu þjónustu samkvæmt beiðni á fámennum stöðum og nýtingu annarra farkosta. Hætt verði að styrkja fleiri en einn ferðamáta á hverjum stað, enda leiðir það til óhagkvæmni og samkeppni milli tveggja styrktra samgöngumáta. Forðast beri skattlagningu almenningssamgangna og hugað verði að fullri endurgreiðslu olíuskatta enda leiði það til aukinnar þjónustu. Þá þarf að huga að bættri nýtingu fjármuna sem stjórnvöld veita með ýmsum hætti til málaflokksins með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Ferjur.

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til rekstraraðila ferja á leiðum sem falla undir ákvæði vegalaga svo og annar kostnaður þeirra vegna, afborganir af lánum og vextir vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra.

Rekstrarstyrkir námu 656 millj. kr. árið 2009. Erfitt er að áætla fjárhæð rekstrarstyrkja 2010. Kemur það aðallega til af því að gert er ráð fyrir að siglingar Herjólfs á nýrri áætlunarleið á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar hefjist 1. júlí. Mikil óvissa ríkir um kostnað

við þann rekstur en ljóst er að hann verður meiri en af siglingum til Þorlákshafnar. Margar skýringar eru á þessu, m.a. breytt olíunotkun á styttri leið, minni tekjur af fargjöldum og fjölgun ferða. Í eftirfarandi töflu er hins vegar gert ráð fyrir óbreyttum kostnaði við ferjureksturinn með hlutfallslegum niðurskurði vegna ársins 2010. Það er eina talan sem er þekkt í dag. Með aukinni þjónustu á undanförnum árum hafa styrkgreiðslur hækkað og kostnaður við þennan lið þar með aukist.

Alls eru sex ferjuleiðir greiddar af þessum lið, Vestmannaeyjaferja, Breiðafjarðarferja, Hríseyjarferja, Grímseyjarferja, Mjóafjarðarferja og Vigur/Æðeyjarferja og hefur rekstur þeirra allra verið boðinn út. Minnkandi fjárveitingar til almenningssamgangna 2010 leiddu til þess að ferðum var fækkað og gripið til niðurskurðar á öllum leiðum.

Í tölunum í eftirfarandi töflu er innifalinn allur kostnaður af rekstri ferjanna, svo sem rekstrarstyrkir, tryggingar og sá hluti viðhalds og endurbóta sem greiðist af Vegagerðinni. Þó er ein undantekning þar á en stofnkostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi 2010 vegna breytingar á siglingaleið er ekki talinn með heldur er hann talinn á meðal stofnkostnaðarverkefna. Hækkun kostnaðar Grímseyjarferju á milli ára, þrátt fyrir niðurskurð, er vegna áætlaðs viðhaldskostnaðar 2010.

	Kostnaður 2009	**Áætlun 2010**
Ferjur	millj. kr.	millj. kr.
Vestmannaeyjaferja*	454	406
Breiðafjarðarferja	103	106
Vigur/Æðeyjarferja	10	6
Hríseyjarferja	68	66
Grímseyjarferja	93	106
Mjóafjarðarferja	12	9
Ófyrirséður kostnaður		15
Samtals	**740**	**714**

* Kostnaður vegna Vestmannaeyjaferju 2010 er miðaður við áætlun til Þorlákshafnar með niðurskurði á ferðatíðni. Kostnaður vegna siglinga í Landeyjahöfn er umtalsvert meiri.

Áætlunarflug.

Alls eru styrkt áætlunarflug til átta áfangastaða á landinu. Þeir eru Gjögur, Bíldudalur, Sauðárkrókur, Grímsey, Þórshöfn, Vopnafjörður, Höfn og Vestmannaeyjar. Kostnaður við samningana var um 346 millj. kr. á árinu 2009 en allir samningarnir runnu út í lok þess árs. Samningarnir voru framlengdir með skerðingu til mismunandi langs tíma. Styrktu áætlunarflugi til Vestmannaeyja verður hætt 1. ágúst 2010 þegar ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar hefjast. Í öðrum samningum var ferðum fækkað sökum minnkandi fjárveitingar til málaflokksins vegna erfiðleika í ríkisfjármálum.

	Kostnaður 2009	**Áætlun 2010**
Flug	millj. kr.	millj. kr.
Bíldudalur og Gjögur	64	70
Grímsey, Þórshöfn og Vopnafjörður	59	64
Sauðárkrókur	44	47
Höfn	54	55
Vestmannaeyjar	124	72
Samtals	**346**	**308**

Sérleyfi á landi.

Af þessum lið eru greiddir styrkir til sérleyfishafa. Samningar um sérleyfisakstur runnu út í árslok 2008 og var hluti þeirra framlengdur til ársloka 2010, þ.e. allir samningar um akstur á Vestfjörðum og Austfjörðum. Sveitarfélögum var veitt einkaleyfi á nokkrum leiðum. Á þetta við um allan akstur á Suðurnesjum, leiðirnar Reykjavík–Hveragerði/Selfoss og Reykjavík–Borgarnes og Selfoss–Eyrarbakki/Stokkseyri. Hluti leiðanna var boðinn út aftur og hófst akstur samkvæmt nýju útboði 1. janúar 2009. Heildarkostnaður við sérleyfisakstur á árinu 2009 nam rúmlega 336 millj. kr. Eins og í öðrum almenningssamgöngum kom niðurskurður niður á nokkrum sérleyfisleiðum. Áætlaður kostnaður við sérleyfisakstur 2010 er 333 millj. kr. en gert er ráð fyrir að niðurskurði á styrkjum til ferju- og sérleyfishafa um 134,7 millj. kr. árið 2011 en óbreyttum framlögum 2012 að frátöldum verðlagshækkunum.

	Kostnaður 2009	**Áætlun 2010**
Sérleyfi	millj. kr.	millj. kr.
Reykjavík–Hella–Hvolsvöllur	16	18
Hvolsvöllur–Vík	6	7
Vík–Kirkjubæjarklaustur–Höfn	20	22
Selfoss–Laugarvatn–Reykholt–Laugarás	4	5
Selfoss–Flúðir	7	5
Reykjavík–Þorlákshöfn	14	15
Höfn–Egilsstaðir	7	7
Reykjavík–Borgarnes (sept.–des.)	3	8
Borgarnes–Reykholt	1	1
Snæfellsnes–Borgarnes	21	23
Borgarnes–Búðardalur	5	4
Búðardalur–Króksfjarðarnes	3	2
Króksfjarðarnes–Reykhólar	1	1
Reykjavík–Akureyri	44	48
Brú–Hólmavík	2	2
Hólmavík–Drangsnes	0	1
Sauðárkrókur–Varmahlíð	4	5
Siglufjörður–Sauðárkrókur	12	9
Dalvík–Akureyri	9	9
Dalvík–Ólafsfjörður	3	2
Húsavík–Akureyri	20	12
Akureyri–Raufarhöfn–Þórshöfn	14	9
Akureyri–Egilsstaðir	12	13
Bolungarvík–Ísafjarðarflugvöllur	4	5
Patreksfjörður–Bíldudalur	4	4
Ísafjörður–Brjánslækur–Patreksfjörður	1	1
Ísafjörður– Súðavík–Hólmavík	1	1
Ísafjörður–Súðavík	2	1
Borgarfjörður eystri–Egilsstaðir	2	3
Seyðisfjörður–Egilsstaðir	5	5
Neskaupstaður–Egilsstaðir	11	13
Breiðdalsvík–Egilsstaðir	7	5
Djúpivogur–Höfn	7	7
Akraneskaupstaður	8	9
Borgarbyggð	10	0
Árborg	10	10
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	19	20

	Kostnaður 2009	Áætlun 2010
Rekstur BSÍ	18	18
Ófyrirséð		3
Samtals	**335**	**333**

Rannsóknir (1.21).

Fjárveiting til þessa liðar er 1,5% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við 23. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar er meginákersla lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir. Rannsóknum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra flokka: mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag, sjá nánar hér á eftir. Reiknað er með að rannsóknafé skiptist nokkuð jafnt á ofangreinda flokka.

Mannvirki.

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að veginum sjálfum og þeim mannvirkjum sem tengjast honum, svo sem brýr og jarðgöng. Einnig fellur undir þennan flokk fastur búnaður sem fylgir veginum eins og vegrið o.fl.

Umferð.

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að umferð á vegum, svo sem öryggi vegfarenda, þjónustu, umferðarstjórnun, upplýsingum til vegfarenda o.þ.h.

Umhverfi.

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að ytra umhverfi vegarins, svo sem umhverfisáhrifum framkvæmda og umferðar, veðurfari, náttúruvá o.þ.h.

Samfélag.

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að samfélaginu í víðara samhengi, svo sem rannsóknum á samfélagslegum áhrifum samgangna, arðsemi, kostnaði, flutningum, hreyfanleika o.þ.h.

Viðhald og þjónusta (1.07 og 5.10).

Lýsing: Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir. Viðhald þjóðvega tekur einnig til þeirrar þjónustu á vegakerfinu sem miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð.

Umfang: Umfang verkefnisins tekur til verkefna á 11.050 km (stofnvegir 5.030 km, tengivegir 2.797 km og héraðsvegir 3.223 km) löngu þjóðvegakerfi og felur í sér eftirtalda þætti:

- viðhald bundinna slitlaga,
- viðhald malarvega,
- styrkingar og endurbætur,
- brýr og varnargarða,
- veggöng,
- viðhald vegmerkinga,
- samninga við sveitarfélög,
- viðhaldssvæði,
- vetrarviðhald,
- umferðaröryggi,
- vatnaskemmdir og ófyrirséð atvik,

– viðhald girðinga,
– frágang gamalla efnisnáma
– minjar og sögu.

Ástand: Þjóðvegakerfið er byggt upp á löngum tíma og er misvel í stakk búið til að gegna hlutverki sínu. Stöðug aukning umferðar, aukinn umferðarhraði og ekki síst aukin þungaumferð á þjóðvegum leiðir af sér sífellt meiri þörf fyrir öruggari og betur byggða vegi. Vegir sem byggðir voru fyrir 20–30 árum uppfylla ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til burðarþols, breiddar og umferðaröryggis. Kröfur vegfarenda til þjónustu á vegakerfinu eru einnig sífellt að aukast og ætlast er til að umferð geti gengið greiðlega allan sólarhringinn árið um kring.

Fjárþörf: Árleg fjárþörf til viðhalds og þjónustu þjóðvega er metin 9.900–10.600 millj. kr. Á fjárlögum 2009 voru ætlaðar 8.873 millj. kr. til viðhalds og þjónustu en lagt er til að fjárveitingar verði 8.062 millj. kr. 2010 og um 10% lægri eða 7.263 millj. kr. hvort ár 2011 og 2012. Fjárveitingin 2010 er 76–81% af áætlaðri fjárþörf en einungis 62% af áætlaðri þörf ef miðað er við þau markmið sem sett voru fram við endurskoðun vegáætlunar 2008. Markmiðin þá voru að hægt væri að hverfa frá þungatakmörkunum á Hringvegi, fyrst á leiðinni Reykjavík–Akureyri, og síðan á öllum Hringveginum. Núverandi fjárveitingar viðhalds og þjónustu eru einungis til að verja vegakerfið skemmdum og halda uppi viðunandi þjónustu. Frekari endurbótum er því frestað um sinn.

Viðhald bundinna slitlaga.

Lýsing: Verkefnið felur í sér endurnýjun og viðgerðir á bundnu slitlagi á stofnvegum, tengivegum og héraðsvegum. Verkefnið er fólgið bæði í viðgerðum á stökum skemmdum sem þarf að sinna með stuttum fyrirvara allt árið og yfirlögnum yfir eldri slitlög til að viðhalda verðmæti vegarins.

Umfang: Lengd bundinna slitlaga á þjóðvegum er um 5.040 km eða nálægt 32 milljónum m^2. Yfir 95% af umferðinni eru nú á bundnu slitlagi sem að stærstum hluta er klæðing. Malbik er nú einungis á umferðarmestu vegunum eða aðeins á um 9% af flatarmáli bundinna slitlaga. Umferðarmörk milli klæðingar og malbiks eru um 3.000 bílar á sólarhring (ÁDU). Um 50 km af vegum eru nú með klæðingarslitlagi en þyrftu að vera malbikaðir.

Ástand: Á undanförnum árum hafa árlega verið endurnýjuð 11–12% af flatarmáli bundinna slitlaga eða 3,5–3,8 milljónir m^2. Það samsvarar því að slitlag sé endurnýjað á rúmlega 8 ára fresti. Með aukinni og þyngri umferð er það engan veginn nægilegt fyrir vegi með klæðingarslitlagi þar sem umferð er mest. Niðurstaða árlegrar ástandsskoðunar sýnir að ástand slitlaga hefur versnað undanfarin ár. Til þess að auka endingu slitlaga er nauðsynlegt að vinna að tveimur markmiðum. Í fyrsta lagi að endurbæta klæðingarslitlög með því að nota betra og þar af leiðandi dýrara steinefni og vanda betur vinnubrögð við lögn slitlaganna. Í öðru lagi að leggja malbik í stað klæðingar á vegi þar sem umferð fer yfir 3.000 bíla. Malbik er 6–7 sinnum dýrara en klæðing sem yfirlögn, en á móti kemur lengri ending og auk þess eykst burðarþol veganna þar sem malbikið hefur meiri styrk en klæðingin.

Fjárþörf: Þar sem bundið slitlag í vegakerfinu eykst á hverju ári vex þörfin fyrir fjármagn til viðhalds. Áætluð fjárþörf til viðhalds bundinna slitlaga er 2.000–2.300 millj. kr. Lagt er til að fjárveiting verði 1.500 millj. kr. á árinu 2010 sem er mun minna en áætluð fjárþörf.

Viðhald malarslitlaga.

Lýsing: Verkefnið innifelur endurnýjun, viðgerðir, viðgerðir á vegöxlum (hliðarsvæðum við akbraut), heflun og rykbindingu á malarslitlögum á stofnvegum, tengivegum og héraðsvegum. Í verkefninu felast bæði viðgerðir á stökum skemmdum sem þarf að sinna með stuttum fyrirvara allt árið, viðhald á festu og sléttleika yfirborðsins með rykbindingu og heflun og endurnýjun slitlags og efnis í öxlum til að viðhalda verðmæti vegarins.

Umfang: Lengd stofnvega, tengivega og héraðsvega með malarslitlagi er um 6.000 km, en innan við 5% af ökutækjum er ekið eftir þeim.

Ástand: Á undanförnum árum hefur malarslitlag verið endurnýjað á um 15% af lengd malarvega árlega. Það samsvarar því að slitlag sé endurnýjað á 6–7 ára fresti. Niðurstaða ástandsskoðunar sýnir að ástand þessara slitlaga stendur engan veginn undir þeim kröfum sem vegfarendur gera í dag.

Fjárþörf: Til þess að koma ástandi malarslitlaga í viðunandi horf þarf að endurnýja slitlagið að meðaltali á a.m.k. 5 ára fresti sem þýðir að fjárveiting endurnýjunar þarf að aukast um 15%. Til að mæta kröfum vegfarenda til ástands yfirborðs, þ.e. til rykbindingar og heflunar þarf u.þ.b. að tvöfalda það fjármagn sem nú er varið til þessara aðgerða. Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 623 millj. kr. árið 2010 og er það mun minna en áætluð þörf sem er á bilinu 740–800 millj. kr.

Styrkingar og endurbætur.

Lýsing: Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofnvegum, tengivegum og héraðsvegum. Fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efsta hluta burðarlags veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Auk þess er um að ræða endurbætur víða á vegakerfinu vegna breyttrar og aukinnar notkunar og breytinga á umferðarmunstri. Liður þessi nær einnig til viðhalds og endurbóta á áningarstöðum.

Umfang: Fyrir 25–30 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi á þeim leiðum þar sem umferð var mest. Eðlilegur endingartími burðarlaga er talinn vera um 20 ár og vegna þeirra miklu verðmæta sem liggja í þessum vegum er nauðsynlegt að áhersla sé lögð á að viðhalda þeim. Þörfin fyrir endurbætur á þessum vegum er því mikil og mun hún fara vaxandi, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratug síðustu aldar. Samhliða styrkingu þarf að breikka elstu vegina og lagfæra umhverfi þeirra og öryggisbúnað. Enn er stór hluti umferðarminni tengi- og héraðsvega með malarslitlagi og margir byggðir fyrir mjög litla og létta umferð. Því er mikil þörf fyrir styrkingu þessara vega á meðan ekki fæst fjármagn til endurbyggingar þeirra.

Ástand: Í samræmi við markmið samgönguáætlunar hefur verið unnið að rannsóknum á aðferðafræði við styrkingu og breikkun vega á hagkvæman hátt. Samkvæmt samgönguáætlun er markmið viðhalds, auk þess að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í vegakerfinu, að endurbæta þá vegi sem ekki uppfylla gildandi staðla um breidd, burðarþol og umferðaröryggi.

Um 2.100 km af stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi uppfylla ekki þá staðla sem nú er unnið eftir við byggingu nýrra vega. Stærsti hluti þessara vega er byggður í 6,5 m breidd en ættu samkvæmt núgildandi reglum að vera 8–9 m breiðir. Einhver hluti vegakerfisins er byggður í 7,5 m breidd, en ætti samkvæmt stöðlum að vera 9–10 m. Þegar gamall vegur er breikkaður er í mörgum tilfellum jafnframt nauðsynlegt að endurbæta burðarlag hans til þess að lengja um leið endingartíma þess. Eðlilegt er að leggja malbik í stað klæðing-

ar á þá vegi sem hafa mesta umferð. Við breikkun veganna þarf einnig að auka umferðaröryggi með ýmsum öðrum aðgerðum, svo sem flatari fláum, uppsetningu vegriða og hreinsun umhverfis veganna.

Fjárþörf: Til þessa verkefnis er áætlað að þurfi um 2.100 millj. kr. á ári. Þar sem fjármagn til viðhalds vegakerfisins dregst saman að raungildi á næstu árum er lagt til að frestað verði ýmsum endurbótum á vegakerfinu. Því er lagt til að fjárveitingar verði 1.560 millj. kr. á árinu 2010 og lækki á árunum 2011 og 2012 þar sem nauðsynlegt verður að nota aukið fjármagn til viðhalds bundinna slitlaga.

Brýr og varnargarðar.

Lýsing: Í verkefninu felst að viðhalda öllum brúm á þjóðvegum og varnargörðum sem byggðir hafa verið til að leiða vatn undir brýrnar.

Umfang: Á þjóðvegum er í notkun 1.181 brú lengri en 4 m og er heildarlengd þeirra rúmir 30 km. Af þessum brúm eru 724 einbreiðar og 457 með tveimur eða fleiri akreinum. Endurstofnverð brúa er um 66.800 millj. kr., en vegna þess að meðalaldur þeirra er um 37 ár er verðmæti þeirra metið á um 31.500 millj. kr. að teknu tilliti til afskrifta. Auk þess að viðhalda brúm er þessum fjárveitingarlið ætlað viðhalda varnargörðum við brýr.

Ástand: Mikil þörf er fyrir endurnýjun á brúm á þjóðvegum bæði vegna aldurs og þess að margar þeirra uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag til umferðaröryggis, sérstaklega vegna breiddar og burðarþols. Viðhald varnargarða hefur verið vaxandi verkefni m.a. vegna þess að rennsli vatnsfalla frá jöklum hefur aukist vegna bráðnunar þeirra og jafnframt eru farvegir jökulvatna að breytast.

Fjárþörf: Eðlilegur viðhaldskostnaður byggingarvirkja er 1,3–1,5% af verðmæti þeirra, eða 410–470 millj. kr. á ári, auk viðhalds varnargarða sem er metið 60–80 millj. kr. Árleg fjárþörf verkefnisins er því áætluð 470–550 millj. kr. Lagt er til að fjárveitingar til viðhalds brúa og varnargarða verði 360 millj. kr. árið 2010 sem er verulegra lægra en fjárþörfin.

Veggöng.

Lýsing: Verkefnið felst í rekstri, endurbótum og viðhaldi á jarðgöngum og vegskálum svo og vöktun, eftirliti og rekstri á öryggiskerfi og öðrum þeim þáttum sem varða öryggi vegfarenda sem um þessi mannvirki fara.

Umfang: Heildarlengd jarðganga er nú 21 km og í lok árs 2010 er gert ráð fyrir að heildarlengdin verði orðin 37,4 km með tilkomu Héðinsfjarðarganga og Bolungarvíkurganga.

Ástand: Ástand jarðganga á landinu er nokkuð mismunandi, búnaður er misumfangsmikill og þar af leiðandi er rekstur og viðhald einstakra ganga mjög breytilegt og getur jafnframt verið nokkuð breytilegt milli ára.

Fjárþörf: Gerð er kostnaðaráætlun fyrir rekstur og viðhald hverra ganga. Eftir 2010 er áætluð árleg fjárþörf til reksturs þeirra og eðlilegs viðhalds 140–160 millj. kr. Samkvæmt reglugerð nr. 992/2007, um öryggiskröfur fyrir jarðgöng, skal Vegagerðin hafa lokið endurbótum á jarðgöngum sem voru í notkun við gildistöku reglugerðarinnar eigi síðar en 30. apríl 2014. Áætlaður kostnaður við þær endurbætur er um 800 millj. kr. og er ljóst að ekki verður unnt að standa við þær áætlanir nema til komi sérstakar fjárveitingar. Lagt er til að fjárveiting til verkefnisins verði 90 millj. kr. árið 2010, sem er töluvert undir áætlaðri þörf og nægir einungis fyrir kostnaði við rekstur jarðganga.

Viðhald vegmerkinga.

Lýsing: Undir þennan lið fellur allur stofn-, viðhalds- og rekstrarkostnaður við umferðarmerki og kantstikur svo og viðhalds- og rekstrarkostnaður við veglýsingu, götuvita, yfirborðsmerkingar, vegrið og ristarhlið. Undir þennan lið falla einnig upplýsingaskilti, svo sem á áningarstöðum.

Umfang: Á vegakerfinu eru um 50 þús. umferðarmerki, 290 þús. kantstikur, lengd vegriða er um 185 km og um 310 km vega eru lýstir upp.

Ástand: Nokkuð hefur áunnist í að bæta merkingar, þ.m.t. stikun og yfirborðsmerkingar, á undanförnum árum en nokkuð vantar á til að viðunandi geti talist. Með betri vegum, aukinni umferð, auknum hraða og settum markmiðum um bætt umferðaröryggi hafa kröfur aukist verulega. Þá aukast yfirborðsmerkingar á hverju ári með lengingu bundinna slitlaga og til að uppfylla kröfur um meira umferðaröryggi hefur m.a. vegriðum á varasömum stöðum verið fjölgað og sýnileiki og endurskin vegmerkinga aukið.

Fjárþörf: Áætluð fjárþörf er á bilinu 850–950 millj. kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting árið 2010 verði 773 millj. kr.

Samningar við sveitarfélög.

Lýsing: Undir þennan lið fellur kostnaður við minni háttar viðhald og rekstur, þ.m.t. vetrarþjónusta og lýsing þeirra vega sem skráðir eru sem þjóðvegir samkvæmt vegaskrá og eru í þéttbýli. Almennt er miðað við að veghald sé með sambærilegu sniði og er á aðliggjandi vegakerfi, þ.e. með þeim hætti að gildandi öryggisstöðlum og reglugerðum sé fullnægt, mannvirkjum sé haldið í góðu ástandi, bæði hvað varðar útlit og rekstur, og að viðhaldi sé sinnt reglulega.

Umfang: Samkvæmt vegalögum er um að ræða tæplega 100 km af heildarlengd þjóðvega. Umfang verkefna nær m.a. yfir rekstur og viðhald á u.þ.b. 790 þús. m^2 af slitlagi, 120 km af kantsteinum, 5.100 m^2 af hellulögnum, 97 km af veglýsingu, 260 umferðarljósum, 100 gangbrautum/hraðahindrunum, 415.000 m^2 af grassvæðum og umferðareyjum, 4.300 umferðarmerkjum, 2.700 niðurföllum og brunnum, 120 km af regnvatnslögnum svo og önnur minni háttar verkefni sem falla undir annan búnað sem tilheyrir viðkomandi vegum.

Ástand: Ástand vega á hinum ýmsu þéttbýlissvæðum er nokkuð mismunandi og er tekin sérstök ákvörðun um öll stærri viðhaldsverkefni sem framkvæma þarf hverju sinni.

Fjárþörf: Áætluð árleg fjárþörf er um 470–490 millj. kr. Lagt er til að fjárveiting til verkefnisins verði 420 millj. kr. árið 2010.

Viðhaldssvæði.

Lýsing: Undir þennan lið fellur kostnaður við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, hreinsun og umhirða vega, vegsvæðis, mannvirkja og búnaðar tengdum veginum, þ.m.t. mælabúnaðar, vegræsa, göngu- og hjólreiðastíga, reiðvega og áningarstaða svo og viðgerðir á minni háttar tilfallandi skemmdum á vegum og varnargörðum.

Umfang: Um er að ræða ofangreinda vinnu á stofnvegum, tengivegum og héraðsvegum með m.a. um 500 mælitækjum af mismunandi gerðum og um 500 þús. m af vegræsum þar sem endurnýja þarf að jafnaði um 15–20 þús. m. á ári miðað við um 30 ára líftíma.

Ástand: Ástand vegræsa er víða orðið bágborið á eldri vegum og er gert ráð fyrir að á næstu árum þurfi til átak í endurnýjun þessara vegræsa.

Fjárþörf: Áætluð þörf er á bilinu 470–530 millj. kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting til verkefnisins 2010 verði 400 millj. kr.

Vetrarviðhald.

Lýsing: Undir verkefnaflokkinn vetrarþjónusta fellur allur kostnaður við framkvæmd, framkvæmdaeftirlit og verkstjórn við snjómokstur og hálkuvarnir, hreinsun á ís og krapa af vegi, úr vegrásum, ræsum og niðurföllum og frá umferðarmerkjum og öðrum mannvirkjum við vegi. Undir þennan lið fellur einnig kostnaður við framleiðslu, efnis- og vörslukostnaður á sandi til hálkuvarna, salti og pækli, viðhald og rekstur á margvíslegum tækjabúnaði, svo sem geymslum undir hálkuvarnarefni, snjóflóðanetum, snjógrindum og öðrum minni háttar snjóvarnarvirkjum.

Umfang: Alls eru um 5.200 km af vegakerfinu mokaðir reglulega þar af eru um 3.500 km með þjónustu 6–7 daga vikunnar. Auk þess eru á annað þúsund km af vegum mokaðir samkvæmt helmingamokstursreglum. Á sviði vetrarþjónustunnar hafa verkefnin aukist hröðum skrefum. Frá árinu 1977 til ársins 2007 u.þ.b. sjöfaldaðist vinnuumfang vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á meðan kostnaður og fjárveitingar hafa um tvöfaldast sem þýðir að nýtingarhlutfall vinnuframlagsins hefur skilað sér betur til vegfarandans sem því nemur, sem verður að teljast mjög góður árangur. Árangur þessi skýrist m.a. af betri vegum, bættum tækjakosti, endurbættri tækni og síðast en ekki síst öflugu starfsliði sem byggt hefur á þekkingu og reynslu til margra ára. Á næstu 10 árum má búast við að kröfur um snjó- og hálkulaust vegakerfi, sem opið er allan sólarhringinn, muni aukast hröðum skrefum og er gert ráð fyrir að umfang þessara verkefna muni rúmlega þrefaldast á þessum tíma frá því sem nú er.

Ástand: Undanfarin ár hafa auknar kröfur kallað á aukna þjónustu, en fjárveitingar hafa ekki aukist í takt við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um aukna þjónustu.

Fjárþörf: Á næstu árum má búast við að kostnaðar- og magnaukning muni fylgjast nokkurn veginn að með óbreyttu skipulagi. Vegir eru nú að miklu leyti uppbyggðir, tækjakostur er góður og margþættur gagnasöfnunar- og upplýsingatæknibúnaður er fyrir hendi. Með sama verkfyrirkomulagi og stuðst er við í dag ætti að vera unnt að halda óbreyttu afkastastigi á næstu árum sem þýðir að kostnaður mun aukast í nokkuð svipuðu hlutfalli við þá magnaukningu sem búast má við. Vegagerðin telur þó raunhæft markmið að bæta enn þann árangur sem náðst hefur á undanförnum árum og hefur þegar hafið vinnu við frekari þróun á gæðakerfum sem varða skipulag og stjórnun vetrarþjónustunnar. Miðað við ofangreindar forsendur er áætluð fjárþörf á ári að meðaltali um 2.000 millj. kr. ef tekið er mið af gildandi þjónustustigi. Lagt er til að fjárveiting verði 1.700 millj. kr. árið 2010.

Umferðaröryggi.

Lýsing: Unnið er samkvæmt umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar. Mest áhersla er lögð á endurbætur á hættulegum stöðum í vegakerfinu en jafnframt er unnið að fyrirbyggjandi aðgerðum með vöktun vegakerfisins og fræðslu til vegfarenda.

Umfang: Unnið er að endurbótum á slysastöðum og lagfæringum á umhverfi vega með það að markmiði að fækka slysum og draga úr alvarleika þeirra í samræmi við umferðaröryggisáætlun. Vegagerðin vinnur jafnframt að uppsetningu löggæslumyndavéla við vegi og annast rekstur myndavélakerfisins. Tilgangur með uppsetningu vélanna er að stemma stigu við hraðakstri í grennd við þekkta slysastaði. Einnig hafa verið gerðir sérstakir samningar við embætti ríkislögreglustjóra um að það annist þau verkefni umferðaröryggisáætlunar sem snúa að umferðareftirliti. Jafnframt hefur verið gerður samningur við Umferðarstofu um að hún annist þau verkefni umferðaröryggisáætlunar sem tengjast áróðri og fræðslu. Gangi þetta eftir verður umferðaröryggisáætlun alfarið kostuð af fjárveitingum til Vegagerðarinnar.

Ástand: Vegakerfið er byggt upp á löngum tíma eftir þeim stöðlum sem giltu hverju sinni. Hluti vegakerfisins er því byggður fyrir allt aðra umferð og annan umferðarhraða en er í dag. Þess vegna er mjög víða þörf fyrir úrbætur bæði á einstökum stöðum þar sem slys eru tíð og einnig á umhverfi veganna.

Fjárþörf: Fjárþörf er veruleg en lagt er til að fjárveiting 2010 verði 340 millj. kr.

Vatnaskemmdir og ófyrirséð atvik.

Lýsing: Verkefnið er fólgið í lagfæringum á skemmdum sem verða á vegakerfinu vegna úrkomu, sjávarflóða og annarra ófyrirséðra atburða.

Umfang: Umfang verkefnisins er mjög háð veðurfari, en á hverjum tíma er nauðsynlegt að hafa til ráðstöfunar fjármagn til að unnt sé að ráðast án fyrirvara í aðgerðir til að tryggja öryggi vegfarenda.

Ástand: Víða um land er vegakerfið viðkvæmt fyrir flóðum í vatnsföllum og fyrir sjávarrofi. Aukin bráðnun jökla með hækkandi hitastigi hefur gert það að verkum að meira reynir á rofvarnir sem verja eiga vegi og önnur mannvirki. Auk þess gera síauknar kröfur um að vegakerfið sé alltaf opið það að verkum að nauðsynlegt er að hafa til ráðstöfunar fjármagn til að geta brugðist við slíkum áföllum án fyrirvara.

Fjárþörf: Útilokað er að meta fjárþörf ófyrirséðra atburða, en miðað við reynslu undanfarinna ára má gera ráð fyrir 200–250 millj. kr. kostnaði vegna skemmda á vegakerfinu árlega. Lagt er til að fjárveiting til verkefnisins verði 200 millj. kr. árið 2010.

Viðhald girðinga.

Lýsing: Verkefnið er fólgið í þátttöku í greiðslu kostnaðar við viðhald núverandi girðinga meðfram stofn- og tengivegum ásamt endurnýjun og uppsetningu girðinga meðfram fullbyggðum vegum. Um er að ræða svæði þar sem búfjárslys eru tíðust og svæði sem lausaganga búfjár hefur verið bönnuð og Vegagerðin hefur tekið að sér umsjón girðinga samkvæmt heimildarákvæði í vegalögum.

Umfang: Lengd stofn- og tengivega er um 7.800 km. Meðalfjöldi búfjárslysa á hverju ári hefur verið um 200 og er því mikil ástæða til að vinna að lokun vegsvæða fyrir búfé víða um land.

Ástand: Ástand girðinga meðfram stofn- og tengivegum er víða slæmt og með breyttri búsetu og nýtingu lands eykst þörfin fyrir að Vegagerðin taki að sér uppsetningu og viðhald girðinga.

Fjárþörf: Áætluð fjárþörf vegna þessa verkefnis er um 75 millj. kr. árlega. Lagt er til að fjárveiting verði 65 millj. kr. á árinu 2010 og enn lægri 2011 og 2012.

Frágangur gamalla efnisnáma.

Lýsing: Frágangur efnisnáma er lagaskylda skv. 49. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum. Þar segir m.a. að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en í þrjú ár. Í lögunum er einnig ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um frágang eldri efnistökusvæða. Hér er um að ræða ófrágengnar námur sem voru í notkun á undanförnum áratugum og efnistöku er lokið. Á árinu 2004 gaf Vegagerðin út langtímaáætlun um námufrágang og var í framhaldi af því ákveðið að námufrágangur yrði eitt af átaksverkefnum Vegagerðarinnar. Í langtímaáætluninni kemur fram að Vegagerðin stefni að því að ljúka við frágang á eldri efnisnámum sem stofnunin ber ábyrgð á. Gert var ráð fyrir að verkið yrði unnið á 15 árum frá 2004 til 2018.

Umfang: Í áætlun um námufrágang kemur fram að um er að ræða um 900 námur og gert ráð fyrir að ganga frá um 60 námum á ári.

Ástand: Þar sem ekki voru sérstakar fjárveitingar til verkefnisins í vegáætlun fyrr en árið 2007 hefur það sóst hægar en til stóð og til þess að standa við áætlunina er þörf aukins fjármagns á hverju ári.

Fjárþörf: Til þess að unnt sé að ljúka verkefninu á árinu 2018 er árleg fjárþörf áætluð um 50 millj. kr. Lagt er til að fjárveiting á árinu 2010 verði 20 millj. kr. sem er mun minna en þörf er á til að ljúka þessu verkefni á tilsettum tíma.

Minjar og saga.

Lýsing: Verkefnið er fólgið í því að varðveita gamla muni, búnað, tæki, mannvirki og sögu vegagerðar í landinu.

Umfang: Ýmsar minjar um vegagerð og vegamannvirki eru til í landinu sem ástæða er til að endurgera í upprunalegt horf og varðveita. Auk þess þarf að varðveita þær minjar sem þegar hafa verið endurgerðar. Ritun sögu Vegagerðarinnar er rétt hafin og óskráð er saga eða upplýsingar um einstök mannvirki, vegi og hluti tengda vegagerð. Í einhverjum tilvikum getur verið hagkvæmt að styrkja aðila til varðveislu og sýninga á tækjum og búnaði til vegagerðar.

Ástand: Ritun sögu vegagerðar hófst á árinu 2008 og verður haldið áfram næstu árin. Auk þess er skráning á sögu Djúpvegar hafin. Á undanförnum árum hafa ýmsar minjar og vegamannvirki verið endurgerð og hluti minjanna verið til sýnis á Samgöngusafni Íslands að Skógum undir Eyjafjöllum.

Fjárþörf: Til þessa verkefnis er áætlað að þurfi 25 millj. kr. árlega. Lagt er til að fjárveiting verði 11 millj. kr. árið 2010.

4.1.6 Stofnkostnaður (6.10).

Útgjöldum er skipt í færri liði en áður. Stofnvegakerfi og tengivegir eru nú einn liður. Að öðru leyti er útgjöldum skipt eftir vegflokkum samkvæmt gildandi vegalögum. Lengd vega eftir vegflokkum er eftirfarandi:

	Þjóðvegir 1.12.2009 [km.]					
	Stofnvegir Alls	**Stofnvegir um hálendi**	**Tengivegir**	**Héraðsvegir**	**Landsvegir**	**Samtals**
Suðurkjördæmi	1.074	289	674	889	616	3.542
Suðvesturkjördæmi	96		89	29		214
Reykjavíkurkjördæmi	66		12	36		114
Norðvesturkjördæmi	1.825	120	1.302	1.353	429	5.029
Norðausturkjördæmi	1.465	96	720	931	777	3.989
Alls	**4.526**	**505**	**2.797**	**3.238**	**1.822**	**12.888**

Stofn- og tengivegakerfi.

Til stofnvegakerfisins teljast allir stofnvegir. Þeir skiptast í tvennt, stofnvegi, sem eru 4.526 km, og stofnvegi á hálendi, 505 km, samtals um 5.030 km. Lengd tengivega er samtals 2.797 km.

Fjárveiting til stofnvegakerfis og tengivega er nú einn liður. Undirliðir á framkvæmdaáætlun vegagerðar eru nú eins fáir og unnt er. Er það gert í því skyni að auka gagnsæi áætlunarinnar svo sjá megi á einfaldan hátt fjárveitingar til einstakra vegaframkvæmda.

Fjárveitingar til jarðganga miða við að áfram verði unnið við Héðinsfjarðargöng og Bolungarvíkurgöng og framkvæmdum við bæði göngin ljúki 2010. Þá er miðað við að áfram verði unnið að undirbúningi við Vaðlaheiðargöng, Dýrafjarðargöng og Norðfjarðargöng.

Handbært fé til þessa liðar verður 12.091 millj. kr. árið 2010, 6.925 millj. kr. árið 2011 og 6.418 millj. kr. árið 2012.

Héraðsvegir.

Héraðsvegir nú svara að mestu til safnvega áður samkvæmt nýjum vegalögum frá 2007/2008. Lagt er til að fjárveiting verði 98 millj. kr. árið 2010 og 200 millj. kr. á ári 2011 og 2012.

Landsvegir utan stofnvegakerfis.

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstímabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum vegum. Lagt er til að fjárveiting verði 100 millj. kr. á ári 2010–2012.

Styrkir til samgönguleiða.

Heimilt er að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar þjóðvega. Lagt er til að fjárveiting verði 80 millj. kr. á ári 2010–2012.

Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 60 millj. kr. árið 2010 og 65 millj. kr. á ári 2011 og 2012.

Girðingar.

Eins og fram kom í umfjöllun um viðhald girðinga er, með tilliti til umferðaröryggis, mikil þörf á að loka vegsvæðum betur en nú er gert og þyrfti að auka fjármagn til þessa liðar verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 100 millj. kr. á ári 2010–2012.

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

Hér að framan er gerð tillaga um skiptingu fjárveitinga til einstakra verkefna. Tekið er mið af þeim kostnaði sem féll til við framkvæmdir ársins 2009 og skuldbindinga sem af þeim leiddu og ná fram á árið 2010 og í einstaka tilvikum til áranna 2011 og 2012. Á árunum 2011 og 2012 er helst svigrúm til að hefja framkvæmdir við ný verk. Afar takmarkað svigrúm er til að hefja framkvæmdir við ný verk árið 2010.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir helstu verkum í tillögum þessum.

Framkvæmdir í stofn- og tengivegakerfi.

Suðurkjördæmi.

Undirbúningur verka utan áætlunar.

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda eftir áætlunartímabilið í Suðurkjördæmi sem endurgreidd verður þegar fjárveiting kemur til viðkomandi verka í framtíðinni.

Hringvegur.

Lagt er til að brýrnar á Fjarðará í Lóni, Gljúfurá, Aurá og Dýralæk verði endurgerðar ásamt tilheyrandi vegagerð.

Lögð er til fjárveiting til framkvæmda við Suðurlandsveg í þéttbýlinu á Hellu.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til tvöföldunar Suðurlandsvegar á 6,5 km kafla vestan Litlu kaffistofunnar á árunum 2010 og 2011.

Reykjanesbraut.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu árin 2010 og 2011 til að gera hringtorg og undirgöng fyrir fótgangandi og reiðmenn við vegamót Grænáss í Reykjanesbæ.

Landeyjahafnarvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka vegagerð milli Hringvegar og væntanlegrar ferjuhafnar (Landeyjahafnar) í Bakkafjöru.

Bræðratunguvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka við gerð nýs vegar og brúar á Hvítá nálægt Flúðum.



Lyngdalsheiðarvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka við gerð nýs vegar milli Laugarvatns og Þingvallavegar nálægt Miðfelli. Framkvæmdir hófust árið 2008.

Suðurstrandarvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka við þá vegagerð sem þegar er hafin á kaflanum milli Þorlákshafnar og Selvogs. Einnig er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við kaflann á milli Ísólfsskála og Selvogs.

Reykjavík og Suðvesturkjördæmi.
Undirbúningur verka utan áætlunar.

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda eftir áætlunartímabilið í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi sem endurgreidd verður þegar fjárveiting kemur til viðkomandi verka í framtíðinni.

Hringvegur.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til breikkunar Vesturlandsvegar í Mosfellsbæ milli Hafravatnsvegar (Reykjavegar) og Þingvallavegar.

Haldið verður áfram framkvæmdum við vegamót við Leirvogstungu.

Hafnarfjarðarvegur.

Gert er ráð fyrir endurbótum við vegamót við Vífilsstaðaveg með fjölgun akreina yfir vegamótin.

Arnarnesvegur.

Lagt er til að fjárveiting verði nýtt til að halda áfram gerð vegarins austan Reykjanesbrautar að Fífuhvammsvegi.



Álftanesvegur.

Lagt er til að haldið verði áfram endurbyggingu Álftanesvegar frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi.

Bætt umferðarflæði og almenningssamgöngur.

Fjárveiting er ætluð til að greiða kostnað við ýmis smærri verk sem ætlað er að útrýma flöskuhálsum á einstaka stöðum og bæta þar með umferðarflæðið, efla umferðaröryggi og bæta almenningssamgöngur með gerð strætóreina og öðrum aðgerðum í þágu strætó, svo sem við gatnamót. Aðgerðum er forgangsraðað og þær undirbúnar í samvinnu ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hjólreiðastígaáætlun.

Fjárveiting tekur mið af að stórefla möguleika á notkun reiðhjóla sem samgöngugreinar á höfuðborgarsvæðinu með gerð áætlunar og til framkvæmda í stígagerð. Vísað er til heimildar í vegalögum, nr. 80/2007, til að veita fé af samgönguáætlun til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem skal gerð að höfðu samráði við sveitarfélög. Reiknað er með að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði að undangengnum samningum þar um.

Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárveiting er ætluð sem framlag til uppsetningar tölvustýringar umferðarljósa til að bæta umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu.

Göngubrýr og undirgöng.

Fjárveiting er ætluð til að auka öryggi fótgangandi og hjólreiðafólks við umferðarmiklar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu.

Norðvesturkjördæmi.

Undirbúningur verka utan áætlunar.

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda eftir áætlunartímabilið í Norðvesturkjördæmi og endurgreidd verður þegar fjárveiting kemur til viðkomandi verka í framtíðinni.

Borgarfjarðarbraut.

Fjárveiting er til gerðar nýrrar brúar á Reykjadalsá og tilheyrandi vegagerðar.

Snæfellsnesvegur.

Fjárveiting er til gerðar nýrrar brúar á Haffjarðará og tilheyrandi vegagerðar.

Laxárdalsvegur.

Lögð er til fjárveiting til endurgerðar vegarins norðan Vestfjarðavegar að Gröf.

Vestfjarðavegur.

Þær fjárveitingar sem lagt er til að veittar verði til Vestfjarðavegar eru til upphafs framkvæmda við endurgerð vegarins frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði og til áframhaldandi uppbyggingar vegar milli Kjálkafjarðar og Vatnsfjarðar. Ekki er tekin afstaða til þess í áætluninni hvort vegur verður lagður yfir Mjóafjörð og Kjálkafjörð, annan eða báða, eða farið fyrir þá. Sá fyrirvari er gerður við fyrri fjárveitinguna að heimilt verði að flytja hana til framkvæmda á Vestfjarðavegi í Gufudalssveit ef niðurstaða fæst í tæka tíð um legu vegarins þar.

Lögð er til fjárveiting til endurbóta á Breiðadals- og Botnsheiðargöngum. Er það gert til að uppfylla öryggiskröfur í nýlegri reglugerð um öryggi jarðganga. Þörf verður á sambærilegum fjárveitingum til annarra eldri jarðganga á næstu árum.

Djúpvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka við gerð Bolungarvíkurganga árið 2010.

Strandavegur.

Fjárveiting er ætluð til gerðar nýrrar brúar á Staðará og gerðar nýs vegar frá Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar.



Norðausturkjördæmi.

Undirbúningur verka utan áætlunar.

Lögð er til fjárveiting til hönnunar verka utan áætlunar sem koma til framkvæmda eftir áætlunartímabilið í Norðvesturkjördæmi sem endurgreidd verður þegar fjárveiting kemur til viðkomandi verka í framtíðinni.

Hringvegur.

Fjárveiting er ætluð til gerðar nýrrar brúar á Ysta Rjúkanda og vegagerðar við brúna.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka gerð vegar frá Litla Sandfelli að Skriðdalsvegi.



Siglufjarðarvegur.

Fjárveiting er ætluð til að ljúka framkvæmdum við gerð Héðinsfjarðarganga árið 2010.



Ólafsfjarðarvegur.

Lagt er til að gerðar verði varnir gegn snjóflóðum við Ólafsfjarðarveg hjá Sauðanesi.

Norðausturvegur.

Fjárveitingar til Norðausturvegar eru ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við nýjan veg um svokallaða Hófaskarðsleið og Raufarhafnarleið.

Fjárveiting er ætluð til áframhaldandi vegagerðar milli Hringvegar og Vopnafjarðar.



Norðfjarðarvegur.

Fjárveiting er til upphafs framkvæmda við Norðfjarðargöng.

Dettifossvegur.

Fjárveiting er ætluð til áframhaldandi vegagerðar milli Hringvegar og Vesturdals, en framkvæmdir hófust árið 2008.



Sameiginlegt.

Tengivegir.

Fjárveiting er ætluð til styrkingar og lagningar bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi. Fyrir liggja verklagsreglur um hvernig staðið verður að því að leggja bundið slitlag á þessa vegi. Þeir eru oft með takmarkað burðarþol, lega þeirra í hæð og plani er ekki fullnægjandi og svo mætti áfram telja. Ætlunin er að taka mið af vegum þar sem umferð er minni en 150 bílar/dag (ÁDU). Styrking vegarins og burðarþol mun taka mið af algengri umferð um veginn (mjólkurbílar og áburðarflutningar) og þar sem gefa þarf afslátt frá strängustu gildum veghönnunarreglna, eins og í beygjum og blindhæðum, verður gripið til viðeigandi mótvægisaðgerða. Beygjur verða merktar með leiðbeinandi hraða og með stefnuörvum. Blindhæðir verða málaðar með heildreginni línu og merktar með viðeigandi umferðarmerki og leiðbeinandi hraða og þeim jafnvel skipt í einstaka tilvikum. Til greina kemur að lækka hámarkshraða ef hönnunarhraði á öllum veginum er almennt lágur eða ef um stuttan veg er að ræða. Reynt verður að fylgja veghönnunarreglum vegna öryggissvæða utan vegar eftir megni. Breidd þessara vega verði skýr, annaðhvort einbreiðir (4 m) eða tvíbreiðir, a.m.k. 6 m. Ekki á að leika vafi á hvort vegurinn er ein- eða tvíbreiður. Með þessum aðgerðum telur Vegagerðin að flýta megi lagningu bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi án þess að gengið

verði á öryggi þeirra. Þvert á móti telur Vegagerðin að auka megi öryggið með aðgerðunum. Með fjárveitingu þeirri sem lögð er til má að öllum líkindum styrkja og leggja bundið slitlag á um 20–30 km tengivega á ári.

Sameiginlegur jarðgangakostnaður.

Fjárveiting er ætluð til sameiginlegs kostnaðar við undirbúning framkvæmda við jarðgöng.

Samgöngurannsóknir.

Fjárveitingin er ætluð til ýmissa samgöngurannsókna svo sem verið hefur á undanförnum árum.

Breytingar á Herjólfi.

Fjárveitingin er ætluð til að standa straum að kostnaði við nauðsynlegar breytingar á Herjólfi til að hann geti stundað áætlunarsiglingar til Landeyjahafnar.

5. ÁÆTLUN UMFERÐARSTOFU

Umferðarstofa varð til árið 2002 við sameiningu Skráningarstofunnar og Umferðarráðs. Af því leiðir að starfsemi stofnunarinnar er nokkuð tvískipt. Annars vegar ber Umferðarstofa ábyrgð á skráningu ökutækja og öllum skráningum og kerfum sem því fylgir. Hins vegar beitir Umferðarstofa sér fyrir því að auka umferðaröryggi á vegum landsins. Er þar átt við fræðslu og áróður ásamt slysaskráningu og umsýslu ökunáms og ökuprófa. Að auki vinnur Umferðarstofa að mótun og gerð reglna sem snúa að starfsemi stofnunarinnar. Skilgreint hlutverk Umferðarstofu er „að auka lífsgæði með því að efla öryggi í umferðinni“. Má segja að öll ofangreind starfsemi falli vel að því hlutverki.

5.1 Helstu verkefni.

Umferðarstofa ber ábyrgð á skráningu ökutækja, umsýslu skráningarmerkja og rekstri upplýsingakerfis um ökutæki. Í því felst m.a. forskráning, nýskráning, afskráning, breytingaskráning, endurskráning, tjónaskráning og eigendaskráning ökutækja. Lögð er áhersla á að allar skráningar séu réttar og að ökutæki uppfylli öll skilyrði samkvæmt reglum um gerð og búnað og að lögmætar tryggingar séu fyrir hendi til að auka öryggi ökutækja í umferðinni. Þá starfrækir Umferðarstofa upplýsingaveitu um ökutæki og ökutækjaskrá, en hún er m.a. aðgengileg á netinu. Ökutækjaskrá inniheldur upplýsingar um eiganda, tæknilegar upplýsingar um ökutæki, stöðu opinberra gjalda og trygginga og upplýsingar um veðbönd og ferilskrá ökutækis. Á ökutækjasviði er einnig starfrækt ytra eftirlit, en í því felst eftirlit með fulltrúum umboðanna og skoðunarstofum.

Umferðarstofa annast skráningu og rekstur NorType-gagnagrunnsins sem er samvinnuverkefni skráningaraðila ökutækja á Íslandi og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. NorType-gagnagrunnurinn inniheldur upplýsingar um tæknilegar útfærslur fólksbifreiða samkvæmt evrópskum heildargerðarviðurkenningum. Við nýskráningu heildargerðarviðurkenndra ökutækja eru upplýsingar úr NorType-gagnagrunninum notaðar sem tryggja að eingöngu eru skráð ökutæki sem uppfylla evrópskar kröfur um gerð og búnað.

Umferðarstofa leitast við að skapa sem mest öryggi í umferðinni fyrir alla hópa vegfarenda, m.a. með því að ná fram hugarfarsbreytingu og auka virðingu fyrir lögum og reglum um umferðarmál. Umferðarstofa stýrir fræðslu og miðlun upplýsinga um umferðarmál og

stuðlar að þátttöku og samstarfi allra aðila sem vilja vinna að framgangi þeirra. Umferðarstofa beitir sér fyrir því að umferðarfræðsla í landinu verði efld, bæði innan skólakerfisins og meðal almennings. Umferðaröryggissvið sér um gerð námsefnis við hæfi hvers skólastigs og upplýsingum er komið á framfæri í fjölmiðlum og á heimasíðu Umferðarstofu. Einnig er upplýsingum komið á framfæri við erlenda ökumenn hér á landi.

Umferðarstofa annast stjórnsýslu ökuréttinda. Ökunám í landinu skal vera í samræmi við það sem rannsóknir, staðlar og prófanir, innan lands sem utan, segja til um að stuðli að öryggi í umferðinni. Í því felst gerð og útgáfa námskrár svo og skilgreindar og samræmdar kröfur til ökukennara, ökuskóla og prófdómara sem eiga að stuðla að árangursríku ökunámi og fylgja þeim eftir. Umferðarstofu ber að innleiða nýjungar í ökunámi og ökuprófum sem stuðla að aukinni færni ökumanna og þar með að auknu umferðaröryggi.

Umferðaröryggissvið sér um og rekur umferðarfréttastofu, en henni er ætlað að koma upplýsingum og fræðslu til vegfarenda um sem flesta þætti umferðarmála. Tekið er á móti miklum fjölda ábendinga um umferðarmál frá almenningi sem komið er á framfæri við rétta aðila. Slíkar ábendingar eiga oftast erindi við fulltrúa sveitarfélaga, Vegagerðarinnar og lögreglu.

Umferðarstofa heldur skrá yfir öll umferðarslys sem skráð eru af lögreglu. Tilgangurinn með skráningunni er sá að komast að því hvers konar slys eiga sér stað og hver vettvangurinn og aðstæður eru. Slysaskráning Umferðarstofu er mikilvægt tæki til að fylgjast með þróun mála í umferðinni og til að auðvelda ákvarðanir veghaldara um framkvæmdir í umferðarkerfinu.

Umferðarstofa fjallar heildstætt um bifreiða- og umferðaröryggismál, er stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál og tekur þátt í að gera tillögur að reglum um ökutæki og umferð á innlendum vettvangi og á vettvangi EES-samstarfsins. Umferðarstofa vinnur að mótun og gerð reglna um gerð og búnað ökutækja, skráningu ökutækja, umferðarfræðslu og ökuréttindi.

5.2 Rekstur og fjármál.

Rekstrarsvið fer með fjárhagsmál, gæðamál, innri skipulagsmál og starfsmannamál Umferðarstofu. Rekstur tölvukerfa Umferðarstofu tilheyrir einnig sviðinu, ásamt allri hugbúnaðarþróun. Sviðið er því fyrst og fremst stoðdeild sem vinnur markvisst að því að bæta starfsumhverfi og gæði stofnunarinnar. Umferðarstofa er aðallega fjármögnuð af innheimtum ríkistekjum sem teljast eign stofnunarinnar samkvæmt umferðarlögum. Miklar sveiflur geta verið á þessum tekjum og er útlit fyrir að tekjur ársins 2010 verði í sögulegu lágmarki. Til viðbótar við tekjusamdrátt hefur stofnuninni verið gert að draga verulega úr kostnaði. Í þeim tilgangi er í fjárlögum gert ráð fyrir að innheimtum tekjum af umferðaröryggisgjaldi verði ekki ráðstafað til umferðaröryggisverkefna líkt og umferðarlög segja til um. Það er því ljóst að möguleikar stofnunarinnar á að fjármagna aðgerðir í þágu umferðaröryggismála eru verulega skertir frá því sem var.

5.3 Alþjóðastarf.

Umferðarstofa á í víðtæku alþjóðastarfi. Eucaris er samevrópskt verkefni sem heldur utan um skráningu ökutækja og ökuréttinda í ríkjum Evrópu og gagnast t.d. þegar stolnum bílum er ekið milli landa. Nortype er eins og áður segir hluti af samstarfsverkefni Norðurlandanna á sviði gerðarskráningar ökutækja. Útgáfa ökuritakorta í stóra bíla með rafrænan ökurita er á höndum Umferðarstofu. Þar sem hver ökumaður má aðeins eiga eitt kort í sínu nafni þarf

alþjóðlegt samstarf til þess að ganga úr skugga um að ökumaður geti ekki sótt um eitt kort í hverju landi og þannig átt fleiri en eitt kort.

Auk þessa á Umferðarstofa sinn fulltrúa í sérfræðingahópi Evrópusambandsins sem fjallar um umferðaröryggi. Þar hefur verið mikil og góð þátttaka við að koma íslenskum slysagögnum inn í samevrópskan slysagagnagrunn, CARE. Þróun hans er að mestu lokið og hefur hópurinn nú snúið sér að nýju verkefni sem nefnist DaCoTA (Data Collection Transfer & Analysis). Er það mjög víðfeðmt verkefni sem lýtur m.a. að því að koma upp safni gagna um slys, hegðun, viðhorf, lög, reglur o.fl. Einnig mun verkefnið taka til þátta eins og framkvæmdar reglusetninga, djúprannsóknar umferðarslysa, hönnunar verkferla við ákvarðanatöku, innleiðingar eSafety-verkefnisins o.fl.

6. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

Framkvæmd umferðaröryggismála hefur nú verið á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 1. janúar 2004. Skipaður var sérstakur stýrihópur sem var m.a. falið að móta heildarstefnu í umferðaröryggismálum og um leið stilla saman krafta stofnana og annarra aðila sem fara með umferðaröryggismál. Mótuð var umferðaröryggisáætlun þar sem sett voru fram markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016. Markmiðin skulu metin út frá meðaltali undangenginna fimm ára. Þau eru:

- Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016.
- Fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016.

Þegar þessi stefna var mótuð var m.a. lögð til grundvallar skýrsla og tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 – markmið og aðgerðir. Þar var að finna um 130 tillögur að aðgerðum í umferðaröryggismálum. Valdar voru aðgerðir til frekari skoðunar með hliðsjón af virkni þeirra til að fækka slysum og lækka slysakostnað. Við mat á forsendum um ávinning af fækkun óhappa og slysa var stuðst við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um kostnað vegna umferðarslysa á Íslandi sem gefin var út árið 1996. Fjöldi slysa og óhappa miðast við skrár Umferðarstofu sem unnar eru á grundvelli lögregluskýrslna. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þar sérstaklega að nefna handbók Transportøkonomisk Institutt í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða. Árið 2005 var skipaður samráðshópur en hlutverk hans er að útfæra umferðaröryggisáætlunina og halda utan um framkvæmd hennar. Í þessum hópi eru fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Umferðarstofu, Vegagerðinni og embætti ríkislögreglustjóra.

Aðgerðum hefur verið skipt í eftirfarandi meginflokka: Ökumaður og farartæki, fræðsla og áróður, öruggari vegir og umhverfi þeirra og samstarf og þróun. Á árinu 2010 er reiknað með þó nokkrum niðurskurði í umfangi umferðaröryggisáætlunar. Skorið verður niður á flestum vígstöðvum; í áróðri og umferðarfræðslu sem og í verkefnum er snúa að lagfæringum á slysastöðum. Þá er tækjavæðingu lögreglunnar lokið í bili og reiknað er með að umfang umferðareftirlits lögreglu verði minna en á undanförnum árum. Áfram er þó reiknað með fjármögnun tveggja stöðugilda hjá sýslumanninum í Stykkishólmi vegna úrvinnslu mynda úr löggæslumyndavélum.

Athyglisverður árangur hefur náðst hvað varðar fjölda látinna í umferð á Íslandi á undanförnum árum en fjöldi alvarlega slasaðra hefur hins vegar ekki minnkað. Meðalfjöldi látinna í umferð á síðustu fimm árum er um 6 á hverja 100.000 íbúa. Til samanburðar má nefna að

í þeim löndum sem náð hafa hvað bestum árangri á sama tímabili létust 5–6 af hverjum 100.000 íbúum í umferð.

Yfirlit yfir slasaða og látna árin 1996–2009.

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Slasaðir alls
1996	10	229	1.335	1.574
1997	15	203	1.293	1.511
1998	27	229	1.349	1.605
1999	21	222	1.483	1.726
2000	32	168	1.316	1.516
2001	24	158	1.120	1.302
2002	29	164	1.321	1.514
2003	23	145	1.076	1.244
2004	23	115	1.041	1.179
2005	19	129	884	1.032
2006	31	150	1.197	1.378
2007	15	195	1.463	1.673
2008	12	200	1.373	1.585
2009	17	170	1.112	1.299

Slæm útkoma ársins 2006 gaf tilefni til að staldra við og huga að áherslum. Ljóst var af tölum úr umferðargreinum Vegagerðarinnar að umferðarhraði hér á landi á þessum tíma var of mikill og verulegt áhyggjuefni. Brugðist var við þessu með umtalsverðri hækkun sekta og annarra viðurlaga, auknu eftirliti lögreglu og breyttum áherslum í áróðri.

Verulegur árangur hefur náðst í því að ná niður umferðarhraða og þegar skoðaðar eru upplýsingar úr umferðargreinum Vegagerðarinnar kemur í ljós að meðalhraðinn á 10 mældum stöðum á Hringveginum fer úr 97 km/klst. árið 2004 í 93,6 km/klst. árið 2009. Þar sem ökuhraði að vetrarlagi er mjög háður veðri og færð er hann ekki hafður með og því aðeins skoðaður ökuhraði um sumar þegar líklegast er að akstursaðstæður séu með besta móti. Hér er um að ræða hraða allra bíla en óháð annarri umferð, þ.e. hægar raðir eða stöðvun vegna umferðarslyss mælist ekki með. Ef tekið er mið af þeim hraða sem 85% ökumanna halda sig innan við, þ.e. 15% aka hraðar, þá fer hraðinn um sumar úr 108,6 km/klst árið 2004 í 103,3 km/klst. árið 2009. Ljóst er að hraði þeirra sem aka hraðast minnkar mest og hefur hraðinn því jafnast. Í báðum tilvikum er um umtalsverða lækkun á ökuhraðanum að ræða, sbr. mynd. Hafa ber þó í huga að þetta eru meðaltöl en eigi að síður góð vísbending um minnkandi ökuhraða.

Mynd 1. Þróun frjáls 85% hraða á Hringvegi.[2]



6.1 Fjármál.

Gert er ráð fyrir að til umferðaröryggisáætlunar árið 2010 verði varið alls 340 millj. kr. sem allt kemur af vegáætlun. Sá hluti fjármögnunar á umferðaröryggisáætlun sem kom frá umferðaröryggisgjaldi, og nam um 90 millj. kr. á ári, var felldur niður í fjárheimild Umferðarstofu árin 2009 og 2010 og er hvorki reiknað með honum árið 2011 né 2012. Reiknað er með 40 millj. kr. samdrætti til umferðaröryggisáætlunar árin 2011 og 2012.

6.2 Framkvæmdaáætlun í umferðaröryggi.

Áfram verði unnið að framkvæmd í umferðaröryggismálum í samræmi við umferðaröryggisáætlun með það að markmiði að auka öryggi vega, bifreiða og ökumanna þótt talsverðar skerðingar verði á fjármunum til áætlunarinnar. Áfram verði unnið markvisst að rannsóknum og upptöku nýrrar tækni sem stuðlar að auknu öryggi í samgöngum. Efld verði söfnun og úrvinnsla upplýsinga um hvers konar atvik og atburði sem nýta má til að koma í veg fyrir frekari óhöpp og stuðla þannig að auknu öryggi. Sérstök áhersla verði lögð á aukið samstarf og samvinnu samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála með bætt öryggi að leiðarljósi. Við uppbyggingu nýrra vega og endurbætur á eldri vegum verði tekið sérstakt tillit til umferðaröryggis. Stefnt skal að því að akstursstefnur verði aðgreindar á umferðarmestu vegunum. Gert er ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði unnið að eftirtöldum verkefnum og er jafnframt sýnt það fjármagn sem áætlað er að verja til þeirra (verðlag fjárlaga 2010). Heildarfjárframlag til umferðaröryggismála er 340 millj. kr. á árinu 2010 og er fjármagninu skipt á neðangreind verkefni. Verkefni

[2] Vegagerðin 2010.

sem miða að fækkun slysa í umferðinni hafa í meginatriðum verið felld undir eftirfarandi meginflokka:

1. Ökumaður og farartæki.
2. Fræðsla og áróður.
3. Öruggari vegir og umhverfi þeirra.
4. Samstarf og þróun.

Áhersla verði lögð á eftirfarandi verkefni í áætluninni árið 2010:

Heiti verkefna	Flokkur	Millj. kr.
Hraðakstur og bílbeltanotkun	1	76
Eyðing svartbletta	3	100
Umhverfi vega	3	100
Ölvun/fíkniefni við akstur – eftirlit	1	5
Auglýsingar og áróður	2	15
Umferðaröryggi í námskrá grunn- og leikskóla	2	4
Ýmis fræðsluverkefni	2	11
Forvarnir fyrir erlenda ökumenn	2	2
Kynningar og rannsóknir	4	3
Ýmis verkefni	3	24
Samtals		**340**

Heiti verkefna	Flokkur	Millj. kr.
Ökumaður og farartæki	1	81
Fræðsla og áróður	2	32
Öruggari vegir og umhverfi þeirra	3	224
Samstarf og þróun	4	3
Samtals		**340**

6.2.1 Ökumaður og farartæki.

Eins og áður er lögð áhersla á að draga úr hraða með auknu eftirliti sem annars vegar felst í eftirliti lögreglu og hins vegar í rekstri löggæslumyndavéla. Stefnt er að því að koma í veg fyrir ofsaakstur og jafnframt að því að allir farþegar og ökumenn noti öryggisbelti.

Samningur um sérstakt eftirlit milli ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar.

Samningur verður gerður um eftirlit lögreglu vegna hraðaksturs, bílbeltanotkunar og aksturs undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. Eftirlit verður aukið á þeim stöðum í vegakerfinu þar sem kostnaður vegna slysa gefur tilefni til. Yfir sumarmánuðina verður lögð áhersla á eftirlit við þjóðvegi í dreifbýli. Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna eftirlits og úrvinnslu gagna (tveir starfsmenn hjá sýslumanninum í Stykkishólmi) úr löggæslumyndavélum. Þá er áfram gert ráð fyrir sérstöku ölvunareftirliti lögreglu en í um fjórðungi banaslysa er aðalorsök talin vera áfengis- eða vímuefnanotkun og 5–6% allra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Gert er ráð fyrir 40 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Samningur um sjálfvirkt myndavélaeftirlit milli ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar og viðhald og rekstur löggæslumyndavéla.

Nú hafa 10 löggæslumyndavélar verið settar upp við þjóðvegi. Ekki er svigrúm til að kaupa nýjar myndavélar á árinu en útbúnir verða tveir nýir mælistaðir fyrir sjálfvirkt hraðaeftirlit. Samið hefur verið til tveggja ára um sjálfvirkt hraðaeftirlit og úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélunum. Gert er ráð fyrir allt að tveimur stöðugildum vegna úrvinnslunnar. Auk

þess þarf að fjármagna viðhald og rekstur myndavélakerfisins. Gert er ráð fyrir 41 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

6.2.2 Fræðsla og áróður.

Eins og að framan segir hefur umferðaröryggisgjaldi, um 90 millj. kr. á ári, ekki verið varið til umferðaröryggismála og því er óverulegum fjármunum af vegafé varið til þessa málaflokks. Er það mjög bagalegt því fræðsla og áróður eru meginatriði í umferðaröryggismálum. Óhætt er að segja að með þessu sé kastað fyrir róða þeim árangri sem náðst hafði í grunn- og framhaldsskólafræðslu undir styrkri stjórn Grundaskóla á Akranesi.

Áróðursauglýsingar.

Engar nýjar áróðursauglýsingar verða gerðar á árinu en gert er ráð fyrir birtingu á eldri auglýsingum, þ.e. auglýsingum sem þegar eru til. Gert er ráð fyrir 15 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Birting fræðslumynda.

Umferðarstofa hefur á síðustu árum látið gera 34 fræðslumyndir (30 sek. – 3 mín.) sem hafa verið birtar án endurgjalds á tímum þar sem fáir verða þeirra varir. Árið 2010 fá sjónvarpsstöðvar greitt fyrir að sýna myndirnar á tímum þar sem ætla má að mun fleiri taki eftir þeim, þ.e. á besta tíma á kvöldin. Gert er ráð fyrir 4 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Námsefni fyrir framhaldsskóla.

Árið 2009 gerði Umferðarstofa þrjár stuttar myndir, í samstarfi við sjónvarpsstöðvar, sem nýtast sem námsefni fyrir framhaldsskóla. Árið 2010 verða ein til tvær myndir gerðar í viðbót. Myndirnar fjalla um raunveruleg slys á ungu fólki í umferðinni og afleiðingarnar sem þau hafa haft fyrir ökumennina. Með myndunum fylgja kennsluleiðbeiningar og verkefni og verður myndefnið gefið út á DVD-formi og afhent framhaldsskólum. Að auki verður lagt fé til kynningar og fræðslu um námsefnið. Gert er ráð fyrir 3 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Fræðsluefni fyrir eldri ökumenn.

Slysatíðni eldri ökumanna er svipuð og slysatíðni ungra ökumanna þegar athugað er hver raunverulegur tími þeirra er í umferðinni. Haldin verða námskeið og fræðslufundir og námsefni útbúið ásamt almennri fræðslu í formi bæklinga og hugsanlega auglýsinga. Gert er ráð fyrir 1,5 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Fræðsluefni vegna ökumanna með sjúkdóma.

Útbúið verður fræðsluefni fyrir ökumenn haldna sjúkdómum og aðstandendur þeirra. Einnig verður samstarfi komið á með landlækni þar sem upplýsingum verður komið til lækna um hvað það er sem gerir sjúka einstaklinga óhæfa sem ökumenn. Er þetta í samræmi við reglugerð um ökuskírteini. Gert er ráð fyrir 1,5 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Fræðsluefni fyrir börn í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Samstarf er þegar hafið með ÍTR um gerð námsefnis og verður því haldið áfram. Námsefnið mun nýtast um allt land og verður gert námsefni sem bæði hentar til kennslu inni og úti. Gert er ráð fyrir 1 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Samningur við Grundaskóla á Akranesi.

Samningur hefur verið í gildi við Grundaskóla á Akranesi um framkvæmd umferðarfræðslu í grunnskólum og verður því samstarfi haldið áfram árið 2010. Þeirra verk er að kynna það námsefni sem er til, hjálpa til við að koma umferðarfræðslu inn í skólanámskrár og halda úti áróðri í grunnskólum um mikilvægi þess að hafa umferðarfræðslu í grunnskólum. Gert er ráð fyrir 4 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Forvarnir fyrir erlenda ökumenn.

Umferðarstofa og Vegagerðin hafa á undanförnum árum verið í samvinnu við ferðaþjónustuna á Íslandi um gerð upplýsinga fyrir erlenda aðila sem taka bíla á leigu hér á landi. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi á þessum vettvangi. Gert er ráð fyrir 2 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

6.2.3 Öruggari vegir og umhverfi þeirra.

Eyðing svartbletta.

Vegagerðin hefur staðið fyrir úttekt á slysastöðum um land allt og áfram verður unnið að því að bæta aðstæður þar sem slys eru tíð. Áfram verður lögð áhersla á vinnu við lagfæringar svartbletta af ýmsum toga. Vegagerðin leggur árlega fram áætlun um lagfæringu slysastaða samkvæmt sérstakri verklagsreglu. Gert er ráð fyrir 100 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Umhverfi vega og aukin notkun vegriða.

Vegagerðin hefur um nokkurra ára skeið lagt sérstaka áherslu á lagfæringar á umhverfi vega. Slíkar lagfæringar geta dregið úr afleiðingum þeirra slysa sem verða eða jafnvel komið í veg fyrir slys. Sem dæmi um slíkar lagfæringar má nefna aðgerðir sem ganga út á að draga úr bratta vegkanta, fylla í skurði og fjarlægja stórgrýti meðfram vegum. Ef ekki er unnt að lagfæra umhverfi vega, í þeim tilgangi að draga úr hættu við útafakstur, þarf að huga að uppsetningu vegriða. Í þessu sambandi má geta þess að víða þarf að lengja vegrið sem fyrir eru, t.d. við brýr, í samræmi við auknar kröfur nýrra veghönnunarreglna. Vegagerðin leggur árlega fram áætlun um lagfæringar á umhverfi vega. Gert er ráð fyrir 100 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

Ýmis verkefni.

Vegagerðin mun vinna að ýmsum verkefnum sem leiða til aukins umferðaröryggis. Má þar nefna byggingu undirganga fyrir búfé, gerð hvíldarsvæða fyrir ökumenn flutningabíla og fræsingu á vegrifflum, en þar er átt við nokkurs konar rákir sem fræstar eru í malbik. Þeir ökumenn sem eru á leið út af vegi eða yfir á öfugan vegarhelming verða varir við þó nokkurn hávaða þegar þeir aka yfir þessar línur og ættu þá að fá ráðrúm til að grípa í taumana. Gert er ráð fyrir 24 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

6.2.4 Samstarf og þróun.

Aukin samræming og samstarf samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála með bætt öryggi að leiðarljósi.

Efla þarf samstarf samgönguyfirvalda við önnur yfirvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðila á sviði samgöngumála. Vegagerðin hefur, með aðkomu Umferðarstofu, látið gera leiðbeiningar fyrir sveitarfélög sem vilja gera sína eigin umferðaröryggisáætlun. Þeim leiðbeiningum verður komið til allra sveitarfélaga og mun Umferðarstofa hvetja til gerðar slíkra áætlana ásamt því að vera sveitarfélögum innan handar við gerð þeirra. Verður sú starfsemi greidd af rekstraráætlun Umferðarstofu. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi í verkefnið árið 2010.

Söfnun tölfræðiupplýsinga.

Til að hægt sé markvisst að fækka umferðarslysum er nauðsynlegt að skilja orsakir þeirra, kringumstæður og afleiðingar svo að hægt sé að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Af þessu leiðir að gagnagrunnur um slys og meiðsli í umferðinni er afar mikilvægur til að meta hlutlægt hvers konar vanda er við að eiga. Greina þarf hvaða upplýsingar eru mikilvægar og beita sömu aðferðum við mælingar til að sjá stöðu mála yfir visst tímabil. Gera þarf heildar-

yfirlit yfir söfnun tölfræðiupplýsinga hér á landi og hvort ekki sé tilefni til að auka samstarf þeirra sem vinna að þessum málum. Útlagður kostnaður hér er vegna könnunar á hegðun og viðhorfi almennings til umferðar og umferðaröryggis. Gert er ráð fyrir 3 millj. kr. í verkefnið árið 2010.

974. Fyrirspurn [583. mál]

til utanríkisráðherra um skuldbindingar vegna EES-samningsins.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvaða skuldbindingar leggur EES-samningurinn á herðar Íslendingum um skil á landbúnaðarhagtölum og hvenær tóku þær gildi?
2. Hvernig hafa Íslendingar staðið við skuldbindingar sínar?
3. Hafa stofnanir Evrópusambandsins gert athugasemdir við hvernig skuldbindingarnar hafa verið uppfylltar og ef svo er, hversu oft, hvenær og hvers eðlis hafa athugasemdirnar verið í megindráttum?

Skriflegt svar óskast.

975. Fyrirspurn [584. mál]

til utanríkisráðherra um þróunarsamvinnuáætlun.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður gerð og framlagningu þróunarsamvinnuáætlunar?

976. Frumvarp til laga [585. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um þátttöku Íslands í sjóðum, stofnunum og verklegu samstarfi í tengslum við samvinnu á ytri landamærum á grundvelli skuldbindinga samkvæmt samningi sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

2. gr.

Í stað 4. og 5. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði.

3. gr.

C-liður 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Útlendingur sýnir fram á að framfærsla hans hafi verið trygg á dvalartíma hans og að hann hafi getað og geti framfleytt sér hérlendis með löglegum hætti. Útlendingastofnun er m.a. heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar. Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef framfærsla hefur verið ótrygg um skamma hríð og ríkar sanngirnisástæður mæla með því.

4. gr.

3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi, EES-útlendings sem hefur skráð sig hér á landi skv. VI. kafla eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í því eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Markmiðið með breytingunum er tvíþætt. Í fyrsta lagi að heimila ráðherra að setja nánari reglur um þátttöku Íslands í samstarfi á ytri landamærum Schengen-ríkjanna. Í öðru lagi að endurskoða breytingar sem gerðar voru á lögum um útlendinga á árinu 2008, annars vegar að því er varðar skilyrði til framfærslu og hins vegar að því er varðar frestun réttaráhrifa ákvörðunar um brottvísun EES-útlendings sem hefur skráð sig hér á landi skv. VI. kafla laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglur um þátttöku í sjóðum, stofnunum og verklegu samstarfi í tengslum við samvinnu á landamærum á grundvelli Schengen-samstarfsins. Með Schengen-samningnum var eftirlit með ferðum manna yfir innri landamæri samningsríkjanna fellt niður en eftirlitið á ytri landamærum ríkjanna styrkt. Þátttaka í sameiginlegum verkefnum á þessu sviði er Íslandi mikilvæg og þykir þess vegna rétt að heimila ráðherra að setja nánari reglur um það hvernig samstarfinu skuli háttað í framkvæmd, þ.e. þegar það kallar ekki á að gerðar séu breytingar á lögum.

Um 2. og 3. gr.

Um er að ræða lagfæringu til samræmis við skilyrði sem sett eru til veitingar á íslenskum ríkisborgararétti. Breytingin sem gerð var á lögum um útlendinga með lögum nr. 86/2008, sem tóku gildi 1. ágúst 2008, hefur í för með sér víðtæk áhrif til takmörkunar á réttindum útlendinga sem löglega dvelja hér á landi og hafa áunnið sér rétt til bóta almannatrygginga eða atvinnuleysisbóta. Lagt er til að lögunum verði breytt aftur til fyrra horfs, þannig að einungis félagsleg fjárhagsaðstoð ríkis eða sveitarfélaga séu framfærslugreiðslur sem ekki teljist til tryggrar framfærslu við mat á því hvort skilyrði eru til að veita dvalarleyfi eða búsetuleyfi hér á landi.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er bætt inn í 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna að ákvörðun um brottvísun EES-útlendings sem hefur skráð sig hér á landi skv. VI. kafla laganna megi ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þar sem EES-útlendingar fá ekki lengur útgefið dvalarleyfi sér til handa við löglega dvöl í landinu þykir rétt að taka af allan vafa í þessum efnum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að ráðherra verði heimilað að setja með reglugerð nánari reglur um þátttöku Íslands í sjóðum, stofnunum og verklegu samstarfi í tengslum við samvinnu á ytri landamærum Schengen-ríkjanna. Í öðru lagi er lagt til að einungis fjárhagsaðstoð ríkis eða sveitarfélaga sé framfærslugreiðslur sem ekki teljist til tryggrar framfærslu við mat á því hvort skilyrði eru til að veita dvalarleyfi eða búsetuleyfi hér á landi. Loks er lagt til að ákvörðun um rottvísun EES-borgara sem skráð hefur búsetu sína hér á

landi í þjóðskrá og dvalist hefur í landinu í þrjá mánuði eða lengur verði ekki framkvæmanleg fyrr en ákvörðun er endanleg.

Með þátttöku í samstarfi á ytri landamærum Schengen-ríkja er Ísland nú þegar aðili að sjóðum og stofnunum samkvæmt samningi en væntanlegri reglugerð er ætlað að festa betur í sessi það fyrirkomulag. Ekki er því gert ráð fyrir auknum kostnaði ríkisins vegna þess. Áætlað er að verklegt samstarf í tengslum við samvinnu á ytri markaði verði aukið en það gengur út á að efld verði svokölluð neyðarteymi sem geta verið til staðar ef upp kemur vandræðaástand í öðrum Schengen-ríkjum auk námskeiða um málefni samstarfsins. Með frumvarpi þessu er verið að veita ráðherra heimild til setningar reglugerðar um slíkt samstarf og hefur það því ekki verið útfært nákvæmlega né kostnaðarmetið á þessu stigi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður þannig ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

977. Frumvarp til laga [586. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í 6 lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
3. Lögreglustjórinn á Vesturlandi og Vestfjörðum.
4. Lögreglustjórinn á Norðurlandi.
5. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
6. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Umdæmi lögreglustjóra skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu, í umboði viðkomandi lögreglustjóra.

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu. Heimild þessi nær m.a. til verkefna sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Í hverju lögregluumdæmi skal starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni lögreglunnar. Í nefnd sitja lögreglustjóri viðkomandi lögregluumdæmis, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu eða á því svæði sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

6. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn.

Lögreglustjóri skal auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
b. hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,
c. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Ríkislögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Lögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn með sama hætti. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

7. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

4. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Nám í lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal lögregluskólinn sjá fyrir starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Greiðir þá lögregluskólinn grunnlaun en viðkomandi lögreglustjóri vaktaálag og annan kostnað sem til fellur. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við ólaunuð þriðja önn í lögregluskólanum sem lýkur með prófum.

II. KAFLI
Gildistaka o.fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Við gildistöku laganna taka ný embætti lögreglustjóra við öllum réttindum, eignum og skyldum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Þar á meðal taka ný embætti við öllum starfsmönnum eldri lögregluembætta á sömu starfskjörum, að undanskildum lögreglustjórum eldri embætta en störf þeirra eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

10. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um verslunaratvinnu, nr. 28/1998.* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í greininni kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanns.
2. *Áfengislög, nr. 75/1998.*
   a. Í stað embættisheitisins „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. og „lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanns.
   b. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 3. mgr. 11. gr. og „lögreglustjóri“ í 2. mgr. 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanni.
3. *Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.* 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
   Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn.
4. *Lög um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977.* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir fyrirmæli 9. gr. taka lög þessi þegar gildi á þann hátt sem segir í þessu ákvæði.

Fyrir 1. janúar 2011 er ráðherra heimilt að taka ákvarðanir um að flytja og skipa lögreglustjóra í hin nýju lögregluembætti. Þeir sem við gildistöku þessa ákvæðis eru skipaðir lögreglustjórar skulu njóta forgangs til skipunar í hin nýju embætti lögreglustjóra og er heimilt að flytja þá í hin nýju embætti. Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Ráðherra skal við gildistöku þessa ákvæðis skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum framkvæmd þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um. Skal verkefnisstjórnin m.a. leggja mat á hagkvæmni og eftir atvikum gera tillögu um hvaða verkefni væri rétt að fela einstökum lögreglustjórum á grundvelli 5. mgr. 6. gr. lögreglulaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli vinnu sem fram hefur farið á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis undanfarin missiri. Efni þess er einkum byggt á skýrslu starfshóps frá því í október 2009, sem dómsmálaráðherra skipaði þá um sumarið og í sátu fulltrúar ráðuneytisins og skólastjóri Lögregluskóla Íslands. Með starfshópnum störfuðu fulltrúar Landssambands lögreglumanna og Lögregluskóla Íslands svo sem nánar greinir frá hér á eftir.

Í frumvarpinu eru lagðar til skipulagsbreytingar á lögreglunni í landinu sem eiga sér bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Hvati þess að lagðar eru til breytingar nú eru þó einkum þær sparnaðarkröfur, sem hafa verið gerðar til lögreglu á fjárlögum þessa árs og hins fyrra, og sem fyrirsjáanlegt er að gerðar verði til hennar á komandi árum, sem og annarra ríkisstofnana.

Er lagt til að breytingarnar gerist með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað þannig að þau verði 6 í stað 15. Í öðru lagi verði lögfest almenn heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, sem nú eru á hendi embættis ríkislögreglustjóra, en í því kunna að felast hagræðingarmöguleikar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði skipurit embætta ýmist samin eða endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn. Gert er ráð fyrir að nokkur sérstök starfsheiti innan lögreglunnar verði felld úr lögum í samræmi við þá sýn að rétt sé að einfalda og fækka starfsstigum lögreglu og þar með draga úr kostnaði við yfirstjórn embættanna.

Í ársbyrjun 2007 tóku gildi breytingar á skipulagi lögreglunnar sem áttu sér langan aðdraganda. Þær fólust einkum í stækkun umdæma. Það er niðurstaða dómsmála- og mannréttindaráðherra að þótt þessar breytingar hafi að mörgu leyti gengið vel sé nauðsynlegt að ganga lengra til að settum markmiðum verði náð. Þá niðurstöðu styðja tvær úttektir, annars vegar skýrsla sú sem nefnd var hér í upphafi frá því í október 2009, og einnig ítarleg skýrsla matsnefndar ráðuneytisins frá því apríl 2008, sem unnin var á vegum þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra.

Sumarið 2008 kynnti ráðuneytið hugmyndir um frekari stækkun umdæma og var óskað eftir umsögnum ýmissa aðila um þær hugmyndir sem þar komu fram. Við hrun íslensks efnahagslífs haustið 2008 ásamt þeim átökum sem lögreglan stóð frammi fyrir um veturinn, var þessum áformum frestað. Í ljósi fyrirsjáanlegs niðurskurðar á fjárveitingum til löggæslu og aukinna krafna um hagkvæmni í rekstri lögreglunnar ákvað ráðuneytið að endurskoða fyrri hugmyndir um skipulagsbreytingar innan lögreglunnar.

Eins og fyrr greinir skipaði dómsmála- og mannréttindaráðherra starfshóp sumarið 2009 til að yfirfara skipulag lögreglunnar í landinu. Starfshópurinn var skipaður þeim Hauki Guðmundssyni skrifstofustjóra sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Arnari Guðmundssyni skólastjóra lögregluskólans og Ásdísi Ingibjargardóttur skrifstofustjóra. Þau áttu fjölmarga fundi m.a. með lögreglustjórum, Landssambandi lögreglumanna, Félagi yfirlögregluþjóna, Félagi rannsóknarlögreglumanna, Lögreglustjórafélagi Íslands, Félagi ákærenda, ríkissaksóknara, sérstökum saksóknara, Tollstjóra og stjórn Sýslumannafélagsins og var tilgangurinn að fá fram sjónarmið allra þessara aðila um fyrirhugaðar breytingar.

Var það eindregin niðurstaða starfshópsins að stækka þyrfti lögregluumdæmi frá því sem nú er, auk þess sem hafa yrði hliðsjón af hugmyndum sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá október 2006 um að ríkislögreglustjóri ætti fyrst og fremst að sinna verkefnum sem lúta beint að stjórnun, stjórnsýslu og miðlægri þjónustu og verkefnum á sviði öryggismála.

Þá komst starfshópurinn enn fremur að þeirri niðurstöðu að yfirmenn innan lögreglunnar væru of margir og því væri hugsanlegt að ná fram töluverðum sparnaði með hagræðingu innan lögreglunnar án þess að slíkt kæmi að fullu fram í skertri löggæslu.

Á grundvelli framangreindra niðurstaðna ákvað ráðherra að unnið skyldi að tillögum um að stækka lögregluumdæmin í landinu og þau myndu síðan lúta stjórn eins lögreglustjóra á landsvísu. Óskaði ráðherra eftir því við Kjartan Þorkelsson formann Lögreglustjórafélagsins og Snorra Magnússon formann Landssambands lögreglumanna, að þeir tækju þátt í að útfæra hugmyndir starfshópsins áfram. Þegar leið á vinnuna var það mat hópsins að ekki væri unnt að ráðast í að sameina alla lögregluna í eina stofnun á svo skömmum tíma að það myndi hjálpa lögreglunni við að mæta lækkuðum fjárveitingum. Á hinn bóginn væri skynsamlegt að sameina lögregluembættin strax í 6–8 embætti enda lá fyrir að viðbrögð við þessum hugmyndum voru fremur jákvæð þegar þær voru settar fram árið 2008. Sú skipting styðst m.a. við sjónarmið um að lögreglulið ættu helst ekki telja færri en 30–50 lögreglumenn til að þau geti verið sjálfbær að sem allra mestu leyti um helstu verkefni. Þá hefur verið horft til þeirrar svæðaskiptingar sem rædd hefur verið í stefnumótunarnefnd ríkisins um svæðaskiptingu landsins.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að ný sameinuð embætti taki til starfa 1. janúar 2011. Þá verði einnig ráðist í breytingar á fyrirkomulagi einstakra löggæsluverkefna. Þessar breytingar hafi fyrst og fremst aukið hagræði að leiðarljósi en taki mið af þeirri stefnumörkun að draga úr löggæsluverkefnum ríkisögreglustjóraembættisins þar sem það er hagkvæmt og skerpa á þeirri sýn að hlutverk þess sé á sviði samræmingar, eftirlits og yfirstjórnar auk öryggismála. Er gert ráð fyrir að þessi löggæsluverkefni verði færð út í hin nýju embætti um leið og rekstur einstakra verkefna á embættunum verði sameinaður á einhverjum þeirra eftir því sem henta þykir. Auk þeirrar yfirstjórnar sem ríkislögreglustjóraembættið hefur með höndum, verði áherslan þannig á samræmingu og eftirlit. Í frumvarpinu er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra skuli fyrir 1. janúar 2011 setja á fót verkefnisstjórn, sem stýri breytingaferlinu og leggi mat á og komi með tillögur til ráðherra um hvaða verkefni væri rétt að fela einstökum lögreglustjóraembættum. Þannig verði unnt að skilgreina ákveðnar kröfur og koma í veg fyrir tortryggni um að þjónustu við önnur lögregluumdæmi á landsvísu sé forgangsraðað aftan við kjarnastarfsemi viðkomandi lögregluembættis.

Rétt er að taka fram að ætlunin er að í skipuriti nýrra lögregluembætta verði færri stjórnunarstöður en fleiri lögreglumenn, en nú eru innan lögregluliðanna. Embættum ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu verði svo gert að ráðast í sams konar endurskoðun á fjölda yfirmanna í sínu skipulagi að því marki sem það hefur ekki þegar verið gert.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til, er fylgt þeirri stefnu, sem að meginstefnu hefur verið framkvæmd undanfarna áratugi í skipulagi lögreglunnar og réttarvörslukerfisins. Skref fyrir skref hefur sérhæfing aukist og einstakar stofnanir orðið öflugri. Fyrir tuttugu árum var löggæslan utan Reykjavíkur á hendi ríflega tuttugu embætta, sem jafnframt sinntu störfum sýslumanna og dómara. Sjálfstæði dómsvaldsins og uppbygging héraðsdómstólanna fól í sér stórt framfaraskref sem fáir mundu vilja að stigið yrði til baka. Hið sama gildir um þá stækkun lögregluumdæma sem framkvæmd var 2007. Með þeirri tillögu sem felst í frumvarpinu hefur verið fallið frá því að sameina alla lögregluna á Íslandi í eina stofnun, en markmiðið er þó að lögreglan vinni í auknum mæli saman sem ein heild. Fækkun lögregluliða og áherslubreytingar í rekstri ríkislögreglustjóra skapa forsendur til þess að lögreglustjórar vinni saman með miklu nánari hætti en nú.

Um leið er þessum breytingum ætlað að auðvelda lögreglunni að ná fram þeim sparnaði í rekstri sínum sem krafist er. Með stærri rekstrareiningum er unnt að ná sparnaði í stoðþjónustu af ýmsu tagi auk þess sem hlutfall stjórnenda af liðsheildinni getur verið lægra en raunhæft er að miða við í mjög fámennum lögregluliðum.

Um framkvæmd breytinganna.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi 1. janúar 2011. Samhliða vinnu við lagafrumvarpið þarf að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í því sambandi þarf að ákveða hvernig boðaður sparnaður skiptist niður á ólík embætti. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þátta eins og útfærslu meginskipulags, endurskoðun starfsstiga, áhrifa tilfærslu verkefna o.fl. Einnig þarf að útfæra fjárhagslegan aðskilnað lögregluembætta og sýslumannsembætta, en gert er ráð fyrir að þar sem embættismenn færist úr störfum sýslumanna inn á hin nýju fjögur lögregluembætti muni sýslumenn úr aðliggjandi umdæmum verða settir til að fara með þau embætti sem þannig losna. Samhliða frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, þar sem kveðið er á um að unnt verði að setja sýslumann í einu embætti til að að gegna jafnframt öðru sýslumannsembætti. Heildarendurskoðun á skipulagi sýslumannsembættanna fylgi svo í kjölfarið.

Nauðsynlegt er að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja lögreglustjóra við uppbyggingu embætta. Einnig er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnin stýri tilfærslu verkefna. Í verkefnisstjórninni ættu að eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og lögreglumanna. Þá má gera ráð fyrir að undir verkefnisstjórnina yrðu settir undirhópar til að aðstoða verkefnisstjórnina við innleiðingu á tilteknum verkefnum til að tryggja samræmingu í uppbyggingu nýju embættanna.

Verkefnisstjórnin mun þurfa að útfæra samrunaáætlun en það er verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um framkvæmd sameiningar. Í áætluninni verði fjallað um það sem þarf að gera á hverjum tíma í sameiningarferlinu og hve miklum tíma og fjármunum verður varið til verksins. Í þessum undirbúningi felst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. Undir það falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verkefna. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

Það er einn lykilþáttur í árangri breytinga að til nýrra stofnana ráðist hæfir og reyndir stjórnendur. Mikilvægt er að tryggja samfellu þannig að þeir stjórnendur sem veljast til starfa hafi þekkingu á lögreglustjórn og því löggæslusvæði sem þeir taka við eða sambærilegum svæðum. Eðlilegt þykir að þeir menn sem starfa sem lögreglustjórar í dag njóti forgangs til áframhaldandi starfa við lögreglustjórn. Er til hagræðis að líta fyrirfram á þá alla sem umsækjendur um störf lögreglustjóra fremur en að auglýsa sérstaklega eftir umsóknum þeirra en brýnt er að fjárhagsleg og fagleg ábyrgð á nýjum embættum verði skýr sem allra fyrst. Er því gert ráð fyrir að dómsmála- og mannréttindaráðherra geti beitt flutningsheimildum til að raða núverandi lögreglustjórum til starfa á nýjum embættum. Allt að einu er þó gert ráð fyrir að gæta verði sömu sjónarmiða og ella um mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir sömu störfum.

Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir að ný lögregluembætti taki við öllum réttindum og skyldum þeirra embætta sem nú eru fyrir. Þar á meðal munu embættin taka við öllum starfsmönnum á sömu kjörum og áður að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum. Um starfslok þeirra gilda ákvæði starfsmannalaga um niðurlagningu stöðu.

Gert er ráð fyrir því að embættin muni að mestu starfa í óbreyttu formi þar til nýtt skipulag þeirra tekur gildi 1. janúar 2011. Tíminn frá því að lögreglustjórar verða skipaðir við ný embætti og þangað til hin nýju embætti taka til starfa verður nýttur til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta. Gert er ráð fyrir því að verkefnahópar starfsmanna fái mikilvægt hlutverk í þessu sambandi og að fyrrgreind verkefnisstjórn hafi yfirsýn en sá sem ákvörðun hefur verið tekin um að verði lögreglustjóri í nýju embætti beri þó höfuðábyrgð á sínu embætti.

Meðal viðfangsefna sem vinna þarf að má nefna stefnumótun, skipurit, fjárhagsáætlun, húsnæðismál, starfsmannamál, vaktaskipulag og fyrirkomulag ýmissa verkefna.

Starfsmannamál eru lykilatriði í breytingaferli sem þessu. Skipulagsbreytingar, fækkun yfirmanna og hugsanlega annarra starfsmanna fela óhjákvæmilega í sér röskun á högum margra starfsmanna lögreglunnar. Við framkvæmd breytinga þarf að huga að því að lágmarka þessa röskun og reyna að takmarka beinar uppsagnir eins mikið og hægt er. Veita þarf starfsmönnum þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda og tryggja þeim lögfræðilega ráðgjöf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði um stöður aðstoðarríkislögreglustjóra verði felld úr lögunum, en í sparnaðarskyni hefur ekki verið skipaður aðstoðarríkislögreglustjóri um nokkurt skeið. Þessi breyting er í samræmi við það markmið að niðurskurði á fjárheimildum verði m.a. mætt með fækkun yfirmanna og að stöðuheiti í lögreglu séu ekki fastbundin í lögum.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6. Þau verði á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, á Vesturlandi og Vestfjörðum, á Norðurlandi, á Austurlandi og á Suðurlandi. Allítarleg grein er gerð fyrir stærð þessara umdæma og lögregluliðanna sem í þeim starfa í fylgiskjali með frumvarpinu. Með þeirri stækkun sem hér um ræðir er stefnt að því að til verði öflug lögreglulið, sem bæði verði hagkvæmari rekstrareiningar en þau sem fyrir eru og njóti styrks af stærri liðsheild. Þá verði unnt að skipuleggja stærri lið með færri yfirmönnum og komast þannig hjá þeim uppsögnum sem ella væru óumflýjanlegar.

Var það mat starfshópsins sem frumvarpið samdi að óheppilegt væri að fastsetja umdæmin með nákvæmum hætti í lög og því var farin sú leið að veita dómsmála- og mannréttindaráðherra heimild til að afmarka þau nánar í reglugerð. Rökin fyrir því eru einkum þau að fjöldi sveitarfélaga í landinu hefur tekið breytingum undanfarin ár. Gæti verið nauðsynlegt að hnika umdæmum til, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga eða jafnvel vegna eindreginna óska heimamanna í einstökum byggðarlögum um að tilheyra öðru lögregluumdæmi. Þá var það samróma álit nefndarinnar að ekki ætti að kenna embættin við tiltekna þéttbýliskjarna eða sveitarfélög eða taka með öðrum hætti afstöðu til þess í lögunum hvar höfuðstöðvar eiga að vera staðsettar eða aðstaða fyrir lögreglu að öðru leyti. Tækniframfarir og síaukin áhersla á sýnilega löggæslu hafa dregið mjög úr mikilvægi varðstofa og engin ástæða er til að stilla málum upp með þeim hætti að skipuleggja þurfi nær alla starfsemi embættis í einum höfuðstöðvum á einum stað. Réttara virðist að láta lögreglustjórum eftir að skipuleggja starfsemi

lögregluliðanna og stilla þeim og aðstöðu þeirra upp eins og þeir telja þörf krefja og fjárveitingar hrökkva til.

Með brottfalli núgildandi 2. mgr. 6. gr. eru aflögð embætti aðstoðarlögreglustjóra sem nú eru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Er það í samræmi við það stefnumið að fækka yfirmönnum í lögreglunni.

Lagt er til að úr 3. mgr. 6. gr. laganna verði fellt ákvæði er lýtur að samræmingu á starfi lögreglunnar innan landsfjórðunga. Við það er miðað að störf lögreglu eigi að samhæfa eftir því sem kostur er um allt land. Gert er ráð fyrir því að lögfest verði heimild til að fela sýslumönnum að fara með daglega lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra. Þannig er unnt að taka tillit til aðstæðna í einstökum landshlutum, þar sem samgönguerfiðleikar og ákveðin einangrun gera að verkum að heppilegt kann að þykja að halda í það fyrirkomulag að dagleg verkstjórn sé í höndum sýslumanns.

Lagt er til að við bætist ný málsgrein í 6. gr. þar sem lögfest verði ný heimild fyrir ráðherra til að fela einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu. Góð reynsla er af því að taka einstök verkefni fastari tökum með því að sameina vinnslu þeirra á einum stað. Má t.d. nefna sektainnheimtu, sem upphaflega var sameinuð hjá ríkislögreglustjóra en síðar vistuð á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórn um útfærslu breytinganna geri tillögur um færslur á verkefnum og fjárheimildum, en embætti ríkislögreglustjóra hafi eftirlit með því að viðkomandi embætti uppfylli þær kröfur sem gerðar verða til rækslu verkefnanna. Á meðal þeirra verkefna sem þarna koma til skoðunar er rekstur sérsveitar, símsvörun og rekstur fjarskiptamiðstöðvar, flutningur brottvísaðra útlendinga úr landi o.fl. Heimildin tengist þannig þeirri áherslubreytingu sem boðuð er á embætti ríkislögreglustjóra, en felur einnig í sér möguleika á að hagræða með því að fella saman vinnslu verkefna sem nú eru unnin á öllum lögregluembættum.

Um 3. gr.

Í 8. gr. laganna er gerð grein fyrir lögregluranns óknum. Með þeim breytingum sem gerðar voru árið 2007 var sú skipan tekin upp að rannsóknardeildirnar voru aðeins 7 þótt embættin væru 15. Eru því nú í lögunum ákvæði sem mæla fyrir um hversu brot framin í einu umdæmi geta sætt rannsókn rannsóknardeildar úr öðru umdæmi. Þetta fyrirkomulag þykir ekki hafa gefist vel að öllu leyti og er gert ráð fyrir að sérstakar rannsóknardeildir verði starfræktar í öllum 6 lögregluumdæmunum. Lögregluranns óknir samþættast almennu lögreglustarfi í umdæmunum og lögregluembættin eru betur í stakk búin til þess að takast á við slík mál með skilvirkum hætti um leið og þau koma upp. Forræði rannsókna verður í því lögregluumdæmi þar sem brot eru framin. Hins vegar er lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu áfram gert að starfrækja tæknideild sem er hinum lögregluumdæmunum til aðstoðar ef þörf er á. Ekki er ætlast til að hvert umdæmi setji á laggirnar dýra tæknideild. Langflest eða um 70% hegningarlagabrota voru á árinu 2008 framin á höfuðborgarsvæðinu, um 5–7 % í hverju hinna nýju umdæma á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi/Vestfjörðum og Norðurlandi og innan við 5% á Austurlandi. Miðað við það að langflest brotin eru framin á höfuðborgarsvæðinu eða um 70% er skynsamlegt að sérstök tæknideild starfi í sem mestri nálægð við og með stærstu rannsóknardeildinni á landinu og viðhaldi með því þekkingu sinni á því sem gerist í rannsóknum þar, haldi sýn á nýjungum í rannsóknum og stuðli að sem bestri samvinnu við aðra rannsakara. Langflest brot eru þeirrar tegundar að rannsókn þeirra krefst ekki flókinna eða sérstakra rannsóknarúrræða.

Lögreglurannsóknir byggjast stöðugt meira á alþjóðlegum samskiptum og tæknilausnum sem krefjast sérstakrar kunnáttu. Þessi tengsl og sérhæfing verður ekki byggð upp á mörgum stöðum.

Brotaumhverfi á Íslandi er að breytast þannig að lögreglurannsóknir byggjast í mjög vaxandi mæli á samþættingu upplýsinga hér heima og erlendis sérstaklega á því sviði sem lýtur að rannsóknum brota sem eiga uppruna sinn í skipulagðri glæpastarfsemi. Talið er rétt að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu veiti öðrum lögregluembættum rannsóknaraðstoð, þ.m.t. tæknilega rannsóknaraðstoð vegna brota er tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, vettvangsrannsókna, samanburðarrannsókna og annarra slíkra rannsókna. Þar skal varðveitt fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn. Meginröksemdin fyrir þessari tilhögun er að flest alvarleg brot verður að rannsaka með aðkomu sérhæfðrar tæknideildar með rannsóknaraðstoð í formi upplýsinga og tæknilegra úrræða auk þess sem þau krefjast að jafnaði verulegs vinnuframlags (flóknar og tímafrekar rannsóknir auk þess sem vanda þarf sérstaklega alla öflun sönnunargagna vegna alvarleika brotsins og þyngd mögulegrar refsingar). Rannsóknir slíkra alvarlegra brota eru nokkuð sérhæfðar og krefjast sérþekkingar auk þess sem mjög áríðandi er rannsókn slíkra brota gangi hratt og skilmerkilega fyrir sig.

Ákvæði 5. mgr. 8. gr. laganna hefur ekki verið nýtt né talin þörf á því. Ekki er hagkvæmt að hafa fleiri en eina greiningardeild.

Um 4. gr.

Breytingin á 9. gr. laganna leiðir af því að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verða felldar úr lögunum.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga. Er kveðið á um að sveitarstjórar í þeim sveitarfélögum sem eru innan umdæmisins sitji í nefndinni í stað þeirra sem nú sitja í henni þ.e. lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Er talið skilvirkara að hafa sveitarstjórana sjálfa í nefndunum. Nauðsynlegt þykir að skapa þann möguleika að fleiri en ein samstarfsnefnd geti starfað í lögregluumdæmi, en við því má búast að á annan tug sveitarfélaga verði í nokkrum lögregluumdæmum.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um hæfisskilyrði ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra. Í núgildandi lögum er vísað í hæfisskilyrði sýslumanna um hæfi lögreglustjóra, en í lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, segir um hæfisskilyrði sýslumanna að engan megi *„skipa sýslumann, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur“*. Hinar efnislegu reglur um hæfisskilyrði lögreglustjóra er því að mestu að finna í dómstólalögum, nr. 15/1998.

Hér er lagt til að efnisreglurnar um hæfisskilyrði lögreglustjóra verði teknar upp í lögreglulög. Á hinn bóginn er ekki lagt til að verulegar breytingar verði gerðar á þessum skilyrðum.

Í 12. gr. dómstólalaga segir að þann einan megi skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.

3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Fyrsta skilyrðið í þessari upptalningu á ekki við um sýslumenn og lögreglustjóra og virðist óþarft að taka það upp. Annað skilyrðið er almenns eðlis og er að finna í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki er talin þörf á að taka þriðja skilyrðið upp í lagatextann, svo sjálfsagt sem það er. Fjórða og fimmta skilyrðið lúta að fortíð viðkomandi og er ekki talin ástæða til að slaka á þeim kröfum sem þar eru gerðar. Síðustu tvö skilyrðin lúta að menntun og reynslu.

Í ljósi þess að ekki verður skilið milli ákæruvalds og lögreglu er talið rétt að miða við að lögreglustjórar séu lögfræðingar. Á hinn bóginn er skilyrðið í 7. tölul. 12. gr. dómstólalaga nær eingöngu miðað við reynslu af dómstörfum og þykir ástæðulaust að hafa skilyrði af þessu tagi í lögum, enda þykir mega gera ráð fyrir því að hæfustu umsækjendur um starf lögreglustjóra hafi jafnan umtalsverða reynslu.

Öll þessi hæfisskilyrði ná jafnt til ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að ekki verður lengur kveðið á um að staðgengill lögreglustjóra þurfi að uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur. Með þessu er gengið skrefi lengra á þeirri braut sem mörkuð var með breytingu á lögreglulögum frá 2006, sem kom á embættum aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra, því samkvæmt þessu geta þeir undirmenn lögreglustjóra sem lokið hafa námi frá Lögregluskóla ríkisins verið staðgenglar hans. Slíkt mundi væntanlega einkum eiga við um þá menn sem einnig hafa lokið stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi, svo sem nú á við um aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra. Í ljósi þess að stærð minnstu embættanna verður töluvert önnur en nú, þykir mega koma málum fyrir með þeim hætti innan þeirra að meðferð ákæruvalds verði ekki teflt í tvísýnu þótt staðgengill lögreglustjóra sé ólöglærður.

Lagt er til að 3. mgr. 28. gr. verði felld úr gildi, enda gert ráð fyrir að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verði lagðar niður sem sérstök stöðuheiti í lögunum.

Þá er lagt til að lögreglustjórar skipi alla lögreglumenn nema yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna við sitt embætti og er það gert til að undirstrika stjórnunarheimildir lögreglustjóra yfir starfsliði sínu og gera boðleiðir skýrari. Eðlilegt er að sá sem ber ábyrgð á störfum undirmanna sinna, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna, skipi starfsmenn sína, enda er það hann sem hefur heimildir 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til áminningar á sinni hendi. Skipanir yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna færist frá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu til ríkislögreglustjóra, en rökin fyrir því að færa ekki allar skipanir að fullu til embættanna í einu lagi eru annars vegar þau að heppilegra sé að gera breytingar að þessu leyti í áföngum og hins vegar þau að mikilvægt er að haldið sé á skipunarmálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti eftir að hin nýju sameinuðu embætti taka til starfa. Lagt er til að sú heimild sem nú er að finna í 5. mgr. 28. gr. falli niður. Greinin er arfur frá þeim tíma þegar ekki var unnt að manna stöður lögreglumanna með menntuðum mönnum. Vegna mikillar eflingar lögregluskólans hefur

þetta vandamál nú verið leyst. Þessi breyting hróflar ekki við störfum þeirra örfáu ómenntuðu lögreglumanna sem enn eru við störf. Nauðsynlegt er að ráðuneytið hugi að því hvort rétt sé að breyta reglugerð um héraðslögreglumenn til að fyrirbyggja að þessi breyting leiði til þess að alls ómögulegt verði að halda uppi löggæslu á ákveðnum stöðum og tímum

Um 7. gr.

Brottfall 2. mgr. 37. gr. leiðir af því að óeðlilegt þykir að stilla upp einstökum embættum lögreglumanna við lögregluskólann í lögum, enda er það ekki gert við aðrar stofnanir lögreglunnar.

Um 8. gr.

Lagt er til að breyting verði gerð á fyrirkomulagi launagreiðslna til lögreglunema sem stunda nám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins frá því sem verið hefur frá lögleiðingu lögreglulaga. Námið á fyrstu önninni í skólanum er ólaunað en hefur verið lánshæft nám samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN).

Samkvæmt gildandi lögum skal ríkislögreglustjóri sjá þeim nemum sem standast próf á fyrstu námsönninni í skólanum fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins. Raunin er sú að skólinn hefur skipulagt starfsþjálfunina með samkomulagi við lögregluembætti sem hafa tekið nemendur í starfsþjálfun og greitt þeim laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna (LL). Fjárveiting hefur hins vegar aldrei verið veitt sérstaklega á fjárlögum til að standa straum af launakostnaði vegna starfsþjálfunar lögreglunema. Á lokaönn námsins hafa lögreglunemarnir fengið laun sem Lögregluskóli ríkisins greiðir.

Rekstur lögregluembætta er erfiður og fyrrgreint fyrirkomulag gengur ekki lengur vegna fjárskorts auk þess sem það hefur ávallt verið sá faglegi galli á fyrirkomulaginu, að fremur hefur verið litið á starfsþjálfunarnema sem afleysingamenn en nemendur, sem á hinn bóginn hefur leitt til þess að Lögregluskóli ríkisins hefur átt erfitt með að fylgja eftir námskrá starfsþjálfunarannarinnar. Virðist eðlilegt að lögreglunemar fjármagni sitt nám með námslánum eins og aðrir nemar að undanskildum þeim tíma sem þeir eru í starfsnámi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og m.t.t. hagræðingar og betri nýtingu fjármuna er talið rétt og eðlilegt að breyta núverandi fyrirkomulagi varðandi launagreiðslur vegna grunnnámsnema við Lögregluskóla ríkisins. Skólinn skuli sjá þeim nemendum sem standast próf á fyrstu námsönn (bóknámsönn) fyrir starfsþjálfun í lögreglunni í a.m.k. fjóra mánuði og greiðir þá mánaðarlaun þeirra. Hins vegar verði hætt að greiða lögreglunemum laun á lokaönn námsins í skólanum (bóknámsönn) sem gert er ráð fyrir að verði lánshæft nám samkvæmt reglum LÍN eins og námið á fyrstu námsönn er.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Er gert ráð fyrir að hin nýju embætti taki við öllum réttindum og skyldum sem og eignum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Þar á meðal taki þau við öllum starfsmönnum embættanna á sömu starfskjörum að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum en störf þeirra verða lögð niður. Vísað er til almennra athugasemda um framkvæmd breytinganna.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem miða að því að koma á aðskilnaði lögreglustjóra og sýslumanna. Eru ýmsar leyfisveitingar faldar sýslumönnum með þessum breytingum, en raunin hefur verið sú að mikill fjöldi leyfa sem krefst aðkomu lögreglustjóra samkvæmt lögum hefur í reynd ekki verið afgreiddur af lögreglumönnum heldur af almennum starfsmönnum sýslumannsembættanna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að þrátt fyrir að hin nýju embætti taki ekki til starfa fyrr en 1. janúar 2011 taki lögin gildi þegar í stað að því leyti sem kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða. Þannig geti ráðherra tekið ákvörðun um hver verði lögreglustjóri í hinu nýja lögregluembætti þó svo að embættið taki ekki til starfa fyrr en 1. janúar 2011. Er þetta mikilvægt í ljósi þess að tilvonandi lögreglustjóri þarf að starfa með verkefnisstjórn þeirri sem skipa skal skv. 3. mgr. ákvæðisins að undirbúningi breytinganna. Þá er jafnframt kveðið á um að ekki þurfi að auglýsa hin nýju embætti og að ráðherra geti flutt menn til í embætti og skulu þeir sem skipaðir eru í embætti lögreglustjóra við gildistöku ákvæðis til bráðabirgða þá njóta forgangs. Vísast til nánari umfjöllunar í almennum athugasemdum hér að framan. Ákvæðið um forgangsrétt lögreglustjóra til starfa á sér fyrirmynd í 18. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, o.fl.

Með frumvarpi þessu er lagt til að löggæslan verði að fullu aðskilin frá sýslumannsembættum og lögregluumdæmin stækkuð og þeim fækkað úr 15 í 6. Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök verkefnisstjórn sem sjái um framkvæmd breytinganna. Í þeirri vinnu skal m.a. leggja mat á hagkvæmni og koma með tillögu um verkefnaflutning á milli embætta. Þannig er gert ráð fyrir að verkefni ríkislögreglustjóra verði endurmetin til þess að ná fram aukinni samlegð og fækkun í yfirstjórn. Markmið breytinganna eru í meginatriðum tvíþætt, annars vegar að ná fram hagræðingu í rekstri og hins vegar að auka faglega burði lögreglunnar á landsbyggðinni. Með þessum aðgerðum er leitast við að ná fram betri stýringu á fjárveitingum til málaflokksins, sérstaklega í ljósi þess að fjárveitingar koma til með að dragast saman á næstu árum. Gera má ráð fyrir að það gerist einkum með fernum hætti. Í fyrsta lagi leiðir af stækkun embætta að yfirmönnum fækkar hlutfallslega meira en almennum lögreglumönnum. Í öðru lagi má gera ráð fyrir að lögreglumönnum sem og öðru starfsfólki löggæsluembætta fækki í heildina á næstu árum með því að nánast engar nýráðningar koma á móti fækkun vegna þeirra starfsmanna sem fara á eftirlaun eða hverfa til annarra starfa. Í þriðja lagi er áætlað að með samþættingu verkefna á landsvísu við einstök umdæmi lögreglu komi til með að verða betri nýting á starfsfólki og samhliða endurskipulagningu á öllu innkaupaferli lögreglu náist fram veruleg hagræðing. Í fjórða lagi er ætlunin að skipta fjárveitingum til lög-

gæslu í samræmi við reiknilíkan þannig að meira tillit verði tekið til íbúafjölda og umferðar í umdæmi en verið hefur.

Eins og fram kemur hér að framan er sérstakri verkefnisstjórn ætlað að finna út hagkvæmni þessara breytinga og hefur fjárhagsleg greining ekki að fullu farið fram. Þó gera áætlanir dómsmálaráðuneytisins ráð fyrir að fækkun í yfirstjórn spari embættunum rúmar 243 m.kr. en að ráðnir verði almennir lögreglumenn í staðinn sem hafi í för með sér um 128 m.kr. kostnaðarauka þannig að nettó áhrifin verði ekki nema 115 m.kr. sparnaður. Auk þess er gert ráð fyrir að með sameiningunni geti bakvaktir dregist verulega saman og að sparnaður vegna þess verði um 142 m.kr. Áætlað er að með meiri miðstýringu á innkaupum og með endurskipulagningu á innkaupaferlum náist lækkun útgjalda um allt að 80 m.kr. á ári. Samtals gera áætlanir dómsmálaráðuneytisins því ráð fyrir að bein hagræðing vegna þessa frumvarps verði rúmar 330 m.kr. á ári eða 4,5% af veltu starfseminnar. Í sameiningaráformum ríkisstofnana hefur hins vegar verið horft til þess að hagræðið gæti orðið á bilinu 10–15% og væri sparnaðurinn þá á bilinu 700–1.000 m.kr.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að heildarsparnaður gæti verið á bilinu 330–450 m.kr. á ári allt eftir því hvað starfsmönnum verður fækkað mikið í samræmi við möguleika sem frumvarpið skapar. Mat á mannaflsþörf hinna nýju lögregluembætta í samræmi við þetta frumvarp hefur hins vegar ekki verið metin og er gert ráð fyrir því að það verði hlutverk verkefnisstjórnarinnar að útfæra frekari hagræðingu innan málaflokksins þannig að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað enn frekar.

Fylgiskjal II.

Sameining lögregluembætta.
Greinargerð starfshóps dómsmálaráðherra.
(Október 2009)

Formáli

Í greinargerð þessari er leitast við að gera grein fyrir tillögu starfshóps dómsmálaráðherra, frú Rögnu Árnadóttur, um sameiningu lögregluembætta. Með starfshópnum hafa jafnframt starfað Kjartan Þorkelsson, formaður lögreglustjórafélagsins, og Snorri Magnússon, formaður landssambands lögreglumanna. Kjartan og Snorri hafa tekið fulla þátt í starfi hópsins og styðja meginefni tillagnanna þótt skiptar skoðanir hafi verið um einstaka þætti. Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu, var ritari starfshópsins og með hópnum hefur einnig starfað Sigurður Helgason ráðgjafi.

Greinargerðinni er skipt upp í 5 kafla þar sem gerð er grein fyrir aðdraganda verkefnisins, tillögunni um stækkun lögregluumdæma, skipulagi lögreglu, hagræðingu og framkvæmd breytinga. Þá fylgja greinargerðinni þrjú fylgiskjöl. Í fyrsta lagi fylgiskjal sem gerir grein fyrir sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna löggæslunnar, í öðru lagi fylgiskjal um valkosti um breytt skipulag og að lokum drög að frumvarpi til breytinga á lögreglulögum.

Reykjavík 22. október 2009,

Haukur Guðmundsson
formaður

Arnar Guðmundsson	*Ásdís Ingibjargardóttir*
Kjartan Þorkelsson	*Snorri Magnússon*
Skúli Þór Gunnsteinsson, ritari	*Sigurður Helgason,* ráðgjafi

1. Inngangur

Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi löggæslunnar. Má í þessu sambandi nefna:

- Aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði árið 1992 sem fól í sér að lögreglustjórar fóru ekki lengur með dómsvald.
- Stofnsetning embættis ríkislögreglustjóra árið 1996 en samhliða því var Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður.
- Tilfærsla ýmissa verkefna til embættis ríkislögreglustjóra auk nýrra verkefna á embættinu.
- Sameiningu og fækkun lögreglustjóraembætta úr 25 í 15 árið 2007.
- Með breytingu á tollalögum nr. 88/2005, sem tók gildi 1. janúar 2007, var landið gert að einu tollumdæmi og tollstjórn aðskilin frá lögreglustjórn.

Nefnd dómsmálaráðherra sem skipuð var til að meta árangur af skipulagsbreytingum sem tóku gildi 2007 komst að þeirri niðurstöðu að árangur af nýskipan lögreglumála hafi verið góðar. Nefndin lagði fram ýmsar ábendingar, meðal annars um að:

1. Meiri stækkun lögregluembætta gæti enn aukið slagkraft lögregluliða.
2. Lögreglustjórum yrði gert kleift að sinna eingöngu lögreglustjórn.
3. Hugað yrði að nýrri skipan lögregluranns̈okna og rannsóknarstörf lögreglu yrðu færð í fyrra horf og undir stjórn lögreglustjóra innan hvers umdæmis.

Í ljósi góðrar reynslu af fækkun lögregluumdæma ákvað dómsmálaráðherra að fara yfir stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, ásamt umdæma- og verkefnaskiptingu. Slík endurskoðun er brýn í ljósi erfiðra aðstæðna í fjármálum ríkisins. Leita þarf leiða til að þeir fjármunir sem veitt er til löggæslu nýtist sem allra best. Markmið skipulagsbreytinga eru ekki síst að auka möguleika til að mæta lægri fjárveitingum með hagræðingu fremur en niðurskurði þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipaði þann 15. júní sl. starfshóp til að vinna að þessu verkefni. Í hópinn voru skipuð þau Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu, sem jafnframt var formaður, Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og Ásdís Ingibjargardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ráðherra . Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu, var ritari starfshópsins. Starfshópnum var falið að:

- Leggja fram tillögur að breytingum eða nýju skipulagi, sem hafi það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu, auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til embættanna er varið.
- Taka til skoðunar verkaskiptingu á milli embætta, stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, tengingu lögreglu við sýslumenn og önnur verkefni sýslumanna og breytingar á verksviði lögreglu, t.d. varðandi ákæruvald og leyfisveitingar.
- Leita eftir skoðunum og tillögum um skipulag löggæslunnar innan lögreglunnar og eftir atvikum frá öðrum þeim sem láta sig löggæslumál varða.
- Hafa til hliðsjónar skýrslu nefndar um mat á breytingum á nýskipan lögreglu sem unnin var á vegum ráðuneytisins í apríl 2008.

Í starfi sínu átti starfshópurinn fjölmarga fundi m.a. með lögreglustjórum, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, sérstökum saksóknara, saksóknara efnahagsbrotadeildar, stjórnum Landssambands lögreglumanna, félags ákærenda, félags yfirlögregluþjóna, lögreglustjórafélagsins og sýslumannafélagsins, auk tollstjórans í Reykjavík og fleiri aðila í þeim tilgangi að fá fram sjónarmið þeirra varðandi skipulagsbreytingar. Í fylgiskjali 1 eru tekin saman helstu viðhorf og sjónarmið sem fram komu á fundunum.

Starfshópurinn lagði fyrstu hugmyndir sínar fram við dómsmálaráðherra í júlí sl. Í framhaldi af því ákvað ráðherra að hefja undirbúning að breyttu skipulagi þar sem lögregluumdæmin verði stækkuð frá því sem nú er og stofnað nýtt embætti lögreglustjóra á landsvísu.

Í kjölfar þeirrar ákvörðunar óskaði dóms- og kirkjumálaráðherra eftir að Kjartan Þorkelsson, formaður lögreglustjórafélagsins, og Snorri Magnússon, formaður landssambands lögreglumanna, tækju að sér að starfa með hópnum til að útfæra framangreindar hugmyndir. Óskaði ráðherra eftir því að starfshópurinn ynni að nánari útfærslu og áætlun um framkvæmd og var hópnum falið að undirbúa og útfæra tillögur um að:

- Lögregluumdæmi landsins verði stækkuð frá því sem nú er og verði 6–8 talsins og starfi þau undir forystu umdæmisstjóra.
- Umdæmisstjórar verði undir stjórn eins lögreglustjóra á landsvísu.
- Lögregluembættin í landinu verði sameinuð í eitt lögreglulið.

Markmið með skipulagsbreytingum var að tryggja þá grunnþjónustu sem lögreglu ber að veita og nýta sérhæfingu innan lögreglunnar þannig að hún gagnist sem best um land allt.

Stjórnunarkostnaður verði lækkaður eins mikið og unnt er til að mæta sparnaðarkröfum næstu ára. Ráðherra hélt fund með öllum lögreglustjórum og stjórn Landssambands lögreglumanna og kynnti þeim málið þann 30. júlí 2009.

Starfshópurinn kannaði kosti þess að sameina öll lögregluembætti í eitt embætti á landsvísu. Þegar leið á vinnuna var það mat hópsins að ekki væri raunhæft að gera svo umfangsmikla breytingu þegar á næsta ári. Starfshópurinn lagði því til við ráðherra að unnið yrði að skipulagsbreytingum sem fela í sér stækkun umdæma en ekki sameiningu í eitt lögregluembætti. Ráðherra féllst á þessa niðurstöðu starfshópsins og er í meðfylgjandi skýrslu gerð grein fyrir tillögu hópsins á þeim grunni.

2. Tillögur um stækkun lögregluumdæma

Það er álit starfshópsins að stefna beri að stækkun lögregluumdæma og fækkun lögregluembætta og draga jafnframt úr yfirbyggingu þeirra. Einnig er lagt til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, en það þykir raunhæft m.a. vegna stækkunar þeirra.

Megintillögur starfshópsins eru:

1. Lögregluembættum verði fækkað úr 15 embættum í 6 embætti:
   a. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
   b. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
   c. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
   d. Lögreglustjórinn á Norðurlandi.
   e. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
   f. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
2. Mörk svæðanna verði ekki lögfest heldur ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.
3. Ráðherra skipi yfirmenn nýju lögregluembættanna úr hópi þeirra sýslumanna sem nú gegna lögreglustjórn. Áður en þetta verði gert kanni ráðuneytið afstöðu þeirra.
4. Ný embætti taki formlega til starfa 1. janúar 2010.
5. Hin eiginlega skipulagslega sameining með nýju skipuriti taki gildi 1. apríl 2010. Samhliða komi til framkvæmda nauðsynlegar breytingar á starfsmannahaldi sem m.a. miða að því að draga úr yfirbyggingu.
6. Unnið verði skipulega að því að færa löggæsluverkefni frá embætti ríkislögreglustjóra til lögregluembættanna eftir því sem hagkvæmt þykir. Um leið verði hugað að því að sameina vinnslu einstakra löggæsluverkefni á landsvísu á einstökum embættum.
7. Við sameiningu embætta og tilfærslu verkefna verði unnið skipulega í öllum embættunum að hagræðingu.
8. Leyfisveitingar sem unnar eru af lögreglustjórum verði færðar til embætta sýslumanna.

Starfshópurinn telur æskilegt að samhliða fækkun lögregluembætta verði hugað að fækkun embætta sýslumanna. Er það mat hópsins að það sé mikilvæg forsenda þess að hægt verði að vinna að aðskilnaði löggæslu frá sýslumannsembættum með skipulegum hætti.

Markmiðin með tillögum starfshópsins eru fyrst og fremst að:

1. Efla og þróa faglega hæfni löggæslunnar um land allt og tryggja að sérhvert lögregluembætti geti annast sem flesta þætti löggæslu.
2. Auðvelda samhæfingu og auka sveigjanleika í löggæslu.
3. Að einfalda stjórnskipulag lögreglunnar.
4. Auka möguleika til að færa miðlæga löggæslu og stoðþjónustu til einstakra lögregluembætta.

5. Draga úr yfirbyggingu löggæslunnar til hagsbóta fyrir sýnilega löggæslu.
6. Bæta möguleika lögreglunnar til að mæta niðurskurði fjárveitinga án þess að það komi niður á grunnþjónustu.

Það er mat starfshópsins að hægt sé að framkvæma framangreindar breytingar án teljandi áhættu á því að röskun verði á löggæslunni. Það er lykilatriði í þessu sambandi að náið samráð verði haft við starfsmenn og stjórnendur lögreglunnar við framkvæmd breytinga. Vanda þarf til undirbúnings breytinga og vinna að þeim með skipulegum og samræmdum hætti.

Eins og fram kemur í inngangi þá taldi hópurinn ekki tímabært að sameina öll lögreglulið í eitt embætti á landsvísu en hópurinn telur samt sem áður rétt að leggja umfjöllunina fram sem lið í umræðu um framtíðarskipulag lögreglunnar. Í fylgiskjali 2 eru sett fram líkön af heildarsameiningu lögreglunnar og kostir og gallar þeirra metnir. Það er mat starfshópsins að ástæða sé til að kanna þessa valkosti nánar og skoða kosti þess að í framtíðinni starfi á landinu eitt sameinað lögreglulið með sex lögreglusvæðum sem njóti ákveðins sjálfstæðis. Við þá stefnumótun er eðlilegt að fjalla jafnframt um mögulegar breytingar á skipulagi ákæruvalds, öryggis- og greiningarmála og fleiri þátta löggæslunnar.

3. Skipulag lögreglunnar

3.1 Núverandi skipulag

Um starfsemi og skipulag lögreglunnar gilda lögreglulög nr. 90/1996. Meginþættir núverandi skipulags lögreglunnar koma fram á mynd 1. Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu en ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans. Hlutverk embættis ríkislögreglustjóra eru einkum:

- Ráðgjöf við ráðuneyti.
- Samhæfing löggæslu.
- Stoðþjónusta við lögregluembætti.
- Sérstök löggæsluverkefni á landsvísu.

Þó ríkislögreglustjóri fari með málefni lögreglunnar í umboði dómsmála- og mannréttindaráðherra er hann ekki yfirmaður lögreglustjóra og fer ekki með almennt boðvald gagnvart þeim.

Mynd 1. Skipulag lögreglunnar.



Eins og fram kemur á mynd 2 skiptist lögreglan í 15 lögregluembætti undir yfirstjórn lögreglustjóra og sýslumanna. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Lögreglustjórar fara einnig með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi.

Mynd 2. Stjórnsýsluumdæmi lögreglunnar.



Samkvæmt lögreglulögum er Lögregluskóli ríkisins sjálfstæð stofnun sem skal starfrækja grunnnámsdeild sem veitir menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild sem annast símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Skólinn skal einnig vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

Samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákæruvald í höndum ríkissaksóknara, héraðssaksóknara[1] og lögreglustjóra. Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds. Auk eftirlitshlutverks þá fer ríkissaksóknar með rannsókn mála vegna meintrar refsiverðrar háttsemi lögreglumanna og getur gefið ákærendum fyrirmæli. Tvöfalt hlutverk lögreglustjóra sem yfirmanna löggæslu og handhafa ákæruvalds þýðir að þeir lúta samkvæmt lögum boðvaldi ráðherra um annað meginhlutverk sitt (löggæslu) en Ríkissaksóknara um hitt (ákæruvald). Þá getur ríkislögreglustjóri í vissum aðstæðum farið með afmarkað boðvald gagnvart lögreglustjórum.

Gert var mat á skipulagi lögreglunnar þar sem notuð eru almenn viðmið um gæði skipulags. Niðurstöður matsins koma fram í töflu 1.

[1] Embætti héraðssaksóknara hafa ekki verið sett á fót.

Tafla 1. Mat á skipulagi lögreglunnar.

Viðmið	Mat
Tengsl við stefnu. Almennt er talið mikilvægt að stefna stofnunar hafi áhrif á skipulagið og það sé mótað með hliðsjón af því að stuðla að framgangi markmiða hennar.	• Meginforsenda skipulagsins er landfræðileg og því eru tengsl skipulagsins við stefnu og markmiðssetningu ógreinileg.
Fjöldi skipulagsvídda. Skipulagsvídd er sjónarmið eða þáttur sem mótar skipulag (skipulagsvíddir geta verið hlutverk, sérfræði, landfræði, verkefni o.fl.). Talið er æskilegt að skipulagsvíddir séu ekki of margar.	• Skipulagsvíddir eru 3 sem verður að telja ásættanlegt. Víddirnar eru landfræðileg, sérfræðileg (almenn löggæsla, rannsóknir o.s.frv.) og hlutverka (hlutverkaskipting ríkislögreglustjóra og lögregluembætta).
Fjöldi stjórnunarlaga. Ekki er talið æskilegt að stjórnunarlögin séu of mörg, því þá er erfitt að tryggja að fyrirmæli berist til allrar stofnunar frá yfirstjórn og upplýsingar berist frá allri stofnuninni til yfirstjórnar.	• Fjöldi stjórnunarlaga er mjög mikill sem endurspeglast í 9 starfsstigum lögreglu. Fjöldi laga innan lögregluembætt-anna geta verið allt að 7 sem verður að teljast allt of mikið.
Fjöldi stjórnunareininga. Ekki er talið æskilegt að stjórnunareiningar séu of margar miðað við umfang stofnunarinnar enda gerir það stofnunina flóknari en ástæða er til.	• Fjöldi stjórnunareininga er allt of mikill enda skiptist lögreglan í 17 stofnanir sem hver um sig hefur mörg stjórnunarlög og margar stjórnunareiningar.
Stærð stjórnunareininga. Ekki er talið æskilegt að stjórnunareiningar séu of smáar eða of stórar. Hvað telst smátt eða stórt er hins vegar afstætt og fer eftir stærð stofnunar og eðli starfseminnar.	• Fjöldi stjórnunareininga miðað við fjölda starfsmanna þýðir að löggæslan einkennist af of smáum stjórnunareiningum.
Stjórnspönn. Stjórnspönn er lýsing á því hversu margar einingar eða starfsmenn heyra undir helstu stjórnendur. Ekki er talið æskilegt að of margar einingar eða starfsmenn heyri beint undir æðstu stjórnendur.	• Stjórnspönn er yfirleitt þröng en getur þó verið víðari í stærri embættum.
Eining boðvalds. Nauðsynlegt er að skýrt sé hver fari með boðvald gagnvart skipulagseiningu og einstaklingum og óæskilegt að sama eining eða einstaklingur þurfi að lúta boðvaldi fleiri en eins aðila.	• Formlega er boðvaldi gagnvart lögregluembættum skipt milli ráðherra og Ríkissaksóknara og jafnvel þrískipt sé afmarkað boðvald ríkislögreglustjóra tekið með í myndina. Þó formlegu boðvaldi sé aðeins beitt í undantekningar-tilfellum, er skipting boðvalds af þessu tagi óæskileg. • Fjöldi yfirmanna einstakra embætta, vaktafyrirkomulag og tengsl stjórnunar við starfsstiga þýðir að það getur verið óljóst hver sé yfirmaður starfsmanna.
Einfaldleiki og gagnsæi. Í þessu felst að auðvelt sé að átta sig á því hver gerir hvað og hver ber ábyrgð gagnvart hverjum. ***Jafnvægi.*** Ef mikið ójafnvægi er á milli stjórnunareininga hvað varðar mannahald, fjármuni, völd og áhrif er hætt við togstreitu innan stofnunarinnar.	• Óljós staða ríkislögreglustjóra og fjöldi stjórnunareininga dregur úr einfaldleika og gagnsæi. Skipulag smærri embætta er tiltölulega einfalt og gagnsætt. • Stærð lögreglu höfuðborgarsvæðisins þýðir að erfitt er að halda skipulaginu í jafnvægi.
Formfesta eða sveigjanleiki. Formfesta er mikilvæg því hún skapar festu og skipulag í starfsemi stofnunar. Hins vegar má hún ekki vera það mikil að hún standi í vegi fyrir því að hægt sé að ná settum markmiðum. Því þarf skipulag einnig að vera sveigjanlegt og geta lagað sig að breyttum þörfum og aðstæðum.	• Skiplag lögreglu þarf að vera formfast en formfestan (t.d. starfsstigin) gengur of langt og kemur niður á sveigjanleika í skipulagi og starfi. Fjöldi embætta stuðlar að formfestu og skorti á sveigjanleika í löggæslu sem tekur til fleiri en eins svæðis.
Áhætta. Huga þarf að ýmiskonar áhættu og nýta skipulagið til að stýra henni, t.d. til að draga úr hættu á fjársvikum, vinna gegna misbeitingu valds og draga úr hættu af háum mistakakostnaði bregðist ákveðin skipulagseining. Það getur fylgt því almenn samfélagsleg áhætta að sameina of mörg hlutverk og verkefni í sömu skipulagseiningu (leggja öll eggin í sömu körfuna).	• Mörg embætti og valddreifing draga úr áhættu vegna mistaka, óstjórnar og misbeitingar . • Smæð hluta embætta felur í sér þá áhættu að þau geti ráðið illa við verkefni sín.

Tafla 2. Kostir og gallar núverandi skipulags lögreglu.

Kostir	Gallar
• Embættin eru í nánu sambandi við starfsumhverfi sitt, taka tillit til staðbundinna þátta og hafa metnað fyrir hönd síns svæðis. • Sérhæfð verkefni eru leyst miðlægt. • Löggæslan er tiltölulega dreifstýrð og lögreglustjórar njóta sjálfstæðis í mótun starfsskipulags og áherslna á hverju svæði fyrir sig. • Fjármál og rekstur hvers embættis eru gagnsæ. • Ýmis sérhæfð verkefni leyst með hagkvæmum hætti.	• Embættin eru of mörg og flest tiltölulega smá. • Smærri embætti geta átt erfitt með að ráða við sveiflur í starfsemi (t.d. á sumrin þegar fjöldi ferðamanna getur stórlega aukið fjölda á svæðinu). • Hluti embætta hefur taplega forsendur til að annast alla þætti svæðisbundinnar löggæslu. • Stjórnunarlög eru mörg og yfirbygging mikil. • Skortur er á samhæfingu og eftirliti. • Of miklir múrar eru á milli embætta og ekki nægilegur sveigjanleiki í framkvæmd löggæslu. • Ríkislögreglustjóra eru falin yfirstjórnarverkefni án þess að gegna yfirmannshlutverki. • Óskýr staða embættis ríkislögreglustjóra getur valdið togstreitu milli hans og annarra embætta. • Árekstrar eru milli hlutverks ríkislögreglustjóra sem samræmingar- og eftirlitsaðila annars vegar og stjórnanda lögregluliðs hins vegar. • Samþætting embætta sýslumanna og lögreglustjóra kemur í veg fyrir að lögreglustjóri geti einbeitt sér að stjórnun lögreglunnar. • Erfitt að breyta forgangsröðun og skiptingu fjárveitinga milli embætta.

Í töflu 2 kemur almennt yfirlit yfir kosti og galla núverandi skipulags. Í heildina má segja að þó að skipulagið hafi ýmsa kosti, verður að telja að gallarnir séu fleiri og alvarlegri. Augljóst virðist að stefna beri að færri og stærri embættum og tryggja að lögreglan geti unnið sem ein heild. Þetta er í samræmi við þá ákvörðun dómsmálaráðherra að vinna skuli að breyttu skipulagi lögreglu.

3.2 Breytt skipulag lögreglunnar

Það er álit starfshópsins að stefna beri að stækkun lögregluumdæma og fækkun lögregluembætta. Miðlægum verkefnum verði dreift á embættin í þeim mæli sem unnt er og skynsamlegt þykir. Þessi breyting felur í sér fækkun lögregluumdæma úr 15 í 6 (sjá. mynd 3):

1. Höfuðborgarsvæðið.
2. Suðurnes.
3. Vesturland.
4. Norðurland.
5. Austurland.
6. Suðurland.

Mynd 3. Lögregluumdæmi eftir breytingu



Það er mat starfshópsins að mörk umdæma skuli ákveðin í reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að tillögum um samræmingu umdæmamarka ólíkra þjónustukerfa ríkisins. Skipting löggæslunnar í embætti mun væntanlega taka mið af þeirri stefnumótun. Ekki eru gerðar tillögur um hvar höfuðstöðvar einstakra umdæma skuli vera. Mikilvægt er að starfsskipulag lögregluembætta sé sveigjanlegt, lögreglustjóri getur t.d. haft starfsaðstöðu á fleiri en einum stað og ekki er þörf á því að öll sameiginleg verkefni séu í einni starfsstöð. Þá var það samróma álit nefndarinnar að ekki ætti að kenna embættin við tiltekna péttbýliskjarna eða sveitarfélög eða taka með öðrum hætti afstöðu til þess hvar höfuðstöðvar eiga að vera staðsettar eða aðstaða fyrir embættin að öðru leyti. Tækniframfarir og síaukin áhersla á sýnilega löggæslu hafa dregið mjög úr mikilvægi varðstofa og enginn ástæða er til að stilla málum upp með þeim hætti að skipuleggja þurfi nær alla starfsemi embættis í einum höfuðstöðvum á einum stað. Réttara virðist vera að láta lögreglustjórum það eftir að skipuleggja starfsemi lögregluliðanna og stilla þeim og aðstöðu þeirra upp eins og þeir telja þörf krefja og fjárveitingar hrökkva til.

Eðlilegt er að samhliða fækkun og eflingu lögregluembætta verði gerðar verulegar breytingar á verkefnum embættis ríkislögreglustjóra. Þessar breytingarnar eru um flest í samræmi við hugmyndir Ríkisendurskoðunar í skýrslu hennar frá október 2006 og miða að því að ríkislögreglustjóri verði fyrst og fremst stjórnsýslustofnun innan lögreglunnar sem sinni auk þess sérgreindum verkefnum á sviði öryggismála sem eðli máls samkvæmt falla ekki undir hefðbundna löggæslu og fari með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra hverju sinni. Auk þeirrar yfirstjórnar sem embættið hefur með höndum, verði áherslan þannig á samræmingu og eftirlit. Með þessu verði unnt að skilgreina kröfur sem gerðar eru til deilda sem eiga að veita þjónustu á landsvísu og tryggja þjónustu um allt land.

Dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóri útfæri tillögur um viðamiklar breytingar á þessum grundvelli. Um leið verði hugað að hagkvæmni þess að sameina ákveðna þætti í

rekstrinum á landsvísu hjá einstökum lögregluliðum. Tilfærsla miðlægra löggæsluverkefna til einstakra embætta skapar forsendur fyrir verulegri hagræðingu í löggæslunni.

Í töflu 3 kemur fram mat starfshópsins á því að hve miklu mæli ofangreindar skipulagsbreytingar taka á göllum núverandi skipulags lögreglu. Eins og fram kemur skapar nýtt skipulag forsendur til að draga verulega úr ágöllum núverandi skipulags. Það er mat hópsins að kostir núverandi skipulags haldi sér hins vegar að flestu leyti.

Tafla 3. Áhrif nýs skipulags á ágalla núverandi skipulags.

Gallar núverandi skipulags	Áhrif nýs skipulags
• Embættin eru of mörg og flest tiltölulega smá.	• Embættum fækkar og þau verða mun stærri en nú.
• Smærri embætti geta átt erfitt með að ráða við sveiflur í starfsemi (t.d. á sumrin þegar fjöldi ferðamanna getur stórlega aukið fjölda á svæðinu).	• Stærri embætti eiga auðveldara með að ráða við sveiflur í starfsemi.
• Hluti embætta hefur tæplega forsendur til að annast alla þætti svæðisbundinnar löggæslu.	• Með stækkun embætta eiga þau öll geta annast alla þætti svæðisbundinnar löggæslu.
• Stjórnunarlög eru mörg og yfirbygging mikil.	• Stækkun embætta skapar forsendur til að fækka stjórnunarlögum og draga úr yfirbyggingu.
• Skortur er á samhæfingu og eftirliti.	• Samhæfing verður auðveldari þegar embættum fækkar.
• Of miklir múrar eru á milli embætta og ekki nægilegur sveigjanleiki í framkvæmd löggæslu.	• Þetta breytist formlega ekki því embætti eru áfram sjálfstæð en sveigjanleiki ætti að aukast og samstarf verður einfaldara þegar embættum fækkar.
• Ríkislögreglustjóra eru falin yfirstjórnarverkefni án þess að gegna yfirmannshlutverki.	• Þetta breytist ekki.
• Óskýr staða embættis ríkislögreglustjóra getur valdið togstreitu milli hans og annarra embætta.	• Með tilfærslu löggæsluverkefna frá ríkislögreglustjóra ætti að draga úr togstreitu.
• Árekstrar eru milli hlutverks ríkislögreglustjóra sem samræmingar- og eftirlitsaðila annars vegar og stjórnanda lögregluliðs hins vegar.	• Með tilfærslu löggæsluverkefna frá ríkislögreglustjóra ætti að draga úr þessum hlutverkaárekstri.
• Samþætting embætta sýslumanna og lögreglustjóra kemur í veg fyrir að lögreglustjóri geti einbeitt sér að stjórnun lögreglunnar.	• Tillögurnar miðast við að þær feli í sér aðgreiningu lögreglunnar frá embættum sýslumanna.
• Erfitt að breyta forgangsröðun og skiptingu fjárveitinga milli embætta.	• Þetta breytist formlega ekki því embætti eru áfram sjálfstæð en fækkun embætta dregur að hluta úr þessu vandamáli.

4. Hagræðing

Með þeim breytingum á skipulagi lögreglunnar sem hér hafa verið ræddar eru skapaðar forsendur fyrir verulegri hagræðingu í löggæslunni. Möguleikarnir liggja ekki síst í minni yfirbyggingu en einnig þarf að huga að margvíslegri hagræðingu á afmarkaðri sviðum.

Reikna má með að sameining lögregluembætta geti falið í sér kostnað sem líta má á sem fjárfestingarkostnað til að ná fram síðari hagræðingu, til dæmis vegna sameiningar húsnæðis, flutninga, samræmingar tækjakosts, þjálfunar starfsfólks, starfsloka og ráðgjafar. Ónóg fjárfesting í upphafi sameiningar getur dregið úr hagkvæmni hennar til lengri tíma. Einnig tekur nokkurn tíma að fá sameinaða stofnun til að virka sem eina heild. Því má vænta þess að það taki 2–3 ár áður en að bein hagræðing er fullu komin fram.

4.1 Helstu hagræðingarmöguleikar

Með fækkun og stækkun lögregluumdæma skapast forsendur til að:

- Einfalda stjórnskipulag, draga úr stjórnunarkostnaði lögreglunnar og kostnaði við hverskyns rekstrarlega stoðþjónustu.[2]
- Auka sérhæfingu og hæfni á ýmsum sérsviðum löggæslunnar og veita lögreglumönnum aukin tækifæri til að þróa og efla faglega færni.
- Nýta krafta lögreglumanna með sveigjanlegum hætti á þeim sviðum sem mest þörf er á hverju sinni.
- Bæta möguleika lögreglunnar til að ráða við stór og vandasöm verkefni.
- Auka sveigjanleika í starfsskipulagi, t.d. með því að færa viðfangsefni sem ekki teljast eiginleg löggæsla frá lögreglumönnum til annarra starfshópa.
- Draga verulega úr yfirbyggingu löggæslunnar, fækka yfirmönnum til hagsbóta fyrir sýnilega löggæslu.
- Færa miðlæga löggæslu og stoðþjónustu til einstakra lögregluembætta og skapa möguleika til að samþætta miðlæga og staðbundna löggæslu.
- Auka áherslu á kjarnaverkefni, t.d. með því að færa afgreiðsluverkefni frá lögreglunni til embætta sýslumanna.
- Bæta nýtingu húsnæðis og ýmiskonar tækjabúnaðar.

Þó erfitt geti verið að leggja tölulega mælikvarða á suma þessara þátta má fullyrða að þessir hagræðingarmöguleikar veita lögreglunni góða möguleika til að takast á við sparnaðarkröfur næstu ára án þess að það þurfi að koma niður á þjónustu og árangri lögreglunnar.

4.2 Minni yfirbygging

Eins og komið hefur fram er yfirbygging lögreglunnar umfangsmeiri en æskilegt er að mati hópsins. Þó verður að gera þann fyrirvara að starfstig innan lögreglunnar endurspegla að nokkru leyti framgang manna í launakjörum, því kjaraumhverfi lögreglumanna hefur fremur boðið upp á að launahækkanir kæmu fram sem hækkanir í starfstigi en annars konar hækkanir. Þannig er það ekki sjálfgefið að t.d. aðalvarðstjóri fari með mannaforráð. Séu þeir sem eru á starfsstigum 1–6 (frá og með aðalvarðstjóra og lögreglufulltrúa) taldir stjórnendur, eru þeir 26% af heildarfjölda lögreglumanna. Almennt má því telja að tæplega þrír almennir lögreglumenn (starfsstig 7–9) séu að meðaltali á hvern stjórnanda en gæta verður þess að sumir þeirra sem raðað er í starfsstig 1–9 hafa ekki mannaforráð eins og fram kemur hér að framan og því eru í reynd fleiri lögreglumenn en 3 á hvern stjórnanda. Miðað við hagkvæma uppbyggingu stjórnskipulags er ekki óvarlegt að reikna með því að almennir starfsmenn geti verið um 10 á hvern stjórnanda. Þetta þýðir að með skipulagsbreytingum væri almennt hægt að fækka stjórnendum (lögreglumanna og annarra starfsmanna) innan lögreglunnar umtalsvert og fækka stjórnunarlögum úr 7 í 4.

Fræðilegir möguleikar til að fækka stjórnendum, þýða ekki nauðsynlega að hægt sé að fækka starfsmönnum umtalsvert án þess að það bitni á starfseminni, enda sinna stjórnendur innan lögreglunnar fjölþættum verkefnum sem áfram þarf að vinna. Hins vegar má leiða líkur að því að núverandi yfirbygging lögreglunnar feli í sér umtalsverða sóun þar sem starfskraftar svo margra stjórnenda nýtast óhjákvæmilega illa og skapa flækjur í stjórnun og skipulagi sem valda auknum kostnaði. Í ljósi þessa er ekki óvarlegt að áætla að hagræðing af fækkun

---

[2] Þessa hagræðingu verður að skoða í samhengi við breytingar á embættum sýslumanna og krefst fækkunar á heildarfjölda lögreglu- og sýslumannsembætta.

stjórnenda geti verið umtalsverð án þess að það kæmi niður á umfangi og árangri löggæslunnar.

Fækkun stjórnenda er ekki einföld í framkvæmd. Bæði þarf að huga að málefnum starfsmanna og innra skipulagi lögreglunnar. Náin tengsl eru á milli stjórnkerfis lögreglunnar, aðgerðastjórnar og framgangskerfis lögreglumanna. Þessi tengsl þarf að rjúfa að hluta til ef unnt á að vera að fækka stjórnendum. Þetta má gera með því að:

1. Tengsl stjórnunar, aðgerðastjórnunar og framgangs verði bundin við 2–3 efstu stjórnunarlög lögreglunnar.
2. Ákvæði um stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verði felld úr lögunum.
3. Þeir sem ekki tilheyri þremur efstu stjórnunarlögunum teljist ekki gegna stjórnunarstarfi og verði skipað til verka samkvæmt ákvöðunum yfirmanns hverju sinni.
4. Stjórnun einstakra aðgerða og verkefna teljist verkefnastjórn sem ekki hafi áhrif á stjórnskipulag lögreglunnar. Varðstjórar teljist því verkefnastjórar fremur en stjórnendur.
5. Stjórnendur ákveði við gerð vaktaáætlunar hver gegni hlutverki við aðgerðastjórnun hverju sinni, stjórni vöktum o.s.frv. Við valið verði byggt á reynslu og hæfni einstakra varðstjóra og eftir atvikum annarra lögreglumanna.
6. Lögreglumenn sem ekki gegni stjórnunarstarfi eigi kost á framgangi með tilliti til launa og frammistöðu.

4.3 Launagreiðslur til lögreglunema

Samkvæmt gildandi lögum skal ríkislögreglustjóri sjá þeim nemum sem standast próf á fyrstu námsönninni í lögregluskólanum fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins. Raunin er sú að skólinn hefur skipulagt starfsþjálfunina með samkomulagi við lögregluembætti sem hafa tekið nemendur í starfsþjálfun og greitt þeim laun samkvæmt kjarasamningi. Engum fjármunum hefur verið veitt sérstaklega á fjárlögum til að standa straum af launakostnaði vegna starfsþjálfunar lögreglunema. Námið á fyrstu önninni í skólanum er ólaunað en hefur verið lánshæft nám samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Á lokaönn námsins hafa lögreglunemarnir fengið laun sem Lögregluskóli ríkisins greiðir.

Rekstur lögregluembætta er erfiður og fyrrgreint fyrirkomulag gengur ekki lengur vegna fjárskorts auk þess sem það hefur ávallt verið sá faglegi galli á fyrirkomulaginu, að fremur hefur verið litið á starfsþjálfunarnema sem afleysingamenn en nemendur, sem á hinn bóginn hefur leitt til þess að Lögregluskóli ríkisins hefur átt erfitt með að fylgja eftir námsskrá starfsþjálfunar annarinnar. Virðist eðlilegt að lögreglunemar fjármagni sitt nám með námslánum eins og aðrir nemar að undanskildum þeim tíma sem þeir eru í starfsnámi.

Því er lagt til að það verði hætt að greiða lögreglunemum laun á lokaönn námsins í skólanum (bóknámsönn) sem gera verður ráð fyrir að verði lánshæft nám samkvæmt reglum LÍN eins og námið á fyrstu námsönn er. Hins vegar sjái lögregluskólinn þeim nemendum sem standast próf á fyrstu námsönn (bóknámsönn) fyrir starfsþjálfun í lögreglunni í a.m.k. fjóra mánuði og greiði þá mánaðarlaun þeirra.

5. Framkvæmd breytinga

Helstu verkþættir við framkvæmd breytinga eru:

1. Lagabreytingar vegna nýrra lögregluembætta.
2. Fjárveitingar nýrra lögregluembætta.
3. Almennur undirbúningur sameiningar.

4. Yfirstjórn nýrra lögregluembætta.
5. Stofnsetning nýrra lögregluembætta.

5.1 Lagabreytingar vegna nýrra lögregluembætta

Þó að sameining lögregluembætta sé talsvert flókin í framkvæmd eru lagabreytingar vegna hennar tiltölulega einfaldar. Því má vænta þess að umfjöllun Alþingis um frumvarp um þetta efni beinist fyrst og fremst að þeim meginsjónarmiðum sem liggja til grundvallar tillögum um sameiningu lögregluembætta.

5.2 Fjárveitingar nýrra lögregluembætta

Samhliða umfjöllun um lagafrumvarpið þarf að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta. Í því sambandi þarf að ákveða hvernig boðaður sparnaður skiptist niður á ólík embætti. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þátta eins og útfærslu meginskipulags, endurskoðun starfsstiga, áhrifa tilfærslu verkefna frá ríkislögreglustjóra o.fl. Einnig þarf að meta fjárhagslegar afleiðingar aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

5.3 Almennur undirbúningur sameiningar

Nauðsynlegt er að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja lögreglustjóra við uppbyggingu embætta. Einnig myndi verkefnisstjórnin stýra tilfærslu verkefna frá ríkislögreglustjóra til lögregluembætta.

Í þessum undirbúningi fellst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. Undir þetta falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verkefna frá ríkislögreglustjóra. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

5.4 Yfirstjórn nýrra lögregluembætta

Það er einn lykilþáttur í árangri breytinga að til nýrra stofnana ráðist hæfir og reyndir stjórnendur. Mikilvægt er að tryggja samfellu þannig að þeir stjórnendur sem veljast til starfa hafi þekkingu á því löggæslusvæði sem þeir taka við eða sambærilegum svæðum. Hefðbundið fyrirkomulag ráðningar myndi tefja sameiningarferlið. Því er ekki heppilegt að auðlýsa störfin með hefðbundnum hætti heldur verði lögreglustjórar valdir úr hópi þeirra sýslumanna sem nú gegna lögreglustjórn. Þetta yrði gert með þeim hætti að rætt yrði við þessa einstaklinga og fengju þeir þá tækifæri til að láta í ljós óskir sínar um starf. Ráðuneytið myndi síðan meta þessar óskir og velja milli mögulegra lögreglustjóra með svipuðum hætti og ef um hefðbundna skipun væri að ræða og byggja ákvörðun á hlutlægum mælikvörðum.

5.5 Stofnsetning nýrra lögregluembætta

Við stofnsetningu nýrra lögregluembætta taka við fjölmörg verkefni sem byggja á þeim meginforsendum sem mótaðar verða við almennan undirbúning sameiningar. Gert er ráð fyrir því að embættin verði stofnuð 1. janúar en að þau muni að mestu starfa í óbreyttu formi undir nýrri stjórn þar til nýtt skipulag tekur gildi 1. apríl 2010. Þeir þrír mánuðir sem eru á milli þessara dagsetninga verði nýttir til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta. Gert er ráð fyrir því að verkefnahópar starfsmanna muni fá mikilvægt hlutverk í þessu sambandi.

Starfsmannamál eru lykilatriði í breytingaferli sem þessu. Skipulagsbreytingar, fækkun yfirmanna og hugsanlega annarra starfsmanna fela óhjákvæmilega í sér röskun á högum margra starfsmanna lögreglunnar. Við framkvæmd breytinga þarf að huga að því að lágmarka

þessa röskun og reyna að takmarka uppsagnir eins mikið og hægt er. Veita þarf starfsmönnum þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda og tryggja þeim lögfræðilega ráðgjöf. Hafa verður náið samráð við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis um allar stærri ákvarðanir.

Gert er ráð fyrir því að val á yfirmönnum hvers embættis fari fram með svipuðum hætti og val lögreglustjóra. Lögreglustjóri myndi ræða við stjórnendur, kanna óskir þeirra og velja stjórnendur nýs embættis á grundvelli óska stjórnenda og hlutlægra mælikvarða.

5.6 Drög að yfirliti framkvæmda- og tímaáætlunar

Helstu verkþættir við framkvæmd breytinga koma fram í drögum að yfirliti framkvæmda- og tímaáætlunar sem sýnd er í mynd 4.

Mynd 4. Drög að yfirliti framkvæmda- og tímaáætlunar.



Fylgiskjal 1.

Sjónarmið stjórnenda og starfsmanna löggæslunnar.

Starfshópurinn hóf vinnu sína í júní með því að funda með einstökum lögreglustjórum, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, sérstökum saksóknara, saksóknara efnahagsbrotadeildar, stjórn Landssambands lögreglumanna, stjórn félags yfirlögregluþjóna, stjórn lögreglustjórafélagsins, stjórn sýslumannafélagsins, tollstjóranum í Reykjavík og fleirum. Í öllum samtölum kynnti starfshópurinn verkefni sitt og hvatti viðmælendur til að lýsa sjónarmiðum sínum og rökstuddum hugmyndum um hvers konar framtíðarskipulag þeir telja að byggja eigi upp fyrir lögregluna í landinu. Starfshópurinn hefur dregið saman helstu sjónarmið sem fram komu.

Flestir gera ráð fyrir því að lögregluumdæmi verði stækkuð og að þeim verði fækkað í 5–7. Almennt telja menn að með því verði auðveldara að hagræða og bæta starfsemi lögreglunnar. Það sé hins vegar háð því að hæfilega margar starfsstöðvar verði innan hvers umdæmis enda þurfi sérhvert lögreglulið að vera nægilega öflugt til að geta tekist á við skilgreind verkefni sín og boðið upp á hæfilega nærþjónustu. Rannsóknardeildir eigi að vera í öllum umdæmum, nægilega burðugar til að geta annast allar almennar lögregluransóknir. Jafnframt þurfi, þrátt fyrir eflingu lögregluliða, að gera ráð fyrir sérdeildum lögreglu sem sinni tilteknum verkefnum sem geti starfað hvar sem er á landinu, en skoðanir eru skiptar um það hvaða málaflokkum slíkar rannsóknardeildir eigi einkum að sinna.

Varað var við því að ofmeta þann sparnað sem kann að felast í sameiningu og stækkun lögregluembætta því sparnaður kefjist þess að yfirmönnum verði fækkað. Í því sambandi er talið nauðsynlegt að starfsstigum innan lögreglu verði fækkað en að gæta verði þó að samspili starfsstigareglugerðar og kjarasamninga.

Fram komu áhyggjur af breytingaþreytu hjá lögreglumönnum og var lögð áhersla á samráð við starfsmenn og að skipulega verði unnið að því að afla hugmyndum um breytingar stuðnings innan lögreglunnar.

Skiptar skoðanir voru um það hvort rétt væri að stefna að því að lögreglan á Íslandi verði eitt lið undir einni stjórn. Sumir töldu að það væri til bóta en aðrir voru vantrúaðir á það og nefndu að það gæti leitt til óheppilegrar miðstýringar.

Flestir eru þeirrar skoðunar að skilja eigi alveg á milli lögreglustjórnar og sýslumannsstarfa og að jafnframt beri að stækka sýslumannsembættin. Eðlilegt verði þá að sýslumenn hafi með að gera hvers konar leyfamál sem verði háð umsögn lögreglustjóra eftir því sem við á.

Margir telja að embætti ríkislögreglustjóra eigi fyrst og fremst að sinna stjórnsýslu og eftirliti og að rétt væri að flytja a.m.k. efnahagsbrotadeild og sérsveit annað. Færð voru rök fyrir því sérstaklega að sérsveitarmennina þurfi að nýta betur við lögreglustörf en verið hefur og að þá lúti þeir stjórn lögreglustjóra í umdæmi þar sem þeir starfa.

Áhersla var lögð á að lögreglustarfið verði betur skilgreint og bent var á að menntaðir lögreglumenn væru að sinna störfum sem aðrir geti sinnt. Boðun og fangaflutningar var nefnt í því sambandi. Sama sjónarmið kom fram varðandi fjarskipamiðstöðina og nefnt að athuga mætti hagræði þess að sameina fjarskipamiðstöðina og Neyðarlínuna.

Nær algjör einhugur var um að ótímabært væri að gera nú skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi ákæruvalds.

Fylgiskjal 2.

Valkostir um breytt skipulag.

Starfshópurinn skoðaði leiðir til að ná markmiðum um stærri lögregluembætti og eitt lögreglulið. Þó að hópurinn telji ekki tímabært að hefja slíka breytingu er samt sem áður rétt að leggja umfjöllunina fram sem lið í umræðu um framtíðarskipulag lögreglunnar. Starfshópurinn vann með fjögur skipulagslíkön:

1. Samþættingarlíkan.
2. Höfuðstöðvarlíkan.
3. Útibúalíkan.
4. Forustulíkan.

Fjallað er um hvert líkan hér á eftir í en í fyrsta kafla er að finna samanburð á megineinkennum núverandi skipulags og skipulagslíkana. Í lokakafla er síðan lagt mat á heildarskipulag.

1. Megineinkenni líkana

Megineinkenni núverandi skipulags og líkananna eru sýnd í töflu 1. Öll líkönin byggja á því að löggæslunni verði skipt í sex lögreglusvæði og að sett verði upp miðlæg starfsemi, samhæfing og stýring á helstu fag- og stoðsviðum löggæslunnar. Hins vegar eru hlutverk og tengsl svæða og yfirstjórnar breytileg milli valkostanna.

Tafla 1. Megineinkenni núverandi skipulags og skipulagslíkana.

Skipulagsþáttur	Núverandi skipulag	Samþættingarlíkan	Höfuðstöðvalíkan	Útibúalíkan	Forustulíkan
Hlutverk yfirstjórnar[1]	• Samhæfing, stoðþjónusta og sérhæfð löggæsla	• Almenn yfirstjórn og mjög sérhæfð löggæsla og stoðþjónusta	• Almenn yfirstjórn, sérhæfð löggæsla og stoðþjónusta	• Almenn yfirstjórn, sérhæfð löggæsla og stoðþjónusta	• Óformleg forusta, sérhæfð löggæsla og stoðþjónusta
Dreifing sérhæfðra verkefna	• Nokkur	• Mikil	• Nokkur	• Lítil	• Lítil
Sjálfstæði svæða	• Mjög mikið	• Mikið	• Mikið	• Lítið	• Mikið
Boðvald gagnvart svæðum[2]	• Ráðherra og ríkislögreglustjóri (afmarkað boðvald)	• Lögreglustjóri	• Lögreglustjóri	• Lögreglustjóri	• Ráðherra
Ráðning stjórnenda svæða	• Ráðherra	• Lögreglustjóri og ráðherra	• Lögreglustjóri og ráðherra	• Lögreglustjóri	• Ráðherra
Fjárhagslegt sjálfstæði svæða	• Mjög mikið	• Mikið	• Nokkuð	• Lítið	• Mikið
Dreifistýring	• Mikil	• Mikil	• Nokkur	• Takmörkuð	• Nokkur

[3] Í núverandi skipulagi vísar yfirstjórn til ríkislögreglustjóra og í forustulíkaninu er lögregla höfuðborgarsvæðisins sögð gegna óformlegu forystuhlutverki en hún er ekki formleg yfirstjórn lögreglunnar.

[4] Í töflunni er ekki fjallað um hlutverk Ríkissaksóknara gagnvart lögreglunni.

Svæðin sem koma fram í líkönunum eru (sbr. mynd 1):
1. Höfuðborgarsvæðið.
2. Suðurnes.
3. Vesturland.
4. Norðurland.
5. Austurland.
6. Suðurland.

Mynd 1. Lögregluumdæmi eftir breytingu



Fagsviðin sem koma fram í líkönunum eru:
1. Almenn löggæsla.
2. Rannsóknir.
3. Öryggismál.
4. Ákæra og lögfræði.
5. Stjórnsýsla og fjármál.
6. Tækni.

Rétt er að undirstrika að hér er um líkön að ræða en ekki tillögur að skipuriti lögreglunnar, mörkum umdæma, meginfagsviðum eða starfsheitum.

Í öllum valkostunum er gert ráð fyrir því að verkefni ríkislögreglustjóra verði felld inn í almennt skipulag lögreglunnar. Gert er ráð fyrir innra eftirliti og lögregluskólanum en útfæra þarf hlutverk og skipulagslega staðsetningu þessara eininga nánar.

2. Samþættingarlíkan

Samþættingarlíkan (sjá mynd 2) byggir á því að auka dreifingu verkefna á tiltölulega sjálfstæð lögreglusvæði undir sameiginlegri yfirstjórn.

Megineinkenni samþættingarlíkansins eru:

1. Meginhlutverk yfirstjórnar og fagsviða hennar á sviði löggæslu er stefnumótun, forgangsröðun, samhæfing og eftirlit.
2. Verkefnum sem skynsamlegt er að vinna á landsvísu er dreift á lögreglusvæðin sem fá leiðandi hlutverk á viðkomandi verkefnasviðum. Landshlutverk innan hvers fagsviðs geta verið hjá fleiri en einu lögreglusvæði.
3. Yfirstjórnin annist aðeins beina framkvæmd löggæslu þegar skýr rök eru fyrir því að ekki sé skynsamlegt að fela lögreglusvæðum landshlutverk.
4. Hlutverk stjórnenda lögreglusvæða er skilgreint í lögum og þeir njóta tiltekins sjálfstæðis um innri starfsemi svæðanna.
5. Lögregluforstjóri[5] er yfirmaður stjórnenda lögreglusvæðanna og hefur boðvald gagnvart þeim.
6. Lögreglusvæðin fá fjárveitingu vegna staðbundinna hlutverka en stofnunin í heild sinni vegna yfirstjórnar og landshlutverka.
7. Lögregluforstjóri hefur heimildir til að færa fjárveitingar og starfsmenn milli lögreglusvæða.

Mynd 2. Samþættingarlíkan.



Kostir og gallar samþættingarlíkansins eru sýndir í töflu 2.

[5] Lögregluforstjóri er ekki tillaga að starfsheitinu.

Tafla 2. Kostir og gallar samþættingarlíkansins.

Kostir	Gallar
• Lögreglusvæðin eru stækkuð og styrkur þeirra aukinn. • Stjórnsýslulögum í lögreglunni er fækkað. • Lögreglustjórn er skilin frá embættum sýslumanna. • Dregið er úr yfirbyggingu. • Dreifing verkefna styrkir lögreglusvæðin. • Hægt að leysa verkefni þar sem það er hagkvæmast. • Dreifing verkefna gefur yfirstjórn færi á að styrkja stefnumótun, forgangsröðun, samhæfingu og eftirlit. • Lögreglusvæðin njóta sjálfstæðis í reglubundinni starfsemi. • Dregið er úr múrum milli lögreglusvæða. • Skipulagið er í tiltölulega góðu jafnvægi. • Aukinn sveigjanleiki til að færa fjármuni og starfsmenn milli svæða. • Dreifistýring dregur úr áhættu vegna mistaka eða óstjórnar einstakra stjórnunareininga.	• Sjálfstæði svæða getur dregið úr ábyrgð lögregluforstjóra. • Hætta á að yfirstjórn verði of veikburða miðað við stærstu svæðin. • Hætta á að sveigjanleiki í fjármálum verði of takmarkaður. • Erfitt getur verið að tryggja samhæfingu þegar landshlutverkum er dreift á mörg lögreglusvæði. • Hætta er á togstreitu milli stjórnanda lögreglusvæða annars vegar og fagsviða hins vegar. • Erfitt getur verið að staðsetja ákveðin verkefni utan höfuðborgarsvæðisins.

Við mótun skipulags samkvæmt samþættingarlíkaninu þarf að taka afstöðu til þess hvaða viðfangsefni eru þess eðlis að hægt væri að fela lögreglusvæðum framkvæmd þeirra. Skipta má viðfangsefnum lögreglunnar samkvæmt samþættingarlíkaninu í nokkra meginþætti:

1. Yfirstjórn fagsviða sem er í höndum höfuðstöðva.
2. Verkefni á landsvísu sem geta hvort sem er verið unnin af höfuðstöðvum eða einstökum lögreglusvæðum.
3. Löggæsla sem í eðli sínu er staðbundin en einstök lögreglusvæði gegna faglegri forustu í krafti sérþekkingar og veita öðrum svæðum ráðgjöf og aðstoð.
4. Staðbundin löggæsla sem er í höndum lögreglusvæða.

Á mynd 3 má sjá yfirlit yfir viðfangsefni sem falla undir þrjá fyrstu þættina. Verði skipulag lögreglunnar byggt á samþættingarlíkaninu þarf að taka afstöðu til skiptingar viðfangsefnanna milli höfuðstöðva og einstakra lögreglusvæða. Á myndinni er einnig sýnt hvort líklegt megi telja að viðfangsefni verði best staðsett á stærsta starfssvæði lögreglunnar, þ.e. höfuðborgarsvæðinu eða hvort það geti verið utan þess.

Mynd 3. Möguleg dreifing verkefna í samþættingarlíkani.



3. Höfuðstöðvarlíkan

Höfðustöðvarlíkanið (sjá mynd 4) byggir á því lögreglusvæðin eru tiltölulega sjálfstæð en sameiginleg verkefni eru að mestu unnin af höfuðstöðvunum.

Mynd 4. Höfuðstöðvalíkan.



Tafla 3. Kostir og gallar höfuðstöðvarlíkansins.

Kostir	Gallar
• Lögreglusvæðin eru stækkuð og styrkur þeirra aukinn. • Stjórnsýslulögum í lögreglunni er fækkað. • Lögreglustjórn er skilin frá embættum sýslumanna. • Dregið er úr yfirbyggingu. • Lögreglusvæðin njóta sjálfstæðis í reglubundinni starfsemi. • Dregið er úr múrum milli lögreglusvæða. • Skipulagið er í tiltölulega góðu jafnvægi. • Aukinn sveigjanleiki til að færa fjármuni og starfsmenn milli svæða. • Mikil faglegur styrkur höfuðstöðva. • Mikil geta höfuðstöðva til samhæfingar.	• Sjálfstæði svæða getur dregið úr ábyrgð lögregluforstjóra. • Nokkur hætta á að sveigjanleiki í fjármálum verði of takmarkaður. • Hætta á að lögreglusvæðin verði of veikburða þar sem þau sinna fáum sérhæfðum verkefnum. • Hætta á fjarlægð milli svæða og höfuðstöðva og að svæðin verði afskipt. • Talsverð miðstýring sem getur falið í sér nokkra áhættu vegna mistaka eða óstjórnar höfuðstöðva.

Megineinkenni höfuðstöðvarlíkansins eru:

1. Sérhæfð löggæsluverkefni (landsverkefni) og stoðþjónusta eru að mestu í höndum höfuðstöðva.
2. Hlutverk stjórnenda lögreglusvæða er skilgreint í lögum og þeir njóta tiltekins sjálfstæðis um innri starfsemi svæðanna en lúta stjórn höfuðstöðva í sérhæfðum löggæsluverkefnum.
3. Lögregluforstjóri er yfirmaður stjórnenda lögreglusvæðanna og hefur boðvald gagnvart þeim.

4. Lögreglusvæðin fá fjárveitingu vegna staðbundinna hlutverka en stofnunin í heild sinni vegna yfirstjórnar og landshlutverka.
5. Lögregluforstjóri hefur heimildir til að færa fjárveitingar og starfsmenn milli lögregluumdæma.

Kostir og gallar höfuðstöðvarlíkansins eru sýndir í töflu 3.

4. Útibúalíkan

Útibúalíkanið (sjá mynd 5) byggir á því að lögreglusvæðin eru undir beinni yfirstjórn höfuðstöðva sem jafnframt annast löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Megineinkenni útibúalíkansins eru:

1. Sérhæfð löggæsluverkefni (landsverkefni) og stoðþjónusta eru að mestu í höndum höfuðstöðva.
2. Höfuðstöðvarnar annast löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.
3. Hlutverk stjórnenda útibúa er ekki skilgreint í lögum en þeir hafa sjálfstæði innan þess ramma sem lögregluforstjóri ákveður.
4. Lögregluforstjóri er yfirmaður stjórnenda útibúanna og hefur boðvald gagnvart þeim.
5. Lögreglustjóri ræður stjórnendur útibúa.
6. Lögreglusvæðin fá ekki sérstaka fjárveitingu.

Mynd 5. Útibúalíkan.



Kostir og gallar útibúalíkansins eru sýndir í töflu 4.

Tafla 4. Kostir og gallar útibúalíkansins.

Kostir	Gallar
• Lögreglusvæðin eru stækkuð og styrkur þeirra aukinn. • Stjórnsýslulögum í lögreglunni er fækkað. • Lögreglustjórn er skilin frá embættum sýslumanna. • Dregið er úr yfirbyggingu. • Skýr ábyrgð lögregluforstjóra á allri starfsemi lögreglunnar. • Múrar milli lögreglusvæða fjarlægðir. • Mikill sveigjanleiki til að færa fjármuni og starfsmenn milli svæða. • Mikil faglegur styrkur höfuðstöðva. • Mikil geta höfuðstöðva til samhæfingar.	• Hætta á að útibúin verði of veikburða þar sem þau sinna fáum sérhæfðum verkefnum. • Lítið sjálfstæði útibúa getur dregið úr möguleikum til að taka tillit til staðbundinna aðstæðna. • Hætta á fjarlægð milli svæða og útibúa og að landsbyggðin verði afskipt. • Skipulagið er í ójafnvægi þar sem sameining yfirstjórnar og höfuðborgarsvæðisins skapar mjög stóra skipulagseiningu. • Mikil miðstýring sem getur falið í sér umtalsverða áhættu vegna mistaka eða óstjórnar höfuðstöðva.

5. Forustulíkan

Forustulíkanið (sjá mynd 6) byggir á því að lögreglusvæðin heyri formlega beint undir ráðherra en að lögregla höfuðborgarsvæðisins annist flest sameiginleg verkefni. Þetta felur í sér að lögregla höfuðborgarsvæðisins mun óhjákvæmilega gegna óformlegu forustuhlutverki í löggæslunni í krafti stæðar og sérhæfðra verkefna.

Megineinkenni forustulíkansins eru:

1. Lögreglusvæðin eru sérstakar stofnanir sem bera ábyrgð á framkvæmd löggæslu á sínu svæði.
2. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í ljósi stærðarinnar forustuhlutverk í löggæslu á landsvísu og annist flest sérhæfð löggæsluverkefni.
3. Ráðherra er yfirmaður stjórnenda lögreglusvæðanna, skipar þá og hefur boðvald gagnvart þeim.
4. Lögreglusvæðin fá fjárveitingu vegna þeirra verkefna sem þau annast.

Mynd 6. Forustulíkan.



Kostir og gallar forustulíkansins eru sýndir í töflu 5.

Tafla 5. Kostir og gallar forustulíkansins.

Kostir	Gallar
• Lögreglusvæðin eru stækkuð og styrkur þeirra aukinn. • Lögreglustjórn er skilin frá embættum sýslumanna. • Mikið sjálfstæði lögreglusvæða. • Lögreglusvæði geta mótað starfsemi sína og áherslur í ljósi staðbundinna aðstæðna. • Stjórnsýslulögum í lögreglunni er fækkað. • Dregið er úr yfirbyggingu.	• Enginn innan lögreglunnar ber formlega ábyrgð á starfsemi og árangri á landsvísu. • Miklar kröfur eru gerðar til samhæfingarhlutverks dómsmálaráðuneytis. • Hætta á múrum milli lögreglusvæða. • Ekki sveigjanleiki til að færa fjármuni og starfsmenn milli svæða. • Lögreglusvæði utan höfuðborgarsvæðisins eru háð því svæði um margháttaða sérhæfða aðstoð. • Hætta á að lögreglusvæði utan höfuðborgarsvæðisins verði of veikburða þar sem þau sinna fáum sérhæfðum verkefnum. • Skipulagið er í ójafnvægi þar sem lögregla höfuðborgarsvæðisins er mjög stór skipulagseining. • Þrátt fyrir formlega dreifstýringu þýðir felur sterk staða höfuðborgarsvæðisins í raun í sér miðstýringu sem getur falið í sér umtalsverða áhættu vegna mistaka eða óstjórnar. • Líkanið uppfyllir ekki markmiðið um eitt lögreglulið.

6. Mat á heildarskipulagi

Almennt mat á þeim fjórum skipulagslíkönum sem fjallað hefur verið um leiðir í ljós að tvö þeirra hafa ágalla sem valda því að ekki er hægt að mæla með þeim:

1. Útibúalíkanið er of miðstýrt, veikir stöðu löggæslu á landsbyggðinni og felur í sér talsverða áhættu.
2. Þó forustulíkanið virðist vera dreifistýrt hefur lögregla höfuðborgarsvæðisins svo sterka stöðu að í raun yrði löggæslan miðstýrð. Þrátt fyrir sterka stöðu hefði embættið fá tæki til að samhæfa löggæsluna og því gerir líkanið auknar kröfur til dómsmálaráðuneytisins og eykur miðstýringu, því óhjákvæmilega þyrfti að færa hluta af núverandi hlutverkum ríkislögreglustjóra inn í ráðuneytið.

Hin líkönin (samþættingarlíkanið og höfuðstöðvarlíkanið) hafa ótvíræða kosti umfram núverandi skipulag. Þau styrkja löggæsluna með stækkun lögreglusvæða, einfalda skipulag, draga úr yfirbyggingu og veita mikil tækifæri til hagræðingar og aukins árangurs.

Skipulagslíkan felur óhjákvæmilega í sér einföldun og er forsenda að mótun skipulags en ekki hið eiginlega skipulag. Við mótun skipulags þarf að leita hagnýtra lausna sem geta vikið frá líkaninu. Munurinn á samhæfingarlíkaninu og höfuðstöðvarlíkaninu liggur einkum í tveimur þáttum:

1. Verkefnum á landsvísu er að mestu leyti dreift í samþættingarlíkaninu en að takmörkuðu leyti í höfuðstöðvarlíkaninu.
2. Í samþættingarlíkaninu felst meginaðferð við yfirstjórn í stefnumótun, áætlanagerð, samhæfingu og eftirliti (almenn yfirstjórn) en í höfuðstöðvarlíkaninu felst hún miklu fremur í beinni stjórn löggæsluverkefna (sértæk yfirstjórn).

Í ljósi þess að bæði líkönin hafa kosti er eðlilegt að leita möguleika á að finna jafnvægi eða málamiðlun milli þeirra. Þetta mætti t.d. gera með því að dreifa verkefnum, þó að það

verði ekki gert í jafn miklum mæli og samþættingarlíkanið gerir ráð fyrir. Við slíka málamiðlun verður að hafa í huga að erfitt getur verið að sameina almenna og sértæka yfirstjórn. Of mörg löggæsluverkefni í höndum höfuðstöðva fela í sér hættu á að almenn yfirstjórn lögreglusvæða verði vanrækt og að upp komi samkeppni milli höfuðstöðva og svæðanna.

Sú almenna yfirstjórn sem samhæfingarlíkanið byggir á hefur mikla kosti. Með góðri stjórnun má halda þessum kostum þó ekki verði gengið jafn langt í dreifingu verkefna og samhæfingarlíkanið gerir ráð fyrir. Í ljósi þessa er eðlilegt að meginforsendur mótunar nýs skipulags lögreglunnar gæti verið:

1. Byggt verði á almennri yfirstjórn lögreglusvæða sem byggir að mestu á stefnumótun, áætlanagerð, samhæfingu og eftirliti.
2. Fundið verði hagkvæmt jafnvægi milli þess að dreifa verkefnum á lögreglusvæði og vinna þau í höfuðstöðvum.

Fylgiskjal 3.

Drög að frumvarpi um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 o.fl.

Frumvarp til laga
um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. svohljóðandi:

Lögregla tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum eða samstarfi sem ríkisstjórnin felur lögreglunni að taka þátt í.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

1. g-liður 1. mgr. orðist svo: að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi. Ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu.
2. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Landið skiptist í 6 lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
3. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
4. Lögreglustjórinn á Norðurlandi.
5. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
6. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Umdæmi lögreglustjóra samkvæmt þessari málsgrein skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

Í 3. mgr. 6. gr. falli brott orðin „Vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi skal í hverjum fjórðungi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná.“

4. gr.

2. mgr. 8. gr. falli brott.

Úr öðrum málslið 3. mgr. 8. gr. falli brott orðið „Önnur“.

4. mgr. 8. gr. falli brott

5. gr.

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

6. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Í hverju lögregluumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja lögreglustjóri viðkomandi lögregluumdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn.

Lögreglustjóri skal auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
b. hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,
c. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Lögreglustjórar skipa lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

8. gr.

1. mgr. 37. gr. orðist svo: Ráðherra skipar lögreglustjóra til að stýra Lögregluskóla ríkisins

2. mgr. 37. gr. fellur brott.

9. gr.

4. mgr. 38. gr. orðist svo:

Grunnnám í Lögregluskóla ríkisins stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir, launaða starfsþjálfunarönn og tvær ólaunaðar bóknámsannir sem hvorri um sig lýkur með prófum.

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010

Við gildistöku laganna taka ný embætti lögreglustjóra við öllum réttindum, eignum og skyldum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Þar á meðal taka ný embætti við öllum starfsmönnum eldri lögregluembætta á sömu starfskjörum að undanskildum lögreglustjórum eldri embætta en störf þeirra eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

Þeir sem skipaðir eru lögreglustjórar við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í ný embætti lögreglustjóra. Dómsmála- og mannréttindaráðherra er heimilt að flytja menn úr eldra embætti í nýtt embætti.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

a. Breyting á lögum um verslunaratvinnu nr. 28/ 1998.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. komi: sýslumanns

Í stað orðsins „Lögreglustjórum“ í 2. mgr. komi: Sýslumönnum

Í stað orðanna „lögreglustjóra“ og „lögreglustjóri“ í 3. mgr. komi: sýslumanns og sýslumaður

Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 4. mgr. komi: sýslumaður

b. Breyting á áfengislögum nr. 75/1998.

a. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
Í stað orðanna „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. komi: sýslumanns.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
Í stað orðanna „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. komi: sýslumanns.

c. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
Í stað orðanna „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. komi: sýslumanns.
Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 3. mgr. komi: sýslumanni.

d. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
Í stað orðanna „lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. komi: sýslumaður
Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 2. mgr. komi: sýslumaður.

c. Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

3. mgr. 7. gr. orðist svo: Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn.

d. Lög um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

Eftirfarandi breytingar verða á 3 gr. laganna:
Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. og 2. mgr. komi: sýslumanni

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi dómsmála- og mannréttindaráðherra. Með því eru lagðar til lagabreytingar sem einkum er ætlað að gera lögreglunni auðveldara að takast á við

þá sparnaðarkröfu sem nú er gerð til hennar. Er lagt til að þetta gerist með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað þannig að þau verði 6 í stað 15. Í öðru lagi verði lögfest almenn heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvísu, en það þykir raunhæft m.a. vegna stækkunar þeirra. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði skipurit embætta ýmist samin eða endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn. Eru nokkur sérstök starfsheiti innan lögreglunnar felld úr lögum í samræmi við þá sýn að rétt sé að einfalda og fækka starfstigum.

Í ársbyrjun 2007 tóku gildi breytingar á skipulagi íslensku lögreglunnar sem áttu sér langan aðdraganda. Þær fólust einkum í stækkun umdæma. Það er mat dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins að þótt þessar breytingar hafi að sumu leyti gengið vel, sé nauðsynlegt að ganga lengra til að settum markmiðum verði náð, sbr. ítarlega skýrslu matsnefndar ráðuneytisins frá apríl 2008. Sumarið 2008 kynnti ráðuneytið hugmyndir um frekari stækkun umdæma og var óskað eftur umsögnum ýmissa aðila um þær hugmyndir sem þar komu fram. Við hrun íslensks efnahagslífs haustið 2008 ásamt þeim átökum sem lögreglan stóð frammi fyrir um veturinn, var þessum áformum frestað. Í ljósi fyrirsjáanlegs niðurskurðar á fjárveitingum til löggæslu og aukinna krafna um hagkvæmni í rekstri lögreglunnar ákvað ráðuneytið að endurskoða fyrri hugmyndir um skipulagsbreytingar innan lögreglunnar. Sumarið 2009 skipaði dómsmálaráðherra Ragna Árnadóttir starfshóp til að yfirfara skipulag lögreglunnar í landinu. Starfshópurinn, sem skipaður var Hauki Guðmundssyni skrifstofustjóra sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Arnari Guðmundssyni skólastjóra lögregluskólans og Ásdísi Ingibjargardóttur skrifstofustjóra, átti fjölmarga fundi m.a. með lögreglustjórum, landssambandi lögreglumanna, félagi yfirlögregluþjóna, félagi rannsóknarlögreglumanna, lögreglustjórafélaginu, félagi ákærenda, ríkssaksóknara, sérstökum saksóknara, tollstjóra og stjórn sýslumannafélagsins, í þeim tilgangi að fá fram sjónarmið þeirra varðandi fyrirhugaðar breytingar. Varð það eindregin niðurstaða starfshópsins að stækka þyrfti lögregluumdæmi frá því sem nú er, auk þess sem það færi illa saman að fela embætti Ríkislögreglustjóra umfangsmikil löggæsluverkefni, þegar embættinu væri jafnframt ætlað það hlutverk að koma fram sem millistig í stjórnsýslunni á milli embætta lögreglunnar og dómsmála- og mannréttindaráðherra. Þá var það enn fremur niðurstaðan að yfirmenn innan lögreglunnar væru of margir og því væri hugsanlegt að ná fram töluverðum sparnaði með hagræðingu innan lögreglunnar án þess að slíkt kæmi að fullu fram í skertri löggæslu. Á grundvelli niðurstaðnanna ákvað ráðherra að unnið skyldi að tillögum um að stækka lögregluumdæmin í landinu og þau myndu síðan lúta stjórn eins lögreglustjóra á landsvísu. Óskaði ráðherra eftir því við Kjartan Þorkelsson formann lögreglustjórafélagsins og Snorra Magnússon formann landssambands lögreglumanna, að þeir tækju þátt í að útfæra hugmyndir starfshópsins áfram. Þegar leið á vinnuna var það mat hópsins að ekki væri unnt að ráðast í að sameina alla lögregluna í eina stofnun á svo skömmum tíma að það myndi hjálpa lögreglunni við að mæta lækkuðum fjárveitingum. Á hinn bóginn væri skynsamlegt að sameina lögregluembættin strax í 6–8 embætti enda lá fyrir að viðbrögð við þessum hugmyndum voru fremur jákvæð þegar þær voru settar fram árið 2008. Sú skipting styðst m.a. við sjónarmið um að lögreglulið ættu helst ekki telja færri en 30–50 lögreglumenn til að þau geti verið sjálfbær að sem allra mestu leyti um helstu verkefni. Þá hefur verið horft til þeirrar svæðaskiptingar sem rædd hefur verið í stefnumótunarnefnd ríkisins um svæðaskiptingu landsins.

Gert er ráð fyrir að ný sameinuð embætti taki til starfa um 1. janúar 2010. Um leið verði ráðist í breytingar á fyrirkomulagi einstakra löggæsluverkefna. Þessar breytingar hafi fyrst og fremst aukið hagræði að leiðarljósi en taki mið af þeirri stefnumörkun að draga úr löggæsluverkefnum ríkislögreglustjóraembættisins og skerpa á þeirri sýn að hlutverk þess sé á

sviði samræmingar, eftirlits og yfirstjórnar. Er gert ráð fyrir að þessi löggæsluverkefni verði færð út í hin nýju embætti um leið og rekstur einstakra verkefna á embættunum verði sameinaður á einhverjum þeirra eftir því sem henta þykir. Verði embætti ríkislögreglustjóra fyrst og fremst stjórnsýslustofnun innan lögreglunnar sem sinni auk þess sérgreindum verkefnum á sviði öryggismála sem eðli máls falla ekki undir hefðbundna löggæslu og fari með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra hverju sinni. Auk þeirrar yfirstjórnar sem embættið hefur með höndum, verði áherslan þannig á samræmingu og eftirlit. Fremur en að slíku fyrirkomulagi sé komið á með lögum, er lagt til að það verði gert með þeim hætti að ríkislögreglustjóri feli einstökum embættum einstök verkefni. Þannig verður unnt að skilgreina ákveðnar kröfur og koma í veg fyrir tortryggni um að þjónustu við önnur lögregluumdæmi á landsvísu sé forgangsraðað aftan við kjarnastarfsemi viðkomandi lögregluembættis.

Rétt er að taka fram að ætlunin er að í skipuriti nýrra lögregluembætta verði færri stjórnunarstöður en fleiri lögreglumenn, en nú eru innan lögregluliðanna. Embættum Ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu verði svo gert að ráðast í sams konar endurskoðun á fjölda yfirmanna í sínu skipulagi.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til, er fylgt þeirri stefnu, sem að meginstefnu hefur verið framkvæmd undanfarna áratugi í skipulagi lögreglunnar og réttarvörslukerfisins. Skref fyrir skref hefur sérhæfing aukist og einstakar stofnanir orðið öflugri. Fyrir tuttugu árum var löggæslan utan Reykjavíkur á hendi ríflega tuttugu embætta, sem jafnframt sinntu störfum sýslumanna og dómara. Sjálfstæði dómsvaldsins og uppbygging héraðsdómstólanna fól í sér stórt framfaraskref sem fáir myndu vilja að stigið yrði til baka. Hið sama gildir um þá stækkun lögregluumdæma sem framkvæmd var 2007. Með þeirri tillögu sem felst í frumvarpinu hefur verið fallið frá því að sameina alla lögregluna á Íslandi í eina stofnun, en markmiðið er þó að lögreglan vinni í auknum mæli saman sem ein heild. Fækkun liða og áherslubreytingar í rekstri ríkislögreglustjóra skapa forsendur til þess að lögreglustjórar vinni saman með miklu nánari hætti en nú.

Um leið er þessum breytingum ætlað að hjálpa lögreglunni að ná fram þeim sparnaði í rekstri sínum sem krafist er. Með stærri rekstrareiningum er unnt að ná sparnaði í stoðþjónustu af ýmsu tagi auk þess sem hlutfall stjórnenda af liðsheildinni getur verið lægra en raunhæft er að miða við í mjög fámennum lögregluliðum.

Um framkvæmd breytinganna.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi 1. janúar 2010. Samhliða vinnu við lagafrumvarpið þarf að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta í dómsmálaráðuneytinu. Í því sambandi þarf að ákveða hvernig boðaður sparnaður skiptist niður á ólík embætti. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þátta eins og útfærslu meginskipulags, endurskoðun starfsstiga, áhrifa tilfærslu verkefna o.fl. Einnig þarf að meta og útfæra fjárhagslegan aðskilnað lögregluembætta og sýslumannsembætta, en ekki er gert ráð fyrir að stofnað verði til fjögurra nýrra lögregluembætta án tengingar við fyrirhugaðar breytingar á sýslumannsembættum.

Nauðsynlegt er að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja lögreglustjóra við uppbyggingu embætta. Einnig myndi verkefnisstjórnin stýra tilfærslu verkefna. Í verkefnisstjórninni ættu sæti fulltrúar ráðuneytisins, lögreglustjóra og lögreglumanna.

Í þessum undirbúningi felst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. Undir þetta falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verk-

efna. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

Það er einn lykilþáttur í árangri breytinga að til nýrra stofnana ráðist hæfir og reyndir stjórnendur. Mikilvægt er að tryggja samfellu þannig að þeir stjórnendur sem veljast til starfa hafi þekkingu á lögreglustjórn og því löggæslusvæði sem þeir taka við eða sambærilegum svæðum. Eðlilegt þykir að þeir menn sem starfa sem lögreglustjórar í dag njóti forgangs til áframhaldandi starfa við lögreglustjórn. Er til hagræðis að líta fyrirfram á þá alla sem umsækjendur um störf lögreglustjóra fremur en að auglýsa sérstaklega eftir umsóknum þeirra en brýnt er að fjárhagsleg og fagleg ábyrgð á nýjum embættum verði skýr sem allra fyrst. Er því gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra beiti flutningsheimildum til að raða núverandi lögreglustjórum til starfa á nýjum embættum. Allt að einu er þó gert ráð fyrir að gæta verði sömu sjónarmiða og ella um mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir sömu störfum.

Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir að ný lögregluembætti taki við öllum réttindum og skyldum þeirra embætta sem nú eru fyrir. Þar á meðal munu embættin taka við öllum starfsmönnum á sömu kjörum og áður að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum. Um starfslok þeirra gilda ákvæði starfsmannalaga um niðurlagningu stöðu.

Gert er ráð fyrir því að embættin muni að mestu starfa í óbreyttu formi þar til nýtt skipulag þeirra tekur gildi 1. apríl 2010. Þeir þrír mánuðir sem eru á milli þessara dagsetninga verði nýttir til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta. Gert er ráð fyrir því að verkefnahópar starfsmanna muni fá mikilvægt hlutverk í þessu sambandi og að fyrrgreind verkefnisstjórn hafi yfirsýn en nýskipaður lögreglustjóri beri þó höfuðábyrgð á sínu embætti.

Meðal viðfangsefna sem vinna þarf að má nefna stefnumótun, skipurit, fjárhagsáætlun, húsnæðismál, starfsmannamál, vaktaskipulag og fyrirkomulag ýmissa verkefna.

Starfsmannamál eru lykilatriði í breytingaferli sem þessu. Skipulagsbreytingar, fækkun yfirmanna og hugsanlega annarra starfsmanna fela óhjákvæmilega í sér röskun á högum margra starfsmanna lögreglunnar. Við framkvæmd breytinga þarf að huga að því að lágmarka þessa röskun og reyna að takmarka beinar uppsagnir eins mikið og hægt er. Veita þarf starfsmönnum þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda og tryggja þeim lögfræðilega ráðgjöf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi breyting tengist ekki skipulagsbreytingum í lögreglu og er lagabreyting þessi saminn í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Verið að styrkja heimildir lögreglunnar til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Jafnframt og sérstaklega er með ákvæðinu verið að innleiða reglugerð (EC) nr. 863/2007 um stofnun hraðsveita eða varaliðs landamæravarða (Regulation (EC) No 863/2007 of the European Parliament and of the Council of 11 July 2007 establishing a mechanism for the creation of Rapid Border Intervention Teams and amending Council Regulation (EC) No 2007/2004 as regards that mechanism and regulating the tasks and powers of guest officers)

Með gerðinni er komið á lagagrundvelli að Evrópurétti undir hraðsveitir landamæravarða. Um er að ræða landamæraverði sem tilnefndir eru fyrirfram en eru síðan sendir þangað sem brýn þörf skapast, eftir ákvörðun landamærastofnunarinnar (með samþykki 3/4 stjórnarinnar, þar sem Ísland á fulltrúa) að fenginni beiðni þess ríkis sem í hlut á. Í gerðinni er að finna ýmsar reglur um réttarstöðu þessa liðs.

Með samþykki gerðarinnar tekst Ísland á hendur þá skuldbindingu að tilnefna landamæraverði í þetta lið og að senda þá til annarra Evrópulanda til tímabundinna verkefna eftir því

sem stjórn EBCA ákveður. Ríkin hafa fullan sjálfsákvörðunarrétt um val á fulltrúum (þ. á m. um fjölda) og lengd dvalar, en skyldan til að tilnefna og senda aðstoð er á hinn bóginn orðuð með afdráttarlausum hætti í gerðinni.

Gerðin felur á hinn bóginn ekki í sér skyldu til að nýta sér þessar hraðsveitir ef skyndilegur þrýstingur verður á landamærin.

Um 2. gr.

Fyrr er lýst þeim breytingum sem áætlaðar eru á starfsemi lögreglunnar og þeim áherslubreytingum sem lagt er til að verði á embætti ríkislögreglustjóra. Í samræmi við þær hugmyndir er lagt til að bætt verði í lögin heimild til að fela einstökum lögregluembættum framkvæmd löggæsluverkefna á landsvísu. Er þá gengið út frá því að viðkomandi embætti taki við verkefninu með bréfi þar sem lagðar eru niður ákveðnar kröfur um hvernig verkefninu skuli sinnt, hvaða fjárveitingar verði millifærðar vegna verkefnisins og um mat eða endurskoðun á vistun verkefnisins eftir ákveðinn tíma, t.d. 5–7 ár. Gert er ráð fyrir því að þegar eftir samþykkt þessarar breytingar verði starfshópi falið að fara í gegnum þau löggæsluverkefni sem nú eru unnin á embætti Ríkislögreglustjóra og meta ávinning af því að færa framkvæmd einstakra verkefna til lögregluembættanna. Með sama hætti verði farið yfir ýmis verkefni sem nú eru unnin innan lögreglunnar og metið hvort hagkvæmt sé að vinna þau á landsvísu á einu embætti. Góð reynsla er af því að taka einstök verkefni fastari tökum með því að sameina vinnslu þeirra á einum stað. Má t.d. nefna sektainnheimtu, sem upphaflega var sameinuð hjá ríkislögreglustjóra en síðar vistuð á landsbyggðinni.

Lagt er til að ákvæði um stöður aðstoðarríkislögreglustjóra verði felld úr lögunum, en í sparnaðarskyni hefur ekki verið skipaður aðstoðarríkislögreglustjóri um nokkurt skeið. Þessi breyting er í samræmi við það markmið að niðurskurði á fjárheimildum verði m.a. mætt með fækkun yfirmanna.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6. Þau verði á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, á Vesturlandi og Vestfjörðum, á Norðurlandi, á Austurlandi og á Suðurlandi. Allítarleg grein er gerð fyrir stærð þessara umdæma og lögregluliðanna sem í þeim starfa í fylgiskjali með frumvarpinu. Með þeirri stækkun sem hér um ræðir er stefnt að því að til verði burðug lögreglulið, sem bæði verði hagkvæmari rekstrareiningar en þau sem fyrir eru og njóti styrks af stærri liðsheild. Þá verði unnt að skipuleggja stærri lið með færri yfirmönnum og komast þannig hjá þeim uppsögnum sem ella væru óumflýjanlegar.

Var það mat starfshópsins sem frumvarpið samdi að óheppilegt væri að fastsetja umdæmin með nákvæmum hætti í lög og því var farin sú leið að veita dómsmála og mannréttindaráðherra heimild til að afmarka þau nánar í reglugerð og eru drög að reglugerð að finna í fylgiskjali með frumvarpinu. Rökin fyrir því eru einkum þau að fjöldi sveitarfélaga í landinu er ekki föst stærð og fjöldi þeirra hefur tekið breytingum undanfarin ár. Gæti verið nauðsynlegt að hnika umdæmum til t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga eða jafnvel vegna eindreginna óska heimamanna í einstökum byggðarlögum um að tilheyra öðru lögregluumdæmi. Þá var það samróma álit nefndarinnar að ekki ætti að kenna embættin við tiltekna þéttbýliskjarna eða sveitarfélög eða taka með öðrum hætti afstöðu til þess í lögunum hvar höfuðstöðvar eiga að vera staðsettar eða aðstaða fyrir lögreglu að öðru leyti. Tækniframfarir og síaukin áhersla á sýnilega löggæslu hafa dregið mjög úr mikilvægi varðstofa og engin ástæða er til að stilla málum upp með þeim hætti að skipuleggja þurfi nær alla starfsemi embættis í einum höfuðstöðvum á einum stað. Réttara virðist að láta lögreglustjórum eftir að skipuleggja starfsemi

lögregluliðanna og stilla þeim og aðstöðu þeirra upp eins og þeir telja þörf krefja og fjárveitingar hrökkva til.

Með brottfalli núgildandi 2. mgr. 6. gr. eru embætti aðstoðarlögreglustjóra, sem nú eru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, felld úr lögum. Er það í samræmi við það stefnumið að ekki þurfi að telja upp í lögum allar stöður yfirmanna í lögreglunni.

Lagt er til að úr 3. mgr. 6. gr. laganna verði fellt ákvæði er lýtur að samræmingu á starfi lögreglunnar innan landsfjórðunga. Við það er miðað að störf lögreglu eigi að samhæfa eftir því sem kostur er um allt land.

Um 4. gr.

Í 8. gr. laganna er gerð grein fyrir lögregluranns óknum. Með þeim breytingum sem gerðar voru árið 2007 var sú skipan tekin upp að rannsóknardeildirnar voru aðeins 7 þótt embættin væru 15. Eru því nú í lögunum ákvæði sem mæla fyrir um hversu brot framin í einu umdæmi geta sætt rannsókn rannsóknardeildar úr öðru umdæmi. Þetta fyrirkomulag þykir ekki hafa gefist vel að öllu leyti og er gert ráð fyrir að sérstakar rannsóknardeildir verði starfræktar í öllum 6 lögregluumdæmunum. Lögregluranns óknir samþættast almennu lögreglustarfi í umdæmunum og lögregluembættin eru betur í stakk búin til þess að takast á við slík mál með skilvirkum hætti um leið og þau koma upp. Forræði rannsókna verður í því lögregluumdæmi þar sem brot eru framin.

Hins vegar er lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu áfram gert að starfrækja tæknideild sem er hinum lögregluumdæmunum til aðstoðar ef þörf er á. Ekki er ætlast til að hvert umdæmi setji á laggirnar dýra tæknideild. Langflest eða um 70% hegningarlagabrota voru á árinu 2008 framin á höfuðborgarsvæðinu, um 5–7 % í hverju hinna nýju umdæma á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi/Vestfjörðum og Norðurlandi og innan við 5% á Austurlandi og. Miðað við það að langflest brotin eru framin á höfuðborgarsvæðinu eða um 70% er skynsamlegt að sérstök tæknideild starfi í sem mestri nálægð við og með stærstu rannsóknardeildinni á landinu og viðhaldi með því þekkingu sinni á því sem gerist í rannsóknum þar, haldi sýn á nýjungum í rannsóknum og stuðli að sem bestri samvinnu við aðra rannsakara. Langflest brot eru þeirrar tegundar að rannsókn þeirra krefst ekki flókinna eða sérstakra rannsóknarúrræða.

Lögregluranns óknir byggja á stöðugt meira á alþjóðlegum samskiptum og tæknilausnum sem krefjast sérstakrar kunnáttu. Þessi tengsl og sérhæfing verður ekki byggð upp á mörgun stöðum.

Brotaumhverfi á Íslandi er að breytast þannig að lögregluranns óknir byggjast í mjög vaxandi mæli á samþættingu upplýsinga hér heima og erlendis sérstaklega á því sviði sem lýtur að rannsóknum brota sem eiga uppruna sinn í skipulagðri glæpastarfsemi. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu veiti öðrum lögregluembættum rannsóknaraðstoð þ.m.t. tæknilega rannsóknaraðstoð vegna brota er tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, vettvangsrannsókna, samanburðarrannsókna og annarra slíkra rannsókna. Þar skal varðveitt fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn. Meginröksemdin fyrir þessari tilhögun er að flest alvarleg brot verður að rannsaka með aðkomu sérhæfðrar tæknideildar með rannsóknaraðstoð í formi upplýsinga og tæknilegra úrræða auk þess sem þau krefjast að jafnaði verulegs vinnuframlags (flóknar og tímafrekar rannsóknir auk þess sem vanda þarf sérstaklega alla öflun sönnunargagna vegna alvarleika brotsins og þyngd mögulegrar refsingar). Rannsóknir slíkra alvarlegra brota eru nokkuð sérhæfðar og krefjast sérþekkingar auk þess sem mjög áríðandi er rannsókn slíkra brota gangi hratt og skilmerkilega fyrir sig.

Um 5. gr.

Breytingin á 9. gr. laganna leiðir af því að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verða felldar úr lögum og því að sérstakt starfsheiti stjórnanda lögregluskólans er fellt úr lögum.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga. Er kveðið á um að sveitarstjórar í þeim sveitarfélögum sem eru innan umsæmisins sitji í nefndinni í stað þeirra sem nú sitja í henni þ.e. lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Er talið skilvirkara að hafa sveitarstjórana sjálfa í nefndunum.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um hæfisskilyrði ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.

Í núgildandi lögum er vísað í hæfisskilyrði sýslumanna um hæfi lögreglustjóra, en í lögum 92/1989 um framkvæmdavald ríkisins í héraði segir um hæfisskilyrði sýslumanna að engan megi „skipa sýslumann, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur“. Hinar efnislegu reglur um hæfisskilyrði lögreglustjóra er því að mestu að finna í dómstólalögum nr. 15/1989.

Hér er lagt til að efnisreglurnar um hæfisskilyrði lögreglustjóra verði teknar upp í lögreglulögin. Á hinn bóginn er ekki lagt til að verulegar breytingar verði gerðar á þessum skilyrðum.

Í 12 gr. dómstólalaganna segir að þann einan megi skipa í embætti héraðdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Fyrsta skilyrðið í þessari upptalningu á ekki við um sýslumenn og lögreglustjóra og virðist óþarft að taka það upp. Annað skilyrðið er almenns eðlis og er að finna í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki er talin þörf á að taka þriðja skilyrðið upp í lagatextann, svo sjálfsagt sem það er. Fjórða og fimmta skilyrðið lúta að fortíð viðkomandi og er ekki talin ástæða til að slaka á þeim kröfum sem þar eru gerðar. Síðustu tvö skilyrðin lúta að menntun og reynslu.

Í ljósi þess að ekki verður skilið milli ákæruvalds og lögreglu er talið rétt að miða við að lögreglustjórar séu lögfræðingar. Á hinn bóginn er skilyrðið í 7. tl. 12. gr. dómstólalaganna nær eingöngu miðað við reynslu af dómstörfum og þykir ástæðulaust að hafa skilyrði af þessu tagi í lögum, enda þykir mega gera ráð fyrir því að hæfustu umsækjendur um starf lögreglustjóra hafi jafnan umtalsverða reynslu.

Öll þessi hæfisskilyrði ná jafnt til ríkislögreglutjóra og annarra lögreglustjóra.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að ekki verður lengur kveðið á um að staðgengill lögreglustjóra þurfi að uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur. Með þessu er gengið skrefi lengra á þeirri braut sem mörkuð var með breytingu á lögreglulögum frá 2006, sem kom á embættum aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra, því samkvæmt þessu geta þeir undirmenn lögreglustjóra sem lokið hafa námi frá Lögregluskóla ríkisins verið staðgenglar hans. Slíkt myndi væntanlega einkum eiga við um þá menn sem einnig hafa lokið stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi, svo sem nú á við um aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra. Í ljósi þess að stærð minnstu embættanna verður töluvert önnur en nú, þykir mega koma málum fyrir með þeim hætti innan þeirra að meðferð ákæruvalds verði ekki teflt í tvísýnu þótt staðgengill lögreglustjóra sé ólöglærður.

Lagt er til að 3. mgr. 28. gr. verði felld úr gildi, enda gert ráð fyrir að stöður aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verði felldar úr lögunum..

Þá er lagt til að lögreglustjórar skipi alla lögreglumenn í sitt embætti og er það gert til að undirstrika stjórnunarheimildir lögreglustjóra yfir starfsliði sínu og gera boðleiðir skýrari. Eðlilegt er að sá sem ber ábyrgð á störfum undirmanna sinna, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna skipi starfsmenn sína, enda er það hann sem hefur heimildir 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til áminningar á sinni hendi.

Lagt er til að sú heimild sem nú er að finna í 5. mgr. 28. gr. falli niður. Greinin er arfur frá þeim tíma þegar ekki var unnt að manna stöður lögreglumanna með menntuðum mönnum. Vegna mikillar eflingar lögregluskólans hefur þetta vandamál nú verið leyst. Þessi breyting hróflar ekki við störfum þeirra örfáu ómenntuðu lögreglumanna sem enn eru við störf. Nauðsynlegt er að dómsmála og mannréttindaráðuneytið hugi að því hvort rétt sé að breyta reglugerð um héraðslögreglumenn til að fyrirbyggja að þessi breyting leiði til þess að alls ómögulegt verði að halda uppi löggæslu á ákveðnum stöðum og tímum

Um 8. gr

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins hefur um árabil verið í starfstigi lögreglustjóra í samræmi við þá grundvallarhugsun að skólinn sé eitt af lögregluembættunum og starfsmenn hans og nemendur fari með lögregluvald. Þá hefur verið lögbundið frá 1996 að stjórnandi skuli uppfylla sömu hæfisskilyrði og lögreglustjórar. Í samræmi við þá stefnu að fækka stöðuheitum og starfstigum þykir rétt að fella niður sérstakt starfsheiti skólastjóra í ákvæðinu og í upptalningu á handhöfum lögregluvalds í 9. gr. laganna.

Brottfall 2. mgr. 37. gr. leiðir af því að óeðlilegt þykir að stilla upp einstökum embættum lögreglumanna við lögregluskólann í lögum, enda er það ekki gert við aðrar stofnanir lögreglunnar.

Um 9. gr.

Lagt er til að breyting verði gerð á fyrirkomulagi launagreiðslna til lögreglunema sem stunda nám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins frá því sem verið hefur frá lögleiðingu lögreglulaganna. Námið á fyrstu önninni í skólanum er ólaunað en hefur verið lánshæft nám samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN).

Samkvæmt gildandi lögum skal ríkislögreglustjóri sjá þeim nemum sem standast próf á fyrstu námsönninni í skólanum fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins. Raunin er sú að skólinn hefur skipulagt starfsþjálfunina með samkomulagi við lögregluembætti sem hafa tekið nemendur í starfsþjálfun og greitt þeim laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna (LL). Fjárveiting hefur hins vegar aldrei verið veitt sérstaklega á fjárlögum til að standa straum af launakostnaði vegna starfsþjálfunar

lögreglunema. Á lokaönn námsins hafa lögreglunemarnir fengið laun sem Lögregluskóli ríkisins greiðir.

Rekstur lögregluembætta er erfiður og fyrrgreint fyrirkomulag gengur ekki lengur vegna fjárskorts auk þess sem það hefur ávallt verið sá faglegi galli á fyrirkomulaginu, að fremur hefur verið litið á starfsþjálfunarnema sem afleysingamenn en nemendur, sem á hinn bóginn hefur leitt til þess að Lögregluskóli ríkisins hefur átt erfitt með að fylgja eftir námsskrá starfsþjálfunarannarinnar. Virðist eðlilegt að lögreglunemar fjármagni sitt nám með námslánum eins og aðrir nemar að undanskildum þeim tíma sem þeir eru í starfsnámi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og m.t.t. hagræðingar og betri nýtingu fjármuna er talið rétt og eðlilegt að breyta núverandi fyrirkomulagi varðandi launagreiðslur vegna grunnnámsnema við Lögregluskóla ríkisins. Skólinn skuli sjá þeim nemendum sem standast próf á fyrstu námsönn (bóknámsönn) fyrir starfsþjálfun í lögreglunni í a.m.k. fjóra mánuði og greiðir þá mánaðarlaun þeirra. Hins vegar verði hætt að greiða lögreglunemum laun á lokaönn námsins í skólanum (bóknámsönn) sem gera verður ráð fyrir að verði lánshæft nám samkvæmt reglum LÍN eins og námið á fyrstu námsönn er.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2010 en vísað er til almenns hluta greinargerðarinnar um framkvæmd breytinganna. Ákvæðið um forgangsrétt lögreglustjóra til starfa á sér fyrirmynd í 18. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 11. gr.

Hér eru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem miða að því að koma á aðskilnaði lögreglustjóra og sýslumanna. Eru ýmsar leyfisveitingar faldar sýslumönnum með þessum breytingum, en raunin hefur verið sú að mikill fjöldi leyfa sem krefst aðkomu lögreglustjóra samkvæmt lögum hefur í reynd ekki verið afgreiddur af lögreglumönnum heldur af almennum starfsmönnum sýslumannsembættanna.

Fylgiskjal 4.

Drög að reglugerð um lögregluumdæmi lögreglustjóra.

REGLUGERÐ
um lögregluumdæmi lögreglustjóra.

1. gr.

Landinu er skipt í 6 lögregluumdæmi. Þau eru sem hér segir:

1. *Umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nær yfir:*

Reykjavíkurborg, Seltjarnaneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavogusbæ, Garðabæ, Sveitarfélagið Álftanes og Hafnarfjarðarkaupstað.

2. *Umdæmi lögreglustjóra Vesturlands nær yfir:*

Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellsveit, Stykkishólmsbæ, Dalabyggð, Reykhólahrepp, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurhrepp, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Strandabyggð og Bæjarhrepp.

3. *Umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi nær yfir:*

Húnaþing vestra, Húnavatnshrepp, Blönduóssbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Fjallabyggð, Grímseyjarhrepp, Dalvíkurbyggð, Arnarneshrepp, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp, Þingeyjarsveit, Skútustaðahrepp, Norðurþing, Tjörneshrepp, Svalbarðshrepp og Langanesbyggð.

4. *Umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi nær yfir:*

Vopnafjarðarhrepp, Fljótsdalshrepp, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðabyggð, Breiðdalshrepp, Djúpavogshrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð.

5. *Umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi nær yfir:*

Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp, Rangárþing ytra, Ásahrepp, Vestmannaeyjabæ, Sveitarfélagið Árborg, Flóahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus.

6. *Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum nær yfir:*

Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ, Sveitarfélagið Voga og Keflavíkurflugvöll.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, öðlast þegar gildi.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, xx.xxxx 2009.

Ragna Árnadóttir.

Fylgiskjal 5.

Lögreglan.
Tölfræði.

Í júní skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra starfshóp til að fara yfir skipulag lögreglunnar hér á landi, m.a. með tilliti til núverandi aðstæðna í ríkisfjármálum og áherslu á að nýta sem best þá fjármuni sem Alþingi veitir til löggæslu.

Starfshópurinn fól Jakobi Magnússyni, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Halldóri Halldórssyni, LRH og Jónasi Inga Péturssyni, RLS að vinna greiningarvinnu á samsetningu starfa, rekstrarkostnaði, málafjölda auk annara atriði er lúta rekstri lögreglu.

Í þessu skjali er ekki vikið að fjárveitingum, en miðað er við að ítarleg greining fari fram áður en fjárveitingum er skipt á milli lögreglu og sýslumannsembætta og ákvörðun tekin um skiptingu á milli umdæma. Sú greining er þegar hafin.

Lögreglan

Breytt skipan lögreglumála

Núverandi skipulag lögreglunnar

Umdæmi lögreglunnar eru 15 talsins en að auki er embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóli ríkisins.



Mynd 1. Stjórnsýsluumdæmi lögreglunnar

Hvert umdæmi lögreglunnar hefur sína sérstöðu miðað við landfræði, lýðfræði og aðra þætti sem gera ólíkar kröfur til lögreglunnar. Engu að síður má sjá útfrá afbrotatölfræði að fjöldi afbrota er nokkuð sambærileg að umdæmum lögreglustjóranna á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu undaskildum, fjöldi brota í þeim umdæmum eru um 60% af heildarafbrotum ársins 2008. Sjá nánari sundurliðun í töflu 2, 3 og 4. Þá má einnig sjá upplýsandi og fróðlega tölfræði um fjölda verkefna eftir umdæmum.

Tafla 1. Fjöldi ársverka* lögreglumanna eftir umdæmum í árslok 2008.

Umdæmi	Ársverk lögreglu	Fjöldi íbúa	Íbúar á pr.lögr. ársverk	Flatarmál umdæmis (km2)	Km2 pr.lögr. ársverk
Akranes	11,7	6.630	567	9	1
Akureyri	39,1	24.052	615	4253	109
Blönduós	7,6	3.101	408	7048	927
Borgarnes	9,7	5.153	531	7697	794
Eskifjörður	17,4	7.499	431	9030	519
Húsavík	9,7	5.008	516	17835	1839
Hvolsvöllur	9,7	4.508	465	15673	1616
Höfuðborgarsvæðið	312,8	201.585	644	1043	3
Sauðárkrókur	9,6	4.294	447	5544	578
Selfoss	28,4	15.578	549	8999	317
Seyðisfjörður	10	5.383	538	13562	1356
Snæfellsnes	9,5	3.937	414	1814	191
Suðurnes	82,5	21.564	261	818	10
Vestfirðir	22,8	7.374	323	9354	410
Vestmannaeyjar	11,4	4.090	359	17	1
Landið	**591,9**	**319.756**	**540**	**102.696**	**174**

*Ársverk: Gerir ráð fyrir fullu starf í 12 mánuði, með öllum réttindum til veikinda og orlofs. Sem dæmi, þá gefur 6 mánaða fullt starf af sér ½ ársverk, þannig getamögulega legið margar kennitölur að baki einu ársverki.

Tafla 2. Fjöldi brota í umdæmum.

Umdæmi	Hegningar-lagabrot	*Hegn. per 10.000*	Sérrefsi-lagabrot	*Sérr. per 10.000*	Umferðar-lagabrot	*Umf. per 10.000*	Alls brotaflokkar	
Ríkissaksóknari*	41	--	0	--	0	–	41	0,1%
Ríkislögreglustjórinn*	89	--	160	--	0	–	249	0,3%
LRH	10.527	536,7	2.066	105,3	27.141	1.383,6	39.734	52,8%
Suðurnes	1.027	503,1	679	332,6	4.743	2.323,3	6.449	8,6%
Akranes	197	310,5	139	219,1	1.649	2.598,9	1.985	2,6%
Borgarnes	190	365,7	104	200,2	8.484	16.331,1	8.778	11,7%
Snæfellsnes	90	230,1	34	86,9	787	2.011,8	911	1,2%
Vestfirðir	236	322,9	119	162,8	849	1.161,6	1.204	1,6%
Blönduós	32	102,3	19	60,7	1.577	5.041,6	1.628	2,2%
Sauðárkrókur	84	198,5	31	73,3	488	1.153,4	603	0,8%
Akureyri	797	334,4	362	151,9	1.892	793,9	3.051	4,1%
Húsavik	63	126,9	37	74,5	458	922,6	558	0,7%
Seyðisfjörður	105	174,9	38	63,3	818	1.362,9	961	1,3%
Eskifjörður	101	127,9	54	68,4	2.715	3.437,1	2.870	3,8%
Hvolsvöllur	96	217,5	60	136,0	2.219	5.028,3	2.375	3,2%
Vestmannaeyjar	184	455,4	122	302,0	251	621,3	557	0,7%
Selfoss	719	478,5	243	161,7	2.330	1.550,7	3.292	4,4%
Samtals	**14.578**	465,9	**4.267**	136,4	**56.401**	1.802,7	75.246	100,0%

* Það er ekki reiknað per 10.000 fyrir embætti ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra en þau brot sem eru skráð á þau embætti eru talin með og reiknuð í heildarfjölda (samtalsreit).

Breytt skipulag lögreglunnar

Samkvæmt tillögum starfshóps dómsmálaráðherra þá verður lögregluumdæmum fækkað úr 15 í 6 umdæmi.



Mynd 2. Lögregluumdæmi eftir breytingu

Til lögreglunnar teljast þá ríkislögreglustjóri og Lögregluskóli ríkisins og lögreglu umdæmin eftirfarandi: Vesturland, Norðurland, Austurland, Suðurland, Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes. Hér á eftir má sjá ýmsa tölfræði sem tekur mið af nýjum umdæmum.

Tafla 3. Fjöldi brota 2008 m.v. breytt umdæmi

	Hegningalagabrot		Sérrefsilagabrot		Umferðarlagabrot	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ríkissaksóknari	41	0,3%		0,0%		
Ríkislögreglustjórinn	89	0,6%	160	3,7%		
Reykjanes	1.027	7,0%	679	15,9%	4.743	8,4%
Höfuðborgarsvæðið	10.527	72,2%	2.066	48,4%	27.141	48,1%
Vesturland	713	4,9%	396	9,3%	11.769	20,9%
Norðurland	976	6,7%	449	10,5%	4.415	7,8%
Austurland	206	1,4%	92	2,2%	3.533	6,3%
Suðurland	999	6,9%	425	10,0%	4.800	8,5%
Alls	14.578	100,0%	4.267	100,0%	56.401	100,0%

Tafla 4. Fjöldi brota 2008 m.v. breytt umdæmi pr. 10.000

Embætti	Hegn.brot	*Hegn. per 10.000*	Sérr.brot	*Sérr. per 10.000*	Umf.brot	*Umf. per 10.000*
Ríkissaksóknari*	41	–	0	–	0	–
Ríkislögreglustjórinn*	89	–	160	–	0	–
Reykjanes	1.027	503,1	679	332,6	4.743	2.323,5
Höfuðborgarsvæðið	10.527	536,7	2.066	105,3	27.141	1.383,6
Vesturland	713	313,3	396	174	11.769	5.170,7
Norðurland	976	269,9	449	124,2	4.415	1.221,1
Austurland	206	148,2	92	66,2	3.533	2.541,5
Suðurland	989	425,5	425	181	4.800	2.044,5
Alls	14.578	465,9	4.267	136,4	56.401	1.802,7

* Það er ekki reiknað per 10.000 fyrir embætti ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra en þau brot sem eru skráð á þau embætti eru talin með og reiknuð í heildarfjölda (samtalsreit).

Tafla 5. Fjöldi ársverka lögreglumanna eftir nýjum umdæmum m.v. árslok 2008.
Fjöldi íbúa miðast við 1. desember 2008

Embætti	Hegn.brot	*Hegn. per 10.000*	Sérr.brot	*Sérr. per 10.000*	Umf.brot	*Umf. per 10.000*
Ríkissaksóknari*	41	–	0	–	0	–
Ríkislögreglustjórinn*	89	–	160	–	0	–
Reykjanes	1.027	503,1	679	332,6	4.743	2.323,5
Höfuðborgarsvæðið	10.527	536,7	2.066	105,3	27.141	1.383,6
Vesturland	713	313,3	396	174	11.769	5.170,7
Norðurland	976	269,9	449	124,2	4.415	1.221,1
Austurland	206	148,2	92	66,2	3.533	2.541,5
Suðurland	989	425,5	425	181	4.800	2.044,5
Alls	14.578	465,9	4.267	136,4	56.401	1.802,7

Tafla 6. Fjöldi og hlutföll ársverka lögreglu eftir starfsheitum og nýjum umdæmum m.v. árslok 2008.

Ársverk lögregluviðfanga- allt landið

Starfaflokkun	Árs-verk	%	LRH	%	Vestur-land	%	Norður-land	%	Austur-land	%	Suður-land	%	Reykja-nes	%
Aðstoðarlögreglustjóri í LL	1,0	0,2%	1,0	0,3%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Yfirlögregluþjónn	19,2	3,2%	4,9	1,6%	4,0	7,4%	4,8	7,2%	2,0	7,3%	2,4	4,9%	1,1	1,3%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	20,5	3,5%	11,3	3,6%	0,5	1,0%	1,0	1,5%	0,0	0,0%	1,6	3,2%	6,1	7,4%
Yfirstjórnendur alls	40,6	6,9%	17,2	5,5%	4,5	8,4%	5,8	8,7%	2,0	7,3%	4,0	8,1%	7,2	8,7%
Aðalvarðstjóri	27,3	4,6%	14,9	4,8%	1,5	2,8%	2,0	3,0%	1,0	3,7%	0,0	0,0%	7,9	9,5%
Lögreglufulltrúi	27,8	4,7%	21,9	7,0%	2,0	3,7%	0,4	0,5%	1,0	3,7%	0,0	0,0%	2,6	3,2%
Millistjórnendur alls	55,1	9,3%	36,8	11,8%	3,5	6,5%	2,4	3,6%	2,0	7,3%	0,0	0,0%	10,5	12,7%
Millisumma stjórnendur	95,7	16,2%	54,0	17,3%	8,0	14,8%	8,1	12,3%	4,0	14,7%	4,0	8,1%	17,6	21,4%
Varðstjóri	102,3	17,3%	38,2	12,2%	17,3	31,9%	12,7	19,3%	5,8	21,2%	8,3	16,8%	20,0	24,2%
Varðstjóri/rannsóknarlögreglum.	3,1	0,5%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	3,1	4,7%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Rannsóknarlögreglumaður	125,7	21,2%	106,7	34,2%	2,0	3,7%	3,8	5,8%	1,1	3,9%	3,7	7,5%	8,3	10,1%
Aðstoðarvarðstjóri	3,7	0,6%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,7	2,7%	1,0	2,0%	2,0	2,4%
Sérhæfðir/lægri stjórnendur alls	234,8	39,7%	144,9	46,4%	19,3	35,6%	19,7	29,9%	7,6	27,9%	13,0	26,3%	30,3	36,7%
Lögreglumaður	230,9	39,0%	96,2	30,8%	26,3	48,6%	32,1	48,7%	15,7	57,5%	26,1	52,6%	34,5	41,9%
Lögreglunemi/héraðslögreglum.	18,4	3,1%	16,5	5,3%	0,6	1,0%	1,0	1,5%	0,0	0,0%	0,3	0,7%	0,0	0,0%
Afleysingamaður	11,4	1,9%	0,6	0,2%	0,0	0,0%	4,7	7,2%	0,0	0,0%	6,1	12,3%	0,0	0,0%
Eftirlaunaþegi	0,2	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,2	0,3%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Almennir lögreglumenn alls	261,0	44,1%	113,4	36,3%	26,9	49,6%	38,1	57,8%	15,7	57,5%	32,5	65,6%	34,5	41,9%
Mill is. alm. og sérh./lægri stjórn.	495,8	83,8%	258,3	82,7%	46,2	85,2%	57,7	87,7%	23,3	85,3%	45,6	91,9%	64,8	78,6%
Stjórnendur og sérhæfðir	330,6	55,9%	198,9	63,7%	27,3	50,4%	27,8	42,2%	11,6	42,5%	17,0	34,4%	47,9	58,1%
Almennir lögreglumenn	261,0	44,1%	113,4	36,3%	26,9	49,6%	38,1	57,8%	15,7	57,5%	32,5	65,6%	34,5	41,9%
	591,6	100,0%	312,3	100,0%	54,2	100,0%	65,9	100,0%	27,3	100,0%	49,6	100,0%	82,5	100,0%
Lögreglumenn alls	591,6	100,0%	312,3	100,0%	54,2	100,0%	65,9	100,0%	27,3	100,0%	49,6	100,0%	82,5	100,0%

Tafla 7. Fjöldi verkefna lögreglu eftir nýjum umdæmum 2008.

Verkefni	LRH	Vesturland	Norðurland	Austurland	Suðurland	Suðurnes	RLS	Ríkissak.	Samtals
Aðstoð vegna atburða	26	15	35	10	46	13			145
Aðstoð við borgarana	3.974	924	1.201	398	1.084	747	1	9	8.338
Aðstoð við erlend sendiráð	28	1				5		1	35
Aðstoð við opinbera aðila	660	104	136	68	346	200	1	6	1.521
Aðstoð við önnur lögreglulið	139	167	49	27	106	56	36	8	588
Almannavarnir		12	2	3	8	27	1		53
Aukinn viðbúnaður	55								55
Ágreiningur	1.255	70	82	40	115	136	1	6	1.705
Birting	132	720	1.638	267	682	103			3.542
Boðun	2.161	1.291	871	465	894	395		1	6.078
Dýr	1.069	474	595	261	500	214			3.113
Eftirlit	12.823	6.531	4.075	1.641	7.081	6.673	332	11	39.167
Eftirlýsing	109	7	683		20	10	1		830
FML-Óflokkað	2			1					3
Forvarna- og fræðsluv.	4.474	196	246	74	111	201		1	5.303
Framsalsbeiðni								4	4
Fundnir munir	1.012	92	93	45	60	461	1	1	1.765
Gæsla						44			44
Handtaka	178	46	119	8	70	292		41	754
Heimilisofbeldi	406	27	50	17	34	40		4	578
Innsiglun	24	7			1	2		1	35
Leit	824	202	232	49	201	166	4	69	1.747
Löggæsluverkefni	79	5	5	4	4	12			109
Lögreglufylgd	391	203	131	35	144	116			1.020
Mannslát	172	13	25	10	23	11		2	256
Mál án málseiningar	476	6	10	8	7	12	2		521
Mæt. lögreglum. fyrir dómi		8	7	4	24	1			44
Náttúruhamfarir	1	17	12	9	21	1	2		63
Neyðarlending	13					25			38
Opinberar móttökur	16					1			17
Sjálfsvig / Tilraunir	128	12	27	12	16	15		1	211
Tapaðir munir	202	82	87	30	49	31			481
Tilkynning	26.813	2.874	3.307	1.018	3.268	3.491	86	89	40.946
Tollafgreiðsla		44	72	257	2	5			380
Umferðarátak	5	121	54	8	65	204			457
Umferðarstjórn	56	33	20	1	8	2			120
Vaktmenn	23		201	7	317		1.100		1.648
Ýmis verkefni	607	914	473	724	1.181	141	5	2	4.047
Æfingar, þjálfun þjálfun	73	80	43	29	242	73			540
Samtals	**58.406**	**15.298**	**14.581**	**5.530**	**16.730**	**13.926**	**1.573**	**257**	**126.301**

Bílarekstur lögreglunnar 2008

Tafla 8. Bílarekstur lögreglunnar

Embætti	Tegund	Fjöldi	Heildarakstur flokks	Meðalakstur flokks
RLS	Fólksbíll	10	309.476	30.948
	Stærri tæki	8	79.764	9.971
LSR	Fólksbíll	1	9.308	9.308
Höfuðborgarsvæðið	Fólksbíll	46	1.303.520	28.337
	Mótorhjól	14	226.944	16.210
	Stærri tæki	6	126.267	21.045
Vesturland	Fólksbíll	13	426.353	32.796
	Stærri tæki	6	110.558	18.426
Norðurland	Fólksbíll	18	531.024	29.501
	Stærri tæki	6	124.341	20.724
Austurland	Fólksbíll	10	319.881	31.988
	Stærri tæki	2	38.166	19.083
Suðurland	Fólksbíll	7	462.186	66.027
	Stærri tæki	5	128.775	25.755
Reykjanes	Fólksbíll	12	437.793	36.483
	Mótorhjól	1	19.604	19.604
	Stærri tæki	1	10.692	10.692
Grand Total		**166**	**4.664.649**	**28.100**

978. Fyrirspurn [587. mál]

til heilbrigðisráðherra um sumarlokanir á heimilum og stofnunum.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hversu mörgum heimilum, stofnunum eða deildum innan þeirra fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka, sem heyra undir ráðuneytið, er fyrirhugað að loka tímabundið í sumar vegna sumarleyfa?
2. Hversu marga íbúa, þjónustuþega eða sjúklinga munu sumarlokanirnar snerta?
3. Hvaða úrræði standa viðkomandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða vegna þessa?

Skriflegt svar óskast.

979. Fyrirspurn [588. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um sumarlokanir á heimilum og stofnunum fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hversu mörgum heimilum, stofnunum eða deildum innan þeirra fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka, sem heyra undir ráðuneytið, er fyrirhugað að loka tímabundið í sumar vegna sumarleyfa?
2. Hversu marga íbúa, þjónustuþega eða sjúklinga munu sumarlokanirnar snerta?
3. Hvaða úrræði standa viðkomandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða vegna þessa?

Skriflegt svar óskast.

980. Frumvarp til laga [589. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Kaupandi afla“ í 1. og 2. mgr. kemur: Aðili sem stundar viðskipti með afla.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hver sá sem vanrækir að veita Fiskistofu upplýsingar skv. 2. mgr. skal sæta dagsektum. Dagsektir geta numið allt að 25.000 kr. á dag eftir eðli og umfangi brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð.

Ákvörðun um dagsektir má kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn. Ef ákvörðun er kærð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eftir ábendingum og tillögum frá Fiskistofu. Í því eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 12. gr. laganna þar sem kemur

fram að kaupandi afla skuli fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti sem ráðuneytið ákveður.

Fiskistofa safnar og vinnur upplýsingar úr svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR-skýrslum) frá fiskkaupendum og fiskvinnslum. Þessar upplýsingar eru nýttar í margvíslegum tilgangi, svo sem við ákvörðun á viðmiðunarverði hjá úrskurðarnefnd sjómanna, í birtingu ársfjórðungslegra hagtalna hjá Hagstofu Íslands, í samanburði við skráningar í aflaskráningarkerfið til þess að kanna nákvæmni og réttmæti skráningar afla til kvóta til fiskiskipa, við bakreikningseftirlit Fiskistofu þegar grunur er um að aðili eigi viðskipti með „svartan afla“, við útreikning þorskígildisstuðla, við ákvörðun gjalds vegna ólögmæts sjávarafla og við svörun margvíslegra fyrirspurna varðandi afla, ráðstöfun hans og verðmæti.

Til þess að upplýsingar sem er að finna í VOR-skýrslum og unnar úr þeim komi að gagni eða að fullu gagni við úrlausn þeirra verkefna sem að framan eru nefnd er afar mikilvægt að skýrslunum sé skilað innan tiltekins tíma til þess að hægt sé að meðhöndla þær eftir þörfum og vinna eða miðla úr þeim upplýsingum sem þar er að finna og/eða taka ákvarðanir á grundvelli þeirra. Má í því sambandi sérstaklega nefna úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sem ákvarðar viðmiðun fiskverðs hvers mánaðar, en mikilvægt er að það byggist á nýjustu upplýsingum. Útreikningur á viðmiðunarfiskverði er alfarið byggður á upplýsingum úr VOR-gögnum. Þorskígildi eru ákvörðuð árlega á grundvelli upplýsinga sem skráðar eru í „VOR-ið“ á tímabilinu 1. maí til 30. apríl. Mikilvægt er að þorskígildi næsta fiskveiðiárs liggi fyrir sem fyrst í júlí ár hvert, en grundvöllur þess að unnt sé að ákvarða það er að upplýsingar frá fiskvinnslum hafi skilað sér og verið skráðar í VOR-grunninn fyrir fyrrgreint tímabil. Þá birtir Hagstofan upplýsingar samkvæmt fyrir fram samþykktri birtingaráætlun og seinkun úrvinnslu og miðlunar Fiskistofu á upplýsingum úr VOR-inu getur því haft áhrif á að sú birtingaráætlun standist. Af þessu má vera ljóst að afar mikilvægt er að VOR-skýrslur berist á réttum tíma til Fiskistofu til þess að stofnunin hafi tækifæri til þess að skrá þær í gagnagrunninn og gæðaprófa áður en þau gögn eru nýtt til birtingar eða ákvarðanatöku. Þá er vert að taka fram að óheppilegt er að álagning gjalds vegna ólögmæts sjávarafla sé ákvörðuð þegar langt er liðið frá veiðitímabilinu sjálfu, en ekki er unnt að reikna nákvæmlega út álagningu nema allar upplýsingar um verðmæti afla og afurða liggi fyrir í VOR-kerfi Fiskistofu.

Framangreint ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1996 er sú lagastoð sem söfnun Fiskistofu á umræddum VOR-skýrslum byggist á.

Við athugun á viðurlagaákvæðum laga nr. 57/1996 er ljóst að einu úrræðin sem Fiskistofa getur gripið til, í tilefni af vanrækslu við skýrsluskil, eru í meginatriðum skriflegar áminningar en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vigtunarleyfis eða öðrum viðurlögum samkvæmt lögunum vegna vanrækslu aðila á að skila skýrslum til Fiskistofu um ráðstöfun afla. Sama gildir um lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að hægt sé að beita sviptingu veiðileyfis, og lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vinnsluleyfis samkvæmt þeim lögum, sem nú er reyndar á verksviði Matvælastofnunar, sbr. lög nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Afturköllun vigtunarleyfa beinist að vigtunarleyfishöfum, t.d. fiskmarkaði eða fiskvinnslustöð, vegna brota aðila sem starfa í þeirra þágu en hins vegar skortir samsvörun á milli brots vegna skýrsluskila og hugsanlegrar afturköllunar vigtunarleyfis í kjölfar vanskila á svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Að óbreyttum lögum og reglugerðum og með vísan til þess sem rakið er hér að framan er ljóst að vandkvæðum er bundið að knýja fram

skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum með einföldum og skilvirkum hætti, og einnig er óvíst að kærur til lögreglu vegna slíkra mála mundu skila miklum árangri.

Skilvirkasta úrræðið sem til greina kemur til að bæta úr umræddum vanda er að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skýrsluskil. Lagaheimildir til slíks úrræðis skortir hins vegar. Rétt þykir í þessu samhengi og til hliðsjónar að benda á að víða í lögum er stjórnvöldum sem sinna eftirlitshlutverki fengið þetta úrræði, m.a. í 12. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, en þar er það reyndar ráðherra sem leggur á dagsektir.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er kveðið á um tiltekið úrræði fyrir Fiskistofu til að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum, svokölluðum VOR-skýrslum.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki aðeins um kaupendur afla heldur alla aðila sem stunda viðskipti með afla. Með því er ætlunin að tryggja það að ákvæðið gildi um alla aðila sem skylt er að skila skýrslum um viðskipti með afla en það er talið nauðsynlegt til þess að úrræðið nái þeim tilgangi sem stefnt er að með lögfestingu þess.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er ljóst að einu úrræðin sem Fiskistofa getur gripið til, í tilefni af vanrækslu við skýrsluskil, eru skriflegar áminningar. Ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vigtunarleyfis vegna vanrækslu aðila á að skila skýrslum til Fiskistofu um ráðstöfun afla. Sama gildir um lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að hægt sé að beita sviptingu veiðileyfis vegna vanrækslu á að skila upplýsingum og gögnum samkvæmt þeim lögum og einnig samkvæmt lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vinnsluleyfis samkvæmt þeim lögum, sem nú er reyndar á verksviði Matvælastofnunar, sbr. lög nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Afturköllun vigtunarleyfa beinist að vigtunarleyfishöfum, t.d. fiskmarkaði eða fiskvinnslustöð, vegna brota aðila sem starfa í þeirra þágu. Skortir samsvörun á milli brots vegna skýrsluskila og hugsanlegrar afturköllunar vigtunarleyfis í kjölfar vanskila á svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Að óbreyttum lögum og reglugerðum og með vísan til þess sem rakið er hér að framan er ljóst að vandkvæðum er bundið að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum með einföldum og skilvirkum hætti, og er einnig óvíst að kærur til lögreglu vegna slíkra mála mundu skila miklum árangri. Skilvirkasta úrræðið sem til greina kemur til að bæta hér úr umræddum vanda, er að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skýrsluskil en lagaheimildir til slíks úrræðis skortir hins vegar verði lögunum ekki breytt.

Hér er því lagt til að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að dagsektir geti numið tiltekinni hámarksfjárhæð eftir eðli og umfangi brots en heimilt er að ákveða lægri fjárhæð í dagsektir. Einnig er gert ráð fyrir að dagsektir séu aðfararhæfar, en það hefur þá þýðingu að unnt er að innheimta þær með fjárnámi án þess að áður sé kveðinn upp dómur um þær greiðslur sem Fiskistofa ákveður í dagsektir. Er þetta gert til að tryggja að úrræðið verði skilvirkara og auðveldara í framkvæmd. Enn fremur kemur fram í ákvæðinu að dagsektir greiðast í ríkissjóð.

Þá skal áréttað að ákvörðun Fiskistofu um dagsektir verður kæranleg til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins en í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þess efnis. Er þar settur kærufrestur sem er fjórtán dagar frá því að ákvörðun er kynnt þeim sem hún beinist að en dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn. Ef ákvörðun er kærð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Hér er um að ræða sérstaka kæruheimild sem gengur framar ákvæði 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en að öðru leyti gilda ákvæði þeirra laga um álagningu dagsekta og meðferð stjórnsýslumála vegna þeirra, svo og um stjórnsýslukærur til ráðuneytisins eftir því sem við á að svo miklu leyti sem ekki eru sérstök ákvæði um það í lögunum. Loks er þar að finna sérstakt ákvæði um að dagsektir reiknist ekki fyrr en kærufrestur er liðinn og ef ákvörðun er kærð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Verður að telja að það sé sanngjörn regla og til þess fallin að auðvelda framkvæmd ákvæðisins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Fiskistofu verði heimilt að beita dagsektum til að knýja fram skil á svokölluðum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki aðeins um kaupendur afla heldur alla aðila sem stunda viðskipti með afla. Með því er ætlunin að tryggja að ákvæðið gildi um alla aðila sem skylt er að skila skýrslum um viðskipti með afla en það er talið nauðsynlegt til þess að úrræðið nái þeim tilgangi sem að er stefnt. Dagsektir þessar geta numið allt að 25 þús. kr. á dag eftir eðli og umfangi brots. Gert er ráð fyrir því að þær verði aðfararhæfar og renni í ríkissjóð.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir því að það hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

981. Frumvarp til laga [590. mál]

um hvali.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Hvalastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun hvala samhliða hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu hvalastofna. Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Lög þessi gilda um veiðar íslenskra skipa á hvölum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og eftir því sem við getur átt um hvalveiðar íslenskra skipa utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Jafnframt gilda lög þessi um vinnslu og nýtingu hvalaafurða.

3. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn hvalveiða samkvæmt þessum lögum.

Hafrannsóknastofnunin annast vísindalega ráðgjöf fyrir ráðuneytið um vernd og sjálfbæra nýtingu hvalastofna hér við land.

Fiskistofa annast útgáfu leyfa til veiða á hvölum og eftirlit með þeim. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits Fiskistofu.

Matvælastofnun annast eftirlit með vinnslu og heilbrigði hvalaafurða. Ráðherra setur reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. Jafnframt setur ráðherra reglur um hámarksnýtingu hvals.

4. gr.

Allar veiðar á hval eru bannaðar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Veiðar á smáhvölum skulu þó aðeins háðar leyfi Fiskistofu að þær séu stundaðar í atvinnuskyni. Til smáhvala flokkast þeir hvalir sem hvorki teljast til skíðishvala (Mysticeti) né búrhvals (Physeter macrocephalus). Föngun á lifandi hvölum er bönnuð nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra.

Við veitingu leyfa til hvalveiða koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett öll þau ákvæði sem hann telur nauðsynleg til að framfylgja ákvörðunum sem samþykktar hafa verið á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Hafi Ísland nýtt sér rétt sinn til að mótmæla eða gera fyrirvara við samþykktir um vernd og nýtingu hvalastofna sem gerðar hafa verið á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að getur ráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar sett í reglugerð reglur sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja vernd og hagkvæma nýtingu hvalastofna.

6. gr.

Hafrannsóknastofnunin gerir, á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, tillögur til ráðherra um veiðiþol nytjahvala til tveggja ára í senn. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í júní annað hvert ár vegna tveggja næstu almanaksára.

Ráðherra skal, áður en hann tekur ákvörðun um fyrirkomulag hvalveiða kynna tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar og forsendur þeirra og veita þeim sem vilja koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra mánaðarfrest til þess. Að þeim fresti liðnum ákveður ráðherra með reglugerð hvaða tegundir hvala skuli leyft að veiða á tilteknu veiðitímabili og hve marga hvali af hverri tegund. Sú ákvörðun tekur ekki til veiða á smáhvölum nema ráðherra hafi ákveðið að setja frekari reglur um veiðar á þeim.

Þá ákveður ráðherra í reglugerð fyrirkomulag veiða á komandi veiðitímabili og getur hann m.a. ákveðið að skipta skuli þeim fjölda hvala, sem leyfilegt er að nýta úr hverri tegund á viðkomandi veiðitímabili, að hluta eða öllu leyti á einstök skip eða svæði. Við þá ákvörðun getur hann m.a. tekið mið af veiðireynslu, búnaði og stærð skips.

7. gr.

Ráðherra kveður í reglugerð á um nánara fyrirkomulag hvalveiða og getur hann:

1. Bannað eða takmarkað veiðar á tilteknum hvalategundum eða á ákveðnum svæðum.
2. Bannað veiðar á tilteknum hvalategundum undir ákveðinni lágmarksstærð.
3. Bundið veiðar á tilteknum hvalategundum við ákveðið tímabil.
4. Takmarkað fjölda veiddra hvala úr einstökum tegundum á tilteknu svæði eða í tiltekinn tíma.

Ráðherra setur reglur um veiðiaðferðir og búnað við veiðar á einstökum hvalategundum og skulu þær reglur aldrei ganga skemur en reglur sem settar hafa verið í alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að. Þannig skal tryggt að ávallt sé þeim veiðiaðferðum beitt sem deyða hvalinn á sem skemmstum tíma.

8. gr.

Fiskistofa annast útgáfu leyfa til hvalveiða. Þegar fyrir liggja ákvarðanir ráðherra um fyrirkomulag hvalveiða, sbr. 6.–7. gr., kynnir Fiskistofa þær reglur og auglýsir síðan eftir umsóknum um veiðileyfi. Í auglýsingu Fiskistofu skal koma fram að upplýsingar um eftirfarandi atriði skuli ávallt fylgja umsóknum:

1. Stærð og gerð veiðiskips.
2. Útbúnað veiðiskips.
3. Þekkingu og reynslu áhafnar af hvalveiðum.
4. Skotvopnaleyfi og þjálfun í meðferð skotvopna.
5. Þátttöku í námskeiði viðurkenndu af Fiskistofu í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar.
6. Aðstöðu til vinnslu afurða sem er viðurkennd af Matvælastofnun.
7. Önnur atriði er máli skipta að mati Fiskistofu.

Leyfi til hvalveiða eru gefin út til tveggja ára í senn. Gjald fyrir leyfi til hvalveiða er 17.500 kr. og rennur það til Fiskistofu.

9. gr.

Eftirlitsaðilum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með hvalskipum og fara um borð í skip til athugunar á farmi, veiðarfærum og dagbók.

Eftirlitsaðilum Matvælastofnunar er heimill óhindraður aðgangur að þeim stöðum þar sem framleiðsla og/eða dreifing hvalaafurða á sér stað. Jafnframt er eftirlitsaðilum Fiskistofu heimill aðgangur að öllum gögnum sem varða veiðar og vinnslu. Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Óheimilt er að veiða hvalkálfa og kú sem kálfur fylgir. Ef mjólk finnst í júgrum kúa skal veiðileyfishafi á sinn kostnað senda sýni til viðurkenndrar rannsóknarstöðvar til greiningar á því hvort kýr hafi verið með kálfi nýlega. Senda skal Fiskistofu frumrit af niðurstöðu. Andvirði afurða mjólkandi kúa og dýra undir lágmarksstærð, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., skal renna í ríkissjóð.

11. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið er háð skilyrðum sem ráðuneytið ákveður og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

12. gr.

Eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða skulu greiða hvalveiðigjald fyrir hvern veiddan hval. Þyngd hvers hvals skal metin út frá lengd og ummálsmælingu hans en Hafrannsóknastofnunin gefur út sérstakar leiðbeiningarreglur varðandi þessar mælingar. Greiða skal hvalveiðigjald sem hér segir: Fyrir hver 500 kg af þannig metinni þyngd hvals skal greiða 2.860 kr.

Eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða skulu senda Fiskistofu upplýsingar um fjölda veiddra hvala og þyngd til útreiknings á hvalveiðigjaldi, sbr. 1. mgr., innan þess frests og á því formi sem Fiskistofa ákveður.

Fiskistofa leggur á hvalveiðigjald í næsta mánuði eftir að hvalur er veiddur. Fiskistofa innheimtir hvalveiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að Fiskistofa sendir aðilum tilkynningu um álagt hvalveiðigjald. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds til greiðsludags í samræmi við reglur laga um vexti og verðtryggingu. Hvalveiðigjald rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða og þeir aðilar sem vinna hvalaafurðir eða dreifa þeim greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlit Fiskistofu og Matvælastofnunar:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku,
d. kostnaði við útgáfu leyfa, annarra en leyfa til hvalveiða, staðfestinga og vottorða.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með hvalaafurðum þegar tiltekin starfsemi eða hvalaafurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirlitinu bera þeir aðilar sem ábyrgir eru fyrir því að ekki var farið að tilskildum kröfum um meðferð og vinnslu hvalaafurða eða það fyrirtæki sem á eða hefur hvalaafurðirnar í sinni vörslu þegar viðbótareftirlitinu er sinnt.

Ráðherra gefur út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Fiskistofu og Matvælastofnunar.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

14. gr.

Fiskistofa sviptir skip leyfi til hvalveiða ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot sem varðar sviptingu veiðileyfis skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot getur Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veitt hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

Fiskistofu er heimilt að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem vanrækja að veita Fiskistofu upplýsingar skv. 12. gr. Dagsektir mega nema 10.000–50.000 kr. fyrir hvern dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera fjárnám til fullnustu þeirra án undangengins dóms eða sáttar.

15. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim verður skotið til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, enda sé það gert innan mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

17. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. má ákvarða lögaðila sekt hvort sem sök verður sönnuð eða ekki á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

18. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 26/1949, um hvalveiðar. Þá falla einnig úr gildi frá sama tíma öll leyfi sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.

20. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum: Við 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast eftirlit með vinnslu og heilbrigði hvalaafurða samkvæmt lögum um hvali.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. mars 1999 ályktaði Alþingi að hefja skyldi hvalveiðar hið fyrsta hér við land. Í kjölfar ályktunarinnar voru ýmis skref stigin að því markmiði. Ber þar að nefna m.a. kynningu á málstað Íslands erlendis, endurinngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið, virka þátttöku innan Alþjóðahvalveiðiráðsins við tilraunir til að koma þar á stjórnkerfi fyrir hvalveiðar í atvinnuskyni sem og málflutning á vettvangi samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), virka þátttöku innan Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO), viðamiklar talningar á hvalastofnum og framkvæmd hrefnuhluta vísindaáætlunar Hafrannsóknastofnunarinnar. Það var síðan 17. október 2006 sem sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir á Alþingi að atvinnuveiðar á hrefnu og langreyði mundu hefjast að nýju hér við land eftir tuttugu og eins árs hlé.

Núgildandi hvalveiðilöggjöf er frá árinu 1949 og var á sínum tíma sett til þess að unnt væri að framfylgja þeim ákvæðum um nýtingu hvalastofnanna sem samþykktar væru á vegum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Lögin bera því sterk kennimerki liðins tíma og þarfnast endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og þeirri þróun sem hefur orðið á stjórnsýslurétti. Af þessum sökum skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í febrúar 2009 nefnd til að gera tillögur að endurskoðaðri löggjöf um hvalveiðar. Nefndinni var ætlað að hafa hliðsjón af öðrum lögum um nýtingu sjávarauðlinda í því skyni að tryggð yrði, eftir því sem kostur væri, hvalavernd en jafnframt að samræmis í stjórn hvalveiða og í stjórn á öðrum nytjastofnum sjávar yrði gætt. Þá var nefndinni ætlað að taka til athugunar hvort lagabreytingar væri þörf vegna tæknilegra atriða sem lytu að framkvæmd veiða og annarra atriða er máli skipta að hennar mati. Formaður nefndarinnar var Jón B. Jónasson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri. Auk hans skipuðu nefndina Ásta Einarsdóttir lögfræðingur og Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmaður ráðherra. Þá var Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður sérstakur ráðgjafi nefndarinnar. Nefndin skilaði svo frumvarpi til laga um hvali af sér til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í apríl 2009. Frumvarp þetta var síðan lagt fram á 137. löggjafarþingi 2009. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju að mestu óbreytt. Þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar, m.a. með hliðsjón af umsögnum sem bárust til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á 137. löggjafarþingi.

Frumvarpið byggist á þeirri meginforsendu að ef hvalveiðar verði stundaðar hér við land þá verði það gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Það er á valdi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort hvalveiðar eru stundaðar og í hve miklum mæli. Er það í samræmi við þann hátt sem hefur verið og er hér ítrekað. Hafrannsóknastofnunin gerir tillögur til ráðherra um

nýtingu hvalastofnanna til tveggja ára í senn. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í júní annað hvert ár vegna tveggja næstu almanaksára.

Ráðherra kynnir þessar tillögur og forsendur þeirra og gefur þeim sem það kjósa frest til að koma athugasemdum sínum á framfæri vegna þeirra. Að þeim fresti liðnum tekur ráðherra ákvörðun um hvaða tegundir hvala skuli veiða og hve marga af hverri tegund. Þetta gefur ráðherra færi á að taka tillit til rökstuddra athugasemda um hagsmunaárekstra við aðrar atvinnugreinar, svo sem hvalaskoðun.

Gert er ráð fyrir því að fyrirkomulag á veiðum smáhvala, einkum á hnísum og höfrungum, verði óbreytt en ráðherra geti þó gripið inn í telji hann þess þörf. Engin ástæða er til að koma upp flóknu stjórn- og eftirlitskerfi um þessar veiðar sem ekki eru stundaðar í atvinnuskyni.

Þegar fyrir liggur hvort veiða megi hvali á sjálfbæran hátt og þá hvaða hvali megi veiða og hve marga af einstökum tegundum tekur ráðherra ákvörðun um það með hvaða hætti þeim veiðum er stjórnað. Hann getur valið milli aðferða í því efni samkvæmt frumvarpinu. Heimilt væri honum að skipta leyfilegum fjölda dýra eða hluta þeirra á milli skipa og við það taka mið af t.d. reynslu þeirra eða stærð. Hann gæti einnig ákveðið að veiðar skyldu frjálsar uns tiltekinn heildarfjöldi dýra væri veiddur eða ákveðið að takmarkanir yrðu á fjölda veiddra hvala á tilteknum tíma. Hafa ber í huga að hvalveiðar hafa ekki verið stundaðar með frjálsum hætti hér við land eins og fiskveiðar. Þykir því ástæða til þess að setja um þessar veiðar almennar reglur þar sem allir þeir sem fullnægi tilteknum skilyrðum komi til greina við veitingu veiðileyfa. Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði sem lúta að skilyrðum fyrir veitingu leyfa til hvalveiða en gert er ráð fyrir að mun ítarlegar verði kveðið á um þau í reglugerðum.

Auk þess sem frumvarpið veitir víðtæka möguleika við stjórn hvalveiða og eftirlit með þeim til að tryggja mannúðlega aflífun þá eru ákvæði í frumvarpinu sem tryggja eiga að fullkomnum veiðitækjum sé beitt og að aðilar sem veiðarnar stundi hafi þjálfun í meðferð veiðitækja. Að lokum má nefna að ráðherra hefur heimildir til þessa að binda hvalveiðar við ákveðin svæði, m.a. í því skyni að tryggja að þær trufli ekki hvalaskoðun. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hvalastofnar teljast til nytjastofna sjávar, enda voru hvalveiðar stundaðar hér mestan hluta síðustu aldar. Þótt hvalveiðar hafi ekki verið stundaðar hér við land að marki á undanförnum árum hefur vilji Alþingis staðið til þess að þessir nytjastofnar verði nýttir. Í 1. málsl. 1. mgr. segir að hvalastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og áréttar það mikilvægi þess að Íslendingar hafi fullt forræði yfir nýtingu þessarar auðlindar. Jafnframt felst í þessu sú stefnumörkun að markmiðið með stjórn nytjastofna sjávar sé að nýta þá á sjálfbæran hátt til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Í 2. málsl. 1. mgr. segir að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu hvala á sjálfbæran hátt, m.a. í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Hvað varðar tilvísunina í hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega verið að vísa til skyldu Íslands samkvæmt samningnum til samstarfs við ríki með verndun og nýtingu sjávarspendýra í huga. Í 2. málsl. 65. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna segir: „Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu, hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.“ Ísland uppfyllir skyldu sína samkvæmt þessari grein með aðild og samstarfi sínu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins.

Í 2. mgr. segir að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndi ekki eignarrétt eða verði til þess að með því verði talið myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir þessum stofnum. Það er ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Frumvarpið nær til nýtingar á öllum tegundum hvala sem nytjaðar eru og kunna að verða nytjaðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Fiskveiðilandhelgin er skilgreind sem hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Fiskveiðilandhelgin nær því yfir tvö belti umhverfis landið, annars vegar hina eiginlegu landhelgi næst landinu, sbr. I. kafla laga nr. 41/1979, og hins vegar efnahagslögsöguna sem tekur við utan landhelginnar, sbr. II. kafla laga nr. 41/1979. Í greininni segir enn fremur að lögin taki til veiða íslenskra skipa utan íslenskrar lögsögu eftir því sem við geti átt. Í ljósi aðstæðna er ekki sennilegt að íslensk veiðiskip muni stunda hvalveiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi en þó þykir ástæða til að árétta gildissviðið að þessu leyti þar sem nokkur opin hafsvæði eru utan lögsögu Íslands. Má í þessu sambandi benda á að forræði íslenskra stjórnvalda til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa er ekki bundið við landhelgina, sbr. lög nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Er því gert ráð fyrir að skipan mála verði með sama hætti að þessu leyti. Þá kemur fram í 2. mgr. að lög þessi gildi jafnframt um vinnslu og nýtingu hvalaafurða.

Um 3. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn hvalveiða samkvæmt þessari grein og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, annast Hafrannsóknastofnunin vísindalega ráðgjöf fyrir ráðuneytið um vernd og nýtingu hvalastofna. Eins og um aðra nytjastofna mun ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar byggjast á varúðarnálgun og lögmálum um sjálfbæra nýtingu. Þá verður það hlutverk Fiskistofu að annast útgáfu leyfa til veiða á hvölum og eftirlit með því að reglum um þær sé fylgt. Er það í samræmi við það hlutverk sem Fiskistofa hefur á sviði fiskveiðistjórnarinnar samkvæmt lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum. Ákvarðanir Fiskistofu verða kæranlegar til ráðuneytisins og með því færist stjórnsýslan á þessu sviði nær því sem almennt tíðkast. Matvælastofnun annast eftirlit með vinnslu og heilbrigði hvalaafurða og er það í samræmi við hlutverk hennar samkvæmt lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að allar hvalveiðar séu háðar leyfi Fiskistofu. Í 2. málsl. 1. mgr. er undanþáguákvæði þar sem fram kemur að veiðar á smáhvölum séu ekki háðar leyfi Fiskistofu nema þær séu stundaðar í atvinnuskyni eða stórum stíl. Veiðar á smáhvölum hafa ekki verið háðar sérstökum leyfum, enda ekki verið stundaðar í verulegum mæli hér við land og ekki í atvinnuskyni. Þykir ekki ástæða til þess að breyta því fyrirkomulagi meðan veiðarnar eru ekki stundaðar í stærri stíl. Smáhvalir eru þeir hvalir sem hvorki teljast til skíðishvala (Mysticeti) né búrhvals (Physeter macrocephalus). Sem dæmi um slíka smáhvali má nefna hnísur, höfrunga, marsvín (grindhvali) og hnýðinga. Þá kemur fram í loka-

málslið 1. mgr. að óheimilt sé að fanga lifandi hval nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra. Með föngun hvals er átt við þegar hvalur er tekinn lifandi úr sínu náttúrulega umhverfi og fluttur í land. Hefur nokkur ásókn verið í það að fá heimildir til slíks til flutnings í dýragarða en slík leyfi hafa ekki verið veitt í mörg ár.

Þá er það gert að skilyrði í 2. mgr. að þau skip sem veitt sé leyfi til hvalveiða hafi haffærisskírteini og séu skrásett á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Jafnframt skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Ísland. Þessi skilyrði eru þau sömu og eru fyrir veitingu leyfa til fiskveiða í atvinnuskyni hér við land.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra heimilt að setja öll þau ákvæði í reglugerð er hann telur nauðsynleg til að framfylgja ákvörðunum sem samþykktar hafa verið á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Þessi málsgrein er nánast samhljóða f-lið 4. gr. núgildandi laga um hvalveiðar, nr. 26/1949. Ljóst er að mörg tilvik geta komið upp í þessu samhengi og því var talið hagkvæmast að þau yrðu nánar tiltekin í reglugerð með stoð í allrúmri lagaheimild. Hefur sú leið verið farin í frumvarpi þessu.

Þá kemur fram í 2. mgr. að hafi Ísland nýtt sér rétt sinn til að mótmæla eða gera fyrirvara við samþykktir um vernd og nýtingu hvalastofna sem gerðar hafa verið á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að geti ráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar sett í reglugerð reglur sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja vernd og hagkvæma nýtingu hvalastofnanna. Ákvæði sama efnis er í 4. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, vegna þátttöku í alþjóðastarfi á sviði fiskveiðistjórnar og hefur það sýnt sig að slík ákvæði eru nauðsynleg.

Um 6. gr.

Í þessari málsgrein er kveðið á um hvernig ráðherra skuli standa að ákvörðun um hvalveiðar og hvaða meginleiðir séu honum færar til að fylgja þeim ákvörðunum eftir.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að Hafrannsóknastofnunin geri á grundvelli sjálfbærrar nýtingar tillögur til ráðherra um veiðiþol nytjahvala til tveggja ára í senn. Er það í samræmi við hlutverk þeirrar stofnunar, sbr. 3. gr. þessa frumvarps. Ráðherra er ekki bundinn af tillögum stofnunarinnar en þær eru sá grundvöllur sem ráðherra hlýtur að taka mið af við ákvörðun sína.

Í 2. mgr. segir að ráðherra skuli að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar kynna þær og forsendur þeirra og veita þeim sem vilja koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra mánaðarfrest til þess. Hér er því öllum veittur möguleiki á því að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra áður en hann tekur ákvörðun sína í þessu efni. Önnur leið sem til greina hefði komið í þessu efni var sú að lögfesta umsagnaraðila en vegna þess hve margir telja sig þessi mál varða þykir heppilegra að fara þá leið sem hér er lögð til. Augljóst er að ráðherra tekur enga ákvörðun í þessu efni varðandi veiðar á smáhvölum nema ráðherra hafi ákveðið að setja frekari reglur um veiðar á þeim.

Eftir að ráðherra hefur tekið ákvörðun sína samkvæmt framangreindu standa honum ýmsir kostir til boða þegar ákveða skal hvernig veiðiheimildum skuli ráðstafað. Skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að skipta veiðiheimildum að hluta eða öllu leyti milli skipa og getur ráðherra við þessa ákvörðun m.a. tekið mið af veiðireynslu, búnaði og stærð skips.

Jafnhliða þessu væri ráðherra einnig fær sá kostur að kveða einungis á um leyfilegan heildarafla í reglugerð. Þannig gætu þeir sem hefðu gilt veiðileyfi sótt afla sinn úr þeim heildarafla. Veiðar yrðu svo stöðvaðar þegar leyfilegum heildarafla væri náð samanlagt. Þá gæti ráðherra einnig sett ýmsar takmarkanir á veiðarnar á grundvelli 7. gr. sem í raun þýddi að sóknartakmarkanir yrðu settar á veiðarnar. Gætu slíkar takmarkanir tekið bæði til veiða í heild á tiltekinni tegund eða hluta hennar.

Um 7. gr.

Í greininni eru ákvæði sem lúta að heimildum ráðherra til að setja nánari reglur um fyrirkomulag hvalveiða. Í 1. tölul. 1. mgr. segir að ráðherra geti bannað eða takmarkað veiðar á tilteknum hvalategundum eða á ákveðnum svæðum. Ljóst er að ýmsar tegundir eru alfriðaðar samkvæmt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og meðan svo er ber nauðsyn til þess að þær tegundir verði sérstaklega friðaðar í reglugerð. Má sem dæmi um þær tegundir nefna búrhval og hnúfubak. Þá getur hann takmarkað eða bannað veiðar á tilteknum svæðum og getur hann gripið til slíkra ráðstafana í verndarskyni og jafnvel eins til þess að koma í veg fyrir árekstra milli þeirra sem stunda hvalveiðar og þeirra sem vinna við að sýna ferðamönnum hvali. Í 2. tölul. 1. mgr. segir að ráðherra geti bannað veiðar á tilteknum hvalategundum undir ákveðinni lágmarksstærð. Ýmsar reglur um þetta atriði hafa verið settar af Alþjóðahvalveiðiráðinu sem Íslendingar fylgja auk þess sem ekki er útilokað að við grípum til þess að setja slíkar reglur að eigin frumkvæði. Í 3. tölul. 1. mgr. segir að ráðherra geti bundið veiðar á tilteknum hvalategundum við ákveðið tímabil. Þetta veitir heimild til að marka veiðunum ákveðið tímabil hvort sem það yrði gert til að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum eða marka eigin reglur að þessu leyti. Loks segir í 4. tölul. 1. mgr. að ráðherra geti takmarkað fjölda veiddra hvala úr einstökum tegundum á tilteknu svæði eða í tiltekinn tíma. Þetta veitir möguleika á að stjórna hvalveiðum með ýmsum hætti auk þeirra stjórnunaraðferða sem nefndar eru í 6. gr. og vísast til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. segir að ráðherra setji reglur um veiðiaðferðir og búnað við veiðar á einstökum hvalategundum og að þær reglur skuli aldrei ganga skemur en þær reglur sem settar hafa verið í alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að. Eitt þeirra atriða sem mikil áhersla hefur verið lögð á í tengslum við veiðiaðferðir er að veiðarnar séu sem mannúðlegastar og að aflífun dýra taki sem skemmstan tíma. Hafa margir fundir verið haldnir um þessi mál á vegum stofnana sem að stjórn veiða úr hvalastofnum koma án þess að niðurstaða hafi fengist. Þrátt fyrir það liggur fyrir alllöng reynsla í þessum málum og hafa ýmsar reglur verið settar um þessi efni. Það er ljóst að mjög vel verður að standa að þessum málum og fylgjast náið með framförum á þessu sviði og tryggja þannig að ávallt sé þeim aðferðum beitt sem minnstum sársauka valda og deyða hvalinn á sem skemmstum tíma.

Um 8. gr.

Fiskistofu er falin útgáfa leyfa til hvalveiða og vísast í því efni til athugasemda við 3. gr. Skal Fiskistofa, þegar fyrir liggja ákvarðanir ráðherra um fyrirkomulag hvalveiða, kynna þær reglur og auglýsa eftir umsóknum um veiðileyfi. Eru tilgreind þau atriði sem umsækjandi skal upplýsa Fiskistofu um þegar hann sækir um leyfi. Þau atriði lúta að því að tryggja að aðeins sé þeim aðilum veitt leyfi til hvalveiða sem hafa yfir að ráða fullnægjandi veiðiskipi, réttum búnaði og reynslu til þess að stunda viðkomandi veiðar auk þess sem tryggt sé að meðferð afurða sé í samræmi við reglur þar um. Í 2. mgr. kemur fram að leyfi til hvalveiða skuli gefið út til tveggja ára í senn. Gjald fyrir leyfi til hvalveiða er 17.500 kr. og rennur til

Fiskistofu til að standa undir umsýslu við útgáfu leyfisins. Er þetta gjald til samræmis við gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni sem eigendur fiskiskipa greiða.

Um 9. gr.

Þessi grein á sér fyrirmynd bæði í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, og í lögum um matvæli, nr. 93/1995. Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um heimildir eftirlitsmanna í frumvarpinu en samkvæmt greininni er eftirlitsaðilum Fiskistofu heimilt að fara í veiðiferðir með hvalskipum og fara um borð í skip til athugunar á farmi, veiðarfærum og dagbók. Í 2. mgr. kemur fram að eftirlitsaðilum Matvælastofnunar sé heimill óhindraður aðgangur að þeim stöðum þar sem framleiðsla og/eða dreifing hvalaafurða á sér stað. Þá segir í 2. mgr. að eftirlitsaðilum Fiskistofu sé heimill aðgangur að öllum gögnum sem unnt sé að láta í té og varða veiðar og vinnslu.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta má rekja til samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins sem kom strax inn í lög um hvalveiðar frá 1949. Tilgangur þessa ákvæðis er augljós og er ekki ástæða til að skýra hann nánar. Þá er kveðið á um skyldu veiðileyfishafa ef mjólk finnst í júgrum kúa að senda sýni til viðurkenndrar rannsóknarstöðvar til greiningar á því hvort kýr hafi verið með kálfi nýlega. Veiðileyfishafi skal bera allan kostnað af þessu og senda skal Fiskistofu frumrit af niðurstöðu. Þá segir í lok greinarinnar að andvirði afurða mjólkandi kúa og dýra undir lágmarksstærð, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., skuli renna í ríkissjóð. Óeðlilegt þykir að veiðileyfishafi hagnist af slíkum veiðum.

Um 11. gr.

Þessi grein er nær samhljóða 8. gr. núgildandi laga um hvalveiðar, nr. 26/1949. Getur til þess komið að fram þurfi að fara frekari veiðar í vísindalegu augnamiði og að setja þurfi þeim veiðum aðrar reglur en almennt munu gilda um hvalveiðar. Því er lagt til að þessi heimild til handa ráðherra verði veitt. Má geta þess að sambærilegt ákvæði er í 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greiða skuli ákveðið hvalveiðigjald fyrir hvern hval sem veiðist. Skal hvalveiðigjaldið vera 2.860 kr. á hver 500 kg af þyngd hvers hvals. Þyngd hvals skal metin út frá lengd og ummálsmælingu hans en Hafrannsóknastofnunin mun gefa út sérstakar leiðbeiningarreglur varðandi þessar mælingar.

Nefndin, sem gerði tillögur að endurskoðaðri löggjöf um hvalveiðar, taldi eðlilegt að fyrir veidda hvali væri greitt sérstakt hvalveiðigjald eins og gert er vegna úthlutunar aflaheimilda samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Hins vegar taldi nefndin að ekki lægju fyrir upplýsingar um verðmæti hvalaafurða eða afkomu hvalveiða þannig að unnt væri að setja sambærilegar reglur og kveðið er á um í lögum um stjórn fiskveiða. Þrátt fyrir það var við ákvörðun gjaldsins litið til áætlaðrar nýtingar af langreyðum og hrefnum auk áætlaðs verðmætis. Er við það miðað að hvalveiðigjaldið sé sanngjarnt, hóflegt og nemi ekki hærri fjárhæð en sem nemur 1,5% af áætluðu verðmæti afurða. Gjaldið verður greitt eftir á og miðast við þyngd landaðra hvala. Hins vegar er ljóst að ýmsar aðrar leiðir koma eins til greina við ákvörðun um veiðigjald og jafnframt væri unnt að skoða þann möguleika að taka upp svipaða reglu um veiðigjald í hvalveiðum og tíðkast í almennum fiskveiðum þegar reynsla hefur fengist um afkomu hvalveiða. Gert er ráð fyrir að hvalveiðigjaldið renni í ríkissjóð með sama hætti og veiðigjaldið gerir.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðar tekjur ríkissjóðs af hvalveiðigjaldi miðað við að 150 langreyðar verði veiddar og 100 hrefnur. Hafa verður í huga að hvalveiðigjaldið er lagt á eftir á og miðast eingöngu við landaða hvali.

	Kvóti	**Meðalþyngd**	**Þyngd**	
Langreyðar	150 dýr	42 tonn	6.300	
Hrefnur	100 dýr	5 tonn	500	
			6.800	**tonn**
Áætluð kjötnýting – hrefnur 30%			150	
Áætluð kjötnýting – langreyðar 35%			2.205	
			2.355	**tonn**
Áætlað verðmæti – 1.100 kr./kg			2.591	m.kr.
Hvalveiðigjald 1,5%			39	m.kr.

	Gjald kr. á hver 500 kg landaðs hvals	**Samtals áætlað hvalveiðigjald**
Hrefnur	2.860	2,9
Langreyðar	2.860	36,0
		38,9 m.kr.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um skyldu eigenda skipa sem leyfi hafa til hvalveiða að senda Fiskistofu upplýsingar um fjölda veiddra hvala og þyngd þeirra til útreiknings hvalveiðigjalds, sbr. 1. mgr. Þá er Fiskistofu heimilt skv. 4. mgr. 14. gr. að beita þá aðila viðurlögum í formi dagsekta sem vanrækja að veita Fiskistofu framangreindar upplýsingar (sjá nánar 4. mgr. 14. gr.). Fiskistofu er falin innheimta hvalveiðigjalds í 3. mgr. Fiskistofa skal leggja á hvalveiðigjald í næsta mánuði eftir að hvalur er veiddur og innheimta hvalveiðigjaldið. Gjaldið fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að Fiskistofa sendir aðilum tilkynningu um álagt hvalveiðigjald. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds til greiðsludags í samræmi við reglur laga um vexti og verðtryggingu.

Um 13. gr.

Ákvæðið er í samræmi við meginreglur um gjaldtökuheimildir hér á landi þar sem byggt er á því að eftirlitsgjöld miðist við raunkostnað við eftirlitið. Í a-d–lið 1. mgr. er fjallað um þá kostnaðarþætti sem eftirlitsgjaldið skal standa straum af. Í d-lið er nefndur kostnaður af útgáfu leyfa og er þá átt við útgáfu annarra leyfa en hvalveiðileyfa, sbr. 8. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstakt viðbótareftirlit Matvælastofnunar sem er umfram almennt og eðlilegt matvæla- eða heilbrigðiseftirlit. Hvað fellur undir „almennt og eðlilegt“ matvæla- eða heilbrigðiseftirlit fer eftir því hversu mikið eftirlit er talið nauðsynlegt á hverjum tíma í regluverki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og fyrirmælum eða leiðbeiningum Matvælastofnunar. Opinbert viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfsemi felur í sér rannsóknarkostnað, m.a. töku og greiningu sýna, auk annars eftirlits sem krafist er til að kanna umfang vandamáls, til að sannprófa hvort gerðar hafi verið úrbætur eða til að finna og/eða færa sönnur á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Með fyrirmælum um viðbótareftirlit er tryggt að sá aðili (framleiðandi, dreifingaraðili eða veiðileyfishafi) sem smitefni

hefur greinst hjá þarf sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst.

Í 3. mgr. segir að ráðherra skuli gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Fiskistofu og Matvælastofnunar. Slík gjaldskrá mun gilda fyrir eftirlit Matvælastofnunar og Fiskistofu.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvenær skal greiða gjald vegna eftirlits og skal það gert þegar eftirlitsaðili leggur fram reikning vegna þess.

Í 5. mgr. er lagt til að heimilað verði að innheimta eftirlitsgjald með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Einnig er heimilað að innheimta dráttarvexti komi til vanefnda.

Um 14. gr.

Þessi grein er nær samhljóða 15. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Í athugasemdum frumvarps til þeirra laga segir að við ákvörðun þess hvort um minni háttar brot teljist vera að ræða, í skilningi þessara lagaákvæða, sé eðlilegt að líta verði m.a. til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógni og hvort það hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu sambandi þyki þó rétt að taka fram að brot gegn reglum varðandi veiðar, afla og aflaheimildir eru oft þannig að afar erfitt sé að skera með óyggjandi hætti úr um hvort þau hafi verið framin af ásetningi eða gáleysi. Það atriði eitt og sér geti því almennt ekki ráðið ákvörðun þess hvort brot teljist vera minni háttar.

Á hinn bóginn þyki eðlilegt að láta ítrekuð brot gegn umræddum lögum og reglum varða sviptingu veiðileyfis, enda þótt um minni háttar brot í skilningi laganna kunni að vera að ræða. Framangreind sjónarmið eiga einnig við hér.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fiskistofu til að beita þá aðila dagsektum sem vanrækja að veita Fiskistofu upplýsingar skv. 12. gr. Þetta ákvæði á sér nokkra fyrirmynd í lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þær fjárhæðir sem gerð er tillaga um eru þær sömu og finna má í 15. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, og heimilt er að leggja á við synjun um að veita Hagstofunni upplýsingar til hagskýrslugerðar. Talið er nauðsynlegt að Fiskistofa hafi yfir að ráða framangreindu viðurlagaúrræði til að knýja á um að aðilar veiti upplýsingar skv. 12. gr. en aðgangur Fiskistofu að þeim er forsenda þess að Fiskistofu sé mögulegt að reikna út hvalveiðigjald sem henni ber að innheimta.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um heimild til þess að skjóta ákvörðunum Fiskistofu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins með stjórnsýslukæru. Um hana gilda almennar reglur, þar á meðal ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, að öðru leyti en því að lagt er til að kærufrestur verði einn mánuður í stað þriggja mánaða.

Um 16. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. mgr. 25. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í greininni segir að um refsivert brot sé að ræða hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi, auk þess sem hlutlæg refsiábyrgð er lögð á lögaðila og er það einnig í samræmi við lög nr. 57/1996, umgengni um nytjastofna sjávar. Ef um er að ræða stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er gert ráð fyrir að dæmt verði hvort tveggja refsivist og sektir. Í fyrrnefndum lögum er jafnframt ákveðið lágmark og hámark sektar bæði við fyrsta brot og

ítrekun en í þessu frumvarpi er lagt til að ákvörðun um sektarfjárhæð verði alfarið á valdi dómarans.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa en bent skal á að þær eru efnislega samhljóða gildandi ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að samhliða niðurfellingu laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, falli niður öll leyfi sem gefin hafa verið út með stoð í þeim lögum. Þegar ný lög um hvalveiðar taka gildi þarf vitanlega að endurskoða gildandi leyfi með hliðsjón af þeim breytingum sem verða með hinum nýju lögum. Þykir því ástæða til þess að árétta það að eldri ákvarðanir sem teknar hafa verið með stoð í eldri lögum falli niður.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um hvali.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja að verði hvalveiðar stundaðar hér á landi áfram þá verði það gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Gert er ráð fyrir að við gildistöku þessa frumvarps muni lög nr. 26/1949, um hvalveiðar, falla úr gildi. Núgildandi hvalveiðilöggjöf var á sínum tíma sett til að framfylgja ákvæðum um nýtingu hvalveiðistofna á vegum Alþjóðahvalveiðiráðsins en vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þeirrar þróunar sem orðið hefur í stjórnsýslurétti er talin þörf á að endurskoða þá löggjöf nú. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa muni annast þá stjórnsýsluþætti er snúa að þessu frumvarpi, svo sem útgáfu veiðileyfa og eftirlit með veiðunum, og að Matvælastofnun annist eftirlit með vinnslu og heilbrigði hvalaafurða. Reiknað er með að kostnaður Fiskistofu vegna þessa geti numið allt að 10–11 m.kr. á ári. Í því sambandi er gert ráð fyrir að tveir til þrír veiðieftirlitsmenn muni starfa við verkefnið frá júní til október og að kostnaður af því verði 7,8 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir 1 m.kr. í akstur og 2 m.kr. í leigu á bát vegna eftirlits úti á sjó. Áætlað er að eftirlitskostnaður Matvælastofnunar verði óbreyttur en hann var um 3 m.kr. í fyrra. Gert er ráð fyrir að eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða og þeir sem vinna hvalaafurðir eða dreifa þeim greiði gjald til að standa straum af kostnaðarþáttum við eftirlit Fiskistofu og Matvælastofnunar og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið.

Lagt er til að leyfi til hvalveiða verði gefin út til tveggja ára í senn og að gjald fyrir hvert leyfi verði 17.500 kr. sem renni til Fiskistofu til að standa undir kostnaði við útgáfu leyfis. Er þetta gjald til samræmis við gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni sem eigendur fiskiskipa greiða. Gert er ráð fyrir að ítarlegar upplýsingar fylgi umsókn um hvalveiðileyfi. Er m.a. gerð krafa um þekkingu og reynslu af hvalveiðum, þjálfun í meðferð skotvopna og þátttöku í námskeiði í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Erfitt er að áætla hve mörg veiðileyfi

verða gefin út vegna mikilla krafna sem leyfishafar verða að uppfylla en hugsanlega verða þau á bilinu 5–10. Því má gera ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði undir 100 þús.kr. á ári að meðaltali.

Gert er ráð fyrir að eigendur þeirra skipa sem hafa leyfi til hvalveiða skuli greiða hvalveiðigjald fyrir hvern veiddan hval og er það gert til samræmis við veiðigjald sem lagt er á vegna úthlutunar aflaheimilda samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Greiðsla hvalveiðigjaldsins er reiknuð þannig að fyrir hver 500 kg af metinni þyngd hvals skal greiða 2.860 kr. Við ákvörðun hvalveiðigjaldsins var litið til áætlaðrar kjötnýtingar á langreyðum og hrefnum og mjög grófrar áætlunar um verðmæti. Er við það miðað að gjaldið verði ekki hærra en sem nemur 1,5% af þannig reiknuðu verðmæti hvals. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tekjur af hvalveiðigjaldi muni skila 38,9 m.kr. á ári. Er þá miðað við að 150 langreyðar og 100 hrefnur verði veiddar og að metin heildarþyngd þeirra sé samtals 6.800 tonn. Í fyrra voru veiddar 125 langreyðar og 81 hrefna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að útgjöld ríkissjóðs vegna kostnaðar Fiskistofu aukist um 10–11 m.kr. á ári og að þeim kostnaði verði að fullu mætt með tekjum af eftirlitsgjöldum. Auk þess er áætlað að tekjur ríkissjóðs af hvalveiðigjaldi geti orðið 35–40 m.kr. á ári. Samkvæmt frumvarpinu er áformað að lögin taki gildi fyrir sumarvertíðina á yfirstandandi ári. Ekki er gert ráð fyrir þessum breytingum á tekjum og gjöldum í fjárlögum ársins 2010.

982. Svar [481. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um kostnað við aðildarumsóknarferlið að Evrópusambandinu.

Í upphafi er rétt að taka fram að kostnaður við aðildarumsóknarferlið er sá kostnaður sem fellur til vegna ákvörðunar Alþingis um að sækja um aðild að Evrópusambandinu (ESB), hefja samningaviðræður og ljúka þeim. Undir það fellur ekki kostnaður sem kann að leiða af eiginlegri aðild. svo sem framlög til ESB, nauðsynlegar breytingar í stjórnsýslunni, aðlögun tölvukerfa o.s.frv. Slíkir þættir kalla á nánari skoðun sem eingöngu getur byggst á nákvæmri greiningu á löggjöf ESB, nánari skilgreiningu samningsmarkmiða Íslands í einstökum samningsköflum, frekari viðræðum við sambandið og endanlegri samningsniðurstöðu. Útgjöld vegna upplýsingamála voru ekki hluti þeirrar kostnaðaráætlunar sem lögð var fyrir utanríkismálanefnd, þegar tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál 137. löggjafarþings, var þar til umfjöllunar. Stofnaður hefur verið sérstakur vinnuhópur undir utanríkismálanefnd Alþingis sem fjallar um fyrirkomulag upplýsingamála í aðildarferlinu.

1. *Liggur fyrir nákvæmari kostnaðaráætlun um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu en fylgdi með nefndaráliti um þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um málið (fskj. IV með þskj. 249, 38. máli 137. löggjafarþings)? Ef ekki, hvenær mun sundurliðuð áætlun liggja fyrir? Hvað er búið að gera til þess að gera matið á kostnaðinum nákvæmara og minnka skekkjumörkin, sbr. athugasemdir fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um kostnaðarmat utanríkisráðuneytis (fskj. V með sama þingskjali)?*

Já, nákvæmari kostnaðaráætlun liggur nú fyrir. Ráðuneytið hefur með margvíslegum hætti stuðlað að því að gera kostnaðarmat nákvæmara, minnkað skekkjumörk og þannig styrkt

líkur á að upphafleg áætlun haldist miðað við almennar forsendur um tímalengd og framvindu aðildarviðræðna, sem gefnar voru í fylgiskjali IV með þskj. 249 í 38. máli á 137. löggjafarþingi.

Í fyrsta lagi var gerð kostnaðaráætlun um fjárveitingar vegna aðildarferlisins fyrir árið 2009 og voru útgjöld innan ramma hennar.

Í öðru lagi var gerð nákvæm kostnaðaráætlun á grunni fjárheimilda fyrir árið 2010. Í henni er gert ráð fyrir að ferðakostnaður nemi 158 millj. kr., ráðgjafar- og starfsmannakostnaður 67 millj. kr. og annar kostnaður 25 millj. kr. en með honum er t.d. átt við tölvukerfi, fundakostnað, húsaleigu, tæki, búnað, túlkun ofl. Þessi áætlun hefur staðist miðað við útgjöld á fyrsta ársfjórðungi ársins og á þessari stundu bendir ekkert til annars en kostnaður verði innan fjárheimilda.

Í þriðja lagi hefur mælikvarði reynslunnar nú verið lagður á áætlanir ráðuneytisins um að mæta álagstoppum vegna umsóknarinnar innan stjórnsýslunnar með því að hliðra tímabundið til öðrum verkefnum og byggja á auknu vinnuframlagi lykilstarfsmanna. Hér er vísað til umfangsmikillar og tímafrekrar vinnu við að útbúa upplýsingar vegna spurningalista framkvæmdastjórnar ESB í aðdraganda skýrslu hennar um Ísland sem samþykkt var 24. febrúar. Mat ráðuneytisins á kostnaði vegna þessa og hvernig honum yrði mætt með tímabundnum aðgerðum stóðst. Deila má um hversu sanngjarnt er að gera slíkar kröfur, þó tímabundnar séu, til starfsmanna stjórnsýslunnar, en af miklum áhuga, elju og fórnfýsi öxluðu þeir verkefnið og hlutu einróma lof fyrir vandaða vinnu, hér heima fyrir sem erlendis af hálfu ESB og aðildarríkja þess. Þegar aðrir álagstoppar bresta á síðar í ferlinu, aðallega vegna rýnivinnu og samninga um einstaka kafla samningsins, má því gera ráð fyrir að með sama hætti verði hægt að mæta tímabundnu auknu álagi í góðri samvinnu við starfsmenn, án þess að farið sé út fyrir fjárhagsramma. Reynslan af því hvernig miklum álagstoppum hefur verið mætt í aðildarferlinu treystir því grunn kostnaðaráætlunar ráðuneytisins umtalsvert. Sá varnagli er þó sleginn að gert er ráð fyrir að almennar forsendur vegna tímalengdar og flækjustigs samninga haldist.

Í fjórða lagi hefur áætlun ráðuneytisins varðandi kostnað vegna rýnivinnu og samningaviðræðna verið yfirfarin miðað við þær almennu forsendur sem gefnar voru. Að þeim uppfylltum er það mat ráðuneytisins að áætlunin standist.

Í fimmta lagi hefur vinna verið lögð í að greina hversu mikið umfang þýðinga verður, til að auðvelda gerð ítarlegri áætlana um kostnað á því sviði. Eins og greint var frá strax í upphafi umsóknarferlisins er það mat ekki auðvelt. Áhöld eru um þýðingakvöð á sumum hlutum regluverks ESB, einkum þeim eldri og öðrum sem varða Ísland ekki beinlínis. Haldi hinar almennu forsendur, telur ráðuneytið að mest óvissa ríki um þýðingakostnað. Á þessu stigi telur ráðuneytið varlegast að ætla að hann kunni að hækka. Vonir standa til að framlög af hálfu ESB samkvæmt uppfærðri reglugerð ESB nr. 1085/2006 um aðstoð í aðdraganda aðildar (Instrument for Pre-Accession Assistance (IPA)) mæti því að umtalsverðum hluta.

Í sjötta lagi á ráðuneytið í samskiptum við ESB um að hluti rýnivinnunnar fari fram hér á landi sem mundi lækka ferðakostnað nokkuð. Sá varnagli er sleginn að endanleg niðurstaða er ekki fengin hvað þetta varðar.

Í sjöunda lagi hefur ráðuneytið þekkst boð einstakra ríkja um að tiltekin sérfræðivinna verði unnin af sérhæfðum starfsmönnum þeirra þótt enn sé eftir að útfæra það nánar. Í öllu ferlinu mun ráðuneytið kappkosta að reiða sig á sérfræðiþekkingu og ráðgjöf frá aðildarríkjum ESB en kostnaður við slíka vinnu er að verulegu leyti greiddur úr áðurnefndum stuðningssjóði, IPA.

Í lokin er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur í allri nálgun sinni áréttað að eðli umsóknarferlisins er þannig háttað að erfitt er að sjá nákvæmlega fyrir heildarkostnað vegna einstakra þátta þess. Mun hann m.a. velta á því hvernig viðræður þróast, hve langan tíma þær taka og hve flóknar þær kunna að verða, sbr. almennar forsendur í upphaflegri áætlun. Taki samningar um einstaka kafla til að mynda lengri tíma mun kostnaður við þá aukast í hlutfalli við það. Að undanskildum almennum athugasemdum um gengisþróun er sá varnagli einnig sleginn í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins að ef farið væri í aðildarviðræður með „mjög víðtæk samningsmarkmið þar sem fátt væri undanskilið og þau væru undirbyggð af mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi“ gæti kostnaðurinn orðið umtalsvert meiri en gert er ráð fyrir í áætlun ráðuneytisins.

2. *Hefur ráðherra tekið afstöðu til þess pólitíska álitamáls sem skipulag og nálgun aðildarviðræðnanna er, sbr. athugasemdir fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og tekið tillit til þess að kostnaðurinn gæti orðið umtalsvert meiri ef flókið og erfitt reynist að ná fram samningsmarkmiðum stjórnvalda?*

Í samræmi við niðurstöðu meiri hluta utanríkismálanefndar tók ráðuneytið strax afstöðu til „þess pólitíska álitamáls sem skipulag og nálgun aðildarviðræðnanna er“ sem reifað er í fskj. V með þskj. 249 í 38. mál 137. löggjafarþings. Hún fólst í því að fara leið víðtækra samningsmarkmiða sem byggjast á greiningu, innlendri og erlendri ráðgjöf og virku baklandi. Á þeirri afstöðu grundvallaðist kostnaðaráætlun ráðuneytisins. Það er þó þannig að Alþingi hefur mikilvægu hlutverki að gegna í viðræðuferlinu, sbr. nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar í fyrrgreindu þingskjali. Ekki er útilokað að það telji til að mynda nauðsynlegt að utanríkisráðherra greini hluti enn betur eða að leita beri yfirgripsmeiri sérfræðiaðstoðar en ráðherra hefur lagt upp með í einstökum málum og rúmast innan fyrirliggjandi kostnaðaráætlana. Þar sem ráðherra hefur lagt sig í framkróka um gott og náið samstarf við þingið í þessu stóra hagsmunamáli mun hann áfram leitast við að taka ríkt tillit til slíkra óska Alþingis í aðildarviðræðunum. Loku er ekki fyrir það skotið að kostnaður kunni að aukast af þeim sökum.

3. *Hversu mikill kostnaður féll til árið 2009 og hversu mikill hefur hann verið til þessa árið 2010? Hvernig er gjaldfært á þennan lið og hvernig sundurliðast kostnaðurinn?*

Bókfærður kostnaður vegna aðildarumsóknarferlisins er 6,8 millj. kr. á árinu 2009 og 10 millj. kr. það sem af er árinu 2010. Gjaldfært er á þennan lið samkvæmt hefðbundnum tegundalykli ríkisbókhalds. Auk tegundasundurliðunar er liðnum skipt í tvö viðfangsefni, annars vegar vegna kostnaðar utanríkisráðuneytisins og hins vegar vegna kostnaðar annarra ráðuneyta.

4. *Er búið að áætla heildarkostnað íslenska ríkisins af umsóknarferlinu umfram það sem áætlað var um kostnað ráðuneytanna í kostnaðaráætluninni með þingsályktunartillögunni? Ef ekki, hvers vegna hefur það ekki verið gert? Stendur slík áætlanagerð yfir, og ef svo er, hvenær mun hún liggja fyrir?*

Vísað er til formála og svars við 1. lið fyrirspurnarinnar.

5. *Er búið að áætla ferðakostnað allra ríkisstarfsmanna sem beinlínis er vegna aðildarumsóknarinnar, t.d. starfsmanna ríkisstofnana, alþingismanna og starfsmanna Alþingis?*

Af sjálfri grundvallarreglunni um þrískiptingu valdsins leiðir augljóslega að framkvæmdarvaldið svarar ekki fyrir löggjafann og verður fyrirspurnum um starfsemi Alþingis

því ekki svarað af utanríkisráðuneytinu. Um áætlaðan ferðakostnað fyrir árið 2010 sem tengist aðildarviðræðum vísast að öðru leyti til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar. Ekkert bendir til að áætlaður ferðakostnaður fyrir árin 2010 og 2011 hækki frá þeim áætlunum sem lagðar voru fyrir utanríkismálanefnd. Rétt er þó að gera þann almenna fyrirvara að áætlanir geta breyst út frá breyttum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum.

6. *Eru ferðir ráðherra til funda með fulltrúum EES/ESB-ríkja vegna aðildarumsóknar og aðildarviðræðna áætlaðar í kostnaðinum?*

Nei, slíkar ferðir ráðherra eru ekki hluti áætlaðs kostnaðar. Í þessu samhengi er rétt að upplýsa fyrirspyrjanda um að enginn ráðherra, utan utanríkisráðherra, hefur farið sérstaka ferð til útlanda eingöngu vegna aðildarumsóknarinnar. Fundur forsætisráðherra og framkvæmdastjóra ESB í Brussel 4. febrúar sl. snerist að verulegu leyti um önnur málefni, eins og ráðherra fór ítarlega yfir á fundi með utanríkismálanefnd 1. mars sl. Eina ferð utanríkisráðherra sem einvörðungu laut að aðildarumsókninni var greidd af ferðafé ráðherra. Sama gildir um aðrar ferðir sem farnar verða í þeim tilgangi. Ráðherra kappkostar að reka erindi sem umsóknina varða í tengslum við aðrar ferðir, svo sem fundi EES-ráðsins, Eystrasaltsráðsins, utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna og NB8-ríkjanna, fundi Atlantshafsbandalagsins, Sameinuðu þjóðanna og fundi vegna Icesave-deilunnar. Ef þörf krefur verða aðrar ferðir skornar niður á móti.

7. *Hvað er gert ráð fyrir mörgum utanlandsferðum utanríkisráðherra og annarra ráðherra á þessu ári vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ráðherra hefur lagt áherslu á gott samstarf við utanríkismálanefnd og gerir henni jafnharðan grein fyrir ferðum sínum. Engin ferð hefur á þessu ári verið farin gagngert vegna aðildarumsóknarinnar heldur hefur megintilgangur þeirra verið annar, einkum Icesave. Á þessu ári má gera ráð fyrir 2–4 ferðum sem einvörðungu lúta að umsókninni. Ráðherra er ekki kunnugt um að aðrir ráðherrar fyrirhugi sérstök ferðalög vegna umsóknarinnar.

8. *Er haldið utan um allan kostnað sem fellur til vegna aðildarumsóknarinnar þannig að hann sé öllum sýnilegur í bókhaldi ríkisins? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slíku verklagi verði komið á?*

Já, haldið er utan um allan kostnað í bókhaldi ráðuneytisins með tegunda- og viðfangslyklum.

9. *Hver er áætlaður kostnaður við breytingar á stofnanakerfinu, t.d. á landbúnaðarstofnunum?*

Utanríkisráðherra hefur þegar svarað fyrirspurn um þetta mál á Alþingi sbr. þingmál nr. 377 á yfirstandandi löggjafarþingi.

Eins og getið er um í formála að þessu svari er ljóst að ef til aðildar Íslands að ESB kemur, mun hún kalla á stjórnsýslubreytingar. Frekari greining á umfangi og eðli þeirra breytinga verður gerð þegar aðildarviðræðum vindur fram, einkum að lokinni svokallaðri rýnivinnu. Samningatæknilegar ástæður liggja því einnig til grundvallar að ráðherra geldur varhug við því að handhafar framkvæmdarvaldsins eða einstakir alþingismenn gefi sér að breytingar, t.d. á sviði stofnanakerfis landbúnaðarins, verði algjörlega á grundvelli forsendna sem lesa má úr skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um Ísland frá 24. febrúar. Slíka afstöðu mætti skilja með þeim hætti að Íslendingar féllust fyrir fram á það fyrirkomulag sem þar er dregið upp. Af sjálfu leiðir að slíkt er ekki til þess fallið að styrkja samningsstöðu Íslands.

Rétt er að geta þess að við síðustu stækkanir ESB hefur kostnaður nýrra aðildarríkja vegna stjórnsýslubreytinga að hluta til verið greiddur af ESB. Ráðherra hefur gert grein fyrir slíkum stuðningi í utanríkismálanefnd og á Alþingi, sbr. 29. mál og 118. mál á yfirstandandi löggjafarþingi.

10. Hver er áætlaður kostnaður Hagstofu Íslands vegna kröfu um að hún haldi utan um hagtölur landbúnaðarins í stað Búnaðarsambands Íslands?

EES-samningurinn gerir kröfu til Íslands um skil á landbúnaðarhagtölum, þar sem Ísland hefur með honum tekið yfir allar megingerðir ESB er varða hagskýrslugerð í landbúnaði. Helsta undantekningin er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1165/2008 er varðar bústofna og kjöt. Óvissa hefur ríkt um framkvæmd skuldbindinganna af Íslands hálfu. Athugasemdir hafa verið gerðar við framkvæmd Íslands af hálfu viðeigandi stofnana ESB, síðast í nóvember sl. Verði af aðild munu Íslendingar naumast komast hjá því að standa skil á viðeigandi hagtölum. Nú sinna Hagstofa Íslands og Hagþjónusta landbúnaðarins hagskýrslugerð á sviði landbúnaðar. Verði af aðild væri æskilegt að huga að framtíðarskipulagi þeirra verkefna.

Um þessar mundir fer fram greining á núverandi fyrirkomulagi á söfnun tölfræðilegra upplýsinga af framangreindu tagi og áætlunargerð um hvernig hentugast yrði að standa á þeim skil. Að henni lokinni ætti að verða mögulegt að áætla kostnaðinn af nákvæmni.

11. Eru væntanlegar fleiri slíkar kostnaðarsamar breytingar sem beinlínis stafa af aðildarumsókninni hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins? Ef svo er, hverjar eru þær og hversu mikill er kostnaðurinn áætlaður?

Vísað er til svars við 9. lið fyrirspurnarinnar.

12. Af hverju var þessi kostnaður ekki nefndur í kostnaðaráætluninni með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra? Hafði ráðherra vitneskju um þennan hugsanlega kostnað við aðildarumsóknina?

Fyrirspyrjanda er bent á skýrar forsendur af hálfu ráðuneytisins í fylgiskjali IV með þskj. 249 í 38. mál 137. löggjafarþings sem byggðar voru á jafn skýrum óskum utanríkismálanefndar um áætlun á kostnaði vegna *ferils* umsóknar. Sami skilningur kemur jafnframt fram í áliti fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali V með sama þingskjali.

Í umræðum við utanríkismálanefnd var reifað að aðild gæti haft í för með sér kostnað, m.a. vegna þátta sem fjallað er um í sumum framangreindra svara. Ráðherra hefur ítrekað sagt að sá kostnaður kunni að verða umtalsverður. Sömuleiðis hefur hann og ráðuneytið við ýmis tækifæri lýst þeirri skoðun að trauðla sé hægt að útfæra hann eða áætla með ítarlegum hætti fyrr en samningum sélokið og fyllilega ljóst í hverju breytingar munu felast. Brýnt er að alþingismenn og aðrir sem samningaviðræðum tengjast, gefi sér ekki fyrir fram niðurstöðu með þeim hætti að það torveldi að ná sem bestri niðurstöðu út frá hagsmunum og markmiðum Íslands.

983. Svar [442. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um skilgreind starfsréttindi leiðsögumanna.

1. *Er unnið að því að veita fagmenntuðum leiðsögumönnum skilgreind starfsréttindi?*

Iðnaðarráðuneytinu barst erindi Félags leiðsögumanna á síðasta ári þar sem þess var farið á leit við iðnaðarráðherra að hann legði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

Tillaga félagsins var eftirfarandi:

„Rétt til að starfa hér á landi sem „leiðsögumaður ferðamanna“ hefur sá einn, er lokið hefur tilskildu námi hér á landi og hlotið starfsleyfi Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa getur einnig, að fenginni umsögn þar að lútandi, veitt þeim sem lokið hafa samsvarandi námi erlendis viðurkenningu á starfsréttindum sínum á Íslandi, enda framvísi þeir viðeigandi skilríkjum og sýni gögn sem staðfesta þekkingu þeirra á landi og þjóð. Það er þó gert að skilyrði að leiðsögumenn búsettir hér á landi njóti samsvarandi réttinda í heimalandi umsækjanda.

Þeir sem lokið hafa sértækri þjálfun mega starfa sem „leiðsöguliðar“, þ.e. aðstoðarmenn við leiðsögn eða leiðsögumenn ferðamanna innan þess sviðs sem hin sértæka þekking þeirra nær til. Skal nánar kveðið á um þetta í reglum sem Ferðamálastofa setur, en hún staðfestir réttindi leiðsögumanna með leyfisútgáfu.“

Í greinargerð með erindinu kom m.a. fram að löggilding starfsheitisins eigi sér samsvörun í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig að það „virðist fara vaxandi að hingað til lands komi ferðahópar með erlenda leiðsögumenn. Hefur það verið látið afskiptalaust, en á sama tíma hafa íslenskir leiðsögumenn ekki fengið að leiðsegja íslenskum ferðamönnum í nokkrum Evrópulöndum“.

Ráðuneytið taldi nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um það hvernig starfsréttindum leiðsögumanna væri háttað í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu áður en ákvörðun yrði tekin um framhald málsins. Því var haldinn fundur í iðnaðarráðuneytinu með forsvarsmönnum Félags leiðsögumanna og var niðurstaða þess fundar að þeir, f.h. félagsins, mundu útvega gögn sem sýndu fram á ofangreint.

Við vinnslu þessa svars var haft samband við talsmann leiðsögumanna og spurst fyrir um gögnin en hann upplýsti að þeir hefðu ekki haft erindi sem erfiði við öflun þeirra og því farið formlega fram á það við Evrópusamtök leiðsögumanna að gerð verði nákvæm samantekt um réttindamál leiðsögumanna í Evrópu og að þar birtist upplýsingar sem eru staðfestar af yfirvöldum í viðkomandi löndum. Til að þoka málinu frekar hefur iðnaðarráðuneytið orðið við þeirri beiðni talsmanns leiðsögumanna að halda fund með formanni Evrópusamtaka leiðsögumanna er hann verður hér á ferð í næsta mánuði.

Í erindi Félags leiðsögumanna er einnig vísað til þess að „löggilding sérstaks starfsheitis fyrir félagsmenn eigi sér innlenda fyrirmynd í lögum um starfsheiti og starfsréttindi ýmissa stétta“.

Varðandi tilvísun til annarra starfsstétta skal bent á að löggilding starfsheitis og einkaréttur til starfa fara ekki alltaf saman. Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, eru á málefnasviði iðnaðarráðuneytisins. Löggilding þeirra sérfræðinga sem þar falla undir felur í sér heimild til að nota viðkomandi starfsheiti en ekki einkarétt til ákveðinna starfa. Öðru máli gegnir um þá iðnaðarmenn sem lokið hafa tilskildu námi og fengið sveinsbréf eða meistarabréf á grundvelli iðnaðarlaga, nr.

42/1978. Í slíkum réttindum felast bæði einkaréttur til að nota starfsheiti og réttindi til iðnaðarstarfa.

2. *Telur ráðherra æskilegt að veita slík starfsréttindi til að auka fagmennsku í ferðaþjónustunni?*

Um áratugaskeið hefur það verið stefna hjá íslenskum ferðaskrifstofum að velja menntaða leiðsögumenn fram yfir ómenntaða. Þó geta komið upp tilvik þar sem nægjanlega margir menntaðir leiðsögumenn eru ekki tiltækir en það er helst þegar stórir hópar eru á ferð í tengslum við ráðstefnur, hvataferðir og farþega skemmtiferðaskipa.

Til að auka enn frekar fagmennsku og öryggi í ferðaþjónustu mælir ráðherra á vorþingi 2010 fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, um breytt skilyrði til leyfisveitinga þannig að framvegis verði skylt að leggja fram sönnun á ábyrgðartryggingu og að umsækjandi hafi nægilega þekkingu og reynslu á því sviði sem starfsemi hans lýtur að. Enn fremur er ráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð frekari ákvæði um leyfisveitingar en nú er.

Ráðherra mun áfram sem hingað til taka til skoðunar allar hugmyndir um aukna fagmennsku í ferðaþjónustu enda rúmist þær innan EES-reglna og sé um þær sátt við hagsmunasamtök í ferðaþjónustu.

984. Svar [405. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um rannsóknir í ferðaþjónustu í samanburði við aðrar atvinnugreinar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve miklum fjármunum hefur verið varið til rannsókna í ferðaþjónustunni undanfarin fimm ár samanborið við aðrar helstu atvinnugreinar landsins?

Á undanförnum árum hafa rannsóknir og þróun orðið veigameiri þættir í starfsemi og stefnumótun ferðaþjónustunnar. Byggðaáætlunin hefur stutt við stór þróunarverkefni sem eru til þess fallin að styrkja grunnstoðir atvinnugreinarinnar og Tækniþróunarsjóður hefur styrkt nýsköpunarverkefni sem eru líkleg til að efla samkeppnishæfni svæða og landsins alls. Tækniþróunarsjóður hefur síðustu tvö árin aðlagað matsreglur sínar nokkuð að þjónustugreinum en strangar kröfur til arðsemi og verðmætasköpunar verkefna hefur reynst ferðaþjónustuverkefnum fjötur um fót í samkeppni um styrki Tækniþróunarsjóðs.

Eftirfarandi samantekt byggist á gögnum sem aflað var frá opinberum aðilum sem sinna rannsóknum á sviði ferðaþjónustu. Gögnum um rannsóknir í ferðaþjónustu er ekki safnað með skipulögðum hætti og er ferðaþjónusta t.a.m. ekki skilgreind sem sérstakt viðfangsefni í rannsóknarvog Rannsóknamiðstöðvar Íslands – Rannís sem safnar gögnum annað hvert ár um rannsókna- og þróunarstarfsemi á Íslandi. Þetta gerir samanburð við aðrar atvinnugreinar og samantekt á stöðu rannsókna í ferðaþjónustu því nokkuð snúinn.

Við vinnslu þessa svars var stuðst við upplýsingar frá Rannsóknamiðstöð ferðamála, Háskóla Íslands, Háskólanum á Hólum og Ferðamálastofu um rannsóknaframlag til ferðaþjónustu á því tímabili sem um ræðir (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framlag til rannsókna í ferðaþjónustu 2005–2009 (þús. kr.), þ.m.t. styrkir og launakostnaður vegna rannsóknarvinnu.

	2005	2006	2007	2008	2009	2005–2009
Ferðamálastofa	16.144	13.852	24.757[1]	15.170	18.298	88.221
Hagstofa Íslands (TSA-reikningar)[2]		7.000			3.500	10.500
Háskóli Íslands; Ferðamálafræði	3.430	2.730	5.368	12.114	7.264	30.906
Háskóli Íslands; Mannfræðistofnun				4.360	4.360	8.720
Háskóli Íslands; Stofnun fræðasetra[3]	6.000	6.000	12.000	21.500	21.500	67.000
Háskólinn á Hólum[3]	8.412	9.561	10.505	13.667	17.794	59.939
Rannsóknamiðstöð ferðamála[4]	10.000	11.943	17.091	31.032	28.816	98.882
	43.986	**51.086**	**69.721**	**97.843**	**101.532**	**364.168**

Í samanburði við aðra atvinnuvegi var stuðst við rannsóknarvog Rannís árin 2005 og 2007 og til viðmiðunar voru eftirfarandi atvinnugreinar: fiskveiðar og landbúnaður, iðnaður, orkuframleiðsla og dreifing (sjá töflu 2).

Tekið skal fram að nýrri niðurstöður liggja ekki fyrir úr rannsóknarvog.

Tafla 2. Framlag til rannsókna í nokkrum atvinnuvegum.

	2005		2007	
	millj. kr.	%	millj. kr.	%
Fiskveiðar og landbúnaður	4.153.726	36,4	4.453.352	34,9
Iðnaður	6.372.535	55,9	6.979.414	54,6
Orkuframleiðsla og dreifing	832.975	7,3	1.269.883	9,9
Ferðaþjónusta	43.986	0,4	69.721	0,5
Samtals	**11.403.222**	**100,0**	**12.772.370**	**100,0**

Auk þess var aflað gagna um framlög til þróunarverkefna í ferðaþjónustu á því tímabili sem um ræðir hjá Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð, Ferðamálastofu og Rannsóknamiðstöð Íslands (sjá töflu 3). Tekið skal fram að hér er ekki um framlög til eiginlegra rannsókna heldur stuðningur við nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefni (sjá viðauka).

Tafla 3. Framlag til þróunarverkefna í ferðaþjónustu 2005–2009 (þús. kr.).

a) Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP)	365.000
verkefnishluti Íslands um 2.287.419 € (gengi 160)	
b) Norræna Atlantssamstarfið (NORA)	
verkefnishluti Íslands um 1.2856.500 dkk (gengi 23)	29.600
c) Nýsköpunarstyrkir úr byggðaáætlun	100.000
e) Styrkir til uppbyggingar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni úr byggðaáætlun	10.500
f) Tækniþróunarsjóður Rannsóknamiðstöðvar	38.000
Samtals	**543.100**

[1] Þ.m.t. 7 millj. kr. framlag frá samgönguráðuneyti til að framkvæma könnun á fimm markaðssvæðum um hugsanleg áhrif hvalveiða á ímynd Íslands og ferðaþjónustu. Auk þessa var framkvæmd umfangsmikil gæðakönnun meðal erlendra gesta á árinu 2007.

[2] Árið 2006 var framlag samgönguráðuneytisins 7 millj. kr. og framlag iðnaðarráðuneytisins 3,5 millj. kr. á árinu 2009 vegna gerðar ferðaþjónustureikninga sem er hliðarreikningur við þjóðhagsreikninga og byggist á aðferðafræði OECD, Tourism Satellite Account.

[3] Nær til styrkja og launakostnaðar vegna rannsóknar- og þróunarverkefna á sviði ferðaþjónustu.

[4] Rekstrarkostnaður meðtalinn (leiga o.þ.h.).

Viðauki.

a) Norðurslóðaáætlun

Ferðaþjónusta.

Íslensk ferðaþjónusta hefur verið afar virkur þátttakandi í verkefnum innan Norðurslóðaáætlunar en um þriðjungur verkefna með íslenskri þátttöku tengjast ferðaþjónustu beint með einhverjum hætti. Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir 11 ferðaþjónustuverkefni innan Norðurslóðaáætlunar. Heildarkostnaður þeirra er 13.609.591€ eða 2.177.534.000 og þar af er verkefnishluti Íslendinga um 2.287.419€ eða 365 milljónir (gengi 160). Ferðaþjónustan á Íslandi er því þátttakandi í mörgum stórum alþjóðlegum verkefnum innan NPP. Líklegast er þar á meðal að finna mörg af metnaðarfyllstu þróunarverkefnum greinarinnar hérlendis. Í undirbúningi eru jafnframt verkefni á sviði vetrarferðamennsku, menningartengdrar ferðaþjónustu og samgangna er tengjast ferðaþjónustu.

Verkefni	Upphaf	Heildar-verkefnis-kostnaður	Framlag NPP	Hlutfall NPP	Hlutur Íslands í verkefnis-kostnaði	Þátttök uhlutfall Íslands	Þar af framlag ríkisins
The Thing Project	2009	989.002	485.378	49,1%	122.750	12,4%	61.375
Sustainable Hunting Tourism	2008	1.127.151	481.450	42,7%	280.924	24,9%	140.462
Northern Environmental Education	2008	1.220.000	548.000	44,9%	300.000	24,6%	150.000
Economuseum Northern Europe	2008	1.664.407	880.339	52,9%	255.585	15,4%	127.792
Sagas & Story telling	2003	1.001.123	600.000	59,9%	351.123	35,1%	210.000
Nature Based Tourism	2004	1.464.475	878.685	60,0%	62.500	4,3%	37.500
Snow Magic	2004	706.395	378.231	53,5%	167.676	23,7%	55.000
Norce	2004	1.756.500	928.900	52,9%	300.000	17,1%	75.000
NEST	2005	1.010.094	527.218	52,2%	130.000	12,9%	50.000
Northern Outdoor Recreational Food	2005	702.280	417.355	59,4%	42.495	6,1%	20.000
USEVENUE	2004	1.018.164	587.500	57,7%	87.832	8,6%	50.000
BRANDR	2004	950.000	536.534	56,5%	186.534	19,6%	86.534
Samtals		**13.609.591**	**7.249.590**		**2.287.419**		**1.063.663**

Ný verkefni Norðurslóðaáætlunar 2007–2013.

Þegar hafa verið samþykkt 4 stór verkefni innan ferðaþjónustunnar. Heildarkostnaður þeirra er 5.000.560€ eða um 800 milljónir (gengi € 160) og er íslensk þátttaka um 20% að meðaltali. Heildarkostnaður íslenska hluta verkefnanna er um 153 milljónir og framlag íslenska ríkisins 50% af þeirri fjárhæð.

North Hunt, Sustainable Hunting Tourism – business opportunity.

Heildarverkefniskostnaður 1.127.151€.

Hlutur Íslands 280.924€ eða 24,9%.

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Skotlands og Kanada (Labrador og Nýfundnaland). Íslenskir þátttakendur: Rannsóknamiðstöð Háskólans Akureyri, Rannsóknarsetur ferðaþjónustunnar, Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar og fleiri.

Markmið verkefnisins er að styðja við þróun sjálfbærra veiða til eflingar atvinnulífs og búsetu með áherslu á veiðimenningu. Áhersla er á miðlun reynslu og þekkingar á milli þátttakenda og kanna möguleika á sameiginlegri markaðssetningu vörumerkis „Northern brand“ fyrir sjálfbærar veiðar.

NEED, Northern Environment Education Development.
Heildarverkefniskostnaður 1.220.000€.
Hlutur Íslands 300.000€ eða 24,6%.
Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands.
Íslenskir þátttakendur: Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Höfn Hornafirði, Háskólasetrið Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarstofa Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafelli og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.
Markmið verkefnisins er að bæta og auka umhverfiskennslu og nýsköpun á sviði fræðandi ferðaþjónustu í samstarfi við tengda aðila með áherslu á jarðfræðisögu, mótun lands og umhverfismál. Með slíkri miðlun er leitast við að hafa áhrif á viðhorf ferðamanna til umhverfis og sjálfbærrar nýtingar.

Economuseum Northern Europe.
Heildarverkefniskostnaður 1.664.407€.
Hlutur Íslands 255.585€ eða 15,4%.
Samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Færeyja, Norður Írlands, Írlands og Kanada.
Íslenskir þátttakendur: Fruman Nýheimum Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.
Markmið verkefnisins er að hagnýta sér reynslu og þekkingu sem skapast hefur í árangursríku sambærilegu verkefni frá Kanada. Economuseum verkefnið sameinar menningu, handverk og ferðamennsku til að mynda grundvöll fyrir handverksfólk sem nota að stærstum hluta aldagamlar aðferðir til að skapa ný störf. Verkefnið aðstoðar við þróun viðskiptahugmynda, sýningahald ásamt kennslu og þjálfun ungs fólks.

The THING Project – Thing sites International Networking Group.
Heildarverkefniskostnaður 989.002€.
Hlutur Íslands 122.750€ eða 12,4%.
Samstarfsverkefni Noregs, Íslands, Skotlands og Færeyja. Íslenski þátttakandinn er Þjóðgarðurinn Þingvöllum í samstarfi við tengda aðila.

Ferðaþjónustuverkefni Norðurslóðaáætlunar 2002–2006.

- *Destination Viking – Sagas & Storytelling.* Byggðastofnun ásamt sex íslenskum þátttakendum taka þátt í Víkingaverkefninu – sem varðar uppbyggingu á menningarferðaþjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslensku aðilarnir eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með verkefni um Gísla sögu, Dalabyggð með Eiríksstaði og Leifsverkefnið, Safnahús Vesturlands með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Árnessýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn. Þetta er jafnframt fyrsta Norðurslóðaverkefnið sem er undir stjórn Íslendinga.
- *Nest (Northern Environment for Sustainable Tourism; potential of national parks and protected areas for rural development in the northern periphery).* Verkefnið felst í að nýta til framþróunar þau tækifæri sem felst í búsetu nálægt þjóðgörðum eða verndarsvæðum. Íslenskir þátttakendur í verkefninu eru Háskóli Íslands /Háskólasetrið Höfn Hornafirði, Hornafjarðarbær, Skaftárhreppur og Þróunarstofa Austurlands en aðrir þátttakendur koma frá Svíþjóð, Skotlandi og Finnlandi. Ísland er Leader í verkefninu.
- *Norce (Northern Costal Experience).* Verkefnið miðar að auknu samstarfi og samstarfsneti sjávarbyggða landa innan NPP, en Kanada (Nýfundnaland) er einnig aðili að verk-

efninu. Því má segja að verkefnið sé eins konar samstarfsverkefni landa við norðanvert Atlantshaf. Áhersla verður m.a. á að efla ferðamennsku með auknum upplýsingum til ákveðinna markhópa um margvíslegt efni, og efla menningarleg tengsl. Íslensku aðilarnir að verkefninu eru Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra og Þingeyinga, Byggðasafn Húnvetninga Reykjum og Minjasafnið Hnjóti, Vesturbyggð.

- *Snow Magic.* Með verkefninu er stefnt að því að þróa vörur, þjónustu og atburði er varða ferðaþjónustu á vetrum, í nánum tengslum við menningu og sérstöðu einstakra svæða. Aðilar á einstaka svæðum í Svíþjóð, Finnlandi auk Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og ferðaþjónustuaðilar við Mývatn eru þátttakendur í verkefninu.
- *Nature Based Tourism.* Markmið verkefnisins er að þróa og efla frekari þekkingu á sviði náttúruvænnar ferðaþjónustu í aðildarlöndum, með ýmsum verkefnum, s.s. tengslanetum, nýjum vörum og þjónustu o.fl. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Hólaskóli eru aðilar að verkefninu, ásamt aðilum í Skotlandi, Noregi og Svíþjóð.
- *Usevenue.* Verkefnið miðar að því að efla félags- og efnahagslegan styrkleika þeirra svæða sem það nær til með verkefnum sem miða að sköpun sjálfbærra verkefna og atburða á viðkomandi svæði. Verkefnið nær til Finnlands. Svíþjóðar og Skotlands en á Íslandi er Ísafjarðarbær og Héraðsnefnd Snæfellinga aðilar að verkefninu.
- *Outdoor and Recreational Food – OutReF.* Verkefnið er á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, þ.e. með áherslu á matarmenningu og mun geta stuðlað að fjölbreyttari ferðaþjónustu hérlendis. Að verkefninu koma Háskólinn Hólum Hjaltadal, Iðntæknistofnun og Nýsköpunarmiðstöðin í Vestmannaeyjum.
- *Development by branding the trade mark (Brandr)* er samstarfsverkefni milli fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmið þess er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga t.a.m. með því að þróa „vörumerki“. Akureyrarbær tekur þátt í þessu verkefni.

b) Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

Ferðaþjónusta.

Íslensk NORA-verkefni á sviði ferðaþjónustu 2005–2009.

Heiti verkefnis	Þátttökulönd	Styrkfjárhæð DKK	Hlutur Íslands	Viðfangsefni
2005				
Natur- og kulturturisme	ÍS, NO	200.000	100.000	Markaðsmál, fræðsla
Grænselandet	ÍS, NO	50.000	25.000	Forverkefni, þróun ferðaþj. á mörkum Noregs og Svíþj.
NORCE	ÍS, GL, FO, NO	300.000	75.000	Einnig NPP. Ferðaþjónusta byggð á strandmenningu
		550.000	200.000	
2006				
Nationalparker	ÍS, GL, FO, NO	30.000	7.500	Þróun heilsársferðaþj.
Kulturturisme, TUR	ÍS, NO	30.000	15.000	Markaðssetning, þróun ferðaþj. byggt á menningu og náttúru
NORCE	ÍS, GL, FO, NO	200.000	50.000	Sjá a.o.
Sagas & storytell.	ÍS, GL, FO, NO	200.000	50.000	Einnig NPP.
Economuseum	ÍS, NO	150.000	75.000	Snertir samstarf um aðgang ferðamanna að verkstæðum handverksfólks o.fl.
Naturtur. Håndbog	ÍS, NO	265.000	132.500	Útgáfa handbókar, námskeið, náttúrut. ferðaþj.
Sagn over havet	ÍS, NO	260.000	130.000	Ferðaþj. byggð á sagnahefð

Heiti verkefnis	Þátttökulönd	Styrkfjárhæð DKK	Hlutur Íslands	Viðfangsefni
		1.135.000	460.000	
2007				
Wild North	ÍS, NO	270.000	135.000	Rannsókn á áhrifum ferðaþj. á villt dýr
Historiske tingsteder	ÍS, NO, FO	200.000	67.000	Þingstaðir sem áfangastaðir ferðamanna, þróun
		500.000	202.000	
2008				
Cruise Europe N.	ÍS, FO, NO	300.000	100.000	Móta stefnu v. móttöku skemmtiferðaskipa á svæðinu
Bådbyggertradition	ÍS, NO, FO	100.000	33.000	Strandmenning, varðveisla handverks og kennsla
Nye rejsemål	ÍS	30.000	30.000	Samstarf um ævintýraferðir
Netportal om får og uld	ÍS, NO	100.000	50.000	Safnasamst. um kynningu menningararfs
		880.000	213.000	
2009				
Wild North	ÍS,FO, NO, GL	350.000	87.500	Rannsókn á áhrifum ferðaþj. á villt dýr
Rejsemål Nord	ÍS, NO, FO	170.000	57.000	Ævintýraferðir
Sanitet i turisthytter	ÍS, GL, NO	200.000	67.000	Rannsókn
		720.000	211.500	
Samtals runnu 1.286.500 DKK til 20 íslenskra ferðaþjónustuverkefna á þessu tímabili, sem eru tæpar 29,6 milljónir íslenskra króna á núvirði.				
Skýringar: ÍS = Ísland, FO = Færeyjar, NO = Noregur, GL = Grænland.				

c) Nýsköpunarstyrkir úr byggðaáætlun 2008–2009

Krásir – matur úr héraði – Þróunarverkefni á sviði svæðisbundinnar matargerðar (40 milljónir)

Tilgangur verkefnisins er að styrkja þróun í svæðisbundinni matargerð og efla ferðaþjónustu með því að framleiða og selja matvörur sem byggja á hráefni, sögu og þekkingu á ákveðnum svæðum. Enn fremur er markmiðið að auka samstarf milli fyrirtækja í ferðaþjónustu og lítilla fyrirtækja sem framleiða matvörur og auðvelda þeim sameiginlega markaðssetningu á svæðinu. Þeir, sem taka þátt í verkefninu taka þátt í fræðslu, þróun, vinnslu og meðferð matvæla og fá auk þess fjárhagslegan og faglegan stuðning við þróun á nýjum afurðum. Með verkefninu er verið að auka þekkingu á gæðum og faglegri vinnu við þróun á nýjum matvörum.

Gáttir – þróunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu (40 milljónir)

Þróunarverkefni þau sem hér um ræðir eru á sviði vöruþróunar í ferðaþjónustu; þeim er einkum ætlað að búa til nýja kosti sem haft geta áhrif á ferðatilhögun eða dvalarlengd ferðamanna en einnig að svara eftirspurn sem þegar er til staðar og hefur ekki hingað til verið sinnt. Horft til þess annars vegar að efla þá menningartengdu ferðaþjónustu sem fyrir hendi er og hins vegar að því að kynna ný sóknarfæri til frekari uppbyggingar í héraði.

Gæða- og umhverfisvottunarkerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu (20 milljónir)

Þróun gæða- og umhverfisvottunarkerfis fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sem byggir á Qualmark-kerfi því sem Nýsjálendingar hafa þróað, unnið eftir og notað í sinni markaðssetningu í mörg ár. Auk áherslunnar á gæði í allri þjónustu í Qualmark kerfinu er m.a. gerð krafa um orkunýtni, sorpmeðhöndlun, vatnsvernd, náttúruvernd og samfélag. Skipulagt umhverfisstarf aðila í ferðaþjónustu, ferðamálayfirvalda og stöðugar umbætur á gæðum í þjónustu eru til

þess fallið að styrkja auðkenni landsins og þannig efla ferðaþjónustuna enn frekar sem eina af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar.

d) Styrkir úr byggðaáætlun 2009 til uppbyggingar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni

- *Svartárkot – Menning og náttúra* (4,5 milljónir)
  Þróun og uppbygging á menntaferðasetri í Svartárkoti.
- *Þingeyskt og þjóðlegt* (4 milljónir)
  Þróun á handverki og námskeiðum.
- *Allra handa ehf.* (2 milljónir)
  Vöruþróun og framkvæmd á verkefninu „Fléttuferðir um Vesturland og Suðurland“

e) Úthlutanir úr tækniþróunarsjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands 2009

- *Miðaldaböð vegna Deildartunguhvers* – verkefnisstyrkur.
- *Sýndarleiðsögn fyrir ferðamenn* – frumherjastyrkur.
- *Heilsuhótel í Stykkishólmi* – frumherjastyrkur.
- *Matur og sjálfbær ferðaþjónusta* – öndvegisstyrkur.

985. Svar [433. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um plássleysi í fangelsum og fésektir.

1. *Hvað hafa margir einstaklingar sloppið við refsingu eða fésektir undanfarin tíu ár vegna plássleysis í fangelsum landsins?*

Refsingar samkvæmt íslenskum rétti eru fangelsisrefsingar annars vegar og fésektir hins vegar.

Fangelsisrefsingar.

Tvær ástæður geta verið fyrir því að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu án þess að vera veitt náðun. Annars vegar getur dómþoli látist áður en til afplánunar kemur og hins vegar getur refsing dómþola fyrnst. Ástæður fyrir fyrningu óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga geta verið að dómþoli finnist ekki, m.a. vegna þess að hann hefur farið úr landi. Þegar ekki er unnt að boða dómþola til afplánunar fyrr en refsing er við það að fyrnast getur það leitt til þess að ekki takist að ná viðkomandi til afplánunar fyrir þann tíma.

Frá árinu 2000 og til 15. mars 2010 létust 20 dómþolar áður en til afplánunar kom.

Frá árinu 2000 og til loka árs 2009 fyrndust fimm dómar. Engir dómar fyrndust á árunum 2003–2007 en þrír á árunum 2008–2009.

Fyrirsjáanlegt er að verði ekkert að gert til að fjölga fangarýmum í landinu munu dómar fyrnast vegna plássleysis en nokkrum erfiðleikum er bundið að meta í hvaða mæli það mun gerast, enda spila þar inn í þættir á borð við fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða á næstu missirum. Dómsmálaráðuneytið hefur nýlega óskað eftir því við Fangelsismálastofnun að það verði greint hvers vænta megi að þessu leyti á næstu árum. Í greiningu stofnunarinnar kemur fram að þess sé að vænta að til fyrninga 14 dóma kunni að koma á árunum 2010 og 2011. Eftir það megi gera ráð fyrir að um 100 dómar geti fyrnst á næstu tveimur árum eftir það. Við þessu þarf að bregðast. Samþykkt hefur verið í ríkisstjórn að ráðast í byggingu nýs fangelsis með

a.m.k. 40 fangarýmum að því tilskildu að fjármögnun fáist. Er það mál í vinnslu í ráðuneytinu. Einnig er í skoðun í ráðuneytinu hvernig unnt er að beita öðrum aðferðum við afplánun refsinga en fangelsisvist, svo sem rafrænu eftirliti með afplánunarföngum. Þá er rétt að taka fram að tekið hefur verið í notkun opið fangelsi að Bitru en þar má vista 20 fanga.

Fésektir.

Ekki eru til tölur yfir fjölda afskrifaðra mála.

Tekin hefur verið ákvörðun um að 1.799 einstaklingar skuli afplána vararefsingu vegna ógreiddra fésekta. Þessir einstaklingar skulda sektir að fjárhæð samtals 1.150.864.357 kr. og þurfa ella að afplána samtals 29.995 daga í fangelsi. Með öðrum orðum eru 1.799 einstaklingar á biðlista eftir að afplána vararefsingu vegna ógreiddra fésekta. Þessi mál eru í fyrningarhættu, m.a. vegna þess að ekki hefur verið unnt að boða þessa einstaklinga í afplánun. Gerður er sá fyrirvari við heildarfjárhæð sektanna að 20 einstaklingar sem skulda u.þ.b. helminginn af heildarupphæðinni munu líklega afplána sektina með samfélagsþjónustu. Þegar fangelsi að Bitru tekur til starfa í næsta mánuði er gert ráð fyrir að 5 rými verði nýtt til afplánunar á vararefsingum.

2. Hvað hefur ríkið orðið af miklum tekjum vegna þessa á sama árabili?

Ríkið hefur afskrifað sektir sem hafa vararefsingu á bak við sig að fjárhæð samtals 131.757.315 kr. frá árinu 2000 til loka árs 2009. Undir þetta falla sektargerðir, dómsárituð sektarboð, dómar og viðurlagaákvarðanir. Skuldirnar eru afskrifaðar af ýmsum ástæðum, sumar eru afskrifaðar þar sem fyrirsjáanlegt er að þær innheimtast ekki, skuldari deyr, sektirnar fyrnast og sektarþoli er náðaður svo að dæmi séu tekin.

Erfitt er að áætla hversu mikið hlutfall af þessari heildarfjárhæð hefði verið unnt að innheimta ef fjöldi afplánunarrýma hefði verið nægilegur til að boða alla dómþola til afplánunar vararefsingar. Reynslan hefur sýnt að fjölmargir greiða sektir þegar þeir standa frammi fyrir því að þurfa að afplána refsingu í fangelsi. Minnt skal á það sem áður er fram komið um að nálægt helmingur af þeim rúmlega milljarði sem nú er útistandandi hjá einstaklingum, sem ákveðið hefur verið að skuli afplána vararefsingu fésekta, stafar frá tiltölulega fáum einstaklingum, sem væntanlega munu taka refsingu út með samfélagsþjónustu. Líklegt virðist að verulegur hluti af hinum helmingnum gæti innheimst ef afplánunarrými verða til staðar. Þess ber að geta að einstaklingar sem ákveðið hefur verið að afplána eigi vararefsingu geta hvenær sem er komist hjá því að sitja inni með því að greiða sektina eða sitja skemur inni með því að greiða inn á sektina.

986. Svar [412. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sértæka skuldaaðlögun.

1. Hversu margir einstaklingar og fyrirtæki hafa sótt um sértæka skuldaaðlögun í samræmi við lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins, og hversu margir hafa fengið slíka skuldaaðlögun, sundurliðað eftir fjármálafyrirtækjum?

Ekki er hægt að segja til um hversu margir einstaklingar sækja um sértæka skuldaaðlögun þar sem ekki er sótt beint um þetta úrræði. Framkvæmdin er sú að einstaklingur í greiðsluerfiðleikum fer í greiðsluerfiðleikamat og komi í ljós að önnur vægari úrræði dugi ekki til að leysa úr greiðsluvanda hans er kannað hvort samkomulag milli hans og kröfuhafa um sértæka skuldaaðlögun geti leyst vandann.

Fyrirtæki geta ekki sótt um sértæka skuldaaðlögun, sbr. 2. gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Fjármálafyrirtæki hafa sett sér sameiginlegar verklagsreglur um skuldavanda fyrirtækja, sbr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt upplýsingum frá fimm stærstu lánveitendum á Íslandi höfðu 1. mars sl. alls 277 heimili (einstaklingar og fjölskyldur) nýtt sér sértæka skuldaaðlögun.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fjármálafyrirtækja er ekki hægt að sundurliða upplýsingar um sértæka skuldaaðlögun eftir fyrirtækjum vegna samkeppnissjónarmiða.

2. Hve margir hafa ekki fengið sértæka skuldaaðlögun og hvers vegna?

Ekki er hægt að segja til um fjölda einstaklinga sem hafa ekki fengið sértæka skuldaaðlögun vegna þess að þeir sækja ekki beint um úrræðið, sbr. svar við 1. tölul. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að úrræðinu er ekki beitt en hér eru nefnd þrjú dæmi:

1. Ef vægari úrræði duga til að leysa greiðsluvandann er þeim beitt.
2. Úrræðið miðast við að einstaklingur hafi lágmarksgreiðslugetu, þ.e. gert er ráð fyrir því að hann hafi atvinnu og hafi tekjur til að standa undir talsverðri greiðslubyrði. Ekki verður lengra gengið í afskriftum en niður í 100% veðsetningu þar sem skattareglur kveða á um að myndi afskrift eigið fé þá myndist skattskylda þess einstaklings sem fær skuld afskrifaða. Ef greiðsluvandinn er það mikill að sértæk skuldaaðlögun dugir ekki einstaklingnum er honum vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem metur þá hvort hann þurfi greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009.
3. Ef einstaklingur hefur orðið fyrir tímabundnum tekjumissi vegna veikinda eða er í námi svo dæmi sé tekið er að öllu jöfnu öðrum tímabundnum úrræðum beitt svo sem frystingu lána. Þegar einstaklingur hefur fengið atvinnu að nýju og ef greiðsluerfiðleikar eru enn til staðar er skoðað hvort sértæk skuldaaðlögun er tæk lausn á vandanum.
4. Ef einstaklingur skuldar mörgum kröfuhöfum sem standa utan samkomulagsins eru líkur á að ekki náist samkomulag um sértæka skuldaaðlögun. Er viðkomandi þá vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem metur þá hvort hann þurfi greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009.

987. Svar [369. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Erlu Óskar Ásgeirsdóttur um brottflutta einstaklinga með íslenskan ríkisborgararétt.

1. Hversu margir einstaklingar með íslenskan ríkisborgararétt hafa flust af landi brott árið 2009?

Alls flutti 4.851 einstaklingur með íslenskan ríkisborgararétt frá landinu á árinu 2009, þ.e. 2.466 fleiri en þeir íslensku ríkisborgarar sem fluttu til landsins með íslenskan ríkisborgararétt.

2. *Hvernig skiptast þeir eftir atvinnugreinum og aldri?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu brottfluttra einstaklinga með íslenskan ríkisborgararétt eftir atvinnugreinum. Upplýsingar um aldursskiptingu brottfluttra íslenskra ríkisborgara kemur fram á myndinni:



Á árinu 2009 voru flestir brottfluttra íslenskra ríkisborgara á aldrinum 25–29 ára, eða alls 745. Alls fluttu 3.597 íslenskir ríkisborgarar á vinnualdri (16–74 ára) frá landinu eða 1.890 einstaklingar umfram aðfluttra.

3. *Hver er tekjumissir hins opinbera af brottfluttum einstaklingum 2009?*

Það er reynslan hér á landi að búferlaflutningar til og frá landinu eru að töluverðu leyti háðir efnahagsástandinu í landinu á hverjum tíma. Íslenskir ríkisborgarar hafa flutt til og frá landinu í takt við spurn eftir vinnuafli og sama má segja um að- og brottflutning erlendra ríkisborgara. Brottflutningur eykst að jafnaði ári eftir efnahagslægð og nær 1–2 ár fram yfir lægðina. Samkvæmt efnahagsspá Seðlabankans í janúar sl. er gert ráð fyrir neikvæðum hagvexti út þetta ár en að hagur landsins fari batnandi á árinu 2011. Þá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði kominn upp í tæplega 3% á árinu 2012. Gangi spáin eftir má gera ráð fyrir áframhaldandi búferlaflutningum á þessu ári og eitthvað fram á næsta ár. Eins og sést á næstu mynd voru talsverðar sveiflur í búferlaflutningum til og frá landinu á tímabilinu 1986–2009. Sveiflurnar stafa þó fyrst og fremst af hreyfanleika erlendra ríkisborgara, sérstaklega í kjölfar síðustu uppsveiflu, en ekki vegna íslenskra ríkisborgara. Í lok efnahagslægðarinnar á tíunda áratug síðustu aldar var flutningsjöfnuður íslenskra ríkisborgara á árunum 1995–1996 neikvæður um 2.675 einstaklinga en á árunum 2008–2009 var hann neikvæður um 2.943 einstaklinga svo að dæmi sé tekið. Ástæða þess að brottflutningur hefur ekki orðið meiri nú en raun ber vitni er að öllum líkindum sú að flest ríki glíma við mikið atvinnuleysi í dag.



Heimild: Hagstofa Íslands

Erfitt er að spá fyrir um hvort hið opinbera verði fyrir tekjumissi vegna brottfluttra einstaklinga á árinu 2009. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um stöðu þeirra sem hafa flust frá landinu eða hversu margir munu flytja aftur heim þegar betur árar. Það sem skiptir mestu máli í þessu samhengi er hversu hratt og vel tekst að byggja upp atvinnulífið svo koma megi í veg fyrir skaða í framtíðinni.

988. Svar [487. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um þróun vísitölu neysluverðs.

1. *Hver hefur verið þróun vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun 2007 þar til nú?*

Samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands hefur vísitala neysluverðs hækkað frá ársbyrjun 2007 til mars 2010 um 35,3%.

2. *Hver hefur þróunin verið á þessu tímabili hvað varðar:*
   a. *innlendar vörur,*
   b. *innfluttar vörur fyrir utan áfengi og tóbak,*
   c. *innlendar búvörur og grænmeti,*
   d. *aðrar innlendar matvörur, þar sem fram kemur verðþróun helstu vöruflokka,*
   e. *innfluttar matvörur?*

a. Innlendar vörur hafa hækkað um 29,5%.
b. Innfluttar vörur fyrir utan áfengi og tóbak hafa hækkað um 55,6%.
c. Innlendar búvörur og grænmeti hafa hækkað um 22,2%. Þessi liður í mælingum Hagstofu Íslands nær ekki til hreinna innlendra búvara og grænmetis og er ekki aðgreindur í útreikningi eftir því hvort um innlenda eða innflutta vöru er að ræða.
d. Aðrar innlendar matvörur, þar sem fram kemur verðþróun helstu vöruflokka, hafa hækkað um 35,6%. Hagstofan birtir ekki nánari sundurliðun varðandi þennan lið.
e. Innfluttar matvörur hafa hækkað um 62,8%.

989. Svar [376. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða áform eru um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi?

Í Norðvesturkjördæmi eru hjúkrunarrými á eftirtöldum stöðum:

Heilbrigðisstofnunin á Akranesi	26
Höfði, Akranesi	48
Dvalarheimilið Borgarnesi	32
Jaðar, Ólafsvík	10
Fellaskjól, Grundarfirði	9
Dvalarheimilið Stykkishólmi	9
St. Fransiskuspítali, Stykkishólmi	9
Silfurtún, Búðardal	8
Fellsendi, Búðardal	26
Barmahlíð, Reykhólum	14
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	16
Heilbrigðisstofnunin Ísafirði	31
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	13
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	12
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	24
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	27
Sæborg, Skagaströnd	5
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	41

Heildarfjöldi hjúkrunarrýma á öllu landinu er 2.518 rými og af þeim eru 360 rými í Norðvesturkjördæmi, þ.m.t. Fellsendi sem hefur 26 hjúkrunarrými en þau rými eru mjög sérhæfð og ætluð geðsjúkum einstaklingum. Sé sú tala dregin frá standa eftir 334 hjúkrunarrými.

Á árinu 2008 þegar undirbúin var framkvæmdaáætlun um fjölgun hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla var gerð þarfagreining fyrir landið í heild og var gengið út frá fjölda aldraðra í hverju sveitarfélagi og aldursskiptingu þeirra. Miðað við þá þarfagreiningu ætti heildarfjöldi hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi að vera 282 hjúkrunarrými fyrir aldraða og um 5–7% til viðbótar ef yngri hjúkrunarsjúklingar eru taldir með eða um 300 rými.

Í fjárlögum 2009 og 2010 er ekki gert ráð fyrir nýjum rekstrarheimildum fyrir hjúkrunarrými. Ekki verður heldur séð að svo verði í fjárlögum fyrir árið 2011 og því ekki um neina raunfjölgun hjúkrunarrýma að ræða á næstunni. Hins vegar vinnur félags- og tryggingamálaráðuneytið nú að því að flytja rekstrarheimildir milli svæða og stofnana miðað við það hvar þörfin er mest á landinu.

Þótt hjúkrunarrýmum á landinu muni hvorki fjölga á þessu ári né trúlega því næsta er samt unnið að því að bæta aðstöðu á hjúkrunarheimilum. Má meðal annars nefna að nú er hönnun

á nýju hjúkrunarheimili í Borgarnesi á lokastigi. Þegar það heimili verður risið mun aðstaða hjúkrunarsjúklinga á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi verða allt önnur en nú er.

990. Svar [475. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um kostnað ríkissjóðs vegna reglugerðar nr. 190/2010.

1. *Hvað er gert ráð fyrir að margir einstaklingar geti nýtt sér ákvæði reglugerðar nr. 190/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa?*

Miðað við þann fjölda einstaklinga sem á undanförnum árum hefur notið greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækna- og tannréttingakostnaðar sem fellur undir alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa og að teknu tilliti til breytinga á íbúafjölda samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er áætlað að um 77–80 einstaklingar geti nýtt sér ákvæði reglugerðarinnar á næstu árum.

2. *Hvað eru það margir einstaklingar umfram þann fjölda sem gat nýtt sér eldri reglugerðir um sömu mál?*

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga samkvæmt reglugerð nr. 190/2010 eru þau sömu og samkvæmt eldri reglugerðum um sama efni. Þannig njóta engir sjúkratryggðir einstaklingar réttinda til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækna- og tannréttingakostnaði samkvæmt nýju reglugerðinni sem ekki nutu slíkra réttinda samkvæmt eldri reglugerðum.

3. *Hvað er gert ráð fyrir að greiddar verði út háar fjárhæðir vegna reglugerðarinnar?*

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld sjúkratrygginga vegna reglugerðarinnar á árinu 2010 verði 120 millj. kr.

4. *Hversu hærri eru þær fjárhæðir þeim sem gert var ráð fyrir að greiða út samkvæmt eldri reglugerðum um sömu mál?*

Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga muni hækka um 60 millj. kr. á ári vegna reglugerðar nr. 190/2010 umfram kostnað af þeim reglugerðum sem hún leysir af hólmi. Af auknum kostnaði eru 28 millj. kr. vegna tannréttinga og 32 millj. kr. vegna tannlækninga á árinu 2010.

5. *Hver eru kostnaðaráhrif 6. gr. reglugerðarinnar?*

Í 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að Sjúkratryggingar Íslands greiða 95% nauðsynlegs kostnaðar vegna tannlækninga og tannréttinga þeirra sem undir reglugerðina heyra samkvæmt framlögðum reikningum. Greinin lýsir framkvæmd reglugerðarinnar og hefur ekki kostnað í för með sér umfram þann sem greint var frá í svari við 4. tölul. hér að framan.

6. *Hve há er fjárheimild ársins 2010 til greiðslu kostnaðar samkvæmt reglugerðinni?*

Framlög til tannlækninga í fjárlögum eru ekki sérgreind eftir þeim reglugerðum sem liggja að baki greiðsluþátttöku. Er því ekki sérgreind fjárheimild í fjárlögum vegna reglugerðar nr 190/2010. Í fjárlögum ársins 2010 eru fjárveitingar tannlæknakostnaðar (08206-1.35) 1.672

millj. kr. og skal sú fjárhæð standa undir öllum kostnaði vegna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækna- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga, þ.m.t. þess hóps sem fellur undir reglugerð nr. 190/2010. Á undanförnum árum hafa greiðslur sjúkratrygginga af þessum lið verið vel innan marka fjárveitinga og gera áætlanir Sjúkratrygginga Íslands ekki ráð fyrir að á því verði breyting á árinu 2010. Það svigrúm mun nýtast til að greiða aukinn kostnað sem reglugerð nr. 190/2010 kann að hafa í för með sér, sbr. 4. tölul. hér að framan.

991. Svar [388. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um starfandi lækna.

1. *Hvað voru margir a) útskrifaðir læknar og b) starfandi læknar hér á landi ár hvert 1999–2009?*

Samkvæmt upplýsingum frá landlækni voru 1.190 læknar starfandi á Íslandi árið 2009 eða einn læknir á hverja 267 íbúa. Á árunum 1999–2009 útskrifuðust samtals 414 læknakandídatar frá læknadeild Háskóla Íslands. Sjá nánar töflu. Til viðbótar þessu er ótalinn fjöldi íslenskra lækna sem hefur menntað sig undanfarin ár í Danmörku og Ungverjalandi, en nú um stundir munu um 110 íslenskir ríkisborgarar stunda læknanám í þessum tveimur löndum.

Fjöldi útskrifaðra lækna og starfandi lækna á tímabilinu 1999–2009.

Ár	Útskrifaðir læknar	Starfandi læknar
1999	38	938
2000	33	968
2001	34	990
2002	38	1.029
2003	30	1.047
2004	35	1.056
2005	44	1.104
2006	40	1.120
2007	36	1.157
2008	49	1.188
2009	37	1.190

Læknafélagið hefur upplýsingar um starfandi lækna á Íslandi og erlendis en einungis fyrir árin 2009 og það sem liðið er af árinu 2010 (janúar og febrúar). Samkvæmt þeim gögnum kemur fram að læknum sem starfa erlendis fjölgaði úr 31,3% í 33,7% á umræddu tímabili (sjá töflu).

Fjöldi lækna sem starfa á Íslandi og erlendis.

	Allir læknar með almennt íslenskt lækningaleyfi	Læknar erlendis	Hlutfall	Læknar á Íslandi	Hlutfall
Janúar og febrúar 2010	1.611	544	33,77%	1.067	66,23%
Samtals 2009	1.586	497	31,34%	1.089	68,66%
Breyting	25	47		–22	

2. *Hve hátt hlutfall íslenskra lækna sem stundað hafa framhaldsnám erlendis hefur snúið heim að námi loknu til starfa hér? Svar óskast sundurliðað eftir árum 1999–2009.*

Ekki er hægt að svara þessari spurningu sundurliðað eftir árum 1999–2009, því umbeðnar upplýsingar eru hvorki fáanlegar hjá landlæknisembættinu né annars staðar. Læknar sækja framhaldsmenntun sína víða og er ekki til nein miðlæg skráning um hvenær þeir fóru utan til framhaldsnáms eða í hvaða sérnám þeir völdu að fara. Ekki er fylgst með því hvar íslenskir læknar eru starfandi erlendis og ekki heldur hvenær þeir snúa til starfa hér á landi eftir dvöl erlendis.

Í sameiginlegri skýrslu nefndar norrænna læknafélaga, sem í sátu fulltrúar frá öllum norrænu félögunum frá árinu 2008 og fjallar um atvinnumál lækna, kemur fram að þeir íslensku læknar sem flust hafa utan í framhaldsnám skiluðu sér flestir til baka til Íslands eftir framhaldsnám eða um 90%. Ekki eru til enn sambærilegar tölur fyrir árið 2009. Í sömu norrænu skýrslu um atvinnumál lækna kemur fram að fjöldi lækna hér á landi er í góðu hlutfalli við eftirspurn og því er þess ekki að vænta að skortur verði á læknum hér á landi.

3. *Er útlit fyrir að erfitt verði að manna stöður lækna á sjúkrahúsum vegna aðgerða stjórnvalda árin 2010, 2011 og 2012? Ef svo er, er öryggi sjúklinga í hættu vegna læknaskorts á komandi árum?*

Landlæknir telur að ekki verði erfitt að manna stöður lækna á sjúkrahúsum næstu þrjú árin og er öryggi sjúklinga því tryggt.

992. Frumvarp til laga [591. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (58. gr.)

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og bein úrræði vegna starfsendurhæfingar.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er skylt frá og með 16 til 70 ára aldurs að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs.

b. (59. gr.)

Iðgjald launagreiðenda til Starfsendurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af stofni iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda skv. 2. gr. og skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu, sbr. 3. gr. laga þessara. Jafnframt skulu lífeyrissjóðir greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til Starfsendurhæfingarsjóðs, skv. 60. gr.

Iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs skal greitt reglulega í hverjum mánuði. Launagreiðanda er skylt að standa skil á iðgjaldi sínu til Starfsendurhæfingarsjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald, sbr. 2. mgr. 7. gr., til viðkomandi lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóður skal skila iðgjaldi launagreiðanda ásamt iðgjaldshluta sínum skv. 60. gr., til Starfsendurhæfingarsjóðs.

c. (60. gr.)

Vegna starfsendurhæfingar sjóðfélaga skulu lífeyrissjóðir greiða 0,13% af iðgjaldastofni skv. 1. mgr. 3. gr. til Starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. 59. gr. Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., skulu einnig greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til Starfsendurhæfingarsjóðs. Fyrsta greiðsla er reiknuð af iðgjaldastofni júlímánaðar 2010. Gjalddagi gjaldsins skal vera tíundi næsta mánaðar eftir að launagreiðandi hefur staðið skil á lífeyrisiðgjaldi skv. 2. mgr. 7. gr. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjaldið fellur í gjalddaga.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

2. gr.

Á eftir 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 0,13% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til Starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. 58. og 59. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra skulu koma á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta jafnóðum árangur og framhald á starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs og tryggja samhæfingu starfseminnar við annað endurhæfingarstarf. Nefndin skal jafnframt leggja fram tillögur að skýrum lagaramma varðandi ábyrgð og eftirlit með Starfsendurhæfingarsjóðnum og skal því verkefni vera lokið 1. október 2010.

4. gr.

Ákvæði a- og b-liðar 1. gr. og 3. gr. öðlast þegar gildi, en ákvæði c-liðar 1. gr. öðlast gildi 1. júlí 2010. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. júlí 2013.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, auk breytinga á lögum um tryggingagjald. Þessar breytingar eru í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf við gerð stöðugleikasátt-

málans 25. júní 2009 varðandi Starfsendurhæfingarsjóð. Þau fyrirheit voru þríþætt. Í fyrsta lagi að lögfesta skyldu launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs, samhliða skyldu launþega til að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar frá 16 til 70 ára aldurs. Í öðru lagi að lögfest verði framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs frá lífeyrissjóðunum er nemi 0,13% af iðgjaldastofni frá og með 1. júlí 2010. Í þriðja lagi er lögfesting á 0,13% framlagi ríkissjóðs til Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. júlí 2013, sem hér er lagt til að verði reiknað sem hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

Stór hluti launagreiðenda, ríkið þar með talið, er þegar farinn að greiða 0,13% iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs, en verði frumvarpið að lögum mun sú skylda ná til alls vinnumarkaðarins. Við bætist síðan jafnhátt iðgjald frá lífeyrissjóðunum frá og með 1. júlí 2010. Samkvæmt sáttmálanum er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til Starfsendurhæfingarsjóðs verði 0,13% af tryggingagjaldsstofni frá og með 1. júlí 2013, en fram til þess tíma greiðir ríkið 150 millj. kr. framlag til sjóðsins á árinu 2010, 250 millj. kr. árið 2011 og 350 millj. kr. árið 2012, eða samtals 750 millj. kr. Miðað við áætlaðan tryggingagjaldsstofn fyrir árið 2010 má gera ráð fyrir að árlegar tekjur Starfsendurhæfingarsjóðs verði nálægt 3 milljörðum kr. þegar greiðslur frá öllum aðilum verða að fullu komnar til framkvæmda 1. júlí 2013.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar er lagt til að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verði skylt að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu 0,13% iðgjalds í Starfsendurhæfingarsjóð, sem greitt verði af launagreiðendum. Lagt er til að launagreiðendur skili fyrrgreindu iðgjaldi samhliða lífeyrisiðgjöldum til viðkomandi lífeyrissjóða.

Í c-lið er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til Starfsendurhæfingarsjóðs, í fyrsta sinn af iðgjaldastofni júlímánaðar 2010. Áætlað er að þetta framlag nemi um 800–900 millj. kr. á heilu ári, en að nálægt 400 millj. kr. greiðist vegna ársins 2010. Jafnframt er lagt til að lífeyrissjóðirnir annist einnig skil á iðgjaldi launagreiðenda til Starfsendurhæfingarsjóðs.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna tillögu í samræmi við fyrirheit stöðugleikasáttmálans um að 0,13% framlag ríkisins til Starfsendurhæfingarsjóðs reiknað sem hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi verði lögfest og komi til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013.

Um 3. gr.

Í stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009 er kveðið á um að komið verði á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta árangur og framhald verkefnisins. Í greininni er gert ráð fyrir að þeirri nefnd verði komið á fót af fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra og að hún skuli tryggja samhæfingu starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs við annað endurhæfingarstarf.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði a- og b-liðar 1. gr. og 3. gr. taki þegar gildi við birtingu laganna, en ákvæði c-liðar 1. gr. taki gildi 1. júlí 2010 og gildi þar með um þann iðgjaldsstofn sem myndast vegna júlílauna. Samkvæmt tillögum í frumvarpinu munu fyrstu greiðslur verða inntar af hendi til Starfsendurhæfingarsjóðs í september 2010. Ákvæði 2. gr. taka hins vegar ekki gildi fyrr en 1. júlí 2013.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, auk breytinga á lögum um tryggingagjald. Þessar breytingar eru í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf við gerð stöðugleikasáttmálans 25. júní 2009 varðandi Starfsendurhæfingarsjóð. Við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í ársbyrjun 2008 varð að samkomulagi milli aðila að hefja uppbyggingu áfallatrygginga. Í yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008 í tengslum við gerð kjarasamninga komu fram áform um að ríkið og lífeyrissjóðir kæmu að fjármögnun sjóðsins ásamt vinnuveitendum. Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga við aðila vinnumarkaðarins frá 25. júní sl. er nánar lýst framkvæmd þessarar yfirlýsingar.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfesta skyldu launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs, samhliða skyldu launþega til að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar frá 16 ára til 70 ára aldurs. Sú gjaldtaka er þegar komin til framkvæmda varðandi laun þeirra sem eru í stéttarfélögum, þ.m.t. af launum ríkisstarfsmanna, og mun lögfesting þessa frumvarps því ekki auka útgjöld ríkissjóðs sem launagreiðanda. Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs frá lífeyrissjóðunum er nemi 0,13% af iðgjaldastofni frá og með 1. júlí 2010. Í þriðja lagi er lögfesting á 0,13% framlagi ríkissjóðs til Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. júlí 2013 sem hér er lagt til að verði reiknað sem hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi. Fram til þess tíma verður framlag ríkisins 150 m.kr. árið 2010, 250 m.kr. árið 2011 og 350 m.kr. árið 2012, samtals 750 m.kr. samkvæmt samkomulagi aðila. Miðað við áætlaðan tryggingagjaldsstofn nú verður árlegt framlag ríkissjóðs liðlega 1 milljarður kr. árlega frá og með 1. júlí 2013. Áætlað er miðað við núverandi tryggingagjaldsstofn að greiðslur til Starfs-endurhæfingarsjóðs nemi allt að 3 milljörðum kr. á ári þegar framlagið verður komið að fullu til greiðslu frá öllum aðilum.

Rétt er að hafa í huga að verði frumvarp þetta að lögum munu iðgjaldagreiðslur lífeyrissjóða rýrna um 0,13% af iðgjaldsstofni. Að óbreyttu iðgjaldi kynni sú rýrnun að leiða til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga til lengri tíma litið en á móti ætti að vega minni örorkubyrði vegna aukinnar starfsendurhæfingar. Hjá lífeyrissjóðum ríkis og sveitarfélaga þar sem réttindi eru tryggð samkvæmt sérlögum þyrfti að breyta lögum til að ná því fram, ella hlýst af þessu gjaldi útgjaldaauki fyrir þá aðila.

993. Fyrirspurn [592. mál]

til heilbrigðisráðherra um markaðsleyfi lyfja.

Frá Valgerði Bjarnadóttur.

Getur ráðherra upplýst hve margar þeirra umsókna um markaðsleyfi lyfja sem höfðu verið í vinnslu umfram lögboðinn afgreiðslutíma samkvæmt svari ráðherra 24. mars sl. við fyrirspurn á þskj. 738 voru annars vegar vegna einstakra lyfja og hversu margar vegna viðbótarstyrkleika lyfs eða lyfjaforms?

Skriflegt svar óskast.

994. Framhaldsnefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um Íslandsstofu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Pétur Reimarsson, Vilmund Jósefsson, Grím Sæmundsen og Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Árna Gunnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Unni Halldórsdóttur frá Ferðamálasamtökum Íslands, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jakob F. Magnússon og Kristínu Magnúsdóttur frá Bandalagi íslenskra listamanna, Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands og Jón Gunnar Borgþórsson frá Ferðamálastofu.

Við umfjöllun nefndarinnar beindi hún sjónum sínum einkum að álitamálum sem varða stjórnskipulega stöðu Íslandsstofu, skipun stjórnar stofunnar, ráðgjafaráð, fagráð, verkefni aðalfundar, þörf á frekari lagabreytingum og mikilvægi þess að í raun og sanni verði komið á fót nýrri starfsemi á grunni Útflutningsráðs.

Samkvæmt frumvarpinu er Íslandsstofa samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda. Sem samstarfsvettvangur opinberra aðila og atvinnulífsins verður hún sjálfstæð stofnun með blandaða stjórn. Nefndin leggur áherslu á að Íslandsstofu sé þannig mörkuð sama staða innan stjórnkerfisins og Útflutningsráð hefur nú og að ekki sé verið að koma á fót nýrri ríkisstofnun. Þannig er lagt til að Íslandsstofa verði stofnuð á grunni Útflutningsráðs og yfirtaki réttindi þess og skuldbindingar, sem og eignir og skuldir, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Á þessu er hnykkt í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins þar sem sjálfstæði fjárhags og reikningshalds Íslandsstofu er áréttað og jafnframt tekið fram að þetta sé sambærilegt fyrirkomulag og gilt hefur um Útflutningsráð hingað til.

Nefndin ræddi samsetningu stjórnar Íslandsstofu vandlega fyrir 2. umræðu og lagði fram tillögu um breytingu á frumvarpinu sem fól í sér fjölgun stjórnarmanna. En eftir samráð við helstu hagsmunaaðila og til þess að freista þess að ná breiðari sátt um skipan stjórnarinnar varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja til að fækka stjórnarmönnum úr níu í sjö þannig að Samtök atvinnulífsins tilnefni fjóra menn stjórn, iðnaðarráðherra tilnefni einn, mennta-

og menningarmálaráðherra einn auk þess sem utanríkisráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar. Nefndin telur að fámennari stjórn verði skilvirkari og henti betur til að leiða það uppbyggingarstarf sem fram undan er þegar Íslandsstofu er komið á fót. Jafnframt gerir nefndin þá tillögu að utanríkisráðherra sem samkvæmt frumvarpinu skipar formann stjórnar skuli hafa samráð við aðra tilnefningaraðila um þá skipan.

Samhliða þeim breytingum á samsetningu stjórnar sem getið er um hér að framan gerir nefndin tillögu um að sérstakri ráðgjafaráði þar sem sæti eiga málsvarar allra helstu hagsmunaaðila á starfssviði Íslandsstofu. Ráðgjafaráðinu er ætlað að tryggja breiðari aðkomu hagsmunaaðila að stefnu Íslandsstofu og vera stjórninni til samráðs um verkefni stofunnar og árlega starfs- og fjárhagsáætlun hennar.

Nefndin leggur jafnframt áherslu á að auka vægi fagráða innan Íslandsstofu og að þau verði farvegur fleiri aðila til virkrar þátttöku í starfsemi stofunnar. Í því skyni leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þannig að sérstaklega verði kveðið á um að fagráð verði starfrækt á sviði menningarmála, umhverfismála og matvælagreina til viðbótar við fagráð á sviði markaðs- og kynningarmála ferðaþjónustunnar erlendis og fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi. Þá leggur nefndin til að stjórn Íslandsstofu geti skipað fagráð á fleiri sviðum og að þeir aðilar sem eiga fulltrúa í fagráðum hafi aðkomu að aðalfundi Íslandsstofu.

Nefndin telur að skilgreina þurfi hlutverk aðalfundar Íslandsstofu nánar en gert er í frumvarpinu. Nefndin leggur því fram breytingartillögu sem kveður á um að á aðalfundi kynni stjórn Íslandsstofu stefnumótun stofnunarinnar, geri grein fyrir störfum sínum og fagráða, og birti rekstraráætlanir og ársreikninga. Seturétt á aðalfundi hafi þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu, þeir aðilar sem eiga fulltrúa í ráðgjafaráði Íslandsstofu og jafnframt þeir sem eiga fulltrúa í fagráðum Íslandsstofu. Stjórninni er þar að auki heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi.

Nefndin fjallaði um það hvort stofnun Íslandsstofu kallaði á aðrar lagabreytingar og þá sérstaklega á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Nefndin hvetur til þess að hugað verði að breytingum á lögunum nú þegar og lítur svo á að slíkar lagabreytingar séu mikilvægur þáttur í því að koma Íslandsstofu á fót.

Hvað varðar þann þátt í starfsemi Íslandsstofu sem lýtur að fjárfestingarmálum gerir nefndin tillögu um að skerpa á orðalagi um að Íslandsstofa hafi það hlutverk að laða erlenda fjárfestingu til Íslands.

Að lokum vill nefndin ítreka að með stofnun Íslandsstofu sé nýrri starfsemi með ný verkefni komið á fót þó að það sé gert á grunni Útflutningsráðs. Íslandsstofa mun að mörgu leyti hafa breytt hlutverk og fleiri markmið en Útflutningsráð og markaðshluti Ferðamálastofu og því er brýnt að hin nýja stofa verði byggð upp í samræmi við það. Aðeins þannig verður kröfum um eflt samstarf ólíkra greina og hagsmunaaðila mætt svo úr verði öflug og drífandi starfsemi sem stendur undir markmiðum frumvarpsins um að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Helgi Hjörvar.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir, með fyrirvara.
Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	

995. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um Íslandsstofu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. D-liður 2. gr. orðist svo: að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál.
2. 3. gr. orðist svo:

Stjórn Íslandsstofu skipa sjö menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fjóra stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn án tilnefningar. Utanríkisráðherra skipar formann stjórnar að höfðu samráði við aðra tilnefningaraðila. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Að höfðu samráði við ráðgjafaráð skipuleggur stjórnin og ákveður verkefni Íslandsstofu, samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun stofunnar og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans.

Stjórnin skal í samráði við viðkomandi ráðuneyti sjá til þess að starfrækt séu fagráð um áherslur í markaðs- og kynningarmálum erlendis á sviði ferðaþjónustu, matvælagreina, umhverfismála, menningarmála og fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi. Eftir atvikum getur stjórnin með sama hætti skipað fagráð á fleiri sviðum. Þá skipar stjórnin ráðgjafaráð er skal vera henni til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í störfum stofunnar. Málsvarar mikilvægustu hagsmuna á starfssviði stofunnar skulu eiga sæti í ráðgjafaráðinu sem kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Utanríkisráðherra setur nánari reglur um ráðgjafaráðið, þ.m.t. um fjölda fulltrúa, samkvæmt tillögum stjórnarinnar.

Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert. Rétt til setu á aðalfundum eiga þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu, fulltrúar í ráðgjafaráði og þeir aðilar sem eiga fulltrúa í fagráðum Íslandsstofu. Stjórninni er heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir stefnumótun Íslandsstofu og störfum sínum og fagráða og birtir rekstraráætlanir og ársreikninga.

996. Tillaga til þingsályktunar [593. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010 sem gerðir voru í London 22. október 2009:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010.
2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.
3. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010 sem gerðir voru í London 22. október 2009: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010; 2. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010; og 3. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal II og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal III.

Á fundi strandríkjanna Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands, auk Evrópubandalagsins, í London 21. og 22. október 2009 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010. Í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og fyrri ákvörðun aðila um nýtingarstefnu til lengri tíma var heildaraflamark ákveðið 1.483.000 lestir, sbr. sameiginlegu bókunina, fylgiskjal I. Veiðiheimildir aðila skiptast í sömu hlutföllum og verið hefur frá árinu 2007 og verða á árinu 2010 sem hér segir:

Ísland	215.183	lestir
Færeyjar	76.523	lestir
Noregur	904.630	lestir
Rússneska sambandsríkið	190.121	lest
Evrópubandalagið	96.543	lestir

Í sameiginlegu bókuninni er sem fyrr gert ráð fyrir að heimilt verði að færa hluta kvóta milli ára til að skapa sveigjanleika við nýtingu veiðiheimildanna. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta veiðiheimildar, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2010, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2011. Hver aðili getur einnig heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta á árinu 2010 og skal þá

það magn, sem veitt er umfram kvótann fyrir árið 2010, dregið frá kvóta aðilans fyrir árið 2011.

Samhliða hinni fimmhliða sameiginlegu bókun voru gerðir ýmsir tvíhliða samningar milli aðilanna, einkum um heimildir til síldveiða í lögsögu hvers annars á árinu 2010. Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Noregs, sbr. fylgiskjal II, fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að fiskveiðilögsögu Jan Mayen og mega veiða 40.041 lest af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs norðan 62°N. Norsk skip fá heimild til að veiða 104.273 lestir í íslenskri lögsögu. Veiði íslensk fiskiskip minna en 29.660 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs á árinu 2010 mun Noregur færa 1.483 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2011 til Íslands.

Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 6.388 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal III.

Tekið skal fram að í samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010, sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 9. og 22. mars 2010, er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn kvóta í norsk-íslenskri síld í lögsögu hins. Samhliða þingsályktunartillögu þessari er lögð fram þingsályktunartillaga um staðfestingu þess samnings.

Sameiginlegu bókuninni og tvíhliða samningum á grundvelli hennar skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2010. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN

um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010.

1. Sendinefnd Færeyja undir forystu Andras Kristiansen, sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu John Spencer, sendinefnd Íslands undir forystu Hrefnu Karlsdóttur, sendinefnd Noregs undir forystu Sigrun M. Holst og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Sergey Belikov hittust í London 21. og 22. október 2009 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010.

2. Sendinefndirnar komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Sendinefndirnar lýstu þeirri ætlan sinni að leitast við að ná stöðugleika í hlutdeild aðila í fyrirkomulagi stjórnunar í framtíðinni. Enn fremur komu þær sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.
3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2010 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð þeirra sé lokið.
4. Sendinefndirnar komu sér saman um að fara þess á leit að Færeyjar, sem gestgjafi viðræðnanna, láti Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC) í té eintak af þessari sameiginlegu bókun ásamt viðaukunum við hana.

Gjört í London 22. október 2009 í fimm frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins
John Spencer

Fyrir sendinefnd Íslands
Hrefna Karlsdóttir

AGREED RECORD

of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the North-East Atlantic for 2010

1. A Delegation of the Faroe Islands, headed by Mr Andras Kristiansen, a Delegation of the European Community, headed by Mr John Spencer, a Delegation of Iceland, headed by Ms Hrefna Karlsdóttir, a Delegation of Norway, headed by Ms Sigrun M. Holst, and a Delegation of the Russian Federation, headed by Mr Sergey Belikov, met in London on 21 to 22 October 2009 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2010.
2. The Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2010 set out in Annex I to this Agreed Record. The Delegations stated their intention of retaining stability in the relative shares of the Parties in arrangements for future years. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.
3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2010 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.
4. The Delegations agreed to request the Faroe Islands as host of the consultations, to provide the North-East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) with a copy of this Agreed Record and its Annexes.

Done at London, 22 October 2009 in five originals in English.

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras KRISTIANSEN

For the Delegation of the European Community
John SPENCER

For the Delegation of Iceland
Hrefna KARLSDÓTTIR

Fyrir sendinefnd Noregs
Sigrun M. Holst

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Sergey Belikov

For the Delegation of Norway
Sigrun M. HOLST

For the Delegation of the Russian Federation
Sergey BELIKOV

I. VIÐAUKI

1. Leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010 er ákveðinn 1.483.000 lestir.

2. Samkvæmt framantöldu munu aðilar takmarka veiðar sínar úr síldarstofninum á árinu 2010 á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	96.543	lestir
Færeyjar	76.523	lestir
Ísland	215.183	lestir
Noregur	904.630	lestir
Rússneska sambandsríkið	190.121	lest

3. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2010, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2011. Slík færsla kemur til viðbótar þeim kvóta sem aðilanum er úthlutað fyrir árið 2011.
4. Hver aðili getur heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta. Allt það magn sem veitt er umfram hinn úthlutaða kvóta fyrir árið 2010 skal dregið frá úthlutun til aðilans fyrir árið 2011.
5. Aðilar munu láta í té upplýsingar um kvóta og afla á því formi sem sett er fram í viðbæti við þennan viðauka.
6. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

ANNEX I

1. A TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock of 1,483,000 tonnes is established for 2010.
2. In keeping with the above, the Parties will restrict their fishing on the herring stock in 2010 on the basis of the following quotas:

European Community	96,543	tonnes
Faroe Islands	76,523	tonnes
Iceland	215,183	tonnes
Norway	904,630	tonnes
Russian Federation	190,121	tonnes

3. Each Party may transfer unutilised quantities of up to 10% of the quota allocated to the Party for 2010 to the quota allocated to that Party for 2011. Such transfer shall be in addition to the quota allocated to the Party concerned for 2011.
4. Each Party may authorise fishing by its vessels of up to 10% beyond the quota allocated. All quantities fished beyond the allocated quota for 2010 shall be deducted from the Party's allocation for 2011.

5. The Parties will provide information regarding quotas and catches in the format set out in the Appendix to this Annex.
6. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

II. VIÐAUKI

Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 tonnum.
2. Að því er árið 2010 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á

ANNEX II

Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2,500,000 tonnes.
2. For 2010 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a

grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.

3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls frá 0,125 við B_{pa} (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við B_{lim} (2.500.000 tonn).
4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.

3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality rate from 0.125 at B_{pa} (5,000,000 tonnes) to 0.05 at B_{lim} (2,500,000 tonnes).
4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010 milli Íslands, Evrópubandalagsins, Færeyja, Noregs og Rússneska sambandsríkisins 22. október 2009 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2010 heimilt að veiða 215.183 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 40.041 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2010 heimilt að veiða allt að 104.273 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 29.660 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norð-

ARRANGEMENT

between Iceland and Norway on Access to the Norwegian Economic Zone North of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2010 between Iceland, the European Community, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation of 22 October 2009, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2010 to fish 215,183 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 40,041 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2010 to fish 104,273 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 29,660 tonnes of herring in the Norwegian

an 62°N á árinu 2010 mun Noregur færa 1.483 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2011 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 22. október 2009.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Hrefna Karlsdóttir	Sigrun M. Holst

Economic Zone north of 62°N during 2010, Norway will transfer 1,483 tonnes of its herring quota for 2011 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 22 October 2009

For the Icelandic Delegation	For the Norwegian Delegation
Hrefna KARLSDÓTTIR	Sigrun M. HOLST

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Evrópubandalaginu, Færeyjum, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2010 allt að 6.388 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:
   A. 64°00'N – 09°00'V
   B. 67°00'N – 09°00'V
   C. 69°25'N – 13°00'V
2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 22. október 2009.

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:	Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Hrefna Karlsdóttir	Sergey Belikov

ARRANGEMENT

between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2010

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the European Community, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2010, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2010 to take up to 6.388 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:
   A. 64°00´N – 09°00´W
   B. 67°00´N – 09°00´W
   C. 69°25´N – 13°00´W
2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 22 October 2009

For the Delegation of Iceland	For the Delegation of the Russian Federation
Hrefna KARLSDÓTTIR	Sergey BELIKOV

997. Svar [474. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um veðrétt á lánum Íbúðalánasjóðs.

1. *Hefur Íbúðalánasjóður í einhverjum tilfellum gefið eftir 1. veðrétt á lánum sínum til íbúðarkaupa, til banka og annarra fjármálafyrirtækja? Ef svo er, hvenær var Íbúðalánasjóði veitt heimild til þess?*

Óskað var eftir liðsinni Íbúðalánasjóðs við að svara fyrirspurninni. Svarið byggist á upplýsingum frá sjóðnum.

Í upphafi er rétt að taka fram að í lögum og reglugerðum um lánveitingar Íbúðalánasjóðs hefur almennt ekki verið gerð krafa um að lán sjóðsins hvíli á fyrsta veðrétti. Því er ekki talið að verið sé að gefa eftir veðrétt nema í þeim tilvikum þegar veitt eru veðleyfi, þ.e. þegar Íbúðalánasjóður samþykkir að veðréttur hans þoki fyrir öðrum lánum.

Næst verða rakin helstu fyrirmæli laga og reglugerða þar sem fjallað er um veðstöðu, veðrétti og veðleyfi vegna lána Íbúðalánasjóðs og forvera sjóðsins, Húsnæðisstofnunar ríkisins:

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, voru ákvæði um að lán skyldu að jafnaði vera tryggð með 1. eða 2. veðrétti. Engin nánari ákvæði voru í lögum um þetta, til dæmis hvað „að jafnaði“ þýddi en í framkvæmd mun lítið hafa reynt á þetta ákvæði þar sem Húsnæðisstofnun ríkisins var á þeim tíma nánast eini veitandi veðlána á Íslandi.

Eftir að húsbréfakerfið var tekið upp og farið var að veita svokölluð fasteignaveðbréf sem voru skiptanleg fyrir húsbréf var gert ráð fyrir því að önnur lán gætu hvílt á undan lánum úr húsbréfadeild. Í reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti, nr. 7/1999, voru ákvæði um að taka skyldi tillit til þeirra við lánveitingu:

> *„Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvílandi lána, uppfærðra.“*
>
> *„Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði notaðrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 6.200.000 kr.“*

Þannig var tekið tillit til áhvílandi lána við lánveitingu þannig að heildarveðsetning eignarinnar nam ekki meira en 65% við lánveitingu.

Dæmi I:	
Sótt um lán til kaupa á íbúð, verð	20.000.000 kr.
Veðrými 65% af kaupverði	13.000.000 kr.
Áhvílandi lán frá lífeyrissjóði	(7.000.000 kr.)
Hámarkslán Íbúðalánasjóðs til kaupanna	**6.000.000 kr.**

Dæmi II:	
Sótt um lán til kaupa á íbúð, verð	20.000.000 kr.
Veðrými 65% af kaupverði	13.000.000 kr.
Ekkert annað áhvílandi	
Hámarkslán Íbúðalánasjóðs til kaupanna	**6.200.000 kr.**

Í reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti, nr. 7/1999, var hins vegar ákvæði sem girti fyrir að unnt væri að veita veðheimild fyrir nýju láni sem færi framar fasteignaveðbréfinu í veðröð. Þannig hefði lántakanda í dæmi II ekki verið heimilt að veðsetja eign sína til tryggingar láni frá lífeyrissjóðnum sínum, hefði hann ekki hugað að því við kaupin. Reglugerðarákvæðið var svohljóðandi:

„Húsbréfadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.“

Þannig var talið óheimilt að veita veðleyfi fram fyrir lán Íbúðalánasjóðs.

Við breytingar á fjármögnun Íbúðalánasjóðs árið 2004 varð nokkur breyting á orðalagi ákvæða um útreikning nýrra lána og hvernig skyldi fara með lán sem fyrir voru áhvílandi á eign, sbr. reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004.

Þá var sett ákvæði um að lán sem hvíldu á undan í veðröð kæmu til frádráttar lánveitingu Íbúðalánasjóðs, þ.e. að fjárhæð áhvílandi lána kæmi til frádráttar hámarksfjárhæð lána Íbúðalánasjóðs. Þannig var tryggt að heildarfjárhæð lána sem hvíldu á eignum sem sjóðurinn lánaði til færi aldrei upp fyrir hámarkslán sjóðsins:

„Við gerð frumbréfs skal tekið tillit til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á heimilaðri lánsfjárhæð samkvæmt reglum sjóðsins og öllum uppfærðum áhvílandi lánum sem hvíla á undan.“

Ákvæði um bann við nýrri veðsetningu fram fyrir lán sjóðsins hélst óbreytt til að byrja með en þegar reglugerðinni var breytt með reglugerð nr. 958/2004 var veitt heimild til að veita veðleyfi fyrir nýjum lánum frá þriðja aðila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum:

„Íbúðalánasjóður heimilar ekki nýja veðsetningu á undan ÍLS-veðbréfi nema getið sé um slíka veðsetningu í veðbréfinu. Koma þau lán til frádráttar hámarksfjárhæð.

Íbúðalánasjóði er heimilt að fallast á veðsetningu á undan öðrum áhvílandi lánum sjóðsins en ÍLS-veðbréfum, svo fremi sem sameiginleg uppreiknuð fjárhæð eftirstöðva lánsins og nýs láns er ekki hærri en hámarkslán Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma, hún rúmist innan matsverðs eignarinnar og brunabótamats skv. 30. gr. og fari ekki yfir 90% af markaðsvirði hennar.“

Frá því að þetta ákvæði gekk í gildi í lok árs 2004 hafa verið afgreiddar 2.358 umsóknir vegna veðleyfa með vísan til þessarar heimildar. Mest var um þetta á árunum 2005–2007, en mjög fáar umsóknir hafa borist Íbúðalánasjóði undanfarna mánuði vegna veðleyfa af þessu tagi. Í eftirfarandi töflu er árlegur fjöldi umsókna tilgreindur.

Jan.– mars 2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	Samtals
5	69	95	420	550	1.168	51	2.358

2. *Sé þetta staðreynd, hvernig skiptist þessi eftirgjöf milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar?*

Í upplýsingakerfi Íbúðalánasjóðs kemur ekki fram heimilisfang þess veðandlags sem heimildin er veitt til. Skoða hefði þurft hverja umsókn fyrir sig til að geta aðgreint fjölda heimildanna eftir landshlutum.

Með vísan til framanritaðs verður því ekki talið að Íbúðalánasjóður gefi eftir veðrétt þegar veitt eru lán sem hvíla ekki á 1. veðrétti vegna þess að þegar hefur verið þinglýst láni á þann

veðrétt. Eingöngu er hægt að tala um eftirgjöf veðréttar í þeim tilvikum þegar veitt eru veðleyfi, þ.e. þegar Íbúðalánasjóður samþykkir að veðréttur hans þoki fyrir rétti annars lánveitanda.

998. Svar [347. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur um lágmarksframfærslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Telur ráðherra að setja eigi opinber viðmið eða lög um lágmarksframfærslu?

Þrátt fyrir að víða sé að finna ákveðin lágmarksframfærsluviðmið hjá ýmsum aðilum hér á landi og miklar umræður um hvort setja beri opinber viðmið um slík viðmið hefur ekki náðst samstaða um málið. Í umræðum á Alþingi þegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, voru sett var tekist á um tvö ólík sjónarmið. Annars vegar að ef jafnaðar skyldi gætt þyrfti að setja viðmiðunarákvæði um lágmark fjárhagsaðstoðar og hins vegar að með þeirri gjörð yrði sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga skertur. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga vó þyngra. Í lögunum er sveitarfélögum gert skylt að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar.

Í samkomulagi sem félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra gerðu með sér í desember 2007 er mælt fyrir um að ráðuneytið skuli árlega uppfæra grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu skv. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, og birta fjárhæðina í leiðbeiningum ráðuneytisins. Sveitarfélögum er hins vegar í sjálfsvald sett hvort þau fylgja þessu viðmiði eða ekki.

Einnig má geta þess að í 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, er kveðið á um sérstaka uppbót vegna framfærslu lífeyrisþega sem er í daglegu tali nefnd lágmarksframfærsluuppbót. Framfærsluuppbótin kom fyrst til sögunnar með setningu reglugerðar um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega, nr. 878/2008, sem kom til framkvæmda 1. september 2008. Með gildistöku hennar var þeim lífeyrisþegum sem búa einir og höfðu heildartekjur undir 150.000 kr. á mánuði tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu ef þeir gátu sýnt fram á að þeir gætu ekki framfleytt sér án þess. Miðað var við að þeir lífeyrisþegar sem ekki byggju einir þyrftu að hafa heildartekjur undir 128.000 kr. á mánuði til þess að geta átt tilkall til uppbótarinnar. Fjárhæð tekjumarkanna var hækkuð um 20% frá og með 1. janúar 2009, þ.e. upp í 180.000 kr. á mánuði hjá þeim lífeyrisþegum sem búa einir og í 153.500 kr. á mánuði hjá þeim sem ekki búa einir. Þessi ákvæði voru síðan lögfest um síðustu áramót sem þýðir að öllum lífeyrisþegum er nú tryggð samkvæmt lögum ákveðin lágmarksfjárhæð til framfærslu.

Hjá Reykjavíkurborg hafa tölur sl. 20 ára um fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð sýnt glögglega að samhengi er milli atvinnuleysisstigs og fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð. Hérlendis hefur efnahagsástand því einnig forspárgildi um fjölda sem sækir um fjárhagsaðstoð. Í harðnandi árferði mun án efa verða vart við sömu þróun í íslenskum sveitarfélögum og varð á Norðurlöndum, þ.e. fjölgun þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. Tölur liggja fyrir

í Reykjavíkurborg um fjölgun þeirra sem fá fjárhagsaðstoð milli áranna 2008 og 2009, þ.e. 19%, eftir að hafa farið lækkandi um langt árabil. Sambærilegar tölur vegna alls landsins liggja ekki enn fyrir. Með auknu atvinnuleysi, ekki síst langtímaatvinnuleysi, og þar með auknum fjölda sem lifir á atvinnuleysisbótum og framfærslu sveitarfélaga til lengri tíma en verið hefur og sem gæti bent til aukinnar fátæktar og félagslegrar einangrunar, verður spurningin um opinbert viðmið um lágmarksframfærslu áleitnari. Óháð því hvaðan greiðsla til framfærslu kemur, hvort hún er vegna atvinnuleysis eða skertrar atvinnugetu vegna fötlunar, tímabundinna veikinda, langtímaveikinda eða slysa, þá yrði öllum tryggt ákveðið lágmark til framfærslu væri sett opinbert viðmið um lágmarksframfærslu.

Einnig ber að geta þess að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna vinnur út frá neysluviðmiðum. Viðmiðunarneysla Ráðgjafarstofu er að norrænni fyrirmynd en löguð að íslenskum aðstæðum. Fjárhæðirnar eru byggðar á heimilisbókhaldi 40 fjölskyldna í landinu sem færðu heimilisbókhald yfir þriggja mánaða tímabil. Útgjöld þeirra voru síðan skoðuð þannig að einungis var tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda að mati Ráðgjafarstofu.

Sé litið til Norðurlanda í þessu tilliti kemur í ljós að öll löndin nema Noregur hafa innleitt reglur um lágmarksgreiðslur. Danir og Finnar hafa sett reglur um sambærilega aðstoð til allra, Svíar hafa innleitt lágmarksgreiðslur sem allir eiga rétt á óháð búsetu í sveitarfélagi og í Noregi hafa verið innleiddar leiðbeiningar um lágmarksgreiðslur sem mælt er með að sveitarfélögin fylgi, en að þau setji sér eigin reglur. Eins og fram kom hér að framan er sjálfdæmi sveitarfélaga meira hérlendis. Reynsla Norðurlanda sl. 20 ár hefur sýnt að efnahagsástand hefur forspárgildi um fjölda þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð. Setning reglna um lágmarksgreiðslur er svar Norðurlanda við versnandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga þannig að allir njóti sömu kjara.

Innan OECD og Evrópusambandsins hefur um nokkuð langt skeið verið unnið að þróun viðmiðs um lágtekjumark sem gerir samanburð mögulegan milli landa. Hagstofa Íslands hefur síðan árið 2004 framkvæmt lífskjararannsókn sem er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Sambærileg rannsókn er gerð í öllum löndum Evrópusambandsins, Noregi og Sviss. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og gengið er út frá ráðstöfunartekjum heimila þegar efnahagsleg staða fólks er metin. Ísland er þátttakandi í þessari vinnu og nýtir nú þegar þetta viðmið um lágtekjumark með því að vera þátttakandi í SILC-rannsókninni.

Lágtekjuhlutfall (e. at-risk-of-poverty rate) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk kveða á um. Lágtekjumörk eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu (neyslueining er ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki). Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna.

Eins og getið var hér að framan hafa umræður verið um það hérlendis hvort setja eigi opinber framfærsluviðmið eða neysluviðmið eins og greint verður frá hér á eftir. Starfshópur sem viðskiptaráðherra skipaði í árslok 2004 eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar vann forkönnun á því hvort framkvæmanlegt væri að semja neysluviðmið á Íslandi. Nefndin skilaði skýrslu í október 2006. Helstu niðurstöður hennar voru að gerð neysluviðmiðs á Íslandi sé vel framkvæmanlegt og skyldi það byggjast á upplýsingum sem safnað er í neyslukönnun Hagstofunnar. Nefndin benti á að talsverður kostnaður væri samhliða vinnslu slíks viðmiðs jafnvel

þótt farin yrði tiltölulega ódýr leið. Þó var talið að ávinningur yrði meiri en sem næmi kostnaði. Var meðal annars nefndur til sögunnar vinnusparnaður hjá opinberum aðilum og fjármálastofnunum og minna útlánatap hjá fjármálastofnunum vegna betra viðmiðs, minni kostnaður vegna vanskila sökum bættrar fjármálaráðgjafar og skilvirkari og markvissari ákvarðanataka ríkis og sveitarfélaga vegna málefna sem varða fjármál einstaklinga og heimila í landinu.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið sýnist ótvíræður ávinningur af því að tekið verði upp opinbert viðmið um lágmarksframfærslu hér á landi. Að því verður unnið af hálfu félags- og tryggingamálaráðuneytisins og í því samhengi tekið til skoðunar hvernig þessi tillaga fellur að hlutverki umboðsmanns skuldara, sbr. frumvarp til laga um umboðsmann skuldara sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

999. Frumvarp til laga [244. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að skipverjar hafi gild skírteini til þess að starfa um borð í skipi, að skip hafi gilt haffærisskírteini og að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Þá er það einnig markmið laga þessara að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni og að siglingatími skipverja sé skráður.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni að undanskildum þeim sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Lögskráningarkerfi* er rafrænn gagnagrunnur sem vistar upplýsingar um lögskráningar. Siglingastofnun Íslands rekur gagnagrunninn og veitir aðgang að honum til lögskráningar.
2. *Lögskráning* er lögformleg skráning skipverja um borð í skipum í gegnum lögskráningarkerfið að uppfylltum skilyrðum 5. gr.
3. *Skipverji* er sá sem er ráðinn til starfa á skipi samkvæmt ákvæðum sjómannalaga.
4. *Skírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
5. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skip, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

4. gr.

Lögskráningarskylda.

Áður en haldið er úr höfn skal skipstjóri sjá til þess að allir skipverjar sem eru ráðnir til starfa um borð í skipi skráðu hér á landi séu lögskráðir í skiprúm.

Óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir í skiprúm. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum.

Þegar veru skipverja um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé lögskráður úr skiprúmi.

5. gr.

Framkvæmd lögskráningar.

Skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráning fari fram í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráninguna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að senda öll áskilin gögn og upplýsingar til þess sem annast lögskráninguna, sbr. f-lið 1. mgr. 7. gr.

Einungis er heimilt að lögskrá í skiprúm ef eftirtalin gögn eða upplýsingar liggja fyrir:

1. Skírteini skipverja eða undanþágur, þ.m.t. skipstjóra.
2. Mælibréf skips og haffærisskírteini.
3. Staðfesting á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt.
4. Yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningaraðili ganga úr skugga um að tryggingarnar séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

6. gr.

Gjöld.

Greiða skal gjald til Siglingastofnunar Íslands fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu. Þá skal greiða þeim sem falið er með reglugerð að annast lögskráningu gjald fyrir þau störf sem innt eru af hendi við framkvæmd lögskráningar samkvæmt lögum þessum. Skal kostnaður miðast við veitta þjónustu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra og við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa starfsmanna og rekstrarkostnað vegna viðhalds og vistunar lögskráningarkerfisins.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

a. nánari framkvæmd lögskráningar og skilyrði hennar,
b. hvernig standa skuli að rafrænu lögskráningunni í gegnum lögskráningarkerfið og notkun rafrænna skilríkja í þeim efnum,
c. öryggisfræðslu sjómanna og hvernig að henni skuli staðið,
d. hversu langt þurfi að líða á milli grunnöryggisfræðslunámskeiðs og endurmenntunarnámskeiðs,

e. frest til þess að ljúka öryggisfræðslunámskeiði sjómanna,
f. hvaða embætti eða stofnun skuli annast framkvæmd lögskráningar í samræmi við 2. mgr. 5. gr.,
g. hvernig standa skuli að aðgangi að gögnum og upplýsingum úr lögskráningarkerfinu til stéttarsamtaka, eða aðila í þeirra umboði,
h. eftirlit með framkvæmd lögskráningar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa, frístundafiskiskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.

8. gr.
Eftirlit.

Starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að fara um borð í íslensk skip, á hafi sem í höfn, og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það. Við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar. Bera má þá ákvörðun undir dómstóla eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknaraðgerðir í sakamáli undir dóm.

Veita skal þó skipstjóra stuttan tíma til leiðréttingar á röngum færslum eða skráningu í lögskráningarkerfið áður en kæra verður gefin út.

9. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

10. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna.

11. gr.
Breyting á öðrum lögum.

13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, fellur brott.

1000. Skýrsla [594. mál]

Kristjáns L. Möllers samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Inngangur

Eftirfarandi samantekt er í samræmi við 5. gr. laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008, en þar segir „Ráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár á undan“. Hér er lögð fram skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar árið 2008. Fram til þessa hafa verið lagðar fram skýrslur fyrir hverja grein samgangna fyrir sig en nú er tekin upp sú nýbreytni að gerð er grein fyrir framkvæmd allra greinanna í einni samantekt. Þetta er gert af tveimur ástæðum. Annars vegar er hér um sparnaðarráðstöfun að ræða. Með þessu fyrirkomulagi er eingöngu gefin út og lögð fram stutt samantekt um allar samgöngugreinarnar. Áður voru gefnar úr þrjár mun lengri skýrslur þar sem gerð var grein fyrir framkvæmd hverrar greinar samgangna. Í öðru lagi er hér um að ræða eðlilega þróun í rafrænni stjórnsýslu. Skýrslan sem hér er lögð fram verður, jafnframt því að vera lögð fyrir Alþingi, einnig aðgengileg á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, ásamt nákvæmum skýrslum um framkvæmd hverrar áætlunar fyrir sig. Eðli málsins samkvæmt verður stutt samantekt eins og hér er sett fram ekki eins djúp og skýrslur einstakra greina. Á móti kemur að reynt er að skapa yfirsýn yfir samgöngugreinarnar. Á heimasíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis má finna skýrslur einstakra stofnana: http://www.samgonguraduneyti.is/. Þá er einnig bent á ársskýrslu Flugstoða ohf. en hún er birt á heimasíðu fyrirtækisins: http://www.flugstodir.is/

Skýrslan er þannig upp byggð að á eftir inngangi sem tekur til allra greinanna er fjallað um greinarnar í þessari röð:

Umfjöllun um flugmál.

Umfjöllun um Siglingamál.

Umfjöllun um Vegamál.

Útgjöld til vegamála, siglingamála og flugmála hafa verið sem hér segir undanfarin ár í milljónum króna.

	2008	**2007**	**2006**	**2005**
Flugmál	5.941,3	4.318,2	4.207,0	4.324,4
Siglingamál	2.477,4	1.850,1	1.626,0	1.754,4
Vegamál	31.249,9	18.493,6	13.981,2	13.443,4

Í tölum um flugmál eru meðtalin öll gjöld sem til flugmála fara á árinu 2008 og eru á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Þann 1. janúar 2008 færðust Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvöllur til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Árið eftir, þann 1. janúar 2009, tók Keflavíkurflugvöllur ohf. til starfa en félagið sinnti m.a. þeim verkefnum sem áður var sinnt af fyrrnefndum aðilum. Fyrsta eiginlega rekstrarár einingarinnar er því 2009. Í skýrslu ársins 2009 verður gerð grein fyrir rekstri hennar. Árið 2007 er fyrsta rekstrarár Flugstoða ohf. Það ár eru

afskriftir fastafjármuna félagsins taldar með í fyrsta sinn. Fram að þeim tíma eru eingöngu afskriftir vegna alþjóðaflugþjónustunnar taldar með en á hennar vegum er langmestur hluti afskrifta. Þá eru meðtaldar í eldri tölum ýmis viðskipti milli deilda Flugmálastjórnar sem síðan varð Flugstoðir ohf. og Flugmálastjórnar Íslands. Þessi breyting gerir það að verkum að tölur eru ekki sambærilegar og verður að líta á að ný byrjun skapist við skipulagsbreytinguna. Í tölum um flugmál eru innifaldar rekstartölur flugvalla, fjárfestingar o.fl.

Í tölum um útgjöld til siglingamála eru talin með öll gjöld sem falla undir verksvið Siglingastofnunar Íslands, hvort sem er til hafnamála, siglingamála, vitamála eða annarra þátta á sviði stofnunarinnar. Samkvæmt því eru í útgjaldatölum siglingamála talin með verkefni eins og vitar og leiðsögukerfi, Vaktstöð siglinga, skipaeftirlit, rannsóknir, framlög til hafnarmannvirkja, Landeyjahafnar og sjóvarna.

Innifalið í útgjöldum til vegamála eru öll útgjöld, svo sem rekstur og þjónusta, þ.m.t. umferðareftirlit, vetrarþjónusta, almenningssamgöngur og rannsóknir. Viðhald þjóðvega sem m.a. inniheldur endurnýjun slitlaga, styrkingar, öryggisaðgerðir og stofnkostnaður en í þeim lið eru taldar allar nýjar framkvæmdir. Á móti koma síðan tekjur vegasjóðs bensíngjald, olíugjald og þungaskattur en nánar er gerð grein fyrir þeim liðum hér á eftir.

Þessar upplýsingar eru byggðar á skýrslum Flugstoða ohf., Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.

Stofnkostnaður-fjárfestingar

Fjárfestingar ríkisins í innviðum samgangna hafa undanfarin ár verið með þessum hætti, í milljónum króna:

	2008	**2007**	**2006**	**2005**
Flugmál	1.579,8	506,3	539,0	629,5
Siglingamál	1.417,4	991,4	860,3	1.006,9
Vegamál	22.770,9	9.865,9	6.905,2	6.617,0
Samtals	**25.768,1**	**11.363,6**	**8.304,5**	**8.253,4**

Árið 2008 voru framlög til fjárfestinga aukin vegna samdráttar í þorskkvóta.

Um flugmál er helst að taka fram að á árinu 2008 voru framkvæmdir við flugvöllinn á Akureyri í fullum gangi. Framkvæmdir við flugvelli eru að fullu fjármagnaðir af ríkinu, í þess eigu og reknir á ábyrgð þess.

Árið 2005 voru miklar framkvæmdir við hafnir Fjarðabyggðar alls um 170,2 m.kr. Árið eftir var framkvæmt þar fyrir um 115,6 m.kr. Árið 2007 var framkvæmt þar fyrir 114,2 m.kr. Árið 2008 er framkvæmt fyrir 231,6 m.kr. í Landeyjahöfn auk þess sem 31,1 m.kr. fóru í hönnun og undirbúning vegna nýrrar Vestmannaeyjaferju. Ríkið styrkir hafnaframkvæmdir að ákveðnu hlutfalli. Hafnir eru í eigu sveitarfélaga og reknar af þeim. Frumkvæði að hafnarframkvæmdum kemur í flestum tilfellum frá þeim. Hafnarframkvæmdir eru því meiri en sem nemur framlagi ríkisins því sveitarfélögin standa einnig straum af þeim. Þá er nokkuð um framkvæmdir á vegum hafna sem ekki eru styrkhæfar og eru Faxaflóahafnir nærtækasta dæmið um slíkar hafnir. Í þessari samantekt er fjallað um ríkisstyrki til hafnaframkvæmda og sjóvarna.

Af framlögum til vegaframkvæmda 2005 bar hæst 1.200 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru tvöföldun Hringvegar frá Víkurvegi að Skarhólabraut, 543 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Kaldárselsvegi, 179 m.kr., breikk-

un gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, 342 m.kr. og færsla Hringbrautar, 576 m.kr. Af 2.008 m.kr., þ.a. 300 m.kr. aukafjárveitingu, til framkvæmda á landsbyggð var helst unnið við göng undir Almannaskarð, 506 m.kr., Hringveg um Svínahraun 448 m.kr., Hringveg um Stafholtstungur, 221 m.kr., Suðurstrandarveg frá, Grindavík að Þorlákshafnarvegi, 124 m.kr., Hálsasveitarveg frá Stóra-Ási að Húsafelli 98 m.kr. og Djúpveg frá Kleifum að Hesti, 122 m.kr. Þá fóru 1.200 m.kr. til jarðgangagerðar, þ.e. til Fáskrúðsfjarðarganga.

Árið 2006 var 1.234,0 kr. varið til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru mislæg gatnamót Hringvegar og Nesbrautar fyrir 443 m.kr., tvöföldun Hringvegar frá Víkurvegi að Skarhólabraut, 148 m.kr., framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Laugarnesvegi til Dalbrautar (Sæbraut), 170 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi til Kaplakrika, 1.099 m.kr., færsla Hringbrautar, 98 m.kr., Hallsvegur 112 m.kr. Til framkvæmda á landsbyggð fóru 1.759,0. Helstu verkefni voru Suðurstrandarvegur frá Grindavík til Þorlákshafnarvegar, 187 m.kr., breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi til Víknavegar, 672 m.kr., Krýsuvíkurvegur frá Reykjanesbraut að Vatnsskarði, 105 m.kr., Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði, 247 m.kr., Vestfjarðavegur um Svínadal, 344 m.kr., Þverárfjallsvegur frá Skagavegi að Sauðárkróki, 299 m.kr., Norðausturvegur um Laxá hjá Laxamýri, 121 m.kr. Það ár fóru 725,0 m.kr. til jarðagangaáætlunar, þ.e. til Héðinsfjarðarganga og ganganna milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Árið 2007 var veitt 1.002,0 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru gerð gatnamóta á Hafnarfjarðarveg við Nýbýlaveg, 214 m.kr., framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Laugarnesvegi að Dalbraut (Sæbraut), 78 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika, 502 m.kr. Þá fóru 3.300,0 m.kr. til framkvæmda á landsbyggð. Helstu verkefni voru hringtorg á Hringveg við Þingvallaveg, 151 m.kr., breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Víknavegi, 681 m.kr., framkvæmdir við Hringveg um Stafholtstungur, 154 m.kr., Hringvegur um Hrútafjörð, 84 m.kr., Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði, 572 m.kr.,Vestfjarðavegur frá Skálanesi að Eyri, 240 m.kr., framkvæmdir við Djúpveg frá Eyri að Svansvík, 217 m.kr., Djúpvegur frá Reykjanesi að Hörtná, 887 m.kr., Tröllatunguvegur frá Vestfjarðavegi að Djúpvegi, 313 m.kr, Þverárfjallsvegur frá Skagavegi að Sauðárkróki, 423 m.kr., Hringvegur frá Ármótaseli að Skjöldólfsstöðum, 134 m.kr., Norðausturvegur frá Presthólum að Kópaskeri, 172 m.kr. Framlag til jarðganga árið 2007 var 1.750,0 m.kr. og rann til Héðinsfjarðarganga.

Árið 2008 var varið 3.445,0 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. 5.678,0 m.kr. var varið til framkvæmda á landsbyggð og 3.456,0 m.kr. til jarðganga. Af framlögum til jarðganga fóru 1.280,0 m.kr. til Bolungarvíkurganga og 2.072,0 m.kr. til Héðinsfjarðarganga. Nánar er fjallað um framkvæmdir þess árs í sérstökum kafla um vegamál.

Markaðar tekjur

Markaðar tekjur stofnananna hafa breyst með þessum hætti undanfarin ár, tölur í milljónum króna:

	2008	2007	2006	2005
Vegamál:				
Bensíngjald	6.834	7.220	6.935	6.363
Þungaskattur	1.214	1.195	1.013	3.196
Olíugjald	6.065	6.096	5.540	1.697

	2008	2007	2006	2005
Annað	13	14	6	10
Alls	**14.126**	**14.525**	**13.494**	**12.085**
Siglingamál:				
Vitagjald	145,6	130,2	126,7	135,2
Flugmál:				
Varaflugvallagjald	513	559	516	444
Flugvallaskattur utanlfl.	328	357	330	283
Flugvallaskattur innanlfl.	155	158	141	137
Alls	**996**	**1.074**	**987**	**864**
Samtals	**15.267,6**	**15.729,2**	**14.607,7**	**13.084,2**

Markaðar tekjur hafa aukist um tæp 17% frá 2005 til 2008. Vitagjald hefur hækkað minnst eða um tæp 8% en tekjur hinna stofnananna hafa hækkað um tæp 17%.

Tekjur vegamála eru nær eingöngu markaðar tekjur vegasjóðs. Þessar tekjur renna til viðhalds, framkvæmda, þjónustu og fleiri liða. Fyrir kemur að til málaflokksins renni einnig framlög úr ríkissjóði.

Tekjur til siglingamála eru, auk vitagjaldsins, ýmsar tekjur Siglingastofnunar fyrir þjónustu sem stofnunin veitir. Framlög til siglingamála eru að stærstum hluta beinir ríkisstyrkir.

Framlög til flugmála eru auk markaðra tekna bein framlög úr ríkissjóði og gjöld fyrir þjónustu eða notkun mannvirkja eins og lendingargjald.

Fróðlegt er að bera saman gjöld af bifreiðaeigendum og framlög til vegamála í milljónum króna. Taflan er byggð á upplýsingum frá fjármálaráðuneyti auk talna frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

	2008	2007	2006	2005
Vörugjald af ökutækjum	6.826	11.208	10.083	10.391
Vörugjald af bensíni almennt	1.904	1.948	2.060	2.356
Vörugjald af bensíni sérstakt	6.833	7.220	6.935	6.342
Olíugjald	5.921	6.224	5.560	1.703
Bifreiðagjald	4.701	4.435	4.110	3.665
Þungaskattur	0	-5	-34	3.918
Kílómetragjald	1.028	1.347	1.205	657
Samtals	**27.213**	**32.376**	**29.919**	**29.032**
Framlög til vegamála	31.250	18.494	13.981	13.443

Eins og sjá má eykst framlag til vegamála frá því að vera innan við helmingur af því sem aflað er frá bifreiðaeigendum upp í það að vera umfram þá gjaldtöku árið 2008. Hafa verður í huga að ekki er gerð grein fyrir öllum gjöldum af bifreiðaeigendum og má nefna að vörugjöld af varahlutum eru ekki talin með, né heldur virðisaukaskattur af eldsneyti, bifreiðum og varahlutum.

Þá er ástæða til að gefa sérstakan gaum að auknum framlögum til viðhalds vega en sá kostnaðarliður hefur vaxið umtalsvert. Séu bornir saman fjórir helstu viðhaldsþættirnir kemur eftirfarandi í ljós:

	2008	**2007**	**2006**	**2005**
Endurnýjun bundins slitlags	1.574,5	1.129,7	1.043,8	1.003,0
Endurnýjun malarslitlaga	490,0	240,0	226,0	224,0
Styrkingar og endurbætur	956,0	890,0	808,0	780,0
Brýr, varnargarðar og veggöng	406,0	290,0	266,0	248,0
Samtals	**3.426,5**	**2.549,7**	**2.343,8**	**2.255,0**

Eins og sjá má aukast framlög til þessara fjögurra viðhaldsliða úr 2.255,0 m.kr. í 3.426,5 m.kr. eða um næstum 52%. Mikill hluti vegakerfisins er með burðarlag frá því upp úr 1980. Því er kominn tími til að endurnýja það. Þá hefur umferð aukist mikið og þyngri bílar fara um vegina en áður var. Þá hefur viðhald tengi- og safnvega aukist mikið.

Umferð og flutningar

Farþegafjöldi um flugvelli hefur verið með þessum hætti frá 2005 til 2008. Tölur um póst- og vöruflutninga eru í tonnum.

	2008	**2007**	**2006**	**2005**
Reykjavík	463.889	471.372	420.047	382.016
Akureyri	221.759	221.200	201.957	179.862
Vestmannaeyjar	52.189	48.882	47.523	50.490
Egilsstaðir	120.223	157.643	150.748	126.895
Ísafjörður	51.791	50.314	44.604	45.682
Aðrir flugvellir	54.628	55.137	51.450	53385
Samtals	**964.479**	**1.004.548**	**916.329**	**838.330**
Póstur og vörur – allir flugv.	2.678	3.564	2.870	3.320

Eins og sjá má hafa flutningar um flugvelli aukist á tímabilinu. Heildaraukningin er rúmlega 15%. Aukning milli áranna 2005 og 2007 er þó meiri eða tæplega 18%. Samdráttur milli áranna 2007 og 2008 skýrist af minni flugumferð um Egilsstaðaflugvöll en á þessum tíma er farið að gæta minni umferðar starfsmanna við virkjunarframkvæmdir. Vöru- og póstflutningar hafa minnkað í allmörg ár en póstflutningar hafa að mestu flust á vegi nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar. Sveiflur áranna 2005–2008 skýrast að mestu leyti af mismunandi flutningum vegna námuvinnslu á Grænlandi en þeir fóru um Akureyrarflugvöll.

Vöruflutningar um hafnir landsins hafa verið með þessum hætti árin 2005 til 2008, í tonnum:

	2008	2007	2006	2005
Reykjavík	1.831.308	2.042.161	2.273.921	2.287.385
Grundartangi	1.254.269	1.393.942	1.012.106	909.034
Akureyri	153.616	128.821	146.269	137.411
Neskaupstaður	107.855	113.103	105.539	107.686
Reyðarfjörður	1.238.311	407.918	519.825	305.444
Vestmannaeyjar	125.481	110.565	114.700	156.137
Þorlákshöfn	86.709	115.382	98.670	118.702
Reykjaneshöfn	251.469	333.426	164.928	118.469
Straumsvík	698.776	662.540	594.287	634.537
Hafnarfjörður	321.121	251.121	212.443	209.323
Aðrar hafnir	502.096	588.312	670.831	800.125
Samtals	**6.571.011**	**6.147.291**	**5.913.519**	**5.784.253**

Flutningar um hafnir jukust um 13,6% frá 2007 til 2008. Mesta athygli vekur samdráttur í flutningum um Reykjavíkurhöfn en hann skýrist af minni flutningum á olíu og iðnaðarvörum. Heildarflutningar hafa aukist á tímabilinu vegna meiri flutninga um Grundartangahöfn og Reyðarfjörð hvorutveggja vegna stóriðju.

Afli sem barst á land í höfnum landsins árin 2005–2008 var, í tonnum.

	2008	2007	2006	2005
Neskaupstaður	210.091	216.511	244.101	208.269
Vestmannaeyjar	195.272	199.046	196.571	218.341
Eskifjörður	101.934	110.558	112.525	177.017
Reykjavík	101.224	100.092	89.582	87.677
Seyðisfjörður	93.299	78.223	83.881	138.826
Vopnafjörður	84.604	93.594	77.379	106.734
Hornafjörður	72.867	73.422	44.360	58.928
Þórshöfn	63.014	61.547	32.854	59.268
Fáskrúðsfjörður	56.702	60.560	55.499	92.522
Grindavík	46.011	63.702	52.636	69.116
Aðrar hafnir	332.963	412.027	414.469	564.064
Samtals	**1.357.981**	**1.469.282**	**1.403.856**	**1.780.762**

Akstur hefur breyst með þessum hætti á sama tímabili, tölur eru í m.km.

	2008	2007	2006	2005
Akstur alls	3047	3.127	2.977	2.807
Tonnkílómetrar	805	825	786	741
Stofn- og tengivegir	2.183	2.227	2.080	1.945

Akstur tengist að miklu leyti almennu efnahagsástandi í hverju þjóðfélagi. Eins og sjá má hefur akstur aukist nokkuð á tímabilinu en hér var góðæri fram á árið 2008. Sé farið aftur til ársins 2001 hafa eknir kílómetrar aukist úr 2.400 m.km og tonnkílómetrar úr 750 m. Til ársins 2007 er það um 30% aukning í eknum kílómetrum.

Umfjöllun um starfsemi einstakra stofnana og fyrirtækja

Flugmál

Rekstur og þjónusta

Flugstoðir ohf. tóku til starfa 1. janúar 2007 og tóku þá yfir flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Samgönguráðuneytið og Flugstoðir gerðu milli sín þjónustusamning til tveggja ára um rekstur flugleiðsöguþjónustu og flugvalla og er endurgjald þjónustusamningsins greitt úr ríkissjóði og af mörkuðum tekjum til flugmála. Umsamið endurgjald vegna reksturs fyrir árið 2008 var 1.332,2 millj. kr. og skiptist þannig:

	Millj. kr.
Flugleiðsöguþjónusta, þ.m.t. hlutur ríkisins í Alþjóðaflugþjónustunni	323,3
Rekstur flugvalla og fl.	1.008,9

Sem opinbert hlutafélag gefa Flugstoðir ohf. út ársskýrslu en í henni er ársreikningur félagsins, ýmsar lykiltölur, sem og yfirlit yfir starfsemi félagsins.

Heildar rekstrartekjur félagsins á árinu 2008 námu 3.821,8 millj. kr. og heildar rekstrargjöld námu 3.868,6 millj. kr. Rekstrartap félagsins var því 46,8 millj. kr. Hagnaður félagsins fyrir áhrif dótturfélaga nam 99,2 millj. kr.

Sundurliðun einstakra gjaldaliða

Flugstoðir ohf. reka fjölda flugvalla og lendingarstaða á landinu. Flugstoðir reka hvern flugvöll sem sérstaka einingu og bókfæra kostnað eftir því hvar hann fellur til. Á móti kostnaði koma tekjur samkvæmt þjónustusamningi og eru þær greindar niður á hvern stað. Tafla 2 hér á eftir sýnir þessa skiptingu. Til viðbótar eru tekjur af lendingar-, vopnaleitar- og stæðisgjöldum sýndar í aftasta dálki. Rétt er að geta þess að tekjur flugvallanna eru ekki tæmandi þar sem leigutekjur og tekjur af verksölu eru ekki sýndar. Gjöld flugvallanna falla til vegna almenns rekstrar, t.d. eftirlits með flugbrautum, turnþjónustu, snjómoksturs, slökkviþjónustu, umsjónar og viðhalds fasteigna og fl.

Til viðbótar ofangreindum kostnaði flugvallanna fellur til kostnaður vegna flugleiðsögu, stjórnunar og fleira.

Þús. kr.	**Gjöld**	**Tekjur þjónustusamn.**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið, miðlægt	368.503	157.873
Flugstjórnardeild, flugleiðsaga innanlands	202.071	163.299

Gjöld flugvalla- og flugleiðsögusviðs falla til vegna gæðastjórnunar, flugverndar og öryggismála, umsjón með flugleiðsögubúnaði auk stjórnunar flugvallakerfisins. Gjöld flugstjórnardeildar felast í flugleiðsögu innanlands.

Eftirfarandi tafla sýnir kostnað eftir einstökum flugvöllum og lendingarstöðum:

Tafla 2 Kostnaður og tekjur á flugvöllum 2008 (þús. kr.)

Flugvellir:	Kostnaður	Tekjur þjónustu-samnings	Tekjur lendingar-vopnaleitar- og stæðisgj.
Reykjavíkurflugvöllur	453.139	304.368	72.131
Lendingarstaðir Suðvesturland	3.520	3.780	0
Sandskeið	2.693	432	0
Stóri-Kroppur	34	0	0
Stykkishólmsflugvöllur	2.721	1.488	5
Rifsflugvöllur	2.356	2.352	0
Vestmannaeyjaflugvöllur	97.288	84.384	5.191
Bakkaflugvöllur	20.955	18.360	1.438
Helluflugvöllur	3.005	2.280	0
Selfossflugvöllur	1.954	1.848	0
Sjúkraflugvellir Vestfjörðum	466	348	0
Ísafjarðarflugvöllur	75.013	60.972	4.107
Patreksfjarðarflugvöllur	3.127	1.704	0
Hólmavíkurflugvöllur	945	1.044	0
Gjögursflugvöllur	10.283	7.068	127
Bíldudalsflugvöllur	15.462	12.192	651
Þingeyrarflugvöllur	11.056	9.564	94
Sjúkraflugvellir Norðurlandi	872	1.488	0
Blönduósflugvöllur	2.713	2.460	0
Sauðárkróksflugvöllur	20.536	15.456	662
Siglufjarðarflugvöllur	3.915	3.228	21
Akureyrarflugvöllur	243.480	181.476	21.997
Húsavíkurflugvöllur	6.354	7.440	73
Þórshafnarflugvöllur	12.495	10.416	326
Raufarhafnarflugvöllur	1.749	2.172	0
Kópaskersflugvöllur	286	528	0
Grímseyjarflugvöllur	12.612	9.708	404
Sjúkraflugvellir Austurlandi	498	600	0
Egilsstaðaflugvöllur	148.389	104.412	10.025
Hornafjarðarflugvöllur	28.571	23.940	1.066
Norðfjarðarflugvöllur	3.759	4.848	46
Vopnafjarðarflugvöllur	12.034	11.460	382
Breiðdalsvíkurflugvöllur	776	912	0
	1.203.056	892.728	118.746

Eins og sést á töflunni er kostnaður við rekstur flugvalla um 1.203 millj. kr. Kostnaður við rekstur alþjóðaflugvallanna þriggja: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla nemur um 843 millj. kr. sem er 70% af heildarkostnaði við rekstur kerfisins. Þess ber að geta að kostnaður við rekstur Keflavíkurflugvallar er ekki talinn með í þessum samanburði.

Viðhald

Yfirborð brauta og hlaða. Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hafa bundið slitlag, þ.e. malbik eða klæðing og yfirborðsmerkingar. Helstu verkefni voru á eftirtöldum flugvöllum: Reykjavík, Egilsstöðum, Ísafirði, Bíldudal, Sauðárkróki, Vopnafirði, Stóra-Kroppi og Bakka.

Byggingar og búnaður. Undir þennan lið fellur allt meiriháttar viðhald bygginga sem fram fer sjaldnar en árlega. Stærstu verkefnin sem falla undir þennan lið voru nokkrar endurbætur á byggingum og hliðum á Reykjavíkurflugvelli. Kostnaður við endurbæturnar nam 9,2 millj. kr. Kostnaður vegna viðhalds bygginga og girðinga á Vestmannaeyjaflugvelli nam 8 millj. kr. og viðhald vegna innritunaraðstöðu á Egilsstaðaflugvelli 5,3 millj kr. Önnur verkefni voru minniháttar og dreifðust nokkuð jafnt á umdæmin.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun viðhalds borna saman við ráðstöfunarfé ársins 2008:

Tafla 3 Sundurliðun viðhalds borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Yfirborð brauta og hlaða	60,2	55,1
Byggingar og búnaður	35,1	27,3
Ýmis verk v/flugleiðsögu og tæknibúnaðar	4,2	4,3
Samtals:	**99,5**	**86,7**

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar. Alls voru fjárveitingar samkvæmt áætlun ársins 2008, 4,2 millj. kr., en bókfærður kostnaður á árinu nam 4,3 millj. kr. Helstu verkefni voru kaup á upptökutækjum og öðrum tæknibúnaði.

Stofnkostnaður

Alþjóðaflugvellir í grunnneti

Reykjavíkurflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Árið 2008 var samkvæmt viðauka þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 fjárveiting vegna byggingar flughlaðs við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli að upphæð 450 millj. kr. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um byggingu eða staðsetningu samgöngumiðstöðvarinnar þannig að af þessari framkvæmd hefur ekki orðið.

Þá var einnig í viðaukanum fjárveiting að upphæð 65 millj. kr. til að koma upp aðstöðu til bráðabirgða fyrir flugrekanda sem hugðist hefja innanlandsflug frá Reykjavíkurflugvelli, en flugrekandinn hefur enn ekki staðfest að hann muni hefja þennan rekstur og var því ekki ráðist í þetta verkefni.

Framkvæmdum við flughlað sunnan við flugskýli nr. 1 hefur verið frestað um sinn og hefur fjármagni sem var á þessum lið verið ráðstafað annað í samráði við ráðuneytið.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2008 var lokið við að setja þröskuldsljós við flugbraut 13, en eftir er að framlengja blikkljós í aðflugslínu út að Örfirisey. Um er að ræða tæknilega örðugleika sem unnið er við að leysa. Einnig var lokið á árinu 2008 kaupum og uppsetningu á fjarlægðarmælivita og ATIS. Þá var unnið áfram að veðurrannsóknum á Hólmsheiði og undirbúningi að ókyrrðarmælingum yfir svæðinu sem munu hefjast fyrri hluta árs 2009.

Á árinu 2008 var áfram unnið að skipulagstillögum til að freista þess að fá samþykkt deiliskipulag sem hægt yrði að vinna eftir og gera framtíðaráætlanir fram til ársins 2016.

Tafla 4 Sundurliðun, alþjóðaflugvellir í grunnneti, bornir saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Reykjavíkurflugvöllur	582,7	20,2
Akureyrarflugvöllur	1.783,5	1.136,8
Egilsstaðaflugvöllur	115,9	95,1
Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti	**2.482,1**	**1.252,1**

Akureyrarflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Lokið var á árinu 2008 við gerð akbrauta og flughlaða sunnan við flugstöð og vestan við tækjageymslur. Þá var einnig lokið við gerð akbrautar til suðurs frá flughlaði að Flugminjasafni og vegi og plön utan girðingar.

Framkvæmdir við lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli til suðurs hófust á árinu 2008. Verkefnið var boðið út í tvennu lagi, annars vegar jarðvinna og hins vegar malbikun þ.e. yfirlag á eldri hluta flugbrautarinnar sem lauk á árinu. Lokið var við gerð endaöryggissvæðis á norðurenda flugbrautarinnar.

Einnig var unnið við uppsetningu tækja vegna flugleiðsögu og var það verk að mestu unnið af starfsmönnum Flugstoða.

Fjárveiting á árinu 2008 til þessara verkefna var samkvæmt viðauka þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árið 2008 að upphæð 1.145 millj. kr. sem skiptist þannig að 280 millj. kr. voru vegna malbiksviðhalds og 865 millj. kr. vegna lengingar til suðurs og gerðar endaöryggissvæðis við norðurenda flugbrautarinnar. Annað framkvæmdafé til verkefnisins kom af fjárveitingum fyrri ára.

Byggingar. Á árinu 2008 var hafin vinna við þarfagreiningu og að frumhugmyndum á stækkun flugstöðvarinnar í samstarfi með tveimur arkitektastofum.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var við þéttingu eltiljósa. Þá var einnig lokið við uppsetningu á nýjum fjarlægðarmælivita við Hvamm í Eyjafjarðarsveit. Enn fremur er unnið að hindranaljósum, búið að smíða búnaðinn og kaupa ljósin, en eftir er að setja þau upp. Lokið var við frágangsvinnu á nýjum NDB-vita á Oddeyrinni. Einnig var unnið á árinu við aðflugsathuganir og hönnun nýrra aðfluga fyrir flugvöllinn. Þá var einnig lokið við uppsetningu nýs fjölstefnuvita (VOR) á Vaðlaheiði og var búnaðurinn tekinn í notkun á árinu.

Keypt var ný varaaflstöð fyrir flugvöllinn og var unnið við frágang á húsnæði sem hýsir varaaflstöðina ásamt spennistöð.

Egilsstaðaflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2008 var hafin gerð endaöryggissvæðis við norðurenda flugbrautarinnar. Lokið var við útgröft og fyllingu og sett farg á svæðið sem mun standa fram

á haustið 2009 til að kalla fram sig áður en endanlegum frágangi svæðisins lýkur. Farginu verður síðan jafnað út til hliðanna í hliðaröryggissvæðin. Þar með verður endaöryggissvæðið tilbúið undir malbik, ef það verður ákveðið síðar, en endaöryggissvæðið gæti þannig nýst til flugtaks til suðurs sem myndi lengja flugtaksvegalengdina um 150 m sem væri mjög til bóta fyrir stærri og þyngri flugvélar. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda.

Framkvæmdum á bílastæðum við flugstöð var frestað og færðar til ársins 2009.

Byggingar. Byggður var á árinu 2007 nýr 420 m^2 komusalur við flugstöðina á Egilsstöðum. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda sem var verktakafyrirtækið Smiðir ehf. Búið er að taka komusalinn í notkun en ýmsar breytingar og endurbætur á eldri hluta flugstöðvarinnar voru unnar á árinu 2008. Verkinu er lokið og varð heildarkostnaður samtals 177,1 millj. kr.

Lokið var á árinu við að ganga frá útsogi í vélageymslu vegna útblásturs slökkvibifreiðar sem er gangsett innandyra fyrir útkall. Verkið var unnið að mestu af starfsmönnum Flugstoða.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Ráðgert var á árinu 2008 að setja upp aðflugsljós við suðurenda flugbrautarinnar. Vegna skipulagsbreytinga hjá sveitarfélaginu og hugmynda um að lengja flugbrautina til suðurs ásamt fyrirhugaðri færslu þjóðvegarins sem tæki mið af lengingu flugbrautarinnar þótti ekki fært að hefja uppsetningu ljósanna að svo stöddu eða ekki fyrr en niðurstöður skipulags og lengingar liggja fyrir. Hluti búnaðarins hefur þegar verið keyptur og bíður í geymslu.

Unnið var á árinu við frágang á fjarlægðarmælivita (DME) og er því verkefni lokið. Flutningi á radíóvita (NDB) frá Breiðavaði í Mýnes lauk á árinu.

Einnig var lokið við uppsetningu og frágangi á vararafstöð sem hófst árið 2007. Verkið var að mestu unnið af starfsmönnum Flugstoða.

Grunnnet, aðrir áætlunarflugvellir

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki

Tafla 5 Sundurliðun, grunnnet, aðrir áætlunarflugv., bornir saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)		Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki			
1. Flugbrautir og flughlöð		1,5	1,5
2. Byggingar		0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður		38,2	39,8
	Samtals	**39,7**	**41,3**
Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri			
1. Flugbrautir og flughlöð		0,4	0,1
2. Byggingar		0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður		63,9	32,3
	Samtals	**64,3**	**32,4**

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Þingeyrarflugvöllur		
1. Flugbrautir og flughlöð	0,2	0,2
2. Byggingar	31,8	24,2
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	1,5	0,3
Samtals	**33,5**	**24,7**
Þórshafnarflugvöllur		
1. Flugbrautir og flughlöð	0,0	0,0
2. Byggingar	0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	3,0	0,1
Samtals	**3,0**	**0,1**
Samtals grunnnet, aðrir flugvellir	**140,5**	**98,5**

Flugbrautir og hlöð. Vinna við lagfæringar á öryggissvæðum hófst á árinu 2007, en lauk ekki fyrr en haustið 2008. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Lagfærð voru svæðin vestan og sunnan brautarmóta þannig að þau uppfylla nú kröfur reglugerðar fyrir sjónflugsflugvöll.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Verulegar framkvæmdir voru við ýmsan ljósabúnað á flugvellinum á árunum 2007 og 2008. Aðflugsljós (PAPI) voru endurnýjuð, sett voru upp eltiljós við enda flugbrautar 13 og brautarendaauðkennisljós voru sett á alla flugbrautarenda. Jarðvinna vegna ljósabúnaðarins var hluti af útboðsverki öryggissvæðanna, en uppsetning og tengivinna var unnin af rafvirkjum Flugstoða og starfsmönnum flugvallarins. Þetta verk er enn í vinnslu, en lýkur á árinu 2009. Ráðstöfunarfé vegna verksins var á árinu 2008 20,3 millj. kr., en kostnaður varð 26,6 millj. kr. á árinu.

Þá var einnig á árinu 2008 lokið við endurnýjun á fjarlægðarmælivita (DME) sem er staðsettur á Sæfelli.

Keypt var nýtt veðurkerfi fyrir Vestmannaeyjaflugvöll á árinu og er verkefninu lokið. Til ráðstöfunar voru 11,8 millj. kr. en kostnaður við verkefnið varð 14,8 millj. kr.

Ísafjarðarflugvöllur

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Ákveðið hefur verið að flugbrautarljós og búnaður þeirra verði endurnýjaður. Verkefnið hófst ekki fyrr en liðið var seint á árið 2008, en útboðsferill og samningar við verktaka tók mun lengri tíma en reiknað var með, vegna höfnunar á tilboði lægstbjóðanda, sem ekki þótti traustvekjandi en verkefnið er mjög vandasamt og þörf á mikilli samvinnu vegna flugöryggis. Samið var við verktakann sem átti næst lægsta tilboðið en þegar komið var að framkvæmdum var það langt liðið á árið að birtutími var ekki nægur til að vinna verkið af öryggi. Framkvæmdir við það frestast því til ársins 2009 og ráðgert að þeim ljúki fyrir haustið. Til ráðstöfunar í þetta verkefni voru 46,0 millj. kr. á árinu 2008, en unnið var fyrir 14,8 millj. kr. á árinu við hönnun, gerð útboðsgagna og annan undirbúning.

Á árinu 2008 var keypt nýtt veðurkerfi fyrir Ísafjarðarflugvöll sem verður sett upp sumarið 2009. Til ráðstöfunar í þetta verkefni voru 8,8 millj. kr. á árinu en kostnaður varð 9,0 millj. kr.

Þá var einnig á árinu 2008 endurnýjaður fjarlægðarmælivitinn (DME) í Ögri við Ísafjarðardjúp. Ráðstöfunarfé á árinu var 8,9 millj. kr. og kostnaður 8,6 millj. kr.

Þingeyrarflugvöllur

Byggingar. Hafin var bygging vélageymslu á árinu 2008 á Þingeyrarflugvelli. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Áætlað er að verkinu ljúki vorið 2009. Til ráðstöfunar vegna byggingar vélageymslunnar voru á árinu 31,8 millj. kr. en kostnaður á árinu varð 24,2 millj. kr.

Þórshafnarflugvöllur

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2008 var ráðgert að flytja gömlu vararafstöðina á Egilsstaðaflugvelli til Þórshafnar og nota þar gáminn sem vararafstöðin var staðsett í á Egilsstöðum. Við nánari athugun kom í ljós að gámurinn var ekki nothæfur lengur og var því verkinu frestað til næsta árs og viðbótarfjármagn fengið til að koma upp aðstöðu fyrir rafstöðina. Ráðstöfunarfé á árinu var 3,0 millj. kr. en kostnaður 0,1 millj. kr.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir

Tafla 6 Sundurliðun annarra flugvalla og lendingarst. borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
1. Flugbrautir og hlöð	55,3	53,7
2. Byggingar	4,0	0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,1	2,4
Samtals:	**61,4**	**56,2**

Flugbrautir og hlöð. Endurnýjuð voru ný malarslitlög á flugbrautunum á Raufarhöfn, Kópaskeri og Breiðdalsvík. Undirbúningur var hafinn að endurnýjun malarslitlaga á flugbrautunum á Norðfirði og Reykhólum, en framkvæmdir eru ráðgerðar á árinu 2009. Enn fremur fór fram viðgerð á ölduvörn á Patreksfjarðarflugvelli.

Á Stóra-Kroppi voru framkvæmdir við gerð akbrauta og flughlaðs. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Kostnaður á árinu 2008 nam 17,4 millj. kr. og ráðgert er að verkinu ljúki á árinu 2009.

Veittur var styrkur að upphæð 7,0 millj. kr. fyrir tilstuðlan ráðuneytisins til flugklúbbsins Kára í Borgarnesi vegna viðhalds á flugbrautinni og 2,5 millj. kr. til varnargarða vegna flugbrautarinnar í Reykjarfirði.

Byggingar. Gert var ráð fyrir á árinu 2008 að koma upp aðstöðu fyrir flugmenn og flugkennara á Stóra-Kroppi, en verkefninu varð að fresta til ársins 2009 þegar framkvæmdum við flughlaðið lýkur.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Lokið var við uppsetningu á veðurstöð á Sandskeiði. Einnig var lokið við uppsetningu á veðurbúnaði á Sauðárkróksflugvelli.

Önnur mannvirki, búnaður og verkefni

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2008 var þessi kostnaður 15,0 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir ýmsan stofnkostnað, búnað og verkefni:

Tafla 7 Sundurliðun, önnur mannvirki og verkefni borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Flugstjórnarmiðstöð	15,0	15,0
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	14,7	11,8
Flugvernd og öryggismál	19,8	20,2
Veðurupplýsingakerfi	1,5	1,7
Stjórnunarkostnaður	28,0	28,0
Þróun og frumáætlanir	10,0	9,6
Samtals:	**89,0**	**86,3**

GNSS/AIS/upplýsingaþjónusta. Áfram var unnið á árinu 2008 við endurbætur á gæðakerfi upplýsingaþjónustunnar, kortagerð og AIP handbók ásamt GPS mælingum. Aðflugshönnunarhugbúnaðurinn PDToolkit var keyptur á árinu 2007 og settur upp hjá aðflugshönnuðum, en þeir luku á árinu 2008 námskeiðum vegna meðferðar á búnaðinum.

Flugvernd og öryggismál. Á árinu 2008 var áfram unnið að ýmsum flugverndar- og öryggismálum á millilandaflugvöllunum og til þess varið 20,2 millj. kr. Helstu verkefni voru áframhaldandi innleiðing flugverndarráðstafana á millilandaflugvöllunum í Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum með hliðsjón af breyttum og auknum kröfum reglugerðarverks Evrópusambandsins. Unnið var á árinu að frekari þróun aðgangsstjórnunarkerfis og útfærslu vopnaleitarbúnaðar á alþjóðaflugvöllunum. Þá var einnig unnið að frekari innleiðingu þjálfunarbúnaðar vegna vopnaleitar. Gerðar voru nokkrar breytingar á hliðbúnaði á Reykjavíkurflugvelli.

Veðurupplýsingakerfi. Flugkerfi ehf. unnu á árinu 2008 áfram að lagfæringum á hugbúnaði miðlæga veðurupplýsingakerfisins sem safnar öllum veðurgögnum á miðlæga tölvu til framtíðargreiningar.

Þróun og frumáætlanir. Frumkostnaðaráætlanir vegna samgönguáætlana framtíðarinnar eru fjármagnaðar með þessum lið. Þessum lið tilheyra ýmsar athuganir, kannanir og hönnun t.d. á skipulagsreglum, hindranaflötum, tillögum að deiliskipulagi, umferðarspám, könnun á ferðavenjum og þróun forrita. Þannig er þróun á „Byggingarstjóranum“ fjármögnuð, en það er forrit sem heldur utan um viðhaldsverkefni á byggingum.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmda- og viðhaldskostnað árið 2008:

Tafla 8 Stofnkostnaður, viðhald og annar kostnaður árið 2008

Verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Stofnkostnaður, alþjóðaflugvellir í grunnneti	2.482,1	1.252,1
Stofnkostnaður, aðrir flugvellir í grunnneti	140,5	98,5
Stofnkostnaður, önnur mannvirki	89,0	86,3
Viðhald	99,5	86,7
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	61,4	56,2
Samtals:	**2.872,5**	**1.579,8**

Siglingamál

Fjármál

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2008 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2008. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2007–2010 2008 *	**Fjárheimildir 2008 ****	**Rauntölur 2008**
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	133,0	133,0	145,6
Markaðar tekjur alls	**133,0**	**133,0**	**145,6**
Framlag úr ríkissjóði	2.857,8	2.925,2	2.925,2
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	1,3	1,3	1,8
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	0,8
Aðrar ríkistekjur alls:	**2,6**	**2,6**	**2,6**
Sértekjur	175,5	175,5	291,3
Tekjur og framlög alls:	**3.168,9**	**3.236,3**	**3.364,7**
Viðskiptahreyfingar:			
Frá Hafnabótasjóði	11,8	0,0	0,0
Til ráðstöfunar alls	**3.180,0**	**3.236,3**	**3.364,7**
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	23,0	29,0	5,9
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	52,0	53,5	19,7
Rekstur Hafnabótasjóðs	12,0	0,0	0,3
Siglingavernd	17,0	18,0	14,1
Siglingamál	68,0	71,0	74,6
Vitar og leiðsögukerfi	143,4	150,0	149,2
Vaktstöð siglinga	267,0	267,0	276,4
Skipaeftirlit	91,0	96,0	113,2
Hafnarríkiseftirlit	24,0	25,0	25,3
Rannsóknir og þróun	51,0	53,0	53,1
Áætlun um öryggi sjófarenda	22,0	22,0	20,8
Minjavernd og saga	5,0	5,0	13,2

	Samgönguáætlun 2007–2010 2008 *	Fjárheimildir 2008 **	Rauntölur 2008
Þjónustuverkefni	178,1	178,1	294,2
Rekstrargjöld alls:	**953,5**	**967,6**	**1.060,0**
Stofnkostnaður:			
Vitar og leiðsögukerfi	24,4	24,4	26,5
Hafnamannvirki	859,8	1.065,8	931,7
Lendingarbætur	7,3	8,8	1,4
Ferjubryggjur	9,4	23,4	33,2
Sjóvarnargarðar	125,2	125,2	93,0
Höfn í Bakkafjöru (Landeyjahöfn)	835,0	835,0	231,6
Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði	62,3	82,3	68,9
Vestmannaeyjaferja	103,8	103,8	31,1
Stofnkostnaður alls:	**2.227,2**	**2.268,7**	**1.417,4**
Gjöld alls	**3.180,7**	**3.236,3**	**2.477,4**

* Á verðlagi 2007

** Samkvæmt fjárlögum 2008, fjáraukalögum 2008 og millifærslum 2008.

Rekstur og þjónusta

Inngangur

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast en þau eru framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir, vaktstöð siglinga, siglingamál og öryggi sjófarenda. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til áranna 2007–2010, sbr. auglýsingu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 nr. 96/2007 og nr. 101/2008 í A-deild Stjórnartíðinda.

Á milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Siglingastofnunar Íslands er í gildi árangursstjórnunarsamningur. Samkvæmt honum eru sett markmið m.a. um aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum og sérstaklega tekið á atriðum eins og fækkun slysa á sjómönnum og fækkun skipsskaða. Unnið hefur verið að þessum atriðum undanfarin ár og mikill árangur náðst.

Siglingastofnun vinnur að setningu ýmissa reglugerða og laga á sviði siglingamála og hafnamála, ekki síst þar sem þarf að innleiða gerðir Evrópusambandsins.

Hjá Siglingastofnun er markvisst unnið að ýmiskonar upplýsingamiðlun. Hún fer ekki síst fram í gegnum heimasíðu stofnunarinnar en hún hefur að geyma mikið af upplýsingum svo sem um reglugerðir og lög, veður og sjólag, skrá yfir skip o.fl. Þá er heimasíðan samskiptavettvangur.

Á vegum Siglingastofnunar er á hverju ári unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Hafnasvið fær til

umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Með rannsóknum Siglingastofnunar er unnið að því að afla ýmissa grunnupplýsinga, mælinga og rannsókna sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna öldufarsreikninga vegna líkantilrauna, þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Siglingastofnun hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins við áhættumat siglinga á norðurslóðum, AMSA (Arctic Marine Shipping Assessment) sem er á vegum starfshóps ráðsins um verndun hafsvæða norðursins, PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) sem Siglingastofnun tekur einnig þátt í. Þá má nefna mælingar sjávarfalla á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunin og VST verkfræðistofu, gerð hafíslíkans, þátttaka í gerð skýrslu vísindanefndar um hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Ísland. Að lokum má nefna lögbundna afgreiðslu tillagna rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt þar sem Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum.

Siglingastofnun tekur til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gerir henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Siglingastofnun sér um framkvæmd siglingaverndar samkvæmt lögun nr. 50/2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vakt stöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Í þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa.

Auk þessara verkefna stofnunarinnar er sérstaklega ástæða til að draga út eftirfarandi verkefni.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Siglingastofnun sér um rekstur landsvitakerfisins og veitir tæknileg aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Stofnunin rekur einnig leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi vegna siglinga svo sem upplýsingakerfi um veður og sjólag, GPS leiðréttingakerfi (DGPS) og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa AIS. Þá sér stofnunin um innleiðingu skráninga og eftirlitskerfa Evrópusambandsins vegna siglinga, svo sem SafeSeaNet.

Skipaeftirlit

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2008 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Á árinu 2008 fór fram mikil vinna vegna nýlegrar reglugerðar um skoðanir skemmtibáta, þar með talin endurskoðun og útgáfa skoðunarhandbókar fyrir skemmtibátaeigendur, gerð leiðbeininga um skoðanir á prömmum og úttektir á starfsemi bátaleiga og flúðasiglinga svo eitthvað sé nefnt.

Áhafnamál og skírteini

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu.

Frá og með 1. janúar 2008 tók Siglingastofnun við útgáfu allra íslenskra atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, en fram til þess tíma var það á hendi sýslumanna og Tollstjórans í Reykjavík að gefa út slík skírteini.

Hafnarríkiseftirlit

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Áætlun um öryggi sjófarenda

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er meðal annars að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókna- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Hafnir

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2008. Til samanburðar eru tölur fyrra árs: Tölur um hafnarframkvæmdir er heildarframkvæmdakostnaður með virðisaukaskatti, kostnaður vegna Landeyjahafnar meðtalinn.

	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.463,2	2.054,7
Ferjubryggjur	6,4	33,2
Lendingabætur	7,8	1,7
Vestmannaeyjaferja	0,0	31,1
Samtals	1.477,4	2.120,7

Í skýrslu Siglingastofnunar um framkvæmd siglingamálaáætlunar árið 2008, sem aðgengileg er á vefum ráðuneytisins og Siglingastofnunar http://www.sigling.is, er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum og varnir gegn landbroti sjávar sem unnið var að á hverjum stað fyrir sig. Aftast í skýrslunni eru töflur yfir fjárveitingar sem varið var í hvert og eitt verkefni, styrkveitingar úr B-deild hafnabótasjóðs og ráðstöfun þeirra. Einnig er greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Vegamál

Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 14.730 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir sömu upphæð.

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi til viðbótar mörkuðum tekjum, alls 15.180 m.kr. Þar af áttu 3.456 m.kr. að renna til jarðgangagerðar og 3.842 m.kr. að koma frá ráðstöfun söluandvirðis Símans. Einnig gerði vegáætlun ráð fyrir að sérstök fjáröflun myndi skila 1.400 m.kr. Greiðsla skuldar vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og flýtingar framkvæmda á árinu 1999 var 187,1 m.kr. á árinu 2008.

Fjárlög 2008 voru hins vegar með aðra túlkun á þessu. Samkvæmt fjárlögum var beint ríkisframlag alls einungis 10.825,8 m.kr., þar af 3.456 m.kr. vegna jarðganga og 3.000 m.kr. af söluandvirði Símans. Mismunurinn átti að koma frá mörkuðum tekjum. Heildar ráðstöfun samkvæmt fjárlögum var 31.139,9 m.kr. þannig að samkvæmt fjárlögum átti ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun ársins að vera 5.761,2 m.kr. þegar tekið hafði verið tillit til allra þátta.

Á fjáraukalögum 2008 kom 110 m.kr. útgjaldaheimild til að mæta kostnaði við Hlíðarendaveg í Ölfusi (veg að vatnsverksmiðju). Fjáraukalög gerðu auk þess ráð fyrir minni innheimtu markaðra tekna þannig að innheimtutalan var lækkuð um 551 m.kr. og þar að auki hafði ríkisstjórnin afturkallað lög um ráðstöfun söluandvirðis Símans þannig að áætluð ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun jókst um 3.661 m.kr. og fór í 9.422,2 m.kr.

Samkvæmt uppgjörstölum frá fjársýslu ríkisins var innheimtan á mörkuðum tekjum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og olíugjaldi auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum 613,4 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárlögum. Markaðar tekjur umfram fjárveitingar síðustu ára (vegasjóður), hafa verið geymdar í ríkissjóði. Nú er svo komið að búið er að ráðstafa öllum inneignum og gott betur, þannig að vegasjóður skuldaði ríkissjóði 6.824 m.kr. í árslok 2008.

Í töflunni er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2008. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 31.140 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 31.139,9 m.kr. Á

fjáraukalögum fékk Vegagerðin 110 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna framkvæmda við Hlíðarendaveg. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2008 voru því alls 31.249,9 m.kr.

		Vegáætlun 2008	**Breyting 2008**	**Fjárveiting 2008**
Rekstur Vegagerðarinnar				
Almennur rekstur				
1. Yfirstjórn		345,0	-0,1	344,9
2. Umsýslugjald		62,0	0,3	62,3
3. Upplýsingaþjónusta		97,0		97,0
4. Umferðareftirlit		88,0		88,0
Rekstur samtals		**592,0**	**0,2**	**592,2**
Önnur starfsemi Vegagerðarinnar				
Almenningssamgöngur				
1. Ferjur og flóabátar		697,0	-1,1	695,9
1. Áætlunarferjur	662,0			
2. Viðhald ferja	35,0			
2. Sérleyfi á landi		210,0		210,0
3. Áætlunarflug		280,0	1,4	281,4
Almenningssamgöngur samtals		**1.187,0**	**0,3**	**1.187,3**
Viðhald				
1. Viðhald bundinna slitlaga		1.575,0	-0,5	1.574,5
2. Viðhald malarslitlaga		490,0		490,0
3. Styrkingar og endurbætur		956,0		956,0
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		406,0		406,0
5. Viðhald vegmerkinga		631,0		631,0
6. Samningar við sveitarfélög		385,0		385,0
7. Viðhaldssvæði		335,0		335,0
8. Vetrarviðhald		1.309,0		1.309,0
9. Umferðaröryggi		309,0		309,0
10. Vatnaskemmdir		186,0		186,0
11. Viðhald girðing		70,0		70,0
12. Frágangur gamalla efnisnáma		33,0		33,0
13. Minjar og saga		15,0		15,0
Viðhald samtals		**6.700,0**	**-0,5**	**6.699,5**
Stofnkostnaður				
1. Grunnnet		18.773,0		18.773,0
1. Almenn verkefni	602,0			
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	3.445,0			
3. Verkefni á landsbyggð	5.678,0			

		Vegáætlun 2008	Breyting 2008	Fjárveiting 2008
Þar af afborgun láns v/Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs		-40,0		-40,0
4. Söluandvirði Símans	3.842,0			
5. Jarðgangaáætlun	3.456,0			
6. Landsvegir í grunnneti	62,0			
7. Grímseyjarferja	260,0			
8. Ferjubryggjur	28,0			
9. Sérstök fjáröflun	1.400,0			
Grunnnet samtals:		**18.733,0**	**0,0**	**18.733,0**
2. Tengivegir		1.951,0	110,0	2.061,0
3. Til brúagerðar		545,0		545,0
1. Brýr, 10 m og lengri	514,0			
2. Smábrýr	31,0			
4. Ferðamannaleiðir		204,0		204,0
5. Þjóðgarðavegir		388,0		388,0
6. Girðingar		83,0		83,0
7. Landsvegir utan grunnnets		125,0	0,4	125,4
8. Safnvegir		373,0		373,0
9. Styrkvegir		73,0		73,0
10. Reiðvegir		62,0		62,0
11. Rannsóknir og þróun		124,0	-0,5	123,5
Samtals utan grunnnets:		**3.928,0**	**109,9**	**4.037,9**
Afskrift markaðra tekna:		0,0		0,0
Stofnkostnaður samtals:		**22.661,0**	**109,9**	**22.770,9**
Samtals:		**31.140,0**	**109,9**	**31.249,9**

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

Eftirfarandi er umfjöllun um starfsemi vegagerðarinnar byggð á töflunni. Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Þjónustudeild framkvæmdasviðs sér um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Rekin er upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörð, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu og frágangi farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir.

Auk þess annast umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla og frágangur farms og aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur og fylgt sé reglum um rekstrar- og atvinnuleyfi. Auk þess er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk þess fram með því að kallað er eftir upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar.

Undir almenningssamgöngur falla styrkir til reksturs á ferjum, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi. Árið 2008 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Allur rekstur á ferjunum hefur verið boðinn út. Ferjurnar eru: Vestmannaeyjaferjan Herjólfur, Breiðafjarðarferjan Baldur, Ísafjarðardjúpsferjan Bliki, Hríseyjarferjan Sævar, Grímseyjarferjan Sæfari og Mjóafjarðarferjan, Anný.

Áætlunarflug er styrkt til átta áfangastaða skv. útboðum sem tóku gildi 1. janúar 2007. Samningar eru til þriggja ára með heimild til framlengingar í allt að tvö ár. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Vestmannaeyja, Bíldudals, Gjögurs, Sauðárkróks og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Viðhald

Fjárveitingar til viðhalds vega fara í viðhald á eftirfarandi flokkum: viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, viðhald vegmerkinga, samningar við sveitarfélög, viðhaldssvæði, vetrarviðhald, umferðaröryggi, vatnaskemmdir, viðhald girðinga og frágang gamalla efnisnáma. Með viðhaldi þjóðvegakerfisins er átt við að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir. Viðhald þjóðvega tekur einnig til þeirrar þjónustu á vegakerfinu sem miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð.

Viðhald bundinna slitlaga snýst fyrst og fremst um endurnýjun á klæðingu en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag.

Fjárveiting til viðhalds malarvega fer til þess að leggja ný malarslitlög, endurbæta gömul slitlög, vegheflunar og rykbindingar auk smærri viðgerða vegna tilfallandi skemmda og úrrennslis.

Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980–1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu.

Fjárveiting til viðhalds brúa, varnargarða og vegganga er notuð til þeirra atriða er nafn liðarins bendir til en meðal verkefna er endurnýjun einbreiðra brúa með stálræsum auk rekstrar jarðganga en innifalinn er þar kostnaður við lýsingu, þrif, umsjón og allan rekstur jarðganga.

Fjárveitingu til viðhalds vegmerkinga er varið til lýsingar meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjunar og viðhalds á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum.

Fjárveiting til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis er varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli bæði af Vegagerðinni sjálfri og af sveitarfélögum sem hún semur við. Samkvæmt 14. grein vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

Á undanförnum árum hefur kostnaður vetrarþjónustu á vegakerfinu stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari. Nauðsynlegt er að fjárveitingar til vetrarviðhalds hækki verulega á næstu árum.

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á vegakerfinu. Í maí 2008 gerði Vegagerðin samkomulag við Umferðarstofu þess efnis að Umferðarstofa tæki að sér að annast þann hluta umferðaröryggisáætlunar sem snýr að Ríkislögreglustjóra en greiðist af vegáætlun. Keyptar voru sjálfvirkar hraðamyndavélum og annar tækjabúnaður.

Fjárveiting vegna vatnaskemmda er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Víða um land urðu skemmdir vegna vatns- og sjávarflóða. Einnig urðu verulega skemmdir á vegakerfinu vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 29. maí 2008.

Viðhald girðinga með stofn- og tengivegum fellur samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 að hálfu á Vegagerðina. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Fjárveitingu vegna frágangs gamalla efnisnáma er varið til frágangs á efnisnámum sem ekki eru lengur í notkun.

Stofnkostnaður

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 22.661 m.kr. (fjárlög 22.660,9 m.kr.) Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu var 3.000 m.kr. ríkisframlag af söluandvirði Símans, og framlag til jarðgangaáætlunar 3.456 m.kr. Ráðstöfun á söluandvirði Símans var síðar afturkölluð með fjáraukalögum en í staðinn gert ráð fyrir því að samsvarandi fjármögnun kæmi frá mörkuðum tekjum. Á fjáraukalögum 2007 kom síðan 110 m.kr. aukafjárveiting vegna Hlíðarendavegar í Ölfusi. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því í raun 22.771 m.kr. Til grunnnetsins fóru 18.733 m.kr. en 4.038 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 2.061 m.kr. til tengivega. Fjárveitingar til vegamála hafa aldrei fyrr verið eins háar, hvort sem er í krónum talið eða að raungildi. Rétt er að geta þess að fjárveitingar til verkefna og það fé sem til þeirra fer geta verið mismunandi. Er það vegna þess að verk byrja seinna en ráðgert hafði verið og að fyrir kemur að fé er fært milli verkefna. Því er í framhaldinu bæði gert ráð fyrir fjárveitingum til verkefna og síðan sérstaklega stærstu verkefnum sem unnið var við.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 18.773 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til fram-

kvæmda voru því 18.733 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda átta verkefnaflokka.

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 3.445 m.kr. Stærstu fjárveitingarnar voru til eftirtalinna verkefna:

- Hafnarfjarðarvegur gatnamót við Nýbýlaveg 235

Reykjanesbraut

- gatnamót við Bústaðaveg 406
- gatnamót við Arnarnesveg 969
- gatnamót við Vífilsstaðaveg 406
- gatnamót við Urriðaholtsveg 374

- Arnarnesvegur Reykjanesbraut – Rjúpnavegur 250
- Álftanesvegur Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur 503

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 5.678 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni var þessi til helstu verkefna:

Hringvegur á Suðurlandi

- Hringvegur um Hornafjarðarfljót 175
- Bakkafjöruvegur 670
- Bræðratunguvegur um Hvítá 103

Suðurstrandarvegur

- Herdísarvík – Þorlákshöfn 206
- Festarfjall – Herdísarvík 103

- Laugarvatnsvegur – Þingvallavegur 381
- Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur – Víknavegur 433

Norðvesturland

- Um Norðurárdal í Skagafirði 211
- Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð um Fróðárheiði 206

Vestfjarðavegur

- Svínadalur – Flókalundur 391
- Reykhólasveitarvegur – Þorskafjarðarvegur 134
- Kjálkafjörður – Vatnsfjörður 309
- Djúpvegur Ísafjörður – Mjóifjörður 721
- Vegur um Arnkötludal Vestfjarðavegur – Djúpvegur 103
- Strandavegur Djúpvegur – Drangsnesvegur 103

Hringvegur á Norðausturlandi

- Valtýskambur – Sandbrekka 124

Norðausturvegur

- Norðausturvegur
- Hófaskarðsleið 510
- Fremri Háls – Sævarland 206
- Vopnafjörður – Brunahvammsháls 129

Fjárveiting vegna söluandvirðis Símans í vegáætlun var 3.842 m.kr. Skipting helstu fjárveitinga er með þessum hætti:

- Hringvegur um Hornafjarðarfljót 400
- Hringvegur gatnamót við Nesbraut 200

Reykjanesbraut
- Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur 420
- 15-18 Krýsuvíkurvegur – Víknavegur 180

Suðurstrandarvegur
- Herdísarvík – Þorlákshöfn 200
- Sundabraut Sæbraut – Geldinganes 492
- Vestfjarðavegur Svínadalur – Flókalundur 300
- Arnkötludalur Tröllatunguvegur Vestfjarðavegur – Djúpvegur 600
- Þverárfjallsvegur Skagavegur – Sauðárkrókur 100

Norðausturvegur
- Hófaskarðsleið 500
- Raufarhafnarleið 150
- Vopnafjörður – Brunahvammsháls 200

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun voru 3.456 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni var þessi:
- Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng) 1.280
- Héðinsfjarðargöng 2.072
- Vaðlaheiðargöng 104

Sérstök fjáröflun. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 1.400 m.kr. til Hafravatnsvegar.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets með síðari breytingum samkvæmt vegáætlun voru 4.038 m.kr. Fjárveitingar utan stofnvegakerfis skiptast m.a. í
- *Tengivegir.*
- *Brúargerð* en fjárveitingar til brúargerðar skiptist í smábrýr og brýr 10 m og lengri. Fjárveiting til lengri brúa er notuð til að leggja af einbreiðar brýr og endurnýja brýr þar sem þess er þörf. Fjárveiting til smábrúa er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr.
- *Ferðamannaleiðir* en fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun er notuð til að byggja upp og viðhalda leiðum til fjölfarinna ferðamannastaða.
- *Þjóðgarðavegir* en fjárveiting til þjóðgarðavega er varið til vega innan þjóðgarða.
- *Girðingar.* Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar.
- *Landsvegir utan grunnnets.* Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis er skipt milli svæða Vegagerðarinnar. Fjárveitingin fer til verkefna eins og til endurbóta á vegum eins og á Jökulvegi (F985), Lakavegi (F206), Landmannaleið (F225) Arnarvatnsvegi (F578), Öndverðarnesvegi (579) Seljalandsvegi (637) og Þórdalsheiðarvegi (F936). auk þess að vera varið til til viðhalds og þjónustu landsvega.
- *Safnvegir.* Fjárveitingum til safnvega er skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964.
- *Styrkvegir.* Fjárveitingunni er varið til verkefna eins og gatna í þéttbýli og vegi yfir fjöll og heiðar.
- *Reiðvegir.*
- *Rannsóknir* en samkvæmt vegalögum sem gengu í gildi 1. janúar 2008 er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1,5% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Lagagreinin var þó ekki virk fyrir árið 2008 og nam fjárveitingin samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum 123,5 m.kr.

Helstu verkefni

Hér fer á eftir upptalning á helstu verkefnum sem unnið var við á árinu 2008.

Suðursvæði

30 Hrunamannavegur, Skipholt – Foss. Verkið fólst í nýbyggingu 5,1 km kafla frá Hvítárdal að Fossi. Verkið var boðið út og gerði kostnaðaráætlun alls verksins ráð fyrir 217 m.kr. heildarkostnaði. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 2008 en gert ráð fyrir verklokum árið 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 159 m.kr.

254 Bakkafjöruvegur, Hringvegur – Landeyjahöfn. Verkið fólst í nýbyggingu á 11,8 km löngum vegi, Bakkafjöruvegi, frá Hringvegi vestan við Markarfljótsbrú, niður að fyrirhugaðri Landeyjahöfn með brú á Ála og tilheyrandi varnargörðum ásamt nýbyggingu 3 km langs kafla Bakkavegar frá Landeyjaflugvelli að Bakkafjöruvegi. Verkið var boðið út með útboði á byggingu Landeyjahafnar í samstarfi við Siglingastofnun og gerði kostnaðaráætlun alls verksins ráð fyrir 710 m.kr. heildarkostnaði. Framkvæmdir við Bakkafjöruveg hófust á seinni hluta ársins 2008. Áætluð verklok eru 1. júlí 2010. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 123 m.kr.

359 Bræðratunguvegur Flúðir – Reykholt. Verkið felst í nýbyggingu á 7,2 km löngum vegi milli Flúða og Reykholts og tengingum við hann og byggingu nýrrar brúar á Hvítá. Kostnaðaráætlun alls verksins gerir ráð fyrir 1.400 m.kr. heildarkostnaði verksins. Á árunum 2005 til 2008 hefur verið unnið að undirbúningi og hönnun verksins en mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir nokkrum árum. Árið 2008 féll til 19 m.kr. kostnaður.

365 Lyngdalsheiðarvegur, Laugarvatn – Þingvellir. Verkið felst í nýbyggingu um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Þingvalla. Verkið var boðið út og gerði kostnaðaráætlun ráð fyrir heildarkostnaði upp á 912 m.kr. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í apríl 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst. Áætluð verklok eru í október 2010. Árið 2008 féll til 148 m.kr. kostnaður vegna verksins.

380 Hlíðarendavegur, Þorlákshafnarvegur – Hlíðarendi. Verkið fólst í endurbyggingu á 5,4 km kafla frá Þorlákshafnarvegi að Hlíðarenda í Ölfusi. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 120 m.kr. heildarkostnaði. Verkið var boðið út í júlí 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst og lauk að mestu í október. Sett var fyrra lag klæðingar á veginn en frekari frágangi verður lokið vorið 2009. Kostnaður árið 2008 var 107 m.kr.

427 Suðurstrandarvegur, Ísólfsskáli – Þorlákshafnarvegur. Verkið fólst í nýbyggingu á um 49 km löngum vegi á milli Ísólfsskála og Þorlákshafnar. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir heildarkostnaði upp á 1.900 m.kr. sem skiptist á milli kaflanna milli Krýsuvíkurvegar/Þorlákshafnarvegar 1.320 m.kr. annars vegar og kaflans Ísólfsskála – Krýsuvíkurvegar 580 m.kr. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið hefur verið að undirbúningi fyrir útboð á verkframkvæmd. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember. Áætluð verklok eru í september 2011.

Suðvestursvæði

Þingvallavegur – Brautarholtsvegur. Verkið fólst í umbótum á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík. Heildarkostnaður var ráðgerður 326 m.kr. Á árinu 2008 var unnið að bráðabirgðahringtorgi við Leirvogstungu og greiddar bætur fyrir land. Kostnaður árið 2008 var 121 m.kr.

41 Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur – Víknavegur. Verkið var breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í fjórar akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Verkið skiptist í tvo áfanga og var kostnaðaráætlun fyrir þann fyrri 1.100 m.kr. og þann seinni 2.023 m.kr.

Fyrsti áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarvegar á um 1,8 km löngum kafla. Á verktímanum var samið um lengingu áfangans um 3,5 km á grundvelli einingarverða tilboðs. Þessi áfangi var boðinn út í október 2002 og framkvæmdir hófust í janúar 2003 og lauk þeim hluta í október 2004.

Annar áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar frá Strandarheiði að Njarðvík og bygging mislægra vegamóta við Vogaveg, Skógfellsveg, Grindavíkurveg og Njarðvík. Annar áfangi frá Strandarheiði til Njarðvíkur var boðinn út í október 2005 og hófust framkvæmdir um haustið. Áætluð verklok voru í júní 2008. Í desember 2007 verður verktakinn Jarðvélar ehf. gjaldþrota. Það sem eftir stóð af verkinu var boðið út aftur og tilboð opnuð í apríl 2008. Verklok eru áætluð í júní 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 1.327 m.kr. Í lok árs 2008 hafði fallið til kostnaður að upphæð 3.879 m.kr. en heildarkostnaðaráætlun hafði gert ráð fyrir alls 3.123 m.kr. Verulegur aukakostnaður varð vegna gjaldþrots Jarðvéla ehf. og endurútboðs verksins.

40 Hafnarfjarðarvegur gatnamót við Nýbýlaveg. Verkið fólst í breikkun og hliðrun Nýbýlavegar milli Kársnesbrautar og Birkigrundar, gerð tveggja hringtorga og þrennra undirganga. Einnig var gerð ný tenging við Hafnarfjarðarveg. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 436 m.kr. heildarkostnaði. Verkið var boðið út í maí 2007 og voru áætluð verklok í júlí 2008. Vegna breytinga á verkinu frestuðust verklok til ársins 2009. Árið 2008 féll til 348 m.kr. kostnaður.

41 Reykjanesbraut, Fífuhvammsvegur – Kaplakriki. Verkið fólst í breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika. Einnig gerð undirganga við Bæjargil og Vífilsstaðalæk, frágangur gönguleiða og öll landmótun. Á verktímanum var samið við verktaka um gerð mislægra gatnamóta við Urriðaholt í Garðabæ. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að breikkun Reykjanesbrautar kostaði 1.236 m.kr. og gerð gatnamóta við Urriðaholt 300 m.kr. eða 1.536 m.kr. alls.

Verkið hófst í febrúar 2006. Mislæg gatnamót við Urriðaholt voru tekin í notkun 12. október 2006. Endanleg verklok voru áætluð 1. ágúst 2007 en verkinu seinkaði verulega og er gert ráð fyrir að lokauppgjör verksins fari fram á árinu 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 175 m.kr.

41 Reykjanesbraut, gatnamót við Arnarnesveg. Verkið fólst í byggingu mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar og endurbyggingu Arnarnesvegar að hringtorgi við Nónholt. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir heildarkostnaði sem nam 955 m.kr.

Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins og var það boðið út í árslok 2007. Framkvæmdir hófust í febrúar 2008 og mannvirkið tekið í notkun í nóvember 2008. Verklok eru áætluð í júní 2009. Á árinu 2008 féll til 971 m.kr. kostnaður.

41 Reykjanesbraut, gatnamót við Vífilsstaðaveg. Verkið fólst í byggingu mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar og gerð undirganga undir Vífilsstaðaveg. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir heildarkostnaði upp á 749 m.kr.

Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Verkið boðið út í ársbyrjun 2008 og framkvæmdir hófust í maí. Mannvirkið tekið í notkun í desember 2008 og verklok áætluð í júní 2009. Árið 2008 varð kostnaður 856 m.kr.

49 Nesbraut, Reykjanesbraut – Hafnarfjarðarvegur. Verkið fólst í gerð viðbótarakreinar á Nesbraut til að auðvelda umferð almenningsfarartækja. Verkinu lauk að mestu á árinu 2008. Kostnaður árið 2008 var 150 m.kr.

431 Hafravatnsvegur, Úlfarsfellsvegur – Hringvegur. Verkið fólst í að gera hringtorg á tengingu við Krikahverfi ásamt vegtengingum, undirgöngum og landmótun. Kostnaðar áætlun gerði ráð fyrir 202 m.kr. Verkið fyrst boðið út í júní 2007. Öll tilboð voru yfir kostnaðaráætlun og var ákveðið að hafna öllum tilboðum. Verkið var boðið út aftur í desember 2007 og hófst í ársbyrjun 2008. Áætluð verklok eru í júní 2008. Kostnaður árið 2008 var 154 m.kr.

Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 2004 og 2005 var unnið að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir hófust á árinu 2006 og lauk fyrsta áfanga verksins á árinu 2007. Á árinu 2008 var unnið við annan áfanga verksins og féll þá til kostnaður að upphæð 265 m.kr.

Norðvestursvæði

Vegur um Borgarnes. Verkið fólst í endurbótum á gatnamótum Borgarbrautar og Hringvegar og breikkun hans að Kveldúlfsgötu. Verkið var boðið út í nóvember 2007. Haustið 2007 var þó samið um lögn bráðabirgðavegar og hann lagður. Vinna við gatnamót hófst í janúar 2008. Verklok voru í júlí 2008. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 131 m.kr.

Borgarfjarðarbraut – Brekkunef. Verkið var í tveimur áföngum. Fyrri áfangi verksins var endurbygging Hringvegar á 6,2 km löngum kafla frá Gljúfurá að Ólafarflóa norðan Grafarkots. Við það verk var bætt fyllingu á 3 km kafla norðan við útboðskaflann m.a. yfir Ólafarflóa til að fá fram sig á næsta áfanga. Síðari áfanginn var endurbygging Hringvegar á 9,3 km löngum kafla frá Ólafarflóa að Brekkunefi. Kostnaðaráætlun fyrri áfanga var 390 m.kr. og seinni áfanga 379 m.kr.

Fyrri áfangi verksins var boðinn út í ágúst 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Unnið var við verkið mikinn hluta ársins 2005. Lagt var slitlag á um 3 km í júlí og í desember var lagt slitlag á hluta kaflans, um 2 km og hann tekinn í notkun. Í lok ársins var unnið að fyllingu um Ólafarflóa. Haldið var áfram vinnu við verkið 2006 og því lokið á haustdögum. Lokauppgjör fór fram árið 2007. Síðari hluti verksins var boðinn út í apríl 2007 og hófust framkvæmdir í ágúst það ár. Lagt var slitlag á um 3 km um Ólafarflóa í september. Eftir það var gerð fylling á 1,2 km kafla neðan Hraunár og lagt ræsi í Hrauná. Lagt var slitlag á um 4,9 km á árinu 2008, að Bifröst og frá Hreðavatnsskála að Brekkunefi. Eftir er kafli við Bifröst og annar kafli við Brekkunef. Verklok eru áætluð í september 2009. Árið 2008 varð kostnaður 255 m.kr.

Hrútafjarðará um Hrútafjörð. Verkið fólst í nýlagningu 3,5 km vegar frá núverandi brú á Selá á Djúpvegi inn á Hringveginn utan Staðarskála og breikkun á 3 km kafla á núverandi Djúpvegi frá Brú að Selá. Ný 1,6 km löng tenging Djúpvegar við Hringveg. Bygging 65 m brúar á Hrútafjarðará og breikkun 20 m brúar á Selá ásamt lagfæringum á brú á Ormsá.

Unnið hefur verið að undirbúningi verksins undanfarin ár. Árið 2006 var byggð ný brú á Selá og brú á Ormsá lagfærð. Hafin var bygging brúar á Hrútafjarðará í september 2007. Brúin var tilbúin í júní 2008. Vegagerð var boðin út í nóvember 2007 og hófst í desember. Unnið var nánast allan veturinn og kláraðist verkið að mestu í desember 2008. Eftir er að

yfirleggja hluta af slitlagi, ganga frá vegriðum við Ormsá, og sáning. Árið 2008 varð kostnaður 366 m.kr.

Vegur um Fróðárheiði, Egilsskarð – Sæluhús. Verkið var að byggja nýjan 4,5 km langan vegarkafla, með bundnu slitlagi, um Fróðárheiði. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 295 m.kr. alls.

Verkið var boðið út í júní 2008 og hófst vinna í ágúst. Unnið var fram undir áramót og var að mestu unnið í fyllingum og skeringum á háheiðinni. Áætluð verklok voru í september 2009. Kostnaður árið 2008 var 155 m.kr.

Skálanes – Eyri. Verkefnið var að endurbyggja 9,2 km langan kafla sem byrjar rétt vestan Skálaness og nær að núverandi slitlagsenda utan Eyrar. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 406 m.kr.

Verkið var boðið út í október 2006 og vinna hófst í febrúar 2007. Lagt var slitlag á 5,2 km um mánaðamót ágúst / september það ár. Í júlí 2008 var slitlagslögn lokið og verklok voru í nóvember 2008. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 143 m.kr.

61 Djúpvegur, Eyri – Svansvík. Nýlögn 10 km kafla frá stað innan vegamóta við Eyrarfjall að slitlagsenda innan Svansvíkur. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 425 m.kr heildarkostnaði.

Verkið var boðið út í mars 2007 og hófst í maí. Á árinu 2007 var fyllingum, neðra burðarlagi og grjótvörn lokið að miklu leyti. Slitlag var lagt í þremur áföngum á árinu 2008. Verklok voru í nóvember 2008 og kostnaður á því ári 239 m.kr.

61 Djúpvegur, Reykjanes – Hörtná. Verkið fólst í lögn vegar frá Rauðagarði út á Reykjanes, yfir Reykjafjörð um Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð að Hörtná. Meðal annars er um að ræða þrjár brýr, 60 m steinsteypta brú á Reykjafjörð, 10 m steinsteypta brú á Vatnsfjarðarós og 130 m stálbogabrú á Mjóafjörð. Kostnaðaráætlun var 1.600 m.kr.

Verkið var boðið út í lok nóvember 2006. Framkvæmdir hófust snemma árs 2007 og var unnið allt árið. Búið er að smíða brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós. Allt stálvirki brúar á Mjóafjörð er komið upp, eftir er að steypa yfirbyggingu, sandblása og lagfæra málningu og setja upp vegrið. Vegagerð er nánast lokið nema við Hrútey. Efni í brúna á Mjóafjörð var smíðað í Kína og kom á staðinn í lok árs 2007. Kostnaður árið 2008 var 670 m.kr.

45 Óshlíðargöng. Verkefnið var gerð jarðganga á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Síðla árs 2005 var í tengslum við gerð fjáraukalaga ákveðið undirbúa framkvæmdir við Óshyrnugöng, 1,2 km að lengd. Málið þróaðist þannig að skoðaðir voru ýmsir möguleikar á göngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur með umfangsmiklum rannsóknum á jarðlögum og síðan forhönnun og kostnaðaráætlunum á ýmsum leiðum. Í árslok 2006 gerði Vegagerðin grein fyrir niðurstöðum athugana og í framhaldinu var ákveðið að grafa göng frá Skarfaskeri að Ósi. Lengd ganga með skálum var áætluð um 5,4 km. Jafnframt þarf að leggja 4 km af vegum og smíða 8 m langa brú á Hnífsdalsá og 24 m langa brú á Ósá. Haldið var áfram hönnun og gerð útboðsgagna, forval fór fram og fengu fjórar verktakasamsteypur að bjóða í verkið. Þeim voru send útboðsgögn í nóvember 2007. Kostnaðaráætlun 5.070 m.kr.

Samningur var undirritaður 8. apríl 2008 en framkvæmdir hófust í maí með uppsetningu aðstöðu og greftri frá gangamunnum. Fyrsta gangasprenging Hnífsdalsmegin var 4. september og Bolungarvíkurmegin 17. september. Um áramót 2008/9 var lokið við að sprengja 1.493 m eða um 29% af lengd ganganna. Haustið 2008 var einnig byrjað á gerð brúar á Ósá, jafnframt því sem unnið var að gerð fyllinga og grjótvörn beggja vegna ganganna. Árið 2008 féll til 1.666 m.kr. kostnaður.

509 Akranesvegur, Þjóðbraut. Verkið fólst í að leggja nýjan aðkomuveg að Akranesi. Lengd er um 800 m og eru hringtorg á báðum endum. Vegurinn er lagður malbiki og með lýsingu. Kostnaðarmat var 225 m.kr.

Verkið var boðið út í apríl 2007. Vinna hófst í júlí 2007 og var unnið allan veturinn. Verki lauk að mestu í september 2008. Kostnaður árið 2008 varð 190 m.kr.

576 Framsveitarvegur Snæfellsvegur – golfvöllur. Verkið fólst í að endurbyggja 4,9 km langa kafla Framsveitarvegar. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 95 m.kr.

Verkið var boðið út í janúar 2008. Vinna hófst í júlí og var fyrra lag klæðingar lagt í september. Ekki tókst að ljúka verkinu á árinu og eru verklok áætluð sumarið 2009. Eftir er yfirlögn slitlags og lokafrágangur. Kostnaður árið 2008 varð 106 m.kr.

605 Tröllatunguvegur, Vestfjarðavegur – Djúpvegur. Verkið fólst nýbyggingu á 24 km löngum vegi frá Vestfjarðavegi um Geiradal, Gautsdal, Þröskulda, Arnkötludal og Tungusveit að Djúpvegi vestan Hrófár. Vegurinn verður 7,5 m breiður lagður bundnu slitlagi. Á vegarkaflanum verða 5 stórir stálhólkar. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 1.250 m.kr.

Verkið var boðið út vorið 2007 og hófst í júní. Unnið var samfellt til áramóta. Eins var unnið allt árið 2008. Búið er að undirbyggja veginn að mestu frá Vestfjarðavegi langleiðina norður undir Djúpveg, um 22 km. Einnig er búið að setja niður 4 af 5 stórum ræsum. Verklok eru áætluð 2009. Árið 2008 varð kostnaður 827 m.kr.

643 Strandavegur, Djúpvegur – Drangsnesvegur. Verkið var endurbygging vegar með bundnu slitlagi á um 4 km löngum kafla frá Geirmundarstaðavegi að vegamótum Drangsnesvegar. Kostnaðaráætlun var 112 m.kr.

Verkið var boðið út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júlí. Um áramót var búið að undirbyggja allan veginn. Eftir er leggja bundið slitlag á veginn og ganga frá vegriði. Árið 2008 varð kostnaður 106 m.kr.

Norðaustursvæði

Hringvegur, Ármótasel – Skjöldólfsstaðir. Verkið er nýbygging á 8 km löngum kafla Hringvegar frá klæðingarenda vestan Ármótasels að klæðingarenda neðan Skjöldólfsstaða 2 á Jökuldal. Kostnaðaráætlun var 570 m.kr.

Á árunum 2005 og 2006 var unnið að hönnun, undirbúningi ásamt því að keypt var efni til verksins og greiddar landbætur. Unnið var við undirbyggingu vegarins 2007 og 2008 og kaflinn tekinn í notkun yfir vetrarmánuðina. Eftir er efra burðarlag og klæðing og er stefnt að því að ljúka kaflanum með bundnu slitlagi 2009. Kostnaður árið 2008 var 199 m.kr.

Hringvegur, Þvottár- og Hvalnesskriður. Verkið var endurbygging á 4,2 km löngum kafla um Þvottár- og Hvalnesskriður. Kostnaðaráætlun: 150 m.kr.

Á árunum 2005 og 2006 var unnið að undirbúningi verksins, sem var boðið út í september 2007 og lauk í september 2008. Kostnaður árið 2008 var 139 m.kr.

Héðinsfjarðargöng. Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út 2003 en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006.

Sem 1. áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.

2. áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.

3. áfangi verksins var að taka frá munna jarðganga að vestanverðu í Héðinsfirði.

4. áfangi verksins var gerð 6,9 km langra jarðganga milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar

og 3,7 km langra jarðganga milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar ásamt 450 m löngum steinsteyptum vegskálum. Lagður verður 2,0 km langur vegur í Siglufirði, 0,6 km vegkafli í Héðinsfirði og samtals 0,6 km langur vegur í Ólafsfirði. Einnig breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og byggð 14 m löng brú yfir Héðinsfjarðará. Kostnaðaráætlun var 7.597 m.kr.

1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003. 2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004. 3. áfangi. Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi útboðs Héðinsfjarðarganga og á síðari hluta ársins var auglýst forval til þátttöku í útboði. Auk þess var lagt rafmagn að fyrirhuguðum gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Samkvæmt skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum var verktaka við gangagerðina ekki heimilt að fara með tæki eða búnað í Héðinsfjörð og lét Vegagerðin því hreinsa laust efni frá fyrirhuguðum gangamunnum í Héðinsfirði. 4. áfangi. Samgönguráðherra sprengdi fyrstu formlegu sprenginguna 30. september 2006. Í árslok 2008 var staða verksins sú að lokið er við sprengingar á leggnum Siglufjörður – Héðinsfjörður sem er 3.640 m. Á leggnum Héðinsfjörður – Ólafsfjörður er lokið við að sprengja 6.089 m af 6.930 m. Samtals er búið að sprengja 9.729 m eða 92% af heildarlengd og eftir eru 841 m. Samfara gangagreftri hefur verið unnið við endanlegar bergstyrkingar í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og er lokið við að styrkja um 2,4 km af 3,6 km. Einnig hefur verið unnið að byggingu vegskála við gangamunna í Siglufirði og er það verk langt á veg komið og enn fremur hefur verið unnið að byggingu brúar yfir Héðinsfjarðará og er það verk vel á veg komið en eftir er að steypa brúargólfið. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 3.397 m.kr.

85 Norðausturvegur, Katastaðir – Krossavík (Hófaskarðsleið). Verkið var nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið. Um er að ræða nýbyggingu á um 31 km löngum kafla. *Kostnaðaráætlun:* 1.560 m.kr.

Verkið var boðið út í maí 2007. Á árinu 2007 var unnið við gerð fyllinga austan Hófaskarðs og á árinu 2008 var haldið áfram gerð fyllinga á Hólaheiði, ræsagerð og byrjað á brúargerð á Ormarsá. Kostnaður árið 2008 var 367 m.kr.

85 Norðausturvegur, Fremri Háls – Sævarland. Verkið fólst í nýbyggingu Norðausturvegar, frá Fremra Hálsi að Sævarlandi á um 8,3 km löngum kafla.

Verkið var boðið út í maí 2008 og hófust framkvæmdir um miðjan júní. Eftir er að leggja efra burðarlag og klæðingu. Kostnaður árið 2008 var 288 m.kr.

85 Norðausturvegur, Vopnafjörður – Brunahvammsháls. Fyrsti áfangi verksins er nýbygging á 11,2 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda hjá Hölkná að Pyttalæk á Bunguflóa. Kostnaðarmat var 450 m.kr.

Fyrsti áfangi verksins var boðinn út í nóvember 2007 og samið við verktakann í desember. Verktaki lauk að mestu gerð neðra burðarlags á árinu 2008 og eftir er að leggja efra burðarlag og klæðingu 2009. Kostnaður árið 2008 var 316 m.kr.

92 Norðfjarðarvegur, Reyðarfjörður – Eskifjörður. Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Á árunum 2002 til 2006 var unnið að endurbótum á Norðfjarðarvegi gegnum Reyðarfjörð og austur fyrir álver á Mjóeyri. Verkið var unnið í áföngum og felst sá áfangi sem nú er unnið að í nýbyggingu á 5,1 km löngum kafla um Hólmaháls, frá Hólmum að Eskifjarðarbotni. Kostnaðaráætlun var 500 m.kr.

Verkið Norðfjarðarvegur frá Hólmi í Reyðarfirði að botni Eskifjarðar var boðið út í árslok 2007, en framkvæmdir hófust ekki á árinu. Á árinu 2008 var unnið við skeringar og fyllingar. Kostnaður árið 2008 var 155 m.kr.

833 Illugastaðavegur, slitlagsendi – Illugastaðir. Verkið fólst í Nýbyggingu og klæðingu á 9,5 km kafla frá slitlagsenda sunnan Vaglaskógarvegar að Illugastöðum.

Verkið var boðið út í júní en framkvæmdir hófust í ágúst. Eftir er að leggja út efra burðarlag og klæðingu. Kostnaður 2008 var 124 m.kr.

931 Upphéraðsvegur, Fellabær – Ekkjufell, Setberg – Ormarsstaðaá, vegur um Ormarsstaðaá, vegur um Brekkugerðisklif. Verkið fólst í eftirfarandi áföngum:

1. áfangi: Steypt bogaræsi í Ormarsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbygging á 340 m löngum kafla um ræsið.

2. áfangi. Endurbygging á 1,8 km löngum kafla um Brekkugerðisklif.

3. áfangi. Endurbygging á 5,1 km löngum kafla frá Setbergi að Ormarsstaðaá.

1. áfanga verksins lauk á árinu 2005. 2. áfanga lauk með klæðingu árið 2006. 3. áfangi boðinn út í nóvember 2007, framkvæmdir hófust ekki á árinu, en var lokið með klæðingu 2008.

Kostnaður árið 2008 var 113 m.kr.

1001. Nefndarálit [311. mál]

um till. til þál. um árlegan vestnorrænan dag.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust frá Bandalagi íslenskra listamanna, Ferðamálaráði Íslands, Ferðamálastofu og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um stofnun vestnorræns dags sem haldinn verði hátíðlegur árlega til skiptis í einu vestnorrænu landanna.

Tillagan byggist á ályktun 4/2008 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Í greinargerð með ályktun Vestnorræna ráðsins kemur m.a. fram að markmið vestnorræna dagsins á Vestur-Norðurlöndum yrði að marka vestnorræna sögu og menningu í löndunum sjálfum og auka þar með samband þeirra og samkennd. Hugmyndin um vestnorrænan dag, sem haldinn yrði hátíðlegur árlega á Vestur-Norðurlöndum til skiptis, á rætur sínar að rekja til vestnorræna dagsins sem haldinn var hátíðlegur í annað sinn helgina 26.–27. apríl 2008 á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn.

Nefndin tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytisins að eðlilegt sé að Norrænu húsunum í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi verði falið að standa að skipulagningu Vestnorræns dags verði honum komið á.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1002. Nefndarálit [313. mál]

um till. til þál. um skýrslu sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda um formlega samvinnu landanna á sviði sjávarútvegs.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsögn um málið barst frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um sameiginlega skýrslu sjávarútvegsráðherra landanna þar sem fram komi nákvæmt yfirlit yfir þá formlegu samvinnu sem er á milli Vestur-Norðurlanda bæði hvað varðar rannsóknir á lifandi auðlindum sjávar og fiskveiðistjórnina, ekki síst á sameiginlegum fiskstofnum.

Samkvæmt greinargerð var óskað eftir því að skýrslan lægi fyrir í mars 2010 þannig að hún gæti legið til grundvallar umræðum á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi Vestur-Norðurlanda sem fer fram í júní 2010.

Tillagan byggist á ályktun 5/2009 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 27. ágúst 2009 en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1003. Nefndarálit [315. mál]

um till. til þál. um vestnorrænt tilraunaverkefni á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir um málið bárust frá menntavísindasviði Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að styðja við tilraunaverkefni vestnorrænna háskóla á sviði fjarkennslu. Markmiðið með verkefninu verði að leggja grunn að formlegu framtíðarsamstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

Tillagan byggist á ályktun 4/2009 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 27. ágúst 2009 en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin telur tillöguna áhugaverða en að kostnaðarmat verði að ráða því hvort mögulegt sé að ráðast í framangreint tilraunaverkefni. Því leggur nefndin til þá breytingu að ríkisstjórnin kanni grundvöll þess að ráðast í verkefnið.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna grundvöll þess að styðja við tilraunaverkefni vestnorrænna háskóla á sviði fjarkennslu. Markmiðið með verkefninu verði að leggja grunn að formlegu framtíðarsamstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1004. Nefndarálit [316. mál]

um till. til þál. um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsögn um málið barst frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

Tillagan byggist á ályktun 2/2008 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 27. ágúst 2008 en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Tilgangur tillögunnar er að styrkja enn frekar böndin á milli vestnorrænu landanna. Það hafi ótvírætt gildi fyrir íbúa landanna sem og vöxt og viðgang vestnorræns iðnaðar og atvinnulífs að geta leitað eftir aðstoð sendi- eða ræðismannsskrifstofa þegar kemur að viðskiptum, ferðalögum og búferlaflutningum milli landanna.

Nefndin styður markmið tillögunnar um að styrkja tengslin á milli vestnorrænu landanna en tekur jafnframt undir þau sjónarmið utanríkisráðuneytisins að hæpið sé að opna nýjar sendiskrifstofur, eins og tillagan felur í sér, við þær efnahagsaðstæður sem nú ríkja. Þvert á móti hefur verið leitast við að skera niður og spara í utanríkisþjónustunni og hefur sendiskrifstofum verið lokað í því skyni á síðustu missirum. Nefndin telur hins vegar að það skuli vera langtímamarkmið íslenskra stjórnvalda að skiptast á sendifulltrúum við Grænland þegar aðstæður leyfa og telur rétt að kanna grundvöll þess.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna grundvöll þess að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum þegar aðstæður leyfa. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1005. Nefndarálit [317. mál]

um till. til þál. um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.

Tillagan er samkvæmt greinargerð lögð fram í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur undanfarna áratugi á Vestur-Norðurlöndum og Vesturlöndum almennt, þ.e. að meðalaldur hefur hækkað á sama tíma og fæðingartíðni hefur lækkað. Við hlutfallslega fjölgun eldri borgara standa stjórnvöld frammi fyrir því að svara með hvaða hætti er best mögulegt að tryggja eldri borgurum viðunandi húsnæði, lífsgæði og umönnun.

Tillagan byggist á ályktun 2/2009 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 27. ágúst 2009 en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin telur tillöguna jákvæða en í ljósi þess að kostnaður við framkvæmd hennar er óljós gerir nefndin breytingartillögu í þá veru að stjórnvöld kanni grundvöll þess að auka samvinnu á þessu sviði.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna grundvöll þess að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.

Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1006. Nefndarálit [452. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Hermann Sæmundsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Karl Björnsson, Gunnlaug Júlíusson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Akureyrarbæ, Bláskógabyggð, Dalabyggð, Eyþingi, Fjallabyggð, Flóahreppi, Grindavíkurbæ, Grímsnes- og Grafningshreppi, Grundarfjarðarbæ, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbæ, Mosfellsbæ, Norðurþingi, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Svalbarðsstrandarhreppi, Sveitarfélaginu Hornafjörður, Sveitarfélaginu Skagafjörður (byggðarráð) og Vesturbyggð.

Í frumvarpinu er kveðið á um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á fjármálaupplýsingum til afnota fyrir opinbera aðila auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt er lagt til að eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga fái við framkvæmd starfa sinna óhindraðan aðgang að gögnum sveitarfélaga.

Á fundum nefndarinnar voru ákvæði frumvarpsins rædd með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga og lagaáskilnaðar um jafnvægi í rekstri þeirra. Nefndin ræddi einnig samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði hagstjórnar að teknu tilliti til efnahagsástandsins, lakrar fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga og hlutdeildar sveitarfélaga í heildarútgjöldum hins opinbera.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpið hefði verið unnið í góðu samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga og að það standi í tengslum við heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga sem nú stendur yfir. Með frumvarpinu er leitast við að efla samtímaeftirlit með fjárhag sveitarfélaga og tryggja að söfnun upplýsinga sé með samræmdum hætti og þannig framsett að þær gefi sem gleggsta yfirsýn yfir fjármál hvers sveitarfélags. Það skapi tækifæri til ábyrgari hagstjórnar og auki líkur á að brugðist sé tímanlega við fjárhagsvanda sveitarfélaga.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að reglugerð ráðherra sem vísað er til í frumvarpinu sé ásamt kostnaðarmati þess enn til vinnslu. Unnið verði að því að gera skil á fjármálaupplýsingum sem fyrirhafnarminnst fyrir sveitarfélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Róbert Marshall, Árni Johnsen, Guðmundur Steingrímsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. Anna Margrét Guðjónsdóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ásbjörn Óttarsson. Ólína Þorvarðardóttir.

1007. Breytingartillaga [244. mál]

við frv. til l. um lögskráningu sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Við 11. gr. bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

a. Í stað orðanna „skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna“ í 2. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, kemur: skv. 4. gr. laga um lögskráningu sjómanna.
b. Í stað orðanna „lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. a laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, kemur: lög um lögskráningu sjómanna.

1008. Frumvarp til laga [197. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Við XXVII. kafla laganna bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Að því leyti sem í ákvæðum 2. mgr. 131. gr., 2. mgr. 132. gr., 2. mgr. 133. gr., 2. mgr. 134. gr., 2. mgr. 137. gr. og 2. mgr. 138. gr. laganna er kveðið á um tuttugu og fjögurra mánaða frest skal sá frestur vera fjörutíu og átta mánuðir í þeim málum sem höfðuð eru fyrir árslok 2012.

Jafnframt skal sex mánaða málshöfðunarfrestur í 148. gr. laganna vera tólf mánaða frestur fram til ársloka 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1009. Lög [197. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 1008.

1010. Svar [438. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um orkunotkun á landinu.

1. *Hver er heildarraforkunotkun á landinu og hvernig skiptist hún í prósentum talið á milli höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja?*

Heildarraforkuframleiðsla á landinu árið 2009 var 16.835 gígavattstundir. Stórnotkun nam 12.925 gígavattstundum og jókst um 3,9% frá fyrra ári en almenn notkun minnkaði um 2,1% og nam 3.555 gígavattstundum. Töp við flutning raforkunnar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 355 gígavattstundir og minnkuðu um 11,0%.

Raforkunotkun í einstökum landshlutum, að meðtöldum dreifitöpum, skiptist með eftirfarandi hætti:

	Almenn notkun, gwst.	**Stórnotkun, gwst.**	**Alls, gwst.**	**Hlutfall, %**
Suðurnes	262,0	0,0	262,0	1,56
Höfuðborgarsvæðið	1.387,5	2.926,0	4.313,5	25,62
Vesturland	235,7	5.071,2	5.306,9	31,52
Vestfirðir	224,4	0,0	224,4	1,33
Norðurland vestra	118,4	0,0	118,4	0,70
Norðurland eystra	332,1	26,7	358,9	2,13
Austurland	398,0	4.900,9	5.298,9	31,47
Suðurland	596,9	0,0	596,9	3,55
Samtals	3.555,0	12.924,8	16.479,8	97,89
Flutningstöp			355,5	2,11
Alls			16.835,4	100,00

Upplýsingar um raforkunotkun og skiptingu hennar milli landshluta eru fengnar frá orkuspárnefnd.

2. *Til hverra framangreindra landsvæða er áætlað að raforka úr fyrirhuguðum virkjunum fari?*

Í samtengdu raforkukerfi er ekki unnt að segja nákvæmlega fyrir um flæði raforku frá virkjunum til einstakra endanlegra notenda. Orkuspárnefnd uppfærir á hverju ári raforkuspá þar sem m.a. er spáð fyrir um breytingar á almennri raforkunotkun eftir landshlutum. Í spánni er gert ráð fyrir að raforkunotkun aukist hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu en að aukningin verði minni á öðrum svæðum.

Í raforkuspá er ekki gert ráð fyrir fyrirhuguðum stóriðjuverkefnum að öðru leyti en því sem þegar hefur verið ákveðið. Orkufyrirtækin eiga í samningaviðræðum um raforkusölu til stóriðjuverkefna í öllum landshlutum nema Vestfjörðum. Þar sem hvorki liggja fyrir endanlegir samningar um raforkusölu né hvaða virkjunarkostir verða fyrir valinu er á þessu stigi ekki hægt að segja fyrir um hvert raforka frá fyrirhuguðum virkjunum fari.

1011. Svar [413. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um lækkun fóðurkostnaðar í loðdýrarækt.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til lækkunar fóðurkostnaðar í loðdýrarækt frá árinu 2004, sundurliðað eftir árum?*

Á árinu 2004 var engum fjármunum varið til lækkunar fóðurkostnaðar í loðdýrarækt, á árinu 2005 var 60.693.865 kr. varið til þess, 24.037.500 kr. árið 2006, 4.200.000 kr. árið 2007, 11.695.008 kr. á árinu 2008, 10.000.000 kr. á árinu 2009 og 15.892.616 kr. árið 2010.

2. *Eftir hvaða meginreglum fór þessi úthlutun fram? Hefur jafnræðis milli fóðurstöðva verið gætt við úthlutun fjárins?*

Þegar litið er til sögu loðdýraræktarinnar á Íslandi nú síðustu áratugina liggur fyrir að afkoman í greininni hefur verið mjög hverful og hefur ríkið komið að stuðningi við greinina með ýmsum hætti. Framan af voru niðurgreiðslur á fóðri hvað viðamestu aðgerðirnar, en staðreyndin er sú að þó að þær hafi hjálpað í upphafi leiks, snérust þær upp í andhverfu sína hvað það varðar að stórlega var dregið úr hvataáhrifum þess að fóðurstöðvar hagræddu í rekstri sínum. Upp úr aldamótunum 2000 þótti einsýnt að leið sú er farin hafði verið í þessum málum þyrfti endurskoðunar við og á árinu 2004 var sett á laggirnar nefnd með svohljóðandi skipunarbréfi, dags. 28. október:

„Í áliti nefndar um bráðan rekstarvanda loðdýraræktarinnar frá maí 2004, eru settar fram hugmyndir um aðgerðir til þess að verð á loðdýrafóðri hér á landi lækki og verði hliðstætt því sem gerist í samkeppnislöndunum.

Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að beita sér fyrir því að á næstu fimm árum verði varið samtals 116 milljónum króna til slíkra aðgerða með hliðsjón af fyrrnefndu nefndaráliti og í samráði við búgreinina, þannig að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best fyrir atvinnugreinina í heild.“

Téð nefnd úthlutaði fjármunum á stafstíma sínum, svo sem fram kemur í svari við 1. spurningu, og höfðu þær úthlutanir að inntaki að hagræða í rekstri fóðurstöðvanna og ná fram raunlækkun á fóðurverði.

Á fundi sínum 10. apríl 2007 ákvað þáverandi ríkisstjórn að verkefnið yrði framlengt til ársins 2011 með 22 millj. kr. árlegu framlagi á fjárlögum árin 2009, 2010 og 2011 og var ný nefnd skipuð til þess verks með bréfi dags. 12. desember 2007. Í skipunarbréfi téðrar nefndar var tekið fram að heimilt yrði að nota allt að 30 millj. kr. til úreldingar á aðstöðu til fóðurframleiðslu hjá þeim aðilum sem það kysu. „Að öðru leyti verði fjármagnið nýtt til áframhaldandi hagræðingar í fóðurframleiðslu og til verkefna sem lúta að auknum gæðum fóðurs og bættri fóðurnýtingu og fóðrun.“

Með vísan til tilvitnaðra orða hér að framan liggur fyrir meginlínan í úthlutunarreglunni, sem er að framleiðsla fóðurstöðva hér á landi verði samkeppnishæf í verði og gæðum við sambærilega framleiðslu erlendis og þannig verði lagður traustari rekstargrunnur að loðdýraræktinni og möguleikar skapist til eflingar hennar. Í þessu felst ekki jafnræðiskrafa um jöfnun greiðslna á kg fóðurs eða þess háttar til hinna einstöku fóðurstöðva, eins og um fóðurniðurgreiðslur væri að ræða, heldur gildir jafnræðisreglan um einstök hagræðingarverkefni sem sótt er um fé til. Þetta er tekið fram hér vegna síðari liðar 2. spurningar.

3. Hefur ráðuneytið látið fara fram endurskoðun á úthlutunarreglunum?

Ráðuneytið hefur kappkostað í þessum verkefnum öllum að eiga sem best samstarf við greinina sjálfa, heildarsamtök hennar (SÍL) og einstaka loðdýrabændur og einnig leiðbeiningarþjónustu greinarinnar. Fyrri úthlutanirnar beindust til stærri fóðurstöðvanna einfaldlega vegna þess að framkvæmdavilji til hagræðingaverkefna var þar meiri en úthlutanir á árinu 2008 höfðu að inntaki að ýta undir hagræðingaverkefni hjá smáum stöðvum (fóðureldhúsum) í eigu einstakra loðdýrabænda. Á árinu 2009 var gengið til samninga við Samband íslenskra loðdýraræktenda og gerður samningur um að áfram yrði unnið að hagræðingu í fóðurgerð sem tryggði samkeppnishæft fóðurverð, jafnframt því sem fóðurgæði og góð fóðrun yrðu tryggð. „Sérstök áhersla verði lögð á aukna nýtingu á lífrænum úrgangi frá sláturhúsum og fiskvinnslum og með því stuðlað að aukinni verðmætamyndun og um leið umhverfisvernd.“

4. Hverjar eru eftirstöðvar upphaflegs fjár?

Fjárveitingar til þessa verkefnis hafa verið skertar umtalsvert vegna efnahagsástandsins og nema eftirstöðvar upphaflegs fjár sömu upphæð og áætluð greiðsla þessa árs, sjá svar við 1. spurningu.

5. Er áformað að verja frekari fjármunum til þessa verkefnis?

Samkvæmt gildandi fjárlögum er ekki gert ráð fyrir því að verja frekari fjármunum til þessa verkefnis.

1012. Svar [322. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um kostnað við fiskveiðieftirlit hjá Fiskistofu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður við eftirlit veiðieftirlitsmanna á vegum Fiskistofu? Óskað er eftir upplýsingum annars vegar um kostnað eftirlits um borð í fiskiskipum og hins vegar við eftirlit í landi. Enn fremur er óskað eftir sundurliðun á launakostnaði, ferðakostnaði, dagpeningum og öðrum útlögðum kostnaði.

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman upplýsingar varðandi kostnað af eftirliti veiðieftirlitsmanna á vegum Fiskistofu. Rétt er að taka fram að tölurnar sem þar er að finna taka einungis til kostnaðar sem fylgir veiðieftirliti á vettvangi, þ.e. um borð í fiskiskipum, í löndunarhöfnum og hjá vigtunarleyfishöfum. Í þessum tölum er því ekki tilgreindur kostnaður af stjórnun eftirlitsmanna sem fram fer í höfuðstöðvum Fiskistofu í Hafnarfirði eða kostnaður sem til verður vegna nauðsynlegs undirbúnings og gagnaöflunar vegna eftirlitsstarfa á vettvangi og úrvinnslu og eftirfylgni skýrslna sem til verða vegna mála sem upp koma við vettvangseftirlit, og ekki heldur annar kostnaður af annarri starfsemi Fiskistofu sem að einhverju leyti er tengd eða til komin vegna vettvangseftirlits.

Kostnaður veiðieftirlitsmanna fyrstu 11 mánuði ársins 2009.	
Eftirlit með fullvinnsluskipum	
Laun og launatengd gjöld	38.233.978
Dagpeningar	217.328
Ferðakostnaður	359.665
Annar kostnaður	530.311
Tekjur vegna veru eftirlitsmanna um borð	–11.434.500
Samtals eftirlit með fullvinnsluskipum	**27.906.782**
Land- og sjóeftirlit	
Laun og launatengd gjöld – fastráðnir eftirlitsmenn	164.343.295
Laun og launatengd gjöld – lausráðnir eftirlitsmenn	8.847.430
Dagpeningar	15.566.022
Ferðakostnaður	3.080.788
Annar kostnaður	4.314.364
Skipaleiga	2.918.168
Samtals veiðieftirlit	**199.070.067**
Rekstur bifreiða	**10.142.863**
Húsaleiga	
Stykkishólmur	1.265.100
Ísafjörður	1.336.154
Akureyri	1.169.800
Höfn	1.421.203
Grindavík	2.042.441
Vestmannaeyjar	901.871
Hafnarfjörður, 20%	8.228.729
Samtals húsaleiga	**16.365.298**
Heildarkostnaður	**237.119.712**

1013. Svar [440. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um förgun og endurvinnslu flokkaðs sorps.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er staðið að förgun og endurvinnslu flokkaðs sorps? Svar óskað sundurliðað eftir þessum flokkum sorps: bylgjupappi (frá fyrirtækjum annars vegar og heimilum hins vegar), pappír og umbúðir úr sléttum pappa (svo sem mjólkurfernur og aðrar matarumbúðir), filmuplast frá fyrirtækjum, föt og klæði, garðaúrgangur, gras, grófur úrgangur, heyrúlluplast, hjólbarðar, húsbúnaður, jarðvegur, kertaafgangar, kjötvinnslu- og sláturúrgangur, kælitæki, ljósaperur, lyf, málmar, net, kaðlar og troll, plastumbúðir (frá fyrirtækjum annars vegar og heimilum hins vegar), raftæki, rafhlöður, sjónvörp og skjáir, skilagjaldsskyldar umbúðir, skrifstofupappír og hvítur afskurður, skór, spilliefni, steinefni, stór raftæki, timbur, trjágreinar, trúnaðargögn og tölvur.

Endurvinnsla úrgangs hefur aukist undanfarin ár og dregið hefur úr því magni úrgangs sem hefur farið í endanlega förgun. Árið 1995 voru urðuð um 80% þess úrgangs sem til féll en árið 2007 var þetta hlutfall komið niður í um 40%. Hluti af þeim úrgangi sem er flokkaður til endurnýtingar ber úrvinnslugjald samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, þannig að með hagrænum hvötum er reynt að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Umbúðir úr pappa, pappír og plasti, heyrúlluplast, veiðarfæri, hjólbarðar og spilliefni falla m.a. undir lögin. Markmið laga um úrvinnslugjald er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Úrvinnslugjald er lagt á tilteknar vörur og stendur það undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð og flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá stendur gjaldið undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Stefna stjórnvalda er að ávallt skuli leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Lausnir í úrgangsmálum skulu taka mið af umhverfislegum og efnahagslegum forsendum og skal nota til þess bestu fáanlegu tækni. Tæknilegar lausnir skulu taka mið af eftirfarandi forgangsröðun að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt:

1. Að dregið verði úr myndun úrgangs.
2. Endurnotkun.
3. Endurnýting.
4. Endanleg förgun.

Eftirfarandi upplýsingar eru tiltækar varðandi förgun, endurnotkun, endurnýtingu eða endurvinnslu á flokkuðum úrgangi. Reynt er að skýra sem best stöðu einstakra úrgangsflokka eins og fram kemur í fyrirspurninni þó svo að skiptingin hér á eftir sé ekki sú sama og fram kemur í fyrirspurninni.

- Endurvinnsla alls pappírs og pappa sem safnað er hér á landi, hvort sem er frá fyrirtækjum eða heimilum, fer fram erlendis. Pappír sem fer til förgunar er fargað á viðurkenndum förgunarstöðum hér á landi. Umbúðir úr pappír og pappa bera úrvinnslugjald.
- Umbúðir úr plasti og heyrúlluplast bera úrvinnslugjald. Hreint og blandað plast er í flestum tilvikum sent utan til endurvinnslu. PM endurvinnsla, sem starfrækt er hér á landi, tók á móti um það bil 560 tonnum af plasti til endurvinnslu árið 2009. Þegar verk-

smiðjan verður komin í fullan rekstur er framleiðslugeta hennar um 4.000 tonn á ári.
- Veiðarfæri úr gerviefnum falla undir lög um úrvinnslugjald, þ.m.t. net, kaðlar og troll. Netafskurður, hlutar úr flottrolli, nótaefni og trollefni, svo og netsteinar og kaðlar sem eru einungis úr einni tegund plasts fara til endurvinnslu. PM endurvinnsla hefur séð um söfnun og endurvinnslu framantalins veiðarfæraúrgangs. Línur og kaðlar úr blönduðu plasti og gúmmí fara til förgunar á viðurkenndum förgunarstöðum hér á landi.
- Fatnaður, ýmis textílvara og skór, sem safnað er og sett í nytjagáma á móttökustöðum fer til endurnotkunar bæði hér á landi og erlendis.
- Garðaúrgangur er endurunninn í moltu, nýttur til landmótunar eða fargað á viðurkenndum förgunarstöðum. Tré og trjágreinar eru kurluð og kurlið notað í beð og stíga.
- Grófur úrgangur (rúmfrekur úrgangur) frá fyrirtækjum fer til förgunar á viðurkenndum förgunarstöðum.
- Hjólbarðar bera úrvinnslugjald. Óheimilt er að urða hjólbarða, hvort sem þeir eru tættir eða heilir. Hjólbarðar sem skilað er inn til endurvinnslu eru flestallir tættir. Tættir hjólbarðar eru m.a. nýttir sem drenlag hjá urðunarstöðum eða þeir brenndir til orkunýtingar, t.d. hjá Sementsverksmiðjunni. Slík nýting er skilgreind sem endurvinnsla samkvæmt reglum ESB. Notaða hjólbarða er í sumum tilfellum einnig hægt að endurnota (með sólun).
- Raf- og rafeindatækjaúrgangur fellur samkvæmt lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, undir ákvæði framleiðendaábyrgðar. Þannig bera framleiðendur og innflytjendur ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir lögin. Undir lögin falla m.a. kælitæki, raftæki, sjónvörp, skjáir og tölvur. Í ábyrgð framleiðenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Raf- og rafeindatæki eru flutt utan til endurvinnslu, oft þarf þó áður að hreinsa úr þeim spilliefni sem er þá skilað til móttökustöðvar. Á stærri móttökustöðum er möguleiki á að skila inn raftækjum til endurnotkunar, t.d. dýrari raftækjum, svo sem sjónvörpum, tölvum og stærri heimilistækjum. Stundum þarf að lagfæra þessi tæki lítilega áður en þau eru seld þriðja aðila til endurnotkunar.
- Um 7.700 tonn af alls 19.000 tonnum af sláturúrgangi fór til endurvinnslu árið 2007. Sláturúrgangur er m.a. nýttur í fóðurgerð (loðdýrafóður), í kjötmjölsvinnslu og til jarðgerðar í þar til gerðum jarðgerðarstöðvum. Afgangurinn sem ekki er endurunninn, er urðaður á viðurkenndum urðunarstöðum.
- Jarðvegur og steinefni eru m.a. endurnýtt til landmótunar, vegagerðar og fleira. Förgun fer fram á viðurkenndum förgunarstöðum.
- Húsbúnaði sem safnað er sérstaklega er komið til endurnotkunar hér á landi.
- Kertaafgöngum sem safnað er, er komið til endurnýtingar hér á landi.
- Ljósaperum sem innihalda kvikasilfur er safnað sérstaklega og þær meðhöndlaðar í sérstökum tækjum þar sem þær eru tættar og kvikasilfrinu safnað. Kvikasilfrið er sent út sem spilliefni til endurvinnslu en glerinu safnað saman og því m.a. blandað saman við annað gler sem notað er sem uppfyllingarefni á urðunarstöðum. Afgangurinn fer til urðunar á viðurkenndum urðunarstöðum.
- Rafhlöðum sem er skilað sérstaklega inn til úrvinnslu er skipt í tvo flokka, annars vegar rafhlöður sem innihalda spilliefni og hins vegar brúnkolsrafhlöður. Rafhlöður með spilliefnum eru sendar utan til endurnýtingar þar sem þær eru brenndar við háan hita hjá viðurkenndum eyðingaraðila, orkan sem myndast við brennslu þeirra er notuð í raf-

magnsframleiðslu eða til húshitunar. Brúnkolsrafhlöður eru flokkaðar sérstaklega og þeim komið fyrir í tunnum sem eru urðaðar á urðunarstað Sorpu fyrir sértækan úrgang. Rafhlöður bera úrvinnslugjald.
- Timbur er kurlað niður og m.a. notað sem yfirborðslag á urðunarstöðum og við stígagerð. Mestallt ómálað timbur sem safnað er hjá Sorpu er nýtt sem kolefnisgjafi í Járnblendinu. Þess konar endurnýting á timbri er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Timbur er yfirleitt nýtt sem orkugjafi erlendis en þar sem næg vistvæn orka er til staðar hérá landi, með virkjun vatnsafls, er hægt að nýta timbrið betur á þennan hátt. Íslenska járnblendifélagið þarf þá ekki að flytja inn kol að utan og ekki þarf að farga timbrinu með urðun.
- Lyf eru flokkuð sem spilliefni, þau eru send til eyðingar annaðhvort við háan hita í brennslustöðvum hér á landi eða hjá viðurkenndum eyðingaraðila erlendis. Orkan er nýtt til rafmagnsframleiðslu eða til húshitunar.
- Málmar eru endurnýttir, fyrst og fremst erlendis. Brotamálmur sem safnað er saman fer til rúmmálsminnkunar hjá endurvinnsluaðilum hérlendis. Hann er síðan sendur utan þar sem hann er bræddur og endurnýttur.
- Spilliefni eru nýtt hér á landi sem orkugjafi eða send utan til förgunar eða endurnýtingar. Langflestar vörur sem verða að spilliefnum bera úrvinnslugjald.
- Trúnaðargögnum, þ.e. gögnum sem geyma viðkvæmar upplýsingar, svo sem pappírsskjölum, segulböndum, tölvuum, diskum, snældum og kerfisskjölum, er hægt að koma til eyðingar þar sem gögn og búnaður er tættur og eyðilagður áður en efnið er sent utan til endurvinnslu.

1014. Svar [441. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um notkun plastpoka.

1. Hversu margir plastpokar eru notaðir á ári hverju hér á landi?

Nákvæmum tölum um notkun plastpoka hér á landi er ekki safnað. Hins vegar hefur verið gengið út frá því að notkunin sé í kringum 15–20 milljónir plastpoka á ári.

2. Úr hverju eru þeir pokar framleiddir?

Plastpokar eru yfirleitt framleiddir úr svokölluðu polyetylen-plasti. Upp á síðkastið hafa einnig verið að koma á markað plastpokar sem unnir eru úr kartöflu- eða maíssterkju sem brotna hraðar niður í náttúrunni.

3. Hve langan tíma tekur fyrir plastpoka að brotna niður í umhverfinu?

Það er yfirleitt áætlað að það taki venjulegan plastpoka um 100 ár að brotna niður í náttúrunni, þetta ferli getur síðan tekið allt að 10 sinnum lengri tíma sé plastpokinn urðaður á viðurkenndum urðunarstað þar sem aðstæður til niðurbrots eru ekki hagstæðar.

4. Hefur ráðuneytið gripið til einhverra aðgerða til að draga úr plastpokanotkun?

Nei, en sérstakt gjald hefur verið lagt á plastpoka í flestum verslunum og hefur það gjald verið hugsað til að draga úr óhóflegri notkun plastpoka.

1015. Fyrirspurn [595. mál]

til forseta Alþingis um ákærur vegna atburða í Alþingishúsinu og við það 8. desember 2008.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Með hvaða hætti var tekin ákvörðun um aðkomu Alþingis að ákærum gegn níu einstaklingum vegna atburða sem áttu sér stað í Alþingishúsinu og við það 8. desember 2008?
2. Hver óskaði eftir rannsókn málsins og í umboði hvers var það?
3. Er það rétt sem fram kom í máli verjanda tveggja hinna ákærðu fyrir héraðsdómi að skrifstofa Alþingis hafi haft aðkomu að málinu og ef svo er, hver var sú aðkoma og hver var formlegur grundvöllur hennar?

Skriflegt svar óskast.

1016. Nefndarálit [382. mál]

um frv. til l. um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Þorbjörn Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins og Pál Halldórsson frá Bandalagi háskólamanna. Þá bárust umsagnir frá Hagstofu Íslands, Samiðn – sambandi iðnfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi atvinnurekenda, Sjómannasambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Útlendingastofnun og Persónuvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að lagarammi verði settur um notkun vinnustaðaskírteina og eftirlit aðila vinnumarkaðarins á vinnustöðum. Frumvarpið má rekja til stöðugleikasáttmála Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 25. júní. Í sáttmálanum sameinuðust aðilar um samstarf um eftirlit á vinnustöðum og upptöku vinnustaðaskírteina. Í sáttmálanum kemur m.a. fram að „Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.“

Markmið frumvarpsins skv. 2. gr. er að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Meiri hlutinn telur rétt að breyta orðalagi greinarinnar enda hvílir sú skylda á öllum að fara eftir lögum og reglugerðum. Þá hefur verið samið sérstaklega um kjör og kaup og því hvílir

skylda á samningsaðilum að fara eftir kjarasamningum. Í umræðum um frumvarpið, í stöðugleikasáttmála og í greinargerð kemur auk þess fram að markmið með eftirlitinu og vinnustaðaskírteinum sé að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Meiri hlutinn telur því rétt að markmið laganna verði að tryggja að farið sé að lögum, reglugerðum og kjarasamningum, en ekki eingöngu að stuðla að því. Séu ákvæði frumvarpsins ekki nægileg til að tryggja slíkt verði löggjöfin endurskoðuð til að ná fram því markmiði.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um kæruheimildir og m.a. lagt til að félags- og tryggingamálaráðuneytið skuli leitast við að kveða upp úrskurði í kærumálum innan tveggja mánaða frá því að mál berst en að öðru leyti fari um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Í 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er að finna grundvallarreglu um að ákvarðanir í málum sem falla undir lögin skuli teknar svo fljótt sem unnt er, og á sú regla m.a. við um málsmeðferð í kærumálum, sbr. 30. gr. stjórnsýslulaga. Meiri hlutinn leggur til breytingu á orðalagi ákvæðisins til samræmis við þessa grundvallarreglu sem og til skýringar enda sé eðlilegra að kveða á um ákveðinn, afmarkaðan frest til að kveða upp úrskurð. Ljóst þurfi að vera að kveði ráðuneytið ekki upp úrskurð innan tveggja mánaða sé um töf að ræða í skilningi stjórnsýslulaga sem beri að skýra aðila máls frá og upplýsa um ástæður tafa og hvenær ákvörðunar sé að vænta, sbr. 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga.

Frumvarpinu er ætlað að gilda um alla atvinnurekendur og starfsmenn, þó með þeirri afmörkun að aðilum vinnumarkaðar verði gert að semja nánar um það í kjarasamningum til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lög þessi taka á hverjum tíma. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að óeðlilegt væri að lögin taki til þeirra atvinnurekenda sem eiga aðild að öðrum félögum en þeim sem teljast til heildarsamtaka atvinnurekenda samkvæmt lögunum og að með slíku yrði haft af öðrum félögum vald til samningsgerðar og hagsmunagæslu. Að auki gæti óeðlilegt vald færst til þeirra aðila sem ákveðið geta hvaða stéttir skuli hafa vinnustaðaskírteini og þeir þar með ákveðið að gildissviðið nái til atvinnugreina, atvinnurekenda og starfsmanna sem ekki eiga aðild að félögum þeirra.

Meiri hlutinn áréttar að frumvarpinu er ekki ætlað að hafa áhrif á hagsmunagæslu eða vald einstakra félaga til samningsgerðar. Þó sé óhjákvæmilegt að lög um þessi mál gildi almennt svo atvinnurekendur geti ekki sagt sig úr félagi til að komast undan eftirlitinu. Nauðsynlegt er einnig að hafa vissan sveigjanleika í því í hvaða atvinnugreinum verður skylt að gefa út vinnustaðaskírteini til að hægt sé að leggja áherslu á þær greinar þar sem grunur leikur á að brotið sé á réttindum starfsfólks og að stunduð sé svört atvinnustarfsemi.

Nefndin ræddi nokkuð dagsektarákvæði frumvarpsins en í 6. gr. þess er lagt til að hámark dagsekta verði 100.000 kr. á dag. Hámark dagsekta í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, er 50.000 kr. Meiri hlutinn leggur ekki til breytingu á þessu atriði en áréttar mikilvægi þess að samræmis sé gætt í ákvæðum laga um dagsektir.

Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að lögbundnum réttindum starfsmanna sama hjá hvaða atvinnurekendum þeir starfa. Þá sé brýnt að sporna við svartri atvinnustarfsemi sem leiðir ekki eingöngu til réttindaleysis starfsmanna og lægri skatttekna í ríkissjóð heldur einnig aukinna útgjalda úr ríkissjóði, m.a. í formi atvinnuleysisbóta og bóta úr almannatryggingakerfinu sem eru tekjutengdar. Tryggja verður að sátt ríki um velferðarkerfið og að það nýtist á lögmætan hátt og bætur séu greiddar til þeirra sem eiga sannanlegan rétt á þeim.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „stuðla að því“ komi: tryggja.
2. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Guðbjartur Hannesson.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Guðmundur Steingrímsson.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	

1017. Fyrirspurn [596. mál]

til umhverfisráðherra um námskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvers vegna hafa ekki verið haldin námskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn síðan árið 2001 og hvenær stendur til að halda námskeið næst?

1018. Frumvarp til laga [597. mál]

um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bjarni Benediktsson,
Steingrímur J. Sigfússon, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Tilgangur laga þessara er að kveða á um framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna, opinber og almenn fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: *Frambjóðendur:* Þátttakendur í persónukjöri í forsetakosningum, kosningum til Alþingis, kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka.
b. Við 2. málsl. 4. tölul. bætist: sem og sala stjórnmálasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til Ríkisendurskoðunar og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. Ríkisendurskoðun getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 5. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sveitarstjórnarkosningum“ í 1. málsl. kemur: árleg.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmálasamtaka samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Berist stjórnmálasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 1. og 2. mgr. kemur: 400.000 kr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. mgr.

c. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „í prófkjörum af kosningabaráttu“ í inngangsmálslið 4. mgr. kemur: af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

f. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 35 millj. kr.
g. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og kostnaður vegna kosningabaráttu.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 8. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 400.000 kr.
b. Á eftir orðunum „til að staðreyna“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: reikninga og.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stjórnmálasamtök skulu fyrir 1. október ár hvert skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr.

9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjörið áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabarátta frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytis nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr.

10. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt

og unnt er, birta útdrátt úr reikningum með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr. til kosningabaráttu frambjóðandans.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar eða allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Refsa skal fyrir brot samkvæmt þessari grein séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Greinargerð.

I. Almennt.

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, skipaði í maí 2009 nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi, auk fulltrúa Frjálslynda flokksins, til að endurskoða lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Var það mat forsætisráðherra að rétt væri að flýta endurskoðun laganna sem mælt er fyrir um í bráðabirgðaákvæði í lögunum annars vegar í ljósi þeirrar umræðu sem skapast hafði um fjármál stjórnmálaflokkanna í kjölfar efnahagshrunsins og í aðdraganda alþingiskosninga sem efnt var til vorið 2009 og hins vegar vegna tilmæla sem GRECO, samtök ríkja gegn spillingu, sem starfa innan vébanda Evrópuráðsins beindu til íslenskra stjórnvalda í matsskýrslu nefndarinnar frá 4. apríl 2008 um gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka hér á landi. Var nefndin skipuð eftirfarandi nefndarmönnum: Ágústi Geir Ágústssyni, formanni, skrifstofustjóra í forsætisráðuneyti, sem var skipaður án tilnefningar, Margréti S. Björnsdóttur, formanni framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, Grétu Ingþórsdóttur, starfandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, Drífu Snædal, framkvæmdastýru Vinstri hreyfingarinnar – græns fram-

boðs, Sigfúsi Inga Sigfússyni, framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins, Jóhanni Kristjánssyni, framkvæmdastjóra þingflokks Borgarahreyfingarinnar, og Magnúsi Reyni Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins. Á starfstíma nefndarinnar urðu þær breytingar á nefndaskipaninni að 4. september 2009 vék Jóhann Kristjánsson úr nefndinni og við sæti hans tók Friðrik Þór Guðmundsson, 2. desember 2009 vék Friðrik Þór Guðmundsson úr nefndinni og við sæti hans tók Þórður Björn Sigurðsson og loks 19. janúar 2010 vék Sigfús Ingi Sigfússon úr nefndinni og við sæti hans tók Hrólfur Ölvisson. Nefndin hefur í störfum sínum haft náið samráð og samvinnu við Ríkisendurskoðun sem er eftirlitsaðili samkvæmt lögunum. Þá hefur nefndin einnig fengið á sinn fund ýmsa sérfræðinga til umfjöllunar um málið.

Auk almennrar endurskoðunar á lögunum var nefndinni falið að kanna grundvöll þess að gera úttekt á fjárreiðum þeirra stjórnmálaflokka sem átt hafa fulltrúa á Alþingi, vegna áranna fyrir gildistöku laga nr. 162/2006, og skila samræmdum niðurstöðum sem fyrst um heildarfjárreiður flokkanna, bæði landsflokkanna, kjördæmisráðanna, einstakra félaga og eftir atvikum frambjóðenda þeirra vegna forvala og/eða prófkjara á umræddu tímabili. Afrakstur þeirrar vinnu nefndarinnar birtist í sameiginlegri viljayfirlýsingu stjórnmálaflokkanna og frumvarpi sem flutt var af forustumönnum allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi þar sem lagt var til að Ríkisendurskoðun yrði, með sérstakri lagaheimild, falið að taka við og birta upplýsingar um styrkveitingar til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þeirra á árunum 2002 til 2006 og birta þær upplýsingar með samræmdum hætti. Var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi á sumarþinginu 2009.

Í frumvarpi þessu sem flutt er sameiginlega af forustumönnum þeirra stjórnmálasamtaka sem fulltrúa eiga á Alþingi, að Hreyfingunni frátalinni, eru lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, tekin til heildarendurskoðunar í samræmi við framangreint. Tekur sú endurskoðun annars vegar mið af umræddum tilmælum GRECO sem birt eru í matsskýrslu nefndarinnar og hins vegar af þeirri reynslu sem hefur nú fengist af framkvæmd laganna.

Á vettvangi endurskoðunarnefndarinnar komu einnig til umræðu álitaefni er varða aðgengi stjórnmálasamtaka að fjölmiðlum í aðdraganda kosninga og almennt sem og álitaefni sem varða auglýsingar stjórnmálasamtaka í kosningabaráttu. Ljóst er að umrædd álitaefni eru nátengd umræðu um fjármál stjórnmálasamtaka í víðum skilningi. Að mati nefndarinnar fellur tillögugerð á þessu sviði þó utan starfssviðs hennar enda verður ekki talið að hugsanleg lagaákvæði á þessu sviði eigi heima í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka sem nefndin hefur til endurskoðunar. Er það eftir sem áður afstaða nefndarinnar að rétt sé að þessi álitaefni verði tekin til skoðunar, t.d. í tengslum við endurskoðun laga um fjölmiðla, sbr. frumvarp til laga um fjölmiðla sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

II. Helstu breytingar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að reglur laganna um framlög til frambjóðenda frá einstaklingum og lögaðilum og um upplýsingaskyldu þeirra taki einnig til frambjóðanda í forsetakosningum. Samhliða er lagt til að kveðið verði á um leyfilegan hámarkskostnað frambjóðenda í forsetakjöri af kosningabaráttu (35 millj. kr.).
2. Lagt er til að hámarksfjárhæð framlaga frá einstaklingum og lögaðilum til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði hækkuð úr 300.000 kr. í 400.000 kr., sem samsvarar þeim verðlagshækkunum sem orðið hafa frá þeim tíma er lögin tóku gildi 1. janúar 2007

og til dagsins í dag. Samhliða er lagt til að sérheimild laganna til að innheimta að auki félagsgjöld, allt að 100.000 kr. á ári, verði felld niður. Þarf innheimta félagsgjalda, verði breytingarnar samþykktar, framvegis að rúmast innan hámarksframlagsins.

3. Lagt er til að nöfn þeirra einstaklinga sem styrkja stjórnmálaflokka eða frambjóðendur um meira en 200.000 kr. verði gerð opinber. Er með öðrum orðum lagt til að svonefnt nafnleyndargólf verði lækkað úr 300.000 kr. í 200.000 kr. hvað einstaklinga varðar. Regla laganna um að öll framlög frá lögaðilum séu opinber stendur óbreytt.
4. Til að auka jafnræði milli stjórnmálasamtaka og til að greiða fyrir því að ný stjórnmálasamtök geti boðið fram í kosningum til Alþingis er lagt til að stjórnmálasamtök geti, án tillits til niðurstöðu kosninganna, sótt um fjárstyrk úr ríkissjóði til að standa straum af útlögum kostnaði vegna kosningabaráttunnar, allt að 3 millj. kr.
5. Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð vegna flokkseininga sem heimilt er að undanskilja í samstæðureikningi sem og viðmiðunarfjárhæð vegna frambjóðenda sem undanþegnir eru upplýsingaskyldu til Ríkisendurskoðunar verði hækkuð úr 300.000 kr. í 400.000 kr. til að mæta verðlagshækkunum, sbr. lið 2.
6. Lagt er til að kveðið verði á um það í lögunum hvaða upplýsingar úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda skuli gerðar opinberar.
7. Lagt er til að Ríkisendurskoðun fái sambærilegar heimildir til að kalla eftir gögnum frá frambjóðendum til að staðreyna að framlög og kostnaður þeirra af kosningabaráttu sé í samræmi við ákvæði laganna og hún hefur til að kalla eftir gögnum frá stjórnmálasamtökum.
8. Lagt er til að það verði gert að skilyrði fyrir úthlutun á ríkisframlagi til stjórnmálasamtaka að þau hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögunum.
9. Lagt er til að kveðið verði á um það í frumvarpinu að berist stjórnmálasamtökum eða frambjóðendum framlag frá óþekktum gefanda þá skuli skila því í ríkissjóð.
10. Lagt er til að lögfest verði sérregla um leyfilega fjárhæð svonefndra stofnframlaga frá einstaklingum og lögaðilum, þ.e. framlaga frá einstaklingum og lögaðilum sem veitt eru í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka, en lagt er til að slík framlög megi nema allt að tvöföldu hámarksframlagi samkvæmt lögunum.
11. Lagðar eru til breytingar á viðurlagaákvæði laganna sem miða að því að gera refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila samkvæmt lögunum skýrari og að viðurlög og refsirammi taki mið af alvarleika hugsanlegra lögbrota.

III. Almennt um lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Þótt ýmsir hafi orðið til þess að vekja athygli á nauðsyn þess að sett yrðu lög um fjármál stjórnmálaflokka hér á landi þá má rekja beinan aðdraganda að setningu laganna árið 2006 til skýrslu sem Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, lagði fyrir Alþingi í apríl 2005 um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi. Var í þeirri skýrslu bent á ýmis atriði sem þörfnuðust skoðunar og vörðuðu fjármálalega umgjörð stjórnmálastarfsemi í heild sinni, m.a. með hliðsjón af löggjafarþróun í öðrum löndum og tilmælum Evrópuráðsins á þessu sviði. Til að fjalla um þessi álitaefni skipaði forsætisráðherra nefnd fulltrúa allra þingflokka og var í þeirri vinnu lögð áhersla á samstöðu nefndarmanna og þeirra stjórnmálaafla sem þeir voru fulltrúar fyrir um verklag og starfshætti, enda markmið vinnunnar að freista þess að ná fram sameiginlegri niðurstöðu. Það tókst

og var frumvarp til laganna flutt sameiginlega af forustumönnum flokkanna á Alþingi.

Ljóst er að fyrir setningu laganna höfðu Íslendingar á þessu sviði dregist aftur úr þeim þjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við enda giltu hér áður engar sértækar reglur um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Á sama tíma hafði orðið mikil þróun á alþjóðlegum vettvangi í þessum efnum og ýmsar alþjóðastofnanir hafið umfjöllun um fjárhagslega umgjörð stjórnmálasamtaka í samhengi við bætta stjórnarhætti, lýðræðislega ábyrgð, viðbrögð við mútubrotum og baráttu gegn spillingu, þar á meðal hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og hjá Evrópuráðinu á vettvangi GRECO.

Var við samningu laganna árið 2006 sérstaklega litið til tilmæla sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti að beina til aðildarríkjanna, frá 8. apríl 2003, nr. R (2003) 4, um sameiginlegar reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu. Tilmælin voru samþykkt í kjölfar samþykktar þings Evrópuráðsins um sama efni frá 22. maí 2001. Í tilmælunum er lögð áhersla á að ríkið veiti stjórnmálaflokkum stuðning og sjái til þess að fjárstyrkur af hendi hins opinbera eða einkaaðila trufli ekki sjálfstæði stjórnmálaflokka. Aðildarríkin skuli jafnframt grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggi gagnsæi fjárframlaga og komi í veg fyrir leynileg framlög til stjórnmálaflokka. Þá skuli aðildarríkin tryggja að framlög til stjórnmálaflokka umfram tiltekið hámark séu opinber, meta hvort rétt sé að leiða í lög reglur um hámarksframlög til stjórnmálaflokka og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um viðmiðunarmörk fjárframlaga. Einnig er í tilmælunum kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að framlög lögaðila til stjórnmálaflokka séu sérgreind í bókhaldi fyrirtækja og að hluthafar eigi rétt á upplýsingum um slík framlög. Þá skuli aðildarríkin takmarka, banna eða setja skýr mörk um framlög lögaðila, sem selja opinberum aðilum vöru eða þjónustu, til stjórnmálaflokka og banna lögaðilum undir stjórn opinberra aðila að leggja fram fé til stjórnmálaflokka. Áþekk ákvæði skuli gilda um framlög erlendra aðila. Þá er lagt til að sömu viðmiðunarreglur gildi um framlög til frambjóðenda og til kosningabaráttu og að aðildarríkin skuli meta þörf fyrir að setja viðmiðunarmörk um hversu miklu fé skuli varið til kosningabaráttu. Einnig er tekið fram að aðildarríkin skuli skylda stjórnmálaflokka og tengd samtök til að halda bókhald og að reikningar þeirra skuli vera samstæðureikningar fyrir viðkomandi flokk og skyld samtök. Slíkir reikningar skuli lagðir fram fyrir óháðan eftirlitsaðila í það minnsta árlega. Þá skuli skylda stjórnmálaflokka til að birta opinberlega upplýsingar um öll framlög og nöfn þeirra sem lagt hafa fram framlög yfir tiltekinni fjárhæð auk helstu kennitalna úr reikningum þeirra. Að síðustu er lagt til að aðildarríkin leiði í lög viðurlög við brotum á slíkum reglum sem talist geti hæfileg. Var talið mikilvægt, enda þótt umrædd tilmæli séu ekki bindandi fyrir Ísland samkvæmt þjóðarétti, að leggja þessi tilmæli Evrópuráðsins til grundvallar samningu og samþykkt laganna enda væri um að ræða viðmiðunarreglur sem sammæli voru um meðal ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins.

Af samanburði gildandi laga og umræddra tilmæla er ljóst að Ísland hefur þegar í öllum meginatriðum innleitt í löggjöf efni tilmælanna með setningu laganna árið 2006. Í samræmi við það verður sú ályktun dregin að lögin setji fjármálum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda trausta umgjörð sem nauðsynlegt aðhald, tryggi gagnsæi og séu til þess fallin að þjóna því meginmarkmiði að takmarka hættu af spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmálastarfs. GRECO tekur undir þetta í framangreindri matsskýrslu sinni en þar kemur fram það mat að gildistaka laga nr. 162/2006 og þær reglur sem Ríkisendurskoðun setur á grundvelli þeirra sé mikilvægur liður í því að auka gagnsæi og ábyrgðarskyldu varðandi fjármögnun stjórnmálasamtaka hér á landi og frambjóðenda og að fyrir það beri að hrósa íslenskum

stjórnvöldum. Er þar jafnframt staðfest að löggjöfin endurspegli í stórum dráttum kröfur ráðherranefndar Evrópuráðsins eins og þær eru settar fram í tilmælum nr. (2003)4 um sameiginlegar reglur gegn spillingu í fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu sem raktar eru hér að framan. Eins og sjá má á umfjöllun í matsskýrslu GRECO og þeim tilmælum sem beint er til íslenskra stjórnvalda lúta þau fyrst og fremst að tæknilegum lagfæringum og nánari útfærslu á ákvæðum laganna, með ákveðnum undantekningum þó.

Eitt helsta álitamálið sem var uppi við setningu laganna árið 2006 laut að því hvernig fara skyldi með takmarkanir á framlögum einstaklinga og lögaðila til stjórnmálastarfsemi. Komu þar fram ólík sjónarmið. Ein leið, sem rædd var, fólst í því að setja engin eða óveruleg bönn við framlögum en kveða þess í stað á um upplýsingaskyldu um framlög umfram tiltekna fjárhæð. Önnur leið, sem rædd var, fólst í að banna algerlega framlög lögaðila til stjórnmálastarfsemi og leyfa einungis óveruleg félagsgjöld einstaklinga. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að rétt væri að sníða öllum framlögum þröngan stakk. Ástæða þess var ekki síst sú breyting sem orðið hafði hér á landi á undanförnum árum þar sem sífellt fleiri fyrirtæki og einstaklingar höfðu fjárhagslega burði til að kosta stóran hluta barátttu flokka eða einstaklinga. Það var sameiginleg afstaða þeirra stjórnmálasamtaka sem komu að málum á þeim tíma að mikilvægt væri að draga úr hættu á tortryggni vegna þessa og skapa gagnsæja umgjörð um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Einnig væri eðlilegt að þrengja rammann frekar til að freista þess að draga úr kostnaði við kosningabaráttu. Að síðustu væri rétt að taka mið af því grundvallarmarkmiði tilmæla Evrópuráðsins frá 2003 að einstaklingar hefðu möguleika á að styrkja stjórnmálastarfsemi upp að ákveðnu marki og njóta samt sem áður nafnleyndar. Niðurstaðan var sú að heimila einungis framlög upp að 300.000 kr. á hverju almanaksári, hvort sem í hlut ættu einstaklingar eða lögaðilar. Á hinn bóginn væri skylt að upplýsa opinberlega um öll framlög lögaðila, hversu lág sem þau eru og hvort sem þau eru peningaleg eða ekki. Var markmiðið með þessu að setja einfalda og skýra reglu sem ekki væri erfið í framkvæmd eða skapaði óvissu fyrir þá sem leita eftir stuðningi til stjórnmálastarfsemi, hvort heldur er í eigin nafni eða fyrir hönd stjórnmálasamtaka. Með þessari reglu voru hins vegar settar verulegar takmarkanir við því hversu háar fjárhæðir heimilt væri að þiggja frá einstökum lögaðilum og einstaklingum og var í þeim efnum gengið mun lengra en til að mynda nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa gert eins og nánar er fjallað um hér síðar.

Óhætt er að fullyrða að með setningu laganna hafi orðið gjörbylting á fjármálalegri starfsumgjörð stjórnmálaflokka hér á landi og frambjóðenda þeirra því eins og áður segir giltu í raun engar reglur um það hversu háa styrki stjórnmálasamtök gátu þegið af einstökum aðilum fyrir setningu laganna né reglur sem skylduðu þá til að upplýsa eftirlitsaðila og almenning um það hverjir væru styrktaraðilar þeirra.

IV. Tilmæli GRECO, samtaka ríkja gegn spillingu, og tillögur sem settar eru fram í frumvarpinu til að bregðast við þeim.

Eins og fram er komið beinir GRECO tilteknum tilmælum til íslenskra stjórnvalda í matsskýrslu sinni frá 4. apríl 2008 um gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka hér á landi. Fela tilmælin einkum í sér ábendingar og tillögur um úrbætur og lagfæringar á gildandi ákvæðum laga um fjármál stjórnmálasamtaka og afleiddum reglum þeirra enda er það mat GRECO, eins og rakið er að framan, að Ísland hafi nú þegar með setningu laganna árið 2006 innleitt öll meginatriði tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins, frá 8. apríl 2003, nr. R (2003) 4, um sameiginlegar reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu, en þau tilmæli leggja efnislegan grundvöll að starfi Evrópuráðsins og

GRECO á þessu sviði. Framangreint á í grófum dráttum við um öll tilmæli GRECO með einni meginundantekningu þó. Sú lýtur að fyrstu tilmælum GRECO hér að aftan og varðar innleiðingu reglna um gagnsæi fjárframlaga til frambjóðenda í forsetakosningum en þar bendir GRECO réttilega á gloppu í íslenskum lögum á þessu sviði. Tilmæli GRECO eru eftirfarandi:

1. að innleiddar verði reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga;
2. að framlögum verði sett ákveðin mörk, í því skyni að nöfn einstaklinga sem veita fjárframlög verði birt, og að mörk þessi verði undir því hámarksframlagi sem stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að þiggja;
3. að (i) sett verði skýr ákvæði um það hvenær framboð einstaklings hefst svo að ljóst sé hvenær hefja skuli færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör; (ii) skilgreina skuli lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila að prófkjöri loknu; og (iii) biðja alla frambjóðendur sem sýna jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga að skila inn uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuldin hefur verið endurgreidd;
4. að leitað verði leiða til að miðla almenningi upplýsingum um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram (t.d. með bráðabirgðaskýrslum);
5. að (i) í útdráttum úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu helstu liðir þeirra tilgreindir (m.a. umbeðnar upplýsingar um tekjur og útgjöld) eins fljótt og unnt er, og (ii) útdrættirnir séu birtir tímanlega;
6. að (i) settar verði skýrar reglur sem tryggja tilskilið óhæði endurskoðenda sem taka að sér að endurskoða reikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda; og (ii) að innleiddir verði starfshættir fyrir endurskoðendur slíkra reikninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstaðla um hvenær, hvernig og hverjum skuli tilkynnt um grunsemdir um alvarleg brot á gildandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu;
7. að Ríkisendurskoðun fái vald til að sannreyna efnislega (til viðbótar hinni formlegu endurskoðun sem framkvæmd er) og eftir því sem þörf krefur þær upplýsingar sem frambjóðendur veita;
8. að framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og framlaga til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (svo sem mannúðarsamtaka eða trúfélaga);
9. og að gildandi viðurlög við brotum á reglum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði endurskoðuð og að tryggt verði að þau viðurlög sem valin eru séu skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brot.

V. Nánar um einstök tilmæli og viðbrögð með þeim.

1. Að innleiddar verði reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga.

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Mikilvægt er að leggja áherslu á að lög nr. 162/2006 gilda um stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtök sem taka þátt í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, sem og frambjóðendur sem bjóða sig annaðhvort fram sem þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka eða þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna. Ákvæði laganna ná því ekki til

frambjóðenda í forsetakjöri. Nefndinni er ljóst að þótt starf forsetans sé fyrst og fremst fólgið í því að vera fulltrúi þjóðarinnar, þá hefur hann, samkvæmt stjórnarskránni, tiltekið löggjafarvald og framkvæmdarvald sem hann getur beitt, ef þörf krefur. Embætti forsetans er mjög sýnilegt á opinberum vettvangi og áhugi er á að gagnsæi ríki í kosningabaráttu forsetaefna þótt ekki sé um flokkspólitískar kosningar að ræða. Ráðamenn viðurkenndu að fjalla þyrfti nánar um það mál og þegar nefndin dvaldi hérlendis voru í gangi umræður um hvort setja bæri reglur um gagnsæi í tengslum við fjárframlög til forsetaefna. Nefndin er þeirrar skoðunar að þetta sé gat í kerfinu sem ráða þurfi bót á og leggur því til **að innleiddar verði reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga.“**

Í frumvarpi til núgildandi laga nr. 162/2006 var lagt til að reglur laganna um framlög frá lögaðilum og einstaklingum tækju einnig til frambjóðenda í forsetakosningum. Jafnframt var þar lagt til að þegar forsetakosningar færu fram skyldi í fjárlögum veitt fé til þess að styrkja frambjóðendur til embættis forseta Íslands. Þeirri fjárhæð skyldi síðan úthluta eftir umsókn að afloknum kosningum til þeirra frambjóðenda sem hlotið hefðu a.m.k. einn tíunda hluta greiddra atkvæða í kosningunum, í réttu hlutfalli við atkvæðamagn, með þeim takmörkunum að framlag gæti þó aldrei numið hærri fjárhæð en svarar kostnaði frambjóðanda af kosningabaráttu, að frádregnum framlögum lögaðila og einstaklinga skv. III. kafla. Loks var í frumvarpinu mælt fyrir um að endurskoðað uppgjör kosningabaráttu skyldi fylgja umsókn frambjóðanda um ríkisframlag. Þessi ákvæði frumvarpsins voru hins vegar felld brott að tillögu allsherjarnefndar við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi með þeirri skýringu að íhuga þyrfti betur hvernig staðið skyldi að slíkum framlögum áður en ráðist er í lagasetningu um þau.

Við skoðun málsins nú var það niðurstaða meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að brýnt væri að settar væru reglur um fjármál forsetaframbjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Má segja að nauðsyn þessa hafi farið vaxandi vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur við beitingu þess valds sem forseta er falið í stjórnarskránni og því aukna vægi sem forsetaembættið hefur þar með fengið í stjórnskipun landsins. Er þannig fallist á og tekið undir þá nauðsyn sem fram kemur í tilmælum GRECO um að setja þurfi reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til embættis forseta Íslands. Er í samræmi við þetta lagt til í frumvarpinu að ákvæði laganna um leyfileg framlög lögaðila og einkaaðila til frambjóðenda gildi einnig um framlög til forsetaframbjóðenda sem og ákvæði laganna um upplýsingagjöf til Ríkisendurskoðunar og almennings. Er jafnframt í frumvarpinu gerð tillaga um að heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu megi ekki vera hærri en nemur 35 millj. kr. að hámarki. Ekki er hins vegar í frumvarpinu lagt til að forsetaframbjóðendur eigi kost á ríkisframlögum.

2. *Að framlögum verði sett ákveðin mörk, í því skyni að nöfn einstaklinga sem veita fjárframlög verði birt og að mörk þessi verði undir því hámarksframlagi sem stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að þiggja.*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Samkvæmt lögum nr. 162/2006 ber að greina frá nöfnum lögaðila og framlögum þeirra (verðgildi og hvort um bein fjárframlög eða önnur gæði er að ræða) í reikningum sem stjórnmálasamtök og frambjóðendur afhenda Ríkisendurskoðun. Gefa skal þó upp heildarupphæð allra framlaga frá einstaklingum til flokks eða frambjóðanda. Nefndin komst að því að tekin var vísvitandi ákvörðun um að hámarksupphæð framlags sem flokkum og frambjóðendum væri heimilt að taka við frá einum styrktaraðila skyldi vera 300.000 kr.

á ári; var það gert til að ekki þyrfti að gefa upp nöfn einstaklinga sem veittu framlag og vernda þannig einkalíf þeirra. Nefndin viðurkennir að nauðsynlegt sé að vernda rétt einstaklinga til einkalífs, en telur að slík einstaklingsbundin réttindi verði að samræmast þeim almannahagsmunum sem um er að ræða (gagnsæi sem miðar að því að uppgötva og afhjúpa tilvik þar sem einstaklingur hefur ótilhlýðileg áhrif með fjárframlagi til stjórnmálastarfsemi). Nefndin er þeirrar skoðunar að virða skuli friðhelgi einkalífs þegar um minni háttar framlag er að ræða – sem þar af leiðandi er ekki líklegt til að hafa áhrif; en framlag einstaklings sem nemur allt að 300.000 kr. getur þó ekki talist vera minni háttar (t.d. í tengslum við sveitarstjórnarkosningar) og því þarf að gera grein fyrir því í ljósi ákvæða um gagnsæi og ábyrgðarskyldu. Enn fremur hefur nefndin veitt því athygli að við núverandi aðstæður (þegar nöfn einstaklinga sem veita flokkum eða frambjóðendum framlög eru ekki birt) er lögaðilum til dæmis kleift að veita hærra framlag en heimilt er á ársgrundvelli og njóta jafnframt nafnleyndar með því að miðla fjárstuðningi sínum til flokks eða frambjóðanda með einstökum framlögum á vegum starfsmanna sinna. Til að auka gagnsæi og koma í veg fyrir óréttmæta fjármögnun mælir nefndin með því **að framlögum verði sett ákveðin mörk, í því skyni að nöfn einstaklinga sem veita fjárframlög verði birt, og að mörk þessi verði undir því hámarksframlagi sem stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að þiggja.“**

Framangreind tilmæli GRECO voru rædd ítarlega á vettvangi nefndarinnar. Að mati meiri hluta nefndarinnar varða umrædd tilmæli það álitaefni hvenær fjárhæð framlags sé orðin það há að ætla megi almennt séð að það geti skapað hættu á óeðlilegum hagsmunatengslum á milli styrkveitanda og viðkomandi frambjóðanda eða stjórnmálasamtaka sem styrkurinn rennur til, þannig að eðlilegt og réttmætt sé að almenningur sé upplýstur um tengslin. Það er álit meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að jafnvel þótt 300.000 kr. framlag sé í sjálfu sér ekki há fjárhæð þá verði hún að teljast rífleg þegar um einstakling er að ræða og almennt umfram það sem einstaklingar séu tilbúnir til láta af hendi til stjórnmálasamtaka eða einstakra frambjóðenda til styrktar þeim málstað sem viðkomandi flokkur eða frambjóðandi stendur fyrir. Í samræmi við þetta og með hliðsjón af tilmælum GRECO er lagt til að nöfn þeirra einstaklinga sem styrkja stjórnmálasamtök eða frambjóðendur um meira en 200.000 kr. verði gerð opinber. Er með öðrum orðum lagt til að svonefnt nafnleyndargólf verði lækkað úr 300.000 kr. í 200.000 kr. Verði tillagan samþykkt munu einstaklingar sem veita framlög að upphæð 200.000 kr. eða minna áfram njóta nafnleyndar en upplýst verður um nöfn einstaklinga sem veita styrki umfram það. Með þessu telur meiri hluti nefndarinnar að tekið sé tillit til beggja sjónarmiða annars vegar um fullnægjandi gagnsæi fjárframlaga með tilliti til þeirrar hættu að einstaklingar hafi óeðlileg áhrif með framlagi sínu og hins vegar þeirra sjónarmiða að einstaklingar eigi að hafa frelsi til að styðja við starfsemi stjórnmálasamtaka með framlögum upp að tilteknu hóflegu marki án þess að slíkt sé gert opinbert. Samhliða þessari breytingu er lagt til í frumvarpinu að hámarksframlag einstaklings eða lögaðila verði hækkað úr 300.000 kr. í 400.000 kr. eða sem samsvarar rétt tæplega þeim verðlagshækkunum sem hafa orðið frá því að lögin voru sett í lok árs 2006. Hið svonefnda nafnleyndargólf verður þá miðað við helmingi lægra framlag en nemur leyfilegu hámarksframlagi samkvæmt lögunum. Öll framlög lögaðila eru hins vegar opinber samkvæmt núgildandi lögum og eru ekki lagðar til neinar breytingar á því í frumvarpinu.

3. *Að (i) sett verði skýr ákvæði um það hvenær framboð einstaklings hefst svo að ljóst sé hvenær hefja skuli færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör; (ii) skilgreina skuli lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila að prófkjöri loknu; og (iii) biðja alla frambjóðendur sem sýna jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga að skila inn uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuldin hefur verið endurgreidd.*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Nefndin vekur athygli á því að það eru engin ákvæði í lögum nr. 162/2006 og engar leiðbeiningar í framkvæmdareglunum sem gefa til kynna hvenær einstaklingur gerist frambjóðandi og skal þar með hefja færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör. Þar sem engar upplýsingar um lögskipuð tímamörk kosningabaráttu liggja fyrir er ógerningur að komast að því hve mikil fjárútlát frambjóðanda í kosningabaráttu hafa verið og því er ekki hægt að sannreyna hvort kostnaður í prófkjöri (sjá 33. lið) hafi verið innan leyfilegra marka. Frambjóðanda ber að skila fjárhagsuppgjöri áður en sex mánuðir eru liðnir frá kjördegi en hér er jafnframt óljóst hvort uppgjörið eigi að ná fram til kjördags eða til þess dags sem uppgjörinu er skilað. Auk þess eru engin ákvæði eða leiðbeiningar í lögum nr. 162/2006 eða framkvæmdareglum þeirra um uppgjör frambjóðenda að fyrstu skilum loknum og á það sérstaklega við ef frambjóðandi er með tekjuafgang eða skuld sem minnka verður með frekari framlögum. Í heimsókn sinni til landsins komst nefndin enn fremur að því að prófkjör réðu stöðugt meiri úrslitum í kosningaferlinu, því að þá færi fram röðun á lista og möguleikar á þingsæti eða vali til stjórnarforystu lægju þá nánast fyrir. Þar sem gagnsæi og yfirsýn yfir kosningaferlið eru afar mikilvægir þættir fyrir trúverðugleika þess leggur nefndin til **að (i) sett verði skýr ákvæði um það hvenær framboð einstaklings hefst svo að ljóst sé hvenær hefja skuli færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör; (ii) skilgreina skuli lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila að prófkjöri loknu; og (iii) biðja alla frambjóðendur sem sýna jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga að skila inn uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuldin hefur verið endurgreidd.“**

Hvað varðar fyrsta lið framangreindra tilmæla er það mat meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að það geti orkað tvímælis að tilgreina með afgerandi hætti í lögunum ákveðið tímamark um það hvenær færsla bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör skuli hefjast. Hafa verði í huga að setning reglna um tiltekin tímamörk í þessu sambandi getur skapað hættu á því að farið sé á svig við ákvæði laganna að þessu leyti, þ.e. að markvisst verði reynt að haga málum þannig að kostnaður vegna framboðs falli til áður en kemur að hinu tilgreinda tímamarki. Regla núgildandi laga felur í sér að öll framlög og allur kostnaður vegna framboða skuli tilgreindur í bókhaldi. Skiptir þá ekki máli hvenær til hans er stofnað og hefur þetta ekki valdið vandræðum við framkvæmd laganna. Á hinn bóginn má fallist á það að skortur á tímamörkum til viðmiðunar hvað þetta varðar getur leitt til ógagnsæis sem rétt sé að bregðast við. Er því lagt til að í þeim tilvikum þegar um prófkjör er að ræða taki uppgjörstímabil mið af því tímamarki þegar prófkjör er auglýst af hálfu viðkomandi stjórnmálasamtaka með þeim almenna fyrirvara að kosningabarátta viðkomandi frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytisins nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þá skal miða lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr.

Í öðrum og þriðja lið framangreindra tilmæla er annars vegar lagt til að lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila frambjóðanda vegna prófkjörs verði skilgreind og ef uppgjör sýni jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga þá skuli frambjóðandi skila inn nýju uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða þar til skuldin hefur verið endurgreidd. Að mati meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar eiga þessar athugasemdir rétt á sér enda ekki víst að öll kurl séu komin til grafar þegar uppgjöri frambjóðanda er skilað og þannig ekki tryggt að það gefi hina endanlegu mynd af fjárreiðunum. Þannig kann uppgjör að sýna neikvæða stöðu sem frambjóðandinn verður þá að laga, annaðhvort með því að afla sér aukinna framlaga frá lögaðilum og einstaklingum eða með því að greiða sjálfur það sem upp á vantar. Þá kann uppgjör að sýna jákvæða stöðu, þ.e. að kostnaður við framboð hafi reynst minni en fjárhæð þeirra framlaga sem aflað var til að standa straum af því. Í báðum tilvikum er eðlilegt að sú skylda hvíli á frambjóðendum að þeir geri grein fyrir því hvernig gengið er endanlega frá uppgjöri vegna framboðsins, þ.e. hvort aflað sé nýrra styrkja eða hvernig umframfjármunum er varið. Í samræmi við þetta er lagt til í frumvarpinu að lögfest verði sú regla að ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýni jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skuli frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar allt þar til að umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld hefur verið greidd.

Hvað varðar 2. lið tilmælanna sérstaklega er það mat meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að það sé skýrt í lögunum að fyrsta uppgjörið eigi að ná til allra framlaga og alls kostnaður sem fallið hefur til vegna framboðsins.

4. *Að leitað verði leiða til að miðla almenningi upplýsingum um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram (t.d. með bráðabirgðaskýrslum).*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Enn fremur er nefndin þeirrar skoðunar að gagnsæi í fjármögnun kosninga myndi aukast til muna með tíðari skilum en þeim árlegu reikningsskilum stjórnmálasamtaka og uppgjörum frambjóðenda sem núgildandi lög kveða á um. Til að upplýsingaskylda þjóni tilgangi sínum skal reikningum skilað í tæka tíð. Þannig verða tíð uppgjör (t.d. með bráðabirgðaskýrslum meðan á kosningabaráttu stendur) til þess að opnari umræða skapast um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi í kosningabaráttu þar sem andstæðingar frambjóðanda eða flokks, yfirvöld eða kjósendur geta þá komist að því hvort eitthvað vafasamt kunni að koma fram í færslum í tengslum við kosningar. Því leggur nefndin til **að leitað verði leiða til að miðla almenningi upplýsingum um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram (t.d. með bráðabirgðaskýrslum).“**

Almennt séð má færa gild rök fyrir því að gagnsæi og aðhald í fjármögnun stjórnmálasamtaka og frambjóðanda mundi aukast ef upplýsingar um það hverjir væru styrktaraðilar þeirra lægju fyrir áður en gengið væri til kosninga. Má ætla að slík upplýsingagjöf væri, eins og sérstaklega er bent á í tilmælunum, til þess fallin að skapa umræðu um fjárframlög og þá einkum í þeim tilvikum þar sem eitthvert tilefni væri til að ætla að óeðlileg hagsmunatengsl væru til staðar. Á hinn bóginn er ljóst að erfitt getur verið að tryggja með slíkum reglum að bráðabirgðaskýrslur gefi í raun rétta mynd af stöðu mála. Erfitt gæti reynst að koma í veg fyrir að stjórnmálasamtök og einstakir frambjóðendur reyndu að hagræða stöðunni hjá sér, t.d. með því að leita frekar framlaga að loknum kosningum. Þá er ljóst að það er fyrst og fremst í þeim tilvikum þegar upphæð framlags telst óvenjulega há að tilefni getur gefist til umræðu um hvort eitthvað óeðlilegt liggi að baki því. Má ætla að ákvæði laganna um hámarksframlög lögaðila og einstaklinga fyrirbyggi í raun, nema eitthvað fleira komi til, að

réttmætt tilefni slíkrar umræðu geti skapast. Má segja að sú reynsla sem komin er á framkvæmd laganna styðji þessa ályktun. Er það niðurstaða meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar með hliðsjón af framansögðu að ekki sé tilefni, að svo stöddu a.m.k., til að kveða á um upplýsingaskyldu af því tagi sem rætt er um í tilmælunum í lögunum.

5. *Að (i) í útdráttum úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu helstu liðir þeirra tilgreindir (m.a. umbeðnar upplýsingar um tekjur og útgjöld) eins fljótt og unnt er, og (ii) útdrættirnir séu birtir tímanlega.*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Stjórnmálasamtökum er ekki skylt að birta reikninga sína opinberlega, enda þótt einhver þeirra hafi gert það að eigin frumkvæði á liðnum árum. Frambjóðendur þurfa heldur ekki að birta reikninga vegna kosningabaráttu sinnar opinberlega. Auk þess var nefndinni tjáð að nákvæmar upplýsingar um fjármögnun stjórnmálastarfsemi féllu ekki undir ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996. Engu að síður ber Ríkisendurskoðun að birta útdrátt úr reikningum allra flokka og frambjóðenda. Birta skal nöfn lögaðila sem veitt hafa framlög en þegar nefndin heimsótti landið var enn til umræðu hvaða aðrar upplýsingar Ríkisendurskoðun skyldi birta í útdráttunum. Í lögum nr. 162/2006 er kveðið á um að útdrættirnir skuli að lágmarki greina frá heildartekjum og heildarútgjöldum stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda; þetta er í samræmi við ákvæði b-liðar 13. gr. tilmæla nr. (2003)4. Hvað varðar birtingarstað ofangreindra útdrátta (þegar þar að kemur) er ætlunin að þeir verði birtir á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Nefndin telur að til að tryggja gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka sé lykilatriði að slíkar upplýsingar verði birtar; og til að upplýsingakerfið sé skilvirkt er mikilvægt að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Enn fremur er áríðandi að útdrættirnir veiti bæði nákvæmar og auðskiljanlegar upplýsingar sem auðvelt er að nálgast í tæka tíð. Þess vegna leggur nefndin áherslu á að Ríkisendurskoðun hlíti sem fyrst skuldbindingum sínum um að birta reikninga stjórnmálaflokka og frambjóðenda og leggur til **að (i) í útdrætti úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu helstu liðir þeirra tilgreindir (m.a. umbeðnar upplýsingar um tekjur og útgjöld) eins fljótt og unnt er, og (ii) að útdrættirnir séu birtir tímanlega.“**

Hafa ber í huga að framangreind tilmæli eru sett fram áður en fyrstu útdrættir úr ársreikningum stjórnmálasamtaka voru birtir af Ríkisendurskoðun á grundvelli laganna og áður en ákveðið var endanlega í hvaða formi útdrættirnir skyldu vera. Form útdrátta var ákveðið um mitt ár 2008 af Ríkisendurskoðun í samráði við stjórnmálasamtök og hafa útdrættir úr samstæðureikningum stjórnmálasamtakanna verið birtir opinberlega fyrir árin 2007 og 2008 á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Birtingar útdrátta úr samstæðureikningum vegna rekstrarársins 2009 er að vænta á síðari hluta þessa árs. Sama gildir um birtingu útdrátta úr reikningum frambjóðenda vegna kosningabaráttu, sbr. 11. gr. laganna. Þar hefur Ríkisendurskoðun útbúið og birt á heimasíðu sinni uppgjörseyðublað fyrir frambjóðendur vegna skila á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar, en hvað frambjóðendur varðar komu þessi ákvæði laganna fyrst til framkvæmdar að loknum kosningum til Alþingis árið 2009 og hafa útdrættir úr reikningum frambjóðanda nú verið birtir með samræmdum hætti á heimasíðu Ríkisendurskoðunar samkvæmt ákvæðum laganna. Hefur framkvæmd Ríkisendurskoðunar samkvæmt framangreindu verið í samræmi við ákvæði laganna hvað þetta varðar og í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í tilmælum GRECO. Í frumvarpinu eru þó lagðar til tilteknar breytingar á ákvæðum 9. og 11. gr. laganna sem miða að því að skerpa enn frekar á skilaskyldu stjórn-

málasamtaka og frambjóðenda á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar og skýra enn frekar með beinum hætti í lögunum hvaða upplýsingar úr reikningum skuli birta í útdráttum Ríkisendurskoðunar. Er þannig m.a. lagt til í ákvæðinu að tiltekið verði ákveðið tímamark, 1. október ár hver, vegna skila á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar en samkvæmt gildandi ákvæði er einungis mælt fyrir um að upplýsingum skuli skilað til Ríkisendurskoðunar árlega. Miðar breytingin að því að koma upplýsingaskilum til Ríkisendurskoðunar í fastari skorður og tryggja þar með að birting útdrátta úr samstæðureikningum stjórnmálasamtaka af hálfu Ríkisendurskoðunar tefjist ekki úr hófi.

6. *Að (i) settar verði skýrar reglur sem tryggja tilskilið óhæði endurskoðenda sem taka að sér að endurskoða reikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda; og (ii) að innleiddir verði starfshættir fyrir endurskoðendur slíkra reikninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstaðla um hvenær, hvernig og hverjum skuli tilkynnt um grunsemdir um alvarleg brot á gildandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu.*

   Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

   „Reikningar stjórnmálaflokka og frambjóðenda skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Nefndin komst þó að því að í nokkrum tilvikum hefðu viðkomandi endurskoðendur lengi verið félagar í þeim stjórnmálaflokki sem þeir veittu þjónustu sína og að þeir hefðu starfað sem endurskoðendur eigin flokks í fjölda ára. Í þessu tilliti höfðu ekki verið innleiddir alþjóðlegir staðlar um endurskoðendur á Íslandi, en með slíkum stöðlum mætti styðjast við reglur um óhæði. Enn fremur var nefndinni tjáð að lögum samkvæmt þurfi endurskoðendur ekki að tilkynna viðkomandi löggæsluaðilum um óreiðu í bókhaldi sem þeir kynnu að verða varir í starfi sínu, heldur kæmu slíkar athugasemdir yfirleitt fram í skýrslu endurskoðenda sem viðskiptavinurinn fær í hendur. Í heimsókn sinni til landsins komst nefndin að því að endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um málefni viðskiptavina sinna. Þeir viðmælendur sem rætt var við sögðu að gildandi löggjöf um endurskoðun væri tíu ára gömul og viðurkenndu að tímabært væri að endurbæta hana. Í ljósi ofangreindra upplýsinga mælir nefndin með því **að (i) settar verði skýrar reglur sem tryggja tilskilið óhæði endurskoðenda sem taka að sér að endurskoða reikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda; og (ii) að innleiddir verði starfshættir fyrir endurskoðendur slíkra reikninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstaðla um hvenær, hvernig og hverjum skuli tilkynnt um grunsemdir um alvarleg brot á gildandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu.“**

Frá því að framangreind tilmæli voru sett fram í matsskýrslu GRECO hafa verið sett ný lög um endurskoðendur hér á landi, sbr. lög nr. 79/2008. Með þeim lögum voru tekin upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006. Eins og áður hefur komið fram felast í frumvarpinu töluverðar breytingar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Lögin ná til endurskoðenda og starfa þeirra sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögunum. Meðal helstu breytinga sem í lögunum felast eru:

- Að allir endurskoðendur skuli sæta reglubundnu gæðaeftirliti.
- Að tekin verði upp skylduaðild endurskoðenda að Félagi löggiltra endurskoðenda.
- Að lögfest verði sú krafa að allir endurskoðendur starfi samkvæmt ítarlegum siðareglum sem Félag löggiltra endurskoðenda setur, að fenginni staðfestingu ráðherra.
- Hlutverk endurskoðendaráðs breytist og gegnir það eftirlitshlutverki varðandi skráningu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, endurmenntun og reglulegt gæðaeftirlit og að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar.
- Auknar kröfur um óhæði og þá sérstaklega gagnvart fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum.
- Auknar kröfur til endurmenntunar endurskoðenda.

Verður að ætla að með framangreindum breytingum hafi að nokkru leyti verið komið til móts við þau sjónarmið sem fram koma í ofangreindum tilmælum. Þannig eru í íslenskum lögum nú gerðar ríkar kröfur til óhæðis endurskoðenda og faglega og óháða endurskoðun og er íslensk löggjöf á þessu sviði í fullu samræmi við reglur Evrópusambandsins. Þó er það svo að alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa enn ekki verið teknir upp að fullu í íslenskan rétt með beinum hætti. Hefur þó verið stefnt að því, sbr. bráðabirgðaákvæði í framangreindum lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, þar sem kveðið er á um að þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skuli endurskoðun samkvæmt lögunum fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) útgefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Þannig hafa umræddir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar í reynd mikið vægi við túlkun laga um skyldur endurskoðenda við endurskoðun reikninga hér á landi, þar á meðal við endurskoðun reikninga stjórnmálasamtaka, en árétta ber að allar sömu reglur og kröfur eru gerðar til endurskoðunar á samstæðureikningum stjórnmálasamtaka og gerðar eru til endurskoðunar á reikningum annarra lögaðila eins og t.d. almenningshlutafélaga.

7. *Að Ríkisendurskoðun fái vald til að sannreyna efnislega (til viðbótar hinni formlegu endurskoðun sem framkvæmd er) og eftir því sem þörf krefur þær upplýsingar sem frambjóðendur veita.*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Varðandi frekari rannsóknir benti Ríkisendurskoðun á að ef um hugsanleg brot væri að ræða á reglum um framlög eða öðrum lagaákvæðum yrði slíkum málum vísað til lögreglunnar, stofnunin mundi ekki annast rannsóknir á málum af því tagi. Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir að allir reikningar verði endurskoðaðir og að kallað verði eftir nánari upplýsingum og skýringum hjá flokkum, frambjóðendum og endurskoðendum þeirra, ef þörf krefur. Enda þótt Ríkisendurskoðun hafi vald til að tryggja ekki einungis formlegt eftirlit, heldur einnig efnislegt eftirlit með upplýsingum sem stjórnmálasamtök veita, hefur stofnunin þó ekki heimild til að standa fyrir efnislegum athugunum á framlögum til frambjóðenda. Ríkisendurskoðun viðurkennir að í lögum nr. 162/2006 séu engin ákvæði um slíka heimild, en að til framtíðar kunni að verða nauðsynlegt að rannsaka reikninga frambjóðenda umfram þær upplýsingar sem þeir sjálfir veita í uppgjörum sínum. Í slíkum tilvikum hefði Ríkisendurskoðun enga lagalega heimild til að fara fram á bókhaldsgögn (t.d. reikninga, kvittanir) í því skyni að sannreyna efnislega (og ekki einungis formlega) þær upplýsingar sem fram koma í viðkomandi uppgjörum. Þess vegna mælist nefndin til þess **að Ríkisendurskoðun fái vald til að sannreyna efnislega (til viðbótar hinni formlegu**

endurskoðun sem framkvæmd er) og eftir því sem þörf krefur þær upplýsingar sem frambjóðendur veita.“

Til að bregðast við framangreindum tilmælum GRECO er lagt til í frumvarpinu að Ríkisendurskoðun fái sambærilegar heimildir til að kalla eftir gögnum frá frambjóðendum og frá stjórnmálasamtökum til að sannreyna uppgjör sem þeir skila. Er lagt til að Ríkisendurskoðun geti hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður vegna prófkjörs og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda sé innan þeirra marka sem greinir í III. kafla laganna.

8. *Að framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og framlaga til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (svo sem mannúðarsamtaka eða trúfélaga).*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Sem lið í víðtækara eftirlitskerfi er lögaðilum gert skylt að greina frá framlögum sínum til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í ársskýrslum sínum til skattyfirvalda til að njóta skattfrádráttar (sem nemur allt að 0,5% af tekjum). Nefndin telur að ofangreind krafa um að lögaðilar greini frá framlögum sínum nýtist vel í eftirlitsstarfseminni. Nefndinni var tjáð að skattskrá lægi frammi almenningi til sýnis í tiltekinn tíma, en á skattskýrslum er ekki greint milli framlaga sem lögaðilar veita stjórnmálasamtökum og framlaga til annarra samtaka (trúfélaga, mannúðarsamtaka, menningarstarfsemi og vísindastofnana). Nefndinni var tjáð að skattyfirvöld gætu, án breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, breytt framtalseyðublöðum sínum þannig að greint yrði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og annarra framlaga. Þess vegna mælir nefndin með því **að framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og framlaga til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (svo sem mannúðarsamtaka eða trúfélaga).“**

Með hliðsjón af þessum tilmælum GRECO óskaði forsætisráðuneytið eftir áliti ríkisskattstjóra á þessum tilmælum GRECO. Óskaði forsætisráðuneytið jafnframt eftir því að ríkisskattstjóri legði mat á það hvort slík breyting á framtalseyðublöðum krefðist breytinga á lögum um tekjuskatt eða hvort unnt væri að hrinda þessari breytingu í framkvæmd án lagabreytinga. Í svarbréfi ríkisskattstjóra kom fram að hann gerði ekki athugasemdir við tilmæli GRECO og jafnframt að hann teldi líklegt að þessi breyting á framtalseyðublöðum væri til þess fallin að auka gagnsæi og auðvelda eftirlit. Þá kom fram að unnt væri að gera þessa breytingu á framtalseyðublaðinu án lagabreytinga. Óskaði forsætisráðuneytið í framhaldi af þessu eftir því að framtalseyðublaði fyrir árið 2009 yrði breytt í samræmi við framangreint og hefur ríkisskattstjóri orðið við þeim óskum.

9. *Að gildandi viðurlög við brotum á reglum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði endurskoðuð og að tryggt verði að þau viðurlög sem valin eru séu skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brot.*

Í matsskýrslu GRECO segir nánar um þessi tilmæli:

„Nefndin telur að helsti annmarki laga nr. 162/2006 sé hve almenn og óljós ákvæði þeirra um viðurlög eru. Ef brotið er gegn lögunum (af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi) er beitt fésektum eða fangelsi í allt að sex ár. Lýsingum á aðstæðum þar sem viðkomandi refsingum (fésektum eða fangelsi) yrði beitt er svo ábótavant að það vekur spurningar um lagalegt gildi þeirra. Refsiákvæði um sex ára fangelsi yrði líklega aldrei beitt vegna þess

hve þungt það er, einkum ef litið er til refsinga fyrir mun alvarlegri mútubrot á Íslandi. Enn fremur er ekki ljóst hvaða einstaklingur ætti að afplána refsinguna ef stjórnmálasamtök væru staðin að því að brjóta lög. Þetta nægir til þess að endurskoða verður þau viðurlög sem kveðið er á um í lögum nr. 162/2006. Það er álit nefndarinnar að með sveigjanlegri refsingum (t.d. stjórnsýsluviðurlögum og skaðabótum) til viðbótar refsiábyrgðinni yrði enn frekar komið í veg fyrir að stjórnmálaflokkar og frambjóðendur brytu reglur um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Í ljósi ofangreindra athugasemda er niðurstaða nefndarinnar sú að núgildandi viðurlög gefi hvorki góða raun gagnvart brotum á þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 162/2006 né séu í réttu hlutfalli við brot. Ef þeim er ekki beitt, eða sé ekki hægt að beita þeim, er ljóst að þau munu ekki draga úr brotavilja. Nefndin leggur til **að gildandi viðurlög við brotum á reglum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði endurskoðuð og að tryggt verði að þau viðurlög sem valin eru séu skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brot.“**

Til að bregðast við framangreindum tilmælum eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna sem miða að því að gera refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila samkvæmt lögunum skýrari og að viðurlög og refsirammi taki mið af alvarleika hugsanlegra brota. Eru ákvæði frumvarpsins að þessu leyti í samræmi við tillögur refsiréttarnefndar um það hvernig bregðast megi við þessum tilmælum GRECO en endurskoðunarnefndin óskaði sérstaklega eftir áliti og tillögum frá nefndinni í þessu sambandi.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að hver sem tekur við framlögum eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr., skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í greininni er ekki lagt til að þeim verði refsað sem veitir framlög umfram heimildir laganna. Með jafnvirði framlaga er átt við gæði sem metin verða til fjár, sbr. skilgreiningar í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í 2. mgr. er lagt til að það varði sektum að skila ekki skýrslum eða upplýsingum til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka og sama gildi séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur. Þá er í 3. mgr. lagt til að það varði lögaðila sekt að brjóta ákvæði 1. og 2. mgr. Um refsiábyrgð lögaðila vísast að öðru leyti til II. kafla A í almennum hegningarlögum. Í 4. mgr. er lagt til að brot skv. 1. og 2. mgr. varði refsingu óháð því hvort þau séu framin í gáleysi eða af ásetningi. Þá er í 5. mgr. lagt til að tilraunarbrot og hlutdeildarbrot séu refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga. Loks er í 6. mgr. lagt til að heimilt sé að gera upptæk framlög sem tekið er við án heimildar eða umfram heimildir.

Með framangreindum breytingum er ljóst að refsiákvæði laganna uppfyllir að fullu kröfur um skýrleika refsiheimilda. Þannig má öllum þeim sem starfa á grundvelli laganna vera ljóst hvaða brot geta leitt til refsingar samkvæmt lögunum sem eykur þau varnaðaráhrif sem viðurlagaákvæðinu er ætlað að hafa.

Á vettvangi endurskoðunarnefndarinnar var sá möguleiki ræddur að taka upp stjórnsýsluviðurlög af einhverju tagi á þessu sviði, svo sem stjórnsýslusektir. Var það niðurstaða þeirrar umræðu að ekki væri að svo stöddu ástæða til að lögleiða slíkar viðurlagaheimildir enda væri ekki enn komin nægjanleg reynsla á framkvæmd laganna til að unnt væri að meta með fullnægjandi hætti hvort þörf væri á slíkum viðurlagaúrræðum. Í þessu sambandi er þó ástæða til að benda á að í frumvarpinu er gerð tillaga um að það verði skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 5. gr. laganna til stjórnmálasamtaka að viðkomandi samtök hafi áður með fullnægjandi hætti sinnt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr. laganna. Þjónar slíkt ákvæði í reynd svipuðum tilgangi og heimild til beitingar stjórnvalds-

sekta enda má ætla að það tryggi með fullnægjandi hætti að stjórnmálasamtök sinni skyldum sínum að þessu leyti eigi þau á annað borð rétt á ríkisstyrkjum.

VI. Reglur laganna um hámarksframlög lögaðila og einstaklinga til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda.

Eins og vikið hefur verið að er ljóst að gildandi reglur laganna um hámarksframlög setja verulegar skorður við einkafjármögnun stjórnmálastarfsemi hér á landi. Ef þessar reglur laganna eru bornar saman við gildandi reglur annars staðar á Norðurlöndum er ljóst að Ísland sker sig nokkuð úr hvað þetta varðar. Er Ísland í reynd eina landið í hópi Norðurlanda þar sem settar eru skorður við hámarksfjárhæð framlaga frá lögaðilum og einstaklingum. Ísland gengur jafnframt lengst í því að setja skorður við framlögum að öðru leyti, svo sem með banni við framlögum frá opinberum aðilum, erlendum aðilum og óþekktum gefendum.

Í Danmörku eru engar lagalegar takmarkanir í gildi hvað snertir upphæð framlaga frá lögaðilum og einstaklingum. Ekki er heldur lagt bann við framlögum frá opinberum aðilum eða erlendum. Enn fremur er ekki lagt bann við nafnlausum framlögum til stjórnmálasamtaka.

Sömu sögu er að segja frá Svíþjóð, þar eru engar lagalegar takmarkanir settar á hámarksfjárhæð framlaga eða frá hverjum heimilt er að þiggja framlög. Þá er ekki heldur lagt bann við nafnlausum framlögum til stjórnmálasamtaka. Á hinn bóginn tíðkast það almennt ekki í Svíþjóð að stjórnmálasamtök þiggi framlög frá fyrirtækjum þótt slíkt sé ekki óheimilt samkvæmt lögum.

Svipaða sögu er að segja frá Finnlandi, þar gilda engar lagalegar takmarkanir um hámarksfjárhæð framlaga eða frá hverjum heimilt er að þiggja framlög. Þá er þar ekki heldur lagt bann við nafnlausum framlögum til stjórnmálasamtaka. Á hinn bóginn ber frambjóðendum í kosningum að upplýsa um upphæð og nafn styrkveitanda ef framlag til hans fer yfir tiltekna upphæð. Þá er óheimilt, í þeim tilvikum þar sem vitað er hver er styrkveitandi, að gefa upp nafn hans ef upphæð framlagsins er undir viðmiðunarmörkum nema fyrir liggi samþykki hans.

Að Íslendingum frátöldum ganga Norðmenn lengst í því að setja takmarkanir við einkaframlögum til stjórnmálastarfsemi. Í fyrsta lagi er lagt bann við nafnlausum framlögum til stjórnmálasamtaka. Berist stjórnmálasamtökum nafnlaus framlög ber að skila þeim í ríkissjóð. Þá eru framlög frá opinberum aðilum bönnuð með sama hætti og hér sem og framlög frá erlendum aðilum. Á hinn bóginn eru ekki settar neinar skorður við hámarksfjárhæð framlaga frá einkaaðilum.

Af framangreindu verður sú ályktun dregin að gildandi lög frá árinu 2006, sem allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa áttu á Alþingi stóðu að, hafi að þessu leyti verið verulega framsækin hvað þetta varðar enda má almennt ætla að það sé skilvirkasta leiðin til að takmarka hættu á spillingu við fjármögnun stjórnmálastarfs að setja skýrar reglur um hámarksfjárhæðir framlaga frá einstökum styrkveitendum enda er ljóst að það eru fyrst og fremst háir fjárstyrkir einstakra aðila sem skapa tortryggni og tilefni til efasemda um að allt sé með felldu við fjármögnun stjórnmálastarfs. Reglur um hóflega hámarksfjárhæð framlaga frá hverjum styrkveitanda ásamt skýru banni við því að taka við framlögum frá óþekktum gefendum er áhrifarík leið til að koma í veg fyrir tortryggni og auka traust almennings á því að fjármögnun stjórnmálastarfsemi sé byggð á heilbrigðum grunni og án óeðlilegra hagsmunatengsla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna með hliðsjón af þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu um að efnisreglur laganna taki einnig til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til tvær breytingar á 2. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að hugtakið *frambjóðendur* í 3. tölul. greinarinnar taki einnig til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands. Með breytingunni gilda öll ákvæði laganna, m.a. um leyfileg framlög til frambjóðenda og um upplýsingaskyldu frambjóðenda til Ríkisendurskoðunar, einnig um frambjóðendur í forsetakosningum. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 1 frá GRECO hér að framan.

Hins vegar er lögð til breyting á 4. tölul. greinarinnar þess efnis undir skilgreiningu laganna á hugtakinu *framlög* falli jafnframt sala stjórnmálasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði. Dæmi um slíkt gæti verið sala auglýsinga í kosningablað á yfirverði. Hefur skilgreining 4. tölul. 2. gr. laganna í raun verið túlkuð svo af hálfu Ríkisendurskoðunar að framlög að þessu tagi falli þar undir en lagastoð þeirrar túlkunar hefur þó ekki þótt nægilega skýr og er lagt til að bætt verði úr því.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að við 3. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar. Í hinni fyrri er lagt til að kveðið verði á um að stjórnmálasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geti að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði vegna kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Skal umsóknum um slíka styrki beint til Ríkisendurskoðunar og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Þá skal umsóknum fylgja afrit reikninga vegna kostnaðar sem fjárstyrk er ætlað mæta. Miðar ákvæðið að því að auka jafnræði milli stjórnmálasamtaka við fjármögnun kosningabaráttu og er til þess fallið að greiða fyrir því að ný stjórnmálasamtök geti boðið fram í kosningum til Alþingis án þess að taka mikla fjárhagslega áhættu enda geta stjórnmálasamtök sem boðið hafa fram í öllum kjördæmum sótt um fjárstyrk samkvæmt ákvæðinu án tillits til niðurstöðu kosninganna. Þá er loks í ákvæðinu mælt fyrir um að Ríkisendurskoðun geti sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður vegna kosningabaráttu í skilningi ákvæðisins en gert er ráð fyrir að allur hefðbundinn kostnaður vegna kosningabaráttu geti fallið hér undir, svo sem kostnaður vegna kynningarmála, auglýsinga, prentunarkostnaður, kostnaður vegna leigu húsnæðis undir kosningaskrifstofu o.s.frv. Allur persónulegur kostnaður frambjóðenda stjórnmálasamtaka og þeirra sem koma að kosningabaráttu á vegum þeirra, svo sem launakostnaður, fæðiskostnaður og ferðakostnaður, telst hins vegar ekki kostnaður vegna kosningabaráttu í skilningi laganna. Ekki er gert ráð fyrir að styrkveitingar samkvæmt þessu ákvæði muni auka útgjöld ríkissjóðs heldur verði fjárveitingar til stjórnmálasamtaka skv. 1. mgr. 3. gr. laganna lækkaðar sem nemur kostnaði vegna þeirra.

Í síðari málsgreininni er lagt til að það verði sett sem skilyrði fyrir úthlutun á fé úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka, skv. 1. mgr. 5. gr. laganna, að viðkomandi stjórnmálasamtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögunum. Er ákvæðinu ætlað að tryggja enn frekar að stjórnmálasamtök fullnægi skyldum sínum að þessu leyti.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna þar sem kveðið er á um skyldu sveitarfélaga með fleiri en 500 íbúa til að veita fjárframlög til stjórnmálasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða í síðastliðnum sveitarstjórnarkosningum. Lagt er til að skýrlega verði tekið fram í ákvæðinu að skylt sé að veita slík fjárframlög árlega.

Þá er lagt til að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga verði í lögunum veitt sérstök heimild til að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmálasamtaka en svo virðist sem nokkurt ósamræmi hafi verið á milli sveitarfélaga í þessu efni. Minnt er á að samhliða setningu laganna árið 2006 var gerð sú breyting, til að mæta þeim kostnaðarauka sem áætlað var að þessi lagaskylda hefði í för með sér fyrir sveitarfélögin, að ríkissjóður axlaði þann hluta kostnaðar af kosningum til Alþingis og til embættis forseta Íslands sem áður hafði verið borinn af sveitarfélögunum. Ljóst er þó að viðmiðunarreglur af þessu tagi munu ekki verða skuldbindandi fyrir sveitarfélögin og verður það því áfram ákvörðun hvers sveitarfélags fyrir sig hversu miklum fjármunum það ákveður að verja til þessa árlega.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna er óheimilt að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum. Óljóst hefur hins vegar verið hvernig með eigi að fara berist stjórnmálasamtökum eftir sem áður framlög frá óþekktum gefendum án þess að þeim hafi gefist færi á að hafna viðtöku þeirra. Til að bregðast við því er lagt til að sú regla verði lögfest að berist stjórnmálasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skuli hann skila því í ríkissjóð enda hafi honum ekki gefist tækifæri til hafna móttöku þess. Sams konar regla gildir í Noregi og má segja að hún sé eðlileg með hliðsjón af þeim háu fjárframlögum sem renna til stjórnmálasamtaka úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna í sjö liðum. Í 1. tölul. greinarinnar er lagt til að hámarksframlag lögaðila og einstaklinga til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði hækkað úr 300.000 kr. í 400.000 kr. Samsvarar hækkunin rétt tæplega þeim verðlagshækkunum sem orðið hafa frá þeim tíma er lögin tóku gildi 1. janúar 2007 og til dagsins í dag. Samhliða er lagt til að sérheimild laganna til að innheimta að auki félagsgjöld, allt að 100.000 kr. á ári, verði felld niður. Þarf innheimta félagsgjalda, verði breytingarnar samþykktar, framvegis að rúmast innan hámarksframlagsins, sbr. 3. tölul. greinarinnar. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 2 frá GRECO hér að framan. Áréttað er að samkvæmt gildandi lögum ber að telja saman framlög tengdra aðila og verða þau að rúmast innan framangreindra hámarksmarka. Hugtakið tengdir aðilar er skilgreint í 5. tölul. 2. gr. laganna.

Í 2. tölul. greinarinnar er lagt til að lögfest verði sérregla um leyfilega fjárhæð svonefndra stofnframlaga frá einstaklingum og lögaðilum, þ.e. framlaga frá einstaklingum og lögaðilum sem veitt eru í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka, en lagt er til að slík framlög megi nema allt að tvöföldu hámarksframlagi samkvæmt lögunum. Þykir eðlilegt að slík framlög megi vera nokkuð hærri en almenn framlög samkvæmt lögunum þannig að þeir sem koma að stofnun nýrra stjórnmálasamtaka geti lagt meira af mörkum en nemur einföldu hámarksframlagi samkvæmt lögunum.

Í 4. tölul. greinarinnar er lagt til að heimild Ríkisendurskoðunar til að setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnmálasamtaka falli brott. Hefur heimildin einungis verið nýtt til að stemma stigu við sölu stjórnmálasamtaka á vöru og þjónustu á yfirverði. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 4. tölul. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, er þessi heimil óþörf.

Í 5. tölul. greinarinnar eru lagðar til lagfæringar á orðalagi inngangsmálsliðar 4. mgr. 7. gr. laganna.

Í 6. tölul. greinarinnar er lagt til að heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu megi ekki vera hærri en nemur 35 millj. kr. Þykir eðlilegt að setja tilteknar skorður við kostnaði frambjóðenda af kosningabaráttu í forsetakosningum bæði til að sporna við því að frambjóðendur eyði óhóflega miklum fjármunum í kosningabaráttu og eins til að gæta þess að ekki skapist óeðlilegt ójafnræði á milli frambjóðenda vegna mismunandi fjárhagsstöðu þeirra. Við ákvörðun á leyfilegum hámarkskostnaði í þessu sambandi er þó mikilvægt að gæta þess að frambjóðendur hafi í öllum tilvikum nægilegt svigrúm til kynna sig og sjónarmið sín fyrir kjósendum á landsvísu. Það kann hins vegar að vera álitaefni við hvað rétt sé að miða í þessu efni en í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við 35 millj. kr. Er það mat endurskoðunarnefndarinnar að slík upphæð eigi í öllum tilvikum að duga vel til kynningar á frambjóðanda í forsetakosningum, jafnvel þótt frambjóðandinn sé lítt þekktur fyrir, um leið og komið er í veg fyrir óhófleg fjárútlát í kosningabaráttu.

Í 7. tölul. greinarinnar eru lagðar til orðalagsbreytingar á fyrirsögn greinarinnar til samræmis við framangreindar breytingar á innihaldi hennar.

Um 7. gr.

Í 8. gr. laganna er mælt fyrir um heimild stjórnmálasamtaka til að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári. Lagt er til í frumvarpinu að þessi upphæð verði hækkað úr 300.000 kr. í 400.000 kr. Samsvarar sú hækkun rétt tæplega þeim verðlagshækkunum sem orðið hafa frá þeim tíma er lögin tóku gildi 1. janúar 2007 og til dagsins í dag.

Þá er í greininni lögð til tiltekin orðalagsbreyting til að árétta fulla heimild Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir öllum nauðsynlegum gögnum til að staðreyna samstæðureikning stjórnmálasamtaka.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til tilteknar breytingar á 9. gr. laganna. Auk orðalagsbreytinga er í greininni lagt til að tiltekið verði ákveðið tímamark, 1. október ár hvert, vegna skila á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar en samkvæmt gildandi ákvæði er einungis mælt fyrir um að upplýsingum skuli skilað árlega. Miðar breytingin að því að koma upplýsingaskilum til Ríkisendurskoðunar í fastari skorður en verið hefur og tryggja þannig um leið að birting á útdráttum úr samstæðureikningum stjórnmálasamtaka af hálfu Ríkisendurskoðunar tefjist ekki úr hófi. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 5 frá GRECO hér að framan.

Þá er í greininni lagt til að nöfn þeirra einstaklinga sem styrkja stjórnmálasamtök um meira en 200.000 kr. verði gerð opinber í útdráttum sem Ríkisendurskoðun birtir á vef sínum. Er með öðrum orðum lagt til að svonefnt nafnleyndargólf verði lækkað úr 300.000 kr. í 200.000 kr. hvað einstaklinga varðar. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 2 frá GRECO hér að framan.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 10. gr. laganna.

Lagt er til þegar um uppgjör frambjóðanda er að ræða sé nægjanlegt að það sé áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Þá er lagt til að miða skuli uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabarátta frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Við forsetakjör skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytisins nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þá skal miða lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. laganna. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 3 frá GRECO hér að framan.

Þá er í greininni lagt til að Ríkisendurskoðun fái sambærilegar heimildir til að kalla eftir gögnum frá frambjóðendum til að staðreyna að framlög og kostnaður þeirra af kosningabaráttu sé í samræmi við ákvæði laganna og hún hefur til að kalla eftir gögnum frá stjórnmálasamtökum en slíka heimild skortir í gildandi lögum. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 7 frá GRECO hér að framan.

Loks er í greininni lagt til að viðmiðunarfjárhæð vegna undanþágu frá uppgjörsskyldu hækki úr 300.000 kr. í 400.000 kr. til samræmis við verðlagshækkanir sem orðið hafa frá gildistöku laganna 1. janúar 2007 og til dagsins í dag.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til tilteknar breytingar á 11. gr. laganna. Auk orðalagsbreytinga er í greininni lagt til að tímafrestur vegna skila frambjóðanda á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar verði styttur úr sex mánuðum í þrjá mánuði frá því að kosning fór fram. Núgildandi frestur hefur þótt óþarflega langur og miðar breytingin að því að flýta upplýsingaskilum til Ríkisendurskoðunar og þar með birtingu á útdráttum úr reikningum frambjóðenda af hálfu Ríkisendurskoðunar samkvæmt ákvæðinu. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 5 frá GRECO hér að framan.

Þá er í greininni lagt til að nöfn þeirra einstaklinga sem styrkja frambjóðanda um meira en 200.000 kr. verði gerð opinber. Er með öðrum orðum lagt til að svonefnt nafnleyndargólf verði lækkað úr 300.000 kr. í 200.000 kr. hvað einstaklinga varðar. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 2 frá GRECO hér að framan.

Loks er í greininni lagt til að lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila frambjóðanda vegna prófkjörs verði skilgreind og ef uppgjör sýni jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga þá skuli frambjóðandi skila inn nýju uppgjöri árlega þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða þar til skuldin hefur verið endurgreidd. Er upplýsingaskyldu þannig viðhaldið þar til öll kurl eru komin til grafar varðandi fjárreiður frambjóðandans. Þannig kann uppgjör að sýna neikvæða stöðu sem frambjóðandinn verður þá að laga, annaðhvort með því að afla sér aukinna framlaga frá lögaðilum og einstaklingum eða með því að greiða sjálfur það sem upp á vantar. Þá kann uppgjör að sýna jákvæða stöðu, þ.e. að kostnaður vegna framboðs hafi reynst minni en fjárhæð þeirra framlaga sem aflað var til að standa straum af því. Í báðum tilvikum er eðlilegt að sú skylda hvíli á frambjóðendum að þeir geri grein fyrir því hvernig gengið er endanlega frá uppgjöri vegna framboðsins, þ.e. hvort aflað sé nýrra styrkja eða hvernig umframfjármunum er varið. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 3 frá GRECO hér að framan.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæði laganna sem hafa það að markmiði að gera refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila samkvæmt lögunum skýrari og að viðurlög og refsirammi vegna brota á lögunum taki mið af alvarleika þeirra.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að það varði þann sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að taka við skv. 6. gr. laganna eða framlögum sem eru umfram hámarksfjárhæðir skv. 7. gr. laganna skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í greininni er ekki lagt til að þeim verði refsað sem veitir framlög umfram heimildir laganna. Með jafnvirði framlaga er átt við gæði sem metin verða til fjár, sbr. skilgreiningar í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í 2. mgr. er lagt til að það varði sektum að skila ekki skýrslum eða upplýsingum til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka og sama gildi séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur. Þá er í 3. mgr. lagt til að það varði lögaðila sekt að brjóta ákvæði 1. og 2. mgr. Um refsiábyrgð lögaðila vísast að öðru leyti til II. kafla A í almennum hegningarlögum. Í 4. mgr. er lagt til að brot skv. 1. og 2. mgr. varði refsingu óháð því hvort þau eru framin í gáleysi eða af ásetningi. Þá er í 5. mgr. lagt til að tilraunarbrot og hlutdeildarbrot séu refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga. Loks er í 6. mgr. lagt til að heimilt sé að gera upptæk framlög sem tekið er við án heimildar eða umfram heimildir.

Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað til umfjöllunar um tilmæli nr. 9 frá GRECO hér að framan.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að lögin, verði þau samþykkt, taki gildi 1. júlí 2010. Er þannig gert ráð fyrir að reglur núgildandi laga gildi óbreyttar um stjórnmálasamtök og frambjóðendur í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Fylgiskjal.

Þriðja úttekt.
Matsskýrsla um aðstæður á Íslandi.
Gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálastarfsemi.
(Efnisflokkur II.)
Samþykkt af GRECO á 37. fulltrúafundi samtakanna.
(Strassborg, 31. mars – 4. apríl 2008.)

I. INNGANGUR

1. Ísland gekk til liðs við GRECO (samtök ríkja gegn spillingu) árið 1999. GRECO samþykkti matsskýrsluna eftir fyrstu úttektina á aðstæðum á Íslandi (Greco Eval I Rep (2001) 10E) á 6. fulltrúafundi sínum (10.–14. september 2001) og matsskýrsluna eftir aðra úttektina (Greco Eval II Rep (2003) 7E) á 19. fulltrúafundi sínum (28. júní – 12. júlí 2004). Ofangreindar matsskýrslur, sem og viðkomandi eftirfylgniskýrslur, eru aðgengilegar á heimasíðu GRECO (http://www.coe.int/greco).

2. Í þriðju úttekt GRECO (sem hófst 1. janúar 2007) eru eftirfarandi efnisflokkar til umfjöllunar:

a. **Efnisflokkur I – Ákærur:** a- og b-liður 1. gr., 2.–12. gr., 15.–17. gr. og 1. mgr. 19. gr í Criminal Law Convention on Corruption[1] (ETS 173), 1.–6. gr. í Additional Protocol[2] (ETS 191) and Guiding Principle 2 (criminalisation of corruption).
b. **Efnisflokkur II – Gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálastarfsemi:** 8., 11. og 12. gr., b-liður 13. gr., 14. og 16. gr. tilmæla Evrópuráðsins nr. (2003)4 um sameiginlegar reglur gegn spillingu í fjárframlögum til stjórnmálaflokka og kosningabaráttu, og – í almennu tilliti – 15. meginreglan (fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu).

3. Matsnefnd GRECO (hér eftir kölluð „nefndin“) sem fjallaði um efnisflokk II heimsótti Ísland dagana 6. til 9. nóvember 2007 og í henni áttu sæti Jane LEY, aðstoðarforstjóri, Office of Government Ethics (USA), Lars-Åke STRÖM, deildarstjóri, Government Office's Commissions í Gautaborg (Svíþjóð); og vísindasérfræðingurinn Yves Marie DOUBLET, aðstoðarforstjóri, National Assembly, Legal Department, Unit of Legal Studies (Frakklandi). Laura SANZ-LEVIA frá aðalskrifstofu GRECO var nefndinni til aðstoðar. Áður en nefndin kom hingað til lands fékk hún í hendur heildarsvar við spurningalista sem lagður var fram í tengslum við úttektina (document Greco Eval III (2007) 7E, Theme II), sem og afrit af viðkomandi lögum.

4. Nefndin átti fund með embættismönnum frá eftirfarandi ríkisstofnunum og samtökum: Forsætisráðuneyti (m.a. ritara nefndar sem tók saman lögin um fjármál stjórnmálasamtaka), dómsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra. Einnig átti nefndin viðræður við fulltrúa stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi (Sjálfstæðisflokkur, Samfylking, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn) og nokkra endurskoðendur þeirra. Enn fremur hitti nefndin fulltrúa fjölmiðla og fræðimenn (og fékk hjá þeim skriflegar upplýsingar). Síðast en ekki síst átti nefndin fund með fulltrúum frjálsra félagasamtaka.

5. Við gerð þessarar skýrslu um efnisflokk II í þriðju úttekt GRECO-hópsins – „Gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálastarfsemi“ – var stuðst við svör við spurningalistanum og upplýsingar sem nefndin aflaði sér í heimsókn sinni til landsins. Meginmarkmiðið var að leggja mat á þær aðferðir sem stjórnvöld á Íslandi hafa samþykkt og uppfylla eiga þau skilyrði sem ákvæðin sem vísað er til í 2. lið kveða á um. Skýrslan inniheldur lýsingu á aðstæðum og gagnrýna greiningu á þeim. Í niðurstöðum hennar er listi yfir tillögur sem GRECO hefur samþykkt að lagður verði fyrir á Íslandi til að viðkomandi ákvæðum verði betur framfylgt.

6. Skýrslan um efnisflokk I – „Ákærur“ – er lögð fram í Greco Eval III Rep (2007) 7E, Theme I.

---

[1] Criminal Law Convention on corruption (ETS 173) tók gildi á Íslandi þann 1. júní 2004.
[2] Additional Protocol to the Criminal Law Convention (ETS 191), undirritaður af hálfu Íslands 15. maí 2003; hefur ekki enn verið fullgiltur.

II. GAGNSÆI FJÁRFRAMLAGA TIL STJÓRNMÁLASTARFSEMI – ALMENNUR HLUTI

Skilgreiningar

7. Stjórnmálasamtök eru skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna (1. mgr. 2. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra).

Skráning stjórnmálaflokka

8. Engin sérstök skilyrði eru sett fyrir skráningu stjórnmálaflokks umfram þau skilyrði sem gilda um skráningu lögaðila sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, sem heyrir undir fjármálaráðuneytið, annast skráningu stjórnmálasamtaka. Þegar stjórnmálasamtök eru skráð þarf að afhenda persónuupplýsingar um stjórnarmenn þeirra (nöfn og kennitölur), sem og lög félagsins (sem innihalda m.a. heiti samtakanna, markmið þeirra, persónuupplýsingar um stofnendur þeirra og sérreglur). Opinberir aðilar, fyrirtæki og almenningur hafa aðgang að upplýsingum í fyrirtækjaskrá.

9. Sem stendur eru 349 stjórnmálasamtök (að meðtöldum aðildarfélögum) skráð á Íslandi; nokkur þeirra hafa lagt niður starfsemi sína.

Flokkar sem eiga sæti á Alþingi

10. Eftir þingkosningarnar í maí 2007 áttu eftirfarandi flokkar sæti á Alþingi:

- Sjálfstæðisflokkurinn: 25 sæti
- Samfylkingin: 18 sæti
- Vinstri hreyfingin – grænt framboð: 9 sæti
- Framsóknarflokkurinn: 7 sæti
- Frjálslyndi flokkurinn: 4 sæti

11. Auk þess tóku Íslandshreyfingin og Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja þátt í þessum kosningum, en náðu ekki sæti á Alþingi.

12. Íslenska flokkakerfið gerir það að verkum að ólíklegt er að einn flokkur getið mynda meiri hluta á Alþingi; því er yfirleitt samsteypustjórn í landinu. Núverandi ríkisstjórn er mynduð af Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu.

Kosningaþátttaka

Þingkosningar

13. Þingið starfar í einni málstofu, Alþingi, þar sem 63 þingmenn eiga sæti. Þeir eru kosnir af þjóðinni með leynilegri atkvæðagreiðslu til fjögurra ára, og byggist úthlutun þingsæta á svokallaðri d'Hondt-reglu um hlutfall kjördæma.

14. Allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili á Íslandi hafa kosningarétt við kosningar til Alþingis (33. gr. stjórnarskrárinnar). Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir (34. gr. stjórnarskrárinnar).

15. Landinu er skipt í sex kjördæmi – þrjú hin stærstu eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu; hvert kjördæmi hefur níu sæti á Alþingi, sem úthlutað er samkvæmt niðurstöðu kosninga í viðkomandi kjördæmi. Viðbótarsætunum níu (svokölluðum „jöfnunarsætum“) er skipt milli kjördæma og úthlutað til stjórnmálaflokka til að þingmannafjöldi þeirra endurspegli sem nákvæmast þann heildarfjölda atkvæða sem þeir hlutu. Aðeins flokkum sem fengu a.m.k. 5% gildra atkvæða má úthluta jöfnunarsætum.

16. Eigi síðar en 15 dögum áður en kosningar fara fram þurfa flokkar sem ætla að bjóða fram til Alþingis að afhenda kjörnefnd nafnalista með helmingi fleiri nöfnum en sætafjöldi kjördæmisins segir til um, undirritaða yfirlýsingu allra frambjóðenda þess efnis að þeir samþykki að vera á listanum, ásamt stuðningsyfirlýsingu tiltekins fjölda kjósenda í viðkomandi kjördæmi (milli 30 til 40 sinnum fleiri en sætafjöldinn segir til um).

Forsetakosningar
17. Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningaréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrði (4. gr. stjórnarskrárinnar).

18. Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu (5. gr. stjórnarskrárinnar).

Yfirlit yfir reglur um fjármögnun stjórnmálasamtaka
19. Nýlega voru innleiddar reglur um fjármögnun stjórnmálastarfsemi með lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, sem samþykkt voru þann 21. desember 2006. Þau gilda um stjórnmálaflokka og -samtök sem taka þátt í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, sem og frambjóðendur sem bjóða sig annaðhvort fram sem þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka eða þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna. Tilgangur laga nr. 162/2006 er að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmiðið er að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið (1. gr. laga nr. 162/2006).

20. Lög nr. 162/2006 öðluðust gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007. Í mars 2007 gaf Ríkisendurskoðun enn fremur út reglur um reikningshald stjórnmálasamtaka. Reglurnar eru lágmarksreglur um reikningsskil stjórnmálasamtaka og frambjóðenda.

Opinber framlög
21. Veitt eru opinber framlög til að styrkja starfsemi stjórnmálasamtaka. Samkvæmt fulltrúum stjórnmálasamtaka sem nefndin ræddi við í heimsókn sinni til landsins nema opinber framlög um 60% til 90% af tekjum þeirra. Slík framlög má því ekki nota í viðskiptalegum tilgangi eða til einkanota.

22. *Framlög ríkis og sveitarfélaga* (II. kafli laga nr. 162/2006):
(i) árlega skal veita framlag úr ríkissjóði (samkvæmt heimild sem þingið veitir fjármálaráðuneytinu í fjárlögum). Þetta framlag skiptist í tvennt: (a) fjárhæð sem skipt er milli stjórnmála-

samtaka í samræmi við atkvæðafjölda þeirra í síðustu alþingiskosningum. Stjórnmálasamtök sem fengu a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlutu a.m.k. 2,5% atkvæða í síðustu alþingiskosningum geta sótt um slíkt framlag; og (b) framlag til allra stjórnmálasamtaka sem sæti eiga á þingi. Greidd er jöfn fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar er úthlutað fjárhæð sem samsvarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmálasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra eftir atkvæðafjölda. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá framlög ríkissjóðs á árunum 2003–2008 (í milljónum evra):

	Umsókn 2008	**Framlag 2007**	**Framlag 2006**	**Framlag 2005**	**Framlag 2004**	**Fjárhags-áætlun 2003**
Stjórnmálasamtök	3.2	3.2	2.1	2.1	2.1	2.1
Hlutfallslegt framlag	1.2	1.2	1.0	1.0	1.0	0.9
Alls	**4.4**	**4.4**	**3.1**	**3.1**	**3.1**	**3.0**

(ii) *árleg framlög frá sveitarfélögum:* Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt að veita stjórnmálasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í síðustu sveitarstjórnarkosningum fjárframlög. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar og skal fjárhæðinni úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Minni sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau veita stjórnmálasamtökum fjárstuðning, en geri þau það, þá ber þeim að fara að ofangreindum reglum. Árið 2007 var 32.750.000 kr. úthlutað til stjórnmálasamtaka sem eiga fulltrúa kjörna í borgarstjórn Reykjavíkur. Árið 2008 mun framlag Reykjavíkurborgar til stjórnmálasamtaka nema 33.600.000 kr.

23. Um *óbeint* fjárframlag er að ræða þegar gefinn er kostur á endurgjaldslausum útsendingartíma í Ríkissjónvarpinu á meðan kosningabarátta fer fram. Engin tiltekin ákvæði gilda um tíma í fjölmiðlum, en samkvæmt útvarpslögum, nr. 53/2000, skulu allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og virða tjáningarfrelsi. Samkvæmt því fá öll stjórnmálasamtök úthlutað jafnlöngum útsendingartíma.

24. Í heimsókn nefndarinnar til landsins var henni enn fremur tjáð að óbein fjárframlög fengjust í formi afnota af opinberri aðstöðu (t.d. vinnuafli, búnaði, húsnæði o.s.frv.).

Almenn framlög

25. *Framlög* eru skilgreind sem bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru, svo sem afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf (t.d. afslættir af markaðsverði auglýsinga, húsaleigu eða öðru gjaldi fyrir afnot af fasteignum), endurgjaldslaus afnot af vinnuafli (að undanskilinni sjálfboðavinnu), endurgjaldslaus afnot af aðstöðu og búnaði (að undanskildum afnotum af persónulegum eigum sjálfboðaliða sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri), eftirgjöf eftirstöðva skulda (hvort sem er að hluta eða öllu leyti), óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla (4. mgr. 2. gr. laga nr. 162/2006). Framlög „í gæðum“ skulu metin til peningaverðs á markaðsverði á hverjum tíma; nákvæmar reglur um útreikning á því sem talið skal vera „markaðsverð“ eru settar fram í 9. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.

26. *Almenn félagsgjöld* eru annar tekjuliður stjórnmálaflokka, enda þótt þau séu sjaldan innheimt með reglubundnum hætti. Stjórnmálasamtökum er heimilt að innheimta allt að 100.000 kr. á ári í félagsgjald frá félagsmönnum sínum.

27. Stjórnmálasamtökum er heimilt að afla tekna fyrir auglýsingar í *eigin útgáfuefni og hafa tekjur af leigustarfsemi* (11. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.). Önnur sala á þjónustu og vörum í fjáröflunarskyni er óheimil, þó skal *óreglubundin* kaffisala, merkjasala og sala happdrættismiða, basarsala, sala aðgangseyris að fundum á vegum þeirra, heimil, enda fari viðskipti af þessu tagi við hvern einstakling eða lögaðila ekki fram úr 100.000 kr. á ári (12. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

28. Nokkrar *takmarkanir* gilda um móttöku almennra framlaga. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 162/2006 er stjórnmálasamtökum og frambjóðendum ekki heimilt að taka á móti fjárframlögum frá:
- óþekktum gefendum;
- fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga;
- opinberum aðilum, öðrum en ríkissjóði eða sveitarfélögum, svo sem fyrirtækjum sem eru í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga;
- erlendum ríkisborgurum sem njóta ekki kosningaréttar hér á landi, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum.

29. Enn fremur er stjórnmálasamtökum og frambjóðendum óheimilt að taka á móti hærri framlögum en sem nemur 300.000 kr. á ári frá einum og sama aðila (lögráða einstaklingi eða lögaðila). Undanþegin slíku hámarki eru almenn félagsgjöld sem eru undir 100.000 kr. á ári og framlög í formi almennra afslátta (þ.e. afslátta sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti) (7. gr. laga nr. 162/2006).

30. Framlögum umfram 300.000 kr. skal skila svo fljótt sem kostur er. Takist ekki að skila þeim skal þeim haldið sérstaklega aðgreindum í reikningum stjórnmálasamtaka og einstaklinga jafnframt því sem þau skulu lögð inn á sérstakan bundinn bankareikning (2. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

Skattreglur

31. Lögaðilar sem veita stjórnmálasamtökum fjárframlög mega draga allt að 0,5% frá tekjum sínum (2. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt).

Útgjöld

32. Ekki hafa verið settar neinar reglur um hámarksútgjöld stjórnmálasamtaka. Fyrir kosningarnar til Alþingis þann 12. maí 2007 komust þó viðkomandi stjórnmálasamtök að samkomulagi um að ekki skyldi eyða meiru en sem nemur 28.000.000 kr. í auglýsingakostnað í kosningabaráttunni.

33. Kostnaður þátttakenda í prófkjörum stjórnmálasamtaka má ekki vera meiri en sem nemur 1.000.000 kr. að viðbættu álagi sem reiknað er út í öfugu hlutfalli við fjölda íbúa sem eiga

rétt á að kjósa á viðkomandi kjörsvæði (álag hækkar eftir því sem kjósendur á viðkomandi kjörsvæði eru færri).[3]

III. GAGNSÆI FJÁRFRAMLAGA TIL STJÓRNMÁLASTARFSEMI – SÉRTÆKUR HLUTI

(i) Gagnsæi (11. og 12. gr. og b-liður 13. gr. tilmæla nr. (2003)4)

Bókhald

34. Um bókhald og ársskýrslur stjórnmálasamtaka og frambjóðenda skal efnisreglum ársreikningslaga, nr. 3/2006, fylgt eftir því sem við getur átt (13. og 18. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.). Allir lögaðilar á Íslandi eru bókhaldsskyldir. Allar bókhaldsbækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, svo sem bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í rafrænu formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs (1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald). Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár (4. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald). Litið er á fölsun á bókhaldi eða bókhaldsgögnum, skjalafölsun o.s.frv., sem og eyðingu skjala, sem alvarlegt brot á lögum sem varðar fésektum eða fangelsi í allt að sex ár samkvæmt almennum hegningarlögum.

Stjórnmálasamtök

35. Stjórn stjórnmálasamtaka og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á samningu *ársreiknings* og skal ársreikningurinn geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar (13. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

36. Auk þess skulu stjórnmálasamtök halda *samstæðureikning* fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar ekki. Samstæðureikningur skal gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé bæði móðursamtakanna og dóttursamtakanna (16. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

37. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

Frambjóðendur

38. Frambjóðendur skulu halda fjárreiðum framboðsins aðskildum frá einkafjárreiðum sínum. Stofna skal sérstakan bankareikning fyrir framboðið þar sem færa skal allar peningalegar innborganir og útborganir í tengslum við framboðið. Allar færslur í bókhaldinu skulu vera í samræmi við almennar bókhaldsreglur og byggja á fullnægjandi fylgiskjölum, svo sem frumriti reikninga, kvittunum fyrir móttekin framlög o.s.frv.

---

[3] Skv. 7. gr. laga nr. 162/2006: Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern; á kjörsvæði með 40.000-49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern; á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern; á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern; á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

Upplýsingaskylda
39. Í reglum um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl. er kveðið á um lágmarksreglur varðandi upplýsingaskyldu stjórnmálasamtaka um fjármál sín: stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er því heimilt að skila fyllri upplýsingum en mælt er fyrir í þeim (1. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.). Þegar nefndin heimsótti landið var Ríkisendurskoðun enn fremur að vinna að gerð staðlaðs forms fyrir samstæðureikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, og til stóð að fá álit stjórnmálasamtaka þar að lútandi.

Stjórnmálasamtök
40. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 162/2006 skulu stjórnmálasamtök árlega skila Ríkisendurskoðun *samstæðureikningum* sínum (þar sem ársreikningar stjórnmálasamtaka og allra eininga sem undir þau falla hafa verið felld saman í einn reikning).

41. Í reglum um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl. er tilgreint það sem samstæðureikningur skal geyma, m.a. (i) rekstrarreikningur; (ii) efnahagsreikningur (sem inniheldur sjóðstreymi); og (iii) skýringar.

42. *Samstæðureikningurinn* skal a.m.k. geyma (15. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.):

(a) Upplýsingar um *tekjur:*
- Fjárframlög úr ríkissjóð
- Fjárframlög sveitarfélaga
- Fjárframlög lögaðila
- Framlög lögaðila í formi afsláttar frá markaðsverði
- Önnur fjárframlög lögaðila (þ.e. ívilnanir og eftirgjafir, endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, endurgjaldslaus afnot af aðstöðu og búnaði, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla)
- Fjárframlög einstaklinga
- Framlög einstaklinga í formi afsláttar frá markaðsverði
- Önnur fjárframlög einstaklinga (þ.e. ívilnanir og eftirgjafir, endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, endurgjaldslaus afnot af aðstöðu og búnaði, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla)
- Almenn félagsgjöld
- Leigutekjur af fasteignum
- Tekjur af leigu lausafjár
- Þjónustutekjur, þ.m.t. aðgangseyri að fundum, skemmtunum og öðru slíku félagsstarfi
- Vörusala, þ.m.t. tekjur af kaffisölu, happdrætti, hlutaveltum o.s.frv.
- Aðrar rekstrartekjur

(b) Upplýsingar um sundurgreiningu *útgjalda:*
- Aðalskrifstofa
- Þingmenn
- Svæðisfélög
- Landsfundur
- Prófkjör

– Þingkosningar
– Sveitarstjórnakosningar
– Önnur útgjöld.

43. *Samstæðureikningurinn* skal innihalda nákvæmar upplýsingar um eignir og skuldir.

44. Enn fremur skulu *skýringar* sem fylgja samstæðureikningnum geyma heildarfjárhæð framlaga frá einstaklingum (hvort sem þau eru í formi lausafjár, afsláttar eða öðru formi). Nöfn þeirra lögaðila sem veita framlög skulu birt í skýringum með ársreikningi eða í sérstöku fylgiskjali ásamt fjárhæð og formi framlagsins (lausafé, afsláttur eða annað form). Enn fremur skal í skýringum gerð grein fyrir samstæðureikningnum, þ.e.a.s. með nánari upplýsingum (nafni einingar, tegund starfsemi o.s.frv.) um þær einingar sem falla undir stjórnmálasamtökin.

45. Standi fleiri en ein stjórnmálasamtök sameiginlega að framboði í tilteknu kjördæmi skal gera sérstök reikningsskil fyrir *sameiginlega framboðið* (17. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

Frambjóðendur
46. Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun fjárhagslegu uppgjöri vegna kosningabaráttu sinnar eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram. Ákvæði laga nr. 162/2006 um prófkjör öðluðust gildi 1. júní 2007, sem merkir að frambjóðendur þurfa ekki að tilkynna um tekjur sínar og útgjöld í tengslum við þingkosningarnar sem fóru fram í maí 2007. Þar sem næstu kosningar sem fara fram eru sveitarstjórnakosningar, sem haldnar verða árið 2009, mun upplýsingaskylda frambjóðenda ekki taka gildi fyrr en árið 2010.

47. Frambjóðendur skulu í bókhaldi sínu gera sérstaka grein fyrir eigin framlögum (hvort sem um er að ræða framlög í reiðufé eða útlögðum kostnaði). Þeir skulu halda skrá yfir einstök fjárframlög þar sem fram kemur nafn og kennitala viðkomandi styrktaraðila. Framlög, t.d. í formi endurgjaldslausra afnota af vinnuafli, kostunar á auglýsingum, afsláttar o.s.frv.) skal skrá á markaðsverði þeirra. Sé framboð fjármagnað með lántökum skal gera ítarlega grein fyrir lánveitanda, lánsfjárhæð og lánskjörum. Eftirgjöf skulda og bersýnilega ívilnandi lánskjör skulu metin sem framlag lánveitanda til framboðsins (20. og 21. gr. reglna um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.).

48. Samkvæmt stöðluðu formi sem Ríkisendurskoðun var með í vinnslu skal ársreikningur frambjóðanda innihalda eftirfarandi atriði:
(i) Yfirlýsingu um réttmæti ársreiknings (eiðsvarin staðfesting frambjóðanda á áreiðanleika móttekinna framlaga og útgjalda)
(ii) Áritun endurskoðenda
(iii) *Rekstrarreikning* þar sem tímabil kosningabaráttu er tilgreint og sem inniheldur:
  (a) Upplýsingar um *tekjur:* framlög lögaðila (tilgreina skal nafn lögaðila og tegund og fjárhæð framlags); framlög einstaklinga, sveitarstjórna, eigin framlög frambjóðenda, framlög frá viðkomandi stjórnmálasamtökum (tilgreina skal tegund og fjárhæð framlags); og aðrar tekjur.

(b) Upplýsingar um *útgjöld:* kosningaskrifstofa, auglýsingar og kynningarkostnaður, fundir og ferðakostnaður, annar rekstrarkostnaður, annar kostnaður.

(iv) Efnahagsreikning (eignir og skuldir)

(v) Skýringar á framlögum frá lögaðilum (tilgreina skal nafn lögaðila og tegund og fjárhæð framlags) og einstaklingum, sveitarfélögum, eigin framlög frambjóðenda, framlög frá stjórnmálasamtökunum (heildarfjárhæð og tilgreina skal tegund og fjárhæð framlags). Ef verulegur hagnaður eða verulegt tap er á framboðinu skal einnig gera sérstaka grein fyrir því hvernig hagnaði verði ráðstafað eða á hvaða hátt tap skuli fjármagnað. Í skýringunum skal auk þess gera grein fyrir skuldum (tilgreina skal lánveitanda, lánsfjárhæð og lánaskilmála).

49. Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.

Styrktaraðilar

50. Lögaðilar sem inna af hendi framlög til stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum (7. gr. laga nr. 162/2006).

Aðgengi að bókhaldsgögnum

51. Löggiltir endurskoðendur sem sannreyna bókhaldsgögn stjórnmálasamtaka og frambjóðenda eiga rétt á að fá í hendur öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar þar að lútandi. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir gögnum til að staðreyna að framlög sem stjórnmálasamtök hafa móttekið séu í samræmi við ákvæði í lögum nr. 162/2006 (8. gr. laga nr. 162/2006). Ríkisendurskoðun hefur þó ekki vald til að biðja um frekari sönnunargögn (t.d. kvittanir, reikninga) varðandi bókhald frambjóðenda. Síðast en ekki síst hafa skattyfirvöld aðgang að bókhaldsgögnum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda (94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt).

52. Stjórnmálasamtök, frambjóðendur í kosningum og Ríkisendurskoðun falla ekki undir upplýsingalög, nr. 50/1996. Nákvæmar fjárhagsupplýsingar, aðrar en þær sem fram koma í útdráttum sem Ríkisendurskoðun birtir, eru því ekki aðgengilegar almenningi.

Birtingarskylda

53. Ríkisendurskoðun skal birta útdrátt úr ársreikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda þar sem sýndar eru heildartekjur og heildarútgjöld. Upphæðum sem birtar eru um tekjur stjórnmálasamtaka skulu fylgja upplýsingar um hvaðan þær koma, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá einstaklingum og framlaga frá lögaðilum, sem og nöfn allra lögaðila sem veitt hafa framlög. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði (9. gr. í tengslum við stjórnmálasamtök og 11 gr. í tengslum við frambjóðendur í lögum nr. 162/2006). Nefndinni var tjáð að Ríkisendurskoðun væri að vinna að nánari útfærslu á úttektarforminu; ráðgert var að birta úttektarformið á heimasíðu stofnunarinnar (http://www.rikisend.althingi.is).

54. Í heimsókn sinni til landsins var nefndin upplýst um að sum stjórnmálasamtök hefðu áður birt ársreikninga sína og/eða fjárhagsuppgjör þingmanna sinna á heimasíðum sínum.

(ii) Yfirumsjón (14. gr. tilmæla nr. (2003)4)

Endurskoðun
55. Stjórnmálasamtök skulu fela löggiltum endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Skýrslur endurskoðenda skulu gefa til kynna hvort viðkomandi ársreikningur hefur verið saminn í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 og reglur Ríkisendurskoðunar um reikningshald stjórnmálasamtaka, sem og almennar bókhaldsreglur (8. gr. laga nr. 162/2006).

56. Frambjóðendum er einnig skylt að fela löggiltum endurskoðendum að endurskoða uppgjör vegna kosningabaráttu sinnar (10. gr. laga nr. 162/2006).

Eftirlit
57. Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með fjármögnun stjórnmálastarfsemi; stofnunin annast ekki einungis formlegt eftirlit, heldur einnig efnislegt eftirlit með upplýsingum sem stjórnmálasamtök veita (8. gr. laga nr. 162/2006). Hún hefur þó ekki vald til að gera efnislegar athuganir á bókhaldi frambjóðenda.

58. Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnum sem starfar á vegum Alþingis. Forsætisnefnd Alþingis skipar ríkisendurskoðanda til sex ára. Ríkisendurskoðun hefur frumkvæði að eigin verkefnavali (þó að stofnunin bregðist einnig við beiðnum af hálfu forsætisnefndar Alþingis, ráðuneyta eða einstakra stjórnsýslustofnana); í starfsháttum skal gæta fyllsta hlutleysis og fagmennsku og farið skal í öllu að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Samkvæmt 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun frá 1997 skulu starfsmenn Ríkisendurskoðunar vera óháðir þeim ráðuneytum og stofnunum sem þeir endurskoða.

59. Ef vart verður við ágalla í ársreikningi hefur Ríkisendurskoðun samband við viðkomandi stjórnmálasamtök eða endurskoðanda þeirra til að skýra eða leiðrétta málið. Bendi ágallinn hins vegar til að um spillingu kunni að vera að ræða mun Ríkisendurskoðun tafarlaust kæra málið til lögreglu.

(iii) Viðurlög (16. gr. tilmæla nr. (2003)4)

Viðurlög
60. Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga nr. 162/2006 skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi í allt að sex ár (12. gr. laga nr. 162/2006). Hægt er að áfrýja dómi til Hæstaréttar.

61. Vegna þess hve stutt er síðan lög nr. 162/2006 öðluðust gildi hefur ekki enn reynt á beitingu viðurlaga.

Friðhelgi
62. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands verður enginn alþingismaður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu (49. gr.). Í sömu grein segir að meðan Alþingi sé að störfum megi ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi frá lög-

sóknum voru sett til að tryggja að alþingismenn gætu verið virkir og sjálfstæðir og yrðu ekki fyrir truflunum í starfi sínu. Þeim er ekki ætlað að vernda alþingismenn sem einstaklinga.

63. Forsetinn verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis (11. gr. stjórnarskrárinnar).

Fyrningarlög

64. Þau almennu ákvæði um fyrningu sakar sem gerð er grein fyrir í 81. gr. almennra hegningarlaga gilda þegar um er að ræða viðurlög gegn brotum á lögum og reglum um fjármögnun til stjórnmálastarfsemi (þ.e. sök fyrnist á tíu árum þegar refsing á broti er allt að sex ára fangelsi og tveimur árum ef refsing fer ekki fram úr sektum).

IV. GREINING

65. Fram til ársins 2007 var engin almenn lagasetning á Íslandi um fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Sú skoðun var ríkjandi, með tilliti til hins stjórnskipulega réttar til að stofna félög, þar með talið stjórnmálafélög, sem kveðið er á um í 74. gr. stjórnarskrárinnar, að slíkum félögum væri frjálst að ákveða hvernig þau höguðu starfsemi sinni, þar með talið hvernig tekjum og útgjöldum væri háttað og hvers eðlis þau væru. Því var fjárframlögum til stjórnmálasamtaka frá einstaklingum og lögaðilum engin takmörk sett, með þeirri einu undantekningu að bannað var að taka við framlögum frá erlendum aðilum samkvæmt lögum nr. 62/1978. Auk þess var hvorki stjórnmálasamtökum né frambjóðendum í kosningum gert að sæta upplýsingaskyldu. Engin tiltekin ákvæði voru heldur um eftirlit með fjármunum þeirra. Um stjórnmálasamtök giltu þó almennar bókhalds- og endurskoðunarreglur um starfsemi lögaðila sem eru sjálfseignarstofnanir. Einnig var Ríkisendurskoðun heimilt, samkvæmt 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun frá 1997, að endurskoða reikninga allra stofnana sem fengu greitt úr ríkissjóði. Slík endurskoðun fór þó aldrei fram meðal stjórnmálasamtaka.

66. Á undanförnum árum hefur verið greint frá nokkrum pólitískum hneykslismálum í fjölmiðlum, þar sem talið var að um stöðuveitingar til skyldmenna og samráðskerfi væri að ræða. Ofangreind mál vöktu umræðu í landinu um aukið gagnsæi og strangara eftirlit með fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Enn fremur komst nefndin að því að niðurstaða GRECO í matsskýrslu sinni eftir fyrstu úttektina á aðstæðum á Íslandi (2001) var hvatning til lagasetningar þessu sviði, en þar var sérstaklega bent á að koma þyrfti á eftirliti með fjármögnun stjórnmálasamtaka (13. og 58. liður í fyrstu matsskýrslunni).

67. Lög nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, tóku gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007. Samkvæmt lögum nr. 162/2006 er óheimilt að taka við framlögum frá óþekktum gefendum og erlendum aðilum, fyrirtækjum sem eru að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga (t.d. fyrirtækjum sem eru í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga). Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá hverjum styrktaraðila en sem nemur 300.000 kr. á ári; þannig er eyðslu frambjóðenda í prófkjöri takmörk sett. Nýja löggjöfin nær bæði til uppgjörsskyldu og upplýsingaskyldu stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í persónukjöri (í prófkjöri og sveitarstjórnakosningum). Ríkisendurskoðun fékk þar með hið nýja verksvið að hafa eftirlit með fjármálum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og brást tafarlaust við með því að innleiða reglugerð í mars 2007 um

tilkynningarskyldu stjórnmálasamtaka og frambjóðenda (þ.e. reglur um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.). Nefndin telur að gildistaka laga nr. 162/2006 (og framkvæmdareglur þeirra) sé mikilvægur liður í því að auka gagnsæi og ábyrgðarskyldu varðandi fjármögnun stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, og fyrir það beri að hrósa stjórnvöldum. Ofangreind löggjöf endurspeglar í stórum dráttum kröfur ráðherranefndar Evrópuráðsins eins og þær eru settar fram í tilmælum nr. (2003)4 um sameiginlegar reglur gegn spillingu í fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu.

68. Heimsókn nefndarinnar til landsins átti sér stað áður en haldnar voru kosningar sem lög nr. 162/2006 taka til og áður en kom til skila á ársreikningum flokkanna (stjórnmálasamtök þurfa ekki að standa skil á fjárhagslegu uppgjöri samkvæmt þessum lögum fyrr en árið 2008 og frambjóðendur í prófkjöri ekki fyrr en árið 2010). Þar sem svo stuttur tími var liðinn frá innleiðingu laganna var erfitt fyrir nefndina að meta hvort ákvæði þeirra væru fullnægjandi. Auk þess sem nefndarmenn lásu löggjöfina fengu þeir einnig upplýsingar um aðgerðir sem Ríkisendurskoðun hafði hrint í framkvæmd til að fylgja henni eftir og kynntu sér starfshætti varðandi fjármögnun stjórnmálastarfsemi með samtölum við fulltrúa stjórnmálaflokka og aðra einstaklinga. Eftirfarandi greiningu ber að skoða með tilliti til þessara aðstæðna; tíminn og reynslan munu skera úr um hvort ófyrirsjáanleg vandamál komi upp í tengslum við lögin. Þar af leiðandi kveða lög nr. 162/2006 sérstaklega á um að forsætisráðherra skuli eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lögin og framkvæmd þeirra.

69. Mikilvægt er að leggja áherslu á að lög nr. 162/2006 gilda um stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtök sem taka þátt í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, sem og frambjóðendur sem bjóða sig annaðhvort fram sem þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka eða þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna. Ákvæði laganna ná því ekki til frambjóðenda í forsetakjöri. Nefndinni er ljóst að þótt starf forsetans sé fyrst og fremst fólgið í því að vera fulltrúi þjóðarinnar, þá hefur hann, samkvæmt stjórnarskránni, tiltekið löggjafarvald og framkvæmdarvald sem hann getur beitt, ef þörf krefur. Embætti forsetans er mjög sýnilegt á opinberum vettvangi og áhugi er á að gagnsæi ríki í kosningabaráttu forsetaefna þótt ekki sé um flokkspólitískar kosningar að ræða. Ráðamenn viðurkenndu að fjalla þyrfti nánar um það mál og þegar nefndin dvaldi hérlendis voru í gangi umræður um hvort setja bæri reglur um gagnsæi í tengslum við fjárframlög til forsetaefna. Nefndin er þeirrar skoðunar að þetta sé gat í kerfinu sem ráða þurfi bót á og leggur því til **að innleiddar verði reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga.**

Gagnsæi

70. Þar sem stjórnmálasamtök eru lögaðilar hafa þau ávallt verið bókhaldsskyld samkvæmt íslenskum lögum. Samkvæmt lögum nr. 162/2006 skulu stjórnmálasamtök enn fremur halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla (svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar eða ekki) á skýran og heildstæðan hátt; aðeins flokkseiningum sem eru með tekjur undir 300.000 kr. á ári má halda utan samstæðureikningsskila. Frambjóðendur skulu stofna sérstakan bankareikning vegna kosningabaráttu sinnar í prófkjörum og fyrir sveitarstjórnarkosninga og fara að almennum bókhaldsreglum við reikningsskil. Nefndin telur að þær kröfur sem gerðar eru til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda um reikningsskil séu afar mikilvægur liður í því að

auka fjárhagslegan aga meðal stjórnmálamanna og draga úr hugsanlegri spillingu. Enn fremur fagnar nefndin því að Ísland hafi tekið tillit 11. gr. tilmæla nr. (2003)4 um að stjórnmálasamtök haldi samstæðureikning, en í því felst að stjórnmálasamtök haldi eftir því sem við á samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla.

71. Samkvæmt lögum nr. 162/2006 og framkvæmdareglum þeirra skulu stjórnmálasamtök og frambjóðendur skrá öll framlög sem þeim berast. Nefndin fagnar því að skilgreiningin á framlagi skuli vera nægilega víðtæk og taki bæði til beinna fjárframlaga og annarra gæða (sem metin skulu til peningaverðs á hverjum tíma). Skilgreiningin á framlagi krefst þó ekki mats á opinberri aðstöðu, svo sem húsnæði, síma o.s.frv. sem aðstoðarmenn alþingismanna nýta sér í kosningabaráttu. Nefndinni var tjáð að afnotum af opinberri aðstöðu í þessu skyni væru engin takmörk sett; þvert á móti, þá fengju minnihlutaflokkarnir meira fjármagn frá hinu opinbera en stjórnarflokkarnir (sjá 22. lið) til að jafna út þennan mismun.

72. Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum[4] er skylt að greina Ríkisendurskoðun frá tekjum sínum og útgjöldum. Stjórnmálasamtök skulu árlega skila samstæðureikningi (með upplýsingum um allar einingar sem undir þau falla); frambjóðendur skulu skila reikningum vegna kosningabaráttu sinnar eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram (prófkjör eða sveitarstjórnakosningar). Þegar nefndin heimsótti landið var Ríkisendurskoðun (í nánu samstarfi við stjórnmálaflokkana) að vinna að gerð staðlaðra eyðublaða fyrir upplýsingar um fjármögnun stjórnmálastarfsemi ásamt leiðbeiningum um hvernig þau skulu útfyllt. Nefndin fagnar því að slík eyðublöð séu nú fyrir hendi og að þar með séu upplýsinga um bókhald flokka og frambjóðenda settar fram á samræmdan og samanburðarhæfan hátt. Nefndarmenn fengu í hendur sýnishorn af ofangreindum eyðublöðum, en á þeim skal gefa upp heildarupplýsingar um tekjur (þar með talið verðmæti hvers framlags og hvers eðlis það er) og útgjöld, skuldir og eignir flokka og frambjóðenda.

73. Samkvæmt lögum nr. 162/2006 ber að greina frá nöfnum lögaðila og framlögum þeirra (verðgildi og hvort um bein fjárframlög eða önnur gæði er að ræða) í reikningum sem stjórnmálasamtök og frambjóðendur afhenda Ríkisendurskoðun. Gefa skal þó upp heildarupphæð allra framlaga frá einstaklingum til flokks eða frambjóðanda. Nefndin komst að því að tekin var vísvitandi ákvörðun um að hámarksupphæð framlags sem flokkum og frambjóðendum væri heimilt að taka við frá einum styrktaraðila skyldi vera 300.000 kr. á ári; var það gert til að ekki þyrfti að gefa upp nöfn einstaklinga sem veittu framlag og vernda þannig einkalíf þeirra. Nefndin viðurkennir að nauðsynlegt sé að vernda rétt einstaklinga til einkalífs, en telur að slík einstaklingsbundin réttindi verði að samræmast þeim almannahagsmunum sem um er að ræða (gagnsæi sem miðar að því að uppgötva og afhjúpa tilvik þar sem einstaklingur hefur ótilhlýðileg áhrif með fjárframlagi til stjórnmálastarfsemi). Nefndin er þeirrar skoðunar að virða skuli friðhelgi einkalífs þegar um minni háttar framlag er að ræða – sem þar af leiðandi er ekki líklegt til að hafa áhrif; en framlag einstaklings sem nemur allt að 300.000 kr. getur þó ekki talist vera minni háttar (t.d. í tengslum við sveitarstjórnarkosningar) og því þarf að gera grein fyrir því í ljósi ákvæða um gagnsæi og ábyrgðarskyldu. Enn fremur hefur nefndin veitt því athygli að við núverandi aðstæður (þegar nöfn einstak-

[4] Sé kostnaður vegna kosningabaráttu frambjóðenda undir 300.000 kr. eru þeir undanþegnir uppgjörsskyldu gagnvart Ríkisendurskoðun.

linga sem veita flokkum eða frambjóðendum framlög eru ekki birt) er lögaðilum til dæmis kleift að veita hærra framlag en heimilt er á ársgrundvelli og njóta jafnframt nafnleyndar með því að miðla fjárstuðningi sínum til flokks eða frambjóðanda með einstökum framlögum á vegum starfsmanna sinna. Til að auka gagnsæi og koma í veg fyrir óréttmæta fjármögnun mælir nefndin með því **að framlögum verði sett ákveðin mörk, í því skyni að nöfn einstaklinga sem veita fjárframlög verði birt, og að mörk þessi verði undir því hámarksframlagi sem stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að þiggja.**

74. Þó að upplýsingaskyldan sem kveðið er á um í lögum nr. 162/2006 sé tiltölulega yfirgripsmikil og nákvæm hefur nefndin efasemdir um tímamörk þar að lútandi. Stjórnmálasamtök eiga að skila samstæðureikningum sínum árlega; í lögum nr. 162/2006 er þó ekki getið um innan hvaða tímamarka þau skil skulu fara fram. Ráðamenn bentu á að skilafrestur fylgdi sennilega almennu bókhaldstímabili, þ.e. bókhaldsárinu sem nær frá 1. janúar til 31. desember, og að eindagi væri sex mánuðum eftir að fjárhagsárinu lyki (eigi síðar en 30. júní). Nefndin fékk síðar upplýsingar um að eindagi fyrstu reikningsskila eftir að lögin öðluðust gildi (þ.e. reikningsskil ársins 2007) væri þann 31. maí 2008.

75. Nefndin vekur athygli á því að það eru engin ákvæði í lögum nr. 162/2006 og engar leiðbeiningar í framkvæmdareglunum sem gefa til kynna hvenær einstaklingur gerist frambjóðandi og skal þar með hefja færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör. Þar sem engar upplýsingar um lögskipuð tímamörk kosningabaráttu liggja fyrir er ógerningur að komast að því hve mikil fjárútlát frambjóðanda í kosningabaráttu hafa verið og því er ekki hægt að sannreyna hvort kostnaður í prófkjöri (sjá 33. lið) hafi verið innan leyfilegra marka. Frambjóðanda ber að skila fjárhagsuppgjöri áður en sex mánuðir eru liðnir frá kjördegi, en hér er jafnframt óljóst hvort uppgjörið eigi að ná fram til kjördags eða til þess dags sem uppgjörinu er skilað. Auk þess eru engin ákvæði eða leiðbeiningar í lögum nr. 162/2006 eða framkvæmdareglum þeirra um uppgjör frambjóðenda að fyrstu skilum loknu, og á það sérstaklega við ef frambjóðandi er með tekjuafgang eða skuld sem minnka verður með frekari framlögum. Í heimsókn sinni til landsins komst nefndin enn fremur að því að prófkjör réðu stöðugt meiri úrslitum í kosningaferlinu, því að þá færi fram röðun á lista og möguleikar á þingsæti eða vali til stjórnarforystu lægju þá nánast fyrir. Þar sem gagnsæi og yfirsýn yfir kosningaferlið eru afar mikilvægir þættir fyrir trúverðugleika þess leggur nefndin til **að (i) sett verði skýr ákvæði um það hvenær framboð einstaklings hefst svo að ljóst sé hvenær hefja skuli færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör; (ii) skilgreina skuli lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila að prófkjöri loknu; og (iii) biðja alla frambjóðendur sem sýna jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga að skila inn uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuldin hefur verið endurgreidd.**

76. Enn fremur er nefndin þeirrar skoðunar að gagnsæi í fjármögnun kosninga myndi aukast til muna með tíðari skilum en þeim árlegu reikningsskilum stjórnmálasamtaka og uppgjörum frambjóðenda sem núgildandi lög kveða á um. Til að upplýsingaskylda þjóni tilgangi sínum skal reikningum skilað í tæka tíð. Þannig verða tíð uppgjör (t.d. með bráðabirgðaskýrslum meðan á kosningabaráttu stendur) til þess að opnari umræða skapast um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi í kosningabaráttu þar sem andstæðingar frambjóðanda eða flokks, fyrirvöld eða kjósendur geta þá komist að því hvort eitthvað vafasamt kunni að koma fram í færslum í tengslum við kosningar. Því leggur nefndin til **að leitað verði leiða til að miðla**

almenningi upplýsingum um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram (t.d. með bráðabirgðaskýrslum).

77. Stjórnmálasamtökum er ekki skylt að birta reikninga sína opinberlega, enda þótt einhver þeirra hafi gert það að eigin frumkvæði á liðnum árum. Frambjóðendur þurfa heldur ekki að birta reikninga vegna kosningabaráttu sinnar opinberlega. Auk þess var nefndinni tjáð að nákvæmar upplýsingar um fjármögnun stjórnmálastarfsemi féllu ekki undir ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996. Engu að síður ber Ríkisendurskoðun að birta útdrátt úr reikningum allra flokka og frambjóðenda. Birta skal nöfn lögaðila sem veitt hafa framlög en þegar nefndin heimsótti landið var enn til umræðu hvaða aðrar upplýsingar Ríkisendurskoðun skyldi birta í útdráttunum. Í lögum nr. 162/2006 er kveðið á um að útdrættirnir skuli að lágmarki greina frá heildartekjum og heildarútgjöldum stjórnmálasamtaka eða frambjóðenda; þetta er í samræmi við ákvæði b-liðar 13 gr. tilmæla nr. (2003)4. Hvað varðar birtingarstað ofangreindra útdrátta (þegar þar að kemur) er ætlunin að þeir verði birtir á heimasíðu Ríkisendurskoðunar. Nefndin telur að til að tryggja gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka sé lykilatriði að slíkar upplýsingar verði birtar; og til að upplýsingakerfið sé skilvirkt er mikilvægt að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Enn fremur er áríðandi að útdrættirnir veiti bæði nákvæmar og auðskiljanlegar upplýsingar sem auðvelt er að nálgast í tæka tíð. Þess vegna leggur nefndin áherslu á að Ríkisendurskoðun hlíti sem fyrst skuldbindingum sínum um að birta reikninga stjórnmálaflokka og frambjóðenda og leggur til **að (i) í útdrætti úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu helstu liðir þeirra tilgreindir (m.a. umbeðnar upplýsingar um tekjur og útgjöld) eins fljótt og unnt er, og (ii) að útdrættirnir séu birtir tímanlega.**

Yfirumsjón
Endurskoðun

78. Reikningar stjórnmálaflokka og frambjóðenda skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Nefndin komst þó að því að í nokkrum tilvikum hefðu viðkomandi endurskoðendur lengi verið félagar í þeim stjórnmálaflokki sem þeir veittu þjónustu sína og að þeir hefðu starfað sem endurskoðendur eigin flokks í fjölda ára. Í þessu tilliti höfðu ekki verið innleiddir alþjóðlegir staðlar um endurskoðendur á Íslandi, en með slíkum stöðlum mætti styðjast við reglur um óhæði. Enn fremur var nefndinni tjáð að lögum samkvæmt þurfi endurskoðendur ekki að tilkynna viðkomandi löggæsluaðilum um óreiðu í bókhaldi sem þeir kynnu að verða varir í starfi sínu, heldur kæmu slíkar athugasemdir yfirleitt fram í skýrslu endurskoðenda sem viðskiptavinurinn fær í hendur. Í heimsókn sinni til landsins komst nefndin að því að endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um málefni viðskiptavina sinna. Þeir viðmælendur sem rætt var við sögðu að gildandi löggjöf um endurskoðun væri tíu ára gömul og viðurkenndu að tímabært væri að endurbæta hana. Í ljósi ofangreindra upplýsinga mælir nefndin með því **að (i) settar verði skýrar reglur sem tryggja tilskilið óhæði endurskoðenda sem taka að sér að endurskoða reikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda; og (ii) að innleiddir verði starfshættir fyrir endurskoðendur slíkra reikninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstaðla um hvenær, hvernig og hverjum skuli tilkynnt um grunsemdir um alvarleg brot á gildandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu.**

Eftirlit

79. Ríkisendurskoðun er sú stofnun sem ber ábyrgð á eftirliti með fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Nefndin fagnaði því að sjálfstæði og fagleg starfsemi Ríkisendurskoðunar væri hafin yfir allan vafa. Þegar nefndin heimsótti landið var einn lögfræðingur að störfum hjá Ríkisendurskoðun sem vann að því með ríkisendurskoðanda og vararíkisendurskoðanda að semja reglugerðina og veita leiðbeiningar. Ríkisendurskoðandi gerði ráð fyrir að auk þess yrðu einn eða tveir endurskoðendur ráðnir í þetta verkefni, og þar sem umræður um fjárveitingar ársins 2008 stóðu yfir meðan nefndin dvaldi á landinu, taldi ríkisendurskoðandi að ekki yrði vandkvæðum háð að fá viðbótarfjárveitingu til að hægt yrði að ljúka þessu verkefni.

80. Varðandi frekari rannsóknir benti Ríkisendurskoðun á að ef um hugsanleg brot væri að ræða á reglum um framlög eða öðrum lagaákvæðum, yrði slíkum málum vísað til lögreglunnar, stofnunin myndi ekki annast rannsóknir á málum af því tagi. Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir að allir reikningar verði endurskoðaðir og að kallað verði eftir nánari upplýsingum og skýringum hjá flokkum, frambjóðendum og endurskoðendum þeirra, ef þörf krefur. Enda þótt Ríkisendurskoðun hafi vald til að tryggja ekki einungis formlegt eftirlit, heldur einnig efnislegt eftirlit með upplýsingum sem stjórnmálasamtök veita, hefur stofnunin þó ekki heimild til að standa fyrir efnislegum athugunum á framlögum til frambjóðenda. Ríkisendurskoðun viðurkennir að í lögum nr. 162/2006 séu engin ákvæði um slíka heimild, en að til framtíðar kunni að verða nauðsynlegt að rannsaka reikninga frambjóðenda umfram þær upplýsingar sem þeir sjálfir veita í uppgjörum sínum. Í slíkum tilvikum hefði Ríkisendurskoðun enga lagalega heimild til að fara fram á bókhaldsgögn (t.d. reikninga, kvittanir) í því skyni að sannreyna efnislega (og ekki einungis formlega) þær upplýsingar sem fram koma í viðkomandi uppgjörum. Þess vegna mælist nefndin til þess **að Ríkisendurskoðun fái vald til að sannreyna efnislega (til viðbótar hinni formlegu endurskoðun sem framkvæmd er) og eftir því sem þörf krefur þær upplýsingar sem frambjóðendur veita.**

81. Nefndin veitti því athygli að samkvæmt lögum nr.162/2006 var Ríkisendurskoðun heimilt að ráða miklu um eigin starfshætti, en að fyrsta reglugerðin sem stofnunin gaf út (þ.e. reglur um reikningshald stjórnmálasamtaka o.fl.) var frekar til ítrekunar á lögunum en til leiðbeiningar. Nefndin fagnaði því engu að síður að Ríkisendurskoðun stóð fyrir námskeiðum í ársbyrjun 2007 til að kynna hinar nýju reglur um upplýsingaskyldu fyrir stjórnmálasamtökum. Fulltrúar stjórnmálasamtaka og fleiri aðilar sem nefndin ræddi við báru Ríkisendurskoðun vel söguna og sögðu að stofnunin veitti bæði aðstoð og svör við spurningum; þó virtist sem enn þyrfti mikið verk að vinna til að hægt yrði að tryggja samræmi í uppgjörum. Svör sem Ríkisendurskoðun hefði veitt við einstökum spurningum hefðu til dæmis ekki verið tekin saman og birt almenningi í skjali á borð við „algengar spurningar“ eða á annan skriflegan hátt til að fleiri gætu nýtt sér þau og þannig væri stuðlað að gagnsæi og samræmi. Enn fremur hugðist stofnunin bregðast við nokkrum málefnum með samvinnu við flokkana fremur en með reglugerðum eða skriflegum leiðbeiningum. Þótt mikilvægt sé að almennt samkomulag hlutaðeigandi aðila sé fyrir hendi er ekki síður áríðandi að Ríkisendurskoðun birti slíkt samkomulag opinberlega til að auka traust almennings á kerfinu.

82. Sem lið í víðtækara eftirlitskerfi er lögaðilum gert skylt að greina frá framlögum sínum til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í ársskýrslum sínum til skattyfirvalda til að njóta skattfrádráttar (sem nemur allt að 0,5% af tekjum). Nefndin telur að ofangreind krafa um að

lögaðilar greini frá framlögum sínum nýtist vel í eftirlitsstarfseminni. Nefndinni var tjáð að skattskrá liggi frammi almenningi til sýnis í tiltekinn tíma, en á skattskýrslum er ekki greint milli framlaga sem lögaðilar veita stjórnmálasamtökum og framlaga til annarra samtaka (trúfélaga, mannúðarsamtaka, menningarstarfsemi og vísindastofnana). Nefndinni var tjáð að skattyfirvöld gætu, án breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, breytt framtalseyðublöðum sínum þannig að greint yrði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og annarra framlaga. Þess vegna mælir nefndin með því **að framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og framlaga til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (svo sem mannúðarsamtaka eða trúfélaga).**

83. Skattyfirvöld myndu eftir sem áður þurfa að veita skattfrádrátt fyrir framlög umfram þau 300.000 kr. framlög sem heimil eru, því að skattalöggjöfinni hefur ekki verið breytt til samræmis við hina nýju löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi. Það er vissulega áhyggjuefni að hægt sé að njóta skattfrádráttar vegna hærri framlaga en heimiluð eru, en það mál fellur undir 4. gr. tilmæla nr. (2003)4, sem fjallar um skattfrádrátt vegna framlaga, en sú grein er ekki til umfjöllunar í þriðju úttekt GRECO, og því er ekki hægt að leggja fram formlega tillögu þar að lútandi.

Viðurlög

84. Nefndin telur að helsti annmarki laga nr. 162/2006 sé hve almenn og óljós ákvæði þeirra um viðurlög eru. Ef brotið er gegn lögunum (af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi) er beitt fésektum eða fangelsi í allt að sex ár. Lýsingum á aðstæðum þar sem viðkomandi refsingum (fésektum eða fangelsi) yrði beitt er svo ábótavant að það vekur spurningar um lagalegt gildi þeirra. Refsiákvæði um sex ára fangelsi yrði líklega aldrei beitt vegna þess hve þungt það er, einkum ef litið er til refsinga fyrir mun alvarlegri mútubrot á Íslandi. Enn fremur er ekki ljóst hvaða einstaklingur ætti að afplána refsinguna ef stjórnmálasamtök væru staðin að því að brjóta lög. Þetta nægir til þess að endurskoða verður þau viðurlög sem kveðið er á um í lögum nr. 162/2006. Það er álit nefndarinnar að með sveigjanlegri refsingum (t.d. stjórnsýsluviðurlögum og skaðabótum) til viðbótar refsiábyrgðinni yrði enn frekar komið í veg fyrir að stjórnmálaflokkar og frambjóðendur brytu reglur um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Í ljósi ofangreindra athugasemda er niðurstaða nefndarinnar sú að núgildandi viðurlög gefi hvorki góða raun gagnvart brotum á þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 162/2006 né séu í réttu hlutfalli við brot. Ef þeim er ekki beitt, eða sé ekki hægt að beita þeim, er ljóst að þau munu ekki draga úr brotavilja. Nefndin leggur til **að gildandi viðurlög við brotum á reglum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði endurskoðuð og að tryggt verði að þau viðurlög sem valin eru séu skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brot.**

V. NIÐURSTÖÐUR

85. Árið 2007 öðlaðist gildi nýr lagarammi um fjármögnun stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Hrósa ber stjórnvöldum fyrir þann mikilvæga áfanga sem stuðlar að auknu gagnsæi og ábyrgðarskyldu á sviði sem engin lög náðu áður yfir. Mikilvægasta lagasetningin í þessu tilliti, þ.e. lög nr.162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, endurspeglar í stórum dráttum kröfur ráðherranefndar Evrópuráðsins eins og þær birtast í tilmælum nr. (2003)4 um sameiginlegar reglur gegn spillingu í fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu. Enn fremur er unnið markvisst að því að koma

hinum nýja laga- og regluramma í framkvæmd. Það er Ríkisendurskoðun (sjálfstæð eftirlitsstofnun, óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins) sem ber ábyrgð á að móta reglur um upplýsingaskyldu og starfshætti þannig að lagalegum ákvæðum sé framfylgt. Enn er ekki ljóst hvernig útfæra skal frekara samkomulag um að upplýsingar um fjármögnun stjórnmálastarfsemi skuli vera almenningi aðgengilegar í tæka tíð. Enn fremur er mikilvægt að Ríkisendurskoðun verði heimilt að hafa tilhlýðilegt eftirlit með uppgjörum frambjóðenda í efnislegum atriðum, eftir því sem þörf krefur. Í meginatriðum veltur núna mest á framkvæmd laganna. Því þarf að endurskoða þau viðurlög sem nú gilda til að refsingar verði í samræmi við alvarleika brota (þ.e. skilvirkar, letjandi og í réttu hlutfalli við brot). Að lokum skal tekið fram að enn eru engar reglur til sem kveða á um gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga.

86. Í ljósi ofangreindra atriða beinir því GRECO eftirfarandi tilmælum til Íslands:

i. að innleiddar verði reglur sem tryggi nægilegt gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga (69. liður);

ii. að framlögum verði sett ákveðin mörk, í því skyni að nöfn einstaklinga sem veita fjárframlög verði birt, og að mörk þessi verði undir því hámarksframlagi sem stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að þiggja (73. liður);

iii. að (i) sett verði skýr ákvæði um það hvenær framboð einstaklings hefst svo að ljóst sé hvenær hefja skuli færslu bókhalds fyrir fjárhagsuppgjör; (ii) skilgreina skuli lok uppgjörstímabils fyrstu reikningsskila að prófkjöri loknu; og (iii) biðja alla frambjóðendur sem sýna jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga að skila inn uppgjöri með reglulegu millibili þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuldin hefur verið endurgreidd (75. liður);

iv. að leitað verði leiða til að miðla almenningi upplýsingum um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram (t.d. með bráðabirgðaskýrslum) (76. liður);

v. að (i) í útdráttum úr reikningum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda séu helstu liðir þeirra tilgreindir (m.a. umbeðnar upplýsingar um tekjur og útgjöld) eins fljótt og unnt er, og (ii) útdrættirnir séu birtir tímanlega (77. liður);

vi. að (i) settar verði skýrar reglur sem tryggja tilskilið óhæði endurskoðenda sem taka að sér að endurskoða reikninga stjórnmálasamtaka og frambjóðenda; og (ii) að innleiddir verði starfshættir fyrir endurskoðendur slíkra reikninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega endurskoðunarstaðla um hvenær, hvernig og hverjum skuli tilkynnt um grunsemdir um alvarleg brot á gildandi löggjöf um fjármögnun stjórnmálastarfsemi sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu (78. liður);

vii. að Ríkisendurskoðun fái vald til að sannreyna efnislega (til viðbótar hinni formlegu endurskoðun sem framkvæmd er) og eftir því sem þörf krefur þær upplýsingar sem frambjóðendur veita (80. liður);

viii. að framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmálastarfsemi og framlaga til samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (svo sem mannúðarsamtaka eða trúfélaga) (82. liður);

ix. að gildandi viðurlög við brotum á reglum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda verði endurskoðuð og að tryggt verði að þau viðurlög sem valin eru séu skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brot (84. liður).

87. Samkvæmt 2. tl. 30. gr. málsmeðferðarreglna sinna fer GRECO fram á að íslensk stjórnvöld leggi fram skýrslu um framkvæmd ofangreindra tilmæla eigi síðar en 31. október 2009.

88. Að lokum beinir GRECO þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að þau leyfi að skýrslan verði birt, að hún verði þýdd á íslensku og að þýðingin verði birt almenningi.

1019. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári hefur ráðherra til ráðstöfunar 6.000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á mánuði og landsvæði. Þá skal ráðherra með reglugerð stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers mánaðar verði náð.

Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Frá og með árinu 2011 er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla

fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga og laugardaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða.

2. gr.

Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aflaheimildir skv. 6. gr. a.

3. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gjald vegna strandveiða miðast við landaðan afla í strandveiðum.

4. gr.

Við 1. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjalddagi veiðigjalds vegna afla sem veiddur er við strandveiðar er 1. október.

5. gr.

Fyrsti málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1020. Lög [452. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 779.

1021. Fyrirspurn [598. mál]

til fjármálaráðherra um rekstur ráðuneyta og starfsmannafjölda árin 2006–2009.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver voru útgjöld við rekstur ráðuneyta á árunum 2006, 2007, 2008 og 2009 á föstu verðlagi, sundurliðað eftir ráðuneytum?
2. Hver var þróun starfsmannafjölda í ráðuneytunum á sama árabili, sundurliðað eftir ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

1022. Fyrirspurn [599. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um upplýsingaaðgengi og textavarp.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað líður gerð þjónustusamnings milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis hvað varðar textun á síðu 888 í textavarpi á dagskrárefni líðandi stundar, t.d. fréttum, Kastljósi og öðru innlendu efni?
2. Eru í gildi einhverjar verklagsreglur um textun við rof á útsendingu vegna óvæntra atvika, svo sem náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða?
3. Hyggst ráðherra leggja til að öllum sjónvarpsstöðvum verði skylt að senda út efni með textun á síðu 888 í textavarpi?

Skriflegt svar óskast.

1023. Svar [172. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um vinnustaði fatlaðra og launakjör.

1. *Hversu margir vinnustaðir fatlaðra hafa verið fluttir úr umsjá svæðisskrifstofa málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar síðan það var ákveðið með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006?*

Yfirfærslu atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar er ekki lokið og eru vinnustaðir fatlaðra enn í umsjá svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Unnið hefur verið að undirbúningi yfirfærslunnar í starfshópum sem skipaðir voru á hverju svæði fyrir sig þar sem fulltrúar Vinnumálastofnunar á svæðinu og fulltrúar viðkomandi svæðisskrifstofu hafa átt sæti.

2. *Ef tilflutningnum er ekki enn lokið, hvenær er þá áætlað að honum ljúki og hvað hefur valdið töfum á málinu?*

Áætlað var að yfirfærsla atvinnumála fatlaðra frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar gæti átt sér stað í upphafi árs 2009. Sú áætlun gekk ekki eftir en ástæða þessa er einkum aukið álag hjá Vinnumálastofnun við framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins og vinnumarkaðsaðgerða sem rekja má til breyttra aðstæðna á vinnumarkaði haustið 2008 þegar atvinnuleysi jókst mjög hratt.

Ráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í Vinnumarkaðsstofnun. Í 2. gr. þess frumvarps er það skilgreint sem hlutverk hinnar nýju stofnunar að samræma starfshæfnismat, þar á meðal að þróa og ákvarða hvaða mælitæki og aðferðir skuli nýtt til mats á starfshæfni í samstarfi við aðra aðila sem starfa á þessu sviði og að annast af opinberri hálfu skipulag starfsendurhæfingar og samhæfingu fjármögnunar. Jafnframt er tiltekið að Öryrkjabandalag Íslands skuli eiga fulltrúa í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir eftirfarandi: „Henni er … ætlað að vera leiðandi af hálfu hins opinbera í skipulagningu og uppbyggingu á starfsendurhæfingu um allt land í því skyni að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði, sér og samfélaginu til hagsbóta. Stofnunin mun í starfi sínu vinna að því að samþætta starf sitt og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, meðal annars með tilliti til samræmdra reglna um mat á starfshæfni og vinnugetu. Í því starfi verði sérstaklega tekið mið af frumkvæði og því þróunarstarfi sem unnið hefur verið að af hálfu aðila vinnumarkaðarins með stofnun og starfrækslu Starfsendurhæfingarsjóðs. Markmiðið er að allir landsmenn njóti sama réttar til starfsendurhæfingar og starfshæfingar þó greiðsluskylda vegna bæði bóta og þjónustu sé hjá mismunandi aðilum.“

Með þessu frumvarpi er því lagður grundvöllur að endurskipulagningu á starfshæfingarmálum í samræmi við lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006. Hin nýja stofnun mun, verði frumvarpið samþykkt, taka til starfa 1. janúar 2011. Ráðherra hefur jafnframt skipað nefnd aðila stöðugleikasáttmálans, og Öryrkjabandalags Íslands vegna málefna er varða sérstaklega skjólstæðinga þess, til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar. Ráðgjafar ráðuneytisins munu vinna með nefndinni. Með þessum áformum er lagður grunnur að yfirfærslu atvinnumála fatlaðs fólks til stofnunar vinnumarkaðsmála eins og kveðið er á um í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

3. *Hvað hafa margir vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun frá maí 2006 um laun og réttindi fatlaðra starfsmanna? Hvaða vinnustaðir greiða starfsmönnum laun í samræmi við ákvæði þeirra?*

Alls hafa þrettán vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga á grundvelli samkomulags Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun frá maí 2006. Þeir eru:

– Ás – vinnustofa,
– Ásgarður – handverkstæði,
– Blindravinnustofan,
– Bjarkarás,
– Fjöliðjan – vinnu- og hæfingarstaður,
– Kertaverksmiðjan Heimaey,
– Múlalundur,
– Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur,
– Stólpi,
– Vinnustaðir Öryrkjabandalags Íslands,
– vinnustofur Skálatúns,
– vinnustofan Hólaberg,
– Örvi.

Allir þessir vinnustaðir greiða starfsmönnum í samræmi við ákvæði kjarasamninga fyrir utan Ásgarð – handverkstæði og vinnustofur Skálatúns þar sem enginn starfsmaður þar nær því að vera með 30% starfshæfni samkvæmt matsgögnum Hlutverks – samtaka um vinnu- og verkþjálfun.

4. *Hafa sumir vinnustaðir ekki enn lokið slíkum samningum og ef svo er, hvað veldur því? Hvernig er launum og réttindum fatlaðra starfsmanna háttað á þeim stöðum sem hafa ekki enn gert kjarasamninga?*

Enn hafa einhverjir vinnustaðir ekki gert slíka samninga og hefur það fyrst og fremst verið vegna þess að þar starfa einstaklingar sem ekki verða taldir ná upp í þá 30% starfshæfni sem miðað er við og hefðu því slíkir samningar takmarkað gildi.

Á þeim vinnustöðum þar sem ekki hafa verið gerðir slíkir samningar eða samningar eiga ekki við er þeim sem þangað sækja þjónustu greitt fyrir unnin verkefni. Vinnustaðir fatlaðra vinna oft ýmis verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir sem greitt er fyrir og er þeirri greiðslu yfirleitt skipt á starfsmenn sem verkið unnu eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá.

5. *Hefur ráðuneytið beitt áhrifum sínum til að þau mikilvægu réttindi sem felast í kjarasamningunum nái til allra vinnustaða fatlaðra?*

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur ávallt látið sig varða réttindi og aðstæður fatlaðra. Ráðuneytið vinnur að endurskoðun á starfsendurhæfingu og örorkumatskerfinu þar sem meðal annars er lögð áhersla á að meta starfshæfni einstaklinga og auka starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga sem vegna veikinda eða slysa fara af vinnumarkaði í ákveðinn tíma. Stefnt er að því að þessi endurskoðun feli einnig í sér endurskoðun á atvinnumálum fatlaðra en ætla má að niðurstöður þeirrar endurskoðunar kunni að hafa áhrif á skipulag vinnustaða fatlaðra.

1024. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann ráðherra, Hrefnu Gísladóttir lögfræðing og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Örn Pálsson framkvæmdastjóra og Arthur Bogason formann Landssambands smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðmund Þ. Ragnarsson, formann Félags vélstjóra og málmtæknimanna, og Árna Múla Jónasson fiskistofustjóra og Eyþór Björnsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Sjómannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Félagi skipstjórnarmanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Hafnarsambandi Íslands og efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (þskj. 667, 370. mál). Með frumvarpi þessu er lagt til að auk gjalds vegna almenns leyfis til strandveiða greiði útgerðir fiskiskipa sem leyfi fá til strandveiða sérstakt gjald að fjárhæð 50.000 kr. Verði fjöldi leyfa til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári svipaður og á því síðasta, eða á bilinu 400–600 leyfi, má gera ráð fyrir að tekjur af strandveiðigjaldinu nemi um 20–30 millj. kr. Gert er ráð fyrir að tekjum þessum verði ráðstafað til hafna þar sem landað hefur verið afla sem fenginn er við strandveiðar. Fiskistofa innheimtir gjaldið og skal hún á grundvelli aflaupplýsinga greiða höfnunum sinn hlut. Hlutfall hverrar hafnar skal vera það sama og hlutfall hafnarinnar er í heildarafla sem fenginn var við strandveiðar og landað var hjá viðkomandi höfn á tímabilinu og skal aflinn reiknaður í þorskígildum. Á þeim tíma sem strandveiðar eru stundaðar þurfa starfsmenn hafnanna, sérstaklega smærri hafna, að vera viðbúnir þeirri auknu umsýslu sem fylgir strandveiðum og þykir því rétt að koma til móts við hafnirnar hvað þetta varðar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Þá ákvað hún að senda málið til umsagnar hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis sem telur að skattlagning samkvæmt frumvarpinu standist en benti þó á aðrar leiðir sem hefðu náð sama markmiði, þ.e. að viðkomandi hafnir hefðu hækkað gjaldskrár sínar eða fjárframlög til málalokksins hefðu verið aukin á fjárlögum. Umsagnaraðilar lögðust ekki gegn frumvarpi þessu að því gefnu að framangreint frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða næði fram að ganga en ýmsir umsagnaraðilar lýstu andstöðu við það.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 28. apríl 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Björn Valur Gíslason.
Margrét Pétursdóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Róbert Marshall.

1025. Framhaldsnefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Á fundi nefndarinnar var fjallað um þau skilyrði sem sett eru fyrir strandveiði, skiptingu landsins í landssvæði og heimild fiskiskipa til að hefja strandveiðar. Meiri hlutinn leggur til breytingu á frumvarpinu er varðar skilyrði sem strandveiðin er háð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki sé heimilt að stunda veiðar á föstudögum og laugardögum, sbr. 1. tölul 5. mgr. 1. gr. Það er álit meiri hlutans að fengnum ábendingum hagsmunaaðila og eftir umræðu innan nefndarinnar að einnig skuli banna veiðar á sunnudögum. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „föstudaga og laugardaga“ í 1. tölul. 5. mgr. komi: föstudaga, laugardaga og sunnudaga.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu „töluliður“ komi: er verður 1. tölul.

Björn Valur Gíslason skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 28. apríl 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Björn Valur Gíslason, með fyrirvara.
Margrét Pétursdóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Róbert Marshall.

1026. Álit fjárlaganefndar [600. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til ágúst 2009.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til ágúst 2009 og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig ásamt sérfræðingum hans. Ríkisendurskoðun hefur m.a. það hlutverk samkvæmt lögum að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við fjárhagsleg málefni ríkisins. Skýrslan kemur í kjölfar tveggja annarra sem fjárlaganefnd hefur fjallað um. Annars vegar um fjármálastjórn ráðuneyta og skil rekstraráætlana. Hins vegar um fjármálastjórn 50 valinna stofnana. Í þessari skýrslu er fjallað um framkvæmd fjárlaga og stöðu fjárlaga fyrstu átta mánuði ársins 2009, en jafnframt kemur fram í henni að einstaka ályktanir séu dregnar á grundvelli nýrra upplýsinga. Þá er í skýrslunni umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til fjáraukalaga 2009 að beiðni fjárlaganefndar. Í lok skýrslunnar er fjallað um breytingar sem stofnunin telur að gera þurfi á lögum um fjárreiður ríkisins sem og aðrar breytingar til að auka aga og gegnsæi í fjármálastjórn ríkisins. „*Er þar einkum um að ræða samantekt ábendinga sem áður hafa birst í skýrslum stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga, endurskoðun ríkisreiknings og víðar.*“

Á fundi Ríkisendurskoðunar með fjárlaganefnd 5. nóvember 2009 var safnað saman spurningum nefndarmanna um efni skýrslunnar og svaraði Ríkisendurskoðun þeim með bréfi dags. 10. nóvember 2009. Enn fremur sendi fjárlaganefnd Alþingis stofnuninni bréf 20. nóvember sl. þar sem óskað var ítarlegri skýringa á tilteknum atriðum og svaraði Ríkisendurskoðun því með bréfi 27. nóvember. Því má líta á þessi samskipti sem nánari upplýsingar um framkvæmd fjárlaga sem fjárlaganefnd hefur notað við eftirlit sitt.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2007 og ársáætlanir 2008 kemur fram að stofnunin „*hefur á undanförnum tveimur áratugum bent ítrekað á ýmsa misbresti á framkvæmd fjárlaga. Virðingarleysi fyrir bindandi fyrirmælum fjárlaga hefur verið gagnrýnt sem og almennt agaleysi í rekstri fjölmargra stofnana. Þá hefur stofnunin ítrekað bent á misræmi í ákvörðunum fjárveitingavaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þar er átt við að fjárveitingavaldið ákvarði umfang opinberrar þjónustu með fjárlögum hvers árs en forstöðumenn og ráðuneyti taki sér iðulega vald til að auka umfang hennar umfram lögbundnar heimildir. Slíkar ábendingar Ríkisendurskoðunar hafa litlu skilað. Ríkisendurskoðun telur að síendurtekin brot gegn fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og aðgerðaleysi ráðuneyta vegna þeirra sýni að ábyrgðin er ekki að öllu leyti hjá forstöðumönnum stofnana. Þá hvetur hún til þess að ákvæði um ábyrgð ráðuneyta á fjárreiðum ríkisstofnana verði gerð afdráttarlausari í gildandi lögum og reglum. Umfang halla og uppsafnaðra fjárheimilda í árslok 2007 sýna að ekki hefur verið brugðist við síendurteknum ábendingum Ríkisendurskoðunar. Stofnunin getur eðli málsins samkvæmt ekki annað en komið sínu áliti á framfæri með þeim hætti sem hér er gert. Þó er rétt að nefna að hún hefur nú ákveðið að óska eftir því við Alþingi að hluti uppsafnaðra fjárheimilda hennar verði felldur niður. Hvatt er til að ónýttar fjárheimildir annarra fjárlagaliða umfram 4% viðmiðið, sem ekki stendur til að nýta að fullu á árinu 2008, verði felldar niður í lokafjárlögum 2007. Að öðru leyti stendur stofnunin ráðalaus.*“

Í ljósi þessa er það mat fjárlaganefndar Alþingis að fara þurfi í saumana á þessum málum. Nefndin hefur skipað vinnuhóp innan sinna raða sem mun fara yfir þau mál sem tengjast framkvæmd fjárlaga með það að markmiði að færa mál til betri vegar. Ríkissjóður hefur ekki

fjárhagslegt svigrúm sem leyfir að stofnanir og ráðuneyti geti haldið uppteknum hætti og mun nefndin taka á þessum málum. Hún mun mánaðarlega fylgjast með framkvæmd fjárlaga og fara yfir þau frávik sem talið er að skipti máli. Skýrslur Ríkisendurskoðunar munu verða mikilvægur þáttur í eftirliti nefndarinnar.

Alþingi, 27. apríl 2010.

Guðbjartur Hannesson, form.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.
Kristján Þór Júlíusson.	Oddný G. Harðardóttir.	Þór Saari.
Björn Valur Gíslason.	Þuríður Backman.	

1027. Framhaldsnefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar)

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Það er til marks um hversu vanreifað hið svokallaða strandveiðifrumvarp var að það hefur tekið verulegum breytingum í meðförum þingsins. Hinn upphaflegi tilgangur málsins, að láta strandveiðarnar leysa af hólmi byggðakvótann, er löngu horfinn. Tilraunalöggjöfin sem samþykkt var á síðasta ári gerði ráð fyrir því að byggðakvóti yrði skertur að hálfu og að þær aflaheimildir stæðu að nokkru undir aflamagni því sem færi til strandveiðanna. Þótt varað væri við þeirri aðferðafræði á þeim tíma var ekki á það hlustað. En í því frumvarpi sem nú er að koma til 3. umræðu er alveg fallið frá upphaflegum hugmyndum og er það í sjálfu sér fagnaðarefni.

Fráleit svæðaskipting.

Í lögunum sem giltu á síðasta fiskveiðiári var ákveðið að veiðarnar skyldu fara fram á fjórum skilgreindum svæðum. Aflamagni var skipt á svæðin í hlutfalli við úthlutaðan byggðakvóta á viðkomandi svæðum. Reynslan af því fyrirkomulagi var ekki góð. Á sumum svæðum dugði það aflamagn til þess að aðeins var hægt var stunda veiðarnar fáeina daga í mánuði hverjum, en á öðrum svæðum dugðu heimildirnar mun lengur. Með öðrum orðum blasir við að úthlutað aflamagn var alls ekki í samræmi við veiði á svæðunum. Svæðaskiptingin mistókst.

Nú er ætlun ráðherrans og meiri hlutans að styðjast enn við svæðaskiptingu, en fela ráðherra allsherjarvald um framkvæmd hennar. Frumvarpið er hins vegar þannig úr garði gert af hálfu meiri hlutans að galopið er hvort slík svæðaskipting gildir á næstu árum að löggjöfinni óbreyttri. Ráðherranum er einnig sett sjálfdæmi um hversu mikið aflamagn fari inn á hvert svæði fyrir sig. Þetta lýsir mikilli uppgjöf meiri hlutans fyrir því verkefni sem löggjöf-

inni er ætlað að taka á, auk þess sem enn á ný er verið að færa vald frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins á sviði fiskveiðistjórnar.

Þrátt fyrir að fáeinir dagar séu þar til ætlunin er að veiðarnar hefjist hafa ekki fengist skýr svör um hvernig staðið verður að þessum málum. Einvörðungu að ætlunin sé að ekki verði mikil breyting á svæðaskiptingunni frá síðasta fiskveiðiári og að aflamagn hvers svæðis verði svipað og þá. Þetta er stórfurðulegt ráðslag. Sérstaklega í ljósi þess að upphaflega tengingin við byggðakvótaúthlutanir er nú farin veg allrar veraldar. Það mælir því að sjálfsögðu ekkert lengur með því að ákvarða svæði og aflamagn þeirra með hliðsjón af úthlutun á byggðakvótum og er í rauninni fráleitur grundvöllur.

Reynslan frá síðasta ári hefur líka kennt okkur að svæðaskiptingin hefur ekki haft mikinn tilgang. Menn hafa einfaldlega skráð báta sína til veiða á þeim svæðum þar sem talið hefur verið að aflavon sé mest. Hin byggðalega tenging sem svæðaskiptingunni var ætlað að skapa hefur þess vegna farið fyrir lítið. Því eru engin haldbær rök lengur fyrir því að hafa fyrirkomulagið líkt og gilti á síðasta fiskveiðiári. Til viðbótar má ekki gleyma því að meginástæða löggjafarinnar var að opna almennan aðgang að nýtingu sjávarauðlindarinnar. Því hníga öll rök að því að hverfa algjörlega frá svæðaskiptingunni og hafa fyrirkomulagið frekar þannig að veiðarnar séu stundaðar á einu svæði. Sé það hins vegar vilji meiri hluta Alþingis að hafa svæðaskiptingu er að minnsta kosti eðlilegt að láta veiðarnar fara fram á yfirstandandi fiskveiðiári á einu veiðisvæði og búa þannig til nýja viðmiðun sem leggja mætti til grundvallar nýrri úthlutun á einstök veiðisvæði. Minni hlutinn flytur því breytingartillögu um að hverfa algjörlega frá svæðaskiptingunni.

Enn er reynt að draga úr hagkvæmni.

Það hlýtur líka að teljast sjálfsagt að hin nýja löggjöf setji ekki upp girðingar sem torveldi mönnum að stunda útgerð sína með sveigjanlegum og hagkvæmum hætti. Þess vegna kemur á óvart að ekki skuli vera ætlunin að gera mönnum kleift að stunda strandveiðar um takmarkaðan tíma heldur þurfa menn sem hafa fengið leyfi til þessara veiða að binda sig innan þess regluverks til loka fiskveiðiársins. Þetta kemur í veg fyrir að menn hafi tækifæri til þess að ná hámarksárangri við útgerð sína. Fyrirkomulag þetta dregur úr verðmætasköpun og færir ákvörðunarvaldið við útgerðina frá sjómönnum og útgerðarmönnum í ráðuneytið. Er þetta enn eitt dæmið um það hvernig markvisst er verið að draga úr sveigjanleika og hagræðingu við fiskveiðarnar og gera þær miðstýrðari og óhagkvæmari. Á hinn bóginn má segja að þetta sé í anda yfirlýstrar stefnu sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur boðað um að draga úr hagræðingu og sveigjanleika löggjafarinnar. Minni hlutinn er ósammála þeirri stefnumörkun og flytur breytingartillögu í þágu hagsmuna þeirra sem veiðarnar stunda.

Afli til strandveiðanna dregst frá kvóta annarra.

Mikið hefur verið rætt um möguleika þess að auka aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári, einkanlega í þorski. Svör ráðherrans við þeirri málaleitan hafa verið mjög óljós, þar til nú. Hefur ráðherrann vitnað til þess að verið sé að auka aflaheimildir með strandveiðilöggjöfinni. Með því er vitaskuld verið að hvetja menn til þess að nýta sér auknar aflaheimildir með því að hefja handfæraveiðar að sumarlagi. Þetta er þó skammgóður vermir. Strax á næsta fiskveiðiári er gert ráð fyrir að aflamagnið sem fer til strandveiða, sex þúsund tonn, verði dregið frá því aflamagni sem fer til þeirra báta sem vinna í aflamarks- eða krókaaflamarkskerfinu. Lætur nærri að um 8,3% af þorskaflanum fari til tilfærslna og sérstakra úthlutana

þegar strandveiðilöggjöfin er orðin að raunveruleika. Minni hlutinn gerði athugasemdir við þetta og flytur breytingartillögu til þess að ráða bót á þessu.

Lært af mistökum?

Í meðförum þingsins hafa átt sér stað breytingar í samræmi við ýmislegt af því sem minni hlutinn hefur bent á. Enn er ekki útséð með hvort frekari breytingar verða gerðar við 3. umræðu. Þetta undirstrikar hins vegar nauðsyn þess að vel sé vandað til verka þegar verið er að leggja fram lagafrumvörp og sérstaklega þegar um er að ræða löggjöf sem felur í sér svo mikið nýmæli. Á þetta skorti mjög við upphaflega löggjöf í fyrra og aftur núna. Þeim mun meiri furðu vekur þetta af því að ætlunin var að læra af mistökum lagasetningarinnar á síðasta ári. Það er hins vegar að verða dýrkeypt reynsla að stunda slíka tilraunalagasetningu á mikilvægu lagasviði. Sum þessara mistaka verða nefnilega ekki aftur tekin.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. 2. efnismgr. orðist svo:
      Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu aflaheimilda á mánuði. Þá skal ráðherra með reglugerð stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers mánaðar verði náð.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó getur fiskveiðiskip tilkynnt Fiskistofu að það hyggist hætta strandveiðum áður en strandveiðitímabilinu lýkur og taka á ný upp veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Nýti fiskveiðiskip þessa heimild getur það ekki hafið strandveiðar á ný á sama strandveiðitímabili.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. gr. taka gildi á fiskveiðiárinu 2012–2013.

Alþingi, 28. apríl 2010.

Einar K. Guðfinnsson, frsm. Sigurður Ingi Jóhannsson. Jón Gunnarsson.

1028. Fyrirspurn [601. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjir eru 50 stærstu kröfuhafar Glitnis og Kaupþings og þar með 50 stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka miðað við nýjustu stöðu?
2. Liggur fyrir mat á hæfi þessara hluthafa til þess að fara með ráðandi hlut í bönkunum tveimur?

Skriflegt svar óskast.

1029. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Þegar frumvarp um veiðieftirlitsgjald var lagt fram í febrúarmánuði sl. mátti hvorki ráða af athugasemdum sem því fylgdu né framsöguræðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort um var að ræða skatt eða þjónustugjald sem ætlað væri að standa undir skilgreindri þjónustu. Það var fyrst þegar eftir því var gengið við 1. umræðu málsins að ráðherra greindi frá því að hér væri á ferðinni ný skattheimta. Þessi nýi strandveiðiskattur er sértæk skattlagning á hluta fiskveiðiflotans.

Hinn nýi skattur er afar óvanalegur, svo ekki sé meira sagt. Hann er lagður á hvert útgefið strandveiðileyfi, innheimtur af Fiskistofu og síðan úthlutað til þeirra hafna þar sem afla strandveiðibáta er landað, í hlutfalli við aflamagnið. Skatturinn er ekki sérstaklega ætlaður til þess að standa straum af kostnaðarauka hafnanna vegna strandveiðanna sjálfra. Hafnirnar hafa til þess tiltekna tekjustofna, svo sem aflagjald og aðrar gjaldskrár. Nýi skatturinn er því eingöngu hugsaður sem almennur viðbótartekjustofn fyrir hafnirnar í landinu. Fyrir þær er þetta því væntanlega kærkomin búbót.

Á síðasta fiskveiðiári fengu tæplega 600 bátar leyfi til strandveiða. Öruggt má telja að þeir verði síst færri nú. Sennilega verða þeir mun fleiri í ljósi þess að mjög hefur nú gengið á þorskkvóta og strandveiðarnar fela í sér 6.000 tonna kvótaaukningu, sem einvörðungu er ætluð til handfæraveiða að sumarlagi. Hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra brugðist þannig við kröfum um auknar aflaheimildir að vísa á strandveiðarnar. Ætla má að margir útgerðarmenn minni báta bregðist jákvætt við ábendingum ráðherrans. Því má telja að hin sértæka skattheimta af strandveiðibátunum geti numið um 30–40 millj. kr. á yfirstandandi fiskveiðiári.

Minni hlutinn óskaði eftir því að máli þessu yrði vísað til efnahags- og skattanefndar vegna eðlis málsins. Nefndin fær til umfjöllunar skattamál sem fyrir Alþingi eru lögð og því

þótti rökrétt að kalla a.m.k. eftir áliti hennar á þessu skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Álit nefndarinnar fylgir með sem fylgiskjal.

Margt mjög athyglisvert kemur fram í áliti efnahags og skattanefndar. Nefndin kallaði til ráðslags við sig fulltrúa fjármálaráðuneytisins og í áliti nefndarinnar segir um ábendingar ráðuneytisins: „Athygli var vakin á því af hálfu fjármálaráðuneytis að ráðstöfun skattsins gæti raskað samkeppnisgrundvelli hafna auk þess að samræmast illa stefnu um að draga úr vægi markaðra tekjustofna. Einnig kom fram að gjaldskrárákvarðanir hafna tækju almennt mið af kostnaði við að veita viðkomandi þjónustu.“

Það er því ekki að undra að efnahags- og skattanefnd teldi tilefni til þess að finna ráðstöfun skattsins annan farveg. Velti nefndin upp tveimur möguleikum. Í fyrsta lagi að hækka framlög til Hafnabótasjóðs. Í annan stað að eftirláta Fiskistofu að gera þjónustusamninga við hafnir undir tilgreindum viðmiðunarmörkum, en Fiskistofa lagðist gegn því.

Niðurstaða efnahags- og skattanefndar er mjög skýr hvað þetta mál áhrærir. Niðurstöðuna er að finna í lok álitsins, þar sem segir: „Nefndin telur að það samræmist fjárveitingarvaldi Alþingis betur að framlög til málaflokka séu ákveðin í fjárlögum fremur en í almennum lögum en hún skilur markmið frumvarpsins.“

Hér er afdráttarlaust kveðið að orði. Efnahags- og skattanefnd bendir á að sú leið sem farin er í skattafrumvarpi sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar sé ekki góð. Ætla má af álitinu að nefndin telji skynsamlegra að hækka einfaldlega fjárveitingar til hafnanna, sem nemur fjárhæðinni. Engu að síður leggur meiri hlutinn til að ekki verði gerðar breytingar á frumvarpinu og að ekki verði tekið tillit til álits þeirrar þingnefndar sem fer með skattaleg málefni á Alþingi.

Þetta frumvarp er brennt sama marki og mörg önnur sem hafa verið lögð fram á sviði sjávarútvegs af hálfu ráðherra málaflokksins. Málið er illa undirbúið, ekki hefur verið haft fyrir því að vinna að því í eðlilegu samráði innan stjórnsýslunnar og er það bersýnilega í blóra við stefnu ríkisvaldsins um að draga úr vægi markaðra tekjustofna. Hér rekur sig hvað á annars horn, eins og fyrri daginn.

Þessi nýja skattlagning er vitaskuld á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Ætla má vegna forsögunnar og þess sem hefur komið fram við meðferð málsins í þingnefndum að hinn nýi strandveiðiskattur, þessi sértæka skattlagning á hluta fiskveiðiflotans, verði ekki ýkja langlífur og að fyrr en síðar reynist nauðsynlegt að endurskoða hann.

Alþingi, 28. apríl 2010.

Einar K. Guðfinnsson, frsm.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur H. Fenger frá fjármálaráðuneytinu, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Gísla Gíslason frá Hafnarsambandinu og Snorra Stefánsson frá Samkeppnisstofnun. Málinu var vísað til nefndarinnar 10. mars sl. frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Í frumvarpinu, sem lagt er fram samhliða máli á þskj. 667, 370. mál (strandveiðar), er lagt til að heimilt verði að innheimta tilgreinda fjárhæð fyrir útgáfu leyfis til strandveiða og ráðstafa tekjunum í lok veiðitímabils til hafna þar sem strandveiðiafla hefur verið landað í samræmi við hlutdeild þeirra í veiddum heildarstrandveiðiafla á tímabilinu.

Fram kom við umfjöllun málsins að umrædd gjaldtaka væri skattur. Athygli var vakin á því af hálfu fjármálaráðuneytis að ráðstöfun skattsins gæti raskað samkeppnisgrundvelli hafna auk þess að samræmast illa stefnu um að draga úr vægi markaðra tekjustofna. Einnig kom fram að gjaldskrárákvarðanir hafna tækju almennt mið af kostnaði við að veita viðkomandi þjónustu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bæta höfnum upp kostnað vegna umsýslu með strandveiðum og ræddi nefndin leiðir til að ná markmiðum þess: Í fyrsta lagi að samþykkja frumvarpið óbreytt, í öðru lagi að samþykkja ekki frumvarpið og reikna með að hafnir standi undir kostnaði með gjaldskrárhækkunum, í þriðja lagi að samþykkja ekki frumvarpið og hækka heldur framlög til málaflokksins á fjárlögum.

Fram kom að tilurð frumvarpsins megi rekja til undirliggjandi óánægju sveitarfélaga með að þurfa að uppfylla kröfur fiskveiðistjórnarkerfisins um eftirlit án þess að fé frá ríkinu fylgi með. Hafnarsambandið lagði einnig áherslu á að frumvarpið hefði sérstaka þýðingu fyrir minni hafnir og hafnir með dreifða starfsemi. Samkeppnisstofnun tók fram að það væri ESA og fjármálaráðuneytisins að taka afstöðu til þess hvort í því fælist ríkisstyrkur. Fiskistofa telur ákvæði frumvarpsins vera framkvæmanleg.

Í ljósi framangreinds og vegna greindrar andstöðu fjármálaráðuneytisins ræddi nefndin hugmyndir um að finna ráðstöfun skattsins annan farveg, til að mynda með því að hækka framlög til Hafnarbótasjóðs á fjárlögum eða eftirláta Fiskistofu að gera þjónustusamninga við hafnir undir tilgreindum viðmiðunarmörkum. Fiskistofa telur að síðarnefndi kosturinn komi ekki til álita þar sem þegar hafi verið komið á fót starfshópi með fulltrúum stofnunarinnar og Hafnarsambandsins sem taka á til skoðunar fyrirkomulag við vigtun og skráningu sjávarafla. Búast megi við að þar verði m.a. fjallað um viðbótarkostnað hafna vegna sérþarfa fiskveiðistjórnarkerfisins og því ótímabært að veita Fiskistofu heimild til þjónustusamninga sem aðeins varði einn afmarkaðan þátt kerfisins. Þá sé erfitt að finna hlutlægar viðmiðanir sem skeri úr um við hvaða hafnir stofnunin geti samið og hverjar ekki og hversu mikið fé stofnunin eigi að láta fylgja með slíkum samningum.

Nefndin bendir á að það er á valdi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar að taka afstöðu til þeirra kosta sem að framan eru raktir. Nefndin telur að það samræmist fjárveitingarvaldi Alþingis betur að framlög til málaflokka séu ákveðin í fjárlögum fremur en í almennum lögum en hún skilur markmið frumvarpsins.

Alþingi, 20. apríl 2010.

Helgi Hjörvar,
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara,
Lilja Mósesdóttir,
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara,
Ólafur Þór Gunnarsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir.

1030. Álit fjárlaganefndar [602. mál]

um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn ráðuneyta og skil rekstraráætlana.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálastjórn ráðuneyta og skil rekstraráætlana sem gefin var út í júní 2009.

Í ársbyrjun 2009 ákvað Ríkisendurskoðun að gera átak í eftirliti með fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana. Stofnunin kannaði einkum skil á rekstraráætlunum til ráðuneyta, skráningu þeirra í bókhaldskerfi ríkisins og eftirlit með framkvæmd þeirra. Einnig voru kannaðir vissir þættir innra eftirlits og hvort ráðuneytin hefðu reynt að meta áhrif lægri fjárveitinga á magn og gæði þjónustu.

Í ljós kom að 10 af 233 áætlunum hafði verið skilað innan tímamarka sem kveðið er á um í reglugerð, þ.e. fyrir árslok 2008. Fjórtán áætlanir höfðu verið samþykktar innan tímamarka sem um samþykkt gilda, þ.e. fyrir miðjan janúar. Að mati Ríkisendurskoðunar er skýringin sú að fjárlög voru samþykkt seint. Í byrjun maí voru 10 áætlanir enn ósamþykktar.

Ekki eru til samræmdar reglur um hvernig standa skuli að skráningu ársáætlana í bókhaldskerfi ríkisins Orra, en Ríkisendurskoðun telur að samþykktar rekstraráætlanir eigi undantekningarlaust að skrá. Af 222 samþykktum rekstraráætlunum höfðu 179 verið skráðar í byrjun maí eða um 81%. Eftirlitsaðilar gátu því ekki með góðu móti fylgst með því að 39 stofnanir störfuðu í samræmi við samþykktar áætlanir. Einkum er ámælisvert að mati Ríkisendurskoðunar að aðalskrifstofur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins höfðu ekki skráð áætlanir fyrir aðalskrifstofur sínar. Fjárlaganefnd tekur undir álit Ríkisendurskoðunar þar sem segir: „augljóst er að allt samtímaeftirlit utanaðkomandi eftirlitsaðila með rekstri er marklaust ef þeir hafa ekki aðgang að áætlunum.“ Fjárlaganefnd telur að aðalskrifstofur ráðuneytanna eigi að vera öðrum til fyrirmyndar í þessum málum.

Í skýrslunni eru tilgreindar sjö ábendingar til ráðuneytanna sem allar eru góðra gjalda verðar. Ríkisendurskoðun bendir m.a. á að hafi forstöðumaður ekki gert rekstraráætlun innan tímamarka beri ráðuneyti að gera hana og að taka ætti þá reglu upp í reglugerð um fram-

kvæmd fjárlaga. Fjárlaganefnd Alþingis telur að ábyrgðin sé enn hjá forstöðumanni en ráðuneytunum beri að ganga á eftir því að rekstraráætlunin sé gerð.

Ríkisendurskoðun komst að raun um að rekstraráætlanir í Orra eru ekki ávallt þær sömu og stofnanir nota sjálfar og ráðuneytin miða við í sínu eftirliti. Fjárlaganefnd telur mikilvægt að samræmi sé á milli þeirra áætlana sem notaðar eru í ríkisrekstrinum og að starfað sé eftir þeim áætlunum sem skráðar eru í Orra.

Fjárlagaliðir í fjárlögum 2009 voru 463 og bar að skila rekstraráætlunum fyrir 233 liði. Áætlanagerð fyrir millifærsluliði og aðra liði sem stýrt er beint af ráðuneytunum reyndist afar misjöfn milli ráðuneyta og taldi Ríkisendurskoðun því ástæðu til að samræma hana.

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós dæmi um að sértekjur stofnana væru ekki bókaðar jafnóðum og þær mynduðust: „Eins kom fram í samtölum við starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins að færsla bókhalds er of hæg til að samtímaeftirlit sé skilvirkt.“ Að mati fjárlaganefndar er of mikill losarabragur í bókhaldsmálum ríkisins miðað við þessar lýsingar og ber forstöðumönnum að sjá til þess að úr verði bætt. Fjárlaganefnd hyggst bæta möguleika sína á eftirliti og hefur nefndin samþykkt einróma og lagt fram tillögu til þingsályktunar um að Alþingi feli fjármálaráðherra að sjá til þess að fjárlaganefnd verði veittur beinn skoðunaraðgangur að þeim bókhalds- og upplýsingakerfum ríkisins sem vistuð eru hjá Fjársýslu ríkisins.

Brögð eru að því að ráðuneyti veiti styrki án þess að gerðir séu samningar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til samningsaðila en um það segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Þetta gildir m.a. um styrki sem fjárlaganefnd Alþingis veitir. Mörg ráðuneyti telja að eftirfylgni með styrkjum fjárlaganefndar sé ekki á þeirra verksviði.“ Í þessu sambandi bendir fjárlaganefnd á að hún hefur gert kröfu um að hafi verkefni hlotið styrk áður þurfi að fylgja greinargerð um ráðstöfun styrks við næstu umsókn. Einnig hefur nefndin bent á að Ríkisendurskoðun sé heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Því hefur nefndin treyst á að í innra eftirliti ráðuneytanna sé fylgst með því að formskilyrðum sé framfylgt áður en styrkirnir eru greiddir út. Nefndin telur að ráðuneytin beri ábyrgð á framkvæmd fjárlaga og þeim fjárheimildum sem til ráðstöfunar eru, þ.m.t. þeim styrkjum sem Alþingi ákvarðar.

Ráðuneytin virðast samkvæmt skýrslunni almennt ekki hafa skoðað ítarlega hve raunhæfar tekjuáætlanir sértekna eru. Að mati fjárlaganefndar er hér um ágalla á áætlanagerð ríkisins að ræða sem forstöðumenn verða að bregðast við.

Í skýrslunni segir að flest ráðuneytin hafi gert ráð fyrir að stofnanir sem áttu ónýttar fjárheimildir í lok síðasta árs fengju að nýta þær án takmarkana á árinu 2009. Sem dæmi má taka að í skýrslunni segir að rekstrarstjóri utanríkisráðuneytis segi að ekki komi „til greina að heimild stofnana til að ráðstafa vannýttum heimildum verði takmörkuð.“ Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu fá stofnanir að nýta ónýttar fjárheimildir að mestu leyti á yfirstandandi ári og hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu „er ljóst að stofnanir sem áttu ónýttar fjárheimildir í lok síðasta árs fá að nýta þær án takmarkana á þessu ári.“ Svipuð sjónarmið koma fram hjá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi vill fjárlaganefnd geta þess að flutningur ónotaðra fjárheimilda er heimilaður í lokafjárlögum ár hvert og því er það Alþingis að ákveða hvort flutningurinn er heimill. Hins vegar segir í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins: „Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“ Lokafjárlög hafa yfirleitt

ekki verið afgreidd nógu tímanlega til að nýtast út frá sjónarmiði þeirra sem vinna eftir rekstraráætlunum og þurfa að taka tillit til ónotaðra fjárheimilda. Því þyrftu lokafjárlög að vera samþykkt mun fyrr ár hvert. Að öðrum kosti mun yfirfærsla fjárheimilda ekki vera í því formi sem afgreiðsla lokafjárlaga gerir ráð fyrir. Það er því mat fjárlaganefndar að setja þurfi skýrari reglur um yfirfærslu fjárheimilda til að forstöðumenn ríkisstofnana viti fyrr hvað til ráðstöfunar er.

Yfirleitt höfðu möguleg áhrif lægri fjárveitinga og aukins álags á þjónustu og rekstur ekki verið metin sérstaklega.

Ríkisendurskoðun treystir sér ekki til að leggja mat á hvort endurnýja eigi samninga um árangursstjórnun og þá með hvaða hætti, en markmið þeirra var að auka skilvirkni og árangur með skýrri forgangsröðun verkefna og styrkja samskipti ráðuneyta og stofnana. Stofnunin hyggst hefja úttekt á kerfinu síðar á árinu. Fjárlaganefnd telur mikilvægt að árangur af starfsemi ríkisins sé mældur árlega á sem fjölbreyttastan hátt og að þær mælingar séu hluti af eftirliti með framkvæmd fjárlaga, eftir því sem við verður komið.

Margar fleiri athugasemdir og ábendingar er að finna í skýrslunni. Fjárlaganefnd telur að skýrslan eigi að geta nýst vel við að styrkja eftirlit með notkun fjárveitinga ríkisins. Þar sem margar þessara ábendinga hafa komið áður fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar virðist vanta farveg til að koma þeim til framkvæmda eða haldbær rök til að gera það ekki. Nefndin telur að framkvæmdarvaldinu beri að skapa þennan vettvang. Jafnframt telur nefndin að ríkisaðilar eigi í auknum mæli að leggja mat á þann árangur sem þeir ná og setja sér raunhæf markmið til nokkurra ára í senn. Þannig mundi eftirlit við framkvæmd fjárlaga ekki einungis vera með fjárveitingunum heldur þeim samfélagslega árangri sem felst í rekstrinum.

Fjárlaganefnd hefur skipað starfshóp til að fara yfir fjárlagaferlið og mun hann taka þau mál til athugunar. Markmiðið er að styrkja fjárlagavinnuna og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Hópurinn mun við vinnu sína styðjast við skýrslu frá OECD um þessi mál sem og skýrslu frá AGS og önnur gögn sem talið er að nýtist við þessa vinnu.

Til að kanna hvernig skil rekstraráætlana hefðu gengið á árinu 2010 og mál þeim tengd sendi fjárlaganefnd Alþingis öllum aðalskrifstofum ráðuneytanna bréf dagsett 23. febrúar 2010 þar sem spurt var um stöðu þessara mála. Í ljós kom að algengt var að aðalskrifstofurnar sjálfar hefðu ekki gengið frá áætlun sinni fyrir tilskilin tímamörk og störfuðu samkvæmt drögum að áætlun þar til áætlun hefði verið samþykkt. Þá áttu margar stofnanir eftir að skila og fjölda áætlana var eftir að skrá í bókhalds- og eftirlitskerfi ríkisins.

Fjárlaganefnd tekur undir gagnrýni Ríkisendurskoðunar á þeim seinagangi sem er á frágangi áætlana miðað við gildandi reglur. Þó ber að taka tillit til þess að aðalskrifstofur veittu í upphafi árs 2010 í nokkrum tilfellum viðbótarskilafrest þar sem ekki var búið að yfirfæra fjárheimildir milli ára. Nefndin beinir þeim tilmælum til aðalskrifstofa ráðuneyta að bæta þegar úr þeim annmörkum sem nefndir hafa verið og telur að þeim beri að standa betur að málum á næsta ári.

Í skýrslunni segir einnig: „Ríkisendurskoðun telur að breyta eigi reglugerð um framkvæmd fjárlaga á þann veg að skylt verði að gera rekstraráætlanir fyrir alla fjárlagaliði aðra en tilfærslur og greiðslur til aðila utan ríkisins. Þar verði áætlanir um greiðsludreifingu látnar duga.“ Fjárlaganefnd tekur undir þetta.

Fjárlaganefnd Alþingis spurði skrifstofu- og rekstrarstjóra aðalskrifstofa ráðuneytanna um þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að rekstraráætlanir í Orra væru ekki ávallt þær sömu og stofnanir nota sjálfar og ráðuneytin miða við í sínu eftirliti. Óskað var upplýsinga um hvaða stofnanir væri átt við innan ráðuneytisins. Jafnframt var óskað eftir skýringum á því hvers

vegna þetta verklag væri látið viðgangast hjá ráðuneytinu, væri því til að dreifa. Yfirleitt könnuðust aðalskrifstofurnar ekki við umrætt verklag. Þó benti iðnaðarráðuneytið á að áætlanir Byggðastofnunar væru ekki skráðar í Orra og um skýrslugerð Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og Ríkisábyrgðarsjóðs gilti reglugerð nr. 347/2000. Ekki voru nefnd fleiri bein dæmi. Fjárlaganefnd telur mikilvægt, eins og áður hefur komið fram, að einungis sé notuð ein samræmd áætlun hjá hverri stofnun og fjárlagalið og hún sé skráð í bókhaldskerfið. Stofnanir geta þá ekki borið fyrir sig að skýringin á fráviki milli fjárheimilda og niðurstöðu bókhalds stafi af því að greiðsludreifing í áætlunum ríkisins sé röng. Var það nokkuð algeng skýring á frávikum sem bárust við fyrirspurnum fjárlaganefndar Alþingis um framkvæmd fjárlaga á milli ársfjórðunga árið 2008. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að fjármála- og rekstrarstjórar ráðuneytanna leitist sameiginlega við að bæta áætlanagerð og eftirlit með fjármunum ríkisins eins og kostur er.

Alþingi, 27. apríl 2010.

Guðbjartur Hannesson, form.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.
Björn Valur Gíslason.	Kristján Þór Júlíusson.	Oddný G. Harðardóttir.
Þór Saari.		Þuríður Backman.

1031. Svar [592. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Bjarnadóttur um markaðsleyfi lyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Getur ráðherra upplýst hve margar þeirra umsókna um markaðsleyfi lyfja sem höfðu verið í vinnslu umfram lögboðinn afgreiðslutíma samkvæmt svari ráðherra 24. mars sl. við fyrirspurn á þskj. 738 voru annars vegar vegna einstakra lyfja og hversu margar vegna viðbótarstyrkleika lyfs eða lyfjaforms?

15. apríl sl. höfðu 223 umsóknir um markaðsleyfi lyfja verið í vinnslu umfram lögboðinn afgreiðslutíma hjá Lyfjastofnun og 478 umsóknir um viðbótarstyrkleika eða lyfjaform.

Staða umsókna skipt eftir umsóknarferlum 15. apríl 2010 var:

Umsóknir um landsmarkaðsleyfi komnar á tíma: 59 lyf og að auki 124 viðbótarlyfjaform eða viðbótarstyrkleikar.

Umsóknir um markaðsleyfi með gagnkvæmri viðurkenningu: 164 lyf og að auki 354 viðbótarlyfjaform eða viðbótarstyrkleikar.

Vakin er athygli á því að þessar tölur eru aðeins breyttar frá munnlegu svari ráðherra 24. mars sl. við fyrirspurn um sama efni á þskj. 738 þar sem framangreindar tölur sýna stöðu umsókna 15. apríl en þá höfðu um 30 umsóknir sem þar er getið um verið afgreiddar.

1032. Svar [430. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Þórs Saaris um erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

1. *Hversu mörg sveitarfélög eru eða hafa verið til sérstakrar athugunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna erfiðrar fjárhagsstöðu?*

Alls hafa tíu sveitarfélög verið til sérstakrar skoðunar af hálfu eftirlitsnefndar, en það eru sveitarfélögin Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Sveitarfélagið Álftanes, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Borgarbyggð, Grundarfjarðarbær, Bolungarvík, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað. Með hliðsjón af niðurstöðu nefndarinnar byggðri á fjárhagslegri stöðu einstakra sveitarfélaga, ársreikningum þeirra og fjárhagsáætlunum, má skipta sveitarfélögum sem nefndin hefur haft afskipti af í þrjá flokka. Í fyrsta lagi sveitarfélög sem hafa þurft á sérstakri eftirlitsmeðferð að halda og fjárhagslegum stuðningi. Í öðru lagi sveitarfélög sem nefndin telur mikilvægt að fylgjast áfram vel með fjárhagslegri framvindu hjá. Í þriðja lagi sveitarfélög sem nefndin hefur talið ástæðu til að vara við slæmri skuldastöðu, en hefur ekki talið þörf á því að svo komnu máli að óska frekari upplýsinga.

Í fyrsta flokkinn falla sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstaður og Sveitarfélagið Álftanes. Samningur var gerður milli eftirlitsnefndar og Bolungarvíkurkaupstaðar um fjárhagslegar aðgerðir og sérstakt eftirlit. Samningurinn gildir til 31. desember 2011 og bindur nefndin vonir við að hann skili sveitarfélaginu þeirri fjárhagslegu sjálfbærni sem honum er ætlað. Einnig var gerður samningur við Sveitarfélagið Álftanes um fjárhagslegar aðgerðir og áætlanagerð. Sú vinna leiddi hins vegar í ljós að fjárhagsstaða sveitarfélagsins var svo alvarleg að skipa þurfti sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn, sem tók til starfa 8. febrúar sl.

Í öðrum flokki eru sveitarfélögin Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Reykjanesbær, Borgarbyggð, Grundarfjarðarbær, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað. Nefndin hefur sent þessum sveitarfélögum bréf og gert athugasemdir um skuldsetningu þeirra og óskað jafnframt eftir því að fá sendar ársfjórðungslegar upplýsingar úr bókhaldi þeirra.

Þriðja flokknum tilheyrir Sandgerðisbær sem hefur fengið athugasemd frá nefndinni um skuldsetningu en nefndin mun þó ekki aðhafast frekar að sinni.

2. *Hvaða sveitarfélög hafa á síðustu 12 mánuðum verið aðvöruð af eftirlitsnefndinni, sbr. 2. mgr. 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998?*

Eins og fram kom hér að framan hafa tíu sveitarfélög fengið viðvaranir með vísan til 2. mgr. 74. gr. sveitarstjórnarlaga, þar af níu sveitarfélög sl. 12 mánuði. Jafnframt er rétt að geta þess að afgreiði sveitarstjórn fjárhagsáætlun, ársreikning eða þriggja ára áætlun með halla skal hún, sbr. 2. mgr. 5 gr. reglugerðar nr. 374/2001, með síðari breytingum, senda eftirlitsnefnd greinargerð um ástæður hallans, aðgerðir til að bæta þar úr og áætlun um framtíðarhorfur í rekstri sveitarfélagsins. Alls voru 37 sveitarsjóðir (A hluti) reknir með halla á árinu 2008 og bárust nefndinni greinargerðir þar að lútandi. Þá lögðu 34 sveitarfélög fjárhagsáætlun ársins 2009 fram með halla. Allt eru þetta gögn sem eftirlitsnefnd fer yfir og eru, eftir atvikum, tilefni til frekari samskipta.

3. *Hvaða sveitarfélög hafa á síðustu 12 mánuðum tilkynnt eftirlitsnefndinni fjárþröng, sbr. 1. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga?*

Aðeins eitt sveitarfélag hefur tilkynnt um fjárþröng með vísan til 1. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga síðustu 12 mánuði, en það er Sveitarfélagið Álftanes. Áður hafði Bolungarvík tilkynnt nefndinni um fjárþröng.

4. *Hefur eftirlitsnefndin á síðustu 12 mánuðum látið fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 374/2001 um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga með síðari breytingum? Ef svo er, í málefnum hvaða sveitarfélaga?*

Í kjölfar þess að Sveitarfélagið Álftanes tilkynnti um að það væri komið í fjárþröng lét nefndin fara fram ítarlega athugun á fjárhagsstöðu þess. Sú athugun leiddi í ljós alvarlega fjárhagsstöðu sem leiddi til úrræða skv. 76. gr. og síðar 77. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki hefur verið ráðist í frekari rannsóknir á fjárráðum og rekstri sveitarfélags, enda hefur ekki reynt á að viðvörunum nefndarinnar hafi ekki verið sinnt, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 374/2001, með síðari breytingum.

5. *Hefur eftirlitsnefndin á síðustu 12 mánuðum þurft að grípa til aðgerða, sbr. 3. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga? Ef svo er, í málefnum hvaða sveitarfélaga?*

Í sjálfu sér hefur eftirlitsnefnd ekki talið þörf á að grípa til sérstakra aðgerða á grundvelli heimildarákvæðis í 3. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga sl. 12 mánuði.

6. *Við hvaða sveitarfélög hefur eftirlitsnefndin gert samninga um eftirlitsaðgerðir á síðustu 12 mánuðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/2001?*

Eingöngu hefur verið gerður samningur um eftirlitsaðgerðir við Sveitarfélagið Álftanes.

7. *Hvaða sveitarfélög hafa verið tekin til frekari skoðunar á síðustu 12 mánuðum eftir greiningu eftirlitsnefndar á reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga?*

Eins og fram hefur komið er um að ræða sveitarfélögin Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Sveitarfélagið Álftanes, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað.

8. *Hverjar voru áætlaðar skuldir og langtímaskuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem eru eða hafa verið til sérstakrar athugunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 1. tölul. í árslok 2009? Hversu hátt hlutfall skulda þessara sveitarfélaga var í erlendri mynt í árslok 2009?*
9. *Hverjar eru framangreindar stærðir skv. 8. tölul. miðað við höfðatölu fyrir hvert sveitarfélaganna?*

Sundurliðun óskast eftir nöfnum sveitarfélaganna.

Sveitarfélög þurfa ekki að skila ársreikningum 2009 til ráðuneytisins fyrr en fyrir 15. júní ár hvert og því liggja upplýsingar ekki fyrir hvað þetta atriði varðar.

1033. Tillaga til þingsályktunar [603. mál]

um skipan nefndar til að rannsaka fall sparisjóða og erfiðleika íslenska sparisjóðakerfisins.

Flm.: Ásmundur Einar Daðason, Lilja Mósesdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Björn Valur Gíslason, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd Alþingis að skipa nefnd til að rannsaka íslenska sparisjóðakerfið. Nefndinni verði ætlað að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls sparisjóða hér á landi og kanna þá alvarlegu stöðu sem margir þeirra eru í. Þá leggi nefndin mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Rannsóknin nái að minnsta kosti aftur til ársins 2001 eða aftur fyrir þann tíma sem sala stofnfjárhluta á yfirverði var leyfð.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er forsætisnefnd Alþingis falið að skipa nefnd til að rannsaka íslenska sparisjóðakerfið. Rannsóknin verði byggð á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008, eftir því sem við á. Skal nefndin starfa samkvæmt sambærilegum heimildum og hafa það hlutverk að skoða þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi sparisjóða og ákvarðanir tengdar þeim, leggja mat á hvort mistaka eða vanrækslu hafi gætt við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og starfsemi sparisjóða á Íslandi sem og eftirlit og ábyrgð. Nefndin skal í þessu skyni:

- Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska sparisjóðakerfisins sem meðal annars var litið til við setningu laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
- Afla upplýsinga um starfsemi sparisjóðanna sem geta skýrt vanda þeirra, svo sem um fjármögnun og útlánastefnu þeirra, eignarhald, aukningu á stofnfé, arðgreiðslur, kaup og sölu á stofnfé, hlutafélagavæðingu sparisjóða, endurskoðun og tengsl þeirra við atvinnulífið.
- Gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn og tengda atvinnustarfsemi með sérstöku tilliti til sparisjóðakerfisins og bera saman við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim.
- Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi, með tilliti til sparisjóðakerfisins, á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis.
- Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim félagslegu forsendum sem þeim upphaflega var ætlað að gera.
- Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
- Skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

Hinn 22. apríl sl. tók Fjármálaeftirlitið ákvarðanir um að taka yfir starfsemi Byrs – sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Þessar ákvarðanir voru teknar eftir að stjórnir sjóðanna höfðu farið fram á að Fjármálaeftirlitið tæki yfir starfsemi þeirra þar sem samningaviðræður við kröfuhafa þeirra lauk án árangurs. Í mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur SPRON og Sparisjóðabankans, móðurbanka sparisjóða um allt land. Voru allar innstæður viðskiptavina SPRON og nb.is færðar til Nýja Kaupþings og gefið var út skuldabréf sem tryggt var með veði í öllum eignum SPRON. Í júlí 2009 var enn fremur skipuð bráðabirgðastjórn yfir Sparisjóði Mýrasýslu en á mánuðunum fyrir hrun 2008 höfðu verið uppi hugmyndir um að Kaupþing legði til nýtt stofnfé í sparisjóðinn og eignaðist 70% eignarhlut í honum, aðrir fjárfestar legðu fram frekara stofnfé og færu með um 10% eignarhlut en Borgarbyggð héldi um 20% eignarhlut. Þessar áætlanir náðu ekki fram að ganga fyrir hrunið í október 2008. Í apríl tók Nýja Kaupþing yfir lánasafn Sparisjóðs Mýrasýslu og varð jafnframt eigandi þriggja norðlenskra sparisjóða, þ.e. Siglufjarðar og Skagafjarðar, sem saman mynda Afl Sparisjóð, og Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Þessir sparisjóðir höfðu áður verið að mestu í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu. Af þessu má sjá að sparisjóðirnir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum í undangengnum áföllum á fjármálamörkuðum heimsins og voru merki þess orðin ljós fyrir október 2008 og setningu neyðarlaganna.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 er ekki sérstaklega fjallað um málefni sparisjóðakerfisins en þó er talið að það verðskuldi slíka rannsókn. Í rannsókn sem þessari á íslenska sparisjóðakerfinu er mikilvægt að farið verði töluvert aftur í tímann og skoðaðar breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna og rekstrarformi þeirra og ákvarðanir eftirlitsaðila og túlkun þeirra á gildandi reglum um starfsumhverfi þeirra. Nauðsynlegt er að metið verði hvaða áhrif framangreint hafi haft á stöðu sparisjóðanna og rekstur almennt og jafnframt með tilliti til þeirra samfélagssjónarmiða sem þeir störfuðu eftir. Rannsóknin á ekki að einskorðist við aðdraganda hrunsins í október 2008 heldur taka einnig til tímans eftir hrun enda eru áhrif hrunsins enn að koma í ljós hjá sparisjóðum um allt land. Markmið rannsóknarinnar skal að öðru leyti vera sambærilegt því sem um getur í 1. gr. framangreindra laga nr. 142/2008 og sömu reglur gilda um skipan rannsóknarnefndarinnar og störf hennar, rannsóknarheimildir hennar og málsmeðferð og giltu um þá rannsóknarnefnd sem starfaði á grundvelli laganna. Mikilvægt er að ítarleg rannsókn verði gerð á umhverfi sparisjóða og er því ekki heppilegt að nýta heimildir 4. mgr. 15. gr. framangreindra laga sem kveður á um heimild þingmannanefndar sem kosin var á Alþingi til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar til að setja af stað framhaldsrannsókn þar sem þingmannanefndin á að skila niðurstöðu sinni á núverandi löggjafarþingi og gæfist því síður tími til að bregðast við niðurstöðum framhaldsrannsóknarinnar.

1034. Lög [158. mál]

um Íslandsstofu.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 846 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk.

Stofnuð er Íslandsstofa. Hlutverk hennar er:

a. að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands,
b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu,
c. að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi,
d. að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál,
e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

3. gr. hljóðar svo:

Stjórn.

Stjórn Íslandsstofu skipa sjö menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fjóra stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu mennta- og menningarmálaráðherra og einn án tilnefningar. Utanríkisráðherra skipar formann stjórnar að höfðu samráði við aðra tilnefningaraðila. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Að höfðu samráði við ráðgjafaráð skipuleggur stjórnin og ákveður verkefni Íslandsstofu, samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun stofunnar og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans.

Stjórnin skal í samráði við viðkomandi ráðuneyti sjá til þess að starfrækt séu fagráð um áherslur í markaðs- og kynningarmálum erlendis á sviði ferðaþjónustu, matvælagreina, umhverfismála, menningarmála og fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi. Eftir atvikum getur stjórnin með sama hætti skipað fagráð á fleiri sviðum. Þá skipar stjórnin ráðgjafaráð er skal vera henni til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í störfum stofunnar. Málsvarar mikilvægustu hagsmuna á starfssviði stofunnar skulu eiga sæti í ráðgjafaráðinu sem kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Utanríkisráðherra setur nánari reglur um ráðgjafaráðið, þ.m.t. um fjölda fulltrúa, samkvæmt tillögum stjórnarinnar.

Stjórnin boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert. Rétt til setu á aðalfundum eiga þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í stjórn Íslandsstofu, fulltrúar í ráðgjafaráði og þeir aðilar sem eiga fulltrúa í fagráðum Íslandsstofu. Stjórninni er heimilt að bjóða fleirum til setu á aðalfundi. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir stefnumótun Íslandsstofu og störfum sínum og fagráða og birtir rekstraráætlanir og ársreikninga.

1035. Breytingartillaga [243. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Frá Birni Val Gíslasyni.

Við 2. gr. Í stað „1. janúar 2010“ komi: 1. nóvember 2010.

1036. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá landlækni, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Umsagnirnar sem bárust eru samhljóma og styðja framgang frumvarpsins.

Frumvarpið kveður á um brottfall laga sem heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir að það auki kyn sitt. Lögin eru birt í heild í lagasafni með eftirfarandi athugasemd: „L. 16/1938 eru úr gildi fallin, sbr. 33. gr. laga 25/1975, nema að því er varðar afkynjanir.“ Íslensk stjórnvöld undirrituðu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 30. mars 2007. Í kjölfar þeirrar undirritunar var skipuð nefnd til að kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur sem lagðar eru á aðildarríki samkvæmt samningnum. Komst sú nefnd m.a. að þeirri niðurstöðu að fella þyrfti framangreind lög úr gildi. Í skýrslunni kom jafnframt fram að Danmörk var fyrsta landið á Norðurlöndum til að setja lög um ófrjósemisaðgerðir árið 1929. Noregur og Svíþjóð fylgdu á eftir 1934 og Finnland ári seinna. Þessi lög giltu fram á áttunda áratuginn.

Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um málið og telur að með frumvarpi þessu sé stigið tímabært skref í átt að auknum réttindum fatlaðs fólks. Enn fremur bendir nefndin á að með frumvarpi þessu sé komið til móts við kröfu 23. gr. framangreinds samnings Sameinuðu þjóðanna. Þar er kveðið á um skyldu aðildarríkja að gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðum í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum. Í c-lið 1. mgr. greinarinnar segir enn fremur að fatlaðir, þ.m.t. börn, skuli fá haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**
Guðlaugur Þór Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Auður Lilja Erlingsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Skúli Helgason.	

1037. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Hilmarsson frá Fjárfestingarstofu, Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Hörð Arnarson frá Landsvirkjun, Unni G. Kristjánsdóttur, formann nefndar um erlenda fjárfestingu, Kristján Indriðason frá Samkeppniseftirlitinu, Salvöru Nordal frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Auði Ingu Ingvarsdóttur og Pál Jónsson frá Skiptum hf. og Vilhjálm Þorsteinsson frá Verne Holdings ehf. Þá ræddi nefndin símleiðis við Birgi Má Ragnarsson, stjórnarmann í Verne Global, og Jeff Monroe, forstjóra Verne Holdings ehf. Nefndinni bárust umsagnir frá Byggðastofnun, Félagi um stafrænt frelsi, Guðmundi Ragnari Guðmundssyni, Hagstofu Íslands, Landsvirkjun, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjanesbæ, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samkeppniseftirlitinu, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Skiptum hf., Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra fái heimild til að gera fjárfestingarsamning við Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf. og eigendur þeirra (félögin) um að þau reisi og reki gagnaver í Reykjanesbæ. Helstu atriði frumvarpsins eru hin sömu og koma fram í áðurnefndum drögum iðnaðarráðherra og fyrrnefndra félaga að fjárfestingarsamningi. Þar eru verkefnin skilgreind, kveðið á um tímalengd samningsins, mælt fyrir um undanþágur frá tilgreindum ákvæðum laga, skattlagningu félaganna, um lögsögu íslenskra dómstóla o.fl. Gert er ráð fyrir því að íslensk lög ráði um túlkun og skýringu fjárfestingarsamningsins. Þær undanþágur frá reglum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og afmarkast við það og félögin eru eftirfarandi: Tryggt er að tekjuskattshlutfall félaganna verði ekki hærra en 15% fyrstu fimm árin af gildistíma samningsins, 18% næstu fimm ár þar á eftir og 25% síðustu tíu ár af gildistímanum. Lagt er til að ákveðnar sérreglur gildi um fyrningu eigna, veitt er undanþága frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi, mælt er fyrir um sérreglur um stimpilgjald og skipulagsgjald, sérreglur um útreikning fasteignaskatts og kveðið er á um undanþágu frá rafmagnsöryggisgjaldi.

Þau atriði sem einkum voru rædd við meðferð málsins í nefndinni voru eftirfarandi: Fjallað var um lengd samningsins. Í síðari málslið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að í samningi milli ríkisins, eigendanna og félaganna skuli ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda en í ákvæðinu er kveðið á um að þau skuli ekki gilda skemur en í 20 ár frá undirritun. Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að iðnaðarráðuneyti hefði borist ábending frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um að allar líkur væru á að stofnunin mundi ekki heimila fjárfestingarsamning til 20 ára. Efnisreglur um byggðaaðstoð eru í leiðbeinandi reglum sem framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út og ESA tekið upp. Í gildandi reglum frá 6. apríl 2006 er ekki tilgreint til hversu langs tíma fjárfestingarsamningar geti verið. Hins vegar hefur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að hún sé mótfallin því að gerðir séu fjárfestingarsamningar með skattalegum ívilnunum til svo langs tíma og sýna nýleg fordæmi að hún heimilar fjárfestingarsamninga á bilinu 10 til 20 ár. Í ljósi þessa telur meiri hlutinn eðlilegt að leggja til breytingu á síðari málslið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins í þá veru að í stað þess að kveðið sé á um að ákvæði samningsins skuli eigi gilda skemur en í 20 ár frá undirritun hans verði kveðið á um að samningurinn skuli gilda í 10 ár. Það er í samræmi við ákvæði frumvarps iðnaðarráðherra um ívilnanir vegna fjárfestinga í íslensku atvinnulífi, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi, en þar er miðað við tíu ár. Meiri hlutinn telur mikilvægt að jafnræðis sé gætt svo sem kostur er varðandi ívilnanir til félaga sem hyggja á rekstur gagnavera og leggur því til að sama tímalengd gildi í fjárfestingarsamningi vegna gagnavers Verne Global og þeirra gagnavera sem kunna að hefja rekstur hér á landi í kjölfarið. Vegna þessarar breytingar fellur c-liður 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. brott.

Nefndin fjallaði um áhrif ákvæða frumvarpsins á samkeppni. Nefndinni bárust athugasemdir þess efnis að yrði frumvarpið að lögum gæti það leitt til röskunar samkeppni á tilteknum mörkuðum. Tekið er fram í athugasemdum við frumvarpið að í þeim frávikum frá lögum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og drögum að fjárfestingarsamningi felist ákveðin ríkisaðstoð til þeirra sem reisa og reka umrætt gagnaver. Í 2. kafla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eru reglur um ríkisaðstoð. Íslenskum stjórnvöldum ber að tilkynna um fyrirhugaða veitingu slíkrar aðstoðar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og fá hana samþykkta áður en hún er veitt. Frumvarpið og árituð drög að fjárfestingarsamningi ásamt öðrum samningum sem tengjast verkefninu hafa verið tilkynnt til ESA á þeim grundvelli að um réttlætanlega byggðaaðstoð sé að ræða. ESA hefur áður samþykkt svokallað byggðakort fyrir Ísland og hafa íslensk stjórnvöld heimild til að veita byggðaaðstoð í landsbyggðarkjördæmunum þremur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt byggðakortinu getur byggðaaðstoð numið allt að 15% af heildarfjárfestingarkostnaði. Hlutfallið er þó lægra sé um stærri verkefni að ræða og í því tilviki sem hér um ræðir gæti það hæst orðið 6,34%. Sú ríkisaðstoð sem hér um ræðir, hefur verið áætluð 5,4 milljónir bandaríkjadala, miðað við 20 ára samning, en heildarfjárfestingarkostnaður er áætlaður 726 milljónir bandaríkjadala miðað við gagnaverið fullbúið árið 2016. Ríkisaðstoðin er því 0,74% af heildarfjárfestingarkostnaði ef miðað er við samning til 20 ára. Eins og segir að framan kveður breytingartillaga meiri hlutans hins vegar á um 10 ára samning og fer þá áætluð heildarfjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á gildistíma samningsins niður í 3,4 milljónir bandaríkjadala og ríkisaðstoðarhlutfallið niður í 0,47%. Til samanburðar má geta þess að í fyrri fjárfestingarsamningum sem íslenska ríkið hefur gert, svo sem vegna álvera á Grundartanga, í Reyðarfirði og í Helguvík, hefur hlutfallið verið 2–3% af fjárfestingarkostnaði. Þá er rétt að geta þess að þær ívilnanir sem kveðið er á um í frumvarpinu geta aðeins nýst til að reisa og reka viðkomandi gagnaver og er óheimilt að nýta þær til annarrar starfsemi viðkomandi félaga.

Lagt var til að bætt yrði við frumvarpið ákvæði þess efnis að óheimilt væri að nota þá ívilnun sem felst í frumvarpinu til að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi. Meiri hlutinn telur slíka breytingu ganga gegn meginmarkmiði frumvarpsins sem er að styrkja uppbyggingu þessa tiltekna gagnavers. Starfsemi gagnavera er samkeppnisstarfsemi og fæli það í sér ákveðna rökleysu að taka fram í frumvarpinu að óheimilt væri að nota þá ívilnun sem felst í því til að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi. Eins og framar er getið er veiting ríkisaðstoðarinnar háð samþykki ESA áður en hún er veitt og mun ESA við þá ákvörðun leggja mat á þá ríkisaðstoð sem felst í frumvarpinu og fjárfestingarsamningnum, jafnt jákvæða sem neikvæða þætti hennar. Hinir neikvæðu þættir eru þeir að um sértæka aðstoð er að ræða sem gæti valdið röskun á samkeppni. Jákvæðu þættirnir eru þau áhrif sem starfsemin mun hafa á svæðinu, ný störf munu verða til þar sem atvinnuleysi er mikið og auk þess er um að ræða starfsemi sem eykur fjölbreytni í atvinnulífi landsins. Þess má geta að áætluð markaðshlutdeild Verne í gagnaversiðnaði miðað við fullbúið gagnaver félagsins á svæðinu 2016 er metin að hámarki 1,5% af Evrópumarkaði og 0,5% af heimsmarkaði. Verne Holdings ehf. verður eins og önnur félög undir eftirliti Samkeppniseftirlitsins.

Í 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að félögin verði undanþegin gjöldum skv. 14. og 14. gr. a laga um fjarskipti enda teljist þjónustan sem félögin veita ekki til þeirrar starfsemi sem falli undir ákvæði þeirra laga. Umsagnaraðili lagði til að tekinn yrði af allur vafi í áðurnefndri grein frumvarpsins um að félögunum yrði óheimilt að starfa á fjarskiptamarkaði. Nefndin telur slíka breytingartillögu óþarfa. Verði það raunin að félögin færu að veita fjarskiptaþjónustu mundi sú starfsemi þeirra ekki njóta þeirra ívilnana sem fram koma í frumvarpinu enda eru þær afmarkaðar við hið skilgreinda verkefni að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ. Ætluðu félögin sér að veita fjarskiptaþjónustu féllu þau undir lög um fjarskipti og þar með mundi undanþágan frá þeim gjöldum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu ekki eiga við. Nefndin ítrekar því að þær ívilnanir sem kveðið er á um geta aðeins nýst til að reisa og reka viðkomandi gagnaver, með öðrum orðum verður ekki heimilt að nýta þær til annarrar starfsemi viðkomandi félaga.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að með þeim félögum sem ráðherra fær heimild til að gera fjárfestingarsamning við verði frumvarpið að lögum sé átt við Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. en hið síðarnefnda er dótturfélag hins fyrrnefnda. Tveir stærstu hluthafar Verne Holdings ehf. eru Novator og Teha Investments S.A.R.L. en auk þessara tveggja félaga eiga stjórnendur talsverðan hlut í félaginu. Upplýst var við meðferð málsins í nefndinni að góðgerðarsjóðurinn Wellcome Trust yrði nýr hluthafi í Verne Holdings ehf. Mun hann samkvæmt upplýsingum nefndarinnar verða stærsti hluthafinn og koma inn með hlutafé þegar ritað hefur verið undir fjárfestingarsamninginn. Samkvæmt þessu munu hlutir áðurnefndra aðila, Novators, Teha Investments og eigenda og stjórnenda, minnka um nærfellt helming. Nefndin óskaði eftir nákvæmri sundurliðun á eignarhlutum hluthafa í félaginu en einungis Novator gaf samþykki sitt fyrir því að eignarhlutur þeirra yrði opinberaður. Aðrir hluthafar báru við trúnaði. Í erindi frá stjórn Verne Holdings ehf. kom fram að eignarhlutur Novators verður 21,8% með tilkomu Wellcome Trust og lækkar úr 39,7%. Jafnframt kom fram í meðförum nefndarinnar að forsvarsmenn Novators telja að hlutur þeirra muni rýrna enn frekar í nánustu framtíð og stefni jafnvel í 5–7% á komandi missirum. Líkur eru á því að Novator muni ekki taka þátt í hlutafjáraukningu sem stendur fyrir dyrum síðar á þessu ári og mun þá eignarhlutur félagsins minnka í hlutfalli.

Talsvert var rætt um það í nefndinni að einn þeirra aðila sem tengist verkefninu, nánar tiltekið aðaleigandi Novators, var umsvifamikill þátttakandi í íslensku viðskiptalífi í aðdrag-

anda hruns fjármálakerfisins og einn af aðaleigendum Landsbanka Íslands. Það sjónarmið kom fram í nefndinni að það væri siðferðislega ámælisvert að stjórnvöld leggi til fjárhagslegar ívilnanir í þágu eins þeirra aðila fjármálakerfisins sem valdið hafa þjóð sinni þungum búsifjum. Meiri hlutinn ákvað að rétt væri að taka mið af niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir bankahrunsins áður en frumvarpið yrði endanlega afgreitt frá iðnaðarnefnd. Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að ekki sé heppilegt að fjárhagslegur ábati sem rekja megi beint til þess að fjárfestingarsamnings sem frumvarpið mælir fyrir um renni til eins af helstu eigendum þeirra banka sem áttu stóran þátt í hruni fjármálakerfisins haustið 2008.

Tekist hefur samkomulag milli stjórnvalda og eiganda Novators, með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða, þess efnis að við endanlega útgáfu fjárfestingarsamningsins komi fram í sérákvæði að Novator, sem 21,8% eigandi í félögunum (Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf.), framselji til ríkisins allan fjárhagslegan ávinning vegna þeirrar ríkisaðstoðar sem kemur fram í fjárfestingarsamningnum og fellur til Novators sem eiganda að þeim félögum sem ríkisaðstoðin er veitt til. Með slíku sérákvæði yrði tryggt að Novator njóti ekki að neinu leyti fjárhagslegs ávinnings vegna þeirrar ríkisaðstoðar sem í fjárfestingarsamningnum felst og hefur verið áætluð, eins og fram hefur komið, samtals 3,4 milljónir bandaríkjadala. Hlutdeild Novators er því 21,8% af þeirri fjárhæð.

Í slíku framsali felst greiðsluskuldbinding Novators gagnvart ríkissjóði á hlutdeild Novators í áætlaðri ríkisaðstoð á gildistíma samningsins. Til að mæta þessari greiðsluskuldbindingu framselur Novator til ríkisins, að því marki sem nauðsynlegt er til að mæta skuldbindingunni, arðgreiðslur frá félögunum og söluverð hlutafjárins, komi til þess að Novator selji hlutafé sitt í félögunum, á þann hátt að þessar greiðslur fara beint frá félögunum, eða viðkomandi kaupanda hlutafjárins, til ríkisins. Skal greiðslum að fullu lokið innan tíu ára frá undirritun samningsins. Sé ríkisaðstoðin ekki að fullu uppgreidd innan nefnds tímafrests skal Novator þá standa ríkissjóði skil á eftirstöðvunum, óháð arðgreiðslum úr félögunum eða söluverði hlutafjárins.

Enn fremur skal koma fram í sérákvæðinu að komi til sölu á eignarhlut Novators í félögunum, með söluhagnaði, framselji Novator til ríkisins, sem hluta af fjárhagslegum ávinningi af ríkisaðstoðinni, þann söluhagnað sem myndast af hlutdeild Novators í ríkisaðstoðinni. Með því er tryggt að Novator endurgreiði ekki einungis stofnfjárhæð ríkisaðstoðarinnar heldur einnig hluta Novators í hugsanlegri ávöxtun sem verður af henni og hagnaður sem verður vegna ríkisaðstoðarinnar sitji þannig ekki eftir hjá Novator.

Jafnframt komi fram í sérákvæðinu að Novator muni ekki auka við hlutfallslegan hlut sinn í félögunum, eða öðrum félögum er að verkefninu koma, í framtíðinni. Samkomulag hefur verið gert við eiganda Novators um þessa tilhögun eins og staðfest er í yfirlýsingu Björgólfs Thors Björgólfssonar, sbr. fylgiskjal við álit þetta. Þá liggur fyrir samkomulag við eiganda Novators að komi til þess að fyrirtækið njóti hagnaðar af sölu hlutar í félögunum muni sá hagnaður, að því marki sem hann gangi ekki til greiðslu skulda, verða nýttur til frekari fjárfestinga í íslensku atvinnulífi.

Meiri hlutinn leggur ekki til breytingu á texta frumvarpsins með tilliti til framangreinds sérákvæðis enda er það í fullu samræmi við 7. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að framsal á réttindum og skyldum allra aðila sé háð samþykki aðilanna. Hins vegar skal áréttað að ekki þarf samþykki aðila fyrir því ef réttindi eru sett að veði til tryggingar fjármögnun.

Nefndin ræddi nokkuð orkuþörf gagnaversins en rétt er að árétta að ekki er um það að ræða að í frumvarpinu eða í drögum að fjárfestingarsamningi verði samið um sölu á orku til

gagnaversins. Félögin hafa þegar gert raforkusamning við Landsvirkjun um kaup á 25 MW af raforku sem er ætluð til nota fyrir fyrsta áfanga gagnaversins, þ.e. eina byggingu. Í raforkusamningnum er jafnframt kveðið á um að Landsnet skuli leggja sig fram við að veita viðbótarorku komi til þess að félagið hafi þörf fyrir meiri raforku allt að 50 MW.

Í 8. gr. frumvarpsins er veitt heimild til að vísa ágreiningi milli aðila til gerðardóms sem leysir úr máli á grundvelli gerðardómsreglna Alþjóðaverslunarráðsins eins og þær eru í gildi á hverjum tíma, sbr. einnig 19. gr. lýsingar á drögum fjárfestingarsamningsins. Nefndinni barst athugasemd um að lög um samningsbundna gerðardóma hefðu ekki fylgt þeirri þróun sem hefur átt sér stað erlendis á sviði úrlausnar ágreiningsmála. Meiri hlutinn telur rétt að skoðað verði hvort styrkja þurfi þá löggjöf.

Ákvæði frumvarpsins ná aðeins til þess að heimila iðnaðarráðherra að gera samninga við tiltekna aðila um að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ. Ekki er í frumvarpinu sérstaklega mælt fyrir um reglur um starfsemi gagnavera almennt. Kom til tals í nefndinni að hugsanlega þyrfti að skoða reglur um persónuvernd. Um verndun persónulegra gagna og meðferð þeirra gilda lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau endurspegla löggjöf Evrópusambandsins og ber íslenskum stjórnvöldum að innleiða í íslenska löggjöf gerðir Evrópusambandsins á þessu sviði þar sem þær eru hluti af hinum innri markaði og falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meiri hlutinn telur mikilvægt að fylgst verði með alþjóðlegri þróun í þessum efnum, þ.e. hvort þörf verði á að styrkja lagaumhverfið hvað varðar starfsemi gagnavera almennt, m.a. með hliðsjón af álitamálum um persónuvernd, ábyrgð eigenda gagnaversins og öryggismálum.

Sá fjárfestingarsamningur sem hér um ræðir er sá fyrsti hér á landi sem gerður er til að styrkja uppbyggingu á gagnaveri. Fyrirmyndir eru um það erlendis að í kringum gagnaver byggist klasar af hátækni- og þjónustufyrirtækjum. Í nýlegri samanburðarrannsókn á samkeppnishæfi þjóða á sviði gagnaveraþjónustu lenti Ísland í fjórða sæti og verði frumvarpið að lögum standa vonir til að þetta verkefni verði aðeins hið fyrsta í áframhaldandi uppbyggingu hátækniiðnaðar á Íslandi. Reiknað er með að um 180–220 störf skapist þegar framkvæmdir vegna verkefnisins eru í hámarki, þar af er áætlað að um 100 störf skapist á vegum fyrirtækisins við reksturinn og á sjö ára tímabili er áætlað að um 100 störf skapist í byggingariðnaði. Um fjölbreytt störf er að ræða, einkum fyrir sérfræðimenntað fólk í rafmagnsverkfræði, vélaverkfræði og upplýsingatækni, auk starfa í byggingariðnaði á framkvæmdatímum. Þá hefur verið áætlað að um 330 afleidd störf geti orðið til í tengslum við verkefnið.

Jón Gunnarsson og Gunnar Bragi Sveinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Tryggvi Þór Herbertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá undirritun samningsins“ í 2. mgr. komi: og skulu þau gilda í 10 ár frá undirritun samningsins.
2. Við 4. gr. C-liður 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.

Alþingi, 28. apríl 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Björn Valur Gíslason.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Fylgiskjal.

Björgólfur Thor Björgólfsson:

London, 19. apríl 2010

Virðulega Alþingi og háttvirtir þingmenn

EFNI: Lögfesting fjárfestingarsamnings við Verne Holdings ehf. vegna gagnavers í Reykjanesbæ.

Vísað er til frumvarps til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (þskj. 393 – 320. mál). Lögfesting fjárfestingarsamningsins er nauðsynleg til að tryggja félaginu og viðskiptavinum þess öruggt rekstrarumhverfi. Viðskiptamódel félagsins gerir ráð fyrir langtímasamningum við stóra viðskiptavini og fyrir þá er nauðsynlegt að vissa ríki um kostnað út samningstímann. Markmið fjárfestingarsamningsins er því fyrst og fremst að veita slíka vissu en ekki veita félaginu fjárhagslega fyrirgreiðslu.

Í tengslum við meðferð málsins hafa komið upp gagnrýnisraddir vegna hlutafjáreignar minnar í félaginu. Óþarfi er að fjölyrða um ástæður þess, en þær tengjast mínum hlut í hruni íslenska fjármálakerfisins.

Vegna þessa vísa ég til greinar sem birt var í Fréttablaðinu 15. apríl sl. þar sem ég bað Íslendinga afsökunar á mínum þætti í hruninu. Þar kemur jafnframt fram að ég telji mig engin lög hafa brotið. Rétt er að fram komi að ég hef hvorki verið dæmdur, ákærður eða kvaddur til yfirheyrslu vegna nokkurs konar brota.

Burtséð frá því eru ýmis atriði í skýrslunni sem eru ámælisverð hvað varðar eigendur bankanna, þ.m.t. mig. Ég mun á næstu vikum og mánuðum gera grein fyrir mínum þætti og

skýra þau atriði er mig varða. Er það von mín að sú umfjöllun skýri með fullnægjandi hætti margt er að mér snýr. Með því er ég þó á engan hátt að draga úr ábyrgð minni vegna hrunsins.

Ég skil réttláta reiði almennings gagnvart þeim sem voru þátttakendur í þeirri atburðarás sem leiddi til hrunsins. Það mun taka mig mörg ár að byggja upp mannorð mitt á Íslandi á nýjan leik ef það tekst á annað borð, en ég er staðráðinn í að gera mitt besta til þess. Ég geri hins vegar ráð fyrir að grundvallarreglum réttarríkisins verði framfylgt í meðferð þeirra mála sem tengjast hruninu, sem og við afgreiðslu mála almennt hjá Alþingi og ríkisvaldi.

Uppbygging atvinnulífsins og erlend fjárfesting er nauðsynlegur þáttur í endurreisn íslensks efnahagslífs. Gagnaverið í Reykjanesbæ fer þar fremst í flokki, og það væri stórkostlegur missir fyrir atvinnuuppbyggingu hér á landi ef ekki yrði af verkefninu.

Eins og áður segir er lögfesting fjárfestingarsamningsins nauðsynleg til að af verkefninu verði. Ef persónuleg aðkoma mín stendur í vegi fyrir að unnt sér að veita fyrirtækinu þá fyrirgreiðslu sem felst í samningnum hef ég ákveðið eftirfarandi:

1. Ég afsala mér þeim ríkisstyrk sem felst í lögfestingu fjárfestingarsamningsins. Við sölu Verne Holdings ehf. eða greiðslu arðs til mín frá félaginu mun ég greiða til ríkisins þau verðmæti sem felast í gerð samningsins við lögfestingu, að teknu tilliti til eignarhlutar míns í félaginu og greiddra skatta. Ég sem fjárfestir mun því ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af fyrirgreiðslu ríkisins.
2. Ég mun ekki auka við hlut minn í félaginu og ekki taka leiðandi hlutverk við stjórn þess.

Það er von mín að með þessu sé unnt að tryggja framgang verkefnisins og persóna mín flækist ekki fyrir afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst,
Björgólfur Thor Björgólfsson.

1038. Fyrirspurn [604. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um vísitölu fasteignaverðs.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hafa verið kannaðir kostir þess að taka upp sérstaka vísitölu fasteignaverðs og ef svo er, hvernig var staðið að því?
2. Hverjir væru kostir og gallar slíkrar vísitölu að mati ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

1039. Framhaldsnefndarálit [58. mál]

um frv. til landflutningalaga.

Frá samgöngunefnd.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið að nýju.

Nefndin leggur til að lokinni nánari umfjöllun að frestur skv. 1. mgr. 27. gr. verði fimm dagar í stað þriggja og í annan stað að 3. og 4. mgr. greinarinnar falli brott. Færð hafa verið fram þau rök fyrir síðarnefndu tillögunni að óeðlilegt sé að móttakandi geti samtímis hafnað greiðsluskyldu og móttekið vöru.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 27. gr.
   a. Í stað orðsins „þremur“ í 1. mgr. komi: fimm.
   b. 3. og 4. mgr. falli brott.
2. Við 33. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Árni Johnsen, Guðmundur Steingrímsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Ásbjörn Óttarsson.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ólína Þorvarðardóttir.	

1040. Lög [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 1019 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári hefur ráðherra til ráðstöfunar 6.000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt

sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á mánuði og landsvæði. Þá skal ráðherra með reglugerð stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers mánaðar verði náð.

Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Frá og með árinu 2011 er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða.

2. gr. hljóðar svo:

Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 1. tölul., svohljóðandi: Afla-heimildir skv. 6. gr. a.

1041. Lög [244. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 999 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Breyting á öðrum lögum.

a. 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, fellur brott.
b. Í stað orðanna „skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna“ í 2. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, kemur: skv. 4. gr. laga um lögskráningu sjómanna.
c. Í stað orðanna „lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. a laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, kemur: lög um lögskráningu sjómanna.

1042. Lög [243. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl 2010.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010.

1043. Lög [371. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl 2010.)

Samhljóða þskj. 668.

1044. Tillaga til þingsályktunar [605. mál]

um jafnræði lífsskoðunarfélaga, trúarlegra sem veraldlegra.

Flm.: Auður Lilja Erlingsdóttir, Margrét Pétursdóttir, Lilja Mósesdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að hefja vinnu sem tryggi jafnrétti og jöfn tækifæri lífsskoðunarfélaga, jafnt trúarlegra sem veraldlegra. Í þessu skyni láti ráðherra meðal annars undirbúa lagabreytingar og gerð frumvarps til sérstakra laga um stöðu lífsskoðunarfélaga.

Greinargerð.

Í lífsskoðunum felst áhrifavald og lífsskoðunarfélög eiga sinn þátt í að móta siðferði þegnanna.

Með lífsskoðunarfélagi er átt við félag sem með frjálsri aðild félaga hefur eftirfarandi að markmiðum sínum og starfsvettvangi:

a. *Siðferði og siðfræði:* Umræða um siðferðisgildi og hvernig best er að leysa siðferðisleg álitamál.
b. *Fjölskyldan og félagslegar athafnir:* Framkvæmd félagslegra athafna fjölskyldunnar (ferming, gifting, nafngjöf og útför) á tímamótum samkvæmt lífssýn félaga.

Núgildandi löggjöf á Íslandi viðurkennir eingöngu trúfélög sem lífsskoðunarfélög, þ.e. félög sem fjalla um siðferði og lífsskoðanir og sjá meðlimum fyrir þjónustu við félagslegar athafnir líkt og nafngjöf, fermingu, giftingu og útför. Trúlausir einstaklingar um allan heim hafa í vaxandi mæli viljað sjá um þessar félagslegu athafnir sjálfir og hafa víða myndað veraldleg lífsskoðunarfélög í þeim tilgangi undanfarin 60 ár.

Veraldleg lífsskoðunarfélög víða í Evrópu njóta sömu stöðu og trúarleg lífsskoðunarfélög. Algengust og fjölmennust eru félög siðrænna húmanista, en einnig eru til félög sem kenna sig við skynsemishyggju, efahyggju, siðrækt og fleira því skylt. Í Noregi starfar til að mynda félag húmanista sem er stærsta veraldlega lífsskoðunarfélagið í heiminum með um 75.000 meðlimi og fékk það sömu stöðu gagnvart ríkinu og trúarleg lífsskoðunarfélög árið 1981. Félagið er í dag stærsta lífsskoðunarfélag Noregs fyrir utan ríkiskirkjuna.

Í dag er íslenskum þegnum mismunað eftir því hvort þeir aðhyllast trú sem felur í sér átrúnað á yfirnáttúruleg fyrirbrigði eða hvort þeir aðhyllast lífsviðhorf óháð trúarsetningum.

Mismunun á sviði lagalegra vígslna.

Samkvæmt lögum geta trúfélög vígt hjúskap lagalega, en veraldleg lífsskoðunarfélög ekki.

Fjárhagsleg mismunun tryggð með lögum.

Þjóðkirkjan er fjármögnuð í fyrsta lagi með framlagi úr ríkissjóði til greiðslu launakostnaðar samkvæmt sérstökum samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Í öðru lagi renna sóknargjöld til þjóðkirkjunnar á sama hátt og til annarra skráðra trúfélaga. Í þriðja lagi fær þjóðkirkjan framlag í Jöfnunarsjóð sókna og í fjórða lagi ber ríkissjóði að skila Kirkjumálasjóði árlega fjármagni samkvæmt lögum um sóknargjöld. Önnur trúfélög en þjóðkirkjan fá aðeins sóknargjöld. Veraldleg lífsskoðunarfélög fá enga reglubundna aðstoð eða fjármögnun.

Félagsleg mismunun tryggð með ákvæðum í stjórnarskrá.

Evangelísk-lúterska kirkjan fær sérstaka stöðu þjóðkirkju og forsetinn er sérstakur verndari hennar, en ekki annarra lífsskoðunarfélaga. Þetta dregur úr sameiningarafli forsetans fyrir alla þjóðina og gefur þau skilaboð að mismunun sé í lagi í krafti hefðarinnar.

Í íslenskri löggjöf hallar á trúfrelsi og jafnræðis er ekki gætt hvað lagalega, fjárhagslega og félagslega stöðu lífsskoðunarfélaga varðar. Eðli máls samkvæmt ber ríkisvaldinu að tryggja frjálsum félögum jafna meðhöndlun óháð stærð þeirra eða lífssýn.

1045. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Benedikt Bogason frá dómstólaráði, Ingveldi Einarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands og Margréti Steinarsdóttur og Kolbrúnu Birnu Árdal frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Umsagnir bárust um málið frá ASÍ, BSRB, Ákærendafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómstólaráði, Hæstarétti Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lögð til breytt skipun dómnefndar til að meta hæfi umsækjenda um dómarastöður og nefndarmönnum fjölgað úr þremur í fimm. Lagt er til að vægi dómnefndarinnar verði aukið og að henni verði einnig falið að meta hæfi umsækjenda um stöðu dómara við Hæstarétt eins og við héraðsdóm. Fellt verði brott ákvæði um að dómsmálaráðherra skuli leita umsagnar Hæstaréttar áður en hann skipar í stöðu við réttinn. Þá er lagt til að dómsmálaráðherra verði bundinn af niðurstöðu dómnefndar en að hann geti vikið frá henni samþykki Alþingi tillögu hans um að skipa í embætti annan hæfan umsækjanda en dómnefnd hefur talið standa fremst.

Nefndin fjallaði um skipun dómnefndarinnar og fjölgun nefndarmanna. Samkvæmt gildandi lögum eiga þrír menn sæti í nefndinni og eru þeir tilnefndir af Hæstarétti Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Með frumvarpinu er lagt til að Hæstiréttur tilnefni tvo og skal a.m.k. annar þeirra ekki vera starfandi dómari, dómstólaráð tilnefni þann þriðja og Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar og tillögur um breytingar á því hverjir ættu að tilnefna nefndarmenn, m.a. að Dómarafélagið, sem er fagfélag dómara, ætti að tilnefna nefndarmenn í stað dómstólaráðs eins og lagt er til í frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur í því sambandi áherslu á að tilnefningaraðilar eru ekki bundnir í tilnefningum sínum af því að tilnefna menn úr tiltekinni starfsstétt fyrir utan að annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir má ekki vera starfandi dómari. Telur meiri hlutinn að með því að fela Hæstarétti að tilnefna tvo nefndarmenn séu líkur til að annar verði starfandi eða fyrrverandi dómari. Með því að fela dómstólaráði að tilnefna í nefndina má ætla að tilnefning ráðsins komi úr röðum héraðsdómara enda fer ráðið með stjórnsýslu héraðsdómstólanna og kemur fram gagnvart öðrum fyrir þá sameiginlega. Það gæti þá skapað ákveðið mótvægi við tilnefningu Hæstaréttar frekar en að Dómarafélagið tilnefni einn en félagið er félagsskapur allra dómara, bæði hæsta-

réttar- og héraðsdómara auk fyrrverandi dómara. Meiri hlutinn telur að með því að fjölga í dómnefndinni eins og lagt er til sé verið að tryggja breiðari samsetningu dómnefndar sem muni skila sér í fjölbreyttari hópi dómara.

Nefndin ræddi einnig hvort félagasamtök ættu að tilnefna fimmta nefndarmanninn sem ætlað er að vera eins konar fulltrúi almennings frekar en Alþingi eins og lagt er til í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur ljóst að margir gætu tilnefnt slíkan aðila en einnig að erfitt getur verið að velja hverjir ættu umfram aðra að fá það verkefni. Meiri hlutinn fellst á þau rök sem fram koma í frumvarpinu að þegar litið er til þess að á Alþingi sitja þjóðkjörnir fulltrúar sem sækja umboð sitt til þjóðarinnar á fjögurra ára fresti sé eðlilegt að fimmti nefndarmaðurinn verði kosinn af Alþingi.

Nefndin fjallaði einnig um þá tillögu í frumvarpinu að dómsmálaráðherra verði að afla samþykkis Alþingis til þess að geta skipað annan mann í embætti en þann sem dómnefndin hefur mælt með. Meiri hlutinn telur að þessi tilhögun sé til þess fallin að skapa ákvæðið jafnvægi milli dómnefndar og ráðherra. Nefndin ræddi í því sambandi hvort rétt væri að leggja til að ráðherra þyrfti aukinn meiri hluta þingsins í stað einfalds meiri hluta. Meiri hlutinn tekur fram að það er mjög fátítt að krafist sé aukins meiri hluta Alþingis og enn fremur að það hafa skapast ákveðnar venjur og hefðir um að einfaldur meiri hluti sé nægilegur nema skýrt sé kveðið á um annað, t.d. í stjórnarskrá og lögum um þingsköp Alþingis. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að hann telur það nægilega viðurhlutamikið fyrir ráðherra ef hann vill fara gegn ráðleggingum dómnefndar að hann þurfi að leggja tillögu sína um það fyrir Alþingi og fá samþykki einfalds meiri hluta fyrir henni.

Meiri hlutinn tekur fram að nauðsynlegt er að gera breytingar á lögum um þingsköp Alþingis svo að það liggi fyrir hvernig með eigi að fara ef ráðherra leggur fram á Alþingi tillögu um skipun umsækjanda í dómaraembætti gegn ráðleggingum dómnefndar. Fyrir nefndinni kom fram að verið er að vinna að nauðsynlegum breytingum.

Fyrir nefndinni kom einnig fram að frumvarpið fullnægir þeim kröfum sem Evrópusambandið gerir til reglna um val á dómurum þar sem vald dómsmálaráðherra til að velja dómara í andstöðu við valnefnd er takmarkað með því að hann þarf að bera þá ákvörðun undir Alþingi.

Meiri hlutinn telur að frumvarpið sé til þess fallið að styrkja sjálfstæði dómstólanna gagnvart framkvæmdarvaldi og að það sé mjög mikilvægt til þess að unnt sé að skapa sátt í samfélaginu. Með frumvarpinu er einnig komið til móts við þá gagnrýni sem komið hefur fram síðustu missiri vegna skipunar í embætti dómara. Telur meiri hlutinn að með þessu verði tryggt eins og kostur er að tilhögun á skipun dómara verði gegnsæ og byggð á hlutlægum viðmiðum.

Meiri hlutinn leggur til smávægilegar lagfæringar á tilvísunum í lagagreinar og leggur til að brott falli ákvæði sem eru úr gildi fallin.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „4. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 4. gr. a.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „3. og 4. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: 4. gr. a.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   40. og 41. gr. laganna falla brott.

Alþingi, 28. apríl 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm. Vigdís Hauksdóttir. Auður Lilja Erlingsdóttir.

Róbert Marshall. Þráinn Bertelsson.

1046. Svar [451. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um fjárframlög til háskóla.

1. *Hver hafa fjárframlög ríkissjóðs til svonefndra einkarekinna háskóla á Íslandi verið á undanförnum tíu árum?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingar til einkarekinna háskóla á fjárlögum viðkomandi ár. Fjárhæðir eru í millj. kr.

Fjárveitingar til einkarekinna háskóla á fjárlögum.*

Einkareknir háskólar	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Háskólinn í Reykjavík	279	386	422	418	498	1.374	1.596	1.859	2.173	2.089
Tækniháskólinn	298	353	398	551	674					
	577	*739*	*820*	*969*	*1.172*	*1.374*	*1.596*	*1.859*	*2.173*	*2.089*
Háskólinn á Bifröst	61	108	128	156	184	217	246	275	348	333
Listaháskóli Íslands	276	315	368	426	442	507	545	587	668	642
Samtals	**914**	**1.162**	**1.316**	**1.552**	**1.798**	**2.098**	**2.387**	**2.720**	**3.188**	**3.064**

*Hér er einungis um fjárveitingar á fjárlögum að ræða, ekki fjáraukalögum og eða af óskiptum liðum.

Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands voru sameinaðir um mitt ár 2005 og eru framlög til þeirra því aðgreind á fjárlögum það árið. Vegna þessarar sameiningar er Tækniháskóli Íslands hafður með hér þrátt fyrir að hafa verið ríkisrekinn háskóli. Taflan sýnir ekki fjárveitingar á fjáraukalögum og millifærslur af óskiptum liðum, svo sem vegna launabóta. Helst ber að nefna að Tækniháskólinn fékk 205 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2002, 35 millj. kr. á fjáraukalögum 2003 og 75 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2005 vegna kostnaðar við niðurlagningu skólans. Þá fékk Háskólinn á Bifröst 27,8 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2007.

2. *Hvað hafa sömu skólar innheimt miklar fjárhæðir með skólagjöldum á sama tíma?*

Hvað innheimtu skólagjalda varðar þá eru hér birtar tölur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) yfir veitt skólagjaldalán í hverjum skóla fyrir sig. Þessar upplýsingar endurspegla aðkomu ríkisins að fjármögnun skólagjalda en ekki heildartekjur þeirra af skólagjöldum. Þegar fjárveitingar LÍN eru metnar á fjárlögum hverju sinni er miðað við að beinn kostn-

aður ríkissjóðs sé um 51% á móti hverri útlánaðri krónu hjá sjóðnum. Upplýsingar um heildartekjur einkaskólanna af skólagjöldum liggja ekki fyrir, einkum vegna þess að tekjur skólanna af skólagjöldum eru ekki birtar með samræmdum hætti í ársreikningum þeirra.

Skólagjaldalán LÍN, einkareknir háskólar.

Skólaárið	2001–02	2002–03	2003–04	2004–05	2005–06	2006–07	2007–08	2008–09	2009–10
Háskólinn á Bifröst	47.595.000	65.407.500	89.630.021	117.952.068	178.311.716	236.587.290	237.344.420	246.979.661	152.146.813
Háskólinn í Reykjavík	97.756.000	106.476.644	126.538.302	159.982.420	202.031.147	279.763.722	365.764.735	482.244.858	480.047.378
Lista-háskólinn	9.006.500	11.894.000	18.101.050	27.332.500	34.369.000	41.708.131	47.663.125	59.459.612	57.672.000
Samtals	**154.357.500**	**183.778.144**	**234.269.373**	**305.266.988**	**414.711.863**	**558.059.143**	**650.772.280**	**788.684.131**	**689.866.191**

3. *Hver hafa fjárframlög ríkissjóðs til ríkisrekinna háskóla á Íslandi verið á undanförnum tíu árum?*

Fjárframlög ríkissjóðs til ríkisrekinna háskóla að frádregnum sértekjum.

Ríkisreknir háskólar	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Háskóli Íslands	3.349	3.866	4.910	4.530	4.825	5.770	6.439	7.232	9.958	10.096
Kennaraháskóli Íslands	715	919	943	1.167	1.301	1.461	1.562	1.654		
	4.064	*4.786*	*5.853*	*5.697*	*6.126*	*7.231*	*8.001*	*8.886*	*9.958*	*10.096*
Háskólinn á Akureyri	408	460	596	684	819	955	1.143	1.301	1.461	1.377
Landbúnaðarháskóli Íslands	136	149	190	193	509	573	615	477	551	597
Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	124	143	177	174	170	221	221	235	268	258
Samtals	**4.732**	**5.538**	**6.816**	**6.749**	**7.625**	**8.980**	**9.980**	**10.899**	**12.238**	**12.327**

Á fjárlögum 2004 sameinuðust Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA) og Garðyrkjuskóli ríkisins. Landbúnaðarskólarnir voru fluttir frá landbúnaðarráðuneytinu yfir til mennta- og menningarmálaráðuneytis í ársbyrjun 2008. Við þann flutning var 160 millj. kr. framlagi til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri haldið eftir í landbúnaðarráðuneytinu vegna rannsóknarsamninga. Framlagið var síðan greitt út til skólans í formi sértekna og kemur því ekki fram í töflunni. Taflan sýnir ekki fjárveitingar á fjáraukalögum og millifærslur af óskiptum liðum, svo sem vegna launabóta. Helst ber að nefna að Háskóli Íslands hefur fengið eftirfarandi aukafjárveitingar á fjáraukalögum; 80 millj. kr. árið 2001, 15 millj. kr. árið 2004, 7,8 millj. kr. árið 2005, 47 millj. kr. árið 2006, og 474,6 millj. kr. árið 2007 þar af 282 millj. kr. fjármagnaðar af Happdrætti Háskóla Íslands og 100 millj. kr. framlag vegna stofnunar Keilis. Þá fékk Háskóli Íslands aukafjárveitingu til að ráðstafa 200 millj. kr. frá Happdrætti Háskóla Íslands á fjáraukalögum 2008. Háskólinn á Akureyri fékk 110 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2005, 64,6 millj. kr. árið 2006 og 233,5 millj. kr. árið 2008. Kennaraháskóli Íslands fékk 16 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2007. Landbúnaðarháskóli Íslands fékk 160,5 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2005 og 64 millj. kr. árið 2007. Hólaskóli – Háskólinn á Hólum fékk 15 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum 2003, 90 millj. kr. árið 2005, 70 millj. kr. árið 2007 og 169 millj. kr. árið 2008.

Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Ísland voru sameinaðir á árinu 2008 en fjárveiting skólanna sameinuð á fjárlögum 2009.

4. Hvað hafa sömu skólar innheimt miklar fjárhæðir með skólagjöldum á sama tíma?

Ríkisreknir háskólar innheimta skrásetningargjöld af nemendum sínum sem nú nema 45.000 kr. á skólaári vegna skrásetningar og þjónustu við nemendur, sbr. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla. Skólarnir hafa umtalsverðar tekjur af gjaldinu. Ríkisháskólarnir innheimta einnig í einhverjum mæli skólagjöld og þá einkum vegna endurmenntunar og fræðslu til almennings. Hér eru birtar tölur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna yfir veitt skólagjaldalán vegna náms í ríkisreknum háskólum, eða sambærilegar upplýsingar og birtar eru hér að framan yfir skólagjaldalán sem veitt eru í einkareknum skólum.

Skólagjaldalán LÍN, ríkisreknir háskólar.

Skólaárið	2001–02	2002–03	2003–04	2004–05	2005–06	2006–07	2007–08	2008–09	2009–10
Háskóli Íslands	13.962.914	19.848.875	17.023.266	23.333.278	67.364.421	72.732.891	90.480.541	108.610.793	80.736.533
Kennaraháskóli Íslands					8.640.000				
Háskólinn á Hólum							125.000	85.000	70.000
Samtals	**13.962.914**	**19.848.875**	**17.023.266**	**23.333.278**	**76.004.421**	**72.732.891**	**90.605.541**	**108.695.793**	**80.806.533**

Skólagjaldalán sem falla hér undir Háskóla Íslands eru vegna náms við Endurmenntunarstofnun háskólans, m.a. MBA- og MPM-nám. Skólagjaldalán sem falla undir Kennaraháskóla Íslands eru vegna ökukennaranáms sem nú fer fram í HÍ. Hvað Hólaskóla varðar þá er lánað fyrir gjöldum umfram 45.000 kr. en innritunargjöld við skólann eru 50.000 kr., sbr. 15. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu.

1047. Svar [479. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

1. *Hversu margar nefndir og ráð voru starfandi á vegum ríkisins árið 2009, sundurliðuð eftir ráðuneytum?*
2. *Hvert var kynjahlutfallið, sundurliðað eftir ráðuneytum?*
3. *Hversu mikill kostnaður, annar en launakostnaður, hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?*
4. *Hversu mikill launakostnaður hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?*

Forsætisráðuneytið hefur safnað saman svörum við 1.–4. tölul. frá öllum ráðuneytum og sett í töflu:

		Kynjahlutfall				
Ráðuneyti	**Fjöldi nefnda og ráða 2009**	**Fjöldi karla**	**Fjöldi kvenna**	**Annar kostnaður en laun**	**Launa-kostnaður (Nefndalaun)**	**Tekjur**
Forsætisráðuneyti*	46	176	134	141.287.129	10.058.567	
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	230	625	421	5.100.000	106.400.000	
Utanríkisráðuneyti	19	172	108	3.457.476	–	
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	27	133	45	1.540.492	–	
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	29	65	25	46.359.191	54.482.590	48.080.260
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83	233	238	24.428.760	78.984.213	
Heilbrigðisráðuneyti	83	222	203	89.237.266	45.805.766	
Fjármálaráðuneyti**	43	132	71	108.823.377	66.549.308	
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	24	98	45	1.809.383	15.018.269	
Iðnaðarráðuneyti	16	68	44	695.109	11.881.356	
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	40	100	62	3.225.047	60.416.284	
Umhverfisráðuneyti	60	206	129	1.794.713	11.081.268	
Samtals	**700**	**2.230**	**1.525**	**427.757.943**	**460.677.621**	**48.080.260**
		59%	41%			

* Í fjárhæðum fyrir árið 2009 er kostnaður vegna nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og vegna óbyggðanefndar samtals að fjárhæð 113.885.000 kr., þar af eru launagreiðslur 4.776.343 kr.
** Í fjárhæðum fyrir árið 2009 er kostnaður vegna Icesave, 53.863.397 kr., þar af eru launagreiðslur 3.545.217 kr.

Til samanburðar óskaði ráðuneytið jafnframt eftir upplýsingum vegna ársins 2008:

		Kynjahlutfall				
Ráðuneyti	**Fjöldi nefnda og ráða 2008**	**Fjöldi karla**	**Fjöldi kvenna**	**Annar kostnaður en laun**	**Launa-kostnaður (Nefndalaun)**	**Tekjur**
Forsætisráðuneyti*	39	168	73	174.396.077	21.023.257	
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	243	620	411	5.300.000	104.100.000	
Utanríkisráðuneyti	13	78	43	3.579.242	10.942.632	
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	21	103	34	1.407.319	–	
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	26	55	21	41.275.523	46.356.703	36.380.394
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83	233	231	33.422.824	85.122.161	
Heilbrigðisráðuneyti	89	254	228	88.685.263	75.857.088	
Fjármálaráðuneyti	40	115	51	58.317.387	64.757.626	
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	23	107	31	1.475.655	15.804.222	
Iðnaðarráðuneyti	19	71	38	1.220.247	13.754.725	
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	37	103	58	635.338	56.513.377	

		Kynjahlutfall				
Ráðuneyti	**Fjöldi nefnda og ráða 2008**	**Fjöldi karla**	**Fjöldi kvenna**	**Annar kostnaður en laun**	**Launa-kostnaður (Nefndalaun)**	**Tekjur**
Umhverfisráðuneyti	63	228	117	3.675.945	8.188.207	
Samtals	**696**	**2.135**	**1.336**	**413.390.820**	**502.419.998**	**36.380.394**
		62%	38%			

* Í fjárhæðum fyrir á árið 2008 er kostnaður vegna nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og vegna óbyggðanefndar samtals að fjárhæð 122.247.242 kr., þar af eru launagreiðslur 9.510.445 kr.

5. *Hefur ríkisstjórnin mótað stefnu um einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með fækkun nefnda og ráða?*

Ríkisstjórnin hefur í aðgerðum sínum beitt sér af krafti í margvíslegum umbótum varðandi ríkisfjármálin og stjórnkerfið í heild sinni. Í því samhengi er bent á umfjöllun um stefnumörkun á sviði ríkisfjármála og stjórnkerfisumbóta í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá síðasta ári, sem og er vakin athygli á skýrslu fjármálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi á síðastliðnu sumri um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þar er lögð til áætlun um lækkun ríkisútgjalda og aukna tekjuöflun og við það miðað að jafnvægi náist í ríkisfjármálum eigi síðar en árið 2013. Ríkisstjórnin vinnur að umtalsverðum stjórnkerfisbreytingum og umbótum í því skyni að gera þjónustu ríkisins við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Eitt af markmiðum slíkra aðgerða er að einfalda stjórnkerfið og um leið leggja áherslu á skilvirkni og hagræðingu í ríkisrekstrinum. Má þar nefna til að mynda umbætur í stofnanakerfinu og áform um sameiningu og fækkun stofnana auk þess sem lögð er til fækkun ráðuneyta í áföngum úr tólf í níu á kjörtímabilinu. Efnt var til víðtæks sparnaðarátaks í ríkiskerfinu öllu, með þátttöku starfsmanna og stjórnenda og stendur það verkefni enn yfir. Sett var á fót sparnaðarteymi, sem vinnur með öllum ráðuneytum og undirstofnunum að hagræðingaraðgerðum, jafnt innan einstakra stofnana og með tilfærslu verkefna milli stofnana og þvert á ábyrgðarsvið ráðuneyta. Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að unnið er markvisst að hagræðingu í ríkisrekstrinum í heild sinni og áhersla lögð á að gætt verði ýtrasta aðhalds í rekstri ríkisins, þar á meðal hefur viðmiðunarreglum um fyrirkomulag greiðslna fyrir störf í stjórnum, ráðum, nefndum og starfshópum verið breytt á síðasta ári með það að markmiði að draga úr slíkum kostnaði í ríkiskerfinu og er hér um að ræða einn þátt af fjölmörgum í viðamiklum sparnaðaraðgerðum. Það er á hinn bóginn ekki stefna ríkisstjórnarinnar í sjálfu sér að fækka nefndum og ráðum nema þar sem slíkt er talið skynsamlegt og hagkvæmt, m.a. með hliðsjón af áherslu ríkisstjórnarinnar á aukið samráð og samstarf milli ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila á ýmsum sviðum og með þátttöku utanaðkomandi sérfræðinga eftir þörfum.

1048. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að Alþingi heimili iðnaðarráðherra að gera fjárfestingarsamning við Teha Investments S.a.r.l. og Novator sem eru eigendur Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. en félögin hyggjast reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ.

Minni hluti iðnaðarnefndar telur ýmislegt athugavert við málið og innkomu þess í þingið. Frumvarpið var lagt fram rétt fyrir jól og var lögð áhersla á það að hálfu framkvæmdarvaldsins að það yrði afgreitt fyrir jólahlé þingsins. Nefndarmönnum í iðnaðarnefnd var tilkynnt að ekki gæfist tími til að óska eftir umsögnum eins og venja er en hægt væri að kalla gesti fyrir nefndina. Minni hlutanum var mikið í mun að vanda til verks og óskaði því eftir því að fjölmargir fróðir gestir yrðu kallaðir fyrir nefndina, bæði vegna þess að hér er um nýstárlega starfsemi að ræða sem og vegna þess að eigandi annars þeirra fyrirtækja sem standa að Verne Holdings ehf. sem umræddur fjárfestingarsamningur er gerður við er afar umdeildur og átti stóran eignarhlut í banka sem var í viðamikilli skoðun hjá rannsóknarnefnd Alþingis. Málið komst svo í fjölmiðla nokkrum dögum fyrir jól þegar iðnaðarráðherra lét hafa eftir sér að umræddur aðili yrði þynntur út[1] og uppskar mikla hneykslan og reiði. Eftir það varð ljóst að fjárfestingarsamningurinn var umdeildur meðal þjóðarinnar og hætt við að keyra málið í gegn í skjóli fjárlaga og Icesave-umræðu, nokkrum dögum fyrir jól. Þegar þingið kom saman aftur eftir áramótin hófst vinna við frumvarpið fyrir alvöru og var það sent í hefðbundið umsagnarferli eins og venjan er og hefur vinna nefndarinnar verið góð. Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Félagi um stafrænt frelsi, Guðmundi Ragnari Guðmundssyni, Hagstofu Íslands, Landsvirkjun, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjanesbæ, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samkeppniseftirlitinu, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Skiptum hf., Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Einn umsagnaraðili, Guðmundur Ragnar Guðmundsson, skar sig nokkuð úr öðrum í umfjöllun sinni og óskaði minni hlutinn eftir því að hann kæmi fyrir nefndina en því var hafnað. Minni hlutinn óskaði einnig eftir því að fulltrúi frá Siðfræðistofnun Háskólans kæmi fyrir nefndina og varð formaður nefndarinnar við því. Auk Salvarar Nordal frá Siðfræðistofnun komu á fund nefndarinnar Þórður Hilmarsson frá Fjárfestingarstofu, Ingvi Már Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Hörður Arnarson frá Landsvirkjun, Unnur G. Kristjánsdóttir, formaður nefndar um erlenda fjárfestingu, Kristján Indriðason frá Samkeppniseftirlitinu, Auður Inga Ingvarsdóttir og Páll Jónsson frá Skiptum hf. og Vilhjálmur Þorsteinsson frá Verne Holdings ehf. Nefndin ræddi einnig símleiðis við Birgi Má Ragnarsson, stjórnarmann í Verne Global, og Jeff Monroe, forstjóra Verne Holdings ehf.

Gagnaver tilheyra þeim flokki fjárfestinga sem kallaður er „orkufrekur iðnaður“, þótt þau noti ekki nærri jafnmikla orku og t.d. álver og vegna hentugs loftslags og möguleika á vatnskælingu komist þau af með mun minni orkueyðslu hérlendis en annars staðar. Því vekur það athygli minni hlutans að stjórnarformaður Verne Holdings, Vilhjálmur Þorsteinsson fjár-

[1] Sjá t.d.: Vísir, 17. desember 2009, „Eignarhlutur Björgólfs Thors verði þynntur út“, sótt 29. apríl 2010 á http://www.visir.is/article/20091217/FRETTIR01/535680272.

festir, er einnig formaður stýrihóps iðnaðarráðherra um orkustefnu.[2] Vilhjálmur situr því beggja vegna borðsins að því leyti að hann vinnur fyrir iðnaðarráðuneytið á sama tíma og ráðherra iðnaðarmála er að semja við fyrirtæki sem hann er stjórnarformaður fyrir. Slíkt getur varla talist ásættanlegt og hlýtur vera hans á öðrum hvorum staðnum að gera hann óhæfan til að vera á hinum. Þá sat umræddur Vilhjálmur einnig í 9. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður fyrir síðustu alþingiskosningar.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson bendir í umsögn sinni á fjölmargar staðhæfingar sem hann telur vafasamar í greinargerð með frumvarpinu. Hann bendir einnig á að tengingar við umheiminn í gegnum sæstrengi séu venjulegum notendum og netfyrirtækjum dýrkeyptar og að verðið sé allt að tífalt miðað við aðra umferð yfir Atlantshafið og að sá samningur sem gagnaversfélögin gerðu um aðgang að sæstrengjum muni ekki skila sér í verðlækkun til annarra fyrirtækja eða einstaklinga og því sé um mismunun vegna fákeppni að ræða. Þá dregur hann það mjög í efa að í gagnaverinu verði raunveruleg hátæknistörf og telur að umrædd störf verði mest eftirlitsstörf og ef til vill fólgin í því að taka tækjabúnað upp úr pappakössum og setja hann í rekka. Telur Guðmundur að gagnaverið í Reykjanesbæ muni ekki skila íslensku samfélagi öðru en því sem það greiðir fyrir raforku, laun, í skatta og önnur gjöld. Önnur ætluð jákvæð áhrif á samfélag, menntun og tækniþekkingu á Suðurnesjum eigi ekki við rök að styðjast. Þessari gagnrýni hefur ekki verið svarað á vettvangi nefndarinnar og tók formaður nefndarinnar, Skúli Helgason, fyrir að Guðmundur Ragnar kæmi fyrir nefndina á þeim forsendum að hann væri einstaklingur en hvorki félag né fyrirtæki.

Minni hlutinn tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í umsókn Félags um stafrænt frelsi sem bendir á að löggjöf um gagnaver skorti og að Ísland geti skapað sér sérstöðu með framsækinni lagasetningu um öryggi gagna og tjáningarfrelsi. Í umsögninni er bent á að fyrirhugaðir viðskiptavinir, sem sagðir eru stórnotendur tölvukerfa á sviði fjármálaþjónustu, netmiðlunar og fjölmiðla, lífvísinda og genatækni, olíu- og gasfélaga, auk mennta- og rannsóknastofnana á sviði afkastamikillar reiknitækni, muni ekki kjósa að hýsa gögn sín í íslenskum gagnaverum nema ljóst sé fyrir fram að þeim sé tryggð fullnægjandi vernd með lögum. Undir þetta sjónarmið tók Jeff Monroe, forstjóri Verne Holdings ehf., á símafundi með nefndinni. Minni hlutinn telur brýnt að taka lög sem lúta að tjáningarfrelsi og öryggi gagna til gagngerrar endurskoðunar og bendir á að slíkt gæti verið þessari nýju atvinnugrein veruleg lyftistöng og skapað Íslandi tækifæri til að kynna sig sem öruggan stað fyrir gagnaver þar sem tjáningarfrelsi væri tryggt. Mun meiri arðsemi fælist í slíkri markaðssetningu og sérstöðu á heimsmælikvarða en felst í því að gera út á ódýra orku. Í auglýsingabæklingi Verne Holdings um fyrirhugað gagnaver sem finna má á heimasíðu þeirra má sjá að lágt raforkuverð er aðalsölupunktur þeirra en í fyrirsögn í bæklingnum stendur: Freeze the Price of Energy of 10 to 20 years[3] eða Frystið orkuverðið í 10 til 20 ár. Þar er talað fjálglega um ódýra orku sem Verne Holdings hefur tryggt sér hjá Landsvirkjun og býður nú viðskiptavinum sínum og er því lofað að verðið á raforkunni hækki ekki næstu 10–20 árin.

Þátttaka Björgólfs Thors Björgólfssonar, eiganda Novators, í verkefninu stóð verulega í nefndarmönnum, þar með talið fulltrúa minni hlutans sem bað um siðfræðing á fund nefndarinnar til að veita nefndarmönnum leiðsögn. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var ekki

---

[2] Sjá fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins frá 19. 8. 2009 um skipan stýrihóps til að vinna að mótun heildstæðrar orkustefnu, sótt 29. apríl 2010 á http://www.idnadarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2751.

[3] Sjá bækling Verne Holdings: http://www.verneglobal.com/pdf/brochure.pdf, sótt 29. apríl 2010.

komin út og því ekki ljóst með hvaða hætti Björgólfur Thor kæmi fyrir í henni en sem kunnugt er var Björgólfur í hópi stærstu eigenda Landsbankans. Salvör Nordal kom á fund nefndarinnar og lýsti þeirri skoðun sinni að nefndin tæki stórkostlega siðferðislega áhættu að samþykkja frumvarpið óbreytt á meðan skýrsla nefndarinnar lægi ekki fyrir. Í kjölfar fundarins var ákveðið að bíða með afgreiðslu málsins þar til skýrslan lægi fyrir. Við útkomu hennar varð ljóst að stærstu eigendur bankanna bera umtalsverða ábyrgð á því hvernig fór, þar með talið Björgólfur Thor Björgólfsson sem á aðild að þeim fjárfestingarsamningi sem hér um ræðir í gegnum Novator. Umræddur aðili hefur þó ekki hlotið dóm og hefur ekki réttarstöðu grunaðs svo vitað sé og samkvæmt þeim leikreglum sem réttarríkið setur okkur er hver maður saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Þar með er ekki sagt að umræddur aðili eigi sjálfkrafa rétt á fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið sem felur í sér skattaívilnanir enda teljast slíkar ívilnanir ekki til sjálfsagðra mannréttinda. Það er eðlilegt krafa í viðskiptum að hafna því að gera viðskiptasamninga við aðila sem ekki hafa reynst vel í fyrri viðskiptum. Ein meginástæðan sem gefin er til réttlætingar á þessum umræddu fjárfestingarsamningi er að hann skili erlendri fjárfestingu inn í landið. Sú ástæða var einnig gefin þegar Samson ehf., félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og fleiri, keypti stóran hlut í Landsbankanum. Síðar kom í ljós að hluti kaupverðsins var tekinn að láni í Búnaðarbankanum. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir:

„Stærstu eigendur allra stóru bankanna fengu óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá þeim banka sem þeir áttu, að því er virðist í krafti eignarhalds síns (…) Við fall Landsbankans voru Björgólfur Thor Björgólfsson og félög tengd honum stærstu skuldarar bankans. Björgólfur Guðmundsson var þriðji stærsti skuldari bankans. Samtals námu skuldbindingar þeirra við bankann vel yfir 200 milljörðum króna. Það var meira en sem nam eigin fé Landsbankasamstæðunnar. Björgólfur Thor var einnig stærsti hluthafi Straums-Burðaráss og hann var stjórnarformaður þess banka. Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson voru hvor um sig, ásamt tengdum aðilum, meðal stærstu skuldara bankans og saman mynduðu þeir stærsta lántakendahóp hans.“[4]

Af lestri skýrslunnar má ráða að veruleg áhætta fylgi því að stunda viðskipti við umræddan aðila. Minni hlutinn álítur að ríkinu beri að taka siðferðislega forustu og beina sérstökum ívilnunarsamningum eingöngu til þeirra sem hafa sýnt og sannað að þeir séu traustsins verðir. Það er ekki hlutverk ríkisins að ákveða hvort menn sem ekki hafa verið dæmdir sekir fái að stunda viðskipti hér á landi eða ekki. Hins vegar á ríkið ekki að taka þátt í viðskiptum nema með þeim sem eru traustsins verðir.

Björgólfur Thor Björgólfsson ritaði Alþingi og þingmönnum bréf þar sem hann segist munu afsala sér þeim ríkisstyrk sem felist í lögfestingu fjárfestingarsamningsins og að við sölu Verne Holdings ehf. eða greiðslu arðs til sín frá félaginu muni hann greiða til ríkisins þau verðmæti sem felast í gerð samningsins við lögfestingu, að teknu tilliti til eignarhlutar hans í félaginu og greiddra skatta og að hann sem fjárfestir muni ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af fyrirgreiðslu ríkisins. Hann muni ekki heldur auka hlut sinn í félaginu og ekki taka leiðandi hlutverk við stjórn þess.

Ekki er hægt að búast við því að jafnstór fjárfesting og gagnaver Verne Holdings í Reykjanesbæ skili arði í byrjun og eðlilegt að ekki komi til arðgreiðslna fyrr en eftir þau 10 ár sem fjárfestingarsamningsins nýtur. Því má gera ráð fyrir að ekki komi til neinna arðgreiðslna fyrr en eftir að því tímabili lýkur. Minni hlutinn spurði fulltrúa iðnaðarráðuneytisins hvort

---

[4] Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. 1. bindi, bls. 32.

yfirlýsing Björgólfs Thors eða sérákvæði um sama mál í fjárfestingarsamningnum hefði einhver áhrif eftir þau 10 ár sem fjárfestingarsamningurinn er í gildi. Taldi fulltrúi ráðuneytisins svo ekki vera. Novator og Björgólfur Thor munu því njóta allra arðgreiðslna sem koma til eftir þessi 10 ár sem samningurinn gildir og sömuleiðis alls söluhagnaðar ef eignarhlutur þeirra í Verne Holdings verður seldur að þeim tíma liðnum. Minni hlutinn sér því ekki hverju nákvæmlega Björgólfur Thor hyggst afsala sér.

Á vettvangi nefndarinnar hefur því verið haldið fram að verkefnið muni gufa upp ef Novator taki ekki þátt í því. Hinn aðilinn að samningnum er fyrirtækið Teha Investments S.a.r.l. og hefur það lagt jafnmikið fjármagn í verkefnið og Novator. Minni hlutinn á erfitt með að trúa því að Teha Invest sé tilbúið að tapa þeim fjármunum og leggja árar í bát. Nýr fjárfestir í verkefninu er Wellcome Trust en skilyrði fyrir aðkomu sjóðsins mun vera fjárfestingarsamningurinn. Minni hlutinn sér ekki hvaða vandkvæðum það væri bundið að Wellcome Trust tæki yfir eignarhlut Novators í Verne Holdings, sé það vilji þeirra að taka þátt í verkefninu og Novator ætli ekki að hagnast á viðskiptunum.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og unnið frekar í málinu þar til viðunandi lausn er í sjónmáli. Alþingi verður að taka siðferðislega forustu og leggja línurnar um það með hvaða hætti ásættanlegt sé að viðskipti við fyrri eigendur bankanna fari fram.

Alþingi, 5. maí 2010.

Margrét Tryggvadóttir.

1049. Fyrirspurn [606. mál]

til heilbrigðisráðherra um lækkun launa í heilbrigðiskerfinu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða fyrirætlanir eru um að lækka laun lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks?
2. Hvernig hyggst ráðherra ná fram þeim ásetningi að lækka þessi laun?
3. Hefur verið lagt mat á hvort slíkt hafi áhrif á möguleika á að manna læknastöður og stöður annars heilbrigðisstarfsfólks?

1050. Frumvarp til laga [320. mál]

um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Teha Investments S.a.r.l. og Novator (eigendurnir) og Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. (félögin) en félögin munu reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ (verkefnið). Í lögum þessum merkir hugtakið „félögin“ Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeigu þeirra, núverandi eða síðari, enda sé starfsemi þeirra í beinum tengslum við verkefnið.

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigendanna og félaganna sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félögin og starfsemina, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau gilda í 10 ár frá undirritun samningsins.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum (fjárfestingarsamningurinn) um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félaganna skal vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið sem lög þessi taka til felur í sér að félögin reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ eins og nánar verður kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma laga þessara á milli iðnaðarráðherra, félaganna og eigendanna.

3. gr.
Undanþágur frá lögum.

Í beinum tengslum við verkefnið skulu félögin og hluthafar þeirra undanþegin takmörkunum sem kveðið er á um í reglum nr. 880/2009, um gjaldeyrismál, sem settar voru á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum, svo og hvers kyns sams konar eða efnislega svipaðra hafta sem síðar kunna að verða sett á til viðbótar við slík höft eða í þeirra stað. Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða nánar á um slíka undanþágu.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þar sem sett eru þau skilyrði að ⅘ hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara, að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem þess er krafist að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi, svo og sambærilegum síðari ákvæðum.

Félögin skulu undanþegin ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, eiga ekki við um félögin. Félögin skulu viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

Félögin skulu undanþegin greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta, að því marki sem samþykkt verður milli félaganna og viðeigandi sveitarfélaga.

4. gr.

Skattlagning.

Félögin skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu félögin greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% skal hið hærra tekjuskattshlutfall ekki gilda um félögin fyrstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins.
   b. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% eftir fimm fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin næstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þ.e. frá fimmta til tíunda árs af gildistímanum, þó aldrei hærra en 18%.
   c. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lækkað niður fyrir 15% skal sú lækkun gilda um félögin.
2. Félögunum skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, sbr. þessa málsgrein, skal sama gilda um félögin.
3. Félögunum skal heimilt að fyrna að fullu kostnað af búnaði sem er notaður, eða er fyrirhugað að nota, í gagnaverinu yfir líftíma búnaðarins. Til búnaðar telst m.a. rafbúnaður, vélbúnaður, upplýsingatæknibúnaður og fjarskiptabúnaður sem er nauðsynlegur til þess að halda uppi starfrækslu gagnaversins.
4. Félögin skulu undanþegin iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
5. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félögin gefa út eða stofnað er til í tengslum við byggingu gagnaversins.
6. Félögin skulu undanþegin ákvæðum 1.–5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

7. Félögin skulu þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, greiða skipulagsgjald, sem nemur 100.000 bandaríkjadölum, af nýbyggingum gagnavers. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar gagnaversins.
8. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta sem síðar kunna að verða lagðir á til viðbótar við eða í stað fasteignaskatts, skulu félögin greiða Reykjanesbæ fasteignaskatt sem nemur 1,65% af áætluðu verðmæti allra bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félaganna eða á leigu hjá þeim, eða þá annað hlutfall fasteignaskatts sem Reykjanesbær kann almennt að leggja á byggingar af sama toga ef hann er lægri. Skattstofninn nemur 1.030.600.000 kr. að því er varðar núverandi fasteignir félaganna og breytist samkvæmt byggingarvísitölu allt frá þeim mánuði sem félögin hefja viðskipti við viðskiptavini. Skattstofninn fyrir síðari byggingar félaganna, sem reistar eru á lóð þeirra á Valhallarbraut, skal vera kostnaðurinn við gerð útveggja bygginganna eða 85.500 kr. á hvern fermetra, hvort sem lægra er, bundið byggingarvísitölu frá þeim mánuði sem byggingin er tekin í notkun, þ.e. þegar viðskiptavinir hefja að greiða fyrir afnot. Fasteignaskattur skal fyrst lagður á hinn 1. janúar 2011, þ.e. á árinu eftir að starfræksla gagnaversins hefst. Félögunum verður veittur frádráttur af síðari fasteignagjöldum að fjárhæð 44.660.298 kr. vegna skatta sem þegar hafa verið greiddir til Reykjanesbæjar eða eru gjaldfallnir, og Reykjanesbær mun ekki leggja á slíka skatta árið 2010. Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli fyrrgreinds álagningarstofns svo sem hann er framreiknaður á grundvelli byggingarvísitölu þess mánaðar sem viðskipti við viðskiptavini hefjast.
9. Félögunum skal ekki gert að greiða eignarskatt eða skatta og gjöld sem ekki eru tekjutengd og kunna að verða innleidd eftir undirritun fjárfestingarsamningsins og á gildistíma hans nema slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. öll önnur gagnaver. Hins vegar skulu félögin undanþegin öllum eignarskatti sem kann að verða tekinn upp í fimm ár frá gildistöku fjárfestingarsamningsins.
10. Uppfylli félögin og/eða fasteignir þeirra skilyrði til skráningar sem virðisaukaskattsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal félögunum ekki gert að leggja fram sérstaka tryggingu vegna skráningarinnar.
11. Félögin skulu undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns núgildandi og síðari gjöldum, enda telst þjónustan sem félögin veita ekki til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna.
12. Öll viðskipti milli félaganna og dótturfélaga þeirra skulu samrýmast 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og meginreglum OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu.

Í fjárfestingarsamningnum er heimilt að kveða á um að:

a. ekki skuli leggja á félögin umhverfisgjöld eða umhverfisskatta sem tengjast losun lofttegundarinnar CO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. öll önnur gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti,
b. ekki skuli leggja skatta eða gjöld á raforkukaup og/eða notkun félaganna nema slík gjöld eða skattar séu jafnframt lagðir með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti,

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félögin. Í samræmi við almenn lög skal félögunum heimiluð samsköttun að uppfylltum almennum skilyrðum samsköttunar.

Á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins geta félögin valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um þau. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní almanaksárið áður en breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skulu félögin lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

Allar tilvísanir í fjárfestingarsamningnum til skatta taka til allra sambærilegra skatta sem kunna að koma í stað þeirra sem vísað er til.

5. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningi, sem gerður er samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félögin sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í slíkum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félögunum er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út ársreikninga sína í bandaríkjadölum eða annarri mynt að eigin vali í samræmi við landslög og á grundvelli reikningsskilareglna sem gefnar eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

6. gr.

Innflutningur.

Innflutningur og kaup félaganna eða einhvers fyrir þeirra hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir gagnaverið og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sem og sams konar sköttum eða gjöldum er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir framangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fresta álagningu, fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar gagnaversins.

7. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um aðilaskipti og framsal á réttindum og skuldbindingum félaganna og eigendanna á fjárfestingarsamningnum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í fjárfestingarsamningnum.

8. gr.
Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir eru innan ramma þessara laga skal lúta íslenskum lögum og lögsögu íslenskra dómstóla. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms eins og nánar er kveðið á um í fjárfestingarsamningnum.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1051. Frumvarp til laga [382. mál]

um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um atvinnurekendur, og starfsmenn þeirra, sem reka starfsemi á innlendum vinnumarkaði, hvort sem hún er ótímabundin eða tímabundin, eða senda starfsmenn hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu innan tiltekinna atvinnugreina, sbr. 2. mgr.

Samtök aðila vinnumarkaðarins skulu semja nánar um það í kjarasamningum sín á milli til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lög þessi taka á hverjum tíma. Skulu þeir kjarasamningar sem og aðrir samningar sem gerðir eru milli aðila um nánari framkvæmd laga þessara gilda um alla atvinnurekendur sem starfa innan þeirra atvinnugreina á innlendum vinnumarkaði sem tilgreindar eru í samningum aðila.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda með lista yfir þær atvinnugreinar sem lögin skulu taka til á hverjum tíma samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. 2. mgr.

Með atvinnurekanda er átt við lögaðila og sjálfstætt starfandi einstakling.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

3. gr.
Vinnustaðaskírteini.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að hann sjálfur og starfsmenn hans, hvort sem starfsmennirnir eru ráðnir beint til atvinnurekanda á grundvelli ráðningarsamnings eða koma til starfa með milligöngu starfsmannaleigu, fái vinnustaðaskírteini er þeir hefja störf.

Atvinnurekanda og starfsmönnum hans ber að hafa vinnustaðaskírteinin á sér við störf sín.

Í vinnustaðaskírteini skal koma fram nafn og kennitala atvinnurekanda eða annað auðkenni hans og nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd af starfsmanni.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja um nánari útfærslu vinnustaðaskírteina í samningum sín á milli.

4. gr.

Eftirlit á vinnustöðum.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi.

Í eftirlitsheimsóknum skulu eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu sýna vinnustaðaskírteini skv. 3. gr. sé óskað eftir því.

Eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skulu senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið upplýsingarnar vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins sem sinna eftirliti ber að sýna skírteini við störf sín sem samtökin gefa sameiginlega út.

Eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um framkvæmd eftirlitsins, svo sem hvaða gögnum fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem sinna eftirliti skulu hafa aðgang að eða eftir atvikum fá afhent og hverjar trúnaðarskyldur eftirlitsfulltrúa þeirra skuli vera.

5. gr.

Eftirfylgni eftirlits.

Hafi opinber stofnun sem hefur fengið upplýsingar sendar frá eftirlitsfulltrúum skv. 4. gr. rökstuddan grun um að lög þau sem stofnunin annast framkvæmd á hafi verið brotin metur hún hvort ástæða sé til að kanna málið frekar á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur samkvæmt þeim lögum.

Skal hlutaðeigandi stofnun, sbr. 1. mgr., jafnframt upplýsa eftirlitsfulltrúa skv. 4. gr. um fyrirhugaða rannsókn án nánari tilgreiningar á því í hverju brotin kunni að felast enda fari slík upplýsingagjöf ekki gegn þeim lögum er stofnunin starfar eftir. Eftirlitsfulltrúum er óheimilt að láta öðrum í té þær upplýsingar þegar ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum.

Samtökum aðila vinnumarkaðarins er heimilt að semja nánar í samningum sín á milli um málsmeðferð í málum þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn ákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga aðila, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

6. gr.
Dagsektir.

Ef eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda skv. 1. mgr. 4. gr. eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda skv. 2. mgr. 3. gr. geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Sé um ítrekað brot atvinnurekanda að ræða getur Vinnumálastofnun krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkum innan sólarhrings.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 krónum hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna atvinnurekanda og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

7. gr.
Kæruheimild.

Heimilt er að kæra til félags- og tryggingamálaráðuneytis ákvarðanir Vinnumálastofnunar skv. 6. gr. innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hana hefur að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar skv. 6. gr.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

8. gr.
Reglugerðarheimild.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðarins.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1052. Landflutningalög. [58. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 58 með þessari breytingu:

27. gr. hljóðar svo:

Móttakandi skal taka við vöru á ákvörðunarstað eins fljótt og verða má og eigi síðar en fimm dögum eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar.

Með móttöku vöru skuldbindur móttakandi sig til að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr., nema um annað sé samið.

Um móttöku, afhendingu og flutning vörunnar skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum III. kafla.

33. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

1053. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason og Hildi Árnadóttur frá Endurskoðendaráði, Sigurð Pál Hauksson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Gunnar Andersen, Ingu Einarsdóttur, Rúnar Guðmundsson og Sigurð Frey Jónatansson frá Fjármálaeftirlitinu, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Eyjólf Ármannsson og Helga Magnús Gunnarsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Helgu Jónsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helga Þórsson frá Tryggingamiðstöðinni og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Endurskoðendaráði, Fjármálaeftirlitinu, Neytendasamtökunum, Ríkisendurskoðun, embætti ríkislögreglustjóra, embætti ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Tryggingamiðstöðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um vátryggingastarfsemi. Gildandi lög eru frá árinu 1994 og hefur verið breytt alloft síðan. Frumvarpið er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði 18. september 2007 til að semja frumvarp til að innleiða tilskipun 2005/68/EB um endurtryggingar. Þegar vinna hófst við innleiðinguna var talið að ekki yrði komist hjá því að endurskoða lögin í heild enda þyrfti að taka tillit til breytinga sem höfðu verið gerðar á lögunum í gegnum tíðina og einnig komu fram ábendingar um nokkur atriði eldri tilskipana sem höfðu ekki verið innleidd rétt. Frumvarpið var lagt fram á 136. og 137. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd.

Gildandi lög um vátryggingastarfsemi eiga bæði við um frum- og endurtryggingastarfsemi. Skv. 1. mgr. 5. gr. gildandi laga er óheimilt í atvinnuskyni að stuðla að því að vátryggingaráhætta sem hér er sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hafa starfsleyfi hér. Í lögunum eru ekki takmörk á því hvar vátryggingaráhætta er endurtryggð. Í tilskipunum EB (73/239/EBE og 2002/83/EB) eru ákvæði um starfsemi félaga sem sérhæfa sig í frumtryggingum. Ekki voru ákvæði um starfsemi sérhæfðra endurtryggingafélaga í tilskipunum EB fyrr en með tilkomu tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingar en markmið hennar er að samræma eftirlit með endurtryggingastarfsemi og styrkja innri markað EB á sviði vátryggingastarfsemi. Ákvæði tilskipunarinnar eru í samræmi við alþjóðlega staðla um

eftirlit með endurtryggingastarfsemi sem hafa verið unnir af alþjóðasamtökum eftirlitsstjórnvalda á vátryggingasviði (IAIS). Samkvæmt tilskipuninni getur endurtryggingafélag á grundvelli starfsleyfis í heimaríki verið með starfsemi annars staðar í Evrópubandalaginu. Endurtryggingafélag þarf ekki að tilkynna eftirliti í heimaríki um fyrirætlanir sínar um starfsemi í öðru aðildarríki né þarf eftirlit í heimaríki að tilkynna eftirliti í gistiríki um starfsemi félagsins en slíkar skyldur hvíla á hlutaðeigandi þegar um frumtryggingafélag ræðir.

Önnur ákvæði frumvarpsins um endurtryggingafélög sem byggjast á endurtryggingatilskipuninni eru eftirfarandi: Annars vegar er í 5. gr. veitt heimild til þess að endurtryggingarvernd sé keypt í þriðja ríki. Ef um er að ræða endurtryggingarvernd á frumtryggingaráhættu skal liggja fyrir samstarfssamningur milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki endurtryggingafélags. Sé um endurtryggingu á endurtryggingaráhættu að ræða á framangreint ekki við. Hins vegar eru í 38. gr. almennari reglur en eiga við um frumtryggingafélög um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.

Helstu nýmæli og breytingar sem felast í frumvarpinu, önnur en þau sem leiðir af endurtryggingatilskipuninni, eru eftirfarandi:

Lagt er til í 2. gr. að íslenskt vátryggingafélag skuli rekið sem hlutafélag. Verði frumvarpið að lögum fellur því brott heimild gildandi laga til að reka vátryggingafélag sem gagnkvæmt félag. Engin gagnkvæm vátryggingafélög eru starfandi hér á landi og engar óskir hafa komið fram um stofnun slíkra félaga. Reglur um gjaldþol og afnám einkaréttar bátaábyrgðarfélaganna á að veita þjónustu á tilteknu markaðssvæði höfðu í för með sér erfiðleika fyrir bátaábyrgðarfélög hér á landi og hættu félögin starfsemi í kjölfarið. Gagnkvæm vátryggingafélög eiga í erfiðleikum ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína en þau geta ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Með afnámi heimildar til að stofnsetja gagnkvæm vátryggingafélög er hins vegar ekki verið að skerða réttindi t.d. félagasamtaka til þess að gefa félagsmönnum sínum kost á að standa að stofnun vátryggingafélags. Hins vegar er ekki talin ástæða til að viðhalda í lögum ónýttum heimildum enda ákveðnir vankantar á forminu, sbr. framangreint. Meiri hlutinn telur brýnt að löggjöf um vátryggingastarfsemi verði endurskoðuð komi í ljós að áhugi sé fyrir því að koma á fót gagnkvæmum vátryggingafélögum.

Í 6. gr. er afmarkað betur en í gildandi lögum hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar. Sambærilegt ákvæði er í 55. gr. gildandi laga. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að grípa til ráðstafana telji það starfsemi eftirlitsskylds aðila ekki vera í samræmi við góða viðskiptahætti eða venjur. Sé ekki farið að fyrirmælum sem Fjármálaeftirlitið gefur getur það beitt viðurlögum XIII. kafla eða gripið til úrræða samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lagt er til í 18. gr. að Fjármálaeftirlitið veiti vátryggingafélögum starfsleyfi en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfi. Þessi breyting er í samræmi við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki.

Lagt er til að aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um slík áform og skulu tilkynningu fylgja nánar tilgreindar upplýsingar, sbr. 2. mgr. 41. gr. Samkvæmt gildandi lögum er aðilum í þessari stöðu skylt að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram en slíkt er ekki heimilt samkvæmt tilskipun 2007/44/EB um breytingu á nokkrum tilskipunum að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærnismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. 53. gr. að vátryggingafélagi verði óheimilt að veita lán með veði í eigin hlutabréfum eða skuldabréfum. Samsvarandi regla er í 17. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem nefndin hefur til umfjöllunar (343. mál á 138. löggjafarþingi).

Í 54. gr. eru lagðar til breytingar um skipan stjórnarmanna í vátryggingafélagi. Lagt er til að stjórn setji reglur sem Fjármálaeftirlitið staðfestir um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila. Einnig er lagt til að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri vátryggingafélags megi ekki hafa hlotið dóm vegna brota á samkeppnislögum og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, þar á meðal lögum um vátryggingastarfsemi. Þá er skerpt á öðrum hæfisskilyrðum um fjárhagsstöðu, menntun, starfsreynslu og starfsferil stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Kveðið er á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi en jafnframt lagt til að Fjármálaeftirlitið geti veitt undanþágu frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji sérstakar reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati þeirra.

Þá eru lagðar til þrengri heimildir til stjórnarsetu í öðrum félögum og lagt til að óheimilt verði að hafa starfandi stjórnarformann í vátryggingafélagi. Um þetta síðarnefnda má geta breytingar sem var nýverið gerð á 70. gr. laga um hlutafélög um að formaður stjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félag en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig (71. mál á 138. löggjafarþingi). Nefndin leggur til breytingar á 54. gr. sem nánar verður greint frá síðar í áliti þessu.

Í 4. mgr. 56. gr. frumvarpsins er lagt til að óheimilt verði að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki oftar en fimm ár í röð. Þetta eru þrengri skilyrði en kveðið er á um í 3. mgr. 20. gr. laga um endurskoðendur þar sem mælt er fyrir um að endurskoðandi sem beri ábyrgð á einingu tengdri almannahagsmunum skuli taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum frá því að honum var falið verkið. Nefndin leggur til breytingu á ákvæðinu sem verður greint frá síðar í áliti þessu.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að vátryggingafélag megi ekki reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi nema annað leiði af 13. gr. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. er vátryggingafélagi þó heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi enda sé starfsemin háð eftirliti opinberra aðila. Í 13. gr. er tilgreind sú hliðarstarfsemi sem vátryggingafélagi er heimilt að reka. Ákvæðið er að mestu sambærilegt 11. gr. gildandi laga en geta má tveggja breytinga. Annars vegar er lagt til að stjórn vátryggingafélags setji reglur um rekstur fasteigna sem lið í fjárfestingu til að ávaxta fjármuni félagsins og skal Fjármálaeftirlitið staðfesta reglurnar. Hins vegar er lagt til að lögfest verði að vátryggingafélag hafi heimild til að kaupa og selja skuldabréf og aðra fjármálagerninga samkvæmt reglum stjórnar félagsins sem Fjármálaeftirlitið staðfestir. Ákvæði þetta á ekki við um fjármálagerninga sem eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði sem er fjárfest í til að ávaxta fjármuni félagsins. Ákvæði gildandi laga um hliðarstarfsemi var lögfest með lögum nr. 60/1994 og voru slíkar heimildir þá auknar frá því sem verið hafði.

Í 36. gr. eru ákvæði um vátryggingaskuld félags, þ.e. þær óuppgerðu heildarskuldbindingar félagsins vegna vátryggingarsamninga sem hafa verið gerðir. Skv. 2. mgr. skulu vátryggingafélög, auk þess að uppfylla skilyrði um gjaldþol, sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklegar tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld. Ákvæðið er að

mestu sambærilegt gildandi lögum. Í 3. mgr. felst innleiðing á endurtryggingartilskipuninni. Hún mælir fyrir um að þegar heimaríki veitir heimild fyrir því að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum sem eru ekki með starfsleyfi í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar eða vátryggingafélögum sem eru ekki með starfsleyfi í samræmi við tilgreindar EB-tilskipanir, þá skuli það ákveða skilyrði þess að slíkar kröfur séu viðurkenndar. Í 4. mgr. felst innleiðing á EB-tilskipun um líftryggingar í þá veru að líftryggingafélög skuli veita upplýsingar um grunn og aðferðir við útreikning líftryggingaskuldar. Í 5. gr. er líkt og í 4. mgr. 34. gr. gildandi laga að finna heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um þær tegundir eigna sem má telja til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði frumtryggingafélags, samsetningu þeirra og vægi. Drög að reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld frumtryggingafélaga liggja þegar fyrir.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

Nefndinni bárust athugasemdir þess efnis að svigrúm vátryggingafélaga til að endurtryggja frumtryggingaráhættu í þriðja ríki væru of takmarkaðar þar sem liggja þyrfti fyrir samkvæmt ákvæðinu samstarfssamningur milli Fjármálaeftirlitsins og heimaríkis þess sem veitir þjónustuna. Nefndin leggur til breytingu á 5. gr. í þeim tilgangi að draga úr kvöð á Fjármálaeftirlitsins til sjálfstæðrar samningsgerðar enda er það í reynd nefnd eftirlitsaðila á vátrygginga- og eftirlaunasviði Evrópusambandsins (CEIOPS) sem gerir slíka samninga. Leggur nefndin til að 2. málsl. 2. mgr. greinarinnar orðist svo: ,,Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur við eftirlitsstjórnvald í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir.“ Vert er að geta þess að skv. 3. málsl. 2. mgr. 5. gr. eiga ákvæði 1. og 2. málsl. greinarinnar ekki við um endurtryggingar á endurtryggingaráhættu.

Lögð er til viðbót við 7. gr. þess efnis að nafn vátryggingafélags skuli koma skýrt fram í öllum tilkynningum þess, þar á meðal auglýsingum.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 54. gr. um stjórn vátryggingafélags. Lögð er til breyting á 3. mgr. í þá veru að stjórnarmenn geti jafnframt verið búsettir í ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Einnig er lagt til að lengd verði tímamörk sem tengjast brotum gegn tilteknum lögum sem getið er í ákvæðinu (svo sem samkeppnislögum, lögum um hlutafélög og lögum um bókhald). Með öðrum orðum er lagt til að þeir komi ekki til greina sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar sem hafa á síðustu 10 árum hlotið dóm í tengslum við refsiverðan verknað samkvæmt þeim lögum sem talin eru upp í greininni. Nefndin hróflar ekki við þeim tímamörkum sem gilda um gjaldþrotaskipti. Jafnframt er lagt til að 5. og 6. mgr. greinarinnar verði breytt svo að samræmist betur sambærilegu ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (343. mál á 138. löggjafarþingi). Að lokum má nefna breytingar sem lúta að því að veita vátryggingafélögum nokkurn tíma til aðlögunar til að uppfylla kröfur frumvarpsins um stjórnarmenn.

Í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (343. mál) leggur meiri hlutinn til að við frumvarpið bætist ný grein. Er þar kveðið á um að Fjármálaeftirlitið setji reglur um það hvernig vátryggingafélögum verði heimilt að veita starfsmönnum kauprétt eða kaupaukagreiðslur. Er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæðinu að áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skuli færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reglur um reikningsskil heimila og skal gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi. Þá er mælt fyrir um takmarkanir á heimildum vátryggingafélaga til að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi

verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Svo virðist sem kaupaukakerfi á fjármálamörkuðum hafi á liðnum árum haft þau áhrif að áhættusækni hafi aukist og að of mikil áhersla hafi verið lögð á skammtímasjónarmið. Hjá Evrópusambandinu hafa verið gefin út tilmæli um slík kerfi og má reikna með að ekki líði á löngu þar til ákveðnar tillögur sambandsins liggja fyrir. Í breytingartillögu nefndarinnar er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að setja reglur um kaupaukakerfi en í þeim skal hafa tilmæli sambandsins til hliðsjónar sem og aðrar reglur samþykktar alþjóðlega eða viðurkenndar. Helstu atriði tilmæla Evrópusambandsins um starfskjarastefnu í fjármálageiranum eru m.a. þær að aðildarríki setji reglur sem tryggi að starfskjarastefna sé í samræmi við og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustjórnun en hvetji ekki til of mikillar áhættutöku. Þá skuli vera ákveðið jafnvægi milli fastra launa og bónusgreiðslna og mælt fyrir um að aðildarríkin eigi að tryggja að starfskjarastefna fjármálastofnana setji hámark á bónusgreiðslur. Einnig skulu mælingar á frammistöðu ná til lengri tíma og kveðið er á um að fjármálastofnanir eigi að geta krafist endurgreiðslu á bónusgreiðslum ef í ljós kemur að þær hafi verið byggðar á röngum upplýsingum. Starfslokasamningar skulu samkvæmt tilmælunum tengjast frammistöðu sem hefur náðst á lengri tíma, og í þeim má ekki felast umbun fyrir mistök og skal hún uppfærð reglulega. Upplýsa skal hluthafa um starfskjarastefnu og skulu eftirlitsaðilar á fjármálamarkaði yfirfara og leggja mat á starfskjarastefnu fjármálastofnana til að tryggja að stefnan sé í samræmi við skilvirka áhættustjórnun.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 55. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að orðið „skýringar“ bætist við upptalningu í 2. málsl. 1. mgr. á því hvað ársreikningur skuli hafa að geyma. Í öðru lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á lokamálslið 1. mgr. og 1. málsl. 4. mgr.

Lagt er til að skylt verði að skipta um endurskoðunarfélag á fimm ára fresti en ekki aðeins endurskoðanda. Þá leggur nefndin til viðbót þess efnis að endurskoðendur og endurskoðunarfélög skuli kjörin á aðalfundi til fimm ára og að álit endurskoðendaráðs þurfi að liggja fyrir áður en tekin verður ákvörðun um að víkja endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá.

Lögð er til breyting á 1. mgr. 59. gr. sem miðar að því að Fjármálaeftirlitið geti fylgt eftir ákvæðum um skil á skýrslum. Umrædd félög skuli því innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs láta eftirlitinu umræddar upplýsingar í té.

Nefndin leggur til að 65. gr. frumvarpsins falli brott. Í greininni er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Ákvæði sama efnis hefur þegar verið lögfest í 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 97/1998, sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 20/2009. Við þá lagabreytingu féll brott sambærilegt ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti. Talið er nægjanlegt að hafa ákvæði þessa efnis á einum stað, þ.e. í lögum sem gilda um stofnunina.

Þá leggur nefndin til að í stað orðanna „opinber rannsókn“ víðs vegar í frumvarpinu komi orðin „rannsókn sakamála“ til að samræmist orðnotkun í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Einnig eru lagðar til breyttar tilvísanir þar sem röð greina breytist vegna tillagna nefndarinnar um viðbótargrein á eftir 54. gr. og brottfall 65. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að vátryggingastarfsemi skuli rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Í 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Neytendastofa hefur eftirlit með hvers konar atvinnustarfsemi samkvæmt lögunum sem skv. 1. mgr. 2. gr. þeirra taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Rætt var um það við umfjöllun málsins í nefndinni að skörun gæti orðið milli annars vegar hlutverks

Neytendastofu og hins vegar Fjármálaeftirlits hvað þetta snertir. Meiri hlutinn telur mikilvægt að hlutverk og ábyrgð stofnana sé skýr og beinir því til viðkomandi ráðherra að huga að því að eyða óvissu ef hún er til staðar.

Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir falls bankanna voru gerðar opinberar þegar skýrsla hennar kom út 12. apríl. Skýrslan er mikil að vöxtum og eins og gefur að skilja tekur þetta frumvarp ekki á öllu því sem kann að koma fram í skýrslunni. Í skýrslunni er t.d. fjallað um lagabreytingar sem höfðu áhrif á þróun starfsemi lánastofnana. Ein slík breyting var aukin heimild lánastofnana til að reka vátryggingafélög en um slíkar heimildir er mælt fyrir í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fram kemur í skýrslunni að þrátt fyrir að lánastofnanir þyrftu heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga virka eignarhluti í vátryggingafélögum jókst hættan á hagsmunaárekstrum hlutrænt séð í rekstri þeirra. Hætta var á að samspil yrði milli ákvarðana um ávöxtun bótasjóða vátryggingafélaga (vátryggingarskuldar) og ákvarðana um viðskipti af hálfu lánastofnana og/eða eigenda þeirra. Var þetta talið til þess fallið að stuðla að aukinni kerfisáhættu og hættu á keðjuverkun í fjármálakerfi landsins. Farið verður yfir þetta atriði eins og mörg önnur og er ljóst að þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru aðeins fyrsta skrefið í endurskoðun reglna á sviði fjármálamarkaðar. Meiri hlutinn telur brýnt að unnin verði pólitísk stefnumótun varðandi framtíðarskipulag fjármálamarkaðarins á Íslandi m.a. í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir falls bankanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Auður Lilja Erlingsdóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	

1054. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (LMós, MSch, AMG, ALE, JRG).

1. Við 5. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur við eftirlitsstjórnvald í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir.
2. Við 7. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nafn vátryggingafélags skal koma skýrt fram í öllum tilkynningum þess, þar á meðal auglýsingum.
3. Við 13. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Hliðarstarfsemi.*
4. Við 17. gr. 1. tölul. falli brott.

5. Við 26. gr. Orðin „áður en umsögn er veitt“ í 5. mgr. falli brott.
6. Við 32. gr. Orðin „öllum“ í inngangsmálslið 4. mgr. falli brott.
7. Við 34. gr. Í stað „EES“ í 4. mgr. komi: Evrópska efnahagssvæðisins.
8. Við 41. gr. Í stað orðanna „sæti opinberri rannsókn“ í 10. tölul. 2. mgr. komi: sæti rannsókn sakamáls.
9. Við 43. gr. Í stað orðanna „sæti opinberri rannsókn“ í 9. tölul. komi: sæti rannsókn sakamáls.
10. Við 54. gr.
    a. 3. mgr. orðist svo:

    Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa á síðustu tíu árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

    b. 5. og 6. mgr. orðist svo:

    Stjórnarmenn í vátryggingafélagi eða öðrum eftirlitsskyldum aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða félags í nánum tengslum við það né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga. Starfsmönnum vátryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi vátryggingafélags.

    Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars vátryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu vátryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í vátryggingafélaginu. Sama gildir um lögmann móðurfélags. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur vátryggingafélagsins.

11. Á eftir 54. gr. komi ný grein, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Kaupaukakerfi. Starfslokasamningur.

Að teknu tilliti til heildarafkomu vátryggingafélags yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar er vátryggingafélagi heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári, eftir því sem reikningsskilareglur heimila, og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

Vátryggingafélagi er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og

vátryggingafélags hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Sérstaklega skal gera grein fyrir starfslokasamningum í skýringum með ársreikningi. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga.

12. Við 55. gr.
    a. Á eftir orðinu „sjóðstreymi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: skýringar.
    b. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu vátryggingafélags og skal saminn í samræmi við settar alþjóðlegar reikningsskilareglur, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.
    c. Orðin „og settar reikningsskilareglur“ í 1. málsl. 4. mgr. falli brott.
    d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ársreikningar.*
13. Við 56. gr.
    a. Á eftir orðinu „endurskoðendur“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: eða endurskoðunarfélag.
    b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skv. 2. málsl. skal ekki gegna öðrum störfum fyrir vátryggingafélagið.
    c. 4. mgr. orðist svo:

       Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur vátryggingafélag vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.
14. Við 59. gr. Á eftir orðunum „skal það“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.
15. Við 62. gr.
    a. Í stað orðanna „í gögnum til Fjármálaeftirlitsins með ársreikningi“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: í gögnum sem fylgja ársreikningi til Fjármálaeftirlitsins.
    b. 5. mgr. orðist svo:

       Hafi vátryggingafélag heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt og semja ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli skal það senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fjárhagsleg atriði, sbr. 59. gr., umreiknaðar í íslenskar krónur.
16. Við 65. gr. Greinin falli brott.
17. Við 66. gr. Í stað orðanna „liði 2. mgr. að 5. tölul. undanskildum“ í 5. mgr. komi: 1.–4. tölul. og 6. tölul. 2. mgr.
18. Við 80. gr. Á eftir orðinu „greinaflokka“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: vátrygginga.
19. Við 93. gr.
    a. Á undan orðinu „upplýsingar“ í fyrri málslið 7. mgr. komi orðin: veita opinberlega.
    b. Í stað orðanna „Stjórnartíðindum ESB“ í síðari málslið 7. mgr. komi: Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
20. Við 97. gr.
    a. Í stað orðanna „að ekki sé farið að fyrirmælum“ í 4. tölul. 1. mgr. komi: fyrirmæli.
    b. Orðið „ekki“ í 13. tölul. 1. mgr. falli brott.

c. Orðin „neita að“ í 18. tölul. 1. mgr. falli brott.
d. Í stað „57. gr.“ í 28. tölul. 1. mgr. komi: 58. gr.
e. Í stað „58. gr.“ í 29. tölul. 1. mgr. komi: 59. gr.
f. Í stað „1. mgr. 59. gr.“ í 30. tölul. 1. mgr. komi: 1. mgr. 60. gr.
g. Í stað „60. gr.” í 31. tölul. 1. mgr. komi: 61. gr.
h. Í stað „4. mgr. 62. gr.“ í 32. tölul. 1. mgr. komi: 4. mgr. 63. gr.
i. Í stað „1.–3. mgr. 64. gr.“ í 33. tölul. 1. mgr. komi: 1.–3. mgr. 65. gr.

21. Við 98. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Sátt.*
22. Við 101. gr.
a. Í stað orðanna „að neita að“ í 10. tölul. 1. mgr. komi: skyldu til að.
b. Í stað „1.–3. mgr. 55. gr.“ í 13. tölul. 1. mgr. komi: 1.–3. mgr. 56. gr.
c. Í stað „2. mgr. 56. gr.“ í 14. tölul. 1. mgr. komi: 2. mgr. 57. gr.
d. Í stað „57. gr.“ í 15. tölul. 1. mgr. komi: 58. gr.
e. Í stað „„60. gr.“ í 16. tölul. 1. mgr. komi: 61. gr.

23. Við 103. gr. Í stað orðanna „opinberri rannsókn“ í 1. mgr. komi: rannsókn sakamáls.
24. Við ákvæði til bráðabirgða.
a. Í stað orðanna „þessa grein“ í 1. mgr. komi: 35. gr.
b. Í stað „31. desember 2009“ í 3. mgr. komi: 31. desember 2010.
c. Í stað „30. júní 2010“ í 4. mgr. komi: 31. desember 2010.

25. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 56. gr. laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem veitt hefur vátryggingafélagi þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laga þessara heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi heimilt að veita vátryggingafélagi þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.

1055. Svar [501. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um unnin ársverk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mörg ársverk voru unnin í landinu árin 2008, 2009 og það sem af er ársins 2010? Óskað er eftir sundurliðun eftir mánuðum og atvinnugreinum í samræmi við atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Hagstofa Íslands mælir ársverk út frá fjölda starfandi og birtir tölur ársfjórðungslega en ekki mánaðarlega. Starfandi teljast þeir sem unnu eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða voru fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Fólk í fæðingarorlofi telst vera fjarverandi frá vinnu hafi það farið í leyfi úr launuðu starfi jafnvel þótt það hafi ekki hug á að hverfa aftur til sama starfs. Upplýsingar um sundurliðun eftir ársfjórðungi og atvinnugreinum koma fram í töflunni:

	2008				2009				2010
Atvinnugreinar 16–74 ára	**1.**	**2.**	**3.**	**4.**	**1.**	**2.**	**3.**	**4.**	**1.**
Landbúnaður og fiskveiðar	*8.100*	*9.300*	*9.500*	*7.500*	*7.000*	*9.100*	*9.200*	*9.400*	*8.900*
Landbúnaður	3.800	4.600	5.300	4.000	3.200	4.700	4.400	4.900	4.100
Fiskveiðar	4.400	4.700	4.200	3.500	3.900	4.500	4.700	4.500	4.700
Framleiðslustarfsemi	*36.900*	*41.900*	*42.500*	*37.100*	*32.300*	*33.800*	*34.600*	*31.900*	*28.900*
Fiskiðnaður	2.900	3.300	2.800	3.000	4.000	3.800	2.800	3.300	3.300
Annar iðnaður	16.100	18.100	17.700	16.600	15.200	16.200	18.100	16.200	14.100
Veitustarfsemi	1.500	1.600	2.000	1.900	1.700	1.700	1.400	1.500	1.100
Mannvirkjagerð	16.500	18.800	20.000	15.600	11.400	12.100	12.400	11.000	10.500
Þjónustustarfsemi	*128.900*	*130.300*	*131.800*	*130.400*	*126.100*	*124.500*	*127.800*	*125.200*	*126.100*
Verslun og viðgerðir	23.900	23.600	21.700	23.500	23.200	20.500	20.700	20.200	20.300
Hótel og veitingahús	6.000	6.500	6.900	6.000	6.700	8.000	8.000	7.900	8.000
Samgöngur og fjarskipti	11.000	11.400	11.900	11.700	12.000	10.900	12.800	12.200	11.100
Fjármálaþjónusta	9.500	9.700	9.000	7.900	8.000	8.300	7.800	7.600	7.600
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	17.200	16.200	17.500	16.200	16.000	16.900	16.100	16.800	15.800
Opinber stjórnsýsla	9.100	9.400	9.500	10.300	9.700	9.600	8.400	8.900	9.400
Fræðslustarfsemi	20.900	21.100	21.500	22.300	21.300	20.700	19.600	19.500	22.500
Heilbrigðisþjónusta	26.700	27.800	28.400	28.300	25.200	25.200	29.400	27.700	26.900
Önnur þjónusta/ menningarstarfsemi	4.700	4.700	5.400	4.300	4.000	4.500	5.000	4.500	4.500
Alls starfandi	**173.900**	**181.500**	**183.800**	**175.000**	**165.400**	**167.400**	**171.600**	**166.500**	**163.900**

*Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna námundunar.

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

1056. Svar [127. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um styrki til framkvæmda í fráveitumálum.

1. *Hvaða sveitarfélög hafa fengið styrki til framkvæmda í fráveitumálum, sbr. lög nr. 53/1995, og hversu háir hafa þeir verið reiknað á núgildandi verðlagi? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hverjar hafa verið árlegar heildargreiðslur vegna þessara styrkja, reiknað á núgildandi verðlagi?*

Á eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fráveitustyrki vegna framkvæmda frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008, uppreiknað á verðlagi 2010. Fráveitustyrkir hafa samkvæmt ákvæði laganna verið greiddir út eftir á þegar upplýsingum um staðfestan raunkostnað og öðrum fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til fráveitunefndar.

Yfirlit yfir fráveitustyrki vegna framkvæmda frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008 uppreiknað á verðlagi ársins 2010.

Styrkir vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaganna eru greiddir árinu á eftir.

Miðað við neysluvöruvísitölu 357,9

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Aðaldælahreppur	464.692	777.897	328.845	832.303											2.403.737
Akraneskaupstaður	15.034.303	1.249.637													16.283.940
Akureyrarkaupstaður	7.451.800	23.526.043			10.248.780	34.588.276	17.910.399	13.429.952	16.772.983	12.701.290	16.953.341	16.967.820	17.097.284	12.440.298	200.088.266
Árborg	3.781.898	9.875.234	40.451.455	46.990.308	65.755.790	49.422.948	21.156.980	7.883.705	4.866.919						250.185.235
Árneshreppur									930.425						930.425
Ásahreppur				129.946	2.316.617				169.357	152.601					2.768.520
Bárðdælahreppur														290.904	290.904
Bessastaðarhreppur						6.346.910	5.281.011	4.022.159				10.678.961	5.379.575		31.708.617
Biskupstungnahreppur										184.177					184.177
Bláskógabyggð								287.712							287.712
Blöndósbær						756.573	8.685.765	8.114.843	23.686.779	8.434.583	3.054.398	2.680.413	1.861.080		57.274.435
Borgarbyggð	23.158.797	1.182.676					217.700	442.810	2.347.979	8.223.142			1.669.073		37.242.177
Borgarfjarðarhreppur	102.384	237.651		454.547	671.544			1.013.480	777.801						3.257.407
Broddaneshreppur										842.548					842.548
Bæjarhreppur	222.057	122.642	60.997	102.388	1.180.187										1.688.271
Dalvíkurbyggð	2.922.312														2.922.312
Djúpavogshreppur	50.000	161.250													211.250
Eskifjarðarkaupstaður														3.110.945	3.110.945
Eyja- og															
Miklaholtshreppur													1.322.715		1.322.715
Fáskrúðsfjarðarhreppur						2.275.112	224.938								2.500.051
Fellahreppur							2.082.860	677.309	716.083	526.582					4.002.834
Fljótsdalshreppur				6.227.458	698.286	459.769		990.191	263.616	477.711					9.117.031
Garðabær									5.310.509	29.877.257	17.736.219	797.587			53.721.572
Gaulverjabæjarhreppur				159.782	279.302										439.084
Grímsnes- og															
Grafningshreppur	4.301.798	10.589.776		484.654		121.948				2.303.214					17.801.390
Grýtubakkahreppur		37.070	43.795	113.531	207.190	129.855	1.852.127						1.505.001		3.888.568
Hafnarfjarðarkaupstaður	49.768.863	132.456.289	123.666.140	109.537.743					2.048.991	3.563.587	4.385.802	28.728.157	9.984.287	3.648.069	467.787.928
Helgafellssveit													662.131		662.131
Hofshreppur													1.079.928		1.079.928
Hornafjörður		966.061	2.469.528	5.749.068	2.498.161										11.682.818
Hraungerðishreppur													707.886		707.886
Hríseyjarhreppur								209.851							209.851
Hrunamannahreppur	2.628.604							466.872	5.260.233						8.355.709
Húnaþing vestra	339.826											148.266			488.092
Húnavatnshreppur	3.524.365														3.524.365
Húsavíkurbær					5.564.305										5.564.305
Hvalfjarðarstrandahreppur						144.528	72.072								216.600
Hveragerðisbær	2.540.412	7.677.462	7.855.788			25.880.428	46.270.730	19.283.440	12.823.442	4.643.124	16.204.720				143.179.546
Hörgárbyggð	501.677							2.176.743							2.678.420
Ísafjarðarbær	1.306.500														1.306.500
Kaldrananeshreppur									1.006.049						1.006.049
Keldunesshreppur	142.070	546.320		677.211											1.365.601
Kirkjubólshreppur									782.671	217.793					1.000.464
Kjalarneshreppur														1.160.272	1.160.272

Miðað við neysluvöruvísitölu 357,9

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Kolbeinsstaðarhreppur														1.414.555	1.414.555
Kópavogsbær	20.644.663	27.343.485	10.542.444	24.023.533	12.921.997	15.034.008				39.169.610	19.412.627	8.488.673	4.313.914	694.451	182.589.405
Vestur-Landeyjahreppur													910.310		910.310
Norður-Hérað								1.846.620	1.453.799	1.278.267		193.284			4.771.972
Austur-Hérað							829.125		1.407.743		958.040	1.592.143	472.648		5.259.699
Mjóafjarðarhreppur						2.258.226									2.258.226
Mosfellsbær	4.837.279	12.681.298	8.838.282		17.670.996	6.706.500	7.415.330	3.771.952							61.921.636
Mýrdalshreppur						1.069.798									1.069.798
Neskaupstaður														270.131	270.131
Rangárvallahreppur									2.473.744	183.057	1.438.944	1.569.700	2.741.571		8.407.017
Rangárþing eystra				3.089.364	7.894.603	5.746.274									16.730.241
Rangárþing ytra			1.701.165	2.030.716	1.525.053	2.482.232	34.313.200								42.052.366
Reykhólahreppur								1.012.852							1.012.852
Reykjanesbær						687.383	18.028.059	28.775.712	13.153.915	17.597.781					78.242.850
Reykjavíkurborg	7.500.310	15.499.413	13.231.142	103.624.428	136.517.571	183.699.407	249.266.876	319.877.367	92.688.551	50.243.937	111.504.750	243.699.898	96.121.069	119.120.403	1.742.595.122
Sandgerðisbær											4.704.244				4.704.244
Seltjarnarneskaupstaður						21.762	690.559						1.558.206	1.413.199	3.683.726
Seyðisfjarðarkaupstaður	1.105.977	2.671.642	6.204.805	7.908.058	9.821.993										27.712.474
Siglufjarðarkaupstaður						7.924.790									7.924.790
Skagabyggð	223.072	317.804	97.549	13.379	171.156	986.623		26.863							1.836.447
Skriðudalshreppur													1.330.439		1.330.439
Staðarhólshreppur												407.007			407.007
Sveinsstaðarhreppur											1.216.168				1.216.168
Skekkjastaðarhreppur													786.453		786.453
Skriðuhreppur										59.364	1.826.647				1.886.011
Svalbarðstrandarhreppur										499.912	587.600	728.942			1.816.453
Ytri-Torfustaðarhreppur													64.427	462.583	527.010
Tunguhreppur												579.849	149.544		729.393
Vestmannaeyjabær	4.479.123	6.496.592	4.913.596	8.662.939	8.765.315	20.299.256	4.201.833		3.572.774						61.391.427
Vopnafjarðarhreppur					1.564.593	7.781.317	5.965.054								15.310.964
Þingeyrjarsveit	1.199.322	810.335	570.796	1.484.676	1.148.894		224.971								5.438.994
Þorkelshólshreppur												37.789	53.371	457.695	548.855
Þórshafnarhreppur					1.421.860										1.421.860
Þverárhlíðarhreppur														262.299	262.299
Öxnadalshreppur										498.156					498.156
Ölfushreppur					15.149.947									1.298.663	16.448.610
Samtals	**158.232.104**	**255.226.577**	**220.976.325**	**322.296.032**	**303.994.139**	**374.823.924**	**424.689.589**	**414.310.433**	**192.514.363**	**181.677.692**	**199.983.500**	**317.298.492**	**149.770.912**	**146.044.466**	**3.661.838.548**

3. *Hversu stórum hluta af heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda nemur þessi upphæð í hverju tilviki fyrir sig?*

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur sem unnar voru frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008 gat, samkvæmt lögunum, numið allt að 200 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Þá heimiluðu lögin að ráðstafa mætti allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Kostnaður sveitarfélaga vegna úrbóta í fráveitumálum er mjög breytilegur. Framkvæmdir á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 1996 voru styrkt um sem samsvarar 20% af staðfestum raunkostnaði. Vegna framkvæmda á árunum 1997 til og með 2005 var svigrúm til að beita jöfnunarákvæði laganna og var það til komið vegna mikilla framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem heildarfráveituframkvæmdir einkenndust af framkvæmdum stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og var fyrirsjáanlegt að þegar þessi sveitarfélög kæmu að því að ljúka framkvæmdum sínum mundi meðaltalskostnaður sveitarfélaga hækka og svigrúm til jöfnunar minnka. Heimild um beitingu jöfnunarákvæðis var notuð vegna framkvæmda í þéttbýli og var þá hámarksstyrkur 30% til þeirra sveitarfélaga þar sem hlutfallslegur kostnaður vegna sameiginlegs fráveitukerfis væri hár. Vegna framkvæmda á árinu 2000 var miðað við að hlutfallslegur kostnaður væri yfir 100.000 kr. á íbúa á verðlagi þess árs. Væri kostnaður á bilinu 67.550 til 100.000 kr. breyttist styrkhlutfallið línulega frá 20% til 30%. Þar sem kostnaður var minni en 67.550 kr. á íbúa breyttist styrkhlutfallið línulega frá 15% til 20%. Enda þótt hlutfallslegur kostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda í dreifbýli sé verulega lægri á íbúa en í þéttbýli þá nutu framkvæmdir í dreifbýli ávallt 20% styrks meðan hægt var að beita jöfnunarheimildinni, enda aðstaða sveitahreppa að ýmsu leyti erfiðari, svo sem vegna áætlanagerðar. Vegna framkvæmda árið 2007 fengu sveitarfélög greiddan styrk sem nemur 20% af styrkhæfum fráveituframkvæmdum og vegna framkvæmda ársins 2008 nam þessi upphæð 3,9% af styrkhæfum framkvæmdum.

4. *Liggja fyrir í ráðuneytinu umsóknir frá sveitarfélögum um styrki til fráveituframkvæmda sem eru óafgreiddar eða hefur verið hafnað vegna ónógra fjárveitinga? Ef svo er, um hvaða sveitarfélög er að ræða og hver er áætlaður kostnaður við fráveituframkvæmdir á þeirra vegum?*

Nei, styrkir hafa alltaf verið greiddir, sbr. svar við 3. lið, nema þar sem umsóknir hafa verið ófullnægjandi eða ekki borist á réttum tíma. Á árinu 2008, vegna framkvæmda ársins 2007, reyndist ekki mögulegt að veita hámarksstyrk til sveitarfélaga sem þá óskuðu eftir styrk vegna fráveituframkvæmda heldur var einungis unnt að veita styrk sem nam 3,9% af heildarfjárhæð framkvæmda. Þetta ástand skapaðist vegna þess að í lögum um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir var ekki heimilt að veita nema að hámarki 200 millj. kr. á ári til verkefnisins. Sveitarfélögum var tilkynnt um þetta og jafnframt að þetta væri síðasta styrkhæfa árið lögum samkvæmt.

Heimild sem kom inn í lögin árið 2005 um að ráðstafa mætti allt að 10 millj. kr. á ári til rannsókna á viðtökum fráveitu hefur ekki verið nýtt þar sem réttara þótti að nýta alla fjármuni í styrkhæfar framkvæmdir.

5. *Hefur verið gerð úttekt á því hvar fráveitumál eru enn í óviðunandi ástandi og hver kostnaður er við úrbætur? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.*

Fylgst hefur verið með þróun þessara mála frá því að umhverfisráðuneytið var stofnað.

Nefnd sem starfaði á árunum 1992 og 1993 hafði það hlutverk að gera úttekt á ástandi fráveitumála, móta stefnu í fráveitumálum, kanna ástand fráveitumála og benda á leiðir til úrbóta. Nefndin sendi út spurningalista til allra sveitarfélaga í landinu í því skyni að afla gagna um ástand fráveitumála. Starfsmaður nefnarinnar fylgdi upplýsingaöfluninni eftir með því að fara til flestra þéttbýlisstaða, ræddi við tæknimenn og sveitarstjórnarmenn á viðkomandi stöðum og kannaði ástandið. Niðurstaða úttektarinnar var sú að árið 1993 var ástand þessara mála víða í ólestri og þó var töluverð hreyfing í þá átt að bæta úr.

Tíu árum síðar, eða á árinu 2003, gaf fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, skýrslu um úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi. Þar var miðað við stöðuna eins og hún var á árinu 2001. Veruleg breyting var merkjanlega á ástandi mála frá árinu 1993 og var það mat þess sem vann úttektina að um tæp 70% landsmanna byggju við viðunandi aðstæður í fráveitumálum. Þetta segir þó ekki alla söguna þar sem stærstu fráveituframkvæmdirnar höfðu verið þar sem mannfjöldi er mestur, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Ráðuneytið lét uppfæra þessar upplýsingar og framreikna fjárþörf miðað við áramótin 2003–2004. Í fylgiskjali I er yfirlit yfir áætlaða fyrirliggjandi fjárþörf til að klára úrbætur í janúar 2004, annars vegar heildarkostnað hlutaðeigandi sveitarfélags og hins vegar eftirstandandi framkvæmdakostnað á íbúa hvers sveitarfélags. Sérstaklega skal tekið fram að einungis er um að ræða styrkhæfar framkvæmdir í samræmi við lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Ætla má að nú búi um 80% landsmanna við viðunandi aðstæður í fráveitumálum.

6. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhald verði á styrkveitingum til fráveituframkvæmda eða að heimilaðar verði endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna þessara framkvæmda?*

Þegar lög um stuðning ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum voru samþykkt á Alþingi 1994 var ákveðið að þessi stuðningur væri tímabundinn til 10 ára og hugsaður einvörðungu til að hvetja sveitarfélög til að hraða framkvæmdum í fráveitumálum. Þegar fyrir lá á árunum 2003–2004 að töluvert mundi vanta á að þeim árangri yrði náð lét ráðuneytið vinna úttekt á stöðu mála og var sú greinargerð kynnt fyrir sveitarfélögum og rædd með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum sveitarfélaganna. Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga varð samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna um að framlengja gildistíma laganna um þrjú ár, eða fyrir framkvæmdir á árunum 2006 til og með 2008, með óbreyttu árlegu fjárframlagi. Af þessum ástæðum hefur ráðuneytið ekki séð ástæðu til að gera tillögur um áframhaldandi stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga enda eru þær framkvæmdir, samkvæmt formlegri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, á forræði sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Framreikningur á stöðu fráveitumála – greinargerð.

Meðfylgjandi tafla er uppfærsla á tölulegum niðurstöðum skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytis frá febrúar 2003 Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi – fjárþörf til framkvæmda.

Taflan er framreikningur á viðaukum 9, 10 og 11 í téðri skýslu og sýnir áætlaða fjárþörf og fjárfestingu sveitarfélaga árin 2002 og 2003 í styrkhæfum fráveituframkvæmdum. Áætluð fjárþörf er úr skýrslu frá 2003 eða nýrri heildaráætlunum en upplýsingar um framkvæmdafé byggist á umsóknum sveitarfélaga um styrki til fráveitunefndar. Í töflu er áætluð fjárþörf til sumarhúsa inni í heildartölum styrkhæfra framkvæmda en þessum lið var haldið aðskildum í skýrslu 2003.

Skipting sveitarfélaga í flokka I, II og III er sýnd í töflu til að undirstrika mismunandi áreiðanleika áætlana og framkvæmdatalna eftir flokkum:

- Í flokki I eru sveitarfélög sem hafa heildaráætlun og eru í samskiptum við fráveitunefnd. Kostnaðaráætlanir byggja á heildaráætlunum sem þessi sveitarfélög hafa látið gera.
- Í flokki II eru sveitarfélög sem ekki eru í samskiptum við fráveitunefnd og hafa þéttbýli. Kostnaðaráætlun fyrir þéttbýli byggist á gögnum sem aflað var í heimsóknum skýrsluhöfundar árið 2002 en kostnaðaráætlun fyrir dreifbýli byggist á mati heilbriðisfulltrúa.
- Í flokki III eru sveitarfélög og án þéttbýlis og hafa ekki verið í samskiptum við fráveitunefnd. Þessi sveitarfélög voru ekki heimsótt vegna úttektar og kostnaðaráætlanir byggjast á mati heilbriðisfulltrúa á stöðu fráveitumála.

Rétt er að árétta, að framkvæmdatölur í töflu eru einungis frá sveitarfélögum í flokki I en einhverjar framkvæmdir kunna að hafa verið í öðrum sveitarfélögum. Einnig að áætluð fjárþörf í dreifbýli byggist oft á veikum forsendum, því að í mörgum tilvikum skortir úttektir til að byggja matið á.

Þetta var unnið árið 2004.

Framreiknuð áætlun fyrir styrkhæfar fráveituframkvæmdir á landsvísu.

Sveitarfélög	Heildaráætlun til staðar	Stöðuár, úttekt 2002 eða nýrri heildaráætlun (1)	Framreiknuð áætluð fjárþörf 2002 til verðlags í janúar 2004 eða nýrri áætlun (2)	Styrkhæfar framkvæmdir 2002 á verðlagi janúar 2004	Styrkhæfar framkvæmdir 2003 á verðlagi janúar 2004	Áætluð fyrirliggjandi fjárþörf í janúar 2004	Áætlaðar styrkhæfar framkvæmdir sem % af skattekjum og jöfnunarsjóðsframlagi	Áætlaður eftirstandandi framkvæmdakostnaður á íbúa (þús.kr.)
Sveitarfélög í flokki I								
Reykjavík	Já	2002	1.231,2	811,0	577,2	-157,0	-0,5%	-1,4
Kópavogur	Já	2002	36,7	61,2	25,0	-49,5	-0,8%	-2,0
Seltjarnarnes	Já	2002	119,5	0,8	0,0	118,7	9,3%	26,0
Garðabær	Já	2002	216,0	0,0	0,0	216,0	9,1%	24,4
Hafnarfjörður	Já	2002	308,5	0,0	0,0	308,5	5,7%	145,6
Bessastaðahreppur	Já	2002	162,4	6,1	11,3	145,1	30,8%	77,3
Mosfellsbær	Já	2002	274,9	28,6	18,6	227,7	13,9%	34,6
Reykjanesbær	Já	2002	611,2	5,3	0,0	605,9	23,4%	55,6
Sandgerðisbær	Já	2002	93,1	0,0	0,0	93,1	19,7%	66,9
Borgarbyggð	Já	2002	166,2	0,0	0,0	166,2	22,8%	64,2
Kolbeinsstaðahreppur	Já	2002	1,1	0,0	0,0	1,1	2,9%	10,6
Helgafellssveit	Já	2002	0,3	0,0	0,0	0,3	1,9%	4,9
Eyja- og Miklaholtshrppur	Já	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1%	0,2
Kaldrananeshreppur	Já	2002	-0,5	0,0	0,0	-0,5	-1,2%	-3,6
Blönduósbær	Já	2002	-0,1	3,5	0,0	-3,6	-1,2%	-3,7
Akureyri	Já	2002	762,1	47,6	85,1	629,4	15,8%	39,2
Svalbarðsstrandarhr.	Já	2002	-2,1	0,0	0,0	-2,1	-2,0%	-5,7
Grýtubakkahreppur	Já	2002	3,9	6,2	0,4	-2,7	-2,4%	-6,9
Skeggjastaðahreppur	Já	2002	12,1	0,0	0,0	12,1	29,6%	90,9
Norður-Hérað (3)	Já	2002	9,2	0,0	0,0	9,2	10,0%	28,8
Vestmannaeyjar	Já	2002	287,1	28,0	31,7	227,4	19,5%	52,3
Rangárþing eystra	Já	2002	44,9	0,0	17,6	27,3	5,3%	16,4
Rangárþing ytra	Já	2002	68,3	11,7	4,4	52,1	11,8%	36,3
Hveragerðisbær	Já	2002	46,1	119,8	0,0	-73,7	-14,6%	-39,1
Ný sveitarfélög í flokki I								
Vatnsleysuströnd (4)	Já	2003	82,3	0,0	0,0	82,3	31,4%	88,7
Ölfus (4)	Já	2003	142,8	0,0	0,0	142,8	30,6%	83,7
Mjóifjörður	Já	2002	3,8	0,0	5,1	-1,3	-10,8%	-34,9
Fáskrúðsfjarðarhreppur	Já	2002	9,4	0,8	7,7	1,0	5,6%	17,8
Árborg	Já	2002	534,0	60,1	81,8	392,1	23,4%	62,0
Vopnafjarðarhreppur	Já	2002	122,7	5,7	9,4	107,6	50,3%	145,1
Sveitarfélög í flokki II								
Grindavíkurkaupstaður	Já	2002	678,1	0,0	0,0	678,1	104,4%	280,1
Gerðahreppur	Nei	2002	135,3	0,0	0,0	135,3	40,9%	105,5
Akranes	Já	2002	437,1	0,0	0,0	437,1	31,9%	78,3
Borgarfjarðarsveit	Nei	2002	52,2	0,0	0,0	52,2	23,3%	75,0
Dalabyggð	Nei	2002	63,8	0,0	0,0	63,8	31,1%	98,1
Stykkishólmur	Nei	2002	199,5	0,0	0,0	199,5	61,7%	171,8
Grundarfjörður	Nei	2002	195,0	0,0	0,0	195,0	70,3%	208,3

Snæfellsbær	Nei	2002	165,7	0,0	0,0	165,7	31,9%	95,1	
Bolungavík	Já	2002	192,0	0,0	0,0	192,0	74,2%	203,4	
Ísafjörður	Nei	2002	764,3	0,0	0,0	764,3	66,5%	185,2	
Vesturbyggð	Nei	2002	176,9	0,0	0,0	176,9	51,6%	164,9	
Tálknafjörður	Já	2002	71,9	0,0	0,0	71,9	74,5%	206,1	
Súðavíkurhreppur	Nei	2002	62,9	0,0	0,0	62,9	78,1%	274,8	
Reykhólahreppur	Nei	2002	49,5	0,0	0,0	49,5	51,7%	175,0	
Hólmavík (3)	Nei	2002	105,6	0,6	0,0	105,0	70,6%	212,6	
Húnaþing vestra	Nei	2002	116,0	0,0	0,0	116,0	32,3%	98,7	
Höfðahreppur	Já	2002	66,1	0,0	0,0	66,1	37,1%	113,0	
Skagafjörður	Nei	2002	470,1	0,0	0,0	470,1	40,3%	112,5	
Siglufjörður	Já	2002	162,5	4,1	19,1	139,3	32,7%	96,9	
Dalvíkurbyggð	Nei	2002	229,7	0,0	0,0	229,7	41,3%	113,4	
Hríseyjarhreppur	Nei	2002	26,8	0,0	0,0	26,8	45,3%	149,1	
Ólafsfjörður	Já	2002	102,2	0,0	0,0	102,2	34,3%	102,9	
Húsavík	Nei	2002	187,2	20,1	0,0	167,1	24,7%	68,1	
Skútustaðahreppur	Nei	2002	20,8	0,0	0,0	20,8	14,5%	47,3	
Þórshafnarhreppur (3)	Nei	2002	66,3	0,0	0,0	66,3	51,1%	165,7	
Raufarhafnarhreppur	Nei	2002	118,7	0,0	0,0	118,7	117,2%	467,5	
Öxarfjarðarhreppur	Nei	2002	53,4	0,0	0,0	53,4	46,5%	155,3	
Þingeyjarsveit	Nei	2002	84,5	0,8	0,0	83,8	35,4%	117,0	
Seyðisfjarðarkaupstaður (3)	Nei	2002	161,5	0,0	0,0	161,5	66,9%	217,9	
Fjarðabyggð	Nei	2002	504,8	0,0	0,0	504,8	56,9%	162,3	
Fellahreppur	Nei	2002	29,4	7,0	0,9	21,5	14,2%	45,6	
Austur-Hérað	Já	2002	88,7	2,8	0,0	85,9	14,0%	40,1	
Austurbyggð	Nei	2002	292,8	0,0	0,0	292,8	105,3%	343,2	
Breiðdalshreppur	Nei	2002	42,9	0,0	0,0	42,9	50,6%	166,4	
Djúpavogshreppur	Nei	2002	155,9	0,0	0,0	155,9	105,7%	316,1	
Hornafjörður	Nei	2002	263,1	0,0	0,0	263,1	37,9%	114,2	
Grímsnes- og Grafningshreppur	Nei	2002	157,5	0,3	0,1	157,1	103,1%	456,6	
Bláskógabyggð (6)	Nei	2002	162,0	3,6	0,0	158,4	49,5%	175,0	
Hrunamannahreppur	Nei	2002	47,6	0,0	0,0	47,6	20,4%	65,1	
Mýrdalshreppur	Nei	2002	11,8	0,0	0,0	11,8	7,7%	24,0	
Skaftárhreppur	Nei	2002	27,9	0,0	0,0	27,9	16,8%	53,3	
Sveitarfélög í flokki III									
Kjósarhreppur (6)	Nei	2002	92,1	0,0	0,0	92,1	188,6%	648,4	
Hvalfjarðarstrandarhreppur	Nei	2002	24,0	0,2	0,5	23,3	30,1%	151,0	
Skilmannahreppur	Nei	2002	0,9	0,0	0,0	0,9	1,4%	6,0	
Innri-Akraneshreppur (5)	Nei	2002	0,5	0,0	0,0	0,5	1,6%	4,3	
Leirár- og Melahreppur	Nei	2002	6,3	0,0	0,0	6,3	#VALUE!	47,7	(7)
Skorradalshreppur (5)	Nei	2002	26,1	0,0	0,0	26,1	131,6%	474,4	
Hvítársíðuhreppur	Nei	2002	2,6	0,0	0,0	2,6	8,4%	30,4	
Saurbæjarhreppur	Nei	2002	8,4	0,0	0,0	8,4	#VALUE!	95,8	(7)
								0,0	
Árneshreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0	
Broddaneshreppur (8)	Nei	2002	0,5	0,0	0,0	0,5	2,4%	8,8	
Bæjarhreppur (3)	Nei	2002	8,9	0,0	0,0	8,9	46,1%	88,2	

Áshreppur	Nei	2002	9,4	0,0	0,0	9,4	32,3%	125,7	
Sveinsstaðahreppur	Nei	2002	1,6	0,0	0,0	1,6	6,2%	17,4	
Torfalækjarhreppur	Nei	2002	6,0	0,0	0,0	6,0	23,4%	64,6	
Svínavatnshreppur	Nei	2002	12,2	0,0	0,0	12,2	18,7%	102,7	
Bólstaðarhlíðarhreppur	Nei	2002	11,2	0,0	0,0	11,2	27,3%	99,2	
Skagabyggð	Nei	2002	11,6	0,0	3,3	8,2	29,8%	84,9	
Akrahreppur	Nei	2002	16,3	0,0	0,0	16,3	27,4%	71,2	
Grímseyjarhreppur	Nei	2002	4,6	0,0	0,0	4,6	#VALUE!	49,9	(7)
Arnarneshreppur	Nei	2002	9,2	0,0	0,0	9,2	16,7%	48,8	
Eyjafjarðarsveit	Nei	2002	54,1	0,0	0,0	54,1	19,1%	56,4	
Hörgárbyggð	Nei	2002	3,8	0,0	0,0	3,8	#VALUE!	10,4	(7)
Aðaldælahreppur	Nei	2002	32,7	0,0	0,0	32,7	39,5%	116,8	
Tjörneshreppur	Nei	2002	5,3	0,0	0,0	5,3	24,1%	80,5	
Kelduneshreppur	Nei	2002	8,8	0,0	0,0	8,8	29,6%	85,5	
Svalbarðshreppur	Nei	2002	7,3	0,0	0,0	7,3	19,5%	57,8	
Fljótsdalshreppur	Nei	2002	4,2	0,0	0,0	4,2	13,1%	45,4	
Ásahreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0	
Gaulverjabæjarhreppur	Nei	2002	11,4	0,0	0,0	11,4	28,6%	84,6	
Hraungerðishreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0	
Villingaholtshreppur	Nei	2002	16,8	0,0	0,0	16,8	34,3%	93,3	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Nei	2002	22,7	0,0	0,0	22,7	11,6%	42,9	
		Samtals:	12.766,7	1.235,7	899,2	10.631,8			

Athugasemdir:

1 Stöðuár er 2002 í skýrslu frá 2003

2 Áætluð fjárþörf til sumarhúsa í flokkum II og III er inni í byrjunarstöðu.

3 Framkvæmdatölum 2003 sleppt því staðfestingargögn vantar.

4 Hreinsistöð bætt við heildaráætlun VSÓ eins og gert var í skýrslu 2003.

5 Byrjunarstaða leiðrétt vegna athugasemdar frá Helga Helgasyni heilbrigðisfulltrúa á Vesturlandi.

6 Sumarhús hafa afgerandi áhrif í nokkrum sveitarfélögum.

7 Tekjur vantar fyrir nokkur sveitarfélag í töflu frá Sambandi ísl.sveitarfélaga.

8 Broddaneshreppur féll niður í skýrslu 2003.

1057. Svar

[493. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um markaðar tekjur og ríkistekjur.

1. *Hvernig eru markaðar tekjur ríkisins skilgreindar frá öðrum tekjum ríkisins og hvert er hlutfall þeirra í heildarskatttekjum ríkisins?*

Markaðar tekjur eru skatttekjur ríkisins sem eiga að renna til ákveðinna verkefna eða stofnana samkvæmt sérstökum lögum. Þær greinast frá öðrum tekjum ríkisins að því leyti að ráðstöfun þeirra er mörkuð tilteknum málaflokki eða viðfangsefni. Samkvæmt skilgreiningu eru skatttekjur lögboðin gjöld sem ríkið krefur einstaklinga eða lögaðila um án þess að á móti komi bein framlög eða þjónusta sem svarar beinlínis til gjaldanna. Markaðar tekjur eru því skatttekjur þar sem ekki er veitt þjónusta á móti þó svo að tekjunum sé ráðstafað til tiltekinna aðila í samræmi við það sem Alþingi ákveður hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga.

Hlutfall markaðra tekna af heildarskatttekjum ríkisins er breytilegt frá einu ári til annars. Samkvæmt ríkisreikningi 2008 voru markaðar tekjur 18,9% af heildarskatttekjum og 15,5% af heildartekjum ríkisins. Árið 2007 námu þær 18,3% af heildarskatttekjum og 15,5% af heildartekjum ríkisins.

2. *Hverjar eru markaðar tekjur ríkisins og á grundvelli hvaða tilgreindu lagaákvæða eru þær innheimtar og ráðstafað?*

Markaðar tekjur ríkisins eru fjölmargir tekjustofnar og eru þær að öllu jöfnu lagðar á hverju sinni á grundvelli ákvæða í sérstökum lögum. Ráðstöfun þeirra tekna sem er aflað er ákveðin í fjárlögum/fjáraukalögum hverju sinni. Við frágang lokafjárlaga hverju sinni er síðan tekin endanleg ákvörðun um ráðstöfun teknanna í hverju tilviki.

Birt er tæmandi yfirlit í ríkisreikningi hverju sinni, sjá séryfirlit 9 á bls. 141–144 í ríkisreikningi 2008, en þar kemur fram sundurliðuð staða, álagning, innheimta og afskriftir markaðra tekna eftir rétthöfum. Jafnframt sýnir séryfirlit 4, bls. 111–117 í ríkisreikningi 2008, yfirlit yfir tekjur einstakra fjárlagaliða samanborið við áætlun fjárlaga og fjáraukalaga ársins. Þar fæst góður samanburður á milli áætlunar og útkomu hjá stofnunum þar sem greint er á milli sértekna, markaðra tekna og annarra tekna.

Ákvæði um mörkun ríkistekna eru í fjölmörgum lögum og það yrði tímafrekara og umfangsmeira verkefni að tína saman allar þær lagatilvísanir en alla jafna er gert ráð fyrir þegar fyrirspurnum er svarað. Fjármálaráðuneytið telur þó fullt tilefni vera til að yfirfara og skoða mörkun ríkistekna almennt og lagagrundvöll þeirra og er reiðubúið að vinna að því með fjárlaganefnd ef óskað verður eftir því.

3. *Eru markaðar tekjur tæmandi taldar á séryfirliti nr. 3 í fjárlögum þessa árs?*

Séryfirlit 3 í fjárlögum er tæmandi yfirlit yfir markaðar tekjur eins og þær eru áætlaðar í fjárlögum hvers árs. Að öðru leyti er vísað í svar við 2. tölul.

4. *Telur ráðherra það vera samrýmanlegt 40. gr. stjórnarskrárinnar að marka skatttekjur ríkisins í almennum lögum?*

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja, breyta né taka af nema með lögum. Þá má ekki taka lán, er skuldbinda ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Í greininni

felast engar takmarkanir á því með hvaða hætti skatttekjum er ráðstafað. Því telur ráðherra það ekki ósamrýmanlegt 40. gr. stjórnarskrárinnar að marka skatttekjur ríkisins í almennum lögum.

Í tengslum við fjárlagagerðina hefur ráðuneytið haft þá stefnu í seinni tíð að auka ekki vægi markaðra tekna í fjármögnun verkefna á útgjaldahliðinni, draga helst úr þeim, og hefur jafnvel verið til skoðunar að hverfa nánast með öllu frá því. Markmið með því væri að tryggja betur fjárstjórnarvald Alþingis, styrkja fjármálastjórn ríkisins og stemma stigu við sjálfvirkni útgjalda.

1058. Svar [503. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru starfssvið Ríkisútvarpsins og hverjir stjórna þeim?*
2. *Hvaða innlendir þættir eru á dagskrá Ríkisútvarpsins? Hverjir annast dagskrárgerð þeirra eða hafa umsjón með þeim? Svör óskast greind eftir starfssviðum Ríkisútvarpsins.*
3. *Eru til stefnumótandi rammar um inntak þáttanna eða lýsing á hlutverki þeirra og ef svo er, hver tekur ákvarðanir þar að lútandi? Óskað er eftir að lýsingarnar fylgi ef þær eru til.*

Óskað var eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu ohf. um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að.

Í stjórn RÚV eru Svanhildur Kaaber, formaður, Margrét Frímannsdóttir, varaformaður, Kristín Edwald, Ari Skúlason og Magnús Stefánsson.

Í varastjórn eru Hlynur Hallsson, Sigríður Ása Richardsdóttir, Signý Ormarsdóttir, Helgi Pétursson og Þórey Anna Matthíasdóttir.

Hér má sjá skipurit félagsins eins og það hefur verið undanfarin missiri og hverjir hafa stýrt hverju starfssviði fyrir sig.



Kveðið er á um hlutverk Ríkisútvarpsins og dagskrárstefnu í lögum nr. 6/2007. Heildarramminn og megináherslur í dagskrármálum eru síðan mótaðar enn frekar í samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins sem undirritaður var 23. mars 2007.

Að þessum heildarramma slepptum er nánari útfærsla í höndum RÚV sem setur sér dagskrárstefnu er tekur til allra sviða miðlunar. Í þeirri stefnu koma fram áherslur stofnunarinnar í efni dagskrár og þjónustu við notendur. Auk útvarpsstjóra kemur framkvæmdastjórn að verkinu en verkið er síðan unnið af viðeigandi dagskrárstjóra og dagskrárráði en eitt dagskrárráð er starfandi fyrir hljóðvarp og annað fyrir Sjónvarpið. Þannig er t.d. dagskrá Sjónvarpsins ákveðin í samvinnu útvarpsstjóra, framkvæmdastjórnar, dagskrárstjóra og dagskrárráðs Sjónvarpsins. Fundir eru haldnir vikulega hjá dagskrárráði Sjónvarps. Sama fyrirkomulag gildir fyrir hljóðvarpið. Við þetta verk er m.a. stuðst við nákvæmar áhorfs- og hlustunarmælingar og víðtækar viðhorfskannanir.

Þegar dagskrárrammi hvers miðils liggur fyrir er hann útfærður enn frekar af viðeigandi dagskrárstjórum í nánu samstarfi við umsjónarmenn þáttanna. Endanleg útfærsla er síðan í höndum umsjónarmanna einstakra þátta.

Dæmi um þætti á Rás 1.

Samfélagið í nærmynd. Í þættinum eru þjóðmálin skoðuð frá ýmsum hliðum. M.a. er fjallað um heilbrigðismál, félagsmál og atvinnumál og ýmsum skemmtilegum fróðleiksmolum skotið inn á milli atriða. Til þess að auka fjölbreytnina og fróðleikinn leggja dagskrárgerðarmenn af landsbyggðinni þættinum lið, auk þess sem fréttaritarar í Evrópu greina frá áhugaverðum samfélagsmálum erlendis. Umsjón: Leifur Hauksson og Hrafnhildur Halldórsdóttir.

Víðsjá. Í þættinum er fjallað um menningu á breiðum grundvelli, innan lands og utan. Fylgst er með viðburðum á listasviðinu – leikhúsi, bókmenntum, tónlist og myndlist – auk þess sem fjallað er um hugmyndastrauma og margt fleira sem lýtur að menningarástandi samtímans. Öflugir gagnrýnendur og pistlahöfundar kveða sér hljóðs. Á föstudögum er þátturinn styttri og þá er boðið upp á umræður og þematengda þætti. Dagskrárgerð: Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Guðni Tómasson, Haukur Ingvarsson og Sigríður Stephensen.

Spegillinn. Fréttatengdur þáttur sem er á dagskrá á samtengdum rásum að loknum kvöldfréttum alla virka daga. Spegillinn er gagnrýninn fréttaskýringaþáttur þar sem fundnir eru aðrir fletir á málum en fjallað er um annars staðar; einnig eru skoðuð mál sem aðrir fjalla ekki um. Dagskrárgerð: Friðrik Páll Jónsson, Anna Kristín Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Jón Guðni Kristjánsson og Sigrún Davíðsdóttir.

Dæmi um þætti á Rás 2.

Morgunútvarpið. Frétta- og dægurmálaþáttur á vegum fréttastofu Ríkisútvarpsins. Þar er fjallað á mannamáli um það sem helst brennur á fólki hverju sinni og fréttir heima og erlendis krufnar til mergjar. Rætt við áhugavert fólk og venjulegir Íslendingar segja óvenjulegar sögur. Þátturinn er í umsjón Margrétar Marteinsdóttur, Sveins H. Guðmarssonar og Freys Eyjólfssonar.

Vinsældalisti Rásar 2. Er á laugardögum klukkan 15. Vinsældalistinn samanstendur af 30 vinsælustu lögum rásarinnar. Sighvatur Jónsson, eða Hvati, er umsjónarmaður Vinsældalista

Rásar 2 en hann fer yfir vinsælustu lögin, sem hlustendur geta valið á heimasíðu þáttarins www.ruv.is/topp30, skoðar vinsældalista í öðrum löndum og rifjar upp vinsæl lög fyrri ára.

Síðdegisútvarpið. Fréttatengdur þáttur á vegum fréttastofu. Umsjónarmenn eru Hallgrímur Thorsteinsson, Linda Blöndal og Erla Ragnarsdóttir.

Hið opinbera. Þáttur þar sem áhersla er lögð á nýja íslenska tónlist, auk þess sem þar heyrast reglulega innlendar jafnt sem erlendar tónleikaupptökur. Umsjón: Ágúst Bogason.

Framangreind dæmi eru aðeins brot af dagskrá hljóðvarps en hún samanstendur af mjög mörgum stökum þáttum og föstum dagskrárliðum, samtals skipta þeir hundruðum. Allir þættir Rásar 1 og 2 eru unnir af dagskrárdeild utan fréttir, hádegisútvarpið og Spegillinn sem er á samtengdum rásum og Morgunútvarpið og Síðdegisútvarpið sem er á Rás 2.

Dæmi um þætti í Sjónvarpinu.

Kastljós. Fréttaumfjöllunar- og dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem hæst ber á líðandi stundu: Menningu, listir, stjórnmál og allt sem nöfnum tjáir að nefna í dagsins önn. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson, Þóra Arnórsdóttir, Helgi Seljan, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Brynja Þorgeirsdóttir.

Silfur Egils. Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar um pólitík, dægurmál og það sem efst er á baugi. Þar koma saman stjórnmálamenn, stjórnmálaskýrendur, fjölmiðlamenn og fleiri sem eitthvað hafa til málanna að leggja og ræða um landsins gagn og nauðsynjar. Útsendingu stjórnar Ragnheiður Thorsteinsson.

Skólahreysti. Þáttaröð um keppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut. Kynnar eru Ásgeir Erlendsson og Felix Bergsson.

Stundin okkar. Þáttur með fjölbreyttu og skemmtilegu efni fyrir yngstu börnin. Umsjónarmaður er Björgvin Franz Gíslason og Eggert Gunnarsson sér um dagskrárgerð.

Kiljan. Í þættinum, sem er í umsjón Egils Helgasonar, er fjallað um bækur og menningu úr ýmsum áttum og af öllum toga. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins og Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð.

Innlendir þættir á dagskrá Ríkisútvarpsins flokkaðir eftir starfssviðum á tímabilinu 1. – 30. nóvember 2009.

Þættir á vegum dagskrársviðs útvarps	
Rás 1	**Dagskrárgerð/umsjónarmenn**
Andrarímur	Guðmundur Andri Thorsson
Á réttri hillu	Guðrún Gunnarsdóttir
Á tónsviðinu	Una Margrét Jónsdóttir
Bak við stjörnurnar	Arndís Björk Ásgeirsdóttir
Breiðstræti	Ólöf Sigursveinsdóttir
Endurómur úr Evrópu	Lana Kolbrún Eddudóttir
Fimm fjórðu	Lana Kolbrún Eddudóttir
Flakk	Lísa Pálsdóttir
Fólk og fræði	Háskólanemar
Gatan mín	Jökull Jakobsson
Guðsþjónustur	Frá ýmsum kirkjum

Heimur hugmyndanna	Ævar Kjartansson og Páll Skúlason
Hringsól	Magnús R. Einarsson
Hvað er að heyra?	Arndís Björk Ásgeirsdóttir
Í heyranda hljóði	Ævar Kjartansson
Kátir voru karlar	Þórdís Gísladóttir og Þorgerður E. Sigurðardóttir
Krossgötur	Hjálmar Sveinsson
Kvika	Sigríður Pétursdóttir
Kvöldgestir	Jónas Jónasson
Leynifélagið	Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir
Litla flugan	Lana Kolbrún Eddudóttir
Lostafulli listræninginn	Jórunn Sigurðardóttir
Morgunleikfimi	Halldóra Björnsdóttir
Morgunstund KK	KK
Næturtónar	Diljá Sigursveinsdóttir, Nathalía Halldórsdóttir og Örlygur Benediktsson
Okkar á milli	Pétur Halldórsson, Steinunn Harðardóttir, Lísa Pálsdóttir
Orð kvöldsins	Rannveig Sigurbjörnsdóttir
Orð skulu standa	Karl Th. Birgisson
Óskastundin	Gerður G. Bjarklind
Raddir barna	Berglind Häsler
Sagnaslóð	Jón Ormar Ormsson
Samfélagið í nærmynd	Hrafnhildur Halldórsdóttir og Leifur Hauksson
Seiður og hélog	Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Jórunn Sigurðardóttir
Stefnumót	Svanhildur Jakobsdóttir
Straumar	Ásmundur Jónsson
Sumar raddir	Jónas Jónasson
Söngvamál	Una Margrét Jónsdóttir
Söngvarar blárrar sveiflu	Vernharður Linnet
Til allra átta	Sigríður Stephensen
Tónleikur	Ingibjörg Eyþórsdóttir
Tríó	Magnús R. Einarsson
Úr gullkistunni	Gunnar Stefánsson
Úr tónlistarlífinu	Ingibjörg Eyþórsdóttir
Út um græna grundu	Steinunn Harðardóttir
Útvarpsleikhúsið	Nokkur verk flutt
Útvarpssagan	Gunnar Stefánsson
Víðsjá	Elísabet I. Ragnarsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Guðni Tómasson, Haukur Ingvarsson og Sigríður Stephensen
Vítt og breitt	Hanna G. Sigurðardóttir, Pétur Halldórsson
Rás 2	**Dagskrárgerð/umsjónarmenn**
A til J	Atli Þór Albertsson og Jóhann G. Jóhannsson
Auglit	Guðni Már Henningsson
Bergsson & Blöndal	Felix Bergsson og Margrét Blöndal

Dordingull	Sigvaldi Ástríðarson
Eigi skal slökkva	Snorri Sturluson
Færibandið	Bubbi Morthens
Guðni Már	Guðni Már Henningsson
H&M	Heiða Ólafsdóttir og Margrét Erla Maack
Haförninn	Dóri DNA
Hið opinbera	Ágúst Bogason
Litla hafmeyjan	Þórður H. Þórðarson og Andri Freyr Viðarsson
Luftgítar	Matthías Már Magnússon
Milli frétta	Heiða Ólafsdóttir og Margrét Erla Maack
Nei hættu nú alveg	Vilhelm Anton Jónsson
Næturvaktin	Guðni Már Henningsson
Poppland	Ólafur Páll Gunnarsson, Heiða Ólafsdóttir, Matthías Magnússon og Margrét Erla Maack
Poppressan	Andrea Jónsdóttir
PZ-senan	Kristján Helgi Stefánsson og Helgi Már Bjarnason
Rokkland	Ólafur Páll Gunnarsson
Sirrý á sunnudagsmorgnum	Sigríður Arnardóttir
Skúrinn	Ragnar Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson
Streymi	Þossi
Vinsældarlisti Rásar 2	Matthías Már Magnússon
Þættir á vegum dagskrársviðs Sjónvarps – innlent	
	Umsjónarmenn/dagskrárgerð
Eldað með Jóhönnu Vigdísi	Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir/Egill Eðvarðsson
Flautan og litirnir	Guðmundur Norðdahl (aðkeypt)
Hófsöm rjúpnaveiði	Sigmar B. Hauksson (aðkeypt)
Kastljós	Sigmar Guðmundsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Þóra Tómasdóttir, Elsa María Jakobsdóttir, Jóhanna Vilhjálmsdóttir og Helgi Seljan/Steingrímur Dúi Másson, Egill Eðvarðsson, Sigurður Jakobsson og Gaukur Jörundsson
Kiljan	Egill Helgason/Ragnheiður Thorsteinsson
Konur á rauðum sokkum	Halla Kristín Einarsdóttir (aðkeypt)
Marteinn	Saga film ehf. (aðkeypt)
Nýsköpun – íslensk vísindi	Lífsmynd ehf. (aðkeypt)
Persónur og leikendur	Eva María Jónsdóttir/Haukur Hauksson
Silfur Egils	Egill Helgason/Ragnheiður Thorsteinsson
Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn	Skopp sf. (aðkeypt)
Spaugstofan	Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason/Björn Emilsson
Stóra planið	Poppoli ehf. (aðkeypt)
Stundin okkar	Björgvin Franz Gíslason/Eggert Gunnarsson

Sykursýki – sjúkdómur 21. aldar	Páll Kristinn Pálsson og Ólafur Sölvi Pálsson (aðkeypt)
Útsvar	Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir/Helgi Jóhannesson
Veðurfréttir	Fluttar af Veðurfræðingafélaginu ehf.
Þættir á vegum fréttasviðs RÚV	
Sjónvarpið	**Umsjónarmenn/dagskrárgerð**
Fréttaaukinn	Frétta- og dagskrárgerðarmenn á fréttastofu RÚV
Fréttir	Frétta- og dagskrárgerðarmenn á fréttastofu RÚV
Handboltainnslög	Íþrótta- og dagskrárgerðarmenn á fréttasviði
Íslandsmótið í handbolta	Íþrótta- og dagskrárgerðarmenn á fréttasviði
Íslandsmótið í hreysti	Sölvi Fannar Viðarsson/Guðmundur Begkvist (aðkeypt)
Leiðin til afreka	Hermann Níelsson (aðkeypt)
Táknmálsfréttir	Fréttir af fréttastofu RÚV sem fluttar eru af táknmálstúlkum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra
Tíufréttir	Frétta- og dagskrárgerðarmenn á fréttastofu RÚV
Útvarpsfréttir í dagskrárlok	Frétta- og dagskrárgerðarmenn á fréttastofu RÚV
Viðtalið	Bogi Ágústsson/Karl Sigtryggsson
Rás 1 og Rás 2	
Fréttir	Frétta- og dagskrárgerðarmenn á fréttastofu RÚV
Spegillinn	Friðrik Páll Jónsson, Anna Kristín Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Jón Guðni Kristjánsson og Sigrún Davíðsdóttir
Rás 2	
Morgunvaktin	Freyr Eyjólfsson og Lára Ómarsdóttir
Síðdegisútvarpið	Hallgrímur Thorsteinsson, Linda Blöndal og Erla Ragnarsdóttir
Vikulokin	Hallgrímur Thorsteinsson

1059. Fyrirspurn [607. mál]

til fjármálaráðherra um rekstur ÁTVR árin 2002–2010.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hver er markaðskostnaður ÁTVR árin 2002–2010, þ.e. við auglýsingar, bæklinga, ráðgjöf, hönnun, birtingar og þess háttar?
2. Hver er húsnæðiskostnaður ÁTVR á framangreindu tímabili og hvað skýrir breytingar á kostnaðinum á þessum árum að mati ráðherra? Hver er kostnaður ÁTVR af breytingum á vínbúðum, innan og utan?

3. Hver er þróun rekstrarkostnaðar ÁTVR á tímabilinu og hvað skýrir breytingar á kostnaðinum að mati ráðherra?

Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).

Skriflegt svar óskast.

1060. Fyrirspurn [608. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Er unnið að heildarendurskoðun sjúkraflutninga í landinu og ef svo er, hver er aðkoma fag- og stéttarfélags sjúkraflutningamanna að málinu? Hafa fundir verið haldnir og þá hve margir? Er unnið eftir ákveðinni stefnumörkun og ef svo er, hver er hún?
2. Hve miklum fjármunum, í heild, var varið árlega til sjúkraflutninga árin 2006–2010? Hver er kostnaður við sjúkraflutninga á eftirtöldum stöðum á sama tímabili: Árborg, Akureyri, Suðurnesjum, Ísafirði og Húsavík? Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).
3. Eru sjúkrabílar á öllu landinu mannaðir tveimur sjúkraflutningamönnum? Hvaða staðlar gilda um sjúkraflutninga og telur ráðherra að þeim sé fylgt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?
4. Hver er stefna ráðherra varðandi útboð á sjúkraflutningum? Er unnið að slíku útboði í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1061. Fyrirspurn [609. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fyrirhugaða lokun svæða fyrir dragnótaveiðum.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Hver voru tilefni þess að ráðherra ákvað að grípa til boðaðrar takmörkunar dragnótaveiða í sjö fjörðum? Hvaða skriflegu gögn liggja fyrir um þau tilefni?
2. Á hvaða vísindalegu rannsóknum byggir ráðherra það mat sitt að dragnót hafi skaðleg áhrif á veiðisvæði í þeim fjörðum sem áformað er að loka fyrir dragnótaveiðum?

3. Hvaða erlendu dæmum fylgir ráðherra um lokunina á forsendum verndunar viðkvæmra hafsvæða?
4. Hver eru nákvæmlega hin meintu neikvæðu áhrif dragnótar á lífríkið?
5. Er ráðherra kunnugt um dæmi þess að dragnótaveiðar hafi jákvæð áhrif á lífríkið?
6. Hefur ráðherra kannað hvort þess séu dæmi erlendis að dragnót leysi af hólmi önnur veiðarfæri á grunnslóð vegna þess hversu lítil áhrif hún hefur á lífríkið?
7. Hver yrðu áhrif fyrirhugaðra aðgerða á atvinnu og lífsafkomu þeirra sem aðgerðirnar beinast gegn?
8. Hefur ráðherra kannað önnur verndunarúrræði en lokun sem væru ekki eins íþyngjandi fyrir bátaflotann?

Skriflegt svar óskast.

1062. Fyrirspurn [610. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um umhverfisvæna greftrun.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er staðið að greftrun og líkbrennslu á Íslandi?
2. Hver er umhverfismengunin af greftrun og líkbrennslu?
3. Hefur verið skoðaður möguleikinn á að leyfa þurrfrystingu við greftrun til að draga úr umhverfismengun?

Skriflegt svar óskast.

1063. Þingsályktun [311. mál]

um árlegan vestnorrænan dag.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 363.

1064. Þingsályktun [313. mál]

um skýrslu sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda um formlega samvinnu landanna á sviði sjávarútvegs.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 365.

1065. Þingsályktun [315. mál]

um vestnorrænt tilraunaverkefni á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2010.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna grundvöll þess að styðja við tilraunaverkefni vestnorrænna háskóla á sviði fjarkennslu. Markmiðið með verkefninu verði að leggja grunn að formlegu framtíðarsamstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði fjarkennslu á háskólastigi.

1066. Þingsályktun [316. mál]

um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2010.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna grundvöll þess að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum þegar aðstæður leyfa. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

1067. Þingsályktun [317. mál]

um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2010.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna grundvöll þess að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og gagnkvæma upplýsingamiðlun um málefni aldraða á Vestur-Norðurlöndum.

1068. Frumvarp til laga [390. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skipar fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, og skal að minnsta kosti annar þeirra ekki vera starfandi dómari. Tilnefnir dómstólaráð þriðja nefndarmanninn en Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar.

Óheimilt er að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu dómsmálaráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. Ráðherra skal þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.

3. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 4. gr. a.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.
b. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 4. gr. a gilda að breyttu breytanda við skipun í embætti héraðsdómara.

5. gr.

Í stað orðanna „3. og 4. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: 4. gr. a.

6. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun dómnefndar skv. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd skv. 4. gr. a laga um dómstóla skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

7. gr.

40. og 41. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1069. Svar [595. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um ákærur vegna atburða í Alþingishúsinu og við það 8. desember 2008.

1. *Með hvaða hætti var tekin ákvörðun um aðkomu Alþingis að ákærum gegn níu einstaklingum vegna atburða sem áttu sér stað í Alþingishúsinu og við það 8. desember 2008?*

Þegar þingfundur hófst á Alþingi kl. 3 síðdegis mánudaginn 8. desember 2008 opnuðu þingverðir bakdyr Alþingishússins til þess að gestir, sem þess óskuðu og fylgdu almennum reglum, kæmust á þingpalla. Þegar fyrstu pallagestir voru komnir í húsið kom hópur manna í kjölfarið og ruddi sér leið fram hjá þingvörðum, sumir með klúta fyrir andliti, og komst upp í stigagang Alþingishússins. Sex þingverðir og lögreglumaður, sem var á vakt í þinghúsinu, lentu í átökum við hópinn þegar hann var stöðvaður. Ýmsir þeirra hlutu meiðsl í átökunum sem kunna að vera varanleg.

Strax í kjölfarið var farið nákvæmlega yfir myndbandsupptöku sem sýndi hvernig hópurinn þröngvaði sér inn í þinghúsið. Þá áttu aðallögfræðingur Alþingis og forstöðumaður

rekstrar- og þjónustusviðs samtöl við þingverðina og lögreglumanninn um atvikið. Myndbandsupptakan sýnir að þingvörður, sem átti að gæta inngangsins, var yfirbugaður til að tryggja að mannsöfnuðurinn kæmist óhindraður inn í húsið. Því mátti ætla að hann væri ekki kominn í friðsamlegum tilgangi. Af samtölunum við þingverði og lögreglumanninn varð enn fremur ráðið að hópurinn skirrðist ekki við að beita líkamlegu valdi til að komast í tæri við þingmenn sem sátu í þingsalnum á fundi. Það var því mat aðallögfræðings Alþingis að rík ástæða væri til að málið yrði rannsakað af lögreglu með tilliti til þess hvort ákvæði almennra hegningarlaga, einkum 106. gr. þeirra, hefðu verið brotin. Þar sem ekki var ljóst hvort lögreglan mundi eiga frumkvæði að rannsókn málsins ákvað skrifstofustjóri Alþingis að óska eftir því bréflega fyrir hönd skrifstofu Alþingis og þeirra starfsmanna, sem í átökunum lentu, að málið yrði tekið til lögregluransóknar. Áður hafði málið verið borið undir starfsmennina sem hlut áttu að máli.

2. *Hver óskaði eftir rannsókn málsins og í umboði hvers var það?*

Um fyrri liðinn í þessari spurningu er vísað til svars við 1. tölul. Skrifstofustjóri Alþingis fer með ráðningarvald yfir öðrum starfsmönnum þingsins og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu Alþingis, sbr. 11. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 68/2007. Hann er því forstöðumaður skrifstofunnar í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eins og fram hefur komið urðu starfsmenn þingsins fyrir meiðslum í átökum meðan þeir gegndu skyldustörfum fyrir Alþingi. Forseti Alþingis lítur svo á að á skrifstofustjóra Alþingis hvíli sjálfstæð skylda til að standa vörð um öryggi starfsmanna Alþingis sem og alþingismanna. Að mati forseta er augljóst að skrifstofustjórinn var bær til að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort óskað yrði eftir rannsókn á atvikinu. Til þess þurfti hann hvorki atbeina forseta né annarra eins og ýjað er að í spurningunni.

Þá er til þess að líta að lögregluransókn á atvikinu var ekki háð því að sá sem misgert var við eða bar ábyrgð á starfseminni sem brotið var á óskaði eftir henni. Beiðni um rannsókn var því ekki nauðsynleg forsenda þess að rannsóknin færi fram. Hver sem bjó yfir upplýsingum um atburðinn gat aftur á móti vakið athygli lögreglu á að efni væri til að rannsaka málið.

Það er grundvallarregla í réttarríki að þeir sem hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi sæti ákæru og séu beittir lögmæltum viðurlögum. Að því vinna lögregla, handhafar ákæruvalds og dómstólar hér á landi sem starfa sjálfstætt og af hlutlægni. Mikilvægt er að þessir aðilar fái svigrúm til að meta atvik í réttu ljósi og án utanaðkomandi þrýstings.

3. *Er það rétt sem fram kom í máli verjanda tveggja hinna ákærðu fyrir héraðsdómi að skrifstofa Alþingis hafi haft aðkomu að málinu og ef svo er, hver var sú aðkoma og hver var formlegur grundvöllur hennar?*

Sjá svar við fyrri töluliðum fyrirspurnarinnar.

1070. Skýrsla [611. mál]

Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

INNGANGUR

Eyþjóð, sem býr fjarri öðrum ríkjum, er lífsnauðsyn að eiga í virkum samskiptum við umheiminn. Koma þarf íslenskum afurðum, þjónustu og hugviti í verð á erlendum mörkuðum, draga að fjárfestingu og ferðamenn til Íslands, tryggja öryggi, atvinnu og velferð á Íslandi og gæta hagsmuna íslenskra borgara hvar sem þeir eru staddir, og berjast fyrir betri heimi í samvinnu við önnur ríki, stofnanir og félagasamtök.

Hagsmunir Íslands og ábyrg utanríkisstefna eru leiðarljósið í öllu starfi utanríkisþjónustunnar. Hún er í senn skjöldur fyrir íslenska hagsmuni, tæki þjóðarinnar til að svara aðstæðum sem upp koma, öxin sem brýtur ísinn fyrir fyrirtæki í markaðssókn og stoðin sem framkvæmd alþjóðlegra verkefna hvílir á. Um þetta eigum við skýr dæmi á því rúma ári sem liðið er frá síðustu skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis. Í fyrsta flokkinn fellur til að mynda samstarf innan stjórnarráðsins um endurreisn efnahagslífsins í samvinnu við vinaþjóðir. Í öðrum flokki er starf til að lágmarka tjón ferðaþjónustu og þjóðarbús af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli og það torsótta starf að skýra fyrir umheiminum tildrög og þýðingu þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar synjunar forseta Íslands á svokölluðum Icesave-lögum. Í þriðja flokkinn má nefna vinnu við nýsamþykkt lög um Íslandsstofu til að greiða fyrir nýrri sókn fyrirtækja og ferðaþjónustu og í fjórða flokkinn samstarf við íslensku alþjóðabjörgunarsveitina til að komast sem skjótast á vettvang eftir hamfaraskjálftana á Haítí.

Utanríkisþjónustan þarf ávallt að vera vakandi fyrir því hvernig velferð Íslendinga í alþjóðasamskiptum verður best tryggð. Í niðurstöðu starfshóps forsætisráðuneytisins um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er hvatt til þess að sú þekking á alþjóðasamstarfi, sem er fyrir hendi í utanríkisþjónustunni, nýtist ekki einvörðungu við almenna mótun utanríkisstefnu heldur sé í auknum mæli beitt til stuðnings öðru starfi stjórnarráðsins.

Þar segir að auki: „Hvað varðar áhersluþætti í samskiptum út á við verður að hafa í huga að smáríki eru jafnan mjög háð alþjóðlegu umhverfi. Hér þarf að huga að möguleikum til áhrifa í alþjóðlegu samstarfi, sem og því að leitast sé við á hverjum tíma að tryggja gott orðspor og trúverðugleika ríkisins í slíkum samskiptum. Allnokkur dæmi eru rakin í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem gefa þá mynd að íslensk yfirvöld hafi brugðist í því efni.“ Utanríkisráðuneytið tekur þessar athugasemdir alvarlega og hefur þegar gert ráðstafanir til að starfa í anda ráðlegginga skýrslunnar um bætt vinnubrögð og vandaða stjórnsýslu.

Í þessari skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis má draga fram fjögur áherslusvið sem hafa tekið drjúgan tíma á síðustu mánuðum. Í fyrsta lagi hvernig utanríkisþjónustan starfar með öðrum að uppbyggingu orðspors og trúverðugleika eftir efnahagshrunið. Í öðru lagi er aukin áhersla á málefni norðurslóða og lögð fram drög að stefnumarkandi verkefnum til framtíðar. Í þriðja lagi hafa starfsmenn utanríkisþjónustunnar, annarra ráðuneyta, stofnana, hagsmunasamtaka og félagasamtaka unnið þrekvirki í undirbúningi aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Í fjórða lagi eru nýjar áherslur við skipan öryggis- og varnarmála innan stjórnarráðsins og tillögur að mótun nýrrar öryggisstefnu sem byggir í senn á borgaralegum gildum, borgarlegum stofnunum og herleysi Íslands.

Efnistök skýrslunnar eru með þeim hætti að fyrst er fjallað um verkefni utanríkisþjónustunnar við uppbyggingu eftir bankahrunið. Mikið starf hefur verið unnið með öðrum ráðuneytum, atvinnulífinu og fjölmörgum fleirum í að bregðast við afleiðingum hrunsins. Eitt brýnasta verkefnið hefur verið að koma réttum upplýsingum á framfæri við erlend stjórnvöld, alþjóðastofnanir og fjölmiðla um endurreisn Íslands og afstöðu til erfiðra milliríkjamála. Í fyrsta kafla hér á eftir og nánar í áttunda kafla er rakið hvernig því starfi hefur verið háttað. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir starfi borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins sem hefur sinnt yfir þúsund málum á árinu í þjónustu við íslenska ríkisborgara um allan heim. Hér er um að ræða hljóðlátt en þakklátt starf hjá þeim sem njóta þó það sé allajafna unnið fjarri kastljósi fjölmiðlanna.

Utanríkisráðherra skilgreindi norðurslóðir sem eitt af áherslusviðum í utanríkisstefnunni í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september sl. Nauðsynlegt er að marka skýrari stefnu um hlutverk Íslands á svæðinu og í þriðja kafla er gerð grein fyrir helstu þáttum í þeirri stefnumörkun. Kjarninn á að vera að efla utanríkispólitískt vægi Íslands í mál efnum norðursins í því skyni að styrkja stöðu þess gagnvart vernd náttúru og vistkerfa, nýtingu auðlinda, þróun siglingaleiða, samvinnu á sviði leitar- og björgunarstarfa, en ekki síst varðandi réttinn til þátttöku í pólitískum ákvörðunum sem varða norðurslóðir.

Utanríkisþjónustan hefur unnið dyggilega og af trúmennsku að því verkefni sem Alþingi fól henni við að undirbúa aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Í því starfi er lögð rík áhersla á nána samvinnu við Alþingi, önnur ráðuneyti, hagsmunaaðila og félagasamtök um vandað samningaferli sem mun búa Íslendinga undir það að taka afstöðu til samninga þegar þeir liggja fyrir. Í fjórða kafla er ítarleg frásögn af því hvernig unnið hefur verið að aðildarumsókn Íslands frá því Alþingi fól ríkisstjórninni að sækja um aðild. Markmiðið er að ná eins hagstæðum samningi og unnt er fyrir íslenska hagsmuni. Samkvæmt fyrirmælum Alþingis mun utanríkisráðherra í fyllingu tímans leggja hann undir íslensku þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu til synjunar eða samþykktar.

Í fimmta kafla er fjallað um þátttöku Íslands í alþjóðamálum, baráttu fyrir mannréttindum og jafnrétti, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og til þróunar hreinnar orku víða um heim. Sérstök umfjöllun er um öryggis- og varnarmál sem tóku miklum breytingum fyrir Íslendinga þegar varnarliðið fór fyrir tæpum fjórum árum. Íslendingar hafa síðan axlað aukna ábyrgð á eigin öryggi og á síðustu mánuðum hefur ítarlegt starf verið unnið á vettvangi stjórnarráðsins undir forystu utanríkisráðuneytisins til að koma þeim málum betur fyrir innan stjórnarráðsins á grundvelli hættumats um öryggi Íslands. Um þjóðaröryggi Íslendinga á að ríkja breið sátt í samfélaginu og verður hún lögð til grundvallar allri stefnumörkun í málaflokknum.

Í sjötta kafla er gerð grein fyrir þróunarmálum þar sem er ötullega unnið þrátt fyrir tímabundna erfiðleika á Íslandi og takmarkaðri fjárframlög til þróunarmála en að var stefnt. Áfram er unnið af metnaði og í takt við núverandi efnahagsaðstæður lagt af mörkum það sem Íslendingar geta í formi þekkingar á endurnýjanlegum orkugjöfum, sjálfbærum auðlindum sjávar, landgræðslu og jafnréttismálum. Í sjöunda kafla er fjallað um viðskiptamál, alþjóðasamninga og verkefni á evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli EES-samningsins, mikilvægasta alþjóðasamnings sem Íslendingar hafa gert til þessa. Í áttunda kafla er rætt um uppbyggingu orðspors Íslands, samskipti við fjölmiðla, mikilvægi nýrrar Íslandsstofu, sem mun taka til starfa í sumar, auk margbrotins starfs utanríkisþjónustunnar við að útbreiða erindi íslenskrar menningar vítt um lönd.

Eins og fram kemur í níunda kafla þessarar skýrslu hefur utanríkisþjónustan búið við þrengri fjárhagslegri kost en undanfarin ár. Þar hefur reynst óhjákvæmilegt að spara, hagræða og forgangsraða til að svara kröfum um niðurskurð. Hefur þó aldrei verið jafnbrýnt sem nú að halda orðspori Íslands og hagsmunum á lofti í viðsjálum heimi. Þar, eins og hvað önnur verkefni utanríkisþjónustunnar varðar, eru virk samskipti við aðrar þjóðir lykill að endurreisninni, þó fjármagn sé af skornari skammti en áður.

Við þessar aðstæður hafa starfsmenn utanríkisþjónustunnar lagt sig fram af alúð, kappsemi og áhuga og oft og tíðum unnið hljóðlát afrek.

1. HLUTVERK UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR Á UMBROTATÍMUM

Frá síðustu skýrslu utanríkisráðherra í mars 2009 hafa verkefni utanríkisþjónustunnar að verulegu leyti markast af áframhaldandi viðbrögðum við hruninu. Þegar bankarnir féllu í október 2008 með geigvænlegum áhrifum á íslenskt efnahagslíf leituðu íslensk stjórnvöld eftir aðstoð annarra ríkja og fjölþjóðastofnana. Hrunið reyndi mjög á samskipti Íslands við umheiminn og í endurreisnarstarfinu hafa milliríkjasamskipti sömuleiðis skipt miklu.

Í þessu starfi hefur utanríkisþjónustan gegnt mikilvægu hlutverki enda fer utanríkisráðuneytið með kynningu Íslands og íslenskra málefna gagnvart öðrum ríkjum, nema slík mál séu stjórnskipulega á forræði annarra ráðuneyta. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að það er eitt af meginverkefnum ríkisstjórnarinnar að endurheimta orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Að því hefur verið unnið ötullega eins og vikið er að síðar í þessum kafla og í kafla 8.1.

Áhrifin af falli íslensku bankanna á önnur ríki, erlend fyrirtæki og einstaklinga, hafa verið umtalsverð. Ljóst er að erlendir kröfuhafar hafa tapað verulegum fjárhæðum á gjaldþroti íslensku bankanna. Hundruð þúsunda innstæðueigenda í öðrum ríkjum urðu fyrir skakkaföllum þegar þeir gátu ekki nálgast sparifé sitt í útibúum íslenskra banka í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi og á Norðurlöndum. Tiltölulega lítill hópur innstæðueigenda verður þó að bíða uppgjörs gömlu bankanna áður en ljóst er hversu hátt hlutfall innstæðna þeirra endurheimtist. Samkvæmt skýrslum frá skilanefndum eru þó góðar líkur á að þær endurheimtist að öllu eða verulegu leyti þökk sé þeirri breytingu sem upphaflega var gerð með neyðarlögunum á réttindaröð kröfuhafa í þágu innstæðueigenda. Síðast en ekki síst hefur Icesave-málið reynst erfitt, sem og óheppilegar tilraunir til að tengja það við framkvæmd efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Úrlausn þessara mála byggist á virkum milliríkjasamskiptum. Icesave-viðræðurnar eru á forræði fjármálaráðuneytisins og samskiptin við AGS leiðir efnahags- og viðskiptaráðuneytið, en utanríkisþjónustunni er að sjálfsögðu beitt til hagsmunagæslu í nánu samráði við ráðuneytin tvö.

Þó að um hafi verið að ræða viðskipti erlendra banka og einstaklinga við íslensk einkafyrirtæki hefur bankahrunið óumflýjanlega haft umtalsverð áhrif á samskipti Íslands við önnur ríki. Athygli umheimsins beindist að Íslandi í tengslum við uppgjör þessara erfiðu mála og var t.a.m. mikið fjallað um bankahrunið í erlendum fjölmiðlum. Þá hafa stjórnvöld í öðrum ríkjum, sem gæta hagsmuna fyrirtækja og ríkisborgara í heimalandinu, leitað ákveðið eftir skýringum og upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum um með hvaða hætti Ísland vinnur úr afleiðingum bankahrunsins.

Miklu máli hefur skipt að íslensk stjórnvöld miðli réttum og hnitmiðuðum upplýsingum til annarra ríkja, s.s. um með hvaða hætti staðið er að uppgjöri við erlenda kröfuhafa. Þá hefur verið brýnt að upplýsa um að á Íslandi fari fram endurreisnarstarf sem miði að því að vinna bug á yfirstandandi efnahagsvanda og að búa þannig um hnúta að hrunið geti aldrei

endurtekið sig. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hefur í þessu tilliti reynst sérlega gagnleg til að skapa traust á Íslandi í öðrum ríkjum.

Utanríkisráðherra og fulltrúar íslenskra stjórnvalda erlendis hafa leikið lykilhlutverk í að tala máli Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Þar hefur mikið mætt á sendiráði Íslands í Brussel sem er í virkum samskiptum við fulltrúa allra 27 aðildarríkja Evrópusambandsins. Eins hafa sendiráð Íslands í stærstu ríkjum Evrópu, s.s. í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, sem og í öllum öðrum gistiríkjum, unnið mikilvægt starf.

Hvert tækifæri hefur verið nýtt til tvíhliða funda á vettvangi alþjóðastofnana, s.s. í Norðurlandasamstarfinu, EES-samstarfinu og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hefur umsókn Íslands um aðild að ESB reynst þýðingarmikil því í gegnum umsóknarferlið hefur utanríkisráðherra átt fjölda funda með forystumönnum aðildarríkja ESB og átt ítarlegar viðræður til að skýra afstöðu Íslands og tala máli íslenskra hagsmuna.

Þá hefur utanríkisráðuneytið unnið að því í samvinnu við önnur ráðuneyti að bæta lagaumhverfi á Íslandi í því skyni að styðja við endurreisnina, s.s. með gerð samninga við önnur ríki og undirritun alþjóðlegra samninga. Sérstök áhersla hefur verið lögð á gerð samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála við lágskattaríki þar sem skattyfirvöld geta á grundvelli þeirra óskað eftir upplýsingum um skattskyldar eignir og tekjur sem íslenskir skattaðilar eiga þar. Á síðasta ári voru undirritaðir 10 nýir tvíhliða upplýsingaskiptasamningar. Samningarnir við Guernsey og Jersey frá árinu 2008 voru fullgiltir á síðasta ári og komu til framkvæmda 1. janúar sl. Það stefnir í að fleiri slíkir samningar verði undirritaðir á þessu ári, sjá umfjöllun um upplýsingaskiptasamninga í kafla 7.4.1.

1.1. Þátttaka í samstarfi stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

Framkvæmd efnahagsáætlunar Íslands og AGS er eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslands nú um stundir. Íslensk stjórnvöld hafa í fyrstu og annarri endurskoðun áætlunarinnar fengið jákvæða einkunn frá sérfræðingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sú einkunn skiptir miklu fyrir traust á Íslandi og íslensku efnahagslífi, sem aftur getur skipt sköpum fyrir efnahagsbatann. Hlutlaust, trúverðugt og jákvætt álit þriðja aðila, hvort sem um er að ræða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu eða Evrópusambandið, er þýðingarmikið fyrir ríki sem búa við skertan trúverðugleika. Því skiptir miklu að íslensk stjórnvöld sinni hér eftir sem hingað til samstarfinu við AGS með samræmdum og markvissum hætti.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið ber ábyrgð á samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og leiðir því samvinnu við hann vegna efnahagsáætlunar Íslands og AGS. Utanríkisráðuneytið á sæti í stýri- og samráðshópi vegna samstarfsins við AGS, auk fulltrúa frá forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirliti. Hlutverk hópsins er m.a. að vera samræmingar- og samráðsvettvangur stjórnvalda í málefnum AGS, þ.á m. hvað varðar undirbúning reglubundinna heimsókna fulltrúa sjóðsins til Íslands í tengslum við endurskoðun efnahagsáætlunarinnar.

Hinn 22. september 2009 átti utanríkisráðherra formlegan fund með Dominique Strauss-Kahn, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Utanríkisráðherra fór ítarlega yfir stöðu efnahagsmála á Íslandi, framgang efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar og stöðuna í Icesavemálinu. Utanríkisráðherra hefur jafnframt átt náin samskipti við norræna utanríkisráðherra vegna lána Norðurlanda til Íslands sem eru hluti af efnahagsáætluninni samhliða samskiptum fjármálaráðherra og forsætisráðherra við sína starfsbræður um sömu mál. Utan-

ríkisráðherra hitti einnig forseta Póllands, Lech Kaczynski heitinn, í tvígang á liðnu ári og tók sömuleiðis á móti Kai Leo Johannesen, lögmanni Færeyja. Á þeim fundum gafst tækifæri á að útskýra sjónarmið Íslands og þakka fyrir veittan stuðning og lánafyrirgreiðslu innan ramma efnahagsáætlunar Íslands og AGS.

Til að styðja við samstarf annarra ráðuneyta við AGS eru utanríkisráðherra og utanríkisráðuneytið í reglulegu sambandi við stjórnarmann Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hjá sjóðnum auk annars starfsliðs. Þá hefur utanríkisþjónustan gegnt mikilvægu hlutverki, í nánu samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið, við að kynna stjórnvöldum í öðrum ríkjum innihald, stöðu og framvindu efnahagsáætlunar Íslands og AGS. Sú upplýsingamiðlun hefur skipt miklu í að skapa traust á nýjan leik í samskiptum við önnur ríki og auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs.

1.2. Erindrekstur vegna Icesave-málsins

Utanríkisráðuneytið hefur tekið virkan þátt í erindrekstri vegna Icesave-málsins og átt fulltrúa í samningaviðræðum um Icesave frá upphafi. Grunnur að áframhaldi samningaviðræðum um Icesave eftir synjun forseta var lagður með fundi fjármálaráðherra og stjórnarandstöðuleiðtoga með fulltrúum Breta og Hollendinga í Haag 29. janúar sl. og fóru samningaviðræður fram í sendiráði Íslands í London í febrúar og allt fram að þjóðaratkvæðagreiðslunni í byrjun mars. Síðan þá hafa ekki verið formlegir samningafundir en óformleg tengsl eru áfram til staðar. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað fyrri yfirlýsingar um vilja til að semja um málið. Beðið er færis með framhald formlegra samningaviðræðna.

Fjármálaráðuneytið hefur leitt starf íslenskra stjórnvalda vegna Icesave-málsins en utanríkisþjónustan hefur frá upphafi verið virkjuð til að tala máli Íslands og utanríkisráðherra hefur eðli málsins samkvæmt nýtt hvert tækifæri til að kynna málstað Íslands. Þannig átti ráðherra á tímabilinu mars til september árið 2009 hátt í 70 fundi með erlendum ráðherrum, þ.á m. nánast öllum utanríkisráðherrum Evrópuríkja.

Utanríkisráðherra veitti erlendum fjölmiðlum fjölda viðtala þar sem hann skýrði sjónarmið Íslands. Þá átti utanríkisráðuneytið frumkvæði að stofnun samráðshóps stjórnarráðsins um upplýsingamál, sjá nánar umfjöllun í kafla 8.1. Í honum eiga sæti auk utanríkisráðuneytisins fulltrúar forsætis-, efnahags- og viðskipta- og fjármálaráðuneytisins. Hlutverk hópsins hefur verið að stilla saman strengi innan stjórnarráðsins varðandi viðbrögð við erlendri fjölmiðlaumfjöllun um endurreisn efnahagslífsins, s.s. um samstarfið við AGS og Icesave-málið, og skipuleggja fjölmiðlasamskipti þannig að rödd Íslands heyrist í þeim miðlum sem mestu skipta. Samráðshópur stjórnarráðsins um upplýsingamál hefur nýtt sér þjónustu íslenskra, breskra og hollenskra almannatengslafyrirtækja. Með markvissri upplýsingamiðlun hefur verið unnt að útskýra sjónarmið Íslands og hafa viðbrögð erlendra fjölmiðla orðið hófstilltari eftir því sem liðið hefur á umfjöllunina. Samráðshópurinn undirbjó hvernig staðið skyldi að samskiptum við fjölmiðla vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin og starfrækti utanríkisráðuneytið m.a. fjölmiðlamiðstöð fyrir á annað hundrað erlendra blaðamanna. Hún nýttist vel til að skýra sjónarmið Íslands í Icesave-málinu gagnvart heimspressunni en jafnframt til að koma á framfæri öðrum mikilvægum upplýsingum, s.s. um stöðu íslenskra efnahagsmála og um ný tækifæri í atvinnusköpun s.s. á sviði nýsköpunar- og sprotastarfsemi.

Sendiráð Íslands erlendis hafa með reglubundnu millibili, og eftir því sem við hefur átt, átt upplýsingafundi með stjórnvöldum í gistiríkjum til að útskýra stöðuna í Icesave-málinu og sjónarmið Íslands. Fastanefndir Íslands hjá alþjóðastofnunum hafa sömuleiðis gert grein fyrir málinu eftir því sem við hefur átt. Utanríkisráðuneytið sendi sérstakan sendiherra til

starfa í Haag í Hollandi í febrúar og mars sl. Hlutverk hans var að efla tengsl við hollensk stjórnvöld, öðlast betri innsýn í hollensk stjórnmál og miðla upplýsingum um afstöðu og sjónarmið Íslands í Icesave-málinu. Þá voru diplómatísk samskipti Íslands við Holland færð frá sendiráðinu í London til sendiráðsins í Brussel sem hefur Holland nú í umdæmi sínu. Nálægð Brussel við Haag auðveldar hagsmunagæslu auk þess sem sendiráðið í Brussel hefur á að skipa flæmskumælandi starfsfólki. Loks hafa sendiráð erlendra ríkja gagnvart Íslandi verið reglulega upplýst um stöðuna í Icesave en þau samskipti skipta miklu máli enda byggja erlend stjórnvöld afstöðu sína til Íslands og íslenskra málefna að miklu leyti á skýrslum sendiráða sinna.

Úrlausn Icesave-málsins er flókin, málið sjálft margslungið og oftar en ekki hefur neikvæð mynd verið dregin upp af Íslandi sem óbilgjörnu og óábyrgu smáríki sem „neiti að endurgreiða“. Milliliðalaus samskipti ráðherra og embættismanna við stjórnvöld í öðrum ríkjum og fulltrúa helstu alþjóðastofnana hafa verið þýðingarmikil. Með þeim hefur verið leitast við að koma í veg fyrir að Icesave-málið hafi neikvæð áhrif á önnur hagsmunamál Íslands. Markviss fjölmiðlasamskipti eru einnig mikilvæg.

1.3. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru gerðar ýmsar athugasemdir við starfshætti stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið tekur þessar ábendingar til sín á sama hátt og önnur stjórnvöld en mun jafnframt fara yfir hvernig þær horfa við starfsemi þess sérstaklega og þeim verkefnum sem þar er sinnt. Sérstaklega á það við um samhæfingarhlutverk ráðuneytisins í utanríkismálum, miðlun upplýsinga til annarra ríkja og gæslu íslenskra hagsmuna erlendis og gagnvart alþjóðastofnunum.

Jafnframt er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar á nokkrum stöðum vikið sérstaklega að utanríkisráðherra og hlutverki utanríkisþjónustunnar í aðdraganda hrunsins og gagnrýnt að hún skuli ekki á þeim tíma hafa verið nýtt til annars en þátttöku í ímyndaraðgerðum í þágu bankanna. Er að því fundið að sendiherrann og sendiráðið í Bretlandi hafi ekki verið virkjað eftir að kunnugt varð um aðsteðjandi erfiðleika í tengslum við stórfellt útstreymi af Icesave-reikningunum og sérstaklega gagnrýnt að engar ráðstafanir skuli hafa verið gerðar af hálfu utanríkisþjónustunnar til að undirbúa viðbrögð eða virkja tengsl við þarlend stjórnvöld af því tilefni.

Jafnvel þegar fyrir lá til hvaða ráðstafana þurfti að grípa með neyðarlögunum var utanríkisþjónustunni ekki falið að skýra þau sjónarmið, sem lágu þeim til grundvallar, fyrir stjórnvöldum í þeim ríkjum þar sem bankarnir voru umsvifamestir. Álit nefndarinnar er að stjórnvöldum hafi að lágmarki borið að fela utanríkisþjónustunni að annast þetta og að sérstaklega hafi það verið brýnt gagnvart breskum og hollenskum ráðamönnum. Dregur nefndin þá ályktun að misbrestur á þessu hafi verið til þess fallinn að hleypa aukinni hörku í samskipti ríkjanna.

Þátttaka utanríkisþjónustunnar í aðgerðum til að auka trúverðugleika bankanna var í takt við þá stefnu sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði á þeim tíma. Á hinn bóginn snúa athugasemdir um að utanríkisþjónustan hafi ekki risið undir því meginhlutverki sínu að stofna til tengsla og viðhalda samböndum við hlutaðeigandi stjórnvöld í öðrum ríkjum að kjarnanum í starfsemi utanríkisþjónustunnar. Ábendingar í þá veru tekur utanríkisráðuneytið alvarlega og dregur af viðeigandi lærdóm. Það snýr þó ekki bara að utanríkisþjónustunni sem slíkri heldur einnig því hvaða augum önnur stjórnvöld og atvinnulífið í landinu líta hana. Utanríkisþjónustan rís ekki undir nafni nema henni sé treyst til að leiða saman og samhæfa krafta

þessara aðila og gæta hagsmuna þeirra erlendis. Til að svo megi vera er jafnframt nauðsynlegt að ráð sé fyrir henni gert og henni ætlað hlutverk í þeim viðbúnaðaráætlunum sem gripið er til þegar vá steðjar að. Um leið er mikilvægt að utanríkisráðuneytið eins og önnur stjórnvöld treysti enn frekar umgjörð starfsemi sinnar og forðist að stofna til óviðeigandi tengsla við viðskiptalífið eins og gagnrýnt er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út var sendiráðum Íslands erlendis falið að kynna hana í stjórnkerfum helstu samstarfsríkja. Skýrslunni hefur verið vel tekið utanlands og þykir hún vera til vitnis um að Ísland hyggist gera upp bankahrunið af fagmennsku, heiðarleika og festu.

1.4. Bætt samskipti við Alþingi

Samskipti utanríkisráðuneytisins við Alþingi vegna utanríkismála hafa stóreflst í tíð núverandi ríkisstjórnar. Alþingi hefur með réttu leikið mikilvægt hlutverk í meðferð íslenskra utanríkismála. Á því rúma ári sem liðið er frá síðustu skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í mars 2009 hafa fulltrúar utanríkisráðuneytisins komið alls 34 sinnum á fund utanríkismálanefndar, og þar af utanríkisráðherra tíu sinnum. Ætla má að þetta sé einsdæmi á síðari tímum. Þá hafa fulltrúar utanríkisráðuneytisins mætt átta sinnum á fund starfshóps utanríkismálanefndar um Evrópumál og upplýst um stöðu undirbúnings í umsóknarferlinu um aðild að ESB, sjá nánar kafla 4.

Utanríkismál hafa oft verið til umfjöllunar á Alþingi. Þannig hefur ráðherra frá því í mars á liðnu ári svarað átján munnlegum og fimmtán skriflegum fyrirspurnum þingmanna, auk þess sem hann hefur iðulega verið til taks í óundirbúnum fyrirspurnartímum. Aukin fundatíðni og fjöldi fyrirspurna og umræðna um utanríkismál er til marks um bætt samskipti utanríkisráðuneytisins og Alþingis. Hún er einnig til vitnis um að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ber fulla virðingu fyrir hlutverki Alþingis við mótun utanríkisstefnunnar og eftirlit með framkvæmd hennar.

2. BORGARAÞJÓNUSTA

Á hverju ári koma starfsmenn utanríkisráðuneytisins, starfsmenn 25 sendiskrifstofa og tæplega 250 kjörræðismenn Íslands í 80 ríkjum, að yfir þúsund málum er varða réttindi, velferð og hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis. Þjónusta við Íslendinga á erlendri grundu er eitt mikilvægasta verkefni utanríkisþjónustunnar.

Verkefni borgaraþjónustunnar eru fjölbreytt og hefur umfang þeirra aukist á síðustu árum, ekki síst í kjölfar efnahagsþrenginga eftir fall íslensku bankanna og þeirrar fjölgunar sem orðið hefur í hópi Íslendinga með búsetu erlendis. Meðal verkefna á þessu sviði má m.a. nefna neyðaraðstoð við íslenska ríkisborgara erlendis vegna veikinda eða slysa, aðstoð vegna sakamála og fangavistar, auk skjalavottana og upplýsingagjafar. Þá eru jafnframt skipulagðar aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hættu- og hamfarasvæðum erlendis.

Borgaraþjónustan hefur milligöngu og samstarf við önnur stjórnvöld á Íslandi eftir þörfum og samráð við utanríkisþjónustu annarra Norðurlanda og fleiri ríkja. Einnig berast fjölmargar fyrirspurnir af ýmsu tagi, s.s. um vegabréfsáritanir, samninga og réttindamál í öðrum ríkjum og er þeim ætíð svarað eða beint til réttra viðtakenda.

Neyðartilvik erlendis

Ráðuneytið starfrækir neyðarbakvakt allt árið um kring vegna neyðartilvika erlendis. Þá hefur verið útbúin neyðaráætlun og er viðbragðshópur starfsmanna til reiðu ef virkja þarf áætlunina.

Neyðaráætlun var virkjuð í kjölfar jarðskjálfta á Haítí 12. janúar sl. og í Chile 27. febrúar sl. Eftir jarðskjálftann á Haítí skipulagði ráðuneytið brottflutning erlendra ríkisborgara frá hamfarasvæðinu með flugvél sem flutti íslensku alþjóðabjörgunarsveitina þangað, en nánar er fjallað um ferð sveitarinnar til Haítí í kafla 6.2.1.

Þá lentu tugir Íslendinga í vanda vegna jarðskjálftans í Chile. Borgaraþjónustan beitti sér fyrir því að hafa uppi á Íslendingunum sem þar voru, en um tíma lá allt samskiptanet í landinu niðri, og miðlaði upplýsingum um aðstæður þeirra til aðstandenda.

Þegar ástæða er til hefur borgaraþjónustan frumkvæði að útgáfu ferðaviðvarana vegna hættuástands erlendis sem skapast hefur vegna óeirða, hamfara eða hryðjuverka á viðkomandi stað. Slíkar viðvaranir eru birtar á heimasíðu ráðuneytisins og sendar fjölmiðlum.

Borgaraþjónustan aðstoðar árlega tugi íslenskra fjölskyldna þegar andlát ber að á erlendri grund. Borgaraþjónustan veitir ráð og aðstoðar aðstandendur þegar svo ber undir.

Allar sendiskrifstofur Íslands, sem og kjörræðismenn Íslands um allan heim, geta gefið út neyðarvegabréf. Víðtækt net ólaunaðra kjörræðismanna íslensku utanríkisþjónustunnar er mikill kostur í þessu samhengi, en á hverju ári leitar á annað hundrað Íslendinga til kjörræðismanna og sendiskrifstofa um útgáfu neyðarvegabréfs.

Borgaraþjónustan sinnir einnig útgáfu skilríkja erlendis eða veitir, eftir atvikum, slíkum umsóknum viðtöku fyrir hönd viðkomandi stjórnvalds á Íslandi. Sjö sendiskrifstofur Íslands hafa aðstöðu til að taka við umsóknum um vegabréf; í Berlín, Kaupmannahöfn, Osló, Peking, Stokkhólmi og Washington. Þessi þjónusta skiptir sköpum fyrir Íslendinga á þessum stöðum, annars gætu þeir þurft að gera sér ferð til Íslands vegna endurnýjunar vegabréfsins. Unnið er að því, í samvinnu við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, að fjölga sendiskrifstofum sem hafa búnað til að taka við umsóknum um vegabréf.

Kosningar

Á síðastliðnu ári hefur borgaraþjónustan komið að undirbúningi utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir þrennar kosningar; þingkosningar vorið 2009, þjóðaratkvæðagreiðslu í mars sl. og sveitarstjórnarkosningar í maí 2010. Þar koma starfsmenn utanríkisþjónustunnar og kjörræðismenn Íslands einnig við sögu. Fyrir síðustu Alþingiskosningar var hægt að greiða utankjörfundaratkvæði hjá sendiskrifstofum og kjörræðismönnum í 84 ríkjum. Rúmlega 11 þúsund kjósendur eru nú skráðir með lögheimili erlendis, eða u.þ.b. 5% allra kjósenda. Til samanburðar voru rúm 3% kjósenda með lögheimili erlendis í Alþingiskosningunum 1995 og fyrir þær var hægt að greiða utankjörfundaratkvæði í 45 löndum.

Staðfesting skjala og stefnubirtingar

Þegar nota á íslensk skjöl og vottorð erlendis óskar viðtakandi skjalanna stundum eftir því að þau séu formlega staðfest. Á tólf mánaða tímabili til loka apríl 2010 voru tæplega þrjú þúsund skjöl staðfest í utanríkisráðuneytinu. Borgaraþjónustan hefur einnig milligöngu um stefnubirtingar erlendis.

3. HAGSMUNIR ÍSLANDS Á NORÐURSLÓÐUM

Á síðasta áratug hefur alþjóðlegur áhugi á norðurslóðum farið vaxandi samhliða loftslagsbreytingum og sókn í auðlindir norðursins. Minnkandi ís vegna hlýnandi veðurfars mun gera áður torsótt svæði aðgengileg fyrir siglingar og auðlindanýtingu.

Þessi þróun hefur í för með sér ný tækifæri sem mikilvægt er að Íslendingar nýti sem best. Á sama tíma hafa yfirvofandi breytingar hættur í för með sér sem íslensk stjórnvöld þurfa að fylgjast vel með og vera í stakk búin að bregðast við í samvinnu við aðrar þjóðir. Því er mikilvægt að hafa skýra stefnu í málefnum svæðisins sem tryggir hagsmuni Íslands.

Á síðasta ári gaf utanríkisráðuneytið út skýrsluna Ísland á norðurslóðum sem inniheldur heildaryfirlit yfir helstu málefnin er tengjast hagsmunum Íslands á svæðinu. Utanríkisráðuneytið hefur í framhaldi af skýrslunni komið á fót vinnuhópi með tengiliðum úr öllum ráðuneytum til að kortleggja hvernig verkefni ráðuneytanna tengjast hagsmunum Íslands á norðurslóðum. Leitað verður eftir nauðsynlegu samráði við háskólasamfélagið og atvinnulífið í tengslum við þá vinnu.

Við áframhaldandi stefnumörkun er mikilvægt að hafa í huga að málefni norðurslóða, eins og þau snúa að íslenskum hagsmunum, takmarkast ekki við málefni einstakra byggða eða svæða á Íslandi, heldur tengjast þau stöðu Íslands og hagsmunum í alþjóðlegu samhengi.

Vaxandi áhugi á umhverfi og auðlindum á norðurslóðum er til þess fallinn að styrkja stöðu og hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samhengi. Forsendan fyrir því að Íslendingar geti haft áhrif á og notið góðs af þessari þróun og dragist ekki aftur úr öðrum þjóðum er virk hagsmunagæsla og stefnufesta í alþjóðasamskiptum um málefni norðurslóða. Af þessum sökum eru málefni norðurslóða eitt af forgangsverkefnum utanríkisþjónustunnar eins og kom skýrt fram í ræðu utanríkisráðherra á allsherjarþingi SÞ sl. haust.

3.1. Alþjóðlegt norðurslóðasamstarf

Utanríkisráðuneytið sinnir hagsmunagæslu í málaflokkum er tengjast norðurslóðum með beinum samskiptum við einstök ríki og ríkjasambönd. Alþjóðlegt samstarf um norðurslóðir er Íslandi nauðsynlegt til að bregðast við þeim breytingum sem nú eiga sér stað og eru ofvaxnar hverju ríki að takast á við eitt og sér. Þá vinnur ráðuneytið að því að kynna hagsmunamál og stefnu Íslands fyrir alþjóðlegum fjölmiðlum, félagasamtökum og öðrum sem hafa áhuga á málefnum norðurslóða.

Norðurskautsráðið

Í alþjóðasamstarfi um norðurslóðir er þátttaka Íslands í Norðurskautsráðinu mikilvægust. Ráðið er eini formlegi samráðs- og samstarfsvettvangur norðurskautsríkjanna átta sem eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk, Finnland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Þá sitja í ráðinu fastafulltrúar sex frumbyggjasamtaka á svæðinu og fastir áheyrnarfulltrúar ríkja utan norðurslóða (Bretlands, Frakklands, Hollands, Póllands, Spánar og Þýskalands), auk fulltrúa ýmissa samtaka. Starfsemi ráðsins og starfshópa þess hefur lengst af snúist um umhverfismál og leiðir til að tryggja sjálfbæra þróun á svæðinu.

Vaxandi sókn í auðlindir og hugsanleg opnun siglingaleiða á norðurslóðum hefur aukið pólitískt vægi Norðurskautsráðsins sem birtist m.a. í því að nú hafa Evrópusambandið, Ítalía, Japan, Kína og Suður-Kórea óskað eftir fastri áheyrnaraðild. Ísland hefur stutt slíkar umsóknir að ráðinu á þeirri forsendu að föst áheyrnaraðild muni auka skilning og stuðning ríkja við málefni sem eru á dagskrá ráðsins og í öðru alþjóðlegu samstarfi. Jafnframt hafa

íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á að ný áheyrnarríki virði sérstakar skyldur og réttindi norðurskautsríkjanna til stjórnunar á svæðinu.

Ísland hefur dyggilega staðið vörð um hlutverk ráðsins sem aðalvettvangs alþjóðlegrar umfjöllunar um málefni norðurslóða. Íslensk stjórnvöld hafa því harðlega mótmælt svokölluðum fimm ríkja fundum strandríkja við Norður-Íshaf; Bandaríkjanna, Danmerkur (vegna Grænlands), Kanada, Noregs og Rússlands. Fyrst var það gert árið 2008 þegar slíkur fundur var haldinn á Grænlandi og svo aftur þegar haldinn var fundur í Kanada í mars 2010. Báðir fundirnir voru haldnir án þátttöku Íslands, Finnlands, Svíþjóðar og fastafulltrúa frumbyggja. Fyrr á þessu ári var sendiherrum Íslands í ríkjunum fimm falið að koma á framfæri mótmælum við þarlend stjórnvöld og ríkin hvött til að vinna að málefnum norðurslóða á vettvangi Norðurskautsráðsins.

Ísland mun halda áfram að beita sér fyrir því að styrkja og festa í sessi starfsemi Norðurskautsráðsins. Gera þarf ráðinu betur kleift að fást við þá auknu áherslu sem nú er lögð á málefni norðurslóða, samhliða því að sinna áfram stefnumótun í málum er lúta að sjálfbærri þróun og umhverfisvöktun á svæðinu. Íslensk stjórnvöld munu auka tvíhliða samskipti við einstök aðildarríki Norðurskautsráðsins, m.a. með það að markmiði að styrkja stöðu ráðsins og málefni er varða aðra hagsmuni Íslands á norðurslóðum.

Innan Norðurskautsráðsins er nú unnið að gerð tímamóta alþjóðasamnings um leit og björgun á norðurskautssvæðinu sem er mikið hagmunamál fyrir Ísland. Sá samningur er til þess fallinn að styrkja starfsemi ráðsins og leiða til áþreifanlegrar samvinnu til að vernda sameiginlega hagsmuni. Utanríkisráðuneytið og Landhelgisgæslan taka þátt í samningavinnunni fyrir hönd Íslands, en stefnt er að því að klára samninginn fyrir utanríkisráðherrafund Norðurskautsráðsins sem haldinn verður á Grænlandi vorið 2011.

Norðurskautsráðið og starfshópar þess gegna lykilhlutverki í samstarfi norðurskautsríkjanna í rannsóknum, vöktun og aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri þróun og umhverfisöryggi á norðurslóðum. Vísindamenn frá stofnunum umhverfisráðuneytisins taka virkan þátt í starfshópum ráðsins, m.a. gegn umhverfisvá, verndun lífríkisins og verndun hafsins.

Grannríkjasamstarf

Samstarf við nánustu nágrannaþjóðir Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga, skipar vaxandi sess í utanríkismálum, enda fara hagsmunir þjóðanna að mörgu leyti saman. Tvíhliða samstarf við þessar þjóðir hefur aukist mjög á síðari árum samhliða auknu sjálfstæði Færeyinga og Grænlendinga innan ríkjasambands þeirra við Danmörku.

Til marks um aukin samskipti þjóðanna er opinber heimsókn lögmanns Færeyja, Kaj Leo Holm Johannesen, til Íslands í október á síðasta ári. Þá gegnir fríverslunarsamningur Færeyja og Íslands, svonefndur Hoyvíkur-samningur, sem undirritaður var árið 2005, lykilhlutverki í að efla viðskipti þjóðanna.

Sameiginleg embættismannanefnd Íslands og Grænlands hefur verið sett á laggirnar og fundaði hún sl. sumar á Grænlandi um aukið samstarf í auðlindanýtingu og orkuvinnslu, byggingariðnaði og mennta-, heilbrigðis- og samgöngumálum. Þá var ákveðið að standa fyrir sameiginlegri viðskiptaráðstefnu íslenskra og grænlenskra fyrirtækja. Utanríkisráðherra fundaði með Kuupik Kleist, formanni grænlensku landstjórnarinnar, í tengslum við fund Norðurlandaráðsí október 2009 um leiðir til að efla samstarf þjóðanna. Í framhaldi af þeim fundi var formanninum boðið í opinbera heimsókn til Íslands á þessu ári.

Norrænni norðurslóðasamvinnu hefur sömuleiðis vaxið fiskur um hrygg en norrænu ríkin eru öll aðilar að Norðurskautsráðinu. Norræna ráðherranefndin hefur unnið samstarfsáætlun

um norðurslóðir, sem verður endurskoðuð á þriggja ára fresti, og veitir styrki til verkefna er tengjast rannsóknum á loftslagsbreytingum, á sviði byggðaþróunar og verndunar náttúru og líffræðilegs fjölbreytileika á norðurslóðum. Ísland hefur beitt sér fyrir því í ráðherranefndinni að unnið verði ítarlegt vákort fyrir Norður-Atlantshafið. Kortið verður gert aðgengilegt á netinu fyrir lok ársins 2010 en þar verður að finna upplýsingar er nýtast stjórnvöldum og fyrirtækjum til að fyrirbyggja og bregðast við hugsanlegum umhverfisógnum. Í Stoltenbergskýrslunni, sem fjallar um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála, koma fram margar áhugaverðar hugmyndir, sem tengjast sameiginlegum hagsmunum ríkjanna á norðurslóðum, s.s. um samnorræna hafgæslu og vöktunarkerfi. Ljóst er að ekkert eitt norrænu landanna hefur burði til að sinna öllum verkefnum sem kunna að fylgja yfirstandandi breytingum á norðurslóðum, t.d. á sviði umhverfismála og loftslagsmála, auk þess að tryggja öryggi og að hægt verði að sinna björgun á svæðinu. Nánar er fjallað um skýrslu Stoltenbergs í kafla 5.3.3.

Þátttaka Íslands í Barentsráðinu er mikilvægur vettvangur samskipta við Rússland og Evrópusambandið um málefni norðurslóða. Til skoðunar er með hvaða hætti væri hægt að vinna að samkomulagi milli Íslands og Rússlands sem meðal annars tæki til mengunarvarna og leitar og björgunar vegna aukinnar skipaumferðar. Verður slíkt samkomulag þróað í takt við þann samning sem nú er unnið að innan Norðurskautsráðsins um leit og björgun.

Evrópusambandið

Utanríkisráðuneytið fylgist með stefnu Evrópusambandsins gagnvart norðurslóðum en áhugi ESB á svæðinu hefur farið vaxandi líkt og annarra. Aðildarríki ESB eru flest háð innflutningi á olíu og gasi og tilkoma nýrra vinnslusvæða og aðgengi að siglingum á norðurslóðum skiptir miklu máli fyrir framtíðarorkuöryggi Evrópu. Þá hefur Evrópa um langt skeið verið helsti markaður sjávarafurða frá norðurslóðum. Stoðir norðurslóðastefnu ESB, sem settar voru fram í yfirlýsingu framkvæmdastjórnar ESB um norðurslóðir árið 2008, eru auðlindamál, náttúruvernd og rannsóknir, auk eflingar fjölhliða stjórnunar á norðurslóðum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur á grundvelli þessa sóst eftir fastri áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu sem Ísland hefur stutt, eins og áður segir. Jafnframt stefnir Evrópusambandið að nánara samstarfi við Norðurskautsráðið í gegnum Norðlægu víddina og Barentsráðið. Í því síðarnefnda er um að ræða samvinnu nyrstu svæða ESB til norðurs við nágrannasvæðin í Rússlandi. Norðlæga víddin er samstarfsvettvangur ESB og Íslands, Noregs og Rússlands. Þar á sér m.a. stað samstarf á sviði umhverfis-, heilbrigðis-, félags- og samgöngumála. Íslensk stjórnvöld munu í samskiptum við Evrópusambandið leggja áherslu á réttindi og skyldur norðurskautsríkja í tengslum við sjálfbæra auðlindanýtingu og umhverfisvöktun á norðurslóðumásamt því að afla stuðnings ESB við hagsmunamál Íslands á svæðinu, s.s. í loftslagsmálum, málefnum hafsins og hertum reglum um siglingar á norðurhöfum.

3.2. Sjálfbær auðlindanýting og umhverfisógnir á norðurslóðum

Margs konar hættur fylgja aukinni skipaumferð samfara vaxandi áhuga og sókn í olíu- og gasauðlindir, fiskistofna og aðrar auðlindir á norðurslóðum. Er því spáð að siglingar skemmtiferðaskipa, sem og olíu- og gasflutningaskipa, auk kjarnorkuknúinna ísbrjóta og kafbáta, muni stóraukast á norðurskautssvæðum og í nágrenni Íslands. Þetta kallar á nánari samvinnu allra norðurslóðaríkja og sameiginlega hagsmunagæslu innan alþjóðastofnana er sinna umhverfisöryggi og siglingum. Þá er friðsamlegt samstarf á grundvelli þjóðaréttar um

sjálfbæra nýtingu auðlinda norðursins brýnt hagsmunamál Íslendinga, sem utanríkisþjónustan leggur áherslu á í öllum alþjóðasamskiptum um málefni norðurslóða.

Mikið hefur verið gert úr svokölluðu kapphlaupi um auðlindir norðursins. Raunin er hins vegar sú að norðurskautsríkin hafa hingað til átt farsælt samstarf um að leysa ágreiningsefni sín á grundvelli hafréttarsamnings SÞ og annarra gildandi alþjóðasamninga. Nýgert samkomulag Rússlands og Noregs um afmörkun hafsvæða þeirra í Barentshafi er skýrt dæmi um slíkt og ber að fagna þessum áfanga í samskiptum landanna.

Utanríkisráðuneytið hefur haft forystu um að sækja landgrunnsréttindi fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á víðáttumiklum svæðum suður og austur af landinu á grundvelli alþjóðasamninga og skilaði á síðasta ári ítarlegri greinargerð til landgrunnsnefndar SÞ vegna málsins, eins og greint er nánar frá í kafla 5.6.2.

Auðlindir í ljósi umhverfisbreytinga

Hlýnandi loftslag hefur áhrif á fiskigöngur og tilfærslu staðbundinna fiskistofna. Nú þegar hefur hlýsjávartegundum fjölgað við Ísland og aðrir stofnar hafa fært sig á norðlægari slóðir. Íslensk stjórnvöld telja að stjórnun lífríkis sjávar sé best komin í höndum strandveiðiþjóða sem hafa langtímahagsmuni af sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Íslensk stjórnvöld hafa í alþjóðasamskiptum og -samningum tekið mið af yfirstandandi breytingum og staðið vörð um áframhaldandi svæðisbundna auðlindastjórnun með það að markmiði að tryggja hagsmuni íslensks sjávarútvegs.

Brýnt er að íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi fylgist náið með framtíðarmöguleikum til fiskveiða á hinu víðáttumikla alþjóðlega hafsvæði Norður-Íshafsins. Ísland telur mikilvægt að viðeigandi ríki komi á fót svæðisbundinni stofnun sem fari með stjórnun fiskveiða á þessu svæði í samræmi við ákvæði úthafsveiðisamnings SÞ til að tryggja sjálfbærar veiðar. Að mati íslenskra stjórnvalda er hæpið að útvíkka stjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Að því er Norður-Íshafið varðar er og rétt að hafa í huga að Ísland hefur rétt til að nýta auðlindir í lögsögu og landgrunni Svalbarða í samræmi við jafnræðisreglu Svalbarðasamningsins.

Áætlað er að um 18% ófundinna olíulinda og 30% ófundinna gaslinda í heiminum séu á norðurslóðum auk ýmissa verðmætra jarðefna og málma.[1] Fjölmörg tækifæri eru til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa á borð við fallorku, jarðhita, vindafl og nytjaskóga. Þá er ótalinn ríkulegur ferskvatnsforði svæðisins. Íslensk stjórnvöld beita sér fyrir sjálfbærri þróun til hagsældar fyrir alla íbúa svæðisins. Í því samhengi þarf að tryggja að hluti af afrakstri allrar auðlindanýtingar, þ.á m. óendurnýjanlegra auðlinda, skili sér í sjálfbærum fjárfestingum í menntun, atvinnulífi og innviðum samfélaga. Ísland er sem kunnugt er ríkt af endurnýjanlegum orkugjöfum og margt bendir til þess að hægt verði að finna olíu og gas í vinnanlegu magni úti fyrir norðausturströnd landsins, á svokölluðu Drekasvæði.

Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki hafa lýst sig reiðubúin til að miðla af reynslu sinni í tengslum við þróun endurnýjanlegra orkugjafa á norðurslóðum. Íslensk fyrirtæki hafa getið sér gott orð við byggingu og rekstur vatnsaflsvirkjana á Grænlandi og rætt hefur verið um samvinnu um jarðhitanýtingu til raforkuframleiðslu og húshitunar á norðursvæðum Bandaríkjanna, Kanada og Rússlands.

---

[1] Skýrsla bandarísku jarðfræðistofnunarinnar http://energy.usgs.gov/arctic/

Sóknarfæri tengd siglingum og auðlindanýtingu

Siglingar og batnandi samgöngur á norðurslóðum fela í sér sóknarfæri fyrir íslenskt atvinnulíf í ýmiss konar þjónustu og iðnaði. Utanríkisráðuneytið hefur, í samvinnu við Útflutningsráð, unnið að því að kynna erlendum ríkjum og stórfyrirtækjum kosti Íslands til þjónustu og uppbyggingar í tengslum við væntanlega opnun siglingaleiða milli Kyrrahafs og N-Atlantshafs og olíuvinnslu á Drekasvæðinu og við Austur-Grænland.

Reynsla og útsjónarsemi íslenskra fyrirtækja og stofnana af krefjandi umhverfisaðstæðum bjóða upp á ýmsa möguleika til þátttöku í verkefnum á norðurslóðum s.s. við orkuöflun, ferðaþjónustu, byggingariðnað og samgöngur.

Menntun og vísindi

Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda í hagsmunamálum Íslands á norðurslóðum byggjast á mannauði og þekkingu á því sviði. Íslensk stjórnvöld hafa innan Norðurskautsráðsins og í norrænu samstarfi beitt sér fyrir aukinni áherslu á þverfaglegar rannsóknir sem geta nýst við upplýsta stefnumótun í málefnum norðurslóða. Sívaxandi hlutur Íslands í norðurslóðasamvinnu grundvallast m.a. á öflugu framlagi íslenskra vísindamanna og rannsóknastofnana í náttúru- og hugvísindum. Hér gegna umhverfisráðuneytið og stofnanir þess mikilvægu hlutverki.

Á Akureyri hefur orðið til vísir að alþjóðlegri norðurslóðamiðstöð en þar hafa fjölmargar stofnanir og samtök sem sinna rannsóknum á norðurslóðum aðsetur, þ.m.t. skrifstofur tveggja starfshópa Norðurskautsráðsins, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Rannsóknarþing norðurslóða. Upplýsingaveitan Norðurslóðagáttin, www.arcticportal.org, er einnig starfrækt frá Akureyri en hún er einn öflugasti vettvangur alþjóðlegra netsamskipta og upplýsingamiðlunar um málefni norðurslóða.

Utanríkisráðuneytið hefur stutt við uppbyggingu norðurslóðamiðstöðvar á Akureyri með fjárframlögum og sérfræðiráðgjöf á grundvelli samstarfssamnings við Háskólann á Akureyri og stendur vilji til að halda því samstarfi áfram.

3.3. Stefnumarkandi framtíðarsýn

Norðurslóðir eru vonum seinna að fá meira vægi í alþjóðamálum. Í fyrsta lagi eru náttúra og vistkerfi norðursins mjög viðkvæm fyrir hlýnun andrúmsloftsins og kalla á rækilegt eftirlit. Í annan stað er þar að finna stóran hluta af ónýttum olíu- og gaslindum heimsins. Í þriðja lagi líta menn til þess að skipaleiðir gætu í framtíðinni opnast milli Kyrrahafs og Norður-Atlantshafsins, um Norður-Íshafið.

Í þessu ljósi er nauðsynlegt að marka skýrari stefnu um hlutverk Íslands á svæðinu. Kjarninn á að vera að efla utanríkispólitískt vægi Íslands í málefnum norðursins í því skyni að styrkja stöðu þess gagnvart vernd náttúru og vistkerfa, nýtingu auðlinda, þróun siglingaleiða, samvinnu á sviði leitar- og björgunarstarfa, en ekki síst varðandi réttinn til þátttöku í pólitískum ákvörðunum sem varða norðurslóðir.

Utanríkisráðherra hefur skilgreint norðurslóðir sem eitt af áherslusviðum í utanríkisstefnunni, sbr. ræðu hans á allsherjarþingi SÞ í september sl. og telur að meðal markmiða að nýrri stefnumótun eigi að vera eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi að skipa Íslandi í röð þeirra strandríkja sem áhrifamest eru um þróun mála á norðurslóðum. Það þýðir að líta beri á Ísland sem fullgilt strandríki á norðurslóðum á sama hátt og Bandaríkin, Danmörku (vegna Grænlands), Kanada, Noreg, og Rússland.

- Í öðru lagi að þróa lagaleg og landfræðileg rök fyrir aðkomu Íslands að ákvörðunartöku um norðrið. Í því efni þarf að byggja á þeirri staðreynd að efnahagslögsagan er innan norðurskautsins í norðri og nær til Grænlandshafs við Norður-Íshafið. Það er því fullkomlega rökrétt að Ísland sé aðili að öllum alþjóðlegum ákvörðunum sem varða norðurslóðir.
- Í þriðja lagi að þróa og afla stuðnings við skilgreiningu á norðurslóðum sem nær bæði yfir norðurskautið og þann hluta af Norður-Atlantshafssvæðinu sem tengist því nánum böndum. Í því efni á ekki að einblína á þrönga landfræðilega skilgreiningu heldur líta á norðurslóðir sem víðtækt svæði í vistfræðilegum, pólitískum, efnahagslegum og öryggispólitískum skilningi.
- Í fjórða lagi að efla og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvang um svæðið.
- Í fimmta lagi þurfa Íslendingar að standa fast gegn hinu svokallaða fimm-ríkja samráði, þ.e. Kanada, Rússlands, Danmerkur (vegna Grænlands), Bandaríkjanna og Noregs. Slíkur vettvangur grefur undan Norðurskautsráðinu og vinnur því gegn öðrum sem hafa þar ríkra hagsmuna að gæta, þ.á m. frumbyggjum.
- Í sjötta lagi að vinna að því að byggt verði á Hafréttarsáttmálanum til að skera úr um hugsanlegar deilur í framtíðinni varðandi lögsögu og réttindi á norðurslóðum.
- Í sjöunda lagi að stuðla áfram að alþjóðlegum samningum um viðbúnað til eftirlits, björgunar og mengunarvarna sem verja hagsmuni Íslands á sviði náttúru, veiða og kolefnavinnslu. Ísland er þegar virkur þátttakandi í slíkri samningagerð.
- Í áttunda lagi að vinna gegn hervæðingu norðurslóða.
- Í níunda lagi að taka upp náið samráð og samvinnu við granna okkar í vestri um málefni norðurslóða. Aukið samstarf Íslendinga og Grænlendinga, á sviði orkumála, bæði um olíu og framleiðslu á rafmagni, mun gefa þjóðunum aukið vægi, bæði öryggispólitískt og strategískt.
- Í tíunda lagi að styðja réttindi frumbyggja á svæðinu.

Í tengslum við að styrkja stöðu Íslands gagnvart norðurslóðum er jafnframt mikilvægt, að Íslendingar haldi á lofti þeim efnahagslegu möguleikum sem felast í Drekasvæðinu, og hugsanlegu mikilvægi Íslands við orkunýtingu á og við norðausturströnd Grænlands. Þessir möguleikar undirstrika að Ísland á beinna hagsmuna að gæta á norðurslóðum, og hefur því ótvíræðan rétt til að vera í framtíðinni virkur þátttakandi í ákvörðunum sem þær varða.

Utanríkisráðuneytið áformar jafnframt að halda alþjóðlega ráðstefnu um norðurslóðir í samvinnu við Háskóla Íslands og aðra aðila, til að styðja við ofangreinda stefnumótun Íslands. Stefna til framtíðar þarf með skýrum hætti að taka til fjölmargra þátta, s.s. stjórnmála, þjóðaréttar, alþjóðasamninga, umhverfisverndar, öryggismála, auðlindanýtingar, mannréttinda, félagsmála og viðskipta. Markmið þessarar vinnu, sem nú er hafin, er að móta í fyrsta sinn stefnumarkandiframtíðarsýn Íslands í málefnum norðurslóða.

3.4. Samstarf Norðurlanda

Samstarf Norðurlandanna á sér langa og farsæla sögu. Ávinningur af samstarfi ríkjanna á alþjóðavettvangi er augljós. Um er að ræða grann- og frændþjóðir sem deila gildismati og hafa því sömu afstöðu í mörgum málaflokkum. Norðurlöndin eru t.d. í fararbroddi í heilbrigðis-, velferðar- og jafnréttismálum og eru á alþjóðavettvangi málsvarar mannréttinda- og mannúðarsjónarmiða. Þá fara hagsmunir ríkjanna saman vegna landfræðilegrar stöðu þeirra á norðurslóðum. Mikilvægi Norðurlandasamstarfsins minnkaði síst við aðild Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

Ísland fór á árinu 2009 með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, en ríkin skiptast á að vera í forystuhlutverkinu. Kom það því í hlut utanríkisráðherra að stýra fundum utanríkisráðherra Norðurlanda og fundum utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) á síðasta ári. Þá flutti hann sameiginlega skýrslu norrænu utanríkisráðherranna á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi hinn 28. október sl.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna áttu þrjá fundi á árinu. Þá voru að auki haldnir tveir fundir þar sem utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja komu saman. Í formennskutíð Íslands áttu Norðurlöndin víðtækt og gott samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála, ekki síst á grundvelli skýrslunnar um utanríkis-, öryggis- og varnarmál sem Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, vann að beiðni ráðherranna. Á fundi norrænu ráðherranna í Reykjavík í júní var skýrslan tekin til sérstakrar umfjöllunar og gáfu ráðherrarnir þar út yfirlýsingu um leiðir til að efla norræna samvinnu á grundvelli tillagna skýrslunnar. Nánar er fjallað um skýrslu Stoltenbergs í kafla 5.3.3.

Óformlegt samstarf norrænna utanríkisráðuneyta og sendiráða erlendis hefur verið umtalsvert undanfarna áratugi. Lögð hefur verið áhersla á að samstarf Norðurlanda í utanríkismálum verði áfram sveigjanlegt og á óformlegum nótum, eins og reynst hefur skilvirkt hingað til. Norðurlöndin koma oft fram sem ein heild á alþjóðavettvangi, eins og áður segir, og eru þekkt af sameiginlegum málflutningi í ákveðnum málaflokkum. Norðurlöndin eiga einnig með sér náið samstarf á vettvangi SÞ þar sem þau leggja reglulega fram samnorrænar ályktanir á sviði mannréttinda og flytja sameiginlegar ræður um ýmis mál.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda eru sammála um að efla þetta samstarf í utanríkismálum enn frekar og hafa falið ráðuneytum sínum að kanna hvernig megi gera það, m.a. í viðskiptamálum, ræðismálum, borgaraþjónustu og menningarmálum. Sem dæmi um náið samstarf má nefna sameiginlega norræna sendiráðsbyggingu í Berlín og aðstöðu tveggja eða fleiri norrænna sendiráða í sameiginlegu leiguhúsnæði á nokkrum stöðum. Hugmyndir eru einnig uppi um að á fjarlægum stöðum, þar sem aðeins eitt eða tvö norræn sendiráð eru, geti önnur norræn ríki fengið aðstöðu fyrir sendifulltrúa til lengri eða skemmri tíma.

Vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni á síðasta ári gafst Íslendingum færi á að setja ákveðin mál í forgang. Var fjöldi þeirra verkefna og viðburða sem þannig komust á dagskrá um það bil þrjátíu. Meðal áherslumála Íslands var að efla samstarf við Kanada og önnur grannsvæði og ríki í vestri, sérstaklega um málefni norðurslóða og rannsóknir í loftslagsmálum. Danir, sem fara með formennsku árið 2010, hafa skipað starfshóp til að móta stefnuna um samstarf fagráðherranefnda við umrædd ríki og svæði og fylgja þeir þannig eftir þeirri grunnvinnu sem Ísland setti af stað. Þá eru jafnréttismál, norðurslóðamál, efling samstarfs á sviði rannsókna og nýsköpunar og sjálfbær nýting orkuauðlinda forgangsmál ráðherranefndarinnar.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna tóku þá ákvörðun árið 2007 að setja viðbrögð við áskorunum sem leiða af hnattvæðingunni í forgang í norrænu samstarfi. Hefur verið lögð áhersla á að efla eftir mætti samstarf ríkjanna á þeim sviðum þar sem Norðurlönd eiga bestu sóknarfærin. Fyrir valinu varð að efla nýsköpun og öndvegisrannsóknir á sviði orku-, loftslags- og umhverfismála. Áhersla var lögð á að tengja saman nýsköpun og rannsóknir sem snúa að umhverfisvernd og vistvænni orkuframleiðslu og stuðla um leið að útflutningi á norrænni hátækni. Þessi nýja áhersla gerir norrænt samstarf mikilvægara en nokkru sinni fyrr fyrir Ísland.

Norðurlandaskrifstofa, sem sett var á stofn 1987 sem ein af skrifstofum utanríkisráðuneytisins en flutt til forsætisráðuneytisins árið 1994, var í samræmi við samstarfsyfirlýsingu

ríkisstjórnarinnar flutt aftur til utanríkisráðuneytisins 1. október 2009. Enda þótt ábyrgð á norrænu samstarfi á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar sé hjá forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda, þótti skynsamlegt að flytja Norðurlandaskrifstofu aftur til utanríkisráðuneytisins til að ná fram samlegðaráhrifum og auka skilvirkni og samræmi milli þesssamstarfs sem Ísland á við norræn ríki á vettvangi ráðherranefndarinnar og annarra alþjóðlegra stofnana.

Skrifstofan hefur það meginhlutverk að samræma og leiða þátttöku stjórnsýslunnar í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sem starfar í tíu fagráðherranefndum. Ríkisstjórnir Norðurlanda og stjórnir sjálfstjórnarlandanna tilnefna úr sínum röðum norræna samstarfsráðherra sem ásamt forsætisráðherrunum móta stefnu starfseminnar og ákveða skiptingu fjárveitinga milli hinna einstöku sviða. Heildarupphæð fjárhagsáætlunar ráðherranefndarinnar árið 2010 er 899,247 milljónir danskra króna og er framlag Íslands 1,2% af því, eða 10,630 milljónir danskra króna.

Í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2009, sem liggur fyrir Alþingi (Þskj.788 – 458. mál), er gerð ítarleg grein fyrir þeim verkefnum, sem sett voru á dagskrá að frumkvæði Íslands, og öðru því norræna samstarfi sem fór fram á vettvangi ríkisstjórnar það ár.

4. UMSÓKN ÍSLANDS UM AÐILD AÐ ESB

Alþingi samþykkti hinn 16. júlí 2009 þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB). Á því tæpa ári sem liðið er hefur verið unnið markvisst eftir þeim leiðarvísi sem settur var fram í nefndaráliti utanríkismálanefndar. Hafa mál þróast í skrefum í átt að því að eiginlegar samningaviðræður hefjist, en vonast er til að leiðtogar ESB taki um það ákvörðun innan tíðar að hefja aðildarviðræður á grundvelli jákvæðra meðmæla framkvæmdastjórnar ESB frá því fyrr á árinu.

Umsókn Íslands hefur almennt verið vel tekið meðal aðildarríkja ESB, á Evrópuþinginu og víðar. Ísland nýtur velvilja og er skilningur á því að staða þess í Evrópusamstarfinu er sterk og jafnframt ólík stöðu annarra umsóknarríkja vegna EES samningsins.

Margvísleg undirbúningsvinna hefur farið fram, sem nánar verður gerð grein fyrir í þessum kafla. Utanríkisráðherra hefur hitt svo til alla starfsbræður sína í ESB-ríkjum auk nokkurra meðlima framkvæmdastjórnar ESB síðan síðasta skýrsla var lögð fyrir Alþingi og hefur þannig styrkt pólitísk tengsl. Þá hafa embættismenn og fulltrúar í einstaka samningahópum gert slíkt hið sama með fundum með starfsbræðrum í aðildarríkjum og í stofnunum ESB.

Skipuð hefur verið samninganefnd, sem leidd er af aðalsamningamanni, og undir henni tíu samningahópar sem starfa á mismunandi málefnasviðum. Samninganefndin hefur fundað sex sinnum frá því hún var skipuð og má gera ráð fyrir að á næstunni verði fundir tíðari þar sem vinna samningahópanna er komin á það stig að kalla á reglulega umfjöllun samninganefndarinnar.

Aðalsamningamaður Íslands hefur styrkt tengsl sín við lykilaðila í stofnunum ESB og meðalfulltrúa aðildarríkjanna í Brussel ásamt því að gera grein fyrir umsókn Íslands þar og víðar, t.d. í þýska þinginu.

Hin efnislega undirbúningsvinna fyrir samningaferlið hefur gengið vel innan samningahópanna. Gert er ráð fyrir að skipulegur samanburður á löggjöf Íslands og ESB með framkvæmdastjórn ESB, svonefndir greiningarfundir, hefjist í haust að því gefnu að ESB taki ákvörðun innan tíðar um að hefja viðræður við Ísland.

Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar er vikið sérstaklega að mikilvægi þess að umsóknarferlið og vinna í tengslum við það verði gagnsætt. Þetta er fyllilega í samræmi við stefnu utanríkisráðherra. Þetta hefur þegar verið sýnt í verki með birtingu spurningalista framkvæmdastjórnar ESB, birtingu svara við honum og nú síðast birtingu frásagna af fundum einstakra samningahópa og samninganefndar. Þessu mun verða haldið áfram í öllu ferlinu eftir því sem kostur er án þess þó að tefla samningsstöðu Íslands í tvísýnu. Hluti af þessu gagnsæi felst einnig í samsetningu samningahópanna þar sem sitja fulltrúar þeirra samtaka sem eiga lykilhagsmuna að gæta á viðkomandi sviði. Með þessum hætti eru þessir aðilar beinirþátttakendur í samningsferlinu og eiga auðveldara með að hafa áhrif á mótun afstöðu Íslands í því.

Sérstök grein var gerð fyrir ýmsum grunnatriðum í einstökum málaflokkum í skýrslu utanríkisráðherra á síðasta ári. Þau eru ekki endurtekin hér en áhersla lögð á að uppfæra efnisatriði þar sem ástæða þykir til og gera grein fyrir nýrri þróun mála sem nauðsynlegt er að horfa til í umsóknarferlinu.

4.1. Meirihlutaálit utanríkismálanefndar grundvöllur starfs samningahópanna

Í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar lagði utanríkisráðherra, 28. maí 2009, fram á Alþingi þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að ESB. Tillagan var samþykkt 16. júlí 2009 og aðildarumsókn afhent sænsku formennskunni í Stokkhólmi 23. júlí 2009. Tillagan fól einnig í sér að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning að viðræðum loknum.

Samhliða þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar var til meðferðar þingsályktunartillaga þingmanna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að ESB. Utanríkismálanefnd hagaði vinnu sinni þannig að í raun var fjallað um báðar tillögurnar samhliða og leitast við að koma til móts við stefnumið flutningsmanna síðari tillögunnar. Í áliti sínu fjallar meirihluti nefndarinnar um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum og vann í raun vegvísi umsóknarferlisins með því að taka til umfjöllunar öll helstu álitamál varðandi viðræður við ESB auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings.

Álit meirihluta utanríkismálanefndar er lagt til grundvallar í starfi samningahópanna. Í niðurstöðu nefndarinnar er lögð áhersla á að afmarka þegar í upphafi þá meginhagsmuni Íslands sem að aðildinni snúa. Nefndin beinir tilmælum til samningahópanna um að skilgreina nánar samningsmarkmið um þá meginhagsmuni sem skilgreindir eru og tæpt er á í kafla 4.4. Tilmæli nefndarinnar liggja til grundvallar starfi hópanna en þau endurspeglast á ítarlegan hátt í erindisbréfum þeirra og samninganefndar.[2]

Sú vinna sem fram hefur farið í samningahópunum fram til þessa beinist að því að skapa forsendur til þess að geta með ákveðnum hætti útfært þau meginmarkmið, sem nefndin leggur upp með, yfir í afmarkaðar og nákvæmar samningsafstöður á einstökum sviðum.

4.2. Viðbrögð ESB við umsókn Íslands

Ráðherraráð ESB tók umsókn Íslands fyrir 27. júlí 2009 og óskaði eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar á henni. Framkvæmdastjórnin leitaði víða fanga við álitsgerðina. Einkum var þó stuðst við svör íslenskra stjórnvalda við ítarlegum spurningalista sem framkvæmdastjórnin lagði fram 8. september 2009.

---

[2] Sjá nánar um samningsmarkmið, þskj. 249, mál 38, löggjafarþing 137.

Spurningalistinn er hluti af umsóknarferli ESB og er slíkur listi lagður fyrir öll umsóknarríki. Meginmarkmið hans er að veita framkvæmdastjórninni nægar upplýsingar til að meta hvort umsóknarríkið uppfylli Kaupmannahafnarviðmiðin svonefndu. Samkvæmt þeim þurfa ríki í fyrsta lagi að virða grundvallarreglur lýðræðis- og réttarríkja og almenn mannréttindi, þ. á m. réttindi minnihlutahópa. Í öðru lagi þurfa ríkin að hafa markaðshagkerfi sem ræður við þá samkeppni sem aðild að ESB hefur í för með sér og í þriðja lagi þarf umsóknarríki að vera í stakk búið til að uppfylla þær skuldbindingar sem fylgja aðild, þ. á m. þær sem lúta að auknu pólitísku og efnahagslegu samstarfi.

Samtals voru spurningarnar rúmlega 2.500 og skiptust í 33 kafla í samræmi við kaflaskiptingu löggjafar ESB. Spurningarnar beindust að öllum efnisþáttum fyrirhugaðra aðildarviðræðna. Auk þess var sjónum beint að ýmsum innviðum ríkisins, stofnanalegri uppbyggingu og stjórnkerfi. Svörin við spurningunum voru fyrst og fremst lýsandi en vörðuðu ekki samningsafstöðu Íslands. Spurningalistinn sem og öll svör íslenskra stjórnvalda voru birt opinberlega um leið og þau lágu fyrir.

Öll ráðuneyti og margar stofnanir tóku beinan þátt í að svara spurningunum. Óhætt er að segja að unnið hafi verið hratt og vel og var svörunum skilað 22. október 2009, eða um einum og hálfum mánuði eftir að spurningalistinn var lagður fram.

Hinn 24. febrúar 2010 lauk framkvæmdastjórnin álitsgerð fyrir ráðherraráðið um umsókn Íslands. Hún er almennt jákvæð í garð Íslands sem umsóknarríkis, þótt ýmislegt sé talið mega betur fara, t.d. reglur um skipan dómara o.fl. Staðfest er að Ísland standi fyllilega undir Kaupmannahafnarviðmiðunum og lagt er til að hafnar verði aðildarviðræður við Ísland.

Í skýrslunni kemur fram að Ísland sé vel undir umsóknarferlið búið, ekki síst vegna náinnar samvinnu við ESB á grundvelli EES-samningsins. Samkvæmt greiningu framkvæmdastjórnarinnar hefur Ísland þegar innleitt nær alla löggjöf í 10 köflum sem undir EES-samstarfið heyra. Aðrir 11 kaflar eru að langmestu leyti hluti EES-samningsins, en ýmsar undanþágur og sérákvæði þarf að skoða nánar. Af 35 samningsköflum er 21 kafli því þegar hluti EES-samningsins að mestu eða langmestu leyti. Þá standa eftir 14 kaflar sem fjalla um þau svið sem standa utan EES-samningsins.

Í álitinu er vikið að ýmsu er varðar efnahagshrunið og bent á að koma þurfi á jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, byggja þurfi upp fjármálakerfið og efnahags- og atvinnulífið. Jákvæðum orðum er farið um efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og framkvæmd hennar. Fjallað er sérstaklega um skort á eftirliti með fjármálageiranum og nauðsyn þess að skjóta undir það styrkari stoðum. Þá kemur m.a. fram í skýrslunni að ESB geti lært margt af Íslandi á sviði sjávarútvegs og æskilegt sé að líta til Íslands við endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Ákvörðun um að hefja aðildarviðræður við Ísland eru nú í höndum leiðtogaráðs ESB. Gert er ráð fyrir að það taki umsókn Íslands fyrir á fundi sínum innan tíðar.

4.3. Skipulag viðræðna

Álit meirihluta utanríkismálanefndar leggur skýrar línur um skipulag aðildarviðræðnanna af Íslands hálfu. Skipulagið tekur mið af reynslu og áherslum annarra ríkja sem gengið hafa í gegnum umsóknarferlið. Lagt var upp með að skipaður yrði sérstakur aðalsamningamaður eða – menn sem leiða myndi samninganefnd. Að sama skapi lagði meirihluti nefndarinnar áherslu á mikilvægi þátttöku hagsmunaaðila í ferlinu. Áhersla var einnig lögð á gagnsæi og virka upplýsingamiðlun til almennings. Lögð var áhersla á að aðkoma Alþingis yrði mjög virk enda mikilvægt svo Alþingi mætti gegna sínum stjórnskipulegu skyldum sem eftir-

litsaðili með framkvæmdavaldinu. Rík áhersla var lögð á skýra aðkomu sveitarfélaga að ferlinu. Fram kemur skýr mynd af skipulaginu í meirihlutaálitinu þar sem m.a. er tekið fram að stjórnskipuleg ábyrgð á ferlinu liggi hjá utanríkisráðherra en samráðsskylda hans sé rík.

Horft hefur verið til þeirrar áherslu utanríkismálanefndar að fá erlenda ráðgjafa til aðstoðar í ferlinu. Fram til þessa hefur verið kosið að afla slíkrar ráðgjafar á efnislegum sviðum ferlisins í tvíhliða samskiptum við einstök aðildarríki ESB eða svæði innan þeirra (t.d. Eistland, Svíþjóð, Finnland og Skotland). Í síðasta mánuði var t.d. haldin ráðstefna hér á landi um stuðningskerfi ESB auk þess sem fulltrúar frá Eistlandi gáfu einstökum samningahópum innsýn í afmarkaða málaflokka eins og t.d. byggða- og landbúnaðarmál. Gert er ráð fyrir að áfram verði leitað ráðgjafar af því tagi, ekki síst eftir að sérstök fjárhagsleg aðstoð ESB í því skyni verður aðgengileg. Samninganefndin mun meta það á síðari stigum hvernig og þá með hvaða hætti annars konar ráðgjafar verði leitað. Með þessari leið er talið að best verði nýtt það fjármagn sem til ráðstöfunar er í umsóknarferlinu.

4.3.1. Uppbygging umsóknarferlisins

Í samræmi við meirihlutaálit utanríkismálanefndar og að höfðu víðtæku samráði innan Alþingis og utan tók utanríkisráðherra þá ákvörðun að skipa einn aðalsamningamann, samninganefnd sem fer fyrir tíu samningahópum auk samráðsnefndar. Í samninganefnd og samningahópum sitja alls 213 fulltrúar ráðuneyta, stofnana, hagsmunasamtaka og félagasamtaka. Við skipan samráðshópsins bætist við nokkur fjöldi fulltrúa.

Aðalsamningamaður

Aðalsamningamaður Íslands er Stefán Haukur Jóhannesson sem gegnt hefur starfi sendiherra Íslands gagnvart ESB frá árinu 2005. Stefán hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á vegum íslenskra stjórnvalda frá því hann hóf störf í utanríkisþjónustunni auk þess að taka að sér veigamiklar skyldur í samningaviðræðum og við úrskurð ágreiningsmála á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Samninganefnd

Samninganefnd er skipuð átján einstaklingum og starfar undir formennsku aðalsamningamanns. Varaformenn nefndarinnar eru Björg Thorarensen prófessor, og Þorsteinn Gunnarsson, fyrrverandi rektor. Tíu fulltrúar nefndarinnar eru formenn í þeim samningahópum sem skipaðir voru samhliða skipan samninganefndarinnar. Auk þess sitja í nefndinni embættismenn úr utanríkisráðuneytinu auk fulltrúa sem skipaðir eru í nefndina vegna sérstakrar þekkingar sinnar og reynslu.[3] Meginefni funda nefndarinnar fram að þessu hefur verið að skipuleggja starf nefndarinnar og fylgjast með meðferð umsóknar Íslands innan stofnana ESB og meðal aðildarríkjanna. Einnig hefur verið fjallað um skipulag greiningarvinnu samningahópanna og með hvaða hætti þeir muni skila niðurstöðum sínum til samninganefndarinnar. Gestir hafa og komið á fund nefndarinnar, þ. á m. Ulf Dinkelspiel, fyrrverandi aðalsamningamaður Svíþjóðar í aðildarviðræðunum við ESB og Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi.

---

[3] Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins má sjá lista yfir fulltrúa í samninganefnd. http://evropa.utanrikisraduneyti.is/samninganefnd/

Samningahópar

Hlutverk samningahópanna tíu sem skipaðir voru er fyrst og fremst að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB. Í því felist einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hóparnir skulu jafnframt vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur. Allir starfa hóparnir samkvæmt erindisbréfum sem kveða nánar á um hlutverk þeirra og leggja línur varðandi þau meginmarkmið sem sett skulu á oddinn í samningaviðræðunum, sbr. þá skilgreiningu meginhagsmuna sem tilgreindir eru í áliti meirihluta utanríkismálanefndar.[4] Hóparnir tíu fást við eftirfarandi málaflokka: Byggða- og sveitarstjórnarmál, dóms- og innanríkismál, fjárhagsmál, lagamál, landbúnaðarmál, myntbandalagsmál, sjávarútvegsmál og utanríkismál og tveir hópar skipta með sér málefnum EES-samningsins.

Samráðshópur

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar er lögð áhersla á mikilvægi þess að eiga náið samráð við breiðan hóp hagsmunaaðila í umsóknarferlinu. Lagði nefndin til að settur yrði á fót sérstakur samráðshópur í þessu skyni en í honum sætu m.a. fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Hlutverk samráðshóps er að vera samninganefnd og ríkisstjórn til ráðgjafar um samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðum við ESB. Í því felst að samráðshópurinn verður reglulega upplýstur um stöðu og framvindu aðildarviðræðna og gefst tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Samninganefnd mun jafnframt leita álits samráðshópsins um samningsafstöðu Íslands í einstökum málaflokkum. Fyrir liggja tillögur af hálfu utanríkisráðherra um skipan þessa hóps og eru þær til umsagnar utanríkismálanefndar Alþingis.

4.3.2. Samskipti við Alþingi

Allt frá upphafi umsóknarferlisins hefur vegvísir Alþingis verið leiðarhnoða í málsmeðferðinni. Til þessa vegvísis er horft í smáu sem stóru sem taka þarf ákvörðun um, hvort heldur það lýtur að formlegum þáttum ferlisins eða efnislegum.

Í nefndaráliti sínu fer utanríkismálanefnd yfir það verkferli sem hún telur rétt að viðhafa í umsóknarferlinu en þar er Alþingi áfram ætlað lykilhlutverk. Tekur allt skipulag vinnunnar mið af því.

Eftir samþykkt þingsályktunartillögunnar og framlagningu aðildarumsóknar hafa verið regluleg samskipti við utanríkismálanefnd af hálfu utanríkisráðuneytisins, eins og getið er í kafla 1.4. Við það má bæta að aðalsamningamaður Íslands hefur mætt á nokkra fundi nefndarinnar. Auk þess má nefna að nefndin hefur fengið á sinn fund gesti sem hafa verið staddir hér á landi í tengslum við aðildarumsóknina svo sem framkvæmdastjóra stækkunarmála hjá ESB, fyrrverandi aðalsamningamann Svíþjóðar o.fl.

Náið samráð við Alþingi mun halda áfram í ferlinu sem framundan er. Innan tíðar mun liggja fyrir niðurstaða vinnu einstakra samningahópa eftir greiningu löggjafar ESB. Sú vinna er grunnur undirbúnings greiningarfunda með framkvæmdastjórn ESB og einnig mótunar endanlegrar samningsafstöðu Íslands í einstökum samningsköflum. Um þessar niðurstöður

---

[4] Sjá erindisbréf samningahópa á slóðinni evropa.utanrikisraduneyti.is

og til undirbúnings greiningarfundum með framkvæmdastjórn ESB á komandi hausti mun samráð verða haft við nefndina.

Síðari hluta haustsins má reikna með því að fyrstu tillögur að samningsafstöðu Íslands í einstökum málaflokkum líti dagsins ljós. Um þær þarf að eiga sér stað náið samráð við Alþingi áður en endanleg samningsafstaða í einstökum köflum verður samþykkt af Íslands hálfu og kynnt ESB. Það samráð mun verða áframhaldandi þáttur í því góða samstarfi sem þegar hefur skapast við þingið.

4.3.3. Upplýsingamál

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar kemur skýrt fram að upplýsingamiðlun í tengslum við umsókn Íslands um aðild að ESB eigi að vera skýr og skilvirk. Sérstök áhersla er lögð á að upplýsingamiðlun til almennings skuli einkennast af fagmennsku og hlutleysi. Kynning á ESB og umsóknarferlinu nái ekki aðeins til lokaskrefsins sem er þjóðaratkvæðagreiðsla heldur fari einnig fram meðan á aðildarviðræðum stendur. Í þessu samhengi telur meirihlutinn aðkomu óháðra aðila dýpka umræðuna og tryggja hlutleysi. Jafnframt er lagt til að stjórnvöld sjái til þess að fjármunir verði til ráðstöfunar þannig að félagasamtök geti tekið þátt í opinberri umræðu og miðlað upplýsingum um málið.

Utanríkisráðuneytið hefur á liðnum vetri átt náið samráð við utanríkismálanefnd um með hvaða hætti best sé staðið að upplýsingamiðlun í tengslum við umsóknarferlið. Utanríkismálanefnd Alþingis hefur skipað sérstakan vinnuhóp til að undirbúa heildaráætlun í upplýsingamálum sem mætir þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í nefndarálitinu. Utanríkisráðuneytið hefur átt þrjá fundi með formanni vinnuhópsins þar sem farið hefur verið yfir reynslu annarra ríkja og með hvaða hætti upplýsingamiðlun samninganefndar Íslands, sem heyrir undir utanríkisráðuneytið, mun falla að ofannefndri heildaráætlun.

Samráð hefur verið haft við Eistland, Svíþjóð, Finnland og Möltu um hvernig þessi ríki stóðu að upplýsingamiðlun til almennings þegar þau sóttu um aðild að ESB og lögðu aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fulltrúar þessara ríkja, sem komu til Íslands í vetur og funduðu með utanríkisráðuneyti og Alþingi, lögðu þunga áherslu á mikilvægi þess að fjárfesta eins og þörf krefur í hnitmiðaðri upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingar ættu að byggja á staðreyndum og vera auðskiljanlegar því aðeins þannig væri unnt að efna til yfirvegaðrar umræðu. Með aukinni upplýsingagjöf hafi skilningur á málefnunum vaxið. Fram kom að upplýsingamálin hafi verið einn mikilvægasti þátturinn í umsóknarferlinu í þeirra löndum.

Utanríkisráðuneytið opnaði síðasta sumar sérstaka heimasíðu um umsóknarferlið.[5] Þar hafa fundargerðir og dagskrár funda samninganefndar og samningahópa þegar verið birtar og þannig geta allir Íslendingar kynnt sér og fylgst með starfi samninganefndar og samningahópa. Á heimasíðunni er einnig að finna hnitmiðaðar upplýsingar um skipulag fyrirhugaðra viðræðna og viðfangsefni þeirra eftir málaflokkum. Þar eru sömuleiðis upplýsingar um fulltrúa í samninganefnd og samningahópum, erindisbréf þeirra, helstu skýrslur, innlendar og erlendar, auk frétta af mikilvægum fundum og lykilskrefum í umsóknarferlinu.

Þessi heimasíða verður uppfærð á næstu mánuðum og er markmiðið að gera upplýsingar um umsóknarferlið og viðfangsefni aðildarviðræðna enn aðgengilegra almenningi. Utanríkisráðuneytið hyggst áfram sýna gagnsæi í verki með því að birta gögn á heimasíðunni jafnskjótt og þau liggja fyrir, svo lengi sem það skaðar ekki samningshagsmuni Íslands, og

---

[5] Sjá á slóðinni; evropa.utanrikisraduneyti.is.

þýða lykilskjöl yfir á íslensku eins fljótt og auðið er, eins og gert var þegar álit framkvæmdastjórnar ESB á umsókn Íslands lá fyrir í febrúar sl., sjá kafla 4.2. Utanríkisráðuneytið telur brýnt að nýta áfram rafræna stjórnsýslu eins og kostur er í umsóknarferlinu.

Utanríkisráðherra hefur gert grein fyrir umsóknarferlinu í ræðu og riti. Þá hefur aðalsamningamaður Íslands veitt fjölmiðlum viðtöl um ferlið og haldið erindi á fundum hagsmunasamtaka og félaga. Embættismenn utanríkisráðuneytisins, sem og fulltrúar í samninganefndinni, hafa haldið fræðsluerindi um umsóknarferlið og viðfangsefni fyrirhugaðra viðræðna. Þá ber þess að geta að fulltrúar hagsmunasamtaka, stofnana og félagasamtaka í samningahópum taka virkan þátt í umsóknarferlinu og fá þannig stöðugt upplýsingar um stöðu þess og framvindu. Þannig eru fulltrúar í samningahópum í stakk búnir til að upplýsa sína félagsmenn um umsóknarferlið og af því eru umtalsverð margfeldisáhrif út í samfélagið allt. Það er stefna utanríkisráðuneytisins að fundir samninganefndar Íslands verði einnig haldnir á landsbyggðinni, og nýtist jafnframt til þess að veita upplýsingar um aðildarferlið, stöðu þess og framvindu.

Evrópumálin eru viðamikið hagsmunamál Íslands og þau eru að hluta til flókin og tæknileg. Því skiptir miklu að fólk fái skýrar og skilmerkilegar upplýsingar um helstu málefni og möguleg áhrif aðildar. Utanríkisráðuneytið tekur heils hugar undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að almenningur á Íslandi fái hlutlægar upplýsingar um ESB, umsóknarferlið og fyrirhugaðar samningaviðræður. Aðeins með hnitmiðaðri upplýsingagjöf getur farið fram málefnaleg og upplýst umræða um kosti og galla Evrópusambandsins og mögulegrar aðildar Íslands.

4.4. Staðan á einstökum samningssviðum

Efnislegur undirbúningur viðræðnanna er að stórum hluta í höndum samninganefndar og samningahópa. Hlutverk samningahópanna er að halda utan um samningaviðræðurnar hver á sínu sviði allt frá upphafi til enda. Í þessu felst m.a. yfirgripsmikill samanburður á löggjöf Íslands og ESB og undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands.

Flestir hópanna hófu störf í ársbyrjun 2010 og verður hér á eftir greint frá helstu viðfangsefnum þeirra, hvers fyrir sig. Um leið er um að ræða eiginlega framvinduskýrslu sem greinir stöðu og þróun ferlisins allt frá því Alþingi fól ríkisstjórninni að sækja um aðild að sambandinu.

Almennt er gert ráð fyrir að allir hópar hafi skilað skýrslum um kafla sína fyrir haustið 2010. Munu flestir hópa ljúka sinni greiningarvinnu fyrir áætlað upphaf greiningarvinnu með framkvæmdastjórn ESB. Líklegt er að hún hefjist fyrir lok október nk., taki ESB ákvörðun um að hefja aðildarviðræður á komandi sumri.

4.4.1. Sjávarútvegsmál

Að því er fram kemur í áliti meirihluta utanríkismálanefndar skulu markmið, er lúta að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi, sett á oddinn í samningaviðræðunum. Hér er einkum átt við forræði á stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu sem byggð er á ráðgjöf íslenskra vísindamanna, svo og eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er þegar málefni lúta að íslenskum hagsmunum. Jafnframt verði áhersla lögð á að halda í möguleika á að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Þátttaka Íslands við mótun sjávarútvegsstefnu ESB verði skýr og framlag sjávarútvegsins til efnahagslífsins haldist óbreytt.

Fyrsta verkefni samningahóps um sjávarútvegsmál er að greina með ítarlegum hætti löggjöf ESB í sjávarútvegi og bera saman við íslenska löggjöf. Það er yfirgripsmikið verk, enda telur hún yfir 800 gerðir. Sú vinna, sem er langt komin, hefur að mestu farið fram í vinnuhópi sem samanstendur af starfsmönnum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðgert er að leggja niðurstöður þessarar vinnu fyrir samningahópinn í sumar og að hann skili í framhaldi af því ráðgjöf sinni til samninganefndar í formi greinargerðar. Til að auka skilning á inntaki og framkvæmd löggjafar, hefur vinnuhópurinn farið í kynnisferð til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel, þar sem farið var yfir alla helstu þætti sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Þá hélt vinnuhópurinn tvíhliða fundi með framkvæmdastjórninni í kjölfar sjóðaráðstefnunnar sem haldin var 12.–16. apríl síðastliðinn. Ráðgert er að kalla erlenda sérfræðinga til aðstoðar við greiningu löggjafar en fulltrúar samningahópsins munu einnig kynna sér framkvæmd stefnunnar í nokkrum aðildarríkjum sambandsins og heimsækja mikilvægar stofnanir, svo sem eftirlitsstofnunina í Vigo á Spáni.

Í áliti framkvæmdastjórnarinnar frá 24. febrúar 2010 kemur fram að heildarskipulag og framkvæmd íslensku fiskveiðistefnunnar séu samrýmanleg reglum ESB. Ísland aðhyllist meginregluna um sjálfbæra þróun og fylgir varúðarreglunni við fiskveiðistjórnun. Því telur framkvæmdastjórnin að Ísland ætti að vera í stakk búið að innleiða lög og reglur ESB á þessu sviði innan þriggja ára og að almennt megi segja hið sama um íslenskar stjórnsýslustofnanir. Þó er tekið fram í áliti framkvæmdastjórnarinnar að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að undirbúa stjórnsýsluna og útgerðir fyrir þátttöku í sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni sem nær yfir stjórnun auðlinda og flota, skoðun og eftirlit, stuðningsaðgerðir, markaðsstefnu og eftirlit með ríkisaðstoð. Í sumum tilvikum muni einnig þurfa að gera breytingar á gildandi fiskveiðisamningum við þriðju ríki eða alþjóðastofnanir. Telur samningahópurinn nauðsynlegt að huga að þessum atriðum þegar greiningu löggjafar er lokið.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB sætir reglulega endurskoðun og er undirbúningur þeirrar næstu þegar hafinn. Fyrsta skref endurskoðunarinnar var útgáfa Grænbókar framkvæmdastjórnar ESB í byrjun árs 2009. Þar var ríkjum og hagsmunaaðilum boðið að gera athugasemdir við hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar um þróun og breytingar á stefnunni. Samningahópur um sjávarútvegsmál skilaði stuttri greinargerð með athugasemdum við Grænbókina í byrjun árs 2010. Í greinargerðinni var m.a. lögð áhersla á sjálfræði strandríkja yfir staðbundnum stofnum í lögsögu þeirra og svæðisbundna fiskveiðistjórnun. Formaður og varaformaður samningahópsins hafa fylgt greinargerðinni eftir með því að funda með framkvæmdastjórninni og nokkrum helstu aðildarríkjum sambandsins á sviði sjávarútvegs og mun sú vinna halda áfram fram eftir þessu ári. Lítur samningahópurinn á það sem eðlilegan undanfara eiginlegra aðildarviðræðna við ESB á sviði sjávarútvegs að freista þess að hafa áhrif á það hvernig hin sameiginlega sjávarútvegsstefna sambandsins þróast.

Fram kemur í áliti framkvæmdastjórnarinnar, að hún telji að aðild Íslands að ESB myndi hafa veruleg áhrif á sameiginlegu fiskveiðistefnuna. Þau ummæli fá stoð í ályktun þýska þingsins frá því í marslok 2010 þar sem lagt er til að aðildarviðræðurnar við Ísland verði nýttar til að auka áherslu á sjálfbæra fiskveiðistefnu innan sambandsins þar sem líta mætti á Ísland sem fyrirmynd. Þá segir í áliti þýska þingsins að sjávarútvegur leiki grundvallarhlutverk í íslensku efnahagslífi. Á sama hátt hvetur sameiginlega EES-þingmannanefndin, til þess að endurskoðunin verði til að færa sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna nær þeirri íslensku, m.a. með því að leggja af ríkisstyrki og færa ákvörðunarvald að hluta frá Brussel til aðildarríkjanna. Helstu niðurstöður endurskoðunar sjávarútvegsstefnunnar munu liggja

fyrir á næsta ári og verða þá lagðar fram tillögur um nýja grundvallarlöggjöf í sjávarútvegsmálum. Stefnt er að gildistöku hennar í byrjun árs 2013. Ummæli í ofangreindum skýrslum eru afar mikilvægt veganesti fyrir Ísland og gefa til kynna aðESB líti til Íslands sem ákveðinnar fyrirmyndar en sé jafnframt tilbúið til þess að koma til móts við Ísland á þessu sviði aðildarviðræðna.

4.4.2. Landbúnaðarmál

Samkvæmt áliti meirihluta utanríkismálanefndar skal stefnt að því að niðurstaða samningaviðræðna við Evrópusambandið valdi sem minnstri röskun á högum bænda, skapa íslenskum landbúnaði sem hagstæðast rekstrarumhverfi, ásamt því að tryggja búsetu í dreifbýli verði Ísland aðili að sambandinu.

Fram til þessa hafa meginverkefni hópsins falist í upplýsingaöflun um stefnu ESB í landbúnaði og dreifbýlismálum og í greiningu löggjafar ESB á því sviði. Sérfræðingar hafa verið kallaðir fyrir hópinn til þess að útskýra einstaka þætti löggjafarinnar og stöðu íslensks landbúnaðar til þess að auka þekkingu og skilning á viðfangsefninu. Haft hefur verið samráð við einstök aðildarríki og framkvæmdastjórn ESB til að auka skilning á inntaki og framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Fulltrúar úr hópnum hafa einnig farið í kynnisferðir til Finnlands og Skotlands og gert samningahópnum grein fyrir helstu niðurstöðum fundanna. Skipaður var sérstakur vinnuhópur til þess að rýna löggjöf ESB og eru greiningar sérfræðinganna lagðar fyrir samningahópinn til umræðu. Sú vinna gengur vel og hefur samningahópurinn þegar fengið til umfjöllunar hluta af meginlöggjöf ESB. Nefndin mun í kjölfar þessarar grunnvinnu skila greinargerð til samninganefndarinnar, eigi síðar en í september 2010. Þar mun koma fram það sem sérstaklega þarf að huga að í samningaviðræðunum og tiltekin þau atriði sem helst þarf að taka tillit til við mótun samningsafstöðu á sviði landbúnaðar og dreifbýlismála. Samningahópurinn hefur einnig fjallað um álit framkvæmdastjórnarinnar þar sem kemur fram aðÍsland geti tekist á við þær skyldur sem felast í aðild hvað varðar hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu, þó breyta þurfi fyrirkomulagi landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarmála hvað varðar stjórnsýslu og stuðningskerfi.

Sameiginlega landbúnaðarstefnan er ein af grunnstoðum ESB og hér verður stiklað á því helsta sem hefur verið uppi á síðustu misserum.

Í desember sl. tók Lissabon-sáttmálinn gildi. Með sáttmálanum varð sú breyting að á sviði landbúnaðarmála fara ráðherraráð ESB og Evrópuþingið nú sameiginlega með lagasetningarvald í stað ráðsins eins áður. Það mun skýrast á næstu misserum hvernig þingið mun setja mark sitt á lagasetninguna en þingið er almennt mjög jákvætt í garð sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og stuðnings við bændur.

Sameiginlega landbúnaðarstefnan sætir endurskoðun reglulega. Núverandi framkvæmdarammi landbúnaðarstefnu ESB gildir til og með 2013. Þegar árið 2009 hófst undirbúningur að heildarendurskoðun stefnunnar. Efnt hefur verið til almennrar umræðu um endurskoðunina meðal aðildarríkjanna, af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og meðal almennings innan ESB. Framkvæmdastjórnin mun fyrir lok ársins gefa út skýrslu um framtíðarsýn hennar eftir 2013 sem verður grundvöllur frekari umræðu. Meðal annars verður horft til þess hvernig sameiginlega landbúnaðarstefnan getur stutt áætlun ESB Evrópa 2020. Heildarendurskoðun landbúnaðarstefnunnar markar ávallt viss tímamót. Ekki er þó að sjá í kortunum grundvallarbreytingar þeirrar stefnu sem nú er við lýði enda þótt vænta megi að áfram verði lögð áhersla á einföldun stefnunnar.

Matvælaverð í Evrópu var í umræðunni árið 2009 en tíðar verðsveiflur á landbúnaðarvörum innan sambandsins höfðu valdið tilheyrandi erfiðleikum fyrir bændur og óþægindum fyrir neytendur. Má þar sérstaklega nefna erfiðleika í mjólkurframleiðslu. Framkvæmdastjórnin lagði í nóvember sl. fram tillögur um samhæfðari fæðukeðju með það að markmiði að auka skilning og stöðugleika á markaðnum. Skipaður var starfshópur um framtíðarskipan í mjólkurframleiðslu sem vinna á tillögur til framkvæmdastjórnarinnar.

4.4.3. Byggða- og sveitarstjórnarmál

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar um byggðamál er lögð áhersla á að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi í viðræðunum og tryggður greiður aðgangur að því fjármagni sem til ráðstöfunar kann að verða komi til aðildar. Horft skal sérstaklega til nýsköpunar í atvinnumálum á landsbyggðinni. Styrkjakerfi og skilgreiningar landsvæða skal skoða heildstætt og skal skoðunin ná til landsins alls.

Í starfi samningahóps um byggðamál hefur verið lögð áhersla á fræðslu um stefnu ESB á sviðinu og þannig skapist sameiginlegur þekkingargrunnur meðal fulltrúa hópsins. Sérfræðingar hafa verið kallaðir til og hafa þeir fjallað um einstaka þætti, ásamt því sem framkvæmd atvinnu- og byggðastefnu á Íslandi hefur verið kynnt. Haft hefur verið samráð við framkvæmdastjórn ESB varðandi almenna tilhögun og við einstök aðildarríki um hvernig innlendri framkvæmd er háttað. Fram til þessa hefur sérstök áhersla verið lögð á reglur ESB um svæðaskiptingu og þau stjórnunar- og eftirlitshlutverk sem aðildarríkjum ber að sinna. Skipaður var sérstakur starfshópur til að annast greiningu á löggjöf ESB. Þeirri vinnu er nær lokið og stefnt er að því að skila greinargerð til samninganefndar í júní 2010. Í áliti framkvæmdastjórnarinnar kemur fram aðÍsland sé í stakk búið til að takast á við skyldur þær sem fylgja aðild á sviði atvinnu- og byggðamála. Tilgreina þurfi þó þá aðila sem fara skulu með mótun og framkvæmd stefnunnar innanlands og huga að samræmingu í stefnumótun. Tekið er fram að Sóknaráætlun Íslands 20/20 geti verið grundvöllur samræmdrar langtímastefnu í atvinnu-og byggðamálum. Samningahópurinn hefur fjallað um þessi atriði og mun hafa álit framkvæmdastjórnarinnar til hliðsjónar.

Tveir starfshópar, skipaðir fulltrúum úr samningahópnum, hafa verið settir á fót. Annar hópurinn skal skoða reglur ESB um svæðaskiptingu (NUTS) og greina með hvaða hætti aðstæður á Íslandi falla að þeim. Hinum er ætlað að greina stofnanauppbyggingu, þ.e. hvers konar stjórnsýslu og eftirlits er krafist til að framkvæma atvinnu- og byggðastefnuna með réttum hætti og taka við fjármunum úr viðeigandi sjóðum ESB. Það þarf svo að bera saman við þau verkefni og hlutverk sem nú þegar er sinnt innan íslenskrar stjórnsýslu. Þessi greining er mikilvægur hluti af aðildarferlinu.

Atvinnu- og byggðastefna ESB er viðamikið og fjölþætt svið og nálgunin um margt ólík því sem viðhöfð hefur verið hér á landi. Fjárhagstímabil ESB fyrir árin 2007–2013 er u.þ.b. hálfnað og fyrstu tillögur eða hugmyndir um hvaða stefna verði tekin í byggðamálum frá og með 2014 líta dagsins ljós á haustmánuðum 2010. Lissabon-sáttmálinn fól í sér breytingar á stofnsáttmála ESB sem nauðsynlegt er að greina með tilliti til stöðu Íslands. Þar segir að atvinnu-, félags, og byggðastefna sambandsins skuli sérstaklega taka tillit til norðlægra og strjálbýlla svæða. Þessi skýra afstaða sambandsins til norðlægra svæða er afar mikilvæg og gefur aukið færi á því að leggja áherslu á sérstöðu Íslands. Ennfremur á sér stað mikilvæg þróun á vettvangi ESB sem felur í sér að skilgreina stærri svæði sem mynda ákveðna heild. Fyrsta stefnumótunin af þessu tagi kom fram á árinu 2009 varðandi svæðið umhverfis Eystrasaltið og nefnist sú stefna Baltic Sea Strategy. Hugmyndir eru uppi um samskonar

stefnumótun varðandi Dónársvæðið, en það mynda fjórtán ríki allt frá Þýskalandi til ríkja á Balkanskaga. Samsvarandi svæðaskilgreining hefur verið til umræðu varðandi Atlantshafssvæðið, frá Portúgal norður til Írlands. Kannað verður ítarlegahvort í þessari nýju svæðanálgun ESB felist sóknarfæri fyrir Ísland.

4.4.4. Dóms- og innanríkismál

Meginverkefni samningahóps um dóms- og innanríkismál hafa fram til þessa verið tvíþætt. Annars vegar hefur hann kynnt sér dóms- og innanríkismálasvið ESB og umsóknarferlið í heild sinni. Hins vegar hefur hann unnið að samanburði löggjafar Íslands og ESB á þessu sviði og við að greina á hvaða sviðum íslensk löggjöf er í ósamræmi við hana.[6] Þessi vinna hefur verið umfangsmesta verkefni hópsins fram til þessa en hann hefur fengið til liðs við sig sérfræðinga ráðuneyta og stofnana. Greiningu um 80% gerða á sviðinu er lokið og um þessar mundir eru viðkomandi sérfræðingar að kynna hópnum niðurstöður sínar hvað þær varðar. Áætluð verklok vegna yfirferðar þeirra eru byrjun júní og mun hópurinn þá skila greinargerð til samninganefndar. Í henni verða tilgreind helstu atriði sem huga þarf að í samningaviðræðunum og taka tillit til við mótun samningsafstöðu Íslands. Í kjölfarið hefst yfirferð þeirra 20% gerða sem eftir standa enþað eru einkum þjóðréttarsamningar ESB á þessu sviði. Áætluð verklok vegna þeirrar vinnu eru mitt sumar og verður greinargerð skilað til samninganefndar í kjölfarið.

Formlegt samstarf aðildarríkja ESB á sviði dóms- og innanríkismála hófst með Maastricht-sáttmálanum 1993 þó að ríkin hafi að einhverju leyti viðhaft samvinnu á þessu sviði fram til þess tíma. Með sáttmálanum var samstarfið fært undir þriðju stoð ESB en í henni fólst samvinna ríkjanna í formi hefðbundins milliríkjasamstarfs í stað yfirþjóðlegs líkt og við átti um önnur svið Evrópusamstarfsins eins og viðskiptamálin. Af því leiddi að bæði framkvæmdastjórn ESB og Evrópudómstóllinn höfðu takmörkuðu hlutverki að gegna í þessum málaflokki. Þróunin hin síðari ár hefur hins vegar verið sú að ýmis verkefni á þessu sviði hafa í skrefum verið færð undir hið hefðbundna form sambandsins. Þessari þróun lauk í raun við gildistöku Lissabon-sáttmálans þegar þriðja stoðin var afnumin. Af þeirri breytingu leiðir að samstarf á sviði dóms- og innanríkismála verður nú rekið að mestu leyti með sama hætti og við á um málefni innri markaðarins. Þannig er aukið vald fært til framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins auk þess sem Evrópudómstóllinn hefur nú lögsögu í málefnum á þessu sviði.

Í Stokkhólmsáætluninni sem samþykkt var 11. desember 2009 er að finna áætlun ESB og megináherslur í málaflokknum fyrir árin 2010–2014.[7] Að öllum líkindum mun aukin aðkoma framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði með tilkomu Lissabon-sáttmálans og þær áherslur sem lagðar eru í Stokkhólmsáætluninni leiða til þess að aukin áhersla verður lögð á málaflokkinn í komandi framtíð og að löggjöf og tillögum á þessu sviði fjölgi. Ný drög að aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar, á grundvelli áætlunarinnar, benda og eindregið til þess.

---

[6] Það er rétt að árétta að þar sem Ísland er aðili að Schengen-samstarfinu og hefur tekið þátt í samstarfi við ESB-ríkin í tengslum við það er mikill hluti íslenskrar löggjafar nú þegar í samræmi við löggjöf ESB á því sviði.

[7] Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu dóms- og innanríkismáladeildar framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/justice_home/news/intro/doc/stockholm_program_en.pdf

Framkvæmdastjórnin gerði í áliti sínu og niðurstöðum nokkrar athugasemdir við stöðu mála hér á landi á sviði dóms- og innanríkismála. Lýtur ein þeirra að hlutverki dómsmálaráðherra við skipun dómara og hlutverki dómnefndar sem ráðgefandi aðila. Í þessu samhengi er rétt að benda á að dómsmálaráðherra hefur á yfirstandandi þingi lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um dómstóla en þær eru í megindráttum í anda þeirra athugasemda sem gerðar eru í áðurnefndu áliti.[8] Í álitinu er auk þess bent á að tryggja þurfi að löggjöf hér á landi sé í samræmi við löggjöf ESB um spillingarmál og að undirrita þurfi ýmsa alþjóðlega spillingarsáttmála. Einnig er vísað til þess að bæta þurfi löggjöf um málefni flóttamanna þannig að í öllum tilvikum verði hægt að bera ákvarðanir lægra settra stjórnvalda undir dómsmálaráðuneytið, að umsækjanda um stöðu flóttamanns verði heimilað að dveljast hérlendis meðan mál hans er til meðferðar hjá æðra stjórnvaldi og að gera verði sömu aðilum kleift að óska eftir frestun réttaráhrifa ákvörðunar lægra setts stjórnvalds um flutning þegar slík ákvörðun hefur verið borin undir æðra stjórnvald.[9] Íslensk stjórnvöld vinna nú að yfirferð þessara athugasemda sem og annarra sem í niðurstöðum framkvæmdastjórnarinnar er að finna og taka til skoðunar þau tilmæli sem þar eru.

4.4.5. Fjárhagsmál

Samningahópur um fjárhagsmálefni annast undirbúning aðildarviðræðna að því er varðar skattamál, tollabandalag, fjárhagseftirlit og fjárhags- og framlagsmál. Í samræmi við álit meirihluta utanríkismálanefndar hefur hópurinn það m.a. að markmiði að upptaka tollskrár ESB og endurskoðun íslenska skattkerfisins leiði ekki til lakari samkeppnisstöðu íslenskra framleiðslufyrirtækja og einnig að reyna að tryggja tollyfirvöldum áframhaldandi eftirlitsúrræði með innflutningi til landsins, ekki síst með ólöglegum innflutningi fíkniefna.

Hópnum hefur verið skipt upp í tvennt, þ.e. samninganefnd um skatta- og tollamál annars vegar og samninganefnd um fjárhagsmálefni hins vegar. Nefndunum er síðan skipt í nokkra undirhópa. Samningahópurinn í heild fundar reglulega og ber saman bækur sínar. Verkefni samningahópsins fram að þessu hafa að mestu snúist um greiningu á regluverki ESB, sem undirhópar vinna að mestu, og greiningu á megingerðum og viðfangsefnum sem við blasa ef til aðildar kemur. Búið er að rýna u.þ.b. 90% af regluverkinu sem er á ábyrgðarsviði samningahópsins og má reikna með að greiningarvinnunni verði að mestu lokið fyrir miðjan maí. Samhliða er unnið að undirbúningi aðildarviðræðna með fræðslu og kynningum um umsóknarferlið og á tæknilegum úrlausnarmálum, t.d. varðandi uppsetningu og innleiðingu upplýsingakerfa ESB á sviði tolla- og skattamála. Í undirbúningi er að virkja samskipti við sérfræðinga í framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkjunum. Samningahópurinn mun á næstu vikum semja greinargerð til samninganefndarinnar um niðurstöðu greiningarvinnunnar fyrir þá málaflokka sem undir hópinn falla með áherslu á þau atriði sem helst þarf að huga að í samningaviðræðunum og við mótun samningsafstöðu.

Í áliti framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að styrkja þurfi opinbert innra fjármálaeftirlit og ytri endurskoðun. Þá mun Ísland þurfa að ráðast í nokkrar breytingar á sviði óbeinna skatta, einkum hvað varðar virðisaukaskatt og vörugjöld. Reglur ESB hvað varðar tolla og skatta eru í sífelldri þróun. Á það jafnt við um hina lagalegu umgjörð og þá umgjörð sem

---

[8] Sjá Þskj. 698, 390. mál. 138. löggjafarþing: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=138&mnr=390

[9] Það er rétt að árétta að hér er ekki um tæmandi upptalningu athugasemdanna að ræða. Í niðurstöðum framkvæmdastjórnarinnar sem fylgdi áliti hennar er á bls. 78–85 að finna umfjöllun hennar um dóms- og innanríkismál og þau tilmæli sem þau beina til íslenskra stjórnvalda á þessu sviði.

snýr að framkvæmd og eftirliti, ekki síst á sviði tölvutækninnar. Um mitt ár 2013 eiga t.d. nýjar tollareglur að fullu að vera komnar til framkvæmda innan bandalagsins (e. The Modernised Community Customs Code, sbr. Regulation 450/2008) og eru aðildarríki ESB nú í ákveðnu innleiðingarferli á þeim reglum. Ljóst er að breytingar eins og þessar skipta verulegu máli fyrir undirbúning Íslands varðandi innleiðingu ESB regluverksins. Mikilvægt verður að horfa sérstaklega til þessara atriða í því samningaferli sem er framundan.

4.4.6. Lagamál

Ólíkt öðrum samningahópum hefur samningahópur um lagaleg málefni ekki það meginhlutverk að greina löggjöf ESB á tilteknum sérsviðum. Hlutverk hópsins lýtur einkum að verkefnum sem koma til á síðari stigum undirbúningsferlisins, þ.e. að undirbúa og yfirfara samningsdrög þegar þau liggja fyrir og styðja við starf samninganefndarinnar og störf annarra hópa með lagalegri ráðgjöf um mótun samningsafstöðu og einstök álitaefni. Einnig mun hópurinn taka að sér greiningu lagalegra úrlausnarefna sem samninganefndin felur honum að vinna.

Í ljósi framangreinds hafa meginverkefni samningahóps um lagaleg málefni fram til þessa lotið að ýmis konar undirbúningi fyrir það starf sem fram undan er. Hópurinn hefur farið yfir síðustu stækkunarsamninga, hefur leitast við að afla sér upplýsinga um aðferðafræði ESB við gerð þeirra og reynslu annarra ríkja af aðildarferlinu. Einnig hefur hópurinn aflað sér upplýsinga um þær sérlausnir sem ESB hefur beitt við inngöngu einstakra ríkja. Hópurinn hefur að auki hitt fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB, farið yfir stækkunarferlið með honum og rætt tilhögun aðildarviðræðna við ESB.

4.4.7. Myntbandalag

Í áliti utanríkismálanefndar um gjaldmiðilsmál er lögð áhersla á að leitað verði eftir samkomulagi við ESB og Seðlabanka Evrópu um stuðning við krónuna sem fyrst þannig að Ísland geti við fyrsta mögulega tækifæri hafið þátttöku í samstarfi ESB á sviði efnahags- og peningamála (ERM II). Jafnframt skuli tryggt, í samræmi við fyrri fordæmi, að mikil skuldsetning ríkissjóðs komi ekki í veg fyrir að Ísland geti tekið upp evruna þegar þar að kemur enda liggi þá fyrir raunhæf áætlun um lækkun skulda.

Samningahópur um gjaldmiðilsmál tók til starfa í janúar sl. og hefur fundað reglulega. Á þeim fundum hefur verið farið yfir verkefni hópsins, ýmis gögn hafa verið lögð fram til upplýsinga auk þess sem hópurinn hefur staðið fyrir kynningum á málefnum sem tengjast starfi hópsins.

Um þessar mundir er unnið að samanburði á löggjöf Íslands og ESB á sviði efnahags- og peningamála. Hafa gerðirnar verið flokkaðar og þeim skipt niður á stofnanir, en hin eiginlega greiningarvinna er skammt á veg komin. Búist er við því að greiningarvinnan fari að mestu leyti fram í vor og sumar og að greiningarskýrsla hópsins liggi fyrir í haust.

Eitt af hlutverkum samningahópsins verður jafnframt að taka til skoðunar álit framkvæmdastjórnar ESB á aðildarumsókn Íslands. Í álitinu segir m.a. að nauðsynlegt sé að breyta lögum um Seðlabanka Íslands með það fyrir augum að styrkja sjálfstæði hans. Jafnframt bendir framkvæmdastjórnin á að Seðlabanki Íslands hafi of víðtækar heimildir til að aðstoða lánastofnanir sem eru komnar í greiðsluþrot.

Með Lissabon-sáttmálanum, sem gekk í gildi 1. desember 2009, urðu m.a. þær breytingar á stofnskrá ESB í efnahags- og peningamálum, að formlega var staðfest að evran væri opin-

ber gjaldmiðill ESB. Jafnframt fékk Seðlabanki Evrópu stöðu sem ein af stofnunum sambandsins.

Einstök aðildarríki evrunnar hafa ekki farið varhluta af þeirri fjármálakreppu sem riðið hefuryfir umheiminn. Á það sérstaklega við um Grikkland sem átt hefur við gríðarlegan skuldavanda að etja. Leiddi efnahagsvandi Grikklands til þess að evruríkin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samþykktu nýlega að veita grískum stjórnvöldum fjárhagsaðstoð að upphæð 110 milljarða evra.

Í þeirri viðleitni að styðja frekar grundvöll evrunnar og tryggja að skuldavandi Grikklands breiðist ekki út til annarra evruríkja, samþykktu fjármálaráðherrar ESB um síðustu helgi stofnun sérstaks neyðarsjóðs að upphæð 500 milljarða evra. Mun framkvæmdastjórn ESB leggja sjóðnum til um 60 milljarða evra og einstök aðildarríki evrunnar munu veita lán og lánatryggingar að upphæð um 440 milljarða evra. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggi sjóðnum til um 220 milljarða evra þannig að heildar ráðstöfunarfé sjóðsins verði um 720 milljarðar evra.

4.4.8. Utanríkismál

Við mótun samningsafstöðu vegna hinnar sameiginlegu viðskiptastefnu ESB skal, samkvæmt áliti meirihluta utanríkismálanefndar, greina útflutning íslenskra fyrirtækja eftir svæðum og bera saman viðskiptasamninganet Íslands/EFTA og ESB með tilliti til hagsmuna Íslands. Hvað varðar öryggis- og varnarmál kemur m.a. fram að við samningsgerð beri að leggja áherslu á að tryggt verði að Ísland haldi skilyrðislausu forræði sínu yfir öryggis- og varnarmálum og taki sjálft ákvörðun um það að hve miklu leyti Ísland taki þátt í samstarfi ESB á sviði utanríkis- og öryggismála; að áhersla verði lögð á að Ísland verði áfram herlaust land og friðsamt; að herskylda verði ekki tekin upp á Íslandi og að Ísland eigi að kjósa að standa utan þátttöku í Evrópsku varnarmálastofnuninni enda þátttaka í henni valkvæð. Einnig segir að áherslur og markmið Íslands í þróunarsamvinnu falli að stefnu og markmiðum ESB.

Fram til þessa hafa meginverkefni samningahóps um utanríkismál falist í upplýsingaöflun um þá málaflokka sem falla undir hópinn og greiningu regluverks ESB á þeim sviðum. Fyrstu fundir samningahópsins voru m.a. tileinkaðir kynningum á umsóknarferlinu, stefnum ESB innan þeirra málaflokka sem falla undir hann og áliti framkvæmdastjórnar ESB um umsókn Íslands um aðild að ESB. Sérfræðingar ráðuneyta og stofnana koma að greiningarvinnu og verða niðurstöður þeirra lagðar fyrir samningahópinn til umræðu í sumar. Í kjölfarið mun hópurinn skila greinargerð til samninganefndar í september 2010. Þar koma fram þau atriði sem helst þarf að huga að í samningaviðræðunum og tilgreind þau atriði sem helst þarf að taka tillit til við mótun samningsafstöðu á sviði utanríkisviðskipta, þróunarsamvinnu, neyðar- og mannúðaraðstoðar, utanríkis-, öryggis- og varnarmála.

Sameiginleg viðskiptastefna ESB

Sameiginleg viðskiptastefna ESB fjallar m.a. um viðskipti við ríki utan ESB og gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki. Með gildistöku Lissabon-sáttmálans í desember sl. hefur sú breyting orðið að Evrópuþingið öðlast hlutdeild í löggjafarvaldi á sviði utanríkisviðskipta. Í því felst m.a. að þingið þarf að staðfesta niðurstöðu viðræðna um viðskiptasamninga, þ.m.t. fríverslunarsamninga. Önnur markverð breyting felst í útvíkkun valdsviðs ESB varðandi beina erlenda fjárfestingu, en sambandið fer nú eitt með valdheimildir til að semja við þriðju ríki á því sviði í stað aðildarríkjanna áður.

ESB hefur ávallt lagt mikla áherslu á fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf sem hornstein utanríkisviðskiptastefnu sinnar. Því eru það vonbrigði fyrir sambandið að ekki hefur tekist að ljúka Doha-viðræðunum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Hægagangur Dohalotunnar hefur vakið áhuga ESB, sem annarra ríkja heimsins, á gerð tvíhliða samninga um viðskipti, þ.m.t. um fríverslun. Skammt er síðan viðræðum ESB og Suður-Kóreu um fríverslunarsamning lauk og er gert ráð fyrir að um miðbik ársins taki samningurinn gildi til bráðabirgða. Fríverslunarviðræðum er lokið við Kólumbíu og Perú, en viðræður standa m.a. yfir við Indland, Kanada og Úkraínu.

Við mögulega aðild Íslands að ESB yrði Ísland hluti hinnar sameiginlegu viðskiptastefnu ESB. Í áliti framkvæmdastjórnar ESB um umsókn Íslands um aðild kemur fram að Ísland þurfi vegna þessa að segja upp öllum gildandi fríverslunarsamningum sínum við þriðju ríki og endurskoða aðra samninga þannig að þeir samræmist regluverki ESB. Ísland mun einnig þurfa að beita öllum alþjóðaviðskiptasamningum ESB sem og reglum sambandsins á þessu sviði. Enda þótt fríverslunarsamninganet Íslands annars vegar og ESB hins vegar nái í flestum tilvikum til sömu ríkja og veiti sambærilegan markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsafurðir Íslands, er það þó ekki algilt. Því mun í einhverjum tilvikum verða breyting á markaðsaðgangi fyrir íslensk fyrirtæki þ.e. að einhver markaðsaðgangur ávinnist inn á markaði utan sambandsins og tapist áðörum. Þess ber þó að geta að í dag njóta, í flestum tilfellum, Ísland og ESB sambærilegra kjara um markaðsaðgang inn á helstu markaði utan ESB s.s. Bandaríkjanna, Japans, Kína og Rússland.

Stefna ESB á sviði þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar

ESB og aðildarríki þess standa straum af 56% allrar þróunarsamvinnu í heiminum. ESB vinnur samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum samþykktum og yfirlýsingum, s.s. þúsaldarmarkmiðum SÞ, Monterrey-yfirlýsingunni um fjármögnun þróunar og Parísaryfirlýsingunni um árangur þróunarsamvinnu. ESB hefur auk þess sett áætlanir um stefnu og framkvæmd þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar sem fram kemur í Stefnuyfirlýsing ESB í þróunarmálum *(e. European Consensus on Development)* og Stefnuyfirlýsingu ESB um neyðar- og mannúðaraðstoð *(e. European Consensus on Humanitarian aid)*. Einnig hefur ESB sett sér markmið um framlög til þróunarsamvinnu. Nýlega gaf framkvæmdastjórnin út aðgerðaáætlun í 12 liðum sem er ætlað að straumlínulaga allan stuðning ESB og aðildarríkjanna og tryggja að þúsaldarmarkmiðin náifram að ganga. Eins og fram kemur í áliti framkvæmdastjórnar ESB um umsókn Íslands um aðild að ESB byggist þróunarsamvinna Íslands á þessum sömu samþykktum og yfirlýsingum auk þesssem mikill samhljómur er á milli stefnu ESB og áherslumála Íslands.

Sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna ESB (CFSP)

Meginmarkmið sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu ESB er að standa vörð um sameiginleg gildi og hagsmuni ESB í samræmi við meginreglur stofnsáttmála SÞ og að tryggja öryggi aðildarríkja sambandsins með því að standa vörð um frið á alþjóðavettvangi. Grundvallarmarkmið utanríkisstefnu ESB eru nánar útfærð í sérstökum kafla Lissabonsáttmálans þar sem m.a. er tekið fram að ESB skuli standa vörð um grundvallargildi aðildarríkjanna, öryggi og sjálfstæði, styrkja lýðræði, mannréttindi og alþjóðalög, stuðla að sjálfbærri þróun með það að markmiði að útrýma fátækt, vinna að því að afnema viðskiptahömlur og standa vörð um umhverfið.

Með Lissabon-sáttmálanum urðu til tvö ný embætti; annarsvegar embætti talsmanns utanríkismála og hinsvegar embætti forseta leiðtogaráðsins. Catherine Ashton hefur tekið við hlutverki talsmanns utanríkismála en stofnun embættisins er ætlað að tryggja aukið samræmi í málaflokknum. Talsmaður utanríkismála mun einnig starfa sem varaforseti framkvæmdastjórnarinnar og er ábyrgur fyrir að upplýsa Evrópuþingið um þróun utanríkismála. Forseti leiðtogaráðsins skal tryggja að stefna ESB sé vel kynnt á alþjóðavettvangi og er jafnframt ábyrgur fyrir því að upplýsa Evrópuþingið um helstu mál eftir fundi leiðtogaráðsins. Nánar á eftir að skilgreina hvernig samstarf forseta leiðtogaráðsins og talsmanns utanríkismála verður útfært.

Með Lissabon-sáttmálanum voru einnig lögð drög að utanríkisþjónustu ESB sem heyrir undir talsmann utanríkismála. Utanríkisþjónustan skal mönnuð starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar, skrifstofu leiðtogaráðsins og starfsmönnum utanríkisþjónustu aðildarríkjanna sem tilnefndir verða sérstaklega til starfa fyrir sendiskrifstofur ESB. Talsmaður utanríkismála hefur lagt fram drög að skipulagi hinnar sameiginlegu utanríkisþjónustu sem nú bíða samþykktar Evrópuþingsins.

Ísland tekur þátt í pólitísku samráði við ESB á sviði utanríkismála. Samkomulag er á milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB um reglubundið samráð á sviði utanríkismála. Þá hefur Ísland tækifæri til að taka undir yfirlýsingar ESB á sviði utanríkismála og á árinu 2009 tók Ísland undir 179 af 204 yfirlýsingum ráðherraráðs ESB um afstöðu sambandsins til mála víðs vegar um heiminn, sjá nánar í kafla 5.5.1. Við mögulega aðild að ESB öðlast Ísland aðgang að ákvörðunartöku og stefnumótun í málaflokknum sem, eins og áður hefur komið fram, hefur öðlast aukið vægi í samstarfi aðildarríkjanna. Ennfremur ber að geta þess að í áliti framkvæmdastjórnarinnar kemur m.a. fram að Ísland ætti að vera reiðubúið til að taka fullan og virkan þátt í sameiginlegri stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum sem og að taka á sig þær skuldbindingar sem fylgja aðild á þessum sviðum.

Sameiginleg öryggis- og varnarstefna ESB (CSDP)

Með Lissabon-sáttmálanum er kveðið á um að öryggis- og varnarstefna (CSDP) ESB verði óaðskiljanlegur hluti utanríkis- og öryggisstefnu bandalagsins. Meginverkefni stefnunnar byggjast á friðargæslu, friðaruppbyggingu, stjórnun hættuástands, mannúðar- og neyðaraðstoð. Í Lissabon-sáttmálanum felast ákvæði sem skuldbinda aðildarríki ESB til að móta langtíma varnarstefnu, m.a. varðandi sameiginlegar varnir og viðbrögð gagnvart utanaðkomandi ógnum, náttúruhamförum og stórslysum.

Ákvarðanir í utanríkis- og öryggismálum þarf að taka einróma og því er ekki mögulegt að hefja verkefni á vegum bandalagsins án samþykkis allra aðildarríkja. Með Lissabonsáttmálanum er þó veitt heimild fyrir því að ákveðin aðildarríki geti sameinast um að setja á stofn verkefni á sviði friðargæslu utan stofnana bandalagsins en þó með aðgangi að aðstöðu og búnaði ESB til stuðnings við verkefnin. Þetta fyrirkomulag á þó eftir að útfæra nánar. Í dag eru 14 verkefni starfrækt á vegum ESB á þessu sviði, þar af eru tíu borgaraleg verkefni, tvö hernaðarleg verkefni, og tvö hernaðar og borgaraleg.[10]

Með Lissabon-sáttmálanum skapast ekki grundvöllur fyrir stofnun sameiginlegs hers ESB. Til þess að skýra nánar ákvæði sáttmálans sem snúa að sameiginlegum vörnum bandalagsins fékk Írland samþykkta yfirlýsingu sem kveður á um að hverju ríki er í sjálfsvald sett hvernig

---

[10] Sjá nánar slóðina: www.consilium.europa.eu

framlagi til sameiginlegra varna er hagað og að aðildarríki eru ekki skuldbundin til að taka þátt í hernaðarlegum aðgerðum á vegum bandalagsins.

Ákveðin samlegð er í stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum og áherslum Íslands á sviði friðargæslu og friðaruppbyggingar. Ísland hefur tekið þátt í verkefnum á vegum bandalagsins og á hagsmuna að gæta við ákvörðunartöku innan þess um stofnsetningu verkefna. Þátttaka Íslands í verkefnum ESB á sviði öryggis- og varnarmála takmarkast þó við borgaraleg verkefni, sbr. samþykkta yfirlýsingu Írlands um framlag ríkja til aðgerða. Þess ber að geta að í áliti framkvæmdastjórnarinnar kemur m.a. fram að Ísland ætti að vera reiðubúið að taka fullan og virkan þátt í sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum sem og að taka á sig þær skuldbindingar sem fylgja aðild á þessu sviði.

4.4.9. EES I

Samningahópur um EES I fjallar um eftirfarandi kafla í umsóknarferlinu: (Kafli 1) Frjálst vöruflæði, (Kafli 5) Opinber innkaup, (Kafli 7) Hugverkaréttur, (Kafli 8) Samkeppnismál, (Kafli 12) Matvælaöryggi, (Kafli 15) Orka, (Kafli 18) Hagtölur, (Kafli 20) Atvinnu- og iðnstefna.

Ísland hefur nú þegar, með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu, innleitt að mestu löggjöfina sem fellur undir flesta þessara kafla. Greiningarfundir með framkvæmdastjórninni munu því fyrst og fremst lúta að innleiðingarmálum og þeim sérlausnum sem Ísland nýtur á grundvelli EES-samningsins. Líklegt er að samningaviðræður í þessum köflum muni að mestu snúast um þær sérlausnir og möguleikana á að fá þær staðfestar í aðildarsamningi, t.d. sérlausnina um bann við innflutningi lifandi dýra.

Það er mat framkvæmdastjórnarinnar að fjórir kaflar af þeim átta sem undir hópinn heyra hafi aðeins verið innleiddir að hluta. Á þetta við um kaflana um matvælaöryggi, orku, hagskýrslugerð og atvinnu- og iðnstefnu. Undir matvælaöryggiskaflann falla t.d. reglur um dýravernd sem standa alfarið utan EES-samningsins. Þegar þannig háttar kallar það á nákvæmari yfirferð og verða því haldnir ítarlegri greiningarfundir með framkvæmdastjórninni.

Samningahópur um EES I hefur hist þrisvar, en undirhópar hafa verið skipaðir um hvern kafla og hver hópur hefur verið kallaður saman tvisvar. Á þessum fyrstu mánuðum hefur helsta verkefni hópsins verið greining þess hluta löggjafar ESB sem ekki hefur þegar verið innleiddur á grundvelli EES-samningsins, auk þess sem farið hefur verið yfir allar aðlaganir og undanþágur sem Ísland nýtur á grundvelli hans. Í áliti sínu um umsókn Íslands gerði framkvæmdastjórnin nokkrar athugasemdir við stöðu mála hér á landi í þeim köflum sem undir hópinn heyra og eru þær jafnframt til skoðunar. Að greiningu lokinni er lögð fram skýrsla í samningahópnum og niðurstöður ræddar. Nú þegar hafa undirhópar á sviði orku, hugverkaréttar, opinberra innkaupa og samkeppnismála lagt fram greinargerðir og samningahópurinn hafið yfirferð á þeim. Stefnt er að því að ljúka greiningu löggjafar og afhendingu greinargerða þar um til samninganefndar í júní 2010.

4.4.10. EES II

Samningahópur um EES II fjallar um eftirfarandi kafla í samningaferlinu: Kafla 2 (Frjáls för vinnuafls), kafla 3 (Staðfesturéttur og þjónusta), kafla 4 (Frjálsir fjármagnsflutningar), kafla 6 (Félagaréttur), kafla 9 (Fjármálaþjónusta), kafla 10 (Upplýsingatækni og fjölmiðlar), kafla 14 (Flutningaþjónusta), kafla 19 (Félags- og atvinnumál), kafla 21 (Evrópsk samgöngunet), kafla 25 (Vísindi og rannsóknir), kafla 26 (Menntun og menning), kafla 27 (Umhverfismál) og kafla 28 (Neytenda- og heilsuvernd).

Ísland hefur nú þegar, með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu, innleitt að mestu löggjöfina sem fellur undir flesta þessara kafla. Greiningarfundir með framkvæmdastjórninni munu því fyrst og fremst lúta að innleiðingarmálum og þeim sérlausnum sem Ísland nýtur á grundvelli EES-samningsins. Líklegt er að samningaviðræður í þessum köflum muni að mestu snúast um þær sérlausnir og möguleikana á að fá þær staðfestar í aðildarsamningi, t.d. sérlausnina um erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

Í einhverjum tilfellum er það mat framkvæmdastjórnarinnar að kaflar hafi aðeins verið innleiddir að hluta, t.d. kaflinn um umhverfismál. Undir hann falla t.d. reglur um náttúruvernd sem standa alfarið utan EES-samningsins. Þegar þannig stendur á kallar það á nákvæmari yfirferð og verða því haldnir ítarlegri greiningarfundir með framkvæmdastjórninni. Þeir fundir eru meðal annars ætlaðir til að greina þá þætti Evrópulöggjafar sem ekki hafa verið innleiddir og bera saman við núgildandi íslenska löggjöf.

Undirhópar hafa verið skipaðir um einn eða fleiri kafla sem falla vel saman efnislega. Á þessum fyrstu mánuðum hefur helsta verkefni hópsins verið greining þess hluta löggjafar ESB sem ekki hefur þegar verið innleidd á grundvelli EES-samningsins, auk þess sem farið hefur verið yfir allar aðlaganir og undanþágur sem Ísland nýtur á grundvelli hans. Í áliti sínu um umsókn Íslands gerði framkvæmdastjórnin nokkrar athugasemdir við stöðu mála hér á landi í þeim köflum sem undir hópinn heyra og eru þær jafnframt til skoðunar. Að greiningu lokinni er lögð fram skýrsla í samningahópnum og niðurstöður ræddar. Samningahópurinn kemur loks niðurstöðum sínum á framfæri við samninganefnd og leggur til samningsmarkmið á grundvelli þessarar vinnu.

Stefnt er að því að samninganefnd ljúki yfirferð löggjafarinnar fyrir 1. ágúst nk.

Í erindisbréfi er gert ráð fyrir að samningahópur EES II og samningahópur um sjávarútvegsmál hafi með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í sjávarútvegi (fellur undir 3. og 4. kafla) og nýtingu sjávarspendýra (fellur undir 28. kafla). Ennfremur skulu samningahópur EES II og samningahópur um landbúnaðarmál hafa með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í bújörðum (fellur undir 3. og 4. kafla).

4.5. Aðstoð ESB vegna aðildarumsóknar – IPA-sjóður

Frá árinu 2006 hefur ESB starfrækt sérstakan sjóð (e. Instrument of Pre-accession IPA) til að veita tilteknum ríkjum aðstoð í umsóknarferlinu. Hann kemur í stað nokkurra sjóða sem ætlað var svipað hlutverk í fyrri stækkunum ESB. Slík aðstoð var þó ekki í boði vegna þeirra stækkana sem fóru fram á 10. áratug síðustu aldar.

Helsta markmið sjóðsins er að veita skilgreinda aðstoð til þeirra ríkja sem talin eru upp í sérstakri reglugerð ESB.[11] Bæði varðar það aðstoð við að framkvæma reglur ESB og þátttöku í stefnum sambandsins á ýmsum sviðum. Hefur ESB skilgreint fimm áherslusvið sem snúa að eftirfarandi: 1) aðlögunaraðstoð og stofnanauppbyggingu, 2) samstarf yfir landamæri, 3) byggðaþróun, þar sem markmiðið er að undirbúa ríkin fyrir þátttöku í samheldnistefnumiðum ESB (e. cohesion policy) og aðkomu að tengdum sjóðum, 4) mannauðsþróun, sem snýr að samheldnistefnumiðum ESB og undirbúningi fyrir væntanlega aðkomu að evrópska félagsmálasjóðnum, 5) dreifbýlisþróun, sem lýtur að undirbúningi þátttöku í sameiginlegri landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarstefnu ESB.

Stuðningur úr sjóðnum fer fram á grundvelli rammasamnings sem gerður er á milli viðkomandi ríkis og framkvæmdastjórnar ESB þar sem reglur um samvinnu eru m.a. skil-

---

[11] Reglugerð ráðsins 1085/2006

greindar. Í sinni einföldustu mynd er stuðningurinn einkum tvenns konar: Annars vegar í formi áætlana til eins árs í senn eða fleiri ára. Þessar áætlanir fjármagnar sjóðurinn að meginstefnu til helminga en stuðningur úr sjóðnum er aðeins í undantekningartilfellum beinn fjárstuðningur. Á grundvelli þessara áætlana eru svo skilgreind sérstök verkefni. Sem dæmi um verkefni sem hafa fengið stuðning úr sjóðnum eru verkefni sem miða að stuðningi við markaðseftirlit, nýsköpun og eflingu menntunar.

Hins vegar er um að ræða stuðning sem felur m.a. í sér aðstoð sérfræðinga eða fjármögnun fræðslu- og kynnisheimsókna sem eru mjög mikilvægar í umsóknarferlinu. Hið síðarnefnda hefur verið nefnt Taiex-aðstoð (e. Technical Assistance and Information Exchange Instrument) og þá aðstoð fjármagnar ESB að fullu. Sú aðstoð getur til dæmis gagnast ráðuneytum, opinberum stofnunum, sveitarfélögum, Alþingi, dómstólum, aðilum vinnumarkaðarins, túlkum og þýðendum svo fátt eitt sé nefnt.

Stærstur hluti aðstoðar við þau ríki sem hafa stöðu umsóknarríkis, Króatíu, Tyrklands og Makedóníu hefur verið veittur til stofnanamála, atvinnu- og byggðaþróunar og til dreifbýlisþróunar. Þetta gefur ákveðna hugmynd um áherslur framkvæmdastjórnar ESB og hvar áherslur kynnu helst að liggja varðandi aðstoð til Íslands úr sjóðnum. Hér má nefna verkefni er varða stofnanauppbyggingu, landbúnað, efnahagsmál og atvinnu- og byggðaþróun.

Nú er beðið formlegrar ákvörðunar ESB um að Ísland geti notið styrkja úr sjóðnum en til þess þarf að breyta reglugerð ESB um hann. Eins og fyrr segir myndi slík aðstoð annars vegar snúast um fjárhagslegan stuðning við áætlanir eða verkefni sem tengjast aðildarundirbúningi og hins vegar um aðstoð í formi sérfræðiaðstoðar eða vettvangs- og upplýsingaferða en hið seinna kostar ESB alfarið. Þessi aðstoð getur reynst ákaflega mikilvæg í aðdraganda aðildarviðræðna og meðan á þeim stendur. Hún getur þannig dregið úr beinum kostnaði Íslands og veitt mikilvægan stuðning við ýmis mikilvæg verkefni. Endanleg ákvörðun um það hversu miklum fjármunum ESB hyggst ráðstafa til þessa að því er Ísland varðar liggur ekki fyrir. Á ráðstefnu sem haldin var hér á landi um sjóði ESB í apríl sl. kom hins vegar fram hjá fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB að gera mætti ráð fyrir að um 30 milljónum evra verði úthlutað til Íslands á þriggja ára tímabili, eða um 10 milljónum evra á ári. Til verkefna eða áætlana sem ESB fjármagnar með þessum hætti verður að koma mótframlag sem nemur svipaðri upphæð og ESB leggur til en það getur þó verið mismunandi eftir verkefnum.

4.6. Skrefin framundan í umsóknarferlinu

4.6.1. Greining löggjafar

Næsta skrefið í umsóknarferlinu á eftir formlegu samþykki leiðtogaráðs ESB um að hefja aðildarviðræður yrði ríkjaráðstefna Íslands og aðildarríkja ESB sem markar formlegt upphaf samningaviðræðna.

Að ríkjaráðstefnunni lokinni hefjast svonefndir greiningarfundir *(e. screening-meetings)* samningahópanna með framkvæmdastjórn ESB. Markmið fundanna er að bera saman með skipulegum hætti löggjöf ESB og löggjöf umsóknarríkisins. Með þessu móti er leitast við að skilgreina þau svið sem þarfnast frekari samræmingar og þar með þau svið sem samningaviðræðurnar munu beinast að. Greiningarfundir verða haldnir um alla samningskaflana 35, hvort sem þeir falla undir EES-samninginn eða ekki en þó með einfaldara sniði fyrir þá kafla sem heyra að öllu leyti undir samninginn.

Samningsafstaða samningsaðila er ekki kynnt á þessum fundum enda liggur hún ekki fyrir. Engu síður er nauðsynlegt fyrir Ísland að gera grein fyrir grunnviðhorfum sínum til efnisatriða hvers kafla og gefa til kynna hvaða svið innan hans þarfnist nánari viðræðna og

kunni eftir atvikum að kalla á aðlaganir eða sérlausnir. Góður undirbúningur greiningarfundanna skiptir því miklu máli og er eitt stærsta verkefna samningahópanna og samninganefndarinnar næstu mánuði.

Gangi það eftir að aðildarríki ESB samþykki að hefja aðildarviðræður við Ísland innan tíðar má gera ráð fyrir því að greiningarfundirnir hefjist í haust og standi fram á næsta ár.

4.6.2. Mótun samningsafstöðu og opnun samningskafla

Að greiningarfundum loknum leggur framkvæmdastjórnin fram skýrslur til aðildarríkjanna þar sem m.a. er lagt mat á að hve miklu leyti lög og réttarframkvæmd á Íslandi falli að löggjöf ESB.Á grundvelli þessara skýrslna ákveða aðildarríkin hvort hafnar verði viðræður um einstaka kafla. Formennskuríki ráðherraráðsins býður íslenskum stjórnvöldum að senda samningsafstöðu sína um þá kafla sem opnaðir verða. Aðildarríkin samþykkja að því búnu sína samningsafstöðu sem viðbrögð við henni. Frekara framhald viðræðna um viðkomandi kafla mótast síðan af samningsafstöðunni.

Í samræmi við verklag ESB eru í sumum tilfellum sett ákveðin viðmið fyrir opnun kafla og hefjast viðræður þá ekki fyrr en að þeim uppfylltum. Viðmiðin geta t.d. falið í sér setningu nýrra laga eða gerð áætlana um framkvæmd tiltekinna krafna.

Gera má ráð fyrir að fyrstu kaflarnir verði opnaðir á fyrri hluta árs 2011. Íslensk stjórnvöld hafa lagt á það áherslu að opna strax í upphafi bæði kafla sem þegar eru að stórum hluta innleiddir og kafla sem eru umfangsmeiri og falla utan EES.

4.7. Kostnaður við umsóknarferlið og mögulega aðild

Með kostnaði við umsóknarferlið er átt við þann kostnað sem fellur til vegna ákvörðunar Alþingis um að sækja um aðild að ESB, hefja samningaviðræður og ljúka þeim. Rétt er að greina milli kostnaðar af þessu tagi og kostnaðar sem kann að leiða af eiginlegri aðild, svo sem framlög til ESB, nauðsynlegar breytingar í stjórnsýslunni, aðlögun tölvukerfa o.s.frv.

4.7.1. Kostnaður vegna umsóknarferlisins

Áliti meirihluta utanríkismálanefndar fylgdi gróf kostnaðaráætlun utanríkisráðuneytisins fyrir umsóknarferlið. Í henni er gert ráð fyrir að beinn kostnaður geti alls numið 990 m.kr. á tímabilinu 2009–2012. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. kostnaði hjá utanríkisráðuneytinu og um 100 m.kr. hjá öðrum ráðuneytum. Auk þess er kostnaður vegna þýðinga tekinn með sem gæti numið samtals 590 m.kr.

Gerð var kostnaðaráætlun um fjárveitingar vegna umsóknarferlisins fyrir árið 2009 og námu útgjöld 6,8 m.kr. sem var innan ramma. Gerð var kostnaðaráætlun á grunni fjárheimilda fyrir árið 2010. Í henni er gert ráð fyrir að ferðakostnaður nemi 158 m.kr., ráðgjafar- og starfsmannakostnaður 67 m.kr. og annar kostnaður 25 m.kr. en með honum er t.d. átt við tölvukerfi, fundakostnað, húsaleigu, tæki, búnað, túlkun o.fl. Þessi áætlun hefur staðist miðað við útgjöld á fyrsta ársfjórðungi ársins og á þessari stundu bendir ekkert til annars en kostnaður verði innan fjárheimilda.

Álagstoppum innan stjórnsýslunnar vegna umsóknarferlisins hefur verið mætt án þess að fara út fyrir fjárhagsramma. Þetta hefur verið gert með því að hliðra tímabundið til öðrum verkefnum og byggja á auknu vinnuframlagi lykilstarfsmanna. Hér er fyrst og fremst átt við umfangsmikla vinnu við að svara ítarlegum spurningalista ESB og treystir reynslan af því verki grunn kostnaðaráætlunar ráðuneytisins.

Áætlun ráðuneytisins varðandi kostnað vegna greiningarvinnu og samningaviðræðna hefur verið yfirfarin miðað við þær almennu forsendur sem gefnar hafa verið. Að þeim uppfylltum er það mat ráðuneytisins að áætlunin standist.

Stærsti kostnaðarliðurinn stafar af þýðingum á regluverki ESB. Tíu nýir þýðendur sem hafa að aðalstarfi að þýða löggjöf ESB tóku til starfa á Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins um áramót. Reiknað er með að ráða þurfi alls 24 þýðendur í tengslum við verkefnið. Auk þess er gert ráð fyrir að nokkrir tugir þýðenda muni verða fengnir að þessu verki með útboði á almennum markaði.

Lögð hefur verið áhersla á að greina umfang þýðinga til að auðvelda gerð ítarlegri áætlunar um kostnað á því sviði. Það mat er óvissu háð þar sem áhöld eru um þýðingakvöð á ákveðnum hlutum regluverks ESB. Á þessu stigi telur ráðuneytið varlegast að ætla að kostnaður vegna þýðinga kunni að hækka. Vonir standa til að framlög af hálfu ESB mæti því að einhverjum hluta.

Ráðuneytið hefur þekkst boð einstakra ríkja um stuðning í formi tiltekinnar sérfræðivinnu sem unnin verði af sérhæfðum starfsmönnum þeirra þótt enn sé eftir að útfæra það nánar og hrinda í framkvæmd. Í öllu ferlinu mun ráðuneytið kappkosta að reiða sig á sérfræðiþekkingu og ráðgjöf frá aðildarríkjum ESB en ætla má að kostnaður við slíka vinnu verði að verulegu leyti greiddur úr IPA-sjóðnum sem fjallað er um í kafla 4.5.

Eðli umsóknarferlisins er þannig háttað að erfitt er að sjá nákvæmlega fyrir heildarkostnað vegna einstakra þátta. Mun hann m.a. velta á því hvernig viðræður þróast, hve langan tíma þær taka og hve flóknar þær kunna að verða. Kostnaðareftirlit utanríkisráðuneytisins með umsóknarferlinu er strangt og verður Alþingi umsvifalaust gert viðvart ef upp kemur staða sem breytir því.

4.7.2. Kostnaður vegna aðildar að ESB

Komi til aðildar Íslands að ESB mun hún kalla á stjórnsýslubreytingar. Samningatæknilegar ástæður eru fyrir því að ekki er á þessu stigi hægt að gefa sér að breytingar, t.d. á sviði stofnanakerfis landbúnaðarins, verði algjörlega á grundvelli forsendna sem lesa má úr áliti framkvæmdastjórnarinnar. Slíka afstöðu mætti skilja með þeim hætti að Íslendingar féllust fyrir fram á það fyrirkomulag sem þar er dregið upp. Rétt er að geta þess að utanríkisráðherra hefur ítrekað sagt þinginu að hann telji að kostnaður vegna þessa kunni að verða umtalsverður. Rétt er að geta þess einnig að við síðustu stækkanir ESB hefur kostnaður nýrra aðildarríkja vegna stjórnsýslubreytinga að hluta til verið greiddur af ESB. Ráðherra hefur gert grein fyrir slíkum stuðningi í utanríkismálanefnd og á Alþingi, sbr. 29. mál og 118. mál á yfirstandandi löggjafarþingi, sjá einnig kafla 4.5. Nýjum verkefnum sem af aðild leiða kann að verða fundinn staður innan stjórnkerfisins, t.d. innan ráðuneyta eða stofnana þeirra. Hér verður sem fyrr leitað hagkvæmustu og einföldustu leiðanna til að uppfylla þær skyldur sem ferlinu fylgja.

4.8. Samskipti við ESB og aðildarríki um aðildarumsóknina

Samningaviðræður við ESB eru um margt frábrugðnar hefðbundnum samningaviðræðum. Samið er við aðildarríkin 27 og hefur formennskuríkið hverju sinni forystu um viðræðurnar en framkvæmdastjórnin annast hinar eiginlegu samningaviðræður. Þátttakendurnir eru því margir og mikilvægt að byggja upp öflug samskipti við aðildarríkin, stjórnardeildir framkvæmdastjórnarinnar, Evrópuþingið og aðrar stofnanir ESB í Brussel. Skipta þar bæði formlegar og óformlegar viðræður og samskipti í gegnum allt ferlið miklu máli.

4.8.1. Samskipti utanríkisráðherra og sendiráða vegna aðildarumsóknarinnar

Allt frá því að Alþingi fól ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB hefur verið unnið að kynningu umsóknarinnar og sjónarmiðum Íslands erlendis. Utanríkisráðherra fylgdi aðildarumsókninni úr hlaði er hann afhenti Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, umsóknina 23. júlí 2009 en Svíþjóð fór á þeim tíma með formennsku í ESB.

Í nóvember 2009 fór utanríkisráðherra til Spánar og fundaði með starfsbróður sínum Miguel Angel Moratinos en Spánverjar tóku við formennsku ESB um áramót. Áður höfðu þeir hist á Íslandi vegna umsóknarinnar. Ráðherra átti einnig fund með evrópumálaráðherra Spánar á meðan á heimsókninni stóð auk þingmanna o.fl. Þá hélt utanríkisráðherra til Vigo á norðvesturströnd Spánar þar sem eru höfuðstöðvar spænsks sjávarútvegs og hitti helstu forystumenn útgerðarmanna og fiskiðnaðar.

Síðastliðið ár hefur utanríkisráðherra átt fundi og samtöl við flesta starfsbræður sína innan ESB á tímabilinu og hefur hann hitt marga ítrekað. Fundina hefur utanríkisráðherra nýtt til að fara yfir afstöðu Íslands í Icesave málinu, framvindu efnahagsáætlunar Íslands og AGS og hagsmuni Íslands í umsóknarferlinu. Ráðherra fundaði jafnframt með Stefan Füle, núverandi stækkunarstjóra ESB, Olli Rehn, fyrrverandi stækkunarstjóra og Michel Barnier, sem fer með málefni fjármálaþjónustu innan framkvæmdastjórnarinnar. Þá átti ráðherra á síðasta ári fund með Benitu Ferrero-Waldner, sem fór með utanríkismál í síðustu framkvæmdastjórn, um stofnun sendiskrifstofu ESB í Reykjavík sem tók til starfa í janúar 2010.

Í júní 2009 fór utanríkisráðherra til Möltu og fundað m.a. með Lawrence Gonzi, forsætisráðherra og Tonio Borg, utanríkisráðherra. Þar kynnti ráðherra sér sérstaklega það víðtæka samráðsferli sem Maltverjar settu á laggirnar í undirbúningi aðildarviðræðna og þær sérlausnir sem Malta náði fram. Í þessum tilgangi fundaði utanríkisráðherra m.a. með Richard Cachia Caruana, sendiherra Möltu hjá ESB og fyrrverandi aðalsamningamanni í aðildarviðræðunum.

Aðildarumsóknin var rædd á árlegum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í ágúst 2009 og einnig á fundi norrænna utanríkisráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra í tengslum við þing Norðurlandaráðs í október sama ár.

Sendiráð Íslands í aðildarríkjum hafa einnig unnið að því að undirbúa jarðveginn fyrir umsóknarferlið. Sendiherrar Íslands í aðildarríkjunum kynntu umsóknina í höfuðborgum aðildarríkja ESB með samræmdum hætti strax og hún var lögð fram. Síðan þá hafa verið haldnir fjölmargir fundir með aðilum úr stjórnkerfum aðildarríkjanna, þingmönnum, stofnunum ESB og sendiherrum aðildarríkja í gistiríkjum til að skýra nánar sjónarmið Íslands, kanna sjónarmið aðildarríkja og opna nýjar samskiptaleiðir.

Sendiráðin hafa jafnframt milligöngu vegna ýmiskonar samskipta, t.d. hefur á fjórða tugsendinefnda frá aðildarríkjum ESB heimsótt Ísland, frá því umsóknin um aðild að ESB var lögð fram, í því skyni að fá upplýsingar um Evrópumálin. Má þar nefna þingmenn og embættismenn frá t.a.m. Norðurlöndunum, Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi, Eistlandi og ESB.

Sendiráðið í Brussel gegnir mikilvægu hlutverki hvað þetta varðar og er beinn þátttakandi í öllum þáttum umsóknarferlisins. Sendiráðið vinnur náið með samningahópunum og annast umfangsmikil samskipti við hinar ýmsu skrifstofur framkvæmdastjórnarinnar sem og aðrar stofnanir ESB. Fulltrúar sendiráðsins hafa einnig verið í sambandi við önnur umsóknarríki í því skyni að læra af þeirra reynslu í þessum efnum. Hér skal sérstaklega nefnt að haldnir hafa verið fjölmargir fundir með starfsfólki sendiráðs Króatíu til að nýta reynslu þeirra af framgangi mála á hinum ýmsu stigum umsóknarferlisins og í einstökum málaflokkum.

5. ALÞJÓÐA- OG ÖRYGGISMÁL

Í þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi skipar baráttan fyrir mannréttindum og kvenfrelsi, frið og afvopnun háan sess. Þetta eru gildi sem íslensk stjórnvöld vilja halda á lofti í alþjóðlegu samstarfi jafnframt því sem þau hafa tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar sem lögð er áhersla á að uppfylla. Tengslin milli virðingar fyrir mannréttindum, þ.m.t. réttindum kvenna, og varanlegs öryggis og friðar eru skýr. Það er því hagsmunamál Íslands að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum, sem það gerir með virkri þátttöku innan viðeigandi alþjóðastofnana og í tvíhliða samskiptum við einstök ríki.

Íslensk stjórnvöld hafa axlað sjálfstæða ábyrgð á öryggis- og varnarmálum frá brotthvarfi bandaríska hersins árið 2006. Sem fyrr grundvallast öryggi og varnir Íslands á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Hefðbundnar skilgreiningar á öryggi og vörnum eiga ekki lengur við og víðari skilgreining á öryggis- og varnarhagsmunum Íslands er nauðsynleg. Í þessu samhengi hefur verið tekið upp samstarf og samráð við sex grannríki á sviði öryggismála sem grundvallast á víðri skilgreiningu á öryggishugtakinu. Einnig er unnið að því að efla samstarf Norðurlandanna á sviði öryggis- og varnarmála. Loks tekur Ísland þátt í gerð nýrrar öryggis- og varnarmálastefnu Atlantshafsbandalagsins sem tekur mið af þeim breytingum sem átt hafa sér stað frá því að núverandi stefna var samþykkt árið 1999.

Utanríkisþjónustan heldur áfram að gegna lykilhlutverki í alþjóðasamstarfi um málefni hafsins og orkumál í góðu samstarfi við aðra innlenda aðila. Þar fer fram mikilvægt starf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Miklar vonir eru bundnar við nýja alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA, sem Ísland er stofnaðili að. Er ætlun íslenskra stjórnvalda að vinna sérstaklega að því að lögð verði áhersla á nýtingu jarðvarma innan stofnunarinnar.

Óöryggi og óstöðugleiki í ákveðnum löndum eða svæðum geta haft áhrif langt út fyrir landamæri. Skýrt dæmi um þetta er deila Ísraels og Palestínumanna. Það er ekki síst þess vegna sem íslensk stjórnvöld, sem styðja sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstætt ríki Palestínumanna, telja brýnt að alþjóðasamfélagið beiti sér enn frekar til að knýja fram samkomulag um tveggja ríkja lausn.

5.1. Mannréttindamál

Mannréttindamál skipa veglegan sess í stefnu ríkisstjórnar Íslands og er efling og vernd mannréttinda einn af grunnþáttum íslenskrar utanríkisstefnu. Þátttaka utanríkisþjónustunnar í alþjóðlegu mannréttindastarfi hefur aukist jafnt og þétt hin síðustu ár. Í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var ný deild mannréttinda- og jafnréttismála stofnuð í utanríkisráðuneytinu í september 2009 til að gefa málaflokknum aukið vægi.

Auk starfsemi á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins vinnur utanríkisþjónustan að vernd og eflingu mannréttinda fyrst og fremst á vettvangi viðkomandi alþjóðastofnana; aðallega í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf, á allsherjarþinginu og kvennanefnd SÞ í New York og innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Vínarborg.

Í málflutningi Íslands hefur verið lögð áhersla á virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum, að alþjóðasamfélagið grípi til fyrirbyggjandi aðgerða þegar teikn eru á lofti um mannréttindabrot og bregðist við þegar mannréttindabrot eru framin. Hvað mannréttindamálaflokka varðar hefur verið lögð áhersla á réttindi kvenna, jafnrétti kynjanna, réttindi barnsins og aðgerðir gegn mansali í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar.

Á fundum mannréttindaráðs SÞ og allsherjarþingsins leggja íslensk stjórnvöld áherslu á réttindi kvenna, jafnrétti kynjanna, réttindi barnsins og aðgerðir gegn mansali. Þessi áhersla nýturforgangs í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar. Einnig þar sem Ísland hefur margt fram að færa á alþjóðavettvangi á þessum sviðum. Nánar verður fjallað um framangreindar megináherslur í köflum 5.1.2. til 5.1.4.

Ísland leggur þunga áherslu á afnám hvers kyns mismununar og hvetur til umburðarlyndis og gagnkvæmrar virðingar. Þannig tók Ísland þátt í Durban-endurskoðunarráðstefnunni um afnám alls kynþáttamisréttis sem haldin var í Genf í apríl 2009. Í málflutningi Íslands var m.a. lögð áhersla á að ekkert ríki í heiminum hefði náð fullnaðarsigri í baráttunni gegn kynþáttamisrétti. Nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og að alþjóðasamfélagið verði að vinna að því að öll ríki framfylgi ákvæðum samnings SÞ um afnám alls kynþáttamisréttis. Lagði Ísland áherslu á að kynjasjónarmið séu höfð í huga því kynþáttafordómar, kynþáttamisrétti, útlendingahatur og aðrir tengdir fordómar hafi ólík áhrif á kynin.

Ísland hefur beitt sér fyrir banni við mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynsamsemdar og er í hópi þeirra ríkja innan SÞ sem leitast hafa við að koma umræðum um kynhneigð á dagskrá samtakanna, en umræða um þessi mál mætir mjög harðri andstöðu sumra ríkja.

Þá er lögð áhersla á að allar aðgerðir gegn hryðjuverkum verði að samræmast alþjóðalögum, ekki síst mannúðar- og mannréttindalögum þ.m.t. tilhlýðilegri málsmeðferð. Loks hefur Ísland í samvinnu við hinar Norðurlandaþjóðirnar beitt sér fyrir algeru banni við pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og afnámi dauðarefsinga, en Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi hjá SÞ í þessum málaflokki.

Til viðbótar við náið samstarf Norðurlanda um mannréttindamál eiga íslensk stjórnvöld samstarf um málaflokkinn við aðildarríki ESB og aðrar þjóðir á Vesturlöndum sem ekki eru aðilar að ESB, en þessi síðastnefndi hópur hefur um árabil haft með sér óformlegt samráð um mannréttindi. Þá á utanríkisráðuneytið samráð með reglubundnum hætti við innlend frjáls félagasamtök og fulltrúa háskóla sem starfa á sviði mannréttinda. Í febrúar sl. undirritaði utanríkisráðherra t.d. samstarfsyfirlýsingu við Rauða kross Íslands sem nær til ársins 2011. Með samstarfsyfirlýsingunni festa íslensk stjórnvöld og Rauði kross Íslands samstarf sitt í sessi og skuldbinda sig til að vinna saman að þremur meginverkefnum: Útbreiðslu alþjóðlegs mannúðarréttar, sem fram fer á vegum landsnefndar um mannúðarrétt; stuðningi við alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins, m.a. um aðgerðir gegn mansali, og gagnkvæmri upplýsingagjöf og fræðslu um stöðu mannúðarmála.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, fr. Navanethem Pillay, hefur þegið boð utanríkisráðherra um að sækja Ísland heim í júní 2010. Vonast er til að heimsókn hennar auki umræðu um mannréttindamál hér innanlands.

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir hafa verið haldnir fjórir reglubundnir fundir í mannréttindaráði SÞ auk þriggja sérstakra funda ráðsins, vegna ástands mannréttindamála á Haítí, á hernumdum svæðum Palestínu og á Srí Lanka. Einn árlegur fundur var á tímabilinu haldinn í 3. nefnd allsherjarþingsins og kvennanefnd SÞ, auk fjölda annarra funda sem ekki eru sérstaklega tilgreindir. Hér á eftir er tæpt á því helsta sem Ísland hefur beitt sér fyrir á tímabilinu.

5.1.1. Mannréttindi í einstökum ríkjum

Mannréttindi eru ekki innanríkismál og ekki hægt að bera slíkt fyrir sig til að koma í veg fyrir umræðu á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld telja að umræður, sérstaklega á vettvangi

ameinuðu þjóðanna, um ástand mannréttindamála í einstökum ríkjum og á tilteknum landsvæðum eigi fullan rétt á sér og séu nauðsynlegar til að veita ríkjum aðhald á þessu sviði.

Ísland tekur fullan þátt í umfjöllun SÞ um ástand mannréttinda í einstökum ríkjum, m.a. með ræðuflutningi, þátttöku í samningafundum og meðflutningsaðild þegar svo ber undir. Á fundum mannréttindaráðs SÞ og á allsherjarþinginu beitir Ísland sér m.a. fyrir bættu ástandi mannréttindamála á hernumdum svæðum Palestínu, í Íran, Mjanmar (Búrma), Norður-Kóreu, Súdan, Srí Lanka og fleiri ríkjum.

Íslensk stjórnvöld beita sér sérstaklega í umræðum um ástand mannréttindamála á hernumdum svæðum Palestínu og hafa ítrekað lýst áhyggjum yfir ástandinu m.a. á öllum reglubundnum fundum mannréttindaráðs SÞ á því tímabili sem þessi skýrsla nær yfir. Lögð hefur verið áhersla á ólögmæti landtökubyggða Ísraelsmanna, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem, og þess krafist að frekari landtaka verði stöðvuð. Einnig hefur stefna Ísraelsmanna gagnvart íbúum Gasa verið mótmælt á grundvelli alþjóðlegra mannúðarlaga og þess krafist að herkvínni verði aflétt. Þá hafa fulltrúar Íslands ítrekað gagnrýnt átökin á Gasa í ársbyrjun 2009 og tekið undir mikilvægi Goldstone-skýrslunnar þar sem skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að gróf brot hafi verið framin ámannréttinda- og mannúðarlögum meðan á átökunum stóð. Í málflutningi Íslands er bent á að rannsaka verði allar ásakanir um brot á mannréttinda- og mannúðarlögum og koma í veg fyrir refsileysi. Þá hefur ítrekað verið lýst yfir vonbrigðum með skort á vilja ísraelskra stjórnvalda til að vinna með skýrslugjöfum SÞ varðandi átökin á Gasa og með mannréttindaráði SÞ til margra ára. Mannréttindaráð hélt sérstakan fund um ástand mannréttindamála á hernumdum svæðum Palestínu í október 2009 og tók Ísland þátt í þeim fundi.

Í janúar 2010 hélt mannréttindaráð SÞ sérstakan fund um ástandið á Haítí í kjölfar jarðskjálftans þar 12. janúar. Þar flutti fulltrúi Íslands samúðarkveðjur stjórnvalda og hvatti til þess að mannréttindasjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi í neyðaraðstoð og enduruppbyggingu.

Íslensk stjórnvöld beita sér einnig fyrir mannréttindum í tvíhliða samskiptum við önnur ríki. Þannig sendi utanríkisráðherra utanríkisráðherra Írans bréf í febrúar 2010, þar sem lýst var þungum áhyggjum af versnandi ástandi mannréttindamála í Íran, eftir framkvæmd dauðarefsinga í kjölfar dóma sem kveðnir voru upp í fjöldaréttarhöldum. Skoraði utanríkisráðherra á stjórnvöld íÍran að virða að fullu skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda. Íslensk stjórnvöld hafa einnig ítrekað komið á framfæri áhyggjum vegna aðgerða íranskra stjórnvalda gegn mannréttindaskrifstofu dr. Shirin Ebadi nóbelsverðlaunahafa, en hún er heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri. Á fundi með fulltrúa Bangladess í febrúar 2010, lýsti fulltrúi ráðuneytisins yfir djúpum áhyggjum íslenskra stjórnvalda, vegna dóms er kveðinn var upp í Bangladess yfir 16 ára stúlku sem dæmd var til 101 svipuhöggs fyrir að orðið barnshafandi utan hjónabands eftir að hafa orðið fyrir naugðun og kvað slíkt réttarfar ekki boðlegt og það gengi þvert á allar alþjóðareglur. Ofbeldismaðurinn fékk enga refsingu. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins átti fund með fulltrúum ísraelskra stjórnvalda í apríl sl. þar sem afstöðu íslenskra stjórnvalda til hernámsins og áhyggjum stjórnvalda af ástandi mannréttindamála á hernumdum svæðum Palestínu var m.a. komið á framfæri.

Utanríkisráðherra hefur nýlega skrifað utanríkisráðherra Litháen bréf þar sem hann lýsti áhyggjum sínum vegna stöðu samkynhneigðra í Litháen, m.a. vegna löggjafar sem má túlka sem svo að ekki megi dreifa opinberum upplýsingum um réttindi samkynhneigðra. Íslensk stjórnvöld fagna því að gleðiganga samkynhneigðra fór fram í síðustu viku í landinu eftir að áfrýjunardómstóll hnekkti úrskurði sem áður hafði bannað gönguna. Það er hins vegar áhyggjuefni hversu mikil andstaða var við gönguna.

5.1.2. Jafnréttismál

Barátta fyrir jafnrétti kynjanna skipar veigamikinn sess í mannréttindastarfi Íslands, enda jafnrétti kynjanna grundvallargildi í íslensku samfélagi. Ísland hefur lengi verið málsvari bættrar stöðu kvenna, en síðustu ár hefur áherslan á jafnréttismál markvisst verið efld, ekki síst þar sem aukið jafnrétti er forsenda fyrir betri, öruggari og sanngjarnari heimi.

Ísland hefur í málflutningi sínum einkum leitast við að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í allri ákvarðanatöku. Sérstaklega hefur verið horft á leiðir til að auka aðkomu kvenna að friðarviðræðum, uppbyggingarstarfi að átökum loknum og öðrum friðarferlum, sem og að konur séu virkir þátttakendur í ákvarðanatöku á sviði loftslagsmála og viðbragða við loftslagsbreytingum.

Unnið er að framgangi jafnréttismála víða í starfi utanríkisþjónustunnar, einkum þó á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra auk ÖSE, Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Alþjóðabankans. Þá er lögð áhersla á jafnréttismál í þróunarsamvinnu, sem nánar er fjallað um í kafla 6.4. Segir þar m.a. frá samstarfi utanríkisráðuneytisins við Landsnefnd UNIFEM á Íslandi.

Ísland er aðili að samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og valfrjálsri bókun við hann. Á síðasta ári voru 30 ár liðin frá samþykkt samningsins. Íslensk stjórnvöld hvetja ríki sem ekki hafa gerst aðilar að honum til að gera það og hvetja jafnframt ríki sem sett hafa fyrirvara sem brjóta gegn markmiðum samningsins að fella þá úr gildi.

Á þessu ári verða fimmtán ár liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Þar var samþykkt framkvæmdaáætlun sem er ein af grundvallarsamþykktum í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi. Fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna var í ár tileinkaður þessum tímamótum. Kom þar fram að þrátt fyrir að margt hefði áunnist í jafnréttismálum á síðustu fimmtán árum væri enn langt í land. Félags- og tryggingamálaráðherra leiddi sendinefnd Íslands áfundinum og gerði grein fyrir stöðu jafnréttismála á Íslandi og helstu verkefnum fram undan. Ísland tók þátt í tveimur norrænum hliðarviðburðum, pallborðsumræðum um áhrif alþjóðlegu fjármála- og efnahagskreppunnar á jafnréttismál og samningaviðræðum um ályktun um efnahagslega valdeflingu kvenna.

Nýskipan jafnréttismála hjá Sameinuðu þjóðunum

Árið 2006 skipaði aðalframkvæmdastjóri SÞ nefnd háttsettra aðila sem falið var að gera tillögur að umbótum á stofnanakerfi samtakanna. Ein viðamesta tillagan var að koma á fót sérstakri starfseiningu sem hefði yfirumsjón með jafnréttismálum og aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Ísland hefur tekið virkan þátt í umræðunni um þessa tillögu og stutt af krafti umbótaferlið með það að markmiði að til verði sterkur málsvari jafnréttismála á vettvangi SÞ sem geri starf þeirra markvissara og árangursríkara.

Í september sl. samþykkti allsherjarþingið samhljóða ályktun um nýskipan jafnréttismála. Aðalframkvæmdastjóri SÞ hefur lagt fram tillögur að útfærslu og skipulagi nýrrar starfseiningar og fara nú fram samningaviðræður allsherjarþingsins á þeim grunni. Vonir eru við það bundnar að hin nýja starfseining verði sett á laggirnar í síðasta lagi í ársbyrjun 2011. Aðstoðarframkvæmdastjóri mun leiða þessa nýju einingu sem mun koma í stað fjögurra skrifstofa sem nú fara með jafnréttismál innan SÞ, þ.á m. UNIFEM og jafnréttisdeildar SÞ.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1325

Í haust verða tíu ár liðin frá því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Var það í fyrsta skipti sem öryggisráðið tengdi jafnrétti og öryggismál með beinum hætti. Áhersluatriði ályktunarinnar eru aukin þátttaka kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum, verndun kvenna og stúlkna á átakasvæðum og að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar við friðargæslu og friðargæsluliðum sé veitt jafnréttisfræðsla. Öryggisráðið hefur síðar bætt við þremur ályktunum sem styrkja ályktun 1325, þ.e.a.s. ályktun 1820 þar sem kynferðislegt ofbeldi gegn konum í vopnuðum átökum er fordæmt, og ályktunum 1888 og 1889 sem renna styrkari stoðum undir fyrri ályktanir.

Ísland lítur á það sem eitt af forgangsverkefnum að styðja ötullega framgang og eflingu þessara ályktana m.a. með dyggum stuðningi Háskóla Íslands og frjálsra félagasamtaka hér á landi. Hefur það starf skilað sér í því að Íslandi hefur verið boðin þátttaka í samstarfi ríkja á vettvangi SÞ sem kalla sig vini 1325.

Utanríkisráðuneytið og Háskóli Íslands stóðu fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um ályktun 1325 í júní árið 2009 sem um 200 manns sóttu. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var hvernig tryggja megi að konur taki með beinum hætti þátt í formlegum og óformlegum friðarferlum, þ.á m. friðarumleitunum, friðarsamningum og friðaruppbyggingu. Meðal frummælenda var Rachel Mayanja, sérlegur ráðgjafi framkvæmdastjóra SÞ um kynjamálefni og bætta stöðu kvenna, auk núverandi og fyrrverandi utanríkisráðherra. Einnig voru tveir fulltrúar Friðarráðs palestínskra og ísraelskra kvenna, sem íslensk stjórnvöld hafa stutt og nefnt er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, meðal frummælenda á ráðstefnunni. Helstu ábendingum sem fram komu á ráðstefnunni um hvernig mætti styrkja framkvæmd og innleiðingu ályktunarinnar var í kjölfarið komið á framfæri innan öryggisráðs SÞ. Sumar þeirra ábendinga hafa þegar komið til framkvæmda í ályktunum 1888 og 1889.

Ísland leggur einnig áherslu á jafnréttismál og ályktun 1325 í málflutningi sínum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Þannig hefur verið lögð áhersla á að hlutverk NATO við að framfylgja ályktun 1325 verði áréttað í nýrri grundvallarstefnu bandalagsins sem nú er verið að móta. Sömuleiðis hafa íslensk stjórnvöld lagt sig fram um að vekja athygli á réttindum kvenna í umræðu um málefni Afganistan. Þannig voru t.d. ýmis tækifæri notuð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Evrópusamvinnu til að mótmæla nýrri lagasetningu í landinu sem skerti réttindi kvenna úr hópi shía-múslima.

Ísland setti sér aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar 1325 árið 2008. Endurskoðun hennar hefst á þessu ári í samráði við sérhæfð félagasamtök og hlutaðeigandi háskólastofnanir. Nánar er fjallað um framkvæmd ályktunarinnar hjá Íslensku friðargæslunni í kafla 6.4., sem og í umfjöllun um Jafnréttisskólann, sem er sameiginlegt verkefni utanríkisráðuneytis og Háskóla Íslands, sem hefur það að markmiði að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum og átakasvæðum í jafnréttismálum.

Kyn og loftslag

Jafnréttismál hafa verið skilgreind sem ein af megináherslum Íslands í viðræðum um nýtt alþjóðasamkomulag um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum sem nú standa yfir á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur í samningaviðræðunum lagt áherslu á að ekki megi eingöngu líta á konur sem þolendur loftslagsbreytinga, heldur sem mikilvæga gerendur við lausn vandans. Ísland hefur þannig beitt sér fyrir virkri þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Hefur málflutningur Íslands vakið athygli og veittu Regnhlífarsamtök kvenna *(Women and Gender Constituency)* íslenskum

stjórnvöldum viðurkenningu fyrir að vera sterkir málsvarar jafnréttis kynjanna og fyrir að koma sterkum texta um jafnrétti kynjanna inn í samningstextann um sameiginlega sýn á þingi aðildarríkjanna í Kaupmannahöfn í desember sl. Ekki náðist að ljúka samningaviðræðunum í Kaupmannahöfn, eins og stefnt hafði verið að, og mun kynjasjónarmiðum því áfram vera haldið á lofti í viðræðunum.

5.1.3. Réttindi barnsins

Unnið er að réttindum barnsins víða í starfi utanríkisþjónustunnar, einkum þó á vettvangi mannréttindaráðs SÞ og á allsherjarþinginu. Ísland hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á að aðildarríkin framfylgi ákvæðum samningsins um réttindi barnsins og valfrjálsra bókana hans, annars vegar um þátttöku barna í vopnuðum átökum og hins vegar um barnasölu, barnavændi og barnaklám. Lögð hefur verið áhersla á mikilvægi þess að vernda börn og ungmenni gegn hvers kyns ofbeldi en skv. skýrslum SÞ sæta milljónir barna um allan heim ofbeldi daglega. Skýrslur SÞ sýna glöggt að ofbeldi gegn börnum er oft falið og viðgengst í skjóli þagnarinnar. Á fundi mannréttindaráðs SÞ í mars 2010 studdi Ísland að hafin yrði gerð valfrjálsrar bókunar, sem fæli í sér kæruleið, við samning SÞ um réttindi barnsins.

5.1.4. Aðgerðir gegn mansali

Mansal er glæpastarfsemi sem virðir ekki landamæri. Ekkert ríki getur eitt og sér spornað gegn þessari vá og krefst baráttan gegn mansali því fjölþættrar og skilvirkrar alþjóðasamvinnu. Að mati Sameinuðu þjóðanna er mansal sú skipulagða glæpastarfsemi sem vex hvað hraðast í heiminum. Hundruð þúsunda einstaklinga verða fórnarlömb mansals á hverju ári. Mansal tengist oftar en ekki annarri skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem ólöglegri verslun með vopn og eiturlyf, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Margt bendir til þess að starfsemi glæpamanna á þessum sviðum verði sífellt þróaðri, tæknivæddari og miskunnarlausari, enda er hagnaðarvonin mikil.

Íslensk stjórnvöld samþykktu aðgerðaáætlun gegn mansali í mars 2009. Á grundvelli hennar hefur verið stofnað sérfræðinga- og samhæfingarteymi sem hefur yfirumsjón með mansalsmálum á Íslandi. Aðild að teyminu eiga meðal annarra frjáls félagasamtök sem veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð, lögregla og fulltrúar viðeigandi ráðuneyta, m.a. utanríkisráðuneytis. Í apríl 2009 voru settar siðareglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar þar sem segir m.a. að starfsmönnum hennar sé óheimilt að kaupa eða þiggja vændisþjónustu.

Unnið er víða að aðgerðum gegn mansali í starfi utanríkisþjónustunnar, einkum á vettvangi mannréttindaráðs SÞ, allsherjarþingsins og ÖSE.

Utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi. Er vonast til að bókunin verði fullgilt á yfirstandandi þingi.

Í tilefni af heimsókn aðstoðarmansalsfulltrúa ÖSE, Ruth Pojman, til Íslands í október 2009 stóð utanríkisráðuneytið, í samvinnu við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, fyrir fjölmennum fundi um baráttuna gegn mansali með þátttöku utanríkisráðherra, ráðuneytisstjóra dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á Suðurnesjum, formanns sérfræði- og samhæfingarteymis um mansalsmál, fulltrúa Alþjóðahúss og fleiri. Auk þess að taka þátt í fundinum átti aðstoðarmansalsfulltrúinn fundi með íslenskum stjórnvöldum og félagasamtökum.

5.2. Auðlinda- og umhverfismál

Umhverfis- og auðlindamál skipa veglegan sess í stefnu ríkisstjórnar Íslands og er sjálfbær nýting auðlinda einn af hornsteinum umhverfisstefnu stjórnvalda. Það er hverri þjóð mikilvægt að standa vörð um auðlindir sínar og gæta þess að vel sé gengið um umhverfið og auðlindir nýttar með sjálfbærum hætti. Íslensk stjórnvöld hafa lagt sérstaka áherslu á málefni hafsins, náttúruvernd strandsvæða og verndun svæða í sjó, sem og að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika í vistkerfum á landi, í sjó og vötnum.

Umhverfismál eru í eðli sínu hnattræn. Gott dæmi um það eru loftslagsbreytingar af manna völdum og viðbrögð við þeim, sem eru eitt stærsta og brýnasta úrlausnarefnið sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Það verður ekki leyst nema með samstarfi allra ríkja og ber Ísland ríka ábyrgð til að leggja sitt á vogarskálarnar til að sporna við þeirri þróun. Staða og ímynd Íslands á vettvangi umhverfis- og auðlindamála er sterk sem kemur ekki síst af því hversu framarlega Ísland stendur í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Áhersla á þátttöku Íslands í samvinnu um orkumál á alþjóðavettvangi hefur verið aukin til muna, þ.á m. með skipan sérstaks fulltrúa innan utanríkisráðuneytisins til að sinna því verkefni. Með því gefst tækifæri til að styrkja þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi og til að styðja við leiðandi hlutverk Íslands á því sviði.

5.2.1. Loftslagsmál

Ísland hefur, eins og aðrar þjóðir, verulegra hagsmuna að gæta af því hvernig alþjóðasamfélagið bregst við þeirri vá sem hlýst af loftslagsbreytingum af manna völdum. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gaf árið 2007 út fjórðu yfirlitsskýrslu sína um áhrif loftslagsbreytinga. Það er mat nefndarinnar að verði ekkert að gert muni hlýnun jarðar á þessari öld að líkindum verða á bilinu 1,8–4°C. Telur nefndin að hækki meðalhiti um meira en 2°C frá því sem hann var fyrir iðnbyltingu, verði afleiðingar loftslagsbreytinga mjög alvarlegar og óafturkræfar. Til að koma í veg fyrir að hitastig hækki meira en því nemur þurfi að hefta ört vaxandi losun þróunarríkja á gróðurhúsalofttegundum og þurfi losun iðnríkja í heild að verða 25–40% minni árið 2020 en árið 1990.

Samningaviðræður um nýtt alþjóðasamkomulag um loftslagsmál

Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókuninni við hann. Bókunin kveður á um lagalega bindandi mörk fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir iðnríki, þ.m.t. Ísland. Skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar rennur út árið 2012. Þá þarf nýtt samkomulag að taka við og var því á þingi aðildarríkja loftslagssamningsins í Balí árið 2007 samþykkt aðgerðaáætlun um hvernig staðið skyldi að samningaviðræðum um nýtt alþjóðlegt samkomulag um loftslagsmál. Samningaviðræðurnar eru flóknar og fara fram á tveimur samhliða brautum. Annars vegar um styrkingu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og hins vegar um hvað tekur við af Kýótó-bókuninni.

Ríkisstjórnin skipaði í nóvember árið 2008 samninganefnd til þess að fara með samningsumboð Íslands í yfirstandandi samningaviðræðum. Í henni eiga sæti fulltrúar sjöráðuneyta. Umboð samninganefndarinnar er í meginatriðum tvískipt. Í fyrsta lagi að leita eftir samkomulagi við Evrópusambandið um aðild Íslands að losunarmarkmiði ESB og hins vegar að gæta íslenskra hagsmuna í sjálfum samningaviðræðunum um nýtt alþjóðlegt samkomulag.[12]

---

[12] Nálgast má umboð samninganefndarinnar í heild sinni á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. http://www.utanrikisraduneyti.is/nyr-starfssvid/althjoda-og-oryggismal/audlinda-og-umhverfismal/loftslagsbreytingar/

Samkomulag við Evrópusambandið um loftslagsmál

Á grundvelli EES-samningsins mun verulegur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi falla undir viðskiptakerfi ESB frá og með 1. janúar 2013. Þar er m.a. um að ræða alla losun frá stóriðju og er reiknað með að allt að helmingi af allri losun á Íslandi verði úthlutað innan viðskiptakerfis ESB frá þeim tíma. Að óbreyttu þarf þessi losun einnig að uppfylla skuldbindingar Íslands í væntanlegu nýju alþjóðlegu samkomulagi eftir 2012.

Það væri flókið fyrir Ísland og íþyngjandi að þurfa að taka á sig tvíþættar skuldbindingar í gegnum alþjóðlegt samkomulag annars vegar og EES-samninginn hins vegar. Til að koma í veg fyrir slíkt og til að tryggja að sömu reglur gildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju á Íslandi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu var samninganefnd Íslands í loftslagsmálum, undir forystu aðalsamningamanns úr utanríkisráðuneytinu, falið að semja samhliða við ESB um að Ísland undirgangist sameiginlegar skuldbindingar með ESB gagnvart nýju alþjóðasamkomulagi eftir 2012.

Samkomulag náðist við framkvæmdastjórn ESB um slíka nálgun í nóvember 2009 sem síðar var staðfest á fundi ráðherraráðs ESB hinn 15. desember 2009. Gengið verður frá lagalegri útfærslu þessa samkomulags þegar samningar hafa náðst á vettvangi loftslagssamnings SÞ um nýjar takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Samkomulag við ESB verður fullgilt samhliða fullgildingu nýs alþjóðlegs samkomulags á sviði loftslagsmála, og kemur því ekki til framkvæmda nema niðurstaða náist í þeim samningaviðræðum.

Kaupmannahafnarsamkomulagið

Ætlunin var að nýtt alþjóðlegt samkomulag um loftslagsmál, sem tæki við af Kýótó-bókuninni, yrði samþykkt á þingi aðildarríkja samningsins í Kaupmannahöfn í desember síðastliðnum. Eins og kunnugt er náðist það markmið ekki sem eru mikil vonbrigði.

Þjóðir heims fóru þó ekki tómhentar frá Kaupmannahöfn þar sem á lokadegi þingsins náðist samstaða milli Bandaríkjanna, Kína, Brasilíu, Indlands, Suður-Afríku, ESB og Rússlands, auk fulltrúa smáeyjaríkja og iðnríkja utan ESB, um orðalag lokaniðurstöðu sem var borin undir þing aðildarríkja samningsins. Samkomulagið var stutt sem meginniðurstaða fundarins, en þó lýstu örfá þróunarríki eindreginni andstöðu við það.

Kaupmannahafnarsamkomulagið markar vissulega tímamót, en með því heita allir stærstu losendur gróðurhúsalofttegunda að grípa til aðgerða til að draga úr losun. Samkomulagið felur í sér það markmið að hlýnun jarðar skuli takmörkuð við 2°C og að iðnríki tilkynni um hvaða losunarmarkmið þau setji sér fyrir árið 2020. Jafnframt kveður samkomulagið á um upplýsingagjöf þeirra þróunarríkja sem taka á sig losunarskuldbindingar með fjárhagslegum stuðningi frá iðnríkjum. Einnig felur það í sér vilyrði iðnríkja fyrir um 10 milljarða dollara árlegum fjárstuðningi á tímabilinu 2010–2012 og að aflað skuli nýs fjármagns, allt að 100 milljörðum dollara árlega frá og með 2020, með opinberum fjárlögum, einkafjármagni og öðrum aðferðum.

Ísland tilkynnti í Kaupmannahöfn að það hygðist í samvinnu við ESB draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 30% til 2020, miðað við losun ársins 1990, að því gefnu að metnaðarfullt alþjóðlegt samkomulag næðist. Markmiðinu verður náð með þátttöku í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og samdrætti í losun í öðrum geirum en þeim sem viðskiptakerfið tekur til, s.s. samgöngum, sjávarútvegi og landbúnaði, auk bindingar kolefnis með skógrækt og landgræðslu.

Framhald samningaviðræðnanna

Þar sem ekki náðist að ljúka samningum í Kaupmannahöfn halda viðræður áfram um nýtt alþjóðlegt samkomulag á sviði loftslagsmála. Veruleg óvissa er um árangur en ljóst er að vandamálið hverfur ekki. Það verður sífellt meira aðkallandi að samningar náist, ekki síst þar sem stutt er í að Kýótó-bókunin renni sitt skeið.

Það má þó segja að staða Íslands sé nú um margt skýrari, þar sem samninganefnd Íslands hefur náð markmiði sínu um að ganga til samninga við ESB um fulla þátttöku Íslands í aðgerðum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

5.2.2. Orkumál og jarðhitasamstarf

Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil vakning um allan heim um aukna nýtingu jarðhita. Þessa vakningu má rekja til umræðunnar um loftslagsmál og þá kröfu að öll ríki stuðli að aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa þ.m.t. jarðhita. Til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum er í raun þörf fyrir umbyltingu í þróun nýrra orkugjafa þar sem endurnýjanlegar orkulindir eins og jarðhiti skipa öndvegi. Þannig var yfirskrift nýafstaðinnar heimsráðstefnu um jarðhitamál sem haldin var á Balí: „Jarðhiti – orkugjafinn sem breytt getur heiminum“. Utanríkisráðherra sat í sérstakri heiðursstjórn Balí-ráðstefnunnar.

Þekking Íslendinga á sviði nýtingar jarðvarma sem byggist á áralangri reynslu af uppbyggingu orkuiðnaðar í landinu verður sífellt eftirsóttari erlendis. Mikilvægt er að nýta þennan áhuga og þau viðskipta- og atvinnutækifæri sem í honum felast. Jafnframt að halda áfram að koma þessari reynslu á framfæri og leita eftir samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Ríkisstjórnin ákvað á síðasta ári að Ísland yrði ein af stofnþjóðum nýrrar alþjóðastofnunar um endurnýjanlegar orkulindir *(e. International Renewable Energy Agency – IRENA)*. Skrifað varundir stofnsamþykkt í Bonn í maí 2009 og staðfesti ríkisstjórn Íslands hana hinn 14. apríl sl. Ísland er þar með í hópi fimmtán fyrstu ríkja sem það hafa gert en 142 ríki hafa undirritað stofnsamþykktina. Fjallað er um fullgildingarferli samþykktarinnar í kafla 5.6.1.

Til að tryggja íslenska hagsmuni er stefnt að því að taka virkan þátt í starfsemi IRENA ekki síst til að vinna notkun jarðvarma brautargengis sem ákjósanlegs orkugjafa. Verða íslenskir sérfræðingar hvattir til þess að sækja um störf hjá stofnuninni m.a. til að efla vægi jarðhita innan hennar.

Íslendingar hafa á undanförnu ári lagt vaxandi áherslu á þátttöku íslenskra fyrirtækja í orkutengdum verkefnum á erlendum vettvangi. Gerður hefur verið tvíhliða samstarfssamningur milli Íslands og Indlands um orkumál. Viðræður hafa farið fram við Rússa um aðkomu íslenskra fyrirtækja að verkefnum, t.d. í Krasnodar-héraði og hugsanlega víðar. Samstarf við Grænlendinga er fyrirhugað í orkugeiranum og tengist stefnu Íslendinga í norðurskautsmálum, en íslensk fyrirtæki starfa nú þegar á Grænlandi við gerð vatnsaflsvirkjana og annarra mannvirkja. Mikill áhugi er af hálfu bandarískra og íslenskra stjórnvalda á að þróa samskipti ríkjanna enn frekar á sviði orkumála, einkum á sviði jarðhita. Þegar hefur verið stofnað til tveggja samstarfsverkefna. Annars vegar er um að ræða samstarfsvettvang Íslands, Bandaríkjanna og Nýja-Sjálands um þróun orkumála hjá eyþjóðum. Hins vegar er um að ræða samstarfsvettvang Íslands, Bandaríkjanna og Ástralíu til að þróa og kynna hátækni á sviði jarðhitavinnslu.

Íslensk fyrirtæki hafa víða haslað sér völl í jarðhitaverkefnum á liðnu ári eins og í Bandaríkjunum, aðildarríkjum ESB, Mið- og Suður-Ameríku, Afríku, Miðausturlöndum, Indónesíu, Filippseyjum og á Indlandi. Íslensk stjórnvöld hafa haft beina aðkomu að sumum þessara

verkefna til að leggja fyrirtækjunum lið þar sem þess hefur verið þörf. Á nýafstöðnu heimsþingi um jarðhitamál sem fram fór í Balí í lok apríl sl. kom einnig fram mikill áhugi erlendra aðila á samstarfi við íslensk fyrirtæki og stofnanir um verkefni víðsvegar um heim.

5.2.3. Málefni hafsins

Stefna Íslands í málefnum hafsins grundvallast á þremur stoðum, þ.e. Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því sjónarmiði að stjórnun og ákvörðunartaka við verndun vistkerfa hafsins og nýtingu lifandi auðlinda eigi að hvíla hjá þeim ríkjum sem mestra hagsmuna eiga að gæta og ákvarðanir snerta með beinum hætti.

Ísland hefur lengi tekið virkan þátt í umfjöllun um málefni hafsins í alþjóðlegu samstarfi. Hafthefur verið á orði að þótt Íslendingar séu fámenn þjóð gegni Ísland veigamiklu hlutverki þegar kemur að málefnum hafsins. Fiskveiðistjórnunarkerfi Íslands þykir til fyrirmyndar hvað varðar sjálfbæra nýtingu fiskistofna. Mengun í hafinu umhverfis landið er með því minnsta sem þekkist og náðst hefur góður árangur í aðgerðum til að draga úr brottkasti og meðafla sem hefur gert það að verkum að nýting afla hefur batnað mjög mikið.

Nú er í undirbúningi árlegur samráðsfundur aðildarríkja SÞ um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS) sem fram fer í júní nk. Viðfangsefni fundarins að þessu sinni er efling hafrannsókna og umræðu um málefni hafsins og hafréttarmál. Aðstandendur sjávarútvegsskóla SÞ á Íslandi hafa tekið virkan þátt í undirbúningi á málflutningi Íslands, en þekkingaruppbygging í sjávarútvegi þróunarríkja er veigamikill þáttur í þróunaraðstoð Íslands.

Það mál sem hæst ber á vettvangi FAO er baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum og vernd viðkvæms vistkerfis hafsins. Unnið er að samningi um kjölfestuvatn, sem fjallar um stýringu á notkun fljótandi kjölfestu til þess að lágmarka flutning lífvera milli hafsvæða, og gerð alþjóðlegs samkomulags um takmörkun á losun kvikasilfurs í hafið. Ákveðið hefur verið að íslensk stjórnvöld styðji við vöktun á súrnun hafsins á Íslandsmiðum og beiti sér fyrir því að auka þekkingu á afleiðingum loftslagsbreytinga á hafið, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Í kafla 5.6.2. er nánar fjallað um það helsta sem er á döfinni varðandi hafréttarmál á vettvangi FAO og SÞ.

Á vettvangi Barentsráðsins er mikil áhersla lögð á að kortleggja menguð svæði og gera áætlun um aðgerðir til að fyrirbyggja umhverfisslys sem af þeim geta hlotist. Ísland hefur stutt allar tillögur er lúta að því að samþætta sem mest starf Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins til að koma í veg fyrir skörun verkefna.

Á vettvangi SÞ er nú unnið að því að setja á laggirnar alþjóðlegt ferli til að meta á yfirgripsmikinn og reglubundinn hátt ástand hafsins, þar á meðal með tilliti til efnahagslegra og félagslegra þátta. Nú standa vonir til að það takist að koma slíku ferli af stað á fundi aðildarríkja sem haldinn verður undir merkjum allsherjarþingsins í lok sumars, svo að ljúka megi fyrsta reglubundna matinu fyrir árið 2015. Fastanefnd Íslands hefur fylgt þessu máli eftir, en Ísland var í hópi þeirra ríkja sem höfðu forystu um að slíku ferli væri komið á fót á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002.

5.2.4. Sjálfbær þróun

Á alþjóðavettvangi hefur Ísland ávallt stutt sjónarmið sjálfbærni. Stærsta hagsmunamál Íslands er verndun hafsins og nýting sjávarafurða þannig að til langs tíma litið sé afli hámarkaður. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni sem byggist á rannsóknum og hagnýtingu þekkingar sem felur í sér að virðing sé borin fyrir öllu vistkerfi hafsins.

Á síðasta ársfundi nefndar um sjálfbæra þróun á vettvangi SÞ, þar sem viðfangsefnið var þurrkar og landeyðing, lagði Ísland sérstaka áherslu á mikilvægi landgræðslu og upplýsti um áform um stofnun þjálfunaráætlunar á vettvangi Háskóla SÞ um landgræðslu á Íslandi. Í febrúar sl. var síðan undirritað samkomulag við Háskóla SÞ um stofnun slíkrar áætlunar, Landgræðsluskólans, en að skólanum standa hér á landi utanríkisráðuneytið, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðsla ríkisins. Meginmarkmið skólans er að stuðla að sjálfbærri nýtingu lands og útrýmingu fátæktar í þróunarlöndum með þjálfun fagfólks á sviði sjálfbærrar landnýtingar og landgræðslu. Skólinn á rætur að rekja til eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCCD) og annarra alþjóðlegra umhverfissamninga, s.s. samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og rammasamnings SÞ um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Nánar er fjallað um Háskóla SÞ á Íslandi í kafla 6.3.1.

Árlegur fundur SÞ um sjálfbæra þróun verður haldinn nú í maí. Að þessu sinni er viðfangsefni fundarins framleiðsla, neysla, samgöngur og efna- og sorpvinnsla.

5.2.5. Líffræðilegur fjölbreytileiki

Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt árið 2010 ár líffræðilegrar fjölbreytni. Af því tilefni er nú mikil umræða um samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem á rætur að rekja til Ríóráðstefnunnar 1992. Nefnd stjórnarráðsins um líffræðilegan fjölbreytileika vinnur að undirbúningi fundar vísinda- og tækninefndar samningsins um líffræðilega fjölbreytni sem fram fer í Kenýa síðar í þessum mánuði. Á fundinum verður farið yfir flesta þætti samningsins og í undirbúningi er markmiðssetning fyrir árið 2020. Eitt af því sem þar verður tekist á um er stærð friðlýstra svæða bæði á landi og í hafi, en hefur hlutfallið 15% verið nefnt í því samhengi.

Tíunda ráðstefna aðildarríkja samningsins um líffræðilega fjölbreytni verður haldin í október næstkomandi í Japan. Á þessum vettvangi geta sjónarmið nýtingar og verndunar skarast. Ísland hefur lagt áherslu á að styðja við sjálfbæra nýtingu, sérstaklega að því er við kemur lifandi auðlindum hafsins. Loks má nefna fund aðildarríkja samnings um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu (CITES) sem haldinn er á þriggja ára fresti. Síðasti fundur var haldinn nú í mars í Katar.

5.3. Öryggis- og varnarmál

Allt frá brotthvarfi bandarískra varnarliðsins haustið 2006 hafa íslensk stjórnvöld axlað sjálfstæða ábyrgð á öryggis- og varnarmálum. Á sama tíma hafa orðið stórfelldar breytingar í alþjóðlegri nálgun í þessum málaflokki. Nýjar ógnir og hættur við öryggi ríkja og almennra borgara hafa verið skilgreindar og mótun viðbragða við þeim er í fullum gangi, bæði á vettvangi alþjóðastofnana og innan einstakra ríkja.

Hefðbundnar skilgreiningar á öryggi og vörnum eiga ekki lengur við og víðari skilgreining á öryggis- og varnarhagsmunum Íslands er nauðsynleg. Þetta kemur skýrt fram í niðurstöðum formanns áhættumatsnefndar í skýrslu hans til utanríkisráðherra í mars 2009. Þar eru tilgreindir ýmsir áhættuþættir, sem sýna fram á hversu breitt öryggis- og varnarhugtakið er í dag, s.s. öryggi fjármálakerfisins, hernaðarógnir, heilbrigðisöryggi og farsóttir, umhverfisógnir, náttúruhamfarir og loftslagsbreytingar, alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, gereyðingarvopn, skipulögð glæpastarfsemi, mansal, fólksflutningar til Íslands, aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi, netöryggi, öryggi orkukerfisins, fjarskiptaöryggi, siglingaöryggi og mengunarvarnir og matvæla- og vatnsöryggi. Þessi skýrsla verður mikilvægt innlegg við mótun heildstæðrar þjóðaröryggisstefnu sem utanríkisráðherra hyggst hrinda úr vör.

Sem fyrr grundvallast öryggi og varnir Íslands á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningnum við Bandaríkin. Á undanförnum misserum hefur verið unnið að því að hleypa fleiri stoðum undir öryggis- og varnarsamstarf Íslands sem taki mið af því breytta öryggisumhverfi sem Ísland býr við. Í því skyni hefur verið tekið upp samstarf og samráð við sex nágrannaríki á sviði öryggis- og varnarmála. Þetta samráð tekur mið af víðri skilgreiningu á öryggishugtakinu, enda koma að því, auk utanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytið og dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið. Unnið hefur verið að því að efla samstarf norrænu landanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. á grundvelli tillagna Thorvalds Stoltenbergs og reglubundinnar samvinnu þeirra á sviði varnarmála. Samstarf varnarmálayfirvalda á Norðurlöndum hefur einnig verið styrkt og er nú mjög náið.

5.3.1. Skipan varnar- og öryggismála innanlands

Varnarmálalögin

Varnarmálalög nr. 34/2008 byggjast á þeirri meginforsendu að Íslendingar séu herlaus þjóð og að ekki sé vilji til þess af hálfu stjórnvalda að breyta því. Þar er tekið á ýmsum verkefnum, sem nauðsynleg eru fyrir varnir landsins, s.s. rekstur ratsjárkerfisins, sem er hluti af loftvarnarkerfi Atlantshafsbandalagsins, og annarra mannvirkja sem þjóna varnarhagsmunum Íslands og Atlantshafsbandalagsins. Lögin kveða einnig á um framkvæmd loftrýmisgæslu og nauðsynlegs gistiríkjastuðnings Íslands þess vegna.

Þetta fyrirkomulag, þótt ungt sé, hefur ekki farið varhluta af þeim breyttu áherslum, sem einkenna umfjöllun um öryggis- og varnarmál í dag. Liður í því er endurskoðun á starfi Varnarmálastofnunar og því fyrirkomulagi í öryggis- og varnarmálum, sem gildandi varnarmálalög kveða á um.

Ljóst er að breytinga er þörf og hafa fyrstu skrefin verið tekin í þeim efnum. Í desember 2009 var skipaður starfshópur fimm ráðuneyta til að gera tillögur um hvernig mætti framfylgja ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja niður Varnarmálastofnun á þessu ári og samþætta verkefni hennar hlutverki annarra opinberra stofnana. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til utanríkisráðherra 29. mars sl.

Í skýrslunni er bent á leiðir til að núverandi verkefni Varnarmálastofnunar verði hluti af nýrri borgaralegri stofnun, sem sjái um öryggis- og varnarmál á grundvelli borgaralegra gilda innan áformaðs innanríkisráðuneytis. Einnig eru gerðar tillögur um hvernig verkefnin rúmast innan skyldra stofnana uns nýtt ráðuneyti kemst á fót. Í skýrslunni er lagt til, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp að breytingum á varnarmálalögum þar sem Varnarmálastofnun verði formlega lögð niður 1. janúar 2011. Skýrt er tekið fram að Ísland standi áfram við allar varnar- og öryggistengdar skuldbindingar sínar og að forræði á utanríkispólitískum þáttum verði áfram hjá utanríkisráðherra.

Utanríkisráðherra lagði fram frumvarp til laga hinn 31. mars sl. um breytingu á varnarmálalögum í samræmi við niðurstöður skýrslu starfshópsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við lögfestingu taki til starfa sérstök breytingastjórn, skipuð fulltrúum ráðuneytanna fimm, sem stýri ráðstöfun einstakra verkefna til þeirra stofnana sem næst þeim standa. Starfshópurinn gerir ítarlega grein fyrir því í skýrslunni hvernig finna megi verkefnum stað hjá Landhelgisgæslunni, Ríkislögreglustjóra, Fasteignum ríkissjóðs og utanríkisráðuneyti auk þess sem bent er á mikilvægar leiðir til að útvista tilteknum verkefnum með þjónustusamningum.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um nýtt ákvæði um verksamninga, sem byggt er á fyrirmynd fjárreiðulaganna. Samkvæmt því yrði utanríkisráðherra veitt heimild til að gera við

aðrar ríkisstofnanir verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir lögin falla. Með ákvæðinu er það gert mögulegt að flytja einstök verkefni Varnarmálastofnunar til stofnana þeirra ráðuneyta sem síðar munu mynda nýtt innanríkisráðuneyti.

Í frumvarpinu er jafnframt ákvæði sem tryggir að starfsfólki stofnunarinnar verði boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem taka við verkefnum Varnarmálastofnunar.

5.3.2 Samstarf í öryggis- og varnarmálum

Varnarsamstarf við Bandaríkin

Varnarsamstarfið við Bandaríkin markar aðra af meginstoðum öryggis- og varnarmálasamstarfs Íslands og hefur gert það í hartnær 60 ár. Forsenda þess er tvíhliða varnarsamningur ríkjanna.

Í samkomulagi íslenskra og bandarískra stjórnvalda um varnarmál frá 2006 er skilgreint hvernig samstarfi þjóðanna skuli háttað á sviði varnar- og öryggismála eftir brotthvarf varnarliðsins. Í samkomulaginu er lagður grunnur að auknu samráði um öryggismál almennt, sem og varnarmál. Mælir samkomulagið m.a. fyrir um reglulegar viðræður um öryggismál, hvort sem er á æðri stigum og á meðal sérfræðinga. Áformað er að næsti reglulegi sérfræðingafundur ríkjanna um öryggismál verði haldinn í Washington haustið 2010. Á þessum fundum er rætt um tvíhliða samstarf ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála og horfur í alþjóðlegum öryggismálum. Einnig hefur verið gengið frá ýmsum atriðum varðandi framkvæmd varnarsamstarfsins í breyttum kringumstæðum, s.s. vegna varnaræfinga, þátttöku Bandaríkjanna í loftrýmiseftirliti og gerðar þjónustusamninga vegna varnarbúnaðar.

Samstarf Íslands og Bandaríkjanna tekur nú skýrt mið af breyttum aðstæðum. Sameiginlegir hagsmunir eru eftir sem áður grunnurinn að tvíhliða samstarfi sem og samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Mikilvægt er að byggja á þessum samstarfsgrunni og efla samstarfið þannig að það taki til fleiri þátta öryggismála út frá breiðri skilgreiningu á öryggis- og varnarmálum. Nægir þar að nefna málefni norðurslóða sem verðugt viðfangsefni.

Grannríkjasamstarf

Í kjölfar brotthvarfs bandarískra varnarliðsins árið 2006 var ákveðið að leita eftir samstarfi við helstu grannríki innan Atlantshafsbandalagsins á sviði öryggis- og varnarmála með það að markmiði að auka öryggi og stöðugleika á Norður-Atlantshafi og þar með öryggi Íslands. Undirritað hefur verið samkomulag um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála við Danmörku, Noreg og Bretland. Til stendur að undirrita samkomulag við Kanada við fyrstu hentugleika. Þá á Ísland reglulega viðræður við Þýskaland og Frakkland. Fyrrgreindir samningar eru mismunandi, eftir því hvort um er að ræða Danmörku, Noreg eða Bretland, en í öllum tilfellum er boðið upp á viðræður og samstarf, sem tekur til öryggismála í víðum skilningi, s.s. samstarf á sviði björgunaraðgerða, viðbragða gegn náttúruvá, löggæslumála og landhelgisgæslu, auk hefðbundinna varnarmála.

Unnið hefur verið að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina betur möguleika á frekara samstarfi. Einkum hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á aukið samstarf um öryggismál á norðurslóðum, eins og vikið er að síðar í þessum kafla og í kafla 3 um norðurslóðir.

Ísland gengur til þessa samstarfs með það að markmiði að leggja sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis eins og aðrar þjóðir.

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins (NATO) við Ísland

Eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins var reglulegri loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins komið á fót til að koma í veg fyrir að Ísland væri án sýnilegra loftvarna og til að viðhalda þekkingu innan bandalagsins á aðstæðum hér á landi og nágrenni.

Aðildarríki NATO senda nú orrustuflugvélar a.m.k. þrisvar sinnum á ári til loftrýmisgæslu á Íslandi samkvæmt samþykkt fastaráðs bandalagsins þar að lútandi frá 27. júlí 2007. Bandaríkin og Danmörk tóku að sér umsjón loftrýmisgæslu við Ísland árið 2009. Í ár hefur Danmörk komið til gæslustarfa og fyrirhugað er að Þýskaland og Bandaríkin sendi einnig flugsveitir í ár. Hætt var við loftrýmisgæslu Breta sem fram átti að fara í desember 2008 í kjölfar yfirýsinga núverandi utanríkisráðherra. Ýmis ríki hafa lýst áhuga á loftrýmisgæslu næstu árin og unnið verður að því að tryggja nægjanleg framlög frá bandamönnum eftir því sem þurfa þykir. Þátttökuþjóðirnar hafa orðið að taka á sig aukinn kostnað í kjölfar efnahagsástandsins hér á landi.

Íslenska loftvarnarkerfið hefur eftirlit með skilgreindu loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins umhverfis Ísland. Innan þess svæðis er óauðkennd flugumferð greind og henni mætt af flughersveitum er sinna loftrýmisgæslu fyrir hönd bandalagsins, m.a. vegna flugöryggissjónarmiða þar sem slíkt flug svarar hvorki kalli né hefur virkan svarratsjárbúnað.

Frá árinu 2006 hafa 62 óauðkennd flug verið greind á þessu svæði, þar af 60 rússneskar langdrægar sprengjuflugvélar. Í níu tilvikum hefur verið flogið umhverfis landið og mesta nálægð verið innan við 35 mílur frá landi. Varnarmálastofnun hefur fylgst með þessu flugi og sent upplýsingar um það inn í loftvarnarkerfi NATO og til Flugstoða sem sinna flugumferðarstjórn í kringum landið.

Flug rússnesku herflugvélanna brýtur ekki gegn alþjóðalögum. Íslensk stjórnvöld hafa þó ítrekað komið á framfæri þeirri skoðun, beint við rússnesk stjórnvöld og á vettvangi samstarfsráðs NATO og Rússlands, að slíkt herflug nálægt íslenskri lofthelgi, sem Rússar hafa ekki tilkynnt, sé í hæsta máta óviðeigandi auk þess sem af því getur stafað hætta fyrir borgaralegt flug. Sá möguleiki er meðal annars nefndur í áhættumatsskýrslunni til utanríkisráðherra í mars 2009.

Norrænt samstarf – NORDEFCO

Almennt samstarf Norðurlanda á sviði varnar- og öryggismála hefur farið vaxandi á síðustu árum og tekur Ísland fullan þátt í því. Á fundi varnarmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í nóvember 2009 var undirritað samkomulag um nýtt skipulag samstarfs Norðurlanda á sviði varnarmála (NORDEFCO) sem miðar að því að gera samstarfið einfaldara og markvissara.

Norrænt varnarsamstarf miðar að því að ná fram samlegðaráhrifum og sparnaði í að byggja upp getu til að mæta fjölþættum öryggisáskorunum. Ætlunin er að efla samstarf og langtíma stefnumótun Norðurlandanna, sem deila sömu grundvallargildum í öryggismálum og eiga ýmissa sameiginlegra öryggishagsmuna að gæta, þótt aðild ríkjanna að alþjóðastofnunum sé mismunandi. Samstarfið lýtur að því hvernig þátttökuríkin geti sameiginlega eflt aðgerðagetu sína til langs tíma, t.a.m. með æfingum, útboðum á búnaðarkaupum og samvinnu á vettvangi.

Fyrir liggur að Norðurlöndin hafa verulegan áhuga á að efla norrænt samstarf á sviði friðargæslu, þróunarsamvinnu og mannúðarmála, enda fara saman markmið og leiðir. Unnið er að aukinni samvinnu og samhæfingu ríkjanna í aðstoð við Afganistan og verið er að kanna hugsanlega frekari samþættingu á framlagi ríkjanna.

5.3.3. Skýrsla Stoltenbergs um samvinnu Norðurlanda í utanríkis- og öryggismálum

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Osló 9. febrúar 2009 afhenti Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, skýrslu sína um norrænt samstarf í öryggis- og varnarmálum. Í skýrslunni er horft til næstu 10–15 ára og gerðar tillögur um nánara samstarf landanna, m.a. varðandi friðaruppbyggingu og friðarumleitanir, loftrýmis- og landhelgisgæslu, öryggismál á norðurslóðum, tölvuöryggi, samnýtingu og samvinnu í rekstri sendiráða og samvinnu á sviði varnarmála. Utanríkisráðherrar Norðurlanda fjölluðu ítarlega um skýrslu Stoltenbergs og samþykktu yfirlýsingu um framkvæmd hennar á fundi sínum í Reykjavík í júní 2009 í formennskutíð Íslands.

Ráðherrarnir töldu ákveðna þætti í tillögum Stoltenbergs verðskulda tafarlausa skoðun, t.d. samstarf á sviði stjórnunar hættuástands, loftferðaeftirlits og fjarskipta, gervihnattaþjónustu, netöryggis, og utanríkisþjónustu; og ýmiskonar hernaðarsamstarf, svo sem flutningar, æfingar, læknaþjónusta og sameiginleg aðstaða til æfinga. Aðrar tillögur snúa að langtíma markmiðum og þarfnast frekari undirbúnings.

Ísland leiðir starfið er lýtur að frekari úrvinnslu á þróun aukins norræns samstarfs um loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Noregur leiðir undirbúning fyrir aukið samstarf Norðurlanda á sviði stjórnunar hættuástands. Markmið þess samstarfs er stofnun sameiginlegrar borgaralegrar viðbragðssveitar sem getur tekið að sér verkefni á sviði stjórnunar hættuástands fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Nú er verið að taka fyrstu skrefin að þessu takmarki með því að skoða samræmingu og samnýtingu þjálfunar og námskeiðshalds sem Norðurlöndin standa fyrir á þessu sviði.

Samstarf Norðurlandanna á sviði utanríkisþjónustu er með miklum ágætum. Stefnt er að því að auka samstarfið og styrkja á þeim sviðum þar sem um sameiginlega hagsmuni Norðurlandanna er að ræða og leiðir Svíþjóð þá vinnu. Áfram er stefnt að því að samstarfið verði sveigjanlegt og óformlegt. M.a. er rætt um möguleika á samnýtingu húsnæðis og að ríki geti boðið öðru eða öðrum ríkjum aðstöðu á sendiskrifstofu fyrir einn starfsmann. Einnig er rætt um aukin samráð og upplýsingaskipti þar sem það á við.

Sjá nánar kafla 3.4. um samstarf Norðurlanda.

5.3.4. Ný öryggis- og varnarmálastefna Atlantshafsbandalagsins

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Strassborg/Kehl á síðasta ári var samþykkt að hefja vinnu við gerð nýrrar grundvallarstefnu bandalagsins til samþykktar á næsta leiðtogafundi sem haldinn verður í Lissabon í nóvember nk. Núverandi grundvallarstefna er frá árinu 1999. Þrjár ástæður hafa einkum verið nefndar fyrir nauðsyn endurskoðunar á grundvallarstefnunni. Í fyrsta lagi hefur bandalagið breyst mjög á síðasta áratug. Ríkjum þess hefur fjölgað úr 16 í 28 og umhverfi öryggis- og varnarmála tekið stakkaskiptum. Nýjar ógnir og áskoranir hafa litið dagsins ljós. Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin og síðar í Evrópu, og aðgerð bandalagsins í Afganistan eru skýrustu dæmin þar um. Einnig má nefna orkuöryggi, netöryggi, útbreiðslu gereyðingarvopna, sjórán og loftslagsbreytingar. Í öðru lagi þykir brýnt að útskýra betur fyrir almenningi hvernig bandalagið hefur breyst og afla því frekari stuðnings. Í þriðja lagi er talið nauðsynlegt að skilgreina með skýrum hætti hvert sé hlutverk bandalagsins.

Anders Fogh Rasmussen, nýr framkvæmdastjóri bandalagsins, skipaði á sínum fyrstu vikum í embætti sérfræðingahóp, undir forystu Madeleine Albright fv. utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem mun skila framkvæmdastjóranum ráðgefandi áliti um hina nýju grundvallarstefnu nú um miðjan maí. Framkvæmdastjórinn hefur það álit til hliðsjónar við gerð

endanlegra draga að nýrri grundvallarstefnu bandalagsins. Hún verður unnin í nánu samráði við aðildarríkin og að endingu lögð fyrir leiðtogafund bandalagsins í Lissabon.

Sérfræðingahópurinn hélt fjórar málstofur um einstaka þætti stefnunnar til undirbúnings álitsins. Málstofurnar voru vettvangur til að skýra afstöðu ríkja og fækka umdeildum atriðum í vinnu við hina nýju stefnu. Til viðbótar hefur verið haft samráð við einstök aðildarríki og lögð áhersla á að opna á umræðu við þjóðþing, frjáls félagasamtök og fræðistofnanir. Einn sérfræðinganna, Aivis Ronis, sem nú er orðinn utanríkisráðherra Lettlands, kom til Íslands í apríl sl. og fundaði m.a. með utanríkismálanefnd Alþingis. Auk þess var haldið hringborð með þátttöku fræðimanna og frjálsra félagasamtaka.

Áherslur Íslands við gerð nýrrar grundvallarstefnu bandalagsins hafa tekið mið af utanríkispólitískum áherslum Íslands. Meðal þessara áhersluatriða er að í grundvallarstefnunni verði eftirfarandi atriði áréttuð:

- sameiginlegar varnir bandalagsins sem helsta og mikilvægasta verkefni NATO
- ákvæði fimmtu greinar Washington-sáttmálans um gagnkvæmar varnarskuldbindingar
- notast verði við víðtækari skilgreiningu á öryggi
- mikilvægi norðurslóða
- hlutverk NATO í afvopnunarmálum, þ.m.t. hvað kjarnorkumál varðar
- hlutverk NATO við framfylgd ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1325, um frið konur og öryggi

Atlantshafsbandalagið og norðurslóðir

Norðurslóðir hafa frá stofnun Atlantshafsbandalagsins verið bandalaginu mikilvægar og í upphafi árs 2009 skipulögðu íslensk stjórnvöld, í samvinnu við bandalagið, málstofu um öryggishorfur á norðurslóðum. Hana sóttu fulltrúar allra aðildarríkja bandalagsins, þáverandi framkvæmdastjóri og æðstu embættismenn frá hermálahliðinni. Í niðurstöðum málstofunnar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að NATO hafi vakandi auga með þeirri þróun sem nú á sér stað á norðurslóðum, enda kunni hlýnun loftslags að hafa öryggispólitískar afleiðingar í för með sér. Jafnframt kom fram að mikilvægt væri að bandalagið yki vitund sína og eftirlit með svæðinu, og ynni náið með öðrum stofnunum og ríkjum, sem hagsmuna eiga að gæta á norðurslóðum. Stefna Íslands er þó alfarið að vinna gegn hervæðingu á norðurslóðum.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgt eftir niðurstöðum málstofunnar og í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Strassborg/Kehl í fyrra er Íslandi þakkað frumkvæðið í málefnum norðurslóða. Þá hafa íslensk stjórnvöld áréttað mikilvægi norðurslóða á ýmsum vettvangi innan bandalagsins, sem og í aðdraganda gerðar nýrrar grundvallarstefnu þess. Það kemur í ljós þegar nær dregur leiðtogafundi í Lissabon hvert frekara framhald málsins verður.

Samskipti Atlantshafsbandalagsins og Rússlands

Á fundi utanríkisráðherra NATO í mars 2009 var ákveðið að taka að nýju upp fundi í NATO-Rússlandsráðinu sem legið höfðu niðri í kjölfar átakanna í Georgíu í ágúst 2008. Í framhaldinu ríkti nokkur bjartsýni á að hægt yrði að ná samkomulagi um endurskipulagningu á starfi ráðsins og skapa þar vettvang fyrir hreinskiptar umræður og horfa til framtíðar með sameiginlega hagsmuni í huga. Nýr framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins hefur lagt aukna áherslu á bætt samskipti við Rússa. Áhersla hefur verið lögð á aukið samstarf bandalagsins og Rússa í málefnum Afganistans, í baráttunni gegn hryðjuverkum, eiturlyfjum, sjóránum, útbreiðslu gjöreyðingarvopna og á sviði afvopnunarmála. Þá er unnið að sameiginlegu hættumati bandalagsins og Rússlands. Ísland er í hópi þeirra ríkja sem vilja auka og

treysta samskipti bandalagsins við Rússland. Þess má geta að stefnt er að heimsókn Vladimir Titov, varautanríksiráðherra Rússlands, hingað til lands í næsta mánuði og utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov, síðar á árinu.

5.3.5. Afganistan

Afganistan er sem fyrr þungamiðja umræðu í Atlantshafsbandalaginu, enda fer þar fram umfangsmesta aðgerð í sögu bandalagsins. Aukinnar bjartsýni gætir meðal framlagaríkja alþjóðaliðsins í Afganistan (ISAF) um að viðsnúningur verði árið 2010, þannig að hægt verði að byrja að færa ábyrgð á öryggismálum í Afganistan til þarlendra stjórnvalda. Ástæða aukinnar bjartsýni er ekki síst sú liðsaflaaukning sem nú er í undirbúningi, en um 39.000 manna viðbótar liðsafla var lofað í lok síðasta árs. Þá þykir þjálfun afganska hersins ganga vel og lögregluþjálfunin fara batnandi, en þjálfun er lykilatriði í allri yfirfærslu á ábyrgð í öryggislegu tilliti. Ennfremur hefur yfirhershöfðingi ISAF freistað þess að breyta um aðferðafræði og fært liðsafla ISAF nær almenningi til að vernda Afgani og reyna að öðlast meiri skilning á aðstæðum þeirra og afstöðu. Þung áhersla er lögð á að leita leiða til að forðast frekara mannfall meðal óbreyttra borgara og hefur starfsaðferðum friðargæsluliðsins verið breytt í þeim tilgangi.

Enginn velkist þó í vafa um að árið 2010 verður erfitt í mörgu tilliti. Á síðastliðnu ári var mikið mannfall í röðum bandalagsríkja, ekki síst þeirra sem standa í aðgerðum í suður- og austurhluta Afganistan, þar sem bardagar eru harðastir. Viðbúið er að mannfall verði einnig mikið á þessu ári þar sem alþjóðaliðið mun freista þess að fara inn á svæði þar sem andstöðuöflin eru sterk fyrir. Þá þykir víst að andstöðuöflin muni áfram reiða sig á árásir á pólitísk mikilvæga eða mannmarga staði til að hámarka skaða og draga úr tiltrú almennings á stjórnvöldum og ISAF. Þá er stuðningur við ISAF takmarkaður í mörgum aðildarríkjum NATO og fer sums staðar dvínandi eins og í Kanada og Bretlandi. Hins vegar hefur stuðningur við ISAF í Afganistan og meðal Afgana sjálfra haldist nokkuð stöðugur.

Enn er skortur á að stilla saman hernaðarlegar aðgerðir og borgaralega uppbyggingu þótt ákveðinn árangur hafi náðst, einkum vegna aukins samstarfs ISAF og Sameinuðu þjóðanna. Þingkosningar eru fyrirhugaðar síðar á þessu ári en ný ríkisstjórn Hamid Karzai hefur átt í töluverðum útistöðum við afganska þingið og alþjóðasamfélagið. Karzai fyrirhugar að halda friðarþing með ólíkum þjóðfélagshópum í landinu (þ.m.t. talíbönum) síðar í þessum mánuði og bindur vonir, líkt og alþjóðasamfélagið, við að hægt verði að friðþægja og semja við einstök andstöðuöfl. Loks er fyrirhuguð alþjóðleg ráðstefna um Afganistan í Kabúl í júlí nk. Þrátt fyrir erfiðleika hefur margt áunnist í Afganistan frá því Atlantshafsbandalagið og ISAF komu þar að málum árið 2003. Átök eru tiltölulega staðbundin og friðvænlegt í mörgum héruðum. Milljónir stúlkna sækja nú skóla, en undir stjórn talíbana var slíkt bannað. Þá hefur aðgangur Afgana að heilsugæslu stóraukist og mörg brýn þróunarverkefni komist á legg sem hefur aukið lífsgæði og bætt afkomu almennings í Afganistan.

ISAF-aðgerðin er að beiðni afganskra stjórnvalda og í umboði öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Alls leggja nú 46 ríki ISAF lið, sem nú hefur yfir tæplega 90.000 manns að skipa. Á vegum íslenskra stjórnvalda eru fjórir Íslendingar að störfum í landinu. Þá hefur Ísland stutt Afganistan fjárhagslega, m.a. í gegnum svokallaðan neyðaraðstoðarsjóð. Ísland hefur lagt áherslu á mikilvægi borgaralegrar og efnahagslegrar uppbyggingar samhliða hernaðaraðgerðum, að Afganir taki á spillingarmálum af alvöru, að virðing fyrir mannréttindum, þ.m.t. réttindum kvenna, sé í hávegum höfð og leitað skuli allra leiða til að forðast mannfall meðal óbreyttra borgara. Þannig vakti utanríkisráðherra t.d. athygli á stöðu kvenna í Afgan-

istan í ræðu sinni á leiðtogafundi NATO í Strassborg/Kehl árið 2009 og fordæmdi lagasetningu sem skerti réttindi þeirra. Þá hefur Ísland lagt áherslu á framfylgd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Sjá nánar um starf Íslensku friðargæslunnar í Afganistan í kafla 6.5.

5.3.6. Korfú-ferlið

Á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) er nú fjallað um hvernig megi styrkja fyrirkomulag öryggismála í Evrópu. Þetta ferli hefur verið kallað Korfú-ferlið, þar sem því var hrundið af stað með óformlegum ráðherrafundi stofnunarinnar á grísku eyjunni Korfú í júní á síðasta ári.

Síðan þá hefur á vettvangi ÖSE verið fjallað kerfisbundið um hvernig styrkja megi öryggiskerfið í Evrópu. Vestræn ríki hafa viljað ræða allar þrjár víddir Helsinki-sáttmálans, það er samstarf um hernaðar- og öryggismál, efnahags- og umhverfismál og mannréttindi. Á það hafa Rússar fallist þótt þeir haldi áfram að leggja áherslu á hernaðarlega þáttinn. Á grundvelli ákvörðunar utanríkisráðherrafundar ÖSE í Aþenu í desember sl. nær umræðan nú til allra þátta öryggismála sem fjallað er um á vettvangi ÖSE, allt frá mannréttindum og lýðræði til afvopnunarmála og traustvekjandi aðgerða á hernaðarsviðinu.

Í umræðunum hefur komið fram vilji flestra þátttökuríkja til að styrkja enn frekar alla þætti samstarfsins og staðfesta skuldbindingar ríkjanna á öllum þeim sviðum sem ÖSE fjallar um. Traust milli aðildarríkja hefur farið minnkandi undanfarinn áratug, ekki síst í kjölfar stríðsins í Georgíu og vegna einhliða ákvörðunar Rússlands um að leyfa ekki lengur eftirlit á sínu landsvæði í samræmi við samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Ísland mun gegna formennsku á Öryggissamvinnuvettvangi ÖSE fyrstu fjóra mánuði næsta árs.

5.4. Afvopnunarmál

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er m.a. lögð áhersla á afvopnun, sameiginlegt alþjóðlegt öryggi, kjarnaafvopnun og friðarumræðu. Meginmarkmið Íslands í afvopnunarmálum eru útrýming allra gereyðingarvopna og ómannúðlegra hefðbundinna vopna og að lágmarka hættu sem stafar af hefðbundnum vopnum með því að takmarka magn, tegundir og útbreiðslu, án þess þó að ganga gegn réttmætum öryggishagsmunum ríkja. Ísland hefur hins vegar ekki getu til þess að taka fullan þátt í öllu alþjóðasamstarfi með jafnvirkum hætti. Þess vegna beitir Ísland sér sérstaklega fyrir tveimur tilteknum viðfangsefnum í afvopnunarmálum á alþjóðavettvangi, sem eru kjarnaafvopnun og aðgerðir gegn ólögmætri útbreiðslu smá- og léttvopna.

5.4.1. Afvopnun á sviði kjarnavopna

Afvopnun á sviði kjarnavopna hefur færst ofar á dagskrá milliríkjasamskipta frá því að Barack Obama tók við embætti forseta Bandaríkjanna, enda hefur forsetinn algjöra afvopnun á sviði kjarnavopna að stefnumiði. Hinn 8. apríl sl. undirrituðu forsetar Bandaríkjanna og Rússlands nýjan START-samning í Prag sem gerir ráð fyrir allmikilli fækkun kjarnaodda í vopnabúrumbeggja ríkja en 95% kjarnavopna í veröldinni eru í þeirra eigu. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir verulegri fækkun langdrægra eldflauga sem borið geta kjarnavopn. Þessi áfangi er mikið fagnaðarefni.

Í þessum mánuði fer fram endurskoðunarráðstefna samningsins um útbreiðslu kjarnavopna (NPT). Endurskoðunarráðstefna NPT er haldin á fimm ára fresti. Á þessu ári eru 40

ár liðin frá því að samningurinn tók gildi. Þá voru aðildarríkin 43, en nú eru þau 189 eða nánast öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Segja má að þessi samningur sé höfuðstoð þeirrar viðleitni alþjóðlega samfélagsins að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna en það er óumdeilt að hættan fer vaxandi á að slík vopn komist í hendur fleiri ríkja eða jafnvel hryðjuverkasamtaka.

Ísland hefur lagt ríka áherslu á að öll ríki gerist aðilar að NPT-samningnum, ekki síst þau ríki sem vitað er eða talið er að búi yfir slíkum vopnum. Málefni Írans verða áfram ofarlega á baugi og sú krafa uppi að Íran standi við skuldbindingar sínar samkvæmt NPT-samningnum og uppfylli ályktanir öryggisráðs SÞ vegna kjarnorkuáætlunar landsins.

Samningurinn um allsherjarbann við kjarnavopnatilraunum skiptir einnig máli, en hann hefur enn ekki tekið gildi. Samningurinn hefur verið staðfestur af Íslands hálfu og hér á landi eru tvær stöðvar í hinu hnattræna eftirlitskerfi sem komið hefur verið upp á vegum þeirrar stofnunar (CTBTO), sem hefur umsjón með samningnum. Sendiráð Íslands í Vín sér um þátttöku íCTBTO. Ísland hefur lagt ríka áherslu á að öll ríki gerist aðilar að CTBT-samningnum, ekki síst þau tilteknu ríki sem gerast þurfa aðilar samkvæmt ákvæðum samningsins til að hann geti tekið gildi.

5.4.2. Aðgerðir gegn smá- og léttvopnum

Áætlað er að 600 milljónir smá- og léttvopna séu í umferð og að þau valdi allt að 500.000 dauðsföllum á ári, þar af 300.000 í vopnuðum átökum. Mörkin eru stundum óljós milli glæpastarfsemi og vopnaðra átaka. Átök snúast ekki lengur endilega um pólitískan eða hernaðarlegan ávinning, heldur um aðgang að náttúruauðlindum eða viðskipti með þær. Átökin stjórnast ekki alltaf af skipulögðum herjum, heldur hópum eða hreyfingum sem oft fremja mannúðar- eða mannréttindabrot, ekki síst gegn konum og börnum.

Á ráðstefnu SÞ um smá- og léttvopn sem haldin var í New York í júlí 2001 var samþykkt framkvæmdaáætlun um að koma í veg fyrir, vinna gegn og útrýma ólöglegum viðskiptum með smá- og léttvopn. Ísland hefur verið meðflytjandi að tillögum á allsherjarþingi SÞ til þess að fylgja eftir áætluninni og styður að gerður verði lagalega bindandi alþjóðasamningur um vopnaviðskipti, þ.m.t. smá- og léttvopn. Unnið er að undirbúningi slíks samning.

5.4.3. Bann gegn klasasprengjum

Samningur um klasasprengjur var gerður í Osló 3. desember 2008. Með samningnum eru þær klasasprengjur bannaðar sem valda ómannúðlegu tjóni, kveðið er á um eyðingu birgða, hreinsun svæða og aðstoð við fórnarlömb. Ísland studdi gerð samningsins frá upphafi og tók þátt í samningaferlinu. Unnið er að fullgildingu samningsins.

5.4.4. Útflutningseftirlit

Utanríkisráðuneytið fer með útflutningsmál og sem slíkt veitir það útflutningsleyfi fyrir vörum sem skylt er að hafa eftirlit með. Á undanförnum tíu árum hefur orðið veruleg aukning í alþjóðasamstarfi um útflutningseftirlit en virkt útflutningseftirlit er mikilvægur þáttur í aðgerðum gegn útbreiðslu gereyðingarvopna, ólöglegra hergagna og annarra hluta sem geta ógnað alþjóðaöryggi. Eldri alþjóðlegar reglur hafa verið hertar og nýjar skuldbindingar bæst við. Síst þjónar það íslenskum hagsmunum ef útflutningseftirlit er slakara hér en í nágrannalöndunum. Slíkt býður upp á misferli, t.d. umflutning hættulegra hluta um íslenskt landsvæði. Það þarf því að uppfæra íslenska löggjöf á þessu sviði til þess að Ísland geti staðið við

alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Þess vegna liggur nú fyrir Alþingi nýtt frumvarp sem er ætlað að uppfæra gildandi reglur á þessu sviði.

5.5. Almenn utanríkismál

Íslensk stjórnvöld eiga reglubundið samráð við ýmis ríki og ríkjahópa um mikilvæg utanríkismál. Íslensk utanríkisþjónusta gegnir lykilhlutverki við að skilgreina sífellt margslungnari hagsmuni Íslands á sviði utanríkismála. Ísland tekur m.a. þátt í pólitísku samráði við ESB á sviði utanríkis- og öryggismála og á regluleg pólitísk samráð við nokkur ríki. Sendiskrifstofur Íslands um allan heim sinna einnig margþættum verkefnum á sviði utanríkis- og öryggismála og gæta hagsmuna Íslands á því sviði.

5.5.1. Samstarf við ESB um utanríkis-, öryggis- og varnarmál

Meginmarkmið sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu ESB er að standa vörð um sameiginleg gildi og hagsmuni Evrópusambandsins í samræmi við meginreglur stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og að tryggja öryggi aðildarríkja sambandsins með því að standa vörð um frið á alþjóðavettvangi. Nánar er fjallað um utanríkis- og öryggisstefnu ESB í kafla 4.4.8.

Ísland hefur lýst yfir fullum stuðningi sínum við viðleitni ESB að styrkja sig í sessi sem heildstætt afl í alþjóðasamskiptum og getu sína til þess að vinna að evrópskum hagsmunum og gildum á alþjóðlegum vettvangi. Styrking ESB í þessu tilliti myndi óhjákvæmilega þjóna hagsmunum Íslands sem yfirleitt fara saman við hagsmuni ESB í utanríkis- og öryggismálum.

Ísland tekur þátt í pólitísku samráði við ESB á grundvelli samkomulags þar um á milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB um reglubundið samráð. Utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna innan EES halda fundi, samhliða fundum EES-ráðsins, um mikilvæg utanríkismál, með svokölluðu þríeyki ESB, utanríkisráðherrum formennskuríkis og verðandi formennskuríkis, ásamt fulltrúum ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Að auki býður formennskuríki ESB sérfræðingum EFTA-ríkjanna innan EES til hefðbundinna samráðsfunda um mikilvæg utanríkismál, m.a. málefni Miðausturlanda og Rússlands svo að dæmi séu nefnd.

EFTA-ríkin innan EES geta tekið undir yfirlýsingar ESB á sviði utanríkismála, hvort sem þær eru gefnar út í Brussel eða á vettvangi alþjóðastofnana. Á árinu 2009 gaf ráðherraráð ESB út 204 yfirlýsingar um afstöðu sambandsins til mála víðs vegar um heiminn. Tók Ísland undir 179 þeirra.[13]

Ísland sækir árlega tvo samráðsfundi ESB á ráðherrastigi um öryggis- og varnarmál sem haldnir eru í tengslum við óformlega varnarmálaráðherrafundi sambandsins. Fundirnir eru haldnir með evrópskum NATO-ríkjum sem standa utan ESB, þ.e. Íslandi, Noregi og Tyrklandi ásamt umsóknarríkjum ESB, Króatíu og Makedóníu.

Þátttaka Íslands í verkefnum ESB á sviði öryggis- og varnarmála takmarkast við borgaraleg verkefni, sbr. yfirlýsingu sem samþykkt var af aðildarríkjum ESB að frumkvæði Írlands í tengslum við Lissabon-sáttmálann og kveður á um að hverju ríki er í sjálfsvald sett hvernig framlagi til sameiginlegra varna er hagað, þ.e. aðildarríki eru ekki skuldbundin til að taka þátt í hernaðarlegum aðgerðum á vegum bandalagsins.

---

[13] Algengasta ástæðan fyrir því að ekki var tekið undir yfirlýsingu var að ESB gaf of stuttan frest til svars.

5.5.2. Tvíhliða samskipti við einstaka ríki um utanríkismál

Sendiskrifstofur Íslands um allan heim sinna ýmsum verkefnum á sviði utanríkis- og öryggismála, en með því að virkja þær er hægt að koma skilaboðum beint til stjórnvalda í viðkomandi landi og koma á tvíhliða samstarfi um hin ýmsu mál. Má þar nefna samningagerð af ýmsu tagi og málarekstur til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.

Íslensk stjórnvöld eiga reglubundið samráð við ýmis ríki um mikilvæg utanríkismál, bæði tvíhliða og innan ríkjahópa. Sem dæmi um tvíhliða samstarf má nefna reglubundið samráð við Japan, Kína og Rússland. Að því er varðar ríkjahópa og að slepptu Norðurlandasamstarfinu ber helst að nefna reglubundið samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem fer vaxandi, ekki síst á ráðherrastigi. Einnig ber að nefna reglubundna samráðsfundi fulltrúa utanríkisráðuneyta Bandaríkjanna, Eystrasaltsríkjanna og hinna Norðurlandanna.

5.5.3. Miðausturlönd

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er m.a. tekið fram að ríkisstjórnin styðji sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og rétt þeirra til sjálfstæðs ríkis. Þar er einnig lögð áhersla á að byggja upp pólitísk tengsl við heimastjórn Palestínu. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum fulltrúa Íslands, sem skipaður var árið 2008, gagnvart heimastjórn Palestínu.

Ísland hefur virka aðkomu að málefnum svæðisins með þátttöku í störfum Sameinuðu þjóðanna, með beinum framlögum til stofnana þeirra, í gegnum starfsfólk Íslensku friðargæslunnar á svæðinu og með tvíhliða samskiptum við stjórnvöld í Ísrael og Palestínu.

Meginhluti framlaga Íslands til svæðisins rennur til UNRWA, stofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn, sem rekin er fyrir frjáls framlög aðildarríkja SÞ. Ísland styður einnig frjáls félagasamtök í Palestínu. Meðal annars samtökin Palestinian *Medical Relief Society,* sem dr. Mustafa Barghouthi rekur, en hann er mörgum af góðu kunnur á Íslandi. Samstarfssamningur við samtök hans var gerður í kjölfar þingsályktunartillögu sem flutt var á 133. löggjafarþingi. Samtök hans reka sjö færanlegar sjúkrastöðvar á Vesturbakkanum og Gasa og hefur utanríkisráðuneytið kostað kaup á einni slíkri og rekstur hennar í þrjú ár. Þetta framlag skiptir miklu máli til að vega upp á móti takmörkunum á ferðafrelsi sem hefta aðgang Palestínumanna að heilbrigðisþjónustu.

Tveir Íslendingar starfa nú á vegum Friðargæslunnar á svæðinu, einn í höfuðstöðvum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) fyrir Miðausturlönd í Jórdaníu og annar hjá Samræmingarskrifstofu aðgerða SÞ í mannúðarmálum (OCHA) í Jerúsalem, en sú stofnun gegnir veigamiklu hlutverki, ekki síst við að skrá hvaða áhrif múrinn og aðrar vegatálmanir á Vesturbakkanum hafa á daglegt líf Palestínumanna. Gert er ráð fyrir að þriðji íslenski fulltrúinntaki til starfa á svæðinu síðar á þessu ári. Nánar er fjallað um Íslensku friðargæsluna í kafla 6.5.

Ísland beitir sér sérstaklega í málefnum Palestínu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fastanefndir Íslands flytja fjölmargar ræður á ári hverju um málið, m.a. í allsherjarþinginu, opnum umræðum öryggisráðsins og mannréttindaráðinu í Genf.

Stjórnmálasambandið við Ísrael gefur íslenskum stjórnvöldum nauðsynlegt samband við þarlenda ráðamenn. Þegar tilefni er til er kröftuglega mótmælt og er eftir því tekið. Var það t.d. raunin þegar íslensk stjórnvöld fordæmdu óverjandi og óviðunandi loftárásir Ísraela á Gasa.

Utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann hyggist heimsækja Gasa-svæðið til að kynna sér ástandið af eigin raun.

5.6. Þjóðréttarmál

Þjóðaréttur eru reglur sem gilda í samskiptum ríkja. Markmið þjóðaréttar er meðal annars að stuðla að friðsamlegri sambúð þjóða og koma í veg fyrir og binda enda á deilur þeirra á milli eftir því sem kostur er. Mikilvægur hluti þjóðaréttar eru samningar ríkja á milli, en hafréttur er sá hluti þjóðaréttarins sem Ísland hefur lagt mesta áherslu á.

5.6.1. Samningar Íslands við erlend ríki

Margir tvíhliða samningar við erlend ríki og fjölþjóðlegir samningar hafa verið gerðir og undirritaðir á undanförnum misserum. Jafnframt hefur nokkur fjöldi samninga verið fullgiltur og öðlast gildi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á gerð samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála við lágskattaríki þar sem skattyfirvöld geta á grundvelli þeirra óskað eftir upplýsingum um skattskyldar eignir og tekjur sem íslenskir skattaðilar eiga þar. Þannig voru undirritaðir tíu nýir tvíhliða upplýsingaskiptasamningar á síðasta ári. Nánar er fjallað um upplýsingaskiptasamninga í kafla 7.4.1. og gerð annarra viðskiptasamninga, svo sem fríverslunar-, fjárfestinga- og loftferðasamninga.

Enn fremur hefur áhersla verið lögð á að leggja baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi lið, einkum gegn mansali. Í því sambandi má nefna að fullgildingarferli vegna Palermósamningsins gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi er á lokastigi og utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu mansalsbókunar við þann samning.

Til þess að hægt sé að standa betur vörð um mannréttindi var viðbótarsamningur nr. 14a við mannréttindasáttmála Evrópu undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 7. júlí 2009 án fyrirvara um fullgildingu og gefin út yfirlýsing þess efnis að Ísland myndi beita ákvæðum hans til bráðabirgða þar til hann tæki gildi. Viðbótarsamningurinn öðlaðist gildi 1. nóvember sl. og er talið að hann muni auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu til muna.

Ýmsir aðrir samningar hafa verið gerðir og öðlast gildi á liðnu ári. Má til dæmis nefna samning um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum sem öðlaðist gildi 1. júlí 2009 og samning um einkamálaréttarfar sem öðlaðist gildi 31. júlí 2009. Báðir þessir samningar eru á vegum Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Loks skal þess getið að fullgildingarferli vegna stofnsamþykktar Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA) er langt komið. Talið er að þátttaka Íslands í starfsemi þessarar nýju stofnunar geti skapað tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að taka að sér verkefni erlendis sem tengjast starfsemi stofnunarinnar. Nánar er fjallað um IRENA í kafla 5.2.2.

5.6.2. Hafréttarmál

Utanríkisráðuneytið leggur mikla áherslu á að gæta hagsmuna Íslands í hafréttarmálum, hvort sem er í hnattrænni umfjöllun og gagnvart nágrannaríkjunum. Ísland tekur virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum, enda koma þar reglulega upp mál sem geta haft bein áhrif á þjóðarhagsmuni. Með frumkvæði, sérþekkingu og öflugum málflutningi hefur Ísland áunnið sér virðingu á þessu sviði á vettvangi SÞ sem er grunnurinn að virkri hagsmunagæslu.

Hafréttarsamningur og úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að vinna beri á grundvelli hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, sem er eini heildstæði samningurinn sem gerður hefur verið á þessu sviði,

og tengdra samninga. Mikilvægt er að þeir séu fullgiltir og ríki heims framfylgi ákvæðum þeirra. Aðildarríkjum hafréttarsamningsins fjölgar stöðugt og hinn 30. apríl 2010 voru þau 160 talsins.

Ísland hefur enn fremur verið málsvari úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um framkvæmd og útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um fiskistofna sem finnast innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Samningurinn styrkir verulega ramma um samstarfstrandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana. Í kjölfar endurskoðunarráðstefnu samningsins, sem haldin var í maí 2006, fjölgaði aðildarríkjum hanstöluvert og 30. apríl 2010 voru þau 77 talsins. Í lok maí 2010 verður ráðstefnunni fram haldið og m.a. farið yfir framkvæmd samningsins af hálfu ríkja og svæðastofnana.

Áherslur Íslands á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna

Allsherjarþingið hefur á undanförnum árum lagt sífellt meiri áherslu á umfjöllun um málefni hafsins og hafréttarmál. Helgast það m.a. af aukinni umhverfisvitund og vaxandi skilningi á margþættu mikilvægi hafsins. Til marks um þessa áherslu var stofnun óformlegs samráðsvettvangs SÞ um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS) fyrir rúmum áratug enárlegum fundum vettvangsins er ætlað að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins sjálfs. Ísland hefur tekið virkan þátt í störfum UNICPOLOS svo og í samningaviðræðum um almenna hafréttarályktun og fiskveiðiályktun allsherjarþingsins á haustin.

Meðal helstu áherslumála Íslands á vettvangi allsherjarþingsins eru réttur strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins, varnir gegn mengun hafsins og að ríkjum beri að hrinda ákvæðum fyrirliggjandi alþjóðasamninga á þessu sviði í framkvæmd áður en þau beita sér fyrir gerð nýrra samninga.

Þau mál sem hvað hæst hefur borið í umfjöllun allsherjarþingsins á undanförnum misserum eru baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum annars vegar og vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins fyrir skaðlegum fiskveiðum hins vegar. Allsherjarþingið endurskoðaði haustið 2009 ákvæði fiskveiðiályktunar sinnar frá 2006 um síðarnefnda efnið og samþykkti nýja ályktun þar sem ítrekuð er áhersla á að ríki og svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir bæti stjórn sína á botnfiskveiðum og grípi til aðgerða til að auðkenna viðkvæm vistkerfi hafsins, svo sem hverastrýtur, neðansjávarfjöll og kaldsjávarkóralla, og til að vernda slík svæði fyrir skaðlegum fiskveiðum, t.d. með lokun þeirra.

Hafréttarmál á vettvangi FAO

Í kjölfar áskorunar allsherjarþings SÞ voru á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO) haustið 2008 samþykktar alþjóðlegar leiðbeiningarreglur um djúpsjávarveiðar og verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins. Reglunum er ætlað að auðvelda ríkjum og svæðastofnunum að skilgreina og auðkenna viðkvæm vistkerfi, meta hugsanleg skaðleg áhrif fiskveiða á þau og grípa til viðeigandi aðgerða. Ísland hefur tekið virkan þátt í framkvæmd þeirra, m.a. á vettvangi svæðastofnananna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO).

Ísland hefur verið í fararbroddi í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum og tóku íslensk stjórnvöld virkan þátt í samningaviðræðum á vettvangi FAO um gerð nýs alþjóðasamnings um aðgerðir hafnríkja gegn ólöglegum fiskveiðum. Um er að ræða fyrsta alþjóðasamninginn sem gerður er gagngert til að berjast gegn ólöglegum fiskveiðum og er hann afar mikilvægur þáttur í því. Samningurinn skuldbindur aðildarríki hans til að loka höfnum sínum fyrir skip-

um sem gerst hafa uppvís að ólöglegum fiskveiðum og synja þeim um löndun, umskipun og hvers konar þjónustu. Var samningurinn samþykktur og lagður fram til undirritunar haustið 2009. Stefnt er að því að Ísland fullgildi samninginn haustið 2010.

Landgrunnsmál

Ísland skilaði í apríl 2009 greinargerð til landgrunnsnefndar SÞ um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna. Um er að ræða hlutagreinargerð sem einskorðast við suðurhluta Síldarsmugunnar og vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Sökum mikils vinnuálags landgrunnsnefndarinnar er ekki gert ráð fyrir að hún taki greinargerðina til meðferðar fyrr en að nokkrum árum liðnum. Greinargerðin nær ekki til hins umdeilda Hatton Rockall-svæðis, sem Bretland, Írland og Danmörk f.h. Færeyja gera tilkall til auk Íslands, né austurhluta Reykjaneshryggjar sem skarast við það svæði, enda er nefndin ekki bær til að fjalla um umdeild landgrunnssvæði.

Viðræðum ríkjanna fjögurra um Hatton Rockall-svæðið verður fram haldið og verður næsti fundur haldinn í Dublin í september nk. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að ríkin leggi sig fram við að ná samkomulagi um skiptingu landgrunnsins á milli þeirra og að þau skili í framhaldi af því sameiginlegri greinargerð til landgrunnsnefndarinnar um ytri mörk svæðisins.

Gert er ráð fyrir að ytri mörk landgrunns verði til lykta leidd í eitt skipti fyrir öll á næstu árumsamkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Mikilvægt er að Íslendingar öðlist yfirráð yfir sem víðáttumestum landgrunnssvæðum enda má gera ráð fyrir að réttindi yfir landgrunninu muni fá aukna þýðingu í framtíðinni.

Samkvæmt hafréttarsamningnum eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þ.á m. Ísland, eiga hins vegar víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki skulu senda landgrunnsnefndinni ítarlega greinargerð um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og yfirfer nefndin greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um ytri mörk landgrunnsins.Á grundvelli tillagna nefndarinnar getur strandríkið ákveðið á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan.

5.6.3. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur verið mjög virkur á undanförnum misserum og hefur nú fimm mál til rannsóknar. Þau varða Alþýðulýðveldið Kongó, Norður-Úganda, Mið-Afríkulýðveldið, Darfur í Súdan og Kenýa. Gefnar hafa verið út þrettán handtökuskipanir í tengslum við þessi mál.

Aðildarríki Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn voru 111 talsins 30. apríl 2010. Ísland varð tíunda ríkið til að fullgilda samþykktina sem öðlaðist gildi árið 2002.

Endurskoðunarráðstefna Rómarsamþykktarinnar verður haldin í Úganda um mánaðamótin maí/júní. Þar verður annars vegar fjallað um framkvæmd samþykktarinnar til þessa og hins vegar um hugsanlegar breytingar á henni. Veigamesta breytingin sem tekin verður til umfjöllunar er hvort bæta skuli glæp gegn friði við verksvið dómstólsins. Dómstóllinn hefur þegar lögsögu til að fjalla um hópmorð, glæpi gegn mannúð og stríðsglæpi.

6. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA

Þúsaldarmarkmið SÞ

1. Eyða sárustu fátækt og hungri
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Efla mæðravernd
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

Í ár verða tíu ár liðin frá samþykkt þúsaldaryfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og fimm ár eru þar til markmið þau er í yfirlýsingunni felast eiga að hafa náðst. Þúsaldarmarkmiðin mörkuðu tímamót í alþjóðlegu þróunarstarfi og á síðasta áratug hefur mikill árangur náðst í baráttunni gegn fátækt og hungri. En betur má ef duga skal. Á mörgum sviðum, svo sem á sviði mæðraverndar og menntunar stúlkna, þarf að gera sérstakt átak í aðstoð við þróunarríki, auk þess sem standa þarf vörð um að alþjóðlega fjármálakreppan grafi ekki undan árangri sem hefur áunnist á ýmsum sviðum.

6.1. Lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Þróunarsamvinna Íslands grundvallast á lögum nr. 121/2008 sem tóku gildi 1. október 2008. Samkvæmt lögunum eru meginmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Markmið þeirra er einnig að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

Frá setningu laganna hefur verið unnið að því að hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd. Skipulagi innan utanríkisráðuneytisins hefur verið breytt m.a. með tilliti til þess að lögin fela í sér stefnu um heildarsýn á málaflokkinn sem felst í tvíhliða og marghliða samvinnu, framlögum til neyðar- og mannúðaraðstoðar og þátttöku Íslands í störfum að friðaruppbyggingu og friðargæslu.

Samkvæmt ákvæði laganna hefur verið skipuð sjö manna Þróunarsamvinnunefnd sem kosin er af Alþingi og sautján manna samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Nefndin og samstarfsráðið skulu sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanir á sviði þróunarsamvinnu. Í ráðinu sitja fulltrúar félagasamtaka, háskólasamfélagsins og vinnumarkaðarins, auk hinna sjö fulltrúa sem einnig sitja í Þróunarsamvinnunefnd. Formaður samstarfsráðsins er Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra.

Ráðið er vettvangur fyrir þá aðila sem láta sig þróunarmál varða í íslensku samfélagi til að miðla af þekkingu sinni, skiptast á skoðunum um strauma og stefnur í þróunarsamvinnu og til að fjalla um stefnumörkun stjórnvalda. Ráðið kom saman til tveggja funda á árinu 2009 þar sem fjallað var um þær breytingar sem ný löggjöf felur í sér, núverandi stefnu og helstu áherslur Íslands í þróunarmálum. Starfsemi frjálsra félagasamtaka var til umræðu, auk umfjöllunar um áhrif niðurskurðar í ríkisútgjöldum á málaflokkinn.

Framundan er mikilvæg vinna við umfjöllun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu til næstu fjögurra ára, sem utanríkisráðherra skal leggja fram á Alþingi samkvæmt þróunarsamvinnulögum. Drög að áætluninni verða fyrst til umfjöllunar í Þróunarsamvinnunefnd og síðar í samstarfsráðinu. Að loknu þessu samráðsferli verða þau lögð fram sem tillaga til

þingsályktunar á Alþingi í haust ásamt umsögn Þróunarsamvinnunefndar sbr. ákvæði laganna.

Í október sl. setti utanríkisráðherra reglugerð um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands nr. 894/2009, þar sem m.a. er kveðið nánar á um starfshætti samstarfsráðsins og hlutverkÞróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þá var haft samráð við Ríkisendurskoðun um ákvæði þróunarsamvinnulaga um meðferð og vörslu fjármuna. Í framhaldi af því setti Ríkisendurskoðun hinn 17. desember sl. leiðbeiningar um eftirlit með fjármunum, uppgjöri og áritun endurskoðenda í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegum þróunarverkefnum á sviði mannúðar- og neyðaraðstoðar.



6.2. Framlög til þróunarsamvinnu

Árið 2009 námu framlög til þróunarsamvinnu 4,2 milljörðum kr., sem svarar til 0,32% af vergum þjóðartekjum (VÞT). Til samanburðar námu framlögin tæplega 4,3 milljörðum kr. á árinu 2008 sem var 0,34% af VÞT. Skv. fjárlögum gera áætlanir ráð fyrir 3,2 milljarða kr. framlagi á yfirstandandi ári, sem samsvarar 0,23% af VÞT miðað við þjóðhagsspá. Framlög Íslands til þróunarmála má sjá á meðfylgjandi skífuriti, (sjá töflu í viðauka).

Nýlegar tölur sýna að þrátt fyrir fjármálakreppuna hafa heildarframlög iðnríkja til þróunarsamvinnu aukist. Aðildarríki þróunarsamvinnunefndar OECD lögðu 0,31% af VÞT til þróunarmála á árinu 2009 og er áætlað að það hlutfall hækki í 0,32% á árinu 2010. Á alþjóðavettvangi er áhersla lögð á að iðnríkin standi við vilyrði um framlög sem gefin hafa verið á síðustu árum. Má í þessu samhengi nefna þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Monterrey-samþykktina um fjármögnun þróunar og yfirlýsingu G8-ríkjanna frá fundi þeirra í Gleneagles árið 2005, sem og áhrif fjármálakreppunnar, hækkandi orkuverð og afleiðingar loftslagsbreytinga í þróunarríkjum.

6.2.1. Neyðar- og mannúðaraðstoð í kjölfar jarðskjálftanna á Haítí

Í kjölfar hins mannskæða jarðskjálfta sem skók Haítí í janúar 2010 stóðu íslensk stjórnvöld fyrir umfangsmestu björgunaraðgerð sem þau hafa lagt í erlendis. Innan við sólarhring eftir að skjálftinn reið yfir hélt íslenska alþjóðabjörgunarsveitin (ICE-SAR) til Haítí og

dvaldi þar í umviku. Þó Ísland sé fjarri hamfarasvæðinu var íslenska sveitin fyrst á vettvang og vakti fyrir vikið heimsathygli. Björgunarsveitin starfar skv. samningi utanríkisráðuneytisins og Landsbjargar og voru björgunaraðgerðirnar kostaðar af íslenskum stjórnvöldum. Á árinu 2009 hlaut sveitin alþjóðlega vottun INSARAG, sem er alþjóðanet björgunarsveita á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þátttaka sveitarinnar í alþjóðlegum björgunarstörfum byggist á viðbragðskerfi SÞ sem stýrt er af Samræmingarskrifstofu aðgerða SÞ í mannúðarmálum (OCHA).

Vegna hamfaranna á Haítí var kapp lagt á að sveitin kæmist sem fyrst á vettvang, enda mestar líkur á árangri í björgunarstarfinu fyrstu dagana eftir jarðskjálfta. Flugvélin sem bar sveitina til Haítí var auk þess nýtt til að flytja um 80 erlenda ríkisborgara frá hamfarasvæðinu. Utanríkisþjónustan starfaði náið með innlendum og erlendum aðilum við samræmingu neyðaraðstoðarinnar.

Auk framlaga til starfa björgunarsveitarinnar voru 7 milljónir kr. veittar til neyðaraðstoðar á vegum Matvælaáætlunar SÞ og 15 milljónir kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar runnu til hjálpar- og uppbyggingarstarfs félagasamtaka í landinu.

6.2.2. Samstarf við frjáls félagasamtök

Markvisst hefur verið unnið að því að auka og styrkja samstarf utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök sem sinna neyðar- og mannúðaraðstoð. Til grundvallar samstarfinu liggja verklagsreglur um úthlutun styrkja, kröfur um meðferð fjármuna og eftirlit með framvindu verkefna. Unnið er að uppfærslu verklagsreglnanna í samstarfi við ÞSSÍ, með það í huga að þær nái til alls samstarfs stjórnvalda við félagasamtök á sviði þróunarmála.

Á árinu 2009 var styrkjum að upphæð 103 m.kr. úthlutað til neyðar- og mannúðaraðstoðar sbr. yfirlit í viðauka.

Nýlega var endurnýjaður samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til næstu þriggja ára. Markmið hans er m.a. að efla kynningu á hlutverki og starfsemi SÞ á Íslandi og að efla samstarf um málefnavinnu tengda þátttöku Íslands á vettvangi SÞ. Utanríkisráðuneytið leggur fram að lágmarki 3,6 m.kr. árlega til félagsins á tímabilinu 2010–2012.

6.3. Marghliða samvinna

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana er í senn framlag til sameiginlegra verkefna alþjóðasamfélagsins til stuðnings efnahags- og félagslegrar uppbyggingar þróunarríkja og leið til að hafa áhrif á alþjóðlegt samstarf og aðgerðir á þeim sviðum sem Ísland leggur sérstaka áherslu á. Vegna samdráttar á framlögum til þróunarsamvinnu hefur verkefnum á vegum alþjóðastofnana, sem íslensk stjórnvöld styðja, fækkað, en áfram renna framlög til nokkurs fjölda stofnana, enda hvílir á Íslandi sú skylda sem aðildarríkis SÞ að leggja af mörkum til starfsemi þeirra. Við samdrátt og fækkun verkefna hefur verið reynt að standa vörð um málefni sem endurspegla stefnu Íslands, þ.e. baráttu fyrir mannréttindum, kvenfrelsi og friði og gegn félagslegu ranglæti, misskiptingu og hungursneyð. Áhersla er lögð á jafnréttismál, fiskimál og verkefni á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

6.3.1. Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Háskóli Sameinuðu þjóðanna var settur á stofn árið 1969 til að styrkja alþjóðlegt samstarf á milli SÞ, háskóla og annarra sem stunda vísindarannsóknir, með sérstaka áherslu á þróunarríkin. Markmið skólans er m.a. að tengja vísindamenn víðs vegar að úr heiminum og að efla

rannsóknir á málefnum sem eru ofarlega á baugi hjá SÞ, annars vegar umhverfismál og sjálfbæra þróun og hins vegar frið og góða stjórnunarhætti. Skólar sem eru hluti af neti háskóla SÞ eru nú 16 talsins og starfa víða um heim.

Hér á landi starfa þrír skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á síðasta ári hófst auk þess tilraunaverkefni um jafnréttisskóla sem stefnt er á að verði hluti af neti HSÞ að nokkrum árum liðnum. Nú er til skoðunar, skv. ákvörðun utanríkisráðherra, að skólarnir á Íslandi starfi allir undir einu sameiginlegu heiti. Markmið þeirrar breytingar yrði að styrkja stöðu þeirra innan HSÞ, þ.m.t. á vettvangi háskólaráðs og samráðsnefndar forstöðumanna skóla HSÞ. Breytingin fæli fyrst og fremst í sér sameiginlega stefnumörkun og samskipti við HSÞ, en skólarnir störfuðu áfram með sama hætti, með eigið starfslið, aðskilinn fjárhag og notuðu áfram nöfn sín óbreytt.

Jarðhitaskólinn er elstur skóla HSÞ á Íslandi og byggist starfsemin á traustum grunni. Alls luku 22 einstaklingar frá 16 þróunarlöndum sex mánaða sérfræðiþjálfun við skólann á síðasta ári og hafa þá samtals 424 einstaklingar stundað nám við skólann. Þá voru 13 nemendur í meistaranámi og tveir í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Eins og undanfarin ár hélt Jarðhitaskólinn námskeið í þróunarlöndum á síðasta ári, en frá því slík námskeið hófust árið 2005 hafa um 450 manns frá 30 þróunarlöndum tekið þátt í þeim. Áhugi á nýtingu jarðhita fer sífellt vaxandi og berast skólanum óskir um þjálfun og kennslu bæði frá þróunarlöndum og iðnríkjum sem vilja efla notkun endurnýjanlegra orkulinda í þróunarlöndum. Þannig mun Jarðhitaskólinn taka á móti fleiri nemendum árið 2010 en áður og standa aðrar þróunarstofnanir og alþjóðlegir sjóðir straum af aukakostnaði sem af því hlýst. Jafnframt heldur Jarðhitaskólinn námskeið í Afríku- og Asíulöndum í samstarfi við ÍSOR sem kostuð eru á sama hátt.

Markmið Sjávarútvegsskólans er að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarríkjum. Hafrannsóknastofnun ber rekstrarlega ábyrgð á skólanum, en starfsemi hans byggist m.a. á samstarfi við Matís, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Ár hvert ljúka um 20 manns námi við skólann, en frá stofnun hans hafa rúmlega 200 manns frá 40 löndum komið til námsdvalar á Íslandi. Sjö nemar hafa lokið meistaranámi með styrk frá skólanum og einn doktorsprófi, en níu nemar stunda nú framhaldsnám á Íslandi, þar af sjö á doktorsstigi. Þá stendur skólinn að þróun og framkvæmd styttri námskeiða í þróunarlöndum, oft í samstarfi við fyrrverandi nemendur.

Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti Háskóla SÞ í febrúar sl. þegar skrifað var undir samstarfssamning þar að lútandi. Skólinn er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins, og er allur kostnaður við rekstur hans greiddur af framlögum Íslands til þróunarmála. Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum, sem glíma við jarðvegseyðingu, eyðimerkurmyndun og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga, í landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Frá því Landgræðsluskólinn hóf störf sem tilraunaverkefni árið 2007 hafa 17 einstaklingar frá átta löndum útskrifast frá skólanum. Í ár munu sex þátttakendur koma til hálfs árs námsdvalar á Íslandi.

6.3.2. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna UNICEF

Hlutverk Barnahjálpar SÞ (UNICEF) er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna í þróunarlöndum og byggist stofnunin á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. UNICEF starfar í 190 löndum og sinnir einnig mikilvægu starfi við neyðar- og mannúðaraðstoð. Stuðningur til UNICEF felst í almennum og eyrnamerktum framlögum. Sem hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda fyrir Miðausturlönd hefur starfsemi UNICEF í Palestínu verið styrkt. Verkefnin

felast m.a. í bólusetningu, fræðslu um næringu og hreinlæti, menntun og sálgæslu. Íslenskir sérfræðingar hafa starfað við skammtímaverkefni á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá UNICEF á svæðinu. Stjórnvöld hafa í samstarfi við Landsnefnd UNICEF á Íslandi stutt við heilsugæsluverkefni í Vestur-Afríkuríkinu Gíneu-Bissá. Verkefnið snýst um framgang fjórða þúsaldarmarkmiðsins; að lækka dánartíðni barna yngri en fimm ára. Verkefnið felst m.a. í bólusetningum, malaríuvörnum og vernd gegn hefðbundnum skaðlegum aðgerðum, s.s. umskurði, vernd gegn mansali og fræðslu um hreinlæti og sjúkdóma.

Ísland situr á árinu 2010 í stjórn UNICEF, ásamt 35 öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk stjórnarinnar er að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og fjalla um stefnumið, aðgerðaáætlanir fyrir einstök lönd og fjárhagsáætlanir.

6.3.3. Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er ein þeirra stofnana sem Ísland leggur sérstaka áherslu á að vinna með. Markmið hans er að útrýma fátækt með þúsaldarmarkmiðin að leiðarljósi. Bankinn veitir lán og styrki auk tækniaðstoðar og ráðgjafar til þróunarríkja. Á undanförnum árum hefur bankinn lagt aukna áherslu á orku- og fiskimál, auk samþættingar jafnréttismála á öllum sviðum starfseminnar.

Orkumál (ESMAP)

Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld unnið að framgangi jarðhitanýtingar á vettvangi Alþjóðabankans með þátttöku í orkuverkefninu ESMAP. Markmið verkefnisins er að veita þróunarríkjum tæknilega ráðgjöf á sviði orkumála og stuðla að efnahags- og félagslegum framförum með aukinni orkuframleiðslu sem byggist á hagkvæmni og öruggri orkuöflun. Við endurskoðun á orkustefnu bankans, sem nú stendur yfir, er aukin áhersla á mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa, þ.á m. jarðhita, sem lausn á orkuþörf þróunarríkja. Jarðhitasérfræðingur ESMAP, sem kostaður er af Íslandi, vinnur að því að tilgreina og undirbúa verkefni í þróunarríkjum sem Alþjóðabankinn getur stutt. Meðal annars er til skoðunar möguleiki á tengingu nokkurra þróunarríkja í Mið-Ameríku í eitt raforkunet þar sem rafmagn frá háhitavirkjunum yrði notað sem grunnorkugjafi. Jafnframt er verið að kanna möguleika á þátttöku bankans í jarðhitaverkefnum í Austur-Afríku og víðar. Það styrkir undirbúning þessara verkefna að á flestum stöðum eru starfandi jarðhitasérfræðingar sem hafa hlotið menntun við Jarðhitaskóla HSÞ á Íslandi.

Fiskimál (PROFISH)

Ísland var eitt þeirra ríkja sem höfðu frumkvæði að stofnun PROFISH verkefnisins hjá Alþjóðabankanum árið 2005. Verkefninu er ætlað að styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að efnahagslegum framförum, byggja upp fiskistofna og auka afrakstur þeirra. Í nýútkomnu stefnuskjali Alþjóðabankans í kjölfar fjármálakreppunnar eru fiskimál sérstaklega tilgreind meðal mikilvægra áhersluþátta. Unnið er að stefnumótun fyrir PROFISH fyrir næstu fimm ár og verður þeirri vinnu lokið í sumar. Auk fjárframlags hefur Ísland kostað útsendan starfsmann til verkefnisins, sem styrkir enn frekar samstarfið við bankann og veitir Íslandi sóknarfæri til að vinna að framgangi fiskimála innan hans.

6.4. Jafnréttismál

Reynslan sýnir að aðstoð sem grundvallast á þátttöku kvenna er árangursrík leið í þróunarsamvinnu. Það er nauðsynlegt að karlar og konur hafi jöfn tækifæri til að hafa áhrif á,

taka þátt í og njóta ábata þróunarsamvinnuverkefna. Jafnrétti kynjanna er hvort tveggja forsenda og leið til að þúsaldarmarkmiðin nái fram að ganga. Verkefni á sviði jafnréttismála og valdeflingar kvenna hafa því aukist jafnt og þétt undanfarin ár og nema á þessu ári 13,8% af heildarframlögum utanríkisráðuneytisins samanborið við 3,2% árið 2006. Þá eru ótalin þau verkefni sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands styður á sviði jafnréttismála.

Þróunarsjóður SÞ í þágu kvenna (UNIFEM) er áherslustofnun í þróunarstarfi utanríkisráðuneytisins. Meginmarkmið sjóðsins er að stuðla að jafnrétti kynjanna með því að efla efnahagsleg réttindi og öryggi kvenna, draga úr ofbeldi gegn konum og útbreiðslu HIV/alnæmis meðal kvenna og stúlkna og auka kynjaréttlæti í lýðræðislegri uppbyggingu. Framlög hafa skipst á milli almennra framlaga og styrktarsjóðs sem berst gegn ofbeldi gegn konum. Auk þess hafa framlög runnið til verkefna í Afganistan og Palestínu. Markmið starfseminnar í Afganistan er að stuðla að jöfnum rétti til efnahags- og félagslegrar þróunar og mannréttinda. Verkefnin felast í stuðningi við kvennamálaráðuneytið, flóttamenn og kvennasamtök. Í Palestínu miðast starf UNIFEM að því að auka jafnrétti og efla frumkvæðisrétt kvenna, með sérstaka áherslu á efnahagsleg réttindi og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Auk þess er lögð áhersla á þátttöku kvenna í friðarumleitunum. Einn íslenskur sérfræðingur starfar nú á aðalskrifstofu UNIFEM í New York, en tveir létu af störfum á síðasta ári, annar í Líberíu og hinn eftir störf á aðalskrifstofu og svæðisskrifstofu UNIFEM í Karíbahafi.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabil átt í góðu samstarfi við Landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Nýlega var undirritaður nýr samstarfssamningur við landsnefndina sem nær til næstu þriggja ára. Markmið samstarfsins er m.a. að stuðla að umfjöllun um alþjóðamál með hugsjónir og markmið UNIFEM að leiðarljósi og stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum á vegum íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi eftir því sem við á. Landsnefndin tekur auk þess að sér fræðslu friðargæsluliða, útsendra sérfræðinga og annarra starfsmanna sem fara til starfa á vegum ráðuneytisins á erlendri grundu.

Nýrri aðgerðaáætlun Alþjóðabankans um jafnréttismál 2007–2010 var hleypt af stokkunum í september 2006. Markmið hennar er að auka efnahagslegan styrk kvenna og þar með almennan hagvöxt í þróunarríkjum og stuðla þannig að framgangi þriðja þúsaldarmarkmiðsins. Ísland hefur styrkt verkefnið með fjárframlögum og faglegri ráðgjöf. Nýlega var gerð úttekt á jafnréttismálum innan Alþjóðabankans og þótti aðgerðaáætlunin hafa hleypt nýju blóði í áherslur á jafnréttismál innan bankans.

Alþjóðalánastofnunin (IFC) er dótturstofnun Alþjóðabankans sem vinnur að uppbyggingu einkageirans í þróunarlöndum. Háskólinn á Bifröst veitti á síðasta ári ráðgjöf, sem kostuð var af utanríkisráðuneytinu, í verkefni stofnunarinnar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og kynjajafnrétti og vann að gerð handbókar um það efni.

Kyn- og frjósemisheilbrigði er málaflokkur sem Norðurlöndin hafa lagt ríka áherslu á í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, m.a. til að stuðla að jafnrétti kynjanna og efla frumkvæðisrétt kvenna. Ísland hefur tekið þátt í norrænu samráði á þessu sviði og styður starfsemi Mannfjöldasjóðs SÞ *(UNFPA)* sem lið í stuðningi við málaflokkinn.

Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi, sem markaði tímamót í sögu ráðsins, fagnar eins og áður hefur komið fram tíu ára afmæli nú í haust. Enn er langt í land með að ákvæði hennar komist í framkvæmd. Ísland er eitt af 19 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna sem hafa gert aðgerðaáætlun um framkvæmdina eins og ályktunin kveður á um. Þrátt fyrir mikinn stuðning virðist skortur á fjármagni og illa skilgreind ábyrgð hamla því að ákvæði ályktunarinnar nái fram að ganga. Íslenska friðargæslan hefur lagt áherslu á að fram-

fylgja þeim þáttum aðgerðaáætlunarinnar sem að henni snúa. Sjá nánar um ályktun 1325 í kafla 5.1.2.

Jafnréttisskólinn er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins. Skólinn byggist á sama grunni og skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi og er að því stefnt að hann verði hluti af neti HSÞ. Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum í jafnréttismálum en einnig að bjóða upp á styttri námskeið fyrir fagfólk á Íslandi sem starfar að þróunar- og jafnréttismálum. Tveir sérfræðingar frá Afganistan sóttu átta vikna námskeið sl. vetur. Gert var ráð fyrir tveimur sérfræðingum frá Gasa-svæðinu í Palestínu, en stuttu fyrir brottför þeirra var landamærum Gasa lokað og þeim ekki veitt brottfararleyfi. Gert er ráð fyrir að sex nemar komi til námsdvalar við skólann á þessu ári.

Fjölmörg verkefni sem stuðla að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða eru hluti af starfi ÞSSÍ. Gert er ráð fyrir að öll verkefni ÞSSÍ séu með áherslu á jafnréttismál og að fjallað sé um þau sem þverlægt málefni í öllum verkefnislýsingum stofnunarinnar. Verkefni sem hafa sérstaklega snúið að málefnum kvenna hafa einkum verið á sviði fullorðinsfræðslu og heilbrigðismála, auk þess sem áhersla hefur verið á vatns- og hreinlætisverkefni og frumkvöðlaverkefni ásamt stuðningi við kvenna- og félagsmálaráðuneyti.

6.5. Störf í þágu friðar

Störf í þágu friðar og friðsamleg lausn deilumála er ein af áherslum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Virk þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum og endurreisnarstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og annarra fjölþjóðastofnana er leið fyrir Ísland til að leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika á átakasvæðum, stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði og stuðla að uppbyggingu innviða samfélaga að loknum ófriði.

Framlag Íslands til friðaruppbyggingar og friðargæslu byggist á áherslu á sáttaumleitanir, uppbyggingu borgaralegra stofnana og jafnréttis- og mannúðarmál. Sérfræðingar á vegum friðargæslunnar starfa í Afganistan, Miðausturlöndum, á Balkanskaga og í Afríku.

Ísland hefur tekið þátt í verkefnum á vegum Alþjóðaliðsins í Afganistan *(ISAF)* frá 2003 og lagt til sérfræðinga og fjármuni til uppbyggingar og þróunar, m.a. til stuðnings verkefna sem tengjast konum og börnum, baráttu gegn eiturlyfjaræktun og til stuðnings við réttarfarsuppbyggingu. Fjórir borgaralegir sérfræðingar starfa nú á vegum Íslensku friðargæslunnar í landinu.

Í Miðausturlöndum er áhersla lögð á aðstoð við palestínska flóttamenn, börn og ungmenni. Einn sérfræðingur starfar á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá Flóttamannastofnun SÞ fyrir Palestínuflóttamenn (UNWRA) í Palestínu og vinnur að vernd mannréttinda, m.a. að því að þörfum fólks, sem misst hefur heimili sín, sé sinnt. Þá starfar sérfræðingur í Amman í Jórdaníu á UNICEF-svæðisskrifstofu fyrir Miðausturlönd.

Tveir íslenskir lögregluþjónar starfa í Líberíu á vegum Friðargæsludeildar Sameinuðu þjóðanna (DPKO). Verkefnið snýst um uppbyggingu og stuðning við lögreglu landsins, en að því starfa um 1.300 lögreglumenn frá 38 þjóðlöndum.

Friðargæslan hefur lengst verið að störfum á Balkanskaga og nú starfa tveir útsendir sérfræðingar á vegum UNIFEM að jafnréttismálum á svæðinu.

Loks eru í gildi samstarfssamningar við Matvælaáætlun SÞ og UNICEF um skammtímaverkefni, einkum á sviði matvæladreifingar eða upplýsingamiðlunar á svæðum þar sem neyðarástand hefur skapast.

Með kosningaeftirliti á vegum Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) er ætlunin að tryggja frjálsar og lýðræðislegar kosningar í aðildarríkjum. Friðargæslan hefur sent fólk til kosningaeftirlits í lengri og skemmri tíma í aðildarríkjum ÖSE. Í fyrra tók hún þátt í kosningaeftirliti í Albaníu og Moldóvu og á yfirstandandi ári hefur fólk verið sent til eftirlits vegna forsetakosninganna í Úkraínu og þingkosninganna í Tadsjikistan.

Gott samstarf er við félög og stofnanir. Í fyrra var haldið námskeið, með þátttöku 25 manns, um hjálparstörf og þróunarsamvinnu á vettvangi í samvinnu við Endurmenntun HÍ, Rauða kross Íslands og ÞSSÍ. Stefnt er að því að halda annað námskeið síðar á árinu 2010.

6.6. Tvíhliða samvinna – Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)

Samstarfsríki Íslands í tvíhliða opinberri þróunarsamvinnu voru sex talsins í þremur heimsálfum fyrir rúmu ári. Í árslok verða þau þrjú í einni heimsálfu. Fækkun samstarfslanda og samdráttur í framlögum til þróunarsamvinnu er sá veruleiki sem Þróunarsamvinnustofnun hefur verið að laga sig að frá því fjármálakreppan reið yfir. Haustið 2008 var í samráði við utanríkisráðuneytið mörkuð skýr stefna um það hvernig brugðist yrði við þeim mikla vanda semvið blasti og var ljóst að fækka þyrfti samstarfslöndum. Í niðurskurðinum hefur verið kappkostað að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar stofnunarinnar.

Umdæmisskrifstofum og sendiráðum Íslands á Srí Lanka og Níkaragva var lokað á árinu 2009. Í Níkaragva mun jarðhitaverkefni ljúka árið 2012 og stýrir því staðarráðinn verkefnisstjóri með starfsstöð í sendiráði Finna í Managva. Samstarf við þessi ríki hefur staðið stutt yfir, eða frá 2005 á Srí Lanka og 2006 í Níkaragva. Í lok þessa árs fækkar enn um eitt samstarfsríki þegar þróunarsamvinnu við stjórnvöld í Namibíu lýkur. Eftir standa þrjú samstarfsríki, öll í Afríku: Malaví, Mósambík og Úganda.

Þróunarsamvinna við Namibíu hefur staðið yfir frá því landið fékk sjálfstæði árið 1990. Einnig var Namibía í mörg ár stærsta samstarfsríki Íslands í þróunarsamvinnu. Viðskilnaðurinn við Namibíu markar þannig kaflaskil í sögu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Í upphafi var þróunarsamvinnan fyrst og fremst á sviði sjávarútvegs, við hafrannsóknir og fiskveiðistjórnun. Um árabil var helsta samstarfsverkefnið uppbygging sjómannaskólans í Walvis Bay, NAMFI. Skólinn var byggður upp frá grunni og í árslok 2006 höfðu heimamenn tekið við rekstrinum. Skólinn hefur á síðustu árum fengið margvíslega viðurkenningu og þykir meðal fullkomnustu sjómannaskóla í Afríku. Hann er eftirsóttur meðal nemenda frá öðrum Afríkuríkjum. Verkefnin á síðustu árum hafa verið af öðru tagi, fyrst og fremst félagsleg verkefni til stuðnings jaðarhópum í namibísku samfélagi.

Áherslur í þróunarsamvinnu Íslands og Úganda verða áfram á sviði fiskimála, fullorðinsfræðslu, samfélagsþróunar í fiskimannasamfélögum við Viktoríuvatn og frumkvöðlafræðslu. Nýtt verkefni á sviði gæðamála hófst formlega í apríl 2009 en markmið þess er að byggja upp getu í fiskisamfélögum og auka þekkingu á gæðamálum og markaðssetningu fiskafurða.

Í Malaví lauk á síðasta ári samstarfsverkefni í fiskveiðimálum við Apaflóa og verður ekki framhald á verkefninu. Breytingar urðu á formi stuðnings við sjúkrahúsið við Apaflóa og á þessu ári verður framhaldið fullorðinsfræðslu, vatns- og hreinlætisverkefni, auk reksturs sjúkrahússins við Apaflóa.

Í samstarfi við Mósambík er megináhersla lögð á fiskimál og menntamál. Á síðasta ári var brotið blað í samstarfi þessara þjóða þegar norsk og íslensk stjórnvöld skrifuðu undir þríhliða samning við mósambísk stjórnvöld um stuðning við sjávarútveginn næstu fimm árin. Um er að ræða samfjármögnun til að efla stjórnun fiskiveiða, til rannsókna, uppbyggingar á gæða-

eftirliti, fiskeldi og til að aðstoða smábátaútgerð og fiskimannasamfélögin við strendur landsins.

Framkvæmd og verklag þróunarsamvinnu er í sífelldri endurskoðun. Þróunarsamvinna Íslands, þ.m.t. tvíhliða þróunarsamvinna við þrjú Afríkuríki fer ekki varhluta af breytingum sem kallað er eftir á alþjóðavettvangi, ekki síst kröfunni sem sett er fram í Parísaryfirlýsingunni, um að samræma betur starfsaðferðir og reglur framlagsríkja í þeim tilgangi að gera þróunarstarfið skilvirkara og létta álagið á stjórnkerfi viðtökuríkja. Þróunarsamvinnustofnun hefur hafið undirbúning að gerð landaáætlana fyrir hvert samstarfsríki og horft verður til þess að taka upp nýtt verklag, þar sem tekið verður mið af þróunaráætlun viðkomandi ríkis og stuðningi við tiltekin svið innan þeirrar áætlunar.

7. VIÐSKIPTAMÁL – EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið verður áfram einn af grundvallarþáttum utanríkisstefnu Íslands. Hann skapar ekki einungis íslenskum fyrirtækjum samkeppnishæft umhverfi á innri markaði Evrópu, heldur opnar hann einnig ótal tækifæri fyrir launþega og námsmenn. Hann skapar og grundvöll fyrir blómlega starfsemi á Íslandi á sviði rannsókna- og þróunarstarfs. Eitt helsta verkefni utanríkisráðuneytisins er að sjá til þess að rekstur EES-samningsins gangi hnökralaust fyrir sig og gæta hagsmuna Íslands innan EES-samstarfsins.

Þá stendur utanríkisráðuneytið að gerð sérstakra viðskiptasamninga við önnur ríki en slíkir samningar greiða fyrir aðgangi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum utan ESB. Í samningaviðræðum beitir ráðuneytið sér fyrir því að sjónarmið og hagsmunir Íslendinga nái fram að ganga. Sendiherrar og viðskiptafulltrúar ráðuneytisins liðsinna fyrirtækjum í sókn þeirra inn á erlenda markaði. Nýsamþykkt lög um Íslandsstofu undirstrika mikilvægi þess að standa vörð um orðspor Íslands á erlendri grundu og þéttara samstarf utanríkisþjónustunnar og ferðaþjónustunnar. Með þessu móti er reynt að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja erlendis.

7.1. Aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði

EES-samningurinn er umfangsmesti milliríkjasamningur sem Ísland hefur nokkru sinni gert. Samningurinn veitir Íslandi aðild að innri markaði ESB og nær til fjölmargra sviða mannlegs lífs. Undir EES-samninginn falla því málefni allra ráðuneyta íslensku stjórnsýslunnar. Oft er um að ræða afar viðamikil mál sem koma til innleiðingar hér á landi að undangenginni upptöku í samninginn. Ekki er unnt að fjalla í skýrslu sem þessari um öll mál sem komið hafa til umfjöllunar á vettvangi EES, heldur verður að láta nægja að fjalla stuttlega um nokkur mikilvæg mál sem verið hafa til meðferðar á undanförnu ári. Að öðru leyti vísast til skýrslna sendiráðsins í Brussel, en þær koma út tvisvar á ári og eru aðgengilegar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

7.1.1. Mál sem tengjast bankahruninu

Gjaldeyrishöft

Eins og kunnugt er greip Ísland til verndarráðstafana skv. 43. gr. EES-samningsins í kjölfar bankahrunsins í október 2008 með setningu reglna um gjaldeyrismál sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast til og frá landinu, sem valda að mati Seðlabanka Íslands alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Tilgreint ákvæði EES-samningsins veitir heimild til að grípa til fyrirbyggjandi verndaraðgerða við tilteknar aðstæður í efnahagslífi viðkomandi ríkis

sem snertir vanda við greiðslujöfnuð þess eða yfirvofandi hættu á slíkum vanda. Með takmörkun á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum vegna þeirra má segja að Ísland taki ekki fullan þátt í innri markaði ESB vegna þessara takmarkana sem snúa að einu fjórfrelsanna sem EES-samningurinn byggir á, þ.e. frelsi til fjármagnsflutninga.

Enn eru í gildi takmarkanir á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum vegna tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim. Í áætlun Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta dags. 5. ágúst 2009 kom fram að stefnt væri að afnámi haftanna í áföngum. Í fyrri áfanga skyldi aflétt í skrefum höftum af innstreymi erlends gjaldeyris og í síðari áfanga skyldu höft á útstreymi erlends gjaldeyris afnumin í skrefum.

Fyrsta skrefið í afnámi haftanna var stigið í lok október á síðasta ári með því að heimilað var innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestinga og útstreymi gjaldeyris sem kann að leiða af þeim í framtíðinni. Jafnframt voru gjaldeyrisreglurnar endurbættar með það að leiðarljósi að draga úr misræmi og loka glufum sem notaðar hafa verið til að fara í kringum höftin. Veigaminni breytingar voru síðan gerðar hinn 30. apríl sl. þar sem m.a. var mælt fyrir um lækkun á hámarksfjárhæð heimildar til kaupa á erlendum gjaldeyri í reiðufé vegna ferðalaga, auk þess sem breyting var gerð á sérstökum undanþágum til að taka af allan vafa um ólögmæti svokallaðra aflandsviðskipta.

Málarekstur hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur haft til meðferðar nokkur mál vegna kvartana er tengjast bankahruninu, setningu neyðarlaganna og skiptingu eigna á milli gömlu bankanna og þeirra nýju. Sem dæmi um slík mál má nefna kvartanir innstæðueigenda í erlendum útibúum og dótturfélögum gömlu bankanna vegna meintrar mismununar samanborið við innstæðueigendur hér á landi, kvartanir lánveitenda bankanna vegna meintrar mismununar á milli lánveitenda annars vegar og innstæðueigenda hér á landi hins vegar við setningu neyðarlaganna og kvörtun rekstraraðila annarra peningamarkaðssjóða en þeirra sem heyrðu undir hina föllnu banka vegna meintrar aðkomu ríkisins að kaupum nýju bankanna á eignum peningamarkaðssjóðanna.

Þá hefur ESA til athugunar fleiri mál tengd bankahruninu og má þar helst til nefna kaup Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánum sparisjóða á grundvelli neyðarlaganna og endurreisn sparisjóðakerfisins. Stofnunin hefur jafnframt að eigin frumkvæði tekið til skoðunar yfirfærslu tryggingastarfsemi Sjóvár inn í nýtt tryggingafélag með stuðningi ríkisins.

Flest þeirra mála sem komið hafa á borð ESA eru enn til umfjöllunar hjá stofnuninni og verður ekki fjallað um þau hér. Rétt er að nefna sérstaklega bráðabirgðaniðurstöðu ESA í nokkrum sambærilegum málum, frá því í desember sl., vegna kvartana ýmissa kröfuhafa gömlu bankanna vegna aðgerða íslenskra yfirvalda í tengslum við setningu neyðarlaganna. Í stuttu máli var bráðabirgðaniðurstaða ESA sú að ákvæði neyðarlaganna, einkum varðandi forgang sem innstæðum var veittur, og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna standist kröfur EES-samningsins og önnur lagaleg skilyrði. Ekki hafi verið nein önnur úrræði sjáanleg en þau sem gripið var til sem hefðu getað spornað við algjöru hruni efnahagslífsins á Íslandi. Tekið er sérstaklega fram í bráðabirgðaniðurstöðunni að ekki sé fjallað um hugsanlega mismunun á milli innlendra og erlendra innstæðueigenda.

7.1.2. Innleiðing EES-gerða

Þrátt fyrir verulega vinnu við að bæta afköst við innleiðingu gerða EES samningsins, er ljóst að Ísland hefur staðið höllum fæti gagnvart öðrum ríkjum á EES-svæðinu þegar kemur að frammistöðu við innleiðingu gerða sem teknar hafa verið upp í samninginn. Við síðasta

frammistöðumat, sem miðaðist við stöðu innleiðinga á tilskipunum 31. október sl., var Ísland í 26. sæti af 30 EES-ríkjum með 1,3% innleiðingarhalla, miðað við 1,5% hjá því ríki sem var í neðsta sæti.

Áfram verður leitað leiða til að gera fyrirkomulag þýðinga og innleiðinga skilvirkara þannig að ná megi betri árangri. Fjölgun þýðenda hjá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins mun stuðla að þessu auk þess sem tíðari birtingar í EES-viðbæti Stjórnartíðinda mun skila hraðari innleiðingu gerðanna. Nánara samráð milli utanríkisráðuneytis og annarra ráðuneyta mun væntanlega einnig verða ríkur þáttur í bættum árangri.

7.1.3. Þingleg meðferð EES-mála

Í skýrslu utanríkismálanefndar Alþingis frá 8. október 2008 kom fram að nefndin taldi brýnt að endurskoða skipulag og þinglega meðferð EES-mála á Alþingi. Of lítið samráð hefði verið haft við Alþingi um meðferð EES-mála og það ekki fengið tækifæri til að koma með fullnægjandi hætti að ákvarðanatökuferlinu innan EES. Þannig færi engin upplýsingagjöf fram frá stjórnvöldum til þingsins um mál á tillögu- og mótunarstigi. Fjölmargar gerðir hefðu verið teknar inn í EES-samninginn án þess að tryggt hafi verið að Alþingi væri fyrirfram upplýst um tilvist þeirra eða að til stæði að innleiða þær í EES-samninginn og að hlutverk þingsins í framkvæmd EES-samningsins hefði minnkað með árunum og í ákveðnum tilvikum nánast orðið að formsatriði.

Á vettvangi utanríkismálanefndar hefur verið unnið að setningu nýrra reglna um þinglega meðferð EES-mála sem taka mið af framangreindum sjónarmiðum. Að því er utanríkisráðuneytið varðar þá mun leiða af reglunum að af hálfu utanríkisráðherra verður að jafnaði lögð fram sérstök þingsályktun er heimilar afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, en slíkan fyrirvara þarf að gera þegar verið er að samþykkja ákvarðanir um upptöku ESB-gerða í samninginn sem kalla á lagabreytingar hér á landi.

7.1.4. Efst á baugi í EES-samstarfinu

Matvælalöggjöf

Í október 2007 var samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni að fella grunngerðir matvælalöggjafar ESB inn í EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar ESB um matvæli og fóður í samninginn. Kveðið var á um 18 mánaða aðlögunartíma fyrir Ísland til að innleiða gerðir um búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk, egg og hráar afurðir úr þessum matvælategundum. Af Íslands hálfu voru umræddar ákvarðanir EES-nefndarinnar teknar með fyrirvara um staðfestingu Alþingis, þar sem innleiðing þeirra hér á landi kallaði á lagabreytingar.

Með lögum nr. 143/2009, sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl. voru gerðar breytingar á ýmsum lögum til innleiðingar á matvælalöggjöfinni. Lögin tóku gildi 1. mars 2010. Í samræmi við sérstaka heimild í 78. gr. laganna aflétti Ísland stjórnskipulegum fyrirvara af umræddum ákvörðunum og tóku þær gildi 1. maí 2010. Fyrrgreindur 18 mánaða aðlögunartími til innleiðingar á tilteknum þáttum gerðanna rennur út 31. október 2011 og ber Íslandi því að tryggja að full innleiðing eigi sér stað fyrir þann tíma.

Þjónustutilskipun

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, svonefnd þjónustutilskipun, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefnd-

arinnar 9. júní 2009. Af Íslands hálfu var umrædd ákvörðun tekin með fyrirvara um staðfestingu Alþingis, þar sem innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu, sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu sem kemur fram í lægra verði og auknum gæðum.

Ísland og Noregur lögðu hvort um sig fram sérstaka yfirlýsingu í tengslum við samþykkt ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni, og voru yfirlýsingarnar nánast samhljóða. Þar var m.a. tekið fram að tilskipunin hefði ekki áhrif á ráðningarskilmála og -skilyrði, samskipti milli aðila vinnumarkaðarins, réttinn til þess að semja um og ganga frá kjarasamningum og grundvallarréttindi, s.s. verkfallsréttinn og réttinn til að grípa til aðgerða á vinnustað. Einnig að tilskipunin hefði ekki áhrif á vinnulöggjöf eða þríhliða samvinnu verkalýðsfélaga, vinnuveitenda og stjórnvalda. Jafnframt var lögð áhersla á að hin víðtæka samstaða meðal Íslendinga um að gera áætlanir um aðgerðir, svo og viðeigandi ráðstafanir, sem miða að því að standa vörð um réttindi innlendra og útsendra starfsmanna og góðan aðbúnað á vinnustöðum, stríði ekki gegn tilskipuninni. Loks var lögð áhersla á að það verði áfram á valdsviði innlendra yfirvalda að ákvarða í hvaða mæli hið opinbera skuli veita þjónustu, hvernig hún skuli skipulögð og fjármögnuð og hvaða sérstöku kvaðir skuli gilda um slíka opinbera þjónustu; af Íslands hálfu var sérstaklega áréttað að þetta næði til yfirvalda á öllum stigum stjórnsýslunnar, ríkisvalds og sveitarstjórna.

Alþingi samþykkti hinn 25. mars sl. þingsályktunartillögu utanríkisráðherra þess efnis að ríkisstjórninni væri heimilt að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara af umræddri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í ályktun Alþingis er sérstaklega vísað til fyrrgreindrar yfirlýsingar Íslands að þessu leyti. Ákvörðunin tók í framhaldi af því gildi hinn 1. maí sl. Tvö lagafrumvörp hafa verið lögð fram á yfirstandandi þingi til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar.

Viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir

Tilskipun 2003/87/EB um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda var tekin upp í EES-samninginn haustið 2007. Féllst framkvæmdastjórnin á þeim tíma á að Ísland tæki ekki þátt í viðskiptakerfinu þar sem sú starfsemi sem falla átti undir tilskipunina losaði langt undir 25 þúsund tonnum á ári. Eftir að flugstarfsemi verður felld undir viðskiptakerfið, frá og með 1. janúar 2012, er fyrirséð að Ísland mun taka virkan þátt í viðskiptakerfinu.

Mikil vinna hefur farið í það af hálfu íslenskra stjórnvalda og flugrekstraraðila að undirbúa að flugstarfsemi verði felld undir viðskiptakerfið. Þannig taka íslenskir flugrekendur þátt í gagnaöflun nú árið 2010 sem mun tryggja þeim hluta í úthlutuðum ókeypis losunarheimildum í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í heildarflugi innan EES-svæðisins árið 2010. Á grundvelli sögulegrar losunar gróðurhúsalofttegunda frá flugi á árunum 2004–2006 verður ákveðinn heildarfjöldi losunarheimilda í kerfinu fyrir árin 2012–2020 og gert er ráð fyrir að 82% þeirra heimilda verði úthlutað ókeypis í samræmi við s.k. árangursviðmiðanir *(e. benchmarks)*. Þær losunarheimildir sem flugfélögin þurfa umfram það verður að kaupa á markaði.

Hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein þegar fallist á að flugstarfsemi falli undir EES-samninginn þótt tilskipun 2008/101/EB hafi ekki enn verið felld undir hann. Haldnir hafa verið fundir með framkvæmdastjórn ESB um aðlögun að tilskipuninni að því er varðar ákvarðanatöku á grunni hennar en tryggja þarf í slíkri ákvarðanatöku að meginreglur EES-samningsins séu virtar og tekið sé mið af stofnanakerfi samningsins. Þá þarf einnig að semja sérstaklega um atriði eins og tekjur af uppboðum losunarheimilda og framfylgd flugrekstrarbanns, sem kynni að verða lagt á ef reglum tilskipunarinnar er ekki fylgt. Stefnt er að því að hægt verði að ganga frá málinu og taka tilskipunina inn í EES-samninginn á næstu mánuðum, eða áður en framkvæmdastjórn ESB tekur ákvörðun um sögulega losun sem stefnt er á að verði tekin í ágúst 2010.

Í kafla 5.2.1. er sagt frá samkomulagi sem er í undirbúningi milli Íslands og ESB um að Ísland gangist undir sameiginlegar skuldbindingar með ESB í nýju væntanlegu alþjóðasamkomulagi um loftslagsmál eftir 2012, en tilgangur þess er að koma í veg fyrir að Ísland beri tvíþættar skuldbindingar í loftslagsmálum.

Stjórn vatnsverndarmála

Svokölluð vatnatilskipun ESB, nr. 2000/60/EB, var tekin inn í EES-samninginn árið 2008 eftir miklar og strangar umræður við framkvæmdastjórn ESB. Gerður var fyrirvari af hálfu EES/EFTA-ríkjanna um að þeir þættir tilskipunarinnar sem varða náttúruvernd, auðlindastjórnun og gjaldtöku falli ekki undir EES-samninginn. Frumvarp til innleiðingar á tilskipuninni hefur verið undirbúið í umhverfisráðuneytinu. Í því er tekið á stjórnun vatnamála og vatnsverndarmála með hliðsjón af umhverfinu. Vatnatilskipunin mun hafa veruleg áhrif á framkvæmd vatnamála á Íslandi, s.s. varðandi vöktun, eftirlit og stjórnun vatnasvæða, eftir gerð þeirra og eiginleikum.

Tillögur um eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu

Framkvæmdastjórn ESB lagði í september á síðasta ári fram tillögur að löggjöf um nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu (alls 4 reglugerðir og 1 ákvörðun). Tillögurnar, sem byggja m.a. á skýrslu og tillögum Larosière-vinnuhópsins, eru nú til umfjöllunar hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu, en báðar þessar stofnanir þurfa að samþykkja endanlega lagatexta. Gera má ráð fyrir að hið nýja kerfi verði komið í framkvæmd á næsta ári. Meginefni tillagnanna er eftirfarandi:

Lagt er til að stofnuð verði eftirlitsnefnd um kerfisbundna áhættu í fjármálakerfinu sem á að fylgjast með og meta áhættu sem tengist fjármálakerfinu í heild. Nefndin mun geta gefið út viðvaranir um aukna kerfisbundna áhættu og tilmæli um aðgerðir til að takast á við þá áhættu. Tilmælin eru ekki lagalega bindandi, en aðildarríki eða eftirlitsstofnanir sem tilmælum er beint til þurfa að framfylgja þeim eða útskýra hvers vegna það er ekki gert. Metið er í hverju tilviki fyrir sig hvort gera eigi viðvaranir og tilmæli opinber, enda oft um viðkvæmar upplýsingar að ræða. Stjórn eftirlitsnefndarinnar verður skipuð bankastjórum seðlabanka allra aðildarríkja ESB, bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Evrópu, fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB og formönnum hinna þriggja nýju evrópsku eftirlitsstofnana. Að auki munu eftirlitsstofnanir aðildarríkjanna hafa áheyrnaraðild. Fram kemur í skýringum að tillagan varði evrópska efnahagssvæðið.

Þá verði þrjár nýjar evrópskar eftirlitsstofnanir settar á fót með eflingu núverandi eftirlitsnefnda á sviði banka-, verðbréfa- og vátrygginga- og lífeyrismála. Meðal nýrra verkefna þessara nýju eftirlitsstofnana má nefna að þeim er ætlað að móta tillögur um tæknilega staðla,

tryggja samræmdari beitingu ESB-reglna, leysa úr deilumálum milli eftirlitsaðila í aðildarríkjum, hafa eftirlit með matsfyrirtækjum og fara með samræmingarhlutverk ef neyðarástand skapast, auk þess að geta tekið ákvarðanir um að eftirlitsaðilar grípi til tiltekinna aðgerða ef neyðarástand kemur upp, t.d. að banna skortsölu á samræmdan hátt í öllum ESB-ríkjum. Stjórn hverrar stofnunar verður skipuð forstjórum viðeigandi eftirlitsstofnana í hverju aðildarríki ESB, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, fyrrgreindri eftirlitsnefnd um kerfisbundna áhættu í fjármálakerfinu og hinna tveggja stofnananna. Kveðið er á um að stofnanirnar séu opnar fyrir þátttöku þriðju ríkja sem hafa gert samninga við ESB sem fela í sér að þau taki upp og beiti löggjöf sambandsins á þeim sviðum sem stofnanirnar starfa á (61. gr.) og í fjárlagahlutanum kemur fram að gert sé ráð fyrir framlagi frá EFTA.

Stofnanirnar þrjár verða hluti af fjármálaeftirlitskerfi Evrópu *(e. European System of Financial Supervisors),* sem á ásamt eftirlitsstofnunum þremur að hafa eftirlit með einstaka fjármálastofnunum. Fjármálaeftirlitskerfið verður skipað fulltrúum hinna nýju eftirlitsstofnana, fulltrúum eftirlitsstofnana aðildarríkjanna og fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB.

EES/EFTA-ríkin hafa lagt á það ríka áherslu að framangreind löggjöf um nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu heyri undir EES-samninginn og beri því að fella hana inn í samninginn. Hið nýja eftirlitskerfi næði þá til umræddra EFTA-ríkja. Jafnframt hefur verið lögðáhersla á eðlilega þátttöku EFTA-ríkjanna í viðkomandi eftirlitsstofnunum. Ákveðin lagaleg óvissa er þó enn óútkljáð um EES-tæki hinnar nýju löggafar.

Ísland hefur tekið þátt í umræðum á þessu sviði á vettvangi ESB og skilaði m.a. athugasemdum um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fjármálamarkaðinn vorið 2009.

Endurskoðun á lyfjareglum ESB

Á undanförnum árum hefur staðið yfir endurskoðun á lyfjareglum ESB. Framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögu að „nýjum lyfjapakka“ til ráðherraráðsins og þingsins 10. desember 2008, en hann felur í sér fimm tillögur að breytingum; eina sem fjallar um fölsuð lyf, tvær um breytingar á lyfjaeftirliti og tvær um upplýsingar til almennings. Á árunum 2009 og 2010 hefur verið unnið frekar að framgangi „nýja lyfjapakkans“ í vinnuhópi. Málið hefur verið til umfjöllunar í þingnefnd og lagðar til ýmsar breytingar frá upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

7.2. Þróunarsjóður EFTA

EES/EFTA-ríkin, Ísland, Noregur og Liechtenstein, hafa frá gildistöku EES-samningsins lagt sitt af mörkum fjárhagslega til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði á Evrópska efnahagssvæðinu. Framlögin hafa verið í gegnum Þróunarsjóð EFTA og er fjórða styrktartímabilið nú að hefjast, nokkuð á eftir áætlun því gildistími þess er 2009 til 2014. Vonir standa til að gengið verði frá formlegri undirritun samkomulagsins við framkvæmdastjórn ESB á næstu vikum. Samhliða því verður m.a. gengið frá samkomulagi um tolla á innflutning sjávarafurða frá Íslandi til landa Evrópusamandsins.

Tímabilið 2004 til 2009 námu styrkir Þróunarsjóðs EFTA til 15 ríkja ESB um 672 milljónum evra. Greiðslur skiptust þannig að Noregur greiðir 94,84%, Ísland greiðir 4,52% og Liechtenstein greiðir 0,64%. Framlag Íslands er því rúmlega 30 milljónir evra sem á núverandi gengi eru rúmlega fimm milljarðar króna.

Á því styrktartímabili sem er að renna sitt skeið á enda hefur verið lögð áhersla á rannsóknarsamstarf, heilbrigðisþjónstu og velferð barna, sjálfbæra þróun, Schengen-samstarf og

björgun menningarverðmæta. Yfir þúsund verkefni hafa verið styrkt og eru mörg gleðileg dæmi um bættan hag fólks í ríkjunum fimmtán.

Á næsta tímabili verður lögð sérstök áhersla á umhverfismál, endurnýjanlega orkugjafa, heilbrigðismál, rannsóknir, menntun og menningu, samfélagslegar umbætur og mannsæmandi vinnuskilyrði, auk réttarbóta og mannauðsstjórnunar.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á þeirri jákvæðu breytingu að sérstök áhersla verður lögð á að auka tvíhliða samstarf opinberra aðila í styrkþegaríkjunum við opinbera aðila á Íslandi, í Noregi og Liechtenstein. Sérstök áhersla verður til að mynda lögð á samstarf rannsóknar- og háskólastofnana. Þar munu skapast tækifæri fyrir íslenska sérfræðinga til að miðla af reynslu sinni og taka þátt í félagslegum og efnahagslegum umbótum í styrkþegaríkjunum.

Heildarframlag Íslands, Noregs og Liechtenstein til sjóðsins sem tekur til næsta tímabils hækkar í heildina og verður um einn milljarður evra. Hlutur Íslands verður þó óbreyttur í evrum frá því sem var á síðasta tímabili en samningsaðilar féllust á að taka bæri sérstakt tillit til aðstæðna á Íslandi.

7.3. Þátttaka Íslands í Schengen-landamærasamstarfi

Í Schengen-samstarfinu felst afnám persónueftirlits á innri landamærum og að sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra Schengen-svæðisins. Þetta kallar á náið samstarf landamæra- og löggæsluyfirvalda sem og annarra yfirvalda í ríkjunum auk greiðra skipta á upplýsingum þeirra á milli. Ísland hóf fulla þátttöku árið 2001 þó þátttaka hafi að hluta hafist árið 1996.[14] Samstarfið fellur undir starfsemi og stefnu ESB á sviði dóms- og innanríkismála en samvinna á því hefur þróast hratt undanfarin ár.[15] Við gildistöku Lissabon-sáttmálans 1. desember 2009 var málaflokkurinn nánast allur færður undir stofnanaramma ESB og því færðist aukið vald til framkvæmdastjórnar ESB á þessu sviði. Það sem breyttist einkum við gildistöku sáttmálans var að flestar ákvarðanir fara nú í samákvörðunarferli milli þings og ráðs og aukinn meirihluta þarf til samþykktar gerða í stað einróma samþykkis áður og einungis óskað umsagnar þingsins. Við slíka breytingu á málsmeðferð við ákvarðanatöku er mikilvægt að sjónarmið Íslands heyrist á báðum stöðum. Stokkhólmsáætlunin var samþykkt 11. desember 2009 en með henni er sett fram áætlun ESB og megináherslur í málaflokknum fyrir árin 2010–2014 en margar þeirra varða þróun á Schengen-gerðunum. Leiða má að því líkur að aukið vald framkvæmda-stjórnarinnar og þær áherslur sem lagðar eru í áætluninni leiði til þess að tillögum muni fara fjölgandi á komandi misserum og benda ný drög að aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar eindregið til þess.

Líkt og greint var frá í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál sem lögð var fyrir Alþingi á síðasta ári hefur stækkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS-II) verið fyrirhuguð um nokkurt skeið. Þróun þess hefur ekki gengið sem skyldi og hefur gangsetningu ítrekað verið seinkað. Nú er áætlað að taka það í notkun í lok árs 2011. Í sömu skýrslu var greint frá reglugerð um upplýsingakerfi í áritanamálum (VIS) sem samþykkt var árið 2004.

---

[14] Í dag eru aðildarríki Schengen-samstarfsins 25. Á árinu 2010 er stefnt að fullri aðild Liechtenstein, Búlgaríu og Rúmeníu.

[15] Nánar er fjallað um dóms- og innanríkismál ESB og aðkomu Íslands að samstarfi á þeim vettvangi í yfirlitsskýrslum sendiráðs Íslands í Brussel sem eru aðgengilegar á heimasíðu sendiráðsins: http://www.iceland.org/be/islenska/evropusamstarf/

Unnið hefur verið að uppsetningu þess síðan en vegna tæknilegra vandkvæða hefur gangsetningu verið seinkað fram í desember 2010.

Í byrjun árs 2009 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tvær nýjar tillögur að gerðum um stofnun til að halda utan um rekstur stórra upplýsingakerfa á sviði dóms- og innanríkismála. Hún mun verða ábyrg fyrir SIS II, VIS og upplýsingakerfinu í hælismálum (EURODAC). Hinn 30. nóvember 2009 var ákveðið að setja stofnunina á fót og hafa bæði Frakkland og Eistland lýst yfir áhuga á að hýsa hana. Tillögurnar verða ræddar áfram á næstu misserum en gert er ráð fyrir að stofnunin taki til starfa á árinu 2012.

Frá og með 29. júní 2009 var öllum aðildarríkjum Schengen-samstarfsins skylt að gefa út vegabréf og vegabréfsáritanir með fingraförum þeirra sem eru 12 ára og eldri. Framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að skylda til að lesa flögur sem geyma fingraför, verði lögð á ríkin og má búast við að hún leggi fram tillögur að gerðum þess efnis innan skamms. Til að gera landamæraeftirlit sem öruggast er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að upplýsingarnar áflögunum séu ófalsaðar og stafi frá útgefanda vegabréfsins. Vegna þessa íhugar Ísland ásamt öðrum ríkjum, sem taka þátt í Schengen-samstarfinu að ganga til samninga við alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) um aðgang að auðkennakerfi þeirra.

Samningur Íslands við Rússland um útgáfu vegabréfsáritana og um endurviðtöku og sambærilegur samningur við Albaníu hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu. Samningur við Macao var undirritaður á fyrri hluta síðasta árs og er unnið að fullgildingu hans. Samningaviðræður standa enn yfir við Úkraínu, Moldavíu, Bosníu-Hersegóvínu og eyríkin sex Máritíus, Barbadoseyjar, Sankti Kitts og Nevis, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar og Seychelles-eyjar. Hinn 19. desember 2009 var áritunarskylda felld niður fyrir ríkisborgara Serbíu, Svartfjallalands og Makedóníu hjá öllum Schengen-ríkjum. Samningar um endurviðtöku milli þessara ríkja og Íslands eru í farvatninu.

Samningur um þátttöku Íslands og samstarfsríkjanna í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen *(e. External Borders Fund)* hefur verið undirritaður af Íslandi og samstarfsríkjunum. Ísland hefur þegar innt af hendi fyrstu greiðslur til sjóðsins og getur nú þegið styrki úr honum. Hann mun fullgiltur af Íslands hálfu innan skamms.

Samningaviðræðum ESB og EFTA-ríkjanna um þátttöku hinna síðarnefndu í svokölluðum framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnar ESB lauk 30. júní 2009 með áritun samnings þar að lútandi. Þátttakan í nefndunum hafði þó verið tryggð með bréfaskiptum sem fylgdu samningnum um Schengen-samstarfið frá 1999.[16] Um leið og undirritun hefur farið fram af hálfu samstarfsríkjanna er gert ráð fyrir að fullgildingarferli hefjist á Íslandi.

Í nóvember 2009 undirritaði dómsmála- og mannréttindaráðherra samning við ESB um eflingu lögreglusamstarfs yfir landamæri einkum í baráttunni gegn hryðjuverkum og glæpastarfsemi yfir landmæri (Prüm-samningurinn). Í honum felst m.a. gagnkvæmur uppflettiaðgangur aðildarríkja að fingrafara- og erfðaefnisskrám lögreglu sem og að ökutækjaskrám.

Í sérfræðinganefndum í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu hefur verið rætt um tillögur framkvæmdastjórnarinnar um endurskipulagningu hælismála í ESB. Þessar nýju reglur munu ekki hafa áhrif á íslenska löggjöf um hælismál þó þær kunni hugsanlega að kalla á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á.

---

[16] Með samningnum nú er styrkari stoðum rennt undir þátttöku Íslands í starfi nefndanna og hefur Ísland sama rétt til undirbúnings og þátttöku í mótun gerðanna eins og í samsettu nefndinni.

7.4. Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf

Til þess að stuðla að og efla samkeppnisstöðu Íslands á hinum ýmsu sviðum viðskipta er Ísland virkur þátttakandi í viðskiptasamstarfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Samstarf ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) markar grundvöll hins fjölþjóðlega viðskiptasamstarfs. Ísland, líkt og önnur smærri ríki, njóta góðs af samræmdum reglum um milliríkjaviðskipti sem jafna stöðu smærri ríkja og stærri. Jafnframt stuðla slíkar reglur að langtímastöðugleika á heimsmarkaði og hafa auk þess unnið gegn því að einstök ríki snéru til verndarstefnu í viðskiptum í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Reglur stofnunarinnar ná til vöruviðskipta, ríkisstuðnings, þjónustuviðskipta, hugverkaréttinda og opinberra innkaupa, svo að dæmi séu nefnd.

Frá árinu 2001 hafa staðið yfir svokallaðar Doha-viðræður á vegum WTO. Viðræðurnar fjalla um skýrari reglur og aukið frelsi í heimsviðskiptum, m.a. með iðnaðar- og landbúnaðarvörur. Ísland hefur einkum hagsmuna að gæta varðandi landbúnaðarþátt viðræðnanna og markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur, þ.m.t. sjávarafurðir. Ísland hefur einnig tekið virkan þátt í viðræðunum um hertar reglur um ríkisstyrki í sjávarútvegi.

Drög að rammasamkomulagi ýmissa helstu þátta Doha-viðræðnanna hafa legið fyrir í nokkurn tíma. Verulega miðaði í samkomulagsátt sumarið 2008 en ekki náðist endanlegt samkomulag um helstu þætti viðræðnanna. Síðan 2008 hafa viðræður átt sér stað, og ýmis smærri mál þokast áfram, en skort hefur á pólitískan vilja til að ljúka viðræðunum. Fjármálakreppan haustið 2008 beindi athygli stjórnmálamanna að innanríkismálum. Bandarísk stjórnvöld hafa talið ójafnvægi í þeim samningadrögum sem liggja fyrir í Doha-viðræðunum og hafa krafist aukins markaðsaðgangs fyrir sínar vörur, einkum hjá þeim þróunarríkjum sem lengst eru komin, s.s. Kína, Brasilíu og Indlandi. Í ljósi batamerkja í þróun efnahagsmála í heiminum að undanförnu er vonast til að á næstu misserum skapist þær pólitísku aðstæður að hægt verði að ljúka Doha-viðræðunum.

Auk samstarfs á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur Ísland notið góðs af starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) með margvíslegum hætti. Má þar nefna málaflokka eins og efnahags- og peningamál, ríkisfjármál, sjávarútvegsmál, menntamál, vísindasamstarf, félags- og atvinnumál, opinbera stjórnsýslu og umhverfis- og þróunarmál. Er OECD leiðandi meðal alþjóðastofnana í tölfræðilegum úttektum, samanburðarrannsóknum og samræmingu stefnumiða milli aðildarríkja á þessum sviðum.

Fyrir Ísland, sem er afar háð utanríkisviðskiptum, felast augljósir hagsmunir í því að reglur um alþjóðaviðskipti séu samræmdar. Þess vegna styðja íslensk stjórnvöld stækkun OECD, en á þessu ári er gert ráð fyrir að fjögur ný ríki gerist aðilar að stofnunni. Það eru Chile, sem raunar gerðist aðili að OECD í janúar sl., Eistland, Ísrael og Slóvenía. Þar með verða aðildarríki OECD orðin 34. Íslensk stjórnvöld hafa einnig stutt nýsköpun og nýja stefnu um grænan hagvöxt á vettvangi OECD. Grænn hagvöxtur er þverfagleg stefna þar sem lögð er áhersla á þróun nýrra haglíkana sem samþætta langtíma markmið um vistvænan hagvöxt og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þá leggja íslensk stjórnvöld áherslu á starf OECD á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda, einkum á sviði fiskveiða og við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að OECD skoði mikilvægi þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

Árið 2010 markar 50 ára afmæli Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), en að þeim standa Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Jafnframt eru 40 ár síðan Ísland gerðist aðili að samtökunum. Þar sem Ísland fer með formennsku í ráðherraráði EFTA á fyrri hluta ársins

kemur það í hlut þess að halda ráðherrafund samtakanna júní. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík. Í undirbúningi er að halda ráðstefnu í tengslum við ráðherrafundinn, í samstarfi við hagsmunaaðila, til þess að minnast þess mikilvæga ávinnings sem samtökin hafa fært aðildarríkjum. Mikilvægustu þættir í þessu samstarfi eru aukið frjálsræði í viðskiptum milli aðildarríkja EFTA, samvinnan við ESB fyrir tilstilli EES-samninginn, sem tók gildi 1994, og net fríverslunarsamninga um heim allan.

7.4.1. Viðskiptasamningar

Mikilvægt er fyrir íslensk fyrirtæki að hafa greiðan aðgang að erlendum mörkuðum. Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna Íslands í utanríkisviðskiptum og gerir viðskiptasamninga við erlend ríki til að afnema viðskiptahindranir og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Fríverslunarsamningar

Aðildarríki EFTA gera fríverslunarsamninga við þriðju ríki með það að markmiði að tryggja fyrirtækjum frá EFTA-ríkjunum eins góð viðskiptakjör og kostur er með því að draga úr eðaafnema viðskiptahindranir og bæta þar með aðgang þeirra að mörkuðum. Í langflestum tilvikum gerir Ísland fríverslunarsamninga í samstarfi við hin EFTA-ríkin. Við gerð fríverslunarsamningaleggur Ísland ríka áherslu á að tollar á mikilvægustu útflutningsvörum þjóðarinnar verði afnumdir.

Við gerð fríverslunarsamninga er ekki aðeins litið til umfangs núverandi viðskipta heldur einnig til tækifæra í framtíðinni. ESB-ríkin eru helstu samkeppnisaðilar EFTA-ríkjanna. Því hefur verið lögð áhersla á að gera fríverslunarsamninga við ríki sem ESB hefur gert fríverslunarsamninga við. Undanfarin ár hafa EFTA-ríkin í ríkari mæli einnig gert fríverslunarsamninga við ríki, sem ekki eru með fríverslunarsamninga við ESB.

EFTA-ríkin hafa undirritað tuttugu[17] fríverslunarsamninga við ríki og ríkjahópa utan ESB. Hinn 1. júlí 2009 tók gildi fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Kanada, sem er fyrsti samningur sinnar tegundar sem Kanada gerir við Evrópuríki. Samningurinn nær fyrst og fremst til vöruviðskipta og er ákaflega mikilvægur fyrir Ísland sem og önnur EFTA-ríki.

Á árinu 2008 var undirritaður fríverslunarsamningur við Kólumbíu. Nýlega var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samningsins. Á árinu 2009 voru undirritaðir samningar við Samstarfsráð Persaflóaríkja (Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádí-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmin), Albaníu og Serbíu. Viðræðum er lokið við Perú og stefnt að undirritun fríverslunarsamnings í sumar.

Nú standa yfir fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Indlands. Haldnar hafa verið fjórar samningalotur og er af hálfu Indlands lögð rík áhersla á þjónustuviðskipti. Gera má ráð fyrir að viðræður geti orðið tímafrekar. Þá hófu EFTA-ríkin nýlega viðræður við Hong Kong og Úkraínu. Ganga viðræður við Úkraínu vel og er stefnt að því að viðræðum ljúki á þessu ári. Viðræðum EFTA-ríkjanna við Taíland hefur verið slegið á frest og hafa samningaviðræður við Alsír sem hófust í árslok 2007 legið niðri í eitt og hálft ár.

---

[17] EFTA ríkin hafa gert fríverslunarsamninga við Albaníu, Chile, Egyptaland, Samstarfsráðs Persaflóaríkja (sem í eru Barain, Kúveit, Óman, Katar, Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin), Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Kólumbíu, Króatíu, Líbanon, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Palestínu (PLO), Singapúr, Serbíu, Suður- Kóreu, Tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU) (sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að), Túnis og Tyrkland.

EFTA-ríkin og Rússland vinna að undirbúningi fríverslunarviðræðna. Þá er vonast til þess að viðræður geti hafist við Indónesíu á þessu ári sem og viðræður við Víetnam um gerð sameiginlegrar hagkvæmniskönnunar um fríverslunarsamning. Einnig er unnið að gerð sameiginlegrar yfirlýsingar um samstarf EFTA-ríkjanna við Malasíu og Panama. Slíkar yfirlýsingar eru stundum fyrstu skref í átt að samningaviðræðum.

Með fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja (Hoyvíkur-samningnum), sem tók gildi 1. nóvember 2006 var komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn rennir enn sterkari stoðum undir náin og góð samskipti þessara tveggja vina- og frændþjóða. Að auki eru Færeyjar mikilvægur útflutningsmarkaður fyrir íslenska framleiðslu þannig að samningurinn er afar þýðingarmikill í viðskiptalegu tilliti.

Fríverslunarviðræður á milli Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Fjórar samningalotur hafa verið haldnar, sú síðasta í apríl 2008. Síðan þá hefur ekki fengist samþykki Kína fyrir að hefja næstu samningalotu. Talsvert ber enn á milli samningsaðila á nokkrum sviðum, t.d. hvað varðar markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir, þjónustuviðskipti og aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Útflutningur til Kína nam 3,0 milljörðum kr. á árinu 2009, skv. útflutningstölum Hagstofunnar, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til 8,7 milljarða kr. skráðs útflutnings vegna tilfallandi flugvélasölu, þ.e. samtals 11,7 milljarða kr. Innflutningur frá Kína nam um 22,2 milljörðum kr. á árinu 2009.

Loftferðasamningar

Markmið Íslands með gerð loftferðasamninga er að leita eftir opnum samningum sem veita flugrekendum eins mikið frelsi til að veita þjónustu milli samningsríkja eins og unnt er. Loftferðasamningar snúast fyrst og fremst um gagnkvæmar heimildir til áætlunarflugs en um leið hefur Ísland leitað eftir því að gerðir séu samningar sem heimila óreglubundið flug og farmflutninga. Í sumum loftferðasamningum hefur náðst verulegur árangur í þessa átt sem opnar ný tækifæri fyrir íslenska flugrekendur til áætlunarflugs eða óreglubundins flugs með farþega og vörur.

Í dag eru í gildi tuttugu og einn loftferðasamningur og tuttugu og fjórir til viðbótar bíða annaðhvort undirritunar eða fullgildingar. Árið 2009 voru áritaðir loftferðasamningar við Aserbaídsjan, Dóminíska lýðveldið, Kúveit, Sýrland, Túrkmenistan og Víetnam og stefnt er að undirritun þeirra við fyrsta tækifæri. Þá var undirritaður samningur um aðild Íslands og Noregs að loftferðasamningi ESB og Bandaríkjanna, en með honum öðlast flugfélög í löndunum tveimur sama rétt og flugfélög í aðildarríkjum ESB til farþega- og fraktflugs milli Evrópu og Bandaríkjanna. Jafnframt var í byrjun þessa árs undirritaður loftferðasamningur við Indland og stefnt er að undirritun norræns loftferðasamnings milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á næstunni. Í tengslum við það er ríkur áhugi á að leita eftir sams konar samningum við Færeyjar og Grænland.

Áfram verður unnið að því að leita eftir viðræðum við önnur ríki sem flugrekendur hafa lagt áherslu að gerðir verði loftferðasamningar við og að aðild Íslands að fleiri samningum sem ESB og aðildarríki þess hafa gert við þriðju ríki.

Fjárfestingasamningar

Ísland hefur gert ellefu fjárfestingasamninga og er einn þeirra hluti af fríverslunarsamningi við Singapúr. Fjárfestingasamningar eru gerðir til að veita erlendum fjárfestum réttarvernd, þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki sem þeir fjárfesta í og geti gætt hagsmuna sinna fyrir dómstólum. Þannig ýta fjárfestingasamningar undir erlendar fjár-

festingar. Ísland sækist eftir því að hafa greinar í fríverslunarsamningum sem eru ígildi fjárfestingasamnings, en oft vilja samningsaðilar fremur gera sérstaka samninga um vernd fjárfestinga.

Ísland og Albanía annars vegar og Ísland og Tyrkland hins vegar hafa skipst á skriflegum tillögum að texta fjárfestingasamnings og er til skoðunar að hefja formlegar viðræður við þau ríki. Einnig stóðu yfir umleitanir um gerð fjárfestingasamnings við Marokkó fyrir nokkrum árum, en þeim viðræðum var ekki haldið áfram. Á þessu og síðasta ári hafa komið fram beiðnir um gerð fjárfestingasamninga frá stjórnvöldum í Benín og Makedóníu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um viðræður við þessi ríki.

Tvísköttunarsamningar og upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála

Með tvísköttunarsamningum er reynt að koma í veg fyrir tvískattlagningu sömu tekna eða eigna, koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu og jafnframt að örva fjárfestingar á milli landa.

Á árinu 2009 var lokið við gerð tvísköttunarsamninga við Albaníu og Katar. Þar með er Ísland orðið aðili að 38 tvísköttunarsamningum við 41 erlent ríki, en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna. Alls bíða 6 tvísköttunarsamningar fullgildingar og er ferli við fullgildingu þeirra misjafnlega langt á veg komið.

Frá árinu 2006 hefur starfað stýrihópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem vinnur að gerð samninga við lágskattaríki um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Upplýsingaskiptasamningar þessir eru mikilvæg tæki fyrir skattyfirvöld, en á grundvelli þeirra geta skattyfirvöld óskað eftir upplýsingum um skattskyldar eignir og tekjur sem íslenskir skattaðilar eiga í lágskattaríkjum. Á árinu 2009 voru undirritaðir tíu upplýsingaskiptasamningar við eftirtalin ríki: Angvilla, Arúba, Bermúda, Bresku Jómfrúreyjar, Cayman-eyjar, Cooks-eyjar, Gíbraltar, Hollensku Antillaeyjar, Samóa og Turks- og Caicos-eyjar.

Upplýsingaskiptasamningar sem undirritaðir voru við Guernsey og Jersey í október 2008 voru fullgiltir á árinu 2009 og komu til framkvæmda 1. janúar 2010. Líklegt er að mun fleiri upplýsingaskiptasamningar verði undirritaðir á árinu 2010 en árið áður. Er markmiðið að ná samningum við öll þau ríki sem OECD hefur skilgreint sem lágskattaríki/bankaleyndarríki á næstu tveimur árum.

7.4.2. Tvíhliða viðskiptasamráð

Reglulega eru haldnir viðskiptasamráðsfundir með háttsettum embættismönnum frá Bandaríkjunum, Japan, Kína, Póllandi, Rússlandi og Þýskalandi. Fyrsti fundurinn með Bandaríkjunum var haldinn á grundvelli samnings um samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga milli Íslands og Bandaríkjanna sem undirritaður var 15. janúar 2009.

Viðskiptasamráðsfundirnir eru vettvangur þar sem hagsmunum útflutningsatvinnuveganna er sinnt. Samkvæmt ábendingum frá atvinnulífinu er reynt er að greiða leið fyrir ýmis konar viðskiptatækifæri eða vinna gegn hindrunum sem atvinnugreinar eða einstök fyrirtæki hafa mætt. Þá eru fundirnir nýttir til að þrýsta á um samningaviðræður og til að mynda mikilvæg tengsl innan stjórnsýslunnar.

Á síðustu 12 mánuðum voru haldnir fundir með Bandaríkjunum, Japan, Póllandi, Rússlandi, og Þýskalandi og fyrirhugaðir eru fundir með a.m.k. sömu löndum á næstu 12 mánuðum. Sem dæmi um árangur slíkra viðræðna má nefna að í kjölfar samráðsfunda með Rússlandi náðust samningar um gagnkvæma viðurkenningu á heilbrigðiskröfum í viðskiptum

með kjöt og fisk milli ríkjanna, en þeir samningar voru undirritaðir í janúar í kjölfar fundar í desember. Þessir samningar eru mikill áfangi og hagsmunamál fyrir íslenska útflytjendur.

7.5. Viðskiptaþjónustan, stofnun Íslandsstofu og þátttaka Íslands á Expó 2010

Stofnsetning Íslandsstofu, sem kveðið er á um í nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi í apríl sl., er mikilvægt skref í að samræma og efla markaðs- og kynningarstarf opinberra aðila og einkaaðila. Mun stofnun Íslandsstofu gera viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins enn markvissari.

Íslandsstofa verður stofnuð á grunni Útflutningsráðs, en verkefnin munu verða umfangsmeiri en áður. Í fyrsta lagi mun Íslandsstofa fá það hlutverk að laða til landsins erlenda ferðamenn. Í öðru lagi er Íslandsstofu ætlað að setja skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu og þekkingariðnaði koma til samstarfs við hið opinbera um að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Í lögunum kemur fram að halda skuli stofnfund Íslandsstofu innan 8 vikna frá gildistöku laganna og má því ætla að hann fari fram eigi síðar en í lok júní nk.

Segja má að fyrsta skrefið í átt að aukinni samvinnu opinberra aðila um markaðs- og kynningarmál hafi verið stigið árið 2003 þegar Útflutningsráð Íslands og utanríkisráðuneytið gerðu með sér samning um stóraukið samstarf sem skýrði verkaskiptingu og bætti þjónustu við fyrirtæki í útflutningi. Þá skilaði nefnd, sem forsætisráðherra skipaði, niðurstöðum í mars 2008. Rauði þráðurinn í niðurstöðum hennar var að styrkja þyrfti og samhæfa ímyndar- og kynningarmál þjóðarinnar og koma fyrir á einum stað í stjórnsýslunni. Nýju lögin koma til móts við hugmyndir um aukið samstarf opinberra aðila og atvinnulífsins, markvissari nýtingu fjármuna, aukna samhæfingu og öflugri þjónustu.

Lögin munu kalla á aukið samstarf utanríkisþjónustunnar við Íslandsstofu, en allar sendiskrifstofur Íslands sinna hagsmunum íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum. Lykilþættir til árangurs eru náin tengsl sendiskrifstofa við erlenda markaði og stjórnvöld og staðarþekking starfsfólks. Viðskiptaþjónustan og sú ráðgjöf sem hún veitir íslenskum fyrirtækjum er þeim mikil lyftistöng. Sendiskrifstofurnar taka þátt í landkynningu ýmiss konar og viðskiptatækifærum er komið á framfæri. Íslenskt atvinnulíf hefur þar að auki aðgang að þjónustuneti um 250 kjörræðismanna Íslands erlendis.

Í sjö sendiskrifstofum starfa sérstakir viðskipta- og ferðamálafulltrúar, þ.e. í Bretlandi, Danmörku, Japan, Kína, Rússlandi, Þýskalandi og á Indlandi. Meginverkefni þeirra er gerð markaðskannanna, mat á samkeppnishæfni vara og þjónustu á tilteknum mörkuðum, leit að samstarfsaðilum og tengslamyndun. Einnig veita þeir aðstoð við að koma á fundum og tengslum við erlend stjórnvöld og annast skipulagningu viðskiptahvetjandi viðburða, þ.m.t. landkynning og ráðstefnur um íslensk málefni. Eftirspurn eftir þjónustu þeirra er fyrst og fremst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru í örum vexti og háð útflutningi. Viðskipta- og ferðamálafulltrúarnir svara einnig fjölda fyrirspurna erlendra aðila og greina og fylgja eftir viðskiptatækifærum ýmiss konar sem geta m.a. falist í möguleikum á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi. Áhersla á ferðaþjónustu hefur verið aukin markvisst síðastliðið ár og jarðvegurinn þannig undirbúinn fyrir stofnun Íslandsstofu sem verður að veruleika innan tíðar. Um hlutverk Íslandsstofu í því að efla orðspor Íslands er fjallað í kafla 8.2.

Heimssýningar eru vettvangur fyrir þjóðir heims til að treysta samskipti sín á sviði viðskipta, stjórnmála, vísinda og menningar. Þátttaka Íslands í heimssýningunni í Sjanghæ ber yfirskriftina „Hrein orka – heilbrigt líferni“. Tilgangur hennar er að styrkja ímynd Íslands

erlendis með áherslu á landkynningu á sviði endurnýjanlegrar orkuframleiðslu, ferðamála, hönnunar og hugvits.

Sýningin var opnuð 1. maí sl. en um sextíu íslensk fyrirtæki og stofnanir koma með einum eða öðrum hætti að henni. Viðskiptamiðstöð er starfrækt í íslenska sýningarskálanum þar sem kostur er á ráðgjöf, túlkun og vildarþjónustu fyrir gesti íslenskra aðila, auk funda- og ráðstefnuaðstöðu.

Alls taka 190 þjóðir þátt í heimssýningunni, auk um sextíu alþjóðastofnana. Er hún umfangsmesta heimssýning sem haldin hefur verið til þessa. Gert er ráð fyrir að 70 milljónir gesta sæki sýninguna sem stendur til loka október nk. Þátttaka Íslands í Expó hefur þegar skilaðumtalsverðri kynningu á Íslandi í Kína en síðustu fjóra mánuðina fyrir opnun heimssýningarinnar birtust tæplega hundrað umfjallanir um þátttöku Íslands í kínverskum fjölmiðlum.

Ríkisstjórn Íslands ákvað í janúar 2008 að taka þátt í heimssýningunni. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 620 m.kr., en gert var ráð fyrir að fyrirtæki, sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar bæru hluta af þeim kostnaði. Í ljósi breyttra aðstæðna haustið 2008 var ákveðið að skera kostnaðaráætlun niður í 210 m.kr. og að þar af yrði framlag ríkisins 140 m.kr. Leigður var helmingi minni sýningarskáli en áður var áformað og framsetning sýningarinnar einfölduð.

8. UPPLÝSINGASTARF, MENNINGARMÁL OG ORÐSPOR

Eftir bankahrunið í október 2008 blasti við að gera yrði betur í kynningu á málefnum Íslands erlendis. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eitt meginverkefna utanríkisþjónustunnar á næstu árum verði að endurheimta orðspor Íslands á alþjóðavettvangi, byggja upp ímynd lands og þjóðar á grundvelli þekkingar, menningar og mannauðs og styðja við markaðssókn íslenskra fyrirtækja.

Utanríkisráðuneytið hefur á síðustu misserum samræmt málflutning og eflt upplýsinga- og kynningarstarf utanríkisþjónustunnar erlendis, lagt grunn að stofnun Íslandsstofu, sem efla mun enn frekar kynningar- og markaðsstarf Íslands erlendis, komið á skýrri umgjörð um menningarstarf utanríkisþjónustunnar og unnið að þátttöku Íslands í stærri verkefnum á borð við heimssýninguna Expó 2010 í Sjanghæ og heiðursþátttöku Íslands á bókasýningunni í Frankfurt árið 2011.

8.1. Upplýsingastarf utanríkisþjónustunnar – skipulag og helstu verkefni

Eitt af meginhlutverkum utanríkisráðuneytisins er kynning á Íslandi og málefnum Íslands erlendis. Á sviði stjórnmála og efnahagsmála hafa utanríkisráðherra, utanríkisráðuneyti og sendiráð og fastanefndir sinnt þessu hlutverki með samskiptum við erlend stjórnvöld og fjölþjóðastofnanir. Hinu viðskiptalega og menningarlega þjónustu- og kynningarhlutverki hefur verið sinnt í samstarfi við stofnanir á borð við Útflutningsráð Íslands og Ferðamálastofu, auk kynningarmiðstöðva listgreina og ýmissa annarra samstarfsaðila. Þetta starf beinist fyrst og fremst að fyrirtækjum og samtökum þeirra erlendis, menningarstofnunum, fjölmiðlum og fleirum og er í samræmi við lögbundið hlutverk utanríkisþjónustunnar.

Skipulag upplýsingastarfs

Í nóvember 2009 var skrifstofa upplýsingamála sett á fót í utanríkisráðuneytinu. Hlutverk skrifstofu upplýsingamála er að hafa umsjón með og tryggja markvissa miðlun upplýsinga erlendis um stefnu og áherslur Íslands í utanríkismálum og vinna að eflingu orðspors Íslands.

Skrifstofan sér um samskipti við erlenda og innlenda fjölmiðla og ber ábyrgð á heimasíðum utanríkisráðuneytisins. Hún mun í samstarfi við samninganefnd Íslands sinna upplýsingastarfi vegna fyrirhugaðra aðildarviðræðna Íslands við ESB, eins og fjallað er um í kafla 4.3.6., og ber ábyrgð á menningarstarfi utanríkisþjónustunnar.

Utanríkisráðuneytið átti frumkvæði að starfi samráðshóps stjórnarráðsins um upplýsingamál. Í samráðshópnum eiga sæti auk utanríkisráðuneytisins fulltrúar forsætis-, efnahags- og viðskipta-, og fjármálaráðuneytisins. Hlutverk hópsins hefur verið að stilla saman strengi innan stjórnarráðsins varðandi viðbrögð við erlendri fjölmiðlaumfjöllun um endurreisn efnahagslífsins, s.s. um samstarfið við AGS og Icesave-málið, og skipuleggja fjölmiðlasamskipti þannig að rödd Íslands heyrist í þeim miðlum sem mestu skipta. Samráðshópurinn hefur reitt sig á fjölmiðlavöktun sendiráða Íslands erlendis, sem og þjónustu almannatengslafyrirtækja í Bretlandi, Hollandi og á Íslandi.

Þá er utanríkisráðuneytið samstarfsaðili og styrkir starf stofnana og félaga á borð við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Hafréttarstofnum, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og UNIFEM á Íslandi. Í þessu samstarfi hefur utanríkisráðuneytið miðlað upplýsingum um viðfangsefni íslenskra utanríkismála s.s. með því að standa fyrir opnum fundum og ráðstefnum í samstarfi við viðkomandi stofnanir og félög.

Upplýsingastarf tengt endurreisninni

Allt síðasta ár vann utanríkisráðuneytið í samvinnu við fjármálaráðuneytið og efnahags- og viðskiptaráðuneytið við að upplýsa samstarfsríki og hlutaðeigandi fjölþjóðastofnanir um stöðu og horfur í efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og sjónarmið Íslands í Icesave-málinu. Utanríkisráðherra hefur eðli málsins samkvæmt verið í lykilhlutverki í þessu kynningarstarfi eins og rakið er í kafla 1.2. Hann hefur átt hátt í 70 fundi með utanríkisráðherrum annarra ríkja og veitt erlendum fjölmiðlum viðtöl. Þetta starf hefur verið þýðingarmikið til að endurheimta trúverðugleika Íslands á alþjóðavettvangi. Þá hélt efnahags- og viðskiptaráðherra, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í viðkomandi ríkjum, kynningarfundi á árinu 2009 í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Finnlandi, um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi, auk þess að funda með þarlendum ráðamönnum og veita fjölmiðlum viðtöl.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave

Upplýsingamiðlun um stöðu Icesave-málsins og sjónarmið Íslands hefur ekki síður verið mikilvæg. Fulltrúar utanríkisþjónustunnar hafa fundað reglulega með fulltrúum annarra ríkja um þessi mál. Þannig hefur verið tryggt að stjórnvöld í öðrum ríkjum fá upplýsingar beint frá Íslandi en ekki í gegnum misáreiðanlegar fréttir í erlendum fjölmiðlum. Þegar forseti Íslands synjaði Icesave-lögunum staðfestingar hinn 5. janúar sl. samræmdi samráðshópur stjórnarráðsins um upplýsingamál aðgerðir í upplýsingamálum. Í framhaldi af því undirbjó samráðshópurinn fjölmiðlasamskipti vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin. Utanríkisráðuneytið starfrækti fjölmiðlamiðstöð fyrir erlenda blaðamenn í Iðnó en á annað hundrað erlendir fjölmiðlamenn frá um fimmtíu fjölmiðlum komu til Íslands vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Í fjölmiðlamiðstöðinni var aðstaða fyrir erlenda blaðamenn, auk þess sem hún var vettvangur fyrir stjórnvöld, hópa og einstaklinga til að koma málstað sínum á framfæri. Þannig var unnt að koma á framfæri öðrum mikilvægum upplýsingum, s.s. um stöðu íslenskra efnahagsmála og um ný tækifæri í atvinnusköpun s.s. á sviði nýsköpunar- og sprotastarfsemi,

svo fátt eitt sé nefnt. Ljóst er að koma erlendra fréttamanna til Íslands skilaði sér í yfirvegaðri umfjöllun og meiri skilningi á stöðu og sjónarmiðum Íslands í Icesave-málinu. Alvarlegra staðreyndavilla gætti minna en áður og samstarf og þjónusta við fréttamenn styrkti enn frekar tengslanet utanríkisráðuneytisins við erlenda fjölmiðla.

Eldgos í Eyjafjallajökli

Raskanir á flugi vegna eldgossins í Eyjafjallajökli beindu athygli umheimsins enn á ný að Íslandi. Tæplega tvö hundruð fréttamenn frá um áttatíu fjölmiðlum komu til Íslands vegna gossins en ekki hafa komið jafnmargir fjölmiðlamenn til landsins vegna einstaks atburðar frá leiðtogafundinum í Höfða árið 1986. Utanríkisráðuneytið lagði Almannavörnum til fjölmiðlafulltrúa og þýðendur en settar voru upp miðstöðvar fyrir erlenda fréttamenn í stjórnstöð Almannavarna í Skógarhlíð og á Hvolsvelli. Hagsmunaaðilar og aðrir hlutaðeigandi fengu daglega upplýsingar um stöðu mála og aðgerðir stjórnvalda sem þau miðluðu í heima- og umdæmislöndum sínum. Komið var á fót samráðshópi stjórnvalda og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu um samstarf og aðgerðir til að bregðast við erlendri fjölmiðlaumfjöllun um Ísland vegna eldgossins og koma á framfæri réttum og hófstilltum upplýsingum um að öryggi á Íslandi væri tryggt og að íslenskt samfélag gengi að mestu sinn vanagang. Utanríkisráðuneytið á sæti í stýrihópi markaðsátaks íslenskra stjórnvalda og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, sem iðnaðarráðuneytið stýrir.

Annað upplýsingastarf

Frá bankahruninu hefur utanríkisráðuneytið lagt ríka áherslu á upplýsingamiðlun til sendiráða í Reykjavík og erlendra sendiráða gagnvart Íslandi sem hafa aðsetur utan Íslands. Sendiherrar erlendra ríkja eða fulltrúar þeirra hafa reglulega verið boðaðir til fundar um þau mál sem eru efst á baugi. Með þessum hætti er leitast við að tryggja að erlendu sendiráðin upplýsi stjórnvöld í höfuðborgum sínum um áherslur og afstöðu íslenskra stjórnvalda en reiði sig ekki einungis á innlenda og erlenda fjölmiðlaumfjöllun. Kjörræðismenn Íslands erlendis hafa sömuleiðis reglulega verið upplýstir um stefnu stjórnvalda og stöðu og horfur á Íslandi sem hefur gert þeimkleift að tala máli Íslands.

Utanríkisráðuneytið hefur unnið að því að samræma málflutning fulltrúa íslenskra stjórnvalda í samskiptum við útlönd. Stjórnsýslan hefur haft aðgang að upplýsingaefni sem ráðuneytið hefur tekið saman. Í upphafi árs vann utanríkisráðuneytið hnitmiðaðar samantektir um þau mál sem eru efst á baugi, s.s. um efnahagsáætlun Íslands, rannsókn bankahrunsins, umbætur á fjármálamarkaði o.fl. Þessi gögn hafa nýst vel í kynningu á málstað Íslands erlendis, bæði gagnvart erlendum fjölmiðlum og stjórnvöldum, og eru aðgengileg á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

Unnið hefur verið markvisst að því að efla enn frekar tengslanet utanríkisráðuneytisins við erlenda fjölmiðla. Eins og getið er að framan hefur vel á annað hundruð fjölmiðla og rúmlega þrjú hundruð fjölmiðlamenn komið til landsins annað hvort vegna bankahrunsins og eldgossins. Flestir þeirra hafa verið í beinu sambandi við fjölmiðlafulltrúa utanríkisráðuneytisins. Þetta tengslanet nýtist vel til að koma upplýsingum frá Íslandi á framfæri.

Ráðuneytið leggur sömuleiðis áherslu á upplýsinga- og kynningarstarf innanlands. Höfuðáhersla er lögð á að tryggja gagnsæi og gott aðgengi almennings að upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar. Heimasíðu ráðuneytisins var gefið nýtt útlit í mars 2010 og nýtist hún vel til að miðla og halda til haga upplýsingum. Unnið er að uppfærslu annarra heimasíðna sem heyra undir utanríkisráðuneytið. Í tengslum við menningarnótt í ágúst 2009 var aftur

boðið upp á opið hús í utanríkisráðuneytinu sem var nýbreytni í stjórnarráðinu árið áður. Yfir þúsund manns nýttu tækifærið og kynntu sér starfsemi ráðuneytisins. Þá taka ráðuneytið og sendiráðin árlega á móti fjölda hópa, íslenskra og erlendra, s.s. námsmanna á öllum skólastigum, fyrirtækja og stofnana.

Það er stefna utanríkisþjónustunnar að opna dyr sínar enn frekar og efla upplýsingamiðlun til almennings. Í nágrannaríkjum Íslands er upplýsingamiðlun stjórnvalda að færast hratt yfir á heimasíður og vefmiðla, þ.á m. með notkun svokallaðra samfélagslegra miðla sem kallar að sumu leyti á óhefðbundin vinnubrögð af hálfu stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið fylgist grannt með þessari þróun og hefur sett sér það markmið að nota nútímatækni eins og kostur er í upplýsingamiðlun.

8.2. Íslandsstofa og orðspor Íslands

Hinn 29. apríl sl. samþykkti Alþingi ný lög um Íslandsstofu. Með lögunum er lagður grunnur að samstarfsvettvangi fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um mótun stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu styrkir jákvæð ímynd útflutningsstarfsemi og laðar að erlenda ferðamenn og fjárfesta til landsins, sjá einnig kafla 7.5.

Stofnun Íslandsstofu er mikilvægur liður í því að efla orðspor Íslands á alþjóðavettvangi og hún er þannig hluti af viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við hruninu. Ísland þarf á góðu orðspori að halda, hvort sem litið er til viðskipta, stjórnmála, menningar eða öryggis íslenskra ríkisborgara, og þess vegna er markvisst og samræmt upplýsinga- og kynningarstarf mikilvægt. Innan Íslandsstofu munu starfa þeir aðilar, opinberir og úr atvinnulífinu, sem atkvæðamestir eru í kynningu á Íslandi og íslenskum málefnum erlendis. Þetta eru Útflutningsráð og Fjárfestingastofa og Ferðamálastofa, auk utanríkisþjónustunnar með sendiskrifstofur Íslands erlendis.

Gert er ráð fyrir að samstarfið innan vébanda Íslandsstofu muni framkalla jákvæð samlegðaráhrif í rekstri og verkefnum og þannig megi ná meiri árangri fyrir sama fé. Ekki er síður mikilvægt að tilkoma Íslandsstofu tryggi að frá Íslandi fari samstillt og umfram allt raunsönn skilaboð um land og þjóð. Stjórn Íslandsstofu mun leggja línur fyrir sértækt starf hennar að eflingu orðspors Íslands. Utanríkisráðherra lagði áherslu á, í umræðum á Alþingi um Íslandsstofufrumvarpið, að ímynd og orðspor gæti aðeins byggst á raunverulegum styrkleikum og engu öðru. Náin samvinna stjórnvalda og atvinnulífs á vettvangi Íslandsstofu leggur grunninn að því að sammæli geti skapast um með hvaða hætti efla megi orðspor Íslands erlendis. Allt kynningar- og markaðsstarf tengist orðspori og ímynd Íslands með beinum og óbeinum hætti og því er mikilvægt að til þess sé vandað og það sé hófstillt.

Í þessu samhengi er ljóst að íslensk menning mun skipa stóran sess í starfi Íslandsstofu. Gert er ráð fyrir að kynning á íslenskri menningu og viðskipti með menningartengdar afurðir erlendis geti fundið sér farveg innan hennar og munu sendiskrifstofur Íslands erlendis vinna náið með Íslandsstofu að slíkum verkefnum. Þannig má ætla að tilkoma Íslandsstofu geti styrkt til muna starf kynningarmiðstöðva íslenskra listgreina sem njóti góðs af samlegðaráhrifum og styrk hinnar nýju stofnunar. Þannig er áfram stutt við hið gróskumikla menningarstarf og menningarútflutning sem rutt hefur sér til rúms á síðustu árum.

8.3. Menningarstarf utanríkisþjónustunnar

Menningarstarf er vaxandi þáttur í starfsemi sendiráða en þau komu að framkvæmd hundraða viðburða og verkefna á því sviði um allan heim á liðnu ári. Sendiráðin styðja eftir

föngum við listafólk og listviðburði í samstarfi við innlenda og erlenda menningaraðila. Þau styðja við fyrirtæki á sviði skapandi greina, kynna Ísland sem menningaráfangastað og aðstoða við undirbúning kynnisheimsókna til Íslands sem eflt geta samstarf íslenskra og erlendra listamanna og menningarstofnana.

Utanríkisráðuneytið hefur á liðnu ári eflt umgjörð, áætlanagerð og innlent og erlent samráð um menningarstarf. Menningarfulltrúi ráðuneytisins hefur víðtækt samráð innanlands, ekki síst við kynningarmiðstöðvar, menningarstofnanir og listamenn. Menningarstarf sendiráða er nú byggt á starfsáætlunum, mótaðar hafa verið verklagsreglur, og faglegt mat liggur til grundvallar styrkveitingum. Listamenn og fyrirtæki á sviði skapandi greina geta nýtt sér þjónustu sendiráða og viðskiptaþjónustu þeirra ef svo ber undir. Menningarstarf utanríkisþjónustunnar er metið til árangurs og er væntanleg skýrsla um árangur starfsins.

Helstu verkefni á árinu 2009

Sendiskrifstofur Íslands erlendis stóðu fyrir og veittu stuðning fjölda menningarviðburða á liðnu ári. Þær komu á tengslum íslenskra og erlendra menningaraðila, þ.á m. fjölmiðla. Nefna má dæmi af tveimur umfangsmiklum tónlistarverkefnum, *Norðrinu* í Þýskalandi og *Made in Iceland* í Bandaríkjunum, sem bæði skiluðu góðum árangri. Verkefnin, sem Útflutningsskrifstofa tónlistar leiddi í samstarfi við sendiráðið í Berlín og ræðisskrifstofuna í New York, var styrkt af opinberum sjóðum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Einnig má nefna stuðning við útgáfu og dreifingu bókarinnar *Icelandic art today* um íslenska samtímamyndlist sem hefur verið kynnt sérstaklega í sendiráðum Íslands erlendis. Þá var á liðnu ári undirritað menningarsamkomulag við Indland sem á að greiða fyrir samstarfi landanna á sviði menningar, menntunar og vísinda.

Sóknarverkefni á árinu 2010

Samráðshópur utanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis um menningarstarf erlendis mótaði á árinu 2009 stefnu um menningarstarf sendiráða fyrir næstu ár. Auk fjölda menningarverkefna sem ráðgerð eru er lögð áhersla á þrjú sóknarverkefni sem unnin eru í samstarfi kynningarmiðstöðva og sendiráða.

Bókmenntakynning sendiráða tengist *Sögueyjuverkefninu,* heiðursþátttöku Íslands í Frankfurt á næsta ári, og styður beint við sókn íslenskra höfunda og bókaútgefenda á erlenda markaði. *Íslensk samtímahönnun* er farandsýning sem Hönnunarmiðstöð Íslands skipuleggur í samstarfi við sendiráð og erlendar hönnunarstofnanir sýnir brot af því helsta í íslenskri vöruhönnun og arkitektúr. Tilraunaverkefnið *Samtímalist í sendiráðin* hófst síðastliðið haust í samstarfi Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Listasafns Íslands og sendiráða Íslands í Peking, Berlín, Kaupmannahöfn og París. Valin eru listaverk eftir íslenska samtímamyndlistarmenn til að hafa tímabundið í viðkomandi sendiráðsbústöðum. Markmiðið er að kynna íslenska samtímamyndlist og styðja við viðkomandi listamenn í þessum löndum.

Sögueyjan – heiðursþátttaka Íslands í bókasýningunni í Frankfurt 2011

Ísland verður heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt árið 2011 og hefur verkefnið verið nefnt *Sögueyjan.* Bókasýningin í Frankfurt er stærsta bókakaupstefna heims og er Ísland fyrst Norðurlanda til að skipa heiðurssess þar. Um er að ræða einstakt tækifæri til að koma íslenskri bókmenningu og bókmenntum á framfæri. Einnig verður lögð áhersla á önnur svið menningar en fyrirhugað er að efna til myndlistar- og ljósmyndasýningar, tónleika og sýna kvikmyndir í samstarfi við þýskar menningarstofnanir. Ætla má að mikill fjöldi þýskra

fjölmiðla heimsæki Ísland í tengslum við verkefnið fram til haustsins 2011 sem skili sér í aukinni umfjöllun um Ísland í þýskum fjölmiðlum. Verkefnið er á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

9. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

Rekstur utanríkisþjónustunnar, aðalskrifstofu og sendiráða, var innan fjárheimilda á árinu 2009 eins og árið 2008. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu hagræðingarátaki á öllum sviðum og með áframhaldandi ráðdeild í rekstri.

9.1. Hagræðing í utanríkisþjónustunni

Utanríkisráðuneytið hefur allt frá hruni tekið erfiðar en nauðsynlegar ákvarðanir um niðurskurð á fjárlögum sínum í því samstillta átaki stjórnvalda að ná tökum á fjárlagahallanum. Haustið 2008 átti utanríkisráðuneytið frumkvæði að 2.387 m.kr. niðurskurði á fjárlögum ráðuneytisins fyrir árið 2009 eða sem nam 23% af fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Þetta var gert áður en niðurskurðarkröfur voru settar á öll ráðuneyti og skar ráðuneytið niður langt umfram það sem krafa var gerð um. Var ákveðið að ganga svo hart fram m.a. vegna þess hve stór hluti kostnaðar utanríkisráðuneytisins fellur til í erlendum gjaldeyri eðli málsins samkvæmt.

Sendiskrifstofum Íslands í Pretoríu, Strassborg og Róm var lokað á árinu 2009 og sinnir sendiráðið í París nú fyrirsvari Íslands gagnvart Evrópuráðinu og gagnvart Ítalíu, en fyrirsvar gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm fluttist til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins í Reykjavík. Útsendum starfsmönnum var fækkað við sendiráðin í París og Nýju-Delí, og við sendiskrifstofurnar í New York, Vín og Tókýó. Þessi niðurskurður hefur óhjákvæmilega dregið úr getu Íslands til þátttöku í mikilvægu alþjóðastarfi sem hefur verið mætt með enn skýrari forgangsröðun verkefna.

Á sama tíma var ákveðið að setja þrjá sendiráðsbústaði á sölu. Á árinu 2009 var gengið frá sölu sendiráðsbústaðanna í New York og London og er ætlunin að kaupa ódýrara húsnæði í þeirra stað. Nettótekjur af sölu bústaðanna, eftir kaup á nýjum eignum, eru áætlaðar um 700–800 m.kr. sem munu renna í ríkissjóð. Sendiherrabústaðurinn í Washington hefur verið á sölu frá haustinu 2008 en viðunandi tilboð hefur ekki fengist.

Niðurskurðinum sem gerður var haustið 2008 var fylgt eftir með 2% viðbótarniðurskurði innan ársins 2009 sem gerður var á rekstrarliðum ráðuneytisins og stofnana þess. Fjárheimildir ráðuneytisins fyrir árið 2010 voru í kjölfarið skornar niður um 1.442 m.kr. eða um 16,4%. Þessi niðurskurður mun m.a. felast í lækkun ferða- og launakostnaðar, lækkun húsnæðiskostnaðar sendiskrifstofanna og enn frekari fækkun útsendra starfsmanna, í þetta sinn í New York, Washington og í fastanefndinni hjá NATO. Þess má geta að á síðustu fjórum árum hefur útsendum starfsmönnum á sendiskrifstofum Íslands erlendis verið fækkað um 21. Búa sendiskrifstofur nú almennt við lágmarksmönnun, ekki síst með hliðsjón af því að samfara því að starfsfólki hefur verið fækkað hefur álagið á sendiskrifstofur aukist vegna aukinna verkefna og með flutningi verkefna frá starfsstöðvum sem hefur verið lokað.

Umtalsverður árangur náðist einnig hvað varðar ferðakostnað utanríkisráðuneytisins en hann lækkaði um 37% frá árinu 2008 til ársins 2009, með því að gæta ýtrasta aðhalds í þessum efnum sem öðrum. Leitast hefur verið við að nýta fjarfundabúnað þegar kostur er og hefur fjárfesting í þeim tækjabúnaði þegar borgað sig upp. Þá hefur starfsmönnum sendiskrifstofa í vaxandi mæli verið falin fundarseta erlendis fyrir sérfræðinga úr íslensku stjórnsýslunni. Slíku fyrirkomulagi eru þó takmörk sett í ljósi þess að útsendum starfsmönnum

hefur fækkað og álag á sendiskrifstofum er mikið. Einnig ber að varast þá hugsun að starfsmenn sendiráða geti komið í stað sérfræðinga á mismunandi sviðum til lengri tíma litið.

Ráðuneytið hefur sett sér langtímamarkmið um að lækka enn frekar húsnæðiskostnað sendiskrifstofa. Sendiráðið í París flutti þannig í minna og hagkvæmara húsnæði á árinu 2009 sem skilar kostnaðarlækkun til langs tíma. Þá var sendiráðið í Washington flutt í minna húsnæði en þar er sænska sendiráðið sömuleiðis til húsa. Einnig hefur verið gengið frá framleigu á hluta skrifstofuhúsnæðis sendiskrifstofa Íslands í Tókýó og í New York. Á árinu 2009 var jafnframt ráðist í sérstakt átak með það fyrir augum að semja um lækkun húsaleigu til lengri sem skemmri tíma. Meirihluti sendiskrifstofa náði fram umtalsverðum sparnaði með þessum hætti.

Ráðuneytið hefur tekið virkan þátt í sparnaðarátaki ríkisstjórnarinnar í ríkisrekstri sem ráðist var í á haustdögum 2009. Einn þáttur verkefnisins var mótun sparnaðar- og umbótaverkefna sem fólst í að leitað var til allra starfsmanna um hugmyndir sem unnið var úr og verkefni mótuð. Verkefnið skilaði ágætum árangri ofan á aðrar aðhaldsaðgerðir og hafði einnig góð áhrif á kostnaðarvitund starfsmanna.

Ráðuneytið hefur einnig dregið saman í launakostnaði. Lögð var 3–10% launalækkun á almenna starfsmenn ráðuneytisins en embættismenn tóku launalækkun samkvæmt ákvörðun Kjararáðs sem nemur 5–15%.

Framlög til þróunarmála og alþjóðastofnana nema rúmum tveimur þriðju fjárlaga utanríkisráðuneytisins. Ekki hefur verið hjá því komist að skera niður framlög til þeirra málaflokka frekar en annarra. Staðið hefur verið að niðurskurði á þann hátt að íslensk stjórnvöld standa við allar skuldbindingar sínar en takast ekki á hendur nýjar skuldbindingar. Í fjárlögum ráðuneytisins fyrir árið 2010 eru framlög til þessara málaflokka skorin niður um 624 m.kr. eða sem nemur 43% af heildarniðurskurði ráðuneytisins það ár. Litið er á niðurskurð til þróunarmála sem tímabundna ráðstöfun enda er það vilji íslenskra stjórnvalda að vera í hópi þeirra ríkja sem leggja hlutfallslega mest til þróunarmála, sjá nánar umfjöllun í kafla 6.

Á sama tíma og dregið hefur verið saman í rekstri utanríkisráðuneytisins hefur vinna verið hafin í ráðuneytinu að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu, sem nánar er fjallað um í kafla 4. Verkefnið er umfangsmikið, líklega eitt hið stærsta sem stjórnarráðið hefur tekist á við. Sérstakar fjárveitingar hafa fengist vegna umsóknarferlisins en utanríkisráðuneytið hefur jafnframt mætt auknu álagi í Evrópumálunum með forgangsröðun verkefna og tilfærslu starfsmanna innan utanríkisþjónustunnar.

Alþjóðlegu efnahagskreppunni hefur jafnframt fylgt aukið álag á ráðuneyti og sendiskrifstofur, sem sinnt hafa mikilvægu starfi við hagsmunagæslu og kynningu á málstað Íslands gagnvart erlendum ríkjum og alþjóðastofnunum, sjá nánar kafla 1 og kafla 8.

Ljóst er að sá niðurskurður sem lýst er hér að ofan hefur óhjákvæmilega áhrif á störf utanríkisþjónustunnar. Við slíkar aðstæður myndast jafnframt ákveðin hætta á að missa til annarra starfa mikilhæfa starfsmenn ef ekki er vel að gætt. Núverandi aðstæður í utanríkismálum Íslands hafa haft í för með sér aukið álag á starfsmenn samhliða því að kjör þeirra hafa verið skert.

Viðauki I – Framlög til þróunarmála

Áætluð framlög til þróunarsamvinnu 2009		m kr
Þróunarsamvinnustofnun Íslands		**1.747,8**
Aðalskrifstofa	*118,5*	
Namibía	*290,1*	
Mósambík	*203,2*	
Malaví	*396,4*	
Úganda	*373,4*	
Níkaragva	*188,7*	
Srí Lanka	*92,5*	
Önnur þróunaraðstoð	*85,1*	
Friðargæsla og uppbygging		**334,9**
Almennur kostnaður	*34,5*	
Undirbúningsnámskeið	*1,8*	
Kosningaeftirlit ÖSE	*3,4*	
Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin	*0,9*	
Srí Lanka	*2,1*	
Líbería	*26,0*	
Mið-Austurlönd	*51,0*	
Balkanskagi	*45,5*	
Afganistan	*117,9*	
Skammtímaverkefni WFP	*12,9*	
Skammtímaverkefni UNICEF	*20,7*	
Friðargæsla SÞ	*18,2*	
Sameinuðu þjóðirnar		**628,8**
UNICEF	*158,2*	
UNIFEM	*142,8*	
UNDP	*65,0*	
UNFPA	*59,0*	
OCHA	*33,9*	
UNHCR	*21,8*	
UNRWA	*48,4*	
FAO	*35,5*	
Annað samstarf með SÞ	*64,2*	
Skólar Háskóla SÞ á Íslandi		**449,8**
Jarðhitaskólinn	*230,8*	
Sjávarútvegsskólinn	*174,0*	
Landgræðsluskólinn	*45,0*	
Alþjóðabankinn		**464,1**
Samstarf í fiskimálum (PROFISH)	*69,6*	
Samstarf í orkumálum (ESMAP)	*51,3*	
Aðgerðaáætlun um jafnréttismál	*35,0*	
Alþjóðaframfarastofnunin	*235,0*	
Íslenskur ráðgjafasjóður (IFC)	*25,2*	
Annað samstarf með Alþjóðabankanum	*48,0*	
Frjáls félagasamtök		**119,2**
Önnur marghliða þróunaraðstoð		**227,0**
Annar kostnaður		**277,5**
Alls		**4.249,0**
Hlutfall af vergum þjóðartekjum		***0,32%***
**Áætlaðar vergar þjóðartekjur 5. mars 2010*		*1.338.924*
** Annað samstarf með SÞ: UNFVT, UNITAR, WHO, IAEA, WTO, WFP etc.*		
** Í tölum um frjáls félagasamtök eru innifaldar tölur sem veittar voru til frjálsra félagasamtaka erlendis.*		

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar félagasamtaka 2009 (m.kr.)

Úthlutun framlaga til félagasamtaka byggist á verklagsreglum um samstarf utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar. Reglurnar kveða m.a. á um fyrirkomulag umsóknarferlis, eðli verkefna sem studd eru, kröfur um meðferð fjármuna og eftirlit með framvindu verkefna. Óskað er umsókna tvisvar á ári, sem síðan eru metnar með tilliti til viðmiða og krafna sem fram koma í verklagsreglunum. Á árinu 2009 var styrkjum að upphæð 103 m.kr. úthlutað til neyðar- og mannúðaraðstoðar sbr. eftirfarandi yfirlit:

Rauði kross Íslands		**42,0**
Afganistan	5,0	
Gasa	4,0	
Malaví	7,0	
Mósambík	5,0	
Palestína	8,0	
Sierra Leone	8,0	
Srí Lanka	5,0	
Hjálparstarf kirkjunnar		**15,0**
Gasa	7,0	
Úganda	8,0	
SPES, Tógó		**14,7**
SOS-Barnaþorpin, Srí Lanka		**9,8**
Landsnefnd UNICEF, Austur Kongó		**8,0**
Barnaheill, Úganda		**7,0**
Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Kenýa		**6,5**
SAMTALS		**103,0**

1071. Svar [439. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um tannvernd grunnskólabarna.

1. *Hvað er talið að það kosti þjóðarbúið á ári að hefja aftur skólatannlækningar, grunnskólabörnum að kostnaðarlausu?*

Skólatannlækningar voru endanlega lagðar af í Reykjavík á árinu 2000 og fram til þessa hafa stjórnvöld ekki haft uppi áform um að endurvekja þær. Þar sem engar áætlanir hafa verið gerðar er því erfitt að svara með nokkurri vissu hver kostnaðurinn af slíkri aðgerð yrði.

Á landinu öllu eru 176 grunnskólar með um 43 þúsund grunnskólanemum. Ef miðað er við venjulegan tannlæknarekstur má áætla að kostnaður við fullbúnar tannlæknastofur í helmingi grunnskóla landsins geti numið 4–4,5 milljörðum kr.; um 2 milljörðum kr. í stofnkostnað og 2,5 milljörðum kr. í árlegan rekstrarkostnað. Ef stjórnvöld tækju ákvörðun um

að undirbúa eða kanna grundvöll fyrir því að hefja skólatannlækningar að nýju þyrfti m.a. að kanna hvað hægt væri að nýta af húsnæði skóla og heilsugæslustöðva sem þegar er fyrir hendi. Einnig þyrfti að skilgreina hvað yrði innifalið í skólatannlækningum og hvað ekki og hvernig skipulagi skólatannlækninga yrði háttað. Meðal annars mætti hafa hliðsjón af fyrirkomulagi skólatannlækninga í nálægum löndum, þar sem áhersla er lögð á tannvernd og tannhirðu sem tannfræðingar annast fremur en tannlæknar. Væntanlega yrði heilsugæslunni falið að sjá um framkvæmd skólatannlækninga ef af yrði. Á vegum heilbrigðisráðuneytisins er starfandi nefnd um eflingu heilsugæslunnar og fjallar hún sérstaklega um þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar, m.a. reglubundið eftirlit með tönnum ungbarna, aukna aðkomu tannfræðinga að tannvernd í skólum og hugmyndir um svonefnda ábyrgðartannlækna.

2. *Hvað stendur í vegi þess að hefja aftur skólatannlækningar, grunnskólabörnum að kostnaðarlausu?*

Ljóst er að skólatannlækningar verða ekki teknar upp að nýju nema með verulegum tilkostnaði. Fram að þessu hefur sú framkvæmd ekki verið sett á forgangslista stjórnvalda, en full ástæða er til þess að meta nánar möguleikana á því að koma skólatannlækningum aftur á laggirnar og gera tilheyrandi framkvæmda- og kostnaðaráætlanir. Nefnd heilbrigðisráðuneytisins um eflingu heilsugæslunnar mun skila fyrstu tillögum snemmsumars.

3. *Hefur kostnaður þjóðarbúsins af lakari tannvernd skólabarna á síðustu árum verið metinn og ef svo er, hvernig?*

Ekki liggur fyrir mat á kostnaði þjóðarbúsins vegna ófullnægjandi tannverndar í skólum landsins á undanförnum árum. Athuganir á þróun tannátustuðulsins DMFT* hjá 12 ára börnum gefa til kynna að tannskemmdir hafi aukist. Á árinu 1996 var DMFT hjá 12 ára börnum 1,5 og í rannsókn frá 2005 var stuðullinn hjá þessum aldurshópi kominn upp í 2,1. Lýðheilsustöð hefur nú verið falið að gera frekari úttekt á stöðu tannheilsumála meðal skólabarna og koma með tillögur um úrbætur. Sýnt þykir að þetta verkefni verður að vinna í samvinnu við heilsugæsluna og tannlæknadeild Háskóla Íslands. Enn fremur er ljóst að öll kostnaðar- og ábatagreining á kostnaði þjóðfélagsins vegna tannskemmda er flókin. Þegar niðurstöður þessara athugana liggja fyrir verða þær lagðar til grundvallar markvissum aðgerðum til eflingar tannheilsu barna og unglinga.

---

* Tannátustuðullinn DMFT segir til um hversu margar tennur (T) eru skemmdar (D), fylltar (F) eða tapast (M) vegna tannskemmda hjá tilteknum einstaklingi.

1072. Svar [587. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um sumarlokanir á heimilum og stofnunum.

1. *Hversu mörgum heimilum, stofnunum eða deildum innan þeirra fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka, sem heyra undir ráðuneytið, er fyrirhugað að loka tímabundið í sumar vegna sumarleyfa?*

Flestar lokanir sem fyrirhugaðar eru á heilbrigðisstofnunum eru af svipuðum toga og verið hefur undanfarin sumur, þótt sums staðar sé lokunartímabilið heldur lengra.

Á Landspítalanum hefur verið gefin út áætlun um sumarlokanir og verður starfsemin svipuð og sumarið 2008, sem þýðir að þeim rýmum sem nýtt verða fækkar úr um 700 í um 600 í sjö vikur í sumar. Af 18 skurðstofum Landspítalans verður átta lokað um sjö vikna skeið, en tveimur að auki í skemmri tíma. Göngudeildarþjónusta verður óbreytt sem og fæðingarþjónusta en nokkur samdráttur verður á kvenlækningadeild.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri verður hefðbundinn samdráttartími vegna sumarleyfa heldur lengri en undanfarin ár. Dregið verður úr starfsemi skurðstofa og hún minnkuð um þriðjung frá miðjum maí og fram í byrjun september en rekin á hálfri getu frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst. Aðrar deildir sem tengjast skurðstofum draga úr starfsemi á sama hátt. Flestar legudeildir draga úr starfsemi að hluta á samningsbundnum orlofstíma.

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands verða lyflækningadeild og handlækningadeild sameinaðar í júní og fram til 20. ágúst og 10 af 28 rúmum lokað. Ein skurðstofa af tveimur verður opin á sama tímabili en starfsemi kvennadeildar verður með óbreyttum hætti.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands verður skurðdeild lokað frá 21. júní til 9. ágúst og að auki verður aðgerðardögum fækkað fyrir og eftir lokunartímabilið. Handlækningadeild og lyflækningadeild verða sameinaðar í júní, júlí og ágúst og rúmum fækkað úr 25 í 15.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verða hjúkrunar- , endurhæfingar- og lyflækningadeildir sameinaðar og rúmum fækkað úr 21 í 16 frá byrjun júlí og fram í ágúst.

2. *Hversu marga íbúa, þjónustuþega eða sjúklinga munu sumarlokanirnar snerta?*

Árviss samdráttur hefur verið í þjónustu flestra heilbrigðisstofnana yfir hásumarið. Reynt er eftir fremsta megni að láta samdráttinn koma þannig til framkvæmda að sem minnst bitni á sjúklingum. Þekkt er að eftirspurn eftir sumum þáttum heilbrigðisþjónustu minnkar að sumarlagi. Ekki verður metið með neinni vissu hve marga íbúa, þjónustuþega eða sjúklinga sumarlokanir geti snert en vel er fylgst með því hvort aðgengi versnar eða hvort biðlistar lengjast. Við því er þá brugðist eftir atvikum og aðstæðum.

3. *Hvaða úrræði standa viðkomandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða vegna þessa?*

Við sumarlokanir getur þurft að flytja inniliggjandi sjúklinga milli deilda tímabundið. Slíkt er árvisst og er þess gætt að það valdi sem minnstu raski fyrir einstaklingana. Þeim samdrætti sem óhjákvæmilega á sér stað árlega um hásumarið er mætt með því að efla göngudeildir, heimahjúkrun og aðra þá þætti sem stutt geta við einstaklinga og fjölskyldur þegar á þarf að halda.

1073. Svar [486. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um atvinnuleysi og fjölda starfa.

1. *Hvað hefur atvinnuleysi verið mikið sem hlutfall af mannafla, sundurliðað eftir mánuðum frá ársbyrjun 2009?*

Skráð atvinnuleysi var 6,6% í janúar 2009 og jókst upp í 9,1% í apríl það ár en lækkaði niður í 7,2% í september 2009. Skráð atvinnuleysi jókst jafnt og þétt fram í febrúar 2010 en þá fór það í 9,3% og var sú tala óbreytt í mars 2010.

Nánari sundurgreiningu má sjá í meðfylgjandi töflu.

2. *Hvað hefur atvinnuleysið verið mikið sem hlutfall af mannafla á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir mánuðum, kyni og einstökum landsvæðum?*

Í meðfylgjandi töflu er að finna þær upplýsingar sem hér er óskað eftir.

3. *Hver hefur þróunin verið í fjölda starfa frá ársbyrjun 2009?*

Upplýsingar um fjölda starfa má finna á vef Hagstofunnar. Samkvæmt því sem þar kemur fram var fjöldi starfandi 165.500 á fyrsta ársfjórðungi 2009, 167.500 á öðrum ársfjórðungi, 171.500 á þriðja ársfjórðungi og 166.500 á fjórða ársfjórðungi 2009. Á fyrsta ársfjórðungi 2010 var fjöldi starfandi 163.900.

Nánari sundurgreiningu má sjá í meðfylgjandi töflu.

Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, sundurliðað eftir mánuðum frá ársbyrjun 2009 til mars 2010, alls og eftir kyni og landsvæðum.

	jan. 09	febr. 09	mars 09	apr. 09	maí 09	júní 09	júlí 09	ág. 09	sept. 09	okt. 09	nóv. 09	des. 09	jan. 10	febr. 10	mars 10
Atvinnuleysi alls,%	**6,6**	**8,2**	**8,9**	**9,1**	**8,7**	**8,1**	**8,0**	**7,7**	**7,2**	**7,6**	**8,0**	**8,2**	**9,0**	**9,3**	**9,3**
Höfuðborgarsv.	6,6	8,5	9,5	9,8	9,5	9,3	9,3	9,0	8,3	8,5	8,7	8,8	9,5	9,9	9,9
Landsbyggðin	6,5	7,6	8,0	7,8	7,3	6,0	5,7	5,5	5,5	5,9	6,6	7,1	8,1	8,2	8,1
Vesturland	4,5	5,1	5,7	5,8	5,1	4,5	4,4	4,1	4,1	4,7	5,8	5,8	6,5	6,4	6,3
Vestfirðir	1,6	1,8	2,3	2,5	2,3	1,8	1,3	1,3	1,8	2,5	2,8	3,1	3,4	3,6	3,2
Norðurland vestra	2,5	3,3	3,7	3,7	3,0	2,2	2,1	1,8	1,8	2,2	3,2	3,6	4,3	4,9	4,7
Norðurland eystra	7,1	8,8	8,8	8,3	7,6	6,5	6,1	6,0	5,5	6,1	6,8	7,4	8,4	7,9	7,9
Austurland	4,3	5,1	5,5	5,2	4,1	2,5	2,0	2,0	2,3	2,8	3,6	4,1	5,2	5,6	5,8
Suðurland	6,2	6,9	7,4	7,2	6,6	5,5	5,2	5,1	4,3	4,6	5,2	5,8	7,1	7,4	7,4
Suðurnes	11,6	13,5	14,3	14,3	14,2	12,1	11,7	11,4	12,1	12,4	13,0	13,6	14,5	15,0	14,9
Atvinnuleysi Karlar,%	**7,5**	**9,4**	**10,3**	**10,4**	**9,7**	**8,6**	**8,2**	**7,9**	**7,6**	**8,0**	**8,5**	**8,9**	**9,9**	**10,2**	**10,2**
Höfuðborgarsv.	7,8	10,1	11,2	11,6	11,1	10,3	9,9	9,6	9,1	9,4	9,7	9,8	10,7	11,2	11,2
Landsbyggðin	6,9	8,2	8,6	8,4	7,5	5,8	5,3	5,1	5,1	5,7	6,5	7,3	8,4	8,6	8,5
Vesturland	4,4	5,2	5,6	5,7	4,8	3,9	3,9	3,3	3,3	4,1	5,4	5,6	6,3	6,2	6,3
Vestfirðir	1,7	1,7	2,5	2,8	2,5	1,5	1,0	0,9	1,7	2,5	2,7	3,3	3,5	3,7	3,2
Norðurland vestra	2,8	3,6	4,1	4,0	3,0	2,2	1,9	1,6	1,4	1,9	3,3	4,0	4,4	5,2	4,8
Norðurland eystra	8,2	10,2	10,1	9,3	7,9	6,3	5,8	5,6	5,1	5,8	6,7	7,7	8,9	8,5	8,4
Austurland	4,5	5,4	5,9	5,2	3,9	2,1	1,3	1,3	1,6	2,0	2,8	3,4	4,6	5,1	5,2
Suðurland	7,1	7,8	8,4	8,2	7,3	5,6	5,2	4,9	4,4	5,0	5,6	6,6	8,0	8,3	8,3
Suðurnes	11,5	13,6	14,7	14,8	14,7	11,8	11,0	10,9	11,8	12,2	13,0	13,8	15,2	15,6	15,6
Atvinnuleysi Konur,%	**5,4**	**6,6**	**7,2**	**7,4**	**7,4**	**7,4**	**7,6**	**7,5**	**6,7**	**7,0**	**7,3**	**7,3**	**7,9**	**8,1**	**8,1**
Höfuðborgarsv.	5,1	6,4	7,2	7,5	7,6	8,0	8,4	8,3	7,2	7,4	7,5	7,6	8,1	8,2	8,3
Landsbyggðin	5,9	6,8	7,2	7,1	7,0	6,3	6,3	6,1	6,0	6,3	6,8	6,9	7,6	7,7	7,7
Vesturland	4,5	5,1	5,8	6,0	5,6	5,3	5,1	5,1	5,2	5,6	6,4	6,2	6,7	6,6	6,2
Vestfirðir	1,5	1,8	2,1	2,1	2,0	2,1	1,8	1,9	1,9	2,5	2,9	2,9	3,3	3,5	3,4
Norðurland vestra	2,2	2,8	3,2	3,4	3,0	2,3	2,3	2,2	2,4	2,6	3,1	3,1	4,2	4,6	4,5
Norðurland eystra	5,8	6,9	7,2	7,0	7,1	6,7	6,6	6,5	6,2	6,4	6,8	6,9	7,7	7,1	7,2
Austurland	4,0	4,7	4,9	5,3	4,4	3,2	3,0	3,1	3,4	4,1	4,9	5,1	6,0	6,4	6,7
Suðurland	5,1	5,7	5,9	5,8	5,7	5,3	5,3	5,2	4,1	4,2	4,6	4,8	5,8	6,3	6,2
Suðurnes	11,8	13,5	13,8	13,6	13,6	12,5	12,6	12,0	12,3	12,6	13,0	13,3	13,7	14,1	14,0

Fjöldi starfandi samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Ársfjórðungslegar upplýsingar.

	jan. 09	febr. 09	mars 09	apr. 09	maí 09	júní 09	júlí 09	ág. 09	sept. 09	okt. 09	nóv. 09	des. 09	jan. 10	febr. 10	mars 10
Fjöldi starfandi alls	165.500	165.500	165.500	167.500	167.500	167.500	171.500	171.500	171.500	166.500	166.500	166.500	163.900	163.900	163.900
Karlar	86.700	86.700	86.700	88.600	88.600	88.600	91.200	91.200	91.200	86.600	86.600	86.600	84.800	84.800	84.800
Konur	78.800	78.800	78.800	78.900	78.900	78.900	80.400	80.400	80.400	79.900	79.900	79.900	79.100	79.100	79.100
Höfuðborg - allir	109.300	109.300	109.300	106.900	106.900	106.900	109.700	109.700	109.700	108.900	108.900	108.900	105.800	105.800	105.800
Höfuðborg - karlar	57.600	57.600	57.600	55.700	55.700	55.700	56.900	56.900	56.900	55.400	55.400	55.400	54.100	54.100	54.100
Höfuðborg - konur	51.600	51.600	51.600	51.100	51.100	51.100	52.800	52.800	52.800	53.500	53.500	53.500	51.700	51.700	51.700
Landsbyggð - allir	56.200	56.200	56.200	60.600	60.600	60.600	61.800	61.800	61.800	57.600	57.600	57.600	58.100	58.100	58.100
Landsbyggð - karlar	29.100	29.100	29.100	32.900	32.900	32.900	34.200	34.200	34.200	31.200	31.200	31.200	30.700	30.700	30.700
Landsbyggð - konur	27.100	27.100	27.100	27.700	27.700	27.700	27.600	27.600	27.600	26.400	26.400	26.400	27.500	27.500	27.500

1074. Fyrirspurn [612. mál]

til fjármálaráðherra um Sjóvá.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er eignaumsýslu Sjóvár háttað?
2. Hvernig verður staðið að sölu Sjóvár út frá eigendastefnu ríkisins og reglum fjármálafyrirtækja um endurskipulagningu skulda fyrirtækja?
3. Hvenær er ætlunin að selja Sjóvá?

Skriflegt svar óskast.

1075. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja nýja heildarlöggjöf um starfsemi vátryggingafélaga. Því er eðlilegt að spyrja hvað vátryggingafélög geri. Líkt og bankar taka vátryggingafélög við peningum og fjárfesta þá. Í staðinn afhenda þau loforð um að bæta skaðann ef vátryggingartaki (einstaklingur, fyrirtæki eða félag) verður fyrir skaða. Tekjur vátryggingafélaga eiga sér þannig uppruna annars vegar í iðgjöldum, greiðslum vátryggingartaka, og hins vegar í fjárfestingartekjum, þegar félögin fjárfesta iðgjöldin.

Vátryggingafélög sýsla því með peninga fólks, líkt og bankar. Því má vel draga lærdóm af fyrri bankakreppum þegar rætt er um löggjöf fyrir vátryggingafélög. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 er bent á að mjög mikilvægt sé að sýna gát þar sem miklir fjármunir eru. Hætta sé á að einstaklingar með vafasama fortíð eða kunnáttu sækist þar til áhrifa og því megi aldrei slaka á settum lögum og reglum. Jafnframt sé sérstaklega mikilvægt að eftirlitsaðilar séu vel upplýstir um allar ákvarðanir og eftirlit, bæði með kröfum um skýrslugjöf og virku eftirliti á staðnum, til að verjast óheilbrigðum starfsháttum (8. bindi, bls. 14).

Frumvarp þetta á sér þó ekki uppruna í bankahruninu heldur hófst vinna við það í september 2007 til að innleiða tilskipun 2005/68 EB um endurtryggingar. Þar sem lög um vátryggingar höfðu tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina þótti ráðherraskipaðri nefnd ástæða til að endurskoða lögin í heild og gera tillögur um ýmsar breytingar. Frumvarpið tekur þannig tillit til ýmissa breytinga sem gerðar hafa verið á lögunum í gegnum tíðina og leiðréttir innleiðingar á ýmsum öðrum tilskipunum um vátryggingar. Því er ljóst að engin pólitísk stefnumörkun varðandi vátryggingamarkaðinn lá að baki endurskoðun laga um starfsemi vátryggingafélaga, heldur fyrst og fremst EES-tilskipanir, tæknilegar forsendur og áhugi embættismanna á lagalegri tiltekt.

Eitt af því helsta sem rannsóknarnefnd Alþingis gagnrýndi í stjórnsýslu landsins er skortur á faglegri og pólitískri stefnumörkun. Í skýrslu starfshóps um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem Gunnar Helgi Kristinsson prófessor leiddi, segir: „Meginþungi opinberrar stefnumótunar hvílir á herðum framkvæmdarvaldsins. Þaðan þarf þess vegna að koma sú pólitíska forysta sem stuðlar að vandlega undirbúinni og samhæfðri stefnumótun ríkisvaldsins. Í nálægum ríkjum er vönduð úttekt oftast undanfari meiriháttar opinberrar stefnumótunar (t.d. NOU í Noregi, SOU í Svíþjóð, Statens betænkninger í Danmörku, White papers í Bretlandi). Í slíkum stefnuskjölum eru viðfangsefnin sett í samhengi við grundvallarkenningar, meginreglur laga, fræðilega orðræðu viðkomandi fagsviðs og reynslu annarra landa. Eftir atvikum kann einnig að vera um það að ræða að mismunandi valkostum sé stillt upp og áhrif þeirra séu vegin og metin. Það fer einnig eftir atvikum hvort slík stefnuskjöl eru unnin af sérfræðingum stjórnsýslunnar, utanaðkomandi sérfræðingum eða blöndu af báðu. Í mörgum tilvikum er leitað til utanaðkomandi aðila, s.s. háskólafólks, sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði um aðkomu að slíkri vinnu. Það er síðan á grundvelli slíkra stefnumótunarskjala sem hin eiginlega pólitíska ákvarðanataka fer fram og löggjafarkostir eru valdir. Loks eru sjálf lagafrumvörpin og skýringar með þeim unnin af stjórnkerfinu á grundvelli þess sem á undan er gengið. Vandaður undirbúningur lýtur ekki bara að skil-

virkni og hagkvæmni stefnumótunar heldur dregur einnig úr líkum á stefnureki í framkvæmd og að dómstólar fái óljósa löggjöf til túlkunar. Hann er þannig hluti af lýðræðislegum grundvelli opinberrar stefnumótunar.“

Nefndin bendir jafnframt á að smæð íslensku stjórnsýslunnar geri framangreind vinnubrögð erfiðari en þó alls ekki ómöguleg. Það sem hefur þó einkennt vinnu við nýja löggjöf eru afar óljós og illa skilgreind mörk undirbúnings stefnumótunar, pólitískrar ákvarðanatöku um val á kostum og vinnu við gerð lagafrumvarpa.

Þetta er einn megingalli þessa frumvarps að mati 1. minni hluta. Líkt og lýst var hér að framan var markmið ráðherraskipaðrar nefndar á sínum tíma að semja frumvarp um innleiðingu endurtryggingatilskipunar í íslenska löggjöf. Óljóst er hver tók ákvörðun um að hefja vinnu við heildarendurskoðun löggjafarinnar og hvert hið pólitíska markmið með breytingunum var.

Efni frumvarpsins.

Ef reyna á að greina pólitísk markmið breytinganna úr frá texta frumvarpsins, þá virðist pólitísk stefnumörkun einna helst liggja í því að leyfa aðeins vátryggingafélög sem eru hlutafélög, með því að banna gagnkvæm tryggingafélög. Markmið vátryggingafélaga á þannig að vera hagnaður eigenda og hluthafa, á grundvelli hugmyndafræði kapítalismans og hlutafélagaformsins um að sérhagsmunir og hámörkun gróða leiði til velferðar samfélagsins í heild.

Aðrar breytingar snúa þó að þeirri staðreynd að mikilvægt er að sýna fyllstu aðgát og aðgæslu þegar um mikla fjármuni fólks er að ræða. Því er hert á eftirliti Fjármálaeftirlitsins með vátryggingafélögum, meðferð virks eignarhlutar, hlutverki og hæfi eigenda og stjórnarmanna og innra eftirliti, sem og sjálfstæði endurskoðenda gagnvart félaginu. Einnig er tekið fyrir að vátryggingafélög láni með veði í eigin hlutabréfum og skuldabréfum.

Breytingartillögur.

1. minni hluti tekur undir flestar af þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til og telur þær vera til bóta. Þar má nefna sérstaklega breytingar á tímamörkum sem tengjast tilteknum lagabrotum sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar kunna að hafa framið. Ýmsar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki og einstaklingar verða gjaldþrota og fæstar af þeim teljast brot á lögum. Mun alvarlegra er ef væntanlegir stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafa brotið gegn lögum þeim sem getið er í 54. gr. frumvarpsins og því ástæða til að löggjöfin endurspegli þann mun.

Ánægjulegt er að sett eru inn ákvæði um kauprétt eða kaupaukagreiðslur starfsmanna, og þá í samræmi við breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um fjármálafyrirtæki. Mikilvægt er að launa- og kaupaaukakerfi hvetji ekki til áhættusækni og skammtímasjónarmiða hjá starfsmönnum. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um það hvernig vátryggingafélögum verði heimilt að veita starfsmönnum kauprétt eða kaupaukagreiðslur. 1. minni hluti bendir á reglur sænska fjármálaeftirlitsins sem fyrirmynd (Finansinspektionen FFFS 2009:6 sem byggjast á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB K(2009) 3159 um launa- og hvatakerfi í fjármálageiranum).

Mikil umræða varð í nefndinni um hlutverk og starf endurskoðenda í vátryggingafélögum, og hvort setja ætti viðameiri ákvæði um endurskoðendur í sérlög líkt og hér er til umfjöllunar eða endurskoða lög um endurskoðendur heildstætt, í ljósi alvarlegra athugasemda í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Fram komu ábendingar frá gestum um að sjálfstæði og óhæði

endurskoðenda væri ekki tryggt nægilega þótt starfstími þeirra yrði styttur í fimm ár. Því hefur meiri hlutinn lagt til að ekki þurfi aðeins að skipta um endurskoðendur á fimm ára fresti heldur endurskoðunarfélag líka. Einnig að endurskoðendur verði kjörnir á aðalfundi til fimm ára og að ef víkja eigi endurskoðanda frá á þessu fimm ára tímabili þurfi álit endurskoðendaráðs að liggja fyrir áður. Það á að vera mjög alvarlegt fyrir endurskoðanda og vátryggingafélagið ef víkja þarf endurskoðanda frá og ástæða fyrir Fjármálaeftirlitið að skoða sérstaklega ef til þess konar atviks kemur.

Skoðun 1. minni hluta er að mjög brýnt sé að endurskoða lög um endurskoðendur og vinna við undirbúning löggjafar og pólitíska stefnumörkun ætti að hefjast sem fyrst ef hún er ekki þegar hafin. Sérstaklega þarf að skilgreina betur hvað endurskoðun á reikningum félaga og skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við góðar reikningsskilavenjur þýðir. Einnig þarf að setja skýr ákvæði í lög um að endurskoðanda beri að tryggja að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis og þeim eignum og skuldum sem eru til staðar. Fyrirtæki þurfa jafnframt að tryggja að endurskoðendur hafi aðgang að gögnum og upplýsingum og geti sinnt verkefni sínu af kostgæfni.

1. minni hluti leggur til þá breytingá 56. gr. að endurskoðandi skuli mæta á aðalfund félagsins og að endurskoðanda sé skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um mikilvæg atriði sem koma upp við endurskoðun, sérstaklega um vankanta á innra eftirliti með fjárhag vátryggingafélags.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir: „Það viðhorf til laga og starfsreglna sem kemur hvað eftir annað fram í þessari skýrslu er umhugsunarvert. Almennt virðist litið á reglurnar sem hindranir sem eigi að reyna að sniðganga frekar en leiðbeiningar um vandaða starfshætti. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að lögin eru aðeins lágmarksreglur og sem slík geta þau ekki tryggt bestu viðmið um heilbrigða starfshætti. Þá reynir fremur á siðferðilega dómgreind sem á að vera sjálfsagður hluti af faglegum metnaði. Bankarnir hafa verið gagnrýndir fyrir lagahyggju, þar sem frekar hafi verið reynt að fylgja lagabókstafnum en anda laganna.“ (8. bindi, bls. 57.)

Þetta einkenndi ekki bara bankana heldur einnig þær stofnanir sem áttu að hafa eftirlit með þeim, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann og því má jafnvel halda fram að þröng lagahyggja einkenni íslenska stjórnsýslu. Allt of oft hafa lögfræðingar túlkað einstakar greinar óháð heildarsamhengi laga.

Alþingi hefur auðveldað þetta háttalag þar sem oft hefur skort markmiðslýsingar í upphafi laga, sem greinar í lagabálknum skulu túlkaðar samkvæmt. Engin markmið eru sett fram í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar og því leggur 1. minni hluti fram breytingartillögu þess efnis.

Gagnkvæm vátryggingafélög.

Í aldarfjórðung hefur ríkjandi trú í efnahagsmálum í hinum vestræna heimi verið óheftur kapítalismi eða markaðsöfgahyggja sem byggist á kenningum um ósýnilega hönd hins frjálsa markaðar.

Rökin voru að ef fyrirtæki gættu fyrst og fremst að sérhagsmunum og hámörkun gróða mundi það leiða til þess að samfélagið í heild nyti góðs af. Því ættu stjórnvöld að skipta sér sem minnst af markaðnum með lögum eða eftirliti.

Sýnin um að sífellt væri hægt að stækka kökuna með því að ýta undir græðgi einstaklinganna reyndist svo vera draumsýn, fals eitt þar sem engin raunveruleg verðmæti voru sköpuð.

Hér á landi endurspeglaðist þróunin í átt til aukinnar markaðshyggju m.a. í umfangsmiklum og viðtækum áróðri gegn rekstri sameignarfélaga, svo sem samvinnufélaga, sparisjóða og gagnkvæmra tryggingafélaga. Áður fyrr þótti starfsemi sameignarfélaga vera til hagsbóta fyrir samfélagið og þeim veitt sértækt svigrúm gagnvart skattlagningu, fjármögnun og uppgjörsreglum. Smám saman var lagalegu og rekstrarlegu umhverfi þessara félaga breytt með þeim afleiðingum að nánast engin ný samvinnufélög eru stofnuð nú, sparisjóðirnir eru nær allir gjaldþrota eftir „hlutafélagavæðinguna“ og enn á að halda áfram með því að banna starfsemi gagnkvæmra vátryggingafélaga. Samhliða var hluta- og einkafélagaforminu hampað á kostnað annarra rekstrarforma, skattaafsláttur veittur til kaupa á hlutabréfum og fólk hvatt til að huga að sérhyggju í stað samhyggju.

En hver er munurinn á vátryggingafélagi sem er hlutafélag og vátryggingafélagi sem er gagnkvæmt félag? Engar upplýsingar koma fram í frumvarpinu eða greinargerð um muninn á þessu tvennu enda engin ítarleg undirbúningsvinna á bak við frumvarpið. Eftirgrennslan 1. minni hluta hefur leitt í ljós að skilgreina má gagnkvæm vátryggingafélög á þann máta að eigendur þeirra eru vátryggingartakarnir sjálfir. Markmið rekstrarins er ekki að tryggja eigendunum sem mestan hagnað af rekstrinum, heldur sem lægst verð á tryggingum. Rekstur félaga af þessu tagi byggist á hugmyndafræði samvinnunnar. Sameignarfélög vilja ná rekstrarlegum árangri líkt og önnur fyrirtækjaform en á grunni siðferðislegra gilda og sterkrar samfélagslegrar vitundar. Þetta endurspeglast í rekstri þeirra og viðhorfum gagnvart samfélaginu og umhverfinu. Gildi þeirra eru: sjálfshjálp, sjálfsábyrgð, lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstaða. Þessi gildi koma svo fram í áherslum sameignarfélaga á sjálfsábyrgð hvers og eins, lýðræðisleg vinnubrögð, jafnrétti þar sem hver og einn meðlimur hefur eitt atkvæði, sjálfstæði þeirra, mikilvægi menntunar og upplýsinga til allra hagsmunaaðila, samvinnu á milli samvinnufélaganna og umhyggju fyrir samfélaginu sem þau starfa í.

Rökin sem tilgreind eru í nefndaráliti meiri hlutans fyrir þeirri ákvörðun að banna gagnkvæm vátryggingafélög eru að engin slík félög séu starfandi hér á landi og engar óskir hafa komið fram um stofnun slíkra félaga. Bent er á að með reglum um gjaldþol og afnám einkaréttar hafi löggjafinn markvisst gert rekstur gagnkvæmra tryggingafélaga nær ómögulegan. Einnig er bent á að gagnkvæm tryggingafélög eigi í erfiðleikum ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína þar sem þau geti ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Lausnin á þessu er því að banna gagnkvæm vátryggingafélög í stað þess að bæta rekstrar- og lagaumhverfi þeirra. Jafnframt nefnir meiri hlutinn hugsanlega endurskoðun komi í ljós að áhugi sé fyrir því að koma á fót gagnkvæmum vátryggingafélögum.

Íslenskur almenningur situr nú í brunarústunum af hugmyndafræði óhefts kapítalisma og öfgamarkaðshyggju og stendur frammi fyrir miklu verkefni við að endurreisa landið, stjórnsýsluna og efnahaginn. Með nýrri ríkisstjórn og nýjum stjórnarflokkum var lofað að lærdómur yrði dreginn af reynslunni og endurreisn landsins hæfist. Með því að banna hreinlega rekstur gagnkvæmra vátryggingafélaga er fetaður áfram sami stígurinn þar sem lítið er gert úr eignarhaldi til almannaheilla og sameignarfélög áfram útmáluð sem úrelt form og fortíðarvandi.

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, bendir á í greininni Moving beyond market fundalism to a more balanced economy að hinn fullkomni markaður sé ekki til staðar. Það sé í raun ríkisvaldið sem hafi það í hendi sér að skapa almenningi sem mesta hagsæld og velferð með því að búa til raunverulegt blandað hagkerfi. Ástæðan fyrir áherslunni á blandað hagkerfi er að þau lönd sem mestum árangri hafa náð á því sviði eru lönd þar sem er að finna jafnvægi á milli markaða/einkageirans, ríkisvaldsins og sameignarfélaga, svo sem

frjálsra félagasamtaka, samvinnufélaga og gagnkvæmra vátryggingafélaga. Það sjáum við í þeim löndum sem við berum okkur einna helst saman við: Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi og Þýskalandi.

Í siðferðishluta skýrslu rannsóknarnefndar segir: „Frá siðferðilegu sjónarmiði er til lengri tíma litið brýnast að treysta lýðræðislega innviði samfélagsins og styrkja stjórnkerfið; bæta þarf viðskiptasiðferði, stjórnsiði og vinnulag, efla fagmennsku og siðferðisvitund … Leggja þarf áherslu á réttnefnda samfélagsábyrgð og hamla gegn sérhagsmunaöflum og þröngri einstaklingshyggju.“ (8. bindi, bls. 243.)

Hluti af því er að tryggja að við búum við raunverulega fjölbreytni á vátryggingamarkaði; einkarekin og gagnkvæm vátryggingarfélög á styrkum stoðum sem lúta eftirliti og aðhaldi viðeigandi stofnana ríkisins og annarra. Því leggur 1. minni hluti til að sett verði bráðabirgðaákvæði í lögin um að skipuð verði nefnd til að marka pólitíska stefnu og tillögur um löggjöf vegna vátryggingamarkaðarins á Íslandi. Við vinnu nefndarinnar skuli sérstaklega horft til þess hvernig megi tryggja aukna fjölbreytni á vátryggingamarkaði, starfsemi gagnkvæmra tryggingafélaga og meiri samkeppni á sviði vátrygginga.

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem hann gerir tillögu um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 2010.

Eygló Harðardóttir. Margrét Tryggvadóttir.

1076. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar (EyH, MT).

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Tilgangur laga þessara er að tryggja að vátryggingafélög séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni vátryggðra, vátryggingartaka, hluthafa og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.
2. 3. mgr. 56. gr. orðist svo:
   Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi.
3. Við 1. mgr. 57. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: mikilvæg atriði er varða rekstur félagsins, sérstaklega vankanta á innra eftirliti með fjárhag félagsins,
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara skal efnahags- og viðskiptaráðherra skipa nefnd til að marka pólitíska stefnu og tillögur um löggjöf vegna vátryggingamarkaðarins. Við vinnu nefndarinnar skal sérstaklega horft til þess hvernig tryggja má aukna fjölbreytni á vátryggingamarkaði, starfsemi gagnkvæmra tryggingafélaga og meiri samkeppni. Nefndin skal skila tillögum til ráðherra, eftir atvikum í frumvarpsformi, fyrir 1. janúar 2011.

1077. Fyrirspurn [613. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um lán, sölu, leigu eða aðra notkun á mynd og hljóðefni Ríkisútvarpsins ohf.?
2. Er í gildi gjaldskrá fyrir afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og ef svo er, hvernig er hún?
3. Gilda sömu reglur og gjaldskrá um starfsmenn eða verktaka Ríkisútvarpsins ohf. og aðra sem óska eftir afnotum af efni? Ef ekki, hvaða reglur gilda þá?
4. Eru í gildi samningar við einhverja aðila um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og þá við hverja?
5. Hvernig bregst Ríkisútvarpið ohf. við notkun efnis án heimildar eða samnings?

Skriflegt svar óskast.

1078. Fyrirspurn [614. mál]

til umhverfisráðherra um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Við hvaða sveitarfélög og/eða sorpsamlög sveitarfélaga hafa skilakerfi samið um móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs á grundvelli laga nr. 73/2008, um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs? Svar óskast sundurliðað eftir landshlutum.
2. Hvenær hófst söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga samkvæmt samningum við skilakerfi? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum/sorpsamlögum.
3. Í hvaða sveitarfélögum er söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs enn ekki hafin? Liggja fyrir upplýsingar um hvenær úr því verði bætt?
4. Hve mikið magn raf- og rafeindatækjaúrgangs hefur safnast á árinu 2009:
   a. heildarmagn í tonnum,
   b. í kílóum á hvern landsmann,
   c. á hverri söfnunarstöð?
5. Hve hátt er hlutfall endurvinnslu/endurnotkunar raf- og rafeindatækjaúrgangs hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum?
6. Hefur sú aðferð sem lagt var upp með í söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs staðist væntingar ráðuneytisins og hagsmunaaðila?
7. Hver er kostnaður sveitarfélaga af móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs og hverjar eru tekjur þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra ákveður?
8. Áformar ráðherra að endurskoða gjaldskrána á þessu ári?

9. Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum um meðhöndlun úrgangs og fela Úrvinnslusjóði ábyrgð á söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs í stað sérstakra skilakerfa?

Skriflegt svar óskast.

1079. Fyrirspurn [615. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um tekjustofna ætlaða til vegagerðar.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hverjir eru tekjustofnar sem ætlaðir eru til vegagerðar?
2. Hvaða upphæðir eru þetta, sundurliðað á árin 2006–2010?
3. Hve mikill hluti þeirra fór til vegagerðar og hvað til annarra hluta, sundurliðað sömu ár?
4. Hverjar eru tekjur af viðkomandi tekjustofnum á ekinn kílómetra miðað við meðaleyðslu:
   a. bensínbifreiðar,
   b. dísilbifreiðar?

Skriflegt svar óskast.

1080. Nefndarálit [490. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um

sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
3. Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE.
4. Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum.
5. Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skránna yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB er endurskoðun á tilskipun ráðsins 90/220/EBE og kemur í stað hennar. Tilskipuninni er ekki ætlað að koma í veg fyrir sleppingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Aftur á móti kveður hún á um ítarlegri málsmeðferðarreglur en eldri tilskipun gerði. Þar er ekki síst mikilvægt að kveðið er á um aukinn rétt almennings til aðkomu að málum áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin.

Við samningu tilskipunarinnar var tekið sérstakt mið af varúðarreglunni (e. Precautionary Principle) og kveðið á um að taka beri tillit til hennar þegar tilskipunin komi til framkvæmda. Varúðarreglan er meginregla í umhverfisrétti sem er m.a. að finna í 15. meginreglu Ríóyfirlýsingarinnar. Hún felur í sér að þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta má líka orða þannig að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar framkvæmda fyrir umhverfið, skuli náttúran njóta vafans.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB felur í sér viðbótarleiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma áhættumat vegna sleppingar erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, bæði í tilraunaskyni og til markaðssetningar. Í ákvörðuninni eru almenn atriði, byggð á varúðarreglunni, sem hafa ber til hliðsjónar við áhættumat, aðferðafræði við áhættumat og leiðbeiningar um skref við að komast að niðurstöðu.

Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB felur í sér leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að þessari vöktun umhverfisins í samræmi við kröfur sem gerðar eru í tilskipun 2001/18/EB um að umsækjendur um vísvitandi sleppingu á erfðabreyttum lífverum út í umhverfið haldi uppi vöktun til þess að finna og rekja hugsanleg bein eða óbein skaðleg áhrif þeirra á umhverfið.

Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB er um eyðublað, samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga sem fylgja þurfa umsókn til lögbærra yfirvalda um leyfi til markaðssetningar á erfðabreyttri lífveru eða erfðabreyttum lífverum í afurðum. Umsækjanda er skylt að nota þetta tiltekna eyðublað.

Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB er um eyðublað, samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB er um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB er um nákvæma tilhögun við vinnslu skráa yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun 2001/18/EB. Tiltekið er nákvæmlega hvaða upplýsingar eiga að koma fram og að um tvær skrár sé að ræða, eina sem skal vera opinber almenningi og aðra sem er aðgengileg yfirvöldum ríkja og inniheldur trúnaðarupplýsingar.

Innleiðing tilskipunar 2001/18/EB kallar á breytingar á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Frumvarp þess efnis hefur þegar verið lagt fram á Alþingi og tekið til 1. umræðu og er til meðferðar hjá umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2010.

Valgerður Bjarnadóttir, varaform., frsm.	Helgi Hjörvar.	Birgitta Jónsdóttir.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Þuríður Backman.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1081. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um eftirlit með þjónustu og hlutum sem hafa hernaðarlega þýðingu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétu Gunnarsdóttur og Pétur G. Thorsteinsson frá utanríkisráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Flugmálastjórn Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Persónuvernd, ríkisskattstjóra, Samtökum hernaðarandstæðinga, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, tollstjóranum í Reykjavík og Varnarmálastofnun.

Markmið frumvarpsins er að auka alþjóðaöryggi og tryggja virðingu fyrir mannréttindum, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir, með því m.a. að hafa eftirlit með, banna og/eða leyfisbinda útflutning á hlutum sem má nota, með beinum eða óbeinum hætti, til hryðjuverka, bælingar eða í hernaðarlegum tilgangi, svo og eftirlit með þjónustu og fjárfestingum þeim tengdum. Enn fremur er í frumvarpinu kveðið á um reglur um örugga vörslu og geymslu gagna um hluti, þjónustu og fjárfestingar sem hafa hernaðarlega þýðingu, svo og viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði við brotum á ákvæðum þess.

Eftirlit með útflutningi sem hefur hernaðarlega þýðingu er nú byggt á lögum um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988. Eftirlitið er haft vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem miða að því að hefta sölu hefðbundinna vopna, gjöreyðingarvopna og hættulegra hluta. Nauðsynlegt er að takmarka dreifingu þeirra til ákveðinna staða, hópa eða einstaklinga til þess að koma í veg fyrir að þau séu notuð til hryðjuverka eða annarrar ólögmætrar starfsemi. Núgildandi löggjöf frá 1988 hefur ekki að geyma nægar heimildir til þess að Ísland geti tekið fullan þátt í alþjóðasamstarfi sem hefur það að markmiði að hefta útbreiðslu þjónustu og hluta sem hafa hernaðarlega þýðingu. Alþjóðleg samvinna um útflutningseftirlit hefur aukist verulega á undanförnum árum. Með ákvæðum frumvarpsins eru gildandi reglur um eftirlit með hlutum og þjónustu sem hafa hernaðarlega þýðingu hertar og útvíkkaðar í því skyni að Ísland geti uppfyllt fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Við umfjöllun utanríkismálanefndar um málið kom fram það sjónarmið að breyting á heiti frumvarpsins yrði til bóta. Margir þeirra hluta sem falla undir eftirlit frumvarpsins hafa tvíþætt notagildi og geta jafnt nýst með lögmætum og friðsamlegum hætti sem í hernaðarlegum tilgangi. Því telur nefndin rétt að heiti frumvarpsins verði „Eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu“ og leggur fram breytingartillögu þar að lútandi.

Nefndin telur enn fremur að skýra þurfi nánar markmið frumvarpsins og undirstrika í 1. gr. að tilgangur þess sé að auka alþjóðaöryggi og virðingu fyrir mannréttindum í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Nefndin leggur fram tillögu að breyttu orðalagi 1. gr. í þessu skyni.

Frumvarpið var sett í svokallað „tæknilegt tilkynningarferli“ á grundvelli EES-samningsins. Slíkt er m.a. nauðsynlegt þar sem lög og reglugerðir, sem hefta milliríkjaviðskipti (á grundvelli tilskipunar 98/34/EB) eru annars vegar. Ábendingar sem bárust í ferlinu eru ekki bindandi heldur einungis tillögur um atriði sem viðkomandi umsagnaraðili telur að betur megi fara. Nefndin telur að ábendingar um hugtakaskilgreiningar á mismunandi leyfum í 3. gr. frumvarpsins sem bárust frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og utanríkisráðuneytið kom á framfæri við nefndina séu til bóta. Nefndin gerir því breytingartillögur þar að lútandi.

Nefndin tók 4. gr. frumvarpsins til sérstakrar skoðunar, en 4. mgr. 4. gr. kveður á um að ráðherra sé heimilt að kveða á um að leyfi þurfi fyrir innflutningi og viðkomu hluta hérlendis sem geta nýst, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn. Nefndin leggur áherslu á að með 4. gr. er ekki verið að opna á heimildir til handa ráðherra til þess að veita leyfi til innflutnings eða útflutnings á gereyðingarvopnum. Þvert á móti er tilgangur 3. og 4. mgr. 4. gr. fyrst og fremst sá að ráðherra geti hamlað inn- og útflutningi hluta sem eru andstæðir markmiðum frumvarpsins og, að því er varðar 3. mgr., eru ekki á listum yfir leyfisskyldar vörur sem birtir verða í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkir listar, sem skulu uppfærðir til samræmis við skyldur og skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta sem geta haft hernaðarlegt gildi, geta aldrei verið tæmandi. Því er nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til að takmarka inn- og útflutning á hlutum sem ekki eru á listunum en geta verið andstæðir markmiðum frumvarpsins. Til þess að gera 4. gr. skýrari leggur nefndin til breytingar sem m.a. kveða á um að heimildir ráðherra til að veita leyfi til innflutnings hluta

sem geta haft hernaðarlegt gildi séu háðar því að innflutningurinn brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Að auki leggur nefndin til nokkrar minni háttar orðalagsbreytingar á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2010.

Valgerður Bjarnadóttir, varaform., frsm.	Helgi Hjörvar.	Birgitta Jónsdóttir.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Þuríður Backman.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1082. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um eftirlit með þjónustu og hlutum sem hafa hernaðarlega þýðingu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að auka alþjóðaöryggi og tryggja virðingu fyrir mannréttindum, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, með því meðal annars að hafa eftirlit með, banna og/eða leyfisbinda útflutning á hlutum sem má nota, með beinum eða óbeinum hætti, til hryðjuverka, bælingar eða í hernaðarlegum tilgangi, svo og hafa eftirlit með þjónustu og fjárfestingum þeim tengdum.
   Með lögum þessum eru settar reglur um örugga vörslu hluta og geymslu gagna um hluti skv. 1. mgr. og þjónustu og fjárfestingar þeim tengdar, svo og viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði við brotum á lögum þessum.
2. Við 3. gr.
   a. 2. tölul. falli brott.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Útflutnings-, innflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfi samkvæmt lögum þessum, hér nefnd heimildir, geta verið almenn leyfi, heildarleyfi eða stök leyfi:
      a. *Almenn leyfi* veita öllum aðilum heimildir gagnvart tilgreindum ríkjum, enda séu leyfisskilyrðin uppfyllt. Þau skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.
      b. *Heildarleyfi* veita einum aðila heimildir, eftir tegundum eða flokkum, gagnvart einum eða fleiri tilgreindum lokaviðtakendum og/eða einu eða fleiri tilgreindum ríkjum.
      c. *Stök leyfi* veita einum aðila heimildir gagnvart aðila í öðru ríki varðandi einn eða fleiri hluti, tegundir þjónustu eða fjárfestinga.

3. Við 4. gr.
   a. Orðin „án leyfis ráðherra“ í fyrri málslið 3. mgr. falli brott
   b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einungis má þó veita slíkt leyfi ef fyrir liggur að innflutningurinn eða viðkoman brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
4. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og framlagningu vottorða um lokanotanda og/eða lokanot hluta og þjónustu.
5. Við 7. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Varsla hluta og gagna.*
6. Við 12. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni sem er sett samkvæmt þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi.
7. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.

1083. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (stuðningur við bændur á náttúruhamfarasvæðum).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 49/2009, um Bjargráðasjóð.

1. gr.

Orðin „allt að 80 millj. kr. á ári“ í b-lið 5. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (A.)

Þrátt fyrir ákvæði 53.–55. gr. er Matvælastofnun heimilt að ákveða að beingreiðslur skv. X. kafla verði greiddar til lögbýlis samkvæmt greiðslumarki þess óháð framleiðslu á lögbýlinu, þó ekki lengur en til fardaga 2012, ef framleiðsluskilyrði á lögbýlinu hafa raskast tímabundið vegna náttúruhamfara, t.d. stórfellds öskufalls eða jökulflóða, enda sé a.m.k. annað þessara skilyrða einnig uppfyllt:

a. Greiðslumark lögbýlis, að hámarki eins og það var við upphaf náttúruhamfara, er lagt inn til geymslu, sbr. 3. mgr. 53. gr. Beingreiðslur eru greiddar skráðum handhafa réttar til beingreiðslna með jöfnum framlögum þannig hann verði jafnsettur öðrum sem njóta greiðslnanna.

b. Framleiðandi gerir samkomulag við framleiðanda á öðru lögbýli um tímabundna nýtingu á greiðslumarki lögbýlisins (en ekki aðilaskipti). Þar skal kveðið á um að mjólk verði lögð inn í afurðastöð í nafni þess lögbýlis þar sem framleiðsluskilyrði hafa raskast. Beingreiðslur skal greiða skráðum handhafa réttar til beingreiðslna á því býli. Skylt er að tilkynna þessa tilhögun fyrir fram til Matvælastofnunar.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

b. (B.)

Ráðherra er heimilt að víkja frá ásetningshlutfalli skv. 3. mgr. 39. gr. á framleiðsluárunum 2010, 2011 og 2012 á býlum þar sem framleiðsluskilyrði hafa raskast tímabundið vegna náttúruhamfara, t.d. stórfellds öskufalls eða jökulflóða.

Matvælastofnun er heimilt að ákveða að sauðfjárframleiðendur sem búa á býlum þar sem svo hagar til sem að framan greinir, með þeim afleiðingum að búskapur hefur dregist saman eða fallið niður um tíma, geti haldið venjulegri gæðastýringargreiðslu úr ríkissjóði skv. 41. gr. á framleiðsluárunum 2010, 2011 og 2012. Við ákvörðun greiðslnanna er heimilt að taka mið af því framleiðsluári þegar afurðir voru mestar á árunum 2007–2009. Krafa framleiðanda um ákvörðun gæðastýringargreiðslna samkvæmt þessu ákvæði skal sett fram eigi síðar en í lok viðkomandi framleiðsluárs.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, m.a. hvernig skuli staðið að úttekt á framleiðsluskilyrðum.

III. KAFLI
Gildistaka.
3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fyrir beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Við gerð þess var haft óformlegt samráð við Bændasamtök Íslands og Matvælastofnun.

Eldgos hófst í Eyjafjallajökli rétt fyrir miðnætti 20. mars 2010 og kom kvikan þá upp í Fimmvörðuhálsi. Samkvæmt skjálftamælum virðist það gos hafa hætt 12. apríl.

Aðfaranótt 14. apríl hófst gos að nýju í jöklinum, þá í suðvestanverðum toppgíg Eyjafjallajökuls. Mikil sprengivirkni og öskuframleiðsla fylgdi gosinu, einkum dagana 14.–17. apríl. Vegna mikils öskufalls, og að nokkru leyti jökulhlaupa, munu bændur sums staðar undir Eyjafjöllum hafa til athugunar að láta af búskap eða fækka bústofni, a.m.k. um tíma. Á þeim svæðum þar sem öskufallið er og hefur verið mest eru efasemdir um að grasrækt og heyöflun verði komið við nú í sumar.

Rík samstaða er um stuðning við bændur sem sæta erfiðleikum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Bjargráðasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 49/2009. Sjóðurinn hefur með höndum fjárhagsaðstoð í formi styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Árlegar tekjur hans takmarkast af 5. gr. laganna. Þar er kveðið á um að árlegt fjárframlag ríkissjóðs til sjóðsins skuli ráðast af fjárlögum, en verði þó ekki hærra en 80 millj. kr. Nú liggur fyrir að tímabundin fjárþörf sjóðsins er meiri en þessu nemur. Því þykir rétt að gera tillögu um að fella þessa viðmiðun úr gildi. Eftir sem áður munu fjárveitingar til Bjargráðasjóðs ráðast af fjárlögum hvers árs.

Hluti af tekjum kúabúa fellur til vegna framleiðslutengdra beingreiðslna. Verði þetta frumvarp að lögum munu mjólkurbændur á hamfarasvæðunum geta notið stuðnings af beingreiðslum, þótt framleiðsla þeirra raskist eða liggi niðri um tíma. Með því má draga úr líkum á því að þeir selji beingreiðslurétt frá lögbýlum sínum og bregði með því búi varanlega. Í þessu samhengi er mikilvægt að athuga að búvörulög heimila ekki að greiðslumark verði leigt eða lánað á milli lögbýla, sbr. Hrd. frá 11. desember 2003 í máli nr. 177/2003 og athugasemdir við frumvarp til laga nr. 112/1992, um breyting á eldri búvörulögum (þskj. 466, 116. löggjþ. 1992–1993).

Hluti af tekjum flestra sauðfjárbænda fellur til vegna beingreiðslna og álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu. Beingreiðslur eru greiddar í samræmi við greiðslumark lögbýlis, eins og það er á hverjum tíma. Framleiðendur verða að uppfylla skilyrði um ásetningshlutfall, þ.e. eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðast greiðslur að tiltölu. Í 3. mgr. 39. gr. búvörulaga, nr. 99/1993, er kveðið á um að á lögbýlum þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland sé ráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Sú heimild hlýtur að koma mjög til skoðunar á svæðum sem hafa orðið illa úti vegna öskufalls enda getur slíkt land verið viðkvæmt um tíma eða óhæft til beitar. Því er ekki víst að sauðfjárbændur sem verða fyrir áhrifum af náttúruhamförum verði af beingreiðslum þótt þeir dragi úr framleiðslu sinni. Engu síður þykir rétt að mæla fyrir um heimild til handa ráðherra til að víkja frá ásetningsskyldu á svæðum sem hafa orðið illa úti vegna náttúruhamfara. Þess má geta að sambærileg heimild er í gildi varðandi bændur sem skorið hafa niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Hætt er við því að framleiðendur á náttúruhamfarasvæðum verði fyrir skerðingu álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu skv. 41. gr. laganna. Við því er brugðist með ákvæði til bráðabirgða. Þar er mælt fyrir um möguleika bænda til að njóta óbreyttra greiðslna úr gæðastýringu um tíma meðan framleiðsluskilyrði á býlum þeirra eru úr skorðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga um Bjargráðasjóð eru tilgreindar hvaðan árlegar tekjur sjóðsins koma. Í b-lið greinarinnar kemur fram að sjóðurinn fær framlag úr ríkissjóði allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum. Framlag þetta rennur til almennrar deildar sjóðsins, sbr. a-lið 6. gr. laganna, sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, sbr. 8. gr. laganna. Stjórn sjóðsins ákveður svo veitingu styrkja með tilliti til fjárhagslegrar stöðu sjóðsins, sbr. 10. gr. laganna. Ekki hefur verið metið hvert fjárhagslegt tjón af gosinu í Eyjafjallajökli er en telja má víst að sjóðurinn hafi að óbreyttu ekki bolmagn til að bæta einstaka bændum það tjón sem af því hlýst. Með greininni er lagt til að 80 millj. kr. hámark á framlagi ríkissjóðs verði fellt niður og Alþingi geti í fjárlögum hvers árs ákveðið að veita hærri upphæð til sjóðsins en áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli virðast réttlæta þessa mögulegu hækkun þótt endanlegt tjón liggi ekki fyrir.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Í búvörulögum er mælt fyrir um að greiðslumark í mjólkurframleiðslu feli í sér hlutdeild lögbýlis í heildargreiðslumarki mjólkur fyrir hvert verðlagsár sem ákveðið er með tilliti til neyslu innlendra mjólkurvara á árinu o.fl. Ekki er heimilt að óbreyttum lögum að greiða beingreiðslur án þess að framleiðsla komi á móti, sbr. 55. gr. búvörulaga. Láti kúabóndi af mjólkurframleiðslu missir hann því beingreiðslur.

Verði frumvarpið að lögum mun bændum á náttúruhamfarasvæðunum gefast tækifæri til að njóta óskertra beingreiðslna um tíma meðan framleiðsluskilyrði eru færð til betri vegar á jörðum þeirra, enda leggi þeir greiðslumark inn til geymslu, sbr. 3. mgr. 52. gr. búvörulaga, eða geri samning við bændur á öðrum býlum um framleiðslu. Slíkur samningur gæti komið til samhliða því að kýr yrðu fluttar milli bæja. Þá er þeim einnig mögulegt að fara „blandaða leið“ með því að leggja hluta greiðslumarks inn til geymslu en gera samning um hluta greiðslumarksins. Rétt er að athuga að frumvarpið gerir ráð fyrir því að framleiðandi hafi heimild til að ráðstafa notum af greiðslumarki skv. b-lið 1. gr. Til þessa samkomulags þarf ekki samþykki jarðareiganda. Það er í samræmi við meginreglur búvörulaga um meðferð greiðslumarks. Sérstaklega er tekið fram að beingreiðslur verði greiddar skráðum handhafa réttar til beingreiðslna á því býli sem hefur orðið fyrir röskun framleiðsluskilyrða. Samkomulagsatriði hlýtur að vera hverju sinni hver taki við greiðslu vegna innlagnar mjólkur í afurðastöð.

Um b-lið.

Framleiðsluár í sauðfjárrækt er hvað beingreiðslur varðar frá 1. janúar til 31. desember, sbr. 2. mgr. 38. gr. búvörulaga. Því er ráðherra lengst heimilt að ákveða að víkja frá reglum um ásetningshlutfall til ársloka 2012.

Í 41. gr. búvörulaga er mælt fyrir um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Með henni er átt við framleiðslu á dilkakjöti samkvæmt kröfum um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu og hollustu afurða. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skal m.a. ná til landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður skulu skjalfestar. Fjárhæð álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu er háð samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007. Greitt er á tiltekna gæðaflokka dilkakjöts eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Bregði svo við að sauðfjárbændur láta tímabundið af búskap eða minnka framleiðslu sína geta þeir orðið fyrir því að gæðastýringargreiðsla lækki vegna þess að dilkakjötsinnlegg þeirra verður minna. Verði frumvarpið að lögum mun þeim gefast kostur á því að halda óbreyttum álagsgreiðslum þrátt fyrir að þessi verði raunin. Að sjálfsögðu er þetta bundið þeim skildaga, hvað varðar bændur sem draga úr framleiðslu, en hætta henni ekki alveg, að þeir uppfylli önnur skilyrði gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu hverju sinni.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1084. Tillaga til þingsályktunar [617. mál]

um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Flm.: Ásmundur Einar Daðason, Þuríður Backman,
Atli Gíslason, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga sem tryggi beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Markmiðið með frumvarpinu verði að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð og þjónustu forgangsraðað.

Greinargerð.

Með tillögu þessari ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp þess efnis að fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn heilbrigðisstofnana komi með beinum hætti að skipulagningu þjónustu hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun með skipan stjórnar sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með rekstri heilbrigðisstofnana og vera ráðgefandi varðandi skipulag og þjónustu stofnunarinnar.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, er landinu skipt í heilbrigðisumdæmi þar sem starfa skal heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir. Markar ráðherra stefnu um heilbrigðisþjónustu á grundvelli laganna en forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn og bera þeir ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarafkoma og rekstrarútgjöld stofnunar séu í samræmi við fjárlög, sbr. 9. gr. laganna. Í lögunum er hvergi að finna ákvæði sem veitir fulltrúum sveitarfélaga í viðkomandi heilbrigðisumdæmi eða almennum starfsmönnum heilbrigðisstofnana aðkomu að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar. Lög nr. 40/2007 felldu úr gildi lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Töluverðar breytingar höfðu verið gerðar á þeim lögum til að mynda þegar samþykktar voru breytingar sem fólu í sér að stjórnir heilbrigðisstofnana voru lagðar niður, sbr. breytingalög nr. 78/2003. Fyrir þessar breytingar skipaði heilbrigðisráðherra fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva, sæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa en þrír fulltrúar voru tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmönnum viðkomandi stofnunar og einn án tilnefningar. Umræddar breytingar voru rökstuddar með tilliti til áður samþykktra breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er kváðu á um aukið starfssvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana. Framangreindar breytingar mættu nokkurri andstöðu enda mikilvægt að viðhalda stjórnum heilbrigðisstofnana, einkum úti á landi, og að sveitarfélögin og starfsmenn geti áfram átt aðild að þeim. Ekki er hægt að halda því fram að embættisleg ábyrgð forstöðumanns verði óljós á meðan stjórnir stofnananna eru fyrst og fremst ráðgefandi og þær hafi ekki ákvörðunarvald. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, bera þær og forstöðumenn stofnana þó ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir séu í samræmi við heimildir. Jafnframt bera stjórnir og forstöðumenn ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til Fjársýslu ríkisins, sbr. 49. gr. laganna.

Með því að í stjórnum heilbrigðisstofnana sitji fulltrúar sveitarfélaga og starfsmanna stofnananna mun hvort tveggja íbúalýðræði og atvinnulýðræði aukast. Með auknum tengslum við þau sveitarfélög sem heilbrigðisstofnun þjónustar tækist betur að samhæfa starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar og áherslur í störfum sveitarfélaganna, svo sem í átaks- og kynningarverkefnum, til að mynda í skólum. Er það mikilvægt á tímum sem þessum þar sem huga þarf sérstaklega að heilsu barna og áhrifum kreppunnar á heilsufar þeirra. Enn fremur hefur gefist vel að starfsfólk eigi aðild að stjórnum enda getur reynsla þess og nálægð við íbúa verið mikilvæg þegar kemur að skipulagningu heilbrigðisþjónustu. Að auka íbúa- og atvinnulýðræði með þessum hætti er mikilvægt skref til að styrkja stöðu heilsugæslunnar og auka nærþjónustu innan heilbrigðiskerfisins en eitt af áherslumálum hjá sveitarstjórnum og heilbrigðisstofnunum um allt land hefur verið að standa vörð um heilsugæsluna. Komi heimamenn og starfsmenn að skipulagningu þjónustunnar mun þörfum sjúklinga á viðkomandi svæði frekar vera mætt. Það festir betur í sessi að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

1085. Lög [436. mál]

um brottfall laga nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 757.

1086. Lög [382. mál]

um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 1051.

1087. Tillaga til þingsályktunar [618. mál]

um millilandaflug um Ísfjarðarflugvöll.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Ólína Þorvarðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Ásmundur Einar Daðason.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með flugvélum sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

Greinargerð.

Ísafjarðarflugvöllur gegnir ómetanlegu hlutverki og er ein helsta samgönguæð Vestfirðinga. Unnið hefur verið að margvíslegum endurbótum á flugvellinum og hafa þær verið til mikilla bóta fyrir flugsamgöngur til Vestfjarða. Það heftir hins vegar vaxtarmöguleika vallarins að ekki er almenn heimild til þess að stunda um hann millilandaflug. Slík starfsemi var þó stunduð á árum áður og skipti miklu máli. Landfræðilegar aðstæður til almenns millilandaflugs eru að sönnu erfiðar. Á hinn bóginn er völlurinn einn hinn fjölfarnasti í almennu innanlandsflugi og með undanþágum er stundað þaðan takmarkað millilandaflug. Þann þátt starfseminnar þarf að efla með sérstakri áherslu á þá möguleika sem eru til aukins samstarfs Vestfjarða og Grænlands.

Um árabil voru allmiklar flugsamgöngur á milli Ísafjarðar og Grænlands. Þessi starfsemi skapaði umsvif og tekjur og opnaði nýja möguleika til samskipta á milli Vestfjarða og Grænlands. Slík samskipti eru mikilvæg enda er landfræðilega stutt þarna á milli. Mikill áhugi hefur verið á slíku samstarfi.

Í skýrslunni *Vaxtarsamningur Vestfjarða*, sem unnin var af verkefnisstjórn um byggðaáætlun Vestfjarða og iðnaðarráðuneytið gaf út árið 2005, var m.a. vikið að þessu. Þar segir: „Flugfélag Íslands hefur um árabil notað Ísafjörð sem höfn í tengslum við flutninga á fólki og vörum til austurstrandar Grænlands, en þangað er innan við einnar klukkustundar flug. Þessu svæði mætti þjóna mun meira frá Ísafirði en gert er og jafnvel bjóða ferðafólki á Vestfjörðum í stuttar útsýnisferðir til Grænlands.“

Þess má og geta að vegalendin milli Vestfjarða og Grænlands er 275 km þar sem styst er. Landfræðilegar aðstæður eru því til frekara samstarfs.

Möguleikar á samstarfi Grænlands og Vestfjarða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, tók málið upp í heimsókn til Grænlands dagana 20.–21. júní árið 2008, þar sem Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar var með í för. Í greinargerð sem hann skrifaði að heimsókninni lokinni var m.a. vakin athygli á ýmsum möguleikum á frekari samstarfi Vestfjarða og Grænlands. Eftirfarandi er meðal þess sem nefnt er í greinargerð bæjarstjóra:

- Nálægðin við Austur-Grænland.
- Núverandi tengsl við Grænland í gegnum vinabæjarsamskipti við Nanortalik.
- Twin Otter skíðavélarnar sem fljúga frá Ísafirði og veita mikilvæga þjónustu.
- Möguleiki á samstarfi í ferðaþjónustu með frekara flugi og siglingum, nefndi bæjarstjóri sérstaklega stærstu skútu á Íslandi, Aurora.

– Hafnir Ísafjarðarbæjar sem þjónustuhafnir fyrir Austur-Grænland vegna fiskilandana, ferðaþjónustu, námavinnslu og olíuvinnslu.
– Siglingar með vistir til byggða við Austur-Grænland ef áhugi væri fyrir því.
– Þjónusta sjúkrahúss.
– Menntaskóli.
– Flest almenn þjónusta fyrir fólk og fyrirtæki.
– Formlegur vilji bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til að gerast þjónustuhöfn og þjónustumiðstöð fyrir A-Grænland.

Í greinargerðinni segir enn fremur:

„Öryggis- og umhverfismál koma þar einnig til skoðunar ekki hvað síst vegna aukinna siglinga, oft á tíðum vanbúinna stórra skemmtiferðaskipa. Þessu gæti fylgt staðsetning þyrlu og varðskips/herpskipa á Ísafirði. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur hreyft við því máli við yfirmann herstjórnarinnar á Grænlandi með sérstakri áherslu á Ísafjarðarbæ eftir fund dómsmálaráðherra með fulltrúum Ísafjarðarbæjar í vetur.

Með tilboði Háksólaseturs Vestfjarða um að greiða námskostnað Grænlendings við Haf- og strandsvæðistjórnunarnám Háskólasetursins (coastal and Marine Management) eru bundnar vonir við að tengsl Ísafjarðarbæjar/Vestfjarða við Grænland aukist og þar með möguleikar á samstarfi. Íslensk fyrirtæki, s.s. verktakar og verkfræðifyrirtæki á okkar svæði og reyndar víða ættu jafnframt að eiga möguleika á verkefnum sem tengjast uppbyggingu og framkvæmdum sem fyrirsjáanlega verða á Grænlandi á næstu árum. Það hafa jafnvel heyrst raddir um að Grænlendingar hefðu möguleika á raforkukaupum frá Íslandi.“

Forsendan er að hægt sé að stunda millilandaflug frá Ísafirði.

Forsenda alls þessa er m.a. að hægt sé að stunda bærilegar flugsamgöngur á milli landanna. Núna eru margs konar vankantar á slíku flugi. Ekki er almenn heimild til millilandaflugs frá Ísafjarðarflugvelli. Hins vegar er möguleiki fyrir flugrekendur að fá undanþágur, sé eftir því leitað. Slíkt er þó tafsamt og getur reynst þvælið þegar það hentar flugrekanda að nýta Ísafjarðarflugvöll sem lendingarstað vegna flugs á milli landa. Dæmi er um flugvél sem millilenti á leið til Grænlands en þurfti að bíða á Ísafirði í að minnsta kosti sólarhring á meðan farið var í gegnum undanþágubeiðni um heimild til þess að nota völlin til millilandaflugs. Fyrirtæki á borð við Flugfélag Íslands, sem hefur notað Ísafjarðarflugvöll til flugs til Grænlands, hafa fengið slík leyfi til lengri tíma í senn. Þau úrræði eru ekki til staðar fyrir þá aðila sem vilja nota völlinn í einstök skipti.

Ísafjarðarflugvöllur er gríðarlega þýðingarmikill þáttur í samgöngukerfi Vestfjarða. Um flugvöllin fóru á árinu 2008 tæplega 52 þúsund manns og var það um það bil 15% fjölgun frá árinu 2006. Verulegar fjárfestingar hafa verið gerðar á flugvellinum, jafnt til að auka öryggi og að bæta aðstöðu farþega. Sú aðstaða mundi að sjálfsögðu nýtast fyrir alþjóðaflug, þótt ljóst sé að ráðast þarf í kostnað til þess að bæta stöðu flugvallarins svo mæta megi kröfum sem það útheimtir.

Grænlandssetur í Bolungarvík.

20. mars sl. var ákveðið að stofna sérstakt Grænlandssetur í Bolungarvík. Markmiðið með stofnun þess er að efla samskipti við Grænland, næsta nágranna í vestri. Formaður félagsins er Jónas Guðmundsson sýslumaður. Á stofnfundinum var m.a. vakin athygli á mögulegri aðkomu Vestnorræna ráðsins að því styrkja þessi tengsl, m.a. á grundvelli hins nýja Grænlandsseturs.

Hinn 17. mars árið 2007 var að frumkvæði Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur samþykkt á Alþingi þingsályktun sem undirstrikar áhuga á að sinna betur þessum samskiptum við Grænland. Þingsályktunin er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Haft verði náið samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.“

Þá hefur Úlfar Ágústsson á Ísafirði verið ötull í því að vekja athygli á þeim möguleikum sem eru á frekara samstarfi Íslands og Grænlands þar sem samgöngur við norðanverða Vestfirði gætu verið lykillinn.

Helstu atriði.

Landfræðilegar aðstæður setja millilandaflugi um Ísafjarðarflugvöll skorður. En í ljósi þess að um völlin fara meira en 50 þúsund farþegar árlega í innanlandsflugi og heimild er til takmarkaðs millilandaflugs, er eðlilegt að unnið verði að því að opna fyrir frekara millilandaflug, svo sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Slíkt gæti eflt íslenska ferðaþjónustu, styrkt einkanlega samstarf Íslands og Grænlands á ýmsan hátt, rennt fleiri stoðum undir vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og nýtt þá fjárfestingu sem þegar hefur verið gerð í innviðum á margvíslegum sviðum ennþá betur.

1088. Tillaga til þingsályktunar [619. mál]

um ákæru á hendur níu mótmælendum fyrir árás á Alþingi.

Flm.: Björn Valur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela skrifstofustjóra Alþingis að fara þess á leit við ríkissaksóknara að ákæra á hendur níu mótmælendum fyrir að hafa 8. desember 2008 rofið friðhelgi og fundarfrið Alþingis, sbr. 1. mgr. 100. gr. og 1. og 2. mgr. 122. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verði dregin til baka og einnig ákæra um húsbrot, sbr. 231. gr. sömu laga.

Greinargerð.

Almenn hegningarlög eru mikill bálkur með á þriðja hundrað greinum. Eins og gengur eru greinar þessar misvirkar, sumar eru í daglegri notkun en aðrar liggja óhreyfðar svo áratugum skiptir. Í þeim hópi eru m.a. ýmis ákvæði X., XI., XII. og XIII. kafla laganna, sem snúa að landráðum, brotum gegn stjórnskipan ríkisins, brotum gegn valdstjórninni og brotum á almannafriði og allsherjarreglu.

Reynslan sýnir að þá sjaldan að gripið er til sumra slíkra lagaákvæða orkar beiting þeirra undantekningarlítið tvímælis og ýtir undir hugmyndir um að hún sé sprottin af pólitískum toga eða öðrum annarlegum hvötum fremur en að einungis sé horft til efnisatriðia máls.

Dæmi um þetta eru ákvæði sem banna guðlast. Þrátt fyrir að slík ákvæði hafi um aldir verið að finna í íslenskum lögum var einungis tvisvar dæmt fyrir guðlast á tuttugustu öld og í báðum tilvikum reyndist sá sakfelldi vera yfirlýstur pólitískur andstæðingur ríkjandi stjórnvalda. Annars vegar var Brynjólfur Bjarnason dæmdur fyrir að guðlasta í ritdómi um Bréf

til Láru eftir rithöfundinn Þórberg Þórðarson. Hins vegar hlaut Úlfar Þormóðsson dóm fyrir skrif í skoptímaritið Spegilinn.

Ætli öllum sanngjörnum mönnum beri ekki saman um að þessir tveir dómar séu smánarblettir á íslensku réttarfari. Þar fór ákæruvaldið offari gegn einstaklingum og knúði í gegn dóma sem voru ekki í nokkru samhengi við tilefni eða meðferð ótal sambærilegra mála.

Í máli nímenninganna sem nú eru kærðir fyrir að ráðast gegn Alþingi hefur t.d. verið bent á að allmörg dæmi séu um að efnt hafi verið til mótmælaaðgerða í og við þingpalla án þess að slíkum aðgerðum hafi fylgt sérstök eftirmál. Má þar nefna mótmæli ýmissa hagsmunasamtaka, svo sem verkalýðs- og stúdentahreyfinga, þar sem störf þingsins voru trufluð. Einn núverandi ráðherra tók meira að segja þátt í slíkum aðgerðum á háskólaárum sínum.

Þegar EES-samningurinn var formlega samþykktur á Alþingi mættu fulltrúar ungliðahreyfingar eins stjórnmálaflokksins meira að segja á þingpalla með eftirlíkingar af hríðskotabyssum og lýstu því yfir að um valdatöku væri að ræða án þess að nokkrum kæmi til hugar að kæra hópinn fyrir árás á þingið. Misræmi sem þetta er til þess fallið að grafa undan tiltrú á réttarkerfinu.

Annað dæmi um ákvæði almennra hegningarlaga sem óhönduglega hefur tekist til við að beita er 95. gr. Þar segir:

„Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.“

Klausa þessi hefur í munni margra hlotið hið óvirðulega heiti „nasistaákvæðið“, sem vísar í notkun þess í íslensku réttarfari. Á tuttugustu öld var því fyrst beitt í kjölfar atburða sumarið 1933, þegar hópur manna á Siglufirði stormaði að bústað vararæðismanns Þjóðverja og skar þar niður merki þýska nasistaflokksins. Mennirnir rifu fánann í tætlur, hentu honum í poll og stöppuðu á honum. Fimm forsprakkar voru handteknir. Einn þeirra, Gunnar Jóhannsson, varð síðar alþingismaður. Annar þeirra var Steinn Steinarr skáld.

Með verknaði sínum vildu mennirnir mótmæla kúgun þýskra nasista og dómur sögunnar fer mildum höndum um þá. Aukaréttur Siglufjarðar var hins vegar ekki eins mjúkhentur. Þrír mannanna, þar á meðal Steinn, voru dæmdir í þriggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi, hinir tveir í tveggja mánaða fangelsi. Nokkrum árum síðar hefðu víst fáir orðið til að hallmæla fimmmenningunum, enda höfðu nasistar þá sýnt fleirum sitt rétta andlit þannig að allir sáu hvers kyns var, ekki eingöngu nokkrir kommúnistar á Siglufirði. Þeir voru hins vegar ákærðir eftir IX. kafla almennra hegningarlaga frá árinu 1896 en þar er fjallað um landráð og móðgandi athæfi gagnvart erlendum ríkjum, sendimönnum og þjóðfánum.

Ári síðar beittu íslenskir dómarar nasistaákvæðinu aftur. Í það sinnið var rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson dæmdur til að greiða 200 kr. sekt fyrir að kalla Adolf Hitler blóðhund og vega þannig að æru hans. Líklega velkjast fáir í vafa um það hvort Þórbergur og fimmmenningarnir frá Siglufirði eða dómarnir yfir þeim hafa staðist betur tímans tönn.

Í dómsmálinu sem hér um ræðir er kært fyrir árás á Alþingi. Það er ákvæði sem hefur aðeins einu sinni verið virkjað – í kjölfar mótmæla vegna inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið 30. mars 1949. Þann dag kröfðust mótmælendur og verkalýðsfélögin í Reykjavík þess að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Til átaka kom við Alþingishúsið og í kjölfarið

var hópur manna dæmdur til harðra refsinga á óljósum grundvelli. Menn í hópnum misstu til að mynda kosningarétt og kjörgengi svo árum skipti, auk þess sem margir hlutu fangelsisdóma.

Dómarnir yfir mótmælendunum 30. mars 1949 voru slæmir að öllu leyti. Þeir voru almennt álitnir pólitískir og gerðu því það eitt að draga úr tiltrú hluta fólks á réttarkerfinu sem hlutlausri stofnun. Þá, líkt og nú, leit enginn mótmælenda svo á að um ræri að ræða árás á þingið – þvert á móti töldu báðir hópar sig vera að verja þingið.

1089. Fyrirspurn [620. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um rekstrarheimildir nýrra hjúkrunarrýma.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða nýjum hjúkrunarrýmum mun ráðherra leggja áherslu á að verði tryggðar rekstrarheimildir í fjárlögum ársins 2011?
2. Hvað er áætlað að þær rekstrarheimildir verði háar?

Skriflegt svar óskast.

1090. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Bændasamtökum Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og Vegagerðinni.

Í 12. gr. gildandi laga er kveðið á um að iðnaðarráðherra skipi sjö menn til setu í stjórn Tækniþróunarsjóðs til þriggja ára í senn. Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra skipi stjórn Tækniþróunarsjóðs til tveggja ára í stað þriggja og jafnframt að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann. Enn fremur er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi einn fulltrúa í stað tveggja áður í ljósi þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð árið 2008. Verði frumvarpið að lögum verða sex menn í stjórninni í stað sjö samkvæmt gildandi lögum. Nefndin fagnar þeirri tillögu að stytta skipunartíma stjórnarmanna og binda stjórnarsetu við tvö tímabil í senn. Sú breyting er til þess fallin að stuðla að örari endurnýjun innan stjórnar. Jafnframt leggur nefndin til að stjórn Tækniþróunarsjóðs verði ekki skipt út allri á sama tíma en með því er leitast við að auka samfellu og skilvirkni stjórnarinnar. Við umfjöllun um málið var m.a. rædd gagnrýni sem kemur fram í umsögn Bændasamtaka Íslands á þá fyrirætlun að fækka fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í stjórninni. Nefndin minnir á að verkefni skulu metin faglega og hlutverk stjórnar er fyrst og fremst að setja fagráðum Tækniþróunarsjóðs verklagsreglur en ekki að gæta hagsmuna tiltekinna atvinnugreina. Áréttað er að það er ekki verkefni stjórnar heldur fagráða Tækniþróunarsjóðs sem skipuð eru af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs að leggja mat á umsóknir og bera fram tillögur um úthlutun styrkja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við skipun í stjórn Tækniþróunarsjóðs fyrir 1. september 2010 skulu þrír menn skipaðir til eins árs. Skal það ár teljast sem eitt tímabil. Þetta á þó ekki við um þann sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Gunnar Bragi Sveinsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jón Gunnarsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Margrét Tryggvadóttir.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.

Björn Valur Gíslason.

1091. Svar [492. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ábyrgð á framkvæmd 22. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða aðili í stjórnsýslunni ber ábyrgð á framkvæmd 22. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nánar tiltekið þeim þætti laganna er snýr að kynferðislegri áreitni á vinnustöðum?

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, kemur fram að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Þá kemur fram í 2. mgr. sama ákvæðis að sé yfirmaður kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir. Ljóst er því af orðalagi ákvæðisins að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka bera ábyrgð á framkvæmd 22. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Samkvæmt ákvæði 3. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla fer félags- og tryggingamálaráðherra með framkvæmd laganna nema annars sé sérstaklega getið. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að Jafnréttisstofa sé sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn ráðherra og að stofnunin annist stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Þá kemur fram í 3. mgr. 4. gr. laganna að eitt af verkefnum Jafnréttisstofu sé að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Í athugasemdum með 3. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, kemur meðal annars fram að áfram sé lagt til að „félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn jafnréttismála en aðrir ráðherrar fari með framkvæmd laganna á tilteknum sviðum þegar það er sérstaklega tekið fram“. Þá kemur fram að enn fremur sé lagt til að „Jafnréttisstofa annist áfram stjórnsýslu á því sviði sem efni frumvarpsins nær til.“

Fram kemur í 2. mgr. 18. gr. laganna að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttis-

sjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar meðal annars sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. laganna. Enn fremur er kveðið á um það að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skuli endurskoða á þriggja ára fresti.

Í 3. mgr. 18. gr. kemur fram að fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. 18. gr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtækin og stofnanirnar afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests.

Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. 18. gr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. 18. gr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti, sbr. 4. mgr. 18. gr.

Í 5. mgr. 18. gr. er kveðið á um að verði fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. 18. gr. ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu skv. 4. mgr. 18. gr. getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Hið sama á við þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því eða neitar að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála, sbr. 3. mgr. 18. gr. Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag, sbr. 6. mgr. 18. gr.

Í athugasemdum með 18. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, kemur meðal annars fram að í „jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu á að koma fram markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynjanna verði náð og því viðhaldið til framtíðar. Er miðað við að þar komi fram lykiltölur um stöðu kynjanna í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að þar sé fjallað um viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni ...“ Þar segir enn fremur að í frumvarpinu sé lagt til að „Jafnréttisstofa hafi virkt eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn hafi gilda jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.“

Samkvæmt framansögðu er það því að mati ráðuneytisins eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu að hafa eftirlit með því að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka geri í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu, ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi grein fyrir markmiðum og aðgerðum sem ætlað er að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem 22. gr. laganna kveður á um, þar á meðal viðbrögð við kynferðislegri áreitni.

1092. Nefndarálit [542. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010. Samningurinn kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2010, gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2010 auk þess sem hann kveður á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum sem skráð eru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2010.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Helgi Hjörvar.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1093. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um endurskoðun eftirlauna og skyldra hlunninda.

Flm.: Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis eða ríkisstjórninni að samið verði að pólskri fyrirmynd frumvarp að lögum um endurskoðun eftirlauna og skyldra hlunninda þeirra manna sem rannsóknarnefnd Alþingis telur hafa „sýnt vanrækslu“ í aðdraganda bankahrunsins, og annarra eftir atvikum.

Greinargerð.

Ástæður þess að þessi þingsályktunartillaga er lögð fram koma skýrt fram í grein Þorvaldar Gylfasonar sem er fylgiskjal með tillögunni.

Með þingsályktunartillögunni var fylgiskjal, grein eftir Þorvald Gylfason, Pólska leiðin, birt í Fréttablaðinu, 6. maí 2010.

1094. Nefndarálit [593. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til ríkisstjórnarinnar um að staðfesta þrjá samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010 sem gerðir voru í London 22. október 2009. Um er að ræða sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010; samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010; og samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Helgi Hjörvar.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1095. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Jónsdóttur frá Bankasýslu ríkisins, Pál Grétar Steingrímsson frá Deloitte hf., Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Almar Guðmundsson og Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Ágúst Helgason og Inga Þór Magnússon frá Félagi um innri endurskoðun, Árnýju

Guðmundsdóttur, Gunnar Andersen og Kristínu Fjólu Fannberg frá Fjármálaeftirlitinu, Jónas Rafn Tómasson frá KPMG hf., Pál Harðarson og Þórð Friðjónsson frá Kauphöll Íslands, Hrafn Magnússon og Stefán Árna Auðólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Evu B. Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Tryggva Axelsson frá Neytendastofu, Eyjólf Ármannsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Guðjón Guðmundsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gunnar Viðar, Helgu Hlín Hákonardóttur, Jónu Björk Guðnadóttur og Sverri Þorvaldsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Friðbert Traustason frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, Arnór Sighvatsson, Hörpu Jónsdóttur og Tryggva Pálsson frá Seðlabanka Íslands og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Bankasýslu ríkisins, Deloitte hf., efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi um innri endurskoðun, Fjármálaeftirlitinu, Hagstofu Íslands, Kauphöll Íslands, KPMG hf., Landssamtökum lífeyrissjóða, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Tryggingarsjóði innstæðueigenda og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem byggjast á starfi nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 29. desember 2008. Ríkisstjórn Íslands ákvað skömmu áður, þ.e. í nóvember 2008, að fá reyndan bankaeftirlitsmann til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur. Var Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóri finnska fjármálaeftirlitsins, fenginn til verksins og honum falið að meta regluverk varðandi lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, stórar áhættuskuldbindingar, krosseignatengsl og loks mat á hæfi eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja. Í skýrslu Kaarlo Jännäri frá mars 2009 er að finna fjölda ábendinga um atriði sem betur mega fara í lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem miða að því að fylgja eftir hluta af þeim ábendingum sem settar voru fram í skýrslu hans. Í fyrsta lagi er lagt til að valdheimildir Fjármálaeftirlitsins verði auknar. Í öðru lagi er lagt til að komið verði upp útlánaskrá hjá Fjármálaeftirlitinu til að draga úr útlánaáhættu í fjármálakerfinu og til að betri yfirsýn fáist yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu. Í þriðja lagi er lagt til að settar verði strangari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, lánveitingar til tengdra aðila og hæfi eigenda.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að merking hugtaka sem er að finna á víð og dreif í lögunum verði skýrð í sérstakri grein. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar og viðbætur á þeim til nánari skýringar.

Í 4. gr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækis án þess að komi til eiginlegrar sviptingar á starfsleyfi. Mælt er fyrir um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækis, telji það sérstaka ástæðu til, og geti enn fremur sett einstökum starfsstöðvum sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja eftirlitinu mildara úrræði en það hefur samkvæmt gildandi lögum telji það rekstri einstakra starfsstöðva ábótavant. Við meðferð málsins í nefndinni komu fram ábendingar um að ákvæðið þætti opið og að beiting þess gæti haft í för með sér víðtækar afleiðingar fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki. Einnig komu fram sjónarmið um að nauðsynlegt væri fyrir eftirlitið að hafa heimild til að takmarka

einstakar starfsheimildir tímabundið. Meiri hlutinn leggur því til viðbætur við ákvæðið. Í fyrsta lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að takmarka starfsemi fjármálafyrirtækis tímabundið, hvort sem hún er háð skilyrði um starfsleyfi eða ekki. Í öðru lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli gefa fjármálafyrirtæki kost á að gera úrbætur telji eftirlitið það unnt og er mælt fyrir um að ákvarðanir eftirlitsins skuli rökstuddar skriflega. Í þriðja lagi skal eftirlitið senda eftirlitsstjórnvaldi í gistiríki tilkynningu um efni ákvörðunarinnar. Að auki leggur meiri hlutinn til breytingu á fyrirsögn greinarinnar sem lýsir inntaki hennar betur.

Lagt er til með 5. gr. frumvarpsins að lágmarksfjárhæð hlutafjár/stofnfjár verði tilgreind í evrum til samræmis við tilskipanir Evrópusambandsins. Skal hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs nema að lágmarki 5 millj. evra (EUR). Gengið er út frá því, sbr. 7. mgr. greinarinnar, að sé hlutafé eða stofnfé skráð í íslenskum krónum skuli miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Til skýringar leggur meiri hlutinn til að við ákvæðið bætist ný málsgrein, sem verði 1. mgr., þar sem hnykkt verði á því að það lágmark stofnfjár/hlutafjár sem getið er í 2.–8. mgr. greinarinnar eigi við um hlutafé/stofnfé við veitingu starfsleyfis. Þegar fjármálafyrirtæki hefur hafið starfsemi eru það hins vegar reglur um eiginfjárgrunn sem ber að líta til, sbr. 84. gr. laganna. Vegna þessarar viðbótarmálsgreinar breytast tilvísanir í öðrum málsgreinum. Með breytingunni er ætlað að tryggja að stofnfé (e. initial capital) sé örugglega greitt inn með peningum og að ef einhverjir sem stofna fjármálafyrirtæki eða sparisjóð greiða yfirverð fyrir hlut sinn þá teljist sá varasjóður sem við það myndast hluti af eigin fé viðkomandi. Þá leggur meiri hlutinn til að unnt verði að stofna sparisjóð með að lágmarki einnar milljónar evra stofnfé. Miðað er við að slíkir sparisjóðir starfi á staðbundnum afmörkuðum markaði og tilgreini í umsókn sinni um starfsleyfi hver þeirra staðbundni afmarkaði markaður sé en Fjármálaeftirlitið hefur lokaorðið um hvað telst vera staðbundinn afmarkaður markaður. Ekki eru að öðru leyti í frumvarpinu lagðar til breytingar á lagaumhverfi sparisjóða. Málefni sparisjóðanna hafa verið til umfjöllunar að undanförnu enda hafa staðið yfir aðgerðir til að endurskipuleggja rekstur þeirra sparisjóða sem lentu í erfiðleikum vegna áfalla á fjármálamarkaði. Við meðferð málsins í nefndinni var m.a. varpað fram þeirri spurningu hvað fælist í því að vera sparisjóður. Með lögum nr. 76/2009, frá 14. júlí 2009, voru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um sparisjóðina sérstaklega. Helstu breytingar þeirra laga voru að skilgreina sparisjóð sem sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hlutafélag getur því ekki verið sparisjóður. Þá skulu sparisjóðir skilgreina samfélagslegt hlutverk sitt og geta um það í samþykktum. Með lögunum var jafnframt gerð sú breyting að afmarka eignarréttindi stofnfjáreigenda og er sérstaklega tilgreint að eign takmarkist við bókfært stofnfé og eiga stofnfjáreigendur enga hlutdeild í óráðstöfuðu eigin fé eða varasjóðum sparisjóðsins. Heimildir til arðgreiðslna voru einfaldaðar og þrengdar og reglum um viðskipti og meðferð stofnfjárbréfa var breytt til samræmis við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki. Sparisjóðirnir fengu samkvæmt lögunum ákveðnar heimildir til samstarfs sem hefur auðveldað minni sjóðum þátttöku í samkeppni á fjármálamarkaði. Ákvæði eldri laga um 5% hámark atkvæðaréttar voru þar með felld brott. Hafði Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að þær hömlur stönguðust á við ákvæði EES-samningsins. Frá samþykkt laga nr. 76/2009 hefur það enn fremur gerst að rekstur tveggja stærstu sparisjóðanna hefur verið tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu og minni sparisjóðirnir hafa flestir hverjir þurft á aðstoð Seðlabanka Íslands að halda til þess að geta haldið áfram starfsemi sinni. Af þessu leiðir að ríkissjóður, í gegnum Bankasýslu ríkisins, hefur eða mun eignast frá um fjórðungi og allt að níu tíundu stofnfjár í minni sparisjóðunum

og allt stofnfé í þeim sjóðum sem stofnaðir voru á rústum Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur. Vitað er að áhugi er meðal ýmissa aðila sem stóðu að sparisjóðunum á að viðhaldið verði takmörkunum á atkvæðisrétti. Vegna hagsmuna Bankasýslunnar og niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA er ekki unnt að bregðast við þeim áhuga. Ekkert virðist því til fyrirstöðu hins vegar að einstakir sparisjóðir setji hömlur á atkvæðavægi stofnfjáreigenda í samþykktir sínar þegar aðkomu Bankasýslunnar að þessum fjármálafyrirtækjum lýkur.

Með breytingartillögu meiri hlutans sem að framan er getið, um sparisjóð með einnar milljónar evra stofnfé, er leitast við að tryggja að lítil fjármálafyrirtæki sem starfa á afmörkuðum, staðbundnum markaði og veita grunnbankaþjónustu þurfi ekki að uppfylla öll þau ströngu skilyrði sem stærri fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla ellegar sameinast öðrum stærri. Með þessu ætti að vera tryggð grunnbankaþjónusta um land allt.

Í 6. gr. er lagt til að skerpt verði á ákvæðum um endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að fjöldi starfsmanna sem annast innri endurskoðun endurspegli stærð fjármálafyrirtækis og það hversu flókin starfsemi fyrirtækisins er. Kveðið er á um hæfisskilyrði forstöðumanns endurskoðunardeildar, m.a. um menntun og reynslu. Mælt er fyrir um að innri endurskoðun skuli gera stjórn fjármálafyrirtækis grein fyrir starfsemi sinni og að hún skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um athugasemdir sem hún hefur gert og sent stjórn fyrirtækisins. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á ákvæðinu. Er í fyrsta lagi lagt til að felld verði brott sú afdráttarlausa regla 1. málsl. 1. mgr. að rafeyrisfyrirtækjum og verðbréfamiðlunum beri ekki að starfrækja endurskoðunardeild. Eftir stendur að samkvæmt lokamálsgrein greinarinnar getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá skyldu til að starfrækja slíka deild en slík ákvörðun byggist á eðli og umfangi rekstrar viðkomandi fjármálafyrirtækis. Í öðru lagi er lagt til að felld verði brott tilvísun til þess að starfsmönnum endurskoðunardeilda sé óheimilt að vera aðilar að kaupaukakerfum. Í 39. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um kaupaukagreiðslur og starfslokasamninga og getur eftirlitið, ef þurfa þykir, mælt fyrir um sérreglur um eftirlitseiningar innan fjármálafyrirtækja. Í þriðja lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á 1. mgr. í þá veru annars vegar að hnykkja á því að endurskoðunardeild starfi óháð öðrum deildum fjármálafyrirtækis og hins vegar að ekki aðeins skuli starfsmenn endurskoðunardeildar vera ákveðið margir heldur verði einnig kveðið á um að þeir skuli búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að takast á við þau verkefni sem um ræðir. Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um að forstöðumaður endurskoðunardeildar hafi sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar auk þess sem segir í ákvæðinu að hann skuli hafa háskólapróf sem nýtist í starfi. Í fimmta lagi leggur meiri hlutinn til að Fjármálaeftirlitið geti hvenær sem er skoðað hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar telji það tilefni til þess í stað þess að hæfi hans sé einungis metið áður en hann tekur formlega til starfa. Í sjötta lagi er lagt til að skerpt verði á 3. mgr. greinarinnar þannig að ekki aðeins skuli innri endurskoðun gera stjórn grein fyrir starfsemi sinni heldur einnig endurskoðunarnefnd. Einnig að þær athugasemdir sem stjórn beri að taka fyrir takmarkist við þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar. Þá er lagt til að því verði bætt við ákvæðið að forstöðumaður hafi rétt til að sitja stjórnarfundi þar sem athugasemdir frá honum eru á dagskrá.

Í 7. gr. eru ákvæði um áhættustýringu, þ.e. annars vegar um að fjármálafyrirtæki skuli reglulega framkvæma álagspróf og hins vegar um að Fjármálaeftirlitið geti sett frekari reglur um framkvæmd áhættustýringar og atriði tengd henni. Meiri hlutinn leggur til að ákvæðið verði styrkt með því að bæta því við að forsendur álagsprófa verði einnig skjalfestar. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að niðurstöður álagsprófa skuli kynntar stjórn fjármálafyrirtækis.

Í a-lið 8. gr. frumvarpsins (17. gr. a) er lagt til að við lögin bætist ákvæði um skuldbindingaskrá, þ.e. skrá yfir þá aðila sem njóta lánafyrirgreiðslu fjármálafyrirtækis. Gert er ráð fyrir því að á grundvelli upplýsinga úr skránni geti eftirlitsaðili brugðist við kerfislægri áhættu vegna stórra aðila sem eru á henni. Hér er um að ræða vísi að svokallaðri útlánaskrá (e. National Credit Registry) sem gerð var tillaga um í skýrslu Kaarlo Jännäri, þ.e. að komið yrði upp útlánaskrá til að draga úr útlánaáhættu í fjármálakerfinu og til að fá betri yfirsýn yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu. Meiri hlutinn telur mikilvægt að slíkri skrá verði komið upp sem allra fyrst að undangengnum nægjanlegum undirbúningi eftir atvikum á grundvelli sérstakrar löggjafar. Meiri hlutinn leggur til tvenns konar breytingar á greininni. Annars vegar er lagt til að miðað verði við lægri fjárhæð en kveðið er á um í frumvarpinu, þ.e. 300 millj. kr. í stað 750 millj. kr., og án þess að jafnframt verði getið um tiltekið hlutfall heildarútlána. Er sú fjárhæð sem meiri hlutinn leggur til í betra samræmi við fjárhæðarmörk sambærilegra skráa í öðrum löndum. Hins vegar er lögð til lagfæring á orðalagi 3. málsl. 2. mgr., enda er þar átt við aðila í nánum tengslum, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 1. gr. frumvarpsins. Í b-lið 8. gr. er mælt fyrir um úrræði Fjármálaeftirlitsins telji það að lántökur einstaks aðila, sem er á skuldbindingaskrá og lýtur ekki opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, geti haft kerfislæg áhrif. Meiri hlutinn leggur til þá viðbót við þessa grein að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins skuli rökstuddar skriflega enda geta þær verið viðurhlutamiklar fyrir fjármálafyrirtæki.

Í 10. gr. er lagt til að bætt verði við ákvæði um að Fjármálaeftirlitið setji reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði. Auk þess er veitt lagastoð fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en nefndin er þegar starfandi á grundvelli samkomulags milli efnahags- og viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Meiri hlutinn leggur til að hnykkt verði á því að reglur Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti einskorðist við viðskiptahætti samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. breytingartillögu við 2. mgr. 10. gr. Við umfjöllun um málið í nefndinni varð nefndin þess áskynja að svo virtist sem valdmörk Neytendastofu væru óljós. Í umsögn við frumvarpið var lýst áhyggjum af óljósum valdmörkum annars vegar Neytendastofu, sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hins vegar Fjármálaeftirlitsins, sem starfar á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. einnig lög um fjármálafyrirtæki. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að viðkomandi ráðuneyti leggist á eitt og geri tillögur um hvernig eyða megi óvissu um valdmörk þessara tveggja eftirlitsaðila. Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum og er það hugtak nánar skilgreint í III.–V. kafla laganna. Rætt var um það í nefndinni hvort framangreind ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti stönguðust á eða gætu skarast við 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 10. gr. frumvarpsins, um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Meiri hlutinn telur svo ekki vera enda vernda ákvæði laga um óréttmæta viðskiptahætti og markaðssetningu neytendur en 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki lýtur að stjórnarháttum fyrirtækis (e. corporate governance). Vegna þess hve starfsemi fjármálafyrirtækja hefur mikla þýðingu þjóðhagslega er ástæða til að gera ríkar kröfur til þess hvernig þeim er stjórnað og að þau stundi heilbrigða viðskiptahætti. Leggur meiri hlutinn því til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þess efnis að fjármálafyrirtækjum beri að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, þ.m.t. veita upplýsingar um stjórnarhætti sína. Til að tryggja gagnsæi skulu fjármálafyrirtæki einnig birta upplýsingar um nöfn þeirra sem eiga 5% eða meira í fjármálafyrirtæki. Talsvert var rætt um eignarhald fjármálafyrirtækja, einkum vegna

þeirra aðstæðna sem nú ríkja, þar sem óljóst er um eignarhald þeirra fjármálafyrirtækja sem stofnuð voru á grunni hinna föllnu banka. Runninn er út frestur til að lýsa kröfum í bú þeirra en þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þeirra allra og ljóst er að látið verður reyna á réttmæti margra þeirra fyrir dómstólum mun taka tíma að fá skorið úr um eignarhaldið. Sú leið var farin að stofnuð voru sjálfstæð eignarhaldsfélög sem Fjármálaeftirlitið samþykkti sem virka eigendur og hafa stjórnendur þeirra gengist undir hæfnispróf hjá Fjármálaeftirlitinu. Eignarhaldsfélögin skipuðu fulltrúa í stjórnir hinnar föllnu banka.

Í XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 44/2009, er mælt fyrir um sérreglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Þegar sérreglunum sleppir taka ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við, svo sem um aðgang að upplýsingum sem varða sjálfa slitameðferðina, um heimild til setu á skiptafundum, um afhendingu skjala og um aðgang að kröfuskrá. Til fyllingar þeim ákvæðum eru jafnframt sérstök ákvæði um þagnarskyldu, sem er að finna í lögum um fjármálafyrirtæki, sem ekki er ástæða til að hvika frá. Við fall viðskiptabankanna í október 2008 hrikti í stoðum íslensks efnahagslífs og almenningur hefur í kjölfarið sætt skerðingu lífskjara. Mörgum spurningum er enn ósvarað um viðskiptahætti bankanna. Þá hefur það gerst að samið hefur verið um endurgjald til handa hinum föllnu bönkum vegna eigna sem framseldar voru til nýrra fjármálafyrirtækja (Arion banka hf. og Íslandsbanka hf.) í formi hlutabréfa í hinum nýju bönkum. Kröfuhafar hinna gömlu banka eru því óbeint hagsmunaaðilar að því er varðar hina nýju banka. Vegna hinna ríku almannahagsmuna sem í húfi eru við endurreisn fjármálakerfisins þykir eðlilegt að í þjóðfélagsumræðum séu réttar upplýsingar tiltækar um kröfuhafa hinna gömlu banka og þá aðila sem hafa þá hagsmuna að gæta og bera óbeina eigendaábyrgð á hinum nýju bönkum. Alls kyns getgátur og umræður byggðar á ófullnægjandi upplýsingum eru ekki til þess fallnar að skapa sátt um skipan þeirra mála. Af þessum sökum þykir rétt að víkja frá hinni almennu reglu 3. mgr. 119. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og heimila slitastjórnum að afhenda og birta kröfuskrár. Rétt þykir þó að takmarka þá upplýsingagjöf við kröfur skv. 109., 110., 111., 113. og 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en að ekki verði veittar persónugreinanlegar upplýsingar um þær kröfur sem njóta réttarstöðu samkvæmt ákvæðum 112. gr. enda er þar í flestum tilvikum um að ræða kröfur vegna launa og launatengdra gjalda, auk innstæðukrafna, sem rétt þykir með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og reglna um friðhelgi einkalífs að njóti sérstöðu að þessu leyti. Leggur meiri hlutinn því til að bætt verði ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið þess efnis að slitastjórn skuli afhenda þeim sem þess óskar eintak kröfuskrár, eða birta kröfuskrá með opinberum hætti.

Í breytingartillögu meiri hlutans við 10. gr. er gert ráð fyrir að henni verði skipt upp í tvær greinar er verði 19. gr. og 19. gr. a laganna og er auk þess lögð til sú breyting að ákvæði um upplýsingar um eignarhald á vefsíðu verði í sérstakri málsgrein, 4. mgr.

Kveðið er á um það í 11. gr. hvernig fjármálafyrirtækjum beri að halda utan um upplýsingar um viðskiptamenn fjármálafyrirtækja. Markmið ákvæðisins er að viðskiptavinur hafi ákveðin úrræði gagnvart fjármálastofnun sem hann er í viðskiptum við ef fjallað hefur verið opinberlega um fjármál hans. Við umfjöllun um málið í nefndinni komu fram athugasemdir við ákvæðið þess efnis að það gæti hamlað starfsemi lögbundinna eftirlitseininga innan fjármálafyrirtækja sem þurfi iðulega að fletta upp upplýsingum um viðskiptavini án þess að það tengist alltaf tilteknu máli. Þá stangaðist ákvæðið á við þann tilgang laga um aðgerðir gegn peningaþvætti að tilkynningarskyldur aðili (þ.m.t. fjármálafyrirtæki) skuli þekkja viðskiptamenn sína og var bent á að ákvæðið gæti hamlað rannsókn sakamála auk þess sem starfsmaður fjármálafyrirtækis gæti verið í hættu fengi viðskiptamaður upplýsingar um að hann

hefði sótt upplýsingar um hann. Vegna þessara álitamála leggur meiri hlutinn til að 2. og 3. mgr. greinarinnar falli brott og skulu fjármálafyrirtæki því setja sér reglur um aðgang að upplýsingum um viðskiptavini.

Í 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki eru heimildir tiltekinna tegunda fjármálafyrirtækja til að stunda aðra starfsemi en starfsleyfi þeirra nær til bundnar við það að starfsemin sé tímabundin og lúti aðeins að því að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Við umfjöllun um málið komu fram þau sjónarmið að ganga ætti sem lengst í því að takmarka heimildir fjármálafyrirtækja til að reka önnur fyrirtæki þar sem slíkt gæti skekkt samkeppnisstöðu og valdið mismunun milli fyrirtækja. Í 13. gr. er lagt til að lögfest verði heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að meta hvort skilyrði um heimildir fjármálafyrirtækis til að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til séu fyrir hendi. Auk þess skuli eftirlitið hafa heimild til að setja tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Meiri hlutinn leggur til breytingu á þessu ákvæði frumvarpsins í þeim tilgangi að þrengja frekar heimildir þeirra tegunda fjármálafyrirtækja sem ákvæðið nær til til að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til. Tillaga meiri hlutans lýtur að því að fjármálafyrirtæki rökstyðji tilkynningu sína um aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til. Þá skuli fjármálafyrirtækið fara að ákvæðum VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti eftir því sem við á hafi það tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum eftir því sem við á. Byggist tillaga þessi m.a. á frumvarpi nokkurra þingmanna sem hefur verið lagt fyrir þingið (564. mál). Þó er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að veita undanþágu frá þeim skyldum sem VII. og VIII. kafli laga um verðbréfaviðskipti kveða á um ef fjárhagslegri endurskipulagningu lýkur á innan við sex mánuðum frá því að starfsemi hófst.

Rætt var um það í nefndinni hvort setja ætti fjármálafyrirtækjum eða dótturfélögum ákveðin tímaviðmið til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Vandkvæði eru fólgin í því að lögfesta ákveðin tímamörk þar sem erfitt væri að finna eitt tímaviðmið sem ætti við um allar tegundir fyrirtækja en fyrirtæki eru mismunandi að stærð og eðli. Meiri hlutinn telur að þessi tími eigi að vera sem allra skemmstur en segja má að viðmið um sex mánuði gæti í einhverjum tilvikum verið svo skammt að hætt væri við því að eignir færu á brunaútsölu en viðmið um 1,5–2 ár væru hins vegar of langur tími en í undantekningartilvikum gæti svo langur tími átt rétt á sér.

Með 16. gr. er lögð til breyting á ákvæði um eigin hluti í þá veru að ákvæðið nái bæði til móðurfélaga og dótturfélaga. Gert er ráð fyrir því að samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga megi ekki nema hærri fjárhæð að nafnvirði en 10% af nafnvirði innborgaðs hlutafjár (eða stofnfjár).

Lagt er til í 17. gr. að fjármálafyrirtæki verði óheimilt að lána til kaupa á hlutabréfum/stofnfjárbréfum í fyrirtækinu ef andlag veðsins er sjálf hlutabréfin eða stofnfjárbréfin. Verði frumvarpið að lögum verður einnig óheimilt nema samkvæmt ströngum skilyrðum að veita lán til stjórnarmanns, lykilstjórnanda eða eiganda virks eignarhlutar í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á þessu ákvæði. Lagt er til að ekki aðeins fjármálafyrirtækjum verði óheimilt að veita lán tryggt með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því heldur einnig dótturfélögum þeirra til að taka af allan vafa um að fjármálafyrirtæki geti ekki tekið að veði bréf útgefin af dótturfélagi þess. Jafnframt er lögð til orðalagsbreyting í 3. málsl. 1. mgr. greinarinnar. Einnig er lögð til sú viðbót við 2. mgr. að framkvæmdastjóri bætist við í upptalningu á þeim sem fjármálafyrirtæki er óheimilt að lána eða veita fyrirgreiðslu. Jafnframt er lögð til viðbót við 4. mgr. til nánari skilgreiningar á því til hvaða atriða reglur Fjármálaeftirlitsins eiga að ná.

Í 18. gr. er lagt til að fjármálafyrirtæki skuli tengja aðila saman ef vafi leikur á því hverjir teljast innbyrðis tengdir viðskiptamenn. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að hámark stórra áhættuskuldbindinga skuli vera lægra en 25% og í ákveðnum tilvikum 20%.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum um virka eignarhluti. Í 23. gr. er lagt til að aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut tilkynni Fjármálaeftirlitinu um þau áform. Gert er ráð fyrir því að tiltekin gögn fylgi tilkynningu hans og skal eftirlitið meta þann sem um ræðir. Breytingarnar sem lagðar eru til á málsmeðferðarreglum um yfirtökur og aukningu á eignarhlut byggjast á EB-tilskipun nr. 44/2007.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á öðrum ákvæðum um virka eignarhluti. Er lögð til smávægileg breyting á 24. gr. sem felst í því að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega hvaða upplýsingar þurfi að fylgja tilkynningu um áform um að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Þá eru lagðar til tvenns konar breytingar á 25. gr. Í 1. mgr. 25. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti krafist ítarlegri upplýsinga en taldar eru upp í 24. gr. frumvarpsins og skal slík krafa sett fram eigi síðar en fimmtíu dögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu virka daga til að meta hvort viðkomandi teljist hæfur til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum svo sem að framan greinir bætist bið eftir upplýsingum við sextíu daga frestinn en þó aldrei meiri en tuttugu dagar. Meiri hlutinn leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að óska að nýju eftir frekari upplýsingum án þess þó að það hafi áhrif á framangreinda tímafresti. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að lokamálsliður 2. mgr. 26. gr. flytjist í 25. gr. og verði 3. mgr. hennar. Lögð er til breyting á 28. gr. þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið tilkynni aðila um brottfall atkvæðisréttar. Gera verður ráð fyrir því að stofnunin hafi þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til að geta tilkynnt um þetta og leggur meiri hlutinn því til að orðunum „fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna“ verði skotið inn í greinina. Þá leggur meiri hlutinn til að hnykkt verði á því í 29. gr. að aðila verði skylt að selja þann hluta eignarhlutar sem er umfram það sem hann átti áður. Þá leggur meiri hlutinn til tvenns konar breytingar á 30. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að orðið „grundvallar“ falli brott svo að það verði ekki matsatriði hvenær þeim sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum. Í öðru lagi er lagt til að til skýringar verði því bætt við greinina að bann við því að taka þátt í ákvörðunum um breytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu o.s.frv. eigi ekki við um meðferð þess virka eignarhlutar sem aðilinn átti fyrir. Þá er lögð til breyting á 33. gr. þess efnis að við bætist að eftirlitið meti hvort aðili falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. Ákvæði sambærilegt þessu er í 2. mgr. 107. gr. laganna en þar er jafnframt kveðið á um að Fjármálaeftirlitið meti hvort aðilar falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur því til að þeirri heimild verði bætt við 33. gr. og jafnframt að 2. mgr. 107. gr. falli brott.

Í 43. gr. frumvarpsins er lögð til sérregla um það í hversu langan tíma endurskoðandi má starfa fyrir fjármálafyrirtæki og er gert ráð fyrir því að hámarkið verði fimm ár. Meiri hlutinn leggur til að einnig verði skylt að skipta um endurskoðunarfélag eftir þann tíma en ekki aðeins endurskoðanda. Þá leggur meiri hlutinn til viðbót þess efnis að endurskoðendur og endurskoðunarfélög skuli kjörin á aðalfundi til fimm ára og að álit endurskoðendaráðs þurfi að liggja fyrir áður en tekin verður ákvörðun um að víkja endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá störfum.

Í 35. gr. eru lagðar til verulegar breytingar á ákvæðum laganna um stjórn fjármálafyrirtækis. Lagt er til það nýmæli að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri megi ekki hafa hlotið

dóm vegna brota á ýmsum tilgreindum lögum sem varða atvinnurekstur. Skerpt er á öðrum hæfisskilyrðum og lögð til þrengri ákvæði, svo sem um menntun, reynslu og starfsferil stjórnarmanna. Einnig eru lögð til þrengri skilyrði um stjórnarsetu, þannig að stjórnarmanni er á sama tíma óheimilt að sitja bæði í stjórn viðskiptabanka og vátryggingarfélagi, eða viðskiptabanka og kauphöll. Í 36. og 37. gr. eru jafnframt ákvæði um skyldur stjórnar, svo sem um að halda aðalfund, um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins og um bann við starfandi stjórnarformanni. Við umfjöllun nefndarinnar um málið var talsvert rætt um þær menntunarkröfur sem felast í ákvæðinu. Þess ber að geta að krafa um háskólapróf er ekki eina skilyrðið sem stjórnarmenn þurfa að uppfylla. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt nánar tilgreindum lögum. Þá skulu þeir vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Vert er að geta þess að krafan um háskólapróf er ekki einskorðuð við tiltekna grein. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þá ber þess að geta að samkvæmt ákvæðinu hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að veita undanþágu frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Sem dæmi má nefna reynslu viðkomandi af starfi í fjármálafyrirtæki, reynslu af rekstri fyrirtækja öðrum en fjármálafyrirtækjum og til að mynda staðarþekkingu. Meiri hlutinn leggur til að annars konar tímaviðmið gildi um annars vegar brot gegn almennum hegningarlögum eða sérlögum sem gilda um atvinnurekstur og hins vegar úrskurð um gjaldþrot viðkomandi. Leggur meiri hlutinn með öðrum orðum til að hafi einstaklingur orðið gjaldþrota geti hann að fimm árum liðnum eftir slíkan úrskurð tekið sæti í stjórn. Hafi hann hins vegar hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir brot gegn þeim lögum sem tilgreind eru í greininni verða að líða tíu ár þar til hann ætti þess kost að taka sæti í stjórn fjármálafyrirtækis. Þá er lögð til lagfæring á orðalagi 4., 5. og 7. mgr. greinarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að í 41. gr. bætist við upptalningu á því sem telst til eiginfjárþáttar A annars vegar innborgað stofnfé og hins vegar yfirverðsreikningur stofnfjár. Einnig er lagt til að það skilyrði bætist við að með innborguðu stofnfé/hlutafé sé átt við að greiðsla hafi farið fram í peningum.

Í 39. gr. eru lagðar til takmarkanir á kaupaukagreiðslum og starfslokasamningum í fjármálafyrirtækjum. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji reglur um heimildir í þeim efnum m.a. með tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi. Í a-lið 39. gr. (57. gr. a) eru gefin ákveðin viðmið svo sem að tekið skuli tillit til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma og undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar. Skv. b-lið sömu greinar (57. gr. b) er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins sl. þrjú ár á starfstíma viðkomandi. Svo virðist sem kaupaukakerfi umliðinna ára hafi haft þau áhrif að áhættusækni hafi aukist og að of mikil áhersla hafi verið lögð á skammtímasjónarmið. Meiri hlutinn fagnar því að með frumvarpinu sé kveðið á um það hvernig fjármálafyrirtæki megi standa að afkomutengdu hvatakerfi en í gildandi lögum eru engar reglur þar að lútandi.

Lagt er til að málshöfðunarfrestir 136. gr. laga um hlutafélög taki ekki til fjármálafyrirtækja sem tekin hafa verið til slitameðferðar, sem hlotið hafa eiginfjárframlag úr ríkissjóði, endurskipulagningu skulda með aðkomu ríkissjóðs eða Seðlabanka Íslands, eða aðra sambærilega fyrirgreiðslu af hálfu þessara aðila. Það sama á við um fjármálafyrirtæki, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við ráðum yfir og skipað skilanefnd og sem naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009. Þess í stað hafa þessi fjármálafyrirtæki

möguleika á að sækja skaðabætur á grundvelli 134. og 135. gr. laga um hlutafélög sem eingöngu mun takmarkast af almennum reglum um tómlæti og fyrningu kröfuréttinda. Þá er lagt til að breytingin taki einnig til þeirra atvika eða háttsemi sem gerðust fyrir gildistöku laganna jafnvel þó málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn fyrir gildistöku ákvæðisins. Ákvæðið er því afturvirkt hvað þetta varðar. Breytingin felur í sér að í stað þess að mál skuli höfðað innan tveggja ára frá því að bótaskyld háttsemi átti sér stað, gildi almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna sem er nú fjögur ár frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því skv. 9. gr. (sem gildir um skaðabótakröfur sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008) og tíu ár frá hinum bótaskylda atburði sbr. 2. tölul. 4. gr. eldri fyrningarlaga.

Ein af afleiðingum falls íslensku viðskiptabankanna haustið 2008 er uppgjör á eignum og skuldum þeirra. Umfang þess og eðli kallaði á sérreglur um sérstaka slitameðferð. Nú er unnið að uppgjörinu á grundvelli XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, sbr. lagabreytingar með lögum nr. 44/2009, sem að miklu leyti vísa til ákvæða gjaldþrotaskiptalaga varðandi meðferð krafna, ráðstöfun hagsmuna bús, lausn ágreiningsmála og greiðslur krafna á hendur viðkomandi búi.

Ljóst er að lýstar kröfur við slitameðferðir fjármálafyrirtækja nema áður óþekktum fjölda og fjárhæðum: Lýst var 28.167 kröfum við slitameðferð Kaupþings banka hf. samtals að fjárhæð 7.316.255.878.293 kr., í tilviki Glitnis banka hf. 8.685 kröfum að fjárhæð samtals 3.436.233.095.381 kr. og hjá Landsbanka Íslands hf. var lýst 11.950 kröfum, samtals að fjárhæð 6.458.947.961.374 kr. Nemur því heildarfjöldi lýstra krafna tæplega 50.000 og fjárhæð þeirra er samanlögð rösklega 17 þúsund milljarðar kr. Ekki hefur enn verið tekin afstaða til allra krafna og ljóst að fram undan er tímafrekt ferli þar sem leysa þarf úr flóknum ágreiningsmálum.

Sú meginregla gildir við gjaldþrotaskipti að greiða skal viðurkenndar kröfur – að fullu eða öllu leyti eftir því sem efni standa til – svo fljótt sem verða má, sbr. ákvæði 156. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Við gjaldþrotaskipti ber því að koma andvirði eigna búsins til þeirra sem réttmætar kröfur eiga á hendur viðkomandi búi, en ekki að bíða skiptaloka til eins heildaruppgjörs.

Ágreiningur um réttmæti krafna getur verið af ýmsum toga. Fyrir utan slitastjórn geta allir kröfuhafar, sem hafa hagsmuna að gæta, mótmælt afstöðu slitastjórnar til krafna. Í sumum tilvikum snýst ágreiningur um viðurkenningu kröfu um lítinn hluta kröfunnar, t.d. vexti eða útreikningsaðferð, en í öðrum tilvikum er deilt um grundvöll kröfu eða rétthæð við skipti. Afstaða slitastjórna til lýstra krafna í viðskiptabönkunum þremur hefur leitt af sér fjölda ágreiningsmála sem ljóst að umtalsverðan tíma mun taka að leysa úr fyrir dómstólum. Af framansögðu er ljóst að það getur dregist óvenjulega lengi að greiða kröfur að fullu eða öllu leyti þótt ljóst sé frá upphafi að kröfuhafi eigi rétt á að fá hluta kröfu sinnar greiddan. Samkvæmt gildandi reglum eru vextir á lýstar kröfur eftirstæðar kröfur og því minnkar raungildi krafna eftir því sem tíminn líður án þess að greitt sé upp í þær. Á hinn bóginn fær bú fjármálafyrirtækisins arð af þeim eignum sem fyrir hendi eru í formi vaxta, leigutekna o.fl. Sú staða getur því hæglega skapast að einn flokkur kröfuhafa hafi hagsmuni af því að draga það á langinn að endanleg afstaða fáist til viðurkenningar krafna. Jafnframt standa rík jafnræðisrök til þess að ágreiningur um réttmæti kröfu sem verður síðar viðurkennd að öllu leyti eða að hluta eigi ekki að leiða til þess að viðkomandi kröfuhafi fái í raun lægri greiðslu en aðrir jafnsettir kröfuhafar. Það mundi einmitt gerast ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana til þess annað hvort að heimila greiðslur upp í kröfur eða á geymslureikning um leið og greitt er upp

í aðrar óumdeildar og jafnstæðar kröfur. Ástæða er til þess að koma í veg fyrir að greiðslur til kröfuhafa dragist af þeim orsökum sem að framan greinir og að tekjur af því fjármagni sem um ræðir fari í annað en að bæta kröfuhöfum tjón sitt í þeirri röð sem kröfur þeirra flokkast og að þeir hafi þar fullt jafnræði. Vegna þess þykir rétt rýmka heimildir slitastjórna til að greiða upp í kröfur, jafnvel þótt ágreiningur hafi ekki enn verið leystur fyrir dómstólum um afstöðu til þeirra. Ákvæði um breytingu á 102. gr. miða að því að hægt verði að hraða greiðslum en þó þannig að hagsmunir búsins verði virtir í hvívetna. Hér er lagt til að slitastjórn greiði ávallt inn á sérstaka geymslureikninga vegna umdeildra krafna þegar hún greiðir óumdeildar kröfur að öllu leyti eða hluta. Er þá gert ráð fyrir því að kröfuhafa sé greitt beint að því marki sem krafa hans er óumdeild, en að hins vegar sé greitt inn á geymslureikning vegna þess hluta kröfunnar sem umdeildur er. Sama hlutfall skal greitt og upp í óumdeildar kröfur. Þegar niðurstaða liggur fyrir í ágreiningsmáli fellur þá innstæða á geymslureikningi aftur til búsins ef viðkomandi kröfuhafi lýtur í lægra haldi, en ella fær hann innstæðuna til sín ásamt vöxtum frá því tímamarki sem aðrir kröfuhafar fengu greitt. Stuðlar þetta að jafnræði á milli jafnsettra kröfuhafa og er nauðsynleg ráðstöfun í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru við skipti á búum fjármálafyrirtækja. Með þessu móti er hagsmunum viðkomandi bús heldur ekki að neinu leyti stefnt í hættu.

Undanfarið hefur mikið verið fjallað um aukið gagnsæi ekki síst í samhengi við 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja. Unnin var skýrsla um bankaleynd fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið (Bankaleynd: lagaumhverfi og framkvæmd á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum. Skýrsla unnin fyrir viðskiptaráðuneytið í mars 2009. Dóra Guðmundsdóttir, cand. jur., LL.M). Þar er að finna yfirlit yfir ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármála- og eftirlitsstofnana og samanburð við sambærilegar reglur í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Bretlandi. Jafnframt var gerður almennur samanburður á íslenskum reglum og reglum Sviss, Lúxemborgar og Liechtensteins sem eru þekkt fyrir ríka bankaleynd. Höfundur skýrslunnar kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármála- og eftirlitsstofnana séu í aðalatriðum sambærileg reglum samanburðarríkjanna. Benda má á margvísleg rök sem búa að baki reglum um bankaleynd sem þó er ekki skilgreint hugtak í lögunum. Má þar nefna vernd samningssambands aðila og samningsfrelsi. Þá má nefna vernd viðskiptahagsmuna auk verndar trúnaðarsambands sérfræðistétta við viðskiptavini og síðast en ekki síst vernd þeirra grundvallarréttinda sem felast í friðhelgi til einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt er rétt að hafa í huga að reglur um bankaleynd sæta margvíslegum undantekningum vegna aukins eftirlits sem ekki síst byggjast á almannahagsmunum, t.d. vegna fjármála-, samkeppnis- og skatteftirlits og vegna baráttu gegn öðrum refsiverðum brotum, m.a. baráttu gegn peningaþvætti. Með hliðsjón af framangreindu eru ekki lagðar til breytingar á þagnarskylduákvæðum laganna í frumvarpinu. Benda má á að stjórnvöld hafa þegar gripið til úrræða þar sem þagnarskyldu hefur verið vikið til hliðar. Hér má nefna ákvæði í lögum um embætti sérstaks saksóknara og í lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða en skýrsla nefndarinnar liggur nú þegar fyrir. Þó kann að vera ástæða til þess að heimila frekari upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila en nú er. Slík rýmkun kallar á mótun sérstakra samskiptareglna þeirra í milli sem mundi kalla á breytingar á öðrum lögum, svo sem lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 og hugsanlega sérlögum um einstaka stofnanir.

Við umfjöllun í nefndinni komu fram upplýsingar um að viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja væri ekki alltaf ljóst verksvið eða verkefnasvið þeirra starfsmanna fjármálafyrirtækja

sem þeir ættu samskipti við. Ætti þetta ekki hvað síst við um starf svokallaðra þjónustufulltrúa. Án þess þó að leggja til breytingu á ákvæðum laganna að þessu sinni, leggur meiri hlutinn ríka áherslu á að þeir starfsmenn fjármálafyrirtækja sem fá söluþóknanir vegna beinnar sölu eða viðskipta við einstaka viðskiptamenn beri starfstitla sem gefi sölumennsku skýrt til kynna. Eðlilegt er að þeim starfsmönnum sem eiga bein samskipti eða viðskipti við viðskiptamenn séu settar verklagsreglur sem viðskiptamönnum séu aðgengilegar.

Eftir fall bankanna þriggja haustið 2008 hefur orðið háværari umræðan um aðskilnað reksturs annars vegar starfsemi fjárfestingarbanka (e. investment banking) og hins vegar starfsemi viðskiptabanka (e. commercial banking). Nokkuð var fjallað um það í nefndinni hvort endurskoða ætti starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Einkum staldraði nefndin við það hvort banna ætti að hefðbundin viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingabankastarfsemi væri rekin í sama félaginu. Ekki er kveðið á um breytingar í þessum efnum í frumvarpinu sem er, líkt og framar er getið, afmarkað við ákveðin atriði úr skýrslu Kaarlo Jännäri frá mars 2009. Nokkur umræða hefur verið um þetta atriði á alþjóðlegum vettvangi og hafa ýmsir vilja kenna afnámi hinna svokölluðu Glass-Steagall laga í Bandaríkjunum um hrun fjármálamarkaða, a.m.k. að einhverju leyti. Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að svo komnu að leggja til breytingar í þessa veru. Ástæðan er einkum sú að í frumvarpinu er tekið á mörgum þeim ágöllum sem hin bandarísku lög tóku á á sínum tíma, t.d. með banni við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum og strangari reglum um lánveitingar og viðskipti við hvers konar tengda aðila. Þá er einnig til þess að líta að ekkert þeirra landa sem lúta sambærilegu regluverki og er hérlendis hefur lagt fram tillögur í þessa átt. Rétt er hins vegar að fylgjast náið og vel með þróun lagasetningar erlendis á þessu sviði og draga lærdóm af því sem aðrir kunna að hafa staðið frammi fyrir. Loks er þess að geta að í breytingartillögum meiri hlutans er að finna ákvæði um heimild manna til þess að stofnsetja sparisjóði með minna stofnfé en almenn fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi slíkra sparisjóða er hins vegar takmarkað við hefðbundna innlánsstarfsemi, þ.e. móttöku innlána, útlána sem fjármögnuð eru með innlánum og almenna kortaþjónustu. Er hér kominn raunverulegur valkostur fyrir þá viðskiptamenn sem ekki kæra sig um að eiga viðskipti við fjármálafyrirtæki sem stunda fjárfestingarbankastarfsemi.

Í frumvarpinu eru lagðar miklar skyldur á Fjármálaeftirlitið. Meiri hlutinn telur mikilvægt að eftirlitinu verði tryggt nægt fjárframlag í samræmi við auknar skyldur. Með minnkandi umsvifum fjármálakerfisins má gera ráð fyrir að störf eftirlitsins einfaldist en á meðan endurskipulagning stendur yfir og umbreytingarferli þarf Fjármálaeftirlitið að hafa fjárhagslegt bolmagn til að sinna þeim verkefnum sem á því hvíla. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með gjaldeyrishöftum, það þarf að geta styrkt tölvu- og upplýsingakerfi sín sem og náð sér í og haldið í vel menntað starfsfólk með reynslu. Meiri hlutinn hvetur Fjármálaeftirlitið til að beita af festu þeim valdheimildum sem því er veitt með ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem byggjast á skýrslu nefndar Kaarlo Jännäri frá mars 2009. Það liggur fyrir að frekari breytingar verða gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki og annarri löggjöf um fjármálamarkaði til að bregðast við því áfalli sem var hér haustið 2008. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Margrét Tryggvadóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 12. maí 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Árni Þór Sigurðsson.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

1096. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (LMós, MSch, ÁÞS, ÞSveinb, AMG, MT).

1. Við 1. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: *Náin tengsl:* Náin tengsl teljast vera til staðar þegar:
      a. bein eignatengsl eða bein yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis liggja fyrir, eða
      b. yfirráð eða samstarf er til staðar milli aðila í skilningi laga þessara.
   b. 2. tölul. orðist svo: *Hópur tengdra viðskiptavina:* Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
      a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
      b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum.
   c. 4. tölul. orðist svo: *Hlutdeild:* Beinn eða óbeinn eignarréttur eða eftir atvikum annars konar ráðstöfunarréttur yfir eignarhlut, t.d. atkvæðisrétti.
   d. 5. tölul. orðist svo: *Samstarf:* Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.
b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.
c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

e. 6. tölul. orðist svo: *Framkvæmdastjóri:* Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga eða laga þessara, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.
f. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
8. *Lykilstarfsmaður:* Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.
9. *Yfirráð:* Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
5. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

3. Við 4. gr.
a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða hluta, hvort sem hún er starfsleyfisskyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki gefinn kostur á að koma við úrbótum sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega. Veiti fjármálafyrirtækið þjónustu í öðru aðildarríki skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.*

4. Við 5. gr.
a. Á undan 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Við veitingu starfsleyfis skal lágmark innborgaðs stofnfjár (e. initial capital) fjármálafyrirtækja vera eins og tilgreint er í 2.–8. mgr. Til stofnfjár skv. 1. málsl. telst innborgað hlutafé, innborgað stofnfé sparisjóðs og varasjóðir (e. cash money).
b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Stofnfé sparisjóðs sem starfar á afmörkuðum, staðbundnum markaði og hefur eingöngu starfsheimildir skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal að lágmarki nema einni milljón evra. Í umsókn um starfsleyfi skal umsækjandi gera grein fyrir hvað telst staðbundinn afmarkaður markaður viðkomandi sparisjóðs. Fjármálaeftirlitið ákvarðar hvað telst staðbundinn afmarkaður markaður.
c. Í stað orðanna „1.–6. mgr.“ í 7.–9. mgr. komi: 2.–8. mgr.

5. Við 6. gr.
   a. Orðin „þó ekki í verðbréfamiðlunum og rafeyrisfyrirtækjum“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 2.–5. málsl. 1. mgr. orðist svo: Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki vera hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.
   c. Á eftir orðunum „hann skal“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar.
   d. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.
   e. Á eftir orðunum „gera stjórn“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: og endurskoðunarnefnd.
   f. Í stað orðanna „athugasemdir innri endurskoðunar“ í síðari málslið 3. mgr. komi: þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar.
   g. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.
6. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.
7. Við a-lið 8. gr. (17. gr. a).
   a. Í stað orðanna „minnst 0,25% af heildarútlánum fjármálafyrirtækisins og að lágmarki 750 millj. kr.“ í lokamálslið 1. mgr. komi: að lágmarki 300 millj. kr.
   b. Í stað orðanna „tengda aðila“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: aðila í nánum tengslum.
8. Við b-lið 8. gr. (17. gr. b).

   Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega.
9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

   Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Á eftir orðunum „náin tengsl fjármálafyrirtækis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. tölul. 1. gr. a.
   b. 2. og 3. mgr. falla brott.
10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

    19. gr. laganna orðast svo:

    Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

    Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

    Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtæk-

isins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.

11. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Úrskurðarnefnd.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samningi milli efnahags- og viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja, svo og samkvæmt samþykktum er hún setur sér. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra annast birtingu samþykkta nefndarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

12. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Á undan 20. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingar um viðskiptamenn.

Fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Í þeim skal koma fram, hvaða starfsmenn hafi aðgengi að upplýsingunum starfs síns vegna, hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu og hvernig eftirliti með framkvæmd reglnanna er háttað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum.

13. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Í stað síðari málsliðar 1. mgr. 22. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tilkynning, ásamt rökstuðningi, hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu. Hafi viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, þurft að grípa til aðgerða skv. 1. málsl. og tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum skulu ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 3. málsl. enda sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið innan sex mánaða frá því að viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, hóf starfsemina. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 1. málsl. séu fyrir hendi og getur sett fjármálafyrirtæki tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka við fjárhagslega endurskipulagningu.

14. Við 17. gr.

a. Á eftir orðinu „fjármálafyrirtæki“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: eða dótturfélögum þess.
b. Í stað orðsins „bannreglu“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: banni.
c. Á eftir orðinu „stjórnarmanni“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: framkvæmdastjóra.
d. 4. mgr. orðist svo:

Fjármálaeftirlitið setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni og í mati á eiginfjárþörf til að tryggja að ekki sé hætta á að lánveitingin skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu. Reglurnar taki einnig til þess

með hvaða hætti meta skal lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf, hvort sem er þau eru útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að samræmist ákvæðum 1. mgr. og 1. málsl. þessarar málsgreinar.

15. Við 18. gr. 4. og 5. mgr. falla brott.
16. Á eftir 23. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
    40. gr. a laganna fellur brott.
17. Við 24. gr. Við 12. tölul. 1. mgr. bætist: og birtir opinberlega.
18. Við 25. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.
19. Við 26. gr. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
20. Við 28. gr. Við 2. málsl. bætist: fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna.
21. Við 29. gr. Í stað orðanna „leyfileg mörk“ í 2. málsl. komi: það sem hann átti áður.
22. Við 30. gr.
    a. Í stað orðsins „grundvallarbreytingar“ í síðari málslið komi: breytingar.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 2. málsl. eiga þó ekki við um meðferð eignarhlutar sem aðili átti fyrir eða er ekki umfram virkan eignarhlut.
23. Við 33. gr. Á eftir orðunum „í því skyni að meta“ í 1. málsl. komi: hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. og.
24. Við 35. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
    Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
    b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis og stjórnarmenn annars eftirlitsskylds aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum.
    c. 5. mgr. orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtæk-

isins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

d. Í stað orðsins „framkvæmdastjórn“ í 7. mgr. komi: framkvæmdastjóra.

25. Við 36. gr. Í stað 1. málsl. a-liðar (52. gr. a) komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn fjármálafyrirtækis skal boða til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar. Nú boðar stjórn ekki til fundar í skv. við 1. málsl. og skal þá Fjármálaeftirlitið boða til hans að kröfur stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem er atkvæðisbær á aðalfundi.
26. Við 38. gr. Orðið „aðra“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
27. Við 39. gr.
    a. Á eftir orðinu „ári“ í síðari málslið a-liðar (57. gr. a) komi: eftir því sem reikningsskilareglur heimila.
    b. Orðið „annan“ í 1. málsl. 1. mgr. b-liðar (57. gr. b) falli brott.
28. Við 41. gr.
    a. Á eftir orðunum „innborgað hlutafé“ í 1. málsl. b-liðar komi: innborgað stofnfé.
    b. Á eftir orðunum „yfirverðsreikningur hlutafjár“ í 1. málsl. b-liðar komi: yfirverðsreikningur stofnfjár.
    c. Við b-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með innborguðu hlutafé eða stofnfé er átt við að greiðsla í peningum (e. cash money) hafi farið fram.
29. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.
    b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.
30. Á eftir 44. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Við 6. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú neytir slitastjórn heimildar samkvæmt framansögðu til að greiða kröfur að hluta eða fullu en ekki hefur verið til lykta leiddur ágreiningur um viðurkenningu kröfu, sem þeim gæti staðið jafnfætis í réttindaröð, og skal þá slitastjórn leggja á sérstakan geymslureikning fjárhæð sem svarar til greiðslu á þeirri kröfu eða upp í hana eins og sú greiðsla gæti hæst orðið samkvæmt kröfugerð hlutaðeigandi kröfuhafa. Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal innstæða geymslureikningsins ásamt áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafa hans hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa á reikningnum skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins.
31. Á undan 45. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    2. mgr. 107. gr. laganna fellur brott.
32. Við 45. gr.
    a. Í stað orðanna „vanrækslu á tilkynningu“ í 21. tölul. komi: tilkynningarskyldu.
    b. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 32. tölul. komi: 3. mgr.
33. Við 46. gr. 3. tölul. orðist svo: 2. mgr. 19. gr. um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins.

34. Við 48. gr.
    a. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:
        a. Í stað „2. mgr. 10. gr.“ í 1. tölul. kemur: 3. mgr. 98. gr.
        b. Orðin „sbr. 1. efnismgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laga þessara“ í 2. tölul. falla brott.
        c. Orðin „sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara“ í 3. tölul. falla brott.
    b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „1. júlí 2010“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2011.
35. Við 49. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.
36. Við bætist fimm ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (I.)
    Þrátt fyrir 43. gr. laga þessara, sbr. 90. gr. laganna, er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem veitt hefur fjármálafyrirtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laga þessara heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi heimilt að veita fjármálafyrirtæki þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.
    b. (II.)
    Þrátt fyrir ákvæði 48. gr. laga þessara öðlast eftirtalin ákvæði gildi sem hér segir:
    1. 2. mgr. 6. gr. (um breyting á 16. gr.) um hæfisskilyrði forstöðumanns innri endurskoðunar tekur gildi 1. janúar 2011.
    2. 8. gr. (um 17. gr. a og 17. gr. b) tekur gildi 1. janúar 2011.
    3. 11. gr. (um 19. gr. a) tekur gildi 1. janúar 2011.
    4. 3. mgr. 35. gr. (um breyting á 52. gr.) um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra tekur gildi 1. júlí 2011.
    5. 4. mgr. 35. gr. (um breyting á 52. gr.) um setu í stjórn annars eftirlitsskylds aðila tekur gildi á næsta aðalfundi í viðkomandi fjármálafyrirtæki og þó eigi síðar en 1. apríl 2011.
    c. (III.)
    Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. a laganna, sbr. a-lið 39. gr. laga þessara, er fjármálafyrirtækjum óheimilt til 1. janúar 2012 að gera samninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem jafna má til kaupaukasamninga ef slíkir samningar eru umfram 10% af heildarlaunaútgjöldum fjármálafyrirtækisins á ársgrunni eða ef þeir hækka laun einstakra starfsmanna um meira en 25% á ársgrunni umfram heildarlaun viðkomandi án kaupauka.
    d. (IV.)
    Málshöfðunarfrestir a-, b- og c-liðar 1. mgr. 136. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu ekki eiga við um fjármálafyrirtæki sem hefur verið tekið til slitameðferðar eða hefur hlotið eiginfjárframlag úr ríkissjóði, endurskipulagningu skulda með aðkomu ríkissjóðs eða Seðlabanka Íslands eða aðra sambærilega fyrirgreiðslu af hálfu þessara aðila. Sama á við um fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við ráðum yfir og skipað skilanefnd og naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009.

Ákvæði þetta tekur til atvika og háttsemi sem gerðust fyrir gildistöku þessara laga jafnvel þótt málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn.

e. (V.)

Við slit á fjármálafyrirtæki sem tekið hefur verið til slitameðferðar og á undir ákvæði til bráðabirgða V í lögunum skal slitastjórn, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 119. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., afhenda þeim sem þess óskar eintak kröfuskrár eða birta kröfuskrá með opinberum hætti. Slitastjórn er heimilt að krefjast greiðslu til búsins fyrir kostnaði af gerð eintaksins. Við slíka birtingu skulu þó ekki veittar upplýsingar um nöfn kröfuhafa sem krafist hafa réttarstöðu skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

1097. Svar [463. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um kostnað við lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána í íslenskum krónum til heimila.

1. *Hvað kostar að lækka höfuðstól verðtryggðra lána hjá:*
   a. *Íbúðalánasjóði,*
   b. *Lánasjóði íslenskra námsmanna,*
   c. *lífeyrissjóðum,*
   d. *öðrum aðilum sem veita verðtryggð lán í íslenskum krónum til heimila,*

   um annars vegar 10% og hins vegar 20%?

Svarið miðast við lækkun höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána í íslenskum krónum.

Lánastofnanir	10% lækkun ma.kr.	20% lækkun ma.kr.
a. Íbúðalánasjóður	**57,6**	**112,5**
b. Lánasjóður íslenskra námsmanna	**5,8**	**12,1**
c. Lífeyrissjóðir (VR og LSR/LH)*	**10,1**	**20,2**
i. LSR/LH	*6,0*	*12,0*
ii. VR	*4,1*	*8,2*
d. Aðrir aðilar**	**44**,0	**85,0**

* Það fer eftir lífeyrissjóðum hversu mikil skerðing yrði við höfuðstólslækkun því hlutfall lífeyrissjóðslána af heildareignum er mismunandi milli sjóða og sumir sjóðir lána ekki beint til sjóðsfélaga. Hér er tekið mið af tveimur stærstu lífeyrissjóðum landsmanna, LSR/LH (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og hjúkrunarfræðinga) og VR (lífeyrissjóður verslunarmanna).

** Kostnaður fyrir viðskiptabanka og sparisjóði.

2. *Hver yrðu mánaðarleg áhrif á greiðslubyrði:*
   a. *meðalláns Íbúðalánasjóðs til 40 ára,*
   b. *20 millj. kr. láns til 40 ára,*
   c. *40 millj. kr. láns til 40 ára,*
   d. *5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur verkfræðings,*
   e. *5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur leikskólakennara,*
   annars vegar miðað við 10% og hins vegar 20% niðurfellingu höfuðstóls?

a. Ef tekið er mið af meðaltali allra lána Íbúðalánasjóðs með upphaflegan lánstíma til 40 ára og meðalvexti upp á 4,61% þá er greiðslubyrði slíks láns um 55.000 kr. á mánuði. Eftir 10% höfuðstólslækkun yrði greiðslubyrðin um 49.600 kr. á mánuði og eftir 20% lækkun um 44.000 kr. á mánuði.

b. Mánaðarleg greiðslubyrði af 20 millj. kr. láni hjá Íbúðalánasjóði til 40 ára með sömu vöxtum og í a-lið eru um 91.000 kr. Eftir 10% höfuðstólslækkun yrði greiðslubyrðin um 82.000 kr. á mánuði og eftir 20% lækkun yrði greiðslubyrðin um 73.000 kr. á mánuði.

c. Mánaðarleg greiðslubyrði af 40 millj. kr. láni til 40 ára með sömu vöxtum og í a- og b-lið eru um 195.000 kr. Eftir 10% höfuðstólslækkun yrði greiðslubyrðin um 175.500 kr. á mánuði og eftir 20% lækkun um 156.000 kr. á mánuði. Athygli er vakin á því að Íbúðalánasjóður býður ekki upp á 40 millj. kr. lán til heimila.

d. Gefin er sú forsenda að meðallaun verkfræðings séu 6,8 millj. kr. á ári og verkfræðingur hafi um 150.000 kr. í fjármagnstekjur. Miðað við þessa forsendu þá greiðir hann árlega um 260.625 kr. af 5 millj. kr. námsláni. Hér er þó ekki tekið tillit til vísitölubreytinga á lánsfjárhæð eða tekjum.

e. Gefin er sú forsenda að meðallaun leikskólakennara séu í kringum 3,2 millj. kr. á ári og leikskólakennari hafi um 50.000 kr. í fjármagnstekjur. Miðað við þessa forsendu þá greiðir hann árlega um 121.875 kr. af 5 millj. kr. námsláni. Hér er þó ekki tekið tillit til vísitölubreytinga á lánsfjárhæð eða tekjum.

Vegna d- og e-liða er rétt að geta þess að endurgreiðsla námslána tekur mið af tekjum lántakanda árið áður en endurgreiðsla fer fram og mun lækkun á höfuðstól námslána því ekki hafa áhrif á greiðslubyrði hans til skemmri tíma litið heldur mundi uppgreiðslutíminn styttast.

3. *Hver yrði kostnaðurinn fyrir:*
   a. *ríkissjóð*
   b. *lífeyrissjóðina,*
   c. *aðra fjármagnseigendur?*

a. Sama svar og við 1. spurningu, sbr. a–b-lið og i. lið c-liðar.

b. Sama svar og við 1. spurningu, sbr. i.–ii.lið c-liðar

c. „Aðrir fjármagnseigendur“ er mjög opið hugtak en ef átt er við viðskiptabanka og sparisjóði þá er svarið það sama og svar við d-lið 1. spurningar.

4. *Telur ráðherra að slík niðurfelling muni hafa áhrif á:*
   a. *fjárhag ríkisins, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingar, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna,*
   b. *lífeyrisgreiðslur,*
   c. *fjármagnsmarkað, m.a. vaxtastig,*
   d. *fasteignamarkað, m.a. fasteignaverð og veðsetningarhlutfall húsnæðis?*

a. Já, lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána í íslenskum krónum til heimila mun óneitanlega hafa áhrif á fjárhag ríkisins, Íbúðalánasjóðs og LÍN. Réttindi sjóðsfélaga í LSR og LH eru skilgreind í lögum og haldast því óbreytt þótt eignir sjóðanna rýrni. Er ríkissjóður bakábyrgur fyrir skuldbindingum B-deildar LSR og LH, þannig að við skerðingu eigna lífeyrissjóðanna getur reynt á þá bakábyrgð. Myndist halli á A-deild LSR þarf eftir atvikum að hækka mótframlag launagreiðanda, þ.e. ríkissjóðs.

Nú þegar hafa nokkrir almennir lífeyrissjóðir skert réttindi sjóðsfélaga og greiðslur úr sjóðunum vegna taps á eignum. Lægri greiðslur til lífeyrisþega leiða til lækkaðra ráðstöfunartekna og ber Tryggingastofnun ríkisins hluta kostnaðar af þeirri skerðingu. Rýrnun á eignum almennra lífeyrissjóða kallar því einnig á aukin útgjöld ríkissjóðs.

Eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs er þegar undir viðmiðunarmörkum og er því ljóst að sjóðurinn hefur ekki svigrúm til þess að lækka höfuðstól lána nema að til komi framlag úr ríkissjóði.

Greiðslur af lánum LÍN lækka ekki til skamms tíma litið ef höfuðstóll lána er lækkaður, en til lengri tíma litið verður fjárstreymi til sjóðsins minna og þar með minnkar geta hans til að veita lán. Til þess að halda óbreyttri getu til að veita ný námslán þyrfti LÍN því að fá aukið framlag úr ríkissjóði eða ella að hækka greiðslubyrði af lánum og/eða vexti.

b. Sjá svar í a-lið um lífeyrisskuldbindingar.

c. Ljóst má vera að rýrnun eigna fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða takmarkar útlánagetu þeirra og hefur áhrif á almennt vaxtastig og þar með lánakjör til heimila.

d. Telja má líklegt að einhliða aðgerð ríkisvaldsins til þess að skerða höfuðstól húsnæðislána mundi leiða til þess að framboð af fjármagni til húsnæðislána yrði minna eða kostnaður við að fjármagna húsnæðislán yrði hærri í framtíðinni vegna þeirrar áhættu sem fjárfestum yrði ljós, en minna má á að megnið af fé til húsnæðislána kemur frá lífeyrissjóðum landsins. Minna framboð af húsnæðislánum eða verri vaxtakjör á þessum lánum mundi að öðru óbreyttu leiða til þess að minni spurn yrði eftir húsnæði þar sem kaupgeta yrði minni og verð yrði lægra en það hefði ella verið.

5. *Telur ráðherra að lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána kunni að hafa mismunandi áhrif á lífeyrisréttindi fólks sem starfar hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum markaði hins vegar? Í hverju er sá munur fólginn?*

Höfuðstólslækkun hefur ekki áhrif á lífeyrissjóði á vegum hins opinbera þar sem lífeyrisréttindi eru að fullu tryggð af ríkinu eða viðkomandi sveitarfélagi. Almennir lífeyrissjóðir njóta ekki bakábyrgðar ríkissjóðs með sama hætti. Höfuðstólslækkun lána hjá almennum lífeyrissjóðum hefur því bein áhrif á getu þeirra til greiðslu lífeyris.

1098. Fyrirspurn [622. mál]

til forsætisráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1099. Fyrirspurn [623. mál]

til utanríkisráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur

Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1100. Fyrirspurn [624. mál]

til fjármálaráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1101. Fyrirspurn [625. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1102. Fyrirspurn [626. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?

6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1103. Fyrirspurn [627. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1104. Fyrirspurn [628. mál]

til heilbrigðisráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?

2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1105. Fyrirspurn [629. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1106. Fyrirspurn [630. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1107. Fyrirspurn [631. mál]

til iðnaðarráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?

6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1108. Fyrirspurn [632. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?
2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1109. Fyrirspurn [633. mál]

til umhverfisráðherra um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?

2. Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?
3. Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?
4. Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?
5. Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?
6. Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.

Skriflegt svar óskast.

1110. Framhaldsnefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar

Nefndin fjallaði að nýju um frumvarpið að lokinni 2. umræðu og fékk á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti og Sigurð Tómas Magnússon, lögfræðilegan ráðgjafa hjá sérstökum saksóknara og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar lagði til þá breytingu á frumvarpinu við 2. umræðu (þskj. 1037) að ákvæði samningsins giltu í 10 ár frá undirritun hans í stað 20 ára eins og frumvarpið kvað á um. Sú tillaga var gerð til samræmis við ákvæði nýs frumvarps iðnaðarráðherra um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (574. mál). Komið hefur í ljós við nánari skoðun að gildistími þeirra ívilnana sem kveðið er á um í síðarnefnda frumvarpinu miðast ekki við 10 ár frá undirritun samnings um veitingu ívilnunar heldur frá því er skattskyldar tekjur myndast af viðkomandi verkefni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Þegar um gjöld er að ræða er nánar tiltekið miðað við tíu ár frá því að gjaldskylda myndast og þegar um tekjuskatt, fasteignaskatt og tryggingagjald er að ræða er miðað við tíu ár frá því að skattskylda myndast.

Meiri hlutinn leggur til að ákvæði þessa frumvarps um gildistíma fjárfestingarsamnings vegna gagnavers í Reykjanesbæ verði efnislega sams konar og í frumvarpi til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Til að gæta fulls samræmis leggur meiri hlutinn því til að kveðið verði á um það í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að ákvæði fjárfestingarsamningsins skuli öðlast gildi frá undirritun hans og gilda í 10 ár frá því að skattskyldar tekjur myndast hjá félögunum Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf., sem eru umfram frádráttarbæran kostnað, þ.e. í 10 ár frá því að félögin byrja að greiða tekjuskatt af skattskyldum hagnaði. Rekstraráætlanir félaganna gera ráð fyrir að því marki verði náð innan tveggja til þriggja ára frá undirritun samningsins. Náist þessi markmið um hagnað ekki er með breytingartillögunni lagt til að sett

verði það þak að í öllu falli verði gildistími samningsins aldrei lengri en 13 ár frá undirritun hans. Er þetta í samræmi við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA sem vikið er að í nefndaráliti meiri hlutans við 2. umræðu. Nefndin vekur athygli á því að með þessari breytingartillögu eykst áætlað verðmæti ríkisaðstoðarinnar í hlutfalli við lengri gildistíma samningsins. Verðmæti ríkisaðstoðarinnar er nú áætlað 4,0 milljónir bandaríkjadala, eða 0,55% af heildarfjárfestingarkostnaði. Reiknuð hlutdeild Novators í samræmi við 21,8% eignarhlut í félögunum er því 0,12% af heildarfjárfestingarkostnaði eða 872.000 bandaríkjadalir.

Eins og að framan greinir er með þessari breytingartillögu verið að tryggja að samræmi sé á milli frumvarpsins og frumvarps til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, hvað þessi tímamörk varðar.

Þar sem gildistími samningsins, samkvæmt breytingartillögunni, getur orðið allt að þrettán ár er jafnframt lagt til að c-liður 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins eins og það var lagt fram komi aftur inn, en þar er kveðið á um hámark tekjuskattshlutfalls eftir fyrstu tíu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins. Það ákvæði gildir þá frá tíunda til þrettánda árs frá undirritun samningsins, þ.e. hafi ekki komið til skattskyldra tekna fyrr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og skulu þau gilda í 10 ár frá undirritun samningsins“ í 2. mgr. komi: og skulu þau öðlast gildi við undirritun hans og gilda í 10 ár frá því að skattskyldar tekjur myndast sem eru umfram frádráttarbæran kostnað, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun hans.
2. Við 4. gr. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 18% eftir tíu fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þó aldrei hærra en 25%.

Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.
Gunnar Bragi Sveinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Björn Valur Gíslason.	Þuríður Backman.

Tryggvi Þór Herbertsson.
með fyrirvara.

1111. Frumvarp til laga [634. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

8. tölul. 9. gr. laganna orðast svo: Að bjóða íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín til leigu með kauprétti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Sjóðnum er heimilt að fela öðrum með samningi að annast miðlun íbúðanna.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Lán til húsnæðissamvinnufélaga* skv. VIII. kafla A til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi: ÍLS-veðbréf getur verið verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, eða óverðtryggt. Skal það bera vexti skv. 21. gr.

4. gr.

Á eftir orðunum „og verðbóta“ í 2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: ef við á.

5. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, VIII. kafli A, **Lán til húsnæðissamvinnufélaga,** með fjórum nýjum greinum, 40. gr. a – 40. gr. d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (40. gr. a.)

Almennt.

Íbúðalánasjóður veitir húsnæðissamvinnufélögum, sem starfa í samræmi við ákvæði laga um húsnæðissamvinnufélög, lán til byggingar eða kaupa á íbúðum sem eru ætlaðar til að veita félagsmönnum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

b. (40. gr. b.)

Lánsumsóknir.

Þegar sótt er um lán til búsetuíbúða skal koma fram í lánsumsókn fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður eða kaupverð og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár. Að lokinni athugun tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um hvort framkvæmdin og lánveitingin falli að settum skilyrðum fyrir láni.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að hafna lánsumsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi að mati stjórnar sjóðsins.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði lána til búsetuíbúða.

c. (40. gr. c.)

Lánskjör.

Lán sem eru veitt húsnæðissamvinnufélögum til byggingar eða kaupa á búsetuíbúðum skulu tryggð með veði í viðkomandi íbúð. Lánin geta verið óverðtryggð eða verðtryggð með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs.

Lán til búsetuíbúða mega nema allt að 90% af matsverði eða kaupverði íbúðar.

Lánstími lána skv. 1. og 2. mgr. má nema allt að 50 árum. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af lánum til búsetuíbúða geta verið fastir eða breytilegir. Fastir vextir og vaxtaálag ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa, sbr. 21. og 28. gr., en stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða breytilega vexti. Ráðherra getur heimilað Íbúðalánasjóði í reglugerð að bjóða lántakendum skv. 1. mgr. að afsala sér rétti til þess að greiða án þóknunar upp lán eða greiða aukaafborganir, gegn lægra vaxtaálagi. Jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um hlutfall þóknunar sem Íbúðalánasjóður getur áskilið sér ef lántaki sem afsalar sér umræddum rétti hyggst greiða upp lán fyrir lok lánstíma. Slík þóknun skal aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslu viðkomandi láns.

Íbúðalánasjóði er einnig heimilt að veita húsnæðissamvinnufélögum lán til endurfjármögnunar á einstökum íbúðum við endurúthlutun búseturéttar. Lánið getur numið allt að 90% af markaðsverði íbúðar, miðað við framreiknaðan kostnað eða markaðsverð íbúðar við endurúthlutun.

Að öðru leyti gilda um lánin viðmiðunarreglur Íbúðalánasjóðs.

d. (40. gr. d.)

Eftirlit.

Ef Íbúðalánasjóður óskar eftir því skal húsnæðissamvinnufélag, sem fengið hefur lán hjá sjóðnum á grundvelli laga þessara, láta sjóðnum í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir og húsbyggingar.

Komi í ljós að húsnæðissamvinnufélag hefur vikið frá skilyrðum lánveitinga er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um húsnæðismál, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er Íbúðalánasjóði heimilt að veita einstaklingum allt að 20 ára lán til endurbóta eða viðbyggingar við sameign fjöleignarhúss sem gerð er í þeim tilgangi að bæta aðgengi að fasteigninni, svo sem með byggingu lyftuhúss og uppsetningu lyftubúnaðar, þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa.

Þá er Íbúðalánasjóði heimilt að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum lán til að fjármagna breytingar eða viðbætur á húsnæði viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags sem miða

að því að auðvelda aðgengi fatlaðra. Lánveiting getur numið allt að 90% af kostnaði við framkvæmdir, það skal þó aldrei vera hærra en 50% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Við útreikning þess hlutfalls skal taka tillit til framar áhvílandi lána.

Íbúðalánasjóði er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. laganna, að veita einstaklingum lán til endurbóta þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa. Þó skal samanlögð fjárhæð áhvílandi lána aldrei vera hærri en nemur fasteignamati eignarinnar.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði lánveitinga samkvæmt ákvæði þessu.

Heimilt er að veita lán á grundvelli þessa ákvæðis til ársloka 2013.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um húsnæðismál sem miða að því að gera Íbúðalánasjóði kleift að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaði. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem heimila Íbúðalánasjóði að bjóða íbúðir sem sjóðurinn hefur keypt á uppboði til leigu þannig að allir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Í öðru lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka. Í þriðja lagi er lagt til að víkkaðar verði út heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til endurbóta, til endurbóta á fjöleignarhúsum og til að bæta aðgengi að húsnæði fyrirtækja og stofnana. Loks er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði sérstök ákvæði um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða.

Möguleiki á að fá uppboðsíbúð á kaupleigu.

Í frumvarpinu er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða uppboðsíbúðir á kaupleigu. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag kaupleigu verði sett í reglugerð. Með lögum nr. 138/2008 var lögfest heimild fyrir sjóðinn til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Hefur félags- og tryggingamálaráðherra sett nánari ákvæði um þetta í reglugerð nr. 7/2010 um útleigu uppboðsíbúða Íbúðalánasjóðs. Felst breytingin frá gildandi lögum í raun í því að lagt er til að allir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Þá er gert ráð fyrir því að umsamin húsaleiga taki ávallt mið af markaðsleigu á viðkomandi stað. Ekki er gert ráð fyrir því að skylt sé að nýta kauprétt, heldur verði það ákvörðun leigutaka hvort og hvenær hann nýtir kauprétt.

Breyting á heimildum Íbúðalánasjóðs.

Í kjölfar falls bankanna í október 2008 hefur orðið gríðarlegur samdráttur í byggingarframkvæmdum hér á landi. Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað og er einn liður í því að opna fyrir möguleika á lánsfé til endurbóta á húsnæði. Því er í frumvarpinu lagt til að lögfestar verði tímabundnar heimildir fyrir Íbúðalánasjóð til að veita lán til nánar afmarkaðra framkvæmda, m.a. til að fyrirtæki og stofnanir geti aukið aðgengi fatlaðra að húsnæði sínu. Þá er gert ráð fyrir víðtækari heimildum Íbúðalánasjóðs til að fjármagna stórfelldar breytingar á fjölbýlishúsum, á borð við hönnun, byggingu og uppsetningu lyftu í eldri hús. Umbætur á húsakosti geta aukið mjög búsetufrelsi fólks og gert búsetu í heimahúsi að raunverulegum valkosti við stofnanaþjónustu fyrir aldraða og fólk með hreyfihömlun. Breytingar af þessum toga hafa því margvíslegan samfélagslegan ávinning, auk þess sem almennt er verð eigna í lyftuhúsum hærra en í öðrum fjölbýlishúsum.

Umbætur af þessum toga draga því úr þörf fyrir byggingu sérhæfðra þjónustuíbúða og hjúkrunarstofnana.

Lán til húsnæðissamvinnufélaga.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á gildandi lagaramma um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga til byggingar eða kaupa á búsetuíbúðum. Nú er meiri ástæða en nokkru sinni fyrr að tryggja fjölskyldum fjölbreytta möguleika hvað varðar íbúðarhúsnæði og er einn liður í því að tryggja húsnæðissamvinnufélögum möguleika á lánsfé til byggingar og/eða kaupa á íbúðarhúsnæði. Í frumvarpinu er því lagt til að sett verði sérstök ákvæði um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga, en lán til húsnæðissamvinnufélaga hafa verið veitt á grundvelli 16. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og VIII. kafla reglugerðar um lánaflokka Íbúðalánasjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 8. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, en þeim tölulið var bætt við lögin með lögum nr. 138/2008. Með þeim lögum var lögfest heimild fyrir Íbúðalánasjóð til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Hefur félags- og tryggingamálaráðherra sett nánari ákvæði um þetta í reglugerð nr. 7/2010 um útleigu uppboðsíbúða Íbúðalánasjóðs.

Breytingin sem lögð er til felst í því að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða uppboðsíbúðir eða aðrar íbúðir sem Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín á kaupleigu, þannig að allir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Ekki er gert ráð fyrir að skylt sé að nýta kauprétt, heldur verði það ákvörðun leigutaka hvort og hvenær hann nýtir kauprétt. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag kaupleigu verði sett í reglugerð.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að við upptalningu 15. gr. laganna á lánaflokkum Íbúðalánasjóðs verði bætt lánum til húsnæðissamvinnufélaga skv. VIII. kafla A. Leiðir breytinguna af breytingum þeim sem lagðar eru til í 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði breytingar á 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. sem miða að því að Íbúðalánasjóði verði heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka, en í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um útgáfu ÍLS-veðbréfa. Nánar er kveðið á um útgáfu íbúðabréfa í reglugerð nr. 522/2004, með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á 21. gr. laganna sem leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins um að Íbúðalánasjóði sé heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýjum kafla við lögin. Lagt er til að kaflinn verði VIII. kafli A og fjalli um lán til húsnæðissamvinnufélaga, en lán til húsnæðissamvinnufélaga hafa hingað til verið veitt á grundvelli 16. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og VIII. kafla reglugerðar um lánaflokka Íbúðalánasjóðs.

Um a-lið.

Í greininni segir að Íbúðalánasjóður veiti húsnæðissamvinnufélögum, sem starfa í samræmi við ákvæði laga um húsnæðissamvinnufélög, lán til byggingar eða kaupa á íbúðum sem ætlaðar eru til að veita félagsmönnum félagsins búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds. Ekki er þörf á því að kveða á um staðfestingu samþykkta húsnæðissamvinnufélaga í lögum um húsnæðismál þar sem ákvæði um það er að finna í lögum um húsnæðissamvinnufélög.

Um b-lið.

Í b-lið er fjallað um lánsumsóknir og er ákvæðið að mestu í samræmi við 35. gr. laga um húsnæðismál.

Um c-lið.

Hér er fjallað um lánskjör lána Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga. Ákvæðið er að mestu í samræmi við 36. gr. gildandi laga.

Í greininni er lagt til það nýmæli að Íbúðalánasjóði verði heimilað að veita húsnæðissamvinnufélögum lán til endurfjármögnunar á einstökum íbúðum miðað við markaðsverð íbúðarinnar við tímamark sölu eignarinnar.

Um d-lið.

Í d-lið er fjallað um heimildir Íbúðalánasjóðs til að krefjast gagna frá húsnæðissamvinnufélagi sem fengið hefur lán á grundvelli kaflans. Þá er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að endurskoða lánakjör eða gjaldfella lán ef í ljós kemur að húsnæðissamvinnufélag hefur vikið frá skilyrðum lánveitinga. Ákvæðið er að mestu í samræmi við 40. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að endurútgefa skuli lög um húsnæðismál með öllum breytingum undir nýju númeri eftir að frumvarp þetta verður að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að lögfest verði tímabundin breyting á lánaheimildum Íbúðalánasjóðs. Þannig er lagt til að sjóðnum verði heimilt að veita einstaklingum allt að 20 ára lán til endurbóta eða viðbyggingar við sameign fjöleignarhúss sem íbúð viðkomandi aðila er í ef endurbæturnar miða að því að setja lyftu í húsið eða bæta á annan hátt aðgengi að fasteigninni. Ljóst er að mikill kostnaður felst í slíkum breytingum, en þær geta aukið mjög verðmæti viðkomandi fasteigna. Þá er ljóst að fjölgun lyftuhúsa leiðir til aukins búsetufrelsis fólks, óháð aldri og hreyfigetu. Kostnaður samfélagsins af stofnanaþjónustu við aldraða og fatlaða getur minnkað mjög með bættum húsakosti. Er lagt til að slíkar lánveitingar verði heimilar þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni séu hærri en hámarksfjárhæðir ÍLS-veðbréfa.

Í ákvæði til bráðabirgða er einnig lagt til að lögfest verði tímabundin útvíkkun á útlánaheimildum Íbúðalánasjóðs er varðar heimild sjóðsins til að veita fyrirtækjum og sveitarfélögum lán til að fjármagna breytingar eða viðbætur á húsnæði viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar sem miða að því að auðvelda aðgengi fatlaðra. Er þetta frávik frá 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998, sem gerir ráð fyrir að lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs sé bundin við lánveitingar til íbúðarhúsnæðis hér á landi. Þykir rétt að leggja þessa breytingu til tímabundið í von um að hún geti leitt til þess að hafnar verði framkvæmdir sem komi hjólum atvinnulífsins af stað og skapi atvinnutækifæri í byggingariðnaði.

Lagt er til að lánveitingar geti numið allt að 90% af kostnaði við framkvæmdir, en þær skulu þó aldrei nema hærra hlutfalli en 50% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Við útreikning þess hlutfalls á að taka tillit til framar áhvílandi lána.

Þá er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. laganna, að veita einstaklingum lán til endurbóta þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, sem nú er 20 millj. kr. Þó skal samanlögð fjárhæð áhvílandi lána aldrei vera hærri en nemur fasteignamati eignarinnar.

Í næstsíðustu málsgrein ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að ráðherra skuli setja reglugerð um lánveitingar samkvæmt ákvæðinu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er lagt til að heimilt verði að veita lán á grundvelli ákvæðisins til ársloka 2013.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er annars vegar ætlað að gera Íbúðalánasjóði kleift að bregðast við breyttum aðstæðum á íbúðamarkaði og hins vegar að stuðla tímabundið að auknum framkvæmdum í byggingariðnaði með því að liðka fyrir útlánum sjóðsins til endurbóta og breytinga.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um húsnæðismál. Í fyrsta lagi er lagt til að allar leiguíbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs verði boðnar til leigu með kaupréttarákvæði fyrir leigjendur. Í öðru lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða óverðtryggð lán en í núgildandi lögum er kveðið á um að ÍLS-verðbréf skuli vera verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í þriðja lagi er lagt til að nýr kafli verði settur inn í lögin sem kveði á um lánveitingar til húsnæðissamvinnufélaga en sjóðurinn hefur fram til þessa lánað til slíkra félaga líkt og um leiguíbúðir væri að ræða. Í fjórða lagi er lagt til bráðabirgðaákvæði með gildistíma til ársloka 2013 sem kveður á um rýmri heimildir sjóðsins til útlána til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila vegna endurbóta og breytinga á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Hér er um nýmæli í starfsemi sjóðsins að ræða en hingað til hefur hann eingöngu veitt lán vegna íbúðarhúsnæðis.

Áætlað er að Íbúðalánasjóður gæti þurft að bæta við um tveimur stöðugildum vegna aukinna verkefna sem honum er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu. Að stærstum hluta er um að ræða vinnu við skipulag og utanumhald sem fylgir kaupréttarákvæði leiguíbúða í eigu sjóðsins auk þess sem einhver kostnaður fellur til vegna nauðsynlegs eftirlits sem tengist lánum sem veitt verða til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Hins vegar er talið að óverulegur rekstrarkostnaður hljótist af afgreiðslu nýrra lánaumsókna og umsýslu óverðtryggðra skuldabréfaflokka. Nýir skuldabréfaflokkar ættu að geta fallið inn í núverandi viðskiptavakt og því er jaðarkostnaður þeirra talinn lítill en nauðsynlegt er að sjóðurinn ráðist í útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka ef byrjað verður að bjóða sams konar útlán. Þess utan geta slíkir íbúðabréfaflokkar hentað vel við lausafjárstýr-

ingu sjóðsins. Útgáfunni mundi hins vegar fylgja kostnaður, m.a. vegna skráningar skuldabréfaflokksins á markað. Þá má telja víst að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, annars vegar um heimild sjóðsins til að lána til atvinnuhúsnæðis og hins vegar að áhvílandi lán séu hærri en hámarkslán sjóðsins og geti numið allt að 100% af fasteignamati eignarinnar, geti haft áhrif á áhættu sjóðsins. Engin greining hefur farið fram og því ekki forsendur hér til að meta breytingu á áhættunni til fjár.

Verði frumvarpið lögfest má því gera ráð fyrir að árleg útgjöld Íbúðalánasjóðs aukist um 16–20 m.kr. Á yfirstandandi ári gætu útgjöldin aukist um 10 m.kr. Auk þess fellur til einskiptiskostnaður á bilinu 10–15 m.kr. komi til útgáfu og skráningar nýrra skuldabréfaflokka. Íbúðalánasjóður telst til C-hluta ríkisins og fær engin bein framlög í A-hluta. Sjóðurinn er fjármagnaður með vaxtamun og þjónustugjöldum og því mun hann bera allan kostnað sem leiðir af lögfestingu frumvarpsins.

1112. Breytingartillaga [390. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „laga um dómstóla“ tvívegis í 6. gr. komi: laganna.

1113. Nefndarálit [526. mál]

um till. til þál. um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétu Gunnarsdóttur, Sigríði Eysteinsdóttur og Ingibjörgu Davíðsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Guðlaugu Jónasdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd bókun um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi og samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. nóvember 2000.

Markmið bókunarinnar eru að berjast gegn mansali, einkum verslun með konur og börn, að aðstoða og vernda fórnarlömb mansals og að stuðla að samstarfi aðildarríkjanna til að ná fyrrgreindum markmiðum. Í þessu skyni skilgreinir bókunin hugtakið mansal, leggur til leiðir til að efla löggæslu og landamæraeftirlit, styrkir dómskerfið, eykur vernd og stuðning við fórnarlömb og vitni, og kemur á forvarnastefnu.

Nefndin hefur kynnt sér lagabreytingar sem gerðar hafa verið í samræmi við bókunina. Við breytingu á almennum hegningarlögum með lögum nr. 40/2003 var m.a. tekið mið af bókuninni þegar nýrri grein var bætt við hegningarlögin sem gerði mansal refsivert. Frekari breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga voru gerðar með lögum nr. 149/2009 til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem bókunin leggur aðildarríkjum á herðar. Með þessum breytingum telur nefndin að nauðsynlegar lagabreytingar séu komnar fram fyrir fullgildingu bókunarinnar.

Nefndin vekur þó athygli á athugasemdum sem bárust frá Mannréttindaskrifstofu Íslands þess efnis að í lögum nr. 149/2009 séu ákvæði um að refsivert sé að hagnýta sér bága stöðu einstaklinga sem verða fórnarlömb mansals án þess að skilgreint sé nánar hvað í slíkri stöðu felst og geti það leitt til of þröngrar túlkunar á ákvæðinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Helgi Hjörvar.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1114. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Frá því að lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., eða neyðarlögin eins og þau eru almennt kölluð, voru samþykkt hefur lögum um fjármálafyrirtæki verið breytt alls sjö sinnum.

Með þessu frumvarpi er verið að leggja til einna umfangsmestu breytingarnar hingað til. Tillögur frumvarpsins byggjast á skýrslu Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins, um lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi. Helstu tillögur Jännäri voru í átta liðum: 1) Fækka ráðuneytum sem sinna málefnum fjármálamarkaðar á Íslandi. 2) Sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, eða a.m.k. setja þessar stofnanir undir einn hatt líkt og í Finnlandi og á Írlandi. 3) Auka valdheimildir Fjármálaeftirlitsins og hvetja stofnunina til að beita þeim af meiri krafti. 4) Koma upp útlánaskrá (e. national registry) hjá Fjármálaeftirlitinu til að draga úr útlánaáhættu í fjármálakerfinu og til að fá betri yfirsýn yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu. 5) Strangari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, lánveitingar til tengdra aðila og hæfi eigenda og framfylgja þeim af krafti. 6) Fjölga vettvangskönnunum hjá eftirlitsskyldum aðilum til að styðja við skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins og úttektir þess sem byggjast á innsendum gögnum, einkum að því er

varðar útlánaáhættu, lausafjáráhættu og gjaldeyrisáhættu. 7) Innstæðutryggingakerfið endurskoðað og bætt, í nánu samhengi við þróun mála á þessu sviði innan ESB. 8) Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði löggjafar og eftirlits með fjármálastarfsemi er mikilvæg, einkum innan EES og ESB.

Þetta frumvarp tekur því fyrst og fremst á 3.–5. tölul. Jännäri-skýrslunnar. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði veittar auknar eftirlitsheimildir, og fleiri heimildir til að setja reglur um tiltekin atriði. Þá er ákvæðum um heimild eftirlitsins til að leggja mat á rekstur eða hegðun eftirlitsskylds aðila fjölgað. Lagt er til að komið verði á fót sérstakri skrá yfir stærri lántakendur, skerpt á ákvæðum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, bann lagt við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum, þrengd ákvæði um eign og meðferð eigin hluta, skýrðar reglur um stórar áhættuskuldbindingar, auknar kröfur til stjórnarmanna, ábyrgð þeirra á eftirliti með rekstri aukin og bann sett við starfandi stjórnarformönnum, skorður settar við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna auk þess sem settar eru reglur um hvernig má standa að hvatakerfum, kaupaukakerfum og starfslokasamningum.

Á það skortir að pólitísk stefnumörkun hafi farið fram við vinnslu frumvarpsins, þrátt fyrir ágætis undirbúningsvinnu hjá Kaarlo Jännäri. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir orðrétt: „Sérstaða banka og fjármálafyrirtækja og samfélagsleg staða þeirra og ábyrgð kallaði ekki bara á að þessari atvinnustarfsemi væri sett lagaleg umgjörð. Eðli starfseminnar og sú áhætta sem var fólgin í henni bæði fyrir hagsmuni einstaklinga og hagsmuni samfélagsins í heild kallaði á virkt starf eftirlitsaðila. En hvað sem leið þessari lagalegu umgjörð og starfi hinna sjálfstæðu eftirlitsaðila þurftu þau yfirvöld landsins sem landsmenn höfðu falið að gæta sameiginlegra og samfélagslegra hagsmuna þjóðarinnar að móta sér stefnu um það hvers konar starfsemi á fjármálamarkaði, og þá um leið að hvaða umfangi, gæti samrýmst stærð og getu þjóðarbúsins ef til áfalla kæmi. Jafnframt þurftu þau að fylgja þeirri stefnu eftir.“

Fyrsti minni hluti bendir á að stjórnvöld hafa ekki enn mótað sér stefnu um það hvers konar starfsemi eigi að vera á íslenskum fjármálamarkaði og hvert umfang starfseminnar á að vera miðað við stærð og getu þjóðarbúsins ef til áfalla kemur. Nefna má að íslenskir bankar eru enn að stofna útibú erlendis og auk þess er enn margt óljóst um innstæðutryggingar. Á 137. löggjafarþingi lögðu nokkrir þingmenn fram tillögu til þingsályktunar um endurreisn íslensku bankanna (157. mál). Þar var m.a. lagt til að miða stærð bankanna við innlend innlán, en nýju bankarnir voru stofnaðir út frá stærð innlendra útlána án þess að nokkur skýr rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun lægi fyrir.

Í skýrslu starfshóps um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem Gunnar Helgi Kristinsson prófessor fór fyrir, segir: „Meginþungi opinberrar stefnumótunar hvílir á herðum framkvæmdarvaldsins. Þaðan þarf þess vegna að koma sú pólitíska forysta sem stuðlar að vandlega undirbúinni og samhæfðri stefnumótun ríkisvaldsins. Í nálægum ríkjum er vönduð úttekt oftast undanfari meiriháttar opinberrar stefnumótunar (t.d. NOU í Noregi, SOU í Svíþjóð, Statens betænkninger í Danmörku, White papers í Bretlandi). Í slíkum stefnuskjölum eru viðfangsefnin sett í samhengi við grundvallarkenningar, meginreglur laga, fræðilega orðræðu viðkomandi fagsviðs og reynslu annarra landa. Eftir atvikum kann einnig að vera um það að ræða að mismunandi valkostur sé stillt upp og áhrif þeirra séu vegin og metin. Það fer einnig eftir atvikum hvort slík stefnuskjöl eru unnin af sérfræðingum stjórnsýslunnar, utanaðkomandi sérfræðingum eða blöndu af báðu. Í mörgum tilvikum er leitað til utanaðkomandi aðila, s.s. háskólafólks, sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði um aðkomu að slíkri vinnu. Það er síðan á grundvelli slíkra stefnumótunarskjala sem hin

eiginlega pólitíska ákvarðanataka fer fram og löggjafarkostir eru valdir. Loks eru sjálf lagafrumvörpin og skýringar með þeim unnin af stjórnkerfinu á grundvelli þess sem á undan er gengið. Vandaður undirbúningur lýtur ekki bara að skilvirkni og hagkvæmni stefnumótunar heldur dregur einnig úr líkum á stefnureki í framkvæmd og að dómstólar fái óljósa löggjöf til túlkunar. Hann er þannig hluti af lýðræðislegum grundvelli opinberrar stefnumótunar.“

Nefndin bendir jafnframt á að smæð íslensku stjórnsýslunnar geri framangreind vinnubrögð erfiðari, en þó alls ekki ómöguleg. Það sem hefur þó einkennt vinnu við nýja löggjöf eru afar óljós og illa skilgreind mörk undirbúnings stefnumótunar, pólitískrar ákvarðanatöku um val á kostum og vinnu við gerð lagafrumvarpa.

Þrátt fyrir smæð stjórnsýslunnar telur 1. minni hluti að bankahrunið hafi sýnt svo sannarlega samfélagslegt mikilvægi þess að stjórnvöld gefi sér tíma í að undirbúa og marka hina pólitísku stefnu er varðar starfsemi og umfang fjármálamarkaðarins á Íslandi í ljósi getu og stærðar þjóðarbúsins.

Því beinir 1. minni hluti því til ríkisstjórnarinnar að mörkuð verði skýr stefna um starfsemi og umfang fjármálamarkaðarins á Íslandi.

Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið gegnir lykilhlutverki samkvæmt frumvarpinu í að tryggja að fjármálafyrirtæki fari eftir þeim ákvæðum sem í frumvarpinu eru. 1. minni hluti telur það áhyggjuefni að þrátt fyrir aukið svigrúm og valdheimildir Fjármálaeftirlitsins þá endurspegla ítarleg og flókin ákvæði frumvarpsins vantraust á eftirlitinu sem stofnun. Bendir 1. minni hluti á að í skýrslu Jännäri var ekki aðeins að finna tillögur um auknar valdheimildir til Fjármálaeftirlitsins heldur einnig ábendingar um að nauðsynlegt væri að hvetja eftirlitið til að beita þeim heimildum sem það hefði af meiri krafti. Til samanburðar má benda á að löggjöf um sænsk og spænsk fjármálafyrirtæki er minna ítarleg, en eftirlitið þar því mun sjálfstæðara í eftirfylgni við hvað telst til góðra venja og viðskiptahátta á fjármálamarkaði.

Í ljósi þessa telur 1. minni hluti mjög brýnt að lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, og lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, verði endurskoðuð til að tryggja betur starfsemi stofnunarinnar. Á fundum nefndarinnar var bent á að lítið hefði breyst hvað varðar hæfni stofnunarinnar í að keppa um hæft starfsfólk eftir hrun, nema núna færi hæfasta starfsfólkið til skilanefnda hinna föllnu banka í staðinn fyrir bankana sjálfa.

Hætta er á að aðilar á fjármálamarkaði, hluthafar, viðskiptavinir og almenningur allur búi annars við falskt öryggi með nýrri lagasetningu.

Breytingartillögur.

Fyrsti minni hluti tekur undir flestar af þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn leggur til og telur þær til bóta.

Má þar nefna sérstaklega skilmerkilegri reglur um endurskoðunardeild í 6. gr. frumvarpsins, lækkun fjárhæða í 8. gr., breytingar á 10. gr. sem miða að auknu gagnsæi, breytingar á 13. gr. um að takmarka heimildir tiltekinna fjármálafyrirtækja til að reka fyrirtæki í óskyldum rekstri og ákvæði til bráðabirgða um skyldu til að afhenda kröfuskrá.

Ánægjulegt er að sett eru inn ákvæði um kauprétt eða kaupaukagreiðslur starfsmanna, og þá í samræmi við breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um vátryggingastarfsemi. Mikilvægt er að launa- og kaupaukakerfi hvetji ekki til áhættusækni og skammtímasjónarmiða hjá starfsmönnum. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um það hvernig fjármálafyrir-

tækjum verði heimilt að veita starfsmönnum kauprétt eða kaupaukagreiðslur. 1. minni hluti bendir á reglur sænska fjármálaeftirlitsins (Finansinspektionen FFFS 2009:6 sem byggja á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB K(2009) 3159 um launa- og hvatakerfi í fjármálageiranum) sem ákveðna fyrirmynd.

Mikil umræða skapaðist í viðskiptanefnd um hlutverk og starf endurskoðenda í fjármálafyrirtækjum, og hvort setja ætti viðameiri ákvæði um endurskoðendur í sérlög líkt og hér er til umfjöllunar eða endurskoða lög um endurskoðendur heildstætt, í ljósi alvarlegra athugasemda í rannsóknarnefndarskýrslunni. Komu fram ábendingar frá gestum um að sjálfstæði og óhæði endurskoðenda væri ekki tryggt nægilega þótt starfstími þeirra yrði styttur niður í fimm ár. Því er lagt til að ekki þurfi aðeins að skipta um endurskoðendur á fimm ára fresti heldur endurskoðunarfélag líka. Einnig að endurskoðendur verði kjörnir á aðalfundi til fimm ára. Ef víkja á endurskoðanda frá á þessu fimm ára tímabili þarf álit endurskoðendaráðs að liggja fyrir áður en endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi er vikið frá. Það á að vera mjög alvarlegt fyrir endurskoðanda og fjármálafyrirtæki ef víkja þarf endurskoðanda frá og ástæða fyrir Fjármálaeftirlitið að skoða það sérstaklega ef til þess konar atviks kemur.

Það er skoðun 1. minni hluta að mjög brýnt sé að endurskoða lög um endurskoðendur, og vinna við undirbúning löggjafar og pólitíska stefnumörkun ætti að hefjast sem fyrst ef hún er ekki þegar hafin. Sérstaklega þarf að skilgreina betur hvað endurskoðun á reikningum félaga og stjórnun stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við góðar reikningsskilavenjur þýðir. Einnig þarf að setja skýr ákvæði í lög um að endurskoðanda beri að tryggja að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis og þeim eignum og skuldum sem eru til staðar. Fyrirtæki þurfa jafnframt að tryggja að endurskoðendur hafi aðgang að gögnum og upplýsingum og geti sinnt verkefni sínu af kostgæfni.

Fyrsti minni hluti leggur til breytingartillögu við 43. gr. frumvarpsins um að endurskoðandi skuli sækja aðalfund félagsins og að endurskoðanda sé skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um mikilvæg atriði sem koma upp við endurskoðun fyrirtækisins. Skal það gilda sérstaklega um vankanta á innra eftirliti með fjárhag félagsins. Mjög mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið bregðist af krafti við öllum ábendingum um vankanta á innra eftirliti með fjárhag fjármálafyrirtækisins og þá, líkt og skýrsla Jännäri benti á, ekki aðeins með bréfaskiptum og skýrslugjöf heldur vettvangsrannsóknum og raunverulegum aðgerðum ef ekki er brugðist við ábendingum.

Markmið laganna.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir: „Það viðhorf til laga og starfsreglna sem kemur hvað eftir annað fram í þessara skýrslu er umhugsunarvert. Almennt virðist litið á reglurnar sem hindranir sem eigi að reyna að sniðganga frekar en leiðbeiningar um vandaða starfshætti. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að lögin eru aðeins lágmarksreglur og sem slík geta þau ekki tryggt bestu viðmið um heilbrigða starfshætti. Þá reynir fremur á siðferðilega dómgreind sem á að vera sjálfsagður hluti af faglegum metnaði. Bankarnir hafa verið gagnrýndir fyrir lagahyggju, þar sem frekar hafi verið reynt að fylgja lagabókstafnum en anda laganna.“ Þetta einkenndi ekki bara bankana heldur einnig þær stofnanir sem áttu að hafa eftirlit með þeim, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann, og má jafnvel halda því fram að þröng lagahyggja einkenni íslenska stjórnsýslu. Allt of oft túlkuðu lögfræðingar einstakar greinar óháð heildarsamhengi laga.

Alþingi Íslendinga hefur auðveldað þetta háttalag þar sem oft hefur skort markmið í upphafi laganna, sem aðrar lagagreinar í lagabálknum skulu vera túlkaðar samkvæmt. Í skýrslu

starfshóps um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem Gunnar Helgi Kristinsson prófessor fór fyrir, segir: „Jafnvel þótt ekki hafi verið unnin mikil forvinna í formi ítarlegs stefnumótunarskjals er hægt að bæta lagasetningarhætti töluvert með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Í því sambandi má huga sérstaklega að því hvort ekki beri að leggja meiri rækt við að greina þá meginhagsmuni sem lögum er ætlað að tryggja og að orða bæði markmið og meginreglur í lagatextanum sjálfum með skýrari hætti en tíðkast gjarnan í íslenskum rétti. Í tengslum við þessa áherslubreytingu sé þá jafnframt gerð nánari grein fyrir þessum atriðum í athugasemdum með lagafrumvörpum.“ Í lögum nr. 161/2002 segir í 1. gr.: „Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi. Með fjármálafyrirtæki er í lögum þessum átt við fyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.“ Engin markmið eru skilgreind og engir meginhagsmunir. Í athugasemdum við frumvarpið segir um 1. gr.:

„Frumvarp þetta fjallar um kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja, svo sem um stofnun, starfsemi, starfsheimildir, stjórn, eigið fé og ársreikninga. Þau fjármálafyrirtæki sem fá starfsleyfi hér á landi lúta lögum um fjármálafyrirtæki. Auk þess geta fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi erlendis fengið heimild til að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til að skilyrðum V. kafla frumvarpsins uppfylltum.

Fjármálafyrirtæki er lykilhugtak í frumvarpi þessu. Fjármálafyrirtæki er samheiti yfir þær sjö tegundir starfsleyfa sem kveðið er á um í 4. gr. Með innleiðingu á hugtakinu fjármálafyrirtæki er búið að sameina í eitt hugtak þær kröfur sem gerðar eru til lánastofnana (e. credit institutions) samkvæmt tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana (2000/12/EB), fjárfestingarfyrirtækja (e. investment firms) samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu (93/22/EBE) og tilskipun um eigið fé lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (93/6/EBE), rafeyrisfyrirtækja samkvæmt tilskipun um rafeyrisstofnanir (2000/46/EB) og rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2001/107/EB). Með hugtakinu fjármálafyrirtæki fellur út úr íslenskum lögum hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem frá árinu 1996 hefur verið notað sem samheiti verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana.“

Engin markmið eru sett fram í frumvarpinu um meginhagsmuni þess að sett eru lög um fjármálafyrirtæki. Því leggur 1. minni hluti til að sett verið skýr markmið í upphafi laganna og 1. mgr. 1. gr. verði svohljóðandi: „Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.“ Aðrar greinar í frumvarpinu og lögunum í heild eiga að vera túlkaðar út frá 1. gr., og tryggja þannig að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt. Einnig er nauðsynlegt fyrir alla þá sem koma að rekstri fjármálafyrirtækja að hafa í huga að þau eru ekki rekin bara með hagsmuni hluthafa og stofnfjáreigenda að leiðarljósi, heldur viðskiptavina og þjóðarbúsins alls.

Sparisjóðir.

Nýlega tók ríkið yfir rekstur hinna 100 ára gömlu sparisjóða, Sparisjóðs Keflavíkur og Byrs. Báðir sjóðirnir rekja sögu sína aftur til upphafs tuttugustu aldar þegar framsýnir menn tóku sig saman og settu á stofn fjármálastofnanir til að styðja við uppbyggingu atvinnulífsins.

Einkenni sparisjóðanna eru hin miklu tengsl þeirra við samfélagið sem þeir starfa í. Þessum tengslum náðu þeir í gegnum stofnfjáreigendur, aðkomu sveitarfélaga að stjórn sjóðanna og stuðningi við uppbyggingu og menningarstarf í byggðarlaginu. Sjóðirnir hafa notið mikils velvilja hjá viðskiptavinum sínum og starfsfólki líkt og mælingar íslensku ánægjuvogarinnar

hafa sýnt aftur og aftur. Þrátt fyrir þetta er ekki óalgengt að spurt sé hver munurinn sé á sparisjóðum og venjulegum bönkum. Sparisjóðir eru náskyldir samvinnufélögum, gagnkvæmum tryggingafélögum, sjálfseignarstofnunum og frjálsum félagasamtökum. Meginhugsjónir samvinnunnar eru að fólk nái meiri árangri með því að vinna saman en hvert í sínu horni, að eina leiðin til að tryggja sanngirni í samfélaginu sé að dreifa valdi, lýðræðisleg vinnubrögð og að hvetja til reksturs samvinnufélaga og annarra sameiginlegra félaga sem hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi fremur en að hámarka hagnað.

Sameignarfélög vilja ná rekstrarlegum árangri, en á grunni siðferðislegra gilda og sterkrar samfélagslegrar vitundar þar sem hver meðlimur hefur eitt atkvæði.

Þeir sem nota þjónustuna, t.d. með því að versla, leggja inn peninga eða leigja húsnæði eru jafnframt eigendurnir. Markmið þeirra er þó ekki að taka út hagnað í formi arðgreiðslna heldur fá þeir hagnaðinn með lægri þjónustugjöldum, lægri vöxtum, lægra vöruverði eða hærra skilagjaldi. Mikil áhersla er lögð á samfélagslegt hlutverk fyrirtækjanna, þannig að ákveðið hlutfall af arði rekstrarins fer í samfélagsleg verkefni, sem endurspegla samfélagslega ábyrgð félaganna.

Einhvers staðar villtust samvinnumenn af leið og töpuðu sér í græðgisvæðingu hins íslenska samfélags. Víða var unnið markvisst að því að eyða sparisjóðum og samvinnufélögum. Fé án hirðis varð að skammaryrði þegar eignir og sjóðir sem stóðu að baki rekstrinum skiluðu ekki beinum hagnaði í vasa eigenda sinna. Fyrir hrunið var stór hluti sparisjóðanna kominn langt í „hlutafélagavæðingu“, enda hvattir áfram með breyttu laga- og rekstrarumhverfi. Áherslan var ekki lengur á samfélagslegan þátt rekstrarins, heldur allt of oft á skammtímagróða og sérhagsmuni.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fjallar dr. Hulda Þórisdóttir um aðdraganda og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði. Þar bendir hún á að fjöldi rannsókna hafi sýnt að fólk er drifið áfram af mun fleiri hvötum en eiginhagsmunum og ekki hvað síst af sanngirni. Auðveldlega er þó hægt að ýta undir eiginhagsmuni einstaklinga og búa til kerfi sem hvetji til sérhyggju og ósanngirni. „Hagfræðinemar komnir langt í námi hegða sér til dæmis mun frekar til samræmis við forsenduna um eiginhagsmunagæslu en aðrir nemendur og þeir sem skemmra eru komnir í hagfræðinámi“ skrifar Hulda. Samfélagsuppbygging sem hvetur fólk til að meta fyrst og fremst efnisleg gæði framar öðrum gildum á borð við réttlæti eða sanngirni laðar fram hegðun hjá fólki í samræmi við forsendur kerfisins.

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur mikið talað fyrir mikilvægi þess að byggja upp raunverulegt blandað hagkerfi og hverfa frá nýfrjálshyggju. Hann bendir á að hin ósýnilega hönd hins frjálsa markaðar sé eftir allt saman ekkert ósýnileg, hún sé hreinlega ekki til. Því verði endurreisn hins vestræna heims að byggjast á jafnvægi, raunverulegu blönduðu hagkerfi þar sem einkafyrirtæki, ríkið og sameignarfélög ná að blómstra. Sanngjarnt, heilbrigt og réttlátt samfélag er líklegra til að vaxa og dafna á sjálfbæran máta, hvort sem litið er til félagslegra, pólitískra eða umhverfislegra þátta.

Á næstu árum verðum við að byggja betra og sanngjarnara samfélag. Lánastofnanir sem eiga náin tengsl við sitt samfélag og leggja áherslu á að þjónusta félagsmenn á sanngjörnum kjörum eru hluti af því.

Núverandi ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um sparisjóði gefa ekki færi á þessu. Ríkisvæðing sparisjóðakerfisins er þegar hafin og skorið hefur verið á hin nánu tengsl við samfélagið sem sparisjóðirnir starfa í.

Fyrsti minni hluti leggur því til breytingartillögu til að bæta úr þessu og tryggja að sparisjóðir verði áfram sparisjóðir: „Í stjórn sparisjóðs skulu sitja að lágmarki fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa tvo stjórnarmenn, hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn og innstæðueigendur einn stjórnarmann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Ef starfssvæði sparisjóðs nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir koma sér saman um tilnefningu stjórnarmanna, þannig að fulltrúi hvers sveitarfélags sitji ekki lengur en tvö ár samfleytt í stjórn sjóðsins. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er. Í stjórn sparisjóðs sem er með fleiri en 15 starfsmenn skulu starfsmenn kjósa einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Fulltrúa starfsmanna er ekki heimilt að vera formaður eða varaformaður sjóðsins.

Jafnframt telur 1. minni hluti nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á löggjöf á sparisjóðum samhliða stefnumörkun um hvers konar fjármálamarkað við viljum hafa á Íslandi, miðað við stærð og getu þjóðarbúsins.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrirsögn I. kafla laganna verður: Gildissvið. Markmið. Orðskýringar.
3. Á undan 35. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   51. gr. laganna orðast svo:
   Í stjórn sparisjóðs skulu sitja að lágmarki fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa tvo stjórnarmenn, hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn og innstæðueigendur einn stjórnarmann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Ef starfssvæði sparisjóðs nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir koma sér saman um tilnefningu stjórnarmanna, þannig að fulltrúi hvers sveitarfélags sitji ekki lengur en tvö ár samfleytt í stjórn sjóðsins.
   Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.
   Í stjórn sparisjóðs sem er með fleiri en 15 starfsmenn skulu starfsmenn kjósa einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Fulltrúa starfsmanna er ekki heimilt að vera formaður eða varaformaður sjóðsins.
4. Við 43. gr. bætist þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Endurskoðanda skv. 2. mgr. er skylt að sækja aðalfund fjármálafyrirtækisins. Endurskoðandi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um mikilvæg atriði sem koma upp við endurskoðun fyrirtækisins. Skal það gilda sérstaklega um vankanta á innra eftirliti með fjárhag fyrirtækisins.

5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara skal efnahags- og viðskiptaráðherra skipa nefnd til að móta pólitíska stefnumörkun og tillögur um löggjöf um fjármálamarkaðinn Íslandi. Skal fara fram heildarendurskoðun á löggjöf sparisjóða og stefnumörkun um hvers konar fjármálamarkaður skal vera á Íslandi miðað við stærð og getu þjóðarbúsins. Nefndin skal skila tillögum til ráðherra, eftir atvikum í frumvarpsformi, fyrir 1. janúar 2011.

Alþingi, 11. maí 2010.

Eygló Harðardóttir.

1115. Nefndarálit [511. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Umsagnir bárust um málið frá ríkissaksóknara, Viðskiptaráði Íslands og ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að skilgreint verði með skýrari hætti hvert sé verksvið embættis sérstaks saksóknara gagnvart öðrum handhöfum ákæruvalds. Þá eru lagðar til smávægilegar lagfæringar á lögum um meðferð sakamála ásamt því að kveðið er skýrt á um að tilteknir úrskurðir héraðsdómara eru kæranlegir til Hæstaréttar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið sem mælir fyrir um að verksvið embættis sérstaks saksóknara verði ekki lengur takmarkað við rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum og í kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, eins og kveðið er á um í 1. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara. Samkvæmt frumvarpinu skal embættið rannsaka grun um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja og þeirra sem átt hafa hlut í þeim, farið með atkvæðisrétt í þeim sem og að rannsaka grun um refsiverða háttsemi stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Fyrir nefndinni kom fram að reynslan hefði sýnt að verksvið embættisins hefði verið of þröngt afmarkað og að komið hefði upp skörun milli saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, sérstaks saksóknara og setts ríkissaksóknara um valdsvið embættanna. Nefndin telur mikilvægt miðað við tilgang með stofnun embættis sérstaks saksóknara að verksvið verði afmarkað með skýrari hætti gagnvart öðrum handhöfum ákæruvalds svo að ekki geti komið til frávísunar væntanlegra dómsmála. Ríkissaksóknari mun áfram skera úr um valdsviðið en er í frumvarpinu einnig fengin heimild til að fela öðrum ákæranda að fara með mál og byggist það á sjónarmiðum um hagkvæmni við rannsókn mála.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson, Vigdís Hauksdóttir og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Róbert Marshall.	Þráinn Bertelsson.	

1116. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi. Lagt er til að svokölluð endurtryggingatilskipun verði innleidd í íslenskan rétt. Aðrar breytingar sem felast í frumvarpinu eru þær helstar að lagt er til að íslensk vátryggingafélög skuli reka sem hlutafélög. Þá er afmarkað betur en í gildandi lögum hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið veiti vátryggingafélögum starfsleyfi en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfi. Þá er mælt fyrir um að aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um slík áform og skulu tilkynningu fylgja nánar tilgreindar upplýsingar. Einnig er lagt til það nýmæli að vátryggingafélagi verði óheimilt að veita lán með veði í eigin hlutabréfum eða skuldabréfum.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái auknar valdheimildir og meira svigrúm til að meta rekstur vátryggingafyrirtækja. Verkefnið að byggja upp traustan fjármálamarkað á Íslandi eftir bankahrunið er stórt og viðfangsmikið. Það er augljóst að á vátryggingamarkaði var ekki sami kerfislægi vandi og hjá fjármálafyrirtækjum en samt sem áður er mikilvægt að hafa heildarsýn á það hvernig vátryggingamarkað við viljum hafa í framtíðinni og það skortir á að nægjanleg pólitísk stefnumótun hafi farið fram á vettvangi þingsins. Frumvarpið ber þess merki og þannig hefur til dæmis ekki verið tekin afstaða til eftirfarandi atriða:

– Hvort skynsamlegt sé að viðskiptabankar megi eiga vátryggingafélag og öfugt.
– Ekki hefur verið ráðist í endurbætur á lögum um endurskoðendur.
– Ekki er tekið á ábyrgð svokallaðra skuggastjórnenda, þ.e. aðila sem beita valdi sínu til að hafa áhrif innan fjármálafyrirtækis jafnvel þannig að stjórnir lúti boðvaldi þeirra. Í því fælist réttarbót að kveða á um skaðabótaábyrgð slíkra aðila ef ákvarðanir þeirra valda félaginu tjóni.
– Ekki var farið yfir ástæður þess með fullnægjandi hætti af hverju ekki er hægt að fara á svipaðan hátt með endurtryggingar og frumtryggingar.

Annar minni hluti telur afskipti löggjafans af starfslokasamningum of miklar. Allir eru

sammála um að ýmsir slíkir samningar sem hafa verið gerðir á undangengnum árum voru ekki í samræmi við efni og aðstæður, en hafa ber í huga að starfslokasamningar eru ýmist gerðir til að fullnægja ráðningarsamningum eða til að koma til móts við starfsmenn sem hafa starfað lengi á sama stað og sinnt sínu starfi vel. Í frumvarpinu er bæði gert ráð fyrir því að verði það að lögum eigi ákvæði þess við um samninga sem gerðir voru fyrir gildistöku þess og einnig þar sem það er gert að skilyrði að hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækis undanfarin þrjú ár.

Ekki verður séð þörf á því að banna gagnkvæm tryggingafélög líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. 2. minni hluti leggst gegn því að vátryggingafélög megi eingöngu reka í formi hlutafélags.

Óljóst er hvort Fjármálaeftirlitið hafi burði til að sinna af krafti þessum auknu verkefnum en með þessu er m.a. vísað til möguleika eftirlitsins til að ráða og halda í hæft fólk enda hefur verið mörkuð sú stefna að engin laun verði hærri en laun forsætisráðherra.

Alþingi, 17. maí 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1117. Nefndarálit [513. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Guðmundsson frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og Arnar Guðmundsson frá Lögregluskólanum.

Umsagnir bárust um málið frá Landssambandi lögreglumanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að verði sýslumanni veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum þá geti ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn. Lagt er til að ákvæðið falli úr gildi 1. janúar 2015.

Nefndin fjallaði um frumvarpið sem felur í sér undanþágu frá þeirri meginskyldu að öll störf á vegum ríkisins skuli auglýsa og byggist hún á því að verið er að skoða möguleika til að efla sýslumannsembætti með því að sameina einstök embætti í stækkuðum stjórnsýsluumdæmum en þau eru nú 24 talsins. Nefndin telur að þegar litið er til þeirrar vinnu sem fram undan er við endurskipulagningu sýslumannsembættanna sé eðlilegt að gera þessa undanþágu frá því að skipað sé í sýslumannsembætti sem losna og heimila sýslumanni að gegna fleiri en einu sýslumannsembætti við sérstakar aðstæður. Með því gefist tækifæri til að vinna að endurskipulagningunni í sátt við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson, Vigdís Hauksdóttir og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Róbert Marshall.		Þráinn Bertelsson.

1118. Svar [384. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um styrki til útgáfumála og eftirlit með notkun fjár.

1. *Hvaða verkefnum frá árunum 2000–2010 á fjárlagalið 02-983-1.11, styrkir til útgáfumála, hefur verið lokið með útgáfu?*
2. *Hver er staða annarra verkefna, hvenær verður þeim lokið?*

Sjá eftirfarandi töflu þar sem fram kemur yfirlit yfir styrkveitingar, hver staða verkefnanna er og hvort þeim hefur lokið með útgáfu.

Styrkir til útgáfumála á fjárlögum, 02-983-1.11, fjárhæðir í þús. kr.

	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	Samtals	Staða útgáfu
Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða			2.500									2.500	Stefnt að útgáfu 2009
Alfræðiorðabók sjávarútvegsins							500					500	Umsækjandi látinn
Bókasafn Dagsbrúnar, útgáfustarfsemi verkalýðshreyfingar					1.000							1.000	Í vinnslu
Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni		5.000	5.000	3.300	1.500							14.800	Úgáfa 2006 og 2007
Búnaðarsamband Vestfjarða, Sögufélög ...		2.000	2.000		500							4.500	Ýmsar útgáfur
Byggða- og atvinnusaga Súðavíkurhrepps						1.000						1.000	Stefnt var að útgáfu 2006
Byggðasaga Skagafjarðar		2.000	3.000	3.000		2.000	1.000					11.000	Mörg bindi komin út
Börn og bækur, IBBY á Íslandi		1.000	1.000	1.000	500	500	400	400				4.800	Tímarit, útg. frá 1997
Charlie Strand, Project Iceland	1.500	500										2.000	Í vinnslu
Eldflugan, verkefnið Blábyrgi			500									500	Útg. bækur á DVD
Eyrbyggjar, útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni		600	600	500	500	400	400	400				3.400	9 binda ritröð komin út
Flateyri 1995, heimildarrit			2.000									2.000	Í vinnslu
Færeysk orðabók, útgáfa orðabókar	3.000	5.000	8.000	7.000	2.400	1.800	1.800	2.500	2.000	2.500	1.000	37.000	Í vinnslu, verk hálfnað
Héraðssambandið Skarphéðinn, ritun og útgáfa 100 ára sögu			500									500	Í vinnslu
Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku	3.000	10.000	12.000	10.000								35.000	Í vinnslu
Íslensk-tékknesk/ tékknesk íslensk orðabók		1.000										1.000	Stefnt er að útgáfu 2012
Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld							600	500			700	1.800	Verkefnastyrkur
Jón Björnsson, Íslensk skip										1.000		1.000	Verkefnastyrkur
Kennslubók í nótnalestri			1.500									1.500	Útgáfu að ljúka
Kennsluefni um V-Norðurlönd: Ísland, Grænland, Færeyjar			1.000									1.000	Í vinnslu
Kjarvalsstofa					2.000							2.000	Styrkur til menningar-starfs
Kvæðamannafélagið Iðunn				500								500	Gömul útgáfa
Lífríki Íslands		3.000										3.000	Í vinnslu
Menningarsaga Skarðstrendinga								200				200	Vinnustyrkur
Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals						500	500	1.000				2.000	Útg. 2005
Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir				1.000	1.000	800	800	1.500	1.000			6.100	Gagnagrunnur
ÓRG ættfræðiþjónusta		2.000	2.000									4.000	Gagnagrunnur
Óskipt								3.500	3.500	1.000	1.300	9.300	Í sérstöku yfirliti
Pétur M. Jónasson„lífríki Þingvallavatns“											1.500	1.500	Útg. 2002
Reykholtsverkefnið		2.000	2.000									4.000	Í vinnslu
Rit um fornleifarannsóknir á miðaldakaupstað á Gásum 2001–2006		3.000	4.500									7.500	Í vinnslu
Rit um íslenska skipstjórnarmenn		1.000										1.000	Útg. 2006 1. bindi af sex

	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	Samtals	Staða útgáfu
Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002										2.000		2.000	Tveggja binda verk, í undirbúningi
Sigrún Helgadóttir, bók um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum			2.000									2.000	Útg. 2008
Snorrasambandið, ævisaga Snorra Sturlusonar			1.500									1.500	Útg. 2010
Strandir, byggðasaga		1.500	1.500	1.000	1.000							5.000	Stefnt að útgáfu 2010–12
Sverrir Gíslason, ljósmyndabækur			500									500	Útg. 2007 Gluggasteinn
Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erl. tungum.			2.000	3.300	3.000	3.000	500					11.800	Útgáfa og kynning, í vinnslu
Vefsíðan ljóð.is		1.000										1.000	Vefútgáfa, gagnagrunnur
Vinir Skaftafells og Jack Ives				1.900								1.900	Stefnt var að útgáfu 2007
Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd							1.000	1.000				2.000	Óvíst um verklok
Þróun glímu í íslensku þjóðfélagi í ellefu aldir								500				500	Útg. 2006
Önfirðingafélagið í Reykjavík						1.000						1.000	Vefsíða
Örlygur Hálfdánarson, Íslensk menning á mótum nýrrar aldar											1.000	1.000	Undirbúningur 3. bindis
Örlygur Hálfdánarson									1.000			1.000	Sama og 2001
Örlygur Hálfdánarson, Aldahvörf										1.000		1.000	Sama og 2001 og 2002
Örlygur Hálfdánarson, ritverk um íslenska þjóðmenningu								1.000				1.000	Stefnt var að útgáfu 2003
Örlygur Hálfdánarson, Úr torfbæjum inn í tækniöld				1.000		1.500						2.500	Útg. 2003
Örnefna- og sagnarit Skeiðamanna		1.000										1.000	Útg. 2009/2010
	7.500	**41.600**	**55.600**	**33.500**	**13.400**	**12.500**	**7.500**	**12.500**	**7.500**	**7.500**	**5.500**	**204.600**	

3. *Hvaða reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af fjárlagalið 02-983-1.11?*

Engar skriflegar reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af þessum fjárlagalið en menningarskrifstofa ráðuneytisins hefur sett sér ákveðið vinnulag þegar kallað er eftir styrkjum sem veittir eru af öllum liðum fjárlaga sem heyra undir skrifstofuna, þar á meðal af fjárlagalið 02-983-1.11. Áður en styrkur er greiddur biður ráðuneytið styrkþega um að leggja fram verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og er þá oft óskað ítarlegri upplýsinga en koma fram í umsókn viðkomandi til Alþingis. Jafnframt er þess óskað að styrkþegar sendi ráðuneytinu greinargerð um framvindu verkefnisins eða lok þess fyrir næstu áramót eftir að viðkomandi styrkur er greiddur. Þetta vinnulag er viðhaft hvort sem ráðuneytinu hefur borist afrit af umsóknunum frá Alþingi eða ekki. Veiti Alþingi framhaldsstyrki til sama verkefnis fæst næsti styrkur ekki greiddur nema fyrir liggi áðurnefnd greinargerð um notkun styrksins frá árinu áður. Í undirbúningi er að efla enn frekar eftirlit með notkun styrkfjárins með því að halda eftir 20% af styrk þar til fyrir liggur lokagreinargerð sem er í samræmi við lýsingu á verkefninu.

4. *Hvernig hefur eftirliti með notkun fjárins verið háttað af hálfu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar?*

Eins og fram kemur í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar kallar ráðuneytið eftir verk- og kostnaðaráætlun áður en styrkur er greiddur og greinargerð um framvindu eða verklok fyrir næstu áramót. Viðkomandi máli er ekki lokað af hálfu ráðuneytisins fyrr en umrædd greinargerð hefur borist, en í sumum tilvikum getur dregist nokkuð að styrkþegar skili slíkum greinargerðum.

Í tilefni fyrirspurnarinnar var einnig óskað eftir svari frá Ríkisendurskoðun. Svar við erindi ráðuneytisins barst í tölvupósti 12. apríl sl.: „Ríkisendurskoðun hefur almennt ekki sérstakt eftirlit með ráðstöfun styrkja hjá ráðuneytum. Hins vegar hefur Ríkisendurskoðun fjallað almennt um það verklag sem hefur verið í gildi hjá ráðuneytum almennt. Í því sambandi má benda á skýrslu stofnunarinnar „Skuldbindandi samningar ráðuneyta og styrkveitingar ríkissjóðs á árinu 2006“ sem út kom í mars 2007... Þá má benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar „Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé“ sem út kom árið 2009 og fjallar um styrkveitingar úr safnasjóði og öðrum fjárlagaliðum.“

5. *Hafa fjárveitingar til verkefna verið stöðvaðar vegna þess að skilyrði fyrir veitingu fjár voru ekki uppfyllt? Ef svo er óskast gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum.*

Styrkir hafa ekki verið greiddir út nema fyrir liggi umbeðin verk- og kostnaðaráætlun. Frekari styrkir hafa heldur ekki verið greiddir út nema að fenginni greinargerð, sbr. svar við 3. lið fyrirspurnarinnar. Í slíkum tilvikum hefur greiðslum verið haldið eftir þar til umbeðin gögn hafa borist.

6. *Var óskiptum fjárveitingum í einhverjum tilfellum ráðstafað? Ef svo er, til hvaða verkefna?*

Á árunum 2000–2003 var eftirfarandi fjárhæð á óskiptum lið undir þessum fjárlagalið: 1,3 millj. kr. árið 2000, 1 millj. kr. árið 2001, 3,5 millj. kr. árið 2002 og 3,5 millj. kr. árið 2003. Ákvarðanir um veitingu styrkja af þessum óskipta lið voru teknar af menntamálaráðherra að fengnum tillögum frá fagskrifstofu ráðuneytisins á sviði menningarmála. Þessir styrkir voru að jafnaði miklu lægri en styrkir sem Alþingi ákvað í fjárlögum á þessum árum. Frá árinu 2004 hefur ekki verið nein fjárhæð á óskiptum lið 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um styrkveitingar af óskiptum lið 2000–2003.

Ráðstöfun óskiptra fjármuna á fjárlagalið 02-983-1.11 árin 2000–2003.

	Styrkur
2000	
Haukur Guðlaugsson, kennslubók í organleik 2. hefti.	100.000
Hið íslenska fornleifafélag, árbók 2000	250.000
Matthías Viðar Sæmundsson, Kistan, vefrit um hugvísindi, alþjóðleg útgáfa	200.000
Sendiráðið í Peking, útgáfa á Íslendingasögum á kínversku	545.613
Sigurbjörn Einarsson, ævisaga Jóns Steingrímssonar	190.000
Sigurður Samúelsson vegna þýðingar: Sjúkdómar og dánarmein íslenskra formanna	200.000
Þjóðleikhúsið vegna sögu leikhússins	3.000.000
Ættfræðifélagið, Manntal 1910, 5. bindi	100.000
2001	
Edizioni Parnaso, utanríkisráðuneyti, útgáfa á fornílenskri málfræði á ítölsku	155.806
Margrét H. Auðardóttir, útgáfa á „Byggð og tímatal í N-Atlantshafi“	500.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, útgáfa stefnuyfirlýsingar IFLA um skólabókasöfn	50.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa norrænnar bókar um norræna setningarfræði eftir dr. Anton Zimmerling	75.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa Íslendingasagna á rússnesku, 1. og 2. bindi	350.000
2002	
Borgarbyggð, Sögur og samfélög, vegna alþjóðlegrar ráðstefnu	300.000
Caviar Music Publishing, kynning á íslenskri tónlist erlendis	300.000
Gísli Sigurðsson, þýðing á Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð	500.000
Jöklarannsóknafélag Íslands vegna útgáfu Jökuls	250.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn, kaup á Íslenskri bókaskrá 2000	102.000
Músík og saga ehf. vegna tölvusetningar þjóðlagasafns sr. Bjarna Þorsteinssonar	500.000
Rithöfundasambandið vegna höfundamiðstöðvar	100.000
Utanríkisráðuneytið, útgáfa ritsins „Cahier n°4 Rencontres d´Aubrac“ á frönsku	137.897
Vefkistan.is vegna vefs um mennta- og menningarmál	200.000
2003	
Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan ehf., útgáfa á tímaritinu AVS á ensku og íslensku	700.000
Félag þjóðfræðinga á Íslandi vegna Ókindarkvölds í Iðnó	100.000
Finnbogi Guðmundsson, útgáfa á ritgerðum og ræðum um íslenskt efni á ensku	100.000
Gísli Sigurðsson, þýðing á Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð	500.000
Hið íslenska bókmenntafélag, þýðing á Jöklariti Sveins Pálssonar	200.000
Hið íslenska fornleifafélag, árbók 2003	300.000
Horse Shoe Publishing, útgáfa Grettissögu	99.029
Jenný Karlsdóttir og Oddný Magnúsdóttir vegna rannsókna á altarisdúkum	150.000
Jóhann J. Ólafsson, útgáfa á Wagner og Völsungum eftir Árna Björnsson	300.000
Jón Þórisson, þátttaka í ráðstefnunni „Theories for scriptwriting“ í Prag, apríl 2003	75.000
Jonnas Ahola, þýðing Gísla sögu Súrssonar	210.225
Kómedíuleikhúsið, kennslurit um leikræna tjáningu	100.000
Kristina R. Berman vegna verkefnis um íslenska jurtalitun	250.000
Kvennasögusafn Íslands, útgáfa bæklingsins „Kvennasöguslóðir í Kvosinni“	150.000
Leiklistarsamband Íslands, útgáfa „Theater in Iceland 2003“	300.000

	Styrkur
Leo Ingason, til að vinna að ritun og rannsóknum á hollensk-íslenskum samskiptum á fyrri öldum	100.000
Listasafn Ísafjarðar, kaup á listaverkum og opnunarhátíð	200.000
Orðabók Háskólans vegna grunns að íslensk-sænskri/íslensk-norskri orðabók	600.000
Raunvísindastofnun HÍ, útgáfa á tímariti um raunvísindi og stærðfræði	200.000
Sendiráð Íslands í Peking, útgáfa bóka á kínversku/ensku um líf og störf listamannanna Sigurðar Guðmundssonar og Rúríar	101.909
Skjalasafn Ísafjarðar/Ísafjarðarbær, kaup á gömlum herforingjaráðskortum af Vestfjörðum	200.000
Société des édudes nordiques, Francois-X, útgáfa tímaritsins Proxima Thulé V volume	200.988
Trausti Valsson vegna þýðingar á bókinni „Skipulag byggðar á Íslandi“	150.000
Vésteinn Ólafsson, stofnun Árna Magnússonar, útgáfa á ritinu „Samræður við söguöld“ á Ítalíu	250.000
Veturliði Óskarsson, útgáfa á „Middelnedertyske låneord i Islands diplomsprog frem til år 1500“	250.000

1119. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái auknar valdheimildir og meira svigrúm til að meta rekstur fjármálafyrirtækja. Einnig er lagt til að komið verði upp skrá yfir skuldbindingar hjá eftirlitinu í þeim tilgangi að það geti takmarkað útlánaáhættu í fjármálakerfinu og til að betri yfirsýn fáist yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu. Þá er í frumvarpinu lagt til að settar verði strangari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, lánveitingar til tengdra aðila og hæfi eigenda.

Annar minni hluti telur ýmis ákvæði frumvarpsins og breytingartillagna meiri hlutans jákvæð. Nefna má það markmið frumvarpsins að kveða skýrt á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngripa þegar þörf er á. Þá hefur meiri hlutinn í breytingartillögum sínum tekið tillit til frumvarps Guðlaugs Þórs Þórðarsonar o.fl. í 564. máli um heimildir tiltekinna tegunda fjármálafyrirtækja til að stunda óskyldan rekstur. Einnig eru settar hömlur á lánveitingar fjármálafyrirtækis til eigenda virkra eignarhluta, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Hins vegar er spurning hvort nóg sé að gert hvað þetta síðastnefnda varðar, e.t.v. þyrfti að kveða á um að eigendur og stjórnendur ættu fremur að vera í viðskiptum við aðrar fjármálastofnanir. Þá er í frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að setja reglur um kaupaukakerfi til að koma í veg fyrir þá misnotkun sem var hér við lýði. Einnig er til bóta sú breyting að ekki verður heimilt að veita lán til kaupa á hlutabréfum með veði í sjálfum bréfunum.

Verkefnið að byggja upp traustan fjármálamarkað á Íslandi eftir bankahrunið er stórt og viðfangsmikið. Það vantar heildarsýn á það hvernig fjármálamarkað við viljum hafa í framtíðinni og mikið skortir á að nægjanleg pólitísk stefnumótun hafi farið fram á vettvangi þingsins. Sá þáttur skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem fjallar um fjármálafyrirtæki hefur ekki verið tekinn sérstaklega fyrir í nefndinni. Frumvarpið ber þess merki og þannig hefur til dæmis ekki verið tekin afstaða til eftirfarandi atriða:

– Hvort og hvernig eigi að setja reglur um hámarkseignarhlut fjármálafyrirtækja.
– Hvort skynsamlegt þyki að reka fjárfestingarbanka- og viðskiptabanka í einni stofnun,

- Ekki hefur verið ráðist í endurbætur á lögum um endurskoðendur.
- Ekki hefur verið tekið á verkaskiptingu milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, Fram hefur komið meðal annars í viðskiptanefnd að verkaskipting stofnananna hafi ekki verið nógu skýr. Það verður að telja grundvallarforsendur þess að unnt sé að byggja upp fjármálamarkað til framtíðar að völd og ábyrgð þeirra sem sinna eftirliti sé skýrt.
- Því hefur ekki verið svarað hver sé framtíðarskipan sparisjóðanna í landinu en ríkið hefur nú tekið yfir marga þeirra. Í breytingartillögum meiri hlutans er mælt fyrir um minni kröfur um stofnfé þegar um er að ræða sparisjóð sem starfar á staðbundnum afmörkuðum markaði. Skilgreiningu á því hvað teljist staðbundinn afmarkaður markaður er ýtt yfir á Fjármálaeftirlitið en með því er vandinn ekki leystur.
- Ekki er tekið á ábyrgð svokallaðra skuggastjórnenda, þ.e. aðila sem beita valdi sínu til að hafa áhrif innan fjármálafyrirtækis jafnvel þannig að stjórnir lúti boðvaldi þeirra. Í því fælist réttarbót að kveða á um skaðabótaábyrgð slíkra aðila ef ákvarðanir þeirra valda félaginu tjóni.
- Annar minni hluti hefur áhyggjur af því að ekki sé girt fyrir að bankar geti lánað til eigenda sinna og keypt í fyrirtækjum tengdum þeim,
- Ekki hefur verið rætt um innstæðutryggingakerfi.
- Ekki hefur verið rætt um hvort skynsamlegt væri með auknu valdi Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtæki hafi málskotsrétt.

Annar minni hluti telur afskipti löggjafans af starfslokasamningum of miklar. Allir eru sammála um að ýmsir slíkir samningar sem hafa verið gerðir á undangengnum árum voru ekki í samræmi við efni og aðstæður, en hafa ber í huga að starfslokasamningar eru ýmist gerðir til að fullnægja ráðningarsamningum eða til að koma til móts við starfsmenn sem hafa starfað lengi á sama stað og sinnt sínu starfi vel. Í frumvarpinu er bæði gert ráð fyrir því að verði það að lögum eigi ákvæði þess við um samninga sem gerðir voru fyrir gildistöku þess og einnig þar sem það er gert að skilyrði að hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækis undanfarin þrjú ár.

Í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir takmörkunum á heimild tiltekinna tegunda fjármálafyrirtækja til að reka fyrirtæki í óskyldum rekstri. 2. minni hluti vill ganga lengra og leggur til að fjármálafyrirtæki skuli hafa losað sig út úr eignarhaldinu áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að það hóf að stunda starfsemina, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 22. gr. laganna.

Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða um heimild til að fá aðgang að kröfuskrá. 2. minni hluti telur nauðsynlegt að upplýsingar fáist um raunverulegan eiganda kröfu. Eigendur krafna eru því jafnframt eigendur Arion banka og Íslandsbanka nú þegar þeir hafa að nýju verið einkavæddir.

Annar minni hluti leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Annars vegar er lögð til viðbót við breytingartillögu meiri hlutans við 13. gr. í þá veru að fjárhagslegri endurskipulagningu skuli ljúka innan tólf mánaða. Hins vegar er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða V í þá veru að bæta því við að slitastjórn skuli tryggja að ljóst sé hverjir séu eigendur kröfu.

Óljóst er hvort Fjármálaeftirlitið hafi burði til að sinna af krafti þessum auknu verkefnum en með þessu er m.a. vísað til möguleika eftirlitsins til að ráða og halda í hæft fólk enda hefur verið mörkuð sú stefna að engin laun verði hærri en laun forsætisráðherra.

Annar minni hluti hefur ekki fullvissu fyrir því að með frumvarpinu sé girt fyrir þann kerfislega vanda sem var til staðar og hefur áhyggjur af því að frumvarpið veiti falskt öryggi.

Alþingi, 17. maí 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1120. Breytingartillögur [343. mál]

við brtt. á þskj. 1096 [Fjármálafyrirtæki].

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar (GÞÞ, SKK).

1. Við 13. tölul. Í stað orðanna „og getur sett fjármálafyrirtæki tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka við fjárhagslega endurskipulagningu“ í lokamálslið komi: og skal fjárhagslegri endurskipulagningu lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi skv. 1. málsl. hófst.
2. Við e-lið 36. tölul. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, er orðist svo: Slitastjórn skal tryggja með fullnægjandi hætti að ljóst sé hverjir eru eigendur krafna.

1121. Nefndarálit [494. mál]

um frv. til l. um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Svanhildur Bogadóttir frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Bárður Ragnar Jónsson frá Breiðavíkursamtökunum, Jóhanna Agnarsdóttir, Erna Agnarsdóttir og María Haraldsdóttir.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum og ræddi fjölmörg atriði frumvarpsins sem á sér ekki hliðstæðu í íslenskri réttarsögu. Helgast það m.a. af því hversu langt er liðið frá þeim atburðum sem bótagrundvöllur frumvarpsins er byggður á. Þær stofnanir og þau vistheimili sem um ræðir eru: vistheimilið Breiðavík, Heyrnleysingjaskólinn, vistheimilið Kumbaravogi, skólaheimilið Bjarg, vistheimilið Reykjahlíð, vistheimilið Silungapolli, heimavistarskólinn Jaðar, Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins. Nefnd sem skipuð var samkvæmt

lögum nr. 26/2007 hefur þegar lokið könnun á fjórum af níu vistheimilanna, þ.e. Breiðavík, Heyrnleysingjaskólanum, vistheimilinu Kumbaravogi og skólaheimilinu Bjargi.

Framkvæmd laganna.

Í frumvarpinu kemur eingöngu fram í greinargerð undir hvaða ráðherra framkvæmd laganna skuli heyra, þ.e. að gengið sé út frá því að dómsmála- og mannréttindaráðherra verði falin framkvæmd laganna. Styðst það annars vegar við þau rök að dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með málefni þolenda ofbeldisbrota og að sýslumanni sem heyrir undir hann er falið veigamikið hlutverk. Nefndin telur að það sé ekki nægilega skýrt að kveða einungis á um þetta í greinargerð, m.a. vegna þess að forsætisráðherra leggur frumvarpið fram og skipaði nefndina sem falið var að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimilanna samkvæmt lögum nr. 26/2007. Nefndin telur því nauðsynlegt að taka skýrt fram í 1. gr. frumvarpsins að dómsmála- og mannréttindaráðherra fari með yfirstjórn og framkvæmd laganna og leggur til breytingu á greininni í því skyni.

Málsmeðferð.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt upp með mjög einfalda málsmeðferð þar sem sýslumanni er falið, að höfðu samráði við ráðherra, að gera umsækjendum sáttaboð telji hann að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt. Byggist það á því sjónarmiði að málsmeðferðin taki ekki of langan tíma og verði ekki of íþyngjandi fyrir umsækjendur eins og ítrekaðar skýrslutökur geta verið. Nefndin tekur fram að slíkt samráð við ráðherra er óvenjulegt. Fyrir nefndinni kom fram að þetta væri einungis hugsað sem varúðarákvæði og að ekki væri ætlunin að ráðherra færi ofan í einstök mál heldur að hann gæti frekar ýtt undir að mál hljóti frekar úrlausn hjá sýslumanni og að samræmis sé gætt milli mála. Umsækjandi getur hafnað sáttaboði og leitað til úrskurðarnefndar og eru úrskurðir hennar endanlegir á stjórnsýslustigi og því ekki kæranlegir til ráðherra. Þannig mun ráðherra ekki endurskoða úrskurði nefndarinnar sem eru að vissu leyti endurskoðun á sáttaboðum sýslumanns. Nefndin telur því eðlilegt að ráðherra fari með eftirlit með framkvæmdinni hjá sýslumanni og sé leiðbeinandi að þessu leyti gagnvart honum.

Nefndin telur einnig að með því að fela einu sýslumannsembætti að fara með úrlausn þessara mála sé unnt að tryggja samræmi í sáttaboðum og afgreiðslu mála. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. að sýslumaður skuli eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að einu og sama heimilinu eða stofnuninni og tryggir það enn frekar samræmi í afgreiðslu mála. Ef málafjöldi verður mjög mikill telur nefndin að efla þurfi það embætti sem fær verkefnið og að ráðherra leiti þá eftir tímabundinni heimild til þess.

Sönnunarfærslur.

Nefndin telur nauðsynlegt að taka fram að í því frumvarpi sem hér er til meðferðar er ekki tekin afstaða til þess hvernig meðferð viðkomandi einstaklingar fengu á vistheimilum og stofnunum þeim sem um ræðir heldur er verið að skapa ramma um sanngirnisbætur til handa þeim sem urðu fyrir þessari óþolandi lífsreynslu. Með frumvarpinu er lagt til að sýslumaður meti hvort hann telji líkur á því að bótaskilyrði laganna séu uppfyllt. Rík rannsóknarskylda er lögð á úrskurðarnefndina sem viðkomandi getur leitað til. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og þarf umsækjandi því að leita til dómstóla ef hann fellst ekki á úrskurð nefndarinnar.

Skilyrði þess að greiddar verði sanngirnisbætur eru þær að umsækjandi hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun stóð sem olli honum varanlegum skaða, þ.e. varanlegum neikvæðum líkamlegum, sálrænum eða félagslegum afleiðingum. Nefndin ræddi nokkuð um sönnunarfærslur en fyrir liggur að sönnun í hefðbundnum skilningi er torveld og nánast útilokuð þegar svo langt er um liðið.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að rannsóknir vistheimilisnefndar hefðu m.a. byggst á vitnisburði hópa sem bjuggu á vist- og meðferðarheimilum á mismunandi tímabilum og við ólíkar aðstæður, aðbúnað og meðferð og því væri ekki unnt að bera saman án þess að greinarmunur væri gerður á frásögnum þeirra. Fram kom að á tímabili voru börnin á Kumbaravogi látin vinna við framleiðslufyrirtæki án þess að nokkurt fullorðið vinnufólk væri á staðnum. Þá kom einnig fram að á tímabili hefðu mörg þeirra sætt kynferðislegu ofbeldi.

Nefndin tekur fram að við mat á sönnun verði að líta til opinberra gagna og upplýsinga sem liggja fyrir um viðkomandi stofnun eða heimili, þess tímabils sem um ræðir svo og framburðar þeirra sem á heimilunum dvöldu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Bótagrundvöllur.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um skilyrði sanngirnisbóta og þar segir að greiða skuli sanngirnisbætur hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð. Í skýringum við 3. gr. frumvarpsins kemur fram að við túlkun á hugtökunum illri meðferð og ofbeldi sé ætlast til að litið verði til þeirra samfélagsviðmiða sem voru ríkjandi á þeim tíma er atvik gerðust eins og hefðbundið er að gera við sakarmat í skaðabótarétti. Enn fremur verði að líta til þess að almenn viðhorf til uppeldis barna hafi breyst umtalsvert á undanförnum áratugum og að ekki sé unnt að fella undir hugtökin illa meðferð eða ofbeldi atriði, sem þrátt fyrir að teljast óásættanleg núna, voru í samræmi við gildandi viðmið á umræddum tíma og tíðkuðust víðar, m.a. á einkaheimilum og spítölum. Sama gildi um hugtökin athafnir og athafnaleysi sem voru í samræmi við ríkjandi stefnu stjórnvalda á umræddum tíma. Nefndin telur ekki unnt að fallast á þessi sjónarmið. Enda er áskilið í 3. gr. frumvarpsins að um varanlegan skaða sé að ræða hjá viðkomandi vegna illrar meðferðar eða ofbeldis sem viðkomandi sætti meðan á vistun stóð. Hafi umsækjandi því orðið fyrir varanlegum skaða af þeirri meðferð og vist sem hann var í reynd skikkaður í skipti í raun ekki máli hvort meðferðin hafi verið í samræmi við ríkjandi viðmið þar sem með áskilnaði um varanlegan skaða er fallist á að bótagrundvöllur sé fyrir hendi.

Ljóst er að ábyrgð stjórnvalda af inngripum í friðhelgi einkalífs einstaklinga er mikil og telur nefndin að gera verði kröfu til að lausnir séu faglegar hvort heldur er vistun eða meðferð. Nefndin telur að illa meðferð barna og unglinga sem hið opinbera tekur að sér verði aldrei hægt að bæta að fullu með fjármunum.

Sanngirnisbætur.

Í 2. mgr. 4. gr. er tekið fram að við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skuli, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Nefndin fjallaði nokkuð um þetta ákvæði og telur að það frumvarp sem hér um ræðir fjalli um mjög sérstakt svið sem erfitt sé að bera saman við dóma í einstökum dómsmálum þar sem málin beinast t.d. að ákveðnum tjónvaldi. Hér er leitast við að gera upp mál fjölda einstaklinga í einu. Viðurkennt er að bæturnar byggjast á vanrækt eftirlitsskyldu stjórnvalda með börnum sem voru vistuð á þeirra vegum á meðferðarheimilum og stofnunum jafnvel um margra ára skeið. Frumvarpið er því byggt á þeirri viðleitni stjórnvalda að bæta viðkomandi þann varanlega skaða sem hann

hefur orðið fyrir vegna þessa þrátt fyrir að mjög langt sé um liðið og að bótaréttur sé fyrndur samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Viðleitni stjórnvalda byggist á því að viðkomandi eigi rétt á sanngirnisbótum og að bótunum sé markaður ákveðinn rammi en fjárhæðin getur ekki farið yfir 6 millj. kr. til hvers umsækjanda.

Aðgangur að gögnum.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er fjallað um skilyrði og fjárhæð sanngirnisbóta en skilyrðin eru mjög einstaklingsbundin og því getur greining á þeim verið erfið. Með því að fela sýslumanni að veita umsækjendum sáttaboð er því í reynd slakað mjög mikið á sönnunarkröfum þar sem sýslumanni er gert að bjóða fram sátt telji hann líkur standa til þess að bótaskilyrði séu uppfyllt. Sýslumaður skal skv. 5. gr. gefa út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Skal sá/sú er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun eða heimili og helstu ástæður þess að hann/hún telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum. Þar skal umsækjanda einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um sig, í vörslum vistheimilisnefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Nefndin tekur fram að sýslumaður hefur ekki rannsóknarskyldu eins og úrskurðarnefndin og hefur því ekki sama aðgang að gögnum og hún. Það er því mikilvægt við kröfugerð að umsækjandi veiti samþykki sitt fyrir aðgangi að gögnum um sig þar sem hann hefur það í hendi sér hvaða gögnum sýslumaður fær aðgang að og þá einnig að hvaða marki hann getur metið mál viðkomandi, sem verður grundvöllur sáttaboðs. Nefndin telur þó nauðsynlegt að leggja til þá breytingu á 2. mgr. 5. gr. að viðkomandi kröfuhafi geti ekki eingöngu heimilað sýslumanni aðgang að gögnum um sig sem eru í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 heldur einnig hjá öðrum stjórnvöldum þar sem þau geta skipt máli við mat sýslumanns.

Nefndin tekur einnig fram í þessu sambandi að hún telur heppilegt að öflun gagna fari að nokkru leyti fram í gegnum vistheimilisnefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 sem hefur unnið að könnun á starfsemi þeirra heimila sem um ræðir, en í 6. gr. þeirra er tekið fram að sýslumaður skuli að loknum kröfulýsingarfresti afla staðfestingar nefndarinnar á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir.

Úrskurðarnefnd.

Telji umsækjandi ekki unnt að fallast á sáttaboð sýslumanns eða ef kröfu hans er hafnað getur hann leitað til úrskurðarnefndar sem hefur sjálfstæðar heimildir til að afla gagna óháð samþykki umsækjanda, og getur því m.a. fengið aðgang að hljóðupptökum og endurritum viðtala við kröfuhafa. Þá getur úrskurðarnefndin kvatt viðkomandi til viðtals sem og aðra einstaklinga, svo sem fyrrverandi starfsfólk, og einnig óskað eftir læknisfræðilegum gögnum samkvæmt umboði viðkomandi telji hún þau skipta sérstöku máli. Nefndin telur því ljóst að málsmeðferð fyrir nefndinni er meira íþyngjandi fyrir umsækjanda en sáttaboð sýslumanns og tímafrekari þótt tekið sé fram í 5. mgr. 8. gr. að úrskurðarnefndin skuli ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er.

Nefndin telur því mikilvægt að sáttaboð sýslumanns séu sanngjörn og til þess fallin að leysa sem flest mál eins fljótt og auðið er þar sem annars megi ætla að mikill tími fari í að rannsaka mál einstakra umsækjenda og málsmeðferðartíminn gæti því dregist, sem og ef málafjöldi verður mikill.

Erfðaréttur.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 11. gr. frumvarpsins um erfðarétt en í greininni er sérákvæði um að hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa kröfu skv. 5. gr. erfist rétturinn til að lýsa kröfu til eftirlifandi barna hans sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Nefndin vill taka fram að ákvæðið á sér ekki fyrirmynd í íslenskum rétti og er einungis bundið við börn eftirlifandi tjónþola. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að rökin fyrir þessari heimild séu m.a. þau hve langan tíma það hefur tekið fyrir ríkisvaldið að bjóða fram bætur og að margir þeirra sem hafa dvalið á þessum heimilum og hefðu átt bótarétt eru fallnir frá. Nefndin telur í þessu sambandi nauðsynlegt að leggja til breytingu á frumvarpinu þannig að eftirlifandi börn tjónþola sem geta átt kröfurétt geti fengið aðgang að gögnum í vörslu vistheimilisnefndar og annarra stjórnvalda. Þannig geti þau gengið úr skugga um sinn rétt og eftir atvikum einnig veitt sýslumanni aðgang að gögnunum þegar gengið er frá kröfu/umsókn um bætur.

Málshöfðunarfrestir.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt um málshöfðunarfresti en samkvæmt frumvarpinu skal sá sem telur sig eiga rétt til bóta lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar sýslumanns, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Verði kröfu ekki lýst innan þess frests fellur hún niður. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að þessi frestur væri mjög stuttur en nefndin bendir í því sambandi sérstaklega á að víkja má frá þessu í allt að tvö ár frá því að kröfulýsingarfresti lýkur ef sýnt þykir að þeim sem lýsir kröfu hafi ekki verið unnt að gera það fyrr eða ef önnur veigamikil rök mæla með því. Nefndin telur að með þessu sé ákveðinnar sanngirni gætt en jafnframt settur ákveðinn tímarammi svo að unnt sé að ljúka þessum málum eins fljótt og unnt er. Nefndin tekur einnig sérstaklega fram að túlka beri þá fresti og þá málsmeðferð sem sýslumanni og úrskurðarnefnd er falin samkvæmt frumvarpinu með hliðsjón af reglum stjórnsýslulaga.

Tengiliður vegna vistheimila.

Nefndin bendir sérstaklega á að skv. 10. gr. skal ráðherra skipa sérstakan tengilið sem skal með virkum hætti koma á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögum. Þannig hvílir á tengiliðnum frumkvæðisskylda, gagnvart fyrrverandi vistmönnum sem og eftirlifandi börnum þeirra vistmanna sem fallið hafa frá, við að koma upplýsingum á framfæri við þá sem kunna að eiga bótarétt. Nefndin vill árétta mikilvægi þessarar frumkvæðisskyldu tengiliðarins.

Fjöldi mála og gagnaöflun.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefði við vinnu sína einungis haft úrtak mála, eða einungis um 20% þeirra sem vistaðir voru á Silungapolli, Unglingaheimili ríkisins og Upptökuheimili ríkisins. Um 90% barna á þessum heimilum voru send á vegum barnaverndaryfirvalda í Reykjavík og mál þeirra eru varðveitt á Borgarskjalasafni Reykjavíkur en skjöl Unglinga- og Upptökuheimilis ríkisins eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Ljóst er því að umfangsmikil vinna er fram undan við upplýsingaöflun vegna mála þeirra fjölmörgu sem ekki lentu í úrtakinu. Nefndin telur því nauðsynlegt að leggja til þá breytingu á 12. gr. frumvarpsins að ráðherra kveði einnig í reglugerð á um aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra

og ríkisstofnunum svo að unnt sé að afla þeirra gagna sem þarf til að unnt sé að ljúka afgreiðslu málanna.

Þá telur nefndin rétt að taka fram að kostnaður af vinnu við gagnaöflun sem viðkomandi sveitarfélag, stofnun eða ríkisstofnun verður fyrir greiðist úr ríkissjóði. Nefndin telur í því sambandi rétt að ráðherra skoði hvort líta eigi á það sem kostnað við vinnu vistheimilisnefndar eða úrskurðarnefndar.

Nefndin fékk ábendingu um að ekki væri tekið fram í frumvarpinu ef umsækjendur þyrftu að nýta túlkaþjónustu. Nefndin tekur fram að það falli undir kostnað við störf tengiliðarins eða störf úrskurðarnefndarinnar og því ekki nauðsynlegt að leggja fram breytingu á frumvarpinu vegna þessa.

Skipun úrskurðarnefndar o.fl.

Í 1. mgr. 7. gr. er mælt fyrir um skipun úrskurðarnefndar og skulu nefndarmenn og varamenn þeirra skipaðir til allt að þriggja ára í senn. Samkvæmt því er ekki unnt að skipa nefndina aftur til styttri tíma en þriggja ára þó að fyrirsjáanlegt sé að vinnu verði lokið innan t.d. tveggja ára frá síðari skipun. Nefndin telur nauðsynlegt að ráðherra geti metið þetta og leggur því til að nefndarmenn og varamenn þeirra skuli skipaðir til allt að þriggja ára í senn.

Í 2. mgr. 7. gr. er nefndinni heimilað að ráða sér starfslið. Nefndin tekur fram að þessi heimild er mjög opin og telur nauðsynlegt að leggja til breytingu á greininni í þá veru að nefndin hafi samráð við ráðherra varðandi ráðningu starfsliðs, fjölda starfsmanna o.þ.h.

Nefndin tekur fram að með samþykkt frumvarpsins er verið að heimila að greiddar verði sanngirnisbætur úr ríkissjóði til fyrrverandi vistmanna meðferðarheimila og stofnana fyrir misgjörðir sem stjórnvöld hafa viðurkennt að bera ábyrgð á þar sem þau fylgdu eftirlitsskyldu sinni ekki eftir gagnvart þeim sem þau sendu til meðferðar á þessi heimili og stofnanir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ólafur Þór Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Þuríður Backman.	Birgir Ármannsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Ólöf Nordal.
Róbert Marshall.		Þráinn Bertelsson.

1122. Breytingartillögur [494. mál]

við frv. til l. um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með yfirstjórn og framkvæmd laga þessara.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Gildissvið og yfirstjórn.*
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „þ.m.t. hljóðupptökur og endurrit vitnaskýrslu“ í 2. mgr. komi: þ.m.t. hljóðupptökum og endurritum vitnaskýrslu, eða hjá öðrum stjórnvöldum.
   b. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 1. mgr.
   c. 4. mgr. verði nýr málsliður sem bætist við 3. mgr.
3. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „skipaðir til“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: allt að.
   b. Við 2. mgr. bætist: í samráði við ráðherra.
4. Við 11. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðgang að gögnum í vörslu vistheimilisnefndar og annarra stjórnvalda varðandi kröfu á þessum grundvelli fer samkvæmt ákvæðum 5. og 8. gr.
5. Við 12. gr.
   a. Í stað orðanna „2. mgr. 28. gr.“ í 1. mgr. komi: 2. tölul. 28. gr.
   b. Á eftir orðunum „að gögnum“ í 4. mgr. komi: hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum.

1123. Skýrsla [635. mál]

eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra, samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. Skipun, hlutverk og úrræði eftirlitsnefndar

1.1 Skipun nefndarinnar og skýrsla.

Nefndin var skipuð með bréfi efnahags- og viðskiptaráðuneytis dagsett 22. desember 2009. Skipunarbréf barst nefndarmönnum þann 28. desember og nefndin hélt sinn fyrsta fund 14. janúar 2010.

María Thejll hdl. og forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands er formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn eru Sigríður Ármannsdóttir, löggiltur endurskoðandi, eigandi APAL-endurskoðunarskrifstofu og Þórólfur Matthíasson, prófessor við hagfræðideild Há-

skóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar er Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur í efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 107/2009 bar eftirlitsnefnd að skila skýrslu til ráðherra fyrir 1. mars. Nefndin óskaði eftir fresti til 8. mars til að skila bráðabirgðaskýrslu til ráðherra og var sá frestur veittur. Nefndin hyggst skila ráðherra fyllri skýrslu eigi síðar en 1. júlí nk. Ástæða þess að nú er aðeins skilað bráðabirgðaskýrslu eru nokkrar.

Í fyrsta lagi hafa eftirlitsskyldir aðilar (hér eftir nefndir fjármálafyrirtæki) fullafgreitt fá mál á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru frá gildistöku laganna enda voru verklagsreglur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. ekki staðfestar af Fjármálaeftirlitinu fyrr en 2. mars síðastliðinn. Nefndinni er ætlað að aðgæta hvort jafnræðis sé gætt við úrlausn sambærilegra mála. Eðli máls samkvæmt þarf hvert fjármálafyrirtæki að hafa fullafgreitt allnokkur sambærileg mál eigi nefndin að geta gengið úr skugga um að leyst sé úr sambærilegum málum með svipuðum hætti.

Í öðru lagi hefur nefndin átt fundi með öllum stærstu aðilum á fjármálamarkaði og kallað eftir upplýsingum um verkferla og vinnulag. Þessu hefur verið vel tekið af hálfu fjármálafyrirtækja. Flest þeirra vinna að endurskoðun og endurbótum verkferla í ljósi verklagsreglna sem hafa verið eða eru nýlega staðfestar hjá Fjármálaeftirliti og Samkeppniseftirliti.

Í þriðja lagi kom í ljós á fundum nefndarinnar með fjármálafyrirtækjum að upplýsingar sem nefndin telur sig þurfa aðgang að, kalla á sérvinnslu. Nefndin ræður þannig ekki ein vinnsluhraða sínum og hefur frekar lagt áherslu á að fá góðar upplýsingar en viðbragðshraða. Nefndin telur sig vera að vinna í anda laganna og skipunarbréfsins með því að haga verklagi með þessu móti.

Í fjórða lagi telur nefndin að með því að heimsækja fjármálastofnanir og eiga fundi með forsvarsmönnum þeirra sé nefndin að koma til skila því markmiði sem nefnt er í athugasemdum með nefndaráliti að nefndin eigi að veita fjármálastofnunum aðhald.

1.2. Hlutverk eftirlitsnefndar

Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 107/2009 er skilgreint í 1. og 6. mgr. 5. gr. Þar segir:

> „5. gr. *Hlutverk eftirlitsnefndar.*
> Eftirlitsnefnd skv. 4. gr. skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem kunna að verða settar á grundvelli 2. gr. og reglum skv. 2. mgr. 3. gr. Nefndin skal enn fremur fylgjast með því að við framkvæmd sértækra aðgerða sé gætt sanngirni og jafnræðis milli skuldara.
>
> Nefndin skal skila skýrslu til ráðherra um framkvæmd á ákvæðum I. kafla fyrir 1. mars 2010 sem ráðherra kynnir fyrir Alþingi. Ráðherra getur enn fremur óskað eftir skýrslu frá nefndinni eftir þann tíma, sem hann skal jafnframt kynna fyrir Alþingi.“

Ákvæðin um nefndina voru ekki í upphaflegu frumvarpi til laga 107/2009, heldur var þar lagt til að eftirlitið yrði í höndum Fjármálaeftirlitsins. Frumvarpinu var breytt í meðförum Alþingis og segir svo m.a. í nefndaáliti:

> „Fjármálaeftirlitinu er skv. 3. gr. gert að staðfesta reglur eftirlitsskyldra aðila og hafa eftirlit með framfylgd þeirra. Í athugasemdum við greinina kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti kallað eftir gögnum um ákvarðanir og jafnframt setið fundi þar sem ákvarðanir eru teknar. Vandséð er að það hlutverk samræmist því eftirliti sem hafa þarf með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Fjármálaeftirlitið skoðar ekki mál einstakra viðskipt-

avina eftirlitsskyldra aðila og slík útfærsla á hlutverki þess gæti skarast á við almennt eftirlitshlutverk stofnunarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til ákvæði um skipun faglegrar eftirlitsnefndar.“

Hlutverk nefndarinnar er útskýrt nánar í nefndarálitinu. Tekið er fram að:

- nefndin skuli starfa að eigin frumkvæði
- nefndinni beri að kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar starfi eftir ákvæðum 2. og 2. mgr. 3. gr. laganna
- nefndinni beri að kanna og hafa eftirlit með framkvæmd sameiginlegra verklagsreglna
- hlutverk nefndarinnar sé að veita aðhald svo ákvarðanir séu ekki byggðar á geðþótta heldur reynt að tryggja hlutlæga og sanngjarna meðferð á grundvelli jafnræðis og að eftirlitsskyldir aðilar hafi í hvívetna fylgt vönduðum viðskiptaháttum
- eftirlitshlutverkið hvíli á nefndinni jafnvel þó ekki hafi verið settar samræmdar verklagsreglur
- nefndinni sé eingöngu ætlað eftirlitshlutverk með ákvæðum laganna, einstaklingar leiti því ekki til nefndarinnar með umkvörtunarefni sín.

Nefndin lítur svo á að henni beri að skoða mál þeirra sem **rétt eiga á** sértækri skuldaaðlögun en ekki einvörðungu mál þeirra sem hafa hlotið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt mati fjármálafyrirtækjanna. Þá telur nefndin að hún verði að skoða bæði afgreidd mál og mál sem eru í vinnslu. Er verksvið nefndarinnar því mjög víðtækt.

Eftirlitsnefndin er ekki úrskurðarnefnd. Réttilega er bent á í nefndaráliti að viðskiptamenn geti ávallt leitað með ágreiningsefni er varða starfshætti og aðgerðir fjármálafyrirtækis til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Staðreyndin er hins vegar sú að einstaklingar veigra sér við að leita til úrskurðarnefndarinnar enda ærið erfiði að standa frammi fyrir þeim vanda sem felst í greiðsluerfiðleikum. Fjölmargir hafa haft samband við eftirlitsnefndina vegna mála þar sem þeir telja sig vera beitta órétti. Þegar þeim er bent á að leita til úrskuðarnefndar hafa flestir sagt að þangað muni þeir ekki leita. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar, svo sem tímann sem það taki, fólk telur sig ekki hafa aðgang að þeirri sérfræðiþekkingu sem þarf til að reka mál fyrir nefndinni né hafi það efni á því að leita til sérfræðings. Einnig finnst fólki því vera beint frá einum stað á annan án þess að fá neina úrlausn með skjótum og einföldum hætti.

Nefndin telur mikilvægt að henni berist ábendingar um það engu að síður, ef einstaklingar eða fyrirtæki telja að fjármálafyrirtæki brjóti lögin og/eða verklagsreglur. Því hefur nefndin fengið sérstakt netfang, skuldaadlogun@evr.is, til að taka við slíkum upplýsingum. Hafa nú þegar borist ábendingar sem nefndin hyggst skoða.

Þá ber nefndinni að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur vaknar um að við framkvæmdina sé gengið að lögbundnu eigin fé eða rekstri að öðru leyti.

Nefndin skoðar mál sem hafa verið afgreidd eða farið í ferli eftir gildistöku lagnanna, ekki þau sem voru afgreidd fyrir þann tíma enda lögin ekki afturvirk.

1.3 Úrræði eftirlitsnefndar

Úrræði eftirlitsnefndarinnar í einstökum málum eru tilgreind í 3.–5. mgr. 5. gr. laga 107/2009:

Nefndin getur kallað eftir gögnum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli I. kafla. Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn eða aðgang að fundum. Nefndin skal bundin þagnarskyldu um gögn og

upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt. Telji nefndin að samræmdum reglum skv. 2. gr. og reglum á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sé ekki fylgt eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt skal hún greina ráðherra frá því í sérstöku áliti. Varði meint brot reglur á grundvelli 2. mgr. 3. gr. skal nefndin jafnframt skila áliti sínu til Fjármálaeftirlitsins. Nefndin skal þó gæta þagnarskyldu við gerð álita og gæta þess að ekki séu gefnar upplýsingar sem varpa ljósi á hvaða viðskiptavinur eigi í hlut.

Vakni grunur hjá nefndinni um að við framkvæmd reglnanna sé gengið að lögbundnu eigin fé eftirlitsskyldra aðila eða rekstri þeirra að öðru leyti skal hún tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Eins og fram kemur í 3. mgr. getur nefndin fengið afhent þau gögn er hún óskar eftir og að fjármálafyrirtæki geti ekki borið fyrir sig ákvæði um bankaleynd gagnvart nefndinni. Þar af leiðandi er nefndin bundin ákvæðum laga um bankaleynd og þar með algjörum trúnaði um þau gögn og upplýsingar sem hún aflar vegna eftirlitsins. Nefndin má ekki gefa neinar upplýsingar sem gefa til kynna hvaða viðskiptavinur eigi í hlut, í þeim álitum sem nefndin kann að skila til ráðherra, sbr. 4. mgr. 5. gr. Fjármálafyrirtækjum hefur verið gerð grein fyrir þessum ákvæðum laganna og hafa ekki gefið annað til kynna en að þau felli sig ágreiningslaust við þau, enda hefur nefndin gert viðkomandi aðilum grein fyrir því að hún mun ekki falast eftir öðrum gögnum en þeim sem eru nauðsynleg vegna lögbundins hlutverks nefndarinnar. Bent hefur verið á að í lögum um lífeyrissjóði er sérákvæði um þagnarskyldu sem ekki var vikið til hliðar í lögum 107/2009. Lífeyrissjóðir, sem nefndin hefur hitt, hafa engu að síður samþykkt aðgang nefndarinnar að upplýsingum sem þeir hefðu strangt til tekið getað neitað. Er þetta til marks um þann samstarfsvilja sem nefndin hefur fundið hjá fjármálafyrirtækjum.

Einstaklingar

Eins og segir í 4. mgr. 5. gr., ber nefndinni að greina frá því í áliti til ráðherra, telji hún að samræmdum reglum skv. 2. gr., sem á við um einstaklinga, og reglum á grundvelli 2. mgr. 3. gr., sem á við um fyrirtæki, sé ekki fylgt eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt.

Í lögunum er ekki fjallað um það hvernig ráðherra beri að bregðast við álitum um brot gagnvart einstaklingum sem nefndin skilar til hans. Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða í álitum og eftirlitsnefndin er bundin þagnarskyldu. Vissulega munu koma fram upplýsingar um að ákveðið fjármálafyrirtæki fari ekki að lögunum og/eða verklagsreglum eða gæti ekki almenns jafnræðis og sanngirni gagnvart einstaklingum. Hins vegar er ekki kveðið á um hvað skuli gert gagnvart því fjármálafyrirtæki sem á í hlut.

Fyrirtæki

Nefndin skal skila áliti til ráðherra og Fjármálaeftirlitsins ef hún telur að reglum á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sé ekki fylgt en aðeins til ráðherra ef nefndin telur að sanngirni og jafnræðis sé ekki gætt.

Í nefndaráliti segir að telji eftirlitsnefndin að verklagsreglur skv. 2. mgr. 3. gr. séu brotnar skuli hún tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt og veita því þau gögn sem nefndin hefur aflaðvið rannsókn málsins. Það sé þá hlutverk Fjármálaeftirlitsins að kalla eftir úrbótum og sé þeim ekki sinnt meti það hvort það afturkalli staðfestingu á reglunum. Fjármálaeftirlitið geti afturkallað verklagsreglur sem það hefur staðfest, verði þeim ekki fylgt eftir í reynd, og vísað málinu áfram. Með þessu móti verði gott samspil milli eftirlitsnefndarinnar og Fjár-

málaeftirlitsins og útkoman sé virkt eftirlit þar sem ákveðin úrræði eru til staðar fyrir eftirlitsaðila, sé ekki farið að reglum settum með stoð í 2. mgr. 3. gr.

Verklagsreglurnar eru samþykktar sameiginlega á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja. Þær gilda engu að síður sjálfstætt hjá hverju fjármálafyrirtæki. Brot eins fjármálafyrirtækis á reglunum mun þá væntanlega leiða til þess að verklagsreglurnar verði afturkallaðar gagnvart því tiltekna fyrirtæki. Um afleiðingar afturköllunar reglnanna er hins vegar ekki fjallað í nefndarálitinu eða lögunum.

Til að ganga úr skugga um það hvort sanngirni og jafnræðis hafi verið gætt við framkvæmd sértækra aðgerða, þarf að bera saman sambærileg mál innan hvers fjármálafyrirtækis. Nefndin telur að þó þurfi einnig að líta til þess hvernig mismunandi fjármálafyrirtæki framkvæma sértækar aðgerðir m.t.t. jafnræðis og sanngirni. Nefndin gerir sér grein fyrir því að gæta þarf að samkeppnissjónarmiðum en bendir jafnframt á að viðskiptavinir eru sjaldnast í þeirri stöðu að geta farið með sín viðskipti til annarra fjármálafyrirtækja og samið þar um sértækar aðgerðir. Má í þessu sambandi nefna að verklagsreglur skv. 2. mgr. 3. gr. fjalla ekki um það á hvaða sjónarmiðum skuli byggt varðandi kjör sem boðin eru við endurskipulagningu fyrirtækja eða gagnvart einstaklingum. Þar kann að vera mismunandi hvaða kjör eru boðin í sambærilegum málum viðskiptavina hjá sama fjármálafyrirtæki. Slíkt kann að fela í sér ójafnræði í einhverjum tilvikum. Einnig kunna að koma upp tilvik þar sem mismunandi fjármálafyrirtæki bjóða mismunandi kjör í annars sambærilegum málum, svo sem t.d. á hvaða gengi boðið er að færa gengistryggð lán yfir í íslenskar krónur. Slíkt kann að skapa ójafnræði milli viðskiptavina mismunandi fjármálafyrirtækja og um leið skekkja samkeppnisstöðu. Nefndin áréttar að mikilvægt er að samkeppnissjónarmið verði virt og mun fara yfir það með Samkeppniseftirlitinu að hve miklu leyti hægt verði að bera saman og meta slík tilvik milli mismunandi fjármálafyrirtækja.

Nefndin telur nauðsynlegt að hægt verði að fylgja álitum nefndarinnar til ráðherra eftir, hvort sem það varðar brot gagnvart einstaklingi eða fyrirtæki. Því telur nefndin að skoða verði hvort að rétt sé að birta álitin, eða hluta þeirra, og þá með hvaða hætti það verði gert. Lítið aðhald verður í álitunum nema þau verði með einhverjum hætti gerð aðgengileg fyrir almenning eða hægt verði að beina fyrirmælum um leiðréttingu til brotlegra fjármálafyrirtækja.

2. Störf nefndarinnar

2.1 Almennt

Nefndin kom saman á fyrsta fundi þann 14. janúar og hóf að skilgreina og skipuleggja nefndarstarfið en nefndin hittist vikulega á föstum fundum. Þann 3. febrúar var öllum bönkum, stærstu lífeyrissjóðum og sparisjóðum auk tveggja lánafyrirtækja sent bréf þar sem tilgreint var hvaða gögnum nefndin teldi sig þurfa aðgang að. Jafnframt var óskað eftir því að nefndin hitti forsvarsmenn fyrirtækjanna á fundum, til að fara nánar yfir gagnaöflun og fyrirkomulag eftirlitsins. Nefndin hitti forsvarsmenn 15 fjármálafyrirtækja á tímabilinu 8.–19. febrúar, en um er að ræða:

Arion banka
Íslandsbanka
Landsbanka
Byr
Sparisjóðinn í Keflavík
Slitastjórn Spron og Frjálsa fjárfestingabankans

Lífeyrissjóð Verslunarmanna
Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóðinn Gildi
Almenna lífeyrissjóðinn
Sameinaða lífeyrissjóðinn
Frjálsa lífeyrissjóðinn
Lýsingu
SP-Fjármögnun
Íbúðalánasjóð

Nefndin hefur enn ekki hitt forsvarsmenn MP banka og nokkurra lánafyrirtækja en hyggst gera það við fyrsta tækifæri. Nefndin hefur skrifað öðrum eftirlitsskyldum aðilum bréf, þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvort starfsemi þeirra sé þess eðlis að semja þurfi um aðlögun eða endurskipulagningu skulda einstaklinga eða fyrirtækja.

Eftirlitsnefndin hefur átt fund með formanni og starfsmanni starfshóps sem skipaður var í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I. skv. l. 107/2009, auk þess sem formaður eftirlitsnefndar og annar nefndarmanna hafa hitt hópinn á fundum. Þá hitti nefndin forsvarsmenn Ráðgjafastofu heimilanna á fundi í lok febrúar.

2.2 Gagnaöflun og fyrirkomulag skoðunar

Á fundum nefndarinnar með þeim fjármálafyrirtækjum sem tilgreind eru í kafla 2.1 hér að framan, hefur nefndin gert hinum eftirlitsskylda aðila grein fyrir því hvers vegna nefndin telji sig þurfa aðgang að þeim gögnum sem tilgreind eru í bréfi hennar. Hefur verið fullur skilningur á því hjá öllum þessum aðilum að nefndin þurfi aðgang að ítarlegri upplýsingum en eingöngu þeim sem varða afgreiðslu mála um sértæka skuldaaðlögun. Eins og áður segir lítur nefndin svo á að henni beri að skoða mál þeirra sem **rétt eiga á** sértækri skuldaaðlögun ekki einvörðungu mál þeirra sem hafa hlotið sértæka skuldaaðlögun. Þannig þarf nefndin að staðreyna að ekki sé búið til ójafnrétti með því að halda sumum frá sértækri skuldaaðlögun meðan öðrum, sem eru í sambærilegri stöðu, er beint í sértæka skuldaaðlögun. Reyndar telur nefndin að umboð hennar nái til mála allra þeirra sem telja sig þurfa aðlögun eða endurskipulagningu af einhverju tagi. Þá hefur verið bent á að til að geta staðreynt að gætt sé jafnræðis og sanngirni þurfi nefndin að geta skoðað fundargerðir lánanefnda, greiðsluerfiðleikanefnda og bankastjórnar sem varða þau atriði sem nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með. Sama á við um skýrslur innri og ytri endurskoðenda, endurskoðendanefnda, upplýsingar um afskriftarreikninga o.fl.

Nefndin hefur markað sér þá starfsreglu, eftir því sem við verður komið, að óska eftir því við viðkomandi eftirlitsskylda aðila að fá aðstöðu hjá þeim til að fara yfir gögn. Gögnin verða þá skoðuð og varðveitt á vinnustöð hins eftirlitsskylda aðila með nánar tilgreindum hætti, hjá umboðsmanni viðskiptavina eða innri endurskoðanda í samræmi við fyrirmæli nefndarinnar. Þannig vill nefndin tryggja að þær viðkæmu upplýsingar sem hún fær aðgang að, fari ekki út fyrir starfsstöð fjármálafyrirtækisins og vill þannig stuðla fyrir sitt leyti að því að trúnaður og þagnarskylda séu rækt með tryggilegum hætti. Nefndin á hins vegar eftir að taka afstöðu til þess hvernig fer með upplýsingar og gögn sparisjóða og annarra eftirlitsskyldra aðila sem eru með starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins, best væri að hafa sama fyrirkomulag þar en ekki er víst að því verði við komið. Þá verður nefndin að taka afrit af gögnum til að senda til Fjármálaeftirlitsins, komi í ljós að reglur skv. 2. mgr. 3. gr. hafi verið brotnar.

Arion banki hefur þegar hafið vinnu við að taka saman gögn um afgreidd mál einstaklinga og þeirra fyrirtækja sem hafa fengið sértæka skuldaaðlögun í skilning laganna. Er verið að koma upp vinnuaðstöðu fyrir nefndina sem mun byrja skoðun í vikunni 8.–12. mars.

Nefndin hefur útbúið nákvæma skoðunaráætlun fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Grunnur áætlunarinnar er samkomulag verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga frá 31. október 2009, sem að stóðu Samtök fjármálafyrirtækja f.h. aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna og slitastjórn SPRON.

Sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009, sem voru samþykktar af Fjármálaeftirlitinu 2. mars 2010, eru grunnur skoðunaráætlunar fyrirtækja.

2.3 Framkvæmd eftirlitsins.

Á lista Fjármálaeftirlitsins yfir eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki, eru rúmlega 70 bankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, vátryggingarfélög o.fl. Ekki liggur enn fyrir hversu mörg þeirra þurfa eftirlits með sbr. kafla 2.1 en víst er að þau skipta tugum.

Nefndin telur mikilvægt, núna þegar framkvæmdin samkvæmt lögunum og verklagsreglunum er að komast á skrið, að sem flest mál einstaklinga og fyrirtækja verði skoðuð af nefndinni a.m.k. hjá stærstu fjármálafyrirtækjunum og er þá átt við flest þeirra fyrirtækja sem talin eru upp í kafla 2.1 hér að framan auk sparisjóða á landsbyggðinni. Mun það hafa í för með sér umfangsmikla vinnu nefndarmanna næstu 3–4 mánuðina enda um marga eftirlitsskylda aðila að ræða. Nefndin mun þó fyrst geta lagt mat á það hversu miklum tíma hún þarf að verja í eftirlitið, eftir að hafa farið í gegnum afgreidd mál hjá fyrsta aðilanum samkvæmt skoðunaráætlun. Nefndin vill ítreka að ekki verður hægt að skoða öll mál heldur verður að taka úrtök. Leitast verður við að skoða sem flest mál þar sem umdeild fyrirtæki og/eða forsvarsmenn koma við sögu. Nefndarmenn sinna allir öðrum störfum samhliða nefndarstarfi og verður umfang eftirlitsins að taka mið af því.

Til að geta veitt nauðsynlegt aðhald er það mat nefndarmanna að nefndin þurfi einnig að geta skoðað mál sem er verið að afgreiða en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um. Aðhald nefndarinnar verður ekki virkt og í samræmi við markmið laganna nema eftirlitið geti einnig átt við um mál sem eru í vinnslu. Nefndin getur þá komið með ábendingar til fjármálafyrirtækjanna ef hún telur að samræmdum reglum sé ekki fylgt eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt. Þannig verður aðhaldið virkast að mati nefndarinnar.

3. Eftirlitsskyldir aðilar (fjármálafyrirtæki).

3.1 Almennt.

Nefndin hefur orðið þess áskynja að aðstaða eftirlitsskyldra aðila samkvæmt lögunum, sem í skýrslu þessari eru nefnd fjármálafyrirtæki er ákaflega mismunandi. Þau fjármálafyrirtæki sem hafa gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu standa mun betur að vígi og hafa þar af leiðandi markað sér stefnu varðandi það hvað þau geta boðið viðskiptavinum sínum og hvernig staðið er að sértækri skuldaaðlögun einstaklinga og fyrirtækja. Á sama tíma hefur líka komið fram að fjármálafyrirtækin hafa notað tímann frá gildistöku laganna til að móta vægari úrræði, útbúa verkferla þjálfa starfsfólk og skipuleggja sig til að framkvæmd geti hafist samkvæmt lögunum og verklagsreglum, en framkvæmdin sjálf er rétt farin af stað. Kemur þar til að bæði einstaklingar og fyrirtæki hafa í raun verið að bíða eftir frekari

úrræðum af hálfu stjórnvalda og ekki bætir úr skák að misvísandi dómar hafa fallið sem varða lögmæti gengisbindingu lána. Ekki er vitað hvenær endanleg niðurstaða Hæstaréttar mun liggja fyrir, líklega ekki fyrr en seint á þessu ári eða jafnvel seinna. Réttaróvissan hægir á allri framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar þrátt fyrir að mörg fjármálafyrirtæki hafi lýst því yfir að viðskiptavinir sem hafi nýtt sér og muni nýta sér úrræði til höfuðstólslækkunar hafi ekki fyrirgert mögulegum betri rétti sínum komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að gengistryggð bílalán og/eða fasteignalán hafi verið ólögleg.

Breytt viðhorf gagnvart viðskiptavinum og tregða við að semja.

Viðhorf þeirra fjármálafyrirtækja sem nefndin hefur hitt, er að það sé allra hagur að viðskiptavinir komi og semji um sín lánamál. Þau vilja leggja áherslu á að unnið sé að öllum málum með sanngirni og jafnræði haft að leiðarljósi. Fjármálafyrirtækin líti á sína viðskiptamenn, hvort heldur sem eru í skilum eða vanskilum, sem sína framtíðarviðskiptavini. Vantraust gagnvart því að verið sé að vinna heiðarlega af hálfu fjármálafyrirtækjanna er hins vegar mikið hjá viðskiptavinum.

Fjármálafyrirtækin hafa bent á að enn sé of mikið um að einstaklingar og fyrirtæki hafi hvorki samband né komi til að fara yfir sín mál og semja um greiðsluerfiðleikaúrræði og/ eða sértæka skuldaaðlögun. Nokkur þeirra hafa því brugðist við með því að hringja í viðskiptavini eða senda bréf, þar sem viðskiptavinurinn er hvattur til þess að koma og fara yfir málin. Í nokkrum tilvikum hafa greiðsluerfiðleikaúrræði verið háð því að viðskiptavinurinn komi og semji.

Starfsmenn er veittu lán og taka nú ákvarðanir um endurskipulagningu þeirra.

Nefndin hefur á fundum sínum spurt sérstaklega um það hvort starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, sem báru ábyrgð á og tóku ákvarðanir um lánveitingar fyrir hrun, starfi nú við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja eða taki ákvarðanir um sértæka greiðsluaðlögun einstaklinga. Hafa svörin verið á þá leið að leitast sé við að láta ekki þessa einstaklinga sinna skuldamálum þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem þeir áður lánuðu. Telja nefndarmenn að það verði að teljast óeðlilegt að starfsmenn, sem báru ábyrgð á lánveitingum, sitji nú hinum megin borðsins og semji um afskriftir, eftirgjafir og skilmálabreytingar. Það geta varla talist góðir viðskiptahættir að starfsmaður sem á hagsmuna að gæta, semji um þau mál enda hætt við að viðskiptavinir telji sig ekki geta fengið hlutlausa og sanngjarna meðferð sinna mála hjá þeim starfsmanni. Mun nefndin kalla eftir nákvæmum upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum um alla starfsmenn sem veittu lán og báru ábyrgð á lánveitingum fyrir hrun og hvaða störfum þeir sinna nú. Nefndin mun einnig skoða þetta atriði sérstaklega í einstökum málum. Ekkert er tekið á atriðum sem þessum í sameiginlegum verklagsreglum, sem er miður. Er það sjálfstætt skoðunaratriði hvort æskilegt verði talið að taka á aðstæðum sem þessum með nánari útfærslu á verklagsreglunum eða jafnvel með því að endurskoða ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem lúta að hæfi.

3.2 Umboðsmenn viðskiptavina.

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki hafa allir sett á laggirnar stöðu umboðsmanns viðskiptavina innan bankanna. Hlutverk þeirra er m.a. að standa vörð um viðskiptavinina, tryggja að þeim sé ekki mismunað og gætt verði að samkeppnissjónarmiðum. Í Arion banka og Íslandsbanka heyrir umboðsmaður undir bankastjórn en í Landsbanka undir bankastjóra.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 107/2009 skal eftirlitsnefndin hafa samstarf við umboðsmann sem starfar í þágu viðskiptavina viðkomandi fjármálafyrirtækis ef hann er fyrir hendi.

Í samræmi við það er umboðsmaður viðskiptavina tengiliður nefndarinnar við Arion banka, en þar mun nefndin byrja að skoða framkvæmd bankans samkvæmt lögunum og verklagsreglum. Ráðgert er að sama muni eiga við um Íslandsbanka og Landsbanka en auk þess hafa fjármálafyrirtækin flest tilnefnt tengiliði sína við nefndina á þeim fundum sem haldnir hafa verið. Hafa samskiptin hingað til gengið afskaplega vel.

Nefndin hyggst kanna að einhverju marki, gefist til þess tími, hvernig framkvæmd hjá umboðsmönnum viðskiptavina hefur verið vegna þeirra mála sem þeir hafa afgreitt vegna sértækrar skuldaaðlögunar einstaklinga og fyrirtækja.

3.3 Úrræði fyrir einstaklinga og framkvæmd.

Komið hefur í ljós að þau úrræði sem fjármálafyrirtækin bjóða upp á fyrir einstaklinga eru mörg og mismunandi, jafnvel svo mjög, að skuldarar geta átt erfitt með að átta sig á því hvað hentar í þeirra tilviki og hvað ekki. Boðið er upp á ýmis úrræði sem eru tímabundin og leiða ekki öll til endanlegrar afgreiðslu, svo sem frestun afborgana og/eða vaxta, frystingu greiðslna, lengingu lána, skuldbreytingu vanskila o.s.frv. Í sumum tilvikum duga þessi vægari úrræði en í öðrum ekki.

Flest úrræði fjármálafyrirtækjanna taka mið af greiðslugetu og eignastöðu einstaklinga enda segir í 2. gr. laga nr. 107/2009 að við eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga **skuli** (leturbreyting skýrsluhöfunda) fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Nokkur fjármálafyrirtæki bjóða upp á svokallaða 110% leið sem felur í sér að erlendum íbúðarlánum er breytt í íslenskar krónur og þau færð niður í 110% af verðmati eignar án þess að greiðslugeta eða eignastaða lántaka sé metin. Það sama getur átt við um lán í íslenskum krónum. Þetta er gert óháð því hvort lántaki á aðrar eignir og hvort greiðslugeta hans sé umfram 110% af viðkomandi eign. Þessi skilmálabreyting er gerð með hliðsjón af stefnumótun viðkomandi fjármálastofnana varðandi gjaldmiðlasamsetningu útlana. Líta má á þessa aðgerð sem tilraun fjármálastofnananna til að gera lánasöfn sín verðmætari. Í þessu sambandi má nefna það að nefndinni ber að tilkynna um það ef hætta er á að gengið sé of nærri eiginfjárstöðu eða rekstri fjármálafyrirtækjanna að öðru leyti sbr. 5. mgr. 5. gr. laga 107/2009. Nefndarmenn urðu þess áskynja að önnur fjármálafyrirtæki hafa verið að skoða svipaðar leiðir þ.e. að færa lán niður í 110% af verðmæti eignar en þá þannig að taka með í reikninginn hver greiðslugeta og eignastaða væri. Þeir sem vegna aukinnar greiðslugetu og/eða eignastöðu gætu greitt meira en af 110% láni gætu þar af leiðandi ekki fengið svo mikla niðurfellingu.

Markmið laga nr. 107/2009 er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Ákvæði laganna um eftirgjöf skulda eða skilmálabreytingar samkvæmt ákvæðum laganna og samræmdum verklagsreglum eru tímabundin til ársloka 2011 og falla þá úr gildi.

Í ljósi markmiða laganna og þess að ákvæðin eru tímabundin, hefur nefndin talið að leitast verði við að finna hvað sé skynsamlegast og líklegast til að vera varanleg lausn fyrir hvern tiltekinn einstakling.

3.3.1 Verklagsreglur og framkvæmd.

Mörg fjármálafyrirtæki fara eftir samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun fyrirtækja frá 31. október 2009. Aðilar að því samkomulagi eru Samtök fjármálafyrirtækja, f.h. aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða f.h. aðildarsjóða sinna og slitastjórn SPRON en auk þessara aðila skrifa Avant, Byr sparisjóður, Lýsing, NBI, Íslandsbanki, Nýi Kaupþing Banki, SP-Fjármögnun og Tryggingamiðstöðin undir samkomulagið. Það einfaldar ekki störf nefndarinnar að lögin gera ráð fyrir því að hvert fjármálafyrirtæki geti sett sér sínar eigin verklagsreglur gagnvart einstaklingum. Því starfa ekki öll fjármálafyrirtæki eftir sameiginlegum reglum í málum einstaklinga þó ákvæði 2. gr. marki vissulega meginreglur til viðmiðunar.

Nefndin vill vekja athygli á því að í samkomulaginu er ekki tekið á því hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar þegar kjör eru ákveðin við skuldbreytingar. Mismunandi kjör í annars sambærilegum málum geta falið í sér mismunum. Þetta atriði þarfnast því skoðunar.

Nefndin hefur orðið áþreifanlega vör við að framkvæmd samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun, virkar ekki sem skyldi fyrir einstaklinga sem skulda mörgum fjármálafyrirtækjum. Í 5. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir að sá viðskiptabanki eða sparisjóður sem er aðalviðskiptabanki lántaka, leiði skuldaaðlögunarferlið. Með aðalviðskiptabanka er átt við banka sem er með launaveltu lántaka. Þegar kröfuhafar eru fleiri en 2–3 segja fjármálafyrirtækin að málin verði of flókin og tímafrek til að hægt sé að halda utan um þau fyrir lántaka. Reyndin er sú að lántakar þurfa sjálfir að ganga á milli kröfuhafanna og reynist það mörgum erfitt eða jafnvel ófært.

Eftirlitsnefndin hefur hitt forsvarsmenn Ráðgjafastofu heimilanna. Er það mat nefndarinnar að þar sé unnið mjög faglegt og þarft starf fyrir einstaklinga í fjárhagserfiðleikum. Ráðgjafastofan veitir ókeypis þjónustu en vegna anna er biðtíminn orðinn nokkuð langur, jafnvel of langur.

Eftirlitsnefndin telur það ákaflega brýnt, að allir einstaklingar í fjárhagsvanda, geti leitað sér aðstoðar og fengið hlutlaust og faglegt mat á því strax í upphafi, hvaða úrræði henti viðkomandi best og sé í leiðinni raunveruleg og endanleg lausn. Ráðgjafastofa heimilanna staðfesti það sem nefndin taldi sig hafa greint á fundum sínum með fjármálafyrirtækjunum, sem er það að einstaklingar eiga oft og tíðum mjög erfitt með að átta sig á þeim úrræðum og möguleikum sem þeim standa til boða. Vantraust gagnvart fjármálafyrirtækjunum kemur þar til viðbótar. Það, að geta fengið slíka aðstoð og leiðsögn frá byrjun, leiðir frekar til þess að rétt úrlausn fáist fyrir einstaklinga og þannig er best hægt að tryggja að fjármálafyrirtækin fylgi verklagsreglum og ákvæðum laganna. Slík úrræði eru margfalt líklegri til að veita aðhald en úrtaksskoðun eftirlitsnefndarinnar, auk þess sem þannig fá einstaklingarnir þá aðstoð sem þeir þurfa svo nauðsynlega á að halda. Ráðgjafastofan þarf að mati nefndarinnar að endurskoða að einhverju marki útreikning á framfærslukostnaði. Nánast öll fjármálafyrirtækin sögðust ekki geta stuðst við þann útreikning sem væri undantekningarlaust hækkaður um 50%.

Efling hins þarfa starfs sem unnið er á Ráðgjafastofunni er forgangsmál að mati nefndarinnar og myndi samspil þess og eftirlitsins tryggja enn betur rétta og faglega framkvæmd til hagsbóta fyrir einstaklinga. Eftirlitsnefndin og starfshópur samkvæmt bráðabirgðaákvæði I, sbr. kafla 2.1 hér að framan, hafa rætt þetta tiltekna atriði og vilja leggja sameiginlega áherslu á það.

3.4 Úrræði fyrir fyrirtæki og framkvæmd.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107/2009 segir að kröfueigendur skuli setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánssamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Fjármálafyrirtækin settu sér flest verklagsreglur í ársbyrjun 2009 í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Þær verklagsreglur eru hins vegar mismunandi milli fyrirtækja.

Mál fyrirtækja sem þegar hafa fengið endanlega afgreiðslu á því tímabili sem lögin hafa verið í gildi hafa ekki verið mörg en varða stór félög með umfangsmikinn rekstur. Hefur í þeim tilvikum verið unnið eftir verklagsreglum sem fjármálafyrirtækin hafa sett sér hvert um sig en vænta má að þær séu að mörgu leyti sambærilegar við sameiginlegu reglurnar sem nú hafa verið samþykktar. Mun nefndin hafa báðar reglurnar til hliðsjónar þegar hún skoðar afgreiðslu og ferli þessara fyrirtækja innan fjármálafyrirtækjanna.

3.4.1 Verklagsreglur.

2. mars 2010 samþykkti Fjármálaeftirlitið sameiginlegar verklagsreglur í samræmi við 3. gr. Af þeim sökum er ekki farið að reyna á framkvæmd þeirra reglna. Mörg ákvæði þeirra eru opin og munu þarfnast nánari útfærslu þegar fer að reyna á framkvæmdina. Verður reynsla næstu vikna að leiða í ljós hvort og að hve miklu leyti túlkun og skýring á ákvæðum reglnanna kann að valda ágreiningi milli fjármálafyrirtækjanna og viðskiptamanna þeirra. Vandað var til vinnu við gerð reglnanna og hagur allra að við útfærslu og skýringu verði heilbrigðir viðskiptahættir, sanngirni og jafnræði haft að leiðarljósi.

Nefndin vill vekja athygli á því að í verklagsreglunum er ekki tekið á því hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar þegar kjör eru ákveðin við skuldbreytingar. Mismunandi kjör í annars sambærilegum málum geta falið í sér mismunum og því gæti orðið þörf á því að fara yfir þetta tiltekna atriði á vettvangi SFF.

4. Atriði sem þarfnast sérstakrar skoðunar.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem nefndin telur að þurfi að skoða nánar af stjórnvöldum. Þau eru:

- Bæta þarf ákvæðum í lög nr. 107/2009 eða ákveða með öðrum hætti hvernig farið verði með álit nefndarinnar til ráðherra til að veita aðhald og til að hægt verði að leiðrétta misrétti, sbr. kafli 1.3.
- Fyrirbyggja þarf eins og kostur er að sömu starfsmenn og báru ábyrgð á lánveitingum, fjalli um skuldaniðurfærslur á þeim sömu lánum, sbr. kafli 3.1.
- Kjör í kjölfar skuldaaðlögunar sbr. 3.3.1 og 3.4.1.
- Ráðgjafastofa heimilanna efld. Nefndin fjallar um þetta atriði í kafla 3.3.1 og ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram.

Framkvæmd laganna og eftirfylgni bar oft á góma á fundum nefndarinnar með fjármálafyrirtækjum. Einnig á fundi með starfshópnum og Ráðgjafastofu heimilanna. Telur nefndin rétt að benda á þetta þó það varði ekki verksvið hennar.

Lög um opinbera greiðsluaðlögun.

Bent er á að framkvæmdin og eftirfylgnin er mjög mismunandi milli lögmanna og eins er ekki samkvæmni í því milli héraðsdómstóla hvernig beiðnir væru afgreiddar. Þarna er um nýtt úrræði að ræða og mjög brýnt að framkvæmd verði samræmd eins og kostur er.

Ráðgjafastofa heimilanna sagðist hafa orðið áþreifanlega vör við sömu vankanta og benti jafnframt á að algengt væri að einstaklingar sem hefðu fengið samþykkta greiðsluaðlögun leituðu til stofunnar því lögmannsaðstoð lýkur þegar greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt. Þetta er strangt til tekið ekki eitt af verkefnum Ráðgjafastofunnar en hún telur þó mikilvægt að hægt verði að veita þessu fólki þjónustu og aðstoða við að standa við greiðslur með réttum hætti samkvæmt úrskurði.

Úrskurðað hefur verið í einhverjum tilvikum að lánsveð skuli lækka til samræmis við aðrar samningskröfur í opinberri greiðsluaðlögun. Nefndin varð vör við að fjármálafyrirtæki og þá sérstaklega lífeyrissjóðir telja þann úrskurð ekki standast aðra löggjöf og brjóti í bága við stjórnarskrá. Verður án efa látið reyna á þetta atriði fyrir dómstólum en á meðan það er óleyst getur það hugsanlega valdið erfiðleikum við framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar þegar um lánsveð er að ræða.

5. Lokaorð.

Í þessari bráðabirgðaskýrslu, hefur verið leitast við að gera grein fyrir því hvernig störfum nefndarinnar hefur verið háttað í þá rétt rúmu tvo mánuði sem liðnir eru frá skipun hennar. Bent er á að framkvæmd samkvæmt lögunum er stutt á veg komin, það stutt að ekki hefur verið mögulegt að leggja mat á framkvæmdina af hálfu nefndarinnar. Fjármálafyrirtækin þurftu tíma og ráðrúm til að skipuleggja úrræði og kynna reglurnar fyrir starfsfólki sínu til að byrja að starfa eftir þeim. Umræðan í fjölmiðlum og þjóðfélaginu almennt hefur einnig gefið þau skilaboð að ekki sé um raunhæf úrræði að ræða. Hefur það dregið úr vilja viðskiptavina fjármálafyrirtækjanna til að semja um sín mál auk þess sem réttaróvissa um lögmæti gengisbindingar lána hefur enn frekar hægt á framkvæmdinni. Þá voru verklagsreglur um fyrirtæki ekki samþykktar fyrr en 2. mars sl.

Nefndin mun skila ráðherra skýrslu þann 1. júlí 2010, þar sem farið verður ítarlega yfir framkvæmd samkvæmt lögum nr. 107/2009 og verklagsreglum samkvæmt þeim hjá stærstu fjármálafyrirtækjunum á höfuðborgarsvæðinu.



1124. Lög [616. mál]

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (stuðningur við bændur á náttúruhamfarasvæðum).

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 1083.

1125. Frumvarp til laga [229. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið. Starfshættir.

1. gr.
Gildissvið.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að vátryggingafélög séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni vátryggðra, vátryggingartaka, hluthafa og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.

Lög þessi gilda um vátryggingastarfsemi. Starfsemi sem fellur undir lög þessi er leyfisskyld. Með vátryggingastarfsemi í lögum þessum er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar mega reka vátryggingastarfsemi hér á landi:

1. Hlutafélög sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr.
2. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi í heimaríki, sbr. 66. og 67. gr.
3. Evrópufélög samkvæmt lögum nr. 26/2004 sem hlotið hafa starfsleyfi í aðildarríki, sbr. 66. og 67. gr.
4. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi, sbr. 73. gr.

Um vátryggingafélög skv. 1. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um hlutafélög og um Evrópufélög skv. 3. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um Evrópufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara. Bundin frum- eða endurtryggingafélög skulu vera hlutafélög.

Félög sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingastarfsemi mega reka þessa starfsemi í lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og önnur félög og uppfylli ákvæði II. kafla. Sama gildir um erlend vátryggingafélög sem leyfi fá til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi.

3. gr.

Afmörkun við aðra starfsemi.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingastarfsemi.

Lögin gilda ekki um endurtryggingastarfsemi sem er í höndum opinbers aðila, eða tryggð til fulls af opinberum aðila, þegar starfsemin, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingarvernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg eða illfáanleg.

4. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður þegar móðurfélagið er vátryggingafélag. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um félagasamstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingafélag og vátryggingafélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Við mat á því hvort um yfirráð í félagi sé að ræða skal leggja saman réttindi móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga.

5. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að vátryggingaráhætta sem hér er, sbr. 10. gr., sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins eða starfsleyfi eftirlitsstjórnvalds í öðru aðildarríki.

Endurtryggja má frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur við eftirlitsstjórnvald í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir. Ákvæði 1. og 2. málsl. eiga ekki við um endurtryggingar á endurtryggingaráhættu.

Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr.

6. gr.

Vátryggingastarfsemi og hliðarstarfsemi skv. 13. gr. sem vátryggingafélögum er heimilt að stunda skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Vátryggingafélög skulu rekin á heilbrigðan og traustan hátt.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur það gefið fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið. Sé ekki farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins getur það beitt viðurlögum skv. XIII. kafla eða gripið til þeirra úrræða sem lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimila.

7. gr.

Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingastarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingastarfsemi eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingastarfsemi sé rekin.

Nafn vátryggingafélags skal koma skýrt fram í öllum tilkynningum þess, þar á meðal auglýsingum.

II. KAFLI
Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi.

8. gr.

Skilgreining hugtaka.

Með starfsstöð vátryggingafélags er í lögum þessum átt við:

1. Aðalstöðvar félagsins samkvæmt samþykktum þess.
2. Útibú.
3. Skrifstofu undir stjórn starfsliðs erlends vátryggingafélags.
4. Aðsetur einstaklings með umboð erlends vátryggingafélags til að starfa á vegum þess.

Þegar erlent vátryggingafélag starfar hér á landi eins og segir í 3. eða 4. tölul. 1. mgr. skal litið svo á að félagið hafi hér starfsemi sem jafngildir útibúi og skal félagið uppfylla þau skilyrði IX. kafla sem að slíkri starfsemi lúta. Sama gildir um starfsemi innlendra vátryggingafélaga erlendis, sbr. X. kafla.

9. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
2. *Aðildarríki þar sem þjónusta er veitt:* Aðildarríki þar sem vátryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki vátryggir áhættu sem þar er, sbr. 10. gr., án þess að hafa þar starfsstöð.
3. *Blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki, sem ekki er vátryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfélag er vátryggingafélag.
4. *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:* Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.
5. *Bundið endurtryggingafélag* (e. *captive reinsurance undertaking):* Endurtryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna endurtryggingafélagið á aðild að.
6. *Bundið frumtryggingafélag* (e. *captive insurance undertaking):* Vátryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að frumtryggja ein-

ungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna frumtryggingafélagið á aðild að.

7. *Dótturfélag:* Félag sem móðurfélag hefur yfirráð yfir; dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins.
8. *Eftirlitsstjórnvald:* Sá aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi, hér á landi Fjármálaeftirlitið.
9. *Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki þar sem meginstarfsemin er að eiga hluti í dótturfyrirtækjum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög.
10. *Endurtryggingastarfsemi:* Starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's merkir endurtryggingastarfsemi einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd's, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hvorugt eru aðilar að samtökum vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's hafa látið frá sér.
11. *Félag með sérstakan tilgang* (e. *special purpose vehicle):* Félag, hvert svo sem félagaformið er, annað en starfandi vátryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá vátryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með einhverju öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem keypt hafa skuldabréfin eða tekið þátt í fjármögnun víkur fyrir endurtryggingaskuldbindingum félagsins.
12. *Félagasamstæða:* Móður- og dótturfélag eða dótturfélög í sameiningu.
13. *Fjármálasamsteypa:* Samstæða félaga, eða félög sem hafa með sér náin tengsl, þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni og a.m.k. einn aðili innan samstæðunnar starfar á vátryggingasviði og annar aðili starfar á fjármálasviði og þar sem umsvif á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð umsvif á vátryggingasviði annars vegar og hins vegar samsvarandi umsvif á fjármálasviði eru hvor um sig talin mikilvæg samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Fari enginn eftirlitsskyldur aðili fyrir samstæðunni, en starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á fjármála- eða vátryggingasviði samkvæmt skilgreiningu í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, telst samstæðan vera fjármálasamsteypa. Sérhverja undirsamstæðu sem uppfyllir skilyrði upphafsmálsliðar orðskýringarinnar skal líta á sem fjármálasamsteypu.
14. *Frumtryggingastarfsemi:* Sú starfsemi að vátryggja vátryggingaráhættu neytenda.
15. *Gistiríki:* Aðildarríki þar sem vátryggingafélag með aðalstöðvar í öðru aðildarríki hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar.
16. *Heimaríki:* Aðildarríki þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eða annars eftirlitsskylds aðila eru og starfsleyfi er gefið út.
17. *Hlutdeildarfélag:* Félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi.
18. *Líftrygging:* Starfsemi á sviði frumtrygginga í líftryggingum, slysatryggingum og sjúkratryggingum (persónutryggingum).
19. *Móðurfélag:* Félag sem hefur yfirráð í öðru félagi.

20. *Náin tengsl:* Tengsl vátryggingafélags við
    a. önnur félög í félagasamstæðu sem vátryggingafélagið tilheyrir,
    b. þá sem eiga virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    c. þá sem eiga virkan eignarhlut í móðurfélagi vátryggingafélags, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    d. félög sem vátryggingafélagið á virkan eignarhlut í, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
    e. félög sem vátryggingafélagið á hlut í og sem félagasamstæða, sem vátryggingafélagið tilheyrir, á virkan eignarhlut í, þó þannig að samanlögð hlutdeild þeirra nemi minnst 20%,
    f. einstaklinga eða félög sem eru varanlega tengd sömu persónunni með yfirráðatengslum.
21. *Neytandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem nýtur vátryggingarverndar eða á sérstakra hagsmuna að gæta vegna frumtrygginga.
22. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
23. *Stóráhætta:* Greinaflokkar vátrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega. Greinaflokkar skv. 1. mgr. 21. gr. nr. 4, 5, 6, 7, 11, 12, 14 og 15 teljast stóráhætta. Einnig teljast skaðatryggingar stórfyrirtækja í greinaflokkum nr. 3, 8, 9, 10, 13 og 16 til stóráhættu.
24. *Stórfyrirtæki:* Þau fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða:
    a. að niðurstöðutala efnahagsreiknings sé að lágmarki sem nemur 6,2 milljónum evra,
    b. að ársvelta sé að lágmarki sem nemur 12,8 milljónum evra og
    c. að ársverk á reikningsárinu séu a.m.k. 250.

    Sé fyrirtæki hluti félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings. Fjármálaeftirlitið getur heimilað að litið sé á starfsgreinasamtök, sameiginleg verkefni eða fyrirtæki sem tímabundið mynda hóp sem eitt fyrirtæki.
25. *Takmörkuð endurtrygging* (e. *finite reinsurance):* Endurtrygging þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta sem leiðir af yfirfærslu verulegrar vátryggingaráhættu er tengist bæði vátryggingaratburði og tímasetningu yfirfærslu vátryggingaráhættunnar, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. öðru hvoru eftirfarandi atriða:
    a. skýru og efnislegu mati á tímavirði fjárhæða (e. *time value of money*),
    b. samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, jafnvægi í fjárhagslegri reynslu aðila við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem að er stefnt.
26. *Vátryggingafélag:* Félag sem stundar leyfisskylda starfsemi á sviði frumtrygginga, hvort heldur skaða- eða líftrygginga, og endurtryggingafélag, nema ljóst sé að ákvæði eigi aðeins við um starfsemi á sviði frumtrygginga.
27. *Vátryggingasölumaður:* Starfsmaður sem starfar á vegum og á ábyrgð vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags.
28. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Með óbeinni hlutdeild er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari með virkan eignarhlut í skilningi laganna. Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða

fleiri saman ráði yfir eða nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

29. *Yfirráð:*
    a. að félag (móðurfélag) ráði yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
    b. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda, eða
    c. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
    d. eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meiri hluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila, eða
    e. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi ráðandi stöðu í því, eða
    f. hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag, sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi þess.
30. *Þriðja ríki:* Ríki sem ekki er aðildarríki eins og það er skilgreint í þessari grein.

Fjárhæðir í evrum samkvæmt þessum lögum umreiknast í starfrækslugjaldmiðil vátryggingafélags miðað við sölugengi evru gagnvart umræddum gjaldmiðli í lok dags 31. október næstliðins árs.

10. gr.

Í lögum þessum er ríkið þar sem frumvátryggingaráhætta er:

a. *í eignatryggingum:* ríkið þar sem hin vátryggða eign er þegar mannvirki eru vátryggð eða mannvirki ásamt lausafé er vátryggt í sama vátryggingarsamningi,
b. *í ökutækjatryggingum:* ríkið þar sem ökutæki er skráð,
c. *í ferðatryggingum:* ríkið þar sem vátryggingartaki keypti vátrygginguna enda sé gildistími hennar eigi lengri en fjórir mánuðir,
d. *í öðrum skaðatryggingum:* ríkið þar sem vátryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, þegar um lögaðila er að ræða, það aðildarríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingarsamningnum sem gerður er,
e. *í persónutryggingum:* ríkið þar sem skuldbindingin komst á, þ.e. þar sem vátryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, þegar um lögaðila er að ræða, það ríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist vátryggingarsamningnum sem gerður er (starfsemin fer fram).

11. gr.

Mörk við aðra starfsemi.

Vátryggingafélag má ekki reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi nema annað leiði af ákvæðum 13. gr.

Vátryggingafélag telst reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi ef félagið hefur yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru vátryggingafélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi. Þegar um félagasamstæðu er að ræða eða vátryggingafélög í beinum eða óbeinum rekstrarlegum tengslum við önnur félög og móðurfélagið er ekki vátryggingafélag skal í þessu sambandi litið á vátryggingafélögin sem eitt félag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er vátryggingafélagi heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, enda sé starfsemin háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila.

Vátryggingafélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar. Því er óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur vátryggingafélags.

12. gr.

Líftryggingastarfsemi má ekki reka með annarri frumtryggingastarfsemi. Þó má veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

13. gr.

Hliðarstarfsemi.

Vátryggingafélagi er heimilt að reka eftirfarandi hliðarstarfsemi:

1. Umboð fyrir vátryggingafélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að reisa, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma samkvæmt reglum sem stjórn setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir.
3. Að kaupa og selja skuldabréf og aðra fjármálagerninga og lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Ákvæði þetta tekur ekki til fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem fjárfest er í til ávöxtunar á fjármunum félagsins.
4. Tjónsuppgjör og tjónavarnastarfsemi.
5. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir vátryggingastarfsemi.
6. Aðra umsýslu í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi.

Starfsemi skv. 5. tölul. 1. mgr. er háð leyfi Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 5. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

III. KAFLI

Stofnun vátryggingafélags.

14. gr.

Stofnun vátryggingafélags.

Að öðru leyti en greinir í þessum kafla gilda ákvæði II. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, um stofnun vátryggingafélags.

15. gr.

Stofnsamningur.

Í stofnsamningi vátryggingafélags skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn og heimilisföng stofnenda.
2. Hve mikið skuli greiða fyrir hvern hlut í félaginu.
3. Frestir sem kunna að vera veittir til áskriftar að hlutum og til greiðslu þeirra.
4. Reglur um innborgun hlutafjár.
5. Ákvarðanir um að stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda eða hlunninda í félaginu.
6. Ákvarðanir um að gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefði í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
7. Ákvarðanir um að félagið taki við verðmætum sem ekki er greitt fyrir með hlutum í félaginu.
8. Hvenær halda skuli stofnfund og hvernig til hans skuli boðað nema það leiði af ákvæðum hlutafélagalaga að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
9. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og, ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu hlutafé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 16. gr. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru og máli skipta til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er félagið hyggst taka við.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingastarfsemi eða vátryggingastofn annars vátryggingafélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu vátryggingastofns hafi verið gerð og umfjöllun Fjármálaeftirlitsins liggi fyrir, sbr. XI. kafla.

Skjöl, sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi, skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Allir samningar um atriði, sem fjallað er um í stofnsamningi en voru ekki samþykkt við gerð hans, eru ógildir gagnvart félaginu.

16. gr.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti, enda liggi fyrir matsgerð sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Telji Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmætið eða nýrrar matsgerðar.

17. gr.

Auk þeirra ákvæða sem lög um hlutafélög gera ráð fyrir um samþykktir hlutafélags skulu eftirtalin atriði koma fram í samþykktum vátryggingafélags:

1. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
2. Úthlutun arðs og ágóðahluta.
3. Hvernig ráðstafa megi eignum félagsins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit.

IV. KAFLI
Starfsleyfi.

18. gr.
Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Vátryggingafélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríki við mat á umsókn um starfsleyfi vátryggingafélags sem er:

a. dótturfélag fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
b. dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða
c. undir yfirráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélagi í öðru aðildarríki.

Samráð skv. 2. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 43. gr. og 3. mgr. 54. gr.

Samráð skv. 2. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

19. gr.
Umsókn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og skal send Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings. Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

1. Heiti félagsins og félagsform.
2. Staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók.
3. Skrá yfir stofnendur og hlutafé og staðfesting á því að það sé innborgað, hverjir eigi virkan eignarhlut í félaginu og hve mikinn og greinargerð um önnur náin tengsl sem félagið er í.
4. Drög að samþykktum til staðfestingar.
5. Greinaflokkar vátrygginga eða vátryggingagreinar sem sótt er um leyfi fyrir, sbr. 21. og 22. gr., og 23. gr. ef um fyrirhugaða endurtryggingastarfsemi er að ræða.
6. Ef við á, skrá um hliðarstarfsemi sem félagið hyggst reka, sbr. 13. gr.
7. Sérstök áætlun um starfsemina, sbr. 25. gr.
8. Staðfesting þess að félagið uppfylli ákvæði 34. gr. um lágmarksfjárhæðir.
9. Reiknigrundvöllur iðgjalda, iðgjaldasjóðs, ágóðaúthlutunar, endurkaupa og gjaldfrjálsra líftrygginga, reglur um upplýsingar sem líftryggingartaka ber að veita samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, og hliðstæð gögn, eftir því sem við á, um heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli þegar sótt er um starfsleyfi skv. 22. gr.
10. Vátryggingaskilmálar lögboðinna vátrygginga og upplýsingar um þær tegundir persónutrygginga sem félagið hyggst bjóða.
11. Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í öðrum aðildarríkjum.

Við mat á umsókn um starfsleyfi í persónutryggingum skal þess gætt að reiknigrundvöllur sé tryggur en sanngjarn í garð líftryggingartaka og rétthafa. Sama gildir um reglur um ágóðahlutdeild og skiptingu hagnaðar og skulu reglur þar um vera skýrar og nákvæmar. Vaxta-

forsendur iðgjalda og iðgjaldaskuldar, svo og kostnaðar- og öryggisálag, skulu ákveðnar með varfærnissjónarmið í huga. Iðgjöld nýtrygginga skulu vera nægileg til að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar án þess að sérstök aukning eigin fjár reynist nauðsynleg.

Ákvæði greinar þessarar eiga við um umsókn um starfsleyfi félags með sérstakan tilgang, umsókn um starfsleyfi í endurtryggingum og umsókn um starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum, eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang.

Félag með sérstakan tilgang getur starfað hér á landi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 19. gr., enda uppfylli slíkt félag skilyrði í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Í reglum Fjármálaeftirlitsins skulu skilyrði koma fram um eftirfarandi:

1. Gildissvið starfsleyfis.
2. Lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum.
3. Hæfi þeirra sem reka félag með sérstakan tilgang.
4. Kröfur um hæfi hluthafa eða virkra eigenda.
5. Stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu.
6. Reikningsskil, varfærni og tölulegar upplýsingar.
7. Gjaldþol.

Telji Fjármálaeftirlitið ástæðu til að setja frekari skilyrði fyrir starfsemi félagsins skulu þau koma fram í starfsleyfi.

21. gr.

Starfsleyfi í skaðatryggingum.

Starfsleyfi í frumtryggingum öðrum en líftryggingum (skaðatryggingum) er bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Slysatryggingar (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar):
   a. bætur með föstum fjárhæðum,
   b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   d. slys á farþegum.
2. Sjúkratryggingar (veikindi, heilsutjón):
   a. bætur með föstum fjárhæðum,
   b. bætur eftir mati á afleiðingum tjóns,
   c. bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
3. Húftryggingar ökutækja. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
   a. vélknúnum ökutækjum á landi öðrum en járnbrautum,
   b. ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum.
4. Járnbrautatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á járnbrautarvögnum.
5. Húftryggingar loftfara. Eignatjón, þ.m.t. altjón á loftförum.
6. Húftryggingar skipa og báta. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
   a. sjóskipum,
   b. vatnabátum,
   c. fljóta- og síkjabátum.

7. Flutningatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á vörum og farangri í flutningi án tillits til þess hvernig flutt er.
8. Eignatryggingar (bruni og náttúruöfl). Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki vegna:
   a. elds,
   b. sprengingar,
   c. óveðurs,
   d. náttúruafla annarra en óveðurs,
   e. kjarnorku,
   f. landsigs.
9. Aðrar eignatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki og ekki talið í 8. flokki, þ.m.t. vegna hagls, frosts og atburða svo sem þjófnaðar o.fl.
10. Ábyrgðartryggingar ökutækja. Ábyrgð vegna notkunar ökutækja, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
11. Ábyrgðartryggingar loftfara. Ábyrgð vegna notkunar loftfara, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
12. Ábyrgðartryggingar skipa og báta. Ábyrgð vegna notkunar á sjó, vötnum, fljótum og síkjum, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
13. Almennar ábyrgðartryggingar. Hvers konar ábyrgð önnur en skv. 10., 11. og 12. flokki.
14. Greiðsluvátryggingar:
   a. almenn gjaldþrot,
   b. útflutningslán,
   c. afborgunarskilmálar,
   d. veð,
   e. landbúnaðarlán.
15. Efndavátryggingar:
   a. beinar efndir,
   b. óbeinar efndir.
16. Fjárhagslegar vátryggingar (fjárhagslegt tap):
   a. atvinnuleysi,
   b. tekjutap (almennt),
   c. óveður,
   d. ábatamissir,
   e. viðvarandi útgjöld vegna almenns kostnaðar,
   f. ófyrirsjáanleg viðskiptaútgjöld,
   g. tap á markaðsverði,
   h. tap á leigu eða hliðstæðum tekjum,
   i. annað óbeint tap á viðskiptum,
   j. fjárhagslegt tap, annað en í viðskiptum,
   k. aðrar tegundir fjárhagslegs taps.
17. Réttaraðstoðartryggingar. Réttaraðstoð og kostnaður við málarekstur.
18. Ferðamannaaðstoð. Aðstoð til handa þeim sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi fjarri heimili sínu eða föstu aðsetri.

Áhættu sem innifalin er í tilteknum greinaflokki má ekki innifela í öðrum greinaflokki nema í tilvikum er segir í 3. mgr.

Veita má starfsleyfi sameiginlega fyrir eftirtalda greinaflokka skaðatrygginga, sbr. 1. mgr.:

1. Slysa- og sjúkratryggingar skv. 1. og 2. tölul.
2. Ökutækja- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 3., 7. og 10. tölul.
3. Sjó- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 4., 6., 7. og 12. tölul.
4. Flug- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 5., 7. og 11. tölul.
5. Eignatryggingar skv. 8. og 9. tölul.
6. Ábyrgðartryggingar skv. 10., 11., 12. og 13. tölul.
7. Greiðslu- og efndavátryggingar skv. 14. og 15. tölul.
8. Frumtryggingar skv. 1.–18. tölul.

Vátryggingafélag sem fær starfsleyfi í greinaflokkum frumtrygginga skv. 1. og 2. mgr. (aðaláhætta) má innifela hliðargrein (aukaáhættu) án sérstaks leyfis þegar:

1. Aukaáhættan er í tengslum við aðaláhættu.
2. Aukaáhættan tengist þeim verðmætum sem vátryggð eru sem aðaláhætta.
3. Aukaáhættan er vátryggð samkvæmt vátryggingarsamningi um aðaláhættu.

Þó er ekki heimilt að telja áhættu í greinaflokkum skv. 14., 15. og 17. tölul. 1. mgr. sem hliðargrein í öðrum greinaflokkum að því undanskildu að telja má áhættu í greinaflokki skv. 17. tölul. sem hliðargrein í greinaflokki skv. 18. tölul. þegar skilyrði 1. tölul. eru uppfyllt og aðaláhættan tengist einvörðungu aðstoð sem veitt er einstaklingum sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi að heiman eða fjarri föstu aðsetri. Greinaflokkur skv. 17. tölul. má einnig vera hliðargrein þegar áhættan eða ágreiningurinn tengist notkun skipa og báta.

Kveða skal á um hvernig tryggja skuli hagsmuni vátryggingartaka í ágreiningsmáli við vátryggingafélagið sjálft í reglugerð um réttaraðstoðarvátryggingar.

22. gr.

Starfsleyfi í persónutryggingum.

Starfsleyfi í líftryggingum og heilsutryggingum, auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga, afmarkast við tiltekna greinaflokka frumtrygginga eða vátryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu:
   a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri,
   b. greiðslur við andlát,
   c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr,
   d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda,
   e. lífeyrisgreiðslur,
   f. viðbótargreiðslur við líkamstjón, þar á meðal við starfsorkumissi,
   g. viðbótargreiðslur við andlát vegna slyss,
   h. viðbótargreiðslur við örorku vegna slyss eða sjúkdóms.
2. Hjóna- og barnalíftryggingar:
   a. líftryggingar tengdar giftingu eða staðfestri samvist,
   b. líftryggingar barna tengdar fæðingu.
3. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu:
   a. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri,
   b. greiðslur við andlát,
   c. greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr,
   d. líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda,
   e. lífeyrisgreiðslur.

4. Varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar.
5. Aðrar líftryggingar með innifalda áhættu á grundvelli ævilengdar.

23. gr.

Starfsleyfi í endurtryggingum.

Starfsleyfi í endurtryggingum, sbr. ákvæði 19. gr., er veitt vegna starfsemi í endurtryggingum skaðatrygginga, endurtryggingum persónutrygginga eða hvers konar endurtryggingum samkvæmt umsókn.

24. gr.

Starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum.

Hyggist aðili hefja starfsemi hér á landi í takmörkuðum endurtryggingum, sbr. ákvæði 19. gr., setur Fjármálaeftirlitið reglur um þá starfsemi. Í þeim reglum skulu vera ákvæði um:

1. Lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum.
2. Traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu.
3. Kröfur um reikningsskil, varfærni og tölulegar upplýsingar.
4. Vátryggingaskuld sé fullnægjandi, áreiðanleg og hlutlæg.
5. Eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.
6. Gjaldþol og lágmarksgjaldþol vegna starfseminnar.

25. gr.

Áætlun um starfsemi vátryggingafélags.

Í áætlun um fyrirhugaða starfsemi, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingarvernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu án endurtryggingar í hverjum greinaflokki vátrygginga.
2. Eignir sem eiga að vera til staðar í félaginu til þess að kröfur um lágmarksfjárhæðir skv. 34. gr. séu uppfylltar.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu bókhaldsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst standa við skuldbindingar sínar og uppfylla gjaldþolskröfur fyrstu þrjú heilu reikningsárin.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluvátryggingum skv. 14. tölul. 1. mgr. 21. gr. skal auk gagna skv. 1. mgr. gerð sérstök grein fyrir því eftir hvaða reglum óuppgerðar skuldbindingar félagsins vegna vátryggingarsamninga í greiðsluvátryggingum, vátryggingaskuldin, skuli metnar og þeim eignum sem ætlað er að mæta þeim.

26. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá vátryggingastarfsemi sem félagið má reka.

Veita má starfsleyfi fyrir einstaka greinaflokka frumtrygginga skv. 21. eða 22. gr. eða einstakar vátryggingagreinar innan þeirra, eða fyrir greinaflokka sameiginlega skv. 2. mgr. 21. gr. Starfsleyfi veitt í tilteknum greinaflokki frumtrygginga gildir einnig fyrir hliðargreinar í öðrum flokki ef skilyrði skv. 3. mgr. 21. gr. eru uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi vátryggingafélaga opinberlega.

Sé til umfjöllunar umsókn dótturfélags sem beint eða óbeint er í eigu aðila með aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins getur Fjármálaeftirlitið tekið sér lengri frest en tiltekinn er í 1. mgr.

27. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Telji Fjármálaeftirlitið að á skorti hæfi stjórnar eða framkvæmdastjóra til að reka félagið eða að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur þess svo að viðhlítandi sé, eða hafi störf þeirra verið með þeim hætti að ætla megi að svo verði ekki, má synja um starfsleyfi. Sama gildir teljist eigendur virkra eignarhluta í félaginu ekki geta tryggt á viðhlítandi hátt heilbrigðan og traustan rekstur. Ef félag er í nánum tengslum við aðra skal einungis veita starfsleyfi ef þau tengsl hindra ekki eftirlit með starfsemi félagsins. Ef löggjöf þriðja ríkis gildir um þá aðila sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við og hindrar eftirlit með starfsemi félagsins skal synja um starfsleyfi, svo og ef líklegt er að vandkvæði við framkvæmd þeirrar löggjafar geri eftirlit torvelt. Ef raunverulegar aðalstöðvar félagsins eru ekki hér á landi skal synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

28. gr.

Nýir greinaflokkar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn eins og við á skv. 19.–23. gr. og sem nauðsynleg eru til að það geti metið umsóknina.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og lágmarksfjárhæðir að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Fjármálaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

Breytingar á samþykktum vátryggingafélags ber að senda Fjármálaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við þær breytingar ber félaginu innan tveggja mánaða að senda því dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið.

29. gr.

Höfuðstöðvar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 26. gr., skal hafa höfuðstöðvar hér á landi.

30. gr.

Vátryggingafélagaskrá.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega skrá, vátryggingafélagaskrá, um öll félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Einnig skal skrá og birta upplýsingar um útibú sem hér hafa starfsleyfi og um þá sem veita hér þjónustu án starfsstöðvar.

Starfsleyfi og leyfi fyrir nýrri starfsemi skulu þegar í stað skráð í vátryggingafélagaskrá. Ákvörðun um að taka upp nýjar greinar vátrygginga eða að breyta starfsemi í verulegum atriðum öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð í vátryggingafélagaskrá.

Í vátryggingafélagaskrá skal skrá eftirfarandi eftir því sem við getur átt:

1. Dagsetningu stofnsamnings, stofnfundargerðar og samþykkta.
2. Heiti, félagsform og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
3. Starfssvið og tilgang.
4. Dagsetningu starfsleyfis og skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félag hefur leyfi til að reka og um hliðarstarfsemi, sbr. 13. gr.
5. Skráð og innborgað hlutafé og eigið hlutafé. Nöfn þeirra sem eiga virkan eignarhlut í félaginu og hve mikill hann er.
6. Stjórn og varastjórn, endurskoðendur og tryggingastærðfræðinga.
7. Nöfn þeirra er skuldbinda mega félag.
8. Heiti og heimilisfang starfsstöðvar erlends vátryggingafélags, sbr. 8. gr., sem hér hefur útibú eða veitir þjónustu og nafn og aðsetur fulltrúa þess hér á landi sem skuldbindur félagið og kemur fram fyrir þess hönd, svo og, þegar við á, þann sem hefur með höndum tjónsuppgjör í ábyrgðartryggingum ökutækja.
9. Dagsetningu yfirfærslu/yfirtöku vátryggingastofna ásamt skrá yfir vátryggingagreinar sem yfirfærðar/yfirteknar eru.
10. Dagsetningu skipunar skilastjórnar og hverjir skipa skilastjórn og dagsetningu afturköllunar starfsleyfis, dagsetningu slita félags og dagsetningu þess þegar félag er máð úr vátryggingafélagaskrá.

Allar breytingar varðandi atriði sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skulu, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, tilkynntar til skrárinnar ásamt gögnum er sanni samþykkt þeirra og lögmæti. Tilkynning skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi.

Ef tilkynningar til vátryggingafélagaskrár fullnægja ekki fyrirmælum laga eða samþykkta félags, eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum eða samþykktum félags, skal synja um skráningu. Tilkynna skal skriflega um synjun og um ástæður hennar.

Uppfærð vátryggingafélagaskrá skal vera aðgengileg á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma. Þar skal, auk þeirra vátryggingafélaga sem fengið hafa heimild til vátryggingastarfsemi hér á landi, birta upplýsingar um útibú og vátryggingafélög aðildarríkja sem hér veita þjónustu. Að auki skal birta í skránni upplýsingar um yfirfærslu og yfirtöku vátryggingastofna.

V. KAFLI
Fjárhagsgrundvöllur.
31. gr.
Gjaldþol.

Eftirtaldar fjárhæðir mynda grunn útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélags:

1. Innborgað hlutafé að frádregnum eigin hlutabréfum félagsins.
2. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins eða eru skilgreindir sem útjöfnunarsjóðir og óráðstöfuð ágóðaskuld líftryggingafélags.
3. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og ráðgerðum arðgreiðslum.
4. Forgangshlutafé og víkjandi lán sem bindandi samkomulag er um að víki fyrir öllum skuldbindingum sem ekki eru víkjandi og að ekki komi til endurgreiðslu fyrr en þær skuldbindingar hafa verið gerðar upp við gjaldþrot eða slit vátryggingafélags. Víkjandi lán skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Lánið skal vera innborgað og skuldfært í bókum félagsins.
   b. Upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal vátryggingafélagið leggja áætlun fyrir Fjármálaeftirlitið til samþykktar er sýni fram á fullnægjandi gjaldþol félagsins á gjalddaga nema eftirstöðvar lánsins hafi farið minnkandi sem hlutfall af gjaldþoli félagsins á minnst fimm ára tímabili fyrir umsaminn gjalddaga. Sæki vátryggingafélagið um að flýta endurgreiðslu slíkra lána getur Fjármálaeftirlitið heimilað það að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark.
   c. Lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með a.m.k. fimm ára uppsagnarfresti, nema þau séu ekki lengur talin til gjaldþols félagsins eða endurgreiðslur fyrir gjalddaga séu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins. Verður vátryggingafélagið þá að óska eftir slíku samþykki að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag og tilgreina áætlað gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðslu. Því aðeins skal heimila endurgreiðslu að gjaldþol vátryggingafélagsins fari ekki niður fyrir lágmarksgjaldþol.
   d. Lánssamningurinn má ekki fela í sér ákvæði sem gera ráð fyrir endurgreiðslu fyrr en á gjalddaga, nema vátryggingafélaginu verði slitið.
   e. Samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf til að breyta lánssamningum.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra. Þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma og heildarfjárhæð forgangshlutafjár ekki fara yfir 25% samanlagt.
5. Skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf, svo sem forgangshlutafé sem ekki fellur undir 4. tölul., ef samningarnir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Ekki má endurgreiða bréfin að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
   b. Samið er um að vátryggingafélagið megi fresta greiðslu á vöxtum.
   c. Kröfur á hendur vátryggingafélaginu samkvæmt þessum tölulið víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi.
   d. Skjalfest er við útgáfu skuldabréfanna að eftirstöðvar og ógreidda vexti megi nota til að mæta tapi þannig að vátryggingafélagi sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.
   e. Aðeins skal telja með innborgaðar fjárhæðir.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið og fjárhæð skv. 4. tölul. mega samanlagt ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.

6. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
7. Duldir sjóðir vegna vanmats eigna, enda séu þeir af varanlegum toga.
8. Allt að 50% áætlaðs framtíðarhagnaðar af frumtryggingum eða endurtryggingum líftrygginga. Framtíðarhagnað skal þá áætla með því að margfalda árlegan hagnað, eða lægri tölu, með stuðli sem svarar til gildistíma líftrygginganna sem eftir er í árum talið, þó ekki með hærri stuðli en 6. Með árlegum hagnaði er átt við meðaltal hagnaðar af líftryggingarekstri samkvæmt rekstrarreikningi fimm undangengin ár í viðkomandi greinum líftrygginga. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 25% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
9. Hluti iðgjaldaskuldar í frumtryggingum eða endurtryggingum líftrygginga með eða án Zillmer-aðferðar. Þegar Zillmer-aðferð er ekki beitt eða henni er beitt og kostnaðarálag vegna öflunar líftrygginga er lægra en álagið sem fólgið er í iðgjöldum vegna öflunar líftrygginganna má reikna til gjaldþols mismuninn á iðgjaldaskuld án Zillmer-aðferðar eða iðgjaldaskuld með Zillmer-aðferð að hluta og iðgjaldaskuld þar sem reiknað er samkvæmt Zillmer-aðferð með öflunarkostnaði að fullu eins og í reiknigrundvelli iðgjalda. Fjárhæðin sem færð er til gjaldþols samkvæmt þessum tölulið má þó aldrei vera hærri en 3,5% af mismun líftryggingarfjárhæða og iðgjaldaskuldar samanlagt vegna líftryggingarsamninga þar sem unnt er að beita Zillmer-aðferð. Frá þessum mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.
10. Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur, þar á meðal óefnislegar eignir. Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. M.a. skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.
11. Lækkun tjónaskuldar sem stafar af núvirðingu hennar. Þó þarf ekki að draga frá gjaldþoli lækkun vegna núvirðingar tjóna í slysa- og sjúkratryggingum, né heldur vegna lífeyrisgreiðslna í öðrum greinaflokkum.
12. a. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem vátryggingafélag á í vátryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði.
    b. Liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. þessarar málsgreinar og vátryggingafélag á í krafti hlutdeildar í félögum sem getið er í a-lið hér á undan.

Gjaldþol vátryggingafélags er reiknað með því að leggja saman fjárhæðir skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. og draga frá fjárhæðir skv. 10.–12. tölul. 1. mgr. Fjárhæðir skv. 6.–9. tölul. 1. mgr. má leggja við framangreindar fjárhæðir hafi Fjármálaeftirlitið fallist á rökstudda ósk vátryggingafélags um það. Fjárhæðir skv. 8. tölul. 1. mgr. mega ekki vera hluti af fjárhæðum skv. 7. tölul. 1. mgr. og þurfa að vera rökstuddar með skýrslu tryggingastærðfræðings þar sem gerð er grein fyrir líkindum á því að slíkur hagnaður komi fram. Ef horfur eru á að gjaldþol verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.–12. tölul. 1. mgr. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á framantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum. Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar um frádrátt liða skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr.

Vátryggingafélögum er heimilt að nota þær aðferðir við mat á eiginfjárgrunni sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum í stað þess að draga liði skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr. frá gjaldþoli skv. 2. mgr. Heimilt er að beita samstæðuuppgjörsaðferð (e. *consolidated method*) telji Fjármálaeftirlitið að áhættustýring og innra eftirlit á samstæðugrundvelli sé fullnægjandi. Vátryggingafélög sem annaðhvort eru hluti af vátryggingasamstæðu eða fjármálasamsteypu og falla undir viðbótareftirlit þurfa ekki að draga frá liði skv. a- og b-lið 12. tölul. 1. mgr. skv. 2. mgr. Hyggist vátryggingafélag breyta um aðferð við mat á gjaldþolsliðum skal það tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og gera sérstaka grein fyrir breytingunni í ársreikningi.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags er gjaldþol þess skv. 2. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir eru taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga sem eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagað gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fjármálasamsteypur. Um útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skulu gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

32. gr.

Lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélags.

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst þeirri fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi útreikningi og nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 34. gr.:

1. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli iðgjalda skal nota þá fjárhæð sem hærri er af bókfærðum iðgjöldum og iðgjöldum ársins samkvæmt rekstrarreikningi. Byggt skal á iðgjöldum að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum, en án frádráttar á hlut endurtryggjanda. Hækka skal iðgjöld í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 21. gr. um 50%. Sama á við um iðgjöld í endurtryggingum þessara greinaflokka.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 50 milljónum evra og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 4. mgr. 34. gr. Leggja skal saman 18% af fyrri hlutanum og 16% af því sem umfram er. Niðurstaða þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi, en þó aldrei með lægri tölu en 0,5. Við útreikning á eigin tjónum er endurtryggingafélagi heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að draga frá kröfur á félög með sérstakan tilgang.

2. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli tjóna skal byggt á meðalfjárhæð tjóna ársins síðustu þrjú reikningsár, að frádregnum yfirteknum fjármunum og réttindum sem félagið öðlast, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Áður en meðaltal er reiknað skal hækka tjón í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 21. gr. um 50%. Sama á við um tjón í endurtryggingum þessara greinaflokka.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 35 milljónum evra og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 4. mgr. 34. gr. Leggja skal saman 26% af fyrri hlutanum og 23% af því sem umfram er. Útkoma þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi, en þó aldrei með lægri tölu en 0,5. Við útreikning á eigin tjónum er endurtryggingafélagi heimilt að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að draga frá kröfur á félög með sérstakan tilgang.

Í útreikningum skv. 1. mgr. skal miða við meðaltal sjö síðustu reikningsára í stað þriggja reki félagið aðallega starfsemi í frum- eða endurtryggingum óveðurs-, hagl- eða frostskaðatrygginga eða greiðsluvátrygginga.

Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins getur vátryggingafélag dreift iðgjöldum, tjónum, breytingum á tjónaskuld og yfirteknum réttindum á milli ára með tölfræðilegum aðferðum. Ef lágmarksgjaldþol reynist vera lægra en á næstliðnu reikningsári skal það ekki lækka meira hlutfallslega en sem nemur hlutfallslegri lækkun eigin tjónaskuldar milli sömu ára.

Í frum- eða endurtryggingum sjúkratrygginga sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli skal miða við 6% eða 5,33% bókfærðra iðgjalda í stað 18% eða 16% þegar reiknað er á grundvelli iðgjalda, og 8,67% eða 7,67% meðaltjónsfjárhæðar á síðustu þremur árum í stað 26% eða 33% þegar reiknað er á grundvelli tjóna og frumtryggingin eða endurtryggð frumtryggingaráhætta fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Iðgjöld eru reiknuð samkvæmt tryggingastærðfræðilegum aðferðum.
2. Vátryggingaskuldin tekur m.a. mið af hækkandi aldri.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 13. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

33. gr.

Lágmarksgjaldþol líftryggingafélags.

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst samanlögðum fjárhæðum skv. 1.–6. tölul. hér á eftir, en samtala þessi nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 34. gr.:

1. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga án fjárfestingaráhættu skv. 1. tölul. 22. gr. er samtala þeirra fjárhæða sem koma út úr a-, b- og c-lið hér á eftir:
   a. Reikna skal 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum samkvæmt reiknigrundvelli án frádráttar á hlut endurtryggjenda, en að viðbættri líftryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga líftrygginga. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli líftryggingaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingaskuldar eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,85.
   b. Reikna skal 0,3% af samanlögðum þeim hluta líftryggingarfjárhæða vegna dánaráhættu sem líftryggingafélagið ber áhættu af gagnvart hinum líftryggðu í lok reikn-

ingsárs án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingarfjárhæða að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingarfjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,5. Sé um að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar með gildistíma í þrjú ár eða skemur skal stuðullinn í 1. málsl. vera 0,1% í stað 0,3% og 0,15% sé gildistími lengri en þrjú ár en mest fimm ár.

c. Beita skal aðferð 32. gr. til þess að reikna gjaldþolskröfu vegna viðbótartrygginga sem falla undir f–h-lið 1. tölul. 22. gr.

2. Hlutdeild hjóna- og barnalíftrygginga skv. 2. tölul. 22. gr. er reiknuð eins og í 1. tölul. þessarar málsgreinar.
3. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga með fjárfestingaráhættu skv. 3. tölul. 22. gr. er samtala fjárhæða samkvæmt eftirfarandi:
   a. Ef líftryggingafélagið ber fjárfestingaráhættu skal reikna 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum skv. a-lið 1. tölul.
   b. Ef kostnaðarhluti iðgjalda er bundinn til að minnsta kosti fimm ára án þess að líftryggingafélagið beri fjárfestingaráhættu skal reikna 1% af líftryggingaskuldinni skv. a-lið 1. tölul.
   c. Ef líftryggingafélagið ber ekki fjárfestingaráhættu og kostnaðarhluti iðgjalda er ekki bundinn til að minnsta kosti fimm ára skal reikna 25% af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði við rekstur þeirrar starfsemi á síðasta reikningsári.
   d. Vegna dánaráhættu skal reikna hlutfall líftryggingarfjárhæða skv. b-lið 1. tölul.
4. Hlutdeild varanlegra heilsutrygginga án uppsagnarréttar skv. 4. tölul. 22. gr. er samtala tveggja liða sem ákvarðast annars vegar af vátryggingaskuldinni, sbr. a-lið 1. tölul., og hins vegar af lágmarksgjaldþoli eins og það er reiknað skv. 32. gr. Þó má falla frá kröfu 2. tölul. 4. mgr. þeirrar greinar þegar um hópvátryggingar er að ræða.
5. Hlutdeild annarra líftrygginga skv. 5. tölul. 22. gr. í lágmarksgjaldþoli skal ákveðin með reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.
6. Hlutdeild slysa- og sjúkratrygginga skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. 21. gr. skal ákvörðuð skv. 32. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 13. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 32. og 33. gr. skal lágmarksgjaldþol vátryggingafélags aldrei vera lægra en 3 milljónir evra. Stundi vátryggingafélagið eingöngu starfsemi skv. 1.–9. eða 16.–18. tölul. 1. mgr. 21. gr. má lágmarksgjaldþol ekki vera lægra en 2 milljónir evra.

Fyrir bundin endurtryggingafélög skal fjárhæð skv. 1. mgr. nema 1 milljón evra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal lágmarksgjaldþol vátryggingafélags sem stundar starfsemi í frumtryggingum og endurtryggingum vera 3 milljónir evra sé eitt af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

1. Hlutur endurtrygginga í iðgjöldum ársins sé minnst 10% af heildariðgjöldum ársins.
2. Iðgjöld ársins í endurtryggingum nemi minnst 50 milljónum evra.
3. Hlutur vátryggingaskuldar vegna endurtrygginga nemi minnst 10% af heildarvátryggingaskuld.

Fjárhæðir skv. 1.–3. mgr. skulu taka breytingum 31. desember ár hvert í samræmi við breytingar frá 20. mars ár hvert á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum Evrópska

efnahagssvæðisins frá gildinu 111,2. Fjárhæðir skulu þó ekki breytast nemi hækkunin frá síðustu breytingu lægra hlutfalli en 5%.

Að minnsta kosti þriðjungur lágmarksgjaldþols, þó ekki lægri fjárhæð en segir í 1. mgr., skal myndaður af gjaldþolsliðum skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 31. gr. Einnig er heimilt að telja þar gjaldþolsliði skv. 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Við stofnun vátryggingafélags og meðan félag starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 25. eða 86. gr., skal tilskilið lágmarksgjaldþol reiknað á grundvelli áætlunarinnar og endurskoðunar hennar ef forsendur hennar breytast.

35. gr.

Útjöfnunarsjóður vegna greiðsluvátrygginga, hvort sem er frum- eða endurtrygginga, svarar til þeirrar fjárhæðar sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum í tjónareynslu félagsins frá ári til árs svo og vegna óvissu um endanlegar bótafjárhæðir samanborið við mat þeirra við ákvörðun tjónaskuldarinnar hverju sinni. Óheimilt er að ráðstafa arði úr útjöfnunarsjóði.

Þegar bókfærð iðgjöld af frum- eða endurtryggingum í greiðsluvátryggingum nema meira en 4% af bókfærðum iðgjöldum félags samanlagt eða 2,5 milljónum evra eða meira, skal árlega gjaldfæra framlag til myndunar útjöfnunarsjóðs í þessum greinaflokki. Gjaldfærslan skal á hverju reikningsári nema 75% af rekstrarniðurstöðu þessara trygginga, þó aldrei meira en nemur 12% af bókfærðum iðgjöldum í greininni. Framlög skulu falla niður nemi útjöfnunarsjóður 150% bókfærðra iðgjalda eins og þau hafa hæst verið á einu ári á síðasta fimm ára tímabili.

36. gr.

Vátryggingaskuld.

Vátryggingaskuld skal metin þannig að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingarsamninga. Í reglugerð um ársreikning og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga skulu sett nánari ákvæði um mat vátryggingaskuldar.

Vátryggingafélag skal, auk þess að uppfylla á hverjum tíma gjaldþolsskilyrði samkvæmt lögum þessum, sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld. Eignirnar skulu valdar með tilliti til öryggis, ávöxtunar og markaðsaðstæðna og skal félagið tryggja fjölbreytni og dreifingu eignanna. Skal í hverju tilviki fyrir sig meta þá áhættu sem felst í þeim eignum sem ætlað er að mæta vátryggingaskuld og sérstaklega með tilliti til dreifingar þannig að vægi einstakra tegunda og eignaliða verði takmarkað. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og takmarka fjárhæðir til jöfnunar vátryggingaskuld í samræmi við það.

Vátryggingaskuld í hlut endurtryggjenda skal byggjast á kröfum á endurtryggjendur aðildarríkis sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við lög þessi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fenginni umsókn vátryggingafélags að veita undanþágu frá þessu skilyrði og setja reglur sem tilgreina í hvaða tilvikum sú undanþága er veitt.

Sé eftir því leitað skal líftryggingafélag veita upplýsingar um grunn og aðferðir við útreikning líftryggingaskuldar, m.a. ágóðajöfnunarskuldar.

Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um þær tegundir eigna sem telja má til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði frumtryggingafélags, samsetningu þeirra og vægi.

37. gr.

Frumtryggingafélag skal velja eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði með tilliti til gengisáhættu þannig að dregið sé úr vægi hennar svo sem kostur er. Því er heimilt að ávaxta eignir á móti allt að 20% vátryggingaskuldbindinga, sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í öðrum gjaldmiðli.

Endurtryggingafélag skal sjá til þess að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir, sérstaklega tilgreindar til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði, sem valdar eru með hliðsjón af eftirfarandi reglum:

1. Eignirnar skulu valdar með hliðsjón af rekstri endurtryggingafélagsins, einkum er varðar eðli, fjárhæð og tímalengd áætlaðra tjónagreiðslna, og skulu tryggja nægilegt magn, gjaldfærni, öryggi, gæði, arðsemi og jöfnun fjárfestinga félagsins.
2. Endurtryggingafélagið skal tryggja að eignir séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar sem gerir því kleift að bregðast með viðunandi hætti við breytingum á efnahagslegum aðstæðum, einkum þróun á fjármála- og fasteignamörkuðum, og meiri háttar hamförum. Félagið skal meta áhrif óeðlilegra aðstæðna á markaði á eignir þess og dreifa eignum með það að markmiði að draga úr slíkum áhrifum.
3. Fjárfesting í eignum sem ekki eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði verður ávallt að vera innan varfærnismarka.
4. Fjárfesting í afleiðusamningum skal vera möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaráhættu eða stuðlað að hagkvæmri stýringu vátryggingastofns. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eignunum sem liggja til grundvallar, og fella inn í matið á eignum félagsins. Félagið skal einnig forðast að taka mikla áhættu gagnvart einum mótaðila og annarri afleiddri starfsemi.
5. Eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að ekki verði treyst óþarflega mikið á einhverja eina eign, útgefanda eða samstæðu félaga og áhætta safnist ekki fyrir í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum sem gefnar eru út af sama útgefanda, eða útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að áhætta safnist fyrir í of miklum mæli hjá félaginu.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um skilyrði þess að kröfur á félög með sérstakan tilgang geti talist sem eignir til jöfnunar vátryggingaskuld.

Vátryggingafélagi skal frjálst að ávaxta eignir sem ekki er þörf til jöfnunar vátryggingaskuld að teknu tilliti til varfærnissjónarmiða og að uppfylltum skilyrðum um fullnægjandi gjaldþol félagsins.

Stundi vátryggingafélag bæði frumtrygginga- og endurtryggingastarfsemi og uppfylli það eitt af skilyrðum 3. mgr. 34. gr. skulu ákvæði 2. mgr. gilda varðandi eignir til jöfnunar vátryggingaskuld í endutryggingastarfsemi. Halda skal þeim eignum aðskildum frá eignum til jöfnunar vátryggingaskuld í frumtryggingum og er óheimilt að færa eignir á milli.

38. gr.

Stjórn vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, skal sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út vátryggingaskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um að aðili með sérfræðikunnáttu á því sviði verði ráðinn að vátryggingafélagi telji það slíka þekkingu ekki í nægilegum mæli fyrir hendi hjá félaginu.

39. gr.

Líftryggingafélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, eða sérfræðings með sambærilega þekkingu, sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingafélag sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags skal reikna út vátryggingaskuld (líftryggingaskuld) félagsins. Hann skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga. Sama gildir um sjúkra- og heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að líftryggingafélag, sem hann starfar fyrir, fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing líftryggingafélags um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með iðgjaldagrundvelli, líftryggingaskuld og fjárhagsstöðu líftryggingafélags.

40. gr.

Vátryggingafélag skal á hverjum tíma hafa yfirsýn yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði. Við gerð fjárfestingarstefnu og mótun innra eftirlits og áhættustýringar skal fylgja ákvæðum 36. og 37. gr. Upplýsingar um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld skulu ársfjórðungslega sendar Fjármálaeftirlitinu og á öðrum tíma ef Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að upplýsingar vátryggingafélags um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld séu að jafnaði sendar því árlega ef gjaldþol félagsins er verulega umfram lágmarksgjaldþol og starfsemi félagsins er takmörkuð við sérhæfða vátryggingastarfsemi.

VI. KAFLI
Virkur eignarhlutur. Hlutabréf. Lánveitingar.

41. gr.

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans.

Í skriflegri tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.

5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi vátryggingafélag.
8. Reynslu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn sakamáls.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.

42. gr.

Staðfesting Fjármálaeftirlitsins.

Eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku tilkynningar skv. 41. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 2. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu dögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu daga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, bætist bið eftir upplýsingunum við þann dagafjölda, þó ekki umfram tuttugu virka daga.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 2. mgr. 41. gr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 2. mgr. 41. gr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis.

43. gr.

Viðmið.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags. Við mat á hæfi viðkomandi skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem kemur til með að veita vátryggingafélaginu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu bolmagni þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, einkum með tilliti til þess reksturs sem vátryggingafélagið hefur með höndum.
4. Hvort eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.

5. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í.
6. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindra eðlilegt eftirlit.
7. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi vátryggingafélags.
8. Hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
9. Refsingum sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn sakamáls.

44. gr.

Mat og tilkynning Fjármálaeftirlitsins.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, að eignarhaldið sé falið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða að hann tilnefni einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í stjórn. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Setji Fjármálaeftirlitið skilyrði fyrir því að sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut megi fara með eignarhlutinn og þau koma fram í tilkynningu til hans, skal hann staðfesta að hann muni uppfylla skilyrði þess.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 41.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er vátryggingafélag eða fjármálafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessa eignarhlutar,

skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 18. gr., áður en niðurstaða þess er kunngerð.

45. gr.

Tilkynning aðila ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 41. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 42.–44. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

46. gr.

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

47. gr.

Hömlur á meðferð hlutar á meðan tímafrestur stendur.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart vátryggingafélaginu sem um ræðir fyrr en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins, sbr. 44. gr., liggur fyrir. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins.

48. gr.

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að vátryggingafélagið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjáraukningar.

49. gr.

Tilkynning vátryggingafélags um aðilaskipti.

Þegar hlutafjáreign í vátryggingafélagi fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 41. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

50. gr.

Upplýsingaskylda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessari grein. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal vátryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

51. gr.

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því að mati Fjármálaeftirlitsins hver sé, eða verði, raunverulegur eigandi virks eignarhluta, skal það tilkynna viðkomandi aðila og vátryggingafélaginu að það telji viðkomandi aðila ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

52. gr.

Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Sé aðila sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins getur það gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir félagsstjórn hlutaðeigandi vátryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 43. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila sé til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi vátryggingafélagi verði hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

53. gr.

Hlutabréf. Lánveitingar.

Vátryggingafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% eigin hlutafjár. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem vátryggingafélag á sjálft.

Vátryggingafélagi er óheimilt að veita lán sem tryggð eru með veði í hlutabréfum eða skuldabréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun hlutafjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina og gildir ákvæði 16. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í vátryggingafélagi skulu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins.

VII. KAFLI
Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.

54. gr.
Stjórn.

Í vátryggingafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, skal stjórn kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Kjósa skal jafnmarga varamenn. Stjórnin hefur almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila. Stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því. Fjármálaeftirlitið getur sett almennar reglur um fyrirkomulag innra eftirlits í vátryggingafélögum.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa á síðustu tíu árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem vátryggingafélagið stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi í fyrri störfum sínum sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Stjórnarmenn í vátryggingafélagi eða öðrum eftirlitsskyldum aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða félags í nánum tengslum við það né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga. Starfsmönnum vátryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi vátryggingafélags.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars vátryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu vátryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í vátryggingafélaginu. Sama gildir um lögmann móðurfélags. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur vátryggingafélagsins.

Stjórnarformanni í vátryggingafélagi er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Stjórnin boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar sem halda skal í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Fjármálaeftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Fái stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þóknun eða aðrar tekjur af vátryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi skal Fjármálaeftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og vátryggingafélag öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

Stjórn vátryggingafélags skal setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

55. gr.

Kaupaukakerfi. Starfslokasamningur.

Að teknu tilliti til heildarafkomu vátryggingafélags yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar er vátryggingafélagi heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári, eftir því sem reikningsskilareglur heimila, og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

Vátryggingafélagi er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og vátryggingafélags hins

vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Sérstaklega skal gera grein fyrir starfslokasamningum í skýringum með ársreikningi. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga.

56. gr.

Ársreikningar.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár vátryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu vátryggingafélags og skal saminn í samræmi við settar alþjóðlegar reikningsskilareglur, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvað felst í fyrirvaranum.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á afgreiðslustað vátryggingafélags eftir samþykkt hans á aðalfundi.

Ef ársreikningur vátryggingafélags er ekki í samræmi við lög getur Fjármálaeftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi og skal félaginu þá settur hæfilegur frestur. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega meginniðurstöður ársreiknings.

Heimilt er að kveða nánar á um form og innihald ársreiknings og um samstæðureikningsskil í reglugerð.

57. gr.

Endurskoðun og reikningsskil.

Ársreikningur vátryggingafélags skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag í samræmi við samþykktir félags. Sé vátryggingafélagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 13. gr. getur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skv. 2. málsl. skal ekki gegna öðrum störfum fyrir vátryggingafélagið.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður vátryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því

að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur vátryggingafélag vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.

58. gr.

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við vitneskju um:

a. líkleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
b. málefni sem kunna að hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
c. athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

59. gr.

Vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal innan 10 daga frá undirritun og innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning félagsins. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um þau gögn sem fylgja eiga ársreikningi um starfsemina og nauðsynleg eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti í samræmi við lög þessi.

60. gr.

Reki vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, útibú eða veiti þjónustu erlendis skal það innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar um iðgjaldamagn, tjónakostnað og umboðslaun án frádráttar á hlut endurtryggjenda með skiptingu á einstök ríki og starfsemi þar sem útibú er rekið og þar sem þjónusta er veitt. Einnig skal skipting gerð eftir greinaflokkum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Upplýsingar þessar um starfsemi í aðildarríkjum skulu árlega sendar hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum gistiríkja.

Fjármálaeftirlitið skal afla hliðstæðra upplýsinga um starfsemi erlendra vátryggingafélaga aðildarríkja hérlendis frá eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja.

61. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol og þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingaskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

62. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim er reka starfsemi sem háð er ákvæðum laga þessara og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

63. gr.

Fjármálaeftirlitið skal árlega kanna gjaldþol og lágmarksgjaldþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreikninga fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina. Einnig skal kanna aðlagað gjaldþol og lágmarksgjaldþol vátryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélags, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og til dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga til að afla nauðsynlegra gagna hafi vátryggingafélagið sjálft ekki staðið Fjármálaeftirlitinu skil á þeim. Viðkomandi fyrirtæki skal þegar verða við beiðni um slík gögn. Einu gildir hvort eignaraðild er bein eða óbein. Gögnin má sannreyna með athugun á staðnum, hjá vátryggingafélaginu sjálfu eða öðrum félögum í sömu félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli niðurstöðu könnunar sinnar lækkað gjaldþolsliði frá mati vátryggingafélags, einkum þegar markaðsverð þeirra hefur lækkað eða er óvissu undirorpið. Einnig má draga úr áhrifum endurtrygginga við útreikning lágmarksgjaldþols skv. 32. og 33. gr. hafi orðið veruleg breyting á endurtryggingarvernd frá því tímabili sem útreikningur lágmarksgjaldþols miðast við, eða ef óveruleg vátryggingaráhætta er flutt til endurtryggjenda. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 31.–34. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt. Að teknu tilliti til 32.–34. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gera kröfu um hærra lágmarksgjaldþol í sérstökum tilvikum þegar það telur að hagsmunum vátryggingartaka sé stefnt í hættu vegna versnandi fjárhagsstöðu félagsins eða eigenda að virkum eignarhlut í því. Hafi Fjármálaeftirlitið athugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XII. kafla við.

Fjármálaeftirlitið leggur árlega mat á vátryggingaskuld vátryggingafélaga, þar á meðal hvort tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi og að skilyrðum um það sem lagt er fram til jöfnunar vátryggingaskuldinni sé fullnægt, sbr. 36. og 37. gr. Vátryggingafélög skulu í gögnum sem fylgja ársreikningi til Fjármálaeftirlitsins gera grein fyrir því hvernig vátryggingaskuldin er ákveðin og hvaða eignir eru tilgreindar til að mæta henni. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um mat á vátryggingaskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi, auk ársreiknings.

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum vátryggingafélags við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum vátryggingafélags við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Sérstaklega skal fylgjast með lánum, ábyrgðum og liðum utan efnahagsreiknings, efnahags-

liðum sem myndað geta hluta af gjaldþoli, fjárfestingum, endurtryggingaviðskiptum og samningum um kostnaðarskiptingu.

Vátryggingafélög skulu hafa til staðar viðeigandi áhættustýringarferla, innra eftirlitskerfi sem felur í sér áreiðanlega upplýsingagjöf og bókhaldsferla til að greina, mæla og stýra viðskiptum í samræmi við 3. mgr. Árlega skulu vátryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti og þá ferla og kerfi sem í notkun eru eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Hafi vátryggingafélag heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt og semja ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli skal það senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fjárhagsleg atriði, sbr. 59. gr., umreiknaðar í íslenskar krónur.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við vátryggingafélag, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með vátryggingafélaginu.

64. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Fjármálaeftirlitið getur og sett almennar reglur um tilhögun innra eftirlits í fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir eftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar.

65. gr.

Fjármálaeftirlitið skal, eftir því sem kostur er, fylgjast með vátryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög sem hér gilda og góða viðskiptahætti. Telji Fjármálaeftirlitið að svo sé ekki skal það gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin. Skylt er að senda Fjármálaeftirlitinu skilmála lögboðinna vátrygginga, svo og breytingar á þeim áður en þeir eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld, sem í boði eru hér á landi, séu í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Fullnægjandi gögn um reiknigrundvöll líftrygginga og heilsutrygginga, svo og breytingar á þeim, skulu send Fjármálaeftirlitinu áður en þessir greinaflokkar eru boðnir á vátryggingamarkaði.

Félög sem fá starfsleyfi skv. 73. gr. skulu senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. og 2. mgr., auk skilmála og iðgjaldagrundvallar annarra vátryggingagreina.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með rekstrarfyrirkomulagi, bókhaldi, innra eftirliti og áhættustýringu vátryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynlegar í þessu efni hjá vátryggingafélögum. Það skal einnig að þessu leyti fylgjast með starfsemi vátryggingafélaga aðildarríkja sem á grundvelli starfsleyfis heimaríkis fá heimild til að bjóða vátryggingar hér á landi og koma á framfæri athugasemdum við hlutaðeigandi félag eða eftirlits-

stjórnvöld heimaríkis ef með þarf til úrbóta vegna þess sem Fjármálaeftirlitið telur að úrskeiðis hafi farið.

IX. KAFLI
Starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi.

66. gr.
Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda geta stofnsett útibú hér á landi enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum vátrygginga og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag eftir að stofna útibú hér á landi, sbr. 8. gr., skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Áætlunar um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins hér á landi og staðfestingar þess að félagið hafi starfsleyfi í þeim greinaflokkum vátrygginga og vátryggingagreinum sem fyrirhugað er að reka hér á landi.
2. Heimilisfangs útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur og gagna er aflað um starfsemina og öll gögn eru send til.
3. Nafns skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og kemur fram fyrir þess hönd gagnvart dómstólum hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.
5. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt og athugasemda vegna fyrirhugaðrar starfsemi ef einhverjar eru.
6. Vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem útibúið hyggst reka hér á landi og, þegar við á, tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Áður en útibú frumtryggingafélags hefur starfsemi hér á landi skal Fjármálaeftirlitið upplýsa eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um almenn skilyrði, ef einhver eru, sem um vátryggingastarfsemi útibúsins eiga að gilda hér á landi og um ákvæði er varða almannaheill.

Fjármálaeftirlitið skal innan tveggja mánaða frá því að framangreind gögn hafa borist tilkynna að félaginu sé heimilt að setja á stofn útibúið og má það að því búnu hefja starfsemi.

Allar breytingar varðandi 1.–4. tölul. og 6. tölul. 2. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

67. gr.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda geta veitt þjónustu hér á landi án starfsstöðvar enda sé þeim heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum vátrygginga og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag eftir að veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt.

2. Skrár yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrár yfir þær tegundir áhættu sem félagið hyggst vátryggja hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.
5. Sýnishorna vátryggingaskilmála lögboðinna vátrygginga sem félagið hyggst reka hér á landi og, þegar við á, tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Félagið má veita þjónustu hér á landi þegar Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að öll gögn skv. 2. mgr. hafi borist eftirlitinu.

Allar breytingar varðandi 2.–5. tölul. 2. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Félag, sem veitir þjónustu án starfsstöðvar skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr., skal sjá til þess að þeir sem kröfu eiga á bótum vegna tjóns hér á landi séu ekki lakar settir en aðrir vegna þess að starfsstöð er ekki fyrir hendi. Fulltrúi skv. 4. tölul. 2. mgr. skal afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatryggingar séu fyrir hendi og um gildistíma.

68. gr.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eða fulltrúum sem þau tilnefna er heimilt, eftir að hafa tilkynnt það Fjármálaeftirlitinu, að gera vettvangskannanir hjá vátryggingafélögum, sem þau hafa veitt starfsleyfi og hér reka starfsemi, sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með starfsemi útibúa aðildarríkja hér á landi. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að taka þátt í þessum könnunum. Kostnaður vegna þessa greiðist af eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis.

69. gr.

Fjármálaeftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja upplýsingar um starfsemi útibúa hér á landi til að þau geti lagt heildarmat á gjaldþol vátryggingafélaga sem hér starfa og eru undir eftirliti þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra uppfylli félagið ekki tilskilin skilyrði um gjaldþol eða vátryggingaskuldina. Það skal, þegar þörf krefur, gera ráðstafanir til að banna félaginu frjálsa ráðstöfun eigna sem er að finna hér á landi eða takmarka hana í samræmi við ákvæði gildandi laga þar að lútandi að höfðu samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef kostur er.

Fjármálaeftirlitið getur bannað erlendu vátryggingafélagi sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu að starfa áfram ef það með grófum hætti og ítrekað brýtur ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða ákvæði annarra laga sem eiga við um fjármálastarfsemi og ekki hefur verið unnt með kröfum eða aðgerðum samkvæmt þessum lögum að fá úr því bætt sem úrskeiðis hefur farið.

70. gr.

Óski vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, eftir því að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem hefur starfsstöð á Evrópska efna-

hagssvæðinu geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins fyrrnefnda heimilað flutning stofnsins að fenginni staðfestingu eftirlitsstjórnvalda heimaríkis hins síðarnefnda um að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins og að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið. Þegar vátryggingaráhættan er hér á landi þarf ávallt samþykki Fjármálaeftirlitsins til að flutningurinn geti átt sér stað. Ákvæði 2. mgr. 82. gr. gilda um opinberar tilkynningar vegna vátryggingastofns sem fluttur er þegar vátryggingaráhættan er hér.

Um réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum frumtryggingafélaga fer skv. 4. mgr. 82. gr.

Fjármálaeftirlitið skal láta í té álit sitt innan þriggja mánaða frá því að beiðni um flutninginn barst, ella skal litið svo á að afstaða þess til flutningsins sé jákvæð.

71. gr.

Afturkalli eftirlitsstjórnvöld heimaríkis starfsleyfi félags sem hefur útibú eða veitir þjónustu hér á landi skal Fjármálaeftirlitið að fenginni tilkynningu þar um gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til frekari vátryggingarsamninga hér á landi. Skal haft samstarf við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld í því skyni að tryggja hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra svo sem kostur er og eiga ákvæði 69. gr. við um takmörkun eða bann við frjálsri ráðstöfun eigna þegar nauðsyn krefur.

72. gr.

Vátryggingafélag, sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu, skal tilkynna til vátryggingafélagaskrár allar breytingar á þeim atriðum sem kveðið er á um í 30. gr. og við geta átt. Sé gerð ný rekstraráætlun skv. 25. gr. skal hún einnig send.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um að öll gögn, sem ber að senda eftirlitinu vegna starfseminnar hér á landi, séu á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

73. gr.

Erlend vátryggingafélög hér á landi með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar utan aðildarríkis sem leyfi hafa til að reka vátryggingastarfsemi í heimalandi sínu geta fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að reka starfsemi í útibúi hér á landi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingafélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Áður en vátryggingafélög með aðalstöðvar utan aðildarríkis fá starfsleyfi hér á landi skulu aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa samráð um leyfisveitinguna.

Félagið skal skráð hér á landi og það skal tilnefna einn aðalumboðsmann sem Fjármálaeftirlitið samþykkir er komi fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hafi heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi að því er varðar starfsemi þess hér og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum sem stofnast hafa vegna starfseminnar.

Bókhaldsgögn og önnur gögn viðvíkjandi starfsemi útibúsins skulu varðveitt í útibúinu sjálfu.

Ákveða má með samningum við eitt eða fleiri þriðju ríki að beita öðrum ákvæðum um eftirlit með starfsemi útibúsins en segir í lögum þessum að því tilskildu að hinum vátryggðu sé tryggð nægileg og sambærileg vernd. Ekki má í slíkum samningum veita útibúum félaga með aðalstöðvar utan aðildarríkja rýmri skilyrði en útibúum vátryggingafélaga með aðalstöðvar þar. Samráð skal haft við önnur aðildarríki um samninga af þessu tagi og þau upplýst um þá áður en þeir eru gerðir.

74. gr.

Umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingafélagaskrá skal send Fjármálaeftirlitinu og gögn skv. 19.–25. gr. skulu fylgja umsókn eftir því sem við getur átt og nauðsynleg eru til þess að það geti metið umsóknina. Sýnishorn vátryggingaskilmála og iðgjaldagrundvallar í þeim greinum sem félagið hyggst reka hér á landi skulu einnig fylgja umsókn.

Félagið skal uppfylla skilyrði V. kafla um fjárhagsgrundvöll er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á, þó þannig að gjaldþol þess nemi aldrei minna en helmingi viðeigandi fjárhæðar skv. 34. gr. Skal félagið hafa hér á landi fjármuni er nema helmingi fjárhæðarinnar skv. 34. gr. eða þriðjungi lágmarksgjaldþols, hvort sem hærra er, en fjármunir þar umfram upp að lágmarksgjaldþoli skulu varðveittir í aðildarríki. Sameiginlegt eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins í aðildarríkjum getur komið í stað þeirrar aðferðar sem lýst er í þessari málsgrein og skal fyrirkomulag eftirlits vera í samræmi við samstarfssamning aðildarríkja. Gilda þá ákvæði 68. gr. um eftirlit með gjaldþoli útibúanna eftir því sem við á.

Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks sem krafist er í 34. gr. skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir, eða aðrir rétthafar samkvæmt vátryggingarsamningi, geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Fjármálaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra, eða rétthafa, til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta hér á landi fjármuni er samsvara vátryggingaskuld þess vegna starfseminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi.

Fjármálaeftirlitið skal upplýsa viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í aðildarríkjum og Eftirlitsstofnun EFTA um það, áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar, þegar dótturfélag móðurfélags með aðalstöðvar í þriðja ríki sækir um starfsleyfi hér á landi og ef aðilar öðlast, beint eða óbeint, hlut í vátryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi þannig að hið síðarnefnda verði dótturfélag hins fyrrnefnda.

75. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Fjármálaeftirlitinu ársreikning hins erlenda félags, svo og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi, eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda. Ársreikningur vegna starfseminnar hér á landi skal berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur skulu fylgja, þar á meðal gögn skv. 36. og 37. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti vátryggingaskuldinni. Ákvæði VII. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

76. gr.

Brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu skal Fjármálaeftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Fjármálaeftirlitið að hagsmunir vátryggingartaka og vátryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Fjármálaeftirlitið heimilar.

Ákvæði XI. og XII. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

77. gr.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingastofninn til eins eða fleiri vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingarsamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að líftryggingastofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 92. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

78. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingafélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 77. gr., enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að starfsstöð þess verði máð úr vátryggingafélagaskrá skal það því aðeins gert að Fjármálaeftirlitið álíti að starfsstöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé enginn aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 76. gr.

Leysa má geymslufé sem lagt er til hliðar skv. 74. gr. þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi, eða að fullnægjandi trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Fjármálaeftirlitsins verið lögð fram.

X. KAFLI

Erlend starfsemi vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi.

79. gr.

Frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Heiti og heimilisfang útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur.
2. Nafn skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram á þess vegum gagnvart dómstólum í aðildarríkinu.
3. Áætlun um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins.
4. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka.
5. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og, ef við á, að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr.

Hafi Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir fram að færa varðandi fyrirhugaða starfsemi, fjárhagsstöðu eða hæfi og faglega kunnáttu stjórnenda eða hins skipaða fulltrúa útibúsins skal Fjármálaeftirlitið, innan þriggja mánaða frá því að öll framangreind gögn hafa borist, senda eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis gögnin ásamt vottorði um að félagið uppfylli skilyrði um gjaldþol skv. 31.–34. gr. eftir því sem við á. Jafnframt skal félaginu send tilkynning um að umrædd gögn hafi verið send.

Fjármálaeftirlitið getur látið hjá líða að senda gögn skv. 1. og 2. mgr. hafi það ástæðu til að draga í efa að rekstrarleg uppbygging eða fjárhagsstaða sé viðhlítandi sem undirstaða fyrirhugaðrar starfsemi. Tilkynning um að framangreind gögn verði ekki send eftirlitsstjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis skal send félaginu innan þriggja mánaða og ástæður þess tilgreindar skriflega.

Félagið má stofnsetja útibúið og hefja starfsemi þegar orðsending hefur borist frá eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis eða ef engin slík orðsending hefur borist tveimur mánuðum eftir að öll gögn skv. 1. og 2. mgr. hafa borist til þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði 1. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsstjórnvöldum í því ríki sem útibúið hefur starfsemi skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

80. gr.

Óski frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu. Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eftirtalin gögn og skal félaginu jafnframt tilkynnt að upplýsingarnar hafi verið sendar:

1. Vottorð um að gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild sé fullnægjandi.
2. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrá yfir greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og, ef við á, að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að veita þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. og nafn og heimilisfang sérstaks fulltrúa sem annast tjónsuppgjör í þeirri grein.

Félagið má veita þjónustu frá þeim tíma er það hefur fengið tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. hafi verið sendar og móttaka þeirra verið staðfest.

Sendi Fjármálaeftirlitið ekki framangreindar upplýsingar á tilskildum tíma skal það greina félaginu frá ástæðum þess innan sömu tímamarka.

Allar breytingar skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

81. gr.

Hafi frumtryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi, í hyggju að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir og telur nauðsynlegar.

Ákvæði 79. og 80. gr. gilda einnig um frumtryggingafélög með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi til að reka útibú en hafa í hyggju að hefja starfsemi í aðildarríki. Fjármálaeftirlitið getur þó tekið sér lengri fresti til afgreiðslu mála en þar eru tilgreindir. Skal það hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja áður en tekin er afstaða til umsóknarinnar.

XI. KAFLI
Yfirfærsla vátryggingastofna. Samruni félaga.

82. gr.

Yfirfærsla.

Óski frumtryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem einnig hefur fengið starfsleyfi hér á landi skulu bæði félögin senda Fjármálaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Fjármálaeftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingartaka, vátryggða hjá félögunum og aðra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Telji Fjármálaeftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félögunum. Að öðrum kosti, og sé um að ræða vátryggingaráhættu hér á landi, sbr. 10. gr., skal Fjármálaeftirlitið birta opinberlega tilkynningu vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta innan tiltekins frests sem eigi skal vera skemmri en einn mánuður.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn. Vátryggingartakar geta sagt upp vátryggingarsamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

83. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað vátryggingafélagi sem hér hefur fengið starfsleyfi og óskar eftir að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars félags með starfsstöð í öðru aðildarríki staðfesti eftirlitsstjórnvöld heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að teknu tilliti til hins yfirfærða stofns. Skilyrði er ávallt að eftirlitsstjórnvöld í því aðildarríki þar sem vátryggingaráhættan er, sbr. 10. gr., veiti samþykki sitt fyrir yfirfærslunni. Ákvæði 82. gr. gilda um yfirfærsluna.

Fjármálaeftirlitið getur einnig heimilað útibúi vátryggingafélags með aðalstöðvar utan

aðildarríkis, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að flytja vátryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars vátryggingafélags og gilda þá einnig ákvæði 82. gr. um yfirfærsluna.

Um yfirfærslu vegna stofna vátryggingafélaga með aðalstöðvar í öðru aðildarríki, sem hér reka útibú eða veita þjónustu, fer samkvæmt ákvæðum 70. gr.

84. gr.

Samruni.

Óski vátryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Fjármálaeftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingastofna sé veitt, sbr. 82. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 13. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til vátryggingafélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

85. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem hættir starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta vátryggingastarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Fjármálaeftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr vátryggingafélagaskrá.

XII. KAFLI
Sérstakar ráðstafanir.

86. gr.
Ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols.

Uppfylli vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, ekki lágmarkskröfur um gjaldþol við ársuppgjör eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi. Slík áætlun skal ekki taka til skemmri tíma en næstu þriggja reikningsára og innihalda m.a.:

1. Áætlaðan rekstrarkostnað, m.a. við núverandi yfirstjórn, og umboðslaun.
2. Sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld í frumtryggingum, endurtryggingum sem félagið kann að taka að sér og vegna endurtryggingarverndar þess.
3. Áætlaðan efnahagsreikning.
4. Greinargerð um fjármagn sem ætlað er að mæta vátryggingaskuldbindingum og lágmarksgjaldþoli.
5. Ráðgerða endurtryggingarvernd.

Meðan slík áætlun er í gildi skal hvorki gefa út gjaldþolsvottorð vegna ráðagerða um starfsemi erlendis, sbr. 1. mgr. 79. gr. og 1. mgr. 80. gr., né heimila félaginu að veita viðtöku vátryggingastofni, sbr. 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 82. gr.

Sé gjaldþol vátryggingafélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 34. gr., hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingaskuld félags vanmetin við ársuppgjör eða á öðrum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar skal með sama hætti grípa til viðeigandi ráðstafana.

Sé vátryggingaskuld vanmetin skal vanmatið koma til lækkunar gjaldþoli.

Sé aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða móðurfélags þess minna en lágmarksgjaldþol skv. 32.–34. gr. að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög skal vátryggingafélagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort hún telst fullnægjandi. Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt tilvísuðum greinum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

Telji Fjármálaeftirlitið fjárhag vátryggingafélags vera með þeim hætti að réttindum vátryggingartaka, vátryggðra eða annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta sé stefnt í hættu getur það krafist áætlunar eins og gjaldþol væri ófullnægjandi, sbr. 1. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl, sbr. 1.–5. mgr. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað útgáfu nýrra vátryggingaskírteina. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eftir því sem við á.

Starfi félagið eftir áætlun skv. 25. gr. eða skv. 1. mgr. þessarar greinar og hafi fjárhagsstaða félagsins versnað miðað við þá áætlun skal Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný rekstraráætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

87. gr.

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóls og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu vátryggingafélags og hafa áhrif á réttindi aðila annarra en vátryggingafélagsins sjálfs. Til slíkra ráðstafana teljast greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni vátryggingafélags um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef vátryggingafélagi er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar í því aðildarríki tekur til útibúa vátryggingafélagsins hér á landi.

Tilkynna skal lánardrottnum úrskurð um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings í samræmi við ákvæði 13. og 44. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í tilkynningu skv. 5. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem eiga kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi á vátryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki er heimilt að lýsa kröfu skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Um heimild útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum.

88. gr.

Íslensk lög skulu gilda um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar heimildin er veitt. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar heimildin var veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eftir að heimild hefur verið fengin til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif heimildar vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði þau sem aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmaður með nauðasamningi geta beitt samkvæmt íslenskum lögum hafa þeir jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

89. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Sinni vátryggingafélag ekki ítrekuðum tilmælum Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingaskuld sína eða tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, eða ef það brýtur lög og reglugerðir um starfsemi vátryggingafélaga eða samþykktir sem það starfar eftir skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi félagsins. Fjármálaeftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir sem félagið hefur þegar gert muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

Einnig má afturkalla starfsleyfi nýti félag leyfið ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess eða hafi starfsemin legið niðri í sex mánuði eða meira.

90. gr.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla starfsleyfi vátryggingafélags hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um starfsemi vátryggingafélaga þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

Afturköllun starfsleyfis skal ávallt studd ítarlegum rökum og tilkynnt hlutaðeigandi félagi skriflega.

Afturkalli Fjármálaeftirlitið starfsleyfi skal það tilkynna það eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er gera skulu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni

til nýrra vátryggingaskuldbindinga innan lögsögu þeirra, í útibúi eða með því að veita þar þjónustu.

Með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum og í samráði við önnur hluta-aðeigandi eftirlitsstjórnvöld skal Fjármálaeftirlitið takmarka, eftir því sem nauðsyn krefur, frjálsa ráðstöfun eigna félagsins þegar vátryggingaskuldin er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagsstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafana.

91. gr.

Félagsslit.

Verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skal Fjármálaeftirlitið skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum stjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum hvernig komið er.

Fjármálaeftirlitið skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingastofn sinn til eins eða fleiri vátryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Fjármálaeftirlitið getur, þegar um líftryggingafélag er að ræða, ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 92. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skulu greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingafélags sem krafa utan skuldaraðar. Sama á við um kostnað vegna meðferðar kröfu Fjármálaeftirlitsins um gjaldþrotaskipti. Fjármálaeftirlitið og skilastjórn eru undanþegin ákvæðum 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um að leggja fram tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaði.

92. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í félagi sem stundar líftryggingastarfsemi og ákveðið er að líftryggingastofn þess skuli sæta sérstakri meðferð skal Fjármálaeftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, láta endurreikna hana og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingakrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingakröfur sem falla til útborgunar síðar má greiða út að því marki er Fjármálaeftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignastöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið leita til annarra líftryggingafélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna opinberlega um helstu atriði tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Fjármálaeftirlitið framselt stofninn félagi því er Fjármálaeftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta

eiga líftryggingaskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga rétt á að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða komi ekki fram þau tilboð er Fjármálaeftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

93. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á líftryggingafélagi gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Ákvæði 92. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk opinberrar tilkynningar skv. 2. mgr. 92. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna vátryggingartökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari grein og 92. gr.

Við gjaldþrotaskipti líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur þrotabúi félagsins skv. 11. mgr. 94. gr.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú slíks félags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild líftryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Þegar bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal Fjármálaeftirlitið, að fengnum upplýsingum skilastjórnar skv. 91. gr., tilkynna opinberlega ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og veita opinberlega upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á félagið vegna líftryggingarsamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á líftryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin

vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en félagið skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús líftryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús líftryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

94. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur einnig til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Fjármálaeftirlitið skal jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta meta hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra vátryggingafélaga.

Berist tilboð er Fjármálaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingartaka og vátryggða skal það leggja fram tillögu um flutning stofnsins og birta opinberlega helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna vátryggingartökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Sú tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Að teknu tilliti til athugasemda skal Fjármálaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

Þegar bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal Fjármálaeftirlitið, að fengnum upplýsingum skilastjórnar skv. 91. gr., tilkynna opinberlega ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingarsamninga og hafa lögheimili, eiga fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á vátryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en vátryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Vátryggingakröfur á hendur þrotabúi vátryggingafélagsins skulu ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús vátryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

95. gr.

Íslensk lög skulu gilda um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem voru í öðru aðildarríki þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Gjaldþrot vátryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eftir úrskurð um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif úrskurðar um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði sem skilastjórn getur beitt samkvæmt íslenskum lögum hefur hún jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal skilastjórn þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

96. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum vátryggingafélags sem hér hefur fengið starfsleyfi skal félagið leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Fjármálaeftirlitið skal meta og taka ákvörðun um hvort hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra teljist best borgið með flutningi vátryggingastofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 92. gr.

Um frjáls slit vátryggingafélags gilda ákvæði 93.–95. gr. eftir því sem við á.

XIII. KAFLI
Viðurlög.

97. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. málsl. 2. mgr.1. gr. varðandi leyfisskylda starfsemi,
2. 5. gr. um hvar megi frumtryggja og endurtryggja vátryggingaráhættu sem hér er,
3. 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum,
4. 2. mgr. 6. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið,
5. 7. gr. um heimild til að bera heiti sem gefur vátryggingastarfsemi til kynna,
6. 11.–13. gr. um starfsheimildir,
7. 1. mgr. 28. gr. um leyfisumsókn til Fjármálaeftirlitsins ef vátryggingafélag með starfsleyfi hér á landi hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum,
8. 3. mgr. 28. gr. um að senda skuli breytingar á samþykktum vátryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins innan viku frá samþykkt þeirra,
9. 4. mgr. 30. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli tilkynna eins fljótt og auðið er til skrárinnar og eigi síðar en innan eins mánaðar,
10. 2. mgr. 36. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld,
11. 38. gr. um skyldu stjórnar til þess að tryggja að fyrir hendi sé sérþekking á mati og útreikningi vátryggingaskuldar,
12. 1. málsl. 4. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
13. 41. gr. um að tilkynna um virkan eignarhlut,
14. 46. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut,
15. 47. gr. um hömlur á meðferð hlutar,
16. 48. gr. um tilkynningu eiganda,
17. 49. gr. um tilkynningu vátryggingafélags,
18. 50. gr. um að veita upplýsingar,
19. 1. mgr. 53. gr. um hámark eigin hluta,

20. 2. mgr. 53. gr. um lánveitingu með veði í eigin hlutabréfum,
21. 3.–5. mgr. 54. gr. um að stjórnarmaður upplýsi ekki Fjármálaeftirlitið um hæfi sitt til stjórnarsetu,
22. 6. mgr. 54. gr. um að stjórnarmaður afli ekki heimildar Fjármálaeftirlitsins til stjórnarsetu,
23. 7. mgr. 54. gr. um bann við að hafa starfandi stjórnarformann,
24. 9. mgr. 54. gr. um tilkynningarskyldu um þóknun stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra,
25. 10. mgr. 54. gr. um tilkynningarskyldu um myndun félagasamstæðu eða yfirráð yfir öðru félagi og um verulegar breytingar á skipulagi samstæðu,
26. 11. mgr. 54. gr. um setningu verklagsreglna,
27. 12. mgr. 54. gr. um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra vátryggingafélags til að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
28. 58. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins,
29. 59. gr. um að senda skuli Fjármálaeftirliti ársreikning og fylgigögn,
30. 1. mgr. 60. gr. um upplýsingaskyldu vegna starfsemi erlendis,
31. 61. gr. um úthlutun arðs,
32. 4. mgr. 63. gr. um skýrslur um viðskipti við tengda aðila,
33. 1.–3. mgr. 65. gr. um skil á vátryggingaskilmálum og reiknigrundvelli líftrygginga og heilsutrygginga,
34. 1. mgr. 70. gr. um skyldu til samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna flutnings á stofni,
35. 4. mgr. 74. gr. um ávöxtun fjármuna vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
36. 75. gr. um skil á ársreikningi og upplýsingaskyldu vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
37. 2. mgr. 78. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
38. 3. mgr. 78. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
39. 1. og 5. mgr. 79. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
40. 1. og 4. mgr. 80. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,
41. 81. gr. um heimild vátryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi til að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
42. 1. málsl. 1. mgr. 82. gr. um umsókn vegna flutnings á vátryggingastofni,
43. 84.–85. gr. um samruna,
44. 1. mgr. 96. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit,
45. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 98. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 100 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila

og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

98. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

99. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

100. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

101. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. varðandi leyfisskylda starfsemi,
2. 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum,
3. 2. mgr. 6. gr. um að ekki sé farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið,
4. 4. mgr. 30. gr. um að allar breytingar á atriðum sem tilkynna skal til vátryggingafélagaskrár skuli tilkynna eins fljótt og auðið er til skrárinnar og eigi síðar en innan eins mánaðar,
5. 2. mgr. 36. gr. um eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuld,
6. 1. málsl. 4. mgr. 39. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins,
7. 41. gr. um að tilkynna ekki til Fjármálaeftirlitsins,
8. 46. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut,
9. 47. gr. um hömlur á meðferð hlutar,
10. 50. gr. um skyldu til að veita upplýsingar,

11. 1. mgr. 53. gr. um hámark eigin hluta,
12. 2. mgr. 53. gr. um lánveitingu gegn veði í eigin hlutabréfum,
13. 1.–3. mgr. 56. gr. um ársreikninga,
14. 2. mgr. 57. gr. um hæfi endurskoðanda,
15. 58. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðenda til Fjármálaeftirlitsins,
16. 61. gr. um úthlutun arðs,
17. 2. mgr. 78. gr. um lok starfsemi vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
18. 3. mgr. 78. gr. um lausn geymslufjár vátryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins,
19. 1. og 6. mgr. 86. gr. um aðgerðir vegna ónógs gjaldþols.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi vátryggingafélags eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna.

102. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

103. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn sakamáls að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum eða ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði. Gildistaka.

104. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

105. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum eru eða hafa verið innleiddar eftirfarandi tilskipanir Evrópusambandsins: 64/225/EBE, 72/166/EBE, 73/239/EBE, 73/240/EBE, 74/165/EBE, 77/92/EBE, 78/473/EBE, 78/660/EBE, 79/267/EBE, 81/76/EBE, 83/349/EBE, 84/5/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE, 90/232/EBE, 90/619/EBE, 91/674/EBE, 92/48/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 98/78/EB, 2000/12/EB, 2000/26/EB, 2001/17/EB, 2001/24/EB, 2002/13/EB, 2002/87/EB, 2002/92/EB, 2005/14/EB, 2005/68/EB, 2007/44/EB.

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vátryggingafélög sem 10. desember 2007 höfðu hætt að taka að sér nýja vátryggingaráhættu og unnu eingöngu að afgreiðslu eldri endurtryggingarsamninga eru undanskilin ákvæðum 35. gr. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. skulu vátryggingafélög sem falla undir 35. gr. að lágmarki senda Fjármálaeftirlitinu árlega yfirlit um eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um hvaða vátryggingafélög er að ræða. Hefji vátryggingafélag aftur útgáfu nýrra vátryggingarsamninga fellur félagið ekki lengur undir ákvæði þetta.

Ákvæði 5. mgr. 54. gr. um að stjórnarmenn megi ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða aðila tengdra því né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga kemur til framkvæmda á fyrsta aðalfundi vátryggingafélags eftir samþykkt laga þessara.

Hinn 31. desember 2010 fellur 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. brott.

Þau vátryggingafélög sem við gildistöku laga þessara uppfylla ekki ákvæði 1. mgr. 34. gr. um lágmarksfjárhæð lágmarksgjaldþols hafa frest til 31. desember 2010 til þess. Fram að þeim tíma skal lágmarksgjaldþol þó aldrei vera lægra en 255 milljónir króna.

II.

Þrátt fyrir 56. gr. laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem veitt hefur vátryggingafélagi þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laga þessara heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár

fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi heimilt að veita vátryggingafélagi þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.

1126. Nefndarálit [495. mál]

um frv. til l. breyt. á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá umboðsmanni barna, Tilveru – samtökum um ófrjósemi, landlæknisembættinu og Kvenfélagasambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi verði heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjóvgun. Sama gildi um gagnkynhneigð og samkynhneigð pör, þar sem frjósemi beggja maka er skert. Samkvæmt lögum nr. 55/1996 er ekki heimilt að nota gjafaegg við glasafrjóvgun einhleyprar konu, konu í sambúð með annarri konu eða konu þar sem ekki er unnt að nota sæði frá eiginmanni eða sambýlismanni. Frumvarpið tekur einnig til geymslu fósturvísa á þann hátt að 9. gr. laganna taki til geymslu fósturvísa, án tillits til þess hvort notaðar hafa verið kynfrumur parsins/konunnar eða gjafakynfrumur. Með lögum nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra, kom inn sú grundvallarbreyting að konu í staðfestri samvist eða í óvígðri sambúð með annarri konu er heimilt að gangast undir tæknifrjóvgum. Með öðrum breytingarlögum, nr. 54/2008, um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, var gerð sú breyting að einhleypum konum var heimilað með sömu skilyrðum og pörum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi. Ljóst er að sjónarmið sem lúta að rétti einstaklinga til að eignast barn eru ríkjandi við lagasetningu.

Nefndin telur að með frumvarpi þessu sé stigið þarft skref til að koma til móts við þá einstaklinga, hjón og pör sem lifa við skerta frjósemi og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Siv Friðleifsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Margrét Pétursdóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Skúli Helgason.	Valgerður Bjarnadóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarson.

1127. Fyrirspurn [636. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif skattahækkana á eldsneytisverð.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikill hluti af hækkun eldsneytisverðs frá ársbyrjun 2009 á rætur sínar að rekja til aukinna skatta og gjalda á eldsneyti á þessu tímabili?
2. Hvað er áætlað að verð á bensíni og dísilolíu væri nú án þessara breytinga á skattheimtu og gjaldtöku?

1128. Fyrirspurn [637. mál]

iðnaðarráðherra um raforkuöryggi á Vestfjörðum.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hefur ráðgjafarhópur sem ráðherra skipaði 26. október sl. og átti að skila greinargerð fyrir síðustu áramót, m.a. um fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum, skilað greinargerð sinni? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hópsins? Ef ekki, hvenær má vænta greinargerðarinnar?
2. Hvaða aðgerðir telur ráðherra fýsilegastar til þess að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og auka þar með einnig samkeppnishæfni Vestfjarða með tilliti til iðnaðaruppbyggingar?
3. Áformar ráðuneytið að grípa til einhverra aðgerða í þessum efnum, eða stuðla að þeim, í náinni framtíð?

Skriflegt svar óskast.

1129. Fyrirspurn [638. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um ættleiðingar.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að heimilað verði að fólk ættleiði á eigin vegum, undir eftirliti stjórnvalda, börn frá útlöndum, eins og t.d. er heimilt í Frakklandi, á Spáni og Ítalíu í samræmi við Haag-samninginn?

1130. Fyrirspurn [639. mál]

til iðnaðarráðherra um Hagavatnsvirkjun.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hafa verið gefin út virkjunarleyfi vegna Hagavatnsvirkjunar og ef svo er, til hverra?
2. Er unnið að því á vegum ráðuneytisins að gera Hagavatnsvirkjun mögulega?
3. Hvaða skilyrði er að mati ráðherra eftir að uppfylla áður en til virkjunar getur komið?

Skriflegt svar óskast.

1131. Fyrirspurn [640. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um sauðfjárveikivarnarlínur.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra svara gagnrýni sem fram hefur komið á niðurfellingu sauðfjárveikivarnarlína á landinu með auglýsingu nr. 793/2009 í nóvember 2009?
2. Hefur ráðherra í hyggju að fella auglýsinguna úr gildi að hluta eða í heild, og þá sérstaklega með tilliti til Hornafjarðarlínu?

Skriflegt svar óskast.

1132. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rögnvaldsson frá fjármálaráðuneyti og Svein Arason og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun. Þá hefur nefndin fengið umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Landspítalanum, Læknafélagi Íslands, Persónuvernd, Ríkisendurskoðun, Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5222/2008 þar sem reyndi á hvort aðili, sem hafði vegna fyrri starfa áunnið sér lífeyrisrétt-

indi í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en greiddi nú iðgjöld í A-deild sjóðsins, gæti samhliða starfi sínu hafið töku lífeyris úr B-deildinni. Umboðsmaður tók til skoðunar hvort lífeyrissjóðnum hefði verið heimilt að synja umsókn þar að lútandi á grundvelli 8. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Taldi umboðsmaður með vísan til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár að fullnægjandi lagastoð hefði ekki verið fyrir hendi eins og atvikum háttaði til í málinu. Aðilinn hefði ekki átt val um að láta iðgjöld vegna starfs síns renna í B-deildina vegna skilyrða 2. mgr. 5. gr. laganna.

Í III. kafla álitsins kemur fram að umboðsmaður Alþingis hafi við meðferð málsins óskað upplýsinga um sambærileg mál og fengið þau svör að fjöldi slíkra mála fyrirfinnist. Einnig kemur fram í álitinu að samþykktum lífeyrissjóðsins, nánar tiltekið 54. gr., hefði verið breytt 6. maí 2009 til að koma í veg fyrir töku lífeyris við sambærilegar aðstæður. Umboðsmaður taldi ekki þörf á að skera úr um hvort umrædd breyting á samþykktum ætti sér skýra lagastoð, sbr. einkum 2. mgr. 37. gr., en tók fram að henni yrði í það minnsta ekki beitt afturvirkt, þ.e. um umsóknir sem borist hefðu fyrir tímamark breytingarinnar.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra og styrkja stoðina undir framkvæmd sjóðsins eins og hún endurspeglast í 54. gr. samþykktanna. Nefndin leggur þess vegna áherslu á að ákvæðum frumvarpsins verði ekki frekar en umræddri breytingu beitt afturvirkt.

Við meðferð málsins fór Ríkisendurskoðun þess á leit að lagðar yrðu til breytingar á reglum um kostnað við endurskoðun opinberra lífeyrissjóða. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess að svo komnu máli.

Nefndin leggur til frumvarpið verði **samþykkt.**

Pétur H. Blöndal og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 18. maí 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Birkir Jón Jónsson.	Lilja Mósesdóttir.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Þór Saari.	Ögmundur Jónasson.

1133. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jóhann Árnason frá fjármálaráðuneyti og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Þá hefur

nefndin fengið umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja og Íbúðalánasjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að við endurfjármögnun bílalána með nýju láni verði veitt undanþága frá stimpilgjaldi og að skilyrði undanþágunnar verði sams konar og gildir um endurfjármögnun fasteignaveðlána, sbr. álit efnahags- og skattanefndar frá 17. nóvember 2008 í tengslum við afgreiðslu laga nr. 132/2008. Í annan stað er lagt til að lagfært verði orðalag í upphafsgrein laga um aukatekjur ríkissjóðs sem kom inn með 21. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 130/2009. Loks er lagt til að þinglýsingargjald verði fellt niður hjá þeim sem njóta eiga stimpilfrelsis samkvæmt þessu frumvarpi og ákvæði til bráðabirgða V í lögum um stimpilgjald.

Til samræmis við umrætt bráðabirgðaákvæði leggur nefndin til að tímabilið skv. 1. gr. frumvarpsins verði frá og með 1. desember 2009 í stað 1. apríl 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „1. apríl 2010“ í 1. gr. komi: 1. desember 2009.

Birkir Jón Jónsson, Pétur H. Blöndal og Tryggvi Þór Herbertsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 18. maí 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Þór Saari.	Ögmundur Jónasson.

1134. Frumvarp til laga [115. mál]

um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að auka alþjóðaöryggi og tryggja virðingu fyrir mannréttindum, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, með því meðal annars að hafa eftirlit með, banna og/eða leyfisbinda útflutning á hlutum sem má nota, með beinum eða óbeinum hætti, til

hryðjuverka, bælingar eða í hernaðarlegum tilgangi, svo og hafa eftirlit með þjónustu og fjárfestingum þeim tengdum.

Með lögum þessum eru settar reglur um örugga vörslu hluta og geymslu gagna um hluti skv. 1. mgr. og þjónustu og fjárfestingar þeim tengdar, svo og viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði við brotum á lögum þessum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún fer fram innan íslenskrar lögsögu.

Nú leggja lög tiltekinn málaflokk til viðkomandi fagráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu að utanríkisráðuneytið veiti leyfi eða setji reglur samkvæmt lögum þessum, enda sé haft samráð um útgáfu leyfisins eða setningu reglnanna við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess eftir atvikum. Lögreglustjóri veitir þó leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðili* er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
2. *Hergögn* eru vopn og skotfæri sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.
3. *Hlutur* tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni. Hergögn eru meðtalin.
4. *Hlutur með tvíþætt notagildi* er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem má bæði nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar.
5. *Miðlun* er milliganga við samningsgerð um kaup, sölu eða útvegun hluta eða þjónustu þar sem milligöngumaðurinn gerir hvorki löggerninga varðandi viðskiptin í eigin nafni né í nafni samningsaðilanna. Miðlun á m.a. við um viðskipti sem eiga sér stað milli aðila í erlendum ríkjum.
6. *Útflutningur* tekur til útflutnings og umflutnings, þ.m.t. endurútflutnings, í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til þess að láta af hendi hugbúnað og tækni með rafrænum miðlum, með faxi eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.
7. *Þjónusta* tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar, með eða án endurgjalds.

Útflutnings-, innflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfi samkvæmt lögum þessum, hér nefnd heimildir, geta verið almenn leyfi, heildarleyfi eða stök leyfi:

a. *Almenn leyfi* veita öllum aðilum heimildir gagnvart tilgreindum ríkjum, enda séu leyfisskilyrðin uppfyllt. Þau skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.
b. *Heildarleyfi* veita einum aðila heimildir, eftir tegundum eða flokkum, gagnvart einum eða fleiri tilgreindum lokaviðtakendum og/eða einu eða fleiri tilgreindum ríkjum.
c. *Stök leyfi* veita einum aðila heimildir gagnvart aðila í öðru ríki varðandi einn eða fleiri hluti, tegundir þjónustu eða fjárfestinga.

4. gr.

Leyfisskyldur inn- og útflutningur.

Enginn má flytja út hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi nema með leyfi ráðherra, sbr. þó 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. Listar yfir slík hergögn og hluti skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Listarnir skulu uppfærðir til samræmis við skyldur og skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að útflutningsleyfi þurfi fyrir búnaði sem nota mætti til bælingar innan lands í öðrum ríkjum.

Auk þess sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. er óheimilt að flytja út hluti sem útflytjanda er kunnugt um, hann má ætla eða ráðuneytið tilkynnir honum að séu eða kunni að vera ætlaðir, í heild eða að hluta, til notkunar í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands og að útflutningurinn brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða ógni varnar- eða öryggishagsmunum þess eða bandalagsríkja. Hið sama á við um hluti sem ráðuneytið tilkynnir útflytjanda að séu eða kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi fyrir innflutningi eða viðkomu hluta hérlendis sem geta nýst, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn. Einungis má þó veita slíkt leyfi ef fyrir liggur að innflutningurinn eða viðkoman brjóti ekki í bága við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

5. gr.

Leyfisskyld þjónusta og leyfisskyldar fjárfestingar.

Enginn má stunda þjónustuviðskipti í tengslum við útflutning hluta skv. 4. gr. nema með leyfi ráðherra, enda hafi verið settar um þau nánari reglur.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til miðlunar með hluti skv. 4. gr. óháð því hvort um útflutning er að ræða eða ekki.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til fjárfestinga erlendis í starfsemi sem tengist þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstri, viðhaldi, geymslu, greiningu, auðkenningu, útbreiðslu, öflun, söfnun, notkun, útvegun, eignarhaldi, flutningi, miðlun eða viðskiptum með hluti skv. 4. gr. ef viðkomandi ríki er ekki aðili að alþjóðasamstarfi um útflutningseftirlit sem ráðherra metur fullnægjandi.

6. gr.
Leyfisskilyrði.

Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- og fjárfestingaleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og framlagningu vottorða um lokanotanda og/eða lokanot hluta og þjónustu.

Ráðherra getur breytt leyfisskilyrðum eftir að leyfi hefur verið gefið út eða afturkallað leyfi hvenær sem er, til bráðabirgða eða fyrir fullt og allt, ef:

a. forsendur fyrir útgáfu leyfis eru brostnar,
b. leyfishafi hefur ekki farið eftir settum leyfisskilyrðum eða
c. brýna nauðsyn ber til

og skal þá leyfishafi skila leyfinu tafarlaust til ráðuneytisins.

Nú hefur almennt innflutnings-, útflutnings-, þjónustu- eða fjárfestingaleyfi verið gefið út en leyfishafa verður kunnugt um eða hann má ætla, vegna síðari atburða eða af öðrum ástæðum, að útflutningurinn, innflutningurinn, þjónustan eða fjárfestingin brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og er honum þá óheimilt að nota leyfið.

Aðili máls getur ávallt óskað eftir því að ákvörðun ráðherra um leyfisskilyrði, breytingu leyfisskilyrða, afturköllun eða synjun leyfis verði endurupptekin í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.
Varsla hluta og gagna.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tryggja örugga vörslu þeirra. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu geyma ítarlegar upplýsingar og gögn um útflutning, innflutning, eignarhald, birgðahald, sölu, miðlun, útvegun og flutning þeirra, eftir því sem við á, í að minnsta kosti tíu ár. Gögnin skulu m.a. ná til:

a. lýsingar á hlutum, þjónustu og/eða fjárfestingum,
b. magns,
c. nafns og heimilisfangs viðtakanda, ef við á,
d. lokanotanda og/eða lokanota hluta og þjónustu, ef um þau er vitað.

Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

8. gr.
Upplýsingaskylda.

Útflytjendur hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar og fjárfestar skv. 5. gr. skulu veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að framfylgja lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Skal ráðuneytið miðla upplýsingum til ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ráðuneytið, og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir, getur m.a. krafist:

a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem snertir framkvæmd laga þessara,
b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
c. afrita og þýðinga á efni skv. a-lið,
d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

Ef ekki er orðið við kröfu ráðuneytisins samkvæmt þessari grein getur það ákveðið að sá eða þeir sem krafan beinist að greiði dagsektir þar til orðið er við henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. á dag. Ákvarðanir ráðuneytisins um dagsektir eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hluta skv. 4. gr. skulu tilkynna ráðuneytinu um útflutning, innflutning og birgðahald samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Nú er útflytjanda, innflytjanda, þjónustuaðila eða fjárfesti kunnugt um eða hann má ætla að hlutur sem hann vill flytja út eða inn, stunda þjónustuviðskipti með eða fjárfesta í tengslum við, sbr. 5. gr., sé eða kunni að vera ætlaður til nota, í heild eða að hluta, í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands og skal hann þá tilkynna ráðuneytinu þar um, sem tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt, eftir því sem við á. Hið sama á við um hluti sem honum er kunnugt um eða hann má ætla að kunni að vera ætlaðir til nota, í heild eða að hluta, í tengslum við þróun, framleiðslu, meðhöndlun, rekstur, viðhald, geymslu, greiningu, auðkenningu eða útbreiðslu efna-, sýkla- eða kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar eða við þróun, framleiðslu, viðhald eða geymslu á flugskeytum sem geta borið slík vopn.

Ráðherra getur sett reglur um að tilkynna skuli flugskeytaskot innan íslenskrar lofthelgi.

10. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn ráðuneytisins og þeir aðilar sem það tilnefnir skv. 8. gr. skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um samkvæmt þessum lögum og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þagnarskyldan gildir ekki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er:

a. til þess að ná markmiðum laganna, m.a. í tengslum við lögreglurannsókn og saksókn máls,
b. milli þeirra aðila sem annast framkvæmd laganna, þar á meðal skjalavörslu,
c. vegna samráðs eða samvinnu við aðra eftirlits- og samstarfsaðila hérlendis sem erlendis.

11. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við lög þessi.

Óheimilt er að efna samninga eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við lög þessi og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku laganna eða viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

12. gr.

Undanþáguheimild.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni sem er sett samkvæmt þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði bannsins.

Þegar tekin er ákvörðun um undanþágu samkvæmt þessari grein skal m.a. taka tillit til skyldna og skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir sem aðili að alþjóðasamstarfi um bann við útbreiðslu hergagna og hluta með tvíþætt notagildi og um fyrirkomulag útflutningseftirlits eða sem aðili að alþjóðasamningum, eftir því sem við á.

13. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. 7. gr. um vörslu hluta og gagna,
b. 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum:

a. 4. gr. um bann við inn- eða útflutningi án leyfis,
b. 5. gr. um bann við þjónustuviðskiptum, miðlun eða fjárfestingum án leyfis,
c. 1. mgr. 6. gr. um leyfisskilyrði.

Hafi brot, sem vísað er til í 2. mgr., verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

14. gr.

Nánari reglur o.fl.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt:

a. að setja nánari reglur þar að lútandi,
b. að láta birta erlendan frumtexta lista yfir hluti skv. 4. gr. í B-deild Stjórnartíðinda,
c. að fella niður gjald fyrir útgáfu útflutningsleyfis, sbr. 50. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þegar hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir tímabundið til eða frá landinu til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988.

1135. Þingsályktun [490. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 851.

1136. Þingsályktun [593. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 996.

1137. Þingsályktun [542. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 932.

1138. Þingsályktun [526. mál]

um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 915.

1139. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sex menn sem iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára, þ.m.t. eru formaður og varaformaður. Þeim sem eru skipaðir er einungis heimilt að sitja tvö tímabil í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við skipun í stjórn Tækniþróunarsjóðs fyrir 1. september 2010 skulu þrír menn skipaðir til eins árs. Skal það ár teljast sem eitt tímabil. Þetta á þó ekki við um þann sem ráðherra skipar án tilnefningar.

1140. Frumvarp til laga [494. mál]

um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Gildissvið og yfirstjórn.

Lög þessi mæla fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með yfirstjórn og framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Skilyrði þess að krafa sé tekin til meðferðar.

Sá sem vistaður var á stofnun eða heimili sem lög þessi taka til getur krafist sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum, enda liggi fyrir skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns. Sýslumaður tekur afstöðu til krafna en sá sem krefst bóta getur leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr. uni hann ekki niðurstöðu sýslumanns.

3. gr.

Skilyrði sanngirnisbóta.

Greiða skal sanngirnisbætur úr ríkissjóði á grundvelli laga þessara hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða.

Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,
b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,
c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.

Með varanlegum skaða er átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

4. gr.

Fjárhæð sanngirnisbóta.

Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skal litið til:

1. alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra,
2. alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika.

Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnisbóta skal einnig, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 millj. kr. Hámark þetta breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Nú hefur vistmaður verið vistaður á fleiri en einni stofnun eða heimili sem falla undir lög þessi og er þá heimilt að ákveða bætur til bráðabirgða og taka þá ákvörðun til endurskoðunar jafnóðum og fleiri skýrslur nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innkallanir vegna þeirra liggja fyrir. Við endanlegt mat skal líta til fyrrgreindra þátta með heildstæðum hætti, þó þannig að heildarbætur rúmist innan marka þess sem getur í 2. mgr.

Bætur allt að 2 millj. kr. skal greiða út í einu lagi. Bætur umfram það og allt að 4 millj. kr. skal greiða út 18 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bætur umfram 4 millj. kr. og allt að 6 millj. kr. skal greiða út 36 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því að hún er ákveðin í sáttaboði skv. 6. gr. eða úrskurði skv. 9. gr.

5. gr.

Innköllun.

Þegar nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur lokið skýrslu um könnun sína á starfsemi heimilis eða stofnunar skal ráðherra fela tilteknum sýslumanni að gefa út innköllun. Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði, svo og tvívegis í útbreiddu dagblaði. Þar skal skorað á þá sem dvalið hafa á tiltekinni stofnun eða heimili á tilgreindu tímabili er skýrslan tók til og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði.

Sýslumaður ákveður form innköllunar og gefur út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Á eyðublaðinu skal sá er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun eða heimili og helstu ástæður þess að hann telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum. Þar skal einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að

gögnum um viðkomandi, í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, þ.m.t. hljóðupptökum og endurritum vitnaskýrslu, eða hjá öðrum stjórnvöldum.

Nú er kröfu ekki lýst innan þess frests sem greinir í 1. mgr. og fellur hún þá niður. Víkja má frá þessu í allt að tvö ár frá því að kröfulýsingarfresti lýkur ef sýnt þykir að þeim sem lýsir kröfu var það ekki unnt fyrr eða önnur veigamikil rök mæla með því.

6. gr.

Sáttaboð.

Að loknum kröfulýsingarfresti skal sýslumaður fara yfir þær kröfur sem lýst hefur verið og önnur tiltæk gögn. Hann skal afla staðfestingar nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir. Telji sýslumaður að líkur standi til að bótaskilyrði laga þessara séu uppfyllt skal hann að höfðu samráði við ráðherra gera viðkomandi einstaklingi skriflegt og bindandi sáttaboð. Að öðrum kosti skal hann synja kröfu með rökstuddu bréfi. Málsmeðferð af hálfu sýslumanns skal vera einföld og henni skal hraðað eins og kostur er. Honum er óskylt að taka munnlegar skýrslur af þeim sem gera kröfur. Skal hann eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að einu og sama heimilinu eða stofnuninni.

Hafni sá sem kröfu hefur lýst sáttaboði eða hafi kröfu hans verið synjað getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr.

Fallist sá sem kröfu hefur lýst á sátt samkvæmt þessari grein með skriflegum hætti felur það í sér afsal allra frekari krafna á hendur ríki og eftir atvikum sveitarfélögum, sbr. 13. gr., vegna vistunar á viðkomandi stofnun eða heimili. Gjalddagi er fyrsti dagur næsta mánaðar eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki viðtakanda bótanna.

7. gr.

Úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur.

Ráðherra skipar, án tilnefningar, nefnd þriggja manna og þriggja til vara til þess að taka afstöðu til krafna um sanngirnisbætur samkvæmt lögum þessum ljúki málum ekki á grundvelli 6. gr. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til allt að þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður skal fullnægja skilyrðum til að vera hæstaréttardómari, en hann skal jafnframt vera formaður nefndarinnar. Einn skal vera læknir og einn sálfræðingur. Um sérstök hæfisskilyrði gilda reglur stjórnsýslulaga. Varamenn skulu fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

Kostnaður við störf úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, sbr. þó 13. gr. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfslið í samráði við ráðherra.

8. gr.

Meðferð bótakrafna af hálfu úrskurðarnefndar.

Í erindi til úrskurðarnefndar á grundvelli 2. mgr. 6. gr. skal greina helstu rök fyrir því að viðkomandi eigi ríkari rétt en niðurstaða sýslumanns ber vott um. Úrskurðarnefndin getur kvatt þann sem leitað hefur til nefndarinnar til viðtals þar sem aflað verður nánari upplýsinga um grundvöll kröfunnar. Þá getur hún sömuleiðis leitað eftir afstöðu sýslumanns til kröfunnar eða kvatt aðra einstaklinga til viðtals, t.d. fyrrverandi starfsfólk á stofnun eða heimili.

Úrskurðarnefndinni er heimilt að óska eftir umboði þess sem kröfu gerir til að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans, ef slík gögn skipta sérstöku máli að áliti nefndarinnar. Slík gagnaöflun skal vera á kostnað nefndarinnar.

Úrskurðarnefndin skal hafa aðgang að hljóðupptökum og endurritum viðtala sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur tekið sem lið í rannsókn sinni á stofnun eða heimili, sem og að öðrum skjallegum gögnum sem síðarnefnda nefndin býr yfir.

Nú telur sá sem kröfu gerir að skýrsla sem hann kann að hafa gefið skv. 3. mgr. sé ófullnægjandi við mat á rétti hans til sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum, eða hann óskar af öðrum ástæðum eftir því að tjá sig nánar um atriði sem skýrslan tekur til, og skal þá úrskurðarnefndin heimila honum að gefa skýrslu á ný, eða leggja fram skriflega greinargerð. Úrskurðarnefndin skal meta framkomna framburði heildstætt.

Úrskurðarnefndin skal ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er.

9. gr.

Ákvörðun um bætur.

Úrskurðarnefndin skal kveða upp skriflegan úrskurð þar sem tekin er afstaða til kröfu þess sem leitar til nefndarinnar um bætur. Tilgreina skal helstu röksemdir sem niðurstaðan er reist á.

Við mat á því hvort nægilega sé í ljós leitt að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt, og við mat á þeim atriðum sem greinir í 4. gr., skal úrskurðarnefndin líta til fyrirliggjandi gagna og þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun eða heimili, einkum á grundvelli skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Nú hefur sá er kröfu gerir notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf og skal þá úrskurðarnefndin jafnframt hugsanlegum sanngirnisbótum úrskurða hæfilegan kostnað samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu lögmannsins. Að jafnaði skal ekki úrskurða hærri þóknun en svarar til 10 klst. vinnu.

Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnsýslustigi. Ekki er hægt að bera niðurstöðu um bótarétt skv. 3. og 4. gr. undir dómstóla fyrr en úrskurður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur liggur fyrir. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að úrskurðurinn var kynntur aðila máls og málsókninni skal beint að úrskurðarnefndinni.

Gjalddagi bóta er 1. dagur næsta mánaðar eftir að úrskurður er kveðinn upp.

10. gr.

Tengiliður vegna vistheimila.

Ráðherra skipar sérstakan tengilið sem koma skal með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum. Hann skal m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. Þá skal hann aðstoða fyrrverandi vistmenn sem eiga um sárt að binda í kjölfar vistunar við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun. Eftir 1. janúar 2013 getur ráðherra lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar.

11. gr.

Framsal krafna og aðilaskipti fyrir erfðir.

Ekki er heimilt að framselja kröfu samkvæmt lögum þessum, nema hún sé viðurkennd og fjárhæð hennar ákvörðuð af úrskurðarnefnd. Bætur eru undanþegnar aðför skv. 46. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Krafa um bætur samkvæmt lögum þessum erfist í samræmi við erfðalög, nr. 8/1962, hafi tjónþoli lýst kröfu skv. 5. gr. Hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa slíkri

kröfu erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Um aðgang að gögnum í vörslu vistheimilisnefndar og annarra stjórnvalda varðandi kröfu á þessum grundvelli fer samkvæmt ákvæðum 5. og 8. gr.

12. gr.
Ýmis ákvæði.

Um sanngirnisbætur samkvæmt lögum þessum fer skv. 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Aðrar greiðslur sem einstaklingur kann að njóta, t.d. á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, eða úr lífeyrissjóðum, hafa ekki áhrif á ákvörðun sanngirnisbóta samkvæmt lögum þessum. Greiddar sanngirnisbætur mynda ekki heldur stofn til frádráttar vegna slíkra annarra greiðslna, né hafa áhrif á réttindi einstaklinga í almannatryggingakerfinu að öðru leyti.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um gögn úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur. Gögnin skulu gerð almenningi aðgengileg að þeim tíma liðnum sem getur í upplýsingalögum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1996.

Ráðherra er heimilt að gefa út og birta í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu sýslumanns eða úrskurðarnefndar, nánari reglur um viðmið við ákvörðun fjárhæða, meðferð bótakrafna, aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum, fyrirkomulag greiðslu bóta, viðmiðunarfjárhæð vegna lögmannskostnaðar og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara.

13. gr.
Ábyrgðarskipting.

Hafi sveitarfélag rekið heimili eða stofnun skal ráðherra efna til viðræðna við viðkomandi um skiptingu kostnaðar af bótagreiðslum og starfi sýslumanns og úrskurðarnefndar.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1141. Lög [390. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara).

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 1068 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

3. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun dómnefndar skv. 3. mgr. 12. gr. laganna. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd skv. 4. gr. a laganna skal einn aðalmaður

ásamtvaramanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

1142. Lög [494. mál]

um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí 2010.)

Samhljóða þskj. 1140.

1143. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um almenningssamgöngur.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reyni Jónsson og Hörð Gíslason frá Strætó B/S og Auði Eyvinds og Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Eyþingi, Flugstoðum ohf., Guðmundi Tyrfingssyni ehf., Hafnasambandi Íslands, Leið ehf., Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðinni.

Frumvarpið varðar aðkomu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, að skipulagi og eflingu almenningssamgangna til hagsbóta fyrir notendur og umhverfi.

Fram kom að í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu væri unnið að langtímastefnumörkun um almenningssamgöngur sem kynnt yrði í 12 ára samgönguáætlun í haust.

Nefndin leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Árni Johnsen.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Ásbjörn Óttarsson.		Ólína Þorvarðardóttir.

1144. Svar [599. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um upplýsingaaðgengi og textavarp.

1. *Hvað líður gerð þjónustusamnings milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis hvað varðar textun á síðu 888 í textavarpi á dagskrárefni líðandi stundar, t.d. fréttum, Kastljósi og öðru innlendu efni?*

Í samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem mennta- og menningarmálaráðuneyti gerði við Ríkisútvarpið árið 2007 og gildir til 31. mars 2012 segir að Ríkisútvarpið skuli veita fötluðum aðgang að útvarpsþjónustu í almannaþágu með því að nýta tæknimöguleika, svo sem með textun á sjónvarpsefni, með textavarpi og á vefsvæði sínu. Fjöldi textaðra klukkustunda skal aukast að lágmarki um 100% frá upphafi samningstímabilsins til loka þess (úr 167 klst. í 334 klst.). Stefnt skal að því að öll forunnin innlend dagskrá verði textuð í lok samningstímabilsins. Þá skal hlutfall útsendinga á táknmáli vera a.m.k. hið sama og við upphaf samningstímabilsins. Einnig skal táknmálstúlkun fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu hefur nú náðst sá áfangi að texta alla forunna innlenda þætti sem sýndir eru í Ríkisútvarpinu á síðu 888 í textavarpinu. Þegar um er að ræða beinar útsendingar frá mikilvægum fundum, eins og þegar rannsóknarnefnd Alþingis kynnti skýrslu sína nýverið, er leitast við að endurtaka útsendinguna við fyrsta tækifæri með texta á síðu 888 í textavarpinu. Sama gilti um Fréttaaukann sem var á dagskrá fyrr í vetur en hann var í beinni útsendingu og því var ekki var hægt að texta hann á síðu 888 í textavarpinu. Til að bæta úr því var hann textaður á síðu 888 fyrir endursýningu.

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun á þjónustusamningnum milli Ríkisútvarpsins og ráðuneytisins.

2. *Eru í gildi einhverjar verklagsreglur um textun við rof á útsendingu vegna óvæntra atvika, svo sem náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða?*

Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur fylgt þeirri vinnureglu að þegar send er út dagskrá vegna óvæntra atburða, t.d. náttúruhamfara, rennur textaborði með helstu efnisatriðum yfir skjáinn.

3. *Hyggst ráðherra leggja til að öllum sjónvarpsstöðvum verði skylt að senda út efni með textun á síðu 888 í textavarpi?*

Ráðherra hefur ekki í hyggju að skylda sjónvarpsstöðvar til að senda út efni með textun á síðu 888 í textavarpi, enda er það í höndum stjórnenda og stjórna sjónvarpsstöðva að taka ákvörðun um dagskrárstefnu sína. Í þjónustusamningi við Ríkisútvarpið eru ákvæði um textun og hefur Ríkisútvarpið að meginstefnu uppfyllt þær almannaþjónustu kvaðir sem samningurinn mælir fyrir um að þessu leyti. Í nýjum þjónustusamningi við Ríkisútvarpið verða áfram settar fram kröfur um aukna þjónustu á þessu sviði, m.a. textun dagskár í beinni útsendingu, svo sem fréttum og Kastljósi, sé þess kostur.

1145. Svar [500. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Helgasonar um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

1. *Hvernig hefur þróun brottfalls nemenda úr framhaldsskólum verið undanfarinn áratug, sundurliðað eftir árum og landshlutum?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um brottfall nemenda úr framhaldsskólum eftir árum og landshlutum. Til að fá slíkar tölur fram þyrfti að óska eftir sérstakri greiningu á gögnum Hagstofunnar. Slíkt er gerlegt en mundi taka nokkurn tíma. Aftur á móti liggja fyrir upplýsingar sem geta varpað nokkru ljósi á fyrirspurnina þótt þær svari henni ekki til hlítar.

Hagstofan hefur skoðað námsferil allra sem fæddir eru 1982 fram til ársins 2006 eða til 24 ára aldurs. Í skýrslu hennar sem birtist árið 2008 (Hagtíðindi, 3. júní 2008) kemur fram að við 24 ára aldur höfðu rúm 5% ekki stundað neitt nám eftir grunnskóla, og 32,8% höfðu stundað nám án þess að ljúka framhaldsskólaprófi. Samtals höfðu því tæp 39% af árganginum ekki lokið framhaldsskólaprófi við 24 ára aldur. Af þeim sem höfðu stundað nám í framhaldsskóla án þess að ljúka honum var tæpur fjórðungur enn í skóla. Það þýðir að 26,5% nemenda í árganginum höfðu horfið frá námi við 24 ára aldur og gátu á þeim tíma talist brottfallnir. Nær 62% árgangsins höfðu hins vegar lokið framhaldsskólanámi á þessum tíma (hafa má í huga að íslenskir nemendur ljúka námi að jafnaði eldri en í öðrum Evrópulöndum). Samfelldari mælingar benda til þess að dregið hafi úr brottfalli á Íslandi undanfarinn áratug.

Ekki er að finna upplýsingar um brottfall eftir landshlutum í áðurnefndri skýrslu en hins vegar voru brautskráningar af framhaldsskólastigi greindar eftir landshlutum. Af þeim tölum má leiða að því líkur að brottfall var minnst í Reykjavík en mest á Suðurnesjum og Vestfjörðum.

2. *Hvernig hefur brottfall þróast annars staðar á Norðurlöndum á sama tíma?*

Vegna þess að brottfall er skilgreint á mismunandi hátt eftir löndum er samanburður erfiður. Hins vegar gefa samræmdar tölur, sem Evrópusambandið birtir, kost á evrópskum samanburði. Þar kemur í ljós að brottfall á Íslandi er umtalsvert meira en annars staðar á Norðurlöndum, einkum á fyrri árum framhaldsskólanáms. Það jákvæða í þeim samanburði er þó að brottfallið á Íslandi hefur minnkað umtalsvert, um 5% frá árinu 2000 til 2008. Hins vegar hefur brottfall annars staðar á Norðurlöndum annaðhvort staðið í stað eða aukist á sama tíma. Þessar upplýsingar gefa ótvíræða vísbendingu um að brottfall á framhaldsskólastigi á Íslandi hafi minnkað frá aldamótum.

Segja má, með nokkurri einföldun, að um fjórðungur ungs fólks sem innritast í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi ljúki ekki framhaldsskólanámi við 24 ára aldur og hverfi frá námi. Þetta hlutfall hefur lækkað um 5% frá árinu 2000. Nokkur munur er á brottfalli eftir landshlutum, það er minna á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Ísland sker sig úr öðrum Norðurlöndum en brottfall er umtalsvert meira á Íslandi en annars staðar. Það er næst mest í Noregi og minnst í Finnlandi. Þess má geta að fyrir stóru kreppuna í Finnlandi var brottfall þar umtalsvert en mjög dró úr því í kreppunni. Því er líklegt að kreppan hér á landi muni hafa svipuð áhrif. Næg atvinnutækifæri eins og voru hér á landi og í Noregi virðast valda auknu brottfalli.

Í lok mars sl. kom út skýrsla um nýja rannsókn á brottfalli í framhaldsskólum á Norðurlöndum. Þar er gerð grein fyrir umfangi og einkennum brottfalls í löndunum fimm. Fram

kemur að mynstur brottfalls þar er um margt líkt, eins og rakið er hér á undan. Það sem m.a. vekur athygli í skýrslunni er hve mikla áherslu rannsakendur leggja á áhrif félagslegs bakgrunns nemenda á brottfall. Því verði að beina sjónum að stöðu nemenda áður en þeir ná framhaldsskólaaldri, eigi að draga frekar úr áhættu á brottfalli. Í þessu sambandi má nefna að Danir hafa þegar gripið til aðgerða í þeim anda og aukið ábyrgð sveitarfélaga á vegferð nemenda frá grunnskóla til framhaldsskóla. Ætlunin er að vinna frekar að kortlagningu brottfalls á norrænum vettvangi á grunni skýrslunnar og standa vonir til að úr þeirri vinnu komi fram tillögur til úrbóta.

(Slóð að norrænu skýrslunni: http://www.norden.org/no/publikasjoner/publikasjoner/2010-517).

3. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið í ráðuneytinu til að draga úr brottfalli í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008 þar sem fram kom að stefnt skyldi að því að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði yrðu án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020, og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar?*

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum segir að stefnt verði að því að eigi verði fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Tvennt má nefna til marks um að miðað hafi áfram í þeirri viðleitni:

Í fyrsta lagi er nú unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur notið takmarkaðrar skólagöngu eða ekki lokið námi. Ný lög um framhaldsfræðslu setja menntun þessa hóps í öndvegi. Þar eru sett fram ýmis ný úrræði til menntunar í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulíf, sem hafa verið að mótast á undanförnum árum með árangri. Má þar nefna að í samstarfi fræðslumiðstöðva iðngreina og framhaldsskóla hafa tugir einstaklinga undirgengist svokallað raunfærnimat sem hefur gert þeim kleift að taka upp menntaþráðinn að nýju og ljúka starfsréttindum. Einnig hefur skipulögð námsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði orðið til þess að margir hafa hafið nám að nýju. Ýmsir stunda nám samkvæmt sérsniðnum námskrám fyrir fólk með litla formlega menntun sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur haft forgöngu um að semja og ráðuneytið staðfest með hliðsjón af námi í framhaldsskólum. Með því móti hefur tekist að koma mörgum af stað í nám að nýju og greiða öðrum leið til frekari menntunar.

Í öðru lagi er unnið að umbótum á framhaldsskólastiginu sem miða að því að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi. Þannig mun vonandi draga úr brottfalli ungmenna sem oft virðist mega rekja beint til þess að framboð náms er ekki nægilega fjölbreytt. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 eiga ólögráða nemendur nú rétt á námi í framhaldsskólum. Skólunum ber samkvæmt því að bjóða öllum sem þangað leita nám við hæfi. Í þeim samningum sem ráðuneytið er nú að gera við framhaldsskólana um áherslur í starfi þeirra til næstu þriggja ára er sérstök áhersla lögð á fjölbreyttara námsframboð til að tryggja betur rétt ungmenna til náms við hæfi.

Breyttar áherslur í námskrárgerð eiga að opna möguleika framhaldsskóla á því að skipuleggja og starfrækja nám sem mætir ólíkum forsendum og áhugasviðum ungmenna. Gagnrýnt er að núverandi námsframboð sé of bóknámsmiðað og fáir valkostir til menntunar fyrir þá sem ekki eru hneigðir til bóknáms. Ýmsir möguleikar á sviði listgreina, starfsmennta og skapandi greina séu vannýttir. Í samhengi við meiri fjölbreytni í námsframboði gefst nú kostur á að skilgreina ný námslok í framhaldsskólum undir heitinu framhaldsskólapróf. Vonir

standa til að með þessum framangreindu breytingum á starfsháttum og námsframboði framhaldsskóla muni enn draga úr brottfalli.

1146. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Akraneskaupstað, Borgarahreyfingunni, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Grundarfjarðarbæ, Hagstofu Íslands, Hvalfjarðarsveit, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Skagabyggð, Skorradalshreppi, Skútustaðahreppi, Stykkishólmsbæ, Sveitarfélaginu Árborg og Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í frumvarpinu er lagt til að viðmiðunarmörk fjölda kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum sem taka mið af íbúatölu verði hækkuð í þeim tilgangi að fleiri íbúar geti komist til áhrifa innan sinna sveitarfélaga.

Athygli nefndarinnar hefur verið vakin á því að á vettvangi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis standi nú yfir heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum.

Nefndin leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Árni Johnsen.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Ásbjörn Óttarsson.		Ólína Þorvarðardóttir.

1147. Nefndarálit [578. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, skrifstofustjóra lagasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis, Guðbjörgu Aðalbergsdóttur, formann Félags íslenskra framhaldsskóla, Elnu Katrínu Jónsdóttur, varaformann Kennarasambands Íslands og Hreiðar Má Árnason frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema.

Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi framhaldsskólakennara, Félagi íslenskra framhaldsskóla og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er ætlunin að veita nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ríkisútgjöldum til framhaldsskóla og bregðast við ábendingum um mikilvægi þess að hafa áfram í lögum ákvæði um skólasöfn.

Í 1. gr. er ráðherra fengin heimild til að fela skólameistara forstöðu í fleiri en einum framhaldsskóla. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda verði 175 í stað 180. Samkvæmt gildandi lögum, nr. 92/2008, skal árlegur fjöldi vinnudaga nemenda eftir 1. ágúst 2011 að lágmarki vera 180 dagar, sbr. 1. mgr. 15. gr. og ákvæði til bráðabirgða I í gildandi lögum. Þá er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að ráðherra geti með samningi falið skóla eða öðrum aðila umsýslu, gerð og skráningu samninga um vinnustaðanám og eftirlit með þeim. Með lögum nr. 92/2008 kom inn nýmæli þess efnis að auka ætti ábyrgð framhaldsskóla á að nemendur þeirra fengju vinnustaðasamning til að geta lokið námi sínu við skólann, sbr. 28. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða I. Í athugasemdum við þá grein frumvarpsins kemur fram að nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla hafi bent ráðherra á að stofna svokallaðan vinnustaðanámssjóð til að tryggja vinnustaðanámi framgang. Í athugasemdum við það frumvarp sem nú er til meðferðar kemur enn fremur fram að slíkur sjóður sé ein meginforsenda þess að einstakir skólar geti borið ábyrgð á gerð sérstaks samnings um vinnustaðanám nemenda. Með þessu frumvarpi er fallið frá þessari skyldu og í stað hennar er ráðherra veitt fyrrgreind heimild. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í öllum framhaldsskólum skuli gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns. Er hér um að ræða nánast samhljóða ákvæði eldri laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, en ekki er að finna sérstakt ákvæði um skólasöfn í núgildandi lögum. Við setningu þeirra laga var þó almennt gert ráð fyrir því að skólasöfn væru í framhaldsskólum. sbr. 5. mgr. 8. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um menntun og starssvið starfsfólks skólasafna o.fl., sbr. reglugerð nr. 1100/2007. Þá er í 5. gr. frumvarpsins framhaldsskólum veittur frestur til 1. ágúst 2015 til að setja sér námsbrautarlýsingar skv. 35. gr. laga um framhaldsskóla. Með gildistöku laga nr. 92/2008 voru gerðar þær breytingar að mennta- og menningarmálaráðuneytið skyldi frá 1. ágúst 2011 einungis gefa út almennan hluta aðalnámskrár, sbr. 21. gr. laganna, en hinn hluti aðalnámskrár byggist á námsbrautarlýsingum skv. 23. gr. sem skólarnir skulu setja sér og hlotið hafa staðfestingu ráðherra.

Nefndin telur að í 1. gr. frumvarpsins sé um að ræða töluvert opna heimild til handa ráðherra. Það er álit nefndarinnar að úrræði sem þetta skuli fyrst og fremst vera nýtt þegar aðstæður eru þannig að leysa megi tímabundinn vanda með því að einn skólameistari stýri fleiri en einum skóla eða þegar um svæðisbundna hagsmuni er að ræða. Við slíka tilhögun verður þó að gæta þess að fjarlægð skólameistara frá þeim skóla sem hann stýrir eða fjöldi nemenda hafi ekki neikvæð áhrif á faglegt starf skólanna og skólaþróun. Skólameistarinn ber ábyrgð á faglegu starfi og gæta verður þess að aðstæður hamli ekki eða komi í veg fyrir regluleg samskipti hans við kennara og aðra starfsmenn, eftirlit með kennslu eða endurgjöf og hvatningu til nemenda og starfsmanna.

Það er álit nefndarinnar að ekki sé rétt að tengja lesaðstöðu nemenda, þar sem aðgangur er að upplýsingaritum á skólasafni, við húsnæði skólasafns heldur starfsemi þess. Þar með er tekinn allur vafi af að lesaðstaða sé ekki bundin við skólasafnið sjálft enda er í 1. mgr. greinarinnar gert ráð fyrir að veita megi þjónustu skólasafns með öðrum hætti, t.d. í safni á vegum sveitarfélags.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað orðsins „húsnæði“ í 3. málsl. 2. mgr. efnisgreinarinnar komi: starfsemi.

Ásmundur Einar Daðason, Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Lilja Mósesdóttir.

Skúli Helgason. Óli Björn Kárason.

1148. Nefndarálit [579. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, skrifstofustjóra lagasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis, Ingjald Hannibalsson og Eiríik Hilmarsson frá Háskóla Íslands, Orra Frey Rúnarsson frá Vöku og Stefán Rafn Sigurbjörnsson frá Skrökvu. Jafnframt var á símafundur með Stefáni B. Sigurðssyni, rektor Háskólans á Akureyri.

Nefndinni bárust umsagnir frá Háskóla Íslands, Sigríði Ólafsdóttur, fulltrúa í háskólaráði Háskóla Íslands, og Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Vorið 2008 voru samþykkt lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Þessu frumvarpi er ætlað að taka til þeirrar reynslu sem komin er á framkvæmd þeirra laga með breytingum við ákveðnar greinar þeirra. Í fyrsta lagi er frumvarpinu ætlað, sbr. 3. gr., að draga fram með skýrari hætti það hlutverk opinberra háskóla að miðla fræðslu til almennings og veita samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Enn fremur er tilgreint í greininni að háskóla sé heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Í annan stað eru lagðar til breytingar á fulltrúum í háskólaráði, hvort tveggja í skólum sem hafa færri nemendur en 5.000 og þeim sem hafa fleiri nemendur. Í báðum tilvikum er fulltrúum háskólasamfélagsins fjölgað á kostnað þeirra fulltrúa sem tilnefndir eru af ráðherra, sbr. 4. gr. Í þriðja lagi er gerð sú breyting að háskólafundur skuli móta og setja fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors, sbr. 6. gr., í stað þess að fjalla um og taka þátt í að móta hana líkt og núgildandi lög kveða á um. Enn fremur er lögð til sú breyting að kjörtími fulltrúa nemenda á háskólafundi lengist um eitt ár, sbr. 7. gr. Í fjórða lagi er í 8. gr. frumvarpsins háskólaráði veitt heimild að ákveða að í skólaráði sitji fulltrúar tiltekinna kennslugreina sem saman mynda deild, sem og fulltrúar

opinberrar stofnunar sem eru í mjög nánu samstarfi um kennslu og þjálfun nemenda. Í fimmta lagi er kveðið á um að ábyrgð á veitingu ótímabundinna akademískra starfa og framgangi akademískra starfsmanna hvíli hjá rektor en ekki forsetum skóla, sbr. 9. gr. Í sjötta lagi er lögð til sú breyting að skipulag og framkvæmd prófa skuli sameiginleg stjórnsýsla hvers háskóla annast, sbr. 10. gr., en ekki hvers skóla líkt og núgildandi lög gera ráð fyrir. Í sjöunda lagi kveður 11. gr. frumvarpsins á um að inn í lögin komi nýtt ákvæði, er 23. gr. a, um endurmenntun og þannig verði gerður skýrari greinarmunur á menntun sem fólgin er í endurmenntun og fræðslu til almennings annars vegar og hinni eiginlegu starfsemi háskóla að veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi hins vegar. Í samræmi við þetta eru lagðar til breytingar á fjármögnunarheimildum laganna á þann hátt að opinberum háskóla verði heimilt að afla sér tekna með gjöldum fyrir endurmenntun samkvæmt nýrri 23. gr. a laganna. Áfram verður einnig heimild til að innheimta gjöld fyrir fræðslu til almennings, þar á meðal þeirra sem hafa ekki lokið háskólagráðu.

Mikil umræða var innan nefndarinnar varðandi 3. og 11. gr. frumvarpsins. Fram kom í umsögn Háskóla Íslands að skilgreining 3. og 11. gr. frumvarpsins á endurmenntun væri of þröng. Að óbreyttu kemur ákvæðið í veg fyrir að háskólinn gæti boðið upp á menntun í grunnnámi, sem lýkur með BSc- eða BA-gráðu, gegn sérstöku gjaldi. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er með hugtakinu endurmenntun átt við tvennt. Í fyrsta lagi námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess og í öðru lagi viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr. laganna. Í 3. gr. frumvarpsins er enn fremur hnykkt á þessari skilgreiningu á hugtakinu endurmenntun. Í greininni er jafnframt kveðið á um að opinber háskóli miðli fræðslu til almennings. Það er álit meiri hlutans að rétt sé að skilgreina endurmenntun með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Endurmenntun sé ætlað að koma til móts við þá sem lokið hafa háskólamenntun til að viðhalda og bæta við þekkingu sína á viðkomandi fagsviði eða á þverfaglegum grunni. Undir þetta falli ekki grunnnám sem kennt er í staðnámi utan hefðbundins kennslutíma. Meiri hlutinn áréttar að háskólum er frjálst að skipuleggja nám á viðurkenndum fræðasviðum, skv. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, á þann hátt sem þeir kjósa, til að mynda í formi síðdegis- eða kvöldkennslu og fjarnámi. Það er álit meiri hlutans að það eitt að kenna sambærilegt grunnnám og kennt er í dagskóla utan hefðbundins kennslutíma geti ekki talist til endurmenntunar og þar með nýtt sérstaka gjaldtökuheimild í 24. gr. laganna. Meiri hlutinn áréttar að í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að háskóli miðli fræðslu til almennings. Í því felst að háskóli getur boðið upp á nám og tekið fyrir það sérstakt gjald, sbr. e-lið 2. mgr. 24. gr. gildandi laga og 2. tölul. 12. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur mikilvægt að fram komi að hér undir fellur til dæmis nám sem boðið er upp á hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og er ekki miðað að þeim sem hafa lokið háskólaprófi. Enn fremur áréttar meiri hlutinn að þessu sé ekki ætlað að koma í veg fyrir að það nám sem stundað er samkvæmt þessu sé metið til eininga í grunnnámi innan viðurkennds fræðasviðs opinbers háskóla. Meiri hlutinn leggur þó til breytingar á frumvarpinu til að koma til móts við þá einstaklinga sem nú þegar hafa hafið nám til BSc-gráðu í viðskiptafræði sem skipulagt er utan dagvinnutíma og dreift á fimm skólaár. Nær breytingin skv. 11. gr. frumvarpsins ekki til þeirra sem stunda nám með þessum hætti fyrir gildistöku laganna.

Í 3. gr. frumvarpsins er jafnframt kveðið á um að opinber háskóli veiti þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Áréttar meiri hlutinn að hér er sérstaklega vísað til samfélagslegrar ábyrgðar fræðimanna innan opinberra háskóla um að miðla af sérþekkingu sinni í opinberri umræðu um samfélagsmál. Hér er m.a. átt við umfjöllun, skýringar og upplýsinga-

gjöf í fjölmiðlum varðandi tiltekin mál. Skýrt dæmi um þetta má sjá af atvikum undanfarinna vikna í tengslum við eldgos á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli þar sem fræðimenn hafa sinnt þessu hlutverki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 12. gr. Við bætist nýr liður er verði a-liður og orðist svo: Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í d-lið kemur: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
2. Við 13. gr. Á eftir „1. málsl. 1.“ komi: mgr.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. og b-liðar 12. gr. laga þessara getur Háskóli Íslands veitt þeim nemendum sem stunda nám með vinnu til BSc-prófs í viðskiptafræði við stofnunina við gildistöku laga þessara kost á að ljúka námi sínu með óbreyttu fyrirkomulagi.

Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Lilja Mósesdóttir.

Skúli Helgason. Ögmundur Jónasson.

1149. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur farið yfir málið og fengið á fund sinn Guðríði Þorsteinsdóttur, sviðsstjóra laga- og stjórnsýslusviðs heilbrigðisráðuneytisins, Birnu Jónsdóttur og Sólveigu Jóhannsdóttur frá Læknafélagi Íslands, Elsu Friðfinnsdóttur og Aðalbjörgu Finnbogadóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Þorbjörn Jónsson og Aðalbjörn Þorsteinsson frá læknaráði Landspítala, Bylgju Kærnested frá hjúkrunarráði Landspítala, Svanhvíti Jakobsdóttur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Geir Gunnlaugsson, Matthías Halldórsson og Birnu Sigurbjörnsdóttur frá landlæknisembættinu og Sigurð Guðmundsson frá Háskóla Íslands. Jafnframt var haldinn símafundur með Gróu Jóhannesdóttur, Oddi Ólafssyni og Birni Gunnarssyni í læknaráði Sjúkrahússins á Akureyri og Sigríði Síu Jónsdóttur, Hólmfríði Kristjánsdóttur og Sólveigu Skjaldardóttur í hjúkrunarráði Sjúkrahússins á Akureyri.

Nefndinni bárust einnig umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítalanum, framkvæmdastjóra lækna á Landspítalanum, deildarráði hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun

Vestfjarða, Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hjúkrunarráði Landspítala, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landspítala, Læknavaktinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Sjúkrahúsinu á Akureyri, læknaráði Sjúkrahússins á Akureyri og hjúkrunarráði Sjúkrahússins á Akureyri.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um yfirlækna, yfirhjúkrunarfræðinga og deildarstjóra hjúkrunar verði felld brott úr lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. og 3. mgr. 10. gr. laganna falli brott en þær kveða á um að faglegir stjórnendur helstu fagsviða heilbrigðisstofnunar beri faglega ábyrgð, gagnvart næsta yfirmanni, á þeirri þjónustu sem undir þá heyrir. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. mgr. 17. gr. laganna falli brott en ákvæðið kveður á um að forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana skuli hafa samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfæðing heilsugæslustöðvar þegar sérmál hennar er til ákvörðunar. Í athugasemdum við frumvarpið segir að því sé ætlað að auka svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir með því að gera kleift að sameina eða breyta stöðum stjórnenda þar sem það er talið auka skilvirkni og draga úr kostnaði.

Meiri hlutinn telur ekki nauðsynlegt að fella brott 2. og 3. mgr. greinarinnar til að auka möguleika á endurskipulagningu stofnana, draga úr rekstrarkostaði eða gera þær skilvirkari. Meiri hlutinn bendir á að umtalsverðar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar til að mynda á Landspítala þar sem deildir hafa verið lagðar niður eða sameinaðar og stjórnendastörfum bæði lækna og hjúkrunarræðinga verið fækkað. Leggur meiri hlutinn til að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Fram kom á fundum nefndarinnar og í minnisblaði heilbrigðisráðuneytisins sem lagt var fyrir nefndina að 2. mgr. 17. gr. laganna hamlaði sérstaklega hagræðingu og skilvirkni innan heilsugæslunnar og var Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sérstaklega nefnd enda hefur ekki verið talið fært að óbreyttum lögum að stækka rekstrareiningar og hafa til að mynda einn yfirlækni og einn yfirhjúkrunarfræðing yfir fleiri en einni heilsugæslustöð. Það er álit meiri hlutans að ekki sé nauðsynlegt að fella brott ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna til að ná fram þessum möguleika á skipulagsbreytingum. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á 2. gr. frumvarpsins sem er ætlað að tryggja samráð milli æðstu stjórnenda og fagstjórnenda heilsugæslu. Ákvæðið er þá ekki bundið við einstakar heilsugæslustöðvar og opnar þannig á breytingar í átt að aukinni hagræðingu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 17. gr. laganna verður svohljóðandi:
   Forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana skulu hafa samráð við faglega yfirmenn í heilsugæslunni þegar sérmál hennar eru til ákvörðunar.

Siv Friðleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Skúli Helgason.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1150. Svar [364. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Erlu Óskar Ásgeirsdóttur um gjaldeyrishöft.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var kostnaður Seðlabanka Íslands árið 2009 við að viðhalda gjaldeyrishöftunum?

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands skiptist kostnaður vegna gjaldeyrishafta með eftirfarandi hætti, í milljónum króna:

Laun og launatengd gjöld	10,3
Aðkeypt vinna	4,7
Annar kostnaður (hlutdeild í rekstri)	8,9
Samtals	**23,9**

1151. Svar [416. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána.

1. *Hefur ráðuneytið aflað lögfræðiálits (eins eða fleiri) um lögmæti gengistryggðra lána?*

Nei, ráðuneytið hefur ekki aflað utanaðkomandi lögfræðiálits um lögmæti gengistryggðra lána.

2. *Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?*

Þar sem þessi málefni eru nú til meðferðar fyrir dómstólum telur ráðuneytið ekki ástæðu til að afla álits af þessu tagi.

3. *Ef svo er:*
   a. *Hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu?*
   b. *Var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?*

Eins og áður segir hefur ekki verið aflað utanaðkomandi lögfræðiálits um lögmæti gengistryggðra lána.

1152. Svar [598. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um rekstur ráðuneyta og starfsmannafjölda árin 2006–2009.

1. *Hver voru útgjöld við rekstur ráðuneyta á árunum 2006, 2007, 2008 og 2009 á föstu verðlagi, sundurliðað eftir ráðuneytum?*

Samkvæmt fjárhagskerfi ríkisins námu heildarútgjöld ráðuneyta samtals 26.028 millj. kr. á umræddu árabili á föstu verðlagi. Í eftirfarandi töflu eru útgjöld sundurliðuð eftir aðalskrifstofum ráðuneyta í millj. kr.

	2006	2007	2008	2009
Forsætisráðuneyti	280,6	285,0	299,2	290,5
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	732,8	708,1	711,1	652,4
Utanríkisráðuneyti	1.322,1	1.310,9	1.184,2	1.144,3
Sjávarútvegsráðuneyti	241,7	243,2		
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	295,9	270,1	485,2	460,6
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	427,1	418,4	440,2	399,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	379,7	428,5	396,4	398,8
Heilbrigðisráðuneyti	606,3	631,0	605,3	525,4
Fjármálaráðuneyti	726,1	700,6	694,3	724,7
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	403,8	366,0	437,3	455,1
Iðnaðarráðuneyti	205,7	183,9	250,8	232,7
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	180,1	198,0	254,3	271,6
Hagstofa Íslands	913,3	870,9		
Umhverfisráðuneyti	356,1	345,2	352,9	331,1
Samtals	**7.071,3**	**6.959,8**	**6.111,2**	**5.886,2**

Á tímabilinu voru gerðar skipulagsbreytingar á verkefnum aðalskrifstofa ráðuneytanna sem höfðu áhrif á fjárheimildir og ársverkafjölda þeirra. Árið 2008 var fjárhagur þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins aðskilinn aðalskrifstofu ráðuneytisins og fækkaði stöðugildum á aðalskrifstofunni sem því nam, eða um 22 stöðugildi. 1. janúar 2008 tóku gildi ný lög um Hagstofu Íslands þar sem henni var breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun sem heyrir undir forsætisráðuneyti.

Á tímabilinu voru einnig aðrar breytingar gerðar á aðalskrifstofum og verkefnum ráðuneyta. Árið 2007 var rekstur iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis aðskilinn. Árið 2008 var starfsemi sjávarútvegsráðuneytis annars vegar og landbúnaðarráðuneytis hins vegar sameinuð í eitt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. 1. október 2009 tók gildi breyting á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, þegar heiti viðskiptaráðuneytis var breytt í efnahags- og viðskiptaráðuneyti, heiti dóms- og kirkjumálaráðuneytis var breytt í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, heiti menntamálaráðuneytis var breytt í mennta- og menningarmálaráðuneyti og heiti samgönguráðuneytis var breytt í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Á sama tíma tóku gildi ýmsar breytingar á verkefnum og skipulagi ráðuneytanna.

2. *Hver var þróun starfsmannafjölda í ráðuneytunum á sama árabili, sundurliðað eftir ráðuneytum?*

Samkvæmt launavinnslukerfi ríkisins voru 566,4 stöðugildi (ársverk í dagvinnu) á aðalskrifstofum ráðuneytanna árið 2006 en árið 2009 voru ársverk í dagvinnu 511,2. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fjölda ársverka sundurliðað eftir aðalskrifstofum ráðuneyta.

	2006	2007	2008	2009
Forsætisráðuneyti	23,9	23,3	24,9	26,5
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	70,9	70,8	71,7	70,6
Utanríkisráðuneyti	92,6	98,7	93,8	89,5
Landbúnaðarráðuneyti	17,9	17,1		
Sjávarútvegsráðuneyti	18,9	20,0		
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti			34,7	33,9
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	31,8	33,6	35,9	34,6
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	31,1	32,2	31,0	34,4
Heilbrigðisráðuneyti	46,5	49,7	47,4	45,9
Fjármálaráðuneyti	64,6	64,2	64,9	70,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	21,4	23,4	32,1	35,1
Iðnaðarráðuneyti	14,0	12,0	19,2	20,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	15,6	17,1	18,4	20,6
Hagstofa Íslands	89,5	80,0		
Umhverfisráðuneyti	27,7	28,0	29,8	30,2
Samtals	**566,4**	**570,1**	**503,8**	**511,2**

Helstu breytingar á ársverkum milli ára eru vegna skipulagsbreytinga og tilflutnings verkefna milli ráðuneyta, sbr. svar við 1. tölulið fyrirspurnarinnar.

1153. Nefndarálit [517. mál]

um frv. til l. um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Jónsdóttur frá Bankasýslu ríkisins, Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Arnar Þór Sæþórsson frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson, Gunnar Viðar og Jón Þór Grímsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Ársæl Hafsteinsson og Jakob Bjarnason frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf., Eirík Elís Þorláksson og Sigrúnu Helgadóttur frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Jóhannes Karl Sveinsson hrl. og Þórólf Jónsson hdl.

Frumvarpið miðar að því að auðvelda uppgjör fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið greip inn í á grundvelli neyðarlaganna. Að óbreyttum lögum hafa fjármálafyrirtæki heimild til að veðsetja eigur sínar og gefa út skuldabréf gegn veðum. Frumvarpið miðar að því að ljúka því ferli sem hófst með setningu neyðarlaganna, sbr. einkum 5. mgr. 5. gr. þeirra um heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka eignir fjármálafyrirtækis í sínar vörslur, láta meta verðmæti þeirra og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eins og þörf krefur. Þau ákvæði sem felast í frumvarpinu gera þeim fjármálafyrirtækjum sem frumvarpið nær til auðveldara fyrir en að óbreyttum lögum að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli með því að bæta við eignum í veðsafn sem og að skipta út einstökum eignum.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um samningsveð er kveðið á um að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða kann að eignast. Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að þrátt fyrir þessa reglu verði fjármálafyrirtæki heimilt að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, enda sé slíkt nauðsynlegt í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli laga nr. 125/2008 (neyðarlaganna) og ákvæði þeirra laga sem eru nú í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um fjármálafyrirtæki. Verði frumvarpið að lögum verður fjármálafyrirtæki einnig heimilt að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli og skipta út einstökum eignum samkvæmt samkomulagi við veðhafa án þess að þurfa að tilkynna slíkt skuldara skv. 46. gr. laga um samningsveð. Gildissvið frumvarpsins er því mjög skýrt afmarkað, þ.e. það nær eingöngu til fjármálafyrirtækja sem þar sem Fjármálaeftirlitið hefur beitt hinum sérstöku heimildum neyðarlaga til að ráðstafa eignum og skuldbindingum til þriðja aðila.

Samkvæmt 46. gr. laga um samningsveð öðlast veðréttur í almennum kröfum réttarvernd við það þegar skuldari fær tilkynningu um veðsetningu frá veðsala eða frá veðhafa. Í 2. gr. frumvarpsins felst frávik frá þessari grein um það hvernig veðréttur skv. 1. gr. frumvarpsins öðlast réttarvernd, að því marki sem hann varðar kröfuréttindi eða undirliggjandi veð sem tengjast slíkum kröfuréttindum. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að veðrétturinn öðlist réttarvernd með þinglýsingu yfirlýsingar á blað fjármálafyrirtækis í lausafjárbók þess efnis að fjármálafyrirtæki hafi nýtt heimild 1. gr. án þess að þar séu tilgreindar þær eignir sem veðsettar eru hverju sinni.

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ráðstafanir fjármálafyrirtækis sem tengjast afhendingu fjármuna inn í hið veðsetta eignasafn skuli ekki sæta riftun á grundvelli ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er varða riftun ráðstafana þrotamanns. Sem dæmi má nefna að skv. 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. má krefjast riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk síðustu sex mánuði fyrir frestdag og á hið sama við ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki tryggð á annan hátt gegn fullnustuaðgerðum án ástæðulauss dráttar eftir að skuld varð til og ekki fyrr en á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Í ljósi þessa er því kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að veðsetning eigna skv. 1. gr. laganna skuli ekki sæta riftun samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga sem varða ráðstafanir þrotamanns. Nær það jafnt til upphaflegrar veðsetningar sem og þess þegar frekari eignum er bætt í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli. Regla sem þessi er óhjákvæmileg til þess að tryggja að hið veðsetta eignasafn haldist óbreytt til fullnustu á þeim skuldbindingum fjármálafyrirtækisins sem veðsetningin tengist.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að nauðsynlegt væri að frumvarpið næði einnig til fyrirtækja sem hefðu verið stofnuð á grundvelli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins og hefðu tekið yfir eignir og skuldbindingar þeirra sem hefðu tekið við innlánum en væru ekki fjármálafyrirtæki. Í ljósi þessa leggur meiri hlutinn til að bætt verði við nýrri grein í frumvarpið sem nær til annarra fyrirtækja, eftir atvikum, sem stofnuð hafa verið til að ganga frá uppgjöri á eignum og skuldbindingum fjármálafyrirtækis vegna ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins sem tekin hefur verið á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 161/2002. Leita skal staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á að viðkomandi fyrirtæki falli undir ákvæði þessarar málsgreinar áður en því er beitt.

Í nefndinni var rætt um það hvort samþykkt frumvarpsins rýrði eða takmarkaði forgang Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Við umfjöllun í nefndinni kom fram að frum-

varpið veitir fjármálafyrirtækjum í raun enga nýja heimild til veðsetningar, umfram það sem þau þegar hafa, heldur auðveldar einungis rekstur og meðferð hins veðsetta safns í þeim tilvikum þegar um er að ræða uppgjör á grundvelli neyðarlaganna. Frumvarpið breytir því ekki að veðkröfur eru rétthærri í kröfuröð en forgangskrafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Það er því ljóst að eftir því sem fjármálafyrirtæki veðsetur meira af eigum sínum kann möguleiki sjóðsins til endurheimtu úr þrotabúi að rýrna, eins og verið hefur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Veðsetning eigna samkvæmt heimild 1. gr. laga þessara skal ekki sæta riftun samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga er varða ráðstafanir þrotamanns.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Ákvæði laga þessara gilda einnig um önnur fyrirtæki, eftir atvikum, sem stofnuð hafa verið til að ganga frá uppgjöri á eignum og skuldbindingum fjármálafyrirtækis vegna ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins sem tekin hefur verið á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 161/2002. Leita skal staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á að viðkomandi fyrirtæki falli undir ákvæði þessarar málsgreinar áður en því er beitt.

Alþingi, 25. maí 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. Magnús Orri Schram. Árni Þór Sigurðsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Valgerður Bjarnadóttir.

1154. Nefndarálit [575. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum (gæðamál, tryggingarfjárhæðir).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Haraldsdóttur og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Helenu Karlsdóttur frá Ferðamálastofu, Örn E. Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins og Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þá bárust umsagnir frá Eyþingi, Ferðamálasamtökum Íslands, Hagstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum ferðaþjónustunnar, Seðlabankanum, tollstjóranum, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um skipan ferðamála. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði tímabundið undanþáguákvæði þar sem Ferðamálastofu er veitt heimild

til að ákvarða hæsta gildi tryggingarfjárhæðar vegna alferða á grundvelli nýrra gagna samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu. Í annan stað er lagt til að heimild iðnaðarráðherra til setningar reglugerðar verði afmörkuð á skýrari hátt en áður, m.a. um þau atriði er lúta að flokkun leyfa, öryggismálum og eftirliti með leyfishöfum. Í þriðja lagi er lagt til að umsækjendur um ferðaskrifstofu- og ferðaskipulagsleyfi leggi fram ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi sem og að þessir sömu aðilar búi yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

Nefndin hefur fjallað um málið og var sjónum einkum beint að undanþáguákvæði, sbr. 17. gr. a, sem veitir Ferðamálastofu heimild til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. þeim reiknireglum sem notaðar eru við ákvörðun tryggingarfjárhæðar. Nefndin telur rétt að leggja áherslu á að um er að ræða heimildarákvæði sem gildir út árið 2010 og skýra ber þröngt. Jafnframt að með þessum breytingum sé ekki vikið frá þeim reiknireglum og viðmiðum sem kveðið er á um í ákvæðinu við mat á tryggingarfjárhæð, heldur verði heimilt að miða við ársreikning 2009 í stað þess að miða við ársreikning 2008. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að með þessu undanþáguákvæði sé ekki skert sú neytendavernd sem lögunum er ætlað að tryggja.

Töluvert var í nefndinni rætt um það nýmæli að þeir sem bjóða upp á afþreyingarferðir þurfi að búa yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt svo hægt sé að veita ferðaskrifstofu- eða ferðaskipuleggjanda leyfi til reksturs, sbr. g-lið 2. mgr. 9. gr. laganna. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að ákvæði þetta kynni að fela í sér aðgangshindranir á markaði, skapa tortryggni um ómálefnalega mismunun og vera samkeppnishamlandi. Einnig væri slíkt ákvæði til þess fallið að koma í veg fyrir nýliðun og virka samkeppni í greininni. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur að um sé að ræða matskennda stjórnvaldsákvörðun sem ákvarði ekki að öllu leyti þau viðmið sem þurfa að vera fyrir hendi svo að hægt sé að taka ákvörðun sem byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Setja verður fram ákveðin grunnviðmið með jafnræðisregluna að leiðarljósi. Nefndin telur að ákvæðið þarfnist nánari skoðunar og leggur til að það verði fellt brott.

Nefndin telur rétt að árétta að iðnaðarráðherra hefur skipað nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir ákvæði laga um skipan ferðamála. Sú nefnd er með til skoðunar hvort gera þurfi frekari breytingar á lögum um skipan ferðamála og hefur m.a. til skoðunar öryggismál og skilyrði fyrir veitingu leyfa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

G-liður 1. gr. falli brott.

Alþingi, 31. maí 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Gunnar Bragi Sveinsson.
Jón Gunnarsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Atli Gíslason.

1155. Tillaga til þingsályktunar [641. mál]

um rýmri fánatíma.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að setja reglugerð um notkun þjóðfánans í því skyni að rýmka fánatíma.

Greinargerð.

Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eru að stofni til frá árinu 1944 og hafa tekið mjög litlum breytingum frá upphafi og má færa rök fyrir því að þau séu full gamaldags.

Tillaga sú sem hér er lögð fram snýr að því að rýmka heimildir um notkun þjóðfánans. Í 7. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, kemur fram að með reglugerð skuli kveða á um fánadaga og hve lengi dags megi halda fánanum við hún. Árið 1998 var gerð breyting á fánalögum með lögum nr. 67/1998 og m.a. þessu ákvæði. Í stað forsetaúrskurðar skyldi kveðið á um fánadaga og fánatíma með reglugerð, sbr. 4. gr. breytingalaganna. Í fylgiskjali II með frumvarpi að breytingalögunum var tillaga um efni reglugerðarinnar og var fánatími þar sá sami og er í gildandi forsetaúrskurði, sbr. 7. gr. tillögunnar, en reglugerð um nánari útfærslu á fánalögunum hefur hins vegar aldrei verið sett og er því forsetaúrskurðurinn enn í gildi.

Í forsetaúrskurði um fánadaga og fánatíma, nr. 5/1991, segir svo í 3. gr.:

„Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.“

Flutningsmaður leggur til það svigrúm að hafa megi fánann uppi allan sólarhringinn yfir bjartasta tímann á sumrin, frá 15. maí til 15. ágúst. Hluta þessa tímabils er sólsetur eftir miðnætti og sólarupprás skömmu síðar. Vera má að í framtíðinni verði grundvöllur fyrir því að afnema með öllu hömlur á því hvenær fáninn megi vera uppi, þ.e. að hann megi þá vera á stöng allan sólarhringinn allan ársins hring. Flutningsmaður telur hins vegar eðlilegt að eitt skref verði tekið í einu og reynslan síðan látin skera úr um hvort frekari skref verði tekin. Rétt er að byrja á því að heimila að fáninn sé uppi allan sólarhringinn á sumrin. Íslendingar eru stoltir af fána sínum og vilja margir flagga honum. Þótt flutningsmaður hafi ekki tölulegar upplýsingar um fánanotkun almennings er það skoðun hans að vel færi á því að auka notkun fánans almennt. Líklegt er að þessi breyting feli í sér leiðir til aukinnar notkunar á þjóðfána Íslendinga. Aukin notkun þjóðfánans kæmi sérlega fram á sumrin, bæði í íbúða- og sumarhúsabyggðum þar sem íbúar landsins þyrftu þá ekki að hafa áhyggjur af því að gleyma að taka fánann niður á kvöldin líkt og nú. Mætti því leiða líkur að því að fáninn muni blakta fleiri daga en að óbreyttum lögum.

Á síðustu árum hefur farið fram umræða í samfélaginu um hvort ekki mætti breyta lögunum þannig að unnt yrði að auka frjálsræði um notkun fánans með tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Hafa meðal annars Bændasamtök Íslands verið því fylgjandi svo að unnt verði að merkja íslenskar landbúnaðarvörur með þjóðfánanum. Með fyrrnefndum breytingalögum frá 1998 var gerð breyting í þá veru en vegna vankanta hefur ekki reynst unnt að

koma henni í framkvæmd. Erfitt hefur reynst að skilgreina hlutlægar gæðaviðmiðanir til að uppfylla skilyrði laganna á fullnægjandi hátt, en lögin kveða á um að gæði þeirrar starfsemi sem markaðssetningin taki til eigi að vera samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir í reglugerð. Reglugerðin hefur því ekki verið sett og þess vegna ekki hægt að nýta heimildina. Nú hefur forsætisráðherra lagt fram frumvarp á þskj. 921, 532. mál, sem miðar að því að hægt verði að gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið. Sníða á af núverandi vankanta. Því er ljóst að fánalögin verða til umræðu í allsherjarnefnd á næstunni. Af þeim sökum telur flutningsmaður rétt að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar og freista þess að hún verði skoðuð á Alþingi samhliða frumvarpi forsætisráðherra.

1156. Framhaldsnefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði að nýju um frumvarpið eftir 2. umræðu í þinginu. Áfram var rætt um hlutverk endurskoðenda og leggur nefndin til tvenns konar breytingar á ákvæðum er varða endurskoðun. Annars vegar er lagt til að endurskoðanda verði skylt að sækja ársfund í félagi og hins vegar að bætt verði við upptalningu í 1. mgr. 58. gr. að endurskoðendum verði einnig skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu mikilvæg atriði sem varða rekstur vátryggingafélags, þá sérstaklega vankanta á innra eftirliti með fjárhag þess. Meiri hlutinn telur brýnt að lög um endurskoðendur verði endurskoðuð.

Einnig eru lagðar til tvær lagfæringar á ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpinu. Lögð er til lagfæring á 1. mgr. þess þar sem ranglega er vísað til 35. gr. en á að vera tilvísun í 34. gr. Einnig er lögð til lagfæring á tilvísun í 3. mgr. 55. gr. Einnig er lögð til lagfæring á heiti VIII. kafla laga um ársreikninga í 1. mgr. 56. gr. Þá var í 3. mgr. gert ráð fyrir því að 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. félli brott 31. janúar 2009. Þetta ákvæði er í gildandi lögum en tímamarkið er nú liðið og leggur því nefndin til að bæði þessi ákvæði falli brott. Ástæða fyrir brottfalli 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. er að í 27. gr. tilskipunar 2002/83/EB um líftryggingastarfsemi er kveðið á um brottfall hans í árslok 2009. Vegna brottfalls hans leggur nefndin einnig til að 3. málsl. 2. mgr. 31. gr. falli brott.

Eins og fram kemur í frumvarpinu mega vátryggingafélög frá öðru aðildarríki veita þjónustu hér á landi í samræmi við starfsleyfi sitt sem gefið er út í heimaríki þeirra. Til þess að taka af allan vafa telur meiri hlutinn rétt að árétta að í frumvarpinu er ekki fjallað um félagaform vátryggingafélaga sem veita starfsemi hér á landi á grundvelli starfsleyfis í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, enda mundi slíkt ákvæði stangast á við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Meiri hlutinn leggur áherslu á nauðsyn þess að skipuð verði nefnd af efnahags- og viðskiptaráðherra sem móti stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, tillögum þingmannanefndar Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi fjármálageirans eftir fall bankanna. Jafnframt skal taka til skoðunar umgjörð um starfsemi

gagnkvæmra tryggingafélaga, þ.m.t. um gjaldþol, einkarétt, útgreiðslu arðs og slitameðferð. Einnig þarf að taka til umfjöllunar hvort skynsamlegt sé að viðhalda heimildum um eignarhald fjármálafyrirtækja á vátryggingafélögum og öfugt.

Meiri hlutinn telur rétt að skoðað verði hvort lögfesta eigi ákvæði um ábyrgð skuggastjórnenda, annaðhvort í lög um hlutafélög eða eftir atvikum í sérlög eins og t.d. lög um vátryggingastarfsemi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 31. gr.
   a. 8. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
2. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. 55. gr. komi: 2. mgr.
3. Í stað orðanna „settar alþjóðlegar reikningsskilareglur, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga“ í 1. mgr. 56. gr. komi: alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.
4. 3. mgr. 57. gr. orðist svo:
   Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi.
5. Við 1. mgr. 58. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, er orðist svo: mikilvæg atriði er varða rekstur félagsins, þ.m.t. vankanta í innri eftirlitsferlum félagsins.
6. Við ákvæði til bráðabirgða I:
   a. Í stað orðanna „35. gr.“ tvívegis í 1. mgr. komi: 34. gr.
   b. 3. mgr. falli brott.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.
Margrét Tryggvadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. | Magnús Orri Schram. | Árni Þór Sigurðsson.

Eygló Harðardóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

1157. Fyrirspurn [642. mál]

til iðnaðarráðherra um gengistryggð lán hjá Byggðastofnun.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hversu margir aðilar eru með gengistryggð lán hjá Byggðastofnun?
2. Hvað hafa þau lán hækkað mikið frá hruni bankakerfisins?

3. Stendur til að gera Byggðastofnun kleift að bregðast við hækkun gengistryggðra lána með svipuðum hætti og aðrar fjármálastofnanir hafa boðað?
4. Hefur þörfin fyrir slíka leiðréttingu á lánum stofnunarinnar verið metin?

Skriflegt svar óskast.

1158. Fyrirspurn [643. mál]

til forsætisráðherra um reglur um þjóðfánann.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Stendur til að breyta reglum um þjóðfánann, t.d. um fánadaga og hve lengi dags má halda fánanum við hún, og auka þá m.a. svigrúm til að hafa fánann uppi yfir sumartímann?

1159. Frumvarp til laga [644. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal,
Birgir Ármannsson, Óli Björn Kárason, Tryggvi Þór Herbertsson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 165. gr. laganna orðast svo:

Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef meiri hluti er fyrir röksemdum og niðurstöðu frummælanda semur hann atkvæði að dómi. Sé frummælandi í minni hluta skulu þeir dómarar sem mynda meiri hluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi. Dómarar skulu staðfesta atkvæði sitt skriflega, eftir atvikum með athugasemdum við forsendur. Þeir sem ekki eru sammála meiri hluta dómara skila sératkvæði. Við birtingu dóma skal koma fram hver samið hafi dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því. Atkvæði annarra dómara skulu einnig birt ásamt forsendum þeirra. Dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi með eða án sératkvæða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á því ákvæði laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, sem mælir fyrir um með hvaða hætti dómarar við Hæstarétt Íslands skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra.

Rík krafa hefur verið uppi í samfélaginu um aukið gagnsæi í störfum helstu valdastofnana samfélagsins. Hefur sú krafa magnast á síðustu missirum, ekki síst í kjölfar þess að rannsóknarnefnd Alþingis birti skýrslu sína. Með frumvarpi þessu er reynt að koma til móts við þá kröfu að því er dóma Hæstaréttar Íslands varðar. Samkvæmt núverandi skipan kemur fram í dómum Hæstaréttar Íslands hvaða dómarar við réttinn hafa dæmt í málum hverju sinni. Að undanskildum sératkvæðum dómara við dómsniðurstöður bera dómar Hæstaréttar Íslands hins vegar ekki með sér hver þeirra dómara samdi dóminn. Með frumvarpinu er úr þessu ógagnsæi bætt og lagt til að í dómum Hæstaréttar verði birt hvaða dómari við réttinn semur dóm hverju sinni, dómarar staðfesti atkvæði sín skriflega og þeim heimilað að gera skriflegar athugasemdir við dómsforsendur telji þeir ástæðu til.

Með breytingunni eykst gagnsæi í dómstörfum við Hæstarétt Íslands og þeim sem dómana lesa verður gert kleift að kynna sér hvaða dómari samdi dóm hverju sinni auk þess sem viðhorf einstakra dómara til sakarefnis máls hverju sinni verða aðgengilegri en þau eru nú. Þá eykur meira gagnsæi aðhald þeirra sem utan réttarins standa gagnvart dómurum Hæstaréttar og veitir þeim betra tækifæri til þess að tjá sig um og greina dómsniðurstöður. Auk þess verður að ætla að breytingin stuðli að því að auka persónulega ábyrgð einstakra dómara á dómsniðurstöðu. Einnig má gera ráð fyrir að textar í dómum verði skýrari þar sem ekki verður jafn rík ástæða og nú til að bræða saman í texta dóma sjónarmið einstakra dómara en slíkt er stundum til þess fallið að gera merkinguna óskýra. Má finna augljós dæmi úr sögu réttarins um slíkt. Nærtækt dæmi sem nefna má í því sambandi er dómur Hæstaréttar frá 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000, Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands, sem í daglegu tali er nefndur öryrkjadómurinn. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar Íslands í því máli þóttu svo óljósar og óskýrar að þáverandi forseti Alþingis skrifaði forseta Hæstaréttar Íslands bréf til þess að fá útskýringar frá réttinum um hvað í dómi hans fælist. Jafnframt var skipuð sérstök nefnd sem fengið var það hlutverk að greina dóminn og þýðingu hans.

Samkvæmt núgildandi lögum mælir 1.–3. málsl. 2. mgr. 165. gr. laganna fyrir um að dómarar skuli strax eftir dómtöku máls ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning skuli forseti dómsins fela einum dómara á þeim fundi að hafa framsögu en forseti stýri þar ráðagerðum, beri fram spurningar, stuðli að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telji atkvæði þeirra. Þá mælir ákvæðið svo fyrir að afl atkvæða ráði úrslitum dómsmáls. Ekki er lagt til að á þessu verði gerð breyting.

Með frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að í stað 4. og 5. málsl. 2. mgr. 165. gr. laganna komi sex nýir málsliðir þar sem lögð er til breyting á núgildandi skipan varðandi það með hvaða hætti hæstaréttardómarar skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra.

Í 4. og 5. málsl. 2. mgr. 165. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að forseti dómsins skuli að lokinni umræðu fela frummælanda úr röðum dómara að semja atkvæði að dómi. Þá segir

að greinist dómarar í meiri og minni hluta semji frummælandi atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómararnir ákveði hver þeirra semji atkvæði þeirra.

Í stað þess fyrirkomulags sem núgildandi málsliðir mæla fyrir um er í fyrsta lagi lagt til að ef meiri hluti dómara er fyrir röksemdum og niðurstöðu frummælanda þá skuli hann semja atkvæði að dómi. Sé frummælandi hins vegar í minni hluta skuli þeir dómarar sem mynda meiri hluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi. Dómarar skuli þá staðfesta atkvæði sitt skriflega og eftir atvikum með athugasemdum við forsendur. Þeir dómarar sem ekki eru sammála meiri hluta dómara skila sératkvæði.

Í annan stað mælir frumvarpið fyrir um að við birtingu dóma skuli koma fram hvaða dómari hafi samið dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því. Atkvæði annarra dómara skuli einnig birt ásamt forsendum þeirra fyrir niðurstöðu sinni.

Eftir sem áður gerir frumvarpið ráð fyrir að dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verði einnig að greiða atkvæði um efni máls og að dómarar skuli ganga í sameiningu frá dómi með eða án sératkvæða. Því er ekki lögð til breyting á 6. og 7. málsl. núgildandi 2. mgr. 165. gr.

Verði núgildandi skipan um með hvaða hætti dómarar við Hæstarétt Íslands skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra breytt með þeim hætti sem frumvarp þetta mælir fyrir um verður hún færð nær því sem tíðkast m.a. hjá hæstarétti Noregs, hæstarétti Bandaríkjanna og hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi um leið og það hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi.

Verði frumvarpið samþykkt leiðir það ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

1160. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur farið yfir frumvarpið og fengið á sinn fund Svein Arason ríkisendurskoðanda, Inga K. Magnússon skrifstofustjóra og Jón L. Björnsson skrifstofustjóra hjá Ríkisendurskoðun. Einnig komu á fund nefndarinnar Lúðvík Guðjónsson og Viðar Helgason, sérfræðingar hjá fjármálaráðuneyti, og kynntu frumvarpið.

Um fjárheimildir.

Í 1. gr. frumvarpsins eru tilgreindar þær breytingar sem verða á fjárheimildum árið 2008 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Á rekstrargrunni nema þær 2.546,2 m.kr.

Í 2. gr. er birt yfirlit yfir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok sem falla niður og flytjast því ekki yfir á næsta ár. Á rekstrargrunni er um að ræða 219.253,4 m.kr. lækkun. Stærstu frávikin eru vegna afskrifta af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands eftir hrun bankanna, einnig tapaðar kröfur vegna tryggingabréfa sem ríkissjóður yfirtók vegna ríkisverðbréfalána Seðlabanka til aðalmiðlara ríkisverðbréfa. Loks kemur frávik vegna gjaldfærslu á hækkuðum skuldbindingum vegna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

Í 3. gr. frumvarpsins segir að lögin öðlist þegar gildi og sé ríkisreikningur fyrir árið 2008 þar með staðfestur, að teknu tilliti til fyrirvara sem fram kemur í breytingartillögu meiri hlutans.

Eftirfarandi tafla sýnir uppruna fjárheimilda og stöðu þeirra í árslok:

Rekstrargrunnur, m.kr.	
Flutt frá fyrra ári	19.438,6
Fjárlög	434.231,5
Fjáraukalög	33.146,6
Millifærslur	0,4
Lokafjárlög	2.546,2
Fjárheimildir samtals	489.363,3
Staða samkvæmt ríkisreikningi	687.862,7
Staða í lok árs	-198.499,4

Í töflunni kemur fram að fjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2008 voru 489.363,3 m.kr. Útgjöld samkvæmt ríkisreikningi 2008 námu 687.862,7 m.kr. og staða fjárheimilda í árslok var því neikvæð um 198.499,4 m.kr. Helstu skýringar á þessu mikla fráviki er gjaldfærsla á rúmlega 192 milljarða kr. afskriftum af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands eftir fall bankanna og af verðbréfalánum til aðalmiðlara. Auk þess voru gjaldfærðar ríflega 35 milljarða kr. lífeyrisskuldbindingar umfram áætlun vegna neikvæðrar ávöxtunar og áfalla sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins urðu fyrir í kjölfar bankakreppunnar.

Þegar afskriftir veðlána Seðlabankans og verðbréfalána aðalmiðlara og hækkun skuldbindingar vegna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins eru frátaldar er staða fjárheimilda í árslok 2008 jákvæð um 29,2 milljarða kr. Að þessum tveimur liðum frátöldum nema afgangsheimildir 40,5 milljörðum kr. en umframgjöld 11,3 milljörðum kr.

Fjárlaganefnd fór yfir frumvarpið og kom í ljós að mismunur á milli ríkisreiknings 2008 og frumvarps til lokafjárlaga 2008 nam 1.354,9 m.kr. Staða höfuðstóls í reikningnum er hærri en staða fjárheimilda samkvæmt frumvarpinu.

Misræmi milli frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2008 og ríkisreiknings 2008.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2010 óskaði fjárlaganefnd eftir því að Ríkisendurskoðun rýndi og veitti umsögn um frumvarpið. Jafnframt var óskað eftir staðfestingu á því að leiðréttingar, sem færa átti í ríkisreikning 2008 og fram komu við athugun lokafjárlaga fyrir árið 2007, hefðu skilað sér í ríkisreikninginn.

Ríkisendurskoðun svaraði beiðni fjárlaganefndar með bréfi dags. 9. mars 2010 og gerði síðar grein fyrir efni þess á fundi með nefndinni. Í ljós kom að staða höfuðstóls allra fjárlagaliða í ríkisreikningi var neikvæð um 197.144,5 m.kr. en staða fjárheimilda allra fjárlagaliða í frumvarpinu var neikvæð um samtals 198.499,4 m.kr. Enginn mismunur ætti að vera þarna á milli samkvæmt skilgreiningu höfuðstólsreikninganna. Leitaði Ríkisendurskoðun eftir skýringum á þessum mun hjá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og fór yfir þær.

Í nokkrum tilfellum stafar misræmið af því að í ríkisreikningi er afkoma stofnana flutt strax á bundið eigið fé í árslok og kemur því ekki fram í höfuðstólsstöðu, en í frumvarpinu er staða um áramót tilgreind gagnvart fjárheimildum. Staða þessara liða er ætíð felld niður á lokafjárlögum og yfirfærist því ekki til næsta árs. Í mörgum öðrum tilfellum er sett hámark á yfirfærslu afgangsheimildar og það sem umfram er fellur niður. Þá hafa í ýmsum tilvikum

þar sem um gamalt misræmi er að ræða verið gerðar ráðstafanir til að færa það úr ríkisreikningi 2009 með leiðréttingu á yfirfærðri stöðu höfuðstóls. Misræmi á 11 fjárlagaliðum var óleyst og vísaði Ríkisendurskoðun til minnisblaðs frá fjármálaráðuneytinu þar sem tilurð mismunar var rakin og lagðar fram tillögur um úrlausnir. Telur Ríkisendurskoðun að minnisblaðið endurspegli vel þær ógöngur sem þetta kerfi er komið í frá því að ný uppgjörsregla var tekin upp árið 2001 en hún fól í sér að rekstrartekjur og markaðar tekjur voru almennt færðar í reikninga stofnana. Frá meginreglunni voru undantekningar sem nú ná til stofnana sem ekki var gert ráð fyrir að féllu undir undantekninguna. Þá voru þrjár stofnanir fluttar á sínum tíma í A-hluta með upphafsstöðu sem ekki var í samræmi við fjárheimildir. Ríkisendurskoðun benti á að í lokafjárlögum er ekki lögð til hækkun á fjárheimild á fjárlagalið 10-475, Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, til samræmis við meiri innheimtu lendingargjalda en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Ríkisendurskoðun minnti á að frumvarp til lokafjárlaga er eingöngu lagt fram til að Alþingi geti samþykkt ríkisreikning. Því sé ekki ætlað að sýna aðra niðurstöðu en fram kemur í ríkisreikningi. Samþykki Alþingi frumvarp til lokafjárlaga með annarri niðurstöðu má færa rök fyrir því að taka þurfi upp ríkisreikning, áritaðan af ríkisendurskoðanda, og breyta honum til samræmis við samþykkt lokafjárlög.

Á fundi fjárlaganefndar var ákveðið að starfsmenn nefndarinnar, Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytisins færu yfir mismuninn og legðu fram tillögu fyrir fjárlaganefnd hvernig fara ætti með hann. Niðurstaða þessara aðila ásamt fjársýslustjóra og sérfræðingi hans varð sú að leggja til breytingu á fimm liðum í frumvarpinu. Samtals hafa þær í för með sér 377,5 m.kr. hækkun á fjárheimildum í 1. gr. frumvarpsins og 15,9 m.kr. hækkun á niðurfelldum fjárheimildastöðum í 2. gr.

Annað.

Meiri hluti fjárlaganefndar óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun legði mat á hvort lækka ætti fluttar fjárheimildir aðalskrifstofa ráðuneyta umfram það sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Benti nefndin á fjárheimildir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins í þessu sambandi þar sem fluttar voru hærri heimildir milli ára en vinnureglur fjármálaráðuneytisins gerðu ráð fyrir. Einnig kemur fram í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 að: „Felldar verða niður verulegar afgangsfjárheimildir sem myndast hafa á undanförnum árum á tilteknum fáum liðum, m.a. vegna framkvæmda sem ekki hefur orðið af, og einnig fjárheimildir í rekstri stofnana sem ekki hafa verið nýttar og eru umfram tiltekið hlutfall af veltu í fjárlögum 2009.“ Í svari Ríkisendurskoðunar kemur fram að hlutfall fluttra fjárheimilda aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins er verulega yfir 10% vinnureglunni. Fjármálaráðuneytið svaraði fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um þetta mál með eftirfarandi hætti: „Það sem því helst ræður er óvissa um fjárþörf eftir skipulagsbreytingar sem gerðar voru á ráðuneytinu síðastliðið haust í kjölfar samþykktar laga nr. 98/2009, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Starfsfólk og fjárheimildir fluttust þá frá ráðuneytinu samhliða tilfærslu verkefna og áhrif þess, t.d. hvað varðar þörf á sérfræðiþekkingu innan skrifstofunnar og fjölda stöðugilda eiga eftir að koma betur í ljós. Einnig geta útgjöld ráðuneytisins verið breytileg milli ára eftir áherslum á hverjum tíma og hefur ráðuneytið þar nokkra sérstöðu. Í því ljósi, og til að fjárhagsrammi skrifstofunnar gefi svigrúm til að móta nýja starfsemi, þótti rétt að koma til móts við óskir ráðuneytisins varðandi flutning á afgangsheimild milli ára.“ Ríkisendurskoðun telur að nær hefði verið að þessi ósk hefði komið á borð fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010. Ekki verði séð að í frumvarpinu séu tillögur um að aðal-

skrifstofur annarra ráðuneyta fái slíka sérmeðferð. Meiri hluti fjárlaganefndar telur að skerpa þurfi reglur í þessu sambandi þannig að ekki fari á milli mála hvaða heimildir séu til að flytja fjárheimildir milli ára. Jafnframt er mikilvægt að við umræður um frumvarp til fjárlaga liggi fyrir tillögur að flutningi fjárheimilda milli ára.

Í 45. gr. laga nr. 88/1997 segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.“ Meiri hluti fjárlaganefndar vekur athygli á að frumvarpið var ekki lagt fram um leið og ríkisreikningur 2008 þrátt fyrir að skylt sé að gera það samkvæmt fyrrgreindum lögum. Meiri hlutinn gerir þá kröfu að úr þessu verði bætt.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR.

Breytingar á 1. gr.

02-201 Háskóli Íslands.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Lögð er til 337,5 m.kr. hækkun fjárheimildar á viðfangsefninu til samræmis við stöðu liðarins í ríkisreikningi. Betri staða í ríkisreikningi stafar af því að síðustu þrjú ár hefur Happdrætti Háskóla Íslands greitt skólanum 337,5 m.kr. umfram það sem mælt var fyrir um í fjárlögum.

6.60 Tækjasjóður. Lögð er til 40 m.kr. hækkun á fjárheimild til samræmis við stöðu sjóðsins í ríkisreikningi. Ástæðan fyrir því að staða í ríkisreikningi er betri en í lokafjárlögum er sú að á liðinn hafa verið færðar ríkistekjur til ráðstöfunar umfram heimildir, þar sem greiðslur frá Happdrætti Háskóla Íslands hafa verið hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Framlag happdrættisins hefur verið tekjufært sem frjáls eign Tækjasjóðs án þess að veitt hafi verið sambærileg hækkun á fjárheimild.

Breytingar á 2. gr.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að 8,3 m.kr. fjárheimild falli niður í árslok til að samræma fjárheimildastöðu, sem þá yfirfærist til næsta árs samkvæmt lokafjárlögum, við stöðu liðarins í ríkisreikningi. Skýringin á mismuninum er sú að þegar hljómsveitin var flutt úr B-hluta í A-hluta í ársbyrjun 2008 þá tók hún með sér þessa neikvæðu höfuðstólsstöðu.

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi.

Höfuðstóll í árslok í ríkisreikningi 2008 er jákvæður um 16,8 m.kr. en fjárheimildastaða í árslok samkvæmt frumvarpinu er jákvæð um 5,6 m.kr. Staða liðarins er því ríflega 11,2 m.kr. betri í ríkisreikningi. Ástæðan er sú að í ríkisreikningi 2007 var höfuðstóll liðarins hækkaður um 11,3 m.kr. til samræmis við stöðu hans í bókhaldi eftir kaup ríkisins á spítalanum og flutning hans í A-hluta ríkisreiknings. Einnig var þetta í samræmi við endurskoðaðan ársreikning stofnunarinnar. Samsvarandi heimild hefur ekki verið gerð á fjárheimild stofnunarinnar og því kemur fram misræmi milli frumvarpsins og ríkis-

reiknings í stöðu gagnvart fjárheimildum sem þessari tillögu er ætlað að eyða. Tillagan er gerð um 11,3 m.kr. lækkun sem skiptist á þrjú viðfangsefni:

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að 4,4 m.kr. falli niður.

1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að 5,5 m.kr. falli niður.

1.21 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 1,4 m.kr. falli niður.

08-795 St. Jósefsspítali-Sólvangur.

Við sameiningu Sólvangs við St. Jósefsspítala í ríkisreikningi 2006 var höfuðstóll liðarins lækkaður um 18,9 m.kr. í ríkisreikningi til samræmis við stöðu á fjárlagalið Sólvangs í bókhaldi ríkisins og til samræmis við endurskoðaðan ársreikning spítalans. Samsvarandi lækkun hefur ekki verið gerð á fjárheimildum til St. Jósefsspítala og er því ekki í fjárheimildagrunni frumvarpsins.

1.21 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 18,9 m.kr. af fjárheimildum falli niður í árslok til að eyða því ósamræmi sem er á milli frumvarps til lokafjárlaga og stöðu liðarins í ríkisreikningi 2008.

10-336 Hafnarframkvæmdir.

6.70 Hafnabótasjóður. Lögð er til sú efnislega breyting á frumvarpinu að dregið verði úr niðurfellingu afgangsheimildar á fjárlagaliðnum um 130 m.kr. Eftir að talnabálki frumvarpsins hafði verið lokað kom í ljós að í frumvarpinu hafði ekki að fullu verið tekið tillit til hlutdeildar Landeyjahafnar í afgangsheimildum á viðfangsefni *10-336-6.70 Hafnabótasjóður.* Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að fella niður 679,1 m.kr. af fjárlagalið *10-336 Hafnarframkvæmdir* en samkvæmt breytingartillögunni verður niðurfellingin 549,1 m.kr.

Miðað við áætlun Siglingastofnunar er engu að síður reiknað með 150,5 m.kr. halla á verkinu og dugir þessi viðbótarmillifærsla því ekki til að ljúka því. Ríkisendurskoðun kannaði forsendur áætlunar Siglingastofnunar og kom fram að um varfærna áætlun var að ræða þar sem reiknað var með nokkrum ófyrirséðum kostnaði. Verið er að auglýsa síðasta útboð verksins sem felst í frágangi lóðar, en áhrif seinkana vegna eldgossins í Eyjafjallajökli liggja ekki fyrir að fullu. Fram kom að Siglingastofnun mundi halda verkinu innan fjárheimilda og fresta lokafrágangi eða einstökum verkþáttum dygðu fjárveitingar ekki, án þess þó að slíkt kæmi í veg fyrir opnun hafnarinnar á tilsettum tíma. Aðrar leiðréttingar verða færðar í ríkisreikning 2009.

Meiri hlutinn leggur til að ríkisreikningur fyrir árið 2008 verði samþykktur með þeim fyrirvara að þingmannanefnd sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur til umfjöllunar hugsanlega ráðherraábyrgð samkvæmt lögum nr. 4/1963. Samþykkt ríkisreikningsins felur því ekki í sér brottfall hugsanlegra krafna á hendur ráðherrum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um ráðherraábyrgð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi 20. maí 2010

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Lilja Mósesdóttir.
Oddný G. Harðardóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.

1161. Breytingartillögur [391. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, KÞJ, LMós, OH, SER, ÞBack).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	0,0	337,5	337,5
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*43,4*	*337,5*	*380,9*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-238 Tækjasjóður			
a. 6.60 Tækjasjóður	0,0	40,0	40,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*40,0*	*40,0*
Breytingar á sundurliðun 2:			
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
a. 1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	8,3	8,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,3*	*8,3*
4. Við **08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	27,5	-4,4	23,1
b. 1.11 Sjúkrasvið	-228,2	-5,5	-233,7
c. 1.21 Hjúkrunarrými	159,2	-1,4	157,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-11,3*	*-11,3*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur			
a. 1.21 Hjúkrunarrými	0,0	18,9	18,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*18,9*	*18,9*
6. Við **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
6.70 Hafnabótasjóður	400,0	-130,0	270,0
Greitt úr ríkissjóði	*679,1*	*-130,0*	*549,1*

1162. Breytingartillaga [391. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GuðbH, KÞJ, LMós, OH, SER, ÞBack).

Við 3. gr. bætist: með fyrirvara út af hugsanlegri skaðabótakröfu ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 4/1963.

1163. Nefndarálit [579. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Með frumvarpinu er lögð til ný skilgreining á hlutverki opinberra háskóla. Einnig eru lagðar til breytingar er varða heimild opinberra háskóla til að sinna endurmenntun. Í þriðja lagi er lögð fram breyting er varðar skipan í háskólaráð. Þá eru einnig settar fram breytingar hvað varðar háskólafundi, breytingar er varða ábyrgð á veitingu tímabundinna akademískra starfa og fleira.

Í lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, er hlutverk opinberra háskóla skilgreint með skýrum hætti og vandséð er hvaða rök liggja að baki þeim breytingum sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins. Þar er opinberum háskóla annars vegar ætlað að „miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu“ og hins vegar er þrengt að möguleikum háskóla til að veita endurmenntun. Ekki verður betur séð en þetta kunni að vera í nokkurri mótsögn hvert við annað. Ákvæði gildandi laga er mun skýrara og eðlilegra þegar kemur að því að skilgreina hlutverk opinberra háskóla.

Um það verður ekki deilt að hlutverk háskóla og þá ekki síst opinberra háskóla er fyrst og fremst að sinna kennslu og rannsóknum. Það ætti því fremur að styrkja skilgreint hlutverk opinberra háskóla en að útvatna það með þeim hætti sem gert er. Í þessu sambandi skal bent á athugasemdir Sigríðar Ólafsdóttur, lífefnafræðings og fulltrúa í háskólaráði Háskóla Íslands, við frumvarpið: „Um heim allan er hlutverk háskóla að stunda rannsóknir og kennslu. Þjóðir sem vilja teljast háþróaðar leggja áherslu á að þessi hlutverk háskóla skuli vera af miklum gæðum á alþjóðlegum mælikvarða. Ljóst ætti að vera að önnur hlutverk sem lögð eru á herðar háskólum hljóta að dreifa kröftum starfsmanna og rýra tækifæri þeirra til að stunda vandað háskólastarf.“

Í háskólalögum nágrannaþjóða er lögð áhersla á að rannsóknir og kennsla, auk listsköpunar þar sem það á við, sé hlutverk háskóla. En einnig mæla lög fyrir um að háskólar skuli miðla þekkingu sem verður til innan þeirra út í samfélagið. Sigríður Ólafsdóttir bendir á að hvergi sé minnst á að háskólar skuli veita samfélaginu þjónustu eða fræðslu: „Þjónusta er starfsemi sem venjulega er unnin í verktöku með það að markmiði að leysa viðfangsefni í þágu verkkaupa og á forsendum hans. Slík verkefni ræna háskólamenn rannsóknafrelsinu sem einkennir gott háskólastarf. Því á þjónustustarfsemi ekki heima í háskólum.“ Vandséð er hvernig það getur samrýmst hlutverki fræðimanna innan veggja háskóla að selja þjónustu

sína á sama tíma og þeir stunda óháðar rannsóknir og þekkingarsköpun. Slíkt fer vart saman og hætta á hagsmunaárekstrum er óhjákvæmileg. Lagaskylda um að opinberir háskólar skuli veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar er því hvorki í þágu háskólasamfélagsins né þjóðfélagsins í heild.

Í 3. og 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem koma í veg fyrir að opinberir háskólar geti boðið upp á endurmenntun í grunnnámi gegn gjaldi. Nái frumvarpið fram að ganga verður háskóla aðeins heimilt að bjóða endurmenntun gegn gjaldi fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess eða vegna viðbótarnáms fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu.

Minni hlutinn telur að skilgreining frumvarpsins á endurmenntun í 3. og 11. gr. sé of þröng og þjóni hvorki hagsmunum opinberra háskóla né almennings. Kröfur samfélagsins eru að almenningur hafi greiðan aðgang að endurmenntun og þá ekki síst fólk sem áður hafði ekki tök á háskólamenntun en hefur nú möguleika á að stunda háskólanám samhliða vinnu. Ekki er talið rétt að miða við að opinberir háskólar geti aðeins sinnt endurmenntun fyrir háskólamenntað fólk. Tekið er undir athugasemdir Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, í umsögn um frumvarpið. Þar er meðal annars bent á að nauðsynlegt sé að skýrt sé í lögum að skólanum sé heimilt að bjóða fólki, sem ekki er háskólamenntað, lengra nám samhliða starfi, sem er ekki reglubundið nám á vegum háskóladeilda til prófgráðu. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er „fyrirséð að það mun takmarka möguleika Háskóla Íslands til að mæta óskum almennings og atvinnulífsins um nám á grunnstigi samhliða starfi, þar sem heimild til gjaldtöku fyrir kostnaði vegna slíkrar endurmenntunar er þrengd og ekki gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingum úr ríkissjóði til að mæta þessum tekjumissi“. Rektor Háskóla Íslands kemst því að þeirri eðlilegu niðurstöðu að fólk sem komið er yfir venjulegan aldur háskólanema muni ekki geta stundað háskólanám samhliða vinnu á fyrsta stigi háskólanáms, eins og þessi hópur hefur átt kost á síðustu þrjá áratugi. Það getur vart verið vilji löggjafans að standa að slíkri takmörkun.

Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að ákvæði til bráðabirgða bætist við frumvarpið, en án þess hefði BS-námi yfir 100 nemenda í viðskiptafræði verið stefnt í uppnám. Nái ákvæði 3. og 11. gr. frumvarpsins fram að ganga er nauðsynlegt að breytingartillagan verði samþykkt.

Í frumvarpinu er lagt til að skipan háskólaráðs verði breytt þannig að fulltrúum ráðherra verði fækkað. Dregið er í efa að þessi breyting sé til að styrkja starfsemi opinberra háskóla. Ekki verður dregið í efa mikilvægi þess að styrk tengsl séu á milli samfélagsins og háskóla. Það er álit minni hlutans að skynsamlegast sé að halda skipan í háskólaráð óbreyttri samkvæmt gildandi 6. gr. laga.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Fyrsta efnismálsgrein orðist svo:

   Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

2. Við 11. gr. Við 2. efnismgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: lengra nám samhliða starfi sem er ekki reglubundið nám háskólans til prófgráðu skv. 22. gr.

Alþingi, 20. maí 2010.

Óli Björn Kárason, frsm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1164. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2008.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárheimildir sem til ráðstöfunar voru á árinu 2008 námu 489,4 milljörðum kr. Útgjöld samkvæmt ríkisreikningi 2008 námu 687,9 milljörðum kr. og staða fjárheimilda í árslok var því neikvæð um 198,5 milljarða kr.

Helstu skýringar á þessu mikla fráviki er gjaldfærsla á rúmlega 192 milljarða kr. afskrift af veðlánakröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands eftir fall bankanna og af verðbréfalánum til aðalmiðlara. Auk þess voru gjaldfærðar ríflega 35 milljarða kr. lífeyrisskuldbindingar umfram áætlun vegna neikvæðrar ávöxtunar og áfalla sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins urðu fyrir í kjölfar bankakreppunnar. Reyndar telur minni hlutinn að hér eigi að tilgreina með beinum hætti þau töp sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir á hlutabréfa- og skuldabréfaeign í stað þess að kalla þau neikvæða ávöxtun. Að mati minni hlutans þarf að kanna betur ástæður þess mikla taps sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins urðu fyrir og vekur minni hlutinn athygli á því að tapaðar fjármagnstekjur vegna þessa geta einnig numið verulegum fjárhæðum. Þar sem kostnaður vegna þessa taps lífeyrissjóðanna lendir á almenningi hlýtur það að vera eðlileg krafa að gerð verði úttekt á sjóðunum og skipt um stjórnir þeirra að því marki sem unnt er.

Seðlabanki Íslands og ríkissjóður urðu fyrir verulegu tjóni vegna ótryggra veðlána Seðlabankans til fjármálafyrirtækja. Í lok árs 2008 námu kröfur Seðlabankans vegna þessara lánveitinga 345 milljörðum kr. Bankinn tapaði 75 milljörðum kr. en ríkissjóður yfirtók 270 milljarða kr. Í ríkisreikningi kemur fram að ákveðið var að afskrifa 174,9 milljarða kr. af kröfunum. Bankarnir sem féllu öfluðu sér lausafjár m.a. með því að taka lán hjá minni fjármálafyrirtækjum sem fengu síðan lán hjá Seðlabankanum gegn ótryggðum bréfum. Seðlabankinn herti ekki kröfur um veðtryggingar fyrr en í ágúst 2008 og setti með því skorður við þessari aðferð bankanna til að afla lausafjár.

Minni hlutinn bendir á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2008 er spurt hvers vegna Seðlabankinn hafi ekki brugðist fyrr við þessum leik bankanna þar sem vitað var um hann. Það er mat Ríkisendurskoðunar að með því hefði mátt draga úr því tjóni sem ríkissjóður og Seðlabankinn urðu fyrir við fall bankanna. Minni hlutinn bendir á að það virðist ekki ætlun fjárlaganefndar að hlusta á þessi orð Ríkisendurskoðunar og óska eftir stjórnsýsluúttekt á Seðlabanka Íslands. Það má því velta því fyrir sér í kjölfarið til hvers þessi hluti af eftirliti Alþingis er. Minni hlutinn minnir á að liðið er á annað ár frá hruninu

og enn er Seðlabanki Íslands með sömu verkefni og honum mistókst að leysa í aðdraganda hrunsins. Eftir því sem best er vitað starfar bankinn enn eftir sömu verkferlum og þá. Með lokafjárlögum 2008 er verið að afgreiða ríkisreikning 2008 og koma afleiðingar hrunsins og mistaka Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins skýrt fram í honum. Almenningur greiðir nú kostnaðinn af þessum mistökum í formi hærri skatta, niðurskurðar og skertrar þjónustu.

Að mati minni hlutans má ætla að miðað við 5% vexti geti vaxtakostnaður vegna þessa taps numið 12,5 milljörðum kr. á ári. Enginn skoðar hvað fór úrskeiðis hjá Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu, en fjöldi aðila kannar hvað gerðist hjá einkaaðilum. Að mati minni hlutans er eðlilegt að fjárlaganefnd Alþingis, sem er fulltrúi almennings við meðferð opinbers fjár, láti skoða og skýra þennan þátt málsins fyrir þjóðinni. Minni hlutinn telur eðlilegt að Ríkisendurskoðun eða annar aðili sem Alþingi velur vinni ítarlega stjórnsýsluúttekt á Seðlabanka Íslands. Jafnframt telur minni hlutinn eðlilegt að inn í úttektina verði tekin þau störf stjórnsýslunnar, og þá sérstaklega fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins, sem tengjast þroti Seðlabankans síðustu mánuði fyrir hrun. Minni hlutinn lýsir undrun yfir því að Ríkisendurskoðun skuli ekki að eigin frumkvæði hafa hafið þessa úttekt strax í kjölfar hrunsins og telur það ámælisvert að stofnunin skuli ekki hafa lokið slíkri rannsókn samhliða endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2008.

Yfirteknar veðlánakröfur Seðlabanka Íslands námu 345 milljörðum kr. Tapaðar veðlánakröfur ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands vegna falls bankanna árið 2008 nema um 267 milljörðum kr. sem er um 57% af tekjum ríkissjóðs það ár og um 18% af allri vergri landsframleiðslu ársins. Fáheyrt er að Seðlabankar fari á hausinn, en í raun er hér um að ræða gjaldþrot sem orðið hefur þjóðinni gríðarlega dýrt. Minni hlutinn telur það ámælisvert og í raun óábyrgt að formaður og meiri hluti fjárlaganefndar skuli ekki hafa krafist ítarlegrar stjórnsýsluúttektar á starfsháttum Seðlabanka Íslands vegna ársins 2008.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði **hafnað** þar til fullnægjandi skýringar á falli Seðlabanka Íslands hafa verið gefnar og fyrir liggur úttekt um hvað unnt er að læra af þeirri stórkostlegu sóun á opinberum fjármunum sem sér hér átti sér stað. Enginn hefur enn skoðað hvað er að hjá bankanum og ekki hefur enn verið útskýrt fyrir almenningi með fullnægjandi hætti hvað gerðist. Jafnframt þurfa að liggja fyrir nýir verkferlar sem geta tekið með fullnægjandi hætti á aðstæðum sem þessum komi þær aftur upp.

Alþingi, 28. maí 2010.

Þór Saari, frsm.

Höskuldur Þórhallsson.

1165. Frumvarp til laga [645. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „nánari reglur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og leiðbeinandi tilmæli.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi í ljós að aðili sem nefndur er í 2. málsl. 1. mgr. fylgir ekki reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Seðlabanki Íslands setur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta skv. 2. mgr. skal Seðlabankinn krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h. Að sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. a laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „Fjármálaeftirlitinu“ í inngangsmálslið 2. mgr. og „Fjármálaeftirlitsins“ í 6. málsl. 3. mgr. kemur: Seðlabanka Íslands.
c. 4. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.

5. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaeftirlitinu“ í 1. málsl. og „Fjármálaeftirlitið“ í 3. málsl. 15. gr. b laganna kemur: Seðlabanka Íslands, og: Seðlabanki Íslands.

6. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitið“ í 15. gr. c laganna kemur: Seðlabanki Íslands.

7. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaeftirlitsins“ í 1. mgr. og „Fjármálaeftirlitið“ í 2. mgr. 15. gr. d laganna kemur: Seðlabanka Íslands, og: Seðlabanki Íslands.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. e laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í tengslum við rannsókn mála er Seðlabanka Íslands heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarkar ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið. Seðlabankinn getur kallað til skýrslugjafar einstaklinga sem hann telur búa yfir upplýsingum er varða rannsókn málsins.

b. 2. mgr. orðast svo:

Telji Seðlabanki Íslands að starfsemi samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sé stunduð án tilskilinna leyfa getur hann krafist gagna og upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur hann krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er honum heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem eru taldir bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

c. Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitið“ í 3. mgr. kemur: Seðlabanki Íslands.

d. 4. mgr. orðast svo:

Seðlabanka Íslands er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum þessum eða reglum sem eru settar á grundvelli þeirra eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Seðlabankans nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

9. gr.

Á eftir 15. gr. e laganna koma þrjár nýjar greinar, 15. gr. f, 15. gr. g og 15. gr. h, svohljóðandi:

a. (15. gr. f.)

Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Seðlabanka Íslands heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Seðlabanka Íslands er heimilt að leita til Fjármálaeftirlitsins vegna gagnaöflunar í tengslum við rannsókn tiltekinna mála, eins og heimildir Fjármálaeftirlitsins leyfa.

Seðlabankanum er heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að þær upplýsingar lúti samsvarandi þagnarskyldu í hlutaðeigandi ríki.

b. (15. gr. g.)

Seðlabanki Íslands skal athuga svo oft sem þurfa þykir hvort starfsemi aðila sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr. sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglur sem eru settar á grundvelli þeirra. Aðilum skv. 1. málsl. er skylt að veita Seðla-

banka Íslands aðgang að öllum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Seðlabankinn telur nauðsynleg. Í tengslum við eftirlit sitt samkvæmt lögum þessum getur Seðlabankinn gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt svo oft sem hann telur þörf á.

Aðilum sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr. er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti þar sem grunur leikur á að viðskiptin brjóti gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra og tilkynna Seðlabanka Íslands þegar í stað um slík viðskipti. Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er. Aðilar skv. 1. málsl. skulu láta í té allar upplýsingar sem eru taldar nauðsynlegar vegna tilkynningarinnar.

Aðilum sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr., stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu þeirra er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að Seðlabanka Íslands hafi verið tilkynnt um grun skv. 2. mgr. Upplýsingagjöf aðila skv. 2. mgr. eða starfsmanna hans sem er veitt í góðri trú samkvæmt ákvæði þessu telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum.

c. (15. gr. h.)

Seðlabanki Íslands getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæði þetta tekur jafnt til lögaðila sem einstaklinga. Sama gildir um aðila sem veitt geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga. Greiðast dagsektirnar þangað til farið hefur verið að kröfum Seðlabankans. Dagsektir leggjast á frá þeim degi sem skila bar upplýsingunum í síðasta lagi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila er tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Seðlabanka Íslands nema Seðlabankinn ákveði það sérstaklega.

Ákvarðanir um dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. b laganna:

a. Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitsins“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í greininni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Seðlabanka Íslands.
b. Í stað orðsins „stofnuninni“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Seðlabankanum.
c. Í stað orðsins „stofnunin“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Seðlabankinn.
d. Í stað orðanna „hún hefur aflað“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: aflað hefur verið.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um kærur til lögreglu á hendur aðilum sem falla undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, vegna brota á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra.

11. gr.

Á eftir 16. gr. b laganna koma tvær nýjar greinar, 16. gr. c og 16. gr. d, svohljóðandi:

a. (16. gr. c.)

Nú vill aðili ekki una ákvörðun Seðlabanka Íslands og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 15. gr. h.

b. (16. gr. d.)

Seðlabanka Íslands er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum gjaldeyrismarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem er ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Seðlabankinn skal birta opinberlega þá stefnu sem hann fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

12. gr.

4. málsl. 17. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember 2010“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: 31. ágúst 2011.

14. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember 2010“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 31. ágúst 2011.

II. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember 2010“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 31. ágúst 2011.

III. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal Fjármálaeftirlitið endursenda til Seðlabanka Íslands öll mál, ásamt öllum gögnum, sem tilkynnt hafa verið skv. 1. mgr. 15. gr. a laga nr. 87/1992 og eru enn til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með lögum nr. 134/2008 var Seðlabanka Íslands falið það hlutverk að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum, með því að takmarka og stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga til og frá landinu og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast með útgáfu reglna, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt núgildandi skipan laga um gjaldeyrismál fer Seðlabanki Íslands með eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál en Fjármálaeftirlitið annast rannsókn þeirra mála sem Seðlabankinn tilkynnir til eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem brotlegir gerast eða eftir atvikum vísa þeim til lögreglu ef um meiri háttar mál er að ræða.

Í ljósi þess að Seðlabanka Íslands ber að hafa eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál þykir eðlilegt að Seðlabankinn fari einnig með rannsókn og framfylgni þeirra mála. Af þeim sökum er með frumvarpi þessu lagt til að Seðlabanki Íslands taki við því hlutverki Fjármálaeftirlitsins að rannsaka mál og leggja á sektir. Í ljósi þessa er einnig nauðsynlegt að Seðlabankanum verði tryggð þau úrræði og heimildir sem þörf er á við rannsókn þessara mála, sambærilegar þeim sem Fjármálaeftirlitið hefur nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að felld verði brott kæruheimild til ráðherra sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. laganna vegna ákvarðana Seðlabanka Íslands um undanþágur skv. 1. mgr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, hefur Seðlabankinn heimild til að veita undanþágur frá reglum um gjaldeyrismál sem takmarka tilteknar fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Í tilfelli sjálfstæðra ríkisstofnana, líkt og Seðlabanka Íslands, þarf sérstaka lagaheimild til að aðila máls sé heimilt að skjóta ákvörðunum sjálfstæðrar ríkisstofnunar til æðra setts stjórnvalds. Hvað fyrrgreinda undanþáguheimild varðar er slíka málskotsheimild að finna í 2. mgr. 7. gr. laganna.

Stjórnsýslukærum er ætlað að vera trygging fyrir því að ákvarðanir stjórnvalda séu sem best úr garði gerðar. Þá er þeim einnig ætlað það hlutverk að tryggja almennum borgurum ódýra, skilvirka og einfalda leið til að fá ákvörðun endurskoðaða. Almennt er aðila máls hins vegar heimilt að bera stjórnsýsluákvörðun undir dómstóla og gera kröfu um að hún verði ógilt. Í ljós hefur komið að þær kærur sem berast ráðuneytinu vegna ákvarðana Seðlabanka Íslands um fyrrgreindar undanþágur eru yfirleitt tengdar atvinnurekstri og fjárhæðir eru háar. Því verður að telja að í þessu tilfelli eigi ekki við sjónarmið um að tryggja almennum borgurum ódýra leið til að fá ákvörðun stjórnvalds endurskoðaða.

Með lögum um gjaldeyrismál hefur Seðlabankanum verið fengið verulegt svigrúm til að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum, sem m.a. taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við mat á beiðnum um undanþágu skal Seðlabankinn m.a. líta til þess hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum, sbr. 2. mgr. 7. gr. Er Seðlabankanum fengið þetta mat sem sérfræðistjórnvaldi á þessu sviði.

Í ljósi þess sem að framan greinir verður að telja eðlilegt að ákvarðanir Seðlabanka Íslands í þessum málum sæti ekki endurskoðun ráðherra.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sú breyting að Seðlabankanum sé heimilt að setja leiðbeinandi tilmæli um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda fyrir þá aðila sem hafa heimild til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti. Þá þykir rétt að Seðlabankanum sé fengin heimild til að leggja dagsektir á þessa sömu aðila í þeim tilvikum þegar þeir fylgja ekki reglum og leiðbeinandi tilmælum. Um nánari skýringar á dagsektarheimildum Seðlabankans vísast til skýringa við 9. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að skýrt sé kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að leggja á dagsektir verði aðilar ekki við beiðni Seðlabankans og veiti upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir um gjaldeyrisviðskipti til að geta sinnt nauðsynlegu eftirliti sínu. Um nánari skýringar á dagsektarheimildum Seðlabankans vísast til skýringa við 9. gr. frumvarpsins.

Um 4.–8. gr.

Meginmarkmiðið með frumvarpi þessu er að færa til Seðlabanka Íslands það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að rannsaka ætluð brot á lögunum og leggja eftir atvikum á stjórnvaldssektir vegna slíkra brota. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að Seðlabankanum séu veittar þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur við rannsókn slíkra brota. Í samræmi við það eru lagðar til breytingar á 15. gr. a – 15. gr. e laganna sem fela í sér að Seðlabankinn fari með þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt þessum ákvæðum í núgildandi lögum, þ.m.t. heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir.

Til að tryggja að Seðlabankinn hafi sömu rannsóknarúrræði og Fjármálaeftirlitið er nauðsynlegt að styrkja heimildir Seðlabanka Íslands til að óska eftir upplýsingum, eins og fram kemur í b-lið 8. gr. frumvarpsins, og mæla fyrir um heimild Seðlabankans til að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, sbr. d-lið 8. gr. frumvarpsins. Orðalag ákvæðisins tekur mið af sambærilegu ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 9. gr.

Lagt er til að á eftir 15. gr. e laganna komi þrjár nýjar greinar, 15. gr. f, 15. gr. g og 15. gr. h.

Í 1. mgr. 15. gr. f er lagt til að við eftirlit Seðlabankans með lögum þessum sé bankanum heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra. Hér undir falla t.d. tollyfirvöld. Á málsgreinin sér fyrirmynd í 4. mgr. 14. gr. í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og verður að telja eðlilegt að Seðlabankinn hafi slíka heimild. Samkvæmt ákvæðinu á þagnarskylda annarra stjórnvalda ekki að standa í vegi athugana Seðlabankans og hefur bankinn m.a. rétt til að afla skjala og annarra gagna sem viðkomandi stjórnvöld kunna að búa yfir. Ljóst er að ýmsar stofnanir sinna eðlislíkum störfum og Seðlabankinn og kunna ýmsar upplýsingar að liggja fyrir hjá öðrum stjórnvöldum, t.d. um tengsl aðila og fleiri atriði sem kunna að vera gagnleg fyrir athuganir Seðlabankans. Áréttað skal að slíkar upplýsingar sem Seðlabankinn kynni að afla hjá öðrum stjórnvöldum falla undir þagnarskylduákvæði 15. gr. laganna. Samkvæmt því njóta upplýsingarnar sama trúnaðar hjá Seðlabankanum og hjá viðkomandi stjórnvöldum.

Við eftirlit með lögum um gjaldeyrismál er ljóst að Seðlabankinn mun m.a. þurfa að leita upplýsinga erlendis til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Þykir því rétt að árétta í 2. mgr. 15.

gr. f að Seðlabankinn geti notið aðstoðar Fjármálaeftirlitsins við slíka gagnaöflun í þeim tilvikum er heimildir Seðlabanka Íslands til gagnaöflunar þrýtur, og heimildir Fjármálaeftirlitsins leyfa. Af sömu ástæðu þykir rétt að árétta heimild til að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands.

Í 15. gr. g er lagt til að Seðlabankanum séu veitt nauðsynleg úrræði til að hafa eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem hafa heimild til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt lögunum. Er um að ræða heimild til vettvangskannana og tilkynningarskyldu aðila um brot á lögunum. Litið var til sambærilegra úrræða laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, en ljóst er að brot gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál geta falið í sér peningaþvætti samkvæmt skilgreiningu þeirra laga.

Í 15. gr. h er lagt til að skýrt sé kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að leggja á dagsektir verði aðilar ekki við beiðni Seðlabankans um upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir til að geta sinnt nauðsynlegu eftirliti og rannsóknum, eða sinni ekki kröfum um úrbætur. Ákvæðið tekur mið af sambærilegu ákvæði 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lagt er til að dagsektir sem innheimtar eru samkvæmt þessu ákvæði renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu þeirra, eins og almennt fer um sektir sem innheimtar eru af opinberum aðilum.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar er lúta að flutningi rannsókna og sektarheimilda frá Fjármálaeftirlitinu til Seðlabankans. Um frekari skýringar er vísað til almennra athugasemda og umfjöllunar um 4.–8. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að tvær nýjar greinar bætist við lögin, 16. gr. c og 16. gr. d.

Í a-lið (16. gr. c) segir að aðili geti höfðað mál fyrir dómstólum, vilji hann ekki una ákvörðun Seðlabanka Íslands, innan þriggja mánaða frá því að honum var tilkynnt um ákvörðun bankans. Slík málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar né heimild til aðfarar nema um sé að ræða tilvik skv. 2. mgr. 15. gr. h, en þar segir að ekki sé heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Seðlabanka Íslands um dagsektir og óskað hafi verið eftir flýtimeðferð. Sambærilegt ákvæði er að finna í 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Byggist ákvæðið á því að mikilvægt sé að aðili sem ekki vill una ákvörðun Seðlabankans geti höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Í greininni er kveðið á um þriggja mánaða málshöfðunarfrest með sambærilegum hætti og í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en mikilvægt er talið að mál sem varð ágreining um ákvarðanir Seðlabankans í gjaldeyrismálum komi sem fyrst til kasta dómstóla.

Með tillögu í b-lið (16. gr. d) er litið til sambærilegrar heimildar í 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er heimilar Fjármálaeftirlitinu að birta niðurstöður í málum og athuganir er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lagt er til að Seðlabanki Íslands fái sambærilega heimild, að breyttu breytanda, enda er aukin upplýsingagjöf til þess fallin að auka trúverðugleika og veita aukið aðhald. Þess ber að geta að tillagan um heimild til birtingar upplýsinga er ekki án undantekninga þar sem ekki er gert ráð fyrir birtingu tiltekinna upplýsinga ef sýnt er fram á að slík birting geti stefnt hagsmunum

gjaldeyrismarkaðarins í hættu eða geti valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í eðlilegu samræmi við brot það sem um ræðir. Þá er í frumvarpinu lagt til að Seðlabanka Íslands verði gert að birta opinberlega þá stefnu sem bankinn fylgir við framkvæmd birtingar á upplýsingum, í því skyni að tryggja að öll eðlislík mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti og að starfsemi Seðlabanka Íslands sé samræmd og styðji við eftirlitsverkefni.

Um 12. gr.

Í 4. málsl. 17. gr. laganna segir að Fjármálaeftirlitið rannsaki þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynnir um til eftirlitsins. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að Seðlabanki Íslands taki við rannsóknarhlutverki Fjármálaeftirlitsins er lagt til að umræddur málsliður falli niður.

Um 13. og 14. gr.

Með breytingu á lögum um gjaldeyrismál með lögum nr. 134/2008 var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Heimildin var bundin við lengd efnahagsáætlunar Íslands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þá er í gjaldeyrislögunum kveðið á um að greiðslur fyrir vöru og þjónustu skuli tímabundið til 30. nóvember 2010 fara fram í erlendum gjaldmiðli. Í frumvarpinu er lagt til að heimild bráðabirgðaákvæða laganna verði framlengd til 31. ágúst 2011, í samræmi við þá ákvörðun stjórnvalda að framlengja samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á framgangi efnahagsáætlunarinnar.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða IV í tollalögum, nr. 88/2005, verði framlengt til 31. ágúst 2011, í samræmi við þá ákvörðun stjórnvalda að framlengja samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á framgangi efnahagsáætlunarinnar.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að þau mál sem þegar hafa verið tilkynnt af Seðlabankanum til Fjármálaeftirlitsins verði endursend Seðlabankanum til meðferðar í samræmi við þær breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Samkvæmt núgildandi lögum um gjaldeyrismál fer Seðlabanki Íslands með eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál en Fjármálaeftirlitið annast rannsókn þeirra mála sem

Seðlabankinn tilkynnir til eftirlitsins. Með frumvarpi þessu er lagt til að það hlutverk Fjármálaeftirlitsins verði fært til Seðlabanka Íslands en hingað til hafa fjórir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sinnt þessari vinnu hjá stofnuninni. Markmiðið með þessari breytingu er að auka skilvirkni þar sem eftirlit og rannsókn verða á einum stað. Kostnaður Fjármálaeftirlitsins við þessi verkefni hefur hingað til verið greiddur af almennu eftirlitsgjaldi sem lagt er á alla aðila sem háðir eru reglubundnu eftirliti stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Á hverju ári skila Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skýrslu og rekstraráætlun til efnahags- og viðskiptaráðherra um umfang og útgjöld allrar starfsemi stofnunarinnar sem tekjuöflun eftirlitsgjaldsins tekur síðan mið af. Seðlabanki Íslands tilheyrir ekki A-hluta ríkissjóðs og fær ekki bein framlög heldur er fjármagnaður með eigin tekjuöflun. Gert er ráð fyrir að kostnaður Seðlabanka Íslands við aukin verkefni í tengslum við frumvarpið verði sem fyrr fjármagnaður með þeim tekjustofnum og hafi því ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að velta Fjármálaeftirlitsins, bæði tekjur og gjöld, kunni að lækka sem nemur um fjórum störfum eða um 30 m.kr. við þessa tilfærslu verkefna frá stofnuninni yfir til Seðlabanka Íslands. Afkoma A-hluta ríkissjóðs yrði hins vegar óbreytt eftir sem áður.

1166. Nefndarálit [517. mál]

um frv. til l. um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að samkomulag hefði verið gert við kröfuhafa Landsbanka Íslands hf. um uppgjör milli hans og NBI hf. 15. desember sl. Í því fólst m.a. að forsenda fyrir kjörum á skuldabréfi útgefnu af NBI hf. til Landsbanka Íslands hf. væri að gild veðtrygging í eignasafni NBI hf. væri til staðar. Það er ástæða þess að þetta frumvarp er lagt fram.

Kröfuhafar fengu vilyrði frá stjórnvöldum um að frumvarp þetta yrði að lögum innan tiltekinna tímamarka. Var fyrst nefnd dagsetningin 15. apríl 2010, síðan 26. maí og nú er fresturinn til 26. júní nk. Þetta kemur mjög á óvart í ljósi þess að efnahags- og viðskiptaráðherra minntist ekki á þetta í framsöguræðu sinni né heldur kom þetta fram þegar efni frumvarpsins var kynnt fyrir nefndinni.

Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að verði frumvarpið óbreytt að lögum takmarki það forgang Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ef bú fjármálafyrirtækis verður tekið til gjaldþrotaskipta og það reynir á réttindaröð samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef NBI hf. verður gjaldþrota þá verður erfitt fyrir tryggingarsjóðinn að ná í fjármuni til að greiða út innstæður fyrir sparifjáreigendur.

Í umræðum um stöðu bankanna í nefndinni hefur komið fram að NBI hf. ætti mjög erfitt með að halda sjó ef áform stjórnvalda um fyrningu aflaheimilda verða að veruleika. Einnig kom fram í nefndinni að líklegt er að við fjármögnun bankanna muni fjárfestar gera kröfu um

að njóta forgangs umfram tryggingarsjóðinn með svipuðum hætti og felst í frumvarpinu. Það verður að taka tillit til þessa við umfjöllun og meðferð frumvarps til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (255. mál) og annarra mála sem varða fjármálamarkað.

Alþingi, 1. júní 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm.	Eygló Harðardóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.

1167. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um vátryggingastarfsemi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „hjá vátryggingarfélögum“ í 1. mgr. komi: eða eftir atvikum endurtryggingarfélögum.
   b. 2. mgr. falli brott.
   c. Orðin „og. 2. málsl. 2. gr.“ í 3. mgr. falli brott.
2. Við 10. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: *í endurtryggingum:* heimaríki þess vátryggingafélags sem kaupir endurtrygginguna.

1168. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, Persónuvernd, Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnueftirlitinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar að framlengdur verði gildistími ákvæða sem heimila greiðslu hlutfallslegra atvinnuleysisbóta á móti skertu starfshlutfalli sem rekja má til breyttra aðstæðna á vinnumarkaði, að kveðið verði á um að við framkvæmd þeirra skuli taka tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland á aðild að og að umsækjandi um atvinnuleysisbætur þurfi að hafa starfað á landinu síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili laganna en það er þrír mánuðir samkvæmt gildandi lögum. Þá er lagt til að tekjur úr séreignarlífeyrisssjóðum skerði ekki atvinnuleysisbætur og að Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiði þeim atvinnuleitendum sem hafa fengið skerðingar vegna slíkra greiðslna eftir 1. mars 2009. Lögð er til sambærileg

breyting á lögum um húsaleigubætur þannig að tekjur úr séreignarlífeyrissjóðum skerði ekki bæturnar.

Nefndin fjallaði nokkuð um það fyrirkomulag að einstaklingar sem hefðu fengið skertar atvinnuleysisbætur vegna greiðslna séreignarsparnaðar þyrftu að sækja um það sérstaklega að fá endurgreiðslu og lagði áherslu á að endurgreiðslan yrði sjálfvirk svo tryggt yrði að allir fengju hana. Nefndinni var tjáð að ekki væri mögulegt fyrir Vinnumálastofnun að gera þetta sjálfvirkt þar sem tekjur vegna séreignarsparnaðar væru ekki flokkaðar sérstaklega í kerfi stofnunarinnar. Stofnunin mundi þó gæta þess að senda öllum sem hugsanlega hefðu fengið skerðingu tilkynningu og benda þeim á að sækja um endurgreiðslu fyrir 1. september 2010. Nefndin áréttar mikilvægi þess að endurgreiðslan verði almenn, þeim einstaklingum sem hafi fengið skerðingu verði gert auðvelt um vik að fá endurgreiðsluna og skráning sé einföld. Beinir nefndin því til ráðuneytis og Vinnumálastofnunar að nota allar leiðir til að tryggja að þeir sem rétt eiga geti nýtt sér þessa réttarbót og telur t.d. eðlilegt að hún verði auglýst með einhverjum hætti, a.m.k. á heimasíðu stofnunarinnar, og mögulegt verði að sækja um endurgreiðsluna rafrænt, t.d. með því að samþykkja að leitað sé upplýsinga hjá greiðanda séreignarsparnaðarins. Þá telur nefndin rétt að beina því til stofnunarinnar að haga skráningu á upplýsingum þannig að tryggt verði að gætt sé að réttindum þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur.

Þeim sjónarmiðum var hreyft í umsögn til nefndarinnar að mikilvægt væri að endurskoða reglur um hlutabætur, sem og að lengja bótatímabil úr þremur árum í fjögur enda mundi stór hluti þeirra sem fá bætur annars missa rétt til atvinnuleysisbóta í árslok. Nefndin telur nauðsynlegt að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar með tilliti til réttindaávinnslu, lengdar bótatímabils og bótaflokka en hefur jafnframt fengið þær upplýsingar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti að slík endurskoðun sé þegar hafin. Nefndin áréttar mikilvægi þess að endurskoðun á framangreindum þáttum í atvinnuleysistryggingakerfinu verði lokið haustið 2010 svo unnt sé að gera nauðsynlegar lagabreytingar fyrir árslok.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis kemur fram að áætluð útgjaldaaukning ríkissjóðs gæti orðið um 210 millj. kr. og að félags- og tryggingamálaráðuneytið hafi ekki lagt fram tillögu um hvernig skuli mæta þeirri útgjaldaaukningu. Nefndin áréttar að ákvæði um hlutaatvinnuleysisbætur var ætlað að mæta sérstakri stöðu á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins og því er nauðsynlegt að framlengja ákvæðið meðan enn ríkir óvissa á vinnumarkaði. Áætlað er að útgjaldaaukning vegna framlengingarinnar verði um 200 millj. kr. Nefndin fékk þó þær upplýsingar að atvinnuleysi á árinu hafi verið minna en spáð var og vel hafi gengið í eftirliti auk þess sem dregið hafi úr bótasvikum vegna aukinna úrræða fyrir atvinnulausa. Því sé ekki útlit fyrir að útgjaldaaukning miðað við forsendur fjárlaga ársins 2010 verði eins mikil og segir í umsögn fjármálaráðuneytis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásmundur Einar Daðason, Guðbjartur Hannesson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Margrét Pétursdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Unnur Brá Konráðsdóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1169. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar

Frumvarp ráðherra gengur út á það að auka svigrúm til endurskipulagningar á heilbrigðisstofnunum með því að hægt verði að sameina eða breyta stöðum stjórnenda þar sem það er talið auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Rök ráðherra eru að þetta skapi eðlilegan sveigjanleika innan stofnana án þess að það komi niður á faglegum þáttum. Þetta endurspeglast í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins en þar segir: „Frumvarpinu er ætlað að auka möguleika á að einfalda skipulag og ná fram aukinni hagræðingu og sveigjanleika í starfsemi heilbrigðisstofnana. Heilbrigðisráðuneytið mun í því sambandi hvetja heilbrigðisstofnanir til að endurskoða innra skipulag með það í huga að stjórnendur, þ.m.t. yfirlæknar og deildarstjórar hjúkrunar (yfirhjúkrunarfræðingar) séu ekki fleiri en nauðsynlegt er vegna starfseminnar.“

Þá hefur landlæknir, sem hefur eftirlit með faglegum þáttum heilbrigðsstarfsemi, lýst sig sammála frumvarpi ráðherra.

Meiri hlutinn treystir sér ekki til að koma vilja ráðherra í framkvæmd en kemur ekki með nein málefnaleg rök eða aðrar lausnir. Breytingartillögur meiri hlutans fara þvert gegn vilja ráðherrans án þess að koma fram með annan valkost. Frumvarp ráðherrans felur í sér tvær efnisgreinar. Þeirri fyrri er algerlega hafnað og þeirri síðari og efnisminni er breytt til málamynda.

Það er álit minni hlutans að þær breytingar sem gerðar hafa verið í meðförum þingsins eru skólabókardæmi um hvernig Alþingi afgreiðir mál án nokkurar pólitískrar sýnar. Með breytingum stjórnarflokkana stendur nánast ekkert eftir af upphaflegum tilgangi frumvarpsins, þ.e. að einfalda skipulag, ná fram aukinni hagræðingu og meiri sveigjanleika í starfsemi heilbrigðisstofnana.

Alþingi, 20. maí 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Óli Björn Kárason. Siv Friðleifsdóttir.

1170. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Náin tengsl:* Náin tengsl teljast vera til staðar þegar:
   a. bein eignatengsl eða bein yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis liggja fyrir, eða
   b. yfirráð eða samstarf er til staðar milli aðila í skilningi laga þessara.
2. *Hópur tengdra viðskiptavina:* Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
   a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
   b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum.
3. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
4. *Hlutdeild:* Beinn eða óbeinn eignarréttur eða eftir atvikum annars konar ráðstöfunarréttur yfir eignarhlut, t.d. atkvæðisrétti.
5. *Samstarf:* Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:
   a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.
   b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.

c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

6. *Framkvæmdastjóri:* Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga eða laga þessara, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.
7. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Lykilstarfsmaður:* Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.
9. *Yfirráð:* Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Gildissvið. Markmið. Orðskýringar.**

4. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

F-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

6. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja einstaka starfsstöðvum fjármálafyrirtækis sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða hluta, hvort sem hún er starfsleyfisskyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.

Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki gefinn kostur á að koma við úrbótum sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega. Veiti fjármálafyrirtækið þjónustu í öðru aðildarríki skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.

7. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hlutafé og stofnfé.

Við veitingu starfsleyfis skal lágmark innborgaðs stofnfjár (e. initial capital) fjármálafyrirtækja vera eins og tilgreint er í 2.–8. mgr. Til stofnfjár skv. 1. málsl. telst innborgað hlutafé, innborgað stofnfé sparisjóðs og varasjóðir (e. cash money).

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs skal að lágmarki nema 5 milljónum evra (EUR).

Stofnfé sparisjóðs sem starfar á afmörkuðum, staðbundnum markaði og hefur eingöngu starfsheimildir skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal að lágmarki nema 1 milljón evra. Í umsókn um starfsleyfi skal umsækjandi gera grein fyrir hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður viðkomandi sparisjóðs. Fjármálaeftirlitið ákvarðar hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður.

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 730 þúsundum evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur a.m.k. eina af starfsheimildum a–c-liðar þessarar málsgreinar, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar, skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra:

a. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,
b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða
c. eignastýringu.

Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 250 milljónir evra. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó ekki að fara yfir 10 milljónir evra. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sé hlutafé eða stofnfé skv. 2.–8. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Í fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki vera hluthafar í viðkomandi fjár-

málafyrirtæki. Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.

Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.

Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.

Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

9. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja, og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (17. gr. a.)

Uppfærð skuldbindingaskrá.

Fjármálafyrirtæki skal halda sérstaka skrá um alla þá sem njóta lánafyrirgreiðslu þess. Til lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein teljast beinar lánveitingar til viðkomandi, kaup á skuldabréfum útgefnum af viðkomandi, kaup á eignasafni annars lánveitanda þar sem er að finna kröfu á viðkomandi og hvers konar önnur fyrirgreiðsla sem jafna má til lánafyrirgreiðslu, enda nemi brúttóskuld viðkomandi við fjármálafyrirtækið að lágmarki 300 millj. kr.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót. Skal skráin greinast í nöfn og kennimerki lántakenda. Enn fremur skal senda sambærilega skrá um aðila í nánum tengslum og hópa tengdra viðskiptamanna, að svo miklu leyti sem þeir aðilar eru ekki á fyrrnefndri skrá. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og ákvæði

laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um meðferð upplýsinga sem skráin hefur að geyma.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um innihald skrárinnar.

b. (17. gr. b.)

Skylda lántaka til að veita upplýsingar.

Telji Fjármálaeftirlitið að lántökur einstaks aðila, sem er á skuldbindingaskrá skv. 17. gr. a og lýtur ekki opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, geti haft kerfislæg áhrif er því heimilt að krefja viðkomandi um upplýsingar um skuldbindingar hans. Til skuldbindinga samkvæmt þessari grein teljast beinar lántökur, ádregnar lánalínur, útgáfa á skuldaskjölum viðkomandi, kaup á skuldatryggingu eða greiðsluvátryggingu vegna lántöku, kaup- og söluréttur og hvers konar önnur fyrirgreiðsla, innan eða utan efnahagsreiknings, sem viðkomandi hefur notið og jafna má til lánafyrirgreiðslu eða ábyrgðar.

Neiti aðili að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið fyrirskipað eftirlitsskyldum aðilum að ekki verði um frekari fyrirgreiðslu af hálfu eftirlitsskyldra aðila við viðkomandi að ræða. Sama á við ef upplýsingagjöf viðkomandi er ófullnægjandi. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „náin tengsl fjármálafyrirtækis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. tölul. 1. gr. a.
b. 2. og 3. mgr. falla brott.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.

13. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Úrskurðarnefnd.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samningi milli efnahags- og viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja,

svo og samkvæmt samþykktum er hún setur sér. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra annast birtingu samþykkta nefndarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Á undan 20. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingar um viðskiptamenn.

Fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Í þeim skal koma fram hvaða starfsmenn hafi aðgengi að upplýsingunum starfs síns vegna, hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu og hvernig eftirliti með framkvæmd reglnanna er háttað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum.

15. gr.

8. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

16. gr.

Í stað síðari málsliðar 1. mgr. 22. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tilkynning, ásamt rökstuðningi, hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu. Hafi viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, þurft að grípa til aðgerða skv. 1. málsl. og tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum skulu ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 3. málsl. enda sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið innan sex mánaða frá því að viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, hóf starfsemina. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 1. málsl. séu fyrir hendi og getur sett fjármálafyrirtæki tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka við fjárhagslega endurskipulagningu.

17. gr.

G-liður 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

18. gr.

Orðin „og 29. gr.“ í 5. mgr. 28. gr. laganna falla brott.

19. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess má ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár fyrirtækisins. Eignist viðkomandi meira af hlutafénu eða stofnfénu vegna lúkningar viðskipta, sbr. 22. gr., skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja

mánaða frest til að koma eignarhlutnum niður í lögmælt mark. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Við útreikning skv. 1. málsl. 1. mgr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf.

20. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein, 29. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Lánveitingar.

Fjármálafyrirtæki eða dótturfélögum þess er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga banni skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita stjórnarmanni, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanni eða þeim sem á virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda, lán eða aðra fyrirgreiðslu, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum. Fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. 1. málsl. skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni en má þó nema allt að 100 millj. kr.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindingar skv. 2. mgr. og um hvað teljast traustar tryggingar.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni og í mati á eiginfjárþörf til að tryggja að ekki sé hætta á að lánveitingin skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu. Reglurnar taki einnig til þess með hvaða hætti meta skal lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf, hvort sem þau eru útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að samræmist ákvæðum 1. mgr. og 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um lánveitingar dótturfélaga eftir því sem við á.

21. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluti og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.

23. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

24. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

25. gr.

Í stað orðanna „traust og eftirlit“ í 2. málsl. 39. gr. laganna kemur: traust eða eftirlit.

26. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

27. gr.

40. gr. a laganna fellur brott.

28. gr.

41. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingar í tilkynningu.

Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 40. gr. skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstaða þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.
8. Reynsla þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarseta eða önnur þátttaka þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi annarra lögaðila.

10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum þessum hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis. Sama á við ef aðilinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

29. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. málsl., bætist bið eftir upplýsingunum við dagafjölda skv. 4. málsl., þó ekki umfram tuttugu virka daga. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindri eðlilegt eftirlit.
5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.

30. gr.

43. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

31. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Dráttur. Endurnýjun tilkynningar.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 40.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

32. gr.

45. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 41.–43. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

33. gr.

46. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

34. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Hömlur á meðferð hlutar meðan tímafrestur stendur.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart fjármálafyrirtækinu sem um ræðir fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka málið til skoðunar skv. 42. gr. er liðinn eða niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, hafi eftirlitið tekið tilkynningu um hin fyrirhuguðu kaup eða aukningu til frekari skoðunar. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um breytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði 2. málsl. eiga þó ekki við um meðferð eignarhlutar sem aðili átti fyrir eða er ekki umfram virkan eignarhlut.

35. gr.

47. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að fjármálafyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjáraukningar.

36. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning fjármálafyrirtækis um aðilaskipti.

Þegar hlutafjár- eða stofnfjáreign í fjármálafyrirtæki fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra. Sama á við um eigendur stofnfjár.

37. gr.

49. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingaskylda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

38. gr.

Á eftir 49. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 49. gr. a og 49. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (49. gr. a.)

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því, að mati Fjármálaeftirlitsins, hver sé eða verði raunverulegur eigandi virks eignarhlutar skal það tilkynna þeim sem sendi tilkynningu skv. 40. gr. eða fjármálafyrirtækinu sjálfu, ef ekki næst til þess sem tilkynnti, að eftirlitið telji viðkomandi ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

b. (49. gr. b.)

Náin tengsl.

Ákvæði 40.–49. gr. gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

39. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega

misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis og stjórnarmenn annars eftirlitsskylds aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

Stjórnarseta skv. 5. mgr. skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt.

40. gr.

Á eftir 52. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 52. gr. a, 52. gr. b og 52. gr. c, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (52. gr. a.)

Stjórn fjármálafyrirtækis boðar til aðalfundar félagsins.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal boða til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar. Nú boðar stjórn ekki til fundar í samræmi við 1. málsl. og skal þá Fjármálaeftirlitið boða til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem er atkvæðisbær á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra í þeim tilvikum og skal stjórn afhenda honum skrá yfir þá sem eru atkvæðisbærir, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

b. (52. gr. b.)

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og fjármálafyrirtæki öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

c. (52. gr. c.)

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórnarformanni í fjármálafyrirtæki er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

42. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um viðskipti þess við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá sem eru í nánum tengslum við framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega. Skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

43. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 57. gr. a og 57. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (57. gr. a.)

Kaupaukakerfi.

Að teknu tilliti til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er fjármálafyrirtæki heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningsskilareglur heimila og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

b. (57. gr. b.)

Starfslokasamningur.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og fjármálafyrirtækis hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

44. gr.

77. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.
b. 5. mgr. orðast svo:

Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, innborgað stofnfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, yfirverðsreikningur stofnfjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa eða stofnfjárbréfa, viðskiptavild, reiknaðri skattinneign og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eigin fé dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum. Leiði núvirðing skuldbindinga til myndunar eigin fjár skal draga það eigið fé frá eiginfjárþætti A. Með innborguðu hlutafé eða stofnfé er átt við að greiðsla í peningum (e. cash money) hafi farið fram.

c. Á eftir 10. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem eru taldir í 5. mgr. dragist frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „1. málsl.“ í 2. mgr. falla brott.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.
b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.

48. gr.

Orðin „sbr. 2. mgr. 18. gr.“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

49. gr.

Við 6. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú neytir slitastjórn heimildar samkvæmt framansögðu til að greiða kröfur að hluta eða fullu en ekki hefur verið til lykta leiddur ágreiningur um viðurkenningu kröfu, sem þeim gæti staðið jafnfætis í réttindaröð, og skal þá slitastjórn leggja á sérstakan geymslureikning fjárhæð sem svarar til greiðslu á þeirri kröfu eða upp í hana eins og sú greiðsla gæti hæst orðið samkvæmt kröfu-

gerð hlutaðeigandi kröfuhafa. Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal innstæða geymslureikningsins ásamt áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafa hans hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa á reikningnum skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins.

50. gr.

2. mgr. 107. gr. laganna fellur brott.

51. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki,
3. 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir,
4. 3. mgr. 17. gr. um reglur Fjármálaeftirlitsins,
5. 17. gr. a um skyldu til að halda sérstaka skuldbindingaskrá og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins,
6. 2. mgr. 17. gr. b um að eftirlitsskyldur aðili skuli fara að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins,
7. 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði,
8. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
9. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
10. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
11. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
12. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
13. 1. og 3. mgr. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
14. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
15. 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis,
16. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
17. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
18. 47. gr. um tilkynningu eiganda,
19. 48. gr. um tilkynningu fjármálafyrirtækis,
20. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
21. 2., 3., 4. og 7. mgr. 52. gr. um hæfisskilyrði, setu stjórnarmanna í stjórn annars fjármálafyrirtækis og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
22. 52. gr. b um tilkynningu stjórnar móðurfélags,
23. 52. gr. c um tilkynningu stjórnar og framkvæmdastjóra til Fjármálaeftirlitsins,
24. 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar,

25. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
26. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
27. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
28. 57. gr. um starfsreglur,
29. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
30. 57. gr. b um starfslokasamninga,
31. 58. gr. um þagnarskyldu,
32. 3. mgr. 63. gr. um að halda og uppfæra skrá yfir stofnfjáreigendur,
33. 3. mgr. 66. gr. um að setja og fylgja reglum um viðskipti með stofnfé,
34. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
35. 2. mgr. 69. gr. um skyldur sparisjóðs,
36. 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja,
37. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
38. 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
39. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
40. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
41. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
42. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
43. 91. gr. um hæfi endurskoðanda,
44. 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda,
45. 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
46. 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess,
47. 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins,
48. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

52. gr.

112. gr. b laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 2. mgr. 17. gr. b um upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins,
3. 2. mgr. 19. gr. um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins,
4. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
5. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
6. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,

7. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
8. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
9. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
10. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
11. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
12. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
13. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
14. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
15. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
16. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
17. 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
18. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
19. 57. gr. b um starfslokasamninga,
20. 58. gr. um þagnarskyldu,
21. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
22. 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
23. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
24. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
25. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
26. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
27. 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.

53. gr.

Við 117. gr. laganna bætist: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB.

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða I–IV falla brott.
b. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:
   a. Í stað „2. mgr. 10. gr.“ í 1. tölul. kemur: 3. mgr. 98. gr.
   b. Orðin „sbr. 1. efnismgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laga þessara“ í 2. tölul. falla brott.
   c. Orðin „sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara“ í 3. tölul. falla brott.
c. Í stað orðanna „1. júlí 2010“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2011.
d. Við bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

   Fjármálafyrirtæki hafa ráðrúm til næsta aðalfundar eftir samþykkt laga þessara til að uppfylla hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn innri endurskoðunardeilda hafa ráðrúm til 31. desember 2010 til að uppfylla hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir 47. gr. laga þessara, sbr. 90. gr. laganna, er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem veitt hefur fjármálafyrirtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laga þessara heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi heimilt að veita fjármálafyrirtæki þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 55. gr. laga þessara öðlast eftirtalin ákvæði gildi sem hér segir:

1. 2. mgr. 8. gr. (um breyting á 16. gr.) um hæfisskilyrði forstöðumanns innri endurskoðunar tekur gildi 1. janúar 2011.
2. 10. gr. (um 17. gr. a og 17. gr. b) tekur gildi 1. janúar 2011.
3. 13. gr. (um 19. gr. a) tekur gildi 1. janúar 2011.
4. 3. mgr. 39. gr. (um breyting á 52. gr.) um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra tekur gildi 1. júlí 2011.
5. 4. mgr. 39. gr. (um breyting á 52. gr.) um setu í stjórn annars eftirlitsskylds aðila tekur gildi á næsta aðalfundi í viðkomandi fjármálafyrirtæki og þó eigi síðar en 1. apríl 2011.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. a laganna, sbr. a-lið 43. gr. laga þessara, er fjármálafyrirtækjum óheimilt til 1. janúar 2012 að gera samninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem jafna má til kaupaukasamninga ef slíkir samningar eru umfram 10% af heildarlaunaútgjöldum fjármálafyrirtækisins á ársgrunni eða ef þeir hækka laun einstakra starfsmanna um meira en 25% á ársgrunni umfram heildarlaun viðkomandi án kaupauka.

IV.

Málshöfðunarfrestir a-, b- og c-liðar 1. mgr. 136. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu ekki eiga við um fjármálafyrirtæki sem hefur verið tekið til slitameðferðar eða hefur hlotið eiginfjárframlag úr ríkissjóði, endurskipulagningu skulda með aðkomu ríkissjóðs eða Seðlabanka Íslands eða aðra sambærilega fyrirgreiðslu af hálfu þessara aðila. Sama á við um fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við ráðum yfir og skipað skilanefnd og naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009.

Ákvæði þetta tekur til atvika og háttsemi sem gerðust fyrir gildistöku þessara laga jafnvel þótt málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn.

V.

Við slit á fjármálafyrirtæki sem tekið hefur verið til slitameðferðar og á undir ákvæði til bráðabirgða V í lögunum skal slitastjórn, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 119. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., afhenda þeim sem þess óskar eintak kröfuskrár eða birta kröfuskrá með opinberum hætti. Slitastjórn er heimilt að krefjast greiðslu til búsins fyrir kostnaði af gerð

eintaksins. Við slíka birtingu skulu þó ekki veittar upplýsingar um nöfn kröfuhafa sem krafist hafa réttarstöðu skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

1171. Lög [511. mál]

um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 898.

1172. Lög [513. mál]

um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 900.

1173. Lög [115. mál]

um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1134.

1174. Lög [394. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1139.

1175. Frumvarp til laga [530. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal, þegar bílalán einstaklings er, á tímabilinu frá og með 1. desember 2009 til og með 31. desember 2010, endurnýjað með nýju bílaláni sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja bílalánsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra bílalánsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja bílaláni.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

2. gr.

Á milli fjárhæðarinnar „30.000.000 kr.“ og orðsins „vegna“ í b-lið 2. tölul. 1. mgr. og b-lið 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: og.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–VI í lögum um stimpilgjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1176. Frumvarp til laga [646. mál]

um skilmálabreytingar veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota fyrir 7. október 2008 og eru með höfuðstól sem að hluta til eða öllu leyti er í erlendri mynt og þar sem endurgreiðslur taka mið af gengi erlendra gjaldmiðla. Lögin taka einnig til lána eða

kaupleigusamninga sem einstaklingar tóku yfir greiðsluskuldbindingu á fyrir þann tíma. Jafnframt taka lög þessi til slíkra samningssambanda sem stofnað var til fyrir 7. október 2008 þar sem lántaki hefur misst umráð bifreiðar vegna innheimtu- og fullnustuaðgerða fjármálafyrirtækis en lántaki telst enn skulda eftirstöðvar skuldbindingar sinnar. Lög þessi taka ekki til fjármögnunarsamninga vegna bifreiða þar sem þriðji aðili er að samningnum, svo sem bifreiðaumboð. Lög þessi taka ekki til annarra láns- eða kaupleigusamninga en að framan greinir.

Allir einstaklingar sem gert hafa láns- eða kaupleigusamning sem vísað er til í 1. mgr. geta sótt um skilmálabreytingu til lánveitanda í samræmi við 2. gr.

Í lögum þessum er orðið lánveitandi notað um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002. Þá er orðið lántaki notað um einstakling sem gert hefur veðtryggðan lánssamning eða kaupleigusamning við lánveitanda vegna kaupa á bifreið til einkanota. Með kaupleigusamningi er átt við samninga þar sem lántaki leigir bifreið til einkanota af lánveitanda í tiltekinn tíma en verður skráður eigandi bifreiðarinnar að samningstíma loknum.

2. gr.

Skilmálabreyting.

Með skilmálabreytingu er skilmálum láns- eða kaupleigusamnings skv. 1. mgr. 1. gr. breytt þannig að í stað þess að höfuðstóll taki mið af gengi erlendra gjaldmiðla verður hann verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995.

Skilmálabreyting fer þannig fram að núverandi eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings eru endurreiknaðar og lækkaðar sem nemur mismun hækkunar vísitölu neysluverðs og hækkunar lánsins samkvæmt gengi gjaldmiðla frá lántökudegi til þess gjalddaga sem skilmálabreytingin tekur gildi. Við þannig endurreiknaðar eftirstöðvar skal bæta 15% álagi. Lántaki hefur val um hvort lánið er frá þeim gjalddaga sem skilmálabreytingin á sér stað verðtryggt eða óverðtryggt. Kjör lánsins skulu miðast við vaxtakjör nýrra lána eða kaupleigusamninga viðkomandi fyrirtækis. Lántaka skal jafnframt heimilt að óska lengingar lánsins í allt að 24 mánuði, til að lækka greiðslubyrði lánsins.

Heildarlækkun höfuðstóls skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. aldrei nema hærri fjárhæð en 3.000.000 kr.

Lántaka skal vera heimilt að leysa til sín eign gegn staðgreiðslu hins nýja höfuðstóls, sbr. 2. mgr.

3. gr.

Framkvæmd.

Lántaki sem óskar eftir skilmálabreytingu skv. 2. gr. skal leggja fram beiðni þess efnis til lánveitanda. Séu skilyrði 1. gr. uppfyllt skal lánveitandi verða við beiðninni og annast nauðsynlega skjalagerð vegna skilmálabreytingarinnar og þinglýsingu ef við á.

Meðan beiðni um skilmálabreytingu er til meðferðar hjá lánveitanda skal lánveitandi fresta innheimtu afborgana og vaxta þar til gengið hefur verið frá skilmálabreytingu.

Lánveitanda er óheimilt að krefja lántaka um kostnað vegna skilmálabreytingar. Lántaki skal þó greiða þinglýsingargjald til sýslumanns ef við á.

4. gr.

Synjun lánveitanda.

Í vafatilvikum úrskurðar félags- og tryggingamálaráðherra um rétt til skilmálabreytinga samkvæmt lögum þessum og um framkvæmd þeirra.

5. gr.

Eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings.

Leysi lánveitandi til sín veðsetta eign lántaka eða eign samkvæmt kaupleigusamningi og reynist eftirstöðvar skuldbindingar lántaka vera hærri en innlausnarverð lánveitanda, þrátt fyrir að eftirstöðvar samningsins hafi verið lækkaðar í samræmi við 2. gr., á lántaki rétt á að greiða eftirstöðvar skuldbindingar sinnar með eftirfarandi skilmálum:

a. Fjárhæð eftirstöðva skuldbindingar lántaka skal aldrei ákvarðast hærri en nemur mismun á eftirstöðvum skuldbindingar, að teknu tilliti til skilmálabreytingar skv. 2. gr., og matsverði bifreiðar eða því endurgjaldi sem lánveitandi fær við sölu bifreiðarinnar. Lántaka er heimilt, á eigin kostnað, að óska eftir óháðu mati löggilts bifreiðasala á matsverði bifreiðar.
b. Helming eftirstöðva skuldar sinnar skv. a-lið skal lántaki eiga rétt á að greiða á allt að þremur árum, án verðtryggingarálags eða vaxta, gegn því að eftirstöðvar að öðru leyti falli niður.
c. Lánveitandi getur ekki leitað fullnustu vegna eftirstöðva skuldbindingarinnar í íbúðarhúsnæði lántaka þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur heimili.

6. gr.

Eftirgjöf með skilmálabreytingu skv. 2. gr. og niðurfærsla eftirstöðva skv. 5. gr. telst ekki til skattskyldra tekna.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd skilmálabreytingar láns- og kaupleigusamninga samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fjármálafyrirtæki sem lögin ná til skulu geta boðið lántökum skilmálabreytingu skv. 2. gr. og úrræði skv. 5. gr. frá og með 1. ágúst 2010.

Lög þessi taka ekki til láns- eða kaupleigusamninga sem gerðir hafa verið upp fyrir setningu laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði félags- og tryggingamálaráðherra og flutt samhliða frumvörpum um greiðsluaðlögun einstaklinga og umboðsmann skuldara. Í frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga er lagt til að lögfestar verði sérstakar reglur um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun með það að markmiði að gera einstaklingum í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Það er skilyrði fyrir almennri greiðsluaðlögun að einstaklingur sé ófær um að standa í skilum með fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða verði það um fyrirsjáanlega framtíð. Hins vegar eru ekki allir einstaklingar í þeirri

stöðu og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja úrræði fyrir þá einstaklinga sem eru afmarkaðri en hin almenna greiðsluaðlögun. Um er að ræða úrræði sem tekur til láns- og kaupleigusamninga sem fjármálafyrirtæki gerðu við einstaklinga, vegna kaupa á bifreiðum til einkanota, og fela í sér skuldbindingar í erlendri mynt, þ.e. eru með höfuðstól að hluta til eða öllu leyti í erlendri mynt, svokölluð myntkörfulán.

Eftir hrun banka- og fjármálakerfisins haustið 2008 hafa margir einstaklingar átt í verulegum greiðsluerfiðleikum, þótt þá sé ekki í öllum tilvikum að rekja eingöngu til hrunsins. Fjöldi einstaklinga stendur ekki lengur undir greiðslubyrði lána, sem hefur þyngst mjög undanfarin missiri og fjárskuldbindingar þeirra eru í mörgum tilvikum langt umfram virði eigna sem standa þeim til tryggingar. Markmiðið með þessu frumvarpi er að færa raunvirði fjárskuldbindinga (krafna) nær veruleikanum og hraða endurreisn efnahagslífsins eins og kostur er, m.a. með endurskipulagningu fjárhags einstaklinga.

Afleiðingar hrunsins í október 2008 hafa birst í margvíslegum myndum. Þar vegur þyngst verðlækkun eigna og mikil verðbólga í kjölfar falls krónunnar. Hrunið hafði í för með sér snöggan samdrátt í framleiðslu og minnkandi eftirspurn í hagkerfinu. Sá samdráttur hefur haft alvarleg áhrif á atvinnustig og eftirspurn eftir vinnuafli. Þar sem stærsti hluti fjárskuldbindinga er í formi verð- eða gengisbundinna lána jukust skuldir lántakenda jafnframt mjög við hrunið. Með lögum nr. 107/2009 var lögfest það markmið löggjafans að koma á jafnvægi milli virðis eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar.

Markmið frumvarps þessa er þannig að auðvelda sem flestum einstaklingum leið í gegnum þær efnahagslegu þrengingar sem þjóðin glímir nú við með tímabundnum aðgerðum. Úrræði því sem einstaklingum býðst í frumvarpinu er ætlað að vera liður í niðurjöfnun þess mikla tjóns sem íslenskt samfélag varð fyrir við hrunið. Með niðurjöfnun tjónsins er greitt fyrir raunhæfara mati á verðmæti eigna og endurreisn efnahagslífsins hraðað. Mikilvægt er að skapa sátt og samstöðu í þjóðfélaginu í kjölfar hrunsins og afleiðinga þess. Eru úrræði fyrir einstaklinga, líkt og þau sem hér eru kynnt til sögunnar, nauðsynlegur þáttur í slíkri sátt en við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tilhlýðilegt tillit til hagsmuna bæði einstaklinga og kröfuhafa.

Ljóst er að eftir hrunið í október 2008 hafa efnahagslegar aðstæður í íslensku þjóðfélagi breyst verulega. Stórfelld aukning skulda þjóðarbúsins samfara mikilli lækkun eignaverðs hefur valdið því að engar líkur eru á að efnahagslegar forsendur séu fyrir fullri endurheimt allra krafna á einstaklinga í landinu. Geta samfélagsins til verðmætasköpunar stendur með öðrum orðum ekki undir endurgreiðslu allra skuldanna. Þannig er uppi mikil óvissa um hvaða skuldir er raunhæft að innheimta og að hve miklu leyti.

Telja verður að láns- og kaupleigusamningar sem gerðir eru við einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota feli almennt í sér meiri áhættu en lán vegna fasteignakaupa. Þrátt fyrir þetta var það svo fyrir hrunið í október 2008 að samningar við einstaklinga um lán eða kaupleigu voru oft gerðir án þess að fram færi sérstakt mat á greiðslufærni viðkomandi, og voru þessir samningar oft afgreiddir á tiltölulega skömmum tíma, jafnvel þótt um væri að ræða dýrar bifreiðar. Þá lá oft ekkert fyrir um áhættu af lánveitingu en hins vegar var lögð fyrir lántaka áætlun um afborganir á lánstímanum. Trygging fyrir fjármögnun í láns- og kaupleigusamningum er í bifreiðum sem hafa tiltölulega skamman líftíma, óvissan eftirmarkað og lækka hratt í verði. Er því þessi tegund fjármögnunarstarfsemi áhættumeiri en hefðbundin útlán banka og sparisjóða. Þá má líta svo á að fjármálafyrirtæki hafi tekið nokkra áhættu að auki með því að meta ekki sérstaklega greiðslugetu lántaka í hverju og einu tilviki. Fjármála-

fyrirtæki sem veittu íbúðalán, svo sem Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir, hafa fallist á að færa þurfi skuldsetningu niður í 80–110% af verðmæti fasteigna og taka þannig mið af aðstæðum, jafnt greiðslugetu einstaklinga sem eðlilegu endurmati eigna. Þó voru þau lán veitt til áratuga og tryggð með veði í fasteignum sem allar líkur eru á að hafi tiltekið verðgildi um langan tíma. Að baki þeim lánveitingum lá þá einnig að jafnaði ítarlegt mat á greiðslugetu lántaka. Þegar horft er á neyslulán, eins og lán til bifreiðakaupa, í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að ná þurfi eðlilegu samhengi á milli höfuðstóls þess háttar lána og verðmætis þeirrar bifreiðar sem lánið hvílir á. Jafnframt þarf að tryggja að forsendur sem lántakar gáfu sér um afborganir haldi.

Fjöldi einstaklinga með veðtryggð lán og kaupleigusamninga vegna bifreiðakaupa hjá stærstu fjármálafyrirtækjunum (Avant, Íslandsbanka, Lýsingu og SP fjármögnun) er um 48 þúsund, en þar af eru tæplega 36 þúsund eða um 75% með láns- eða kaupleigusamning með höfuðstól að hluta eða öllu leyti í erlendum myntum eða endurgreiðslur samninganna taka mið af gengi erlendra gjaldmiðla, svokölluð myntkörfulán. Námu heildareftirstöðvar lána til þeirra um 105 milljörðum kr. í aprílmánuði sl. Eru meðaleftirstöðvar hvers láns um 2.200.000 kr.

Samkvæmt úttekt Seðlabanka Íslands á skuldastöðu heimilanna á verulegur hluti íslenskra heimila við greiðsluerfiðleika að stríða. Er það ein af meginniðurstöðum úttektarinnar að skuldsetning heimila í vanda vegna kaupa á bifreiðum sé stór þáttur í þeim vanda sem þau eiga við að etja í dag, mun fremur en til að mynda skuldsetning vegna íbúðakaupa. Eru 23% þeirra heimila sem Seðlabankinn telur vera í vanda þannig með um 42% af heildarskuldum þjóðarinnar vegna bifreiðakaupa, en einungis 27% af heildaríbúðalánaskuldum. Það er því ljóst að skuldir vegna bifreiðakaupa hvíla hlutfallslega mjög þungt á þeim heimilum sem eiga við greiðsluerfiðleika að stríða. Á þetta sérstaklega við um fyrrnefnd myntkörfulán veitt til bifreiðakaupa enda hefur greiðslubyrði þeirra aukist mun meira en greiðslubyrði verðtryggðra lána.

Með samanburði á vísitölu neysluverðs og algengrar samsetningar svokallaðrar myntkörfu í láns- eða kaupleigusamningum til kaupa á bifreiðum til einkanota (50% japönsk jen, 50% svissneskir frankar) má glögglega sjá hversu mikill munur er á þróun annars vegar verðtryggðra lána og hins vegar gengistryggðra lána. Þannig hækkuðu lán bundin við vísitölu neysluverðs um sem nemur 34% frá því í maí 2007 til apríl 2010 á meðan lán með framangreindri samsetningu myntkörfu hækkuðu um 146% á sama tíma. Hefur greiðslubyrði hækkað með viðlíka hætti.

Eins og kemur fram í úttekt Seðlabankans er skuldavandi heimila með slík lán mun meiri en þeirra sem tóku verðtryggð lán. Er hlutfall skuldara í greiðsluvanda með svokölluð myntkörfulán þannig rúmlega tvöfalt hærra en þeirra sem einungis eru með verðtryggð lán. Má þá einnig líta til þess að fjöldi þeirra sem eru með myntkörfulán og eru í greiðsluvanda hefur aukist talsvert frá því í janúar 2008 á meðan greiðsluvandi heimila með öll sín lán verðtryggð hefur ekki aukist á sama tímabili. Því eru knýjandi rök fyrir því að taka sérstaklega á skuldamálum þeirra einstaklinga og heimila sem fjármögnuðu kaup á bifreiðum til einkanota með hinum svokölluðu myntkörfulánum.

Frumvarp þetta er afturvirkt að því leyti að það tekur til láns- og kaupleigusamninga sem gerðir voru fyrir 7. október 2008. Ágreiningur er um hvort samningar þessir voru gerðir í samræmi við lög sem voru í gildi á þeim tíma og verður sá ágreiningur væntanlega leiddur til lykta, að hluta eða öllu leyti, með dómum Hæstaréttar nú í júní. Það breytir því þó ekki sem rakið hefur verið hér að framan varðandi þjóðfélagslegar og efnahagslegar forsendur

þess úrræðis sem hér er lagt til. Frumvarp það sem hér er lagt fram breytir í engu réttarstöðu aðila í slíku samningssambandi og tekur að engu leyti betri rétt frá skuldara sem kýs að nýta sér það úrræði sem í frumvarpi þessu felst.

Í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta eign sína af hendi nema almenningsþörf krefji, og þá með lögum og þannig að fullar bætur greiðist fyrir. Hvers kyns verðmæt réttindi manna, þ.m.t. kröfuréttindi og veðréttindi, njóta verndar ákvæðisins. Þrátt fyrir framangreint hefur einnig verið viðurkennt í íslenskum rétti að löggjafinn geti heimilað ýmiss konar takmarkanir á eignarrétti án þess að til nokkurra bóta komi.

Í íslenskum rétti hefur við mat á gildi afturvirkra laga verið litið til þess hvort skýra megi þau svo að þau takmarki stjórnarskrárvernduð réttindi manna með almennum, hlutlægum og málefnalegum hætti og að ekki sé gengið svo nærri réttindum manna að þau nýtist ekki. Slík lagasetning hefur helst verið talin koma til álita við óvenjulegar aðstæður svo sem við lausn aðsteðjandi efnahagsvanda. Um miðja síðustu öld var uppi alvarlegt ástand í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar. Löggjafinn greip til margvíslegra aðgerða í því skyni að bregðast við vandanum, og voru þá t.a.m. sett lög nr. 22/1950 sem kváðu m.a. á um að stóreignaskattur var lagður á afturvirkt. Deilt var um hvort lagasetning þessi stæðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og komu nokkur slík mál til kasta Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 5/1953 (1954, bls. 73) var staðfest sú niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur að afturvirk lagasetningin væri réttlætanleg þar sem lögin væru þáttur í margþættri tilraun til að lagfæra fjárhagskerfi þjóðarinnar og koma því í fastari skorður. Í umfjöllun Sigurðar Líndal um stóreignaskattsmálin svokölluðu, í 1. tbl. Úlfljóts árið 2006 (bls. 37–39), segir að dómendur í umræddum málum hafi metið það svo að um brýna almannahagsmuni hefði verið að ræða og þeim hagsmunum bæri að skipa ofar sérstökum hagsmunum þegnanna. Þetta hafi mátt réttlæta með því að lögin hafi verið sett „sem þáttur í margþættri tilraun til að lagfæra fjárhagskerfi þjóðarinnar í heild, koma því í fastari skorður og verja landið fyrir verðbólgu“ (bls. 39). Með hliðsjón af þessum forsendum hefðu stóreignaskattslögin ekki verið talin fara í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem nú eru uppi, og raktar hafa verið hér að framan, verður að meta það svo að mikilvægir almannahagsmunir krefjist þess, og að það sé jafnframt þjóðfélagslega nauðsynlegt, að gripið verði til almennrar aðgerðar sem þeirrar sem hér er gerð tillaga um. Nauðsynlegt er að hafa í huga að með frumvarpinu er ekki gengið með óhæfilegum hætti gegn eignarrétti kröfuhafa, enda felur sú aðferðafræði sem í frumvarpinu felst í sér að kröfuhafi fær endurgjald í samræmi við þau verðtryggðu lánskjör sem hann bauð skuldurum á viðskiptalegum forsendum á sínum tíma. Því er einungis verið að takmarka óeðlilegan ávinning kröfuhafa af gríðarlegri hækkun gengistryggðra lána og færa hann að því endurgjaldi sem alþekkt er og felur í sér fullkomlega ásættanlegt og fullnægjandi endurgjald fyrir kröfuhafa. Þá ber að hafa í huga að mörg fordæmi eru um íhlutun löggjafarvalds og stjórnvalda í vaxta- og verðtryggingarskilmála. Sett hefur verið hámark á vexti, hámark á ávöxtun verðtryggðra lána og verðtryggingarvísitölu hefur oft verið breytt.

Í þessu sambandi þarf að líta til framangreindrar úttektar Seðlabanka Íslands á skuldastöðu heimilanna þar sem fram kemur að verulegur hluti þeirra er í greiðsluerfiðleikum, og skiptir skuldsetning vegna bifreiðakaupa þar miklu máli, sbr. nánar hér að framan. Lántakendur eiga erfitt með að selja bifreiðar sem á hvíla slíkir lánssamningar, þar sem eftirstöðvar þeirra eru oft langt umfram verðmæti bifreiðarinnar. Markaðurinn er því nánast frosinn og er líklegt að svo verði áfram ef ekkert verður að gert. Úrræði sem þetta er hins vegar til þess fallið að

draga verulega úr yfirveðsetningu bifreiða og skapa þannig jafnvægi á milli veðsetningarhlutfalls og markaðsvirðis einstakra bifreiða en ljóst er að auðveldara verður fyrir einstaklinga að selja bifreiðar sem ekki eru veðsettar langt umfram verðmæti þeirra. Aðgerðin muni því flýta fyrir því að jafnvægi skapist á markaði með lán til bifreiðakaupa og að eðlileg viðskipti geti hafist á nýjan leik. Það sama eigi við um kaupleigusamninga. Ávinningurinn af því nýtist öllum, jafnt lántakendum og fjármálafyrirtækjum.

Fjárhagsleg áhrif úrræðisins eru metin á þann veg að með því aukist möguleikar flestra lántakenda til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt láns- og kaupleigusamningum og fjármálafyrirtæki fái því betri endurheimtur krafna sinna. Tap fjármálafyrirtækja vegna lækkunar höfuðstóla eftir skilmálabreytingu verði jafnað út með aukinni greiðslugetu lántakenda almennt. Á þetta jafnframt við um þau fjármálafyrirtæki sem hætt hafa starfsemi þar sem endurheimtur verði betri. Heildræn áhrif þessarar aðgerðar jafna því út það tjón sem fjármálafyrirtæki verða fyrir við skilmálabreytingu láns- og kaupleigusamninga sem leiðir til lækkunar höfuðstóls. Í reynd er því ekki um neina eignaskerðingu að ræða. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður það metið svo að þær ráðstafanir sem hér er gerð tillaga um brjóti ekki í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Telja verður að einfalt og almennt úrræði eins og lagt er til í frumvarpi þessu sé ein áhrifamesta aðgerð sem stjórnvöld geta gripið til, til að ná því markmiði að draga úr ósjálfbærri skuldsetningu og létta þunga greiðslubyrði heimila í landinu. Um er að ræða mikilvæga og almenna aðgerð sem tekur á framangreindum vanda þeirra einstaklinga sem eru í vandræðum með greiðslubyrði gengistryggðra bílalána. Af skýrslu Seðlabanka Íslands frá í apríl 2010 má ráða að engin einstök aðgerð geri meira til að létta á erfiðri skuldastöðu þess hóps sem er í mestum vanda vegna skuldsetningar og að almenn aðgerð af þessu tagi geti fækkað um mörg þúsund þeim heimilum sem ella þurfa tímafreka og kostnaðarsama úrlausn á erfiðum skuldavanda.

Þá verður að telja að skilmálabreyting sú sem hér er lögð til sé líkleg til þess að auka greiðsluvilja og getu lántakenda til að standa í skilum við lánveitendur. Ljóst er að stór hluti þessara lána er nú í vanskilum vegna þyngri greiðslubyrði einstaklinga eftir efnahagshrunið. Með aðgerð af þessu tagi sé þannig komið til móts við sjónarmið lántakenda og því stuðlað að aukinni sátt milli lántaka og lánveitenda þessara lána. Þannig verður stuðlað að bættum skilum og aukinni endurheimtu þessara lána og gagnkvæmur ávinningur hámarkaður. Tjón lánveitenda og samfélagsins alls verði þannig lágmarkað.

Í frumvarpinu er þannig lagt til að skilmálum láns- eða kaupleigusamninga sem einstaklingar gerðu við fjármálafyrirtæki fyrir 7. október 2008 vegna kaupa á bifreið til einkanota verði breytt þannig að í stað þess að höfuðstóll taki að hluta til eða öllu leyti mið af gengi erlendra gjaldmiðla verði hann verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs. Til að mæta sanngirnissjónarmiðum er gert ráð fyrir að hámark niðurfellingar verði 3.000.000 kr. Úrræðið muni því nýtast þeim mest og best sem hvað varlegast fóru í slíka skuldsetningu. Þá er í frumvarpinu að finna ákvæði sem tryggja rétt lántaka til að fá að njóta til fulls söluverðs bifreiðar til frádráttar frá eftirstæðri skuld og rétt hans til að ljúka greiðslu eftirstæðra skulda með greiðslu helmings eftirstöðva, án vaxta eða verðbóta. Þessi regla á sér fyrirmynd í reglugerð nr. 359/2010 um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu, sbr. áður reglugerð nr. 119/2003 um sama efni. Að síðustu er í frumvarpinu kveðið á um bann við að lánveitandi geti leitað fullnustu vegna eftirstöðva skuldbindinga vegna bílalána í íbúðarhúsnæði lántaka. Reglum þessum er ætlað að verja afkomu- og húsnæðisöryggi fjöl-

skyldna og skapa endurheimtumöguleikum kröfuhafa eðlilega umgjörð, í samræmi við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem tryggir friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að heimilt verði að breyta skilmálum veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga, sbr. lög nr. 121/1994, sem fjármálafyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 161/2002, gerðu við einstaklinga fyrir 7. október 2008 vegna kaupa á bifreið til einkanota og eru með höfuðstól að hluta til eða öllu leyti í erlendri mynt og þar sem endurgreiðslur taka mið af gengi erlendra gjaldmiðla, svokölluð myntkörfulán. Miðað er við dagsetningu efnahagshrunsins 7. október 2008, enda má segja að hefðbundin viðmið í viðskiptum hafi almennt raskast þá, ekki síst vegna gengishruns íslensku krónunnar.

Lögin munu samkvæmt orðalagi ákvæðisins ekki taka til samninga sem fyrirtæki hafa gert né samninga um kaup á bifreið til nota í sjálfstæðum atvinnurekstri.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir einstaklingar sem uppfylli skilyrði 1. mgr. geti fengið skilmálabreytingu, sbr. 2. gr.

Til skýringar eru helstu hugtök frumvarpsins sérstaklega skilgreind í 3. mgr.

Um 2. gr.

Skilmálabreyting skv. 2. gr. miðar að því að gera lántaka eins settan og ef hann hefði tekið lán eða gert kaupleigusamning án nokkurrar tengingar við erlenda gjaldmiðla.

Skilmálabreyting skal fara þannig fram að núverandi eftirstöðvar höfuðstóls láns- eða kaupleigusamnings eru endurreiknaðar og lækkaðar sem nemur mismun hækkunar vísitölu neysluverðs og hækkunar lánsins samkvæmt gengi gjaldmiðla frá lántökudegi til þess gjalddaga sem skilmálabreytingin tekur gildi. Við þannig endurreiknaðar eftirstöðvar skal bæta 15% álagi. Álaginu er ætlað að mæta því að greiddir vextir af gengistryggðu láni hafa verið lægri en vextir af verðtryggðu innlendu láni, auk þess að mæta kostnaði fyrirtækjanna af skilmálabreytingunni. Lántaki hefur val um hvort lánið er frá þeim gjalddaga sem skilmálabreytingin á sér stað verðtryggt eða óverðtryggt. Kjör lánsins skulu miðast við vaxtakjör nýrra lána eða kaupleigusamninga viðkomandi fyrirtækis.

Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er fjallað ítarlega um rök að baki því fyrirkomulagi skilmálabreytingar sem hér er lagt til.

Til að gæta meðalhófs og sanngirnissjónarmiða skal skilmálabreyting aldrei leiða til meiri lækkunar á láns- eða kaupleigusamningi en 3.000.000 kr. Úrræðinu er þannig fyrst og fremst ætlað að létta vanda þeirra fjölmörgu einstaklinga sem fóru hóflega í skuldsetningu á sínum tíma en búa nú við aukna greiðslubyrði vegna afleiðinga hrunsins. Ekki er gert ráð fyrir að þeir sem höfðu tök á að gera upp slíka láns- og kaupleigusamninga eigi rétt til endurgreiðslu úr hendi lánveitanda.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd skilmálabreytingar verði mjög einföld. Lántaki leggur þannig fram beiðni til lánveitanda um skilmálabreytingu láns- eða kaupleigusamnings. Uppfylli beiðnin það sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins skal lánveitandi annast skilmálabreytingu.

Um leið og lántaki hefur lagt inn beiðni um skilmálabreytingu frestast frekari afborganir láns- eða kaupleigusamnings. Er þetta gert til að stuðla að skjótvirkri afgreiðslu slíkra beiðna hjá lánveitanda.

Ekki er gert ráð fyrir að lánveitandi geti innheimt gjald vegna skilmálabreytingar, en þó má hann krefja lántaka um greiðslu þinglýsingarkostnaðar ef við á.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er rakið hvernig fara skuli með eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings fari svo að lánveitandi leysi til sín eign samkvæmt samningi. Þrátt fyrir þá greiðsluaðlögun sem frumvarp þetta felur í sér með skilmálabreytingu kann í einhverjum tilvika til þess að koma að lánveitandi leysi til sín eign samkvæmt láns- eða kaupleigusamningi. Í slíkum tilvikum kunna eftirstöðvar áhvílandi láns- eða kaupleigusamnings að vera hærri en söluverð eða matsverð bifreiðar, þrátt fyrir að eftirstöðvar þess hafi verið lækkaðar í samræmi við ákvæði 2. gr. Þykir eðlilegt í ljósi markmiðs að baki lagasetningu þessari að lántaki skuli eiga þess kost að greiða eftirstandandi skuld á þremur árum með þeim skilmálum sem þar er nánar kveðið á um. Þá eru eftirstöðvar óverðtryggðar og vaxtalausar, auk þess sem fyrir hverja krónu sem lántaki greiðir af höfuðstól skuldarinnar skal lánveitandi lækka skuldina um eina krónu (króna á móti krónu). Að þremur árum liðnum skulu eftirstöðvar felldar niður að fullu. Ákvæði þessi eiga hliðstæðu í framkvæmd Íbúðalánasjóðs á meðferð krafna sem glatað hafa veðtryggingu sem verið hafa við lýði frá árinu 2003. Sú framkvæmd hefur gefist afar vel og stuðlar að eðlilegu samhengi milli áhættu skuldara og kröfuhafa af lánveitingum.

Þá er talið mikilvægt að kveða á um að lánveitandi geti ekki leitað fullnustu eftirstöðva láns- eða kaupleigusamnings í íbúðarhúsnæði skuldara, þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur sannanlega heimili.

Um 6. gr.

Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um að skilmálabreyting sú sem hér er kveðið á um felur ekki í sér skattskyldar tekjur í skilningi skattalaga. Sú niðurfærsla sem lántaki fær vegna skilmálabreytingar skv. 2. gr. eða með niðurfellingu eftirstöðva skv. 5. gr. telst því ekki til skattskyldra tekna.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skilmálabreytingar veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda þeim að koma fjármálum sínum í betra horf. Áður hafa verið lögð fram lagafrumvörp sem hafa sama markmið, þ.e. að bæta skulda- og greiðslustöðu einstaklinga, en taka hvert um sig á afmörkuðum sviðum skuldavanda heimilanna. Um er að ræða frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, frumvarp til laga um breytingar á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir einstaklingar sem fyrir 7. október 2008 keyptu bifreið til einkanota og fjármögnuðu kaupin með láni eða fjármögnunarsamningi sem fól í sér að breytingar á höfuðstól tóku mið af gengi erlendra gjaldmiðla að hluta eða öllu leyti geta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum farið fram á skilmálabreytingu lána. Þá munu ákvæðin einnig taka til þeirra einstaklinga sem tekið hafa yfir sams konar greiðsluskuldbindingu fyrir sama tíma. Jafnframt taka lög þessi til slíkra samningssambanda þar sem lántaki hefur misst umráð bifreiðar vegna innheimtu- og fullnustuaðgerða fjármálafyrirtækis, en lántaki telst enn skulda eftirstöðvar skuldbindingar sinnar. Í frumvarpinu er kveðið á um að skilmálabreyting skuli miðast við að eftirstöðvar skuldar verði lækkaðar um sem nemur mismun á hækkun eftirstöðva hennar samkvæmt gengi þeirra gjaldmiðla sem höfuðstóllinn miðast við og hækkun sem orðið hefði á höfuðstólnum reiknuðum í íslenskum krónum miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Við það bætist 15% álag vegna mismunar vaxta á lánum í erlendum gjaldmiðli og verðtryggðra lána í íslenskum krónum frá lántökudegi til þess dags sem skilmálabreytingin tekur gildi. Lántaki getur valið hvort lánið er frá þeim degi verðtryggt eða óverðtryggt og skulu lánakjör miðast við vaxtakjör nýrra sambærilegra lána viðkomandi fyrirtækis. Lækkun höfuðstóls samkvæmt ákvæðum laganna getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en 3 m.kr. Þá á skuldari möguleika á að lengja lánstíma um allt að tvö ár til þess að lækka greiðslubyrði og eigi hann þess kost getur hann undir ákveðnum skilyrðum leyst til sín bifreiðina með staðgreiðslu nýja höfuðstólsins.

Ef lánveitandi leysir til sín veðsetta eign skuldara og eftirstöðvar lánsins eru hærri en söluverð eða matsverð bifreiðar þrátt fyrir að eftirstöðvar lánsins hafi verið lækkaðar á skuldari kost á að greiða eftirstandandi skuld með ákveðnum skilmálum sem m.a. kveða á um að fjárhæð eftirstandandi skuldar skuli lækkuð þannig að hún verði ekki hærri en matsverð bifreiðar eða það verð sem lánveitandi fékk við sölu bifreiðar. Helming eftirstöðva skuldarinnar á lántaki rétt á að greiða á allt að þremur árum vaxta- og verðtryggingarlaust. Ef helmingur skuldar hefur verið greiddur að þremur árum liðnum telst hún að fullu greidd og lánveitandi getur ekki leitað fullnustu eftirstöðva skuldarinnar í íbúðarhúsnæði skuldara þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur heimili.

Lánveitanda er ekki heimilt að krefjast annarra greiðslna vegna skilmálabreytinga en greiðslu þinglýsingargjalds til sýslumanns ef við á. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir aðkomu ríkisstofnana að skilmálabreytingum en í vafatilvikum úrskurðar félags- og tryggingamálaráðherra um rétt til skilmálabreytinga. Í einhverjum tilvikum gæti álag á ráðuneytið aukist

vegna kæra en gera má ráð fyrir að öll vinna vegna þessa falli innan lögbundinna verkefna þess og er ekki gert ráð fyrir að kostnaður aukist að ráði í tengslum við frumvarp þetta.

Um 36 þúsund einstaklingar eru með bílalán sem að hluta eða öllu leyti eru bundin erlendum gjaldmiðlum og nema heildareftirstöðvar lánanna samtals um 105 milljörðum króna. Að meðaltali stendur því höfuðstóll slíkra lána í um 2,2 m.kr. Hversu mikið lánin verða færð niður ræðst af samsetningu þeirra og hvenær þau voru tekin og þar með hversu mikið var búið að greiða niður af þeim áður en gengi íslensku krónunnar féll. Þannig er algeng samsetning lánakörfu japönsk jen og svissneskir frankar skipt til helminga. Sem dæmi má taka að hafi einstaklingur keypt bifreið með slíku láni í maí 2007 þá hefur höfuðstóll lánsins hækkað um 146% frá maí 2007 til apríl 2010. Með viðlíka hætti hefur greiðslubyrði lánanna hækkað en þetta eru jafnframt þær myntir sem hafa styrkst hvað mest gagnvart krónunni á síðastliðnum tveimur árum. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 34%. Hafi einstaklingur tekið slíkt lán í maí 2007 og skuldar núna 2,2 m.kr. þá mundi skilmálabreyting samkvæmt ákvæðum frumvarpsins lækka lánið í 1,4 m.kr. eða um rúm 37%. Hefði slíkt lán með sama höfuðstól hins vegar verið tekið í september 2008 má reikna með að það mundi lækka í um 1,9 m.kr. eða um tæp 13%.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið telur að skuldastaða heimilanna krefjist þess að til almennra aðgerða verði gripið og því liggja ríkir almannahagsmunir fyrir ákvæðum frumvarpsins. Þar með sé ekki verið að ganga á friðhelgi eigna réttarins skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar og því komi ekki til bótaskyldu ríkissjóðs vegna lögfestingar frumvarpsins. Fyrir afturvirkri lagasetningu eins og þessari séu fordæmi auk þess sem ráðuneytið telur að í frumvarpinu sé ekki gengið með óhóflegum hætti gegn eignarrétti kröfuhafa þar sem þeir fái endurgjald í samræmi við þau verðtryggðu lánskjör sem þeir buðu viðskiptavinum á sínum tíma. Þá megi ætla að tap fjármálafyrirtækja vegna lækkunar höfuðstóla eftir skilmálabreytingu verði vegið upp í verulegum mæli eða jafnvel að fullu með betri endurheimtum og aukinni greiðslugetu lántakenda frá því sem ella hefði orðið með óbreyttum skilmálum. Því eigi ákvæði frumvarpsins ekki að geta leitt til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð.

Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi teljandi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs enda snúa ákvæði þess fyrst og fremst að skilmálabreytingum í lánssamningum milli einstaklinga og fjármálafyrirtækja.

1177. Fyrirspurn [647. mál]

til fjármálaráðherra um lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur ráðuneytið aflað lögfræðiálits (eins eða fleiri, innan eða utan húss) um lögmæti gengistryggðra lána?
2. Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?
3. Ef svo er:
   a. hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu og

b. var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?

Skriflegt svar óskast.

1178. Fyrirspurn [648. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um starfsmenn dómstóla.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

Hvaða úrræði hafa starfsmenn dómstóla sem telja brotið á sér í starfi? Geta þeir til að mynda leitað til dómstólaráðs, umboðsmanns Alþingis eða eitthvað annað?

1179. Nefndarálit [512. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/2005, um happdrætti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Krabbameinsfélaginu, Íslenskum getraunum og Íslenskri getspá.

Með frumvarpinu er lagt til að kveðið verði skýrt á um að bann við að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um happdrætti, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum um happdrætti, taki einnig til starfsemi sem er rekin erlendis.

Nefndin fjallaði um frumvarpið sem felur í sér að b-liður 1. mgr. 11. gr. laganna er tekinn upp í heild þó að einungis sé verið að bæta við hann. Nefndin telur að þegar litið er til sjónarmiða um skýrleika í lagasetningu sé rétt að leggja til viðbót við stafliðinn án þess að hreyft sé við honum öllum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis.

Valgerður Bjarnadóttir og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur álitinu.

Alþingi, 20. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Bragi Sveinsson.	Róbert Marshall.	Þráinn Bertelsson.

1180. Svar [608. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um sjúkraflutninga.

1. *Er unnið að heildarendurskoðun sjúkraflutninga í landinu og ef svo er, hver er aðkoma fag- og stéttarfélags sjúkraflutningamanna að málinu? Hafa fundir verið haldnir og þá hve margir? Er unnið eftir ákveðinni stefnumörkun og ef svo er, hver er hún?*

Í ráðuneytinu er unnið að heildarendurskoðun á skipulagi sjúkraflutninga í landinu. Við stefnumótun er meðal annars höfð til hliðsjónar skýrsla starfshóps um sjúkraflutninga á Íslandi sem lögð var fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra í janúar 2008. Mörg af þeim atriðum sem þar komu fram munu nýtast vel við að þróa skipulag sjúkraflutninga en mikilvægt er þó að árétta að skýrslan er ekki stefnumótun í sjálfu sér.

Frá þessu var greint í ávarpi fulltrúa heilbrigðisráðherra við setningu 13. þings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í Reykjavík 16. apríl síðastliðinn. Þar kom skýrt fram að samráð yrði haft við landssambandið um framvindu mála. Ekki er enn komið að því að boða til formlegra funda en við mótun stefnu í sjúkraflutningum gilda að sjálfsögðu sömu lögmál og um aðra heilbrigðisþjónustu á Íslandi: Hún á að vera eins góð og frekast er unnt að hafa hana miðað við þær aðstæður sem við búum við hverju sinni. Það þýðir að þjónustan á að vera örugg, markviss, skilvirk og tímanleg. Þjónustan á að vera aðgengileg og allir að hafa að henni jafnan aðgang. Umfram allt á þjónustan að miðast við þarfir sjúklinga.

2. *Hve miklum fjármunum, í heild, var varið árlega til sjúkraflutninga árin 2006–2010? Hver er kostnaður við sjúkraflutninga á eftirtöldum stöðum á sama tímabili: Árborg, Akureyri, Suðurnesjum, Ísafirði og Húsavík? Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).*

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld vegna sjúkraflutninga á árunum 2006–2009 í þús. kr. Upplýsingar um útgjöld á árinu 2010 liggja ekki fyrir.

	2006	2007	2008	2009
Sjúkrabíll	498.538	513.468	589.685	667.108
Sjúkraflug	215.581	206.461	254.996	242.085
Samtals	714.119	719.929	844.681	909.193

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld vegna sjúkraflutninga á Suðurlandi, Akureyri, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Húsavík á árunum 2006–2009 í þús. kr. Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í upphafi árs 2009.

	2006	2007	2008	2009
Suðurland -Selfoss	75.667	91.703	110.009	132.824
Suðurland - Selfoss, samningur	52.000			
Suðurland - Klaustur, Vík og Rangárþing	27.139	35.916	37.580	40.251
Suðurland, samtals	***154.807***	***127.619***	***147.589***	***173.076***
Samningur um sjúkraflutninga - Akureyri	52.600	54.400	70.000	70.000
Akureyri, samtals	***52.600***	***54.400***	***70.000***	***70.000***
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	12.200	15.200	16.900	17.100
Samningur um sjúkraflutninga - Suðurnes	45.100	49.500	70.000	70.000
Suðurnes, samtals	***57.300***	***64.700***	***86.900***	***87.100***
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	***15.462***	***21.456***	***21.993***	***21.737***
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	***25.915***	***26.009***	***29.361***	***28.943***

3. *Eru sjúkrabílar á öllu landinu mannaðir tveimur sjúkraflutningamönnum? Hvaða staðlar gilda um sjúkraflutninga og telur ráðherra að þeim sé fylgt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?*

Evrópskir staðar hafa ekki reglugerðarígildi í þessum efnum hér á landi og er því ekki fylgt bókstaflega. Hins vegar eru þeir viðmið sem stefnt er að því að uppfylla og kemur það fram í ýtarlegri kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins sem unnið er eftir við sjúkraflutninga. Í samræmi við kröfulýsinguna eru sjúkrabílar víðast hvar á landinu mannaðir með tveimur sjúkraflutningamönnum. Frá því er þó heimilt að víkja samkvæmt kröfulýsingunni og manna bíl með sjúkraflutningamanni og öðrum heilbrigðisstarfsmanni, gjarnan lækni eða hjúkrunarfræðingi.

4. *Hver er stefna ráðherra varðandi útboð á sjúkraflutningum? Er unnið að slíku útboði í ráðuneytinu?*

Í lögum um sjúkratryggingar eru heimildir til útboðs, m.a. á sjúkraflutningum, sem hafa verið nýttar á undanförnum árum. Ekki er fyrirhugað af hálfu ráðherra að leggja til breytingar á þeim lagaheimildum. Nýlega var gerður samningur um sjúkraflutninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og gildir hann til 31. desember 2011. Ekki er unnið að gerð útboðs á sjúkraflutningum í ráðuneytinu um þessar mundir.

1181. Framhaldsnefndarálit [495. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Frá heilbrigðisnefnd.

Málið kom aftur til nefndarinnar fyrir þriðju umræðu þar sem umsagnir um málið bárust eftir að nefndin afgreiddi það fyrir aðra umræðu. Málið var sent til umsagnar 26. apríl 2010 og var frestur til að skila inn umsögnum til 14. maí. Nefndinni bárust umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Læknafélaginu (Siðfræðiráði LÍ) eftir að umsagnafrestur rann út. Almennt eru þessar umsagnir jákvæðar en Læknafélagið bendir á að þörf sé fyrir að skoða áhrif þeirra lagabreytinga sem átt hafa sér stað á undanförnum árum með sérstöku tilliti til réttindastöðu og líðan þeirra barna sem fæðst hafa áður en lengra er haldið með að bæta rétt fullorðna til að eignast börn. Í umsögn þess segir: „Þessar breytingar allar eru á þann veg að auka réttindi fullorðinna einstaklinga til að eignast afkvæmi en lítið hefur verið hugað að réttindum þeirra barna sem verða til með þessum hætti. Ekki er heldur að sjá að nokkur skoðun hafi farið fram á áhrifum laganna frá 1996 en þá var í fyrsta sinn lagalega rétt að barn fæddist í heiminn sem hefði ekki nokkurn rétt eða möguleika á að fá að vita um líffræðilegt faðerni sitt en það var fram að því réttur sem var (og er) áskilinn í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (athuga sáttmálann og einnig Ottawa samþykktina).“ Sjónarmið Læknafélagsins krefst ýtarlegrar umræðu og telur nefndin eðlilegt að hún verði tekin. Það er hins vegar álit nefndarinnar að með þessu frumvarpi sé verið að jafna stöðu einstaklinga á grundvelli ríkjandi sjónarmiða. Nefndin ítrekar því fyrra álit sitt og telur mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Valgerður Bjarnadóttir og Óli Björn Kárason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2010.

Þuríður Backman, form., frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Skúli Helgason.

Siv Friðleifsdóttir. Guðlaugur Þór Þórðarson.

1182. Lög [229. mál]

um vátryggingastarfsemi

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1125 með þessum breytingum:

31. gr. hljóðar svo:

Gjaldþol.

Eftirtaldar fjárhæðir mynda grunn útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélags:

1. Innborgað hlutafé að frádregnum eigin hlutabréfum félagsins.
2. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins eða eru skilgreindir sem útjöfnunarsjóðir og óráðstöfuð ágóðaskuld líftryggingafélags.
3. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og ráðgerðum arðgreiðslum.
4. Forgangshlutafé og víkjandi lán sem bindandi samkomulag er um að víki fyrir öllum skuldbindingum sem ekki eru víkjandi og að ekki komi til endurgreiðslu fyrr en þær skuldbindingar hafa verið gerðar upp við gjaldþrot eða slit vátryggingafélags. Víkjandi lán skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Lánið skal vera innborgað og skuldfært í bókum félagsins.
   b. Upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal vátryggingafélagið leggja áætlun fyrir Fjármálaeftirlitið til samþykktar er sýni fram á fullnægjandi gjaldþol félagsins á gjalddaga nema eftirstöðvar lánsins hafi farið minnkandi sem hlutfall af gjaldþoli félagsins á minnst fimm ára tímabili fyrir umsaminn gjalddaga. Sæki vátryggingafélagið um að flýta endurgreiðslu slíkra lána getur Fjármálaeftirlitið heimilað það að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark.
   c. Lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með a.m.k. fimm ára uppsagnarfresti, nema þau séu ekki lengur talin til gjaldþols félagsins eða endurgreiðslur fyrir gjalddaga séu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins. Verður vátryggingafélagið þá að óska eftir slíku samþykki að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag og tilgreina áætlað gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðslu. Því aðeins skal heimila endurgreiðslu að gjaldþol vátryggingafélagsins fari ekki niður fyrir lágmarksgjaldþol.
   d. Lánssamningurinn má ekki fela í sér ákvæði sem gera ráð fyrir endurgreiðslu fyrr en á gjalddaga, nema vátryggingafélaginu verði slitið.
   e. Samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf til að breyta lánssamningum.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra. Þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma og heildarfjárhæð forgangshlutafjár ekki fara yfir 25% samanlagt.
5. Skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf, svo sem forgangshlutafé sem ekki fellur undir 4. tölul., ef samningarnir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Ekki má endurgreiða bréfin að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
   b. Samið er um að vátryggingafélagið megi fresta greiðslu á vöxtum.

c. Kröfur á hendur vátryggingafélaginu samkvæmt þessum tölulið víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi.
d. Skjalfest er við útgáfu skuldabréfanna að eftirstöðvar og ógreidda vexti megi nota til að mæta tapi þannig að vátryggingafélagi sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.
e. Aðeins skal telja með innborgaðar fjárhæðir.

Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið og fjárhæð skv. 4. tölul. mega samanlagt ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.

6. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
7. Duldir sjóðir vegna vanmats eigna, enda séu þeir af varanlegum toga.
8. Hluti iðgjaldaskuldar í frumtryggingum eða endurtryggingum líftrygginga með eða án Zillmer-aðferðar. Þegar Zillmer-aðferð er ekki beitt eða henni er beitt og kostnaðarálag vegna öflunar líftrygginga er lægra en álagið sem fólgið er í iðgjöldum vegna öflunar líftrygginganna má reikna til gjaldþols mismuninn á iðgjaldaskuld án Zillmer-aðferðar eða iðgjaldaskuld með Zillmer-aðferð að hluta og iðgjaldaskuld þar sem reiknað er samkvæmt Zillmer-aðferð með öflunarkostnaði að fullu eins og í reiknigrundvelli iðgjalda. Fjárhæðin sem færð er til gjaldþols samkvæmt þessum tölulið má þó aldrei vera hærri en 3,5% af mismun líftryggingarfjárhæða og iðgjaldaskuldar samanlagt vegna líftryggingarsamninga þar sem unnt er að beita Zillmer-aðferð. Frá þessum mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.
9. Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur, þar á meðal óefnislegar eignir. Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. M.a. skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.
10. Lækkun tjónaskuldar sem stafar af núvirðingu hennar. Þó þarf ekki að draga frá gjaldþoli lækkun vegna núvirðingar tjóna í slysa- og sjúkratryggingum, né heldur vegna lífeyrisgreiðslna í öðrum greinaflokkum.
11. a. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem vátryggingafélag á í vátryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði.
    b. Liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. þessarar málsgreinar og vátryggingafélag á í krafti hlutdeildar í félögum sem getið er í a-lið hér á undan.

Gjaldþol vátryggingafélags er reiknað með því að leggja saman fjárhæðir skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. og draga frá fjárhæðir skv. 9.–11. tölul. 1. mgr. Fjárhæðir skv. 6.–8. tölul. 1. mgr. má leggja við framangreindar fjárhæðir hafi Fjármálaeftirlitið fallist á rökstudda ósk vátryggingafélags um það. Ef horfur eru á að gjaldþol verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.–11. tölul. 1. mgr. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á framantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum. Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar um frádrátt liða skv. a- og b-lið 11. tölul. 1. mgr.

Vátryggingafélögum er heimilt að nota þær aðferðir við mat á eiginfjárgrunni sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum í stað þess að draga liði skv. a- og b-lið 11. tölul. 1. mgr. frá gjaldþoli skv. 2. mgr. Heimilt er að beita

samstæðuuppgjörsaðferð (e. *consolidated method*) telji Fjármálaeftirlitið að áhættustýring og innra eftirlit á samstæðugrundvelli sé fullnægjandi. Vátryggingafélög sem annaðhvort eru hluti af vátryggingasamstæðu eða fjármálasamsteypu og falla undir viðbótareftirlit þurfa ekki að draga frá liði skv. a- og b-lið 11. tölul. 1. mgr. skv. 2. mgr. Hyggist vátryggingafélag breyta um aðferð við mat á gjaldþolsliðum skal það tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og gera sérstaka grein fyrir breytingunni í ársreikningi.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags er gjaldþol þess skv. 2. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir eru taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga sem eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagað gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fjármálasamsteypur. Um útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skulu gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

55. gr. hljóðar svo:

Kaupaukakerfi. Starfslokasamningur.

Að teknu tilliti til heildarafkomu vátryggingafélags yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar er vátryggingafélagi heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári, eftir því sem reikningsskilareglur heimila, og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

Vátryggingafélagi er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og vátryggingafélags hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri félagsins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 2. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Sérstaklega skal gera grein fyrir starfslokasamningum í skýringum með ársreikningi. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga.

56. gr. hljóðar svo:

Ársreikningar.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár vátryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu vátryggingafélags og skal saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvað felst í fyrirvaranum.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á afgreiðslustað vátryggingafélags eftir samþykkt hans á aðalfundi.

Ef ársreikningur vátryggingafélags er ekki í samræmi við lög getur Fjármálaeftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi og skal félaginu þá settur hæfilegur frestur. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega meginniðurstöður ársreiknings.

Heimilt er að kveða nánar á um form og innihald ársreiknings og um samstæðureikningsskil í reglugerð.

57. gr. hljóðar svo:

Endurskoðun og reikningsskil.

Ársreikningur vátryggingafélags skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag í samræmi við samþykktir félags. Sé vátryggingafélagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 13. gr. getur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skv. 2. málsl. skal ekki gegna öðrum störfum fyrir vátryggingafélagið.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður vátryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur vátryggingafélag vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.

58. gr. hljóðar svo:

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við vitneskju um:

a. mikilvæg atriði er varða rekstur félagsins, þ.m.t. vankanta í innri eftirlitsferlum félagsins,
b. líkleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
c. málefni sem kunna að hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
d. athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

Ákvæði til bráðabirgða I hljóðar svo:

Vátryggingafélög sem 10. desember 2007 höfðu hætt að taka að sér nýja vátryggingaráhættu og unnu eingöngu að afgreiðslu eldri endurtryggingarsamninga eru undanskilin ákvæðum 34. gr. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. skulu vátryggingafélög sem falla undir 34. gr. að lágmarki senda Fjármálaeftirlitinu árlega yfirlit um eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um hvaða vátryggingafélög er að ræða. Hefji vátryggingafélag aftur útgáfu nýrra vátryggingarsamninga fellur félagið ekki lengur undir ákvæði þetta.

Ákvæði 5. mgr. 54. gr. um að stjórnarmenn megi ekki eiga sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða aðila tengdra því né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars vátryggingafélags eða tengdra félaga kemur til framkvæmda á fyrsta aðalfundi vátryggingafélags eftir samþykkt laga þessara.

Þau vátryggingafélög sem við gildistöku laga þessara uppfylla ekki ákvæði 1. mgr. 34. gr. um lágmarksfjárhæð lágmarksgjaldþols hafa frest til 31. desember 2010 til þess. Fram að þeim tíma skal lágmarksgjaldþol þó aldrei vera lægra en 255 milljónir króna.

1183. Frumvarp til laga [575. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum (gæðamál, tryggingarfjárhæðir).

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: leggja fram staðfestingu um ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ferðamálastofu er heimilt að óska frekari gagna í tengslum við leyfisveitingu.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi, framkvæmd leyfisveitinga og eftirlit með leyfishöfum, þar á meðal um flokkun leyfa og öryggismál.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Vegna mikilla breytinga á neytendamarkaði er Ferðamálastofu heimilt samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu og framlagningu tilskilinna gagna skv. 4. mgr. 18. gr. að veita tímabundna undanþágu varðandi mat á tryggingarfjárhæð fyrir árið 2010. Skilyrði fyrir undanþágunni eru þau að verulegur samdráttur hafi orðið í sölu alferða ferðaskrifstofu. Við ákvörðun Ferðamálastofu um veitingu undanþágu samkvæmt ákvæðinu skal tekið mið af 14. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði 17. gr.

Ferðamálastofu er heimilt að endurskoða ákvörðun sína til hækkunar ef í ljós kemur að aukning hefur orðið á farþegafjölda og/eða alferðum hefur fjölgað og/eða rekstrartekjur vegna alferða hafa aukist hjá ferðaskrifstofu sem hlotið hefur undanþágu skv. 1. mgr. Við mat á því hvort aukning hjá ferðaskrifstofu hafi orðið svo mikil að rétt sé að endurskoða ákvörðun skal leggja til grundvallar hagsmuni neytenda.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Óski ferðaskrifstofa eftir undanþágu skv. 1. mgr. 17. gr. a er Ferðamálastofu heimilt að taka beiðnina til athugunar þegar eftirfarandi gögn hafa borist henni:

a. rökstudd beiðni fyrir undanþágu,
b. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið á undan; þó er heimilt að leggja fram óendurskoðaðan ársreikning, áritaðan af endurskoðanda,
c. tryggingarskyld velta ársins á undan, sundurgreind eftir mánuðum, staðfest af endurskoðanda,
d. áætlun yfir tryggingarskylda veltu yfirstandandi árs, sundurgreind eftir mánuðum, staðfest af endurskoðanda.

Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr. um árleg skil ferðaskrifstofa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1184. Frumvarp til laga [578. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipulag skólastarfs o.fl.).

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fela skólameistara forstöðu í fleiri en einum framhaldsskóla.

2. gr.

Í stað tölunnar „180“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 175.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Starfsþjálfunarsamningar skulu gerðir við upphaf vinnustaðanáms og kveða á um rétt og skyldur vinnuveitanda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.

b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Ráðherra getur með samningi falið skóla eða öðrum aðila umsýslu með gerð og skráningu samninga og eftirlit með þeim.

c. Í stað orðsins „skólameistari“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: ráðherra.

4. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli A, **Skólasafn,** með einni nýrri grein, 39. gr. a, er hljóðar svo ásamt fyrirsögn:

Skólasafn.

Í öllum framhaldsskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns.

Hlutverk skólasafns er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við starfsemi skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða I í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Frestur framhaldsskóla til þess að setja sér námsbrautarlýsingar skv. 23. gr. er til 1. ágúst 2015.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir fyrirmæli 2. gr. skal við það miða að frá og með 1. ágúst 2015 verði árlegur fjöldi vinnudaga nemenda að lágmarki 180 dagar.

1185. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: mennta- og menningarmálaráðherra.

b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.

Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006, um háskóla.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.
b. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.
c. Í stað orðsins „Tveir“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.
d. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra.
e. Í stað orðsins „Tveir“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Þrír.
f. Í stað orðanna „Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr., þrír fulltrúar skv. 4. tölul. 3. mgr.“

5. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðanna „fjallar um og tekur þátt í að móta“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: mótar og setur fram.

7. gr.

Í stað orðanna „eins árs“ í lokamálslið 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: tveggja ára.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Háskólaráði er heimilt að ákveða að í skólaráði sitji einnig fulltrúar tiltekinna kennslugreina sem saman mynda deild. Enn fremur er háskólaráði heimilt að ákveða að í skólaráði sitji fulltrúi opinberrar stofnunar sem er í mjög nánu samstarfi um kennslu og þjálfun nemenda.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Rektor veitir ótímabundin akademísk störf við háskóla og framgang akademískra starfsmanna. Forseti fræðasviðs veitir tímabundin akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla í umboði rektors. Forstöðumaður veitir akademísk störf við stofnun sem heyrir undir háskólaráð í umboði rektors. Veiting starfs skal ákveðin á grundvelli tillögu sem gerð er samkvæmt nánari reglum settum af háskólaráði en þær afmarka jafnframt umboð forseta og forstöðumanna. Þegar starf hefur verið veitt skal gerður um það ráðningarsamningur.

10. gr.

Í stað orðsins „skóla“ í 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: háskóla.

11. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurmenntun.

Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átt við eftirfarandi:

a. námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess,
b. viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 24. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í d-lið kemur: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
b. E-liður orðast svo: gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23. gr. a.
c. Við bætist nýr stafliður sem orðast svo: gjöldum fyrir fræðslu fyrir almenning.

13. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir fulltrúar sem tilnefndir hafa verið í háskólaráð skv. 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna fyrir gildistöku laga þessara skulu sitja út tilnefningartíma sinn. Ákvæði a- og b-liðar 4. gr. laga þessara koma til framkvæmda þegar tilnefningartími fulltrúa ráðherra skv. 2. mgr. 6. gr. laganna er liðinn. Þegar tilnefningartími fulltrúa ráðherra skv. 3. mgr. 6. gr. laganna er liðinn skal fyrst tilnefna fulltrúa háskólasamfélagsins skv. c-lið 4. gr. laga þessara og því næst fulltrúa skv. e-lið 4. gr. laga þessara.

Kjörtímabil þeirra nemenda á háskólafundi sem kjörnir voru í febrúar 2009 framlengist um eitt ár.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. og b-liðar 12. gr. laga þessara getur Háskóli Íslands veitt þeim nemendum sem stunda nám með vinnu til BSc-prófs í viðskiptafræði við stofnunina við gildistöku laga þessara kost á að ljúka námi sínu með óbreyttu fyrirkomulagi.

1186. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Forstjórar og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana skulu hafa samráð við faglega yfirmenn í heilsugæslunni þegar sérmál hennar eru til ákvörðunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1187. Frumvarp til laga [517. mál]

um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

(Eftir 2. umr., 1. júní.)

1. gr.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að veita veð í eignum sínum, þar á meðal kröfuréttindum og undirliggjandi veðréttindum sem tengjast þeim, í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 161/2002. Fjármálafyrirtækinu er enn fremur heimilt að bæta frekari eignum í hið veðsetta safn til að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli, og skipta út einstökum eignum, samkvæmt samkomulagi við veðhafa.

2. gr.

Að því marki sem veðréttur, sem stofnast á grundvelli 1. gr., varðar kröfuréttindi eða undirliggjandi veð sem tengjast slíkum kröfuréttindum öðlast veðrétturinn réttarvernd við þinglýsingu yfirlýsingar þess efnis að fjármálafyrirtæki hafi nýtt heimild sína skv. 1. gr. á

blað fjármálafyrirtækis í lausafjárbók. Er þá ekki þörf á frekari ráðstöfunum til að veðrétturinn öðlist réttarvernd, hvort sem varðar veðsetningu kröfuréttinda eða undirliggjandi veðréttinda.

Ákvæði 46. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, gilda ekki um veðsetningu almennrar fjárkröfu, sbr. 45. gr. laga um samningsveð, samkvæmt lögum þessum.

Um veðsetningu viðskiptabréfa á grundvelli 1. gr. skal þó farið eftir ákvæðum 43. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

3. gr.

Veðsetning eigna samkvæmt heimild 1. gr. laga þessara skal ekki sæta riftun samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga er varða ráðstafanir þrotamanns.

4. gr.

Um annað en kveðið er á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um samningsveð, nr. 75/1997, um veðsetningu eigna samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um önnur fyrirtæki, eftir atvikum, sem stofnuð hafa verið til að ganga frá uppgjöri á eignum og skuldbindingum fjármálafyrirtækis vegna ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins sem tekin hefur verið á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 161/2002. Leita skal staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á að viðkomandi fyrirtæki falli undir ákvæði þessarar málsgreinar áður en því er beitt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1188. Lög [529. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 918.

1189. Lög [530. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1175.

1190. Lög [575. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum (gæðamál, tryggingarfjárhæðir).

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1183.

1191. Lög [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1185.

1192. Lög [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

(Afgreidd frá Alþingi 1. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 861.

1193. Nefndarálit [354. mál]

um till. til þál. um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Ingólfsdóttur, Einar Njálsson, Þór G. Þórarinsson og Sigrúnu Jönu Finnbogadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Hlyn Hreinsson frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Magnússon frá Öryrkjabandalagi Íslands, Gerði Árnadóttur frá Þroskahjálp, Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, Stellu K. Víðisdóttur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Lúðvík Geirsson frá Hafnarfjarðarbæ og Guðjón Sigurðsson frá MND-félaginu. Þá bárust umsagnir frá MND-félaginu, Starfsgreinasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisstofu, Þroskahjálp, Sjálfsbjörg – landssambandi fatlaðra, Félagi eldri borgara, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Átaki – félagi fólks með þroskahömlun, Geðhjálp, Háskóla Íslands – námsbraut í fötlunarfræðum, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Samtökum um sjálfstætt líf, Svæðisskrifstofu Reykjaness, Viðskiptaráði Íslands, Félagi íslenskra sérkennara, Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Persónuvernd, Tryggingastofnun ríkisins og Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Með tillögunni er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra verði falið að koma á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og að ráðherra leggi fram tillögu að útfærslu á þjónustunni ásamt frumvarpi til nauðsynlegra lagabreytinga á haustþingi 2010. Tillögunni er þannig ætlað að leggja grunn að gerð reglna um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk.

Samkvæmt 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks viðurkenna aðildarríki samningsins rétt fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra. Auk þess skuldbinda ríkin sig til að gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til að fatlað fólk megi njóta þessa réttar. Telur nefndin samþykkt tillögunnar lið í því að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks til jafns við aðra og að um sé að ræða mikilvægt skref í að koma á raunverulegu jafnrétti.

Nefndin hefur orðið vör við almenna ánægju með tillöguna þó svo að í umsögnum megi greina áhyggjur af því hversu skammur tími er til stefnu til að útfæra nauðsynlegar lagabreytingar. Nefndin áréttar að um mikilvægt mannréttindamál sé að ræða og því brýnt að setja hið fyrsta lagaramma um þjónustuna. Við þá vinnu sé mikilvægt að byggja á þeirri þekkingu sem til er auk þess sem nauðsynlegt er að hafa víðtækt samráð við væntanlega notendur þjónustunnar, sveitarfélög, hagsmunaaðila, fagaðila, sérfræðinga og fræðimenn. Við vinnuna verði jafnframt unnt að skoða möguleika á innleiðingu þjónustunnar í skrefum, hagræðingu og samnýtingu félagsþjónustu sveitarfélaga til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar og áframhaldandi þróun þjónustunnar. Nefndin áréttar að þessir þættir og fleiri verða ræddir í því starfi sem fram undan er við útfærslu og gerð frumvarps. Samþykkt tillögunnar felur í sér þá stefnumörkun að unnið verði að lagabreytingum og þær lagðar fyrir þingið haustið 2010 auk þess sem ályktunin staðfestir vilja löggjafans til að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.
Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Margrét Pétursdóttir.
Guðbjartur Hannesson.	Guðmundur Steingrímsson.	Þuríður Backman.
Unnur Brá Konráðsdóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	

1194. Nefndarálit [559. mál]

um frv. til l. um breyt. á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Norðurþingi, Reykjanesbæ, Alþýðusambandi Íslands, Kópavogsbæ, kærunefnd húsnæðismála, Magnúsi Sigurðssyni, Persónuvernd, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kærunefnd fjöleignarhúsamála, úrskurðarnefnd frístundahúsamála, Bláskógabyggð, Bændasamtökum Íslands, Grindavíkurbæ, Grímsnes- og Grafningshreppi, úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga, Viðskiptaráði Íslands, Sveitarfélaginu Árborg, Íbúðalánasjóði og Mosfellsbæ.

Með frumvarpinu er lagt til að fimm úrskurðar- og kærunefndir á málefnasviði húsa- og húsnæðismála verði sameinaðar og þeim fækkað í tvær. Lagt er til að kærunefnd fjöleignarhúsamála, sbr. lög nr. 26/1994, um fjöleignarhús, kærunefnd húsaleigumála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, og úrskurðarnefnd frístundahúsamála, sbr. lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, verði sameinaðar í kærunefnd húsamála. Þá er lagt til að kærunefnd húsnæðismála, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, sameinist í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála. Að lokum er lagt til að fellt verði niður 15.000 kr. kærugjald til úrskurðarnefndar frístundahúsamála.

Nefndin hefur fjallað um málið sem ráðgert er að lækki útgjöld ríkissjóðs um 2–4 millj. kr. á ári vegna minni kostnaðar við nefndarstörf. Nefndin áréttar mikilvægi þess að hagrætt sé í starfi úrskurðar- og kærunefnda stjórnsýslunnar jafnframt því sem tryggt sé að sérþekking sé til staðar í tilteknum málaflokki við afgreiðslu mála. Telur nefndin frumvarpið framfaraskref í þessa átt þar sem nefndir eru sameinaðar en þeim sem eftir standa jafnframt gert kleift að leita ráðgjafar og kalla til sérfróða aðila sé þörf á.

Þeim sjónarmiðum var hreyft í umsögnum að mikilvægt væri að úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála birti úrskurði sína og miðli því sem betur megi fara til félagsþjónustu sveitarfélaga en úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur til þessa ekki birt úrskurði sína. Umboðsmaður Alþingis vakti í áliti sínu í máli 5060/2007 athygli á nauðsyn þess að hugað yrði að því að úrskurðir nefndarinnar, sérstaklega þeir sem geta haft almenna þýðingu fyrir framkvæmd stjórnvalda, svo sem sveitarfélaga, og til skýringa á réttarstöðu borgaranna, verði gerðir aðgengilegir. Þá benti umboðsmaður á að úrskurðum æðra stjórnvalds og sjálfstæðrar úrskurðarnefndar væri ætlað að vera leiðbeinandi og sem fordæmi fyrir stjórnvöld við úrlausn sambærilegra mála framvegis og tryggja þannig réttarstöðu borgaranna. Nefndin tekur undir sjónarmið umboðsmanns og umsagnaraðila hvað þetta varðar en áréttar þó að upplýsingar geta verið viðkvæmar og því þurfi að vega þessi atriði á móti persónuverndarsjónarmiðum. Málavextir eru oft með þeim hætti að þó svo að nöfn aðila og sveitarfélags séu ekki birt eru málin persónurekjanleg. Þá eiga oft svipuð rök við og um úrskurði í barnaverndarmálum en slíkir úrskurðir eru ekki birtir. Ljóst er þó að þörf er á leiðbeinandi reglum við úrlausn mála af þessu tagi og leggur nefndin því til að úrskurðarnefndin skili ráðherra árlega skýrslu sem jafnframt verði send sveitarfélögunum. Í skýrslunni verði upplýsingar settar fram í samandregnu formi þar sem tilteknar eru helstu niðurstöður úr úrskurðum og þær reglur sem draga megi af þeim án þess að persónugreinanlegar upplýsingar komi fram.

Þá leggur nefndin til smávægilega breytingu til leiðréttingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr. í stað „4. mgr.“ í d-lið komi: 3. og 4. mgr.
2. Við 24. gr. D-liður orðist svo: Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Nefndin skal eigi síðar en 15. maí ár hvert skila félags- og tryggingamálaráðherra skýrslu um störf sín og helstu niðurstöður og þær leiðbeinandi reglur sem greina má út frá úrskurðum nefndarinnar. Upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir. Skýrsluna skal senda sveitarfélögum og birta opinberlega.
   Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um störf og skrifstofuhald úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm. | Pétur H. Blöndal. | Margrét Pétursdóttir.

Guðbjartur Hannesson. | Guðmundur Steingrímsson. | Þuríður Backman.

Unnur Brá Konráðsdóttir. | Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1195. Frumvarp til laga [649. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 31. október 2003 og öðlaðist gildi 14. desember 2005. Markmiðið með samningnum er þrenns konar, í fyrsta lagi að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti, í öðru lagi að stuðla að, greiða fyrir og styðja við alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð í tengslum við þá viðleitni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu, m.a. við að endurheimta fjármuni, og í þriðja lagi að stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna.

Samningurinn skiptist í 8. efniskafla. Í fyrsta kafla (1.–4. gr.) er að finna almenn ákvæði, annar kafli (5.–14. gr.) fjallar um forvarnarráðstafanir, sá þriðji (15.–42. gr.) fjallar um þær athafnir sem refsiverðar eru samkvæmt samningnum og framkvæmd laga og í þeim fjórða (43.–50. gr.) er mælt fyrir um alþjóðlega samvinnu á þessu sviði. Þá er í fimmta kafla (51.–59. gr.) fjallað um endurheimt eigna, í sjötta kafla (60.–62. gr.) um tæknilega aðstoð og upplýsingaskipti og í sjöunda kafla (63.–64. gr.) um aðferðir við framkvæmd samningsins. Loks er í áttunda kafla (65.–71. gr.) að finna lokaákvæði samningsins, m.a. um lausn deilumála.

Ákvæði samningsins sem mesta þýðingu hafa fyrir refsilöggjöfina er að finna í þriðja og fimmta kafla hans og verða þau helstu rakin hér á eftir.

Í 15. gr. er fjallað um mútur til innlendra, opinberra embættismanna og refsinæmi þess annars vegar að bjóða opinberum embættismanni mútur (aktívar mútur) og hins vegar að þiggja mútur (passívar mútur) ef um er að ræða opinberan embættismann.

Í 16. gr. er kveðið á um refsinæmi mútugreiðslna til erlendra, opinberra embættismanna og embættismanna alþjóðastofnana sem og þess ef slíkir aðilar þiggja mútur.

Í 17. gr. er kveðið á um refsinæmi þess dragi opinber embættismaður sér fé eða nýti á óréttmætan hátt eða noti án heimildar með öðrum hætti eignir, fé úr opinberum sjóðum eða einkasjóðum eða verðbréf eða hvers kyns önnur verðmæti sem honum er treyst fyrir stöðu sinnar vegna, í eigin þágu eða í þágu annars manns eða aðila.

Í 18. gr. er fjallað um svokölluð áhrifakaup. Um áhrifakaup er að ræða ef embættismaður eða annar maður, sem hefur raunveruleg eða ætluð áhrif á ákvarðanatöku í tilteknu máli,

skiptir þeim áhrifum út fyrir óviðeigandi ávinning frá aðila sem vill hafa áhrif á ákvarðanatökuna. Ákvæði 18. gr. tekur bæði til háttsemi sem felst í því að lofa, bjóða eða veita manni óviðeigandi ávinning sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (aktív áhrifakaup) og háttsemi sem felst í því að maður, sem heldur slíku fram, fer fram á eða þiggur slíkan ávinning (passív áhrifakaup).

Samkvæmt 19. gr. skulu samningsríkin taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir til þess að gera það að refsiverðu broti að opinber embættismaður misnoti starf sitt eða stöðu af ásettu ráði, þ.e. hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti hjá líða að aðhafast eitthvað við störf sín og brjóti með því lög, í þeim tilgangi að fá óréttmætan ávinning sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa.

Í 20. gr. er kveðið á um að samningsríkin skuli taka til athugunar að gera refsivert, þegar um ásetning er að ræða, að auðgast á ólögmætan hátt. Samkvæmt ákvæðinu felst í því þegar veruleg aukning verður á fjármunum opinbers embættismanns sem hann getur ekki með góðu móti útskýrt með tilliti til lögmætra tekna sinna.

Í 21. gr. er fjallað um mútugreiðslur innan einkageirans og mælt fyrir um refsinæmi aktívra mútugreiðslna og passívra mútugreiðslna.

Í 22. gr. er fjallað um fjárdrátt á eignum í einkageiranum. Samkvæmt ákvæðinu ber samningsríkjum að taka það til skoðunar að gera þá háttsemi sem ákvæðið mælir fyrir um refsiverða.

Í 23. gr. er fjallað um refsinæmi peningaþvættis.

Samkvæmt 24. gr. skulu samningsríkin taka til athugunar að gera það refsivert, þegar um ásetning er að ræða, að leyna eða varðveita áfram eign ef viðkomandi maður veit að slík eign er tilkomin vegna brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningnum, ef sú háttsemi er viðhöfð eftir að eitthvert þeirra brota gegn samningnum var framið, án þess að viðkomandi hafi átt hlutdeild í slíku broti.

Í 25. gr. er sú skylda lögð á samningsríkin að kveða á um refsinæmi þess að hindra framgang réttvísinnar, með því t.d. að hindra embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann við skyldustörf sín eða með því að reyna að hafa áhrif á vitnisburð í máli með því að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum eða með því að lofa, bjóða eða veita óréttmætan ávinning.

Í 26. gr. er fjallað um ábyrgð lögaðila.

Í 27. gr. er fjallað um tilraun og hlutdeild í broti sem lýst er refsivert samkvæmt samningnum.

Í 29. gr. er fjallað um fyrningu brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningnum.

Í 31. gr. er mælt fyrir um frystingu og haldlagningu muna sem og upptöku ávinnings af glæp eða eignir, búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð til notkunar við að fremja afbrot.

Í 41. gr. er kveðið á um að samningsríkjum sé heimilt að taka tillit til fyrri sakfellingar meints brotamanns í öðru ríki í því skyni að nota slíka vitneskju við meðferð brots sem gert er refsivert samkvæmt samningnum.

Í 42. gr. er að finna lögsöguákvæði.

Í 54. gr. er fjallað um aðferðir við endurheimt eigna með alþjóðlegri samvinnu um upptöku.

Í 55. gr. er nánar fjallað um alþjóðlega samvinnu í upptökumálum, m.a. um hvernig skuli meðhöndla beðnir um upptöku og hvað skal koma fram í slíkri beiðni.

Í 57. gr. er fjallað um skil og ráðstöfun fjármuna. Í ákvæðinu er til að mynda gert ráð fyrir því að heimilt sé að skila eignum, sem gerðar hafa verið upptækar, til samningsríkisins sem lagði fram beiðni um upptöku geti viðkomandi ríki sýnt fram á að eignir þær sem gerðar voru upptækar hafi áður verið í eigu þess.

Þess má jafnframt geta að forsætisráðherra lagði fram frumvarp á yfirstandandi löggjafarþingi um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum sem ætlað er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn og ráðherra. Þar er kveðið á um ferli við innleiðingu siðareglna, eftirlit með reglunum af hálfu stjórnenda og umboðsmanns Alþingis og samhæfingu milli þeirra opinberru aðila sem bera ábyrgð á því að stjórnsýslan standist gæðakröfur. Mæta ákvæði laganna þeim áskilnaði sem gerður er í 6. og 8. gr. samningsins.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga en þar er að finna heimildir til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur. Í ákvæði 1. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við 6. gr. þannig að það ákvæði taki einnig til brota sem falla undir framangreindan samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og er það gert til að fullnægja skilyrðum skv. 42. gr. samningsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við 6.gr. laganna bætist nýr töluliður sem heimili að maður verði sóttur til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að þeim. Lagt er til að ákvæði þetta verði sett inn í lögin vegna fyrirhugaðrar aðildar að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1196. Nefndarálit [398. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE.

Meginmarkmið tilskipunar 2006/66/EB er að draga úr neikvæðum áhrifum rafhlaðna og rafgeyma og notaðra rafgeyma og rafhlaðna á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins. Í henni er kveðið á um markaðssetningu rafhlaðna og rafgeyma. Settar eru fram reglur um bann við markaðssetningu þeirra þegar umræddar vörur innihalda ákveðin hættuleg efni. Einnig eru settar fram sérstakar reglur um söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til að bæta viðeigandi löggjöf um úrgang og stuðla að söfnun og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að æskilegt væri að veita jafnhliða heimild til að fella inn í EES-samninginn síðari breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem felast í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008 hvað varðar markaðssetningu rafhlaðna og rafgeyma. Nefndin gerir því breytingartillögu þar að lútandi. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2010 frá 29. janúar 2010 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008 eru birtar í fylgiskjölum með nefndaráliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007 og nr. 7/2010 frá 29. janúar 2010, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006, um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma að því er varðar setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 og nr. 7/2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Helgi Hjörvar.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 7/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2009 frá 4. desember 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 506/2007 frá 8. maí 2007 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 465/2008 frá 28. maí 2008 um kröfur um prófanir og upplýsingar, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna efna sem kunna að vera þrávirk, safnast fyrir í lífverum og vera eitruð og eru tilgreind í Evrópuskrá yfir íðefni á markaði ([3]).

([1]) Stjtíð. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 30, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 29.
([2]) Stjtíð. ESB L 119, 9.5.2007, bls. 24.
([3]) Stjtíð. ESB L 139, 29.5.2008, bls. 8.

4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2008 frá 28. maí 2008 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([4]).

5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og úrgangsrafhlöður og úrgangsrafgeyma að því er varðar setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað ([5]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32008 L 0103:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB L 327, 5.12.2008, bls. 7).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zk (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/681/EB):

„12zl. **32007 R 0506:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 506/2007 frá 8. maí 2007 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (Stjtíð. ESB L 119, 9.5.2007, bls. 24).

12zm. **32008 R 0465:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 465/2008 frá 28. maí 2008 um kröfur um prófanir og upplýsingar, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna efna sem kunna að vera þrávirk, safnast fyrir í lífverum og vera eitruð og eru tilgreind í Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (Stjtíð. ESB L 139, 29.5.2008, bls. 8).

12zn. **32008 R 0466:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2008 frá 28. maí 2008 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (Stjtíð. ESB L 139, 29.5.2008, bls. 10).“

([4]) Stjtíð. ESB L 139, 29.5.2008, bls. 10.
([5]) Stjtíð. ESB L 327, 5.12.2008, bls. 7.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 506/2007, 465/2008 og 466/2008 og tilskipunar 2008/103/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/103/EB,

frá 19. nóvember 2008

um breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og úrgangsrafhlöður og úrgangsrafgeyma og varðar setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Rétt er að útlista nánar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2006/66/EB ([3]) svo að rafhlöður og rafgeymar, sem voru löglega sett á markað í Bandalaginu fyrir 26. september 2008 og uppfylla ekki kröfur tilskipunarinnar, geti verið áfram á markaði í Bandalaginu eftir þann dag. Þessi nánari útlistun mun tryggja réttarvissu varðandi rafhlöður sem eru settar á markað í Bandalaginu og tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Útlistunin er í samræmi við grundvallarregluna um lágmörkun úrgangs og stuðlar að því að minnka stjórnsýsluálag.

2. Því ber að breyta tilskipun 2006/66/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2006/66/EB

Í stað 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2006/66/EB komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rafhlöður og rafgeymar, sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar, séu ekki sett á markað eftir 26. september 2008.

Rafhlöður og rafgeymar, sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar og eru sett á markað eftir þennan dag, skulu tekin af markaði.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. janúar 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. Pöttering	J.-P. Jouyet
forseti.	*forseti.*

([1]) Áliti var skilað 9. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 9. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.
([3]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.

1197. Nefndarálit [510. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Davíð B. Gíslason frá Momentum og Gjaldheimtunni ehf., Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Evu Ómarsdóttur frá Samkeppniseftirlitinu.

Umsagnir um málið bárust frá ASÍ, BSRB, Bændasamtökum Íslands, Íbúðalánasjóði, Landssamtökum lífeyrissjóða, Momentum og Gjaldheimtunni ehf., ríkisskattstjóra, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru lagðar til fjölmargar breytingar, m.a. að skiptastjóri í þrotabúi geti heimilað einstaklingi að búa áfram í allt að tólf mánuði í húsnæði í eigu búsins eða halda umráðum einstakra lausafjármuna þess gegn greiðslu leigu. Sama gildi við nauðungarsölu á eign. Þá er lagt til að við nauðungarsölu á fasteignum eða lausafé geti kröfuhafi sem telur sig ekki hafa fengið kröfu sína greidda einungis krafist þess mismunar sem er á eftirstöðvum kröfunnar og því sem er markaðsvirði eignarinnar við samþykki boðsins. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra gefi út leiðbeiningar fyrir lögmenn um það endurgjald sem þeir mega áskilja sér við innheimtu peningakrafna. Þá er löginnheimta skilgreind og enn fremur kveðið á um að lögmanni sé óheimilt að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfunnar sem gjaldfelld er vegna vanskila á greiðslu afborgunar og vaxta.

Afnot af húsnæði eða lausafé í allt að 12 mánuði.

Nefndin fjallaði um frumvarpið sem miðar að því að bæta réttarstöðu skuldara m.a. til þess að einstaklingar geti dvalið áfram í íbúðarhúsnæði um nokkurn tíma eftir gjaldþrotaskipti. Skiptastjóri hafði þessa heimild samkvæmt gjaldþrotalögum en árið 2009 var lögfest ákvæði til bráðabirgða, sem heimilaði að slík ákvörðun gæti gilt fram yfir skiptalok. Sú heimild er fallin brott. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að heimild skiptastjóra verði ekki lengur háð því skilyrði að veðhafar samþykki ráðstöfunina. Þá er einnig lagt til að hún verði rýmkuð að því leyti að hún gildi einnig um lausafjármuni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skiptastjóri geti ákveðið að greidd verði leiga fyrir afnotin sem nemur að minnsta kosti þeim kostnaði sem að þrotabúið ber af eigninni. Með frumvarpinu er einnig lagt til að sama regla gildi við nauðungarsölu á eign, þ.e. að sýslumaður hafi þessa heimild. Við nauðungarsölu geti því gerðarþoli haldið notum gegn greiðslu sem svari að mati sýslumanns til hæfilegrar húsaleigu. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að erfitt kynni að verða að innheimta leigu hjá þeim sem þurfa á þessu úrræði að halda og enn fremur að húsaleigulög hljóti að gilda um leigugreiðslur þessar. Því sé nauðsynlegt að þrotamaður setji tryggingu fyrir leigugreiðslum og jafnvel fyrir skemmdum á eign. Nefndin tekur fram að reglur gjaldþrotaskiptalaga eru sérreglur um að viðkomandi eigi rétt á að vera áfram í húsnæði því sem verið hefur heimili hans og kveðið er á um að hann skuli greiða fyrir það leigu sem dugi til að greiða kostnað af eigninni. Jafnframt er kveðið á um að það megi setja fram kröfu um að gerðarþoli setji tryggingu fyrir skemmdum á eigninni. Nefndin telur ekki rétt að leggja til breytingu á

frumvarpinu í þá veru að skiptastjóri geti áskilið að leigjandi setji tryggingu fyrir leigugreiðslum þar sem hér er um félagslegt úrræði að ræða og því getur slíkur áskilnaður komið í veg fyrir að úrræðið nýtist.

Ákvæði húsaleigulaga kveða á um lágmarksréttindi og að mörgu leyti eiga þau ekki við í þeim tilvikum sem hér um ræðir svo sem ákvæði um ástand hins leigða þegar það er afhent leigjanda. Í 8. mgr. 1. gr. húsaleigulaga segir: „Loks gilda lög þessi ekki um samninga um afnot húsnæðis sem sérstakar reglur gilda um samkvæmt öðrum lögum.“ Nefndin telur að með vísan til þessa ákvæðis húsaleigulaga gildi þau ekki um þessa leigusamninga þar sem hér sé um að ræða sérreglur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

Nefndin telur í því sambandi rétt að benda á að hér er um heimildarákvæði að ræða fyrir skiptastjóra og getur hann heimilað einstaklingi eða gerðarþola not af eign í allt að 12 mánuði og eru rökin þau að gefa viðkomandi tíma til að leita eftir öðru húsnæði. Skiptastjóri þarf ekki lengur að fá samþykki kröfuhafa um að nýta heimildina, en áður en hann tekur ákvörðun skal hann leita eftir afstöðu þeirra sem njóta tryggingaréttinda í eigninni. Nefndin telur að þegar litið er til þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru í íslensku efnahagslífi sé nauðsynlegt að lögfesta þessa heimild þar sem að hún gefur einstaklingum og fjölskyldum svigrúm til að finna annað húsnæði og tíma til að flytja, t.d. með tilliti til skólagöngu barna.

Trygging fyrir spjöllum.

Nefndin ræddi um ákvæði frumvarpsins um tryggingu fyrir spjöllum skv. 1. gr. en þar er gert ráð fyrir að skiptastjóri geti við gjaldþrotaskipti heimilað að áskilja að trygging sé sett fyrir spjöllum sem kunna að verða á eign. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að eðlilegt væri að heimild til að áskilja tryggingu væri einnig fyrir hendi í ákvæðum nauðungarsölulaga. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur eðlilegt að hér sé samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga og leggur til að við ákvæðið bætist ákvæði þess efnis að sýslumanni sé heimilt að áskilja að gerðarþoli setji tryggingu fyrir spjöllum sem kunna að verða á íbúðarhúsnæði.

Uppgjör skulda við nauðungarsölu.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 4. gr. frumvarpsins sem varðar uppgjör skulda við nauðungarsölu á eign. Reglan tekur til allra sem kunna að eiga réttindi yfir eign en ekki eingöngu þess sem hefur gerst kaupandi að eign við nauðungarsölu eins og gildandi lög kveða á um. Þannig er einungis hægt að krefja gerðarþola eða ábyrgðarmann hans um mismun af eftirstöðvum skuldar og markaðsvirði eignar. Nefndin telur að þessi regla leiði til sanngjarnari niðurstöðu fyrir gerðarþola og ábyrgðarmann skuldar sem tryggð hefur verið með veði þar sem sá sem telur sig ekki hafa fengið fulla greiðslu kröfu við nauðungarsölu þarf að sýna fram á að markaðsvirði eignarinnar hafi ekki dugað til greiðslu skuldarinnar. Gildir það hvort sem er fyrir þann sem keypt hefur eign á nauðungarsölu sem og aðra sem átt hafa veð í eigninni. Þá er einnig lagt til að skuldari geti að eigin frumkvæði höfðað mál á hendur kröfuhafa til að fá skuldirnar færðar eða felldar niður í samræmi við framangreinda reglu.

Endurgjald lögmanna.

Nefndin fjallaði nokkuð um 6. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að heimildir af

þessu tagi falli ekki að þeim grundvallarsjónarmiðum samkeppnisréttar að ákvarða skuli verð í viðskiptum í frjálsri samkeppni. Nefndin tekur fram að þeir viðskiptaaðilar sem hér um ræðir, þ.e. innheimtuaðili, kröfuhafi og loks skuldari, eru ekki jafnsettir. Skuldari hefur ekki val um það við hvaða innheimtuaðila hann skiptir og er því ekki í aðstöðu til að veita samkeppnislegt aðhald í þessum viðskiptum. Nefndin telur því nauðsynlegt að ráðherra geti sett slíkar leiðbeiningarreglur þeim til verndar. Þá var einnig bent á að með því að fela ráðherra að leita umsagnar Lögmannafélagsins við útgáfu leiðbeininga um endurgjald sem lögmönnum sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum, úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, geti haft í för með sér alvarlegar samkeppnishömlur hjá umræddum hagsmunaaðilum. Nefndin fellst ekki á þau sjónarmið og telur eðlilegt að ráðherra leiti til Lögmannafélagsins eins og lagt er til í frumvarpinu enda einungis um umsögn að ræða og ráðherra því ekki bundin af henni.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði frumvarpsins um breytingar á lögmannalögum og innheimtulögum sem varða skilgreiningu á löginnheimtu og mörk slíkrar innheimtu og millinnheimtu samkvæmt innheimtulögum. Löginnheimta er innheimtumeðferð sem byggist á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir byggðar á ákvæðum þeirra eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmannsháttum. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að ekki væri nægilega skýrt að vísa í ákvæðinu til góðra lögmannshátta. Nefndin tekur fram að með þessu er í reynd vísað til siðareglna lögmanna. Tekur nefndin undir athugasemdir um að hér sé m.a. átt við tilkynningu lögmanns til greiðanda um að honum hafi borist beiðni um löginnheimtu og krafist sé greiðslu innan tiltekins tíma, ella verði máli vísað til dómstóla eða sýslumanns að undangenginni greiðsluáskorun eftir eðli kröfu.

Í frumvarpinu er lagt til að við löginnheimtu sé lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfu sem fallin er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta. Nefndin fjallaði um þessa grein og telur að í þessu ákvæði felist mikil réttarbót sem byggist á sanngirnissjónarmiðum gagnvart skuldara.

Nefndin telur að í frumvarpinu felist mikilvægar réttarbætur fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Einnig er skiptastjóra“ komi: Þá er skiptastjóra.
2. Við 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumanni er heimilt að áskilja að gerðarþoli setji tryggingu fyrir spjöllum sem kunna að verða á íbúðarhúsnæði.

Birgir Ármannsson og Gunnar Bragi Sveinsson skrifa undir álitið með fyrirvara.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. maí 2010.

Árni Þór Sigurðsson, varaform., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.	Róbert Marshall.
	Þráinn Bertelsson.	

1198. Nefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Ólaf Kjartansson og Guðlaug Sverrisson frá Úrvinnslusjóði. Þá bárust umsagnir frá Umhverfisstofnun, tollstjóranum í Reykjavík, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, ríkisskattstjóra, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um úrvinnslugjald. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, heyrúlluplast, halógeneruð efnasambönd, ísósýanöt, olíumálningu og blýsýrurafgeyma. Í annan stað er lögð til hækkun úrvinnslugjalds á lífræn leysiefni og í þriðja lagi er lagt til að hefja innheimtu úrvinnslugjalds af fleiri tollnúmerum leysiefna.

Nefndin hefur fjallað um framangreinda endurskoðun gjalda sem er ætlað að draga úr sjóðshalla sem orðið hefur í ákveðnum uppgjörsflokkum, en lögum samkvæmt skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks og hver flokkur vera fjárhagslega sjálfstæður. Nefndin telur rétt að árétta að sú hækkun sem frumvarpið felur í sér vegur ekki upp fyrri lækkun sem varð þegar gjald á heyrúlluplast og plastumbúðir var sameinað í einn vöruflokk með sama gjaldi í ársbyrjun 2008. Miðað er við að magntengd greiðsla til þjónustuaðila hækki um 5% milli áranna 2009 og 2010 og skilahlutfall aukist hlutfallslega á milli ára. Frumvarpinu er því ætlað að tryggja að nægt fjármagn sé til reksturs Úrvinnslusjóðs þar sem tekjur af úrvinnslugjaldi renna óskiptar til úrvinnslu úrgangs á vegum sjóðsins að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi sem rennur í ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**
Birgitta Jónsdóttir og Vigdís Hauksdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. júní 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Margrét Pétursdóttir.
Kristján Þór Júlíusson.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Þuríður Backman.

1199. Svar [622. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Innan ráðuneytisins starfa ekki vinnuhópar sem fjalla sérstaklega um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Starfsmenn ráðuneytisins eiga sæti í samningahópum og samninganefnd sem sett hafa verið á fót vegna undirbúnings og fyrirhugaðra aðildarviðræðna. Sérstök ráðherranefnd um Evrópumál er starfandi og eiga fjórir ráðherrar fast sæti í henni.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Enginn starfsmaður er í fullu starfi við málefni tengd aðildarumsókn. Þrír starfsmenn vinna að málefnum sem tengjast aðildarumsókn, meðfram öðrum störfum sínum. Reikna má með að sá hluti vinnu þeirra sem varðar aðildarumsóknina og undirbúning aðildarviðræðna samsvari um 15% stöðuhlutfalli, sé miðað við síðustu þrjá mánuði.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði á þessu ári vegna aðildarumsóknar. Reiknað er með að komi til aukins ferðakostnaðar verði hann greiddur af fjárveitingu sem Alþingi samþykkti sérstaklega vegna aukins kostnaðar annarra ráðuneyta en utanríkisráðuneytis í fjárlögum fyrir árið 2010.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Stöðugildum hefur ekki verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Engin ráðgjöf hefur verið keypt af hálfu ráðuneytisins vegna aðildarumsóknarinnar.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ráðuneytið telur ekki þörf á sérstökum breytingum á skipulagi ráðuneytisins eða stofnana þess vegna aðildarferlisins. Ljóst er að fagleg samskipti og samráð á vettvangi leiðtoga Evrópusambandsins mun aukast ef til aðildar kemur, sem kemur m.a. í stað samstarfs og samráðs á vettvangi EES-samningsins.

Hvað varðar stjórnsýsluna í heild má gera ráð fyrir nokkrum breytingum á fyrirkomulagi stjórnsýslu og stofnanauppbyggingar eftir að fyrir liggur niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning. Einkum verða gerðar breytingar á sviði byggðamála, landbúnaðarmála og tollamála. Hægt er að nýta þær stofnanir sem fyrir eru, en efla þær og styrkja, m.a. með einfaldara stjórnkerfi og aðskilnaði framkvæmdar og eftirlits. Breytingarnar fela í sér t.d. eflingu stofnana á sviði byggða- og landbúnaðarmála til að hafa umsjón með sjóðum og styrkjum, en á vettvangi tollamála verða upplýsingakerfi efld verulega.

1200. Svar [491. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um tryggingagjald.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Vegna hve margra einstaklinga var greitt tryggingagjald árið 2008 og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast frá þeim tíma og fram í mars 2010? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og atvinnugreinum miðað við atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Svar við fyrirspurninni er að finna í eftirfarandi töflu sem byggist á staðgreiðsluskrám ríkisskattstjóra. Vegna þess hversu umfangsmikil gögnin sem hún byggist á eru er birt meðaltal fyrir hvern ársfjórðung og samandregin atvinnuvegaflokkun. Nánari gögn liggja fyrir í fjármálaráðuneytinu. Atvinnugreinaflokkun á starfsemi opinberra aðila er gölluð og því er stærstur hluti opinberra starfsmanna flokkaður í stjórnsýslu.

Fjöldi manna sem fékk greiddar staðgreiðsluskyldar greiðslur sem greitt var af mótframlag í lífeyrissjóð í helstu atvinnugreinum að meðaltali í hverjum ársfjórðungi

	2008				2009				2010
	1	2	3	4	1	2	3	4	1
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	1.343	1.517	1.560	1.441	1.311	1.542	1.622	1.511	1.302
Fiskveiðar	4.348	4.393	3.610	4.596	4.080	4.703	4.174	4.439	3.764
Grjót og malarnám	138	142	136	120	97	99	92	90	78
Fiskvinnsla	6.185	6.603	5.695	6.667	7.054	8.352	6.688	6.679	6.016
Annar matvælaiðnaður	5.145	4.947	5.125	4.978	4.419	4.728	4.996	5.350	4.416
Annar iðnaður	12.023	12.525	11.994	11.854	9.892	10.142	10.385	10.253	9.570
Orkuvinnsla- og veitur, meðhöndlun úrgangs	2.617	2.855	3.038	2.989	2.657	2.930	3.213	2.507	2.433
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	17.273	18.247	17.804	14.971	10.445	10.306	10.664	9.710	7.719
Heild- og smásöluverslun, viðgerð ökutækja	28.082	28.079	27.046	27.620	23.593	24.092	23.922	24.413	22.890
Flutningar og geymsla	8.287	8.970	9.282	8.847	7.609	7.708	8.384	9.750	9.025
Hótel- og veitingarekstur	7.862	8.630	8.842	7.596	6.625	7.842	8.759	7.928	7.277
Upplýsingar og fjarskipti	8.245	8.375	8.138	8.081	7.312	7.517	7.389	7.540	7.147
Fjármála- og vátryggingarstarfsemi	11.769	12.799	11.604	13.134	9.195	9.501	8.853	7.921	7.772
Fasteignaviðskipti	2.115	2.150	2.061	1.820	1.462	1.521	1.567	1.635	1.318
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	8.325	8.202	8.118	7.821	7.253	7.151	6.992	7.224	6.811
Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta	5.189	5.997	6.298	5.326	4.381	4.981	5.277	4.594	4.197
Opinber stjórnsýsla	51.366	59.341	58.167	65.343	73.478	76.513	73.676	72.723	67.785
Fræðslustarfsemi	2.761	2.958	2.705	3.282	3.156	3.111	3.142	3.320	3.271
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	6.416	7.090	7.029	6.558	6.121	6.489	6.669	6.380	6.115
Menningar- íþrótta- og tómstundastarfsemi	2.689	2.855	2.702	2.644	2.496	2.806	2.894	2.701	2.590
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	4.805	5.052	4.931	5.104	4.499	4.831	4.805	4.869	4.291
Alþjóðlegar stofnanir ofl	34	36	36	36	39	38	39	37	36
Óþekkt starfsemi	74	60	66	71	66	67	72	84	78
Samtals	197.090	211.824	205.988	210.898	197.241	206.968	204.275	201.657	185.901

1201. Frumvarp til laga [650. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um vegaframkvæmdir.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að lagningu tiltekinna vega ásamt nauðsynlegum undirbúningi.

Félagið skal annast þær framkvæmdir sem ráðherra felur því í samræmi við ákvörðun Alþingis þar um. Jafnframt er honum heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald vega sem félagið leggur.

2. gr.

Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins er að annast lagningu vega, þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og taka gjald af umferð á viðkomandi vegi.

Félaginu er heimilt að kaupa einstaka eða alla verkþætti sem kveðið er á um í 1. mgr. af Vegagerðinni.

Félaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

3. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Hlutafé félagsins við stofnun þess skal vera 20 millj. kr. og greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra skal fara með hlut ríkisins í félaginu.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

4. gr.

Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skal við stofnun þess skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum sem félaginu eru falin í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefna.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa reynslu af vegagerð og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

5. gr.
Samningar ríkisins við félagið.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við félagið um uppbyggingu, rekstur og viðhald vega í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma.

6. gr.
Gjaldskrá.

Félaginu er heimilt að innheimta gjald fyrir notkun mannvirkja sem því hefur verið falið að gera. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd viðkomandi mannvirkja, auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá skal heimilt að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar samkvæmt nánari ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Félagið skal auglýsa gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu sinni.

Eigandi ökutækis eða umráðamaður, ef um kaupleigu er að ræða, ber ábyrgð á greiðslu gjalda. Gjöld skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

7. gr.
Upphaf rekstrar félagsins.

Félagið skal hefja rekstur 1. október 2010.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var unnið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í samstarfi við Vegagerðina. Með stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í kjölfar efnahagshrunsins um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum var óhjákvæmilegt að gripið yrði til róttækra aðgerða, þ.m.t. með verulegum niðurskurði verklegra framkvæmda og með því að setja skorður við frekari skuldaaukningu ríkissjóðs. Þessar aðgerðir eru í samræmi við og byggðar á samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í kjölfarið hefur orðið verulegur niðurskurður í vegaframkvæmdum frá því sem upphaflega var áformað.

Við þessar aðstæður hefur verið horft til annarra valkosta til þess að auka atvinnu og til að flýta mikilvægum samgönguframkvæmdum sem annars þyrftu að bíða. Auk hefðbundinnar fjármögnunar samgönguframkvæmda hefur verið horft til aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun stærri vegaframkvæmda með öðru fyrirkomulagi fjármögnunar, þ.e. með veggjaldi.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að skapa nauðsynlega umgjörð um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun vegaframkvæmda sem lið í endurreisn atvinnulífs með innspýtingu nýs fjármagns til að draga úr atvinnuleysi og um leið að flýta arðbærum stórframkvæmdum. Lykilatriði við þá leið er að ekki verði um frekari skuldbindingar ríkissjóðs að ræða vegna þessara framkvæmda, þ.e. að þær verði fjármagnaðar með öðrum hætti en skuldsetningu eða ábyrgð ríkissjóðs. Lífeyrissjóðirnir verða því að meta hvert verkefni fyrir sig, áhættu af lánveitingunni og arðsemi verkefnisins. Skuldbinding hins nýja hlutafélags mun felast í því að

innheimta veggjald í tiltekinn tíma til að standa undir árlegum endurgreiðslum lána frá lífeyrissjóðunum.

Í 5. gr. vegalaga, nr. 80/2007, er að finna heimild Vegagerðarinnar, með fyrirvara um samþykki samgönguráðherra, til að stofna félag eða félög sem hafi það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar. Þessi heimild vegalaga var sett við aðrar aðstæður en eru í þjóðfélaginu í dag og rýma ekki við þær kröfur sem gera verður við núverandi aðstæður.

Auk þeirra atriða sem hér að framan eru talin eru margir aðrir þættir sem tengjast hugmyndum og umræðum undanfarinna ára um töku veggjalda. Það hefur legið fyrir alllengi að hefðbundnir tekjustofnar til vegagerðar, þ.e. tekjur af bensíni og olíu, eru hægt og sígandi að tapa gildi sínu og munu úreldast. Fyrirsjáanlegt er að olíuverð mun hækka á komandi árum og bifreiðaframleiðendur hafa mætt þessu með framboði á vélum sem eyða mun minna eldsneyti en eldri vélar. Auk þessa eru þegar komnir á markaðinn, þótt enn sé í litlum mæli, umhverfisvænar bifreiðar sem ganga fyrir annars konar orku en jarðolíu. Núverandi skattkerfi nær ekki til þeirra bifreiða og þær geta nýtt sér vegakerfið nær því endurgjaldslaust. Þá er það liður í stefnu stjórnvalda að hvetja til kaupa á slíkum bifreiðum af umhverfisástæðum með breytingum á sköttum og gjöldum. Til lengri tíma litið, þegar meginhluti bílaflotans verður orðinn umhverfisvænn, knúinn rafmagni, metani eða öðru vistvænu eldsneyti, verður ekki undan því vikist að breyta tekjuöflunarkerfi til vegagerðar.

Ýmsar þjóðir eru þegar farnar að huga að breytingum á skattlagningu bifreiða t.d. Hollendingar sem ætla að hverfa frá skattlagningu bifreiðaeignar og leggja í þess stað gjald á notkun bifreiðanna. Gert er ráð fyrir að þessi breyting verði komin til framkvæmda árið 2017. Samhliða þessu gefst færi á að nota gjaldtöku til að hafa áhrif á hvenær dags og hvar ekið er og nýta þannig umferðarmannvirkin betur en ella. Þá gefst færi á að nota gjaldtökuna til að hafa áhrif á mengun frá bifreiðaflotanum með flokkun gjaldsins eftir mengunarflokki bifreiðanna. Gjaldtaka verður byggð á gervihnattastaðsetningu og -mælingu ekinnar vegalengdar bifreiða en getur einnig tekið mið af stað og stund notkunar. Aðrar þjóðir eins og Þjóðverjar og Slóvakar leggja nú þegar veggjöld á stóra bíla ($\geq$12 tn í Þýskalandi) með sömu aðferð á aðalumferðaræðum þjóðvegakerfisins.

Til skemmri tíma litið hafa ýmsar þjóðir lagt á tímabundin veggjöld á afmörkuðum vegarköflum í því skyni að flýta einstökum framkvæmdum. Norðmenn hafa verið fremstir í flokki þjóða í gjaldtöku af þessu tagi og hafa tekjustofnar af henni þróast frá 30% af heildarframlögum á 9. áratugnum í um 50% í dag. Hér á landi eru tvö dæmi um veggjöld til að flýta framkvæmdum, þ.e. vegna Reykjanesbrautar á 7. áratugnum og vegna Hvalfjarðarganga á 10. áratugnum.

Eins og áður sagði hefur staða efnahagsmála hér á landi og alvarleg staða ríkissjóðs leitt til skoðunar á aðkomu lífeyrissjóðanna eða annarra fjárfesta að fjármögnun vegaframkvæmda auk annarra framkvæmda í landinu. Forsendur aðkomu lífeyrissjóðanna eru einkum þær að sjóðirnir fái viðunandi arð af fjárfestingum sínum, fjárfestingarnar séu þjóðhagslega arðbærar og ríkið taki ekki á sig neinar skuldbindingar sem færa verður sem lán í bókum þess. Þetta þýðir að fjármagna þarf framkvæmdirnar með veggjöldum og fjármögnunaraðilar verða að taka áhættu af framkvæmdum og endurgreiðsluhraða lána.

Þær framkvæmdir sem sérstaklega hafa verið skoðaðar í tengslum við aðkomu lífeyrissjóðanna eru framkvæmdir við helstu stofnbrautir út frá höfuðborgarsvæðinu auk Vaðlaheiðarganga.

Hagfræðistofnun HÍ er nú að vinna að mati á kostnaði við einstök verkefni og fjárhæð veggjalda til að standa undir framkvæmdakostnaði. Eftir er að taka afstöðu til þess hvort kostnað við rekstur og viðhald eigi einnig að greiða af veggjöldunum en frumvarpið heimilar að fara megi þá leið.

Ljóst er að verkefni henta misvel til gjaldtöku ef þau eiga að standa að fullu undir kostnaði við viðkomandi framkvæmd. Hæpið er að greiðsluvilji almennings verði umfram ákveðin mörk sérstaklega þar sem önnur leið milli áfangastaða er fyrir hendi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði hlutafélag til að standa að tilteknum vegaframkvæmdum án þess að til komi ábyrgð ríkissjóðs á viðkomandi verkefnunum.

Félaginu verður heimilað að annast rekstur, viðhald og lagningu vega, þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, umhverfismat, útboð, samningsgerð við verktaka, eftirlit og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd. Um leið er opnað fyrir þann möguleika að fyrirkomulagið verði óbreytt frá því sem nú er þ.e. hinu nýja félagi er veitt heimild til að semja um kaup einstakra eða allra verkþátta af Vegagerðinni eða annast þá sjálft. Gert er ráð fyrir sú leið verði valin sem leiði til mestrar hagkvæmni í rekstri hjá félaginu.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið afhendi Vegagerðinni viðkomandi vegarkafla til rekstrar að aflokinni byggingu og hlutverk félagsins verði síðan að afla fjár með veggjöldum til afborgunar lána af framkvæmdunum, nema ákveðið verði að veggjöldin skuli einnig ná til kostnaðar við rekstur og viðhald.

Við frumútreikning á veggjöldunum hefur verið við það miðað að kostnaður við hverja framkvæmd verði greiddur á 25 árum. Veggjöldin eru reiknuð miðað við núverandi umferð en við eðlilegar aðstæður má reikna með umferðaraukningu á þessu tímabili. Með aukningu umferðarinnar gefst svigrúm til lækkunar gjaldanna með tímanum líkt og gerst hefur með Hvalfjarðargöng. Þá þarf einnig að gera ráð fyrir því í samningum við lánveitendur að í einstaka tilvikum náist ekki að endurgreiða lánin á áætluðum tíma og því þarf að vera svigrúm til að lengja lán. Gert er ráð fyrir að veggjöld verði afnumin þegar kostnaður við viðkomandi framkvæmd hefur verið að fullu greiddur.

Í aðalatriðum er gengið út frá því að hver einstök framkvæmd verði sjálfbær þannig að veggjöld sem tekin eru á tilteknum vegi greiði upp framkvæmdakostnað við hann. Einnig kemur til álita að framkvæmdir á sama svæði verði gerðar upp í einu lagi. Sem dæmi má nefna vegina út frá höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Reykjanesbraut.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fari með og annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu. Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra er heimilað að stofna opinbert hlutafélag til að standa að lagningu vega ásamt nauðsynlegum undirbúningi fyrir slíkar framkvæmdir.

Þá er í 2. mgr. gert er ráð fyrir að félagið annist þær framkvæmdir sem ráðherra felur því í samræmi við ákvörðun Alþingis þar um. Eins og áður hefur komið fram í almennum athugasemdum er tilgangur frumvarpsins að stofna fyrirtæki til þess að skapa umgjörð um stærri vegaframkvæmdir sem byggist á gjaldtöku af notendum en leiði jafnframt ekki til aukinna skuldbindinga ríkissjóðs. Með þessu er annars vegar hægt að leggja í mannaflsfrekar samgönguframkvæmdir til að halda upp atvinnustigi í landinu. Hins vegar er flýtt einstökum framkvæmdum í forgangsröðun sem hefur þó ekki áhrif á röðun annarra framkvæmda sem fyrirhugað er að fara í samkvæmt langtímaáætlun í samgöngumálum. Rétt þykir að það komi

til kasta fjárveitingavaldsins en það er Alþingis að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða framkvæmdum eigi að flýta með þessum hætti og þá um leið að ákveða gjaldtöku af notendum. Reiknað er með að ákvörðun Alþingis komi fram við samþykkt samgönguáætlunar þó að ekki sé útilokað að í einstaka tilvikum sé það samkvæmt sérstakri þingsályktun vegna einstakra framkvæmda. Þá er gert ráð fyrir að þegar lokið hefur verið við greiðslu kostnaðar af viðkomandi framkvæmd með veggjaldi verði hún hluti af hinu almenna vegakerfi ríkisins.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er tilgangi félagsins lýst en hann er að annast lagningu vega auk þeirrar áætlanagerðar sem af því leiðir, þ.m.t. hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd. Ekki er endilega gert ráð fyrir að félagið annist alla þessa þætti sjálft heldur muni það styðjast við undirbúning framkvæmda sem þegar hafa farið fram af hálfu Vegagerðarinnar og semji við stofnunina um hagnýtingu þeirra í samræmi við ákvæði 2 og 3. mgr. Eðlilegt þykir þó að félagið geti tekist þá á hendur ef það þykir hagkvæmt. Jafnframt er félaginu heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Samningar gætu m.a. lotið að samningum um hönnun vega, brúa og jarðganga, um verkframkvæmdir, um eftirlit með framkvæmdum, um rekstur og viðhald mannvirkja eða um tækni til töku veggjalda og rekstur kerfa. Þá þykir rétt að undirstrika að félaginu sé heimilt að taka gjald af umferð um þá vegi sem félaginu hefur verið falið að leggja.

Gert er ráð fyrir að tilgangi félagsins verði nánar lýst í samþykktum þess, en nauðsynlegt kann að vera, til að tryggja sveigjanleika gagnvart breytingum í framtíðinni, að tilgangi félagsins verði að einhverju leyti breytt frá því sem kveðið er á um við stofnun þess, og verða slíkar breytingar þá gerðar á hluthafafundi í félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga um breytingar á samþykktum.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að hlutafé félagsins við stofnun þess skuli vera 20 millj. kr. og greiðast úr ríkissjóði.

Þá mun fjármálaráðherra fara með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laganna en í því felst að hann fer með ákvörðunarvald hluthafans í félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Jafnframt er það til samræmist við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum. Í lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, er að finna áskilnað um að ekki færri en tveir aðilar standi að hlutafélagi. Hér er því gert ráð fyrir fráviki frá hlutafélagalögum um að stofnandi félagsins sé aðeins einn, íslenska ríkið, og ekki sé gert ráð fyrir að aðrir hluthafar komi að félaginu. Jafnframt er kveðið á um að sala hlutafjár eða önnur ráðstöfun sé óheimil nema að til komi ný lög frá Alþingi sem kveði á um aðra skipan. Er því í frumvarpinu vikið frá tilvísuðum ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995, þannig að ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. sem kveða á um lágmarksfjölda stofnenda og lágmarksfjölda hluthafa í félaginu eigi ekki við um félag þetta. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að félagið lúti ákvæðum hlutafélagalaga, enda verði ekki annað leitt af ákvæðum frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um fjölda stjórnarmanna og varamanna sem kosnir eru á aðalfundi. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að stjórn félagsins vinni að verkefnum þess í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila sem að þessum verkefnum koma, þ.m.t. ráðuneyti, Vegagerðin og fjármögnunaraðilar, en það er mikilvægt að góð samvinna sé um þau verkefni sem félaginu eru falin.

Þá er gert ráð fyrir að stjórn félagsins ráði framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins og að hann hafi menntun og reynslu af vegagerð sem nýtist í starfi. Hann mun síðan ráða aðra starfsmenn eftir þörfum.

Rétt þykir að leggja áherslu á kröfur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra við meðferð mála og undirstrika að þeir komi ekki að afgreiðslu máls þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta eða eru tengdir eða skyldir aðilum sem hafa slíka stöðu í samræmi við góðar stjórnsýslureglur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um heimild ráðherra til að gera samninga við félagið um uppbyggingu, rekstur og viðhald vega í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma. Rétt þykir að skýra heimild þessa efnis sé að finna í lögum til þeirrar samningsgerðar þannig að ekki verði vafi um þær í ljósi samkeppnis- eða útboðsreglna.

Um 6. gr.

Megintilgangur félagsins er að annast ákveðin verkefni sem því eru falin gegn gjaldi. Stjórn félagsins er ætlað að innheimta gjald fyrir notkun vega sem því er falin framkvæmd á sem standi undir heildarkostnaði við framkvæmdina. Gjaldinu er ætlað að standa undir öllum kostnaði við undirbúning og framkvæmd mannvirkja auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá er gert ráð fyrir heimild til þess að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar og mannvirkja samkvæmt nánari ákvörðun samgönguráðherra. Þá er gert ráð fyrir að félagið auglýsi gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu félagsins.

Rétt þykir að skerpa á skyldu eiganda ökutækis eða umráðamanni þess ef um kaupleigu er að ræða til greiðslu veggjalda en gjöldin eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar ef til vanskila kemur.

Þá þykir einnig rétt að félaginu sé heimilt að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda samkvæmt ákvæðinu ef henta þykir.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um vegaframkvæmdir.

Markmiðið með frumvarpinu er m.a. að skapa umgjörð um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun vegaframkvæmda og að tryggja áframhaldandi uppbyggingu vegakerfisins.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að lagningu tiltekinna vega ásamt nauðsynlegum undirbúningi. Gert er ráð fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Félaginu verði m.a. ætlað að annast áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi vegaframkvæmdum. Við stofnun félagsins verði því lagðar til 20 m.kr. í hlutafé og skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins.

Megintilgangur félagsins verður að annast ákveðin verkefni sem því eru falin gegn gjaldtöku af notkun mannvirkjanna. Gjöldunum verður ætlað að standa undir öllum kostnaði við undirbúning, framkvæmd og viðhald mannvirkja auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu þeirra.

Grundvallaratriði í frumvarpinu er að hlutafélagið standi að ákveðnum vegaframkvæmdum án þess að komi til ábyrgð ríkissjóðs á viðkomandi verkefnum. Þeir aðilar sem koma að fjármögnun vegaframkæmda verða því sjálfir að leggja mat á og taka sjálfir á sig þá áhættu sem kann að felast í tekjuáætlunum tiltekinna framkvæmda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun ríkissjóður þurfa að leggja félaginu til 20 m.kr. í stofnhlutafé. Það færist ekki sem útgjöld í rekstrarreikningi ríkissjóðs en eykur hins vegar lánsfjárþörf ríkissjóðs sem því nemur. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif ekki á afkomu ríkissjóðs enda fellur rekstur félagsins ekki undir A-hluta ríkisstarfseminnar.

1202. Breytingartillögur [569. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Hluthafi getur krafist dóms“ í 1. efnismgr. komi: Hluthafi getur, sbr. þó 3. mgr., krafist dóms.
   b. Á eftir orðunum „fyrir hönd félags“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: svo og hluthafar.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ákvæði þetta á ekki við um fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og félög sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).
2. Við 3. gr. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og eftir atvikum einstökum varamönnum í þeirra stað, svo og endurskoðanda.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. a laganna:
   a. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: (tekur ekki til stjórnarmanna, sbr. 5. tölul. 2. mgr.).
   b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
      Við gerð starfskjarastefnu skal miða við eftirfarandi grundvallaratriði:
      1. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
      2. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
      3. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
      4. Hlutir skulu ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að viðkomandi öðlast rétt til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
      5. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
4. Við 10. gr.
   a. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „viku fyrir fund“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: viku fyrir fund (tveimur vikum fyrir aðalfund).
   b. C-liður orðist svo: Í stað orðanna „Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta“ í 4. mgr. kemur: Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund nema boðunarfrestur sé skemmri).

5. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „1/20 hlutafjárins á þeim tíma sem framsal eða afhending fer fram“ í 1. efnismgr. komi: minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins.
   b. Orðin „stjórnarmanna og“ í 2. tölul. 1. efnismgr. falli brott.
   c. Við 1. efnismgr. bætist tveir nýir töluliðir sem orðist svo:
      5. Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í hlutafélögum.
      6. Samninga fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og félaga sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).
6. Á eftir 14. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   136. gr. laganna fellur brott.
7. Við 16. gr. Á eftir orðunum „fyrir hönd félags“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: svo og hluthafar.
8. Við 17. gr. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og eftir atvikum einstökum varamönnum í þeirra stað, svo og endurskoðanda.
9. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. a laganna:
   a. Við c-lið 1. mgr. bætist: (tekur ekki til stjórnarmanna, sbr. 5. tölul. 2. mgr.).
   b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
      Við gerð starfskjarastefnu skal miða við eftirfarandi grundvallaratriði:
      a. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
      b. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
      c. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
      d. Hlutir skulu ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að unnið er til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
      e. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hluta, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem eru tengdar hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu.
10. Við 23. gr. Greinin falli brott.
11. Við 26. gr.
   a. Í stað orðanna „1/10 hlutafjárins á þeim tíma sem framsal eða afhending fer fram“ í 1. efnismgr. komi: 1/10 hlutafjár á undirritunartíma samningsins.
   b. Í 2. tölul. 1. efnismgr. falli niður orðin „stjórnarmanna og“.
   c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi: Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í einkahlutafélögum.
12. Á eftir 27. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   110. gr. laganna fellur brott.

13. Við 30. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ákvæði um lengingu lágmarksfrests til boðunar aðalfunda í hlutafélögum öðlast þó gildi 1. janúar 2011.
    b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:
    Ákvæði um brottfall (136. gr. laga um hlutafélög og 110. gr. laga um einkahlutafélög) taka til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku laga þessara jafnvel þótt málsóknarfrestur hafi verið liðinn er þau tóku gildi.

1203. Nefndarálit [569. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson og Þóru Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Pál Rúnar Mikaelsson frá Félagi atvinnurekenda, Árnýju Guðmundsdóttur og Kristínu Fjólu Fannberg frá Fjármálaeftirlitinu og Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Deloitte hf., Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagstofu Íslands, Kauphöll Íslands (OMX Nordic Exchange), Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga sem miða að því að auka vernd minni hluthafa. Frumvarpið byggist á skýrslu um vernd minni hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem Lagastofnun Háskóla Íslands samdi fyrir viðskiptaráðherra í kjölfar bankahrunsins. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breyttar reglur um starfskjör stjórnar og æðstu stjórnenda í hlutafélögum og einkahlutafélögum á grundvelli nýrra EES-tilmæla.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst sá að styrkja vernd minni hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Sú grundvallarregla gildir í félagarétti að meiri hluti hluthafa ræður alla jafna ferðinni við ákvarðanatöku á hluthafafundi og fer því með æðsta vald í málefnum hvers hlutafélags. En hagsmunir meiri hluta og minni hluta hluthafa fara ekki alltaf saman jafnvel þó að hagsæld félagsins sé almennt helsta hagsmunamál hluthafa. Reglum um vernd minni hluthafa er einkum ætlað að veita valdi meiri hlutans ákveðið mótvægi en slíkar reglur verða þó að hafa takmörk sem byggjast á því að virða verður rétt meiri hlutans til að stjórna félagi og fara með hagsmuni þess.

Helstu ákvæði frumvarpsins sem miða að því að styrkja minnihlutavernd og byggjast á skýrslu Lagastofnunar eru þau að hluthafi mun geta krafist dóms um innlausn hlutar hans ef veigamikil rök standa til þess. Einnig mun ráðgjafi hluthafa njóta málfrelsis á hluthafafundum. Lagðar eru til breyttar reglur um boðun á hluthafafundi og skerpt á upplýsingaskyldu stjórnar og framkvæmdastjórnar. Einnig er lagt til að samþykki hluthafafundar þurfi til að binda félag sé gerður samningur milli þess og fyrirsvarsmanna þess eða tengdra aðila.

Verður nú gerð nánari grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu og tillögum nefndarinnar til breytinga. Í 2. gr. er nýmæli um að hluthafi geti krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu ef veigamikil rök standa til þess og honum verði gert kleift að losna úr því af ákveðnum ástæðum. Það er gert að skilyrði að innlausn leiði ekki til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiði með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það. Nefndin leggur til þá breytingu á 2. gr. að hluthöfum verði bætt við upptalningu í 1. tölul. 1. mgr. og ákvæðið eigi ekki við um fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og félög sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Síðarnefnda breytingin er tilkomin vegna umræðna í nefndinni um áhrif 2. gr. frumvarpsins á fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Óbreytt ákvæði hefði getað leitt til þess að fjármálafyrirtæki eignaðist eigin bréf langt yfir 10% af útgefnu hlutafé en samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki getur það varðað stjórnvaldssektum að fara yfir þessi mörk. Þá var talið að ákvæðið gæti haft áhrif á gjaldþol vátryggingafélags. Þar sem mun auðveldara er fyrir hluthafa að selja hluti í félögum sem hafa hluti tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði leggur nefndin til að ákvæðið eigi ekki við um þessi þrjú tilvik.

Í 6. gr. og 12. gr. er lagt til að orðið „bersýnilega“ falli brott á tveimur stöðum í lögunum. Annars vegar í 1. mgr. 76. gr. þar sem mælt er fyrir um að félagsstjórn, framkvæmdastjóri o.fl. megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Hins vegar er í 95. gr. laganna mælt fyrir um að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Er lagt til að orðið „bersýnilega“ verði fellt brott á þessum tveimur stöðum og er talið að þetta geti styrkt minni hluthafa þar sem líkur á ágreiningi um það hvort skilyrðið um „bersýnilega“ eigi við verða ekki fyrir hendi.

Í 8. gr. er lagt til að ráðgjafi hluthafa njóti málfrelsis á hluthafafundum og að umboð umboðsmanns hluthafa gildi í eitt ár í stað fimm ára. Í 9. gr. er gert ráð fyrir að ekki þurfi 10% hlutafjár til að gera kröfu um aukafund eins og nú er í íslenskum hlutafélagalögum og sambærilegum dönskum og sænskum lögum, heldur nægi 5%.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir því sem aðalreglu að boða þurfi til hluthafafundar í hlutafélögum með skemmst tveggja vikna fyrirvara í stað viku fyrirvara eins og í gildandi lögum en að í undantekningartilfellum megi halda hluthafafund sem er boðaður með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé samþykkja það fyrir fram skriflega.

Samkvæmt 88. gr. a laga um hlutafélög skal boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund þegar um félög er að ræða þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Um var rætt í nefndinni að það gæti verið þungt í vöfum fyrir óskráð félög að þurfa að boða til hluthafafundar með tveggja vikna fyrirvara. Leggur nefndin því til að áfram verði miðað við að hluthafafundur sé boðaður skemmst viku fyrir fund en þó tveimur vikum fyrir aðalfund félags. Hið sama gildi um þau gögn sem skulu vera aðgengileg hluthöfum, þau verði aðgengileg viku fyrir hluthafafund hið skemmsta en þó tveimur vikum fyrir aðalfund nema frestur til að boða fundinn sé skemmri.

Í 11. gr. er lagt til að skerpt verði á upplýsingarétti félagsstjórnar og framkvæmdastjóra með þeim hætti að það verði gert að skilyrði að tjón verði að teljast „verulegt“ til að félagsstjórn eða framkvæmdastjóri geti vikist undan því að veita upplýsingar.

Í 13. gr. er lagt til að samþykki hluthafafundar þurfi til að binda félag þegar gerður er samningur að raunvirði meira en 1/20 hlutafjár milli félagsins og ýmissa fyrirsvarsmanna þess og tengdra aðila. Í þeim tilgangi að gera ákvæðið viðurhlutaminna og betur framkvæm-

anlegt leggur nefndin til að miðað verði við 1/10 hlutafjár og lágmarksfjárhæð samnings sem ákvæðið nær til verði að svara til lágmarksfjárhæð hlutafjár í hlutafélögum. Einnig leggur nefndin til að ákvæðið nái ekki til samninga fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og félaga sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Nefndin áréttar að ákvæðið á ekki við um t.d. samninga sem eru gerðir í tengslum við eðlilegan rekstur félags, sbr. t.d. 4. tölul. 1. mgr. Samsvarandi ákvæði um einkahlutafélög er í 26. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til þá breytingu að samningur verði að nafnviði að nema meira en 1/10 hlutafjár á undirritunartíma samningsins.

Þá er lagt til að tilvísun í stjórnarmenn verði felld brott í upptalningu 2. tölul. 1. mgr. enda tekur hluthafafundur ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og því eru ekki gerðir samningar um slíkt við þá. Þá leggur nefndin til að ákvæðið eigi ekki við um fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og félög sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til eftirtaldar breytingar á öðrum atriðum laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög en sem miða að því að styrkja vernd minni hluta:

Til að einfalda málsmeðferð er í 1., 3. og 5. gr. lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti framselt það vald sem hann hefur skv. 3., 55. og 66. gr. laganna. Í 3. gr. laga um hlutafélög getur efnahags- og viðskiptaráðherra veitt undanþágu frá búsetuskilyrði stofnenda hlutafélaga sem og veitt undanþágu frá skilyrðum 3. mgr. 3. gr. um hverjir geti verið stofnendur hlutafélags. Í 2. mgr. 55. gr. laganna er mælt fyrir um heimild ráðherra til að veita undanþágu frá innköllunarskyldu til lækkunar hlutafjár. Í 2. mgr. 66. gr. getur ráðherra veitt undanþágu frá því að framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna hafi búsetu hér á landi. Verði frumvarpið að lögum yrði ráðherra heimilt að framselja vald sitt til hlutafélagaskrár til að spara mönnum sérstaka ferð í ráðuneyti hans.

Í b-lið 3. gr. er lagt til að því verði lýst nákvæmar hverjir skuli skrifa undir tilkynningu um lækkun hlutafjár. Nefndin leggur til breytingu á orðalagi til að tryggja að ekki leiki vafi á því að einnig sé átt við varamenn í stjórn.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir breytingu á 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög í þeim tilgangi að takmarka heimild stjórnar í hlutafélögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða á markaðstorgi fjármálagerninga eins og það er kallað, til að ákveða þá fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir kaup á eigin hlutum. Ákvæðin taka líka til sölu á eigin hlutum þessara félaga. Gert er ráð fyrir því að miðað skuli við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður til að draga úr líkum á kaupum á yfirverði eða sölu á undirverði. Jafnframt er gert ráð fyrir því að í öðrum hlutafélögum geti hluthafar sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár krafist þess innan mánaðar frá því að stjórn tilkynnir um samning að endurskoðanda verði falið að meta hvort það verð sem stjórn hefur samið um sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Komist endurskoðandi að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið getur hluthafi eftir atvikum átt bótaábyrgð á hendur félaginu eða stjórn þess. Vísast til skaðabótakafla laganna í því sambandi. Þannig getur háttað til að stjórn hafi gert fyrirvara í samningi um hugsanlegar athugasemdir hluthafa þannig að gera megi breytingar og ekki reyni á skaðabótaábyrgð.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir breytingum á 79. gr. a í hlutafélagalögum vegna nýrra tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009, um breytingu á tilmælum 2004/013/EB og 2005/165/EB að því er varðar starfskjör stjórnenda í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Starfskjarastefna í félögum

þykir stundum hafa tekið mið af skammtímasjónarmiðum og er nú m.a. leitast við að hafa árangur félaga í huga, setja takmörk á breytilega þætti starfskjaranna, fresta útborgunum og miða t.d. við þrjú til fimm ár, gera ráð fyrir endurgreiðslum í vissum tilvikum og reyna að tryggja að starfslokagreiðslur séu ekki inntar af hendi í kjölfar slaks árangurs. Þá er gert ráð fyrir að stjórnarmenn skuli ekki njóta kaupréttar á hlutum. Felast í tillögunum hömlur á frjálsræði félaga á þessu sviði. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009, um starfskjarastefnu í fjármálageiranum, eru ekki tekin til meðferðar í þessu frumvarpi. Almenn ákvæði þessarar greinar frumvarpsins gilda þó um starfskjarastefnu í fjármálageiranum nema sérákvæði víki þeim til hliðar. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á ákvæðinu. Lagt er til að þess verði getið í 3. tölul. 1. mgr. 79. gr. a laganna að sá töluliður eigi ekki við um stjórnarmenn. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar þar sem rætt var um það í nefndinni að óheppilegt væri að í lagatexta væri vísað til þess að hafa bæri hliðsjón af „EES-samþykktum“, sömuleiðis er lagt til að orðið „almennt“ verði fellt brott úr 3. tölul.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir að sett verði svipað ákvæði um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar á rannsókn og er í 87. gr. hlutafélagalaga um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar vegna boðunar til fundar.

Þær breytingar sem eru lagðar til á lögum um einkahlutafélög eru sambærilegar við nokkrar þeirra breytinga sem er lagt til að verði gerðar á lögum um hlutafélög. Nefndin gerir þó ráð fyrir því að 23. gr. frumvarpsins falli brott þar sem kveðið er á um fresti til að boða til funda í einkahlutafélögum og er því gert ráð fyrir því að ákvæði laga um einkahlutafélög verði óbreytt um það.

Í 28. gr. er gert ráð fyrir breytingu á 2. mgr. 96. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þannig að 1/10 hlutafjárins nægi í stað 1/5 til að samþykkja tilnefningu á endurskoðanda minni hluta sem taki þátt í endurskoðunarstörfum með kjörnum endurskoðanda til næsta aðalfundar. Þetta er talið stuðla að aukinni minnihlutavernd.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar þess efnis að 136. gr. laga um hlutafélög og 110. gr. laga um einkahlutafélög falli brott en þar eru sérákvæði um málshöfðunarfresti. Verði breytingartillagan samþykkt takmarkast málshöfðanir vegna skaðabóta á grundvelli 134. og 135. gr. laga um hlutafélög og 108. og 109. gr. laga um einkahlutafélög af almennum reglum um tómlæti og fyrningu kröfuréttinda. Gert er ráð fyrir því að ákvæðið sé afturvirkt, sbr. breytingu nefndarinnar á 30. gr. frumvarpsins. Breytingin felur í sér að í stað þess að mál skuli höfðað innan tveggja ára frá því bótaskyld háttsemi átti sér stað gildi almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna sem er fjögur ár frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ber ábyrgð á því skv. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Þau lög öðluðust gildi 1. janúar 2008 og eiga einungis við um þær kröfur sem stofnast hafa eftir gildistöku þeirra. Sé um að ræða skaðabótakröfur sem stofnuðust fyrir 1. janúar 2008 nemur fyrningarfresturinn 10 árum frá hinum bótaskylda atburði, sbr. 2. tölul. 4. gr. eldri fyrningarlaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Eygló Harðardóttir og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. júní 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Árni Þór Sigurðsson.
Mörður Árnason.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara.

1204. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, formann starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu stjórnarráðsins, Ingibjörgu Rafnar Pétursdóttur, Helgu Hauksdóttur og Þórð Ægi Óskarsson frá utanríkisráðuneyti, Ellisif Tinnu Víðisdóttur, Guðmund Ingólfsson, Kristínu Guðmundsdóttur og Jón Björgvin Guðnason frá Varnarmálastofnun, Hlín Hólm frá Flugmálastjórn, Baldur Bjartmarsson og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun, Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra, Dagmar Sigurðardóttur og Svanhildi Sverrisdóttur frá Landhelgisgæslu, Val Ingimundarson, fyrrverandi formann áhættumatsnefndar, Þórarin Eyfjörð frá SFR – stéttarfélagi í almannaþágu, Viðar Axelsson, trúnaðarmann SFR hjá Varnarmálastofnun, Snorra Magnússon og Jón Baldursson frá Landssambandi lögreglumanna, Magnús Guðmundsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Stefán Eiríksson, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, Sigríði B. Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á Suðurnesjum, og Styrmi Hafliðason, Margréti Cela og Jakob Þór Kristjánsson frá Nexus: Rannsóknarvettvangi fyrir öryggis- og varnarmál.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alyson J. K. Bailes frá Háskóla Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ellisif Tinnu Víðisdóttur, forstjóra Varnarmálastofnunar, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Flugmálastjórn, Jóni E. Böðvarssyni, Landhelgisgæslu, Landssambandi lögreglumanna, Neyðarlínunni hf., Nexus: Rannsóknarvettvangi fyrir öryggis- og varnarmál, Samtökum hernaðarandstæðinga, SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, Siglingastofnun, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, tollstjóranum í Reykjavík og Varnarmálastofnun.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið lýsti ríkisstjórnin því yfir á síðasta ári að Varnarmálastofnun yrði lögð niður á árinu 2010 og verkefni hennar samþætt hlutverki annarra opinberra stofnana. Á fundi sínum 4. desember 2009 samþykkti ríkisstjórnin minnisblað utanríkisráðherra um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins og ákvað þar með að samræma ákvörðun um að leggja niður Varnarmálastofnun og færa verkefni hennar til annarra stofnana við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að stefnt er að sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti fyrir lok kjörtímabilsins.

Í kjölfarið skipaði ríkisstjórnin sérstakan starfshóp til að undirbúa framangreindar breytingar. Áréttað var að áformuðum breytingum væri ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands, svo sem þátttöku í starfi Atlantshafsbandalagsins, varnarsamninginn við Bandaríkin eða annað fjölþjóðlegt samstarf um öryggismál. Var starfshópnum ætlað að greina þau varnar- og öryggistengdu verkefni sem nú eru falin utanríkisráðuneyti og Varnarmálastofnun, innviði hins áformaða innanríkisráðuneytis og þá möguleika sem skapast á endurskipulagningu öryggismála með tilkomu þess. Á grundvelli þeirrar greiningar var starfshópnum ætlað að gera tillögur um verkaskiptingu innanríkisráðuneytis og utanríkisráðuneytis og fyrirkomulag verkefna Varnarmálastofnunar á vegum innanríkisráðuneytis.

Frumvarpið kveður á um að Varnarmálastofnun verði lögð niður frá og með 1. janúar 2011 og að utanríkisráðherra verði veitt heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni við aðrar ríkisstofnanir að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra. Til að skapa svigrúm fyrir fyrirhugaðar breytingar og ráðstöfun verkefna er lagt til að embætti forstjóra Varnarmálastofnunar verði lagt niður við gildistöku laganna. Enn fremur er lagt til að utanríkisráðherra skipi verkefnisstjórn til að annast daglegan rekstur Varnarmálastofnunar og þá breytingastjórnun sem nauðsynleg er vegna niðurlagningar stofnunarinnar.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um hvert verkefni Varnarmálastofnunar muni flytjast heldur einungis gert ráð fyrir að utanríkisráðherra verði veitt heimild til að flytja verkefni hennar til annarra stofnana eins og að framan greinir. Þau sjónarmið komu fram í umsögnum og á meðal gesta nefndarinnar að skýrar þyrfti að kveða á um flutning verkefna, ekki væri fyllilega ljóst hverjum væri ætlað að vinna þau, hvernig eða hvar. Í athugasemdum við frumvarpið er einkum horft til tækifæra á að samþætta verkefni Varnarmálastofnunar starfi Landhelgisgæslu og embætti ríkislögreglustjóra. Það er í samræmi við skýrslu starfshópsins sem nefndin hefur kynnt sér en þar segir að þessar tvær stofnanir séu vegna fyrirliggjandi verkefna sinna, eðlis og uppbyggingar best til þess fallnar að taka að sér ábyrgð og fyrirsvar á verkefnum Varnarmálastofnunar. Sú afstaða var ítrekuð af fulltrúum starfshópsins og utanríkisráðuneytisins á fundum nefndarinnar. Auk þess verða umræddar stofnanir burðarstofnanir hins nýja innanríkisráðuneytis og því telur meiri hlutinn ljóst hvar stefnt er að því að vista helstu verkefni Varnarmálastofnunar.

Hvað varðar staðsetningu verkefnanna er ljóst að talsverðar öryggiskröfur eru gerðar til núverandi starfsemi Varnarmálastofnunar og er hún bundin við tiltekna aðstöðu og skilyrði. Verkefni Varnarmálastofnunar eru þannig mörg hver bundin öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Bindingin felst m.a. í sérstöku öryggishúsnæði sem uppfyllir staðla NATO á því sviði og vottað er sem slíkt. Meiri hlutinn telur því ljóst eftir viðræður við fulltrúa starfshópsins og utanríkisráðuneytis að bæði fagleg og fjárhagsleg rök hnígi að því að þeim verkefnum verði sinnt áfram á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli eftir að Varnarmálastofnun hefur verið lögð niður. Verkefnin munu því mörg hver verða unnin áfram með sama hætti, við sömu aðstæður og af sama starfsliði og áður þótt stjórnsýsluleg ábyrgð á framkvæmd þeirra færist frá Varnarmálastofnun til annarra stofnana.

Meiri hlutinn áréttar að embætti ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslan hafa bæði haft með höndum mikilvæg verkefni á sviði öryggismála fyrir daga Varnarmálastofnunar. Sem dæmi má nefna að samkvæmt samningi milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum um upplýsingaöryggi sem nefndin hefur kynnt sér skulu samningsaðilar tryggja að komið verði á fót innlendu öryggiseftirliti (e. National Security Authority) vegna starfsemi NATO

sem hefur umsjón og eftirlit með því að öryggiskröfum sé framfylgt. Samningsaðilarnir skulu setja og beita öryggisstöðlum sem tryggja jafna vernd trúnaðarupplýsinga. Fyrir daga Varnarmálastofnunar fór ríkislögreglustjóri með hlutverk hins innlenda öryggiseftirlits í umboði íslenskra stjórnvalda.

Í skýrslu starfshópsins er velt upp þeim möguleika að við yfirtöku ákveðinna verkefna Varnarmálastofnunar geti reynst hagkvæmt að flytja Landhelgisgæsluna og aðra borgaralega öryggisstarfsemi á öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli og í því sambandi er nefnt að álitleg aðstaða sé fyrir hendi á svæðinu sem áður hefur komið til skoðunar að lögð verði til Landhelgisgæslunnar. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið og telur að fram þurfi að fara ítarleg skoðun á kostum þess og göllum að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja.

Þá tekur meiri hlutinn undir með starfshópnum um möguleika á frekari endurskipulagningu og sameiningu þeirra stofnana sem heyra munu undir hið nýja innanríkisráðuneyti. Sérstaklega kemur fram sú framtíðarsýn hópsins að eftir endurskipulagningu á verkefnum Landhelgisgæslunnar, Vaktstöðvar siglinga og ríkislögreglustjóra fari undirstofnun innanríkisráðuneytisins með framkvæmd öryggismála, þ.m.t. þeirra sem áður voru falin Varnarmálastofnun. Í þessu sambandi telur meiri hlutinn að sérstaklega beri að meta hagkvæmni þess að samþætta eða sameina starfsemi Landhelgisgæslunnar, Siglingastofnunar og Vaktstöðvar siglinga og kanna eins og fyrr sagði möguleika á staðsetningu þessarar starfsemi, a.m.k. að hluta, á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Fyrir nefndinni voru reifuð þau sjónarmið að sú starfsemi sem nú fer fram undir hatti Neyðarlínunnar í Skógarhlíð hafi gefist vel og mikilvægt sé að ekki verði röskun á henni þótt breytingar verði á starfssviði Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar eða annarra aðila sem þeirri starfsemi tengjast. Meiri hlutinn tekur undir þetta viðhorf en bendir á að það er sjálfstætt atriði hvar sú starfsemi fer fram, aðalatriðið er að hún sé öll á einum stað.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins. Í 3. gr. þess er að finna ákvæði þess efnis að utanríkisráðherra sé heimilt að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni við aðrar ríkisstofnanir. Til að tryggja eftirlitshlutverk Alþingis telur meiri hlutinn rétt að leggja þá skyldu á herðar ráðherra að hann kynni slíka samninga fyrir utanríkismálanefnd og leggur til breytingartillögu þess efnis.

Í d-lið 2. gr. varnarmálalaga segir að eitt markmið laganna sé að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi. Fjallað er um upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis í 20., 23. og 25. gr. núgildandi laga. Skv. 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 25. gr. laganna falli brott en hún kveður á um að Varnarmálastofnun gefi utanríkisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína og jafnframt að utanríkisráðherra kynni efni ársskýrslunnar fyrir utanríkismálanefnd. Enda þótt meiri hlutinn geri ráð fyrir endurskoðun á varnarmálalögum við stofnun innanríkisráðuneytis, og jafnvel fyrr, leggur meiri hlutinn til að í stað þess að fella brott 25. gr. varnarmálalaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir verði greininni breytt á þann hátt að utanríkisráðherra flytji utanríkismálanefnd árlega skýrslu um framkvæmd laganna og hafi samráð við utanríkismálanefnd um öll meiri háttar öryggis- og varnarmál.

Nefndin ræddi talsvert um það fyrirkomulag sem efnisákvæði 4. tölul. 19. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir um skipan sérstakrar verkefnisstjórnar og var m.a. bent á að fyrir Alþingi liggja nú nokkur frumvörp sem varða sameiningu stofnana og að engin samræmd aðferð virðist viðhöfð hvað varðar málefni starfsmanna, einkum á það við um forstöðumenn viðkomandi stofnana. Utanríkismálanefnd telur að ákjósanlegt væri ef samræmdar reglur giltu í þessu efni en tekur ekki afstöðu til þess hvaða aðferð er heppilegust. Meiri hlutinn gerir því ekki tillögu um breytingu á þessu ákvæði frumvarpsins. Þó leggur meiri hlutinn til að í stað

þess að núverandi forstjóri Varnarmálastofnunar láti af störfum við gildistöku laganna skuli hann vera verkefnisstjórninni til aðstoðar og ráðgjafar frá því að starfsskyldum er létt af honum til þess tíma er stofnunin er lögð niður svo að sem minnst röskun verði á starfsemi hennar. Á þeim tíma skal hann njóta sömu kjara og hann nýtur nú, en um rétt hans eftir að stofnunin er lögð niður fer skv. 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin ræddi ábyrgð verkefnastjórnar sem tekur yfir starfsskyldur forstjóra Varnarmálastofnunar við gildistöku frumvarps þessa. Fjölskipað stjórnvald ber sömu ábyrgð og forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila, sbr. 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Meiri hlutinn telur því ábyrgð verkefnastjórnarinnar, sem fjölskipaðs stjórnvalds, skýra. Gildir þá einu hvort verkefnastjórnin er skipuð einstaklingum sem þegar eru í ráðningarsambandi við ríkið eða ekki.

Í umsögnum og viðræðum nefndarinnar við fulltrúa SFR – stéttarfélags í almannaþágu og Varnarmálastofnunar komu fram áhyggjur af afdrifum starfsfólks stofnunarinnar við niðurlagningu hennar. SFR telur ekki nægilega skýrt hvert inntak 5. tölul. 19. gr. frumvarpsins er en þar segir m.a. að starfsfólki Varnarmálastofnunar, sem við gildistöku laganna fæst við þau verkefni sem kunna að verða falin öðrum stofnunum, skuli boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni samkvæmt lögunum til 1. janúar 2011. Nefndin hefur átt viðræður við utanríkisráðuneytið um málið og leggur áherslu á þann skilning sinn að ákvæðið feli ekki í sér að ráðningarsamband starfsmanna við nýja stofnun standi einungis til áramóta eftir að Varnarmálastofnun hefur verið lögð niður. Dagsetningin vísar til þess að samningsgerð utanríkisráðherra við stofnun, sem tekur við verkefni, geti átt sér stað á tímabilinu frá gildistöku laganna til 1. janúar 2011. Fyrir þann tíma á að vera búið að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni sem flytja verkefni til annarra stofnana. Boð til starfsmanna Varnarmálastofnunar um störf hjá öðrum stofnunum, sem við verkefnum taka, munu einnig koma til á því tímabili. Til að taka af allan vafa leggur meiri hlutinn til smávægilega orðalagsbreytingu á 5. tölul. 19. gr. frumvarpsins og ítrekar jafnframt að réttarstaða og kjör starfsmanna Varnarmálastofnunar verði vel tryggð við væntanlegar breytingar.

Að síðustu áréttar meiri hlutinn að með frumvarpi þessu er einungis tekið á stjórnsýslulegri vistun varnar- og öryggistengdra verkefna. Utanríkisráðherra hefur boðað að þverpólitísk vinna um mótun heildstæðrar stefnu í varnar- og öryggismálum hefjist með haustinu og á hún m.a. að byggjast á nýrri nálgun á öryggishugtakinu á grundvelli skýrslu áhættumatsnefndar. Meiri hlutinn hvetur til þess að sú vinna verði hafin hið fyrsta og mun fylgjast grannt með því starfi sem þar er fram undan.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. júní 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Birgitta Jónsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1205. Breytingartillögur [581. mál]

við frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (ÁÞS, ÖJ, VBj, SER, BirgJ, ÞSveinb).

1. Við 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkir samningar skulu kynntir utanríkismálanefnd Alþingis.
2. Við 5. gr. Í stað tilvísunarinnar „22. gr.“ í a-lið komi: 24. gr.
3. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   25. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:
   Skýrsla um varnarmál.
   Utanríkisráðherra flytur utanríkismálanefnd Alþingis árlega skýrslu um varnar- og öryggismál og framkvæmd laga þessara. Enn fremur hefur ráðherra samráð við utanríkismálanefnd um öll meiri háttar varnar- og öryggismál, sbr. 24. gr. þingskapalaga.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   26. gr. laganna fellur brott.
5. Við 19. gr.
   a. 4. tölul. orðist svo: Við gildistöku laga þessara skal forstjóri Varnarmálastofnunar leystur undan reglubundnum starfsskyldum sínum, þ.m.t. stjórn stofnunarinnar og ábyrgð á daglegum rekstri. Frá sama tíma skipar utanríkisráðherra verkefnisstjórn sem tekur yfir starfsskyldur forstjórans, en embætti forstjóra er lagt niður um leið og stofnunin. Skal núverandi forstjóri vera verkefnisstjórninni til aðstoðar og ráðgjafar frá því að starfsskyldum er létt af honum til þess tíma er stofnunin er lögð niður svo að sem minnst röskun verði á starfsemi hennar. Á þeim tíma skal hann njóta sömu kjara og hann nýtur nú, en um rétt hans eftir að stofnunin er lögð niður fer skv. 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum samkvæmt lögunum þar til stofnunin verður lögð niður, sbr. 3. tölul. Hún getur gert tillögur til utanríkisráðherra um ráðstöfun verkefna skv. 7. gr. a. Hún skal skipuð fimm einstaklingum sem tilnefndir eru af forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.
   b. Fyrri málsliður 5. tölul. orðist svo: Starfsfólki Varnarmálastofnunar, sem við gildistöku laga þessara fæst við þau verkefni sem kunna að verða falin öðrum stofnunum, skal fyrir 1. janúar 2011 boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni samkvæmt lögum þessum, sbr. 7. gr. a.

1206. Frumvarp til laga [651. mál]

um stjórn vatnamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, sbr. viðauka I. Lögin taka einnig til vatnavistkerfa og vistkerfa votlendis sem eru beint háð vatni.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Árósavatn:* vatn í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum frá aðstreymi ferskvatns.
2. *Efnafræðilegt ástand:* efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
3. *Forgangsefni:* efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því og raðað er í forgangsröð, að því er varðar aðgerðir, á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því.
4. *Magnstaða:* mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
5. *Neysluvatn:* vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess, sem er ætlað til manneldis.
6. *Strandsjór:* yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns.
7. *Vatn:* grunnvatn og yfirborðsvatn.
8. *Grunnvatn:* vatn í mettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.
9. *Yfirborðsvatn:* kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn og strandsjór.
10. *Vatnasvið:* aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.
11. *Vatnasvæði:* landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.

12. *Vatnaumdæmi:* vatnasvæði á Íslandi ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim og mynda stjórnsýslueiningu.
13. *Vatnsformfræðilegir eiginleikar:* vatnsmagn og breytingar á vatnsrennsli og hæð vatnsborðs ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlots.
14. *Vatnshlot:* eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó.
15. *Mikið breytt vatnshlot:* yfirborðsvatnshlot sem hefur verulega breytta eiginleika vegna breytinga af mannavöldum.
16. *Manngert vatnshlot:* vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna mannsins.
17. *Vatnstökusvæði:* Landsvæði þar sem taka má nytjavatn með hagkvæmu móti og aðrennslissvæði vatnsbóla á því.
18. *Verndarsvæði:* afmarkað svæði og einstök vistkerfi sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara.
19. *Vistfræðilegt ástand:* ástand varðandi gerð og starfsemi vistkerfa sem tengjast yfirborðsvatnshloti.
20. *Vistmegin:* ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots.

II. KAFLI
Stjórnvöld vatnamála.

4. gr.
Yfirstjórn vatnaumdæmis.

Landið allt, ásamt árósum og strandsjó er eitt vatnaumdæmi.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Vatnaráð.

Umhverfisráðherra skipar vatnaráð fyrir vatnaumdæmið og skal ráðið skipað fimm fulltrúum: einn fulltrúi skal tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, einn af iðnaðarráðherra og tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem skal vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Vatnaráð skal skipað til fimm ára í senn.

Vatnaráð skal funda eftir því sem ástæða þykir til. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum vatnaráðs. Um ákvarðanir ráðsins gilda stjórnsýslulög.

6. gr.
Hlutverk vatnaráðs.

Hlutverk vatnaráðs er að:

a. móta stefnu um stjórn vatnamála í samræmi við markmið laga þessara,
b. hafa yfirumsjón með gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun,
c. gera tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnastjórnunaráætlunar og endurskoðun hennar þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar,
d. veita umsagnir við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laganna.

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar.

7. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að:

a. samræma vinnu við gerð vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar,
b. tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin í vatnaumdæminu,
c. setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot í vatnaumdæminu
d. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,
e. gera tillögur til vatnaráðs að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við ráðgjafarnefndir og vatnasvæðanefndir,
f. vinna stöðuskýrslu,
g. hafa umsjón með framkvæmd aðgerða- og vöktunaráætlunar í vatnaumdæminu,
h. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,
i. annast skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal vinna vatnastjórnunaráætlun með hliðsjón af áætlunum opinberra aðila, svo sem á sviði náttúruverndar, orkunýtingar, samgangna og skipulagsmála.

Umhverfisstofnun sendir samþykkta vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega samþykkta vatnastjórnunaráætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

8. gr

Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðanefnda.

Sveitarfélög skulu vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun. Sveitarfélög, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, skulu framfylgja kröfum sem kveðið er á um í vöktunar- og aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

Vatnaumdæminu skal skipt í vatnasvæði samkvæmt ákvörðun í reglugerð. Við ákvörðun um mörk vatnasvæða skal taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum.

Á hverju vatnasvæði skal vera starfrækt vatnasvæðanefnd. Í nefndinni skulu a.m.k. vera fulltrúar frá sveitarfélögum viðkomandi vatnasvæðis, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga á svæðinu og frá Umhverfisstofnun sem jafnframt skal stýra starfi nefndarinnar. Um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Hlutverk vatnasvæðanefndar er að samræma vinnu og afla upplýsinga á viðkomandi vatnasvæði vegna gerðar, stöðuskýrslu, vöktunar- og aðgerðaáætlunar svo og vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmið.

9. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefnda.

Með Umhverfisstofnun skulu starfa tvær ráðgjafarnefndir á landsvísu, annars vegar ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Umhverfisstofnun skal hafa náið samráð við ráðgjafarnefndir.

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Brunamálastofnun, Vegagerðinni, náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hlutverk ráðgjafarnefnda er að vera vatnaráði og Umhverfisstofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Fulltrúar í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka skulu vera til ráðgjafar um þá hagsmuni sem samtök þeirra standa fyrir.

Ráðgjafarnefndir skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til, og skal hann hafa umsjón með starfi viðkomandi nefnda.

10. gr.

Hlutverk rannsóknastofnana.

Hlutverk eftirfarandi rannsóknastofnana vegna framkvæmdar laga þessara er sem hér segir:

a. Veðurstofa Íslands skal leggja til gagnagrunna, hafa umsjón með þeim og leggja til sérfræðiþekkingu um vatnshlot og eiginleika þeirra, meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti þeirra,
b. Veiðimálastofnun skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðiþekkingu er varða lífríki ferskvatnshlota,
c. Hafrannsóknastofnunin skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðiþekkingu um lífríki strandsjávar og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar.

Stofnanir samkvæmt þessari grein geta leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun skal gera samning við ofangreindar stofnanir en getur jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar laga þessara.

III. KAFLI

Umhverfismarkmið.

11. gr.

Flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið.

Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir vatnagerðum og skulu vera samanburðarhæf. Ástand vatns er flokkað í mjög gott, gott eða sæmilegt.

Gæði grunnvatns eru metin eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum þáttum þess. Gæði yfirborðsvatns eru metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum, svo og eðlisefnafræðilegum þáttum.

12. gr.

Yfirborðsvatn og grunnvatn.

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að gæði þeirra versni ekki. Styrkja og endurheimta skal gæði grunnvatnshlota með það að markmiði að þau séu að lágmarki með gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Þá skal tryggja jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns þannig að magnstaða haldist góð.

13. gr.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og styrkja skal ástand þess með hliðsjón af því að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar úrbætur á vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns, til þess að ná góðu vistfræðilegu ástandi, hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

a. siglingar, þar með talið hafnaraðstöðu og afþreyingu,
b. starfsemi sem gerir ráð fyrir geymslu, flutningi og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsbirgða, orkuvinnslu eða áveitna,
c. flóðavarnir, framræslu, eða
d. önnur umsvif manna, sem eru sjálfbær og jafnmikilvæg og framangreind umsvif.

Ákvæði 2. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna hlutfallslega of mikils kostnaðar að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum. Taka skal fram í vatnastjórnunaráætlun ef skilyrði 2. mgr. eru fyrir hendi og röksemdir fyrir því.

14. gr.

Forgangsefni.

Framkvæma skal nauðsynlegar aðgerðir með það að markmiði að dregið verði smám saman úr mengun vegna forgangsefna í vatni og að losun hættulegra forgangsefna verði stöðvuð.

Raða skal efnum í forgangsröð að því er varðar aðgerðir, í því skyni að geta staðist tímaáætlun á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og umhverfi þess eða út frá því. Röðunin skal greind með aðferð byggðri á áhættumati.

Vöktun og rannsókn forgangsefna skal framkvæmd af rannsóknarstofum sem hafa vottun samkvæmt alþjóðastöðlum og eru faggiltar samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

15. gr.

Frestir.

Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. skal ná eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnastjórnunaráætlunin hefur verið staðfest. Veita má frest til að ná umhverfismarkmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að a.m.k. eitt eftirtalinna tilvika sé fyrir hendi:

a. að ekki sé hægt að framkvæma úrbætur innan frestsins vegna tæknilegra ástæðna,
b. að það mundi vera óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið ef ná þyrfti fram úrbótum innan frestsins, eða
c. að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan frestsins séu ekki framkvæmanlegar.

Frekari lenging frests umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður því aðeins veitt að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

16. gr.

Vægari umhverfismarkmið.

Ákveða má vægari umhverfismarkmið ef vatnshlot er undir það miklu álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að ekki er hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar að teknu tilliti til umhverfislegra og þjóðhagfræðilegra þarfa sem slík starfsemi þjónar,
b. að tryggt sé besta mögulega ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og að sem minnsta mögulega breyting verði á góðu ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns þegar tekið er tillit til þeirra áhrifa sem fyrir hendi eru, og
c. að ástand vatnshlotsins versni ekki frekar.

17. gr.

Náttúrulegar orsakir og óviðráðanleg ytri atvik.

Ef vistfræðilegt ástand í vatnshlotinu spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika telst það ekki fara í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum.

Grípa skal til þeirra ráðstafana sem raunhæft er að framkvæma til að koma í veg fyrir frekari rýrnun ástandsins og að skaði hljótist í öðru vatnshloti af atviki skv. 1. mgr.

18. gr.

Breyting vatnshlots.

Heimila má breytingu á vatnshloti þó að slíkt hafi í för með sér að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

a. nýja framkvæmd sem leiðir til breytinga á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða breytinga á hæð grunnvatnshlots eða,
b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að yfirborðsvatnshlot fer úr mjög góðu ástandi í að vera gott ástand.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt:

a. gripið verði til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. ástæðurnar fyrir framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun er meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist, og
c. tilganginum með framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

IV. KAFLI
Áætlanir.

19. gr.

Vatnastjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið í samræmi við viðauka II. Í vatnastjórnunaráætlun skulu m.a. koma fram:

a. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota,
b. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi á ástandi vatns í vatnaumdæminu,
c. skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
d. greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
e. tilgreining umhverfismarkmiða fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu,
f. skipting vatnaumdæmis í vatnasvæði,
g. samantekt á aðgerðaáætlun,
h. yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og tegundir vatns, og
i. samantekt á samráði við almenning.

Áætlunina skal taka til endurskoðunar sjötta hvert ár.

20. gr.

Nánari rökstuðningur í vatnastjórnunaráætlun.

Í vatnastjórnunaráætlun skal gera grein fyrir ef:

a. ákveðið er að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt,
b. ákveðið er að lengja fresti um umhverfismarkmið,
c. ákveðin eru vægari umhverfismarkmið,
d. fram koma breytingar af náttúrulegum orsökum á vatnshloti, eða
e. áætlað er að hefja nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða gera breytingar á vatnshlotum.

Ef ákveðið er að lengja fresti samkvæmt lögum þessum skal auk þess koma fram tímaáætlun um framkvæmd ráðstafana og tilgreina þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum.

21. gr.

Aðgerðaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að aðgerðaáætlun fyrir vatnaumdæmið. Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnastjórnunaráætlun. Aðgerðaáætlun skal vera hluti af vatnastjórnunaráætlun.

Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að settum umhverfismarkmiðum verði náð.

Ákvarðanir um ráðstafanir sem fram koma í aðgerðaáætlun skulu teknar af þar til bærum stjórnvöldum eða leyfisveitendum á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið skv. 11. gr. varðandi vatnshlot næst ekki skal leita skýringa á því og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið.

Aðgerðaáætlunin skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár.

22. gr.

Vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun svæða sem njóta verndar innan vatnaumdæmisins. Vöktunaráætlun skal veita heildarsýn

á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Vöktunaráætlun skal taka til viðeigandi vistfræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta, svo og vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Í áætlun skal jafnframt taka ákvörðun um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnarnir ríkis og sveitarfélaga sjá um vöktun gæðaþátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar skv. 2. mgr. Þá er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.

23. gr.

Stöðuskýrsla.

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðanefnd. Stöðuskýrsla skal liggja fyrir árið 2013. Í stöðuskýrslu skal koma fram:

a. lýsing og gerð vatnshlota,
b. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns, og
c. flokkun vatnshlota.

24. gr.

Neysluvatn.

Tilgreina skal í vatnastjórnunaráætlun öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. vatnstaka er meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða vatnstaka sér meira en 50 einstaklingum fyrir neysluvatni og
b. vatnshlot er ætlað til neysluvatnstöku í framtíðinni.

Vatnshlot sem hefur verið skilgreint sem neysluvatnsforði ber að vernda gegn gæðarýrnun þannig að hægt sé að draga úr þörf á hreinsun neysluvatns.

25. gr.

Skrá yfir vernduð svæði.

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir vernduð svæði. Í henni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi og vistkerfi votlendis sem beint eru háð vatni og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns á slíkum svæðum.

Skrá yfir vernduð svæði skal vera aðgengileg almenningi og uppfærð reglulega.

V. KAFLI

Kynning og réttaráhrif áætlana o.fl.

26. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang að upplýsingum og gögnum sem liggja til grundvallar áætlunum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

27. gr.

Opinber kynning.

Umhverfisstofnun skal sjá um að eftirfarandi sé kynnt opinberlega til athugasemda:

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnastjórnunaráætlun, í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnastjórnunaráætlun gengur í gildi,
b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnastjórnunaráætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en hún gengur í gildi, og
c. tillaga að vatnastjórnunaráætlun í síðasta lagi einu ári áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi.

Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Kynning skv. 1. mgr. skal gerð með tryggilegum hætti og á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem vísað er til hvar hægt er að afla viðkomandi upplýsinga á aðgengilegum stað. Kynna skal vatnastjórnunaráætlun í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, þegar við á.

28. gr.

Réttaráhrif vatnastjórnunaráætlunar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlana sveitarfélaga skal, ef við á, samræma skipulagsáætlanir sveitarfélaga vatnastjórnunaráætlun, eigi síðar en innan fjögurra ára frá staðfestingu vatnastjórnunaráætlunar.

Við afgreiðslu umsókna um leyfi vegna nýtingar vatns og annarra leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnastjórnunaráætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera nýjar ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirtalin atriði:

1. flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot,
2. tilgreiningu og röðun forgangsefna og hættulegra forgangsefna á lista, ráðstafanir vegna þeirra og matsaðferð og viðmið við röðun forgangsefna, svo og kröfur til vottunar og framkvæmd hennar,
3. frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim,
4. efni og framkvæmd vöktunaráætlunar,
5. efni vatnastjórnunaráætlunar og efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar,
6. efni og framkvæmd aðgerðaáætlana þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana,

7. hlutverk og starfsemi vatnaráðs,
8. skiptingu vatnaumdæmisins í vatnasvæði, landfræðilega afmörkun vatnasvæða og samsetningu og hlutverk vatnasvæðanefnda,
9. hlutverk ráðgjafarnefnda, fulltrúa, fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra og skipan starfs nefndanna,
10. opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila í áætlunargerð.

30. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007 frá 28. september 2007.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, með síðari breytingum*: Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum um stjórn vatnamála.
2. *Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu*: Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um að nýtingarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Í sérstökum tilvikum er heimilt að fella niður eða breyta skilyrðum leyfis eða setja ný skilyrði vegna umhverfissjónarmiða eða vegna hagsmuna leyfishafa eða annarra sem nýta sömu auðlind. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér.
3. *Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum:* Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Ráðherra getur í sérstökum tilvikum fellt niður eða breytt skilyrðum leyfis eða sett ný skilyrði vegna umhverfissjónarmiða eða vegna hagsmuna leyfishafa eða annarra sem nýta sömu auðlind. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnastjórnunaráætlunina skv. 19. gr. eigi síðar en 1. janúar 2018. Kynna skal áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við gerð hennar í síðasta

lagi 1. janúar 2015. Tillaga að fyrstu vatnastjórnunaráætluninni skal kynnt í síðasta lagi einu ári áður en hún er staðfest af ráðherra. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu vatnastjórnunaráætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr. laga þessara.

II.

Fyrsta aðgerðaáætlunin skv. 21. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2018 og koma til framkvæmda 2021.

III.

Fyrsta vöktunaráætlunin skv. 22. gr. skal liggja fyrir eigi síðan en 1. maí 2015 og koma til framkvæmda frá sama tíma.

Viðauki I.

Yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun laganna, sbr. 2. gr.



Viðauki II.

Efni vatnastjórnunaráætlunar, sbr. 19. gr.

A. Í vatnastjórnunaráætlun skulu eftirtaldir þættir koma fram:

1. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins, sbr. 19. gr. Þar skal eftirfarandi koma fram:

1.1. þegar um er að ræða yfirborðsvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,
- kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnasviðsins,
- tilgreining viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,

1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,

2. samantekt á umtalsverðu álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:
- mat á mengun frá punktupptökum,
- mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. samantekt á landnýtingu,
- mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,
- greining á öðrum áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns,

3. tilgreining verndaðra svæða og kort yfir þau, sbr. 25. gr.,

4. kort yfir skrá um sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi ásamt korti sem sýnir niðurstöður vöktunaráætlana, sem framkvæmdar voru samkvæmt þessum ákvæðum, til þess að sýna ástand:

4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),

4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),

4.3. verndaðra svæða,

5. skrá yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. 11., 12., 13., 15. og 16. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. einkum tilgreining á tilvikum, þar sem ákvæðum 11., 15., 16. 17. og 18. gr. hefur verið beitt, og tengdar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim greinum,

6. samantekt á efnahagslegu greiningunni á vatnsnotkun, sbr. d-lið 7. gr.,

7. samantekt á áætlun um ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 21. gr., þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná markmiðum 11. gr.:

7.1. samantekt á nauðsynlegum ráðstöfunum til framkvæmdar á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,

7.2. skýrsla um hagnýtar ráðstafanir sem gerðar eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar,

7.3. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 24. gr.,

7.4. samantekt á eftirliti með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum,

7.5. samantekt á stjórnun, sem komið er á vegna sleppingar frá punktupptökum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns,

7.6. tilgreining tilvika þar sem bein slepping í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns.,

7.7. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 14. gr. um forgangsefni,
7.8. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,
7.9. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru skv. 4. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmiðin sem sett eru í 16. gr. náist,
7.10 upplýsingar um viðbótarráðstafanirnar sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,
7.11. upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengun sjávar,
8. skrá yfir hvers konar ítarlegri áætlanir og vatnastjórnunaráætlun sem á við um tiltekin vatnasvið, geira, málefni eða gerðir vatns, auk samantektar á inntaki þeirra,
9. samantekt á ráðstöfunum, sem gerðar eru varðandi upplýsingar og samráð við almenning, árangurinn af þeim og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,
10. upplýsingar um gögn sem aflað er skv. 8., 9. 10. og 22. gr.

B. Í endurskoðaðri vatnastjórnunaráætlun skal vera, auk þess sem fram kemur í A-lið:
1. samantekt á hvers konar breytingum eða uppfærslum frá síðustu áætlun, þ.m.t. samantekt á endurskoðunum skv. 15., 16., 17. og 18. gr., eftir því sem við á,
2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðum, þ.m.t. niðurstöður úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringa á því ef umhverfismarkmið hafa ekki náðst,
3. samantekt og skýring, ef við á, á fyrirhuguðum ráðstöfunum sem hafa ekki verið framkvæmdar og fram koma í fyrri vatnastjórnunaráætlun,
4. samantekt á hvers konar viðbótarráðstöfunum til bráðabirgða, sem samþykktar eru skv. 21. gr. eftir auglýsingu fyrri vatnastjórnunaráætlunarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur

1. Markmið.

Markmið frumvarpsins er að kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand vistkerfa vatna og votlendis og vistgerða sem beint eru háð vatni til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar. Frumvarpinu er ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Markmiðið endurspeglar mikilvægi vatnsauðlindarinnar og nauðsyn þess að vel sé gengið um hana. Frumvarpið miðar að því að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar með heildstæðum hætti og í því tilliti verði bæði horft til verndar og nýtingar auðlindarinnar.

2. Tilskipun 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum.

Á undanförnum áratugum hafa þjóðir heims í æ ríkari mæli sett sér reglur til að tryggja vernd vatnsgæða og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar. Evrópusambandið samþykkti í þessu skyni rammalöggjöf, þ.e. tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum, 2000/60/EB, sem hér eftir verður nefnd vatnatilskipunin, því víða hefur verið gengið nærri vatnsauðlindinni, bæði með beinni notkun og óbeinni, á þann hátt að spillt hefur verið fyrir annarri nýtingu eða óæskilegar breytingar orðið á vatnavistkerfum.

Hér á landi hafa á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, verið settar reglugerðir sem varða varnir gegn mengun vatns. Þær vísa í meginatriðum til samsvarandi tilskipana ESB um sama efni sem nú falla undir vatnatilskipunina. Hafa þannig fjölmargar tilskipanir ESB er varða mengun vatns verið teknar upp hér á landi með reglugerðum. Þar er m.a. kveðið á um að hindra eigi losun tiltekinna efna í vatn og draga úr losun annarra, að beita bestu fáanlegu tækni við starfsemi og að beita viðbótarráðstöfunum þegar ástæða er til. Vatnatilskipunin gengur lengra en að taka þröngt til áhrifa vegna mengunar heldur er nánast allt undir sem haft getur áhrif á ástand vatns og lífríki vatna.

Tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum (2000/60/EB) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007 frá 28. september 2007. Ákvörðunin var staðfest af Alþingi með þingsályktun 6. desember sama ár, sbr. þskj. 298, 268 mál, á 135. löggjafarþingi 2007–2008. Með frumvarpi þessu er lagt til að tilskipunin sé innleidd í íslenskan rétt.

Vatnatilskipunin tengir ýmsar tilskipanir ESB á sviði vatnamála, eins og t.d. tilskipun um fráveitur og skólp, undir eina rammalöggjöf. Tilskipunin gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt innan vatnasviða. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi. Vatnsgæði eru skilgreind með hliðsjón af líffræði, efnafræði og umgerð vatna (morphology).

Með tilskipuninni voru innleiddar nokkrar nýjungar við stjórn vatnamála í Evrópu. Ein nýjungin er að vatnastjórnun var tengd vatnasviðum í heild, sem landfræðilegum og vatnafræðilegum einingum. Önnur nýjungin tengist tímasettum markmiðum til verndar vatnavistkerfum. Þriðja nýjungin er að tryggja aðgang almennings að skipulagningu vatnamála og sú fjórða varðar samþættingu hagrænna tækja. Til viðbótar eru í tilskipuninni tilvísanir til þátta eins og þurrka, flóða, og vatnsformfræðilegra þátta, þ.m.t. framkvæmda vegna vatnastjórnunar, auk tilvísunar til sjálfbærrar nýtingar vatns. Vatnsnotkun er skilgreind sem vatnsþjónusta, þ.e. vatnstaka, miðlun, geymsla, hreinsun eða dreifing, sem og söfnun og hreinsun skólps, auk starfsemi sem hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns og talin er upp í III. viðauka við tilskipunina.

Meginmarkmið vatnatilskipunar er annars vegar að hindra að vatnsgæði rýrni meira en orðið er og hins vegar að reyna að bæta ástand vatna í þeim tilfellum þar sem það er mögulegt samfara nýtingu þeirra. Markmiðin eru í fyrsta lagi almenn verndarsjónarmið, þ.e. að vernda vatn, t.d. gegn mengun, að vernda vistkerfi í vatni og vistkerfi háð vötnum og tryggja sjálfbæra nýtingu vatns. Í öðru lagi að laga stjórnkerfi að því að taka heildstætt á vatnamálum og koma á aðgerðum til þess að bæta úr ástandi vatns, koma á samræmdu mats- og eftirlitskerfi og söfnun og miðlægri greiningu á miklu magni upplýsinga um ástand vatnsumhverfisins til að stjórnvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um skynsamlega, sjálfbæra stefnumörkun í vatnamálum. Í þriðja og síðasta lagi að koma á samráði við almenning sem byggist á gagnsæi og birtingu upplýsinga.

Í 1. mgr. 9. gr. vatnatilskipunarinnar er fjallað um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu. Þar segir að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna. Þá segir í 2. mgr. 9. gr. að í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, þ.e. vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið, eins og stjórnunaráætlun er nefnd í frumvarpinu, skuli aðildarríkin gefa upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til framkvæmdar á

1. mgr., sem munu stuðla að því að umhverfismarkmið tilskipunarinnar náist, sem og hve mikið framlag kemur frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar til að mæta kostnaði vegna vatnsþjónustu. Í 4. mgr. 9. gr. segir svo að aðildarríkin teljist ekki brjóta í bága við tilskipunina ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr. við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki 2. málsl. 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Löggjöf sem hefur þýðingu hér á landi varðandi 9. gr. tilskipunarinnar eru einkum ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, og laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009. Í 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir m.a.: „Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. … Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli.“

Í 7. gr. sömu laga er fjallað um notkunargjald. Þar segir m.a. að þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa sé vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Í 10. gr. laganna segir að stjórn vatnsveitu skuli semja gjaldskrá þar sem kveðið sé nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. laganna. Miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Samkvæmt 14. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags sé heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skuli notandi mæla notkun þess. Sú notkun skuli dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni. Í 15. gr. segir svo að í gjaldskrá fráveitu skuli miða við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Heimilt sé að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur sé heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.

Af 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 15. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna má ráða að gert er ráð fyrir því að rekstur og stofnkostnaður vatns- og fráveitna sé fjármagnaður með gjaldtöku. Þá skal bent á að skv. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er sveitarstjórnum heimilt að setja stefnu um arðsemiskröfur stofnana og fyrirtækja í þeirra eigu.

Bæði í lögum vatnsveitur sveitarfélaga og lögum um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilað að innheimta gjald samkvæmt mæli af atvinnurekendum. Slík ákvæði ættu bæði að draga úr sóun vatns og tryggja að þeir sem nota mikið vatn greiði fullt gjald fyrir þau not.

Telja verður að framangreind lagaákvæði uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. vatnatilskipunarinnar og því er ekki lagt til að hún verði innleidd sérstaklega. Hins vegar er lagt til að III. viðauki tilskipunarinnar, sem fjallar um efnahagslega greiningu og vísað er til í 9. gr., sé innleiddur með setningu reglugerðar, sbr. 4. tölul. 29. gr. frumvarpsins. Þá er í d-lið 7. gr. fjallað um að Umhverfisstofnun beri að sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar.

Nokkur kostnaður mun óhjákvæmilega fylgja því að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar og hindra frekari rýrnun vatnsgæða þannig að gæðum vatnsauðlindarinnar hraki ekki, eins og frumvarpi þessu er ætlað að gera verði það að lögum. Í umhverfisráðuneytinu er hafinn undirbúningur að frumvarpi sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðslureglunna. Í nytjagreiðslureglunni felst að þeir sem nýta auðlindir skuli standa undir nauðsynlegum eftirlitskostnaði sem tryggir að ekki sé gengið á viðkomandi auðlindar. Slík löggjöf hefur þegar verið sett í mörgum löndum Evrópu enda hefur OECD lagt áherslu á að ríki beiti nytjagreiðslureglunni. Undir starfsemi sem nýtir sér vatnsauðlindina með einum eða öðrum hætti hér á landi falla m.a. vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur, tiltekin landbúnaðarstarfsemi, fráveitur, mengandi atvinnurekstur og matvælaframleiðsla. Við þá vinnu sem fram undan er við gerð lagafrumvarps vegna framangreindrar gjaldtöku verður lögð rík áhersla á að skapa víðtæka sátt um gjaldtökuna. Gert er ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi, enda verði lögð á það rík áhersla að ekki verði stofnað til óþarfa kostnaðar við framkvæmdina. Ljóst er að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum þeim löndum öðrum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Mun umhverfisráðuneytið gæta þess að framkvæmdin taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.

Varðandi umfjöllun um einstök ákvæði vatnatilskipunarinnar er að öðru leyti vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins þar sem vísað er til viðkomandi greina í vatnatilskipuninni.

Skipta má framkvæmd vatnatilskipunarinnar í fjóra hluta. Fyrsti hluti framkvæmdarinnar felst í lögfestingu tilskipunarinnar hér á landi sem frumvarpi þessu er ætlað að gera, annar hlutinn felst í söfnun og úrvinnslu upplýsinga og kortagerð (GIS). Þriðji hlutinn felst í gerð vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmið og að lokum á fjórði hlutinn að fylgja eftir vatnastjórnunaráætlun með aðgerðaáætlun og byggja upp vöktun og eftirlitskerfi með vatni og vatnsgæðum.

3. Frumvarp til vatnalaga.

Af hálfu iðnaðarráðherra hefur verið unnið að samningu frumvarps til vatnalaga en markmið þess frumvarps er m.a. að kveða á um nýtingu vatns, rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda og hvernig með þau skuli farið. Frumvarpinu er ætlað tryggja greiðan aðgang landsmanna að nægu og hreinu vatni. Frumvarpið er byggt á sömu grundvallargildum og vatnalögin frá 1923 en með þeim er reynt að skapa ramma fyrir skynsamlegt samspil nýtingar og verndar og tryggja hagsmuni ólíkra hópa og rétthafa að því er varðar aðgengi að vatni.

Markmið frumvarps til vatnalaga ásamt frumvarpi þessu eru því samþætt og er ætlað að standa vörð um vatnsbúskap þjóðarinnar og vernd auðlindarinnar og tryggja að nýting hennar fari fram með skynsamlegum og sjálfbærum hætti. Frumvörp þessi eiga að mynda lagaramma um vernd og nýtingu vatns þannig að framangreind markmið náist. Með framlagningu þess-

ara tveggja lagafrumvarpa og samþættingu sjónarmiða um nýtingu og vernd sem þau fjalla um er tryggð heildstæð stjórn vatnamála.

4. Undirbúningur við innleiðingu vatnatilskipunarinnar hér á landi og sjónarmið við gerð frumvarpsins.

Á árinu 2001 skipaði umhverfisráðherra í samráði við iðnaðarráðhera starfshóp sem fengið var það hlutverk að fara yfir og meta kostnað við upplýsingaöflun vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar. Í starfshópnum áttu sæti, auk fulltrúa ráðuneytanna tveggja, fulltrúar frá Orkustofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Veiðimálastofnun og landlæknisembættinu. Í samráði við umhverfisráðuneytið tóku verkefni starfshópsins nokkrum breytingum frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Auk þess að að gera kostnaðaráætlanir og áætlanir um tæknileg atriði sem varða innleiðingju tilskipunarinnar vann starfshópurinn að aðlögun tilskipunarinnar vegna upptöku hennar í EES-samninginn og var ráðgefandi aðili í þeim efnum. Starfshópurinn lauk störfum í mars 2007 og lagði m.a. til að þegar væri hafist handa við gagnasöfnun og skýrslugerð sem krafist er á fyrstu árum frá því að tilskipunin kemur inn í EES-samninginn og að tryggðar yrðu fjárveitingar til verkefnisins. Þá lagði hópurinn til að skipaður yrði starfshópur til að gera tillögur að frumvarpi til laga um stjórnskipulag á sviði vatnamála í samræmi við tilskipunina. Eins og áður hefur komið fram var ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að taka vatnatilskipunina upp í EES-samninginn tekin 28. september 2007 og var sú ákvörðun staðfest af Alþingi 6. desember sama ár.

Umhverfisráðuneytið fól Umhverfisstofnun að hefja undirbúning að innleiðingu vatnatilskipunarinnar árið 2008. Sama ár stofnaði Umhverfisstofnun stýrihóp til að samræma starf þeirra stofnana sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna við framkvæmd þeirra verkefna sem vatnatilskipunin kallar á. Í stýrihópnum sitja forstjórar fimm ríkisstofnana sem hafa mestra hagsmuna að gæta vegna vatnatilskipunarinnar, þ.e. Veiðimálastofnunar, Veðurstofu Íslands, Orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar, en forstjóri hennar er formaður stýrihópsins. Stýrihópurinn kom á fót fimm vinnuhópum sem eru eftirfarandi: vinnuhópur 1 um skilgreiningu vatnshlota, vinnuhópur 2 um vistfræðilegt ástand vatnshlota, vinnuhópur 3 um álag á vatnshlot vegna mengunar, vinnuhópur 4 um manngerð og breytt vatnshlot, og að síðustu vinnuhópur 5 um skýrslugjöf vegna gagnaskila í sameiginlegan gagnagrunn ESB (WISE). Alls hafa tólf opinberar stofnanir tekið þátt í starfi vinnuhópa auk Náttúrufræðistofu Kópavogs og Samorku. Vinnuhópunum er stýrt af fulltrúum Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar og Orkustofnunar. Á vegum Umhverfisstofnunar hefur verið haldin ráðstefna og nokkur málþing um framgang vinnu í vinnuhópunum í því skyni að afla gagna og upplýsinga sem þegar liggja fyrir hjá viðkomandi stofnunum um vatn og vatnavistfræði og kortleggja staðsetningu þeirra. Yfirmaður vistfræðideildar skosku umhverfisstofnunarinnar (SEPA) kom til landsins á vegum Umhverfisstofnunar og Veiðimálastofnunar og miðlaði af reynslu Skota af innleiðingu vatnatilskipunarinnar. Stýrihópurinn, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur haldið utan um það starf að samþætta vinnu þeirra fjölmörgu aðila sem koma að málefnum er varða vatn og að framkvæmd séu verkefni sem vatnatilskipunin kallar á. Umhverfisstofnun hefur opnað vefgátt um starf stýrihópsins og vinnuhópanna og er hægt að nálgast upplýsingar um vinnuhópana á slóðinni www.vatnatilskipun.is. Ætlunin er að niðurstaða vinnuhópanna verði kynnt á þessu vefsvæði, en þar verður að finna ýmsar upplýsingar um stöðu verkefna vinnuhópanna og efni um það starf sem þegar hefur verið unnið og þær skýrslur og þau gögn sem liggja fyrir.

Í febrúar 2009 skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, nefnd sem falið var að vinna frumvarp til innleiðingar á vatnatilskipun ESB. Í nefndinni áttu sæti Sigríður Auður Arnardóttir skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, Ásta Einarsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Guðjón Bragason sviðsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðjón Axel Guðjónsson skrifstofustjóri, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Heiðrún Guðmundsdóttir sérfræðingur, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Ásta Þorleifsdóttir, tilnefnd af frjálsum félagasamtökum, og Pétur Reimarsson forstöðumaður, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurbjörg Sæmundsdóttir, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Við vinnu sína hafði nefndin til hliðsjónar þá löggjöf sem sett hefur verið á Norðurlöndum til að innleiða vatnatilskipunina þar og var einkum horft til Noregs og Finnlands í því sambandi. Í III. kafla er gerð nánari grein fyrir þessari löggjöf. Áður en vinna við gerð lagafrumvarpsins hófst kynntu fulltrúar umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar í nefndinni sér hvernig staðið var að innleiðingu tilskipunarinnar í Noregi og hvernig framkvæmd löggjafarinnar hefur verið og funduðu í því skyni meðal annars með fulltrúum norska umhverfisráðuneytisins.

Í starfi nefndarinnar voru m.a. þau sjónarmið lögð til grundvallar að stjórn vatnamála væri skilvirk, gagnsæ og einföld og að hún mundi falla vel að núverandi stjórnkerfi vatnamála en tæki jafnframt mið af vatnafarslegum aðstæðum hér á landi, íbúafjölda og stærðar landsins. Þá var lögð áhersla á að tryggja virka þátttöku hagsmunaaðila og almennings við gerð og endurskoðun áætlana samkvæmt frumvarpinu.

Þegar nefndin hafði mótað tillögu sína að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála kynnti hún frumvarpið fulltrúum eftirfarandi aðila: Brunmálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Veiðimálstofnunar, Veðurstofu Íslands og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Í kjölfarið bárust ráðuneytinu í janúar 2010 umsagnir m.a. frá stýrihóp Umhverfisstofnunar, þ.e. sameiginleg umsögn Umhverfisstofnunar, Veiðimálastofnunar, Veðurstofu Íslands, Orkustofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar. Þá bárust jafnframt umsagnir frá Brunamálastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Nefndin fór yfir framangreindar umsagnir og gerði breytingar á frumvarpinu á grundvelli sjónarmiða og athugasemda sem komu fram í þeim. Nefndin skilaði umhverfisráðherra svo tillögum sínum að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála þann 18. febrúar 2010.

II. Stjórnsýsla vatnsverndar.

Innleiðing vatnatilskipunarinnar kallar á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála sem tekur mið af heildstæðu skipulagi vatnamála. Eins og fram hefur komið gerir vatnatilskipunin ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum, þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi. Vatnatilskipunin er þannig samvinnuverkefni sem gengur þvert á stofnanir og stjórnvöld. Hún gerir þær kröfur að horft sé með heildstæðum hætti á málefni sem snerta vatn. Til að ná þessu markmiði þurfa stjórnvöld og hagsmunaaðilar að vinna þétt saman, miðla mikilvægri þekkingu og gögnum sem þau búa yfir með það að leiðarljósi að tryggja verndun vatns.

Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Þá fer forsætisráðuneytið með málefni þjóðlendna. Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, sem samanstanda af 10 heilbrigðiseftirlitssvæðum, gegna mjög þýð-

ingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar. Þau sjá um flokkun vatns og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn sem sett eru fram í svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga. Sveitarfélögin ákveða einnig í skipulagi langtímastefnumörkun um landnotkun og taka ákvarðanir um einstaka framkvæmdir á grundvelli þess. Þau gefa út starfsleyfi til mengandi fyrirtækja þar sem m.a. eru sett skilyrði um losun efna í vatn. Þau hafa með höndum eftirlit með þessum framkvæmdum, sjá um vöktun vatns og eiga að grípa til aðgerða ef ástandi vatns hrakar.

Stjórnsýsla vatnamála er því í höndum margra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að ákvörðunum er snerta vatn. Þannig fer umhverfisráðuneytið með yfirstjórn mála er varða mengunarvarnir, náttúruvernd, varnir gegn landbroti, skipulag og vatnamælingar. Þær stofnanir sem hafa hlutverk á þessu sviði eru Umhverfisstofnun, Landgræðslan, Veðurstofa Íslands og Skipulagsstofnun. Iðnaðarráðuneytið fer með yfirumsjón raforkumála og veitir m.a. leyfi til virkjana fallvatna og vatnsmiðlunar í tengslum við það. Þá fer iðnaðarráðuneytið með málefni er tengjast auðlindum í jörðu. Orkustofnun annast stjórnsýslu vatnamála fyrir iðnaðarráðuneytið. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, svo sem vegna mannvirkjagerðar í og við veiðivötn, Fiskistofa fer með stjórnsýslu vegna eldis nytjastofna sjávar og ferskvatnsfiska og Matvælastofnun með framfylgd stjórnsýslu er varðar neysluvatn og matvælaeftirlit. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með mengandi starfsemi í héraði, m.a mengun vatns og ber að sjá um flokkun vatns. Heilbrigðiseftirlitin hafa því mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði vatns.

Ekki er fyrir hendi heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Þannig er markmið laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að búa mönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Í reglugerðum um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999, og mengun grunnvatns, nr. 797/1999, sem settar eru á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, er að finna meginregluna um að vernda skuli vatn og þar kemur fram að mengun vatns sé óheimil og kveðið á um þær ráðstafanir sem grípa skuli til ef gæðum neysluvatns hrakar eða það spillist. Í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn segir að heilbrigðisnefnd skuli ákvarða vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból. Lög um matvæli, nr. 93/1995, taka til neysluvatns en neysluvatn telst matvæli. Samkvæmt lögum nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, er óheimilt að gera nokkuð það innan verndarsvæðisins sem getur spillt vatni eða mengað það, hvort sem er yfirborðsvatn eða grunnvatn og lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, taka til vatnsverndar á vatnasviði svæðisins og skal forðast að valda spjöllum á vatnasviðinu sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns. Lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er ætlað að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða á þeirri löggjöf sem fjallar um vatn með einhverjum hætti.

III. Norræn löggjöf til innleiðingar á vatnatilskipun ESB.

Á Norðurlöndunum hafa á síðastliðnum árum verið sett lög eða reglugerðir til innleiðingar á vatnatilskipuninni. Í Danmörku voru sett lög nr. 1150 frá 2003 með lögum um umhverfismarkmið, m.a. fyrir vatn og alþjóðleg náttúruverndarsvæði, *lov om miljømål m.v. for vand-*

forekomster og internationale naturbeskyttelsesområder (miljømålsloven) en þeim var breytt með lögum nr. 570 frá 2005 þegar vatnaumdæmum þar í landi var fækkað úr 13 í 3 auk þess sem gert er ráð fyrir einu alþjóðlegu vatnaumdæmi við þýsku landamærin. Stjórnsýsla vatnamála í Danmörku er einkum hjá umhverfisráðuneyti en einnig hjá sveitarstjórnum. Umhverfisráðuneytið er vatnastjórnvald fyrir vatnaumdæmin en eftirlit er hjá sveitarfélögum. Það er í höndum umhverfisráðuneytisins að útbúa vatnastjórnunaráætlun fyrir hvert vatnaumdæmi. Umhverfisráðuneytið ábyrgist einnig vöktun svæða og vinnur aðgerðaáætlanir. Vatnastjórnunaráætlun og aðgerðaáætlun eru bindandi fyrir stjórnvöld við framkvæmd annarra laga eins og vatnalaga og vatnsveitulaganna dönsku.

Vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar í sænskan rétt voru gerðar breytingar á 5. kafla sænsku umhverfislaganna 1998:808 (*miljöbalken*) og sett sértök reglugerð nr. 2004:660 um gæðastjórnun vatnasvæða, *forvaltning av kvaliteten.* Umhverfisráðuneytið fer með framkvæmd þeirra laga. Svíþjóð er skipt upp í fimm vatnaumdæmi sem mynda stjórnsýslueiningar vatnamála og er ein lénsstjórn (länsstyrelse) í hverju vatnaumdæmi sem annast stjórnsýslu vatnamála. Sveitarfélög fara með eftirlit með starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfi og heilsu.

Í Noregi hefur vatnatilskipunin verið innleidd með reglugerð nr. 2006:1446, reglugerð um fyrirkomulag varðandi stjórnun vatnamála, *forskrift om rammer for vannforvaltningen* sem tók gildi 1. janúar 2007 en henni var breytt 2009 og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2010. Reglugerðin er sett á grundvelli mengunarlöggjafarinnar (*foruresningsloven*) skipulags og byggingarlaga (*Plan og bygningsloven*) og vatnalaga (*vannressursloven*). Noregi er nú skipt upp í 16 vatnaumdæmi en þau voru 9 áður, þar sem 11 vatnaumdæmi hafa afrennsli í norska lögsögu og 5 alþjóðleg vatnaumdæmi sem hafa afrennsli til Svíþjóðar og Finnlands. Þessi 11 vatnaumdæmi mynda stjórnsýslueiningar vatnamála og er stjórnsýslan hjá stjórnvöldum þessara 11 vatnaumdæma. Vatnastjórnvöld er á vegum svæðissveitarstjórna (*fylkeskommuner*) en það er sambærilegt stjórnvald og lénsstjórnvald í Svíþjóð. Á vegum vatnastjórnvaldanna starfa 11 vatnaumdæmanefndir sem skipaðar eru fulltrúum svæðissveitarstjórnarinnar, annarra svæðissveitarfélaga, fylkismannsembætta, viðkomandi hagsmunaaðila og sveitarfélaga.

Vatnatilskipunin var innleidd í Finnlandi með lögum nr. 1299/2004, um stjórnun vatnsauðlindar, *Act on Water Resources Management*. Í Finnlandi eru 7 vatnasumdæmi, 5 á meginlandinu og 2 alþjóðleg svæði. Þá eru 13 stjórnvöld á svæðisstigi (*Regional Environmental Centres*) hvert með sameiginlega vinnunefnd sem skipuð er stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Þannig eru stjórnvöld vatnamála fleiri en vatnaumdæmin öfugt við það sem er annars staðar á Norðurlöndum.

IV. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Efni frumvarpsins er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum, 2000/60/EB. Frumvarpið er í fimm köflum og hefur að geyma 32 greinar, þrjú ákvæði til bráðabirgða ásamt tveimur viðaukum. Í I. viðauka er að finna yfirlitsmynd yfir landfræðilegt gildissvið frumvarpsins og í II. viðauka eru tilgreindir nánar þeir þættir sem koma eiga fram í vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta kafla eru ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins og skilgreiningar. Annar kafli fjallar annars vegar um stjórnvöld vatnamála, þ.e hvaða stjórnvöld fara með stjórn vatnamála, sem lagt er til að verði vatnaráð, Umhverfisstofnun og sveitarfélög, og hins vegar

um hlutverk þeirra við framfylgd ákvæða laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Vatnasvæðanefndunum er ætlað að vera samstarfsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila og afla upplýsinga um viðkomandi svæði. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir hlutverki rannsóknastofnana og samráðsaðila, þ.e. ráðgjafarnefnda. Gert er ráð fyrir að tvær ráðgjafarnefndir, ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefnd tiltekinna hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka, verði stjórnvöldum til ráðgjafar. Lagt er til að eitt vatnaumdæmi verði hér á landi og er gerð grein fyrir afmörkun vatnaumdæmis með vísan til viðauka I, sem fylgir frumvarpinu. Í þriðja kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um þau umhverfismarkmið sem þarf að ná til að uppfylla kröfur um gæði vatns og í hvaða tilvikum hægt sé að víkja frá kröfum um umhverfismarkmið. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir áætlunum, þ.e. vatnastjórnunaráætlun og aðgerða- og vöktunaráætlun til að ná fram heildstæðri vernd vatns og hvernig þessum áætlunum er fylgt eftir og síðan gert ráð fyrir að unnin verði stöðuskýrsla til að sýna fram á núverandi ástand vatns. Í fimmta kafla eru svo ákvæði um hvernig kynna eigi vatnastjórnunaráætlunina til að ná fram sem víðtækustu samráði við gerð hennar og hvaða réttaráhrif hún hefur gagnvart gerð skipulags og við útgáfu leyfa.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að landið sé eitt vatnaumdæmi, eins og áður er getið, en það myndar stjórnsýslueiningu um þætti sem vinna þarf að vegna vatnsverndar. Ekki var talin þörf á að hafa vatnaumdæmin fleiri en eitt, m.a. vegna legu landsins, þ.e. vegna þess að Ísland er eyja og því ekki með aðliggjandi vatnasvæði við önnur lönd, svo og vegna vatnafars hér á landi. Það eykur skilvirkni við stjórnun vatnsverndar og tryggir meiri yfirsýn og samræmdari vinnubrögð að hafa vatnaumdæmið eitt. Eins leiðir það til minni yfirbyggingar og þar með minni kostnaðar. Gert er ráð fyrir að vatnaráð sem skipað er fulltrúum ríkis og sveitarfélaga hafi yfirumsjón með starfi vatnaumdæmisins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að vatnaumdæminu verði skipt í nokkur vatnasvæði, en fjöldi þeirra verði ákveðinn með reglugerð, og að vatnasvæðanefndir starfi á hverju vatnasvæði. Hlutverk vatnasvæðanefnda er að samræma vinnu við gerð viðeigandi skýrslna og áætlana fyrir viðkomandi svæði. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þannig ber henni að samræma vinnu við gerð þeirra áætlana í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög, vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir. Skilgreint er sérstaklega hlutverk Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Veiðimálastofnunar vegna mikilvægis þessara stofnanana varðandi öflun gagna og upplýsinga við framkvæmd frumvarpsins. Mikil áhersla er lögð á víðtækt samráð við ráðgjafarnefndir og að þær og vatnasvæðanefndir leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn vegna þess starfs sem framkvæma þarf á grundvelli frumvarpsins.

Frumvarpið mælir fyrir um að stjórnsýslan verði einföld, skilvirk, samhæfð, gagnsæ og lýðræðisleg. Með því að hafa yfirstjórn vatnamála hjá vatnaráði, sem samanstendur af fulltrúum þeirra ráðuneyta sem fara með vatnamál hér á landi og fulltrúa sveitarfélaga sem fara með veigamikinn þátt í framkvæmd vatnsverndar, er reynt að tryggja framangreind sjónarmið. Umhverfisstofnun hefur síðan hlutverki að gegna við að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna, m.a. frá opinberum stofnunun, hagsmunaaðilum, sveitarfélögum og öðrum, og á grundvelli þeirra að vinna tillögur að vatnastjórnunaráætlun, aðgerða- og vöktunaráætlun sem eru stýritæki við framfylgd vatnsverndar. Forsenda þessarar vinnu er víðtækt samráð við ráðgjafarnefndir sem samanstanda af hagsmunaaðilum og opinberum stofnunum og eftirlitsaðilum á sviði vatnamála. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samráðsaðilar hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þeim sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á efni vatnastjórnunaráætlunar.

V. Framkvæmd vatnsverndar.

Frumvarpið mælir fyrir um stjórnfyrirkomulag til að tryggja markmið frumvarpsins um langtímaverndun vatns, setur kröfur um umhverfismarkmið og kveður á um hvernig þeim verður náð. Frumvarpið kallar á að settar verði reglugerðir til að útfæra ýmsa þætti frumvarpsins, en í 29. gr. frumvarpsins eru tilgreindar þær reglugerðir sem heimilt er að setja á grundvelli frumvarpsins. Vatnatilskipuninni fylgja tíu viðaukar og varða þeir m.a. fyrirmæli um nánari útfærslu ákvæða tilskipunarinnar. Reglugerðir á grundvelli laganna munu taka upp efni ýmissa þessara viðauka, eins og II. viðauka um lýsingu á eiginleikum og gerð yfirborðsvatns og grunnvatns, ásamt álagsgreiningu á yfirborðsvatni og grunnvatni, V. viðauka um mat til flokkunar á ástandi og vöktun yfirborðsvatns og grunnvatns, um efni og framkvæmd aðgerðaáætlana, sbr. VI viðauka og um tilgreiningu og röðun forgangsefna, sbr. X. viðauki. Lagt er til að VII. viðauki tilskipunarinnar um efni vatnastjórnunaráætlunarinnar fylgi frumvarpinu, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Lögin, verði frumvarp þetta að lögum, eiga að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma, eða frá gildistöku laganna 2010 til ársins 2024. Þannig er frumvarpinu eins og áður segir ætlað m.a. að skilgreina vatnaumdæmi og stjórnsýslufyrirkomulag til að ná fram markmiðum frumvarpsins. Árið 2013 á að skilgreina einkenni vatnaaumdæmisins, m.a. hvað varðar álag og áhrif á vatnsgæði, greiningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum, gera skrá yfir vernduð svæði, og skal stöðuskýrsla vera tilbúin sama ár. Gera skal vöktunaráætlun á árinu 2015 og vakta ástand yfirborðsvatns, grunnvatns og verndaðra svæða. Leggja skal fram og kynna vatnastjórnunaráætlun 2015 og birta árið 2018. Hún skal endurskoðuð og uppfærð á sex ára fresti eftir það. Aðgerðaáætlanir sem byggðar eru á greiningum ástands og vöktunaráætlun á að leggja fram árið 2018 og eiga þær að vera komnar til framkvæmda árið 2021. Árið 2024 er svo afar mikilvægt tímamark því þá á að vera búið að ná fram umhverfismarkmiðum samkvæmt frumvarpinu og tryggja gæði vatns og vistkerfa sem háð eru vatninu. Umhverfismarkmiðin eru bindandi og byggjast á því að hægt sé að knýja þau fram.

Á grundvelli greiningar á eiginleikum og ástandi vatns og vistkerfa þess sem liggja þarf fyrir árið 2013 með stöðuskýrslu verður lagt mat á það hvort þörf sé á aðgerðum til úrbóta og ef svo er verða settar áætlanir um aðgerðir til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins. Upplýsingar um framangreint verða settar fram í vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið. Ísland þarf að gera yfirlit yfir stöðu mála og sýna fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að ná markmiðum frumvarpsins, sem er gott vistfræðilegt ástand vatns. Í kjölfar þess þarf að fylgjast með að ástandið versni ekki og beita til þess úttektum og eftirlitsrannsóknum og, ef þörf krefur, endurbæta eða semja nýjar áætlanir um ráðstafanir. Við skilgreiningar og mat á vatnsgæðum á að nota líffræðilega gæðaþætti, auk þeirra efnafræðilegu og eðlisfræðilegu. Þetta þýðir að skilgreina þarf ástand vatns m.t.t. líffræðilegra gæðaþátta og taka upp eftirlit byggt á þessum þáttum þar sem þess er krafist. Tryggja þarf gagnaflæði og úrvinnslu gagna. Unnið er að því að setja upp gagnakerfi fyrir vatn, WISE (Water Information System for Europa), sem tekur við gögnum m.a. á grundvelli vatnatilskipunarinnar. Einnig er unnið að gerð tæknilegra skilyrða fyrir sýnatökur og greiningar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Fyrsti kafli frumvarpsins hefur að geyma þrjár greinar sem fjalla um markmið, gildissvið frumvarpsins og orðskýringar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er sett fram markmið frumvarpsins og þau grundvallarsjónarmið sem það byggist á. Frumvarpinu er ætlað að vernda vatn og vistkerfi vatns. Þá er því ætlað að koma í veg fyrir að vatnsgæðum hraki og bæta ástand vatnavistkerfa og vistkerfa sem háð eru vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Vatnavistkerfi tekur til ferksvatnsvistkerfa, sjávarvistkerfa og ísaltra vatnavistkerfa. Þannig er andlag frumvarpsins vatnið sjálft og það lífríki sem í því finnst, það vistkerfi og votlendi sem háð er vatni með beinum hætti, en þar er um að ræða vistkerfi á landi sem háð er vatni. Markmið frumvarpsins nær ekki eingöngu til verndar vatns heldur einnig til sjálfbærrar nýtingar vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar sem byggist á því að vatn sé verndað til langs tíma. Þetta felur í sér að vatnsauðlindin sé nýtt á skynsamlegan og hófsaman hátt og innan þeirra marka sem umhverfi, náttúra og vistkerfi þola til langs tíma litið. Jafnframt felst í þessu að við auðlindastjórnun sé gætt jafnvægis í efnahagslegri og samfélagslegri þróun og vernd náttúrunnar og að ákvarðanataka og áætlanagerð byggist á samspili þessara þriggja þátta og niðurstöðum vísindarannsókna. Greinin er byggð á 1. gr. vatnatilskipunarinnar, einkum a- og b-lið hennar.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir hvernig ná eigi fram markmiðum frumvarpsins, en það er gert með því að vinna þær áætlanir sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun, sem nánar er svo lýst í fjórða kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint til hvaða svæðis frumvarpið nær en það er byggt á því að vatnatilskipunin nær til yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar en ytri mörk strandsjávar eru dregin með línu sem er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgin er miðuð við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns. Í viðauka I sem fylgir frumvarpinu er þetta svæði sýnt á korti. Frumvarpið nær því ekki eingöngu til yfirborðsvatns, grunnvatns og árósavatns á landi heldur jafnframt til sjávar að framangreindum mörkum. Greinin er byggð á 1. gr. vatnatilskipunarinnar og 7. tölul. 2. gr. varðandi afmörkun gildissviðs tilskipunarinnar til sjávar. Eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. er andlag frumvarpsins vatn og það vistkerfi sem í því finnst, það vistkerfi og votlendi sem háð er vatni með beinum hætti, en þar er um að ræða vistkerfi á landi sem háð er vatni. Frumvarpið tekur því mið af vatni og lífríki þess. Alþjóðleg skilgreining á votlendi tekur m.a. til vatna og er hér tekið fram að frumvarpið taki til votlendis og vistkerfa sem háð eru vatni. Ekki er til að dreifa sérstöku stjórnvaldi sem fer almennt með stjórnsýslu hafsvæðisins utan netlaga heldur er því verkefni skipt milli ýmissa aðila stjórnkerfisins, svo sem vegna efnistöku í sjó, losunar í hafið, sjókvíeldis og lagningar sæstrengja. Í frumvarpi til vatnalaga, sem unnið hefur verið að af hálfu iðnaðarráðherra, er fjallað um leyfisveitingar og eftirlit með framkvæmdum. Þar kemur m.a. fram að á meðan ekki er til að dreifa sérstöku stjórnvaldi sem fer almennt með stjórnsýslu hafsvæðisins utan netlaga sé ekki efni til að hafa í því almennar reglur um leyfisveitingar og eftirlit með framkvæmdum á þessu hafsvæði. Er því kveðið svo á um í frumvarpi til vatnalaga að það gildi ekki um framkvæmdir í strandsjó utan netlaga.

Um 3. gr.

Í greininni eru hugtök og orðasambönd skilgreind. Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

Efnafræðilegt ástand er notað yfir efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn, sbr. skilgreiningar í II. viðauka vatnatilskipunarinnar. Um er að ræða þætti sem eru notaðir til þess að flokka vatn eftir ástandi næringarefna

í vatni, þetta nær til fleiri þátta, svo sem bakgrunnsástands næringarefna, jarðfræði, dýptar, meðalhita, sveiflna í hæð vatnsborðs og leiðni. Gert er ráð fyrir að framangreindur viðauki verði innleiddur í íslenskan rétt í reglugerð, sbr. heimild í 1. tölul. 29. gr. laganna, verði frumvarp þetta að lögum.

Forgangsefni eru efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi, svo sem efni sem valda visteiturhrifum í vatni og eiturhrifum á menn frá vatnsumhverfi. Um er að ræða ákveðin efni sem þarf að mæla og eru hættuleg umhverfinu, svo sem þungmálmar, lífræn þrávirk efni og efni sem berast langar leiðir, m.a. með loft- og hafstraumum. Efnunum er raðað í forgangsröð að því er varðar aðgerðir á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og umhverfi þess eða út frá því. Röðunin er greind með matsaðferð byggðri á áhættu þar sem m.a er tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, eiturhrifum þeirra í vatni og á lífríki og menn og niðurstöðum úr vöktun. Forgangsefni eru tilgreind skv. 2. mgr. 16. gr. vatnatilskipunarinnar og talin upp í X. viðauka við tilskipunina. Meðal þessara efni eru „hættuleg forgangsefni“ og eru þau tilgreind í samræmi við 3. og 6. mgr. 16. gr. vatnatilskipunarinnar, sbr. og 1. og 8. gr. hennar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun 2455/2001/EB um lista forgangsefna í X. viðauka vatnatilskipunarinnar og tilskipun 2008/105/EB um umhverfisgæðastaðla fyrir forgangsefni verði hluti af EES-samningnum fljótlega.

Strandsjór er yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem samkvæmt ákvæðum vatnatilskipunarinnar er dregin sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns. Af þeim sökum er strandsjórinn víðáttumikill hér við land.

Vatnshlot er eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó. Orðið er m.a. skilgreint í íðorðabók orðanefndar byggingarverkfræðinga og *Orðmyndun*, Smáriti Íslenskrar málnefndar 3. Þar kemur fram að í grannmálum okkar hafi orð sem í almennu máli tákna „líkami“ einnig merkingu sem eðlisfræðilegt hugtak sem skilgreint er sem „afmörkuð heild af efni í storkuham, vökvaham, gasham eða rafham“. Íslenska nýyrðið hlot var sett fram fyrir u.þ.b. tuttugu árum. Um er að ræða orð sem nær yfir danska orðið *legeme*, enska orðið *body* og þýska orðið *Körper*. Þessi orð hafa merkingu í eðlisfræði sem er svo langt frá merkingu íslensku orðanna *líkami* og *hlutur* að ekki var talið eiga við að nota þau orð á sama hátt í íslensku íðorðakerfi. Dæmi: *et flydende legeme*, *a body of gas*, *ein Wasserkörper*. Fram kemur að þarna hafi vantað nýtt orð sem hefði aðra merkingu en *líkami* eða *hlutur*. Stungið var upp á orðinu *hlot* og að segja mætti t.a.m. *vatnshlot* og *berghlot*. Orðið „vatnshlot“ hefur öðlast sess í vatnafræðum hér á landi og er hér notað sem eining um stjórnsýsluna í kringum vatn.

Vatnaumdæmi eru tvö eða fleiri aðliggjandi vatnasvæði ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim og sem saman mynda stjórnsýslueiningu. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að landið allt verði eitt vatnaumdæmi. Öll vatnasvæði á Íslandi, ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim, mynda þess vegna eina stjórnsýslueiningu.

Vatnasvæði er landsvæði með tveimur eða fleiri vatnasviðum. Þar sem vatnasvið eru mjög mörg og oft eðlislík eru þau sett saman í landfræðileg vatnasvæði á einstöku landsvæði eða landshluta. Sem dæmi um vatnasvæði geta verið öll vatnasvið á Vestfjörðum ásamt aðliggjandi strandsjó.

Vistfræðilegt ástand varðar gerð og starfsemi vistkerfa sem tengjast yfirborðsvatnshloti og er metið eftir líffræðilegum gæðaþáttum fyrir hvern flokk yfirborðsvatns.

Vistmegin er notað um ástand vistkerfis í mikið breyttu eða manngerðu vatnshloti til að meta gildi líffræðilegra gæðaþátta.

Að öðru leyti eru skilgreiningar í greininni í samræmi við skilgreiningar á hugtökum og orðasamböndum í öðrum lögum og reglugerðum eða ekki talin þarfnast frekari skýringar. Löggjöf þar sem hlutaðeigandi skilgreiningar er að finna eru m.a. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum. Hér má til að mynda nefna reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 797/1999 um grunnvatn.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um stjórnvöld vatnamála, þ.e þá aðila sem fara með stjórn vatnamála og hlutverk þeirra við framfylgd ákvæða frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að vatnaráð fari með stjórn vatnsverndar undir yfirumsjón umhverfisráðherra og að Umhverfisstofnun annist þá stjórnsýslu vatnamála sem frumvarpið mælir fyrir um. Þá er gerð grein fyrir hlutverki sveitarfélaga, vatnasvæðanefnda, opinberra stofnana og samráðsaðila, þ.e. ráðgjafarnefnda við framfylgd ákvæða frumvarpsins. Framangreint fyrirkomulag er í samræmi við vatnatilskipunina sem gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað sé um málefni vatns heilstætt innan vatnasviða. Breytingar á stjórnsýslu vatnamála sem frumvarp þetta mælir fyrir um miða að því að koma á heildstæðu skipulagi vatnamála. Í frumvarpinu er lagt til að Íslandi verði eitt vatnaumdæmi sem er allt vatnasvið Íslands, árósar og strandsjór. Í 2. tölul. 3. gr. vatnatilskipunarinnar er kveðið á um að tryggja skuli viðeigandi stjórnsýslufyrirkomulag, þar á meðal að tilgreina viðeigandi lögbært yfirvald sem beitir ákvæðum tilskipunarinnar og er ákvæði þessa kafla byggð á þessu ákvæði.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Íslandi verði eitt vatnaumdæmi sem eru allt vatnasvið Íslands, árósar og strandsjór. Í I. viðauka frumvarpsins er að finna yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun vatnaumdæmisins. Ákvæðið er byggt á 1. tölul. 3. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn samkvæmt frumvarpinu og hafi þannig yfirumsjón með framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um. Umhverfisráðuneytið fer með ýmis mál er varða vatn og vatnsvernd. Meðal verkefna þess er náttúruvernd, þar á meðal vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni, umhverfisvöktun, mengunarvarnir, skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og gerð landnýtingaráætlana, rannsóknir á vatnafari landsins og fyrirhleðslur til varnar ágangi vatns, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Það er því ljóst að veigamiklir þættir vatnamála eru á verkefnasviði umhverfisráðuneytis.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun vatnaráðs fyrir vatnaumdæmið, en í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að Ísland skuli vera eitt vatnaumdæmi eins og áður segir. Vatnaráðið hefur mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna samkvæmt frumvarpinu og í 6. gr. er fjallað um verkefni þess. Það er umhverfisráðherra sem skipar vatnaráð til fimm ára í senn. Hér er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í vatnaráð, iðnaðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni hvor um sig einn fulltrúa og að umhverfisráðherra skipi formann vatnaráðs án tilnefningar. Hér er því um að ræða stjórnvald sem skipað er fulltrúum bæði ríkis og sveitarfélaga. Þetta er í samræmi við það sjónarmið að eðlilegt sé að líta á framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um sem sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga. Yfirstjórn vatnsverndar á landsvísu er í höndum umhverfisráðherra og

vatnaráðs en ýmis umfangsmikil verkefni er varða stjórnsýslu vatnamála eru á forræði viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarfélögin fara þannig með skipulagsvald, veitingu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi og framkvæmdaleyfa og annast eftirlit og framkvæmd vatnsverndar að miklu leyti. Stjórnsýsla vatnamála nú er á höndum margra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að ákvörðunum er snerta vatn. Því er lagt til að vatnaráð sé skipað fulltrúum þeirra ráðuneyta sem fara með stjórn vatnamála hér á landi og sveitarfélaga sem fara með veigamikinn þátt í framkvæmd vatnsverndar til að tryggja aðkomu allra þeirra aðila sem fara með stjórn og framkvæmd vatnsverndar. Í II. kafla almennra athugasemda er verkefnum ríkisins og sveitarfélaga á sviði stjórnsýslu vatnamála nánar lýst og er vísað til þeirrar umfjöllunar um þessi verkefni.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um hlutverk vatnaráðs. Í 1. mgr. eru talin upp þau verkefni sem vatnaráð hefur með höndum, en lagt er til að vatnaráð skuli móta stefnu um stjórn vatnamála í samræmi við markmið laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Meginverkefni vatnaráðs er að hafa yfirumsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillögu að vöktunaráætlun, aðgerðaáætlun og vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið og gera tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu þessara áætlana. Í yfirumsjón vatnaráðs felst m.a. að taka efnislega afstöðu til tillagna Umhverfisstofnunar og gæta þess að framangreindar áætlanir hafi verið unnar í samræmi við ákvæði laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Í vatnaráði eru fulltrúar þeirra stjórnvalda sem fara með stjórn og framkvæmd vatnamála og því munu tillögur vatnaráðs til umhverfisráðherra endurspegla þeirra sjónarmið.

Í 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun annist daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og sé ráðinu til ráðgjafar. Þannig er gert ráð fyrir að starfsaðstaða vatnaráðs verði hjá Umhverfisstofnun og að stofnunin leggi ráðinu til starfsmann til að hún geti sinnt starfi sínu.

Um 7. gr

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun annist stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli frumvarpsins. Þannig beri henni m.a. að samræma vinnu við gerð vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög, ráðgjafarnefndir og vatnasvæðanefndir. Umhverfisstofnun hefur síðan hlutverki að gegna við að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá opinberum stofnunum, hagsmunaaðilum, sveitarfélögum og öðrum og er ætlað að vinna tillögur til vatnaráðs að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun sem eru stýritæki við framfylgd vatnsverndar. Þannig er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun vinni slíkar tillögur fyrir vatnaráð sem fer yfir efni þeirra eins og nánar er lýst í athugasemdum við 6. gr.

Undirbúningur að ýmsum verkefnum sem Umhverfisstofnun er ætlað að sinna er þegar hafin eins og gerð er grein fyrir í 4. tölul. í inngangi almennra athugasemda og því er þegar hafinn undirbúningur að framkvæmd efnisákvæða frumvarpsins, enda er stjórnvöldum gert að vinna verkefni samkvæmt tilskipuninni í samræmi við tímaáætlun sem lýst er í V. kafla í almennum athugasemdum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun beri að hafa til hliðsjónar áætlanir opinberra aðila á landsvísu þegar hún vinnur tillögur sínar að vatnastjórnunaráætlun. Með því er leitast við að tryggja að horft sé heildstætt á þær áætlanir sem liggja fyrir við gerð vatnastjórnunaráætlunar.

Í 3. mgr. er lagt til að það sé hlutverk Umhverfisstofnunar að senda samþykkta vatnastjórnunaráætlun til þeirra stjórnvalda og sveitarfélaga sem áætlunin varðar og jafnframt að auglýsa hana opinberlega og hafa hana aðgengilega.

Um 8. gr

Í greininni er fjallað um hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðanefnda við framfylgd vatnsverndar. Eins og fram kom í almennum athugasemdum gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mikilvægu hlutverki við framfylgd vatnsverndar. Þau sjá m.a. um flokkun vatns, gefa út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi þar sem m.a. eru sett skilyrði um losun efna í vatn og hafa með höndum eftirlit með þessum framkvæmdum. Jafnframt sjá þau um vöktun vatns og eiga að grípa til aðgerða ef ástand vatns versnar. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarfélögum sé ætlað að framfylgja þeim kröfum sem kveðið er á um í vöktunar- og aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði laganna verði frumvarp þetta að lögum. Þá er í ákvæðinu áréttað að sveitarfélög skuli vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning hennar að tillögu að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar. Þetta er í samræmi við e-lið 7. gr. frumvarpsins þar sem segir að Umhverfisstofnun eigi að vinna framangreindar áætlanir í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög.

Í 2. mgr. er kveðið á um skiptingu vatnaumdæmisins í vatnasvæði, en vatnasvæði er skilgreint í 3. gr. sem landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum. Því er lagt til að í reglugerð, sbr. 8. tölul. 29. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um fjölda vatnasvæða og landfræðilega afmörkun þeirra. Mörk vatnasvæða eru ákvörðuð af vatnsformfræðilegri útbreiðslu vatns og ræðst af vatnafræðilegri afmörkun þannig að ekki er um hefðbundin stjórnsýslumörk að ræða. Vatnasvæðin geta þannig náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag, svo sem t.d. ef Suðurland væri eitt vatnasvæði, eða yfir hluta af sveitarfélagi, t.d. hvað varðar Grímsey, eða farið saman við sveitarfélagsmörk til að mynda hvað varðar Vestmannaeyjar. Við skiptingu vatnaumdæmis í vatnasvæði ber að hafa í huga íbúafjölda landsins, grunnatvinnugreinar hér á landi, samgöngur og þjónustustarfsemi, að stærð vatnasvæða sé hagkvæm og að skilvirk starfsemi sé tryggð.

Gert er ráð fyrir að sérstakar vatnasvæðanefndir, sbr. 3. mgr., verði starfræktar á hverju vatnasvæði til að annast framkvæmd tiltekinna verkefna á vatnasvæðinu. Í vatnasvæðanefndum verði fulltrúar frá sveitarfélögum viðkomandi vatnasvæðis, heilbrigðiseftirliti svæðisins og frá Umhverfisstofnun sem jafnframt skal stýra starfi nefndarinnar. Í reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna verður kveðið á um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum, sbr. 9. tölul. 29. gr.

Vatnasvæðanefndir starfa í umboði Umhverfisstofnunar og er þeim ætlað að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði vegna gerðar vöktunar- og aðgerðaáætlunar svo og vatnastjórnunaráætlunar og stöðuskýrslu fyrir vatnaumdæmið, sbr. 4. mgr. Starf vatnasvæðanefnda hefur því mikla þýðingu fyrir það starf sem Umhverfisstofnun er ætlað að sinna skv. 7. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir mjög nánu samstarfi Umhverfisstofnunar við fagaðila og sveitarfélög á viðkomandi svæði við framfylgd ákvæða frumvarpsins.

Um 9. gr

Í greininni er lagt til að með Umhverfisstofnun verði starfandi tvær ráðgjafarnefndir, ráðgjafarnefnd fagstofnana, þ.e. þeirra sérfræðistofnana sem tilgreindar eru í 2. mgr., og eftirlitsaðila annars vegar og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og umhverfismála, sbr. 1. mgr. Undir hagsmunaaðila falla t.d. Samtök

atvinnulífsins, Samtök veiðiréttarhafa, veiðifélög, samtök útivistarfélaga, Bændasamtökin, samtök orkufyrirtækja, hafnarsambönd og fleiri. Frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar og umhverfismála eru t.d. Fuglaverndarfélag Íslands, Félag um verndun hálendisins, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, samtök útivistarfélaga, skógræktar- og landgræðslusamtök. Hjá slíkum félagasamtökum er viðamikil fagþekking á sérsviði þeirra sem mun gagnast við gerð stöðuskýrslna og áætlana.

Í 2. mgr. eru tilgreindar sérstaklega þær opinberu stofnanir sem skulu eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila en um er að ræða allar ríkisstofnanir sem hafa hlutverk á sviði vatnamála á einn eða annan hátt, auk fulltrúa frá viðkomandi náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Framangreindir aðilar eiga að leggja fram nauðsynleg gögn sem til eru, sbr. 3. mgr., og nýst geta við gerð stöðuskýrslu, vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnastjórnunaráætlunar. Þessi gögn eru meðal annars kort og ýmsar rannsóknir á vatnafari, lífríki og vistkerfum landsins. Meginhlutverk ráðgjafarnefnda er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar en þær bera hins vegar ekki ábyrgð á framkvæmd vatnsverndar heldur er það verkefni viðkomandi stjórnvalda samkvæmt frumvarpinu.

Í 4. mgr. er lagt til að ráðgjafarnefndir hafi sér til aðstoðar starfsmann sem Umhverfisstofnun leggur til og hafi umsjón með starfi nefndanna. Ráðgjafarnefndir hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna samkvæmt frumvarpinu og því þarf að tryggja fjármagn til þeirra þannig að þær hafi starfsaðstöðu og geti ráðið sér starfsmann sem heldur utan um starf nefndanna.

Um 10. gr

Í greininni eru tilgreindar þær rannsóknastofnanir sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna við framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, þ.e. Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunin. Gert er ráð fyrir að þessar stofnanir leggi m.a. til þau gögn sem liggja fyrir vegna lögbundins hlutverks þeirra, eins og nánar er tilgreint í 1. mgr.

Aðrar rannsóknastofnanir, svo sem Náttúrufræðistofnun Ísland, náttúrustofur sveitarfélaga og rannsóknarstofur, hafa einnig veigamiklu hlutverki að gegna í náttúrurannsóknum. Hlutverk þeirra gagnvart lífríki vatna er hins vegar minna en þeirra stofnana sem tilgreindar eru í 1. mgr. Í 2. mgr. kemur fram að rannsóknastofnanir skv. 1. mgr. geti leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna, eftir því sem við á. Þetta geta t.d. verið vist- og vatnafræðileg gögn frá öðrum ríkisstofnunum, háskólum og einkareknum rannsóknarstofum. Margar rannsóknastofnanir hafa tekið virkan þátt í undirbúningi að innleiðingu vatnatilskipunarinnar. Til að mynda hafa Náttúrufræðistofa Kópavogs og Líffræðistofnun Háskóla Íslands gegnt veigamiklu hlutverki.

Í 3. mgr. kemur fram að Umhverfisstofnun skuli gera samning við þær stofnanir sem taldar eru upp í greininni og geti jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar þessara laga. Þannig þarf Umhverfisstofnun að fá á sérstöku fjárlaganúmeri fjármuni til þeirra verka sem framkvæmd laganna kallar á. Stofnanir og aðrir aðilar sem Umhverfisstofnun semur við um ákveðin verk samkvæmt þessari grein leggja því til sérfræðivinnu samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun m.a. vegna vinnu við stöðuskýrslu, samanburð á ástandi vatns við önnur lönd, aðgerða- og vöktunaráætlun og vatnastjórnunaráætlun.

Um III. og IV. kafla.

Í III. og IV. kafla frumvarps þessa er fjallað um umhverfismarkmið og áætlanir.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu

til verið hluti af íslenskri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins hinn 1. janúar 1994. Helsti tilgangur vatnatilskipunarinnar er að koma í veg fyrir frekari hnignun vatns, vernda það og bæta ástand þess. Vatnatilskipunin á einnig að stuðla að langtímavernd vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Tilskipunin setur fram metnaðarfull umhverfismarkmið sem eru mjög mikilvæg fyrir umhverfið. Fjallað er um umhverfismarkmið í 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Greinin fjallar þó ekki almennt um umhverfismarkmið sem slík heldur skírskotar til einstakra efnisatriða, sbr. 11. gr. tilskipunnarinnar, sbr. og 11.–14. gr. og 16. gr. þessa frumvarps. Eins og að framan greinir heyra margar tilskipanir sem þegar hafa verið teknar upp í í löggjöf hér á landi undir ramma vatnatilskipunarinnar.

Gert er ráð fyrir að unnin sé heildstæð vatnastjórnunaráætlun með tilheyrandi aðgerðaáætlun fyrir árið 2015 sem koma á til framkvæmda eigi síðar en árið 2018.

Árið 2021 á aðgerðaáætlun að vera komin til framkvæmda og þannig skal fyrir þann tíma ná að minnsta kosti góðu efnafræðilegu ástandi og góðu vistfræðilegu ástandi eða góðu vistmegni í vatnshlotunum. Með vistmegni er átt við ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots. Sé búið að ná settum markmiðum mega umhverfismarkmið ekki versna. Gerðar eru vægari kröfur um vistfræðilegt ástand hvað varðar starfsemi sem er samfélagslega mikilvæg, svo sem virkjanir, hafnarmannvirki og vegagerð, sem leiðir til manngerðs og mikið breytts vatnshlots. Þar sem það er ómögulegt eða óhóflega kostnaðarsamt að ná góðu vistmegni má veita lengri frest til að ná markmiðunum eða veita tímabundna heimild til að uppfylla vægari umhverfiskröfur. Hefja má umsvif jafnvel þótt það leiði til þess að umhverfismarkmið náist ekki eða ástandið versni en forsenda þess er að samfélagslegur ávinningur sé meiri en minni umhverfisgæði.

Vatnatilskipunin á einnig að vernda vatnaumhverfi gegn mengun af völdum umhverfisskaðlegra efna. Hún mælir fyrir um að dregið sé úr notkun svokallaðra forgangsefna í áföngum og að hætt verði notkun tiltekinna hættulegra forgangsefna fyrir árið 2030.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að umhverfismarkmið séu skilgreind eftir vatnagerðum. Þannig skal tryggja að unnt sé að bera saman flokkun vatnshlota við vatnagerðir annarra landa. Þá skal flokka ástand vatns í mjög gott, gott eða sæmilegt. Ákvæði um umhverfismarkmið eru ekki nýmæli í löggjöf hér á landi. Flokkunin sem kveðið er á í 2. málsl. 1. mgr. er í samræmi við ákvæði sem fram koma í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í 8. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að flokka vatn í samræmi við 9. gr. sömu reglugerðar. Í þeirri grein er kveðið á um flokkun vatns og er sú flokkun sama og tilgreind er í vatnatilskipuninni. Umhverfismarkmiðin skulu unnin í samræmi við kröfur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og reglugerða settra samkvæmt þeim. Við ákvörðun um umhverfismarkmið þarf jafnframt að taka mið af kröfum um vatnsvernd og umhverfisgæði samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn. Jafnframt er kveðið á um heimild til að setja ákvæði um eftirlit, skráningu, tilkynningarskyldu og vöktun. Á grundvelli framangreindrar reglugerðarheimildar hafa verið settar reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 804/1999 um varnir gegn mengun

vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þessar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli gerða sem heyra undir vatnatilskipunina og þannig verið innleiddar hér á landi.

Í 2. mgr. er fjallað um gæði grunnvatns sem meta skal eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum eiginleikum þess. Í 1. málsl. málsgreinarinnar er kveðið á um að gæði yfirborðsvatns skuli metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum eiginleikum þess.

Í II. viðauka við vatnatilskipunina er lýsing á eiginleikum grunnvatns- og yfirborðsvatnshlota, þ.e. kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn, strandsjór og manngerð og mikið breytt vatnshlot. Viðaukinn fjallar einnig um vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota og um setningu sértækra viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og grunnvatn, álagsgreiningu og mat á áhrifum á yfirborðsvatn. Í samræmi við kort A og B í XI. viðauka vatnatilskipunarinnar er Ísland á vistsvæði 19 (Ísland) fyrir ár og stöðuvötn og vistsvæði 1 fyrir árósavatn og strandsjó. Þá er í viðauka II lýsing á eiginleikum grunnvatns, yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn, yfirlit yfir áhrif breytinga á hæð grunnvatns og loks yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns.

V. viðauki tilskipunarinnar fjallar um ástand yfirborðsvatns og grunnvatns. Lögbært stjórnvald, sem samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun, á að vinna stöðuskýrslu í samvinnu við sveitarfélög og hlutaðeigandi hagsmunaaðila, svo sem fagstofnanir, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, náttúrustofur, atvinnulífið og frjáls félagasamtök. Í viðaukanum er jafnframt kveðið á um að fjalla eigi um gæðaþætti til flokkunar á vistfræðilegu ástandi, samræmdar skilgreiningar á flokkun á vistfræðilegu ástandi, vöktun á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns, svo og flokkun og framsetningu vistfræðilegs ástands grunn- og yfirborðsvatns. Varðandi grunnvatn á að fjalla um magnstöðu grunnvatns og flokkun á magnstöðu þess. Loks er í V. viðauka kveðið á um að tilgreina eigi efnafræðilegt ástand grunnvatns og vakta það.

Til að tryggja framkvæmd ákvæða þessarar greinar er í 3. og 4. tölul. 29. gr. frumvarpsins lagt til að sett verði heimild í reglugerð til að kveða á um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim og að sett verði ákvæði um efni og framkvæmd áætlana um vöktun.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið fyrir yfirborðsvatn og grunnvatn. Lagt er til að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot þannig að ástand þeirra versni ekki. Gerð er tillaga um að styrkja skuli og endurheimta gæði grunnvatnshlotsins með það að markmiði að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess sé að lágmarki gott. Loks er lagt til að tryggja skuli jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns með hliðsjón af því að grunnvatnshlotið sé með góða magnstöðu. Magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif bein eða óbein vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Sjálfbær nýting veitis (aquifer) gengur út á að ekki er tekið meira úr honum en kemur inn í hann með sjálfstreymi á náttúrulegan hátt. Veitir er berglag eða lög undir yfirborði jarðar eða önnur jarðlög sem eru svo gropin eða gegndræp að umtalsvert grunnvatn getur runnið um þau eða þar getur farið fram grunnvatnstaka í sama mæli og nærir veitinn.

Ákvæði í þessari grein eru til innleiðingar á a- og b-lið í 1. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar og nánar er fjallað um í V. viðauka sömu tilskipunar, sbr. umfjöllun um 11. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið varðandi manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Kveðið er á um í 1. mgr. að vernda skuli ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots þannig að það versni ekki og styrkja skuli ástand þess með hliðsjón af því að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott.

Miða skal við að umhverfismarkmið fyrir manngerð og mikið breytt vatnshlot séu sem líkust því ástandi sem er í sérhverjum flokki náttúrulegs yfirborðsvatns, þ.e. kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn og strandsjór, sem líkist helst hinu mikið breytta eða manngerða vatnshloti sem um ræðir.

Vistmegin er hugtak sem notað er um ástand vistkerfis í mikið breyttu eða manngerðu vatnshloti til að meta gildi líffræðilegra gæðaþátta. Mjög góðu ástandi er ekki hægt að ná í vatnshlotum sem eru mikið breytt eða manngerð. Þess í stað geta þessi mikið breyttu eða manngerðu vatnshlot verið metin í líffræðilega gæðaþætti sem „besta vistmegin“, „gott vistmegin“ eða „sæmilegt vistmegin“, sbr. iii-lið a-liðar 1. tölul. og 3. tölul. 4. gr. og kafla 1.2.5 í V. viðauka í vatnatilskipuninni.

Í 2. mgr. er lagt til að yfirborðsvatnshlot megi flokka sem manngert eða mikið breytt, ef þær úrbætur á vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem nauðsynlegar eru til að ná fram góðu vistfræðilegu ástandi hafa í för með sér veruleg neikvæð áhrif á umhverfið í heild eða tiltekin umsvif. Um er að ræða siglingar, þ.m.t. hafnaraðstöðu og afþreyingu, starfsemi sem gerir ráð fyrir geymslu, flutningi og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsbirgða, orkuvinnslu eða áveitu, flóðavarnir, framræslu, eða önnur sjálfbær umsvif manna. Ákvæðið er byggt á 3. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar þar sem kveðið er á um að aðildarríki geti tilgreint yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef tilteknar forsendur liggja fyrir. Þetta á við þegar ekki er gerlegt eða ef kostnaður er óhóflegur við að ná á sanngjarnan hátt markmiðum um ávinning af manngerðu eða breyttum eiginleikum vatnshlots með annarri aðgerð sem væri umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða. Framangreinda tilgreiningu þarf að rökstyðja í vatnastjórnunaráætlun, sbr. ákvæði 20. gr. þessa frumvarps.

Gerð er tillaga í 3. mgr. um að ákvæði 2. mgr. eigi ekki við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna hlutfallslega of mikils kostnaðar við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum. Lagt er til að taka skuli fram í vatnastjórnunaráætlun ef skilyrði 2. mgr. eru fyrir hendi og þá röksemdir fyrir því.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið varðandi forgangsefni og hættuleg forgangsefni. Forgangsefni eru efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því og raðað er í forgangsröð.

Í 1. mgr. er kveðið á um að framkvæma skuli nauðsynlegar aðgerðir með það að markmiði að dregið verði smám saman úr mengun vegna forgangsefna í vatni og að losun hættulegra forgangsefna verði stöðvuð.

Í 2. mgr. er lagt til að raða skuli efnum í forgangsröð. Efnunum er raðað í forgangsröð að því er varðar aðgerðir í því skyni að geta staðist tímaáætlun á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því. Hættan er greind með einfaldri matsaðferð byggðri á áhættu sem grundvallast á vísindalegum meginreglum þar sem m.a er tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, vöktun á mengun, visteiturhrifum þeirra í vatni og eiturhrifum á menn í gegnum vatn og vísbendingum sem fengnar eru með vöktun á

útbreiddri umhverfismengun og öðrum þáttum sem gefa til kynna að um útbreidda umhverfismengun geti verið að ræða, svo sem magni viðkomandi efnis, sem framleitt er eða notað, og notkunarmynstri þess.

Samkvæmt 2. tölul. 29. gr. frumvarpsins er heimild til handa ráðherra að setja ákvæði í reglugerð um tilgreiningu og röðun forgangsefna og hættulegra forgangsefna á lista og ráðstafanir vegna þeirra. Setning reglugerðarinnar ásamt ákvæðum sem fram koma í þessari grein fæli í sér innleiðingu X. viðauka vatnatilskipunarinnar, sbr. ákvörðun 2455/2001/EB. Tilskipun 2008/105/EB um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar breytir og fellir úr gildi tilskipanir 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE. Gerðin breytir einnig vatnatilskipuninni 2000/60/EB og fyllir þannig í X. viðauka hennar og tilgreinir þau forgangsefni sem um ræðir, sbr. 2. tölul. 16. gr. tilskipunarinnar. Gerðirnar verða fljótlega hluti af EES-samningnum.

Tilskipun 2008/105/EB ákvarðar umhverfisgæðastaðla í yfirborðsvatni fyrir efni á forgangslista og önnur mengunarefni sem tilgreind eru í 16. gr. vatnatilskipunarinnar í þeim tilgangi að ná góðri efnafræðilegri stöðu á yfirborðsvatni og í samræmi við ráðstafanir og markmið 4. gr. tilskipunarinnar.

Vatnatilskipunin setur stefnu gegn mengun vatns og kveður á um frekari sérhæfðar mælingar á mengun og umhverfisgæðastaðla. Skv. 8. og 16. gr. vatnatilskipunarinnar eiga aðildarríkin að taka upp nauðsynlegar mælingar í þeim tilgangi að draga úr mengun af völdum efna á forgangslista á árangursríkan hátt og minnka eða stöðva útblástur, losun og tjón vegna hættulegra efna á forgangslista. Aðildarríkin eiga að skipuleggja mælingar á styrk ákveðinna forgangsefna sem tilgreind eru í 8. gr. vatnatilskipunarinnar til að fá samfelldar mælingar á styrk þessara efna sem hafa tilhneigingu til að safnast upp í seti og lífríki.

Aðildarríkin mega setja umhverfisgæðamörk á landsvísu fyrir þessi hættulegu forgangsefni og efnasambönd þeirra í lífríki og í seti og nota til þess breytur úr umhverfinu. Aðildarríkin mega skilgreina þynningarsvæði við punktuppsprettur fyrir sömu efni þar sem eitt af viðkomandi efnum má fara yfir umhverfisgæðamörk ef þau fara ekki yfir viðkomandi mörk fyrir afganginn af efnunum í yfirborðsvatninu sem umhverfisgæðastaðlarnir ná yfir. Loks kveður tilskipun 2008/105/EB á um að aðildarríkin eigi að halda aðgengilega skrá fyrir hvert vatnasvæði, þ.m.t. kort ef við á, um upplýsingarnar um losun þessara tilteknu efna sem safnað er á grunni tilskipunar 2000/60/EB, reglugerðar (EB) nr. 166/2006 um gagnagrunn um losun og flutning mengunarefna og annarra forgangsefna sem fjallað er um á lista A í viðauka I með tilskipun 2008/105/EB. Grunnviðmiðunartíminn við mat á styrk mengunarefna á að vera eitt ár á tímabilinu 2008–2010.

Í 3. mgr. er lagt til að vöktun og rannsókn forgangsefna skuli framkvæmd af rannsóknarstofum sem hafa vottun samkvæmt alþjóðastöðlum og eru faggiltar samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Allar aðferðir við greiningar sem notaðar eru í tengslum við efnavöktunaráætlanir sem framkvæmdar eru vegna vatnatilskipunarinnar eiga að vera í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC-17025 eða sambærilegan staðal sem viðurkenndur er á alþjóðavísu. Rannsóknarstofur eða verktakar á þeirra vegum eiga að hafa viðeigandi vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Rannsóknarstofur eða verktakar á þeirra vegum þurfa einnig að sýna fram á að viðkomandi hafi tekið þátt í viðurkenndum æfingaprófunum. Nánari ákvæði og útfærslur verða settar í reglugerð, sbr. 29. gr., verði frumvarp þetta að lögum.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um fresti til að ná umhverfismarkmiðum. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 4. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. frumvarpsins skal náð eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnastjórnunaráætlunin hefur verið staðfest, sbr. 1. mgr. Í 2. málsl. 1. mgr. er gerð tillaga um að framlengja megi fresti tvisvar sinnum um allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að minnsta kosti eitt eftirtalinna tilvika sé fyrir hendi: að ekki sé hægt að framkvæma úrbætur innan frestsins vegna tæknilegra ástæðna eða að það mundi vera óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið ef ná þyrfti fram úrbótum innan frestsins eða að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan frestsins séu ekki framkvæmanlegar.

Frekari lenging frests umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður, samkvæmt því sem lagt er til í 2. mgr., því aðeins veitt að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um vægari umhverfismarkmið og byggjast ákvæðin á 5. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Ákveða má vægari umhverfismarkmið þegar vatnshlot er undir það miklum áhrifum af starfsemi manna að ógerlegt er eða óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið, að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Til þess að þetta sé heimilt þurfa að vera uppfyllt þau skilyrði sem tilgreind eru á a–c-lið ákvæðisins.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um afleiðingar af náttúrulegum orsökum eða óviðráðanlegum ytri atvikum fyrir vatnshlot í samræmi við ákvæði 6. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að ef vistfræðilegt ástand í vatnshlotinu spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika teljist það ekki brjóta í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögunum, verði frumvarp þetta að lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að grípa skuli til þeirra ráðstafana sem raunhæft er að framkvæma til að koma í veg fyrir frekari rýrnun ástandsins og að skaði hljótist af í öðru vatnshloti af atviki skv. 1. mgr. Hugtakið „náttúrulegar orsakir“ vísar til atvika eins og t.d. flóða og þurrka. Flóð geta skolað mengandi efnum út í vatnaumhverfið og þurrkar raska búsvæðum. Hugtakið „óviðráðanleg ytri atvik“ vísar til atvika sem verða vegna mengunaróhappa, t.d. vegna olíuslysa, stórbruna og efnamengunar. Stórbruni, eins og átti sér stað í Þjóðgarðinum á Þingvöllum sumarið 2009 þar sem allt að 5000 tonn af slökkvivatni var notað hafði það í för með sér að mengandi slökkvivatn rann óhindrað í Þingvallavatn, er dæmi um slíkt. Það er viðurkennt að það getur tekið tíma að þær aðstæður skapist sem nauðsynlegar eru til að endurheimta gott vistfræðilegt ástand þannig að plöntur og dýr nemi aftur land. Jafnframt er það viðurkennt að af völdum mismunandi náttúrulegra landfræðilegra aðstæðna getur tekið tíma fyrir grunnvatnshlot að ná góðu efnafræðilegu ástandi. Hafa ber í huga að um getur verið að ræða aðgerðir sem gripið er til í neyð til að bjarga lífi og eignum á meðan á flóðum stendur, aðgerðir til að útvega almenningi neysluvatn á löngum þurrkatímabilum og að leyfa tímabundna mengun vegna vatnsmengunar af völdum flóða. Viðbrögð vegna atvika sem eiga sér náttúrulega orsök eru til undantekningar og ekki fyrirsjáanleg. Röskun sem af þessu hlýst getur haft í för með sér varanlegar breytingar en oftar jafnar vistkerfið sig þegar frá líður. Loks geta loftslagsbreytingar haft áhrif á vistkerfið.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu vatnshlots, sbr. ákvæði 7. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að heimila megi breytingu á vatnshloti þegar tilteknar forsendur eru fyrir hendi þó að slíkt hafi í för með sér að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum sem 11. gr. frumvarpsins kveður á um. Þannig ætti þetta við ef ástæðan væri ný framkvæmd sem mundi leiða til breytinga á vatnsgæðum og á eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlots, svo sem breyting á hæð grunnvatnshlots eða ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hefðu í för með sér að yfirborðsvatnshlotið færi úr mjög góðu ástandi í að vera gott ástand. Í a-lið 1. mgr. er um að ræða nýjar framkvæmdir sem hafa umtalsverð áhrif á þróun og gerð vatnshlotsins. Breytingin á við eðlisræna eiginleika vatnshlotsins sem þýðir breytingar á vatnsformfræðilegum eiginleikum þess. Áhrifin geta orðið beint vegna breytinganna eða vegna breytinga á vatnsgæðum vegna breytinga vatnshlotsins. Sem dæmi má nefna breytingar vegna vatnsaflsvirkjana, flóðavarna, vegagerðar eða gerðar siglingavega. Einnig er um að ræða gerð aðrennslisskurða fyrir vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón sem geta haft áhrif á súrefni og hitastig vatnsins sem aftur hefur áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins í miðlunarlóninu eða í ánni neðan virkjunar. Þetta vistfræðilega ástand getur verið frábrugðið ástandi í óbreyttu vatnshloti. Allar þessar framkvæmdir eru annaðhvort tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt sömu lögum. Í b-lið 1. mgr. er um að ræða ný sjálfbær umsvif manna. Vatnatilskipunin skilgreinir þessi umsvif ekki, en m.a. getur verið um að ræða umsvif eða starfsemi sem er starfsleyfisskyld eða framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Skoða þarf saman almenn áhrif margra smárra umsvifa, t.d. mörg lítil fiskeldi í sama firði þegar horft er til framkvæmda sem falla undir b-lið 1. mgr.

Tryggja þarf að skilyrðum mengunarbótareglunnar sé fullnægt, varúðarsjónarmiðum sé beitt o.s.frv., þannig að ferlið sem beitt er sé í anda „góðrar stjórnsýslu“ (good governance).

Jafnframt er kveðið á um í 2. mgr. að auk framangreindra skilyrða um breytingu á vatnshloti þurfi öll þau skilyrði sem talin eru upp í 2. mgr. að vera uppfyllt. Þau skilyrði eru í fyrsta lagi að gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots. Í öðru lagi að ástæðurnar fyrir hinum nýju umsvifum eða breytingunum vegi þyngra vegna almannaheilla og ávinningurinn af breytingum fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbærrar þróunar sé meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist og loks í þriðja lagi að tilganginum með þessum nýju umsvifum verði ekki með góðu móti náð eftir öðrum leiðum sem eru verulega umhverfisvænni vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli annast gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið Ísland. Greinin er byggð á 13. gr. og VII. viðauka vatnatilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun vinni vatnastjórnunaráætlun í samvinnu við sveitarfélög. Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnastjórnunaráætlunina samkvæmt frumvarpinu eigi síðar en 1. janúar 2018, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Í VII. viðauka vatnatilskipunarinnar er fjallað um vatnastjórnunaráætlanir fyrir vatnaumdæmi og tilteknir þeir þættir sem fjalla skuli um í henni. Í viðauka II með frumvarpinu eru tekin upp efnisatriði framangreinds viðauka en lagt er til að vinna skuli vatnastjórnunaráætlun í samræmi við hann.

Í 1. mgr. er kveðið nánar á um hvað skuli koma fram í vatnastjórnunaráætluninni. Í fyrsta lagi skal þar vera almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota. Þegar um er að ræða yfirborðsvatn skal setja fram á korti staðsetningu vatnshlota, vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnasviðsins. Einnig skal tilgreina skilyrði fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota. Þegar um er að ræða grunnvatn á að sýna á korti staðsetningu og mörk grunnvatnshlota. Í öðru lagi skal vera lýsing á umtalsverðu álagi og áhrifum af starfsemi á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns í vatnaumdæminu. Meta á mengun frá punktupptökum, mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. samantekt á landnýtingu, álag á magnstöðu grunnvatns, þ.m.t. vatnstöku, og einnig skal gera grein fyrir öðrum áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku verði skráð. Þetta felur í sér að vernduð svæði verði tilgreind og kortlögð í samræmi við ákvæði 25. gr. frumvarpsins, svo og núverandi vatnshlot fyrir neysluvatnstöku og vatnshlot þar sem neysluvatnstaka er fyrirhuguð í framtíðinni. Í fjórða lagi skal áætlunin innihalda greinargerð um vöktun og niðurstöður vöktunar sem gera skal í samræmi við vöktunaráætlun. Í fimmta lagi skal tilgreina umhverfismarkmið fyrir vatnshlot á Íslandi. Halda skal skrá yfir þau markmið sem komið er á, samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. frumvarpsins, fyrir vatn og vernduð svæði, þ.m.t. tilvik þar sem ákvæðum 15.–18. gr. er beitt, ásamt tengdum upplýsingum sem krafist er samkvæmt þeim greinum. Í sjötta lagi skal fjalla um skiptingu vatnaumdæmis í vatnasvæði eins og þau hafa verið ákveðin með reglugerð. Vísast hér til athugasemda um 2. mgr. 8. gr. Í sjöunda og áttunda lagi skal gera samantekt á aðgerðaáætlun og yfirlit yfir nánari aðgerðir og að lokum skal gera samantekt á samráði við almenning. Virkt samráð við almenning, frjáls félagasamtök, atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila er grunnur að því að vel takist til í stjórnun vatnamála hér á landi.

Í 2. mgr. er lagt til að vatnastjórnunaráætlun verði tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár, sbr. 13. gr. og VII. viðauka vatnatilskipunarinnar.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um að í vatnastjórnunaráætlun skuli gera nánari grein fyrir og færa rök fyrir tilteknum ákvörðunum. Lagt er til að þetta eigi við í þeim tilvikum þegar ákveðið er að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt, ákveðið sé að lengja fresti um umhverfismarkmið, ákveðin séu vægari umhverfismarkmið þegar fram koma breytingar af náttúrulegum orsökum á vatnshloti eða ef áætlað er að hefja nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða gera breytingar.

Í 2. mgr. er lagt til að ef ákveðið er að lengja fresti samkvæmt lögunum, verði frumvarp þetta að lögum, skuli auk þess koma fram tímaáætlun um framkvæmd ráðstafana og þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum vera tilgreindar.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um aðgerðaáætlun og er byggð á 11. gr. og VI. viðauka vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun annist gerð tillögu að aðgerðaáætlun fyrir vatnaumdæmið Ísland sem taki til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu. Kveðið er á um að áætlunin skuli byggð á greiningu og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnastjórnunaráætlun. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði hluti af vatnastjórnunaráætlun.

Samkvæmt 2. mgr. á í aðgerðaáætlun að telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem lagt er til að ráðist verði í til að settum umhverfismarkmiðum verði náð. Ákvarðanir um ráðstafanir sem fram koma í aðgerðaáætlun skulu, samkvæmt greininni, teknar af þar til bærum stjórnvöldum á grundvelli viðkomandi löggjafar, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ef niðurstaða vöktunar eða annarra gagna benda til þess að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum varðandi vatnshlot beri að leita skýringar á því og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið. Hér getur verið um að ræða mengun eða meira álag en ráð var fyrir gert frá starfsemi eða umsvifum eða manngert og mikið breytt vatnshlot og að frestir til að ná umhverfismarkmiðum náist ekki eða að vægari umhverfismarkmið verði ákveðin, sbr. 13., 15. og 16. gr. frumvarpsins, sbr. og 18. gr. Þessi ákvæði eru til innleiðingar á 5. tölul. 11. gr. vatnatilskipunarinnar. Rökstyðja skal tekna ákvörðun, sbr. ákvæði 20. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að aðgerðaáætlun skuli liggja fyrir í síðasta lagi árið 2018. Ef nauðsyn krefur skal áætlunin tekin til endurskoðunar og skal uppfæra hana sjötta hvert ár. Ráðstafanir skulu tiltækar til notkunar í síðasta lagi þremur árum eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun geri áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns, grunnvatns og vöktun svæða sem njóta verndar innan vatnaumdæmisins og skal vöktunaráætlunin veita heildarsýn á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal liggja fyrir eigi síðar en árið 2015, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Gerð er tillaga um að vöktunaráætlun skuli endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Kveðið er á um í 2. mgr. að vöktunaráætlun skuli ná yfir viðeigandi vistfræðilega, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti og vöktun á magnstöðu grunnvatns. Þá skal í áætluninni ákveða tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis sem veitt er á grundvelli reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lagt er til að hlutaðeigandi stofnarnir ríkis og sveitarfélaga sjái um vistfræðilega, vatnsformfræðilega, svo og eðlisefnafræðilega, vöktun gæðaþátta ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Vöktun yfirborðsvatns skal vera í samræmi við kafla 1.3 í V. viðauka vatnatilskipunarinnar og byggð á flokkun varðandi gæðaþætti og samræmdar skilgreiningar á vistfræðilegu ástandi sem koma fram í köflum 1.1 og 1.2 í viðaukanum. Vöktun grunnvatns skal byggð á kafla 2.1 um magnstöðu grunnvatns og efnafræðilegt ástand þess, sbr. kafla. 2.3 í sama viðauka. Gert er tillaga um að V. viðauki tilskipunarinnar verði innleiddur hér á landi með reglugerð sem sett verður með stoð í 29. gr. laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Gert er ráð fyrir að ákvörðun 2005/646/EB um að koma á skrá fyrir staði sem mundu mynda net millikvörðunar (intercalibration network), í samræmi við vatnatilskipunina, og ákvörðun 2008/915/EB um ákvarða, í samræmi við vatnatilskipunina, gildi á vöktunarkerfisflokkanir aðildarríkjanna sem leiddu af samræmingu vöktunarbreyta (intercalibration exercise) verði hluti af EES-samningnum fljótlega. Þessar ákvarðanir byggja á V. viðauka vatnatilskipunarinnar, kafla 1.4.1, sérstaklega vii- og ix-lið.

Ákvörðun 2005/646/EB um að koma á skrá sýnatökustaða til að mynda samanburðarkerfi (intercalibration network) til samræmis við ákvæði í vatnatilskipuninni byggist, eins og að

framan greinir, á ákvæðum í V. viðauka tilskipunarinnar um samræmdar skilgreiningar á flokkun vistfræðilegs ástands, þ.e. mjög gott ástand, gott ástand og sæmilegt ástand. Ástand vatns, þar sem vísbendingar eru um stórvægilegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots og þar sem viðkomandi vistkerfi sýna veruleg frávik frá því sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði, skal flokkað sem slakt eða lélegt. Skilgreiningarnar eru byggðar á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum fyrir ár, stöðuvötn, árósavatn og standsjó og kallast millikvörðun. Ákvæði um millikvörðun er að finna í ákvörðun 2008/915/EB, eins og að framan greinir. Koma skal á vöktunarneti fyrir yfirborðsvatn í samræmi við kröfur 8. gr. tilskipunarinnar þannig að það gefi heildarsýn yfir vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand innan hvers vatnasviðs og geri kleift að flokka vatnshlotin í fimm flokka í samræmi við samræmdu skilgreininguna. Þetta kallar á að hér á landi þarf að velja vöktunarstaði og gæðaþætti sem gefa vísbendingar um alla líffræðilega, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti vatnshlotsins.

Framangreindar EB-ákvarðanir sem ekki eru enn orðnar hluti af EES-samningnum fjalla um annars vegar aðferð til að skrá sýnatökustaði sem mynda net í millikvörðun (intercalibration) í vöktunarkerfi landsins og hins vegar um millikvörðun í fimm flokka sem ná frá mjög góðu til lélegs vistfræðilegs ástands, eins og það er skilgreint í V. viðauka vatnatilskipunarinnar. Skilin milli mjög góðs ástands og góðs ástands og gildi skilanna milli góðs og sæmilegs ástands eru tilgreind með millikvörðun í EB-ákvörðuninni.

Hér á landi er hvorki búið að vinna umræddar skilgreiningar né meta vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota. Millikvörðun fyrir slíka flokkun hefur ekki farið fram. Annar hluti þessarar vinnu er nú hafinn í Working Group A „Ecological Status“ á vegum ESB. Vinnuhópar Umhverfisstofnunar, sem gerð er grein fyrir í kafla I. 4 í almennum athugasemdum við frumvarpið, um vistfræðilega flokkun og skilgreiningu vatnshlota, hafa greint umfang vinnu við vistfræðilega flokkun Íslands næstu tvö til þrjú árin og sett fram hvaða þætti á eftir að vinna. Sambærilegt vöktunarnet þarf að koma upp fyrir grunnvatn hvað varðar magnstöðu og eðlis- og efnafræðilega þætti þess.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga sé heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar en fram kemur í 2. mgr. Slíkt fyrirkomulag getur stuðlað að aukinni hagkvæmni í framkvæmd og því líklegt að þeir sem eiga að sjá um vöktun nýti sér það í einhverjum tilvikum.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðanefnd og skal skýrslan liggja fyrir árið 2013. Í stöðuskýrslu skal koma fram lýsing á vatnshlotum og upplýsingar um gerð þeirra, um flokkun vatns og lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns. Í samræmi við stöðuskýrslu þarf að vinna vöktunaráætlun í samræmi við 3. tölul. 29. gr. þessa frumvarps, sbr. V. viðauka vatnatilskipunarinnar sem byggir á vistfræðilegri greiningu á vistkerfum.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um neysluvatn og er í 1. mgr. lagt til að tilgreina skuli í vatnastjórnunaráætlun öll vatnshlot sem notuð eru til neysluvatnstöku eða ef vatnstaka er meiri en 10 rúm-

metrar á dag að meðaltali eða ef vatnstaka sér meira en 50 einstaklingum fyrir neysluvatni og ætlunin er að nýta vatnshlot til slíkrar vatnstöku í framtíðinni.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að vatnshlot sem hefur verið skilgreint sem neysluvatnsforði beri að vernda gegn gæðarýrnun þannig að hægt sé að draga úr þörf á hreinsun neysluvatns.

Ákvæði greinarinnar eru sett fram til að innleiða 7. gr. vatnatilskipunarinnar.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn hefur það að markmiði að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Þar er að finna ákvæði um verndarsvæði vatnsbóla og kveðið á um að merkja skuli vatnsból inn á skipulagsuppdrætti í aðalskipulagi sveitarfélaga. Reglugerðin var m.a. sett til innleiðingar á tilskipun 98/83/EB um gæði neysluvatns og er ein af þeim EB-gerðum sem falla undir vatnatilskipunina.

Um 25. gr.

Greinin er byggð á 6. gr. vatnatilskipunarinnar. Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun haldi skrá yfir vernduð svæði þar sem m.a. skuli tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi og vistkerfi votlendis sem beint eru háð vatni og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns á slíkum svæðum. Umrædd svæði geta t.d. verið grannsvæði vatnsbóla, búsvæði sem eru háð vatni, veiðivötn og -ár, náttúrulaugar og -strendur, ylstrendur, landbúnaðarsvæði og viðtakar skólps og annarrar mengunar. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar að mestu leyti og liggja fyrir hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Samorku.

Í markmiðsgrein frumvarpsins kemur fram að markmið laganna, verði frumvarp þetta að lögum, sé að vernda vatn og vistkerfis þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa vatns og vistkerfa sem háð eru vatni til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem er byggð á langtímavernd vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Lög á sviði náttúruverndar taka mið af þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að, þ.e. samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykkt), samningi um verndun villtra plantna og dýra og búvæða í Evrópu (Bernarsamningur), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og alþjóðasamþykkt um fuglaverndun (Parísarsáttmáli). Á grundvelli náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, hafa ýmsar náttúruminjar verið friðlýstar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá. Þau lög sem í gildi eru og sett hafa verið til verndar tiltekinna landsvæða og vatns eru lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004, lög um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005, og lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þau lagaákvæði sem fjalla um aðgang að upplýsingum og um hvernig kynna eigi vatnastjórnunaráætlunina en mjög skýrar kröfur eru um það í vatnatilskipuninni að hún sé kynnt allt frá áfanga- og verkáætlun til tillögu að vatnastjórnunaráætlun og skýr tímamörk eru sett um það hvenær kynning eigi að fara fram. Hér er um mjög rúma fresti að ræða sem ætti að tryggja meiri möguleika til að koma með athugasemdir við áætlunina. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir hvaða þýðingu vatnastjórnunaráætlunin hefur fyrir áætlanagerð á landsvísu, gerð skipulags og við veitingu leyfa. Gert er ráð fyrir að opinberar áætlanir og leyfisveitingar vegna nýtingar vatns og leyfisveitingar vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga séu samþættar vatnastjórnunaráætluninni varðandi stefnumörkun um verndun

vatns. Síðan er í kaflanum ákvæði um reglugerðir sem heimilt er að setja á grundvelli laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Ljóst er að vinna þarf reglugerðir sem mæla fyrir um nánari framkvæmd laganna. Þá er í ákvæði til bráðabirgða I tillaga um hvernig unnið skuli að fyrstu vatnastjórnunaráætluninni og tímamörk í því sambandi.

Um 26. gr.

Í greininni er vísað til þeirra laga sem gilda um aðgang að upplýsingum og gögnum, þ.e. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalaga, nr. 50/1996. Rétt þykir að í frumvarpinu sé kveðið á um hvaða reglur gildi um aðgang að upplýsingum.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um kynningu vatnastjórnunaráætlunar. Í 1. mgr. er tilgreint nánar hvað beri að kynna, þ.e. áfanga- og verkáætlun, bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði og að lokum tillögu að vatnastjórnunaráætluninni. Ákvæðið er byggt á a-, b- og c-lið 1. mgr. 14. gr. vatnatilskipunarinnar. Í henni er rík áhersla lögð á opinbera upplýsingagjöf og samráð við almenning sem á að tryggja gagnsæi við gerð vatnastjórnunaráætlunar og að öllum sjónarmiðum sé komið á framfæri.

Í 2. mgr. er kveðið á um frest til að koma að athugasemdum skv. 1. mgr. sem er sex mánuðir. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 14. gr. vatnatilskipunarinnar. Í 3. mgr. er síðan nánar útfært með hvaða hætti kynningin eigi að fara fram. Þá er tekið fram að ef vatnastjórnunaráætlun fellur undir gildissvið laga um umhverfismat áætlana, sbr. lög nr. 105/2006, beri að kynna hana í samræmi við þá málsmeðferð sem fram kemur í þeim lögum. Um málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdaáætlana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða þýðingu vatnastjórnunaráætlun hefur gagnvart áætlanagerð á landsvísu, gerð skipulags og við veitingu leyfa. Í 1. mgr. er kveðið á um að áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í gildandi vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd. Hér er t.d. um að ræða skipulagsáætlanir, náttúruverndaráætlun og samgönguáætlun. Við gerð þessara áætlana ber því að horfa til þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun varðandi vatnsvernd. Þannig er gert ráð fyrir að opinberar áætlanir séu samþættar varðandi verndun vatns en getur því aðeins átt við ef þessar áætlanir fjalla um þætti sem varða vatn með einum eða öðrum hætti.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um með hvaða hætti eigi að samræma skipulagsáætlanir sveitarfélaga, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, við vatnastjórnunaráætlun. Lagt er til að ef þörf er á endurskoðun skipulagsáæltana vegna vatnastjórnunaráætlunar verði það gert við næstu endurskoðun eða breytingu viðkomandi skipulagsáætlunar en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá staðfestingu eða endurskoðun vatnastjórnunaráætlunarinnar.

Þá er lagt til í 3. mgr. að við afgreiðslu umsókna um leyfi vegna nýtingar vatns og annarra leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd. Með því er tryggt að þegar veitt eru leyfi fyrir þessum framkvæmdum þá séu þau til samræmis við vatnastjórnunaráætlunina.

Í 4. mgr. er svo lagt til að ef vöktun eða annað leiðir í ljós að umhverfismarkmið náist ekki skuli gera nýjar ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlotsins. Það á þó eingöngu við ef unnt er að bæta það. Þegar við á skal viðkomandi leyfisveitandi endurskoða það leyfi sem hann hefur gefið út, en þar er um að ræða leyfi sem tilgreind eru í 3. mgr. Endurskoðunin á að tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Um 29. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tiltekin atriði, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Um er að ræða atriði sem varða framkvæmd og útfærslu frumvarpsins ásamt viðmiðunarmörkum fyrir efni og umhverfi sem sett eru til að vernda og meta ástand vatns.

Í 1. tölul. er kveðið á um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot. Gerð er tillaga um að setja þessa heimild til að innleiða ákvæði II. viðauka vatnatilskipunarinnar. Viðaukinn skiptist í tvo hluta. Annar hlutinn fjallar um yfirborðsvatn og hinn um grunnvatn. Í viðaukanum er lýsing á eiginleikum grunnvatns- og yfirborðsvatnshlota, þ.e. kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn, strandsjór og manngerð og mikið breytt vatnshlot. Viðaukinn fjallar einnig um vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota og um setningu sértækra viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og grunnvatns, álagsgreiningu og mat á áhrifum á yfirborðsvatn. Þá er í viðaukanum lýsing á eiginleikum grunnvatns, yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn, yfirlit yfir áhrif breytinga á hæð grunnvatns og loks yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns. Gert er ráð fyrir að II. viðauki tilskipunarinnar verði að stærstum hluta settur í reglugerð sem sett yrði á grundvelli þessarar reglugerðarheimildar.

Lagt er til í 2. tölul. að í reglugerð verði tilgreind forgangsefni og hættuleg forgangsefni og þeim raðað á lista og tilgreindar ráðstafanir vegna þessara efna, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða innleiðingu á VIII. og X. viðauka vatnatilskipunarinnar, tilskipun 2008/105/EB um setningu umhverfisgæðastaðla um forgangsefni og ákvörðun 2455/2001/EB um setningu lista yfir forgangsefni á sviði vatnastjórnunar og X. viðauka við vatnatilskipunina. Þá skal í reglugerð tilgreina matsaðferðir og viðmið við röðun forgangsefna. Við það mat skal tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, visteiturhrifum þeirra í vatni, visteiturhrifum á lífríki og menn, svo og niðurstöðum vöktunar. Þá verður heimilt í reglugerð, verði frumvarp þetta að lögum, að setja kröfur til vottunar og framkvæmdar hennar, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tilskipun 2009/90/EB um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningu og vöktun á vatni, sem er liður í framkvæmd á vatnatilskipuninni þarf að setja ákvæði um að allar aðferðir við greiningu sem notaðar eru í tengslum við efnavöktunaráætlanir sem framkvæmdar eru vegna vatnatilskipunarinnar séu í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC-17025 eða sambærilegan alþjóðastaðal og að rannsóknarstofur eða verktakar á vegum þeirra hafi viðeigandi vottun. Tilskipun 2009/90/EB kveður jafnframt á um skyldu rannsóknarstofa eða verktaka á þeirra vegum til að sýna fram á að þær hafi tekið þátt í viðurkenndum æfingaprófunum og því þarf að setja ákvæði og nánari útfærslur á því í reglugerð.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um umhverfismarkmið. Í 3. tölul. þessarar greinar er gerð tillaga um að ráðherra setji í reglugerð frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim, svo og um vöktunaráætlun í 4. tölul. Þessi ákvæði þarf að setja til innleiðingar á V. viðauka tilskipunarinnar. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins.

Gerð er tillaga um í 5. tölul. að í reglugerð verði sett ákvæði um vatnastjórnunaráætlanir og er það gert til innleiðingar á VII. viðauka við tilskipunina, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. VII. viðauki vatnatilskipunarinnar um stjórnunaráætlanir fyrir vatnaumdæmi kveður annars vegar á um hvaða þættir eiga að vera í vatnastjórnunaráætlun og hins vegar um fyrstu uppfærslu á áætluninni. Einnig er í 5. tölul. kveðið á um heimild til að setja ákvæði um efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar, sbr. 9. gr. vatnatilskipunarinnar og III. viðauka hennar. Taka skal tillit til endurheimts kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar, með hliðsjón af efnahagslegri greiningu í samræmi við III. viðauka tilskipunarinnar, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna.

Í 6. tölul. greinarinnar er gerð tillaga um að heimilt verði að setja í reglugerð ákvæði um efni og framkvæmd aðgerðaáætlana þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana, sbr. ákvæði í VI. viðauka vatnatilskipunarinnar, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Ráðstafanir sem krafist er fara m.a. samkvæmt EB-gerðum sem hafa þegar verið innleiddar í löggjöf hér á landi, svo sem tilskipun um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, 85/337/EBE með breytingu 97/11/EB, tilskipun 80/778/EBE um neysluvatn, tilskipun um seyru, tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli, tilskipun 91/676/EBE um nítrat og tilskipun um samþættar mengunarvarnir.

Í 7. tölul. er gerð tillaga um að fjallað verði í reglugerð nánar um hlutverk og starfsemi vatnaráðs en í 6. gr. frumvarpsins er hlutverk vatnaráðs tilgreint.

Þá er í 8. tölul. greinarinnar ákvæði um skiptingu vatnaumdæmisins Íslands í einstök vatnasvæði og landfræðilega afmörkun einstakra vatnasvæða. Jafnframt er gerð tillaga um að í reglugerð verði kveðið á um samsetningu og hlutverk vatnasvæðanefnda, sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr.

Í 9. tölul. er gerð tillaga um að heimilt verði að kveða í reglugerð á um hlutverk ráðgjafarnefnda, fulltrúa í nefndunum, og fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra, ef talin er þörf að skipta starfi nefndanna frekar upp, og að lokum um skipan starfs í nefndunum. Reynslan kann að leiða í ljós að fjölga þurfi ráðgjafarnefndum en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær séu tvær.

Loks er í 10. tölul. greinarinnar kveðið á um heimild til að kveða nánar á um opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila við áætlunargerð.

Um 30. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því að frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnamálum. Frumvarpið er því byggt á ákvæðum tilskipunarinnar. Eins og fram hefur komið er vatnatilskipunin rammatilskipun og undir hana heyra fjölmargar EB-gerðir. Þegar er búið að innleiða í íslenskan rétt margar þeirra gerða sem um ræðir og ákvæði sumra þeirra hafa að efninu til verið í íslenskri löggjöf allt frá upphafi árs 1994 með gildistöku EES-samningsins. Nokkrar þessara gerða munu verða hluti af EES-samninginn og hafa verið metnar af stjórnvöldum hér á landi. Helstu gerðir sem hér um ræðir er tilskipun 2008/105/EB, ákvörðun 2455/2001/EB, ákvörðun 2008/915/EB og ákvörðun 2005/646/EB og hefur verið gerð grein fyrir þessum gerðum hér að framan.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um þær breytingar sem gera þarf á öðrum lögum verði frumvarp þetta að lögum.

Í 1. tölul. er lagt til að í lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, verði kveðið á um það hlutverk og þar með þau verkefni sem stofnuninni eru falin á grundvelli frumvarps þessa. Með frumvarpinu er Umhverfisstofnun falið nýtt hlutverk á sviði vatnamála og er því nauðsynlegt að þeirra sé getið í því ákvæði laganna sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar.

Í 2. og 3. tölul. eru lagðar til breytingar á 17. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 4. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, þannig að heimilað verði að mæla fyrir um endurskoðun leyfa og að endurskoða í sérstökum tilvikum skilyrði sem þau eru bundin. Rétt er að benda á að í 2. mgr. 6. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er að finna heimild til að mæla í virkjunarleyfi fyrir um endurskoðun þess. Ákvæði 2. mgr. miðast við sérstakar aðstæður og felur ekki í sér heimild til reglulegrar endurskoðunar, t.d. með ákveðnu millibili. Heimildin kann að eiga við þegar aðstæður hafa breyst verulega frá því að leyfi var veitt eða ný þekking varpar betra ljósi á áhrif framkvæmdar. Einnig kunna hagsmunir, bæði leyfishafa sjálfs og annarra sem nýta sömu auðlind, að geta réttlætt endurskoðun skilyrða, en undir þetta fellur m.a. niðurfelling skilyrða til hagsbóta fyrir leyfishafa. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og þá sérstaklega hvort hún muni hafa í för með sér tap fyrir hann og einnig til ávinnings og óhagræðis sem af henni mun leiða að öðru leyti. Þetta felur í sér að vega verður og meta kosti og galla áður en ákvörðun um endurskoðun skilyrða er tekin.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir þeirri málsmeðferð og kynningu sem gilda á um fyrstu vatnastjórnunaráætlunina en gert er ráð fyrir að hún verði staðfest af umhverfisráðherra eigi síðar en 1. janúar 2018. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu áætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr. frumvarpsins. Sá frestur sem tilgreindur er í ákvæðinu er til samræmis við þá fresti sem settir eru í tilskipuninni að teknu tilliti til þeirra fresta sem Ísland fékk við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Í b-lið 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007 frá 28. september 2007, kemur fram að frestir í tilgreindum ákvæðum tilskipunarinnar skuli lesnir þannig að þeir séu taldir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, þ.e. frá 28. september 2007, en gildistaka ákvörðunar var 6. desember sama ár þegar ákvörðunin var staðfest af Alþingi sem þingsályktun. Tilskipunin var tekinn inn með stjórnskipulegum fyrirvara og við afléttingu á honum hinn 1. maí 2009 varð vatnatilskipuninni hluti af EES-samningnum. Út frá þeirri dagsetningu miðast tímasetningar í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða II.–III.

Í ákvæðunum er gerð grein fyrir hvenær fyrsta aðgerðaáætlunin eigi að liggja fyrir, sem er eigi síðar en 1. maí 2018, og er ætlunin að hún komi til framkvæmda árið 2021. Þá er gert ráð fyrir að fyrsta vöktunaráætlunin skuli liggja fyrir eigi síðan en 1. maí 2015 og koma til framkvæmda frá sama tíma. Þeir frestir sem tilgreindir eru í ákvæðinu eru til samræmis við þá fresti sem settir eru í tilskipuninni, að teknu tilliti til þeirra fresta sem Ísland fékk við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, sbr. umfjöllun um ákvæði til bráðabirgða I.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Markmið þess er að kveða á um verndun vatns og vistkerfa þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögunum er ætlað að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma eða allt frá gildistöku þeirra til ársins 2024.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu til verið hluti af íslenskri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að innleiðing vatnatilskipunarinnar kalli á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála því í henni sé gert ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Tilskipunin sé þannig samvinnuverkefni sem gangi þvert á stofnanir og stjórnvöld. Ekki er til staðar heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Einnig gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit þeirra mjög þýðingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður landið eitt vatnaumdæmi og skal vatnaráð, sem umhverfisráðherra skipar samkvæmt tilnefningu framangreindra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa yfirumsjón með því. Hlutverk ráðsins verður m.a. að móta stefnu um stjórn vatnamála og hafa yfirumsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillagna að vatnastjórnunaráætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu laganna. Henni ber að samræma vinnu við gerð fyrrnefndra áætlana og gera tillögur að þeim til vatnaráðs í samvinnu við sveitarfélög og að höfðu samráði við vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir, annast kynningar- og umsagnarferli þessara áætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra, tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæði, setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot, sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar, vinna stöðuskýrslu og annast aðra skýrslugjöf. Í frumvarpinu er hlutverk Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar við framkvæmd laganna sérstaklega skilgreint og skal Umhverfisstofnun gera samning við þessar stofnanir vegna þessa en getur jafnframt samið við aðra um einstök verk.

Ekki er annað vitað en að magn og gæði vatns á Íslandi séu með besta móti og ástand þess stöðugt. Má því ætla að ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að bæta úr eða viðhalda því og að kostnaður við að uppfylla umhverfismarkmið frumvarpsins geti verið tiltölulega lágur hér á landi. Í því sambandi má benda á sérstaka yfirlýsingu, sem birt var með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, þess efnis að samningsaðilum sé ljóst að ólíkar landfræðilegar aðstæður kalli á mismunandi aðgerðir til að ná umhverfismarkmiðum hennar og að stjórnvöld á hverjum stað geti því

metið til hvaða aðgerða þurfi að grípa í því skyni. Einnig flutti fulltrúi Íslands yfirlýsingu á fundi nefndarinnar þegar tilskipunin var tekin upp í samninginn þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.

Umhverfisráðuneytið hefur sett fram áætlun þar sem reiknað er með að á þremur fyrstu árum eftir gildistöku laganna verið kostnaður við framkvæmd þeirra 129 m.kr. á ári en 98 m.kr. á ári eftir það. Samkvæmt frumvarpinu skal stöðuskýrsla liggja fyrir árið 2013 og skýrir gerð hennar hærri kostnað á fyrstu þremur árunum. Að öðru leyti gerir þessi áætlun ráð fyrir að kostnaður liggi aðallega í vöktun á ástandi vatns, rekstri og umsjón gagnagrunna, stjórnsýslu, skýrslu- og áætlanagerð ásamt kostnaði ráðgjafarnefnda, vatnasvæðanefnda og vatnaráðs.

Í gildandi fjárlögum eru til staðar 40 m.kr. fjárheimildir sem sérstaklega hafa verið veittar til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipuninni. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem Orkustofnun fékk til undirbúningsins í fjárlögum 2006, í öðru lagi helmingur af 17 m.kr. fjárveitingu sem Veiðimálastofnun fékk í fjárlögum 2009 til að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð ásamt því að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrið á Hvammstanga, í þriðja lagi 15 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár sem Umhverfisstofnun fékk í fjárlögum 2008 til innleiðingar tilskipunarinnar og í fjórða lagi 4,5 m.kr. af fjárheimild fjárlagaliðarins Ýmis verkefni hjá umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðuneytið telur að til álita komi að allar þessar fjárveitingar verði vistaðar hjá Umhverfisstofnun. Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 er ekki reiknað með öðrum útgjöldum ríkissjóðs vegna innleiðingar á vatnatilskipuninni en felast í fyrrgreindum fjárveitingum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í umhverfisráðuneyti sé hafin vinna við að undirbúa frumvarp sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina, í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna, og að gert sé ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af kostnaði við framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi. Ráðuneytið áætlar að slík gjaldtaka geti verið komin til framkvæmda í ársbyrjun 2013.

Fjármálaráðuneytið telur að fyrst um sinn megi að einhverju leyti mæta kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, auki útgjöld ríkissjóðs um 70 m.kr. á árunum 2011 og 2012, samtals 140 m.kr., en að frá og með árinu 2013 verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku og beint ríkisframlag lækki þá samsvarandi.

Eins og áður sagði er ljóst að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum öðrum löndum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.

1207. Svar [631. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Ráðuneytið fjallar um þrjá kafla (málaflokka) í umsóknarferlinu. Þeir eru kafli 15 um orkumál (energy), kafli 20 um fyrirtæki og iðnað (enterprise and industry) og kafli 22 um byggðamál (regional policy). Ekki eru starfandi sérstakir vinnuhópar um þessa málaflokka innan ráðuneytisins en nokkrir starfsmenn ráðuneytisins og stofnana þess taka þátt í störfum á vegum samningahópa um framangreind málefni á vegum utanríkisráðuneytis.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Enginn starfsmaður ráðuneytisins eða stofnana þess vinnur við umsóknarferlið í fullu starfi. Sex starfsmenn ráðuneytisins hafa komið að vinnu við framangreinda þrjá kafla og nokkrir starfsmenn stofnana ráðuneytisins einnig. Fram til þessa hafa verkefnin komið nokkuð í tímabundnum áföngum í tengslum við framvindu umsóknarinnar. Stærsti áfanginn var í september 2009 þegar spurningalistum ESB var svarað og nú eftir áramótin (aðallega í febrúar og mars) hefur verið nokkuð stífur áfangi við yfirferð gerða ESB. Við lauslega yfirferð á vinnu ráðuneytisins frá því í september 2009 fram til 1. júní 2010 er áætlaður tími við umsóknarferlið þessa níu mánuði að meðaltali:

Kafli 15 um orkumál:
Áætlað hlutfall af fullu starfi að meðaltali á níu mánaða tímabili: 30%
Kafli 20 um fyrirtæki og iðnað:
Áætlað hlutfall af fullu starfi að meðaltali á níu mánaða tímabili: 45%
Kafli 22 um byggðamál:
Áætlað hlutfall af fullu starfi að meðaltali á níu mánaða tímabili: 60%

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Kostnaður ráðuneytisins er fyrst og fremst vegna vinnuframlags starfsmanna ráðuneytisins og stofnana þess. Gert er ráð fyrir því að kostnaður vegna ferða og funda í útlöndum verði greiddur af utanríkisráðuneyti og að kostnaður vegna heimsókna sérfræðinga frá ESB falli ekki á ráðuneytið. Almennur kostnaður í tengslum við aðildarumsóknina er ekki bókfærður sérstaklega. Engu að síður verður nokkur kostnaður óhjákvæmilega til vegna hennar, en hann er á þessu ári lauslega áætlaður um 1 millj. kr. og 2 millj. kr. á næsta ári. Miðað við svar við 2. lið fyrirspurnarinnar hefur ráðuneytið og stofnanir þess varið um 1⅓ af fullu starfi (1,35) í umsóknarvinnuna og er gert ráð fyrir að það verði óbreytt áfram á þessu ári. Þetta fer þó eftir því hvernig stofnanaþáttur byggðamála þróast og er líklegast að vinna við þann verkþátt aukist síðla á þessu ári og á næsta ári (2011). Með þetta í huga er nú áætlað að vinnuframlag ráðuneytisins og stofnana þess vegna aðildarumsóknarinnar verið allt að tvö störf á árinu 2011. Starfsmenn ráðuneytisins eru nú 18 en 10 sérfræðingar geta sinnt þessum málum. Miðað við heildarfjölda starfsmanna er aukning í vinnuframlagi á þessu ári því áætluð um

7,5%, allt að 11% á árinu 2011, en þá hefur hlutur starfsmanna stofnana verið talinn sem framlag starfsmanna ráðuneytisins. Framlag starfsmanna stofnana ráðuneytisins er um eða innan við 10% af heild.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum ráðuneytisins eða stofnana þess hefur ekki verið fjölgað vegna vinnu við aðildarumsóknina.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Ráðuneytið hefur ekki keypt utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Kaflar 15 um orkumál og 20 um fyrirtæki og iðnað munu sennilega ekki kalla á skipulagsbreytingar á stjórnsýslunni. Kafli 22 um byggðamál mun aftur á móti gera það. Ekki liggur þó fyrir ákvörðun um ábyrgð einstakra ráðuneyta á þeim breytingum. Hér er fyrst og fremst um að ræða skipulagsbreytingar til að geta sinnt samstarfi við stoðkerfissjóði ESB. Þessir sjóðir eru: atvinnuþróunarsjóðurinn ERDF, vinnumarkaðs- og mannauðssjóðurinn ESF, sjávarútvegssjóðurinn EFF, dreifbýlissjóður evrópsks landbúnaðar EAFRD, auk sjóðs um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu. Miðað við núverandi verkaskiptingu ráðuneyta má gera ráð fyrir að atvinnuþróunarsjóðurinn ERDF verði felldur undir ábyrgðarsvið ráðuneytisins. Verði svo mun það kalla á breytingu á stofnanagerð ráðuneytisins, en reynt verður að ráðast í breytingar og aðlögun frekar en að nýjar stofnanir verði settar á fót. Atvinnuþróunarsjóðurinn ERDF mun gagnvart Íslandi fyrst og fremst koma að samstarfsverkefnum er lúta að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu sem hefur að markmiði að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins og landsins í heild. Vegna mótframlaga er líklegt að Tækniþróunarsjóður og aðrir sambærilegir sjóðir verði innlendir samstarfsaðilar. Þá mun þurfa að breyta verklagi við langtíma stefnumótun sem mun líklega hafa áhrif á vinnu Vísinda- og tækniráðs og stefnumótunarvinnu iðnaðarráðuneytis og fleiri ráðuneyta.

1208. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneytinu, Björgu Thorarensen prófessor, Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá, Sigurð Hr. Sigurðsson frá Borgarahreyfingunni, Hjört Hjartarson og Daða Ingólfsson frá Hreyfingunni, Ástráð Haraldsson, Ásmund Helgason og Þorkel Helgason frá lands-

kjörstjórn, Gunnar Eydal frá Reykjavíkurborg og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Aðalheiði Ámundadóttur, Hreyfingunni, Samfylkingunni, Borgarahreyfingunni, Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, landskjörstjórn og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lagt til að forseti Íslands skuli boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Stjórnlagaþing skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Í frumvarpinu er lagt til að starfstími stjórnlagaþings verði á tilgreindum átta mánuðum og að það komi þrisvar sinnum saman á þeim tíma, fjórar til sex vikur í senn. Þingið kýs fimm manna forsætisnefnd og þrjár þriggja manna starfsnefndir sem starfa á milli samkomutíma þess.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Samkvæmt stjórnarskránni er skýrlega greint á milli almenna löggjafans og stjórnarskrárgjafans. Alþingi fer með almennt löggjafarvald ásamt forseta Íslands og má ekkert lagafrumvarp samþykkja nema það hafi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Stjórnarskráin er hins vegar grundvöllur stjórnskipunar landsins og öðrum lögum æðri. Byggist það ekki einungis á efni hennar heldur fyrst og fremst á vandaðri setningarhætti en gildir við almenna lagasetningu. Ákvæði 79. gr. stjórnarskrár mælir fyrir um að stjórnarskránni verði aðeins breytt sé breytingin samþykkt á tveimur þingum og fari alþingiskosningar fram í millitíðinni og eru það þá gild stjórnarskipunarlög. Stjórnarskránni er því ætlað að vera ákveðin grunnstoð sem á að geta staðið af sér hin tíðu veðrabrigði stjórnmálanna og stundarátök þjóðfélagsaflanna en hún verður að vera í samræmi við ríkjandi hugarstefnur og þjóðfélagsskoðanir og breytingar sem lagðar eru til á henni þurfa að vera mjög vel ígrundaðar. Meiri hlutinn telur að með því að fela stjórnlagaþingi það verkefni að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins eins og lagt er til í frumvarpinu sé verið að vanda mjög til þessa mikilvæga verkefnis. Stjórnlagaþingi sem getur einungis verið ráðgefandi vegna ákvæða stjórnarskrár er því í reynd falið að vinna ákveðna grunnvinnu og undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Alþingi. Þegar það hefur verið samþykkt skal það sent Alþingi til meðferðar. Um meðferð málsins á Alþingi fer samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og lögum um þingsköp Alþingis.

Nefndin ræddi nokkuð ákvæði 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins en þar er gert ráð fyrir því að verði frumvarpið ekki samþykkt af stjórnlagaþingi skuli það engu að síður sent Alþingi ásamt þeim breytingartillögum sem fram komu við meðferð málsins. Meiri hlutinn telur það grundvallaratriði að samstaða verði á stjórnlagaþingi um þær breytingar sem lagðar eru til á stjórnarskrá í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Meiri hlutinn leggur því til að þessi málsgrein falli brott.

Ráðgefandi stjórnlagaþing.

Nefndin ræddi skipan þingsins á fundum sínum og komu fram ýmsar ábendingar, m.a. varðandi fjölda þingfulltrúa sem samkvæmt frumvarpinu er minnst 25 og mest 31. Samkvæmt frumvarpinu veltur þó endanlegur fjöldi á því hvernig hlutfall milli kynja verður, sbr. sérreglu 3. mgr. 14. gr. sem ætlað er að tryggja að hlutfallið verði innan markanna 40%–60%. Fái annað kynið minna en 40% skal bæta við allt að 6 sætum að því marki sem þarf til að rétta hlutföllin af. Meiri hlutinn telur rétt að vilji kjósenda ráði því hverjir veljist til stjórnlagaþings en telur þó nauðsynlegt að hafa slíka varúðarreglu ef kynjahlutföll verða mjög ójöfn enda nauðsynlegt að sjónarmið kynjanna vegi nokkuð jafnt á stjórnlagaþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnlagaþingið verði skipað þjóðkjörnum fulltrúum sem skuli kosnir persónukosningu. Nefndin fjallaði nokkuð um þessa tilhögun, þ.e. að þingfulltrúar gefi kost á sér til verksins, afli meðmælenda o.s.frv. Meiri hlutinn telur ljóst að ef þessi háttur er hafður á sé líklegt að þeir sem bjóða sig fram hafi áhuga og telji sig hafa getu og eitthvað fram að færa til verkefnisins. Meiri hlutinn telur þó að með þessu séu möguleikar þeirra sem ekki eru þekktir í þjóðfélaginu til þess að bjóða sig fram og ná kjöri takmarkaðir. Nefndin ræddi í þessu sambandi hvort rétt væri að leggja til að einungis sumir fulltrúanna yrðu þjóðkjörnir en aðrir valdir t.d. með úrtaki úr þjóðskrá. Meiri hlutinn telur að það geti einnig verið vandmeðfarið þar sem greina þyrfti hvernig sá hópur ætti að endurspegla þjóðina. Með þessu gætu einnig orðið ákveðin skil, þ.e. milli þeirra sem væru þjóðkjörnir og hinna sem væru valdir með slembiúrtaki. Niðurstaða meiri hlutans er því sú að ekki sé rétt að leggja til breytingar í þessa veru.

Nefndin ræddi einnig í þessu sambandi um aðkomu almennings að stjórnlagaþingi. Í 18. gr. frumvarpsins kemur fram að þingfundir stjórnlagaþings skuli haldnir í heyranda hljóði og verði öllum opnir eftir því sem húsrúm leyfi. Þá er í 20. gr. frumvarpsins ákvæði um kynningu og þátttöku almennings. Þar er gert ráð fyrir að kynningarefni verði á vefsíðu og að stjórnlagaþing skuli auglýsa með víðtækum hætti eftir tillögum frá almenningi, hagsmunasamtökum og öðrum sem vilja koma tillögum eða öðrum erindum á framfæri við þingið. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt vegna þeirrar umræðu sem þarf að fara fram um málið að stjórnlagaþing efni til víðtæks samráðs og haldi opna fundi í hverju kjördæmi á fyrsta starfstímabili sínu. Með því verði unnt að vekja áhuga almennra borgara á verkefninu og kalla eftir umræðu um málið. Meiri hlutinn leggur mikla áherslu á að þetta samráð verði haft strax eftir að nefndir hafa verið kosnar af stjórnlagaþingi og áður en eiginleg vinna stjórnlagaþings hefst. Þannig getur samráðið og afrakstur þess orðið undirstaða undir vinnu nefndarinnar, auk þess sem allir geta komið tillögum sínum og athugasemdum á framfæri við stjórnlagaþing frá því að það hefur verið kjörið, t.d. í gegnum vefsíðu. Meiri hlutinn leggur því til að við 20. gr. bætist nýr málsliður þess efnis að samráðsfundi skuli halda í hverju kjördæmi á fyrsta starfstímabili stjórnlagaþings.

Undirbúningur og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

Á fundum sínum ræddi nefndin einnig um undirbúning og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga en í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að forsætisráðherra skuli skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og að Alþingi tilnefni einn nefndarmanna. Meiri hlutinn telur eðlilegt að stjórnlagaþing starfi í umboði Alþingis sem fer með löggjafarvaldið og leggur því til breytingar á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þess efnis að Alþingi skipi undirbúningsnefndina í stað forsætisráðherra sem tilnefni einn nefndarmanna í stað Alþingis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forsætisráðherra fari með eins konar yfirstjórnarhlutverk gagnvart stjórnlagaþingi. Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að forsætisráðherra setji stjórnlagaþingi starfsreglur og einnig að breytingar stjórnlagaþings á starfsreglum skuli staðfestar af forsætisráðherra. Í 21. gr. er lagt til að ákvarðanir nefndarinnar um útgjöld við þingið sjálft, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar, skuli teknar í samráði við forsætisráðuneytið. Þá er einnig gert ráð fyrir því í 22. gr. að forsætisráðuneytið skuli sjá þinginu fyrir starfsaðstöðu. Meiri hlutinn telur einnig rétt að forsætisnefnd Alþingis fari með þetta hlutverk gagnvart stjórnlagaþingi og leggur því til breytingar á greinunum í þá veru.

Framlengdur starfstími.

Í 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Alþingi sé heimilt með ályktun að verða við beiðni þingsins um að framlengja starfstíma þess um allt að þrjá mánuði. Meiri hlutinn telur að í ákvæðinu felist ekki réttur skilningur á löggjafarhlutverki Alþingis. Meiri hlutinn telur eðlilegra að með frumvarpinu verði stjórnlagaþingi veitt heimild til að óska eftir því við forsætisnefnd Alþingis að starfstími þess verði framlengdur um allt að þrjá mánuði. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á þessari málsgrein og tekur sérstaklega fram að það er Alþingis að ákveða hvort slík framlenging verði heimiluð og þá einnig með hvaða hætti slíkt er gert, þ.e. hvort forsætisnefnd leggur fram lagafrumvarp eða tillögu til þingsályktunar en með því fengist ákveðið hagræði þar sem þær þarf einungis að ræða við tvær umræður.

Viðfangsefni.

Á fundum sínum ræddi nefndin nokkuð um hlutverk og viðfangsefni stjórnlagaþings en í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að það skuli taka ákveðna þætti sérstaklega til umfjöllunar auk þess sem stjórnlagaþing getur ákveðið að fjalla um fleiri þætti. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um það hvort rétt væri að telja upp viðfangsefni stjórnlagaþings með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu eða láta stjórnlagaþingi það eftir að ákveða viðfangsefnið. Þá var einnig rætt hvort rétt væri að bæta við upptalninguna fleiri viðfangsefnum. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að taka fram í þessu sambandi að eins og 2. mgr. 3. gr. ber með sér er hér ekki um tæmandi talningu að ræða. Meiri hlutinn tekur hins vegar fram að það eru þessi viðfangsefni sem stjórnlagaþingi er einkum ætlað að vinna að og telur því eðlilegt að leggja áherslu á þau, auk þess sem slík upptalning veitir aðhald og er ákveðinn rammi utan um starf þingsins sem þarf að vera markvisst. Meiri hlutinn fjallaði um breytingu á greininni og nefnir sem dæmi að utanríkismálakafli stjórnarskrárinnar er vanbúinn þar sem þar vantar t.d. ákvæði um samskipti Íslands við önnur ríki, framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála, sem og um umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda. Þessi málefni hafa verið mikið til umfjöllunar síðustu missiri og telur meiri hlutinn eðlilegt að taka sérstaklega fram að þau verði meðal þeirra verkefna sem stjórnlagaþingi er ætlað að fjalla um. Meiri hlutinn leggur því til að við upptalningu verkefna stjórnlagaþings í 3. gr. bætist tveir nýir töluliðir, þ.e. um framsal ríkisvalds til alþjóðastofna og meðferð utanríkismála og umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Meðferð frumvarps á Alþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skuli það sent Alþingi til meðferðar. Þá er einnig lagt til að verði frumvarpið ekki samþykkt skuli það engu síður sent Alþingi ásamt breytingartillögum sem fram komu við meðferð þess. Meiri hlutinn fjallaði nokkuð um þessa tilhögun og telur nauðsynlegt að gera kröfu um að stjórnlagaþing skili af sér samþykktu frumvarpi en ekki drögum eða tillögum að breytingum. Með því er áhersla lögð á að samstaða þurfi að nást um málið innan stjórnlagaþings. Þegar stjórnlagaþing hefur skilað af sér frumvarpi til stjórnarskipunarlaga skal Alþingi taka það til meðferðar í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og ákvæði laga um þingsköp Alþingis. Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi skal rjúfa þing og boða til kosninga, sbr. ákvæði stjórnarskrár. Frumvarpið skal leggja fyrir nýtt þing til staðfestingar og samþykki það frumvarpið eru það gild stjórnarskipunarlög.

Kosning til stjórnlagaþings.

Nefndin ræddi nokkuð þá tilhögun frumvarpsins að gert er ráð fyrir að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum. Fram kom að meginástæðan væri sú að verulegur sparnaður mundi nást með þessari tilhögun. Á fundum nefndarinnar komu fram ábendingar varðandi tæknileg vandkvæði þess að kjósa samhliða sveitarstjórnarkosningum. Þá komu fram eindregnar óskir frá sveitarfélögum um að kosningar til stjórnlagaþings færu ekki fram samhliða sveitarstjórnarkosningum í lok maí og á það sjónarmið var fallist.

Við meðferð málsins í nefndinni lá einnig fyrir að til þess að unnt yrði að kjósa samhliða hefði orðið að hraða afgreiðslu málsins mjög mikið svo unnt væri að undirbúa kjörið sem og einstök framboð en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeim þurfi að skila eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að mjög rúmur tími gefist til kynningar fyrir einstaka frambjóðendur og telur að með því geti þeir sem eru lítt þekktir átt möguleika til þess að kynna sig eins og þeir sem eru jafnvel landsþekktir. Þannig eru meiri líkur til þess að þeir frambjóðendur sem ná kjöri á stjórnlagaþing verði fjölbreyttari hópur og nái þannig að endurspegla þjóðina. Þá telur meiri hlutinn enn fremur mikilvægt að mjög rúmur tími gefist til umfjöllunar í þjóðfélaginu til þess að borgarar landsins verði vel upplýstir um stjórnlagaþingið, hlutverk þess og viðfangsefni.

Nefndin ræddi mögulegan kjördag en í skýringum í greinargerð með 4. gr. er bent á að það komi til álita að fresta þinginu og þar með kosningu til þess fram til ársins 2011 þannig að störf þingsins og umfjöllun Alþingis í kjölfarið á frumvarpi til nýrra stjórnarskipunarlaga fari saman við kosningar til Alþingis sem ætla má að verði vorið 2013. Meiri hlutinn telur hins vegar rétt að leggja til að kosning til stórnlagaþings verði eigi síðar en 30. október 2010.

Framboð, meðmælendur og kynning.

Nefndin ræddi einnig ákvæði frumvarpsins um framboð til kosningar til stjórnlagaþings. Í 8. gr. frumvarpsins kemur fram að með framboði skuli fylgja nöfn minnst 30 og mest 50 meðmælenda sem fullnægja skulu skilyrðum um kosningarrétt til Alþingis. Þá skal því einnig fylgja skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Þá kemur einnig fram að hverjum kosningarbærum manni er einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda. Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram að landskjörstjórn skuli útbúa kynningarefni um frambjóðendur þar sem einnig komi fram hverjir eru meðmælendur þeirra og skal því dreift til kjósenda. Í skýringum í greinargerð kemur fram að með ákvæðum þessum, þ.e. að einungis sé heimilt að mæla með einum frambjóðanda, og ákvæði um að birta opinberlega hverjir eru meðmælendur sé í reynd verið að fara fram á ákveðna stuðningsyfirlýsingu frá meðmælendum og jafnframt að ábyrgð þeirra yrði að vissu leyti meiri en t.d. í alþingis- eða sveitarstjórnarkosningum þar sem meðmælendalistar eru ekki birtir opinberlega. Nefndin ræddi nokkuð þessa útfærslu og voru uppi mismunandi sjónarmið um hana, þ.e. hvernig frambjóðendum gengi að afla stuðnings meðmælenda og enn fremur að þetta gæti bæði verið frambjóðendum til framdráttar en jafnframt unnið gegn þeim að birta hverjir meðmælendur þeirra eru. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þetta sé með sama hætti og við almennar sveitarstjórnar- og alþingiskosningar, þ.e. að landskjörstjórn birti meðmælendalista ekki opinberlega og leggur því til breytingar á 8. og 9. gr. frumvarpsins þar sem ákvæði um opinbera birtingu eru felld brott.

Þá leggur nefndin einnig til að í 5. mgr. 8. gr. verði tilgreint að lágmarksfjöldi frambjóðenda til stjórnlagaþings skuli vera á bilinu 25 til 31, sbr. 1. mgr. 2. gr., til að kosning geti fari fram og að náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi frambjóðenda þegar framboðsfrestur rennur

út skuli landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur. Nái fjöldi frambjóðenda þá ekki tilskildu lágmarki koma lögin ekki til framkvæmda.

Nefndin ræddi einnig hvernig best væri að haga kynningu á frambjóðendum en í frumvarpinu er lagt til að landskjörstjórn verði falið að útbúa kynningarefni um frambjóðendur. Meiri hlutinn telur að það samræmist ekki hlutverki landskjörstjórnar sem fer með lögbundið hlutverk varðandi (tæknilega) framkvæmd og úrslit kosninga. Meiri hlutinn telur réttara að fela dómsmálaráðuneyti að sjá um kynningu á stjórnlagaþingi og frambjóðendum þess og telur eðlilegt að það verði gert með svipuðum hætti og kynning á efni samkvæmt lögum nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010. Þá fékk ráðuneytið óháðan aðila, Lagastofnun, til að sjá um útgáfu kynningarefnis vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar og er það mat meiri hlutans að vel hafi tekist til með þá kynningu.

Rafræn kjörskrá og talning á einum stað.

Nefndin ræddi nokkuð um kosti þess að taka upp rafræna kjörskrá fyrir þessa kosningu. Með því fengist mikið hagræði fyrir kjósendur sem gætu greitt atkvæði hvar sem er á landinu og þörfin fyrir atkvæðagreiðslur utan kjörfundar mundi því minnka. Kjörstjórar erlendis gætu einnig nýtt rafræna kjörskrá. Meiri hlutinn leggur því til fjölmargar breytingar á II. kafla frumvarpsins til þess að unnt sé að taka upp rafræna kjörskrá.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að við hönnun rafrænnar kjörskrár þurfi að gæta að því að hún dugi fyrir allar kosningar til Alþingis, sveitarstjórna og við þjóðaratkvæðagreiðslur. Þá er nauðsynlegt að gæta að dulkóðun upplýsinga þannig að ekki sé hægt að sjá hvaða einstaklingar hafa greitt atkvæði en þó verði unnt að skoða kosningaþátttöku eftir kyni, aldri, búsetu o.s.frv.

Með kosningu til stjórnlagaþings er í reynd verið að kjósa eins og landið allt sé eitt kjördæmi og atkvæði kjósenda vega þar með jafnt. Niðurstöður þess hverjir hafa verið kjörnir til setu á stjórnlagaþingi eru fyrir landið í heild og því ekkert hagræði fólgið í því að telja fyrst í kjördæmum.

Starfstími stjórnlagaþings.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórnlagaþing komi saman þrisvar sinnum og eru lagðir til ákveðnir tímarammar sem stjórnlagaþingi er ætlað að starfa innan sem miðast við að kosið verði samhliða sveitarstjórnarkosningum. Meiri hlutinn leggur til að kjördagur verði eigi síðar en 30. október nk. og því nauðsynlegt að leggja til breytingar á þeim tímabilum sem stjórnlagaþing þarf að starfa eftir þó að áfram verði gert ráð fyrir að það starfi í fjórar til sex vikur í senn.

Meiri hlutinn leggur til að þingið skuli koma saman 15. nóvember 2010 og ljúka störfum 15. júní 2011 eða fyrr ef það ákveður svo. Þá leggur meiri hlutinn til að starfstímabilin verði eftirfarandi: frá 15. nóvember til 10. desember 2010, 5. febrúar til 10. mars 2011 og 15. apríl til 15. júní 2011. Þá leggur meiri hlutinn einnig til að stjórnlagaþing geti óskað eftir því við forsætisnefnd Alþingis að starfstími þess verði framlengdur um allt að þrjá mánuði.

Kostnaður við stjórnlagaþing.

Nefndin ræddi nokkuð um áætlaðan kostnað við stjórnlagaþing og hvort unnt sé að lækka hann, t.d. með því að stytta starfstíma þingsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þingið starfi á afmörkuðum tímabilum og að sérfræðinganefndir starfi á milli. Meiri hlutinn telur að með því geti ákveðinn tími nýst til umræðu og kynningar meðal almennings og að ekki sé efni til

að stytta starfstímann sérstaklega þegar litið er til þeirra breytinga sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur til að stjórnlagaþing haldi samráðsfundi í öllum kjördæmum strax á fyrsta starfstímabili sínu.

Fyrir liggur að ekki er gert ráð fyrir kostnaði við stjórnlagaþing í fjárlögum ársins 2010 og nauðsynlegt er að heimila aukafjárveitingu til þess að unnt verði að kjósa til þingsins fyrir 30. október.

Nauðsyn breytinga á stjórnarskrá.

Breytingar á stjórnarskrá hafa verið lengi á döfinni og hafa margar tilraunir verið gerðar á vettvangi Alþingis og einungis fáar hafa orðið að veruleika en aðrar runnið út í sandinn eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu. Við þær aðstæður sem sköpuðust í þjóðfélaginu við fall bankanna og þau víðfeðmu áhrif sem það hafði á þjóðfélagið í heild, stjórnvöld, efnahagsástandið, ríkisfjármálin og það uppgjör sem fara þarf fram í kjölfarið hefur krafan um breytingar á stjórnskipun landsins orðið háværari. Þá hefur krafa um beint og milliliðalaust lýðræði aukist mjög sem og þörfin fyrir að ná sátt í samfélaginu. Meiri hlutinn telur rétt að fela þjóðkjörnu stjórnlagaþingi að vinna að þessu afmarkaða verkefni með víðtæku samráði við almenning í landinu. Vinna stjórnlagaþings við frumvarp til stjórnarskipunarlaga er í reynd undirbúningur fyrir þá vinnu sem fara þarf fram á vegum Alþingis þegar það fær frumvarpið til meðferðar. Meiri hlutinn telur að með þessu móti verði unnt að vanda mjög til verkefnisins og leggja grunn að því að breið samstaða náist um málið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.	Róbert Marshall, frsm.	Árni Þór Sigurðsson.
Lilja Mósesdóttir.		Valgerður Bjarnadóttir.

1209. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SVÓ, RM, ÁÞS, LMós, VBj).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað dagsetninganna „17. júní 2010“ og „17. febrúar 2011“ í 2. mgr. komi: 15. nóvember 2010, og: 15. júní 2011.
   b. 1.–3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
      1. Frá 15. nóvember til 10. desember 2010.
      2. Frá 5. febrúar til 10. mars 2011.
      3. Frá 15. apríl til 15. júní 2011.

c. 5. mgr. orðist svo:
Stjórnlagaþingi er heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þingsins verði framlengdur um allt að þrjá mánuði.

2. Við 1. mgr. 3. gr. bætist tveir nýir töluliðir sem orðist svo:
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

3. Í stað orðanna „samhliða kosningum til sveitarstjórna vorið 2010“ í 4. gr. komi: eigi síðar en 30. október 2010.

4. 5. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Kosningarréttur og kjörskrár.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga þeir sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þegar boðað hefur verið til kosninga til stjórnlagaþings skal Þjóðskrá semja kjörskrá og setja á rafrænt form til að nota við atkvæðagreiðsluna.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis og skráðir voru með lögheimili í tilteknu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Enn fremur skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. þeirra laga og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í tilteknu sveitarfélagi.

Sautján dögum fyrir kjördag skal Þjóðskrá birta hina rafrænu kjörskrá almenningi til sýnis á heimasíðum dómsmálaráðuneytisins og Þjóðskrár. Þjóðskrá skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram að kjördegi. Ákvörðun Þjóðskrár er endanleg.

Þremur vikum fyrir kjördag skal dómsmálaráðuneytið birta auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum þar sem vakin er athygli almennings á því hvar nálgast megi hina rafrænu kjörskrá og hvernig megi gera athugasemdir við hana.

5. Orðið „menn“ í 6. gr. falli brott.

6. Í stað orðanna „helstu fjölmiðlum“ í 7. gr. komi: Ríkisútvarpi, dagblöðum.

7. Við 8. gr.
a. Í stað orðanna „sex vikum“ í 1. mgr. komi: kl. 12 á hádegi fjórtíu dögum.
b. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Landskjörstjórn í samráði við dómsmálaráðuneytið útbýr sérstakt eyðublað í þessu skyni sem skal skilað á því formi sem landskjörstjórn fer fram á.
c. Í stað orðanna „framboði er skilað“ í 4. mgr. komi: framboðsfrestur rennur út.
d. 5. mgr. orðist svo:
Náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi frambjóðenda, sbr. 1. mgr. 2. gr., þegar framboðsfrestur rennur út skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur. Nái fjöldi frambjóðenda þá ekki tilskildu lágmarki koma lögin ekki til framkvæmda.
e. Við bætist tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:
Landskjörstjórn auglýsir á vefsíðu sinni og vefsíðu á vegum dómsmálaráðuneytisins 24 dögum fyrir kjördag nöfn frambjóðenda, starfsheiti þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir.

Ákvæði laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra gilda um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

8. 9. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur. Skal kynningarefni dreift á öll heimili hér á landi. Einnig skal kynningarefni birt á vefsíðu á vegum ráðuneytisins.

Dreifa skal til allra kjósenda í landinu afriti af kjörseðli, auðkenndum sem kynningarseðill, ásamt skýringum á því hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Kynningarseðillinn skal jafnframt birtur á vefsíðu á vegum ráðuneytisins ásamt skýringum. Kynningarseðilinn má kjósandi hafa með sér í kjörklefa.

9. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendir þá ásamt öðrum kjörgögnum til þeirra sem annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar á kjörfundi og utan kjörfundar. Haga skal sendingunum í samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

10. Við 11. gr.

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., sem orðist svo:

Kjósandi getur greitt atkvæði á kjörfundi hvar sem er á landinu enda verði sýnilegt í rafrænu kjörskránni á öllum kjörstöðum að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns. Um kjördeildir, kjörstaði og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Sveitarstjórnir leggja til tölvubúnað í hverri kjördeild til að tryggja aðgang að rafrænu kjörskránni.

b. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Setji kjósandi önnur merki við nöfn frambjóðenda en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 14. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast.

11. 12. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag. Þar sem atkvæðagreiðsla fer fram skal kjörstjóri hafa aðgang að sérstakri skrá, utankjörfundarskrá, sem skal vera á rafrænu formi og sækir gögn í rafrænu kjörskrána. Í rafrænu kjörskránni verður sýnilegt að greitt hafi verið atkvæði utan kjörfundar, hvar það var gert og hvenær. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sömu kjörstjórum og við alþingiskosningar. Henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Kjósanda, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, er óheimilt að greiða atkvæði á kjörfundi.

Eftir að kjósandi hefur gert grein fyrir sér á viðhlítandi hátt fyrir kjörstjóra fær hann afhent kjörgögn sem eru kjörseðill skv. 10. gr., kjörseðilsumslag og sendiumslag. Því næst greiðir hann atkvæði í einrúmi eins og lýst er í 2. mgr. 11. gr., leggur kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið og lokar því. Því næst skal kjörseðilsumslagið sett í sendiumslagið og því lokað. Kjörstjóri skal gæta þess að nafn og kennitala kjósandans sé skráð á sendiumslagið og að það sé áritað til landskjörstjórnar. Merking í utankjörfundarskrá kemur í stað fylgibréfs, vottunar og skráar skv. 63. og 66. gr. laga um kosningar til Alþingis en um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti eftir þeim lögum nema annað leiði af lögum þessum. Hafi kjörstjóri ekki aðgang að utankjörfundarskrá fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir lögum um kosningar til Alþingis.

12. 13. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Talning atkvæða.

Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gengur úr skugga um að kjósendur, sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar, standi á kjörskrá og að þeir eigi rétt á að greiða atkvæði og metur að öðru leyti hvort atkvæðið skuli tekið til greina, sbr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þessa athugun má hefja á kjördegi. Atkvæði sem greidd hafa verið utan kjörfundar verða að hafa borist landskjörstjórn fyrir kl. 22 á kjördag.

Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á að teknu tilliti til 14. gr. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu og útreikning á því hver hafi náð kjöri. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

13. Við 14. gr.
    a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Úrslit kosninganna ráðast af eftirfarandi aðgerðum.
    b. Í stað orðsins „listans“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: frambjóðanda.
    c. Í stað orðanna „tóman bunka í upphafi“ í 1. mgr. 3. tölul. 1. mgr. komi: í upphafi ígildi bunka þótt tómur sé.
    d. 4. og 5. mgr. orðist svo:

Að lokinni talningu og úthlutun sæta birtir landskjörstjórn greinargerð um úrslitin opinberlega og boðar frambjóðendur til stjórnlagaþings til fundar. Þar lýsir hún úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi, sbr. 5. mgr. Eftir að kjörbréf hafa verið afhent tilkynnir landskjörstjórn stjórnarráðinu um niðurstöðu kosninganna og sendir nöfn hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum.

Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings sem náð hefur kjöri og sker landskjörstjórn þá úr.

14. 15. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Kærur og fleira.

Ef kjósandi telur fulltrúa á stjórnlagaþingi skorta kjörgengisskilyrði, framboð hans hafi ekki uppfyllt skilyrði laga eða kjör hans sé af öðrum ástæðum ólögmætt, getur hann kært kosningu hans til Hæstaréttar sem sker úr um gildi hennar. Kæra skal afhent Hæstarétti innan tveggja vikna frá því að nöfn hinna kjörnu fulltrúa voru birt í Stjórnartíðindum. Hæstiréttur aflar greinargerðar og gagna frá landskjörstjórn og gefur viðkomandi fulltrúa færi á að tjá sig um kæruna áður en skorið er úr um gildi kosningarinnar.

Ákvæði 114. gr., XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt þessum lögum að svo miklu leyti sem við getur átt.

15. Við 20. gr.
    a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., sem orðist svo: Stjórnlagaþing skal á fyrsta starfstímabili sínu halda fundi í öllum kjördæmum til þess að kalla eftir sjónarmiðum og tillögum almennings.
    b. Á eftir orðinu „skal“ í 1. málsl. komi: einnig.

16. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 1. mgr. 21. gr. komi: forsætisnefnd Alþingis.

17. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 22. gr. komi: Forsætisnefnd Alþingis.
18. 2. mgr. 27. gr. falli brott.
19. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 28. gr. komi: forsætisnefnd Alþingis.
20. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: forsætisnefnd Alþingis.
    b. Í stað orðsins „Alþingi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: forsætisráðherra.
    c. Í stað dagsetningarinnar „15. apríl 2010“ í 2. mgr. komi: 15. september 2010.

1210. Tillaga til þingsályktunar [652. mál]

um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem gerður var í New York 31. október 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 31. október 2003. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Í formála spillingarsamningsins er lögð áhersla á að spilling skapi vanda og hættu sem ógni stöðugleika og öryggi þjóðfélaga og grafi undan stofnunum lýðræðis, lýðræðislegum og siðferðislegum gildum og réttlæti, jafnframt því að skaða réttarríkið og hamla sjálfbærri þróun. Tekið er fram að spilling sé ekki lengur staðbundið heldur fjölþjóðlegt fyrirbæri sem hefur áhrif á öll þjóðfélög og hagkerfi. Ríki verði því að vinna hvert með öðru og njóta stuðnings og þátttöku einstaklinga og hópa utan hins opinbera til að sporna við spillingu.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi í ályktun sinni 55/61 frá 4. desember 2000 að æskilegt væri að samþykkja skilvirkan, alþjóðlegan löggerning gegn spillingu, óháðan samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (Palermósamningnum). Í kjölfarið ákvað allsherjarþingið að stofna sérlega nefnd til að annast samningaviðræður um slíkan gerning í Vín. Samningaviðræður um texta spillingarsamningsins fóru fram á sjö fundum sérlegu nefndarinnar sem haldnir voru á tímabilinu frá 21. janúar til 1. október 2003.

Lokadrög spillingarsamningsins voru samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun þess 58/4 frá 31. október 2003. Samningurinn var lagður fram til undirritunar í Merída 9. og 10. desember 2003 en hann var ekki undirritaður af hálfu Íslands. Samningurinn öðlaðist gildi 14. desember 2005 og hinn 17. maí 2010 höfðu 144 ríki gerst aðilar að honum.

Spillingarsamningurinn er fyrsti hnattræni bindandi gerningurinn gegn spillingu og sem slíkur veitir hann einstakt tækifæri til að taka á því víðtæka vandamáli sem spilling er, bæði hvað varðar hið opinbera og einkageirann. Samningurinn skiptist í átta kafla þar sem skuldbindingar samningsríkjanna eru útskýrðar. Í I. kafla samningsins er gerð grein fyrir tilgangi

hans, skilgreiningu hugtaka og gildissviði. Skv. 1. gr. samningsins er tilgangurinn með honum í fyrsta lagi að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti, í öðru lagi að stuðla að, greiða fyrir og styðja við alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð í tengslum við þá viðleitni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu, m.a. við að endurheimta fjármuni, og í þriðja lagi að stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna. Í 2. gr. eru skilgreind hugtökin „erlendur opinber embættismaður“, „embættismaður alþjóðastofnunar“, „eign“, „ávinningur af glæp“, „frysting“, „haldlagning“, „upptaka“, „frumbrot“ og „afhending undir eftirliti“. Skv. 3. gr. samningsins gildir hann um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna spillingar og um frystingu, haldlagningu, upptöku og skil á ávinningi af þeim brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum. Ekki er nauðsynlegt að þessi brot leiði til tjóns eða skaða á eignum ríkisins, nema annað sé tekið fram.

Allur II. kafli er tileinkaður forvarnaráðstöfunum gegn spillingu, bæði hvað varðar opinbera stjórnsýslu og einkageirann. Í 5. gr. er kveðið á um að hvert samningsríki skuli móta og hrinda í framkvæmd eða viðhalda skilvirkri, samræmdri stefnu gegn spillingu sem stuðlar að þátttöku samfélagsins og endurspeglar grundvallarreglur réttarríkisins og meginreglurnar um góða opinbera stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna, ráðvendni, gagnsæi og áreiðanleika. Samningsríki skulu leitast við að koma á og stuðla að skilvirkum starfsháttum sem miða að því að koma í veg fyrir spillingu og meta reglubundið viðeigandi lagagerninga og stjórnsýsluákvæði í því skyni að ákvarða hvort þau séu fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu. Skv. 6. gr. skulu samningsríki sjá til þess, í samræmi við grundvallarreglur eigin réttarkerfis, að til sé stofnun eða stofnanir sem vinna að forvörnum gegn spillingu og veita þeim nauðsynlegt sjálfstæði til að þær geti gegnt störfum sínum með skilvirkum hætti án nokkurra ótilhlýðilegra áhrifa. Samningsríkjum ber skv. 7. gr. að leitast við að taka upp, viðhalda og efla fyrirkomulag sem lýtur að nýliðun, ráðningu, ráðningarfestu, framgangi í starfi og starfslokum opinberra starfsmanna og annarra opinberra embættismanna sem ekki eru kjörnir til embættis. Fyrirkomulagið skal byggjast á meginreglunum um skilvirkni og gagnsæi og á hlutlægum viðmiðunum á borð við verðleika, sanngirni og hæfni. Jafnframt skal fyrirkomulagið fela í sér viðeigandi starfshætti við val og þjálfun einstaklinga í opinberar stöður sem teljast sérlega berskjaldaðar gagnvart spillingu og tilfærslu slíkra einstaklinga í aðrar stöður. Stuðla skal að viðunandi launakjörum að teknu tilliti til efnahagsþróunar í viðkomandi samningsríki og efla mennta- og starfsmenntunaráætlanir til að gera starfsmönnum kleift að uppfylla kröfur um að þeir leysi opinber störf sín af hendi með sóma og á réttan og viðeigandi hátt og veita þeim sérhæfða og viðeigandi þjálfun sem miðar að því að efla vitund þeirra um hættuna á spillingu sem fylgir störfum þeirra. Enn fremur skal hvert samningsríki taka til skoðunar að setja viðeigandi laga- og stjórnsýsluákvæði til þess að auka gagnsæi fjármögnunar framboða til opinberra embætta sem kosið er til og, eftir atvikum, fjármögnunar starfsemi stjórnmálaflokka. Skv. 8. gr. ber samningsríkjum að leitast við að beita siðareglum eða viðmiðunum um háttsemi í því skyni að opinberum störfum verði sinnt með sóma og á réttan og viðeigandi hátt, skylda opinbera embættismenn til að gefa viðeigandi yfirvöldum yfirlýsingar um það sem kann að valda hagsmunaárekstrum vegna starfa þeirra sem opinberir embættismenn og taka til skoðunar að beita þá refsiviðurlögum eða grípa til annarra ráðstafana gegn þeim brjóti þeir slíkar reglur. Skv. 9. gr. skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á viðeigandi fyrirkomulagi við opinber innkaup sem byggist á gagnsæi, samkeppni og hlutlægum viðmiðunum við ákvarðanatöku og gagnast m.a. til að koma í veg fyrir spillingu. Í 10. gr. er fjallað um upplýsinga-

miðlun til almennings og í 11. gr. um ráðstafanir sem samningsríki skulu gera til að efla ráðvendni og koma í veg fyrir að tilefni gefist til spillingar hvað varðar dómstóla og embætti saksóknara. Jafnframt skal skv. 12. gr. gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir spillingu þar sem einkageirinn kemur við sögu og skv. 13. gr. efla virka þátttöku einstaklinga og hópa utan hins opinbera í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu og til að auka vitund almennings um spillingu, orsakir hennar og alvarleika og þá ógn sem af henni stafar. Í 14. gr. er fjallað um ráðstafanir til að koma í veg fyrir peningaþvætti.

Í III. kafla samningsins er fjallað um athæfi sem gert er refsivert og framkvæmd laga. Í 15. gr. er fjallað um mútur til innlendra opinberra starfsmanna og refsinæmi þess annars vegar að bjóða opinberum embættismanni mútur og hins vegar að þiggja mútur ef um er að ræða opinberan embættismann. Í 16. gr. er kveðið á um refsinæmi mútugreiðslna til erlendra opinberra embættismanna og embættismanna alþjóðastofnana sem og þess ef slíkir aðilar þiggja mútur. Í 17. gr. er kveðið á um refsinæmi þess dragi opinber embættismaður sér fé, nýti á óréttmætan hátt eða noti án heimildar með öðrum hætti eignir, fé úr opinberum sjóðum eða einkasjóðum eða verðbréf eða hvers kyns önnur verðmæti sem honum er treyst fyrir stöðu sinnar vegna, í eigin þágu eða í þágu annars manns eða aðila. Fjallað er um svokölluð áhrifakaup í 18. gr. og skulu samningsríkin taka til athugunar að gera ráðstafanir til að unnt sé að gera þau refsiverð. Ákvæðið tekur bæði til háttsemi sem felst í því að lofa, bjóða eða veita opinberum embættismanni eða öðrum manni, með beinum eða óbeinum hætti, óréttmætan ávinning í því skyni að embættismaðurinn eða maðurinn misnoti raunveruleg eða ætluð áhrif sín til að fá óréttmætan ávinning fyrir upphaflegan hvatamann verknaðarins eða annan mann frá stjórnsýslustofnun eða opinberu yfirvaldi í samningsríkinu og að opinber embættismaður eða annar maður falist eftir eða þiggi óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni til handa, gegn því að embættismaðurinn eða maðurinn misnoti raunveruleg eða ætluð áhrif sín í því skyni að fá óréttmætan ávinning frá stjórnsýslustofnun eða opinberu yfirvaldi í samningsríkinu. Áskilið er að um ásetning sé að ræða. Skv. 19. gr. skulu samningsríki taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir til þess að gera það að refsiverðu broti að opinber embættismaður misnoti stöðu sína af ásettu ráði í þeim tilgangi að fá óréttmætan ávinning sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa og skv. 20. gr. skulu samningsríki gera slíkt hið sama þegar um er að ræða að opinber embættismaður auðgist á ólöglegan hátt. Í 21. gr. er fjallað um mútugreiðslur innan einkageirans og mælt fyrir um refsinæmi þeirra. Um fjárdrátt á eignum í einkageiranum er fjallað í 22. gr. Samkvæmt ákvæðinu ber samningsríkjum að taka til skoðunar að gera það refsivert í atvinnu-, fjármála- eða viðskiptastarfsemi að maður sem stjórnar einkafyrirtæki eða starfar fyrir slíkt fyrirtæki, í hvaða stöðu sem er, dragi sér eignir, fé úr einkasjóðum, verðbréf eða önnur verðmæti sem honum eru falin stöðu sinnar vegna. Í 23. gr. er fjallað um refsinæmi þvættis ávinnings af glæp og í 24. gr. um refsinæmi þess að leyna tilteknum eignum. Sú skylda er lögð á samningsríkin í 25. gr. að kveða á um refsinæmi þess að hindra framgang réttvísinnar, með því t.d. að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum eða lofa, bjóða eða veita óréttmætan ávinning í því skyni að fá fram rangan vitnisburð eða hindra að vitni geti borið fyrir rétti eða að sönnunargögn séu lögð fram við málsmeðferð vegna brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum. Jafnframt skal vera refsivert að hindra embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann við skyldustörf sín í tengslum við brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum með líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum. Í 26. gr. er kveðið á um að unnt skuli vera að gera lögaðila ábyrga fyrir hlutdeild í brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum og skv. 27.

gr. skal vera refsivert að gera tilraun til að fremja slíkt brot eða eiga hlutdeild í slíku broti. Í 28. gr. segir að álykta megi um vitneskju, ásetning eða tilgang sem er nauðsynleg forsenda brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningnum, af hlutlægum raunverulegum málavöxtum. Skv. 29. gr. skal fyrningarfrestur til málshöfðunar vegna brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum vera langur. Í 30. gr. er fjallað um saksókn, dómsálagningu og viðurlög og segir meðal annars að taka skuli til skoðunar, þegar alvarleiki brots réttlætir það, að lýsa menn sem hafa verið fundnir sekir um brot sem refsiverð eru samkvæmt samningnum vanhæfa til að gegna opinberri stöðu og stöðu í fyrirtæki sem er að öllu leyti eða að hluta í eigu ríkisins. Í 31. gr. er mælt fyrir um frystingu og upptöku ávinnings af glæp sem rekja má til brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum og eigna, búnaðar eða annarra tækja sem eru notuð eða ætluð til notkunar við að fremja slík brot. Í 32. gr. er fjallað um vernd vitna, sérfræðinga og brotaþola, í 33. gr. um vernd þeirra sem veita upplýsingar, í 34. gr. um afleiðingar spillingar og í 35. gr. um skaðabætur fyrir aðila eða einstaklinga sem hafa orðið fyrir tjóni vegna spillingar. Skv. 36. gr. skal hvert samningsríki sjá til þess að til sé stofnun eða stofnanir eða einstaklingar sem eru sérhæfðir í að berjast gegn spillingu með því að framfylgja lögum. Í 37. gr. er fjallað um samstarf við löggæsluyfirvöld, í 38. gr. um samstarf milli yfirvalda einstakra ríkja og í 39. gr. um samstarf milli landsyfirvalda og einkageirans. Kveðið er á um í 40. gr. að samningsríki skuli sjá til þess, í tilvikum þar sem innlend rannsókn fer fram á brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum, að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi innan réttarkerfis þeirra sem gera kleift að yfirstíga hugsanlegar hindranir samfara beitingu laga um bankaleynd. Í 41. gr. er tekið fram að samningsríki geti látið taka tillit til fyrri sakfellingar meints brotamanns í öðru ríki í því skyni að nota slíka vitneskju við meðferð brots sem gert er refsivert samkvæmt samningnum. Í 42. gr. er kveðið á um að samningsríki skuli samþykkja ráðstafanir til að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum í ákveðnum tilfellum.

Í IV. kafla eru settar reglur um alþjóðlega samvinnu, einkum að því er varðar framsal, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, sameiginlega rannsókn og óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Í 43. gr. segir að ætíð þegar það skilyrði er sett fyrir alþjóðlegri samvinnu að brotið sé refsivert í báðum samningsríkjunum telst því skilyrði fullnægt ef athæfið sem liggur til grundvallar brotinu, sem er tilefni beiðni um aðstoð, er refsivert samkvæmt lögum beggja samningsríkja, óháð því hvort brotið heyrir undir sama brotaflokk eða er lýst með sama orðalagi í lögum ríkisins sem beiðni er beint til og þess sem leggur fram beiðnina. Um framsal er fjallað í 44. gr. Þar segir meðal annars að taki samningsríki, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að fyrir hendi sé milliríkjasamningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðru samningsríki sem það hefur ekki framsalssamning við geti fyrrnefnda samningsríkið litið á spillingarsamninginn sem lagalegan grundvöll fyrir framsali með tilliti til brota sem eru refsiverð samkvæmt honum. Í 45. gr. er fjallað um flutning dæmdra manna, í 46. gr. um gagnkvæma dómsmálaaðstoð, í 47. gr. um flutning meðferðar sakamáls, í 48. gr. um samvinnu um að framfylgja lögum, í 49. gr. um sameiginlega rannsókn mála og í 50. gr. um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir.

V. kafli fjallar um endurheimt eigna. Í 51. gr. segir að skil á fjármunum samkvæmt kaflanum sé grundvallarregla samningsins. Skulu samningsríki starfa náið saman og veita hvert öðru alla þá aðstoð sem við verður komið í þessu tilliti. Skv. 52. gr. skal meðal annars skylda fjármálastofnanir innan lögsögu samningsríkja til að staðfesta hverjir viðskiptavinir þeirra eru, gera eðlilegar ráðstafanir til að komast að því hverjir eru raunverulegir eigendur fjármuna sem eru lagðir inn á reikninga með háum innstæðum og hafa aukið eftirlit með reikn-

ingum í eigu eða tengdum einstaklingum sem gegna eða hafa gegnt mikilvægum opinberum embættum. Í 53. gr. er fjallað um ráðstafanir til að endurheimta eignir milliliðalaust og í 54. gr. um aðferðir við endurheimt eigna með alþjóðlegri samvinnu um upptöku. Í 55. gr. er nánar fjallað um alþjóðlega samvinnu í upptökumálum, meðal annars um hvernig skuli meðhöndla beiðni um upptöku og hvað skuli koma fram í slíkri beiðni. Í 57. gr. er fjallað um skil og ráðstöfun fjármuna. Í ákvæðinu er til að mynda gert ráð fyrir því að heimilt sé að skila eignum sem gerðar hafa verið upptækar til samningsríkisins sem lagði fram beiðni um upptöku, geti viðkomandi ríki sýnt fram á að eignir þær sem gerðar voru upptækar hafi áður verið í eigu þess.

Í VI. kafla er fjallað um tæknilega aðstoð og upplýsingaskipti.

VII. kafli kemur inn á aðferðir við framkvæmd sem ætti að nota í framtíðinni í því skyni að tryggja að samningsríkin standi við skuldbindingar sínar. Enn fremur er þar fjallað um upplýsingamiðlun og samvinnu.

Að síðustu er VIII. kafli helgaður málum er varða framkvæmd, gildistöku og breytingar á samningnum.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum sem nauðsynleg er til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem spillingarsamningurinn leggur samningsríkjum á herðar. Breyting þessi lýtur að því að heimild almennra hegningarlaga til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot, enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur, taki einnig til brota sem falla undir spillingarsamninginn. Jafnframt hefur forsætisráðherra lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur) sem ætlað er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn og ráðherra. Þar er kveðið á um ferli við innleiðingu siðareglna, eftirlit með reglunum af hálfu stjórnenda og umboðsmanns Alþingis og samhæfingu milli þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á því að stjórnsýslan standist gæðakröfur. Mæta ákvæði laganna þeim áskilnaði sem gerður er í 6. og 8. gr. spillingarsamningsins.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEGN SPILLINGU

FORMÁLSORÐ

Aðildarríki samnings þessa,

sem eru uggandi vegna alvarlegs vanda og yfirvofandi hættu af völdum spillingar sem ógna stöðugleika og öryggi þjóðfélaga og grafa undan stofnunum lýðræðis, lýðræðislegum og siðferðislegum gildum og réttlæti, jafnframt því að hamla sjálfbærri þróun og skaða réttarríkið,

sem eru og uggandi vegna tengsla spillingar og annars konar glæpa, einkum skipulagðrar glæpastarfsemi og efnahagsbrota, þ.m.t. peningaþvætti,

sem eru enn fremur uggandi vegna spillingarmála, þar sem um mikla fjármuni er að tefla, sem geta verið verulegur hluti þjóðarauðs ríkja, og sem ógna pólitískum stöðugleika og sjálfbærri þróun fyrrnefndra ríkja,

sem eru þess fullviss að spilling er ekki lengur staðbundið heldur fjölþjóðlegt fyrirbæri sem hefur áhrif á öll þjóðfélög og hagkerfi, sem þýðir að alþjóðleg samvinna er nauðsynleg ef takast á að koma í veg fyrir spillingu og sporna gegn henni,

sem eru þess enn fremur fullviss að beita verður alhliða og þverfaglegum aðferðum til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með viðhlítandi árangri,

sem eru þess þar að auki fullviss að tæknileg aðstoð getur stuðlað verulega að því að auka getu ríkja til að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með viðhlítandi árangri, m.a. með því að auka hæfni og byggja upp stofnanir,

sem eru þess fullviss að öflun persónulegs auðs með ólögmætum hætti getur reynst lýðræðislegum stofnunum, hagkerfum einstakra ríkja og réttarríkinu sérstaklega skaðleg,

sem eru staðráðin í því að koma í veg fyrir, koma upp um og hindra með skilvirkari hætti yfirfærslu illa fenginna fjármuna milli landa og efla alþjóðlega samvinnu um endurheimt fjármuna,

sem viðurkenna grundvallarreglurnar um tilhlýðilega málsmeðferð að lögum í sakamálum, einkamálum og innan stjórnsýslunnar að því er viðurkenningu eignarréttar varðar,

sem hafa hugfast að öll ríki eru ábyrg fyrir því að koma í veg fyrir og uppræta spillingu og að þau verða að vinna hvert með öðru og njóta stuðnings og þátttöku einstaklinga og hópa utan hins opinbera, t.d.

UNITED NATIONS CONVENTION AGAINST CORRUPTION

PREAMBLE

The States Parties to this Convention,

Concerned about the seriousness of problems and threats posed by corruption to the stability and security of societies, undermining the institutions and values of democracy, ethical values and justice and jeopardizing sustainable development and the rule of law,

Concerned also about the links between corruption and other forms of crime, in particular organized crime and economic crime, including money-laundering,

Concerned further about cases of corruption that involve vast quantities of assets, which may constitute a substantial proportion of the resources of States, and that threaten the political stability and sustainable development of those States,

Convinced that corruption is no longer a local matter but a transnational phenomenon that affects all societies and economies, making international cooperation to prevent and control it essential,

Convinced also that a comprehensive and multidisciplinary approach is required to prevent and combat corruption effectively,

Convinced further that the availability of technical assistance can play an important role in enhancing the ability of States, including by strengthening capacity and by institution-building, to prevent and combat corruption effectively,

Convinced that the illicit acquisition of personal wealth can be particularly damaging to democratic institutions, national economies and the rule of law,

Determined to prevent, detect and deter in a more effective manner international transfers of illicitly acquired assets and to strengthen international cooperation in asset recovery,

Acknowledging the fundamental principles of due process of law in criminal proceedings and in civil or administrative proceedings to adjudicate property rights,

Bearing in mind that the prevention and eradication of corruption is a responsibility of all States and that they must cooperate with one another, with the support and involvement of individuals and

hins borgaralega samfélags, frjálsra félagasamtaka og samfélagslegra samtaka, eigi viðleitni þeirra að skila árangri,

sem hafa og í huga meginreglurnar um góða opinbera stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna, sanngirni, ábyrgð og jafnrétti fyrir lögum og nauðsyn þess að standa vörð um ráðvendni og að hlúa að samfélagsvitund þar sem spillingu er hafnað,

sem lofa starf nefndar um afbrotavarnir og refsiviðurlög og fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna sem miðar að því að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu,

sem minna á starf annarra alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana á þessu sviði, m.a. starfsemi Afríkusambandsins, Evrópuráðsins, Tollasamvinnuráðsins (einnig þekkt sem Alþjóðatollastofnunin), Evrópusambandsins, Arababandalagsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Samtaka Ameríkuríkja,

sem líta til og kunna að meta fjölhliða gerninga, sem stuðla að því að komið verði í veg fyrir og barist gegn spillingu, m.a. samningi Ameríkuríkja gegn spillingu sem Samtök Ameríkuríkja samþykktu 29. mars 1996, samningnum um baráttu gegn spillingu tengdri embættismönnum Evrópubandalaganna eða embættismönnum aðildarríkja Evrópusambandsins sem ráð Evrópusambandsins samþykkti 26. maí 1997, samningnum um baráttu gegn mútum til erlendra opinberra embættismanna í milliríkjaviðskiptum sem Efnahags- og framfarastofnunin samþykkti 21. nóvember 1997, samningnum á sviði refsiréttar um spillingu sem ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkti 27. janúar 1999, samningnum á sviði einkamálaréttar um spillingu sem ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkti 4. nóvember 1999 og samningi Afríkusambandsins um að komið verði í veg fyrir og barist gegn spillingu sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnarleiðtogar ríkja Afríkusambandsins samþykktu 12. júlí 2003,

sem fagna gildistöku samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi hinn 29. september 2003,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

groups outside the public sector, such as civil society, non-governmental organizations and community-based organizations, if their efforts in this area are to be effective,

Bearing also in mind the principles of proper management of public affairs and public property, fairness, responsibility and equality before the law and the need to safeguard integrity and to foster a culture of rejection of corruption,

Commending the work of the Commission on Crime Prevention and Criminal Justice and the United Nations Office on Drugs and Crime in preventing and combating corruption,

Recalling the work carried out by other international and regional organizations in this field, including the activities of the African Union, the Council of Europe, the Customs Cooperation Council (also known as the World Customs Organization), the European Union, the League of Arab States, the Organisation for Economic Cooperation and Development and the Organization of American States,

Taking note with appreciation of multilateral instruments to prevent and combat corruption, including, inter alia, the Inter-American Convention against Corruption, adopted by the Organization of American States on 29 March 1996, the Convention on the Fight against Corruption involving Officials of the European Communities or Officials of Member States of the European Union, adopted by the Council of the European Union on 26 May 1997, the Convention on Combating Bribery of Foreign Public Officials in International Business Transactions, adopted by the Organisation for Economic Cooperation and Development on 21 November 1997, the Criminal Law Convention on Corruption, adopted by the Committee of Ministers of the Council of Europe on 27 January 1999, the Civil Law Convention on Corruption, adopted by the Committee of Ministers of the Council of Europe on 4 November 1999, and the African Union Convention on Preventing and Combating Corruption, adopted by the Heads of State and Government of the African Union on 12 July 2003,

Welcoming the entry into force on 29 September 2003 of the United Nations Convention against Transnational Organized Crime,

Have agreed as follows:

I. kafli.
Almenn ákvæði.

1. gr.
Yfirlýst markmið.

Tilgangurinn með samningi þessum er:

a) að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti,
b) að stuðla að, greiða fyrir og styðja við alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð í tengslum við þá viðleitni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu, m.a. við að endurheimta fjármuni,
c) að stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna.

2. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „opinber embættismaður“ merkir i. hvern þann mann sem gegnir stöðu á sviði löggjafarvalds, framkvæmdavalds, stjórnsýslu eða dómsvalds í samningsríki, hvort sem hann er skipaður í hana eða kjörinn, til frambúðar eða tímabundið, hvort sem hún er launuð eða ekki, án tillits til starfsaldurs hans, ii. hvern þann mann annan sem sinnir opinberum störfum, þ.m.t. fyrir opinbera stofnun eða opinbert fyrirtæki, eða veitir opinbera þjónustu, eins og þau eru skilgreind í landslögum samningsríkisins og innt af hendi á viðeigandi lagasviði í því samningsríki, iii. hvern þann mann annan sem telst „opinber embættismaður“ samkvæmt landslögum samningsríkis. Eigi að síður, að því er varðar sumar sértækar ráðstafanir í II. kafla samnings þessa, getur „opinber embættismaður“ átt við hvern þann mann sem sinnir opinberum störfum eða veitir opinbera þjónustu, eins og þess háttar störf og þjónusta eru skilgreind í landslögum samningsríkisins og framkvæmd á viðeigandi lagasviði í því samningsríki,
b) „erlendur opinber embættismaður“ merkir hvern þann mann sem gegnir stöðu á sviði löggjafarvalds, framkvæmdavalds, stjórnsýslu eða dómsvalds á erlendri grund, hvort sem hann er skipaður í hana eða kjörinn, og hvern þann mann sem sinnir opinberum störfum fyrir erlent land, þ.m.t. fyrir opinbera stofnun eða opinbert fyrirtæki,
c) „embættismaður alþjóðastofnunar“ merkir starfsmann þess háttar alþjóðastofnunar eða hvern þann mann sem hefur heimild slíkrar stofnunar til þess að starfa í umboði hennar,
d) „eign“ merkir fjármuni, hverju nafni sem þeir nefnast, hvort sem þeir eru áþreifanlegir eða óáþreifanlegir, lausafé eða fasteign, efnislegir

Chapter I
General provisions

Article 1
Statement of purpose

The purposes of this Convention are:

(a) To promote and strengthen measures to prevent and combat corruption more efficiently and effectively;
(b) To promote, facilitate and support international cooperation and technical assistance in the prevention of and fight against corruption, including in asset recovery;
(c) To promote integrity, accountability and proper management of public affairs and public property.

Article 2
Use of terms

For the purposes of this Convention:

(a) “Public official” shall mean: (i) any person holding a legislative, executive, administrative or judicial office of a State Party, whether appointed or elected, whether permanent or temporary, whether paid or unpaid, irrespective of that person’s seniority; (ii) any other person who performs a public function, including for a public agency or public enterprise, or provides a public service, as defined in the domestic law of the State Party and as applied in the pertinent area of law of that State Party; (iii) any other person defined as a “public official” in the domestic law of a State Party. However, for the purpose of some specific measures contained in chapter II of this Convention, “public official” may mean any person who performs a public function or provides a public service as defined in the domestic law of the State Party and as applied in the pertinent area of law of that State Party;

(b) “Foreign public official” shall mean any person holding a legislative, executive, administrative or judicial office of a foreign country, whether appointed or elected; and any person exercising a public function for a foreign country, including for a public agency or public enterprise;

(c) “Official of a public international organization” shall mean an international civil servant or any person who is authorized by such an organization to act on behalf of that organization;
(d) “Property” shall mean assets of every kind, whether corporeal or incorporeal, movable or immovable, tangible or intangible, and legal

eða óefnislegir, og lagaleg skjöl eða löggerninga sem sýna fram á eignarrétt yfir slíkum fjár munum eða rétt til þeirra,

e) „ávinningur af glæp“ merkir hverja þá eign sem er til komin eða fengin, beint eða óbeint, með því að fremja afbrot,

f) „frysting“ eða „haldlagning“ merkir tímabundið bann við yfirfærslu, umbreytingu, ráðstöfun eða flutningi á eign eða töku eignar í tímabundna vörslu eða umsjá samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds,

g) „upptaka“, sem tekur, þar sem við á, einnig til þess að eign sé fyrirgert, merkir varanlega sviptingu eignar samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds,

h) „frumbrot“ merkir hvert það brot sem leitt hefur til þess að myndast hefur ávinningur er getur orðið frumlag brots sem er skilgreint í 23. gr. samnings þessa,

i) „afhending undir eftirliti“ merkir þá starfsaðferð að hindra ekki að ólöglegar eða grunsamlegar sendingar fari frá, um eða inn á yfirráðasvæði eins eða fleiri ríkja, með vitund og undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra, í því skyni að rannsaka brot og komast að raun um hverjir eiga þátt í því.

documents or instruments evidencing title to or interest in such assets;

(e) “Proceeds of crime” shall mean any property derived from or obtained, directly or indirectly, through the commission of an offence;

(f) “Freezing” or “seizure” shall mean temporarily prohibiting the transfer, conversion, disposition or movement of property or temporarily assuming custody or control of property on the basis of an order issued by a court or other competent authority;

(g) “Confiscation”, which includes forfeiture where applicable, shall mean the permanent deprivation of property by order of a court or other competent authority;

(h) “Predicate offence” shall mean any offence as a result of which proceeds have been generated that may become the subject of an offence as defined in article 23 of this Convention;

(i) “Controlled delivery” shall mean the technique of allowing illicit or suspect consignments to pass out of, through or into the territory of one or more States, with the knowledge and under the supervision of their competent authorities, with a view to the investigation of an offence and the identification of persons involved in the commission of the offence.

3. gr.
Gildissvið.

1. Samningur þessi gildir, í samræmi við skilmála hans, um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna spillingar og um frystingu, haldlagningu, upptöku og skil á ávinningi af þeim brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
2. Að því er varðar framkvæmd þessa samnings er ekki nauðsynlegt að brot, sem hér eru tilgreind, leiði til tjóns eða skaða á eignum ríkisins, nema annað sé tekið fram.

Article 3
Scope of application

1. This Convention shall apply, in accordance with its terms, to the prevention, investigation and prosecution of corruption and to the freezing, seizure, confiscation and return of the proceeds of offences established in accordance with this Convention.
2. For the purposes of implementing this Convention, it shall not be necessary, except as otherwise stated herein, for the offences set forth in it to result in damage or harm to state property.

4. gr.
Fullveldisvernd.

1. Samningsríki skulu efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þannig að samræmist meginreglunum um jafnræði fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og meginreglunni um bann við afskiptum af innanríkismálum annarra ríkja.
2. Ekkert í samningi þessum skal veita samningsríki rétt til að fara með lögsögu á yfirráðasvæði annars ríkis og gegna þar hlutverkum sem landslög þess síðarnefnda fela yfirvöldum þess einum.

Article 4
Protection of sovereignty

1. States Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

2. Nothing in this Convention shall entitle a State Party to undertake in the territory of another State the exercise of jurisdiction and performance of functions that are reserved exclusively for the authorities of that other State by its domestic law.

II. kafli.
Forvarnarráðstafanir.

5. gr.
Stefna og starfshættir við forvarnir gegn spillingu.

1. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur eigin réttarkerfis, móta og hrinda í framkvæmd eða viðhalda skilvirkri, samræmdri stefnu gegn spillingu sem stuðlar að þátttöku samfélagsins og endurspeglar grundvallarreglur réttarríkisins og meginreglurnar um góða opinbera stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna, ráðvendni, gagnsæi og áreiðanleika.
2. Hvert samningsríki skal leitast við að koma á og stuðla að skilvirkum starfsháttum sem miða að því að koma í veg fyrir spillingu.
3. Hvert samningsríki skal leitast við að meta reglubundið viðeigandi lagagerninga og stjórnsýsluákvæði í því skyni að ákvarða hvort þau séu fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu.
4. Samningsríki skulu, eftir því sem við á og í samræmi við grundvallarreglur eigin réttarkerfis, vinna saman innbyrðis og með hlutaðeigandi alþjóðastofnunum og svæðisbundnum stofnunum, að því að koma á og móta þær ráðstafanir sem um getur í þessari grein. Sú samvinna getur tekið til þátttöku í alþjóðaáætlunum og -verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir spillingu.

6. gr.
Stofnun eða stofnanir sem vinna að forvörnum gegn spillingu.

1. Hvert samningsríki skal sjá til þess, í samræmi við grundvallarreglur eigin réttarkerfis, að til sé stofnun eða stofnanir, eftir því sem við á, sem vinna að forvörnum gegn spillingu, m.a. með aðferðum sem hér eru tilgreindar:

a) hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem um getur í 5. gr. þessa samnings og, eftir því sem við á, hafa umsjón með og samræma þá framkvæmd,

b) efla og miðla þekkingu á því hvernig koma megi í veg fyrir spillingu.

2. Hvert samningsríki skal veita þeirri stofnun eða stofnunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, nauðsynlegt sjálfstæði, í samræmi við grundvallarreglur eigin réttarkerfis, til þess að stofnunin eða stofnanirnar geti gegnt störfum sínum með skilvirkum hætti án nokkurra ótilhlýðilegra áhrifa. Nauðsynlegur aðbúnaður og sérhæft starfsfólk skal vera fyrir hendi, auk þjálfunar sem starfsfólk kann að þarfnast til þess að geta gegnt störfum sínum.
3. Hvert samningsríki skal skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá nafni og aðsetri þess yfirvalds eða þeirra yfirvalda sem mega liðsinna öðr-

Chapter II
Preventive measures

Article 5
Preventive anti-corruption policies and practices

1. Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system, develop and implement or maintain effective, coordinated anti-corruption policies that promote the participation of society and reflect the principles of the rule of law, proper management of public affairs and public property, integrity, transparency and accountability.
2. Each State Party shall endeavour to establish and promote effective practices aimed at the prevention of corruption.
3. Each State Party shall endeavour to periodically evaluate relevant legal instruments and administrative measures with a view to determining their adequacy to prevent and fight corruption.

4. States Parties shall, as appropriate and in accordance with the fundamental principles of their legal system, collaborate with each other and with relevant international and regional organizations in promoting and developing the measures referred to in this article. That collaboration may include participation in international programmes and projects aimed at the prevention of corruption.

Article 6
Preventive anti-corruption body or bodies

1. Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system, ensure the existence of a body or bodies, as appropriate, that prevent corruption by such means as:

(a) Implementing the policies referred to in article 5 of this Convention and, where appropriate, overseeing and coordinating the implementation of those policies;
(b) Increasing and disseminating knowledge about the prevention of corruption.

2. Each State Party shall grant the body or bodies referred to in paragraph 1 of this article the necessary independence, in accordance with the fundamental principles of its legal system, to enable the body or bodies to carry out its or their functions effectively and free from any undue influence. The necessary material resources and specialized staff, as well as the training that such staff may require to carry out their functions, should be provided.
3. Each State Party shall inform the Secretary-General of the United Nations of the name and address of the authority or authorities that may assist

um samningsríkjum við að móta aðferðir og framkvæma sértækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir spillingu.

7. gr.
Hið opinbera.

1. Hvert samningsríki skal, eftir því sem við á og í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, leitast við að taka upp, viðhalda og efla fyrirkomulag, sem lýtur að nýliðun, ráðningu, ráðningarfestu, framgangi í starfi og starfslokum opinberra starfsmanna og, eftir því sem við á, annarra opinberra embættismanna sem ekki eru kjörnir til embættis, sem:

a) byggist á meginreglunum um skilvirkni og gagnsæi og á hlutlægum viðmiðunum á borð við verðleika, sanngirni og hæfni,
b) felur í sér viðeigandi starfshætti við val og þjálfun einstaklinga í opinberar stöður, sem teljast sérlega berskjaldaðar gagnvart spillingu, og tilfærslu slíkra einstaklinga í aðrar stöður eftir því sem við á,
c) stuðlar að viðunandi launakjörum og sanngjörnum launaflokkum, að teknu tilliti til efnahagsþróunar í viðkomandi samningsríki,
d) eflir mennta- og starfsmenntunaráætlanir til að gera starfsmönnum kleift að uppfylla kröfur um að þeir leysi opinber störf sín af hendi með sóma og á réttan og viðeigandi hátt og veita þeim sérhæfða og viðeigandi þjálfun sem miðar að því að efla vitund þeirra um hættuna á spillingu sem fylgir störfum þeirra. Í slíkum áætlunum er heimilt að vísa til siðareglna eða viðmiðana um háttsemi sem gilda á viðkomandi sviðum.

2. Enn fremur skal hvert samningsríki taka til athugunar að samþykkja viðeigandi laga- og stjórnsýsluákvæði, sem samrýmast markmiðum þessa samnings og eru í samræmi við grundvallarreglur landslaga þess, í því skyni að setja viðmiðunarreglur um framboð og kjör til opinberra embætta.

3. Enn fremur skal hvert samningsríki taka til skoðunar að gera viðeigandi laga- og stjórnsýsluákvæði, sem samrýmast markmiðum þessa samnings og eru í samræmi við grundvallarreglur landslaga þess, til þess að auka gagnsæi fjármögnunar framboða til opinberra embætta sem kosið er til og, eftir atvikum, fjármögnunar starfsemi stjórnmálaflokka.

4. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, leitast við að taka upp, viðhalda og efla fyrirkomulag sem stuðlar að gagnsæi og kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra.

other States Parties in developing and implementing specific measures for the prevention of corruption.

Article 7
Public sector

1. Each State Party shall, where appropriate and in accordance with the fundamental principles of its legal system, endeavour to adopt, maintain and strengthen systems for the recruitment, hiring, retention, promotion and retirement of civil servants and, where appropriate, other non-elected public officials:

(a) That are based on principles of efficiency, transparency and objective criteria such as merit, equity and aptitude;
(b) That include adequate procedures for the selection and training of individuals for public positions considered especially vulnerable to corruption and the rotation, where appropriate, of such individuals to other positions;
(c) That promote adequate remuneration and equitable pay scales, taking into account the level of economic development of the State Party;
(d) That promote education and training programmes to enable them to meet the requirements for the correct, honourable and proper performance of public functions and that provide them with specialized and appropriate training to enhance their awareness of the risks of corruption inherent in the performance of their functions. Such programmes may make reference to codes or standards of conduct in applicable areas.

2. Each State Party shall also consider adopting appropriate legislative and administrative measures, consistent with the objectives of this Convention and in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to prescribe criteria concerning candidature for and election to public office.

3. Each State Party shall also consider taking appropriate legislative and administrative measures, consistent with the objectives of this Convention and in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to enhance transparency in the funding of candidatures for elected public office and, where applicable, the funding of political parties.

4. Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, endeavour to adopt, maintain and strengthen systems that promote transparency and prevent conflicts of interest.

8. gr.
Siðareglur opinberra embættismanna.

1. Í því skyni að berjast gegn spillingu skal hvert samningsríki, meðal annars, ýta undir ráðvendni, heiðarleika og ábyrgðartilfinningu meðal opinberra embættismanna í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns.
2. Hvert samningsríki skal einkum leitast við að beita, innan eigin stofnana- og réttarkerfis, siðareglum eða viðmiðunum um háttsemi í því skyni að opinberum störfum verði sinnt með sóma og á réttan og viðeigandi hátt.
3. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal hvert samningsríki, eftir því sem við á og í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, taka mið af frumkvæði svæðisbundinna stofnana, millisvæðastofnana og fjölþjóðlegra stofnana í þessu efni, s.s. alþjóðlegum siðareglum opinberra embættismanna sem eru í viðaukanum við ályktun allsherjarþingsins nr. 51/59 frá 12. desember 1996.

4. Enn fremur skal hvert samningsríki, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, taka til skoðunar að gera ráðstafanir og koma á fyrirkomulagi sem auðveldar opinberum embættismönnum að tilkynna viðeigandi yfirvöldum um spillingu ef þeir verða varir við slíka háttsemi við skyldustörf.

5. Hvert samningsríki skal, eftir því sem við á og í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, leitast við að gera ráðstafanir og koma á fyrirkomulagi sem skyldar opinbera embættismenn til að gefa viðeigandi yfirvöldum yfirlýsingar, m.a. um alla aðra starfsemi sem þeir stunda, önnur störf, fjárfestingar, fjármuni, umtalsverðar gjafir eða hagnað sem kann að valda hagsmunaárekstrum vegna starfa þeirra sem opinberir embættismenn.
6. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, taka til skoðunar að beita opinbera embættismenn refsiviðurlögum eða grípa til annarra ráðstafana gegn þeim brjóti þeir reglur eða hafi að engu viðmiðanir sem hafa verið settar í samræmi við þessa grein.

Article 8
Codes of conduct for public officials

1. In order to fight corruption, each State Party shall promote, inter alia, integrity, honesty and responsibility among its public officials, in accordance with the fundamental principles of its legal system.
2. In particular, each State Party shall endeavour to apply, within its own institutional and legal systems, codes or standards of conduct for the correct, honourable and proper performance of public functions.
3. For the purposes of implementing the provisions of this article, each State Party shall, where appropriate and in accordance with the fundamental principles of its legal system, take note of the relevant initiatives of regional, interregional and multilateral organizations, such as the International Code of Conduct for Public Officials contained in the annex to General Assembly resolution 51/59 of 12 December 1996.
4. Each State Party shall also consider, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, establishing measures and systems to facilitate the reporting by public officials of acts of corruption to appropriate authorities, when such acts come to their notice in the performance of their functions.
5. Each State Party shall endeavour, where appropriate and in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to establish measures and systems requiring public officials to make declarations to appropriate authorities regarding, inter alia, their outside activities, employment, investments, assets and substantial gifts or benefits from which a conflict of interest may result with respect to their functions as public officials.
6. Each State Party shall consider taking, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, disciplinary or other measures against public officials who violate the codes or standards established in accordance with this article.

9. gr.
Opinber innkaup og fjársýsla hins opinbera.

1. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á viðeigandi fyrirkomulagi við opinber innkaup, sem byggist á gagnsæi, samkeppni og hlutlægum viðmiðunum við ákvarðanatöku og gagnast m.a. til að koma í veg fyrir spillingu. Slíkt fyrirkomulag, þar sem viðeigandi viðmiðunargildi

Article 9
Public procurement and management of public finances

1. Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system, take the necessary steps to establish appropriate systems of procurement, based on transparency, competition and objective criteria in decision-making, that are effective, inter alia, in preventing corruption. Such systems, which may take into account appropriate

kunna að verða lögð til grundvallar, skal m.a. eiga við um:

a) upplýsingamiðlun til almennings um innkaupaferli og innkaupasamninga, þ.m.t. upplýsingar um útboð og viðeigandi upplýsingar um gerð samninga, þar sem hugsanlegum bjóðendum gefst nægur tími til að undirbúa og leggja fram tilboð,
b) að þátttökuskilyrði séu ákveðin fyrir fram, þ.m.t. valviðmiðanir, valforsendur og útboðsreglur, og þau birt,
c) notkun hlutlægra og fyrirframákveðinna viðmiðana þegar teknar eru ákvarðanir um opinber innkaup til þess að auðvelda sannprófun síðar á réttri beitingu reglna og aðferða,
d) skilvirkt endurskoðunarkerfi, þ.m.t. skilvirkt fyrirkomulag áfrýjunar, til þess að málskotsréttur að lögum og lagaleg úrræði séu fyrir hendi ef reglum og aðferðum, sem eru ákveðnar samkvæmt þessari málsgrein, er ekki fylgt,
e) ráðstafanir, eftir því sem við á, til að setja reglur um málefni er varða starfsfólk sem annast innkaup, s.s. yfirlýsingu um hagsmuni sem tengjast tilteknum opinberum innkaupum, aðferðir við skimun og kröfur um starfsþjálfun.

2. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að gagnsæi og áreiðanleika fjársýslu hins opinbera. Slíkar ráðstafanir skulu m.a. taka til:

a) afgreiðslu fjárlaga,
b) að tilkynnt sé tímanlega um tekjur og útgjöld,
c) fyrirkomulags reikningsskila- og endurskoðunarstaðla og tengds eftirlits,
d) skilvirks og öflugs fyrirkomulags áhættustjórnunar og innra eftirlits og
e) úrbóta, eftir því sem við á, ef þeim kröfum, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, er ekki fullnægt.

3. Hvert samningsríki skal gera almennar ráðstafanir og stjórnsýsluráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur og í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, til að varðveita heilleika bókhaldsgagna, skráa, reikningsskila eða annarra skjala er tengjast opinberum útgjöldum og tekjum og til að koma í veg fyrir fölsun slíkra skjala.

10. gr.
Upplýsingamiðlun til almennings.

Með tilliti til nauðsynjar þess að berjast gegn spillingu skal hvert samningsríki, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, grípa til ráðstafana, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að auka gagnsæi opinberrar stjórnsýslu, þ.m.t. að því er varðthreshold values in their application, shall address, inter alia:

(a) The public distribution of information relating to procurement procedures and contracts, including information on invitations to tender and relevant or pertinent information on the award of contracts, allowing potential tenderers sufficient time to prepare and submit their tenders;
(b) The establishment, in advance, of conditions for participation, including selection and award criteria and tendering rules, and their publication;
(c) The use of objective and predetermined criteria for public procurement decisions, in order to facilitate the subsequent verification of the correct application of the rules or procedures;
(d) An effective system of domestic review, including an effective system of appeal, to ensure legal recourse and remedies in the event that the rules or procedures established pursuant to this paragraph are not followed;
(e) Where appropriate, measures to regulate matters regarding personnel responsible for procurement, such as declaration of interest in particular public procurements, screening procedures and training requirements.

2. Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system, take appropriate measures to promote transparency and accountability in the management of public finances. Such measures shall encompass, inter alia:

(a) Procedures for the adoption of the national budget;
(b) Timely reporting on revenue and expenditure;
(c) A system of accounting and auditing standards and related oversight;
(d) Effective and efficient systems of risk management and internal control; and
(e) Where appropriate, corrective action in the case of failure to comply with the requirements established in this paragraph.

3. Each State Party shall take such civil and administrative measures as may be necessary, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to preserve the integrity of accounting books, records, financial statements or other documents related to public expenditure and revenue and to prevent the falsification of such documents.

Article 10
Public reporting

Taking into account the need to combat corruption, each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, take such measures as may be necessary to enhance transparency in its public administration, including

ar skipulag hennar, framkvæmd og ákvarðanatökuferli eftir því sem við á. Slíkar ráðstafanir geta m.a. tekið til eftirfarandi þátta:

a) að setja verklagsreglur eða reglur sem veita almenningi aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um skipulag, framkvæmd og ákvarðanatökuferli opinberrar stjórnsýslu og, að teknu tilhlýðilegu tilliti til verndunar einkalífs og persónuupplýsinga, um ákvarðanir og löggerninga er varða almenning,

b) að einfalda stjórnsýslureglur, eftir því sem við á, í því skyni að veita almenningi greiðari aðgang að lögbærum yfirvöldum er sjá um ákvarðanatöku og

c) að birta upplýsingar sem kunna að taka til reglubundinna skýrslna um hættu á spillingu innan opinberrar stjórnsýslu þess.

11. gr.
Ráðstafanir að því er varðar dómstóla og embætti saksóknara.

1. Með hliðsjón af sjálfstæði dómsvaldsins og mikilvægu hlutverki þess í baráttunni gegn spillingu skal hvert samningsríki, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns og án þess að það hafi áhrif á sjálfstæði dómsvaldsins, gera ráðstafanir til að efla ráðvendni og koma í veg fyrir að tilefni gefist til spillingar í hópi dómara. Fyrrnefndar ráðstafanir geta falið í sér reglur um háttsemi dómara.

2. Ráðstafanir í sömu veru og þær, sem eru gerðar skv. 1. mgr. þessarar greinar, má innleiða og beita innan embættis saksóknara í þeim samningsríkjum þar sem saksóknari er ekki hluti dómsvaldsins heldur nýtur sambærilegs sjálfstæðis og dómarar.

12. gr.
Einkageirinn.

1. Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, til að koma í veg fyrir spillingu þar sem einkageirinn kemur við sögu, efla notkun reikningsskila- og endurskoðunarstaðla innan einkageirans og, ef við á, beita viðurlögum á sviði einkamálaréttar, stjórnsýsluréttar og refsiréttar við því að fara ekki að slíkum ráðstöfunum, sem eru skilvirk, í réttu hlutafalli við brot og letjandi.

2. Ráðstafanir til að ná þessu fram geta m.a. falið í sér eftirfarandi:

a) að samstarf milli embætta, sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, og viðeigandi einkaaðila, verði eflt,

with regard to its organization, functioning and decision-making processes, where appropriate. Such measures may include, inter alia:

(a) Adopting procedures or regulations allowing members of the general public to obtain, where appropriate, information on the organization, functioning and decision-making processes of its public administration and, with due regard for the protection of privacy and personal data, on decisions and legal acts that concern members of the public;

(b) Simplifying administrative procedures, where appropriate, in order to facilitate public access to the competent decision-making authorities; and

(c) Publishing information, which may include periodic reports on the risks of corruption in its public administration.

Article 11
Measures relating to the judiciary and prosecution services

1. Bearing in mind the independence of the judiciary and its crucial role in combating corruption, each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system and without prejudice to judicial independence, take measures to strengthen integrity and to prevent opportunities for corruption among members of the judiciary. Such measures may include rules with respect to the conduct of members of the judiciary.

2. Measures to the same effect as those taken pursuant to paragraph 1 of this article may be introduced and applied within the prosecution service in those States Parties where it does not form part of the judiciary but enjoys independence similar to that of the judicial service.

Article 12
Private sector

1. Each State Party shall take measures, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to prevent corruption involving the private sector, enhance accounting and auditing standards in the private sector and, where appropriate, provide effective, proportionate and dissuasive civil, administrative or criminal penalties for failure to comply with such measures.

2. Measures to achieve these ends may include, inter alia:

(a) Promoting cooperation between law enforcement agencies and relevant private entities;

b) að stuðlað verði að þróun staðla og reglna, sem ætlað er að standa vörð um ráðvendni innan viðeigandi einkafyrirtækja, þ.m.t. siðareglur, til að fyrirtæki og allar viðkomandi starfstéttir stundi iðju sína á réttan, sómasamlegan og viðeigandi hátt og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, enn fremur að góðir viðskiptahættir fyrirtækja og í samningsbundnum tengslum fyrirtækja og ríkis verði efldir,

c) að gagnsæi meðal einkafyrirtækja, verði eflt, þ.m.t., ef við á, ráðstafanir varðandi deili á lögaðilum og einstaklingum sem tengjast stofnun og stjórnun viðskiptafyrirtækja,

d) að komið verði í veg fyrir misnotkun reglna um einkafyrirtæki, þ.m.t. reglur um styrki og leyfi sem opinber yfirvöld veita vegna atvinnustarfsemi,

e) að komið verði í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að setja hömlur, eftir því sem við á og í hæfilega langan tíma, á atvinnustarfsemi fyrrverandi opinberra embættismanna eða á ráðningu opinberra embættismanna til einkageirans, eftir að þeir hafa sagt upp störfum eða farið á eftirlaun, ef starfsemi þeirra eða störf tengjast beint störfum sem þeir gegndu eða höfðu umsjón með þegar þeir gegndu embætti,

f) að tryggt verði að innra eftirlit einkafyrirtækja, að teknu tilliti til skipulags þeirra og stærðar, sé nægjanlegt til að mögulega megi koma í veg fyrir og koma upp um spillingarmál og að bókhald og tilskilin reikningsskil slíkra einkafyrirtækja lúti viðeigandi reglum um endurskoðun og vottun.

3. Í því skyni að koma í veg fyrir spillingu skal hvert samningsríki grípa til ráðstafana, eftir því sem nauðsyn krefur, innan ramma laga sinna og reglugerða að því er varðar reikningshald og -færslur, upplýsingar í reikningsskilum og reikningsskila- og endurskoðunarstaðla, til að banna eftirtalda verknaði í þeim tilgangi að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum:

a) að halda óskráð bókhald,
b) að stunda viðskipti sem ekki eru skráð eða gerð grein fyrir með fullnægjandi hætti,
c) að skrá útgjöld sem ekki eiga sér stoð,
d) að skrá lánaskuldbindingar undir fölsku yfirskini,

e) að nota fölsuð skjöl og
f) að eyða bókhaldsskjölum vísvitandi fyrr en lög mæla fyrir um.

4. Hvert samningsríki skal hafna því að hægt sé að nýta útgjöld, sem fara í mútugreiðslur, sem frádrátt

(b) Promoting the development of standards and procedures designed to safeguard the integrity of relevant private entities, including codes of conduct for the correct, honourable and proper performance of the activities of business and all relevant professions and the prevention of conflicts of interest, and for the promotion of the use of good commercial practices among businesses and in the contractual relations of businesses with the State;
(c) Promoting transparency among private entities, including, where appropriate, measures regarding the identity of legal and natural persons involved in the establishment and management of corporate entities;
(d) Preventing the misuse of procedures regulating private entities, including procedures regarding subsidies and licences granted by public authorities for commercial activities;
(e) Preventing conflicts of interest by imposing restrictions, as appropriate and for a reasonable period of time, on the professional activities of former public officials or on the employment of public officials by the private sector after their resignation or retirement, where such activities or employment relate directly to the functions held or supervised by those public officials during their tenure;
(f) Ensuring that private enterprises, taking into account their structure and size, have sufficient internal auditing controls to assist in preventing and detecting acts of corruption and that the accounts and required financial statements of such private enterprises are subject to appropriate auditing and certification procedures.

3. In order to prevent corruption, each State Party shall take such measures as may be necessary, in accordance with its domestic laws and regulations regarding the maintenance of books and records, financial statement disclosures and accounting and auditing standards, to prohibit the following acts carried out for the purpose of committing any of the offences established in accordance with this Convention:
(a) The establishment of off-the-books accounts;
(b) The making of off-the-books or inadequately identified transactions;
(c) The recording of non-existent expenditure;
(d) The entry of liabilities with incorrect identification of their objects;
(e) The use of false documents; and
(f) The intentional destruction of bookkeeping documents earlier than foreseen by the law.

4. Each State Party shall disallow the tax deductibility of expenses that constitute bribes, the latter

frá skatti, en mútur eru einn efnisþátta þeirra brota sem gerð eru refsiverð í samræmi við ákvæði 15. og 16. gr. samnings þessa og, ef við á, önnur útgjöld sem ýta undir spillingu.

13. gr.
Þátttaka samfélagsins.

1. Hvert samningsríki skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir bestu getu og í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, til að efla virka þátttöku einstaklinga og hópa utan hins opinbera, t.d. hins borgaralega samfélags, frjálsra félagasamtaka og samfélagslegra samtaka, í því að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu og til að auka vitund almennings um spillingu, orsakir hennar og alvarleika og þá ógn sem af henni stafar. Styrkja skal þessa þátttöku með því m.a.:

a) að auka gagnsæi í ákvarðanatökuferlinu og stuðla að því að almenningur leggi þar sitt af mörkum,

b) að sjá til þess að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum,
c) að stunda upplýsingagjöf til almennings og stuðla þannig að því að hann láti spillingu ekki líðast, svo og að fræða almenning, þ.m.t. námsefni í grunn- og framhaldsskólum og á háskólastigi,
d) að virða, efla og standa vörð um frelsi til að leita að, taka við, birta og miðla upplýsingum um spillingu. Þetta frelsi getur verið tilteknum takmörkunum háð en þær skulu einvörðungu vera lögum samkvæmt og nauðsynlegar:

   i. til þess að réttindi annarra og mannorð séu virt,
   ii. til þess að standa vörð um þjóðaröryggi eða allsherjarreglu eða lýðheilsu eða almennt siðgæði.

2. Hvert samningsríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að almenningur kunni skil á þeim stofnunum sem berjast gegn spillingu og getið er um í samningi þessum og skal það veita aðgang að slíkum stofnunum, eftir því sem við á, til að hægt sé að tilkynna öll tilvik, þ.m.t. nafnlaust, sem telja má að séu refsiverð brot samkvæmt samningi þessum.

14. gr.
Ráðstafanir til að koma í veg fyrir peningaþvætti.

1. Hvert samningsríki skal:
a) koma á, eins og það hefur heimildir til, heildstæðu reglu- og eftirlitskerfi innanlands er þjóni bönkum og öðrum fjármálastofnunum, þ.m.t.

being one of the constituent elements of the offences established in accordance with articles 15 and 16 of this Convention and, where appropriate, other expenses incurred in furtherance of corrupt conduct.

Article 13
Participation of society

1. Each State Party shall take appropriate measures, within its means and in accordance with fundamental principles of its domestic law, to promote the active participation of individuals and groups outside the public sector, such as civil society, non-governmental organizations and community-based organizations, in the prevention of and the fight against corruption and to raise public awareness regarding the existence, causes and gravity of and the threat posed by corruption. This participation should be strengthened by such measures as:
(a) Enhancing the transparency of and promoting the contribution of the public to decision-making processes;
(b) Ensuring that the public has effective access to information;
(c) Undertaking public information activities that contribute to non-tolerance of corruption, as well as public education programmes, including school and university curricula;

(d) Respecting, promoting and protecting the freedom to seek, receive, publish and disseminate information concerning corruption. That freedom may be subject to certain restrictions, but these shall only be such as are provided for by law and are necessary:
   (i) For respect of the rights or reputations of others;
   (ii) For the protection of national security or ordre public or of public health or morals.

2. Each State Party shall take appropriate measures to ensure that the relevant anti-corruption bodies referred to in this Convention are known to the public and shall provide access to such bodies, where appropriate, for the reporting, including anonymously, of any incidents that may be considered to constitute an offence established in accordance with this Convention.

Article 14
Measures to prevent money-laundering

1. Each State Party shall:
(a) Institute a comprehensive domestic regulatory and supervisory regime for banks and non-bank financial institutions, including natural or legal

einstaklingar eða lögaðilar sem veita formlega eða óformlega þjónustu við flutning peninga eða verðmæta, og, eftir því sem við á, öðrum aðilum, sem eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir peningaþvætti, í því skyni að koma í veg fyrir og koma upp um peningaþvætti í hvaða mynd sem er og skal með slíku kerfi leggja áherslu á kröfur um að vita deili á viðskiptamönnum og, eftir því sem við á, raunverulegum eiganda, kröfur á sviði bókhalds og kröfur um að tilkynna um grunsamleg viðskipti,

b) sjá til þess, með fyrirvara um ákvæði 46. gr. samnings þessa, að stjórnvöld, eftirlitsyfirvöld, löggæsluyfirvöld og önnur yfirvöld, sem heyja baráttu gegn peningaþvætti (þar með talin dómsmálayfirvöld þar sem það á við samkvæmt landslögum), geti unnið saman og skipst á upplýsingum, á lands- og alþjóðavísu, með þeim skilyrðum sem landslög kveða á um og skulu, í því skyni, taka til skoðunar að koma á fót peningaþvættisskrifstofu er gegni því hlutverki á landsvísu að safna, vinna úr og miðla upplýsingum um hugsanlegt peningaþvætti.

2. Samningsríki skulu taka til skoðunar að gera raunhæfar ráðstafanir til að koma upp um og fylgjast með flutningi á peningum og viðeigandi viðskiptabréfum yfir landamæri sín, að því tilskildu að þess sé gætt að upplýsingar séu notaðar með réttum hætti og án þess að flutningur á lögmætu fjármagni sé á nokkurn hátt hindraður. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna kröfu um að einstakir menn og fyrirtæki tilkynni um flutning á umtalsverðum peningaupphæðum og viðeigandi viðskiptabréfum yfir landamæri.

3. Samningsríki skulu taka til skoðunar að gera viðeigandi og raunhæfar ráðstafanir til að skylda fjármálastofnanir, þ.m.t. fyrirtæki sem annast yfirfærslu á fé, til:

a) að gefa nákvæmar og markvissar upplýsingar um upphaflegan sendanda á eyðublöðum vegna rafrænnar yfirfærslu fjármuna og á öllum skilaboðum sem henni fylgja,

b) að slíkum upplýsingum sé haldið til haga í öllu greiðsluferlinu og

c) að beita auknu eftirliti með yfirfærslu fjármuna þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um upphaflegan sendanda.

4. Samningsríki eru hvött til þess, þegar komið er á heildstæðu reglu- og eftirlitskerfi innanlands samkvæmt skilmálum þessarar greinar og með fyrirvara um ákvæði allra annarra greina samnings þessa, að nýta sér, sem viðmiðun, viðeigandi frumkvæði svæðisbundinna stofnana, millisvæðastofnana og fjölþjóðlegra stofnana í baráttunni gegn peningaþvætti.

persons that provide formal or informal services for the transmission of money or value and, where appropriate, other bodies particularly susceptible to money-laundering, within its competence, in order to deter and detect all forms of money-laundering, which regime shall emphasize requirements for customer and, where appropriate, beneficial owner identification, record-keeping and the reporting of suspicious transactions;

(b) Without prejudice to article 46 of this Convention, ensure that administrative, regulatory, law enforcement and other authorities dedicated to combating money-laundering (including, where appropriate under domestic law, judicial authorities) have the ability to cooperate and exchange information at the national and international levels within the conditions prescribed by its domestic law and, to that end, shall consider the establishment of a financial intelligence unit to serve as a national centre for the collection, analysis and dissemination of information regarding potential money-laundering.

2. States Parties shall consider implementing feasible measures to detect and monitor the movement of cash and appropriate negotiable instruments across their borders, subject to safeguards to ensure proper use of information and without impeding in any way the movement of legitimate capital. Such measures may include a requirement that individuals and businesses report the cross-border transfer of substantial quantities of cash and appropriate negotiable instruments.

3. States Parties shall consider implementing appropriate and feasible measures to require financial institutions, including money remitters:

(a) To include on forms for the electronic transfer of funds and related messages accurate and meaningful information on the originator;

(b) To maintain such information throughout the payment chain; and

(c) To apply enhanced scrutiny to transfers of funds that do not contain complete information on the originator.

4. In establishing a domestic regulatory and supervisory regime under the terms of this article, and without prejudice to any other article of this Convention, States Parties are called upon to use as a guideline the relevant initiatives of regional, interregional and multilateral organizations against money-laundering.

5. Samningsríki skulu leitast við að koma á og efla alþjóðlega og svæðisbundna samvinnu, samvinnu innan svæða og tvíhliða samvinnu milli dómsmálayfirvalda, löggæsluyfirvalda og yfirvalda á sviði fjármálaeftirlits í því skyni að berjast gegn peningaþvætti.

5. States Parties shall endeavour to develop and promote global, regional, subregional and bilateral cooperation among judicial, law enforcement and financial regulatory authorities in order to combat money-laundering.

III. kafli.
Athæfi sem gert er refsivert og framkvæmd laga.

Chapter III
Criminalization and law enforcement

15. gr.
Mútur til innlendra, opinberra embættismanna.

Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirtalin brot refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

a) að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, opinberum embættismanni óréttmætan ávinning, honum sjálfum eða öðrum manni eða aðila til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín,
b) ef opinber embættismaður falast eftir eða þiggur óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa, gegn því að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

Article 15
Bribery of national public officials

Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) The promise, offering or giving, to a public official, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties;
(b) The solicitation or acceptance by a public official, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties.

16. gr.
Mútugreiðslur til erlendra, opinberra embættismanna og embættismanna alþjóðastofnana.

1. Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi brot refsiverð, þegar um ásetning er að ræða: að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, erlendum, opinberum embættismanni eða embættismanni alþjóðastofnunar óréttmætan ávinning, honum sjálfum eða öðrum manni eða aðila til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín til þess að fá eða halda viðskiptalegum eða öðrum óréttmætum ávinningi í tengslum við alþjóðleg viðskipti.
2. Hvert samningsríki skal taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera það refsivert brot, þegar um ásetning er að ræða, að erlendur, opinber embættismaður eða embættismaður alþjóðastofnunar falist eftir eða þiggi óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa, gegn því að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

Article 16
Bribery of foreign public officials and officials of public international organizations

1. Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally, the promise, offering or giving to a foreign public official or an official of a public international organization, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties, in order to obtain or retain business or other undue advantage in relation to the conduct of international business.
2. Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally, the solicitation or acceptance by a foreign public official or an official of a public international organization, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties.

17. gr.
Fjárdráttur, óréttmæt nýting eða önnur óheimil notkun eigna af hálfu opinbers embættismanns.

Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera það refsivert brot, þegar um ásetning er að ræða, að opinber embættismaður dragi sér fé, nýti á óréttmætan hátt eða noti án heimildar með öðrum hætti eignir, fé úr opinberum sjóðum eða einkasjóðum eða verðbréf eða hvers kyns önnur verðmæti sem honum er treyst fyrir stöðu sinnar vegna, í eigin þágu eða í þágu annars manns eða aðila.

Article 17
Embezzlement, misappropriation or other diversion of property by a public official

Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally, the embezzlement, misappropriation or other diversion by a public official for his or her benefit or for the benefit of another person or entity, of any property, public or private funds or securities or any other thing of value entrusted to the public official by virtue of his or her position.

18. gr.
Áhrifakaup.

Hvert samningsríki skal taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera eftirtalin brot refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

a) að lofa, bjóða eða veita opinberum embættismanni eða öðrum manni, með beinum eða óbeinum hætti, óréttmætan ávinning í því skyni að embættismaðurinn eða maðurinn misnoti raunveruleg eða ætluð áhrif sín í því skyni að fá óréttmætan ávinning fyrir upphaflegan hvatamann verknaðarins eða annan mann frá stjórnsýslustofnun eða opinberu yfirvaldi í samningsríkinu,
b) að opinber embættismaður eða annar maður falist eftir eða þiggi óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni til handa, gegn því að embættismaðurinn eða maðurinn misnoti raunveruleg eða ætluð áhrif sín í því skyni að fá óréttmætan ávinning frá stjórnsýslustofnun eða opinberu yfirvaldi í samningsríkinu.

Article 18
Trading in influence

Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) The promise, offering or giving to a public official or any other person, directly or indirectly, of an undue advantage in order that the public official or the person abuse his or her real or supposed influence with a view to obtaining from an administration or public authority of the State Party an undue advantage for the original instigator of the act or for any other person;
(b) The solicitation or acceptance by a public official or any other person, directly or indirectly, of an undue advantage for himself or herself or for another person in order that the public official or the person abuse his or her real or supposed influence with a view to obtaining from an administration or public authority of the State Party an undue advantage.

19. gr.
Að misnota stöðu sína.

Hvert samningsríki skal taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera það að refsiverðu broti að opinber embættismaður misnoti starf sitt eða stöðu af ásettu ráði, þ.e. hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti hjá líða að aðhafast eitthvað við störf sín og brjóti með því lög, í þeim tilgangi að fá óréttmætan ávinning sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa.

Article 19
Abuse of functions

Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally, the abuse of functions or position, that is, the performance of or failure to perform an act, in violation of laws, by a public official in the discharge of his or her functions, for the purpose of obtaining an undue advantage for himself or herself or for another person or entity.

20. gr.
Að auðgast á ólöglegan hátt.

Með fyrirvara um ákvæði stjórnarskrár sinnar og grunnreglur réttarkerfis síns skal hvert samningsríki taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja

Article 20
Illicit enrichment

Subject to its constitution and the fundamental principles of its legal system, each State Party shall consider adopting such legislative and other mea-

aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera það refsivert brot, þegar um ásetning er að ræða, að auðgast á ólöglegan hátt, þ.e. þegar veruleg aukning verður á fjármunum opinbers embættismanns sem hann getur ekki með góðu móti útskýrt með tilliti til lögmætra tekna sinna.

21. gr.
Mútugreiðslur innan einkageirans.

Hvert samningsríki skal taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera eftirtalin brot í atvinnu-, fjármála- eða viðskiptastarfsemi refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

a) að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, manni sem stjórnar einkafyrirtæki eða starfar fyrir slíkt fyrirtæki, í hvaða stöðu sem er, óréttmætan ávinning, honum sjálfum eða öðrum manni til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert og bregðist með því skyldum sínum,
b) að maður, sem stjórnar einkafyrirtæki eða starfar fyrir slíkt fyrirtæki, í hvaða stöðu sem er, falist eftir eða þiggi óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni til handa, gegn því að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert og bregðist með því skyldum sínum.

22. gr.
Fjárdráttur á eignum í einkageiranum.

Hvert samningsríki skal taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera það refsivert brot, þegar um ásetning er að ræða, í atvinnu-, fjármála- eða viðskiptastarfsemi, að maður sem stjórnar einkafyrirtæki eða starfar fyrir slíkt fyrirtæki, í hvaða stöðu sem er, dragi sér eignir, fé úr einkasjóðum, verðbréf eða önnur verðmæti sem honum eru falin stöðu sinnar vegna.

23. gr.
Þvætti ávinnings af glæp.

1. Hvert samningsríki skal, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera það að refsiverðu broti þegar um ásetning er að ræða:

a) i. að umbreyta eign eða yfirfæra, vitandi að um ávinning af glæp er að ræða, í því skyni að leyna eða dylja ólöglegan uppruna hennar eða að aðstoða mann, sem á þátt í því að fremja frumbrotið, við að komast hjá lögfylgjum gerðar sinnar,

sures as may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally, illicit enrichment, that is, a significant increase in the assets of a public official that he or she cannot reasonably explain in relation to his or her lawful income.

Article 21
Bribery in the private sector

Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally in the course of economic, financial or commercial activities:

(a) The promise, offering or giving, directly or indirectly, of an undue advantage to any person who directs or works, in any capacity, for a private sector entity, for the person himself or herself or for another person, in order that he or she, in breach of his or her duties, act or refrain from acting;
(b) The solicitation or acceptance, directly or indirectly, of an undue advantage by any person who directs or works, in any capacity, for a private sector entity, for the person himself or herself or for another person, in order that he or she, in breach of his or her duties, act or refrain from acting.

Article 22
Embezzlement of property in the private sector

Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally in the course of economic, financial or commercial activities, embezzlement by a person who directs or works, in any capacity, in a private sector entity of any property, private funds or securities or any other thing of value entrusted to him or her by virtue of his or her position.

Article 23
Laundering of proceeds of crime

1. Each State Party shall adopt, in accordance with fundamental principles of its domestic law, such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) (i) The conversion or transfer of property, knowing that such property is the proceeds of crime, for the purpose of concealing or disguising the illicit origin of the property or of helping any person who is involved in the commission of the predicate offence to

ii. að leyna eða dylja raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning eignar eða eignarréttar á henni eða réttinda sem eru henni tengd, vitandi að slík eign er ávinningur af glæp,

b) með fyrirvara um grundvallarhugtök réttarkerfis síns:

i. að afla sér eignar, hafa hana í vörslu eða nýta hana, vitandi, þegar við henni var tekið, að um ávinning af glæp var að ræða,

ii. að eiga aðild að einhverjum þeim brotum, sem gerð eru refsiverð í samræmi við ákvæði þessarar greinar, tengjast þeim, sammælast við aðra um þau, gera tilraun til þeirra og aðstoða við þau, hvetja til, stuðla að eða leggja á ráðin um þau.

2. Að því er varðar framkvæmd eða beitingu ákvæða 1. mgr. þessarar greinar:

a) skal hvert samningsríki gera sér far um að beita ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar gagnvart frumbrotum í víðasta skilningi,

b) skal hvert samningsríki telja til frumbrota, að lágmarki, vítt svið brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum,

c) skulu brot, sem eru framin jafnt innan lögsögu viðkomandi samningsríkis sem utan, talin til frumbrota að því er varðar ákvæði b-liðar hér að framan. Brot, framin utan lögsögu samningsríkis, skulu þó því aðeins talin frumbrot að sú háttsemi sem um ræðir sé refsiverð samkvæmt landslögum þess ríkis þar sem hún er höfð uppi og myndi teljast refsiverð samkvæmt landslögum þess samningsríkis sem beitir eða hrindir ákvæðum þessarar greinar í framkvæmd hefði hún verið höfð þar uppi,

d) skal hvert samningsríki láta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té texta laga sinna ákvæðum þessarar greinar til framkvæmdar og texta allra síðari breytinga á þeim lögum eða lýsingu á þeim,

e) er heimilt að kveða svo á, sé krafa gerð þar um samkvæmt grundvallarreglum landslaga samningsríkis, að þau brot, sem frá er greint í 1. mgr. þessarar greinar, séu þeim mönnum, er frömdu frumbrotið, óviðkomandi.

24. gr.
Eignum leynt.

Með fyrirvara um ákvæði 23. gr. þessa samnings skal hvert samningsríki taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því

evade the legal consequences of his or her action;

(ii) The concealment or disguise of the true nature, source, location, disposition, movement or ownership of or rights with respect to property, knowing that such property is the proceeds of crime;

(b) Subject to the basic concepts of its legal system:

(i) The acquisition, possession or use of property, knowing, at the time of receipt, that such property is the proceeds of crime;

(ii) Participation in, association with or conspiracy to commit, attempts to commit and aiding, abetting, facilitating and counselling the commission of any of the offences established in accordance with this article.

2. For purposes of implementing or applying paragraph 1 of this article:

(a) Each State Party shall seek to apply paragraph 1 of this article to the widest range of predicate offences;

(b) Each State Party shall include as predicate offences at a minimum a comprehensive range of criminal offences established in accordance with this Convention;

(c) For the purposes of subparagraph (b) above, predicate offences shall include offences committed both within and outside the jurisdiction of the State Party in question. However, offences committed outside the jurisdiction of a State Party shall constitute predicate offences only when the relevant conduct is a criminal offence under the domestic law of the State where it is committed and would be a criminal offence under the domestic law of the State Party implementing or applying this article had it been committed there;

(d) Each State Party shall furnish copies of its laws that give effect to this article and of any subsequent changes to such laws or a description thereof to the Secretary-General of the United Nations;

(e) If required by fundamental principles of the domestic law of a State Party, it may be provided that the offences set forth in paragraph 1 of this article do not apply to the persons who committed the predicate offence.

Article 24
Concealment

Without prejudice to the provisions of article 23 of this Convention, each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as

sem nauðsyn krefur, til þess að gera það refsivert brot, þegar um ásetning er að ræða, að leyna eða varðveita áfram eign ef viðkomandi maður veit að slík eign er til komin vegna brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, ef það er framið eftir að eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, var framið, án þess að viðkomandi hafi átt hlutdeild í slíku broti.

25. gr.
Að hindra framgang réttvísinnar.

Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi brot refsiverð, þegar um ásetning er að ræða:

a) að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum eða lofa, bjóða eða veita óréttmætan ávinning í því skyni að fá fram rangan vitnisburð eða hindra að vitni geti borið fyrir rétti eða að sönnunargögn séu lögð fram við málsmeðferð vegna brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum,
b) að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum í því skyni að hindra embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann, sem vinnur við að framfylgja lögum, við skyldustörf í tengslum við brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum. Ekkert í málsgrein þessari skerðir rétt samningsríkja til þess að hafa löggjöf sem verndar aðra hópa opinberra embættismanna.

26. gr.
Ábyrgð lögaðila.

1. Hvert samningsríki skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur,, í samræmi við meginreglur laga sinna, til þess að unnt sé að gera lögaðila ábyrga fyrir hlutdeild í brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
2. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um meginreglur landslaga samningsríkis, verið á sviði refsi- eða einkamálaréttar eða verið stjórnsýslulegs eðlis.
3. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotin.

4. Hvert samningsríki skal sjá til þess sérstaklega að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði þessarar greinar, sæti refsingum eða öðrum viðurlögum, þar með talið sektum, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

may be necessary to establish as a criminal offence, when committed intentionally after the commission of any of the offences established in accordance with this Convention without having participated in such offences, the concealment or continued retention of property when the person involved knows that such property is the result of any of the offences established in accordance with this Convention.

Article 25
Obstruction of justice

Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) The use of physical force, threats or intimidation or the promise, offering or giving of an undue advantage to induce false testimony or to interfere in the giving of testimony or the production of evidence in a proceeding in relation to the commission of offences established in accordance with this Convention;
(b) The use of physical force, threats or intimidation to interfere with the exercise of official duties by a justice or law enforcement official in relation to the commission of offences established in accordance with this Convention. Nothing in this subparagraph shall prejudice the right of States Parties to have legislation that protects other categories of public official.

Article 26
Liability of legal persons

1. Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, consistent with its legal principles, to establish the liability of legal persons for participation in the offences established in accordance with this Convention.
2. Subject to the legal principles of the State Party, the liability of legal persons may be criminal, civil or administrative.
3. Such liability shall be without prejudice to the criminal liability of the natural persons who have committed the offences.
4. Each State Party shall, in particular, ensure that legal persons held liable in accordance with this article are subject to effective, proportionate and dissuasive criminal or non-criminal sanctions, including monetary sanctions.

27. gr.
Þátttaka og tilraunir.

1. Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera að refsiverðu broti, samkvæmt landslögum sínum, hvers kyns þátttöku, t.d. sem vitorðsmaður, aðstoðarmaður eða hvatamaður, í broti sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.
2. Hvert samningsríki getur sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera að refsiverðu broti, samkvæmt landslögum sínum, tilraun til að fremja brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.
3. Hvert samningsríki getur sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera að refsiverðu broti, samkvæmt landslögum sínum, undirbúning að broti sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.

28. gr.
Vitneskja, ásetningur og tilgangur sem nauðsynlegar forsendur brots.

Ályktа má um vitneskju, ásetning eða tilgang sem er nauðsynleg forsenda brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, af hlutlægum, raunverulegum málavöxtum.

29. gr.
Fyrningarákvæði.

Hvert samningsríki skal, þar sem við á, setja ákvæði í landslög sín um langan fyrningarfrest til málshöfðunar vegna brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt. samningi þessum og setja ákvæði um lengri fyrningarfrest til málshöfðunar eða kveða á um tímabundið afnám fyrningarfrests þegar meintur brotamaður hefur komið sér undan málshöfðun.

30. gr.
Saksókn, dómsálagning og viðurlög.

1. Hvert samningsríki skal gera þá háttsemi að fremja brot, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, háða viðurlögum þar sem tekið er tillit til þess hversu alvarlegt brotið er.
2. Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að koma á eða viðhalda, í samræmi við réttarkerfi sitt og stjórnskipunarreglur, hæfilegu jafnvægi milli friðhelgi eða sérréttinda gagnvart lögsögu dómstóla, sem opinberir embættismenn njóta vegna skyldustarfa sinna, og möguleikans, ef þörf krefur, á að rannsaka, sækja til saka og dæma með skilvirkum hætti fyrir brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
3. Hvert samningsríki skal leitast við að tryggja að sérhverjum heimildum samkvæmt landslögum, er

Article 27
Participation and attempt

1. Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, in accordance with its domestic law, participation in any capacity such as an accomplice, assistant or instigator in an offence established in accordance with this Convention.
2. Each State Party may adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, in accordance with its domestic law, any attempt to commit an offence established in accordance with this Convention.
3. Each State Party may adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as a criminal offence, in accordance with its domestic law, the preparation for an offence established in accordance with this Convention.

Article 28
Knowledge, intent and purpose as elements of an offence

Knowledge, intent or purpose required as an element of an offence established in accordance with this Convention may be inferred from objective factual circumstances.

Article 29
Statute of limitations

Each State Party shall, where appropriate, establish under its domestic law a long statute of limitations period in which to commence proceedings for any offence established in accordance with this Convention and establish a longer statute of limitations period or provide for the suspension of the statute of limitations where the alleged offender has evaded the administration of justice.

Article 30
Prosecution, adjudication and sanctions

1. Each State Party shall make the commission of an offence established in accordance with this Convention liable to sanctions that take into account the gravity of that offence.
2. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish or maintain, in accordance with its legal system and constitutional principles, an appropriate balance between any immunities or jurisdictional privileges accorded to its public officials for the performance of their functions and the possibility, when necessary, of effectively investigating, prosecuting and adjudicating offences established in accordance with this Convention.
3. Each State Party shall endeavour to ensure that any discretionary legal powers under its domestic

varða saksókn manna vegna brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, sé beitt þannig að ráðstafanir til þess að framfylgja lögum verði sem skilvirkastar, að því er þau brot varðar, og að eðlilegt tillit sé tekið til nauðsynjar þess að koma í veg fyrir að slík brot séu framin.

4. Hvert samningsríki skal, að því er varðar brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við landslög sín og með tilhlýðilegu tilliti til réttinda varnaraðila, til þess að reyna að tryggja að í skilyrðum, sem eru sett fyrir því að leysa sakborning úr haldi meðan réttarhalda er beðið eða málið er til meðferðar fyrir áfrýjunardómstóli, sé tekið tillit til nauðsynjar þess að tryggja nærveru sakbornings við meðferð sakamáls sem fer fram síðar.

5. Hvert samningsríki skal taka tillit til alvarleika þeirra brota sem um ræðir þegar hugsanleg lausn eða reynslulausn þeirra, sem hafa verið sakfelldir fyrir slík brot, kemur til álita.

6. Hvert samningsríki skal, að svo miklu leyti sem það samrýmist grundvallarreglum réttarkerfis þess, taka til athugunar að setja reglur sem heimila hlutaðeigandi yfirvaldi, ef við á, að víkja opinberum embættismanni, sem hefur verið sakaður um brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, úr starfi fyrir fullt og allt eða tímabundið eða flytja hann til í starfi, að teknu tilliti til meginreglunnar um sakleysi uns sekt er sönnuð.

7. Þegar alvarleiki brots réttlætir það skal hvert samningsríki, að svo miklu leyti sem það samrýmist grundvallarreglum réttarkerfis þess, taka til skoðunar að setja reglur um að lýsa menn, sem hafa verið fundnir sekir um brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, vanhæfa með dómsúrskurði eða öðrum viðeigandi hætti og eins lengi og mælt er fyrir um í landslögum þess:

a) til að gegna opinberri stöðu og
b) til að gegna stöðu í fyrirtæki sem er að öllu leyti eða að hluta í eigu ríkisins.

8. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á það þegar lögbær yfirvöld beita opinbera starfsmenn agavaldi.

9. Ekkert í samningi þessum skal skerða gildi þeirrar meginreglu að um lýsingu á brotum þeim, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum og á viðeigandi vörnum eða öðrum meginreglum laga, sem skera úr um það hvort tiltekin háttsemi sé lögleg, skuli farið að landslögum samningsríkis og að saksótt skuli fyrir brotin og fyrir þau refsað samkvæmt þeim lögum.

10. Samningsríki skulu gera sér far um að stuðla að því að menn, sem hafa verið sakfelldir fyrir brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, verði aðlagaðir samfélaginu að nýju.

law relating to the prosecution of persons for offences established in accordance with this Convention are exercised to maximize the effectiveness of law enforcement measures in respect of those offences and with due regard to the need to deter the commission of such offences.

4. In the case of offences established in accordance with this Convention, each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic law and with due regard to the rights of the defence, to seek to ensure that conditions imposed in connection with decisions on release pending trial or appeal take into consideration the need to ensure the presence of the defendant at subsequent criminal proceedings.

5. Each State Party shall take into account the gravity of the offences concerned when considering the eventuality of early release or parole of persons convicted of such offences.

6. Each State Party, to the extent consistent with the fundamental principles of its legal system, shall consider establishing procedures through which a public official accused of an offence established in accordance with this Convention may, where appropriate, be removed, suspended or reassigned by the appropriate authority, bearing in mind respect for the principle of the presumption of innocence.

7. Where warranted by the gravity of the offence, each State Party, to the extent consistent with the fundamental principles of its legal system, shall consider establishing procedures for the disqualification, by court order or any other appropriate means, for a period of time determined by its domestic law, of persons convicted of offences established in accordance with this Convention from:

(a) Holding public office; and
(b) Holding office in an enterprise owned in whole or in part by the State.

8. Paragraph 1 of this article shall be without prejudice to the exercise of disciplinary powers by the competent authorities against civil servants.

9. Nothing contained in this Convention shall affect the principle that the description of the offences established in accordance with this Convention and of the applicable legal defences or other legal principles controlling the lawfulness of conduct is reserved to the domestic law of a State Party and that such offences shall be prosecuted and punished in accordance with that law.

10. States Parties shall endeavour to promote the reintegration into society of persons convicted of offences established in accordance with this Convention.

31. gr.
Frysting, haldlagning og upptaka.

1. Hvert samningsríki skal, að því marki sem frekast er unnt innan réttarkerfis þess, gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera megi upptæk:
a) ávinning af glæp, sem rekja má til brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, eða eignar sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings,

b) eignir, búnað eða önnur tæki sem eru notuð eða ætluð til notkunar við að fremja brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
2. Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að bera kennsl á, rekja, frysta eða leggja hald á einhverja þá hluti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar til þess að gera þá upptæka síðar.
3. Hvert samningsríki skal, í samræmi við landslög sín, setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að setja reglur um umsýslu eigna, af hálfu lögbærra yfirvalda, sem hafa verið frystar, sem lagt hefur verið hald á eða sem hafa verið gerðar upptækar í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. samnings þessa.
4. Hafi slíkum ávinningi af glæp verið breytt í eða skipt fyrir aðra eign, að hluta eða til fulls, má ráðstafa henni í stað ávinningsins með sama hætti og fjallað er um í grein þessari.
5. Hafi slíkum ávinningi af glæp verið blandað saman við eignir, sem aflað hefur verið með lögmætum hætti, má, án þess þó að neinn réttur til frystingar eða haldlagningar sé skertur, gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var saman við þær.
6. Ráðstafanirnar, sem um getur í þessari grein, skulu einnig eiga við um tekjur eða annan hagnað af slíkum ávinningi af glæp, eignum, sem slíkum ávinningi af glæp hefur verið breytt eða skipt í, eða eignum, sem slíkum ávinningi af glæp hefur verið blandað saman við, með sama hætti og að sama marki og um væri að ræða ávinning af glæp.

7. Hvert samningsríki skal, að því er varðar ákvæði greinar þessarar og 55. gr. samnings þessa, veita dómstólum í eigin landi eða öðrum lögbærum yfirvöldum heimild til þess að úrskurða að banka-, fjármála- eða viðskiptagögn skuli látin í té eða hald á þau lagt. Samningsríki skal ekki neita að aðhafast samkvæmt ákvæðum greinar þessarar sakir bankaleyndar.
8. Samningsríki geta metið þann kost að krefjast þess að brotamaður sýni fram á lögmæti uppruna slíks meints ávinnings af glæp eða annarrar eignar, sem hvort tveggja má gera upptækt, að því marki

Article 31
Freezing, seizure and confiscation

1. Each State Party shall take, to the greatest extent possible within its domestic legal system, such measures as may be necessary to enable confiscation of:
(a) Proceeds of crime derived from offences established in accordance with this Convention or property the value of which corresponds to that of such proceeds;
(b) Property, equipment or other instrumentalities used in or destined for use in offences established in accordance with this Convention.
2. Each State Party shall take such measures as may be necessary to enable the identification, tracing, freezing or seizure of any item referred to in paragraph 1 of this article for the purpose of eventual confiscation.
3. Each State Party shall adopt, in accordance with its domestic law, such legislative and other measures as may be necessary to regulate the administration by the competent authorities of frozen, seized or confiscated property covered in paragraphs 1 and 2 of this article.

4. If such proceeds of crime have been transformed or converted, in part or in full, into other property, such property shall be liable to the measures referred to in this article instead of the proceeds.
5. If such proceeds of crime have been intermingled with property acquired from legitimate sources, such property shall, without prejudice to any powers relating to freezing or seizure, be liable to confiscation up to the assessed value of the intermingled proceeds.
6. Income or other benefits derived from such proceeds of crime, from property into which such proceeds of crime have been transformed or converted or from property with which such proceeds of crime have been intermingled shall also be liable to the measures referred to in this article, in the same manner and to the same extent as proceeds of crime.
7. For the purpose of this article and article 55 of this Convention, each State Party shall empower its courts or other competent authorities to order that bank, financial or commercial records be made available or seized. A State Party shall not decline to act under the provisions of this paragraph on the ground of bank secrecy.

8. States Parties may consider the possibility of requiring that an offender demonstrate the lawful origin of such alleged proceeds of crime or other property liable to confiscation, to the extent that

sem slík krafa er í samræmi við meginreglur landslaga þeirra og stríðir ekki gegn eðlilegri dómsmeðferð og málsmeðferð af öðru tagi.
9. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar þannig að til skerðingar komi á rétti grandlausra þriðju aðila.

10. Grein þessi skerðir í engu þá meginreglu að skilgreina beri og beita þeim aðferðum sem hún fjallar um í samræmi við og með fyrirvara um ákvæði landslaga samningsríkis.

32. gr.
Vernd vitna, sérfræðinga og brotaþola.

1. Hvert samningsríki skal eftir bestu getu gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við réttarkerfi sitt til að veita vitnum þeim og sérfræðingum, sem bera vitni varðandi brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, virka vernd gegn hugsanlegum hefndum eða ógnunum og, eftir atvikum, skyldmennum þeirra og öðrum nákomnum.

2. Þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar geta m.a. verið fólgnar í eftirfarandi, með fyrirvara um réttindi hins stefnda, meðal annars rétt hans til sanngjarnrar málsmeðferðar:

a) að koma á tilhögun sem er ætlað að veita slíku fólki líkamlega vernd; nefna má, að því marki sem nauðsyn krefur og er gerlegt, að finna því ný heimkynni og að heimila, þegar við á, að upplýsingum um hverjir eigi í hlut sé haldið leyndum, svo og upplýsingum um dvalarstað þeirra eða að aðgangur að slíkum upplýsingum sé takmarkaður,
b) að setja reglur um sönnunarfærslu sem heimila vitnum og sérfræðingum að bera vitni með þeim hætti að öryggi þeirra sé tryggt, til dæmis að heimilt sé að bera vitni með aðstoð samskiptatækni, t.d. myndupptökum eða með öðrum viðeigandi hætti.

3. Samningsríki skulu taka til athugunar að ganga frá samningum eða fyrirkomulagi við önnur ríki um að finna mönnum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ný heimkynni.
4. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um brotaþola ef þeir eru vitni.
5. Hvert samningsríki skal, með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna, sjá til þess að unnt sé að koma sjónarmiðum brotaþola og málum, sem á þeim hvíla, á framfæri og fjalla um þau á viðeigandi stigum meðferðar sakamála, sem eru höfðuð gegn brotamönnum, með þeim hætti að réttindi varnaraðila séu ekki skert.

such a requirement is consistent with the fundamental principles of their domestic law and with the nature of judicial and other proceedings.
9. The provisions of this article shall not be so construed as to prejudice the rights of bona fide third parties.
10. Nothing contained in this article shall affect the principle that the measures to which it refers shall be defined and implemented in accordance with and subject to the provisions of the domestic law of a State Party.

Article 32
Protection of witnesses, experts and victims

1. Each State Party shall take appropriate measures in accordance with its domestic legal system and within its means to provide effective protection from potential retaliation or intimidation for witnesses and experts who give testimony concerning offences established in accordance with this Convention and, as appropriate, for their relatives and other persons close to them.
2. The measures envisaged in paragraph 1 of this article may include, inter alia, without prejudice to the rights of the defendant, including the right to due process:

(a) Establishing procedures for the physical protection of such persons, such as, to the extent necessary and feasible, relocating them and permitting, where appropriate, non-disclosure or limitations on the disclosure of information concerning the identity and whereabouts of such persons;

(b) Providing evidentiary rules to permit witnesses and experts to give testimony in a manner that ensures the safety of such persons, such as permitting testimony to be given through the use of communications technology such as video or other adequate means.

3. States Parties shall consider entering into agreements or arrangements with other States for the relocation of persons referred to in paragraph 1 of this article.
4. The provisions of this article shall also apply to victims insofar as they are witnesses.
5. Each State Party shall, subject to its domestic law, enable the views and concerns of victims to be presented and considered at appropriate stages of criminal proceedings against offenders in a manner not prejudicial to the rights of the defence.

33. gr.
Vernd þeirra sem veita upplýsingar.

Hvert samningsríki skal taka til athugunar að innleiða í réttarkerfi sitt viðeigandi ráðstafanir til að veita hverjum þeim, sem í góðri trú og af skynsamlegum ástæðum tilkynnir lögbærum yfirvöldum um málsatvik, er varða brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, vernd gegn óréttmætri meðferð.

34. gr.
Afleiðingar spillingarmála.

Hvert samningsríki skal, að teknu viðeigandi tilliti til réttinda þriðju aðila sem þeir öðluðust í góðri trú, gera ráðstafanir, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, til þess að takast á við afleiðingar spillingar. Samningsríki geta, í þessu tilliti, litið svo á að spilling sé mikilvægur þáttur í málarekstri í því skyni að ógilda eða rifta samningi, afturkalla sérleyfi eða annan sambærilegan gerning eða grípa til annarra aðgerða til úrbóta.

35. gr.
Skaðabætur.

Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í samræmi við meginreglur landslaga sinna, til að tryggja að aðilar eða einstaklingar, sem hafa orðið fyrir tjóni vegna spillingarmáls, hafi rétt til að höfða skaðabótamál gegn þeim sem eru ábyrgir fyrir tjóninu.

36. gr.
Sérhæfð yfirvöld.

Hvert samningsríki skal sjá til þess, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis síns, að til sé stofnun eða stofnanir eða einstaklingar sem eru sérhæfðir í að berjast gegn spillingu með því að framfylgja lögum. Nauðsynlegt er að sjálfstæði slíkrar stofnunar eða stofnana eða einstaklinga sé tryggt, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis samningsríkisins, til þess að gera þeim kleift að sinna störfum sínum með skilvirkum hætti án nokkurra ótilhlýðilegra áhrifa. Slíkir einstaklingar eða starfsfólk slíkrar stofnunar eða stofnana skal fá viðeigandi þjálfun og úrræði til að inna verkefni sín af hendi.

37. gr.
Samstarf við löggæsluyfirvöld.

1. Hvert samningsríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja menn, sem taka þátt í eða hafa tekið þátt í að fremja brot, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, til þess að afhenda upplýsingar sem gagnast lögbærum yfirvöldum við rannsókn og sönnunarfærslu og til þess að veita lögbærum yfir-

Article 33
Protection of reporting persons

Each State Party shall consider incorporating into its domestic legal system appropriate measures to provide protection against any unjustified treatment for any person who reports in good faith and on reasonable grounds to the competent authorities any facts concerning offences established in accordance with this Convention.

Article 34
Consequences of acts of corruption

With due regard to the rights of third parties acquired in good faith, each State Party shall take measures, in accordance with the fundamental principles of its domestic law, to address consequences of corruption. In this context, States Parties may consider corruption a relevant factor in legal proceedings to annul or rescind a contract, withdraw a concession or other similar instrument or take any other remedial action.

Article 35
Compensation for damage

Each State Party shall take such measures as may be necessary, in accordance with principles of its domestic law, to ensure that entities or persons who have suffered damage as a result of an act of corruption have the right to initiate legal proceedings against those responsible for that damage in order to obtain compensation.

Article 36
Specialized authorities

Each State Party shall, in accordance with the fundamental principles of its legal system, ensure the existence of a body or bodies or persons specialized in combating corruption through law enforcement. Such body or bodies or persons shall be granted the necessary independence, in accordance with the fundamental principles of the legal system of the State Party, to be able to carry out their functions effectively and without any undue influence. Such persons or staff of such body or bodies should have the appropriate training and resources to carry out their tasks.

Article 37
Cooperation with law enforcement authorities

1. Each State Party shall take appropriate measures to encourage persons who participate or who have participated in the commission of an offence established in accordance with this Convention to supply information useful to competent authorities for investigative and evidentiary purposes and to provide

völdum raunverulega, tiltekna aðstoð sem kann að stuðla að því að brotamenn verði sviptir ávinningi af glæp og að slíkur ávinningur verði endurheimtur.
2. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar að hafa þann möguleika fyrir hendi, þegar við á, að milda refsingu sakbornings sem veitir mikilvæga aðstoð við rannsókn eða saksókn vegna brots sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.

3. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar að hafa þann möguleika fyrir hendi, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, að maður, sem veitir mikilvæga aðstoð við rannsókn eða saksókn vegna brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, sé undanþeginn saksókn.

4. Slíkir menn skulu njóta verndar, að breyttu breytanda, eins og kveðið er á um í 32. gr. samnings þessa.
5. Sé maður, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og staddur er í einu samningsríki, fær um að veita lögbærum yfirvöldum í öðru samningsríki mikilvæga aðstoð geta hlutaðeigandi samningsríki tekið til skoðunar að ganga frá samningum eða fyrirkomulagi, í samræmi við landslög sín, þess efnis að síðarnefnda samningsríkið veiti þá meðferð sem sett er fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

38. gr.
Samstarf milli yfirvalda einstakra ríkja.

Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hvetja, í samræmi við landslög sín, til samstarfs milli opinberra yfirvalda, sem og opinberra embættismanna, annars vegar og hins vegar yfirvalda sem annast rannsókn brota og saksókn vegna þeirra. Slíkt samstarf getur m.a. falist í því:

a) að veita síðarnefndu yfirvöldunum upplýsingar, að eigin frumkvæði, ef gild ástæða er til að ætla að brot, sem gert er refsivert skv. 15., 21. og 23. gr. samnings þessa, hafi verið framið eða

b) að veita síðarnefndu yfirvöldunum, að beiðni þeirra, allar nauðsynlegar upplýsingar.

39. gr.
Samstarf milli landsyfirvalda og einkageirans.

1. Hvert samningsríki skal gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hvetja, í samræmi við landslög sín, til samstarfs milli innlendra rannsóknaryfirvalda og ákæruvalds og aðila í einkageiranum, einkum fjármálastofnana, um málefni sem

factual, specific help to competent authorities that may contribute to depriving offenders of the proceeds of crime and to recovering such proceeds.
2. Each State Party shall consider providing for the possibility, in appropriate cases, of mitigating punishment of an accused person who provides substantial cooperation in the investigation or prosecution of an offence established in accordance with this Convention.
3. Each State Party shall consider providing for the possibility, in accordance with fundamental principles of its domestic law, of granting immunity from prosecution to a person who provides substantial cooperation in the investigation or prosecution of an offence established in accordance with this Convention.
4. Protection of such persons shall be, mutatis mutandis, as provided for in article 32 of this Convention.
5. Where a person referred to in paragraph 1 of this article located in one State Party can provide substantial cooperation to the competent authorities of another State Party, the States Parties concerned may consider entering into agreements or arrangements, in accordance with their domestic law, concerning the potential provision by the other State Party of the treatment set forth in paragraphs 2 and 3 of this article.

Article 38
Cooperation between national authorities

Each State Party shall take such measures as may be necessary to encourage, in accordance with its domestic law, cooperation between, on the one hand, its public authorities, as well as its public officials, and, on the other hand, its authorities responsible for investigating and prosecuting criminal offences. Such cooperation may include:

(a) Informing the latter authorities, on their own initiative, where there are reasonable grounds to believe that any of the offences established in accordance with articles 15, 21 and 23 of this Convention has been committed; or
(b) Providing, upon request, to the latter authorities all necessary information.

Article 39
Cooperation between national authorities and the private sector

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to encourage, in accordance with its domestic law, cooperation between national investigating and prosecuting authorities and entities of the private sector, in particular financial institu-

taka til brota sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

2. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar að hvetja ríkisborgara sína og aðra, sem að jafnaði hafa aðsetur á yfirráðasvæði þess, til að tilkynna innlendum rannsóknaryfirvöldum og ákæruvaldi frá því ef framið hefur verið brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.

40. gr.
Bankaleynd.

Hvert samningsríki skal sjá til þess, í tilvikum þar sem innlend rannsókn fer fram á brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi innan réttarkerfis þess sem gera kleift að yfirstíga hugsanlegar hindranir samfara beitingu laga um bankaleynd.

41. gr.
Brotaferill.

Hvert samningsríki getur sett lagaákvæði eða samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé, samkvæmt þeim skilmálum og í þeim tilgangi sem það telur hæfa, að taka tillit til fyrri sakfellingar meints brotamanns í öðru ríki í því skyni að nota slíka vitneskju við meðferð brots sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.

42. gr.
Lögsaga.

1. Hvert samningsríki skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, ef:

a) brotið er framið á yfirráðasvæði þess eða

b) brotið er framið um borð í skipi sem siglir undir fána þess eða loftfari sem er skráð samkvæmt lögum þess á þeim tíma þegar brotið er framið.

2. Samningsríki getur og, með fyrirvara um ákvæði 4. gr. samnings þessa, fellt hvert slíkt brot undir lögsögu sína ef:

a) brotið beinist gegn ríkisborgara þess eða

b) brotið er framið af ríkisborgara þess eða ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði þess eða

c) brotið er eitt þeirra brota, sem gerð eru refsiverð skv. ii. lið b-liðar 1. mgr. 23. gr. samnings þessa og er framið utan yfirráðasvæðis þess með brotastarfsemi í huga á yfirráðasvæði þess sem gerð er

tions, relating to matters involving the commission of offences established in accordance with this Convention.

2. Each State Party shall consider encouraging its nationals and other persons with a habitual residence in its territory to report to the national investigating and prosecuting authorities the commission of an offence established in accordance with this Convention.

Article 40
Bank secrecy

Each State Party shall ensure that, in the case of domestic criminal investigations of offences established in accordance with this Convention, there are appropriate mechanisms available within its domestic legal system to overcome obstacles that may arise out of the application of bank secrecy laws.

Article 41
Criminal record

Each State Party may adopt such legislative or other measures as may be necessary to take into consideration, under such terms as and for the purpose that it deems appropriate, any previous conviction in another State of an alleged offender for the purpose of using such information in criminal proceedings relating to an offence established in accordance with this Convention.

Article 42
Jurisdiction

1. Each State Party shall adopt such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences established in accordance with this Convention when:

(a) The offence is committed in the territory of that State Party; or

(b) The offence is committed on board a vessel that is flying the flag of that State Party or an aircraft that is registered under the laws of that State Party at the time that the offence is committed.

2. Subject to article 4 of this Convention, a State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:

(a) The offence is committed against a national of that State Party; or

(b) The offence is committed by a national of that State Party or a stateless person who has his or her habitual residence in its territory; or

(c) The offence is one of those established in accordance with article 23, paragraph 1 (b) (ii), of this Convention and is committed outside its territory with a view to the commission of an

refsiverð skv. i. eða ii. lið a-liðar eða i. lið b-liðar 1. mgr. 23. gr. samnings þessa eða

d) brotið beinist gegn samningsríkinu.

3. Hvert samningsríki skal, að því er varðar ákvæði 44. gr. samnings þessa, gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum ef meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki af þeirri ástæðu einni að hann er ríkisborgari þess.
4. Hvert samningsríki getur einnig gert ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum ef meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki.
5. Hafi samningsríki, sem fer með lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, verið tilkynnt um að önnur samningsríki rannsaki sömu háttsemi, lögsæki fyrir hana eða að þar fari fram dómsmeðferð vegna hennar eða verði þess áskynja á annan hátt skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi samningsríkja ráðgast um, eftir því sem við á, hvernig þau megi samræma aðgerðir sínar.
6. Samningur þessi skal ekki útiloka, samanber þó reglur almenns þjóðaréttar, að beitt sé sérhverri þeirri refsiréttarlögsögu sem samningsríki ber samkvæmt eigin landslögum.

IV. kafli.
Alþjóðleg samvinna.

43. gr.

Alþjóðleg samvinna.

1. Samningsríki skulu hafa með sér samstarf í sakamálum í samræmi við 44. til 50. gr. samnings þessa. Samningsríki skulu, ef við á og í samræmi við réttarkerfi þeirra, taka til athugunar að aðstoða hvert annað við rannsókn og málsmeðferð einkamála og stjórnsýslumála sem tengjast spillingu.

2. Ætíð þegar það skilyrði er sett fyrir alþjóðlegri samvinnu að brotið sé refsivert í báðum samningsríkjunum, telst því skilyrði fullnægt ef athæfið sem liggur til grundvallar brotinu sem er tilefni beiðni um aðstoð, er refsivert samkvæmt lögum beggja samningsríkja, óháð því hvort brotið heyrir undir sama brotaflokk eða er lýst með sama orðalagi í lögum ríkisins sem beiðni er beint til og þess sem leggur fram beiðnina.

offence established in accordance with article 23, paragraph 1 (a) (i) or (ii) or (b) (i), of this Convention within its territory; or
(d) The offence is committed against the State Party.
3. For the purposes of article 44 of this Convention, each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences established in accordance with this Convention when the alleged offender is present in its territory and it does not extradite such person solely on the ground that he or she is one of its nationals.
4. Each State Party may also take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences established in accordance with this Convention when the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him or her.

5. If a State Party exercising its jurisdiction under paragraph 1 or 2 of this article has been notified, or has otherwise learned, that any other States Parties are conducting an investigation, prosecution or judicial proceeding in respect of the same conduct, the competent authorities of those States Parties shall, as appropriate, consult one another with a view to coordinating their actions.
6. Without prejudice to norms of general international law, this Convention shall not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

Chapter IV
International cooperation

Article 43

International cooperation

1. States Parties shall cooperate in criminal matters in accordance with articles 44 to 50 of this Convention. Where appropriate and consistent with their domestic legal system, States Parties shall consider assisting each other in investigations of and proceedings in civil and administrative matters relating to corruption.
2. In matters of international cooperation, whenever dual criminality is considered a requirement, it shall be deemed fulfilled irrespective of whether the laws of the requested State Party place the offence within the same category of offence or denominate the offence by the same terminology as the requesting State Party, if the conduct underlying the offence for which assistance is sought is a criminal offence under the laws of both States Parties.

44. gr.
Framsal.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda um brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, ef sá maður, sem farið er fram á að verði framseldur, er staddur á yfirráðasvæði þess samningsríkis sem beiðninni er beint til, enda sé brotið, sem er tilefni beiðni um framsal, refsivert bæði samkvæmt landslögum þess samningsríkis sem leggur fram beiðnina og þess sem henni er beint til.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur samningsríki, sem til þess hefur heimild samkvæmt landslögum sínum, veitt leyfi fyrir framsali manns fyrir hvert það brot sem samningur þessi tekur til og er ekki refsivert samkvæmt landslögum þess.
3. Ef framsalsbeiðni tekur til nokkurra aðgreindra brota og a.m.k. eitt þeirra telst framsalsbrot samkvæmt þessari grein en sum teljast ekki framsalsbrot vegna lengdar fangelsisvistarinnar en tengjast brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, getur samningsríkið, sem beiðni er beint til, einnig beitt ákvæðum þessarar greinar að því er þau brot varðar.
4. Líta ber svo á að hvert það brot sem ákvæði þessarar greinar gilda um teljist framsalsbrot í skilningi ákvæða þeirra framsalssamninga sem í gildi eru milli samningsríkja. Samningsríkin skuldbinda sig til þess að telja fyrrnefnd brot til framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem kann að verða gerður milli þeirra. Framselji samningsríki, sem til þess hefur heimild í landslögum sínum, mann á grundvelli samnings þessa, skal það ekki líta á neitt brotanna, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, sem stjórnmálaafbrot.
5. Taki samningsríki, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að fyrir hendi sé milliríkjasamningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðru samningsríki, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur fyrrnefnda samningsríkið litið á samning þennan sem lagalegan grundvöll fyrir framsali með tilliti til brots sem ákvæði greinar þessarar gilda um.
6. Samningsríki, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að fyrir hendi sé milliríkjasamningur þar um, skal:

a) tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, þegar það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum, hvort það muni nota samning þennan sem lagalegan grundvöll fyrir samstarfi um framsal við önnur ríki sem eiga aðild að samningi þessum og
b) noti það ekki samning þennan sem lagalegan grundvöll fyrir samstarfi um framsal, kappkosta, eftir því sem við á, að ganga frá framsalssamn-

Article 44
Extradition

1. This article shall apply to the offences established in accordance with this Convention where the person who is the subject of the request for extradition is present in the territory of the requested State Party, provided that the offence for which extradition is sought is punishable under the domestic law of both the requesting State Party and the requested State Party.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this article, a State Party whose law so permits may grant the extradition of a person for any of the offences covered by this Convention that are not punishable under its own domestic law.
3. If the request for extradition includes several separate offences, at least one of which is extraditable under this article and some of which are not extraditable by reason of their period of imprisonment but are related to offences established in accordance with this Convention, the requested State Party may apply this article also in respect of those offences.
4. Each of the offences to which this article applies shall be deemed to be included as an extraditable offence in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them. A State Party whose law so permits, in case it uses this Convention as the basis for extradition, shall not consider any of the offences established in accordance with this Convention to be a political offence.
5. If a State Party that makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Convention the legal basis for extradition in respect of any offence to which this article applies.

6. A State Party that makes extradition conditional on the existence of a treaty shall:

(a) At the time of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention, inform the Secretary-General of the United Nations whether it will take this Convention as the legal basis for cooperation on extradition with other States Parties to this Convention; and
(b) If it does not take this Convention as the legal basis for cooperation on extradition, seek, where appropriate, to conclude treaties on extradition

ingum við önnur ríki, sem eiga aðild að samningi þessum, í því skyni að ákvæði þessarar greinar komi til framkvæmda.

7. Samningsríki, sem setja ekki það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur þar um sé fyrir hendi, skulu sín á milli viðurkenna þau brot sem ákvæði greinar þessarar gilda um sem framsalsbrot.

8. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem landslög þess samningsríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um eða viðeigandi framsalssamningar, meðal annars má nefna skilyrði um lágmarkskröfur um refsingu til þess að til framsals geti komið og um ástæður þess að samningsríkið, sem beiðni er beint til, megi synja framsals.

9. Samningsríki skulu, með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna, leitast við að hraða málsmeðferð við framsal og einfalda kröfur um sönnunarfærslu við þá málsmeðferð vegna allra brota sem ákvæði greinar þessarar gilda um.

10. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur, með fyrirvara um ákvæði eigin landslaga og þeirra framsalssamninga sem það hefur gert og þegar það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það og séu brýnar, hneppt mann, sem leitað er framsals á og staddur er á yfirráðasvæði þess, í varðhald að beiðni samningsríkisins, sem leggur fram beiðni, eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nærveru hans við málsmeðferð vegna framsalsins.

11. Finnist meintur brotamaður á yfirráðasvæði samningsríkis og sé hann ekki framseldur vegna brots, sem ákvæði greinar þessarar gilda um, á þeirri forsendu einni að hann er ríkisborgari þess skal hlutaðeigandi samningsríki, að beiðni þess samningsríkis sem fer fram á framsal, leggja málið, án óréttmætrar tafar, fyrir lögbær yfirvöld sín til saksóknar. Skulu þau yfirvöld taka ákvörðun og haga málsmeðferð sinni með sama hætti og sé um önnur alvarleg brot að ræða samkvæmt landslögum fyrrnefnds hlutaðeigandi samningsríkis. Hlutaðeigandi samningsríki skulu vinna saman, einkum að því er varðar þætti er lúta að málsmeðferð og sönnunarfærslu, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd slíkrar saksóknar.

12. Í þeim tilvikum er landslög samningsríkis heimila því að framselja eigin ríkisborgara eða afhenda hann með öðrum hætti, með því skilyrði að hann verði sendur aftur til fyrrnefnds samningsríkis til þess að afplána þar þá refsingu sem honum er ákvörðuð að afloknu réttarhaldinu eða málsmeðferðinni, sem var tilefni beiðni um framsal eða afhendingu, og að fyrrnefnt samningsríki og samningsríkið, sem framsals eða afhendingar beiddist, fallist á þennan valkost og aðra skilmála sem þau kunna að

with other States Parties to this Convention in order to implement this article.

7. States Parties that do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize offences to which this article applies as extraditable offences between themselves.

8. Extradition shall be subject to the conditions provided for by the domestic law of the requested State Party or by applicable extradition treaties, including, inter alia, conditions in relation to the minimum penalty requirement for extradition and the grounds upon which the requested State Party may refuse extradition.

9. States Parties shall, subject to their domestic law, endeavour to expedite extradition procedures and to simplify evidentiary requirements relating thereto in respect of any offence to which this article applies.

10. Subject to the provisions of its domestic law and its extradition treaties, the requested State Party may, upon being satisfied that the circumstances so warrant and are urgent and at the request of the requesting State Party, take a person whose extradition is sought and who is present in its territory into custody or take other appropriate measures to ensure his or her presence at extradition proceedings.

11. A State Party in whose territory an alleged offender is found, if it does not extradite such person in respect of an offence to which this article applies solely on the ground that he or she is one of its nationals, shall, at the request of the State Party seeking extradition, be obliged to submit the case without undue delay to its competent authorities for the purpose of prosecution. Those authorities shall take their decision and conduct their proceedings in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the domestic law of that State Party. The States Parties concerned shall cooperate with each other, in particular on procedural and evidentiary aspects, to ensure the efficiency of such prosecution.

12. Whenever a State Party is permitted under its domestic law to extradite or otherwise surrender one of its nationals only upon the condition that the person will be returned to that State Party to serve the sentence imposed as a result of the trial or proceedings for which the extradition or surrender of the person was sought and that State Party and the State Party seeking the extradition of the person agree with this option and other terms that they may deem appropriate, such conditional extradition or

telja við eiga, skal slíkt skilyrt framsal eða afhending nægja til að sinna þeirri skyldu sem er sett fram í 11. mgr. þessarar greinar.
13. Ef synjað er um framsal, sem beiðst er til fullnustu refsingar, vegna þess að sá sem leitað er framsals á er ríkisborgari þess samningsríkis, sem beiðninni er beint til, skal það samningsríki, ef landslög þess heimila það og eftir því sem þau lög kveða á um, taka til athugunar, að beiðni þess samningsríkis sem leggur fram beiðni, að koma fram þeirri refsingu sem lögð hefur verið á samkvæmt landslögum þess samningsríkis sem leggur fram beiðni eða því sem eftir stendur af henni.
14. Hverjum manni, sem sætir málsmeðferð vegna brota sem ákvæði greinar þessarar gilda um, skal tryggð sanngjörn meðferð á öllum stigum málsmeðferðar, meðal annars skal hann njóta allra þeirra réttinda og öryggis sem landslög þess samningsríkis, sem á yfirráðasvæði þar sem hann er staddur, kveða á um.
15. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að uppfylla beri framsalsskyldu hafi samningsríkið, sem beiðni er beint til, ríka ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram í því skyni að saksækja mann eða refsa honum vegna kynferðis hans, kynþáttar, trúar, þjóðernis, uppruna eða stjórnmálaskoðana eða, ef orðið yrði við beiðninni, að það myndi veikja stöðu hans af einhverri þeirri ástæðu sem fyrr greinir.

16. Samningsríkjum er óheimilt að hafna framsalsbeiðni á þeirri forsendu einni að brotið sé einnig talið varða skattamál.
17. Samningsríki, sem beiðni er beint til, skal, áður en synjað er um framsal og þegar við á, ráðgast við samningsríkið, sem leggur fram beiðni, í því skyni að gefa því gott færi til að láta álit sitt í ljós og veita upplýsingar er varða ásökun þess.
18. Samningsríki skulu leitast við að koma á tvíhliða og marghliða samningum eða fyrirkomulagi til framkvæmdar á framsali eða til að auka skilvirkni þess.

45. gr.
Flutningur dæmdra manna.

Samningsríki geta metið þann kost að koma á tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi um flutning manna, sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar eða annarrar frelsissviptingar fyrir brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, inn á yfirráðasvæði sín, í því skyni að gefa þeim kost á að afplána refsingu sína þar.

surrender shall be sufficient to discharge the obligation set forth in paragraph 11 of this article.

13. If extradition, sought for purposes of enforcing a sentence, is refused because the person sought is a national of the requested State Party, the requested State Party shall, if its domestic law so permits and in conformity with the requirements of such law, upon application of the requesting State Party, consider the enforcement of the sentence imposed under the domestic law of the requesting State Party or the remainder thereof.

14. Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences to which this article applies shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings, including enjoyment of all the rights and guarantees provided by the domestic law of the State Party in the territory of which that person is present.
15. Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite if the requested State Party has substantial grounds for believing that the request has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of that person's sex, race, religion, nationality, ethnic origin or political opinions or that compliance with the request would cause prejudice to that person's position for any one of these reasons.
16. States Parties may not refuse a request for extradition on the sole ground that the offence is also considered to involve fiscal matters.
17. Before refusing extradition, the requested State Party shall, where appropriate, consult with the requesting State Party to provide it with ample opportunity to present its opinions and to provide information relevant to its allegation.
18. States Parties shall seek to conclude bilateral and multilateral agreements or arrangements to carry out or to enhance the effectiveness of extradition.

Article 45
Transfer of sentenced persons

States Parties may consider entering into bilateral or multilateral agreements or arrangements on the transfer to their territory of persons sentenced to imprisonment or other forms of deprivation of liberty for offences established in accordance with this Convention in order that they may complete their sentences there.

46. gr.
Gagnkvæm dómsmálaaðstoð.

1. Samningsríki skulu veita hvert öðru alla þá dómsmálaaðstoð sem við verður komið við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð vegna brota sem samningur þessi tekur til.
2. Veita ber gagnkvæma dómsmálaaðstoð, að því marki sem frekast er unnt, samkvæmt viðeigandi lögum þess samningsríkis sem beiðni er beint til og milliríkjasamningum, samningum og fyrirkomulagi, sem það er aðili að, í tengslum við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð vegna brota sem lögaðili kann að verða kallaður til ábyrgðar fyrir í samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, í samræmi við ákvæði 26. gr. samnings þessa.
3. Um gagnkvæma dómsmálaaðstoð, sem veitt skal samkvæmt grein þessari, má biðja í eftirfarandi tilgangi:

a) til að afla sönnunargagna eða taka skýrslur af mönnum,
b) til að birta skjöl,
c) til að framkvæma leit og haldlagningu og frystingu,
d) til að rannsaka muni og vettvang,
e) til að afla upplýsinga, sönnunargagna og matsgerða sérfræðinga,
f) til að afla frumrita eða staðfestra endurrita af viðeigandi skjölum og gögnum, þar með töldum skjölum stjórnvalda, banka og fyrirtækja og bókhalds- og viðskiptagögnum,
g) til að bera kennsl á eða rekja ávinning af glæp, eignir, gögn eða aðra hluti sem nota má til sönnunarfærslu,
h) til að greiða fyrir því að menn komi af frjálsum vilja fyrir rétt í samningsríkinu sem leggur fram beiðni,
i) til að veita hvers kyns aðra aðstoð sem brýtur ekki í bága við landslög þess samningsríkis sem beiðni er beint til,
j) til að tilgreina, frysta og rekja ávinning af glæp í samræmi við ákvæði V. kafla samnings þessa,
k) til að endurheimta fjármuni í samræmi við ákvæði V. kafla samnings þessa.

4. Lögbær yfirvöld í samningsríki geta, með fyrirvara um ákvæði landslaga og án þess að um það sé beðið fyrir fram, sent lögbærum yfirvöldum í öðru samningsríki upplýsingar um brotamál telji þau að slíkar upplýsingar geti gagnast þeim við rannsókn og meðferð sakamáls eða við að leiða rannsókn og slíka málsmeðferð til lykta með þeim hætti að tilætluðum árangri verði náð eða geti leitt til þess að síðarnefnda samningsríkið leggi fram beiðni samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Article 46
Mutual legal assistance

1. States Parties shall afford one another the widest measure of mutual legal assistance in investigations, prosecutions and judicial proceedings in relation to the offences covered by this Convention.
2. Mutual legal assistance shall be afforded to the fullest extent possible under relevant laws, treaties, agreements and arrangements of the requested State Party with respect to investigations, prosecutions and judicial proceedings in relation to the offences for which a legal person may be held liable in accordance with article 26 of this Convention in the requesting State Party.

3. Mutual legal assistance to be afforded in accordance with this article may be requested for any of the following purposes:

(a) Taking evidence or statements from persons;
(b) Effecting service of judicial documents;
(c) Executing searches and seizures, and freezing;
(d) Examining objects and sites;
(e) Providing information, evidentiary items and expert evaluations;
(f) Providing originals or certified copies of relevant documents and records, including government, bank, financial, corporate or business records;
(g) Identifying or tracing proceeds of crime, property, instrumentalities or other things for evidentiary purposes;
(h) Facilitating the voluntary appearance of persons in the requesting State Party;
(i) Any other type of assistance that is not contrary to the domestic law of the requested State Party;
(j) Identifying, freezing and tracing proceeds of crime in accordance with the provisions of chapter V of this Convention;
(k) The recovery of assets, in accordance with the provisions of chapter V of this Convention.

4. Without prejudice to domestic law, the competent authorities of a State Party may, without prior request, transmit information relating to criminal matters to a competent authority in another State Party where they believe that such information could assist the authority in undertaking or successfully concluding inquiries and criminal proceedings or could result in a request formulated by the latter State Party pursuant to this Convention.

5. Miðlun upplýsinga skv. 4. mgr. þessarar greinar skal ekki hafa áhrif á rannsókn eða meðferð sakamáls í því ríki þar sem fyrrnefnd lögbær yfirvöld, sem upplýsingarnar veita, eru. Lögbær yfirvöld, sem taka við upplýsingunum, skulu verða við beiðni um að farið sé með þær sem trúnaðarmál, jafnvel tímabundið, eða um að notkun þeirra sé takmörkunum háð. Það skal þó ekki koma í veg fyrir að viðtökusamningsríkið opinberi, í málarekstri sínum, upplýsingar sem hreinsa sakborning af ákæru. Ef þannig háttar til skal viðtökusamningsríkið gera samningsríkinu, sem upplýsingarnar sendir, viðvart áður en upplýsingarnar eru gerðar opinberar og ráðgast við það sé þess óskað. Ef ekki reynist unnt, í undantekningartilviki, að senda tilkynningu fyrirfram skal viðtökusamningsríkið greina samningsríkinu, sem upplýsingarnar sendir, frá því, án tafar, að upplýsingarnar hafi verið gerðar opinberar.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum milliríkjasamningi, tvíhliða eða marghliða, sem gildir eða mun gilda um gagnkvæma dómsmálaaðstoð í heild eða að hluta.

7. Ákvæði 9. til 29. mgr. þessarar greinar gilda um beiðnir, sem lagðar eru fram samkvæmt þeim málsgreinum, séu hlutaðeigandi samningsríki ekki bundin af milliríkjasamningi um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Ef fyrrnefnd samningsríki eru bundin af slíkum milliríkjasamningi skulu samsvarandi ákvæði hans gilda nema samningsríkin séu sammála um að beita ákvæðum 9. til 29. mgr. þessarar greinar í þeirra stað. Samningsríki eru eindregið hvött til þess að beita ákvæðum fyrrnefndra málsgreina, auðveldi það samstarf milli þeirra.

8. Samningsríki skulu ekki hafna því, á grundvelli bankaleyndar, að gagnkvæm dómsmálaaðstoð sé veitt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

9. a) samningsríki, sem beiðni er beint til, skal taka tillit til markmiða samnings þessa, eins og þau eru sett fram í 1. gr., þegar það bregst við beiðni um aðstoð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og ekki er um að ræða glæpsamlegt athæfi í báðum samningsríkjum,

b) samningsríki geta synjað um aðstoð, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, á þeirri forsendu að um glæpsamlegt athæfi sé ekki að ræða í báðum samningsríkjum. Samningsríki, sem beiðni er beint til, skal þó, þegar slíkt samræmist grundvallarhugtökum réttarkerfis þess, veita aðstoð ef hún felur ekki í sér þvingunaraðgerðir. Synja má um slíka aðstoð þegar óskir varða minni háttar mál eða mál þar sem samstarf eða aðstoð, sem leitað er eftir, er tiltæk samkvæmt öðrum ákvæðum samnings þessa,

5. The transmission of information pursuant to paragraph 4 of this article shall be without prejudice to inquiries and criminal proceedings in the State of the competent authorities providing the information. The competent authorities receiving the information shall comply with a request that said information remain confidential, even temporarily, or with restrictions on its use. However, this shall not prevent the receiving State Party from disclosing in its proceedings information that is exculpatory to an accused person. In such a case, the receiving State Party shall notify the transmitting State Party prior to the disclosure and, if so requested, consult with the transmitting State Party. If, in an exceptional case, advance notice is not possible, the receiving State Party shall inform the transmitting State Party of the disclosure without delay.

6. The provisions of this article shall not affect the obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, that governs or will govern, in whole or in part, mutual legal assistance.

7. Paragraphs 9 to 29 of this article shall apply to requests made pursuant to this article if the States Parties in question are not bound by a treaty of mutual legal assistance. If those States Parties are bound by such a treaty, the corresponding provisions of that treaty shall apply unless the States Parties agree to apply paragraphs 9 to 29 of this article in lieu thereof. States Parties are strongly encouraged to apply those paragraphs if they facilitate cooperation.

8. States Parties shall not decline to render mutual legal assistance pursuant to this article on the ground of bank secrecy.

9.(a) A requested State Party, in responding to a request for assistance pursuant to this article in the absence of dual criminality, shall take into account the purposes of this Convention, as set forth in article 1;

(b) States Parties may decline to render assistance pursuant to this article on the ground of absence of dual criminality. However, a requested State Party shall, where consistent with the basic concepts of its legal system, render assistance that does not involve coercive action. Such assistance may be refused when requests involve matters of a de minimis nature or matters for which the cooperation or assistance sought is available under other provisions of this Convention;

c) hvert samningsríki getur tekið til athugunar að samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera því kleift að veita víðtækari aðstoð samkvæmt þessari grein, þótt ekki sé um að ræða glæpsamlegt athæfi í báðum samningsríkjum.

10. Heimilt er að flytja mann, sem er í fangelsi eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins samningsríkis, til annars samningsríkis sé nærveru hans óskað þar sakir staðfestingar, vitnisburðar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna í tengslum við rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð vegna brota, sem samningur þessi tekur til, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) að maður sá veiti upplýst samþykki sitt fyrir því af fúsum og frjálsum vilja,

b) að lögbær yfirvöld í báðum samningsríkjum samþykki það með þeim skilyrðum sem þau kunna að telja rétt að setja.

11. Að því er varðar ákvæði 10. mgr. þessarar greinar:

a) hefur samningsríkið, sem maðurinn er fluttur til, heimild og ber skylda til að hafa hinn flutta í varðhaldi, nema samningsríkið, sem hann var fluttur frá, fari fram á eða heimili annað,

b) skal samningsríkið, sem maðurinn er fluttur til, uppfylla þá skyldu sína tafarlaust að skila honum í gæslu samningsríkisins, sem hann var fluttur frá, samkvæmt fyrirframgerðu samkomulagi, eða eins og samið er um með öðrum hætti, milli lögbærra yfirvalda í báðum samningsríkjum,

c) skal samningsríkið, sem maðurinn er fluttur til, ekki krefjast þess að samningsríkið, sem hann var fluttur frá, hefji málsmeðferð vegna framsals til að honum verði skilað aftur,

d) skal sá tími sem hinn flutti er í haldi í ríkinu, sem hann er fluttur til, koma til frádráttar afplánun refsingar í samningsríkinu sem hann var fluttur frá.

12. Maður, sem til stendur að flytja frá samningsríki, í samræmi við ákvæði 10. og 11. mgr. þessarar greinar, skal ekki, nema samningsríkið samþykki það, sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á yfirráðasvæði þess ríkis sem hann er fluttur til vegna athafna, athafnaleysis eða sakfellinga, sem áttu sér stað áður en hann yfirgaf yfirráðasvæði þess ríkis sem hann var fluttur frá, og gildir einu af hvaða þjóðerni hann er.

13. Hvert samningsríki tilnefni umsjónarstjórnvald sem bera skal ábyrgð á og hafa heimild til að veita

(c) Each State Party may consider adopting such measures as may be necessary to enable it to provide a wider scope of assistance pursuant to this article in the absence of dual criminality.

10. A person who is being detained or is serving a sentence in the territory of one State Party whose presence in another State Party is requested for purposes of identification, testimony or otherwise providing assistance in obtaining evidence for investigations, prosecutions or judicial proceedings in relation to offences covered by this Convention may be transferred if the following conditions are met:

(a) The person freely gives his or her informed consent;

(b) The competent authorities of both States Parties agree, subject to such conditions as those States Parties may deem appropriate.

11. For the purposes of paragraph 10 of this article:

(a) The State Party to which the person is transferred shall have the authority and obligation to keep the person transferred in custody, unless otherwise requested or authorized by the State Party from which the person was transferred;

(b) The State Party to which the person is transferred shall without delay implement its obligation to return the person to the custody of the State Party from which the person was transferred as agreed beforehand, or as otherwise agreed, by the competent authorities of both States Parties;

(c) The State Party to which the person is transferred shall not require the State Party from which the person was transferred to initiate extradition proceedings for the return of the person;

(d) The person transferred shall receive credit for service of the sentence being served in the State from which he or she was transferred for time spent in the custody of the State Party to which he or she was transferred.

12. Unless the State Party from which a person is to be transferred in accordance with paragraphs 10 and 11 of this article so agrees, that person, whatever his or her nationality, shall not be prosecuted, detained, punished or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in the territory of the State to which that person is transferred in respect of acts, omissions or convictions prior to his or her departure from the territory of the State from which he or she was transferred.

13. Each State Party shall designate a central authority that shall have the responsibility and power

viðtöku beiðnum um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og annaðhvort verða við þeim eða framsenda lögbærum yfirvöldum til framkvæmdar. Fyrirfinnist innan samningsríkis sérstakt hérað eða yfirráðasvæði með aðskilið fyrirkomulag gagnkvæmrar dómsmálaaðstoðar getur samningsríkið tilnefnt sérstakt umsjónarstjórnvald er gegni sama hlutverki fyrir héraðið eða svæðið. Umsjónarstjórnvöld skulu sjá til þess að orðið sé við beiðnum, sem veitt er viðtaka, eða þær framsendar með fljótvirkum og réttum hætti. Framsendi umsjónarstjórnvald lögbæru yfirvaldi beiðnina til þess að það geti orðið við henni skal umsjónarstjórnvaldið hvetja fyrrnefnt yfirvald til þess að gera það með skjótum og réttum hætti. Tilkynna skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um umsjónarstjórnvald það sem er tilnefnt í þessu skyni samtímis því að hvert samningsríki afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum. Senda ber beiðnir um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og allar orðsendingar þar að lútandi þeim umsjónarstjórnvöldum sem samningsríkin hafa tilnefnt. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt samningsríkis til þess að krefjast þess að slíkar beiðnir og orðsendingar verði sendar því eftir diplómatískum leiðum og, ef brýnar ástæður eru til og verði samningsríkin ásátt um það, fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu, ef unnt er.

14. Beiðnir skal leggja fram skriflega eða, verði því komið við, með einhverjum þeim hætti sem getur af sér ritað skjal og á tungumáli sem samningsríkið, sem beiðni er beint til, samþykkir og við skilyrði sem gera því kleift að ganga úr skugga um að beiðnin sé ósvikin. Hvert samningsríki skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um það eða þau tungumál sem það samþykkir þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum til vörslu. Séu brýnar ástæður til og komi samningsríkin sér saman um það má bera beiðnir fram munnlega, en þegar skal þá staðfesta þær skriflega.

15. Í beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð skal koma fram:

a) hvert það yfirvald er sem beiðnina ber fram,

b) efni og eðli rannsóknarinnar, saksóknarinnar eða dómsmeðferðarinnar sem beiðnin varðar og nafn og starfssvið þess yfirvalds sem annast hana,

c) samantekt um málsatvik nema ef beiðnin er borin fram til að fá dómsskjöl birt,

d) hvers konar aðstoð beðið er um og hvernig samningsríkið, sem leggur fram beiðni, óskar að málsmeðferð skuli hagað í einstökum atriðum, eftir því sem við á,

to receive requests for mutual legal assistance and either to execute them or to transmit them to the competent authorities for execution. Where a State Party has a special region or territory with a separate system of mutual legal assistance, it may designate a distinct central authority that shall have the same function for that region or territory. Central authorities shall ensure the speedy and proper execution or transmission of the requests received. Where the central authority transmits the request to a competent authority for execution, it shall encourage the speedy and proper execution of the request by the competent authority. The Secretary-General of the United Nations shall be notified of the central authority designated for this purpose at the time each State Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention. Requests for mutual legal assistance and any communication related thereto shall be transmitted to the central authorities designated by the States Parties. This requirement shall be without prejudice to the right of a State Party to require that such requests and communications be addressed to it through diplomatic channels and, in urgent circumstances, where the States Parties agree, through the International Criminal Police Organization, if possible.

14. Requests shall be made in writing or, where possible, by any means capable of producing a written record, in a language acceptable to the requested State Party, under conditions allowing that State Party to establish authenticity. The Secretary-General of the United Nations shall be notified of the language or languages acceptable to each State Party at the time it deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention. In urgent circumstances and where agreed by the States Parties, requests may be made orally but shall be confirmed in writing forthwith.

15. A request for mutual legal assistance shall contain:

(a) The identity of the authority making the request;

(b) The subject matter and nature of the investigation, prosecution or judicial proceeding to which the request relates and the name and functions of the authority conducting the investigation, prosecution or judicial proceeding;

(c) A summary of the relevant facts, except in relation to requests for the purpose of service of judicial documents;

(d) A description of the assistance sought and details of any particular procedure that the requesting State Party wishes to be followed;

e) þar sem unnt er, hverjir þeir menn eru sem beiðnin varðar, hvar þeir eru og hvert ríkisfang þeirra er og
f) hver sé tilgangur þess að sönnunargagna, upplýsinga eða aðgerða er óskað.

16. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur óskað frekari upplýsinga þegar slíkt virðist nauðsynlegt til að verða við beiðninni samkvæmt landslögum þess eða þegar slíkt getur greitt fyrir framkvæmd hennar.

17. Orðið skal við beiðni í samræmi við landslög samningsríkisins sem henni er beint til og, eftir því sem unnt er og að því leyti sem það brýtur ekki í bága við landslög þess, fylgja þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í beiðninni.

18. Sé einstaklingur staddur á yfirráðasvæði samningsríkis og dómsmálayfirvöld í öðru samningsríki þurfa nauðsynlega að yfirheyra hann sem vitni eða sérfræðing getur fyrrnefnda samningsríkið, ávallt þegar því verður komið við og í samræmi við grundvallarreglur landslaga, heimilað, að ósk þess síðarnefnda, að réttarhald fari fram í formi myndfundar sé viðkomandi einstaklingi ekki unnt, eða sé ekki æskilegt fyrir hann, að koma í eigin persónu inn á yfirráðasvæði samningsríkisins sem leggur fram beiðni. Samningsríki geta komið sér saman um að dómsmálayfirvald í samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, stýri réttarhaldi og að dómsmálayfirvald í samningsríkinu, sem beiðni er beint til, sé viðstatt.

19. Samningsríkið, sem leggur fram beiðni, skal hvorki senda frá sér né nota upplýsingar eða sönnunargögn, sem samningsríkið, sem beiðni er beint til, veitti, til annarrar rannsóknar, saksóknar eða dómsmeðferðar en þeirrar sem tilgreind var í beiðninni, nema samningsríkið, sem beiðni er beint til, samþykki það fyrir fram. Ekkert í málsgrein þessari skal koma í veg fyrir að samningsríkið, sem leggur fram beiðni, opinberi, við meðferð málsins hjá sér, upplýsingar eða sönnunargögn sem hreinsa sakborning af ákæru. Í síðarnefnda tilvikinu skal samningsríkið, sem leggur fram beiðni, senda samningsríkinu, sem beiðni er beint til, tilkynningu áður en fyrrnefndar upplýsingar eða sönnunargögnin eru gerð opinber og ráðgast við síðarnefnda samningsríkið sé þess óskað. Reynist, í undantekningartilviki, ekki unnt að senda tilkynningu fyrir fram skal samningsríkið, sem leggur fram beiðni, tilkynna samningsríkinu, sem beiðni er beint til, um slíka birtingu án tafar.

20. Samningsríkið, sem leggur fram beiðni, getur óskað þess að samningsríkið, sem beiðni er beint til, haldi beiðninni leyndri og efni hennar að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til þess að verða við henni. Geti samningsríkið, sem beiðni er beint til, ekki virt ósk um leynd skal það þegar tilkynna samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, um það.

(e) Where possible, the identity, location and nationality of any person concerned; and

(f) The purpose for which the evidence, information or action is sought.

16. The requested State Party may request additional information when it appears necessary for the execution of the request in accordance with its domestic law or when it can facilitate such execution.

17. A request shall be executed in accordance with the domestic law of the requested State Party and, to the extent not contrary to the domestic law of the requested State Party and where possible, in accordance with the procedures specified in the request.

18. Wherever possible and consistent with fundamental principles of domestic law, when an individual is in the territory of a State Party and has to be heard as a witness or expert by the judicial authorities of another State Party, the first State Party may, at the request of the other, permit the hearing to take place by video conference if it is not possible or desirable for the individual in question to appear in person in the territory of the requesting State Party. States Parties may agree that the hearing shall be conducted by a judicial authority of the requesting State Party and attended by a judicial authority of the requested State Party.

19. The requesting State Party shall not transmit or use information or evidence furnished by the requested State Party for investigations, prosecutions or judicial proceedings other than those stated in the request without the prior consent of the requested State Party. Nothing in this paragraph shall prevent the requesting State Party from disclosing in its proceedings information or evidence that is exculpatory to an accused person. In the latter case, the requesting State Party shall notify the requested State Party prior to the disclosure and, if so requested, consult with the requested State Party. If, in an exceptional case, advance notice is not possible, the requesting State Party shall inform the requested State Party of the disclosure without delay.

20. The requesting State Party may require that the requested State Party keep confidential the fact and substance of the request, except to the extent necessary to execute the request. If the requested State Party cannot comply with the requirement of confidentiality, it shall promptly inform the requesting State Party.

21. Synja má um gagnkvæma dómsmálaaðstoð:
a) ef beiðnin er ekki borin fram í samræmi við ákvæði greinar þessarar,
b) ef samningsríkið, sem beiðni er beint til, telur að framkvæmd beiðninnar sé líkleg til að hafa áhrif til skerðingar á fullveldi þess, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum meginhagsmunum,
c) ef landslög samningsríkisins, sem beiðni er beint til, myndu ekki heimila að yfirvöld þess gripu til umbeðinna aðgerða vegna sambærilegs brots, ef rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð vegna þess hefði farið fram innan þeirra eigin lögsögu,

d) ef það væri andstætt réttarkerfi þess samningsríkis sem beiðni er beint til, að því er varðar gagnkvæma dómsmálaaðstoð, að fallast á beiðnina.

22. Samningsríkjum er óheimilt að synja beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð á þeirri forsendu einni að brotið sé einnig talið varða skattamál.

23. Tilgreina skal ástæður fyrir synjun við beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð.

24. Samningsríkið, sem beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð er beint til, skal verða við henni eins fljótt og auðið er og virða, eftir því sem unnt er, hvern þann frest sem samningsríkið, sem leggur fram beiðnina, gerir tillögu um og færir rök fyrir, helst í beiðninni sjálfri. Samningsríkið, sem leggur fram beiðni, getur lagt fram sanngjarnar óskir um upplýsingar um stöðu og framvindu ráðstafana sem samningsríkið, sem beiðni var beint til, hefur gert til þess að uppfylla beiðni þess. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, skal koma til móts við sanngjarnar óskir samningsríkisins, sem leggur fram beiðni, um upplýsingar um stöðu og meðferð beiðninnar. Samningsríkið, sem leggur fram beiðni, skal án tafar skýra samningsríkinu, sem beiðni er beint til, frá því þegar umbeðinnar aðstoðar er ekki lengur þörf.

25. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur frestað gagnkvæmri dómsmálaaðstoð á þeirri forsendu að hún myndi trufla rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð sem stendur yfir.

26. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, skal, áður en það hafnar beiðni skv. 21. mgr. þessarar greinar eða frestar því að verða við henni skv. 25. mgr. þessarar greinar, ráðgast við samningsríkið, sem leggur fram beiðni, um það hvort unnt sé að veita aðstoð samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem það telur nauðsynleg. Ef samningsríkið, sem leggur fram beiðni, þiggur aðstoð með þeim skilyrðum skal það uppfylla þau.

27. Vitni, sérfræðingur eða annar maður, sem að ósk þess samningsríkis sem leggur fram beiðni fellst á að gefa skýrslu þegar mál er til meðferðar eða að aðstoða við rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð á

21. Mutual legal assistance may be refused:
(a) If the request is not made in conformity with the provisions of this article;
(b) If the requested State Party considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, *ordre public* or other essential interests;
(c) If the authorities of the requested State Party would be prohibited by its domestic law from carrying out the action requested with regard to any similar offence, had it been subject to investigation, prosecution or judicial proceedings under their own jurisdiction;
(d) If it would be contrary to the legal system of the requested State Party relating to mutual legal assistance for the request to be granted.

22. States Parties may not refuse a request for mutual legal assistance on the sole ground that the offence is also considered to involve fiscal matters.

23. Reasons shall be given for any refusal of mutual legal assistance.

24. The requested State Party shall execute the request for mutual legal assistance as soon as possible and shall take as full account as possible of any deadlines suggested by the requesting State Party and for which reasons are given, preferably in the request. The requesting State Party may make reasonable requests for information on the status and progress of measures taken by the requested State Party to satisfy its request. The requested State Party shall respond to reasonable requests by the requesting State Party on the status, and progress in its handling, of the request. The requesting State Party shall promptly inform the requested State Party when the assistance sought is no longer required.

25. Mutual legal assistance may be postponed by the requested State Party on the ground that it interferes with an ongoing investigation, prosecution or judicial proceeding.

26. Before refusing a request pursuant to paragraph 21 of this article or postponing its execution pursuant to paragraph 25 of this article, the requested State Party shall consult with the requesting State Party to consider whether assistance may be granted subject to such terms and conditions as it deems necessary. If the requesting State Party accepts assistance subject to those conditions, it shall comply with the conditions.

27. Without prejudice to the application of paragraph 12 of this article, a witness, expert or other person who, at the request of the requesting State Party, consents to give evidence in a proceeding or

yfirráðasvæði þess, skal, með fyrirvara um ákvæði 12. mgr. þessarar greinar, ekki sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á því yfirráðasvæði vegna athafnar, athafnaleysis eða sakfellinga sem áttu sér stað áður en hann yfirgaf yfirráðasvæði þess samningsríkis sem beiðni er beint til. Grið þessi skulu haldast meðan vitnið, sérfræðingurinn eða maðurinn hefur, samfellt í fimmtán daga eða í þann tíma sem samningsríkin verða ásátt um eftir að viðkomandi hefur verið opinberlega tilkynnt að dómsmálayfirvöld geri ekki lengur kröfu um nærveru þeirra, haft tækifæri til brottfarar en hefur eigi að síður dvalið um kyrrt, af fúsum og frjálsum vilja, á yfirráðasvæði þess samningsríkis sem leggur fram beiðni eða snúið þangað aftur af fúsum og frjálsum vilja, hafi viðkomandi yfirgefið yfirráðasvæðið.

28. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, skal bera venjulegan kostnað af því að verða við beiðni nema hlutaðeigandi samningsríki komi sér saman um annað. Sé nauðsynlegt að leggja út í verulegan eða óvenjulegan kostnað til að fullnægja beiðninni skulu samningsríkin ráðgast um hvernig ákvarða skuli skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd hennar og á hvern hátt skuli staðið undir kostnaðinum.

29. Samningsríkið sem beiðni er beint til:

a) skal láta samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, í té endurrit gagna, skjala eða upplýsinga hins opinbera sem eru í vörslu þess og almenningi aðgengileg samkvæmt landslögum þess,
b) getur, að eigin ákvörðun, látið samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, í té endurrit gagna, skjala eða upplýsinga hins opinbera, sem eru í vörslu þess og almenningi aðgengileg samkvæmt landslögum þess, í heilu lagi, að hluta eða með þeim skilyrðum sem það telur við eiga.

30. Samningsríki skulu, eftir því sem nauðsyn krefur, taka til athugunar að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi er þjóni markmiðum ákvæða þessarar greinar, stuðli að skilvirkni þeirra eða auki á áhrif þeirra.

47. gr.
Flutningur meðferðar sakamáls.

Samningsríki skulu taka til skoðunar að flytja málsmeðferð sín á milli vegna saksóknar fyrir brot, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, í þeim tilvikum þar sem talið er að það þjóni betur réttarvörsluhagsmunum, einkum í málum þar sem fleiri en einn aðili fara með lögsögu og í því augnamiði að beina saksókn á einn stað.

to assist in an investigation, prosecution or judicial proceeding in the territory of the requesting State Party shall not be prosecuted, detained, punished or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in that territory in respect of acts, omissions or convictions prior to his or her departure from the territory of the requested State Party. Such safe conduct shall cease when the witness, expert or other person having had, for a period of fifteen consecutive days or for any period agreed upon by the States Parties from the date on which he or she has been officially informed that his or her presence is no longer required by the judicial authorities, an opportunity of leaving, has nevertheless remained voluntarily in the territory of the requesting State Party or, having left it, has returned of his or her own free will.

28. The ordinary costs of executing a request shall be borne by the requested State Party, unless otherwise agreed by the States Parties concerned. If expenses of a substantial or extraordinary nature are or will be required to fulfil the request, the States Parties shall consult to determine the terms and conditions under which the request will be executed, as well as the manner in which the costs shall be borne.

29. The requested State Party:

(a) Shall provide to the requesting State Party copies of government records, documents or information in its possession that under its domestic law are available to the general public;
(b) May, at its discretion, provide to the requesting State Party in whole, in part or subject to such conditions as it deems appropriate, copies of any government records, documents or information in its possession that under its domestic law are not available to the general public.

30. States Parties shall consider, as may be necessary, the possibility of concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements that would serve the purposes of, give practical effect to or enhance the provisions of this article.

Article 47
Transfer of criminal proceedings

States Parties shall consider the possibility of transferring to one another proceedings for the prosecution of an offence established in accordance with this Convention in cases where such transfer is considered to be in the interests of the proper administration of justice, in particular in cases where several jurisdictions are involved, with a view to concentrating the prosecution.

48. gr.
Samvinna um að framfylgja lögum.

1. Samningsríki skulu vinna náið saman, í samræmi við landslög og stjórnsýsluhætti hvers og eins, að því að auka skilvirkni aðgerða til að framfylgja lögum og stöðva brot sem samningur þessi tekur til. Samningsríki skulu einkum gera skilvirkar ráðstafanir til að:

a) bæta og, þar sem nauðsyn krefur, koma á samskiptaleiðum milli lögbærra yfirvalda sinna, embætta og stofnana í því skyni að greiða fyrir öruggum og hröðum upplýsingaskiptum um alla þætti þeirra brota sem samningur þessi tekur til, meðal annars, telji hlutaðeigandi samningsríki það viðeigandi, tengsl við aðra glæpastarfsemi,

b) eiga samstarf við önnur samningsríki um að rannsaka brot, sem samningur þessi tekur til, þar sem rannsókn beinist að:
   i. því að bera kennsl á menn, sem eru grunaðir um að vera þátttakendur í slíkum brotum, að komast að dvalarstað þeirra og því við hvað þeir fást eða hvar aðrir menn, er hlut eiga að máli, halda sig,
   ii. flutningi ávinnings af glæp eða eigna sem eru til komnar með því að fremja slík brot,
   iii. flutningi eigna, búnaðar eða annarra gagna sem eru notuð eða til stendur að nota við að fremja slík brot,

c) útvega, þegar við á, nauðsynlega muni eða efni í nægilegu magni til greiningar eða rannsóknar,

d) skiptast á upplýsingum, þegar við á, við önnur samningsríki um sértækar aðferðir og úrræði, sem beitt er við að fremja brot, sem samningur þessi tekur til, meðal annars um notkun falskra nafna, falsaðra, breyttra eða frumfalsaðra skilríkja og um aðrar aðferðir til að dylja starfsemi,

e) greiða fyrir því að lögbær yfirvöld þeirra, embætti og stofnanir geti með skilvirkum hætti samræmt aðgerðir sínar og stuðla að starfsmanna- og sérfræðingaskiptum, meðal annars, samkvæmt ákvæðum tvíhliða samninga eða fyrirkomulags milli hlutaðeigandi samningsríkja, með því að koma fyrir samstarfsfulltrúum,

f) skiptast á upplýsingum og samræma stjórnvaldsaðgerðir og aðrar ráðstafanir sem gripið er til, eftir því sem við á, í því skyni að uppgötva sem fyrst þau brot sem samningur þessi tekur til.

2. Samningsríkin skulu, í því augnamiði að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd, taka til skoðunar að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi þess efnis að beint samstarf sé milli embætta þeirra, sem gegna því hlutverki að

Article 48
Law enforcement cooperation

1. States Parties shall cooperate closely with one another, consistent with their respective domestic legal and administrative systems, to enhance the effectiveness of law enforcement action to combat the offences covered by this Convention. States Parties shall, in particular, take effective measures:

(a) To enhance and, where necessary, to establish channels of communication between their competent authorities, agencies and services in order to facilitate the secure and rapid exchange of information concerning all aspects of the offences covered by this Convention, including, if the States Parties concerned deem it appropriate, links with other criminal activities;

(b) To cooperate with other States Parties in conducting inquiries with respect to offences covered by this Convention concerning:
   (i) The identity, whereabouts and activities of persons suspected of involvement in such offences or the location of other persons concerned;
   (ii) The movement of proceeds of crime or property derived from the commission of such offences;
   (iii) The movement of property, equipment or other instrumentalities used or intended for use in the commission of such offences;

(c) To provide, where appropriate, necessary items or quantities of substances for analytical or investigative purposes;

(d) To exchange, where appropriate, information with other States Parties concerning specific means and methods used to commit offences covered by this Convention, including the use of false identities, forged, altered or false documents and other means of concealing activities;

(e) To facilitate effective coordination between their competent authorities, agencies and services and to promote the exchange of personnel and other experts, including, subject to bilateral agreements or arrangements between the States Parties concerned, the posting of liaison officers;

(f) To exchange information and coordinate administrative and other measures taken as appropriate for the purpose of early identification of the offences covered by this Convention.

2. With a view to giving effect to this Convention, States Parties shall consider entering into bilateral or multilateral agreements or arrangements on direct cooperation between their law enforcement agencies and, where such agreements or arrange-

framfylgja lögum, og séu slíkir samningar eða fyrirkomulag þegar fyrir hendi, að gera breytingar á þeim eða því. Séu slíkir samningar milli hlutaðeigandi samningsríkja eða fyrirkomulag ekki fyrir hendi geta þau litið á samning þennan sem grundvöll að gagnkvæmu samstarfi um að framfylgja lögum er um þau brot ræðir sem samningur þessi tekur til. Samningsríki skulu, ætíð þegar það á við, nýta sér til fulls samninga eða fyrirkomulag, meðal annars alþjóðastofnanir eða svæðisstofnanir, í því skyni að efla samstarf milli embætta sinna sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum.

3. Samningsríki skulu leitast við að vinna saman að því, eftir bestu getu, að bregðast við brotum, sem samningur þessi tekur til og framin eru með aðstoð nútímatækni.

49. gr.
Sameiginleg rannsókn.

Samningsríki skulu íhugataka til skoðunar að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi sem heimilar hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum að koma á fót sameiginlegum rannsóknarnefndum er fjalli um mál sem eru viðfang rannsóknar, saksóknar eða dómsmeðferðar í einu eða fleiri ríkjum. Sé slíkum samningum eða fyrirkomulagi ekki fyrir að fara getur sameiginleg rannsókn farið fram samkvæmt samningi í hverju tilviki um sig. Hlutaðeigandi samningsríki skulu tryggja að fullveldi samningsríkis, þar sem slík rannsókn skal fara fram, sé virt í einu og öllu.

50. gr.
Óhefðbundnar rannsóknaraðferðir.

1. Í því skyni að berjast með skilvirkum hætti gegn spillingu skal hvert samningsríki, að því marki sem meginreglur landslaga þess heimila og í samræmi við þau skilyrði sem landslög þess mæla fyrir um, gera, eftir bestu getu, ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að færa sér í nyt, með viðeigandi hætti, afhendingu undir eftirliti og, þar sem það telur við eiga, aðrar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir, t.d. rafrænt eða annars konar eftirlit og leynilegar aðgerðir á yfirráðasvæði sínu og heimila að sönnunargögn, sem þannig eru fengin, séu gild fyrir rétti.

2. Samningsríki eru hvött til þess, í þágu rannsóknar þeirra brota sem samningur þessi tekur til, að ganga frá, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi um notkun slíkra óhefðbundinna rannsóknaraðferða þegar um samstarf á alþjóðavettvangi er að ræða. Ganga ber frá slíkum samningum eða fyrirkomulagi og hrinda í framkvæmd í fullu samræmi við meginregluna um jafnræði fullvalda ríkja og skal framkvæmdin að öllu

ments already exist, amending them. In the absence of such agreements or arrangements between the States Parties concerned, the States Parties may consider this Convention to be the basis for mutual law enforcement cooperation in respect of the offences covered by this Convention. Whenever appropriate, States Parties shall make full use of agreements or arrangements, including international or regional organizations, to enhance the cooperation between their law enforcement agencies.

3. States Parties shall endeavour to cooperate within their means to respond to offences covered by this Convention committed through the use of modern technology.

Article 49
Joint investigations

States Parties shall consider concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements whereby, in relation to matters that are the subject of investigations, prosecutions or judicial proceedings in one or more States, the competent authorities concerned may establish joint investigative bodies. In the absence of such agreements or arrangements, joint investigations may be undertaken by agreement on a case-by-case basis. The States Parties involved shall ensure that the sovereignty of the State Party in whose territory such investigation is to take place is fully respected.

Article 50
Special investigative techniques

1. In order to combat corruption effectively, each State Party shall, to the extent permitted by the basic principles of its domestic legal system and in accordance with the conditions prescribed by its domestic law, take such measures as may be necessary, within its means, to allow for the appropriate use by its competent authorities of controlled delivery and, where it deems appropriate, other special investigative techniques, such as electronic or other forms of surveillance and undercover operations, within its territory, and to allow for the admissibility in court of evidence derived therefrom.

2. For the purpose of investigating the offences covered by this Convention, States Parties are encouraged to conclude, when necessary, appropriate bilateral or multilateral agreements or arrangements for using such special investigative techniques in the context of cooperation at the international level. Such agreements or arrangements shall be concluded and implemented in full compliance with the principle of sovereign equality of States and shall

leyti vera í samræmi við skilmála þeirra samninga eða fyrirkomulags.
3. Sé samningi eða fyrirkomulagi ekki fyrir að fara, eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, skal taka ákvarðanir um að beita slíkum óhefðbundnum rannsóknaraðferðum á alþjóðavettvangi í hverju tilviki um sig og geta slíkar ákvarðanir fjallað, ef nauðsyn krefur, um fjárhagsráðstafanir og sameiginlegan skilning á því með hvaða hætti hlutaðeigandi samningsríki beita lögsögu sinni.
4. Í ákvörðunum um að færa sér í nyt afhendingu undir eftirliti á alþjóðavettvangi getur falist, með samþykki hlutaðeigandi samningsríkja, að beita aðferðum eins og að stöðva á miðri leið varning og leyfa áframhaldandi flutning hans eða fjármuna ósnertra eða að fjarlægja þá eða skipta þeim út í heilu lagi eða að hluta.

be carried out strictly in accordance with the terms of those agreements or arrangements.
3. In the absence of an agreement or arrangement as set forth in paragraph 2 of this article, decisions to use such special investigative techniques at the international level shall be made on a case-by-case basis and may, when necessary, take into consideration financial arrangements and understandings with respect to the exercise of jurisdiction by the States Parties concerned.
4. Decisions to use controlled delivery at the international level may, with the consent of the States Parties concerned, include methods such as intercepting and allowing the goods or funds to continue intact or be removed or replaced in whole or in part.

V. kafli.
Endurheimt eigna.

51. gr.
Almennt ákvæði.

Skil á fjármunum samkvæmt þessum kafla er grundvallarregla samnings þessa og skulu samningsríki starfa náið saman og veita hvert öðru alla þá aðstoð sem við verður komið í þessu tilliti.

Chapter V
Asset recovery

Article 51
General provision

The return of assets pursuant to this chapter is a fundamental principle of this Convention, and States Parties shall afford one another the widest measure of cooperation and assistance in this regard.

52. gr.
Að koma í veg fyrir og að koma upp um yfirfærslur ávinnings af glæp.

1. Með fyrirvara um ákvæði 14. gr. samnings þessa skal hvert samningsríki gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í samræmi við eigin landslög, til að skylda fjármálastofnanir innan lögsögu sinnar til að staðfesta hverjir viðskiptavinir þeirra eru, að gera eðlilegar ráðstafanir til að komast að því hverjir eru raunverulegir eigendur fjármuna sem eru lagðir inn á reikninga með háum innstæðum og hafa aukið eftirlit með reikningum sem einstaklingar, sem gegna eða hafa gegnt mikilvægum opinberum embættum, aðstandendur þeirra og nánir samstarfsmenn, reyna að opna eða eiga. Aukið eftirlit af þessu tagi skal til þess fallið að koma upp um grunsamleg viðskipti í þeim tilgangi að tilkynna þau lögbærum yfirvöldum en ekki skal litið svo á að því sé ætlað að letja eða banna fjármálastofnunum að stunda viðskipti við lögmæta viðskiptavini.
2. Í því skyni að auðvelda framkvæmd þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar skal hvert samningsríki, í samræmi við landslög sín og með hliðsjón af viðeigandi frumkvæði svæðisbundinna stofnana, millisvæðastofnana og fjölþjóðlegra stofnana í baráttunni gegn peningaþvætti:

Article 52
Prevention and detection of transfers of proceeds of crime

1. Without prejudice to article 14 of this Convention, each State Party shall take such measures as may be necessary, in accordance with its domestic law, to require financial institutions within its jurisdiction to verify the identity of customers, to take reasonable steps to determine the identity of beneficial owners of funds deposited into high-value accounts and to conduct enhanced scrutiny of accounts sought or maintained by or on behalf of individuals who are, or have been, entrusted with prominent public functions and their family members and close associates. Such enhanced scrutiny shall be reasonably designed to detect suspicious transactions for the purpose of reporting to competent authorities and should not be so construed as to discourage or prohibit financial institutions from doing business with any legitimate customer.
2. In order to facilitate implementation of the measures provided for in paragraph 1 of this article, each State Party, in accordance with its domestic law and inspired by relevant initiatives of regional, interregional and multilateral organizations against money-laundering, shall:

a) gefa út leiðbeiningar um hvers kyns einstaklingar eða lögaðilar það eru sem eiga reikninga sem ætlast er til að fjármálastofnanir innan lögsögu þess hafi aukið eftirlit með, hvers kyns reikningum og viðskiptum á að gefa sérstakan gaum og hvaða viðeigandi ráðstafanir þarf að gera að því er varðar stofnun slíkra reikninga, umsjón með þeim og bókhald varðandi þá og
b) tilkynna, þegar við á, fjármálastofnunum innan lögsögu sinnar, að beiðni annars samningsríkis eða að eigin frumkvæði, hverjir þeir einstaklingar eða lögaðilar eru sem eiga reikninga, sem ætlast er til að slíkar stofnanir hafi aukið eftirlit með, til viðbótar þeim einstaklingum sem fjármálastofnanirnar geta sanngreint á annan hátt.

3. Með tilliti til a-liðar 2. mgr. þessarar greinar skal hvert samningsríki gera ráðstafanir til að tryggja að fjármálastofnanir þess haldi fullnægjandi skrár, yfir hæfilega langt tímabil, um reikninga og viðskipti þar sem hlut eiga að máli þeir einstaklingar sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og skulu þær a.m.k. hafa að geyma upplýsingar um nafn viðskiptavinarins, svo og, að svo miklu leyti sem unnt er, nafn raunverulegs eiganda.
4. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og koma upp um yfirfærslu ávinnings af brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum skal hvert samningsríki gera viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, með aðstoð eftirlitsstofnana sinna, að stofnaðir verði bankar sem hafa enga raunaðstöðu og eru ekki í eignartengslum við eftirlitsskylda fjármálasamstæðu. Samningsríki geta auk þess tekið til athugunar að krefjast þess að fjármálastofnanir þeirra synji því að hefja eða halda áfram bankaviðskiptum við slíkar stofnanir og að þær varist að koma á tengslum við erlendar fjármálastofnanir sem heimila að bankar, sem hafa enga raunaðstöðu og eru ekki í eignartengslum við eftirlitsskylda fjármálasamstæðu, hafi afnot af reikningum þeirra.

5. Hvert samningsríki skal taka til athugunar að koma á, í samræmi við landslög sín, skilvirkum kerfum um birtingu fjárhagslegra upplýsinga fyrir viðeigandi opinbera embættismenn og skal kveða á um hæfileg viðurlög ef ekki er eftir þeim farið. Hvert samningsríki skal einnig taka til athugunar að gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að deila þessum upplýsingum með lögbærum yfirvöldum annarra samningsríkja þegar þau þurfa á þeim að halda til að rannsaka ávinning af brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, gera tilkall til hans og endurheimta hann.

(a) Issue advisories regarding the types of natural or legal person to whose accounts financial institutions within its jurisdiction will be expected to apply enhanced scrutiny, the types of accounts and transactions to which to pay particular attention and appropriate account-opening, maintenance and record-keeping measures to take concerning such accounts; and
(b) Where appropriate, notify financial institutions within its jurisdiction, at the request of another State Party or on its own initiative, of the identity of particular natural or legal persons to whose accounts such institutions will be expected to apply enhanced scrutiny, in addition to those whom the financial institutions may otherwise identify.

3. In the context of paragraph 2 (a) of this article, each State Party shall implement measures to ensure that its financial institutions maintain adequate records, over an appropriate period of time, of accounts and transactions involving the persons mentioned in paragraph 1 of this article, which should, as a minimum, contain information relating to the identity of the customer as well as, as far as possible, of the beneficial owner.
4. With the aim of preventing and detecting transfers of proceeds of offences established in accordance with this Convention, each State Party shall implement appropriate and effective measures to prevent, with the help of its regulatory and oversight bodies, the establishment of banks that have no physical presence and that are not affiliated with a regulated financial group. Moreover, States Parties may consider requiring their financial institutions to refuse to enter into or continue a correspondent banking relationship with such institutions and to guard against establishing relations with foreign financial institutions that permit their accounts to be used by banks that have no physical presence and that are not affiliated with a regulated financial group.
5. Each State Party shall consider establishing, in accordance with its domestic law, effective financial disclosure systems for appropriate public officials and shall provide for appropriate sanctions for non-compliance. Each State Party shall also consider taking such measures as may be necessary to permit its competent authorities to share that information with the competent authorities in other States Parties when necessary to investigate, claim and recover proceeds of offences established in accordance with this Convention.

6. Hvert samningsríki skal taka til athugunar að gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í samræmi við eigin landslög, til þess að skylda hlutaðeigandi opinbera embættismenn, sem eiga hagsmuna að gæta eða hafa prókúruumboð eða önnur yfirráð yfir fjárhagsreikningi í öðru landi, til að upplýsa viðeigandi yfirvöld um þau tengsl og halda viðeigandi skrár sem tengjast slíkum reikningum. Í þeim ráðstöfunum skal einnig kveðið á um hæfileg viðurlög við því að verða ekki við þessum kröfum.

53. gr.
Ráðstafanir til að endurheimta eignir millilíðalaust.

Hvert samningsríki skal, í samræmi við landslög sín:

a) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila öðru samningsríki að höfða einkamál fyrir dómstólum í landinu til að fá viðurkennt tilkall til eða eignarhald á eignum sem fengust með því að fremja brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum,
b) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila dómstólum í eigin landi að fyrirskipa þeim sem hafa framið brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, að greiða bætur eða skaðabætur öðru ríki sem hefur orðið fyrir tjóni vegna slíks brots og
c) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila dómstólum í eigin landi eða lögbærum yfirvöldum, þegar taka þarf ákvörðun um upptöku eigna, að viðurkenna kröfu annars samningsríkis um að það sé réttur eigandi eigna sem fengust með því að fremja brot sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum.

54. gr.
Aðferðir við endurheimt eigna með alþjóðlegri samvinnu um upptöku.

1. Í því skyni að veita gagnkvæma dómsmálaaðstoð samkvæmt 55. gr. samnings þessa og að því er varðar eignir sem fengust með því að fremja brot, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, eða eru notaðar til að fremja slíkt brot, skal hvert samningsríki, í samræmi við landslög sín:

a) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að framfylgja upptökuheimild sem dómstóll í öðru samningsríki gefur út,
b) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum, þar sem þau hafa lögsögu, að fyrirskipa upptöku slíkra eigna af erlendum uppruna með dómsúrskurði um að um sé að ræða peningaþvætti eða annað brot, sem kann að falla undir lögsögu þess,

6. Each State Party shall consider taking such measures as may be necessary, in accordance with its domestic law, to require appropriate public officials having an interest in or signature or other authority over a financial account in a foreign country to report that relationship to appropriate authorities and to maintain appropriate records related to such accounts. Such measures shall also provide for appropriate sanctions for non-compliance.

Article 53
Measures for direct recovery of property

Each State Party shall, in accordance with its domestic law:

(a) Take such measures as may be necessary to permit another State Party to initiate civil action in its courts to establish title to or ownership of property acquired through the commission of an offence established in accordance with this Convention;
(b) Take such measures as may be necessary to permit its courts to order those who have committed offences established in accordance with this Convention to pay compensation or damages to another State Party that has been harmed by such offences; and
(c) Take such measures as may be necessary to permit its courts or competent authorities, when having to decide on confiscation, to recognize another State Party's claim as a legitimate owner of property acquired through the commission of an offence established in accordance with this Convention.

Article 54
Mechanisms for recovery of property through international cooperation in confiscation

1. Each State Party, in order to provide mutual legal assistance pursuant to article 55 of this Convention with respect to property acquired through or involved in the commission of an offence established in accordance with this Convention, shall, in accordance with its domestic law:

(a) Take such measures as may be necessary to permit its competent authorities to give effect to an order of confiscation issued by a court of another State Party;
(b) Take such measures as may be necessary to permit its competent authorities, where they have jurisdiction, to order the confiscation of such property of foreign origin by adjudication of an offence of money-laundering or such other offence as may be within its jurisdiction or by

eða með öðrum aðferðum sem heimilaðar eru samkvæmt landslögum og

c) taka til athugunar að gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að leyfa upptöku slíkra eigna án þess að til sakfellingar hafi komið í tilvikum þar sem ekki er unnt að sækja brotamann til saka vegna andláts hans, flótta eða fjarveru eða í öðrum viðeigandi tilvikum.

2. Í því skyni að veita gagnkvæma dómsmálaaðstoð, að fram kominni beiðni skv. 2. mgr. 55. gr. samnings þessa, skal hvert samningsríki, í samræmi við landslög:

a) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að frysta eða leggja hald á eignir samkvæmt heimild sem dómstóll eða lögbært yfirvald samningsríkis, sem leggur fram beiðni, gefur út um frystingu eða haldlagningu, sem skapar samningsríkinu, sem beiðni er beint til, gilda ástæðu til að álíta að fullnægjandi ástæður séu til að grípa til slíkra aðgerða og að síðar verði gefin út heimild til upptöku eignanna í samræmi við a-lið 1. mgr. þessarar greinar,

b) gera ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að frysta eða leggja hald á eignir gegn beiðni þar um sem veitir samningsríkinu, sem beiðni er beint til, gilda ástæðu til að álíta að fullnægjandi ástæður séu til að grípa til slíkra aðgerða og að síðar verði gefin út heimild til upptöku eignanna í samræmi við a-lið 1. mgr. þessarar greinar og

c) taka til skoðunar að gera viðbótarráðstafanir til að heimila lögbærum yfirvöldum sínum að varðveita eignir til að gera megi þær upptækar, t.d. á grundvelli handtöku eða ákæru á erlendri grund sem tengist öflun slíkrar eignar.

55. gr.
Alþjóðleg samvinna í upptökumálum.

1. Samningsríki, sem hefur veitt viðtöku beiðni annars samningsríkis, sem hefur lögsögu vegna brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, um upptöku ávinnings af glæp, eigna, búnaðar eða annarra gagna, sem um getur í 1. mgr. 31. gr. samnings þessa og eru staðsett á yfirráðasvæði þess, skal, að því marki sem frekast er unnt innan réttarkerfis síns:

a) leggja beiðnina fyrir lögbær innlend yfirvöld sín til þess að afla heimildar til upptöku og framfylgja henni, sé hún veitt, eða

b) leggja fyrir lögbær yfirvöld sín upptökuheimild, sem dómstóll á yfirráðasvæði þess samningsríkis, sem leggur fram beiðni, gefur út í samræmi við

other procedures authorized under its domestic law; and

(c) Consider taking such measures as may be necessary to allow confiscation of such property without a criminal conviction in cases in which the offender cannot be prosecuted by reason of death, flight or absence or in other appropriate cases.

2. Each State Party, in order to provide mutual legal assistance upon a request made pursuant to paragraph 2 of article 55 of this Convention, shall, in accordance with its domestic law:

(a) Take such measures as may be necessary to permit its competent authorities to freeze or seize property upon a freezing or seizure order issued by a court or competent authority of a requesting State Party that provides a reasonable basis for the requested State Party to believe that there are sufficient grounds for taking such actions and that the property would eventually be subject to an order of confiscation for purposes of paragraph 1 (a) of this article;

(b) Take such measures as may be necessary to permit its competent authorities to freeze or seize property upon a request that provides a reasonable basis for the requested State Party to believe that there are sufficient grounds for taking such actions and that the property would eventually be subject to an order of confiscation for purposes of paragraph 1 (a) of this article; and

(c) Consider taking additional measures to permit its competent authorities to preserve property for confiscation, such as on the basis of a foreign arrest or criminal charge related to the acquisition of such property.

Article 55
International cooperation for purposes of confiscation

1. A State Party that has received a request from another State Party having jurisdiction over an offence established in accordance with this Convention for confiscation of proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities referred to in article 31, paragraph 1, of this Convention situated in its territory shall, to the greatest extent possible within its domestic legal system:

(a) Submit the request to its competent authorities for the purpose of obtaining an order of confiscation and, if such an order is granted, give effect to it; or

(b) Submit to its competent authorities, with a view to giving effect to it to the extent requested, an order of confiscation issued by a court in the

1. mgr. 31. gr. og a-lið 1. mgr. 54. gr. samnings þessa, í því skyni að verða við henni að því marki sem um er beðið og að því leyti sem hún varðar ávinning af glæp, eignir, búnað eða önnur gögn sem um getur í 1. mgr. 31. gr. og staðsett eru á yfirráðasvæði þess samningsríkis sem beiðni er beint til.

territory of the requesting State Party in accordance with articles 31, paragraph 1, and 54, paragraph 1 (a), of this Convention insofar as it relates to proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities referred to in article 31, paragraph 1, situated in the territory of the requested State Party.

2. Er annað samningsríki, sem hefur lögsögu vegna brots sem gert er refsivert samkvæmt samningi þessum, hefur lagt fram beiðni skal samningsríkið, sem tekur við beiðninni, gera ráðstafanir til að tilgreina, rekja og frysta eða leggja hald á ávinning af glæp, eignir, búnað eða önnur gögn, sem um getur í 1. mgr. 31. gr. samnings þessa, í því skyni að upptaka þeirra verði heimiluð síðar, annaðhvort af því samningsríki sem leggur fram beiðnina eða, að fram kominni beiðni skv. 1. mgr. þessarar greinar, af því samningsríki sem beiðninni er beint til.

2. Following a request made by another State Party having jurisdiction over an offence established in accordance with this Convention, the requested State Party shall take measures to identify, trace and freeze or seize proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities referred to in article 31, paragraph 1, of this Convention for the purpose of eventual confiscation to be ordered either by the requesting State Party or, pursuant to a request under paragraph 1 of this article, by the requested State Party.

3. Ákvæði 46. gr. samnings þessa gilda um ákvæði greinar þessarar að breyttu breytanda. Í beiðni, sem lögð er fram samkvæmt grein þessari, skal, auk þeirra upplýsinga sem greinir í 15. mgr. 46. gr., vera:

3. The provisions of article 46 of this Convention are applicable, mutatis mutandis, to this article. In addition to the information specified in article 46, paragraph 15, requests made pursuant to this article shall contain:

a) varði beiðnin ákvæði a-liðar 1. mgr. greinar þessarar, lýsing á eign þeirri sem gera skal upptæka, þ.m.t., eftir því sem við verður komið, staðsetning og, ef við á, áætlað verðmæti eignarinnar auk málsatvikalýsingar sem samningsríkið, sem leggur fram beiðnina, styðst við, er sé fullnægjandi til að samningsríkið, sem beiðni er beint til, geti aflað upptökuheimildar samkvæmt landslögum sínum,

(a) In the case of a request pertaining to paragraph 1 (a) of this article, a description of the property to be confiscated, including, to the extent possible, the location and, where relevant, the estimated value of the property and a statement of the facts relied upon by the requesting State Party sufficient to enable the requested State Party to seek the order under its domestic law;

b) varði beiðnin ákvæði b-liðar 1. mgr. þessarar greinar, löggilt endurrit upptökuheimildar þeirrar sem samningsríkið, sem leggur fram beiðni, hefur gefið út og styður beiðni sína við, málsatvikalýsing og upplýsingar um að hvaða marki beiðst er framkvæmdar á upptökuheimildinni, yfirlýsing um þær ráðstafanir sem samningsríkið, sem leggur fram beiðni, hefur gripið til, í því skyni að upplýsa grandlausan þriðja aðila og til að tryggja sanngjarna málsmeðferð, og yfirlýsing um að upptökuheimildin sé endanleg,

(b) In the case of a request pertaining to paragraph 1 (b) of this article, a legally admissible copy of an order of confiscation upon which the request is based issued by the requesting State Party, a statement of the facts and information as to the extent to which execution of the order is requested, a statement specifying the measures taken by the requesting State Party to provide adequate notification to bona fide third parties and to ensure due process and a statement that the confiscation order is final;

c) varði beiðnin ákvæði 2. mgr. greinar þessarar, málsatvikalýsing sem byggt er á af hálfu þess samningsríkis sem beiðni leggur fram og lýsing á þeim aðgerðum sem um er beðið og, liggi það fyrir, löggilt endurrit heimildarinnar sem beiðnin byggist á.

(c) In the case of a request pertaining to paragraph 2 of this article, a statement of the facts relied upon by the requesting State Party and a description of the actions requested and, where available, a legally admissible copy of an order on which the request is based.

4. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, skal taka ákvarðanir og grípa til aðgerða, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við og með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna og réttarfarsreglna eða hvers þess tvíhliða eða marghliða

4. The decisions or actions provided for in paragraphs 1 and 2 of this article shall be taken by the requested State Party in accordance with and subject to the provisions of its domestic law and its procedural rules or any bilateral or multilateral

samnings eða fyrirkomulags sem það kann að vera bundið af gagnvart því samningsríki sem beiðnina leggur fram.
5. Hvert samningsríki skal láta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té endurrit texta laga og reglugerða sinna, sem koma ákvæðum þessarar greinar til framkvæmdar, og texta allra síðari breytinga á þeim lögum og reglugerðum eða lýsingu á þeim.
6. Kjósi samningsríki að setja það skilyrði fyrir þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. greinar þessarar að til sé viðeigandi milliríkjasamningur skal það líta svo á að samningur þessi sé nauðsynlegur og fullnægjandi grundvöllur undir slíkum samningi.
7. Einnig er heimilt að hafna samstarfi samkvæmt ákvæðum greinar þessarar eða falla frá bráðabirgðaráðstöfunum ef samningsríkinu, sem beiðni er beint til, berast ekki nægjanleg sönnunargögn í tæka tíð eða ef verðmæti eignarinnar er minni háttar.
8. Áður en fallið er frá bráðabirgðaráðstöfun, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal samningsríkið, sem beiðni er beint til, ávallt þegar unnt er, veita samningsríkinu, sem beiðnina leggur fram, kost á að færa fram rök fyrir því að ráðstöfuninni verði haldið áfram.
9. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar þannig að þau skerði rétt grandlausra þriðju aðila.

agreement or arrangement to which it may be bound in relation to the requesting State Party.

5. Each State Party shall furnish copies of its laws and regulations that give effect to this article and of any subsequent changes to such laws and regulations or a description thereof to the Secretary-General of the United Nations.

6. If a State Party elects to make the taking of the measures referred to in paragraphs 1 and 2 of this article conditional on the existence of a relevant treaty, that State Party shall consider this Convention the necessary and sufficient treaty basis.

7. Cooperation under this article may also be refused or provisional measures lifted if the requested State Party does not receive sufficient and timely evidence or if the property is of a *de minimis* value.

8. Before lifting any provisional measure taken pursuant to this article, the requested State Party shall, wherever possible, give the requesting State Party an opportunity to present its reasons in favour of continuing the measure.

9. The provisions of this article shall not be construed as prejudicing the rights of bona fide third parties.

56. gr.
Sérstakt samstarf.

Með fyrirvara um eigin landslög skal hvert samningsríki leitast við að gera ráðstafanir sem heimila því, án þess að það hafi áhrif á rannsókn þess, saksókn eða dómsmeðferð, að senda óumbeðið til annars samningsríkis upplýsingar um ávinning af brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, álíti það að afhending slíkra upplýsinga geti gagnast því samningsríki, sem við þeim tekur, til að hefja eða framkvæma rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð eða geti leitt til þess að það samningsríki leggi fram beiðni samkvæmt þessum kafla samningsins.

Article 56
Special cooperation

Without prejudice to its domestic law, each State Party shall endeavour to take measures to permit it to forward, without prejudice to its own investigations, prosecutions or judicial proceedings, information on proceeds of offences established in accordance with this Convention to another State Party without prior request, when it considers that the disclosure of such information might assist the receiving State Party in initiating or carrying out investigations, prosecutions or judicial proceedings or might lead to a request by that State Party under this chapter of the Convention.

57. gr.
Skil og ráðstöfun fjármuna.

1. Samningsríki skal ráðstafa eign, sem það gerir upptæka samkvæmt 31. eða 55. gr. samnings þessa, t.d. með því að skila henni til lögmætra fyrri eigenda, í samræmi við ákvæði samnings þessa og landslög sín.

2. Hvert samningsríki skal setja lagaákvæði og samþykkja, í samræmi við grundvallarreglur landslaga

Article 57
Return and disposal of assets

1. Property confiscated by a State Party pursuant to article 31 or 55 of this Convention shall be disposed of, including by return to its prior legitimate owners, pursuant to paragraph 3 of this article, by that State Party in accordance with the provisions of this Convention and its domestic law.
2. Each State Party shall adopt such legislative and other measures, in accordance with the fundamental

sinna, aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að gera lögbærum yfirvöldum þess kleift að skila eignum, sem gerðar hafa verið upptækar, þegar það er að beiðni annars samningsríkis, í samræmi við samning þennan og að teknu tilliti til réttinda grandlausra þriðju aðila.

3. Í samræmi við 46. og 55. gr. samnings þessa og 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal samningsríkið sem beiðni er beint til:

a) skila eignum sem gerðar hafa verið upptækar til samningsríkisins sem leggur fram beiðni, þegar um ræðir fjárdrátt á almannafé eða þvætti almannafjár, sem einhver hefur dregið sér, eins og um getur í 17. og 23. gr. samnings þessa, ef upptaka þess var framkvæmd í samræmi við 55. gr. og á grundvelli endanlegs dóms í samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, en samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur fallið frá kröfu um það,

b) skila eignum, sem gerðar hafa verið upptækar, til samningsríkisins, sem leggur fram beiðni, ef það getur með réttu sýnt samningsríkinu, sem beiðni er beint til, fram á að eignir þær sem gerðar voru upptækar hafi áður verið í eigu þess, eða ef samningsríkið, sem beiðni er beint til, viðurkennir tjón samningsríkisins, sem leggur fram beiðni, sem grundvöll fyrir því að skila upptækum eignum, þegar um ræðir ávinning af öllum öðrum brotum, sem samningur þessi tekur til, ef upptaka hans var framkvæmd í samræmi við 55. gr. samnings þessa og á grundvelli endanlegs dóms í samningsríkinu sem leggur fram beiðni, en samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur fallið frá kröfu um það,

c) taka til skoðunar fyrst og fremst, í öllum öðrum tilvikum, að skila samningsríkinu, sem leggur fram beiðni, eignum sem gerðar hafa verið upptækar til að það geti skilað þeim eignum til lögmætra fyrri eigenda eða bætt brotaþolum tjónið.

4. Samningsríkið, sem beiðni er beint til, getur, ef við á og samningsríkin ákveði ekki annað, dregið frá hóflegan kostnað sem stofnað hefur verið til vegna rannsóknar, saksóknar eða dómsmeðferðar sem leiða til þess að eignum, sem gerðar hafa verið upptækar samkvæmt þessari grein, er skilað eða þeim ráðstafað.

5. Samningsríki geta einnig, þegar við á, skoðað sérstaklega þann kost að gera samninga eða ganga frá fyrirkomulagi, sem báðir aðilar fella sig við og í hverju tilviki fyrir sig, um endanlega ráðstöfun eigna sem gerðar hafa verið upptækar.

principles of its domestic law, as may be necessary to enable its competent authorities to return confiscated property, when acting on the request made by another State Party, in accordance with this Convention, taking into account the rights of bona fide third parties.

3. In accordance with articles 46 and 55 of this Convention and paragraphs 1 and 2 of this article, the requested State Party shall:

(a) In the case of embezzlement of public funds or of laundering of embezzled public funds as referred to in articles 17 and 23 of this Convention, when confiscation was executed in accordance with article 55 and on the basis of a final judgement in the requesting State Party, a requirement that can be waived by the requested State Party, return the confiscated property to the requesting State Party;

(b) In the case of proceeds of any other offence covered by this Convention, when the confiscation was executed in accordance with article 55 of this Convention and on the basis of a final judgement in the requesting State Party, a requirement that can be waived by the requested State Party, return the confiscated property to the requesting State Party, when the requesting State Party reasonably establishes its prior ownership of such confiscated property to the requested State Party or when the requested State Party recognizes damage to the requesting State Party as a basis for returning the confiscated property;

(c) In all other cases, give priority consideration to returning confiscated property to the requesting State Party, returning such property to its prior legitimate owners or compensating the victims of the crime.

4. Where appropriate, unless States Parties decide otherwise, the requested State Party may deduct reasonable expenses incurred in investigations, prosecutions or judicial proceedings leading to the return or disposition of confiscated property pursuant to this article.

5. Where appropriate, States Parties may also give special consideration to concluding agreements or mutually acceptable arrangements, on a case-by-case basis, for the final disposal of confiscated property.

58. gr.
Peningaþvættisskrifstofa.

Samningsríki skulu hafa með sér samstarf í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og berjast gegn yfirfærslu ávinnings af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, og stuðla að því að fundnar verði leiðir til að endurheimta slíkan ávinning og skulu þau, í því skyni, taka til skoðunar að setja á laggirnar peningaþvættisskrifstofu sem tekur við, greinir og miðlar skýrslum um grunsamleg fjármálaviðskipti til lögbærra yfirvalda.

Article 58
Financial intelligence unit

States Parties shall cooperate with one another for the purpose of preventing and combating the transfer of proceeds of offences established in accordance with this Convention and of promoting ways and means of recovering such proceeds and, to that end, shall consider establishing a financial intelligence unit to be responsible for receiving, analysing and disseminating to the competent authorities reports of suspicious financial transactions.

59. gr.
Tvíhliða og marghliða samningar og fyrirkomulag.

Samningsríki skulu taka til skoðunar að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi í því skyni að auka skilvirkni alþjóðlegrar samvinnu sem fer fram samkvæmt þessum kafla samningsins.

Article 59
Bilateral and multilateral agreements and arrangements

States Parties shall consider concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements to enhance the effectiveness of international cooperation undertaken pursuant to this chapter of the Convention.

VI. kafli.
Tæknileg aðstoð og upplýsingaskipti.

60. gr.
Þjálfun og tækniaðstoð.

1. Hvert samningsríki skal, að því marki sem nauðsyn krefur, koma á fót, þróa eða betrumbæta sértækar áætlanir um þjálfun þeirra starfsmanna sinna sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu. Þess háttar áætlanir geta meðal annars verið eftirfarandi:

a) skilvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka, refsa fyrir og sporna gegn spillingu, þ.m.t. aðferðir við öflun sönnunargagna og rannsóknaraðferðir,
b) uppbygging færni til að þróa og undirbúa stefnu gegn spillingu,
c) þjálfun lögbærra yfirvalda í gerð beiðna um gagnkvæma dómsmálaaðstoð sem uppfylla kröfur sem eru gerðar samkvæmt samningi þessum,
d) mat á og efling stofnana, stjórnsýslu opinberrar þjónustu og fjármálastjórnunar hins opinbera, þ.m.t. opinber innkaup, og einkageirans,
e) að koma í veg fyrir og berjast gegn yfirfærslu ávinnings af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, og að endurheimta slíkan ávinning,
f) að koma upp um og frysta yfirfærslu á ávinningi af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum,
g) eftirlit með flutningi ávinnings af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, og aðferðunum sem beitt er við að yfirfæra, leyna eða dylja slíkan ávinning,

Chapter VI
Technical assistance and information exchange

Article 60
Training and technical assistance

1. Each State Party shall, to the extent necessary, initiate, develop or improve specific training programmes for its personnel responsible for preventing and combating corruption. Such training programmes could deal, inter alia, with the following areas:

(a) Effective measures to prevent, detect, investigate, punish and control corruption, including the use of evidence-gathering and investigative methods;
(b) Building capacity in the development and planning of strategic anti-corruption policy;
(c) Training competent authorities in the preparation of requests for mutual legal assistance that meet the requirements of this Convention;
(d) Evaluation and strengthening of institutions, public service management and the management of public finances, including public procurement, and the private sector;
(e) Preventing and combating the transfer of proceeds of offences established in accordance with this Convention and recovering such proceeds;
(f) Detecting and freezing of the transfer of proceeds of offences established in accordance with this Convention;
(g) Surveillance of the movement of proceeds of offences established in accordance with this Convention and of the methods used to transfer, conceal or disguise such proceeds;

h) viðeigandi og skilvirkt laga- og stjórnsýslukerfi og aðferðir til að greiða fyrir því að ávinningi af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, verði skilað,
i) aðferðir við að vernda brotaþola og vitni sem vinna með dómsmálayfirvöldum og

j) þjálfun í beitingu innlendra og alþjóðlegra reglugerða og tungumálaþjálfun.

2. Samningsríki skulu, eftir bestu getu, taka til skoðunar að veita hvert öðru víðtæka tækniaðstoð, einkum í þágu þróunarlandanna, þegar þau móta áætlanir sínar hvert og eitt um baráttuna gegn spillingu, þ.m.t. með efnislegum stuðningi og þjálfun á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þjálfun og aðstoð og gagnkvæmri miðlun viðeigandi reynslu og sérþekkingar sem mun auðvelda alþjóðlega samvinnu milli samningsríkja í framsalsmálum og á sviði gagnkvæmrar dómsmálaaðstoðar.

3. Samningsríki skulu vinna að því, að því marki sem nauðsyn krefur, að sem flestar aðgerðir og þjálfunarstarf geti farið fram innan alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana og innan ramma viðeigandi tvíhliða og marghliða samninga eða fyrirkomulags.

4. Samningsríki skulu taka til skoðunar að aðstoða hvert annað, að fram kominni beiðni þar um, við gerð mats, kannana og rannsókna á tegundum spillingar, orsökum hennar og áhrifum og kostnaði sem af henni hlýst í landi hvers og eins í því skyni að þróa, með þátttöku lögbærra yfirvalda og samfélagsins, áætlanir og aðgerðaáætlanir í baráttunni gegn spillingu.

5. Í því skyni að auðvelda endurheimt ávinnings af brotum, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, geta samningsríki átt með sér samstarf um að láta hvert öðru í té nöfn sérfræðinga sem geta aðstoðað við að ná því markmiði.

6. Samningsríki skulu taka til skoðunar að nýta ráðstefnur og málstofur, innan svæða, svæðisbundnar og alþjóðlegar, til að efla samstarf og tækniaðstoð og örva umræður um sameiginleg viðfangsefni, meðal annars sérstök viðfangsefni og þarfir þróunarlanda og nýiðnvæddra landa.

7. Samningsríki skulu taka til skoðunar að koma á valfrjálsu fyrirkomulagi fjárframlaga í því skyni að styrkja viðleitni þróunarlanda og nýiðnvæddra landa til að beita ákvæðum samnings þessa fyrir atbeina áætlana og verkefna á sviði tækniaðstoðar.

8. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar frjáls fjárframlög til fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að hlúa, fyrir

(h) Appropriate and efficient legal and administrative mechanisms and methods for facilitating the return of proceeds of offences established in accordance with this Convention;
(i) Methods used in protecting victims and witnesses who cooperate with judicial authorities; and
(j) Training in national and international regulations and in languages.

2. States Parties shall, according to their capacity, consider affording one another the widest measure of technical assistance, especially for the benefit of developing countries, in their respective plans and programmes to combat corruption, including material support and training in the areas referred to in paragraph 1 of this article, and training and assistance and the mutual exchange of relevant experience and specialized knowledge, which will facilitate international cooperation between States Parties in the areas of extradition and mutual legal assistance.

3. States Parties shall strengthen, to the extent necessary, efforts to maximize operational and training activities in international and regional organizations and in the framework of relevant bilateral and multilateral agreements or arrangements.

4. States Parties shall consider assisting one another, upon request, in conducting evaluations, studies and research relating to the types, causes, effects and costs of corruption in their respective countries, with a view to developing, with the participation of competent authorities and society, strategies and action plans to combat corruption.

5. In order to facilitate the recovery of proceeds of offences established in accordance with this Convention, States Parties may cooperate in providing each other with the names of experts who could assist in achieving that objective.

6. States Parties shall consider using subregional, regional and international conferences and seminars to promote cooperation and technical assistance and to stimulate discussion on problems of mutual concern, including the special problems and needs of developing countries and countries with economies in transition.

7. States Parties shall consider establishing voluntary mechanisms with a view to contributing financially to the efforts of developing countries and countries with economies in transition to apply this Convention through technical assistance programmes and projects.

8. Each State Party shall consider making voluntary contributions to the United Nations Office on Drugs and Crime for the purpose of fostering,

atbeina skrifstofunnar, að áætlunum og verkefnum í þróunarlöndum með framkvæmd samnings þessa í huga.

61. gr.
Söfnun, gagnkvæm miðlun og greining upplýsinga um spillingu.

1. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar að greina, í samráði við sérfræðinga, þróun spillingar á yfirráðasvæði sínu, svo og aðstæður þar sem spillingarbrot eru framin.
2. Samningsríki skulu taka til skoðunar að auka og miðla, sín á milli og fyrir milligöngu alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana tölfræðilegum upplýsingum, sérfræðiþekkingu í greiningu á spillingu og upplýsingum í því skyni að þróa, eftir því sem unnt er, sameiginlegar skilgreiningar, staðla og aðferðafræði, sem og upplýsingum um bestu starfsvenjur til að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu.
3. Hvert samningsríki skal taka til skoðunar að taka upp eftirlit með stefnumiðum sínum og raunverulegum aðgerðum í baráttunni gegn spillingu og láta fara fram mat á árangri af þeim og skilvirkni þeirra.

62. gr.
Aðrar ráðstafanir: Framkvæmd samningsins fyrir tilverknað hagþróunar og tækniaðstoðar.

1. Samningsríki skulu, eftir því sem við verður komið og með samstarfi þjóða í milli, gera ráðstafanir sem stuðla að því að samningur þessi komi til framkvæmda eins og best verður á kosið og taka mið af þeim neikvæðu áhrifum sem spilling hefur á samfélagið í heild, einkum á sjálfbæra þróun.
2. Samningsríki skulu leitast við, á raunsannan hátt og eftir því sem við verður komið og í samstarfi sín á milli og við alþjóðastofnanir og svæðisstofnanir:

a) að efla samstarf sitt á ýmsum stigum við þróunarlönd í því skyni að auka getu þeirra til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu,

b) að efla fjárhagslega og efnislega aðstoð til stuðnings þeirri viðleitni þróunarlanda að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með árangursríkum hætti og að aðstoða þau við að framkvæma samning þennan á fullnægjandi hátt,
c) að veita þróunarlöndum og nýiðnvæddum löndum tækniaðstoð sem geri þeim kleift að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd. Samningsríki skulu leitast við, í þessu skyni, að leggja, af fúsum og frjálsum vilja, nægilegar fjárhæðir reglulega í sjóð sem er sérstaklega auðkenndur í fyrrnefndum tilgangi innan sjóðakerfis Sameinuðu þjóðanna. Samningsríki geta og tekið til

through the Office, programmes and projects in developing countries with a view to implementing this Convention.

Article 61
Collection, exchange and analysis of information on corruption

1. Each State Party shall consider analysing, in consultation with experts, trends in corruption in its territory, as well as the circumstances in which corruption offences are committed.
2. States Parties shall consider developing and sharing with each other and through international and regional organizations statistics, analytical expertise concerning corruption and information with a view to developing, insofar as possible, common definitions, standards and methodologies, as well as information on best practices to prevent and combat corruption.
3. Each State Party shall consider monitoring its policies and actual measures to combat corruption and making assessments of their effectiveness and efficiency.

Article 62
Other measures: implementation of the Convention through economic development and technical assistance

1. States Parties shall take measures conducive to the optimal implementation of this Convention to the extent possible, through international cooperation, taking into account the negative effects of corruption on society in general, in particular on sustainable development.
2. States Parties shall make concrete efforts to the extent possible and in coordination with each other, as well as with international and regional organizations:
(a) To enhance their cooperation at various levels with developing countries, with a view to strengthening the capacity of the latter to prevent and combat corruption;
(b) To enhance financial and material assistance to support the efforts of developing countries to prevent and fight corruption effectively and to help them implement this Convention successfully;
(c) To provide technical assistance to developing countries and countries with economies in transition to assist them in meeting their needs for the implementation of this Convention. To that end, States Parties shall endeavour to make adequate and regular voluntary contributions to an account specifically designated for that purpose in a United Nations funding mechanism. States

skoðunar sérstaklega, í samræmi við landslög sín og ákvæði samnings þessa, að leggja í þann sjóð tiltekinn hundraðshluta þeirra peninga eða tilsvarandi verðmætis ávinnings af glæpum eða eigna sem eru gerð upptæk í samræmi við ákvæði samnings þessa,

d) að hvetja önnur ríki og fjármálastofnanir, eftir atvikum, og fá þau til þess að ganga til liðs við sig, einkum í þeirri viðleitni sem fjallað er um í þessari grein, til að sjá þróunarlöndum fyrir meiri þjálfun og nútímalegum búnaði í þeim tilgangi að aðstoða þau við að ná markmiðum samnings þessa.

3. Fyrrnefndar ráðstafanir skulu, að því marki sem frekast er unnt, engin áhrif hafa á gildandi skuldbindingar um aðstoð við erlend ríki eða annað tvíhliða, svæðisbundið eða alþjóðlegt fyrirkomulag samstarfs á sviði fjármála.

4. Samningsríki geta gert tvíhliða eða marghliða samninga eða gengið frá fyrirkomulagi er lýtur að efnislegri aðstoð og skipulagsaðstoð, þar sem tillit er tekið til fjárhagslegra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að meðul alþjóðlegrar samvinnu, sem kveðið er á um í samningi þessum, verði áhrifaríkari og stuðli að því að koma í veg fyrir, koma upp um og sporna gegn spillingu.

VII. kafli.
Aðferðir við framkvæmd.

63. gr.

Þing samningsríkja.

1. Hér með er komið á fót þingi samningsríkja í því augnamiði að auka getu þeirra og efla samstarf þeirra í milli til þess að ná fram markmiðunum sem lýst er í samningi þessum og stuðla að og endurskoða framkvæmd hans.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til þings samningsríkja eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eftir það skulu reglulegir fundir þings samningsríkjanna haldnir í samræmi við starfsreglur sem þingið setur sér.

3. Þing samningsríkjanna setur sér starfsreglur og reglur um það hvernig aðgerðir, sem lýst er í þessari grein, skuli fara fram, meðal annars reglur um aðgang og þátttöku áheyrnarfulltrúa og um greiðslu kostnaðar við þessar aðgerðir.

4. Þing samningsríkjanna skal koma sér saman um aðgerðir, verklagsreglur og aðferðir til að ná þeim markmiðum sem lýst er í 1. mgr. samnings þessa, meðal annars til að:

Parties may also give special consideration, in accordance with their domestic law and the provisions of this Convention, to contributing to that account a percentage of the money or of the corresponding value of proceeds of crime or property confiscated in accordance with the provisions of this Convention;

(d) To encourage and persuade other States and financial institutions as appropriate to join them in efforts in accordance with this article, in particular by providing more training programmes and modern equipment to developing countries in order to assist them in achieving the objectives of this Convention.

3. To the extent possible, these measures shall be without prejudice to existing foreign assistance commitments or to other financial cooperation arrangements at the bilateral, regional or international level.

4. States Parties may conclude bilateral or multilateral agreements or arrangements on material and logistical assistance, taking into consideration the financial arrangements necessary for the means of international cooperation provided for by this Convention to be effective and for the prevention, detection and control of corruption.

Chapter VII
Mechanisms for implementation

Article 63

Conference of the States Parties to the Convention

1. A Conference of the States Parties to the Convention is hereby established to improve the capacity of and cooperation between States Parties to achieve the objectives set forth in this Convention and to promote and review its implementation.

2. The Secretary-General of the United Nations shall convene the Conference of the States Parties not later than one year following the entry into force of this Convention. Thereafter, regular meetings of the Conference of the States Parties shall be held in accordance with the rules of procedure adopted by the Conference.

3. The Conference of the States Parties shall adopt rules of procedure and rules governing the functioning of the activities set forth in this article, including rules concerning the admission and participation of observers, and the payment of expenses incurred in carrying out those activities.

4. The Conference of the States Parties shall agree upon activities, procedures and methods of work to achieve the objectives set forth in paragraph 1 of this article, including:

a) auðvelda aðgerðir samningsríkja skv. 60. og 62. gr. og II.–V. kafla samnings þessa, meðal annars með því að hvetja til frjálsra framlaga,

b) greiða fyrir gagnkvæmum upplýsingaskiptum samningsríkjanna um mynstur og þróun spillingar og um árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir og berjast gegn henni og til að skila ávinningi glæps, t.d. með birtingu viðeigandi upplýsinga sem getið er í grein þessari,

c) vinna með hlutaðeigandi alþjóðlegum og svæðisbundnum stofnunum, aðilum og frjálsum félagasamtökum,

d) nýta viðeigandi upplýsingar, sem aðrir alþjóðlegir og svæðisbundnir aðilar setja fram til að berjast gegn og koma í veg fyrir spillingu, í því skyni að komast hjá óþarfa tvíverknaði,

e) kanna reglulega hvernig samningsríkin standa að framkvæmd samnings þessa,

f) koma með ráðleggingar um hvernig betrumbæta megi samning þennan og framkvæmd hans,

g) taka mið af þörfum samningsríkja fyrir tækniaðstoð, að því er varðar framkvæmd samnings þessa, og koma með tillögur að aðgerðum sem þingið kann að telja nauðsynlegar í því skyni.

5. Þing samningsríkja skal, að því er varðar ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, afla sér nauðsynlegra upplýsinga um þær ráðstafanir sem samningsríki hafa gripið til í því skyni að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd og erfiðleika því samfara, með því að nýta sér þær upplýsingar sem samningsríkin láta í té og þá aukalegu endurskoðun sem þing samningsríkja kann að ákveða.

6. Hvert samningsríki skal láta þingi samningsríkja í té upplýsingar um áætlanir sínar, fyrirætlanir og starfshætti og um laga- og stjórnsýsluákvæði samningi þessum til framkvæmdar, eins og þingið kann að gera kröfu um. Þing samningsríkja skal kanna skilvirkustu leiðina til að veita viðtöku upplýsingum og bregðast við þeim, þar á meðal upplýsingum frá samningsríkjum og þar til bærum alþjóðastofnunum, svo dæmi sé tekið. Einnig má hafa í huga framlag frá viðeigandi frjálsum félagasamtökum sem hlotið hafa tilhlýðilega viðurkenningu í samræmi við reglur sem þing samningsríkjanna mun ákveða.

7. Samkvæmt ákvæðum 4. til 6. mgr. þessarar greinar skal þing samningsríkjanna koma á fót, ef það telur það nauðsynlegt, viðeigandi fyrirkomulagi eða stofnun til að aðstoða við skilvirka framkvæmd samningsins.

(a) Facilitating activities by States Parties under articles 60 and 62 and chapters II to V of this Convention, including by encouraging the mobilization of voluntary contributions;

(b) Facilitating the exchange of information among States Parties on patterns and trends in corruption and on successful practices for preventing and combating it and for the return of proceeds of crime, through, inter alia, the publication of relevant information as mentioned in this article;

(c) Cooperating with relevant international and regional organizations and mechanisms and non-governmental organizations;

(d) Making appropriate use of relevant information produced by other international and regional mechanisms for combating and preventing corruption in order to avoid unnecessary duplication of work;

(e) Reviewing periodically the implementation of this Convention by its States Parties;

(f) Making recommendations to improve this Convention and its implementation;

(g) Taking note of the technical assistance requirements of States Parties with regard to the implementation of this Convention and recommending any action it may deem necessary in that respect.

5. For the purpose of paragraph 4 of this article, the Conference of the States Parties shall acquire the necessary knowledge of the measures taken by States Parties in implementing this Convention and the difficulties encountered by them in doing so through information provided by them and through such supplemental review mechanisms as may be established by the Conference of the States Parties.

6. Each State Party shall provide the Conference of the States Parties with information on its programmes, plans and practices, as well as on legislative and administrative measures to implement this Convention, as required by the Conference of the States Parties. The Conference of the States Parties shall examine the most effective way of receiving and acting upon information, including, inter alia, information received from States Parties and from competent international organizations. Inputs received from relevant non-governmental organizations duly accredited in accordance with procedures to be decided upon by the Conference of the States Parties may also be considered.

7. Pursuant to paragraphs 4 to 6 of this article, the Conference of the States Parties shall establish, if it deems it necessary, any appropriate mechanism or body to assist in the effective implementation of the Convention.

64. gr.
Skrifstofan.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá þingi samningsríkja fyrir nauðsynlegri skrifstofuþjónustu.

2. Skrifstofan skal:
a) aðstoða þing samningsríkjanna við að hrinda þeim aðgerðum sem er lýst í 63. gr. samnings þessa í framkvæmd og gera ráðstafanir og veita nauðsynlega þjónustu vegna funda þingsins,

b) aðstoða samningsríki, komi fram beiðni þar um, við að láta þingi samningsríkja í té upplýsingar eins og gert er ráð fyrir skv. 5. og 6. mgr. 63. gr. samnings þessa og
c) tryggja nauðsynlegt samræmi við aðgerðir skrifstofa hlutaðeigandi alþjóðastofnana og svæðisstofnana.

VIII. kafli.
Lokaákvæði.

65. gr.
Framkvæmd samningsins.

1. Hvert samningsríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars á sviði lagasetningar og stjórnsýslu og í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna, til þess að tryggt sé að það standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Hvert samningsríki getur samþykkt ákveðnari eða strangari ráðstafanir en kveðið er á um í samningi þessum í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu.

66. gr.
Lausn deilumála

l. Samningsríki skulu leitast við að leysa deilur um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa með samningaviðræðum.
2. Deila milli tveggja eða fleiri samningsríkja um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samningaviðræðum innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Hafi fyrrnefnd samningsríki ekki komið sér saman um hvernig gerðardómsmeðferð skuli hagað, sex mánuðum eftir að gerðar er óskað, getur hvort eða hvert þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins í Haag með beiðni samkvæmt stofnsamþykkt hans.

3. Hvert samningsríki getur, við undirritun samnings þessa eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig óbundið af ákvæðum 2.

Article 64
Secretariat

1. The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary secretariat services to the Conference of the States Parties to the Convention.
2. The secretariat shall:
(a) Assist the Conference of the States Parties in carrying out the activities set forth in article 63 of this Convention and make arrangements and provide the necessary services for the sessions of the Conference of the States Parties;
(b) Upon request, assist States Parties in providing information to the Conference of the States Parties as envisaged in article 63, paragraphs 5 and 6, of this Convention; and
(c) Ensure the necessary coordination with the secretariats of relevant international and regional organizations.

Chapter VIII
Final provisions

Article 65
Implementation of the Convention

1. Each State Party shall take the necessary measures, including legislative and administrative measures, in accordance with fundamental principles of its domestic law, to ensure the implementation of its obligations under this Convention.

2. Each State Party may adopt more strict or severe measures than those provided for by this Convention for preventing and combating corruption.

Article 66
Settlement of disputes

l. States Parties shall endeavour to settle disputes concerning the interpretation or application of this Convention through negotiation.
2. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention that cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of those States Parties, be submitted to arbitration. If, six months after the date of the request for arbitration, those States Parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those States Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in accordance with the Statute of the Court.
3. Each State Party may, at the time of signature, ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention, declare that it does not consider itself bound by paragraph 2 of this article. The other

mgr. þessarar greinar. Önnur samningsríki skulu ekki bundin af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar gagnvart samningsríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
4. Samningsríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

67. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Merida í Mexíkó frá 9. til 11. desember 2003 og eftir það í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 9. desember 2005.
2. Samningur þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu að því tilskildu að minnst eitt aðildarríki slíkrar stofnunar hafi undirritað samning þennan í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu getur afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu hafi að minnsta kosti eitt aðildarríki hennar gert það. Slík stofnun skal, í fyrrnefndu skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, lýsa yfir hvert valdsvið hennar er í þeim málum sem samningur þessi tekur til. Enn fremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á valdsviði hennar og skiptir máli.
4. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir öll ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu ef að minnsta kosti eitt aðildarríki slíkrar stofnunar er aðili að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, jafnhliða aðild, lýsa yfir hvert valdsvið hennar er í þeim málum sem samningur þessi tekur til. Enn fremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á valdsviði hennar og skiptir máli.

68. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er þrítugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu. Að því er varðar þessa málsgrein skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afStates Parties shall not be bound by paragraph 2 of this article with respect to any State Party that has made such a reservation.

4. Any State Party that has made a reservation in accordance with paragraph 3 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 67
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1. This Convention shall be open to all States for signature from 9 to 11 December 2003 in Merida, Mexico, and thereafter at United Nations Headquarters in New York until 9 December 2005.
2. This Convention shall also be open for signature by regional economic integration organizations provided that at least one member State of such organization has signed this Convention in accordance with paragraph 1 of this article.
3. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. A regional economic integration organization may deposit its instrument of ratification, acceptance or approval if at least one of its member States has done likewise. In that instrument of ratification, acceptance or approval, such organization shall declare the extent of its competence with respect to the matters governed by this Convention. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.
4. This Convention is open for accession by any State or any regional economic integration organization of which at least one member State is a Party to this Convention. Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. At the time of its accession, a regional economic integration organization shall declare the extent of its competence with respect to matters governed by this Convention. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.

Article 68
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the thirtieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession. For the purpose of this paragraph, any instrument deposited by a regional economic inte-

hendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki slíkrar stofnunar hafa afhent til vörslu.

2. Að því er varðar ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu þrítugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun afhendir viðeigandi skjal til vörslu eða á gildistökudegi samnings þessa skv. 1. mgr. þessarar greinar, hvort sem síðar verður.

69. gr.
Breytingar.

1. Samningsríki getur, eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, gert tillögu til breytinga á honum og sent til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem að svo búnu skal framsenda breytingartillöguna samningsríkjunum og þingi samningsríkja til umfjöllunar og ákvörðunar. Þing samningsríkja skal leitast við, af fremsta megni, að afgreiða hverja breytingu með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til að samþykkja breytingartillöguna með samhljóða samþykki reynst árangurslausar og hafi samkomulag ekki náðst er, sem síðasta úrræði, gerð krafa um að tillagan verði samþykkt með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra samningsríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundi þings samningsríkja.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja að þeim, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slíkar stofnanir skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns neyti aðildarríki þeirra atkvæðisréttar síns og öfugt.
3. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samningsríkja.
4. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi gagnvart samningsríki níutíu dögum eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki slíkrar breytingar til vörslu.
5. Er breyting öðlast gildi er hún bindandi fyrir þau samningsríki sem hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni. Önnur samningsríki eru eigi að síður bundin af ákvæðum samnings þessa og fyrri breytingum sem þau hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt.

gration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.
2. For each State or regional economic integration organization ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention after the deposit of the thirtieth instrument of such action, this Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of deposit by such State or organization of the relevant instrument or on the date this Convention enters into force pursuant to paragraph 1 of this article, whichever is later.

Article 69
Amendment

1. After the expiry of five years from the entry into force of this Convention, a State Party may propose an amendment and transmit it to the Secretary-General of the United Nations, who shall thereupon communicate the proposed amendment to the States Parties and to the Conference of the States Parties to the Convention for the purpose of considering and deciding on the proposal. The Conference of the States Parties shall make every effort to achieve consensus on each amendment. If all efforts at consensus have been exhausted and no agreement has been reached, the amendment shall, as a last resort, require for its adoption a two-thirds majority vote of the States Parties present and voting at the meeting of the Conference of the States Parties.
2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote under this article with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to this Convention. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs and vice versa.
3. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article is subject to ratification, acceptance or approval by States Parties.
4. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article shall enter into force in respect of a State Party ninety days after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of an instrument of ratification, acceptance or approval of such amendment.
5. When an amendment enters into force, it shall be binding on those States Parties which have expressed their consent to be bound by it. Other States Parties shall still be bound by the provisions of this Convention and any earlier amendments that they have ratified, accepted or approved.

70. gr.
Uppsögn.

1. Samningsríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Aðild svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu að samningi þessum lýkur þegar öll aðildarríki hennar hafa sagt honum upp.

Article 70
Denunciation

1. A State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Such denunciation shall become effective one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.
2. A regional economic integration organization shall cease to be a Party to this Convention when all of its member States have denounced it.

71. gr.
Vörsluaðili og tungumál.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er tilnefndur vörsluaðili samnings þessa.
2. Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 71
Depositary and languages

1. The Secretary-General of the United Nations is designated depositary of this Convention.
2. The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention.

1211. Nefndarálit [516. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Geir Jón Þórisson frá Náttúrulækningafélagi Íslands, Gunnar Á. Gunnarsson frá Vottunarstofunni Túni, Eygló Björk Ólafsdóttur og Dominique Jónsson frá kynningarátaki um erfðabreyttar lífverur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ólaf R. Dýrmundsson frá Dýraverndunarsambandi Íslands og fulltrúa bænda í lífrænni ræktun, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Einar Mäntylä frá ORF líftækni, Kristínu Lindu Árnadóttur og Sigrúnu Ágústsdóttur frá Umhverfisstofnun, Jón Gunnar Óttósson og Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Ólaf S. Andrésson frá Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og Evu Benediktsdóttur og Aðalstein Sigurðarson frá ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Þá bárust umsagnir frá Dýraverndunarsambandi Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, kynningarátaki um erfðabreyttar lífverur, ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, ORF líftækni, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Umhverfisráðgjöf Íslands, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur. Breytingunum er einna helst ætlað að kveða ítarlegar á um málsmeðferðarreglur þegar sótt er um leyfi til

að markaðssetja, sleppa eða dreifa af ásetningi erfðabreyttum lífverum. Meðal annars er kveðið á um að leyfisbeiðandi skuli láta fara fram mat á umhverfisáhættu þegar hann sækir um leyfi til að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum auk þess sem nýjum ákvæðum er að meginstefnu ætlað að tryggja að almenningur hafi meiri aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku en verið hefur þegar erfðabreyttar lífverur eru annars vegar. Þá er lagt til að við lögin bætist gjaldskrárheimild. Samkvæmt gildandi lögum er Umhverfisstofnun nú þegar heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu kostnaðar vegna sérstakra rannsókna eða úttekta sem gera þarf vegna umsóknar enda hafi umsækjanda verið tilkynnt um kostnaðinn og hann haft tækifæri til að draga umsókn sína til baka áður en til hans stofnast. Við þetta bætist nú heimild til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar vegna kynningar sem fer fram á umsókn. Meiri hlutinn áréttar að ákvörðun um gjaldtöku fyrir kynningu og samráð skuli vera gagnsæ og skilmerkileg og telur nefndin að ákvæði 14. gr. frumvarpsins uppfylli það.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE. Frumvarpið var fyrst lagt fram á 136. þingi og rann frestur Íslands til að innleiða tilskipunina í íslenska löggjöf út 28. mars 2008. Á 137. þingi afgreiddi umhverfisnefnd málið frá sér með nefndaráliti og breytingartillögum. Málið hlaut þó ekki lokaafgreiðslu Alþingis en frumvarpinu hefur þó að mestu leyti verið breytt til samræmis við tillögur nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur meiri hlutinn mikilvægt að almenningur hafi aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku vegna mála sem varða sleppingu, dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Þrátt fyrir að meiri hluti þeirra breytingartillagna sem lagðar voru fram á 137. löggjafarþingi hafi verið færðar í frumvarpið telur nefndin að þörf sé á frekari breytingum.

Frumvarpið leggur til breytingar á markmiðsgrein laganna til að hnykkja á varúðarreglunni (e. *Precautionary Principle,* sbr. 4. gr. tilskipunarinnar og 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar). Nefndinni hafa verið kynnt sjónarmið þess efnis að ekki væri rétt að fullyrða í markmiðssetningu um skaðsemi erfðabreyttra lífvera og tekið er tillit til þeirra athugasemda og því er kveðið á um í breytingartillögu um hugsanlega skaðleg og óæskileg áhrif. Er hér ekki um að ræða efnisbreytingu þar sem þetta samrýmist inntaki varúðarreglunnar.

Í tengslum við 2. gr. frumvarpsins ræddi nefndin nokkuð innflutning og merkingar á vörum sem innihalda erfðabreyttar lífverur. Meiri hlutinn áréttar að þrátt fyrir að lögin taki til innflutnings og merkinga, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera og vöru eða hluta úr vöru sem inniheldur þær taka þau ekki til matvæla til manneldis. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að rétt væri að innleiða reglugerðir Evrópusambandsins nr. 1829/2003/EB um erfðabreytt matvæli og fóður og nr. 1830/2003/EB um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurs sem inniheldur erfðabreyttar lífverur. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi þess að neytendur séu upplýstir um innihald þeirra matvæla sem þeir neyta og leggur áherslu á að umræddar reglugerðir verði innleiddar sem fyrst.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á a-lið 2. gr. frumvarpsins enda er ákvæðið ekki í samræmi við samsvarandi ákvæði tilskipunarinnar. Til samræmis eru einnig lagðar til breytingar á a-lið 7. gr. og 2. mgr. 13. gr. Til þess að gildissvið laganna sé í samræmi við tilskipunina er lögð til breyting á þessu orðalagi.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 2. gr. laganna verði felld brott þar sem kveðið er á um að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.

Fyrir nefndinni kom fram mikil gagnrýni á að fella ætti ákvæðið brott og telur meiri hlutinn ákvæðið mikilvægt vegna sérstöðu náttúru landsins, hinnar fábreyttu flóru og viðkvæms vistkerfis sem rekja má til norðlægrar legu landsins. Þá telur meiri hlutinn rökstuðningi við þessa breytingu ábótavant og leggur til að ákvæðið haldist í lögunum.

Í c-lið 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu „slepping og dreifing“. Í frumvarpstextanum er víðast hvar eingöngu notað orðið „slepping“ sem hefur ekki sjálfstæða orðskýringu. Í lögunum sjálfum eru þessi orð ávallt notuð til samræmis við orðskýringu. Til að gæta að lagasamræmi og því að merking laganna sé skýr leggur meiri hlutinn til að eins verði farið með þetta í frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur einnig til þá breytingu að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um fullnægjandi tálmanir sem hindra að slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á 15. gr. frumvarpsins enda er ákvæðið ekki í samræmi við samsvarandi ákvæði tilskipunarinnar þar sem í 9. gr. hennar er kveðið á um að aðildarríki skuli hafa samráð um fyrirhugaða sleppingu, dreifingu eða markaðssetningu við almenning og eftir því sem við á við tiltekna hópa. Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að einungis verði um heimildarákvæði að ræða. Telur nefndin rétt að leiðrétta misræmi hvað þetta varðar í orðalagi íslenskrar þýðingar tilskipunarinnar og enskrar útgáfu hennar. Til að gera samráðsferlið aðgengilegt og almennt er mikilvægt að ljóst sé hvaða reglur og tímafrestir gilda um samráðið og leggur því meiri hlutinn til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð sem kveði nánar á um fyrirkomulag samráðsins, tímafresti o.fl.

Meiri hlutinn fjallaði um nauðsyn þess að útskýra nánar hvað felst í hugtökunum líffræðilegur fjölbreytileiki, varúðarreglunni og sjálfbærri þróun og leggur til breytingartillögu þess efnis.

Vegna misskilnings sem gætt hefur varðandi upplýsinga- og samráðsskyldu almennings vill meiri hlutinn þó árétta að skylda Umhverfisstofnunar til að upplýsa um sleppingu erfðabreyttra lífvera, sem kveðið er á um í b-lið 7. gr., er ekki af sama toga og skylda stofnunarinnar til samráðs skv. 15. gr. frumvarpsins. Stofnuninni er skylt að upplýsa um sleppingu en áður en slík slepping á sér stað skal í samræmi við breytingartillögu nefndarinnar hafa samráð og nær það samráð til fyrirhugaðrar sleppingar, dreifingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera.

Að lokum vill meiri hlutinn árétta mikilvægi þess að ráðgjöf vegna starfsemi erfðabreyttra lífvera sé ekki einungis byggð á náttúruvísindum heldur einnig á siðferðislegu og samfélagslegu mati. Mikilvægt er að þessi sjónarmið vegi jafnþungt á metunum.

Þá leggur meiri hlutinn til smávægilegar breytingar til leiðréttingar á tilvísunum í kafla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „skaðlegum og óæskilegum áhrifum“ komi: hugsanlega skaðlegum og óæskilegum áhrifum.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu „vöru“ í 2. málsl. a-liðar komi: eða hluta úr vöru.
   b. B-liður falli brott.

3. Við 3. gr.
   a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður sem orðist svo: Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Líffræðileg fjölbreytni* nær eins og hugtakið lífríki til allrar lifandi náttúru, eininganna sem hún er gerð úr og birtingarforma hennar. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrulegan og manngerðan breytileika á öllum skipulagsstigum lífsins, frá erfðavísum og tegundum til vist- og lífkerfa.
   b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður sem orðist svo: Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Sjálfbær þróun* hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar, sbr. 1. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992.
   c. C-liður orðist svo: Orðskýringin „Slepping eða dreifing“ orðast svo: *Slepping eða dreifing* er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur, eða vara eða hluti úr vöru sem hefur þær að geyma, eru ræktaðar, aldar eða þeim sleppt eða dreift af ásetningi utan húss án þess að þær séu lokaðar af með fullnægjandi tálmunum sem hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.
   d. Við d-lið bætist nýr liður sem orðist svo: Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Varúðarregla* felur í sér að þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Það felur í sér að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar aðgerða fyrir umhverfið skuli náttúran njóta vafans (sbr. 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992).
4. Við 6. gr. bætist nýr liður sem orðist svo: Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um fullnægjandi tálmanir sem hindra að slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.
5. Við a-lið 7. gr. (8. gr.). Á eftir orðinu „vöru“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: eða hluta úr vöru.
6. Við b-lið 7. gr. (9. gr.). Í stað orðsins „sleppingu“ í lok d-liðar komi: sleppingu eða dreifingu.
7. Við c-lið 7. gr. (10. gr.). Í stað orðsins „sleppingar“ í a-lið 2. mgr. komi: sleppingar eða dreifingar.
8. Við 13. gr. Á eftir orðinu „vöru“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: eða hluta úr vöru.
9. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „IV., V. og VI. kafla“ í 26. gr. laganna, sem verður er 30. gr., kemur: V., VI. og VII. kafla.
10. Við 15. gr. Í stað efnismálsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Umhverfisstofnun skal hafa samráð við almenning og, eftir því sem við á, tiltekna hópa um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar, dreifingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Slíkur fundur skal auglýstur sérstaklega.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag samráðs og funda, t.d. tímafresti o.fl.

Alþingi, 14. júní 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Margrét Pétursdóttir.
Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Birgitta Jónsdóttir.	Árni Þór Sigurðsson.

1212. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og fengið á sinn fund Gunnar Svavarsson verkfræðing, formann verkefnisstjórnar um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut, Jóhannes Gunnarsson framkvæmdastjóra, Gyðu Baldursdóttur, hjúkrunarfræðing á Landspítala, Önnu Lilju Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landspítala, Ingólf Þórisson, framkvæmdastjóra eignasviðs á Landspítala, Ingjald Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands, Svein Arason ríkisendurskoðanda, Jón L. Björnsson, skrifstofustjóra hjá Ríkisendurskoðun, Viðar Helgason, sérfræðing hjá fjármálaráðuneyti, Andrés Magnússon, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, og Kristján Guðmundsson, lækni frá Samtökum heilbrigðisfyrirtækja. Fjárlaganefnd sendi út 68 umsagnarbeiðnir um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Samtökum heilbrigðisfyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu, Ríkisendurskoðun, læknaráði Landspítala, Alþýðusambandi Íslands, heilbrigðisráðuneyti, landlæknisembættinu, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Sjúkraliðafélagi Íslands, eignasviði Landspítala, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Háskóla Íslands, hjúkrunarráði Landspítala og Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Almennt um frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala. Einnig verði honum heimilt að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir bygginguna. Markmiðið er að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingarverktaki hefur lokið umsömdu verki. Leigutíminn er ekki skilgreindur í lögunum en gert er ráð fyrir að hann verði 40 ár.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma. Árið 2005 heimilaði þáverandi ríkisstjórn að efnt yrði til alþjóðlegrar skipulagssamkeppni um nýtt háskólasjúkrahús og lauk henni um haustið sama ár. Teymi hönnuða undir forustu dönsku arkitektastofunnar C.F. Möller varð hlutskarpast í samkeppninni og unnu fulltrúar ríkisins með hönnunarteym-

inu á árunum 2006–2008 að ítarlegri þarfagreiningu, tæknigreiningu og að endanlegri útfærslu verðlaunatillögunnar. Eftir fall bankanna óskaði þáverandi forstjóri Landspítala eftir því að norsku hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækin Momentum Arkitekter AS og Hospitalitet AS færu yfir áætlanir og hönnunarforsendur nýs háskólasjúkrahúss. Í september 2009 var undirbúningur framkvæmdarinnar hafinn með sex manna verkefnisstjórn. Hennar hlutverk hefur verið að skapa verkefninu formfestu og sjá um undirbúning hönnunarsamkeppni og ýmis samskipti við aðila sem koma að því. Ríkisendurskoðun taldi nauðsynlegt að sett yrðu sérlög um bygginguna þó svo að 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins sé talin eiga við. Því dugi ekki að afgreiða þetta verkefni með heimildarákvæði í 6. gr. fjárlaga. Þess vegna er frumvarp þetta m.a. lagt fram. Verkefnisstjórnin skipaði forvalsnefnd sem mat umsóknir um þátttöku í forvali frumhönnunarsamkeppni og fengu fimm stigahæstu teymin að taka þátt í frumhönnunarsamkeppni sem lýkur í júní 2010. Meginmarkmið hennar er að ljúka sameiningu stóru spítalanna á höfuðborgarsvæðinu þannig að starfsemi Landspítala flytjist á Hringbraut. Samkeppnin er tvíþætt og tekur annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild og hins vegar til útfærslu á fyrsta áfanga spítalastarfsemi í 66.000 fermetra nýbyggingu. Gert er ráð fyrir að hönnun hefjist af fullum krafti í ágúst á þessu ári.

Nýbyggingin skiptist í þrjá hluta: bráðakjarna, legudeildir og sjúklingahótel. Háskóli Íslands ber kostnað af frumhönnun byggingar fyrir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, sem er einnig hluti af verkefninu.

Forsendur verkefnisins.

Starfsemi Landspítala fer fram á 17 mismunandi stöðum og í um 100 húsum á höfuðborgarsvæðinu. Ríflega 80% húsnæðisins voru hönnuð fyrir meira en 50 árum og þá fyrir sjúkrahúsastarfsemi sem er allt annars eðlis en nú er. Núverandi húsnæði er að mati verkefnisstjórnarinnar viðhaldsfrekt og dýrt í rekstri og skortir þann sveigjanleika sem nútímaspítalar þurfa á að halda til að unnt sé að laga bygginguna að síbreytilegum þörfum. Bygging nýs Landspítala er hluti af verkefnum sem samkomulag var um í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna. Þetta er ein af þeim framkvæmdum sem taldar eru fjárhagslega hagkvæmar og mikilvægar fyrir framtíðarheilbrigðisþjónustu í landinu. Framkvæmdin er talin henta sem verkefni opinbers hlutafélags sem annast allan undirbúning, hönnun, byggingu og fjármögnun spítalans. Verktakinn mun eiga og annast mannvirkin gegn leigugreiðslu, þar til þau eru greidd upp að fullu, en þá verða mannvirkin eign ríkisins. Leigugreiðslan á ekki að vera hærri en nemur þeirri hagræðingu sem hlýst við það eitt að endurskipuleggja alla þjónustu og verkferla og nýta betur húsnæði við sameiningu þjónustu Landspítalans á einum stað. Þannig verður ekki um aukin rekstrarframlög til Landspítalans í A-hluta fjárlaga ríkisins að ræða. Með þessu framkvæmdaformi mun framkvæmdin ekki kalla á lántökur ríkissjóðs heldur verða unnin fyrir lánsfé frá lífeyrissjóðum eða öðrum fjármögnunaraðilum til viðkomandi hlutafélags.

Þessu til staðfestingar kemur m.a. fram í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið: „Gert er ráð fyrir að sú hagræðing sem nýr spítali og sameining hans á einum stað gefur kost á muni mynda svigrúm hjá Landspítala til að standa undir leigugreiðslum. Miðað er við að leigusamningur verði til langs tíma og að honum loknum flytjist eignarhald fasteignanna yfir til ríkisins.“

Hér er um að ræða forsendur þess að unnt verði að ráðast í verkefnið og þess að fjárlaganefnd Alþingis fallist á það fyrir sitt leyti. Að mati meiri hlutans er ekki til staðar heimild til að skuldbinda ríkissjóð nema forsendur um hagræðingu sem greiði kostnað við bygginguna séu fyrir hendi. Það er því skilyrði þess að verkefnið verði heimilað að ekki falli til viðbótarkostnaður á ríkissjóð. Nú þegar liggja fyrir áætlanir um þessa hagræðingu en fara verður yfir þær og endurmeta forsendur af Alþingi áður en í framkvæmdirnar verður ráðist. Þetta er jafnframt forsenda ríkisstjórnarinnar fyrir byggingunni, eins og fram kemur í viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra og lífeyrissjóðanna. Ekki er gert ráð fyrir frekari framlögum úr ríkissjóði til starfsemi Landspítalans í tengslum við þetta verkefni umfram þær 20 millj. kr. sem settar verða í hlutafé hins opinbera hlutafélags. Meiri hlutinn vill taka fram að í áætlunum, gögnum og umræðum um bygginguna kemur fram að fyrst og fremst sé verið að tryggja aukin gæði og öryggi þeirrar þjónustu sem Landspítalinn veitir nú þegar með bættum aðbúnaði og tækni.

Veðleyfi.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í 6. gr. fjárlaga sé að finna heimild til ráðstöfunar eigna Landspítala inn í verkefnið sem geti tryggt veðhæfi þess á hönnunartíma. Í fjárlögum er fjármálaráðherra heimilað „að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala og leggja félaginu til nauðsynleg lóðarréttindi ríkisins við Hringbraut undir bygginguna“. Til að taka af allan vafa um að félaginu væri heimilt að veðsetja lóðirnar leitaði fjárlaganefnd álits fjármálaráðuneytisins með bréfi 21. maí 2010. Ráðuneytið telur ljóst að 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að leggja umræddu hlutafélagi til hluta lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir nýbyggingu Landspítala. Heimildina sé einnig að finna á lið 7.15 í fjárlögum 2010. Félagið hafi lóðarréttindin til fullrar ráðstöfunar innan ramma laganna, samþykkta félagsins og ákvæða í lóðarleigusamningi, án frekari lagaheimilda, enda falli slíkt félag ekki undir 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins og þurfi því ekki sérstaka heimild í lögum til að ráðstafa eða veðsetja réttindin í framhaldi af yfirfærslunni. Áður en til sérstakrar veðsetningar lóðarinnar kæmi yrði að huga að tilteknum málum varðandi frekari afmörkun og skilgreiningu lóðarinnar, gera þyrfti formlegan lóðarleigusamning við borgina og útkljá skipulagsmál og fleira því tengt þannig að lóðin yrði tæk til þinglýsingar og veðsetningar. Verði frumvarpið að lögum verði unnið að þessu á næstu mánuðum í samvinnu við Reykjavíkurborg sem lóðareiganda enda ljóst að lóð verði ekki veðsett nema með samþykki lóðareiganda. Ríkisendurskoðun tekur undir álit fjármálaráðuneytis varðandi þennan hátt.

Valkostir.

Settir hafa verið fram þrír kostir fyrir Landspítalann. Sá fyrsti felur í sér að gera ekki neitt. Með því er átt við að starfsemi spítalans verði áfram í Fossvogi, við Hringbraut og dreifð um borgina og gert verði sem minnst í húsnæðismálum. Annar kostur er að byggja nýjan Landspítala eins og frumathugun frá árinu 2008 gerir ráð fyrir. Þriðji valkosturinn er að byggja minna en nægjanlega mikið til að færa starfsemina úr Fossvogi yfir á Hringbraut. Niðurstaðan varð síðasti valkosturinn þar sem hann reyndist hagstæðastur miðað við þær ávöxtunarkröfur sem athugaðar voru. Auk þess skilar nýbyggingin miklum ávinningi fyrir heilbrigðisþjónustuna í formi bættrar aðstöðu fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsmenn. Þá gefur nýtt húsnæði færi á að taka upp nýja tækni og aðferðir og á að gefa kost á auknum sveigjanleika í skipulagi starfseminnar.

Heildarkostnaður.

Sameining spítalanna tveggja að Hringbraut og í Fossvogi er forgangsmál og er nú gert ráð fyrir að verkefninu verði áfangaskipt til að hagkvæmni þess skili sér strax. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 33 milljarðar kr. fyrir nýbyggingar og húsgögn og kostnaður við tækjakaup er áætlaður 7 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að endurbygging eldra húsnæðis kosti 11 milljarða kr. Heildarkostnaður verkefnisins nemur því 51 milljarði kr. Talið er að með samstarfsframkvæmd megi tryggja að útgjöldum sé jafnað yfir líftíma eignarinnar og að sú tilhögun tryggi að ríkið geti metið kostnaðinn heildstætt áður en það skuldbindur sig til greiðslu fjár. Því er sá möguleiki fyrir hendi að snúa til baka frá hugmyndinni reynist kostnaður of hár eða áætluð hagræðing af byggingunni stendur ekki undir leigugreiðslum.

Almennt um byggingarkostnaðinn.

Kostnaður við hönnun og undirbúningsframkvæmdir áður en að aðalútboði kemur er áætlaður 3 milljarðar kr. Þar af er gert ráð fyrir að frumhönnun kosti 1,7 milljarða kr. og aðlögun lóðar 1,3 milljarða kr. Í hönnunarsamkeppninni er óskað eftir tilboðum í hönnunarþóknunina og er umfang undirbúningsframkvæmdar háð þeirri lausn sem verður hlutskörpust í hönnunarsamkeppninni. Framkvæmdin sjálf mun síðan kosta 30 milljarða kr. Kostnaðurinn fellur til allt til ársins 2016, en verður mestur á árunum 2012–2015, eða á bilinu 4,4–9,1 milljarður kr. árlega . Gert er ráð fyrir að í bygginguna fari 2.644 ársverk. Þar af er gert ráð fyrir 30 ársverkum árið 2010, 80 árið 2011, 359 árið 2012, 756 bæði árin 2013 og 2014, 636 árið 2015 og 23 árið 2016. Árið 2009 voru unnin 4 ársverk.

Lóð Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut er 17,6 hektarar að stærð. Um er að ræða eignarland ríkissjóðs og lóð sem Reykjavíkurborg hefur tekið frá fyrir uppbyggingu Landspítala og Háskóla Íslands. Verðmat lóðanna mun fara fram þegar þær verða lagðar inn í hlutafélagið. Í skýrslu norsku ráðgjafanna er gert ráð fyrir að eignir Landspítala í Fossvogi og að Ármúla 1 verði seldar á árinu 2018. Lauslegt mat á söluandvirði þessara eigna er 7,5 milljarðar kr.

Gæði kostnaðaráætlana.

Verkefnisstjórnin hefur bent á að kostnaðarmat verkefnisins byggist á mjög ítarlegri kostnaðaráætlun sem unnin var af norsku verkfræðistofunni Sweco og arkitektunum C.F. Möller. Þeir hafa mikla reynslu frá Noregi af byggingu sjúkrahúsa og notuðu reynslutölur frá nýju háskólasjúkrahúsi í Ósló. Íslenskar verkfræðistofur aðlöguðu einingarverð að íslenskum reynslutölum. Framkvæmdasýsla ríkisins yfirfór kostnaðarmatið og gaf út skýrslu um það. Kostnaðarmat norsku aðilanna miðar við byggingarvísitölu 381 stig og er fermetraverð á bilinu 330 þús. kr. fyrir göngudeildarhús og upp í 400 þús. kr. fyrir bráðakjarnann. Framreikningur þess verðs gefur í mars 2009 fermetraverð á bilinu 426 þús. kr. upp í 516 þús. kr. og meðalverð á fermetra 483 þús. kr. Í skýrslu Momentum og Hospitalitet frá því í mars er notast við 500 þús. kr. á fermetra sem er hærra en fyrrgreint meðalverð. Verkefnisstjórnin bendir á að hæpið sé að taka meðalverðið 500 þús. kr. á fermetra og bera saman norskar reynslutölur út frá meðalverði. Taka þurfi tillit til þátta sem eru misjafnir milli landa, til dæmis launa. Framkvæmdasýsla ríkisins telur í skýrslu sinni að nákvæmni matsins sé +/– 15% á þessu stigi. Í frumathugun norsku sérfræðinganna koma fram þeir þættir sem gera þarf áhættugreiningu á og tengjast þeir flestir rekstraröryggi Landspítalans, t.d. vegna jarðskjálfta, sýkingarvarna o.fl. Þá felst óvissa í kostnaðarmatinu því hve vel hönnuðum tekst að hanna hagkvæmt hús fyrir byggingu og rekstur. Kröfur um

fjölda bílastæða og staðsetning þeirra geta haft áhrif á kostnaðarmatið. Samningum við lífeyrissjóði er ólokið og því ekki ljóst hvaða lánskjör verða endanlega í boði.

Arðsemisútreikningar.

Mat á ávinningi af byggingu nýs Landspítala var gert síðla vetrar 2009. Útreikningur á rekstrarsparnaði er frá því í nóvember 2008 eða fyrir einu og hálfu ári. Markmið Landspítalans er að lækka rekstrarkostnað um 2,7 milljarða kr. á milli áranna 2009 og 2010 en rekstrarkostnaður spítalans nam 38 milljörðum kr. á árinu 2009. Að mati hagdeildar Landspítala er óhagræðið af því að reka tvo spítala í stað eins um 2,7 milljarðar kr. á ári. Verkefnisstjórnin bendir á að við mat á arðsemi verkefnisins hafi verið litið til þess að spítalinn muni starfa um langa framtíð. Norsku ráðgjafarnir lögðu mat á þrjár mismunandi leiðir og reiknuðu út hver þeirra væri hagkvæmust litið til næstu 40 ára. Við mat á næmni arðsemismatsins var litið til þess hvort val á hagkvæmustu leið breyttist við breytingu á helstu grunnforsendum. Í arðsemislíkani norsku ráðgjafanna eru helstu forsendur taldar upp. Miðað við 6% ávöxtunarkröfu þarf byggingarkostnaður að hækka um 50% til þess að breyta því að hagstæðast sé að byggja nýjan Landspítala. Sömuleiðis þarf rekstrarsparnaður að lækka um 40% til að breyta hagkvæmustu leið. Ákvörðunin er því mjög lítið næm fyrir breytingum á helstu forsendum að mati verkefnisstjórnarinnar.

Talið er að hagræðingin skili sér fljótt með tilkomu nýrrar byggingar og breytingum á skipulagi og starfsemi. Norsku ráðgjafarnir telja að ná megi öðrum 6% í sparnaði til viðbótar með umfangsmiklum skipulags- og ferlabreytingum. Nýr spítali er mikilvægur hvati til að ná viðbótarsparnaðinum. Nýr spítali er þegar mikilvægur þáttur í stefnu Landspítala og á þátt í góðum árangri í rekstri hans.

Viðhaldskostnaður verður innifalinn í leigugreiðslum. Almennt er viðhaldskostnaður af húsnæði spítala talinn nema árlega 1,5–2% af byggingarkostnaði.

Fjármögnun.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að forhönnun verði fjármögnuð með lántöku á markaði með veðheimild í eignum. Sá kostnaður verður eignfærður. Í kjölfar alútboðs og tilboðs verktaka um byggingu og fjármögnun á byggingartíma kaupir verktaki frumhönnunina sem er áðurnefnd eignfærsla. Langtímafjármögnun byggist á ákvörðun eiganda hússins, en lífeyrissjóðir hafa lýst yfir vilja til að koma að fjármögnun til 40 ára. A-hluti ríkissjóðs greiðir leigu í 40 ár en eignast byggingarnar á hrakvirði að loknum leigutíma.

Skipulagsmál.

Deiliskipulag verður unnið að lokinni hönnunarsamkeppni og er gert ráð fyrir að það liggi fyrir vorið 2011. Það mun þarfnast víðtækrar kynningar á grundvelli skipulagslaga, nr. 73/1997. Grenndarkynning nægir ekki heldur verður um að ræða forstigskynningar, almennar kynningar, almennt athugasemdaferli og lögbundna stjórnsýsluúrvinnslu. Kynningarferlið er fastmótað í skipulagsreglugerð og má gera ráð fyrir 6–8 mánaða ferli í ljósi reynslunnar.

Fyrirkomulag í ríkisreikningi.

Opinber hlutafélög eru færð í E-hluta ríkisreiknings og eru uppgjör þeirra birt þar. Í lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, eru heimildir sem Alþingi getur nýtt sér við að

fylgjast með starfsemi þeirra. Í 3. mgr.10. gr. laga nr. 86/1997 segir: „Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. eða leggja fram skýrslu. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.“ Því til viðbótar gilda upplýsingalög um þetta félag. Ríkisendurskoðun telur að samninginn beri að gjaldfæra að fullu með sama hætti og A-hluti hefði ráðist í framkvæmdina um leið og byggingin verður tekin í notkun. Í því sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á að stofnunin hefur lagt til að lög um fjárreiður ríkisins verði endurskoðuð.

Aðkoma Alþingis að málinu á síðari stigum.

Fjármálaráðuneytið hefur bent á að ákvörðunin um mat og töku tilboðs að loknu útboði muni verða hjá ráðuneytinu, hlutaðeigandi fagráðuneyti og þeirri stofnun sem verður leigjandi eignarinnar. Verði frumvarpið að lögum muni opinbera hlutafélagið hafa heimildir til að standa að flestum ef ekki öllum þáttum í undirbúningi verkefnisins og útboði þess. Hinn endanlegi leigusamningur mun hins vegar verða við ríkið en ekki félagið eins og fram kemur í frumvarpinu. Ríkið sem slíkt muni því sjálft þurfa að taka endanlega afstöðu til tilboða sem berast með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem gilda um hagkvæm innkaup, fjárheimildir, auk annarra þátta sem almennt eru skoðuð og metin við leigu á fasteignum fyrir ríkið, enda verði það vald tæplega framselt til hlutafélags. Fjármálaráðuneytið bendir á að sé það vilji fjárlaganefndar að fjallað sé um atriði sem snúa sérstaklega að framkvæmdarvaldinu í frumvarpinu mætti hugsa sér að setja inn lagagrein þess efnis. Hefur meiri hlutinn ákveðið að gera það, eins og nánar verður vikið að.

Það eru einkum þrír tímapunktar þar sem unnt er að stöðva verkefnið þannig að ríkissjóður verði fyrir sem minnstu tjóni komi í ljós að það er ekki nægjanlega hagkvæmt. Sá fyrsti er þegar samið verður við hönnuði um útfærslu vinningstillögunnar úr hönnunarsamkeppninni og gerð útboðsgagna. Annar tímapunktur verður á næsta ári þegar undirbúningsframkvæmdir verða boðnar út. Sá þriðji er við gerð leigusamnings á árinu 2012 í kjölfarið á útboði á byggingu sjálfs spítalans en þá mun kostnaðaráætlun liggja fyrir og um leið endanlegt leiguverð.

Breytingartillaga.

Meiri hlutinn gerir fyrir hönd Alþingis kröfur til þess að leigusamningar sem fela í sér endurgreiðslu kaupverðs og þóknun til leigusala verði lagðir fyrir nefndina og þingið áður en verkefninu verður endanlega hleypt af stokkunum. Markmiðið er að Alþingi geti lagt mat á hvort forsendur þær sem hér er lagt upp með standist. Því verði ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en Alþingi hefur heimilað þær með lögum. Gerð er tillaga að breytingu á frumvarpinu þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson og Ólöf Nordal skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 4. júní 2010.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara.	Ásmundur Einar Daðason.
Björn Valur Gíslason.	Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.	Oddný G. Harðardóttir.
Ólöf Nordal, með fyrirvara.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þór Saari.

Þuríður Backman.

1213. Svar [610. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um umhverfisvæna greftrun.

1. *Hvernig er staðið að greftrun og líkbrennslu á Íslandi?*

Samkvæmt 1. gr. laga um kirkjugarða o.fl., nr. 36/1993, er skylt annaðhvort að greftra lík í lögmætum kirkjugarði eða brenna þau í viðurkenndri bálstofu.

Þegar greftrun á sér stað eru lík lögð í kistu og þær síðan settar í grafir sem eru það djúpar að minnst einn metri er frá kistuloki á grafarbarm.

Ein bálstofa er á Íslandi, hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi. Líkin eru brennd í líkbrennsluofni við mikinn hita. Öskunni er síðan komið fyrir í duftkerjum og þau ýmist sett í venjulegar grafir eða í grafir í sérstökum duftkersreitum eða öskunni er stráð í viðurkenndum minningarlundi innan kirkjugarðs eða öskunni er dreift yfir sjó eða öræfi, en eftir lagabreytingu árið 2002 geta nánustu aðstandendur fengið leyfi ráðuneytisins til slíkrar dreifingar.

2. *Hver er umhverfismengunin af greftrun og líkbrennslu?*

Umhverfismengun af völdum greftrunar getur fyrst og fremst stafað frá því efni sem kistur eru smíðaðar úr, einkum timbri, málmum og plasti.

Sérstakt átak var gert í þessum efnum árið 2007 en með reglugerð nr. 668/2007 voru verulegar breytingar gerðar á reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu. Var stefnt að því gera efnin vistvænni og að lágmarka mengun við niðurbrot kistu eða duftkers í jarðvegi. Til dæmis var áskilið að allur viður skyldi vera óvatnsvarinn, gegnheill viður, spónaplötur (E1) og MDF (Medium Density Fiberboard). Handföng skulu vera úr tré eða plasti sem hefur eðlilegt niðurbrot og samlagast jarðvegi og valda ekki mengun. Ef um reipi er að ræða eiga þau að vera gerð úr trefjum sem tilheyrir plönturíkinu. Skrautmunir skulu vera úr niðurbrjótanlegu efni sem samlagast jarðvegi. Málning á kistum má ekki geyma

þungmálma og kistur mega ekki vera plastklæddar. Skrúfur og samsetningarefni, svo sem vinklar, mega ekki vega meira en 200 g í hverri kistu. Líkklæði skulu vera úr niðurbrjótanlegu efni. Niðurbrot á líkama hins látna getur tekið mismunandi langan tíma, m.a. vegna mismunandi jarðvegs, en að lokum aðlagast hann jarðveginum, nema þau aðskotaefni sem eru í líkamanum, svo sem kvikasilfur í tönnum, járnpinnar, mjaðmakúlur, o.fl.

Að því er bálstofuna snertir þá eru lík brennd í kistum. Reynt er að lágmarka mengunarvaldandi þætti með sama hætti og í öðrum kistum. Mengun af völdum látinna manna sem eru brenndir, stafar einkum frá kvikasilfri (amalgam) í tönnum, járnteinum og öðrum aðskotahlutum. Hreinsibúnaður brennsluofnsins sem er frá árinu 1948 var endurnýjaður fyrir nokkrum árum og er reglulega fylgst með mengun í útblæstri. Til fróðleiks fylgir skýrsla sem gerð var af Efnagreiningum Keldnaholti í janúar 2007 varðandi mat á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu og dreifingarspá varðandi Bálstofuna í Fossvogi.

3. *Hefur verið skoðaður möguleikinn á að leyfa þurrfrystingu við greftrun til að draga úr umhverfismengun?*

Ráðuneytinu er kunnugt um og hefur fylgst með þessari vistvænu aðferð sem lýst er, þ.e. þurrfrystingu, en sænskur líffræðingur og verkfræðingur, Susanne Wiigh-Mäsak að nafni, kynnti hana árið 2001 og fékk einkaleyfi fyrir henni í Svíþjóð fyrir nokkrum árum. Aðferðin er þannig að lík er fryst niður í -18°C. Síðan er kistunni með líkinu sökkt í fljótandi köfnunarefni. Við þetta verður líkaminn frauðkenndur og síðan er kistan sett á bretti og hrist til. Við hristinginn verður líkið nánast að dufti. Með því að setja duftið í segulsvið er svo unnt að skilja kvikasilfur og aðra málma frá. Þá eru eftir 5–30 kg af dufti sem loks er sett í umhverfisvæna kistu sem búin er til úr maíssterkju eða kartöflusterkju og hún síðan jarðsett. Kistan og askan aðlagast síðan jarðveginum á 6–12 mánuðum. Með því að gróðursetja tré á leiðið mun það soga í sig næringarefnin sem losna úr læðingi.

Þessi aðferð hefur ekki fengið almenna útbreiðslu en tilraunir standa enn yfir í Svíþjóð og víðar, m.a. í Kanada.

Fylgiskjal.

Efnagreiningar,
Hermann Þórðarson.

Skýrsla um mat á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu og dreifingarspá.

Kirkjugarðar Reykjavíkur Fossvogi. Janúar 2007.

Ágrip
Gerð hefur verið loftdreifingarspá m.t.t. vinds- og veðurgagna um kvikasilfursmengun frá líkbrennslu Kirkjugarða Reykjavíkur í Fossvogskirkju þar sem miðað er við gögn frá Norðurlöndum og hugsanleg frávik hérlendis metin. Gerð er spá fram í tíma miðað við mat á hugsanlegum breytingum á fjölda kvikasilfursfyllinga á næstu árum/áratugum.

Mat á losun
Gögn um tíðni fyllinga eftir aldurshópum og magn kvikasilfurs í tönnum byggist á rannsókn frá Svíþjóð sem gerð var í Gautaborg árið 1991 (2). Sú dreifing hefur verið yfirfærð og framreiknuð með tiltölulega einföldum hætti til næstu áratuga. Gert er mat á hugsanlegum frávikum frá þessari grunnforsendu. Kannað var hvaða áhrif það hefði á niðurstöðurnar að tönnum með amalgamfyllingum í fólki á aldrinum 60 og eldra fækkaði um 3 á hverjum áratug, vegna útskiptingar eða tannmissis. Einnig voru könnuð áhrif þess að mun hærra hlutfall Íslendinga eru tannlausir heldur en Svíar.

Um sjötti hluti dáinna einstaklinga er brenndur, núna um 340 manns af um 1850 árlega og hefur þetta hlutfall farið nokkuð hækkandi. Reiknað er með að þróun í aukningu á fjölda brenndra verði svipuð og verið hefur. Þetta kann þó að breytast með tilkomu duftkirkjugarða sem verið er að ganga frá, þannig að aukningin verði meiri og hraðari en gert er ráð fyrir hér.

Meginniðurstaða er að losun kvikasilfurs við líkbrennsluna sé nú á bilinu 1,6 – 2,5 kg árlega, eða um 5-7 g á hvern brenndan einstakling. Þetta er lagt til grundvallar við gerð dreifingarspárinnar.

Loftdreifingarspá
Loftdreifingarspá er gerð með spáforriti frá Lakes Environmental sem notar USEPA reiknilíkönin ISCST3 og ISC-AERMOD. Notuð voru veðurgögn frá Veðurstofu Íslands, mæld árið 2005 í veðurmælingastöðinni við Bústaðaveg. Kortagrunnur var úr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður benda til þess að á svæðum næst kirkjunni séu skammtímakvikasilfursgildi (0,3 - 1 $\mu g/m^3$) af sömu stærðargráðu og hámarksgildi sem sett eru til viðmiðunar um kvikasilfursmengun í andrúmslofti (0,3 - 1,0 $\mu g/m^3$), þar sem þau hafa verið sett. Langtíma-meðalgildi eru hins vegar innan allra marka sem tiltekin eru.

Að jafnaði gætir mengunar meira norðan kirkjunnar þar sem sunnanáttir eru algengari en norðanáttir og landið liggur hærra. Dreifingarspáin gefur til kynna að stundarhámörk séu hæst af stærðargráðunni 0,5 - 1 $\mu g/m^3$ á svæði mjög nærri og norðan kirkjunnar eða innan við um 100 m radíus. Þá getur svæðið norður af kirkjunni að húsi Landsvirkjunar orðið fyrir nokkurri tímabundinni mengun eða á bilinu 0,3-0,5 $\mu g/m^3$. Í þeirri húsabyggð sem næst er til austurs (innan 200 m radíuss), eru hæstu stundargildi um 0,2-0,4 $\mu g/m^3$. Í viðauka 3 má sjá kort af svæðinu og mengunarlínur.

Hæsta sólarhringsgildi er um 0,07-0,13 $\mu g/m^3$ og í næstu húsabyggð (200 m radíus) á bilinu 0,03-0,09 $\mu g/m^3$. Ársmeðaltalsmengun er 0,0015-0,003 $\mu g/m^3$ (1,5-3 ng/m^3), þar sem mengunin er mest nærri kirkjunni og 0,0007$\mu g/m^3$ (0,7 ng/m^3) fjær. Utan 200 m radíuss eru ársmeðaltöl lægri en 0,0007 $\mu g/m^3$ (< 0,7 ng/m^3). Meðalbrennsludagsgildi eru á bilinu 0,010-0,020 $\mu g/m^3$ þar sem gildin eru hæst og undir 0,005 $\mu g/m^3$ utan 200 m radíuss.

1 Inngangur - Mat á kvikasilfursmengun frá líkbrennslu í Fossvogi

Iðntæknistofnun/EGK var falið að gera loftdreifingarspá m.t.t. vinds- og veðurgagna um kvikasilfursmengun frá líkbrennslu Kirkjugarða Reykjavíkur í Fossvogi þar sem miðað yrði við gögn frá Norðurlöndum og hugsanleg frávik hérlendis metin. Einnig að gera spá fram í tíma miðað við mat á hugsanlegum breytingum á fjölda kvikasilfursfyllinga á næstu árum/áratugum.

2 Forsendur mengunarmats og framtíðarspár

Mælingar gerðar á kvikasilfri í útblæstri frá t.d. Danmörku sýna að gríðarlegur breytileiki er á innihaldi kvikasilfurs í brennslureyknum eða allt frá núll milligrömmum að níu grömmum enda ákaflega breytilegt hversu mikið af tannfyllingum er að finna í dánum einstaklingum. Amalgamfyllingar hafa einnig mjög breytilega tíðni í mismunandi aldurshópum. Það mat sem gert er hér á mengun frá líkbrennslu í Fossvogi takmarkast af eftirfarandi óvissuþáttum:

Gögn um tíðni fyllinga eftir aldurshópum byggist á rannsókn frá Svíþjóð sem gerð var í Gautaborg árið 1991 (2). Sú dreifing hefur verið yfirfærð og framreiknuð með tiltölulega einföldum hætti til næstu áratuga. Í fyrsta lagi kann tíðnin að vera nokkuð ólík í Svíþjóð og Íslandi og var a.m.k. talið fyrir árið 1995 að tannheilsa Íslendinga væri nokkru verri en nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum, þ.e. tennur í börnum og unglingum á Íslandi skemmdust fyrr og þeir hefðu fleiri viðgerðar tennur en unglingar í sambærilegum aldurshópum. Þetta hefur reyndar breyst mjög til batnaðar (1) en það hefur ekki áhrif á eldri hópa, þar sem tíðni amalgamfyllinga í sumum aldurshópum gæti hugsanlega verið nokkru meiri hérlendis en í þeirri rannsókn sem byggt er á.

Aftur á móti getur verri tannheilsa leitt til tannleysis og hlutfall Íslendinga sem voru tannlausir um 1990 var mun hærra en Svía 1988-1989 (3, 4). Það gæti því verið að heildarmagn kvikasilfurs að meðaltali í eldri einstaklingum á Íslandi sé töluvert lægra en í sambærilegum aldurshópum í Svíþjóð. Það er þó ekki sjálfgefið að hærri tíðni tannleysis leiði til minna amalgammagns í dánum einstaklingum, þó það virðist líklegt og verður vikið nánar að þessu atriði síðar. Þetta er annar stór óvissuþáttur í þessu mati, því ólíklegt verður að teljast að öðru leyti að tíðni tannviðgerða eða þörf fyrir tannviðgerðir hafi verið verulega minni hérlendis en í Svíþjóð á sama tímabili. Þó hefur líklega verið nokkur munur á milli landanna síðustu öld í þátttöku ríkisins í tannlækningakostnaði barna og unglinga, þar sem hann var alfarið greiddur af ríkinu í Svíþjóð, en hérlendis var það lengst af ekki gert.

Allnokkrar breytingar geta hafa orðið á tíðni amalgamfyllinga á undanförnum árum, breytingar yfir í plastfyllingar eru algengar og geta haft veruleg áhrif á næstu tuttugu árum.

Tíðni amalgamfyllinga er háð t.d. aldri, kyni, jafnvel búsetu, aðgengi að tannlæknaþjónustu eða efnahag. Þversnið dáinna árlega og þversnið þeirra sem kjósa að láta brenna sig á hverju ári eru ekki sjálfkrafa eða nauðsynlega eins m.t.t. tannheilsu.

Um sjötti hluti dáinna einstaklinga er brenndur, núna um 340 manns af um 1850 árlega og hefur þetta hlutfall farið nokkuð hækkandi. Reiknað er með að þróun í aukningu á fjölda brenndra verði svipuð og verið hefur. Þetta kann þó að breytast með tilkomu duftkirkjugarða sem verið er að ganga frá, þannig að aukningin verði meiri og hraðari en gert er ráð fyrir hér.

Í síðasta lagi er ekki ljóst hversu stór hluti af kvikasilfri fer út með útblásturslofti brennslunnar, en hér er einfaldlega reiknað með að allt skili sér í útblástur. Nánar verður vikið að þessu atriði síðar.

Samantekið má segja að ýmsir þættir gætu verið til hækkunar eða lækkunar og skal matið tekin sem tilraun til greiningar á stærðargráðu mengunar og hugsanlegri áhættu af hennar völdum.

3 Framtíðarspá

Útreikningur á kvikasilfursmengun byggist á mati á magni kvikasilfurs í mismunandi aldurshópum, sem framreiknað er frá athugun í Svíþjóð, tölum og spám frá Hagstofu Íslands um fjölda látinna í hverjum aldurshóp og svo gögnum og spá um fjölda brenndra. Notast er við eftirfarandi spájöfnu út frá fyrirliggjandi gögnum um líkbrennslu:

$$\text{Fjöldi brenndra} = 0{,}3852 \cdot (\text{ártal})^2 - 1525 \cdot (\text{ártal}) + 1509450$$

Til að auðvelda umræðu um mengunarmatið mun þessir útreikningar í heild verða kallaðir því virðulega nafni grunnlíkan í textanum hér á eftir. Eftirfarandi niðurstöður fengust um kvikasilfursmengun frá líkbrennslunni:

Tafla 1. ***Mat á Hg í útblæstri árið 2005***

Aldurshópur	Dánir [i]	Magn Hg/einstakling [ii]	Hg áætlað í hópi látinna (g)	Hg losað við brennslu (g) [iii]
0-19	25	0	0	0
20-29	21	2 [iv]	42	8
30-44	41	5	207	38
45-49	36	10	357	66
50-54	48	10	483	90
55-59	71	10	710	132
60-64	88	13	1144	212
65-69	111	12	1332	247
70-74	186	12	2232	414
75-79	260	8	2083	386
80-89	641	6	3846	713
90-	301	3	902	167
Alls	**1829**		**13337**	**2472**

i Meðaltal áætlað frá tölum Hagstofu Íslands um látna 2003, 2004 og 2005.
ii Framreiknað úr gögnum frá Svíþjóð
iii Fjöldi brenndra = 19% af fjölda látinna skv. fyrirliggjandi gögnum
iv Ágiskað

Sömu forsendur framreiknaðar til ársins 2015:

Tafla 2. ***Mat á Hg í útblæstri árið 2015***

Aldurshópur	Dánir [i]	Magn Hg/einstakling [ii]	Hg áætlað í hópi látinna (g)	Hg losað við brennslu (g) [iii]
0-19	22	0 [iv]	0	0
20-29	29	1 [iv]	29	7
30-44	49	4 [iv]	186	45
45-49	34	5	170	41
50-54	61	5	305	73
55-59	99	10	990	238
60-64	127	10	1270	305
65-69	157	10	1570	377
70-74	231	13	3003	721
75-79	273	12	3276	787
80-89	863	10	8803	2114
90-	445	6	2670	641
Alls	**2.390**		**22272**	**5349**

i Áætlun miðuð við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands um lifandi og látna árið 2015.
ii Framreiknað úr gögnum frá Svíþjóð
iii Spá út frá fyrirliggjandi gögnum um líkbrennslu, fjöldi brenndra = 24% af fjölda látinna
iv Ágiskað

Sömu forsendur framreiknaðar til ársins 2025:

Tafla 3. ***Mat á Hg í útblæstri árið 2025***

Aldurshópur	Dánir [i]	Magn Hg/einstakling [ii]	Hg áætlað í hópi látinna (g)	Hg losað við brennslu (g) [iii]
0-19	22	0 [iv]	0	0
20-29	26	0 [iv]	0	0
30-44	44	1 [iv]	44	14
45-49	33	3 [iv]	99	31
50-54	56	5	280	88
55-59	93	5	465	145
60-64	136	5	680	213
65-69	191	10	1910	598
70-74	315	10	3150	985
75-79	438	10	4380	1370
80-89	953	13	12008	3757
90-	525	10	5355	1675
Alls	**2.832**		**28371**	**8876**

i Áætlun miðuð við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands um lifandi og látna árið 2025.
ii Framreiknað úr gögnum frá Svíþjóð
iii Spá út frá fyrirliggjandi gögnum um líkbrennslu, fjöldi brenndra = 31% af fjölda látinna
iv Ágiskað

Framreikningur með sama hætti hefur verið gerður allt til ársins 2045 til að sjá heildarmynd af spá líkansins, en mjög mikil óvissa er í notkun þess svo langt fram í tímann. En þessar niðurstöður má sjá á mynd 1 hér undir.



Mynd 1 *Mat og spá um árlega losun kvikasilfurs árin 1990-2045*

Niðurstaðan er semsagt að á árinu 2005 hafi um 2,5 kg af kvikasilfri farið með útblæstri brennslunnar. Þar sem gert er ráð fyrir að fjöldi brennslna muni aukast hlutfallslega verður áframhaldandi aukning í losun kvikasilfurs frá brennslunni og í grófum dráttum eru niðurstöður líkansins að kvikasilfur í útblæstri muni aukast um 0,3 kg á hverju ári. Hámarki verður svo náð um 2035-2036 með losun um 11,5 kg Hg á ári. Eftir það mun draga nokkuð hratt úr þessari mengun.

Mat grunnlíkansins á magni kvikasilfurs á hvern látinn einstakling reiknast 7,3 g árið 2005 og er allnokkru hærra en viðmið um kvikasilfur í látnum einstaklingum á Norðurlöndum, sem er t.d. í Danmörku 4 g og í Svíþjóð 5 g. Reyndar er áætlað magn í látnum einstaklingum í Svíþjóð árið 2000 hærra en viðmiðið eða 5,9 g og hefur aukist úr 3,6 g frá árinu 1986 og mætti reikna með um 6,5 g árið 2005 að óbreyttum forsendum. Spá grunnlíkansins gerir ráð fyrir að losun kvikasilfurs á hvern látinn einstakling hérlendis muni enn hækka í um 9,3 g árið 2015 og svo í 10 g árið 2025 miðað við þessar forsendur. Úr því fer að draga úr kvikasilfri í hverjum látnum einstakling og verður líklega um 9 g eða lægra 2035. Rétt er að minna á að þessar framreiknuðu tölur miðast við að fólk haldi vel tönnum sínum og að amalgamfyllingar séu jafnan endurnýjaðar með sama efni og ekki verði raunaukning eða minnkun á kvikasilfri hjá hverjum einstakling með aldri. Það er ljóst að þessar forsendur er líklega ekki raunhæfar og að öllum líkindum er þetta ofmat. Það er hins vegar ekki beinlínis skekkja í líkaninu sem veldur þessari reiknuðu hækkun, það er líklegt að það verði hækkun á kvikasilfursmagninu, þar sem þeir aldurshópar sem koma til brennslu á næstu árum hafa mun meira af viðgerðum og fylltum tönnum en hefur verið og tannleysi fer ört minnkandi. Gert er hins vegar mat á hugsanlegum frávikum frá forsendum grunnlíkansins hér neðar.

3.1 Framkvæmd brennslu í Fossvogi og mat á losun á tímaeiningu

Miðað er við að brennt sé á þriðjudögum. Brennslur eru 5-8 í viku, hver brennsla tekur um 1,5-2 klst. Byrjað kl. 6 á morgnana og endað um 4-5 leytið á daginn og haldið áfram næsta dag ef meira liggur fyrir þá viku. Þó er það misjafnt eftir starfsmönnum hvort það er gert, því annar starfsmaðurinn kvaðst heldur halda lengur áfram á þriðjudegi þar til öllum fyrirliggjandi brennslum væri lokið. Reiknað er með að hver brennsla taki um 1,7 klst. að meðaltali.

Þær breytingar sem eru þá fyrirsjáanlegar með auknum fjölda brennslna eru þær að oftar verður brennt tvo daga í röð. Árið 2015 með tæplega 600 brennslur má gera ráð fyrir að brenna þurfi a.m.k. tvo daga í röð í einum ofni, eða að seinni ofninn verði tekinn í notkun líka og öllum brennslum lokið á einum degi eins og áður. Þetta getur skipt nokkru máli upp á hámarksmengun í umhverfinu. Í eftirfarandi töflu er reiknað með að einungis sé brennt í einum ofni í senn (og þá fleiri daga í viku). Árið 2025 yrði brennt 3-4 daga vikunnar í einum ofni.

Tafla 4. ***Losun í útblæstri við brennslu – Grunnlíkan***

	2005	2015	2025	2035	2045	
Brennslur alls	339	574	886	1275	1741	
Hlutf. af fjölda látinna	19%	24%	31%	36%	45%	
Losun	2472	5349	8876	11429	9867	g/ár
	49	107	177	229	197	g/viku
Brennslutími	11	19	30	43	58	st/viku
Losun við brennslu	4,4	5,6	6,0	5,4	3,4	g/klst
	0,0012	0,0015	0,0017	0,0015	0,0009	g/sek

3.2 Áhrif frávika í forsendum á niðurstöður

a) Fækkun amalgamfyllinga

Reiknuð var útkoma fyrir þá forsendu að tönnum með amalgamfyllingum í fólki á aldrinum 60 og eldra fækkaði um 3 á hverjum áratug, vegna útskiptingar eða tannmissis, til að kanna hver áhrif það hefði á niðurstöðurnar. Þetta hefur nokkur áhrif, t.d. yrði niðurstaða fyrir árið 2005 um 11% lægri, um 15% lægri árið 2015 og 18% lægri 2025. Sjá má niðurstöður þessar í eftirfarandi töflu og mynd 2:

Tafla 5. ***Losun í útblæstri við brennslu – tannfækkun og útskipting amalgams***

	2005	2015	2025	2035	2045	
Brennslur alls	339	574	886	1275	1741	
Hlutf. af fjölda látinna	19%	24%	31%	36%	45%	
Losun	2196	4543	7247	8478	6722	g/ár
	44	91	145	170	104	g/viku
Brennslutími	11	19	30	43	58	st/viku
Losun við brennslu	3,9	4,7	4,9	4,0	2,3	g/klst
	0,0011	0,0013	0,0014	0,0011	0,0006	g/sek

b) Tannleysi

Einnig má skoða áhrif þess að mun hærra hlutfall Íslendinga eru tannlausir heldur en Svíar, en forsendur útreikninganna byggjast á sænskum rannsóknum um fjölda amalgamfyllinga eftir aldurshópum. Sem dæmi má nefna að árið 1989 eru um 8% Svía í aldurshópnum 45-64 ára tannlausir (4), en árið 1990 eru um 36% Íslendinga tannlausir í þessum aldurshópi (3). Það er erfitt að meta hvaða áhrif þetta hefur á meðalfjölda amalgamfyllinga, en einfaldasta myndin sem má setja fram er að meðalfjöldi amalgamfyllinga sé svipaður í Svíum og Íslendingum sem eru með tennur. Það myndi þýða að meðalmagn amalgams í tönnum Íslendinga yrði um 30% lægra í aldurshópnum 45-64 sem tekinn var sem dæmi hér ofar. Þetta er þó ekki sjálfgefið, það eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á þetta. Hefð í tannlækningum kann að ráða hversu snemma fólki er ráðlagt að fá sér gervitennur og viðurkenning samfélagsins á tannleysi eða notkun gervitanna kann að vera mismunandi. Þá gæti fjöldi amalgamfyllinga í Íslendingum sem halda tönnum sínum verið meiri en í Svíum sem eru með tennur, eða öfugt. Ef hins vegar er gert ráð fyrir þeirri einföldu mynd sem nefnd var, að meðalfjöldi amalgamfyllinga sé svipaður í Svíum og Íslendingum sem eru með tennur, þá fást eftirfarandi niðurstöður. Reiknað er með svipaðri þróun tannleysis hérlendis frá 1990 og átti sér stað í Svíþjóð á árunum 1975-1995, þar sem tannleysi minnkaði mjög hratt og nánast línulega úr t.d. 52% árið 1975 í aldurshópnum 65-74 niður í um 17% árið 1996.

Tafla 6. ***Losun í útblæstri við brennslu – áhrif vegna hærri tíðni tannleysis hjá Íslendingum***

	2005	2015	2025	2035	2045	
Brennslur alls	339	574	886	1275	1741	
Hlutf. af fjölda látinna	19%	24%	31%	36%	45%	
Losun	1567	3729	7866	10677	9751	g/ár
	31	75	157	214	195	g/viku
Brennslutími	11	19	30	43	58	st/viku
Losun við brennslu	2,8	3,9	5,3	5,0	3,4	g/klst
	0,0008	0,0011	0,0015	0,0014	0,0009	g/sek



Mynd 2 *Mat og spá um árlega losun kvikasilfurs árin 1990-2045 – mismunandi forsendur*

Sjá má niðurstöður grunnlíkansins og áhrif frá breyttum forsendum á grafinu hér ofar (mynd 2). Það er nokkuð fróðlegt að sjá að áhrif tannleysis eru hugsanlega hlutfallslega veruleg núna og næsta áratug en svo fer að draga úr áhrifum þess. Breytingin frá grunnlíkaninu er að á árinu 2005 hafi farið um 1,6 kg (í stað 2,5 kg) af kvikasilfri með útblæstri brennslunnar eða um 4,6 g á hvern látinn einstakling að meðaltali. Þetta væri mjög svipað og viðmið um kvikasilfur í látnum einstaklingum í Danmörku og Svíþjóð, sem voru eins og áður sagði 4-5 g.

Fækkun amalgamfyllinga vegna tannmissis eða útskiptingar hefur hins vegar meiri áhrif á niðurstöður til lengdar en tannleysið. Rétt er að taka fram að sú forsenda sem sett var inn í líkanið að amalgamfyllingum í fólki á aldrinum 60 og eldra fækkaði um 3 á hverjum áratug, vegna útskiptingar eða tannmissis, er algjörlega tilbúin af höfundi. Það er þó mat mitt að þetta sé tiltölulega varfærin tilgáta og hugsanlegt að útskipting amalgamfyllinga geti orðið mun hraðari en þarna er gert ráð fyrir. Ending amalgamfyllinga skiptir þarna líka miklu máli, tölur um endingu þeirra eru mjög mismunandi og má sjá mat á bilinu 5-8 ár eða 10-20 ár. Jafnvel þó reiknað sé með 15 ára endingu, þá myndi það þýða að þetta vandamál minnkaði mjög hratt uppúr 2020, ef notkun amalgamfyllinga hérlendis fylgir svipaðri þróun og á Norðurlöndum, þar sem notkun amalgams er lítið brot af því sem áður var.

Það er mat höfundar að ofangreindir útreikningar gefi nokkuð góða mynd af efri og neðri mörkum líklegrar kvikasilfursmengunar næstu 15-20 ár og matið sé varfærið að því leyti að mengunin er sennilega ekki vanmetin. Það er ekki líklegt að mengunin verði verulega meiri en þarna er gert ráð fyrir, nema að brennslum fjölgi mun hraðar en þarna er reiknað með. Hins vegar geta þær breytingar sem nú eiga sér stað í tannviðgerðum haft mikil áhrif til lækkunar á losun kvikasilfurs á næstu áratugum, sérstaklega eftir 2020. Að svo stöddu eru ekki gögn fyrirliggjandi sem gera kleift að spá nákvæmar um þau áhrif.

4 Forsendur dreifingarspár fyrir árið 2007

Meðallosun í ár reiknast að vera um 36-59 g/viku, brennslur verði um 380 og brennslutími verði um 13 stundir vikulega. Það þýðir að losun er um 0,0008 - 0,0013 g/s að meðaltali meðan á brennslu stendur.

Út frá dreifingu í aldurshópum má gera sér hugmyndir um líklegt hámark í hverri brennslu og líklegt dagshámark sem má sjá í töflu 7. Hámark klukkustundar er reiknað með þeim einfalda hætti að ólíklegt sé að einstaklingar beri meir en um 50 g alls af amalgami (25 g Hg) í einu í tönnum sínum og er það reiknað út frá stærð og þyngd fyllinga og hugsanlegum fjölda viðgerðra tanna. Þetta er fjarri því að vera óhugsandi miðað við að meðaltal amalgams í ákveðnum aldurshópum er um 26 g sem svarar til 13 g af Hg. Líkleg dagshámörk eru metin út frá því að á sama degi séu allir brenndir einstaklingar með hæsta meðaltal einstaks aldurshóps. Það er hugsanlegt að hærri dagshámörk gætu átt sér stað, en mun ólíklegra.

Tafla 7. ***Losun í útblæstri við brennslu 2007***

Grunnlíkan	**Frávikslíkan v/færri tanna**	
Meðaltal dags/viku		
59	36	g/dag (og viku)
4,6	2,8	g/klst
0,0013	0,0008	g/sek
Líklegt dagshámark		
72	60	g/dag (og viku)
7,2	6	g/klst
0,0020	0,0017	g/sek
Líklegt hámark klst		
25	25	g/brennslu
17	17	g/klst
0,0048	0,0048	g/sek

Forsenda dreifingarspárinnar er þá sú að meðaltal losunar dags og viku er 36-59 g Hg, dagshámark (og viku) er 72 g og stundarhámark er 17 g Hg. Þetta miðast við að brennsla eigi sér stað á einum degi.

4.1 Losun kvikasilfurs í útblástur

Minnst var á í upphafi að ekki væri ljóst hversu stór hluti kvikasilfursins fer út með útblástursloftinu og fyrirliggjandi rannsóknir svara því ekki óyggjandi. Þó gefur ein svissnesk rannsókn sem vitnað er til í (7) til kynna að um 56-77% af kvikasilfri skili sér beint í útblæstri og jafnframt virðist að einhver hluti skili sér í útblástur á lengri tíma. Svo virðist sem hluti kvikasilfursins setjist a.m.k. tímabundið inn á veggi ofnsins og reykháfs og einnig er talið að kvikasilfrið skili sér á einhvern annan hátt út í umhverfið. Hins vegar virðist afar lítið verða eftir í öskunni (7), enda kvikasilfur mjög rokgjarn málmur við hitastig brennslunnar. Hér verður reiknað með að allt kvikasilfur skili sér í útblásturinn, enda ekki ljóst hvort heimtuhlutfall í þeim mælingum sem fyrir liggja hafi verið 100%.

4.2 Útblástursmagn og lofthraði í útblæstri

Ekki hefur verið hægt að mæla útblástureshraða og meta magn útblásturs, til þess eru engin sýnatökuop og útblástursopið er ekki reglulegt heldur er nokkurskonar hús eða hattur með opum í 4 áttir yfir útblæstrinum. Í líkbrennsluofnum virðist gjarnan reiknað með um 3500-5000 Nm^3/klst loftnotkun. Útblástursmagnið og hraðann í útblæstri er líklega hægt að meta nokkuð vel. Miðað við hæð skorsteinsins og líklegan meðalhita í honum á bilinu 200-400°C ætti náttúrulegt uppdrif að skila um 7-8 m/s hraða og um 6-8000 m^3/klst eða um 3200-3800

Nm^3/klst. Það er blásari á útblæstrinum sem líklega er til að tryggja loftflæði á öllum þrepum upphitunar. Engar upplýsingar eru til um hann og ekki hægt að lesa neinar merkingar um loftmagn á honum, en miðað við stærð er ólíklegt að hann bæti verulega við náttúrulegt útblástursmagn. Verra er kannski að útblásturinn er ekki óhindraður eins og áður sagði og getur dregið úr uppstigshraðanum og haft áhrif á uppstreymisprófilinn. Það gæti haft nokkur áhrif á mengun í næsta umhverfi kirkjunnar. Því verður skoðað ákveðið bil í útblásturshraða til að kanna áhrif þess á dreifingu mengunar og verður gert ráð fyrir útblásturshraða á bilinu 4-10 m/s.

5 Dreifingarspá

Loftdreifingarspá er gerð með spáforriti frá Lakes Environmental sem notar USEPA reiknilíkönin ISCST3 og ISC-AERMOD. Notuð voru veðurgögn frá Veðurstofu Íslands, mæld árið 2005 í veðurmælingastöðinni við Bústaðaveg, sem er afar nærri Fossvogskirkju og ættu því að eiga mjög vel við. Kortagrunnur er úr landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar.

Skoðað verður ársmeðaltal, brennsludagsmeðaltal og svo hæsta dagsgildi og hæsta klukkustundargildi. Brennsludagsmeðaltal þá daga sem brennt er, má reikna sem sjöfalt ársmeðaltal, þar sem brennt er einn dag í viku. Hæsta dagsgildi og hæsta stundargildi ræðst af veðurfarsaðstæðum.

5.1 Viðmiðunargildi

Bera má spágildi saman við það að reiknað er með að meðalstyrkur kvikasilfurs í lofti sé um eða undir 2 ng/m^3 (0,002 µg/m^3) í dreifbýli og 10 ng/m^3 (0,010 µg/m^3) í þéttbýli í Evrópu. Mælingar sýna að almennt er bakgrunnstyrkur undir 2 ng/m^3 í dreifbýlislofti í Evrópu og á norðurslóðum og fari í 35 ng/m^3 á svæðum þar sem um nokkurt mengunartillegg er að ræða. Þessi gildi má telja staðfest að nokkru leyti hérlendis en ársmeðaltöl kvikasilfurs mælt á Stórhöfða (8) á 7 ára tímabili 1998-2004 eru á bilinu 0,5-4,8 ng/m^3 (loftsvif/aerosol) utan ársins 2002, þegar meðaltalið er um 21 ng/m^3.

Ekki hafa almennt verið sett viðmiðunargildi um hámarksstyrk kvikasilfurs í andrúmslofti í heiminum, en þó eru nokkur lönd sem hafa gert það. Þessi viðmiðunargildi eru á bilinu 0,3 – 1 µg/m^3 (6). Á síðustu árum hafa lægri gildi verið til umræðu. Í European Position Paper on Mercury (5) er mælt með gildinu 0,05 µg/m^3 sem viðmiðunargildi byggt á öryggisstuðli upp á 500 gegn hugsanlegum slæmum áhrifum (limit for adverse effects eða LOAEL) sem eru metin um 25 µg/m^3.

5.2 Niðurstöður

Í viðauka 2 má sjá loftmynd af næsta umhverfi Fossvogskirkju. Rétt til að gera grein fyrir helstu fjarlægðum má nefna að Öskjuhlíðarskóli er innan 200 m radíuss ásamt nyrsta hluta Suðurhlíðasvæðisins og húsa norður og austur af kirkjunni. Ef farið er upp í um 500 m radíus þá bætist við syðri hluti Suðurhlíðahverfisins, Veðurstofa og syðsti hluti Stigahlíðar, en hús við Háuhlíð eru nokkurnveginn á mörkum þessa hrings. Fjallað verður í orðum um dreifingarspá með eftirfarandi forsendum: Uppstreymishraði 8 m/s, útblástur 7200 m^3/klst og 250°C heitur, losun kvikasilfurs 0,0013 g/s að meðaltali meðan á brennslu stendur, 7 brennslur á dag, einungis brennt einn dag í viku. Reiknað er með hægu uppstigi (gradual plume rise) og tillit tekið til mishæðar í landslagi.

Að jafnaði gætir mengunar meira norðan kirkjunnar þar sem sunnanáttir eru algengari en norðanáttir og landið liggur hærra. Dreifingarspáin gefur til kynna að stundarhámörk séu hæst af stærðargráðunni 0,5-1 µg/m^3 á svæði mjög nærri og norðan kirkjunnar eða innan við um 100 m radíus. Þá getur svæðið norður af kirkjunni að húsi Landsvirkjunar orðið fyrir nokkurri tímabundinni mengun eða á bilinu 0,3-0,5 µg/m^3. Í þeirri húsabyggð sem næst er til austurs (innan 200 m radíuss), eru hæstu stundargildi um 0,2-0,4 µg/m^3. Í viðauka 3 má sjá kort af svæðinu og mengunarlínur.

Hæsta sólarhringsgildi er um 0,07-0,13 µg/m^3 og í næstu húsabyggð (200 m radíus) á bilinu 0,03-0,09 µg/m^3. Ársmeðaltalsmengun er 0,0015-0,003 µg/m^3 (1,5-3 ng/m^3), þar sem mengunin er mest nærri kirkjunni og 0,0007µg/m^3 (0,7 ng/m^3) fjær. Utan 200 m radíuss eru ársmeðaltöl lægri en 0,0007 µg/m^3 (< 0,7 ng/m^3). Meðalbrennsludagsgildi eru á bilinu 0,010-0,020 µg/m^3 þar sem gildin eru hæst og undir 0,005 µg/m^3 utan 200 m radíuss.

Það má því segja að viðbótarmengun vegna þessarar brennslu sé um tvöföldun að ársmeðaltali ef miðað er við dreifbýlisgildi (2 ng/m^3), en 15-30% aukning ef miðað er við borgargildi (10 ng/m^3) á svæði nærri kirkjunni. Á brennsludögum svarar mengunin til tvöfalt til tífalt hærri gilda en líklegs umhverfisstyrks kvikasilfurs á Íslandi á svæðinu innan 200 m radíuss í kringum kirkjuna.

5.3 Frávik

Í ofangreindri umfjöllun var miðað við 0,0013 g/s losun en ef tekið er mið af að hærri tíðni tannleysis væri rétt að miða við 0,008 g/s. Niðurstöður yrðu þessum mun lægri í réttu hlutfalli og þá yrðu hæstu stundarhámörk um 0,3-0,6 µg/m^3 og mesta ársmeðaltalsmengun um 0,001-0,002 µg/m^3 (1-2 ng/m^3).

Þá er hugsanlegt stundarhámark í losun mun hærra en ofangreindar losunartölur, eða 0,0048 g/s. Því er hugsanlegt að einstök stundarhámörk yrðu hærri en tiltekið er hér ofar, eða allt að 3-4 sinnum ef saman fer slíkt hámark í útblæstri og rétt veðurskilyrði.

Mismikill útblásturshraði eða frávik á hitastigi útblásturs hefur ekki veruleg áhrif á dreifingarspána og myndin sem dregin er í textanum hér ofar gildir þrátt fyrir einhverja óvissu að þessu leyti.

5.4 Styrkur í útblásturslofti

Hafa verður mikla fyrirvara á þessu gildi þar sem ekki er vitað nákvæmlega um magn útblásturs þó hægt sé að giska á líklega stærðargráðu. Miðað við 0,0013 g/s losun kvikasilfurs og útblásturs um 4000 Nm^3/klst, fæst að kvikasilfursstyrkurinn er af stærðargráðunni 1 mg/Nm^3 útblásturs. Allmennt má segja að viðmiðun um styrk kvikasilfurs í útblæstri þar sem slíkt er sett, er að styrkur fari ekki yfir 0,2 mg/m^3. Frá þessu eru mörg frávik, og jafnan eru ekki sett eins ströng skilyrði ef uppsprettan er lítil eins og hér og stundum engin.

5.5 Samantekt

Niðurstöður benda til þess að á svæðum næst kirkjunni séu skammtímakvikasilfursgildi (0,3 - 1 µg/m^3) af sömu stærðargráðu og hámarksgildi sem sett eru til viðmiðunar um kvikasilfursmengun í andrúmslofti (0,3-1,0 µg/m^3), þar sem þau hafa verið sett. Langtíma-meðalgildi eru hins vegar innan allra marka sem tiltekin eru.

6 Heimildir

1 http://www.manneldi.is/rannsoknir/tannvernd/nr/1109
2 Kvicksilverbalans för Göteborgs kommun, Axelsson, 1993.
3 http://heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/htr2010.pdf (Heilbrigðisáætlun til 2010).
4 Tandvården i Sverige, Hans Sundberg, 2000.
5 ec.europa.eu/environment/air/pdf/pp_mercury1-5.pdf (European Position Paper on mercury, Pirrone et al., 2001)
6 http://www.chem.unep.ch/MERCURY/Report/GMA-report-TOC.htm (Global Mercury Assessment Report, UNEP, 2003)
7 Mercury emissions from Crematoria, John Reindl, 2003.
8 http://www.nilu.no/projects/ccc/sitedescriptions/is/index.html (EMEP Convention on long-range Transboundary air pollution, Stórhöfði IS-91)

VIÐAUKI 1
Viðmiðanir um kvikasilfursmengun í ýmsum löndum
(Heimild: Global mercury assessment, Appendix, overview of existing and future national actions, including legislation, relevant to mercury, as of 1 November 2002, UNEP 2003)

Mengunarmörk í andrúmslofti
Evrópa – 1 µg/m3 (recommended value 96/62 EU directive)
Króatía – 1 µg/m^3 (indoor, limit value), 0,01 µg/m^3 (recommended value)
Ungverjaland – 1 µg/m^3. Limit value is in accordance with the value recommended in the 96/62 EU directive.
Pólland – Maximum average air concentration shall not exceed: 0.3 µg/m^3 in 24 h and 0.04 µg/m^3 a year (on specially protected areas: 0.1 and 0.02 accordingly)
Kúba – maximum content of 0.3 µg/m^3 of mercury in inhabitable areas.
USA – reference concentration (RfC) for mercury vapour of 0.3 µg/m^3 for the general population (US EPA, 1997)
Kína – 0,3 µg/m^3 in inhabitable areas
Nígería – The prescribed tolerant limit for safe levels of specific mercury as air pollutant tolerable to humans, aquatic organism and vegetation is 0.3 µg/m^3 Hg for 24 hours (long term).

Mengunarmörk í útblæstri
Evrópa – 0,05-0,2 mg/m^3 mismunandi eftir löndum og uppsprettu
Króatía – 1 mg/m^3
Rúmenía – emission concentrations for mercury and its compound: 0.2 mg/m^3 Hg.
Þýskaland – líkbrennslur: Concerning mercury there exist different approaches by the local authorities. Some demand 0,05 mg/Nm^3 (from the Ordinance on Incineration on Waste, 17. BImSchV), others 0,2 mg/Nm^3 (from the Technical Instruction on Air, "TA Luft"), some do not demand a mercury emission limit.
Þýskaland – annað: Air point sources - Basic general requirements for the prevention of atmospheric emissions from industrial installations with emission limits for air pollutants are laid down in the Technical Instructions according to the Federal Emission Control Act. This regulation is under revision currently. After revision the existing emission limit value for mercury of 0,2 mg/m3 for installations emitting more than 1 g/h will be reduced to 0,05 mg/m3 for installations emitting more than 0,25 g/h.)
Frakkland – For emissions to air, the limit value of the sum of total mercury and cadmium and thallium (Hg + Cd + Tl) is 0.2 mg/m^3 whatever the activity concerned.
Sviss – Air point sources – Limits for emissions to air were established in the Clean Air Ordinance in 1985 :
Emission limits for installations: 0.2 mg/m^3 if mass flow is 1g/h or more.
Emission limit for waste incineration: 0.1 mg/m^3. (OECD, 1995)
Kína – 0,012-0,015 mg/m^3

Mengunarmörk í vinnuumhverfi
Evrópa – 0,01 mg/m^3, sjá þó eftirfarandi sérreglur mismunandi landa
Frakkland – The Ministry of Labour has set an occupational exposure limit in air of 50 µg/Nm^3 total mercury in air and 10 µg/Nm^3 for methyl mercury.
Þýskaland – Technical Rule 900 setting limits for workplace atmosphere - occupational exposure limits - as of April 2001: Methylmercury 0.01 mg/m^3, Mercury 0.1 mg/m^3, Mercury compounds, inorganic 0.1 mg/m^3, Mercury compounds, organic 0.01 mg/m^3
Noregur – The administrative norm, recommended maximum value for average level of mercury in the breathing zone to an employee, shall not exceed 0,05 mg/m^3 in indoor air. But for alkyl compounds the administrative norm is stricter, 0,01 mg/m^3.
Króatía – 50 µg/m^3 (indoor workplace area)

Ungverjaland – Hungarian Standard MSZ 21461/1 – 1988 - Workplace air quality requirements: Inorganic mercury compounds - TWA value 0,02 mg/m^3, MAC value 0,04 mg/m3, Organic mercury compounds - MAC value 0,01 mg/m3
No 25/2000 (IX.30.) Joint Decree of Eü.M. - SzCsM on chemical safety at workplaces: Inorganic mercury compounds - TWA value: 0, 08 mg/m^3, MAC value: 0, 32 mg/m^3
Organic mercury compounds - TWA value: 0,01 mg/m^3, Ceiling value: 0,04 mg/m^3
Rúmenía - Concentration in work environment (media):
Mercury (P) – 0,05 mg/mc air (average concentration admitted); 0,15 mg/mc air (maximum concentration admitted). Mercury (organical compounds) (P) – 0,01 mg/mc air (maximum concentration admitted).
Slóvakía – Occupational exposure limits: time weighed average 0,05 mg/m^3, threshold limit value 0,15 mg/m^3.
USA – (OSHA workplace standard);
0.1 mg/m^3 permissible exposure limit (PEL) (EPA reference dose);
0.3 mg/m^3 RfD (Agency for Toxic Substances and Disease);
0.3 mg/m^3 acceptable daily exposure level (Registry (ATSDR)).
Kúba – Maximum Acceptable Concentration of Mercury 0.01 mg/m^3 and 0.005 mg/m^3 like average in the work shift.
Ástralía – Exposure Standards - Employers must ensure that no employee is exposed to a hazardous substance above the appropriate exposure standards.
Mercury, alkyl compounds (as Hg): TWA: - ppm 0.01 mg/m^3
CAS Number 7439-97-6 STEL: - ppm 0.03 mg/m^3
Absorption through the skin may be a significant source of exposure.
Mercury, aryl and inorganic compounds (as Hg) TWA: - ppm 0.1 mg/m^3
CAS Number 7439-97-6 STEL: - ppm - mg/m^3
Absorption through the skin may be a significant source of exposure.
Mercury and its inorganic divalent compounds is presently under review. Reason for review - effects on central nervous system.
Mercury, elemental vapour (as Hg) TWA: - ppm 0.05 mg/m^3 (as Hg)
CAS Number 7439-97-7 STEL: - ppm - mg/m^3
Kína – 0,01 mg/m^3 (MCL)
Japan – 0,01 mg/m^3 (MCL alkylmerc comp.), 0,05 mg/m^3 (MCL inorg.merc comp.)

VIÐAUKI 2
Loftmynd af Fossvogskirkju (gul ör bendir á kirkjuna) og umhverfi

VIÐAUKI 3
Loftdreifingarspá - mengunarkort



Mynd V.3.1 Stundarhámark – ISCST3, GPLR, 250°C, 8 m/s.



Mynd V.3.2 Dagshámark – ISCST3, GPLR, 250°C, 8 m/s.



Mynd V.3.3 Ársmeðaltal – ISCST3, GPLR, 250°C, 8 m/s.

1214. Nefndarálit [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Bjarna Amby Lárusson frá ríkisskattstjóra, Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni, Ólaf Jónsson frá Skeljungi, Samúel Guðmundsson frá Olíuverslun Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Olíuverslun Íslands hf., Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Skeljungi hf., Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Megintilgangur frumvarpsins er að auðvelda eftirlit með þeim sem heimild hafa til notkunar litaðrar olíu og hækka sektir þegar um misnotkun ræðir. Þá er lagt til að tiltekið orðalag 6. mgr. 13. gr. laganna verði fært til samræmis við 2. mgr. greinarinnar.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins kemur fram að verði frumvarpið að lögum verði kaup á litaðri olíu í sjálfsafgreiðslu aðeins heimil með viðskiptakorti eða dælulykli útgefnum af söluaðila eldsneytisins en ekki með reiðufé eða debet- og kreditkortum. Skattyfirvöld muni fyrir vikið eiga hægara með að fylgjast með viðskiptum með litaða olíu ef grunur rís um heimildarlausa notkun.

Við meðferð málsins hafa olíufélögin mótmælt 1. gr. frumvarpsins þar sem hún kalli á flóknar breytingar á afgreiðslukerfum. Verði greinin að lögum leggja þau áherslu á rúman aðlögunarfrest. Einnig hafa komið fram áhyggjur af því að sú leið sem þar er lögð til geti haft óæskileg áhrif á samkeppni og persónuvernd.

Ríkisskattstjóri áréttaði á fundum nefndarinnar að nauðsyn bæri til að draga úr aðgengi að litaðri olíu til að sporna gegn misnotkun sem athuganir embættisins bentu til að væri fyrir hendi. Upphafsgrein frumvarpsins væri vel til þess fallin að ná því markmiði og að sjónarmið um persónuvernd stæðu því ekki í vegi að embættið aflaði upplýsinga frá söluaðilum eldsneytis sem varða umrædd viðskipti.

Nefndin tekur undir sjónarmið ríkisskattstjóra. Í ljósi athugasemda olíufélaganna felst nefndin þó á að lengja gildistökufrest frumvarpsins að frátalinni 2. gr. þess.

Við meðferð málsins fór Vegagerðin þess á leit við nefndina að lagðar yrðu til breytingar á 18. og 19. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald er varða eftirlit og refsingar. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess að svo komnu máli.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2010“ komi: 1. október 2010.

Pétur H. Blöndal gerir fyrirvara við álitið.
Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Lilja Mósesdóttir.
Birkir Jón Jónsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Þór Saari.		Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1215. Nefndarálit [485. mál]

um frv. til l. um breyt. á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dóms-mála- og mannréttindaráðuneyti, Hrefnu Friðriksdóttur frá stofnun Árnanns Snævarr, Helga Guðnason og Vörð Leví Traustason frá Hvítasunnukirkjunni á Íslandi, Eric Guð-

mundsson frá Kirkju sjöunda dags aðventista, Róbert Badi Baldursson frá Andlegu þjóðarráði Bahá'ía á Íslandi, Snorra Óskarsson frá Betel, Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, Maríu Ágústsdóttur þjóðkirkjuprest, Friðrik Schram frá Íslensku Kristskirkjunni, Guðbjörgu Jóhannesdóttur frá Prestafélagi Íslands, Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík, Jón Kjartan Ágústsson, Guðmund Smára Veigarsson, Helgu Kristínu Bjarnadóttur og Sesselju Maríu Mortensen frá Q – félagi hinsegin stúdenta, Guðrúnu Rögnvaldardóttur frá FAS, Jakob Rolland frá Kaþólsku kirkjunni og Kolbrúnu Birnu Árdal frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Andlegu þjóðarráði Bahá'ía á Íslandi, Arnari Haukssyni dr. med., Biskupsstofu, FAS – Samtökum foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, Félagi íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, Finnboga Ástvaldssyni, Fríkirkjunni í Reykjavík, Hagstofu Íslands, Hvítasunnukirkjunni á Íslandi, Íslensku Kristskirkjunni, Jafnréttisstofu, Kaþólsku kirkjunni á Íslandi, Kirkju sjöunda dags aðventista, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi glasafrjóvgunardeild, Landssambandi lögreglumanna, Læknafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Maríu Ágústsdóttur þjóðkirkjupresti, Prestafélagi Íslands, Q – félagi hinsegin stúdenta, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, safnaðarhirði Hvítasunnukirkjunnar, Siðmennt – félagi siðrænna húmanista, Snorra Óskarssyni í Betel, Steinunni Jóhannesdóttur, Tilveru – samtökum um ófrjósemi, Tryggingastofnun ríkisins, umboðsmanni barna og velferðarsviði og barnaverndarnefnd Reykjavíkur .

Með frumvarpinu er lagt til að ein hjúskaparlög gildi fyrir alla. Lagt er til að lög um staðfesta samvist falli brott. Auk þess eru lagðar til breytingar á fjölmörgum lögum. Loks er lagt til að kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni eða sambúðarkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun teljist foreldri barns sem þannig er getið í stað kjörmóður.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um efni frumvarpsins. Markmiðið með frumvarpinu er að afmá þann mismun sem felst í mismunandi löggjöf vegna hjúskapar karls og konu annars vegar og staðfestrar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni hins vegar.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði frumvarpsins um breytingar á hjúskaparlögum, þ.e. að í stað þess að lögin gildi um hjúskap karls og konu er lagt til að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga. Fyrir nefndinni komu m.a. fram tillögur um að víkka hugtakið hjón og halda þannig í hugtökin karl og kona í lögunum og tilgreina þannig hjúskap karls og konu, konu og konu, karls og karls. Þannig standi hin hefðbundna skilgreining áfram. Nefndin telur að þessi tillaga gæti hugsanlega mætt sjónarmiðum þeirra sem hafa gagnrýnt frumvarpið. Meiri hlutinn telur hins vegar að með því verði markmiðum frumvarpsins, um að afmá þann lagalega mun sem felst í mismunandi löggjöf, ekki náð. Þannig verði þeim mismun sem er í gildandi lögum í reynd viðhaldið. Þær breytingar sem gerðar hafa verið til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra allt frá setningu laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, hafi gegnt mikilvægu hlutverki í því að breyta gildismati þjóðarinnar gagnvart samkynhneigð. Meiri hlutinn telur því að frumvarpið sé eðlilegt næsta skref í þeirri vegferð að jafna stöðu sambúðarforma einstaklinga og að framsetning frumvarpsins um vísun til hjúskapar tveggja einstaklinga sé einföld og skýr.

Nefndin ræddi einnig um ákvæði sem varða skyldu eða heimild til að vígja pör. Þannig er borgaralegum vígslumanni skylt að vígja pör sem þess óska. Á kirkjulegum vígslumönnum hvílir ekki sams konar skylda. Nefndin ræddi hvort rétt væri að leggja slíka skyldu á kirkjulega vígslumenn en meiri hlutinn telur ekki unnt að leggja til slíka breytingu á

frumvarpinu þar sem það geti farið í bága við réttindi viðkomandi presta. Þá bendir meiri hlutinn á að í lögum eru sambærileg ákvæði um heilbrigðisstéttir. Sem dæmi má nefna að lækni er heimilt samkvæmt læknalögum að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni. Meiri hlutinn tekur einnig fram að með frumvarpinu er réttur einstaklinga til kirkjulegrar vígslu tryggður þó að hver og einn eigi ekki rétt á vígslu af hálfu tiltekins vígslumanns.

Meiri hlutinn fjallaði einnig um það að hjúskapur er í eðli sínu borgaraleg stofnun og því umhugsunarefni hvort vígsla eigi að vera borgaraleg og að hjón geti leitað eftir blessun af hálfu tiltekinna trúfélaga eftir vígslu en telur að ekki sé rétt að leggja það til að sinni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur álitinu.

Alþingi, 2. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ögmundur Jónasson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Þráinn Bertelsson.

1216. Nefndarálit [578. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipulag skólastarfs o.fl.).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarpið snýst um að veita ríkisvaldinu svigrúm sem þarf vegna fjárskorts til að efna ekki ný lög um framhaldsskóla og bregðast við ýmsum öðrum þáttum sem fundið hefur verið að í nýju lögunum.

Þegar lög um framhaldsskóla voru samþykkt voru þau hluti af metnaðarfullum breytingum á lögum um önnur skólastig: leikskóla, grunnskóla og háskóla. Framhaldsskólar og háskólar eru á verksviði ríkisins en leikskólar og grunnskólar eru hjá sveitarfélögum.

Áður hafa verið samþykktar breytingar til að tryggja að ríkið geti áfram innheimt gjöld af framhaldsskólanemum vegna efniskaupa. Þær breytingar og þessar eru gerðar vegna þeirra fjárhagsörðugleika sem íslenska ríkið á í vegna bankahrunsins.

Við vinnslu málsins sá Samband íslenskra sveitarfélaga ástæðu til að senda inn skriflega umsögn þrátt fyrir að hafa ekki verið formlegur umsagnaraðili. Í umsögninni segir: „Sambandið gerir hins vegar mjög alvarlega athugasemd við að ekki skuli samhliða hafa verið lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um grunnskóla en fulltrúar sambandsins hafa ítrekað óskað eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra að slíkt frumvarp verði lagt fram og m.a. unnið að útfærslu þess með sérfræðingum ráðuneytisins. Á fundum með ráðherra hefur komið fram sú afstaða að ráðuneytið muni ekki beita sér fyrir breytingum á grunnskólalögunum nema fyrir liggi sátt um málið milli sambandsins og Kennarasambands

Íslands. Viðræður milli þessara aðila þar sem rætt hefur verið um mögulegar breytingar á lengd skólaársins og tímabundna styttingu vikulegs kennslutíma hafa ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar að KÍ er ekki tilbúið til neinna breytinga. Þar sem viðræður við KÍ hafa ekki borið árangur og ráðherra hefur ekki reynst tilbúinn til að leggja fram frumvarp til að skapa sveitarfélögunum svigrúm til hagræðingar í grunnskólastarfi telur sambandið óhjákvæmilegt að óska eftir því að menntamálanefnd leggi fram sérstakt frumvarp um breytingar á lögum um grunnskóla.“

Mörg sveitarfélög hafa orðið mjög illa úti vegna bankahrunsins og því vekur ákveðna furðu sú ákvarðanafælni sem fram kemur hjá ráðherra menntamála er varðar grunnskóla, og er ekki í anda þess sem ráðherra hefur gert gagnvart þeim skólum sem heyra beint undir ráðuneyti menntamála. Í umsögninni er bent á ýmsar leiðir til að koma til móts við erfiðan fjárhag sveitarfélaganna, svo sem með tímabundnum heimildum til frávika frá ákvæðum grunnskólalaga um vikulegan kennslutíma eftir bekkjardeildum og eins að meðaltali. Eins um fjölda skóladaga nemenda, fjölda valgreina á unglingastigi, hlutfallslega skiptingu á milli námssviða og námsgreina og að lokum nám grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi. Ráðuneytið tók við síðustu fjárlagagerð einhliða ákvörðun um að leyfa ekki nemendum grunnskóla að stunda nám í einstökum áföngum í framhaldsskólum þrátt fyrir heimild í 26. gr. grunnskólalaga. Einnig bendir sambandið á að eðlilegt væri að leyfa skólastjóra grunnskóla að veita forstöðu fleiri en einum grunnskóla. Einnig hefur verið bent á möguleikann á að samþætta innra og ytra eftirlit í grunnskólum og eftirlit ráðuneytisins, en skv. 38. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, er sveitarfélögum skylt að taka upp ytra eftirlit.

Mikilvægt er að ríkisvaldið gleymi því ekki að til er annað jafnrétthátt stjórnsýslustig í landinu, sveitarfélögin, og að taka verður tillit til aðstæðna og þeirra krafna sem sveitarfélögin gera. Ef ráðherra menntamála treystir sér ekki til þess að leggja fram nauðsynlegar breytingar á annarri löggjöf um skóla í ljósi efnahagsástandsins þarf menntamálanefnd að íhuga vandlega hvort hún eigi ekki að gera það.

Nefndin ræddi einnig ákvörðun Menntaskólans við Sund að hætta við boðaðar breytingar á námsbrautum eftir að frumvarpið var tekið til 2. umræðu. Ekki er ljóst hvort frumvarpið er ástæða þess að hætt er við boðaðar breytingar, en tímasetning tilkynningarinnar og tilgreindar ástæður hljóta að teljast áhyggjuefni. Mikilvægt er að ekki sé verið að boða til breytinga á námi, auglýsa það og fá umsækjendur að skólanum á grundvelli breytinganna og draga það svo til baka nánast fyrirvaralaust.

Alþingi, 3. júní 2010.

Eygló Harðardóttir.

1217. Frumvarp til laga [653. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað ártalsins „2009“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skulu fasteignasalar greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir 1. júlí ár hvert. Fjárhæð gjaldsins nemur 100.000 kr. og skal standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala.

Frá því að innheimta eftirlitsgjaldsins hófst hefur safnast í nokkurn sjóð þar sem kostnaður við eftirlitið hefur reynst minni en talið var í upphafi. Í frumvarpi til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem nú liggur fyrir þinginu (448. mál) er í 18. gr. gert ráð fyrir því að gjaldið verði lækkað í 80.000 kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að ef sýnt er fram á að fleiri en einn fasteignasali starfi hjá sama félagi og á sömu starfsstöð þá verði aðeins greitt einfalt gjald vegna þeirra. Í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið er þó mælt fyrir um að gjaldið verði ekki innheimt fyrr en 1. júlí 2011 enda hafi safnast innstæða í sjóðinn sem er eðlilegt að gengið verði á.

Með hliðsjón af framangreindu leggur viðskiptanefnd til að frestun á gjaldtöku verði framlengd enda er ljóst að frumvarp til nýrra heildarlaga verður ekki að lögum fyrir þinglok.

1218. Nefndarálit [520. mál]

um till. til þál. um eflingu græna hagkerfisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valborgu Steingrímsdóttur frá Orkustofnun. Þá bárust umsagnir frá Byggðastofnun, Fjárfestingarstofunni, Landmælingum Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkubúi Vestfjarða ohf., Orkustofnun, Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum ferðaþjónustunnar, Sorpu bs., Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Vesturlandsskógum og Viðskiptaráði Íslands.

Í tillögunni er lagt til að hafinn verði undirbúningur að eflingu græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Lagt er til að Alþingi kjósi níu manna nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar og leggja fram tillögur um stjórnvaldsaðgerðir sem ýtt geti undir atvinnusköpun á þessu sviði. Nefndinni er ætlað að skila niðurstöðum sínum fyrir 1. desember 2010.

Nefndin hefur fjallað um málið og er hún sammála meginefni tillögunnar. Nefndin leggur þó til breytingu á skilatíma nefndarinnar í þá veru að hún fái rýmri tíma til að skila niðurstöðum í ljósi þess hve langt er liðið á árið. Nefndin leggur því til að nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. mars 2011.

Einstakir umsagnaraðilar hreyfðu þeim sjónarmiðum að mikilvægt væri að skilgreina nánar hvað fælist í hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun og nauðsynlegt væri að tekin yrði afstaða til þess við hvaða skilgreiningu ætti að miða í því verkefni sem hér um ræðir. Hafa verður í huga að ef hugtökin eru notuð án frekari skýringa geta þau orðið merkingarlaus. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og áréttar að þar sem til eru fleiri en tvær skilgreiningar á hugtakinu sé nauðsynlegt að settur verður skýr rammi þar að lútandi. Það er álit nefndarinnar að rétt sé að miða við þá skilgreiningu á sjálfbærri þróun sem felur í sér samþættingu á hagrænum, félagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum við mótun atvinnu- og efnahagsstefnu.

Nefndin er sammála þeim ábendingum er komu fram hjá umsagnaraðila að mikilvægt sé að sú nefnd sem skipuð verði af Alþingi fjalli sérstaklega um hlut skógræktar í sjálfbærri þróun og eflingu græns hagkerfis en hugtakið sjálfbær þróun á rætur sínar að rekja til umfjöllunar um skógrækt.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „samþætta hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar almennri ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum“ í fyrri málsgrein komi: styrkja stöðu sjálfbærrar þróunar í efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar.
2. Í stað orðanna „fyrir 1. desember 2010“ í síðari málsgrein komi: fyrir 1. mars 2011.

Atli Gíslason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. júní 2010.

Skúli Helgason, form., frsm. | Gunnar Bragi Sveinsson. | Jón Gunnarsson.

Tryggvi Þór Herbertsson. | Margrét Tryggvadóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson. | Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1219. Nefndarálit [514. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Sigríði Auði Árnadóttur og Glóeyju Finnsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lárus M. K. Ólafsson frá Orkustofnun, Kristínu Sigfúsdóttur, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins og Gústaf A. Skúlason frá Samorku. Þá bárust umsagnir frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Landmælingum Íslands, Landgræðslunni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurorku hf., Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að úrskurðarfrestur ráðherra verði lengdur vegna kæra sem berast sökum ákvarðana sem tilteknar eru í 1. og 3. mgr. 14. gr. laga um umhverfismat, m.a. ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé háð umhverfismati, sbr. 6. gr. laganna og ákvörðun stofnunarinnar um hvort meta skuli matsskyldar framkvæmdir sameiginlega, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Lagt er til að fresturinn verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá og jafnframt verði heimilt að framlengja hann um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef mál er umfangsmikið.

Nefndin hefur fjallað um málið og áréttar mikilvægi þess að gætt sé að grundvallarreglu stjórnsýsluréttar um að ákvarðanir í málum er lúta að stjórnsýslunni skuli teknar svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, en þessi regla á jafnt við um niðurstöður í kærumálum. Nefndin leggur til breytingu á ákvæðinu til að undirstrika þessi sjónarmið. Þá er rétt að benda á að umsagnaraðilar verða einnig að standa við setta tímaramma.

Fram kemur í frumvarpinu að ef mál er umfangsmikið verði heimilt að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar. Nefndin áréttar að ef nota þarf þá heimild þurfi að fylgja slíkri ákvörðun rökstuðningur í ljósi þeirra hagsmuna sem búa að baki svo ekki dragist úr hófi að fá niðurstöður kærumála.

Þau mál sem hér um ræðir eru umfangsmikil og sérhæfð en ákvarðanir er snúa að áhrifum framkvæmda á umhverfið eru í eðli sínu matskenndar og krefjast því mikillar sérfræðivinnu. Í ljósi þess að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, telur nefndin að skapa þurfi stjórnsýslunni nægilegt svigrúm til að vanda gagnaöflun sína og úrvinnslu til að leggja grunn að réttri og löglegri stjórnvaldsákvörðun. Nefndin fellst því á nauðsyn þess að lengja úrskurðarfrest ráðherra.

Í ljósi reynslunnar telur nefndin rétt að skipaður verði starfshópur til að fara heildstætt yfir málsmeðferð í málum er lúta að mati á umhverfisáhrifum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði frestur framlengdur ber að skýra aðila frá því. Skal þá rökstyðja ástæður tafanna og upplýsa um hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Vigdís Hauksdóttir, Kristján Þór Júlíusson og Birgir Ármannsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Birgitta Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Þuríður Backman.	Margrét Pétursdóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	

1220. Framhaldsnefndarálit [517. mál]

um frv. til l. um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði að nýju um frumvarpið eftir 2. umræðu. Á fund nefndarinnar komu Ástríður Jóhannesdóttir frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Gunnar Viðar frá NBI hf., Jakob Bjarnason fyrir hönd skilanefndar Landsbanka Íslands hf., Jóhannes Karl Sveinsson hrl. og Þórólfur Jónsson hdl.

Það sem einkum var rætt á fundi nefndarinnar var aðdragandi frumvarpsins. Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að í desember 2009 hefði verið samið um að NBI hf. gæfi út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. sem skyldi tryggt með veði í eignum bankans. Þegar samningaviðræðurnar stóðu yfir komu upp efasemdir um hvort íslensk lög um samningsveð næðu yfir veðsetningu á svo stóru eignasafni í svo langan tíma.

Vegna þessa var veðsetningum slegið á frest fram í apríl og skuldbatt fjármálaráðherra sig til að undirbúa frumvarp til laga þess efnis að setja ákveðinn ramma utan um veðsetningar af þessu tagi. Í því fólust þó engin fyrirheit um að slíkt frumvarp yrði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Meiri hlutinn bendir á að frumvarpið veitir fjármálafyrirtækjum ekki heimild til að veita veð í eigum sínum til tryggingar fjárskuldbindingum því að slíka heimild hafa þau nú þegar. Frumvarpið miðar að því að auðvelda uppgjör fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið tók yfir á grundvelli neyðarlaganna og ljúka því ferli sem hófst með setningu neyðarlaganna, sbr. einkum 5. mgr. 5. gr. þeirra um heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka eignir fjármálafyrirtækis í sínar vörslur, láta meta verðmæti þeirra og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eins og þörf krefur. Þau ákvæði sem felast í frumvarpinu gera þeim

fjármálafyrirtækjum sem frumvarpið nær til auðveldara fyrir en að óbreyttum lögum að viðhalda fullnægjandi veðhlutfalli með því að bæta við eignum í veðsafn sem og að skipta út einstökum eignum.

Efni frumvarpsins er skýrt afmarkað í 1. gr. þess þar sem mælt er fyrir um að fjármálafyrirtæki sé heimilt að veita veð í eignum sínum í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum fjármálafyrirtækis á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlaganna). Í frumvarpinu felst grundvallarfrávik frá 1. mgr. 3. gr. laga um samningsveð um að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann. Vegna þessa leggur meiri hlutinn til að gildistími frumvarpsins verði 10 ár.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 6. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði laga þessara falla úr gildi að liðnum 10 árum frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 7. júní 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Þuríður Backman.
Mörður Árnason.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	

1221. Lög [320. mál]

um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1050 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Teha Investments S.a.r.l. og Novator (eigendurnir) og Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. (félögin) en félögin munu reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ (verkefnið). Í lögum þessum merkir hugtakið „félögin“ Verne Holdings ehf., Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeigu þeirra, núverandi eða síðari, enda sé starfsemi þeirra í beinum tengslum við verkefnið.

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigendanna og félaganna sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félögin og starfsemina, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau öðlast gildi við undirritun hans og gilda í 10 ár frá því

að skattskyldar tekjur myndast sem eru umfram frádráttarbæran kostnað, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun hans.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum (fjárfestingarsamningurinn) um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félaganna skal vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

4. gr. hljóðar svo:

Skattlagning.

Félögin skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu félögin greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% skal hið hærra tekjuskattshlutfall ekki gilda um félögin fyrstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins.
   b. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 15% eftir fimm fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin næstu fimm árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þ.e. frá fimmta til tíunda árs af gildistímanum, þó aldrei hærra en 18%.
   c. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hærra en 18% eftir tíu fyrstu árin af gildistíma fjárfestingarsamningsins skal það tekjuskattshlutfall gilda um félögin það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins, þó aldrei hærra en 25%.
   d. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lækkað niður fyrir 15% skal sú lækkun gilda um félögin.
2. Félögunum skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, sbr. þessa málsgrein, skal sama gilda um félögin.
3. Félögunum skal heimilt að fyrna að fullu kostnað af búnaði sem er notaður, eða er fyrirhugað að nota, í gagnaverinu yfir líftíma búnaðarins. Til búnaðar telst m.a. rafbúnaður, vélbúnaður, upplýsingatæknibúnaður og fjarskiptabúnaður sem er nauðsynlegur til þess að halda uppi starfrækslu gagnaversins.
4. Félögin skulu undanþegin iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
5. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félögin gefa út eða stofnað er til í tengslum við byggingu gagnaversins.

6. Félögin skulu undanþegin ákvæðum 1.–5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
7. Félögin skulu þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, greiða skipulagsgjald, sem nemur 100.000 bandaríkjadölum, af nýbyggingum gagnavers. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar gagnaversins.
8. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, svo og sams konar eða efnislega svipaðra gjalda og skatta sem síðar kunna að verða lagðir á til viðbótar við eða í stað fasteignaskatts, skulu félögin greiða Reykjanesbæ fasteignaskatt sem nemur 1,65% af áætluðu verðmæti allra bygginga, húsnæðis og mannvirkja í eigu félaganna eða á leigu hjá þeim, eða þá annað hlutfall fasteignaskatts sem Reykjanesbær kann almennt að leggja á byggingar af sama toga ef hann er lægri. Skattstofninn nemur 1.030.600.000 kr. að því er varðar núverandi fasteignir félaganna og breytist samkvæmt byggingarvísitölu allt frá þeim mánuði sem félögin hefja viðskipti við viðskiptavini. Skattstofninn fyrir síðari byggingar félaganna, sem reistar eru á lóð þeirra á Valhallarbraut, skal vera kostnaðurinn við gerð útveggja bygginganna eða 85.500 kr. á hvern fermetra, hvort sem lægra er, bundið byggingarvísitölu frá þeim mánuði sem byggingin er tekin í notkun, þ.e. þegar viðskiptavinir hefja að greiða fyrir afnot. Fasteignaskattur skal fyrst lagður á 1. janúar 2011, þ.e. á árinu eftir að starfræksla gagnaversins hefst. Félögunum verður veittur frádráttur af síðari fasteignagjöldum að fjárhæð 44.660.298 kr. vegna skatta sem þegar hafa verið greiddir til Reykjanesbæjar eða eru gjaldfallnir, og Reykjanesbær mun ekki leggja á slíka skatta árið 2010. Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli fyrrgreinds álagningarstofns svo sem hann er framreiknaður á grundvelli byggingarvísitölu þess mánaðar sem viðskipti við viðskiptavini hefjast.
9. Félögunum skal ekki gert að greiða eignarskatt eða skatta og gjöld sem ekki eru tekjutengd og kunna að verða innleidd eftir undirritun fjárfestingarsamningsins og á gildistíma hans nema slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. öll önnur gagnaver. Hins vegar skulu félögin undanþegin öllum eignarskatti sem kann að verða tekinn upp í fimm ár frá gildistöku fjárfestingarsamningsins.
10. Uppfylli félögin og/eða fasteignir þeirra skilyrði til skráningar sem virðisaukaskattsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal félögunum ekki gert að leggja fram sérstaka tryggingu vegna skráningarinnar.
11. Félögin skulu undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns núgildandi og síðari gjöldum, enda telst þjónustan sem félögin veita ekki til þeirrar starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna.
12. Öll viðskipti milli félaganna og dótturfélaga þeirra skulu samrýmast 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og meginreglum OECD um viðskipti tengdra aðila og millifærslulagningu.

Í fjárfestingarsamningnum er heimilt að kveða á um að:

a. ekki skuli leggja á félögin umhverfisgjöld eða umhverfisskatta sem tengjast losun lofttegundarinnar CO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. öll önnur gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti,
b. ekki skuli leggja skatta eða gjöld á raforkukaup og/eða notkun félaganna nema slík gjöld eða skattar séu jafnframt lagðir með almennum hætti á önnur íslensk fyrirtæki, þ.m.t. gagnaver, og mismuni ekki félögunum að öðru leyti.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félögin. Í samræmi við almenn lög skal félögunum heimiluð samsköttun að uppfylltum almennum skilyrðum samsköttunar.

Á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins geta félögin valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um þau. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní almaksárið áður en breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi. Ríkisstjórnin, eigendurnir og félögin skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skulu félögin lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

Allar tilvísanir í fjárfestingarsamningnum til skatta taka til allra sambærilegra skatta sem kunna að koma í stað þeirra sem vísað er til.

1222. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti allsherjarnefndar telur nauðsynlegt að koma til móts við þau sjónarmið að endurskoða þurfi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. 1. minni hluti telur þó að sú leið sem farin er í frumvarpinu að leggja til að kjörnir verði 25 til 31 fulltrúi til þess að sitja á stjórnlagaþingi og endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins sé ekki til þess fallin að auka traust þjóðarinnar gagnvart Alþingi. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins kjósa Íslendingar 63 þjóðkjörna fulltrúa á Alþingi til að setja landinu lög. Stjórnarskráin heimilar ekki að öðrum þjóðkjörnum fulltrúum sé falið það hlutverk. Þá er það með sama hætti grundvallarhlutverk Alþingis að fjalla um stjórnarskrá og því mikilvæga verkefni getur þingið ekki vísað frá sér. Það er skoðun 1. minni hluta að Alþingi eigi þvert á móti að setja stjórnarskrána á dagskrá með skýrum hætti og í slíkri vinnu komi fram afstaða alþingismanna til þeirra breytinga sem gera þurfi á stjórnarskrá. Það frumvarp sem nú liggur fyrir um stjórnlagaþing er ófullburða. Fjöldamörgum spurningum er ósvarað og er óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að málið sé sett fram í miklu óðagoti og taugaveiklun. Engin ástæða er til að fjalla um mál af þessum toga á síðustu dögum þingsins þegar fyrir liggur að meginverkefni Alþingis þessa dagana er að koma heimilum og fyrirtækjum til bjargar. Það er skoðun 1.

minni hluta að ýta eigi öllum öðrum málum til hliðar og einhenda sér í það að koma með lausnir fyrir heimilin og fyrirtækin í þessu landi.

Þar fyrir utan leggur meiri hlutinn til ráðgefandi stjórnlagaþing sem er allt annað en það sem lagt var upp með á síðasta ári. Það er miklu nær fyrir Alþingi að taka málefni stjórnarskrárinnar á dagskrá á vettvangi þingsins, fá mótaðar tillögur frá helstu sérfræðingum á sviði stjórnskipunarréttar og leiða málið til lykta á vettvangi Alþingis í kjölfarið.

Kosning níu manna nefndar.

Á síðasta vorþingi lagði þingflokkur Sjálfstæðisflokks fram tillögu til þingsályktunar um undirbúning að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í anda þeirrar umræðu sem átti sér stað á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Tillagan var sú að Alþingi kysi hlutfallskosningu 25 manna nefnd sem hefði það verkefni að leggja fyrir Alþingi tillögu að endurskoðaðri stjórnarskrá í tæka tíð fyrir 17. júní 2011 svo að ályktað mætti um hana á hátíðarfundi Alþingis í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, sbr. þskj. 950, 474. mál 136. löggjafarþings.

Fyrsti minni hluti leggur til að skynsamlegt sé að farin sé leið af þessum toga og kosin verði níu manna nefnd fyrir lok yfirstandandi löggjafarþings. Þannig verði leitað í umboði Alþingis eftir ráðgjöf frá mönnum utan þings án þess að Alþingi afsali sér valdi til að breyta stjórnarskránni. 1. minni hluti leggur áherslu á að vinna nefndarinnar fari fram fyrir opnum tjöldum og að hún skuli leita samráðs og samtals við almenning, hagsmunaaðila og aðra hópa sem áhuga hafa á þessu mikilvæga máli. Tillaga þessi tekur mið af aðferðum sem beitt hefur verið við endurskoðun stjórnarskrár í nágrannalöndum, þar á meðal í Svíþjóð, og vekur 1. minni hluti sérstaka athygli á fordæmi Svía í þessu máli og hvernig hefur verið staðið að undirbúningi að endurskoðun sænsku stjórnarskrárinnar með því að virkja sem flesta til þátttöku. 1. minni hluti telur að í störfum ráðgjafarnefndarinnar beri t.d. að líta til fordæmis hjá íbúaþingum á vegum sveitarfélaga og að beitt verði svipuðum aðferðum og þar hefur verið gert til að virkja almenning til þátttöku.

Umfjöllun Alþingis um tillögur nefndarinnar.

Fyrsti minni hluti leggur til að þegar nefndin hefur skilað tillögum sínum til Alþingis verði þær teknar til meðferðar á fyrir fram afmörkuðu tímabili á starfstíma þingsins, þ.e. að þá verði ekkert annað mál til umræðu en breytingar á stjórnarskrá. Með því þarf þingið sjálft og allir þingmenn að móta sér skoðun á framkomnum tillögum nefndarinnar. Með því móti væri einnig tryggt að umræðum um stjórnarskrárbreytingar væri gefinn sá tími í störfum þingsins sem viðeigandi er í ljósi þess að um er að ræða grundvallarlöggjöf lýðveldisins.

Fyrsti minni hluti telur að með samþykkt tillögunnar væri lagður grunnur að vandaðri endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim anda sem hefur verið til umræðu síðustu missiri og að meiri líkur séu á því að almenn samstaða náist um frumvarp til stjórnarskipunarlaga og afgreiðslu þess. 1. minni hluti tekur jafnframt fram að þessi leið er mun hagkvæmari en sú leið sem er lögð til í frumvarpinu.

Alþingi, 17. maí 2010.

Birgir Ármannsson, frsm. Ólöf Nordal.

1223. Svar [625. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Innan ráðuneytisins eru ekki starfandi sérstakir vinnuhópar sem fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Starfsmenn ráðuneytisins og undirstofnana taka þátt í samningahópum skipuðum af utanríkisráðherra sem eru aðalsamninganefnd til aðstoðar við aðildarviðræður. Starfsmenn ráðuneytisins taka þátt í eftirfarandi samningahópum:

Samningahópur EES I, vörur, orka, samkeppnismál o.fl. Undir málefnasvið ráðuneytisins heyra að hluta eða öllu leyti kafli 7 (hugverkaréttur), kafli 8 (samkeppnismál) og kafli 18 (hagtölur).
Samningahópur EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál o.fl. Undir málefnasvið ráðuneytisins heyra að hluta eða öllu leyti kafli 3 (staðfesturéttur og þjónusta), kafli 4 (frjálsir fjármagnsflutningar), kafli 6 (félagaréttur) og kafli 9 (fjármálaþjónusta).
Samningahópur um gjaldmiðilsmál. Kafli 17 fellur að öllu leyti undir ráðuneytið og Seðlabanka Íslands.
Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál. Kafli 31 fellur að hluta til undir verksvið ráðuneytisins.
Samningahópur um byggða- og sveitastjórnarmál.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Í heild koma níu starfsmenn ráðuneytisins að vinnu í samningahópum sem utanríkisráðherra hefur skipað um aðildarviðræðurnar, sem er 36% hlutfall af heildarstarfsmannafjölda ráðuneytisins. Þátttaka í samningahópum er þó aðeins hluti af starfsskyldum viðkomandi starfsmanna.

Svör undirstofnanna við spurningu 2.

FME: Fjármálaeftirlitið á einn fulltrúa í samningahópi EES II. Því til viðbótar koma fleiri starfsmenn að þessu verkefni eftir atvikum, einkum varðandi upplýsingagjöf og mögulega athugun gagna, þ.m.t. forstjóri, aðstoðarforstjóri, fimm sviðsstjórar auk ótiltekins fjölda sérfræðinga á einstökum sviðum eftirlitsins. Fram til þessa hefur þetta ekki verið tímafrekt verkefni. Heildarstarfsmannafjöldi eftirlitsins um þessar mundir eru 90 (þ.m.t. sumarstarfsmenn), af því leiðir að 7% starfsmanna hafa komið að verkefninu.

Einkaleyfastofa: Sú vinna sem þegar hefur farið fram var unnin af fjórum lögfræðingum og forstjóra, sem er um 20% starfsmanna. Verkefnið tók um 25% af starfi viðkomandi starfsmanna í tvo mánuði. Ætla má að frekari vinna vegna umsóknarinnar verði í svipuðu hlutfalli (25%) í aðra tvo mánuði. Heildarvinna vegna umsóknarinnar er því áætluð 125% starfshlutfall í fjóra mánuði.

Hagstofa: Gera má ráð fyrir að samtals um 2–3 ársverk fari í að undirbúa aðild að Evrópusambandinu hjá Hagstofu Íslands. Er það m 2,4–3,6% af heildarársverkum. Er þar

meðal annars um að ræða ársverk vegna undirbúnings reglugerða sem kunna að verða skuldbindandi ef að aðild verður, en ekki kostnað við framkvæmd þeirra.

Samkeppniseftirlit: Samkeppniseftirlitið gerir ekki ráð fyrir mikilli vinnu tengdri aðildarumsókninni á árinu, eða um 0,2% af heildarráðstöfunartíma þess.

Seðlabanki: Fimm til sjö starfsmenn hafa komið að vinnu tengdri aðildarumsókninni. Fram að þessu hefur sú vinna þeirra verið minni háttar. Í árslok 2009 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 139, af því leiðir að 5% af heilarstarfsmannafjölda hefur komið að verkefninu.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Helsti kostnaður ráðuneytisins er vegna vinnu sérfræðinga innan ráðuneytisins við aðildarviðræðurnar. Þar sem næstu skref liggja ekki fyrir, t.d. um fyrirkomulag rýnifunda og hver aðkoma starfsmanna ráðuneytisins verður, liggur ekki fyrir áætlun um kostnað vegna þessa verkefnis. Hvað undirstofnanir varðar þá er ekki gert ráð fyrir öðrum kostnaði en sem nefndur er í 2. lið svarsins. Reikna má með að komi til aukins ferðakostnaðar verði hann greiddur af fjárveitingu sem Alþingi samþykkti sérstaklega vegna aukins kostnaðar annarra ráðuneyta en utanríkisráðuneytis í fjárlögum 2010.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum hefur ekki verið fjölgað vegna aðildarviðræðnanna hvorki hjá ráðuneytinu né undirstofnunum.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Hvorki ráðuneytið né undirstofnanir hafa keypt utanaðkomandi ráðgjöf.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ekki er gert ráð fyrir neinum skipulagsbreytingum hvorki á aðalskrifstofu ráðuneytisins né undirstofnunum, sem þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur.

1224. Svar [604. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um vísitölu fasteignaverðs.

1. *Hafa verið kannaðir kostir þess að taka upp sérstaka vísitölu fasteignaverðs og ef svo er, hvernig var staðið að því?*

Hagstofa Íslands hefur reiknað út og birt vísitölu fasteignaverðs (undirlið í vísitölu neysluverðs) frá árinu 1992. Vísitalan náði fyrstu árin eingöngu til höfuðborgarsvæðisins en frá og með árinu 2000 náði hún yfir allt landið. Að auki birtir Hagstofan þrjár undirvísitölur fasteignaverðs: fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, sérbýli á höfuðborgarsvæðinu og húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins. Enn fremur birtir Fasteignaskrá Íslands eigin útreikning á vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu og nær hún aftur til ársins 1994. Fasteignaskráin notar að ýmsu leyti aðrar aðferðir en Hagstofan við útreikning vísitölu og eru niðurstöðurnar því ekki fyllilega sambærilegar. Ekki hafa verið kannaðir kostir þess að taka upp sérstaka vísitölu fasteignaverðs sem viðmið til verðtryggingar lánsfjár og sparifjár í stað vísitölu neysluverðs.

2. *Hverjir væru kostir og gallar slíkrar vísitölu að mati ráðherra?*

Ef tekin er upp sérstök vísitala fasteignaverðs þannig að húsnæðislán taki mið af henni í stað vísitölu neysluverðs, svo að dæmi sé tekið, eru kostirnir þeir að greiðslubyrði og höfuðstóll lána mundu eingöngu sveiflast í takt við húsnæðisverð og breytingar á vísitölunni mundu fylgja betur hagsveiflum en vísitala neysluverðs hefur til að mynda tilhneigingu til að hækka snöggt við fall krónunnar á samdráttartímum sem ýtir undir greiðsluerfiðleika skuldara. Ókostirnir eru hins vegar þeir að fasteignaverð getur sveiflast talsvert. Til að mynda hækkaði fasteignaverð mikið í síðustu uppsveiflu og því ljóst að afborganir lána hefðu að sama skapi hækkað hratt. Á móti kemur síðan að í niðursveiflunni hefði greiðslubyrði farið lækkandi. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er augljóst hvaða áhrif slík fasteignaverðstenging hefði á fjármagnskostnað lántakenda þar sem hugsanlegt er að lánveitendur mundu krefjast hærri vaxta en ella til að vega upp óvissu vegna sveiflna í fasteignaverði í samanburði við aðra fjárfestingarkosti.

1225. Svar [633. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Innan ráðuneytisins eða stofnana þess eru ekki starfandi vinnuhópar sem fjalla sérstaklega um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar eiga starfsmenn ráðuneytisins aðild að vinnuhópum á vegum utanríkisráðuneytisins sem vinna að undirbúningi málsins.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Fjórir starfsmenn ráðuneytisins vinna að málefnum sem tengjast aðildarumsókn meðfram öðrum störfum sínum og þrír starfsmenn eiga sæti í samningahópum sem settir hafa verið á fót vegna undirbúnings fyrirhugaðra aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Gera má ráð fyrir að sá hluti vinnu þeirra sem varðar undirbúning vegna aðildarumsóknar samsvari hingað til gróflega áætlað um einu stöðugildi. Af hálfu Umhverfisstofnunar hefur tuttugu og einn starfsmaður tekið þátt í þessari vinnu og hafa verið unnir 650 tímar frá áramótum vegna þessa verkefnis. Hjá Náttúrufræðistofnun Íslands hafa fimm starfsmenn komið að vinnunni en einn starfsmaður aðallega sinnt þessu verkefni og samsvarar vinnuframlag hans 0,25% af heildarstarfi á stofnuninni á mánuði. Hjá Skógrækt ríkisins hafa tveir starfsmenn unnið að þessu verkefni og hafa verið unnir um 100 tímar vegna verkefnisins og hjá Landgræðslu ríkisins hefur einn starfsmaður unnið að verkefninu og er vinnuframlag hans um 80 tímar.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ekki er gert ráð fyrir nýjum fjárútlátum af hálfu ráðuneytisins eða stofnana þess vegna aðildarumsóknarinnar heldur mun þetta starf taka tíma frá annarri starfsemi ráðuneytisins og viðkomandi stofnana.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Engar breytingar hafa orðið í starfsmannahaldi ráðuneytisins vegna aðildarumsóknarinnar.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Ráðuneytið hefur ekki keypt neina utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar en ráðuneytið keypti þjónustu við þýðingar af löggiltum dómtúlki og skjalaþýðanda og var kostnaður við það um 1 millj. kr.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ráðuneytið telur að engar skipulagsbreytingar á stjórnsýslu sem heyrir undir ráðuneytið þurfi að vera komnar til framkvæmda áður en til hugsanlegrar aðildar kemur.

1226. Svar [629. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Engir hópar eru starfandi á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess til að fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Tveir starfsmenn ráðuneytisins eiga sæti í samningahópum vegna umsóknar að Evrópusambandinu og má gera ráð fyrir að vinnuframlag vegna þeirra sé 5–10% af vinnutíma hvors um sig eftir aðstæðum.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárútlátum af hálfu ráðuneytisins eða undirstofnana þess vegna aðildarumsóknarinnar á yfirstandandi ári eða á því næsta. Árið 2009 féll til kostnaður við þýðingar á svörum við spurningalistum af ensku yfir á íslensku, samtals 848.097 kr. (auk virðisaukaskatts 207.783 kr. sem ráðuneytið fékk endurgreiddan).

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Engar breytingar hafa orðið í starfsmannahaldi ráðuneytisins vegna aðildarumsóknarinnar.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Ráðuneytið hefur ekki keypt neina utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar nema þýðingarvinnu, sem getið er um í svari við 3. tölul.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Engar skipulagsbreytingar á stjórnsýslu sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins.

1227. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Framsóknarflokkurinn stendur vörð um þær raunverulegu lýðræðisumbætur sem kallað er eftir í þjóðfélaginu. Ber þar hæst persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og bindandi stjórnlagaþing sem leggur grunn að nýrri stjórnarskrá. Sú ríkisstjórn sem nú situr vinnur á móti þeim frumvörpum sem liggja fyrir þinginu með því að draga úr vægi þegnanna til ákvarðanatöku sem boðað er til í frumvörpunum. Sem dæmi má nefna að formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs finnst frelsi persónukjörsfrumvarpsins of mikið því að ekki er tryggt í frumvarpinu sjálfu að t.d. konum sé tryggður helmingur sæta á lista. Lýðræði af þessu tagi er handstýrt af stjórnvöldum og er ekki það sem þjóðin vill eftir bankahrunið. Stjórnvöld ætla með öðrum orðum að koma á gervilýðræði undir stjórn sjálfra sín.

Lagt er til með frumvarpi þessu að boðað skuli til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Hér eru stjórnvöld enn á ný með fingurna í ákvarðanatökunni. Að leggja til að stjórnlagaþing verði einungis ráðgefandi eru skilaboð um að stjórnvöld treysti ekki þeim sem kjörnir verða á stjórnlagaþingið sjálft til að gera tillögu um nýja stjórnarskrá. Stjórnarskrá hvers ríkis er grundvöllur og grunnstoð sem lýðræðisþjóðfélag byggist á. Það á að vera erfitt fyrir löggjafann að breyta stjórnarskrá og í 79. gr. stjórnarskrárinnar er tekið fram að henni verði aðeins breytt sé breytingin samþykkt á tveimur þingum og að kosið sé til Alþingis í millitíðinni. Í greinargerð með frumvarpi þessu kemur fram að markmið stjórnlagaþings sé að undirstrika þær stoðir hvers lýðræðisþjóðfélags að allt vald spretti frá þjóðinni og því skuli stjórnlög sett af fulltrúum fólksins. Þessum þjóðkjörnu fulltrúum er falið að setja þær grundvallarreglur sem gilda um æðstu stjórn og skipulag ríkisins, uppsprettu ríkisvalds, verkefni handhafa ríkisvaldsins, verkaskiptingu þeirra og valdmörk.

Hugmyndir þessar birtust m.a. í ritum heimspekinganna John Locke (1632–1704) um uppsprettu ríkisvaldsins og Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) um samfélagssáttmála (Du Contrat social), svo og kenningum fleiri stjórnmálaheimspekinga 17. og 18. aldar sem byggjast á því að ríkisvald réttlætist af samkomulagi borgaranna um að fela yfirvöldum tiltekin afmörkuð verkefni en jafnframt að ríkisvaldinu skuli sett ákveðin mörk sem þau megi ekki fara út fyrir. Ákvörðun um gerð slíks sáttmála er þannig í höndum þjóðarinnar því að þjóðin sjálf er stjórnarskrárgjafinn.

Þessar hugmyndir ná ekki fram að ganga í frumvarpi þessu því að með ráðgefandi stjórnlagaþingi hefur þjóðin ekki síðasta orðið. Stjórnlagaþinginu er treyst að hluta en ekki að öllu leyti til að skrifa nýja stjórnarskrá því að þegar upp er staðið þurfa stjórnvöld ekki frekar en þau vilja að leggja frumvarp það sem kemur út úr vinnu stjórnlagaþings fyrir Alþingi til samþykktar á tveimur þingum með kosningum á milli.

Í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er ákvæði um kynjakvóta þingfulltrúa. Fjöldi þingfulltrúa skal vera minnst 25 en mest 31 og skal endanlegur fjöldi ráðast af því hvernig hlutfall milli kynja verður en þessari sérreglu er ætlað að tryggja að hlutfallið verði innan 40%–60% markanna. Fái annað kynið minna en 40% kosningu skal bæta við allt að sex sætum til að rétta kynjahlutföllin af. Þarna birtist ofríki og stjórnsemi ríkisstjórnarflokkanna, fyrir fram er ákveðið að úrslitum í kosningum til stjórnlagaþings verði breytt og því ekki farið að vilja kjósenda sem taka þessa kosningu alvarlega eins og aðrar kosningar sem boðað er til.

Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilja augljóslega hafa lýðræði í orði en ekki á borði og að auki að stjórna lýðræðisumbótum með handafli. Þessi afskipti eru óásættanleg og geta leitt af sér að frambjóðandi hljóti sæti á stjórnlagaþinginu þrátt fyrir að hafa hlotið færri atkvæði en frambjóðandi af öðru kyni.

Að mati 2. minni hluta er kostnaðaráætlun vegna stjórnlagaþings tæpar 500 millj. kr. sé áætlað að þingið starfi í 11 mánuði. Telji ríkisstjórnin þessa eyðslu á almannafé réttlætanlega í stórkostlegum niðurskurði án þess að niðurstaða sé bindandi er það á hennar ábyrgð. Rétt er að minna á að sú ríkisstjórn sem nú situr þverskallaðist við að halda þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr á árinu þrátt fyrir að sú atkvæðagreiðsla hafi verið skilyrt í stjórnarskrá og verið bindandi fyrir stjórnvöld. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar gengu svo langt að hvetja fólk til að nýta ekki kosningarrétt sinn og sitja heima í stað þess að taka þátt í mannréttindum hvers manns í lýðræðisríki, að nota kosningarrétt sinn.

Að mati 2. minni hluta eru takmarkaðar líkur á því að farið verði eftir niðurstöðum stjórnlagaþings verði þær núverandi stjórnvöldum ekki að skapi. 2. minni hluti ítrekar þá skoðun sína að leitað verði til sérfræðinga á þjóðþingum Norðurlanda til ráðgjafar um endurskipulagningu Alþingis og uppbyggingu og form nýrrar stjórnarskrár.

Alþingi, 17. maí 2010.

Vigdís Hauksdóttir.

1228. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Fyrsti minni hluti gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á varnarmálalögum. Markmið með breytingunum er í hæsta máta óskýrt og verklag og undirbúningur málsins getur engan veginn talist samræmast vönduðum stjórnsýsluháttum. 1. minni hluti telur ekki útilokað fyrir fram að hægt sé að ná fram aukinni hagræðingu eða bættu skipulagi á verkefnum sem tengjast vörnum og öryggi landsins en mótmælir harðlega því vinnulagi og þeim áformum sem felast í frumvarpinu sem kveður á um að veita utanríkisráðherra heimild til að færa varnar- og öryggistengd verkefni til annarra stofnana án þess að skýrt liggi fyrir hvaða stofnanir þetta eru, hvernig það skuli framkvæmt og hver ávinningur breytinganna sé.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru breytingarnar tengdar við væntanlega stofnun innanríkisráðuneytis og endurskipulagningu á stofnunum sem vænst er að fylgi í kjölfar hins nýja ráðuneytisins. 1. minni hluti lýsir furðu sinni á þessu verklagi og telur að eðlilegt væri að gera breytingar í annarri röð, þ.e. byrja ferlið á að koma nýju ráðuneyti á fót og meta svo þörf á breytingum á varnarmálalögum í framhaldi af því. Ef í ljós kemur að breytinga sé þörf yrði hægt að ráðast í þær til framtíðar í stað þess að setja varnar- og öryggismál Íslands í óvissu- og millibilsástand eins og gera á samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi. Engar þær aðstæður eru uppi sem kalla á hraðar breytingar nú og því engin sjáanleg ástæða fyrir því að ráðast í breytingar fyrr en endurskipulagning á stjórnarráðinu hefur farið fram.

Rétt er að rifja upp að ekki eru nema tvö ár síðan Alþingi setti varnarmálalög og kom verkefnum er varða öryggis- og varnarmál Íslands fyrir í nýrri Varnarmálastofnun. Samkvæmt frumvarpinu sem nú liggur fyrir er ekki áformað að gera efnislegar breytingar á varnar- og öryggisskuldbindingum Íslands og verkefnum sem af þessum skuldbindingum leiðir heldur beinist frumvarpið að stjórnsýslulegri vistun þessara verkefna sem við niðurlagningu Varnarmálastofnunar færast til annarra stofnana. Það vekur furðu að í frumvarpinu segir ekkert um hvert flytja skuli verkefnin heldur einungis að utanríkisráðherra skuli veitt heimild til þess að færa verkefnin til stofnana sem hann gerir samninga við. Að mati 1. minni hluta getur vart talist eðlilegt að Alþingi samþykki lög um að flytja lögbundin verkefni án þess að kveða á um hvar þeim er fundinn staður, allra síst þegar um er að ræða viðkvæm og vandasöm verkefni sem varða öryggi ríkisins. Jafnframt ber slíkt fyrirkomulag samskiptum Alþingis og framkvæmdarvaldsins ófagurt vitni.

Í nefndaráliti meiri hlutans er gert lítið úr óvissunni um hvert verkefni Varnarmálastofnunar verða flutt og eru tvær stofnanir, embætti ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslan, tilgreindar sem helstu viðtakendur þeirra. Af því tilefni er rétt að rifja upp að eitt helsta markmið varnarmálalaganna sem sett voru fyrir tveimur árum var einmitt að tryggja aðskilnað varnartengdra verkefna frá öðrum innlendum verkefnum og voru Landhelgisgæsla og lögregla tilgreind sérstaklega í því sambandi. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að þeim lögum sagði þannig um verkefni sem snúa að varnarviðbúnaði ríkisins og ytra öryggi þess:

„Einnig er mikilvægt að þau séu af þessum sökum skýrt aðgreind frá öðrum innlendum stjórnsýsluverkefnum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tilviki lögreglu og landhelgisgæslu, sem eru í eðli sínu borgaralegar stofnanir og eiga að njóta trúnaðar sem slíkar. Það er afar mikilvægt fyrir réttaröryggi borgaranna að ekki sé blandað saman almennri löggæslu og störfum að landvörnum. Í okkar heimshluta eru lögreglu ekki falin verkefni er lúta að gæslu ytra öryggis ríkja.“

Í athugasemdum með því frumvarpi sem nú liggur fyrir kveður við annan tón en þar segir að „í fyrirhuguðum breytingum felist tækifæri til að samþætta verkefni sem varnarmálalög aðskilja frá hefðbundinni borgaralegri starfsemi á sviði öryggismála á borð við almannavarnir og landhelgisgæslu“. Þá segir í athugasemdunum að framtíðarsýn starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins sé að „eftir endurskipulagningu á verkefnum Landhelgisgæslu Íslands, Vaktstöðvar siglinga og ríkislögreglustjóra fari undirstofnun innanríkisráðuneytis með framkvæmd verkefna á sviði varnar- og öryggismála, þ.m.t. þeirra sem áður voru falin Varnarmálastofnun.“ Þessi kúvending frá fyrri sjónarmiðum um trúnað borgaralegra stofnana og ekki síst réttaröryggi borgaranna er ekki studd haldbærum rökum og það er með miklum ólíkindum að þessi tvö frumvörp komi fram með tveggja ára millibili frá utanríkisráðuneyti í höndum sama stjórnmálaflokks, Samfylkingarinnar.

Auk þess sem meiri hlutinn telur í nefndaráliti sínu að verkefni Varnarmálastofnunar muni færast til Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu telur hann að verkefnin verði mörg hver unnin áfram með sama hætti, við sömu aðstæður og af sama starfsliði og áður innan vébanda Varnarmálastofnunar þó að stjórnsýsluleg ábyrgð á framkvæmd þeirra færist til annarra stofnana. Þetta viðhorf er athyglisvert fyrir tvær sakir. Í fyrsta lagi hlýtur að teljast eðlilegast að kveða skýrt á um það í frumvarpinu til hvaða stofnana flytja á einstök verkefni Varnarmálastofnunar ef það liggur að mestu ljóst fyrir og eyða þar með óvissu um afdrif þeirra. Í öðru lagi vekur það upp spurningar um tilgang breytinganna þegar meiri hlutinn skrifar í áliti sínu að verkefnin munu mörg hver unnin með sama hætti, á sama stað og af

sama starfsfólki og áður. Hver er þá tilgangurinn með þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um og meiri hlutinn leggur svo þunga áherslu á að knýja hratt í gegn?

Í framhaldi af þessu er rétt að geta þess að Alþingi hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum þar sem fram kemur í athugasemdum að draga skuli úr verkefnum embættis ríkislögreglustjóra. Það skýtur óneitanlega skökku við að samhliða því frumvarpi séu uppi áform um að auka við starfsemi embættisins með hugsanlegri tilfærslu verkefna frá Varnarmálastofnun. Af þessu má vart annað ráða en að ósamræmis gæti um framtíðarsýn og stefnumótun embættis ríkislögreglustjóra innan stjórnarráðsins.

Í kjölfar þeirra áfalla sem dunið hafa á íslenskri þjóð á undanförnum misserum hefur mikil umræða átt sér stað um nauðsyn vandaðra stjórnsýsluhátta þar sem fagleg og yfirveguð vinnubrögð eru í hávegum höfð. Nægir þar að vísa til skýrslu rannsóknarnefnar Alþingis og skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um viðbrögð stjórnsýslunnar vegna skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Ekki verður séð í gögnum málsins að farið sé að ráðleggingum fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um sameiningar og niðurlagningar ríkisstofnana við undirbúning lokunar Varnarmálastofnunar. Í sérstökum spurningalista sem Ríkisendurskoðun hefur útbúið og beint er til stjórnvalda þegar formleg ákvörðun um sameiningu stofnana liggur fyrir snúa tveir flokkar spurninga að markmiðum breytinganna og fjárhagslegu mati. Eins og fyrr segir er tilgangur fyrirhugaðra breytinga óljós og þegar kemur að fjárhagslegu mati er hvergi að finna áætlun um hagræðingu eða sparnað sem kæmi til af lokun Varnarmálastofnunar.

Í nefndaráliti meiri hlutans er tekið dæmi af því að embætti Ríkislögreglustjóra hafi fyrir daga Varnarmálastofnunar farið með hlutverk sérstaks öryggiseftirlits (e. National Security Authority) en aðildarríkjum NATO ber skylda til að starfrækja slíkt eftirlit samkvæmt sérstökum samningi bandalagsríkjanna um upplýsingaöryggi. Öryggiseftirlitið hefur það hlutverk að hafa eftirlit með því hvernig íslenska ríkið framkvæmir og fer með trúnaðarupplýsingar og gögn NATO hérlendis, sem og að framfylgja öryggisreglum bandalagsins. Til þess þarf sérþjálfaða starfsmenn sem þekkja kerfi og staðla NATO til hlítar og tekur sú þjálfun marga mánuði. Fyrir daga Varnarmálastofnunar fór varnarliðið með hluta af öryggiseftirlitinu gagnvart NATO en ríkislögreglustjóri hafði aðeins takmarkað hlutverk með höndum svo villandi er að vísa í fyrri reynslu ríkislögreglustjóraembættisins af þessum verkefnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök verkefnastjórn skipuð af utanríkisráðherra taki yfir starfsskyldur forstjóra Varnarmálastofnunar við gildistöku laganna. Tilgangur þess að verkefnastjórn taki yfir stjórn stofnunarinnar er óljós og vekur upp margvíslegar spurningar um stöðu fjölskipaðs stjórnvalds auk þess sem vænta má að slíkt fyrirkomulag hljóti að hafa mikinn kostnað í för með sér. Hvorki liggur fyrir hvaða reglur gilda um ábyrgð og skyldur verkefnastjórnarinnar né áætlaðan kostnað af henni.

Meiri hlutinn gerir nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Meðal annars er kveðið á um að starfsmenn Varnarmálastofnunar sem við gildistöku laganna fást við verkefni sem flutt verða til annarra stofnana skulu fá boð um starf hjá stofnunum sem við verkefnunum taka. 1. minni hluti telur að hér beri að kveða fastar að orði og tryggja að öllu starfsfólki Varnarmálastofnunar skuli boðið viðeigandi og sambærileg störf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni Varnarmálastofnunar.

Þá minnir 1. minni hluti á að við umfjöllun málsins í utanríkismálanefnd barst nefndinni boð um að heimsækja Varnarmálastofnun í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi stofnunarinnar frá fyrstu hendi. Boðinu var ekki tekið og lýsir það bæði virðingarleysi gagnvart því starfsfólki sem þar starfar og áhugaleysi meiri hlutans á því að kynna sér raunverulega verkefni og starfssvið stofnunarinnar.

Að lokum ítrekar 1. minni hluti að það er fyrir neðan virðingu Alþingis að samþykkja lög um að flytja lögbundin verkefni án þess að kveða á um hvar þeim skuli fundinn staður, sérstaklega þegar um er að ræða viðkvæm og vandasöm verkefni sem varða öryggi ríkisins. Því leggur 1. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta er vanbúið, markmið með breytingunum sem það kveður á um er í hæsta máta óskýrt og verklag og undirbúningur málsins getur engan veginn talist samræmast vönduðum stjórnsýsluháttum samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. júní 2010.

Bjarni Benediktsson, frsm. Einar K. Guðfinsson.

1229. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Markmið frumvarpsins er að leggja niður Varnarmálastofnun á árinu 2010. Verkefni hennar á að samþætta hlutverki annarra opinberra stofnana og samræma þessar breytingar við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna var gert ráð fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti yrðu sameinuð í nýtt innanríkisráðuneyti fyrir lok kjörtímabilsins.

Hlutverk Varnarmálastofnunar.

Varnarmálastofnun hefur það hlutverk samkvæmt varnarmálalögum að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni, greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins, greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála og að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi. Utanríkisráðuneytið fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd varnarmálalaga og ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Utanríkisráðherra fer jafnframt með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki,

hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. Atlantshafsbandalagið.

Skortur á pólitískri stefnumörkun.

Mikilvægur hluti af fullveldi hvers ríkis er hvernig það fer að því að tryggja öryggi þegna sinna. Frá seinni heimsstyrjöldinni hafa íslensk stjórnvöld leitast við að tryggja varnir og öryggi landsins og þegnanna með samstarfi við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið. Eftir brottför bandaríkjahers frá landinu stóðu íslensk stjórnvöld frammi fyrir nýjum veruleika. Þá var tekin ákvörðun af þáverandi stjórnarflokkum, Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, um að setja á stofn Varnarmálastofnun og fela henni fyrrgreind verkefni. Hins vegar hefur lítil umræða og vinna farið í að skilgreina hvað er öryggi, greina á milli öryggismála og varnarmála og meta fyrirliggjandi skilgreiningu á öryggi í íslenskri utanríkisstefnu.

Annar minni hluti leggur áherslu á að marka verður öryggis- og varnarmálastefnu til framtíðar. Í umsögn NEXUS, rannsóknarvettvangs fyrir öryggis- og varnarmál er bent á mikilvægi öryggis- og varnarmálastefnu, og að þeirri stefnumótun þurfi að fylgja eftir með reglulegri endurskoðun, t.d. á þriggja til fjögurra ára fresti. Því hlýtur það að vekja töluverða athygli að fyrirhugað er að leggja niður stofnun sem fer með varnarmál landsins (þ.e. gera stjórnsýslulegar breytingar), án þess að fyrir liggi nokkur stefnumörkun um hvernig eigi að fara varanlega með öryggis- og varnarmál landsins. Utanríkisráðherra hefur boðað þverpólitíska vinnu í haust um mótun öryggis- og varnarmálastefnu. 2. minni hluti telur að eðlilegra hefði verið að fara fyrst í þá vinnu og móta svo stjórnsýsluna í framhaldi af markaðri stefnu.

Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem dr. Gunnar Helgi Kristinsson stýrði, segir: „Meginþungi opinberrar stefnumótunar á Íslandi hvílir á herðum framkvæmdarvaldsins. Þaðan þarf þess vegna að koma sú pólitíska forysta sem stuðlar að vandlega undirbúinni og samhæfðri stefnumótun ríkisvaldsins. Í nálægum ríkjum er vönduð úttekt oftast undanfari meiriháttar opinberrar stefnumótunar (t.d. NOU í Noregi, SOU í Svíþjóð, Statens betænkninger í Danmörku, White papers í Bretlandi). Í slíkum stefnuskjölum eru viðfangsefnin sett í samhengi við grundvallarkenningar, meginreglur laga, fræðilega orðræðu viðkomandi fagsviðs og reynslu annarra landa. Eftir atvikum kann einnig að vera um það að ræða að mismunandi valkostum sé stillt upp og áhrif þeirra séu vegin og metin. Það fer einnig eftir atvikum hvort slík stefnuskjöl eru unnin af sérfræðingum stjórnsýslunnar, utanaðkomandi sérfræðingum eða blöndu af báðu. Í mörgum tilvikum er leitað til utanaðkomandi aðila, s.s. háskólafólks, sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði um aðkomu að slíkri vinnu. Það er síðan á grundvelli slíkra stefnumótunarskjala sem hin eiginlega pólitíska ákvarðanataka fer fram og löggjafarkostir eru valdir. Loks eru sjálf lagafrumvörpin og skýringar með þeim unnin af stjórnkerfinu á grundvelli þess sem á undan er gengið. Vandaður undirbúningur lýtur ekki bara að skilvirkni og hagkvæmni stefnumótunar heldur dregur einnig úr líkum á stefnureki í framkvæmd og að dómstólar fái óljósa löggjöf til túlkunar. Hann er þannig hluti af lýðræðislegum grundvelli opinberrar stefnumótunar. Hér á landi eru mörk undirbúnings stefnumótunar, pólitískrar ákvarðanatöku um val á milli löggjafarkosta og vinnu við gerð lagafrumvarpa oft afar óljós og ekki aðskilin í þau mismunandi þrep sem að framan var lýst.“

Hin óljósu, jafnvel óvönduðu, vinnubrögð sem einkennt hafa íslenska stjórnsýslu er greinilega hægt að sjá á vinnslu þessa frumvarps. Engin stefna er til um öryggis- og varnarmál. Ákvörðun er tekin við stjórnarmyndun að leggja niður Varnarmálastofnun og fela verkefni hennar nýju ráðuneyti sem verður stofnað einhvern tímann á kjörtímabilinu. Þannig á að leggja niður stofnun, ráðstafa verkefnunum hennar til einhverra undirstofnana, á vegum einhvers ráðuneytis sem verður stofnað á næstunni á grundvelli pólitískrar stefnumörkunar sem verður mótuð fljótlega.

Annar minni hluti tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að leggja niður Varnarmálastofnun eða ekki en leggur áherslu á að öryggis- og varnarmálum verði komið fyrir á sem bestan hátt og telur að ákvæði þessa frumvarps geri það einfaldlega ekki. Þegar kastað er til hendinni ítrekað þegar kemur að þessum málaflokki er hætta á að skaða jafnframt gott samstarf landsins við Atlantshafsbandalagið. 2. minni hluti telur einnig mikilvægt að öryggis- og varnarmálastefna landsins endurspegli sérhæfingu og þekkingu þjóðarinnar, svo sem á almannavörnum, náttúruhamförum, jafnrétti, kvenfrelsi og mannréttindum.

Annar minni hluti geldur einnig varhug við því hugarfari sem birtist í frumvarpinu um að draga úr aðkomu Alþingis að öryggis- og varnarmálum sem aðhalds- og eftirlitsaðila með framkvæmdarvaldinu.

Starfsmannamál.

Miklar áhyggjur og óöryggi starfsmanna endurspeglast í þeim umsögnum sem bárust frá stofnuninni og stéttarfélögum starfsmanna. Félag forstöðumanna ríkisstofnana bendir á misræmi í framlögðum stjórnarfrumvörpum þegar kemur að stöðu forstöðumanna stofnana við niðurlagningu og sameiningu þeirra og skrifar: „Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar virðist það einungis ganga út á að leggja niður starf forstöðumanns stofnunar, sem ekki á þó að leggja niður strax. Dagleg stjórnun stofnunarinnar á fram að því tímamarki að vera í höndum fjölskipaðs stjórnvalds, verkefnisstjórnar, án þess þó að verkefni hennar eða verksvið sé skilgreint nánar í lögunum eða frumvarpinu. Vekur það ýmsar spurningar um ábyrgð og skiptingu verkefna sem samkvæmt lögum eða reglugerðum eru settar í hendur forstöðumanna. Má í því sambandi m.a. vísa í reglugerð um framkvæmd fjárlaga.“

Annar minni hluti hvetur til þess að ríkisstjórnin móti sér stefnu sem fyrst um hvernig eigi að standa að uppsögnum og tilfærslum forstöðumanna ríkisstofnana. Forsætisráðherra hefur boðað að stofnunum ríkisins verði fækkað um 30–40% sem hluti af endurskipulagningu opinberrar þjónustu í öllum ráðuneytum. Standa verður að öllum slíkum málum með sambærilegum hætti eða rökstyðja það sérstaklega ef vikið er frá almennu aðferðafræðinni.

Í umsögn SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu koma fram áhyggjur af að ráðningarsamband og réttarstaða starfsmanna séu ekki nægilega vel skýrð í frumvarpinu. Lögmaður stéttarfélagsins hafði óskað sérstaklega eftir upplýsingum um þetta frá ráðuneytinu og útskýrði ráðuneytið vilja ráðherra á eftirfarandi hátt:

„Lögmaðurinn skilur ákvæðið svo að dagsetningin vísi til þess að ráðningarsamband starfsmanna við nýja stofnun skuli eingöngu standa til áramóta. Þetta er misskilningur. Dagsetningin vísar til þess að samningsgerð utanríkisráðherra við stofnun, sem tekur við verkefni, geti átt sér stað á tímabilinu frá gildistöku laganna til 1. janúar 2011. Fyrir 1. janúar 2011 á að vera búið að gera verksamninga og samninga við rekstrarverkefni sem flytja verkefni til annarra stofnana. Boð til starfsmanna Varnarmálastofnunar um störf hjá öðrum stofnunum, sem við verkefnum taka, myndi einnig koma til á því tímabili. Þiggi þeir boð um starf hjá annarri stofnun mun ráðningarsamband stofnast milli starfsmannsins og viðkomandi stofnunar. Það ráðningarsamband stendur þar til því lýkur samkvæmt almenn-

um reglum. Með ákvæðinu er verið að tryggja störf starfsmanna Varnarmálastofnunar hjá annarri stofnun eftir að Varnarmálastofnun er lögð niður.“

Annar minni hluti telur að eðlilegt hefði verið að tryggja starfsmönnum Varnarmálastofnunar jafnframt ákveðinn biðlaunarétt eftir að þeir færðust til í starfi til annarrar stofnunar. Það hefur gefið góða raun við breytingar á öðrum stofnunum, dregið úr óöryggi starfsmanna á meðan þeir eru að kynnast nýjum vinnustað og samstarfsfélögum og dregið úr brotthvarfi þeirra.

Staðsetning.

Mikilvægt er að huga að bæði stjórnsýslulegri staðsetningu verkefna Varnarmálastofnunar og landfræðilegri. Í umsögn NEXUS og Alyson Bailes er bent á áhugaverða þróun erlendis þar sem öryggis- og varnarmál hafa verið staðsett undir forsætisráðuneyti en ekki utanríkis- eða innanríkisráðuneyti. Í umsögn NEXUS segir: „…hvetjum við Alþingi til að íhuga stofnsetningu skrifstofu öryggis- og varnarmála innan forsætisráðuneytisins. Þeirri skrifstofu yrði fengin hlutverk ábyrgðar- og samhæfingaraðila fyrir málaflokkinn og gæti tengst almannavarna- og öryggismálaráði því sem er skilgreint í lögum um almannavarnir, nr. 82/2008. Forsætisráðherra hefur óhjákvæmilega aðkomu að utanríkismálum og með þessari leið væri hægt að styrkja samskipti milli ráðuneyta og tryggja reglulega aðkomu forsætisráðherra að stefnumótun í utanríkis-, -öryggis- og varnarmálum.“

Annar minni hluti telur þetta áhugaverða ábendingu og ætti að skoðast sem hugsanlegur valkostur við boðaða stefnumörkun um öryggis- og varnarmál, sem og endurskipulagningu á stjórnarráðinu og þá í samanburði við að halda málaflokknum áfram undir utanríkisráðuneytinu eða færa hann undir nýtt innanríkisráðuneyti.

Ekkert afgerandi kemur fram í frumvarpinu um hvert eigi að færa verkefnin eða hvaða stofnanir eigi að sinna þeim til framtíðar. Þó kemur fram í skýrslu starfshóps sem undirbjó frumvarpið að Landhelgisgæslan væri væntanlega best til þess fallin að taka við verkefnum Varnarmálastofnunar, auk þess að ríkislögreglustjóri gæti tekið við hluta. Í meðferð nefndarinnar var einnig nefnt að sameina mætti starfsemi Varnarmálastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Vakstöðvar siglinga og jafnvel hluta af eftirlit með flugi yfir landið. 2. minni hluti telur að höfuðstöðvum þessarar starfsemi yrði best fyrir komið á Suðurnesjum í núverandi aðstöðu Varnarmálastofnunar. Á svæðinu er jafnframt góð hafnaraðstaða, besti flugvöllur landsins og húsnæði sem uppfyllir þá öryggisstaðla sem samstarfið við Atlantshafsbandalagið gerir kröfur um. Talið er að sá flutningur ætti ekki að hafa sérstök áhrif á núverandi starfsemi samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð.

Annar minni hluti bendir á að fá byggðarlög hafa orðið jafn illa úti við bankahrunið og Suðurnesin. Þar er mesta atvinnuleysi á landinu og svæðið má alls ekki við meiri áföllum. Við samþykkt þessa frumvarps er framtíð 50–60 starfa á svæðinu í uppnámi. Því hvetur 2. minni hluti stjórnvöld til að huga að uppbyggingu og fjölgun starfa á svæðinu, ekki fækkun, og að tryggja að núverandi verkefni verði áfram á Suðurnesjum og nýjum bætt við, svo sem með flutningi Landhelgisgæslunnar þangað.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **ekki afgreitt** á þessu stigi, heldur beðið þar til mótuð hefur verið ný heildarstefna í öryggis- og varnarmálum og ákvörðun tekin um hvaða ráðuneyti eigi að taka við yfirstjórn málaflokksins.

Alþingi, 7. júní 2010.

Eygló Harðardóttir.

1230. Fyrirspurn [654. mál]

til fjármálaráðherra um áminningar til embættismanna.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu mörg bréf hafa ráðherrar sent um áform um að veita embættismanni áminningu á síðustu tíu árum og hvaða ástæður hafa verið fyrir slíkum áformum?
2. Hversu mörg slík bréf hafa leitt til þess að áminning hefur verið gefin?
3. Hversu lengi hafa embættismenn þurft að bíða eftir að lokaákvörðun um að veita áminningu hefur verið tekin?
4. Hvaða ráðherrar hafa veitt áminningu og hver er fjöldi áminninga, flokkað eftir ráðherrum, síðustu tíu ár?

Skriflegt svar óskast.

1231. Fyrirspurn [655. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um bótagreiðslur til foreldra með sameiginlegt forræði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er ástæða þess að foreldrar með sameiginlegt forræði fá ekki báðir umönnunarbætur og bætur vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna?
2. Stendur til að breyta þessu? Ef svo er, hvenær má vænta slíkra breytingar? Ef ekki, hverju sætir það?

1232. Fyrirspurn [656. mál]

til umhverfisráðherra um veiðikortasjóð.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Af hverju fjármagnar veiðikortasjóður vöktun rjúpu en Náttúrufræðistofnun vöktun annarra dýrastofna?
2. Hversu miklu fé hefur verið úthlutað til rjúpnarannsókna úr veiðikortasjóði frá árinu 1995? Hvers vegna hefur ekki verið til úthlutað fé til gæsarannsókna?
3. Er til sundurliðun á kostnaði við rjúpnarannsóknir samkvæmt bókhaldslyklum? Hversu mikill er hluti dagpeninga, aksturs o.s.frv.? Er vinna sérfræðinga innan húss við rjúpnarannsóknir gjaldfærð sem útseld vinna?
4. Hvað ræður úthlutunum úr veiðikortasjóði?
5. Hefur verið haft samráð við veiðimenn eða Umhverfisstofnun um úthlutanir úr sjóðnum?
6. Hefur Náttúrufræðistofnun sótt formlega um styrki úr sjóðnum frá árinu 2006?
7. Hyggst ráðherra nýta sér tillögur nefndar frá 2001 um úthlutunarreglur veiðikortasjóðs?
8. Er til stofnskrá fyrir veiðikortasjóð?

1233. Fyrirspurn [657. mál]

til forsætisráðherra um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hvaða réttarreglur, skráðar og óskráðar, gilda að íslenskum rétti um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi?
2. Hvaða viðurlög eru við brotum á slíkri skyldu?
3. Telur ráðherra tilefni til að breyta þessum reglum, skýra þær eða eftir atvikum herða þær?

Skriflegt svar óskast.

1234. Nefndarálit [498. mál]

um till. til þál. um bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra, Svein Magnússon, yfirlækni hjá heilbrigðisráðuneyti, og Einar Magnússon, skrifstofustjóra skrifstofu lyfja hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Nefndinni bárust umsagnir frá Arnari Haukssyni, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, lyfjagreiðslunefnd og Lyfjastofnun.

Með tillögunni ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára stúlkna gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að árlega greinast um 17 ný tilfelli leghálskrabbameins hér á landi. Jafnframt verða um þrjú dauðsföll á hverju ári. Fleiri konur eru þó greindar með forstigsbreytingar og framkvæmdir eru um 300 keiluskurðir á hverju ári. Aðalorsakavaldur leghálskrabbameins eru Human papilloma veirur (HPV) og í um 70% tilfella þess eru það HPV 16/18 stofnar sem finnast. Bóluefnin Gardasil og Cervarex innihalda m.a. mótefnavaka gegn þessum stofnum HPV en þau voru lögð til grundvallar í kostnaðarvirknigreiningu sem gerð hefur verið, sbr. fylgiskjal með tillögunni. Niðurstöður þessarar greiningar sýna að út frá ákveðnum forsendum virðist bólusetning vera kostnaðarhagkvæm miðað við aðstæður hér á landi. Enn fremur kemur fram að bólusetningin getur komið í veg fyrir um 1,7 dauðsföll á ári og að hún „vinnur alls um 16,9 lífsgæðavegin lífár“. Í greinargerð Kristjáns Sigurðssonar, yfirlæknis á leitarstöð Krabbameinsfélagsins, sem fylgir með umsögn Krabbameinsfélags Íslands kemur fram að um 13 aðrir HPV-stofnar hafi fundist í leghálskrabbameinum og sterkum forstigsbreytingum. Aftur á móti benda niðurstöður rannsókna til að bóluefnin geti komið í veg fyrir um 67% af leghálskrabbameinum og um 53% af alvarlegum forstigsbreytingum.

Öflugt leitarstarf undanfarna áratugi, sem sinnt er af leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, hefur skilað gríðarmiklum árangri. Í umsögn Krabbameinsfélagsins kemur þó fram að hlutfall ungra kvenna sem þiggja boð um að koma í krabbameinsleit er ekki nógu hátt og að viss hætta sé á að hlutfallið muni lækka enn frekar verði komið á skipulögðum bólusetningum, þ.e. að ungar konur muni telja sig varðar með bólusetningu. Það er álit nefndarinnar að mikilvægt sé að hefja bólusetningar gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini hér á landi. Aftur á móti áréttar nefndin mikilvægi leitarstarfs Krabbameinsfélagsins og telur áríðandi að komið sé á framfæri að bólusetning gegn HPV sé einungis vörn gegn leghálskrabbameini en veiti ekki tryggingu fyrir því að fá ekki slíkt mein. Nefndin telur því einkar nauðsynlegt að komið sé á framfæri mikilvægi reglulegs eftirlits á vegum leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands.

Í október 2008 skilaði ráðgjafahópur sem fékk það verkefni að skoða bólusetningar og skimanir ítarlegri skýrslu. Í skýrslunni var lagt mat á forvarnir sem lúta að bólusetningum og skimunum gegn smitsjúkdómum og krabbameinum. Var þar m.a. lagt mat á gildi og kostnaðarhagkvæmni bólusetninga og mælt með að hafinn yrði undirbúningur að bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum og hafin yrði bólusetning með HPV-bóluefni meðal 12 ára stúlkna. Nefndin hefur einnig til umfjöllunar þingsályktunartillögu þess efnis að heilbrigðisráðherra skuli hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára stúlkna gegn

HPV-smiti og leghálskrabbameini. Nefndin telur að hér sé um að ræða mjög verðug og þörf verkefni. Aftur á móti er ljóst að nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum sem þessum. Það er álit nefndarinnar að rétt sé að fara eftir þeirri forgangsröðun sem sett er fram í framangreindri skýrslu frá því í október, þ.e. að fyrst skuli hefja bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum og síðan bólusetningar gegn HPV-sýkingum og leghálskrabbameini.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Guðlaugur Þór Þórðarson, Valgerður Bjarnadóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Skúli Helgason.
Óli Björn Kárason.	Margrét Pétursdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.

1235. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra, Svein Magnússon, yfirlækni hjá heilbrigðisráðuneytinu, og Einar Magnússon, skrifstofustjóra skrifstofu lyfja hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, lyfjagreiðslunefnd og Lyfjastofnun.

Með tillögunni er heilbrigðisráðherra falið að hefja undirbúning að bólusetningu allra ungbarna gegn pneumókokkasýkingum í ljósi þess að hún er hagkvæmust þeirra bólusetninga sem eftir er að taka upp. Umsagnir sem bárust um málið voru jákvæðar. Kostnaðarhagkvæmni hefur þegar verið metin hér á landi og er niðurstaðan sú að bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum er hagkvæmust þeirra bólusetninga sem eftir er að taka upp. Nefndin óskaði eftir minnisblaði frá heilbrigðisráðuneyti um stöðu þessa máls hjá ráðuneytinu. Í minnisblaðinu kemur fram að vinnuáætlun ráðuneytisins er að hefja bólusetningar á árinu 2011 með það að markmiði að þau börn sem fæðast á því ári fái slíkar bólusetningar. Það er álit nefndarinnar að hér sé um þarft mál að ræða enda eru eyrnabólgur eitt algengasta heilsuvandamál barna hér á landi og skýrir yfir 50% allrar sýklalyfjanotkunar hjá börnum. Í október 2008 skilaði ráðgjafahópur sem fékk það verkefni að skoða bólusetningar og skimanir ítarlegri skýrslu. Í skýrslunni var lagt mat á forvarnir sem lúta að bólusetningum og skimunum gegn smitsjúkdómum og krabbameinum. Var þar m.a. lagt mat á gildi og kostnaðarhagkvæmni bólusetninga og mælt með að hafinn yrði undirbúningur að bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum og hafin yrði bólusetning með HPV-bóluefni meðal 12

ára stúlkna. Nefndin hefur einnig til umfjöllunar þingsályktunartillögu þess efnis að heilbrigðisráðherra skuli hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára stúlkna gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini. Nefndin telur að hér sé um að ræða mjög verðug og þörf verkefni. Aftur á móti er ljóst að nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum sem þessu. Það er álit nefndarinnar að rétt sé að fara eftir þeirri forgangsröðun sem sett er fram í framangreindri skýrslu frá því í október, þ.e. að fyrst skuli hefja bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum og síðan bólusetningar gegn HPV-sýkingum og leghálskrabbameini. Bólusetning gegn pneumókokkasýkingum er þjóðhagslega hagkvæm aðgerð sem skilar sér strax í auknum lífsgæðum, minni notkun sýklalyfja, minna álagi á heilbrigðisstofnunum, minna vinnutapi hjá foreldrum sem og jákvæðum hjarðáhrifum. Nefndin fagnar þeirri undirbúningsvinnu sem nú þegar hefur átt sér stað hjá heilbrigðisráðuneytinu varðandi bólusetningar. Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Valgerður Bjarnardóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Skúli Helgason.
Óli Björn Kárason.	Margrét Pétursdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.

1236. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Álfheiði Ingadóttur, heilbrigðisráðherra, Guðríði Þorsteinsdóttur, sviðstjóra laga- og stjórnsýslusviðs heilbrigðisráðuneytisins, Einar Magnússon, skrifstofustjóra skrifstofu lyfjamála hjá heilbrigðisráðuneytinu og Sigurð M. Magnússon, forstjóra Geislavarna ríkisins.

Nefndinni bárust umsagnir frá Geislavörnum ríkisins, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og landlækni.

Með frumvarpinu er lagt til að einstaklingum yngri en 18 ára verði bannað að nota sólarlampa í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar um framkvæmd þessa í reglugerð. Þá fer eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í athugasemd um 1. gr. frumvarpsins kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir að eftirlit verði á hendi heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að bannið sé sett á grundvelli heilbrigðissjónarmiða og í ljósi þess að útfjólublá geislun frá sólarlömpum sé nú flokkuð sem krabbameinsvaldandi. Fram kemur í umsögnum Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands að tíðni húðkrabbameins hafi vaxið gríðarmikið á

undanförnum árum og samkvæmt krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins eru hér á landi um 50 manns greindir með sortuæxli í húð og um 60 með annars konar illkynja húðæxli á hverju ári. Enn fremur kemur fram í gögnum frá Geislavörnum ríkisins að nýgengni sortuæxla meðal kvenna samkvæmt krabbameinsskrá frá árinu 2004 hafi aukist gríðarlega frá árinu 1990. Þá kemur fram að börn og unglingar eru sérstaklega viðkvæm fyrir útfjólublárri geislun en í gögnum Geislavarna ríkisins, sem byggjast á árlegum könnunum Capacent-Gallups, hefur hátt í helmingur allra einstaklinga 16–19 ára farið í ljós á tólf mánaða tímabili. Rúmlega 40% á aldrinum 20–23 ára og rúmlega 20% á aldrinum 12–15 ára. Með fræðslu og leiðbeiningum á undanförnum árum hefur þó tekist að fækka verulega í hópnum 20–23 ára, minni fækkun er í hópnum 16–19 ára en ekki er fækkun í hópi 12–15 ára. Í könnun Capacent-Gallups kemur fram að um 7% 20–23 ára, um 12% 16–19 ára og um 4% 12–15 ára fara í ljósabekk mánaðarlega eða oftar. Af þessu má sjá að sú fræðsla og sá áróður sem farið hefur verið í á undanförnum missirum nær ekki nógu vel til barna og unglinga sem mest hætta stafar af útfjólublárri geislun. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að brugðist sé við í forvarnarskyni í þessu máli. Tvö sjónarmið vega hér þungt, annars vegar að hér er um börn og unglinga að ræða og hins vegar sú staðreynd að nú er útfjólublá geislun frá sólarlömpum flokkuð sem krabbameinsvaldandi, sbr. tilkynningu Alþjóðlegu rannsóknarstofnunarinnar í krabbameinsfræðum í Lyon, sem starfar á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, frá 29. júlí 2009.

Í ljósi framangreinds telur meiri hlutinn nauðsynlegt að takmarka aðgang ungmenna að sólarlömpum í öðru skyni en læknisfræðilegu og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Guðlaugur Þór Þórðarson, Valgerður Bjarnadóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Þuríður Backman, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Skúli Helgason.
Margrét Pétursdóttir.		Siv Friðleifsdóttir.

1237. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttir frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að öllum atvinnurekendum verði, á sama hátt og þeim er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði stéttarfélaga, skylt að greiða í fræðslusjóði atvinnulífsins iðgjöld sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni í kjarasamningsviðræðum.

Nefndin hefur fjallað um málið sem almenn sátt virðist ríkja um hjá aðilum vinnumarkaðarins. 1. minni hluti áréttar mikilvægi þess að öllu launafólki standi til boða að auka hæfni sína til starfa með endurmenntun, símenntun, námskeiðum eða annarri fræðslu, óháð því hjá hvaða atvinnurekanda það starfar. Leggur 1. minni hluti til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðbjartur Hannesson, Ögmundur Jónasson og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Margrét Pétursdóttir.	Guðmundur Steingrímsson.

Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1238. Svar [630. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Engir formlegir vinnuhópar hafa verið skipaðir innan ráðuneytisins eða stofnana þess til að sinna aðildarumsókn. Alls taka átta starfsmenn ráðuneytisins þátt í samningahópum og auk þeirra forstjórar Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Matvælastofnunar.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Tólf starfsmenn ráðuneytisins (rúmlega fjórðungur) koma að vinnu sem tengist umsókninni en í mismiklum mæli og auk þeirra fjórir til sex úr undirstofnunum. Áætla má gróflega að þetta starfsfólk, auk starfsfólks undirstofnana, verji 18–20 mannmánuðum á árinu 2010 í tengslum við aðildarumsóknina.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ekki er í fjárlögum 2010 gert ráð fyrir sérstökum kostnaði sem falli á ráðuneytið vegna aðildarumsóknar en ljóst er að sá kostnaður verður umtalsverður.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsfólki hefur ekki verið fjölgað vegna aðildarumsóknar en á því væri mikil þörf.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Engin ráðgjöf hefur verið keypt en ráðuneytið greiðir að hluta vinnu sem Fiskistofa innir af hendi.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Líkt og komið hefur fram í svörum við fyrirspurnum á Alþingi liggur fyrir að verulegar breytingar verða á stjórnsýslu á sviði landbúnaðar ef til aðildar kemur. Einnig verða kerfisbreytingar á sjávarútvegssviðinu. Á sviði landbúnaðar þarf að tryggja að til staðar verði sérstök greiðslustofnun auk eftirlitskerfis. Ljóst er að hið nýja kerfi verður mun mannfrekara og kostnaðarsamara en það fyrirkomulag sem nú er til staðar. Loks er ljóst að efla verður ráðuneytið umtalsvert. Unnið er að nánari úttekt á þeim kröfum sem eru gerðar í þessu efni.

1239. Frumvarp til lokafjárlaga [391. mál]

fyrir árið 2008.

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

Samhljóða þskj. 699 með þessum breytingum:

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2008 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	6,3	6,3
Menntamálaráðuneyti	670,7	729,0
Utanríkisráðuneyti	28,1	22,8
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	1.674,2	1.660,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	102,0	109,9
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-317,0	-316,4
Heilbrigðisráðuneyti	120,7	127,4
Fjármálaráðuneyti	442,8	369,2
Samgönguráðuneyti	-65,8	-51,6
Iðnaðarráðuneyti	208,0	174,5
Viðskiptaráðuneyti	119,2	125,2
Umhverfisráðuneyti	-65,5	-78,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**2.923,7**	**2.878,1**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2008 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	171,4	171,4
Forsætisráðuneyti	181,4	181,4
Menntamálaráðuneyti	84,6	84,6
Utanríkisráðuneyti	2.166,9	2.166,9
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	507,6	507,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-90,0	-90,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.136,8	2.136,8
Heilbrigðisráðuneyti	1.528,0	1.528,0
Fjármálaráðuneyti	-227.743,3	1.448,1
Samgönguráðuneyti	4.084,0	4.084,0
Iðnaðarráðuneyti	194,8	194,8
Viðskiptaráðuneyti	242,2	242,2
Umhverfisráðuneyti	-35,8	-35,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-2.796,1	0,0
Samtals	**-219.367,5**	**12.620,0**

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2008 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, með fyrirvara út af hugsanlegri skaðabótakröfu ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 4/1963.

Sundurliðun 1.

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.

Eftirfarandi liðir í sundurliðun 1, **fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna,** breytast eða bætast við og verða svohljóðandi:

02-201 Háskóli Íslands	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	43,4
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	337,5
Gjöld samtals	**380,9**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 380,9

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 40,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,0

Sundurliðun 2.
Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

Eftirfarandi liðir í sundurliðun 2, **niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta,** breytast eða bætast við og verða svohljóðandi:

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,3

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 23,1
1.11 Sjúkrasvið . . . . . -233,7
1.21 Hjúkrunarrými 157,8
Almennur rekstur samtals . . . . . -52,8

Gjöld samtals . . . . . **-52,8**

Sértekjur:
Sértekjur 41,5

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-11,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -11,3

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.21 Hjúkrunarrými	18,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,9

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-43,6
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	270,0
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	8,0
6.74 Lendingabætur	4,4
6.81 Vestmannaeyjaferja	66,7
Stofnkostnaður samtals	349,1
Gjöld samtals	**305,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	243,6
Gjöld umfram tekjur	**549,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	549,1

1240. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

I. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðisstofnun ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 83. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Íbúðalánasjóður.

2. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: félags- og tryggingamálaráðuneyti.

3. gr.

Í stað orðanna „kærunefnd húsaleigumála“ í 4. mgr. 17. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 84. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: kærunefnd húsamála.

4. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 38. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 84. gr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „kosnar skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: skipaðar af sveitarstjórn skv. 13. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

6. gr.

84. gr. laganna verður svohljóðandi:

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa í kærunefnd húsamála til þriggja ára í senn og skulu tveir þeirra vera lögfræðingar og einn verkfræðingur. Húseigendafélagið tilnefnir einn fulltrúa og skal hann vera lögfræðingur. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera verkfræðingur en hinn skal uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skal varaformaður uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

Kostnaður við starfsemi kærunefndar húsamála greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

7. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar frístundahúsamála“ í 3. mgr. 11. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 25. gr., og í stað orðanna „úrskurðarnefndar um frístundahúsamál“ í fyrirsögn 28. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: kærunefnd húsamála.

8. gr.

Í stað orðsins „úrskurðarnefnd“ í 6. mgr. 12. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: kærunefnd.

9. gr.

25. gr. laganna verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Kæruheimild.

Hlutaðeigandi aðila er heimilt að vísa ágreiningsefni á grundvelli laga þessara til kærunefndar húsamála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum. Kærunefndin skal leitast við að ljúka afgreiðslu mála á grundvelli laga þessara innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

Álit og úrskurðir kærunefndar húsamála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 14. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 79. og 80. gr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

11. gr.

Í stað orðsins „fjöleignarhúsamála“ í 5. mgr. 16. gr. a laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 79. gr., kemur: húsamála.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Húsnæðisstofnun ríkisins“ 1. mgr. kemur: Íbúðalánasjóði.
c. Í stað orðsins „stofnuninni“ í 2. mgr. kemur: Íbúðalánasjóði.

13. gr.

79. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kærunefndarinnar“ í 1. mgr. kemur: kærunefndar húsamála, sbr. húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 7. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Kæruheimild.*

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 41. og 42. gr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

16. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 34. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

17. gr.

41. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 1. mgr. kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin skal taka erindi til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.
c. Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 3. mgr. kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. og 4. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
e. Í stað orðsins „kærunefndar“ í 4. mgr. kemur: úrskurðarnefndar.
f. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Málsmeðferð.*

19. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Kæruheimild.**

20. gr.

Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli og með eða án greinis eftir því sem við á: félags- og tryggingamálaráðuneyti.

22. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 65. gr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

23. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar félagsþjónustu“ í 1. mgr. 63. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskilinni 65. gr., kemur, í viðeigandi beygingarfalli: úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

   Félags- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála til þriggja ára í senn og skulu þeir allir vera lögfræðingar. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

b. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. mgr. kemur: tveggja.

c. Á eftir orðinu „félagsþjónustu“ í 4. mgr. kemur: og húsnæðismála.

d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Nefndin skal eigi síðar en 15. maí ár hvert skila félags- og tryggingamálaráðherra skýrslu um störf sín og helstu niðurstöður og þær leiðbeinandi reglur sem greina má út frá úrskurðum nefndarinnar. Upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir. Skýrsluna skal senda sveitarfélögum og birta opinberlega.

   Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um störf og skrifstofuhald úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

VI. KAFLI
Gildistaka.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal kærunefnd húsamála ljúka afgreiðslu þeirra erinda sem kærunefnd fjöleignarhúsamála, kærunefnd húsaleigumála og úrskurðarnefnd frístundahúsamála hafa til meðferðar við gildistöku laga þessara. Enn fremur skal úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála ljúka afgreiðslu þeirra erinda sem kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga hafa til meðferðar við gildistöku laga þessara.

1241. Þingsályktun [354. mál]

um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun.

(Afgreidd frá Alþingi 8. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 641.

1242. Frumvarp til laga [512. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti.

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

1. gr.

Við b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1243. Frumvarp til laga [510. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara).

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 87. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skiptastjóra heimilt við gjaldþrotaskipti á búi einstaklings að heimila honum í allt að tólf mánuði að búa áfram í húsnæði í eigu þrotabúsins eða halda umráðum einstakra lausafjármuna þess. Fyrir þau afnot skal þá greidd leiga, sem nemur að minnsta kosti þeim kostnaði sem þrotabúið ber af eigninni, en heimilt er skiptastjóra að áskilja að trygging sé sett fyrir spjöllum sem kunna að verða á henni. Áður en ákvörðun er tekin skal skiptastjóri leita afstöðu þeirra sem njóta tryggingarréttinda í eigninni.

2. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er skiptastjóra heimilt að fresta ráðstöfun eignar eftir því sem nauðsyn krefur vegna heimildar sem þrotamanni er veitt skv. 2. mgr. 87. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

6. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: að kaupandi beri áhættu af eigninni frá því að boð hans er samþykkt og njóti réttar til umráða yfir henni frá sama tíma, sbr. þó 55. gr., en við nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði, sem gerðarþoli hefur til eigin nota, skuli hann þrátt fyrir þetta njóta réttar til að halda notum af því í tiltekinn tíma, allt að tólf mánuði frá samþykki boðs gegn greiðslu sem rennur til kaupanda og svarar að mati sýslumanns til hæfilegrar húsaleigu. Sýslumanni er heimilt að áskilja að gerðarþoli setji tryggingu fyrir spjöllum sem kunna að verða á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur sá sem notið hefur réttinda yfir eigninni ekki fengið þeim fullnægt með öllu af söluverðinu og getur hann þá aðeins krafið gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem eftir stendur af skuldbindingunni að því leyti sem hann sýnir fram á að markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs hefði ekki nægt til fullnustu kröfunnar.

Jafnframt er þeim heimilt sem kann að verða krafinn um eftirstöðvar skuldbindingar að höfða mál á hendur þeim sem með hana fer til að fá þær felldar eða færðar niður samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

5. gr.

3. mgr. 69. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum 57. gr. verður beitt við nauðungarsölu samkvæmt reglum þessa kafla.

III. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, sbr. 24. gr. a. Lögmönnum er óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Lögmenn annast löginnheimtu. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmannsháttum.

Við löginnheimtu skv. 1. mgr. er lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald skv. 3. mgr. 24. gr. af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.

IV. KAFLI
Breyting á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingu.

8. gr.

3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli 24. gr. a laga um lögmenn, nr. 77/1998.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1244. Frumvarp til laga [569. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

(Eftir 2. umr., 8. júní.)

I. KAFLI
Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

e. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.
f. Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

2. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, 26. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafi getur, sbr. þó 3. mgr., krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu enda standi veigamikil rök til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna þess að:

1. félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir, sem fram koma fyrir hönd félags, svo og hluthafar, hafa brotið gegn ákvæðum 76. og 95. gr. um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna,
2. annar hluthafi í félaginu hefur misbeitt áhrifum sínum í félaginu,
3. djúpstæður og langvarandi ágreiningur er milli hluthafans og annarra hluthafa um rekstur félagsins.

Ef innlausn skv. 1. mgr. leiðir til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiðir með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það skal ekki taka kröfu hluthafans til greina. Sama máli gegnir ef félagið finnur einhvern sem er reiðubúinn til að kaupa hlutabréfin gegn greiðslu er svarar til innlausnarverðsins. Ákvæði 4. mgr. 22. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði þetta á ekki við um fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og félög sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: eða þeim sem hann framselur vald sitt.
b. Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og eftir atvikum einstökum varamönnum í þeirra stað, svo og endurskoðanda.

4. gr.

Við 3. mgr. 55. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í félagi þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) skal þó miðað við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður. Í öðrum hlutafélögum geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár, krafist þess við stjórn félagsins, innan mánaðar frá því að stjórn tilkynnir um samning, að endurskoðanda verði falið að meta að hve miklu leyti verð sé sanngjarnt og efnislega rökstutt.

5. gr.

Á eftir orðinu „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

6. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 1. mgr. 76. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. a laganna:

a. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: (tekur ekki til stjórnarmanna, sbr. 5. tölul. 2. mgr.).
b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Við gerð starfskjarastefnu skal miða við eftirfarandi grundvallaratriði:

1. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
2. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
3. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
4. Hlutir skulu ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að viðkomandi öðlast rétt til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
5. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Orðið „málfrelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.
c. Í stað orðsins „fimm“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eitt.

9. gr.

Í stað „1/10“ í 2. málsl. 85. gr. laganna kemur: 1/20.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „viku fyrir fund“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: viku fyrir fund (tveimur vikum fyrir aðalfund).
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega.
c. Í stað orðanna „Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta“ í 4. mgr. kemur: Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund nema boðunarfrestur sé skemmri).

11. gr.

Á eftir orðunum „Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án“ í 1. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna kemur: verulegs.

12. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 95. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Á eftir 95. gr. laganna kemur ný grein, 95. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði meira en minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c, 7.–8. gr. og 37. gr. um öflun sérfræðiskýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör æðstu stjórnenda skv. 79. gr. og 79. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.
5. Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í hlutafélögum.
6. Samninga fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og félaga sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sérfræðiskýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 102. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er í þess stað heimilt að setja það skilyrði að sá er biður um rannsókn skuli setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber þá kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar rannsóknarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.
b. Í stað orðsins „viku“ í 4. mgr. kemur: tvær vikur.

15. gr.

136. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.
b. Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

17. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Hluthafi getur krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu enda standi veigamikil rök til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna þess að:

1. félagsstjórn, framkvæmdastjóri eða aðrir, sem fram koma fyrir hönd félags, svo og hluthafar, hafa brotið gegn ákvæðum 51. og 70. gr. um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna;
2. annar hluthafi í félaginu hefur misbeitt áhrifum sínum í félaginu;

3. djúpstæður og langvarandi ágreiningur er milli hluthafans og annarra hluthafa um rekstur félagsins.

Ef innlausn skv. 1. mgr. leiðir til umtalsverðs tjóns fyrir félagið eða leiðir með öðrum hætti til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir það skal ekki taka kröfu hluthafans til greina. Sama máli gegnir ef félagið finnur einhvern sem er reiðubúinn til að kaupa hlutina gegn greiðslu er svarar til innlausnarverðsins.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: eða þeim sem hann framselur vald sitt.
b. Í stað orðanna „stjórn félags og endurskoðendum“ í 3. mgr. kemur: öllum aðalmönnum stjórnar félags og eftir atvikum einstökum varamönnum í þeirra stað, svo og endurskoðanda.

19. gr.

Á eftir orðinu „Ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: eða sá sem hann framselur vald sitt.

20. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 1. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. a laganna:

a. Við c-lið 1. mgr. bætist: (tekur ekki til stjórnarmanna, sbr. 5. tölul. 2. mgr.).
b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Við gerð starfskjarastefnu skal miða við eftirfarandi grundvallaratriði:

1. Takmörk skulu vera á breytilegum starfskjaraþáttum sem tengjast skulu fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðunum þar sem langtímahagsmunir félags eru hafðir í huga.
2. Fresta skal greiðslu vegna breytilegra starfskjaraþátta í hæfilegan tíma og gera ráð fyrir endurgreiðslu ef greiðslur hafa verið inntar af hendi á grundvelli bersýnilega ónákvæmra gagna.
3. Starfslokagreiðslur skulu ekki fara fram úr ákveðinni fjárhæð og ekki miðast við meira en tveggja ára laun. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.
4. Hlutir skulu ekki afhentir fyrr en a.m.k. þremur árum eftir að unnið er til þeirra. Þá má eigi neyta kaupréttar á hlutum fyrr en að loknum þriggja ára biðtíma. Ákveðið hlutfall af hlutum skal geyma til starfsloka.
5. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hluta, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem eru tengdar hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Orðið „málfrelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.
c. Í stað orðsins „fimm“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eitt.

23. gr.

Í stað „1/10“ í 2. málsl. 60. gr. laganna kemur: 1/20.

24. gr.

Á eftir orðunum „Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án“ í 1. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: verulegs.

25. gr.

Orðið „bersýnilega“ í 70. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Á eftir 70. gr. laganna kemur ný grein, 70. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði meira en 1/10 hlutafjár á undirritunartíma samningsins, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. b og 26. gr. um öflun skýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör æðstu stjórnenda skv. 54. gr. og 54. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.
5. Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í einkahlutafélögum.

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla skýrslu skv. 5. gr., sbr. 6. gr. og 6. gr. a – 6. gr. b. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. Skýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 77. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr. laganna.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er í þess stað heimilt að setja það skilyrði að sá er biður um rannsókn skuli setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber þá kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar rannsóknarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.
b. Í stað orðsins „viku“ í 4. mgr. kemur: tvær vikur.

28. gr.

110. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI

Lög um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

29. gr.

Í stað orðanna „einn fimmta“ í 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. laganna kemur: einn tíunda.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

30. gr.

Með lögum þessum eru innleidd tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/385/EB frá 30. apríl 2009 um breytingu á tilmælum 2004/913/EB og 2005/162/EB að því er varðar starfskjör stjórnenda í félögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um lengingu lágmarksfrests til boðunar aðalfunda í hlutafélögum öðlast þó gildi 1. janúar 2011.

Ákvæði um brottfall (136. gr. laga um hlutafélög og 110. gr. laga um einkahlutafélög) taka til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku laga þessara jafnvel þótt málsóknarfrestur hafi verið liðinn er þau tóku gildi.

1245. Svar [613. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf.

Þar sem spurningar háttvirts þingmanns snerta starfsemi Ríkisútvarpsins beint var óskað eftir svörum frá stofnuninni.

1. *Hvaða reglur gilda um lán, sölu, leigu eða aðra notkun á mynd og hljóðefni Ríkisútvarpsins ohf.?*

Ríkisútvarpið er bundið af lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., sem og af ákvæðum útvarpslaga, nr. 53/2000, höfundalaga, nr. 73/1972, og samningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. Auk

þess gildir að öllum er heimill aðgangur að safni Ríkisútvarpsins á opnunartíma þess. Starfsfólk leiðbeinir gestum við leit og afgreiðir efni til skoðunar og hlustunar endurgjaldslaust. Ekki er heimilt að lána efni út af safninu. RÚV selur aldrei einkarétt að hljóð- eða myndefni í eigu félagsins. Hins vegar hafa einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar keypt tímabundinn afnotarétt að hljóð- og/eða myndefni.

2. *Er í gildi gjaldskrá fyrir afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og ef svo er, hvernig er hún?*

Gjaldskrá RÚV má sjá hér á eftir. Ef um er að ræða afritun á efni sem eingöngu er ætlað til einkanota greiðir viðkomandi 6.250 kr. með vsk. fyrir hvern þátt.

Verðskrá Ríkisútvarpsins, hljóð- og myndefni, janúar 2010.

	Eitt land < 1 millj. íbúar / Single country pop. < 1 mill. [USD]	[ISK]	Eitt land > 1 millj. íbúar / Single country pop. > 1 mill. [USD]	Europe [USD]	World [USD]
SJÓNVARP / TV	300	39.000	1.200	1.600	2.200
Mynddiskar / DVD	200	26.000	500	650	900
KVIKMYND / CINEMA	150	19.500	500	650	900
HÁTÍÐIR / FESTIVALS	150	19.500	500	650	900
VERALDARVEFURINN / INTERNET	900	117.000	900	900	900
KENNSLUEFNI / EDUCATIONAL	150	19.500			
AUGLÝSINGAR / ADVERTISING*	400	52.000			
ALLIR MIÐLAR / ALL MEDIA	5.000	650.000	5.000	5.000	5.000
DVD með tímakóda / SCREENING	50	6.500	50	50	50
VIÐBÓTAR MASTER / EXTRA ITEM MIN.	10	1.300	10	10	10

*ISK 52.000 fyrstu 0-5 sek. 12,5% eða 6.500 ISK/sek. eftir það. / USD 400 for first 0-5 sec. 12,5% or USD 50 pr. extra sec.

Réttindagreiðslur miðast við hvert hljóð- og/eða myndbrot á master m.v. hverja byrjaða mínútu. Réttur er til einnar útsendingar á 5 ára tímabili. Hálft gjald er tekið fyrir endurflutning.
Ef keyptur er réttur fyrir alla miðla miðast hvert hljóð- og/eða myndbrot á master m.v. hverja byrjaða mínútu. Réttur til útsendingar í 10 ár.

All license fees are per item - Master and minute started, one broadcast and license period of max 5 yrs. Extra broadcast half price. All media license fees are per item and minutes started and license period of 10 yrs.

Stakir liðir / Single item	[ISK]	[USD]
CD með hulstri / CD with case	500	4
DVD með hulstri / DVD with case	500	4
Umsýslukostnaður (byrjaðar 30 mín) / Handling	1.500	12
Afritun sjónvarps / Duplication TV	5.000	38
Afritun sjónvarps 0 - 3 mín (40%) / Duplic. TV	2.000	15
Afritun sjónvarp 3 - 5 mín (60%) / Duplic. TV	3.000	23
Afritun útvarpsefnis af bandi / Duplic. Radio	5.200	40
Afritun útvarpsefnis úr gagnagrunni / Duplic. Database Radio	500	4

Póstburða- og umsýslugjald er ekki innifalið. / Shipping and handling not included.

3. *Gilda sömu reglur og gjaldskrá um starfsmenn eða verktaka Ríkisútvarpsins ohf. og aðra sem óska eftir afnotum af efni? Ef ekki, hvaða reglur gilda þá?*

Það gilda sömu reglur fyrir alla. Í þeim tilvikum sem þættir eru unnir fyrir RÚV eða að frumkvæði RÚV er ekki gjaldfærður kostnaður fyrir myndefni enda á RÚV ótímabundinn ráðstöfunarrétt á þættinum.

4. *Eru í gildi samningar við einhverja aðila um afnot af efni Ríkisútvarpsins ohf. og þá við hverja?*

RÚV hefur gert samninga við mjög marga innlenda og erlenda aðila, einkum listamenn og kvikmyndagerðarmenn um að fá tímabundinn afnotarétt á efni RÚV til útgáfu í verkum þeirra. Viðkomandi ber ábyrgð á útgáfunni en greiðir RÚV fyrir tímabundinn afnotarétt. Gagnkvæmur samningur er milli sjónvarpsstöðvanna um afnot myndefnis í allt að 90 sek. í hverjum þætti.

Á tímabilinu apríl 2009 til loka apríl 2010 voru gerðir samningar við eftirtalda innlenda og erlenda aðila:

– Stórsaga
– Sögusafn íslenska hestsins
– Hands up Music
– Thors Saga
– Tónlistarsafn Íslands
– Alina Dubic
– Kjartan Ólafsson
– Grímsfilm
– Leikfélag Reykjavíkur
– Gríman
– Leiklistarsafn Íslands
– Tim Buzbee
– Ljósop
– Blueeyes
– Verkís
– Ground Control Productions
– Jón Ásmundsson
– Árbæjarsafn
– Eiður Ágúst Gunnarsson
– Listasafn Íslands
– Stefán Loftsson
– Grýta
– Listasafnið Akureyri
– Drengjakór Reykjavíkur
– Sena
– Profilm and Scandinature
– Poppoli
– Ljósband
– Norðuróp
– Argout Film
– Hvíta fjallið
– Helgi Felixsson
– Mývatnsstofan ehf.
– Lazytown Extra ehf.
– REC studio
– Seltjarnarneskaupstaður
– Sagafilm
– Pioneer productions
– History Channel
– Red Marbel Media
– Atlantic productions
– Danmarks Radio
– Canadian Broadcasting Corporation
– EMI Music France
– Hit Entertainment
– Schweiser Fernsehen
– Cicada Productions
– NRK
– AR-studios
– Credit info
– Info network
– Tokyo Brodcasting System Television Inc
– KM Presse
– ARD
– Tv3 Catalonia
– BBC
– ABC network
– Thomson Reuters
– Earthlink
– APTN
– Societe Européenne de Production
– TF1 production
– Moxie Firecravker film
– ZDF
– Ushuaia Nature

5. *Hvernig bregst Ríkisútvarpið ohf. við notkun efnis án heimildar eða samnings?*
RÚV fer í þeim efnum eftir ákvæðum höfundalaga, nr. 73/1972.

1246. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu líf-eyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Hinn 27. apríl 2010 dæmdi Mannréttindadómstóll Evrópu að lög um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, brytu gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu sem hið háa Alþingi hefur fest í lög. Lögin kveða á um að ríkið skuli innheimta iðnaðarmálagjald, 0,08%, af öllum

iðnaði í landinu sem renna skal til Samtaka iðnaðarins, að frádregnu 0,5% innheimtugjaldi sem rennur í ríkissjóð. Samtök iðnaðarins vinna að mörgu leyti gott starf fyrir félagsmenn sína. Þau hafa reyndar tekið mjög einarða afstöðu með aðild Íslands að Evrópusambandinu sem ekki allir eru sammála. Í framangreindu máli komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að lögin um iðnaðarmálagjald brytu gegn ákvæðum um félagafrelsi skv. 11. gr. sáttmálans sem jafnframt er tryggt í 74. gr. stjórnarskrárinnar. Dómstóllinn áréttaði jafnframt að ekki hefðu verið til staðar réttlætingarástæður fyrir skerðingu á félagafrelsinu enda ekki tryggt jafnvægi milli réttar kæranda til að neita aðild að félaginu og þeirra hagsmuna sem fælust í því að þróa og efla iðnað í landinu. Af dóminum er ljóst að ekki er unnt að leggja á félagsgjald í nafni skatta og skylda menn til aðildar að félagi nema ríkar réttlætingarástæður séu til staðar.

Iðnaðarmálagjaldið er alls ekki einsdæmi að þessu leyti enda stendur ríkið í innheimtu á margs konar gjöldum til félaga í krafti laga frá Alþingi. Má þar nefna lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, sem er félagsgjald til Bændasamtaka Íslands, sem einnig vinna ágætt starf fyrir bændur, og höfundarréttargjald (stefgjald) sem er t.d. lagt á óskrifaða tölvudiska/kubba við tollafgreiðslu og rennur til samtaka höfundarréttarfélaga, STEF, sbr. lög nr. 72/1973. Sömuleiðis innheimta viðskiptabankar gjöld sem m.a. renna til Landssambands íslenskra útvegsmanna og annarra samtaka sjávarútvegsins samkvæmt lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986. Versta dæmið er sennilega 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamning opinberra starfsmanna en þar eru allir opinberir starfsmenn skyldaðir til að greiða félagsgjald til ákveðins opinbers stéttarfélags. Þar er hvorki kveðið á um hámark á gjaldinu né hvaða réttindi það veitir. Ljóst er því að dómur Mannréttindadómstóls Evrópu gerir það að verkum að skoða þarf lögmæti þessara laga.

Mörg önnur ákvæði eru í lagasafninu sem skylda fólk og fyrirtæki til að greiða í sjóði félaga og félagasamtaka, sérstaklega aðila vinnumarkaðarins. Má sem dæmi nefna skyldu einstaklinga og fyrirtækja til að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði, sjúkrasjóði og orlofssjóði aðila vinnumarkaðarins. Fyrirtæki sem ekki er í „opinberum“ samtökum vinnuveitenda og einstaklingi sem ekki er í „opinberu“ stéttarfélagi er gert að greiða iðgjald eða skatt til sjóða þessara samtaka. Það virðist ekki vera gert ráð fyrir þeim möguleika að stofnuð verði ný stéttarfélög og samtök þeirra og ný samtök fyrirtækja sem einnig mundu búa til slíka sjóði. Hefur sú þróun að stofnanagera og ríkisvæða vinnumarkaðinn verið mjög hröð á síðustu áratugum. Nýsamþykkt lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, eru gott dæmi um þessa þróun.

Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er ein efnisgrein sem leggur til að öllum atvinnurekendum verði skylt að greiða í fræðslusjóði atvinnulífsins, til samræmis við greiðsluskyldu í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga, iðgjöld sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt reglum sem kjarasamningar greina. Engin lög hafa verið sett um hvaða réttindi þessir fræðslu-, sjúkra- og orlofssjóðir eigi að veita, hvernig þeir eigi að starfa, hver stjórni þeim og hvernig faglegu og fjárhagslegu eftirliti með þeim er háttað. Svipuð þróun lagasetningar átti sér stað um lífeyrissjóðina. Fyrst voru sett mjög einföld lög 1974 sem skylduðu alla launamenn til að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Þau lög voru síðar víkkuð út til að ná til sjálfstætt starfandi fólks árið 1980. Það var svo ekki fyrr en 1997 sem sett eru alhliða lög um starfsemi lífeyrissjóða sem þá hafði verið skylda að greiða til í 23 ár! Enn vantar sambærileg lög um sjúkra- og orlofssjóðina og nú þessa nýju sjóði, fræðslusjóðina. Hvað iðgjaldið geti orðið hæst, hvaða markmiðum þessir sjóðir eiga að fylgja, hvernig þeim er stjórnað, hvað þeir eiga að gera og hvernig eftirliti skuli vera háttað. Allir þessir sjóðir

fylgja eflaust göfugum markmiðum sem felast í nöfnum þeirra. Ekkert er getið um það í frumvarpinu um nýja fræðslusjóði. Eingöngu er sagt að breytingin sem lögð er til með frumvarpi þessu sé undirliggjandi þeim markmiðum er fram koma í stöðugleikasáttmálanum.

Þetta er þó ekki meginmálið. Meginmálið er að atvinnurekanda, sem ekki vill vera í samtökum atvinnurekenda og er jafnvel með starfsmenn sem ekki vilja vera félagar í stéttarfélögum, ber samkvæmt þessum lögum að greiða iðgjöld til sjúkrasjóða, orlofssjóða og fræðslusjóða félagasamtaka sem hann hefur ekkert með að gera. Slíkri skyldugreiðslu má líkja við skatt en hvorki álagning „skattsins“ né upphæð er bundin af lögum og greiðslan rennur ekki til opinberra aðila. Iðgjaldið eða skatturinn er ákveðinn af samningum sem greiðandinn hefur engin áhrif á og það er torsótt að sjá hvaða hag hann hefur t.d. af orlofssjóðum eða fræðslusjóðum.

Ljóst er að margt er líkt með gjaldi í fræðslusjóð og iðnaðarmálagjaldi. Þá ástæðu fyrir gjaldinu að fyrir það ætti að þróa og efla iðnað taldi Mannréttindadómstóllinn vera mjög óskýra og ekki nægilega réttlætingarástæðu til að ganga á félagafrelsi manna. Þá lægi ekki fyrir að gjaldið hefði í reynd verið notað í þessum lögbundna tilgangi eða nýst jafnt þeim sem væru aðilar að samtökunum og þeim sem væru það ekki, eins og kærandinn í málinu. Ljóst er að ekki liggur fyrir í frumvarpinu hver tilgangur gjaldtöku í fræðslusjóð er, um sjóðina er enginn lagarammi og í reynd er ekki kveðið á um hvernig eða hverjum gjaldið eigi að nýtast. Verður því að telja allar líkur á því að gjaldið, líkt og iðnaðarmálagjald, brjóti gegn ákvæðum 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Leggur 2. minni hluti því til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 1. júní 2010.

Pétur H. Blöndal, frsm. Unnur Brá Konráðsdóttir.

1247. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Bókun minni hlutans.

Föstudaginn 4. júní sl. lét fulltrúi Framsóknarflokksins bóka eftirfarandi í fundargerð 75. fundar fjárlaganefndar: „Fulltrúi Framsóknarflokksins tekur fram að framsóknarmenn eru fylgjandi byggingu nýs Landspítala líkt og samþykkt hefur verið á flokksþingi. Fulltrúi flokksins leggst gegn því að málið verði tekið úr nefndinni þar sem hann telur það ekki fullrætt og því ekki tímabært. Fara þurfi í forsendur þess í samræmi við upplýsingar sem fram komu hjá umsagnaraðilum, þá sérstaklega kostnaðarmat og aðrar forsendur verkefnisins.“

Hlutafélag eða framkvæmd ríkissjóðs.

Minni hlutinn áréttar að þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn sé fylgjandi byggingu nýs Landspítala þurfi að kanna forsendur, kostnaðarmat og aðra þætti verkefnisins betur áður en endanleg ákvörðun er tekin um bygginguna. Minni hlutinn telur eðlilegt að ríkissjóður annist framkvæmdina án þess að henni sé komið fyrir í hlutafélagi. Minni hlutinn telur líklegt að verktaki standi frammi fyrir dýrari lánskjörum en ríkissjóður. Minni hlutinn telur vafasamt að lífeyrissjóðir láni verktaka til 40 ára til þessa verkefnis án þess að til ígildis ríkisábyrgðar komi. Þá mun verktaki beina ávöxtunarkröfu að fjárfestingunni sem ríkissjóður mundi ekki krefjast. Þetta mun leiða til aukins kostnaðar við framkvæmdina. Minni hlutinn telur að ekki hafi verið borin fram sannfærandi rök fyrir því að hlutafélagsformið skili hagkvæmari byggingu eða rekstri en ef ríkissjóður annast alla þætti málsins. Það er mat minni hlutans að ekki sé sjálfgefið að hagkvæmustu kjör fáist með því að sami aðili annist fjármögnun, byggingu og rekstur og því hefði átt að kanna betur hvort sérhæfing ákveðinna aðila í hverjum þessara málaflokka hefði verið talin geta skilað betri ávinningi en sú leið sem varð fyrir valinu. Áður en hönnun getur hafist telur minni hlutinn að undirbúa verði málið betur.

Kostnaðar- og ábatagreining.

Minni hlutinn telur að vinna þurfi kostnaðar- og ábatagreiningu sjúkrahússins fyrir landið í heild. Eðlilegt er að hún liggi fyrir, unnin af óháðum aðilum, áður en lagt verður í um 3 milljarða kr. undirbúningskostnað. Með byggingunni er ráðist í eina af stærstu framkvæmdum ríkissjóðs hingað til og því mikilvægt að vel takist til. Að mati minni hlutans er ekki nóg að horfa einungis til Landspítala í Reykjavík. Sjúkrahúsið verður búið bestu tækjum sem völ er á sem og bestu aðstöðu sem verður að finna í landinu. Óhjákvæmilegt er að leggja í stefnumótunarvinnu fyrir þessa þjónustu á landsvísu sem mun taka til nærliggjandi sjúkrahúsa en einnig þeirra sjúkrahúsa sem fjær eru. Að mati minni hlutans er óskynsamlegt að ætla að nýbygging hafi einungis áhrif á þá starfsemi sem verið hefur í sjúkrahúsunum í Fossvogi og við Hringbraut. Þá ber að líta til þess að fram hefur komið á fundum með gestum nefndarinnar að nokkur hluti af þeim ávinningi sem næst með nýbyggingunni er tilkominn vegna fækkunar starfsfólks.

Arðsemi nýbyggingarinnar.

Gert er ráð fyrir að sú hagræðing sem nýr spítali og sameining hans á einum stað gefur kost á muni skapa svigrúm hjá Landspítala til að standa undir leigugreiðslum. Að loknum leigutíma mun eignarhald fasteignanna flytjast til ríkisins.

Eins og málið hefur verið kynnt fyrir fjárlaganefnd verður ekki frekari kostnaður við hlutafélagið en framlag á 20 millj. kr. hlutafé. Gert er ráð fyrir að lóðir og lóðarréttindi Landspítalans verði lögð inn í opinbera hlutafélagið en hvorki liggja fyrir tölur um stærð þeirra né verðmæti. Félagið mun sjá um hönnun bygginga og frekari undirbúning verkefnisins og er miðað við að lífeyrissjóðir láni félaginu fyrir þessum útgjöldum gegn veði í lóðum og lóðarréttindum. Því er ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar félagsins. Verktaki mun leigja Landspítala byggingarnar í lok byggingartímans sem eru áætluð árið 2016. Minni hlutinn bendir á að kostnaður ríkissjóðs við leigu af verktaka verður líklega hærri en ef ríkissjóður ætti mannvirkið. Fyrir liggur breytingartillaga þess efnis að Alþingi verði að samþykkja lög sem heimila framkvæmdina eftir að frekari kostnaðarupplýsingar liggja fyrir sem verður að loknu útboði. Ákveði Alþingi að heimila framkvæmdina ekki mun undirbúningskostnaðurinn falla á hlutafélagið. Hann er tryggður með veði í opinberum

eignum sem eru fyrrgreindar lóðir. Kostnaður við frumhönnun og aðlögun lóðar, um 3 milljarðar kr., mun því með einum eða öðrum hætti falla á ríkissjóð. Minni hlutinn telur að þetta komi ekki nógu skýrt fram í frumvarpinu.

Grunnforsendur arðsemismatsins byggjast á erlendum tölum og telur Framkvæmdasýsla ríkisins að næmni matsins geti verið +/–15%. Í kynningu á arðsemismatinu fyrir fjárlaganefnd kom fram að ekki væri gert ráð fyrir sölu á eignum Landspítalans. Við athugun nefndarinnar kom hins vegar í ljós að söluandvirði eigna að verðmæti 7,5 milljarðar kr. var forsenda fyrir 3,76% innri vöxtum. Minni hlutinn bendir á í því sambandi að í tryggingafræðilegum útreikningum á skuldbindingum lífeyrissjóðanna er gert ráð fyrir að ávöxtun á eignum þeirra þurfi að vera 3,5% til lengri tíma litið. Þá bendir minni hlutinn einnig á að nú þegar er talið að hagræðing í starfsemi spítalans skili um 250 millj. kr. árlegri hagræðingu en upphaflega var gert ráð fyrir að árleg hagræðing nýbyggingarinnar gæti numið 2,7 milljörðum kr. á ári. Að mati minni hlutans hefur gengið á þá hagræðingu sem er forsenda verkefnisins og því þarf að leggja nýtt mat á forsendurnar. Forsendur þær sem kynntar hafa verið fyrir nefndinni virðast ganga út frá kostnaðarforsendum frá árinu 2008 framreiknuðum til ársins 2009. Fyrir liggur að frá þeim tíma hafa verið gerðar verulegar hagræðingarkröfur til heilbrigðisþjónustunnar með tilheyrandi niðurskurði. Minni hlutinn bendir á að þegar nýr spítali verður tekinn í notkun virðist gengið út frá því að fjárveitingar verði hækkaðar til samræmis við þær forsendur sem í gildi voru þegar áætlanir voru samdar. Því er líklegt að hækka þurfi fjárveitingar verulega á því ári þegar nýtt sjúkrahús hefur starfsemi sína. Ef aðstæður í efnahagslífinu hafa ekki batnað til muna má gera ráð fyrir að draga þurfi verulega úr starfsemi annarra heilbrigðisstofnana til að unnt verði að starfrækja nýja Landspítalann á grundvelli upphaflegra fjárhagsáætlana.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að forstjóri Landspítala hafi falið norsku sérfræðingunum að nálgast málið með tilteknum hætti sem fólst í því að skoðaðar yrðu þrjár leiðir. Í minnisblaði verkefnisstjórnarinnar sem kynnt var fjárlaganefnd kemur fram að ráðgjafarnir hafi sett fram þrjá valkosti fyrir Landspítala. Að mati minni hlutans er gagnrýnivert að gefið sé í skyn að forsendur séu allar frá norsku sérfræðingunum þegar annað kemur fram í greinargerðinni. Einnig er að mati minni hlutans gagnrýnivert að þar með höfðu erlendu sérfræðingarnir ekki tök á að skoða allar leiðir og þar með aðra möguleika sem kunna að hafa verið hagfelldari en sú leið sem nú er ákveðið að fara.

Minni hlutinn telur að upplýsingar vanti um hvernig eftirliti á byggingartíma verður háttað og hvernig það verður fjármagnað. Eins og málið er lagt upp virðist eiga að greiða það af leigugreiðslunum. Verkefnisstjórnin hefur bent á að hinir norsku ráðgjafar Momentum og Hospitalitet hafi bent á í skýrslu sinni að ná megi 6% sparnaði til viðbótar með umfangsmiklum skipulags- og ferlabreytingum og telur verkefnisstjórnin að nýr spítali sé mikilvægur hvati í þessum viðbótarsparnaði. Minni hlutinn telur að æskilegt hefði verið að leggja sambærilegt mat á hve miklum sparnaði hefði mátt ná með núverandi húsnæði heilbrigðiskerfisins. Þannig er ekki nóg að horfa einungis á 0-leiðina, þ.e. að gera ekki neitt, heldur þarf að nálgast málið með nýjum hætti. Það felur í sér að horfa á allt málið að nýju út frá þeim húsakosti sem til er í landinu. Þá telur minni hlutinn að í ljósi reynslunnar, t.d. af byggingu tónlistarhússins Hörpu, megi gera ráð fyrir að kostnaður við jafnflókna byggingu og hér um ræðir reynist hærri en áætlanir gera ráð fyrir og að það geti komið niður á væntanlegri arðsemi. Minni hlutinn telur að horfa þurfi til þess húsnæðis spítala, tækja og mannskaps sem er í næsta nágrenni við Landspítalann og kanna hvort með því megi ná viðunandi hagræðingu í starfsemi sjúkrahúsa landsins. Þá telur minni hlutinn mikilvægt að

unnt verði að bera forsendur áætlaðs sparnaðar með skýrum hætti saman við áætlanir þegar framkvæmdum er lokið, verði á annað borð af þeim.

Ófyrirséður kostnaður.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur eftirfarandi fram:

„Telja verður að það sé mikill kostur fyrir hið opinbera að kostnaður þess sé ákveðinn fyrir fram og greiðslur til framkvæmdaraðila séu tiltölulega fastmótaðar yfir samningstímann, sem getur náð yfir nokkra áratugi. Með þessu móti getur hið opinbera fært talsvert af áhættu verkefnisins yfir á framkvæmdaraðilann sem ber allan ófyrirséðan kostnað. Tilhögunin skapar því hvata fyrir framkvæmdaraðila til að meta á raunhæfan máta heildarkostnað verkefnis þar sem nánast ógerningur er að krefjast viðbótargreiðslna vegna ófyrirséðs kostnaðar.“

Minni hlutinn tekur undir varnaðarorð Samtaka heilbrigðisfyrirtækja og Samtaka verslunar og þjónustu sem vara við röksemdafærslu sem þessari. Ef mið er tekið af þeim gögnum sem samtökin hafa undir höndum vantar mikið á að framkvæmdaraðilar geti gefið tilboð sem ná utan um allan mögulegan kostnað við framkvæmd sem þessa. Minni hlutinn telur að ekki hafi verið lögð gögn fyrir fjárlaganefnd sem draga úr þessari óvissu.

Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að þetta hafi í för með sér „að við undirritun samnings um samstarfsframkvæmd vegna nýs Landspítala ná stjórnvöld að tryggja kostnað yfir allan framkvæmdatímann, sem er til bóta. Að sama skapi tryggir slík tilhögun að ríkið getur metið kostnaðinn heildstætt áður en það skuldbindur sig til greiðslu fjár og á því þann möguleika að snúa til baka frá hugmyndinni ef kostnaðurinn reynist of hár.“

Minni hlutinn minnir á að undirbúningskostnaður verður fjármagnaður með veði í ríkiseignum, sem eru lóðirnar, og því verður um 3 milljörðum kr. varið til undirbúnings framkvæmdarinnar. Lífeyrissjóðir munu ekki lána til undirbúnings eða framkvæmda nema tryggt verði að öll lánsfjárhæðin fáist endurgreidd. Minni hlutinn telur að lífeyrissjóðirnir muni ekki lána fyrir sjálfri framkvæmdinni nema leigusamningur við ríkið liggi fyrir og að í honum felist ríkisábyrgð eða ígildi hennar. Minni hlutinn telur að engar líkur séu á því að umframkostnaður lendi á verktaka í einhverjum mæli og að hugsanleg áhætta vegna aukaverka muni endurspeglast í tilboðum í verkið. Ekki verður annað séð en ríkið verði að greiða þennan kostnað að fullu. Framkvæmdir munu aldrei fara af stað fyrr en ríkissjóður tryggir allar greiðslur vegna ófyrirséðs kostnaðar. Að öðrum kosti er vandséð að lífeyrissjóðir komi til með að lána fyrir framkvæmdinni og eiga á hættu að framkvæmdir tefjist og um leið endurgreiðslur vegna óvissu.

Vegna þessa telur minni hlutinn vandséð að áhætta ríkissjóðs minnki þar sem tæplega verður ráðist í framkvæmdir nema ríkissjóður taki á sig alla kostnaðaráhættuna.

Skuldbindingar utan efnahags.

Minni hlutinn telur óviðeigandi að skuldbindingar ríkissjóðs utan efnahags séu sífellt auknar, eins og til stendur með þessari framkvæmdaraðferð, og hvetur til þess að lög um fjárreiður ríkissjóðs verði endurskoðuð til að eyða þeirri óvissu sem ríkir í bókhaldsmálum ríkisins um verkefni sem þetta. Minni hlutinn telur að verði farið í framkvæmdina eigi ríkissjóður að annast hana beint. Komið hafa fram þau sjónarmið á fundum nefndarinnar að þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn banni ríkissjóði við núverandi aðstæður að taka lán sé sú leið fær að fela hlutafélagi framkvæmdina. Engin sérstök rök hafa verið færð fyrir því.

Sjóðurinn veit af framkvæmdinni sem og erlendir greiningaraðilar sem meta skuldatryggingaálag Íslands. Því er vandséð að þessi málatilbúnaður slái ryki í augu þessara aðila.

Niðurstaða.

Minni hlutinn telur jákvætt að málið komi aftur til afgreiðslu Alþingis áður en í hugsanlegar framkvæmdir verður ráðist. Minni hlutinn áréttar brýna nauðsyn þess að niðurstöður úr kostnaðar- og ábatagreiningu í samræmi við þær forsendur sem áður hafa verið tilgreindar liggi fyrir áður en málið verður endanlega afgreitt. Eðlilegt væri að þeirri vinnu yrði lokið áður en frumvarp þetta verður samþykkt.

Alþingi, 7. júní 2010.

Höskuldur Þórhallsson.

1248. Svar [588. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um sumarlokanir á heimilum og stofnunum fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum heimilum, stofnunum eða deildum innan þeirra fyrir aldraða, fatlaða eða sjúka, sem heyra undir ráðuneytið, er fyrirhugað að loka tímabundið í sumar vegna sumarleyfa?*
2. *Hversu marga íbúa, þjónustuþega eða sjúklinga munu sumarlokanirnar snerta?*
3. *Hvaða úrræði standa viðkomandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða vegna þessa?*

Aldraðir.

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Þótt yfirstjórn öldrunarmála sé frá 1. janúar 2008 hjá félags- og tryggingamálaráðherra hafa ekki allar rekstrarheimildir fyrir hjúkrunarrými, dvalar- eða dagvistarrými ennþá verið færðar frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Svar við fyrirspurninni tekur því einvörðungu til þeirra rýma sem heyra rekstrarlega undir félags- og tryggingamálaráðuneytið eins og raunar 1. tölul. fyrirspurnarinnar mælir fyrir um. Meðfylgjandi er til skýringa yfirlit yfir fjölda hjúkrunarrýma, dvalarrýma og dagvistarrýma, skipt eftir landshlutum og stofnunum (sjá fylgiskjal). Þar kemur einnig fram til hvors ráðuneytisins hver stofnun heyrir rekstrarlega.

Engin rými á hjúkrunar- og dvalarheimilum verða lokuð í sumar.

Dagvistarrými á Breiðdalsvík verða ef til vill lokuð í eina viku í lok júlí eða byrjun ágúst.

Dagvistarrými á Sauðárkróki verða lokuð að hluta á tímabilinu 11. júlí – 8. ágúst. Lokunin mun snerta 22 einstaklinga en í staðinn verður boðið upp á böðun og tíðara innlit heima.

Fatlaðir.

Svæðisskrifstofa Vesturlands, Svæðisskrifstofa Vestfjarða, Svæðisskrifstofa Austurlands: Engar sumarlokanir fyrirhugaðar.

Svæðisskrifstofa Suðurlands:

Lokunin mun ná til:

- Svæðisskrifstofunnar sem verður lokuð 12. júlí – 16. júlí.
- Viss, vinnu- og hæfingarstöðvar á Selfossi og í Þorlákshöfn sem verður lokuð 5. júlí – 30. júlí.
- Skammtímavistunar á Selfossi sem verður lokuð 14. júní – 27. júlí.

Lokunin mun snerta:

- Viss, vinnu- og hæfingarstöð. Lokunin mun snerta 43 aðila.
- Skammtímavistun. Lokunin mun snerta 25 manns á aldrinum 9–47 ára.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:

- Almennt tekur fólk sitt eigið sumarleyfi á þeim tíma sem lokunin er. Einnig nýtir fólk sér önnur tilboð á þessum tíma, t.d. sumardvalir, ferðalög o.fl.
- Í skammtímavistun er boðið upp á aukna þjónustu við 2–4 einstaklinga sem þurfa á mikilli þjónustu að halda. Sú aukning er í boði í þrjár vikur þegar skammtímavistunin er lokuð.

Svæðisskrifstofa Reykjanes (SMFR):

Lokunin mun ná til:

- Hæfingarstöðvar og starfsþjálfunarstaðar, þ.e. vinnustaða fyrir fatlað fólk og dreifist yfir mismunandi tíma:
  - Bæjarhraun 21. júní – 16. júlí.
  - Dalvegur 28. júní – 23. júlí.
  - Fannborg 19. júlí – 13. ágúst.
  - Örvi 12. júlí – 6. ágúst.
  - Hafnargata 5. júlí – 30. júlí.

Lokunin mun snerta:

- 131 einstakling.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:

- Nær allir einstaklingar sem þessi skerðing snertir búa á heimilum á vegum SMFR og fá þar þjónustu. Þeir taka sumarfrí frá vinnu þær vikur sem lokað er og fara þá flestir í einhverjar sumardvalir eða önnur ferðalög a.m.k. hluta þess tíma. Eitthvert aukið álag getur þó komið til í búsetuþjónustunni en reynsla síðasta árs styður að þetta sé gert aftur. Hingað til hefur SMFR skipulagt lokanir þannig að alltaf sé einhver hæfingarstöð opin og þá unnt að færa einhverja þjónustu á milli sé þörf á.

Svæðisskrifstofa Reykjavíkur:

Lokunin mun ná til:

- Eikjuvogar sem verður lokað 13. júlí – 2. ágúst.
- Holtavegar sem verður lokað 13. júlí – 2. ágúst.
- Hólabergs sem verður lokað 15. júlí – 5. ágúst.

Lokunin mun snerta:
- Flesta sem fá skammtímavistun, eða um það bil 65 einstaklinga, en þess ber þó að geta að nýtingarhlutfall hefur dregist mjög saman á þessum tíma á undanförnum árum.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:
- Gert er ráð fyrir að börn og aðrir sem fá skammtímavistun séu á þessum tíma í sumardvöl eða leyfum með foreldrum sínum og fjölskyldum.
- Á undanförnum árum hafa skammtímavistanirnar verið lokaðar tvær vikur í senn á hverju sumri.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verður lokuð í þrjár vikur frá og með mánudeginum 12. júlí.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra sjónskertra og daufblindra einstaklinga: Engar sumarlokanir fyrirhugaðar.

Þjónustuaðilar með samning við félags- og tryggingamálaráðuneytið vegna reksturs sértækrar félagsþjónustu við fatlaða.
Sveitarfélagið Hornafjörður: Engar sumarlokanir fyrirhugaðar.

Vestmannaeyjabær:
Lokunin mun ná til:
- Frístundavers grunnskólabarna sem verður lokað í júníbyrjun en nokkur fötluð börn hafa nýtt sér það úrræði.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:
- Vestmannaeyjabær styrkir aðila sem bjóða upp á sumarúrræði fyrir börn gegn því að þau láti börn með sérþarfir vera í forgangi.

Styrktarfélagið Ás:
Lokunin mun ná til:
- Skrifstofunnar í Skipholti 50c sem verður lokuð 19. júlí – 6. ágúst.
- Lyngáss sem verður lokaður 12. júlí – 16. júlí.
- Bjarkaráss sem verður lokaður 28. júní – 23. júlí.
- Lækjaráss sem verður lokaður 5. júlí – 23. júlí.
- Áss vinnustofu sem verður lokuð 19. júlí – 13. ágúst.

Lokunin mun snerta:
- Alla einstaklinga sem eru í dagþjónustu, alls 157 manns, en eðlilegt er talið að fólk með fötlun taki sumarleyfi eins og aðrir.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:
- Komi upp vandamál á þessum lokunardögum hefur verið reynt að leysa úr þeim málum eins og mögulegt er.

Byggðasamlag Norðurlands vestra:
Lokunin mun ná til:
- Skammtímavistunar á Sauðárkróki sem mun hafa lokað fjóra sólarhringa í maí, fjóra sólarhringa í júní, óvíst með júlí og fimm sólarhringa í ágúst.
- Iðju/dagvistar á Hvammstanga sem mun hafa lokað í fjórar vikur í sumar,

iðju/dagvistar á Blönduósi sem verður lokuð í fimm vikur í sumar, iðju/dagvistar á Sauðárkróki sem mun hafa lokað í fjórar vikur í sumar og iðju/dagvistar á Siglufirði sem mun hafa lokað í fjórar vikur í sumar.

Lokunin mun snerta:
- Tólf einstaklinga í skammtímavistun.
- Í iðju/dagvist mun lokunin snerta fjóra einstaklinga á Hvammstanga, fimm einstaklinga á Blönduósi, 16 einstaklinga á Sauðárkróki og 13 einstaklinga á Siglufirði.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:
- Sumarfrí notenda og aðstoð frá búsetuþjónustu í iðju/dagvist á Hvammstanga.
- Sumarfrí og afþreying tengd sambýlisþjónustu í iðju/dagvist á Blönduósi.
- Sumarfrí notenda og aðstoð frá búsetuþjónustu í iðju/dagvist á Sauðárkróki.
- Sumarfrí notenda og aðstoð frá búsetuþjónustu í iðju/dagvist á Siglufirði.

Akureyrarkaupstaður:

Lokunin mun ná til:
- Þriggja þjónustustaða, þ.e. skammtímavistunar, hæfingarstöðvar og starfsþjálfunar/vinnustaðar. Önnur þjónusta helst opin/óbreytt yfir sumartímann.
- Skammtímavistunar sem verður lokuð í 12 daga, þ.e. 9. ágúst – 18. ágúst.
- Skógarlundar/Birkilundar, hæfingarstöðvar sem verður lokuð 12. – 23. júlí.
- Plastiðjunnar Bjargs/Iðjulundar sem mun verða lokuð 19. júlí – 6. ágúst.

Lokunin mun snerta:
- 14 einstaklinga í skammtímavistun.
- Alla notendur hæfingarstöðvarinnar Skógarlundar/Birkilundar, 53 talsins.
- 30 einstaklinga í fastri vinnu (ótímabundinni ráðningu) og 26 í starfsþjálfun/endurhæfingu hjá Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi.

Úrræði sem viðkomandi einstaklingum eða fjölskyldum þeirra munu standa til boða:
- Einstaklingarnir í skammtímavistun fá aukna samfellda þjónustu fyrir lokun og þar sem mest er þörfin koma þau aftur inn strax eftir lokun.
- Einstaklingar sem eru á hæfingarstöðinni Skógarlundi/Birkilundi og eru í búsetuþjónustu fá þjónustu á heimilum sínum eða fara í orlofsdvöl á þessum tíma. Aðrir fá ekki þjónustu í stað þeirrar sem fellur niður en fara í sumarleyfi á þessum tíma.
- Af þeim einstaklingum sem starfa hjá Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi og eru í vinnu/þjálfun fara 14–16 í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar með stuðningi frá Atvinnu með stuðningi.

Norðurþing: Engar sumarlokanir fyrirhugaðar.

Fylgiskjal.

Fjöldi hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýma, skipt eftir svæðum.
(Uppfært 9. febrúar 2010.)

	Hjúkrunarrými 2010	Dagvistarrými 2010	Dvalarrými 2010
Reykjavík			
Droplaugarstaðir*	82	0	0
Eir*	173	0	24
Fell	0	24	0
Fríðuhús	0	0	15
Grund	187	29	0
Hlíðarbær	0	0	20
Hrafnista (DAS) Reykjavík	246	62	30
LSH	18	0	20
Lindargata 59	0	0	18
Múlabær	0	0	48
Seljahlíð	20	0	0
Skjól*	109	0	0
Skógarbær* 1)	81	0	0
Sóltún*	92	0	0
Víðines	38	0	0
Maríuhús	0	0	20
MS Dagvistun	0	0	40
Þorragata 3	0	0	40
Rými samtals:	**1.046**	**115**	**275**
Höfuðborgarsv. annað en Reykjavík			
Drafnarhús, Hafnarfirði	0	0	20
Hrafnista, (DAS) Hafnarfirði	158	66	26
Sólvangur, Hafnarfirði*	55	0	0
Vífilsstaðir, Garðabæ	50	0	0
Holtsbúð, Garðabæ	40	0	10
Sunnuhlíð, Kópavogi*	73	0	18
Roðasalir, Kópavogi	11	0	20
Skjólbraut, Kópavogi	0	11	0
Gullsmári, Kópavogi	0	11	0
Dagvist Seltjarnarnesbæjar	0	0	9
Hlaðhamrar, Mosfellsbæ	0	0	9
Rými samtals:	**387**	**88**	**112**
Reykjanes			
Grindavíkurbær – dagvist.	0	0	5
Víðihlíð, Grindavík*	25	0	0
Garðvangur, Garði	39	0	0

	Hjúkrunarrými 2010	Dagvistarrými 2010	Dvalarrými 2010
Hlévangur, Reykjanesbæ	32	0	0
Reykjanesbær – dagvist.	0	0	26
Rými samtals:	**96**	**0**	**31**
Vesturland			
Heilbrigðisst. Akranesi*	26	0	0
Höfði, Akranesi	48	30	20
Dvalarheimilið í Borgarnesi	32	19	3
Jaðar, Ólafsvík	10	5	2
Fellaskjól, Grundarfirði	9	3	2
Dvalarheimilið í Stykkish.	9	10	2
St. Franciskusp. Stykkish*	9	0	0
Silfurtún, Búðardal	8	6	0
Fellsendi Búðardal**	26	0	0
Rými samtals:	**177**	**73**	**29**
Vestfirðir			
Barmahlíð, Reykhólum	14	2	2
Heilbrigðisst. Patreksfirði*	16	0	2
Vesturbyggð, Bíldudal	0	0	3
Sjúkraskýlið, Suðureyri	0	0	5
Hlíf, Ísafirði	0	0	8
Heilbrigðisst. Ísafirði*	31	0	0
Heilbrigðisst. Bolungarvík*	13	0	0
Heilbrigðisst. Hólmavík*	12	0	2
Rými samtals:	**86**	**2**	**22**
Norðurland vestra			
Heilbrigðisst. Hvammst.*	24	0	0
Dagvist heilbrst. Hvammst.	0	0	3
Heilbrigðisst. Blönduósi*	27	9	0
Sæborg, Skagaströnd	5	4	2
Heilbrigðisst. Sauðárkróki*	41	9	0
Dagvistun Skagafjarðar	0	0	11
Dagvistun aldraða Blönduósi	0	0	2
Dagvist Siglufjarðarkaupstaðar	0	0	7
Heilbrigðisst. Siglufirði*	27	0	0
Rými samtals:	**124**	**22**	**25**
Norðurland eystra			
Hornbrekka, Ólafsfirði	18	11	6
Dalbær, Dalvík	24	20	14
Samningur við Akureyrarbæ*	167	28	32
Dagvist Eyjafjarðarsveitar	0	0	1
Grenilundur, Grenivík	4	6	0

	Hjúkrunarrými 2010	Dagvistarrými 2010	Dvalarrými 2010
Heilbrigðisst. Þingeyinga*	23	0	0
Hvammur, Húsavík	10	30	13
Mörk, Kópaskeri	0	0	5
Vík, Raufarhöfn	0	0	5
Naust, Þórshöfn	13	3	4
Rými samtals:	**259**	**98**	**80**
Austurland			
Heilbrst. Austurl. Vopnafirði*	12	0	0
Heilbrst. Austurl. Egilsst.*	17	0	0
Fljótsdalshérað	0	8	6
Heilbrst. Austurl. Seyðisfirði*	18	0	5
Hulduhlíð, Eskifirði	18	7	5
Heilbrst. Austurl. Neskaupst.*	9	0	2
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	13	12	2
Breiðdalsvík	0	0	5
Samningur við Hornafjörð*	26	6	6,5
Rými samtals:	**113**	**33**	**31,5**
Suðurland			
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði***	31	65	0
Dagvistun Hveragerði	0	0	5
Egilsbraut, Þorlákshöfn	0	0	6
Sólvellir, Eyrabakka	3	13	0
Kumbaravogur, Stokkseyri	39	7	0
Heilbrigðisst. Selfossi*	40	0	0
Árborg, dagvistun	0	0	21
Blesastaðir, Skeiðum	3	10	0
Lundur, Hellu	28	3	2
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	16	16	2
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	30	8	10
Heilbrst. Vestmannaeyjum	13	0	0
Hjallatún, Vík	12	6	0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	15	4	1
Samtals:	**230**	**132**	**47**
Samtals á landinu öllu	**2.518**	**563**	**653**

* Rými fyrir aldraða sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.
** Rými fyrir geðsjúka
*** Til viðbótar uppgefnum rýmum eru 45 rými fyrir geðfatlaða
1) Þar af 11 hjúkrunarrými fyrir fólk undir ellilífeyrisaldri

1249. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson, Sigurð Örn Guðleifsson og Valgerði Guðmundsdóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Jóhönnu H. Halldórsdóttur frá Flugmálastjórn Íslands, Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Hilmar Baldursson frá Icelandair ehf., Árna Gunnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu. Umsagnir bárust frá Flugvirkjafélagi Íslands, Icelandair ehf., Isavia ohf., Landhelgisgæslu Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum verslunar og þjónustu og Veðurstofu Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur. Annars vegar er ætlunin að gera breytingar á gildandi loftferðalögum þannig að íslenska ríkið uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild sinni að Alþjóðaflugmálastofnuninni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Er þannig stefnt að því að íslenskt lagaumhverfi endurspegli þær breytingar sem orðið hafa á hinu alþjóðlega. Hins vegar er tilgangur frumvarpsins að endurspegla þá áherslubreytingu sem orðið hefur hérlendis sem erlendis og varðar mikilvægi neytendasjónarmiða í flugsamgöngum.

Á fundum nefndarinnar var frumvarpið rætt og einkum það álitamál hvort frumvarpið endurspeglaði nægilega anda þeirra Evrópugerða sem því er ætlað að innleiða. Um þetta komu fram skiptar skoðanir, ekki síst í því ljósi að með frumvarpinu fær Flugmálastjórn Íslands auknar heimildir til eftirlits og eftirfylgni við ákvarðanir sínar. Skilningur nefndarinnar er sá að í þeim Evrópugerðum sem liggja til grundvallar gerð frumvarpsins sé stefnt að því að í Evrópu gildi sambærilegar reglur um flugmál, um gjaldtöku í flugvallarstarfsemi, öryggi í flugi og umhverfisvernd. Nefndin telur að Flugmálastjórn Íslands búi yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu á sviði flugmála, þar á meðal hvað varðar framkvæmd í samræmi við alþjóðlegar reglur og þjóðréttarlegar skuldbindingar landsins. Ákvæði frumvarpsins fela í sér að reynt getur verulega á slíka þekkingu og reynslu. Er því líklegt að innsýn í alla þætti flugvalla- og flugrekstrar muni reynast dýrmæt. Enn fremur hefur verið undirstrikað að margar þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem Flugmálastjórn Íslands þarfnast til rækslu hlutverks síns eru nú þegar til staðar í þeirri löggjöf er liggur til grundvallar starfsemi stofnunarinnar. Nægir þar að nefna þær heimildir er felast í 5., 6. og 8. gr. laga nr. 100/2006.

Það sjónarmið kom fram hjá umsagnaraðilum að eðlilegt væri að vald til að ákvarða um gildi gjaldskráa rekstraraðila flugvalla yrði sett í hendur annarra aðila en Flugmálastjórnar Íslands en yrði ella áfram í höndum ráðherra. Skilningur nefndarinnar er sá að slík útfærsla kynni að leiða til ósamræmis við ákvæði þeirrar Evrópugerðar sem verið er að innleiða með frumvarpinu.

Nefndin ræddi rökin fyrir því að setja eftirlit með verðlagningu aðila er starfa á sviði flugmála í hendur Flugmálastjórn Íslands. Skilningur nefndarinnar er sá að væri framkvæmd slíks eftirlits falin öðru stjórnvaldi en Flugmálastjórn Íslands kynni það að útheimta mikla og kostnaðarsama þekkingaröflun þess stjórnvalds. Einnig hefur nefndin litið til þess

að eftirlit með birtingu verðupplýsinga lýtur ekki aðeins að vernd neytenda heldur einnig flugrekstraraðila.

Þá ræddi nefndin rök sem fram voru færð gegn því að Flugmálastjórn Íslands væri falið vald til þess að leysa með ákvörðun úr deilum á milli einkaaðila. Er það mat nefndarinnar að fordæmi slíks megi finna í íslenskri löggjöf auk þess sem framkvæmd eftirlitsaðila á viðkomandi sviðum mæli ekki gegn því að slík leið sé fær.

Að lokum telur nefndin rétt að taka fram að samkvæmt hennar skilningi felur frumvarpið að hluta til í sér breytingar á lögum nr. 60/1998 vegna fyrirhugaðra skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Hefur sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvarðanir um téðar skuldbindingar. Telur nefndin rétt að vekja athygli á þessari málsmeðferð.

Það sjónarmið kom fram á fundi nefndarinnar að rétt væri að gera breytingu á frumvarpinu er fæli í sér efnislega breytingu á 2. mgr. 146. gr. laga nr. 60/1998. Er það skilningur nefndarinnar að í gildandi 2. mgr. téðrar lagagreinar sé sérstaklega vísað til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002, um stofnun Flugöryggisstofunar Evrópu. Hafi sú reglugerð verið felld úr gildi innan Evrópusambandsins með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008, um sameiginlegar reglur í almenningsflugi og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. Þá hafi reglugerð nr. 216/2008 ekki verið innleidd í íslenskan rétt en svo muni verða gert í þeim tilgangi að skyldur Íslands vegna aðildar að EES-samningnum verði uppfylltar. Þannig sé ekki rétt að vísa til tiltekinnar Evrópureglugerðar sem heimilt er að innleiða heldur til innihalds þeirra gerða sem heimilt er að innleiða. Af gefnu tilefni vekur nefndin athygli á nauðsyn þess að gætt sé meginreglna um þörf settra laga og heimildir stjórnvalda til setningar almennra stjórnvaldsfyrirmæla við innleiðingu Evrópugerða.

Loks leggur nefndin til nokkrar tæknilegar breytingar á greinum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Tilvísanirnar „7. mgr. 28. gr.“ og „2. mgr. 146. gr.“ falli brott.
2. Í stað orðsins „fjárhæðarinnar“ í 10. gr. og a–c-lið 12. gr. komi: tölunnar.
3. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 102. gr.“ í 10. gr. komi: 2. og 3. mgr. 102. gr.
4. Í stað orðanna „Viðbótar valkvæður kostnaður“ í lokamálslið 1. efnismgr. 13. gr. komi: Valkvæður viðbótarkostnaður.
5. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   2. mgr. 146. gr. laganna orðast svo:

   Ráðherra skal setja reglugerð, sbr. 1. mgr., sem felur í sér innleiðingu þeirra reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins er varða stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu í íslenskan rétt.

Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. júní 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.

1250. Svar [41. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er verðtryggingarjöfnuður skulda og eigna nýju bankanna? Ekki er óskað sundurliðunar eftir bönkum.*
2. *Eru líkur á að nýju bankarnir hagnist á verðbólgu ef verðtryggðar eignir eru miklar í hlutfalli við verðtryggðar skuldir?*
3. *Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma megi í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings vegna verðbólgu?*
4. *Hver er gjaldeyrisjöfnuður nýju bankanna? Ekki er óskað sundurliðunar eftir bönkum.*
5. *Hver eru áhrif veikingar og styrkingar krónunnar á hag nýju bankanna miðað við gjaldeyrisjöfnuð þeirra?*
6. *Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings af veikari krónu?*

Réttur alþingismanna til þess að óska eftir upplýsingum með því að beina fyrirspurn til ráðherra takmarkast skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 49. gr. þingskapalaga, við opinber málefni. Nýju bankarnir eru hlutafélög að hluta í eigu ríkisins og teljast til einkaréttarlegra aðila og njóta lögbundinnar verndar um viðskiptalegar upplýsingar. Um ríkishlutafélög gilda almennt sömu reglur og um önnur hlutafélög og takmarkast réttur alþingismanna til að krefja ráðherra upplýsinga um slík félög við það hvort upplýsingarnar eigi að vera opinberar samkvæmt lögum. Opinberar upplýsingar um rekstur viðkomandi félaga eru m.a. birtar í ársskýrslum þeirra. Í þessu sambandi má m.a. horfa til þeirra sjónarmiða sem fram koma í upplýsingalögum, nr. 50/1996, um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en lögin taka ekki til starfsemi einkaaðila nema að því leyti sem hún lýtur að því að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna.

Lokið er gerð endurskoðaðra ársreikninga fyrir árið 2008 og 2009 hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans (NBI hf.) og hafa ársreikningarnir verið lagðir fram. Opinber upplýsingagjöf viðkomandi hlutafélaga liggur þar með fyrir. Rétt er jafnframt að benda á að ríkissjóður er minnihlutaaðili í Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og hefur ekki rétt til upplýsinga frá þessum hlutafélögum umfram aðra hluthafa.

Eigi síður er hægt að gefa almennar upplýsingar um nýju bankanna varðandi gjaldeyris- og verðtryggingarjöfnuð þeirra og hvaða meginsjónarmið fjármálaráðuneytið hafði til hliðsjónar við fjármagnsskipan þeirra.

Ljóst er að mikið gjaldeyrismisvægi var milli yfirtekinna eigna og skulda nýju bankanna þar sem gengistryggðar eignir (útlán) voru meiri en gengistryggðar skuldir, en innlánin voru að mestu í krónum og útlánin að meginhluta til gengistryggð. Einnig yfirtóku nýju bankarnir meira af verðtryggðum eignum en verðtryggðum skuldum þó að sá mismunur væri mun minni en misvægið í gjaldeyrisjöfnuði. Nauðsynlegt var því að grípa til aðgerða til að minnka ójafnvægi í efnahag bankanna og tryggja þannig fjárhagslegan stöðugleika þeirra.

Við ákvörðun um endanlega fjármagnsskipan nýju bankanna var gerður skýr greinarmunur á gengistryggðum útlánum til aðila sem hafa tekjur í erlendum myntum og gengistryggðum útlánum til þeirra sem hafa tekjugrundvöll sinn í krónum. Til lengri tíma litið var talið að fyrrnefndi hópurinn yrði að hafa möguleika á að fjármagna sig í erlendum myntum en eðlilegast að síðarnefndi hópurinn ætti í meginatriðum að hafa skuldir sínar í krónum. Með tilliti til innlendra vaxta nú og veikrar stöðu krónunnar er þó talið líklegt að skuldbreyting á gengistryggðum lánum síðarnefnda hópsins yfir í krónur gæti tekið nokkuð langan tíma.

Þó er mikilvægt að hafa í huga að fyrir bankana er ekki hagkvæmt að verja opna gjaldeyrisstöðu sína vegna síðarnefndu lánanna með gengistryggðri skuldsetningu því geta þessara lántakenda til að greiða af lánum sínum er að mestu föst í krónum talið og þannig að mestu óháð gengisbreytingum krónunnar. Við veikingu krónunnar sem reikningslega séð skapar gengishagnað hjá bankanum, verður að auka framlög bankans í afskriftarsjóð vegna þessara lána. Þennan afskriftasjóð má síðan nota til að veita afslátt frá höfuðstól, t.d við breytingu á lánum úr erlendum myntum í krónur. Sú opna gjaldeyrisstaða sem fyrir hendi er á því tímabili sem skuldbreytingin á sér stað er varin með auknu eiginfjárframlagi ríkisins miðað við reglur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur til að verja markaðsáhættu.

Á hinn bóginn var nauðsynlegt að tryggja bönkunum fjármögnun í erlendum myntum til að gera þá færa um að standa undir útlánum til þeirra fyrirtækja sem hafa tekjur í erlendum myntum og er sjávarútvegurinn þar fyrirferðarmestur.

Hvað varðar verðtryggingarjöfnuð bankanna er málum öðruvísi háttað. Eins og fram kom hér að framan var verðtryggingarjöfnuður bankanna jákvæður í upphafi. Hins vegar hafa bankarnir ekki endilega viðbótartekjur af jákvæðum verðtryggingarjöfnuði ef raunvextir eru háir á sama tíma en þá greiðir bankinn háa vexti af óverðtryggðum innlánsreikningum. Eðlilegt er þó að bankar jafni sveiflur í tekjuflæði sínu með því hafa verðtryggðar eignir og skuldir í jafnvægi. Hið sama gildir þó um verðtryggð útlán og gengistryggð lán til aðila sem hafa eingöngu tekjur í krónum að í sumum tilfellum þarf að auka framlög í afskriftarsjóð ef verðbólga hækkar höfuðstól lánanna umfram greiðslugetu lántakandans.

Við stefnumörkun um endurreisn bankanna hafa framangreind atriði verið höfð að leiðarljósi og koma fram í nokkrum meginþáttum fjármagnskipunar þeirra:

- Skuldabréf útgefin til Landsbankans fyrir yfirteknar eignir umfram skuldir eru gengistryggð til mótvægis við gengistryggð útlán. Glitnir notaði gengistryggt skuldabréf upprunalega útgefið til hans sem greiðslu fyrir hlutabréf þau sem hann leysti til sín og í tilfelli Kaupþings voru yfirteknar eignir minni en yfirteknar skuldir.
- Eiginfjárframlag ríkisins er í formi skuldabréfa í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem gefur bönkunum tekjur í krónum á móti vaxtakostnaði innlána. Eiginfjár-

framlagið tekur mið af markaðsáhættu vegna gengistryggðra lána til þeirra aðila sem hafa takmarkaðar tekjur í erlendum gjaldeyri.

- Ríkissjóður veitir Íslandsbanka og Arion banka víkjandi lán að jafnvirði samtals 54 milljarða kr. Hin víkjandi skuldabréf sem gefin eru út af bönkunum eru gengistryggð en ríkissjóður greiðir fyrir þau með skuldabréfum í krónum og dregur þannig úr gjaldeyrismisvæginu.
- Húsnæðislán Glitnis og Kaupþings sem veðsett höfðu verið Seðlabanka Íslands vegna lausafjárfyrirgreiðslu fyrir fall bankanna eru færð til bankanna að nýju en þeir greiða fyrir þau með gengistryggðum og verðtryggðum skuldabréfum og eykur þannig jöfnuð í efnahagsreikningum þeirra.

Að þessum aðgerðum loknum var búið að minnka gjaldeyrismisvægi bankanna þannig að þeir gátu tryggt fjármögnun gengistryggðra lána til aðila með tekjur í erlendum myntum, en markaðsáhætta vegna annarra gengistryggðra lána var varin með auknu eiginfjárframlagi. Þessi jöfnuður hliðraðist lítillega er Glitnir leysti til sín 95% af hlutabréfum ríkisins í Íslandsbanka. Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið hafa því tekið til athugunar hvort þörf sé á frekari skuldastýringaraðgerðum vegna gjaldeyrisjafnaðar bankanna.

Með hliðsjón að fyrirliggjandi upplýsingum eru fyrirspurnum svarað þannig:

1. Verðtryggingarjöfnuður bankanna þriggja í heild var jákvæður í upphafi. Verðtryggingarjöfnuður Arion banka var þó neikvæður þar sem húsnæðislán Kaupþings urðu að mestu eftir í gamla bankanum, en verðtryggð innlán voru yfirtekin. Yfir lengri tíma er ekki líklegt að bankarnir hagnist sérstaklega á verðbólgu. Háir raunvextir geta orðið þess valdandi að bankarnir tapi á verðbólgu, en misvægi í verðtryggingarjöfnuði skapar sveiflur í tekjum bankans.
2. Fjármálaráðherra hyggst ekki grípa til sérstakra aðgerða vegna verðtryggingarjafnaðar bankanna en æskilegt er talið að bankarnir stefni að jöfnuði milli verðtryggðra útlána og innlána til að hafa sem mest jafnvægi í rekstri sínum.
3. Gjaldeyrisjöfnuður allra bankanna var jákvæður í upphafi, en með aðgerðum í tengslum við endurreisn þeirra eins og áður er lýst hefur nokkurn veginn verið tryggður jöfnuður í gengistryggðum skuldum og gengistryggðum útlánum til aðila með tekjur í erlendum myntum. Ráðgert er að öðrum gengistryggðum lánum verði breytt í lán í krónum á næstu missirum en það fer eftir vaxta- og gengisþróun hversu hratt það gengur. Á þessu tímabili leggja bankarnir á afskriftarreikning eða taka út af honum vegna þessara lána í takt við gengissveiflur krónunnar. Reikningslega verður því gengishagnaður hjá bönkunum við veikingu krónunnar, en meginhlutinn af þeim hagnaði er lagður í afskriftarsjóð þar sem ekki er reiknað með að hann innheimtist.
4. Eins og fjármagnsskipan bankanna hefur verið fyrir komið nú er ekki hægt að segja að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings af veikari krónu. Auk þess sem gengisþróun að undanförnu er jákvæð og dregur úr því ójafnvægi sem skapaðist með falli krónunnar. Þær aðgerðir sem enn eru til athugunar hjá fjármálaráðuneytinu í samvinnu við Seðlabanka Íslands er hvort þörf sé á frekari skuldastýringaraðgerðum fyrir bankana til að skapa jöfnuð í gengistryggðum skuldum og gengistryggðum útlánum til fyrirtækja með tekjur í erlendum myntum.

1251. Breytingartillögur [569. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

Frá Lilju Mósesdóttur.

1. Við 13. gr. Orðin „meira en“ í 1. mgr. falli brott.
2. Við 26. gr. Í stað orðanna „meira en ⅒ hlutafjár“ í 1. mgr. komi: minnst ⅒ hlutafjárins.

1252. Svar [628. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Engir vinnuhópar hafa verið stofnaðir innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess til að fjalla um málefni tengd aðildarumsókninni að Evrópusambandinu. Sérfræðingar í undirstofnunum hafa hins vegar lagt starfsliði ráðuneytisins lið á ýmsum stigum málsins.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Innan ráðuneytisins hafa tveir til þrír starfsmenn haldið utan um vinnuna að aðildarumsókninni, en þessari vinnu hefur verið bætt ofan á aðra vinnu sem starfsmennirnir sinntu áður en til þessa kom. Það sama gildir um undirstofnanir ráðuneytisins, en m.a. hefur verið leitað til landlæknisembættisins, Landspítalans, Lýðheilsustöðvar, Sjúkratrygginga Íslands og Geislavarna ríkisins svo og annarra ráðuneyta við greiningarvinnu og svörun spurninga Evrópusambandsins. Tveir starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins eiga sæti í samningahópum vegna aðildarumsóknarinnar. Vinnuframlag þeirra vegna aðildarumsóknarinnar hefur verið mismunandi frá einum mánuði til annars en á ársgrundvelli er það áreiðanlega innan við tíu prósent af heildarvinnutíma.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Allur kostnaður vegna aðildarumsóknarinnar er innan ramma fjárveitinga til ráðuneytisins og undirstofnana þess.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum ráðuneytisins eða undirstofnana þess hefur ekki verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og engin áform eru þess efnis.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Ráðuneytið hefur ekki greitt fyrir utanaðkomandi ráðgjöf eða aðstoð fram til þessa. Hins vegar er áformað að þýða svör heilbrigðisráðuneytisins við spurningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Leitað hefur verið tilboða í verkið og má gera ráð fyrir að kostnaður verði innan við 1 millj. kr. Reynt verður að mæta þeim kostnaði innan fjárhagsramma ráðuneytisins.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar skipulagslegar breytingar á þeirri stjórnsýslu sem undir ráðuneytið heyrir áður en til aðildar kemur.

1253. Lög [308. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1186.

1254. Breytingartillaga [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

Við b-lið 3. gr. Í stað tollnúmersins „2629.9000“ komi: 2926.9000.

1255. Svar [462. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um kostnað vegna bankahrunsins fyrir ríkissjóð.

1. *Hver verður heildarkostnaður vegna tæknilegs gjaldþrots Seðlabanka Íslands fyrir:*
   a. *ríkissjóð,*
   b. *hvern íbúa,*
   c. *hvern skattgreiðanda,*
   d. *fjögurra manna fjölskyldu?*

Með samkomulagi sem gert var í byrjun árs 2009 og tók gildi í árslok 2008 framseldi Seðlabanki Íslands til ríkissjóðs samtals 345 milljarða kr. kröfur sem bankinn hafði tekið sem tryggingar fyrir veð- og daglánum og hann hafði veitt fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk sitt sem seðlabanki. Tilgangur samkomulagsins var að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu. Ríkissjóður keypti tryggingabréfin og lét í staðinn 270 milljarða kr. verðtryggt ríkisskuldabréf. Gert var ráð fyrir að 95 milljarðar kr. mundu innheimtast af kröfum. Með samkomulagi sem tók gildi um sl. áramót framseldi ríkissjóður kröfurnar til baka til Seðlabanka gegn lækkun skuldabréfsins.

a. Heildarkostnaður ríkissjóðs nemur 175 milljörðum kr.
b. Kostnaður á hvern íbúa nemur 551.000 kr.[1]
c. Kostnaður á hvern skattgreiðanda 654.200 kr.[2]
d. Kostnaður á hverja fjögurra manna fjölskyldu er 2.204.000 kr.

2. *Hver verður heildarkostnaður vegna eiginfjárframlags ríkisins og víkjandi lána til Arion banka, Íslandsbanka og NBI fyrir:*
   a. *ríkissjóð,*
   b. *hvern íbúa,*
   c. *hvern skattgreiðanda,*
   d. *fjögurra manna fjölskyldu?*

Uppgjöri eiginfjárframlags til nýju bankanna þriggja sem ríkissjóður yfirtók 2008 er nú lokið. Fyrstu áætlanir bentu til þess að framlag ríkissjóðs til bankanna gæti numið 385 milljörðum kr. Nú er hins vegar ljóst að beint eiginfjárframlag ríkissjóðs nemur rúmum 135 milljörðum kr. en að auki veitir ríkissjóður Íslandsbanka og Arion banka víkjandi lán til 10 ára í evrum að jafnvirði tæplega 61 milljarður kr. Á móti hlutafjáreign og víkjandi lánum ríkissjóðs í bönkunum þremur kemur samsvarandi eignafærsla.

Hlutafjárframlag til Landsbankans nemur 122 milljörðum kr., til Íslandsbanka 3,3 milljörðum kr., en að auki veitir ríkissjóður bankanum víkjandi lán í evrum að jafnvirði 25 milljarðar kr., framlag til Arion banka er tæplega 10 milljarðar kr. og því til viðbótar víkjandi lán í evrum að jafnvirði 36 milljarðar kr.

a. Heildarfjárbinding ríkissjóðs nemur 196 milljörðum kr.
b. Fjárbinding á hvern íbúa nemur 617.100 kr.
c. Fjárbinding á hvern skattgreiðanda 732.700 kr.
d. Kostnaður á hverja fjögurra manna fjölskyldu 2.468.400 kr.

---

[1] Mannfjöldi á Íslandi var 317.630 1. janúar 2010.

[2] Á skattgrunnskrá miðað við stöðu í júlí 2009, 16 ára eða eldri á árinu 2009, voru 267.494.

3. *Hvert er fjárframlag ríkisins vegna peningamarkaðssjóða, innstæðutrygginga annarra en Icesave-reikninganna, sparisjóða, annarra fjármálafyrirtækja en í 2. tölul., tryggingafélaga, lífeyrissjóða og mögulega annarra lánastofnana og fyrirtækja? Óskað er eftir sundurliðun með nöfnum hvers fyrirtækis og fjárframlagi ríkisins.*

Engin fjárframlög hafa komið frá ríkinu til peningamarkaðssjóða, innstæðutrygginga annarra en Icesave-reikninga, annarra fjármálafyrirtækja en í 2. tölul., tryggingafélaga, lífeyrissjóða eða annarra lánastofnana og fyrirtækja. Hins vegar gera fjárlög 2010 ráð fyrir 20 milljarða kr. eiginfjárframlagi til sparisjóðakerfisins. Í því tilviki liggur þó ekki fyrir endanleg fjárhæð, enda er fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðanna nú á lokastigi.

4. *Hver verður heildarkostnaður framlaga skv. 3. tölul. fyrir:*
   a. *ríkissjóð,*
   b. *hvern íbúa,*
   c. *hvern skattgreiðanda,*
   d. *fjögurra manna fjölskyldu?*

Sé gert ráð fyrir 20 milljarða kr. fjárframlagi til annarra en um getur í 2. tölul. verður kostnaðurinn á:

- hvern íbúa 63.000 kr.,
- hvern skattgreiðanda 74.800 kr.,
- hverja fjögurra manna fjölskyldu 252.000 kr.

5. Telur ráðherra ástæðu til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þessar skuldbindingar og framlög ríkissjóðs? Hverjir eru kostir og gallar slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu að mati ráðherra? Telur ráðherra ásættanlegt að almenningur beri skuldaklafa óreiðumanna án þess að samþykkja slíkt fyrst í þjóðaratkvæðagreiðslu? Hver yrðu að mati ráðherra áhrif slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu á íslenskt efnahagslíf?

Þjóðaratkvæðagreiðslur henta vel til að leyfa kjósendum að taka ákvarðanir er varða stór og afdrifarík mál þar sem sýnt er að í atkvæðagreiðslunni liggi fyrir skýrir valmöguleikar sem kjósendur geti tekið afstöðu til. Er þá lykilatriði í því sambandi að sú spurning eða þær spurningar sem afstaða er tekin til í atkvæðagreiðslunni sé þannig að kjósendur standi frammi fyrir skýrum kostum og að einhvers konar niðurstaða eða lausn fáist í viðkomandi máli með úrslitum kosninganna. Sem dæmi um slík mál væri hægt að nefna inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, inngöngu Íslands í EFTA og EES, byggingu Kárahnjúkavirkjunar og upptöku kvótakerfisins á sínum tíma.

Varðandi mögulega þjóðaratkvæðagreiðslu um þau fjölmörgu mál sem fyrirspurn þessi tekur til er vert að hafa eftirfarandi í huga. Margt af því tekur til skuldbindinga sem ríkisvaldið hefur orðið að taka á sig vegna gríðarlegra áfalla á íslenskum fjármálamarkaði. Hrun íslensku bankanna með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð er afleiðing af ákvörðunum í viðskiptum og stjórnmálum. Þjóðaratkvæðagreiðslu um afleiðingar af ákvörðunum í stjórnmálum eins og þeim er hlotist hafa af einkavæðingu ríkisbankanna er erfitt að láta eiga sér stað eftir á þó að vissulega hefði mátt kjósa um þá ráðstöfun að einkavæða bankana á sínum tíma.

Varðandi þriðja lið spurningarinnar þá á almenningur að sjálfsögðu ekki að bera „skuldaklafa óreiðumanna“ enda kappkostar ríkisstjórnin að draga úr því tjóni sem varð við fall bankanna og lágmarka skaða almennings og íslensks þjóðarbús. Í því samhengi er rétt að benda á að erlendar skuldir þjóðarbúsins voru rúmlega 600% af vergri landsframleiðslu

fyrir hrun bankanna en standa nú í um 300% af vergri landsframleiðslu og eiga eftir að lækka enn meira þegar frekari afskriftir skulda eiga sér stað.

Um áhrif slíkrar atkvæðagreiðslu ef fram færi á íslenskt atvinnulíf er erfitt að fullyrða, sbr. það sem áður sagði að hinu liðna verður ekki breytt með kosningu þótt við fegin vildum.

1256. Nefndarálit [485. mál]

um breyt. á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Á undanförnum árum hafa veigamiklar lagabreytingar náð fram að ganga hér á landi með það að markmiði að bæta réttarstöðu samkynhneigðra á sviði fjölskyldu- og sifjamála. Ísland hefur jafnan verið í hópi þeirra ríkja sem stigið hafa hvað stærstu skrefin á þeirri braut. Í því sambandi má einkum rifja upp setningu laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, víðtækar breytingar á réttarstöðu samkynhneigðra í lögum nr. 65/2006, sem meðal annars fólu í sér stór skref á sviði fjölskyldumála, og loks setningu laga nr. 55/2008, sem kváðu á um heimild vígslumanna trúfélaga til að staðfesta samvist. Segja má að lagabreytingar undanfarinna ára hafi að langmestu leyti afnumið þann lagalega mun sem áður var fyrir hendi á réttarstöðu gagnkynhneigðra og samkynhneigðra í þessu sambandi. Um breytingarnar hafa jafnan orðið talsverðar umræður og stundum jafnvel verulegur ágreiningur í samfélaginu en á vettvangi þingsins hefur yfirleitt lánast að ná um þær víðtækri pólitískri samstöðu.

Frumvarp dómsmálaráðherra, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, felur fyrst og fremst í sér að hjúskaparlögum, sem gilda um hjúskap karls og konu, og lögum um staðfesta samvist samkynhneigðra er steypt saman í einn lagabálk, auk þess sem lagðar eru til breytingar á ákvæðum annarra laga til að samræma orða- og hugtakanotkun. Minni hlutinn styður þessa meginstefnu frumvarpsins sem og þá efnisbreytingu sem felst í 2. gr. Þar er gert ráð fyrir að afnumin verði skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt, ríkisborgararétt í tilteknu landi eða sérstök tengsl við Ísland, sem enn er að finna í lögum um staðfesta samvist en ekki eru fyrir hendi með sama hætti í hjúskaparlögum.

Minni hlutinn vekur hins vegar athygli á því að ákveðin álitaefni eru uppi varðandi frumvarpið eins og það liggur fyrir. Þannig er ljóst að umsagnaraðilar hafa mjög ólíkar skoðanir á því hvort nota eigi sömu orð og hugtök yfir hjúskap gagnkynhneigðra og staðfesta samvist samkynhneigðra og hvort ávallt eigi að nota orðið einstaklingur þar sem nú er talað um karl og konu. Jafnframt hefur komið fram mismunandi sýn á það hvort ástæða sé til þess að geta þess með skýrum hætti í lagatexta að vígslumönnum trúfélaga sé heimilt að neita að vígja fólk, gangi það gegn trúarsannfæringu þeirra.

Varðandi samræmingu orða og hugtaka í lagatextanum er ljóst að í huga baráttumanna fyrir réttindum samkynhneigðra er um mikilvægt táknrænt skref að ræða. Að sama skapi er ljóst að innan kirkjunnar og annarra safnaða er mikil andstaða við breytingu í þessa veru sem byggir á trúarlegri sannfæringu. Fyrir liggur að innan þjóðkirkjunnar hefur þessi ágreiningur ekki verið leiddur til lykta og þar eru enn fyrir hendi sterkar fylkingar bæði

með breytingum og á móti. Aðrir kristnir söfnuðir, að Fríkirkjunni undanskilinni, leggjast gegn breytingunni og sama má segja um flest önnur trúfélög sem á annað borð hafa tjáð afstöðu sína til málsins.

Þrátt fyrir að hér sé um viðkvæmt mál, sem snertir djúpa sannfæringu á báða bóga, getur löggjafinn að mati minni hlutans ekki vikist undan því að taka af skarið í þessum efnum. Niðurstaða minni hlutans er að ekki séu efnisleg rök til að nota í lagatexta mismunandi heiti yfir fjölskylduform gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Minni hlutinn telur hins vegar að löggjafinn geti ekki hlutast til um orða- og hugtakanotkun í vígsluathöfnum safnaða og trúfélaga, enda færi slíkt í bága við trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft í umsögnum og á fundum nefndarinnar að ekki sé ástæða til að fella notkun orðanna karls og konu úr lagatextanum og vísa ávallt til einstaklinga, eins og gert er í frumvarpinu. Væri þá notað orðalagið að til hjúskapar geti stofnað karl og kona, karl og karl og kona og kona. Bent hefur verið á að með slíkri breytingu á frumvarpinu væri hugsanlega hægt að koma að nokkru leyti til móts við mismunandi sjónarmið í þessum efnum. Minni hlutinn getur fyrir sitt leyti fallist á þessi sjónarmið og leggur því til breytingu á frumvarpinu í þessa veru.

Hitt meginálitaefnið lýtur að því hvort kveða beri á um það með skýrari hætti en nú er gert að vígslumaður trúfélags verði ekki skyldaður til að framkvæma athöfn sem samræmist ekki trúarskoðunum hans. Ótvírætt er að í núgildandi lögum um staðfesta samvist er vígslumanni heimilt en ekki skylt að vígja samvist samkynhneigðra. Með því að steypa saman hjúskaparlögum og lögum um staðfesta samvist fellur þetta tiltekna ákvæði úr gildi. Verði frumvarpið að lögum gilda því ákvæði núgildandi hjúskaparlaga. Þar er í 22. gr. skýrt að borgaralegum vígslumönnum sé skylt að framkvæma hjónavígslur en ekki er með beinum hætti tekið af skarið um stöðu presta og annarra vígslumanna trúfélaga og safnaða. Í 2. mgr. 22. gr. er einungis kveðið á um að dómsmálaráðherra geti, að fenginni tillögu biskups, sett reglur um það hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslur og hvenær þeim sé það aðeins heimilt. Slíkar reglur hafa ekki verið settar en engu að síður stendur eftir reglugerðarheimildin. Rétt er að undirstrika að sú heimild nær aðeins til þjóðkirkjunnar og ljóst að á þeim grundvelli yrði vígslumönnum annarra safnaða og trúfélaga aldrei gert skylt að framkvæma slíkar athafnir.

Til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum, og undirstrika að engum vígslumönnum trúfélaga verði gert skylt að framkvæma athafnir sem brjóta í bága við trúarsannfæringu þeirra, leggur minni hlutinn til að 22. gr. hjúskaparlaga verði breytt þannig að ótvírætt komi fram að prestum og öðrum vígslumönnum trúfélaga sé ávallt heimilt en aldrei skylt að framkvæma hjónavígslu ef það stríðir gegn trúarlegri sannfæringu þeirra.

Alþingi, 9. júní 2010.

Birgir Ármannsson, frsm. Ólöf Nordal.

1257. Breytingartillögur [485. mál]

við frv. til l. um breyt. á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

Frá minni hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÓN).

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir orðunum „karls og konu“ í 1. gr. laganna komi: karls og karls, konu og konu.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Vígslumönnum trúfélaga er heimilt að synja hjónaefnum um vígslu ef það stríðir gegn trúarlegri sannfæringu þeirra.

1258. Frumvarp til laga [658. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr.:

a. Á eftir orðinu „forsætisráðuneyti“ kemur: atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.
b. Orðin „dómsmála- og mannréttindaráðuneyti“ og „félagsmála- og tryggingaráðuneyti“ falla brott.
c. Á eftir orðinu „fjármálaráðuneyti“ kemur: innanríkisráðuneyti.
d. Orðið „heilbrigðisráðuneyti“ fellur brott.
e. Orðið „iðnaðarráðuneyti“ fellur brott.
f. Orðin „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti“ falla brott.
g. Orðin „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti“ falla brott.
h. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ kemur: umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
i. Í stað orðanna „og utanríkisráðuneyti“ kemur: utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011 að frátöldum a-, e-, g- og h-lið 1. gr. sem öðlast gildi 1. apríl 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt að undirbúa stofnun nýrra ráðuneyta, m.a. með skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra sem hafi heimild til að undirbúa stofnun nýrra ráðuneyta, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum starf skv. 14. gr. laganna.

Þeim embættismönnum sem hljóta ekki áframhaldandi skipun skv. 1. mgr. skulu boðin störf í hinum nýju ráðuneytum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Um flutning annarra starfsmanna til hinna nýstofnuðu ráðuneyta gilda ákvæði 14. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ljósi umtalsverðra breytinga á íslensku samfélagi á undanförnum árum meðal annars í kjölfar bankahruns og efnahagssamdráttar er tímabært og nauðsynlegt að endurskoða skipulag ríkisrekstrar í heild sinni. Markmið með frumvarpi þessu er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lagt til að ráðuneytum verði fækkað úr tólf í níu og að færð verði saman verkefni til að ná sem mestum samlegðaráhrifum. Markmið með stækkun ráðuneyta er jafnframt að gera þeim betur kleift að takast á við aukin og flókin stjórnsýsluviðfangsefni og að tryggja formfestu. Þá bjóða sameinuð ráðuneyti upp á meiri möguleika til sérhæfingar og meira bolmagn til nýsköpunar og þróunarstarfs eins og m.a. kemur fram í skýrslu starfshóps um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá 10. maí 2009 eru boðaðar víðtækar breytingar á verkefnum ráðuneyta og aðrar umbætur í ríkisrekstri. Markmið breytinganna eru, auk þess að nýta þá fjármuni sem til skiptanna eru á sem árangursríkastan hátt, að forgangsraða í ríkisrekstrinum með nýjum hætti, verja og tryggja grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri með stærri og hagkvæmari einingum, einfalda stjórnsýslu og þjónustu, endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og gera ríkiskerfið sveigjanlegra og betur í stakk búið til að takast á við breytingar. Þá er stefnt að því að auka samstarf ráðuneyta og samvinnu með ýmsu móti. Endurskipulagning opinberrar þjónustu á ákveðnum sviðum er nauðsynleg og tímabær, m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á þörfum fólks í samfélaginu, byggðaþróunar, tækniþróunar, þróunar samgangna o.fl. Ekki hafa átt sér stað miklar breytingar á skipulagi ráðuneyta hér á landi frá árinu 1969 þegar lög um Stjórnarráð Íslands voru sett en endurskipulagning ráðuneyta og breytingar á verkaskiptingu þeirra er mjög algeng í nágrannalöndum okkar, svo sem í Danmörku. Núverandi aðstæður gera það enn brýnna en ella að ráðuneyti og stofnanir endurmeti með opnum huga öll verkefni. Bankahrunið og afleiðingar þess hafa leitt til mikils hallareksturs á fjárlögum og kalla á snarpa aðlögun. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gripið til aðgerða sem leiddu til 43 milljarða kr. lækkunar útgjalda frá því sem annars hefði orðið og við afgreiðslu á fjárlögunum var áætlað að samkvæmt markmiði ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum þyrfti að bæta afkomu ríkissjóðs um allt að 50 milljarða kr. á árinu 2011. Fyrirsjáanlegt er að verulegur hluti afkomubatans á árinu 2011 verði að koma til með lækkun ríkisútgjalda. Óþarft er að fjölyrða um mikilvægi þess að útgjaldamarkmiðum fyrir árið 2010 og árin þar á eftir verði vel fylgt eftir, en til þess að árangur náist þarf samstillt átak allra ráðuneyta og stofnana. Ljóst er að þær breytingar sem eru áformaðar á næstu missirum felast m.a. í að fækka ráðuneytum og ríkisstofnunum með sameiningu og breytingum á skipulagi og er þetta frumvarp meðal annars liður í þeim áformum.

Þrátt fyrir að stefnt sé að fækkun ráðuneyta og stofnana eru þær breytingar sem hér eru boðaðar jafnframt liður í því að tryggja öfluga þjónustu til framtíðar og stofnanir sem hafa burði til þess að veita hana. Byggja þarf upp öflugar einingar á öllum málefnasviðum ríkisins og vinna þannig á skilvirkan hátt að þeim verkefnum sem löggjafinn felur framkvæmdarvaldinu að sinna á hverjum tíma. Breytingar á Stjórnarráði Íslands, sem öðluðust gildi um mánaðamótin september/október 2009 með lögum nr. 98/2009, um breytingu á

ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, voru fyrsti þátturinn í þeim stjórnkerfisumbótum sem eru áformaðar í tíð núverandi ríkisstjórnar og tilteknar eru í samstarfsyfirlýsingu hennar. Í þeim fólst m.a. flutningur verkefna milli ráðuneyta og til varð nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Sameining ráðuneyta og stofnana auðveldar samþættingu ýmissar þjónustu og kemur í veg fyrir óskýra verkaskiptingu eða tvíverknað eins og dæmi hafa verið um m.a. innan velferðarþjónustunnar. Mikilvægt er að þjónusta og starfsemi ráðuneyta og stofnana birtist almenningi á aðgengilegan, gagnsæjan og skilvirkan hátt. Sameining gefur einnig færi á öflugri stoðþjónustu en í minni ráðuneytum og stofnunum er hlutfallslega miklum kostnaði varið í nauðsynlega stoðþjónustu. Stærri og öflugri ráðuneyti og stofnanir auka jafnframt möguleika starfsfólks til þróunar í starfi og auka fjölbreytni í verkefnum þeirra. Við breytingar á skipan ráðuneyta og stofnana er mikilvægt að standa vörð um starfsemi, þekkingu og reynslu sem nýst hefur samfélaginu vel og að sameinuð ráðuneyti og stofnanir verði byggð upp og þróuð út frá þeim styrkleika sem fyrir er um leið og horft er til nýrra leiða í ljósi breyttrar samfélagsþróunar. Um kosti stærri skipulagseininga segir í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis: „Veikleika stofnanakerfisins gagnvart öflugum hagsmunum í atvinnulífinu má að nokkru leyti skýra með smæð þess og takmörkuðum mannafla. Fram hjá því er hins vegar ekki hægt að líta að stjórnunarhugmyndir og forgangsröðun koma þar einnig við sögu. Lítil stjórnsýsla býður upp á sveigjanleika og viðbragðsflýti. Þessir eiginleikar hafa einkennt íslenska stjórnsýslu í ríkum mæli. Í vissu samhengi geta þeir verið styrkur en í öðru veikleiki. Mikill fjöldi lítilla skipulagsheilda bæði í Stjórnarráðinu, stofnanakerfi ríkisins og á sveitarstjórnarstiginu bendir til þess að á Íslandi hafi frekar verið litið til kosta lítilla eininga en ókosta.

Kostirnir við stærri stofnanir geta hins vegar verið margvíslegir. Í sumum tilvikum má vænta aukinnar stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrifa við sameiningu stofnana. Stærri skipulagsheildir bjóða upp á meiri möguleika til sérhæfingar, að öðru jöfnu, og hafa meira bolmagn til nýsköpunar og þróunarstarfs. Í þeim mæli sem stækkun stofnana þýðir fækkun geta þær dregið úr samhæfingarvanda. Þá ætti að vera minni hætta á að stórar einingar verði yfirspilaðar af hagsmunaaðilum en litlar. Þessi sjónarmið eiga að vera tilefni til skoðunar á sameiningu skipulagsheilda í stjórnsýslu ríkisins (ráðuneyta, stofnana). Jafnframt ætti þetta að gefa tilefni til að skoða vandlega hættur samfara útvistun verkefna úr ráðuneytum til sjálfstæðra aðila af ýmsu tagi. Slík útvistun getur vissulega átt rétt á sér en hafa þarf í huga að hún getur verið á kostnað þekkingar og stjórnsýslugetu í ráðuneytum.“

Nú er unnið að heildarendurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sem sett voru árið 1969. Markmiðið er að nýta betur þann mannauð og þekkingu sem býr í ráðuneytunum, auka samstarf og samvinnu á milli þeirra og styrkja forustuhlutverk forsætisráðuneytisins varðandi stefnumótun og eftirfylgni í áherslumálum ríkisstjórna.

Samhliða endurskipulagningu á ráðuneytum er unnið að heildarendurskipulagningu á stofnanakerfi ríkisins á grundvelli framtíðarsýnar um skilvirkan og þjónustumiðaðan ríkisrekstur. Sú endurskipulagning sem hér um ræðir er tengd við sóknaráætlun 20/20, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi í tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, þskj. 476, 332. mál á 138. löggjafarþingi. Þar er horft til uppbyggingar opinberrar þjónustu um allt land í tengslum við þá þjónustu og stuðning sem ríkið mun veita við uppbyggingu sóknarsvæða á grunni samkeppnishæfni hvers svæðis fyrir sig.

Ríkisstofnanir hér á landi eru um 200 talsins. Margar þeirra sinna svipuðum verkefnum og ljóst er að ná má fram verulegri langtímahagræðingu í rekstri með því að sameina stofnanir og endurskoða verkaskiptingu á milli þeirra. Fyrir liggja tillögur um umfangsmiklar breytingar sem gera ráð fyrir að ríkisstofnunum hér á landi fækki verulega. Forsenda sumra þeirra sameininga sem verið hafa til skoðunar eru sameiningar ráðuneyta sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Sameiningar ráðuneyta og stofnana geta tekið nokkurn tíma t.d. þar til fjárhagslegur ávinningur skilar sér að fullu. Um er að ræða flókið ferli og því er afar mikilvægt að vanda vinnu við undirbúning og framkvæmd sem best. Tækifærin sem felast í sameiningu eru einnig mikil og hafa verður í huga að það getur tekið langan tíma uns árangur kemur fyllilega í ljós. Dæmin sanna að þær stofnanir sem sameinaðar hafa verið á undanförnum árum eru sveigjanlegri þegar kemur að því að takast á við erfiðleika eins og þá sem glímt er við í ríkisrekstri í dag og stærri og öflugri einingar eiga auðveldara með að endurskipuleggja sig og takast á við breytingar. Þá er það einn af lærdómum af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að þörf er á að efla ráðuneytin og ein leið að því marki er að stækka þau með sameiningum. Undir þetta er tekið í skýrslu fyrrnefnds starfshóps forsætisráðherra: „Þrátt fyrir umtalsverða fjölgun starfsmanna ráðuneyta á síðustu áratugum er hluti þeirra enn of fámennur. Þeir veikleikar í stjórnsýslu ríkisins, sem dregnir eru fram í skýrslu rannsóknarnefndar, staðfesta þær ábendingar sem áður hafa komið fram að geta þessara fámennu ráðuneyta til að takast á við aukin og flóknari stjórnsýsluviðfangsefni, svo sem vegna alþjóðasamninga, sé takmörkuð. Auk þess hefur verið bent á að þessi fámennu ráðuneyti skorti nauðsynlega formfestu sem líklegra sé að finna hjá stærri skipulagsheildum. Færa má rök fyrir því að ráðuneyti þurfi að vera af ákveðinni lágmarksstærð til að eiga möguleika á að sinna verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Of fámenn ráðuneyti takmarka bæði möguleika til sérhæfingar innan einstakra málaflokka og aðgang að nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og möguleikana á því að færa starfsmenn á milli viðfangsefna innan ráðuneytanna eftir því sem álag gefur tilefni til. Það hefur verið óformleg stefna síðustu áratuga að færa ýmis verkefni ráðuneyta til sérstakra stjórnsýslustofnana. Með því hefur fjölgun starfsliðs ráðuneyta orðið minni en ella. Ókostur þessa fyrirkomulags er sá að ráðuneyti þurfa að treysta í miklum mæli á sérþekkingu þeirra stofnana sem undir þau heyra. Samhliða fjölgun sérstakra stjórnsýslustofnana hefur mikil fjölgun orðið á sjálfstæðum úrskurðarnefndum sem búa yfir sérþekkingu sem ella gæti nýst til eflingar fagþekkingar innan ráðuneyta. Raunhæfasta leiðin til að stækka ráðuneyti og gera þau þannig faglega sterkari er sameining þeirra og að verkefni stofnana verði færð aftur þangað.“

Í frumvarpi þessu er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar lögð til sameining dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í innanríkisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þá er lagt til að heiti umhverfisráðuneytis verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Markmið breytinganna er að ný ráðuneyti verði öflugar starfseiningar hvert á sínu sviði. Velferðarráðuneyti mun hafa betri yfirsýn yfir þau velferðarúrræði sem í boði eru, allt frá forvörnum og félagslegum úrræðum til heilbrigðisþjónustu, og tryggja betri yfirsýn og nýtingu fjármuna og um leið sveigjanlegri velferðarþjónustu. Nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti mun styrkja stjórnsýslu og stuðning stjórnvalda við helstu atvinnuvegi landsmanna og nýsköpun og sameina þjónustu og umgjörð fyrir allar atvinnugreinar á einum stað. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fær aukið hlutverk varðandi rannsóknir, nýtingar-

stefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála. Loks mun nýtt innanríkisráðuneyti skapa ramma um innanríkismál og innviði samfélagsins, öryggis- og varnarmál á lofti, sjó og landi og þar með allar stofnanir sem sinna þjónustu á þessum sviðum.

Fyrirhuguð sameining ráðuneytanna er stórt verkefni og munu forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið vinna að því með viðkomandi aðilum. Áformað er að setja á fót stýrihóp með þátttöku ráðherra og verkefnisstjórn með þátttöku ráðuneytisstjóra, sérfræðinga og fulltrúa starfsmanna. Mikilvægur þáttur vinnunnar verður að ræða málið við samtök sem eiga hagsmuna að gæta. Er þar sérstaklega átt við heildarsamtök svo sem í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, stéttarfélög, félag forstöðumanna og sveitarfélögin. Þá verður þingflokkum boðið að tilnefna tengiliði til að fylgjast með vinnunni og koma sínum sjónarmiðum að. Þessir aðilar munu einnig fylgja því eftir að fram fari allsherjarendurskoðun á þeim verkefnum sem viðkomandi ráðuneyti sinna og þeim stofnunum sem undir þau heyra. Jafnframt verður farið heildstætt yfir verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands þannig að verkefni fleiri ráðuneyta en þeirra sem sameinast geta breyst.

Hvað tímasetningar varðar er gert ráð fyrir að sumarið verði nýtt til samráðs þannig að ljúka megi afgreiðslu frumvarpsins í haust. Mikilvægt er að hæfilegur tími líði frá samþykkt laga til gildistöku sameiningar svo að ljúka megi nauðsynlegum undirbúningi. Fyrir liggur að skoðanir eru helst skiptar um atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hafa ýmis samtök er málið varðar ályktað gegn þessum áformum. Eftir framlagningu frumvarps verður því sérstök áhersla lögð á víðtækt samráð á þeim vettvangi, m.a. við hagsmunaaðila á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs, og framvindan metin í ljósi árangurs af því samráði.

Um atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um stofnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Þar segir:

„Nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tekur til allra atvinnugreina (utan opinbera geirans og fjármálamarkaðarins), nýsköpunar og þróunar innan þeirra. Þar verða teknar ákvarðanir um nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.“

Með sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verður til öflugt ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar þar sem aðkoma ríkisins að stærstu atvinnuvegum þjóðarinnar og nýsköpun verður samræmd á einum stað til hagsbóta fyrir samfélagið. Sameining leiðir til þess að á einum stað í stjórnkerfinu verður til heildarsýn yfir atvinnulífið. Hún mun því stuðla að því að til verði heildstæð atvinnuvegastefna sem gerir ekki upp á milli atvinnugreina og auðveldar stjórnvöldum að bregðast við breytingum og þróun í atvinnuháttum.

Helstu rök fyrir sameiningu ráðuneytanna eru:

- Aukinn slagkraftur í stefnu og aðgerðum stjórnvalda í tengslum við atvinnulíf og nýsköpun.
- Samræmd stefnumörkun fyrir atvinnulífið og mótun og eftirfylgni heildstæðrar atvinnugreinastefnu fyrir Ísland.
- Nýsköpun og málefni atvinnuveganna verða samþætt innan Stjórnarráðsins.
- Auknir möguleikar á sameiningu og samþættingu stofnana sem munu heyra undir ráðuneytið og þjóna atvinnulífinu.
- Nýtt ráðuneyti endurspeglar betur samfélagsþróun þar sem skil milli atvinnugreina eru ógleggri en fyrr, sbr. t.d. ferðaþjónustu bænda.

Samhliða sameiningu ráðuneytanna verður farið yfir verkaskiptingu og samvinnu þeirra stofnana sem munu heyra undir viðkomandi ráðuneyti og skoðaðir möguleikar á aukinni samþættingu verkefna. Samkvæmt fjárlögum 2010 kostar rekstur þessara tveggja ráðuneyta (málaflokkarnir í heild sem undir þau heyra) um 24 milljarða kr., þar af koma 22 milljarðar kr. úr ríkissjóði. Ríkisstofnanir og fyrirtæki sem heyra undir ráðuneytin eru 15 talsins og verður það stofnanaskipulag endurskoðað m.a. með hliðsjón af greiningarvinnu sem átt hefur sér stað hjá ráðuneytunum og með hliðsjón af breytingum á umhverfisráðuneytinu. Nýtt og öflugt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti mun hafa alla burði til þess að endurskipuleggja þjónustu og forgangsraða með nýjum hætti, nýta fjármuni á hagkvæman hátt og hrinda í framkvæmd þeirri hagræðingu sem er nauðsynleg á næstu árum.

Um umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um breytingu heitis umhverfisráðuneytis í umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þar segir: „Nýtt umhverfis- og auðlindaráðuneyti fær auk þeirra verkefna sem fyrir eru lykilhlutverk varðandi rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála. Þangað flyst ennfremur umsýsla Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða.“ Einnig segir að einn af „hornsteinum umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar er að þær [auðlindirnar] séu nýttar með sjálfbærum hætti“.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun þannig fá aukið vægi í rannsóknum, stefnumörkun og áætlunum sem tengjast nýtingu náttúruauðlinda og mun hafa heildstætt yfirlit yfir stöðu náttúruauðlinda þjóðarinnar. Ráðuneytið mun eiga náið samstarf við nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en stofnanakerfi ráðuneytanna beggja verður endurskoðað sem og verkaskipting milli þeirra meðal annars til þess að tryggja skilvirkni og náið samstarf ráðuneytanna við að framfylgja stefnu um sjálfbæra þróun. Til þess að tryggja nána samvinnu milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis sérstaklega vegna sjávarauðlindarinnar við Ísland er stefnt að því að setja á fót sérstakt nýtingar- og verndarráð sjávarauðlindarinnar sem í eiga sæti fulltrúar beggja ráðuneytanna. Ráðið mun hafa það verkefni að samþætta sjónarmið umhverfisverndar og nýtingar, móta nýtingarstefnu fyrir auðlindina og setja í því sambandi skýr umhverfis- og verndarmarkmið. Með þessu fyrirkomulagi verða samþætt sjónarmið umhverfisverndar og nýtingar. Endanleg ákvörðun um nýtingu verður í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Gert er ráð fyrir að eignarhald ríkisins á auðlindum verði áfram á hendi annarra ráðuneyta.

Helstu rök fyrir breyttu umhverfis- og auðlindaráðuneyti:

- Umhverfisverndarsjónarmið verða hluti af almennri stefnumörkun í tengslum við atvinnulífið og ekki er litið á atvinnustefnu, nýtingu og umhverfisvernd sem andstæða póla.
- Meiri líkur eru á að ná jafnvægi milli sjónarmiða verndar og nýtingar og þannig eru betur tryggð markmið um sjálfbæra þróun á sem flestum sviðum.
- Samvinna og tengsl umhverfis- og auðlindaráðuneytis við hagsmunaaðila varðandi nýtingu munu eflast.
- Skýrari verkaskipting og öflugri samvinna milli umhverfis- og auðlindaráðuneytis annars vegar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hins vegar.

Rétt er að geta þess að þótt nafni umhverfisráðuneytisins verði breytt er þar ekki um niðurlagningu og nýstofnun ráðuneytis að ræða.

Um velferðarráðuneyti.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið sameinist samhliða því að málefni aldraðra og málefni fatlaðra flytjist frá ríki til sveitarfélaga. Í frumvarpi þessu er lagt til að ráðuneytin verði sameinuð þrátt fyrir að þeim verkefnaflutningi sé ekki lokið en umtalsverður undirbúningur hefur þegar átt sér stað, einkum varðandi flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Mörg dæmi eru um óskýra verkaskiptingu á milli félags- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og heilbrigðisráðuneytis hins vegar sem bitnað hefur á þeim sem eiga rétt á velferðarþjónustu og aðstandendum þeirra. Í þessu sambandi má benda á að heildarsýn hefur vantað vegna skipulags öldrunarþjónustu, eftirlits og forvarnaúrræða í tengslum við félags- og heilbrigðisþjónustu. Brýnt er að bæta úr þessu og jafnframt efla sveigjanlega velferðarþjónustu um leið og gætt verður fyllstu hagkvæmni. Áformað er að þjónusta við aldraða og fatlaða flytjist frá ríki til sveitarfélaga enda virðist reynsla víða um land sýna að sveitarfélög séu betur til þess fallin en ríkið að sinna nærþjónustu af þessu tagi. Sveitarfélög eða landshlutasamtök sinna slíkri þjónustu annars staðar á Norðurlöndum og víða um heim með góðum árangri.

Helstu rök fyrir sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti eru:

- Heildstæð stefna á sviði velferðarþjónustu á öllum stigum frá félagslegum stuðningi til heilbrigðisþjónustu.
- Sveigjanlegri samþætt þjónusta um land allt.
- Bætt nýting fjármuna á sviði velferðar- og heilbrigðisþjónustu.
- Bætt samþætt eftirlit með velferðarþjónustu á öllum stigum.
- Samþætting velferðarúrræða, t.d. heimahjúkrunar og heimaþjónustu.
- Samþætting stofnana á félags- og heilbrigðissviði.
- Einfaldara samstarf og samskipti við sveitarstjórnarstigið.

Í kjölfar sameiningar ráðuneytanna tveggja er síðan fyrirhuguð endurskoðun á rekstri og framkvæmd þeirra verkefna sem undir ráðuneytin heyra í dag en ríkisstofnanir og fyrirtæki á þeirra vegum eru tæplega 50 og verður það stofnanaskipulag endurskoðað samhliða og í kjölfar sameiningar með hliðsjón af þeirri vinnu sem unnin hefur verið í ráðuneytunum. Ríkissjóður leggur heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti til um 167 milljarða kr. samkvæmt fjárlögum 2010. Þá er ekki tekið með það sem innheimt er af ríkistekjum, sem eru um 64 milljarðar kr. til viðbótar. Nýtt og öflugt velferðarráðuneyti hefur alla burði til þess að endurskipuleggja þjónustu, forgangsraða með nýjum hætti og nýta þá miklu fjármuni sem það mun hafa yfir að ráða með árangursríkum hætti og hagræða í rekstri og verja grunnþjónustu.

Um innanríkisráðuneyti.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að lögfest verði sameining samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti.

Innanríkisráðuneytið mun skapa ramma um innanríkismál og innviði samfélagsins, öryggismál á lofti, sjó og landi og þar með allar stofnanir sem sinna stjórnsýslu og þjónustu á þessum sviðum. Samhliða sameiningu ráðuneyta verður farið yfir verkaskiptingu og samvinnu þeirra stofnana sem munu heyra undir viðkomandi ráðuneyti og skoðaðir möguleikar á aukinni samþættingu verkefna. Má í þessu sambandi benda á þá möguleika sem skapast til endurskipulagningar og hagræðingar á sviði öryggismála við niðurlagningu Varnarmála-

stofnunar og flutning verkefna hennar til stofnana nýs innanríkisráðuneytis, sbr. skýrslu starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins.

Helstu rök fyrir sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis eru:

- Samþætting á sviði öryggismála, t.d. varðandi umferðaröryggi, öryggismál sjófarenda o.fl.
- Stærra ráðuneyti er færara um að hafa eftirlit með stórum og öflugum stofnunum (eftir sameiningar stofnana á sviði samgöngumála og endurskipulagningu löggæslu).
- Samþætting á uppbyggingu og utanumhaldi fjarskiptamála.
- Uppbygging öflugra stjórnsýslumiðstöðva í tengslum við þróun og eflingu sveitarstjórnarstigsins verður auðveldari.
- Heildstæð nálgun við uppbyggingu innviða með hliðsjón af þörfum löggæslu og borgaralegra varna.

Nú eru ríkisstofnanir og fyrirtæki á vegum ráðuneytanna tveggja um 60 talsins og verður það stofnanaskipulag endurskoðað samhliða og í kjölfar sameiningar með hliðsjón af þeirri vinnu sem unnin hefur verið í ráðuneytunum. Sé litið á dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur ríkissjóður þeim til, á fjárlögum 2010, um 48 milljarða kr. Þá er ekki tekið með það sem innheimt er af ríkistekjum, sem eru um 16,6 milljarðar kr. til viðbótar. Nýtt og öflugt innanríkisráðuneyti mun þannig hafa alla burði til þess að endurskipuleggja þjónustu og forgangsraða með nýjum hætti, nýta fjármuni betur og hrinda í framkvæmd þeirri hagræðingu sem er nauðsynleg á næstu árum.

Þessar breytingar á ráðuneytunum munu samkvæmt frumvarpinu öðlast gildi 1. janúar og 1. apríl 2011.

Að því er réttindi starfsmanna varðar er kveðið á um þau í ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að núverandi ráðuneytisstjóra- og skrifstofustjórastöður verði lagðar niður og valið í ný embætti eftir almennum reglum. Þá mun öllum starfsmönnum núverandi ráðuneyta sem sameinast verða boðið starf í hinum nýju ráðuneytum. Mögulega mun þó starfssvið þeirra í einhverjum tilvikum breytast en t.d. liggur fyrir að ekki verði allir skrifstofustjórar ráðnir aftur sem slíkir. Einnig verður lögð á það áhersla þegar í stað að ráða ekki í stöður sem losna og framlengja ekki tímabundnar ráðningar nema í undantekningartilvikum og þannig freista þess að endurskoða starfsemina og ná fram hagræðingu í rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna á næstu missirum. Lagt er til að þetta ákvæði öðlist gildi þegar í stað.

Áformað er að leggja síðar fram frumvarp til laga um breytingar á þeim sérlögum sem í hlut eiga vegna breyttra heita ráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Breytingarnar eru tvíþættar og munu koma til framkvæmda í áföngum. Annars vegar verður til innanríkisráðuneyti við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og velferðarráðuneyti við sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Hins vegar verður til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þá breytist heiti umhverfisráðuneytis í umhverfis- og auðlindaráðuneyti til samræmis við breytt hlutverk ráðuneytisins.

Um 2. gr.

Gildistaka þeirra breytinga sem hér eru lagðar til er tvíþætt. Innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti munu verða stofnuð 1. janúar 2011. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verður stofnað 1. apríl 2011 og um leið verður nafni umhverfisráðuneytis breytt og það fær nafnið umhverfis- og auðlindaráðuneyti til samræmis við endurskoðað hlutverk. Ákvæði til bráðabirgða mun öðlast gildi þegar í stað.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um undirbúning sameiningar og réttindi starfsmanna. Miðast ákvæðið við að undirbúningur sameiningar gangi snurðulaust. Gert er ráð fyrir að svo fljótt sem auðið er eftir að lög hafa verið samþykkt skuli þeir ráðherrar, sem falin verða hin sameinuðu ráðuneyti með forsetaúrskurði, skipa ráðuneytisstjóra. Verði það gert eftir almennum reglum. Nýr ráðuneytisstjóri útbúi síðan tillögu til ráðherra um skipurit fyrir hið sameinaða ráðuneyti og fjölda skrifstofustjóra. Því næst verði valið í skrifstofustjóraembættin úr hópi þeirra embættismanna sem fyrir voru í hinum niðurlögðu ráðuneytum eða með auglýsingu. Þeim embættismönnum sem hljóta ekki áframhaldandi skipun með þessum hætti skal boðið starf í hinu sameinaða ráðuneyti. Um flutning annarra starfsmanna hinna sameinuðu ráðuneyta gilda ákvæði 14. gr. laga nr. 73/1969.

Mikilvægt er að staðið verði að ráðningum inn í nýju ráðuneytin með faglegum og gagnsæjum hætti. Forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið munu vinna með viðkomandi ráðherrum og ráðuneytisstjórum til þess að tryggja samræmd vinnubrögð, sbr. það sem áður segir um áformaðan stýrihóp og verkefnisstjórn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Breytingarnar fela í sér að innanríkisráðuneyti verður til við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, velferðarráðuneyti við sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Einnig er lagt til að heiti umhverfisráðuneytis verði breytt í umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Verði frumvarpið að lögum fækkar ráðuneytum úr 12 í 9. Um er að ræða breytingar í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 um stjórnkerfisumbætur.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu gera núverandi aðstæður það enn brýnna en ella að ráðuneyti og stofnanir endurmeti með opnum huga öll verkefni. Bankahrunið og afleiðingar þess hafa leitt til mikils hallareksturs á ríkissjóði sem kallar á snarpa aðlögun. Breytingar sem áformaðar eru á næstu missirum felast m.a. í að fækka ráðuneytum og ríkisstofnunum með sameiningu og endurskipulagningu og er þetta frumvarp liður í þeim áformum. Unnið er að endurskipulagningu á stofnanakerfi ríkisins á grundvelli

framtíðarsýnar um skilvirkan og þjónustumiðaðan ríkisrekstur. Ríkisstofnanir hér á landi er um 200 talsins, margar sinna svipuðum verkefnum og ljóst er að ná má fram verulegri langtímahagræðingu í rekstri með því að sameina stofnanir og endurskoða verkaskiptingu milli þeirra. Sameining ráðuneyta og stofnana auðveldar samþættingu ýmissar þjónustu og kemur í veg fyrir óskýra verkaskiptingu og tvíverknað. Forsendur sumra þeirra breytinga eru sameiningar ráðuneyta sem kveðið er á um í þessu frumvarpi.

Það er mat fjármálaráðuneytis að sameining ráðuneyta sem mælt er fyrir um í frumvarpinu gefi færi á að lækka kostnað, sérstaklega launakostnað. Gert er ráð fyrir að strax við sameininguna fækki stjórnendastöðum á móti samsvarandi fjölgun í stöðum sérfræðinga, auk þess sem reiknað er með nokkurri fækkun starfsfólks þegar fram í sækir með því að ráða ekki í stöður sem losna. Í fjárlögum fyrir árið 2010 er áætlaður kostnaður við rekstur á aðalskrifstofum umræddra ráðuneyta samtals 2.413,7 m.kr. Starfsmenn, fyrir utan ráðherra og aðstoðarmenn ráðherra, eru 231 talsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öllum starfsmönnum verði boðið starf í sameinuðum ráðuneytum. Eins og áður sagði er þó ljóst að við sameiningu mun fækka í yfirstjórn ráðuneytanna. Þar starfa nú 6 ráðuneytisstjórar og 40 gegna stöðu skrifstofustjóra. Í áætlun sem unnin hefur verið við undirbúning frumvarpsins er reiknað með að alls verði 19 skrifstofustjórar í þessum ráðuneytum eftir að þau hafa verið sameinuð í þrjú. Miðað við það fækkar skrifstofustjórum um 21 og ráðuneytisstjórum um 3 en í staðinn er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmenn verði ráðnir sem sérfræðingar. Auk þess mundu 3 ráðherrar og 3 aðstoðarmenn ráðherra láta af störfum. Áætlað er að þessar breytingar leiði til 140 m.kr. lækkunar á launakostnaði á ári.

Sameinuð ráðuneyti verða öflugri einingar með getu til að veita sömu þjónustu með færra starfsfólki og viðhalda öflugri stoðþjónustu með hlutfallslega minni tilkostnaði, en í smærri ráðuneytum er hlutfallslega miklum fjármunum varið í stoðþjónustu, t.d. vegna starfa við fjármál og bókhald, skjalavörslu, ritaraþjónustu o.fl. Þá er algengt að við sameiningu stofnana kjósi einhverjir að láta af störfum og fara á biðlaun. Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði ekki nema í undantekningartilfellum ráðið í stöður þeirra sem af þessum eða öðrum ástæðum kjósa að láta af störfum og að fækkun starfsfólks verði þannig með náttúrulegum hætti. Reiknað er með að fækkun starfsmanna af þessum sökum geti orðið nálægt 20 manns, eða tæp 10% af núverandi starfsmannafjölda, sem lækki launakostnað um 160 m.kr. á ári. Er þannig áætlað að í kjölfar sameiningarinnar geti launakostnaður lækkað um 300 m.kr. á ári þegar breytingarnar verða að fullu komnar fram. Á móti kemur að 46 núverandi starfsmenn eiga rétt til biðlauna, ýmist í 12 eða 6 mánuði. Ekki liggur fyrir hvort einhverjir sem ekki verður boðið sambærilegt starf kjósi að hætta störfum og fara á biðlaun samhliða þessum breytingum, en velji þeir það allir má gera ráð fyrir að tímabundinn biðlaunakostnaður geti orðið allt að 200 m.kr.

Samhliða lækkun launakostnaðar má reikna með lækkun á ýmsum starfstengdum kostnaði en almennt viðmið í þeim efnum er að starfsmaður kosti stofnun um 20% umfram laun og launatengd gjöld, sem í þessu tilviki er þá um 60 m.kr. á ári. Því til viðbótar ætti að vera unnt að ná fram lækkun á ýmsum öðrum kostnaði vegna samlegðaráhrifa við sameiningu, t.d. með bættri nýtingu tækja, markvissari innkaupum, breyttum ferlum o.fl. en erfitt er að leggja mat á hversu mikinn sparnað þar yrði um að ræða. Einnig telur fjármálaráðuneytið líklegt að húsnæðiskostnaður geti lækkað þar sem að öllu jöfnu má ætla að takast megi að ná fram betri húsnæðisnýtingu hjá stærri stofnun en smærri. Á árinu 2009 greiddu aðalskrifstofur þessara ráðuneyta 220 m.kr. í húsaleigu. Athugun á húsnæðisþörf sameinaðra ráðuneyta er ekki lokið og því liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á varðandi breytingar á húsnæðisþættinum. Á móti kemur að líklegt er að til muni falla

einhver tímabundinn kostnaður við flutning og breytingar á húsnæði en óvíst er hve mikill sá kostnaður verður.

Að öllu virtu gerir fjármálaráðuneytið því ráð fyrir að samþykkt þessa frumvarps geti leitt til um 360 m.kr. lækkunar á kostnaði á ári þegar áhrif þess eru að fullu komin fram, auk lækkunar á húsnæðiskostnaði og öðrum kostnaði vegna samlegðaráhrifa. Vegna biðlauna og tímabundins kostnaðar við breytingar á húsnæði og flutning má þó allt eins gera ráð fyrir að ekki muni takast að ná fram nema hluta þeirrar kostnaðarlækkunar á fyrstu 12 mánuðum eftir gildistöku, verði frumvarpið að lögum.

1259. Frumvarp til laga [659. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Í stað þess að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp er lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011 allt að samtals 50 millj. kr., og 25% af eftirgjöf umfram samtals 50 millj. kr. á framangreindu tímabili. Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnureksturinn.

Lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að fyrna eignir, sem eru fyrnanlegar skv. 33. gr., um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum eftirgjafarinnar, sbr. 1. mgr., að teknu tilliti til ákvæða 42. gr., á því ári sem eftirgjöf er færð til tekna í skattframtali.

Eigi lögaðilar eða menn sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ekki eignir sem eru fyrnanlegar skal heimilt að færa eftirgjöf skulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu þriggja ára frá og með því tekjuári sem skuld var gefin eftir.

Skilyrði fyrir takmörkun á tekjufærslu skv. 1. mgr., fyrningu skv. 2. mgr. eða frestun á tekjufærslu skv. 3. mgr. er að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað.

Ákvæðið gildir ekki um eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga.

Taki kröfuhafi hlutafé í hinu skuldsetta félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar, nema að því marki sem eftirgjöf skuldar er færð til tekna hjá skuldara að teknu tilliti til 1. mgr.

Við eftirgjöf skulda skal kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Sé skilmálum í samningi um lán sem tengjast rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends

gjaldmiðils telst það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Séu gerðar breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána, sbr. 1. og 2. málsl., ber rekstraraðila að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis.

b. (II.)

Í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda utan atvinnurekstrar er heimilt að telja ekki til tekna allt að samtals 10 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 20 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum vegna greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011. Fari eftirgjöf fram úr tilgreindum fjárhæðum, sbr. 1. málsl., má falla frá tekjufærslu sem nemur 50% af eftirgjöfinni að hámarki samtals 20 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 40 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum, og 25% af eftirgjöf umfram samtals 20 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 40 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum á framangreindu tímabili. Ákvæði 1. og 2. málsl. eiga ekki við um eftirgjöf á upprunalegum höfuðstól að teknu tilliti til afborgana. Skilyrði er að um sé að ræða veðskuld sem ekki tengist atvinnurekstri. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd tekjufærslunnar á grundvelli þessa ákvæðis.

Heimilt skal að fresta tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda manna, sbr. 1. mgr., í tvö ár frá og með því tekjuári sem veðskuld er gefin eftir. Heimilt skal að færa eftirgjöf veðskulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu fimm ára frá og með því tekjuári þegar veðskuld var sannanlega gefin eftir eða frá og með því ári þegar tveggja ára frestunartímabili lauk.

Ákvæðið á ekki við gildi 3. tölul. 28. gr. um eftirgjöf veðskulda.

Við eftirgjöf veðskulda skal kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Þeir sem ekki hafa þegar fengið úrlausn sinna mála skv. 3. tölul. 28. gr. eða óskað eftir því geta sótt um til ríkisskattstjóra sem er heimilt á grundvelli umsóknar að lækka eða fella niður tekjuskattsstofn manns sem myndast hefur vegna eftirgjafar veðskulda, sbr. 1. mgr., að loknu tveggja ára frestunartímabili skv. 2. mgr. þegar fyrir liggur samkvæmt hlutlægu mati á fjárhagsstöðu skuldara, og eftir atvikum maka hans, að eignaaukning hafi orðið lítil eða engin vegna skuldaniðurfærslna, eða eignir séu litlar sem engar eða aflahæfi sé verulega skert. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um hvernig meta skuli fjárhagsstöðu manns og um nánari skilyrði fyrir lækkun tekjuskattsstofns á grundvelli þessa ákvæðis.

Sé skilmálum í lánasamningi milli lánastofnunar og manns breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils telst það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Leiðréttingar á skuldum sem gerðar eru í tengslum við sértæka skuldaaðlögun og sjálfvirka greiðslujöfnun, sbr. lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, teljast til skil-

málabreytinga en ekki eftirgjafar skulda, enda sé framkvæmdin í samræmi við verklagsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Sama á við um leiðréttingu samkvæmt tímabundinni greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögu að tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Bæði ákvæðin varða skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá móttakanda eftirgjafarinnar, annars vegar hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri og hins vegar hjá einstaklingum. Hér er um tímabundnar ráðstafanir að ræða vegna þess óvenjulega ástands sem nú hefur skapast á innlendum lánamarkaði, en lagt er til að þær nái til tekjuáranna 2009–2011.

Samkvæmt tekjuskattslögum teljast til skattskyldra tekna hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Tekjuákvæði laganna eru því víðtæk og taka til hvers konar verðmæta sem metin verða til fjár, í hvaða formi sem slíkur tekjuauki fellur skattskyldum aðila í hlut. Á móti stendur samsvarandi gjaldfærsla hvort heldur um er að ræða tekjuauka hjá lögaðila eða einstaklingi. Þessi grunnregla hefur verið við lýði svo áratugum skiptir. Undantekningar frá skattskyldu eru sérstaklega tilgreindar í lögunum og ber samkvæmt almennri lögskýringarreglu að túlka þröngt. Kveðið hefur verið á um skattalega meðferð eftirgjafar skulda allt frá lögum nr. 6 frá árinu 1935 til þessa dags. Að meginstefnu til hefur eftirgjöf skulda ekki talist til skattskyldra tekna manna í tengslum við gjaldþrot eða nauðasamninga eða þegar á annan fullnægjandi hátt hefur verið sannað að eignir séu ekki til fyrir skuldum. Annað hefur gilt um eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri.

Aðilar í atvinnurekstri.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt ber í öllum tilvikum að telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri. Sú regla er ótvíræð og er með frumvarpi þessu ekki lögð til nein breyting þar á, að öðru leyti en því að tímabundið verði að uppfylltum tilteknum skilyrðum heimilt að telja einungis ákveðið hlutfall þeirrar fjárhæðar sem gefin er eftir til skattskyldra tekna. Í flestum tilvikum er staða þeirra rekstraraðila sem fá eftirgefnar skuldir með þeim hætti að rekstrartap er umtalsvert og gengur á móti tekjufærslunni. Við þær aðstæður kemur því í raun ekki til neinnar skattlagningar vegna tekjufærslu á eftirgefnum skuldum. Gert er ráð fyrir að rekstrartap ársins og yfirfært tap vegna fyrri ára verði alltaf jafnað fyrst á móti tekjufærslu áður en fjárhæð skattskyldrar eftirgjafar er ákvörðuð í samræmi við tillögu frumvarpsins, en samkvæmt henni er rekstraraðila heimilt að telja ekki til tekna, þegar rekstrartap hefur verið nýtt, 50% af þannig fenginni eftirgjöf skulda upp að samtals 50 m.kr., og 25% af eftirgjöf skulda umfram samtals 50 m.kr., fyrir rekstrarárin 2009–2011 samanlagt. Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu um að heimiluð verði sérstök fyrning til viðbótar almennri fyrningu á móti þeirri tekjufærslu sem skapast vegna eftirgjafarinnar, áður en henni er dreift jafnt á þrjú ár. Nýti skattaðili heimild til að dreifa tekjufærslu skal sú ákvörðun tekin á því ári sem skuld er gefin eftir.

Eftirfarandi dæmi sýnir hvernig skattalegri meðferð á eftirgjöf skuldar yrði háttað samkvæmt frumvarpinu:

Eftirgjöf skuldar	100,0 m.kr.
Rekstrartap ársins/yfirfært frá fyrri árum	40,0 m.kr.
Eftirgjöf að frádregnu rekstrartapi	60,0 m.kr.
Frá dregst 50% af 50 m.kr.	25,0 m.kr.
	35,0 m.kr.
Frá dregst 25% af eftirgjöf umfram 50 m.kr., þ.e. að frádregnu rekstrartapi, eða af 10 m.kr.	2,5 m.kr.
Til skattskyldra tekna teljast	32,5 m.kr.
Á móti tekjufærslu má fyrna eignir	
Það sem þá stendur eftir má færa til tekna á þremur árum	

Um gjaldfærslu vegna afskrifaðra tapaðra krafna hjá kröfueiganda gilda ákvæði 3. tölul. 31. gr., sbr. 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994, og er í engu vikið frá þeim skilyrðum sem um gjaldfærslu rekstrarkostnaðar gilda.

Gert er ráð fyrir að heimildin til aukafyrninga og dreifingar á tekjufærslu gildi ekki þegar um er að ræða eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga vegna hættu á misnotkun ákvæðisins. Félag telst dótturfélag þegar það er a.m.k. að 50% hluta í eigu annars félags eða tengdra félaga.

Misjöfn sjónarmið hafa verið uppi um það hvernig fara ber með kröfu þegar henni er breytt í hlutafé og legið hefur fyrir að verðmæti hlutafjárins á þeim tíma hefur verið talið minna en nemur nafnverði kröfunnar. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um þetta þannig að þegar kröfu er að öllu leyti breytt í hlutafé við aðstæður sem hér er lýst, þá teljist krafan í heild sinni vera kaupverð hlutafjárins. Sé hluta af kröfu breytt í hlutafé og hluti af henni er afskrifaður ber skuldara að tekjufæra sömu fjárhæð og kröfuhafi afskrifar til gjalda, enda séu uppfyllt almenn skilyrði fyrir gjaldfærslunni.

Sé skuld sem stofnast hefur vegna sölu á virðisaukaskattsskyldri vöru eða þjónustu gefin eftir ber bæði kröfueiganda og skuldara að leiðrétta virðisaukaskattsskil sín til samræmis við það samkvæmt gildandi reglum.

Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um að ef gerðar eru breytingar á lánskjörum þá teljist slíkt til skilmálabreytinga en ekki eiginlegrar eftirgjafar á skuld í skilningi tekjuskattslaga. Að jafnaði er hér átt við að lán séu núvirt eftir venjubundnum aðferðum og á eðlilegum forsendum og breytt yfir í annars konar lán eða lánakjör, t.d. breyting á gengistryggðu láni yfir í íslenskt krónulán, á sambærilegum kjörum og almennt gerist um slík lán. Við slíka breytingu er gerð leiðrétting á uppreiknaðri lánsfjárhæð, í flestum tilvikum u.þ.b. 25–30% lækkun, og þannig ákvarðaðri fjárhæð breytt í lán í íslenskum krónum. Sé gerð slík skilmálabreyting á láni sem tilheyrir atvinnurekstri, hvort heldur hjá lögaðila eða sjálfstætt starfandi manni, og um lækkun á uppreiknuðum eftirstöðvum lánsins er að ræða, mundi lækkunin ekki hafa í för með sér skattskyldar rekstrartekjur en leiðrétta þarf gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis við þessa skilmálabreytingu, enda verður ekki færður til gjalda kostnaður sem í raun fellur ekki á rekstraraðilann.

Einstaklingar.

Sem fyrr segir teljast til skattskyldra tekna hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Sú regla er þó ekki fortakslaus í tilviki einstaklinga því í 3. tölul. 28. gr. í gildandi lögum er að finna ákvæði sem tekur til eftirgefinna skulda og þeirra skilyrða sem þurfa að vera til staðar eigi ekki að koma til tekjufærslu á eignaauka eða aukningu ráðstöfunartekna sem hlýst af eftirgjöfinni. Þannig skapast ekki skattskylda hafi eftirgjöfin orðið til við nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða í sérstökum tilvikum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sbr. reglugerð nr. 534/2009. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að eftirgjöf skuldar teljist ekki til tekna ef engar eignir eru til fyrir skuldum eða allar eignir manna eru yfirveðsettar. Þá er gert að skilyrði að aflahæfi sé verulega skert. Þannig kemur almennt ekki til skattlagningar þótt skuldir manna séu gefnar eftir ef þeir eru eignalausir eða þeir eru skuldum vafnir, aflahæfi þeirra er skert og þeir því ekki borgunarmenn fyrir skuldunum samkvæmt hlutlægu mati þar um.

Sértæk skuldaaðlögun, sbr. lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, mun nær undantekningarlaust falla undir þau skilyrði sem er að finna í áðurnefndri reglugerð þegar kemur að uppgjöri skuldanna samkvæmt lögunum, enda sé úrræðið framkvæmt á þann veg sem til var stofnað. Allt að einu er, til að taka af allan vafa, lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að gangi maður í gegnum sértæka skuldaaðlögun teljist slíkt ekki til eftirgjafar skulda í skilningi tekjuskattslaga heldur falli undir skilmálabreytingar sem almennt hafi ekki í för með sér skattskyldu. Öðru máli kann að gegna ef framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar er á skjön við ákvæði laga nr. 107/2009 og þær verklagsreglur sem settar hafa verið um framkvæmd þeirra. Þess utan kemur ekki til skattlagningar ef samið er um almennar skilmálabreytingar á lánum sem bjóðast öllum sem eru í sömu eða álíka fjárhagslegri stöðu, þ.m.t. sjálfvirk greiðslujöfnun samkvæmt lögum nr. 107/2009 og tímabundin greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Samkvæmt þessu, og með hliðsjón af þeim úrræðum sem lánastofnanir og ríkisvaldið hafa boðið skuldurum upp á og sammælst um, skapast almennt ekki skattskylda þótt skuldir séu lækkaðar.

Með skilmálabreytingum er að jafnaði átt við að lán séu núvirt eftir venjubundnum aðferðum og á eðlilegum forsendum og breytt yfir í annars konar lán eða lánakjör. Þessi almennu úrræði hafa verið auglýst og boðin skuldurum hjá lánastofnunum. Skattyfirvöld hafa nú þegar svarað því til að því er varðar skuldir einstaklinga utan atvinnurekstrar að við slíkar aðgerðir stofnist ekki andlag skattlagningar, enda sé einungis um að ræða breytingu á skilmálum lánsins en ekki eiginlega eftirgjöf skuldar í skilningi tekjuskattslaga. Hér undir falla jafnframt þær aðgerðir lánastofnana að breyta gengistryggðu láni yfir í íslenskt krónulán, á sambærilegum kjörum og almennt gerist um slík lán. Við slíka breytingu er gerð leiðrétting á uppreiknaðri lánsfjárhæð, í flestum tilvikum u.þ.b. 25–30% lækkun, og þannig ákvarðaðri fjárhæð breytt í lán í íslenskum krónum. Þessi leiðrétting telst fela í sér skilmálabreytingu og skapar þannig ekki skattskyldar tekjur í hendi skuldara. Þótt afstaða skattyfirvalda liggi fyrir að því er slíkar skilmálabreytingar varðar er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að leiðrétting á uppreiknuðum eftirstöðvum skulda sem teljast til skilmálabreytinga myndi ekki skattskyldar tekjur í hendi skuldara, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður.

Almennt tekur fyrrgreind 28. gr. tekjuskattslaga ekki til þeirra tilvika þar sem um er að ræða eftirgjöf skulda í frjálsum samningum milli aðila, án tillits til greiðslu- og eignastöðu skuldara. Því er frumvarpi þessu ætlað að vera viðbótarúrræði við þau formlegu úrræði sem þegar hafa verið talin upp, m.a. við þær aðstæður þegar lækkun skulda manna er framkvæmd með öðrum hætti en það sem beinlínis telst falla undir skilmálabreytingu láns, eins og áður segir, og ákvæði 3. tölul. 28. gr. eiga ekki við um skuldara. Á það m.a. við um þær leiðir sem auglýstar hafa verið sem lækkun skuldar niður í allt að 110% af virði fasteignar. Í slíkum tilvikum kann leiðréttingin t.d. að vera umfram það sem leiðir af breytingu úr gengistryggðu láni í íslenskt krónulán, sbr. framanritað. Þegar svo háttar mundi hluti lækkunarinnar falla undir að vera skilmálabreyting en ákvæði frumvarpsins giltu um það sem eftir stæði. Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja um skuldastöðu heimilanna kæmi samkvæmt þessu í langflestum tilvikum ekki til neinnar skattskyldu vegna leiðréttingar og eftirgjafar á veðskuldum manna. Á þetta við um veðskuldir hvert sem tilefni lántökunnar var, t.d. hvort heldur þær stafa af húsnæðis- eða bílakaupum.

Dæmi um slík tilvik gæti verið hjón með yfirveðsett íbúðarhúsnæði en umtalsverðar eignir, sem eru í greiðsluerfiðleikum með afborganir veðskuldar vegna mikilla gengis- eða verðlagsbreytinga. Sé matsverð fasteignar 40 m.kr. og uppreiknað gengistryggt lán stendur í 100 m.kr. gæti eftirgjöf viðskiptabanka hjónanna numið 56 m.kr., þannig að veðhlutfall íbúðarhúsnæðisins færi ekki yfir 110% af markaðsvirði þess, óháð eignastöðu eða aflahæfi viðkomandi að öðru leyti. Miðað við þetta dæmi má ætla að u.þ.b. 30 m.kr. teldist samkvæmt framansögðu vera skilmálabreyting. Eftir standa þá 26 m.kr. Til frekara mótvægis er í þessu frumvarpi síðan lagt til að eftirgjöf veðskulda vegna greiðsluerfiðleika sem ákveðin er á árunum 2009–2011 teljist ekki til skattskyldra tekna að hámarki samtals 10 m.kr. hjá einstaklingi og 20 m.kr. hjá hjónum og samsköttuðum. Skiptir ekki máli hvort eftirgjöfin er ákvörðuð í einu lagi eða dreifist á umrædd ár. Eftirgjöf umfram 10/20 m.kr. verði einnig heimilt að draga frá tekjum miðað við ákveðið hlutfall, eða 50% af fjárhæð milli 10–20 m.kr. hjá einstaklingi og tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum og 25% umfram 20 m.kr. hjá einstaklingi og 40 m.kr. hjá hjónum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum yrðu áðurnefnd hjón skattskyld af u.þ.b. 3 m.kr. eftirgjöf. Heimilt yrði að fresta skattlagningu um tvö ár og að þeim tíma liðnum að dreifa tekjufærslunni með jöfnum hætti á fimm ár. Árleg tekjufærsla yrði 600.000 kr. og áætlaður tekjuskattur og útsvar um 240.000 kr. Verði frumvarp þetta að lögum má eins og áður segir ætla að komið hafi verið til móts við meginþorra skuldara sem eru í greiðsluerfiðleikum vegna veðskulda. Samkvæmt skattframtölum 2009 námu heildarskuldir u.þ.b. 90% framteljenda lægri fjárhæð en 30 m.kr. Ætla verður að þeir framteljendur sem skulda meira en þetta nýti sér sérstök skuldaúrræði og að um eftirgjöf skulda þeirra gildi í flestum tilvikum 3. tölul. 28. gr. laganna. Í frumvarpinu er jafnframt til varúðar gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri geti við sérstakar aðstæður lækkað tekjuskattsstofn manna sem myndast hefur vegna eftirgjafar veðskulda. Gera verður ráð fyrir því að þessi heimild yrði nýtt þegar aðstæður manna, svo sem vegna atvinnumissis, eru með þeim hætti að engin efni eru til að greiða skattskuld sem myndast vegna tekjufærslu þessarar. Slík tilvik ættu þó að heyra til undantekninga, enda eru ívilnandi áhrif frumvarpsins á tekjufærslu í þessu sambandi með þeim hætti og taka til þorra skuldara.

Sé um að ræða eftirgjöf upprunalegs höfuðstóls láns að teknu tilliti til afborgana skal ætíð telja þann hluta til skattskyldra tekna skuldarans. Nánar verður kveðið á um framkvæmdina í reglugerð. Að því er varðar eftirgjöf bílalána verður að álíta að þær fjárhæðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði skattfrjálsar séu í öllum tilvikum það háar að slík eftirgjöf rúmist innan þeirra.

Áhrif á tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Í fljótu bragði gæti virst sem ríki og sveitarfélög verði af tekjum í formi tekjuskatts og útsvars vegna þeirra tekna sem alla jafna hefðu talist til skattstofns en gera ekki, svo sem felst í tillögum frumvarpsins verði það óbreytt að lögum. Þar er hins vegar ekki allt sem sýnist. Megintilgangur frumvarpsins er sá að koma þeim einstaklingum, sem alla jafna ættu að geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar í venjulegu árferði, til tímabundinnar aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika sem ella hefðu getað leitt þá í greiðsluþrot með tilheyrandi tapi fyrir ríki og sveitarfélög. Bætt greiðslustaða almennings ætti einnig að leiða til þess að samdráttur í einkaneyslu verði minni og þar með í hagkerfinu almennt, sem til lengri tíma litið skapar viðbótarskatttekjur hjá hinu opinbera. Þegar allt er lagt saman má þó gera ráð fyrir að skatttekjur ríkis og sveitarfélaga verði eitthvað minni en orðið hefði að óbreyttum lögum, en engin leið er að meta þá fjárhæð með óyggjandi hætti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði inn í lögin ákvæðum til bráðabirgða um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá móttakanda eftirgjafarinnar, annars vegar hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri og hins vegar hjá einstaklingum. Gert er ráð fyrir því að ákvæði þessi nái til tekjuáranna 2009–2011. Þannig verður í fyrsta lagi lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að telja til tekna 50% af eftirgjöf skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika upp að samtals 50 m.kr., og 25% af eftirgjöf umfram samtals 50 m.kr. Í öðru lagi verður heimilt að telja ekki til tekna allt að samtals 10 m.kr. hjá einstaklingi og samtals 20 m.kr. hjá hjónum eða samsköttuðum vegna greiðsluerfiðleika. Fari eftirgjöf fram úr tilgreindum fjárhæðum má falla frá tekjufærslu sem nemur 50% af eftirgjöfinni að hámarki samtals 20 m.kr. hjá einstaklingi og samtals 40 m.kr. hjá hjónum eða samsköttuðum, og 25% af eftirgjöf umfram samtals 20 m.kr. hjá einstaklingi og samtals 40 m.kr. hjá hjónum eða samsköttuðum. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að lækka tekjuskattsstofn manns sem myndast hefur vegna eftirgjafarinnar að nánari skilyrðum uppfylltum, m.a. að eignir séu litlar sem engar.

Tilgangurinn er að koma þeim einstaklingum, sem alla jafna ættu að geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar, til tímabundinnar aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika sem ella hefðu getað leitt þá í greiðsluþrot. Með þessum aðgerðum er leitast við að samdráttur í einkaneyslu verði minni en hefði orðið að óbreyttu og þar með í hagkerfinu almennt sem skapar auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Afar erfitt er að meta hversu þungt þau áhrif gætu vegið og hefur ekki farið fram sérstök skoðun á samanlögðum áhrifum af því og þeirri lækkun tekjustofna lögaðila og einstaklinga sem leitt gæti af ákvæðum þessa frumvarps. Einkum er erfitt að segja fyrir um í hvaða mæli þessi réttur verði nýttur við skattálagningu.

Að öllu samanlögðu má þó gera ráð fyrir að skatttekjur verði eitthvað minni en ella hefði orðið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður hins vegar ekki séð að það muni hafa í för með sér teljandi aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1260. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Sigurð Örn Guðleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Gísla Gíslason frá Hafnasambandi Íslands, Magnús Karel Hannesson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Friðrik Jón Arngrímsson og Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Fiskistofu, Hafnasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Í frumvarpinu er lagt til að grundvelli fyrir innheimtu aflagjalds verði veitt skýrari lagastoð en verið hefur, sbr. nú b-lið 1. tölul. 1. mgr. 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003. Þá er með frumvarpinu stefnt að því að styrkja grundvöll gjaldtöku hafna í opinberri eigu með því að kveða skýrar á um setningu gjaldskrár, forsendur hennar og upplýsingaskyldu til notenda hafna. Að lokum er lagt til að ákvæði til bráðabirgða, um framkvæmdastyrki til hafna, verði framlengt um tvö ár, m.a. í ljósi erfiðra rekstrarskilyrða hafna hér á landi.

Á fundum nefndarinnar voru ákvæði frumvarpsins rædd og einkum það álitamál hvort dliður 2. gr. frumvarpsins, er veitir heimild til innheimtu aflagjalds, fæli í sér heimild til innheimtu skatts eða töku þjónustugjalds. Skiptar skoðanir komu fram um framangreint, ekki síst í ljósi þess að ákvæðið felur í sér breytingu á 17. gr. hafnalaga þess efnis að þjónustugjaldaheimildir verði þar tilgreindar ásamt efri og neðri mörkum hlutfalls aflaverðmætis. Munu téð mörk takmarka heimildir hafnanna til gjaldtöku. Fyrir nefndinni kom þó fram nokkur stuðningur við þær breytingar á lögunum sem frumvarpið kveður á um. Var nefndin hvött til þess að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt enda væri með því komið til móts við fram komnar óskir um breytingar á lögunum. Skilningur nefndarinnar er sá að svo fremi sem gjaldendur geti gengið úr skugga um að eðlilegt samræmi sé á milli álagningar gjalds og raunverulegs kostnaðar við að veita viðkomandi þjónustu þá sé ekkert því til fyrirstöðu að innheimta gjaldsins standi undir slíkum kostnaði að heild eða hluta. Enn fremur hefur verið undirstrikað að við töku þjónustugjalda almennt geti verið erfitt að afmarka kostnaðarliði með mjög nákvæmum hætti í öllum tilvikum og þarf gjaldskyldan þá að vera reist á skynsamlegri áætlun.

Nefndin ræddi rökin fyrir því að setja neðri og efri mörk á upphæð aflagjalds að teknu tilliti til hagsmuna hafna sem samkvæmt bókstaf laganna eiga í samkeppni hver við aðra og hagsmuna útgerða sem margar eiga mikið undir því að gjaldtaka verði ekki of íþyngjandi. Fram komu sjónarmið um að neðri mörkin reistu skorður við því að hafnir undirbyðu hver

aðra en efri mörkin væru sett með hagsmuni viðskiptavina þeirra að leiðarljósi. Einnig var rætt hvort eðlilegra væri að hámark eða lágmark aflagjalds væri miðað við verðmæti eða magn afla. Þá komu þau sjónarmið fram fyrir nefndinni að hlutfall lágmarksgjaldtöku væri of hátt í þeim tilfellum þegar um hafnir fara frystar sjávarafurðir. Þannig kunni það að henda að verðmæti þeirra sjávarafurða er um höfnina fara að teknu tilliti til lágmarksheimildar til töku aflagjalds sé úr samræmi við þann kostnað er gjaldtökunni er ætlað að standa undir. Gæti slíkt, í ljósi meginreglna um gjaldtöku hins opinbera, leitt til þess að höfnum yrði í sumum tilfellum óheimilt að taka gjald af slíkum sjávarafurðum.

Nefndin ræddi brottfall 2. málsl. 11. gr. laganna og breytingu á orðalagi 5. mgr. 17. gr. eins og lagt er til í 1. gr. og f-lið 2. gr. frumvarpsins og bendir á að af almennum reglum stjórnsýsluréttar leiðir að það sé almennt á ábyrgð þess stjórnvalds sem þjónustu veitir að hlutast til um að fyrir liggi skýr útreikningur á fjárhæð þess áður en ráðist er í innheimtu. Þetta sjónarmið liggur til grundvallar e-lið 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi að lokum hvort nauðsynlegt væri að framlengja aðlögunartíma samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögunum eins og 3. gr. frumvarpsins kveður á um. Fram kom að niðurskurður á fjárlögum undanfarin ár hafi gert það að verkum að markmið téðs bráðabirgðaákvæðis um jafnsetningu hafi ekki náðst. Í því ljósi telur nefndin meginreglu hafnalaga um styrki til framkvæmda í höfnum ekki hæfa til að ná því markmiði sem með henni er að stefnt eins og stendur.

Loks leggur nefndin til nokkrar tæknilegar breytingar á 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

a. D-liður orðist svo: Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.
b. Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „skv. a-, c- og d-lið“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: skv. a-, c-, d- og e-lið.
c. Í stað orðanna „2.–10. tölul.“ í e-lið komi: 2.–10. tölul. 2. mgr.
d. Á eftir e-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „1. og 2. tölul. 1. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 1. og 2. tölul. 2. mgr.

Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. júní 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.

1261. Svar [607. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um rekstur ÁTVR árin 2002–2010.

1. *Hver er markaðskostnaður ÁTVR árin 2002–2010, þ.e. við auglýsingar, bæklinga, ráðgjöf, hönnun, birtingar og þess háttar?*
2. *Hver er húsnæðiskostnaður ÁTVR á framangreindu tímabili og hvað skýrir breytingar á kostnaðinum á þessum árum að mati ráðherra? Hver er kostnaður ÁTVR af breytingum á vínbúðum, innan og utan?*
3. *Hver er þróun rekstrarkostnaðar ÁTVR á tímabilinu og hvað skýrir breytingar á kostnaðinum að mati ráðherra?*

Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).

Almennt.

Rekstrarkostnaður ÁTVR helst að verulegum hluta í hendur við aukna sölu á áfengi og breytingar á söluverði áfengis og tóbaks. Ef heildarrekstrarkostnaður ÁTVR er skoðaður á föstu verðlagi er hann nánast fasti, eins og sjá má á mynd hér á eftir. Sala hefur aukist verulega í magni en verð á áfengi lækkað sé miðað við fast verðlag.

Markaðs- og kynningarkostnaður hefur rúmlega tvöfaldast, á föstu verðlagi, á árunum 2002–2009. Helstu skýringar þessa eru aukið innra markaðsstarf og útgáfa á prentuðu efni hjá ÁTVR. Aukin krafa er frá samfélaginu um áherslu á samfélagslega ábyrgð, t.d. með þátttöku í forvarnarstarfi, með auglýsingum, m.a. í sjónvarpi og blöðum og útvarpi. Leiðarljós verslunarinnar er að ná fram ábyrgari neyslu á áfengi hjá almenningi. Með markaðsstarfi reynir ÁTVR að hafa áhrif á viðhorf til áfengismála í samfélaginu. ÁTVR selur vöru sem getur verið mjög skaðleg fyrir neytandann og samfélagið. Þess vegna hvetur ÁTVR viðskiptavini sína til heilbrigðar og ábyrgrar neyslu. Í því felst meðal annars að söluvaran sé notuð í hófi og við réttar aðstæður. ÁTVR lítur á það sem eitt af mikilvægustu verkefnum sínum að standa vörð um unga fólkið og vernda það gagnvart áfengi og misnotkun þess. Breyta þarf þeim viðhorfum í þjóðfélaginu að áfengisneysla unglinga sé í lagi. ÁTVR fylgir því ströngum reglum um aldurseftirlit og er í samstarfi við lögreglu og forvarnaraðila. Einnig fer ÁTVR í herferðir sem beinast að þessu markmiði og er „Bíddu“-herferðin gott dæmi um það. Undir markaðs- og kynningarkostnaði er einnig þátttaka í könnunum, t.d. vinnustaðagreiningu, birgjakönnunum, Íslensku ánægjuvoginni o.fl.

Ef þróun áfengissölu er skoðuð og hún borin saman við fjölgun vínbúða og fermetrafjölda, sbr. mynd hér á eftir, sést að góð samsvörun er milli aukningar í sölu áfengis og aukins húsakosts. Aukin umsvif ÁTVR í fjölda vínbúða og stækkun vöruhúss á Stuðlahálsi eru viðbrögð við aukinni eftirspurn. Ef skoðaður er kostnaður við rekstur og viðhald húsnæðis, á föstu verðlagi, kemur í ljós að flestir liðir hafa haldist nær óbreyttir þrátt fyrir aukinn fermetrafjölda. Þeir liðir sem hafa hækkað eru húsaleiga og viðhaldskostnaður. Sérstaklega hækkuðu þessir liðir árin 2008 og 2009 og eiga þeir sínar skýringar í efnahagshruninu. Ef þessar miklu hækkanir á húsaleigu og viðhaldi árin 2008 og 2009 hefðu ekki komið til væri þessi kostnaður á fermetra á föstu verðlagi nær óbreyttur árin 2002–2009.

Lykilstærðir 2002–2009.

	2002	2009	Breyting, %
Sala, þús. lítrar	14.191	19.957	41%
Fjöldi vínbúða	40	49	23%
Fjöldi fermetra	14.600	19.300	32%
Fjöldi viðskiptavina (þús.)	3.256	4.300	32%





Markaðskostnaður.

Markaðs- og kynningarkostnaður samanstendur af útgáfu vöruskrár sem jafnan er gefin út fjórum sinnum á ári og útgáfu fræðsluefnis, þ.m.t. þemadagaefnis fyrir viðskiptavini og starfsfólk. Seinni árin hefur verið aukin áhersla á samfélagslega ábyrgð með birtingu auglýsinga í sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum og á netinu. Auglýsingarnar hafa bæði verið í nafni vínbúðanna og í samvinnu við aðra, t.d. Umferðarstofu. Undir þennan lið fellur kostnaður vegna reglulegra markaðskannana um ánægju viðskiptavina, birgjakannanir og vinnustaðagreining starfsfólks. ÁTVR hefur t.d. verið þátttakandi í Íslensku ánægjuvoginni frá árinu 2003.

Markaðs- og kynningarkostnaður, millj. kr.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Áætlun 2010
Á verðlagi hvers árs	23	25	50	49	60	82	105	87	103
Umreiknað á miðársverðlag 2009	40	42	80	75	86	106	118	87	

Húsnæðiskostnaður.

Stefna ríkisins er almennt að leigja húsnæði af því tagi sem hentar starfsemi ÁTVR og hefur fyrirtækið fylgt þeirri stefnu um margra ára skeið. Í þeim tilfellum fellur viðhald utanhúss að jafnaði á leigusalann. Mestur hluti kostnaðarins við viðhald er því vegna viðhalds innanhúss, innréttinga og búnaðar.

Aukin umsvif í rekstri, fleiri verslanir og þar með fleiri fermetrar skýra þróun rekstrar- og viðhaldskostnaðar fasteigna. Á eftirfarandi töflu má sjá þróun reksturs og viðhalds fasteigna.

Rekstur og viðhald fasteigna, millj. kr.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Áætlun 2010
Á verðlagi hvers árs									
Húsaleiga	57	62	65	70	87	98	133	151	170
Orka (rafmagn og hiti)	11	13	16	14	12	15	17	19	
Ræsting og öryggisþjónusta	29	36	38	39	51	63	68	61	
Opinber gjöld, sameiginleg þjónusta	34	34	35	37	40	47	54	56	
Viðhald – húsnæði, áhöld og innréttingar	74	62	76	78	80	102	196	213	
Samtals	**206**	**207**	**229**	**237**	**270**	**324**	**468**	**500**	**425**
Umreiknað á miðársverðlag 2009									
Húsaleiga	98	103	104	107	124	126	148	151	
Orka (rafmagn og hiti)	19	21	26	21	17	19	19	19	
Ræsting og öryggisþjónusta	50	60	60	59	72	81	76	61	
Opinber gjöld, sameiginleg þjónusta	59	56	55	57	57	60	60	56	
Viðhald – húsnæði, áhöld og innréttingar	127	104	120	118	113	131	219	213	
Samtals	**354**	**345**	**364**	**362**	**384**	**418**	**522**	**500**	
Fjöldi fermetra í rekstri 2002–2009									
Heildarfjöldi fermetra (þús.) árslok	14,6	14,7	14,8	15	15,5	17,2	17,9	19,3	

Í samræmi við aukna sölu var ráðist í gagngerar endurbætur á dreifingarmiðstöð fyrirtækisins og viðbyggingu við hana og var það verk unnið á árunum 2007 og 2008. Árið 2008 voru opnaðar tvær nýjar vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu en þá hafði ekki verið opnuð vínbúð þar frá árinu 2001.

Rekstrarkostnaðar.

Þróun rekstrarkostnaðar má skýra með auknum umsvifum. Seldir lítrar hafa aukist um 41% á tímabilinu eða um 5,8 milljónir lítra. Vínbúðum hefur fjölgað um níu á tímabilinu og viðskiptavinum hefur fjölgað um 32%. Á sama tímabili hefur Íslendingum fjölgað um 10%. Ef kostnaðurinn er umreiknaður á miðársverðlag 2009 sést að breytingar á rekstrarkostnaði á tímabilinu eru óverulegar.

Rekstrarafkoma, þús. kr.

									Áætlun
Á verðlagi hvers árs	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Rekstrartekjur	14.380	14.974	15.399	16.641	17.790	19.337	21.231	25.244	23.931
Rekstrarkostnaður	13.909	14.572	14.926	16.185	17.316	19.027	20.931	23.978	22.883
Hagnaður	471	402	473	456	474	310	300	1.266	1.048
Umreiknað á miðársverðlag 2009									
Rekstrartekjur	24.755	24.987	24.465	25.376	25.319	24.916	23.712	25.244	
Rekstrarkostnaður	23.945	24.316	23.714	24.681	24.644	24.516	23.377	23.978	
Hagnaður	810	671	751	695	675	400	335	1.266	

1262. Nefndarálit [645. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rúnar Guðmundsson og Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Barböru Ingu Albertsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu og Ingibjörgu Guðbjartsdóttur frá Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er að meginstefnu til þríþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að tímabundnar heimildir sem innleiddar voru með lögum nr. 134/2008 til að leggja höft á fjármagnsflutninga verði framlengdar. Lagt er til í annan stað að felld verði brott heimild til að kæra synjun Seðlabanka Íslands um að veita undanþágu frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum til efnahags- og viðskiptaráðherra. Í þriðja lagi er lagt til að rannsóknir og álagning stjórnvaldssekta vegna brota á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum samkvæmt þeim flytjist frá Fjármálaeftirlitinu til Seðlabanka Íslands og jafnframt að heimildir fyrir beitingu rannsóknarúrræða vegna brota á lögunum verði styrktar að teknu tilliti til fyrirmynda í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og, eftir atvikum, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands töldu að sú tilfærsla verkefna sem lögð er til í frumvarpinu muni auka skilvirkni og hraða málsmeðferð við rannsókn um

ræddra brota. Ekki væri gert ráð fyrir að bankinn fengi framlag úr ríkissjóði til að sinna verkefninu.

Áhyggjur komu fram af því að gjaldeyrishöft yrðu með hliðsjón af reynslu annarra þjóða lengur viðvarandi en áætlanir íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig voru gerðar athugasemdir við að framlenging skv. 13. og 14. gr. frumvarpsins væri bundin við sama tímamark og samstarf stjórnvalda og sjóðsins.

Nefndin tekur fram af þessu tilefni að við samþykkt laga nr. 134/2008 var miðað við að heimild Seðlabanka Íslands til að gefa út reglur um takmarkanir eða stöðvun fjármagnshreyfinga yrði bundin við tímabil samstarfsáætlunarinnar. Tímamörkin í 13. og 14. gr. frumvarpsins hafa ekki áhrif á lengd samstarfsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Pétur H. Blöndal gerir fyrirvara við álitið.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Lilja Mósesdóttir.
Birkir Jón Jónsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Þór Saari.		Anna Margrét Guðjónsdóttir

1263. Framhaldsnefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði að nýju um málið eftir 2. umræðu. Á fund nefndarinnar komu Ástríður Jóhannesdóttir og Þóra Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Jóhannes Karl Sveinsson hrl., Lárus Blöndal hrl. og Steinunn Guðbjartsdóttir hrl. Nefndinni barst athugasemd frá Samtökum fjárfesta.

Það sem einkum var rætt í nefndinni var eftirfarandi: Að mikilvægt væri að gagnsæi ríkti í starfsemi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. væri æskilegt að upplýsingar um fjármálafyrirtæki væru eins aðgengilegar almenningi og kostur væri. Meiri hlutinn leggur til að getið verði um launakjör æðstu stjórnenda fjármálafyrirtækja enda geta upplýsingar um launakjör gefið til kynna hversu heilbrigð starfsemi fyrirtækisins er. Meiri hlutinn telur að upplýsingagjöf af þessu tagi veiti nauðsynlegt aðhald. Breytingartillagan felur í sér að kjör hvers stjórnarmanns og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis verða tilgreind í ársreikningi. Þá verði gefin upp heildarkjör lykilstjórnenda án þess að getið verði um kjör hvers og eins.

Rætt var áfram um 16 gr. frumvarpsins (13. gr. áður en breytingartillögur meiri hlutans á þskj. 1096 voru samþykktar) sem felur í sér breytingu á 22. gr. laganna um starfsemi tiltekinna tegunda fjármálafyrirtækja í öðrum rekstri en starfsleyfi nær til. Fram komu hugmyndir um að takmarka ákvæðið enn frekar en samþykkt var við 2. umræðu þannig að kveðið yrði á um hámarkstíma sem fjármálafyrirtæki geti stundað aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til. Í breytingartillögu meiri hlutans við 2. umræðu (þskj. 1096) fólst að fjármálafyrirtæki bæri að rökstyðja tilkynningu sína um aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi næði til og að fara yrði að að ákvæðum VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti eftir því sem við gæti átt hefði fjármálafyrirtæki tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum. Þó var gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið fengi heimild til að veita undanþágu frá skyldum skv. VII. og VIII. kafli áðurnefndra laga ef fjárhagslegri endurskipulagningu lyki á innan við sex mánuðum frá því að starfsemi hefði hafist. Meiri hlutinn leggur nú til þá viðbót að endurskipulagningu fjárhags skuli lokið innan 12 mánaða frá því að fjármálafyrirtæki hóf starfsemi sem er ótengd starfsleyfi þess. Í mörgum tilvikum getur sá frestur fyrirsjáanlega verið of knappur til að raunhæft sé að sala hafi náðst með ásættanlegum árangri og því leggur meiri hlutinn til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að framlengja tímafrestinn og að fjármálafyrirtæki skuli rökstyðja í umsókn sinni um framlengingu hvaða atriði hindri sölu á hinu yfirtekna fyrirtæki. Með því að setja inn ákveðin takmörk á því hversu lengi fjármálafyrirtæki verði heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til getur verið hætta á að verðmæti eignar rýrni. Tímamarkið eykur líkur á að fjárfestar bíði eftir síðasta söludegi eignar til að fá hana á sem lægstu verði. Meiri hlutinn leggur til að Fjármálaeftirlitið birti ekki opinberlega lengd tímafrests sem veitur er umfram 12 mánuði til að koma í veg fyrir að fjárfestar bíði fram til loka hans í þeirri von að eignin fáist fyrir lítið. Samkeppniseftirlitið fer með eftirlit með samkeppnismálum og metur samkeppnisleg skilyrði, t.d. varðandi þróun markaðarins o.fl. Í þessu sambandi gæti Fjármálaeftirlitið því aðeins metið fjárhagsleg skilyrði. Þess má geta að skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna samruna gera ráð fyrir að tímafrestir séu allt að 36 mánuðir eftir aðstæðum. Í sáttum Samkeppniseftirlitsins sem birtar eru opinberlega eru tímafrestir fyrirtækja ekki gefnir upp.

Samþykktar hafa verið tvær breytingar á frumvarpinu sem varða störf endurskoðenda fyrir fjármálafyrirtæki. Gerð var athugasemd við þær á þeim grundvelli að þær samrýmdust ekki lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Annars vegar er um að ræða breytingu sem lýtur að því að styrkja það fyrirkomulag að endurskoðandi sinni ekki öðrum störfum en endurskoðun viðkomandi fjármálafyrirtækis. Gerð var athugasemd við þessa breytingu í þá veru að í henni fælist takmörkun á atvinnufrelsi. Meiri hlutinn vísar til þess að í 19. gr. laga um endurskoðendur er kveðið á um að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Þá skuli endurskoðandi ekki framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru milli hans og viðskiptavinar sem geta verið til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni. Meiri hlutinn áréttar að ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að endurskoðandi sinni öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtæki, t.d. með því að veita ráðgjöf um rekstrarleg og fjárhagsleg atriði og skattaleg málefni eða hafi hönd í bagga í öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem geta haft áhrif á afkomu þess. Með slíkri ráðgjöf væri endurskoðandi í raun að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs. Ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að endurskoðandi geti sinnt t.d. áritun árshlutareikninga eða einhvers konar staðfestingu á gögnum sem byggjast á ársreikningi fyrirtækis.

Hins vegar hefur verið samþykkt breytingartillaga þess efnis að endurskoðandi skuli kjörinn til fimm ára og að álit endurskoðendaráðs þurfi að liggja fyrir til að víkja honum frá störfum. Fram komu athugasemdir um að þetta samræmdist illa hinu opinbera eftirlitshlutverki sem endurskoðendaráði væri falið í lögum um endurskoðendur. Einkum gæti slík aðkoma ráðsins á fyrri stigum máls verið til þess fallin að hafa áhrif á aðkomu þess á síðari stigum skv. 20. gr. laga um endurskoðendur. Þar segir að starf endurskoðanda haldist þar til annar endurskoðandi taki við en endurskoðandi geti þó látið af starfi áður en ráðningartíma ljúki en þá beri að tilkynna endurskoðendaráði um starfslokin. Með vísan í þetta, sem og til 15. gr. laga um endurskoðendur, þar sem kveðið er á um hlutverk endurskoðendaráðs, telur meiri hlutinn ekki vera ósamræmi milli breytingartillögunnar sem samþykkt var við 2. umræðu og því opinbera eftirlitshlutverki sem endurskoðendaráði er falið í lögum um endurskoðendur.

Við umfjöllun um málið komu fram athugasemdir um nokkur atriði sem var talin nauðsyn á að skoða betur og taka afstöðu til sem hluta af endurreisn bankakerfisins. Nefnt var að mikilvægt væri að gera endurbætur á lögum um endurskoðendur. Efni þessa frumvarps lýtur ekki beint að störfum endurskoðenda þó svo að í þeim séu sérákvæði sem varða endurskoðun fjármálafyrirtækja. Meiri hlutinn tekur þó undir að í kjölfar bankahrunsins er þörf á að fara vel yfir lagaumhverfi endurskoðenda. Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði um að endurskoðendum fjármálafyrirtækis verði heimilt að sitja stjórnarfundi þess og að mælt verði fyrir um skyldu þeirra til að sækja aðalfund fjármálafyritækis en ákvæði sama efnis er í nýsamþykktum lögum um vátryggingastarfsemi (229. mál).

Þá kom fram að vert væri að fara yfir það hvort gera ætti tillögu um aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka og einnig hvort sameina ætti Fjármálaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Um hið fyrrnefnda var fjallað í áliti meiri hluta nefndarinnar við 2. umræðu (þskj. 1095). Meiri hlutinn bendir á að þrátt fyrir að slíkt hafi verið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi hafi engar tillögur komið fram, til að mynda á vettvangi Evrópusambandsins en Ísland er aðili að EES-samningnum. Þó má geta þess að þetta hefur verið rætt í bandarískaþinginu og verður forvitnilegt að fylgjast með lyktum þeirrar umræðu. Um það hvort sameina eigi Fjármálaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands má benda á að efnahags- og viðskiptaráðherra hefur upplýst að hann muniskipa tvær nefndir og önnur þeirra endurskoði lög um Seðlabanka Íslands en hin um lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Að fengnum niðurstöðum þessara nefnda verður hægt að taka afstöðu til þess hvort breytingar verði gerðar á verkefnasviði stofnananna eða hugsanlegs samruna. Í þessu sambandi má vekja athygli á því að Fjármálaeftirlitið var stofnað með lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þau lög byggðust á starfi nefndar sem þáverandi viðskiptaráðherra skipaði 1996.

Við umfjöllun um málið í nefndinni, sem og um frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi (229. mál) og um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög o.fl. (569. mál), var fjallað um hvort lögfesta ætti ákvæði um skaðabótaábyrgð svonefndra skuggastjórnenda. Meiri hlutinn ítrekar það sem fram kom í framhaldsnefndaráliti við frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi (þskj. 1156) að skoða þurfi hvort þörf sé á að lögfesta slíkt ákvæði. Því var lýst á fundum nefndarinnar að dómar hefðu fallið þar sem skaðabótaábyrgð hefði verið felld á slíka aðila en að réttarbót fælist í því að hafa slíkt ákvæði í lögum.

Meiri hlutinn dregur ekki úr mikilvægi framangreindra atriða en flest þeirra þarfnast mikils undirbúnings sem og samráðs við hagsmunaaðila ef vel á að takast til. Efni þessa frumvarps er að mestu einskorðað við ábendingar nefndar undir stjórn Kaarlo Jännäri sem

skilaði skýrslu til stjórnvalda 30. mars 2009 en Jännäri er reyndur á sviði eftirlits með bönkum. Í frumvarpinu er tekið á mörgum ágöllum, svo sem þeim að banna lánveitingar með veði í eigin hlutabréfum, að leggja til strangari reglur um lánveitingar og viðskipti tengdra aðila og að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngrips og eftirlits.

Við 2. umræðu um málið var lagt til að annað fyrirkomulag gilti um skipun í stjórn sparisjóðs en annarra fjármálafyrirtækja. Jafnframt kom fram í umræðum um málið að vert væri að skoða hvort unnt yrði með hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum að styrkja ákvæði um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtækjum í þeim tilgangi að tryggja betur dreift eignarhald. Nefndinni er ekki kunnugt um slíkt ákvæði í löggjöf annarra aðildarríkja en telur að þetta atriði o.fl. verði skoðuð af nefnd sem meiri hlutinn leggur til að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi eins og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Vert er að nefna að það er til skoðunar hjá efnahags- og viðskiptaráðuneyti hvort koma beri upp gerðardómi til að leysa úr ágreiningi sem kann að rísa vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins en fjármálafyrirtæki geta þó höfðað mál fyrir dómi felli þau sig ekki við ákvarðanir eftirlitsins.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar tæknilegar breytingar á frumvarpinu.

Einnig leggur meiri hlutinn til að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi nefnd sem hafi það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, væntanlegum tillögum þingmannanefndar Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi fjármálageirans eftir fall bankanna. Meðal atriða sem nefndin leggur til að verði skoðuð eru staða og starfsumhverfi sparisjóða, eignarhald fjármálafyrirtækja á vátryggingarfélögum og öfugt, reglur um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtæki og hugmyndir um hvernig best verði hægt að tryggja dreift eignarhald, og hvort skilja beri að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „Á undan 20. gr. laganna“ í inngangsmálslið komi: Á eftir 19. gr. laganna.
2. Við 16. gr. Í stað 4. efnismálsl. komi tveir nýir málsliðir, er orðist svo: Fjármálaeftirlitið metur hvort fjárhagsleg skilyrði 1. málsl. séu uppfyllt og skal endurskipulagningu lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi skv. 1. málsl. hófst. Fjármálaeftirlitið getur framlengt tímafrest skv. 5. málsl. og skal í umsókn rökstutt hvaða atvik hindra sölu.
3. Við 39. gr. Í stað orðanna „greiðslu opinberra gjalda“ í 2. mgr. komi: staðgreiðslu opinberra gjalda.
4. Á eftir 46. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Jafnframt skal í ársreikningi tilgreina upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra.
5. Við 47. gr.
   a. Í stað orðsins „endurskoðunarfélag“ í a-lið og þrívegis í b-lið komi, í viðeigandi beygingarfalli: endurskoðunarfyrirtæki.

b. Inngangsmálsliður b-liðar orðist svo: 2. mgr. orðast svo.
c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í fjármálafyrirtæki og er skylt að mæta á aðalfundi.

6. Við 51. gr. Í stað orðanna „reglur Fjármálaeftirlitsins“ í 4. tölul. komi: að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins.
7. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað orðsins „endurskoðunarfélagi“ tvívegis í greininni komi: endurskoðunarfyrirtæki.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Efnahags- og viðskiptaráðherra skal skipa nefnd sem hafi það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, væntanlegum tillögum þingmannanefndar Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi fjármálageirans eftir fall bankanna. Nefndin skal m.a. skoða stöðu og starfsumhverfi sparisjóða, eignarhald fjármálafyrirtækja á vátryggingarfélögum og öfugt, reglur um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtæki og hvernig verði best hægt að tryggja dreift eignarhald, og hvort skilja beri að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Alþingi, 9. júní 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. | Magnús Orri Schram. | Árni Þór Sigurðsson.

Oddný G. Harðardóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.

1264. Nefndarálit [506. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Guðrúnu J. Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Gunnlaug Júlíusson og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Neytendasamtökunum, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samiðn, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að einstaklingum verði tímabundið og að greindum skilyrðum heimilt að reikna greiðslu vinnulauna vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota frá tekjuskattsstofni. Heimildin kemur til framkvæmda við álagningu

á næsta og þar næsta ári og er hámark frádráttarins mismunandi í tilviki hjóna (samskattaðra) og einstaklinga. Heimildin er háð því skilyrði að tilskildum gögnum sé framvísað.

Markmið frumvarpsins er að hvetja til aukinnar atvinnustarfsemi á byggingarmarkaði með tilheyrandi áhrifum á atvinnuleysi, svarta atvinnustarfsemi og viðhald verðmæta. Hliðstætt markmið er að finna í lögum nr. 10/2009, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, en í þeim var heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 42. gr. laga nr. 50/1988 rýmkuð og hækkuð tímabundið.

Umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir í garð frumvarpsins. Nefndin ræddi aðrar leiðir við að ná markmiðum þess í ljósi athugasemda um að frumvarpið yki að óbreyttu flækjustig og kostnað í skattframkvæmd. Töldu sumir að einfaldara væri að auka fremur endurgreiðslur í virðisaukaskatti og þannig að hlutfallið yrði umfram 100%. Að áliti fjármálaráðuneytis var sú leið ekki talin tæk.

Nefndin ræddi rökin að baki þeirri tilhögun frumvarpsins að heimila frádrátt frá tekjuskattsstofni, sbr. 61. gr. laga um tekjuskatt, í stað frádráttar frá tekjum, sbr. 30. gr. Jafnframt hvort rýmka ætti heimildina og láta hana taka til tekjuskattsstofns manna sem hafa með höndum atvinnurekstur. Ríkisskattstjóri telur ýmsa kosti samfara því að heimila frádrátt frá tekjuskattsstofni í stað þess að heimilaður verði sérstakur frádráttur frá tekjum. Nefndin tekur mið af ábendingum embættisins og leggur til að heimildin verði bundin við tekjur utan atvinnurekstrar, sbr. 1. tölul. og a-lið 3. tölul. 61. gr.

Í umsögn ríkisskattstjóra er varað við því að frumvarpið geti að óbreyttu haft óæskileg áhrif á framtalsskil. Þar er lögð á það áhersla að í stað þess að framteljendum sé eftirlátið að færa frádráttarbærar greiðslur inn á skattframtal verði frádrátturinn byggður á þeim upplýsingum sem lagðar eru fram með umsóknum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Tollstjóri sér um að greiða út þær endurgreiðslur að fenginni staðfestingu ríkisskattstjóra sem sér um að taka við og yfirfara umsóknir.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti og að fengnum athugasemdum ríkisskattstjóra leggur nefndin til breytingu á 1. gr. frumvarpsins sem felur m.a. í sér að umsókn um frádrátt verði lögð fram á sama eyðublaði og umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts innan hvers árs fyrir sig. Frádrátturinn verði jafnframt bundinn því skilyrði að fyrir tilgreint tímamark standi umsækjandi skil á fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr.

Þá telur nefndin þörf á að heimila ráðherra að setja nánari ákvæði í reglugerð sem m.a. geta varðað tilhögun frádráttar vegna vinnu við sameiginlegt viðhald og endurbætur í fjöleignarhúsum sem húseigendafélög standa oft fyrir og tilhögun frádráttar þegar þess háttar framkvæmdir eru gerðar á íbúðarhúsnæði sem leigt er út utan atvinnurekstrar.

Nefndin leggur til að í tilviki hjóna og samskattaðra einstaklinga skuli frádráttur koma til lækkunar hjá þeim sem hærri hefur tekjurnar. Er talið að þannig nýtist frádrátturinn best í þriggja þrepa skattkerfi.

Í tilefni af athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga óskaði efnahags- og skattanefnd eftir mati fjármálaráðuneytis á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga og fylgir það með áliti þessu. Einnig fylgir með álitinu minnisblað frá ráðuneytinu um áhrif lagabreytingar nr. 10/2009 en að auki er þar fjallað um rökin fyrir þeirri tillögu frumvarpsins að láta hámark frádráttar vera hærri hjá hjónum en einstaklingum.

Á fundum nefndarinnar gerði Samband íslenskra sveitarfélaga enn fremur athugasemdir er lúta að heimild til endurgreiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og varðar húsnæði alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og fé-

laga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga. Ráðuneytið mun vera með þessar athugasemdir til skoðunar og mun fara vandlega yfir þær.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 heimilast til frádráttar tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. og a-lið 3. tölul. 61. gr. 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum, vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Heimild þessi tekur einnig til viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar að teknu tilliti til þeirrar frádráttarheimildar sem gildir samtals um þá vinnu sem greitt er fyrir innan ársins vegna framangreindra framkvæmda. Frádráttur hjóna og samskattaðra einstaklinga skal koma til lækkunar hjá þeim sem hærri hefur tekjuskattsstofninn.

Frádráttur skv. 1. mgr. er háður því skilyrði að staðin hafi verið skil á fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr., sbr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum. Þá skal skila launamiðum eða öðrum gögnum á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Sækja þarf um frádráttinn samhliða umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á þar til gerðu eyðublaði ríkisskattstjóra innan hvers árs fyrir sig og í síðasta lagi fyrir 1. febrúar árið 2011 vegna tekjuársins 2010 og 1. febrúar árið 2012 vegna tekjuársins 2011. Frádrátturinn ákvarðast og afmarkast við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011, sbr. 98. gr., sbr. og 99. gr. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og framkvæmd frádráttar samkvæmt þessari grein, m.a. um sundurliðun frádráttar vegna vinnu sem greidd er af húsfélögum vegna sameiginlegs viðhalds eigenda á íbúðarhúsnæði í fjöleignarhúsum og um frádrátt eigenda íbúðarhúsnæðis sem leigt er út utan atvinnurekstrar.

Tryggvi Þór Herbertsson og Pétur H. Blöndal gera fyrirvara við álitið.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. júní 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir.
Birkir Jón Jónsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Þór Saari.		Anna Margrét Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti:

Áhrif ívilnunar vegna endurbóta á ríkissjóð og sveitarfélög.

Á fundi efnahags- og skattanefndar Alþingis þann 11. maí sl. var óskað eftir ítarlegri kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins vegna áhrifa frumvarpsins á tekjur sveitarfélaga. Í umsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins segir:

„Reiknað er með að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr. Gert er hins vegar ráð fyrir að lagabreytingin leiði til 10% aukningar á viðhaldsverkefnum á vegum einstaklinga. Auknar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af efniskaupum þeirrar aukningar gæti orðið um 500 m.kr. auk þess sem skatttekjur af vinnulið aukningarinnar gætu numið um 150 m.kr. og minnkuð útgjöld vegna minna atvinnuleysis um 230 m.kr. Lækkun á tekju- og útsvarsstofni einstaklinga telst vera skattstyrkur sem færist til lækkunar á tekjum, en ekki sem útgjöld."

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að í mati ráðuneytisins komi fram að ríkið fái aukningu sem nemi 150 m.kr. vegna skatttekna af vinnulið. Verði reyndin sú, að aukning sveitarfélaganna vegna vinnuliðarins sé sú sama (þ.e. að skatttekjurnar skiptist nokkurn veginn jafnt milli ríkis og sveitarfélaga) munu einungis 150 m.kr. koma á móti áætluðum tekjumissi upp á 330 m.kr. Telur Samband íslenskra sveitarfélaga það vera ljóst samkvæmt þeim forsendum að óbætt tekjutap sveitarfélaganna geti numið hátt í 200 m.kr. á ári, verði frumvarpið að lögum.

Áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga

Í greinargerð frumvarpsins segir *„að beint tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga gæti numið allt að 1 milljarði kr., þar af yrði hlutur ríkissjóðs um 2/3 eða 670 m.kr."* Með hugtakinu beint tekjutap er í þessu samhengi er átt við að sú lækkun sem talin er verða á tekjuskatts- og útsvarsstofninum muni ein og sér lækka tekjuskatt einstaklinga um 670 m.kr og útsvar sveitarfélaga um 230 m.kr. Það sem láðist hins vegar að taka fram með skýrum hætti í útreikningunum er að ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir að einstaklingur sem ætlar að nýta þetta ákvæði þarf að leggja út fyrir tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fæst frádregin frá útsvarsstofninum. Til útskýringar er tekið eftirfarandi dæmi:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hjón geti fengið 300.000 kr. frádrátt frá tekjuskattsstofni að hámarki en til þess þurfa þau að greiða að lágmarki 600.000 kr. í vinnulaun. Á jaðrinum verður að reikna með því að um sé að ræða framkvæmdir sem ella hefði ekki verið farið í, enda er það tilgangur frumvarpsins.

Hjónin fá 300.000 kr. frádrátt frá tekjuskattsstofni. Ef reiknað er með því að þau séu að borga í hæsta þrepi greiða þau 99 þús. kr. minna í tekjuskatt en þau hefðu gert ella en þau greiða einnig 40 þús. kr. minna í útsvar. Alls er skattalækkunin til þeirra um 139 þús. kr.

Til að fá skattafsláttinn þurfa þau að greiða 600.000 kr. í vinnulaun til iðnaðarmannsins sem ráðinn er til verksins. Hann greiðir 114 þús. kr. í tekjuskatt af 600 þús. kr. að teknu tilliti til persónuafsláttar og 79 þús. kr. í útsvar. Sé gengið út frá því að viðkomandi iðnaðarmaður hafi verið á atvinnuleysisbótum áður en til verksins kom og fengið þar grunnbætur sem nema um

150 þús.kr. á mánuði hefur hann verið að greiða tæp 20 þús. kr. í útsvar til sveitarfélagsins. Nettóávinningur sveitarfélagsins við það að fá viðkomandi iðnaðarmann í vinnu sem mögulega hefði ekki orðið ella er því sem hér segir:

		Á mánuði þús. kr.
1.	Tapaðar útsvarstekjur vegna lægri skattstofns,	-40
2.	Auknar útsvarstekjur vegna viðhaldsvinnu, hærri skattstofn	79
3.	Tapaðar útsvarstekjur af atvinnuleysisbótum	-20
	Nettóáhrif	**19**

Eins og hér sést mun viðkomandi sveitarfélag hagnast um 19 þús. kr. nettó á mánuði við það að viðkomandi iðnaðarmaður fær vinnu. Hafi hins vegar iðnaðarmaðurinn þegar verið í vinnu, en einungis bætt við 300 þús. kr. verkefni vegna afsláttarins er ljóst að útsvarstekjur sveitarfélagsins haldast óbreyttar (var þegar að vinna fyrir 300 þús. kr). Það er einungis í því tilviki að viðkomandi einstaklingar/ hjón hefðu ráðist í umræddar framkvæmdir óháð því hvort frumvarpið verður að lögum að sveitarfélagið yrði af útsvarstekjum. Það er í raun það sama og að segja að frumvarpið nái ekki tilgangi sínum.

Það er því misskilningur að telja að sveitarfélögin verði af verulegum tekjum vegna ákvæða í umræddu frumvarpi. Í mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er einnig horft fram hjá þeim óbeinu jákvæðum áhrifum sem aukin umsvif hafa á fjárhag þeirra, auknu verðmæti fasteigna og minna atvinnuleysi á þjóðarbúskapinn í heild. Það er mat fjármálaráðuneytisins að þegar á allt er litið séu tillögur frumvarpsins til hagsbóta fyrir fjárhag ríkis jafnt sem sveitarfélaga.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti:

Minnisblað.

Á fundi efnahags- og skattanefndar þann 27. apríl sl. var óskað eftir upplýsingum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum ásamt skýringu á því hvers vegna frádráttur manna nemi að hámarki 200.000 kr. og 300.000 kr. hjá hjónum eða samsköttuðum.

Virðisaukaskattur.
Reglum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum var breytt í upphafi árs 2009. Fyrir þann tíma fengust 60% af greiddum skatti endurgreidd en nú fæst hann allur endurgreiddur. Lagabreytingin hafði þau áhrif að á árinu 2009 námu endurgreiðslurnar 1.475 m.kr. en höfðu numið 1.005 m.kr árið 2008. Hækkunin er 46,7%. Mikil fjölgun varð einnig á fjölda þeirra sem fengu virðisaukaskattinn endurgreiddan. Þeir höfðu verið tæplega 6.200 en árið 2009 fengu 10.100 aðilar endurgreiðslu, sé miðað við að hver aðili hafi fengið skattinn endurgreiddan einu sinni. Stofn endurgreiðslunnar, þ.e. vinnuliður sem virðisaukaskattur var endurgreiddur af dróst hins vegar saman um 12% og meðalstærð verkefna sem sótt var um endurgreiðslur af minnkaði um næstum helming. Þetta bendir til þess að einstaklingar hafi ráðist í smærri viðhaldsverkefni hugsanlega vegna niðurgreiðslunnar, verkefni sem annars hefðu hugsanlega ekki verið unnin. Meðalstærð verkefnis árið 2009 nam rétt tæpum 600 þúsund krónum.

Hámarksfjárhæð frádráttar samkvæmt frumvarpinu.
Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frádráttur manna frá tekjuskattsstofni nemi að hámarki 200.000 kr. og hjá hjónum eða samsköttuðum 300.000 kr. Ef hjón ráðast í viðhaldsverkefni þar sem vinnuliðurinn er í samræmi við hámarksfrádrátt sem heimilaður er samkvæmt frumvarpinu þá má vinnuliður nema 600.000 kr. Hjá einstaklingi mætti vinnuliðurinn nema 400.000 kr. jafnvel þótt verkefnin væru að öllu leyti sambærileg. Nánari skoðun hefur leitt í ljós að einstaklingar og hjón eða samskattaðir sem eiga íbúð, greiddu á árinu 2008, álíka hátt hlutfall af tekjum sínum í skatta. Í ljósi þess ætti hámarksfjárhæð frádráttar að verða sú sama hjá einstaklingum og hjónum eða samsköttuðum. Nefna má sem dæmi íbúa í fjölbýlishúsi þar sem allir íbúar eru hjón eða samskattaðir utan einn. Viðhaldsverkefnið skiptist niður á eigendur íbúðanna og fær sá sem býr einn hlutfallslega minni frádrátt en hinir. Þá má nefna að endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur mið af vinnu samkvæmd reikningi en ekki því hvort sá sem óskar eftir endurgreiðslunni er einstaklingur, hjón eða samskattaður. Á hinn bóginn má halda því fram að tveir einstaklingar, eins og í tilviki hjóna og sambýlisfólks, þurfi stærra húsnæði en einhleypir og voru það rökin að baki þeirri tillögu frumvarpsins um hærri frádrátt þeirra frá tekjuskattsstofni.

1265. Lög [554. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 944.

1266. Lög [559. mál]

um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1240.

1267. Lög [512. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1242.

1268. Lög [510. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum (réttarstaða skuldara).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1243.

1269. Lög [569. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1244 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Á eftir 95. gr. laganna kemur ný grein, 95. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c, 7.–8. gr. og 37. gr. um öflun sérfræðiskýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör æðstu stjórnenda skv. 79. gr. og 79. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.
5. Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í hlutafélögum.
6. Samninga fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og félaga sem hafa verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr., sbr. 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sérfræðiskýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 102. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr.

26. gr. hljóðar svo:

Á eftir 70. gr. laganna kemur ný grein, 70. gr. a, svohljóðandi:

Samningur milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem nemur að raunvirði minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins, bindur eigi félagið nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Þetta gildir þó ekki um:

1. Samninga sem gerðir hafa verið í samræmi við reglur 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. b og 26. gr. um öflun skýrslu við stofnun félags og hlutafjárhækkun.
2. Samninga og ákvarðanir um laun og starfskjör æðstu stjórnenda skv. 54. gr. og 54. gr. a.
3. Samninga um framsal fjármálagerninga samkvæmt skráðu gengi þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. Samninga sem gerðir eru í tengslum við venjulegan rekstur félags og hafa að geyma verð og aðra skilmála sem eðlilegt er að séu í slíkum samningum.
5. Samninga undir almennu lágmarki hlutafjár í einkahlutafélögum.

Falli samningur undir þessa grein er félagsstjórn skylt að afla skýrslu skv. 5. gr., sbr. 6. gr. og 6. gr. a – 6. gr. b. Skýrslan skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. Skýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar og skal send hlutafélagaskrá.

Sé samningur ekki bindandi fyrir félagið skulu greiðslur ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 77. gr. gilda eftir því sem við á.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um samninga er félag hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern sem kemur fram samkvæmt samningi eða með öðrum hætti með heimild einhverra þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. Með nákomnum í þessari grein er átt við:

1. Hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð, aðila í staðfestri samvist eða aðila í skráðri sambúð.
2. Þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur.
3. Þá sem tengjast með hjúskap, óvígðri sambúð, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.
4. Félag sem viðkomandi sjálfur eða einhver þeirra sem nefndir eru í 1.–3. tölul. hefur yfirráð yfir í skilningi 2. gr. laganna.

1270. Lög [515. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 902 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á viðauka V við lögin:

a. Í stað „3,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 7,00 kr./kg.
b. Eftirfarandi tollnúmer bætast við viðaukann:

2926.9000	Acetonitrile	120,00 kr./kg
2930.9000	DMSO	120,00 kr./kg
2933.3100	Oxidizer	120,00 kr./kg
3815.9000	Activator	120,00 kr./kg.

1271. Lög [578. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipulag skólastarfs o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1184.

1272. Þingsályktun [398. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 og nr. 7/2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007 og nr. 7/2010 frá 29. janúar 2010, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006, um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma að því er varðar setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað.

1273. Þingsályktun [520. mál]

um eflingu græna hagkerfisins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Alþingi ályktar að hefja skuli undirbúning eflingar græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Alþingi samþykkir að kjósa níu manna nefnd með fulltrúum þingflokka sem hafi það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Nefndin skal m.a. gera tillögur um stjórnvaldsaðgerðir og úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem ýtt geti undir vöxt græna hagkerfisins auk þess að leita leiða til að styrkja stöðu sjálfbærrar þróunar í efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar. Sérstök áhersla verði lögð á að greina hvernig bæta megi alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænnar atvinnustarfsemi. Nefndin skal gera tillögur um lagabreytingar er þjóni framangreindum markmiðum og setja mælanleg markmið um fjölgun grænna starfa í íslensku atvinnulífi. Þess verði gætt að samþætta tillögur nefndarinnar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum, svo sem *Velferð til framtíðar*, *Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða*, *20/20 Sóknaráætlun* og *Byggðaáætlun.*

Nefndin skal skipuð fulltrúum þingflokka og skal hún skila niðurstöðum fyrir 1. mars 2011. Þingflokkar sem ekki eiga kjörinn mann í nefndinni hafa heimild til áheyrnaraðildar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann og skal fjárheimilda í því skyni aflað í fjáraukalögum ársins 2010.

1274. Frumvarp til laga [514. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan þriggja mánaða frá því að kærufrestur rann út. Þó er heimilt að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef mál er umfangsmikið. Verði frestur framlengdur ber að skýra aðila frá því. Skal þá rökstyðja ástæður tafanna og upplýsa um hvenær ákvörðunar sé að vænta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1275. Frumvarp til laga [531. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.

2. gr.

Í stað orðsins „bifreiðum“ í 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ökutækjum.

3. gr.

Í stað fjárhæðanna „200.000 kr.“, „500.000 kr.“, „750.000 kr.“, „1.000.000 kr.“ og „1.250.000 kr.“ í 5. mgr. 19. gr. laganna kemur: 300.000 kr., 750.000 kr., 1.125.000 kr., 1.500.000 kr., og: 1.875.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

1276. Frumvarp til laga [548. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

Fjármálaráðherra er heimilt í þessu skyni að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir bygginguna.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.

Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum skv. 1. mgr. í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

4. gr.

Hlutafé félagsins við stofnun þess skal vera 20 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. júlí 2010. Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi félagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1277. Þingsályktun [465. mál]

um bólusetningar barna gegn pneumókokkasýkingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 805.

1278. Þingsályktun [498. mál]

um bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 875.

1279. Nefndarálit [574. mál]

um frv. til l. um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Guðrúnu J. Jónsdóttir frá ríkisskattstjóra, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lárus Ólafsson frá Orkustofnun, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Þórð K. Hilmarsson og Kristin Hafliðason frá Fjárfestingarstofu, Stefán Einar Stefánsson frá Háskólanum í Reykjavík og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Fjárfestingarstofu, iðnaðarráðuneyti, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Rarik, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins o.fl., Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Valorku ehf., Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf sem myndi ramma um þær ívilnanir sem stjórnvöldum, og eftir atvikum sveitarfélögum, er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Horfið verður frá því fyrirkomulagi að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi og samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA enda hefur slíkt fyrirkomulag reynst þungt í vöfum, ómarkvisst og ekki boðið upp á nægilegan sveigjanleika til að mæta ólíkum fjárfestingarverkefnum. Með þeirri löggjöf sem hér er mælt fyrir er lagt til að skapaður sé almennur rammi um ívilnandi kjör sem bjóðast vegna nýfjárfestinga hér á landi og þannig með gegnsæjum og markvissum hætti reynt að auka möguleika á því að fá til landsins fjölbreytta nýfjárfestingu, hvetja til innlendrar fjárfestingar og fjölga atvinnutækifærum í landinu. Jafnframt er lagt til ákveðið ríkisaðstoðarkerfi sem er háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Lagt er til að lögin verði tímabundin og gildi til 31. desember 2013, þegar núverandi byggðakort Evrópusambandsins fyrir Ísland rennur úr gildi, en á því byggjast heimildir íslenskra stjórnvalda til að veita byggðaaðstoð.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til breytingar á frumvarpinu sem sjá má í sérstöku þingskjali. Þar er annars vegar komið til móts við athugasemdir umsagnaraðila og hins vegar ábendingar og athugasemdir sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), í kjölfar þess að frumvarpið var tilkynnt til stofnunarinnar í samræmi við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmið laganna er að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri og samkeppnishæfi Íslands með því að skilgreina á nákvæman hátt hvaða ívilnanir sé heimilt að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi. Í III. kafla frumvarpsins er kveðið á um hvaða ívilnanir stjórnvöldum er heimilt að veita í formi byggðaaðstoðar vegna fjárfestingarverkefna hér á landi. Í samræmi við hinar leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð telur nefndin rétt að það komi fram í markmiðsgrein frumvarpsins að eitt af markmiðum laganna sé að efla byggðaþróun í landinu.

Nefndin fjallaði um gildissvið laganna en í 3. mgr. 2. gr. er lagt til að lögin nái ekki til fjárfestinga í fjármálastarfsemi. Fyrir nefndinni voru reifuð sjónarmið um að stíga ætti varlega til jarðar þar sem heimildir manna til þess að eignast hluti eða komast til áhrifa í fyrirtækjum í fjármálageiranum lúta almennt sérstökum reglum. Þannig eru sett ströng skilyrði í tilskipun 44/2007/EB, sem verið er að innleiða í lög hér á landi með nýjum lögum um

vátryggingastarfsemi og fyrirliggjandi frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, um hvernig staðið skuli að varfærnismati (e. prudential assessment) á þeim sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut í slíkum fyrirtækjum. Enn fremur eru miklar takmarkanir í lögum í þessum geira á viðskiptum tengdra aðila sem ekki er að finna, nema þá að mjög takmörkuðu leyti, í regluverki um aðra atvinnustarfsemi. Þá er einnig rétt að benda á að þótt aðili hafi til þess atkvæðavægi er ekki sjálfgefið að Fjármálaeftirlitið samþykki þann sem kosinn er til stjórnarsetu í fyrirtæki í fjármálageiranum enda gilda sérstakar hæfisreglur og hæfismat um stjórnarsetuna. Það er því ljóst að bæði hér á landi og erlendis eru miklar kröfur gerðar til þeirra sem vilja fjárfesta í slíkum fyrirtækjum. Það er mat nefndarinnar að heppilegra sé að beina kröftum þeim sem leystir verða úr læðingi, verði frumvarpið að lögum, að öðrum atvinnugreinum en fjármálageiranum og leggur því fram breytingartillögu.

Í samræmi við ábendingar frá ESA leggur nefndin til með breytingartillögu nákvæmari skilgreiningu á því hvað telst til fjárfestingarkostnaðar fjárfestingarverkefnis í skilningi laganna. Nauðsynlegt er að útfæra nákvæmlega hvað telst til fjárfestingarkostnaðar því að hann er lagður til grundvallar við útreikning á hugsanlegum ívilnunum vegna viðkomandi verkefnis, þ.e. hámark ívilnunar er ákveðið hlutfall af skilgreindum fjárfestingarkostnaði.

Töluvert var rætt í nefndinni um ákvæði 5. gr. en þar eru sett fram þau skilyrði sem umsækjandi verður að uppfylla til að eiga hugsanlega rétt til ívilnunar vegna nýfjárfestinga hér á landi. Nefndin telur rétt að árétta að mikilvægt er að skilyrði þessi séu ítarleg og afmörkuð og myndi fastan ramma. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um hvort skilyrði a-liðar 5. gr. um að stofna þurfi félag utan um rekstur verkefnis hér á landi stæðist kröfur EES-samningsins. Í lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, má finna sams konar skilyrði og bent er á, sbr. c-lið 4. gr. laganna. Rökstyðja má með vísan til þeirra skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum sem og lögmætra sjónarmiða um trygg og örygg skattskil að bæta sams konar viðbót við a-lið 5. gr. frumvarpsins.

Nefndin telur rétt að undirstrika að ekki sé heimilt að hefja fjárfestingarverkefni áður en búið er að samþykkja veitingu ívilnunar. Vegna þessa er lögð fram orðalagsbreyting á c-lið 5. gr. frumvarpsins í þá veru að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki hafið áður en undirritaður er samningur um ívilnun skv. 21. gr. Skilyrði þetta er í samræmi við þá kröfu að veiting ívilnunar sé forsenda þess að viðkomandi fjárfestingarverkefni verði að veruleika.

Nefndin ræddi það skilyrði fyrir veitingu ívilnana sem sett er í e-lið 5. gr. að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 millj. kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk á fyrstu tveimur árum þess. Nefndin ræddi sérstaklega hvort hér væri markið sett of hátt. Niðurstaða nefndarinnar er hins vegar að hér sé um eðlilega viðmiðun að ræða í ljósi þess að með því ríkisaðstoðarkerfi sem hér er lagt til er ekki verið að horfa til allra hugsanlegra fjárfestingarverkefna í landinu heldur fyrst og fremst að skapa sérstakan ramma um viðameiri fjárfestingarverkefni. Aðaláherslan er á að verkefnin séu þjóðhagslega hagkvæm og efli íslenskt atvinnulíf. Rétt er að hafa í huga að önnur styrkjakerfi eru til staðar sem sniðin eru að smærri fyrirtækjum, sbr. styrkveitingar Byggðastofnunar, styrki úr sjóðum Rannís sem og nýleg lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sbr. lög nr. 152/2009.

Nefndin fjallaði einnig töluvert um það skilyrði g-liðar 5. gr. að sá búnaður sem viðkemur fjárfestingunni skuli vera nýr. Með þessu skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir að gamall og úreltur búnaður sem ekki uppfyllir nýjustu umhverfisstaðla sé fluttur til landsins í tengslum við nýfjárfestingar. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að skýra þetta nánar en þó sé óeðlilegt að gera þá kröfu að umræddur búnaður hafi aldrei verið notaður áður. Telur

nefndin rétt að gera breytingartillögu þess efnis að búnaðurinn sem kemur til vegna fjárfestingarinnar geti verið nýr eða nýlegur og að notkun hans uppfylli skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og annarrar umhverfislöggjafar.

Til samræmis við ábendingar ESA og framangreindar leiðbeinandi reglur telur nefndin rétt að lagt sé til að kveðið verði í h-lið 5. gr. nánar á um að viðkomandi fjárfesting verði, að loknu fjárfestingarverkefninu, að lágmarki til tíu ára í starfrækslu á viðkomandi svæði á Íslandi. Til nánari skýringa felst í þessu sú viðbót að það er að loknu fjárfestingarverkefni sem þessi tíu ár hefjast og að nýfjárfestingin þarf að vera í starfrækslu á því svæði sem var grundvöllur þess að veitt var byggðaaðstoð til fjárfestingarverkefnisins.

Nefndin vék einnig að því skilyrði i-liðar 5. gr. að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur megi ekki teljast óæskileg í umhverfislegu tilliti. Þó að ekki sé með þessu orðalagi um að ræða ríkari kröfu en gerð er samkvæmt núgildandi landslögum almennt til nýfjárfestingarverkefna og sambærilegt ákvæði sé að finna í erlendri löggjöf telur nefndin rétt að skýra ákvæðið nánar með jafnræðissjónarmið að leiðarljósi. Nefndin leggur því til breytingartillögu þess efnis að vísað sé til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög á sviði umhverfisréttar. Nefndin ræddi einnig mikilvægi þess að þau félög sem njóta muni ívilnunar brjóti ekki gegn almennri siðferðisvitund almennings með starfsemi sinni. Þótti nefndinni rétt að árétta þetta í breytingartillögu sinni.

Talsvert var rætt í nefndinni um það hvaða lærdóm væri rétt að draga af hruni fjármálakerfisins varðandi þau skilyrði sem umsækjendur um ívilnanir þurfi að uppfylla. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að það kynni að vera siðferðislega ámælisvert að stjórnvöld leggi til fjárhagslegar ívilnanir í þágu aðila sem tengdust náið hruni fjármálakerfisins og hafa að meira eða minna leyti valdið þjóð sinni þungum búsifjum. Nefndin telur rétt að taka tillit til viðskiptasögu umsækjenda í þessu sambandi og gerir að tillögu sinni að bætt verði nýjum tölulið við 5. gr. um skilyrði ívilnunar, sem kveður á um að eigendur að virkum eignarhlut og framkvæmdastjóri í félagi sem sækir um ívilnun þurfi að hafa óflekkað mannorð og njóta orðspors sem samrýmist reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Nefndin telur rétt að sú þriggja manna nefnd sem mun fara yfir umsóknir um ívilnanir hafi hér til hliðsjónar ákvæði laga um fjármálafyrirtæki sem leggur þær skyldur á herðar Fjármálaeftirlitinu að leggja mat á orðspor eigenda fjármálafyrirtækja. Sú nefnd hefur heimild skv. 17. gr. frumvarpsins til að afla álits sérfróðra aðila um þætti sem lúta að umsóknum. Í samhengi við umræðu um orðsporsáhættu umsækjenda var rætt hvort setja ætti sem skilyrði að umsækjendur hafi ekki notið stórfelldra afskrifta sem rekja megi til gáleysislegra viðskiptahátta. Nefndin telur mikilvægt að haft sé í huga að afskriftir eru hefðbundinn hluti af nauðasamningum og þurfa því ekki að standa í sérstöku samhengi við vafasama viðskiptahætti, sbr. ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Hins vegar má ekki líta fram hjá því að dæmi er um að umsvifamiklir athafnamenn hafi fengið stórfelldar afskriftir við skuldameðferð fyrirtækja þrátt fyrir að hafa farið fram af miklu gáleysi í rekstri sínum og slíkt geti varpað rýrð á orðspor þeirra. Nefndin telur því eðlilegt að nefndin sem metur umsóknir um ívilnanir líti m.a. til þessa atriðis þegar orðspor umsækjanda er metið og það verði nánar útfært í reglugerð. Einnig má ætla að við mat á orðspori sé litið til fyrri starfa viðkomandi og aðkomu, eða þátttöku, í atvinnurekstri, og þá án tillits til þess hvaða formlegu stöðu viðkomandi kann að hafa gegnt. Nefndin leggur því til að við 5. gr. bætist nýr stafliður sem tiltaki skilyrði þessu til samræmis.

Í 6. gr. er kveðið á um byggðaaðstoð en heimildir stjórnvalda til að veita ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar takmarkast af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda skv. 61.–64. gr. EES-samningsins. Samkvæmt ábendingu ESA, og í samræmi við hinar leiðbeinandi reglur

um byggðaaðstoð, er lagt til að í 2. mgr. 6. gr. sé tilgreint nánar hvaða landsvæði það eru sem heimilt er að veita byggðaaðstoð til samkvæmt núgildandi byggðakorti, en það eru landsbyggðarkjördæmin þrjú. Nefndin tekur undir þessar ábendingar og gerir breytingartillögu þess efnis.

Kveðið er á um ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum í 9. gr. en talsvert var fjallað um fyrrgreind ákvæði í nefndinni. Lagt var til fyrir nefndinni að við frumvarpið bættist nýtt ákvæði sem kveður á um að fyrstu fimm árin frá því að skattskylda myndast skuli fyrirtæki sem nýtur ívilnunar vera undanþegið tekjuskatti lögaðila, en slíkt ákvæði væri hugsað sem beinn hvati sem falli til strax í upphafi fjárfestingarverkefnis. Slíkt ákvæði er að finna í nokkrum löndum, þ.m.t. Tékklandi og Kanada um ívilnun vegna nýfjárfestinga en alls ekki öllum sambærilegum ríkisaðstoðarkerfum erlendis né í meiri hluta þeirra. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að slíkt tímabundið skattfrelsi mundi auka aðdráttarafl löggjafarinnar fyrir fjárfesta en nauðsynlegt er engu síður að hafa í huga að þá væri gengið lengra í mögulegum ívilnunum en í fyrri fjárfestingarsamningum sem gerðir hafa verið. Nefndin telur rétt að árétta að ávallt sé álitamál hverju sinni hversu miklar ívilnanir þurfi að vera í boði til að Ísland sé samkeppnishæft við önnur lönd og mikilvægt sé að huga að jafnræði við nýlega fjárfestingarsamninga og hættu á því að skapa tvöfalt skattkerfi í landinu. Hins vegar leggur nefndin til að slík undanþága frá tekjuskatti verði skoðuð vandlega við endurskoðun laganna árið 2013, með hliðsjón af þeirri reynslu sem þá mun liggja fyrir af framkvæmd laganna.

Fyrir nefndinni var hreyft þeim sjónarmiðum að með ákvæði 9. gr. væri verið að framselja skattlagningarvald til iðnaðarráðherra og þeirrar nefndar sem fer yfir umsóknir um ívilnun. Dregið var í efa að ákvæðið samræmdist 77. gr. stjórnarskrárinnar um að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Nefndin tekur undir með umsagnaraðila að allur vafi um hvort ákvæði frumvarpsins sé í samræmi við stjórnarskrá sé óásættanlegur. Með vísan til þessa þykir nefndinni rétt að kveðið verði með skýrum og afdráttarlausum hætti á um þann ramma sem skattlagningunni og frávikum frá henni eru settar. Í ljósi þess sem hér hefur verið reifað lagði nefndin til breytingar á ákvæðinu en þeim er ætlað að undirstrika að með frumvarpinu sé ekki verið að framselja skattlagningarvald löggjafans til framkvæmdarvaldsins og eru þau skattalegu frávik sem tilgreind eru í ákvæðinu skýrt afmörkuð í magni og tíma. Þannig eru í greininni tilteknar nákvæmlega þær skattaívilnanir sem umsækjendur eiga rétt á og uppfylli umsækjandi öll skilyrði laganna, sbr. 5. gr., öðlast hann rétt til allra þeirra frávika frá sköttum og opinberum gjöldum sem fram koma í 9. gr. Uppfylli umsækjandi skilyrði laganna nýtur hann þeirra skattaívilnana sem tilgreindar eru í 9. gr., að öðrum kosti ekki. Það er því enginn millivegur og ekkert svigrúm til samninga. Ákvörðun ráðherra getur því ekki af þessum sökum verið matskennd þar sem hann er bundinn af skýrum ákvæðum laganna. Sú breytingartillaga sem nefndin leggur til á því að taka af allan vafa um að ákvæði frumvarpsins séu í fullu samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Nefndinni þykir í þessu sambandi rétt að benda á að framsetning 9. gr., í breytingartillögu, er sambærileg og í lögum nr. 62/1997, nr. 12/2003 og nr. 51/2009 um heimild til samninga um álbræðslur á Grundartanga, Reyðarfirði og Helguvík, þar sem talin eru upp þau frávik frá sköttum og opinberum gjöldum sem gilda um viðkomandi fyrirtæki sem gerður er fjárfestingarsamningur við. Einnig er framsetning ákvæðisins sambærileg og í lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 10. gr. laganna. Í framkvæmd hefur ekki verið dregið í efa að þær skattalegu ívilnanir sem er að finna í framangreindum lögum og framsetning þeirra séu að fullu í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Til frekari rökstuðnings fyrir þeirri breytingartillögu sem hér er til

umfjöllunar varðandi ívilnanir tengdar sköttum telur nefndin að rétt að fram komi að iðnaðarráðuneytið sendi beiðni til lögfræðistofunnar LEX um að gefið yrði álit um það hvort framangreind breytingartillaga samræmdist ákvæðum stjórnarskrár. Fram kemur í minnisblaðinu að hinar skattalegu ívilnanir sem um ræðir í 1.–8.tölul. ákvæðisins eru skýrt afmarkaðar, tæmandi taldar og ekki matskenndar. Ákvæðið veitir þannig stjórnvöldum engar heimildir til að hrófla við þeim skattalegu ívilnunum sem þar um ræðir, hvorki almennt né í hverju og einu tilviki. Stjórnvöldum er þannig með þessu ákvæði ekki falin „ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann“ í skilningi 77. gr. stjórnarskrárinnar, heldur hefur löggjafinn kirfilega mælt fyrir um þessi atriði. Nefndin tekur heilshugar undir þetta minnisblað og áréttar einnig að finna má lagaákvæði sem ganga mun nær 77. gr. stjórnarskrár en framangreind ákvæði en enginn ágreiningur hefur verið uppi um að slík ákvæði standist ákvæði stjórnarskrár. Hér má vísa til 3. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Einnig komu fram athugasemdir varðandi 7. tölul. 9. gr. frumvarpsins, sbr. breytingartillögu, er fjallar um að skatthlutfall fasteignaskatts viðkomandi félags sem og að slík ívilnun geti staðið í tíu ár. Gerður er fyrirvari um að svo afdráttarlausar ályktanir verði dregnar af stjórnarskránni. Nefndin bendir hins vegar á nauðsyn þess að festa niður bæði tímalengd og prósentuhlutfall fráviksins með vísan til ákvæða stjórnarskrár og dómafordæma Hæstaréttar varðandi framsal á skattlagningarvaldi til framkvæmdarvaldsins, en slíku framsali eru, eins og fyrr segir, þröngar skorður settar samkvæmt stjórnarskrá. Ekki er því unnt að semja um „allt að 20% lækkun“ eða í „allt að 10 ár“ svo að dæmi sé tekið. Einnig til frekari rökstuðnings má vekja athygli á að í lögum nr. 51/2009, um heimild til samninga um álver í Helguvík eru ákvæði (ívilnun) um fasteignaskatt fest niður í 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 10. gr. er fjallað ívilnanir í tengslum við land eða lóð undir nýfjárfestingu. Rætt var um í nefndinni hvort ákvæðið nái ekki aðeins til afhendingar lands heldur einnig frágangs lóðar. Nefndin telur rétt að fram komi að framangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir að sveitarstjórn ákveði að veita frekari ívilnanir ef þær eru á grundvelli almennra laga, en almenn regla sem gildir um alla telst ekki vera ríkisstyrkur. Sem dæmi má í þessu sambandi benda á ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, er fjallar um lækkun eða niðurfellingu gatnagerðargjalds. Það er almenn lækkunar- eða niðurfellingarheimild vegna „atvinnuuppbyggingar“ og er því ekki sértæk ríkisaðstoð í raun, heldur almenn aðgerð sem öll fyrirtæki eiga jafnan rétt á.

Í 15. gr. er fjallað um ívilnanir vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna. Fyrir nefndinni kom fram að í 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar (EB) nr. 800/2008 er sérstaklega fjallað um fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að skilningur þessi komi fram í ákvæðinu og leggur til breytingar þar að lútandi.

Fyrir nefndinni voru þau sjónarmið lögð fram hvort vanhæfisástæður geti komið til vegna verkefna sem falla undir gildissvið frumvarpsins, þ.e. vegna aðkomu sveitarstjórna að gerð fjárfestingarsamninga. Nefndin áréttar að samkvæmt frumvarpinu er gerð fjárfestingarsamninga á hendi iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisins og sveitarfélaga, og fær ráðherra tillögur frá nefnd þeirri sem kveðið á um í frumvarpinu. Fram kemur í 3. mgr. 17. gr. að nefndin skuli hafa samráð við sveitarfélögin í tengslum við aðkomu þeirra að fyrirhuguðum fjárfestingarverkefnum sem staðsett eru innan umdæma þeirra. Af þessu er ljóst að frumkvæðið er frá nefnd ráðherra sem skipuð er þremur aðilum sem eru fulltrúar þriggja ráðuneyta, en ekki sveitarstjórnar. Að þessu sögðu verður ekki séð að vanhæfisástæður kunni að vera uppi vegna

aðkomu sveitarstjórnar að gerð fjárfestingarsamninga. Einnig telur nefndin rétt að benda á að ákvæði frumvarpsins koma ekki í veg fyrir að sveitarstjórnir ákveði að veita frekari ívilnanir til viðkomandi fjárfestingarverkefnis ef þær eru á grundvelli almennra laga, sbr. t.d. lög nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld.

Nefndin leggur til í samræmi við ábendingar ESA og framangreindar leiðbeinandi reglur að tekinn verði af allur vafi um það í 20. gr. að önnur hugsanleg ríkisaðstoð sem sá aðili sem ívilnunar nýtur, vegna sama fjárfestingarverkefnis, sé talin með við mat á leyfilegri ríkisaðstoð samkvæmt lögunum, þ.e. að ekki sé unnt að safna ríkisaðstoð úr ólíkum áttum vegna sama fjárfestingarverkefnis og fara þannig yfir þau hámörk ríkisaðstoðar sem sett eru fram í lögunum.

Í samræmi við þær kröfur sem ESA gerir til gildistíma fjárfestingarsamninga leggur nefndin til breytingartillögu þess efnis að ákvæði um gildistíma samninga um ívilnanir, sbr. 21. gr. frumvarpsins, verði að hámarki 13 ár. Lagt er til að þær skattalegar ívilnanir sem byggjast á 9. gr. skuli gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda sem kveðið er á um í 1.–8. tölul. í 2. mgr. 9. gr. myndast, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings skv. 21. gr. Þessar breytingar eru einnig í samræmi við gildisákvæði í frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

Nefndin er sammála þeim sjónarmiðum sem lögð voru fram að mikilvægt sé að tryggja upplýsingaflæði frá iðnaðarráðuneytinu til þar til bærra sveitarfélaga um framgang fjárfestingarverkefna og brot aðila sem ívilnana njóta. Nefndin leggur því til breytingartillögu þar sem kveðið er á um skyldu ráðuneytisins til að upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um atvik sem geta haft áhrif á gildi samninga sem gerðir hafa verið, en leggur jafnframt til að sú skylda verði gagnkvæm, þ.e. að sveitarfélögin upplýsi ráðuneytið að sama skapi um slíkt.

Nefndin telur einnig rétt að fram komi að þótt um sé að ræða tímabundna löggjöf til 31. desember 2013 þá halda þær ívilnanir sem veittar hafa verið gildi sínu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. júní 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Atli Gíslason.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.

1280. Frumvarp til laga [660. mál]

um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að nýting háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

2. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

Lög þessi ná til háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

Eftirfarandi merking skal lögð í þessi hugtök:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Fallvatn:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé.
3. *Háhitasvæði:* Jarðhitakerfi þar sem hitastig grunnvatnsforðans er 200°C eða hærra á 1.000 metra dýpi eða ofar.
4. *Orkurannsóknir:* Rannsóknir sem tengjast virkjun á fallvötnum og háhitasvæðum sem fram fara á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
5. *Virkjunarkostur:* Áætluð framkvæmd vegna virkjunar fallvatna og á háhitasvæðum á tilgreindum virkjunarstað.
6. *Yfirborðsrannsóknir:* Kortlagning náttúrusvæða, landslags, lífríkis, vatnafars og jarðfræði. Jarðfræðirannsóknir skiptast í rannsóknir á jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði sem byggjast á sýnatöku á gasi, vatni og bergi, mælingu með tækjum á yfirborði og grunnum borunum til að ná bergsýnum, mælingu á berghita og stöðu grunnvatns, með léttum bortækjum sem skilja ekki eftir sig nein verksummerki.
7. *Þjóðlendur:* Landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

3. gr.
Verndar- og nýtingaráætlun.

Iðnaðarráðherra leggur í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita.

Í verndar- og nýtingaráætlun er á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í nýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Verndar- og nýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafl 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt úrskurði á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Verndar- og nýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Í verndar- og nýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og nýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

4. gr.

Nýtingarflokkur.

Í nýtingarflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er áætlað á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. að ráðast megi í.

Stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í nýtingarflokki. Þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna.

5. gr.

Biðflokkur.

Í biðflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í nýtingarflokk eða verndarflokk.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir fallvatna og háhitasvæða sem verndar- og nýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.

6. gr.

Verndarflokkur.

Í verndarflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki.

Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og nýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

7. gr.

Skipulagsáætlanir.

Verndar- og nýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Sveitarstjórnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og nýtingaráætlun.

8. gr.

Verkefnisstjórn.

Ráðherra skipar sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt lögum þessum. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af umhverfisráðherra, einn af mennta- og menningarmálaráðherra, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti.

9. gr.

Verksvið verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn annast upplýsingasöfnun, faglegt mat, sbr. 4. mgr. 3. gr., og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og nýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar. Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun. Beiðninni skal fylgja lýsing á fyrirhugaðri virkjun, áætluðum virkjunarstað, helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem henni tengjast og eftir því sem kostur er áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað virkjunar. Um þetta skal nánar fyrir mælt í reglugerð. Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti.

Verkefnisstjórn fjallar um virkjunarkosti skv. 2. mgr. og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati. Verkefnisstjórn getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni endurmetið virkjunarkosti og landsvæði sem gildandi áætlun nær til og lagt til breytingar á henni. Það á þó ekki við ef gefið hefur verið út leyfi til viðkomandi virkjunar samkvæmt raforkulögum eða lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða friðlýsing skv. 4. mgr. 6. gr. bannar framkvæmdina.

10. gr.

Verklag og málsmeðferð.

Verkefnisstjórn byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu. Verkefnisstjórn skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins um hvort fyrirliggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætluninni. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim, áður en eiginlegt matsferli hefst.

Verkefnisstjórn skal leita eftir samráði og faglegri aðstoð hjá viðkomandi stofnunum og stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum, hagsmunaaðilum og öðrum aðilum. Þá skal verkefnisstjórn miðla upplýsingum um starf sitt með opinberum hætti.

Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina. Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Að liðnum umsagnarfresti og að loknu samráði tekur verkefnastjórnin afstöðu til fyrirliggjandi virkjanaáforma og kynnir framangreindum aðilum tillögur að verndar- og nýtingaráætlun og auglýsir þær með opinberum hætti í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Í auglýsingunni skal koma fram hvar má nálgast tillögur verkefnisstjórnar og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar.

Að loknu samráðs- og kynningarferli leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina.

Ráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar til skoðunar og gengur frá tillögu um verndar- og nýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagnar þeirra aðila sem greinir í 2. mgr. og þær kynntar almenningi með þeim hætti sem þar greinir áður en tillaga að verndar- og nýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi.

Ráðherra setur að fengnum tillögum verkefnisstjórnar reglur um hvernig hún skuli starfa, þ.m.t. um upplýsingaöflun, viðmið og matsaðferðir. Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Meðferð upplýsinga.

Um afhendingu gagna og upplýsinga sem verkefnisstjórn eða þeir sem fyrir hana starfa öðlast fer samkvæmt upplýsingalögum.

12. gr.

Reglugerð.

Iðnaðarráðherra getur mælt nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

13. gr.

Gildistaka.

1.–3. gr. laga þessara taka þegar gildi. Að öðru leyti taka lögin gildi þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu til þingsályktunar skv. 3. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. skal fyrst lögð fram á Alþingi þegar fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007.

Áður en tillaga til þingsályktunar er lögð fram á Alþingi skal ráðherra kynna hana þeim aðilum sem greinir í 3. mgr. 10. gr. og gefa öllum kost á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar.

Þegar tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. hefur verið samþykkt af Alþingi skal iðnaðarráðherra skipa verkefnisstjórn skv. 8. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram af iðnaðarráðherra en það var unnið í samráði við umhverfisráðuneyti og verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar, auk þess sem Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Frumvarpinu er ætlað að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem farið hefur fram undanfarinn áratug við undirbúning að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra stöðu hennar gagnvart stjórnvöldum við gerð skipulagsáætlana og veitingu opinberra leyfa, þ.m.t. rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Þá er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjunarkostum. Lagt er til að iðnaðar- og umhverfisráðherra vinni náið saman að langtímaverndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhita og iðnaðarráðherra leggi hana fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í áætluninni verði lagt mat á verndar- og nýtingargildi landsvæða og skilgreindir virkjunarkostir flokkaðir í þrjá flokka: nýtingarflokk, verndarflokk og biðflokk. Frumvarpinu er ætlað að stuðla að vandaðri stefnumörkun um hvaða svæði sé hugsanlegt að nýta til orkuvinnsla og hvaða svæði eigi að vernda gagnvart slíkum framkvæmdum og tryggja að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við þá stefnumörkun. Er frumvarpinu ætlað að stuðla að meiri sátt um orkuvinnslu og minnka óvissu orkufyrirtækja við val á virkjunarkostum.

Gert er ráð fyrir að áætlunin bindi hendur stjórnvalda við veitingu leyfa sem tengjast orkurannsóknum og orkuvinnslu í þeim skilningi að eingöngu megi veita slík leyfi vegna framkvæmda sem falla í nýtingarflokk hennar. Þó verði takmarkaðar orkurannsóknir heimilar vegna virkjunarkosta í bið- og verndarflokki. Einnig er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin skyldi stjórnvöld til að hefja friðlýsingarferli vegna þeirra landsvæða sem talið er að rétt sé að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.

Lagt er til að stjórnvöldum sé heimilt en ekki skylt að veita leyfi til orkuvinnslu vegna þeirra virkjunarkosta sem falla í nýtingarhluta áætlunarinnar. Verndar- og nýtingaráætlunin feli því ekki í sér afstöðu þingsins til þess hvaða virkjunarkostir skuli nýttir á tímabilinu heldur eingöngu hvaða virkjunarkostir geti farið í hefðbundið leyfisveitingarferli og hvaða virkjunum er heimilt að gera ráð fyrir í skipulagi sveitarfélaga. Hins vegar er gert ráð fyrir því að áætlunin sé bindandi við gerð skipulagsáætlana og sveitarstjórnir verði samkvæmt því að samræma svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni. Frá þessari meginreglu er gerð sú undantekning að sveitarstjórn er heimilt að fresta ákvörðun um

landnotkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun í allt að tíu ár. Slíka ákvörðun skal tilkynna Skipulagsstofnun innan árs frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki en að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og nýtingaráætlun. Þá er við það miðað að aðrar áætlanir sem lúta að landnýtingu taki tillit til verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Tillögur um undirbúning og framsetningu verndar- og nýtingaráætlunar voru settar fram í skýrslu og frumvarpstillögum nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði í apríl 2006 á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í framhaldinu lagði iðnaðarráðherra á 133. löggjafarþingi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem byggðist að verulegu leyti á tillögum nefndarinnar (þskj. 812, 542. mál). Fylgdi skýrsla nefndarinnar í viðauka við frumvarpið og vísast til hans um efni skýrslunnar og tillögur. Í bráðabirgðaákvæðum I og II í frumvarpinu var lagt til að skipaðir yrðu tveir starfshópar. Annar til að undirbúa tillögur til forsætisráðherra um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli yrði heimil og hinn til að undirbúa tillögur um vernd svæða. Þá var lagt til að starfshóparnir gerðu tillögu um hvernig haldið yrði á þessum málum til framtíðar. Því næst skyldi samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV skipa þriggja manna starfshóp til að vinna frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem byggðist á tillögum starfshópanna. Þá var lagt til í bráðabirgðaákvæði III að þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV tæki gildi skyldi ekki heimilt að gefa út ný leyfi til rannsóknar og nýtingar nema í ákveðnum undantekningartilfellum. Í nefndaráliti sínu lagði meiri hluti iðnaðarnefndar til að frumvarpið yrði samþykkt með lítils háttar breytingum en málið hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Frumvarp það sem nú er lagt fram gerir ráð fyrir nokkuð annarri nálgun enda þótt það byggist að verulegu leyti á sömu hugmyndum og fyrra frumvarp. Ræður þar mestu að veruleg vinna hefur farið fram við að ljúka undirbúningi að áætlun um vernd og nýtingu háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna. Munu í lokagerð áætlunarinnar liggja fyrir mótaðar tillögur um flokkun virkjunarkosta sem iðnaðarráðherra, í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra, getur byggt á tillögur um verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt frumvarpi þessu. Var því ekki talið nauðsynlegt að skipa sérstaka starfshópa til að fjalla um verndar- og nýtingaráætlunina. Þá er hér lagt til að farin verði sú leið að verndar- og nýtingaráætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem yrði grundvölluð á tillögum verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að skapa verndar- og nýtingaráætluninni ákveðna stöðu að lögum en ekki mæla fyrir um efni hennar líkt og gert var ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði IV í áðurnefndu frumvarpi. Þá er í frumvarpi þessu lögð fram mótuð tillaga um hvernig haldið skuli á málum til frambúðar. Er í því sambandi að miklu leyti byggt á hugmyndum sem viðraðar voru í skýrslu framangreindrar nefndar, þ.e. að skipuð verði verkefnisstjórn sem starfi með svipuðum hætti og fyrri verkefnisstjórnir rammaáætlunar og byggi á sjónarmiðum og aðferðum sambærilegum þeim sem verkefnisstjórnirnar hafa mótað. Líkt og fyrri verkefnisstjórnum er henni eingöngu ætlað að hafa ráðgjafarhlutverk. Verði frumvarpið að lögum er því á engan hátt hróflað við hlutverki opinberra stofnana á sviði rannsókna og stjórnsýslu.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að Alþingi taki í formi þingsályktunar afstöðu til flokkunar virkjunarkosta fallvatna og háhitasvæða á landinu öllu eftir því hvort stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi vegna þeirra, þá beri að kanna frekar eða hvort ástæða þyki til að vernda ákveðin landsvæði gagnvart orkuvinnslu.
2. Lagt er til að iðnaðarráðherra vinni tillögu til þingsályktunar í nánu samráði og samvinnu við umhverfisráðherra og að sérstök verkefnisstjórn verði ráðherrunum til ráðgjafar.
3. Gert er ráð fyrir að þingsályktunin hafi skýra stöðu að lögum og að hún bindi hendur stjórnvalda við leyfisveitingar, gerð skipulagsáætlana og liggi til grundvallar ákvarðanatöku um friðlýsingu landsvæða.
4. Í frumvarpinu er við það miðað að þingsályktunartillaga um verndar- og nýtingaráætlun verði fyrst lögð fram á yfirstandandi þingi og að sú áætlun byggist á starfi verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem nú er að störfum og skipuð var af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra 24. ágúst 2007. Áætlunin gildi til 12 ára en sæti reglubundinni endurskoðun.
5. Faglegur undirbúningur að síðari verndar- og nýtingaráætlunum verði í höndum ráðgefandi verkefnisstjórnar sem iðnaðarráðherra skipar. Verkefnisstjórnin reiði sig líkt og fyrri verkefnisstjórnir á þau stjórnvöld og stofnanir sem starfandi eru og hafi víðtækt samráð við frjáls félagasamtök, hagsmunaaðila og aðra þá sem leita getur þurft til.
6. Lagt er til að undirbúningur að tillögu að verndar- og nýtingaráætlun verði gagnsær og að almenningi verði kynntar tillögur verkefnisstjórnarinnar og fái tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en endanlegar tillögur eru lagðar fram á Alþingi.

II. Þörfin á lagaramma um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhita og ólíkar leiðir.

Virkjun orkulinda landsins er ein af undirstöðum efnahagslegrar og félagslegrar velferðar í íslensku samfélagi. Til að svo megi verða áfram er mikilvægt að nýting náttúruauðlindanna samræmist sjónarmiðum um sjálfbæra þróun. Er í því sambandi vísað til þeirrar hugmyndafræði sem mótast hefur á alþjóðavettvangi og þá stefnumörkun sem unnið hefur verið að af íslenskum stjórnvöldum, sbr. III. kafla hér að aftan. Í svonefndri Brundtland-skýrslu frá árinu 1987 (Sustainable Development Our Common Future, World Commission on Environment and Development) er kjarna sjálfbærrar þróunar lýst svo að leitast sé við að mæta þörfum og væntingum samtímans án þess að stefna í hættu möguleikum til að mæta þörfum komandi kynslóða. Í því sambandi er miðað við að líta skuli til efnahagslegra, þjóðfélagslegra og umhverfislegra þátta. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktar yfirlýsingar sem byggjast á sjálfbærri þróun, sbr. svonefnda Ríó-yfirlýsingu frá árinu 1992 og Jóhannesarborgaryfirlýsinguna frá árinu 2002. Í samræmi við þessa hugmyndafræði miðar frumvarpið m.a. að því að ákvörðun um hvaða svæði skuli nýta til orkuvinnslu verði byggð á heildstæðu og faglegu mati á áhrifum nýtingar á umhverfi og náttúru og efnahagslegum og þjóðfélagslegum þáttum sem tengjast nýtingunni. Þá er mikilvægt að skapa betri sátt um nýtingu þessara mikilvægu náttúruauðlinda en á undanförnum árum hefur andstaða við uppbyggingu virkjana aukist. Hefur gagnrýnin einkum byggst á sjónarmiðum um neikvæð áhrif virkjana á umhverfi og náttúru en einnig á mati á hagkvæmni og arðsemi einstaka virkjana. Enn fremur hefur verið á það bent að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til annarra nýtingarmöguleika.

Vinna að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hófst árið 1999. Unnið hefur verið að því að leggja mat á og flokka virkjunarkosti fallvatna og háhita m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Gert er ráð fyrir að vinnu við gerð 2. áfanga rammaáætlunar ljúki í upphafi ársins 2010. Ekki hefur legið fyrir hvaða stöðu rammaáætlunin hefur átt að fá að lögum. Telja verður að best verði tryggt að framangreindum markmiðum verði náð og að frekari sátt náist um ákvarðanir um orkuvinnslu í framtíðinni ef Alþingi tekur afstöðu til tillagnanna og mótar langtímastefnu um vernd og nýtingu háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna. Til þess að slík áætlun nái sem best settum markmiðum þurfa réttaráhrif hennar að vera skýr og þeir virkjunarkostir sem geta farið í leyfisveitingarferli að vera skilgreindir. Einnig þarf áætlunin að skapa svigrúm til ákvarðana um friðlýsingu ákveðinna svæða gagnvart orkuvinnslu. Til þess að svo megi verða þarf áætlunin að ná til hæfilega langs tíma. Á sama tíma verður þó að veita ákveðið svigrúm til aðlögunar með tilliti til breyttra forsendna. Í því sambandi getur m.a. þurft að taka tillit til nýrra virkjunarkosta. Einnig þarf að vera unnt að taka tillit til nýrra rannsókna og nýrrar þekkingar og tækni. Þá má nefna að aðferðir við nýtingu viðkomandi orkulinda breyst og nýjar aðferðir verið þróaðar við mat á áhrifum nýtingar og verndargildis viðkomandi svæða.

Unnt er að fara ólíkar leiðir í þeirri viðleitni að tryggja aðkomu Alþingis að mótun slíkrar verndar- og nýtingaráætlunar. Í fyrsta lagi gæti Alþingi tekið afstöðu til virkjunarkosta og verndarsvæða í formi þingsályktunar. Í öðru lagi væri unnt að mæla fyrir um flokkun virkjunarkosta og verndun svæða í lögum. Í þriðja lagi má svo fara þá leið sem hér er lögð til sem felur í sér sambland fyrrnefndra leiða. Er sú leið lögð til þar sem þingsályktun ein og sér veitir ekki nægilega skýra leiðbeiningu um stöðu slíkrar áætlunar, t.d. gagnvart öðrum áætlunum, auk þess sem ekki væri skýrt hvernig halda ætti á málum til framtíðar. Hins vegar færi illa á því að hafa langa upptalningu á virkjunarkostum í löggjöf, auk þess sem allar breytingar sem gera þyrfti á áætluninni væru gerðar óþarflega flóknar og þunglamalegar. Með þeirri leið sem hér er lögð til má kveða skýrt á um sess verndar- og nýtingaráætlunarinnar að lögum og tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og skilvirkni við þróun áætlunarinnar og áframhaldandi vinnu við hana.

III. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á rætur sínar í sjónarmiðum um sjálfbæra þróun. Árið 1993 skipaði þáverandi umhverfisráðherra starfshóp um umhverfismál, iðnþróun og orkumál. Honum var falið að skilgreina sjálfbæra þróun í þessum málaflokkum og setja markmið til skemmri tíma. Jafnframt var honum falið að gera framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta. Starfshópurinn skilaði áliti sínu í mars 1995. Þar var lagt til að unnin yrði rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Þessi starfshópur var einn af sjö en hinir tóku á samsvarandi hátt fyrir aðra málaflokka. Í árslok 1995 setti umhverfisráðherra á fót starfshóp sem fékk það verkefni að setja saman drög að framkvæmdaáætlun sem yrði samþykkt af ríkisstjórn og byggð á skýrslum hópanna sjö. Niðurstaðan var lögð fyrir Umhverfisþing 1996 þar sem hún var rædd og farið yfir athugasemdir. Að teknu tilliti til þeirra var samin framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn 1997 og nefnd „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta“. Í áætluninni segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta

gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar skyldi vera að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 16 einstaklinga í sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunarinnar undir formennsku Sveinbjörns Björnssonar, fyrrverandi háskólarektors.

Verkefnisstjórnin starfaði samkvæmt verklýsingu iðnaðarráðherra í greinargerðinni „Maður – nýting – náttúra“ frá 8. mars 1999. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og beina hinni faglegu vinnu í réttan farveg og standa jafnframt að samráði og kynningu með skipulegum hætti.

Settur var upp sérstakur samráðs- og ráðgjafarvettvangur sem stjórnvöld fólu Landvernd að standa að. Efnt var til fjölda almennra funda þar sem fram fór almenn kynning á verkefninu og kynning á einstaka álitamálum, svo sem um aðferðafræði, efnahagslegt mat á náttúrunni, siðfræðileg efni og mat á landslagi. Þá voru einnig haldnir margir fundir með stofnunum og hagsmunaaðilum, sett upp vefsíða og kynningarbæklingar og annað efni gefið út.

Verkefnisstjórnin fjallaði um þörf á gagnaöflun og rannsóknum og gerði tillögur í því efni til iðnaðarráðuneytisins. Það var svo hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, að veita verkefnisstjórninni öflugan faglegan bakgrunn. Fagleg vinna fór fram í fjórum hópum sem skipaðir voru sérfræðingum á viðkomandi sviðum. Faghópur I fjallaði um náttúru- og minjavernd, faghópur II um útivist og hlunnindi, faghópur III um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun og faghópur IV um nýtingu orkulinda. Verkefnisstjórnin mótaði aðferðafræði og vinnureglur á grundvelli tillagna faghópanna. Faghóparnir fóru svo yfir gögn um virkjunarkosti og mátu og skiluðu niðurstöðum til verkefnisstjórnarinnar. Í kjölfarið vann verkefnisstjórnin úr niðurstöðum faghópanna.

Vinnu við fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar lauk í nóvember 2003 með skýrslu verkefnisstjórnar um niðurstöður áfangans. Þar voru teknir fyrir 19 vatnsorkukostir og 24 jarðhitakostir. Af þessum virkjunarkostum höfðu 8 þegar verið heimilaðir. Sérstök áhersla var lögð á vatnsaflsvirkjanir í jökulám á hálendinu og jarðhitavirkjanir nærri byggð auk Torfajökulssvæðisins. Virkjunarkostirnir voru flokkaðir í fimm flokka (a–e) eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi. Um þessa flokkun voru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif, en einnig heildarhagnað og arðsemi. Um nánari lýsingu á verklagi, matsaðferðum og tillögum er vísað til skýrslunnar.

Í skýrslu verkefnisstjórnarinnar var bent á að nokkuð skorti á þekkingu á þeim svæðum sem skýrslan náði til og lagt til að í öðrum áfanga rammaáætlunar yrðu gögn sem stuðst var við í fyrsta áfanga endurbætt eftir þörfum og þróaðar frekar þær aðferðir sem beitt var við matið. Þá þyrfti að undirbúa nýjar virkjunarhugmyndir með rannsóknum og gerð frumáætlana.

Ný þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð í september 2004 undir forustu Sveinbjörns Björnssonar sem einnig hafði leitt verkefnisstjórn fyrsta áfanga. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar kom fram að hún skyldi undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta gögn eða endurskoðaða tilhögun ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í fyrsta áfanga. Áhersla var lögð á að fá heildarmat á sem flestum háhitasvæðum. Þá var enn fremur gert ráð fyrir að þörf

kynni að vera á að þróa áfram aðferðir við mat á náttúrufari. Verkefnisstjórnin skipaði sér til aðstoðar tvo ráðgjafahópa; öðrum var ætlað að endurskoða aðferðir við mat á landslagi en hinum var falið mat á orkugetu og verndargildi háhitasvæða. Þriggja manna verkefnisstjórnin lauk störfum í maí 2007 og skilaði þá framvinduskýrslu. Í skýrslunni var lýst stöðu gagnaöflunar vorið 2007 og fjallað um verklag og skipan þriðju verkefnisstjórnar og nýrra faghópa til að ljúka matinu.

Í september 2007 skipuðu svo iðnaðar- og umhverfisráðherra nýja 12 manna verkefnisstjórn til að ljúka gerð rammaáætlunarinnar. Henni er ætlað að ljúka rammaáætluninni í byrjun ársins 2010. Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, var skipuð formaður verkefnisstjórnar sameiginlega af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Aðrir í verkefnisstjórninni eru Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eydís Aðalbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar. Anna Sverrisdóttir, ráðgjafi, tók hennar sæti í ágúst 2008. Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur, tilnefndur af náttúruverndarsamtökum. Freysteinn lést í árslok 2008 og eftirmaður hans var Friðrik Dagur Arnarson, framhaldsskólakennari sem tók sæti í verkefnisstjórn í janúar 2009. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, tilnefndur af Orkustofnun. Hjörleifur B. Kvaran, aðstoðarforstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (forstjóri frá október 2008), tilnefndur af Samorku. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, tilnefnd af Umhverfisstofnun. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, tilnefnd af menntamálaráðherra. Stefán Arnórsson, prófessor við Háskóla Íslands, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra (alþingismaður frá apríl 2009), tilnefnd af forsætisráðherra. Þorsteinn Tómasson, skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðherra, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, tilnefnd af umhverfisráðherra.

Verkefnisstjórnin styðst við fjóra faghópa sem eru henni til aðstoðar við mat virkjunarkosta í öðrum áfanga. Verksvið þeirra eru:

I. Náttúrufar og menningarminjar.
II. Útivist, ferðaþjónusta, og hlunnindi.
III. Efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana.
IV. Virkjunarkostir og hagkvæmni þeirra.

Verksvið faghópanna eru svipuð og í 1. áfanga. Ferðaþjónusta hefur þó verið færð frá faghópi III til faghóps II og faghópur III mun ekki reyna að meta þjóðhagsleg áhrif virkjana. Faghóparnir munu fara yfir virkjunarkosti sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga hver frá sínum sjónarhóli, meta þá og gera tillögur til verkefnisstjórnar. Þeim er ætlað að skila niðurstöðum til verkefnisstjórnar í upphafi árs 2010. Alls verða til umfjöllunar 80 kostir, 39 í vatnsafli og 41 í jarðhita. Ekki er þó víst að heildarmat náist á öllum þeirra vegna skorts á gögnum. Af þessum kostum voru 11 í vatnsafli og 21 í jarðhita metnir í 1. áfanga, en þeir verða nú endurmetnir í ljósi bættra gagna eða endurskoðaðra hugmynda um tilhögun. Faghópur I byggir á svipuðum aðferðum og í 1. áfanga. Mat á vatnsafli er að mestu miðað við vatnasvið ofan stíflu en meginfarveg fallvatns neðan hennar. Í jarðhita er tekið mið af víðáttu háhitasvæða samkvæmt viðnámsmælingum en einnig horft til landslagsheildar. Aðferðir við mat á landslagi eru þó betur þróaðar og gögn um lífríki, örveruflóru, vistkerfi og jarðminjar á háhitasvæðum mun ítarlegri. Áhersla verður lögð á mat á náttúruverðmætum svæða og áhrifum áformaðra virkjana á þau. Faghópur 2 beitir nýjum og mun ítarlegri aðferðum í mati á útivistargildi og ferðaþjónustu en í 1. áfanga. Áhrifasvæði eru skilgreind út frá ferðamynstri og ferðaleiðum og að því stefnt að meta virði svæða fyrir ferðaþjónustu og áhrif virkjana ásamt

raflína á það. Mati á hlunnindum er svipað háttað og í 1. áfanga. Faghópur III þrengir svið sitt mikið frá 1. áfanga og takmarkar sig við mat á áhrifum af byggingu og rekstri virkjunar á efnahagsgerð og félagsgerð í heimahéraði hennar og helstu þéttbýliskjörnum. Þar verður horft til uppbyggingar á innviðum, svo sem vega og dreifikerfis raforku, og áhrifa þeirra á atvinnulíf, laun og búsetuskilyrði. Faghópur IV beitir svipuðum aðferðum og í 1. áfanga og raðar virkjunarkostum í hagkvæmnisflokka. Kostnaður við línulagnir er metinn að næsta tengipunkti í raforkukerfinu og til þess horft hvort breyta þurfi legu lína vegna verndarsvæða.

Verkefnisstjórnin mun taka mið af niðurstöðum faghópanna, raða þeim á svipaðan hátt og gert var í 1. áfanga og skila niðurstöðum mats í formi tillögu um flokkun virkjunarkostanna í þrjá flokka, nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk.

IV. Áætlanir um vernd og nýtingu vatnsafls í Noregi.

Eins og fram kemur í niðurstöðuskýrslu fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar (bls. 28) er rammáætlunin að vissu marki að norskri fyrirmynd þótt ákveðið hafi verið að beita annarri aðferðafræði við röðun virkjunarkosta. Í Noregi er í gildi sérstök rammaáætlun fyrir vatnasvið (Samlet plan for vassdrag). Hún var fyrst staðfest af Stórþinginu árið 1986 (St.meld. nr 63 (1984–85) og Innst. S. Nr. 250 (1985–86)), en síðan þá hefur áætluninni verið breytt tvívegis. Fyrst árið 1988 (St.meld. nr. 53 (1986–87) og Innst. S. Nr. 296 (1987–88)) og svo aftur árið 1993 (St.meld. nr. 60 (1991–92) og Innst. S. Nr. 114 (1992–93). Í rammaáætluninni er virkjunarkostum forgangsraðað með hliðsjón af hagkvæmni þeirra í ljósi umhverfisáhrifa og efnahagslegra og samfélagslegra sjónarmiða. Virkjunarkostunum er skipt í tvo flokka, flokk I og flokk II. Í flokk I er raðað þeim virkjunarkostum sem geta farið í leyfisveitingarferli án frekari umfjöllunar. Í flokki II eru virkjunarkostir sem taldir eru óhagkvæmari en þeir sem eru í flokki I eða þarf að rannsaka frekar og geta því ekki farið í leyfisveitingarferli. Áætlunin hefur verið talin bindandi fyrir stjórnvöld við útgáfu leyfa í þeim skilningi að þau geti ekki veitt leyfi vegna virkjunarkosta sem eru ekki í flokki I í áætluninni. Stjórnvöld hafa hins vegar ekki verið talin skuldbundin til að gefa út nýtingarleyfi vegna virkjunarkosta í flokki I og eru dæmi um að stjórnvöld hafi hafnað umsóknum um leyfi vegna virkjana í þeim flokki. Rammaáætlunin fékk þó ekki stöðu að lögum fyrr en með samþykkt gildandi vatnalaga (LOV 2000–11–24 nr 82: Lov om vassdrag og grunnvann (vannressursloven)), sbr. 22. gr. þeirra. Rammaáætlunin hefur ekki verið endurskoðuð frá því að hún var síðast staðfest af þinginu árið 1993. Frá þeim tíma hafa margar forsendur sem voru lagðar til grundvallar flokkun virkjunarkosta breyst auk þess sem áherslur við vatnsstjórn eru nú aðrar. Í þessu ljósi hafa norsk stjórnvöld hugað að breytingum á rammaáætluninni. Í því sambandi hefur m.a. verið leitast við að einfalda ferlið þannig að það verði skilvirkara. Er nú miðað við að rammaáætlunin nái ekki til virkjana sem eru undir 10 MW (St.prp.nr. 75 (2003–2004 og Innst.S. nr. 116 (2004–2005), ályktun (vedtak) nr. 242). Þessi breyting er talin geta haft talsverða þýðingu þar sem flestar stærri virkjana sem rammaáætlunin heimilar að verði leyfðar hafa þegar komið til framkvæmda. Þá hefur verið til skoðunar hvort fella megi rammaáætlunina betur að öðrum áætlunum, þar á meðal vatnastjórnunaráætlunum sem unnar eru í tengslum við innleiðingu á vatnatilskipun ESB frá árinu 2000 (e. Water Framework Directive (2000/60/EC)) og tryggja þannig heildstæða vatnsstjórn.

Auk rammaáætlunarinnar er í gildi í Noregi verndaráætlun fyrir vatnasvið (Verneplan for vassdrag). Í henni er fjallað um vatnasvæði sem ber að vernda gegn orkuvinnslu og nær hún nú yfir 394 vatnasvið en samanlögð orkugeta þeirra er talin nema um 47 TWh á ári. Verndaráætlunin er heildstæð landsáætlun um verndun vatnasviða sem þykja hafa sérstakt verndar-

gildi. Verndaráætlun fyrir vatnasvið var fyrst samþykkt af Stórþinginu árið 1973 en síðan þá hafa þrjár nýjar áætlanir verið samþykktar, síðast árið 1992, sbr. Verneplan IV (St.prp. nr. 118 (1991–92 og Innst.S. nr. 116 (1992–93)). Auk þess hafa tvær viðbætur við áætlunina verið samþykktar. Sú fyrri var samþykkt árið 2005 (St.prp. nr. 75 og Innst.S. nr. 116 (2004–2005)) og sú síðari í júní 2009 (St.prp. nr. 53 (2008–2009) og Innst.S. nr. 289 (2008–2009)). Um verndaráætlunina er fjallað í 5. kafla vatnalaganna (vannressursloven). Þar kemur fram í 34. gr. að óheimilt sé að ráðast í virkjanaframkvæmdir sem séu í andstöðu við ákvörðun Stórþingsins um verndun vatnasviða. Þá er í lögunum einnig að finna reglur um vernd vatnasviðanna gegn ýmsum öðrum framkvæmdum.

V. Almenn áhrif frumvarpsins og tengsl við aðra löggjöf.

Þau lög sem almennt reynir á við leyfisveitingu vegna vatnsafls- og jarðhitavirkjana til orkuframleiðslu eru lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vatnalög, nr. 15/1923, raforkulög, nr. 65/2003, lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Af framangreindum lögum eru bæði vatnalög, nr. 15/1923, og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, til heildstæðrar endurskoðunar.

Um rannsóknir á jarðvarma og fallvatni til orkuvinnslu fer skv. III. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar kemur fram í 4. gr. að rannsóknarleyfi þarf vegna leitar og rannsókna á jarðhita og vatnsafli sem ekki fer fram á vegum landeiganda. Lög nr. 57/1998 fjalla einnig um nýtingu á jarðvarma. Skv. IV. kafla laganna þarf leyfi til að nýta jarðvarma hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða þjóðlendum. Í V. kafla laganna, sem fjallar um jarðhita, kemur fram að landeiganda er þó heimilt að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu. Í sama kafla kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita vegna raforkuvinnslu fari samkvæmt ákvæðum orkulaga. Tilvísun þessi nær nú til raforkulaga, nr. 65/2003, en þau taka til vinnslu raforku óháð orkugjafa, sbr. 2. gr. laganna. Í 4. gr. þeirra kemur fram að leyfi þurfi til að reisa og reka raforkuver. Það á þó að meginstefnu ekki við vegna raforkuvera með uppsett afl sem er undir 1 MW. Samkvæmt gildandi vatnalögum, nr. 15/1923, getur einnig þurft leyfi til vatnsmiðlunar vegna virkjunar fallvatns, sbr. 70. gr. laganna. Ef orkulindir sem nýta á eru innan þjóðlendna þarf einnig leyfi forsætisráðherra, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf að fara fram umhverfismat vegna jarðvarmavirkjana og annarra varmaorkuvera með uppsett varmaafl 50 MW eða meira og önnur orkuver með uppsett rafafl 10 MW eða meira, sbr. 5. gr. laganna og 1. viðauka við þau. Þá geta framkvæmdir, þar á meðal rannsóknaboranir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verið háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. laganna og 2. viðauka við lögin, svo og 7. gr. laganna.

Í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, er m.a. fjallað um landslagsvernd (V. kafli) og friðlýstar náttúruminjar (VII. kafli). Skv. 38. gr. laganna þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Eins og fram kemur í VII. kafla laganna skiptist friðlýsing í mismunandi flokka, þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi og fólkvanga, sbr. 50. gr. laganna. Samkvæmt efni sínu getur friðlýsing verið misjafnlega víðtæk og skal þar taka fram að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, sbr. 60. gr. laganna.

Um gerð og framkvæmd skipulags er fjallað í III. kafla skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar er gert ráð fyrir þremur stigum skipulagsáætlana, svæðis-, aðal- og deiliskipulagi, auk svæðisskipulags miðhálendisins. Skv. 3. gr. þeirra fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála en sveitarstjórnir annast gerð skipulagsáætlana. Sérstök samvinnunefnd miðhálendisins annast þó gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið, sbr. 12. gr. a. Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar, náttúruvernd, hverfisvernd o.fl., sbr. 9. gr. laganna. Skulu skipulagsáætlanirnar vera í innbyrðis samræmi, sbr. 7. mgr. 9. gr. laganna. Í 34. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, kemur fram að meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ákvæði þetta verður að lesa í samhengi og samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem segir að afla þurfi framkvæmdaleyfis frá viðkomandi sveitarstjórnum vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess og allra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Slíkt leyfi þarf þó ekki vegna framkvæmda sem eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla laganna. Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er ekki fjallað um skipulagsáætlun sem getur varðað landið allt. Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu þar sem áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun eru samþættar. Er við það miðað að samhljómur verði milli landsskipulagsstefnu og verndar- og nýtingaráætlunarinnar enda er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin sé bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Auk framangreindra laga kunna ýmis önnur lög að snerta einstakar framkvæmdir. Í því sambandi má benda á lög sem taka til ákveðinna svæða, svo sem lög nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, lög nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, og lög nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Einnig getur þurft leyfi skv. 33. gr. laga um lax og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna framkvæmda sem geta haft áhrif á veiði eða lífríki vatns eða skv. 10. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, ef fornleifar er að finna innan áhrifasvæðis virkjunar.

Verði frumvarp þetta að lögum ræðst það af því í hvaða flokk verndar- og nýtingaráætlunarinnar virkjunarkostum er skipað hvort og með hvaða hætti reynir á framangreinda leyfisveitingar- og stjórnsýsluferla.

Nýtingarflokkur.

Í nýtingarflokk falla virkjunarkostir og tilheyrandi landsvæði sem Alþingi áætlar að ráðast megi í að teknu tilliti til þeirra þátta sem vísað er til í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Skipan landsvæða og virkjunarkosta í nýtingarflokk felur þó á engan hátt í sér yfirlýsingu um að út í framkvæmdirnar skuli fara á tímabilinu heldur eingöngu að heimilt sé að veita leyfi vegna þessara virkjunarkosta. Virkjunarkostir sem falla í þennan flokk ættu því að fara í hefðbundið leyfisveitingar- og umhverfismatsferli samkvæmt framangreindum lögum og öðrum lögum eftir því sem við á. Þá fer það eftir ákvæðum laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, hvort framkvæmdin er háð umhverfismati eða ekki. Ekki er útilokað að stjórnvöld meti það svo að ekki skuli gefið út leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í nýtingarflokki. Í ljósi framangreinds er einnig miðað við að verndar- og nýtingaráætlunin feli í sér almenna stefnumörkun en ekki skipulags- eða framkvæmdaáætlun í skilningi laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Flokkun virkjunarkosta í þennan flokk bindur hins vegar almennt skipulagsyfirvöld við gerð skipulagsáætlana. Er því við það miðað að skipulagsáætlanir geri

ráð fyrir viðkomandi framkvæmdum á þeim svæðum sem virkjunarkostir í þessum flokki snerta. Við þá skipulagsgerð getur reynt á framangreind lög um umhverfismat áætlana.

Verndarflokkur.

Í þennan flokk er skipað þeim virkjunarkostum og landsvæðum sem ekki virðist réttlætanlegt að heimila virkjun á að virtum markmiðum laga þessara og þeim sjónarmiðum sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. Skipan virkjunarkosta í þennan flokk felur þó ekki í sér friðlýsingu í hefðbundnum skilningi heldur tímabundna vernd gagnvart orkuvinnslu á þeim svæðum sem afmörkuð eru í verndarflokknum á meðan friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, fer fram eða eftir atvikum þjóðminjalögum, nr. 107/2001. Er við það miðað að undirbúningur friðlýsingar viðkomandi svæða gagnvart orkuvinnslu hefjist þegar í stað eftir að samþykki Alþingis fyrir verndar- og nýtingaráætluninni liggur fyrir. Í þessu ljósi er ekki heimilt að veita leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta á þeim svæðum sem eru í verndarflokki. Á það við um öll stjórnvaldsleyfi sem lögbundin eru og tengst geta virkjun, þar á meðal nýtingarleyfi samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, og framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Þá eru orkurannsóknir einnig óheimilar. Flokkun virkjunarkosta í þennan flokk bindur einnig almennt hendur skipulagsyfirvalda við gerð skipulagsáætlana. Í því felst m.a. að ekki skal gera ráð fyrir framkvæmdum eða starfsemi vegna orkuvinnslu á viðkomandi svæðum.

Biðflokkur.

Í þennan flokk falla allir þeir virkjunarkostir sem að mati Alþingis er ekki unnt að flokka í annan hvorn framangreindra flokka þar sem fyrirliggjandi gögn og upplýsingar gefa ekki nægilega afgerandi til kynna í hvorn flokkinn virkjunarkostirnir ættu að falla. Ekki er heimilt að veita leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem falla í flokkinn. Er þá átt við hvers konar stjórnvaldsleyfi sem lögbundin eru og tengjast viðkomandi virkjun líkt og á við um virkjunarkosti í verndarflokki. Augljóslega verða ákveðnar rannsóknir þó að vera heimilar svo unnt sé að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi virkjunarkostir eigi að falla í nýtingar- eða verndarflokk og er í því sambandi miðað við að framkvæmdir vegna þeirra séu ekki matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Að því marki sem rannsóknir eru heimilar fer um þær samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Hvað skipulagsyfirvöld snertir er ekki miðað við að þau þurfi að breyta skipulagsáætlunum sínum fyrr en fyrir liggur hvort viðkomandi virkjunarkostir falli í verndar- eða nýtingarflokk.

Virkjunarkostir sem ekki eru tilgreindir í verndar- og nýtingaráætluninni.

Í frumvarpinu er lagt til að um nýja virkjunarkosti, þ.e. virkjunarkosti sem ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun, fari líkt og um virkjunarkosti í biðflokki og vísast til þess sem að framan segir um réttaráhrif flokkunar virkjunarkosta í biðflokk.

Breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni.

Gert er ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin sæti reglubundinni endurskoðun eða eftir þörfum. Af því leiðir að skipan virkjunarkosta í framangreinda flokka er ekki endanleg og virkjunarkostir og svæði kunna að færast milli flokka á grundvelli nýrra upplýsinga eða tillagna um breytingu á útfærslu virkjunarkosta. Um rök þessa vísast til umfjöllunar í II. kafla

hér að framan. Ætla má að það verði einkum virkjunarkostir sem eru í biðflokki áætlunarinnar sem færist í annan flokk þótt ekki sé útilokað að virkjunarkostir í öðrum flokkum geti færst á milli flokka.

Stækkun virkjana.

Eins og fram kemur í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að áætlunin taki til stækkunar á virkjunum sem þegar hefur verið ráðist í ef stækkunin felur ekki í sér matsskylda framkvæmd samkvæmt ákvörðun á grundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13. tölul. viðauka 2 við lögin. Þykir ekki þörf á því að fjallað sé um slíkar stækkanir í verndar- og nýtingaráætluninni. Um leyfi vegna slíkra stækkana fer þá samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þær gilda á hverjum tíma.

VI. Um virkjunarkosti og afmörkun þeirra.

Eins og fram kemur í skýrslu 1. áfanga rammaáætlunar og í III. kafla hér að framan hefur vinna við rammaáætlun tekið mið af skilgreindum virkjunarkostum. Er miðað við að svo verði almennt áfram og að Orkustofnun taki um það ákvörðun á grundvelli ákvæða laga þessara sem skulu nánar útfærð í reglugerð hvernig einstakir virkjunarkostir skuli afmarkaðir áður en þeir koma til umfjöllunar hjá verkefnisstjórninni. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðri virkjun verði lýst, áætlaður virkjunarstaður afmarkaður og helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem tengjast virkjun lýst auk þess sem gerð verði áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað fyrirhugaðrar virkjunar eftir því sem kostur er.

Virkjunarsvæði í vatnsafli miðast almennt við allt vatnasvið fallvatnsins ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar. Sjónræn áhrif mannvirkja geta þó náð yfir stærra svæði, t.d. frá háspennulínum. Svæði með nýtanlegu falli í fallvatni nefnast virkjunarstaðir. Ef fallið er ekki allt á einum stað geta verið fleiri en einn virkjunarstaður í fallvatninu. Þessir staðir eru vel þekktir. Framkvæmd virkjunar á hverjum virkjunarstað er nefnd virkjunarkostur. Þar geta ýmsir kostir komið til greina. Við virkjun á sama falli á einhverjum virkjunarstað getur stærð virkjunar verið mismunandi eftir því hvernig miðlun rennslisins er háttað. Til miðlunar þarf miðlunarlón og í mörgum tilvikum er rennsli fallvatnsins aukið með veitum úr nálægum ám. Áhrif virkjunar á umhverfi eru því komin undir því hvernig virkjunarkosturinn er skilgreindur. Þau mannvirki sem mestu máli skipta eru einkum stíflur og veitur, miðlunarlón, aðrennslisgöng og stöðvarhús, frárennsli, lega háspennulína og vega. Stærð virkjunar í MW segir lítið um áhrif hennar á umhverfi.

Í verndar- og nýtingaráætluninni yrði fjallað um skilgreindan virkjunarkost á einhverjum virkjunarstað og áhrif þeirrar virkjunar innan virkjunarsvæðisins. Þar sem áhrifin eru komin undir útfærslu virkjunarinnar verður skilgreindum virkjunarkostum raðað í flokka en ekki virkjunarsvæðum enda þótt fram komi hvernig virkjunarsvæðin eru afmörkuð. Á sama virkjunarstað geta mismunandi virkjunarkostir lent í mismunandi flokkum eftir áhrifum þeirra. Hins vegar kemur til álita að vernda heil vatnasvið. Þau yrðu þá sett í verndarflokk og þar með allir hugsanlegir virkjunarkostir innan þeirra. Eins kemur til álita að friðlýsa hluta vatnasviðs eða hluta fallvatns.

Hvað háhita snertir gera menn sér vonir um virkjanlegan háhita til raforkuvinnslu á háhitasvæði ef mælingar benda til hærri hita en 230°C á 1.000 m dýpi. Í frumvarpinu er miðað við 200°C þar sem ekki er útilokað að tækniframfarir sem eru örar geti leitt til þess að talið verði hagkvæmt að virkja slík svæði til raforkuvinnslu. Víðátta háhitasvæða er könnuð með viðnámsmælingum. Þar er gert ráð fyrir að víðátta háviðnámskjarna gefi til kynna nýtanlegan

hita í berginu. Á því er þó sá annmarki að jarðhitinn gæti verið kulnaður án þess að háviðnámskjarninn sé horfinn. Oft má þó styðjast við hveravirkni og gasútstreymi til að sannprófa vísbendingar viðnámsmælinga. Við undirbúning að rammaáætlun hefur stærð háhitasvæða verið afmörkuð með víðáttu háviðnámskjarna. Háhitasvæði er þá skilgreint sem virkjunarsvæði innan þeirra marka sem háviðnámskjarninn setur. Innan virkjunarsvæðis eru svo valdir virkjunarstaðir. Þar sem ekki er hagkvæmt að flytja gufu langar leiðir er ekki talið hagkvæmt að leiða allt að einum virkjunarstað af stórum svæðum. Í 1. áfanga rammaáætlunar var gert ráð fyrir stöðluðum jarðhitavirkjunum sem framleiddu 120 MW raforku og þyrftu til þess 24 borholur sem boraðar yrðu á 3–4 borvöllum innan 5 ferkílómetra svæðis á yfirborði en næðu með skáborunum til 12 ferkílómetra háhitasvæðis. Áhrifasvæði slíkrar virkjunar væri u.þ.b. 5–12 ferkílómetrar, auk vega til aðkomu og háspennulína. Sjónræn áhrif gætu orðið á stærra svæði. Í jarðhitavirkjunum eru helstu mannvirki einkum borvellir, flutningsæðar að stöð, skiljuhús, stöðvarhús með kæliturnum, frárennsli og niðurdæling, vegir og háspennulínur. Einnig þarf að huga að loftmengun og grunnvatnsmengun.

Í verndar- og nýtingaráætluninni verða metnir skilgreindir virkjunarstaðir innan virkjunarsvæða. Þeim verður raðað í mismunandi flokka eftir áhrifum. Ef fyrir liggur áætlun um virkjun yrði miðað við umfang hennar en áhrifin ráðast fremur af fyrirhuguðum borvöllum og stærð virkjunarstaðarins en áætluðu afli virkjunarinnar. Þar getur sama stærð virkjunarstaðar skilað í fyrstu þreföldu afli á við annan jafnstóran, þótt munurinn jafnist þegar líða tekur á vinnslutímann. Ef engin áætlun er komin væri unnt að miða við staðlaða virkjun eins og gert var í 1. áfanga rammaáætlunar. Í flokkun jarðhitavirkjana væri samkvæmt þessu eðlilegast að miða við skilgreinda virkjunarstaði og áætluð áhrifasvæði þeirra en ekki áætlað afl virkjunar. Ef áform breytast og orkufyrirtæki telur sig geta nýtt meira afl innan sama virkjunarstaðar ætti ekki að þurfa nýtt mat á áhrifum í verndar- og nýtingaráætluninni, en leiði stækkunin til þess að gera þurfi nýja borvelli, sem liggja utan þess svæðis sem við var miðað í mati og flokkun, þyrfti almennt að koma til nýs mats í áætluninni.

Í ljósi framangreinds verður að leggja mat á það við útgáfu leyfis á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulaga hvort virkjunarkostur sem leitað er leyfis vegna sé tilgreindur í nýtingarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar eða hvort um nýjan virkjunarkost er að ræða.

VII. Orkurannsóknir og staða rannsókna- og nýtingarleyfa vegna orkuvinnslu.

Undirbúningsrannsóknir vegna raforkuvera hafa tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Kerfisbundin úttekt á öllum helstu möguleikum á virkjun vatnsaflsins hófst hjá embætti raforkumálastjóra eftir seinni heimsstyrjöldina. Allt fram til 1967 fóru þessar rannsóknir fram á vegum Raforkumálaskrifstofu. Með virkjun Þjórsár við Búrfell fyrir stóriðju hófst nýr kafli í virkjunarsögunni. Landsvirkjun sá um undirbúning virkjana í Þjórsá en Orkustofnun tók við hlutverki Raforkumálaskrifstofu og vann að rannsóknum á orkulindum í vatnsafli og jarðhita og rak til þess rannsóknadeildir, Raforkudeild með Vatnamælingum og Jarðhitadeild. Þegar hlutverk Landsvirkjunar var aukið og Sogsvirkjanir og Laxárvirkjun ásamt Kröfluvirkjun urðu hluti hennar, jafnhliða því að Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja hófu framleiðslu raforku minnkaði hlutdeild ríkisins í undirbúningsrannsóknum vegna raforkuvera og takmarkaðist við frumrannsóknir til að meta orkugetu fallvatna og háhitasvæða sem til greina kæmi að virkja. Með raforkulögum, nr. 65/2003, og nýjum lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, var stofnuninni falið aukið eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk en jafnframt voru rannsóknadeildirnar skildar frá og gerðar að sjálfstæðum

stofnunum, Íslenskum orkurannsóknum og Vatnamælingum sem sameinuðust Veðurstofu Íslands með lögum nr. 70/2008. Eftir þessar breytingar stundar Orkustofnun ekki sjálf rannsóknir á auðlindum en hún skilgreinir rannsóknarverkefni sem kostuð eru af ríkinu og felur þær öðrum samkvæmt verksamningi. Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Orkustofnun meti hugmyndir að virkjunarkostum sem verkefnisstjórn berast og geti einnig átt frumkvæði að skilgreiningu þeirra. Hún mun jafnframt tilgreina hvaða rannsóknir hún telur að gera þurfi áður en hugmyndin er metin af verkefnisstjórn og varðveita þau gögn sem verða til fyrir atbeina verkefnisstjórnar og í starfi hennar.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir. Samkvæmt lögunum er iðnaðarráðherra heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu. Lögin heimila að með sama hætti geti ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skuli þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að fari leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda þurfi ekki til þess leyfi ráðherra. Á grundvelli heimildar í 2. mgr. 33. gr. laganna hefur iðnaðarráðherra framselt leyfisveitingarvaldið til Orkustofnunar.

Orkufyrirtækin stunda einkum rannsóknir á grundvelli rannsóknarleyfa. Frá setningu laga nr. 57/1998 hafa verið gefin út 15 rannsóknarleyfi, þar af 13 vegna rannsókna á jarðhitasvæðum. Af leyfunum 15 verða 9 í gildi í upphafi árs 2010, en í meðfylgjandi töflu er að finna yfirlit yfir útgefin rannsóknarleyfi á grundvelli laga nr. 57/1998.

Svæði	**Auðlind**	**Leyfishafi**	**Útgáfuár**	**Gildistími**
Grændalur	Jarðhiti	Sunnlensk orka	1999	10.6.2002
Tröllladyngja	Jarðhiti	Hitaveita Suðurnesja	2000	1.12.2016
Hengilssvæði	Jarðhiti	Orkuveita Reykjavíkur	2001	1.6.2016
Kröflusvæði	Jarðhiti	Landsvirkjun	2002	31.5.2009
Þeistareykir	Jarðhiti	Þeistareykir ehf.	2004	31.12.2008
Hágöngur/Köldukvíslarbotnar	Jarðhiti	Landsvirkjun	2004	1.8.2008
Heimaey	Jarðhiti v. hitaveitu	Hitaveita Suðurnesja	2004	19.12.2009
Krýsuvík	Jarðhiti	Hitaveita Suðurnesja	2006	1.12.2016
Skjálftavatn, Kelduneshreppi	Jarðhiti v. hitaveitu	Orkuveita Húsavíkur	2006	31.12.2008
Berserkseyri í Grundarfirði	Jarðhiti v. hitaveitu	Orkuveita Reykjavíkur	2006	31.7.2010
Gjástykki	Jarðhiti	Landsvirkjun	2007	10.5.2010
Farið við Hagavatn	Vatnsafl	Orkuveita Reykjavíkur	2007	31.3.2012
Kópsvatn, Hrunamannahreppi	Jarðhiti v. hitaveitu	Hrunamannahreppur Hitaveita Flúða	2008	14.7.2013
Þeistareykir	Jarðhiti	Þeistareykir ehf	2009	31.12.2013
Hólmsá	Vatnsafl	Landsvirkjun/RARIK	2009	31.12.2012

Frá setningu laga nr. 57/1998 hefur verið sótt um rannsóknarleyfi á talsvert fleiri svæðum, en leyfin ekki verið veitt af ýmsum ástæðum. Í júlí 2007 vísaði iðnaðarráðherra frá umsóknum um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum, Kerlingafjöllum, Torfajökulssvæðinu, Langasjó, Grændal og á Fremrinámasvæðinu, þar sem um óröskuð svæði væri að ræða. Orkustofnun hefur nú til afgreiðslu þrjár umsóknir um rannsóknarleyfi, þar af tvær umsóknir um

rannsóknarleyfi á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu og ein umsókn er um rannsóknarleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði á Breiðafirði.

VIII. Um efni frumvarpsins og ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ætla má að margir þeirra virkjunarkosta sem verndar- og nýtingaráætlunin kann að ná til verði innan þjóðlendna eða eignarlanda ríkisins. Má í því sambandi nefna að áætlað hefur verið að nær helmingur háhitasvæða verði innan þjóðlendna, sbr. athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði (135. löggjafarþing, 2007–2008, þskj. 688, 432. mál). Að því marki sem virkjunarkostir sem eru innan eignarlanda eru ekki í eigu ríkisins kann flokkun virkjunarkosta í bið- og verndarflokk að hafa áhrif á eignarréttindi einkaaðila og lögaðila, sbr. ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, og ákvæði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum jarðu. Er í því sambandi einkum bent á ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um ákveðnar takmarkanir við útgáfu leyfa tengdra orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem falla í bið- og verndarflokk áætlunarinnar. Skv. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er eignarrétturinn friðhelgur, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. 1. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið hér á landi með lögum nr. 62/1994. Þá er í þessu sambandi einnig rétt að hafa í huga að skv. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar má því aðeins setja atvinnufrelsinu skorður að það sé gert með lögum og almannahagsmunir krefjast þess.

Við mat á því hvort á vernd 72. eða 75. gr. stjórnarskrárinnar reyni vegna áðurnefndra takmarkana verður að hafa í huga að heimild til virkjunar fallvatna og jarðhita, hvort sem er innan eða utan eignarlanda, hefur sætt verulegum takmörkunum í lögum sem m.a. hafa byggst á þjóðhagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum. Þannig þurfti heimild Alþingis skv. II. kafla orkulaga, nr. 58/1967, til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw. Með raforkulögum, nr. 65/2003, var II. kafli orkulaga numinn úr gildi og stjórnvöldum falið að meta á grundvelli tiltekinna sjónarmiða hvort heimila skuli virkjun, sbr. 5. gr. laganna. Er rétturinn til að nýta orkulindirnar og til að reisa og reka raforkuver af þeirri stærð sem frumvarpið nær til bundinn við leyfi stjórnvalda og háður því að framkvæmdir samræmist skipulagsáætlunum, sbr. umfjöllun um leyfi í V. kafla hér að framan. Heimilt er að krefjast ítarlegra upplýsinga um slíkar framkvæmdir og áhrif þeirra áður en ákvörðun er tekin um hvort þær skuli leyfa. Þá má binda leyfi víðtækum skilyrðum. Rétturinn til að stunda orkurannsóknir hefur einnig verið bundinn almennum takmörkunum þó að þær hafi ekki verið jafn víðtækar og vegna orkuvinnslu. Almennt hefur verið talið að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum og atvinnufrelsi almennar takmarkanir af þeim toga sem að framan er lýst án þess að til bótaskyldu komi enda uppfylli þær jafnræðissjónarmið og þjóni almannahagsmunum. Telja verður að þær takmarkanir sem kunna að felast í frumvarpinu séu af sama meiði og framangreindar takmarkanir.

Flokkun virkjunarkosta í biðflokk lúta að því að tryggja að almenn stefnumörkun um nýtingu lands til orkuvinnslu byggist á fullnægjandi upplýsingum og mati á þeim almannahagsmunum sem í húfi eru og vísað er til í 1. og 3. gr. frumvarpsins. Er í þeim efnum ekki miðað við að gerð sé ríkari krafa en þegar lagt er mat á útgáfu leyfis samkvæmt gildandi lögum. Þvert á móti er miðað við að um ákveðið frummat sé að ræða og má gera ráð fyrir að það nýtist ef til útgáfu leyfis kemur. Þær hömlur sem lagðar eru til að settar verði á orkurannsóknir vegna virkjunarkosta í biðflokki byggjast á varúðarsjónarmiðum og eiga ekki að koma í veg fyrir að tekin verði afstaða til þeirra í áætluninni.

Það á jafnt við um flokkun virkjunarkosta í bið- og verndarflokk áætlunarinnar að hún kemur til endurskoðunar á a.m.k. fjögurra ára fresti og er því í eðli sínu ekki varanleg. Hvað verndarflokkinn snertir er um að ræða virkjunarkosti og landsvæði sem Alþingi metur á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og á grundvelli almennra viðmiða að snerti sérstaklega ríka verndarhagsmuni sem ekki sé réttlætanlegt að fórna með tilliti til orkunýtingarhagsmuna og að því skuli hefja friðlýsingarferli skv. 7. kafla náttúruverndarlaga sem miðar að því að friðlýsa viðkomandi svæði gagnvart orkuvinnslu. Er þar mælt fyrir um ákveðið ferli sem tryggir að haft verði samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila og að leitað verði eftir samkomulagi um friðunina, sbr. 58. gr. laganna. Að loknu því ferli getur ráðherra tekið ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 58., 59. og 64. gr. laganna. Frumvarpið mælir því í sjálfu sér eingöngu fyrir um ákveðna málsmeðferð og tryggir aðkomu Alþingis að mótun stefnu um landnýtingu og þar með samþættingu þeirra ólíku en ríku almannahagsmuna sem í húfi eru. Í því felst að ákvarðanir sem nú eru alfarið hjá stjórnvöldum færast að ákveðnu marki til Alþingis í formi almennrar stefnumörkunar að undangengnu samræmdu og faglegu mati á viðkomandi landsvæðum og virkjunarkostum. Með hliðsjón af því og þeim víðtæku takmörkunum sem heimild til orkuvinnslu innan sem utan eignarlanda hefur sætt og sætir enn og þeim ríku almannahagsmunum sem í húfi eru sem og því að áætlunin sætir reglubundinni endurskoðun verður ekki séð að frumvarpið feli í sér bótaskyldar takmarkanir á réttindum sem varin eru af 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er þó útilokað að endanleg ákvörðun um friðlýsingu landsvæða sem tekin er með hliðsjón af verndar- og nýtingaráætluninni kunni í einhverjum tilvikum mögulega að leiða til bótaskyldu gagnvart landeiganda en þá aðeins ef landeigandi getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins. Er þar vísað til þess að byggja skuli á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati á verndar- og nýtingargildi landsvæða við mat á því hvort nýta skuli fallvötn og háhita sem þar er að finna til orkuvinnslu. Byggist frumvarpið á sjónarmiðum um sjálfbæra þróun og vísast um þá hugmyndafræði til II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Í því ljósi er í frumvarpinu lögð áhersla á að ákvarðanir um nýtingu landsvæða til orkuvinnslu séu teknar með lýðræðislegum hætti. Er það m.a. tryggt með aðkomu hagsmunaaðila og almennings við mótun tillagna um verndun og nýtingu landsvæða og með því að Alþingi samþykki verndar- og nýtingaráætlunina. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að viðkomandi aðilar geti mótað afstöðu sína á grundvelli bestu fyrirliggjandi upplýsinga um verndar- og nýtingargildi þeirra landsvæða þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti og er þannig stuðlað að samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd og aðra landnýtingu við mótun og samþykkt verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Með þessari nálgun er einnig leitast við að tryggja að samræmt frummat liggi fyrir á öllum þeim svæðum þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti og að þannig verði unnt að meta svæðin og virkjunarkostina heildstætt áður en formlegt leyfisveitingarferli vegna einstaka virkjunarkosta hefst. Matið skal samkvæmt frumvarpinu taka tillit til umhverfis-, efnahags- og félagslegra sjónarmiða, sbr. einnig 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er við það miðað að litið sé til langs tíma við mat á þessum hagsmunum og að allir þessir þættir séu vegnir og metnir saman og að þannig verði stuðlað að því að hagsmunir bæði núlifandi og komandi kynslóða verði hafðir að leiðarljósi við ákvörðun um nýtingu landsvæða til orkuvinnslu.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað. Þá eru þau hugtök skilgreind sem rétt þykir að skýra sérstaklega til að tryggja skýrleika og samræmi gagnvart öðrum lögum á auðlinda- og umhverfissviði.

Samkvæmt 1. mgr. ná lögin til landsins alls hvort sem um er að ræða eignarlönd eða þjóðlendur. Af því leiðir að verndar- og nýtingaráætlunin tekur til landsvæða og virkjunarkosta óháð eignarhaldi á viðkomandi landsvæðum og réttindum. Eins og nánar er lýst í VII. kafla almennra athugasemda við frumvarpið lúta þær breytingar sem felast í frumvarpinu fyrst og fremst að því að Alþingi komi að ákvörðunartöku um nýtingu lands til orkuvinnslu í stað þess að valdið sé alfarið hjá framkvæmdarvaldinu og að mótuð verði heildstæð stefna á grundvelli almennra sjónarmiða um hvaða landsvæði megi nýta og hvaða landsvæði sé rétt að friða áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin um hvort ráðast megi í einstaka virkjunarkosti. Fram kemur í 3. gr. frumvarpsins að stefnan skuli byggð á sjónarmiðum er varða almannahag og lúta einkum að umhverfisvernd og félagslegum og efnahagslegum þáttum. Stefnan er mótuð til 12 ára en sætir endurskoðun á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Hugtökin „fallvatn“, „háhitasvæði“, „orkurannsóknir“, „virkjunarkostir“, „yfirborðsrannsóknir“ og „fallvatn“ hafa ekki verið skilgreind fyrr í lögum. Nauðsyn þykir að skilgreina hugtökin „fallvatn“ og „háhitasvæði“ þar sem verndar- og nýtingaráætlunin á samkvæmt frumvarpinu aðeins að ná til þeirra orkulinda. Hugtakið „orkurannsóknir“ er skilgreint í frumvarpinu í þeim hagnýta tilgangi að einfalda texta frumvarpsins. Rétt er að leggja áherslu á að þær takmarkanir sem felast í frumvarpinu á heimildum til rannsókna lúta eingöngu að þeim rannsóknum sem skilgreindar eru sem orkurannsóknir. Hugtakið nær aðeins til rannsókna sem tengjast orkuvinnslu og byggjast á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Takmarkanir frumvarpsins ná því t.d. ekki til almennra vatnafarsrannsókna eða rannsókna á háhitasvæðum sem lúta að annarri nýtingu þeirra en til orkuvinnslu, svo sem almennum náttúrufarsrannsóknum. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt slíkar rannsóknir kunni einnig að nýtast vegna orkuvinnslu. Til frekari afmörkunar varðandi rannsóknir á svæðum sem falla í verndarflokk er hugtakið „yfirborðsrannsóknir“ skilgreint. Í skilgreiningunni felst að slíkar rannsóknir byggjast á kortlagningu, mælingum og sýnatöku, sem fer fram án röskunar á landslagi eða náttúru. Skilgreiningin felur í sér útlistun á því hvað felst í rannsóknum á jarðfræði, en í rannsóknum á lífríki og vatnafari er áhersla á kortlagningu vistgerða og tegunda í gróðri og dýralífi auk þess sem fylgst er með rennsli, úrkomu og lífríki vatna. Þá er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið „virkjunarkostur“ þar sem verndar- og nýtingaráætlunin og réttaráhrif hennar markast af því hvernig virkjunarkostir eru afmarkaðir. Um virkjunarkosti og afmörkun þeirra vísast til VI. kafla frumvarpsins. Önnur hugtök en þau sem að framan greinir eru skilgreind í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eða lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, og þarfnast því ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal iðnaðarráðherra, í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra, á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Þar sem áætlunin tekur bæði til nýtingar og verndar landsvæða er mikilvægt að ráðherrar umhverfis- og orkumála vinni náið saman að undirbúningi hennar. Þannig verður best tryggt að heildstætt mat fari fram á þeim hagsmunum sem í húfi eru. Skipan og samsetning verkefnisstjórnar skv. 8. gr. frumvarpsins á að stuðla að því að svo megi verða. Lagt er til að gildistími áætlunarinnar

verði 12 ár. Er í því sambandi höfð hliðsjón af gildistíma landsskipulagsstefnu. Gert er ráð fyrir að áætlunin komi til endurskoðunar á fjögurra ára fresti. Er við val á þessum tímamörkum leitast við að tryggja að nægilegur tími sé til stefnu til að vinna að endurskoðaðri áætlun þar sem unnt verði að taka mið af endurbættum eða nýjum gögnum og upplýsingum um virkjunarkosti sem tilgreindir eru í gildandi áætlun. Eru í þessu sambandi einkum hafðir í huga þeir virkjunarkostir sem eru í biðflokki áætlunarinnar þótt ekki sé útilokað að aðrir virkjunarkostir geti komið til endurskoðunar. Þá kunna að koma fram óskir um að nýir virkjunarkostir verði skoðaðir. Einnig var við val á þessum tímamörkum tekið mið af því að unnt sé að ljúka friðlýsingu á grundvelli náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, og eftir atvikum þjóðminjalaga, nr. 107/2000.

Í 2. mgr. kemur fram að í verndar- og nýtingaráætluninni skuli mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Er í samræmi við það lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í nýtingar-, verndar- og biðflokk. Stefnumótun um nýtingu og vernd un landsvæða til orkuvinnslu verður þannig í höndum Alþingis. Hún verður samkvæmt frumvarpinu byggð á upplýsingum um viðkomandi virkjunarkosti og verndar- og nýtingargildi þeirra landsvæða sem um ræðir, sbr. þau sjónarmið sem vísað er til í 4. mgr. greinarinnar og nánar er gerð grein fyrir hér að aftan og í III. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Miðað er við að í áætluninni komi fram lýsing á viðkomandi virkjunarkostum. Þá er miðað við að þau svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu séu afmörkuð svo og virkjunarstaður og væntanlegt virkjunarsvæði þeirra virkjunarkosta sem falla í nýtingar- og biðflokk áætlunarinnar, sbr. umfjöllun í VI. kafla almennra athugasemda við frumvarpið.

Í 3. mgr. kemur fram að verndar- og nýtingaráætlunin taki til virkjunarkosta sem verkefnisstjórnin hefur fjallað um. Er þannig við það miðað að Alþingi taki ekki afstöðu til annarra virkjunarkosta en verkefnisstjórnin hefur fjallað um. Í því felst á engan hátt að Alþingi sé bundið af tillögum verkefnisstjórnarinnar eða ráðherra um flokkun virkjunarkosta heldur eingöngu að áður en Alþingi fjallar um áætlunina liggi fyrir faglegt mat á virkjunarkostum og landsvæðum. Um skýringar á því hvað teljist „virkjunarkostur“ vísast til athugasemda um 2. gr. frumvarpsins og VI. kafla almennra athugasemda. Í 3. mgr. eru dregin stærðarmörk þeirra virkjana sem áætlunin nær til og miðast þau við afl virkjana. Þessi mörk taka mið af stærðarmörkum 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem er að finna lista yfir þær framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 5. gr. laganna. Telja verður að það horfi til einföldunar að miða við ákveðin stærðarmörk og að gildandi stjórnsýsluferlar hverju sinni nægi til að tryggja þá hagsmuni sem frumvarpinu er ætlað að vernda þegar um er að ræða smærri virkjanir. Stærðarmörkin vísa annars vegar til raforkuvinnslu (rafafl) og hins vegar framleiðslu á heitu vatni (varmaafl). Þrátt fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin taki fyrst og fremst til virkjunarkosta vegna raforkuvinnslu þykir rétt að frumvarpið nái einnig til heitavatnsvinnslu þar sem ekki er útilokað að háhitasvæði séu nýtt í þeim tilgangi eingöngu eða samhliða raforkuvinnslu. Verndar- og nýtingaráætlunin og ákvæði 5. og 6. gr. mundu ekki ná tilgangi sínum ef unnt væri að undirbúa og hefja heitavatnsvinnslu á þeim svæðum sem afmörkuð eru vegna virkjunarkosta sem falla í bið- og verndarflokk. Þá kemur fram í 3. mgr. að áætlunin nær ekki til stækkunar virkjana sem ráðist hefur verið í ef stækkunin felur ekki í sér matsskyldar framkvæmdir skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13. tölul. viðauka 2. Í mörgum tilvikum fela slíkar stækkanir ekki í sér nema takmarkaðar breytingar á þeim mannvirkjum sem þegar hafa verið reist en geta þó aukið afl virkjunar talsvert meira en áðurgreind mörk. Stækkun

getur þó einnig falið í sér viðamiklar framkvæmdir sem rétt er að fjalla um sem sérstakan virkjunarkost. Í frumvarpinu er leitast við að byggja eins og kostur er á gildandi stjórnsýsluferlum og er í þeim anda lagt til að í þessum efnum verði byggt á áðurgreindum viðmiðum laga nr. 106/2000 og þeim stjórnsýsluferlum sem lögin mæla fyrir um. Ef um matsskylda framkvæmd er að ræða ætti hún að koma til umfjöllunar í verkefnisstjórninni og Alþingi að taka afstöðu til hennar. Falli hún í nýtingarflokk áætlunarinnar þyrfti þá ekki aftur að taka afstöðu til matsskyldu hennar heldur gæti hún farið beint í umhverfismat. Að lokum er kveðið á um að verndar- og nýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem þegar hafa verið friðlýst skv. 50. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, nema þá aðeins ef friðlýsingarskilmálar taka sérstaklega fram að friðlýsing sé ekki gagnvart virkjunum. Hins vegar er verkefnisstjórn heimilt að fjalla um virkjunarkosti og landsvæði innan friðlýstra svæða til samanburðar við aðra kosti.

Í 4. mgr. eru talin þau sjónarmið sem ber að horfa til við gerð verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Samræmast þau þeim sjónarmiðum sem starfandi verkefnisstjórn og fyrri verkefnisstjórnir vegna rammaáætlunar hafa byggt á. Sérstaklega er vísað til markmiða laganna sem eiga að tryggja að matið sé heildstætt og að langtímahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi og þjóni þannig markmiðum um sjálfbæra þróun. Það eru því ekki eingöngu hagsmunir núlifandi kynslóðar sem skulu hafðir að leiðarljósi heldur ekki síður hagsmunir komandi kynslóða af sjálfbærri og skynsamlegri nýtingu þeirra auðlinda sem þarf til orkuvinnslu. Eðli málsins samkvæmt er tilvísun 4. mgr. almenn. Gert er ráð fyrir að viðmið og aðferðafræði sem verkefnisstjórn sú sem skipa á skv. 8. gr. frumvarpsins byggir faglegt mat sitt og tillögur á sé nánar útfærð í reglum sem birtar eru opinberlega, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Í því starfi sem fram hefur farið í tengslum við undirbúning rammaáætlunar síðastliðin ár hafa viðmið og verklag þróast. Gert er ráð fyrir að reglurnar taki mið af þeirri reynslu sem þar hefur fengist en að þær geti þurft að þróa í ljósi reynslu og aðstæðna. Þá er rétt að benda á að í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar. Hafa ber í huga að endanleg ákvörðun um stöðu svæða og flokkun virkjunarkosta er í höndum Alþingis.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. falla í nýtingarflokk þeir virkjunarkostir sem áætlað er að ráðast megi í á gildistíma áætlunarinnar að teknu tillit til þeirra sjónarmiða sem vísað er til í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Skipan virkjunarkosta í nýtingarflokk hefur þau áhrif að sveitarstjórnum verður heimilt að gera ráð fyrir virkjunum í skipulagsáætlunum sínum og stjórnvöldum verður heimilt að fara í leyfisveitingarferli vegna virkjunarkostanna hvort sem viðkomandi framkvæmdir lúta að orkurannsóknum eða vinnslu, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Er þá vísað til hefðbundins leyfisveitingarferils samkvæmt gildandi lögum eins og nánar er lýst í V. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Þá er einnig heimilt eins og verið hefur að stunda þær orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar lögum samkvæmt. Eins og fram kemur í VI. kafla almennra athugasemda er virkjunarkostur skilgreindur miðað við ákveðnar framkvæmdir og ákveðinn virkjunarstað. Er rétt að árétta að leyfisheimild þessarar greinar er ekki bundin við afl heldur þá framkvæmd sem fjallað hefur verið um og/eða eftir atvikum virkjunarstað.

Um 5. gr.

Í þennan flokk falla fyrst og fremst virkjunarkostir sem ekki er talið unnt að flokka í verndar- eða nýtingarflokk þar sem ekki liggja fyrir gögn eða upplýsingar sem gefa nægilega

til kynna í hvorn flokkinn virkjunarkostirnir ættu að falla. Útfærsla skilgreindra virkjunarkosta sem verndar- og nýtingaráætlunin tekur til er misjafnlega langt komin og sama á við um rannsóknir á verndar- og nýtingargildi landsvæða. Þegar svo stendur á kann að vera rétt að afla betri upplýsinga áður en tekin er afstaða til þess í hvorn flokkinn viðkomandi kostir falli. Er það í samræmi við grundvallarsjónarmið frumvarpsins um að ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggi á heildstæðu og faglegu mati. Á hinn bóginn er rétt að undirstrika að ekki er miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Hafa verður í huga að hér er um áætlun að ræða og að eftir að virkjunarkostur hefur verið flokkaður í nýtingarflokk fer fram mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Þá kann að vera örðugt að afla sambærilegra upplýsinga um alla virkjunarkosti.

Af sjálfu leiðir að stjórnvöldum er ekki heimilt að leyfa framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í biðflokki. Hvað rannsóknir snertir er hins vegar mikilvægt að unnt sé að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á til að ákveða í hvaða flokk viðkomandi virkjunarkostir eiga að falla. Í því ljósi er skv. 2. mgr. greinarinnar heimilt að veita leyfi til ákveðinna orkurannsókna vegna virkjunarkosta í biðflokki. Þar sem framkvæmdir vegna orkurannsókna, einkum jarðhitarannsókna, kunna að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif þykir rétt að takmarka þær rannsóknir sem heimilar eru vegna virkjunarkosta í biðflokki við rannsóknir sem ekki fela í sér matsskyldar framkvæmdir í skilningi laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 5.–7. gr. Helst getur reynt á 6. gr. laganna sem fjallar um matsskyldu framkvæmda sem geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Með framkvæmdum sem hugsanlega eru matsskyldar skv. 6. gr. laganna má nefna rannsóknarholur á háhitasvæðum, sbr. i. lið c-liðar 2. tölul. 2. viðauka við lögin. Umtalsverð umhverfisáhrif eru í 3. gr. laganna skilgreind sem veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum. Áður en rannsóknarleyfi er veitt þarf því að liggja skýrt fyrir hvort viðkomandi rannsóknir fela í sér matsskyldar framkvæmdir eður ei. Ef um matsskyldar framkvæmdir er að ræða er ljóst að faglegt mat á viðkomandi virkjunarkosti verður að byggja á öðrum fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi virkjunarkost. Takmarkanir á heimildum til rannsókna eiga því ekki að koma í veg fyrir að tekin sé afstaða til þess hvort virkjunarkostur falli í verndar- eða nýtingarflokk. Séu slíkar rannsóknir ekki tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er Orkustofnun heimilt að veita leyfi til rannsókna á grundvelli laga nr. 57/1998 en í lögunum er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar umhverfisráðuneytis áður en rannsóknarleyfi er gefið út.

Um 6. gr.

Í verndarflokk áætlunarinnar falla þeir virkjunarkostir sem Alþingi telur með hliðsjón af viðmiðum 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins að ekki sé réttlætanlegt að ráðist sé í. Þá kunna að vera skilgreind svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. kemur svo fram sú meginregla að hvers konar framkvæmdir eða rannsóknir vegna virkjunarkosta í þessum flokki eru óheimilar. Þó er heimilt að framkvæma yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki, enda fela slíkar rannsóknir ekki í sér varanlega mannvirkjagerð eða röskun á landslagi, náttúru eða menningarsögulegum minjum, sbr. skilgreiningu 2. gr.

Þykir rétt að stjórnvöld fái fullt svigrúm til að ljúka friðunarferli á þeim svæðum sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Ákveðin hætta er á að orkurannsóknir á

vegum landeigenda, framkvæmdaraðila eða annarra einkaaðila í hagnýtum tilgangi kunna að trufla það ferli óháð því hvort þær hafi í för með sér veruleg umhverfisáhrif eða ekki. Hins vegar þykir ekki réttlætanlegt að útiloka með öllu orkurannsóknir á viðkomandi svæðum. Orkustofnun þarf að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu og tryggt að fyrir liggi grunnupplýsingar um allar orkulindir landsins. Slíkar upplýsingar geta verið mikilvægar í samanburðartilgangi eða öðrum almennum tilgangi. Þá þykir ekki rétt að útiloka að slíkar grunnrannsóknir séu stundaðar af orkufyrirtækjum eða öðrum aðilum. Er það Umhverfisstofnunar að meta hvort þær skuli leyfa. Að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir sem nánar eru skilgreindar í 2. gr.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á stjórnvöld að ráðast í undirbúning að friðun þeirra svæða sem afmörkuð eru í verndarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar þegar eftir að Alþingi hefur samþykkt hana. Friðunin þarf eingöngu að lúta að framkvæmdum sem ekki eru heimilar skv. 2. mgr. Gert er ráð fyrir að um friðunina fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Er við það miðað að ákvörðun um friðlýsingu, sbr. 58 eða 59. gr. náttúruverndarlaga, liggi almennt fyrir áður en endurskoðuð verndar- og nýtingaráætlun er lögð fyrir Alþingi að fjórum árum liðnum. Í sumum tilvikum getur friðun lotið að menningarminjum og er gert ráð fyrir að um hana fari eftir því sem við á samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Um 7. gr.

Sú stefnumörkun sem felst í þingsályktun um verndar- og nýtingaráætlun takmarkar heimildir sveitarfélaga í skipulagsmálum. Í greininni er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir skuli samræma skipulagsáætlanir sínar verndar- og nýtingaráætluninni. Í þessu felst m.a. að ekki er gert ráð fyrir því að virkjanir séu settar inn á skipulagsáætlanir nema það samræmist flokkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun.

Sveitarstjórnir skulu leitast við að samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá því að hún er samþykkt á Alþingi. Þannig skulu þær gera ráð fyrir þeim virkjunarkostum sem tilgreindir eru í nýtingarflokki áætlunarinnar og friðun þeirra svæða sem eru í verndarflokki áætlunarinnar. Ekki þarf í áætlununum að taka afstöðu til þeirra virkjunarkosta sem falla í biðflokk áætlunarinnar. Sveitarstjórnir þurfa tíma til að ljúka þeirri vinnu sem felst í hugsanlegri endurskoðun gildandi skipulagsáætlana og er gert ráð fyrir fjórum árum í því sambandi.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir geti frestað ákvörðun um einstaka kosti í allt að tíu ár frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Með því er m.a. tekið tillit til þess að sá munur er á verndar- og nýtingarkostum að nýting útilokar allajafna síðari vernd. Með hinum sérstaka fresti í allt að tíu ár gefst sveitarstjórnum færi á því að huga sérstaklega að landnotkun á mikilvægum svæðum og gera tillögur um breytingar á áætluninni og er þá litið svo á að ekki sé þörf á hinum tæknilega fjögurra ára fresti skv. 2. mgr. Skal á þessum tíma fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt verndar- og nýtingaráætlun þeirri sem þá er í gildi.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein skal iðnaðarráðherra skipa sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar við undirbúning að gerð tillagna vegna verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að í verkefnisstjórninni eigi sæti fulltrúar þeirra stjórnvalda sem verndar- og nýtingaráætlunin helst varðar en undirbúningur hennar krefst mikillar samvinnu milli stjórnvalda og stofnana. Ekki er gert ráð fyrir að hagsmuna-

aðilar eða frjáls félagasamtök tilnefni í verkefnisstjórnina. Hins vegar er lögð áhersla á víðtækt samráð og opið ferli við vinnu verkefnisstjórnarinnar, sbr. 10. gr. Eðlilegt verður að telja að í verkefnisstjórnina veljist fagfólk sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem starf hennar lýtur helst að.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er meginhlutverki verkefnisstjórnarinnar lýst. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin sé eingöngu ráðgefandi og er henni því ekki falið að taka stjórnvaldsákvarðanir. Við afmörkun á hlutverki verkefnisstjórnarinnar var tekið mið af hlutverki þeirrar verkefnisstjórnar sem skipuð var árið 2007 og vísað er til í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið. Verkefnisstjórn skipar faghópa sem fjalla um þá þætti sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. Faghóparnir skuli skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Samkvæmt 2. mgr. er það Orkustofnun sem ákveður hvaða virkjunarkostir eru nægilega skilgreindir svo verkefnisstjórnin og faghópar geti yfir höfuð fjallað um þá. Þar sem þau landsvæði sem leggja þarf mat á afmarkast jafnan af því hvernig virkjunarkostir eru útfærðir verður að gera kröfu um að þeir séu afmarkaðir og að ákveðnar upplýsingar um fyrirhugað afl og orkugetu þeirra liggi fyrir eins og kostur er. Í þessu sambandi þarf þó að taka tillit til þess að erfitt getur verið að gefa annað en almennar lýsingar eða áætlanir þegar um er að ræða háhitasvæði þar sem ekki er unnt að afla nægilegrar þekkingar nema með rannsóknarborunum sem ekki fara fram fyrr en á síðari stigum, sbr. einnig umfjöllun í VI. kafla almennra athugasemda. Gert er ráð fyrir að ráðherra mæli nánar fyrir um það í reglugerð hvaða upplýsingar þurfa að fylgja beiðni til Orkustofnunar. Í greininni er ekki mælt fyrir um ákveðna málsmeðferð verkefnisstjórnarinnar þegar hún hefur fengið beiðni til umfjöllunar. Við það ber að miða að mat á hverjum virkjunarkosti fari fram eins fljótt og kostur er og tillögur verkefnisstjórnarinnar liggi fyrir þannig að unnt sé að leggja fram endurskoðaða áætlun á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rétt er að um málsmeðferðina verði mælt í reglum ráðherra, sbr. 6. mgr. 10. gr.

Til að taka af öll tvímæli segir í 3. mgr. að verkefnisstjórnin geti í samræmi við ráðgjafarhlutverk sitt tekið virkjunarkosti til endurskoðunar sem þegar hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun. Er í því sambandi haft í huga að nýjar og betri upplýsingar um einstaka virkjunarkosti, breytt tækni og aðrir breytilegir þættir geta haft áhrif á flokkun virkjunarkosta. Verkefnisstjórnin getur sjálf átt frumkvæði að endurmati eða gert það á grundvelli beiðni sem öllum er frjálst að beina til hennar. Endurmat á áætluninni er þó ekki háð því að verkefnisstjórnin hafi endurskoðað fyrra mat enda er upprunalegt mat hennar ekki bindandi. Þannig getur ráðherra gert tillögu um að færa virkjunarkosti á milli flokka óháð afstöðu verkefnisstjórnarinnar og Alþingi ákveðið slíkt hið sama við endurskoðun áætlunar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er að finna fyrirmæli um hvernig verkefnisstjórnin skuli haga verklagi sínu og hvernig vinna faghópa skuli lögð til grundvallar í mati verkefnisstjórnar. Tekið er fram að verkefnisstjórnin beiti hverju sinni samræmdum viðmiðum við mat og flokkun á virkjunarkostum og verndar- og nýtingargildi viðkomandi landsvæða. Þá er við það miðað að hún beiti svipuðum aðferðum við undirbúning og gerð tillagna sinna og þróaðar hafa verið á vegum fyrri verkefnisstjórna og faghópar vinni að endurbótum á þeim eftir því sem aukin þekking

og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Um verklag og viðmið verði fjallað í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum verkefnisstjórnarinnar, sbr. 6. mgr. greinarinnar. Hvað rannsóknir og upplýsingaöflun snertir er rétt að árétta að um áætlun er að ræða og verður því ekki gerð krafa um ítarleg gögn og upplýsingar um verndar- og nýtingargildi landsvæða og eða áhrif virkjunarkosta. Verður að taka mið af því að um heildstætt frummat er að ræða en ekki mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda líkt og fram fer á grundvelli laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Varðandi mat á því hvort fyrirliggjandi gögn eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætluninni er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn leiti umsagnar Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórnin láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim, áður en eiginlegt matsferli hefst.

Í 2. mgr. kemur fram að verkefnisstjórnin leiti faglegrar aðstoðar hjá þeim sem best til þekkja á þeim sviðum sem starf verkefnisstjórnarinnar snertir og hafi víðtækt samráð við viðkomandi stjórnvöld og stofnanir, frjáls félagasamtök og þá sem beina hagsmuni geta átt af því hvernig landsvæði eru metin og virkjunarkostir flokkaðir. Getur verkefnisstjórnin viðhaldið svipuðu fyrirkomulagi og fyrri verkefnisstjórnir sem fólu sérfræðingum að fjalla um helstu sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við vinnuna og skipaði þeim í faghópa eftir viðfangsefnum. Verkefnisstjórnin þarf að geta kallað til færustu sérfræðinga og tryggt að sérfræðiþekking innan hópanna sé hæfilega dreifð. Þá getur hún falið einstökum faghópum að setja á laggirnar undirhópa og/eða kalla til ráðgjafar fleiri sérfræðinga um afmarkaða hluta starfssviðs þeirra. Miðað er við að ferlið sé gagnsætt. Verkefnisstjórnin á því í ríkum mæli að miðla upplýsingum um t.d. verkefni sín, stöðu mats og aðferðafræði. Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um ákveðið lögbundið ferli sem á að fara fram áður en endanlegar tillögur verkefnisstjórnar eru lagðar fyrir ráðherra.

Í 4. mgr. kemur fram að verkefnisstjórnin skuli afhenda ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina. Á verkefnisstjórnin því að afmarka virkjunarsvæði og þau landsvæði sem hún telur rétt að friðlýst séu. Tillögur verkefnisstjórnarinnar eiga að vera rökstuddar. Í því felst að þeim skuli fylgja upplýsingar um á hvaða forsendum flokkunin og afmörkun landsvæðanna er byggð, þ.e. helstu rannsóknarniðurstöður, útreikningar og annað sem verkefnisstjórnin byggir tillögur sínar á, allt eftir fyrirmælum ráðherra.

Í 5. mgr. er svo mælt fyrir um að ráðherra skuli taka tillögur verkefnisstjórnarinnar til skoðunar. Hann er ekki bundinn af tillögum hennar. Víki hann frá þeim er honum skylt að fylgja því umsagnarferli sem mælt er fyrir um í 3. mgr. varðandi þau frávik sem um er að ræða. Að slíku ferli loknu skal hann leggja fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi. Um framlagningu fyrstu tillögu til þingsályktunar um verndar- og nýtingaráætlun fer samkvæmt bráðabirgðaákvæði við frumvarpið. Eftir það á ráðherra að leggja fram næstu tillögu innan fjögurra ára frá framlagningu fyrstu tillögunnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Ráðherra getur ákveðið að leggja fram tillögur um breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni svo oft sem hann telur nauðsynlegt með hliðsjón af verndar- og nýtingarhagsmunum og falið verkefnisstjórninni að starfa samkvæmt því.

Að lokum er í 6. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um starfsemi verkefnisstjórnarinnar að fengnum tillögum frá henni. Reglurnar geta t.a.m. lotið að upplýsingasöfnun, bæði umfangi og málsmeðferð, viðmiðum og matsaðferðum. Er þeim ætlað að tryggja ákveðið samræmi og vandaða stjórnsýslu.

Um 11.–13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. kemur fram að ráðherra skuli fyrst leggja fram tillögu til þingsályktunar þegar fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007. Skv. 13. gr. frumvarpsins taka ákvæði þess ekki til þeirrar verkefnisstjórnar en hún hefur þó að öllu verulegu leyti lagt sömu sjónarmið og frumvarpið byggist á til grundvallar vinnu sinni og beitt við það þeim aðferðum sem lýst er í frumvarpinu, sbr. III. kafla almennra athugasemda.

Í 2. mgr. er svo mælt fyrir um hvernig ráðherra skuli kynna þingsályktunartillöguna sem hann hyggst leggja fram.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skipan verkefnisstjórnar á grundvelli 8. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Markmið með frumvarpi þessu er að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem átt hefur sér stað undanfarinn áratug við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra þá stöðu sem hún á að hafa gagnvart stjórnvöldum við ákvarðanatöku um veitingu rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjanakostum.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að iðnaðarráðherra skuli eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Í áætluninni skal mótuð stefna um hvort nýta megi til orkuvinnslu landsvæði þar sem er að finna skilgreinda verkjunarkosti eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Sex manna verkefnisstjórn skal vera ráðherra til ráðgjafar við undirbúning og gerð tillögunnar. Verkefnisstjórnin skal meta þörf á rannsóknum vegna áætlunarinnar og hafa umsjón með upplýsingaöflun faglegu mati og tillögugerð til ráðherra og vera samráðsvettvangur vegna hennar. Skal verkefnisstjórnin fjalla um skilgreinda virkjunarkosti og þau landsvæði sem þeir hafa áhrif á að hennar mati.

Gera má ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum vegna vinnu við undirbúning verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Frá árinu 1999 hefur 50 m.kr. árlegt framlag verið í fjárlögum til virkjanarannsókna og rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma en samfara lokum á vinnu rammaáætlunarinnar er í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 gert ráð fyrir að það framlag falli niður. Ekki liggur fyrir hvert verður umfang rannsókna vegna áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjana-

kostum í tengslum við frumvarp þetta en lauslegt mat iðnaðarráðuneytis gerir ráð fyrir minnst 30 m.kr. árlegum kostnaði frá og með árinu 2011. Að öðru leyti verður ekki séð að frumvarp þetta hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1281. Frumvarp til laga [661. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna í ríkissjóð. Tekjunum skal varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Gjald samkvæmt lögum þessum skal síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Efni frumvarpsins.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu. Við samningu þess var haft samráð við fjármálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samtök iðnaðarins og Meistarafélag húsasmiða. Einnig var aflað upplýsinga og gagna frá ríkisskattstjóra og Fjársýslu ríkisins. Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarmálagjald samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, verði síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009.

Lagt er til að gjaldinu sem lagt er á árið 2010 vegna rekstrarársins 2009 verði ráðstafað til mennta- og nýsköpunarverkefna á sviði iðnaðar og að sú ráðstöfun verði ákveðin á fjárlögum. Á fjárlögum 2010 er reiknað með að iðnaðarmálagjald ársins verði 420 millj. kr. en ljóst er að innheimt gjald verður ekki nákvæmlega sú fjárhæð.

Tilefni þess að ráðist var í endurskoðun á lögum um iðnaðarmálagjald er dómur Mannréttindadómstóls Evrópu um iðnaðarmálagjald frá 27. apríl 2010. Í dómnum er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmd laga um iðnaðarmálagjald sé í andstöðu við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Af dómnum verður ekki ráðið að gjaldtakan sé með öllu óheimil heldur að breyta þurfi því fyrirkomulagi sem gildir varðandi ráðstöfun gjaldsins og eftirlit með því.

Þrátt fyrir að ekki sé talið að dómurinn leiði sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að gjaldtakan sé með öllu óheimil er það nokkuð útbreidd skoðun að rétt sé að hætta innheimtu gjaldsins. Þannig hafa Samtök iðnaðarins sjálf beint þeim tilmælum til iðnaðarráðherra að hann leggi til að gjaldtökunni verði hætt.

II. Nánar um iðnaðarmálagjald.

a. Gjaldtaka frá árinu 1975.

Lög um iðnaðarmálagjald voru fyrst sett á árinu 1975. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kom fram að ástæður gjaldsins væru m.a. þær að heildarsamtök iðnaðarins þyrftu aukið fjármagn til að mæta auknum kröfum samfélagsins til iðnþróunar en fram að þessu höfðu megintekjustofnar iðnaðarsamtaka verið félagsgjöld. Samtökin töldu einnig að aukið fjármagn væri forsenda þess að þau gætu haft í sinni þjónustu nauðsynlegt starfslið til að sinna verkefnum sem kröfðust úrlausnar. Enn fremur var talið að þau þyrftu aukið fjármagn til margs konar útgáfu og fræðslu-, kynningar- og rannsóknarstarfsemi. Í athugasemdunum var einnig vísað til þess að skattlagning af þessu eða svipuðu tagi ætti sér fordæmi frá öðrum atvinnugreinum og var í því sambandi vísað til búnaðarmálasjóðsgjalds, sbr. núgildandi lög nr. 84/1997, um búnaðargjald. Samkvæmt lögunum um iðnaðarmálagjald var kjötiðnaður, mjólkuriðnaður og fiskiðnaður undanþeginn gjaldinu og einnig iðnfyrirtæki í einkaeign opinberra aðila. Gjaldið skyldi renna til Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sölustofnunar lagmetis sem ráðstafaði gjaldinu til eflingar á lagmetismarkaði og Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna en tekjum af gjaldinu skyldi varið í að efla íslenskan iðnað og vinna að jákvæðri iðnþróun í landinu. Einnig var lögð sú skylda á félögin að skila árlegri skýrslu til iðnaðarráðuneytis um ráðstöfun gjaldsins. Með lögunum frá 1975 var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 0,01% á allan iðnrekstur og gjaldstofninn væri sá sami og af iðnlánasjóðsgjaldi, þ.e. aðstöðugjald.

Með nýjum heildarlögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, voru gerðar nokkrar breytingar á gjaldinu. Ástæður lagabreytinganna voru einkum þær að aðstöðugjald hafði verið lagt niður og einnig að verulegar breytingar höfðu orðið á starfsemi fyrirtækja og samtaka sem lögin tóku til. Með lögunum árið 1993 var sú meginbreyting gerð að gjaldstofn iðnaðarmálagjalds varð velta skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. sömu laga. Enn fremur var ákveðið að 0,5% af gjaldinu rynnu í ríkissjóð vegna kostnaðar við innheimtu þess. Tekjurnar skyldu renna til Samtaka iðnaðarins til að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og var fiskiðnaður, kjötiðnaður og mjólkuriðnaður áfram undanskilinn. Fyrirtæki sem voru að öllu leyti í eigu opinberra aðila og fyrirtæki sem stofnuð voru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti voru einnig undanþegin gjaldinu.

Með lögum nr. 81/1996 voru gerðar breytingar á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, þess efnis að í staðinn fyrir neikvæða upptalningu á því hvaða iðnaður skyldi falla undir lögin var sá háttur hafður á að þær iðnaðargreinar sem heyrðu undir lögin voru taldar upp með tæmandi hætti í viðauka.

Með lögum nr. 21/2009 voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 134/1993 að nýr viðauki með lista yfir gjaldskylda aðila tók gildi. Einungis var um tæknilega breytingu að ræða þar sem ný atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008 hafði tekið gildi 1. janúar 2008. Sú atvinnuvegaflokkun hafði verið tekin í notkun í skattkerfinu við álagningu opinberra gjalda og þess vegna var ekki mögulegt að notast við ÍSAT 95 við afmörkun gjaldskyldra aðila samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald.

Loks má geta þess að þegar sett hafa verið lög um fjárfestingarsamninga vegna einstakra fjárfestinga hér á landi, t.d. á sviði stóriðju, hafa þau fyrirtæki m.a. verið undanþegin greiðslu iðnaðarmálagjalds.

b. Álagning og innheimta iðnaðarmálagjalds árin 1993–2009.

Iðnaðarmálagjald er lagt á gjaldskylda aðila við álagningu opinberra gjalda. Í töflu 1 eru birtar heildarfjárhæðir innheimts iðnaðarmálagjalds á árunum 1998–2009. Upplýsingarnar eru fengnar frá Fjársýslu ríkisins.

Tafla 1.

Innheimta iðnaðarmálagjalds 1998–2009.

Ár	Millj. kr.
1998	92
1999	148
2000	164
2001	198
2002	211
2003	199
2004	239
2005	260
2006	303
2007	375
2008	470
2009	445

Í töflu 2 eru birtar tölur yfir álagt iðnaðarmálagjald á einstaklinga og lögaðila frá 1993 til 2009 og miðast þær tölur við stöðu skattgagna strax að lokinni álagningu. Upplýsingar í töflu 2 eru fengnar frá ríkisskattstjóra.

Tafla 2.

Álagt iðnaðarmálagjald á einstaklinga og lögaðila 1993 til 2009.

Álagningarár	Fjöldi sem lagt er á			Álagt iðnaðarmálagjald		
	Lögaðilar	Einstaklingar	Samtals	Lögaðilar	Einstaklingar	Samtals
1993	1.765	4.283	**6.048**	199.874.540	46.864.490	**246.739.030**
1994	2.380	6.587	**8.967**	212.073.843	52.208.897	**264.282.740**
1995	2.627	6.496	**9.123**	232.628.822	52.887.112	**285.515.934**
1996	2.724	6.574	**9.298**	231.552.056	50.343.359	**281.895.415**
1997	2.852	6.235	**9.087**	276.224.056	55.026.415	**331.250.471**
1998	3.005	5.476	**8.481**	117.908.484	19.858.769	**137.767.253**
1999	3.483	7.035	**10.518**	175.149.385	24.914.300	**200.063.685**
2000	3.855	6.980	**10.835**	180.960.034	30.066.594	**211.026.628**
2001	4.156	6.902	**11.058**	216.989.139	46.425.483	**263.414.622**
2002	4.444	6.539	**10.983**	211.395.200	39.215.247	**250.610.447**
2003	4.772	5.774	**10.546**	231.412.729	22.798.801	**254.211.530**
2004	5.204	5.538	**10.742**	254.613.856	20.401.892	**275.015.748**
2005	5.497	5.277	**10.774**	276.552.244	18.724.562	**295.276.806**
2006	5.691	4.793	**10.484**	309.505.858	19.836.318	**329.342.176**
2007	6.011	4.802	**10.813**	380.103.013	19.875.631	**399.978.644**
2008	6.315	4.282	**10.597**	459.027.571	18.496.521	**477.524.092**
2009	6.264	4.153	**10.417**	479.193.998	18.376.613	**497.570.611**

Af töflu 2 sést glöggt að hlutfall iðnaðarmálagjalds sem einstaklingar greiða hefur lækkað talsvert. Stafar það einkum af því að einstaklingar hafa í vaxandi mæli fært rekstur sinn yfir í einkahlutafélög á síðari árum.

c. Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds.

Í 3. gr. laga nr. 134/1993 er fjallað um það hvernig ráðstafa beri tekjum af iðnaðarmálagjaldi. Fram kemur að tekjurnar renna til Samtaka iðnaðarins og skal þeim varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Einnig segir að samtökin skuli senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.

Í árlegum skýrslum um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds er sundurliðað hvernig gjaldinu er ráðstafað árið á undan. Það er nokkuð breytilegt milli ára hvernig því hefur verið varið en meðal verkefna eru stuðningur við iðnmenntun, ýmis kynningarmál, nýsköpunar- og þróunarverkefni, Iðnþing og útboðsþing. Á árinu 2009 réðust Samtök iðnaðarins í mikið kynningarátak og auglýsingaherferð sem segja má að hafa verið þríþætt. Í fyrsta lagi var um að ræða hvatningu til fólks um að velja íslenskar vörur, í öðru lagi átak gegn svartri atvinnustarfsemi og í þriðja lagi upplýsingar um 100% endurgreiðslurétt á virðisaukaskatti vegna vinnu iðnaðarmanna við endurbætur á húsnæði. Samtök iðnaðarins styrktu Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Tækniskólann til tækjakaupa, bættra kennslugagna og hvatningar til nemenda og kennara í tækni- og raunvísindadeildum á árinu 2009. Þá var Iðnú bókaútgáfa styrkt vegna námsgagnagerðar.

Skýrsla Samtaka iðnaðarins um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2009 er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

d. Dómsmál vegna iðnaðarmálagjalds.

Um lögmæti þeirrar gjaldtöku sem felst í lögum um iðnaðarmálagjald hefur verið fjallað fyrir íslenskum dómstólum a.m.k. í tvígang.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1998 (*Hrd nr. 166/1998*) er fjallað um lögmæti iðnaðarmálagjalds. Stefnandi í málinu hélt því fram að með því að leggja gjaldið á væri honum gert skylt að eiga aðild að Samtökum iðnaðarins og með því væri brotið gegn 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Krafðist hann þess að álagning iðnaðarmálagjaldsins yrði felld úr gildi. Hæstiréttur féllst ekki á þessa kröfu stefnanda. Í dómi réttarins kemur fram að þótt iðnaðarmálagjaldið renni til Samtaka iðnaðarins, skuli því varið í ákveðnum tilgangi en sé ekki styrkur til samtakanna. Ráðstöfun fjárins sé háð eftirliti iðnaðarráðuneytisins, og eigi samtökin að senda ráðuneytinu árlega skýrslu um hana. Tekið er fram í dómnum að þótt samtökin hafi tekið þá ákvörðun að láta gjaldið leiða til lækkunar félagsgjalda geti það ekki haggað gjaldskyldu sem ákveðin er í lögum. Í dómnum er fallist á það með héraðsdómi að ráðstöfun iðnaðarmálagjalds til Samtaka iðnaðarins feli ekki í sér skylduaðild áfrýjanda að samtökunum sem brjóti gegn framangreindum ákvæðum. Einn dómari skilaði sératkvæði en var þó sammála niðurstöðu meiri hlutans.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 2005 (*Hrd. nr. 315/2005*) var aftur fjallað um lögmæti iðnaðarmálagjalds og kemst dómurinn þar að sömu niðurstöðu og árið 1998. Stefnandi, sem var félagi í Meistarafélagi húsasmiða, krafðist þess að álagning iðnaðarmálagjalds á hann fyrir árin 2001 til 2004 yrði felld úr gildi. Með vísan til *Hrd. nr. 166/1998* var ekki talið að sú skipan mála, sem kveðið er á um í 3. gr. laga nr. 134/1993, að tekjur af iðnaðarmálagjaldi skuli renna til Samtaka iðnaðarins, feli í sér skylduaðild að samtökunum, sem bryti gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Var því ekki fallist á að lögin stönguðust á við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þá var hvorki talið að með lagafyrirmælum um álagningu gjaldsins hefði löggjafinn farið út fyrir heimildir sínar né að hún stangaðist á við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem hann taldi að með hliðsjón af athugasemdalausri ráðstöfun gjaldsins til almennrar starfsemi samtaka iðnaðarins verði að líta svo á að það fyrirkomulag, sem markað er með lögunum, feli í raun í sér allríka skyldu áfrýjanda til þátttöku í starfsemi samtakanna, án þess að hann hafi veitt samþykki sitt fyrir því. Hann taldi að skýra verði framangreind ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga svo að tilhögun eins og boðin er með lögum nr. 134/1993 sé óheimil nema hún fullnægi þeim skilyrðum sem síðari málsliður 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar tekur til. Samtök iðnaðarins væru ekki félag með þannig starfsemi sem þar um ræðir. Taldi dómarinn að af þessum sökum bæri að fallast á kröfuna um að fella úr gildi álagningu iðnaðarmálagjalds á hendur honum.

Í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar árið 2005 kærði stefnandi málið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Kæran laut í meginatriðum að því að álagning iðnaðarmálagjalds bryti gegn rétti kæranda til að standa utan félaga skv. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og skoðanafrelsi skv. 10. gr., hún fæli í sér ólögmæta skattlagningu sem bryti gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann og mismunun sem væri andstæð 14. gr. sáttmálans.

Í niðurstöðu sinni leysti dómstóllinn aðeins úr kærunni á grundvelli 11. gr. en taldi ekki þörf á því að meta hvort önnur ákvæði sáttmálans hefðu verið brotin. Dómstóllinn lagði fyrst mat á það hvort 11. gr. um félagafrelsið ætti við í málinu. Með vísan til þess að kærandi væri skyldaður til þess með lögum að greiða gjald til samtaka á vettvangi einkaréttarins, sem hann hefði ekki sjálfur valið að ganga í og hefði stefnumál sem hann væri ósammála, svo sem aðild að Evrópusambandinu, kæmi umkvörtun hans til skoðunar undir 11. gr. skoðaðri í ljósi

9. og 10. gr. um sannfæringar- og skoðanafrelsi. Þótt gjöldin væru lág væru þau innheimt af þúsundum einstaklinga og fyrirtækja í iðnaði en rynnu til Samtaka iðnaðarins þar sem um 1.100 félagar ættu aðild. Þó að gjaldinu væri varið til hagsbóta fyrir allan iðnað í landinu væri jafnframt sýnt að aðilar að Samtökum iðnaðarins nytu meiri hagræðis af því en önnur samtök á vettvangi iðnaðarins. Af þessari ástæðu taldi dómstóllinn að gjaldtakan fæli í sér takmörkun á rétti kæranda skv. 11. gr.

Þessu næst kannaði dómstóllinn hvort takmörkunina mætti réttlæta með vísan til 2. mgr. 11. gr., þ.e. hvort hún hefði lagaheimild, stefndi að réttmætu markmiði og teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Óumdeilt var að gjaldtakan ætti stoð í lögum og var um það vísað til 1.–3. gr. laganna um iðnaðarmálagjald. Þá féllst dómstóllinn á röksemdir íslenska ríkisins um að takmörkunin stefndi að réttmætu markmiði, að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Með þessu væri stefnt að því að vernda réttindi og frelsi annarra skv. 2. mgr. 11. gr. og féllst dómstóllinn því á að þetta skilyrði ákvæðisins væri uppfyllt. Hvað varðaði þriðja atriðið um nauðsyn takmörkunarinnar tók dómstóllinn undir að það væri yfirlýst markmið íslenska löggjafans að efla iðnað í landinu með þessum hætti, þ.e. að fela tilteknum samtökum heimild til þess að verja gjaldinu til sameiginlegra hagsmuna iðnaðarins í stað þess að úthluta því til margra smærri aðila. Samtök iðnaðarins væru breið samtök sem hefðu hagsmuni alls iðnaðarins í landinu að leiðarljósi og ynnu með ríkisstjórninni að því markmiði. Með þessu væri reynt að tryggja samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum mörkuðum. Dómstóllinn féllst á að þetta væru málefnalegar röksemdir sem fullnægðu skilyrðum mælikvarðans um „nauðsyn“ skv. 2. mgr. 11. gr. Á hinn bóginn átaldi dómstóllinn einkum þrennt varðandi útfærslu á nýtingu gjaldsins. Í fyrsta lagi sé skilgreining laganna á því hvernig iðnaðarmálagjaldinu skuli varið, þ.e. til að „vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu“ of opin og óljós og mæli ekki fyrir um neinar skyldur Samtaka iðnaðarins gagnvart þeim sem eru ekki aðilar að samtökunum. Í öðru lagi sé gjaldið ekki nægjanlega skýrt aðgreint frá fjárreiðum samtakanna þannig að tryggt sé að það verði ekki nýtt í sérþágu samtakanna. Í þriðja lagi sé opinbert eftirlit með því hvernig gjaldinu er varið ekki nægilega skýrt eða skilvirkt og engar skorður séu settar við því hvernig samtökin nýta það.

Með vísan til þessara atriða taldi dómstóllinn að skortur væri á gagnsæjum reglum um nýtingu gjaldsins gagnvart þeim sem ekki eru félagar í samtökunum. Með þessari skipan væri ekki nægilega tryggt að Samtök iðnaðarins nytu ekki betri stöðu en önnur félög sem ynnu að hagsmunum félagsmanna sinna. Við þessar aðstæður væri ekki sýnt fram á nauðsyn þeirra takmarkana á félagafrelsi kæranda að styrkja fjárhagslega félag sem stæði fyrir skoðunum sem hann væri ósammála. Því var talið brotið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

Í 1. gr. er lagt til að 3. mgr. 1. gr. laganna falli brott en samkvæmt því ákvæði renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjaldi í ríkissjóð vegna kostnaðar við innheimtu gjaldsins.

Í 2. gr. er lagt til að 3. gr. verði breytt á þann veg að tekjurnar af gjaldinu renni í ríkissjóð í stað þess að þær renni til Samtaka iðnaðarins eins og nú er. Lagt er til að gjaldið renni til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði og að um ráðstöfun þess verði fjallað í fjárlögum.

Í 3. gr. er lagt til að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að iðnaðarmálagjald verði síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009. Rétt er að taka fram að framtalsfrestur einstaklinga er liðinn þegar frumvarpið er lagt fyrir Alþingi. Álagning opinberra gjalda á einstaklinga á að liggja fyrir 28. júlí en álagningu á lögaðila lýkur 28. október.

Í 4. gr. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Skýrsla Samtaka iðnaðarins til iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2009

Lagagrunnur
Samkvæmt lögum nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald er gjaldið lagt á nær allan iðnað í landinu (að undanskildum tilteknum ÍSAT-númerum). Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins og skal þeim varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Af gjaldinu renna 0,5% í ríkissjóð vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

Samkvæmt lögunum eiga Samtök iðnaðarins að senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.

Reglulegt samráð og upplýsingagjöf
Samtök iðnaðarins héldu aðalfund sinn, Iðnþing, 4. mars 2010 og þar var lögð fram ítarleg ársskýrsla með nákvæmu yfirliti yfir starfsemi Samtakanna á liðnu starfsári ásamt ársreikningi fyrir liðið starfsár.

Samtök iðnaðarins eiga fundi með iðnaðarráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins þar sem rædd eru hagsmunamál iðnaðarins og hvernig best verði unnið að framgangi þeirra á vettvangi ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins. Þar er einnig rætt um verkefni sem unnið er að á vettvangi Samtaka iðnaðarins og verkefni sem ráðuneytið og Samtökin vinna sameiginlega að.

Þessi sérstaka skýrsla um ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins er því til viðbótar og fyllingar því sem að framan er rakið um upplýsingastreymi milli ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins.

Rétt er að geta þess að fullendurskoðaðir ársreikningar Samtaka iðnaðarins með öllum sundurliðunum fylgja hér með til ráðuneytisins sem trúnaðarmál til þess að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Almennt um Samtök iðnaðarins og starf þeirra
Allt starf Samtaka iðnaðarins miðar að því að efla íslenskan iðnað með tiltækum ráðum og sést það glöggt í lögum þeirra. Verkefni Samtakanna eru yfirleitt í þágu iðnaðarins í heild og í raun í fæstum tilvikum takmörkuð við félagsmenn Samtaka iðnaðarins.

Aðild að SI er frjáls öllum fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum sem starfa í framleiðslu- og þjónustuiðnaði eða skyldum greinum. Sama gildir um iðngreina- og meistarafélög.

Tekjur af iðnaðarmálagjaldi og ráðstöfun
Árið 2009 skilaði ríkissjóður 443 milljónum króna til Samtaka iðnaðarins af innheimtu iðnaðarmálagjaldi. Rekstrargjöld SI voru hins vegar 497 milljónir fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Félagsgjöld og annað sjálfsaflafé (fyrir utan fjármagnstekjur) voru 169 milljónir króna. Rétt er að benda á að þeir félagsmenn, sem greiða iðnaðarmálagjald, fá það að fullu dregið frá félagsgjöldum sínum til SI. Ekki þykir rétt að þau fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins, sem eru iðnaðarmálagjaldsskyld, greiði meira til starfs Samtakanna en þau fyrirtæki sem eru aðilar en eru ekki gjaldskyld. Með þessum

hætti greiða öll aðildarfyrirtæki SI jafnt til Samtakanna hvort sem þau eru gjaldskyld eða ekki.

Í Samtökum iðnaðarins voru 1010 félagsmenn í árslok 2009

Ársskýrsla Samtaka iðnaðarins
Fyrir liggur ársskýrsla Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2009 og fylgir hún þessari skýrslu til iðnaðarráðuneytisins. Í ársskýrslunni er gerð grein fyrir áherslum í starfsemi SI og verkefnum sem unnið var að á árinu 2009 og vísast til hennar um nánari upplýsingar.

Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2009 samkvæmt bókhaldi SI
Það er mat Samtakanna að allt starf þeirra miði að því að efla iðnað og iðnþróun í landinu og a.m.k. 90% af kröftum og fjármunum þeirra hafi verið varið í verkefni með almenna skírskotun til hagsbóta fyrir allan iðnað í landinu algjörlega óháð aðild eða greiðslu iðnaðarmálagjalds. Auðvitað er misjafnt frá einum tíma til annars hvar meginþungi starfseminnar liggur þegar horft er til einstakra þátta og greina iðnaðarins.

Í meðfylgjandi töflu eru tekjur og gjöld skv. bókhaldi Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2009. Í fremri dálki eru tekjur og gjöld samkvæmt samþykktum ársreikningi. Í aftari dálki er gerð grein fyrir hlutdeild iðnaðarmálagjaldsins og við einstaka liði er gerð grein fyrir hvernig því er ráðstafað

Rekstrartekjur:

	2009
Félagsgjöld	153.290.128
Iðnaðarmálagjald	443.269.818
Aðrar tekjur	15.893.203
Rekstrartekjur samtals	**612.453.149**

Rekstrargjöld:	**2009 Heildar-kostnaður**	**2009 Almennur kostnaður**	**%**
Laun og launatengd gjöld	231.897.608	208.707.847	90,0
Skrifstofu- og stjórn.kostnaður	44.892.326	38.611.493	86,0
Föst verkefni	28.439.007	24.912.808	87,6
Útgáfu- og kynningarmál	74.824.212	72.623.283	97,1
Sérverkefni	117.072.841	107.921.391	92,2
	497.125.994	452.776.822	91,1
Afskriftir fastafjármuna	14.028.913	0	0,0
Rekstrargjöld samtals	**511.154.907**	**452.776.822**	**88,6**

Nánari sundurliðun ráðstöfunar iðnaðarmálagjalds skv. bókhaldi

	2009	**Iðnaðarmálagjald**	
Laun og launatengd gjöld: [1]			
Laun og launatengd gjöld	231.897.608	208.707.847	90,0
	231.897.608	**208.707.847**	**90,0**
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.: [2]			
Rekstur húsnæðis, hiti, ræsting o.fl.	11.065.816	9.959.234	90,0
Ritf, pappír, prent/ljósrit, blöð, póstur o.fl.	2.751.251	2.476.126	90,0
Rekstur tölvubúnaðar og sími	16.089.302	14.480.372	90,0

Aðkeypt sérfræðiaðstoð og innheimta	6.550.556	4.585.389	70,0
Endurskoðun, ársuppgjör.....	2.539.800	1.777.860	70,0
Tryggingar innbús.....	284.462	0	0,0
Starfsmannakostnaður og tryggingar.....	3.566.398	3.209.758	90,0
Rekstur bifreiðar og aðkeyptur akstur	2.358.615	2.122.754	90,0
Afskrifaðar kröfur, endurgr. kostn.o.fl.	-313.874		0,0
	44.892.326	**38.611.493**	**86,0**
Föst verkefni: [3]			
Iðnþing.....	11.652.690	10.487.421	90,0
Business Europe.....	3.015.538	2.713.984	90,0
Ráðstefnur og erl.samstarf.....	4.103.856	3.283.085	80,0
Sprotaþing.....	987.044	888.340	90,0
Hópar iðngreina.....	1.661.012	1.328.810	80,0
Menntadagur iðnaðarins.....	794.626	715.163	90,0
Stefnumótunarfundir.....	470.225	376.180	80,0
Útboðsþing.....	618.717	556.845	90,0
Stjórnar- og nefndarfundir.....	1.796.166	1.616.549	90,0
Námskeið, ráðstefnur og ferðir.....	2.264.514	2.038.063	90,0
Árgjöld í félögum.....	486.730	438.057	90,0
Risna og móttaka gesta.....	587.889	470.311	80,0
	28.439.007	**24.912.808**	**87,6**
Útgáf- og kynningamál: [4]			
Íslenskur iðnaður.....	6.087.030	4.869.624	80,0
Kynning SI.....	63.124.362	63.124.362	100,0
Ýmiss sérrit.....	1.390.407	1.251.366	90,0
Ársskýrsla.....	1.535.914	1.228.731	80,0
SI vefsetur.....	2.686.499	2.149.199	80,0
	74.824.212	**72.623.283**	**97,1**
Sérverkefni: [5]			
Kynnisferð stjórnar.....	3.516.940	0	0,0
Evrópuverkefni.....	7.263.872	5.447.904	75,0
Styrkir til aðildarfélaga.....	844.826	0	0,0
Alþjóðamálastofnun HÍ.....	2.650.000	2.650.000	100,0
Aðkeypt þjónusta v. verkefna.....	3.757.583	3.381.825	90,0
Kannanir.....	1.375.062	1.237.556	90,0
Samningur við HR.....	3.500.000	3.150.000	90,0
Innovit - Nýsköpunar og frumk.setur.....	3.000.000	3.000.000	100,0
Styrkir til vinnustaðanáms.....	1.400.000	1.260.000	90,0
Framtíðarsjóður SI.....	83.956.047	83.956.047	100,0
Seed Forum Iceland.....	390.000	351.000	90,0
Gjafir og viðurkenningar.....	2.498.112	1.998.490	80,0
Rekstur Akkur holding.....	1.059.687	0	0,0
Styrkir.....	1.860.712	1.488.570	80,0
	117.072.841	**107.921.391**	**92,2**

Skýringar:

1 **LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD**
Gert er ráð fyrir að 2 ársverk af 20 séu unnin við verkefni sem ekki gagnast öðrum en félagsmönnum. Þar er um að ræða verkefni á borð við viðhald félagatals, innheimtu félagsgjalda og annað sem lýtur að rekstri Samtakanna. Þetta svarar til 10% af launakostnaði. Þess vegna er hlutdeild iðnaðarmálagjaldsins í þessum liðum reiknuð 90%

2 SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

Þyngst vegur rekstur húsnæðisins að Borgartúni 35, tölvukerfi og sími o.þ.h. sem er skipt í sama hlutfalli og launakostnaði.
Undir sérfræðiaðstoð er réttaraðstoð við lögfræðiálit sem stjórn SI metur að hafi fordæmisgildi eða verulega þýðingu fyrir iðnaðinn í heild. Undir þennan lið fellur einnig kostnaður við launakannanir, aðgangur að laga- og reglugerðargrunni og þýðingarvinna.

3 Föst verkefni

Undir liðnum föst verkefni eru málefni sem eru á dagskrá Samtakanna til a.m.k. þriggja ára.
Iðnþing er öllum opið. Á þingi fjallað um og reynt að draga athygli þeim hagsmunamálum sem Samtökin telja brýnust hverju sinni.
Kostnaður við fundi og ráðstefnur er tvískiptur. Annars vegar er um að ræða fundi erlendis á vegum samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda og margvíslegt Norðurlandasamstarf. Til umfjöllunar á þessum fundum eru almenn starfsskilyrðamál iðnaðarins. Hins vegar eru almennir fundir hérlendis, fræðslu- og félagsfundir sem auglýstir eru opinberlega og eru öllum opnir. Dæmi um slíka fundi er Útboðsþing þar sem opinberir verkkaupar kynna fyrirhugaðar framkvæmdir og Sprotaþing þar sem rætt er um framtíð og stöðu hátækni- og sprotafyrirtækja.
Menntadagur iðnaðarins er haldinn árlega en þar er fjallað um námsgagnagerð en mjög hefur skort á aðgengilegt námsefni til notkunar í verkmenntaskólum.
Á fundum stjórnar ráðgjafaráðs og starfsgreinahópa er að langmestu leyti fjallað um almenn hagsmunamál iðnaðarins óháð félagsaðild.
Opinberir aðilar, viðskiptamenn og fyrirtæki utan SI, hafa tekið þátt í stefnumótunarfundum starfsgreinahópa, þótt þeir séu ekki opnir almenningi

4 Útgáfu- og kynningamál

Samtökin lögðu í tvö megin átaksverkefni á sviði kynningamála á árinu 2009. Annars vegar var barátta gegn svarti vinnu og hins vegar átak til þjóðarinnar um að velja íslenskar vörur. Bæði átökin eru almenns eðlis og nýtast aðilum hvort heldur þeir eru í SI eða ekki.
Íslenskur iðnaður er málgagn Samtaka iðnaðarins og þar er fjallað um almenna hagsmuni iðnaðarins og stefnu Samtakanna. Blaðið er sent öllum félagsmönnum en auk þess í u.þ.b. þúsund eintökum til fjölmargra aðila innlands og utan. Hver sem er getur óskað eftir því að fá blaðið sent án endurgjalds.
Ársskýrsla SI er sendar sömu aðilum og fá Íslenskan iðnað.
Heimasíðan www.si.is er að sjálfsögðu öllum opin og um leið málgagn SI.

5 Sérverkefni

Sérverkefni eru verkefni hugsuð til skemmri tíma en þriggja ára.
Framtíðarsjóður SI er stærsti einstaki liðurinn. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2009 með það að markmiði að verja umtalsverðu fjármagni til margvíslegra þarfra verkefna til að efla og auka framgang og arðsemi iðnaðar í landinu. Stærstu framlög sjóðsins fóru til Tækniskóla Íslands 25 m.kr., Háskóla Íslands 20 m.kr., Háskólans í Reykjavík 15 m.kr. og Iðnú bókaútgáfu 14,4 m.kr. Svo framarlega sem tekjustofnar Samtakanna leyfa er ætlunin að sjóðurinn veit árlega styrki til ársins 2011.
Samtökin styrkja árlega sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og voru Innovit – Nýsköpunar og frumkvöðlasetur og Seed forum styrkt með verulegum fjárframlögum.

Undir liðnum aðkeypt þjónusta stærsta verkefnið gæðastjórnunarverkefni unnið í samstarfi við Vegagerðina.
SI eiga aðild að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetri um smáríki þar sem lagður er grunnur að rannsóknum á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu, en SI hafa lagt áherslu á að standa fyrir og styðja við málefnalega umræðu um alþjóða- og Evrópumál.

Samantekt
Verkefni ársins 2009 voru mörg og margþætt og að venju unnin til hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu. Öll hafa þau að markmiði að efla iðnaðinn og stuðla að þróun hans og vexti.

Rekstrargjöld Samtaka iðnaðarins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, voru 497,1 m.kr. en rekstrartekjur voru samtals 612,5 m.kr.

Iðnaðarmálagjaldið var kr. 443,3m.kr.
Kostnaður á móti innheimtu iðnaðarmálagjaldi til almennra verkefna sem gagnast öllum iðnaði, sbr. sundurliðun og skýringar hér að framan, nam 452,8 m.kr. Útgjöld SI til almennra verkefna voru því á árinu 2009 u.þ.b. 9,5 m.kr. hærri en innheimt iðnaðarmálagjald.

Í töflunni hér að neðan eru yfirlit yfir innheimt iðnaðarmálagjald frá árinu 1998 í þúsundum króna, ráðstöfun fjármuna til almennra verkefna og fjármögnun þeirra með almennum félagsgjöldum og öðrum tekjum.

	Iðnaðarmálagjald	Almenn verkefni	Fjármagnað með félags-gjöldum og öðrum tekjum
1998	120.172	145.821	25.649
1999	146.895	149.017	2.122
2000	150.715	172.893	22.178
2001	208.780	187.207	-21.573
2002	211.484	264.179	52.695
2003	197.359	234.617	37.258
2004	235.212	238.416	3.204
2005	262.243	265.918	3.675
2006	298.106	302.309	4.203
2007	375.215	382.509	7.294
2008	467.869	414.008	-53.861
2009	443.270	452.777	9.507
	3.117.320	3.209.671	92.351

Niðurstaðan fyrir tímabilið 1998-2009 er því sú gjöld til almennra verkefna Samtakanna eru 92,4 m.kr. umfram iðnaðarmálagjald sem greitt hefur verið SI.

Reykjavík, 14. apríl 2010

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri

Jón Bjarni Gunnarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga nr. 134/1994, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010.

Með frumvarpinu er lagt til að álagningu iðnaðarmálagjalds verði hætt að lokinni álagningu á einstaklinga og lögaðila árið 2010 vegna rekstrarársins 2009. Kveðið er á um að tekjur af gjaldinu skuli renna í ríkissjóð en einnig að því beri að ráðstafa til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar verði ákveðið í fjárlögum. Í fjárlögum ársins 2010 er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu skili 420 m.kr. sem veitt verði sem mörkuðum tekjum samkvæmt gildandi lögum til fjárlagaliðarins 11-245 Samtök iðnaðarins og er því engin ráðstöfun til afmarkaðra verkefna á þessu sviði tilgreind þar.

Tilefni endurskoðunar laganna er dómur Mannréttindadómstóls Evrópu um iðnaðarmálagjaldið. Í honum er komist að þeirri niðurstöðu að í framkvæmd laga um iðnaðarmálagjald felist brot á 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til að standa utan félaga. Í frumvarpinu kemur fram að ekki sé ráðið af dómnum að gjaldtakan sé með öllu óheimil heldur sé þörf á að breyta því fyrirkomulagi sem gildir varðandi ráðstöfun gjaldsins og eftirlit með því. Hugsanlega kann að vera að í framhaldinu verði gerðar sambærilegar lagabreytingar og hér er verið að leggja til í þeim tilvikum þar sem um sams konar gjaldheimtu er að ræða. Ekki liggur þó fyrir niðurstaða um slíkt.

Gert er ráð fyrir að í framhaldi af samþykkt þessa frumvarps verði fjárheimild fjárlagaliðarins 11-245 Samtök iðnaðarins í fjárlögum 2010 felld niður en til þess þarf að flytja tillögu um það í frumvarpi til fjáraukalaga ársins. Í þessu sambandi er bent á að tekjum af gjaldinu verður ekki ráðstafað til annarra verkefna nema Alþingi samþykki tillögur um viðeigandi fjárheimildir til þeirra í fjáraukalögum. Í fjárlögum ársins 2011 falli síðan einnig niður tekjur af álagningu gjaldsins. Gert er ráð fyrir því að samtökin muni eftirleiðis fjármagna sína starfsemi með eigin tekjuöflun.

Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að með niðurfellingu iðnaðarmálagjalds muni tekjur og útgjöld ríkissjóðs lækka um 420 m.kr. frá og með árinu 2011. Afkoma ríkissjóðs yrði óbreytt eftir sem áður. Þá er gert ráð fyrir að tekjum af gjaldinu vegna rekstrarársins 2009 skuli varið tímabundið á árinu 2010 til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Ekki er um að ræða tilgreind verkefni heldur málefnasvið sem margt gæti fallið undir. Alþingi fer með fjárveitingarvaldið og er því ekki unnt að segja fyrir um til hvaða mála af þessum toga fjárveitingar verða ákveðnar eða í hvaða mæli, auk þess sem þær ákvarðanir yrðu að koma fram í fjáraukalögum yfirstandandi árs þar sem fjárlög hafa þegar verið sett fyrir árið 2010.

1282. Svar [642. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um gengistryggð lán hjá Byggðastofnun.

1. *Hversu margir aðilar eru með gengistryggð lán hjá Byggðastofnun?*
Nú eru 53% lántakenda Byggðastofnunar með erlend lán eða 268 af 509 lántakendum.

2. *Hvað hafa þau lán hækkað mikið frá hruni bankakerfisins?*
Gengistryggð útlán Byggðastofnunar stóðu í 9,9 milljörðum kr. 30. júní 2008 en voru komin í 16,1 milljarð kr. í árslok 2008. Að mati Byggðastofnunar var staðan svipuð í árslok 2009.

3. *Stendur til að gera Byggðastofnun kleift að bregðast við hækkun gengistryggðra lána með svipuðum hætti og aðrar fjármálastofnanir hafa boðað?*
Eftir útlánatöp og afskriftir útlána í kjölfar efnahagshrunsins var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar komið niður fyrir lögbundið lágmark. Eiginfjárhlutfall skal að lágmarki vera jákvætt um 8% en samkvæmt árshlutauppgjöri í lok júní 2009 var það neikvætt um 4,74%. Að beiðni Byggðastofnunar vann Ríkisendurskoðun úttekt og greiningu á efnahagsreikningi og eignasafni stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun taldi að lokinni þeirri greiningu ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það mat sem fram kom í árshlutauppgjörinu. Í framhaldinu ákvað Alþingi að auka eigið fé Byggðastofnunar um 2,6 millj. kr. með fjáraukalögum 2009. Jafnframt samþykkti Alþingi allt að 1,0 millj. kr. framlag til að bæta eigið fé stofnunarinnar á fjárlögum 2010. Hluti þessarar heimildar verður nýttur með þeim hætti að ríkissjóður kaupir af Byggðastofnun stofnfé sem stofnunin kann að eignast í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóða, en upphæðin verður að öðru leyti nýtt sem eiginfjárframlag í formi skuldabréfa. Miðað er við að þessi aðgerð skili eiginfjárhlutfalli á bilinu 9–10% í árslok 2010. Ráðstöfun þessi mun gera Byggðastofnun kleift að starfa með eðlilegum hætti, en ekki hefur verið gert ráð fyrir niðurfærslu á höfuðstóli gengistryggra lána samhliða þessu.

4. *Hefur þörfin fyrir slíka leiðréttingu á lánum stofnunarinnar verið metin?*
Þörfin hefur ekki verið metin með heildstæðum hætti en Byggðstofnun hefur leitast við að meta einstök tilvik. Staða viðskiptavina er mjög misjöfn, m.a. eftir gjaldmiðlasamsetningu viðkomandi. Byggðastofnun er að mörgu leyti betur í stakk búin en almenna bankakerfið til að takast á við þann vanda sem nú blasir við í kjölfar bankahrunsins og falls íslensku krónunnar í árslok 2008. Um stofnunina gilda sérlög og reglugerð sem kveða á um heimildir hennar í þessu efni, m.a. varðandi niðurfellingu lána en heimildir til þess ráðast einkum af gæðum veðtrygginga útlána hverju sinni. Einnig má geta þess að fastmótað verklag hefur skapast í þessum málum í gegnum tíðina. Í kjölfar bankahrunsins hafa margir viðskiptavina Byggðastofnunar glímt við háa greiðslubyrði. Til að mæta þessu hafa tvö úrræði helst verið notuð. Annars vegar frysting lána þannig að viðskiptavinur greiðir ekkert af láninu tímabundið og hins vegar frestun á afborgunum af höfuðstól þannig að viðskiptavinurinn greiðir einungis vexti á tímabilinu. Þessi hefðbundnu vanefndaúrræði hafa almennt ekki dugað ein og sér. Á fyrri hluta árs 2009 tók Byggðastofnun í notkun nýtt úrræði sem kallað hefur verið „teygjulán“. Úrræðið felur í sér breytingu á lánum í erlendri mynt á þann hátt að í stað þess að hafa sveiflur í greiðslubyrði um hver mánaðamót vegna þróunar á gengi, færist sú sveifla

yfir á allan lánstímann sem getur þá lengst eða orðið styttri eftir því hvernig gengi íslensku krónunnar þróast. Styrking krónunnar felur í sér styttri lánstíma en veiking krónunnar felur í sér lengri lánstíma. Kosturinn fyrir viðskiptavin er sá að hann greiðir sömu greiðslu í íslenskum krónum og gert var á gjalddaga viðmiðunardags sem Byggðastofnun ákveður. Þessi útfærsla er sambærileg þeim úrræðum sem margar aðrar lánastofnanir hafa beitt á gengislán fyrirtækja. Greiðslujöfnun af þessu tagi nýtist einkum einstaklingum í atvinnurekstri og fyrirtækjum sem eru með erlend lán en megintekjur í íslenskum krónum. Hér má t.d. nefna fyrirtæki í landbúnaði og fasteignarekstri. Þá hafa mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu nýtt sér þetta úrræði. Í þeim tilvikum þar sem framangreind úrræði duga ekki til, en eigi að síður er talið að viðkomandi fyrirtæki hafi verið vel rekin, geti átt sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur og að verðmæti séu falin í áframhaldandi rekstri þeirra, kemur til skoðunar hvort rétt sé að ganga lengra. Er hér átt við niðurfellingu lána að hluta og/eða breytingu hluta þeirra í hlutafé í viðkomandi fyrirtæki. Um þetta gilda eins og að framan greinir ákvæði laga og reglna um Byggðastofnun, og leita skal álits Ríkisendurskoðunar áður en niðurfelling kemur til framkvæmda. Sérstaklega eru metin áhrif á samkeppni og hvort stjórnendur viðkomandi fyrirtækis njóta trausts stofnunarinnar. Mjög fátítt er að þessu síðastnefnda úrræði sé beitt. Hér þarf einnig að hafa í huga þau sjónarmið sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fram um banka og þátttöku þeirra í fjárhagslegri endurreisn fyrirtækja. Í langflestum tilvikum duga hin almennu úrræði eða greiðslujöfnun eins og áður er lýst. Engu að síður er alltaf eitthvað um að staða viðkomandi skuldara sé metin vonlaus þannig að þau úrræði eigi ekki við. Á þetta einkum við um aðila sem stóðu höllum fæti fyrir fall bankanna. Í þeim tilvikum halda mál áfram í innheimtuferli og enda eftir atvikum með nauðungarsölu eða gjaldþroti. Hinn 23. október sl. samþykkti Alþingi lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Samkvæmt 4. gr. laganna hefur efnahags- og viðskiptaráðherra skipað nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Byggðastofnun hefur borist erindi frá nefndinni og mun funda með henni á næstu vikum.

1283. Svar [639. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannessonar um Hagavatnsvirkjun.

1. Hafa verið gefin út virkjunarleyfi vegna Hagavatnsvirkjunar og ef svo er, til hverra?

Virkjunarleyfi hefur ekki verið gefið út vegna Hagavatnsvirkjunar né heldur liggur fyrir umsókn um virkjunarleyfi á umræddu svæði. Árið 2005 sótti Orkuveita Reykjavíkur um virkjunarleyfi fyrir Hagavatnsvirkjun til iðnaðarráðuneytis en umsókn þeirri var hafnað vegna skorts á upplýsingum. Í kjölfarið sótti Orkuveita Reykjavíkur um rannsóknarleyfi á vatnasviði Farsins við Hagavatn og var það veitt 14. mars 2007 með gildistíma frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012. Umrætt rannsóknarleyfi Orkuveitu Reykjavíkur takmarkast við nánar tiltekna rannsóknaþætti, þ.e. endurskoðað mat á rennsli, endurskoðun á forathugun virkjunar og loks kortagerð og aðrar þær rannsóknir sem unnt er að framkvæma án rasks. Leiði rannsóknir þessar til þess að leyfishafi hafi hug á virkjun þarf að sækja um endurskoðað rannsóknarleyfi varðandi rannsóknir er varða staðsetningu og fyrirkomulag mannvirkja sem geta haft rask í för með sér og eftir atvikum framkvæmdum sem lúta að undirbúningi að mati á umhverfisáhrifum.

2. Er unnið að því á vegum ráðuneytisins að gera Hagavatnsvirkjun mögulega?

Aðkoma stjórnvalda að undirbúningi virkjunarframkvæmda byggist fyrst og fremst á grunnrannsóknum á svæðum þar sem mögulegt er að virkja og veitingu rannsóknarleyfa til þeirra sem vilja kanna frekar einstaka virkjunarkosti. Samkvæmt lögum um Orkustofnun ber stofnuninni að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins þannig að unnt sé að meta skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra, safna gögnum um orkulindir og miðla upplýsingum um þær auk þess að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda. Á grundvelli þessa gerði þáverandi vatnsorkudeild Orkustofnunar forathugun á Hagavatnsvirkjun árið 1985 þar sem hagkvæmni slíkrar virkjunar var könnuð ásamt því að meta afl og orkugetu. Frekari rannsóknir hafa ekki verið gerðar á vegum stjórnvalda en hins vegar liggja fyrir eldri rannsóknir á vegum einkaaðila um Hagavatnssvæðið sem og frummatsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum þess að stækka Hagavatn.

Á vegum stjórnvalda hefur að undanförnu verið unnið að 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Meðal vatnsaflsvirkjunarkosta sem teknir voru til skoðunar í þessum áfanga voru Hagavatnsvirkjun. Opið kynningar- og umsagnarferli 2. áfanga rammaáætlunar hófst formlega þann 8. mars og lauk 3. maí sl. Í ferlinu voru kynntar niðurstöður faghópa sem leggja grunninn að vinnu verkefnisstjórnar að lokaröðun virkjunarkosta og svæða sem tekur við að umsagnarferlinu loknu. Verkefnisstjórnin mun þá samþætta niðurstöður faghópa og hafa umsagnir frá öðrum aðilum til hliðsjónar. Að því verki loknu leggur verkefnisstjórn tillögur sínar í hendur stjórnvalda.

3. Hvaða skilyrði er að mati ráðherra eftir að uppfylla áður en til virkjunar getur komið?

Frumskilyrði þess að af virkjun verði er að framkvæmdin teljist hagkvæm þannig að tekjur af rekstri hennar standi undir kostnaði vegna hennar. Við vinnu rammaáætlunar voru settir á laggirnar sérstakir faghópar sem voru verkefnisstjórn til aðstoðar við mat virkjunarkosta við umrædda vinnu. Meðal þeirra var faghópur IV sem fór með það verkefni að skilgreina þá virkjunarkosti sem fyrir hendi kunna að vera til raforkuvinnslu, meta afl, orkugetu og líklegan orkukostnað hvers þeirra og forgangsraða eftir hagkvæmni, ásamt því að skilgreina virkjunarkosti sem aðrir faghópar tóku afstöðu til. Að mati faghóps IV fellur Hagavatnsvirkjun undir hagkvæmnisflokk fimm af sex, þar sem mesta hagkvæmni er í flokki eitt en sú lakasta í hópi sex.

Hvað varðar skilyrði sem lúta að veitingu virkjunarleyfis þá er í raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra sett fram skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo unnt sé að veita virkjunarleyfi. Mikilvægustu skilyrðin lúta að samningi um tengingu virkjunar við flutnings- eða dreifikerfi og að fyrir liggi endanleg ákvörðun um matsskyldu og eftir atvikum mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins eru þessi skilyrði ekki uppfyllt.

1284. Frumvarp til laga [662. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

1. gr.

Á eftir orðinu „dagsektum“ í 4. mgr. 11. gr. laganna kemur: skv. 2. mgr. 82. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Það varðar rekstraraðila afurðastöðvar (mjólkursamlags) fjársekt að taka við mjólk frá framleiðanda sem ekki hefur greiðslumark og markaðsfæra hana á innanlandsmarkaði. Sama gildir ef rekstraraðili afurðastöðvar markaðsfærir innan lands afurðir úr mjólk sem er umfram greiðslumark framleiðanda án samþykkis framkvæmdanefndar búvörusamninga skv. 2. mgr., sbr. einnig 3. mgr. 52. gr. Sektin skal nema 110 kr. fyrir hvern lítra mjólkur sem markaðsfærð er innan lands samkvæmt grein þessari. Þetta gildir einnig um afurðir sem samsvara því magni. Fjárhæð sektarinnar skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2010. Um refsiábyrgð lögaðila fer eftir ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga.

Framleiðandi sem markaðsfærir mjólkurafurðir á innanlandsmarkaði sem hann hefur sjálfur unnið úr mjólk frá eigin lögbýli (heimavinnsla) ber skyldur skv. 2. og 3. mgr. eftir því sem við á. Þó er honum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að markaðsfæra innan lands, á hverju verðlagsári, afurðir úr slíkri mjólk, sem samsvara allt að 10.000 lítrum mjólkur, án þess að það teljist til nýtingar á greiðslumarki lögbýlisins. Að öðru leyti fer um ábyrgð framleiðanda á allri framleiðslu umfram eða utan greiðslumarks lögbýlis eftir viðurlögum skv. 3. mgr. sem um rekstraraðila afurðastöðvar væri að ræða. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skyldu framleiðanda til að veita upplýsingar um framleiðslu og sölu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal einnig byggt á upplýsingum um sölu einstakra framleiðenda á innanlandsmarkaði, að frátalinni framleiðslu innan heimildar 4. mgr. 29. gr.
b. Við 4. málsl. 1. mgr. bætist: og framleiðendum.

4. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar sem starfar skv. 49. gr.“ í lok 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. Orðið „Matvælastofnun“ í 2. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðanna „frá 100–5.000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð“ í 2. mgr. kemur: sem mega nema 10.000–50.000 kr. fyrir hvern dag.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra skal taka ákvörðun um álagningu dagsekta skv. 2. mgr. að fenginni tillögu þess aðila sem heimilt er að safna upplýsingum samkvæmt lögum þessum. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra án undangengins dóms eða sáttar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011 að undanskilinni 4. gr. sem öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um óheimila markaðssetningu mjólkur og álagningu dagsekta verði skýrð og einfölduð. Einnig eru lagðar til breytingar sem ákveða starfsskilyrði og liðka fyrir heimavinnslu afurða beint frá býli.

Starfsskilyrði búvöruframleiðslunnar eru ákveðin til nokkurra ára í senn í samningum milli ríkis og bænda skv. 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulögum). Núgildandi samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004 gildir til 31. desember 2014. Aðilar samningsins líta svo á að frumvarp þetta feli ekki í sér slíka röskun á skipulagi mjólkurframleiðslunnar að það raski samningsbundnum réttindum og skyldum aðila samningsins. Um sjónarmið aðila að þessu leyti vísast til athugasemda við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar en vísa má þó til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Um 1. mgr.

Greiðslumark hvers lögbýlis veitir rétt til beingreiðslu. Það felur í sér hlutdeild lögbýlisins í heildargreiðslumarki mjólkur fyrir hvert verðlagsár sem ákveðið er með tilliti til neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar á næstliðnu 12 mánaða tímabili, spár um markaðshorfur fyrir komandi verðlagsár og birgðastöðu, sbr. 1. mgr. 52. gr. búvörulaga.

Framleiðsla og markaðsfærsla mjólkur á innanlandsmarkaði hefur bein áhrif á ákvörðun heildargreiðslumarks. Verði sala mjólkurafurða á verðlagsárinu minni en gert var ráð fyrir leiðir það til þess að birgðir aukast og að lækka verður heildargreiðslumark næsta verðlagsárs sem því nemur. Á sama hátt kemur aukin sala mjólkurafurða fram í ákvörðun um hækkun heildargreiðslumarks fyrir næsta verðlagsár og minni birgðastöðu.

Í 1. mgr. 52. gr. er kveðið á um að birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram heildargreiðslumark beri að markaðsfæra erlendis á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, sbr. 3. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 29. gr. laganna, og teljist þær því ekki til birgða við ákvörðun heildargreiðslumarksins. Eina undantekningin frá þessu er að framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að leyfa sölu slíkrar vöru innan lands ef heildarframleiðsla er minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til.

Yrði mjólk utan greiðslumarks markaðsfærð á innanlandsmarkaði fæli það í sér að markaðshlutdeild greiðslumarkshafa minnkaði og útflutningsskylda þeirra ykist sem því næmi, enda yrði að lækka heildargreiðslumark mjólkur. Við það öðlaðist slík framleiðsla aðgang að innanlandsmarkaði umfram framleiðslu innan greiðslumarks.

Ekki eru staðfest dæmi þess nú að afurðastöð taki við mjólk utan við, eða umfram, greiðslumark og markaðssetji á innanlandsmarkaði án þess að flytja samsvarandi magn mjólkurafurða úr landi. Engu síður þykir rétt með frumvarpsgrein þessari að taka af öll tvímæli um að óheimilt er að markaðsfæra innan lands mjólk sem framleidd er á býli sem ekki nýtur greiðslumarks en því hefur verið haldið fram að framleiðendur á slíkum býlum, og þá um leið afurðastöðvar sem taka við mjólk frá þeim, lúti ekki banni 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 52. gr. búvörulaga við markaðsfærslu innan lands á mjólk umfram greiðslumark en standi þess í stað með einhverjum hætti utan við lögin. Þetta er í bága við 6. gr. búvörulaga þar sem segir að búvörusamningar sem Bændasamtök Íslands gera séu bindandi fyrir framleiðendur búvara hvort sem þeir eru félagar í samtökunum eða ekki og einnig 56. gr. laganna þar sem segir m.a. að allir þeir sem hafa með höndum framleiðslu mjólkur séu háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lögin hafa í för með sér.

Heildargreiðslumark á næstliðnu verðlagsári var 119 milljónir lítra. Vegna neyslu og birgðastöðu í landinu varð að lækka það hlutfallslega á yfirstandandi verðlagsári. Þá hafa bændur nýlega gert samning við stjórnvöld um skerðingu beingreiðslna og að þær verði miðaðar við almanaksár í stað verðlagsárs. Í því felst að yfirstandandi verðlagsár er 16 mánuðir í stað 12 mánaða og nær frá 1. september 2009 til 31. desember 2010. Af þessum sökum er brýnt að engin vafi sé um heimildir til aðgangs að innanlandsmarkaði og ráðstöfun mjólkur samkvæmt lögum.

Til að skýra lögin að þessu leyti þykir rétt að ákveða sérstök refsiviðurlög við markaðssetningu mjólkur umfram greiðslumark á innanlandsmarkaði. Lagt er til að möguleg fjársekt nemi 110 kr. á hvern lítra mjólkur sem nemur u.þ.b. lágmarksverði mjólkur til bænda að viðbættum beingreiðslum.

Gert er ráð fyrir því að um ákvörðun sektarinnar fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Um 2. mgr.

Á síðustu árum hefur nokkur fjöldi mjólkurbænda hafið eigin framleiðslu mjólkurafurða, einkum á mjólkurís og ostum, heima á búum sínum. Afurðirnar hafa bæði verið seldar heima á framleiðslubúi og í smásölu. Mikilvægt er að hlúa að þessari framleiðslu sem er einn af vaxtarsprotum landbúnaðarins um þessar mundir og getur aukið fjölbreytni í atvinnuháttum sveitanna. Þessa stefnumiðs sér merki í samstarfsyfirlýsingu starfandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs þar sem kveðið er á um að svigrúm bænda til heimaframleiðslu, vöruþróunar og heimasölu með upprunamerkingum verði aukið og nýtt til sóknar í ferðaþjónustu.

Árið 2009 skoruðu samtökin Beint frá býli á landbúnaðarráðherra að breyta reglum þannig að gefið yrði nokkurt svigrúm til að sú mjólk sem nýtt er í heimavinnslu afurða verði, með nokkrum takmörkunum, ekki talin til framleiðslu innan greiðslumarks og rýri þannig ekki venjulegan innleggsrétt framleiðenda í afurðastöð. Með frumvarpsgreininni er brugðist við þeirri áskorun.

Í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir beinni markaðssetningu frá býli heldur einungis að framleiðsla fari um afurðastöðvar, sbr. t.d. 29. og 52. gr. laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu að þessu leyti. Hún er mikilvæg til að skýra rétt til beingreiðslna fyrir fram-

leiðslu heima á búi, en um nánari skilyrði þess réttar má ákveða í reglugerð, t.d. að við upphaf hvers verðlagsárs skuli framleiðandi láta í té áætlun um skiptingu greiðslumarks lögbýlis milli framleiðslu beint frá eigin lögbýli, framleiðslu til innlagnar í afurðastöð (mjólkursamlag) og eftir atvikum framleiðslu á erlendan markað. Þetta á sér nokkra hliðstæðu í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1788/2003. Slík tilkynning kann að vera nauðsynleg svo að til beingreiðslna getið komið fyrir framleiðslu heima á búi, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Verði frumvarpið að lögum getur framleiðandi markaðsfært á innanlandsmarkaði heimaunnar vörur sem samsvara 10.000 lítrum mjólkur án þess að það teljist til nýtingar á greiðslumarki lögbýlisins. Helstu sjónarmið að baki þessari ívilnun eru að heimavinnsla afurða, innan þessa ramma, getur aldrei orðið nema lítið brot af mjólkurframleiðslunni í landinu jafnframt því sem aukið framboð og afurðaval er líklegt til að auka neyslu mjólkurvara, þ.e. framleiðslan getur „stækkað markaðinn“. Þessi sjónarmið liggja til grundvallar þeim skilningi ríkis og bænda að frumvarpsgreinin raski ekki réttindum og skyldum samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Ekki verður hins vegar gengið lengra við að veita ívilnun án þess að raska samningnum.

Í framkvæmd felst í þessari ívilnun að framleiðandi getur, þrátt fyrir heimavinnslu allt að 10.000 lítra mjólkur, nýtt allt greiðslumark sitt með venjulegum hætti með innlögn í afurðastöð. Þetta er mikilsverður stuðningur. Verð á greiðslumarki mun vera um 300 kr., en samkvæmt því má segja að fyrirgreiðslan geti verið hverjum framleiðanda allt að 3 milljóna króna virði.

Mikilvægt er að athuga að framleiðendur geta ekki framselt rétt sinn til heimavinnslu umfram greiðslumark lögbýlis til annarra framleiðenda eða nýtt hann með samningi við afurðastöð enda er ekki kveðið á um heimild til framsals auk þess að rétturinn er undanþága sem er bundin við að framleiðandi vinni afurðirnar sjálfur úr eigin framleiðslu. Þar kemur aðeins til greina að um einn og sama lögaðila sé að ræða.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það til þess að hugtökin afurðastöð og framleiðandi verða mörkuð með skýrari hætti en áður. Nú hníga rök til þess að skýra lögin þannig að framleiðandi sem markaðssetur eigin afurðir sé afurðastöð í skilningi laganna enda er ekki gert ráð fyrir því að framleiðandi annist markaðssetningu eigin afurða. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að framleiðandi markaðsfæri eigin framleiðslu án milligöngu afurðastöðvar. Við það er t.d. ljóst að framleiðandi fellur ekki undir ákvæði V. kafla laganna um verðmiðlun sem einungis tekur til afurðastöðva.

Um 3. gr.

Með greininni er mælt fyrir um eðlilega upplýsingaöflun að virtum þeim breytingum sem eru samfara 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem gerð er tillaga um að heimiluð verði framleiðsla allt að 10.000 lítra mjólkur frá hverju lögbýli, án þess að það teljist nýting á greiðslumarki lögbýlisins.

Fari framleiðslan fram yfir það mark skal gera grein fyrir henni svo að til beingreiðslna geti komið. Slík framleiðsla verður eðlilegur þáttur í árlegri ákvörðun um heildargreiðslumark, og er 3. gr. frumvarpsins ætlað að tryggja það.

Um 4. gr.

Með greininni er leiðrétt misfella í gildandi lögum enda var úrskurðarnefnd um greiðslumark o.fl., skv. 49. gr. búvörulaga, lögð niður með lögum nr. 58/2007, um breytingu á bú-

vörulögum. Rétt þykir að taka fram í greininni að heimilt er að leggja ágreining um þær ákvarðanir sem þar greinir undir úrskurð ráðherra.

Um 5. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á ákvæðum búvörulaga um heimild til álagningar dagsekta á þá aðila sem skylt er að gefa upplýsingar samkvæmt lögunum. Lagt er til að heimild til álagningar dagsekta verði ekki takmörkuð við upplýsingagjöf til Matvælastofnunar eins og nú er skv. 2. mgr. 82. gr. laganna heldur taki heimildin til allra þeirra aðila sem safna upplýsingum á grundvelli laganna. Áskilið er jafnframt að fram komi tillaga um beitingu dagsekta frá þeim sem safnar skýrslum eða upplýsingum samkvæmt lögunum. Þetta á eðli máls samkvæmt ekki við þegar ráðuneytið sjálft aflar upplýsinga.

Ákvæði búvörulaga um heimildir til álagningar dagsekta eru ófullkomin. Benda má t.d. á ósamræmi í 26. gr. laganna þar sem gert er ráð fyrir því að það geti varðað dagsektum skv. 82. gr. laganna að neita að láta Bændasamtökum Íslands í té upplýsingar. Hafa ber í huga að viðamikil upplýsingaöflun fer fram á vegum Matvælastofnunar, Bændasamtaka Íslands og verðlagsnefndar búvöru við framkvæmd búvörulaga, sbr. t.d. 11., 26., 52. og 77. gr. laganna.

Rétt þykir að hækka hámarksfjárhæð dagsekta sem hefur verið óbreytt frá gildistöku búvörulaga, nr. 46/1985. Þær fjárhæðir sem gerð er tillaga um eru þær sömu og finna má í 15. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, og heimilt er að leggja á við synjun um að veita Hagstofunni upplýsingar til hagskýrslugerðar.

Um 6. gr.

Rétt þykir að ákveða að lögin öðlist ekki gildi fyrr en við upphaf nýs verðlagsárs 1. janúar 2011. Þó þykir sjálfsagt að ákvæði 4. gr. öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að sett verði inn sérstakt ákvæði um viðurlög vegna brota á ákvæðum laga um markaðssetningu mjólkur auk þess sem ákvæði um álagningu dagsekta eru einfölduð og gerð skýrari. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögunum til að styðja við og gera skýrari starfsumhverfi heimavinnslu mjólkurafurða. Í þriðja lagi er lagt til að bera megi ákvarðanir um aðilaskipti að greiðslumarki í mjólkurframleiðslu undir úrskurð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1285. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra, Ástríði Jóhannesdóttur og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Lindu K. Björgvinsdóttur og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Baldvinsson fyrir hönd Landssamtaka lífeyrissjóða, Stefán Árna Auðólfsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Eirík Svavarsson, Kristin Bjarnason og Steinunni Guðbjartsdóttur lögmenn, Perlu Ösp Ásgeirsdóttur og Stefán Þór Sigtryggsson frá Seðlabanka Íslands, Arnald Loftsson, Áslaugu Guðjónsdóttur, Guðjón Rúnarsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Jónu Björk Guðnadóttur og Ólaf Frímann Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Benedikt Jóhannesson frá Talnakönnun hf., Eirík Elís Þorlaksson, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Sigrúnu Helgadóttur fyrir hönd Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Harald Inga Birgisson og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 komu fram margvíslegir gallar á gildandi lögum, nr. 98/1999. Með frumvarpinu verða teknar upp í íslenskan rétt eftirfarandi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta og 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi. Síðastnefnda tilskipunin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem eru tilkomnar vegna bankahrunsins.

Þau ákvæði frumvarpsins sem fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipana EB eru 7. gr. um hvernig greiðsluskylda sjóðsins verður virk, 9. gr. um innra öryggi, 11. og 12. gr. um vanskil á greiðslu iðgjalds og greiðslufyrirkomulag, 13. gr. um útreikning á tryggðri innstæðu, 14. gr. um takmarkanir á tryggingavernd og 15. gr. um fresti. Ákvæði um verðbréfadeild sjóðsins eru 17., 19., 20., 21., 22. og 23. gr. Auk þess byggjast ákvæði 24. gr. um erlend útibú og 26. gr. um upplýsingagjöf til viðskiptamanna á tilskipunum sem Ísland hefur tekið upp um innstæðutryggingakerfi og bótakerfi fyrir fjárfesta.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði ný deild í Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, A-deild, sem taki við iðgjaldi frá innlánsstofnunum frá gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum og mun þá núverandi innstæðudeild verða B-deild og að meginstefnu starfa samkvæmt gildandi lögum nr. 98/1999, sbr. ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið.

Að lokinni reifun á helstu atriðum frumvarpsins verður fjallað um þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til.

Markmiðum frumvarpsins er lýst í 1. gr. þar sem kemur fram að eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eigi að veita lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Með lágmarksvernd er átt við að viðskiptavinur njóti tryggingar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins upp að vissu marki en þó þannig að viðkomandi geti ekki í öllum tilvikum búist við að geta fengið fullar efndir kröfu sinnar. Í frumvarpinu er í raun fallið frá því að kveða á um lámarkstryggingu og í staðinn kveðið á um hámarkstryggingu að jafnvirði 50.000 evra og að ekki sé hægt að gera frekari

kröfur á sjóðinn. Heildarfjárhæð tryggðra innstæðna innstæðueiganda miðast við heildarfjárhæð hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun.

Í 2. gr. er hugtakið innstæða skilgreint og samræmist hún að mestu skilgreiningu fyrri málsliðar 3. mgr. 9. gr. gildandi laga. Leitast er við að skýra betur hvaða tegundir innlána falla undir hugtakið og njóta þar með verndar sjóðsins. Hnykkt er á þeim grundvallarsjónarmiðum að tryggingunni sé fyrst og fremst ætlað að veita neytendum tiltekna lágmarksvernd. Við umfjöllun um málið í nefndinni komu fram áhyggjur af því að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að innlán lífeyrissjóða væru tryggð en aðeins að því marki sem næmi hámarkstryggingunni, þ.e. 50 þús. evrum. Á bak við reikning sem væri skráður á nafn lífeyrissjóðs væru félagar sjóðsins sem gætu eðli máls samkvæmt ekki verið skráðir fyrir reikningunum persónulega. Svipuð vandamál eru uppi hvað varðar safnreikninga sem bankar og önnur fjármálafyrirtæki starfrækja til að halda utan um séreignarsparnað í eigu viðskiptamanna. Vegna þessa leggur nefndin til breytingu sem nánar verður gerð grein fyrir síðar í áliti þessu. Í 26. gr. er gert ráð fyrir því að innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu upplýsi viðskiptamenn sína um innstæðutryggingar, þ.m.t. hvað sé undanskilið tryggingavernd o.fl. Ákvæðinu er ætlað að tryggja neytendavernd þannig að viðskiptamaður geti tekið upplýsta ákvörðun um val á þeim fjárfestingarkostum sem honum standa til boða hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. er Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sjálfseignarstofnun. Starfsmenn sjóðsins og stjórnarmenn heyra ekki undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og sjóðurinn er ekki ríkisstofnun. Stjórn sjóðsins er skipuð af efnahags- og viðskiptaráðherra skv. 4. gr. og er henni heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða semja við lögaðila um rekstur hans og vörslu. Með frumvarpinu er stjórnarmönnum fækkað úr sex í þrjá. Það er stefnubreyting frá gildandi lögum að stjórnarmenn séu ekki háðir þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til sjóðsins og skulu þeir því skv. 2. mgr. 4. gr. uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er gerð tillaga um breytt fyrirkomulag á innheimtu iðgjalds, sbr. 10. gr. Gert er ráð fyrir að iðgjald greiðist ársfjórðungslega og að það miðist við bókfærða stöðu tryggðra innstæðna í lok næstliðins ársfjórðungs fyrir gjalddaga. Lagt er til að iðgjald á ársgrundvelli nemi sem svarar 0,3% af tryggðum innstæðum viðkomandi innlánsstofnunar. Þetta er talsverð hækkun þar sem fastagjaldið nú er 0,15%. Einnig er í frumvarpinu lagt til að innlánsstofnanir greiði viðbótariðgjald vegna tiltekinna áhættuþátta. Nefndin leggur til breytingar á 10. gr. sem nánar verður gerð grein fyrir síðar en með tillögum um breytingar á iðgjaldinu er markmiðið að iðgjöld til sjóðsins endurspegli sem best þá áhættu sem til staðar er hverju sinni.

Í 27. gr. er mælt fyrir um að stjórn sjóðsins ákveði fjárfestingarstefnu hans og að ávöxtun á fé sjóðsins skuli miðast við að hann geti sem best sinnt hlutverki sínu. Í þessu sambandi er vert að árétta meginmarkmið frumvarpsins um vernd hagsmuna neytenda. Fjárfestingarstefnan skal kynnt á ársfundi en rétt til setu á honum eru fulltrúar innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem greiða iðgjöld til sjóðsins, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra og einnig fulltrúar opinberra aðila. Fundurinn skal auglýstur opinberlega og gefst því þeim sem sækja fundinn kostur á að gera athugasemdir við fjárfestingarstefnuna. Fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera sveigjanleg og í sífelldri endurskoðun og því óheppilegt að fastsetja ákvæði um hana í lögum. Hún verður m.a. að taka mið af þeim innstæðum sem eru í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Þá verður sjóðurinn að geta innleyst eignir á tiltölulega skömmum tíma án þess að það hafi of mikil markaðsáhrif og geta fjárfest erlendis þar sem markaðir eru virkari og stærri. Í gildandi reglu-

gerð um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 120/2000, segir að ávöxtun á fé sjóðsins skuli miðuð við að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu og að lágmarki fjórðungur af fé sjóðsins skuli bundinn í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Í dönskum lögum um sama efni segir að kveðið skuli á um fjárfestingarstefnu sjóðsins í samþykktum hans. Hvorki er kveðið á um fjárfestingarstefnu tryggingarsjóðs innstæðueigenda í norskri löggjöf né í þeirri sænsku.

Á grundvelli 33. gr. laga um fjármálafyrirtæki getur fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan EES-svæðisins fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér án stofnunar útibús. Skv. 24. gr. frumvarpsins skulu útibú innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki greiða iðgjald til sjóðsins vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem nýtur ekki tryggingar sambærilegs tryggingakerfis í heimaríkinu. Auk þess hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að gera slíkum útibúum að setja frekari tryggingar fyrir því að þau geti staðið við þær skuldbindingar sem felast í frumvarpinu. Ákvæðið byggist á tilskipunum EB. Innstæður í útibúi viðkomandi fjármálafyrirtækis (þ.e. fyrirtækis utan EES) hér á landi munu því njóta verndar tryggingarsjóðs ef til greiðsluskyldu kemur og ræðst þá neytendavernd innstæðueigenda hér á landi ekki af fyrirkomulagi innstæðutryggingar í heimaríki viðkomandi innlánsstofnunar. Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli 34. gr. laga um fjármálafyrirtæki gripið til úrræða vegna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja. Skv. 1. mgr. greinarinnar getur eftirlitið t.d. bannað slíku fjármálafyrirtæki að stunda hér starfsemi hafi það brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki eða reglum settum samkvæmt þeim.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Lögð er til breyting á 2. gr. til nánari skýringar á því hvaða aðilar greiða iðgjald til sjóðsins. Sömuleiðis er lagt til að skilgreining á hugtakinu lykilstjórnandi í 8. tölul. falli brott vegna breytinga sem eru lagðar eru til á 14. og 22. gr. Með vísan til þess sem að framan er lýst um séreignarsparnað leggur nefndin til að sjóðurinn tryggi innstæður á safnreikningum vegna séreignarsparnaðar hvort sem vörsluaðili er lífeyrissjóður eða fjármálafyrirtæki. Nefndin leggur til nokkrar breytingar til að tryggja framangreint, t.d. er lagt til að við skilgreiningu á hugtakinu innstæðu í 2. gr. verði bætt að um geti verið að ræða hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Jafnframt er lagt til að við 2. gr. bætist tveir nýjir töluliðir þar sem skilgreint er annars vegar hvað felst í hugtakinu „vörsluaðili lífeyrissparnaðar“ og hins vegar „innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar“. Vegna þessa eru lagðar til nokkrar afleiddar breytingar á frumvarpinu. Einnig er lögð til sú breyting á 2. gr. að lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar teljist ekki til innstæðna samkvæmt frumvarpinu. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er tilgangur þess og tilskipunar um innstæðutryggingar fyrst og fremst sá að veita innstæðueigendum ákveðna tryggingavernd fari svo að innlánsstofnun geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hér er leitast við að afmarka með skýrum hætti hvaða fjármálaafurðir njóti umræddrar verndar og teljist þar með til innstæðna í skilningi frumvarpsins. Frumvarpið mun hins vegar ekki leysa allan ágreining um túlkun á því hvaða fjármálaafurðir teljist eða geti talist til innlána. Peningamarkaðsinnlán hafa fyrst og fremst gegnt hlutverki fjárfestingarvalkosts fyrir stærri fjárfesta og fjármálafyrirtækin hafa nýtt þessar afurðir til fjármögnunar. Ljóst er að áhöld eru um það hvort peningamarkaðsinnlán og heildsöluinnlán teljist til innlána. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess ágreinings en hins vegar er tekið fram að umræddar fjármálaafurðir skuli ekki telja til innstæðna í skilningi frumvarpsins og njóti því ekki verndar Tryggingar-

sjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þar með geta umræddar afurðir heldur ekki talist til forgangskrafna í þrotabú með sama hætti og almenn innlán gera skv. 12. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi verður að líta til þátta eins og tilgangs tryggingakerfisins, stærðar innlána og afleiðinga þess ef öllum fjármálaafurðum sem að einhverju leyti mætti líkja til innlána yrði veitt sú grundvallarvernd sem er lögð til með frumvarpinu. Því hefur verið haldið fram í þessu samhengi að með því að undanskilja peningamarkaðsinnlán tryggingavernd sé staðfest að neyðarlögin nr. 125/2008 hafi verið framkvæmd rangt þegar peningamarkaðsinnlán annarra en fjármálafyrirtækja voru flutt yfir í nýju bankana sem innstæður. Því er til að svara að frumvarpið mun ekki hafa afturvirk áhrif að þessu leyti og engin afstaða er tekin til fortíðarinnar þótt í frumvarpinu sé tekið af skarið um tryggingavernd innstæðna framtíðarinnar. Einnig má benda á að við flutning innlána yfir í nýju bankanna var ekki í öllum tilfellum litið á peningamarkaðsinnlán sem innstæður. Einnig hefur verið bent á að þessi aðgreining í frumvarpstextanum muni leiða til að peningamarkaðsinnlán teljist ekki til forgangskrafna og standi því aftar en innlán í kröfuröð við gjaldþrot banka. Það mundi leiða til þess að helstu notendur umræddrar fjármálaafurðar, svo sem lífeyrissjóðir og stórir fjárfestar mundu frekar horfa til annarra fjárfestingarkosta, t.d. innlánsreikninga sem ekki væru eins hentugir fyrir þá. Rétt er að vekja aftur athygli á tilgangi frumvarpsins og innstæðutrygginga almennt séð, þ.e. að vernda sparifé almennings en ekki stofnanafjárfesta. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið standa peningamarkaðsinnlán almennum sparifjáreiganda hreinlega ekki til boða þar sem ákveðin skilyrði eru um lágmarksstærð slíkrar fjárfestingar og verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna því að rétt sé að veita peningamarkaðsinnlánum tryggingavernd samkvæmt löggjöf um innstæðutryggingakerfi.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á 4. gr. um að í stað þess að ráðherra skipi alla þrjá stjórnarmenn án tilnefningar skuli einn stjórnarmaður tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Að gefnu tilefni áréttar meiri hlutinn að sá einstaklingur sem er tilnefndur af Seðlabanka Íslands tekur sæti í stjórninni sem fulltrúi bankans. Því verða tveir stjórnarmenn skipaðir án tilnefningar en einn af Seðlabanka Íslands. Vert er að benda á að hæfisskilyrði stjórnarmanna eru mjög ströng eins og kemur fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og er þar um að ræða umfangsmikla breytingu frá skilyrðum gildandi laga.

Einnig er lögð til breyting á 6. gr. Í 3. mgr. hennar er mælt fyrir um að rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af eignum hans. Lögð er til viðbót við málsgreinina þess efnis að kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af eignum hans í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði. Slíku fyrirkomulagi er ætlað að tryggja að hver deild standi undir þeim kostnaði sem stafar af henni og þannig muni t.d. ekki koma til þess að A-deild þurfi að bera kostnað af rekstri B-deildar. Þetta fyrirkomulag kemur einnig fram í 1. mgr. greinarinnar þar sem mælt er fyrir um að deildir sjóðsins hafi aðskilinn fjárhag og reikningshald og beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

Meiri hlutinn leggur til lagfæringu á 1. mgr. 7. gr. Annars vegar er um að ræða orðalagsbreytingu þar sem í 12. gr. er hvorki mælt fyrir um lágmarks- né hámarksfjárhæð heldur miðast verndin við tiltekna fjárhæð. Þar sem að í 1. mgr. 7. gr. er vísað til lágmarksverndar mætti draga þá ályktun að vernd kunni að vera umfram þá fjárhæð sem er tilgreind í 12. gr. Hins vegar er lögð til lagfæring á tilvísun þar sem ranglega er vísað til 13. gr. en á að vera 12. gr.

Þá eru lagðar til breytingar á 10. gr. sem fela í sér talsverðar breytingar á útreikningi iðgjalda. Lagt er til að ákvæði um iðgjaldagreiðslur verði einfaldað nokkuð frá því sem fram kemur í frumvarpinu, auk þess sem kveðið er á um viðbótariðgjald sem reiknast út frá áhættustuðli hverrar innlánsstofnunar. Með tillögum um breytta 2. mgr. leggur meiri hlutinn

til að almennt iðgjald skuli nema á ársgrundvelli sem svari 1% allra innstæðna sem njóta tryggingaverndar hjá viðkomandi innlánsstofnun en í frumvarpinu er hlutfallið 0,3% af tryggðum innstæðum. Álagningargrundvöllur iðgjalds er heildarfjárhæð allra innstæðna að undanskildum þeim sem njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins skv. 14. gr. frumvarpsins. Vakin er athygli á því að nú er lagt til að Fjármálaeftirlitið, en ekki Tryggingasjóður innstæðueigenda, reikni út áhættustuðul innlánsstofnana. Aðrar breytingar á 10. gr. leiða í raun af umræddum breytingum á útreikningi iðgjaldsins. Jafnframt leggur nefndin til að gjalddagar iðgjalds í tryggingarsjóð verði færðir til um einn mánuð. Breytingar þessar leiða til nokkurra annarra breytinga á ákvæðum greinarinnar sem skýra sig sjálfar.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á 12. gr. þar sem fjallað er um greiðslur úr A-deild sjóðsins, þ.e. greiðslur til innstæðueigenda. Lagt er til að í stað fjárhæðarinnar 50.000 evrur (EUR) verði vísað til 100.000 evra (EUR) en nefndin leggur þó til að í ákvæði til bráðabirgða verði miðað við 50.000 evrur (EUR) út árið 2010. Öðrum breytingum sem eru lagðar til er ætlað að skýra fyrirkomulagið nánar við greiðslur úr sjóðnum, framsal krafna og forgang. Hér er einnig kveðið á um greiðslur til rétthafa í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Ástæða þessa er sú að ekki þótti sanngjarnt að þeir sem hefðu safnað séreignarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum þar um og ættu hlutdeild í safnreikningum hjá innlánsstofnun sem eingöngu fjárfesti lífeyrissparnað í bundnum innlánum, nytu ekki verndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, á sama hátt og þeir viðskiptavinir sem söfnuðu séreignarsparnaði á sambærilegan reikning á eigin nafni. Litið er svo á að form reikningsins eigi ekki að ráða úrslitum um tryggingarvernd viðkomandi innstæðueiganda, svo framarlega sem í báðum tilvikum sé um að ræða söfnun á bundinn innlánsreikning samkvæmt fjárfestingarstefnu vörsluaðila. Í 4. mgr. er kveðið á um að innstæður samkvæmt lögunum teljist til forgangskrafna skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Litið er svo á að kröfur innstæðueigenda og kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta njóti sama forgangs í þrotabú þar sem um sambærilegar og samkynja kröfur er að ræða. Af því leiðir að framhaldskrafa innstæðueiganda umfram það sem hann fékk bætt frá tryggingasjóðnum og endurkrafa sjóðsins vegna þeirra krafna sem hann fékk framseldar frá innstæðueigendum teljast jafnréttháar. Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta hefur gert athugasemd við þetta sjónarmið en hér er litið svo á að það skipti ekki höfuðmáli hver sé handhafi eða eigandi viðkomandi kröfu. Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. ræður tegund krafna forgangi þeirra en ekki hver er rétthafi kröfu.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á 14. gr. og 22. gr. sem fjalla um takmarkanir að tryggingavernd. Lagt er til að í 1. tölul. beggja greinanna verði til skýringar tilgreint að átt sé við innstæður (14. gr.) og verðbréf og reiðufé (22. gr.) í eigu fjármálafyrirtækja en ekki í eigu annaðhvort innlánsstofnunar (14. gr.) eða verðbréfafyrirtækis (22. gr.). Jafnframt er lagt til að 6. og 7. tölul. greinanna falli brott. Fram komu sjónarmið um það í nefndinni að kostnaðarsamt yrði að aðgreina þá einstaklinga sem eiga að njóta tryggingaverndar og þá sem eiga ekki að njóta hennar. Slíkt mundi kalla á umfangsmiklar breytingar á tölvukerfum og verkferlum. Að teknu tilliti til þessara ábendinga og eins hins hversu fámennur hópur er tilgreindur í 6. og 7. tölul. leggur nefndin til að töluliðirnir falli brott. Þá þykir rétt að taka af allan vafa um það að þótt innstæður ákveðinna aðila njóti ekki tryggingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er með hliðsjón af 2. gr. frumvarpsins óumdeilt að um innstæður sé að ræða. Þær innstæður eru jafnréttháar og aðrar innstæður hvað varðar forgang og kröfugerð í þrotabú innlánsstofnunar við slitameðferð hennar. Að öðrum kosti yrði verulega vegið að réttarstöðu innstæðna almennt séð en ljóst er að margir þeirra aðila sem eru

undanþegnir tryggingarvernd 1. mgr. 14. gr. eiga ekki aðra kosti en að ávaxta fé sitt á innlánsreikningum og óeðlilegt væri að þeir nytu ekki sama forgangs í þrotabú og aðrir innstæðueigendur.

Meiri hlutinn leggur einnig til breytingu á orðalagi 2. mgr. 19. gr. til skýringar en svo virtist sem orðalagið í frumvarpinu mætti misskilja á þann veg að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu gætu misst starfsleyfi sitt á grundvelli laganna. Svo er ekki og leggur nefndin því til breytt orðalag.

Þá er lögð til breyting á 24. gr. um að sjóðnum fremur en Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að gera útibúum innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, sem hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki, að setja frekari tryggingar fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar. Sjóðurinn kann að vera í betri aðstöðu en Fjármálaeftirlitið til að leggja nauðsynlegt mat á umrædd fyrirtæki en til grundvallar ákvörðun um að slík stofnun setji frekari tryggingu fyrir því að hún geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum verður að liggja mat á viðkomandi stofnun.

Jafnframt leggur nefndin til að ákvæði 26. gr. um upplýsingagjöf verði ítarlegra. Lagt er til að 1. og 2. mgr. verði sameinaðar og sérstaklega tekið fram að tilgreina eigi fjárhæð tryggingar og að slíkar upplýsingar skuli veita viðskiptamanni við upphaf viðskipta.

Lögð er til sú breyting á gildistökugrein að frumvarpið öðlist gildi 1. júlí nk. en jafnframt er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða I að ráðherra geti þó skipað stjórn sjóðsins fyrir þann tíma. Þá eru lagðar til aðrar breytingar á ákvæðum til bráðabirgða sem varða lagaskil, framlengingu á líftíma Tryggingarsjóðs sparisjóðanna út árið 2010 og gildistíma ábyrgðaryfirlýsingar. Þá leggur nefndin til að tvö ný ákvæði til bráðabirgða bætist við frumvarpið, annars vegar um að tryggingaverndin nemi 50.000 evrum (EUR) til 31. desember 2010 og hins vegar að við frumvarpið bætist ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð innan tveggja ára.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á með beinum hætti um mynt iðgjaldagreiðslna til sjóðsins en það leiðir af ákvæðum 7. mgr. 12. gr. að greiðsla til innstæðueiganda sem átti innlánsreikning í erlendri mynt skuli vera í þeirri mynt. Þá er kveðið á um að eigi sjóðurinn ekki fyrir útborgun sinni í þeirri mynt skuli greitt í íslenskum krónum það sem vantar upp á. Unnt er að takmarka gengisáhættu sjóðsins með því að tilgreina að við iðgjaldaútreikning og greiðslu iðgjalds skuli umreikna í íslenskar krónur þær fjárhæðir sem á að greiða til sjóðsins vegna erlendra reikninga á gengi þess dags þegar iðgjaldið er greitt. Þá þarf jafnframt að taka fram að greiðslur úr sjóðnum til rétthafa verði undantekningarlaust í íslenskum krónum. Með slíku fyrirkomulagi er gengisáhættan færð frá sjóðnum yfir á innstæðueiganda.

Á vegum vinnunefndar hjá Evrópusambandinu er unnið að endurskoðun innstæðutryggingakerfisins og er almennt miðað við að innstæðutryggingakerfi teljist fjármögnuð á fullnægjandi hátt þegar þau ráða yfir handbæru fé sem nemur tæpum 2% af heildarupphæð tryggðra innstæðna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sambærilegt hlutfall verði 4%. Tryggingafræðilegar líkur á því að innstæðutryggingakerfið íslenska geti staðið við skuldbindingar sínar þegar sjóðsmyndun hefur náð 4% af tryggðum innstæðum eru því töluvert hærri en það sem aðrir telja fullnægjandi. Frumvarpið gerir ráð fyrir óvenjuhraðri sjóðsmyndun og einnig er gengið frá því í frumvarpinu að sjóðurinn geti aflað sér lánsfjár. Ekki er því nauðsynlegt að hann hafi yfir að ráða handbæru fé til þess að geta mætt stóráföllum. Miðað við lögbundið tekjuinnstreymi sem leiðir af innheimtu iðgjalda, sem er unnt að veðsetja, ættu möguleikar sjóðsins til lántöku að vera góðir, hvort sem hann nyti ríkisábyrgðar eður ei við slíka lántöku.

Fyrir nefndinni liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki en þar eru lagðar til þrengdar hæfisreglur auk þess sem möguleikar aðila í nánum tengslum til að stunda viðskipti sín milli eru þrengdir. Jafnframt er skerpt á möguleikum Fjármálaeftirlitsins til að gripa inn í rekstur fjármálafyrirtækja og hafa eftirlit með þeim.

Bæði á fundum og í umsögnum sem nefndinni bárust var bent á að eðlilegt væri að kveða á um það í sjálfum frumvarpstextanum að fjárskuldbindingar sjóðsins nytu ekki ábyrgðar ríkisins. Meiri hlutinn bendir á að sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og ekki í eigu ríkisins. Tryggingarsjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar enda er ekki tekið fram að svo sé.

Ríkisstjórnin lýsti því yfir 9. desember 2009 að yfirlýsing hennar frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi, þ.e. að allar innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi væru tryggðar. Fram kom að yfirlýsingin yrði ekki dregin til baka fyrr en nýtt íslenskt fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Með frumvarpinu er tryggingaverndin aukin og hækkun iðgjaldagreiðslna í sjóðinn flýtir sjóðsmyndun. Því má gera ráð fyrir að ekki verði þörf á viðbótarábyrgð í náinni framtíð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. júní 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Björn Valur Gíslason.
Mörður Árnason.	Jónína Rós Guðnadóttir.	

1286. Breytingartillögur [255. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (LMós, MSchr, BVG, MÁ, JRG).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „lágmarksvernd“ í 1. mgr. komi: vernd.
2. Við 2. gr.
   a. Orðskýringin *Innlánsstofnun* orðist svo: Viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.
   b. Orðskýringin *Innstæða* orðist svo: Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

c. Orðskýringin *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu* orðist svo: Fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
d. 8. tölul. falli brott.
e. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   8. *Vörsluaðili lífeyrissparnaðar:* Aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga.
   9. *Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar*: Fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

3. Við 4. gr. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir án tilnefningar en einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands.
4. Við 6. gr. Við 3. mgr. bætist: í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði.
5. Við 7. gr. Inngangsmálsliður orðist svo: Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur vernd sjóðsins skv. 12. gr. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:
6. Við 8. gr. Í stað orðanna „á hendur henni“ komi: á hendur viðkomandi sjóðsdeild.
7. Við 10. gr.
   a. Í stað 1.–4. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar sem orðist svo:

      Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skiptast í almennt iðgjald skv. 2. mgr., iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar skv. 3. mgr. og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar skv. 4. mgr.

      Almennt iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar 1% af innstæðum, þó ekki þeim sem undanþegnar eru tryggingarvernd skv. 14. gr., hjá viðkomandi innlánsstofnun, eða 0,25% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

      Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald af sem nemur 0,016% á ársgrundvelli, eða 0,004% á ársfjórðungslegum gjalddaga fyrir hvert prósentustig.

      Auk iðgjalds skv. 2. og 3. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar og tilkynnir sjóðnum um breytingar á áhættustuðli þegar slíkar breytingar eru gerðar. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 1 en hæst gildið 2 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.

      Gjalddagar skulu vera fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.
   b. Síðari málsl. 6. mgr. falli brott.

c. 1. málsl. 7. mgr. orðist svo: Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.–4. mgr. byggist á.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.
e. Fyrsti málsliður 8. mgr. orðist svo: Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 8. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.–4. mgr.
f. 10. mgr. falli brott.

8. Við 11. gr. Í stað orðanna „skv. 4. mgr. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: skv. 5. mgr. 10. gr.
9. Við 12. gr.
a. Í stað orðanna „50.000 evra (EUR)“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, sem orðist svo: Rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt þessari grein.
c. Í stað orðanna „upplýsingar um innstæður þeirra innstæðueigenda sem njóta verndar samkvæmt lögunum“ í 1. málsl. 2. gr. komi: allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila.
d. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
Nú er innstæðueigandi rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skiptist þá greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til rétthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.
e. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: sem nemur fjárhæð greiðslunnar.
f. 2. málsl. 3. mgr. falli brott.
g. Á eftir orðunum „yfirtekur hann“ í 1. málsl. 4. mgr. (er verði 5. mgr.) komi: án sérstakrar framsalsyfirlýsingar.
h. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Greiðslur úr A-deild*.

10. Við 14. gr.
a. Í stað orðsins „innlánsstofnana“ í 1. tölul. komi: fjármálafyrirtækja.
b. 6. og 7. tölul. falli brott.
c. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
Takmarkanir á tryggingavernd skv. 1. mgr. raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

11. Við 15. gr. Í stað orðanna „gagnvart innstæðueiganda“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: gagnvart innstæðueiganda eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
12. Við 18. gr. Á eftir orðunum „1. febrúar“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: ár hvert.
13. Við 19. gr. 2. mgr. orðist svo:
Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svipt starfsleyfi í heild eða að hluta raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar í samræmi við ákvæði þessa kafla.
14. Við 20. gr.
a. 2. málsl. 3. mgr. falli brott.
b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Greiðslur úr verðbréfadeild.*

15. Við 22. gr.
    a. Í stað orðsins „verðbréfafyrirtækja“ í 1. tölul. komi: fjármálafyrirtækja.
    b. 6. og 7. tölul. falli brott.
16. Við 23. gr. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 6. mgr. komi: skv. 5. mgr.
17. Við 24. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Sjóðnum er heimilt að gera þeim að greiða viðbótariðgjald, allt að tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr. 10. gr., eða setja tryggingar, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar.
18. Við 26. gr.
    a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ein málsgrein, svohljóðandi:
       Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta. Upplýsingar skulu vera á tungumáli þess ríkis þar sem starfsstöð er og tiltaka m.a. fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Upplýsingar þessar skulu kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta.
    b. Í stað orðsins „lágmarkstryggingu“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: vernd.
19. Við 30. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010 en þó öðlast ákvæði 15. gr. gildi 1. janúar 2011.
20. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. getur ráðherra skipað stjórn sjóðsins fyrir 1. júlí 2010 í samræmi við lög þessi.
    Um greiðslur iðgjalda vegna ársins 2009 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999. Um greiðslur iðgjalda vegna fyrstu sex mánaða ársins 2010 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999 og skulu aðildarfyrirtæki greiða helming áætlaðs ársiðgjalds eigi síðar en 31. ágúst 2010.
    Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal fyrsti gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. vera síðasti virki dagur nóvembermánaðar 2010, vegna ársfjórðungsins júlí – september 2010, og fyrsti gjalddagi iðgjalda skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. skal vera síðasti virki dagur febrúarmánaðar 2011.
    Þangað til ákvæði 15. gr. öðlast gildi, sbr. 30. gr., skulu tímafrestir sjóðsins til útborgunar fara samkvæmt lögum nr. 98/1999.
21. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
    Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður eigi síðar en 31. desember 2010. Ekki skal heimilt að leggja þá skyldu á sparisjóðina á árinu 2010 að greiða framlag til sjóðsins. Eignir Tryggingarsjóðs sparisjóðanna skulu renna til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún kann að verða 31. desember 2010. Standa skal skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 31. mars 2011.
22. Við ákvæði til bráðabirgða III bætist ný málsgrein sem orðist svo:
    Ákvæði laga nr. 98/1999 um útgáfu og greiðslu ábyrgðaryfirlýsinga vegna fyrstu sex mánaða ársins 2010 og fyrri ára halda gildi sínu óháð því hvort ábyrgðaryfirlýsingar hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal innheimta fjármuni sem nemur ábyrgðaryfirlýsingum aðildarfyrirtækja og skulu þau hafa staðið skil á greiðslu eigi síðar en 31. desember 2010. Um vanskil fer skv. 11. gr. laga þessara.

23. Við bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
    a. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal hámarkstrygging samkvæmt lögunum nema jafnvirði 50.000 evra (EUR) til 31. desember 2010.
    b. Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

1287. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, skrifstofustjóra lagasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis, Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðing hjá mennta og menningarmálaráðuneyti, Þorgeir Ólafsson, sérfræðing hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon fyrir hönd Árvakurs hf./Morgunblaðsins, Flóka Ásgeirsson og Hallgrím Gunnarsson frá Félagi um stafrænt frelsi, Ólöfu Benediktsdóttur og Áslaugu Agnarsdóttur frá Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hrefnu Róbertsdóttur frá Þjóðskjalasafni, Þóru Ingólfsdóttir frá Blindrabókasafni, Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hrafnhildi Sigurðardóttur frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Kolbrúnu Halldórsdóttur frá Bandalagi íslenskra listamanna. Nefndinni bárust umsagnir frá Árvakri hf./Morgunblaðinu, Blindrabókasafni Íslands, Bókasafni Reykjanesbæjar, Félagi um skjalastjórn, Félagi um stafrænt frelsi, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Myndstefi, Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, SÍM – Sambandi íslenskra myndlistarmanna, STEF – Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga, Viðskiptaráði Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er um að ræða lið í heildarendurskoðun laganna sem á að ljúka árið 2012. Frumvarpið varðar tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu 2001/29/EB, tilskipun um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB og tilskipun um þjónustu á innri markaðinum 2006/123/EB. Meðal annars eru lagðar til breytingar á takmörkunum höfundaréttar vegna eintakagerðar í öryggis- og varðveisluskyni, söfnum eru veittar heimildir til að veita aðgang að verkum á athafnasvæði sínu með þar til gerðum búnaði, samningsumboðum rétthafasamtaka vegna ljósritunar á þann veg að þau nái jafnt til erlendra höfunda sem íslenskra og rýmkaðar eru takmarkanir á höfundarétti skv. 19. gr. í þágu notenda sem geta ekki nýtt sér venjulegt prentað mál. Þá eru lagðar til breytingar á VII. kafla laganna sem inniheldur refsiákvæði, ákvæði um bætur, ákærureglur o.fl. Er þar fyrst að nefna að viðurkenning mennta- og menningarmálaráðuneytisins á samningsumboði og fyrirsvari höfundaréttarsamtaka skal fara nú fram eftir sérstökum málsmeðferðarreglum. Einnig er sett inn sérstakt hlutdeildarákvæði í 54. gr. laganna. Þá er einnig lagt til að sett verði ákvæði í lögin er varða afhendingu eða eyðileggingu eintaka, tækja og muna sem tengjast broti, sérstaka bótareglu vegna höfundaréttarbrota, upplýsingarétt brotaþola vegna meðferðar máls og rétt brotaþola til opinberrar birtingar dómsniðurstöðu. Enn fremur kveður frumvarpið á um

að inn í lögin komi nýjar greinar sem fjalla um málsaðild samtaka vegna lögbannsaðgerða í þágu rétthafa og um rétt rétthafa og samtaka þeirra til lögbanns gegn þjónustu millilliða sem eiga þátt í höfundaréttarbrotum á netinu.

Í umsögnum komu fram ábendingar þess efnis að ekki væri rétt að takmarka efnisgrein 2. gr. frumvarpsins með þeim hætti sem gert er, þ.e. að skilyrða heimild til að veita aðgang að birtum verkum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra við einstaklinga sem stunda rannsóknir eða nám. Ljóst er að ef fallist verður að framangreind sjónarmið er verið að víkka til muna undanþáguákvæði tilskipunar 2001/29/EB, sbr. n-lið 3. mgr. 5. gr. hennar, sem 2. gr. frumvarpsins byggist á. Yrði þar með gengið á rétt höfunda á grundvelli 2. og 3. gr. tilskipunarinnar. Slík breyting rímar því ekki við ákvæði hennar. Enn fremur var bent á að ákvæði 2. gr. frumvarpsins væri of víðtækt að teknu tilliti til n-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB en samkvæmt liðnum takmarkast heimildin við verk sem ekki eru háð kaup- eða nytjaleyfisskilmálum. Það er álit nefndarinnar að rétt sé að tilgreina slíkt í ákvæðinu til að auka samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Með því sé jafnframt tryggt að kaup- og leyfissamningar við þriðja aðila falli ekki undir undanþáguákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að ákvæði 11. gr. frumvarpsins feli í sér of mikið inngrip í eignarrétt manna. Greinin kveður á um að heimilt sé að ákveða í dómi að eintök verka sem brjóta í bága við ákvæði laganna og efni, áhöld og aðrir munir sem varða undirbúning eða framkvæmd brots séu afhent brotaþola, eyðilögð, fjarlægð af markaði eða tekin úr dreifingu varanlega eða tímabundið, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota, sbr. 1. og 2. mgr. greinarinnar. Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram að dómari skuli við ákvörðun sína á grundvelli 1. og 2. mgr. gæta þess að samræmi sé milli umfangs brots og þeirra ráðstafana sem kveðið er á um og taka skuli hæfilegt tillit til hagsmuna þriðja manns, þar á meðal í þeim tilvikum þegar eigandi munar veit ekki um brot. Meiri hlutinn telur að rík þörf sé fyrir að hafa í lögum ákvæði um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á eintökum verka sem gerð hafa verið með ólögmætum hætti og þeim efnum, áhöldum og öðrum munum sem notuð hafa verið við undirbúning og gerð hins ólöglega. Meiri hlutinn áréttar að þau inngrip sem greinin felur í sér eru ávallt háð ákvörðun dómara sem við beitingu ákvæðisins ber að líta til sjónarmiða um meðalhóf. Það er álit meiri hlutans að greinin feli í sér réttlætanlega takmörkun á eignarrétti manna enda sé því einungis beitt með ákvörðun dómara að teknu tilliti til umfangs brots, hagsmuna þriðja manns og meðalhófs.

Í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var gerð athugasemd við hlutdeildarákvæði frumvarpsins. Þar kemur fram að samtök rétthafa hafa á tíðum haft uppi kröfur á hendur sveitarfélögum vegna viðburða í húsakynnum þeirra. Enn fremur segir í umsögn þeirra: „Fram kemur í gögnum frá STEF að þáttur hússins sé hlutdeild í refsiverðu broti á rétti höfundar og að þar komi til ákvæði 22. gr. almennra hegningarlaga.“ Nefndin áréttar að tilkoma sérstaks hlutdeildarákvæðis í lögin ætti í raun ekki að breyta núverandi stöðu gildandi laga enda er ávallt hægt að beita ákvæðum hegningarlaga um hlutdeild með lögjöfnun. Aftur á móti er skýrara að hafa sérstakt hlutdeildarákvæði í sérlögum og tryggir að hægt sé að refsa á grundvelli þess að uppfylltum saknæmisskilyrðum, þ.e. ásetningi eða stórfelldu gáleysi í tilvikum 54. gr. laganna og minni háttar gáleysi þegar um er að ræða bótaábyrgð, sbr. 56. gr. laganna. Hvað varðar athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga þá áréttar nefndin þann skilning sinn að ekki sé um hlutdeild í broti að ræða í þeim tilvikum þegar sveitarfélög, kirkjur og aðrir opinberir aðilar láta aðstöðu sína í té fyrir samkomur eða listflutning. Það sé á ábyrgð þess sem fær húsnæðið til afnota að það sem þar fer fram sé í samræmi við gildandi

löggjöf. Bendir nefndin á að í ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, er það til að mynda leyfishafi tímabundins áfengisleyfis sem telst brotlegur veiti hann eða selji áfengi án tilskilins leyfis, sbr. 18. og 22. gr. laganna.

Nokkur umræða var innan nefndarinnar um stafrænt frelsi og takmarkanir höfundaréttarins á því. Gildandi löggjöf nær ekki yfir þær öru og miklu breytingar sem hafa orðið á tækniþróun undanfarin ár. Það er álit nefndarinnar að heildarskoðun á höfundalögum sé nauðsynleg og fyrir löngu orðin tímabær. Við endurskoðun löggjafarinnar verði að gæta jafnvægis á milli hagsmuna höfunda, notenda höfundaréttarvarins efnis sem og framþróunar í upplýsingatækni. Það er einnig álit meiri hlutans að endurskoða þurfi lög um bókasöfn og lög um Blindrabókasafn og að við endurskoðun laganna skuli gætt að jöfnu aðgengi allra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „birtum verkum“ í 2. gr. komi: sem ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum.

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Margrét Tryggvadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 9. júní 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Lilja Mósesdóttir.	Óli Björn Kárason.	Skúli Helgason.

Margrét Tryggvadóttir,
með fyrirvara.

1288. Framhaldsnefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur farið vel yfir málið og unnið mikið og gott starf síðustu mánuði. Gott samstarf hefur verið meðal nefndarmanna um málið og styður 1. minni hluti þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hefur lagt fram en mundi engu að síður vilja ganga enn lengra.

Fyrsti minni hluti hefur nokkrar áhyggjur af störfum fjármálaeftirlitsins en verði frumvarpið samþykkt mun það leggja auknar kröfur á herðar þess án þess að eftirlitið hafi verið styrkt svo að það geti sinnt þessum auknu skyldum.

Meginathugasemdir 1. minni hluta lúta þó að því að ekki er skilið á milli fjárfestingarbanka (lánafyrirtækja) og viðskiptabanka. Í kjölfar hrunsins hefur farið fram mikil umræða

um slíkan aðskilnað á heimsvísu og er hann nú m.a. til umfjöllunar í bandaríska þinginu. Þegar fjárfestingarbanki og viðskiptabanki eru reknir í sama fyrirtækinu án aðskilnaðar eru í raun innlán almennings lánuð eða veðsett í áhættusömum viðskiptum sem felast í starfsemi fjárfestingarbanka. Hvergi hefur þetta verið skýrara en í Icesave-málinu svokallaða þar sem Landsbankinn safnaði innlánum í milljarðavís frá almenningi í Bretlandi og Hollandi og lánaði vildarvinum og eigendum bankans í áhættusamar fjárfestingar.

Fyrir þinginu er einnig lagafrumvarp um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta (mál 255). Í vinnu nefndarinnar við það mál hefur komið fram að Evrópusambandið hyggst hækka þá fjárhæð sem tryggð er upp í 100.000 evrur frá næstu áramótum og er orðalag tilskipunarinnar mun ákveðnara um að ríkjum beri skylda til að tryggja að allar innstæður séu í raun tryggðar. Ekki er hægt að skilja tilskipunina öðru vísi en svo að í raun sé ríkisábyrgð á innstæðum í bönkum. Auk þess hefur það sýnt sig að ríki, meðal annars það íslenska, hafa tilhneigingu til að hlaupa undir bagga með bönkum sem riða til falls eða með því að ábyrgjast allar innstæður eins og íslenska ríkið gerði við fall íslenska bankakerfisins og Bretland og Holland gerðu þar en krefjast svo greiðslu frá tómum innstæðutryggingarsjóði. Ljóst er að ný deild í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta mun ekki geta mætt falli eins af stóru íslensku viðskiptabönkunum næstu hundrað árin eða svo og því mundi fall slíks banka, svo ekki sé minnst á heilt bankakerfi, lenda á skattgreiðendum. 1. minni hluta finnst því í meira lagi óábyrgt að heimila fjármálafyrirtæki að starfa bæði sem viðskiptabanki og lánafyrirtæki (fjárfestingarbanki) og leggur til að það verði óheimilt. Þar sem slíkt fyrirkomulag er nú heimilt er ljóst að gefa þyrfti tímafrest til að koma slíkum breytingum á.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fjármálafyrirtæki getur ekki fengið starfsleyfi bæði sem viðskiptabanki og lánafyrirtæki (fjárfestingarbanki).
2. Við 55. gr. bætist: nema 6. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2011.

Alþingi, 9. júní 2010.

Margrét Tryggvadóttir.

1289. Framhaldsnefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Annar minni hluti ítrekar nauðsyn þess að skoða fleiri þætti í starfsemi fjármálafyrirtækja en gert er. Frumvarpið gengur ekki nógu langt og ekki hefur verið ákveðið hvernig eigi að taka á nauðsynlegum þáttum í umhverfi fjármálafyrirtækja.

Annar minni hluti fagnar því að meiri hlutinn samþykkti að bæta við ákvæði um að fjármálafyrirtæki þurfi að selja þau fyrirtæki sem þau hafa tekið yfir innan 12 mánaða.

Annar minni hluti hefur áhyggjur af því að ekki hefur verið farið nægjanlega vel yfir athugasemdir forustumanna endurskoðenda en þeir gerðu athugasemdir við drögin á milli umræðna. Einnig telur 2. minni hluti að skynsamlegt væri að fara yfir og ná niðurstöðu í nokkur grundvallarmál, t.d.:

– hugsanlega sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka,
– stöðu og starfsumhverfi sparisjóða,
– eignarhluti fjármálafyrirtækja í vátryggingafélögum og öfugt,
– reglur um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtækjum og hvernig dreifð eignaraðild er best tryggð,
– hvort skilja beri að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Einnig verður að skoða innstæðutryggingakerfið í samhengi við þetta frumvarp.

Annar minni hluti leggur einnig til að OECD geri úttekt á íslenska fjármálaumhverfinu og að sú úttekt verði nýtt í þeirri vinnu sem fram undan er við að koma á eðlilegu íslensku fjármálaumhverfi.

Alþingi, 10. júní 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1290. Nefndarálit [556. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Persónuvernd, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Önnur breytingin snýr að því að færa 1. mgr. 1. gr. í fyrra horf en við lagabreytingu 2006 virðist seinni hluti málsgreinarinnar hafa fallið brott. Í ljósi þess að með lögum nr. 108/2006 var ekki ætlunin að breyta gildissviði laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum að þessu leyti er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt í fyrra horf. Þá er lögð til breyting á 3. gr. þannig að ákvæðið samræmist betur túlkun Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins á 3. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti.

Nefndin hefur fjallað um málið en sú breyting sem lögð er til á 3. gr. laganna er tilkomin vegna dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 375/2004 sem einnig var tilefni til athugasemda af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA. Málið varðaði vangreidd laun félags til starfsmanns en aðilaskipti höfðu orðið að félaginu. Í dómi sínum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að

réttur starfsmanns til ógreiddra launa sem komu til fyrir aðilaskipti yrði ekki byggður á lögunum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Þannig lægi ábyrgðin á vangreiddum launum sem komu til fyrir framsalið eingöngu á herðum framseljanda enda þótt sýnt hefði verið fram á að aðilaskipti hefðu orðið að rekstri félagsins í skilningi laganna. Þessi túlkun samrýmist ekki 3. gr. tilskipunarinnar, dómafordæmum Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins eða þeim sjónarmiðum sem viðhöfð voru við innleiðingu tilskipunarinnar þar sem gert var ráð fyrir að réttindi og skyldur á grundvelli ráðningarsamnings eða ráðningarsambands færðust yfir til framsalshafa. Ljóst er því að breytingin er nauðsynleg til að tryggja rétt starfsmanna við aðilaskipti að félögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson, Ásmundur Einar Daðason og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Margrét Pétursdóttir.
Guðbjartur Hannesson.	Óli Björn Kárason.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1291. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, Persónuvernd, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirlitinu, Viðskiptaráði Íslands, ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun.

Frumvarpi þessu er ætlað að mæta gagnrýni Eftirlitsstofnunar EFTA á efni laga nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, að því er varðar skipulag þeirrar stjórnsýslu sem viðhöfð er við framkvæmd laganna. Í rökstuddu áliti stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda kemur meðal annars fram að lögin feli í sér kröfur sem jafna megi til þess að sækja þurfi um leyfi fyrir fram til að geta hafið starfsemi hér á landi (e. a prior authorisation requirement) og telur stofnunin það fela í sér hindrun á frjálsum þjónustuviðskiptum skv. 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin leiðir þessa niðurstöðu af því að í fyrsta lagi þurfi þjónustuaðili að veita Vinnumálastofnun upplýsingar átta virkum dögum áður en þjónustan hefst, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, í öðru lagi að Vinnumálastofnun skuli veita skriflega staðfestingu um móttöku gagna sem þjónustuveitandanum er skylt að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna, og í þriðja lagi að láti fyrirtæki hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti

á fulltrúa sé því óheimilt að veita þjónustu hér á landi, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna. Í rökstuðningi sínum vísar stofnunin meðal annars til dómafordæma Evrópudómstólsins í máli nr. C-168/04 Framkvæmdastjórnin gegn Austurríki, máli nr. C-445/03 Framkvæmdastjórnin gegn Lúxemborg og máli nr. C-490/04 Framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrirtæki sem hyggjast veita þjónustu hér á landi veiti Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1.-5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna eigi síðar en sama dag og starfsemi þeirra hefst hér á landi í stað átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt. Einnig er lagt til að skýrar verði kveðið á um að eingöngu sé verið að kanna hvort starfsmenn sem koma hingað til lands á vegum erlendra þjónustuveitenda njóti almannatryggingaverndar í heimaríki en ekki að tilgangurinn sé að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi starfsmenn komi til landsins til starfa. Er t.d. nægjanlegt að upplýst sé um að starfsmenn hafi svokölluð E-101 vottorð, en breytingin á orðalagi 1. málsl. 1. mgr. 8 gr. er í samræmi við væntanlegar breytingar á almannatryggingareglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur er undirstrikað að fulltrúi fyrirtækis geti verið einn af starfsmönnum þess sem starfa tímabundið hér á landi enda þótt slíkt sé ekki nauðsynlegt. Nægjanlegt er að fyrirtækið tilkynni um fulltrúann sama dag og starfsemi þess hefst hér á landi. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði 4. mgr. 10. gr. laganna þar sem kveðið er á um að fyrirtæki sé óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi það látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

Við umfjöllun nefndarinnar á frumvarpi því er varð að lögum nr. 45/2007 var áhersla lögð á að við framkvæmd eftirlitsins yrði gætt meðalhófs gagnvart eftirlitsskyldum aðilum þannig að samræmst fái skuldbindingum sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin er enn sömu skoðunar og telur þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu komi til móts við þær athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur viðhaft að þessu leyti án þess þó að hafa mikil áhrif á þá stjórnsýslu sem Vinnumálastofnun hefur tileinkað sér við framkvæmd laganna með tilliti til reglna stjórnsýsluréttarins. Í því sambandi leggur nefndin jafnframt áherslu á mikilvægi þess að þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum breyti ekki tilgangi þeirra. Þrátt fyrir að miklar breytingar hafi orðið á innlendum vinnumarkaði frá því að lögin voru samþykkt á Alþingi hafa þau mikilvægt gildi í því skyni að leikreglur sem gilda á innlendum vinnumarkaði séu virtar. Telur nefndin því þýðingarmikið að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til að beita dagsektum fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum stofnunarinnar um viðunandi úrbætur til að uppfylla skilyrði laganna í því skyni að tryggja betur að ákvæði laganna verði virt. Fram hafa komið þau sjónarmið að mikilvægt sé að dagsektirnar séu aðfararhæfar til að ákvæðið nái tilætluðum árangri og leggur nefndin fram breytingartillögu við 4. gr. í þeim tilgangi.

Nefndin hefur kynnt sér efni rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ákvæða 5. og 7. gr. laganna. Þar er um að ræða ákvæði sem fjalla um launarétt starfsmanna í veikinda- og slysatilvikum og áskilnað um að þeir skuli vera slysatryggðir en efni þessara ákvæða er í samræmi við skilyrði laga og kjarasamninga um þetta efni. Hefur því verið litið á efni þessara ákvæða sem lágmarksréttindi að því er varðar rétt starfsmanna á innlendum vinnumarkaði að þessu leyti sem eðlilegt er að allir starfsmenn njóti þann tíma er þeir starfa hér á landi, óháð því hvort þeir starfa hér til lengri eða skemmri tíma. Þykir jafnframt eðlilegt að sömu skyldur gagnvart starfsmönnum hvíli á þeim fyrirtækjum sem starfa á innlendum vinnumarkaði. Nefndin telur því mikilvægt að ákvæðin verði áfram í lögunum líkt og lagt er til í frumvarpinu. Á það ekki síst við þar sem um lágmarksréttindi er að ræða sem og í ljósi þess að efni þeirra gildir með fyrirvara um betri rétt starfsmanna samkvæmt ráðningarsamningi

við hlutaðeigandi fyrirtæki, kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem þeir starfa að jafnaði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.

Ögmundur Jónasson, Ásmundur Einar Daðason og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Margrét Pétursdóttir.
Guðbjartur Hannesson.	Óli Björn Kárason.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1292. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Björgu Thorarensen prófessor, Bryndísi Helgadóttur og Hjalta Zóphóníasson frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Magnús Sigmund Magnússon og Sigríði Vilhjálmsdóttur frá Hagstofu Íslands, Ástráð Haraldsson, Ásmund Helgason og Þorkel Helgason frá landskjörstjórn og Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Borgarahreyfingunni, Daða Ingólfssyni, Hagstofu Íslands, Háskóla Íslands, Hreyfingunni, landskjörstjórn og Þjóðskrá.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði almenn lög um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, bæði þegar Alþingi ákveður að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og eins þegar er skylt samkvæmt stjórnarskrá að bera tiltekin mál undir þjóðaratkvæði.

Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Nefndin fjallaði um efni frumvarpsins á fundum sínum. Í 1. mgr. 1. gr. er lagt til að Alþingi geti ákveðið með þingsályktun að fram fari almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu byggist slík ákvörðun á almennum valdheimildum þingsins án þess að heimild fyrir henni þurfi að binda sérstaklega í almenn lög eða stjórnarskrá. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu getur hins vegar ekki verið bindandi þar sem slíkt er ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá, þ.e. umfram þau tilvik sem í henni sjálfri eru talin. Markmið frumvarpsins er

því í reynd að setja almennar reglur um tilhögun og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu svo ekki þurfi að setja lög í hvert skipti sem slík atkvæðagreiðsla þarf að fara fram. Meiri hlutinn telur að með hliðsjón af því sé rétt að heiti frumvarpsins beri það með sér og leggur til að heiti laganna verði lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nefndin fjallaði einnig um það orðalag sem lagt er til í 1. gr., þ.e. að Alþingi geti ákveðið með þingsályktun að fram fari almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla. Meiri hlutinn telur í ljósi almennra valdheimilda Alþingis rétt að leggja til að greinin orðist svo: Ályktí Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er ráðgefandi.

Meiri hlutinn leggur einnig til orðalagsbreytingar á 3. gr. þannig að Alþingi ákveði kjördag í stað þess að Alþingi skuli ákveða kjördag.

Kjörskrá, kynning o.fl.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningum til Alþingis, sveitarstjórna og forsetakjörs. Jafnframt er tekið fram að við gerð kjörskrár vegna þjóðaratkvæðagreiðslu skuli miðað við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Í kosningum til Alþingis er íbúaskrá þjóðskrár miðuð við fimm vikur en í sveitarstjórnarkosningum og í forsetakjöri er miðað við þrjár vikur. Meiri hlutinn leggur því til smávægilega lagfæringu á frumvarpinu þess efnis að fari þjóðaratkvæðagreiðsla fram samhliða kosningum til Alþingis gildi ekki ákvæði um að miða kjörskrá við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag heldur verði miðað við fimm vikur og enn fremur að mörk kjördæma miðist þá ekki við næstliðnar alþingiskosningar eins og segir í frumvarpinu heldur þær sem fara fram samhliða þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðuneyti skuli auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma.

Í 6. gr. er fjallað um kynningu vegna þjóðaratkvæðagreiðslu og þar segir að Alþingi skuli standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Dómsmála- og mannréttindaráðherra er hins vegar falið að senda öllum heimilum í landinu, eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrár, sérprentun laganna sem forseti synjar staðfestingar. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi hlutlausrar kynningar og að rétt sé að líta til reynslunnar af síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum nr. 4/2010 sem að mati nefndarinnar tókst mjög vel.

Talning atkvæða á einum stað.

Nefndin fjallaði einnig um talningu atkvæða en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að um talningu atkvæða fari samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, þ.e. í hverju kjördæmi fyrir sig. Nefndin tekur fram að við meðferð frumvarps um þjóðaratkvæðagreiðslu sem varð að lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., nr. 4/2010, fjallaði hún um hvort rétt væri að leggja til að talning atkvæða færi fram á einum stað. Niðurstaðan þá var sú að ekki væri rétt að hreyfa við fyrirkomulagi á talningu atkvæða í ljósi þess skamma fyrirvara sem hún hafði til umfjöllunar um málið og hve skammur tími var til

þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Meiri hlutinn telur að þegar litið er til eðlis þjóðaratkvæðagreiðslu sé mjög mikilvægt að talning fari fram á einum stað fyrir opnum dyrum og að niðurstöður verði birtar fyrir landið í heild. Það hafi í reynd engan tilgang að birta úrslit í hverju kjördæmi fyrir sig. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á 9. gr. og að við frumvarpið bætist ný grein um talningu atkvæða, sambærileg þeirri sem lagt er til að verði í frumvarpi til laga um stjórnlagaþing. Meiri hlutinn leggur til að talning fari fram hjá landskjörstjórn og að hún geti virkjað yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurkjördæmunum til aðstoðar við talninguna.

Meiri hlutinn leggur einnig til smávægilega breytingu á tímamörkum á birtingu auglýsingar ef samþykkis er synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra birti auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda daginn eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir. Meiri hlutinn telur að það geti verið of knappur tími og leggur því til að birting auglýsingar verði ekki seinna en tveimur dögum eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

Ágalli á framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 13. gr. frumvarpsins sem varða kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu og meðferð þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að landskjörstjórn veiti Alþingi umsögn um atkvæðagreiðsluna óháð kæru. Þá er lagt til að Alþingi geti, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöður hennar. Meiri hlutinn telur að ekki sé unnt að fallast á að það samræmist hlutverki Alþingis að hafa þetta hlutverk á hendi, sérstaklega þegar litið er til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir ályktun Alþingis um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Meiri hlutinn telur eðlilegra að Hæstarétti verði almennt falið þetta hlutverk eins og lagt var til í frumvarpi sem varð að lögum nr. 4/2010 og leggur því til breytingu á frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur einnig til smávægilegar tæknilegar lagfæringar, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. falli brott þar sem að hún er endurtekning 2. mgr. 2. gr. og enn fremur að lokamálsliður 9. gr. falli brott þar sem ákvæði hans koma fram í 103. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Birgir Ármannsson.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.

Ögmundur Jónasson.

1293. Breytingartillögur [112. mál]

við frv. til l. um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁÞS, BÁ, JRG, VBj, VigH, ÖJ).

1. 1. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Álykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er ráðgefandi.
2. Við 3. gr.
   a. Orðið „Alþingi“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „jafnframt ákveða“ í 1. mgr. komi: kveðið á um.
3. Við 3. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningum til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „skal ákveða“ í 1. mgr. komi: ákveður.
5. 2. mgr. 7. gr. falli brott.
6. 9. gr. orðist svo:
   Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis og skulu yfirkjörstjórnir senda gögnin til landskjörstjórnar.
   Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.
   Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „daginn eftir“ í 3. mgr. komi: ekki seinna en tveimur dögum eftir.
8. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins „landskjörstjórnar“ í 1. mgr. komi: Hæstaréttar.
   b. Í stað orðsins „Alþingi“ í 2. mgr. komi: Hæstarétti.
   c. Í stað orðsins „Alþingi“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. komi: Hæstiréttur.
9. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

1294. Tillaga til þingsályktunar [663. mál]

um samvinnuráð um þjóðarsátt.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir,
Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson,
Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði, vettvangi stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila, til að ræða og leita leiða í anda þjóðarsáttar til langtímastyrkingar atvinnuvega landsins og efnahags þjóðarinnar til frambúðar. Í ráðinu sitji fulltrúar allra þingflokka, ásamt fulltrúum atvinnulífs, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands. Ráðið leggi tillögur fyrir forsætisráðherra eigi síðar en 31. desember 2010 og ráðherra leggi fram lagafrumvörp til innleiðingar þeirra í íslensk lög ef þörf krefur. Markmið ráðsins verði eftirfarandi:

1. Almenn skuldaleiðrétting, með jafnræði, réttlæti og hagkvæmni að leiðarljósi, sem gagnist öllum.
2. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands.
3. Trygging stöðugs verðlags.
4. Atvinnuskapandi framkvæmdir.
5. Jöfnun áhættu í skiptum lánveitenda og lántaka.
6. Stytting fyrningarfresta krafna eftir gjaldþrot.
7. Jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði.
8. Sköpun stöðugleika og festu í rekstri ríkisins.
9. Gerð langtímaáætlana um útgjöld ríkisins.
10. Endurskipulagning ríkisfjármála og endurskoðun samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Greinargerð.

Íslenskum stjórnmálaflokkum hefur ekki tekist að vinna saman að úrlausn þeirra vandamála sem steðja að íslensku samfélagi, jafnvel þótt mörg þeirra vandamála varði grundvallarhagsmuni þjóðarinnar. Allar forsendur eru til staðar fyrir bjartri framtíð þrátt fyrir þann vanda sem steðjar að íslenskum heimilum, atvinnulífi og þjóðarbúi en einungis ef stöðugleiki er skapaður, gripið sé til aðgerða og ráðist í ýmis verkefni svo að heimilin og atvinnulífið geti byggt framtíð sína á traustum grunni. Ákveðinnar stöðnunar gætir nú í stjórnmálum og er þingsályktunartillögu þessari ætlað að höggva á þann hnút sem myndast hefur og skapa grundvöll fyrir samvinnu sem nauðsynleg er til að ná árangri við úrlausn vandamála. Því er lagt til að allir flokkar á Alþingi sammælist um að fela forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði sem leiti leiða til að styrkja atvinnuvegi landsins og efnahag þjóðarinnar til frambúðar í anda þjóðarsáttar. Lagt er til að í ráðinu sitji fulltrúar allra þingflokka ásamt fulltrúm atvinnulífsins, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands. Reynslan hefur sýnt að samstarf og samvinna er lykilatriði til að ná árangri við úrlausn vandamála og til að mynda náðist strax mikill árangur við úrlausn Icesave-deilunnar þegar loks var fallist á samstarf allra flokka um lausn í því erfiða máli. Slíkt samstarf hafði Framsóknar-

flokkurinn lagt til frá því í tíð minnihlutastjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þingsályktunartillagan byggist á tillögum þingflokks framsóknarmanna að aðgerðum til endurreisnar íslensks efnahagslífs í samvinnu stjórnmálaflokka sem gefnar voru út í mars 2010 undir fyrirsögninni *Þjóðarsátt 2010 samstaða um endurreisn*. Þar er lögð áhersla á að allir flokkar á Alþingi vinni saman og sammælist um afdráttarlausar aðgerðir í þágu íslenskra heimila og atvinnulífs.

1. Almenn skuldaleiðrétting.

Almenn viðurkenning: Nauðsyn þess að ráðist verði í leiðréttingu skulda er nú orðin flestum ljós. Þau rök sem framsóknarmenn færðu fyrir mikilvægi skuldaleiðréttingar hafa nú fengið mikinn hljómgrunn og flest af því sem þar var lagt til grundvallar komið á daginn. Til að mynda hefur verið staðfest að lán heimila og fyrirtækja voru færð úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á miklum afslætti. Þingmenn úr öllum flokkum hafa nú tekið undir að sanngjarnt og eðlilegt sé að þær afskriftir verði að verulegu leyti látnar ganga áfram til lántakenda.

Jafnræði: Ókostir og óréttlæti þess að beita eingöngu sértækum skuldaleiðréttingum hefur jafnframt sannast rækilega síðastliðið ár. Þannig hefur komið á daginn að mikill misskilningur var í því fólginn að almenn skuldaleiðrétting (þar sem öll lán eru leiðrétt fyrir áhrifum hins óeðlilega og ófyrirsjáanlega verðbólguskots) fæli einkum í sér fyrirgreiðslu til þeirra sem fóru óvarlega. Þvert á móti hafa þær sértæku aðgerðir sem ráðist hefur verið í einkum falið í sér afskrift skulda hjá þeim sem mest höfðu umleikis á meðan almenningur hefur fengið litla eftirgjöf.

Réttlæti: Með almennri skuldaleiðréttingu er réttlæti aðgerðarinnar augljóst enda eru lán allra færð aftur í þá upphæð sem þau hefðu staðið í ef ekki hefði komið til sá forsendubrestur sem fólst í falli gjaldmiðilsins og verðbólguskoti.

Hagkvæmni: Hagkvæmnin felst í því að skuldaleiðréttingin eyðir kröfum sem bættust við eðlilegar lánsfjárhæðir og voru þannig úr samræmi við áætlanirnar sem lántakan byggðist á. Slíkar skuldir valda skekkju í hagkerfinu og draga úr virkni þess. Óeðlileg hækkun lána skekkir eðlilegt samband lántaka og lánveitanda og tekur í raun úr umferð fjármagn sem ætti að vera laust í hagkerfinu. Það dregur úr verslun og viðskiptum og ýtir undir gjaldþrot (og veldur þar með lánveitandanum tjóni). Losni um þetta fjármagn eykur það veltu og snýr ofan af spíral eignarýrnunar, gjaldþrota og atvinnuleysis. Með því verða heimtur á endanum betri. Það er allra hagur að afskrifa skuldir sem aldrei var innstæða fyrir.

Eigið fé: Flóknar og ólíkar afskriftaaðferðir hafa iðulega vakið spurningar um jafnræði auk þess sem hagkvæmni slíkra aðgerða er oft mjög á reiki. Margar þeirra aðferða sem verið hafa til umræðu eða í framkvæmd fela í sér eyðingu eigin fjár enda sitja þeir sem settu eigið fé í fjárfestingar ekki við sama borð og þeir sem fjármögnuðu kaup að mestu eða öllu leyti með lánum. Það að eyða þannig eigin fé millitekjufólks felur í sér afar óæskilega þjóðfélagsbreytingu.

Skattamál: Með almennri aðgerð til skuldaleiðréttingar má jafnframt komast hjá álitamálum sem ella vakna um skattlagningu afskrifta, enda augljóslega ekki tilefni til að skattleggja það sem aðeins er eðlileg leiðrétting.

Samstarf: Ljóst má vera að það er orðið mun flóknara að hrinda skuldaleiðréttingu í framkvæmd en það var þegar framsóknarmenn lögðu til að sú leið yrði farin. Enn má þó finna leiðir til að koma á réttlæti og hagkvæmni við leiðréttingu skulda. Lagt er til að samvinnu-

ráðið geri tillögur um framkvæmd almennrar skuldaleiðréttingar þar sem gengið er út frá því að sú hækkun sem varð á lánum vegna forsendubrests gangi til baka.

2. Vaxtalækkun.

Hið háa vaxtastig Seðlabankans er afar óheppilegt við núverandi aðstæður og illskiljanlegt. Ljóst er að heimili og fyrirtæki standa ekki undir svo háum vöxtum.

Vaxtastigið er einkum til þess ætlað að halda aftur af verðbólgu og verja gengi krónunnar. Samtök atvinnulífsins og fjöldi hagfræðinga hefur hins vegar fært fyrir því rök að í raun hafi vaxtastefnan þveröfug áhrif við núverandi aðstæður. Mikið af vaxtagreiðslunum rennur enda til erlendra eigenda krónubréfa. Á sama tíma og lönd um allan heim hafa fært stýrivexti nálægt 0% er heimsins hæstu vöxtum viðhaldið á Íslandi, landi sem þarf á því að halda umfram önnur lönd að koma efnahagslífinu á skrið.

Hátt á annað þúsund milljarða króna liggja nú á reikningum í íslenskum bönkum á sama tíma og bráðnauðsynlegt er fyrir efnahagslífið að fá endurfjármögnun og auka við fjárfestingu og neyslu svo að skapa megi fleiri atvinnutækifæri.

Við bætist beinn kostnaður ríkisins af því að greiða bönkum vexti fyrir að geyma fjármagn í Seðlabankanum. Þannig er ríkið að greiða háar upphæðir fyrir að halda fjármagni úr vinnu.

Óhjákvæmilegt er að endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans og þær aðferðir sem þar eru notaðar við ákvarðanatöku. Sjálfstæði bankans var varpað fyrir róða í kjölfar efnahagshrunsins auk þess sem sú stefna sem nú er rekin í peningamálastjórnun bankans er á margan hátt pólitísk. Ómögulegt er að láta þetta ástand óátalið í ljósi þess að vaxtastigið hefur áhrif á flestar aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Alþingi ætti því að sammælast um breytingar á peningamálastefnu og vaxtastigi Seðlabankans. Eðlilegt er að vextir á Íslandi séu ekki meira en þremur prósentustigum hærri en hjá evrópska seðlabankanum.

3. Stöðugt verðlag.

Mikilægt er að ná sátt milli löggjafans, framkvæmdarvaldsins og aðila vinnumarkaðarins um að haldið verði aftur af verðhækkunum. Þar getur ríkið verið leiðandi með því að hækka ekki gjöld og neysluskatta. Slíkar hækkanir lyfta enda vísitölu neysluverðs og bæta þannig við höfuðstól verðtryggðra lána.

Í ljósi þess hversu hratt hefur dregið úr kaupmætti er mikilvægt að sporna við áframhaldandi verðhækkunum. Það að hækka skatta á neysluvörur er auk þess þjóðhagslega óhagkvæmt þegar nauðsynlegt er að leita allra leiða til að auka neyslu. Efnahagsleg óhagkvæmni verðhækkana felst einnig í því að þegar höfuðstóll lána heimila og fyrirtækja hækkar eykst fjárstreymi frá íslenskum almenningi til banka sem að mestu leyti eru í eigu erlendra kröfuhafa. Það má því gera ráð fyrir að verðbólguáhrif leiði til aukins útstreymis úr hagkerfinu.

4. Framkvæmdir strax.

Langt er um liðið síðan ríkisstjórnin hét því að beita sér fyrir mannaflsfrekum framkvæmdum. Lítið hefur farið fyrir þeirri atvinnusköpun til þessa. Á sama tíma hefur fjölmörgum atvinnuskapandi verkefnum einkaaðila verið haldið í þarflausri biðstöðu um margra mánaða skeið. Mikilvægt er að ríkisvaldið liðki tafarlaust fyrir slíkum verkefnum og innleiði skattastefnu sem ýtir undir fjárfestingu og umsvif í atvinnulífinu fremur en að draga úr þeim.

5. Áhættu skipt milli lánveitenda og lántaka (verðtrygging og ábyrgðir).

Fyrir fáeinum áratugum var áhætta vegna verðbólgu öll á hendi lánveitanda. Mikil verðbólga olli því að lánveitendur fengu ekki nema brot af útlánum sínum endurgreitt. Þetta breyttist með lögum um verðtryggingu en með þeim færðist áhættan af verðlagsþróun öll yfir á lántakann. Við bankahrunið varð almenningur fyrir verulegum skakkaföllum vegna áhrifa verðbólgu á höfuðstól lána.

Hefðbundin íbúðalán eru flest með þeim skilmálum að lántaki tryggir endurgreiðslur með öllum eigum sínum vegna persónulegrar ábyrgðar. Við hrunið féll fasteignaverð á sama tíma og lánin hækkuðu umtalsvert, hvort sem um var að kenna verðtryggingu og hárri verðbólgu eða gengistryggingu og falli krónunnar. Þetta tjón hafa heimilin borið ein.

Endurskoða þarf nauðungarsölulög, nr. 90/1991, þannig að þau taki mið af þeim aðstæðum sem uppi eru í kjölfar bankahrunsins. Meðal þess sem þarf að skoða er búseturéttur og ákvæði um lágmarksverð við nauðungarsölu.

Núverandi löggjöf hvetur til áhættusækni hjá lánveitanda auk þess sem aðstöðumunur veldur því að gjarnan hallar á lántaka. Mikilvægt er að jafna þessa stöðu og nota það tækifæri sem nú gefst til að skapa raunhæfa fjármögnunarkosti án verðtryggingar.

6. Breyting fyrningarfresta krafna.

Nú þegar veruleg fjölgun gjaldþrota virðist óumflýjanleg er mikilvægt að fyrningarlögum verði breytt með þeim hætti að ekki verði hægt að viðhalda kröfum á gjaldþrota einstaklinga endalaust. Æskilegt væri að gefa fólki færi á að byrja með hreint borð að þremur eða fjórum árum liðnum. Fyrningartími almennra krafna er til að mynda fjögur ár.

Slík breyting er mikilvæg til að draga úr þeim harmi sem fylgir gjaldþroti og gefa fólki annað tækifæri. Auk þess væri breytingin líkleg til að leiða af sér ábyrgari útlánastarfsemi en ella.

Loks er það grundvallaratriði að skuldir sem fást seint eða aldrei greiddar haldi ekki aftur af kröftugri endurreisn í samfélagi þar sem fjöldi gjaldþrota hefur riðið yfir. Mikilvægt er að nýta framtakssemi og starfskrafta duglegra og hugmyndaríkra einstaklinga við endurreisn efnahagslífsins. Nefna má að víða erlendis er alþekkt að frumkvöðlar sem stofna verðmæt fyrirtæki eða finna upp mikilvægar nýjungar hafa oft mátt þola persónulegt gjaldþrot áður en þeir náðu tilætluðum árangri.

7. Meðferð banka á rekstrarfélögum.

Í kjölfar efnahagshrunsins fara fjármálastofnanir nú með eignarhluti í fjölmörgum rekstrarfélögum. Tryggja verður að fjármálastofnanir skekki ekki samkeppnisstöðu á markaði gagnvart þeim félögum sem áfram standa ein og óstudd.

Í því skyni þarf að leiða viðmiðunarreglur í lög og kanna möguleika á borð við að setja hámarkstíma á hversu lengi bankar megi reka fyrirtæki. Einnig gæti reynst nauðsynlegt að gera kröfu um arðsemi og jákvætt eigið fé hjá félögum sem eru á forræði bankastofnana.

8. Að nýta sérfræðiráðgjöf og skapa stöðugleika í stjórnsýslunni.

Það er mikilvægt fyrir Ísland að erlendir fjárfestar öðlist trú á jákvæðri þróun íslensks efnahagslífs. Þar er grundvallaratriði að skapa festu í stjórnsýslunni og eyða óvissu um efnahagsstöðu landsins og stefnu stjórnvalda, t.d. hvað varðar skatta og aðra þætti í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í því efni og við lausn annarra vandamála sem þjóðin stendur frammi fyrir er mikilvægt að leitað verði aðstoðar færustu sérfræðinga á hverju sviði fremur en að leggja

áherslu á að setja pólitíska samherja í áhrifastöður. Íslendingar þurfa nú að takast á við mörg úrlausnarefni sem þeir þekkja ekki af eigin reynslu. Það er því mikilvægt að stjórnvöld veigri sér ekki við að leita til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði. Fjölmargir erlendir fræðimenn og aðrir sérfræðingar hafa boðið Íslendingum aðstoð. Sumir eru með því að leita að verkefnum en aðrir líta á vandræði landsins sem áhugavert úrlausnarefni eða bera einfaldlega hag Íslendinga fyrir brjósti.

Mikilvægt er að nýta sérfræðiþekkingu sem best. Það skapar trúverðugleika og eykur líkurnar á að teknar verði réttar ákvarðanir til lengri og skemmri tíma.

9. Gerð langtímaáætlunar í útgjöldum ríkisins (aðgreining fjárfestingar og rekstrar).

Nauðsynlegt er að gera strax útfærða langtímaáætlun um útgjöld ríkisins og aðgreina rekstrarkostnað annars vegar og fjárfestingu hins vegar. Borið hefur á því að skorið hafi verið niður í fjárfestingum sem að öllum líkindum hefðu skilað meiri ávinningi en kostnaði til lengri tíma litið. Sem dæmi um slíkt má nefna framlög til kvikmyndagerðar en fyrir hverja krónu sem íslenska ríkið setur í stuðning við kvikmyndagerð skilar sér andvirði tveggja eða þriggja króna að utan í erlendri mynt. Augljóst er að slíkur niðurskurður felur ekki í sér raunverulega hagræðingu heldur þvert á móti. Það er því mikilvægt að þegar leitað er leiða til að spara sé kannað hvort um raunverulegan sparnað er að ræða eða hvort verið er að draga úr hagnaði til lengri tíma litið. Slíkt verður ekki gert nema með því að skoða heildaráhrif niðurskurðar eða fjárfestingar, aðgreina arðbæra fjárfestingu annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar og gera áætlanir til langs tíma.

Það sama getur átt við á hinn veginn, þ.e. að réttlætanlegt sé að ráðast í útgjöld nú skapi það ávöxtun eða sparnað til framtíðar.

Löggjöf um skattlagningu og annað sem lýtur að atvinnurekstri þarf að miða að því að ýta undir nýfjárfestingu, vöruþróun og rannsóknir hjá fyrirtækjum. Afar brýnt er að þær aðgerðir sem ráðist er í til að vinna á efnahagsvandanum skapi jákvæða hvata í stað þess að veita aðeins úrræði fyrir þá sem þegar eru komnir í verulegar ógöngur.

10. Ríkisfjármál.

Endurskoða þarf samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ljósi atburða og breyttra aðstæðna frá því að upphaflegur samningur var gerður við sjóðinn. Í því felst ekki að slitið verði samstarfi við sjóðinn án þess að fyrir liggi aðrar lausnir á þeim vanda sem ætlunin var að vinna á með aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hins vegar er löngu orðið tímabært að leita annarra leiða til að leysa umrædd vandamál. Hætta er á að sú nálgun sem nú er unnið út frá geti gert illt verra. Verði t.d. komið upp gjaldeyrisforða fyrir lánsfé sem svo er notaður í að halda uppi gengi krónunnar til skamms tíma mun það reynast dýrkeypt. Um það vitna ótal dæmi frá öðrum löndum. Ógjörningur er að verja gengi gjaldmiðils með lánsfé.

Leggja þarf áherslu á endurskipulagningu skulda fremur en nýjar lántökur. Ljóst þarf að vera hvernig farið verður með hugsanleg lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum og hvort raunveruleg þörf sé á lántökunni. Aðrar leiðir gætu reynst mun hagkvæmari.

1295. Breytingartillögur [574. mál]

við frv. til l. um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „atvinnurekstri og samkeppnishæfni Íslands“ komi: atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðaþróun.
2. 3. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi ná ekki til fjárfestinga í fyrirtækjum sem veita þjónustu á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, laga um vátryggingastarfsemi eða laga um verðbréfaviðskipti.
3. 4. tölul. 3. gr. orðist svo: *Fjárfestingarkostnaður:* Kostnaður vegna áþreifanlegra eigna (t.d. lands, bygginga, tækja og búnaðar) sem fellur til í tengslum við fjárfestingarverkefni hér á landi. Kostnaður vegna óáþreifanlegra eigna (t.d. hugverkaréttinda og leyfa) getur einnig talist til fjárfestingarkostnaðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem sett skulu í reglugerð sem iðnaðarráðherra gefur út. Eingöngu kostnaður sem fellur til eftir gildistöku laga þessara getur talist til fjárfestingarkostnaðar í skilningi þeirra.
4. Við 5. gr.
   a. A-liður orðist svo: að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samnings um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag.
   b. Í stað orðanna „þegar hafið“ í c-lið komi: hafið áður en undirritaður er samningur um ívilnun skv. 21. gr.
   c. G-liður orðist svo: að um nýfjárfestingu sé að ræða og að tæki og búnaður sem kemur til vegna hennar sé nýr eða nýlegur og uppfylli skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
   d. H-liður orðist svo: að viðkomandi nýfjárfesting verði eftir að rekstur hefst að lágmarki til 10 ára í starfrækslu á viðkomandi svæði á Íslandi.
   e. I-liður orðist svo: að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli, þ.m.t. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög á sviði umhverfisréttar, og starfsemin brjóti ekki í bága við almennt velsæmi.
   f. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að eigendur sem fara með virkan eignarhlut og framkvæmdastjóri viðkomandi félags séu lögráða, hafi óflekkað mannorð og orðspor sem samrýmist reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þeir skulu ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu fimm árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
5. Í stað orðanna „2007 til 2013 og að hvaða marki“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 2007 til 2013, þ.e. Suðurkjördæmi, Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi, og að hvaða marki.
6. 9. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:
   Ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum.
   Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi frávika frá sköttum eða opinberum gjöldum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Félag sem stofnað er um nýfjárfestingu og uppfyllir öll skilyrði laga þessara fyrir veitingu ívilnunar skal njóta eftirfarandi skattalegra ívilnana:

1. Tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skal, í þann tíma sem kveðið er á um í 3. mgr., aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur skv. 21. gr. er gerður við félagið.
2. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
3. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum.
4. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við uppbyggingu viðkomandi fjárfestingarverkefnis.
5. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
6. Skatthlutfall fasteignaskatts viðkomandi félags skal vera 30% lægra en lögbundið hámark að viðbættu álagi skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.
7. Almennt tryggingagjald viðkomandi félags skal vera 20% lægra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.
8. Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Þau frávik frá almennum reglum um skatta og opinber gjöld sem kveðið er á um í 2. mgr. gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda myndast hjá því félagi sem ívilnunar nýtur, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings skv. 21. gr.

Félag sem ívilnunar nýtur samkvæmt grein þessari skal, að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr., greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma. Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um viðkomandi félag.

Um hámark ívilnunar samkvæmt grein þessari vísast til 7. gr., sbr. 20. gr.

7. 1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar til fyrirtækja vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga sem fela í sér umbætur eða nýsköpun í umhverfis- og náttúruvernd, þ.m.t. orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda.

8. Í stað orðanna „í lögunum“ í lokamálslið 20. gr. komi: í lögum þessum að meðtalinni annarri ríkisaðstoð sem sami aðili kann að hafa notið vegna sama fjárfestingarverkefnis.

9. 3. mgr. 21. gr. orðist svo:
   Samningur um veitingu ívilnunar skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda í 13 ár frá undirritun hans. Ívilnun sem veitt er á grundvelli 9. gr. skal, sbr. 3. mgr. 9. gr., gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. myndast, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings um veitingu ívilnunar.
10. Við 24. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Iðnaðarráðuneyti skal upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um atvik sem geta haft áhrif á gildi samninga sem gerðir hafa verið og skulu viðkomandi sveitarfélög á sama hátt upplýsa iðnaðarráðuneyti um atvik af þessu tagi.

1296. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað dagsetninganna „17. júní 2010“ og „17. febrúar 2011“ í 2. mgr. komi: 15. febrúar 2011, og: 15. apríl 2011.
   b. 3. mgr. falli brott.
   c. 5. mgr. orðist svo:
      Stjórnlagaþingi er heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þingsins verði framlengdur með þingsályktun um allt að tvo mánuði.
2. Við 3. gr.
   a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist: m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
   b. Við 1. mgr. bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
      8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.
3. Í stað orðanna „samhliða kosningum til sveitarstjórna vorið 2010“ í 4. gr. komi: eigi síðar en 30. október 2010.
4. 5. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Kosningarréttur og kjörskrár.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga þeir sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þegar boðað hefur verið til kosninga til stjórnlagaþings skal Þjóðskrá Íslands semja kjörskrá og setja á rafrænt form til að nota við atkvæðagreiðsluna.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis og skráðir voru með lögheimili í tilteknu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands þremur vikum fyrir kjördag. Enn fremur skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. þeirra laga og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í tilteknu sveitarfélagi.

Sautján dögum fyrir kjördag skal Þjóðskrá Íslands birta hina rafrænu kjörskrá almenningi til sýnis á heimasíðum dómsmálaráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrá Íslands skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera

viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram að kjördegi. Ákvörðun Þjóðskrár Íslands er endanleg.

Þremur vikum fyrir kjördag skal dómsmálaráðuneytið birta auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum þar sem vakin er athygli almennings á því hvar nálgast megi hina rafrænu kjörskrá og hvernig megi gera athugasemdir við hana.

5. Orðið „menn“ í 6. gr. falli brott.
6. Í stað orðanna „helstu fjölmiðlum“ í 7. gr. komi: Ríkisútvarpi, dagblöðum.
7. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „sex vikum“ í 1. mgr. komi: kl. 12 á hádegi fjörutíu dögum.
   b. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Landskjörstjórn í samráði við dómsmálaráðuneytið útbýr sérstakt eyðublað í þessu skyni sem skal skilað á því formi sem landskjörstjórn fer fram á.
   c. Í stað orðanna „framboði er skilað“ í 4. mgr. komi: framboðsfrestur rennur út.
   d. 5. mgr. orðist svo:

      Náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi frambjóðenda, sbr. 1. mgr. 2. gr., þegar framboðsfrestur rennur út skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur. Nái fjöldi frambjóðenda þá ekki tilskildu lágmarki koma lögin ekki til framkvæmda.
   e. Við bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Landskjörstjórn auglýsir á vefsíðu sinni og vefsíðu á vegum dómsmálaráðuneytisins 24 dögum fyrir kjördag nöfn frambjóðenda, starfsheiti þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir.

      Ákvæði laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra gilda um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

      Kostnaður hvers frambjóðanda vegna kosningabaráttu má að hámarki nema 2 millj. kr.
8. 9. gr. orðist svo:

   Dómsmálaráðuneytið skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur. Skal kynningarefni dreift á öll heimili hér á landi. Einnig skal kynningarefni birt á vefsíðu á vegum ráðuneytisins.

   Dreifa skal til allra kjósenda í landinu afriti af kjörseðli, auðkenndum sem kynningarseðill, ásamt skýringum á því hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Kynningarseðillinn skal jafnframt birtur á vefsíðu á vegum ráðuneytisins ásamt skýringum. Kynningarseðilinn má kjósandi hafa með sér í kjörklefa.
9. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

   Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendir þá ásamt öðrum kjörgögnum til þeirra sem annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar á kjörfundi og utan kjörfundar. Haga skal sendingunum í samræmi við lög um kosningar til Alþingis.
10. Við 11. gr.
    a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

       Kjósandi getur greitt atkvæði á kjörfundi hvar sem er á landinu enda verði sýnilegt í rafrænu kjörskránni á öllum kjörstöðum að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns. Um kjördeildir, kjörstaði og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Sveitarstjórnir leggja til tölvubúnað í hverri kjördeild til að tryggja aðgang að rafrænu kjörskránni.

       Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi setur tölustafinn 1 í ferning fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill helst að nái kjöri, töluna 2 í ferninginn fyrir

framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita, töluna 3 í ferninginn fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita o.s.frv.

b. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Setji kjósandi önnur merki við nöfn frambjóðenda en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 14. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast.

11. 12. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag. Þar sem atkvæðagreiðsla fer fram skal kjörstjóri hafa aðgang að sérstakri skrá, utankjörfundarskrá, sem skal vera á rafrænu formi og sækir gögn í rafrænu kjörskrána. Í rafrænu kjörskránni verður sýnilegt að greitt hafi verið atkvæði utan kjörfundar, hvar það var gert og hvenær. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sömu kjörstjórum og við alþingiskosningar. Henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Kjósanda, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, er óheimilt að greiða atkvæði á kjörfundi.

Eftir að kjósandi hefur gert grein fyrir sér á viðhlítandi hátt fyrir kjörstjóra fær hann afhent kjörgögn sem eru kjörseðill skv. 10. gr., kjörseðilsumslag og sendiumslag. Því næst greiðir hann atkvæði í einrúmi eins og lýst er í 2. mgr. 11. gr., leggur kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið og lokar því. Því næst skal kjörseðilsumslagið sett í sendiumslagið og því lokað. Kjörstjóri skal gæta þess að nafn og kennitala kjósandans sé skráð á sendiumslagið og að það sé áritað til landskjörstjórnar. Merking í utankjörfundarskrá kemur í stað fylgibréfs, vottunar og skráar skv. 63. og 66. gr. laga um kosningar til Alþingis en um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti eftir þeim lögum nema annað leiði af lögum þessum. Hafi kjörstjóri ekki aðgang að utankjörfundarskrá fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir lögum um kosningar til Alþingis.

12. 13. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Talning atkvæða.

Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gengur úr skugga um að kjósendur, sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar, standi á kjörskrá og að þeir eigi rétt á að greiða atkvæði og metur að öðru leyti hvort atkvæðið skuli tekið til greina, sbr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þessa athugun má hefja á kjördegi. Atkvæði sem greidd hafa verið utan kjörfundar verða að hafa borist landskjörstjórn fyrir kl. 22 á kjördag.

Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á að teknu tilliti til 14. gr. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu og útreikning á því hver hafi náð kjöri. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

13. Við 14. gr.
    a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Úrslit kosninganna ráðast af eftirfarandi aðgerðum.
    b. Í stað orðsins „listans“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: frambjóðanda.
    c. Í stað orðanna „tóman bunka í upphafi“ í 1. mgr. 3. tölul. 1. mgr. komi: í upphafi ígildi bunka þótt tómur sé.
    d. 4. og 5. mgr. orðist svo:

    Að lokinni talningu og úthlutun sæta birtir landskjörstjórn greinargerð um úrslitin opinberlega og boðar frambjóðendur til stjórnlagaþings til fundar. Þar lýsir hún úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi. Eftir að kjörbréf hafa verið afhent tilkynnir landskjörstjórn Stjórnarráðinu um niðurstöðu kosninganna og sendir nöfn hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum.

    Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings sem náð hefur kjöri og sker landskjörstjórn þá úr.

14. 15. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Kærur og fleira.

Ef kjósandi telur fulltrúa á stjórnlagaþingi skorta kjörgengisskilyrði, framboð hans hafi ekki uppfyllt skilyrði laga eða kjör hans sé af öðrum ástæðum ólögmætt, getur hann kært kosningu hans til Hæstaréttar sem sker úr um gildi hennar. Kæra skal afhent Hæstarétti innan tveggja vikna frá því að nöfn hinna kjörnu fulltrúa voru birt í Stjórnartíðindum. Hæstiréttur aflar greinargerðar og gagna frá landskjörstjórn og gefur viðkomandi fulltrúa færi á að tjá sig um kæruna áður en skorið er úr um gildi kosningarinnar.

Ákvæði 114. gr., XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt þessum lögum að svo miklu leyti sem við getur átt.

15. 1. málsl. 4. mgr. 17. gr. falli brott.
16. Við 19. gr.
    a. Í stað orðsins „samkomutímabilum“ í 2. mgr. komi: samkomutímabili.
    b. Orðin „Þingfulltrúar í nefndum þingsins njóta launa allan starfstíma þingsins og“ í 3. mgr. falli brott.
17. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 1. mgr. 21. gr. komi: forsætisnefnd Alþingis.
18. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 22. gr. komi: Forsætisnefnd Alþingis.
19. 23. gr. orðist svo:

    Í upphafi stjórnlagaþings skal þingið ákveða viðfangsefni og verkaskiptingu nefnda, með sérstöku tilliti til 3. gr.

20. 24. gr. orðist svo:

    Niðurstöður og tillögur nefnda þingsins skulu kynntar af nefndarformönnum og ræddar í samræmi við starfsreglur stjórnlagaþings.

21. Orðin „á fyrsta degi þriðja samkomutímabils þingsins“ í 2. mgr. 26. gr. falla brott.
22. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 28. gr. komi: forsætisnefnd Alþingis.
23. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: forsætisnefnd Alþingis.
    b. Í stað orðsins „Alþingi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: forsætisráðherra.
    c. 2. mgr. falli brott.

1297. Svar [609. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ásbjarnar Óttarssonar um fyrirhugaða lokun svæða fyrir dragnótaveiðum.

1. *Hver voru tilefni þess að ráðherra ákvað að grípa til boðaðrar takmörkunar dragnótaveiða í sjö fjörðum? Hvaða skriflegu gögn liggja fyrir um þau tilefni?*

Stefnumörkun um frekari verndun grunnslóðar fyrir veiðum afkastamikilla fiskiskipa liggur fyrir í verkefnalista ríkisstjórnarinnar. Þar segir: „Vernda grunnslóð. Kannaðir verði möguleikar þess að veiðar afkastamikilla skipa á grunnslóð og inn á fjörðum verði takmarkaðar frá því sem nú er með það að markmiði að treysta grunnslóðina sem veiðislóð fyrir smærri báta og umhverfisvænni veiði.“

Ráðuneytinu hafa borist óskir frá íbúasamtökum við Önundarfjörð um að dragnótaveiðar verði takmarkaðar í Önundarfirði og undirskriftalistar meðfylgjandi með um 90 nöfnum. Frá Húnaflóa hafa borist áskoranir frá sveitarstjórn Vestur-Húnavatnssýslu, Skagaströnd og Kaldrananeshreppi (Drangsnesi) um takmörkun dragnótaveiða í Húnaflóa.

Frá Skagafirði hafa borist ályktanir frá sveitarstjórn um lokun vegna veiða með dragnót og undirskriftalistar nokkur hundruð íbúa í sömu veru og einnig ályktanir smábátasjómanna. Frá Seyðisfirði og Borgarfirði eystra hafa borist ályktanir frá sveitarstjórnum og smábátasjómönnum um frekari lokun í utanverðum Seyðisfirði og í Loðmundarfirði.

2. *Á hvaða vísindalegu rannsóknum byggir ráðherra það mat sitt að dragnót hafi skaðleg áhrif á veiðisvæði í þeim fjörðum sem áformað er að loka fyrir dragnótaveiðum?*

Víða hefur verið sett takmörkun á veiðar með dragnót á undanförnum árum vegna þess ágreinings sem verið hefur áratugum saman um hvort heimila eigi veiðar innfjarða með dregnum veiðarfærum eins og trolli og eða dragnót við almennar bolfiskveiðar. Þessar ákvarðanir hafa oftast verið byggðar á óskum heimamanna á hverju svæði, studdar þeim rökum að ákveðin svæði séu friðuð fyrir afkastamiklum veiðiskipum og veiðiaðferðum sem afkastað geta tugum tonna afla af bolfiski á innan við sólarhring. Segja má að þessi viðhorf heimamanna um skipan mála til fiskveiða með forgangi íbúa hafi í raun verið mörkuð í elstu lögum Íslendinga. „Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiði sé, á fjörðum og tilteknum fjarðarsvæðum sökum fiskveiða fjarðarbúa“ segir í lögum frá 1888. Forgangsréttur fjarðarbúa til annarrar fiskveiði en síldveiði er fyrir löngu markaður og allt aftur til Jónsbókar. Skýrasta dæmið, nú áratugagamalt, um mörk friðunarsvæða innan fjarða má finna í Breiðafirði þar sem fyrir áratugum voru bannaðar botnfiskveiðar í botnvörpu, dragnót og þorsknet innan línu sem Breiðfirðingar lögðu til á sínum tíma að dregin yrði. Línan var dregin yfir Breiðafjörð vel innan við Skorarfjall, frá Selskeri austan Sigluness á Barðaströnd, í Selsker sunnan fjarðarins og þaðan í Eyrarfjall. Þessi friðun var gerð að tillögu og samdóma áliti Breiðfirðinga og án sérstakra rannsókna á veiðislóð og botngerð Breiðafjarðar. Friðun fjarðarins fyrir þessum veiðum á bolfiski og flatfiski er virðingarvert fordæmi fyrir því sem vel hefur tekist við verndun grunnslóðar fyrir veiðum afkastamikilla skipa. Handfæra- og línuveiðar eru heimilaðar innan línunnar og ekki annað vitað en að mikil sátt sé um það fyrirkomulag. Dragnótaveiðar hafa einnig lengi verið bannaðar á innanverðum Faxaflóa og í Hvalfirði og telst eðlileg takmörkun á veiðum með dragnót. Margir firðir eru lokaðir á mismunandi tímum fyrir veiðum með dragnót, t.d. Eyjafjörður, Ólafsfjörður, Vopnafjörður, Mjóifjörður, Bakkaflói innanverður, Þistilfjörður, Skjálfandi innanverður o.fl.

Ekki er vitað til að miklar vísindarannsóknir hafi farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar áður en lokað var en talið jákvætt að fara að ábendingum heimamanna um takmörk afkastamikilla veiðarfæra í þessum fjörðum og að verndunin stuðli að viðhaldi fiskstofna innan fjarðanna eins og reyndar áratugareynsla er af í Breiðafirði. Ella hefðu menn ekki sæst á svo mikla langtímafriðun fyrir togveiðum og þorskanetaveiðum þar. Auk þess verður að telja eðlilegt að náttúran njóti vafans. Almenna reglan í landhelgislögum er einnig sú að togveiðar séu ekki heimilar innan þriggja sjómílna frá landi en dragnót er undanþegin með sérstökum leyfum um veiðar nær landi mjög víða. Ekki er heldur vitað til að miklar rannsóknir hafi farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar áður en dragnótaveiðar voru leyfðar með sérstökum reglugerðum eða leyfum. Takmörkun dragnótaveiða innfjarða er stefna núverandi stjórnvalda og byggð á þeim almennu viðhorfum að takmörkun þeirra sé jákvæð, m.a. vegna stýringar milli mismunandi veiðiaðferða og fyrir uppeldis- og hrygningarslóðir innan flóa og fjarða eins og dæmin sanna, m.a. úr Breiðafirði þar sem í mörg ár hefur verið mikil fiskgengd. Athyglisvert efni er t.d.:

Reglur um svæðaskiptingu vegna dragnótaveiða og veiðileyfi með skilyrðum og mismunandi reglum eftir landshlutum og tímabilum, Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 140 2008: Um dragnót og dragnótaveiðar við Ísland, Háskólinn á Akureyri 2005: Veiðiálag dragnótar á Íslandsmiðum – lokaverkefni Atla G. Atlasonar, Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 151 2009: Um áhrif dragnótar á lífríki í Skagafirði, Hafrannsóknastofnunin 2001: Sjór og sjávarnytjar í Héraðsflóa, Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 85: Skýrsla um strauma, umhverfisþætti og lífríki sjávar í Reyðarfirði, Livsmedelsverket 2008: Delrapport fisk – På väg mot miljöanpassade kostråd, Temanord 2003:51: A desk-study of diverse methods of fishing when considered in perspective of responsible fishing, and the effect on the ecosystem caused by fishing activity. Norska sjávarútvegsráðuneytið: Vernetiltæk for norsk kysttorsk i 2009.

3. Hvaða erlendu dæmum fylgir ráðherra um lokunina á forsendum verndunar viðkvæmra hafsvæða?

Ljóst er að mörg sjónarmið eru uppi um verndun svæða fyrir notkun ýmissa veiðarfæra og ekki á það sama við á öllum veiðisvæðum við Ísland frekar en annars staðar. Hægt er að fullyrða að notkun dreginna veiðarfæra sé víða um heim víkjandi innan flóa og fjarða fyrir kyrrstæðum veiðarfærum. Benda má á fréttatilkynningu frá 19. desember 2008 á vef norska sjávarútvegs- og strandráðuneytisins og m.a. skoða „Vernetiltak for norsk kysttorsk i 2009“. Þar má einnig sjá framsetningu á myndrænu formi með sjókortum og veiðitilhögun. Einnig er þar dregið á kort með línum í lit með viðeigandi skýringartextum að því er varðar stærðir fiskiskipa og takmörkun á notkun dreginna togveiðarfæra auk tilvitnana í skýrslu frá norsku hafrannsóknastofnuninni.

4. Hver eru nákvæmlega hin meintu neikvæðu áhrif dragnótar á lífríkið?

Ekki hefur verið fullyrt að dragnótin valdi allstaðar skaða, t.d. á hafsbotninum, en það hefur ekki heldur verið afsannað. Dragnót er orðin mjög kröftugt veiðarfæri og fer yfir stórt svæði í hverju kasti. Þekkt er að veiði í einum firði er oft aðeins góð í stuttan tíma í senn og síðan þarf fjörðurinn hvíld svo aftur megi fá veiði t.d. viku síðar. Veiði annarra skipa, t.d. með línu, fer oft illa saman við dragnótaveiðar á sama svæði. Það eru einmitt þessi miklu afköst eða tímabundna uppþurrkun sem hefur fengið menn til að staldra við. Í skýrslu norska starfshópsins um þorsk á grunnslóð (kysttorskgruppen), en í honum sitja hagsmunaaðilar, frá

2009 kemur eftirfarandi fram: „Hið almenna bann við notkun dragnótar innan fjarðarlína byggist á þeim rökum að um sé að ræða öflugt veiðarfæri sem fyrst og fremst eigi að nota á stóra óstaðbundna stofna, og vegna áhyggja um að erfitt geti reynst að stunda sjálfbærar veiðar með dragnót á staðbundnum stofnum á grunnslóð. Að auki er ljóst að undantekningar frá þessu geta skapað vandamál þegar kemur að eftirliti með því að veiðarnar fari fram samkvæmt settum reglum.“[1]

5. *Er ráðherra kunnugt um dæmi þess að dragnótaveiðar hafi jákvæð áhrif á lífríkið?*
Ef rannsóknir sem sýna fram á slíkt eru til staðar þá er ráðherra ókunnugt um þær.

6. *Hefur ráðherra kannað hvort þess séu dæmi erlendis að dragnót leysi af hólmi önnur veiðarfæri á grunnslóð vegna þess hversu lítil áhrif hún hefur á lífríkið?*
Ráðherra er ekki kunnugt um hvort þess séu dæmi erlendis frá að dragnót leysi af hólmi önnur veiðarfæri á grunnslóð vegna þess hversu lítil áhrif hún hefur á lífríkið en telur þó að það kunni að vera einhvers staðar viðleitni í þá veru að leggja af keðjulögð, bjálka- og bómutroll sem skafa botninn harkalega og sem m.a. eru notuð í Norðursjó og víðar við strendur Evrópuríkja. Það er vitað að t.d. við Kanada er svæðisstjórnun þar sem leyfðar eru veiðar á botnlægum tegundum í ákveðinn tíma og þeim svæðum síðan lokað í marga mánuði eða ár áður en veiðar hefjast aftur í takmarkaðan tíma. Svæðunum er ætlað að jafna sig milli veiðitímabila með þessari stjórnun.

7. *Hver yrðu áhrif fyrirhugaðra aðgerða á atvinnu og lífsafkomu þeirra sem aðgerðirnar beinast gegn?*
Fyrirhugaðar aðgerðir kunna að breyta veiðitíma skipanna en líklegt verður að telja að fiskur sem gengur inn á fjörð leiti út aftur, einkum á haustin þegar strandsjórinn kólnar, og verði veiðanlegur eftir að hafa tekið út aukinn vöxt á beitarslóðum innfjarða. Það er þannig með öllu óvíst að breytingarnar valdi verri afkomu þeirra sem dragnótaveiðar stunda þegar upp er staðið.

8. *Hefur ráðherra kannað önnur verndunarúrræði en lokun sem væru ekki eins íþyngjandi fyrir bátaflotann?*
Ráðherra telur að þegar upp verði staðið eftir eitt til tvö ár verði þessi aðgerð til góðs og að botnfiskafli í utanverðum fjörðunum muni aukast þegar frá líður og þar með fiskgengd, bæði innan og utan þeirra friðunarlína sem nú eru lagðar til. Ráðherra vill koma á betri sátt um veiðar innan fjarða og flóa milli heimamanna og þeirra sem þangað vilja sækja til fiskveiða á bolfiski og flatfiski. Góð reynsla er fyrir hendi af lokun fjarða fyrir dregnum veiðarfærum. Við þá aðgerð sem hér er til umfjöllunar er tekið mið af þeirri reynslu en jafnframt er beitt meðalhófi hvað stærð svæðanna viðvíkur og þau alls ekki höfð stærri en

[1] „Det generelle forbudet mot bruk av snurrevad innenfor fjordlinjene er begrunnet med at redskapet er utviklet til et meget effektivt redskap som primært bør nyttes på store vandrende bestander, og ut fra en bekymring for at det kan være vanskelig å gjennomføre et bærekraftig fiske på kystnære lokale bestander med snurrevad. Det er dessuten vist til at unntaksbestemmelser gir store utfordringer med hensyn til kontroll med at fisket foregår i samsvar med de fastsatte vilkår.“

þörf er á. Línurnar sem dregnar eru í mynni Seyðisfjarðar eru t.d. dregnar þannig að þær skaði sem minnst veiðar á steinbít og skarkola.

1298. Nefndarálit [576. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkubúi Vestfjarða hf., Orkustofnun, Rafiðnaðarsambandi Íslands, RARIK, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Valorku ehf., Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði um skyldu til útgáfu upprunaábyrgða á raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB, um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 11. júní 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Jón Gunnarsson.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Margrét Tryggvadóttir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1299. Nefndarálit [577. mál]

um frv. til l. um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, með síðari breytingum, og laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, Guðjón Axel Guðjónsson skrifstofustjóra og Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóra frá iðnaðarráðuneytinu, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Sigurð Jóns-

son frá Landssamtökum landeigenda á Íslandi og Landssamtökum raforkubænda, Aagot Óskarsdóttur lögfræðing, Lúðvík Bergvinsson hdl., Árna Snæbjörnsson, framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs, og Elías Blöndal Guðjónsson frá Bændasamtökunum. Þá bárust umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssamtökum landeigenda á Íslandi, Landssamtökum raforkubænda, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verð brott vatnalög, nr. 20/2006, ásamt síðari breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, þ.e. með 2. gr. laga nr. 31/2007, lögum nr. 133/2007, 75. gr. laga nr. 167/2007, I. kafla laga nr. 58/2008, lögum nr. 127/2008 og 23. gr. laga nr. 9/2009. Jafnframt er lagt til að lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, verði felld brott.

Þann 16. mars 2006 voru samþykkt á Alþingi ný vatnalög, nr. 20/2006, en lögunum var ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Skv. 42. gr. þeirra skyldu þau öðlast gildi 1. nóvember 2007 og um leið skyldu gildandi vatnalög, nr. 15/1923, falla úr gildi. Með lögum nr. 133/2007 var gildistöku laganna frestað til 1. nóvember 2008 og með lögum nr. 127/2008 var gildistökunni frestað enn á ný til 1. júlí 2010.

Fyrir nefndinni var farið vel yfir sögu vatnalöggjafar á Íslandi og þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir henni. Markmiðið með setningu vatnalaga árið 2006 var að samræma ákvæði gildandi vatnalaga annarri löggjöf, sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku þeirra, auk þess sem talið var að einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna væru úrelt eða þeim betur fyrir komið annars staðar í lögum. Einnig var talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi kom upp ágreiningur um breytt ákvæði um eignarráð yfir vatni en frumvarpið gerði ráð fyrir því að réttindi landeiganda yfir vatni á landi hans yrðu orðuð sem eignarréttur og skilgreind með neikvæðum hætti. Neikvæð eignarréttindi fela í sér einkarétt eigandans til að ráða yfir hlutnum með þeim takmörkunum einum sem þeim með réttu eru settar með lögum og takmörkuðum eignarréttindum annarra yfir sama verðmæti. Með öðrum orðum þá fer eigandi með allar þær eignarheimildir sem í eignarréttinum felast nema einhverjar þeirra séu undanskildar, þ.e. beinn eignarréttur. Ákvæði vatnalaga frá 1923 fela hins vegar í sér jákvæða skilgreiningu eignarréttinda. Hún felur í sér að eignarráð fasteignareiganda eru afmörkuð í lögunum sjálfum, með því að tiltekið er hvaða eignarheimildir hann hefur. Af því leiðir að hann hefur ekki á hendi aðrar eignarheimildir en þær sem lögin áskilja honum sérstaklega, þ.e. óbeinn eignarréttur. Þessi ágreiningur varð til þess að kallað var eftir heildstæðri endurskoðun vatnalöggjafar og fól það í sér að gildistöku laganna var frestað til 1. nóvember 2007 og skyldi iðnaðarráðherra skipa nefnd sem kanna skyldi samræmi laganna við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða. Töf varð á því að nefndin væri skipuð og eins og fyrr segir var gildistöku laganna frestað enn á ný til 1. nóvember 2008. Niðurstaða vatnalaganefndar var að rétt væri að gera nokkrar endurbætur á vatnalögunum frá 2006 þar sem ekki þótti tryggt að fullnægjandi tillit yrði tekið til hagsmuna almennings tækju lögin gildi óbreytt. Í kjölfarið voru samþykkt á Alþingi ný lög um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, sbr. lög nr. 127/2008. Fólu þau í sér að gildistöku laganna var frestað til 1. júlí 2010. Skv. 2. gr. þeirra laga skyldi iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, skipa nefnd sem falið yrði að endurskoða ákvæði laganna og skyldi hún hafa til hliðsjónar tillögur fyrri vatnalaganefndar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þær tillögur sem fyrri vatnalaganefnd setti fram í skýrslu sinni eru það víðtækar að í reynd fela þær í sér breytingu á forsendum vatnalaga, nr. 20/2006, þ.e. að sjónarmiðum um beinan eignarrétt

yfir vatni er hafnað og með hliðsjón af þeim viðamiklu breytingum þótti eðlilegra að lagt yrði fram frumvarp til nýrra vatnalaga í stað frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 20/2006. Í ljósi þess sem að framan hefur verið getið er fyrirséð að lög nr. 20/2006 munu aldrei taka gildi. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að með því að afnema gildistöku laganna sé eytt þeirri réttaróvissu sem uppi hefur verið síðastliðin ár. Með afnámi laganna sendir löggjafinn þau skýru skilaboð að ekki standi til að lögin nr. 20/2006 taki gildi heldur muni nýtt frumvarp til heildstæðra vatnalaga taka við af lögum nr. 15/1923. Einnig telur meiri hlutinn rétt að árétta að mikil vinna hefur átt sér stað við undirbúning nýrra vatnalaga og er sú vinna langt á veg komin, því sé ekki ástæða til þess að fresta enn og aftur lögunum frá 2006 heldur sé eðlilegast að fella þau úr gildi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 10. júní 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Atli Gíslason.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

1300. Fyrirspurn [664. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þjónusturannsóknir á sviði dýraheilbrigðis.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hvernig er háttað fjármögnun þjónusturannsókna vegna sjúkdómagreininga dýra?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gerður verði þjónustusamningur milli Matvælastofnunar og Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum um þjónusturannsóknir á sviði dýraheilbrigðis?
3. Hver er að mati ráðherra reynslan af sameiningu eftirlits með matvælaöryggi og dýraheilbrigði?
4. Telur ráðherra að heppilegt hafi verið að aðskilja þá starfsemi sem hefur með höndum eftirlit með dýraheilbrigði annars vegar og þá sem annast rannsóknir og sjúkdómsgreiningar?
5. Telur ráðherra að samstarf og boðleiðir milli eftirlits- og rannsóknastarfsemi séu viðunandi?

Skriflegt svar óskast.

1301. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁÞS, BÁ, ÖJ, VBj, ÓN, ÞrB).

Við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við samþykkt laga þessara skal Alþingi kjósa sjö manna nefnd sem verði sjálfstæð í störfum sínum. Nefndin fái það hlutverk að undirbúa og standa að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni. Þjóðfundinn skal halda tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagaþings samkvæmt lögunum. Miða skal við að þátttakendur á þjóðfundi verði um eitt þúsund talsins og skulu þeir valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá þannig að gætt sé að eðlilegri skiptingu þátttakanda af landinu öllu og að kynjaskipting sé sem jöfnust. Á þjóðfundinum skal leitast við að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni og skal nefndin vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagaþingi þegar það kemur saman.

Nefndin skal jafnframt annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi og enn fremur leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman.

1302. Lög [485. mál]

um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 836.

1303. Lög [514. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1274.

1304. Lög [531. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1275.

1305. Lög [548. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1276.

1306. Lög [558. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 948.

1307. Lokafjárlög [391. mál]

fyrir árið 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1339 (sbr. þskj. 699).

1308. Frumvarp til laga [506. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds).

(Eftir 2. umr., 11. júní.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 heimilast til frádráttar tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. og a-lið 3. tölul. 61. gr. 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum, vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Heimild þessi tekur einnig til viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar að teknu tilliti til þeirrar frádráttarheimildar sem gildir samtals um þá vinnu sem greitt er fyrir innan ársins vegna framangreindra framkvæmda. Frádráttur hjóna og samskattaðra einstaklinga skal koma til lækkunar hjá þeim sem hærri hefur tekjuskattsstofninn.

Frádráttur skv. 1. mgr. er háður því skilyrði að staðin hafi verið skil á fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr., sbr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum. Þá skal skila launamiðum eða öðrum gögnum á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Sækja þarf um frádráttinn samhliða umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á þar til gerðu eyðublaði ríkisskattstjóra innan hvers árs fyrir sig og í síðasta lagi fyrir 1. febrúar árið 2011 vegna tekjuársins 2010 og 1. febrúar árið 2012 vegna tekjuársins 2011. Frádrátturinn ákvarðast og afmarkast við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011, sbr. 98. gr., sbr. og 99. gr. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um sundurliðun frádráttar vegna vinnu sem greidd er af húsfélögum vegna sameiginlegs viðhalds eigenda á íbúðarhúsnæði í fjöleignarhúsum og um frádrátt eigenda íbúðarhúsnæðis sem leigt er út utan atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1309. Frumvarp til laga [525. mál]

um breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. júní.)

1. gr.

2. málsl. 11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skal semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölul. 3. gr., þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.
b. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í gjaldskrá er heimilt að ákveða eftirtalin gjöld.
c. B-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum.
d. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.
e. Í stað orðanna „skv. a-, c- og d-lið“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: skv. a-, c-, d- og e-lið.
f. 2. mgr. orðast svo:
   Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. 2. mgr. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.
g. Í stað orðanna „1. og 2. tölul. 1. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 1. og 2. tölul. 2. mgr.
h. 5. mgr. orðast svo:
   Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „til ársloka 2010“ í 1. mgr. kemur: til ársloka 2012.
b. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 2. mgr. kemur: 1. janúar 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1310. Þingsályktun [220. mál]

um aðgang fjárlaganefndar að upplýsingakerfum ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 244.

1311. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. júní.)

1. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna og í stað sama orðs í 2. mgr. 2. gr., c-lið 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 39. gr., 3. og 4. mgr. 47. gr., 1. mgr. 56. gr., 1. mgr. 57. gr. b, 1. mgr. 57. gr. c, 1. mgr. 59. gr., 2. mgr. 64. gr., 1. mgr. 67. gr., 2. mgr. 70. gr., 73. gr., 74. gr., 5. mgr. 75. gr., 2. mgr. 76. gr., 1. og 3. málsl. 1. mgr. og 3.–5. mgr. 78. gr., 80. gr., 82. gr., 85. gr. a, 6. mgr. 131. gr., 1. mgr. 132. gr., 4. mgr. 136. gr., 137. gr., 145. gr. og 146. gr. a kemur: ráðherra.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja nánari reglur um skráningu loftfara, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga, þar á meðal um þjóðerni, skráningarskírteini og kennispjald.

3. gr.

B-liður 1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: gilt lofthæfivottorð eða gild heimild til starfrækslu loftfars, eftir því sem við á.

4. gr.

7. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja nánari reglur um lofthæfi, þ.m.t. um vottun loftfara, íhluta og búnaðar, um viðurkenningu á viðhaldsstöðvum og skilyrði hennar og um hæfniskröfur til starfsfólks á þessu sviði.

5. gr.

Við 6. mgr. 57. gr. a laganna bætast þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:

k. veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitingu veðurþjónustu, tilnefningu og starfsleyfisskyldur þjónustuveitanda, veðurfræðilega ábyrga aðila, hæfni og getu, skipulag og stjórnun, gæðakerfi, starfsreglur, vöktun veðurs, veðurspár, veðurskeyti, veðurkort, eldvirkni og búnað til veðurmælinga á flugvöllum;
l. fjarskiptaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um eftirlit, tíðninotkun, truflanir og notkun hvers konar fjarskiptaþjónustu, samskiptakerfa og samskiptaaðferða og verklagsreglur þar að lútandi;
m. upplýsingaþjónustu flugmála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um veitendur þjónustunnar, eftirlit, gæðastjórnunarkerfi, nákvæmni gagna, útgáfu flugmálaupplýsinga, gjaldtöku og tungumál.

6. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 3. mgr. 70. gr. c laganna kemur: ráðherra.

7. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 71. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

a. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi ágreiningur orðið í notendanefnd og rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis tekið ákvörðun um gjald geta notendur farið fram á frekari rökstuðning og annan fund til frekari viðræðna. Náist ekki að sætta sjónarmið innan nefndarinnar í þeim viðræðum og rekstraraðili hefur tekið endanlega ákvörðun um gjaldið er aðilum heimilt að skjóta ágreiningi sínum til Flugmálastjórnar Íslands. Ákvörðun stofnunarinnar samkvæmt þessari grein er endanleg á stjórnsýslustigi. Aðili sem skýtur ágreiningi til stofnunarinnar skal greiða kostnað sem af málskoti hlýst nema niðurstaðan verði honum í vil en þá ber gagnaðila að greiða kostnaðinn. Um grundvöll kostnaðar fer samkvæmt ákvæði um gjaldtöku í lögum um Flugmálastjórn Íslands.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leyfi stofnunarinnar þarf til flugsýninga, kennsluflugs og fallhlífarstökks á sýningu eða samkomu.
b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra er m.a. heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

a. verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum;
b. flugsýningar, þ.m.t. umsókn um leyfi til flugsýningar, ábyrgan stjórnanda flugsýningar, stjórnanda loftfars sem tekur þátt í flugsýningu, öryggisreglur, eftirlit, upplýsingaskyldu, heimild til afturköllunar leyfis o.fl.;
c. fallhlífarstökk, þ.m.t. um viðurkennda fallhlífarklúbba, flug með fallhlífarstökkvara, framkvæmd fallhlífarstökks, lágmarksöryggisreglur, búnað, skírteini, réttindi, fallhlífarstökk á sýningum eða samkomum, umsókn um leyfi til fallhlífarstökks, stökkstjóra, eftirlit, upplýsingaskyldu o.fl.

10. gr.

Í stað tölunnar „100.000“ í 2. og 3. mgr. 102. gr. laganna kemur: 113.100.

11. gr.

Við 106. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flytjendum sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands er skylt að greiða bætur til farþega eða eigenda farangurs eða farms eftir atvikum, enda hafi tjón orðið vegna tafa á flutningi.

Flytjendum er ekki skylt að greiða bætur til farþega sem orðið hefur fyrir töfum ef farþegi ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um bætur vegna tafa, svo sem fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþegum eða eigendum farangurs eða farms, og eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, svo sem með upplýsingaöflun, vett-

vangsskoðun, heimildum til að stöðva brot og krefjast þess að látið sé af brotum, með reglugerð. Þá er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um heimild Flugmálastjórnar til að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu nauðsynlegar upplýsingar og gögn er aflað hefur verið á grundvelli þessarar greinar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „4.150“ í 1. mgr. kemur: 4.700.
b. Í stað tölunnar „1.000“ í 2. mgr. kemur: 1.150.
c. Í stað tölunnar „17“ í 3. mgr. kemur: 19.

13. gr.

Á eftir 4. mgr. 125. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila skal tryggja að heildarverð fyrir ferð eða flutning skuli ávallt fela í sér opinber gjöld og skatta. Í söluferlinu skal heildarverð ávallt vera sýnilegt kaupanda og skulu opinber gjöld og skattar birt sérgreind frá öðrum gjöldum, kostnaði og þóknun rekstraraðilans. Valkvæður viðbótarkostnaður skal ávallt vera sýnilegur við upphaf söluferlisins.

Óheimilt er að mismuna viðskiptavinum við upplýsingagjöf eða aðgengi að farmiðum og farmiðaverði á grundvelli þjóðernis, búsetu eða staðsetningar söluaðila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um upplýsingagjöf vegna kostnaðar farmiða eða flutnings í reglugerð.

14. gr.

Á eftir 126. gr. b laganna kemur ný grein, 126. gr. c, svohljóðandi:

Telji neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Flugmálastjórnar Íslands um að hún láti málið til sín taka.

Berist Flugmálastjórn slík kvörtun skal hún m.a. leita álits viðkomandi þjónustuveitanda á kvörtuninni, ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem þar eru veittar eigi við rök að styðjast og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan og markvissan hátt.

Náist ekki samkomulag skv. 2. mgr. skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun Flugmálastjórnar. Ákvörðun stofnunarinnar sætir kæru til ráðherra samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Flugmálastjórn er heimilt að framfylgja ákvörðunum samkvæmt þessari grein í samræmi við 136. gr.

Gerist flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila sekur um ítrekuð brot gagnvart neytendum er Flugmálastjórn heimilt, auk þeirra úrræða sem um ræðir í 136. gr., að svipta viðkomandi aðila starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Flugmálastjórn er heimilt að birta ákvarðanir sínar á grundvelli þessa ákvæðis með opinberum hætti og nafngreina þá flugþjónustuaðila sem hlut eiga að máli.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 136. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur lagt dagsektir eða févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28., 84. og 140. gr. Um upphæðir dagsekta fer skv. 2. mgr. en févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að taka ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar á eftirlitsskyldan aðila að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA eða Flugöryggisstofnunar Evrópu enda er sú starfsemi sem tillaga um sekt grundvallast á óheimil samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

16. gr.

140. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að taka ákvarðanir er snúa að verksviði stofnunarinnar og teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ákvarðanir stofnunarinnar hafa almennt gildi en geta einnig haft sérstakt gildi sé þeim beint að ákveðnum hópum eða einstökum aðilum. Ákvarðanir Flugmálastjórnar binda þá aðila sem þær beinast að og skulu birtar í flugmálahandbók eða á heimasíðu stofnunarinnar eftir því sem við á.

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, svo og þeir sem starfrækja flugvelli og flugleiðsöguþjónustu hér á landi, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Flugmálastjórn er heimilt að fela öðrum aðila útgáfu upplýsingabréfs.

Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands skulu vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.

17. gr.

2. mgr. 146. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð, sbr. 1. mgr., sem felur í sér innleiðingu þeirra reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins er varða stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu í íslenskan rétt.

18. gr.

Á eftir 146. gr. c laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (146. gr. d.)

Notast skal við alþjóðlega staðla og viðurkennda framkvæmd mælieininga við starfrækslu flugs í lofti sem og á jörðu niðri.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja reglur um mælieiningar við starfrækslu flugs í lofti sem og á jörðu niðri, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, þar á meðal um gildissvið, almenna notkun mælieininga, leiðbeiningar, breytur, samhæfingu og birtingu.

b. (146. gr. e.)

Flugmálastjórn Íslands getur sett nánari reglur um tæknilegar útfærslur almennra krafna um flugkort, starfrækslu loftfara, skráningu þeirra og lofthæfi og umhverfisvernd.

19. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildu ákvæði 8. gr. sem tekur gildi 1. janúar 2011.

1312. Lög [517. mál]

um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1187 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga þessara falla úr gildi að liðnum 10 árum frá gildistöku þeirra.

1313. Nefndarálit [582. mál]

um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrefnu Bryndísi Jónsdóttur og Davíð Pétursson frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Jón Óskar Pétursson og Elínu Líndal frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Sigurð Pétursson, Úlfar B. Thoroddsen, Gústaf Jökul Ólafsson, Guðbrand Sverrisson, Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, Jóhann Hannibalsson, Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur og Aðalstein Óskarsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Pétur Þór Jónasson frá Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Þorvarð Hjaltason og Svein Pálsson frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Gunnstein Sigurðsson, Steingrím Hauksson og Ómar Stefánsson frá Kópavogsbæ, Árna Þór Sigfússon, Pétur Jóhannsson og Böðvar Jónsson frá Reykjanesbæ, Gunnar H. Gunnarsson og Örn Sigurðsson frá Samtökum um betri byggð, Árna Gunnarsson, Gunnar Val Sveinsson og Agnar Daníelsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Pál Guðjónsson og Harald Sverrisson frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Þorvald Jóhannsson og Björn Hafþór Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Jónas Guðmundsson frá Leið ehf., Eirík Björn Björgvinsson frá Fljótsdalshéraði, Gunnar Gunnarsson og Indu Björk Alexandersdóttur frá Sniglunum, bifhjólasamtökum lýðveldisins, Sigrúnu Þorsteinsdóttur frá Vátryggingafélagi Íslands og Jón Helgason, Eymund Runólfsson og Eirík Bjarnason frá Vegagerðinni.

Umsagnir bárust frá Akraneskaupstað, Akureyrarkaupstað, Árneshreppi, Dalvíkurbyggð, Djúpavogshreppi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Félagi vélstjóra

og málmtæknimanna, Fjarðarbyggð, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fljótsdalshéraði, Garðabæ, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hafnarfjarðarbæ, Hafnasambandi Íslands, Húnaþingi vestra, Hvalfjarðarsveit, Hörgárbyggð, Ísafjarðarbæ, Kjósarhreppi, Kópavogsbæ, landlæknisembættinu, Landsbyggðin lifi – landssamtökum, Landssambandi hestamannafélaga, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landvernd, Mosfellsbæ, Norðurþingi, Reykjanesbæ, ríkislögreglustjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Sniglunum, bifhjólasamtökum lýðveldisins, Svalbarðsstrandarhreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Skagafirði, Samtökum verslunar og þjónustu, Umhverfisstofnun, Vátryggingafélagi Íslands, Vegagerðinni og átakshópnum Áfram vestur.

Fyrir nefndinni voru reifuð ýmis sjónarmið er varða samgönguáætlun. Meðal þeirra verkefna sem lögð var áhersla á fyrir nefndinni eru gerð reiðhjólastíga, efling almenningssamgangna, mannaflsfrekar framkvæmdir, þar á meðal fækkun einbreiðra brúa, viðhald vega, þjónusta við vegi, þar á meðal vetrarþjónusta við fjallvegi, upptaka veggjalda, lagning bundins slitlags, gangagerð, uppbygging flugvalla, uppbygging samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri, umhverfismál, tvöföldun vega og gerð 2+1 vega.

Gerð var smávægileg breyting á uppsetningu töflu í lið 4.1.6 í þingskjali 973 að beiðni samgönguráðuneytisins.

Nefndin leggur ekki til breytingar á flugmálaáætlun og áætlun Umferðarstofu.

Siglingamálaáætlun:

Nefndin leggur til breytingu á siglingamálaáætlun, kafla 3.1 Fjármál: Lagt er til að framlög til áætlunar um öryggi sjófarenda hækki um 10 millj. kr. árin 2011 og 2012. Árið 2009 var tilkynnt um 238 slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins en að meðaltali hefur verið tilkynnt um 340 slys á sjómönnum á ári til Tryggingastofnunar síðustu tíu ár. Sé litið lengra aftur má sem dæmi nefna að árið 1997 var tilkynnt um 388 slys til stofnunarinnar og árið 2002 voru þau 413. Af framangreindu má álykta að talsverður árangur hafi náðst í öryggismálum sjómanna. Í ljósi þessa telur nefndin afar brýnt að draga ekki úr framlögum til málaflokksins og leggur því til viðbótarfjárveitingar.

Vegaáætlun:

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á vegaáætlun, kafla 4.2 Sundurliðun einstakra gjaldliða:

1. Lagt er til að í kaflann verði bætt gjaldliðnum Dýrafjarðargöng – undirbúningur. Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að samtenging byggða á Vestfjörðum væri að mörgu leyti sérstök og að taka yrði tillit til þess við gerð samgönguáætlunar. Nefndir telur að gerð jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar efli samgöngur á milli byggða er nú tengjast saman með malarvegum og verða fyrir verulegum samgöngutruflunum yfir vetrartímann.
2. Lagt er til að 5 millj. kr. af framlagi til undirbúningsverka utan áætlunar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 færist til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012, samtals 10 millj. kr.

3. Lagt er til að 5 millj. kr. af framlagi til sameiginlegs jarðgangakostnaðar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 færist til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012, samtals 10 millj. kr.
4. Lagt er til að 34 millj. kr. árið 2011 og 28 millj. kr. árið 2012 færist af framlagi til Vestfjarðavegar, Eiði–Kjálkafjarðar, til undirbúnings verka utan áætlunar sömu ár. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að ákveðnir gjaldaliðir höfðu verið vanáætlaðir og að nauðsynlegt væri að bæta úr því. Framlög til Vestfjarðavegar verða færð aftur til verkefnisins eigi síðar en framkvæmdir við verkið Eiði–Kjálkafjörður hefjast.

Nefndin leggur til að ákvarðanir um einstakar framkvæmdir vegna tengivega ásamt fjárframlögum til bundins slitlags á einstökum tengivegum, samkvæmt samgönguáætlun, verði unnin í samráði við Vegagerðina og þingmenn kjördæmanna og að því loknu lögð fyrir ráðherra. Tillaga Vegagerðarinnar um skiptingu fjár til tengivega er að fjárveitingunni verði skipt milli kjördæma eftir hlutfalli lengdar tengivega í hverju kjördæmi með malarslitlag. Skiptingin verði þá þessi:

Suðurkjördæmi	17,7%
Reykjavík og Suðvesturkjördæmi	2,1%
Norðvesturkjördæmi	56,0%
Norðausturkjördæmi	24,2%

Umferðaröryggisáætlun:

Nefndin leggur til þá breytingu á umferðaröryggisáætlun, kafla 6.1.2 Gjöld að 2,5 millj. kr. af framlagi til verkefnisins „ökumaður og farartæki“ færist til áróðurs og fræðslu. Fyrir nefndinni kom fram beiðni frá samgönguráðuneytinu um tilfærsluna í því skyni að 6,5 millj. kr. verði til ráðstöfunar vegna samnings við Grundaskóla á Akranesi er varðar umferðarfræðslu í grunnskólum.

Nefndin vekur athygli á því að vegna bágs efnahagsástands verður ekki hægt að sinna mörgum brýnum samgönguverkefnum eins og þyrfti að gera. Þannig er ljóst að talsvert vantar upp á að nægt fé sé fyrir hendi til að sinna viðhaldi vega með fullnægjandi hætti. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar nægir áætluð fjárveiting til málaflokksins einungis fyrir um 65% af þeirri lágmarksþörf sem miðað er við til að koma í veg fyrir að gæði núverandi vega rýrni hvað burðarþol þeirra og yfirborð varðar. Bent hefur verið á að skortur á slíku viðhaldi kunni að koma niður á flutningsgetu og umferðaröryggi á vegum landsins. Nefndin vekur athygli á því að við gerð 12 ára samgönguáætlunar er brýnt að lögð verði aukin áhersla á viðhald vegakerfisins. Þá telur nefndin rétt að taka fram að það sé ákveðið óréttlæti fólgið í því að þau verkefni í samgöngumálum sem flýtt var í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar árið 2007 og enn er ólokið skuli ekki vera í samgönguáætlun 2009–2012. Þannig hafa byggðir sem stefnt var að því að viðhalda og styrkja með flýtingu samgönguframkvæmda ekki einungis þurft að taka á sig samdráttinn sem almennt hefur orðið í íslensku efnahags- og atvinnulífi, heldur einnig samdrátt vegna skerðingar aflaheimilda í þorskveiði síðustu ár. Því er mikilvægt að þær framkvæmdir sem hér um ræðir verði í forgangi á 12 ára áætlun í samgöngumálum sem væntanleg er á næstu mánuðum.

Nefndin ræddi talsvert um vinnulag við gerð samgönguáætlana og hvernig mætti bæta það. Nefndin er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka upp ný vinnubrögð við undirbúning og gerð samgönguáætlana sem leiði af sér að samgönguáætlun hverju sinni falli

að heildstæðri sóknaráætlun landsins alls og einstakra svæða. Til að ná þessum markmiðum þarf að endurskoða lög um samgönguáætlun.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Róbert Marshall, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Guðmundur Steingrímsson og Ásbjörn Óttarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall, með fyrirvara.	Anna Margrét Guðjónsdóttir, með fyrirvara.
Guðmundur Steingrímsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara.

1314. Breytingartillögur [582. mál]

við till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Frá samgöngunefnd.

1. Við kafla 3.1 Fjármál. Liðurinn Áætlun um öryggi sjófarenda orðist svo:

	2009	2010	2011	2012	Samtals
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,0	20,0	20,0	20,0	80,0

2. Við kafla 4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða, Norðvesturkjördæmi.
   a. Við liðinn Undirbúningur verka utan áætlunar. Í stað tölunnar „40“ komi: 35, og í stað tölunnar „29“ komi: 24.
   b. Við liðinn 60 Vestfjarðavegur, 31–33 Eiði–Kjálkafjörður. Í stað tölunnar „634“ komi: 600, og í stað tölunnar „1.100“ komi: 1.072.
   c. Við liðinn 60 Vestfjarðavegur bætist nýr liður, 39 Dýrafjarðargöng, sem orðist svo:

Norðvesturkjördæmi													
Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla	Veg-tegund	Kostn-aður	2009	2010 VV	2011 VV	2012 VV	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Kaflanr.	Kaflaheiti	[km]		millj. kr.		14.700	14.700	14.700					
60	Vestfjarðavegur												
39	Dýrafjarðargöng	11,8	C8	7.500				20		×	×	×	×

3. Við kafla 4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða, Sameiginlegt og óskipt. Liðurinn Sameiginlegur jarðgangakostnaður orðist svo:

	2009	2010	2011	2012
Sameiginlegur jarðgangakostnaður	10	10	5	5

4. Við kafla 6.1.2 Gjöld. Í stað tölunnar „81,0“ í liðnum Ökumaður og farartæki komi: 78,5, og í stað tölunnar „32,0“ í liðnum Áróður og fræðsla komi: 34,5.

1315. Tillaga til þingsályktunar [665. mál]

um rannsókn á embættisfærslum og ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og samskiptum þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Óli Björn Kárason, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Ásbjörn Óttarsson, Árni Johnsen, Tryggvi Þór Herbertsson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson,
Bjarni Benediktsson, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem rannsaka skuli embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal nefndin skipuð þremur sérfræðingum á þeim sviðum sem rannsóknin nær til.

Rannsóknarnefndin skal leggja mat á hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenskra ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum leggja mat á hverjir bera á þeim ábyrgð.

Rannsóknarnefndin skal fá í hendur allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið. Skal hún meðal annars hafa aðgang að öllum gögnum stjórnvalda, þ.m.t. fundargerðum, minnisblöðum og greinargerðum, sem varpað geta ljósi á rannsóknarefnið. Jafnframt skuli sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta henni í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar. Nefndinni verði heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og skuli viðkomandi þá skylt að mæta til skýrslutöku hjá nefndinni. Skylt verði að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildi um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki. Nefndinni skuli vera heimilt að fram-

kvæma skýrslutökur fyrir opnum tjöldum telji hún tilefni til. Stjórnvöld skuli veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir við störf sín, og skal nefndin, ef hún þess óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið um málefni sem falla undir starf nefndarinnar. Að öðru leyti skulu rannsóknarheimildir nefndarinnar vera hinar sömu og rannsóknarnefndar Alþingis sem skipuð var á grundvelli laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Nefndin skal eigi síðar en 1. janúar 2011 skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að vinna á þágu rannsóknarinnar og verði skýrslan þegar í stað gerð opinber. Jafnframt skal Alþingi taka skýrsluna til umfjöllunar og kjósa nefnd níu þingmanna til að fjalla um hana og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi skipi sérstaka rannsóknarnefnd, þriggja sérfræðinga, sem falið verði það hlutverk að rannsaka embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þar átt við samskipti íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf. í löndunum tveimur, svokallaðra Icesave-reikninga.

Er nefndinni ætlað það hlutverk að leggja mat á hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum leggja mat á hverjir beri á þeim ábyrgð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að rannsóknarnefndin fái í hendur allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið. Er lagt til að þær rannsóknarheimildir skuli verða hinar sömu og rannsóknarnefnd Alþingis, sem skipuð var á grundvelli laga nr. 142/2008, um rannsókna á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, voru tryggðar í þeim lögum.

Tillagan mælir fyrir um að nefndin skili Alþingi sambærilegri skýrslu og rannsóknarnefnd Alþingis, undir formennsku Páls Hreinssonar, skilaði þinginu hinn 12. apríl 2010 og að Alþingi taki efni hennar og niðurstöður til sambærilegrar meðferðar á sínum vettvangi. Jafnframt að Alþingi kjósi níu manna þingnefnd sem fjalla skuli um hana og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Óumdeilt er að Icesave-málið varðar einhverja mestu þjóðarhagsmuni sem stjórnvöld hér á landi hafa þurft að takast á við og telja flutningsmenn tillögunnar fullt tilefni til að framganga íslenskra stjórnvalda og ákvarðanir þeirra sem lúta að Icesave-málinu verði rannsökuð af hálfu þeirrar nefndar sem lagt er til að skipuð verði.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis gefur að líta vandaða og ítarlega umfjöllun um það rannsóknarefni sem þeirri nefnd sem tillaga þessi mælir fyrir um að verði komið á fót er ætlað að fjalla um. Er þar m.a. að finna umfjöllun um löggjöf um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES (15. kafli), Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt (17. kafli) og innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis (18. kafli). Þótt sú umfjöllun muni án efa nýtast hinni nýju rannsóknarnefnd vel í störfum sínum þá snýr hún

ekki nema að hluta að þeim atriðum sem sú rannsókn sem þessari tillögu er ætlað að hrinda í framkvæmd snýr að, þ.e. embættisfærslum, ákvörðunum og samskiptum íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld eftir hrun bankakerfisins.

Helstu ástæður þess að þessi tillaga er nú lögð fram eru eftirfarandi:

1. Flutningsmenn telja ljóst að lánasamningar þeir sem íslensk stjórnvöld undirrituðu hinn 5. júní 2009 og viðaukasamningarnir frá 19. október 2009 hafi strítt svo freklega gegn hagsmunum íslenska ríkisins að með undirritun sinni á þá hafi stjórnvöld gerst sek um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið og íslenska skattgreiðendur.
2. Flutningsmenn telja að með undirritun sinni á áðurnefnda samninga hafi ríkisstjórn Íslands farið út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti henni með samþykkt þingsályktunar hinn 5. desember 2008 þar sem ríkisstjórnin hafi með því ekki gætt hagsmuna íslenska ríkisins með þeim hætti sem henni bar, né hafi hún í þeim samningum virt hin sameiginlegu viðmið sem ályktunin mælti fyrir um að skyldu vera forsenda og grundvöllur samningsniðurstöðu.
3. Flutningsmenn telja mikilvægt að rannsakað verði hvort íslensk stjórnvöld hafi í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga fallið frá lagalegum rétti íslenska ríkisins gagnvart viðsemjendum sínum og þeim kröfum sem framkomnar eru á hendur því og þar með skaðað hagsmuni íslenska ríkisins.
4. Flutningsmenn vísa tillögu sinni til stuðnings til 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar fjallar nefndin um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt. Nefndin fjallar um efnislegt inntak og þýðingu tilskipunar Evrópusambandsins 94/14/EB um innstæðutryggingakerfi og túlkun fræðimanna á lagalegri þýðingu hennar. Sú umfjöllun sem þar birtist er að mati flutningsmanna samfelldur og kerfisbundinn lögfræðilegur rökstuðningur rannsóknarnefndarinnar fyrir því að samkvæmt tilskipuninni beri íslenska ríkinu engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast skuldir einkarekinna banka eða kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í Icesave-málinu.
5. Flutningsmenn telja að umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis sérstaklega athyglisverða í ljósi þess að þrátt fyrir þau skýru sjónarmið sem nefndin teflir fram hafi íslensk stjórnvöld, ekki síst núverandi ríkisstjórn, engu síður ítrekað fallist á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda í Icesave-málinu. Það hafi núverandi ríkisstjórn gert í tvígang með undirritun sinni á lánasamninga og viðbótarlánasamninga. Það hafi hún jafnframt gert með því að leggja fram tvö frumvörp til laga á Alþingi sem mæltu fyrir um að ríkisábyrgð vegna lánasamninganna yrði veitt, án þess að hún hvíldi á lagalegri skuldbindingu íslenska ríkisins. Að mati flutningsmanna leiða ákvarðanir stjórnvalda um að undirrita lána- og viðbótarlánasamninga við Breta og Hollendinga og tilraunir þeirra til að fá ríkisábyrgð vegna þeirra lögfesta á Alþingi til þess að rannsókn á þeim sé óumflýjanleg.
6. Að lokum benda flutningsmenn á að fram hafa komið opinberar yfirlýsingar sem benda til þess að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eða embættismenn á þeirra vegum hafi tekið ákvörðun um að undirrita samninga við bresk og hollensk stjórnvöld, um skuldbindingar sem allt bendir til að hafi verið íslenska ríkinu fjárhagslega ofviða, þrátt fyrir að hafa haft vitneskju um að á þeim tíma hafi slíkar ákvarðanir ekki notið stuðnings meiri hluta alþingismanna. Þær yfirlýsingar veiti sterkar vísbendingar um að ríkisstjórnina hafi skort umboð til þess að undirrita samningana, en engu síður gert það. Slíkt brjóti gegn þeim

grundvallarreglum sem gilda um stjórnskipan landsins og ákvæðum íslenskra laga um fjárskuldbindingar á hendur ríkinu.

Sú afstaða flutningsmanna að sýnt hafi verið fram á með lögfræðilegum rökum að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar beri íslenska ríkinu engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í Icesave-málinu felur ekki í sér að stjórnvöldum sé óheimilt að semja um lyktir Icesave-málsins. Hins vegar telja flutningsmenn, eins og áður segir, að með þeim samningum sem gerðir voru hafi íslensk stjórnvöld hvorki gætt hagsmuna íslenska ríkisins með þeim hætti sem þeim bar, né hafi þau virt hin sameiginlegu viðmið sem þingsályktunin sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008 mælti fyrir um að skyldu vera forsenda og grundvöllur samningsniðurstöðu og þar með farið út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti þeim með samþykkt þingsályktunarinnar.

Þegar af þessum ástæðum sem að framan greinir telja flutningsmenn mikilvægt að fram fari rannsókn á því hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar en ekki síst hvort þeir hafi gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið.

Hér á eftir gefur að finna umfjöllun um ýmsa þætti Icesave-málsins sem flutningsmenn telja nauðsynlegt að horft verði til við rannsóknina.

2. Ályktun Alþingis hinn 5. desember 2008.

Hinn 5. desember 2008 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar höfðu komið sér saman um. Laut ályktunin fyrst og fremst að því að ríkisstjórninni skyldi falið að ganga til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innlánsreikninga Landsbanka Íslands í löndunum tveimur, svokallaðra Icesave-reikninga.

3. Hin sameiginlegu viðmið.

Hin sameiginlegu viðmið sem vísað var til í ályktuninni sem samþykkt var á Alþingi fylgdu tillögunni í fylgiskjali, en þau voru svohljóðandi:

„1. Ríkisstjórn Íslands hefur átt viðræðufundi með stofnunum Evrópusambandsins og hluteigandi aðildarríkjum þess um skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að því er tekur til tilskipunar um innstæðutryggingar 94/19/EBE. Aðilar komu sér saman um að tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins.
2. Viðurkenning allra aðila á þessari lagalegu stöðu greiðir fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna þeirra sem nú standa yfir um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.
3. Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær.“

4. Álit meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis, 5. desember 2008.

Utanríkismálanefnd Alþingis fékk áðurnefnda þingsályktunartillögu sem samþykkt var hinn 5. desember 2008 til meðferðar. Við afgreiðslu málsins frá nefndinni skilaði meiri hluti nefndarinnar nefndaráliti þar sem meðal annars var fjallað um hin sameiginlegu viðmið sem vísað er til hér að framan. Í nefndarálitinu segir m.a.: „Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans. Ekki er fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefur sett fram, en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Þau eru annars vegar að tilskipunin gildi með sama hætti hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar að samningar um lausn taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu Íslands. Hvorugar þessara forsendna geta talist íþyngjandi fyrir Ísland eða íslenska hagsmuni. Í þessu sambandi var nefndin upplýst um þau meginsamningsmarkmið sem stjórnvöld hafa sett sér og fram kom að stöðu Íslands verði haldið á lofti í þeim viðræðum sem í hönd fara þannig að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir Ísland. Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu, en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.“

Jafnframt segir í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar: „Í tillögunni kemur fram að endanlegar niðurstöður samninga sem nást í viðræðunum verði lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast. Álit meiri hlutans er að þetta verði að sjálfsögðu gert í samræmi við stjórnskipulegar kröfur og eðli þeirra samninga sem nást.“

Með vísan til þess sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar má í fyrsta lagi ljóst vera að frumforsenda þess að þingsályktunartillagan hlaut stuðning meiri hluta alþingismanna var sú að í samningaviðræðum um lyktir málsins skyldu viðsemjendur ríkisstjórnar Íslands taka tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem upp komu á Íslandi í kjölfar bankahrunsins og að samningsniðurstaðan tæki mið af hinni sérstöku og fordæmislausu stöðu sem upp var komin á Íslandi, með ívilnandi hætti, að mati flutningsmanna frumvarps þessa, en ekki íþyngjandi.

Í annan stað er ljóst að með afgreiðslu málsins frá nefndinni undirstrikaði meiri hluti hennar sérstaklega þann skilning sinn og meiri hluta Alþingis, að hin umsömdu viðmið, sem taka átti tillit til í samningaviðræðum aðila, fælu ekki í sér að stjórnvöld afsöluðu sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hafði á þeim tíma.

Í þriðja lagi lagði meiri hluti utanríkismálanefndar sérstaka áherslu á að niðurstöður samninga skyldu lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda og í samræmi við stjórnskipulegar kröfur, en með því er vísað til ákvæða 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Er því ljóst að forsenda þess að meiri hluti nefndarinnar samþykkti þá að fela ríkisstjórninni að leiða málið til lykta var sú að slíkur samningur mundi ekki skuldbinda íslenska ríkið nema að fengnu samþykki Alþingis, í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Að lokum er síðan ljóst að meiri hluti nefndarinnar leit á það sem sjálfstætt úrlausnarefni fyrir stjórnvöld og Alþingi að vinna úr þeirri stöðu sem upp kynni að koma leiddu samningaviðræður ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland, eins og raun varð á, og gerð er grein fyrir hér á eftir.

5. Samningarnir við bresk og hollensk stjórnvöld.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar skipaði ríkisstjórn Íslands samninganefnd, undir forustu Svavars Gestssonar sendiherra, til þess að gæta hagsmuna Íslands í samningaviðræðum við Hollendinga og Breta. Niðurstöður þeirra samningaviðræðna við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands leiddu til þess að undirritaðir voru samningar af hálfu ríkisstjórnar Íslands hinn 5. júní 2009 (Loan Agreement between The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and The Commissioners of Her Majesty´s Treasury og Loan Agreement between The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and The State of The Netherlands). Í þeim samningum var meðal annars gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda skuldbyndi sig til greiðslu að fjárhæð a.m.k. 650 milljarðar ísl. kr. að viðbættum 5,55% vöxtum á höfuðstól fjárhæðarinnar og að íslenska ríkið gengist í ábyrgð vegna skuldbindingarinnar, þar á meðal vaxtagreiðslnanna, sem reikna má með að hafi numið allt að 300 milljörðum kr. fyrstu sjö árin eftir gildistöku samninganna.

Raunar er erfitt að henda reiður á hversu háar fjárskuldbindingar fólust í samningunum tveimur við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands. Sú óvissa stafar meðal annars af því að ekki hefur legið fyrir hversu mikill hluti heildarfjárhæðarinnar, um 650 milljarða kr., að viðbættum hinum háu vöxtum, kemur í hlut Íslendinga að greiða eða hvort innstæður njóti forgangs fram yfir aðrar kröfur samkvæmt neyðarlögunum svokölluðu, sem samþykkt voru við hrun íslensku viðskiptabankanna. Ekki er hægt að ganga út frá því með vissu að það ákvæði neyðarlaganna standist. Hins vegar liggur fyrir að látið verður á þetta álitaefni reyna fyrir dómstólum. Á það hefur verið bent að stæðust forgangsákvæði neyðarlaganna ekki mundi greiðslubyrði íslenska ríkisins verða mun meiri en gefið var til kynna af hálfu ríkisstjórnar Íslands í kjölfar undirritunar samninganna.

Hvað sem þessu líður er ljóst að samningarnir frá 5. júní 2009 fólu í sér gríðarlegar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar, raunar þær mestu sem um getur í sögu hennar. Jón Daníelsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, benti á að þær fjárskuldbindingar sem samningarnir kváðu á um jafngiltu því, að teknu tilliti til höfðatölu, að Bretar samþykktu að takast á herðar 700 milljarða punda skuldbindingu og Bandaríkjamenn skuldbindingu að fjárhæð 5,6 trilljónir dollara.

Samningarnir við bresk og hollensk stjórnvöld voru kynntir Alþingi og alþingismönnum og í kjölfarið lagði ríkisstjórn Íslands fram á Alþingi og mælti fyrir frumvarpi til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna lána sjóðsins frá breska og hollenska ríkinu samkvæmt samningum dags. 5. júní 2009 til að standa straum af lágmarksgreiðslum, sbr. 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Sagði í frumvarpinu að ábyrgðin tæki til höfuðstóls lánanna eins og hvor um sig muni standa að sjö árum liðnum frá undirritun samninganna, 5. júní 2016, auk vaxta af lánsfjárhæðinni, og afmarkaðist að öðru leyti af ákvæðum samninganna, þ.m.t. um endurskoðun þeirra.

6. Niðurstaðan í andstöðu við hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Þegar samningarnir við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 eru skoðaðir í heild er vandséð að íslensk stjórnvöld hafi náð fram nokkrum þeim samningsmarkmiðum sem ætla má að að þau hafi lagt áherslu á að ná fram í samningaviðræðunum. Á hinn bóginn verður ekki betur séð en að viðsemjendur ríkisstjórnarinnar hafi náð öllum sínum samningsmarkmiðum fram. Raunar blasir við að viðsemjendur íslensku ríkisstjórnarinnar hafi tekið ákvörð-

un um hverjar skuldbindingar íslenska ríkisins væru vegna Icesave-reikninganna og að á þá ákvörðun hafi íslenska samninganefndin og ríkisstjórn Íslands fallist. Virðist ljóst að íslenska samninganefndin hafi gengið til samningaviðræðna við viðsemjendur sína á þeim forsendum að íslenska ríkið væri greiðsluskylt vegna innlána á Icesave-reikningunum og því einungis samið um þau greiðslukjör sem fram koma í áðurnefndum samningum. Sú skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu er raunar staðfest í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnar Íslands, þskj. 204, 136. mál, en í 11. kafla greinargerðarinnar, „Samningsmarkmið og rök íslensku samninganefndarinnar“, segir á bls. 13: „Heildarfjárhæð skuldbindinganna var því ekki samningsatriði heldur var verkefnið að semja um sem hagstæðasta skilmála.“

Ekki verður séð að sú nálgun sé í samræmi við þá þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008, né þá kynningu sem fram fór á hlutverki samninganefndarinnar þegar hún var skipuð. Samkvæmt þeirri tillögu ályktaði Alþingis einungis að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við stjórnvöld á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana. Í þeim viðmiðunum er hins vegar ekkert sem mælir fyrir um að Alþingi hafi litið svo á að íslenska ríkið væri greiðsluskylt, né heldur eru ákvæði samningsins í samræmi við þau viðmið sem leggja skyldi til grundvallar við samningsgerðina, eins og vikið verður að hér að neðan. Þar við bætist að flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja að þau kjör sem samninganefnd ríkisstjórnar Íslands samdi um og koma fram í samningunum við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 hafi verið afleit með tilliti til hagsmuna Íslands.

Strax í kjölfar þess að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 voru kynntir og í kjölfarið eftir að frumvarp ríkisstjórnarinnar um að veita fjármálaráðherra heimild til að veita ríkisábyrgð vegna þeirra var lagt fram á Alþingi komu fram alvarlegar athugasemdir, jafnt innan þings sem utan, við samningana og við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Þær athugasemdir lutu efnahagslegum og lagalegum forsendum samninganna, samningskjörum og í raun öllum þeim meginforsendum sem samningarnir byggðust á.

7. Brostnar forsendur.

Eins og áður segir var á það bent að vandséð væri af efni þeirra samninga sem gerðir voru við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands að nokkurt tillit hefði verið tekið til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála og efnahagskerfi sitt. …“ Það segir sig sjálft þegar litið er til þeirra gríðarlegu fjárhagsskuldbindinga sem samningarnir kváðu á um fyrir íslenska ríkið hefði gildistaka þeirra gert íslensku þjóðinni nær ókleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

Af þeirri ástæðu var á það bent að þær forsendur sem leggja átti til grundvallar í samningaviðræðum ríkisstjórnar Íslands við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands væru brostnar og af þeirri ástæðu væri útilokað að Alþingi Íslendinga gæti án fyrirvara samþykkt ríkisábyrgð vegna skuldbindinganna sem af þeim leiddi. Lögfesting slíkrar ríkisábyrgðar samræmdist augljóslega ekki hagsmunum Íslands en þar við bættist að í þeim réttarreglum Evrópusambandsins sem giltu um innstæðutryggingar væri ekki kveðið á um að íslenska ríkinu bæri skylda að lögum til þess að gangast í ábyrgðir vegna innstæðna á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

8. Ísland beri ekki hallann af réttaróvissu um löggjöf Evrópusambandsins.

Í athugasemdum við tillögu þá til þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008 segir meðal annars um þetta álitaefni:

„Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Hafa þau haldið því skýrt til haga í öllum sínum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja að þau telji að vafi leiki á um ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðnum, ekki síst undir kringumstæðum þar sem fjármálakerfi aðildarríkis hrynur nánast að fullu eins og reyndin er hér á landi. Þessari lagatúlkun hefur verið hafnað af þeim ríkjum sem hlut eiga að máli svo og af Evrópusambandinu.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áherslu á að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól. Þessu hafa aðildarríki Evrópusambandsins alfarið hafnað. Afstaða þeirra byggist ekki síst á því að þau telja það mjög varhugavert að gefa með einhverjum hætti til kynna að vafi kunni að leika á um gildissvið þess innlánatryggingakerfis sem liggur til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu, þar sem ótvírætt gildi tilskipunarinnar sé forsenda þess að innistæðueigendur treysti bönkum fyrir sparifé sínu. Réttaróvissa kynni að valda ófyrirséðum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.“

Ef þær ástæður sem færðar eru fyrir andstöðu viðsemjenda íslensku ríkisstjórnarinnar við að láta hlutlausa og óvilhalla úrskurðaraðila eða dómstóla skera úr um gildissvið evrópska innlánatryggingakerfisins, þeirra réttarreglna sem um það gilda og ábyrgð þjóðríkja á skuldbindingum fjármálastofnana sem í þeim starfa eru réttar, þá eru þær vísbending um að Hollendingar og Bretar hafi talið að þeir sem dregið hafa í efa skyldur íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast innstæður á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu hafi mikið til síns máls. Þær eru einnig til marks um að Hollendingar og Bretar hafi krafist þess og jafnvel beitt þvingunum til þess að tryggja að Íslendingar bæru hallann og allan kostnað af þeim vanbúnaði eða göllum sem voru á þeirra eigin regluverki sem í ljós komu í kjölfar bankahrunsins í októberbyrjun árið 2008, ellegar hefði réttaróvissa um gildissvið þess leitt til þess að innstæðueigendur hefðu getað vantreyst evrópskum bönkum fyrir sparifé sínu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.

Flutningsmenn draga ekki í efa þá skoðun viðsemjenda ríkisstjórnar Íslands og embættismanna innan Evrópusambandsins að dómsmál um gildissvið löggjafar sambandsins um innlánstryggingakerfi þess séu til þess fallin að draga fram galla kerfisins og draga verulega úr tiltrú á því. Þá draga flutningsmenn tillögunnar það heldur ekki í efa að það samræmist hagsmunum Evrópusambandsins og aðildarríkja þess að komið verði í veg fyrir að dómsmál um gildissvið réttarreglnanna verði rekið. Slík afstaða viðsemjenda Íslands felur hins vegar í sér þá kröfu þeirra að fórnarkostnaðurinn af vanbúnaði og ágöllum evrópskrar löggjafar um innstæðutryggingar í evrópska bankakerfinu verði lagður á íslensku þjóðina. Það segir sig sjálft að á slíkar kröfur hefðu stjórnvöld sem ætlað var að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar aldrei átt að fallast. Það gerði ríkisstjórn Íslands hins vegar að mati flutningsmanna og fór með því út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti henni með samþykkt þingsályktunarinnar 5. desember 2008.

9. Íslenska ríkið standi ávallt við skuldbindingar sínar.

Íslenska ríkið hefur ávallt staðið við þær skuldbindingar sem það hefur tekið sér á herðar. Það hefur ávallt verið metnaðarmál íslenskra stjórnvalda og íslenska ríkisins að standa við skuldbindingar sínar og á því viðhorfi má ekki verða breyting.

Íslenska ríkinu ber að standa við allar þær skuldbindingar sem það hefur tekið sér á herðar lögum samkvæmt eða samkvæmt þeim samningum sem það hefur skuldbundið sig með. Á

hinn bóginn er útilokað að réttlæta að íslenska ríkið taki á sig ábyrgðir sem það hefur aldrei gengist undir eða ber ábyrgð á með öðrum hætti.

Sú meginregla gildir í réttarríkjum allra vestrænna þjóða að aðili verður ekki knúinn til þess að greiða fjárskuldbindingar sem hann er ekki skuldbundinn til þess að gera lögum samkvæmt og hefur ekki undirgengist í frjálsum samningum. Þessi meginregla gildir jafnt í samskiptum einstaklinga, lögaðila og milli einstakra ríkja.

Í Icesave-málinu hefur hins vegar alltaf verið ágreiningur um hverjar skuldbindingar Íslendinga séu lögum samkvæmt.

10. Ágreiningur um í hverju skuldbindingarnar felast.

Um skuldbindingar íslenska ríkisins vegna innlánsreikninga í útibúum íslenskra banka í Evrópu, þar á meðal vegna Icesave-samninganna, hefur verið djúpstæður ágreiningur og lögfræðilegur vafi hefur leikið á því hvort íslenska ríkinu beri skylda að lögum, þ.e. ákvæðum réttarreglna Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að gangast í ábyrgðir vegna þeirra. Hefur þar einkum verið vísað til ákvæða tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi.

Á það hefur verið bent að helgasta grundvallarregla í réttarríkjum vestrænna þjóða tryggi öllum þeim sem eiga í réttarágreiningi við annan aðila að úr þeim ágreiningi sé skorið af hálfu hlutlauss og óvilhalls aðila. Slíkur aðili geti eftir atvikum verið dómstóll, innlendur eða alþjóðlegur, eða gerðardómur sem deiluaðilar komi sér saman um að skjóta ágreiningi sínum til. Rétturinn til að fá úr ágreiningi leyst af hálfu hlutlauss aðila nái jafnt til einstaklinga, lögaðila sem þjóðríkja. Þessum rétti sé ekki gert ráð fyrir að nokkur afsali sér. Sú viðleitni að leita réttar síns hjá hlutlausum aðila vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru hverju sinni sé sjálfsagður og viðurkenndur og ekki til þess fallinn að draga úr trúverðugleika þess sem það gerir. Vilji ríki eða ríkjasambönd hins vegar beita öðrum aðferðum við lausn ágreiningsmála sinna, svo sem þvingunaraðgerðum eða nauðung, þá séu þær að fara á svig við grundvallarreglur réttarríkisins. Þess háttar háttsemi sé til þess fallin að varpa skugga á trúverðugleika þess sem að henni verður uppvís, auk þess sem almennt sé talið að hún geti ein og sér leitt til þess að þeir samningar sem nást með henni séu óskuldbindandi enda teljist hún ólögmæt aðferð við að ná fram samningum í öllum siðuðum löndum.

Ljóst má vera að ríkisstjórn Íslands hefur ekki lagt megináherslu á að fá hlutlausan aðila til þess að skera úr um skuldbindingu íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast innlánsreikninga í útibúi einkafyrirtækis í Evrópu, þrátt fyrir að sterk lögfræðileg rök hafi verið færð fyrir því að íslenska ríkið sé ekki skuldbundið til þess að takast slíkar ábyrgðir á herðar samkvæmt þeim lögum sem um þær gilda.

Færð voru fyrir því rök að í ljósi þeirra þjóðarhagsmuna sem í húfi voru hefði ríkisstjórn Íslands borið skylda til þess að leita allra leiða til þess að tryggja að viðeigandi og hlutlaus aðili yrði fenginn til þess að skera úr um gildissvið þess innlánstryggingakerfis sem liggur til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu og þeirrar ábyrgðar sem íslenska ríkið kynni að bera á innlánum í útibúum íslenskra banka í Evrópu samkvæmt þeim lagareglum sem um slíka innlánastarfsemi gildi. Á það var bent að ólíklegt væri að slík niðurstaða gæti orðið verri fyrir hagsmuni íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar en niðurstöður þeirra samninga sem undirritaðir voru af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hinn 5. júní 2005.

Sú leið var hins vegar ekki farin, heldur ákváðu íslensk stjórnvöld að leiða Icesave-málið til lykta með þeim hætti sem líst hefur verið.

10.1. Álit lögfræðinga.

Ýmsir lögfræðingar, íslenskir sem erlendir, hafa staðhæft að íslenska ríkið sé að lögum ekki skuldbundið til þess að gangast í ábyrgðir vegna innstæðna í útibúum íslenskra banka, þar á meðal vegna Icesave-reikninganna. Þar hafa farið fremstir í flokki þeir Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður, og Stefán Már Stefánsson lagaprófessor við Háskóla Íslands. Hafa þeir Lárus og Stefán Már skrifað fjölmargar greinar um lagalegar skuldbindingar íslenska ríkisins á innlánum íslensku bankanna. Í grein sem lögfræðingarnir tveir rituðu í Morgunblaðið hinn 28. janúar 2009 segir m.a.:

„Við undirritaðir höfum í greinum okkar reynt að nálgast það sem við teljum vera lögfræðilega rétta niðurstöðu. Í stuttu máli er niðurstaða okkar sú, í fyrri greininni sem birtist 15. okt. sl., að íslenska ríkið beri ekki ábyrgð á innistæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Með lögum um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta frá árinu 1999 var sett á stofn innistæðutryggingakerfi á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Samkvæmt því ber Tryggingarsjóður innistæðueigenda og fjárfesta, sem er sjálfseignarstofnun, ábyrgð á innlánum. Lánastofnanirnar sjálfar bera kostnaðinn við fjármögnun sjóðsins. Í 25. málsgrein aðfararorða tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríkin geti ekki orðið ábyrg gagnvart innistæðueigendum ef þau hafa komið upp tryggingarkerfi í samræmi við tilskipunina eins og við gerðum hér á Íslandi á árinu 1999 og óumdeilt er.“

Þeir Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson gerðu nánari grein fyrir þessari niðurstöðu sinni í grein sem ber heitið „Er Evrópusambandið bótaábyrgt?“ Í greininni færðu þeir rök fyrir þeirri niðurstöðu sinni að íslenska ríkið bæri ekki ábyrgð á innstæðum í útibúum íslenskra banka erlendis við hugsanlegt gjaldþrot íslensku bankanna heldur aðeins viðkomandi tryggingakerfi sem hér á landi er Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Bentu þeir á að sjóðurinn væri sjálfseignarstofnun lögum samkvæmt og jafnframt að umrætt tryggingakerfi væri í fullu samræmi við ákvæði tilskipunar 94/19/EB. Lögfræðingarnir tveir færðu eftirfarandi röksemdir fyrir niðurstöðu sinni:

„1. Hlutverk tryggingakerfanna samkvæmt tilskipuninni væri ekki að takast á við allsherjar bankahrun eins og gerst hefði hér á landi. Ef svo hefði verið hefði þurft að greiða gífurlegar fjárhæðir inn í Tryggingasjóðinn, t.d. á árinu 2008, sem næmi mörgum tugum prósenta af heildarinnlánum það ár. Fyrrgreind niðurstaða var talin styðjast við lokamálslið 24. málsgreinar aðfararorða tilskipunarinnar (en málsgreinin fjallar um fjármögnun innlánatryggingakerfa) þar sem gert er ráð fyrir að fjármögnunin megi ekki stefna stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu. Stöðugleiki viðkomandi bankakerfis hefði einmitt verið í hættu við aðstæður. Fjármögnunin hefði orðið að vera úr öllu hófi. Því hafi orðið að gera ráð fyrir að tilskipunin tæki einungis á meðaláföllum þannig að greiðslur í tryggingasjóði stefndi ekki stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu.

2. Bent var á að ákveðnar reglur væru um inngreiðslur í sjóðinn samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Heildareign innistæðudeildar sjóðsins skyldi nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innistæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Engin ákvæði væru um það í viðkomandi tilskipun hvernig fjármagna ætti sjóðinn. Ganga yrði út frá því að þessar reglur íslenskra laga hafi verið tilkynntar viðkomandi yfirvöldum (hér Eftirlitsstofnun EFTA) í samræmi við fyrrgreinda tilskipun og væri ekki kunnugt um að neinar athugasemdir hefðu komið fram. Því mætti leggja til grundvallar að innleiðingin hafi verið rétt að þessu leyti. Þá

hafi komið fram þessu til staðfestingar að fjármögnun tryggingarkerfanna er með ýmsum hætti innan EES og verður síðar að því vikið.

3. Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar væri gert ráð fyrir því að lánastofnun hafi ekki fullnægt skyldum sínum og kveðið á um aðgerðir af því tilefni. Mætti þá eftir atvikum útiloka viðkomandi lánastofnun frá markaðnum með skýru samþykki lögbærra yfirvalda en þá með minnst 12 mánaða fyrirvara. Ákvæðið þótti sýna að jafnvel þótt eitthvað hafi verið athugavert við innlánatryggingar umræddra útibúa Landsbankans á árinu 2008, t.d. að skyldubundin framlög til Tryggingarsjóðs hafi ekki verið greidd, hefði ekki ennþá verið unnt að koma viðurlögum samkvæmt tilskipuninni í framkvæmd.
4. Þá var bent á að væru reglur tilskipunarinnar túlkaðar með þeim hætti að greiða ætti framangreindar fjárhæðir að fullu til innistæðueigenda hvernig sem á stæði gæti það bakað smáum ríkjum gífurlegar fjárhagslegar skuldbindingar sem settu fullveldisrétt þeirra í hættu. Smáríki væru mun útsettari fyrir þessari hættu en stærri ríkin því að bankastofnanir þeirra ættu í útrás mun auðveldara með að ná óhóflegu hlutfalli af tekjum viðkomandi þjóðarbús heldur en í stærri ríkjum. Slíkur mismunur milli minni og stærri ríkja varðandi áhættu í útrás gæti hvorki verið tilgangur tilskipunarinnar né leitt af henni.
5. Loks þótti athyglisvert að hvergi væri í tilskipuninni kveðið á um sérstaka ábyrgð aðildarríkjanna á skuldbindingum tryggingarsjóðsins, t.d. í tengslum við þær 20.000 ECU sem þar eru nefndar í 7. gr. hennar. Reyndar væri þvert á móti sagt í aðfararorðum tilskipunarinnar að aðildarríki beri ekki ábyrgð á gagnvart innistæðueigendum ef það hefur komið á fót innlánatryggingakerfi í samræmi við tilskipunina.

Niðurstaða okkar var því sú að þessar röksemdir samanlagt leiddu til þess að íslenska ríkið bæri enga ábyrgð á innistæðum útibúa erlenda banka við gjaldþrot þeirra.“

Niðurstaða þeirra Lárusar Blöndal og Stefáns Más Stefánssonar er skýr og afdráttarlaus: Íslenska ríkinu ber ekki skylda að lögum til þess takast á herðar þær fjárskuldbindingar sem kveðið er á um í þeim samningum sem samninganefnd ríkisstjórnar Íslands undirritaði hinn 5. júní 2009 við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands og til að lögfesta ríkisábyrgð vegna þeirra.

Undir niðurstöður þeirra Lárusar Blöndal og Stefáns Más Stefánssonar hafa fjölmargir íslenskir lögfræðingar og aðrir málsmetandi aðilar tekið. Í því sambandi má geta þess að fram hefur komið að í athugasemdum við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi, nr. 98/1999, segir að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta sé „heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum, hrökkvi eignir sjóðsins ekki til“. Tryggingarsjóður hafi verið birtur í ríkisreikningi, en Ríkisendurskoðun hafi ítrekað gert athugasemdir við það, þar sem sjóðurinn sé sjálfseignarstofnun en ekki ríkisstofnun. Í því felist að Ríkisendurskoðun telji að ríkissjóður beri ekki lögformlega ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins.

10.2. Álit breskra lögfræðinga.

Eins og fram kom í frétt Morgunblaðsins hinn 7. júlí sl. skilaði breska lögmannsstofan Mischon de Reya Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra, lögfræðiáliti vegna hugsanlegrar ábyrgðar íslenska ríkisins á innstæðum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Álitsgerðin, sem dagsett er hinn 29. mars 2009, var ekki lögð fram á Alþingi samhliða öðrum fylgigögnum Icesave-frumvarpsins sem byggðist á lánasamningunum frá 5. júní 2009.

Í álitinu kemur meðal annars fram sú skoðun bresku lögfræðinganna að þeir hafi hvorki fundið neina skriflega staðfestingu þess að Ísland hafi formlega undirgengist að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, hvað varðar Icesave-reikningana, né undirgengist aðrar skuldbindingar en þær sem felast í tilskipuninni eins og hún var innleidd í lögum nr. 98/1999.

Jafnframt kemur fram sú skoðun bresku lögfræðinganna að samkomulag um ábyrgð ríkisins vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, og þar með vegna Icesave-reikninganna, mundi alltaf þurfa lögformlegt samþykki Alþingis Íslendinga til þess að vera lagalega bindandi.

Enn fremur kemur fram að „ruglingslegar“ og „mótsagnakenndar“ yfirlýsingar stjórnvalda í bréfum íslenska viðskiptaráðuneytisins á árinu 2008 hafi ekki hjálpað málstað Íslendinga í Icesave-málinu, en þrátt fyrir þær sé ekki lagalega bindandi fyrir Ísland að ganga lengra en tilskipunin og EES-samningurinn mæli fyrir um, hún gildi með sama hætti fyrir Ísland og önnur ESB-ríki.

Þá sögðu bresku lögmennirnir að yfirlýsingar ráðherra síðan þá og viljayfirlýsing Íslands og Hollands frá því í október hafi ekki nein réttaráhrif, öfugt við yfirlýsingar ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem gefnar hafa verið þar um.

Við síðari meðferð Icesave-málsins á Alþingi aflaði þingið ítarlegri lögfræðilegra álitsgerða frá bresku lögmannsstofunum Mischon de Reya og Ashurst AS þar sem fjallað var með ítarlegum hætti um framangreind sjónarmið og fleiri álitamál sem tengjast Icesave-málinu.

10.3. Skýrsla seðlabanka Frakklands, álit framkvæmdastjórnar ESB og afstaða fjármálaráðherra Hollands.

Í áðurnefndri grein þeirra Lárusar Blöndal, hæstaréttarlögmanns, og Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, er vikið að niðurstöðum evrópskra stofnana og ríkja um efnislegt inntak og hlutverk tilskipunar 94/19/EB, en þar segir:

„Bankanefnd Frakklands samdi heildarskýrslu fyrir seðlabanka Frakklands árið 2000. Jean Claude Trichet var þá formaður bankanefndarinnar en hann er nú bankastjóri Seðlabanka Evrópu. Skýrslan lýsir franskri löggjöf frá 1999 um breytingu á frönsku bankalögunum frá 1994 þar sem tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi var innleidd. Í skýrslu þessari segir svo á bls. 187:

„Même si l´objectif de renforcement de la stabilité du systéme cancaire a été clarement affiché, il n´en demeure pas moins que, comme dans la plupart des pays disposant de systémes de garantie des depôts élaborés, le dispositif framcais ne vise pas á traiter des crises de nature systémique, qui relévent d´autres moyens d´actions.“ (Á ensku: „Although the goal of enhanching the stability of the banking system was clearly stated, the system introduced in France, as in most countries possessing formal deposit guarantee schemes, was not meant to deal with systematic crisis, for which other measures are needed.“)

Samkvæmt þessu leit seðlabanki Frakklands svo á að frönsku lögin um innlánatryggingakerfi tækju ekki á aðstæðum eins og bankahruni heldur yrði að beita öðrum aðferðum til að ná til þess. Af þessum ummælum má einnig ályktа að Frakkar hafi talið sig innleiða fyrrgreinda franska löggjöf að öllu leyti í samræmi við tilskipun 94/19 þar eð ella hefðu þeir ekki lögtekið hana með þessum hætti.“

Þá vísa þeir Lárus og Stefán Már í fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá haustdögum 2008 þar sem fram kemur meðal annars að innlánstryggingakerfi aðildarríkjanna séu mismunandi að gerð og að aðildarríkjunum sé frjálst að velja það kerfi sem henti bankakerfi þeirra. Í sumum kerfanna sé greitt samtímis af innlánum en í öðrum sé

greitt eftir á. Einnig komi þar fram að prófun hafi verið gerð á innlánstryggingakerfunum sem hafi tekið mið af bæði meiri og minni háttar áföllum í bankakerfinu. Í ljós hafi komið að flest kerfin hafi verið í stakk búin til að mæta meðaláföllum.

Jafnframt rifja þeir Stefán Már og Lárus Blöndal upp í grein sinni að haustið 2008 hafi Írar ákveðið að bæta á næstu tveimur árum ríkisábyrgð við þá ábyrgð sem Tryggingarsjóður innlána, sambærilegur þeim sem er starfræktur á Íslandi, veitti innlánseigendum. Segja þeir að þessi ákvörðun hafi þó einungis náð til sex tilgreindra írskra banka. Við þessar fréttir hafi komið fram sú afstaða Breta og fleiri aðildarríkja ESB að Írum væri þetta óheimilt þar sem aðgerðin fæli í sér ríkisaðstoð sem skekkti samkeppnisstöðu banka á Evrópusambandssvæðinu. Ætti þetta bæði við almennt við um samkeppnisstöðu banka í Evrópu en einnig alveg sérstaklega á Írlandi þar sem ekki fengju allir bankar þessa ríkisábyrgð. Segja þeir Stefán Már og Lárus að málið sé nú til skoðunar hjá ESB og að ríki sem harðlega gagnrýndu þessa ákvörðun Íra hafi síðan tekið upp ríkisábyrgð að hluta eða öllu leyti á innlánum. Telja þeir Stefán Már og Lárus þetta sýna að afstaða stærstu aðildarríkjanna í ESB virðist hafa verið sú að ekki væri heimilt að tryggja innlán með ríkisábyrgð þar sem það hefði áhrif á samkeppnisstöðu á fjármálamarkaði. Að lokum komast þeir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal að eftirfarandi niðurstöðu:

„Niðurstaðan er því sú að seðlabanki Frakklands og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa bæði gefið sterklega í skyn að tilskipunin sé ekki til þess fallin að mæta stóráföllum eins og bankahruni. Sum aðildarríkin hafa auk þess gert fyrirvara varðandi lögmæti þess að veita ríkisábyrgð til viðbótar þeirri tryggingu sem innlánstryggingakerfin veita.“

Að lokum er ástæða til þess að rifja upp að Wouter Bos, fyrrverandi fjármálaráðherra Hollands, vék að efnislegu inntaki og hlutverki evrópskra réttarreglna um innstæðutryggingar í ræðu sem hann hélt hinn 3. mars 2009 á ráðstefnu Eumedion Conference, en í ræðu sinni sagði ráðherra meðal annars:

„The question is how to achieve this. First and foremost, European countries need to take a close look at how the deposit guarantee scheme is organised. It was not designed to deal with a systemic crisis but with the collapse of a single bank.“

Eins og sjá má af framangreindri tilvitnun í ræðu fyrrverandi fjármálaráðherra Hollands kemur með afar skýrum hætti fram sú skoðun hans að hið evrópska innlánstryggingakerfi var ekki útbúið í þeim tilgangi að bregðast við kerfishruni bankakerfa, eins og ýmsir stjórnmála- og fræðimenn hafa haldið fram og hér er rakið, heldur til þess að bregðast við falli einstakra banka eða fjármálastofnana.

11. Ýmis önnur álitamál.

11.1. Ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Í umræðum um Icesave-málið hefur þeirri spurningu verið varpað fram hvort Alþingi Íslendinga hafi yfir höfuð verið heimilt að samþykkja að óbreyttu lög um ríkisábyrgð á skuldum einkafyrirtækisins Landsbanka Íslands hf.

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er kveðið svo á að ekki megi taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkvæmt lagaheimild. Í greininni segir:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“

Bent hefur verið á að sé það rétt, sem til dæmis lögfræðingarnir Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson hafa haldið fram og fært rök fyrir, að íslenska ríkið beri ekki samkvæmt

gildandi lögum ábyrgð á Icesave-skuldbindingum Landsbanka Íslands hf., má halda því fram með rökum að Alþingi sé líklega óheimilt að samþykkja ríkisábyrgð vegna þeirra. Með ríkisábyrgðinni væri þá í reynd ekki verið að taka lán, þar sem lánsfé kemur til ríkisins gegn afhendingu skuldabréfs, heldur væri með henni verið að veita ábyrgð fyrir skuld sem annar aðili en íslenska ríkið hefur þegar stofnað til, í þessu tilviki einkafyrirtæki.

Hvergi er í stjórnarskránni veitt heimild fyrir því að íslenska ríkið taki á sig slíkar skuldbindingar.

11.2. Pólitísk skuldbinding ekki til staðar.

Flutningsmenn tillögu þessarar benda á að þó svo að fulltrúar ríkisstjórnar Íslands hafi undirritað lánasamninga við hollensk og bresk stjórnvöld, hinn 5. júní sl., þá feli undirskrift þeirra hvorki í sér að stofnast hafi lagaleg né pólitísk skuldbinding fyrir Íslands hönd sem leiði til þess að íslenska ríkinu beri að ábyrgjast Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf. Hið sama gildi um önnur skjöl sem fyrir liggja. Byggist sú niðurstaða á ákvæðum stjórnarskrár Íslands sem kveður svo á að ekki megi taka lán, sem skuldbindi íslenska ríkið, nema samkvæmt lagaheimild frá Alþingi. Þegar af þeirri ástæðu hafi íslenskir ráðherrar, embættismenn og samninganefndir á þeirra vegum ekki haft heimildir til þess að gefa nein skuldbindandi fyrirheit fyrir Íslands hönd, nema með fyrirvara um samþykki Alþingis, eins og meðal annars kom fram í áliti breskra lögmanna sem um þetta álitaefni hafa fjallað. Um þetta hafi viðsemjendur íslenska ríkisins fulla vitneskju.

11.3. Siðferðisleg skylda leiðir ekki til ábyrgðar.

Því hefur verið haldið fram, m.a. af Gylfa Magnússyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, að íslenska ríkinu beri siðferðisleg skylda til þess að gangast í ábyrgðir vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf., m.a. vegna framgöngu tiltekinna íslenskra ríkisborgara í viðskiptum.

Flutningsmenn telja að íslenska ríkinu verði ekki gert að taka á sig himinháar fjárskuldbindingar og ábyrgðir vegna skuldbindinga sem einkaaðilar hafa stofnað til, í þessu tilviki Landsbanki Íslands hf. Skuldbinding á borð við þá sem um getur í lánasamningum íslenska ríkisins við hollenska og breska ríkið getur aldrei byggst á gildismati einstakra ráðherra um hvað sé siðlegt og hvað ekki. Þvert á móti telja flutningsmenn það siðferðilega rangt að skuldsetja íslenska ríkið og íslenskan almenning til langrar framtíðar, án þess að hún hvíli á ótvíræðri lagaskyldu eða samkomulagi sem nýtur ótvíræðs stuðnings meiri hluta Alþingis.

12. Icesave-lög samþykkt á Alþingi hinn 2. september 2009 – Viðaukasamningar.

Hinn 3. september 2009 tóku gildi á Alþingi lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Ákvæði laganna byggðust í grunninn á ákvæðum lánasamninganna við bresk og hollensk stjórnvöld, dags. 5. júní 2009. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi náðist þverpólitísk samstaða um að binda ábyrgð ríkisins á Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. ströngum efnahagslegum og lagalegum skilyrðum eða fyrirvörum. Jafnframt var gildistaka laganna bundin því skilyrði að fyrirvararnir yrðu kynntir viðsemjendum íslenskra stjórnvalda, Bretum og Hollendingum, og jafnframt að ríkin tvö féllust á þá, sbr. 2. gr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Á fyrirvarana féllust bresk og hollensk stjórnvöld ekki sem leiddi til endurnýjaðra viðræðna um lausn málsins milli landanna þriggja. Þær samningaviðræður leiddu til þess að gerðir voru viðaukasamningar við lánasamningana, sem dagsettir voru hinn 19. október 2009.

Í kjölfarið lagði Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. (þskj. 76, 76. mál).

Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a.:

„Í kjölfar lagasetningarinnar ræddu aðilar lánasamninganna saman og fljótlega kom fram að bresk og hollensk stjórnvöld væru ekki reiðubúin til að fallast á fyrirvara Alþingis að öllu leyti. Að loknum viðræðum aðila lánasamninganna varð niðurstaðan sú að gera viðaukasamninga og með þeim hætti samrýma þau að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrirvara sem koma fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Það er mat ríkisstjórnarinnar að meginefni fyrirvaranna hafi náð fram að ganga. Litið er svo á að lengra verði ekki komist og nauðsynlegt sé að ljúka málinu. Hinir endanlegu samningar eru að mati ríkisstjórnarinnar viðunandi lausn á einni erfiðustu milliríkjadeilu Íslands á lýðveldistímanum.“

Um frumvarp fjármálaráðherra náðist engin samstaða á Alþingi. Stjórnarandstaðan á Alþingi hafnaði því mati ríkisstjórnarinnar alfarið að með hinum nýju viðaukasamningum hefðu þeir fyrirvarar sem Alþingi setti ríkisábyrgðinni með lögum nr. 96/2009 náð fram að ganga og hélt því þvert á móti fram að þeir væru að engu orðnir. Frumvarpið leiddi til harðra pólitískra átaka á Alþingi og um það fór fram lengsta umræða í sögu þingsins.

Frumvarpið var engu að síður samþykkt sem frá Alþingi hinn 30. desember 2009 með 33 atkvæðum gegn 30 (lög nr. 1/2010).

13. Synjun forseta Íslands og þjóðaratkvæðagreiðsla.

Á meðan frumvarp fjármálaráðherra sem síðar varð að lögum nr. 1/2010 var til meðferðar á Alþingi kom fram víðtæk krafa í samfélaginu um að forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar, með vísan til 26. gr. stjórnarskrárinnar, og að lögin yrðu borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Efndi InDefence-hópurinn í því skyni til undirskriftasöfnunar þar sem skorað var á forseta Íslands að synja lögunum staðfestingar. 2. janúar 20101 afhentu forsvarsmenn hópsins forsetanum 56.089 undirskriftir kosningarbærra manna þar um.

Hinn 5. janúar 2010 synjaði forseti Íslands lögum nr. 1/2010 staðfestingar og vísaði þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í kjölfarið var boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um lög nr. 1/2010 og fór hún fram hinn 6. mars 2010.

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar voru afgerandi. 93,2% þeirra sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni greiddu atkvæði gegn gildistöku laganna, 1,8% greiddu þeim atkvæði sitt, 4,7% atkvæðaseðla voru auðir, en 0,3% ógildir. 144.232 Íslendingar tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni eða 62,72% kosningarbærra manna.

Í kjölfar niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar voru lög nr. 1/2010 numin úr gildi. Jafnframt skipaði ríkisstjórn Íslands nýja samninganefnd undir forustu Bandaríkjamannsins Lee Buchheit til þess að gæta hagsmuna íslenska ríkisins í samningaviðræðum við bresk og hollensk stjórnvöld í kjölfar þess að lög nr. 1/2010 voru felld úr gildi að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þær samningaviðræður standa enn yfir og hvorki fyrirséð hvenær þeim muni ljúka né til hvaða niðurstöðu þær kunna að leiða.

14. Viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar 7. apríl 2010.

Ástæða er til að geta þess í þessu sambandi að hinn 7. apríl 2010 undirritaði ríkisstjórnin viljayfirlýsingu gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar ríkisstjórnar Íslands og sjóðsins, en þar segir m.a.:

„20. Our ability to fully implement the program described above is dependent on access to the external financing committed under the program. We firmly expect to be able to meet the preconditions set by some of our bilateral partners to access this finance. In this context, we wish to reaffirm that Iceland will honor its obligations in regard to the insured retail depositors of the intervened banks. Iceland has already affirmed in its Letter of Intent dated 15 November 2008 that it is willing to ensure that the United Kingdom and the Netherlands will be reimbursed in respect of deposits of Landsbanki branches in those two countries (up to the Euro 20,887 minimum provided for under Icelandic Law and the EU Deposit Guarantee Directive 90/19/EC). Iceland has also given an assurance that the United Kingdom and the Netherlands will receive the reasonable time value of money, provided that comprehensive agreements are reached. Iceland remains ready to conclude at the earliest convenience the negotiations with the Governments of the United Kingdom and the Netherlands regarding a legal and financial settlement of this matter.“

Í fljótu bragði verður ekki betur séð af þessum kafla viljayfirlýsingarinnar en að ríkisstjórn Íslands hafi stigið stærra skref en áður hefur verið gert við að viðurkenna skyldu íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast skuldir vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands. Verður ekki betur séð en að í fyrri viljayfirlýsingum ríkisstjórnar Íslands hafi hún fallist á að um skuldbindingu sé að ræða í samræmi við tilskipun ESB um innlánstryggingakerfi. Hafa ber í huga í því sambandi að í þeirri tilskipun er ekki kveðið á um skyldur aðildarríkja til þess að gangast í ábyrgðir fyrir skuldir einkafyrirtækja. Af þeirri ástæðu gátu íslensk stjórnvöld haft uppi kröftugar varnir gagnvart kröfum Breta og Hollendinga.

Í viljayfirlýsingunni frá 7. apríl sl. virðist ríkisstjórn Íslands hins vegar viðurkenna greiðsluskuldbindingu íslenska ríkisins gagnvart kröfum Breta og Hollendinga vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf., auk vaxta.

Sé sá skilningur réttur er hætt við að ríkisstjórn Íslands hafi slegið vopnin úr eigin höndum og dregið mjög úr möguleikum íslenska ríkisins til þess að vefengja lögmæti krafna breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur því íslenska.

Ástæða er til þess að halda því til haga að viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar 7. apríl 2010 var gefin af hennar hálfu án samráðs við Alþingi Íslendinga og án samráðs við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna.

15. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar er meginástæða þess að tillaga þessi er lögð fram sú ítarlega umfjöllun sem birtist í 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt.

Í kaflanum fara skýrsluhöfundar m.a. yfir efnislegt inntak og þýðingu tilskipunar Evrópusambandsins 94/19/EB um innstæðutryggingakerfi og túlkun erlendra fræðimanna á lagalegri þýðingu hennar. Jafnframt fjallar nefndin um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt,

sbr. lög nr. 39/1996 og lög nr. 98/1999. Enn fremur fjallar nefndin um nýja tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar, nr. 09/14/EB.

Í inngangi 17. kafla rannsóknarskýrslunnar kemur fram að rannsóknarnefnd Alþingis hafi talið rétt að beina athugun sinni að innleiðingu á tilskipun ESB 94/19/EB um innstæðutryggingakerfi í íslenskan rétt, hvaða skyldur verði taldar leiða af tilskipuninni, að málefnum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta almennt og hvernig innstæður og innstæðutryggingar komu við sögu í viðlagaundirbúningi íslenskra stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins.

Nefndin tekur þó fram að athugun og umfjöllun hennar um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt og hvaða skyldur hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt henni miði ekki að því að taka afstöðu til grundvallar og efnis þeirra samninga sem gerðir voru við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi vegna innstæðna á Icesave-reikningunum í útibúum Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi. Sama gildi um þá ríkisábyrgð sem Alþingi samþykkti síðar að veita vegna samninganna (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 197).

Sú afstaða rannsóknarnefndar Alþingis er að mati flutningsmanna tillögunnar eðlileg, enda var það ekki hlutverk nefndarinnar, samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem hún starfaði eftir, að fella dóma yfir þeim samningum sem gerðir voru eða að kveða upp úr um skyldur íslenska ríkisins til að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Engu síður leikur lítill vafi á því að mati flutningsmanna eftir nákvæma yfirferð yfir umfjöllun rannsóknarnefndarinnar hver afstaða hennar til álitaefnisins er.

15.1. Tilskipun 94/19/EB og íslensk lög um innstæðutryggingar.

Umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis er heildstæðasta, ítarlegasta og fræðilegasta umfjöllun sem birst hefur á Íslandi um lagalegar skyldur íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB.

Fáum sem kynna sér þá umfjöllun ætti að dyljast að þar gefur að líta samfelldan og kerfisbundinn lögfræðilegan rökstuðning fyrir því að samkvæmt tilskipuninni beri íslenska ríkinu, og þar með íslenskum skattgreiðendum, engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og þar með fallast á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur honum í Icesave-málinu.

Í skýrslunni rifjar rannsóknarnefndin upp tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að tilskipun um innstæðutryggingakerfi, en þar segir:

„Í minnisblaði til skýringar sem fylgdi tillögu framkvæmdastjórnarinnar var sérstakur kafli þar sem gerð var grein fyrir því sem ekki væri tekin afstaða til í tillögunni. Í fyrsta lagi var þar talin lögformlega staða eða skipulag innlánatryggingakerfis sem valið væri í hverju landi. Í öðru lagi tók tillagan ekki til þess hvernig kerfið væri fjármagnað. Tekið var fram í því sambandi að eftir að framkvæmdastjórnin hefði „verið fullvissuð um að tilhögun fjármögnunar yrði nægilega traust til að geta borgað öllum innstæðueigendum, sem tryggðir væru, þ. á m. hjá útibúum í öðru aðildarríki, væri ekki talið nauðsynlegt að samræma reglur sem væru nátengdar stjórn og skipulagi hvers og eins sjóðs.“ Þá var velt upp því álitaefni hvort hið opinbera gæti veitt aðstoð í neyðartilvikum þegar fjármunir innlánatryggingakerfis væru uppurnir. Í minnisblaðinu er tekið fram að það þótti ekki viðeigandi að banna slíka aðstoð í tilskipuninni en hún gæti reynst nauðsynleg í framkvæmd. Þó væri slík aðstoð sem almenn regla ekki æskileg og gæti brotið í bága við reglur sáttmálans um ríkisaðstoð.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 264.)

Rannsóknarnefndin vísar jafnframt til þess sem fram kemur í aðfaraorðum tilskipunar nr. 94/19/EB: „Í 24. málsgrein aðfaraorða tilskipunar 94/19/EB sagði hins vegar þá og segir enn:

„Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 264–265).

Þáverandi viðskiptaráðherra lagði þann 11. desember 1995 fram frumvarp á Alþingi um ýmsar breytingar á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, til að bregðast við tilskipun 94/19/EB um innlánstryggingar þar sem meginatriði tilskipunarinnar voru lögfest. Var þar lagt til að Tryggingarsjóður innstæðueigenda yrði sjálfseignarstofnun, en slík stofnun er að lögum sjálfstæður einkaréttarlegur aðili sem ekki lýtur eignarrétti einhvers eða einhverra tiltekinna aðila og ber því ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum nema annar aðili hafi með lögum eða samningum tekið á sig slíka ábyrgð (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 207).

Í almennum athugasemdum við frumvarpið var m.a. fjallað um efni tilskipunar Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Í þessum almennu athugasemdum sagði m.a.: „Þess má geta að samkvæmt tilskipuninni getur ríkisábyrgð eða ábyrgð annarra opinberra aðila á skuldbindingum viðskiptabanka eða sparisjóðs ekki komið í stað innstæðutrygginga.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 202).

Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins sagði síðan:

„Tryggingarsjóður viðskiptabanka er í eigu ríkisins en Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun. Gert er ráð fyrir að hinn nýi sjóður verði sjálfseignarstofnun. Hvorki ríkissjóður né viðskiptabankar og sparisjóðir sem aðilar eru að sjóðnum munu bera ábyrgð á skuldbindingum hans.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 202).

Með samþykkt núverandi laga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, nr. 98/1999, voru Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sameinaðir undir merkjum nýs sjóðs, Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem verið hefur sjálfseignarstofnun síðan. Þessar lagabreytingar höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar hvað varðar ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að ekki verði annað séð en að reglur laga um íslenska tryggingarsjóðinn séu um margt áþekkar þeim reglum sem gilda t.d. annars staðar á Norðurlöndum um þau lágmarksatriði sem tilskipun Evrópusambandsins um innlánstryggingakerfin hljóðar um. Það eigi bæði við um reglur um fjármögnun og stærð innlánstryggingarsjóðsins. Þá segir nefndin að ekki verði annað séð en að Ísland hafi með lögum innleitt efnislega þær lágmarksreglur sem leiðir beint af tilskipuninni og skipta máli í þessu sambandi.

Þá minnir rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega á að aðildarríki ESB og EES hafi í framhaldi af innleiðingu tilskipunar 94/19/EB tilkynnt hlutaðeigandi stofnunum ESB og EES um tilheyrandi lagasetningu og að ekki liggi annað fyrir en að þær stofnanir hafi tekið við þeim tilkynningum athugasemdalaust í tilviki Íslands (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 216–217). Auk þess kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki verði staðhæft að íslensk stjórnvöld eða Alþingi hafi sýnt af sér vanrækslu eða mistök við innleiðingu á tilskipuninni sem slíkri (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 310).

15.2. Skrif fræðimanna og lögskýringargögn um ríkisábyrgð á innlánum.

Kjarni Icesave-deilunnar milli íslenska ríkisins, annars vegar, og breska og hollenska ríkisins, hins vegar, snýst fyrst og fremst um túlkun á tilskipun ESB 94/19/EB og einkum því álitaefni hver verði réttarstaða innstæðueigenda ef innlánatryggingakerfi, sem komið hefur verið upp í viðkomandi ríki og starfar eftir reglum sem fullnægja að forminu til lágmarksreglum tilskipunar ESB, hefur ekki tiltæka fjármuni til þess að greiða að fullu þær fjárkröfur sem að því er beint vegna tapaðra innlána.

Rannsóknarnefnd Alþingis bendir réttilega á að í tilskipuninni sjálfri eða gögnum um undirbúning hennar komi ekkert fram um það hvernig staðið skuli að málum ef eignir tryggingarsjóðs duga ekki til að greiða lágmarksbætur (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls 214).

Til þess að svara spurningunni um hverjar skyldur ríkja samkvæmt tilskipuninni eru í þeim tilvikum þegar eignir tryggingarsjóða innstæðueigenda duga ekki til að greiða lágmarksbætur samkvæmt tilskipuninni vísar rannsóknarnefndin til fjölda fræðiskrifa erlendra lögfræðinga og gagna Evrópusambandsins um ábyrgð á skuldbindingum innstæðueigenda á EES-svæðinu.

Í þeirri umfjöllun rannsóknarnefndarinnar er vísað til þess minnisblaðs sem fylgdi tillögu framkvæmdastjórnar ESB sem vísað er í hér að framan. Þá segir nefndin að þegar könnuð sé umfjöllun í fræðiskrifum um tilskipun 94/19/EB fari ekki mikið fyrir lögfræðilegu mati á því hvort fyrir hendi sé bein skylda eða ábyrgð aðildarríkis, þar sem komið hefur verið á innstæðutryggingakerfi sem talið er samrýmast tilskipuninni, til að gera viðkomandi tryggingarsjóði kleift að greiða þá lágmarkstryggingarfjárhæð sem kveðið er á um í lögum um sjóðinn. Ekki séu fyrir hendi bein ákvæði um þessi atriði í tilskipuninni sjálfri. Þó vísar rannsóknarnefndin til 24. málsgreinar aðfaraorða tilskipunarinnar, sem vitnað er til hér að framan, og segir að þau séu líklega það úr tilskipuninni sjálfri sem helst varði viðfangsefnið með beinum hætti. Hins vegar vísar nefndin til skrifa fræðimanna sem túlkað hafa lagalega þýðingu 24. málsgreinar aðfaraorðanna.

Þar vísar rannsóknarnefnd Alþingis í fyrsta lagi til greinar sem Mads Andenæs, prófessor við lagadeild Háskólans í Ósló, skrifaði í safnrit um bankalöggjöf og innri markað ESB árið 1995 og segir: „Þar sagði hann m.a. að sú málsgrein útilokaði (e. „cut off“) nokkra almenna ábyrgð aðildarríkja: þau bæru ekki ábyrgð gagnvart innstæðueigendum svo lengi sem þau hefðu uppfyllt skilyrði tilskipunarinnar (e. „complied with the Directive“). Að þessu sögðu tók Andenæs hins vegar fram að það kynnu eflaust margar spurningar að vakna um ábyrgð vegna rangrar innleiðingar tilskipunarinnar. Óljóst væri hvaða takmörk á ábyrgð ríkja kynni að leiða af 24. mgr. aðfaraorðanna.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 265).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar einnig til greinar sem Nevenko Misita, gestaprófessor við lagadeild Stokkhólmsháskóla, birti í tímaritinu Journal og International Banking Regulation árið 2003. Í greininni er fjallað um reglur ESB um vernd innstæðueigenda, þar á meðal um ríkisábyrgð (e. „State Guarantee“). Í skýrslunni segir:

„Misita lýsir framangreindum tveimur meginsjónarmiðum um hugsanlega ábyrgð aðildarríkja á innstæðutryggingakerfum sínum nánar svo að annars vegar aðhyllist sumir þá skoðun að sjálf tilvist 24. mgr. aðfaraorðanna þýði að engin ábyrgð geti hvílt á ríki eða lögbæru stjórnvaldi svo framarlega sem viðkomandi yfirvöld hafi innleitt tilskipunina með réttum hætti (e. „taken care of introducing or recognising protection in terms of the Directive“). Síðasttilvitnuð orð útskýrir Misita nánar svo að þau feli í sér að innstæðutryggingakerfið sé nægilega fjármagnað til að geta tekið yfir fall banka sem „með sanngirni má sjá fyrir“ (e.

„reasonably foreseeable“). Hann útskýrir það sjónarmið ekki nánar nema hann nefnir að slíkar röksemdir geri þannig ráð fyrir að engin ábyrgð aðildarríkis á innstæðutryggingakerfi sínu væri til staðar í tilviki kerfishruns (e. „system breakdowns“). Neytendur, þ.e. innstæðueigendur, gætu í slíkum tilvikum ekki rétt sig á að tilskipunin áskildi að aðildarríki ábyrgðist gagnvart innstæðueigendum skuldbindingar innstæðutryggingakerfis sem það hefði komið á fót og byggt þá gagnvart ríkinu á fordæmum Evrópudómstólsins í svonefndum Francovich- og Faccini Dori-málum. Þess má geta að þarna vísar Misita til þekktra dóma Evrópudómstólsins um skaðabótaábyrgð aðildarríkja ESB, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, vegna ófullnægjandi innleiðingar tilskipana sambandsins í landsrétt aðildarríkja en til þeirra fordæma er iðulega vísað og þeim fylgt í síðari dómaframkvæmd dómstólsins.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 266).

Eins og áður segir kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að af þeim gögnum sem nefndin hafði aðgang að við vinnslu hennar verði ekki séð að stofnanir ESB og EES hafi gert athugasemdir við innleiðingu tilskipunarinnar af hálfu Íslands. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 211).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar í skýrslu sinni til forúrskurðar Evrópudómstólsins í máli Peters Paul o.fl. gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi frá árinu 2004, en þar var m.a. fjallað um vanrækslu þýskra stjórnvalda við að innleiða tilskipun 94/19/EB. Í skýrslu rannsóknarnefndar segir m.a. um þennan forúrskurð:

„Af niðurstöðu Evrópudómstólsins hér um ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar um eftirlit aðildarríkja með fjármálastofnunum virðist mega draga þá ályktun að ákvæði tilskipunarinnar um uppbyggingu og starfrækslu innstæðutryggingakerfanna og aðkomu stjórnvalda að þeim veiti innstæðueigendum ekki sjálfstæð lögvarin réttindi sem byggt verði á fyrir dómstólum.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 268).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar jafnframt í skýrslu sinni til skrifa fræðimannsins Michael Tison, en þar segir:

„Í grein eftir fræðimanninn Michael Tison frá árinu 2005 er forúrskurður Evrópudómstólsins í ofangreindu máli dreginn saman með þeim orðum að ábyrgð aðildarríkis nái ekki lengra en að sjá til þess að koma á fót eða viðurkenna innstæðutryggingakerfi sem fullnægi lágmarksskilyrðum tilskipunar 94/19EB. Hann segir 24. mgr. aðfaraorða tilskipunarinnar styðja þá niðurstöðu. Í neðanmálsgrein á sama stað lýsir höfundur því að ljóst sé að sá fyrirvari sem felst í þessum aðfaraorðum hafi verið hafður með aðfaraorðum tilskipunarinnar vegna ótta við að kostnaður vegna falls banka myndi í óhóflegum mæli lenda á aðildarríkjum. Afleiðingin væri sú að aðildarríki þyrfti ekki að axla „Francovich-ábyrgð“, sbr. fyrri tilvísun til dóms Evrópudómstólsins í því máli, fyrir að fylgja ekki tilskipuninni hefði það gengið úr skugga um að koma á fót eða viðurkenna kerfi sem með sanngirni (e. „reasonably“) væri unnt að greiða bætur til innstæðueigenda samkvæmt lágmarkskröfum tilskipunarinnar. Í beinu framhaldi sagði höfundur ljóst að innstæðusjóðir flestra aðildarríkja myndu ekki ráða við umfangsmikla bankakrísu (e. „would not be able to cope with a major banking crisis“). Í því samhengi verndaði 24. mgr. aðfaraorðanna aðildarríkin með réttu frá Francovich-ábyrgð. Á sama hátt ætti aðildarríki ekki að axla Francovich-ábyrgð þegar það hefði viðurkennt innstæðutryggingakerfi sem þegar á reyndi gæti ekki séð fyrir fullnægjandi bótum vegna óstjórnar á eignum þess (e. „provide for adequate compensation because of mismanagement of its assets“) á meðan fjármögnunarleiðir sem aðildarríki hefði mælt fyrir um væru fullnægjandi (e. „while the funding arrangements imposed by the Member State were adequete“).“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 268–269).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar enn fremur til doktorsritgerðar Inge Kaasen við lagadeild Háskólans í Ósló, en þar segir:

„Árið 2000 kom út í Noregi bókin Banksikring og konkurranse sem er að stofni til doktorsritgerð Inge Kaasen við lagadeild Háskólans í Osló. Þar er sérstaklega fjallað um starfsemi norska innstæðutryggingarsjóðsins og annan stuðning opinberra aðila, svo sem Seðlabanka Noregs, við bankana með tilliti til samkeppnis- og ríkisstyrkjareglna samkvæmt EES-samningnum. Í ritinu er hvergi fjallað um að fyrir hendi sé ríkisábyrgð á lágmarksskuldbindingum tryggingarsjóðsins eða skylda ríkisins til að gera sjóðnum kleift að standa undir slíkum greiðslum.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269).

Þá segir rannsóknarnefndin:

„Miðað við viðfangsefni og umfang doktorsritgerðarinnar verður að ætla að þar hefði verið að finna umfjöllun um þessi atriði ef höfundur hefði á annað borð talið að slík réttarregla væri hugsanlega fyrir hendi.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269).

Í þessu sambandi sér rannsóknarnefnd Alþingis ástæðu til að geta skýrslu sem norsk nefnd um endurskoðun þarlendra laga um fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi (n. Banklovkommisjonen) skilaði af sér og fjallaði um innstæðutryggingar í tilefni af endurskoðun reglna um þau mál í Noregi vegna tilskipunar 94/19/EB.

Í norsku skýrslunni segir að sérstök spurning sé í hversu ríkum mæli EES-regluverkið takmarki fjármögnun og rekstur hins opinbera á tryggingakerfi. Segja höfundar skýrslunnar að í aðfaraorðum tilskipunarinnar sé gengið út frá því að kostnaður við fjármögnun á innstæðutryggingakerfi hvíli sem aðalregla á lánastofnunum. Kerfið geti ekki byggt á tryggingu sem aðildarríki eða svæðisbundin yfirvöld inna af hendi. Í samræmi við þetta sé hið sameiginlega norska tryggingakerfi byggt upp. Þá kemur fram í skýrslunni að í aðfaraorðum tilskipunarinnar segi að þetta megi ekki stofna stöðugleika bankakerfis í viðkomandi landi í hættu. Ríkisstuðningur sé þannig ekki útilokaður, en verði í því tilviki að vera í samræmi við almennar reglur um ríkisstyrki á EES-svæðinu. Það sé þannig gengið út frá því að tryggingakerfið eigi ekki að vera fjármagnað eða rekið af ríkinu. Rannsóknarnefnd Alþingis dregur þá ályktun í skýrslu sinni að þögn Inge Kaasen í doktorsritgerð sinni um hugsanlega beina ríkisábyrgð á skuldbindingum norska tryggingarsjóðsins taki líklega mið af ofangreindri afstöðu sem fram kom við undirbúning norskra laga um sjóðinn. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269–270.)

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar einnig til sjónarmiða sem fram koma í skýrslu sem gefin var út árið 2001 af alþjóðlegu samtökunum Financial Stability Forum (nú Financial Stability Board), en samtökin voru stofnuð árið 1999 af fjármálaráðherrum og seðlabankastjórum hinna svokölluðu G7-ríkja. Í skýrslunni segir m.a.:

Innstæðutryggingakerfi getur tekist á við takmarkaðan fjölda bankagjaldþrota í einu en ekki má gera ráð fyrir að það ráði eitt og sér við kerfishrun (e. „ … deposit insurance system can deal with a limited number of simultaneous bank failures, but cannot be expected to deal with a systematic banking crisis by itself“) (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 271).

Að lokum vísar rannsóknarnefnd Alþingis til skýrslu sem frönsk nefnd undir forsæti þáverandi bankastjóra Seðlabanka Frakklands, Jean-Claude Trichet, sem hefur eftirlit með fjármálastarfsemi þar í landi (f. „Commission Bancaire“) gaf út árið 2001, og vísað er til í kafla 10.3. í greinargerð þessari, þar sem fjallað var um reynslu Frakka af virkni og skipulagi innstæðutryggingakerfa.

Í þeirri skýrslu koma meðal annars fram sömu sjónarmið og rakin hafa verið hér að framan um takmörk innstæðutryggingakerfa gagnvart kerfishruni. Segir í skýrslunni að almennt væri viðurkennt að innstæðutryggingakerfum væri hvorki ætlað né þau fær um að fást við kerfiskrísur.

Í lok þessarar afar merkilegu umfjöllunar rannsóknarnefndar Alþingis segir nefndin:

„Það hefur vakið athygli rannsóknarnefndarinnar, og þá m.a. í ljósi þeirrar umræðu og sjónarmiða sem sett voru fram við fall íslensku bankanna og síðar um meinta skyldu ríkisins til að gera íslenska tryggingarsjóðnum kleift að gera þá lágmarksfjárhæð sem kveðið er á um í lögum nr. 98/1999 og tilskipun 94/19/EB, að ekki skuli finnast í undirbúningsgögnum tilskipunarinnar, samantektum um hana á vettvangi ESB þar til í október 2008 og í skrifum fræðimanna, sbr. til dæmis þau sem hér hafa verið rakin, skýrari og markvissari umfjöllun um hugsanlegar skyldur aðildarríkjanna að þessu leyti.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 272.)

Undir þessi sjónarmið rannsóknarnefndarinnar taka flutningsmenn þessarar tillögu. Eins og áður segir gildir sú meginregla í réttarríkjum allra vestrænna þjóða að enginn verður knúinn til þess að greiða fjárskuldbindingar sem viðkomandi er ekki skuldbundinn til þess að gera lögum samkvæmt og hefur ekki undirgengist í frjálsum samningum. Sú meginregla gildir jafnt í samskiptum einstaklinga, lögaðila og á milli einstakra ríkja.

Af umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis að ráða og þeim gögnum og heimildum sem nefndin teflir fram í skýrslunni verður ekki séð að íslenska ríkinu, og þar með íslenskum skattgreiðendum, beri lagaleg skylda til að gangast í ábyrgðir fyrir þeim kröfum sem Bretar og Hollendingar hafa sett fram á hendur íslenska tryggingarsjóðnum í Icesave-málinu.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja að full ástæða sé til að rannsakað verði hvers vegna íslensk stjórnvöld ákváðu, þrátt fyrir þær röksemdir sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hér hefur verið gerð grein fyrir, að undirrita í tvígang lánasamninga við bresk og hollensk stjórnvöld um greiðslu á skuldbindingum sem engan veginn verður séð að þjóðinni beri að greiða.

15.3. Ný tilskipun um innstæðutryggingar nr. 2009/14/EB.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram enn ein sterk vísbending um að íslenska ríkinu beri ekki að ábyrgjast kröfur Breta og Hollendinga á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Hana má finna í umfjöllun nefndarinnar um þær breytingar sem gerðar voru á innstæðutryggingum innan Evrópusambandsins með nýrri tilskipun um þær nr. 2009/14/EB. Um samanburð á hinni nýju tilskipun Evrópusambandsins og tilskipun nr. 94/19/EB segir nefndin:

„Þegar hin nýja tilskipun er skoðuð vekur það athygli að til viðbótar þeim atriðum sem lagt var til að breytt væri með tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 2008 voru gerðar breytingar á orðalagi 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar 94/19/EB en samkvæmt tilskipuninni frá 1994 hljóðaði það ákvæði svo í íslenskri þýðingu af tilskipuninni: „Innlánatryggingakerfin tryggja að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda séu tryggð upp á 20.000 ECU ef innlánin verða ótiltæk.“

Í hinni nýju tilskipun nr. 2009/14/EB hljóðar ákvæði fyrsta málsliðar 1. mgr. 7. gr. svo:

„Member States shall ensure that the coverage for the aggregate deposits of each depositor shall be at least EUR 50 000 in the event of deposits being unavailable.“

Við samanburð á þessum ákvæðum sést að þarna hefur verið skipt út orðalaginu „Innlánatryggingakerfin tryggja (…)“ fyrir „Aðildarríkin tryggja (…) eða á ensku „Deposit-guarantee

schemes shall stipulate (…)“ fyrir „Member States shall ensure (…)“. Breytingin er þannig tvíþætt. Annars vegar er þeirri skyldu sem ákvæðið mælir fyrir um ekki beint að „innlánatryggingakerfunum“ eins og áður heldur að „aðildarríkjunum“. Hins vegar er sagnorðinu sem fylgir frumlaginu breytt, frá „stipulate“ yfir í „ensure“. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 274–275).

Af þessum samanburði rannsóknarnefndar Alþingis á orðalagi gömlu tilskipunarinnar og hinnar nýju verður ekki betur séð en að með hinni nýju tilskipun hafi Evrópusambandið tekið ákvörðun um að kveða mun skýrar í löggjöf sinni á um ábyrgð ríkjanna á skuldbindingum innlánstryggingakerfanna en gert hefur verið fram til þessa.

Af þessari breytingu telja flutningsmenn ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að samkvæmt hinni eldri tilskipun nr. 94/19/EB hafi slíkri ríkisábyrgð ekki verið til að dreifa. Hafi hún verið til staðar er vandséð hvers vegna Evrópusambandið sá ástæðu til að gera á ákvæðinu þá breytingu sem lýst er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

15.4. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis krefst rannsóknar.

Eins og áður segir er umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að þrátt fyrir þau skýru sjónarmið sem nefndin teflir fram í skýrslu sinni hafa íslensk stjórnvöld, og þá ekki síst núverandi ríkisstjórn, ítrekað fallist á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda í Icesave-málinu. Það gerði núverandi ríkisstjórn í tvígang með undirritun sinni á lánasamninga og viðbótarsamninga. Það gerði hún jafnframt með því að leggja fram tvö frumvörp til laga á Alþingi sem mæltu fyrir um að ríkisábyrgð vegna lánasamninganna við Breta og Hollendinga yrði veitt með lögum, án þess að hún hvíldi á lagalegri skuldbindingu íslenska ríkisins. Ákvarðanir stjórnvalda um að undirrita lána- og viðbótarsamningana við Breta og Hollendinga og tilraunir þeirra til að fá ríkisábyrgð vegna þeirra lögfesta á Alþingi sæta miklum tíðindum í ljósi þeirrar umfjöllunar sem finna má í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þegar af þeirri ástæðu telja flutningsmenn þessarar tillögu mikilvægt að fram fari sú rannsókn sem tillaga þessi mælir fyrir um.

Raunar telja flutningsmenn að þær veigamiklu upplýsingar sem fram koma í 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis krefjist þess að fram fari rannsókn á því hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar, en ekki síst hvort þeir hafi gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið.

16. Áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu breytir nýlegt áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenskra stjórnvalda engu um nauðsyn þess að stofnað verði til þeirrar rannsóknar sem tillaga þessi mælir fyrir um.

Af áminningarbréfi ESA að ráða er það skoðun stofnunarinnar að Ísland sé að lögum skuldbundið samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB til þess að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til breskra og hollenskra innstæðueigenda.

Sú skoðun ESA er að mati flutningsmanna í besta falli afar hæpin og virðist fremur byggjast á því sem stofnunin vildi að stæði í tilskipun 94/19/EB en á þeim lagareglum sem þar er raunverulega að finna.

Í annan stað blasir við að niðurstaða ESA er í algjöru ósamræmi við þau sjónarmið sem rannsóknarnefnd Alþingis færir fram, og hér hefur verið gerð grein fyrir, gegn þeirri skoðun

að Ísland sé samkvæmt tilskipun 94/19/EB með vísan til ákvæða tilskipunarinnar sjálfrar, lögskýringargagna sem henni fylgja og skrifum fjölmargra erlendra fræðimanna og stofnana um álitaefnið.

Þá vekur skoðun ESA furðu flutningsmanna í ljósi þess að eitt meginhlutverk ESA er að gæta þess að ekki séu veittir ríkisstyrkir sem brjóta í bága við lög og reglur Evrópusambandsins og EES-samningsins. Með niðurstöðu sinni er ESA þvert á móti að mælast til þess að íslensk stjórnvöld veiti Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisstyrk sem nemur hátt í heilli þjóðarframleiðslu Íslands.

Fjölmargar fleiri röksemdir má færa fram gegn þeirri skoðun sem fram kemur í áminningarbréfi ESA til íslenskra stjórnvalda. Um þær vísa flutningsmenn til ítarlegrar greinar Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors, og Lárusar Blöndal, hæstaréttarlögmanns, sem birtist í Morgunblaðinu 4. júní sl., en greinin er birt með tillögu þessari sem fylgiskjal. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram, en þau leiða í ljós að niðurstaða ESA byggist á lagalega mjög veikum grunni og er í besta falli mjög umdeilanleg.

Flutningsmenn benda á að í niðurstöðu ESA felst hvorki dómur um efni málsins né þau atriði sem tillaga þessi mælir fyrir um að verði rannsökuð og hefur að mati flutningsmanna veigalitla þýðingu um niðurstöður hennar.

17. Skortur á umboði ríkisstjórnarinnar til undirritunar lánasamninga?

Að mati flutningsmanna tillögu þessarar er saga Icesave-málsins að mörgu leyti saga afdrifaríkra mistaka sem íslensk stjórnvöld hafa gert í samskiptum sínum við bresk og hollensk stjórnvöld. Opinber gögn, ákvarðanir og embættisfærslur stjórnvalda og embættismanna á þeirra vegum og yfirlýsingar þeirra á opinberum vettvangi bera þess glögg merki. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að núverandi ríkisstjórn hafi, fyrir hönd ríkissjóðs, undirritað skuldbindingar gagnvart hollenskum og breskum stjórnvöldum þrátt fyrir að á þeim tíma sem undirritanirnar áttu sér stað hafi ekki legið fyrir meirihlutastuðningur fyrir slíkum ákvörðunum á Alþingi.

Í því sambandi telja flutningsmenn fulla ástæðu til að rifja það sérstaklega upp að strax í kjölfar þess að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga, sem gerðir voru hinn 5. júní 2009, voru kynntir síðastliðið sumar lýstu forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna yfir miklum efasemdum um að þeir nytu meirihlutastuðnings á Alþingi. Þeir töldu verulegan vafa á því ríkisstjórnin hefði tryggt sér stuðning meiri hluta alþingismanna áður en hún tók ákvörðun um að samþykkja fyrir sitt leyti skuldbindingar fyrir íslenska ríkið sem námu hundruðum milljarða íslenskra króna.

Þeim efasemdum vísuðu forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar á bug.

Eftir undirritun Icesave-samninganna var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ítrekað spurður að því á Alþingi hvort sú ákvörðun að undirrita lánasamningana nyti meirihlutastuðnings á Alþingi.

Í umræðum á Alþingi hinn 15. júní 2009 sagði fjármálaráðherra: „Um málið að öðru leyti er það að segja að ríkisstjórnin hafði fullt samningsumboð og fyrirmæli frá Alþingi um að leiða það til lykta með samningum. … Í framhaldinu verður svo útbúið frumvarps sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn og væntanlega fá heimild til þess að leggja fram sem stjórnarfrumvarp í trausti þess að það njóti tilskilins meiri hluta á Alþingi og eftir það verði málið í höndum Alþingis.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var einnig og ítrekað innt svara við því á Alþingi hvort þeir lánasamningar sem ríkisstjórnin undirritaði við Breta og Hollendinga nytu meirihlutastuðnings þingmanna.

Í umræðum á Alþingi hinn 11. júní 2009 sagði forsætisráðherra: „Mér er auðvitað kunnugt um að það voru að einhverju leyti skiptar skoðanir í þingflokki Vinstri grænna um málið en mér er ekki kunnugt um og hefur ekki verið tjáð annað af formanni Vinstri grænna en að málið hafi fylgi ríkisstjórnarinnar og að stjórnarfrumvarp um þetta mál verði lagt fram. Ég verð auðvitað að treysta því að málið hafi fullan stuðning stjórnarflokkanna þegar þetta kemur til atkvæða.“

Síðar í sömu umræðu sagði forsætisráðherra m.a.: „Stjórnarflokkarnir hafa 34 þingmenn í meiri hluta á móti 29 hjá stjórnarandstöðunni og ég trúi ekki öðru en það dugi til að tryggja þetta mál í höfn.“

Í ræðu sem Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hélt á Alþingi hinn 20. ágúst 2009 staðfesti þingmaðurinn að ríkisstjórnin hefði undirritað Icesave-samningana án þess hafa fyrir því traustan meirihlutastuðning á Alþingi. Í ræðunni sagði Lilja m.a.:

„Frá upphafi hef ég ásamt félögum mínum í þingflokki VG, hæstvirtum ráðherra Ögmundi Jónassyni og háttvirtum þingflokksformanni Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, verið á móti Icesave-samningnum.Þessi andstaða okkar kom skýrt fram á fundi þingflokks VG fyrir rúmum tveimur mánuðum þegar við höfnuðum beiðni hæstvirts fjármálaráðherra um umboð til að klára Icesave-lánasamningana.“

Í marsmánuði síðastliðnum tók sami þingmaður síðan af allan vafa um að ríkisstjórn Íslands og fulltrúar hennar hefðu fyrir hönd íslenska ríkisins undirritað Icesave-lánasamningana án þess að hafa fyrir því meirihlutastuðning á Alþingi.

Í frétt Stöðvar 2 hinn 8. mars sl. er það haft eftir þingmanninum að mistekist hafi að ná samstöðu innan stjórnarflokkanna um framgang Icesave-málsins strax í byrjun síðasta árs. Í fréttinni segir jafnframt: „Þá hafi fimm þingmenn lagst gegn því í þingflokki Vinstri grænna að Steingrímur J. Sigfússon formaður flokksins og fjármálaráðherra færi og undirritaði samninginn. Hann hafi samt gert það.“

Yfirlýsingar þingmannsins geta vart verið skýrari. Og það er engin ástæða til að draga þær í efa, enda hefur þeim ekki verið andmælt opinberlega.

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands fer Alþingi Íslendinga með fjárstjórnarvaldið. Það er grundvallarregla í okkar stjórnskipun að íslenska ríkið verður ekki skuldsett nema fyrir liggi að meiri hluti Alþingismanna samþykki slíka skuldbindingu.

Að mati flutningsmanna brýtur það gegn stjórnskipun landsins og ákvæðum íslenskra laga þegar ráðherrar í ríkisstjórn hafa forgöngu um að samþykkja fjárskuldbindingar á hendur ríkissjóði án þess að slík ákvörðun njóti stuðnings meiri hluta Alþingis.

Í tilviki Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og núverandi ríkisstjórnar verður ekki betur séð en að ríkisstjórn Íslands hafi, að undirlagi fjármálaráðherra, undirritað lánasamninga sem fela í sér fjárskuldbindingu sem jafngiltu samkvæmt efni sínu tæpri einni þjóðarframleiðslu íslenska ríkisins. Auk þess virðist blasa við að fjármálaráðherra hafi ákveðið að gangast í slíkar skuldbindingar, fyrir hönd íslenska ríkisins, þrátt fyrir að honum hafi verið fullvissaður um af eigin samherjum að sú ákvörðun nyti ekki stuðnings meiri hluta Alþingismanna.

Slíkar embættisfærslur verðskulda að þær séu rannsakaðar af hlutlausri rannsóknarnefnd. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál ef ráðherrar eða ríkisstjórn undirgengst himinháar

fjárskuldbindingar á hendur íslenska ríkinu án þess að hafa til þess umboð og fela í sér embættisfærslur sem eru á lagalega gráu svæði.

Hvorki forsætisráðherra né fjármálaráðherra hefur andmælt þeim fullyrðingum stjórnarþingmannsins sem að framan er getið.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu verður fjármálaráðherra að svara því hvort þær eigi við rök að styðjast. Séu þær réttar verður fjármálaráðherra að skýra út hvers vegna lánasamningarnir við Breta og Hollendinga voru undirritaðir af hans hálfu og ríkisstjórnarinnar þegar fyrir lá að meiri hluti Alþingis var þeirri ákvörðun mótfallinn. Jafnframt verður fjármálaráðherra að svara því hvort hann telji að þær embættisfærslur sem hér hefur verið lýst, og hann ber stjórnskipulega ábyrgð á, séu í samræmi við þau lög og þær reglur sem gilda um heimildir stjórnvalda til þess að gangast í fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hönd íslenska ríkisins.

Að sama skapi telja flutningsmenn að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra verði að svara því hvort henni hafi verið kunnugt um að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga hafi verið undirritaðir án þess að sú ákvörðun hafi notið meirihlutastuðnings á Alþingi.

Þessa framgöngu íslenskra stjórnvalda og erindreka þeirra í Icesave-málinu og fjölmarga fleiri þætti málsins telja flutningsmenn að nauðsynlegt sé að rannsaka. Mikilvægt er að slík rannsókn geti farið fram fyrir opnum tjöldum eftir því sem kostur er svo hægt verði að varpa ljósi á samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld. Þá er nauðsynlegt að leiða í ljós með hvaða hætti íslensk stjórnvöld gættu hagsmuna íslenska ríkisins í málinu, hvernig ákvarðanir voru teknar og hvort þær voru í samræmi við þau lög sem gilda í landinu um slíkar ákvarðanatökur.

18. Rannsóknarnefnd á vegum Alþingis.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi skipi sérstaka rannsóknarnefnd, þriggja sérfræðinga, sem falið verði það hlutverk að rannsaka embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tillagan mælir fyrir um að nefndin skuli leggja mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum að leggja mat á hverjir beri á þeim ábyrgð. Í því skyni er lagt til að nefndinni verði tryggðar allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið og út frá því gengið að rannsóknarheimildir hennar verði sambærilegar þeim sem rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins voru tryggðar með lögum nr. 142/2008. Þá mælir tillagan fyrir um að nefndin skili Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar.

Flutningsmenn telja fyrirsjáanlegt að umfang þeirrar rannsóknar sem lagt er til að ráðist verði í verði afar umfangsmikið, enda mun hún lúta að öllum ákvörðunum, embættisfærslum og samskiptum íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld allt frá því að Icesave-innlánsreikningum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi var komið á fót.

Að mati flutningsmanna er engum blöðum um það að fletta að meginábyrgðin á því tjóni sem Icesave-málið hefur valdið íslenska ríkinu bera þeir stjórnendur og eigendur Landsbanka Íslands hf. sem stóðu að því að koma Icesave-reikningunum á fót.

Engu síður er það skoðun flutningsmanna að uppgjör á framgöngu íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu þurfi að fara fram, enda fullt tilefni til. Vandséð er að nokkur íslenskur

stjórnmálamaður ætti að geta sett sig upp á móti því að slík rannsókn fari fram, enda er uppi um það rík krafa í samfélaginu.

Slíkri rannsókn verður að mati flutningsmanna best fyrir komið með því að Alþingi skipi rannsóknarnefnd þá sem lagt er til að komið verði á fót með tillögu þessari sem rannsaki embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld og leggi mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, meti hvort þeir hafi brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og leggi eftir atvikum mat á hverjir beri á þeim ábyrgð, t.d. í skilningi laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Alþingismenn hafa áður óskað eftir slíkri rannsókn af minna tilefni.

Fyrirsjáanlegt er að verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt þurfi Alþingi að setja sérstök lög um þá nefnd sem tillagan mælir fyrir um að stofnuð verði. Slík lagasetning þarf ekki að taka langan tíma enda getur Alþingi sótt fyrirmynd slíkrar löggjafar til laga nr. 148/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Tillagan gerir ráð fyrir að sá kostnaður sem hlýst af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Með tillögunni var fylgiskjal: Áminning ESA. Grein eftir Stefán Má Stefánsson og Lárus L. Blöndal. Morgunblaðið, 4. júní 2010.

1316. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði veitt lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Til að unnt sé að veita þá vernd sem er kveðið á um í frumvarpinu er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem skal inna af hendi greiðslu hvíli greiðsluskylda á honum.

Eins og kunnugt er hafa íslensk fjármálafyrirtæki greitt í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta en eftir fall bankanna reyndist ekki nægt fé í sjóðnum til að mæta tapinu og nemur tap hans mörg hundruð milljörðum króna. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB um innstæðutryggingar skal sérhvert aðildarríki tryggja að á yfirráðasvæði þess sé komið á einu eða fleiri innlánatryggingakerfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skiptingu sjóðsins í A-deild (ný deild) og B-deild (núverandi deild) og skal B-deildin lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem hafa fallið á hana fyrir gildistöku laganna. Frá gildistöku frumvarpsins munu iðgjöld renna inn í A-deild verði frumvarpið að lögum og er ætlað að mæta áföllum framtíðarinnar.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um að verndin nemi 20.887 evrum. Samkvæmt frumvarpinu er kveðið á um að verndin nemi 50.000 evrum og hefur meiri hluti nefndarinnar lagt til í

breytingartillögum sínum að verndin muni nema 100.000 evrum frá og með 1. janúar 2011. Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að Evrópusambandið hefði ákveðið að hækka verndina í þeim tilgangi að auka tiltrú á bankakerfi innan sambandsins.

Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að enginn tryggingarsjóður í heiminum væri fær um að mæta falli stærstu fjármálastofnunar sem starfsemi hans næði til. Þá var bent á að það muni taka marga áratugi að safna nægilegum sjóði til að geta mætt falli eins af hinum þremur stóru íslensku viðskiptabönkum. Ljóst er að slíkur sjóður mun ekki gagnast núlifandi Íslendingum og að um falskt öryggi er að ræða. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur það einnig verið rætt að stofnaður verði sameiginlegur sjóður á öllu evru-svæðinu sem væri það burðugur að hann gæti greitt tap af falli stórra banka. Enn er þó langt í að slíkur sjóður verði stofnaður. 1. minni hluti telur rétt að reynt sé að taka upp samstarf við stærri erlendan sjóð, t.d. norska tryggingarsjóðinn. Fram kom að ekki hafi verið reynt að koma slíku samstarfi á.

Falskt öryggi.

Á meðan fólk treysti bönkunum var nóg fyrir flesta að trúa því og treysta að innstæður þeirra væru öruggar í bönkunum. Það var ekki fyrr en fór að hrikta verulega í bankakerfinu að það skapaðist vantraust á kerfið sem leiddi af sér áhlaup á bankana sem þeir gátu ekki staðið af sér. Af því má sjá að falskt öryggi getur virkað ágætlega, svo lengi sem tiltrú á kerfinu er fyrir hendi. Nú er trú almennings hins vegar í lágmarki og því mun tómur eða félítill innstæðutryggingarsjóður ekki virka sannfærandi í augum fólks. Þá hefur bæði almenningur og bankamenn lært það af fenginni reynslu að í raun er ríkisábyrgð á innstæðum því þegar bankakerfið hrundi greiddi ríkið allar innstæður. Rökréttast er að gera ráð fyrir að komi til annars hruns mundi ríkisvaldið bregðast eins við.

Að stofna nýja en vanmáttuga deild í gjaldþrota sjóði er líkast því að sleppa því að koma upp öryggiskerfi í byggingu en setja límmiða sem gefur hið gagnstæða til kynna í gluggann. Húsið er algjörlega óvarið en einhverjir mundu hugsanlega trúa því sem á límmiðanum stendur og hætta við að brjótast inn.

Þar sem ljóst er að greiðslur í nýja deild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eru gagnslausar mælir 1. minni hluti með því að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að leita samstarfs við stærri og burðugri tryggingarsjóð á erlendri grund.

Alþingi, 10. júní 2010.

Margrét Tryggvadóttir.

1317. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Rúnarsson, Gunnar Viðar og Guðlaugu B. Ólafsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Svein Óskar Sigurðsson, Friðrik Ó. Friðriksson og Arinbjörn Sigurgeirsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna.

Umsagnir um málið bárust frá ASÍ, BSRB, Félagi atvinnurekenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, sýslumanninum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á lögum um aðför og lögum um gjaldþrotaskipti, m.a. að rýmkaðar verði heimildir til að gera árangurslaust fjárnám og einfalda ferli nauðasamninga. M.a. er lagt til að kveðið verði á um hvernig meta á að hvaða marki krafa sem tryggð er með veði teljist veðkrafa og að hvaða marki samningskrafa þegar veð hrekkur ekki til greiðslu kröfunnar að fullu. Þá er lagt til að hugtakið nákomnir í skilningi gjaldþrotaskiptalaga verði rýmkað þannig að það nái einnig til stjórnarmanna og þeirra sem stýra daglegum rekstri fyrirtækja. Einnig eru lagðar til breytingar sem koma í veg fyrir að skuldari geti á óeðlilegan hátt komið sér hjá gjaldþrotaskiptum með aðgerðaleysi. Þá er rýmkuð heimild til að láta erlenda ákvörðun um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga ná til eigna hér á landi þannig að hún sé ekki bundin við að gerður hafi verið alþjóðasamningur um slíkt.

Nefndin fjallaði um helstu breytingar frumvarpsins.

Árangurslaust fjárnám.

Nefndin fjallaði um breytinguna sem lögð er til í 1. gr. sem felur í sér að kröfuhöfum verði auðveldað að fá staðfestingu á að skuldari eigi ekki eignir sem unnt er að gera fjárnám í. Þannig verði komið í veg fyrir að skuldari geti með eigin aðgerðaleysi komið í veg fyrir að kröfuhafi geti gert árangurslaust fjárnám, sem getur m.a. verið undanfari gjaldþrotaskipta. Fyrir nefndinni kom fram að áskilnaður um viðveru gerðarþola eða málsvara til að fjárnámi verði lokið án árangurs hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd og valdið miklum töfum á málsmeðferð í fjárnámsmálum hjá sýslumönnum landsins og mikill málafjöldi uppsafnaður. Hafi boðun reynst árangurslaus í fjölda tilvika hefur það neyðarúrræði verið nýtt að lögreglan færi skuldara nauðugan til fyrirtöku mála hjá sýslumanni. Nefndin tekur undir að þau úrræði eru nokkuð harkaleg fyrir skuldara en einnig tímafrek og kostnaðarsöm fyrir sýslumannsembætti og lögreglu og taki tíma frá brýnni málum sem lögreglu er ætlað að sinna. Nefndin telur að breytingin sé tímabær og eingöngu er verið að greiða fyrir því að unnt verði að gera árangurslaust fjárnám án þess að leita þurfi uppi skuldara og færa til sýslumanns, eftir atvikum með aðstoð lögreglu. Úrræðið er því til hagsbóta fyrir kröfuhafa verði það að lögum en tekið er fram að vernd skuldara er engu síður tryggð þar sem einnig er lagt til að hann geti

krafist endurupptöku gerðar sem lokið hefur verið án árangurs á þennan hátt ef hann bendir á eignir til fjárnáms.

Einföldun nauðasamningsferlis.

Nefndin fjallaði um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti sem varða í meginatriðum réttarstöðu fyrirtækja. Eins og fram kemur í greinargerð byggist frumvarpið á skýrslu réttarfarsnefndar en dómsmála- og mannréttindaráðuneyti fól nefndinni að kanna hvort ástæða væri til að endurskoða ákvæði í lögum um aðför og gjaldþrotaskipti meðal annars vegna ábendinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrir nefndinni kom fram að úrræðin væru sérstaklega mikilvæg við endurskipulagningu á lífvænlegum fyrirtækjum og að markmið breytinganna er að einfalda það ferli til þess að fyrirtæki sem eru í vandræðum geti komist aftur í rekstur og tekur nefndin undir mikilvægi þess.

Samþykki 60% kröfuhafa eftir höfðatölu.

Nefndin fjallaði einnig um breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða samþykki frumvarps til nauðasamnings. Í 33. gr. gjaldþrotaskiptalaga er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða atkvæðisrétt eftir höfðatölu eða kröfufjárhæð. Þannig eiga þeir lánardrottnar sem eiga samningskröfur á hendur skuldara og lýsa þeim við nauðasamningsumleitanir atkvæðisrétt um nauðasamning. Hver atkvæðismaður fer með eitt atkvæði eftir höfðatölu nema tveir eða fleiri eigi samningskröfu saman, þá fara þeir saman með eitt atkvæði eftir höfðatölu. Þegar atkvæði eru greidd eftir kröfufjárhæðum á að leggja saman heildarfjárhæð krafna allra atkvæðismanna og reikna síðan hundraðshluta kröfu hvers og eins þeirra af heildarfjárhæðinni. Samkvæmt gildandi reglum verður frumvarp til nauðasamnings að hljóta sama hlutfall atkvæða eftir höfðatölu atkvæðismanna og nemur eftirgjöf af samningskröfum, þó aldrei lægra en 60%. Þannig er viðmiðið 60% að lágmarki hvort sem hlutfall atkvæða er reiknað eftir höfðatölu eða kröfufjárhæð.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að fullnægjandi sé að nauðasamningsfrumvarp hljóti atkvæði 60% kröfuhafa eftir höfðatölu án tillits til efnis frumvarpsins. Sem dæmi má nefna að ef farið er fram á 80% niðurfellingu krafna þarf samþykki 80% hlutfalls atkvæða eftir fjárhæð krafna en 60% hlutfalls atkvæða eftir höfðatölu. Ef farið er fram á 40% niðurfellingu þarf 40% hlutfall atkvæða eftir fjárhæð krafna en 60% eftir höfðatölu þar sem að það verður áfram lágmark. Nefndin fjallaði nokkuð um þetta viðmið en fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að rétt hefði verið að ganga lengra, þ.e. lækka það í 50%. Nefndin telur hins vegar að með tillögunni sé komið til móts við það sjónarmið að einfalda ferli nauðasamninga og gera þeim sem þurfa á úrræðinu að halda auðveldara að fá frumvarp að nauðasamningi samþykkt en fyrir nefndinni kom fram að stór fyrirtæki hefðu farið í þrot þar sem ekki hefði tekist að afla samþykkis samkvæmt höfðatölu.

Forgangsréttur vinnulaunakrafna.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að regla gjaldþrotaskiptalaga um forgang launakrafna verði takmörkuð þegar um er að ræða kröfu um bætur vegna starfsloka. Í 2. tölul. 1. mgr. 112. gr. gildandi laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er mælt fyrir um forgang þeirra bótakrafna sem hafa orðið til vegna slita á vinnusamningi. Almennt fer réttur launþega til bóta vegna slita á vinnusamningi eftir reglum vinnuréttar og ræðst ýmist af ráðningar- eða launakjörum. Þó hafa dómstólar takmarkað slíkan rétt þegar um hefur verið að ræða samningsákvæði sem hafa verið óvenjuleg og lengri en venjulegt getur talist. Er hér lagt til að þessi framkvæmd komi

ótvírætt fram í lögum og að forgangur bótakrafna sem verða til við slit á vinnusamningi taki mið af því sem leiðir af lögum eða kjarasamningi, en ekki sérstökum ákvæðum samninga um lengri uppsagnarfrest sem kunna að vera gerðir við starfslok. Nefndin fellst á mikilvægi þess að skýrt sé kveðið á um þetta í lögum.

Nákomnir.

Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið nákomnir í skilningi gjaldþrotaskiptalaga verði rýmkað en það hefur einkum áhrif í tengslum við reglur um rétthæð krafna á hendur þrotabúi, sbr. XVII. kafla laganna, og riftun ráðstafana þrotamanns, sbr. XX. kafla. Með breytingunni er lagt til að hugtakið verði rýmkað þannig að það nái einnig til stjórnarmanna og þeirra sem stýra daglegum rekstri fyrirtækja en samkvæmt gildandi lögum nær reglan eingöngu til þeirra sem hafa átt verulegan hlut í félagi eða stofnun. Nefndin tekur fram að þeir sem teljast til nákominna njóta ekki forgangs fyrir launakröfum sínum í þrotabú og telur eðlilegt að þeir sem stýra daglegum rekstri fyrirtækja og eru þar í stjórn verði taldir með í þessum hópi nákominna þar sem þeir eru nátengdir fyrirtækjum þó að þeir séu t.d. ekki eigendur.

Skylda til að gefa bú upp til gjaldþrotaskipta.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að það verði gert að skyldu fyrirsvarsmanns lögaðila að hlutast til um gjaldþrotaskipti á búi lögaðilans að viðlagðri skaðabótaskyldu. Er lagt til að þeir sem eiga að taka ákvörðun um að leita gjaldþrotaskipta á búi félaga og vanrækja þá skyldu sína beri þannig skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum. Eru hér tekin af öll tvímæli um bótaskyldu stjórnenda lögaðila auk þess sem lagt er til að það verði hlutverk stjórnanda lögaðila að sýna fram á að vanrækslan hafi ekki verið honum saknæm, svokölluð sakarlíkindaregla. Nefndin tekur fram að markmið þessarar reglu er að skerpa á ábyrgð stjórnenda félaga að sinna þeirri skyldu sem á þeim hvílir að gildandi lögum. Nefndin telur að úrræðið muni verða hvetjandi fyrir eigendur og stjórnendur fyrirtækja og kröfuhafa til að meta rekstrargrundvöll fyrirtækja á raunhæfan hátt og jafnvel liðka fyrir samningum þeirra í milli.

Erlend ákvörðun um gjaldþrotaskipti eða nauðasamning.

Nefndin fjallaði loks um þá rýmkuðu heimild sem lögð er til í frumvarpinu um að láta erlenda ákvörðun um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga ná til eigna hér á landi þannig að hún sé ekki bundin við að gerður hafi verið alþjóðasamningur um slíkt. Fyrir nefndinni kom fram að þessi heimild sé mjög mikilvæg í því alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki starfa í.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem nauðsynlegt er að leggja til samsvarandi breytingu á 2. mgr. 150. gr. gjaldþrotaskiptalaga og gerð er á 35. gr. laganna í 7. gr. frumvarpsins: þ.e. að í stað orðanna „bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum“ í 2. mgr. 150. gr. laganna komi: eftir fjárhæðum krafna þeirra.

Nefndin telur að í frumvarpinu felist mikilvægar breytingar sem gefi lífvænlegum fyrirtækjum möguleika til að komast áfram í rekstri og hvetji þá sem ábyrgð bera á fyrirtækjum að meta rekstrargrundvöll fyrirtækja á raunhæfan hátt og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 19. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum“ í 2. mgr. 150. gr. laganna kemur: eftir fjárhæðum krafna þeirra.

Ögmundur Jónasson og Birgir Ármannsson skrifa undir álitið með fyrirvara.
Mörður Árnason og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu með fyrirvara.

Alþingi, 3. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir.

Þráinn Bertelsson.

1318. Nefndarálit [508. mál]

um frv. til l. um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur, Jón Magnússon og Skúla Guðmundsson frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Hauk Ingibergsson frá Fasteignaskrá Íslands, Sigrúnu Jóhannesdóttur og Vigdísi Evu Líndal frá Persónuvernd.

Umsagnir um málið bárust frá Eyþingi, Fasteignaskrá Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Persónuvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að sameinuð verði starfsemi Þjóðskrár, sem nú er skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, og Fasteignaskrár Íslands, sem er stofnun sem starfar á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og undir umsjón þess.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um markmið frumvarpsins um að sameina Þjóðskrá og Fasteignaskrá. Fram kom að um eðlislík verkefni væri að ræða hjá skrifstofunni og stofnuninni og að með sameiningunni fengist faglegur ávinningur sem og fjárhagslegur þegar sameiningarkostnaður hefði verið greiddur.

Fyrirsvar og stjórnun.

Nefndin fjallaði um 3. gr. frumvarpsins um fyrirsvar og stjórnun Þjóðskrár Íslands og hvort nægilega skýrt væri kveðið á um það í frumvarpinu hvernig því skyldi hagað í hinni

nýju stofnun. Í 3. gr. frumvarpsins er tekið fram að hlutverk stjórnar Fasteignaskrár skuli haldast óbreytt en að það nái ekki til starfsemi Þjóðskrár Íslands. Nefndin fjallaði nokkuð um þessa tilhögun en fyrir nefndinni kom fram, og nánar í greinargerð, að í stjórn Fasteignaskrár Íslands sitja fulltrúar þeirra aðila sem greiða hluta rekstrarkostnaðar stofnunarinnar, þ.e. Samtaka íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja, auk eins fulltrúa sem er skipaður án tilnefningar. Nefndin fellst á tillöguna í frumvarpinu að sú stjórn nái ekki yfir stjórn Þjóðskrár Íslands að sinni en tekur fram að nauðsynlegt sé að unnið verði að endurskoðun laga um þjóðskrá og almannaskráningu og að þar verði kveðið skýrt á um hlutverk og stjórnskipulega stöðu stofnunarinnar. Lög um almannaskráningu voru sett í allt öðru tækniumhverfi en nú er við lýði og því brýnt að endurskoða þau.

Aðskildar skrár og gagnagrunnar.

Nefndin fjallaði einnig um hvaða áhrif fyrirhuguð sameining hefði á þær skrár og gagnagrunna sem reknar eru hjá Þjóðskrá og Fasteignaskrá. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um það hvort halda ætti gagnagrunnum og skrám aðskildum, en fyrir nefndinni kom fram að ætlunin væri að halda þeim aðskildum. Nefndin telur nauðsynlegt að kveða skýrt á um það og leggur því til að við frumvarpið bætist ný grein, er verði 2. gr., þess efnis að Þjóðskrá Íslands sé ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skuli fylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skuli gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá öðrum skrám ábyrgðaraðila. Þó verði heimilar samkeyrslur til uppfærslna á heimilisföngum. Aðra vinnslu skuli tilkynna til Persónuverndar.

Réttarstaða starfsmanna.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði til bráðabirgða en þar er lagt til að starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands sem ráðnir hafa verið með ráðningarsamningi skuli halda störfum sínum og starfskjörum. Nefndin vill taka fram að þessi sameining er sérstök að því leyti að verið er að færa störf og starfsmenn úr ráðuneyti yfir til stofnunar en ekki verið að sameina tvær stofnanir í eina. Hér er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun taki yfir ráðningarsamninga við starfsmenn Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár. Það er talið nauðsynlegt svo að sem minnst röskun verði á högum starfsmanna.

Þá er kveðið á um að skrifstofustjóri Þjóðskrár og forstjóri Fasteignaskrár Íslands skuli við gildistöku laga þessara halda störfum sínum og starfskjörum og að laun og starfskjör skrifstofustjóra Þjóðskrár verði þau sömu og skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu og taki því breytingum í samræmi við ákvarðanir kjararáðs. Nefndin bendir á að ákvæðið er óvenjulega sértækt en fyrir nefndinni kom fram að skrifstofustjóri Þjóðskrár er eini embættismaður Þjóðskrárinnar og ekki ráðinn heldur skipaður til æviloka. Með breytingunni er því raun verið að leggja niður hans starf sem skrifstofustjóra í ráðuneyti og hinni nýju stofnun falið að taka við starfi hans. Hann á að halda því og þeim starfskjörum sem hann hefur haft sem skrifstofustjóri í ráðuneyti. Nefndin tekur fram að með þessari breytingu verður hann ekki lengur embættismaður í skilningi starfsmannalaganna. Þá er í ákvæðinu einnig gert ráð fyrir að forstjóri Fasteignaskrár Íslands verði forstjóri Þjóðskrár Íslands, en hann er embættismaður sem skipaður er tímabundið til fimm ára. Nefndin fellst á að eðlilegt sé að starfsmenn haldi starfskjörum sínum samkvæmt ráðningarsamningum hjá hinni nýju stofnun sem og þeir embættismenn sem skipaðir hafa verið. Nefndin telur engu síður nauðsynlegt að leggja til að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins orðist svo: Starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, sem eru

í starfi við gildistöku laganna, verða starfsmenn Þjóðskrár Íslands með sömu starfskjörum og áður giltu. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá Þjóðskrá Íslands fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Lagatæknilegar breytingar.

Loks fjallaði nefndin um 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um sameiningu Þjóðskrár, sem rekin er sem skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, og Fasteignaskrá, sem er stofnun, í eina ríkisstofnun. Nefndin telur að texti greinarinnar sé of tyrfinn og leggur því til að hann verði gerður einfaldari og skýrari. Þá leggur nefndin einnig til að við 1. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að dómsmála- og mannréttindaráðherra fari með fyrirsvar laganna.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 2. gr. þar sem kveðið er á um að við gildistöku laganna taki Þjóðskrá Íslands við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildi um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010. Nefndin telur eðlilegt að þessi grein verði hluti af 4. gr. sem kveður á um gildistöku laganna 1. júlí 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Mörður Árnason, Vigdís Hauksdóttir og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir.	Ögmundur Jónasson.	Þráinn Bertelsson.

1319. Breytingartillögur [508. mál]

við frv. til l. um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

   Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands skulu sameinast í eina ríkisstofnun er nefnist Þjóðskrá Íslands.

   Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með framkvæmd laga þessara.
2. 2. gr. orðist svo:

   Þjóðskrá Íslands er ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skal fylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skal gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá

öðrum skrám ábyrgðaraðila. Þó eru heimilar samkeyrslur til uppfærslna á heimilisföngum. Aðra vinnslu skal tilkynna til Persónuverndar.

3. Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara tekur Þjóðskrá Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010.
4. Við 5. gr.
   a. Við 15. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
   b. Við 20. tölul. Í stað orðanna „4. og 6. gr. laganna“ komi: 4. og 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laganna.
   c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Hjúskaparlög, nr. 31/1993, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ og orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 141. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, sem eru í starfi við gildistöku laga þessara, verða starfsmenn Þjóðskrár Íslands með sömu starfskjörum og áður giltu. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Þjóðskrá Íslands fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

1320. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki og brtt. á þskj. 1263.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Við ákvæði til bráðabirgða V. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Fjármálaeftirlitið skal tryggja með fullnægjandi hætti að ljóst sé hverjir eru eigendur krafna.
2. Við 8. tölul. brtt. á þskj. 1263.
   a. Á eftir orðunum „starfsumhverfi sparisjóða“ komi: sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka.
   b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Nefndi ljúki störfum fyrir 1. nóvember 2010.

1321. Beiðni um skýrslu [666. mál]

frá efnahags- og viðskiptaráðherra um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009.

Frá Pétri H. Blöndal, Helga Hjörvar, Lilju Mósesdóttur,
Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Ögmundi Jónassyni, Tryggva Þór Herbertssyni,
Magnúsi Orra Schram, Þór Saari og Birki Jóni Jónsson.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að efnahags- og viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Hvernig aðstæður voru í gjaldeyrismálum og greiðslumiðlun við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009 og enn fremur
   a. hvaða vandamál komu upp og
   b. hvernig þau voru leyst.
2. Hvaða áhrif hafði staða gjaldeyrismála og greiðslumiðlunar á
   a. Seðlabankann,
   b. banka- og fjármálakerfið,
   c. innflytjendur,
   d. útflytjendur,
   e. ferðamenn,
   f. námsmenn og Íslendinga búsetta erlendis,
   g. aðra,
   h. stjórnmál og samskipti við erlend ríki.
3. Hvaða viðbragðsáætlanir þurfa að vera tækar til að slík staða endurtaki sig ekki.

Greinargerð.

Með beiðninni er óskað eftir að efnahags- og viðskiptaráðuneytið stofni þriggja manna nefnd sérfræðinga á sviði alþjóðlegrar greiðslumiðlunar til að vinna slíka skýrslu. Leitað yrði eftir því við norræna seðlabanka að þeir tilnefni formann nefndarinnar en aðrir nefndarmenn verði tilnefndir af Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn veiti nefndinni aðstoð og nauðsynlegar upplýsingar.

Mjög slæm staða á gjaldeyrismarkaði og í greiðslumiðlun við útlönd í kjölfar hrunsins og setningar hryðjuverkalaga í Bretlandi hafði víðtæk áhrif á allt þjóðlífið og olli mörgum þungum búsifjum. Eðlileg bankaviðskipti gengu hægt og einstaklingar og fyrirtæki gátu ekki millifært fjármuni sína til og frá landinu. Viðskiptasambönd sködduðust þar sem innlendir aðilar gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar og álit ríkisins beið mikinn hnekki. Þessi staða veikti stöðu íslenskra stjórnvalda í viðkvæmum deilumálum við erlend ríki t.d. um tryggingar innstæðna í erlendum útibúum innlendra banka. Það er mikilvægt að þessi staða verði könnuð með trúverðugum hætti. Lagt er til að verkið sé unnið undir stjórn erlends aðila svo að skýrsla nefndarinnar njóti trúverðugleika innan lands sem utan. Skýrslan kann að hafa mikið gildi fyrir aðrar þjóðir um það sem gerist í kjölfar hruns fjármálakerfis þjóðar en hún getur einnig verið trúverðugt gagn í hugsanlegum málaferlum opinberra aðila og einkaaðila vegna atvika sem urðu eftir hrun.

Gera má ráð fyrir að nefndin afli aðallega upplýsinga hjá starfsmönnum Seðlabanka Íslands og eftir atvikum hjá erlendum aðilum en einnig hjá ráðuneytum, ýmsum samtökum atvinnulífsins, námsmanna, lífeyrissjóða o.fl.

1322. Lög [343. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. júní 2010.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Náin tengsl:* Náin tengsl teljast vera til staðar þegar:
   a. bein eignatengsl eða bein yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis liggja fyrir, eða
   b. yfirráð eða samstarf er til staðar milli aðila í skilningi laga þessara.
2. *Hópur tengdra viðskiptavina:* Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
   a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
   b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum.
3. *Virkur eignarhlutur:* Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
4. *Hlutdeild:* Beinn eða óbeinn eignarréttur eða eftir atvikum annars konar ráðstöfunarréttur yfir eignarhlut, t.d. atkvæðisrétti.
5. *Samstarf:* Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

a. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.
b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.
c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

6. *Framkvæmdastjóri:* Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga eða laga þessara, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.
7. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Lykilstarfsmaður:* Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.
9. *Yfirráð:* Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Gildissvið. Markmið. Orðskýringar.**

4. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

F-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

6. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja einstaka starfsstöðvum fjármálafyrirtækis sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða hluta, hvort sem hún er starfsleyfisskyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.

Áður en gripið er til takmörkunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi fjármálafyrirtæki gefinn kostur á að koma við úrbótum sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega. Veiti fjármálafyrirtækið þjónustu í öðru aðildarríki skal tilkynning um efni ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila í því ríki.

7. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hlutafé og stofnfé.

Við veitingu starfsleyfis skal lágmark innborgaðs stofnfjár (e. initial capital) fjármálafyrirtækja vera eins og tilgreint er í 2.–8. mgr. Til stofnfjár skv. 1. málsl. telst innborgað hlutafé, innborgað stofnfé sparisjóðs og varasjóðir (e. cash money).

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs skal að lágmarki nema 5 milljónum evra (EUR).

Stofnfé sparisjóðs sem starfar á afmörkuðum, staðbundnum markaði og hefur eingöngu starfsheimildir skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal að lágmarki nema 1 milljón evra. Í umsókn um starfsleyfi skal umsækjandi gera grein fyrir hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður viðkomandi sparisjóðs. Fjármálaeftirlitið ákvarðar hvað telst staðbundinn, afmarkaður markaður.

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 730 þúsundum evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur a.m.k. eina af starfsheimildum a–c-liðar þessarar málsgreinar, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar, skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra:

a. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,
b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða
c. eignastýringu.

Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 250 milljónir evra. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó ekki að fara yfir 10 milljónir evra. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sé hlutafé eða stofnfé skv. 2.–8. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 2.–8. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Í fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Innri endurskoðunardeild skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækis og er hún hluti af skipulagi þess og þáttur í eftirlitskerfi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar og skal starfsmannafjöldinn endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess. Starfsmenn innri endurskoðunardeildar mega ekki vera hluthafar í viðkomandi fjár-

málafyrirtæki. Heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.

Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. Forstöðumaður innri endurskoðunardeildar hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.

Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.

Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

9. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (17. gr. a.)

Uppfærð skuldbindingaskrá.

Fjármálafyrirtæki skal halda sérstaka skrá um alla þá sem njóta lánafyrirgreiðslu þess. Til lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein teljast beinar lánveitingar til viðkomandi, kaup á skuldabréfum útgefnum af viðkomandi, kaup á eignasafni annars lánveitanda þar sem er að finna kröfu á viðkomandi og hvers konar önnur fyrirgreiðsla sem jafna má til lánafyrirgreiðslu, enda nemi bruttóskuld viðkomandi við fjármálafyrirtækið að lágmarki 300 millj. kr.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót. Skal skráin greinast í nöfn og kennimerki lántakenda. Enn fremur skal senda sambærilega skrá um aðila í nánum tengslum og hópa tengdra viðskiptamanna, að svo miklu leyti sem þeir aðilar eru ekki á fyrrnefndri skrá. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og ákvæði

laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um meðferð upplýsinga sem skráin hefur að geyma.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um innihald skrárinnar.

b. (17. gr. b.)

Skylda lántaka til að veita upplýsingar.

Telji Fjármálaeftirlitið að lántökur einstaks aðila, sem er á skuldbindingaskrá skv. 17. gr. a og lýtur ekki opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, geti haft kerfislæg áhrif er því heimilt að krefja viðkomandi um upplýsingar um skuldbindingar hans. Til skuldbindinga samkvæmt þessari grein teljast beinar lántökur, ádregnar lánalínur, útgáfa á skuldaskjölum viðkomandi, kaup á skuldatryggingu eða greiðsluvátryggingu vegna lántöku, kaup- og söluréttur og hvers konar önnur fyrirgreiðsla, innan eða utan efnahagsreiknings, sem viðkomandi hefur notið og jafna má til lánafyrirgreiðslu eða ábyrgðar.

Neiti aðili að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið fyrirskipað eftirlitsskyldum aðilum að ekki verði um frekari fyrirgreiðslu af hálfu eftirlitsskyldra aðila við viðkomandi að ræða. Sama á við ef upplýsingagjöf viðkomandi er ófullnægjandi. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu rökstuddar skriflega.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „náin tengsl fjármálafyrirtækis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. tölul. 1. gr. a.
b. 2. og 3. mgr. falla brott.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.

13. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Úrskurðarnefnd.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samningi milli efnahags- og viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja,

svo og samkvæmt samþykktum er hún setur sér. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ráðherra annast birtingu samþykkta nefndarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingar um viðskiptamenn.

Fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Í þeim skal koma fram hvaða starfsmenn hafi aðgengi að upplýsingunum starfs síns vegna, hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu og hvernig eftirliti með framkvæmd reglnanna er háttað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum.

15. gr.

8. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

16. gr.

Í stað síðari málsliðar 1. mgr. 22. gr. laganna koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Tilkynning, ásamt rökstuðningi, hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu. Hafi viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, þurft að grípa til aðgerða skv. 1. málsl. og tekið yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum skulu ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 3. málsl. enda sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið innan sex mánaða frá því að viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, hóf starfsemina. Fjármálaeftirlitið metur hvort fjárhagsleg skilyrði 1. málsl. séu uppfyllt og skal endurskipulagningu lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi skv. 1. málsl. hófst. Fjármálaeftirlitið getur framlengt tímafrest skv. 5. málsl. og skal í umsókn rökstutt hvaða atvik hindra sölu.

17. gr.

G-liður 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

18. gr.

Orðin „og 29. gr.“ í 5. mgr. 28. gr. laganna falla brott.

19. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess má ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár fyrirtækisins. Eignist viðkomandi meira af hlutafénu eða stofnfénu vegna lúkningar viðskipta, sbr. 22. gr., skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja

mánaða frest til að koma eignarhlutnum niður í lögmælt mark. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Við útreikning skv. 1. málsl. 1. mgr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf.

20. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein, 29. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Lánveitingar.

Fjármálafyrirtæki eða dótturfélögum þess er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga banni skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita stjórnarmanni, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanni eða þeim sem á virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda, lán eða aðra fyrirgreiðslu, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum. Fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. 1. málsl. skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni en má þó nema allt að 100 millj. kr.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindingar skv. 2. mgr. og um hvað teljast traustar tryggingar.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni og í mati á eiginfjárþörf til að tryggja að ekki sé hætta á að lánveitingin skapi kerfislæga áhættu í fjármálakerfinu. Reglurnar taki einnig til þess með hvaða hætti meta skal lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf, hvort sem þau eru útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að samræmist ákvæðum 1. mgr. og 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um lánveitingar dótturfélaga eftir því sem við á.

21. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluti og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.

23. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

24. gr.

Í stað orðanna „stjórnun og fjárhagsstaða“ í 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: stjórnun eða fjárhagsstaða.

25. gr.

Í stað orðanna „traust og eftirlit“ í 2. málsl. 39. gr. laganna kemur: traust eða eftirlit.

26. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

27. gr.

40. gr. a laganna fellur brott.

28. gr.

41. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingar í tilkynningu.

Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 40. gr. skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstaða þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.
8. Reynsla þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarseta eða önnur þátttaka þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í starfsemi annarra lögaðila.

10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum þessum hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis. Sama á við ef aðilinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

29. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir móttöku tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. málsl., bætist bið eftir upplýsingunum við dagafjölda skv. 4. málsl., þó ekki umfram tuttugu virka daga. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindri eðlilegt eftirlit.
5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.

30. gr.

43. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

31. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Dráttur. Endurnýjun tilkynningar.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 40.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

32. gr.

45. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 41.–43. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

33. gr.

46. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

34. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Hömlur á meðferð hlutar meðan tímafrestur stendur.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda gagnvart fjármálafyrirtækinu sem um ræðir fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka málið til skoðunar skv. 42. gr. er liðinn eða niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, hafi eftirlitið tekið tilkynningu um hin fyrirhuguðu kaup eða aukningu til frekari skoðunar. Á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur skv. 42. gr. er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um breytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði 2. málsl. eiga þó ekki við um meðferð eignarhlutar sem aðili átti fyrir eða er ekki umfram virkan eignarhlut.

35. gr.

47. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 25%, 33%, 50% eða svo mikið að fjármálafyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjáraukningar.

36. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tilkynning fjármálafyrirtækis um aðilaskipti.

Þegar hlutafjár- eða stofnfjáreign í fjármálafyrirtæki fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra. Sama á við um eigendur stofnfjár.

37. gr.

49. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Upplýsingaskylda.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 40. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

38. gr.

Á eftir 49. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 49. gr. a og 49. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (49. gr. a.)

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því, að mati Fjármálaeftirlitsins, hver sé eða verði raunverulegur eigandi virks eignarhlutar skal það tilkynna þeim sem sendi tilkynningu skv. 40. gr. eða fjármálafyrirtækinu sjálfu, ef ekki næst til þess sem tilkynnti, að eftirlitið telji viðkomandi ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

b. (49. gr. b.)

Náin tengsl.

Ákvæði 40.–49. gr. gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

39. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Framkvæmdastjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega

misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis og stjórnarmenn annars eftirlitsskylds aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

Stjórnarseta skv. 5. mgr. skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt.

40. gr.

Á eftir 52. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 52. gr. a, 52. gr. b og 52. gr. c, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (52. gr. a.)

Stjórn fjármálafyrirtækis boðar til aðalfundar félagsins.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal boða til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar. Nú boðar stjórn ekki til fundar í samræmi við 1. málsl. og skal þá Fjármálaeftirlitið boða til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem er atkvæðisbær á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra í þeim tilvikum og skal stjórn afhenda honum skrá yfir þá sem eru atkvæðisbærir, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

b. (52. gr. b.)

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar mynduð er félagasamstæða og fjármálafyrirtæki öðlast yfirráð í öðru félagi. Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

c. (52. gr. c.)

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórnarformanni í fjármálafyrirtæki er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

42. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um viðskipti þess við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá sem eru í nánum tengslum við framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega. Skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

43. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 57. gr. a og 57. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (57. gr. a.)

Kaupaukakerfi.

Að teknu tilliti til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er fjármálafyrirtæki heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningsskilareglur heimila og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

b. (57. gr. b.)

Starfslokasamningur.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og fjármálafyrirtækis hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

44. gr.

77. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.
b. 5. mgr. orðast svo:

Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, innborgað stofnfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, yfirverðsreikningur stofnfjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa eða stofnfjárbréfa, viðskiptavild, reiknaðri skattinneign og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eigin fé dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum. Leiði núvirðing skuldbindinga til myndunar eigin fjár skal draga það eigið fé frá eiginfjárþætti A. Með innborguðu hlutafé eða stofnfé er átt við að greiðsla í peningum (e. cash money) hafi farið fram.

c. Á eftir 10. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem eru taldir í 5. mgr. dragist frá eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „1. málsl.“ í 2. mgr. falla brott.

47. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Jafnframt skal í ársreikningi tilgreina upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.
b. 2. mgr. orðast svo:

Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í fjármálafyrirtæki og er skylt að mæta á aðalfundi.

49. gr.

Orðin „sbr. 2. mgr. 18. gr.“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

50. gr.

Við 6. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú neytir slitastjórn heimildar samkvæmt framansögðu til að greiða kröfur að hluta eða fullu en ekki hefur verið til lykta leiddur ágreiningur um viðurkenningu kröfu, sem þeim gæti staðið jafnfætis í réttindaröð, og skal þá slitastjórn leggja á sérstakan geymslureikning fjárhæð sem svarar til greiðslu á þeirri kröfu eða upp í hana eins og sú greiðsla gæti hæst orðið samkvæmt kröfugerð hlutaðeigandi kröfuhafa. Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal innstæða geymslureikningsins ásamt áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafa hans hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa á reikningnum skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins.

51. gr.

2. mgr. 107. gr. laganna fellur brott.

52. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 8. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um fjármálafyrirtæki,
3. 1. mgr. 12. gr. um einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir,
4. 3. mgr. 17. gr. um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins,
5. 17. gr. a um skyldu til að halda sérstaka skuldbindingaskrá og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins,
6. 2. mgr. 17. gr. b um að eftirlitsskyldur aðili skuli fara að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins,
7. 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði,
8. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
9. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
10. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
11. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
12. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
13. 1. og 3. mgr. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
14. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
15. 1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr. um starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis,
16. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
17. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
18. 47. gr. um tilkynningu eiganda,

19. 48. gr. um tilkynningu fjármálafyrirtækis,
20. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
21. 2., 3., 4. og 7. mgr. 52. gr. um hæfisskilyrði, setu stjórnarmanna í stjórn annars fjármálafyrirtækis og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
22. 52. gr. b um tilkynningu stjórnar móðurfélags,
23. 52. gr. c um tilkynningu stjórnar og framkvæmdastjóra til Fjármálaeftirlitsins,
24. 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. um hæfisskilyrði starfsmanna fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og tilkynningar um mannabreytingar,
25. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
26. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
27. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
28. 57. gr. um starfsreglur,
29. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
30. 57. gr. b um starfslokasamninga,
31. 58. gr. um þagnarskyldu,
32. 3. mgr. 63. gr. um að halda og uppfæra skrá yfir stofnfjáreigendur,
33. 3. mgr. 66. gr. um að setja og fylgja reglum um viðskipti með stofnfé,
34. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
35. 2. mgr. 69. gr. um skyldur sparisjóðs,
36. 3. mgr. 80. gr. um upplýsingaskyldu rafeyrisfyrirtækja,
37. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
38. 3. málsl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
39. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
40. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
41. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
42. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
43. 91. gr. um hæfi endurskoðanda,
44. 92. gr. um upplýsingaskyldu endurskoðanda,
45. 95. gr. um skil ársreiknings til Fjármálaeftirlitsins,
46. 106. gr. um samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess,
47. 107. gr. um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins,
48. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

53. gr.

112. gr. b laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 2. mgr. 17. gr. b um upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins,
3. 2. mgr. 19. gr. um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins,
4. 2. mgr. 21. gr. um tilkynningarskyldu um hliðarstarfsemi,
5. 22. gr. um tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna,
6. 3. mgr. 27. gr. um að rekstrarfélagi sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa,
7. 29. gr. um eignarhald og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins,
8. 1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum,
9. 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum,
10. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr. um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi,
11. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut,
12. 46. gr. a um hömlur á meðferð hlutar,
13. 49. gr. um upplýsingaskyldu,
14. 2. og 3. mgr. 54. gr. um starfsreglur og bann við starfandi stjórnarformanni,
15. 2. og 3. mgr. 55. gr. um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála,
16. 56. gr. um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri,
17. 1. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki,
18. 57. gr. a um kaupaukakerfi,
19. 57. gr. b um starfslokasamninga,
20. 58. gr. um þagnarskyldu,
21. 68. gr. um ráðstöfun arðs,
22. 1., 2. og 4. mgr. 81. gr. um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja,
23. 1. mgr. 86. gr. um upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár,
24. 87. gr. um samningu og undirritun ársreiknings,
25. 1. mgr. 88. gr. um góða reikningsskilavenju,
26. 89. gr. um skýrslu stjórnar,
27. 91. og 92. gr. um hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna.

54. gr.

Við 117. gr. laganna bætist: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða I–IV falla brott.
b. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:
   a. Í stað „2. mgr. 10. gr.“ í 1. tölul. kemur: 3. mgr. 98. gr.

b. Orðin „sbr. 1. efnismgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laga þessara“ í 2. tölul. falla brott.
c. Orðin „sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara“ í 3. tölul. falla brott.

c. Í stað orðanna „1. júlí 2010“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2011.
d. Við bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:
Fjármálafyrirtæki hafa ráðrúm til næsta aðalfundar eftir samþykkt laga þessara til að uppfylla hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn innri endurskoðunardeilda hafa ráðrúm til 31. desember 2010 til að uppfylla hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir 48. gr. laga þessara, sbr. 90. gr. laganna, er endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem veitt hefur fjármálafyrirtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laga þessara heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki heimilt að veita fjármálafyrirtæki þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr. laga þessara öðlast eftirtalin ákvæði gildi sem hér segir:

1. 2. mgr. 8. gr. (um breyting á 16. gr.) um hæfisskilyrði forstöðumanns innri endurskoðunar tekur gildi 1. janúar 2011.
2. 10. gr. (um 17. gr. a og 17. gr. b) tekur gildi 1. janúar 2011.
3. 13. gr. (um 19. gr. a) tekur gildi 1. janúar 2011.
4. 3. mgr. 39. gr. (um breyting á 52. gr.) um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra tekur gildi 1. júlí 2011.
5. 4. mgr. 39. gr. (um breyting á 52. gr.) um setu í stjórn annars eftirlitsskylds aðila tekur gildi á næsta aðalfundi í viðkomandi fjármálafyrirtæki og þó eigi síðar en 1. apríl 2011.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. a laganna, sbr. a-lið 43. gr. laga þessara, er fjármálafyrirtækjum óheimilt til 1. janúar 2012 að gera samninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem jafna má til kaupaukasamninga ef slíkir samningar eru umfram 10% af heildarlaunaútgjöldum fjármálafyrirtækisins á ársgrunni eða ef þeir hækka laun einstakra starfsmanna um meira en 25% á ársgrunni umfram heildarlaun viðkomandi án kaupauka.

IV.

Málshöfðunarfrestir a-, b- og c-liðar 1. mgr. 136. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu ekki eiga við um fjármálafyrirtæki sem hefur verið tekið til slitameðferðar eða hefur hlotið eiginfjárframlag úr ríkissjóði, endurskipulagningu skulda með aðkomu ríkissjóðs eða Seðlabanka Íslands eða aðra sambærilega fyrirgreiðslu af hálfu þessara aðila. Sama á við um fjár-

málafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við ráðum yfir og skipað skilanefnd og naut heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laga nr. 44/2009.

Ákvæði þetta tekur til atvika og háttsemi sem gerðust fyrir gildistöku þessara laga jafnvel þótt málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn.

V.

Við slit á fjármálafyrirtæki sem tekið hefur verið til slitameðferðar og á undir ákvæði til bráðabirgða V í lögunum skal slitastjórn, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 119. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., afhenda þeim sem þess óskar eintak kröfuskrár eða birta kröfuskrá með opinberum hætti. Slitastjórn er heimilt að krefjast greiðslu til búsins fyrir kostnaði af gerð eintaksins. Við slíka birtingu skulu þó ekki veittar upplýsingar um nöfn kröfuhafa sem krafist hafa réttarstöðu skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

VI.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skal skipa nefnd sem hafi það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, væntanlegum tillögum þingmannanefndar Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi fjármálageirans eftir fall bankanna. Nefndin skal m.a. skoða stöðu og starfsumhverfi sparisjóða, eignarhald fjármálafyrirtækja á vátryggingafélögum og öfugt, reglur um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtæki og hvernig verði best hægt að tryggja dreift eignarhald, og hvort skilja beri að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

1323. Frumvarp til laga [523. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. júní.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn sem falla undir safnalög hafa heimild til að gera eintök af:

1. verkum í öryggis- og varðveisluskyni,
2. verkum sem í vantar hluta, sem telst minni hluti verksins í heild, og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda; tekur heimild til gerðar eintaka samkvæmt þessu ákvæði einungis til þess hluta verka sem vantar í eintak viðkomandi safns,
3. verkum sem safni er skylt, lögum samkvæmt, að eiga eintök af á safni sínu og ófáanleg eru á almennum markaði og hjá útgefanda,
4. verkum þegar frumrit þeirra eru of viðkvæm til útláns og eru ófáanleg á almennum markaði og hjá útgefanda.

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. er bundin við að eintökin séu einungis til notkunar í starfsemi safnanna og að eintakagerðin sé ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Söfnum eru þó heimil útlán á eintökum sem afrituð hafa verið skv. 2.–4. tölul. 1. mgr.

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. tekur ekki til forrita á stafrænu formi nema um tölvuleiki sé að ræða.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, svohljóðandi:

Þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum sem ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra.

3. gr.

Orðið „íslenska“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. a laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

b. Orðin „og heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða leigu til almennings“ í 2. mgr. falla brott.

c. 3. mgr. fellur brott.

d. 4. mgr. verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

5. gr.

Á eftir orðunum „1. mgr. 11. gr.“ í 3. mgr. 45. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

6. gr.

Á eftir orðunum „1. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

7. gr.

Á eftir orðinu „ákvæðum 1. mgr. 11. gr.“ í 3. mgr. 48. gr. laganna kemur: 12. gr., 12. gr. a.

8. gr.

Á eftir orðunum „að því er kennslu varðar“ í 1. málsl. 1. mgr. 50. gr. c laganna kemur: 19. gr.

9. gr.

Á eftir 53. gr. laganna kemur ný grein, 53. gr. a, svohljóðandi:

Mennta- og menningarmálaráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar þeirra samtaka sem nefnd eru í 6. mgr. 11. gr., 1. mgr. 15. gr. a, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr.

10. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt.

11. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fer við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. 2. mgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi að eintökin séu afhent brotaþola, eyðilögð, fjarlægð af markaði eða tekin úr dreifingu, varanlega eða tímabundið, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Hið sama gildir um efni, áhöld og aðra muni sem varða undirbúning eða framkvæmd brots.

Ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. skulu eiga sér stað á kostnað hins brotlega og án endurgjalds af hálfu brotaþola. Liggi til þess alveg sérstakar ástæður er þó heimilt að kveða á um í dómi að brotaþoli skuli greiða hæfilegt endurgjald.

Við ákvörðun dómara skv. 1. og 2. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli umfangs brots og þeirra ráðstafana sem kveðið er á um jafnframt því sem tekið skal hæfilegt tillit til hagsmuna þriðja manns, þar á meðal í þeim tilvikum þegar eigandi munar veit ekki um brot.

12. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Sá sem hefur brotið gegn lögum þessum af ásetningi eða gáleysi skal greiða bætur vegna brotsins. Þótt brotið sé framið í góðri trú er heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotaþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni.

Dæma má höfundi eða öðrum rétthafa bætur fyrir miska vegna brots á lögum þessum.

13. gr.

Á eftir 59. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (59. gr. a.)

Þau samtök, sem hlotið hafa löggildingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 23. gr. og 23. gr. a, geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem löggildingin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétthöfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Að því tilskildu að fullnægt sé öðrum þeim skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., geta einstakir rétthafar eða samtök þeirra fengið lagt lögbann við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð vegna miðlunar eða sjálfvirkrar, millistigs- eða skammtímageymslu gagna. Enn fremur verður lögbann lagt við því að þjónustuveitandi hýsi gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð á gögnunum.

Um lögbann samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

b. (59. gr. b.)

Í dómsmáli vegna brots á lögum þessum getur dómari að kröfu málsaðila lagt fyrir gagnaðila eða þriðja aðila að láta í té upplýsingar, sem hann hefur aðgang að, um vörur eða þjónustu sem kann að fela í sér brot á lögunum. Þetta á þó aðeins við ef sá sem krafan beinist að:

1. hefur í atvinnuskyni haft umráð yfir vörunum,
2. hefur í atvinnuskyni notað þjónustuna,
3. hefur veitt þjónustu sem notuð er til athafna er kunna að fela í sér brot á lögunum,
4. hefur veitt aðstoð við að framleiða eða dreifa vörunni eða við að veita þjónustuna.

Upplýsingar þær sem um ræðir í 1. mgr. ná til:

1. nafns og heimilisfangs framleiðenda, dreifingaraðila, þjónustuveitanda og annarra fyrrverandi eigenda vara og þjónustu og til heildsala og smásala sem vörurnar voru ætlaðar,
2. magns framleiddra, afhentra, móttekinna eða pantaðra vara eða þjónustu og söluandvirði vara eða þjónustu.

Dómara ber að synja kröfu skv. 1. mgr. ef ætla má að það að láta upplýsingarnar í té muni valda þeim sem krafan beinist að óhæfilegu tjóni, að teknu tilliti til þess hve mikið er í húfi fyrir þann sem kröfuna gerir til að fá upplýsingarnar.

Ekki er skylt að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari grein ef sá sem krafa beinist að er undanþeginn vitnaskyldu samkvæmt almennum réttarfarsreglum.

c. (59. gr. c.)

Í dómi þar sem kveðið er á um brot á lögum þessum eða ráðstafanir skv. 55. gr. má að beiðni brotaþola mæla fyrir um birtingu dómsins að hluta eða í heild. Birtingin skal fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast.

Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9/2006 fellur brott.

1324. Frumvarp til laga [574. mál]

um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

(Eftir 2. umr., 12. júní.)

I. KAFLI

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðaþróun með því að tilgreina hvaða ívilnanir heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi og hvernig þeim skuli beitt.

2. gr.

Gildissvið og heimild.

Lög þessi ná til skilgreindra ívilnana sem kveðið er á um í III. og IV. kafla vegna nýfjárfestinga hér á landi, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 5. gr.

Á grundvelli laga þessara er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga, sbr. 21. gr., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um aðkomu ríkisins og, eftir atvikum, sveitarfélaga vegna nýfjárfestinga hér á landi.

Lög þessi ná ekki til fjárfestinga í fyrirtækjum sem veita þjónustu á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, laga um vátryggingastarfsemi eða laga um verðbréfaviðskipti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum skal eftirfarandi merking lögð í þessi hugtök:

1. *Byggðaaðstoð:* Ríkisaðstoð sem veitt er með heimild í c-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að efla byggðaþróun og efnahagslíf á ákveðnu landsvæði í samræmi við samþykkt byggðakort.
2. *Byggðakort:* Kort af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur, með ákvörðun nr. 378/06/COL, samþykkt fyrir árin 2007–2013, þar sem fram kemur á hvaða svæðum á Íslandi heimilt er að veita byggðaaðstoð og að hvaða marki.
3. *Fjárfestingarverkefni:* Verkefni sem nýfjárfesting lýtur að.
4. *Fjárfestingarkostnaður:* Kostnaður vegna áþreifanlegra eigna (t.d. lands, bygginga, tækja og búnaðar) sem fellur til í tengslum við fjárfestingarverkefni hér á landi. Kostnaður vegna óáþreifanlegra eigna (t.d. hugverkaréttinda og leyfa) getur einnig talist til fjárfestingarkostnaðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem sett skulu í reglugerð sem iðnaðarráðherra gefur út. Eingöngu kostnaður sem fellur til eftir gildistöku laga þessara getur talist til fjárfestingarkostnaðar í skilningi þeirra.
5. *Ívilnun:* Skilgreind ríkisaðstoð skv. III. og IV. kafla sem er forsenda þess að tiltekið fjárfestingarverkefni verði að veruleika hér á landi.
6. *Lítið fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til

beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal við lög þessi, sbr. 27. gr.

7. *Meðalstórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.
8. *Nýfjárfesting:* Fjárfesting sem lýtur að uppsetningu nýs verkefnis eða nýrrar starfsemi hér á landi eða felur í sér sjálfstæða viðbót við eldra verkefni. Fjárfesting sem kemur í stað eldri fjárfestingar telst ekki nýfjárfesting í skilningi laga þessara.
9. *Stórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

II. KAFLI

4. gr.

Umsókn um ívilnun.

Umsókn um ívilnun vegna nýfjárfestingar á Íslandi skal send iðnaðarráðuneytinu. Sérstök þriggja manna nefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögur til iðnaðarráðherra um afgreiðslu, sbr. 17. gr.

Umsókn um ívilnun, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en hafist er handa við fyrirhugað fjárfestingarverkefni hér á landi. Umsókn skulu fylgja öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum.

Um meðhöndlun umsókna um ívilnun fer samkvæmt ákvæðum V. kafla.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ívilnana.

Við mat á því hvort veita eigi ívilnun vegna nýfjárfestingar samkvæmt lögum þessum skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
b. að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um viðkomandi fjárfestingarverkefni, þá aðila sem að því standa og hvernig fjármögnun er háttað,
c. að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki hafið áður en undirritaður er samningur um ívilnun skv. 21. gr. og að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika hér á landi,
d. að a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði séu fjármögnuð án ríkisaðstoðar og þar af séu að lágmarki 20% fjármögnuð af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun,
e. að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 millj. kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk hjá umsóknaraðila við rekstur fjárfestingarverkefnis á fyrstu tveimur árum þess,
f. að fyrir liggi arðsemisútreikningar, sbr. 18. gr., sem sýni fram á að viðkomandi nýfjárfesting sé þjóðhagslega hagkvæm út frá hagsmunum íslensks efnahagslífs og samfélags, t.d. út frá atvinnusköpun, byggðaþróun, útflutningi, skatttekjum, nýsköpun og aukinni þekkingu,
g. að um nýfjárfestingu sé að ræða og að tæki og búnaður sem kemur til vegna hennar sé nýr eða nýlegur og uppfylli skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir,

h. að viðkomandi nýfjárfesting verði eftir að rekstur hefst að lágmarki til 10 ára í starfrækslu á viðkomandi svæði á Íslandi,
i. að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli, þ.m.t. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög á sviði umhverfisréttar, og starfsemin brjóti ekki í bága við almennt velsæmi,
j. að ekki séu fyrir hendi, hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess, vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi eða endurgreiðslukrafa skv. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, og að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja,
k. að eigendur sem fara með virkan eignarhlut og framkvæmdastjóri viðkomandi félags séu lögráða, hafi óflekkað mannorð og orðspor sem samrýmist reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þeir skulu ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu fimm árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

III. KAFLI

6. gr.

Byggðaaðstoð.

Í kafla þessum er kveðið á um hvaða ívilnanir stjórnvöldum er heimilt að veita í formi byggðaaðstoðar vegna fjárfestingarverkefna hér á landi.

Heimildir stjórnvalda til að veita ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar takmarkast af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda skv. 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þær skuldbindingar og heimildir eru nánar útfærðar í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/06/COL, frá 6. desember 2006, um byggðakort og aðstoðarhlutföll (Ísland) sem birt var 28. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11, bls. 28, en þar kemur fram á hvaða svæðum á Íslandi heimilt er að veita byggðaaðstoð árin 2007–2013, þ.e. Suðurkjördæmi, Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi, og að hvaða marki.

7. gr.

Hámark leyfilegrar byggðaaðstoðar.

Með vísan til 2. mgr. 6. gr. getur ívilnun á grundvelli byggðaaðstoðar, sbr. 8.–10. gr., almennt numið að hámarki 15% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði þess fjárfestingarverkefnis sem sótt er um ívilnun fyrir. Fyrir meðalstór fyrirtæki er hámark ívilnunar 25% af fjárfestingarkostnaði og fyrir lítil fyrirtæki er hámark ívilnunar 35% af fjárfestingarkostnaði.

Í þeim tilvikum þegar fjárfestingarkostnaður fjárfestingarverkefnis er meiri en 50 milljónir evra lækkar hlutfall leyfilegrar hámarksaðstoðar, sbr. 1. mgr., í samræmi við heildarfjárfestingarkostnað, sbr. 3. mgr.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um útreikning á leyfilegu hlutfalli ríkisaðstoðar, samkvæmt grein þessari, í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundna byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 85/06/COL, frá 6. apríl 2006, sem birt var 28. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 11, bls. 1.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag byggðaaðstoðar.

8. gr.

Ívilnun í formi beins fjárstuðnings.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi beins opinbers fjárstuðnings vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis til þess félags sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið. Er þá um að ræða stofnfjárstyrk sem fellur til í upphafi verkefnis.

Um hámark ívilnunar skv. 1. mgr. vísast til 7. gr., sbr. 21. gr.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag hins beina fjárstuðnings.

9. gr.

Ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi frávika frá sköttum eða opinberum gjöldum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Félag sem stofnað er um nýfjárfestingu og uppfyllir öll skilyrði laga þessara fyrir veitingu ívilnunar skal njóta eftirfarandi skattalegra ívilnana:

1. Tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skal, í þann tíma sem kveðið er á um í 3. mgr., aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur skv. 21. gr. er gerður við félagið.
2. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
3. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum.
4. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við uppbyggingu viðkomandi fjárfestingarverkefnis.
5. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
6. Skatthlutfall fasteignaskatts viðkomandi félags skal vera 30% lægra en lögbundið hámark að viðbættu álagi skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.
7. Almennt tryggingagjald viðkomandi félags skal vera 20% lægra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.
8. Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Þau frávik frá almennum reglum um skatta og opinber gjöld sem kveðið er á um í 2. mgr. gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda myndast hjá því félagi sem ívilnunar nýtur, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings skv. 21. gr.

Félag sem ívilnunar nýtur samkvæmt grein þessari skal, að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr., greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma. Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um viðkomandi félag.

Um hámark ívilnunar samkvæmt grein þessari vísast til 7. gr., sbr. 20. gr.

10. gr.

Ívilnun í tengslum við land eða lóð undir nýfjárfestingu.

Byggðaaðstoð getur samkvæmt lögum þessum verið í formi sölu eða leigu ríkis eða sveitarfélags á landi eða lóð í eigu ríkis eða sveitarfélags undir viðkomandi fjárfestingarverkefni til þess félags sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði.

Um hámark ívilnunar skv. 1. mgr. vísast til 7. gr., sbr. 20. gr.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar sem tengd er sölu eða leigu á landi eða lóð.

IV. KAFLI

11. gr.

Almennar ívilnanir.

Í kafla þessum er kveðið á um hvaða ívilnanir stjórnvöldum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi, óháð staðsetningu fjárfestingarverkefnis.

Heimildir stjórnvalda til að veita ívilnun vegna fjárfestinga, sem ekki eru byggðatengdar, takmarkast af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda skv. 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þær heimildir eru nánar útfærðar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð um almenna hópundanþágu), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 sem birt var 18. desember 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal við lög þessi, sbr. 27. gr.

Ívilnun skv. 12.–15. gr. laga þessara getur verið í formi beins fjárstuðnings, frávika frá tilteknum sköttum og gjöldum skv. 9. gr. eða annarrar tegundar leyfilegrar ríkisaðstoðar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

12. gr.

Ívilnun vegna þjálfunarkostnaðar nýfjárfestingar.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi þjálfunaraðstoðar vegna kostnaðar við þjálfun starfsfólks sem fellur til í tengslum við nýfjárfestingu.

Hámark leyfilegrar þjálfunaraðstoðar eru 2 milljónir evra fyrir hvert fjárfestingarverkefni.

Um skilyrði fyrir veitingu þjálfunaraðstoðar vísast nánar til 38. og 39. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna þjálfunarkostnaðar.

13. gr.

Ívilnun vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem hlutfall af fjárfestingareða launakostnaði viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Ívilnun skv. 1. mgr. getur að hámarki numið 10% af skilgreindum fjárfestingarkostnaði fyrir meðalstór fyrirtæki en 20% fyrir lítil fyrirtæki, þó aldrei að hærri fjárhæð en 7,5 milljónir evra fyrir hvert fjárfestingarverkefni.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vísast nánar til 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

14. gr.

Ívilnun vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefni sem hlutfall af fjárfestingarkostnaði viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum vísast nánar til 30.–37. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er slík ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefni.

15. gr.

Ívilnun vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna.

Almenn ívilnun vegna fjárfestingarverkefnis getur samkvæmt lögum þessum verið í formi ívilnunar til fyrirtækja vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga sem fela í sér umbætur eða nýsköpun í umhverfis- og náttúruvernd, þ.m.t. orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Um skilyrði fyrir veitingu ívilnunar samkvæmt þessari grein vísast nánar til 17.–25. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, sbr. fylgiskjal við lög þessi.

Í samningi milli stjórnvalda og þess aðila sem veitt er slík ívilnun, sbr. 21. gr., skal nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnunar vegna umhverfistengdra nýfjárfestinga.

16. gr.

Almenn frávik frá tilgreindum ákvæðum laga.

Í samningi skv. 21. gr. er heimilt að kveða á um að viðkomandi félag, sem stofnað er um nýfjárfestingu og reisir og rekur fjárfestingarverkefnið, skuli undanþegið:

1. ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur það skilyrði að ⅘ hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara

og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar,
2. ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem þess er krafist að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri einkahlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi, svo og sambærilegum síðari ákvæðum,
3. ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum,
4. ákvæðum laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, enda viðhaldi félagið fullnægjandi viðlagatryggingu.

V. KAFLI

17. gr.

Nefnd um veitingu ívilnana vegna nýfjárfestinga.

Sérstök þriggja manna nefnd iðnaðarráðherra fer yfir umsóknir um ívilnun, sbr. 4. gr., og gerir tillögu til ráðherra um afgreiðslu. Iðnaðarráðherra skipar nefndina og skulu fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra tilnefna sinn mann hvor, en sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin leggur mat á umsóknir og kallar eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru.

Nefndin skal hafa samráð við sveitarfélög í tengslum við aðkomu þeirra að fyrirhuguðum fjárfestingarverkefnum sem staðsett eru innan umdæma þeirra.

Við mat á umsókn um ívilnun skal nefndin hafa heimild til þess að afla álits sérfróðra aðila um þætti sem að umsókn snúa, til að mynda varðandi mat á efnahags- og samfélagslegum ávinningi.

Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda um störf nefndarinnar. Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um störf nefndarinnar.

18. gr.

Arðsemisútreikningar.

Áður en nefnd skv. 17. gr. gerir tillögu til iðnaðarráðherra vegna umsóknar um ívilnun skal Fjárfestingarstofa framkvæma útreikninga fyrir nefndina á arðsemi og ávinningi fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis og vinna aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að liggi fyrir áður en tekin er afstaða til umsóknar.

Aðili sem sækir um ívilnun skal leggja fram rekstrar- og viðskiptaáætlun vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis sem kleift er að byggja arðsemisútreikninga á og meta þannig þann virðisauka sem eftir verður í landinu vegna viðkomandi verkefnis. Liggi fullnægjandi gögn ekki fyrir til að framkvæma arðsemisútreikninga skal Fjárfestingarstofa kalla eftir þeim.

Ívilnanir skulu því aðeins boðnar umsækjanda ef arðsemisútreikningar gefa með skýrum hætti til kynna að veiting ívilnunar til viðkomandi fjárfestingarverkefnis hafi í för með sér efnahags- og samfélagslegan ávinning fyrir Ísland, jafnt til lengri sem skemmri tíma.

Við mat á efnahags- og samfélagslegum ávinningi af fyrirhugaðri starfsemi skal horft til mismunandi samsetninga ívilnana sem leyfilegar eru skv. III. og IV. kafla laga þessara.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um arðsemisútreikninga, hvernig þeir skuli framkvæmdir og hvaða gögn þurfa að liggja fyrir áður en þeir eru framkvæmdir.

19. gr.

Boð um ívilnun.

Nefnd skv. 17. gr. skal gera tillögu til iðnaðarráðherra um að hafna beiðni um ívilnun eða að leggja fyrir umsækjanda boð um ívilnun.

Leggi iðnaðarráðherra fram boð um ívilnun skal það byggjast á þeim heimildum sem fram koma í III. og IV. kafla og getur það verið samsett úr fleirum en einni tegund ívilnana, sbr. þó 20. gr.

20. gr.

Takmörk leyfilegrar ívilnunar.

Ívilnun til umsækjanda vegna fjárfestingarverkefnis getur að hámarki ekki farið yfir þau mörk sem leyfileg eru í samræmi við reglur þær um byggðaaðstoð sem fram koma í III. kafla eða samkvæmt reglum um almennar ívilnanir sem fram koma í IV. kafla. Ekki er heimilt að fullnýta ívilnanir bæði úr III. og IV. kafla vegna sama fjárfestingarverkefnis þannig að samtala ívilnunar fari yfir þau mörk sem kveðið er á um í lögum þessum að meðtalinni annarri ríkisaðstoð sem sami aðili kann að hafa notið vegna sama fjárfestingarverkefnis.

21. gr.

Samningur um veitingu ívilnunar.

Fallist umsækjandi á boð iðnaðarráðherra um ívilnun skal gerður samningur milli umsækjanda og iðnaðarráðherra, fyrir hönd stjórnvalda og, eftir atvikum, sveitarfélaga um veitingu ívilnunar vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Samningur skv. 1. mgr. skal kveða á um þær skuldbindingar sem kunna að þykja nauðsynlegar fyrir viðkomandi fjárfestingarverkefni og hversu lengi samningur skuli gilda. Í samningi skal enn fremur m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

a. skilgreiningu og afmörkun á viðkomandi fjárfestingarverkefni,
b. skilgreiningu og afmörkun á þeim lögaðila sem ívilnunar nýtur samkvæmt samningnum,
c. hvaða ívilnunum veitt er til verkefnisins,
d. hvernig ívilnun er komið til verkefnis og á hvaða tíma,
e. eftirlit og endurgreiðslu ívilnunar ef skilyrði samnings eru ekki uppfyllt.

Samningur um veitingu ívilnunar skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda í 13 ár frá undirritun hans. Ívilnun sem veitt er á grundvelli 9. gr. skal, sbr. 3. mgr. 9. gr., gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. myndast, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings um veitingu ívilnunar.

Samningur um veitingu ívilnunar, sem iðnaðarráðherra undirritar samkvæmt lögum þessum, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

22. gr.

Fjárheimild.

Að því leyti sem um beinar greiðslur úr ríkissjóði er að ræða er veiting ívilnunar samkvæmt lögum þessum háð fjárveitingu Alþingis hverju sinni samkvæmt fjárlögum og, eftir því sem við á, fjárveitingu sveitarfélaga.

23. gr.

Afmörkun ívilnunar.

Ívilnun er eingöngu veitt vegna ákveðins fjárfestingarverkefnis umsækjanda en ekki til annarrar starfsemi hans. Aðila sem ívilnunar nýtur samkvæmt lögum þessum er einvörðungu heimilt að nýta þá ívilnun í það skilgreinda fjárfestingarverkefni sem kveðið er á um í samningi skv. 21. gr.

24. gr.

Eftirlit með notkun ívilnunar.

Til tryggingar á réttri notkun ívilnunar, sbr. 23. gr., ber aðila sem ívilnunar nýtur að senda iðnaðarráðuneyti árlega skýrslu um framvindu fjárfestingarverkefnis, hlut ívilnunar í framgangi þess, samtals fjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á undanförnu ári og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila ef einhver er.

Iðnaðarráðuneyti skal upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um atvik sem geta haft áhrif á gildi samninga sem gerðir hafa verið og skulu viðkomandi sveitarfélög á sama hátt upplýsa iðnaðarráðuneyti um atvik af þessu tagi.

25. gr.

Afturköllun og/eða endurgreiðsla ívilnunar.

Fella ber niður ívilnun og endurkrefja um þegar veitta ívilnun komi í ljós að aðili sem nýtur ívilnunar hefur vísvitandi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum sem höfðu áhrif á veitingu ívilnunarinnar.

Endurkrefja ber um ívilnun ef hún hefur verið nýtt til annarra hluta en fjárfestingarverkefnis þess sem var forsenda veitingar hennar.

Komi í ljós að ívilnun til aðila er komin umfram þær heimildir sem fram koma í lögum þessum eða samningi um veitingu ívilnunar skal endurkrefja aðila um þann hlut sem umfram er og stöðva veitingu frekari ívilnunar.

Ef ákvörðun um ívilnun er afturkölluð, samkvæmt grein þessari eða í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um ólögmæta ríkisaðstoð, skulu stjórnvöld, sbr. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, gera ráðstafanir til þess að endurheimta veitta ríkisaðstoð frá þiggjanda hennar.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI

27. gr.

Innleiðing á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008, frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð um almenna hópundanþágu), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 sem birt var 18. desember 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal með lögum þessum og hefur lagagildi hér á landi.

28. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi 31. desember 2013. Ívilnanir sem veittar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu út þann tíma sem kveðið er á um í viðkomandi samningi um veitingu ívilnunar, sbr. 21. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ári áður en lög þessi falla úr gildi skal iðnaðarráðherra skipa nefnd sem leggja skal mat á hvernig til hafi tekist með framkvæmd laga þessara og gera tillögu um hvort framlengja skuli gildistíma þeirra, að undangenginni endurskoðun á ákvæðum laga þessara. Endurskoðuninni skal lokið eigi síðar en 31. desember 2013.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 800/2008

frá 6. ágúst 2008

þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum altækrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum a- og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tiltekin skilyrði sé aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð í þágu rannsókna og þróunar, aðstoð í þágu umhverfisverndar, atvinnumála og menntunar og aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans í allmörgum ákvörðunum og öðlast nægilega reynslu til að skilgreina viðmiðanir um samrýmanleika að því er varðar aðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í formi fjárfestingaraðstoðar á svæðum sem njóta aðstoðar og utan þeirra, í formi áhættufjármagnskerfa og á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, einkum með tilliti til framkvæmdar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans með tilliti til ríkisaðstoð-

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 210, 8.9.2007, bls. 14.

ar við lítil og meðalstór fyrirtæki ([3]), og að því er varðar útvíkkun á gildissviði þeirrar reglugerðar þannig að það taki til aðstoðar vegna rannsókna og þróunar, framkvæmdar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 ([4]), framkvæmdar á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð og áhættufjármagn ([5]) og viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til að stuðla að auknum áhættufjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([6]), sem og til framkvæmdar á rammareglum Bandalagsins vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar ([7]).

3) Framkvæmdastjórnin hefur einnig öðlast nægilega reynslu af beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans á sviði aðstoðar til menntunar, aðstoðar til eflingar atvinnu, umhverfisverndar, aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og á sviði svæðisbundinnar aðstoðar bæði að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki svo og stór fyrirtæki, einkum með tilliti til framkvæmdar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar ([8]), reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu ([9]), reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð ([10]), rammareglna Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar ([11]), rammareglna Bandalagsins um aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna umhverfisverndar ([12]), viðmiðunarreglna Bandalagsins frá 2008 um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ([13]) og viðmiðunarreglna um innlenda, svæðisbundna aðstoð fyrir 2007–2013 ([14]).

4) Í ljósi þessarar reynslu er nauðsynlegt að aðlaga sum þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 68/2001, 70/2001, 2204/2002 og 1628/2006. Til einföldunar og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti haft skilvirkara eftirlit með aðstoð skal láta eina reglugerð koma í stað þessara reglugerða. Einföldun ætti m.a. að nást með almennum, samræmdum skilgreiningum og þverlægum ákvæðum sem mælt er fyrir um í I. kafla þessarar reglugerðar. Til þess að tryggja samfellu í lögum um ríkisaðstoð skulu skilgreiningar á aðstoð og aðstoðarkerfi samsvara þeim skilgreiningum sem kveðið er á um fyrir þessi hugtök í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ([15]). Slík einföldun er nauðsynleg til að tryggja að Lissabon-áætlunin um hagvöxt og atvinnu skili árangri, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

5) Samkvæmt þessari reglugerð skal undanþiggja hvers konar aðstoð sem uppfyllir öll viðeigandi skilyrði þessarar reglugerðar og hvers konar aðstoðarkerfi, enda uppfylli aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, öll þau skilyrði þessarar reglugerðar sem máli skipta. Til að tryggja gagnsæi og skilvirkara eftirlit með aðstoð skal hverri stakri aðstoð, sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, fylgja skýr tilvísun til gildandi ákvæða II. kafla og til landslaga sem staka aðstoðin grundvallast á.

6) Til að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin einnig vera í aðstöðu til þess að afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá aðildarríkjunum um þær ráðstafanir sem hrundið er í framkvæmd samkvæmt þessari reglugerð. Láti aðildarríki hjá líða að útvega upplýsingar innan eðlilegra tímamarka um þessar aðstoðarráðstafanir getur það talist vera vísbending um að ekki sé farið að skilyrðum þessarar reglugerðar. Slík vanræksla getur því orðið til þess að framkvæmdastjórnin ákveði að þessi reglugerð eða sá hluti hennar sem við á verði dreginn til baka síðar,

([3]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006 (Stjtíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85).
([4]) Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22.
([5]) Stjtíð. EB C 235, 21.8.2001, bls. 3.
([6]) Stjtíð. ESB C 194, 18.8.2006, bls. 2.
([7]) Stjtíð. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006.
([9]) Stjtíð. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1976/2006.
([10]) Stjtíð. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29.
([11]) Stjtíð. EB C 45, 17.2.1996, bls. 5.
([12]) Stjtíð. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3.
([13]) Stjtíð. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.
([15]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

að því er varðar viðkomandi aðildarríki, og að tilkynna verði framkvæmdastjórninni um alla síðari aðstoð, þ.m.t. nýjar, stakar aðstoðarráðstafanir sem eru veittar á grundvelli aðstoðarkerfa, sem áður féllu undir þessa reglugerð, í samræmi við 88. gr. sáttmálans. Um leið og aðildarríki hefur látið í té réttar og fullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin heimila að þessi reglugerð öðlist aftur fullt gildi.

7) Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, skal áfram falla undir tilkynningarskylduna í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð er með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkjanna að tilkynna aðstoð sem hefur samsvarandi markmið og þau sem þessi reglugerð tekur til. Framkvæmdastjórnin mun meta þess háttar aðstoð, m.a. á grundvelli þeirra skilyrða sem sett eru fram í þessari reglugerð og í samræmi við viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í sérstökum viðmiðunarreglum eða rammagerðum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir, í hvert sinn sem viðkomandi aðstoð er innan gildissviðs slíks sérgernings.

8) Þessi reglugerð gildir ekki um aðstoð við útflutning eða aðstoð þar sem innlendum vörum aðildarríkja er ívilnað á kostnað innfluttra. Hún gildir alls ekki þegar um er að ræða aðstoð við að fjármagna uppsetningu og rekstur dreifikerfis í öðrum löndum. Aðstoð við að standa straum af kostnaði við þátttöku í kaupstefnum, eða vegna rannsókna eða ráðgjafarþjónustu, sem er nauðsynleg til að setja nýja framleiðsluvöru eða framleiðsluvöru, sem er fyrir hendi, á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.

9) Þessi reglugerð gildir um nánast allar atvinnugreinar. Í fiskveiði- og lagareldisgreinum skal með þessari reglugerð einungis undanþegin aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til menntunar og aðstoð við illa setta eða fatlaða starfsmenn.

10) Í landbúnaðargeiranum skal með þessari reglugerð, í ljósi þeirra sérreglna sem gilda um frumframleiðslu landbúnaðarafurða, einungis undanþegin aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til menntunar, aðstoð til umhverfisverndar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna, að svo miklu leyti sem þessir flokkar aðstoðar falla ekki undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1857/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu landbúnaðarafurða og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 ([16]).

11) Í ljósi þess hve margt er líkt með vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða og afurða sem eru ekki úr landbúnaði skal þessi reglugerð gilda um vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

12) Hvorki starfsemi á bújörðum, sem er nauðsynleg fyrir tilreiðslu afurða fyrir fyrstu sölu, né fyrsta sala til endurseljenda eða vinnsluaðila, skal teljast til vinnslu eða markaðssetningar í skilningi þessarar reglugerðar. Þegar lögfest hefur verið í Bandalaginu að taka upp sameiginlega skipulagningu markaðarins í tiltekinni grein landbúnaðar eru aðildarríkin skuldbundin, samkvæmt ákvörðun Dómstóls Evrópubandalaganna, til að gera engar þær ráðstafanir sem gætu orðið til þess að grafa undan eða víkja frá henni. Þessi reglugerð skal því ekki gilda um aðstoð þar sem fjárhæðin er ákvörðuð á grundvelli verðs eða magns afurða, sem eru keyptar eða settar á markað, né skal hún gilda um aðstoð sem bundin er því skilyrði að henni sé skipt á milli frumframleiðenda.

13) Í ljósi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1407/2002 frá 23. júlí 2002 um ríkisaðstoð við kolaiðnaðinn ([17]) skal þessi reglugerð ekki gilda um aðstoð til að greiða fyrir starfsemi í kolavinnslu fyrir utan aðstoð til menntunar, aðstoð til rannsóknar, þróunar og nýsköpunar og aðstoð til umhverfisverndar.

14) Ef svæðisbundið aðstoðarkerfi miðar að því að hrinda í framkvæmd svæðisbundnum markmiðum en beinist sérstaklega að ákveðnum atvinnugreinum kunna markmið og hugsanlega áhrif kerfisins að vera atvinnugreinabundin fremur en þverlæg. Því skulu svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem beinast að tilteknum atvinnugreinum, svo og svæðisbundin aðstoð, sem veitt er starfsemi í stáliðnaði, í skipasmíðum, eins og gert er ráð fyrir í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu ramma um ríkisaðstoð til skipasmíða ([18]) og í gervi-

([16]) Stjtíð. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 3.
([17]) Stjtíð. EB L 205, 2.8.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).
([18]) Stjtíð. ESB C 260, 28.10.2006, bls. 7.

trefjaiðnaðinum, ekki fá undanþágu frá tilkynningunni. Hins vegar gegnir ferðaþjónusta mikilvægu hlutverki í hagkerfum einstakra ríkja og hefur almennt séð sérstaklega góð áhrif á svæðaþróun. Svæðisbundin aðstoðarkerfi, sem miða að ferðaþjónustu, skulu því undanþegin tilkynningarskyldunni.

15) Aðstoð, sem veitt er fyrirtækjum, sem eiga í erfiðleikum í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækjum, sem eiga í erfiðleikum ([19]), skal metin með hliðsjón af þessum viðmiðunarreglum til þess að hindra að farið sé í kringum þær. Aðstoð við þessi fyrirtæki skal því falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Til þess að létta stjórnsýslubyrði af aðildarríkjum skal við úthlutun aðstoðar, sem fellur undir þessa reglugerð, til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, einfalda skilgreininguna á því hvað telst vera fyrirtæki sem á í erfiðleikum miðað við þá skilgreiningu sem er notuð í viðmiðunarreglunum. Enn fremur skulu lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa verið með réttarstöðu lögaðila í minna en þrjú ár, ekki teljast, með hliðsjón af þessari reglugerð, eiga í erfiðleikum að því er varðar þetta tímabil nema þau uppfylli viðmiðanir um sameiginlega málsmeðferð vegna ógjaldfærni samkvæmt landslögum. Þessi einföldun skal vera með fyrirvara um flokkun þessara litlu og meðalstóru fyrirtækja samkvæmt þessum viðmiðunarreglum að því er varðar aðstoð, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, og með fyrirvara um flokkun stórra fyrirtækja sem fyrirtækja, sem eiga í erfiðleikum samkvæmt þessari reglugerð, sem áfram falla undir skilgreininguna í heild, sem kveðið er á um í þessum viðmiðunarreglum.

16) Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að heimiluð aðstoð breyti ekki viðskiptakjörum þannig að þau brjóti í bága við almannahagsmuni. Því skal fjárfestingaraðstoð, sem veitt er aðstoðarþega, sem krafinn er um endurgreiðslu í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu gilda því áfram um alla sérstaka aðstoð, sem er greidd til slíks aðstoðarþega, og öll aðstoðarkerfi, sem fela ekki í sér skýrt ákvæði, sem útilokar slíka aðstoðarþega. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á lögmætar væntingar aðstoðarþega sem ekki hefur verið krafinn um endurgreiðslu.

17) Til þess að tryggja samræmda beitingu á reglum framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð sem og einfalda stjórnsýslu skal samræma skilgreiningar á hugtökum sem varða mismunandi flokka aðstoðar sem falla undir þessa reglugerð.

18) Við útreikning á aðstoðarhlutfalli skulu allar tölur, sem eru notaðar, vera án frádráttar vegna skatta eða annarra gjalda. Að því er varðar útreikning á aðstoðarhlutföllum skal aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, vera afvöxtuð þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við afvöxtunarútreikning og til að reikna þá fjárhæð sem veitt er í aðstoð sem ekki er í formi láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt, eins og mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferða við útreikning á viðmiðunarvöxtum og afvöxtunarstuðlum ([20]).

19) Í þeim tilvikum, sem veitt aðstoð felst í undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum sem á að greiða síðar, með fyrirvara um að virt sé tiltekið aðstoðarhlutfall, sem er skilgreint með núverandi vergu styrkígildi, koma til afvaxtanir hlutagreiðslna aðstoðar á grundvelli viðmiðunarvaxta sem eru í gildi hverju sinni þegar þetta skattahagræði kemur til framkvæmda. Þegar um er að ræða undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum, sem á að greiða síðar, getur verið að ekki sé vitað fyrir fram um gildandi viðmiðunarvexti og nákvæma fjárhæð hlutagreiðslna aðstoðar. Þegar svo háttar til skal aðildarríkið setja hámark fyrir fram á afvaxtað virði aðstoðarinnar, að teknu tilliti til gildandi aðstoðarhlutfalls. Þegar fjárhæð hlutagreiðslu aðstoðar á tilteknu ári er þekkt er síðan hægt að afvaxta hana á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta á þeim tíma. Afvaxtað virði hverrar hlutagreiðslu aðstoðar skal dregið frá heildarfjárhæð hámarksaðstoðar.

20) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og skilvirkt eftirlit skal þessi reglugerð aðeins gilda um gagnsæja aðstoð. Gagnsæ aðstoð er aðstoð þar sem hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé

([19]) Stjtíð. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2.

([20]) Stjtíð. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6.

að gera áhættumat. Fara skal með aðstoð í formi lána sem gagnsæja þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli viðmiðunarvaxtanna eins og mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferða við útreikning á viðmiðunarvöxtum og afvöxtunarstuðlum. Aðstoð í formi skattaráðstafana skal teljast gagnsæ þegar ráðstöfunin kveður á um hámark sem tryggir að ekki sé farið yfir gildandi viðmiðunarmörk. Ef um er að ræða lækkanir á umhverfissköttum, sem ekki falla undir viðmiðunarmörk fyrir staka tilkynningu samkvæmt þessari reglugerð, er ekki þörf á að tilgreina hámark til þess að aðgerðin teljist gagnsæ.

21) Aðstoð í formi ábyrgðakerfa skal teljast gagnsæ ef framkvæmdastjórnin, að fenginni tilkynningu, hefur samþykkt aðferðina við að reikna vergt styrkígildi og einnig þegar um er að ræða svæðisbundna fjárfestingaraðstoð ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt slíka aðferð eftir innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1628/2006. Framkvæmdastjórnin mun skoða slíkar tilkynningar á grundvelli tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgðar ([21]). Aðstoð í formi ábyrgðakerfa skal teljast gagnsæ ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli öryggisgjalds sem mælt er fyrir um í liðum 3.3 og 3.5 í þeirri tilkynningu.

22) Í ljósi þess hve erfitt er að reikna vergt styrkígildi aðstoðar í formi fyrirframgreiðslna, sem ber að endurgreiða, skal slík aðstoð ekki falla undir þessa reglugerð nema heildarfjárhæð fyrirframgreiðslnanna, sem ber að endurgreiða, sé undir gildandi viðmiðunarmörkum stakrar tilkynningar og hámarkshlutföllum aðstoðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

23) Þar eð háar fjárhæðir í aðstoð fela í sér hættu á meiri röskun á samkeppni skal framkvæmdastjórnin meta þær hverja fyrir sig. Því skal setja viðmiðunarmörk fyrir hvern flokk aðstoðar innan gildissviðs þessarar reglugerðar sem taka mið af flokki viðkomandi aðstoðar og hugsanlegum áhrifum hennar á samkeppni. Ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu gilda áfram um alla aðstoð umfram þessi viðmiðunarmörk.

24) Í því skyni að tryggja að aðstoð sé í réttu hlutfalli og takmarkist við nauðsynlega fjárhæð skulu viðmiðunarmörkin, eftir því sem verður við komið, tilgreind sem aðstoðarhlutföll í samanburði við safn af aðstoðarhæfum kostnaði. Þar eð viðmiðunarmörkin grundvallast á formi aðstoðar þar sem erfitt er að greina aðstoðarhæfan kostnað skulu þau, að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns, sett fram sem hámarksfjárhæð aðstoðar.

25) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar skal fastsetja viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru, sem aðstoðarhlutfall eða fjárhæð aðstoðar þannig að jafnvægi náist milli þeirra markmiða að halda samkeppnisröskun í lágmarki í þeim geira sem fær aðstoð og þeirra að ráða bót á markaðsbrestum eða styrkja samheldni markaðarins. Að því er varðar svæðisbundna fjárfestingaraðstoð skal setja þessi viðmiðunarmörk með tilliti til heimilaðra aðstoðarhlutfalla samkvæmt kortinu yfir svæðisbundna aðstoð.

26) Til að meta hvort viðmiðunarmörkin fyrir stakar tilkynningar og hámarkshlutföll, sem sett eru í þessari reglugerð, séu virt skal taka mið af heildarfjárhæð opinbers stuðnings við verkefni, sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu eða landsbundnu framlagi eða af sjóðum Bandalagsins.

27) Enn fremur skal í þessari reglugerð tilgreina við hvaða aðstæður er heimilt að sameina ólíka flokka aðstoðar sem falla undir þessa reglugerð. Þegar aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð, er sameinuð ríkisaðstoð, sem ekki fellur undir hana, skal taka tillit til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um samþykki aðstoðar, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, og jafnframt til reglna um ríkisaðstoð sem liggur til grundvallar þeirri ákvörðun. Sérákvæði skulu gilda að því er varðar sameiningu aðstoðar til handa fötluðum starfsmönnum við aðra aðstoðarflokka, einkum fjárfestingaraðstoð, sem hægt er að reikna á grundvelli þess launakostnaðar sem um ræðir. Með þessari reglugerð eru einnig sett ákvæði um sameiningu aðstoðarráðstafana þar sem hægt er að skilgreina aðstoðarhæfan kostnað og þeirra þar sem það er ekki hægt.

28) Til að tryggja að aðstoðarinnar sé þörf og hún feli í sér hvatningu til þróunar annarrar starfsemi eða verkefna skal þessi reglugerð ekki gilda um aðstoð til starfsemi sem aðstoðarþegi

([21]) Stjtíð. ESB C 155, 20.6.2008, bls. 10.

annast nú þegar við markaðsaðstæður eingöngu. Að því er varðar hvers konar aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð, í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja telst hvatning vera fyrir hendi ef viðkomandi fyrirtæki hefur lagt inn umsókn hjá aðildarríkinu áður en það hefur starfsemi, er tengist framkvæmd verkefnisins eða þeirrar starfsemi sem nýtur aðstoðar. Að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja skulu skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einkum að því er varðar stærð greiðsluhluta fjárfestingar á hvert fyrirtæki, þátttöku einkafjárfesta, stærð félagsins og stigið, sem fjármagnað fyrirtæki er á, tryggja að áhættufjármagnsráðstöfunin hafi hvatningaráhrif.

29) Fyrir hverja aðstoð, sem fellur undir þessa reglugerð og veitt er aðstoðarþega, sem er stórfyrirtæki, skal aðildarríki, auk skilyrðanna sem gilda um lítil og meðalstór fyrirtæki, einnig tryggja að aðstoðarþegi hafi greint, í innanhússskjali, hvort styrkta verkefnið eða starfsemin beri sig með og án aðstoðar. Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að þetta innanhússskjal staðfesti verulega stækkun eða aukið umfang verkefnisins/starfseminnar, verulega aukningu heildarfjárhæðar, sem aðstoðarþegi eyðir í styrkta verkefnið eða starfsemina, eða flýti verulega verklokum verkefnisins/starfseminnar er um ræðir. Að því er varðar svæðisbundna aðstoð er einnig hægt að greina áhrif hvatningar á grundvelli þess að verkefnið, sem slíkt, hefði ekki verið framkvæmt á viðkomandi styrktu svæði án aðstoðarinnar.

30) Að því er varðar aðstoð til handa illa settum eða fötluðum starfsmönnum telst hún hafa hvatningaráhrif ef viðkomandi aðstoðarráðstöfun leiðir til hreinnar fjölgunar illa settra eða fatlaðra starfsmanna sem ráðnir eru til starfa í viðkomandi fyrirtækjum eða hefur í för með sér viðbótarkostnað vegna starfsstöðva eða búnaðar sem er ætlaður fötluðum starfsmönnum. Ef fyrirtæki sem fær aðstoð í formi launastyrks til þess að ráða fatlaða starfsmenn hefur þegar fengið aðstoð vegna ráðningar fatlaðra einstaklinga, sem uppfyllir annaðhvort skilyrði reglugerðar (EB) nr. 2204/2202 eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hana sérstaklega, er gert ráð fyrir að skilyrðið um hreina fjölgun fatlaðra starfsmanna, sem voru uppfyllt vegna fyrirliggjandi ráðstafana, teljist áfram uppfyllt í skilningi þessarar reglugerðar.

31) Sérstök skilyrði um aðstoð í formi skattaráðstafana skulu einnig gilda um hvatningaráhrif með hliðsjón af því að hún er veitt á grundvelli annarrar málsmeðferðar en aðrir flokkar aðstoðar. Gert er ráð fyrir að lækkanir á umhverfissköttum fullnægi skilyrðum tilskipunar ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu á lagaramma Bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og rafmagns ([22]), sem fellur undir þessa reglugerð, og hafi hvatningaráhrif í ljósi þess að þessar lækkanir stuðli, a.m.k. óbeint, að umhverfisvernd með því að heimila að viðkomandi skattkerfi sé í heild samþykkt eða fram haldið, og hvetji þannig fyrirtæki, sem eru umhverfisskattsskyld, til að draga úr mengun.

32) Enn fremur, þar sem erfitt er að meta hvatningaráhrif sérstakrar aðstoðar sem stórum fyrirtækjum er veitt, skal skilja þetta aðstoðarform undan gildissviði þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort slíkra hvatningaráhrifa gætir með tilliti til tilkynningar um viðkomandi aðstoð á grundvelli viðmiðana sem eru settar í gildandi viðmiðunarreglum, rammaákvæðum eða öðrum gerningum Bandalagsins.

33) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekið verði upp staðlað eyðublað þar sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í stuttu máli í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða sérstök aðstoð veitt í samræmi við þessa reglugerð. Eyðublaðið fyrir samanteknu upplýsingarnar skal nota til að birta ráðstöfunina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á Netinu. Senda skal samanteknu upplýsingarnar til framkvæmdastjórnarinnar á rafrænu formi með því að nota þar til gerðan upplýsingatæknibúnað. Aðildarríkið skal birta orðréttan texta slíkra aðstoðarráðstafana á Netinu. Ef um er að ræða aðstoð við sérstakar aðstæður er heimilt að fella niður viðskiptaleynd. Heiti aðstoðarþega og fjárhæð aðstoðar teljast ekki vera viðskiptaleyndarmál. Aðildarríkin skulu sjá til þess að slíkir textar séu aðgengilegir á Netinu á meðan aðstoðarráðstöfunin er í gildi. Að undanskilinni aðstoð í formi skattaráðstafana skal veiting aðstoðar einnig fela í sér tilvísun til sérákvæðis (sérákvæða) í II. kafla þessarar reglugerðar er varðar slíka gerð.

([22]) Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/75/EB (Stjtíð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 100).

34) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit skal framkvæmdastjórnin setja fram sérstakar kröfur hvað varðar form og efni ársskýrslna sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðarkerfi sem eru undanþegin samkvæmt þessari reglugerð í ljósi ákvæða 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999.

35) Rétt er að setja frekari skilyrði sem þarf að uppfylla í tengslum við hvers kyns aðstoð sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð. Samkvæmt a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans skal slík aðstoð vera í réttu hlutfalli við markaðsbresti eða þann vanda sem þarf að leysa til að hún teljist vera Bandalaginu í hag. Þess vegna er rétt að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við aðstoð sem er veitt í tengslum við tilteknar efnislegar og óefnislegar fjárfestingar, svo fremi sem um sé að ræða fjárfestingaraðstoð. Í ljósi umframgetu Bandalagsins og sérstakra vandamála vegna röskunar á samkeppni á sviði vöruflutninga á vegum og loftflutninga, svo fremi sem um er að ræða fyrirtæki sem eru með meginstarfsemi sína í þessum flutningageirum, eru flutningatæki og -búnaður ekki talin með aðstoðarhæfum fjárfestingarkostnaði. Sérákvæði skulu gilda um skilgreiningu á efnislegum eignum að því er varðar umhverfisaðstoð.

36) Í samræmi við meginreglurnar um aðstoð, sem fellur undir 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, skal líta svo á að aðstoð sé veitt á þeim tíma þegar aðstoðarþegi fær lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt gildandi lagareglum í viðkomandi ríki.

37) Til að auka ekki hlut fjármagnsþáttarins í fjárfestingu á kostnað verkþáttarins skal mæla fyrir um ráðstafanir til að unnt sé að meta aðstoð við fjárfestingu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja annaðhvort á grundvelli fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar vegna ráðninga í tengslum við framkvæmd fjárfestingarverkefnisins.

38) Aðstoðarkerfi á sviði umhverfismála í formi skattalækkana, aðstoð í þágu illa settra starfsmanna, svæðisbundin fjárfestingaraðstoð, aðstoð í þágu nýstofnaðra lítilla fyrirtækja, aðstoð í þágu nýrra fyrirtækja sem kvenkynsfrumkvöðlar koma á fót eða aðstoð í formi áhættufjármagns sem veitt er aðstoðarþega í formi sérstakrar aðstoðar getur haft stórfelld áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði þar sem verið er að ívilna aðstoðarþega umfram önnur fyrirtæki sem hafa ekki fengið slíka aðstoð. Þar eð sérstök aðstoð er eingöngu veitt einu fyrirtæki er líklegt að sérstök aðstoð hafi aðeins takmörkuð jákvæð áhrif á umhverfið, ráðningu illa settra og fatlaðra starfsmanna, svæðisbundna samheldni eða bresti á áhættufjármagnsmörkuðum. Af þessum sökum skulu aðstoðarkerfi, sem varða þessa flokka aðstoðar, vera undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar, en sérstök aðstoð skal tilkynnt framkvæmdastjórninni. Sérstök aðstoð, sem er viðbót við aðstoð, sem veitt er á grundvelli svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar, skal þó undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar, þar eð aðstoðarþátturinn takmarkast við 50% að hámarki af heildaraðstoð sem veitt er vegna fjárfestingarinnar.

39) Með ákvæðum þessarar reglugerðar, sem varða aðstoð til að efla fjárfestingar og atvinnu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, er ekki, eins og í reglugerð (EB) nr. 70/2001, gefinn kostur á að auka hámarkshlutföll aðstoðar með svæðisbundnum aukaaðstoðargreiðslum. Hins vegar skal vera hægt að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum þau hámarkshlutföll aðstoðar, sem mælt er fyrir um í ákvæðum um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, svo fremi skilyrðin um veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar og aðstoðar til eflingar atvinnu séu uppfyllt. Eins skal í ákvæðum er varða aðstoð á sviði fjárfestinga vegna umhverfisins ekki mælt fyrir um neinn möguleika á að hækka hámarkshlutföll aðstoðar með svæðisbundnum aukaaðstoðargreiðslum. Einnig skal gefast kostur á að láta hámarkshlutföll aðstoðar sem mælt er fyrir um í ákvæðunum um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð gilda um verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið enda séu skilyrði fyrir úthlutun svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar uppfyllt.

40) Með því að ráða bót á annmörkum illa settra svæða stuðlar svæðisbundin aðstoð innan einstakra aðildarríkja að efnahagslegri, félagslegri og svæðisbundinni samheldni aðildarríkjanna og Bandalagsins í heild. Svæðisbundinni aðstoð innan einstakra aðildarríkja er ætlað að aðstoða við að byggja upp verst settu svæðin með því að styðja við fjárfestingar og efla atvinnusköpun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Hún stuðlar að stofnun nýrra starfsstöðva, stækkun starfsstöðva, sem fyrir eru, aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með því að bæta við afurðum eða með grundvallarbreytingu í heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar.

41) Til þess að koma í veg fyrir að stórum svæðisbundnum fjárfestingarverkefnum sé óeðlilega skipt í undirverkefni og þannig komist hjá tilkynningarmörkunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal stórt fjárfestingarverkefni teljast eitt fjárfestingarverkefni ef sama fyrirtækið eða fyrirtækin ráðast í upphaflegu fjárfestinguna innan þriggja ára og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir. Til að meta hvort fjárfesting er fjárhagslega óskiptanleg tekur framkvæmdastjórnin tillit til tæknilegra, starfrænna og skipulegra tengsla og nánasta umhverfis. Fjárhagslegur óskiptanleiki skal metinn óháð eignarhaldi. Í þessu felst að til þess að ákvarða hvort stórt fjárfestingarverkefni telst vera eitt fjárfestingarverkefni ætti matið að vera það sama án tillits til þess hvort eitt fyrirtæki vinnur verkefnið, fleiri en eitt fyrirtæki deili fjárfestingarkostnaðinum eða fleiri fyrirtæki beri kostnaðinn af aðskildum fjárfestingum innan sama fjárfestingarverkefnis (t.d. ef um er að ræða samrekstur).

42) Andstætt svæðisbundinni aðstoð, sem er takmörkuð við svæði, sem njóta aðstoðar, skal vera unnt að veita aðstoð til að efla fjárfestingar og atvinnu hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum bæði á svæðum sem njóta aðstoðar og þeim sem ekki njóta aðstoðar. Aðildarríkin skulu því geta veitt fjárfestingaraðstoð á svæðum sem njóta aðstoðar svo fremi þau virði öll skilyrði sem gilda um svæðisbundnar fjárfestingar og aðstoð til eflingar atvinnu eða öll skilyrði sem gilda um aðstoð vegna fjárfestinga og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

43) Efnahagsþróun svæða, sem njóta aðstoðar, er oft heft af tiltölulega lítilli frumkvöðlastarfsemi, einkum ef fjöldi nýrra fyrirtækja, sem eru stofnuð, er undir meðallagi. Því er nauðsynlegt að fella inn í þessa reglugerð þann flokk aðstoðar sem heimilt er að veita til viðbótar við fjárfestingaraðstoð sem er hvatning til stofnsetningar fyrirtækja og þróunar lítilla sprotafyrirtækja á svæðum sem njóta aðstoðar. Til þess að tryggja að þessi aðstoð í þágu nýstofnaðra fyrirtækja á svæðum, sem njóta aðstoðar, falli í réttan farveg skal veitt aðstoð í þessum flokki samsvara þeim erfiðleikum sem hver svæðisflokkur stendur frammi fyrir. Enn fremur, til að komast hjá óviðunandi röskun á samkeppni, þ.m.t. að flæma burt þau fyrirtæki sem fyrir eru, skal aðstoðin algerlega takmarkast við lítil fyrirtæki og lágar fjárhæðir og fara stiglækkandi. Ef aðstoð er einungis veitt nýstofnuðum, litlum fyrirtækjum eða nýjum fyrirtækjum, sem kvenkyns frumkvöðlar hafa komið á fót, getur það haft þau ótilætluðu áhrif að það hvetji lítil fyrirtæki til að hætta starfsemi og byrja aftur til þess að fá þess konar aðstoð. Aðildarríkin skulu vera á varðbergi gagnvart þessari hættu og skulu gera aðstoðarkerfi sín þannig úr garði að komið sé í veg fyrir þennan vanda með því t.d. að setja tímamörk á umsóknir eigenda fyrirtækja sem hafa nýlega hætt starfsemi.

44) Lítil frumkvöðlastarfsemi meðal tiltekinna flokka íbúa sem líða fyrir erfiða stöðu sína, s.s. heft aðgengi að fjármagni, getur hindrað efnahagsþróun í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað hugsanlegan markaðsbrest í þessu tilliti að því er varðar mismunandi hópa fólks og getur á þessu stigi dregið þá ályktun að miðað við karlmenn séu konur undir meðaltali í stofnun fyrirtækja, eins og m.a. hefur verið sýnt fram á með hagskýrslugögnum Hagstofu Evrópubandalaganna. Því er nauðsynlegt að fella inn í þessa reglugerð þann flokk aðstoðar sem kveður á um hvata fyrir kvenkyns frumkvöðla til að koma á fót fyrirtækjum til þess að takast á við þá sérstöku markaðsbresti sem konur eiga við að etja, einkum að því er varðar aðgang að fjármagni. Konur standa einnig frammi fyrir sérstökum erfiðleikum í tengslum við umönnunarkostnað sem þær standa straum af vegna ættingja. Slík aðstoð skal gera kleift að ná efnislegu, fremur en formlegu, jafnræði karla og kvenna með því að draga úr misrétti í reynd á sviði frumkvöðlastarfsemi í samræmi við dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna. Þegar þessi reglugerð fellur úr gildi verður framkvæmdastjórnin að endurmeta réttmæti þess að halda gildissviði þessarar undanþágu og flokkum aðstoðarþega.

45) Sjálfbær þróun er ein aðalstoð Lissabon-áætlunarinnar um hagvöxt og atvinnu, ásamt samkeppnishæfni og orkuöryggi. Sjálfbær þróun grundvallast m.a. á afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi með öflugri vernd og auknum umhverfisgæðum. Það að stuðla að auknu sjálfbæri í orkumálum og baráttu gegn loftslagsbreytingum leiðir bæði til aukins orkuöryggis og tryggir samkeppnishæfni evrópsks efnahagslífs og framboð á orku á viðráðanlegu verði. Á sviði umhverfisverndar þarf oft að takast á við markaðsbresti í formi neikvæðra ytri þátta. Við eðlilegar markaðsaðstæður hafa

fyrirtæki alla jafna ekki hvata til að draga úr mengun þar eð slík lækkun getur leitt til aukins kostnaðar. Ef fyrirtæki eru ekki skyldug til að telja með kostnað vegna mengunar tekur þjóðfélagið í heild á sig þennan kostnað. Þessa innfellingu umhverfiskostnaðar er hægt að tryggja með því að setja umhverfisreglugerðir eða skatta. Skortur á heildarsamræmingu á umhverfisstöðlum innan Bandalagsins skapar ójöfn skilyrði. Enn fremur er hægt að ná frekari umhverfisvernd með framtaksverkefnum sem ganga lengra en lögboðnir staðlar Bandalagsins, sem getur skaðað samkeppnisstöðu viðkomandi fyrirtækja.

46) Í ljósi þess að næg reynsla hefur fengist af beitingu viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar skal fjárfestingaraðstoð, sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra en kveðið er á um í viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar eða auka umhverfisvernd, þegar engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, aðstoð til kaupa á flutningatækjum sem ganga lengra en umhverfisstaðlar eða sem auka umhverfisvernd, þegar engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, aðstoð til að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að taka fyrr en ella upp staðla Bandalagsins, sem verða settir í framtíðinni, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga í orkusparnaði, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga í hagkvæmari samvinnslu, umhverfisaðstoð vegna fjárfestinga til að efla endurnýjanlega orkugjafa, þ.m.t. aðstoð er varðar sjálfbært, lífrænt eldsneyti, aðstoð vegna umhverfisrannsókna og tiltekin aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, undanþegin tilkynningarskyldunni.

47) Aðstoð í formi skattalækkana í þágu umhverfisverndar sem fellur undir þessar reglugerð skal, í samræmi við viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar, takmarkast við 10 ára tímabil. Að þessu tímabili loknu skulu aðildarríkin endurmeta hvort viðkomandi skattalækkanir eiga rétt á sér. Þetta skal vera með fyrirvara um möguleika aðildarríkjanna um að samþykkja aftur þessar ráðstafanir eða sambærilegar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð eftir að hafa framkvæmt slíkt endurmat.

48) Réttur útreikningur á viðbótarfjárfestingu eða framleiðslukostnaði til að ná fram umhverfisvernd er nauðsynlegur til að ákvarða hvort aðstoð samrýmist 3. mgr. 87. gr. sáttmálans eða ekki. Eins og greint er frá í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar skal takmarka aðstoðarhæfan kostnað við viðbótarfjárfestingarkostnað sem nauðsynlegur er til að ná fram aukinni umhverfisvernd.

49) Í ljósi þeirra erfiðleika sem geta komið upp, einkum við frádrátt á ávinningi sem leiðir af viðbótarfjárfestingu, skal kveða á um einfaldaða reikningsaðferð til að reikna viðbótarfjárfestingarkostnað. Því skal reikna þennan kostnað við beitingu þessarar reglugerðar án þess að taka með í reikninginn rekstrarkostnað, kostnaðarlækkanir eða viðbótarframleiðslu og án þess að taka tillit til rekstrarkostnaðar sem á fellur meðan fjárfestingin varir. Hámarkshlutföll aðstoðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð fyrir ólíka flokka umhverfisverndaraðstoðar sem um ræðir hafa því verið lækkuð kerfisbundið samanborið við hámarkshlutföll aðstoðar sem kveðið er á um í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

50) Að því er varðar umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestinga í orkusparnaðarráðstöfunum er við hæfi að heimila aðildarríkjunum að velja annaðhvort einfaldaða aðferð við útreikning eða útreikning á öllum kostnaði, sem er eins og sá sem kveðið er á um í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Í ljósi þeirra erfiðleika, sem geta komið upp við beitingu á aðferðinni, sem byggist á útreikningi á öllum kostnaðinum, skal utanaðkomandi endurskoðandi staðfesta þessa kostnaðarútreikninga.

51) Að því er varðar umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestingar í samvinnslu og umhverfisverndaraðstoð vegna fjárfestinga til að efla endurnýjanlega orkugjafa, skal viðbótarkostnaður, að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar, reiknaður án þess að tillit sé tekið til stuðningsráðstafana sem eru veittar vegna sama aðstoðarhæfa kostnaðar, að undanskilinni annarri fjárfestingaraðstoð.

52) Að því er varðar fjárfestingar sem tengjast vatnsorkustöðvum skal bent á að umhverfisáhrif geta tvöfaldast. Með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda fela þær vissulega í sér möguleika. Hins vegar geta slíkar stöðvar einnig haft neikvæð áhrif, t.d. á vatnakerfi og líffræðilega fjölbreytni.

53) Til að útiloka mun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli ýmissa framtaksverkefna sem tengjast

litlum og meðalstórum fyrirtækjum Bandalagsins og einstakra landa og með hliðsjón af gagnsæi stjórnsýslunnar og réttaröryggi skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“, sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([23]).

54) Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ný störf og stuðla almennt að félagslegum stöðugleika og drifkrafti í efnahagslífinu. Hins vegar getur þróun þeirra takmarkast af markaðsbrestum sem verður til þess að þau lenda í dæmigerðum vanda. Lítil og meðalstór fyrirtæki eiga oft í erfiðleikum með að fá fjármagn, áhættufjármagn eða lán vegna áhættutregðu tiltekinna fjármálamarkaða og þess hve takmarkaðar tryggingar þau geta lagt fram. Einnig getur takmarkað fjármagn skert aðgang þeirra að upplýsingum, einkum að því er varðar nýja tækni og möguleika á nýjum mörkuðum. Til að auðvelda þróun í atvinnustarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru tilteknir flokkar undanþegnir aðstoð samkvæmt þessari reglugerð þegar þeir eru í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar af leiðandi er réttmætt að slík aðstoð sé undanþegin fyrirframtilkynningu og meta það svo, aðeins með tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, falli aðstoðarþegi undir skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að hann megi gera ráð fyrir að dæmigerðir erfiðleikar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem stafa af markaðsbrestum, þrengi að þeim, þegar aðstoð fer ekki yfir gildandi tilkynningarmörk.

55) Ákvarða skal mismunandi grunnhlutföll aðstoðar og mismunandi aukaaðstoðargreiðslur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með hliðsjón af þeim mun sem er milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Markaðsbrestir, sem hafa almennt áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki, þ.m.t. erfiðleikar í aðgengi að fjármagni, leiða jafnvel til meiri hindrana í þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja samanborið við meðalstór fyrirtæki.

56) Á grundvelli fenginnar reynslu við beitingu viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til að stuðla að fjárfestingum með áhættufjármagni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum virðast vera ákveðnir brestir í áhættufjármagnsmarkaði í Bandalaginu að því er varðar tilteknar tegundir fjárfestinga á vissum stigum í þróun fyrirtækjanna. Þessir markaðsbrestir stafa af ófullkomnu jafnvægi á framboði og eftirspurn eftir áhættufjármagni. Þar af leiðandi getur verið of lítið af áhættufjármagni í boði á markaðnum og fyrirtæki fá ekki fjármögnun þrátt fyrir að eiga verðmæt viðskiptalíkön og vaxtarmöguleika. Meginuppspretta markaðsbrests, sem varðar áhættufjármagnsmarkaði, sem einkum hefur áhrif á aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og sem getur réttlætt opinbera íhlutun, tengist ófullkomnum eða misvísandi upplýsingum. Af þeim sökum skal útiloka áhættufjármagnskerfi í mynd fjárfestingarsjóða, sem stjórnað er í viðskiptalegum tilgangi, þar sem hátt hlutfall sjóðanna kemur frá einkafjárfestum í formi einkafjármagns, sem stuðlar að áhættufjármagnsráðstöfun, sem miðar að hagnaði í þágu valinna fyrirtækja, frá tilkynningarskyldunni með tilteknum skilyrðum. Þau skilyrði að stjórn fjárfestingarsjóða skuli miðast við viðskipti og að þær áhættufjármagnsaðgerðir, sem fylgja þeim, miði að hagnaði skulu ekki koma í veg fyrir að fjárfestingarsjóðir miði starfsemi sína að tilteknum markmiðum og tilteknum markaðshlutum, s.s. fyrirtækjum sem stofnuð eru af kvenkyns frumkvöðlum. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á stöðu Fjárfestingarsjóðs Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum Bandalagsins um áhættufjármagn.

57) Aðstoð við rannsóknir, þróun og nýsköpun getur stuðlað að hagvexti, aukið samkeppnishæfni og hleypt auknum krafti í atvinnulífið. Á grundvelli reynslunnar af beitingu reglugerðar (EB) nr. 364/2004, rammaákvæða Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar og rammaákvæða Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar virðist, miðað við tiltæka rannsóknar- og þróunargetu bæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja, sem markaðsbrestir geti komið í veg fyrir að markaðurinn nái hámarksframleiðslu og leiði til óhagkvæmrar niðurstöðu. Óhagkvæm niðurstaða af þessu tagi tengist jákvæðum, utanaðkomandi þáttum/útbreiðslu á þekkingu, opinberum eignum/útbreiðslu á þekkingu og ófullkomnum og misvísandi upplýsingum svo og vandamálum í tengslum við samræmingu og netbilanir.

58) Aðstoð við rannsóknir, þróun og nýsköpun,

([23]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, er brýn vegna þess að einn helsti ókosturinn við skipulagsform lítilla og meðalstórra fyrirtækja er að þeim getur reynst erfitt að fá aðgang að tækninýjungum, tækniyfirfærslu eða mjög hæfu starfsfólki. Því skal aðstoð vegna aðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna, aðstoð vegna hagkvæmniathugana og aðstoð til að standa straum af kostnaði í tengslum við hugverkarétt lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði iðnaðar, svo og aðstoð til ungra lítilla nýsköpunarfyrirtækja, aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar og vegna stuðningsþjónustu í þágu nýsköpunar og aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki vera undanþegin tilkynningarskyldu, með ákveðnum skilyrðum.

59) Að því er varðar aðstoð við verkefni á sviði rannsókna og þróunar skal sá hluti rannsóknarverkefnisins, sem fær aðstoð að öllu leyti, falla undir flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða þróunarstarfs. Ef verkefni tekur til ólíkra verkefna skal hvert verkefni falla undir þá flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða þróunarstarfs eða ekki undir neinn þessara flokka. Þetta þarf ekki nauðsynlega að vera í tímaröð, þar sem byrjað er á grunnrannsóknum og haldið áfram til starfsemi sem er nær markaðnum. Því getur verkefni sem er framkvæmt á síðara stigi verkefnisins flokkast sem iðnaðarrannsóknir. Á sama hátt er ekki útilokað að starfsemi sem fram fer á fyrra stigi verkefnisins geti falið í sér þróunarstarf.

60) Í landbúnaði skal undanþiggja tiltekna aðstoð vegna rannsókna og þróunar ef sambærileg skilyrði og þau sem kveðið er á um í sérákvæðum, sem mælt er fyrir um í landbúnaði í rammaákvæðum Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar, eru uppfyllt. Ef þessi sérstöku skilyrði eru ekki uppfyllt er rétt að kveða á um að aðstoð sé undanþegin ef hún uppfyllir skilyrðin sem sett eru í almennu ákvæðunum sem tengjast rannsóknum og þróun í þessari reglugerð.

61) Aukin þjálfun og ráðning illa settra eða fatlaðra starfsmanna og bætur vegna aukakostnaðar vegna ráðningar illa settra eða fatlaðra starfsmanna er aðalmarkmiðið með efnahags- og félagsmálastefnu Bandalagsins og aðildarríkja þess.

62) Þjálfun skilar yfirleitt jákvæðum áhrifum út í samfélagið í heild þar eð hún eykur fjölda hæfra starfsmanna sem kemur öðrum fyrirtækjum til góða, eykur samkeppnishæfni atvinnugreina í Bandalaginu og gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar áætlanir í atvinnumálum Bandalagsins. Þjálfun, þ.m.t. rafrænt nám, er einnig nauðsynleg að því er varðar uppbyggingu, öflun og útbreiðslu þekkingar, almenn eign sem skiptir höfuðmáli. Í ljósi þess að fyrirtæki í Bandalaginu fjárfesta of lítið í þjálfun starfsmanna sinna, einkum ef þjálfunin er almenn og ávinningurinn, sem af henni leiðir, er ekki tafarlaus og áþreifanlegur fyrir viðkomandi fyrirtæki, getur ríkisaðstoð stuðlað að því að ráða bót á þessum markaðsbresti. Því ber að undanskilja slíka aðstoð frá tilkynningarskyldunni með sérstökum skilyrðum. Í ljósi þeirra óþæginda, sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir og hlutfallslega auknum kostnaði, sem þau þurfa að bera, þegar þau fjárfesta í þjálfun starfsmanna sinna, skal hlutfall þeirrar aðstoðar sem er undanþegin þessari reglugerð aukið að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Menntun í sjóflutningageiranum er sérstaks eðlis og því þarf að beita sérstökum aðferðum í þeirri starfsgrein.

63) Hægt er að gera greinarmun á almennri og sértækri þjálfun. Leyfileg aðstoðarhlutföll skulu breytileg í samræmi við tegund þjálfunar sem er í boði og stærð fyrirtækisins. Almenn menntun veitir hæfi sem unnt er að yfirfæra og eykur verulega ráðningarhæfi þess starfsmanns sem nýtur hennar. Aðstoð í þessum tilgangi hefur minni áhrif til röskunar á samkeppni sem þýðir að unnt er að undanþiggja hærra hlutfall aðstoðar kröfunni um fyrirframtilkynningu. Hins vegar hefur sérstök menntun, sem aðallega kemur fyrirtækinu til góða, í för með sér meiri hættu á samkeppnisröskun svo að hlutfall aðstoðar, sem hægt er að undanþiggja kröfunni um fyrirframtilkynningu, ætti að vera miklu lægra. Menntun telst einnig vera almenn í eðli sínu þegar hún tengist umhverfisstjórnun, nýjungum í umhverfismálum eða félagslegri ábyrgð fyrirtækja og eykur þar með hæfi aðstoðarþega til þess að stuðla að almennum markmiðum á sviði umhverfismála.

64) Tilteknum flokkum illa settra eða fatlaðra starfsmanna reynist enn erfitt að komast inn á vinnumarkaðinn. Af þeim sökum er réttlætanlegt að opinber yfirvöld beiti ráðstöfunum sem hvetja fyrirtæki til að fjölga störfum, einkum fyrir starfsmenn í þeim flokkum sem eru illa settir. Kostnaður vegna starfsmanna er hluti venjulegs rekstrarkostnaðar allra fyrirtækja. Því er sérlega mikilvægt að aðstoð til illa settra

eða fatlaðra starfsmanna hafi jákvæð áhrif í atvinnumálum og hafi ekki eingöngu jákvæð áhrif á atvinnuþátttöku þessara flokka starfsmanna og geri ekki einungis fyrirtækjum kleift að draga úr kostnaði sem þau annars þyrftu að bera. Því skal slík aðstoð undanþegin fyrirframtilkynningu ef líklegt er að hún hjálpi þessum flokkum starfsmanna við að koma aftur inn á vinnumarkaðinn eða, að því er varðar fatlaða starfsmenn, að koma aftur inn á vinnumarkaðinn og halda þar stöðu sinni.

65) Heimilt er að reikna aðstoð í tengslum við atvinnu fatlaðra starfsmanna í formi styrkja vegna launagreiðslna á grundvelli sérstakrar fötlunar viðkomandi starfsmanns eða veita hana sem eingreiðslu, svo fremi að aðferðin leiði ekki til þess að aðstoðin fari yfir hámarkshlutfall aðstoðar fyrir hvern starfsmann sem hlut á að máli.

66) Rétt er að kveða á um bráðabirgðaákvæði fyrir staka aðstoð sem veitt er áður en þessi reglugerð öðlast gildi og sem ekki hefur verið tilkynnt í bága við skuldbindinguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans. Með niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1628/2006, skal heimila, að núverandi, svæðisbundin fjárfestingarkerfi, með undanþágu, gildi áfram með þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir í þeirri reglugerð, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

67) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar Ef þessi reglugerð fellur úr gildi án framlengingar, skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, áfram undanþegin í sex mánuði til viðbótar til að aðildarríkjunum gefist tími til aðlögunar.

68) Reglugerð (EB) nr. 70/2001, reglugerð (EB) nr. 68/2001 og reglugerð (EB) nr. 2204/2002 féllu úr gildi 30. júní 2008 og því ber að fella reglugerð (EB) nr. 1628/2006 úr gildi,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

EFNISYFIRLIT

I. kafli ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Gildissvið

2. gr. Skilgreiningar

3. gr. Skilyrði fyrir undanþágu

4. gr. Aðstoðarhlutfall og aðstoðarhæfur kostnaður

5. gr. Gagnsæi aðstoðar

6. gr. Viðmiðunarmörk fyrir stakar tilkynningar

7. gr. Uppsöfnun

8. gr. Hvatningaráhrif

9. gr. Gagnsæi

10. gr. Eftirlit

11. gr. Ársskýrsla

12. gr. Sérstök skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð

II. kafli SÉRÁKVÆÐI UM MISMUNANDI FLOKKA AÐSTOÐAR

1. þáttur Svæðisbundin aðstoð

13. gr. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu

14. gr. Aðstoð til nýstofnaðra lítilla fyrirtækja

2. þáttur Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

15. gr. Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

3. þáttur Aðstoð vegna frumkvöðlastarfs sem er í höndum kvenna
16. gr. Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað
4. þáttur Aðstoð til umhverfisverndar
17. gr. Skilgreiningar
18. gr. Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi
19. gr. Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðlar að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi
20. gr. Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar
21. gr. Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar
22. gr. Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni
23. gr. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum
24. gr. Aðstoð til umhverfisrannsókna
25. gr. Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum
5. þáttur Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum
26. gr. Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja
27. gr. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum
6. þáttur Aðstoð í formi áhættufjármagns
28. gr. Skilgreiningar
29. gr. Aðstoð í formi áhættufjármagns
7. þáttur Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar
30. gr. Skilgreiningar
31. gr. Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna
32. gr. Aðstoð til tæknilegra hagkvæmniathugana
33. gr. Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverkaréttar á sviði iðnaðar
34. gr. Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða
35. gr. Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja
36. gr. Aðstoð til ráðgjafarþjónustu við nýsköpun og til stoðþjónustu við nýsköpun
37. gr. Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki
8. þáttur Aðstoð til menntunar
38. gr. Skilgreiningar
39. gr. Aðstoð til menntunar
9. þáttur Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna
40. gr. Aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrkja
41. gr. Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja
42. gr. Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu

III. kafli LOKAÁKVÆÐI

43. gr. Niðurfelling

44. gr. Bráðabirgðaákvæði

45. gr. Gildistaka og gildissvið

I. viðauki Skilgreining á litlu og meðalstóru fyrirtæki

II. viðauki Eyðublað fyrir veitingu samantekinna upplýsinga vegna rannsóknar- og þróunaraðstoðar samkvæmt tilkynningarskyldunni sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr.

Eyðublað fyrir veitingu samantekinna upplýsinga vegna stórra fjárfestingarverkefna samkvæmt aukinni tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr.

III. viðauki Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga samkvæmt tilkynningarskyldunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi flokka aðstoðar:

a) svæðisbundna aðstoð,

b) fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til eflingar atvinnu,

c) aðstoð til fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar koma á fót,

d) aðstoð til umhverfisverndar,

e) aðstoð vegna ráðgjafar til handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og vegna þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum,

f) aðstoð í formi áhættufjármagns,

g) aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar,

h) aðstoð til menntunar,

i) aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna.

2. Hún gildir ekki um:

a) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,

b) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

3. Þessi reglugerð gildir um aðstoð í öllum greinum atvinnulífsins nema:

a) aðstoð í þágu starfsemi á sviði fiskveiða og lagareldis, sem fellur undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000 ([24]), að frátalinni þjálfunaraðstoð, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna,

b) aðstoð í þágu starfsemi í frumframleiðslu landbúnaðarafurða, að frátalinni aðstoð til menntunar, aðstoð í formi áhættufjármagns, aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, aðstoð til umhverfisverndar og aðstoð til illa settra og fatlaðra starfsmanna, að því marki sem þessir flokkar falla ekki undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1857/2006,

c) aðstoð til starfsemi á sviði vinnslu og markaðssetningar landbúnaðarafurða í eftirfarandi tilvikum:

   i. þegar fjárhæð aðstoðar er ákveðin á grundvelli verðs eða magns þeirra afurða sem keyptar eru af frumframleiðendum eða settar á markað af viðkomandi fyrirtækjum eða

   ii. þegar aðstoðin er háð því skilyrði að hún sé að hluta til eða eingöngu veitt frumframleiðendum,

d) aðstoð í þágu kolavinnslu, að frátalinni þjálfunaraðstoð, rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunaraðstoð og umhverfisaðstoð,

e) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði stáliðnaðar,

f) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði skipasmíða,

([24]) Stjtíð. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22.

g) svæðisbundin aðstoð í þágu starfsemi á sviði gervitrefjaiðnaðar.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um svæðisbundin aðstoðarkerfi sem snúa að sérstakri atvinnustarfsemi á framleiðslu- eða þjónustusviði. Kerfi sem miðast við ferðaþjónustu skulu þó ekki talin snúa að sérstökum atvinnugreinum.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um sérstaka aðstoð sem veitt er stórum fyrirtækjum, nema að því leyti sem kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr.

6. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi aðstoð:

a) aðstoðarkerfi sem útiloka ekki sérstaklega greiðslur stakrar aðstoðar í þágu fyrirtækis sem krafið er um endurgreiðslu, í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum,

b) sérstaka aðstoð í þágu fyrirtækis sem krafið er um endurgreiðslu, í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoðin sé ólögleg og ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum,

c) aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum.

7. Að því er varðar c-lið 6. mgr. telst lítið og meðalstórt fyrirtæki vera fyrirtæki sem á í erfiðleikum ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) ef fyrirtækið er félag með takmarkaðri ábyrgð þar sem meira en helmingur af skráðu eigin fé hefur tapast og meira en fjórðungur af því fé hefur tapast á undanförnum 12 mánuðum eða

b) ef fyrirtækið, þar sem a.m.k. einhverjir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum fyrirtækisins, þar sem meira en helmingur af eigin fé, samkvæmt reikningum félagsins, hefur tapast og meira en fjórðungur af því fé hefur tapast á undanförnum 12 mánuðum eða

c) ef fyrirtækið, óháð félagsformi, uppfyllir viðmiðanir um sameiginlega málsmeðferð vegna greiðsluerfiðleika samkvæmt landslögum.

Ekki er talið að lítið eða meðalstórt fyrirtæki, sem hefur starfað skemur en í þrjú ár, eigi samkvæmt þessari reglugerð í erfiðleikum að því er varðar það tímabil nema það uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein c-liðar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samrýmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans,

2. „aðstoðarkerfi“: sérhver lagagerð, sem unnt er, án þess að grípa þurfi til frekari framkvæmdaráðstafana, að byggja á staka aðstoð til fyrirtækja sem eru skilgreind almennt og óhlutbundið með gerðinni og sérhver gerð sem unnt er að byggja á aðstoð, sem er ekki tengd sérstöku verkefni, til eins eða nokkurra fyrirtækja um ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð,

3. „stök aðstoð“:

   a) sérstök aðstoð og

   b) tilkynningarskyld aðstoð á grundvelli aðstoðarkerfis,

4. „sérstök aðstoð“: stök aðstoð sem ekki er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis,

5. „aðstoðarhlutfall“: fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði,

6. „gagnsæ aðstoð“: aðstoð þar sem hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat,

7. „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

8. „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfylla ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

9. „svæði sem njóta aðstoðar“: svæði sem eru aðstoðarhæf fyrir svæðisbundna aðstoð, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013,

10. „efnislegar eignir“: eignir sem tengjast landi, byggingum og stöðvum, vélum og búnaði með fyrirvara um 12. mgr. 17. gr. Í flutningageiranum teljast flutningatæki og búnaður til flutninga vera aðstoðarhæfar eignir nema að því er varðar svæðisbundna aðstoð og að undanskildum vöruflutningum á vegum og flutningum í lofti,

11. „óefnislegar eignir“: eignir sem felast í yfirfærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verk-

þekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa,

12. „stór fjárfestingarverkefni“: fjárfesting í fjármunaeign með aðstoðarhæfum kostnaði yfir 50 milljónir evra, reiknuð á verði og gengi þess dags þegar aðstoðin er veitt,

13. „fjöldi starfsmanna“: fjöldi starfseininga á ári, þ.e. fjöldi einstaklinga í fullu starfi á einu ári þar sem hlutastörf og árstíðabundin störf reiknast sem brot af starfseiningu,

14. „störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis“: störf er varða þá starfsemi sem fjárfestingin tengist, þ.m.t. störf sem verða til í kjölfar aukinnar nýtingar vegna afkastanna sem skapast með fjárfestingunni,

15. „launakostnaður“: sú heildarfjárhæð, sem aðstoðarþega ber í reynd að greiða vegna viðkomandi starfs, sem felur í sér:

    a) bruttólaun, fyrir skatt,

    b) skyldubundið framlag, t.d. almannatryggingagjöld, og

    c) kostnaður við umönnun barna og foreldra,

16. „aðstoð vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til eflingar atvinnu“: aðstoð sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 15. gr.,

17. „fjárfestingaraðstoð“: svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu skv. 13. gr., aðstoð vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aðstoð til að efla atvinnu og fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar skv. 18. til 23. gr.,

18. „illa settur starfsmaður“: einstaklingur sem:

    a) hefur ekki gegnt reglubundnu, launuðu starfi næstliðna sex mánuði eða

    b) hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi eða starfsmenntun (3. flokki í alþjóðlegu menntunarflokkuninni) eða

    c) er yfir 50 ára aldri eða

    d) býr einn sem fullorðinn einstaklingur með einn eða fleiri á framfæri eða

    e) vinnur í geira eða atvinnugrein í aðildarríki þar sem kynjamisvægi er a.m.k. 25% meira en meðaltal kynjamisvægis allra atvinnugreina í því aðildarríki og tilheyrir þeim kynjahópi sem færri eru í eða

    f) er í þjóðernisminnihluta í aðildarríki og þarfnast aukinnar tungumálakunnáttu, starfsþjálfunar eða starfsreynslu til að bæta möguleika sína á að fá stöðuga vinnu,

19. „verulega illa settur starfsmaður“: einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus lengur en 24 mánuði,

20. „fatlaður starfsmaður“: einstaklingur sem:

    a) er viðurkennt að sé fatlaður samkvæmt landslögum eða

    b) er viðurkennt að sé skertur af völdum líkamlegra, geðrænna eða sálrænna erfiðleika,

21. „vernduð vinna“: starf í fyrirtæki þar sem a.m.k. helmingur starfsmanna er fatlaður,

22. „landbúnaðarafurðir“:

    a) vörurnar sem eru tilgreindar í I. viðauka sáttmálans, þó ekki afurðir fiskveiða og lagareldis sem falla undir reglugerð (EB) nr. 104/2000,

    b) vörur sem falla undir kóðana 4502, 4503 og 4504 (korkvörur) í sameinuðu tollnafnaskránni,

    c) vörur sem ætlað er að líkja eftir eða koma í stað mjólkur og mjólkurafurða, eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([25]),

23. „vinnsla landbúnaðarafurða“: öll starfsemi er varðar landbúnaðarafurðir ef afrakstur hennar er afurð sem einnig er landbúnaðarafurð, þó ekki starfsemi á bújörðum sem er nauðsynleg við undirbúning dýra- eða plöntuafurða til fyrstu sölu,

24. „markaðssetning landbúnaðarafurða“: að geyma eða sýna með það í huga að selja, bjóða til sölu, afhenda eða einhver önnur aðferð til að markaðssetja, þó ekki fyrsta sala frumframleiðanda til endurseljenda eða vinnsluaðila og öll starfsemi sem felst í að undirbúa afurð fyrir slíka fyrstu sölu; sala frumframleiðanda til neytenda skal teljast markaðssetning ef hún fer fram á sérstökum stað sem notaður er í þeim tilgangi,

25. „ferðaþjónusta“: eftirfarandi starfsemi, samanber atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endurskoðun 2:

([25]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

a) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 55: gistiaðstaða,

b) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 56: starfsemi tengd veitingasölu,

c) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 79: ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta,

d) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 90: starfsemi á sviði skapandi lista og skemmtunar,

e) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 91: starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi,

f) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 93: starfsemi á sviði íþrótta, skemmtunar og tómstunda,

26. „fyrirframgreiðsla sem ber að endurgreiða“: lán vegna verkefnis sem er greitt í einni eða fleiri afborgunum og skilyrði fyrir endurgreiðslu miðast við niðurstöðu rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefnisins,

27. „áhættufjármagn“: fjármögnun með hlutafé og ígildi hlutafjár til fyrirtækja á fyrstu vaxtarstigum (frumstigi, upphafsstigi og útþenslustigi)

28. „fyrirtæki sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað“: lítið fyrirtæki sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) ein kona eða fleiri eiga a.m.k. 51% af eigin fé viðkomandi lítils fyrirtækis eða eru skráðir eigendur viðkomandi lítils fyrirtækis og

b) kona fer með stjórn litla fyrirtækisins,

29. „stáliðnaður“: starfssvið sem felur í sér framleiðslu á einni eða fleiri af eftirfarandi vörum:

a) steypujárn og járnblendi:

steypujárn fyrir framleiðslu á stáli, steypa og annað steypujárn, spegiljárn og kolefnisríkt járnmangan, að frátöldu öðru járnblendi,

b) hrávörur og hálfunnar vörur úr járni eða venjulegu eða eðalstáli:

fljótandi steypustál, ýmist í hleifum eða ekki, þ.m.t. hleifar til smíða á hálfunnum vörum: blokkir, hellur og plötur; þynnur og blikkrenningar, heitvalsað plötuefni í rúllum, að undanskilinni framleiðslu á fljótandi stáli til smíða í litlum og meðalstórum málmsteypum;

c) heitfágaðar vörur úr járni, venjulegu stáli eða eðalstáli:

teinar, brautarbitar, tengispangir, undirstöðuplötur, efnismiklir prófílar 80 mm og þar yfir, þilstál, teinar og prófílar undir 80 mm og flatjárn sem er undir 150 mm, stálstangir, stálrör og stálprófílar, heitvölsuð bönd og ræmur (þ.m.t. húðað og óhúðað), heitvalsaðar þynnur (húðaðar eða ekki), 3 mm plötur og þynnur og þar yfir, breitt flatjárn 150 mm og þar yfir, að undanskildum vír og vörum unnum úr vír, glansstangir og steypujárn,

d) kaldvalsaðar vörur:

blikkplötur, blýblandaðar plötur, svart stál, galvanhúðaðar þynnur, aðrar húðaðar þynnur, kaldvalsaðar þynnur, spenna- og rafalablikk, kaldvalsaðar plötur, í vafningum eða sléttar,

e) rör:

saumlaus stálrör, soðin stálrör meira en 406,4 mm að þvermáli,

30. „gervitrefjaiðnaður“:

a) þrýstimótun á almennri gerð þráðar og garns úr pólýester, akrýli eða pólýprópýleni, óháð notkun þess, eða

b) fjölliðun (þ.m.t. fjölliðuþéttun) þegar hún er samþætt þrýstimótun með tilliti til þess vélbúnaðar sem er notaður eða

c) hvers konar stoðvinnsla samhliða framleiðslubúnaði til þrýstimótunar á þræði á vegum væntanlegs aðstoðarþega eða annars fyrirtækis í sömu samstæðu, sem er yfirleitt, þegar um er að ræða þá tilteknu starfsemi, samþætt þess háttar framleiðsluaðstöðu með tilliti til vélbúnaðarins sem er notaður til framleiðslunnar.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði í II. kafla hennar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að sérhver stök aðstoð sem veitt er samkvæmt slíku kerfi uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar og að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Stök aðstoð, sem er veitt samkvæmt kerfi, sem um getur í 1. mgr., telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að hún uppfylli skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar og að ráðstöfun um staka aðstoð fylgi skýr tilvísun í viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar þar sem fram koma viðeigandi ákvæði, titill þessarar reglugerðar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Sérstök aðstoð, sem uppfyllir öll skilyrði I. kafla þessarar reglugerðar, sem og viðeigandi ákvæði í II. kafla hennar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að slíkri aðstoð fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram koma viðeigandi ákvæði, titill þessarar reglugerðar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Aðstoðarhlutfall og aðstoðarhæfur kostnaður

1. Við útreikning á aðstoðarhlutfalli skulu allar tölur, sem eru notaðar, vera án nokkurs frádráttar vegna skatta eða annarra álagna. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal afvöxtuð til sama virðis og hún var í þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við afvöxtunarreikning, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.

2. Í þeim tilvikum sem veitt aðstoð felst í undanþágu frá skatti eða lækkun á sköttum, sem á að greiða síðar, með fyrirvara um að virt sé tiltekið aðstoðarhlutfall, sem er skilgreint með vergu styrkígildi, kemur til afvöxtun hlutagreiðslna aðstoðar á grundvelli viðmiðunarvaxta sem eru í gildi á þeim mismunandi tímum þegar skattahagræði kemur til framkvæmda.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera studdur skriflegum sönnunargögnum sem skulu gagnsæ og sundurliðuð.

5. gr.

Gagnsæi aðstoðar

1. Reglugerð þessi gildir aðeins um gagnsæja aðstoð.

Einkum teljast eftirfarandi flokkar aðstoðar vera gagnsæir:

a) aðstoð sem felst í styrkjum og vaxtastyrkjum,

b) aðstoð í formi lána þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta þegar aðstoð er veitt,

c) aðstoð í formi ábyrgðarkerfa:

   i. ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðferðina við að reikna vergt styrkígildi, í kjölfar tilkynningar um aðferðina innan ramma beitingar þessarar reglugerðar eða reglugerðar (EB) nr. 1628/2006, og samþykkta aðferðin varðar beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem liggja til grundvallar eða

   ii. ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og þegar vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli lágmarks öryggisgjalds sem mælt er fyrir um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgða,

d) aðstoð sem felst í skattaráðstöfunum ef ráðstöfunin kveður á um þak sem tryggir að ekki sé farið yfir gildandi viðmiðunarmörk.

2. Eftirfarandi flokkar aðstoðar teljast ekki vera gagnsæir:

a) aðstoð sem felst í fjármagnsinnspýtingu með fyrirvara um sérstök ákvæði um áhættufjármagn,

b) aðstoð sem felst í ráðstöfunum er varða áhættufjármagn að frátalinni aðstoð sem uppfyllir skilyrði 29. gr.

3. Aðstoð í formi fyrirframgreiðslna, sem ber að endurgreiða, getur aðeins talist vera gagnsæ aðstoð ef heildarfjárhæð fyrirframgreiðslunnar, sem ber að endurgreiða, fer ekki yfir gildandi mörk samkvæmt þessari reglugerð. Ef mörkin eru tilgreind með tilliti til aðstoðarhlutfalls skal heildarfjárhæð fyrirframgreiðslunnar, sem ber að endurgreiða, tilgreind sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði, ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutfall.

6. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir stakar tilkynningar

1. Þessi reglugerð gildir ekki um staka aðstoð af neinu tagi, hvort sem um er að ræða sérstaka aðstoð á grundvelli aðstoðarkerfis, þar sem vergt styrkígildi fer yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

a) fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu

í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,

b) fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar: 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,

c) aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

d) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum: 2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

e) aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og hagkvæmniathuganir:

   i. ef verkefnið byggist fyrst og fremst á grunnrannsóknum, 20 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   ii. ef verkefnið er fyrst og fremst iðnaðarrannsóknir, 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   iii. fyrir öll önnur verkefni, 7,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni/hverja hagkvæmniathugun,

   iv. ef verkefnið er Evreka-verkefni, tvöföld fjárhæðin sem mælt er fyrir um í i., ii. og iii. lið.

f) aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tengslum við hugverkarétt á sviði iðnaðar: 5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,

g) aðstoð til menntunar: 2 milljónir evra fyrir hvert menntunarverkefni,

h) aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna: 5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,

i) aðstoð vegna atvinnu fatlaðra starfsmanna í formi launakostnaðar: 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,

j) aðstoð til að vega á móti viðbótarkostnaði vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna: 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári.

Til að ákvarða viðeigandi viðmiðunarmörk sem gilda um aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og hagkvæmniathuganir samkvæmt e-lið, telst verkefni vera „fyrst og fremst“ grunnrannsóknir eða „fyrst og fremst“ iðnaðarrannsóknir ef meira en 50% aðstoðarhæfs kostnaðar sem stofnað er til vegna starfsemi sem tilheyrir flokknum grunnrannsóknir eða iðnaðarrannsóknir. Í tilvikum þar sem ekki er hægt að ákvarða ráðandi eiginleika verkefnisins gilda lægri viðmiðunarmörkin.

2. Svæðisbundin aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna, skal tilkynnt framkvæmdastjórninni ef heildarfjárhæð allrar aðstoðarinnar fer yfir 75% af hámarksfjárhæð aðstoðar sem fjárfesting, með aðstoðarhæfum kostnaði, sem nemur 100 milljónum evra, getur hlotið, ef miðað er við stöðluð viðmiðunarmörk aðstoðar sem eru í gildi fyrir stór fyrirtæki á samþykkta kortinu yfir svæðisbundna aðstoð á þeim degi er veita skal aðstoðina.

7. gr.

Uppsöfnun

1. Við ákvörðun á því hvort viðmiðunarmörk aðstoðar, sem mælt er fyrir um í 6. gr., og hámarkshlutfall aðstoðar, sem mælt er fyrir um í II. kafla, séu virt skal tekið mið af heildarfjárhæð opinbers stuðnings við starfsemina eða verkefnið sem nýtur aðstoðar, óháð því hvort stuðningurinn er fjármagnaður af staðbundnu, svæðisbundnu, landsbundnu framlagi eða af sjóðum Bandalagsins.

2. Aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má bætast við alla aðra aðstoð, sem er undanþegin þessari reglugerð, svo fremi þessar aðstoðarráðstafanir varði annan aðstoðarhæfan kostnað sem tilgreindur er.

3. Aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra aðstoð sem er undanþegin þessari reglugerð eða minni háttar (*de minimis*) aðstoð, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 ([26]), eða við aðra fjármögnun Bandalagsins í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnað, sem að hluta til eða öllu leyti skarast, ef slík uppsöfnun leiðir til þess að aðstoðarhlutfall fer yfir hæsta aðstoðarhlutfall eða gildandi fjárhæð aðstoðar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Með fyrirvara um 3. mgr. er heimilt að bæta aðstoð í þágu fatlaðra starfsmanna, eins og kveðið er á um í 41. og 42. gr., við aðstoð, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn sem er yfir hæstu gildandi viðmiðunarmörkum samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að slík uppsöfnun leiði ekki til þess að aðstoðarhlutfallið fari yfir 100% af viðkomandi kostnaði á tímabilinu sem hlutaðeigandi starfsmenn eru ráðnir.

([26]) Stjtíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5.

5. Að því er varðar uppsöfnun aðstoðarráðstafana, sem eru undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð, með skilgreinanlegan aðstoðarhæfan kostnað og aðstoðarráðstafana, sem eru undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð og eru ekki með skilgreinanlegan kostnað, gilda eftirfarandi skilyrði:

a) ef markfyrirtæki hefur fengið fjármagn samkvæmt ráðstöfun um áhættufé skv. 29. gr. og síðar síðan, á fyrstu þremur árunum eftir fyrstu fjárfestingu með áhættufjármagni, um aðstoð innan gildissviðs þessarar reglugerðar skulu viðeigandi viðmiðunarmörk aðstoðar, eða aðstoðarhæf hámarksfjárhæð samkvæmt þessari reglugerð, skerðast um 50% almennt og um 20% fyrir markfyrirtæki sem eru á svæðum sem njóta aðstoðar. Skerðingin skal ekki vera hærri en heildarfjárhæð áhættufjármagnsins sem fæst. Þessi lækkun gildir ekki um aðstoð á sviði rannsóknar, þróunar og nýsköpunar sem er undanþegið skv. 31. til 37. gr.

b) á fyrstu þremur árunum eftir að aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja var veitt er óheimilt að bæta við annarri aðstoð sem undanþegin er samkvæmt þessari reglugerð, nema um sé að ræða aðstoð sem er undanþegin skv. 29. gr. og aðstoð sem er undanþegin skv. 31. til 37. gr.

8. gr.

Hvatningaráhrif

1. Einungis aðstoð sem hefur hvatningaráhrif er undanþegin þessari reglugerð.

2. Aðstoð, sem veitt er litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fellur undir þessa reglugerð, telst hafa hvatningaráhrif ef aðstoðarþegi hefur lagt fram umsókn til viðkomandi aðildarríkis um aðstoð áður en vinna við verkefnið eða starfsemina hefst.

3. Aðstoð, sem er veitt stórum fyrirtækjum og fellur undir þessar reglugerð, telst hafa hvetjandi áhrif ef, auk þess að fullnægja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., aðildarríkið hefur gengið úr skugga um, áður en viðkomandi stök aðstoð er veitt, að skjölin, sem aðstoðarþegi gengur frá, sýni fram á að ein eða fleiri eftirfarandi viðmiðana séu uppfylltar:

a) veruleg stækkun verkefnisins eða starfseminnar sem rekja má til aðstoðarinnar,

b) veruleg aukning á umfangi verkefnisins eða starfseminnar sem rekja má til aðstoðarinnar,

c) veruleg hækkun heildarfjárhæðar sem aðstoðarþegi ver til verkefnisins eða starfseminnar og rekja má til aðstoðarinnar,

d) veruleg aukning á hraða við að ljúka verkefninu eða starfseminni sem um ræðir,

e) að því er varðar svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, sem um getur í 13. gr., að verkefni hefði ekki verið hrundið í framkvæmd sem slíku á hinu styrkta svæði sem um ræðir, án aðstoðar.

4. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. gilda ekki um skattaráðstafanir ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skattaráðstafanirnar kveða á um lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt hlutlægum viðmiðunum og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins og

b) skattaráðstöfunin var samþykkt áður en hafist var handa við styrkta verkefnið eða starfsemina; þetta skilyrði á ekki við ef um er að ræða skattkerfi sem framhald er á.

5. Að því er varðar aðstoð til að bæta viðbótarkostnað vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna, eins og um getur í 42. gr., skulu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar teljast uppfyllt ef skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 42. gr., er fullnægt.

Að því er varðar aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi styrkja vegna launagreiðslna og aðstoð vegna ráðningar á fötluðum starfsmönnum í formi styrkja vegna launagreiðslna, eins og um getur í 40. og 41. gr. skulu skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. og. 3. mgr. þessarar greinar, teljast uppfyllt ef aðstoðin leiðir til hreinnar fjölgunar í ráðningu illa settra eða fatlaðra starfsmanna.

Að því er varðar aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, eins og um getur í 25. gr., telst skilyrðunum, sem mælt er um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar fullnægt.

Að því er varðar aðstoð í formi áhættufjármagns, eins og um getur í 29. gr., telst skilyrðunum, sem mælt er um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar fullnægt.

6. Sé skilyrðunum í 2. og 3. mgr. ekki fullnægt, fellur öll aðstoðarráðstöfunin utan undanþágu samkvæmt þessari reglugerð.

9. gr.

Gagnsæi

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku aðstoðarkerfis eða úthlutunar sérstakrar aðstoðar, sem hefur verið undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skal viðkomandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni samantekt upplýsinga sem varða slíka aðstoðar-

ráðstöfun. Þetta yfirlit ber að veita á rafrænu formi, um upplýsingatæknihugbúnað framkvæmdastjórnarinnar og vera á því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar staðfesta viðtöku á yfirlitinu.

Framkvæmdastjórnin skal birta samantekt upplýsinga í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Við gildistöku aðstoðarkerfis eða úthlutunar sérstakrar aðstoðar, sem hefur verið undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, skal viðkomandi aðildarríki birta á Netinu heildartexta slíkrar aðstoðarráðstöfunar. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða skal sá texti kveða á um skilyrðin sem mælt er fyrir um í landslögum og sem tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðkomandi aðildarríki skulu sjá til þess að óstyttur texti aðstoðarráðstöfunarinnar sé aðgengilegur á Netinu svo fremi viðkomandi aðstoðarráðstöfun sé í gildi. Í samanteknu upplýsingunum frá viðkomandi aðildarríki skv. 1. mgr. skal tilgreina veffang sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar.

3. Þegar stök aðstoð er veitt, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, að undanskilinni aðstoð, sem er í formi skattaráðstafana, skal gerðin um veitingu aðstoðarinnar hafa að geyma skýra tilvísun í sérákvæðin í II. kafla, sem þessi gerð varðar, í landslög, sem tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar, og í veffangið, sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skal í hvert sinn þegar stök aðstoð er veitt á grundvelli fyrirliggjandi aðstoðarkerfis vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, sem fjallað er um í 31. gr., og stakrar aðstoðar, sem fer yfir 3 milljónir evra, og í hvert sinn, þegar stök svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er veitt á grundvelli stórra fjárfestingarverkefna, sem ekki þarf að tilkynna sérstaklega skv. 6. gr., skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni umbeðnar, samanteknar upplýsingar rafrænt, á stöðluðu eyðublaði, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, um viðurkenndan upplýsingatæknihugbúnað framkvæmdastjórnarinnar, innan 20 virkra daga frá þeim degi sem lögbært yfirvald veitir aðstoðina.

10. gr.

Eftirlit

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með aðstoðarráðstöfunum sem henni hefur verið tilkynnt um skv. 9. gr.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir alla staka aðstoð eða aðstoðarkerfi sem er undanþegið samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til staðfestingar því að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins, ef réttur þess til aðstoðar eða hækkunar á framlögum er háður stöðu þess sem lítils eða meðalstórs fyrirtækis, upplýsingar um hvatningaráhrif aðstoðarinnar og upplýsingar, sem gera kleift að ákvarða nákvæmlega fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar með beitingu þessarar reglugerðar í huga.

Halda skal skrár varðandi staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt. Halda skal skrár varðandi aðstoðarkerfi í 10 ár frá þeim degi sem síðasta aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi.

3. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar til að hafa eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar.

Láti hlutaðeigandi aðildarríki umbeðnar upplýsingar ekki í té innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða tímamarka, sem almennt samkomulag er um, eða láti ófullnægjandi upplýsingar í té skal framkvæmdastjórnin senda áminningu þar sem nýr frestur er veittur til þess að leggja þær fram. Ef viðkomandi aðildarríki lætur ekki í té umbeðnar upplýsingar þrátt fyrir slíka áminningu er framkvæmdastjórninni heimilt, eftir að hafa veitt viðkomandi aðildarríki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, að taka ákvörðun þess efnis að tilkynna skuli framkvæmdastjórninni um allar aðstoðarráðstafanir, sem þessi reglugerð gildir um, eða hluta þeirra í framtíðinni til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

11. gr.

Ársskýrsla

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár, eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir fyrir, á rafrænu formi sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ([27]). Veffangið, sem leiðir beint í óstyttan texta aðstoðarráðstöfunarinnar, skal einnig

([27]) Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1.

fellt inn í slíka ársskýrslu.

12. gr.

Sérstök skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð

1. Til að fjárfesting geti talist vera aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar skal fjárfesting felast í eftirfarandi:

a) fjárfestingu í efnislegum og/eða óefnislegum eignum, sem tengjast stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar, sem fyrir er, aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar á nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreyting í heildarframleiðsluferli starfsstöðvar, sem fyrir er, eða

b) yfirtöku fjármunaeigna, sem tengjast starfsstöðinni beint ef starfsstöðinni hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt og óháður fjárfestir kaupir eignirnar. Ef um er að ræða lítið fyrirtæki, sem fjölskylda upphaflegs eiganda eða eigenda rekur áfram eða fyrrverandi starfsmenn, skal víkja frá skilyrðinu um að óháður fjárfestir kaupi eignirnar.

Yfirtaka á hlutum í fyrirtækinu ein og sér telst ekki vera fjárfesting.

2. Til þess að óefnislegar eignir teljist vera aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar verða þær að fullnægja eftirfarandi skilyrðum.

a) aðeins fyrirtækið, sem þiggur aðstoðina, má nota þær. Að því er varðar svæðisbundna aðstoð má aðeins nota þær í starfsstöðinni sem þiggur aðstoðina.

b) þær verða að teljast til afskrifanlegra eigna,

c) þriðju aðilar verða að kaupa þær við markaðsaðstæður, án þess að kaupandi sé í aðstöðu til að hafa áhrif, í skilningi 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([28]), á seljanda eða öfugt, eða

d) ef um er að ræða fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja verða þær að vera innifaldar í eignum fyrirtækisins, ef um er að ræða svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, og vera áfram í starfsstöðinni, sem fær svæðisbundna styrkinn, í a.m.k. fimm ár eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki,

3. Til þess að atvinna sem skapast beint með fjárfestingarverkefni geti talist aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar reglugerðar verður hún að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) atvinna skal skapast innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur,

b) fjárfestingarverkefnið skal leiða til hreinnar aukningar í fjölda starfa í viðkomandi starfsstöð borið saman við meðaltal síðustu 12 mánaða og

c) að starfinu, sem verður til, sé haldið í a.m.k. fimm ár ef um er að ræða stórt fyrirtæki og a.m.k. þrjú ár ef um er að ræða lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

II. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI UM MISMUNANDI FLOKKA AÐSTOÐAR

1. ÞÁTTUR

Svæðisbundin aðstoð

13. gr.

Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu

1. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að hún uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

Sérstök aðstoð, sem einungis er notuð til viðbótar veittri aðstoð á grundvelli svæðisbundinna fjárfestingar- og atvinnuaðstoðarkerfa og er ekki meira en 50% heildaraðstoðar sem veita skal til fjárfestingarinnar, samrýmist hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að sérstaka aðstoðin sem veitt er uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar.

2. Aðstoðin skal veitt á svæðum sem eru aðstoðarhæf fyrir svæðisbundna aðstoð, eins og tilgreint er á kortinu sem var samþykkt um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013. Fjárfestingin skal standa yfir í a.m.k. fimm ár á svæðinu þar sem styrkurinn er veittur, eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, eftir að allri fjárfestingunni er lokið. Þetta kemur ekki í veg fyrir að skipt sé um úrelta stöð eða búnað á því tímabili sem um getur í þeim lið vegna hraðra tæknibreytinga, að því tilskildu að atvinnustarfsemi haldist á viðkomandi svæði í lágmarkstíma.

3. Aðstoðarhlutfallið miðað við núverandi vergt

([28]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

styrkígildi má ekki fara yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar sem er í gildi á viðkomandi svæði á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.

4. Að undanskilinni aðstoð, sem er veitt til stórra fjárfestingarverkefna, og svæðisbundinni aðstoð til flutningageirans er heimilt að hækka viðmiðunarmörkin í 3. mgr. um 20 prósentustig fyrir aðstoð, sem er veitt litlum fyrirtækjum, og um 10 prósentustig fyrir aðstoð sem er veitt til meðalstórra fyrirtækja.

5. Viðmiðunarmörkin, sem eru fastsett í 3. mgr., skulu gilda um aðstoðarhlutfall, sem er reiknað annaðhvort sem hlutfall af aðstoðarhæfum efnislegum og óefnislegum kostnaði við fjárfestinguna eða sem hlutfall af áætluðum launakostnaði einstaklingsins sem var ráðinn, reiknað fyrir tveggja ára tímabil, fyrir störf sem beinlínis skapast vegna fjárfestingarverkefnis, eða hvort tveggja, að því tilskildu að aðstoðin fari ekki yfir þá fjárhæð sem hærri er af útreikningi á hvoru um sig.

6. Þegar aðstoðin er reiknuð á grundvelli efnislegs eða óefnislegs fjárfestingarkostnaðar, eða yfirtökukostnaðar ef um slíkt er að ræða, skal aðstoðarþeginn fjármagna a.m.k. 25% aðstoðarhæfs kostnaðar, annaðhvort af eigin fé eða með utanaðkomandi fjármögnun, með einhverjum hætti sem ekki felur í sér opinberan stuðning. Þegar hámarksaðstoð, sem er samþykkt á grundvelli landsbundinnar áætlunar um svæðisbundna aðstoð fyrir viðkomandi aðildarríki og aukin í samræmi við 4. mgr., fer yfir 75%, lækkar þó fjárframlag aðstoðarþega í samræmi við það. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli efnislegs eða óefnislegs fjárfestingarkostnaðar gilda einnig skilyrðin sem eru sett fram í 7. mgr.

7. Ef um yfirtöku á starfsstöð er að ræða skal einungis tekið tillit til kostnaðar við kaup á eignum af þriðja aðila, að því tilskildu að viðskiptin fari fram við markaðsaðstæður. Ef yfirtökunni fylgir önnur fjárfesting skal kostnaðurinn, sem tengist hinu síðarnefnda, bætast við kostnaðinn vegna kaupanna.

Einungis skal tekið tillit til kostnaðar, sem tengist yfirtöku á eignum, sem leigusamningur fylgir, öðrum en landi og byggingum, ef leigusamningurinn er í formi fjármögnunarleigu og felur í sér skuldbindingu um að kaupa eignina þegar tími leigusamningsins rennur út. Fyrir leigu á landi og byggingum skal leigusamningurinn gilda í a.m.k. fimm ár eftir að áætlað er að fjárfestingarverkefninu ljúki eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

Eignirnar, sem aflað er, skulu vera nýjar nema ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki og yfirtökur. Ef um er að ræða yfirtökur skulu eignir, sem eru keyptar með aðstoð, sem var veitt fyrir kaupin, dregnar frá. Ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki má einnig taka tillit til heildarkostnaðar við fjárfestingar í óefnislegum eignum. Fyrir stór fyrirtæki er slíkur kostnaður aðeins aðstoðarhæfur upp að 50% af heildarkostnaði aðstoðarhæfs fjárfestingarverkefnis.

8. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli launakostnaðar skulu störf beinlínis sköpuð fyrir tilstilli fjárfestingarverkefnisins.

9. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. er heimilt að hækka hámarksaðstoðarhlutfall fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða í:

a) 50% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem eiga rétt á aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 40% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

b) 25% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem rétt eiga á aðstoð, skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, og 20% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öðrum svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, eins og tilgreint er á korti yfir svæðisbundna aðstoð og samþykkt var fyrir viðkomandi aðildarríki fyrir tímabilið 2007 til 2013, ef aðstoðarþegi hefur færri en 750 starfsmenn og/eða minna en 200 milljónir evra í veltu, sem er reiknað í samræmi við I. viðauka þessarar reglugerðar.

10. Til þess að koma í veg fyrir að stórum fjárfestingarverkefnum sé óeðlilega skipt í undirverkefni skal stórt fjárfestingarverkefni teljast eitt fjárfestingarverkefni ef sama fyrirtækið eða fyrirtækin ráðast í fjárfestinguna innan þriggja ára og hún felst í fastafjármunum sem eru sameinaðir þannig að þeir séu fjárhagslega óskiptanlegir.

14. gr.

Aðstoð til nýstofnaðra, lítilla fyrirtækja

1. Aðstoðarkerfi í þágu lítilla nýstofnaðra fyrirtækja teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. gr., séu uppfyllt.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið fyrirtæki.

3. Fjárhæð aðstoðarinnar má ekki fara yfir:

a) 2 milljónir evra fyrir lítil fyrirtæki með atvinnustarfsemi á svæðum sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans,

b) 1 milljón evra fyrir lítil fyrirtæki með atvinnustarfsemi á svæðum sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans.

Árlegar fjárhæðir í aðstoð á hvert fyrirtæki mega ekki fara yfir 33% af fjárhæðunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) á svæðum, sem falla undir a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, 35% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum frá stofnun fyrirtækisins og 25% á næstu tveimur árunum eftir það,

b) á svæðum, sem falla undir c-lið 3. gr. 87. gr. sáttmálans, 25% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum frá stofnun fyrirtækisins og 15% á næstu tveimur árunum eftir það.

Þessi hlutföll má hækka um 5% á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans þar sem verg landsframleiðsla á mann er lægri en 60% af meðaltali ESB-25 á svæðum þar sem færri en 12,5 íbúar eru á hvern ferkílómetra og litlum eyjum þar sem færri en 5000 íbúar eru og öðrum samfélögum af sömu stærð sem búa við sambærilega einangrun.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal ná yfir lögfræði-, ráðgjafar- og stjórnsýslukostnað sem tengist beint stofnun lítils fyrirtækis sem og eftirfarandi kostnaður, að svo miklu leyti sem stofnað er til hans á fyrstu fimm árunum frá stofnun fyrirtækisins:

a) vextir á utanaðkomandi fjármagn og arður af eigin fé, sem er notað, og fer ekki yfir viðmiðunarvextina,

b) gjald fyrir leigu á framleiðsluaðstöðu/-búnaði,

c) orka, vatn, kynding, skattar (aðrir en virðisaukaskattur og fyrirtækjaskattar á rekstrartekjur) og stjórnsýslugjöld,

d) afskriftir, gjöld vegna leigu á framleiðsluaðstöðu/-búnaði, svo og launakostnaður, að því tilskildu að fjárfestingar eða atvinnusköpun og ráðningarráðstafanir, sem liggja til grundvallar, hafi ekki fengið aðra aðstoð.

6. Lítil fyrirtæki undir yfirráðum hluthafa fyrirtækja sem hefur verið lokað á undanförnum 12 mánuðum geta ekki fengið aðstoð samkvæmt þessari grein ef viðkomandi fyrirtæki hafa verið virk á þeim markaði, sem um ræðir, eða á aðliggjandi mörkuðum.

2. ÞÁTTUR

Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

15. gr.

Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin í 2., 3. og 4. mgr. séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 20% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um lítil fyrirtæki er að ræða,

b) 10% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða.

3. Eftirfarandi skal teljast aðstoðarhæfur kostnaður:

a) kostnaður vegna fjárfestinga í efnislegum og óefnislegum eignum eða

b) áætlaður launakostnaður vegna atvinnu sem skapast beinlínis með fjárfestingunni (aðstoð vegna atvinnusköpunar) reiknaður yfir tveggja ára tímabil.

4. Þegar fjárfestingin varðar vinnslu og markaðssetningu á landbúnaðarvörum má aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir:

a) 75% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á ystu svæðunum,

b) 65% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á minni eyjunum í Eyjahafinu í skilningi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1405/2006 ([29]),

c) 50% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á svæðum, sem eiga rétt á aðstoð, skv. a-lið 3. mgr. 87. gr.,

d) 40% af aðstoðarhæfum fjárfestingum á öllum öðrum svæðum.

([29]) Stjtíð. ESB L 265, 26.9.2006, bls. 1.

3. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna frumkvöðlastarfs sem er í höndum kvenna

16. gr.

Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað

1. Aðstoðarkerfi í þágu lítilla fyrirtækja sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að ákvæði 2.–5. mgr. séu uppfyllt.

2. Aðstoðarþegar skulu vera lítil fyrirtæki sem kvenkyns frumkvöðlar hafa nýlega stofnað.

3. Fjárhæð aðstoðarinnar má ekki fara yfir 1 milljón evra á hvert fyrirtæki.

Árlegar fjárhæðir aðstoðar á hvert fyrirtæki mega ekki fara yfir 33% af fjárhæðunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.

4. Aðstoðarhlutfall má ekki fara yfir 15% af aðstoðarhæfum kostnaði sem stofnað er til á fyrstu fimm árunum eftir stofnun fyrirtækisins.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður telst vera lögfræði-, ráðgjafar og stjórnsýslukostnaður sem tengist beint stofnun litla fyrirtækisins, sem og eftirfarandi kostnaður, að svo miklu leyti sem stofnað er til hans á fyrstu fimm árunum frá stofnun fyrirtækisins.

a) vextir á utanaðkomandi fjármagn og arður af eigin fé sem er notað og fer ekki yfir viðmiðunarvextina,

b) útgjöld vegna leigu á framleiðslustöðvum/-búnaði,

c) orka, vatn, upphitun, skattar (aðrir en virðisaukaskattur og fyrirtækjaskattar á rekstrartekjur) og stjórnsýslugjöld,

d) afskriftir, útgjöld vegna leigu á framleiðslustöðvum/-búnaði, svo og launakostnaður, að því tilskildu að fjárfestingar eða atvinnusköpun og ráðningarráðstafanir, sem liggja til grundvallar, hafi ekki fengið neina aðra aðstoð,

e) kostnaður vegna umönnunar barna og foreldra, eftir atvikum, kostnaður sem tengist foreldraorlofi.

6. Lítil fyrirtæki undir yfirráðum hluthafa fyrirtækja sem hefur verið lokað á undanförnum 12 mánuðum geta ekki fengið aðstoð samkvæmt þessari grein ef viðkomandi fyrirtæki eru virk á þeim markaði sem um ræðir eða aðliggjandi mörkuðum.

4. ÞÁTTUR

Aðstoð til umhverfisverndar

17. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „umhverfisvernd“: hvers konar aðgerð sem miðar að því að ráða bót á eða koma í veg fyrir spjöll á náttúrulegu umhverfi eða náttúruauðlindum vegna starfsemi aðstoðarþega, að draga úr hættu á slíkum spjöllum eða stuðla að skilvirkari nýtingu á náttúruauðlindum, þ.m.t. ráðstafanir til að spara orku og nota endurnýjanlega orkugjafa,

2. „orkusparandi ráðstafanir“: aðgerð sem gerir fyrirtækjum kleift að draga úr þeirri orku sem þau nota, m.a. í framleiðsluferlinu,

3. „Bandalagsstaðall“:

   a) lögboðinn Bandalagsstaðall, sem setur þau mörk, sem einstök fyrirtæki verða að ná með tilliti til umhverfisverndar, eða

   b) sú skuldbinding samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB ([30]) um að nota fullkomnustu tækni sem völ er á eins og sett er fram í nýjustu upplýsingum þar að lútandi sem framkvæmdastjórnin hefur birt skv. 2. mgr. 17. gr. þeirrar tilskipunar,

4. „endurnýjanlegir orkugjafar“: eftirfarandi endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti: vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, ölduog sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi,

5. „lífrænt eldsneyti“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,

6. „sjálfbært lífrænt eldsneyti“: lífrænt eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að stuðla að notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([31]); þegar Evrópuþingið og ráðið hefur samþykkt þessa tilskipun og hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópu-*

([30]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.
([31]) COM (2008) 19 lokaútgáfa.

sambandsins, gilda viðmiðanirnar sem þar er mælt fyrir um,

7. „orka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum“: orka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, að meðtöldum þeim hluta brennslugildisins sem er framleiddur með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni, þar sem einnig eru notaðir hefðbundnir orkugjafar, og að meðtöldu endurnýjanlegu rafmagni, sem er notað til að fylla á geymslukerfi, en að undanskildu rafmagni sem er fengið frá þess háttar kerfum,

8. „samvinnsla raf- og varmaorku“: samhliða framleiðsla varmaorku, raforku og/eða vélrænnar orku í einu og sama vinnsluferlinu,

9. „samvinnsla með góða orkunýtni“: samvinnsla raf- og varmaorku sem uppfyllir viðmiðanirnar í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ([32]) og fullnægir samræmdu nýtniviðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB ([33]),

10. „umhverfisskattur“: skattur þar sem sérstakur skattstofn hefur skýr, neikvæð áhrif á umhverfið eða þar sem leitast er við að skattleggja tiltekna starfsemi, vörur eða þjónustu þannig að hægt sé að fella umhverfiskostnað inn í verð hennar og/eða þannig að framleiðendum eða neytendum sé beint að starfsemi þar sem meira tillit er tekið til umhverfisins.

11. „lágmarksskattstig Bandalagsins“: lágmarksskattstig, sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins fyrir orkuvörur og rafmagn, lágmarksskattstig, merkir lámarksskattstig sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2003/96/EB,

12. „efnislegar eignir“: fjárfestingar í landi sem eru óhjákvæmilegar til að uppfylla umhverfismarkmið, fjárfestingar í byggingum, verum og búnaði, sem ætlað er að draga úr eða eyða óþægindum, og fjárfestingar í því skyni að laga framleiðsluaðferðir að verndun umhverfisins.

18. gr.

Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi

1. Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfismálum en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 8. mgr. þessarar greinar.

2. Fjárfestingaraðstoðin skal uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

a) fjárfestingin skal gera aðstoðarþega kleift að auka umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína með því að ganga lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum, óháð því hvort gildandi, lögboðnir staðlar eru strangari en Bandalagsstaðlar,

b) fjárfestingin á að gera aðstoðarþega kleift að auka umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi.

3. Ekki er heimilt að veita aðstoð þar sem umbætur eru gerðar til að tryggja að fyrirtæki fari að Bandalagsstöðlum sem þegar hafa verið samþykktir en hafa ekki ennþá öðlast gildi.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 35% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í viðkomandi Bandalagsstöðlum, án þess að tekið sé mið af ávinningi og kostnaði í rekstri.

6. Með tilliti til 5. mgr. skal kostnaður vegna fjárfestinga, sem tengjast beint umhverfisvernd, ákvarðaður með tilliti til staðleysuaðstæðna (e. counterfactual situation):

a) ef auðvelt er að greina kostnað vegna fjárfestinga í umhverfisvernd í heildarfjárfestingarkostnaðinum skal nákvæmlega sá kostnaður vera aðstoðarhæfur kostnaður,

b) í öllum öðrum tilvikum skal viðbótarfjárfestingarkostnaðurinn ákvarðaður með því að bera fjárfestinguna saman við staðleysuaðstæður þar sem engin ríkisaðstoð er veitt; rétta staðleysan skal vera kostnaður á tæknilega sambærilegri fjárfestingu sem kveður á um minni umhverfisvernd (sem samsvarar lögbundnum Bandalags-

([32]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.
([33]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183.

stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi) og sem trúlega yrði án þess að aðstoð kæmi til („viðmiðunarfjárfesting“). „Tæknilega sambærileg fjárfesting“ merkir fjárfestingu með sömu framleiðslugetu og alla aðra tæknilega eiginleika (nema þá sem tengjast beint viðbótarfjárfestingu vegna sömu umhverfisverndar). Auk þess verður slík viðbótarfjárfesting, í viðskiptalegu tilliti að vera trúverðugur kostur miðað við þá fjárfestingu sem verið er að meta.

7. Aðstoðarhæf fjárfesting skal vera í formi fjárfestinga í efnislegum og/eða óefnislegum eignum.

8. Ef um er að ræða fjárfestingar sem miða að því að ná meiri umhverfisvernd en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum skal velja staðleysu á eftirfarandi hátt:

a) ef fyrirtæki er að laga sig að innlendum stöðlum, sem hafa verið samþykktir þar sem Bandalagsstaðlar eru ekki fyrir hendi, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í innlendum stöðlum,

b) þegar fyrirtæki laga sig að eða ganga lengra en kveðið er á um í innlendum stöðlum, sem eru strangari en viðkomandi Bandalagsstaðlar, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá viðbótarfjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum, Kostnaður vegna þeirra fjárfestinga sem þörf er á til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í Bandalagsstöðlum er ekki aðstoðarhæfur,

c) ef engir staðlar eru fyrir hendi skal aðstoðarhæfur kostnaður vera nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður til þess að ná meiri umhverfisvernd en þeirri sem viðkomandi fyrirtæki hefðu náð hefði engin umhverfisaðstoð verið veitt.

9. Aðstoð vegna fjárfestinga í tengslum við meðhöndlun á úrgangi annarra fyrirtækja er ekki undanþegin samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðla að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi

1. Fjárfestingaraðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum, sem gera fyrirtækjum, sem eru virk í flutningageiranum, kleift að ganga lengra en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum að því er varðar umhverfisvernd eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. gr., séu uppfyllt.

2. Fjárfestingin, sem veitt er aðstoð til, skal uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr.

3. Aðstoð vegna kaupa á nýjum ökutækjum til vöruflutninga á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og flutninga á sjó, sem uppfylla Bandalagsstaðla, sem hafa verið samþykktir, skal undanþegin, þegar slík kaup eiga sér stað áður en þessir Bandalagsstaðlar öðlast gildi og ef þeir, þegar þeir verða lögbundnir, gilda ekki afturvirkt um þau ökutæki sem þegar hafa verið fest kaup á.

4. Aðstoð vegna endurbóta á starfsemi fyrirliggjandi flutningabifreiða, sem hefur umhverfisvernd að markmiði, skal undanþegin ef þau flutningatæki, sem eru fyrirliggjandi, eru endurbætt miðað við umhverfisstaðla sem ekki voru í gildi á þeim degi þegar þessi flutningatæki voru tekin í notkun eða ef þessi flutningatæki heyra ekki undir neina umhverfisstaðla.

5. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 35% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri umhverfisvernd en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. gr. án þess að tekið sé tillit til ávinnings og kostnaðar í rekstri.

20. gr.

Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar

1. Aðstoð, sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að fara að nýjum Bandalagsstöðlum, sem auka umhverfisvernd og hafa ekki enn öðlast gildi, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmál-

ans, að því tilskildu að hún uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2., 3. mgr. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Bandalagsstaðlar skulu hafa verið samþykktir og fjárfestingunni hrundið í framkvæmd og henni lokið a.m.k. einu ári áður en viðkomandi staðall öðlast gildi.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 15% af aðstoðarhæfum kostnaði að því er varðar lítil fyrirtæki og 10% af aðstoðarhæfum kostnaði að því er varðar meðalstór fyrirtæki ef framkvæmd og lok eiga sér stað meira en þremur árum áður en staðallinn öðlast gildi og 10% að því er varðar lítil fyrirtæki ef lok eiga sér stað frá einu ári allt að þremur árum áður en staðallinn öðlast gildi.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná þeirri umhverfisvernd sem gerð er krafa um í Bandalagsstaðlinum miðað við þá umhverfisvernd sem gerð var krafa um áður en staðallinn öðlaðist gildi.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

21. gr.

Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar

1. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að hún uppfylli:

a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar eða

b) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. hennar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 60% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri orkusparnaði en gerð er krafa um í Bandalagsstöðlunum.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr.

Reikna skal aðstoðarhæfan kostnað að frádregnum hvers konar rekstrarhagnaði eða kostnaði sem tengist viðbótarfjárfestingu vegna orkusparnaðar og sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum sem fjárfestingin stendur yfir ef um er að ræða lítil eða meðalstór fyrirtæki, á fyrstu fjórum árunum ef um er að ræða fyrirtæki sem ekki taka þátt í áætlun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir á koltvísýringi (CO) og á fyrstu fimm árunum ef um er að ræða stór fyrirtæki sem taka þátt í áætlun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarheimildir á koltvísýringi. Að því er varðar stór fyrirtæki er heimilt að stytta þetta tímabil niður í fyrstu þrjú árin sem fjárfestingin stendur yfir ef hægt er að sýna fram á að afskriftartími fjárfestingarinnar fari ekki yfir þrjú ár.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal annast útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði.

4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 20% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

22. gr.

Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni

1. Aðstoð vegna fjárfestinga á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 45% af aðstoðarhæfum kostnaði. Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá viðbótarkostnaður sem er nauðsynlegur til þess að ná fram meiri samvinnslu með góða orkunýtni miðað við viðmiðunarfjárfestingu. Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

4. Nýja samvinnslueiningin skal í heildina fela í sér sparnað í samanburði við viðmiðanirnar fyrir aðskilda framleiðslu raforku og varma sem kveðið er á um í tilskipun 2004/8/EB og ákvörðun 2007/74/EB. Umbæturnar á fyrirliggjandi samvinnslueiningu eða breytingu á fyrirliggjandi orkuframleiðslustöð yfir í samvinnslueiningu skal leiða til sparnaðar á frumorku í samanburði við upphaflega stöðu.

23. gr.

Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, sé fullnægt:

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 45% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og aðstoð, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður er sá viðbótarkostnaður sem aðstoðarþegi stendur straum af í samanburði við hefðbundna orkuframleiðslu eða hefðbundið upphitunarkerfi með sömu afkastagetu með tilliti til skilvirkrar orkuframleiðslu.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal reiknaður eins og sett er fram í 6. og 7. mgr. 18. gr. án þess að tekið sé tillit til rekstrarávinnings og rekstrarkostnaðar.

4. Fjárfestingaraðstoð á sviði umhverfismála vegna framleiðslu á lífeldsneyti skal eingöngu undanþegin ef styrktar fjárfestingar eru að öllu leyti notaðar til að framleiða sjálfbært lífeldsneyti.

24. gr.

Aðstoð til umhverfisrannsókna

1. Aðstoð til rannsókna, sem tengjast beint fjárfestingunum, sem um getur í 18. gr., til fjárfestinga í orkusparandi aðgerðum samkvæmt skilyrðunum, sem sett eru fram í 21. gr., og fjárfestingar vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt skilyrðunum, sem eru sett fram í 23. gr., samrýmast hinum sameiginlega markaði í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni, sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, sé fullnægt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

Þó er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar vegna rannsókna sem gerðar eru fyrir hönd litilla fyrirtækja um 20 prósentustig og rannsókna sem gerðar eru fyrir hönd meðalstórra fyrirtækja um 10 prósentustig.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna rannsóknarinnar.

25. gr.

Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum

1. Kerfi fyrir umhverfisaðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum, sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2003/96/EB, samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Þeir sem þiggja aðstoð í formi skattalækkunar skulu a.m.k. greiða lágmarksskatt Bandalagsins sem kveðið er á um í tilskipun 2003/96/EB.

3. Skattalækkanir skulu veittar í minnst tíu ár. Að þessum tíma liðnum skulu aðildarríkin endurmeta hvort viðkomandi aðstoðarráðstöfun eigi rétt á sér.

5. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum

26. gr.

Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna ráðgjafar sem utanaðkomandi ráðgjafar veita.

Viðkomandi þjónusta skal ekki vera samfelld eða

reglubundin starfsemi og ekki tengjast venjulegum rekstrarútgjöldum fyrirtækisins, s.s. ráðgjöf í skattamálum, reglubundinni lögfræðiþjónustu eða auglýsingum.

27. gr.

Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum

1. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna leigu, uppsetningar og rekstrar sýningaraðstöðu fyrirtækis þegar það tekur í fyrsta sinn þátt í tiltekinni kaupstefnu eða sýningu.

6. ÞÁTTUR

Aðstoð í formi áhættufjármagns

28. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „eigið fé“: eignarhald í fyrirtæki sem felst í hlutabréfunum sem gefin eru út til fjárfesta,

2. „ígildi eigin fjár“: fjármálagerningar þar sem arður handhafa grundvallast fyrst og fremst á hagnaði eða tapi viðkomandi markfyrirtækis og sem eru ekki tryggðir ef um er að ræða vanefndir,

3. „einkahlutafé“: einkahlutafé — sem andstæða við opinbert hlutafé — eða ígildi fjárfestinga með eigið fé í fyrirtækjum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkað, þ.m.t. áhættufjármagn,

4. „sprotafjármagn“: fjármögnun til rannsókna, mats og þróunar á upphaflegri hugmynd sem er undanfari uppbyggingarstigs,

5. „uppbyggingarfjármagn“: fjármögnun fyrirtækja sem ekki hafa selt vöru sína eða þjónustu og mynda enn sem komið er ekki hagnað til vöruþróunar eða til að hefja markaðssetningu,

6. „útfærslufjármagn“: fjármögnun til stækkunar og útfærslu á fyrirtæki, sem ekki er víst hvort standi á sléttu eða skilar arði, í því skyni að efla framleiðslugetu markaðsþróun eða vöruþróun eða til að leggja fram hreint viðbótarveltufé,

7. „útgönguáætlun“: áætlun um innlausn á eignarhlutum í eigu áhættufjármagnssjóðs eða hlutabréfasjóðs í samræmi við áætlun um hámarksarð, þ.m.t. sala, afskriftir, innlausn á forgangshlutum/endurgreiðsla á lánum, sala til annarra áhættufjármagnseigenda, sala til fjármálastofnana og sala með opinberu útboði, þ.m.t. fyrsta útboð verðbréfa (IPO).

8. „markfyrirtæki“: fyrirtæki sem fjárfestir eða fjárfestingarsjóður íhugar að fjárfesta í.

29. gr.

Aðstoð í formi áhættufjármagns

1. Aðstoðarkerfi fyrir áhættufjármagn í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Áhættufjármagnsráðstöfunin skal vera í formi þátttöku í sjóði sem annast fjárfestingar fyrir einkaaðila sem stjórnað er á viðskiptalegum grundvelli.

3. Hlutar fjárfestinga, sem greiddir verða úr fjárfestingarsjóðnum, skulu ekki fara yfir 1,5 milljónir evra fyrir hvert markfyrirtæki á hverju tólf mánaða tímabili.

4. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á svæðum, sem njóta aðstoðar, sem og lítil fyrirtæki á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar, skal áhættufjármagnsráðstöfunin takmarkast við útvegun á sprotafjármagni, fjármagni á uppbyggingarstigi og/eða útfærslufjármagni. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á svæðum, sem ekki njóta aðstoðar, skal áhættufjármagnsráðstöfunin takmarkast við útvegun á sprotafjármagni, fjármagni á uppbyggingarstigi og/eða útþenslufjármagni.

5. Fjárfestingarsjóðurinn skal útvega a.m.k. 70% af heildarfjármagni sem fjárfest er í litlum og meðalstórum markfyrirtækjum í formi eigin fjár eða ígildi eigin fjár.

6. Að minnsta kosti 50% af fjármagni fjárfestingarsjóðsins skulu koma frá einkafjárfestum. Ef um er að ræða fjárfestingarsjóði, sem sérhæfa sig í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, á svæðum sem njóta aðstoðar, skulu a.m.k. 30% af fjármagninu koma frá einkafjárfestum.

7. Til að tryggja að áhættufjármagnsráðstöfunin miði að hagnaði skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) viðskiptaáætlun skal liggja fyrir um hverja fjárfestingu þar sem fram koma nákvæmar upplýsingar um vöru, sölu og hagnaðarþróun og gerð er grein fyrir hagkvæmni verkefnisins fyrir fram og

b) fyrir hverja áætlun skal liggja fyrir skýr og raunhæf útgönguáætlun.

8. Til að tryggja að fjárfestingarsjóðnum sé stjórnað á viðskiptalegum grundvelli skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) samningur skal liggja fyrir milli faglegs sjóðsstjóra og aðila að sjóðnum, að því tilskildu að þóknun stjórnandans tengist frammistöðu og þar sem markmið sjóðsins eru skilgreind og fram kemur fyrirhuguð tímaáætlun fjárfestinganna og

b) einkafjárfestar skulu eiga fulltrúa í ákvörðunartöku, svo sem fyrir milligöngu fjárfestanefndar eða ráðgjafarnefndar, og

c) bestu starfsvenjur og lögboðið eftirlit gilda um stjórnun sjóða.

7. ÞÁTTUR

Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar

30. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „rannsóknarstofnun“: stofnun, t.d. háskóli eða rannsóknarstofa, óháð réttarstöðu (skipulögð í samræmi við opinberan rétt eða einkarétt) eða fjármögnunaraðferð, sem hefur að meginmarkmiði að leiða grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarf og miðla niðurstöðum sínum með kennslu, útgáfu eða tækniyfirfærslu. Allur hagnaður verður að vera endurfjárfestur í þessari starfsemi, miðlun niðurstaðna eða kennslu. Fyrirtæki, sem geta haft áhrif á slíka stofnun, t.d. í krafti stöðu sinnar sem hluthafar, eða aðilar að stofnuninni, skulu ekki hafa neinn forgang að rannsóknargetu slíkrar stofnunar eða að rannsóknarniðurstöðum hennar.

2. „grunnrannsóknir“: tilraunastarf eða fræðileg vinna sem fer fram fyrst og fremst til að afla nýrrar þekkingar á grundvallarþáttum fyrirbæra eða á áþreifanlegum staðreyndum, án þess að um sé að ræða sérstakan tilgang eða áform um notkun,

3. „iðnaðarrannsóknir“: skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem beinast að því að afla nýrrar þekkingar og færni til að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða til að koma í kring mikilvægum umbótum á vörum, ferlum eða þjónustu sem fyrir er. Þær taka til gerðar íhluta í flókin kerfi sem eru nauðsynlegir vegna iðnaðarrannsókna, nánar tiltekið vegna almennrar fullgildingar á tækni að frumgerðum undanskildum,

4. „þróunarstarf“: öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirliggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri viðeigandi þekkingu og kunnáttu til að gera áætlanir og ráðstafanir eða hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar vörur, ferla eða þjónustu. Þetta getur t.d. einnig tekið til annarrar starfsemi sem miðar að hugmyndalegri skilgreiningu, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu. Þessi starfsemi getur einnig tekið til vinnslu á drögum, teikningum, áætlunum og öðrum skjallegum gögnum að því tilskildu að þau séu ekki ætluð til notkunar í viðskiptum.

   Þróun á frumgerðum og tilraunaverkefnum, sem hægt er að nota í viðskiptaskyni, telst einnig með þegar frumgerðin þarf að vera fullunnin verslunarvara og þegar of kostnaðarsamt er að framleiða hana til þess eins að nota til kynningar og fullgildingar. Ef um er að ræða kynningar- eða tilraunaverkefni, sem síðar verður notað í viðskiptum, verður að draga allar tekjur af þeirri notkun frá aðstoðarhæfum kostnaði.

   Tilraunaframleiðsla og prófun vara, verkferlar og þjónusta geta einnig átt kost á aðstoð, að því tilskildu að það sé ekki hægt að nota þetta eða umbreyta til notkunar í iðnaði eða í viðskiptaskyni.

   Þróunarstarf felur ekki í sér venju- eða reglubundnar breytingar á vörum, framleiðslulínum, framleiðsluferlum, þjónustu, sem fyrir er, og annarri yfirstandandi starfsemi, jafnvel þótt þessar breytingar geti talist til endurbóta,

5. „mjög menntað starfsfólk“: rannsakendur, verkfræðingar, hönnuðir og markaðsstjórar með menntun á háskólastigi og a.m.k. fimm ára viðeigandi faglega reynslu; doktorsnám getur talist sem viðeigandi fagleg reynsla,

6. „útsent starfsfólk“: tímabundin ráðning starfsfólks hjá aðstoðarþega í tiltekinn tíma, en að honum loknum hefur starfsfólk rétt til að snúa aftur til fyrri vinnuveitanda.

31. gr.

Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna

1. Aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni ef hún uppfyllir skilyrði í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Sá hluti rannsóknar- og þróunarverkefnisins sem nýtur aðstoðar verður að öllu leyti að falla undir einn eða fleiri flokka eftirfarandi rannsóknarflokka:

a) grunnrannsóknir,

b) iðnaðarrannsóknir,

c) þróunarstarf.

Ef verkefnið tekur til mismunandi verkefna skal hvert verkefni skilgreint eins og það falli undir einn þeirra flokka sem taldir eru upp í fyrstu undirgrein eða eins og það falli ekki undir neinn þessara flokka.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir grunnrannsóknir,

b) 50% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir iðnaðarrannsóknir,

c) 25% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir þróunarstarf.

Aðstoðarhlutfall skal ákvarðað fyrir hvern aðstoðarþega, þ.m.t. í samstarfsverkefni, eins og kveðið er á um í i. lið b-liðar 4. mgr.

Ef um er að ræða aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis, sem unnið er í samstarfi milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja, má sameinuð aðstoð vegna beins ríkisstuðnings við tiltekið verkefni og, þar sem þau fela í sér aðstoð, framlög frá rannsóknarstofnunum til þess verkefnis ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutfall fyrir hvert fyrirtæki sem fær aðstoð.

4. Aðstoðarhlutfall fyrir iðnaðarrannsóknir og þróunarstarf í 3. mgr. má auka á eftirfarandi hátt:

a) ef aðstoð er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum er heimilt að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig og aðstoð, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og

b) heimilt er að bæta við 15 prósentustiga hækkun þar til hámarksaðstoðarhlutfallið nemur 80% af aðstoðarhæfum kostnaði ef

   i. verkefnið felur í sér samstarf a.m.k. tveggja fyrirtækja sem eru óháð hvort öðru og ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

      — ekkert eitt fyrirtæki stendur straum af meira en 70% af aðstoðarhæfum kostnaði við samstarfsverkefnið,

      — verkefnið felur í sér samstarf við a.m.k. eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða er unnið í a.m.k. tveimur aðildarríkjum eða

   ii. verkefnið felur í sér skilvirkt samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar og ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

      — rannsóknarstofnunin stendur straum af a.m.k. 10% af aðstoðarhæfum kostnaði við verkefnið og

      — rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður verkefnisins svo fremi þær megi rekja til rannsókna sem stofnunin framkvæmdi eða

   iii. ef um er að ræða iðnaðarrannsóknir, sé niðurstöðum verkefnisins dreift víða á tækni- og vísindaráðstefnum eða þær birtar í vísinda- og tæknitímaritum eða í opnum gagnasöfnum (gagnagrunnum þar sem allir geta nálgast óunnin rannsóknargögn) eða um gjaldfrjálsan eða opinn hugbúnað.

Að því er varðar i. og ii. lið í b-lið fyrstu undirgreinar telst undirverktakastarfsemi ekki vera skilvirkt samstarf.

5. Eftirfarandi telst vera aðstoðarhæfur kostnaður:

a) starfsmannakostnaður (vísindamenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk sem vinnur að rannsóknarverkefninu),

b) kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja, aðstoðarhæfur,

c) kostnaður tengdur byggingum og landi, að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja, aðstoðarhæfur. Að því er varðar land er útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til í reynd, aðstoðarhæfur,

d) kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem eru fengin frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila og ekkert samráð á sér stað, sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina,

e) annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins,

f) annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til beint í kjölfar rannsóknarstarfseminnar.

6. Öllum aðstoðarhæfum kostnaði skal úthlutað til sérstaks flokks rannsóknar- og þróunarverkefna.

32. gr.

Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana

1. Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana, sem framkvæmdar eru í undirbúningsstarfi fyrir iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarf, samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki 75% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarstarfsemi og 50% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir starfsemi á sviði þróunarstarfs,

b) að því er varðar stór fyrirtæki 65% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarstarfsemi og 40% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna undirbúningsrannsókna fyrir starfsemi á sviði þróunarstarfs.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður vegna rannsóknarinnar.

33. gr.

Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverkaréttar á sviði iðnaðar

1. Aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem tengist öflun og staðfestingu einkaleyfa og annars hugverkaréttar á sviði iðnaðar samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfall skal ekki fara yfir það aðstoðarhlutfall vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 31. gr., að því er varðar þá rannsóknarstarfsemi sem leiddi fyrst til þess hugverkaréttar á sviði iðnaðar sem um ræðir.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) allur kostnaður sem stofnað er til áður en réttindin eru veitt í fyrsta lögsagnarumdæminu, þ.m.t. kostnaður sem tengist undirbúningi, skjalavistun og meðferð umsóknarinnar, auk kostnaðar við endurnýjun umsóknarinnar áður en réttindin hafa verið veitt,

b) þýðing og annar kostnaður tengdur öflun eða staðfestingu réttindanna í öðrum lögsagnarumdæmum,

c) kostnaður við að verja lögmæti réttindanna meðan á opinberri meðferð umsóknarinnar stendur og hugsanlegri andmælameðferð, jafnvel þó að sá kostnaður verði til eftir að réttindin eru veitt.

34. gr.

Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða

1. Aðstoð til rannsókna og þróunar að því er varðar þær vörur sem taldar eru upp í I. viðauka við samninginn samrýmist sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal njóta undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. þessarar greinar, séu uppfyllt.

2. Aðstoðin verður að vera í þágu hagsmuna allra rekstraraðila í þeim tiltekna geira eða undirgeira sem um ræðir.

3. Upplýsingar um þá rannsókn, sem verður framkvæmd og markmið hennar, skulu birtar á Netinu áður en rannsóknin hefst. Áætluð dagsetning væntanlegra niðurstaðna og birtingarstaður þeirra á Netinu, sem og ábending þess efnis að niðurstöðurnar fáist endurgjaldslaust, skal fylgja með.

Niðurstöður rannsóknarinnar skulu vera aðgengilegar á Netinu í a.m.k. 5 ár. Þær skulu birtar eigi síðar en þær upplýsingar sem heimilt er að veita aðilum að hvers konar samtökum.

4. Aðstoð skal veitt rannsóknarstofnun milliliðalaust og má ekki fela í sér neina aðstoð aðra en til

rannsókna í þágu fyrirtækis sem framleiðir, vinnur eða markaðssetur landbúnaðarvörur, né veita framleiðendum slíkra vara verðstuðning.

5. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá kostnaður sem kveðið er á um í 5. mgr. 31. gr.

7. Aðstoð vegna rannsókna og þróunar í tengslum við vörur, sem eru taldar upp í I. viðauka við samninginn og uppfylla ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 30., 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar, séu uppfyllt.

35. gr.

Aðstoð við ung nýsköpunarfyrirtæki

1. Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið fyrirtæki sem hefur starfað a.m.k. í 6 ár þegar aðstoðin er veitt.

3. Rannsóknar- og þróunarkostnaður aðstoðarþega skal nema a.m.k. 15% af heildarrekstrarkostnaði á minnst einu ári af þremur áður en aðstoðin er veitt eða, þegar um er að ræða sprotafyrirtæki og ekki er um nein fullfrágengin reikningsskil að ræða, í endurskoðun á yfirstandandi reikningstímabili eins og vottað er af ytri endurskoðanda.

4. Aðstoðarfjárhæðin má ekki fara yfir 1 milljón evra.

Aðstoðarfjárhæðin skal þó ekki fara yfir 1,5 milljónir evra á svæðum, sem falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og 1,25 milljón evra, sem falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans.

5. Aðstoðarþegi getur eingöngu fengið aðstoð einu sinni á því tímabili sem það telst vera ungt nýsköpunarfyrirtæki.

36. gr.

Aðstoð vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar

1. Aðstoð vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði í 2. til 6. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarþegi skal vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

3. Aðstoðarfjárhæð skal ekki fara yfir 200 000 evrur að hámarki fyrir hvern aðstoðarþega á hverju þriggja ára tímabili.

4. Þjónustuveitandinn skal njóta góðs af innlendri eða evrópskri vottun. Njóti þjónustuveitandi ekki góðs af innlendri eða evrópskri vottun má aðstoðarhlutfall ekki fara yfir 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

5. Aðstoðarþegi verður að nota aðstoðina til þess að kaupa þjónustu á markaðsverði eða, ef þjónustuveitandinn er stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, á verði sem endurspeglar heildarkostnað hennar að viðbættri hæfilegri þóknun.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) að því er varðar ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar, kostnaður sem tengist: rekstrarráðgjöf, tækniaðstoð, þjónustu við tækniyfirfærslu, þjálfun, ráðgjöf vegna kaupa, verndar og viðskipta með hugverkarétt og vegna leyfissamninga og ráðgjafar um notkun á stöðlum,

b) að því er varðar stuðningsþjónustu á sviði iðnaðar, kostnaður í tengslum við: skrifstofurými, gagnabanka, tæknibókasöfn, markaðsrannsóknir, gæðamerkingu, prófun og vottun.

37. gr.

Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki

1. Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki frá rannsóknarstofnun eða stóru fyrirtæki til lítils eða meðalstórs fyrirtækis telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Starfsfólkið sem er fengið að láni má ekki koma í stað annars starfsfólks heldur skal það notað í nýstofnuð störf hjá fyrirtækinu, sem nýtur aðstoðar, og verður að hafa starfað í a.m.k. tvö ár í rannsóknarstofnuninni eða stórfyrirtækinu sem sendir fólk til starfa.

Starfsfólkið, sem er fengið að láni, verður að vinna að rannsóknum, þróun og nýsköpun innan þess litla

eða meðalstóra fyrirtækis sem fær aðstoðina.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði í mest 3 ár á hvert fyrirtæki og hvern einstakling sem er fenginn að láni.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera allur starfsmannakostnaður í tengslum við lán á og ráðningu á mjög hæfu starfsfólki, þ.m.t. kostnaður við að leita aðstoðar hjá ráðningarskrifstofu og að greiða ferðakostnað þess starfsfólks sem er fengið að láni.

5. Þessi grein gildir ekki um ráðgjafarkostnað sem um getur í 26. gr.

8. ÞÁTTUR

Aðstoð til menntunar

38. gr.

Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „sérmenntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist beinlínis og fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmanns í fyrirtæki og veitir hæfni sem er ekki eða aðeins að litlu leyti yfirfæranleg á önnur fyrirtæki eða starfssvið,
2. „almenn menntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist ekki eingöngu eða fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmanns í fyrirtæki en veitir hæfni sem er að miklu leyti yfirfæranleg á önnur fyrirtæki eða starfssvið. Menntun telst vera „almenn“ ef hún er t.d.:
   a) skipulögð sameiginlega af nokkrum sjálfstæðum fyrirtækjum eða ef starfsmenn mismunandi fyrirtækja geta aflað sér þessarar menntunar,
   b) viðurkennd, vottuð eða metin af opinberum yfirvöldum eða aðilum eða af öðrum aðilum eða stofnunum sem aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur veitt nauðsynlegt umboð á þessu sviði.

39. gr.

Aðstoð til menntunar

1. Aðstoð til menntunar telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir:

a) 25% af aðstoðarhæfum kostnaði við sérmenntun og
b) 60% af aðstoðarhæfum kostnaði við almenna menntun.

Þó er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um mest 80% af aðstoðarhæfum kostnaði sem hér segir:

a) um 10 prósentustig ef menntunin er veitt illa stöddum starfsmönnum,
b) um 10 prósentustig ef aðstoðin er veitt meðalstórum fyrirtækjum og um 20 prósentustig ef aðstoðin er veitt litlum fyrirtækjum.

Þegar aðstoð er veitt í sjóflutningageiranum getur hlutfallið orðið 100% hvort sem menntunarverkefnið snertir sérmenntun eða almenna menntun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) sá sem fær menntunina skal ekki vera virkur áhafnarmeðlimur heldur skal hann vera aukamaður um borð og
b) menntunin skal fara fram um borð í skipum sem eru skráð í Bandalaginu.

3. Í tilvikum þar sem bæði sérmenntun og almenn menntun eru þættir í aðstoðarverkefninu, sem ekki er hægt að aðskilja við útreikning á hlutfalli aðstoðarinnar, og í tilvikum þar sem ekki er unnt að skera úr um hvort um er að ræða sérmenntun eða almenna menntun, skal hlutfallið, sem gildir fyrir sérmenntun, gilda.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður við menntunarverkefni skal vera:

a) starfsmannakostnaður vegna kennara,
b) ferðakostnaður kennara og nemenda, þ.m.t. vegna gistingar,
c) annar tilfallandi kostnaður, s.s. efni og búnaður sem tengist beint verkefninu,
d) afskriftir af tækjum og búnaði sem er einungis notaður í menntunarverkefninu,
e) kostnaður við leiðbeiningar- og ráðgjafarþjónustu viðvíkjandi menntunarverkefninu,
f) starfsmannakostnaður vegna lærlings (stjórnsýslukostnaður, leiga, óbeinn kostnaður) allt að heildarfjárhæð annars styrkhæfs kostnaðar samkvæmt liðum a til e. Einungis má reikna þann tíma sem lærlingur stundar í raun nám, að frá-

dregnum virkum vinnustundum við framleiðslu eða samsvarandi.

9. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna

40. gr.

Aðstoð vegna ráðningar illa settra eða fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks

1. Aðstoðarkerfi vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrks teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef þau uppfylla skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera launakostnaður á 12 mánaða tímabili í kjölfar ráðningar.

Ef starfsmaður er verulega illa settur skal aðstoðarhæfur kostnaður vera launakostnaður á mest 24 mánaða tímabili í kjölfar ráðningar.

4. Ef ráðningin felur ekki í sér nettófjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð, miðað við meðaltal undanfarinna tólf mánaða, skal staðan eða stöðurnar hafa losnað vegna brottfarar af frjálsum vilja, starfsloka á grundvelli aldurs, styttingar á vinnutíma af frjálsum vilja eða lögmætrar uppsagnar vegna misferlis en ekki vegna almennra uppsagna.

5. Illa settur starfsmaður skal eiga rétt á samfelldri atvinnu í samfelldan lágmarkstíma í samræmi við viðkomandi landslög eða kjarasamninga sem gilda um ráðningarsamninga nema þegar um er að ræða lögmæta uppsögn vegna misferlis.

Ef ráðningartíminn er styttri en 12 mánuðir eða 24 mánuðir, eftir atvikum, skal lækka aðstoðina hlutfallslega í samræmi við það.

41. gr.

Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks

1. Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrks telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera launakostnaður á tilteknu tímabili meðan hinn fatlaði einstaklingur starfar.

4. Ef ráðningin felur ekki í sér hreina fjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð, miðað við meðaltal undanfarinna tólf mánaða, skal staðan eða stöðurnar hafa losnað vegna brottfarar af frjálsum vilja, starfsloka á grundvelli aldurs, styttingar á vinnutíma af frjálsum vilja eða lögmætrar uppsagnar vegna misferlis en ekki vegna almennra uppsagna.

5. Starfsmenn skulu eiga rétt á samfelldri atvinnu í samfelldan lágmarkstíma í samræmi við viðkomandi landslög eða kjarasamninga sem gilda um ráðningarsamninga nema þegar um er að ræða lögmæta uppsögn vegna misferlis.

Ef ráðningartíminn er styttri en 12 mánuðir skal lækka aðstoðina hlutfallslega í samræmi við það.

42. gr.

Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu

1. Aðstoð sem er veitt til að bæta upp aukakostnað við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera annar kostnaður en launakostnaður sem fellur undir 41. gr. sem er umfram þann kostnað sem styrkþegi hefði þurft að greiða vegna ófatlaðra starfsmanna þann tíma sem fatlaðir starfsmenn eru við störf.

Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) kostnaður við aðlögun húsnæðis,

b) kostnaður við að hafa í vinnu fólk sem starfar eingöngu við að aðstoða fatlaða starfsmenn,

c) kostnaður við að aðlaga eða kaupa búnað, eða kaupa viðurkenndan hugbúnað sem fatlaðir starfsmenn geta notað, þ.m.t. aðlagaður tæknibúnaður eða tæknileg hjálpartæki, sem er umfram þann kostnað sem aðstoðarþegi hefði þurft að greiða vegna ófatlaðra starfsmanna þann tíma sem fatlaðir starfsmenn eru við störf.

d) ef aðstoðarþegi fær starfsmann í starf með verndaðri vinnuaðstöðu, kostnaður við að byggja, setja

upp eða stækka viðkomandi starfsstöð svo og allur stjórnsýslu- og flutningskostnaður vegna fatlaðra starfsmanna.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

43. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1628/2006 er felld úr gildi.

Líta ber á allar tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina og reglugerð (EB) nr. 68/2001, reglugerð (EB) nr. 70/2001 og reglugerð (EB) nr. 2204/2002 sem tilvísanir í þessa reglugerð.

44. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Þessi reglugerð gildir um staka aðstoð sem var veitt áður en hún öðlaðist gildi, uppfylli aðstoðin öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að undanskilinni 9. gr.

2. Öll aðstoð, sem er veitt fyrir 31. desember 2008, sem uppfyllir ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, en uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 68/2001, reglugerð (EB) nr. 70/2001, reglugerð (EB) nr. 2204/2002 eða reglugerð (EB) nr. 1628/2006, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

Alla aðra aðstoð, sem er veitt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sem uppfyllir hvorki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð né skilyrðin, sem mælt er fyrir um í einni reglugerðanna, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal framkvæmdastjórnin meta í samræmi við gildandi ramma, viðmiðunarreglur, orðsendingar og auglýsingar.

3. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu öll aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma, að undanskildum svæðisbundnum aðstoðarkerfum. Undanþága vegna aðstoðarkerfa rennur út á þeim degi sem gildistímabil samþykkts korts yfir svæðisbundna aðstoð rennur út.

45. gr.

Gildistaka og gildissvið

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 31. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skilgreining á litlu og meðalstóru fyrirtæki

1. gr.

Fyrirtæki

Fyrirtæki er aðili sem stundar atvinnustarfsemi, óháð því hvert rekstrarform þess er að lögum. Þetta tekur einkum til sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldufyrirtækja sem fást við handverk eða aðra starfsemi og sameignarfélaga eða samtaka sem stunda atvinnustarfsemi að staðaldri.

2. gr.

Fjöldi starfsfólks og viðmiðunarmörk sem ákvarða flokkun fyrirtækja

1. Flokkur örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja nær til fyrirtækja sem hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra.

2. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 50 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 10 milljónir evra.

3. Innan flokks lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru örfyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra.

3. gr.

Tegundir fyrirtækja sem mið er tekið af við útreikning starfsmannafjölda og fjárhæða

1. „Óháð fyrirtæki“ er fyrirtæki sem ekki er flokkað sem hlutdeildarfyrirtæki í skilningi 2. mgr. eða sem tengt fyrirtæki í skilningi 3. mgr.

2. „Hlutdeildarfyrirtæki“ eru öll fyrirtæki sem ekki eru flokkuð sem tengd fyrirtæki í skilningi 3. mgr. og þar sem eftirfarandi vensl eru til staðar: fyrirtæki (aðliggjandi fyrirtæki) sem eiga, annaðhvort ein eða ásamt einu eða fleiri tengdum fyrirtækjum í skilningi 3. mgr., 25% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti í öðru fyrirtæki (fráliggjandi fyrirtæki).

Þó má flokka fyrirtæki sem óháð, og líta svo á að það eigi ekki hlutdeildarfyrirtæki, jafnvel þótt þessum 25% mörkum sé náð eða farið yfir þau, ef um er að ræða eftirfarandi fjárfesta, svo fremi þeir séu ekki tengdir fyrirtækinu, sem um ræðir, í skilningi 3. mgr., annaðhvort einir eða sameiginlega:

a) opinber fjárfestingarfélög, áhættufjármagnsfélög, einstaklinga eða hópa einstaklinga sem stunda reglulega áhættufjárfestingarstarfsemi og fjárfesta fyrir eigið fé í óskráðum fyrirtækjum (viðskiptaenglar) svo fremi heildarfjárfesting þessara fjárfesta í sama fyrirtækinu sé innan við 1 250 000 evrur,

b) háskóla eða rannsóknarmiðstöðvar sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni,

c) stofnanafjárfesta, þ.m.t. byggðaþróunarsjóðir,

d) óháð staðaryfirvöld með árlega fjárveitingu sem er lægri en 10 milljónir evra og þar sem íbúar eru færri en 5 000.

3. „Tengd fyrirtæki“ eru fyrirtæki sem tengjast hvert öðru á einhvern eftirfarandi hátt:

a) fyrirtæki ræður meirihluta atkvæða hluthafa eða félaga í öðru fyrirtæki,

b) fyrirtæki hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta manna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn annars fyrirtækis,

c) fyrirtæki hefur yfirráð yfir öðru fyrirtæki samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við það fyrirtæki eða ákvæðum í stofnsamþykktum þess,

d) fyrirtæki, sem er hluthafi eða félagi í öðru fyrirtæki, ræður eitt meirihluta atkvæða hluthafanna eða félaganna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að ekki sé um að ræða yfirráð ef fjárfestarnir, sem taldir eru upp í annarri undirgrein 2. mgr., taka ekki beinan eða óbeinan þátt í stjórnun fyrirtækisins sem um er að ræða, með fyrirvara um réttindi þeirra sem hagsmunaaðila.

Fyrirtæki, sem tengjast á einhvern þann hátt sem lýst er í fyrstu undirgrein í gegnum eitt eða fleiri önnur fyrirtæki eða einhvern af fjárfestunum, sem lýst er í 2. mgr., teljast einnig tengd.

Fyrirtæki, sem tengjast á þennan hátt í gegnum einstakling, eða hóp einstaklinga, sem starfa saman, teljast líka tengd fyrirtæki ef þau stunda starfsemi sína eða hluta starfsemi sinnar á sama viðkomandi markaði eða á aðliggjandi mörkuðum.

„Aðliggjandi markaður“ er markaður fyrir vöru eða þjónustu sem liggur að eða frá viðkomandi markaði.

4. Ekki er hægt að líta svo á að fyrirtæki sé lítið eða meðalstórt ef 25% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé þess er stjórnað beint eða óbeint af einum eða fleiri opinberum aðilum, ýmist einum aðila eða nokkrum í sameiningu, nema í þeim tilvikum sem sett eru fram í annarri undirgrein 2. mgr.

5. Fyrirtæki geta gefið út stöðuyfirlýsingu með gögnum um mörkin, sem sett eru fram í 2. gr., þar sem fram kemur hvort þau eru óháð fyrirtæki, hlutdeildarfyrirtæki eða tengd fyrirtæki. Yfirlýsinguna má gefa út jafnvel þótt fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé unnt að ákvarða eignarhald á því, og getur þá fyrirtækið lýst því yfir í góðri trú að hægt sé með réttu að álykta að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða í sameign margra fyrirtækja sem tengjast. Slíkar yfirlýsingar eru gefnar út með fyrirvara um eftirlit og rannsóknir sem kveðið er á um í innlendum reglum eða reglum Bandalagsins.

4. gr.

Gögn sem notuð eru við útreikning á fjölda starfsfólks, fjárhæðum og viðmiðunartímabili

1. Gögnin um útreikning á fjölda starfsfólks og fjárhæða eru þau sem varða síðasta samþykkta reikningsskilatímabil og eru reiknuð á ársgrundvelli. Tekið er mið af þeim frá þeirri dagsetningu þegar uppgjörinu er lokað. Fjárhæðin, sem valin er fyrir veltuna, er reiknuð án virðisaukaskatts og annarra óbeinna skatta.

2. Ef fyrirtæki uppgötvar, þann dag sem uppgjöri er lokað, að það hefur á ársgrundvelli farið yfir eða fallið niður fyrir mörkin um fjölda starfsfólks eða fjárhagsmörkin, sem sett eru fram í 2. gr., leiðir það ekki til þess að það öðlist eða tapi stöðu örfyrirtækis, lítils eða meðalstórs fyrirtækis nema farið sé yfir þau mörk tvö samfelld reikningsskilatímabil.

3. Þegar um er að ræða nýlega stofnuð fyrirtæki, þar sem uppgjör hefur enn ekki verið samþykkt, skulu gögnin fengin úr áreiðanlegu mati sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.

5. gr.

Fjöldi starfsfólks

Fjöldi starfsfólks samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda einstaklinga sem unnu fullt starf í viðkomandi fyrirtæki eða á vegum þess allt viðmiðunarárið sem um ræðir. Störf einstaklinga, sem hafa ekki unnið allt árið, eða unnið í hlutastarfi, hvort sem það er lengur eða skemur, og árstíðabundins starfsfólks, reiknast sem brot af ársverkum. Til starfsfólks teljast:

a) launþegar,

b) einstaklingar sem starfa fyrir fyrirtækið, aðrir en yfirmenn þess, og sem teljast starfsfólk samkvæmt landslögum,

c) eigendur sem stjórna,

d) aðilar sem stunda reglulega starfsemi í fyrirtækinu og njóta fjárhagslegs ávinnings af fyrirtækinu.

Lærlingar eða nemendur í starfsþjálfun á námssamningi eða á starfsþjálfunarsamningi teljast ekki til starfsfólks. Sá tími sem varið er til fæðingar- og foreldraorlofs reiknast ekki með.

6. gr.

Ákvörðun gagna fyrirtækis

1. Þegar um er að ræða óháð fyrirtæki eru gögnin, þ.m.t. fjöldi starfsfólks, eingöngu ákvörðuð á grundvelli uppgjörs fyrirtækisins.

2. Gögn fyrirtækis, þ.m.t. fjöldi starfsfólks, sem á hlutdeildarfyrirtæki eða tengd fyrirtæki, eru ákvörðuð á grundvelli uppgjörs og annarra gagna fyrirtækisins eða samstæðureikninga þess, séu þeir fyrir hendi, eða samstæðureikninga þar sem gögn fyrirtækisins koma fram sem hluti af samstæðureikningum.

Við gögnin, sem um getur í fyrstu undirgrein, bætast gögn hlutdeildarfyrirtækja viðkomandi fyrirtækis sem liggja að því eða frá því. Samsöfnun er í réttu hlutfalli við hlutdeild í eigin fé eða atkvæðisrétti (eftir því hvort er hærra). Þegar um er að ræða gagnkvæma eignarhlutdeild gildir hærri hlutfallstalan.

Við gögnin, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, bætast 100% gagna allra fyrirtækja sem tengjast beint eða óbeint viðkomandi fyrirtæki ef þau gögn eru ekki þegar hluti af uppgjörinu sem hluti af samstæðureikningum.

3. Að því er varðar beitingu 2. mgr. eru gögn hlutdeildarfyrirtækja viðkomandi fyrirtækis fengin úr uppgjöri þeirra og öðrum gögnum, eða úr samstæðureikningum, séu þeir fyrir hendi. Við þau bætast 100% gagna fyrirtækja sem eru tengd þessum hlutdeildarfyrirtækjum nema gögnin úr uppgjöri þeirra séu þegar hluti af samstæðureikningum.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. skal taka gögn fyrirtækja sem eru tengd viðkomandi fyrirtæki úr uppgjöri þeirra og öðrum gögnum, eða úr samstæðureikningum séu þeir fyrir hendi. Við þetta bætast í réttu hlutfalli gögn hugsanlegra aðliggjandi eða fráliggjandi hlutdeildarfyrirtækja tengda fyrirtækisins nema þau hafi þegar verið tekin inn í samstæðureikningana í hlutfalli sem er a.m.k. jafnt hlutfallinu sem getið er í annarri undirgrein 2. mgr.

4. Þegar engin gögn um starfsfólk tiltekins fyrirtækis birtast í samstæðureikningum er fjöldi starfsfólks reiknaður með því að safna saman, í réttum hlutföllum, gögnunum frá hlutdeildarfyrirtækjum þess og með því að bæta við gögnunum frá fyrirtækjunum sem viðkomandi fyrirtæki tengist.

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem veittar eru fyrir aðstoð vegna rannsókna og þróunar samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr.

1. Aðstoð í þágu (heiti fyrirtækis (fyrirtækja) sem fær aðstoðina, lítið og meðalstórt fyrirtæki eða ekki):

2. Tilvísun aðstoðarkerfis (vísun framkvæmdastjórnarinnar í það eða þau fyrirliggjandi kerfi sem veitt aðstoð fellur undir):

3. Opinber stofnun/stofnanir sem veita aðstoðina (nafn og tengiliðir þess yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina):

4. Aðildarríki þar sem verkefni eða ráðstöfun, sem nýtur aðstoðar, er hrundið í framkvæmd:

5. Tegund aðstoðarkerfis eða ráðstöfunar:

6. Stutt lýsing á verkefni eða ráðstöfun:

7. Ef við á, aðstoðarhæfur kostnaður (í evrum):

8. Núvirði aðstoðarfjárhæðar (vergt) í evrum:

9. Aðstoðarhlutfall (prósentur af vergu styrkígildi)

10. Skilyrði háð greiðslum áformaðrar aðstoðar (ef um þau er að ræða).

11. Áætluð upphafs- og lokadagsetning verkefnis eða ráðstöfunar.

12. Dagsetning þegar aðstoð var veitt.

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem veittar eru fyrir aðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem um getur í 4. mgr. 9. gr.

1. Aðstoð í þágu (heiti fyrirtækis (fyrirtækja) sem fær aðstoðina).

2. Tilvísun aðstoðarkerfis (tilvísun framkvæmdastjórnarinnar í það eða þau fyrirliggjandi kerfi sem veitt aðstoð fellur undir).

3. Opinber stofnun/stofnanir sem veita aðstoðina (heiti og tengiliðir þess yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina).

4. Aðildarríki þar sem fjárfestingin á sér stað.

5. Svæði (3. stig í flokkun hagskýrslusvæða NUTS 3) þar sem fjárfestingin á sér stað.

6. Sveitarfélag (áður 5. stig í flokkun hagskýrslusvæða, nú LAU 2) þar sem fjárfestingin á sér stað.

7. Tegund verkefnis (stofnun nýrrar starfsstöðvar, stækkun starfsstöðvar sem fyrir er, aukin fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með nýjum vörum til viðbótar eða grundvallarbreytingu í heildarframleiðsluferli starfandi starfsstöðvar).

8. Framleiddar vörur eða þjónusta veitt á grundvelli fjárfestingarverkefnisins (með vöruskrá Evrópubandalaganna/atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna eða vöruflokkun Evrópubandalagsins fyrir verkefni í þjónustugeiranum).

9. Stutt lýsing á fjárfestingarverkefni.

10. Núvirði aðstoðarhæfs kostnaðar við fjárfestingarverkefni (í evrum).

11. Núvirði aðstoðarfjárhæðar (vergt) í evrum.

12. Aðstoðarhlutfall (% í núverandi jafngildi vergs styrks).

13. Skilyrði háð greiðslum áformaðrar aðstoðar (ef um þau er að ræða).

14. Áætluð upphafs- og lokadagsetning verkefnis.

15. Dagsetning þegar aðstoð var veitt.

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga samkvæmt frekari upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.

Látið í té umbeðnar upplýsingar hér að neðan:

I. HLUTI

Tilvísun í aðstoð	*(framkvæmdastjórnin fyllir út)*	
Aðildarríki		
Tilvísunarnúmer aðildarríkis		
Svæði	Heiti svæðisins (flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([1])	Staða svæðisbundinnar aðstoðar ([2])
Úthlutunaryfirvald	Heiti	
	Heimilisfang Vefsíða	
Heiti aðstoðarráðstöfunarinnar		
Landsbundinn lagagrundvöllur Upplýsingar um viðkomandi landsbundna útgáfu		
Vefslóð að óstyttum texta aðstoðarráðstöfunarinnar		
Tegund aðstoðar	Kerfi	
	Sérstök aðstoð	Heiti aðstoðarþega

Breyting á gildandi aðstoðarráðstöfun		Aðstoðarnúmer framkvæmdastjórnarinnar	
	Framlenging		
	Breytingar		
Gildistími ([3])	Kerfi	dd/mm/áá til dd/mm/áá	
Dagsetning úthlutunar ([4])	Sérstök aðstoð	dd/mm/áá	
Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á að fá aðstoð		
	Takmarkað við tilteknar atvinnugreinar — Tilgreinið í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. ([5])		
Tegund þiggjanda aðstoðar	Lítil og meðalstór fyrirtæki		
	Stór fyrirtæki		
Fjárhagsáætlun	Árleg fjárhæð áætlaðrar heildarfjárhæðar fjárveitingarinnar samkvæmt kerfinu ([6])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
	Heildarfjárhæð sérstakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt ([7])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
	Ábyrgðir ([8])	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)	
Tegund aðstoðar (5. gr.)	Styrkur		
	Vaxtastyrkir		
	Lán		
	Ábyrgðir/Tilvísun í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ([9])		
	Skattaráðstafanir		
	Áhættufjármagn		
	Fyrirframgreiðslur sem ber að endurgreiða		
	Annað (tilgreinið)		
Ef fjármagnað er að hluta úr sjóðum Bandalagsins	Tilvísun	Fjárhæð framlags Bandalagsins	Í innlendum gjaldmiðli … (í milljónum)

([1]) NUTS — Flokkun hagskýrslusvæða.
([2]) Ákvæði a-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, c-liðar 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, blönduð svæði og svæði sem ekki eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð.
([3]) Tímabilið þegar yfirvald aðstoðarinnar getur veitt aðstoðina.
([4]) Líta skal svo á að lágmarksaðstoð sé veitt á þeim tíma sem aðstoðarþegi öðlast lagalegan rétt til slíkrar aðstoðar samkvæmt gildandi lagareglum viðkomandi ríkis.
([5]) NACE, 2. endursk. — Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.

([6]) Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: Tilgreina skal árlega áætlaða heildarfjárhæð fjárveitingar samkvæmt kerfinu eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem til eru í kerfinu.
([7]) Þegar um er að ræða staka aðstoð skal tilgreina heildarfjárhæð/skattatap.
([8]) Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.
([9]) Eftir því sem við á skal vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem hún samþykkir aðferðina við að reikna vergt styrkígildi, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

II. HLUTI

Tilgreina skal ákvæði í reglugerð um almenna hópundanþágu sem veitt aðstoð fellur undir.

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu ([1]) (13. gr.)	Kerfi	… %	
	Sérstök aðstoð (1. mgr. 13. gr.)	… %	
Aðstoð til nýstofnaðra lítilla fyrirtækja (14. gr.)		… %	
Fjárfestingaraðstoð og aðstoð til eflingar atvinnu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (15. gr.)		… %	
Aðstoð til lítilla fyrirtækja sem konur í hópi frumkvöðla hafa nýlega stofnað (16. gr.)		… %	
Aðstoð til umhverfisverndar (17.–25. gr.)	Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Bandalagsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi (18. gr.) Vísa skal sérstaklega í viðeigandi staðal	… %	
	Aðstoð til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum sem gengur lengra en kveðið er á um í Bandalagsstöðlum eða sem stuðla að aukinni umhverfisvernd ef engir Bandalagsstaðlar eru fyrir hendi (19. gr.)	… %	
	Aðstoð til aðlögunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja að Bandalagsstöðlum sem verða settir síðar (20. gr.)	… %	

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)		Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
	Umhverfisaðstoð vegna ráðstafana á sviði orkusparnaðar (21. gr.)		… %	
	Aðstoð á sviði umhverfisfjárfestinga vegna samvinnslu með góða orkunýtni (22. gr.)		… %	
	Aðstoð vegna fjárfestinga í umhverfismálum vegna aukinnar hlutdeildar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (23. gr.)		… %	
	Aðstoð til umhverfisrannsókna (24. gr.)		… %	
	Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum (25. gr.)		… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þátttöku þeirra í kaupstefnum (26.–27. gr.)	Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (26. gr.)		… %	
	Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku þeirra í kaupstefnum (27. gr.)		… %	
Aðstoð í formi áhættufjármagns (28.–29. gr.)			… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð til umhverfisverndar (30.–37. gr.)	Aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Grunnrannsóknir (a-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
		Iðnaðarrannsóknir (b-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
		Þróunarstarf (c-liður 2. mgr. 31. gr.)	… %	
	Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana (32. gr.)		… %	
	Aðstoð í tengslum við kostnað lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna hugverkaréttar á sviði iðnaðar (33. gr.)		… %	
	Aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði landbúnaðar og fiskveiða (34. gr.)		… %	

Almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Mesta aðstoðarhlutfall í prósentum eða hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli	Lítil og meðalstór fyrirtæki – aukaaðstoðargreiðslur í prósentum
	Aðstoð til ungra nýsköpunarfyrirtækja (35. gr.)	… í innlendum gjaldmiðli	
	Aðstoð til ráðgjafarþjónustu við nýsköpun og til stoðþjónustu við nýsköpun (36. gr.)	… í innlendum gjaldmiðli	
	Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki (37. gr.)	… í innlendum gjaldmiðli	
Aðstoð til menntunar (38.–39. gr.)	(Sérmenntun (1. mgr. 38. gr.)	… %	
	(Almenn menntun (2. mgr. 38. gr.)	… %	
Aðstoð vegna illa settra og fatlaðra starfsmanna (40.–42. gr.)	Aðstoð vegna ráðningar illa settra starfsmanna í formi launastyrkja (40. gr.)	… %	
	Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja (41. gr.)	… %	
	Aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu (42. gr.)	… %	

([1]) Þegar um er að ræða sérstaka svæðisaðstoð umfram aðstoð sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi/-kerfum skal tilgreina bæði aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu og hlutfall sérstöku aðstoðarinnar.

1325. Nefndarálit [577. mál]

um frv. til l. um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, með síðari breytingum, og laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verð á brott vatnalög, nr. 20/2006, ásamt síðari breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim lögum, þ.e. með 2. gr. laga nr. 31/2007, lögum nr. 133/2007, 75. gr. laga nr. 167/2007, I. kafla laga nr. 58/2008, lögum nr. 127/2008 og 23. gr. laga nr. 9/2009. Jafnframt er lagt til að lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, verði felld brott.

Hinn 16. mars 2006 voru samþykkt á Alþingi ný vatnalög, nr. 20/2006, en lögunum var ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Skv. 42. gr. þeirra skyldu þau öðlast gildi 1. nóvember 2007 og um leið skyldu núgildandi vatnalög, nr.

15/1923, falla úr gildi. Með lögum nr. 133/2007 var gildistöku laganna frestað til 1. nóvember 2008 og með lögum nr. 127/2008 var gildistökunni frestað enn á ný til 1. júlí 2010.

Lög nr. 20/2006 ollu miklum deilum á Alþingi þegar þau voru sett vorið 2006. Deilurnar má ekki síst rekja til breyttrar tilhögunar á eignarráðum yfir vatni. Við 2. umræðu um frumvarpið náðu þingflokkar samkomulagi um meðferð þess og gerði þáverandi iðnaðarráðherra grein fyrir því 15. mars 2006. Fól samkomulagið í sér að iðnaðarráðherra mundi skipa nefnd eftir að frumvarpið hefði verið samþykkt sem taka skyldi til skoðunar samræmi laganna við önnur ákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða. Samkomulagið fól jafnframt í sér að gildistöku vatnalaga yrði frestað til 1. nóvember 2007 en þá mundu eldri vatnalög frá 1923 jafnframt falla úr gildi. Nefndin var ekki skipuð og var gildistöku enn frestað til 1. nóvember 2008.

Nefndin var loks skipuð þverpólitískt 15. janúar 2008 og skilaði hún af sér 215 blaðsíðna skýrslu 9. september 2008. Ein af fjórum tillögum nefndarinnar var að fresta skyldi gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, og að ný nefnd yrði skipuð sem hefði það hlutverk að vinna að endurskoðun laganna, eða eins og segir í skýrslu nefndarinnar:

„Í fjórða lagi leggur vatnalaganefnd til að gildistöku vatnalaga nr. 20/2006 verði frestað tímabundið meðan nefnd sem skipuð verði á vegum iðnaðarráðherra, og í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, vinni að endurskoðun laganna í samræmi við tillögur vatnalaganefndar.“

Í kjölfarið var gildistöku laga nr. 20/2006 frestað til 1. júlí 2010. Hinn 17. ágúst 2009 var vatnalaganefnd 2 skipuð og bar nú svo við að ekki var leitað eftir fulltingi stjórnarandstöðu. Hinn 1. desember 2009 skilaði nefndin drögum að frumvarpi um nýrra vatnalaga til viðskiptaráðherra. Það er skemmst frá því að segja að iðnaðarnefnd voru ekki kynnt drögin að frumvarpinu heldur var nefndinni sent frumvarp um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, sem ætlunin er að gera að lögum fyrir þinglok. Þetta er skýlaust brot á samkomulaginu sem birtist í skýrslu vatnalaganefndar 1 sem kvað á um að nýtt frumvarp leysti vatnalög, nr. 20/2006, af hólmi. Ljóst er að verið er að efna til ófriðar á Alþingi með þessu háttalagi og mótmælir 1. minni hluti þessari málsmeðferð harðlega. Í stað þess telur 1. minni hluti rétt að vatnalögum, nr. 20/2006, verði frestað enn og aftur, nú til 31. desember 2010, og að tíminn verði notaður til að ná pólitískri sátt um þetta mikilvæga mál og í framhaldinu verði lögfest frumvarp sem leysi lögin frá 2006 af hólmi.

Alþingi, 10. júní 2010.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. Jón Gunnarsson.

1326. Frumvarp til laga [152. mál]

um stjórnlagaþing.

(Eftir 2. umr., 12. júní.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipan.

1. gr.
Hlutverk.

Forseti Íslands skal boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

2. gr.
Skipan og starfstími.

Stjórnlagaþing skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þeir skulu kosnir persónukosningu.

Þingið skal koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum 15. apríl 2011 en getur ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrr.

Á milli samkomutímabila þingsins skulu starfa nefndir þær sem þingið kýs skv. 16. og 17. gr.

Stjórnlagaþingi er heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þingsins verði framlengdur með þingsályktun um allt að tvo mánuði.

3. gr.
Viðfangsefni.

Stjórnlagaþing skal sérstaklega taka til umfjöllunar eftirfarandi þætti:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.
4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Stjórnlagaþing getur ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er í 1. mgr.

II. KAFLI
Kosning til stjórnlagaþings.

4. gr.
Kjördagur.

Kosning til stjórnlagaþings skal fara fram eigi síðar en 30. október 2010. Skal kosningin vera leynileg.

5. gr.

Kosningarréttur og kjörskrár.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga þeir sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þegar boðað hefur verið til kosninga til stjórnlagaþings skal Þjóðskrá Íslands semja kjörskrá og setja á rafrænt form til að nota við atkvæðagreiðsluna.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis og skráðir voru með lögheimili í tilteknu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands þremur vikum fyrir kjördag. Enn fremur skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. þeirra laga og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í tilteknu sveitarfélagi.

Sautján dögum fyrir kjördag skal Þjóðskrá Íslands birta hina rafrænu kjörskrá almenningi til sýnis á heimasíðum dómsmálaráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrá Íslands skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram að kjördegi. Ákvörðun Þjóðskrár Íslands er endanleg.

Þremur vikum fyrir kjördag skal dómsmálaráðuneytið birta auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum þar sem vakin er athygli almennings á því hvar nálgast megi hina rafrænu kjörskrá og hvernig megi gera athugasemdir við hana.

6. gr.

Kjörgengi.

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru þeir sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar eru þó ekki kjörgengir.

7. gr.

Auglýsing um kosninguna.

Landskjörstjórn skal auglýsa kosningu til stjórnlagaþings í Ríkisútvarpi, dagblöðum og Lögbirtingablaði eigi síðar en átta vikum fyrir kjördag.

8. gr.

Framboð.

Framboðum til kosningar til stjórnlagaþings skal skila í hendur landskjörstjórnar ekki síðar en kl. 12 á hádegi fjörutíu dögum fyrir kjördag.

Með framboði skal fylgja samþykki frambjóðanda og nöfn minnst 30 og mest 50 meðmælenda sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Þá skal vera meðfylgjandi skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Landskjörstjórn í samráði við dómsmálaráðuneytið útbýr sérstakt eyðublað í þessu skyni sem skal skilað á því formi sem landskjörstjórn fer fram á.

Hverjum kosningarbærum manni er einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda.

Landskjörstjórn skal innan þriggja daga frá því að framboðsfrestur rennur út tilkynna frambjóðanda hvort ágallar séu á framboðinu eða lista yfir meðmælendur. Skal frambjóðanda veittur tveggja daga frestur til að bæta úr ágöllum.

Náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi frambjóðenda, sbr. 1. mgr. 2. gr., þegar framboðsfrestur rennur út skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur. Nái fjöldi frambjóðenda þá ekki tilskildu lágmarki koma lögin ekki til framkvæmda.

Landskjörstjórn auglýsir á vefsíðu sinni og vefsíðu á vegum dómsmálaráðuneytisins 24 dögum fyrir kjördag nöfn frambjóðenda, starfsheiti þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir.

Ákvæði laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra gilda um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

Kostnaður hvers frambjóðanda vegna kosningabaráttu má að hámarki nema 2 millj. kr.

9. gr.

Kynning á frambjóðendum og kosningu.

Dómsmálaráðuneytið skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur. Skal kynningarefni dreift á öll heimili hér á landi. Einnig skal kynningarefni birt á vefsíðu á vegum ráðuneytisins.

Dreifa skal til allra kjósenda í landinu afriti af kjörseðli, auðkenndum sem kynningarseðill, ásamt skýringum á því hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Kynningarseðillinn skal jafnframt birtur á vefsíðu á vegum ráðuneytisins ásamt skýringum. Kynningarseðilinn má kjósandi hafa með sér í kjörklefa.

10. gr.

Gerð og prentun kjörseðla.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendir þá ásamt öðrum kjörgögnum til þeirra sem annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar á kjörfundi og utan kjörfundar. Haga skal sendingunum í samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nafn, stöðu og sveitarfélag frambjóðenda til stjórnlagaþings í stafrófsröð en fyrsta nafn á kjörseðli skal valið af handahófi. Skal ferningur vera fyrir framan nafn hvers frambjóðanda. Efst á kjörseðli skulu koma fram leiðbeiningar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, sbr. reglur 11. gr. laga þessara.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

Kjósandi getur greitt atkvæði á kjörfundi hvar sem er á landinu enda verði sýnilegt í rafrænu kjörskránni á öllum kjörstöðum að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns. Um kjördeildir, kjörstaði og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Sveitarstjórnir leggja til tölvubúnað í hverri kjördeild til að tryggja aðgang að rafrænu kjörskránni.

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi setur tölustafinn 1 í ferning fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill helst að nái kjöri, töluna 2 í ferninginn fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita, töluna 3 í ferninginn fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem hann vill að komi næstur til álita o.s.frv.

Setji kjósandi önnur merki við nöfn frambjóðenda en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 14. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag. Þar sem atkvæðagreiðsla fer fram skal kjörstjóri hafa aðgang að sérstakri skrá, utankjörfundarskrá, sem skal vera á rafrænu formi og sækir gögn í rafrænu kjörskrána. Í rafrænu kjörskránni verður sýnilegt að greitt hafi verið atkvæði utan kjörfundar, hvar það var gert og hvenær. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sömu kjörstjórum og við alþingiskosningar. Henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Kjósanda, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, er óheimilt að greiða atkvæði á kjörfundi.

Eftir að kjósandi hefur gert grein fyrir sér á viðhlítandi hátt fyrir kjörstjóra fær hann afhent kjörgögn sem eru kjörseðill skv. 10. gr., kjörseðilsumslag og sendiumslag. Því næst greiðir hann atkvæði í einrúmi eins og lýst er í 2. mgr. 11. gr., leggur kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið og lokar því. Því næst skal kjörseðilsumslagið sett í sendiumslagið og því lokað. Kjörstjóri skal gæta þess að nafn og kennitala kjósandans sé skráð á sendiumslagið og að það sé áritað til landskjörstjórnar. Merking í utankjörfundarskrá kemur í stað fylgibréfs, vottunar og skrár skv. 63. og 66. gr. laga um kosningar til Alþingis en um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti eftir þeim lögum nema annað leiði af lögum þessum. Hafi kjörstjóri ekki aðgang að utankjörfundarskrá fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir lögum um kosningar til Alþingis.

13. gr.

Talning atkvæða.

Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gengur úr skugga um að kjósendur, sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar, standi á kjörskrá og að þeir eigi rétt á að greiða atkvæði og metur að öðru leyti hvort atkvæðið skuli tekið til greina, sbr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þessa athugun má hefja á kjördegi. Atkvæði sem greidd hafa verið utan kjörfundar verða að hafa borist landskjörstjórn fyrir kl. 22 á kjördag.

Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á að teknu tilliti til 14. gr. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu og útreikning á því hver hafi náð kjöri. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

14. gr.

Úrslit, útgáfa kjörbréfa og úrskurðir í ágreiningsmálum.

Úrslit kosninganna ráðast af eftirfarandi aðgerðum:

1. *Talnaröð rofin:* Aðgætt skal hvort talnaröð kjósanda á frambjóðendum sé samfella tölustafanna 1, 2, 3 o.s.frv. Eftirfarandi gildir ef talnaröðin er rofin eða aðrir gallar reynast á henni:
    a. Horft skal fram hjá merkingu með krossi svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með 25. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1.

b. Sé eyða í talnaröðun frambjóðenda skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni.
c. Sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum.
d. Ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–c-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur gilt.

2. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut frambjóðanda með þeim hætti að deila tölu gildra atkvæða með 26.
3. *Flokkun kjörseðla:* Atkvæði skulu flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá í upphafi ígildi bunka þótt tómur sé.

   Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 4. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans.
4. *Röðun í efstu sæti:* Frambjóðendum skal raðað í sæti með eftirgreindum hætti að því marki sem unnt er:
   a. Sé hæsta atkvæðagildi frambjóðanda jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal frambjóðandanum raðað í efsta lausa sæti, í byrjun í fyrsta sæti.
   b. Sé atkvæðagildi annarra frambjóðenda einnig jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal þeim raðað í efstu lausu sæti í réttri röð miðað við atkvæðagildi.
   c. Ákvarða skal færsluhlutfall atkvæða hvers þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið í sæti skv. a- og b-lið og fæst það með því að deila þeim hluta atkvæðagildis frambjóðandans sem er umfram sætishlut með fullu atkvæðagildi hans.
   d. Endurmeta skal atkvæðagildi hvers frambjóðanda á viðkomandi seðlum með því að margfalda fyrra atkvæðagildi með færsluhlutfallinu.
   e. Atkvæðin skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum sé það að finna, að teknu tilliti til 1. og 7. tölul.
5. *Röðun í neðstu sæti:* Komi að því að enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 4. tölul., skal finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 3. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti, í upphafi í sæti með raðtölu sem er jöfn fjölda frambjóðenda til stjórnlagaþings. Atkvæði þessa frambjóðanda skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 7. tölul.
6. *Lok röðunar:* Beita skal ákvæðum 4. og 5. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til öllum frambjóðendum til stjórnlagaþings hefur verið raðað. Ákvæði 4. tölul. hefur ávallt forgang.
7. *Uppfærsla nafna og valtalna:* Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið skipað í sæti samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum kjörseðlum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem koma á eftir þeim frambjóðanda sem um ræðir. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Tæmist talnaröð kjósanda á kjörseðli við beitingu 4. eða 5. tölul. kemur atkvæðið ekki lengur til álita og skal lagt til hliðar.

8. *Hlutkesti:* Nú eru einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar og skal þá hluta um þær.

Nú skal þeim úthlutað sætum á stjórnlagaþingi sem eru í efstu 25 sætum miðað við framangreinda röðun.

Hafi frambjóðendur af öðru kyninu fengið úthlutað færri en 10 sætum eða sem nemur tveimur fimmtu allra þingsæta skal úthluta sætum til þeirra frambjóðenda af því kyni sem næstir eru í röðinni, sé þá að finna, þangað til hlutfall þeirra nemur að minnsta kosti tveimur fimmtu allra fulltrúa, þó aldrei þannig að heildarfjöldi þingfulltrúa fari yfir 31.

Að lokinni talningu og úthlutun sæta birtir landskjörstjórn greinargerð um úrslitin opinberlega og boðar frambjóðendur til stjórnlagaþings til fundar. Þar lýsir hún úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi. Eftir að kjörbréf hafa verið afhent tilkynnir landskjörstjórn Stjórnarráðinu um niðurstöðu kosninganna og sendir nöfn hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum.

Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings sem náð hefur kjöri og sker landskjörstjórn þá úr.

15. gr.

Kærur og fleira.

Ef kjósandi telur fulltrúa á stjórnlagaþingi skorta kjörgengisskilyrði, framboð hans hafi ekki uppfyllt skilyrði laga eða kjör hans sé af öðrum ástæðum ólögmætt, getur hann kært kosningu hans til Hæstaréttar sem sker úr um gildi hennar. Kæra skal afhent Hæstarétti innan tveggja vikna frá því að nöfn hinna kjörnu fulltrúa voru birt í Stjórnartíðindum. Hæstiréttur aflar greinargerðar og gagna frá landskjörstjórn og gefur viðkomandi fulltrúa færi á að tjá sig um kæruna áður en skorið er úr um gildi kosningarinnar.

Ákvæði 114. gr., XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt þessum lögum að svo miklu leyti sem við getur átt.

III. KAFLI

Skipulag og starfshættir stjórnlagaþings.

16. gr.

Forseti og forsætisnefnd.

Forseti Íslands setur stjórnlagaþing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og víkur forseti Íslands svo af stjórnlagaþingi.

Forseti stjórnlagaþings stýrir kjöri varaforseta og þriggja formanna starfsnefnda úr hópi þingfulltrúa á fyrsta fundi stjórnlagaþings.

Forseti, varaforseti og formenn starfsnefnda skipa forsætisnefnd stjórnlagaþings.

Forseti stjórnlagaþings er formaður forsætisnefndar. Hann ber ábyrgð á rekstri stjórnlagaþings og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

Forsætisnefnd hefur yfirumsjón með skipulagi þingsins og gerir starfsáætlun um samkomutíma þess, svo og um skipulag á störfum starfsnefnda, sbr. 17. gr.

17. gr.

Starfsnefndir.

Auk forsætisnefndar skulu þrjár starfsnefndir starfa á vegum þingsins:

1. Nefnd um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið.
2. Nefnd um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hlutverk forseta lýðveldisins.
3. Nefnd um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Nefndirnar skal kjósa á öðrum fundi stjórnlagaþings eftir að það kemur saman. Skal þingið kjósa tvo þingfulltrúa til setu í hverri nefnd auk formanns nefndarinnar.

Sama þingfulltrúa má ekki kjósa til setu í fleiri en einni nefnd.

Allir þingfulltrúar eiga seturétt á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndir geta ákveðið að halda fundi sína í heyranda hljóði og opna öllum eftir því sem húsrúm leyfir.

18. gr.

Þingfundir og fundarsköp.

Stjórnlagaþing starfar í einni málstofu.

Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði og eru öllum opnir eftir því sem húsrúm leyfir.

Forseti þingsins stýrir þingfundum. Um fundarsköp skulu settar nánari reglur í starfsreglum þingsins.

19. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa þingsins.

Stjórnlagaþingsfulltrúar eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum eða öðrum.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi skulu á samkomutímabili þingsins njóta launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna og skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Forseti stjórnlagaþings nýtur samsvarandi launa og forseti Alþingis.

Nefndarformenn njóta samsvarandi launa og formenn fastanefnda Alþingis.

Stjórnlagaþing skal njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar og XI. kafla almennra hegningarlaga.

20. gr.

Kynning og þátttaka almennings.

Á vegum stjórnlagaþings skal setja upp vefsíðu þar sem birt verði kynningarefni um stjórnarskrána og störf þingsins, erindi sem þinginu berast, útsending þingfunda, þingskjöl sem varða meðferð tillagna og frumvarp til stjórnarskipunarlaga o.fl.

Stjórnlagaþing skal auglýsa með víðtækum hætti eftir tillögum frá almenningi, hagsmunasamtökum eða öðrum sem kunna að vilja koma tillögum sínum og öðrum erindum á framfæri við þingið.

Tillögur og erindi sem þinginu berast skulu send viðeigandi starfsnefnd til meðferðar.

21. gr.

Skrifstofa og sérfræðiaðstoð.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings skal hafa eftirlit með því að kostnaður við þingið rúmist innan ramma fjárlaga. Ákvarðanir nefndarinnar um útgjöld við þingið sjálft, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar, skulu teknar í samráði við forsætisnefnd Alþingis.

Forsætisnefnd skal ráða starfsmenn þingsins, þar á meðal skrifstofustjóra, og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun hennar. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Forsætisnefnd skal ráða sérfræðinga til þess að starfa með nefndum þingsins.

Forsætisnefnd staðfestir kostnaðarreikninga frá nefndum vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem hún telur nauðsynlegt. Kostnaður við stjórnlagaþing skal greiddur úr ríkissjóði.

22. gr.

Starfsaðstaða.

Forsætisnefnd Alþingis skal sjá stjórnlagaþingi fyrir starfsaðstöðu.

IV. KAFLI

Undirbúningur og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

23. gr.

Ákvörðun um viðfangsefni nefnda þingsins.

Í upphafi stjórnlagaþings skal þingið ákveða viðfangsefni og verkaskiptingu nefnda, með sérstöku tilliti til 3. gr.

24. gr.

Málsmeðferð í nefndum þingsins.

Niðurstöður og tillögur nefnda þingsins skulu kynntar af nefndarformönnum og ræddar í samræmi við starfsreglur stjórnlagaþings.

25. gr.

Umræður um niðurstöður nefnda þingsins.

Á öðru samkomutímabili þingsins skulu niðurstöður og tillögur nefnda þingsins kynntar af nefndarformönnum.

Í starfsreglum þingsins skal nánar kveðið á um meðferð og umræður um tillögur nefnda þingsins.

Við lok tímabilsins skal forsætisnefnd falið að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

26. gr.

Undirbúningur og meðferð frumvarps.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal undirbúið af forsætisnefnd þingsins og sérfræðingum sem unnið hafa með nefndum þess.

Forseti þingsins leggur fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Frágangur frumvarpsins skal fylgja þeim reglum sem gilda um lagafrumvörp í ákvæðum laga um þingsköp Alþingis.

Frumvarpið skal rætt við tvær umræður. Við fyrri umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þegar þeirri umræðu er lokið gengur það til síðari umræðu og forsætisnefndar.

Starfsnefndir þingsins skulu senda umsögn sína til forsætisnefndar eftir fyrri umræðu um frumvarpið.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en eftir útbýtingu álits forsætisnefndar. Skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær en auk forsætisnefndar hefur sérhver þingfulltrúi rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið. Þegar umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur við þær og loks frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Séu engar breytingartillögur má þó bera frumvarpið upp í heild.

Um meðferð frumvarpsins fer að öðru leyti eftir starfsreglum þingsins.

27. gr.

Frumvarp sent Alþingi.

Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal það sent Alþingi til meðferðar.

Verði frumvarp ekki samþykkt skal stjórnlagaþing engu síður senda það Alþingi ásamt breytingartillögum sem fram komu við meðferð þess.

28. gr.

Starfsreglur.

Forsætisnefnd Alþingis setur stjórnlagaþingi starfsreglur.

Stjórnlagaþing getur ákveðið að leggja til breytingar á starfsreglunum og skulu þær staðfestar af forsætisnefnd Alþingis.

29. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku þessara laga skal forsætisnefnd Alþingis skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins og skal nefndin ráða framkvæmdastjóra. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af forsætisráðherra.

Nefndin skal undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Þá skal hún hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagaþings.

Við samþykkt laga þessara skal Alþingi kjósa sjö manna nefnd sem verði sjálfstæð í störfum sínum. Nefndin fái það hlutverk að undirbúa og standa að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni. Þjóðfundinn skal halda tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagaþings samkvæmt lögunum. Miða skal við að þátttakendur á þjóðfundi verði um eitt þúsund talsins og skulu þeir valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá þannig að gætt sé að eðlilegri skiptingu þátttakenda af landinu öllu og að kynjaskipting sé sem jöfnust. Á þjóðfundinum skal leitast við að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni og skal nefndin vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagaþingi þegar það kemur saman.

Nefndin skal jafnframt annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi og enn fremur leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman.

1327. Nefndarálit [577. mál]

um frv. til l. um afnám vatnalaga, nr. 20/2006, með síðari breytingum, og laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði brott vatnalög, nr. 20/2006, ásamt síðari breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, þ.e. með 2. gr. laga nr. 31/2007, lögum nr. 133/2007, 75. gr. laga nr. 167/2007, I. kafla laga nr. 58/2008, lögum nr. 127/2008 og 23. gr. laga nr. 9/2009. Jafnframt er lagt til að lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002 verði felld brott.

Hinn 16. mars 2006 voru samþykkt á Alþingi ný vatnalög, nr. 20/2006. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi kom upp ágreiningur um breytt eignarráð á vatni en frumvarpið gerði ráð fyrir því að réttindi landeiganda yfir vatni á landi hans yrðu styrkt. Ágreiningurinn varð til þess að kallað var eftir heildstæðri endurskoðun vatnalöggjafar og fól það í sér að lögunum var frestað til 1. nóvember 2007 og skyldi iðnaðarráðherra skipa nefnd sem kanna skyldi samræmi laganna við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða. Töf varð á því að nefndin yrði skipuð og eins var gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, frestað enn á ný til 1. nóvember 2008. Niðurstaða vatnalaganefndar var að rétt væri að gera nokkrar endurbætur á vatnalögunum frá 2006 þar sem ekki þótti tryggt að fullnægjandi tillit yrði tekið til hagsmuna almennings tækju lögin gildi óbreytt. Í kjölfarið voru samþykkt á Alþingi ný lög um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, sbr. lög nr. 127/2008. Fólu þau í sér að gildistöku vatnalaga yrði frestað til 1. júlí 2010. Skv. 2. gr. þeirra laga skyldi iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, skipa nefnd sem falið yrði að endurskoða ákvæði laganna og skyldi hún hafa til hliðsjónar tillögur vatnalaganefndar. Því var skipuð ný nefnd og nú án tilnefningar frá stjórnarandstöðu.

Fyrir liggur að drög að frumvarpi til nýrra vatnalaga eru til meðferðar í iðnaðarráðuneytinu og fékk iðnaðarnefnd fyrst að sjá þau drög í tölvupósti 9. júní sl. Ekki fór fram nein kynning á frumvarpinu fyrir nefndinni. Óskað var eftir því að sérfræðingur í auðlindamálum kæmi fyrir nefndina og fjallaði m.a. um ný frumvarpsdrög en meiri hluti nefndarinnar taldi ekki unnt að bíða eftir því.

Meðan lög nr. 20/2006 taka ekki gildi er ljóst að lögin frá 1923 gilda og dómaframkvæmd mun því taka mið af þeim nú sem fyrr. Miður er að meiri hlutinn skuli kjósa að rjúfa þá sátt sem gerð var um frestun gildistöku vatnalaga þar til nýtt frumvarp væri komið fram en það var einmitt ein meginniðurstaða vatnalaganefndar 1, að bíða ætti eftir nýju frumvarpi. Því telur 2. minni hluti það brot á sátt um frestun að ekki skuli fjallað um eða a.m.k. lagt nýtt frumvarp fyrir þingið. 2. minni hluti lagði jafnframt til að stjórnmálaflokkarnir næðu samkomulagi um lokafrestun á málinu, t.d. til ársloka 2010, og þannig yrði frá því gengið að ekki yrði um frekari frestanir. Var það lagt fram í trausti þess að nýtt framvarp kæmi fram í haust og til þess að áfram yrði pólitísk sátt um málið meðan enn væri unnið í því.

Annar minni hluti lagði til að gildistöku laga nr. 20/2006 yrði enn frestað og nú til ársloka 2010. Lokið yrði við gerð nýs frumvarps og það lagt fyrir Alþingi nú í haust. Með því mætti hafa þokkalega sátt um málsmeðferðina í stað þess að þvinga þetta umdeilda mál í gegn rétt fyrir frestun Alþingis.

Harmar 2. minni hluti þessi vinnubrögð meiri hlutans og lýsir furðu á því að meiri hlutinn skuli kjósa að skapa ósátt um málið í stað þess að vinna halda þeirri sátt sem um það getur ríkt.

Alþingi, 11. júní 2010.

Gunnar Bragi Sveinsson.

1328. Svar [601. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka.

1. *Hverjir eru 50 stærstu kröfuhafar Glitnis og Kaupþings og þar með 50 stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka miðað við nýjustu stöðu?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurn þessa til Fjármálaeftirlitsins. Svar barst 3. júní sl., þar sem fram kom að eftirlitið teldi sig ekki hafa heimildir til að gefa upplýsingar um 50 stærstu kröfuhafa Glitnis og Kaupþings vegna ákvæða laga um þagnarskyldu.

Þar sem fjármálaráðuneytið er kröfuhafi í ofangreindum bönkum fyrir hönd ríkissjóðs hefur það aðgang að kröfuhafaskránni. Fjármálaráðuneytið veitti efnahags- og viðskiptaráðuneytinu heimild til að taka við upplýsingum um kröfuhafa Glitnis og Kaupþings og sendu slitastjórnir bankanna upplýsingarnar á þeim grunni.

Í þessu sambandi verður að benda á að kröfuhafar eru ekki beinir eigendur Íslandsbanka og Arion banka og ekki heldur beinir eigendur þrotabúa gömlu bankanna, heldur eiga þeir einungis kröfu í viðkomandi bú.

Eignarhald nýju bankanna er í höndum sérstakra eignarhaldsfélaga Glitnis annars vegar og Kaupþings hins vegar sem lúta stjórnum sem eru að meiri hluta skipaðar stjórnarmönnum óháðum gömlu bönkunum, stórum kröfuhöfum og Íslandsbanka og Arion banka. Skilanefndum var gefinn kostur á að tilnefna einn fulltrúa sinn í stjórn eignarhaldsfélagsins, en hinir tveir, þ.m.t. stjórnarformaðurinn, skyldu vera óháður. Útnefning allra stjórnarmanna eignarhaldsfélaganna er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um þekkingu og reynslu af fjármálastarfsemi.

Stjórn eignarhaldsfélaganna fer með atkvæðisrétt þann sem Glitnir og Kaupþing öðlast í Íslandsbanka og Arion og útnefnir stjórnarmenn bankans. Skilyrði Fjármálaeftirlitsins kveða einnig á um það að af stjórnarmönnum bankans sjálfs skuli skilanefnd aðeins hafa einn fulltrúa, en aðrir skuli vera óháðir, þ.m.t. stjórnarformaður.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar má lýsa aðkomu kröfuhafa að Arion og Íslandsbanka með eftirfarandi hætti:



Stærstu kröfuhafar Glitnis.

Í bréfi Glitnis kemur fram eftirfarandi:

Fjármálaráðuneytið hefur lýst kröfu í Glitni banka hf. fyrir hönd ríkissjóðs og á því lögvarinna hagsmuna að gæta af því að fá aðgang að skjölum búsins. Með vísan til 80 gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, er umbeðinn listi sendur ráðuneytinu. Í ákvæðinu kemur fram að „sá sem sýnir skiptastjóra fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta getur krafist þess að fá aðgang að skjölum þrotabúsins til skoðunar og eftirrit af þeim“. Þar sem aðrir en kröfuhafar Glitnis banka hf. hafa ekki aðgang að gögnum búsins er dreifing listans á ábyrgð viðtakanda.

Meðfylgjandi eru tvær útgáfur af fyrrgreindum lista eins og hann liggur fyrir í dag. Á fyrri síðunni er listi yfir 50 stærstu kröfuhafa miðað við heildarkröfuskrá án nokkurra leiðréttinga. Á síðari síðunni er listi yfir 50 stærstu kröfuhafa þar sem kröfuskráin hefur verið leiðrétt með eftirfarandi liðum:

- Þekktar tvílýstar kröfur hafa verið dregnar frá kröfuskránni.
- Kröfur frá dótturfélagi Glitnis í Luxembourg og SPV-um í eigu Glitnis, Haf Funding Ltd. og Holt Funding Ltd. hafa verið dregnar frá kröfuskránni, en ekki er talið að þessar kröfur muni koma til greiðslu.
- Slitastjórn hefur hafnað víkjandi skuldabréfum í flokki almennra krafna og hefur kröfuskráin verið lækkuð samsvarandi.
- Glitnir á kröfur í bú Landsbanka Íslands, Kaupþings, Straums og Sparisjóðabankans. Gerð verður krafa um skuldajöfnun á móti kröfum þessara aðila. Kröfuskráin hefur verið lækkuð sem nemur áætlaðri skuldajöfnunarkröfu Glitnis.

Í ljósi þess að slitastjórn Glitnis hefur einungis tekið afstöðu til um 50% krafna og jafnframt í ljósi þess að fjölmörg mótmæli hafa borist við afstöðu slitastjórnar verður að líta á meðfylgjandi lista með fyrirvörum. Kröfuskráin getur því breyst í veigamiklum atriðum.

Þá er rétt að benda á að fjölmörg mál sem ágreiningur er um mun fara til úrskurðar hjá dómstólum. M.a. má benda á að ágreiningur er um kröfur Exista hf., Skipta hf. og Kjalar hf. svo og skaðabótakröfu Íslandsbanka hf., en allar þessar kröfur eru á listanum yfir 50 stærstu kröfuhafa. Því gæti listi 50 stærstu kröfuhafa breyst eftir sáttafundi og/eða meðferð dómstóla.

50 stærstu kröfur samkvæmt kröfuskrá

		Fjárhæð ISK millj.	*Hlutfall*
1	Landsbanki Íslands hf.	144.032	4,20%
2	Burlington Loan Management Limited	142.535	4,16%
3	The Royal Bank of Scotland plc.	131.674	3,84%
4	Glitnir Bank Luxembourg S.A.	128.398	3,74%
5	Tryggingarsjóður innistæðueigenda og fjárfesta	97.878	2,85%
6	Sparisjóðabanki Íslands hf.	97.610	2,85%
7	Deka Bank Deutsche Girozentrale	85.039	2,48%
8	Kaupþing banki hf.	77.597	2,26%
9	Credit Agricole Vita S.p.A.	58.656	1,71%
10	Thingvellir Fund, L.L.C	56.123	1,64%
11	Deutsche Bank AG London	54.489	1,59%
12	Exista hf.	53.082	1,55%
13	Goldman Sachs International	46.403	1,35%
14	Centerbridge Credit Partners Master L.P.	43.140	1,26%
15	Landesbank Baden-Württemberg (LBBW)	42.537	1,24%
16	Leonardo L.P.	41.540	1,21%
17	Straumur Burðarás fjárfestingarbanki hf.	39.017	1,14%
18	Skipti hf.	37.573	1,10%
19	Eton Park Master Fund, Ltd.	36.078	1,05%
20	KfW Bankegruppe	35.868	1,05%
21	Centerbridge Special Credit Partners, L.P.	34.341	1,00%
22	Nomura International plc	34.080	0,99%
23	Société Générale	31.468	0,92%
24	Raiffeisen Zentralbank Österreich Aktiengesellschaft	31.243	0,91%
25	UBS AG	30.238	0,88%
26	ACMO S.a.r.l.	27.671	0,81%
27	Medibank Private Limited	27.561	0,80%
28	Íslandsbanki hf.	27.116	0,79%
29	York Credit Opportunities Master Fund L.P.	26.211	0,76%
30	Centerbridge Credit Partners, L.P.	25.445	0,74%
31	HAF Funding 2008-1 Limited hf	23.405	0,68%
32	Stoðir hf	22.898	0,67%
33	Barclays Bank PLC	22.297	0,65%
34	Fortis Bank S.A./N.V.	21.752	0,63%
35	Public Sector Pension Investment Board	21.617	0,63%
36	Saga Capital hf	19.886	0,58%
37	CVI GVF (Lux) Master S.a.r.l.	19.482	0,57%
38	HOLT Funding 2008-1 Limited hf.	18.757	0,55%
39	UBS AG - London Branch	18.655	0,54%
40	York Investment Master Fund, L.P.	18.340	0,53%
41	Kjalar hf	17.678	0,52%
42	Eton Park Fund L.P.	16.951	0,49%
43	Calvert Income Fund	16.330	0,48%
44	Geysir Advisors, L.L.C.	15.020	0,44%
45	York Credit Opportunities Fund, L.P.	14.259	0,42%
46	York European Opportunities Master Fund, L.P.	13.584	0,40%
47	DZ Bank AG, Deutsche Zentral-Genossenschaftsbank F	12.286	0,36%
48	Perry Partners International Inc.	12.247	0,36%
49	York Capital Management, L.P.	11.959	0,35%
50	Eksportfinans ASA	11.772	0,34%
		2.093.819	61,0%
5543	Aðrir kröfuhafar (samtals 5.543 aðilar)	1.336.293	39,0%
		3.430.113	100%

50 stærstu kröfur samkvæmt kröfuskrá eftir að tekið hefur verið tillit til:

1) Tvílýstra krafna
2) Lýstum kröfum Glitnis Luxembourg, Haf Funding og Holt Funding
2) Afstöðu slitastjórnar til víkjandi lána
4) Áætlaðra skuldajafnana

		Fjárhæð ISK millj.	*Hlutfall*
1	Burlington Loan Management Limited	142.535	5,64%
2	The Royal Bank of Scotland plc.	130.012	5,14%
3	Deka Bank Deutsche Girozentrale	67.640	2,67%
4	Credit Agricole Vita S.p.A.	58.656	2,32%
5	Thingvellir Fund, L.L.C	56.123	2,22%
6	Deutsche Bank AG London	54.489	2,15%
7	Exista hf.	53.082	2,10%
8	Centerbridge Credit Partners Master L.P.	43.140	1,71%
9	Landesbank Baden-Württemberg (LBBW)	42.537	1,68%
10	Goldman Sachs International	41.561	1,64%
11	Leonardo L.P.	41.540	1,64%
12	Skipti hf.	37.573	1,49%
13	Eton Park Master Fund, Ltd.	36.078	1,43%
14	KfW Bankegruppe	35.853	1,42%
15	Centerbridge Special Credit Partners, L.P.	34.341	1,36%
16	Nomura International plc	34.080	1,35%
17	Société Générale	31.468	1,24%
18	Raiffeisen Zentralbank Österreich Aktiengesellschaft	31.243	1,24%
19	UBS AG	30.238	1,20%
20	ACMO S.a.r.l.	27.671	1,09%
21	Medibank Private Limited	27.561	1,09%
22	Íslandsbanki hf.	27.116	1,07%
23	York Credit Opportunities Master Fund L.P.	26.211	1,04%
24	Centerbridge Credit Partners, L.P.	25.445	1,01%
25	Stoðir hf	22.898	0,91%
26	Fortis Bank S.A./N.V.	21.752	0,86%
27	Public Sector Pension Investment Board	21.617	0,85%
28	Barclays Bank PLC	20.736	0,82%
29	Saga Capital hf	19.886	0,79%
30	CVI GVF (Lux) Master S.a.r.l.	19.482	0,77%
31	York Investment Master Fund, L.P.	18.340	0,73%
32	Kjalar hf	17.678	0,70%
33	UBS AG - London Branch	17.005	0,67%
34	Eton Park Fund L.P.	16.951	0,67%
35	Calvert Income Fund	15.124	0,60%
36	Geysir Advisors, L.L.C.	15.020	0,59%
37	York Credit Opportunities Fund, L.P.	14.259	0,56%
38	York European Opportunities Master Fund, L.P.	13.584	0,54%
39	DZ Bank AG, Deutsche Zentral-Genossenschaftsbank F	12.286	0,49%
40	Perry Partners International Inc.	12.247	0,48%
41	York Capital Management, L.P.	11.959	0,47%
42	Eksportfinans ASA	11.772	0,47%
43	Clearwater Seafoods Income Fund	11.416	0,45%
44	Swiss life AG	11.410	0,45%
45	UGF Assicurazioni S.p.A.	11.387	0,45%
46	King Street Acquisition Company, L.L.C	11.169	0,44%
47	Clearwater Fine Foods Incorporated	11.154	0,44%
48	Blackrock	10.984	0,43%
49	Värde Investment Partners L.P.	10.396	0,41%
50	Stapi Lífeyrissjóður	9.871	0,39%
		1.526.577	60,4%
5536	Aðrir kröfuhafar (samtals 5.536 aðilar)	1.002.855	39,6%
		2.529.432	100%

Stærstu kröfuhafar Kaupþings.

Í bréfi Kaupþings kemur fram eftirfarandi:

Vísað er til fyrirspurnar um kröfuhafa Kaupþings banka hf. og hver aðkoma kröfuhafa Kaupþings að Arion banka sé.

Hverjir eru kröfuhafar Kaupþings banka?

Alls var rúmlega 28.000 kröfum frá 119 löndum lýst í Kaupþing banka. Meðal stærstu kröfuhafa eru innlendar og erlendar bankastofnanir, auk ýmissa erlendra fjárfestingarsjóða.

Lög um gjaldþrotaskipti nr 21/1991 heimila ekki að skrá yfir lýstar kröfur sé birt opinberlega og því er hún eingöngu aðgengileg á lokuðu vefsvæði fyrir kröfuhafa. Einungis hefur verið tekin afstaða til hluta krafna, flestum þeirra verið hafnað af slitastjórn og ágreiningur ríkir um stærstan hluta krafna. Það er markmið slitastjórna að ljúka yfirferð og taka afstöðu til lýstra krafna á þessu ári og í framhaldinu verður haldið áfram að leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Lýstar kröfur samkvæmt kröfuskrá námu rúmlega 7.000 milljörðum kr. en skuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 4.000 milljörðum kr. Því er ljóst að kröfuskráin á eftir að taka miklum breytingum og þangað til er listi yfir kröfuhafa ekki endanlegur og túlkanir á kröfuskrá geta því verið mjög villandi.

Fjármálaráðuneytið er fyrir hönd íslenska ríkisins kröfuhafi í Kaupþingi banka og hefur því aðgang að kröfuskránni og öðrum upplýsingum um meðferð krafna á vefsvæði kröfuhafa. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu hefur fjármálaráðuneytið veitt viðskiptaráðuneytinu aðgang að kröfuskrá Kaupþings banka. Að ósk þessara ráðuneyta hefur slitastjórn Kaupþings tekið saman lista yfir 50 stærstu kröfuhafa samkvæmt kröfuhafaskrá bankans flokkaðan eftir afstöðu. Slitastjórn tekur fram að listinn er ekki endanlegur og ljóst er að hann mun taka breytingum bæði vegna afgreiðslu slitastjórnar á kröfum, úrlausnar ágreiningsmála bæði innan og utan dómstóla sem og vegna mögulegra viðskipta með kröfur í Kaupþing banka.

Þar sem gjaldþrotalög heimila ekki aðgang annarra en kröfuhafa að kröfuskránni er öll frekari dreifing skrárinnar, eða upplýsingar sem á henni eru, alfarið á ábyrgð ráðuneytanna.

Hver er aðkoma kröfuhafa Kaupþings að Arion banka?

Íslenska ríkið er 13% eigandi að Arion banka og Kaupskil ehf., dótturfélag í 100% eigu Kaupþings banka, á 87% hlut í Arion banka. Meðan á slitameðferð stendur eru kröfuhafar ekki eigendur Arion banka frekar en annara eigna Kaupþings. Það hvort kröfuhafar eignist Arion banka á einhverjum tímapunkti veltur á því hvernig lokum slitameðferðar verður háttað. Aðkoma kröfuhafa að Arion banka í dag er því engin.

Það er mikilvægt að hafa í huga að eigendur Arion banka, sem og annarra fjármálastofnana á Íslandi, jafnt nú sem í framtíðinni, munu þurfa að standast skoðun fjármálaeftirlits og samkeppniseftirlits og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til eigenda viðskiptabanka á Íslandi. Þegar Kaupþingi var heimilað að eiga 87% hlut í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil, var skýrt að bæði Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið líta svo á að komi til þess að kröfuhafar eða aðrir taki við eignarhaldi félagsins þurfi á ný að fara fram mat á hæfi slíkra aðila til að eiga Arion banka, bæði á grundvelli löggjafar á sviði samkeppnismála og fjármálastarfsemi.

Í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fer dótturfélag Kaupþings, Kaupskil ehf., með eignarhlut Kaupþings. Meiri hluti stjórnarmanna í Kaupskilum er óháður skilanefnd og einstökum kröfuhöfum. Stjórn Kaupskila skipar fimm af sex fulltrúum í stjórn Arion banka

og Bankasýsla ríkisins einn fulltrúa. Meirihluti stjórnar Arion banka er óháður skilanefnd og einstökum kröfuhöfum, þ.m.t. stjórnarformaðurinn.

Heimild Kaupskila til að fara með eignarhlut í Arion banka er háð skilyrðum fjármálaeftirlitsins sem og samkeppniseftirlitsins.

Samþykkt	**Upphæð**
Deutsche Bank Trust Company Americas	578.052.048.121
Seðlabanki Íslands	93.076.500.000
Arion Banki hf.	11.787.355.197
Kjalar hf.	7.257.786.121
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF)	1.110.773.576
Commerzbank AG	137.402.911
Deutsche Trustee Company Limited	3.413.188
Samtals	**691.425.279.114**

Afstöðu frestað	**Upphæð**
Seðlabanki Íslands	249.202.039.242
York Global Finance Offshore BDH. C/o York Capital M.	157.114.210.049
Kaupthing Singer & Friedlander Limited (in Administration)	136.940.857.713
Kaupthing Mortages Institutional Investor Fund (KMIIF)	115.773.471.754
Thingvellir Fund, L.L.C	100.473.849.290
ACMO S. á.r.l.	97.373.831.491
Landsbanki Íslands hf	94.211.384.460
Potter Netherlands Coöperatief U.A.	88.734.051.633
BNAP, L.L.C.	86.529.222.422
Burlington Loan Management Limited	79.543.478.976
Bayerische Landesbank	72.696.018.948
Deutsche Trustee Company Limited	67.568.676.100
Arion Banki hf.	52.018.147.340
Deutsche Bank AG, London Branch	48.126.866.534
Highfields Capital lll L.P	47.443.274.245
Sparisjóðabanki Íslands hf.	46.402.370.578
NBI hf	42.991.477.565
Drómi hf.	40.941.828.194
Dekabank Deutsche Girozentrale	36.927.681.517
Credit Suisse International	36.920.702.778
Goldman Sachs International	35.250.336.450
Silver Point Offshore Master Fund, L.P.	34.286.267.091
Kaupthing Capital Partners II K, LP	32.593.541.793
Þb. Baugs Group hf.	32.236.398.042
North Run Master Fund, LP	31.304.053.464
Mutua P. Social del Personal de Renault Espana M.P.S	30.867.248.973
Commerzbank AG.	30.849.957.400
Geysir Advisors, L.L.C.	28.503.316.240
Exista hf.	27.925.852.787
Western Asset Management Company Pty. Ltd	26.070.097.496

Highfields Capital II LP	25.939.405.195
Deutsche Bank AG, London	25.188.106.256
Raiffeisen Zentralbank Österreich AG	21.950.030.454
ARROWGRASS MASTER FUND LTD	19.708.717.242
Silfra Fund, L.L.C	15.455.147.339
Centerbridge Credit Partners Master. L.P.	15.361.503.333

2. *Liggur fyrir mat á hæfi þessara hluthafa til þess að fara með ráðandi hlut í bönkunum tveimur?*

Ráðuneytinu barst eftirfarandi svar frá Fjármálaeftirlitinu við þessari spurningu:

„Vakin er athygli á því að þann 30. desember sl. veitti Fjármálaeftirlitið ISB Holding ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka hf. fyrir hönd Glitnis banka hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Glitnis banka hf. og fjármálaráðuneytisins, hinn 13. september sl., þess efnis að Glitnir banki hf. gæti eignast 95% hlut í Íslandsbanka hf. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Afstaða Fjármálaeftirlitsins til þess hvort Glitnir banki hf., sem er í greiðslustöðvun og slitameðferð, væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki var neikvæð. Fjármálaeftirlitið tók þó fram að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem leiddu til samkomulagsins, og vegna þess að það felur í sér sátt á milli aðilanna um rekstur Íslandsbanka hf. sem ætla má að stuðli að stöðugleika á fjármálamarkaði, kæmi til álita að kanna hvort umsækjandi gæti gripið til ráðstafana sem dygðu til að takmarka óæskileg áhrif eignarhaldsins, sbr. 43. gr. ffl. Niðurstaðan var sú að veita leyfið með skilyrðum um afgerandi ráðstafanir er lúta að fjárhagslegum styrk umsækjanda, eignarhaldi bankans, eftirlitshagsmunum og stefnumiðum eigenda.

Sambærileg ákvörðun var tekin þann 8. janúar sl. þegar Fjármálaeftirlitið veitti Kaupskilum ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf.

Nánari upplýsingar um framangreindar ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins má finna í fréttatilkynningum á vefsíðu eftirlitsins: www.fme.is.

Líkt og að framan greinir hafa slitastjórnir Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf. ekki tekið endanlega afstöðu til allra krafna sem lýst hefur verið í þrotabú hinna föllnu banka. Þegar slitastjórnirnar hafa tekið endanlega afstöðu til allra krafna sem gerðar hafa verið í búin liggur fyrst fyrir hvernig verðmæti búanna skiptist niður á einstaka kröfueigendur. Geta þá einstakir kröfueigendur mögulega talist eigendur virkra eignarhluta í annaðhvort Arion banka hf. eða Íslandsbanka hf. í skilningi VI. kafla ffl. og hvílir þá sú skylda á þeim aðilum að skila skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi. Fjármálaeftirlitið mun þá leggja mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis.“

1329. Nefndarálit [383. mál]

um till. til þál. um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Arnþórsson stjórnsýslufræðing, Smára McCarthy frá Félagi um stafrænt frelsi og Björn Geirsson og Hrafnkel V. Gíslason frá Póst- og fjarskiptastofnun. Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi um stafrænt frelsi, Guido Strack (Whistleblower-Netzwerk), Hauki Arnþórssyni stjórnsýslufræðingi, Persónuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun, dr. Thomas Hoeren og ríkislögreglustjóra.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórn Íslands að að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð. Í þessu skyni er gert ráð fyrir að gerð verði sérstök úttekt sem miði að því að afmarka viðfangsefni og undirbúa lagabreytingar. Einnig að litið verði til löggjafar annarra ríkja og reynt að sameina það besta úr þeim til að skapa sérstöðu hér á landi á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis. Jafnframt er lagt til að komið verði á fót alþjóðlegum tjáningarfrelsisverðlaunum á Íslandi.

Með tillögunni er þess freistað að bregðast við alþjóðlegri þróun í upplýsingamálum. Hagsmunum almennings af tjáningarfrelsi og málfrelsi, óháðri upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi stendur ógn af vaxandi tilburðum alþjóðlegra stórfyrirtækja, hagsmunasamtaka og stjórnvalda víða um heim til þess að stýra upplýsingamiðlun með lögsóknum, lögbanni og meiðyrðamálsóknum sem virða engin landamæri. Tryggja þarf að allar upplýsingar sem varða almannahag komist til skila í hefðbundnum farvegi vestrænnar blaðamennsku.

Í greinargerð með tillögunni segir: „Ísland hefur því einstakt tækifæri til að taka afgerandi forustu með því að búa til traustvekjandi lagaramma sem væri byggður á bestu löggjöf annarra ríkja“. Nefndin telur að skoða þurfi í hvaða mæli Ísland er í aðstöðu til að taka sér leiðandi stöðu í að efla tjáningarfrelsi með þeim hætti að lög nágrannaríkjanna gildi ekki fyrir tölvuvinnslu um upplýsingar ef hún væri vistuð í gagnaveri á Íslandi. Fremur mætti halda því fram að Ísland væri í þeirri stöðu að þurfa að vinna sér traust nágrannaríkjanna eftir hrunið sem hafði áhrif utan landsteinanna. Ísland þarf að taka tillit til annarra ríkja og þeirra alþjóðasáttmála sem landið er aðili að. Nefndin tekur undir þau varnaðarorð sem var beint til hennar í þá veru að ef draga mætti einhvern lærdóm af þeim hraða uppgangi sem var hér og hruninu sem fylgdi í kjölfarið væri hann sá að það borgar sig ekki að ætla að verða mest og best á einu augabragði heldur þarf að fara hægar í sakirnar, taka minni skref, vanda til verka og sjá til þess að allir lausir hnútar séu hnýttir í hverju skrefi fyrir sig. Þar á meðal að ríkið hafi komið sér upp viðbúnaði á viðkomandi sviði áður en skrefið er stigið. Á þann hátt getum við sett markið hátt, markað okkur þá stefnu sem er nauðsynleg til að ná settu marki og komist á leiðarenda með þolinmæði og vinnu.

Nefndin bendir á að það þarfnast undirbúnings að gera lagabreytingar sem eiga að hafa áhrif á tjáningarfrelsi í heiminum. Fagmennska og öryggi þarf að ríkja í rekstri og framkvæmd og eftirliti opinbers valds á málefnasviðinu. Alþjóðlegar aðgerðir beinast að því að reyna að samhæfa reglur varðandi tölvuógnir og upplýsingar. Margt má betur fara á Íslandi í þessu efni. Ísland hefur til að mynda ekki komið sér upp CERT-teymi (e. Computer

Emergency Response Team) en mörg ríki sem Ísland vill bera sig saman við hafa gert slíkt. Þá er landið enn viðkvæmt hvað varðar samband við útlönd. Þrátt fyrir miklar framfarir síðustu ár er þess skemmst að minnast að í febrúar 2010 kom upp bilun í London sem olli sambandsleysi í gegnum FarIce. Þetta bendir til að nauðsynlegt sé að skoða samband Íslands við umheiminn gaumgæfilega hvað varðar innviði upplýsingatækniþjónustu og opinbers eftirlits með henni.

Það er ekki á valdi Íslands að hlutast til um meiðyrða- og réttarfarslöggjöf í öðrum ríkjum og því er til að mynda ekki unnt að koma í veg fyrir að breskur réttur heimili að mál séu höfðuð þar í landi vegna vefsíðna sem tengjast Íslandi og valda tjóni þar í landi. Samkvæmt Lúganó-samningnum ber Íslandi þá skylda til að viðurkenna dóminn hér á landi, nema að uppfylltum þröngum undantekningum, svo sem ef slík viðurkenning telst andstæð allsherjarreglu hérlendis. Líklegt er að erfitt verði að beita slíkum undantekningum gagnvart Evrópuríkjum á þeim grunni að meiðyrðadómur brjóti gegn allsherjarreglu hérlendis þar sem þau eru flest einnig aðilar að mannréttindasáttmála Evrópu, þar á meðal Bretland. Nefndin telur að huga þurfi sérstaklega að þessu í þeirri vinnu sem tillagan mælir fyrir um.

Nefndin leggur áherslu á að það er ekki ætlunin að skapa á Íslandi aflandseystöðu þar sem alþjóðalög eru sniðgengin en sá möguleiki gæti komið upp með tilkomu gagnavera að undirboð yrðu á netinu, nokkurs konar aflandseystaða þannig að unnt yrði að víkja frá lögum og reglum. Einstök ríki þar sem gagnaver eru rekin gætu séð sér hag í því að vera aflandseyjar fyrir gögn eða upplýsingar og myndað lagaumhverfi sem ver búnað, gögn eða upplýsingar fyrir lögum og reglu í ríki upphafsaðilans og í ríki móttakandans. Þá mundu aðeins gilda lög þess ríkis sem vistar búnaðinn, gögnin eða upplýsingarnar. Slík aflandsríki sniðganga hugsanlega alþjóðalög og -samninga til að geta sjálf stjórnað lagaumhverfinu. Þannig gæti myndast samkeppni um viðskipti milli smáríkja sem hýsa gagnaver og eitt boðið aflandseyjaþjónustu hvað varðar upplýsingalög, annað hvað varðar bókhaldslög, þriðja um annað ólöglegt efni o.s.frv. Slík samkeppni er tæpast í almannaþágu.

Nefndin leggur til þrenns konar breytingar á tillögugreininni:

Í fyrsta lagi að kannaðir verði möguleikar á að koma á fót alþjóðaverðlaunum sem yrðu kennd við Ísland í stað þess að kveða með fortakslausum hætti á um að svo verði gert. Í öðru lagi leggur nefndin til að gerð verði sérstök úttekt á viðbúnaði ríkisins á sviði öryggismála vegna starfrækslu gagnavera. Í þriðja lagi er lagt til að haldin verði ráðstefna um breytingar á lagasetningu og umhverfi notenda netsins með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið. Slík ráðstefna gæti til dæmis verið haldin í samstarfi við Evrópuráðið.

Nefndin telur að þær tillögur sem eru nefndar í greinargerð með ályktuninni séu til þess fallnar að skapa hér framsækið umhverfi fyrir skráningu og starfsemi alþjóðlegra fjölmiðla og útgáfufélaga, sprotafyrirtækja, mannréttindasamtaka og gagnaversfyrirtækja. Slíkar breytingar mundu treysta stoðir lýðræðis, verða hvati til nauðsynlegra umbóta hérlendis og auka gagnsæi og aðhald. Stefnumörkunin gæti gefið þjóðinni aukið vægi á erlendum vettvangi og orðið lyftistöng í atvinnu- og efnahagsmálum. Fyrir liggur að menntamálaráðuneytið hyggst strax í sumar ráða starfsmann sem gæti sinnt því verkefni sem hér er lagt til. Enn fremur hefur tillagan vakið mikla athygli á heimsvísu en hingað hafa tugir blaðamanna leitað upplýsinga vegna málsins.

Nefndin leggur til að tillagan sem borin er fram af fulltrúum allra flokka á Alþingi verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „komið“ í c-lið 1. mgr., komi: kannaðir möguleikar þess að koma.
2. Við 1. mgr. bætist tveir nýir stafliðir, er orðist svo:
   d. gerð úttekt á viðbúnaði ríkisins, einkum á sviði öryggismála, vegna starfrækslu alþjóðlegra gagnavera hér á landi,
   e. haldin alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um breytingar á lagasetningu og netnotendaumhverfi með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið.

Ögmundur Jónasson og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Birgir Ármannsson og Ólöf Nordal skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 10. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.

Þráinn Bertelsson.

1330. Nefndarálit [516. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hluti umhverfisnefndar mótmælir afgreiðslu meiri hlutans á frumvarpi þessu og telur að athugun málsins og umræðu innan nefndarinnar hafi alls ekki verið lokið með viðhlítandi hætti. Málið var fyrst afgreitt frá nefndinni í miklum flýti og þótt málið hafi síðar verið tekið aftur til skoðunar er mörgum spurningum enn ósvarað og fyrir hendi ýmis álitaefni sem ekki hafa verið leidd til lykta.

Ljóst má vera af umsögnum og orðum gesta nefndarinnar að verulega skiptar skoðanir eru um frumvarpið og forsendurnar sem það byggist á. Fullyrðingar umsagnaraðila um mikilvæga þætti málsins stangast á og gerði nefndin ekki nægar tilraunir til þess að afla viðbótarupplýsinga þannig að unnt yrði að meta með fullnægjandi hætti hvað rétt sé í þeim efnum. Þetta er auðvitað óviðunandi, enda er samdóma álit bæði stuðningsmanna frumvarpsins og efasemdarmanna að um afar mikilvægt mál sé að ræða og eitt umdeildasta mál samtímans, svo að vitnað sé til orða fyrrverandi umhverfisráðherra.

Frumvarpið hefur þann tilgang að innleiða í íslenska löggjöf tilskipun Evrópusambandsins um erfðabreyttar lífverur í samræmi við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ljóst er að tilskipunin veitir aðildarríkjunum nokkurt svigrúm í sambandi við útfærslu einstakra ákvæða og er að sjálfsögðu mikilvægt að vandað sé til verka í þeim efnum. Ljóst er að útfærslan í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við er með mismunandi hætti en talsvert skortir á að upplýst sé hver sá munur er. Þetta atriði skiptir verulegu máli, enda komu fram fyrir nefndinni bæði fullyrðingar í þá átt að með frumvarpinu væri gengið of skammt miðað við sum nágrannalöndin og að gengið væri of langt. Full ástæða er til að gjalda varhug við því að umhverfisnefnd Alþingis gefi sér ekki tóm til að gera ítarlegan og vandaðan samanburð á fyrirliggjandi frumvarpi og löggjöf nágrannaríkja okkar á þessu sviði. Upplýst hefur verið að væntanleg sé innan mánaðar skýrsla ESB um mat á reynslu aðildarlanda þess af umræddri tilskipun og kostir hennar og gallar metnir. Í ljósi núverandi samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og rannsóknarstofnana á þessu sviði og möguleikum Íslands á því að byggja upp aukna starfsemi í líftækni, bæði í rannsóknum og iðnaði, telur minni hlutinn það ábyrgari afstöðu að leiða fram þá reynslu sem fengist hefur í nágrannaríkjum Íslands af umræddri tilskipun áður en hún er leidd í lög hér á landi.

Meðal þeirra atriða sem minni hlutinn telur að skoða þurfi mun betur:

- Hvernig samræmist orðalag frumvarpsins texta tilskipunarinnar? Fram hafa komið fullyrðingar um að þar sé ekki um samræmi að ræða. Ákveðnar tilraunir hafa gerðar innan nefndarinnar til að skoða þetta atriði en ekki verður fallist á að þeim samanburði sé lokið. Einnig hefur komið fram í umræðum að fyrirhugaðar séu breytingar á tilskipun ESB um erfðabreyttar lífverur án þess að fyrir liggi í hverju þær breytingar kunni að felast.
- Hvernig hefur réttarþróun verið innan Evrópusambandsins á þessu sviði frá því að tilskipunin var sett fyrir níu árum?
- Hvernig hefur tilskipunin verið innleidd í landsrétt annarra ríkja, einkum hvað varðar þá þætti frumvarpsins sem umdeildastir eru?
- Hvernig samrýmist frumvarpið þeim markmiðum stjórnvalda að ýta undir þróun rannsókna og nýsköpun og uppbyggingu atvinnustarfsemi á sviði líftækni?

Telur minni hlutinn því nauðsynlegt að málið fái frekari umfjöllun í umhverfisnefnd áður en það er afgreitt sem lög frá Alþingi.

Einstök ákvæði frumvarpsins.

Varðandi einstök ákvæði frumvarpsins vill minni hlutinn vekja athygli á eftirfarandi sjónarmiðum og efnisatriðum sem þarfnast sérstakrar athygli:

1. Í 1. gr. er meðal annars kveðið á um að meðal markmiða frumvarpsins sé að vernda líffræðilega fjölbreytni. Hér er um virðingarvert markmið að ræða en minni hlutinn vekur athygli á því að hér er um hugtakanotkun að ræða sem getur skapað ákveðin vandkvæði í framkvæmd. Einnig hafa umsagnaraðilar bent á að líffræðileg fjölbreytni sé ekki meðal sérstakra markmiða tilskipunar EB.
2. Í 1. gr. er að því er virðist hert á svonefndri varúðarreglu og hafa umsagnaraðilar vakið athygli á því að það geti sett þá sem reka starfsemi á þessu sviði í afar erfiða stöðu. Ströng túlkun varúðarreglunnar getur sett umsækjendur í mikinn vanda varðandi sönnun á því að starfsemi þeirra muni ekki hugsanlega geta haft nokkrar skaðlegar afleiðingar. Fullkomin vísindaleg sönnun í þá átt er afar erfið ef ekki ómöguleg. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur að verði

ákvæðið í þessa veru sé tryggt að starfandi sé óháð ráðgjafanefnd, sem stendur styrkum stoðum í vísindasamfélaginu. Loks vekur minni hlutinn athygli á því að huga þurfi að skýrri og samræmdri skilgreiningu varúðarreglunnar í íslenskum lögum.

3. Í c-lið 3. gr. er fjallað um skýringar orðanna slepping og dreifing og eru þær verulega frábrugðnar ákvæðum tilskipunar ESB. Frumvarpstextinn er talsvert þrengri, einkum þegar talað er um aflokun með veggjum, sem hvergi er minnst á í tilskipuninni. Meiri hlutinn hefur að nokkru leyti tekið tillit til sjónarmiða minni hluta en þó fyrst og fremst með því að fela ráðherra reglugerðavald til að útfæra skilyrði um fullnægjandi tálmanir í þessu sambandi. Minni hlutinn vekur athygli á því að óeðlilegt er að fela ráðherra alltof opna heimild af þessu tagi og telur að fyrirmæli um slík skilyrði eigi að koma fram í lögunum sjálfum.
4. Í 14. gr. er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að krefjast endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna, úttekta eða kynningar. Minni hlutinn telur fulla ástæðu til að þessi heimild stofnunarinnar verði afmörkuð með einhverjum hætti þannig að hún hafi ekki sjálfdæmi um þessa gjaldtöku.

Fleiri einstök ákvæði frumvarpsins kunna að krefjast nánari umræðu í umhverfisnefnd og áskilur minni hlutinn sér rétt til að flytja breytingartillögur síðar í samræmi við niðurstöður þeirra umfjöllunar.

Þess ber sérstaklega að geta að við yfirferð frumvarpsins kom fram hjá fulltrúum Umhverfisstofnunar að samkvæmt frumvarpinu er stofnuninni ætlað ákveðið hlutverk er lýtur að eftirliti og framkvæmd væntanlegrar löggjafar á þessu sviðið. Mjög skýrt kom fram hjá fulltrúum stofnunarinnar að útilokað væri að þeirra mati að stofnunin gæti af fjárhagslegum ástæðum sinnt því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt frumvarpinu. Engar tillögur hafa komið fram hjá meiri hluta nefndarinnar til þess að bæta hér úr.

Minni hlutinn leggur að lokum áherslu á það meginsjónarmið að íslenskum stjórnvöldum og Alþingi beri að skapa sem hagstæðust skilyrði fyrir nýsköpun og uppbyggingu rannsókna og þróunar í atvinnulífinu, sem getur skilað ótvíræðum ávinningi fyrir þjóðarbúið. Minni hlutinn undirstrikar á sama tíma nauðsyn þess að bæði sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og hagsmuna annarra og viðurkennir nauðsyn þess að löggjafinn og stjórnvöld veiti eðlilegt aðhald til að tryggja að slík markmið náist. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar felur í sér breytingar sem geta haft hamlandi áhrif umfram það sem nauðsynlegt er, og getur minni hlutinn því ekki stutt það nema fram fari nánari athugun á efni þess og ýmsar breytingar verði gerðar umfram þær sem finna má í áliti og breytingartillögum meiri hlutans.

Alþingi, 11. júní 2010.

Birgir Ármannsson, frsm. Kristján Þór Júlíusson. Vigdís Hauksdóttir.

1331. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar kom Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir bárust frá ASÍ, BSRB, Félagi atvinnurekenda, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Félagi prófessora við ríkisháskóla, Félagi starfsmanna Alþingis, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Prestafélagi Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði umgjörð um siðareglur fyrir ráðherra, starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og fyrir almenna ríkisstarfsmenn. Sett verði á fót samhæfingarnefnd sem hafi það hlutverk að stuðla að því að siðareglurnar nái fram að ganga. Einnig er lagt til að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra fyrir starfsmenn ríkisins. Þá er lagt til að hlutverk umboðsmanns Alþingis verði víkkað út þannig að það nái einnig til siðareglna.

Gildissvið frumvarpsins.

Á fundum nefndarinnar var fjallað sérstaklega um gildissvið frumvarpsins en samkvæmt því er lagt til að fjármálaráðherra staðfesti almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins og að forstöðumenn stofnana geti útfært þær nánar með sértækari hætti í samráði við viðkomandi starfsmenn og félög þeirra. Megináherslan í frumvarpinu er á stjórnsýslu ríkisins en það tekur engu síður einnig til starfsmanna ríkisins sem ekki hafa með höndum stjórnsýslu, t.d. starfsmanna Alþingis. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að með hliðsjón af þrískiptingu ríkisvaldsins væri eðlilegra að forseti Alþingis setti starfsmönnum þingsins og stofnunum þess siðareglur en ekki ráðherra. Meiri hlutinn tekur fram að þó að Alþingi og stofnanir þess séu undanþegnar stjórnsýslulögum ná lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins einnig yfir starfsmenn Alþingis og sama gildir um starfsmenn dómstóla. Meiri hlutinn telur ekki unnt að fallast á það að hér sé um eiginlega skörun að ræða milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þar sem þetta varðar almennar siðareglur en ekki eiginleg verkefni Alþingis samkvæmt stjórnarskrá. Meiri hlutinn tekur auk þess fram að slík nánari útfærsla á siðareglum er á hendi forseta Alþingis þegar um starfsmenn þess er að ræða eins og gert er ráð fyrir í ákvæðinu og enn fremur að Alþingi og dómstólar eru með eigið innra eftirlit sem umboðsmaður Alþingis kemur ekki að með neinum hætti.

Frumvarpinu er ætlað að ná til allra starfsmanna ríkisins hvort sem þeir starfa hjá stjórnarráðinu eða öðrum stofnunum ríkisins. Athygli nefndarinnar var vakin á því að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka einungis til þeirra sem hafa verið ráðnir til lengri tíma en eins mánaðar og hafa starfið að aðalstarfi en ekki þeirra sem eru í hlutastarfi. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að gert er ráð fyrir að þær siðareglur sem fjármálaráðherra staðfestir samkvæmt frumvarpinu verði mjög almenns eðlis og enn fremur er gert ráð fyrir að hver stofnun setji sér sértækari siðareglur. Meiri hlutinn telur að gera megi ráð fyrir að þeir starfsmenn sem starfa hjá viðkomandi stofnun gangist undir þær hvort sem þeir eru ráðnir til lengri eða styttri tíma eða í hlutastarf.

Umboðsmaður Alþingis.

Nefndin fjallaði einnig um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um umboðsmann Alþingis og gera ráð fyrir að umboðsmanni Alþingis verði falið ákveðið eftirlitshlutverk með framkvæmd siðareglna. Þannig er gert ráð fyrir að hann geti látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn vönduðum stjórnsýsluháttum eða siðareglum settum á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hlutverk umboðsmanns Alþingi er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Meiri hlutinn tekur fram að starfssvið umboðsmanns Alþingis nær ekki til starfa Alþingis og stofnana þess en eftirlitshlutverk það sem honum er falið í frumvarpinu varðar starfsmenn Alþingis sem ríkisstarfsmenn en ekki eiginleg störf Alþingis sem stofnunar, þ.e. lagasetningu eða eftirlitshlutverk þingsins.

Uppljóstrunarákvæði.

Nefndin fjallaði nokkuð um 4. gr. frumvarpsins en þar er lagt til svokallað uppljóstrunarákvæði og kveðið á um að óheimilt sé að láta starfsmann gjalda þess að hann greini viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hefur orðið áskynja í starfi. Fram kom að með þessu væri stigið ákveðið skref í þá átt að hlífa starfsmönnum við því að vera látnir gjalda fyrir að koma upp um brot og einnig í átt að hvatningu til slíks. Í umfjöllun nefndarinnar var því velt upp hvort binda ætti í lög skyldu starfsmanna til að koma upp um brot en meiri hlutinn telur varhugavert að ganga svo langt. Meiri hlutinn tekur fram að í reglunni felist ákveðin varnaðaráhrif fyrir starfsmenn sem geti virkað sem frekari hvatning til þess að vanda vel til verka.

Viðurlagaákvæði.

Nefndin fjallaði einnig um viðurlagaákvæði frumvarpsins en þar er annars vegar kveðið á um að starfsmönnum ríkisins sé skylt að fara eftir siðareglum sem um starfið gilda og hins vegar að brot á þeim geti leitt til agaviðurlaga. Til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á starfsmannalögum eru í frumvarpinu einnig lagðar til breytingar á lögum um ráðherraábyrgð svo að ljóst sé að brot ráðherra á siðareglum geti leitt til viðurlaga.

Nefndin fjallaði um viðurlagaákvæðin í tengslum við ábendingar frá nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafði það hlutverk að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í tengslum við endurskoðun á starfsháttum stjórnsýslunnar. Þær ábendingar sem koma m.a. fram í skýrslu þeirrar nefndar eru að gera þarf skýran mun á lagareglum og siðareglum. Meiri hlutinn tekur fram að Alþingi er með skýrslu rannsóknarnefndarinnar til umfjöllunar í sérstakri þingnefnd sem mun fara yfir og m.a. skila tillögum að lagabreytingum o.fl. og það sem m.a. er þar til skoðunar er ráðherraábyrgð. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að bíða með breytingar á lögum um ráðherraábyrgð þar til þingmannanefndin hefur skilað niðurstöðum sínum. Meiri hlutinn leggur því til að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um ráðherraábyrgð og kveða á um afleiðingar þess að ráðherra brjóti gegn siðareglum, þ.e. 9. gr. frumvarpsins, falli brott. Nefndin telur einnig nauðsynlegt að samræmis sé gætt gagnvart starfsmönnum ríkisins og leggur því einnig til að brott falli þær greinar sem fjalla um afleiðingar þess að starfsmenn brjóti gegn siðareglum, þ.e. 5., 7. og 8. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur að með því verði enn skýrari munur á siðareglum og lagareglum en fyrr þar sem brot á siðareglum mundi fyrst og fremst geta leitt til neikvæðs álits umboðsmanns

Alþingis en hefði ekki önnur lagaleg áhrif að sinni. Eftir sem áður mundi brot á siðareglum í einhverjum tilfellum geta fallið saman við brot á ákvæðum starfsmannalaga um skyldur ríkisstarfsmanna.

Samhæfingarnefnd.

Í frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra skipi til þriggja ára í senn sjö manna samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nefndin skuli hafa fjölþætt samræmingar- og leiðbeiningarhlutverk að því er varðar gerðir stjórnvalda til að draga úr hættunni á spillingu og efla virðingu við grundvallargildi starfsemi ríkisins. Þá er lagt til að samhæfingarnefndin gefi forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram, ef ástæða þykir til, tillögur til fjármálaráðuneytis og annarra stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt þegar litið er til eftirlitshlutverks Alþingis að gert sé ráð fyrir að skýrslan verði lögð fyrir Alþingi þar sem með því fengi hún aukið vægi og umfjöllun á vettvangi þingsins.

Meiri hlutinn tekur fram mikilvægi þess að markmið frumvarpsins um bætt siðferði í opinberri stjórnsýslu nái fram að ganga og telur nauðsynlegt að hafa viðmiðunarreglur um siðferðilega framgöngu í starfi eins og lagt er til í frumvarpinu. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að tryggð verði samhæfing milli ólíkra aðila innan stjórnkerfisins og gegnir samhæfingarnefndin þar stóru hlutverki. Engu síður telur meiri hlutinn nauðsynlegt að virkja siðareglurnar með því að efla fræðslu og samhæfingu fyrir þá sem falla undir lögin. Þannig verði unnt að bæta vinnubrögð stjórnsýslunnar og auka gæði og skilvirkni stjórnsýslunnar. Meiri hlutinn telur að frumvarpið sé mikilvægt skref í þeirri viðleitni að endurreisa traust og virðingu á stjórnsýslunni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

5., 7., 8. og 9. gr. falli brott.

Alþingi, 2. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ögmundur Jónasson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	

1332. Frumvarp til laga [667. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adam Ostrowski, f. 1980 í Póllandi.
2. Adrian Lopez Guarneros, f. 1971 í Mexíkó.
3. Ashesh Man Baisyet, f. 1976 í Nepal.
4. Darrel Anthony Lewis, f. 1975 í Bandaríkjunum.
5. Dominique Gabriella Bulajewski, f. 1991 í Bandaríkjunum.
6. Elena Sigtryggsson, f. 1971 í Rússlandi.
7. Emily Anne Martin, f. 1985 í Bandaríkjunum.
8. Ernesto Tagam Basalan, f. 1959 á Filippseyjum.
9. Fouad Farouk Fouad Rezk Alla, f. 1984 í Egyptalandi.
10. Giomara Kristjánsson Martinez, f. 1996 í Perú.
11. Izabela Janina Wilczynska, f. 1989 í Póllandi.
12. Jasmin Vajzovic, f. 1982 í Bosníu-Hersegóvínu.
13. Jennelynn Baruela, f. 1977 á Filippseyjum.
14. Joanna Malgorzata Dominiak, f. 1968 í Póllandi.
15. Jounes Hmine, f. 1977 í Marokkó.
16. Jónas Maxwell Moody, f. 1979 í Bandaríkjunum.
17. Justyna Katarzyna Bucharzewska, f. 1986 í Póllandi.
18. Karl Ove Lennart Jansson, f. 1954 í Svíþjóð.
19. Kassem El Maimouni, f. 1979 í Marokkó.
20. Kastrijot Krasniqi, f. 1980 í Serbíu.
21. Leyla Eve Gharavi, f. 1959 í Íran.
22. Macario Selevante Rosento, f. 1972 á Filippseyjum.
23. Manh Xuan Luu, f. 1977 í Víetnam.
24. Maricica Gheorghies, f. 1960 í Rúmeníu.
25. Mariya Belan, f. 1981 í Tadsjikistan.
26. Mehmed Fazlovic, f. 1936 í Bosníu-Hersegóvínu.
27. Michael Andrew Otero, f. 1961 í Bandaríkjunum.
28. Milos Milojevic, f. 1982 í Serbíu.
29. Mouhcine Ait Youssef, f. 1978 í Marokkó.
30. Oswald Perez Capin, f. 1975 á Filippseyjum.
31. Polina Scheving Thorsteinsson, f. 1974 í Rússlandi.
32. Suk Bahadur Praja, f. 1979 í Nepal.
33. Tarek Issam, f. 1974 í Írak.
34. Tomasz Jezierski, f. 1978 í Póllandi.
35. Voung Nu Thi Đong, f. 1989 í Víetnam.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1333. Nefndarálit [468. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Hafa nefndinni borist umsagnir frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum eigenda sjávarjarða, Sjómannasambandi Íslands, Umhverfisstofnun og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpið varðar nýtt fyrirkomulag tilfærslna aflaheimilda til jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta sem stoð hafa í fiskveiðistjórnarlögum.

Fram kom að viðfangsefni málsins hafi snertifleti við mál sem rædd eru í endurskoðunarnefnd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og að nefnd sú ljúki væntanlega störfum áður en þing kemur saman í september.

Leggur nefndin því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Róbert Marshall, Ólína Þorvarðardóttir og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. júní 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Margrét Pétursdóttir.
Ásbjörn Óttarsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Eygló Harðardóttir.

1334. Frumvarp til laga [668. mál]

um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að bættum samgöngum og umferðaröryggi með uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.

2. gr.

Veglagning.

Leggja skal veg frá Þórisstöðum í Þorskafirði, út með Þorskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes, þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melanes og vestur fyrir Kraká að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi, a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða

verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina, þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðaefni úr Teigsskógi eða annars staðar að á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.

2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum að velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskógar. Við nánari útfærslu á vegstæðinu, frágangi þess og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.
5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.
6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.

Útboð framkvæmda skal fara fram árið 2010.

3. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eiga ekki við enda er í gildi úrskurður umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007.

4. gr.

Gildissvið.

Þar sem þessum lögum sleppir gilda ákvæði vegalaga, nr. 80/2007, eftir því sem við á.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýnasta verkefnið í vegamálum á Íslandi, vegagerð um Vestfjarðaveg, er í fullkomnu uppnámi og hefur svo verið um árabil. Þetta er ekki sakir fjárskorts. Á síðustu samgönguáætlun, sem gilti frá 2007 til 2010, var verulegt fjármagn, alls um 3 milljarðar kr., veitt til framkvæmda á leiðinni Svínadalur – Flókalundur. Í tillögu til þingsályktunar um nýja sam-

gönguáætlun (2009–2012,) sem liggur fyrir þinginu, er áhersla á vegagerð á þessu svæði, sem nær frá Þorskafirði að Þverá í Kjálkafirði.

Dómur Hæstaréttar í máli 671/2008 um vegagerð í Þorskafirði með þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar, ásamt ákvörðun Skipulagsstofnunar sem umhverfisráðherra staðfesti sjö mánuðum síðar, um að vegagerð frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði færi í umhverfismat, hefur gert það að verkum að ekkert liggur fyrir um vegagerð á þessu svæði þar sem þörfin er þó brýnust.

Við þetta verður ekki búið. Það er algjörlega óviðunandi að vegagerð á þessum slóðum geti ekki haldið áfram og það jafnvel þó að fjármagn sé til staðar. Markmið þess frumvarps sem er hér lagt fram er að rjúfa þennan grafalvarlega vítahring og heimila með lögum vegagerð á svæðinu út með Þorskafirði, með þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar, samkvæmt sk. tillögu B frá Vegagerðinni með þeim skilyrðum sem þáverandi umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, setti í úrskurði sínum frá 6. janúar 2007.

Er það skoðun flutningsmanna að slíkur vegur þjóni hagsmunum vegfarenda best, tryggi heilsárssamgöngur Vestur-Barðastrandarsýslu með tengingu við meginþjóðvegakerfi landsins og sé í sátt við umhverfið.

Forsagan.

Allmiklar umræður fóru fram um vegagerð í Austur-Barðastrandarsýslu um og eftir síðustu aldamót. Þær höfðu þó staðið allmiklu lengur en skriður komst á umræðuna um aldamótin. Skiptar skoðanir voru um hvaða leið væri skynsamlegast að fara og voru í því sambandi athugaðir allmargir kostir. Heimamenn í Reykhólasveit og í sveitarfélögunum í Tálknafirði og Vesturbyggð voru þó einhuga um vegstæði á þessum slóðum. Var einkanlega litið til þess að með endurbættum samgöngum lægi vegurinn sem mest á láglendi til þess að tryggja öruggar heilsárssamgöngur. Þetta sjónarmið var síðan áréttað af öðrum sveitarstjórnum á Vestfjörðum og hefur komið þráfaldlega fram í ályktunum Fjórðungssambands Vestfirðinga og í vinnu og áliti fastanefndar þess um samgöngumál. Áhugasamir einstaklingar á Vestfjörðum og víðar hafa og lagt sig mjög fram í baráttunni fyrir vegagerð á þessu svæði. Ber þar helst að nefna sem fremstan meðal jafningja í þeirri baráttu Þórólf Halldórsson, fyrrverandi sýslumann á Patreksfirði.

Þessi stefnumörkun heimamanna og sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum fól m.a. í sér að fara skyldi með veginn á þessum slóðum yfir firði, en ekki í fjarðarbotna, þar sem því yrði við komið. Átti það til dæmis við um vegagerð í Mjóafirði og Kjálkafirði. Hefur Vegagerðin sett fram tillögu um þessa leið sem nú er í umhverfismati sem vænta má að ljúki snemma á næsta ári.

Það mál mest var rætt var hins vegar hvernig skyldi standa að vegtengingu úr Þorskafirði að Melanesi sem er utan til í Gufufirði, skammt innan við Skálanes. Þar voru fyrst og fremst uppi tvö sjónarmið þó að fleiri kostir væru skoðaðir.

Í fyrsta lagi að fara með veginn fyrir Þorskafjörð, yfir Hjallháls, með nýjum og uppbyggðum vegi, ofan í Djúpafjörð, að nokkru leyti með nýju vegstæði, um Djúpafjörð og með nýju vegstæði upp á Ódrjúgsháls og með nýju vegstæði um Gufufjörð, til þess að sneiða hjá snjóflóðasvæðum og að Melanesi. Þessi tillaga hefur verið nefnd leið D og er nokkurn veginn á þeim slóðum þar sem núverandi vegstæði er.

Í öðru lagi var sú hugmynd sem heimamenn í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu sameinuðust um. Í henni fólst tillaga um að Þorskafjörður yrði þveraður, vegurinn lægi síðan frá Þórisstöðum í Þorskafirði, út með Þorskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes,

þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melanes og vestur fyrir Kraká Þessi tillaga hefur verið nefnd leið B.

Þriðja leiðin sem kom til álita var að fara með veginn um Hjallháls og síðan um Djúpafjörð að Grónesi sem skiptir Gufufirði og Djúpafirði og þaðan í Melanes.

Þessar hugmyndir fóru í umhverfismat. Skipulagsstofnun féllst á fyrstu tillöguna með skilyrðum en hafnaði hinum tveimur vegna umhverfisáhrifa. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fram komi að lagning vegarins samkvæmt leið B uppfyllir skilyrði 28. gr. vegalaga, nr. 80/2007, og er í samræmi við nýtt aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp 2006–2018, sem umhverfisráðherra staðfesti 24. ágúst 2009.

Úrskurður umhverfisráðherra.

Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til þáverandi umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, sem kvað upp úrskurð vegna málsins 5. janúar árið 2007, sem finna má á heimasíðu Umhverfisráðuneytisins, sjá meðfylgjandi: http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/958. Ráðherrann féllst á leið B með sex skilyrðum sem voru eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðaefni úr Teigsskógi eða annars staðar á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.
2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskóga. Við nánari útfærsla á vegstæðinu, frágangi þess og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og villtum fuglum nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.
5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.
6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.“

Áfrýjað til héraðsdóms og Hæstaréttar.

Niðurstaða umhverfisráðherra var kærð til dómstóla. Héraðsdómur féllst á kröfur stefnenda. Í forsendum héraðsdóms er sú niðurstaða byggð á því að ráðherra hafi við töku ákvörðunar sinnar ekki haft fullnægjandi upplýsingar um áhrif af þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á strauma í fjörðunum. Málið hafi því ekki verið rannsakað nægjanlega áður en ákvörðun var tekin, sbr. kröfur sem leiðir af rannsóknarreglu stjórnsýslulaga.

Enn var málinu áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. október 2009 (mál 671/2008).

Helstu atriði hæstaréttardómsins.

Trausti Fannar Valsson, lektor í lögfræði, vann í framhaldinu lögfræðilega álitsgerð um málið að beiðni Vegagerðarinnar. Þar er niðurstaða Hæstaréttar rakin með eftirfarandi hætti:

„Í fyrsta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að rannsókn umhverfisráðherra á umferðaröryggi hafi verið fullnægjandi.

Í öðru lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að rannsókn á umhverfisáhrifum á gróðursamfélag á landsvæðinu hafi verið fullnægjandi. Í héraðsdómi er í þessu sambandi m.a. vísað til úttektar sem Ásta L. Aradóttir vistfræðingur vann fyrir ráðuneytið um áhrif veglagningar skv. leið B á Teigsskóg.

Í þriðja lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að umhverfisráðherra hefði ekki horft framhjá lagaákvæðum sem tryggja eiga sérstaka vernd hafarnarins.

Í fjórða lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að ráðherra hafi tekið fullnægjandi afstöðu til áhrifa framkvæmdarinnar á fornminjar í Teigsskógi.

Í fimmta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að ráðherra hafi ekki brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar í úrskurði sínum með því að heimila leið B þrátt fyrir að hún hefði í för með sér mestu umhverfisspjöll þeirra valkosta sem í boði voru. Í héraðsdómi er í þessu sambandi vísað til þess að ráðherra hafi að lögum verulegt svigrúm til að takmarka umfang framkvæmdar og leggja á framkvæmdaraðila að grípa til mótvægisaðgerða eða annarra aðgerða ef hann telur að með því móti verði neikvæð umhverfisáhrif innan þeirra marka sem talin eru ásættanleg og þar með ekki umtalsverð.

Í sjötta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að umhverfisráðherra hafi hvorki brotið gegn andmælarétti stefndu eða að rökstuðningur ráðherra hafi ekki verið fullnægjandi.

Í sjöunda lagi hafnaði Hæstiréttur því að ráðherra hefði ekki rannsakað nægjanlega áhrif sem leiddu af þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á strauma í fjörðunum. Segir um þetta atriði í dómi Hæstaréttar:

„Í ljós er leitt að skýrslur um áhrif þverunar Djúpafjarðar og Gufufjarðar á strauma í fjörðunum lágu fyrir Skipulagsstofnun. Því verður fallist á með áfrýjanda að stofnunin hafi lagt mat á áhrif af þverun fjarðanna. Einnig er fallist á með áfrýjanda að ekki sé á færi dómstóla að meta hvort skýrslurnar hafi verið fullnægjandi og að ekki hafi getað ráðið úrslitum um mat á því hvort Skipulagsstofnun eða umhverfisráðherra hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni við meðferð málsins hvernig orðalagi var háttað í matsskýrslu áfrýjanda. Ekki er annað sýnt en að ráðherra hafi í úrskurði sínum byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir í málinu. Verður því ekki fallist á að ráðherra hafi brotið gegn 10. gr. stjórnsýslulaga að þessu leyti.“

Í áttunda og síðasta lagi taldi Hæstiréttur að umhverfisráðherra hefði verið óheimilt að lögum að taka tillit til umferðaröryggis við mat á umhverfisáhrifum í úrskurði sínum. Taldi

hann þátt heyra til grundvallarþáttar við veglagninguna sjálfa, en teldist ekki afleiðing hennar á umhverfi. Með vísan til þessa staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að fella bæri úr gildi úrskurð umhverfisráðherra um þann þátt sem laut að leið B í öðrum áfanga Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi.“

Í samræmi við evrópska umhverfislöggjöf.

Eitt atriði hefur sjaldan komið til umræðu í sambandi við vegagerðina á þessum slóðum, en mikil ástæða er til þess að vekja athygli á. Íslensk löggjöf um mat á umhverfisáhrifum byggist á ESB tilskipun 85/337/EBE, með breytingum samkvæmt tilskipunum 97/11/EB og 2003/35/EB. Í inngangi tilskipunarinnar, segir að meta verði áhrif sem framkvæmdir geta haft á umhverfið, m.a. að gera grein fyrir atriðum sem varða að vernda heilsu manna og stuðla að lífsgæðum með bættu umhverfi. Þessi tiltekna vegagerð sem eykur greiðfærni og umferðaröryggi til muna á Vestfjarðavegi samræmist því fullkomlega þeim markmiðum tilskipunarinnar að vernda heilsu manna og stuðla að lífsgæðum.

Þá er í 3. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að í mati á umhverfisáhrifum skuli tilgreina, lýsa og meta á viðhlítandi hátt bein og óbein áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti: menn, dýr og plöntur; jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag; samspil áðurnefndra þátta; og efnisleg verðmæti og menningararfleifð. Trauðla verður annað sagt en að ákvörðun umhverfisráðherra sem að hluta til byggðist á mikilvægi umferðaröryggis (sem afleiðingu framkvæmdar) fari fullkomlega saman við þessi ákvæði tilskipunarinnar. Í því sambandi skal og vísað til 4. viðauka tilskipunar 85/337/EBE, en þar segir að í mati á umhverfisáhrifum skuli lýsa beinum og óbeinum áhrifum, afleiddum áhrifum, samlegðaráhrifum, skammtíma og langtímaáhrifum, varanlegum og tímabundnum áhrifum og jákvæðum og neikvæðum áhrifum. Þetta vekur spurningu um hvernig sú niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 671/2008 fær staðist, að lögum um mat á umhverfisáhrifum sé „einungis ætlað að taka til mats á afleiðingum framkvæmdar fyrir umhverfið en ekki á kostum hennar sjálfrar og göllum“ í ljósi þess að íslenskum lögum um mat á umhverfisáhrifum er ætlað að fullnægja kröfum ESB um innleiðingu tilskipunar 85/337/EBE, með síðari breytingum.

Höggvið á hnútinn.

Hvernig sem á málin er litið blasir við að mikil óvissa grúfir yfir því hvort og þá hvernig haldið verði áfram við að vinna að vegagerð á leið B, eins og ósk heimamanna stendur til. Þessi afstaða heimamanna kom skýrt fram nú síðast á geysilega fjölmennum fundi heimamanna með samgönguyfirvöldum á Patreksfirði 11. maí sl.

Brýnt er að höggvið sé á þennan hnút og óvissunni aflétt. Æskilegast væri vitaskuld að leysa þessi mál í góðri sátt. Til þess að sú sátt ríki við heimamenn er nauðsynlegt að vegurinn liggi um láglendið og fari ekki upp á hálsana, Ódrjúgsháls og Hjallháls. Því miður virðist slíkt samkomulag ekki í sjónmáli. Þess vegna er nauðsynlegt að löggjafarvaldið sjálft taki af skarið og heimili þessa vegagerð.

Við undirbúning þessa máls hefur birst okkur órofa samstaða heimamanna. Þingmenn kjördæmisins hafa mjög komið að þessu máli og hefur aldrei neitt annað komið fram en að í þeim hópi væri stuðningur við þennan vilja heimamanna. Vegagerð á þessum slóðum hefur oft verið rædd á Alþingi og hefur komið fram víðtækur vilji allra þeirra sem hafa tjáð sig um málið að vinna að lausn þess. Það hefur einnig átt við um núverandi og fyrrverandi samgönguráðherra, Kristján L. Möller og Sturlu Böðvarsson. Verður því að ætla að um þetta frumvarp geti tekist víðtæk samstaða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða almenna markmiðslýsingu, sem ekki þar frekari útskýringar við.

Um 2. gr.

Greinin lýsir því hvar vegurinn, sem um ræðir í frumvarpinu, skuli liggja. Jafnframt eru tekin inn í frumvarpstextann þau skilyrði sem Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, setti fyrir því að vegurinn yrði lagður. Úrskurðurinn var kveðinn upp 5. janúar árið 2007 og má finna í heild sinni á heimasíðu umhverfisráðuneytisins frá þeim tíma. Með þessari grein er því ætlað að tryggja að vegagerð verði ekki framkvæmd á umræddum kafla nema að uppfylltum þeim skilyrðum.

Um 3.–5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

1335. Svar [571. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um Icesave-tilboð Breta og Hollendinga fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hljóðaði Icesave-tilboð Breta og Hollendinga til íslenskra stjórnvalda sem þeir gerðu rétt fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars sl., en ráðherra taldi atkvæðagreiðsluna marklausa með hliðsjón af því tilboði?

Í sameiginlegu bréfi fjármálaráðherra Hollands, Wouters Bos, og Lord Myners, ráðherra í breska fjármálaráðuneytinu, til fjármálaráðherra frá 19. febrúar sl. er sett fram tillaga um breytingar frá fyrra samkomulagi við íslensk stjórnvöld er feli í sér að: a) í stað fastra 5,55% vaxta verði vextir breytilegir eins og kveðið er á um í lánasamningum Norðurlandanna og íslenska ríkisins og Seðlabanka Íslands, b) að við bætist sama vaxtaálag og samið var um í þeim samningum, og c) að felldir verði niður vextir af lánunum fyrir árin 2009 og 2010. Að öðru leyti yrði efni fyrra samkomulags óbreytt.

Áætlaðir uppsafnaðir vextir á árunum 2009 og 2010 eru um 70 milljarðar kr. sem sýnir ávinning af þessu tilboði miðað við samningana sem áður höfðu verið gerðir.

1336. Svar [624. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Undir formerkjum samninganefndar Íslands vegna aðildarviðræðna við ESB starfa tíu samningahópar og eru formenn þeirra samningahópa jafnframt fulltrúar í samninganefndinni. Samningahópur um fjárhagsmálefni er á ábyrgðarsviði fjármálaráðuneytisins og er skrifstofustjóri tekju- og skattaskrifstofu ráðuneytisins formaður samningahópsins. Samningahópnum er skipt upp í fjóra undirhópa eftir málefnaflokkum eða samningaköflum. Undirhópur 1 fjallar um skatta, bæði beina og óbeina (Chapter 16, Taxation) og í honum sitja bæði sérfræðingar ráðuneytisins og frá embætti ríkisskattstjóra. Undirhópur 2 fjallar um tollabandalag ESB (Chapter 29, Customs Union) sem er mjög víðfeðmur málaflokkur. Sérfræðingar tollstjóra stýra vinnunni í þeim málaflokki, og hefur henni síðan verið skipt á fjölmarga tæknihópa. Undirhópur 3 fjallar um fjárhagseftirlit (Chapter 32, Financial Control), en honum stýrir sérfræðingur á fjárreiðu- og eignaskrifstofu ráðuneytisins. Í hópnum sitja einnig sérfræðingar frá Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun. Að lokum er undirhópur 4 sem fjallar um fjárhags- og framlagsmál (Chapter 33, Financial and budgetary matters) sem stýrt er af sérfræðingi frá fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins. Í hópnum sitja einnig fulltrúar Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar.

Þá er rétt að nefna að margt starfsfólk ráðuneytisins eru fulltrúar þess í öðrum samningahópum sem fjalla um ýmsa málaflokka á ábyrgðarsviði ráðuneytisins, svo sem opinber innkaup, samkeppnismál o.fl., þar sem formaður samningahópsins er ekki starfsmaður fjármálaráðuneytisins.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Í ráðuneytinu hafa fram að þessu um 20 starfsmenn ráðuneytisins komið að gerð aðildarumsóknarinnar og um 35 starfsmenn stofnana þess. Það eru um 32% af heildarstarfsmannafjölda ráðuneytisins og um 5,4% af heildarstarfsmannafjölda umræddra stofnana ráðuneytisins. Allir þessir starfsmenn vinna að aðildarumsókninni með öðrum verkefnum og ekki er fylgst með því sérstaklega hversu miklum tíma umræddir starfsmenn hafa varið til vinnu við umsóknina.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Að undanskildum launakostnaði vegna vinnu starfsfólks ráðuneytisins og stofnana þess verður kostnaðurinn óverulegur á þessu ári. Hins vegar kann sá kostnaður að aukast á næsta ári ef áætlanir um ferli aðildarumsóknarinnar ganga eftir. Gert er ráð fyrir að starfsmenn þurfi þá að sækja fundi til Brussel og að ráðuneytið þurfi að greiða ferðakostnað í tengslum við þær ferðir.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Ekki hefur komið til fjölgunar á starfsfólki ráðuneytisins í tengslum við aðildarumsóknina.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Engin aðkeypt ráðgjafarþjónusta hefur átt sér stað í tengslum við aðildarumsóknina enn sem komið er. Ráðuneytið hefur eingöngu stuðst við þjónustu sérfræðinga ráðuneytisins og stofnana þess.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ljóst er að möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu kallar á margvíslegar skipulagsbreytingar á íslenskri stjórnsýslu á ýmsum sviðum. Um þessar mundir er unnið að kortlagningu á heildarumfangi þessara breytinga. Stærstu verkefnin sem nú blasa við, séð frá bæjardyrum ráðuneytisins, er uppsetning margra rafrænna upplýsingakerfa, bæði á sviða skatta og tolla, svo að unnt sé að uppfylla kröfur Evrópusambandsins um aðild.

1337. Tillaga til þingsályktunar [669. mál]

um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásmundur Einar Daðason,
Gunnar Bragi Sveinsson, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Aðdragandi, staða málsins og ábyrgð.

Alþingi ályktaði hinn 16. júlí 2009 að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Atkvæði féllu þannig að 33 þingmenn sögðu já og 28 nei.

Af stefnuskrám ríkisstjórnarflokkanna, umræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu á undanförnum árum og atkvæðaskýringum ráðherra og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er ljóst að ekki er einhugur í ríkisstjórninni um það hvort hagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins. Þetta kom fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar áskildu þeir sér rétt til þess að berjast gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu gerbreytir áherslum Íslands í utanríkismálum. Stefnubreytingu í jafnmikilvægum málaflokki þarf að undirbúa vel og ná breiðri samstöðu, bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Hyggilegast hefði verið að þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram um hvort sækja skyldi um aðild.

Ekki er ofmælt að segja að undirbúningi málsins hefur verið ábótavant. Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt mikla andstöðu þjóðarinnar við aðild. Samtök atvinnulífsins o.fl. hafa ekki treyst sér til að taka afstöðu til aðildar. Breið pólitísk samstaða liggur því ekki að baki umsókninni.

Ljóst er að lítill áhugi er á því hjá ráðamönnum þjóðarinnar að axla ábyrgð á aðildarumsókninni. Þannig hafa ráðherrar ítrekað vísað ábyrgð á málinu á Alþingi og sagt að þingið hafi valdið til að stöðva umsóknina.

Fullyrt hefur verið að það sé eðlilegt að senda inn aðildarumsókn til þess að kanna hvað sé í boði fyrir Ísland. Staðreyndin er hins vegar sú að yfirleitt hafa þjóðir ekki sótt um aðild að Evrópusambandinu nema vegna þess að ríkur vilji sé meðal þjóðar að ganga í sambandið. Þegar tilkynnt er af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að mælt sé með því að hafnar verði viðræður, þá brjótast yfirleitt út fagnaðarlæti á götum úti. Fjölmargir sérfræðingar, bæði erlendir og innlendir, hafa bent á þessa staðreynd auk þess sem þetta hefur ekki farið fram hjá ráðamönnum Evrópusambandsins.

Það er grundvallaratriði að þjóðin hafi fyrsta og síðasta orðið hvað viðkemur hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu. Því skiptir afar miklu máli að hafa skýrt umboð ef farið verður að nýju af stað í hugsanlegar aðildarviðræður. Slíkt umboð verður aðeins fengið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Fari svo að samþykkt verði að sækja um aðild hafa stjórnvöld fengið skýrt umboð í hendur. Felli þjóðin það í atkvæðagreiðslu að sækja um aðild þyrfti ekki að fara með málið lengra með tilheyrandi kostnaði fyrir þjóðarbúið og vinnu fjölmargra aðila. Slík aðferðafræði er farsælust fyrir hagsmuni þjóðarinnar og tryggir að ekki verði farið af stað án breiðrar samstöðu.

Utanríkisráðuneytið hefur verið tregt til að gefa upp raunverulegan kostnað við aðildarferlið en fyrir liggur að kostnaður ríkisins er a.m.k. 7 milljarðar kr. Þeim fjármunum er betur varið til brýnna verkefna í þágu íslensks samfélags og í ljósi stöðu ríkissjóðs er óverjandi að halda áfram á þessari braut.

Allt frá því að málið kom fram á Alþingi var reynt að halda fram þeim rökum að aðild að Evrópusambandinu væri það eina sem gæti komið þjóðinni til bjargar í þeim efnahagsþrengingum sem að steðja. Slíkur málflutningur stenst ekki skoðun eins og reynslan hefur nú sýnt og má því segja að umsóknin sé villuljós sem tefur fyrir úrlausn þeirra raunverulegu verkefna sem brýnt er að stjórnvöld, Alþingi og stofnanir ríkisins beini öllum kröftum sínum að.

Íslensk stjórnvöld verða sjálf að sýna frumkvæði að því að vinna þjóðina út úr þeim vanda sem hrun bankakerfisins olli. Það mun enginn annar gera það fyrir okkur, ferlið verður sársaukafullt, erfitt og tímafrekt. Á endanum munum við standa sterkari eftir ef við berum gæfu til að einbeita okkur að því verkefni án þess að eyða tíma og fjármunum í að eltast við villuljós. Aðild að Evrópusambandinu er ekki lausn á efnahagsvanda Íslands.

Breyttar forsendur.

Evrópusambandið stendur frammi fyrir stærri úrlausnarefnum en það hefur gert um langa hríð. Erfitt er að lesa í spilin um það hvernig sambandið þróast á næstunni en ljóst er að miklar breytingar eru á döfinni. Efnahagserfiðleikar almennt í álfunni og spenna á myntsvæðinu, sem sextán ESB-ríki deila með sér, veldur því að kröfur hafa komið fram um frekari samruna, t.d. við gerð fjárlaga ríkja. Á næstu missirum og árum mun Evrópusambandið endurskoða starfshætti sína og e.t.v. gera breytingar á grunnsáttmála sínum, Lissabonsátt-

málanum. Á meðan ekki er ljóst hvernig haldið verður á málum hjá Evrópusambandinu er óráðlegt að vera í aðildarferli að sambandi sem gæti tekið grundvallarbreytingum á næstu missirum.

Stuðningsmenn aðildar Íslands að Evrópusambandinu hafa haldið því fram að eina leiðin til að tryggja efnahagslegan stöðugleika á Íslandi væri sú að ganga í sambandið og taka upp evru. Nú er ljóst að hvorki aðild að Evrópusambandinu né evran hefur tryggt efnahagslegan stöðugleika í Grikklandi, á Ítalíu, Spáni, Portúgal og Írlandi. Staða þessara ríkja er í sumum tilvikum verri en hér þrátt fyrir að þau hafi ekki þurft að glíma við bankakerfishrun líkt og Ísland.

Stuðningsmenn aðildar hafa jafnframt haldið því fram að evrunni fylgi lítil verðbólga og lágir vextir og að upptaka evru mundi þýða aukinn aga í hagstjórn. Raunin er sú að verðbólga er mjög mismunandi á evrusvæðinu og segja má að þau skiptist í tvo hópa. Grikkland er dæmi um land þar sem staðan er alvarleg. Agaleysi ríkir í hagstjórn víða á ESB-svæðinu og þá ekki síst á evrusvæðinu. Sem dæmi má nefna að reglur um halla á fjárlögum hafa verið þverbrotnar af ýmsum þjóðum, m.a. af Þjóðverjum.

Mikil umræða hefur farið af stað innan Evrópusambandsins í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og þá sérstaklega í ljósi efnahagsvandræða Grikkja. Viðbrögð ESB-ríkjanna við þeirri upplausn sem blasir við í efnahags- og fjármálum aðildarríkjanna er að leggja til aukna miðstýringu frá Brussel. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur komið þeirri skoðun á framfæri að eina leiðin til þess að ná einhverjum tökum á smáríkjum sem stýra efnahagsmálum sínum á annan hátt en Þjóðverjar vilja sé að herða reglurnar og breyta sáttmálum Evrópusambandsins þannig að stóru þjóðirnar fái sterkari heimildir til þess að grípa inn í efnahagslíf einstakra aðildarríkja.

Því er ljóst að vilji er til frekari samruna innan Evrópusambandsins og að sjálfstæði þjóðanna innan sambandsins mun minnka á komandi árum. Enn frekara fullveldisafsal blasir því við aðildarþjóðum Evrópusambandsins og er ljóst að Ísland sem aðildarríki að sambandinu mundi litlu sem engu ráða um eigin málefni, hvorki hvað varðar fjárlagagerð né efnahagsmál almennt, hvað þá önnur málefni. Slík framtíðarsýn er ekki það sem íslenska þjóðin þarf á að halda í dag.

Evrópusambandið breytti undir lok síðustu aldar aðferðum sínum við að taka inn ný ríki. Sambandið gerir kröfu um að stofnanakerfi umsóknarríkja lagi sig að kröfu sambandsins í sjálfu aðildarferlinu en ekki að loknum samningum og þjóðaratkvæðagreiðslu. Evrópusambandið talar um aðlögunarferli í þessu sambandi en ekki samningaviðræður. Af þessu leiðir að þjóðin verður smátt og smátt innlimuð í Evrópusambandið án þess að hafa neitt um það að segja. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hversu andstætt slíkt verklag er lýðræðislegum stjórnarháttum.

Niðurlag.

Mikilvægt er að nýta krafta stjórnsýslunnar og fjármagn ríkisins til þeirra brýnu verkefna sem fyrir liggja í kjölfar bankahrunsins. Að halda áfram aðildarferlinu þegar bersýnilegt er að hugur fylgir ekki máli er slæmt fyrir orðspor Íslands á alþjóðavettvangi.

Íslandi og Evrópusambandinu er lítill greiði gerður með því að íslensk stjórnvöld efni til aðildarviðræðna á þeim hæpnum forsendum sem hér hafa verið raktar. Fyrirsjáanlegt er að aðildarsamningur verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu og mun sú niðurstaða ekki auka velvilja í garð Íslendinga hjá aðildarþjóðum Evrópusambandsins.

Af öllu framangreindu er ljóst að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er ótímabær og því hníga öll rök að því að draga hana til baka.

1338. Lög [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 933.

1339. Lög [525. mál]

um breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1309.

1340. Lög [645. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1165.

1341. Lög [653. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1217.

1342. Lög [567. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1311.

1343. Frumvarp til laga [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. kemur: sama dag og starfsemin hefst hér á landi.
b. Í stað orðanna „upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101)“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almannatryggingaverndar í heimaríki.
c. Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fulltrúinn getur verið einn af starfsmönnum fyrirtækisins sem starfar tímabundið hér á landi.
b. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en“ í 2. mgr. kemur: sama dag og.
c. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi þess síðarnefnda hófst hér á landi.

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Dagsektir.

Fari fyrirtæki ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1344. Frumvarp til laga [508. mál]

um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

(Eftir 2. umr., 14. júní.)

1. gr.

Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands skulu sameinast í eina ríkisstofnun er nefnist Þjóðskrá Íslands.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Þjóðskrá Íslands er ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skal fylgja lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skal gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá öðrum skrám ábyrgðaraðila. Þó eru heimilar samkeyrslur til uppfærslna á heimilisföngum. Aðra vinnslu skal tilkynna til Persónuverndar.

3. gr.

Hlutverk stjórnar skv. 9. gr. laga nr. 6/2001 helst óbreytt. Starfssvið stjórnar nær þó ekki til starfsemi Þjóðskrár Íslands sem fellur undir lög nr. 54/1962 eða annarra laga um starfsemi Þjóðskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Við gildistöku laga þessara tekur Þjóðskrá Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
2. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 18. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
3. *Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
4. *Þinglýsingalög, nr. 39/1978, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Þjóðskrá Íslands.
5. *Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. og orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.
6. *Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1., 2., 4., 7. og 10. mgr. 2. gr. og orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 6. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.

7. *Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 4. gr. og orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
8. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
9. *Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 8. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 16. gr., 18. gr., 1. mgr. og 3.–8. mgr. 19. gr., 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 2.–4. mgr. 22. gr., 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1.–3. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 32. gr. og 1. og 2. mgr. 32. gr. a laganna kemur: Þjóðskrá Íslands; og í stað orðanna „Fasteignaskrár Íslands“ í 2. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 31. gr. og orðsins „Fasteignaskrár“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: Þjóðskrár Íslands.
10. *Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
11. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í b-lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
12. *Jarðalög, nr. 81/2004, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
13. *Lög um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009:* Í stað orðanna „Fasteignaskrá Íslands“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
14. *Lög um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 2. og 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
15. *Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum:*
    a. Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 7. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1.–5. mgr. 10. gr., 1.–4. mgr. 11. gr., 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr., 1. mgr. 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 1. gr., 2. gr., 2.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. og 4. mgr. 10. gr., 13. gr., 20. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
    b. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
16. *Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. og 6. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
17. *Lög um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskráin“ í 6. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. og orðanna „þjóðskránni“ og „þjóðskráin“ í 11. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
18. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
19. *Lög um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 18. gr. og orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. 3. gr.,17. gr., 2. mgr. 18. gr., 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.
20. *Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. og 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.

21. *Lög um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. og 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
22. *Lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 2. gr., 22. gr., 1. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
23. *Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. mgr. og 4. tölul. 5. mgr. 28. gr. og orðsins „Þjóðskrár“ í 2. mgr. og fyrirsögn 28. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands, og: Þjóðskrár Íslands.
24. *Barnalög, nr. 76/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 2. og 3. mgr. 7. gr., 2. mgr. 18. gr., 5. mgr. 32. gr. og 6. mgr. 34. gr. og orðsins „þjóðskrá“ í 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
25. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ í 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands.
26. *Lög um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
27. *Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007:* Í stað orðsins „Þjóðskrá“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þjóðskrá Íslands.
28. *Hjúskaparlög, nr. 31/1993, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Þjóðskrár“ og orðsins „Þjóðskrá“ í 1. mgr. 141. gr. laganna kemur: Þjóðskrár Íslands, og: Þjóðskrá Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, sem eru í starfi við gildistöku laga þessara, verða starfsmenn Þjóðskrár Íslands með sömu starfskjörum og áður giltu. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Þjóðskrá Íslands fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

1345. Frumvarp til laga [447. mál]

um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. júní.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989.

1. gr.

62. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eftir kröfu gerðarbeiðanda verður fjárnámi lokið án árangurs ef:

1. gerðarþoli eða málsvari hans er staddur við gerðina og lýsir yfir að hann eigi engar eignir eða ekki nægar til fullnustu kröfu, sbr. 63. gr.,

2. enginn mætir til gerðarinnar af hálfu gerðarþola þótt hann hafi sannanlega verið boðaður til hennar og engin vitneskja liggur fyrir um eign sem gera mætti fjárnám í, eða
3. gerðarþoli hvorki finnst né nokkur sem málstað hans getur tekið.

2. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna bætist: eða gerðinni hefur verið lokið án árangurs.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist: eða þar sem hann eða maður honum nákominn situr í stjórn eða stýrir daglegum rekstri.
b. 5. tölul. verður svohljóðandi: tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra á verulegan hluta í hinu eða maður nákominn öðru þeirra á slíkan hluta í hinu, situr þar í stjórn eða stýrir daglegum rekstri.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Án tillits til þess hvort samningur hefur verið gerður eftir 1. mgr. verður ákvæðum þessara laga um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings sjálfkrafa beitt um útibú erlends félags, sem er starfrækt og á skráð varnarþing hér á landi, ef félagið ber ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og hefur áður fengið sömu eða fyllilega sambærilega heimild í sínu heimaríki. Bú slíks útibús verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, nema bú erlenda félagsins hafi áður verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Ef annað leiðir ekki af 1. eða 2. mgr. hafa heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki ekki áhrif hér á landi nema skuldari eða þrotabú hans afli úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um að sama eða sambærileg heimild eða fullnustugerð, sem kveðið hefur verið á um með dómsúrlausn í heimaríki hans, hafi eftir því sem átt getur við réttaráhrif hér á landi eftir ákvæðum IV. kafla, 1. og 2. mgr. 40. gr. eða 74. og 116. gr. Beiðni um slíkan úrskurð skal vera skrifleg og greint þar skýrlega frá hverrar heimildar sé leitað, auk nauðsynlegrar reifunar á atvikum máls og þeim erlendu réttarreglum sem átt geta við. Með beiðninni skulu fylgja viðhlítandi gögn um heimildina sem fengin hefur verið í öðru ríki, þar með talið staðfest endurrit úrlausnar dómstóls ásamt þýðingu og staðfesting hans á að heimildin sé enn í gildi og hversu lengi hún muni standa.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins, en að skuldaranum verður ekki gengið vegna slíkrar kröfu í frekara mæli en greinir í 4. mgr. 60. gr.
b. 1. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Lánardrottinn skuldarans getur að tilteknu leyti eða öllu afsalað sér réttindum skv. 1. mgr., þannig að nauðasamningur hafi áhrif á kröfu hans, með yfirlýsingu sem hann gefur við undirbúning skuldarans að öflun heimildar til að leita nauðasamnings eða í kröfulýsingu við nauðasamningsumleitanir.

6. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lánardrottinn fer þó ekki með atkvæðisrétt um nauðasamning nema að því leyti sem hann hefur afsalað sér tryggingarrétti fyrir kröfu sinni, sbr. 2. mgr. 28. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum“ í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: eftir fjárhæðum krafna þeirra.

8. gr.

Við 1. mgr. 45. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í kröfulýsingu getur atkvæðismaður að auki greitt atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi, sbr. 1. mgr. 50. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Jafnframt því sem að framan greinir skal umsjónarmaðurinn gera skrá um kröfur, sem trygging er fyrir í eign skuldarans, án tillits til þess hvort þeim hafi verið lýst. Í skránni skal koma fram fjárhæð hverrar kröfu, gjalddagi, hvort og eftir atvikum að hverju leyti hún er í vanskilum, til hverrar eignar trygging taki og hvort hlutaðeigandi lánardrottinn hafi fallið frá tryggingarréttindum sínum að hluta eða öllu leyti.
b. Í stað orðanna „skrá skv. 1. mgr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skrár skv. 1. og 2. mgr.

10. gr.

2. málsl. 47. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. mgr. kemur: fjögurra.
b. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: skrám sínum skv. 1. og 2. mgr. 46. gr. og hvort einhverra krafna, sem hefur verið lýst, sé ekki getið í þeim, sbr. 3. mgr. 46. gr.

12. gr.

Fyrri málsliður 49. gr. laganna verður svohljóðandi: Frumvarp að nauðasamningi telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða, og jafnframt 60 hundraðshluta atkvæða eftir höfðatölu allra atkvæðismanna.

13. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna verður svohljóðandi:

Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi í kröfulýsingu eða skriflega á annan hátt og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Atkvæði þessi skulu þó því aðeins tekin gild

að vafalaust sé að þau varði það frumvarp sem til atkvæðagreiðslu er og ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til þess komi þar fram. Sé annað ekki tekið fram í skriflegu atkvæði skal það standa þótt breyting hafi síðar verið gerð á frumvarpi skuldarans sé breytingin atkvæðismönnum í hag. Sé atkvæði greitt skriflega á annan hátt en í kröfulýsingu skal undirskrift atkvæðismanns vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda. Atkvæðismaður sem greitt hefur atkvæði skriflega getur dregið það til baka með skriflegri yfirlýsingu, sem vottuð er á sama hátt, ef hún berst umsjónarmanninum áður en atkvæðagreiðsla hefst á fundi eða með því að sækja fundinn og óska eftir að fá að greiða þar atkvæði á nýjan leik.

14. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í kröfunni skal meðal annars gerð ítarleg grein fyrir því hvernig skuldarinn telji sig munu geta staðið í skilum við lánardrottna ef nauðasamningur verður staðfestur, þar á meðal með kröfur sem samningurinn hefði ekki áhrif á.

15. gr.

Á eftir 3. mgr. 60. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að því leyti sem lánardrottinn, sem hefur samningsveð fyrir kröfu sinni í eign skuldarans, hefur ekki afsalað sér tryggingarréttindunum skv. 2. mgr. 28. gr. getur lánardrottinn á engu stigi eftir staðfestingu nauðasamnings leitað fullnustu fyrir kröfunni gagnvart skuldaranum á annan hátt en með því að ganga að þeirri eign.

16. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú láta þeir sem bærir eru um að taka ákvörðun um að leita gjaldþrotaskipta á búi slíks skuldara sem ekki er einstaklingur það hjá líða og bera þeir þá skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum skuldarans að því leyti sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna, enda sýni þeir ekki fram á að sú vanræksla hafi ekki verið þeim saknæm.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Orðin „og ekki er ástæða til að ætla að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans“ í niðurlagi 1. tölul. 2. mgr. falla brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   5. að skuldarinn hafi ekki innan þriggja vikna orðið við áskorun lánardrottins, sem birt hefur verið honum eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli, um að lýsa því skriflega yfir að hann verði fær um að greiða skuld við hlutaðeigandi lánardrottin þegar hún fellur í gjalddaga eða innan skamms tíma ef hún er þegar gjaldfallin.

18. gr.

Við 5. tölul. 1. mgr. 85. gr. laganna bætist: nema dómari ákveði lengri frest við skipun skiptastjóra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: en slík krafa getur þó ekki numið hærri fjárhæð en svara mundi til launa í uppsagnarfresti sem gilda ætti um vinnusamninginn eftir lögum eða kjarasamningi.
b. 3. mgr. verður svohljóðandi:
   Þeir sem nákomnir eru þrotamanni eða félagi eða stofnun sem er til gjaldþrotaskipta njóta ekki réttar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. fyrir kröfum sínum.

20. gr.

Í stað orðanna „bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum“ í 2. mgr. 150. gr. laganna kemur: eftir fjárhæðum krafna þeirra.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

22. gr.

Ákvæðum 3. gr. verður ekki beitt til skilgreiningar á orðinu nákomnir að því leyti sem reynt getur á merkingu þess varðandi atvik sem gerðust fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

Ákvæði 5.–7. gr., 9. gr., 11.–12. gr. og 14.–15. gr. taka ekki til nauðasamningsumleitana sem leitað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði a-liðar 17. gr. tekur ekki til tilvika þar sem leitað er gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslausrar kyrrsetningar, löggeymslu eða fjárnáms sem lokið er fyrir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki um kröfu sem fallið hefur í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara.

1346. Nefndarálit [424. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Adolf Guðmundsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Árna Múla Jónasson og Auðun H. Ágústsson frá Fiskistofu, Jónu Björk Guðnadóttur, Ara Wendel, Brynhildi Georgsdóttur, Benedikt Orra Einarsson, Sigurð Þór Snorrason, Helga Bragason, Birgi Runólfsson og Bjarka Bragason frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Umsagnir bárust frá Byggðastofnun,

Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi fiskeldisstöðva, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum fjármálafyrirtækja og Sjómannasambandi Íslands.

Frumvarp þetta felur í sér tvær efnisgreinar sem fjalla annars vegar um byggðakvóta og reglur varðandi meðferð hans og hins vegar um heimild ráðherra til að setja skilyrði eða koma í veg fyrir framsal eða ráðstöfun aflaheimilda. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 10. gr. laganna. Annars vegar er þar um að ræða breytingar er hafa þann tilgang að árétta heimildir ráðherra til að setja sérstakar takmarkanir á úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðarlögum, telji hann tilefni til slíks. Hins vegar er þar að finna ákvæði er heimilar ráðherra að flytja byggðakvóta á milli fiskveiðiára. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um það til bráðabirgða að ráðherra skuli fengin tímabundin heimild til að grípa til tiltekinna aðgerða. Er gildistími ákvæðisins ákvarðaður tvö og hálft fiskveiðiár. Með heimildinni er gert ráð fyrir að ráðherra geti bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum sem tilheyra gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar, þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Þá er skiptastjórum í þrotabúum og aðstoðarmönnum skuldara gert skylt að tilkynna ráðuneytinu og Fiskistofu séu uppi áform um að framselja eða ráðstafa aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi innan eins mánaðar áður en slíkt fer fram. Þá hefur ráðherra einn mánuð til að taka ákvörðun um slíka ráðstöfun.

Í umsögnum Samtaka fjármálafyrirtækja og Landssambands íslenskra útvegsmanna kom fram sú gagnrýni á 2. gr. frumvarpsins að heimild ráðherra gæti haft neikvæð áhrif á stöðu kröfuhafa og endurskipulagningu og endurfjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja. Þá bentu Samtök fjármálafyrirtækja á að í sameiginlegum verklagsreglum sem settar eru á grunni laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sé gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki líti til byggðasjónarmiða þegar kemur að ákvarðanatöku tengdri endurskipulagningu fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum. Við meðferð málsins hjá nefndinni var leitað leiða til að koma til móts við framangreind sjónarmið. Voru Samtök fjármálafyrirtækja og fulltrúar ráðuneytisins hvattir til að ná samkomulagi um ásættanlega niðurstöðu. Viðunandi samkomulag náðist ekki.

Meiri hlutinn áréttar að 2. gr. frumvarpsins mælir fyrir um ákveðið neyðarréttarúrræði á tímum óhefðbundinna markaðsaðstæðna sem ætlað er að hefta verulega neikvæð áhrif á atvinnustarfsemi sjávarbyggða og koma í veg fyrir búferlaflutninga. Um bráðabirgðaákvæði er að ræða og ná réttaráhrif þess því einungis til þess sem eftir lifir núverandi fiskveiðiárs auk fiskveiðiáranna 2010/2011 og 2011/2012. Þá skal fram tekið að heimild ráðherra er bundin ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi verður að vera um umtalsverðan hluta aflaheimilda að ræða, a.m.k. fimmtung eða meira. Í öðru lagi verður staðan að vera sú að ætla megi að framsal eða önnur ráðstöfun hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Telur meiri hlutinn rétt að benda á að þær ákvarðanir sem ráðherra tekur á grundvelli ákvæðisins verða ávallt bundnar af skráðum sem óskráðum reglum stjórnsýsluréttar. Skal hann af þeim sökum m.a. byggja ákvarðanatöku sína á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum að meðalhófi gættu. Að framangreindu sögðu telur meiri hlutinn rétt að taka fram að skilningur hennar er sá að þau úrræði sem lögð eru til í 2. gr. frumvarpsins séu í samræmi við almennan

áskilnað 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga þess efnis að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þá eru markmið téðra laga m.a. að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Nefndinni hafa borist upplýsingar um að um 20% sjávarútvegsfyrirtækja séu nú þegar í miklum greiðsluvanda sem líkur benda til að muni valda röskun á atvinnustarfsemi tengdri sjávarútvegi og tilflutningi aflaheimilda á milli byggðarlaga. Ljóst er að óbeinar afleiðingar slíkrar stöðu geta einnig orðið miklar og haft til að mynda áhrif á aðra atvinnustarfsemi í sömu byggðarlögum, lífsgæði og búsetu. Ljóst verður að telja að staða margra byggðarlaga og sveitarfélaga verður mjög erfið flytjist aflaheimildir brott vegna gjaldþrots, annars konar eignauppgjörs eða endurskipulagningar einstakra fyrirtækja. Álit meiri hlutans er í þessu ljósi að við ákvarðanatöku samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verði að fá mati á samfélagsáhrifum í byggðarlögum sem geta átt allt sitt undir sjávarútvegi aukið vægi. Telur meiri hlutinn brýnt í ljósi allra framangreindra atriða að veita ráðherra heimild sem þessa en leggur til eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða:

1. Lagt er til að þær heimildir sem ráðherra eru veittar með ákvæðinu gildi um öll tilvik þegar áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr byggðarlögum eða sveitarfélögum. Þannig verði téðar heimildir ekki takmarkaðar við að aflaheimildir tilheyri gjaldþrota einstaklingum og fyrirtækjum eða einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar. Í ljósi þess markmiðs frumvarpsins að tryggja atvinnu og búsetu í byggðarlögum og koma í veg fyrir þá röskun sem átt getur sér stað þegar aflaheimildir flytjast burt úr byggðarlögum eða sveitarfélögum er það mat meiri hlutans að ekki sé ástæða til að takmarka heimildir ráðherra til við slík tilvik.
2. Af framangreindum breytingum á gildissviði ákvæðisins leiðir að jafnframt er lagt til að tilkynningarskylda um áformað framsal eða aðra ráðstöfun aflaheimilda verði lögð á handhafa aflahlutdeilda (aflaheimilda) í stað skiptastjóra í þrotabúum og aðstoðarmanna skuldara við greiðslustöðvun.
3. Enn fremur er lagt til að einungis beri að tilkynna áform um framsal eða ráðstöfun aflaheimilda til Fiskistofu en ekki einnig til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eins og ráðgert er í frumvarpinu. Fiskistofa skal hins vegar þegar í stað tilkynna ráðherra ef framsal eða önnur ráðstöfun aflaheimilda fer yfir fimmtung eða meira. Er breyting þessi lögð til í þeim tilgangi að stuðla að einfaldari og skilvirkari framkvæmd ákvæðisins.
4. Loks er lagt til að frestur ráðherra til að taka ákvörðun um setningu skilyrða fyrir framsali eða hvort hann banni framsal eða aðra ráðstöfun verði lengdur úr einum mánuði í tvo. Er ráðherra með þeirri tilhögun veitt svigrúm (frestur) til að leita vægari úrræða og lausna á þeim vandamálum sem upp kunna að koma vegna áforma um framsal eða aðra ráðstöfun aflaheimilda, í samstarfi við sveitarfélög, hagsmunaaðila og fjármálafyrirtæki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Róbert Marshall var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. júní 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Björn Valur Gíslason.
Helgi Hjörvar.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	

1347. Breytingartillaga [424. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (AtlG, ÁsmD, BVG, HHj, SER).

2. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur á fiskveiðiárunum 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012 bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Handhafa aflahlutdeildar (aflaheimildar) ber að tilkynna Fiskistofu ef áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi, innan mánaðar áður en umrætt framsal eða ráðstöfun á að fara fram. Fiskistofa skal þegar í stað tilkynna ráðherra ef framsal eða önnur ráðstöfun aflaheimilda fer yfir fimmtung eða meira. Ákvörðun ráðherra um að framsal eða önnur ráðstöfun sé óheimil skal tilkynnt handhafa aflaheimildar innan tveggja mánaða frá því að tilkynning barst Fiskistofu.

1348. Svar [632. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Engir vinnuhópar hafa verið stofnaðir hjá stofnunum ráðuneytisins. Einn vinnuhópur er starfandi á vegum samgönguráðs og fjallar um áhrif ESB-umsóknar á samgöngumál. Einn starfsmaður Umferðarstofu hefur setið í hópnum en engir frá öðrum stofnunum.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Af 32 starfsmönnum ráðuneytisins hafa þrír skrifstofustjórar stýrt vinnu vegna erinda og upplýsingagjafar sem tengist aðildarumsókn. Önnur vinna hefur farið fram á starfstíma starfsmanna og er hún óveruleg. Tveir starfsmenn ráðuneytisins hafa setið í vinnuhópum hjá öðrum ráðuneytum. Hjá Flugmálastjórn Íslands er áætlað að á undanförnum mánuðum hafi um hálft stöðugildi farið í vinnu vegna aðildarumsóknar. Einn starfsmaður af 49 hefur að einhverju leyti komið að þessum málum hjá Umferðarstofu en enginn hjá Siglingastofnun. Hjá Vegagerðinni er talið að einn mannmánuður hafi farið í verkefnið.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Um útlagðan kostnað er ekki að ræða hjá ráðuneytinu umfram það sem felst í vinnu starfsmanna. Með vísan í svar við 2. tölul. má gera ráð fyrir að kostnaður Flugmálastjórnar á ársgrundvelli sé um 5 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði hjá öðrum stofnunum nema hvað Vegagerðin telur kostnað sinn á bilinu 500–700 þús. kr. miðað við áðurnefndan mannmánuð í svari við 2. tölul.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum stofnana ráðuneytisins hefur ekki verið fjölgað af þessum sökum. Hjá ráðuneytinu var starfsmaður verkefnaráðinn tímabundið mánuðina október til desember 2009 en að öðru leyti hafa fastir starfsmenn sinnt verkefninu meðfram öðrum störfum sínum.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Hvorki ráðuneytið né stofnanir ráðuneytisins hafa keypt ráðgjöf vegna umsóknarinnar.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Flugmálastjórn Íslands gerir ekki ráð fyrir að aðildarumsókn og/eða aðild muni breyta miklu hvað varðar starfsemi stofnunarinnar og bendir í því samhengi á að Ísland er nú þegar aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA. Hjá Siglingastofnun og Vegagerðinni er ekki

gert ráð fyrir skipulagsbreytingum og hjá Umferðarstofu eru ekki fyrirliggjandi upplýsingar eða ákvarðanir um þetta atriði.

1349. Svar [623. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Innan ráðuneytisins er ekki að finna sérstaka vinnuhópa sem fjalla um málefni er tengjast umsókn um aðild að ESB. Með málefnið er eingöngu farið í þeim tíu samningahópum sem utanríkisráðherra hefur skipað og starfa undir samninganefnd Íslands. Innan samningahópanna hafa verið skipaðir vinnuhópar og eftir atvikum á milli þeirra hafa verið skipaðir óformlegir vinnuhópar til að vinna afmörkuð verkefni, um fjárfestingar í sjávarútvegi, fjárfestingar í bújörðum og um sjávarspendýr.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Að meðferð málsins koma starfsmenn af öllum sviðum ráðuneytisins með þátttöku í einstökum samningahópum. Af starfsmönnum ráðuneytisins hafa sjö verið skipaðir fulltrúar í samninganefnd og 12 sem fulltrúar í samningahópum en auk þess vinna níu starfsmenn fyrir samningahópana. Meginþungi starfa í ráðuneytinu vegna aðildarumsóknar liggur hjá viðskiptasviði en þar starfar nú alls 21 starfsmaður. Samhliða vinnu við aðildarumsókn annast þessir sömu starfsmenn málefni á sviði EES-samningsins, EFTA og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar svo að eitthvað sé nefnt. Áratuginn áður en sótt var um aðild að ESB störfuðu að meðaltali 16 manns í ráðuneytinu að þeim málaflokkum sem nú heyra undir viðskiptasvið, mest 19 og minnst 10. Fyrir umsókn Íslands að ESB, eða á vordögum 2009, störfuðu 17 manns á viðskiptasviði. Sú fjölgun sem orðið hefur á starfsmönnum sviðsins hefur orðið með flutningum starfsmanna frá öðrum sviðum ráðuneytisins. Starfsmönnum þýðingamiðstöðvar hefur verið fjölgað um níu og áætlanir eru um ráða allt að 14 nýja þýðendur til viðbótar en starf þeirra mun ekki síður beinast að því að þýða EES-gerðir en þá hluta regluverks ESB sem fellur utan EES-samningsins. Engin fjölgun hefur átt sér stað á sendiskrifstofum Íslands erlendis vegna aðildarumsóknarinnar.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ítarleg grein hefur verið gerð fyrir kostnaðarhlið aðildarumsóknarferlisins í skriflegum svörum til Alþingis, sbr. þskj. 982 og 124, sem og í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis sem rædd var 15. maí sl. Sá fjárhagslegi rammi sem hefur verið settur vegna umsóknarferlisins að því er varðar utanríkisráðuneytið kemur fram í fjárlögum ársins 2010 þar sem 184 millj. kr. eru ætlaðar til þýðingamála og 250 millj. kr. til annarra þátta ferlisins, þar af 50 millj. kr. vegna kostnaðar annarra ráðuneyta. Af greinargerð með frumvarpi til fjárlaga yfirstandandi árs má ráða að fjárveitingar vegna ársins 2011 verði sambærilegar að því er varðar þýðingar

en 150 millj. kr. vegna annarra þátta. Grein hefur verið gerð fyrir áætlunum um skiptingu þessara fjárheimilda yfirstandandi árs í svari utanríkisráðherra á þskj. 982.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum í ráðuneytinu hefur ekki verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar heldur hefur sú leið verið farin að færa til verkefni innan ráðuneytisins og forgangsraða í starfi þess í því skyni að mæta auknu vinnuálagi. Þannig hefur með innri hagræðingu verið unnt að flytja til átta stöðugildi innan utanríkisþjónustunnar til að styðja við aðildarumsóknarferlið. Eina dæmið um fjölgun starfsmanna er hjá þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins þar sem fjölgunin á árinu 2010 nemur níu starfsmönnum auk þess sem fyrirhugað er að ráða allt að 14 þýðendur síðar á þessu ári en líkt og greinir að framan munu kraftar þeirra ekki síður beinast að EES-gerðum.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Ráðuneytið hefur ekki keypt utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar umfram það sem fram kemur í svari forsætisráðherra á þskj. 579. Ráðuneytið hefur haft það að stefnumiði að leita eftir því sem unnt er fanga hjá sérfræðingum aðildarríkja ESB en slík ráðgjöf er jafnan veitt án sérstaks endurgjalds af Íslands hálfu.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Engar slíkar breytingar eru fyrirsjáanlegar á verksviði ráðuneytisins.

1350. Svar [583. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um skuldbindingar vegna EES-samningsins.

1. *Hvaða skuldbindingar leggur EES-samningurinn á herðar Íslendingum um skil á landbúnaðarhagtölum og hvenær tóku þær gildi?*

Sem aðila að EES-samningnum ber Íslandi að tryggja gerð og miðlun samfelldra og samanburðarhæfra tölfræðilegra upplýsinga sem tilgreindar eru í XXI. viðauka við samninginn. Þessi tölfræði lýsir og gerir kleift að fylgjast með þeim þáttum sem máli skipta, m.a. á sviði landbúnaðarmála á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á sviði landbúnaðarhagtalna ber Íslandi samkvæmt EES-samningnum að skila tölfræði um alla þætti landbúnaðar, að undanskildum hagtölum um kjöt, gera kannanir um framleiðsluskipan í landbúnaði og taka saman niðurstöður um hagreikninga landbúnaðarins.

Í eftirfarandi yfirliti er að finna megingerðir samningsins um landbúnaðarhagtölur ásamt upplýsingum um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felldu þær inn í samninginn. Undir flestar þessara gerða fellur nokkur fjöldi gerða er varða framkvæmd skýrslugerðarinnar.

- Tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða (Stjtíð. EB nr. L 78, 28.3.1996, bls. 27), með síðari breytingum. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/99. Gildistaka: 30.1.1999.
- Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990 um skýrslugerð aðildarríkjanna um kornrækt (Stjtíð. EB nr. L 88, 3.4.1990, bls. 1), með síðari breytingum. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/98. Gildistaka: 1.5.1998.
- Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 959/93 frá 5. apríl 1993 um tölfræðilegar upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að skila um aðrar ræktunarafurðir en korn (Stjtíð. EB nr. L 98, 24. 4.1993, bls. 1), með síðari breytingum. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98. Gildistaka: 7.3.1998.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um gerð kannana um búskaparhætti og framleiðsluskipan í landbúnaði og afnám reglugerðar ráðsins nr. 571/1988 (Stjtíð. EB nr. L 167, 29.6.2009, bls. 1). Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2009. Gildistaka 23. október 2009.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1), með síðari breytingu. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2004. Gildistaka: 25.9. 2004.

2. *Hvernig hafa Íslendingar staðið við skuldbindingar sínar?*

Í áliti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu frá 24. febrúar 2010 kemur fram að hagskýrslugerð sé í grundvallaratriðum í góðu samræmi við regluverk ESB um tölfræði, þó að úrbóta sé þörf á sviði landbúnaðartölfræði.

Stærstur hluti frumgagna um hagtölur í landbúnaði kemur frá afurðastöðvum. Bændasamtökin hafa það hlutverk að safna þessum gögnum saman. Úrvinnsla þeirra fer fram hjá Bændasamtökunum, Hagstofu, Hagþjónustu landbúnaðarins og raunar víðar eftir atvikum. Hluta þeirra tölfræðiupplýsinga um landbúnaðarmál sem EES-samningurinn gerir kröfu um skil á er því safnað hér á landi. Þetta á einkum við um þá þætti landbúnaðarframleiðslu sem nýtur styrkja þar sem útreikningar þeirra kalla á áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar. Aftur á móti eru kröfur um úrvinnslu í samræmi við reglur ESB og skil upplýsinga til ESB ekki uppfylltar.

Nánar tiltekið uppfyllir Ísland ekki skuldbindingar EES-samningsins um skil á landbúnaðartölfræði vegna mjólkur og mjólkurafurða í samræmi við tilskipun ráðsins 96/16. Skýrslugerð á grundvelli reglugerða ráðsins nr. 837/90 og nr. 959/93 um skýrslugerð aðildarríkjanna um kornrækt og aðrar ræktunarafurðir en korn er ekki framkvæmd hér á landi. Þá eru hagreikningar fyrir landbúnað ekki gerðir eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 138/2004 um slíka reikninga.

Gera þarf könnun á framleiðsluskipan í landbúnaði vegna ársins 2010 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1166/2008.

3. *Hafa stofnanir Evrópusambandsins gert athugasemdir við hvernig skuldbindingarnar hafa verið uppfylltar og ef svo er, hversu oft, hvenær og hvers eðlis hafa athugasemdirnar verið í megindráttum?*

Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, gerði formlega athugasemd við það hvernig staðið hefur verið við skuldbindingar um skil á landbúnaðarhagtölum. Athugasemdirnar koma fram í skýrslu stofnunarinnar um heimsókn hennar til Íslands 16.–17. nóvember 2009. Þar kemur m.a. fram að skortur sé á viðurkenndum hagtölum um landbúnað og að endurskoða þurfi núverandi fyrirkomulag við gerð landbúnaðarhagskýrslna. Þetta mat endurspeglast í áliti framkvæmdastjórnarinnar á umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu frá 24. febrúar 2010.

Um þessar mundir fer fram greining á núverandi fyrirkomulagi á söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um landbúnaðarmál og áætlunargerð um hvernig hentugast væri að standa að þessum málum í framtíðinni.

1351. Nefndarálit [650. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um vegaframkvæmdir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Möller samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Ingvar Sverrisson, Karl Alvarsson og Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Kristínu H. Sigurbjörnsdóttur og Eirík Bjarnason frá Vegagerðinni, Guðjón Bragason, Karl Björnsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Júlíus S. Ólafsson og Guðmund I. Guðmundsson frá Ríkiskaupum og Steinþór Jónsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Tilgangur frumvarpsins er að skapa nauðsynlega umgjörð um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun vegaframkvæmda. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verði heimilað að stofna opinbert hlutafélag sem starfa skal að lagningu, rekstri og viðhaldi tiltekinna vega og vegganga. Félaginu verði heimilað að gera þá samninga sem því er nauðsynlegt að gera í þessum tilgangi. Þá verði félaginu heimilað að innheimta gjald fyrir notkun þeirra mannvirkja sem ráðist verður í á grundvelli frumvarpsins og skal gjaldið standa undir framkvæmdakostnaði.

Í kjölfar falls íslensku bankanna haustið 2008 varð ríkissjóður fyrir efnahagslegu áfalli eins og alkunna er. Stjórnvöld hafa af þeim sökum neyðst til þess að ráðast ítrekað í niðurskurð á útgjöldum ríkisins og hafa útgjöld til vegamála dregist verulega saman af þeim sökum. Í ljósi þess hafa stjórnvöld leitað leiða til þess að ráðast í nauðsynlegar verklegar framkvæmdir er væru óháðar þeim takmörkunum sem fjárhagur ríkisins setur. Er frumvarpið niðurstaða þeirrar vinnu.

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins sem gerður var í júní 2009 kemur fram að ríkisstjórnin mun greiða götu stórframkvæmda og í þeim tilgangi að fjármagna þær verði meðal annars gengið til samstarfs við íslenska lífeyrissjóði. Þó svo að

frumvarp þetta geri ráð fyrir aðkomu lífeyrissjóða landsmanna að þeim verkefnum sem hér um ræðir er gert ráð fyrir því að aðrir mögulegir fjárfestar standi sjóðunum jafnir að vígi hvað þetta varðar enda má gera ráð fyrir því að við fjármögnun umræddra verka verði aðkoma annarra innlendra sem erlendra fjárfesta eða lánveitenda tryggð.

Á fundum nefndarinnar kom ítrekað fram að gestir hennar styddu framlagningu frumvarpsins. Kom meðal annars fram í máli þeirra að með framlagningu þess væri ríkisstjórnin að efna þær skuldbindingar er hún gekkst undir með aðild að áðurnefndum stöðugleikasáttmála. Þá var bent á að þær aðgerðir sem ákvæðum frumvarpsins væri ætlað að heimila mundu án nokkurs vafa hafa veruleg jákvæð áhrif á ástand atvinnumála. Lýst var verulegum áhyggjum af þeirri fækkun sem orðið hefur á starfsfólki í mannvirkjagerð að undanförnu og bent á að atvinnuástandið í þeim geira væri mjög slæmt. Fram kom á fundum nefndarinnar að áhrif frumvarpsins yrðu vafalaust mjög jákvæð á flestum sviðum, meðal annars vegna þess að það skapaði grundvöll til öflugs atvinnuátaks, bóta á vegakerfi landsins og síðast en ekki síst auknu öryggi í umferðinni. Einnig var hvatt var til þess að almenningssamgöngur yrðu efldar í tengslum við þær vegaframkvæmdir sem ráðist verður í á grundvelli frumvarpsins.

Þau sjónarmið voru hvað helst nefnd gegn frumvarpinu að með því væri jafnræði íbúa landsins stefnt í voða þar sem raunveruleg hætta væri á að íbúar í nágrenni þeirra mannvirkja sem byggð yrðu á grundvelli heimilda frumvarpsins greiddu fyrir þau að meira leyti en aðrir. Þá var gagnrýnt að í ljósi reglna gjaldþrotaréttarins kynnu skuldbindingar félagsins á endanum að lenda á ríkissjóði ef verkefni þess gengju ekki upp fjárhagslega. Að auki kom fram það sjónarmið að óæskilegt væri að stór hluti fjárútláta er hið opinbera hefði ákvörðunarvald um stæði í raun utan ríkisreiknings. Væri slíkt einkar alvarlegt í því ljósi að nýverið samþykkti Alþingi löggjöf sem hefur það markmið að koma í veg fyrir slíkt verklag í reikningum sveitarfélaga. Á fundum nefndarinnar lýsti Félag íslenskra biðreiðaeigenda yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugaða gjaldtöku fyrir notkun samgöngumannvirkja. Er það mat þess að tekjur ríkissjóðs af umferð ökutækja ættu að standa undir öllum nauðsynlegum vegaframkvæmdum. Af þessum ástæðum leggst félagið gegn því að nefndin mæli með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin vekur athygli á því að við 1. umræðu um málið á Alþingi virtist vera þverpólitísk sátt um meginmarkmið frumvarpsins. Þó komu þar fram orð er gáfu til kynna að hætta kynni að felast í stofnun hins opinbera hlutafélags og þeim framkvæmdum sem áætlað er að það leggi í þar sem fjárhagsleg skuldbinding ríkissjóðs kæmi ekki fram í ríkisreikningi. Telur nefndin rétt að benda á að samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga takmarkast skuldbinding hluthafa í opinberum hlutafélögum við það hlutafé sem þeir leggja til félagsins. Er það því skilningur nefndarinnar að engin bein ábyrgð verði felld á ríkissjóð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá felur frumvarpið í sér að félagið skuli með gjaldtöku standa undir kostnaði sem til fellur vegna þeirra verkefna er það leggur út í. Nefndin áréttar hér þennan skilning sinn og tekur fram að hann er veruleg forsenda fyrir því áliti hennar sem hér er sett fram. Nú þegar hefur mikið starf verið unnið af hálfu Vegagerðarinnar til undirbúnings framkvæmda sem rætt er um að ráðast í á grundvelli frumvarpsins. Er útlagður kostnaður af þeim sökum orðinn umtalsverður. Telur nefndin að gera verði ráð fyrir því að sá kostnaður og þær eignir sem þegar eru til staðar vegna umræddra verka, efnislegar sem óefnislegar, muni að minnsta kosti að hluta nýtast sem hlutafjárframlag ríkisins til þeirra félaga sem stofnuð verða á grundvelli frumvarpsins.

Fyrir nefndinni voru reifaðar hugmyndir um mögulegar aðferðir þeirra félaga er stofnuð verða á grundvelli frumvarpsins við töku gjalda. Kom fram að hagkvæmast þætti til lengri tíma litið að taka upp gjaldtökuaðferðir sem hafa verið að þróast hin síðari ár í Evrópu. Þannig væri gert ráð fyrir því að tekin yrði upp svokölluð GPS-tækni sem fæli í sér að merkjasending frá örflögukubbi í bifreiðum gerði félaginu fært að skrá notkun mannvirkja fyrir tilstilli gervihnattar. Á fundum nefndarinnar kom fram það sjónarmið að í frumvarpinu væri ekki kveðið á um það hvernig gjaldtöku skyldi háttað ef sú tækni sem áætlað væri að tekin yrði upp til gjaldtöku væri ekki tilbúin eða þjónaði ekki því markmiði sem að væri stefnt að svo stöddu. Er það skilningur nefndarinnar að líklegt væri að félögin tækju tillit til slíks við gerð samninga um fjármögnun framkvæmda. Þannig væri eins líklegt að félögin legðu út í gerð fjármögnunarsamninga með það að leiðarljósi að greiðslur af lánum hæfust ekki fyrr en aðferðir þess við gjaldtöku hefðu náð því stigi þróunar að með því væri gjaldtaka að fullu virk.

Nefndin ræddi mögulega fjárhæð gjaldtöku í ákveðnum tilvikum með það að markmiði að reyna að átta sig á hvort líklegt væri að almenn sátt mundi ríkja um töku slíkra gjalda. Af þessu tilefni telur nefndin rétt að benda á að samkvæmt almennum reglum um gjaldtöku hins opinbera stendur það upp á þann er gjald tekur að gæta þess að sýnt sé fram á nauðsynleg tengsl á milli þeirrar þjónustu er hann veitir og þess kostnaðar er hann verður fyrir við veitingu hennar.

Í máli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á fundi nefndarinnar kom fram að rætt hefði verið um það á milli allra stjórnmálaflokka á Alþingi að stofnað yrði til þverpólitísks samráðsvettvangs þar sem fjallað yrði um mögulegar leiðir ríkisins til öflunar tekna í þeim tilgangi að greiða kostnað er til fellur við framkvæmdir og rekstur samgöngukerfisins. Samgöngunefnd fagnar frumkvæði ráðherra og hvetur hann til þess að hlutast til um að settur verði á stofn þverpólitískur hópur um viðfangsefnið er ljúki störfum eigi síðar en framkvæmdum sem ráðist verður í á grundvelli frumvarpsins lýkur. Þá áréttar nefndin þann skilning sinn að með því að ráðist verði í framkvæmdir á suðvesturhorni landsins á grundvelli frumvarpsins losni um fjármagn í ríkissjóði sem ráðstafa má til framkvæmda í öðrum landshlutum.

Á fundum nefndarinnar var ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins rætt sérstaklega. Var þeim sjónarmiðum hreyft að mögulega færi það gegn þeim reglum sem gilda um innkaup hins opinbera að heimila opinberu hlutafélagi að kaupa áætlanagerð, hönnun, útboð, samninga við verktaka o.s.frv. af Vegagerðinni. Er það skilningur nefndarinnar að Vegagerðin hafi innt af hendi kostnaðarsama vinnu til útbúnings slíkra gagna. Þá sé líklegt að þau verðmæti er íslenska ríkið hyggst leggja til félagsins í formi hlutafjár muni að stórum hluta felast í slíkum gögnum. Var sérstaklega bent á að sú væri allt önnur staðan hvað varðar mögulegar framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng.

Að lokum ræddi nefndin um það framsal verkskipulagsvalds til ráðherra sem nefndin telur felast í 1. gr. frumvarpsins. Nefndin áréttar að hún telur þörf á því að þeir samningar sem gerðir verða um framkvæmdir á grundvelli frumvarpsins verði kynntir samgöngunefnd áður en stofnað er til skuldbindingar samkvæmt þeim. Með því móti telur nefndin tryggt að Alþingi verði gert fært að halda þeirri yfirsýn sem því er nauðsynleg til undirbúnings ákvarðanatöku um meðferð þeirra mála er fyrir Alþingi kunna að koma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem verður að fullu í eigu ríkisins og hefur það að markmiði að standa að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum við núverandi Suðurlandsveg og Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum og til að ljúka við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi.
   Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald þessara vega.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í stofnun hlutafélags.
   Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags sem hefur það að markmiði að standa að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings. Heimilt er Vegagerðinni að eiga allt að 51% hlutafjár í félaginu og leggja til þess hlutafé í samræmi við fjárheimildir.
   Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald jarðganganna.
3. 2. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Tilgangur félaganna.
   Tilgangur félaganna er að annast framkvæmdir skv 1. og 2. gr., þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og taka gjald af umferð um viðkomandi vegi.
   Félögunum er heimilt að kaupa einstaka eða alla verkþætti sem kveðið er á um í 1. mgr. af Vegagerðinni.
   Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félaganna skal nánar lýst í samþykktum þeirra.
4. 3. gr. orðist svo:
   Hlutafé félaganna skal við stofnun þeirra vera 20 millj. kr. er greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félaganna skal allt hlutafé þeirra vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil.
   Fjármálaráðherra skal fara með hlut ríkisins í félögunum.
   Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félögin ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.
5. 4. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Stjórnir félaganna.
   Stjórnir félaganna skulu við stofnun þeirra skipaðar þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.
   Stjórnir félaganna skulu eins og unnt er vinna að verkefnum sem félögunum eru falin í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefna.
   Stjórnir félaganna ráða framkvæmdastjóra sem skulu hafa reynslu af vegagerð og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

6. 5. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Samningar ríkisins við félögin.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við félögin um uppbyggingu, rekstur og viðhald þeirra framkvæmda sem þau annast uppbyggingu á skv. 1. og 2. gr.

7. 6. gr. orðist svo:

Félögunum er heimilt að innheimta gjald fyrir notkun mannvirkja sem þeim hefur verið falið að annast framkvæmdir við. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd viðkomandi mannvirkja, auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá er heimilt að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar samkvæmt nánari ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Félögin skulu auglýsa gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu sinni.

Eigandi ökutækis eða umráðamaður, ef um kaupleigu er að ræða, ber ábyrgð á greiðslu gjalda. Gjöld skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

8. 7. gr. falli brott.

9. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

Mörður Árnason og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 2010.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.
	Ólína Þorvarðardóttir.	

1352. Nefndarálit [424. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Það frumvarp um breytingu á fiskveiðistjórnarlögunum sem hér er til umfjöllunar felur í raun í sér þrjú efnisatriði. Í fyrsta lagi er opnuð almenn heimild til ráðherra að setja takmarkanir fyrir úthlutun á byggðakvótum. Í annan stað er veittur möguleiki á að flytja aflaheimildir sem ráðstafað er á grundvelli laga og reglna um byggðakvóta á milli fiskveiðiára. Þriðja atriðið, sem er hið veigamesta, felur í sér heimild til handa ráðherra að grípa inn í ef sú staða kemur upp að fimmtungur eða meira af aflaheimildum innan byggðarlaga kunni að verða seldur burtu, vegna fjárhagserfiðleika sjávarútvegsfyrirtækja í byggðarlaginu.

Því miður eru þessar efnisgreinar sama marki brenndar og mörg frumvörp sem ráðherra hefur flutt á þessu þingi. Opnað er fyrir víðtækar heimildir sem eðlilegra væri að kveðið væri skýrar á um í lögum. Það er ástæða til að árétta það sem minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hefur oftsinnis gert áður, að gjalda beri mikinn varhug við þessari tilhneigingu. Með þessu fyrirkomulagi er verið að flytja vald, sem ætti að sjálfsögðu að vera hjá Alþingi, til framkvæmdarvaldsins.

Þegar a-liður 1. gr. frumvarpsins er skoðaður verður ekki annað séð en að ætlunin sé að galopna heimild til ráðherrans til þess að fara nokkurn veginn með byggðakvóta að vild. Þetta er mikil afturför. Með lagabreytingum frá Alþingi fyrir nokkrum árum var markaður skýr rammi um þessi mál, sem samþykktur var samhljóða á þinginu. Á þeim grundvelli hefur úthlutun byggðakvóta komist í betra horf sem dregið hefur úr ágreiningi um framkvæmdina.

Af greinargerð þessa frumvarps má ráða að ætlunin sé að beita hinni opnu heimild þannig að ekki verði heimilt að úthluta aflaheimildum í formi byggðakvóta til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem til skipanna hafa verið fluttar á tilteknu fiskveiðiári. Þetta er sjálfsagt markmið sem minni hlutinn styður. Eðlilegra er því að ákvæðið einskorðist við þessa heimild, í stað þess að hafa hana svo galopna sem frumvarpið gengur út frá. Minni hlutinn flytur því breytingartillögu í þá veru.

Minni hlutinn tekur undir þá breytingu sem felst í b-lið 1. gr. Sú staða getur komið upp að ekki takist að veiða aflaheimildir í byggðakvótum á þeim fiskveiðiárum sem úthlutunin nær til. Skynsamlegt er að hafa þá heimild til að færa þær aflaheimildir á milli fiskveiðiára. Slíkt eykur sveigjanleika og hagræðingu, stuðlar að ábyrgari sókn, dregur úr tilkostnaði við veiðarnar og gerir fiskvinnslum kleift að skipuleggja vinnslu og markaðsstarf með þjálli hætti en ella. Nákvæmlega sömu rök eiga hér við og þegar við ræðum reglur um flutning aflaheimilda á milli fiskveiðiára. Þar hefur þróunin hins vegar verið í þveröfuga átt. Ráðherra og meiri hluti Alþingis hafa markað þá stefnu að draga úr sveigjanleika í fiskveiðistjórnarkerfinu að þessu leyti með því að þrengja mjög heimildir til að flytja aflaheimildir á milli fiskveiðiára. Það er ástæða til að fagna því nú þegar mörkuð er stefna í aðra átt.

Þýðingarmesta ákvæði frumvarpsins lýtur að heimild til ráðherra að bregðast við þegar sú hætta skapast að umtalsverður hluti aflaheimilda kunni að verða fluttur úr byggðarlagi, vegna fjárhagserfiðleika útgerða. Þetta er raunverulegt og alvarlegt vandamál sem eðlilegt er að löggjafinn láti sig varða. Vinna nefndarinnar hefur í þessu máli verið ítarleg og vönduð

og leitt í ljós mikla vankanta á þeirri leið sem lagt var af stað með í vinnu nefndarinnar með því frumvarpi sem fyrir liggur.

Sú niðurstaða sem meiri hlutinn hefur sammælst um er þó að mati minni hlutans afar hæpin og kann að hafa í för með sér annars konar vandamál. Þess vegna getur minni hlutinn ekki staðið að þeirri afgreiðslu. Skynsamlegt væri að fresta afgreiðslu þessa máls til hausts og freista þess að vinna að því frekar, með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, fjármálastofnunum, Byggðastofnun og sveitarfélögunum.

Alþingi, 12. júní 2010.

Einar K. Guðfinnsson, frsm. Jón Gunnarsson. Sigurður Ingi Jóhannsson.

1353. Breytingartillaga [424. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (EKG, JónG, SIJ).

A-liður 1. gr. orðist svo: Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, 3. málsl., svohljóðandi: Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.

1354. Framhaldsnefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Nefndin fjallaði um mikilvægi þess að um málið næðist sem breiðust samstaða og hvernig unnt væri að ná henni. Ljóst er miðað við umræður sem fram hafa farið í nefndinni og á Alþingi að samstaða er um það meginmarkmið frumvarpsins að endurskoða stjórnarskrána. Lagt er til að umtalsverðar breytingar verði gerðar á frumvarpinu í því augnamiði að sameina eftir fremsta megni ólík sjónarmið nefndarmanna. Nefndin ræddi sérstaklega í því sambandi hugmyndir sem miða að því að tryggja enn frekar faglegan undirbúning og aðkomu almennings að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hefur nefndin komið sér saman um tilteknar breytingar á frumvarpinu í þessu skyni.

Þjóðfundur.

Nefndin telur mikilvægt að efnt verði til þjóðfundar í aðdraganda stjórnlagaþings í þeim tilgangi að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins, stjórnarskrá og breytingar á henni. Þjóðfundurinn verði haldinn tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagaþings samkvæmt lögunum. Miðað verði við að þátttakendur á þjóðfundi verði um eitt þúsund talsins og þeir valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá þannig að gætt sé að eðlilegri skiptingu þátttakenda af landinu öllu og að kynjaskipting verði sem jöfnust. Nefndin leggur til að úrtakið verði einskorðað við þá sem hafa kosningarrétt við alþingiskosningar, þ.e. hafa náð 18 ára aldri og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá leggur nefndin einnig til að þeir eigi lögheimili á Íslands en það einfaldar framkvæmdina þar sem Þjóðskrá Íslands hefur ekki upplýsingar um lögheimili þeirra sem búa erlendis og því erfitt að hafa upp á þeim lendi þeir í úrtakinu. Að öðru leyti telur nefndin að við undirbúning og kynningu þjóðfundarins sé rétt að líta til reynslunnar sem fékkst af þjóðfundinum svokallaða sem haldinn var árið 2009 á vegum „Mauraþúfunnar“.

Nefndin telur mikilvægt að þjóðfundurinn standi í nokkra daga samfellt, t.d. í þrjá daga, til þess að hann verði markvissari og að fram komi tillögur sem nýtist sem grunnur að vinnu stjórnlagaþings.

Stjórnlaganefnd.

Nefndin leggur til að Alþingi kjósi við gildistöku laganna sjö valinkunna menn í nefnd sem verði sjálfstæð í störfum sínum. Nefndin hafi það hlutverk að undirbúa og standa að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni sem haldinn verði í aðdraganda stjórnlagaþings. Skuli nefndin vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagaþingi þegar það kemur saman. Auk þessa hafi stjórnlaganefnd það hlutverk að safna saman og annast úrvinnslu fyrirliggjandi gagna um stjórnarskrármálefni sem nýst geti stjórnlagaþingi í vinnu hennar.

Nefndin fjallaði nánar um hlutverk stjórnlaganefndar og verkefni hennar í samhengi við skipun þriggja manna undirbúningsnefndar stjórnlagaþings sem nefndin leggur til að forsætisnefnd Alþingis skipi. Einn nefndarmanna verði tilnefndur af forsætisráðherra. Nefndin leggur áherslu á að greina þurfi skýrt á milli stjórnlaganefndar og undirbúningsnefndar sem kemur að skipulagningu og hagnýtum tæknilegum úrlausnarefnum, þ.e. utanumhaldi bæði varðandi fyrirhugaðan þjóðfund og stjórnlagaþing.

Hlutverk stjórnlaganefndarinnar er hins vegar að undirbúa eiginlega vinnu þjóðfundar og stjórnlagaþings, safna undirbúningsgögnum, svo sem innlendum og erlendum fræðigreinum og skrifum á þessu sviði, gögnum vegna fyrri vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar, erlendum fyrirmyndum o.s.frv. Þá skuli hún skipuleggja vinnu þjóðfundar þannig að hún verði markviss og skili niðurstöðum og tillögum. Loks skuli stjórnlaganefnd vinna úr niðurstöðum þjóðfundarins efnislegar tillögur sem lagðar skulu fyrir stjórnlagaþing. Nefndin tekur fram að stjórnlaganefnd getur verið stjórnlagaþingi til ráðgjafar ef þingið óskar eftir því. Nefndin telur að með þessu verði vinna þjóðfundar skilvirkari sem og vinna stjórnlagaþings og meiri líkur séu á því að stjórnlagaþingið skili árangri í formi frumvarps sem a.m.k. meiri hluti stjórnlagaþings hefur samþykkt og skila skal til Alþingis. Nefndin leggur því til að 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins falli brott en í þeirri grein er kveðið á um að verði frumvarp ekki samþykkt skuli stjórnlagaþing engu síður senda það Alþingi ásamt breytingartillögum sem fram komu við meðferð þess. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórnlagaþing nái

meirihlutasamstöðu um það frumvarp sem Alþingi fái til meðferðar og vísar að öðru leyti til umfjöllunar í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um þetta.

Kjörgengi til stjórnlagaþings.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er kjörgengi til stjórnlagaþings bundið við þá sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar eru þó ekki kjörgengir. Nefndin fjallaði um kjörgengi stjórnlaganefndar í því sambandi, þ.e. hvort takmarka ætti kjörgengi þeirra sem kosnir verða í stjórnlaganefnd í tengslum við hlutverk nefndarinnar. Stjórnlaganefnd kemur að efnislegum undirbúningi fyrir þjóðfund og úrvinnslu niðurstaðna og tillagna sem hún leggur fyrir stjórnlagaþing þegar það er sett. Nefndin gerir þannig ráð fyrir því að stjórnlaganefnd geti unnið fram að setningu stjórnlagaþings og geti jafnvel verið ráðgefandi fyrir stjórnlagaþing ef það óskar eftir því. Þá telur nefndin að mögulegt framboð nefndarmanna geti haft áhrif á vinnu þeirra í nefndinni og leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að nefndarmenn í stjórnlaganefnd verði ekki kjörgengir, þ.e. geti ekki boðið sig fram til stjórnlagaþings.

Nefndin fjallaði einnig um þriggja manna undirbúningsnefnd sem forsætisnefnd skuli skipa og tilnefnir forsætisráðherra einn. Hlutverk hennar er að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins ásamt undirbúningi þjóðfundar samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar. Nefndin telur eðlilegt að sama gildi um þá sem skipaðir eru í undirbúningsnefndina, þ.e. að þeir eigi ekki að geta boðið sig fram til stjórnlagaþings.

Hámarkskostnaður frambjóðenda.

Lagt er til að sett verði 2 millj. kr. þak á kostnað frambjóðenda í kosningum til stjórnlagaþings.

Kjördagur og boðun stjórnlagaþings.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að forseti Íslands boði til stjórnlagaþings og í frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra fari með framkvæmd laganna. Nefndin tekur fram að sú tilhögun sé eðlileg þegar litið er til ákvæða stjórnarskrár um hlutverk forseta Íslands gagnvart ráðherra. Nefndin telur hins vegar að þegar litið er til þess að um ráðgefandi stjórnlagaþing er að ræða og með tilliti til þeirra breytinga sem þegar hafa verið samþykktar á frumvarpinu sé rétt að leggja til að forseti Alþingis boði til stjórnlagaþings í samráði við stjórnlaganefnd. Þá leggur nefndin einnig til að forseti Alþingis ákveði kjördag í samráði við stjórnlaganefnd og dómsmála- og mannréttindaráðherra sem fer með framkvæmd kosninga og að kjördagur verði eigi síðar en 30. október 2010. Nefndin telur það vera í samræmi við þær breytingar sem hún hefur þegar lagt til, þ.e. að forseti Alþingis setji þinginu starfsreglur og forsætisnefnd Alþingis skipi undirbúningsnefnd og enn fremur að Alþingi kjósi sjö manna stjórnlaganefnd sem undirbúa skal þjóðfund og stjórnlagaþing.

Styttur starfstími.

Nefndin leggur til að starfstími stjórnlagaþings verði styttur í tvo mánuði með vísan til aukins og bætts undirbúnings og starfar stjórnlagaþingið því í einni lotu í tvo mánuði samkvæmt breytingartillögu sem þegar hefur verið samþykkt.

Vegna þessa vandaða undirbúnings leggur nefndin til að stjórnlagaþing geti óskað eftir því við Alþingi að starfstími þess verði framlengdur með þingsályktun um tvo mánuði í stað þriggja eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Nefndin telur mikilvægt að almenningur fái tækifæri til að segja álit sitt á fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum áður en þær öðlast gildi. Að mati nefndarinnar koma fjórar leiðir til álita í þeim efnum. Í fyrsta lagi að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um niðurstöður stjórnlagaþings og er þá hugsanlegt að kjósendur fái tækifæri til að greiða atkvæði um einstök ákvæði nýrrar stjórnarskrár eða eftir atvikum einstaka kafla hennar. Niðurstöður slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu yrðu þá ráðgefandi fyrir Alþingi við umfjöllun um frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Nefndin telur að kostir slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu séu helst þeir að þá fái þjóðin tækifæri til að lýsa afstöðu sinni til einstakra atriða strax á undirbúningsstigi breytinganna og geti þannig hugsanlega haft meiri áhrif en ella á endanlega niðurstöðu um einstök atriði. Nefndin bendir á að gallar þessarar leiðar eru hins vegar fyrst og fremst að atkvæðagreiðslan getur einungis orðið ráðgefandi sem þýðir að óvíst er hvort og þá að hvaða marki alþingismenn telja sér fært að fylgja niðurstöðum slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Á þetta ekkisíst við í ljósi þess að frumvarp til stjórnarskipunarlaga kann að taka ýmsum breytingum í meðförum Alþingis.

Í öðru lagi kemur til greina að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að Alþingi hefur lagt fram drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslu leggi Alþingi frumvarpið svo fram til samþykktar. Þannig yrði frumvarpið borið undir þjóðina á milli umræðna á Alþingi sem tæki síðan afstöðu til þess.

Í þriðja lagi er unnt að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga og að atkvæðagreiðslan fari þá fram samhliða alþingiskosningum sem þá verða haldnar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu yrði þá ráðgefandi fyrir nýkjörið þing að afloknum alþingiskosningum sem hefur það hlutverk samkvæmt stjórnarskránni að taka endanlega afstöðu til þess hvort stjórnarskrárbreytingarnar skuli öðlast gildi eða ekki. Kostur þessarar leiðar í samanburði við þær fyrri er að kjósendur fá tækifæri til að greiða atkvæði um endanlegar tillögur að stjórnarskrárbreytingum. Megingallinn er sem fyrr að þjóðaratkvæðagreiðslan getur einungis, vegna ákvæða stjórnarskrárinnar, verið ráðgefandi. Í þessu tilviki yrði hún ráðgefandi gagnvart nýju þingi sem hefði það hlutverk að taka endanlega afstöðu til stjórnarskrárbreytinganna.

Í fjórða og síðasta lagi kemur til greina að í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga verði ákvæði sem feli í sér fyrirvara um að tilgreindar stjórnarskrárbreytingar öðlist ekki gildi nema þær séu samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ferill málsins yrði þá með þeim hætti að eftir að stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga gengur það til Alþingis til meðferðar. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið er þing rofið og efnt til alþingiskosninga í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þegar og ef nýtt þing staðfestir stjórnarskrárbreytingarnar eru þær bornar undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nefndin tekur fram að þessi leið hefur þann kost að almenningur hefur hið endanlega ákvörðunarvald um það hvort stjórnarskrárbreytingarnar skuli öðlast gildi eða ekki. Þjóðaratkvæðagreiðslan verður með öðrum orðum bindandi.

Nefndin telur að skoða þurfi betur kosti og galla þeirra leiða sem hér hafa verið raktar enda ekkert sem knýr á um að tekin sé afstaða til þeirra við afgreiðslu þessa frumvarps. Nefndin telur mikilvægt að á stjórnlagaþingi verði fjallað um hvaða leið verði farin og tekin afstaða til þess hvaða leið skuli farin og hefur því lagt til breytingu sem hefur verið samþykkt, þ.e. að við upptalningu viðfangsefna stjórnlagaþings í 3. gr., þ.e. 6. tölul., þar sem mælt er fyrir um lýðræðislega þátttöku almennings, bætist: m.a. um tímasetningu og fyrirkomuælag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Ljóst er að þær breytingar sem hafa verið samþykktar og þær sem nefndin leggur nú til leiða til lækkunar kostnaðar. Samkvæmt gróflegu mati fjármálaráðuneytis verður kostnaðurinn um 390–480 millj. kr. og má ætla að þar af fari um 230 millj. kr. í kosningarnar sjálfar.

Nefndin leggur einnig til lagfæringar sem leiðir af þeim breytingum sem hún hefur þegar lagt til.

Mörður Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. júní 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Birgir Ármannsson.
Ögmundur Jónasson.	Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.
Ólöf Nordal, með fyrirvara.		Þráinn Bertelsson.

1355. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um stjórnlagaþing.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Forseti Íslands skal“ komi: Forseti Alþingis skal í samráði við stjórnlaganefnd.
2. 3. mgr. 2. gr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. Við bætist nýr málsliður er verði 1. málsl., svohljóðandi: Forseti Alþingis ákveður kjördag í samráði við stjórnlaganefnd og dómsmála- og mannréttindaráðherra.
   b. Í stað dagsetningarinnar „30. október 2010“ komi: 30. nóvember 2010.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „og ráðherrar“ í síðari málslið komi: ráðherrar og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd.
5. Við 14. gr. Í stað orðsins „Stjórnarráðinu“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: forseta Alþingis.
6. Við 16. gr. Í stað orðanna „Forseti Íslands“ tvívegis í 1. mgr. komi: Forseti Alþingis.
7. Við 25. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Orðið „nánar“ í 2. mgr. falli brott.
8. 2. mgr. 27. gr. falli brott.
9. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Á eftir orðunum „starfsemi þingsins“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: ásamt undirbúningi þjóðfundar.
   b. Í stað orðsins „nefnd“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: stjórnlaganefnd.

c. Á eftir 4. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Úrtakið skal bundið við þá sem eiga kosningarrétt til stjórnlagaþings og lögheimili á Íslandi.

1356. Breytingartillaga [375. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

Frá Róbert Marshall, Árna Þór Sigurðssyni,
Ögmundi Jónassyni og Valgerði Bjarnadóttur.

Við 6. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Forseti Alþingis staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Alþingis og stofnana þess.
Dómstólaráð staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla.

1357. Svar [627. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Einn vinnuhópur hefur verið skipaður innan ráðuneytisins og er hlutverk hans fyrst og fremst að vera bakland í þeim verkefnum sem tengjast aðildarumsókninni.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Átta starfsmenn ráðuneytisins, eða um 20% af heildarstarfsmannafjölda þess, hafa unnið að aðildarumsókninni. Þeir starfsmenn sem hér um ræðir hafa sinnt þessari vinnu ásamt öðrum verkefnum og í mjög mismiklum mæli. Gera má ráð fyrir að það sem af er þessu ári hafi starfshlutfall tveggja starfsmanna verið um 5%, fimm um 10% og eins um 20%.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Ekki er gert ráð fyrir að neinu fé verði varið til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Nei.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Nei.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjánlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ekki er fyrirsjáanlegt að gera þurfi skipulagsbreytingar á þeirri stjórnsýslu sem undir ráðuneytið heyrir til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins áður en til aðildar kemur.

1358. Svar [568. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um aðkomu Íslands að stríðsrekstri í Írak og Afganistan.

1. *Hver er aðkoma Íslands að stríðsrekstri í Írak og Afganistan, ef einhver er, og hver hefur hún þá verið frá því að stríðsreksturinn hófst?*

Ísland hefur enga aðkomu að hernaðaraðgerðum hvorki í Írak né Afganistan. Engin þátttaka er af Íslands hálfu í aðgerðum Atlantshafsbandalagsins í Írak. Enginn íslenskur friðargæsluliði starfar í Írak og engar fyrirætlanir eru um að senda þangað friðargæsluliða.

Í Afganistan er Ísland þátttakandi í störfum alþjóðaliðsins (International Security Assistance Force, ISAF), ásamt 46 öðrum ríkjum, þar á meðal öllum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. Ólíkt Írak þá hefur alþjóðaliðið í Afganistan ávallt starfað á grundvelli umboðs frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þar starfar alþjóðaliðið á grundvelli ályktunar nr. 1510 þar sem öryggisráðið veitir því fullt umboð til að aðstoða afgönsk yfirvöld við að koma á öryggi í landinu til að uppbyggingar- og mannúðarstarf geti farið fram með eðlilegum hætti. Í Afganistan starfa nú fjórir borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar. Enginn þeirra er vopnaður eða ber einkennisbúning.

Fyrri verkefni í Írak.

Þáverandi stjórnvöld settu Ísland á lista þeirra ríkja (Coalition of the Willing) sem studdu innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak, en fyrst var greint frá listanum á fréttamannafundi í bandaríska utanríkisráðuneytinu 18. mars 2003. Hinn 20. mars, sama dag og innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak hófst, upplýsti blaðafulltrúi Bandaríkjaforseta að Ísland væri á lista yfir þau ríki sem lýst hefðu yfir stuðningi við innrásina. Í aðdraganda ákvörðunarinnar flutti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum tvær ræður, sem haldnar voru á opnum fundum öryggisráðs SÞ vegna Íraks, 19. febrúar og 11. mars 2003, þar sem sjónarmiðum þáverandi ráðamanna á Íslandi vegna Íraks var komið á framfæri. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hélt einnig ræðu í öryggisráði SÞ 26. mars 2003 þar sem ákvörðun íslenskra stjórnvalda er rökstudd með eftirfarandi hætti: „Iceland has given its political support to the coalition of states for the immediate disarmament of Iraq. This is due to our conviction that action was necessary to ensure an implementation of all relevant UN resolutions regarding the disarmament of Iraq“ eða í íslenskri þýðingu: „Ísland hefur veitt bandalagi ríkja, sem vilja tafarlausa afvopnun Íraks, stuðning. Ástæðan er sannfæring okkar um að aðgerð var nauðsynleg til að tryggja framkvæmd allra viðeigandi ályktana Sameinuðu þjóðanna um afvopnun Íraks.“

Í framangreindum ræðum fastafulltrúa Íslands hjá SÞ var sérstök áhersla lögð á að stjórnvöld í Írak virtu og innleiddu ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1441 frá árinu 2002 um framkvæmd fyrri skuldbindinga Íraks um afvopnun og alþjóðlegt eftirlit með þeim.

Frá 17. desember 2003 til 19. febrúar 2004 störfuðu tveir sprengjusérfræðingar frá Landhelgisgæslunni á vegum Íslensku friðargæslunnar í Írak. Danir höfðu frumkvæði að því að biðja um aðstoð frá Íslandi á grundvelli samstarfs Landhelgisgæslunnar og danska hersins um þjálfun í sprengjueyðingu.

Á vormánuðum 2004 var greitt fyrir 8–9 flugferðir með vopn, skotfæri og annan varning frá Slóveníu til Íraks vegna þjálfunaráætlunar NATO fyrir alls 500 þús. evrur (u.þ.b. 44 millj. ísl. kr. á þeim tíma).

Friðargæslan mannaði stöðu upplýsingafulltrúa þjálfunarverkefnis Atlantshafsbandalagsins í Bagdad frá apríl 2005 til september 2007 er þáverandi utanríkisráðherra tók ákvörðun um að því yrði hætt í samræmi við stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar sem harmaði stríðsreksturinn í Írak.

Fyrri verkefni í Afganistan.

Hlutverk alþjóðaliðsins (ISAF) í Afganistan, sem byggir á framlögum og samstarfi 46 ríkja, grundvallast á ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1510. Ísland hefur tekið þátt í starfi alþjóðaliðsins frá því Atlantshafsbandalagið tók að sér forustu þess 11. ágúst 2003.

Þátttakan hófst með ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar 31. október 2003 að bjóða Atlantshafsbandalaginu að Ísland tæki að sér leiðandi samræmingarhlutverk á flugvellinum í Kabúl. 1. júní 2004 tók fjölþjóðlegt lið NATO undir forustu Íslendinga við stjórn flugvallarins. Aðildarþjóðir NATO lögðu til mannskap en tæki og búnaður ásamt rekstrarkostnaði var greiddur af NATO. Íslendingar fóru með yfirstjórn flugvallarins til 2005.

Frá því síðla árs 2005 til apríl 2007 voru friðargæsluliðar starfandi í endurreisnar- og uppbyggingarsveitum á vegum friðargæsluliðs Atlantshafsbandalagsins í Norður- og Vestur-Afganistan. Starf íslensku sveitarinnar fólst einkum í að kanna aðstæður í þorpum og sveitum og gera tillögur um úrbætur til viðeigandi hjálparsamtaka og alþjóðastofnana.

Íslendingar hafa einnig starfað í höfuðstöðvum alþjóðaliðsins í Kabúl, á upplýsingaskrifstofu þess og skrifstofu sérstaks fulltrúa aðalframkvæmdastjóra NATO í Afganistan, á alþjóðaflugvellinum í Kabúl og bækistöð við hann. Í framhaldi af álitsgerð tveggja fyrrverandi hæstaréttardómara, sem lögð var fram í ágúst 2008, um sprengjuárás á íslenska friðargæsluliða í Kabúl í október 2004 ákvað þáverandi utanríkisráðherra að hætt yrði að manna stöður þar sem íslenskir friðargæsluliðar þyrftu að bera vopn. Frá nóvember 2008 hafa íslenskir friðargæsluliðar hvorki klæðst einkennisbúningi né borið vopn.

Til að styðja aðgerðir alþjóðaliðsins til að tryggja öryggi og aðbúnað á vettvangi voru greidd framlög til loftflutninga vegna liðsafla á vegum alþjóðaliðsins. Áhersla var lögð á að styðja starf og flutninga þeirra þjóða sem störfuðu á svæðum í Afganistan sem Ísland hafði ekki tök á að styðja með öðrum hætti, einkum í suðurhluta Afganistan.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá 24. október 2002 lýsti þáverandi forsætisráðherra því yfir á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í nóvember 2002 að íslensk stjórnvöld væru reiðubúin til að leggja sitt af mörkum vegna hugsanlegra aðgerða bandalagsins með því að hafa milligöngu um loftflutninga á búnaði eða liðsafla. Tekið var fram að íslensk stjórnvöld gætu af þessu tilefni greitt hámarkskostnað að jafnvirði 300 millj. kr. Var þá miðað við allt að 20 flugferðir, sem mundu kosta að jafnaði 15 millj. kr. Þetta fyrirheit var ítrekað á leið-

togafundum Atlantshafsbandalagsins í júní 2004 af þáverandi forsætisráðherra og í nóvember 2006 af þáverandi forsætisráðherra.

Á árunum 2004–2007 var um að ræða framlag til eftirfarandi flutninga:

Í mars 2004 var flogið frá Hollandi til Kabúl með Apache-þyrlur fyrir um 25 millj. kr. Í ágúst sama ár var flogið frá Vilníus til Kabúl með liðsafla og varning fyrir tæpar 14 millj. kr. og í desember var flogið frá Slóvakíu til Kabúl með liðsafla og búnað fyrir 20 millj. kr. Árið 2006 var flogið með búnað frá Eistlandi fyrir afganska herinn í Kabúl fyrir tæplega 13 millj. kr. Í september 2007 var flogið með vopn, sem ætluð voru afgönskum hersveitum, frá Litháen til Afganistan fyrir 16 millj. kr. og Bretar fengu framlag til að flytja svissneskar slökkvibifreiðar til alþjóðaflugvallarins í Kabúl. Árið 2008 lagði Ísland til 500 þús. evrur í svokallaðan þyrlusjóð, sem Bretland og Frakkland settu fót í því augnamiði að fjölga þyrlum í Afganistan. Upphæðin skiptist síðar til helminga milli Tékklands og Ungverjalands og var fénu varið til að uppfæra þyrlukost og þjálfa áhafnir í löndunum tveimur, svo að þær gætu tekið þátt í aðgerðum í Afganistan.

2. *Í hverju felast aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Írak og Afganistan og á hvaða réttarheimildum byggjast þær?*

Aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Írak.

Aðkoma Atlantshafsbandalagsins í Írak einskorðast við þjálfunarverkefni sem sett var á fót árið 2004 að beiðni bráðabirgðastjórnar Íraks og á grundvelli ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1546. Í upphafi gekk þjálfunarverkefnið ekki síst út á að þjálfa háttsetta aðila í her- og öryggissveitum Íraka og embættismenn í varnarmálaráðuneyti Íraks. Árið 2008 var ákveðið, að beiðni íraskra yfirvalda, að verkefnið næði einnig til þjálfunar á lögreglu, sjóher og flugher á æðri stigum. Þá hefur verið ákveðið, einnig að beiðni íraskra yfirvalda, að þjálfunarverkefnið nái yfir landamæravörslu og hefst sú þjálfun á þessu ári.

Aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Afganistan.

Atlantshafsbandalagið tók að sér að leiða alþjóðaliðið í Afganistan (ISAF) 11. ágúst 2003. Alþjóðaliðið hafði verið sett á stofn í desember 2001 á ráðstefnu um Afganistan í Bonn á grundvelli ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1386 frá 20. desember 2001, til þess að stuðla að stöðugleika og varanlegum friði í landinu. Í upphafi fóru einstakar bandalagsþjóðir með forustu í ISAF. Í fyrstu náði ábyrgðarsvæði ISAF aðeins til Kabúl og næsta umhverfis, en með ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1510 frá 13. október 2003 var ábyrgð á öryggismálum í landinu öllu færð til ISAF.

Meginmarkmið Atlantshafsbandalagsins og alþjóðaliðsins í Afganistan er að aðstoða afgönsk yfirvöld við að ná frekari tökum á öryggisástandi í landinu, svo að hægt sé að búa í haginn fyrir uppbyggingu og þróunarstarf og forða því að Afganistan verði á ný griðastaður hryðjuverka og hryðjuverkasamtaka.

Atlantshafsbandalagið og alþjóðaliðið eru í Afganistan að beiðni afganskra stjórnvalda og í umboði SÞ á grundvelli allmargra ályktana öryggisráðs SÞ (þ.m.t. ályktana nr. 1386, 1413, 1444, 1510, 1563, 1623, 1707, 1776, 1883, 1890 og 1917). Alls leggja 46 ríki aðgerð alþjóðaliðsins til liðsafla, ýmist herafla eða borgaralega sérfræðinga. Síðan Atlantshafsbandalagið tók við stjórn alþjóðaliðsins árið 2003 hefur aðgerðin í Afganistan, sem upphaflega var bundin við höfuðborgina Kabúl, orðið umfangsmeiri og nær nú til alls landsins. Má segja að aðgerðirnar nái yfir átta svið:

– Aðgerðir sem miða að því að stuðla að auknu öryggi og stöðugleika í Afganistan. Þessar aðgerðir eru umfangsmestar í suður- og austurhluta landsins, en ná jafnframt til annarra landsvæða og njóta í auknum mæli liðsinnis og jafnvel forustu afganskra öryggissveita.
– Umfangsmikil þjálfun á afganska hernum. Þjálfunarteymum hefur fjölgað á undanliðnum missirum eftir að afganski herinn hefur tekið frumkvæði og forustu í sameiginlegum aðgerðum. Einnig styður alþjóðaliðið afganska herinn með búnaði.
– Þjálfun afgönsku lögreglunnar. Þar samræmir alþjóðaliðið aðgerðir sínar við aðgerðir Bandaríkjanna og ESB sem einnig sinna lögregluþjálfun í landinu.
– Sprengjuleit og sprengjueyðing og stuðningur við verkefni sem ætlað er að auka öryggi á vopnageymslum afganska hersins.
– Sérstakur styrktarsjóður sem ætlað er að veita Afgönum aðstoð í kjölfar aðgerða og átaka. Ísland hefur stutt sjóðinn fjárhagslega á umliðnum árum.
– Sérstök uppbyggingarteymi, ekki síst í hinum dreifðari byggðum landsins, þar sem unnið er að uppbyggingar- og þróunarstarfi til skemmri tíma eða þar sem öryggisástand leyfir ekki öðrum og hefðbundnari aðilum á sviði þróunarstarfs að taka við uppbyggingarstarfinu.
– Aðstoð við afgönsk yfirvöld og aðra sem sinna neyðaraðstoð við að koma aðstoðinni til þeirra sem á þurfa að halda.
– Samvinna við afgönsk yfirvöld í baráttunni gegn eiturlyfjaframleiðslu og dreifingu.

Að auki má nefna að alþjóðaliðið hefur sinnt öryggisgæslu til stuðnings afgönsku öryggissveitunum við kosningar, t.a.m. við forseta- og héraðskosningarnar á síðasta ári.

3. *Er um að ræða þróunaraðstoð af Íslands hálfu við þessi lönd, og ef svo er, hvernig er þeim fjármunum varið?*

Írak.

Ísland er ekki með neina þróunaraðstoð við Írak.

Afganistan.

Ísland er með umtalsverða þróunaraðstoð við Afganistan. Eftirfarandi eru nú starfandi á vegum Íslensku friðargæslunnar að þróun og uppbyggingu: Einn sérfræðingur er staðsettur í höfuðstöðvum alþjóðaliðsins (ISAF) í Kabúl og sinnir starfi aðstoðardeildarstjóra þróunardeildar alþjóðaliðsins. Deildin sinnir samhæfingu og samskiptum við afgönsk stjórnvöld, alþjóðastofnanir og hjálparsamtök vegna endurreisnar í landinu. Tveir starfsmenn eru staðsettir í bækistöð alþjóðaliðsins við Kabúlflugvöll, þ.e. starfsmannastjóri og staðgengill yfirmanns rekstrar- og skipulagsmála. Einn þróunarfulltrúi starfar í norsku héraðsuppbyggingarteymi í norðurhluta landsins við endurreisnarstörf með sérstaka áherslu á málefni kvenna.

Fjárframlög til þróunarstarfs í Afganistan eru eftirfarandi 2010:

– 3,9 millj. kr. vegna þróunarverkefna (vatnsaflsvirkjana) í Chaghcharan.
– 6,0 millj. kr. styrkur til heilsugæsluverkefnis á vegum Rauða krossins.
– 12,5 millj. kr. framlag til UNIFEM til stuðnings við starfsemi kvennamálaráðuneytisins, við flóttamenn, og við stofnun kvennamiðstöðva.
– 9,0 millj. kr. framlag til neyðaraðstoðarsjóðs ISAF.

Á síðasta ári tók til starfa alþjóðlegur jafnréttisskóli við Háskóla Íslands sem er kostaður af utanríkisráðuneytinu í samvinnu við HÍ. Fyrstu nemendurnir voru frá Afganistan og í ár er áformað að taka aftur við nemendum frá Afganistan.

4. *Stendur til að breyta aðkomu Íslands á einhvern hátt að þessum málum, þ.e. ef hún er einhver?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það.

1359. Skýrsla [410. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu barna og ungmenna, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Með beiðni (á þskj.726) frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur og fleiri þingmönnum er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu barna og ungmenna. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Framkvæmd aðgerðaáætlunar til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 13. júní 2007, m.a.:
   a. hvernig hafi til tekist að framfylgja áætluninni,
   b. hverju hafi þegar verið hrundið í framkvæmd og hver kostnaður þeirra aðgerða hafi verið,
   c. hvaða aðgerðir eru áætlaðar á þessu ári og hver er áætlaður kostnaður við þær,
   d. þau atriði í áætluninni sem stendur til að fresta eða hætta við,
   e. upplýsingar um fundi samráðshóps sem settur var saman í kjölfar samþykktar ályktunarinnar, þar á meðal fjölda funda og upplýsingar um niðurstöður og ákvarðanatökur funda.
2. Aðgerðir sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar til að styrkja stöðu ungmenna á vinnumarkaði og auka virkni ungra atvinnulausra.
3. Upplýsingar um stöðu barna og ungmenna í kjölfar efnahagshrunsins og hvort gripið hafi verið til aðgerða til að styrkja stöðu þeirra.
4. Tölulegar upplýsingar um fjölda mála og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda:
   a. flokkað eftir sveitarfélögum,
   b. flokkað eftir því hvort tilkynningar leiða til barnaverndarmála,
   c. flokkað eftir alvarleika mála.
5. Upplýsingar um framkvæmd og vinnuferli við barnaverndarmál sem og úrræði sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til og hvort breytingar á ferlinu og úrræðum séu fyrirhugaðar.
6. Samspil barnalaga og barnaverndarlaga, sýslumanna og barnaverndaryfirvalda og aðgerðir til að tryggja að kerfin vinni betur saman.
7. Aðgerðir til að sporna við ofbeldi gegn börnum sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar.
8. Leiðir til að styrkja barnaverndaryfirvöld til að ráða við aukinn málafjölda eða fleiri tilkynningar.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi með fyrirspurn þingmannanna:

Árið 2007 var á sumarþingi samþykkt metnaðarfull aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna (þingsályktun nr. 2/134). Í áætluninni er tiltekinn fjöldi aðgerða og verkefna sem lagt var upp með að yrði ráðist í á árunum 2007–2011. Nú þegar sígur

á seinni hluta þess tímabils telur félags- og tryggingamálanefnd rétt að gerð verði úttekt á framkvæmd áætlunarinnar. Þá er augljóst að vegna efnahagshrunsins þarf að fylgjast náið með stöðu barna og ungmenna og grípa til aðgerða sé þeirra þörf.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur á yfirstandandi þingi haldið nokkra fundi um málefni barna og ungmenna og kallað til sín gesti jafnt frá stofnunum sem og félagasamtökum. Meðal þeirra atriða sem nefndin hefur lagt áherslu á að kynna sér er staða barna og ungmenna í kjölfar efnahagshrunsins og aukins atvinnuleysis. Þá hefur nefndin til að mynda leitað upplýsinga um stöðu barnaverndar, hvaða úrræði séu til og hvar aðilar telji mega gera betur í málefnum barna. Í kjölfar fjölmiðlaumræðu um ofbeldi gegn börnum á síðari hluta ársins 2009 kynnti nefndin sér þau mál sérstaklega. Við umfjöllun frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar í lok síðasta árs ræddi nefndin jafnframt ítarlega málefni atvinnulausra, m.a. með tilliti til mikils fjölda ungra atvinnulausra og nauðsynjar þess að grípa til sérstakra aðgerða í þágu þess hóps og virkja hann. Þá ræddi nefndin málefni barna þar sem foreldri eða foreldrar hafa misst vinnu sína.

Í kjölfar funda um málefnið telur félags- og tryggingamálanefnd fulla þörf á því að gerð verði úttekt á fyrrnefndri aðgerðaáætlun og barnavernd. Nefndin óskar því eftir að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna þar sem m.a. verði farið yfir stöðu aðgerðaáætlunarinnar, hverju hafi þegar verið hrundið í framkvæmd, hvað sé á döfinni og hvort líkur séu á að fresta þurfi einhverjum verkefnum. Þá telur nefndin mikilvægt í ljósi reynslu annarra landa að í skýrslunni verði farið yfir hvort og þá til hvaða aðgerða hafi verið gripið til að styrkja og tryggja stöðu barna og ungmenna vegna efnahagshrunsins. Nefndin telur einnig nauðsynlegt að í skýrslunni komi fram aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til eða eru áætlaðar til að styrkja stöðu ungmenna á vinnumarkaði. Vert er þó að athuga þegar áhrif kreppunnar á stöðu barna og ungmenna eru metin að atvinnuleysi getur bitnað jafnt á ungmennum sem missa vinnu sína sem og á börnum þar sem foreldri eða foreldrar eru atvinnulausir en samkvæmt upplýsingum eiga um 11.000 börn atvinnulaust foreldri.

Óskað er eftir því að í skýrslunni verði barnaverndarmál og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda flokkaðar eftir sveitarfélögum, alvarleika mála og hversu margar tilkynningar leiða til barnaverndarmála. Að auki verði greint frá því hvernig framkvæmd og vinnuferli vegna barnaverndarmála sé háttað og hvort fyrirhugaðar séu breytingar þar á. Á fundum nefndarinnar var talsvert rætt um stöðu barna þegar kæmi að umgengnismálum og barnaverndarmálum. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að styrkja þyrfti samspil barnalaga og barnaverndarlaga sem og samvinnu sýslumanna og barnaverndaryfirvalda m.a. svo að skýrt væri hver færi með mál hverju sinni. Því telur nefndin nauðsynlegt að í skýrslunni verði farið yfir það hvernig lögin og kerfin fara saman og hvort nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að tryggja samþættingu kerfanna.

Auk framangreindra atriða er m.a. óskað eftir því að í skýrslunni verði greint frá því hvort barnaverndarmálum og tilkynningum hafi fjölgað en nefndinni hafa verið kynntar upplýsingar um að vanrækslutilkynningar hafi aukist um þriðjung. Þá sé mikilvægt að greina hvað veldur þessu, hvort tilkynningar og mál séu alvarlegri en áður og hversu margar tilkynningar leiði til barnaverndarmáls. Óskað er eftir að fram komi hvaða aðgerðum er beitt og er hægt að beita til að sporna við ofbeldi gegn börnum og hvaða vinnuferli sé notað við tilkynningar og mál af þessu tagi sem og hvort einhverjar breytingar hafi orðið þar á. Einnig er óskað eftir að skýrslan greini leiðir til að styrkja barnaverndaryfirvöld til að ráða við aukinn málafjölda og/eða fleiri tilkynningar.

1. ***Framkvæmd aðgerðaáætlunar til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 13. júní 2007, m.a.:***
   a. ***hvernig hafi til tekist að framfylgja áætluninni,***
   b. ***hverju hafi þegar verið hrundið í framkvæmd og hver kostnaður þeirra aðgerða hafi verið,***
   c. ***hvaða aðgerðir eru áætlaðar á þessu ári og hver er áætlaður kostnaður við þær,***
   d. ***þau atriði í áætluninni sem stendur til að fresta eða hætta við,***
   e. ***upplýsingar um fundi samráðshóps sem settur var saman í kjölfar samþykktar ályktunarinnar, þar á meðal fjölda funda og upplýsingar um niðurstöður og tökur funda.***

Hinn 13. júní 2007 samþykkti Alþingi aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra og byggjast aðgerðirnar meðal annars á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Til þess að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða á vettvangi Stjórnarráðsins var skipaður samráðshópur fulltrúa félagsmála-, dóms- og kirkjumála-, fjármála-, heilbrigðis- og tryggingamála og menntamálaráðuneyta. Samráðshópurinn hóf störf þann 27. ágúst 2007 og hefur starfað síðan.

Aðgerðaáætlunin skiptist í átta kafla: I. Almennar aðgerðir og samráð. II. Aðgerðir til að bæta afkomu barnafjölskyldna. III. Aðgerðir í þágu barna, ungmenna og foreldra og stuðningur í uppeldisstarfi. IV. Almennar forvarnaraðgerðir. V. Aðgerðir í þágu barna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna. VI. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og í vímuefnavanda. VII. Aðgerðir er vernda börn og ungmenni gegn kynferðisbrotum.VIII. Aðgerðir í þágu barna innflytjenda.

Aðgerðaáætlunin snýr að öllum þeim ráðuneytum sem eiga fulltrúa í samráðshópnum og hefur hvert ráðuneyti um sig unnið að framkvæmd áætlunarinnar. Verkefni samráðshópsins er fyrst og fremst að „stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og barnafjölskyldna“ eins og segir í erindisbréfi hópsins.

Formaður samráðshópsins er skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra og eðli málsins samkvæmt snýr stór hluti aðgerðaáætlunarinnar að málaflokkum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Yfirlit yfir helstu verkefni samráðshópsins á sviði félags- og tryggingamála:

1. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um eflingu á foreldrahæfni. Ráðstefna um efnið þann 17. mars 2008. Samráð við félagasamtökin Heimili og skóla.

Tilmælin voru unnin af sérfræðinganefnd Evrópuráðsins á árunum 2004–2006 og átti forstjóri Barnaverndarstofu sæti í þeirri nefnd. Megintilgangur tilmælanna er að flytja boðskap og meginreglur barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til fjölskyldna, þ.e. gera barnasáttmálann aðgengilegan og koma á framfæri bestu þekkingu í uppeldisfræðum sem til eru, bæði til fagfólks og foreldra. Jafnframt byggja tilmælin á aukinni þekkingu og meðvitund um takmarkanir stofnanaþjónustu vegna uppeldisvanda barna og mikilvægi þess að gera foreldra betur í stakk búna til að rækja uppeldishlutverk sitt.

Fram hafa komið miklar væntingar til nefndarinnar varðandi tilmæli Evrópuráðsins um eflingar foreldrafærni. Nefndin fjallaði um nokkur erindi sem borist höfðu varðandi áform innlendra aðila, sveitarfélaga og einkaaðila, sem starfa á þessu sviði eða hafa áform um að láta þau mál til sín taka. Þá fjallaði nefndin um þróun þessara mála á erlendum vettvangi,

einkum ólíkar aðferðir sem þróaðar hafa verið í mismunandi löndum til eflingar foreldrahæfni og til að styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Nefndin ákvað að beita sér fyrir sérstakri kynningu á nokkrum þeirra aðferða til eflingar foreldrafærni sem hlotið hafa mesta viðurkenningu í veröldinni og ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa hrint í framkvæmd. Nefndin hélt fjölmenna ráðstefnu um foreldrahæfni þann 17. mars 2008. Aðalfyrirlesarar voru erlendir sérfræðingar frá Ástralíu og Noregi ásamt sex innlendum fyrirlesurum sem kynntu starfsemi á þessu sviði hérlendis. Ráðstefnuna sóttu hátt á annað hundrað manns.

Einn fundur nefndarinnar var haldinn með samtökunum Heimili og skóla um foreldrahæfni. Samtökin hafa lýst mikilli ánægju með aðgerðaáætlunina sem sé mjög í þeim anda sem Heimili og skóli vinni eftir og eigi það ekki síst við um foreldrahæfni. Eitt meginverkefni samtakanna sé einmitt hvernig hægt sé að gera foreldra hæfari í að starfa með skólanum í þágu barnsins. Vandasamt sé að vera foreldri og því telji samtökin það mikið fagnaðarefni hve aðgerðaáætlunin sé í miklu samræmi við áherslur samtakanna. Lýstu samtökin vilja sínum til að starfa með nefndinni á þessu sviði.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur styrkt verkefni um fræðslu og þjálfun í foreldrafærni bæði í Reykjavík og á Reykjanesi.

2. Samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðisofbeldi

Um er að ræða fyrsta heildstæða alþjóðlega samninginn um þetta efni og átti Ísland fulltrúa í nefnd sem vann að undirbúningi samningsins. Samningurinn var ekki undirritaður af hálfu Íslands þegar hann var lagður fram til undirritunar á vettvangi Evrópuráðsins þann 25. október 2007 en úr því var bætt í febrúar 2008. Þegar aðgerðaáætlunin um að styrkja stöðu barna og ungmenna var samþykkt lá fyrir eldri aðgerðaáætlun um ofbeldi gegn konum og börnum frá september 2006. Með minnisblaði, dags. 23. nóvember 2007, var ákveðið að sá hluti þeirrar aðgerðaáætlunar sem sneri að börnum yrði færður undir aðgerðaáætlunina til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Við undirbúning nýrrar aðgerðaráætlunar um vernd barna gegn kynferðisbrotum, sbr. VII. kafla, hefur verið haft samráð við félagasamtök sem starfa á þessum vettvangi; Stígamót, Blátt áfram og Barnaheill, ásamt Sjónarhóli og síðar Þekkingarsetri Áss styrktarfélags. Fulltrúar þessara aðila komu á fund nefndarinnar, auk þess sem haldinn var sérstakur fundur þar sem samningur Evrópuráðsin var kynntur og ofangreind félagasamtök gerðu sérstaka grein fyrir áherslum í starfi sínu á þessu sviði. Ákveðið var að við gerð aðgerðaráætlunarinnar skyldi hafa sérstaka hliðsjón af Evrópusamningnum og þeim áherslum sem félagasamtökin hafa nú þegar markað. Margt af því sem félagasamtök á borð við Blátt áfram, Stígamót, Barnaheill o.fl. vinna að er í samræmi við aðgerðaáætlunina. Ekki hefur verið lokið við gerð nýrrar aðgerðaráætlunar. Hins vegar hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið veitt samtökunum Blátt áfram og Þekkingarsetri Áss styrktarfélags styrki til verkefna til þess að vinna gegn kynferðisofbeldi gagnvart fötluðum börnum. Í fjárlögum 2009 var sérstöku fjármagni veitt til Barnaverndarstofu til meðferðarúrræða fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Gerður hefur verið samningur til fjögurra ára við þrjá sjálfstætt starfandi sálfræðinga um sálfræðiþjónustu við börn að 18 ára aldri sem sýna af sér óæskilega eða skaðlega kynferðislega hegðun. Enn fremur veitti ráðuneytið auknu fjármagni til starfsemi Barnahúss af fjárlögum 2009 til vinnu með börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.

3. Börn með hegðunarerfiðleika og vímuefnavanda

Árið 2008 urðu þáttaskil í meðferðarstarfi fyrir börn og ungmenni, sem eiga við hegðunar og vímuefnavanda að stríða, þegar Barnaverndarstofa fékk 50 milljónir króna í svokallaða fjölþáttameðferð (Multi System Therapy). Meðferðin er veitt á eigin heimilum viðkomandi barna og unglinga. Er þetta liður í að draga úr stofnanameðferð barna og ungmenna sem glíma við hegðunar- og/eða vímuefnavanda. Árið 2009 var fjárframlagið aukið um 17,5 milljónir króna. Hefur meðferðin gefið góða raun.

Þá hefur verið gerður þjónustusamningur við Vímulausa Æsku/Foreldrahús um þjónustu við börn og ungmenni í vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra. Auk þess fengu bæði Vímulaus æska/Foreldrahús og Fjölskyldumiðstöðin sérstaka styrki á árinu 2009 til verkefna er lýtur að aukinni ráðgjöf við foreldra og auknum viðbragðsflýti vegna vímuefnavanda, sbr. VI. kafla áætlunarinnar. Enn fremur var SÁÁ sama ár veittur sambærilegur styrkur til að sinna eftirmeðferð ungmenna. Hver styrkur var 10 milljón krónur.

4. Störf nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum

Í samræmi við II. kafla aðgerðaáætlunarinnar skipaði félagsmálaráðherra þann 9. nóvember 2007 nefnd til að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu þeirra, svo og réttarstöðu stjúpforeldra. Nefndin var bæði skipuð fulltrúum stjórnvalda og félagasamtaka, auk fulltrúa frá Háskóla Íslands. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 2009.

Starf nefndarinnar var umfangsmikið. Efni skýrslunnar skiptist í tvo höfuðflokka:

1. Sifjamál og félagslega staða
2. Fjármál barnafjölskyldna.

Gerðar voru tvær rannsóknir í tengslum við nefndarstarfið.

- Annars vegar rannsóknin „Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda“ (Sigrún Júlíusdóttir 2008, meðhöfundur Jóhanna Rósa Arnardóttir, Tímarit lögfræðinga, Hefti 4. Árg. 58, bls. 465–497). Þá vann Sigrún Júlíusdóttir samantekt fyrir nefndina um sömu rannsókn (Rannsóknir í félagsvísindum X. Ritstjóri Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir.) „Samskipti foreldra og barna eftir skilnað“, bls. 119–130).
- Hins vegar var það rannsókn Hagstofu Íslands „Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna 2007“ (Hagstofa Íslands 2008).

Þá hélt nefndin málþing um fjölskyldumál á Íslandi í október 2008.

Umræður nefndarinnar um sifjamál og félagslega stöðu barna voru ítarlegar. Lagðar voru fram tillögur um ýmsar nýjungar í barnarétti, svo sem umgengni barns við stjúpforeldra, umgengni barns við ömmu og afa og um aðgang forsjárlausra foreldra að upplýsingum um barn sitt. Þá lagði meirihluti nefndarmanna til að svokölluð „dómaraheimild“ yrði lögfest, en þar er átt við heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris enda þjóni það hagsmunum barnsins. Tillaga þessi er í samræmi við norræna og evrópska löggjöf.

Fjármál barnafjölskyldna voru teknar til gagngerðar athugunar og stuðst var við rannsókn Hagstofu Íslands sem áður var nefnd. Nefndin lagði fram þá viðamiklu tillögu að í stað núverandi barnabóta, barnalífeyris, mæðra- og feðralauna og dagpeninga við atvinnuleysistryggingar vegna barna verði tekið upp nýtt kerfi, barnatryggingar. Barnatryggingum er ætlað að bæta hag barnafjölskyldna með lágar tekjur, óháð sambúðarstöðu. Enda þótt rannsókn Hagstofunnar, sem tekur til barnafjölskyldna eftir sambúðarstöðu foreldra, sýni að einstæðir foreldrar hafi lægri ráðstöfunartekjur en foreldrar sem búa saman, tekur hið nýja kerfi barnatrygginga, sem nefndin leggur til, ekki mið af fjölskyldugerðum heldur eingöngu af ráð-

stöfunartekjum barnafjölskyldna. Barnatryggingum er ætlað að bæta almennt hag tekjulágra foreldra og þar með koma þær einstæðum foreldrum til góða. Tekið skal fram að fulltrúi dómsmálaráðuneytis í nefndinni tók ekki afstöðu til þessarar tillögu þar sem um væri að ræða mikla breytingu frá gildandi lögum sem væri utan verksviðs dómsmálaráðuneytis. Kostnaður vegna starfs nefndarinnar greiddist af aðalskrifstofu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Félags- og tryggingamálaráðherra áformar að vinna að framgangi þessa máls á komandi hausti.

5. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna

Strax eftir samþykkt aðgerðaáætlunarinnar lögðu bæði félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, mikla áherslu á að grípa til aðgerða til þess að bæta þjónustu við börn með geðraskanir og/eða þroskafrávik. Af því tilefni og í samræmi við V kafla aðgerðaáætlunarinnar var veitt sérstöku fjármagni til þess að stytta biðlista bæði hjá BUGL og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í félags- og tryggingamálaráðuneyti var áherslan lögð á að stytta biðlista á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Varið hefur verið 140 milljónum fyrir árin 2007, 2008 og 2009 til þess verkefnis.

6. Þjónusta við langveik börn og ungmenni og börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni og fjölskyldur þeirra

Félags- og tryggingamálaráðherra fól á árinu 2007 tveimur starfshópum að fjalla um og gera tillögur um aðgerðir til úrbóta í þjónustu við langveik börn og ungmenni og börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni og fjölskyldur þeirra. Í hópunum voru fulltrúar þriggja ráðuneyta; félags- og tryggingamálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins og auk þess fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtökum foreldra. Hóparnir skiluðu skýrslum til félags- og tryggingamálaráðherra í byrjun árs 2008. Þegar tillögurnar höfðu verið skoðaðar og kostnaðargreindar lá ljóst fyrir að þeim yrði ekki hrint í framkvæmd nema með samhæfðu átaki og aðgerðum, þ.m.t. kostnaðarskiptingu ráðuneyta félags- og tryggingamála og heilbrigðis- og menntamála auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Óljós og dreifð ábyrgðarskipting bæði milli málaflokka og stjórnsýslustiga hefur ekki síst komið í veg fyrir skilvirka þjónustu við þessa hópa barna. Þegar ljóst var að tekist hefði að útvega fjármagn til verkefnisins af fjárlögum var samráðshópnum falið að vinna að undirbúningi og útfærslu verkefnisins á grundvelli tillagna ofangreindra starfshópa og auk þess áliti rýnihópa foreldra sem forgagnsröðuðu þeim tillögum sem fram komu í skýrslunum.

Í fjárlögum 2009 var samtals 100 milljónum króna skipt milli þriggja ráðuneyta, þ.e. félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, til þess að efla þjónustu við langveik börn og börn með ADHD greiningu og fjölskyldur þeirra. Gengið hefur verið frá samstarfssamningi milli þessara þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga um útfærslu tilraunaverkefnis um þjónustuna sem mun verða í höndum sveitarfélaga eða félagasamtaka í samstarfi við þau. Stefnt er að því að verkefnið standi í þrjú ár og hefur fjármagn verið tryggt í fjárlögum 2010. Samkvæmt ofangreindum samstarfssamningi er úthlutun styrkja til verkefnanna í höndum samráðshópsins og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auglýst var eftir umsóknum um styrki til verkefna í desember 2009 og þegar hefur verið gengið frá úthlutun 80 milljónum króna til 30 sveitar-

félaga eða samtaka sveitarfélags víðs vegar um landið. Auk þess er áætlað að veita 10 milljónum á árinu til verkefna sem falla ekki undir einstök sveitarfélög.

7. Aðgerðir í þágu barna innflytjenda

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda frá 2008 er að finna fjölmörg atriði sem lúta að sérstökum þörfum innflytjendabarna, meðal annars á sviði menntamála, barnaverndar, málefna fatlaðra og heilbrigðisþjónustu. Barnvernd greiðir fyrir túlkaþjónustu þegar þess er þörf og er tryggt að börn innflytjenda fái túlk við alla málsmeðferð hjá barnavernd. Til staðar eru leiðarljós fyrir framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum og eru hjá mörgum sveitarfélögum sérstaklega tilgreindar aðgerðir til stuðnings fjölskyldna innflytjenda. Í framkvæmdaáætlunin ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda var lögð áhersla á að í tölfræðivinnslu yrðu börn af erlendum uppruna sérgreind og að samtölublöð innihéldu upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna til meðferðar hjá barnaverndarnefndum. Börn af erlendum uppruna eru hlutfallslega færri en íslensku börnin hvað varðar heildarfjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda. Hins vegar ber þó að nefna að hlutfallslega fleiri tilkynningar um líkamlegt ofbeldi á börnum af erlendum uppruna berast til barnaverndarnefnda.

Meðal verkefna sem hafa hlotið styrk frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og snúa sérstaklega að börnum af erlendum uppruna má nefna eftirfarandi verkefni:

Rannsókn á vegum rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd þar sem aflað verður upplýsinga um félagslegar aðstæður pólskra barna og fjölskyldna þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að skipuleggja þjónustu fyrir þennan hóp en atvinnuleysi meðal Pólverja er hátt um þessar mundir. Verkefnið snýr að því að rjúfa einangrun kvenna og barna af erlendum uppruna með fræðslu og kynna þeim leiðir til sjálfshjálpar í nærumhverfi sínu. Verkefnið er á vegum Miðbergs og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Félagsmiðstöðin „Pleizið“ í Dalvíkurbyggð hlaut styrk í verkefnið Allir með. Markmið verkefnisins er að tengja nemendur af erlendum uppruna betur við samnemendur sína og samfélagið á staðnum. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 675.000 kr.

8. Samantekt um fjármagn sem félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur varið til verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun um að styrkja stöðu barna og ungmenna

	2008	**2009**	**2010**	
Ás styrktarfélag	2.000.000			
Blátt áfram, forvarnarferkefni	2.000.000			
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	70.500.000	70.500.000		141 m.kr sem unnið var fyrir 2008–2010
Barnaverndarstofa	50.000.000	17.500.000		Hækkaðar fjárheimildir vegna MST
Barnaverndarstofa v. Barnahús		7.500.000		Hækkaðar fjárheimildir
Félag einstæðra foreldra		500.000		
Dyngjan áfangaheimili		2.500.000		
ÓB ráðgjöf		500.000		
Langveik börn og börn með ADHD greiningu		34.000.000	33.000.000	
Samtals:	124.500.000	133.000.000	33.000.000	

Eftirfarandi svar barst frá dóms- og mannréttindaráðuneytinu við spurningu 1:

A. Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum með aðgerðaráætluninni skal dómsmálaráðuneytið semja greinargerð um stöðu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að íslenskum lögum og reifa álitamál sem tengjast lögfestingu hans.
- Tillaga að framkvæmd: Fenginn verði sérfræðingur á sviði mannréttinda til að taka saman þessa álitsgerð.
- *Hvað var gert?*
  Frumvarp til laga til lögfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur verið í vinnslu í ráðuneytinu. Þá hefur starfshópi verið falið að gera tillögur að vistun ungra fanga í samræmi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þriðja skýrsla Íslands um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var gerð í júní 2008.

B. VII. kafli aðgerðaráætlunarinnar fjallar um aðgerðir til verndar börnum og ungmennum gegn kynferðisbrotum.

1. Samkvæmt 2. lið kaflans skal skoða hvernig unnt verði að skapa lögreglu lagaleg skilyrði og starfsaðstæður til að grípa til aðgerða gegn þeim sem nálgast börn í kynferðislegum tilgangi á veraldarvefnum eða á annan hátt.
- Tillaga að framkvæmd: Senda ríkislögreglustjóra bréf og kynna honum efni áætlunarinnar og óska eftir tillögum hans þetta varðandi.
- *Hvað var gert?*
  Ríkislögreglustjóri tekur við ábendingum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á netinu og vinnur úr þeim ábendingum. Slík ábendingarlína var áður hjá Barnaheill. Þá er lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við fyrirtækið Eff2 ehf. um þróun á hug- og vélbúnaði sem gerir lögreglunni kleift að láta tölvur vinna skoðunar- og greiningarvinnu varðandi hreyfimyndir, sem mun leysa menn af hólmi að hluta til við skoðun á myndefni.
  Í 23. gr. Evrópuráðssamnings um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum, (Council of Europe Convention on the Protection of Children against Sexual Exploitation and Sexual Abuse) er m.a. getið um „child grooming“ sem hefur verið nefnd nettæling á íslensku. Hefur refsiréttarnefnd verið beðin um að fara yfir efni samningsins og kanna hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á refsilögum svo unnt sé að fullgilda samninginn og þá hvaða breytingar þurfi að gera. Var nefndin sérstaklega beðin um að skoða ákvæðið um nettælingu.
  Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands efndu til alþjóðlegrar ráðstefnu um ábyrgð á birtingu og dreifingu efnis á Internetinu þann 19. nóvember 2009. Var m.a. fjallað um alþjóðlega dreifingu á barnaklámi, kynþáttahatri og meðyrðum, hvernig gerendur verði fundnir og hvar þeir verði dregnir til ábyrgðar fyrir dómstólum. Enn fremur var vikið að skyldu ríkja til að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga.

2. Samkvæmt 3. lið kaflans skal taka til skoðunar lagaheimildir varðandi öryggisráðstafanir eftir afplánun refsidóma gagnvart kynferðisbrotamönnum með barnagirnd á háu stigi, þ.m.t. vöktun og aðrar eftirlitsráðstafanir.
- Tillaga að framkvæmd: Senda refsiréttarnefnd erindi og óska eftir áliti hennar á hvaða möguleikar eru í dag á að beita kynferðisbrotamenn öryggisráðstöfunum eftir að þeir hafa afplánað refsingu sína. Senda jafnframt Fangelsismálastofnun

bréf og kynna þeim aðgerðaráætlunina og óska skoðunar þeirra á því hvaða möguleikar séu fyrir hendi í dag á að beita kynferðisbrotamenn öryggisráðstöfunum eftir afplánun refsingar.
- *Hvað var gert?*
  Refsiréttarnefnd var ritað bréf þann 30. nóvember 2007 þar sem þess var óskað að nefndin tæki til skoðunar núgildandi heimildir laga til beitingar öryggisráðstafana eftir afplánun refsidóma og hvort ástæða sé til að taka þær heimildir til endurskoðunar.
  Drög að frumvarpi refsiréttarnefndar til breytinga á VII. kafla almennra hegningarlaga um þetta efni hefur verið í vinnslu í ráðuneytinu.
  Fangelsismálastofnun var einnig ritað bréf.
  Í kjölfarið ritaði Fangelsismálastofnun ráðuneytinu bréf í febrúar 2008 þar sem m.a. var fjallað um gildandi lagaheimildir um reynslulausn, m.a. fanga sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot gegn börnum, um unga gerendur í kynferðisbrotamálum (15–18 ára), sem og tillögur Fangelsismálastofnunar varðandi ofangreint.

3. Samkvæmt 4. lið kaflans skal vinna að markvissri íhlutun í mál ungra gerenda í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræðum fyrir þann hóp með samvinnu réttarvörslukerfisins og barnaverndaryfirvalda.
- Tillaga að framkvæmd: Í dag er í gildi samkomulag milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára. Í samkomulaginu kemur fram að stefnt sé að því að fangar yngri en 18 ára séu að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum þar sem fram fari sérhæfð meðferð þeirra. Ekki er sérstaklega minnst á unga kynferðisbrotamenn. Senda Fangelsismálastofnun bréf og kynna þeim þetta ákvæði í aðgerðaráætluninni og fá svör við hvort sérstaklega sé unnið að þessu markmiði aðgerðaráætlunarinnar í dag.
- *Hvað var gert?*
  Starfshópi á vegum ráðuneytisins hefur verið falið að gera tillögur að vistun ungra fanga í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sjá einnig lið 3 að framan.

4. Samkvæmt 5. lið kaflans skal vinna að því að styrkja starfsemi Barnahúss sem þverfaglegrar miðstöðvar vegna kynferðisbrota gegn börnum, einkum að því er varðar skýrslutöku og faglega meðferð barna.
- *Hvað var gert?*
  Ráðuneytið ritaði bréf til dómstólaráðs þar sem óskað var eftir því að ráðið beindi þeim tilmælum til dómstóla landsins að nýta sér, eftir því sem kostur er, aðstöðu Barnahúss til skýrslutöku af börnum undir 15 ára aldri þar sem grunur leikur á að um kynferðisbrot sé að ræða.

Lagabreytingar

Dómsmálaráðherra lagði í ársbyrjun 2010 fram til kynningar frumvarp til breytinga á barnalögum, þar sem m.a. er fjallað um forsjá, búsetu og umgengni. Frumvarpið var m.a. til kynningar á vef ráðuneytisins og var áhugasömum gefinn kostur á að kynna sér efni frumvarpsins og senda ráðuneytinu ábendingar og athugasemdir vegna þess.

Þá var á árinu 2010 lagt fram til kynningar á sama hátt frumvarp til breytinga á barnalögum varðandi meðlag.

Þá hefur dómsmálaráðherra lagt fram ýmis frumvörp á Alþingi sem ýmist hafa orðið að lögum eða eru til meðferðar á þingi þar sem málefnum barna eru gerð skil með einum eða öðrum hætti. Má þar m.a. nefna breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum um vændi og vændi barna og á mansali og skipulagðri brotastarfsemi.

Útgefið efni

Dómsmálaráðuneytið gaf út upplýsingabækling um forsjá árið 2007 þar sem leitast er við að fjalla um og svara spurningum um forsjá barna. Skýrt er hvað felst í hugtakinu forsjá, hverjir fara með forsjá barns, hvenær forsjá er sameiginleg og hvað felst í sameiginlegri forsjá. Tilgangurinn með útgáfu bæklingsins er að miðla almennum upplýsingum um þennan mikilvæga málaflokk til foreldra og almennings, svo að allir verði sem best upplýstir um eigin stöðu og rétt barna. Bæklingurinn liggur frammi í ráðuneytinu og hjá öllum sýslumönum og er aðgengilegur á vef ráðuneytisins.

Annað

Eins og áður hefur verið vikið að efndu dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands til alþjóðlegrar ráðstefnu um ábyrgð á birtingu og dreifingu efnis á internetinu 19. nóvember 2009. Var þar m.a. fjallað um alþjóðlega dreifingu á barnaklámi, kynþáttahatri og meiðyrðum, hvernig gerendur verði fundnir og hvar þeir verði dregnir til ábyrgðar fyrir dómstólum. Enn fremur um skyldu ríkja til að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga,

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru um örfá atriði sem heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og varða aðgerðaráætlun um málefni barna og ungmenna og varðar börn að öðru leyti. Verður ekki litið svo á að um tæmandi talningu sé að ræða. Þá hefur ráðuneytið ekki á þessari stundu upplýsingar um kostnað við framangreint.

Eftirfarandi svar barst frá heilbrigðisráðuneytinu við spurningu 1:

Í heilbrigðisráðuneytinu hefur verið unnið að forvörnum og heilsueflingu barna, m.a. í samræmi við Heilsustefnu sem kynnt var árið 2008 og ákvæði aðgerðaráætlunar.

Til að vinna gegn átröskun var rekstrargrunnur Landspítalans aukinn í fjárlögum 2009 um 14 milljónir.

Árið 2007 var kynnt sérstök aðgerðaráætlun til að efla þjónustu við börn og ungmenni með geðraskanir. Í samræmi við það veitti heilbrigðisráðuneytið fjármunum að upphæð 150 milljónir (72 millj. árið 2007 og 78 millj. árið 2008) til þeirra verkefna. Síðan hefur árlega verið veitt 150 milljónum til að efla þennan málaflokk. Stærstur hluti þeirra fjármunanna hefur farið inn í rekstrargrunn viðkomandi stofnana og sveitarfélaga og verkefnin þannig haldið áfram. Það hefur leitt til bættrar þjónustu við þennan hóp bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Dæmi um starfsemi sem notið hefur góðs af þessari fjárveitingu er m.a.:

- BUGL til að stytta biðlista og efla ráðgjafahlutverk – 59 milljónir.
- ABG-verkefni (*Aðstoð við Börn með Geðraskanir*) á Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja – 12 milljónir.
- Aukið aðgengi barna og unglinga að sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem eru á samningi hjá Sjúkratryggingum Íslands – 35 milljónir.
- Þroska- og hegðunarstöð fékk viðbótarfjármagn til að ná niður biðlistum – 30 milljónir.

Forvarnir í tannheilbrigðismálum hafa verið efldar, m.a. með eftirliti, forvörnum og skráningu á tannheilsu þriggja, sex og tólf ára barna, foreldrum að kostnaðarlausu. Einnig

hefur verið unnið með heilsugæslunni að því að efla eftirlit með tannheilsu ungbarna og koma á skimun fyrir tannsjúkdómum í ungbarnaeftirliti.

Heilbrigðisráðuneytið hefur einnig tekið þátt í samráðsverkefni ráðuneyta (FEL, MMR og HBR) til að styrkja stöðu langveikra barna og ungmenna og einnig barna og ungmenna með ADHD með því að greiða 33 milljónir króna 2010 (fyrir árið 2009) til ýmissa verkefna þar að lútandi. Árið 2010 er síðan áætlað að 33 milljónir og 700 þúsund til viðbótar fari til stuðnings svipaðra verkefna. Af þessari upphæð var m.a. ákveðið að 1,6 milljónir (þ.e. 1/3 af 5 milljón króna framlagi allra ráðuneytanna) færu til að greiða fyrir þjónustu sálfræðings á Barnaspítala Hringsins á LSH.

Eftirfarandi svar barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu við spurningu 1:
II. Aðgerðir er bæta afkomu barnafjölskyldna
3. Nemendur í framhaldsskólum skulu njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum.

Hefur ekki komið til framkvæmda.

4. Skipuð verði nefnd er fjalli um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra.

Eins og þegar hefur komið fram hefur nefndin lokið störfum og skilað skýrslu.

III. Aðgerðir í þágu barna, ungmenna og foreldra og stuðningur í uppeldisstarfi
2. Unnið skal að því að foreldrum standi til boða uppeldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni með sérstökum námskeiðum sem hæfi mismunandi æviskeiðum í lífi barnsins. Einkum skal leggja áherslu á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra fyrsta barns, foreldra barna á unglingsaldri og foreldra barna með sérþarfir. Miðað skal við að þessi ráðgjöf og þjónusta standi foreldrum til boða óháð búsetu og að hún skuli skipulögð í tengslum við starfsemi heilsugæslustöðva, skóla og/eða félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hefur ekki komið til framkvæmda.

3. Stefnt verði að því að starfsfólk í ungbarnaeftirliti, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eigi kost á þjálfun til að geta miðlað þekkingu til foreldra í uppeldismálum, þ.m.t. ráðgjöf vegna hegðunarerfiðleika barna.

Námskeið þessu tengd voru styrkt þegar úthlutað var til verkefna vegna barna með ADHD vorið 2010.

IV. Almennar forvarnaaðgerðir
Liðir 1, 2 og 3.

Í gildi er samstarfssamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Lýðheilsustöðvar, Sambands íslenskra framhaldsskóla og Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskóla um verkefnið Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum.

V. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna.
4. Áhersla verði lögð á að efla eftirfylgni með börnum og ungmennum með geðraskanir á vegum heilsugæslunnar, skóla og sveitarfélaga að lokinni útskrift af göngudeild og legudeild barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að nemendur með heilsutengdar sérþarfir eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir en með þessu er leitast við að samhæfa sem best þjónustu við nemendur til að hún verði markviss.

VII. Aðgerðir er vernda börn og ungmenni gegn kynferðisbrotum

Í lögum frá 2008 um leik-, grunn- og framhaldsskóla segir að óheimilt sé að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Í 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 segir m.a.: „Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

VIII. Aðgerðir í þágu barna innflytjenda

3. Unnið verði að því að í aðalnámskrá grunnskóla verði tekið sérstaklega á málefnum barna er hafa íslensku sem annað tungumál. Í því felst þjálfun í íslensku og þátttöku í menningarlífi og viðhald læsis og þekkingar í öllum námsgreinum ásamt eflingu námsþroska.

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um mótttökuáætlanir og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Aðalnámskrá grunnskóla er nú í endurskoðun með hliðsjón af nýjum lögum um grunnskóla.

4. Unnið verði að því að skilgreina rétt leikskólabarna af erlendum uppruna til að læra íslensku og til að fá viðeigandi málörvun.

Í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er fjallað um leikskólabörn af erlendum uppruna. Þar segir m.a.:

„Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú. Þau þurfa að öðlast sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi og tilfinningu fyrir því að þau séu velkomin þar. Þannig halda þau sjálfsvirðingu sinni og styrkja sjálfstraust sitt.“ (Bls. 15.)

„Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin. Ber leikskóla að taka tillit til þess í starfi sínu og skólanámskrárgerð og efla með því tilfinningu sérhvers barns fyrir því að það tilheyri samfélaginu og sé hluti af því.“ (Bls. 27.)

„Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða. Þótt þjóðir heims séu ólíkar í siðum og háttum eiga þær að geta lifað saman í sátt og samlyndi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.“ (Bls. 29.)

Endurskoðun aðalnámskrár leikskóla með hliðsjón af nýjum lögum stendur nú yfir.

5. Unnið verði að því að skólar móti úrræði er veiti foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna tækifæri til að taka þátt í foreldrastarfi og styðja þannig menntun barna sinna. Áhersla verði lögð á foreldrasamvinnu vegna barna af erlendum uppruna á öllum skólastigum og mótaðar verði starfsreglur fyrir skóla um móttöku barna innflytjenda.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað sérstaklega um túlkun og skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 91/2008 segir að til að foreldrar geti gætt hagmuna barna sinna vegna skólastarfsins og að upplýsingagjöf foreldra til skóla og frá skóla til foreldra sé greið, sé nauðsynlegt að foreldrum sem ekki tala íslensku sé tryggð túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Er þá bæði átt við upplýsingar sem tengjast hagsmunagæslu foreldra fyrir börn sín vegna skólastarfsins, sem og túlkun vegna upplýsingaskyldu foreldra og skóla. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti einnig gripið til annarra úrræða til að koma á framfæri upplýsingum um skólastarf án beinnar túlkunar svo sem með skriflegum upplýsingum á viðkomandi tungumálum.

6. Stefnt verði að því að framhaldsskólar beiti sér fyrir stuðningskennslu í einstökum námsgreinum fyrir börn innflytjenda.

Í 35. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er fjallað um rétt nemenda, sem hafa annað móðurmál en íslensku og að þeir eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Þar er einnig mælt fyrir um að miða skuli við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein. Í reglugerð nr. 654/2009 er fjallað nánar á um rétt nemenda til kennslu í íslensku og námsmat.

7. Unnið verði að því að stutt verði við þróun og útgáfu á námsgögnum til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á öllum skólastigum og jafnframt að nemendum með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum verði auðvelduð próftaka á íslensku.

Í reglugerð nr. 654/2009 er fjallað rétt nemenda í framhaldsskólum, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Þar er m.a. fjallað um námsmat.

Í 27. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um námsmat og þar segir m.a. að ákvæði um námsmat skuli sett í aðalnámskrá en vinna við endurskoðun aðalnámskrár stendur nú yfir.

8. Gert verði ráð fyrir því í fyrirhuguðu átaki í íslenskukennslu fyrir útlendinga að huga sérstaklega að stöðu foreldra af erlendum uppruna.

Styrkt voru námskeið fyrir fullorðna en ekki var lögð áhersla á námskeið fyrir foreldra sérstaklega.

10. Gerð verði sérstök áætlun um stuðning við innflytjendur á unglingsaldri.

Ráðinn var sérstakur starfsmaður sem unnið hefur ýmis verkefni sem miða að því að bæta stöðu innflytjenda í framhaldsskólum.

Störf samráðshópsins

Samráðshópurinn hefur haldið 28 reglubundna fundi og til viðbótar 7 fundi til þess að fjalla um umsóknir og úthlutanir styrkja vegna þjónustu við langveik börn og börn með

athyglisbrest og ofvirkni og fjölskyldur þeirra. Nokkuð hefur verið um mannabreytingar í hópnum á starfstímanum og hefur einungis fulltrúi mennta- og menningamálaráðuneytisins starfað í hópnum frá upphafi. Formannsskipti urðu í júní 2008. Ákvarðanatökur samráðshópsins eru í samræmi við erindisbréf hópsins en þar segir að meginhlutverk hans sé að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og barnafjölskyldna. Það er álit nefndarmanna að þeir hafi ekki umboð til þess að taka ákvarðanir á eigin spýtur sem varða málefni ráðuneyta þeirra en þurfi formlegt samþykki yfirboðara sinna í hverju máli fyrir sig. Auk þess hefur samráðshópurinn sem slíkur ekki sérstakt fjármagn en hvert ráðuneyti ákvarðar forgangsröðun verkefna og fjármagns og stundum án vitneskju viðkomandi fulltrúa. Eins og fram kemur af svörum við spurningum um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar hefur margt áunnist en annað ekki komist til framkvæmda. Sum verkefni sem áætluð voru í upphafi eins og til dæmis almennar aðgerðir um eflingu foreldrafærni var of dýrt til þess að það kæmist til framkvæmda. Efnahagshrunið hefur líka haft þau áhrif að minna fjármagn hefur verið sett í ný verkefni og forgangsröðun breyst.

2. ***Aðgerðir sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar til að styrkja stöðu ungmenna ávinnumarkaði og auka virkni ungra atvinnulausra.***

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Vinnumálastofnun við spurningu 2:

Átakið „Ungt fólk til athafna“ hefur staðið yfir frá 1. janúar sl. Félags- og tryggingamálaráðuneytið ýtti verkefninu úr vör og var markmiðið að tryggja öllu ungu fólki 16 – 25 ára, sem verið hefði atvinnulaust í 3 mánuði eða lengur, virkniúrræði og skyldi þessu markmiði náð fyrir 1. apríl.

Átakið er viðbrögð ríkisstjórnarinnar við vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks og samþykkti Alþingi að verja 1,3 milljörðum í verkefnið.

Vinnumálastofnun var falin framkvæmd verkefnisins og á höfuðborgarsvæðinu var opnuð skrifstofa á Suðurlandsbraut 22 undir merkjum átaksins en annars staðar á landinu sjá þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar um framkvæmdina. Við upphaf átaksins voru atvinnulaus ungmenni rúmlega 3.000 á landinu öllu, flest á höfuðborgarsvæðinu eða rúmlega 2.000.

Markmið með átakinu er að virkja alla unga atvinnuleitendur innan þriggja mánaða frá atvinnumissi til að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem aðgerðarleysi getur haft á líf og heilsu. Því má segja að átakinu sé ætlað að milda og draga eins og kostur er úr þeim alvarlegu afleiðingum sem efnahagshrunið hefur haft á vinnumarkaðinn og þar með stöðu ungra atvinnuleitenda fremur en að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir ákveðna þekkingu og færni.

Áherslur átaksins eru á eftirfarandi þætti

1. Áhersla á markhópinn 16–25 ára
2. Snemmbært inngrip með tilboði um virkniúrræði (innan þriggja mánaða)
3. Áhersla á náms- og starfsráðgjöf
4. Samstarf við ólíka aðila, svo sem menntamálayfirvöld, aðila vinnumarkaðarins, fullorðinsfræðsluaðila, sjálfsboðaliðasamtök og sveitarfélög
5. Skylduvirkni – Þátttaka í átakinu forsenda bóta

Í átakinu er lögð mikil áhersla á náms- og starfsráðgjöf og hvatningu til þátttöku í úrræðum sem hafa það markmið að stuðla að hæfnisuppbyggingu markhópsins. Menntunarstig í hópi ungra atvinnuleitenda er með þeim hætti að um 75% hópsins hefur einungis lokið grunnskólanámi. Þessi hópur fær sérstaka athygli í átakinu.

Virkniúrræðum má skipta í tvennt:

1. Námsúrræði:
   - Í boði er fjölbreytt úrval námsúrræða sem bjóðast í samstarfi við framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og aðra námskeiðshaldara.
   - Markmiðið með námi á framhaldsskólastigi er að bjóða ungu fólki sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að hefja nám í framhaldsskóla á nýrri námsleið „nám til framhaldsskólaprófs“ sem er ætlað að mæta betur þörfum brottfallsnemenda. Þetta er hópur sem ekki hefur fengið þörfum sínum mætt innan framhaldsskólans og fær með þessu nýtt tækifæri til náms. Með þróun slíkrar námsleiðar er sömuleiðis verið að leggja grunn að forvarnarstarfi sem hefur það markmið að koma í veg fyrir ótímabært brottfall.
   - Markmið með nám í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og aðra námskeiðshaldara er að bjóða ungu fólki þátttöku í starfstengdum námskeiðum sem styrkja stöðu þátttakenda á vinnumarkaði. Auk þess er í boði að taka almennt nám sem hefur það að markmiði að styrkja almennan grunn og undirbúa þátttakendur til frekara náms innan formlega skólakerfisins og veitir þeim sömuleiðis einingar sem geta nýst þeim á áframhaldandi námi.
2. Vinnutengd virkniúrræði:
   - Í boði eru annars vegar sjálfboðaliðastörf í samstarfi við ýmis sjálfboðaliðasamtök, t.d. Rauða krossinn og Íþróttahreyfinguna.
   - Auk þess er lögð áhersla á að fá fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í samstarf um átaksverkefni og starsþjálfunarpláss sem veita ungu fólki hvatningu og möguleika á hæfnisuppbyggingu og starfsreynslu sem auðveldar þeim atvinnuleit þegar aðstæður batna á vinnumarkaði. Átak um sumarstörf er liður í þessu markmiði.

Árangur – Staðan í júní 2010

Ekki er tímabært að álykta um árangur af verkefninu til lengri tíma, þar sem stutt er síðan það hófst. Þó liggur fyrir að 90% af öllum ungum atvinnuleitendum á landinu hefur boðist ráðgjöf og þátttaka í virkniúrræðum frá því átakið hófst.

Félagsvísindastofnun kemur til með að meta árangur af verkefninu og verður m.a. leitað til unga fólksins í því sambandi. Raddir notenda þjónustunnar eru besti vitnisburðurinn um árangurinn og það sem mestu máli skiptir.

Unga fólkið fær öfluga kynningu á þeim fjölbreyttu tækifærum sem í boði eru og aðstoð og ráðgjöf hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar við valið. Það eina sem ekki býðst er aðgerðaleysi.

Tölulegar upplýsingar

- 188 hafa fengið skólavist í framhaldsskólum (markmið allt að 450 á árinu).
- 111 hafa tekið þátt í sjálfboðaliðastörfum (markmið allt að 400).
- 2.098 hafa þegið námskeið í símenntunarstöðvum eða öðrum slíkum (markmiðið var 700).
- 263 hafa þegið starfstengd úrræði eða hlutastörf (markmiðið var 450).
- 110 hafa þegið meðferðartengd úrræði (markmiðið var allt að 400).

Samtals hafa því 2.770 tekið þátt í úrræðum innan átaksins frá áramótum en markmiðið var að skapa 2.400 manns úrræði. Sumir hafa þegið fleiri en eitt úrræði.

3. ***Upplýsingar um stöðu barna og ungmenna í kjölfar efnahagshrunsins og hvort gripið hafi verið til aðgerða til að styrkja stöðu þeirra.***

Samkvæmt upplýsingum frá Credit Info í júní 2010 eiga tæplega 11% íslenskra barna foreldra sem eru á vanskilaskrá. Hér er um að ræða um 880 börn. Alvarlegur fjarhagsvandi liggur að baki þess að einstaklingar fara á vanskilaskrá.

Börn og atvinnuleysi foreldra

Félagslegar afleiðingar efnahagsástandsins á börn og ungmenni geta verið margvíslegar. Annars vegar er um að ræða afleiðingar hagræðingar eða niðurskurðar í þjónustu sem ætluð er börnum og ungmennum. Hins vegar eru félagslegar afleiðingar fátæktar og fjárhagserfiðleika á fjölskyldulíf sem óhjákvæmilega bitna á einstökum heimilum. Það er vel þekkt að atvinnuleysi og fjárhagserfiðleikar geti leitt til heimilisofbeldis. Finnskar rannsóknir hafa sýnt fram á að heimilisofbeldi jókst með vaxandi kreppu en minnkaði þegar efnahagur þjóðarinnar batnaði. Þeir sem eru atvinnulausir og eru í miklum fjárhagserfiðleikum finna fyrir meiri kvíða, þunglyndi og hafa lægra sjálfsálit en aðrir og þjást af mun fleiri líkamlegum og andlegum kvillum. Börn þessa fólks eru því í meiri áhættu en önnur börn.

Börn í landinu sem eiga foreldra á atvinnuleysisskrá eru um 11.300 og er átt við heimili þar sem annar eða báðir forráðamenn eru í atvinnuleit. Heildafjöldi barna í landinu er um 80.000 og því eiga um 14% barna foreldri sem er án atvinnu. Þar af eru um 450 börn sem eiga báða foreldra í atvinnuleit eða um 0.6% allra barna í landinu. Þessi 450 börn eru á 350 heimilum þannig að í nærri fimmtungi tilvika er um systkini að ræða.

Mynd A
Hlutfall barna sem eiga atvinnulausa foreldra eftir svæðum



Á mynd A sést að um 22% barna á Suðurnesjum eiga foreldri í atvinnuleit, 14,6% barna á höfuðborgarsvæðinu og tæplega 13% barna á Suðurlandi. Þegar horft er til sveitarfélaganna kemur í ljós að 27% allra barna í Garðinum eiga forráðamenn sem eru í atvinnuleit, um 25% barna í Sandgerði og um 23 % í Reykjanesbæ.

Mynd B
Yfirlit yfir fjölda barna sem eiga foreldra í atvinnuleit eftir svæðum

	Fjöldi barna m/atvinnulausa foreldra	með báða foreldra atvinnulausa	% af börnum atvinnulausra	% af öllum börnum
Landið allt	11.318	450	4,0%	0,6%
Höfuðborgarsvæði	7.289	270	3,7%	0,5%
Suðurnes	1.316	85	6,5%	1,4%
Vesturland	420	15	3,6%	0,4%
Vestfirðir	111	5	4,5%	0,3%
Norðurland vestra	182	5	2,7%	0,3%
Norðurland eystra	930	35	3,8%	0,5%
Austurland	272	10	3,7%	0,3%
Suðurland	798	25	3,1%	0,4%

Á mynd B má sjá fjölda barna á hverju landsvæði sem eiga annað foreldri eða bæði í atvinnuleit.

Í rannsókn á vegum Háskólans á Akureyri á heilsu og lífskjörum skólanema í 6., 8. og 10. bekk á síðastliðnum vetri kom fram að almennt var lífsánægja nemendanna góð og mældist hún lítillega betri en hún mældist skólaárið 2005–2006. Lífsánægjan er mæld þannig að börnin eru látin merkja við á kvarðanum 1 (versta hugsanlega lífið) – 10 (besta hugsanlega lífið). Þegar lífsánægjan var greind eftir atvinnustöðu foreldra kom á hinn bóginn eftirfarandi í ljós:

Báðir foreldrar án atvinnu	6,9
Faðir án atvinnu	7,4
Móðir án atvinnu	7,7
Ekki atvinnuleysi hjá foreldrum	8,0

Svarhlutfall var 86–87 % og tóku 172 grunnskólar þátt í könnuninni, sem er samanburðarrannsókn 40 landa gerð fyrir tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og ber heitið HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children). Lífsánægjustiginn er Cantril (1965), en sú mæling er langmest notuð í rannsóknum á lífsánægju.

Frá skólastarfi

Í skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2009 er birt mikið talnaefni um stöðu grunn- og leikskólanna. Meðal annars kemur fram að milli áranna 2003 og 2008 hafi starfsfólki við kennslu og öðru starfsfólki fjölgað mun meir hlutfallslega en nemendum (uppsafnað hlutfall). „Í heildina eru stöðugildi starfsfólks grunnskóla 7.332 talsins árið 2008 og hefur þeim fjölgað um 11% eða um 718 stöðugildi frá árinu 2003. Á landsvísu er hlutfall kennara 68% af öllu starfsfólki árið 2008 og hefur hækkað um eitt hlutfallstig frá árinu 2003. Nemendum á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla fækkaði um 12% á tímabilinu 2003–2008.“ (Bls. 66.)

Engin skýr merki eru um að niðurskurður hafi komið niður á skólastarfinu og neikvæð áhrif hafa ekki komið fram á líðan barnanna. Niðurstöður Rannsókna og greiningar frá febrúar 2009 benda til að börnum hafi liðið betur þá en í febrúar 2008 í grunnskólunum. Sama

segja skólayfirvöld í Reykjavík um stöðuna í dag. Niðurstöður nýrrar athugunar menntamálaráðuneytis meðal 30 skólastjórnenda framhaldsskólanna sýna að áhrifa kreppunnar gæti lítið í skólastarfinu.

Leikskólarnir í Reykjavík eru nú fullmannaðir; starfsfólk er með góða menntun og öll pláss eru nú nýtt, sem oft áður hefur ekki tekist vegna manneklu. Hvorki hefur verið dregið úr sérkennslu né stuðningi vegna barna af erlendum uppruna. Ekki hefur verið dregið úr dvöl barna á leikskólum og plássum hefur ekki verið sagt upp í Reykjavík. Börnin dvelja nú skemur daglega í leikskólanum en fyrir kreppu.

Hagræðingaraðgerðir leikskólanna, miðað við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í könnun haustið 2009, eru meðal annars:

- Hjá tæplega 30% sveitarfélaga hefur verið tekin ákvörðun um að hækka leikskólagjöld og hjá 37% er slíkt til athugunar. Sumarlokun hefur verið lengd hjá 26% og 22% hafa slíkt til athugunar.
- Enn fremur hafa mörg þeirra ákveðið að:
  - draga úr leikfanga- og búnaðarkaupum,
  - draga úr yfirvinnu,
  - hagræða í starfsmannahaldi,
  - draga úr kostnaði við endurmenntun,
  - draga úr aksturskostnaði,
  - draga úr afleysingum vegna veikinda og fjarveru,
  - fækka eftirvinnutímum.
- Aldursviðmið við inntöku hafa hvergi verið hækkuð.

Börnum í *grunnskólum* virðist almennt líða vel í Reykjavík og lítið er um vanskil vegna greiðslna hádegisverðar.

Einhugur er hjá skólayfirvöldum og starfsmönnum í Reykjavík um að ekki megi skerða þjónustu við þá sem bágast standa, þ.m.t. sérkennsla og kennsla veikra barna en kerfin verði að vinna vel saman svo það takist og er það raunin milli menntasviðs og velferðarsviðs borgarinnar.

Helstu hagræðingaraðgerðir grunnskólanna eru samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, könnun haust 2009:

- Dregið úr yfirvinnu.
- Dregið úr forafallakennslu.
- Dregið úr kostnaði við prentun og búnaði.
- Samkennsla aukin.
- Spjaldskrá vegna dvalar á frístundaheimilum hefur hækkað hjá 25% og er til athugunar hjá 18% sveitarfélaganna.
- Stuðningsfulltrúum fækkað hjá 22% og til athugunar hjá 22%. Skólaliðum fækkað hjá 30% og er til athugunar hjá 16%.

Menntamálaráðuneytið gerði á haustdögum könnun *meðal skólastjórnenda* í 30 *framhaldsskólum*. Niðurstöður sýna almennt að ástand sé ekki verra en í fyrra. Innritunargjöld hafa ekki verið hækkuð í meirihluta skólanna, óbreytt í 21 skóla, hækkuð í 9 skólum. Meiri hluti nemenda á í litlum erfiðleikum með að greiða kostnað vegna skólagöngunnar á haustönn 2009 og skólasókn er betri en á sama tíma og í fyrra. Eftirspurn eftir stoðþjónustu hefur

aukist miðað við sama tíma og í fyrra, einkum hjá náms- og starfsráðgjöfum. Þá telja skólastjórnendur að neysla vímuefna hafi hvorki aukist né minnkar.

Viðbúnaður sveitarfélaganna vegna efnahagsástandsins.

Sveitarfélögin veita fjölskyldum og einstaklingum nærþjónustu, þ.m.t. fjölbreytta félagsþjónustu, leikskóladvöl og grunnskóladvöl, en sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í velferðarþjónustu við börn og barnafjölskyldur. Flest þeirra hafa ýtt úr vör sérstökum aðgerðum í kjölfar efnahagshrunsins. Reykjavíkurborg stofnaði þegar á árinu 2008 tvö teymi, Börnin í borginni og aðgerðateymi Velferðarsviðs, sem bæði vakta stöðu barna og vinna að nýjum úrræðum til að tryggja velferð þeirra. Leitað er leiða til að minnka og hafa áhrif á vanlíðan vegna álags og streitu. Fylgst er grannt með tölulegum upplýsingum sem gefa vísbendingar um breytta fjárhagsstöðu heimilanna og teymin stuðla að samvinnu þeirra sem koma að málefnum barna og unglinga í borginni. Áhersla er áfram á uppbyggingu faglegs starfs þrátt fyrir breyttar aðstæður og talið brýnt að huga sérstaklega að fjölskyldum sem hafa búið við bágan fjárhag til langs tíma og styðja sérstaklega börnin sem koma úr fjölskyldum sem hætt er við að verði óvirkar í félags- og tómstundalífi barna. Þá er lögð áhersla á að gjaldtöku fyrir skemmtanir og tómstundatilboð barna og unglinga verði stillt í hóf og að slíkt verði börnum að kostnaðarlausu ef mögulegt er.

Svo dæmi sé tekið frá landbyggðinni eru aðstæður barna í Árborg vaktaðar með reglubundnum hætti gegnum svokallaðan velferðarpúls. Áhersla er lögð á að niðurskurður ársins 2010 komi ekki niður á fjárveitingum til barnaverndar og félagslegrar ráðgjafar og þverfaglegt aðgerðateymi sinnir öflugu forvarnastarfi. Íþrótta- og tómstundafélög eru styrkt sérstaklega vegna barnastarfs og ungmennahús var opnað í upphafi kreppu, en slík hús voru opnuð víða um land veturinn 2008–2009. Niðurskurður er lítill í fræðslumálum í Árborg.

Hvað þarf að gera?

Á fundi velferðarvaktarinnar í febrúar síðastliðnum, sem fjallaði um stöðu barna í ljósi efnahagsástandsins, mættu Landlæknir, yfirlæknir Barna- og unglingageðdeildar og forstjóri Barnaverndarstofu, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, nokkrir félagsmálastjórar og starfsmenn frá Vímulausri æsku, Sjónarhóli og Fjölskyldumiðstöðinni. Meginniðurstöður þess fundar voru eftirfarandi:

Standa verður vaktina alls staðar í samfélaginu: Staða barna er almennt góð þrátt fyrir alvarlegt ástand eins og atvinnuleysi foreldra. Börnum, sem fá skólamáltíðir, hefur ekki fækkað, heldur fjölgað. Síðastliðið haust lagði velferðarvaktin áherslu á að öll sveitarfélögin í landinu til að tryggja að öllum börnum stæði til boða matur í hádegi í skólunum. Svo virðist sem afleiðingar kreppunnar séu ekki komnar í ljós gagnvart börnum. Tíminn í ævi barnsins skiptir miklu máli og áföll í bernsku og æsku verða vart bætt upp síðar á lífsleiðinni. Hafa verður í huga að áhrif kreppu á börn koma ekki fram á einni nóttu og streita og álag dregur úr foreldrafærni, en líklegt er að á heimilum þar sem eru miklir fjárhagserfiðleikar sé einnig streita.

Efla verður samvinnu: Leggja verður meiri áherslu á að fólk vinni saman í velferðarþjónustunni, bæði hjá ríki og sveitarfélögum og þriðji geirinn verði betur virkjaður til að styðja heimilin. Ráðgjafarþjónustan þarf að vera nær fólkinu og aðgengi að henni gott.

Styðja verður starfsfólk: Álag hefur aukist á starfsfólk meðal annars vegna þess að ekki er ráðið í störf sem losna. Foreldrar leita meira til starfsmanna skólanna og þar með hafa samskipti milli foreldra og skóla aukist, sem er kostur, en hefur einnig í för með sér aukið

álag á starfsfólk. Starfsfólk í skólum og velferðarþjónustu er vart við aukinn kvíða. Þetta á ekki síst við um fjölskyldur sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu. Kvíði er einnig gagnvart framtíðinni, einkum hjá atvinnulausum og einnig meðal foreldra fatlaðra barna.

Efla fjármálaráðgjöf: Hið opinbera ætti að bjóða fjármálaráðgjöf til greiðenda, sem ekki greiða á gjalddaga, áður en gripið er til harðari aðgerða við innheimtu. Þá ætti aðsamræma vinnureglur innan sveitarfélaga, m.a. varðandi foreldra sem komnir eru á vanskilaskrá en eiga börn sem eru í mataráskrift í skólunum svo koma megi í veg fyrir að mataráskrift verði sagt upp.

Ungt fólk í atvinnuleit: Börn og ungmenni (15–25 ára) sem hvorki eru í skóla né vinnu eru sérstakt áhyggjuefni og þarf að leita allra leiða til að virkja þau í nám og starf. Í þessum hópi eru bæði iðjulaus börn (15–17 ára) og ungir foreldrar. Átakið „Ungt fólk til athafna“, sem er samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar, er í fullum gangi. Í upphafi var sett fram markmið um að aldrei líði meira en þrír mánuðir frá því að einstaklingur, sem er yngri en 25 ára, verður atvinnulaus þar til honum verður boðið starf eða þátttaka í öðru verkefni. Markmiðinu hefur verið náð. Velferðarvaktin hefur sent öllum sveitarfélögunum bréf með áskorun um að þau leiti allra leiða til að tryggja 17 ára ungmennum atvinnu.

Að lokum

Afleiðingar efnahagshrunsins á íslensk æskufólk munu ekki koma endanlega í ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum. Við getum mildað þessi áhrif verulega með ýmsum verndandi aðgerðum, sem þegar hefur verði gripið til, og nýjum sem þarf að ýta úr vör. Íslenska velferðarkerfið hefur góða innviði sem geta brugðist við áföllum. Þar verða börnin að vera í forgrunni. Viðreisn íslensk efnahagslífs og aðgerðir sem bæta stöðu heimila í greiðsluvanda gegna að sjálfsögðu lykilhlutverki.

4. *Tölulegar upplýsingar um fjölda mála og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda:*
- ***a. flokkað eftir sveitarfélögum,***
- ***b. flokkað eftir því hvort tilkynningar leiða til barnaverndarmála,***
- ***c. flokkað eftir alvarleika mála.***

Ráðuneytinu barst eftirfarandi svar frá Barnaverndarstofu við spurningu 4:

Barnaverndarstofa telur rétt að taka fram að ekki hafa allar barnaverndarnefndir skilað samtölublöðum vegna ársins 2009 og því eru upplýsingar vegna þess árs og fyrstu þriggja mánaða ársins 2010 fengnar úr sískráningareyðublöðum sem hver nefnd skilar mánaðarlega til Barnaverndarstofu. Endanlegar tölur frá hverri nefnd liggja ekki fyrir fyrr en samtölueyðublað hefur verið fyllt út og ber að taka upplýsingum úr sískráningareyðublöðum með nokkrum fyrirvara.

Í töflum 1–3 er yfirlit yfir fjölda tilkynninga annars vegar og fjölda mála hins vegar, bæði heildartölur vegna hvers árs og flokkað eftir barnaverndarnefndum. Í töflu 1 eru tölur vegna ársins 2008, í töflu 2 eru tölur vegna ársins 2009 og í töflu 3 eru tölur vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2010.

Tafla 1 – Fjöldi tilkynninga og mála samkvæmt samtölublöðum 2008

Barnaverndarnefnd	Heildarfjöldi tilkynninga*	Heildarfjöldi árið 2008, fjöldi barna**
Reykjavík	3814	1512
Seltjarnarnes	87	53
Kópavogur	641	356
Garðabær	120	77
Hafnarfjörður	536	359
Bessastaðahreppur	53	30
Reykjanesbær og fleiri	585	313
Grindavík	56	43
Sandgerðisbær	226	105
Mosfellsbær	313	170
Akranes	164	93
Borgarfjörður	24	13
Snæfellingar	41	5
Norðanverðir Vestfirðir	186	101
Vesturbyggð og Tálknafjörður	21	5
Húnaþing vestra	20	22
A-Húnavatnssýsla	18	16
Skagafjörður	27	19
Útey	86	52
Eyjafjörður	329	329
Grímsey	0	0
Þingeyingar	87	87
Héraðssvæði	92	88
Fjarðabyggð	102	48
Hornafjörður	34	20
Árborg	157	133
Uppsveitir Árnessýslu	56	59
Hveragerði	29	29
Ölfus	14	11
Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslur	65	45
Vestmannaeyjar	258	72
Samtals	**8241**	**4265**

* Heildarfjöldi tilkynninga sem barst á árinu. Varðandi heildarfjölda tilkynninga 2009, þá hafa borist leiðréttingar frá nefndum frá áður útgefnum tölum.

** Heildarfjöldi opinna barnaverndarmála á árinu 2008. Sum málanna voru opin frá fyrri árum. Heildarfjöldi opinna barnaverndarmála vegna ársins 2009 liggur ekki fyrir

Tafla 2 – Fjöldi tilkynninga og mála samkvæmt sískráningareyðublöðum 2009

Barnaverndarnefnd	Fjöldi tilkynninga*	Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun**
Reykjavík	4332	693
Seltjarnarnes	84	48
Kópavogur	766	371
Garðabær	158	89
Hafnarfjörður	690	439
Bessastaðahreppur	99	62
Reykjanesbær og fleiri	612	394
Grindavík	112	59
Sandgerðisbær	236	159
Mosfellsbær	350	182
Akranes	149	88
Borgarfjörður	58	22
Snæfellingar	43	18
Norðanverðir Vestfirðir	139	102
Vesturbyggð og Tálknafjörður	16	6
Húnaþing vestra	31	17
A-Húnavatnssýsla	34	13
Skagafjörður	67	23
Útey	87	36
Eyjafjörður	413	222
Grímsey	0	0
Þingeyingar	138	88
Héraðssvæði	90	45
Fjarðabyggð	66	47
Hornafjörður	39	27
Árborg	172	153
Uppsveitir Árnessýslu	41	36
Hverageröi	49	35
Ölfus	8	1
Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslur	50	33
Vestmannaeyjar	198	90
Samtals	**9327***	**3598**

* Heildarfjöldi tilkynninga sem barst á árinu. Varðandi heildarfjölda tilkynninga 2009, þá hafa borist leiðréttingar frá nefndum frá áður útgefnum tölum.

Tafla 3 – Fjöldi tilkynninga og mála samkvæmt sískráningareyðublöðum fyrstu þrjá mánuði ársins 2010

Barnaverndarnefnd	Fjöldi tilkynninga*	Fjöldi barna þarsem ákveðið var að hefja könnun**
Reykjavík	1064	526
Seltjarnarnes	10	6
Kópavogur	220	102
Garðabær	37	20
Hafnarfjörður	192	109
Bessastaðahreppur	31	17
Reykjanesbær	167	104
Grindavík	36	13
Sandgerði	107	44
Mosfellsbær	64	26
Akranes	29	18
Borgarfjörður og Dalasýsla	12	12
Snæfellingar	10	5
Norðanverðir Vestfirðir	40	25
Vesturbyggð og Tálknafjörður	6	5
Húnaþing vestra	17	12
A-Húnavatnssýsla	14	9
Skagafjörður	16	10
Útey	26	3
Akureyri	101	58
Þingeyingar	29	19
Héraðssvæði	11	8
Fjarðabyggð	41	31
Hornafjörður	5	0
Árborg	44	40
Uppsveitir Árnessýslu	13	9
Hverageröi	11	6
Ölfus	6	2
Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla	12	7
Vestmannaeyjar	84	48
Samtals	**2455**	**1294**

* Heildarfjöldi tilkynninga sem barst á árinu. Varðandi heildarfjölda tilkynninga 2009, þá hafa borist leiðréttingar frá nefndum frá áður útgefnum tölum.

** Fjöldi tilkynninga á árinu sem leiða til könnunar. Þess ber að geta að tölurnar milli 2009 og 2010 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar vegna breytinga á sískráningu í byrjun árs 2010.

Tilkynningar eða mál eru ekki flokkuð sérstaklega eftir alvarleika, enda er slíkt ávallt matsatriði. Hins vegar tekur Barnaverndarstofa saman yfirlit yfir ástæður tilkynninga og er að finna slík yfirlit í töflu 4.

Tafla 4 – Ástæður tilkynninga*

	2008		2009		2010 – fyrstu 3 mán.	
	Fjöldi	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**
Vanræksla	2.392	29	3.236	34,7	802	32,7
Líkamleg vanræksla	106	1,3	163	1,7	34	1,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.972	24	2.631	28,2	666	27,1
*þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu	821	8,8	214	8,7		
Vanræksla varðandi nám	97	1,2	113	1,2	36	1,5
Tilfinningaleg vanræksla	263	3,2	385	4,1	92	3,7
Ofbeldi	1.526	18,5	1.730	18,5	544	22,2
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	571	6,9	764	8,2	310	12,6
*þar af heimilisofbeldi			279	3	142	5,8
Líkamlegt ofbeldi	480	5,8	539	5,8	157	6,4
Kynferðislegt ofbeldi	479	5,8	440	4,7	95	3,9
Áhættuhegðun	4.276	51,9	4.321	46,3	1.097	44,7
Neysla barns á vímuefnum	603	7,3	662	7,1	232	9,5
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.037	12,6	1.085	11,6	215	8,8
Afbrot barns	2.043	24,8	1.970	21,1	486	19,8
Barn beitir ofbeldi	373	4,5	403	4,3	120	4,9
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	243	2,9	247	2,6	61	2,5
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	47	0,6	40	0,4	12	0,5
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	**8.241**	**100**	**9327***	**100**	**2.455**	**100**

* Ath. að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður, t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.
Fyrst var spurt um áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009.

Til viðbótar við þessar upplýsingar tekur Barnaverndarstofa saman upplýsingar um hversu oft barn, sem tilkynnt er um, er talið í yfirvofandi hættu. Samkvæmt samtölueyðublöðum vegna ársins 2008 bárust barnaverndarnefndum alls 90 tilkynningar þar sem barn var talið í yfirvofandi hættu á því ári. Samkvæmt sískráningareyðublöðum fyrir árið 2009 bárust alls 186 tilkynningar á því ári þar sem barn var talið í yfirvofandi hættu. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2010 bárust barnaverndarnefndum samkvæmt sískráningareyðublöðum alls 39 tilkynningar þar sem barn var talið í yfirvofandi hættu. Samkvæmt sískráningareyðublöðum bárust 45 tilkynningar þar sem barn var talið í yfirvofandi hættu á fyrstu þremur mánuðum ársins 2009.

Hvað varðar alvarleika mála má almennt ætla að vistanir barna utan heimilis komi eingöngu til álita í alvarlegustu barnaverndarmálunum. Í töflu 5 er að finna upplýsingar um fjölda vistaðra barna á langtímameðferðarheimili á árunum 2008 og 2009.

Tafla 5 – Fjöldi vistaðra barna á langtímameðferðarheimilum

Heimili	2008	2009
Árbót/Berg	18	15
Geldingalækur	4	–
Laugaland	11	12
Hvítárbakki	1	–
Háholt	12	13
Götusmiðjan Brúarholt	39	48
Alls/meðaltal	**85**	**88**

Athuga ber að á milli áranna 2008 og 2009 fækkaði rýmum á langtímameðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu úr 46 í 30 vegna minni eftirspurnar barnaverndarnefnda en samkvæmt samningum Barnaverndarstofu við meðferðarheimilin getur þó verið svigrúm til að vista fleiri börn undir ákveðnum kringumstæðum. Í stað rýma á langtímameðferðarheimilum hefur Barnaverndarstofa aukið framboð á meðferðarúrræðum án þess að gripið sé til vistunar utan heimilis.

Í töflum 6–7 er að finna upplýsingar um fjölda koma á Stuðla á árunum 2008 og 2009, annars vegar á meðferðardeild og hins vegar á lokaða deild (neyðarvistun).

Tafla 6 – Notkun á meðferðardeild Stuðla

Ár	Komur
2008	50
2009	46

Tafla 7 – Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun)

Ár	Komur
2008	182
2009	263

Til viðbótar við upplýsingar í töflum 5–7 um vistanir barna utan heimils er rétt að taka fram að samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu fóru 62 börn í tímabundið fóstur og 11 börn í svokallað styrkt fóstur (sem einnig er tímabundið) á árinu 2008. Sama ár fóru 12 börn í varanlegt fóstur auk þess sem tímabundið fóstur breyttist í varanlegt í 15 tilvikum. Ekki liggja enn fyrir endanlegar tölur um ráðstafanir í fóstur vegna ársins 2009.

5. ***Upplýsingar um framkvæmd og vinnuferli við barnaverndarmál sem og úrræði sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til og hvort breytingar á ferlinu og úrræðum séu fyrirhugaðar.***

Ráðuneytinu barst eftirfarandi svar frá Barnaverndarstofu við spurningu 5:

Barnaverndarlög kveða í aðalatriðum á um það hvernig barnaverndarmál skulu unnin. Í frumvarpi til breytinga á gildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002 (hér eftir barnaverndarlög) er ekki gert ráð fyrir breytingu á verklagi við vinnslu barnaverndarmála. Hér á eftir er að finna lýsingu á því hvernig barnaverndarnefndir vinna almennt í kjölfar þess að tilkynning

berst. Þó ber að hafa í huga að þar sem hvert barnaverndarmál er einstakt er vinnsla einstaka mála er ólík og ber eingöngu að nota lýsinguna til viðmiðunar.

Þegar barnaverndarnefndum berst tilkynning um misbrest í uppeldi eða áhættuhegðun barna þarf að meta hvort um rökstuddan grun sé að ræða. Samkvæmt 21. gr. barnaverndarlaga skal ákvörðun tekin eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 7 dögum eftir að upplýsingar berast. Hafa skal í huga hvort líkamlegur, tilfinningalegur og vitsmunalegur þroski barns sé í hættu, hvort barnið sé í hættu eða vanrækt og hver tilkynnir. Til að glöggva sig frekar á þessu geta barnaverndarstarfsmenn rætt aftur við tilkynnanda og/eða skoðað upplýsingar eða gögn sem barnaverndarnefnd kann að hafa í fórum sínum. Eftir það er tekin ákvörðun um hvort eigi að kanna málið eða ekki.

Markmið með könnun máls er að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, aðbúnað þess á heimilinu, skólagöngu, hegðun og líðan. Jafnframt þarf að afla upplýsinga um hagi foreldra og kanna hvernig þeim tekst að mæta þörfum barnsins fyrir umönnun, ástúð, öryggi o.fl. sbr. 22. gr. barnaverndarlaga og 16. gr. reglugerðar nr. 56/2004. Markmið með könnun er því að meta hvort barnið sé í hættu, safna staðreyndum varðandi þann grun sem fram hefur komið, ákveða hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af aðstæðum barns, finna hvaða styrkleikar eru hjá barninu, í fjölskyldunni og umhverfinu auk þess að ákveða stuðning og/eða aðrar aðgerðir gagnvart barninu og mögulega öðrum. Algengast er að byrjað sé á því að hafa samband við foreldra og þeir boðaðir í viðtal en þegar um er að ræða grun um að barnið hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra er byrjað á því að ræða við barnið og gera viðeigandi ráðstafanir áður en haft er samband við foreldra. Þegar mál hefur verið kannað nægilega skal taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hvaða úrbóta er þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

Gerð er áætlun um meðferð máls þegar niðurstaða könnunar bendir til þess að þörf sé á frekari íhlutun, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga. Í slíkri áætlun kemur fram hverjar ástæður og markmið íhlutunar séu, hvaða stuðningsúrræði séu við hæfi, hvert hlutverk forsjáraðila sé, og barns (ef við á), og tímarammi. Stuðningsúrræði sem barnaverndarnefndir veita börnum og fjölskyldum þeirra eru margvísleg og algengt að fleiri en einu úrræði sé beitt. Úrræði á grundvelli barnaverndarlaga eru flokkuð eftir því hvort veita eigi stuðning til barns og/eða fjölskyldu inn á heimili barnsins eða utan þess með fósturvistun eða vistun á meðferðarheimili. Úrræði eru einnig flokkuð eftir því hvort um sé að ræða samstarf við foreldra og/eða barn, sbr. 24. og 25. gr. barnaverndarlaga eða hvort beita þurfi þvingun, sbr. 26.–29. gr. sömu laga.

Að öðru leyti er sérstakur kafli um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum í VIII. kafla barnaverndarlaga, þar sem rannsóknarheimildum og kröfum til barnaverndarnefnda um vandaða málsmeðferð er lýst.

Hvað varðar upplýsingar um úrræði sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á þeim er rétt að árétta að barnaverndarnefndir eru hluti af stjórnsýslu sveitarfélaga og gera barnaverndarlög ráð fyrir að þær hagi úrræðum á sínum vegum eftir þörfum hverju sinni.

Sveitarfélög hafa þróað ýmis úrræði á vegum félags- og/eða skólaþjónustu sem barnaverndarnefndir geta virkjað, svo sem foreldrafræðslu og hópastarf fyrir börn. Þá hafa sveitarfélög þróað fjölbreytt úrræði í barnavernd út frá aðstæðum á hverjum stað. Alla jafna er fyrsti stuðningurinn við barn og/eða fjölskyldu þess veittur inn á heimili barnsins. Á þann hátt verður minnst röskun á högum barnsins, auk þess sem barnið er í því umhverfi sem gera

má ráð fyrir að það eigi eftir að alast upp í. Leiðbeiningar til foreldra um uppeldi og aðbúnað barns er úrræði sem stundum er notað eitt og sér en einnig til viðbótar við önnur úrræði. Leiðbeiningarnar eru oft hluti af fjölskylduráðgjöf eða félagslegri ráðgjöf við fjölskylduna og geta falist í reglulegum viðtölum við foreldra og/eða barn. Stuðningur getur falist í viðtölum hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingi, t.d. sálfræðingi eða félagsráðgjafa, sérstökum stuðningi sem tengist námi eða að stuðlað sé að því að barnið komist í frekari greiningu og meðferð t.d. á barnageðdeildum. Undir þetta fellur einnig að útvega barni sumardvöl. Stuðningur getur einnig falist í því að barni eða fjölskyldu er útvegaður tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskyldu sbr. reglugerð nr. 652/2004. Þá getur stuðningur falist í að aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarstofa hefur einnig sett á fót ýmis sérhæfð úrræði sem barnaverndarnefndir hafa aðgang að og stofan reynir að koma til móts við þarfir nefndanna á hverjum tíma í þessum efnum. Helstu úrræðin sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu eru eftirfarandi:

- Barnahús, frá nóvember 1998.
- Fjölkerfameðferð (MST), frá nóvember 2008.
- Sálfræðiþjónusta fyrir börn sem sýna af sér óæskilega kynhegðun, frá september2009.
- Hópmeðferð fyrir börn sem hafa búið við ofbeldi á heimili, frá janúar 2010.

Barnaverndarstofa hefur einnig gert samning við Akureyrarbæ um sérhæfða þjónustu fyrir unglinga í Eyjafirði á grundvelli PMT aðferðafræðarinnar (Parent Management Training) og við Árborg um þjónustu við unglinga á Suðurlandi á grundvelli ART þjálfunar (Agression Replacement Training).

Þegar nauðsynlegt er að vista börn utan heimilis ber sveitarfélögum að hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku, hvort heldur sem er í bráðatilvikum eða til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna sbr. 84. gr. bvl. Nánar er fjallað um skilyrði slíkra heimila, leyfisveitngar ofl. í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Hvað varðar breytingar á úrræðum er gert ráð fyrir því að ríkið taki yfir rekstur stofnana sem barnaverndarnefndir reka nú samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga en barnaverndarnefndir beri áfram ábyrgð á því að til staðar séu einkaheimili til að taka við börnum. Breytt verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum opnar fyrir tækifæri til þess að byggja upp sérhæfðari stofnanir sem allar nefndir landsins hefðu aðgang að. Slík uppbygging krefst þess að aukið fjármagn fylgi auknum verkefnum sem Barnaverndarstofu er falið.

6. *Samspil barnalaga og barnaverndarlaga, sýslumanna og barnaverndaryfirvalda og aðgerðir til að tryggja að kerfin vinni betur saman.*

Um þetta efni er nokkuð fjallað í drögum að frumvarpi til breytinga á barnalögum sem er að finna á heimasíðu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Félags- og tryggingamálaráðuneyti tekur undir þá faglegu umfjöllun sem þar er að finna um samspil og skil barnalaga og barnaverndarlaga og hér á eftir verða rakin nokkur atriði úr athugasemdum frumvarpsins.

I. Skil milli laganna – Samspil laganna

Aðalmunurinn á lagabálkunum tveimur felst í því að barnaverndarlög taka til ákveðinna málaflokka sem varða börn en barnalögin eru almenn lög sem taka til allra foreldra og barna.

Barnaverndarnefndir fara með viðkvæm málefni í ákveðnum málaflokkum. Barnaverndarnefndir stefna að ákveðnum markmiðum og beita viðhlítandi úrræðum. Nefndirnar grípa til afgerandi ráðstafana ef þörf krefur til að tryggja barni viðunandi uppeldisaðstæður. Í lög-

unum eru skýr ákvæði um eftirlit með nefndunum, ákvarðanir, kæruleiðir og aðkomu dómstóla. Mikilvægt er að kynna hlutverk barnaverndaryfirvalda og afmarka hvaða mál falla undir þau. Sem dæmi um viðkvæma og afdrifaríka ákvörðun í lífi barns sem tekin er samkvæmt barnaverndarlögum er forsjársvipting barns og þegar barn er vistað utan heimilis án samþykkis.

Undir barnalög falla líka viðkvæm mál, eins og forsjár- og umgengnisréttardeilur. Slík mál geta valdið börnum miklu tilfinningalegu álagi. Teknar eru viðkvæmar, afdrifaríkar og persónulegar ákvarðanir á grundvelli barnalaga, svo sem að annað foreldri fari með forsjá barns en hitt ekki eða að umgengni verði takmörkuð eða jafnvel engin.

Ýmis dæmi eru um að barnalög og barnaverndarlög eigi við í sama máli. Mál getur til dæmis byrjað sem barnaverndarmál, en síðar deila foreldra um forsjá, umgengni og framfærslu á grundvelli barnalaga. Þá geta mál byrjað sem deila um forsjá eða umgengni samkvæmt barnalögum en síðan koma upp aðstæður sem valda því að rétt er að tilkynna málið til barnaverndarnefnda. Á þetta einkum við ef talið er að foreldri valdi ekki uppeldishlutverki sínu. Við þær aðstæður getur reynt á tilkynningarskyldu sýslumanna til barnaverndarnefndar. Slík mál geta samtímis verið til meðferðar hjá sýslumanni og barnaverndarnefnd og eru þá greið og góð samskipti milli stjórnvaldanna afar mikilvæg. Þegar mál eru í þessum farvegi þarf að liggja ljóst fyrir hvaða úrræðum barnaverndarnefnd getur beitt. Í slíkum málum getur oft verið óraunhæft að ætla barnaverndarnefnd að leysa deilur um forsjá eða umgengni með einhvers konar ráðgjöf eða stuðningi eftir að búið er að reyna að veita ráðgjöf og leiðbeiningar samkvæmt barnalögum.

Ávallt þarf að gæta vel að mörkum þessarar tveggja laga. Þegar mál heyra undir bæði lögin, eru til dæmis í senn barnaverndarmál og deilumál um forsjá eða umgengni, er nauðsynlegt að afmarka hlutverk hvors yfirvalds um sig, en jafnframt að samræma málsmeðferð, með hliðsjón af hagsmunum barnsins. Mikilvægt er að átta sig á í þessu sambandi að flest forsjárdeilumál eða umgengnisdeilumál eru ekki barnaverndarmál, heldur falla einungis undir barnalög, og ber þá viðkomandi yfirvöldum að leysa úr afar snúnum og erfiðum málum. Nauðsynlegt er að í barnalögum sé tekið mið af því hve vandasöm málin geta verið þannig að lögin feli í sér heildstæð ákvæði um málsmeðferð, lausnir og úrræði sem duga til að tryggja velferð barna samkvæmt þeim lögum.

Þessi mörk og samspil barnalaga og barnaverndarlaga eru afar mikilvæg. Ávallt verður að hafa gát á undir hvor lögin eiga við um mál, sem til meðferðar eru, og eru í senn barnaverndarmál og forsjár- eða umgengnisdeilumál.

Í frumvarpi til breytinga á barnalögum er lögð áhersla á að afmarka hlutverk hvors yfirvalds fyrir sig og leita leiða til að samræma málsmeðferð, ákvarðanatöku og framkvæmd, allt með hliðsjón af hagsmunum barnsins.

Þau yfirvöld sem fara með barnaverndarmál eru barnaverndarnefndir, kærunefnd barnaverndarmála og Barnaverndarstofa, en á hennar vegum starfar Barnahús. Einnig koma dómstólar að ákvörðunum í erfiðustu málunum. Yfirstjórn barnaverndarmála er hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Yfirvöld sem fara með mál samkvæmt barnalögum eru sýslumenn, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og dómstólar.

Á undanförnum árum hefur verið lögð rík áhersla á að skerpa skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga eins og frekast er kostur til að málsmeðferðin verði skýr og hnitmiðuð með hliðsjón af hagsmunum barns.

II. Umsagnir barnaverndarnefnda um umgengnismál samkvæmt barnalögum

Hér eru tengsl barnalaga og barnaverndarlaga með annars konar hætti en lýst er í lið I. Um er að ræða mál sem falla að öllu leyti undir barnalög. Sýslumaður getur óskað eftir umsögn barnaverndarnefndar þegar deilt er um umgengni og jafnframt að barnaverndarnefnd veiti liðsinni eða hafi eftirlit með umgengni. Slík tengsl þessara tveggja kerfa hafi ekki reynst vel og hafa þótt gera mörk barnalaga og barnaverndarlaga óskýr. Foreldrum hættir til að skilja þessa málsmeðferð sem svo að með umsögn barnaverndarnefndar sé mál þar með orðið að barnaverndarmáli og líta svo á að umsögn barnaverndarnefndar sé ákvörðun í málinu.

Í fyrirliggjandi frumvarpi til breytinga á barnalögum er lagt til að höggva á þessi tengsl milli framkvæmdar sýslumanna í umgengnismálum og umsagnar barnaverndarnefnda, en þess í stað verði farin sú leið að sýslumenn geti leitað til sérfræðings á sínum vegum.

7. *Aðgerðir til að sporna við ofbeldi gegn börnum sem gripið hefur verið til eða eru áætlaðar.*

Ráðuneytinu barst eftirfarandi svar frá Barnaverndarstofu við spurningu 7:

Á vegum fjölmargra barnaverndarnefnda er unnið mikið forvarnarstarf í þeim tilgangi að efla foreldrafærni, og miðar það m.a. að því að sporna við því að óæskilegum uppeldisaðferðum, svo sem líkamlegum refsingum sé beitt. Farið er yfir helstu úrræði hverrar nefndar í skýrslu sem Barnaverndarstofa skilaði félags- og tryggingamálaráðherra í nóvember sl. eftir að fundað var með öllum barnaverndarnefndum á landinu. Áréttar Barnaverndarstofa það sem fram kemur í þeirri skýrslu varðandi nauðsyn þess að halda slíku forvarnarstarfi áfram.

Á starfsdegi félagsráðgjafa í barnavernd síðastliðið haust var einnig skipaður vinnuhópur, sem Barnaverndarstofa stýrði, sem hafði það verkefni að útbúa verklagsreglur fyrir barnaverndarnefndir vegna gruns um ofbeldi gegn börnum. Afrakstur þeirrar vinnu var kynntur á starfsdegi stofunnar með félagsmálastjórum í mars sl. og voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við reglurnar. Verið er að ganga endanlega frá reglunum og verða þær sendar út til allra nefnda fljótlega. Frá áramótum hefur verið í gildi samningur Barnaverndarstofu við sálfræðing um að veita börnum meðferð sem hafa orðið fyrir eða orðið vitni að heimilisofbeldi. Einnig var barnaverndarlögum breytt vorið 2009 í þeim tilgangi að hnykkja á þeim skilningi að allt ofbeldi gegn börnum, þ.á m. líkamlegar refsingar, væri ólögmætt og refsivert. Að öðru leyti leggur Barnaverndarstofa sig fram um að taka þátt í ráðstefnum og fundum um þetta efni og miðla þeim fróðleik áfram til barnaverndarnefnda auk þess sem Barnaverndarstofa tekur þátt í samræðu í fjölmiðlum sem hefur það að markmiði að fræða og efla samfélagsvitund um þetta vandamál.

8. *Leiðir til að styrkja barnaverndaryfirvöld til að ráða við aukinn málafjölda eða fleiri tilkynningar.*

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Barnaverndarstofu við spurningu 8:

Félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Barnaverndarstofu að funda með öllum barnaverndarnefndum á landinu, sem eru 30 talsins, á vormánuðum 2009 í þeim tilgangi að fara yfir starfsskilyrði barnaverndarnefnda og burði þeirra til að taka við auknum fjölda tilkynninga og auknum málafjölda á næstu missirum. Á þeim fundum aflaði Barnaverndarstofa mikilvægra upplýsinga um stöðu hverrar og einnar barnaverndarnefndar. Helstu ályktunum

stofunnar varðandi hverja nefnd fyrir sig ásamt stöðu barnaverndarmála í heild var safnað saman í skýrslu sem afhent var félags- og tryggingamálaráðherra í byrjun nóvember 2009.

Barnaverndarstofa kannaði sérstaklega viðhorf nefndanna til ýmissa úrræða á grundvelli barnaverndarlaga. Meðal annars var vikið að úrræði barnaverndarnefnda til að veita börnum móttöku í neyðartilvikum, sbr. 84. gr. laganna. Fæstar nefndanna hafa sérstakt úrræði tiltækt í samræmi við ákvæðið. Jafnframt var vikið að fyrirkomulag bakvakta hjá nefndunum, sem er mjög ólíkt á milli einstakra nefnda. Lagt hefur verið fram frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að ríkið taki að sér rekstur stofnana til þess að taka við börnum í bráðatilvikum í stað þess að sú ábyrgð hvíli á nefndunum sjálfum. Hvað varðar fyrirkomulag bakvakta þá stofnaði Barnaverndarstofa sérstakan vinnuhóp með fulltrúum barnaverndanefnda á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar fundanna þar sem sérstaklega var skoðað hvort tilefni væri til þess að nefndirnar kæmu á fót sameiginlegri bakvakt fyrir höfuðborgarsvæðið eða jafnvel allt landið. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að nefndirnar töldu ekki ástæðu til þess að koma á fót slíkri bakvakt en gerðar voru sérstakar athugasemdir við fyrirkomulag fimm barnaverndarnefnda á suðvesturhorni landsins. Barnaverndarstofa mun áfram fylgjast með hvernig bakvaktarmálum barnaverndarnefnda er háttað. Þar sem úrbóta er þörf mun stofan veita nefndum ráðleggingar um hvernig unnt er að bæta úr í þeim efnum.

Ljóst er að geta einstaka barnaverndarnefnda til þess að taka við auknu álagi í kjölfar efnahagshrunsins er misjöfn eftir sveitarfélögum. Athugun Barnaverndarstofu leiddi í ljós að ætla má að um helmingur nefndanna hafi bolmagn til þess að takast á við aukið álag í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Jafnframt má ætla að starfsálag hjá um fjórðungi nefnda hafi verið viðunandi miðað við það álag sem hvíldi á þeim síðastliðið vor. Aukist álag á viðkomandi nefndir verða viðkomandi sveitarfélög að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að nefndunum verði fært að mæta hinu aukna álagi með viðunandi hætti. Þá má ætla að um fjórðungur nefndanna hafi tæpast haft bolmagn til þess að anna þeim málafjölda sem þær sinntu vorið 2009 og séu því engan veginn í stakk búnar til þess að mæta auknu álagi í barnavernd. Barnavemdarstofa taldi þess vegna nauðsynlegt að viðkomandi sveitarfélög gripu til sérstakra ráðstafana til þess að bæta starfsskilyrði nefndanna.

Niðurstöður Barnaverndarstofu eftir umrædda fundi var að sérstaklega þyrfti að beina sjónum að þremur atriðum, sem farið er yfir í framangreindri skýrslu sem skilað var til félags- og tryggingamálaráðherra. Í fyrsta lagi benti Barnaverndarstofa á að leggja yrði áherslu á mikilvægi þess að styrkja stöðu foreldra í uppeldishlutverki sínu nú þegar vandi steðjar að mörgum fjölskyldum, enda reyndi meira en ella á meðvitund foreldra um þarfir barna sinna og almenna foreldrahæfni við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku samfélagi og efnahagslífi. Barnaverndarstofa ítrekar þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni um mikilvægi þess að halda áfram á þeirri braut að styrkja aðgerðir til að styrkja foreldrafærni, svo sem með foreldrafærniþjálfun, líkt og fram kemur í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi árið 2007.

Í öðru lagi benti Barnaverndarstofa á að reynslan frá Finnlandi, eftir efnahagshrunið þar í byrjun 10. áratug síðustu aldar, væri sú að þau böm sem harðast urðu úti í kjölfar kreppunnar voru úr fjölskyldum sem háðar voru opinberri aðstoð. Bent var á að nauðsynlegt væri að huga sérstaklega að hinum félagslega arfi við meðferð barnaverndarmála þar sem foreldrarnir hefðu sjálfir verið viðfangsefni barnaverndar í æsku enda mætti ætla að sá hópur fjölskylda væri í sérstökum áhættuhópi. Nauðsynlegt væri að sinna þessum fjölskyldum sérstaklega og beina sérstöku fjármagni til að styðja þennan hóp foreldra.

Í þriðja lagi lagði Barnaverndarstofa til að sérstök úttekt yrði gerð á barnaverndarstarfi í Reykjavík þar sem álag þar væri meira en góðu hófi gegndi og æskilegt væri að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirrar stöðu. Reykjavíkurborg brást við áhyggjum Barnaverndarstofu vegna álags á starfsmen Barnaverndar Reykjavíkur með því að fjölga stöðugildum þar um þrjú. Barnaverndarstofa telur því rétt að bíða með umrædda úttekt þar sem ætla má að fjölgunin muni draga úr álagi á einstaka barnaverndarstarfsmenn í Reykjavík.

Barnaverndarstofa hefur sent hverri og einni barnaverndarnefnd niðurstöður fundarins með nefndinni og óskað eftir upplýsingum um með hvaða hætti þær hyggjast bregðast við þeim ábendingum og athugasemdum sem komu fram við athugun stofunnar. Þegar þetta er skrifað hefur tæplega helmingur barnaverndarnefndanna svarað erindinu.

Barnaverndarstofa hefur á undanförnum missirum ráðist í ýmsar breytingar á þeim meðferðarúrræðum, sem stofan hefur í boði fyrir barnaverndanefndir, í þeim tilgangi að bregðast við breyttum kröfum og áherslum í þessum efnum, sem m.a. hefur birst í fækkun umsókna um langtímameðferð á vegum stofunnar á undanförnum árum. Í nóvember 2008 hóf Barnaverndarstofa að bjóða upp á Fjölkerfameðferð (MST) fyrir barnaverndanefndir á suðvesturhorni landsins. Vegna þess hversu góðar viðtökur sú meðferð hefur fengið hjá barnaverndarnefndum hóf annað MST-meðferðarteymi Barnaverndarstofu störf í mars sl. Meðferðin byggir á því að veita fjölskyldum barna með alvarlegan hegðunarvanda þjónustu og stuðning á heimili sínu í stað þess að vista barnið utan heimilis á langtímameðferðarheimili. Rannsóknir benda til þess að árangur af slíkum úrræðum sé síst minni en þegar börn eru vistuð utan heimilis. Auk þess er heildarkostnaður töluvert lægri þegar litið er til þess hversu mörgum börnum er hægt að veita þjónustu. Í ljósi þess hversu fámenn búsetusvæði eru í öðrum landshlutum er ekki mögulegt að starfrækja MST meðferðarteymi þar. Barnavemdarstofa hefur samt sem áður lagt áherslu á að veita börnum, sem þar búa, fullnægjandi þjónustu í þessum efnum. Á árinu 2009 var komið á fót tveimur tilraunaverkefnum, báðum til tveggja ára, þar sem áhersla er lögð á að veita bömum með alvarlegan hegðunarvanda þjónustu í sinni heimabyggð. Annars vegar var gerður samningur við barnaverndanefnd Eyjafjarðar um að veita börnum og fjölskyldum þeirra á Norðurlandi svokallaða PMT-meðferð. Hins vegar var gerður samningur við Félagsþjónustuna í Árborg um að veita börnum og fjölskyldum á Suðurlandi svokallaða ART-meðferð. Barnaverndarstofa mun svo fara yfir árangur þessara tilraunaverkefna að samningstíma liðnum, m.t.t. árangurs af meðferðinni og eftirspurn eftir slíkum úrræðum.

Til viðbótar við framangreind verkefni hóf Barnaverndarstofa haustið 2008 að bjóða barnaverndarnefndum upp á meðferð fyrir börn sem sýnt hafa óæskilega kynferðishegðun, t.a.m. framið kynferðisbrot gegn öðrum börnum. Í byrjun árs 2010 hóf Barnaverndarstofa jafnframt að bjóða barnaverndanefndum meðferð fyrir böm sem hafa orðið fyrir, eða orðið vitni að, heimilisofbeldi. Hér er um að ræða sérhæfðar meðferðir sem erfitt er að gera kröfu um að barnaverndanefndir í fámennum umdæmum geti boðið upp á óstuddar. Einnig hefur Barnaverndarstofa komið á fót sérstöku heimili í samræmi við 84. gr. barnaverndarlaga. Heimilið er ætlað börnum sem hafa lokið grunnskólanámi og meðferð á vegum stofunnar og eiga ekki afturkvæmt á heimili sín. Hingað til hafa eingöngu barnaverndanefndir í fjölmennustu sveitarfélögunum geta boðið upp á slíkt úrræði. Er um að ræða tilraunaverkefni til eins árs og verður árangurinn af verkefninu metinn m.t.t. hver þörf fyrir slíkt úrræði er.

Einnig má hér nefna að Barnaverndarstofa hefur brugðist við þörf barnaverndanefnda um sérhæfðari meðferð utan heimilis með því að loka meðferðarheimilinu að Árbót í Aðaldal, en eftirspurn eftir meðferð þar hafði dregist mjög saman, og mun í stað þess opna meðferðar-

heimili að Geldingalæk í lok sumars. Heimilið mun uppfylla betur þarfir barnaverndarnefnda fyrir sérhæfða meðferð utan heimilis nær höfuðborgarsvæðinu.

Barnaverndarstofa mun halda áfram að meta þarfir barnaverndarnefnda á úrræðum og stuðningi og bregðast við þeim eftir því sem kostur er.

Annað

Framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu um barnavernd til fjögurra ára 2007–2010

Samkvæmt 5. gr. barnaverndarlaga ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á stefnumótun í barnavernd og leggur ráðherra fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára að loknum sveitarstjórnarkosningum. Slík áætlun byggir á ákvæðum barnaverndarlaga um ábyrgð og skyldur ríkisins í barnaverndarmálum sem nánar er lýst í 7. gr. barnaverndarlaga þar sem hlutverk Barnaverndarstofu er rakið.

Áætlun Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytis í barnavernd frá október 2007 var lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010, þskj. 835 — 534. mál.

Eins og fram kemur í áætluninni felst ætlunverk félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði hefur ráðuneytið ásamt Barnverndarstofu sett sér eftirfarandi meginmarkmið sem unnið verður að á áætlunartímabilinu. Í því augnamiði skal ráðuneytið og Barnaverndarstofa hafa eftirtalin fimm meginmarkmið að leiðarljósi:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis.
2. Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu.
3. Að efla þjónustu Barnaverndarstofu.
4. Að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar.
5. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Endurskoðun barnaverndarlaga nr. 80/2002, þskj. 947 – 557 mál.

Með endurskoðun laganna var ætlunin að leggja mat á hvernig lögin hefðu reynst og koma með tillögur í því sambandi. Þá skyldi skoða sérstaklega ákvæði laganna um vistun barna utan heimilis, og loks hverju þyrfti að breyta í lögunum til samræmis við nýja tíma.

Reynslan sýnir að lögin hafa dugað nokkuð vel, en ávallt þarf að vera vel á verði um að bæta réttarstöðu barna innan barnaverndarkerfisins. Víða í frumvarpinu eru því lagðar fram breytingar í þá veru.

Hvað vistanir barna utan heimilis áhrærir er lagt til að auka ábyrgð ríkisins á uppbyggingu heimila og stofnana. Ein veigamikil röksemd fyrir því er að sú þjónusta sem er í boði taki til allra barna, óháð búsetu. Hér er átt við sérstök heimili fyrir börn, sem í raun hafa einungis verið rekin í Reykjavík. Tillagan felur í sér að fjögur heimili, sem nú eru rekin á vegum Reykjavíkurborgar, færist til ríkisins.

Þá er í frumvarpinu gerð tillaga um að lögleiða mikilvægt nýmæli um að auka gæði og eftirlit með úrræðum enda eru börn vistuð á ábyrgð barnaverndaryfirvalda. Markmiðin eru, m.a. að tryggja að fyrirkomulag úrræða og markmið vistunar uppfylli ákvæði laga, reglu-

gerða og staðla. Í því skyni er lagt til að lögfest verði sérstök ákvæði um eftirlit af hálfu óháðra eftirlitsaðila.

1360. Svar [614. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

1. *Við hvaða sveitarfélög og/eða sorpsamlög sveitarfélaga hafa skilakerfi samið um móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs á grundvelli laga nr. 73/2008, um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs? Svar óskast sundurliðað eftir landshlutum.*

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu söfnunarstöðvar sveitarfélaga hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Söfnunarstöðvunum ber að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst en er heimilt að taka gjald fyrir móttöku á öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum. Í 7. gr. reglugerðar nr. 1104/2008, um raf- og rafeindatækjaúrgang, er gert ráð fyrir að skilakerfin semji við sveitarfélög um nánara fyrirkomulag söfnunar úrgangsins. Sjá nánar töflu í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar.

2. *Hvenær hófst söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga samkvæmt samningum við skilakerfi? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum/sorpsamlögum.*

Sjá töflu hér að neðan.

Sveitarfélög	Fjöldi sveitar félaga	Sorpsamlag – Þjónustuaðili	Samningur við skilakerfi	Landshluti	Heildarfjöldi sveitarfélaga í landshluta	Hvenær hófst söfnun	Magn safnað 2009 (kg)
Djúpavogshreppur	1	Efnam.[1]	Já	Austurland	9	01 2010	0
Fjarðabyggð – Reyðarfjörður	1	Hringrás[2]	Nei	Austurland		08 2009	0
Fjarðabyggð	1	Hringrás	Nei	Austurland	9	08 2009	1000
Fjarðabyggð – Reyðarfjörður	1	Efnam.[3]	Nei	Austurland	9	2009	132
Hornafjörður	1	Efnam.	Já	Austurland	9	01 2010	0
Reykjavík	1	Hringrás	Nei	Höfuðborgar-svæðið	8	01 2009	25.000
Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu	7	SORPA Efnam.	Já	Höfuðborgar-svæðið	8	01 2009 05 2009	810287
Akureyrarkaupstaður	1	Efnam.	Já	Norðurland eystra	14	02 2010	7.957
Akureyrarkaupstaður	1	Hringrás	Nei	Norðurland eystra	14	08 2009	2000

[1] Söfnun á grundvelli þjónustusamnings Sagaplasts (dótturfyrirtækis Efnamóttökunnar).
[2] Ekki samningur á milli skilakerfis og sveitarfélags. Hins vegar er raf- og rafeindatækjaúrgangi safnað á grundvelli þjónustusamnings Hringrásar hf. og sveitarfélags en Hringrás hf. er í samvinnu við annað skilakerfið. Þetta á við alla söfnunarstaði Hringrásar í þessari töflu. Skilakerfið hefur ekki talið þörf á að semja beint við sveitarfélag þar sem þegar er samningur milli sveitarfélags og Hringrásar um móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Skilakerfið og Hringrás hafa gert samkomulag um að tekið sé á móti raf- og rafeindatækjaúrgangi á öllum móttökustöðvum Hringrásar.
[3] Tilfallandi skil.

Dalvíkurbyggð	1	Efnam.	Já	Norðurland eystra	14	02 2010	0
Langanesbyggð	1	Hringrás	Nei	Norðurland eystra	14	08 2009	0
Norðurþing – Húsavík	1	Efnam.	Já	Norðurland eystra	14	12 2009	1898
Blönduósbær	1	Efnam.	Já	Norðurland vestra	7	11 2009	0
Húnaþing vestra – Hvammstangi	1	Efnam.	Já	Norðurland vestra	7	11 2009	9.475
Skagafjörður	1	Hringrás	Nei	Norðurland vestra	7	08 2009	5000
Skagafj.– Sauðárkr.		Efnam.[4]	Nei			2010	63
Skagaströnd	1	Efnam.	Já	Norðurland vestra	7	11 2009	0
Skagaströnd	1	Hringrás	Nei	Norðurland vestra	7		0
Reykjanes – Helguvík	1	Hringrás	Nei	Reykjanes	5	08 2009	0
Sveitarfélög á Reykjanesi	5	Kalka Efnam.[5]	Já	Reykjanes	5	05 2009	60.156
Árborg	1	Efnam.	Já	Suðurland	14	10 2009	3.959
Bláskógabyggð	1	Efnam.[6]	Já	Suðurland	14	12 2009	621
Grímsnes- og Grafningshreppur – Seyðishólar	1	Efnam.	Já	Suðurland	14	01 2010	0
Mýrdalshreppur	1	Hringrás	Nei	Suðurland	14	08 2009	500
Ölfus	1	Efnam.	Já	Suðurland	14	12 2009	0
Ísafjarðarbær	1	Efnam.	Já	Vestfirðir	10	11 2009	1.854
Akraneskaupstaður	1	Efnam.	Já	Vesturland	10	11 2009	104
Borgarbyggð – Borgarnes	1	Efnam.	Já	Vesturland	10	12 2009	0
Snæfellsbær – Ólafsvík	1	Efnam.	Já	Vesturland	10	11 2009	0
Stykkishólmsbær	1	Efnam.	Nei	Vesturland	10		1.000[7]
Grundarfjarðarbær	1	Efnam.	Nei	Vesturland	10		719[8]
Samtals	32				77		931.725

3. Í hvaða sveitarfélögum er söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs enn ekki hafin? Liggja fyrir upplýsingar um hvenær úr því verði bætt?

Eins og kemur fram hér að framan er gert er ráð fyrir að skilakerfi og sveitarfélag semji um nánara fyrirkomulag söfnunar úrgangsins, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1104/2008, um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í þeim tilvikum þar sem samningur hefur ekki verið gerður getur söfnunarstöð beðið skilakerfi um að sækja til sín úrgang og skal skilakerfið sækja úrganginn innan þriggja daga, sbr. 6. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hafa 28 sveitarfélög samið við skilakerfi um nánara fyrirkomulag söfnunar raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. töflu í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar.

[4] Efnamóttakan hefur móttekið raftækjaúrgang frá Flokkun á Sauðárkróki á árinu 2010. Tilfallandi skil árið 2009.
[5] Söfnunarstöðvar Kölku eru í Garði, Grindavík og Vogum.
[6] Söfnunarstöðvar Bláskógabyggðar eru á Laugarvatni, í Reykholti og í Heiðarbæ á Þingvöllum.
[7] Heildartala fyrir Stykkishólmsbæ og Grundarfjarðarbæ er 1.719 kg.
[8] Heildartala fyrir Stykkishólmsbæ og Grundarfjarðarbæ er 1.719 kg.

Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá Umhverfisstofnun um hvenær og hvort önnur sveitarfélög og skilakerfi semja sín á milli um fyrirkomulag söfnunar úrgangsins.

4. Hve mikið magn raf- og rafeindatækjaúrgangs hefur safnast á árinu 2009:

Eftirfarandi eru áætlaðar tölur fyrir árið 2009, byggðar á upplýsingum frá starfandi skilakerfum:

a. heildarmagn í tonnum,

Heildarmagn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem safnað var á Íslandi 2009 er 931.725 kg, eða 931 tonn.

b. í kílóum á hvern landsmann,

Mannfjöldi á Íslandi 1. janúar 2010 var 317.630. Það þýðir að árið 2009 hafi verið safnað 2,93 kg á hvern landsmann.

c. á hverri söfnunarstöð?

Í töflunni hér á eftir eru upplýsingar um hvernig heildarmagn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem safnað var á Íslandi 2009 skiptist á milli söfnunarstöðva.

Samkvæmt reglugerð nr. 1104/2008, um raf- og rafeindatækjaúrgang, skulu skilakerfi skila upplýsingum um magn sem safnað er skipt eftir flokkum til stýrinefnda fyrir 1. júní 2010 fyrir árið 2009.

Sveitarfélag	**Söfnunarstöð/Þjónustuaðili**	**Magn kg**
Djúpavogshreppur		0
Fjarðabyggð – Reyðarfjörður	Hringrás	0
Fjarðabyggð	Hringrás	1000
Fjarðabyggð – Reyðarfjörður	Efnamóttakan	132
Hornafjörður		0
Reykjavík	Hringrás – Klettagarðar	25.000
Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu	SORPA – Ánanaust	127.287
	SORPA – Jafnasel	100.329
	SORPA – Sævarhöfði	223.113
	SORPA – Dalvegur	168.596
	SORPA – Breiðhella	104.732
	SORPA – Blíðubakki	40.874
	SORPA – Norðurgrund	1.471
	Efnamóttakan	43.885
Akureyrarkaupstaður	Efnamóttakan	7.957
Akureyrarkaupstaður	Hringrás	2000
Dalvíkurbyggð	Efnamóttakan	0
Langanesbyggð	Hringrás	0
Norðurþing – Húsavík	Efnamóttakan	1898
Blönduósbær	Efnamóttakan	0
Húnaþing vestra – Hvammstangi	Efnamóttakan	9.475
Skagafjörður	Hringrás	5000
Skagafjörður – Sauðárkrókur	Efnamóttakan	63
Skagaströnd	Efnamóttakan	0

Skagaströnd	Hringrás	0
Reykjanes – Helguvík	Hringrás	0
Sveitarfélög á Reykjanesi	Efnamóttakan	60.156
	Kalka – Grindavík	0
	Kalka – Vogar	0
	Kalka – Garður	0
Árborg	Efnamóttakan	3959
Bláskógabyggð	Efnamóttakan	621
	Laugarvatn	0
	Reykholt	0
	Heiðarbær á Þingvöllum	0
Grímsnes- og Grafningshreppur – Seyðishólar	Efnamóttakan	0
Mýrdalshreppur	Hringrás	500
Ölfus	Efnamóttakan	0
Ísafjarðarbær	Efnamóttakan	1.854
Akraneskaupstaður	Efnamóttakan	104
Borgarbyggð – Borgarnes	Efnamóttakan	0
Snæfellsbær – Ólafsvík	Efnamóttakan	0
Stykkishólmsbær	Efnamóttakan	1.000
Grundarfjarðarbær	Efnamóttakan	719

5. *Hve hátt er hlutfall endurvinnslu/endurnotkunar raf- og rafeindatækjaúrgangs hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum?*

Land	Ár	Safnað kg	Endurnotkun (re-use)	%	Endurnýting (recovery)	%
Ísland	2009	930.006	-[1]	-	-	-
Svíþjóð	2008	146.767.000	-	-	135.529.000	92,34
Finnland	2008	54.628.817	475.900	0,87	47.074.200	86,17
Noregur	2009	153.362.000	5100	0,03	139.117.000	91,75
Danmörk	2008	77.629.000	-	-	-	-

[1] Sundurliðun liggur ekki fyrir.

Hafa ber í huga að Norðurlöndin innleiddu tilskipun nr. 2002/96/EB, raf- og rafeindatækjaúrgang, mun fyrr eða á árunum 2005–2006, nema Noregur sem hefur haft sambærilegar reglur frá árinu 1999. Framkvæmd laga vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2002/96/EB hér á landi hófst 1. janúar 2009 og er því komin skemur á veg.

6. *Hefur sú aðferð sem lagt var upp með í söfnun raf- og rafeindatækjaúrgangs staðist væntingar ráðuneytisins og hagsmunaaðila?*

Framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatæki kom til framkvæmda 1. janúar 2009. Komið hafa fram ýmsir hnökrar á því fyrirkomulagi sem innleitt hefur verið hér á landi við söfnun og endurvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá því að lögin tóku gildi. Margt af því er búið að leysa eða unnið er að lausn mála. Fyrir liggur að laga þurfi ýmis atriði er varða framkvæmd og útfærslu eins og búist var við. Á þeim tíma frá því að lögin tóku gildi hér á landi

hefur reynslan sýnt að það eru þættir sem má einfalda og bæta. Sumt af því kallar á lagabreytingar og er í vinnslu frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs sem mun taka á þessum þáttum.

Væntingar hagsmunaaðila, þ.e. skilakerfa, varðandi kerfið hafa að þeirra mati ekki staðist. Hagsmunaaðilar hafa bent á að sú leið sem lögin mæla fyrir um sé kostnaðarsöm og óhentug. Að þeirra mati hefði Úrvinnslusjóður átt að sjá um söfnun raf- og raftækjaúrgangs, sem þeir telja að hefði verið hagkvæmara fyrir alla aðila, neytendur, úrvinnsluaðila sem og framleiðendur og innflytjendur. Einnig telja hagsmunaaðilar að stýrinefnd hafi ekki staðið undir væntingum. Þá hefur komið fram að skilakerfin telja mikinn kostnað af starfi stýrinefndar, sérstaklega í ljósi þeirrar þjónustu sem stýrinefnd veitir skilakerfum. Einnig hafa þau bent á að erfiðlega hafi gengið að fá aðila sem standa utan skilakerfis (free-riders) til að gerast aðilar að skilakerfi.

Ráðuneytið telur að nokkru leyti sé hægt að taka undir framangreinda gagnrýni.

7. *Hver er kostnaður sveitarfélaga af móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs og hverjar eru tekjur þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra ákveður?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga liggja þessar upplýsingar ekki fyrir.

8. *Áformar ráðherra að endurskoða gjaldskrána á þessu ári?*

Gjaldskrá um afnot skilakerfa af aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum var sett fyrri hluta árs 2009. Ráðuneytið vann gjaldskrá að fengnum tillögum stýrinefndar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Við undirbúning að ákvörðun gjalda var leitað upplýsinga hjá fagaðilum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þessar upplýsingar vörðuðu m.a. rekstrarkostnað móttökustöðva, tekjur vegna hinna ýmsu flokka úrgangs og magns mismunandi flokka. Var mat lagt á kostnaðaraukningu sveitarfélaga af breyttu lagaumhverfi í ljósi þessara upplýsinga. Fermetrafjöldi gáms og nauðsynlegt athafnasvæði í kringum hann voru meðal þeirra forsendna sem ráðuneytið hafði til hliðsjónar við mat sitt.

Eðlilegt er að fara reglulega yfir forsendur gjalda með stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og meta hvort þörf sé að endurskoða þá gjaldskrá sem í gildi er.

9. *Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum um meðhöndlun úrgangs og fela Úrvinnslusjóði ábyrgð á söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs í stað sérstakra skilakerfa?*

Með lögum nr. 73/2008, um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, voru innleiddar hér á landi tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og tilskipun 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Tilskipun 2002/96/EB kveður á um aukna framleiðendaábyrgð. Frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs var unnið í nefnd sem í áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, Félags íslelnskra stórkaupmanna, Umhverfisstofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar atvinnulífsins í nefndinni voru alfarið sammála þeirri leið sem lögð var til í frumvarpinu. Tilskipun um raf- og rafeindabúnaðarúrgang hefur verið innleidd á öllu EES-svæðinu, þannig að löggjöfin á þessu svæði er hliðstæð hvað

varðar framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatæki þó að uppbygging kerfis og framkvæmdin sé á einhvern hátt mismunandi milli landa.

Eðlilegt er að leggja mat á árangur þessa fyrirkomulags þegar komin er á það heldur meiri reynsla t.a.m. í árslok 2011.

1361. Svar [550. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um fyrirhugaða starfsemi ECA á Íslandi.

1. *Hverjir eru eigendur ECA? Hvernig er stjórn félagsins skipuð?*

Fyrirtækið E.C.A. Program Ltd. (ECA) er einkafyrirtæki, stofnað 2007, með aðsetur að 29 Avenue Monterey, L-2163 Lúxemborg. Forsvarsmaður þess er Meville Peter ten Cate CEO.

2. *Hvers konar starfsemi er fyrirhuguð á vegum ECA á Íslandi?*

Fyrirtækið sérhæfir sig í borgaralegri þjónustu við hermálayfirvöld. Tilgangur þess er að bjóða NATO og ríkjum vinveittum NATO hvers konar aðstoð við herþjálfun. Hluti af áætlun ECA er að kaupa og leigja rússnesk-úkraínskar Sukhoi SU-30 þotur til að gegna hlutverki óvina á þessum æfingum. Umræddar þotur verða skráðar almennri skráningu sem borgaraleg loftför en í þeim verður enginn vopnabúnaður og þær verða útbúnar með vestrænum flugleiðsögubúnaði. Félagið hefur hug á að koma sér upp heimahöfn fyrir vélarnar hér með nauðsynlegri viðhaldsaðstöðu. Þá verður félagið að afla rekstrarleyfis hjá Flugmálastjórn Íslands eins og krafist er fyrir alla atvinnustarfsemi í flugi.

3. *Hvenær hófust viðræður milli ECA og hins opinbera og að frumkvæði hvers hófust þær?*

Félagið hefur sjálft haft frumkvæði að athugun á möguleikum á staðsetningu hér á landi. Það setti sig í samband við íslenska aðila sl. vor og vetur til að kynna sér aðstæður hér á landi og kanna möguleika á Keflavíkurflugvelli sem heimahöfn fyrir starfsemina. Í framhaldinu hóf ECA þreifingar um aðstöðu á Keflavíkurflugvelli og óskaði jafnframt eftir því við Flugmálastjórn Íslands að stofnunin kannaði möguleika á skráningu og rekstri vélanna hér á landi.

4. *Hver heldur utan um málið af hálfu hins opinbera og veitir upplýsingar um framvindu þess?*

Eins og áður kom fram hefur félagið sjálft haft frumkvæði að staðsetningu hér og rekur sitt mál sjálft en ekki opinberir aðilar. Þannig hefur það leitað til þeirra opinberra aðila sem varða einstaka þætti leyfisveitinga og aðstöðu. Hvað varðar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og stofnanir þess þá hefur fyrst og fremst reynt á skoðun Flugmálastjórnar Íslands á laga- og tæknilegu umhverfi og Keflavíkurflugvallar ohf. á aðstöðu þar. Skoðun Flugmálastjórnar miðaði að því að kannað forsendur starfseminnar og hvort og að hvaða marki hún félli að reglum á sviði flugmála, þ.e. hvort breyta þurfi lögum eða reglum hér á landi vegna starfseminnar og önnur almenn skilyrði þess að starfsemin yrði leyfð. Rétt er að undirstrika að hérlendar reglur eru speglun á samevrópsku regluverki á sviði flugmála. Aðkoma Kefla-

víkurflugvallar hefur fyrst og fremst lotið að möguleikum á kaupum, leigu eða uppbyggingu á eigin aðstöðu á flugvellinum

Ráðuneytið hefur fylgst með vinnu Flugmálastjórnar en auk þess hafa starfsmenn þess hitt fulltrúa ECA í tengslum við þessa vinnu. Í byrjun nóvember 2009 vakti ráðuneytið athygli varnamálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins á áhuga fyrirtækisins á þessum rekstri og óskaði eftir því að kannaður yrði áreiðanleiki fyrirtækisins og hvort um hugsanlega öryggishagsmuni væri að ræða af viðskiptum við fyrirtækið.

Flugmálastjóri sendi ráðherra bréf dags. 19. febrúar 2010 ásamt skýrslu um málið, *Registration and operation of military aircraft on civil register*, frá 15. febrúar 2010.

Taka þarf afstöðu til þess hvort leggja eigi í umfangsmikila reglugerðasmíði til að móta nauðsynlega umgjörð um örugga starfsrækslu þessara loftfara og eftirlit með þeim eða ekki og fá til þess samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. *Hvenær er áformað að rekstur ECA hefjist á Íslandi? Á hvaða stigi er málið nú?*
6. *Er eftir að skera úr um einhver vafaatriði málsins vegna og ef svo er, hver eru þau?*

Með öllu er óljóst hvenær eða hvort starfsemi getur hafist en það ræðst m.a. af afstöðu fyrirtækisins sjálfs og hversu hratt það er tilbúið til rekstrar. Þá hefur ráðuneytið ekki tekið afstöðu til þess hvernig staðið verði að regluumhverfinu og eftirliti og jafnframt hvernig kostnaði vegna þessa verður mætt en hann verður væntanlega umtalsverður.

Flugmálastjórn Íslands hóf skoðun málsins í nóvember 2009 og lauk henni í febrúar 2010 með skýrslu þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum sem máli skipta til þess að að fyrirtækið fái leyfi frá Flugmálastjórn Íslands til starfseminnar. Niðurstaða stofnunarinnar var að hún útilokar ekki að starfrækja megi loftför fyrirtækisins borgaralega með þeim hætti sem lagt er til, að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Þessi skilyrði lúta aðallega að eftirfarandi:

- Fyrir liggi samningar um ábyrgð og eftirlit með lofthæfi og rekstri við þáttöku í heræfingum.
- Gefa þurfi út sérstakar reglur um starfsemina vegna sérhæfingar flugsins þar sem útfæra þarf flugöryggislegar og flugtæknilegar kröfur.
- Huga þurfi að „sérstöðu“ flugvélanna sem borgaralegra þegar flogið er milli ríkja.
- Sérhæfða sérfræðinga þurfi til starfa hjá stofnuninni til að hafa eftirlit með starfseminni og heimildir til að innheimta kostnað sem af þessari starfsemi hlýst.
- Hafa þurfi í huga hugsanleg þróun evrópsks regluverks með tilliti til þessarar starfsemi.

Flugmálastjórn bendir í erindi sínu á að starfsemin sé áhugaverð og stuðli að því að efla íslensk flugmál og sé til þess fallin að skapa vinnu og tekjur. Síðast en ekki síst þarf, áður en lengra er haldið, að ljúka könnun á því hvort verkefnið hafi fylgi hjá stjórnvöldum, viðkomandi sveitarfélögum og flugvallarrekanda.

Eftir að hafa kynnt sér aðstæður óskaði ECA, í byrjun október, eftir viðræðum við Keflavíkurflugvöll ohf. um aðstöðu. Komið hefur til álita að leigja aðstöðu í flugskýlum og byggingum sem þegar eru fyrir hendi. Þessar byggingar eru ekki sérstaklega hentugar og hefur áhugi ECA færst frá því að aðlaga eldri byggingar að sínum þörfum yfir í að fá lóðir fyrir nýjar byggingar.

7. *Hvernig samræmist fyrirhuguð starfsemi ECA gildandi stjórnarsáttmála?*

Eins og fram kemur hér að framan er starfsemi ECA borgaraleg starfsemi og staðsetning hér á landi fyrst og fremst hugsuð til að skapa aðstöðu til skráningar, viðhalds og þjálfunar

flugmanna á vélarnar. Ekki er lagt upp með að hér á landi verði skapaður sérstakur vettvangur heræfinga.

Ríkisstjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir endurreisn efnahagslífsins, verndun starfa og sköpun nýrra, auk nýrra leiða í tekjuöflun ríkisins. Starfsemi eins og sú sem ECA hefur áhuga á hér á landi skapar störf, þ.m.t. sérhæfð hálaunastörf, er verðug viðbót við þá efnahagsstarfsemi sem fyrir er á Íslandi og skapar auk þess tekjur fyrir Keflavíkurflugvöll.

1362. Svar [620. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um rekstrarheimildir nýrra hjúkrunarrýma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nýjum hjúkrunarrýmum mun ráðherra leggja áherslu á að verði tryggðar rekstrarheimildir í fjárlögum ársins 2011?*
2. *Hvað er áætlað að þær rekstrarheimildir verði háar?*

Í ráðuneytinu er unnið að gerð tillagna vegna frumvarps til fjárlaga ársins 2011. Þar sem þeirri vinnu er ekki lokið er ekki hægt að segja til um hvort unnt verður að tryggja rekstrarheimildir fyrir nýjum hjúkrunarrýmum á árinu 2011. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs verður að teljast afar hæpið að það verði raunhæft.

Ríkisstjórnin samþykkti í október 2009 að leita eftir samstarfi við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila með alls 361 hjúkrunarrými samkvæmt svokallaðri leiguleið. Hún felur í sér að sveitarfélögin byggja og reka húsnæðið en ríkissjóður greiðir leigu til 40 ára. Sveitarfélögin eru (tölur innan sviga segja til um fjölda rýma):

Akureyrarkaupstaður (45), Borgarbyggð (32), Fljótsdalshérað (30), Garðabær (60), Hafnarfjörður (60), Kópavogur (44), Mosfellsbær (30), Reykjanesbær (30) og Seltjarnarnes (30).

Þegar er búið að undirrita samninga við sex af þessum sveitarfélögum. Áætlunin gerir ráð fyrir að á seinni hluta ársins 2012 verði til 60 ný hjúkrunarrými og verða þau staðsett í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er markmið þessa samstarfs ráðuneytisins og sveitarfélaganna að fækka fjölbýlum og bæta þannig aðbúnað aldraða á hjúkrunarheimilum.

Á vettvangi sameiginlegrar verkefnisstjórnar félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um öldrunarþjónustu er unnið að söfnun upplýsinga og gerð áætlunar um þróun öldrunarþjónustu til ársins 2020. Þegar þeirri vinnu lýkur munu liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um þörf á úrræðum innan öldrunarþjónustunnar og áætlun um hvernig þeim þörfum verður hægt að mæta.

1363. Frumvarp til laga [670. mál]

um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Að uppfylltum skilyrðum laga þessara er einstaklingum heimilt í kjölfar gagnaöflunar að fara þess á leit við umboðsmann skuldara að hann samþykki umsókn um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun með samningi við kröfuhafa.

2. gr.
Hverjir leitað geta greiðsluaðlögunar.

Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar í samræmi við lög þessi.

Einstaklingur telst ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar þegar ætla má að hann geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar um fyrirséða framtíð með tilliti til eðlis skuldanna, eigna og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna hans að öðru leyti.

Hjón eða einstaklingar í óvígðri sambúð geta í sameiningu leitað greiðsluaðlögunar.

3. gr.
Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur til.

Greiðsluaðlögun tekur til allra annarra krafna á hendur skuldara en þeirra sem hér greinir:

a. krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina,
b. krafna um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu,
c. krafna sem nytu stöðu skv. 109., 110. eða 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem umsókn hans um greiðsluaðlögun var tekin til greina,
d. krafna sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta,
e. krafna að óverulegri fjárhæð sem eru sérstaklega undanþegnar áhrifum greiðsluaðlögunar með því að þær greiðist að fullu,
f. fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um afdregna vangoldna staðgreiðslu og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi,

g. skulda vegna námslána að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma,
h. áfallandi meðlags og lífeyris sem skuldara ber að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum sem og uppsafnaðra skulda við opinbera aðila vegna meðlags og fer um uppsafnaða skuld samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

Lánardrottinn skuldarans getur afsalað sér réttindum skv. 1. mgr. þannig að greiðsluaðlögun hafi áhrif á kröfu hans, en það skal gert með skriflegri yfirlýsingu sem gerð er við undirbúning umsóknar um greiðsluaðlögun eða meðan á umleitunum til hennar stendur. Binda má slíka yfirlýsingu því skilyrði að hún feli því aðeins í sér endanlegt réttindaafsal að greiðsluaðlögun nái fram að ganga.

Greiðsluaðlögun leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð skv. 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf einstakra krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, skilmálabreytingar, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist með ákveðnu millibili á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

II. KAFLI
Heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

4. gr.
Umsókn um greiðsluaðlögun.

Skuldari skal leggja umsókn um greiðsluaðlögun fram hjá umboðsmanni skuldara. Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn skuldara, kennitala hans, lögheimili og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
2. Sundurliðaðar upplýsingar um eignir skuldara.
3. Sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og ábyrgða og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra.
4. Hverjar tekjur skuldara eru, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða öðru tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum eða atvinnuhögum. Jafnframt skal greina hvort hann muni hafa aðra fjármuni en vinnutekjur sínar til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra.
5. Hvort skuldari hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, einn eða í félagi við aðra, og ef svo er, hve stór hluti skulda hans stafi frá atvinnurekstrinum.
6. Mat skuldara á meðaltali mánaðarlegra útgjalda sinna, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsnæðis og afborgana af skuldum.
7. Mat skuldara með hliðsjón af framansögðu á því hversu háa fjárhæð hann geti greitt mánaðarlega til að standa við skuldbindingar sínar.

8. Lýsing skuldara á því hvað valdið hafi skuldastöðu hans og hvers vegna hann geti ekki eða sjái ekki fram á að geta staðið að fullu við skuldbindingar sínar.
9. Hvort einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar sem kynnu að vera riftanlegar við gjaldþrotaskipti á búi skuldara.
10. Hverjir kunna að vera ábyrgðarmenn skuldara, samskuldarar eða hafa veitt veð fyrir skuldum hans og hvort hann beri sjálfur ábyrgð á skuldbindingum annarra.
11. Yfirlýsing um að umboðsmanni skuldara sé heimilt að staðreyna gefnar upplýsingar og afla nánari upplýsinga, án þess að þagnarskylda þeirra sem búa yfir slíkum upplýsingum hindri það, sé talin þörf á því.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skal einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum, ef slíks er þörf til að afmarka upplýsingar um útgjöld og tekjur skuldara.

Umsókninni skulu fylgja gögn til staðfestingar þeim upplýsingum sem hún hefur að geyma, vottorð um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjögur skattframtöl skuldara.

Skuldari á rétt á endurgjaldslausri aðstoð frá umboðsmanni skuldara við að semja umsókn um greiðsluaðlögun og afla gagna í samræmi við ákvæði laga þessara. Skuldari skal þó jafnan sjálfur útvega nauðsynleg gögn og koma þeim til umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara skal að fengnu samþykki skuldara og eftir atvikum maka skuldara og annars heimilisfólks, sbr. 2. mgr., afla nauðsynlegra gagna frá opinberum stofnunum sem og þekktum lánardrottnum. Skylt er þeim aðilum að senda umboðsmanni skuldara umbeðin gögn.

5. gr.

Rannsóknarskylda umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara skal ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og getur hann ef þörf krefur krafist þess að skuldari staðfesti upplýsingarnar með skriflegum gögnum.

Umboðsmaður skuldara skal auk þess afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli varðandi skuldir, eignir, tekjur og framferði skuldara, áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða. Ef þörf krefur er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra sem málið varðar á sinn fund til að afla upplýsinganna.

6. gr.

Aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Synja skal um heimild til greiðsluaðlögunar ef:

a. fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á að skuldari uppfylli skilyrði laga þessara til að leita greiðsluaðlögunar,
b. fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar,
c. aðstæður við stofnun skulda eða síðari ráðstafanir skuldara benda ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér á óheiðarlegan hátt til þess að geta leitað greiðsluaðlögunar,
d. skuldari hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu,

e. skuldari hefur áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun eða nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Þó er umboðsmanni skuldara heimilt að samþykkja umsókn í slíkum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Einnig er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef óhæfilegt þykir að veita hana. Við mat á slíku skal taka sérstakt tillit til þess hvort:

a. stofnað hafi verið til meginhluta skuldanna nýlega og ekki sé um að ræða eðlilega lántöku til endurfjármögnunar eða öflunar nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis,
b. stofnað hafi verið til skulda á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar,
c. skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað,
d. skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
e. skuldari hafi efnt til fjárfestinga sem hefðu verið riftanlegar við gjaldþrotaskipti eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar,
f. skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
g. skuldari hafi á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga eða skuldir hans eru þess eðlis að bersýnilega sé ósanngjarnt að heimild til greiðsluaðlögunar nái til þeirra.

7. gr.

Ákvörðun um greiðsluaðlögun.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að hún liggur fyrir fullbúin.

Samþykki umboðsmaður skuldara umsóknina skal hann upplýsa skuldara um skyldur hans skv. 12. gr.

Ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að honum berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara.

Skuldari getur hvenær sem er á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana dregið umsókn sína um greiðsluaðlögun til baka og fellur þá niður greiðslufrestur skv. 11. gr. Hafi umsjónarmaður verið skipaður skal hann tilkynna þeim kröfuhöfum sem vitað er um ákvörðun skuldara um að draga umsókn til baka. Hafi umsjónarmaður ekki verið skipaður skal umboðsmaður skuldara tilkynna um þetta.

8. gr.

Tímabil greiðsluaðlögunarumleitana.

Með samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun hefst tímabil greiðsluaðlögunarumleitana og getur það orðið allt að þrír mánuðir.

III. KAFLI
Upphaf greiðsluaðlögunarumleitana.

9. gr.
Skipun umsjónarmanns.

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður getur verið starfsmaður umboðsmanns skuldara og skal hann þá hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði, en ella skal hann vera lögmaður sem umboðsmaður skuldara ræður til verksins.

10. gr.
Innköllun til lánardrottna.

Umsjónarmaður skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur skuldaranum, að lýsa kröfum fyrir umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni.

Nú nýtur lánardrottinn veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldaranum án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, og skal þá lánardrottinn tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir.

Vanlýst krafa skal falla undir greiðsluaðlögunina, en viðkomandi kröfuhafa er þá ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum.

Þeim kröfuhöfum sem vitað er um, þar á meðal ábyrgðarmönnum og samskuldurum skuldara, skal kunngert að greiðsluaðlögunarumleitanir séu hafnar með því að umsjónarmaður sendir þeim afrit af innkölluninni. Þar skal einnig upplýst hvaða kröfur skuldari hefur gefið upp að viðkomandi kröfuhafi eigi og tilkynna þeim um frestun greiðslna skv. 11. gr.

11. gr.
Frestun greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn hefst tímabundin frestun greiðslna, sbr. þó 3. mgr. Á meðan á frestun greiðslna stendur er lánardrottnum óheimilt að:

a. krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum,
b. skuldajafna kröfu skuldarans við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafan og gagnkrafan séu af sömu rót runnar,
c. gjaldfella skuldir samkvæmt samningsbundnum heimildum,
d. gera fjárnám í eigum skuldarans eða láta selja þær nauðungarsölu,
e. neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilismanna vegna fyrri vanefnda,
f. krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans.

Vextir falla á skuldir meðan á frestun greiðslna stendur en þeir eru ekki gjaldkræfir. Vextir af kröfum sem tryggðar eru með veði í eign sem skuldari fær að halda gjaldfalla þó í samræmi við samninga þar um, að því marki sem veð svarar til verðmætis hinnar veðsettu eignar.

Frestun greiðslna nær ekki til krafna sem verða til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefur verið veitt.

12. gr.

Skyldur skuldara við greiðsluaðlögun.

Á meðan leitað er greiðsluaðlögunar skal skuldari:

a. leggja til hliðar af launum og öðrum tekjum sínum það fé sem er umfram það sem hann þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða,
b. segja upp leigusamningum og öðrum samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru og þjónustu sem er nauðsynleg honum eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds,
c. ekki láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta lánardrottnum sem greiðsla,
d. ekki stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna.

Telji umsjónarmaður skuldara hafa brugðist skyldum sínum skv. 1. mgr. skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir verði felldar niður skv. 15. gr.

13. gr.

Sala eigna skuldara.

Umsjónarmaður getur ákveðið að selja skuli þær eignir skuldara sem umsjónarmaður telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Ef umsjónarmanni þykir ástæða til getur hann leitað afstöðu lánardrottna áður en slík ákvörðun er tekin.

Eignir skal selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáist fyrir þær. Umsjónarmaður ákveður hvernig sala fer fram og annast söluna sjálfur, nema hann feli það öðrum. Er skuldara skylt að annast söluna ef umsjónarmaður ákveður það.

Umsjónarmaður skal gera þeim sem njóta veðréttar í eign skuldarans viðvart um ákvörðun um sölu hennar með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Þegar fram er komið tilboð í eignina sem umsjónarmaður telur fært að taka skal hann tafarlaust kynna það fyrir þeim veðhöfum í eigninni sem ekki mundu fá fullnustu krafna sinna af söluverðinu og gefa þeim kost á að gera hærra boð eða ganga eftir atvikum inn í fram komið boð. Skulu veðhafar hafa frest í þessu skyni svo lengi sem boð er skuldbindandi fyrir tilboðsgjafa.

Að sölu lokinni falla niður þau veðréttindi sem ekki fékkst greitt upp í af söluandvirðinu sé um veðsettar eignir að ræða. Umsjónarmaður skal óska eftir aflýsingu veðkrafna gegn staðfestingu umboðsmanns skuldara á að umsókn skuldara til greiðsluaðlögunar hafi verið samþykkt, yfirlýsingu umsjónarmanns um að sala eignarinnar hafi verið gerð vegna greiðsluaðlögunar og afriti samnings um söluna.

Framfylgi skuldari ekki ákvörðun umsjónarmanns skv. 1. mgr. eða komi hann með einhverjum hætti í veg fyrir fyrirhugaða sölu eigna skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 15. gr.

14. gr.

Mat á eignum sem skuldari heldur eftir.

Umsjónarmaður skal eftir þörfum afla mats á verðmæti þeirra eigna sem skuldara er ekki gert að selja.

Lánardrottinn getur á eigin kostnað óskað mats sérfræðings fallist hann ekki á mat umsjónarmanns. Afli lánardrottinn slíks mats skal umsjónarmaður eftir atvikum endurmeta verðmæti eigna eða staðfesta fyrra mat.

15. gr.

Niðurfelling greiðsluaðlögunarumleitana.

Ef fram koma upplýsingar sem ætla má að hindri að greiðsluaðlögun sé heimil á grundvelli laga þessara skal umsjónarmaður tilkynna um slíkt til umboðsmanns skuldara sem í kjölfarið tekur afstöðu til málsins með rökstuddri ákvörðun. Skuldara skal gefið tækifæri til að láta álit sitt í ljós áður en slík ákvörðun er tekin. Ákvörðun umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana getur skuldari kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðunin barst honum og skal þá tímabil greiðsluaðlögunarumleitana standa þar til niðurstaða kærunefndar liggur fyrir.

Umboðsmaður skuldara skal tilkynna þekktum lánardrottnum um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana.

IV. KAFLI
Samningur um greiðsluaðlögun.

16. gr.

Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun.

Umsjónarmaður skal, eins fljótt og auðið er eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn, gera frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun. Frumvarpið skal samið í samráði við skuldara.

Í frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun skal kveðið á um lengd greiðsluaðlögunartímabils, en það skal að jafnaði vera eitt til þrjú ár frá því að samningur tekur gildi. Tiltaka skal viðeigandi upplýsingar til að gefa heildarmynd af fjárhag og greiðslugetu skuldara, m.a. upplýsingar um tekjur, skuldir, eignir og mánaðarleg útgjöld. Þá skal fylgja listi yfir allar kröfur sem vitað er um og tillaga umsjónarmanns um hvernig farið verði með kröfurnar, í samræmi við 3. og 21. gr. Jafnframt skal tiltaka allar verðmætar eignir sem skal selja eða halda eftir og verðmæti þeirra, sbr. 13. og 14. gr. Þá skal koma fram í frumvarpinu sá frestur sem lánardrottnar hafa til að taka afstöðu til þess.

Frumvarp umsjónarmanns skal vera á þann veg að framfærsla skuldara og fjölskyldu hans sé tryggð og að raunhæft megi telja að öðru leyti að hann geti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu.

Feli frumvarp umsjónarmanns í sér að skuldari inni af hendi reglulegar afborganir á tilteknu tímabili skal umsjónarmaður miða við að skuldari haldi eftir svo miklu af tekjum sínum að dugi til að sjá honum og heimilisfólki hans farborða og þeim einstaklingum sem hann hefur framfærsluskyldu við samkvæmt lögum. Skal umsjónarmaður notast við framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur. Ef skuldari hefur rétt til umgengni við börn skal tekið tillit til eðlilegra útgjalda í tengslum við hana.

Afborgunarfjárhæð skv. 4. mgr. skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar.

Ef umsjónarmaður telur það nauðsynlegt eða lánardrottinn krefst þess getur hann boðað til sérstaks fundar með þeim og skuldara til að ræða greiðsluaðlögunina áður en frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun er gert. Sé ástæða til skulu einnig boðaðir á fundinn ábyrgðar-

menn skuldara, samskuldarar hans og þeir sem veitt hafa veð í eignum sínum til tryggingar kröfu á hendur skuldaranum.

17. gr.

Samþykki samnings um greiðsluaðlögun.

Umsjónarmaður sendir frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun á sannanlegan hátt til allra lánardrottna sem þekktir eru og málið varðar. Lánardrottnum skal gefinn þriggja vikna frestur til að taka afstöðu til frumvarpsins frá því að það er sent og skal skýrlega koma fram í frumvarpi hvenær fresturinn er á enda.

Umsjónarmaður skal að eigin frumkvæði leitast við að fá samþykki lánardrottna fyrir frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun.

Hafi lánardrottinn athugasemdir við frumvarpið eða leggist hann gegn því skal hann láta umsjónarmanni í té skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni innan frestsins sem hann nýtur til að taka afstöðu til frumvarpsins. Komi ekki á þennan hátt fram upplýsingar sem valdið geta að niðurfellingu umleitana til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður leitast við að fá lánardrottinn til að endurskoða afstöðu sína, eftir atvikum með því að gera í samráði við skuldara breytingar á frumvarpinu sem skal þá sent öðrum lánardrottnum á nýjan leik. Stjórnvöld, innheimtumaður eða fyrirsvarsmaður stofnunar eða félags í opinberri eigu geta samþykkt frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun án tillits til ákvæða í öðrum lögum, reglugerðum eða samþykktum hvað varðar aðrar kröfur en sektir.

Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt þegar allir lánardrottnar sem málið snertir hafa samþykkt það. Lánardrottinn sem hefur fengið senda tilkynningu í samræmi við 1. mgr. og hefur ekki lýst yfir við umsjónarmann að hann leggist gegn frumvarpinu áður en þriggja vikna fresturinn rann út telst hafa samþykkt það.

Ef frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt skulu skuldari, umsjónarmaður og umboðsmaður skuldara undirrita það og tekur samningurinn þá þegar gildi. Hann skal þegar í stað sendur öllum þekktum lánardrottnum skuldarans.

V. KAFLI

Undirbúningur nauðasamningsumleitana til greiðsluaðlögunar og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

18. gr.

Ákvörðun um að leita nauðasamnings og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.

Nú hefur samningur ekki tekist um greiðsluaðlögun eftir ákvæðum IV. kafla, en skuldari hefur lýst yfir við umsjónarmann að hann vilji leita nauðasamnings í því skyni og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Skal umsjónarmaður þá innan tveggja vikna taka rökstudda afstöðu til þess í skriflegri greinargerð hvort hann mæli með því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á, en áður skal hann gefa skuldaranum kost á að endurskoða frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun í ljósi athugasemda sem lánardrottnar gerðu við það. Við mat á því hvort mælt sé með að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluaðlögunar, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 12. gr. og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann

muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni greiðsluaðlögun og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem látið hafa umleitanir til hennar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á skal hann tilkynna það skuldara tafarlaust. Skuldari getur skotið þeirri ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun var tekin og skal nefndin taka afstöðu til kærunnar innan tveggja vikna. Staðfesti nefndin ákvörðun umsjónarmanns lýkur greiðsluaðlögunarumleitunum þá þegar og skal umboðsmaður skuldara tilkynna þekktum lánardrottnum skuldarans um þau málalok. Hrindi kærunefndin ákvörðun umsjónarmanns skal hann fara svo að sem í 19. og 20. gr. segir.

Meðan beðið er ákvörðunar skv. 1. eða 2. mgr. um hvort leitað skuli nauðasamnings og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna haldast áhrif greiðsluaðlögunarumleitana skv. 11. gr. Sé síðan eftir því leitað skulu þau áhrif standa áfram þar til þeirri málaleitan lýkur.

19. gr.

Frumvarp til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Þegar afráðið er að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður innan tveggja vikna gera frumvarp til samningsins sem taka skal til annarra krafna á hendur skuldara en þeirra sem tryggðar eru með veði eða annars konar tryggingarréttindum í eignum hans, en í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram:

a. hvað skuldari bjóðist til að greiða af skuldum sínum, sem frumvarpið tekur til, og með hvaða kjörum,
b. hvaða þekktir lánardrottnar eigi þessar kröfur og hversu mikið þeir fái í sinn hlut,
c. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og hver hún þá sé.

Frumvarp skv. 1. mgr. skal ásamt greinargerð umsjónarmanns og eftir atvikum úrskurði kærunefndar greiðsluaðlögunarmála skv. 18. gr. sent til allra þekktra lánardrottna skuldarans.

Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

20. gr.

Frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Þegar afráðið er að leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafa á íbúðarhúsnæði, hvort sem það er gert samhliða því að leita nauðasamnings skv. 19. gr. eða án þess, skal umsjónarmaður gera frumvarp til slíkrar greiðsluaðlögunar og boða veðhafa innan tveggja vikna til fundar eftir fyrirmælum 5. gr. laga um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í þeim lögum.

VI. KAFLI
Greiðsla til lánardrottna.

21. gr.

Skipting greiðslna milli lánardrottna.

Greiðslur sem skipta skal milli lánardrottna samkvæmt samningi um greiðsluaðlögun skiptast hlutfallslega eftir fjárhæð krafna með eftirfarandi undantekningum:

a. Ef skuldari heldur eftir eignum sem tryggðar eru með veði skal hann greiða fastar mánaðargreiðslur af veðkröfum á tímabili greiðsluaðlögunar. Fastar mánaðargreiðslur mega ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmanns að svari

til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögun varðar nema sérstakar og tímabundnar ástæður séu fyrir hendi. Við slíkar aðstæður er umsjónarmanni heimilt að ákveða tímabundið lægri mánaðargreiðslu til greiðslu veðkrafna en þó ekki lægri en 60% af hæfilegri húsaleigu. Þessar kröfur falla ekki niður þegar greiðsluaðlögun lýkur. Sá hluti veðtryggðra krafna sem er yfir matsverði þeirrar eignar sem stendur til tryggingar skal greiddur samkvæmt greiðsluaðlöguninni á sama hátt og óveðtryggðar kröfur. Falla þær niður að öðru leyti þegar skuldari hefur fullnægt skyldum sínum og greiðsluaðlögun lýkur nema um annað sé samið í samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við 4. mgr. 3. gr.

b. Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu greiðast að fullu.

Efndir kröfu í samræmi við samning um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Umsjónarmaður skal sjá til þess í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni.

22. gr.

Umdeildar kröfur.

Ef krafa er umdeild að mati umsjónarmanns skal leggja fjármuni til hliðar til að mæta henni í samræmi við skilmála samnings um greiðsluaðlögun. Komi í ljós að skuldara beri að greiða kröfuna fellur hún undir ákvæði samningsins. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir, með málshöfðun eða öðrum aðgerðum, til þess að fá skorið úr gildi kröfunnar innan sex mánaða frá því að samningur um greiðsluaðlögun komst á skal fjármununum skipt milli þeirra lánardrottna sem hann nær til.

23. gr.

Ábyrgðarkröfur.

Ef skuldari er skuldbundinn til að greiða fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sem hann hefur gefið áður en umsókn um greiðsluaðlögun var samþykkt, en skylda samkvæmt þeirri yfirlýsingu er enn ekki virk þegar samningur um greiðsluaðlögun tekur gildi, skal ekki gert ráð fyrir skuldbindingunni við greiðsluaðlögunina. Verði ábyrgðarskuldbinding virk síðar skal farið eftir ákvæðum laga þessara um breytingar á greiðsluaðlögun eins og við getur átt. Skuldara ber þó ekki að greiða meira af þeirri skuld sem hann hefur tekið ábyrgð á en nemur því hlutfalli af óveðtryggðum kröfum sem honum ber að greiða samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

VII. KAFLI

Breyting, riftun eða ógilding samnings um greiðsluaðlögun.

24. gr.

Breyting á samningi um greiðsluaðlögun að kröfu skuldara.

Skuldari getur krafist þess að gerðar verði breytingar á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun ef á greiðsluaðlögunartímabilinu koma upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Ef skuldara hefur eftir að greiðsluaðlögunartímabil hófst verið gert kunnugt um skuld sem stofnaðist áður en umsókn hans um greiðsluaðlögun var samþykkt verður skuldin felld undir greiðsluaðlögunina. Skal greitt af henni í samræmi við það sem greitt er af samsvarandi kröf-

um, þó einungis frá þeim tíma sem krafan var kynnt skuldara. Skuldara er óheimilt að greiða kröfuna utan greiðsluaðlögunar.

Ekki er unnt að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við 1. mgr. fyrr en skuldari hefur fullreynt að ná þeim fram með samningum við alla lánardrottna. Náist slíkt samkomulag skal það lagt fyrir umboðsmann skuldara og taka breytingarnar ekki gildi fyrr en umboðsmaður skuldara hefur samþykkt þær. Telji umboðsmaður skuldara breytingarnar ósanngjarnar eða óhæfilegar skal hann hafna þeim. Ákvörðun umboðsmanns skuldara þess efnis getur skuldari eða lánardrottnar kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim.

25. gr.

Breyting, riftun eða ógilding samnings um greiðsluaðlögun að kröfu lánardrottins.

Lánardrottinn, sem greiðsluaðlögunin nær til, getur krafist þess að gerðar verði breytingar á greiðsluaðlögun ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á greiðsluaðlögunartímabilinu. Hafi fjárhagsstaðan batnað vegna þess að skuldari hefur fengið í hendur háa fjárhæð getur lánardrottinn krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða að fullu milli lánardrottna án þess að samningnum um greiðsluaðlögun sé breytt að öðru leyti.

Lánardrottinn, sem samningur um greiðsluaðlögun nær til, getur krafist þess að honum verði rift eða hann ógiltur ef skuldari hefur vanrækt verulega skyldur sínar samkvæmt samningnum.

26. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga, riftunar eða ógildingar á samningi um greiðsluaðlögun.

Kröfu um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun skal beint til umboðsmanns skuldara með skriflegu erindi. Umboðsmaður skuldara sendir aðilum sem málið varðar fram komið erindi og kallar eftir nauðsynlegum upplýsingum. Boðað skal til fundar ef lánardrottinn eða skuldari krefst þess eða umboðsmaður skuldara telur það nauðsynlegt. Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um erindið innan mánaðar frá því að krafa berst. Ákvörðun umboðsmanns skuldara getur skuldari eða lánardrottinn kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim.

Kröfu um riftun eða ógildingu samnings um greiðsluaðlögun getur lánardrottinn haft uppi fyrir dómi í einkamáli á hendur skuldaranum.

27. gr.

Upplýsingaskylda skuldara gagnvart lánardrottnum.

Ef upp koma aðstæður sem veita lánardrottnum rétt til að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun, ógildingu hans eða riftun skal skuldari innan eins mánaðar og á tryggan hátt upplýsa lánardrottna um þær aðstæður.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.
Skráning greiðsluaðlögunar o.fl.

Umsjónarmaður skal óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Skal sú skráning vera gjaldfrjáls.

Umboðsmaður skuldara skal halda skrá yfir alla sem fengið hafa heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

Þegar greiðsluaðlögunartímabil er liðið skulu yfirvöld og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun í samræmi við lög þessi.

Hafi skuldari fengið að halda eftir veðsettum eignum meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur samkvæmt lögum þessum og eignirnar eru skráðar í opinberum skrám skal skrá athugasemd um greiðsluaðlögunina þar.

29. gr.
Veðbönd afmáð eftir að greiðsluaðlögunartímabili er lokið.

Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið getur skuldari gegn framvísun samnings um greiðsluaðlögun og yfirlýsingar umboðsmanns skuldara um að greiðsluaðlögun sé lokið krafist aflýsingar á veðkröfum sem greiddar eru á sama hátt og óveðtryggðar kröfur og aflýsingar athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.

30. gr.
Greiðsla kostnaðar.

Umboðsmaður skuldara ber kostnað við meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og störf umsjónarmanna. Lánardrottnar bera þann kostnað sem á þá fellur af meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og framkvæmd hennar. Kostnaður af sölu eignar greiðist af söluandvirði hennar.

31. gr.
Kröfur sem hefur ekki verið tilkynnt um.

Kröfur sem urðu til áður en umsókn um greiðsluaðlögun var samþykkt og skuldari hefur ekki verið krafinn um á greiðsluaðlögunartímabilinu falla niður þegar því lýkur.

32. gr.
Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal skipa kærunefnd greiðsluaðlögunarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar ákvörðunum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála sitja þrír menn. Skulu að minnsta kosti tveir þeirra hafa embættis- eða meistarapróf í lögfræði og annar uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Ráðherra skipar nefndarmann sem fullnægir þeim skilyrðum til að vera formaður kærunefndar.

Úrskurðir kærunefndar greiðsluaðlögunarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

Ráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

33. gr.

Áhrif greiðsluaðlögunar á rétt skuldara til greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

34. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010.

35. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breyting á öðrum lögum:

1. Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. breytast sem hér segir:
   a. 63. gr. a laganna orðast svo:

      Sá sem árangurslaust hefur leitað samnings við lánardrottna sína eftir ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga getur samkvæmt fyrirmælum þessa kafla leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, en slíkur samningur getur aðeins haft áhrif á kröfur sem nauðasamningur eftir almennum ákvæðum laga þessara tekur til, sbr. 28. gr.

      Einstaklingur sem ber ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn eða í félagi við aðra, getur þó ekki leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar samkvæmt þessum kafla nema skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.

      Sá sem leita vill nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skal leggja fyrir héraðsdómara frumvarp umsjónarmanns með greiðsluaðlögun til slíks samnings ásamt kröfu um staðfestingu nauðasamnings samkvæmt frumvarpinu innan viku frá því að umsjónarmaður lét það frá sér fara, en frumvarpið hefur þá sömu áhrif og ef það hefði verið samþykkt af lánardrottnum við atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp eftir almennum reglum laga þessara.

      Með beiðni um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skulu fylgja samrit allra gagna sem lágu fyrir við umleitanir til að koma á samningi um greiðsluaðlögun ásamt greinargerð umsjónarmanns.
   b. 63. gr. b laganna orðast svo:

      Eftir því sem átt getur við skal farið eftir ákvæðum 55.–59. gr. við meðferð kröfu um staðfestingu nauðasamnings skv. 63. gr. a. Reglur X. kafla gilda um nauðasamning til greiðsluaðlögunar að frátalinni 3. mgr. 60. gr.
   c. 63. gr. c – 63. gr. i laganna falla brott.
   d. Fyrirsögn X. kafla a laganna verður: **Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar.**
   e. Í stað orðanna „41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41. eða 42. gr.
2. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, orðast svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar og samningur um greiðsluaðlögun, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka eða aðalskuldara hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

3. 2. málsl. 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, orðast svo: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í samningi um greiðsluaðlögun skv. lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka meðferð beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar á grundvelli X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem lögð hefur verið fyrir héraðsdóm fyrir gildistöku laga þessara, enda falli skuldari ekki frá beiðni sinni. Réttaraðstoð má veita á grundvelli laga nr. 65/1996 til að ljúka meðferð slíkrar beiðni.

Greinargerð.

I. Vinna nefndarinnar að nýju frumvarpi.

Frumvarp þetta er byggt á grundvelli frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (þskj. 950, 560. mál) um heilsteypta löggjöf um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun. Eftir að félags- og tryggingamálanefnd fékk það frumvarp til umfjöllunar hélt nefndin fjölda funda um málið, fékk á fund sinn marga gesti og vann drög að breytingum á frumvarpinu. Í samráði við félags- og tryggingamálaráðherra og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti fól nefndin réttarfarsnefnd að gera drög að breytingum á frumvarpinu. Þegar sú vinna lá fyrir taldi nefndin ljóst að rétt væri að leggja fram nýtt frumvarp um greiðsluaðlögun einstaklinga til að lagaákvæðin og skýringar á þeim væru öllum aðgengileg, jafnt almenningi sem fagaðilum. Allnokkuð er þó byggt á frumvarpstexta ráðherra en með því að leggja fram nýtt frumvarp taldi nefndin að einfaldara yrði fyrir almenning að kynna sér efni laganna, framkvæmd þeirra og reglur sem um greiðsluaðlögun gilda og þá yrði engum vafa undirorpið hvaða reglur giltu á þessu sviði.

Knýjandi þörf er á skilvirkum og raunhæfum úrræðum til að takast á við þann vanda sem til kom vegna efnahagshrunsins. Mikilvægt er að lagasetning taki á vandanum, nái fram því sem til er ætlast, sé skilvirk og tryggi úrræði sem hægt sé að beita á samræmdan hátt.

Mikilvægt er að samfélagsleg sátt ríki um lagasetningu af þessu tagi því henni er m.a. ætlað að vera grundvöllur endurreisnar og þess að hægt verði að styrkja efnahagsbata landsins. Lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga er þar að auki ætlað að standa áfram og lögfesta úrræði til handa einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum óháð þeim erfiðu aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins. Nefndin hefur því við vinnu sína lagt áherslu á að tryggt verði að hér sé um að ræða vandað, skilvirkt og varanlegt úrræði til að greiða úr skuldavanda þeirra heimila sem eru hvað verst stödd.

Helstu breytingar sem gerðar eru frá framangreindu frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra eru að frumvarpið tekur núna eingöngu til frjálsrar greiðsluaðlögunar, þ.e. samninga um greiðsluaðlögun, en útfærð er tenging við réttarfarsleg úrræði til greiðsluaðlögunar. Náist ekki samningar með skuldara og lánardrottnum í samræmi við reglur frumvarpsins getur skuldari óskað eftir því að ganga beint til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, sbr. X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. lög nr. 50/2009. Þá er fellt brott ákvæði um að einstaklingur sem borið

hefur ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi geti ekki leitað greiðsluaðlögunar nema skuldir sem stafi af atvinnurekstrinum séu lítill hluti heildarskulda. Að auki hefur nefndin reynt að minnka vægi matskenndra atriða í textanum, t.d. með því að taka í auknum mæli upp atriði sem er að finna í X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og komin er reynsla af og þar af leiðandi dómvenja. Þar sem þörf krefur eru þær breytingar sem nefndin gerir frá ákvæðum frumvarps ráðherra skýrðar nánar í athugasemdum við einstakar greinar.

Við gerð frumvarps þessa fól félags- og tryggingamálanefnd réttarfarsnefnd, félags- og tryggingamálaráðuneyti og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti yfirferð og nánari skoðun einstakra þátta. Við umfjöllun um frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra og vinnu að nýju frumvarpi fékk nefndin á sinn fund Árna Pál Árnason félags- og tryggingamálaráðherra, Agnar Frey Helgason, Rán Ingvarsdóttur og Önnu Sigrúnu Baldursdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Ásu Ólafsdóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Ingimar Jóhannsson og Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur lögmann, Þórð Bogason lögmann, Ástu S. Helgadóttur, Elnu S. Sigurðardóttur, Margréti Valdimarsdóttur, Pálma Rögnvaldsson og Söru Jasonardóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Jón Ingvar Pálsson, Árna Haraldsson og Guðmund Þór Bjarnason frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Marinó T. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Magnús Norðdal frá Alþýðusambandi Íslands, Elías Blöndal Guðjónsson, Ernu Bjarnadóttur og Jóhönnu Lind Elíasdóttur frá Bændasamtökum Íslands, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Þorgerði Erlendsdóttur og Unni Gunnarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands, Jónu Björk Guðnadóttur, Helga Bragason, Odd Ólason, Kolbrúnu Garðarsdóttur og Ástrúnu Björk Ágústsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Jafetsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Hrafn Magnússon, Stefán Árna Auðólfsson og Tómas M. Möller frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Ingvar J. Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Snorra Olsen og Eddu Símonardóttur frá tollstjóra, Tryggva Axelsson og Þórunni A. Árnadóttur frá Neytendastofu, Hildi Jönu Júlíusdóttur og Kristínu Fjólu Fannberg Birgisdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Evu Helgadóttur frá Lögmannafélaginu, Guðrúnu Ragnarsdóttur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lúðvík Þráinsson endurskoðanda og Sigurð Arnar Jónsson og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum.

Þá bárust umsagnir frá Guðmundi Lárussyni sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, Innheimtustofnun sveitarfélaga, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja, Bændasamtökum Íslands, Íbúðalánasjóði, Neytendasamtökunum, Persónuvernd, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, tollstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Dómarafélagi Íslands, Dómstólaráði, Hagsmunasamtökum heimilanna og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

II. Almennar athugasemdir.

Frumvarpið sem hér er lagt fram er, líkt og að framan greinir, byggt á grundvelli frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra um greiðsluaðlögun einstaklinga (þskj. 950). Markmiðið er að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum. Skilyrði fyrir greiðsluaðlögun er að skuldari sé ófær um að standa í skilum eða verði það um fyrirsjáanlega framtíð.

Skuldari þarf að safna saman og leggja fram gögn sem leiða í ljós ógjaldfærni hans og leggja í kjölfarið inn umsókn til umboðsmanns skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Samþykki umboðsmaður skuldara umsóknina er skuldara og lánardrottnum ætlaður ákveðinn tími til að ná samkomulagi um uppgjör skulda, þ.e. samningi um greiðsluaðlögun. Lagt er til að tímabil greiðsluaðlögunar skuli að jafnaði standa í eitt til þrjú ár eftir að greiðsluaðlögun er komið á. Að loknu greiðsluaðlögunartímabili skulu samningskröfur afskrifaðar nema um annað sé samið í samningi til greiðsluaðlögunar, en áfram skal greitt af veðkröfum sem rúmast innan matsvirðis eignar sem þær hvíla á.

Takist ekki að ná samningi til greiðsluaðlögunar getur skuldari í samræmi við ákvæði frumvarpsins óskað eftir því við umsjónarmann að hann semji frumvarp og leiti eftir nauðasamningi um greiðsluaðlögun í samræmi við X. kafla a gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991, en slíkur nauðasamningur tekur til annarra krafna en þeirra sem tryggðar eru með veði eða annars konar tryggingarréttindum í eignum skuldara. Því getur skuldari einnig eftir atvikum óskað greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna íbúðarhúsnæðis í samræmi við lög nr. 50/2009.

Greiðsluaðlögun er ætlað að auðvelda skuldara að endurskipuleggja fjármál sín og laga skuldir að greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Greiðsluaðlögun er að þessu leyti ólík gjaldþrotaskiptum sem eru fyrst og fremst sameiginleg fullnustugerð allra lánardrottna, enda starfar skiptastjóri í raun í umboði lánardrottna og honum ber sem slíkum að gæta hagsmuna þeirra í störfum sínum við uppgjör búsins. Við skuldauppgjör samkvæmt þessu frumvarpi eru hagsmunir skuldara hins vegar hafðir að leiðarljósi. Með frumvarpinu er ætlunin að festa í lög sértækar reglur, m.a. að norskri fyrirmynd (lov, av 17. juli 1992 nr. 99, om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner (gjeldsordningsloven)), sem er ætlað að ná því markmiði að færa raunvirði fjárkrafna að veruleikanum. Það er markmið þessa frumvarps að einstaklingar fari framvegis frekar þessa leið við uppgjör og endurskipulagningu fjármála sinna en þvingaða leið skuldaskilaréttarins.

Eftir gjaldmiðils- og bankahrunið haustið 2008 eiga margir í miklum greiðsluvanda enda þótt vandinn verði ekki í öllum tilvikum rakinn til hrunsins. Fjöldi einstaklinga stendur ekki lengur undir greiðslubyrði lána, sem hefur þyngst mjög undanfarin missiri, enda hafa skuldbindingar fólks í mörgum tilvikum vaxið langt umfram virði eigna sem standa þeim til tryggingar. Löggjöfin mun hraða endurreisn efnahagslífsins með því að auðvelda endurskipulagningu fjárhags einstaklinga.

Afleiðingar hrunsins í október 2008 birtast í margvíslegum myndum. Þar vegur þyngst atvinnuleysi, hækkun gengistryggðra lána, lækkun launa, verðlækkun eigna og mikil verðbólga í kjölfar falls krónunnar. Hrunið hafði í för með sér snöggan samdrátt í framleiðslu og minnkandi eftirspurn í hagkerfinu. Sá samdráttur hefur haft alvarleg áhrif á atvinnustig og eftirspurn eftir vinnuafli. Þar sem stærstur hluti fjárskuldbindinga er verðtryggður eða gengistryggður jukust skuldir lántakenda mjög við hrunið. Því er brýnt að góð greiðsluaðlögunarlöggjöf sé fyrir hendi til að forða gjaldþrotum og nauðungarsölum íbúða og koma í veg fyrir óþarft samfélagslegt tjón.

Þegar umboðsmaður skuldara samþykkir umsókn um heimild til að leita greiðsluaðlögunar felst í því viðurkenning eða mat stjórnvalda á að litlar sem engar líkur séu á að lánardrottnar fái fullar efndir krafna sinna og nauðsynlegt sé að afskrifa þær að hluta eða í heild. Krafa sé því ekki meira virði en þær greiðslur sem skuldari getur staðið undir. Eftir þær hamfarir sem dunið hafa á íslensku efnahagslífi er nauðsynlegt að aðlaga virði eigna og krafna að veruleikanum og eðlilegri greiðslugetu skuldara.

Sú breyting sem gerð var á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. með lögfestingu X. kafla a um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar hefur um margt reynst vel. Það hefur þó verið gagnrýnt að lögin taki um of mið af skuldaskilaréttinum og hagsmunum kröfuhafa, skilyrði til greiðsluaðlögunar séu of ströng, mun fyllri ákvæði vanti um framkvæmdina sjálfa og þau kveði ekki nægilega skýrt á um það hvernig breytingum verði háttað eftir að nauðasamningur um greiðsluaðlögun hefur tekið gildi. Þá taki lögin ekki til veðkrafna. Það gera hins vegar að hluta til lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Hið mikla álag sem er á dómstólum landsins um þessar mundir hefur valdið því að löng bið er eftir því að sumir dómstólar afgreiði beiðnir um heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Þá blasir einnig við að álag á dómstóla muni aukast á næstu missirum. Í frumvarpi þessu er lagt til að heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði að hluta færð frá dómstólum til umboðsmanns skuldara og skuli hann að jafnaði afgreiða umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að hún er fullbúin.

Þau úrræði sem hér er ætlunin að leiða í lög hafa þegar verið lögfest annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst voru reglur þessa efnis lögfestar í Danmörku árið 1984. Þar var þeim skipað í 4. þátt gjaldþrotaskiptalaganna. Danir nefna þetta réttarúrræði „gældssanering“. Næst var sams konar úrræði lögleitt í Noregi 1992 og er þar nefnt „gjeldsordning“. Eins og áður hefur komið fram var einkum höfð hliðsjón af norsku lögunum við samningu þessa frumvarps. Þá voru lög um þetta efni sett í Finnlandi 1993 og í Svíþjóð 1994, en í þeim löndum er úrræðið nefnt „skuldsanering“.

III. Úrræði sem standa einstaklingum til boða.

Frá hruninu í október 2008 hefur löggjafinn leitað ýmissa leiða til að takast á við og leysa úr greiðsluvanda einstaklinga og fyrirtækja. Markmið aðgerðanna hefur verið að forða fólki frá því að missa heimili sín og gera því kleift að standa undir greiðslubyrði lána. Á síðasta ári voru vaxtabætur hækkaðar um tæp 40% með lögum nr. 128/2009 og kemur sú hækkun almennt til útborgunar 1. ágúst nk. Að auki var fólki með tímabundið eignarhald á tveimur íbúðum veittur réttur á vaxtabótum fyrir báðar eignir hafi sala reynst ómöguleg. Með lögum nr. 24/2009 var gerð breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., með innleiðingu X. kafla a, en sá kafli tekur til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar vegna samningskrafna. Með samningskröfum er vísað til 1. mgr. 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en með þeim er átt við allar kröfur á hendur skuldara, aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans, sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. laganna. Enn fremur tekur nauðasamningur til greiðsluaðlögunar ekki til krafna sem hefði verið skipað eftir 114. gr. laganna ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Verði frumvarp þetta að lögum verður ekki hægt að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar fyrr en fullreynt hefur verið að ná fram samningi um greiðsluaðlögun samkvæmt frumvarpi þessu. Með lögum nr. 159/2008 var vanefndaálag við útreikning dráttarvaxta lækkað úr 11% í 7% með tilheyrandi lækkun á dráttarvöxtum. Einstaklingum var gefin heimild til úttektar séreignarsparnaðar að fjárhæð 1 millj. kr. með lögum nr. 13/2009 sem svo var hækkuð í 2,5 millj. kr. með lögum nr. 130/2009. Þá hafa einnig verið samþykkt lög um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 32/2009, auk laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins þar sem m.a. er kveðið á um greiðslujöfnun verðtryggðra lána, þar á meðal verðtryggðra bílalána, og sértæka skuldaaðlögun. Í kjölfar þess að þau lög voru samþykkt gerðu flest fjármálafyrirtæki landsins með sér samkomulag um að setja upp verkferla um sértæka skuldaaðlögun til að fella meðferð og afgreiðslu skuldamála einstak-

linga og fyrirtækja í sambærilegan farveg innan flestra fjármálafyrirtækja. Framgangur mála í sértækri skuldaaðlögun hefur þó ekki verið eins hraður og vonast var til. Mikilvægt er að allir kröfuhafar átti sig á því að ekki þýðir í frjálsum samningum um skuldaskil að bjóða skuldurum lakari rétt en þeir geta fengið með greiðsluaðlögun. Því fyrr sem sú staðreynd verður ljós, þeim mun betur mun ganga við meðferð skuldamála í frjálsum samningum.

Þá hafa verið tekin upp ýmis önnur úrræði sem verður tæpt á hér þótt ekki sé um tæmandi talningu að ræða. Þar má til að mynda nefna að fjármálafyrirtæki innleiddu með samkomulagi greiðsluerfiðleikaúrræði sambærileg þeim sem Íbúðalánasjóður býður upp á. Lántökum stendur því nú til boða möguleiki á frystingum, skuldbreytingu vanskila og lengingu lánstíma. Einnig hefur verið sett hámark á innheimtukostnað.

Auk þeirra laga sem þegar hafa verið samþykkt eru í meðförum þingsins nokkur mál sem ætlað er að lögfesta úrræði til að aðstoða einstaklinga í greiðsluvanda og er frumvarp þetta um greiðsluaðlögun einstaklinga eitt þeirra. Þá leggur félags- og tryggingamálanefnd samhliða fram frumvarp sem tryggja á úrræði fyrir einstaklinga sem keyptu fasteign til búsetu fyrir efnahagshrunið en hafa ekki getað losað sig við fyrri eign og eru því að greiða fasteignaveðkröfur af tveimur eignum. Þetta er mörgum fjölskyldum þungur baggi og mikilvægt að gera þeim kleift að losa sig við aðra eignina enda getur það í mörgum tilvikum verið nægilegt til að leysa fjárhagsvanda þeirra. Það frumvarp er byggt á a–f-lið 9. gr. í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra á þskj. 951 í 561. máli. Í því máli eru jafnframt lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, til að festa það úrræði í sessi. Þá hefur félags- og tryggingamálaráðherra mælt fyrir frumvarpi um skilmálabreytingu bílalána (þskj. 1176 í 646. máli) sem miðar að því að eftirstöðvar myntkörfulána vegna bílakaupa verði endurreiknaðar með tilliti til verðlagsþróunar í stað gengisþróunar. Algeng lækkun höfuðstóls verði það frumvarp óbreytt að lögum er 25–40% og algeng lækkun greiðslubyrði 20–25%. Í frumvarpinu er jafnframt lögð til heimild til að óska eftir að lán lengist í allt að 24 mánuði til viðbótar til að létta greiðslubyrði enn frekar.

IV. Málsmeðferð.

Einstaklingur sem hyggst sækja um heimild til að leita greiðsluaðlögunar skal senda umsókn til umboðsmanns skuldara. Í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra til laga um umboðsmann skuldara sem félags- og tryggingamálanefnd hefur haft til meðferðar (þskj. 952 í 562. máli) er lagt til að stofnun með því heiti verði komið á fót á grundvelli Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Gert er ráð fyrir að umboðsmaður skuldara veiti skuldara endurgjaldslausa aðstoð við útfyllingu umsóknar og öflun nauðsynlegra gagna og er í frumvarpinu nánar greint frá þeim gögnum og upplýsingum sem skuldara ber að leggja fram. Þrátt fyrir að kveðið sé á um aðstoð umboðsmanns skuldara er lögð áhersla á að gagnaöflun fyrir umsóknina sé á ábyrgð skuldarans enda markmiðið með lögunum að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Þegar allra gagna hefur verið aflað telst umsókn fullbúin og hefur umboðsmaður skuldara þá tvær vikur til að taka ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknarinnar. Hafni umboðsmaður skuldara umsókn skal hann rökstyðja það skriflega og má kæra þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Samþykki umboðsmaður skuldara umsókn um greiðsluaðlögun skal hann þegar í stað tilnefna umsjónarmann með greiðsluaðlögun sem auglýsir innköllun krafna í Lögbirtingablaðinu. Frestur til að lýsa kröfum er fjórar vikur í samræmi við innköllunarfrest í lögum um gjaldþrot o.fl. Þeir lánardrottnar sem lýsa kröfum innan

frestsins eiga einir rétt á því að láta málið til sín taka. Vanlýstar kröfur falla þó undir greiðsluaðlögunina.

Að lokinni innköllun leggur umsjónarmaður fram frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun fyrir lánardrottna og skuldara sem unnið er í samráði við skuldara. Frumvarpið skal taka mið af því hvað raunhæft sé að ætla að skuldari geti greitt að teknu tilliti til fjárhags og framfærslukostnaðar. Við útreikning framfærslu skal notast við framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur.

Hafi lánardrottnar athugasemdir við frumvarpið eða leggist þeir gegn því senda þeir umsjónarmanni skriflegan rökstuðning með afstöðu sinni innan þriggja vikna frá því að frumvarpið var sannanlega sent þeim. Hafni lánardrottinn frumvarpinu skal umsjónarmaður leitast við að fá hann til að endurskoða afstöðu sína, t.d. með því að gera breytingar á frumvarpi í samráði við skuldara. Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt þegar allir lánardrottnar hafa samþykkt það. Hafi lánardrottinn ekki lýst því yfir við umsjónarmann innan þriggja vikna frestsins að hann leggist gegn frumvarpinu telst hann hafa samþykkt það.

Takist ekki samningar um greiðsluaðlögun getur skuldari lýst því yfir við umsjónarmann að hann vilji leita nauðasamnings um greiðsluaðlögun og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Skal þá umsjónarmaður innan tveggja vikna taka rökstudda skriflega afstöðu til þess hvort hann mæli með því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á. Mæli hann gegn því skal hann tilkynna það skuldara tafarlaust sem getur kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Mæli umsjónarmaður með því að leitað verði nauðasamnings til greiðsluaðlögunar fer um það eftir X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem verður einfaldaður til muna enda byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin við að koma á samningi um greiðsluaðlögun. Einstaklingur leggur þá fyrir héraðsdóm frumvarp umsjónarmanns til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ásamt samriti allra gagna sem lágu fyrir þegar reynt var að koma á samningi um greiðsluaðlögun. Um meðferð dómstólsins um kröfu á staðfestingu nauðasamnings um greiðsluaðlögun fer eftir því sem við á reglum IX. kafla laga um gjaldþrot o.fl. Mæli umsjónarmaður með því að leitað verði eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna fer um það skv. lögum nr. 50/2009, um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, og eru til samræmis lagðar til breytingar á frumvarpi sem breytir þeim lögum.

V. Gildissvið og skilyrði greiðsluaðlögunar.

Forsenda þess að umboðsmaður skuldara samþykki umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er sú að skuldari sé einstaklingur og ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar eða verði það um fyrirsjáanlega framtíð. Greiðsluerfiðleikar verða að hafa staðið eða vera líklegir til að standa um nokkurn tíma og lausn þeirra ekki í sjónmáli. Gert er að skilyrði að skuldari sýni fram á greiðsluvanda sinn með viðhlítandi gögnum og ekki má samþykkja greiðsluaðlögun veiti gögnin ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Þá telst það ekki viðvarandi greiðsluvandi þó að skuldari verði skyndilega atvinnulaus. Í Noregi hefur m.a. verið horft til þess að einstaklingur þurfi að hafa verið atvinnulaus í a.m.k. eitt ár svo hægt sé að tala um viðvarandi greiðsluvanda. Það er nokkuð langur tími. Þetta þarf þó að meta í hverju tilviki og hugsanlegt er að umsókn um greiðsluaðlögun verði samþykkt þótt greiðsluvanda megi rekja til atvinnu-

leysis sem hafi staðið stutt séu líkur á því að framtíðartekjur verði skertar, t.d. vegna hás aldurs skuldara, veikinda hans eða annarra aðstæðna. Þegar um tímabundna greiðsluerfiðleika er að ræða nægir oft að breyta greiðsluskilmálum lánasamninga til þess að einstaklingar ráði við skuldabyrði sína. Samhliða frumvarpi þessu leggur félags- og tryggingamálanefnd til breytingar á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sem festir það úrræði í sessi og rýmkar frekar heimildir fólks til að njóta þess. Ef skuldari verður fyrir slysi og hlýtur af varanlega örorku má gera ráð fyrir að greiðsluerfiðleikar hans verði varanlegir. Ekki er gert að skilyrði fyrir því að heimilt sé að samþykkja umsókn um greiðsluaðlögun að skuldir hafi náð tiltekinni upphæð eða að skuldari hafi náð tilteknum aldri. Það kann þó í einhverjum tilvikum að kalla á sérstaka rannsókn af hálfu umboðsmanns skuldara ef upphæð skulda er óvenju lág þegar sótt er um heimild. Ekki er þó ástæða til að leggja mikla rannsóknarkvöð á umboðsmann af þessu tilefni.

Ekki má samþykkja umsókn ef hún telst á einhvern hátt óeðlileg. Það á t.d. við ef skuldasöfnun á rætur að rekja til ólögmætra eða ósiðlegra athafna skuldara. Í því samhengi má nefna að ef greiðsluerfiðleikar stafa af brotastarfsemi eða margvíslegri misnotkun kemur ekki til álita að samþykkja greiðsluaðlögun. Einnig ber að hafna greiðsluaðlögun ef skuldari gefur í umsókninni rangar upplýsingar um fjárhagsstöðu sína. Enn fremur ber að hafna umsókn ef skuldari hefur fært eignir yfir á aðra, ef það var gert í því skyni að láta efnahaginn líta verr út en ella. Við mat á umsókn verður einnig að taka tillit til þess hvort nýverið hafi verið stofnað til skuldanna – jafnvel í þeim tilgangi að fá greiðsluaðlögun. Nýleg endurfjármögnun eldri lána, t.d. vegna húsnæðis, telst þó ekki til nýfenginna lána og því ekki ástæða til að hafna umsókn af því tilefni. Ef skuldari sýnir lítinn sem engan áhuga á að leysa mál sín eftir bestu getu, eða hann hefur efnt til fjárfestinga sem væru riftanlegar eða gert ráðstafanir sem væru riftanlegar ef bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, ber að hafna umsókn. Að auki ber að hafna umsókn hafi skuldari tekið fjárhagslega áhættu sem var ekki í samræmi við fjárhagsstöðu hans þegar hann stofnaði til skuldbindinganna eða hafi hann stofnað til þeirra þegar hann var greinilega ófær um að standa við þær.

VI. Einstaklingar í atvinnurekstri.

Í gildandi X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um að einstaklingur sem hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri geti einungis fengið nauðasamning til greiðsluaðlögunar séu skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum lítill hluti af heildarskuldum. Í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra var lagt til að ákvæðið yrði víkkað nokkuð þar sem ekki var gert að skilyrði að einstaklingur hefði hætt atvinnurekstri. Í frumvarpi þessu er takmörkunin með öllu felld brott. Við umfjöllun félags- og tryggingamálanefndar var mikið rætt um málefni einyrkja og bænda sem eru með atvinnurekstur á sinni eigin kennitölu enda jafnt brýnt að leysa greiðsluerfiðleika þeirra og annarra einstaklinga. Ótakmörkuð ábyrgð þýðir að rekstrargrundvöllur hefur bein áhrif á fjárhag einstaklingsins og fjölskyldu hans. Taldi nefndin því mikilvægt að einstaklingum í atvinnurekstri með ótakmarkaðri ábyrgð væri gert kleift að leita nauðsynlegra úrræða væru þeir ófærir um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar eða yrðu það um fyrirsjáanlega framtíð.

Nefndin leggur áherslu á að mikilvægt sé að einstaklingum sé gert kleift að halda áfram atvinnurekstri sem er til þess fallinn að skapa heimili einstaklings raunhæfan grundvöll til tekjuöflunar til framtíðar. Við vinnslu frumvarpsins var mikið rætt um málefni bænda og huga þarf að þeirri staðreynd að heimilisrekstur bænda og tekjuöflun eru oft og tíðum óaðgreinanleg auk þess sem rík byggðasjónarmið eru fyrir því að forða því að jarðir fari í eyði.

Frumvarpinu er þó fyrst og fremst ætlað að ná til heimilisreksturs einstaklinga en mikilvægt er að mæta aðstæðum þeirra sem eru með atvinnurekstur samofinn heimilisrekstri. Það er þó ekki vilji löggjafans að einstaklingar sem fyrst og fremst eiga í vanda vegna atvinnurekstrar nýti sér þetta úrræði. Með því að fella brott þá takmörkun sem felst í því að skuldir einstaklings megi ekki nema að litlum hluta rekja til atvinnurekstrar er gengið nokkuð langt til að mæta þeim óvenjulegu aðstæðum sem uppi eru í íslensku samfélagi. Því leggur nefndin áherslu á að fylgst verði náið með þróun þessa úrræðis til að tryggja að löggjöfin þjóni því markmiði að gera einstaklingum en ekki atvinnurekstri kleift að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Vert er í þessu sambandi að geta þess að verði skuld gefin eftir við greiðsluaðlögun telst það einstaklingi ekki til tekna nema skuldin sé tilkomin vegna atvinnureksturs. Sé hún tilkomin vegna atvinnureksturs myndar eftirgjöf hennar skattstofn enda er það í samræmi við skattalega meðferð eftirgjafar á rekstrargjöldum og mikilvægt að skattaleg meðferð verði ekki mismunandi eftir því hvernig eftirgjöf ber að.

Frumvarpið tekur til greiðsluaðlögunar einstaklinga. Slíkir greiðsluerfiðleikar geta varðað atvinnustarfsemi að hluta til. Ekki verður hins vegar séð að frumvarpið fari í bága við samkeppnislög. Er þá horft til þess að úrræðið svipar um margt til nauðasamningsumleitana og til þeirra er stofnað að frumkvæði viðkomandi skuldara. Úrræðin standa jafnframt öllum skuldurum til boða, sem uppfylla almenn og hlutlæg skilyrði. Þá má nefna að Samkeppniseftirlitið hefur fjallað talsvert um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. umræðuskjal eftirlitsins nr. 2/2009, Bankar og endurskipulagning fyrirtækja. Þar er bent á að það sé neytendum og atvinnulífinu almennt til hagsbóta að bankar afskrifi skuldir eða á annan hátt dragi úr skuldabyrði rekstrarhæfra fyrirtækja í stað þess að þau fari í þrot. Beiting samkeppnislaga eigi ekki að vinna gegn þessu.

Við vinnu nefndarinnar kynnti hún sér m.a. úrræði sem standa þessum hópi til boða sem og efni frumvarps til breytinga á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem einfalda á ferli nauðasamninga hvað varðar samþykki frumvarps til nauðasamnings (447. mál). Telur nefndin þau úrræði sem til staðar eru ekki nægileg en að mati nefndarinnar getur sú breyting sem lögð er til í 447. máli auðveldað einstaklingum í atvinnurekstri að leita nauðasamninga. Þrátt fyrir það ákvað nefndin að fella brott þá takmörkun sem var að finna í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra á möguleikum einstaklinga í atvinnurekstri til að leita greiðsluaðlögunar. Við þá ákvörðun horfði nefndin m.a. til þess að ákvæði 6. gr. frumvarpsins sem kveður á um hvenær synja skuli umsókn og hvenær heimilt sé að synja umsókn um greiðsluaðlögun girðir fyrir það að einstaklingur í atvinnurekstri fái greiðsluaðlögun hafi hann hagaði fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt og tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans eða tekið á sig fjárskuldbindingar sem hann var greinilega ófær um að standa við þegar hann stofnaði til þeirra.

Þá er frumvarpið sem nú er lagt fram nokkuð breytt og fjallar nú að meginstefnu um frjálsa samninga til greiðsluaðlögunar. Lánardrottnar sem ekki vilja gera slíkan samning geta hafnað honum og skuldari verður þá að leita annarra leiða, t.d. með því að ganga til nauðasamninga. Að lokum er rétt að geta þess að þær skyldur sem lagðar eru á einstakling sem fengið hefur samning um greiðsluaðlögun gera það að verkum að hann getur ekki stofnað til nýrra skuldbindinga meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur. Fyrirgreiðsla sem oft er nauðsynleg í rekstri er því vart möguleg og úrræðið hentar því ekki öllum einstaklingum í atvinnurekstri. Frumvarp til einföldunar á ferli nauðasamninga sem nú er til umfjöllunar á Alþingi ætti þó að skapa einfaldara nauðasamningaúrræði sem nýst getur fleirum en nú er.

VII. Allar fjárskuldbindingar einstaklings.

Samningur um greiðsluaðlögun samkvæmt frumvarpinu tekur til allra fjárskuldbindinga nema sérstaklega sé kveðið á um annað og tekur þannig bæði til veð- og samningskrafna. Í sumum tilvikum er ekki fullljóst hvort krafa telst vera veð- eða samningskrafa. Til að skera úr um það þarf í einhverjum tilvikum að fara fram sala eða mat á virði veðsettra eigna. Ef eign er seld eru veðkröfur greiddar í samræmi við andvirði hinnar seldu eignar. Áhvílandi kröfur sem ekki fást greiddar af andvirði eignarinnar teljast til samningskrafna. Það sama á við þegar veðsett eign er metin til verðs. Sá hluti kröfu sem fellur innan matsverðs telst veðkrafa en sá hluti sem er utan matsverðs telst samningskrafa. Greiðsluaðlögun tekur jafnt til krafna einkaaðila sem opinberra aðila. Lögin taka þó ekki til skatta og gjalda sem verða til eftir að heimild umboðsmanns skuldara til greiðsluaðlögunar hefur verið fengin. Fésektir sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt ber að greiða að fullu og er því haldið utan greiðsluaðlögunar. Hið sama á við um kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt og kröfur vegna refsiverðs verknaðar. Greiðslur og uppsöfnuð skuld vegna framfærslu og meðlag með börnum eru undanþegnar greiðsluaðlögun. Ef skuldari hefur fyrir börnum að sjá skal reyna við mat á framfærslukostnaði að tryggja þeim sambærileg tækifæri og öðrum börnum á sama aldri á sama svæði eins og nokkur kostur er. Skal þá miða við framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur.

VIII. Lagarammi og skipting greiðslna milli lánardrottna.

Frumvarp þetta setur samningsferlinu um greiðsluaðlögun ákveðinn ramma, kveða á um aðkomu umboðsmanns skuldara af hálfu stjórnvalda, aðstoð umsjónarmanns, afborgunarfjárhæð, greiðsluaðlögunartímabil, réttaráhrif, gildistíma o.fl. Eins og áður hefur komið fram er markmiðið að aðstoða skuldara við að ná tökum á fjármálum sínum. Áherslur við greiðsluaðlögun eru því aðrar en við gjaldþrotaskipti. Þegar ákvarða skal hversu mikið af tekjum skuldara fer til greiðslu skulda skal fyrst taka mið af nauðsynlegum kostnaði skuldara við að sjá sér og sínum farborða. Að jafnaði skal gefa skuldara kost á að búa áfram í húsnæði sínu ef það telst ekki bersýnilega ósanngjarnt vegna stærðar eða verðmætis þess o.fl. Ef sala á húsnæði er óhjákvæmileg verður að tryggja að skuldari geti útvegað sér annað húsnæði, með kaupum eða leigu eftir atvikum. Ef ákveðið er að selja eign skuldara fer tillaga umsjónarmanns eftir því hvort greiðist upp í veðkröfur eða ekki. Ef allar veðkröfur fást greiddar skal það sem eftir stendur renna til skuldara svo hann geti keypt eða leigt nýtt húsnæði eftir atvikum. Annars verður umsjónarmaður að meta nauðsynina hverju sinni. Þegar gert hefur verið ráð fyrir nauðsynlegum framfærslu- og rekstrarkostnaði skuldara og fjölskyldu hans liggur fyrir hve mikið stendur eftir til að greiða lánardrottnum. Greiðsla til hvers lánardrottins skal vera í réttu hlutfalli við hlutfallslega stærð kröfu hans af heildarfjárhæð krafna. Á því eru þó undantekningar. Mánaðarlegar greiðslur vegna veðkrafna mega t.d. ekki vera lægri en sem nemur fjárhæð sem umsjónarmaður ætlar að svari til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina. Er þetta til samræmis við lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Í frumvarpi nefndarinnar til breytingar á þeim lögum sem og í frumvarpi þessu er þó gerð sú undantekning að séu sérstakar og tímabundnar aðstæður fyrir hendi sé þó heimilt að leggja til lægri greiðslu en þó ekki lægri en sem nemur 60% af markaðsleigu. Með því er gert mögulegt að mæta sérstökum aðstæðum skuldara án þess þó að leiða megi að því líkur að skuldari haldi eign sem hann muni ekki til frambúðar standa undir. Skipting greiðslna milli lánardrottnar ræðst að öðru leyti af frumvarpi umsjónarmanns til samnings

um greiðsluaðlögun og endanlegri afgreiðslu. Í aðalatriðum gilda sömu reglur um opinber gjöld og samningskröfur nema lög kveði sérstaklega á um annað.

Hafni lánardrottnar samningi um greiðsluaðlögun og heimild veitt til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna og nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ber þó að athuga að batni hagur skuldara svo um muni geta lánardrottnar ekki krafist breytinga á þeim en slík heimild er til staðar sé um samning til greiðsluaðlögunar að ræða.

IX. Sala á eignum skuldara.

Umsjónarmaður getur ákveðið að selja skuli þær eignir skuldara sem umsjónarmaður telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Umsjónarmaður skal þó ekki taka slíka ákvörðun nema að vel athuguðu máli og koma þá einkum til skoðunar þau áhrif sem sala eigna hefði á skuldarann og heimilishald hans. Sérstakt tillit skal þá tekið til áhrifa eignasölu á fjölskylduhagi skuldara þannig að tryggt sé að salan leiði ekki af sér að fjölskyldan búi við skert tækifæri, t.d. hvað varðar menntun og tómstundastarf. Komi sala eigna til athugunar skulu einnig bornir saman hagsmunir lánardrottna og skuldara af sölunni, en þeir geta verið misjafnir eftir verðmæti eignarinnar og fjölda lánardrottna. Er þá almennt miðað við að ekki verði krafist sölu nema hún hafi áhrif svo um munar á greiðslur eða greiðsluhlutfall samkvæmt skilmálum frumvarps til samnings um greiðsluaðlögun. Í ljósi hins skamma tíma sem greiðsluaðlögunarumleitunum eru ætlaðar er jafnframt mikilvægt að umsjónarmaður kynni sér markaðsaðstæður eins og kostur er og leggi mat á hversu líklegt sé að honum takist að koma viðkomandi hlutum í verð innan þess tíma. Er því miðað við að umsjónarmaður kynni skuldara ekki ákvörðun um eignasölu fyrr en slíkt mat hefur farið fram. Ekki er nauðsynlegt að sala fari fram meðan greiðsluaðlögunarumleitun fer fram. Umsjónarmanni er heimilt að taka tillit til markaðsaðstæðna og mæla fyrir um að sala fari fram síðar á greiðsluaðlögunartíma og hvernig söluverði skuli þá ráðstafað.

Viðbúið er að í þessu sambandi komi fyrst og fremst til skoðunar sala fasteigna, einkum íbúðarhúsnæðis, og verðmætra lausafjármuna eins og bifreiða. Í því samhengi má minna á að í sértækri skuldaaðlögun er gengið út frá því að skuldari haldi eftir hóflegu húsnæði og einni bifreið. Í ljósi mikillar nauðsynjar skuldara á að halda íbúðarhúsnæði er almennt miðað við að skuldari verði ekki krafinn um sölu þess nema í sérstökum tilvikum. Til að sala íbúðarhúsnæðis komi til athugunar verða því almennt að vera uppi þær aðstæður að veðskuldir séu undir söluverði íbúðarinnar og að söluandvirðinu verði, að frádreginni greiðslu veðskulda, unnt að ráðstafa bæði til kaupa eða leigu á nýju húsnæði fyrir skuldara og til greiðslu krafna samkvæmt greiðsluaðlöguninni. Grundvallarforsenda er því ávallt sú að skuldari verði ekki skilinn eftir í óvissu um heimili sitt eftir sölu íbúðar. Því skulu markaðsaðstæður metnar sérstaklega vel í þessum tilfellum. Enn fremur skal taka sérstakt tillit til fjölskylduhaga skuldara og skal síður ákveða sölu íbúðar ef hún er talin hæfa skuldara og fjölskyldu hans að stærð og staðsetningu. Þó verður að gæta þess að skuldari geti til frambúðar staðið undir greiðslubyrði afborgana af húsnæði. Komi sala til athugunar er einnig rétt að hafa í huga hvaða áhrif búferlaflutningar geta haft á skuldara og fjölskyldu hans, einkum hvað varðar starfsstöð og félagslegar aðstæður eins og skólagöngu barna. Ofangreind sjónarmið koma hins vegar síður til álita ef um er að ræða aðrar fasteignir en þá sem skuldari býr í, svo sem aðrar íbúðir, sumarbústaði o.fl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skuldari eigi rétt á að halda eftir lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám samkvæmt lögum nr. 90/1989, um aðför. Sé sala lausafjármuna ákveðin skal almennt miðað við að um svo

verðmæta muni sé að ræða að sala þeirra sé lánardrottnum verulega til hagsbóta. Þá skal eins og áður var nefnt ávallt miðað við að skuldari geti bersýnilega verið án munanna, að teknu tilliti til fjölskylduaðstæðna. Hér kæmi til dæmis til skoðunar að krefjast sölu bifreiða þegar skuldari hefur fleiri en eina bifreið til ráðstöfunar. Um óskráða lausafjármuni má ætla að umsjónarmaður krefjist eingöngu sölu í undantekningartilvikum, þ.e. þegar um verulega verðmæta muni er að ræða. Allt er þetta þó háð mati hverju sinni.

Telji umsjónarmaður ástæðu til getur hann leitað afstöðu lánardrottna áður en hann tekur ákvörðun um sölu eigna, enda ekki ástæða til að krefjast sölu ef lánardrottnar fallast á að skuldari fái að halda viðkomandi eignum eftir. Fallist skuldari ekki á ákvörðun umsjónarmanns um sölu eða komi hann með einhverjum hætti í veg fyrir að af sölu verði skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir verði felldar niður.

Mikilvægt er að umsjónarmanni sé gert heimilt að kveða á um sölu eigna skuldara. Þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að við athugun umsjónarmanns komi í ljós að sala slíkra eigna leiði til þess að hægt sé að leysa greiðsluerfiðleika skuldara að fullu, án greiðsluaðlögunar.

X. Lengd greiðsluaðlögunartímabils og skipulag greiðslna.

Á tímabili samnings um greiðsluaðlögun greiðir skuldari af öllum skuldum. Samningur kveður á um hversu háa afborgunarfjárhæð skuli greiða og hvort greiðsla skuli innt af hendi í einu lagi eða mánaðarlega. Í gildandi lögum um greiðsluaðlögun, X. kafla a gjaldþrotaskiptalaga, er ekki kveðið á um hversu langt þetta greiðsluaðlögunartímabil skuli vera. Samkvæmt reynslu á Norðurlöndunum er nú algengast að greiðslutímabilinu sé ætlað að standa í þrjú til fimm ár. En þar, m.a. í Svíþjóð, hefur verið til umræðu að stytta tímabilið jafnvel niður í eitt ár. Í þessu frumvarpi er lagt til að tímabilið verði að jafnaði eitt til þrjú ár. Er það í samræmi við þá þróun sem verið hefur í Svíþjóð. Í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra var gert ráð fyrir því að tímabilið yrði þrjú til fimm ár en mikilvægt er að hafa tímabilið hæfilegt til að hraða uppgjöri á skuldavanda heimilanna. Þá eru efri mörk þess tímafrests í samræmi samræmdar reglur fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs um sértæka skuldaaðlögun.

Við ákvörðun um lengd tímabilsins hverju sinni ber að hafa ýmis sjónarmið í huga. Fjárhæð skulda skiptir þar að sjálfsögðu máli. Einnig er rétt að taka tillit til þess hvort skuldari hefur börn á framfæri. Mikilvægt er að fjárhagsstaða forsjáraðila takmarki ekki um of möguleika barna til náms og aðhlynningar. Þá verður skuldari að geta tekist á við óvænt útgjöld, t.d. læknis- og tannlækningakostnað. Leitast skal við að tryggja að börn skuldara geti tekið fullan þátt í almennu tómstundastarfi barna á sama aldri í samfélaginu. Ef skuldari fer með forsjá barns ætti það frekar að verða til þess að stytta greiðslutímabilið en hitt. Ef þrengingar skuldara eru á hinn bóginn ekki miklar á þessu tímabili og breytingar á lífsgæðum hans eða fjölskyldu eru afar takmarkaðar er það frekar til þess fallið að lengja tímabilið en hitt. Aldur skuldara skiptir hér einnig máli. Augljóst er að ef skuldari er kominn nærri eftirlaunaaldri er aflahæfi hans orðið afar takmarkað, það mælir með að greiðsluaðlögunartímabilið geti verið enn styttra. Þá þarf að hafa í huga þau sálrænu áhrif sem tímalengd greiðsluaðlögunarinnar hefur á greiðslugetu og vilja skuldara til tekjuöflunar. Þetta verður að meta í hverju tilviki. Í athugasemdum um 16. gr. er fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem hafa skal til hliðsjónar við mat á því hversu langt þetta tímabil skuli vera.

Í samningi þarf að koma skýrt fram hvaða fjárhæð renni til greiðslu skulda, hvort sem um er að ræða eina afborgunarupphæð eða mánaðarlegar greiðslur. Enn fremur þarf að liggja ljóst fyrir hvernig þær greiðslur skiptast milli lánardrottna. Lagt er til í 21. gr. frumvarpsins að umsjónarmaður skuli áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun sjá til þess í tæka tíð að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði í lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og hefur gefist vel.

XI. Hlutverk umboðsmanns skuldara og umsjónarmanns.

Umboðsmanni skuldara er ætlað mikilvægt hlutverk í greiðsluaðlögunarferlinu. Umboðsmaður skuldara veitir viðtöku umsókn frá skuldara og tekur ákvörðun um hvort heimila skuli honum að leita eftir greiðsluaðlögun. Þá er honum falið að skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Það kemur í hlut umboðsmanns að taka ákvörðun um hvort fella eigi niður heimild til að leita greiðsluaðlögunar, svo sem ef síðar kemur í ljós að skuldari uppfyllir ekki skilyrði laganna. Ef breytinga er síðar krafist á samningi um greiðsluaðlögun kemur það í hlut umboðsmanns skuldara að taka endanlega ákvörðun um breytingarnar.

Umsjónarmaður auglýsir og innkallar kröfur, auk þess að leggja fram útfærða tillögu að frumvarpi til greiðsluaðlögunar fyrir skuldara. Umsjónarmaður skal hafa samráð við skuldara áður en hann gerir endanlega tillögu að frumvarpi til greiðsluaðlögunar. Umsjónarmaður leggur til við umboðsmann skuldara að heimild til greiðsluaðlögunarumleitana falli niður ef síðar kemur í ljós að skuldari uppfyllir ekki skilyrði til að fá greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður skal hafa frumkvæði að því að leita niðurstöðu í málefnum skuldara með samningum við lánardrottna. Mikilvægt er að hann reyni með öllum ráðum að ná samkomulagi milli lánardrottna og skuldara þegar honum hefur verið veitt heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður tekur ákvörðun um og annast sölu eigna skuldara. Ef ekki tekst samningur um greiðsluaðlögun og skuldari lýsir því yfir að hann vilji leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna kemur það í hlut umsjónarmanns að taka afstöðu til þess og mæla með eða á móti því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á. Mæli umsjónarmaður með því útbýr hann frumvörp til nauðasamnings og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Umsjónarmaður skal einnig sjá um að ganga frá öllum lausum endum, t.d. að sjá til þess að skuldari semji um greiðslumiðlun eftir að greiðsluaðlögun er komin á, gæta að þinglýsingum o.s.frv.

XII. Breyting, riftun eða ógilding greiðsluaðlögunar.

Skuldari og lánardrottnar geta náð fram breytingum á samningi til greiðsluaðlögunar á tímabilinu. Margvíslegar breytingar geta orðið á högum skuldara sem kunna að réttlæta breytingar á greiðsluaðlögun. Í fyrsta lagi getur fjárhagsstaða skuldara batnað eða versnað eftir atvikum á tímabilinu. Í öðru lagi kann skuldari að hafa brugðist skyldum sínum eða hegðað sér á þann hátt, t.d. með auknum lántökum á greiðsluaðlögunartímabilinu, að lánardrottnar telji á sér brotið og krefjist breytinga, riftunar eða ógildingar greiðsluaðlögunar. Þá getur sviksamleg hegðun eða vanefndir leitt til þess að greiðsluaðlögunarsamningi verði rift eða hann ógiltur að kröfu lánardrottins og hann getur jafnvel krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldara í framhaldinu. Í þriðja lagi getur viljað svo til að skuldari fái óvænta eingreiðslu, t.d. arf eða annað þess háttar, sem ástæða er til að lánardrottnar fái hlutdeild í, án þess að greiðsluaðlögun sé tekin upp að öðru leyti. Þá er sama afborgunarfjárhæð greidd áfram, en lánardrottnar fá hlutdeild í ávinningnum samkvæmt samkomulagi. Takist ekki samkomulag

geta lánardrottnar óskað eftir því við umboðsmann skuldara að hann ákveði hlutdeild þeirra í ávinningnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Greiðsluaðlögun er ætlað að gefa einstaklingum kost á því að endurskipuleggja fjármál sín og aðlaga skuldir að greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að ætla að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar. Markmið og tilgangur greiðsluaðlögunar er því annað en gjaldþrotaskipta, sem er sameiginlegt uppgjör kröfuhafa á búi skuldara, þar sem hagsmunir kröfuhafa eru leiðarljós við uppgjör búsins.

Forsenda þess að skuldari geti sótt um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er sú að hann eigi við verulega greiðsluerfiðleika að etja og sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Skuldari verður að sýna fram á greiðsluvanda sinn með viðhlítandi gögnum. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð.

Þegar umboðsmaður skuldara samþykkir umsókn skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar felst í því viðurkenning stjórnvalda á að litlar sem engar líkur séu á að lánardrottnar fái fullar efndir krafna sinna og nauðsynlegt sé að afskrifa þær að hluta eða í heild. Krafa er ekki meira virði en þær greiðslur sem skuldari getur staðið undir. Sú niðurstaða er bæði lánardrottnum og skuldurum í hag enda blasi að óbreyttu ekkert annað við en að bú viðkomandi skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta, þar sem vænta mætti þess að kröfuhafar fengju minna eða ekkert upp í sínar kröfur.

Um 2. gr.

Til að umsókn um heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði samþykkt er það skilyrði sett í 1. mgr. að skuldari sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Hér er um tvö aðskilin skilyrði að ræða, þótt við það sé miðað að um viðvarandi greiðsluvanda verði að ræða. Með því er átt við að sá skuldari sem lendir í tímabundnum greiðsluerfiðleikum, svo sem vegna atvinnumissis eða annarra ástæðna, geti ekki umsvifalaust leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum þessum heldur skuli hann áður leita annarra leiða til að aðlaga skuldbindingar sínar að tímabundnum aðstæðum, svo sem með greiðslufresti eða öðrum skilmálabreytingum eða með greiðsluaðlögun fasteignaveðlána. Sé um atvinnuleysi að ræða er því miðað við að það þurfi að hafa varað um nokkurn tíma og að ólíklegt sé að úr uppsöfnuðum greiðsluvanda skuldarans megi leysa hefji skuldari störf á ný. Í Noregi hefur m.a. verið miðað við að einstaklingur þurfi að hafa verið atvinnulaus í a.m.k. eitt ár svo hægt sé að tala um viðvarandi greiðsluvanda. Það er nokkuð langur tími en þetta þarf þó að meta í hverju tilviki. Oft nægir í tilvikum sem þessum að breyta greiðsluskilmálum lánasamninga til þess að einstaklingar ráði við skuldabyrði sína. Ef skuldari verður fyrir slysi og hlýtur af varanlega örorku má gera ráð fyrir að greiðsluerfiðleikar hans verði varanlegir. Þegar afstaða er tekin til þess hvort veita skuli heimild til að leita frjálsrar greiðsluaðlögunar þarf að meta greiðslugetu skuldarans og möguleika hans á að standa í skilum. Hafna ber umsókn ef greiðslugeta er til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Ekki er það gert að skilyrði fyrir því að heimilt sé að samþykkja

umsókn um greiðsluaðlögun að skuldir hafi náð tiltekinni upphæð eða að skuldari hafi náð tilteknum aldri.

Í gildandi lögum um greiðsluaðlögun er gert að skilyrði að umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi. Slíkt skilyrði er ekki í frumvarpi þessu þegar leitað er samnings um greiðsluaðlögun, enda er um frjálsa samninga að ræða. Þvert á móti mæla öll rök með því að gera fólki kleift að leita greiðsluaðlögunar sem flutt hefur til útlanda til náms eða í atvinnuleit, m.a. til að tryggja að fólk treysti sér til að flytja aftur til landsins.

Samkvæmt 3. mgr. er hjónum eða einstaklingum í óvígðri sambúð heimilað að leita greiðsluaðlögunar í sameiningu, séu þeir í einhverjum mæli ábyrgir fyrir skuldum hver annars. Eigi hjón eða sambýlisfólk veðtryggða fasteign í óskiptri sameign er eðlilegt að þau leiti greiðsluaðlögunar í sameiningu enda úrræðið háð því að eigandi geti ekki greitt af áhvílandi veðskuldum. Séu auk þess horfur á að sameiginleg greiðsluaðlögun leiði til þess að málsmeðferð og framkvæmd greiðsluaðlögunarinnar megi einfalda með þessum hætti skal slíkt heimilt, en þetta er þó háð mati hverju sinni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um að greiðsluaðlögun skuli ná til allra fjárskuldbindinga skuldara, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í frumvarpinu. Undir greiðsluaðlögun falla því bæði veðkröfur og samningskröfur og er markmiðið með frumvarpinu að skapa heildarlausn fyrir skuldara hvað varðar bæði veðkröfur og samningskröfur. Í 1. mgr. eru þó tilteknar ákveðnar kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til og eru þar í a-lið fyrst nefndar kröfur sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina.

Samkvæmt b-lið tekur greiðsluaðlögun ekki til krafna um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu. Reglan byggist á því að kröfurnar samræmast ekki markmiði laganna enda er greiðsluaðlögun úrræði sem ætlað er að ráða bót á greiðsluvanda og rétta af fjárhagslega stöðu skuldara. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um kröfur sem standa óhaggaðar af nauðasamningi.

Í c-lið 1. mgr. er kveðið á um að greiðsluaðlögun tekur ekki til krafna sem nytu stöðu 109., 110. og 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem umsókn hans um greiðsluaðlögun var tekin til greina. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og liggja sambærileg rök að baki því að undanþiggja þessar kröfur greiðsluaðlögun. Reglan byggist á því viðhorfi að greiðsluaðlögun eigi ekki að hagga stöðu þess sem nyti forgangsréttar á fyrri kröfu sinni við gjaldþrotaskipti. Þær kröfur sem um ræðir eru m.a. eignir þriðja manns, kostnaður við útför, kröfur um laun og aðrar launatengdar kröfur, kröfur maka, fyrrverandi maka eða barns um lífeyri eða meðlag eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina og kröfur um þóknun umsjónarmanns. Vert er að árétta að þrátt fyrir þetta er þóknun umsjónarmanns vegna greiðsluaðlögunar greidd af umboðsmanni skuldara, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Kröfur sem fullnægt yrði með skuldajöfnuði ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta falla ekki undir greiðsluaðlögun, sbr. d-lið. Eigi lánardrottinn kröfu á skuldarann en skuldar honum jafnframt getur hann því dregið skuld sína frá kröfunni hafi hann eignast kröfuna þremur mánuðum áður en umsókn til greiðsluaðlögunar var tekin til greina, hafi hann hvorki vitað né mátt vita að skuldari átti ekki fyrir skuldum og hafi hann ekki fengið kröfuna til þess eins að skuldajafna. Þó ber að hafa í huga að þegar frestun greiðslna skv. 11. gr. er

komin á er lánardrottnum óheimilt að skuldajafna kröfu skuldarans við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafa og gagnkrafa séu af sömu rót runnar.

Í e-lið er kveðið á um að kröfur sem nema óverulegri fjárhæð megi greiða að fullu og falla þær þá ekki undir greiðsluaðlögun. Verður þá að miða við að fjárhæð slíkra krafna sé óveruleg í ljósi efnahags skuldara. Við mat á því hvað teljist óverulegt er eðlilegt að miða við sambærileg atriði og fram koma í athugasemdum við 2. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., m.a. að hliðsjón sé höfð af heildarfjárhæð samningskrafna, andvirði eigna skuldara, fjölda lánardrottna sem fengju fulla greiðslu og hvort slíkt mismuni óhæfilega lánardrottnum.

Greiðsluaðlögun tekur skv. f-lið ekki til fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um vangoldna staðgreiðslu og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi. Því þarf að greiða þessar kröfur að fullu. Hvað viðkemur vanskilum virðisaukaskatts og staðgreiðslu er vert að árétta að skuldabréf sem eru gefin út til að gera upp slík vanskil falla þá ekki heldur undir greiðsluaðlögun. Er hér t.d. horft til laga nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Skuldabréf um greiðsluuppgjör samkvæmt lögunum eru gefin út á grundvelli lagaheimildar um ívilnandi uppgjör vegna vanskila. Sé um að ræða vanskil krafna sem ekki falla undir greiðsluaðlögun fellur slíkt skuldabréf því ekki undir greiðsluaðlögun einstaklinga.

Í g-lið er kveðið á um að greiðsluaðlögun taki ekki til námslána. Ástæða þess er sú að námslán eru nátengd aflahæfi skuldara og ekki veitt á viðskiptalegum forsendum. Um helmingur útgjalda Lánasjóðs íslenskra námsmanna kemur nú úr ríkissjóði og því er um ríkisstyrkt framfærslukerfi að ræða. Þá er endurgreiðsla tengd launum skuldara. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að afborganir námslána verði felldar niður á greiðsluaðlögunartíma og öðrum kröfuhöfum þannig skapað sanngjarnt svigrúm.

Í h-lið er kveðið á um að áfallandi meðlag og lífeyrir sem skuldara ber að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum falli ekki undir greiðsluaðlögun. Hið sama gildi um uppsafnaða skuld við opinbera aðila vegna meðlags og því fari um slíkar skuldir samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971. Meðlagskröfur hafa nokkra sérstöðu enda er um framfærslueyri að ræða og meðlagsgreiðslur tryggðar til móttakanda mánaðarlega hvort sem greiðandi stendur í skilum eður ei. Því er um að ræða framfærslukerfi sem er styrkt af sveitarfélögum landsins og því mikilvægt að þau hafi möguleika á að fá þessi framlög til baka frá meðlagsskyldum aðilum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lánardrottinn geti með skriflegri yfirlýsingu afsalað sér þeim réttindum sem getið er um í 1. mgr. þannig að greiðsluaðlögun hafi áhrif á kröfu hans þótt hún sé samkvæmt ákvæðinu undanþegin greiðsluaðlögun.

Í 3. mgr. er kveðið á um að greiðsluaðlögun leiði til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð skv. 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Af þeim kröfum sem getið er í 114. gr. munar mest um kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu sem fellur til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina.

Í 4. mgr. er að finna skilgreiningu á því hvað felst í greiðsluaðlögun og er þar að mestu miðað við þá skilgreiningu sem finna má í gildandi lögum. Fram kemur í greininni að með greiðsluaðlögun megi kveða á um algera eftirgjöf einstakra krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist reglulega á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um umsókn um greiðsluaðlögun. Lagt er til að þeir einstaklingar sem eiga í greiðsluerfiðleikum og vilja leita greiðsluaðlögunar skuli beina erindi sínu til umboðsmanns skuldara. Í frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara er lagt til að stofnun með því heiti verði byggð á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Í 2. mgr. eru í ellefu liðum dregnar saman þær upplýsingar sem skulu koma fram í umsókn til umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að skuldari, eftir atvikum með aðstoð umboðsmanns skuldara, leggi mat á hversu háa fjárhæð hann geti greitt mánaðarlega til að standa skil á skuldbindingum sínum. Upptalning 2. mgr. er ekki tæmandi, enda er gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara geti krafist þess að skuldari afli frekari upplýsinga en tilgreindar eru í ákvæðinu. Upplýsingar skv. 2. mgr. skal skv. 3. mgr. eftir atvikum einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum, ef skuldari eða umboðsmaður skuldara telja slíkt nauðsynlegt. Slíkar upplýsingar kunna eftir atvikum að varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald skuldara, jafnvel þótt ljóst sé að allir heimilismenn skuldarans beri ekki gagnkvæma framfærsluskyldu gagnvart honum og taki þátt í greiðslu skulda hans, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda heimili með honum ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða þess að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld.

Í 4. mgr. kemur fram að umsókninni skuli fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum í henni og er þar meðal annars vísað til vottorðs um hjúskaparstöðu og fjölskyldu til að fyrir liggi staðfesting á fjölskylduhögum skuldara. Þá er gerður áskilnaður um að fjögur síðustu skattframtöl skuldara fylgi umsókninni.

Í 5. og 6. mgr. er fjallað um rétt skuldara til að fá endurgjaldslausa aðstoð við að útbúa umsókn um greiðsluaðlögun og afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru við framlagningu umsóknar. Gert er ráð fyrir því að skuldari útvegi að jafnaði sjálfur nauðsynleg gögn enda mikilvægt að hann taki virkan þátt í að kortleggja fjárhag sinn til að fá yfir hann heildarmynd og þá fræðslu sem hann þarf á að halda. Þó er ljóst að margir skuldarar munu þurfa aðstoð við þetta og því lagt til að það verði hlutverk umboðsmanns skuldara að aðstoða skuldara við gagnaöflun auk þess sem skuldari geti veitt umboðsmanni skuldara heimild til að afla nauðsynlegra gagna frá opinberum stofnunum og lánardrottnum sem þeim verði þá skylt að senda stofnuninni. Hér er horft til þess að gagnaöflun getur verið tímafrek og auðveldlega má afla ýmissa gagna með rafrænum hætti. Þó verður eflaust ómögulegt eða erfitt um vik fyrir umboðsmann að nálgast einhver gögn og er þá á ábyrgð skuldarans að afla þeirra. Í greininni er ekki kveðið á um sérstakan tímaramma sem umboðsmaður skuldara hefur til að undirbúa umsókn skuldara, enda er undirbúningurinn að mörgu leyti háður því hvenær nauðsynlegar upplýsingar berast, m.a. að tilhlutan skuldara sjálfs.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um rannsóknarskyldu umboðsmanns skuldara. Kveðið er á um að umboðsmaður skuldara skuli ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Lagt er til að umboðsmaður geti krafið skuldara um staðfestingu á upplýsingum í umsókn með skriflegum gögnum.

Þá er í greininni heimild fyrir umboðsmann skuldara til að afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita eigi heimild til greiðsluaðlögunar. Jafnframt er kveðið á um að komi til þess skuli umboðsmaður skuldara tilkynna skuldara það og veita honum fræðslu í samræmi við fræðsluskyldu ábyrgðaraðila

þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, sbr. 21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Gert er ráð fyrir því að ef þörf krefur sé umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra aðila á sinn fund til að afla upplýsinganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær ástæður sem leiða til þess að umboðsmaður skuldara skuli hafna umsókn skuldara. Þar er í a-lið nefnt að umsókn skuli hafnað ef fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á að skuldari uppfylli skilyrði laganna til að leita greiðsluaðlögunar, sbr. ákvæði I. kafla. Skv. b-lið skal umsókn hafnað ef fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar. Ákvæðið er samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 63. gr. d. X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en þar er þó gert ráð fyrir að ástæðan geti orðið til þess að héraðsdómari hafni beiðni um nauðasamning en í frumvarpinu er kveðið á um skyldu til að synja um heimild til greiðsluaðlögunar undir þessum kringumstæðum enda mikilvægt að skuldari veiti fullnægjandi upplýsingar um allt sem lýtur að fjárhagslegum málefnum hans. Hér er því einungis um það að ræða að skuldari hafi ekki orðið við áskorunum umboðsmanns skuldara um öflun gagna eða upplýsingagjöf sem honum einum er unnt að afla eða gefa. Er hér áréttað eins og víða annars staðar í frumvarpi þessu að skuldari skuli taka virkan þátt og sýna viðeigandi viðleitni við að varpa sem skýrustu ljósi á skuldastöðu sína og félagslegar aðstæður.

Samkvæmt c-lið skal umboðsmaður skuldara hafna umsókn skuldara ef sýnt þykir að ráðstafanir skuldara fram að umsókn hans bendi ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér á óheiðarlegan hátt til þess að geta fallið undir skilyrði um greiðsluaðlögun. Skal umboðsmaður skuldara eins og kostur er, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum um tekjur og skuldbindingar skuldara, leggja mat á hvort ákvæðið eigi við. Með þessu er komið í veg fyrir að fyrir umsókn um greiðsluaðlögun geti einstaklingur ráðstafað tekjum sínum umfram efni til ónauðsynlegra hluta og látið ógert að greiða af þeim skuldbindingum sem hann hafði áður gengist undir, í því skyni að fá þær skuldbindingar lækkaðar eða niðurfelldar með greiðsluaðlögun. Á þetta ákvæði fyrst og fremst við um skuldara sem hefur haft svo háar tekjur að ljóst megi vera að honum hafi verið unnt að ráðstafa þeim til greiðslu skuldbindinga sinna og eðlilegrar framfærslu sinnar og fjölskyldu.

Samkvæmt d-lið skal hafna umsókn skuldara ef hann hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu. Tengist þessi liður að mörgu leyti framangreindri umfjöllun um c-lið enda má ætla að tilgangur skuldara með því að leggja fram rangar upplýsingar sé að geta talist falla undir skilyrði greiðsluaðlögunar.

Að lokum er þess getið í e-lið að synja skuli umsókn hafi skuldari áður fengið samþykktan samning um greiðsluaðlögun í samræmi við lögin eða fengið samþykktan nauðasamning til greiðsluaðlögunar, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Skal þar einkum miðað við þau tilvik þar sem skuldari hefur ratað í greiðsluerfiðleika á nýjan leik sökum veikinda eða aldurs. Ljóst er að nauðasamningar um greiðsluaðlögun hafa fengið mjög misjafna meðferð hjá umsjónarmönnum, í einhverjum tilvikum hafa einstaklingar ekki náð að standa við nauðasamning vegna þess að hann var óraunhæfur frá upphafi og að auki er mismunandi hvernig farið er með kröfu að loknu greiðsluaðlögunartímabili í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar samkvæmt gildandi lögum. Því gæti svo farið að í einhverjum tilfellum þurfi að endurmeta

þá samninga sem gerðir hafa verið. Sé ljóst að samningur hafi frá upphafi verið óraunhæfur verður að telja að um sérstakar aðstæður sé að ræða. Þá séu jafnframt sérstakar aðstæður fyrir hendi hjá skuldara sem lýkur greiðsluaðlögunartímabili og stendur við nauðasamning sinn en er þá vegna ófullnægjandi nauðasamnings enn í slíkum vanda að ljóst er að hann verði um fyrirsjáanlega framtíð enn ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Ekki er skylt að synja umsókn hafi áður verið leitað greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna eftir lögum nr. 50/2009. Þetta er í samræmi við heimild sem er í þeim lögum þess efnis að skuldari geti þegar líður að lokum tímabils greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna óskað eftir því að veðkröfur umfram 100% matsverð eignarinnar verði afmáðar, sýni hann fram á að hann verði um ófyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með þær en geti staðið í skilum með þær sem eftir standa. Til að leysa vanda skuldara við þessar aðstæður er eðlilegt að hann geti að nýju sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga. Heimildin ætti að auki að vera lánardrottnum hvati til að semja við skuldarann.

Í 2. mgr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef augljóst má vera að óhæfilegt væri að veita hana. Í framhaldinu eru í sjö liðum rakin atriði sem umboðsmaður skuldara skal sérstaklega líta til við mat á slíku. Að hluta til er þar miðað við gildandi lagaákvæði um greiðsluaðlögun í 1. mgr. 63. gr. d laga um gjaldþrotaskipti o.fl. enda komin nokkur reynsla á framkvæmd og dómvenja á beitingu þeirra, t.d. hefur Hæstiréttur skýrt 4. tölul.1. mgr. 63. gr. d gjaldþrotaskiptalaga í dómi frá 20. janúar 2010, í máli 721/2009, þegar hann komst að því skuldari sem skapað hafði sér skuldbindingu sem nam um 8,3% af heildarskuldum með háttsemi sem varðaði refsingu hefði skapað sér skuldbindingu sem einhverju næmi og því bæri að synja honum um heimild til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. D-liður 2. mgr. 6. gr. er samhljóða því ákvæði. Í máli 198/2010 skýrði Hæstiréttur ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 63. gr. d gjaldþrotaskiptalaga sem er sambærilegt c-lið 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Í því máli voru 81% heildarskulda vegna ábyrgðaskuldbindinga sem fallið höfðu á skuldara og á sama tíma og þegar til skuldbindinganna var stofnað voru tekjur skuldara litlar sem engar. Hæstiréttur leit einnig til þess hvernig eignastöðu var háttað þegar til skuldbindinganna var stofnað og hafnaði heimild til greiðsluaðlögunar og taldi ljóst að skuldari hafði tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma þegar til fjárhagsskuldbindinganna var stofnað.

Ástæðurnar sem taldar eru upp í 2. mgr. eiga það sameiginlegt að ekki getur verið viðeigandi að skuldari eigi kost á greiðsluaðlögun ef vandi hans verður að einhverju leyti eða öllu rakinn til atvika sem hann ber sjálfur ábyrgð á með framgöngu sinni. Þá er í e-lið 2. mgr. almenn heimild til synjunar ef um er að ræða aðila sem mjög hafa farið offari í skuldsetningu, sem og í þeim tilvikum þegar rót skulda er af þeim toga að samfélagslega óásættanlegt er að greiðsluaðlögun nái til skuldara. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldir vegna viðskipta í aðdraganda falls bankanna haustið 2008 og þá sérstaklega skattskuldir tengdar slíkum viðskiptum. Á vegum skattyfirvalda er nú unnið að rannsókn á viðskiptum í föllnu bönkunum og grunur leikur á stórfelldum skattundanskotum. Álagning skatta á slík viðskipti eða á niðurfellingar af stórtækri skuldsetningu á grundvelli kaupréttarsamninga er dæmi um skuldsetningu sem ekki er þess eðlis að sanngjarnt sé að ákvæði greiðsluaðlögunar nái til hennar, enda álagningunni sannanlega ætlað að afla samfélaginu sanngjarns endurgjalds fyrir þá aðstöðu sem skuldari naut. Það skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að þessi matskenndu atriði verði túlkuð rýmra en efni eru til. Miða skal eftir atvikum við þá framkvæmd sem þegar er komin á og dómvenju en jafnframt hafa í huga að þegar skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda

hlýtur vissulega eitt og annað að hafa farið úrskeiðis hjá honum án þess þó að framangreind atriði verði talin eiga við þannig að girt sé fyrir greiðsluaðlögun.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. segir að umboðsmaður skuldara skuli taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara. Í ljósi aðstæðna skuldara er mikilvægt að umsókn hans fái greiða meðferð og er í ákvæðinu miðað við að umboðsmaður skuldara taki ákvörðun innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir. Umsókn telst fullbúin þegar nauðsynleg gögn liggja fyrir í samræmi við 4. og 5. gr. þannig að unnt sé að taka ákvörðun um hvort umsókn er samþykkt eða synjað. Í þeim tilvikum þegar umboðsmaður telur þörf frekari gagna eða upplýsinga frá skuldara skal honum umsvifalaust gert viðvart um slíkt og gefinn kostur á að bregðast við þeim tilmælum. Samþykki umboðsmaður skuldara umsókn skuldara skal hann upplýsa skuldara um skyldur hans meðan á greiðsluaðlögunarumleitunum stendur, sbr. 12. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ekki sé hægt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn um greiðsluaðlögun. Ef umboðsmaður synjar hins vegar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Gert er ráð fyrir að kæra þurfi innan viku frá því að skuldara barst tilkynning um synjun umboðsmanns skuldara.

Dragi skuldari umsókn sína til baka í samræmi við 4. mgr. skal umboðsmaður tilkynna það lánardrottnum sem vitað er um. Hafi umsjónarmaður verið skipaður sér hann um tilkynninguna. Frestun greiðslna skv. 11. gr. fellur niður ef skuldari dregur umsókn sína til baka.

Um 8. gr.

Í ljósi stöðu skuldara er mikilvægt að málsmeðferð greiðsluaðlögunarumleitana sé eins stutt og mögulegt er. Miðað skal við að allar ákvarðanir í ferlinu verði teknar eins fljótt og unnt er. Í greininni er lagt til að umleitunum um samning um greiðsluaðlögun skuli lokið innan þriggja mánaða frá samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun. Í samræmi við það ferli sem kveðið er á um í frumvarpinu getur innköllun krafna og umþóttunarfrestur kröfuhafa numið sjö vikum og því ætti að gefast nægur tími fyrir umsjónarmann til að taka afstöðu til allra atriða um stöðu skuldarans og leggja fram frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun.

Um 9. gr.

Samkvæmt 9. gr. skal umboðsmaður skuldara skipa óháðan umsjónarmann með greiðsluaðlögun um leið og umsókn skuldara um að leita greiðsluaðlögunar er samþykkt. Umsjónarmaður getur verið starfsmaður umboðsmanns skuldara og skal þá hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði. Ljóst er að ásókn í greiðsluaðlögun getur orðið mikil á fyrstu stigum og er því jafnframt gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara geti gert samninga við lögmenn um að vera umsjónarmenn. Gert er að skilyrði að þeir hafi þá málflutningsréttindi enda ber þeim þá lagaleg skylda til að hafa starfsábyrgðartryggingu í samræmi við 12. gr. laga nr. 77/1998. Kostnaður vegna starfsemi umsjónarmanna greiðist af umboðsmanni skuldara, sbr. 30. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um að umsjónarmaður birti innköllun í Lögbirtingablaði þar sem skorað er á lánardrottna skuldarans að lýsa kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan

fjögurra vikna frá fyrri birtingu innköllunar. Með hliðsjón af skömmum tíma greiðsluaðlögunarumleitana er afar mikilvægt að umsjónarmaður sendi auglýsingu þessa efnis tafarlaust eftir skipan sína. Fjögurra vikna fresturinn kemur þó ekki að sök enda ljóst að umsjónarmaður getur nýtt þann tíma til vinnu að frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun.

Innköllunin hefur ekki þau réttaráhrif að vanlýst krafa falli niður, en kröfuhafi sem lýsir ekki kröfu sinni fer hins vegar á mis við heimild til að hafa afskipti af meðferð málsins fyrir umsjónarmanni. Lýsi hann kröfunni eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn fellur krafan því eins og aðrar kröfur undir greiðsluaðlögunina. Sama á við um kröfur sem vitað er um en ekki er lýst. Viðkomandi kröfuhafa skal þó sent frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun skv. 1. mgr. 16. gr. og skal litið svo á að frumvarpið sé samþykkt af hans hálfu.

Á grundvelli 24. gr. skal krafa sem skuldara er gert kunnugt um eftir að greiðsluaðlögunartímabil hófst falla undir greiðsluaðlögunina. Ef það er gert skal krafa metin í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunar og af henni greitt í samræmi við sambærilegar kröfur. Í 31. gr. er kveðið á um að samningskröfur sem stofnuðust fyrir upphaf greiðsluaðlögunarumleitana og skuldari hefur ekki verið krafinn um að greiða falli niður þegar greiðsluaðlögunartíma lýkur.

Í 2. mgr. er lagt til það nýmæli að sá lánardrottinn sem telur sig eiga kröfur á hendur skuldara og nýtur veðs eða ábyrgð annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess þó að tekið sé fram hvaða skuld eða skuldum veðinu eða ábyrgðinni er ætlað að tryggja, skal þá tiltaka í kröfulýsingunni hvaða skuld heyri þar undir. Ákvæðið er m.a. tilkomið vegna svokallaðra tryggingarbréfa með allsherjarveði í eign skuldara sem valdið hafa nokkrum vandkvæðum við framkvæmd greiðsluaðlögunar samkvæmt gildandi lögum. Tryggingarbréf með allsherjarveði tryggja, samkvæmt orðalagi sínu, allar kröfur sem veðhafi á eða kann að eignast í skiptum hlutaðeigandi aðila, svo sem algengt er í skiptum manna við banka og aðrar lánastofnanir. Til þess að tryggingarbréf með allsherjarveði njóti réttarverndar samkvæmt íslenskum rétti þarf í bréfinu að vera tilgreint hámark þeirrar fjárhæðar sem veðinu er ætlað að tryggja, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 og 23. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Veðsett eign í tryggingarbréfi stendur aðeins til fullnustu tilgreindrar hámarksfjárhæðar tryggingarbréfsins auk vaxta og kostnaðar, skv. 1. mgr. 4. gr., sbr. a- og b-lið 5. gr. laga um samningsveð. Þegar kröfur eru tryggðar með tryggingarbréfi með allsherjarveði kann að leika vafi á um það hvaða fjárskuldbindingar falla undir veðtrygginguna og hverjar ekki. Lagt er til að lánardrottnar meti hagsmuni sína að þessu leyti sjálfir og taki skýra afstöðu til tryggingarbréfa. Með þessu ákvæði er einnig leitast við að taka af allan vafa um það hvort fjárskuldbinding telst til veðkröfu eða samningskröfu við lok kröfulýsingarfrests.

Til að stuðla að skilvirkari málsmeðferð er mælt fyrir um það í 4. mgr. að umsjónarmaður skuli senda þekktum kröfuhöfum afrit af auglýsingunni. Ábyrgðarmönnum skuldara og samskuldurum hans skal jafnframt sent afrit auglýsingarinnar til upplýsingar enda getur samþykkt greiðsluaðlögun haft áhrif á hagsmuni þeirra.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um að þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykk umsókn um greiðsluaðlögun hefjist tímabundin frestun greiðslna. Í samræmi við markmið frumvarpsins þykir eðlilegt að skuldara sé veittur frestur á greiðslu viðkomandi skulda á meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Í 1. mgr. er nánar kveðið á um það hvað kröfuhöfum er óheimilt að gera á meðan greiðsluaðlögunarumleitanir fara fram. Þar segir að lánardrottnum sé óheimilt að krefjast eða taka

við greiðslu á kröfum sínum og á það við hvort sem um fulla greiðslu eða hluta af greiðslu er að ræða. Þá er lánardrottnum óheimilt að skuldajafna kröfu umsækjanda við kröfu sína nema því aðeins að aðalkrafan og gagnkrafan séu af sömu rót runnar, gjaldfella skuldir samkvæmt samningsbundnum heimildum, gera fjárnám í eigum umsækjanda eða láta selja þær á nauðungaruppboði, neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilismanna vegna fyrri vanefnda á greiðslum eða krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni. Bann við sölu á nauðungaruppboði á þá jafnframt við hafi þegar verið leitað eftir nauðungarsölunni við upphaf greiðsluaðlögunarumleitana.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að vextir af viðkomandi kröfum skuli reiknaðir meðan á frestun greiðslna stendur, en að þeir falli þó ekki í gjalddaga á meðan. Vextir af kröfum sem tryggðar eru með veði í eign sem skuldari fær að halda gjaldfalla þó í samræmi við samninga þar um, að því marki sem veð svarar til verðmætis hinnar veðsettu eignar.

Í 3. mgr. kemur fram að greiðslufresturinn nái ekki til krafna sem falla til eftir að umsókn skuldara hefur verið samþykkt og meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. snúa að því hvernig skuldari skal haga fjármálum sínum á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Víki skuldari augljóslega frá þessum skyldum með vísvitandi hætti getur slíkt leitt til þess að umsjónarmaður fái greiðsluaðlögunarumleitanir felldar niður á grundvelli 15. gr. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi nefnt að skuldari skuli leggja til hliðar af launum sínum og öðrum tekjum það sem fer umfram það sem hann þarf til framfærslu sinnar, fjölskyldu og heimilis síns. Sökum ákvæða 11. gr. um greiðslustöðvun á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana er viðbúið að slík staða geti komið upp. Í öðru lagi skal skuldari segja upp leigusamningum og öðrum samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru, þjónustu eða eðlilegu heimilishaldi sem er nauðsynleg skuldaranum eða heimili hans til lífsviðurværis. Hér skal einkum litið til útgjalda sem nema umtalsverðum fjárhæðum og óumdeilt má vera að sanngjarnt sé að skuldari geti verið án. T.d. mundi áskrift að dagblaði ekki falla hér undir. Í c- og d-lið er kveðið á um það að skuldari skuli ekki grípa til umfangsmeiri ráðstafana, svo sem að láta af hendi eða veðsetja eignir eða stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna.

Ef umsjónarmaður telur að skuldari hafi brugðist skyldum sínum skv. 1. mgr. 12. gr. skal hann óska eftir því við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 15. gr.

Um 13. gr.

Í ljósi þess að í greiðsluaðlögun felst að jafnaði eftirgjöf af kröfum með tilheyrandi afskriftum í lok greiðsluaðlögunartímabils er rétt að gera skuldara að leggja sitt af mörkum til að eins hátt hlutfall verði greitt af kröfum og sanngjarnt er. Í 13. gr. er umsjónarmanni veitt heimild til þess, að vel athuguðu máli, að krefja skuldara um að afhenda til sölu þær eignir og þá muni sem umsjónarmaður telur af sanngirnisástæðum, með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum, að skuldari geti verið án. Við mat á slíku skal umsjónarmaður bera saman hagsmuni lánardrottna og skuldara af sölunni, en þeir geta verið misjafnir eftir söluverðmæti eignar og fjölda lánardrottna. Skal þá miðað við að sala eignanna hafi áhrif á greiðsluhlutfall krafna svo um munar fyrir alla lánardrottna. Einnig skal umsjónarmaður meta hversu líklegt sé að honum takist að koma viðkomandi hlutum í verð innan skamms tíma,

með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Hér er viðbúið að til skoðunar komi fyrst og fremst fasteignir, einkum íbúðarhúsnæði, og verðmætir lausafjármunir eins og bifreiðir.

Við mat á því hvort íbúð skuldara skuli seld skal umsjónarmaður m.a. líta til þess að hve miklu leyti íbúðin sé veðsett. Við þær aðstæður þar sem veðskuldir eru undir matsverði íbúðarinnar má ætla að til álita komi að íbúðin verði seld, að því gefnu að tryggt sé að söluandvirðinu, að frádreginni greiðslu veðskulda, megi ráðstafa bæði til kaupa eða leigu á nýrri íbúð fyrir skuldara og til greiðslu krafna samkvæmt greiðsluaðlöguninni. Litið skal í þessu sambandi til fjölskylduhaga skuldara. Umsjónarmaður skal einnig líta til aðstæðna á húsnæðismarkaði hverju sinni og meta hvort af sölu íbúðar, og þar af leiðandi kaupum eða leigu á nýrri íbúð, geti orðið innan tímabils greiðsluaðlögunarumleitana. Megi ætla að sala eða kaup íbúðar muni dragast á langinn eða sé með öllu óvíst um hvaða söluverð fæst samþykkt skal umsjónarmaður síður kveða á um sölu íbúðar samkvæmt greininni. Umsjónarmaður er þó ekki bundinn af því að sala fari fram á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana og getur mælt fyrir um að sala fari fram einhvern tíma á greiðsluaðlögunartímanum. Almennt skal umsjónarmaður einnig síður kveða á um sölu íbúðar ef hann telur hana að stærð og staðsetningu hæfa skuldara og fjölskyldu hans. Einnig skal líta til áhrifa þess á skuldara og fjölskyldumeðlimi hans að þurfa að flytja milli staða, með tilliti til starfsstöðva þeirra, skólagöngu og félagslegra aðstæðna.

Skuldarinn getur hins vegar verið í þeirri aðstöðu að íbúðarhúsnæði hans sé veðsett fyrir fullu verði eða jafnvel hærri fjárhæð. Undir þeim kringumstæðum hafa lánardrottnar almennt engan hag af því að húsnæðið sé selt og skal því almennt ekki gera ráð fyrir sölu þeirrar íbúðar. Þó skal litið til þess hvort íbúðarhúsnæðið sé bersýnilega verulega umfram þá stærð sem skuldara og fjölskyldu hans hæfir auk þess sem miklar líkur þurfa að vera á því að hann geti greitt afborganir af áhvílandi veðlánum eftir að greiðsluaðlögun lýkur.

Í þeim tilvikum þar sem skuldari á aðrar fasteignir en íbúðarhúsnæði sem hann býr í skal almennt miðað við að skuldara verði gert að selja slíkar eignir, að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða. Getur þar t.d. verið um að ræða annað íbúðarhúsnæði, sumarbústaði eða jarðeignir.

Um lausafjármuni skal gengið út frá því að skuldari eigi rétt á að halda lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám skv. 43. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Komi til kröfu um sölu lausafjármuna skal almennt miðað við að um verðmæta muni sé að ræða, að sala þeirra sé kröfuhöfum verulega til hagsbóta og að skuldari geti bersýnilega verið án þeirra, að teknu tilliti til fjölskylduaðstæðna. Nærtækasta dæmið er bifreiðir en sé um það að ræða að skuldari hafi sjálfur, eða ásamt fjölskyldumeðlimum, tvær bifreiðir til ráðstöfunar, getur umsjónarmaður eftir atvikum kveðið á um sölu annarrar bifreiðarinnar.

Umsjónarmaður getur einnig kveðið á um sölu óskráðra lausafjármuna telji hann slíkt til hagsbóta svo um muni fyrir kröfuhafa. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir með óyggjandi hætti að skuldari eigi viðkomandi lausafjármuni og getur umsjónarmaður óskað eftir upplýsingum frá skuldara í því skyni. Almennt má segja að umsjónarmaður skuli einungis beita þessari heimild ef um verulega verðmæta muni er að ræða.

Í síðari málslið 1. mgr. segir að þyki umsjónarmanni ástæða til geti hann leitað afstöðu lánardrottna til sölu eignanna enda skal ekki krafist sölu þeirra eigna sem allir lánardrottnar samþykkja að skuldari fái að halda eftir.

Að lokum skal þess getið að ákvörðun umsjónarmanns um sölu eigna getur leitt til þess að þau verðmæti sem þar með safnast saman nægi til að leysa greiðsluerfiðleika skuldara að

fullu. Komi slík staða upp skal umsjónarmaður, að því gefnu að sölu eignanna eða samningum um sölu þeirra sé lokið, tilkynna umboðsmanni skuldara um að skilyrði fyrir niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana séu fyrir hendi í samræmi við 15. gr.

Í 2. mgr. kemur fram sú grundvallarregla að eignir skuli selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáist fyrir þær. Skal umsjónarmaður ákveða hvernig sala eigna fer fram og annast söluna sjálfur eða fela öðrum hana. Er umsjónarmanni því heimilt að láta sérfróða aðila, svo sem fasteignasala eða bílasala, annast söluna að fullu eða aðstoða umsjónarmann við söluna. Eftir atvikum kemur til greina að skuldari hlutist til um sölu eigna óski skuldari þess og telji umsjónarmaður líklegra að sala náist fram með þeim hætti. Eðlilegt er að skuldari sýni þá viðleitni að aðstoða við leit að kaupendum að viðkomandi eignum enda leiði sala eigna frekar til þess að umsjónarmaður leggi fram frumvarp til greiðsluaðlögunar. Kostnaður vegna sölu eignar greiðist af söluandvirði þeirrar eignar sem seld er, sbr. 30. gr.

Kveðið er á um það í 3. mgr. að ákveði umsjónarmaður að selja skuli eign skal hann gera þeim sem njóta veðréttar í eigninni viðvart um það með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá er mælt fyrir um að þegar komið er tilboð í eignina sem umsjónarmaður telur fært að taka skuli hann kynna það fyrir þeim veðhöfum í eigninni sem ekki mundu fá fullnustu krafa sinna af söluverðinu. Er þetta gert með það að sjónarmiði að þeir geti gert hærra boð eða eftir atvikum gengið inn í fram komið boð. Þeim er því veittur frestur til þess sé tilboðið ekki bindandi fyrir tilboðsgjafann. Telji síðari veðhafar, sem samkvæmt sölutilboði fengju ekki greitt upp í kröfu sína, að tilboð í eignina sé of lágt eða vilji þeir verja rétt sinn og eignast sjálfir eignina til hugsanlegrar endursölu síðar gefur ákvæðið þeim kost á að kaupa veðsettu eignina sjálfir.

Í 4. mgr. er kveðið á um að þegar eign hefur verið seld falli niður þau veðréttindi sem ekki fékkst greitt upp í af söluandvirðinu þegar um veðsettar eignir er að ræða. Umsjónarmaður skal hlutast til um aflýsingu veðkrafna og aflýsa þeim gegn staðfestingu umboðsmanns skuldara á að umsókn skuldara um greiðsluaðlögun hafi verið samþykkt, yfirlýsingu umsjónarmanns að sala eignarinnar hafi verið gerð vegna greiðsluaðlögunar og afrit samnings um söluna.

Loks segir í 5. mgr. að framfylgi skuldari ekki ákvörðun umsjónarmanns skv. 1. mgr. eða komi með einhverjum hætti í veg fyrir fyrirhugaða sölu eigna skuli umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 15. gr. Samþykki umboðsmaður skuldara niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana er skuldara heimilt að kæra þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála, sbr. 15. gr.

Um 14. gr.

Í ljósi mismunandi meðferðar og stöðu veðkrafna og samningskrafna við samning um greiðsluaðlögun er mikilvægt að fyrir liggi hvaða kröfur eða hvaða hlutfall krafna fellur í hvorn flokkinn. Í tilvikum þar sem óljóst er hvort veðið er hærra en verð eignarinnar er því nauðsynlegt að umsjónarmaður skeri úr um nákvæma skiptingu viðkomandi kröfu í veðkröfu og samningskröfu. Í 14. gr. er því mælt fyrir um að umsjónarmaður skuli eftir þörfum verðmeta þær eignir sem skuldara er ekki gert að selja. Ef um fasteign er að ræða ætti matið að jafnaði ekki að vera lægra en fasteignamat Fasteignaskrár Íslands, en þetta er þó háð mati umsjónarmanns hverju sinni sem almennt séð á að taka mið af markaðsverði eigna hverju sinni. Verðmat annarra veðsettra eigna skal umsjónarmaður annast sjálfur. Fallist lánardrottinn ekki á mat umsjónarmanns getur hann á eigin kostnað óskað mats sérfræðings. Umsjónar-

manni er skylt að taka afstöðu til mats sem lánardrottinn hefur aflað og skal eftir atvikum endurmeta verðmæti eigna eða staðfesta fyrra mat.

Um 15. gr.

Samkvæmt 15. gr. skal umsjónarmaður tilkynna umboðsmanni skuldara um það ef á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana koma upp tilvik eða aðstæður sem hann telur munu hindra að greiðsluaðlögun verði samþykkt. Er hér fyrst og fremst átt við þau tilvik þar sem nánari skoðun umsjónarmanns eða nýjar upplýsingar leiða til þess að skuldari uppfylli ekki skilyrði greiðsluaðlögunar skv. I. og II. kafla. Eins og kveðið er á um í frumvarpinu skal umsjónarmaður einnig tilkynna umboðsmanni skuldara um það ef skuldari hefur með vísvitandi hætti brugðist skyldum sínum eða komið í veg fyrir að ákvörðun umsjónarmanns um sölu eigna verði framfylgt. Áður en umboðsmaður skuldara tekur endanlega ákvörðun um erindi umsjónarmanns skal skuldara þó gefinn skammur frestur til að láta álit sitt í ljós eða koma með viðeigandi skýringar. Skuldari getur kært ákvörðun umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana innan viku frá því að ákvörðunin barst honum. Þá framlengist tímabil greiðsluaðlögunarumleitana þar til niðurstaða kærunefndar liggur fyrir sem gerir það m.a. að verkum að frestun greiðslna framlengist meðan kærunefndin hefur málið til meðferðar en fellur niður staðfesti kærunefndin ákvörðun umboðsmanns skuldara.

Falli greiðsluaðlögunarumleitanir niður skal umboðsmaður skuldara tilkynna þekktum lánardrottnum um niðurfellinguna.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er kveðið á um að umsjónarmaður skuli svo skjótt sem auðið er að lokinni innköllun krafna leggja fyrir kröfuhafa, að höfðu samráði við skuldara, frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun.

Í frumvarpinu skal kveðið á um lengd greiðsluaðlögunartímabilsins sem skal að jafnaði vera eitt til þrjú ár frá því að samningur tekur gildi.

Við mat á lengd greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður m.a. taka tillit til þess hvort hagir skuldara og fjölskyldu hans séu með þeim hætti að þriggja ára greiðsluaðlögunartímabil hefði í för með sér sérstakt álag eða óvenjulega miklar fórnir fyrir skuldara. Við ákvörðun um lengd tímabilsins ber að líta m.a. til fjárhæða skulda, fjölskyldugerðar og hvort skuldari hefur börn á framfæri enda mikilvægt að fjárhagsstaða forsjáraðila takmarki ekki um of möguleika barna til náms og aðhlynningar. Ef skuldari fer með forsjá barna ætti því frekar að horfa til styttra greiðsluaðlögunartímabils. Meta þarf áhrif greiðsluaðlögunar á lífsgæði og tryggja að veruleg breyting á þeim standi ekki of lengi. Sé um litla breytingu að ræða mælir það fremur með lengra tímabili. Þá skiptir aldur og heilsa skuldara máli. Sé aflahæfi takmarkað eða félagslegar aðstæður erfiðar mælir það með enn styttra greiðsluaðlögunartímabili en kveðið er á um í ákvæðinu. Þá skal fremur miða við styttra greiðsluaðlögunartímabil ef verulegur hluti af skuldum skuldarans er á grundvelli tryggingarábyrgðar. Hafi skuldarinn um langa hríð staðið við skuldbindingar sínar í samræmi við breytta skilmála eða aðra skuldaaðlögun utan þessara laga skal fremur miðað við styttra greiðsluaðlögunartímabil en lengra. Umsjónarmaður skal miða við að greiðsluaðlögunartímabil skuli vera lengra ef skuldarinn fær að halda eftir eigin íbúð þar sem veðkröfur nema umtalsvert minni fjárhæð en virði íbúðarinnar. Þá skal einnig fremur miðað við lengra tímabil ef takmarkaður hluti af fyrirsjáanlegum arði fer til þess að greiða skuldbindingar. Það sama á við ef greiðsluaðlögun telst hafa umtalsverð áhrif gagnvart samábyrgum skuldurum.

Þá skal í frumvarpinu tiltaka viðeigandi upplýsingar til að gefa heildarmynd af fjárhag og greiðslugetu skuldara, m.a. upplýsingar um tekjur, skuldir, eignir og mánaðarleg útgjöld. Einnig skal skrá allar kröfur sem vitað er um og tillögu umsjónarmanns um hvernig farið verði með kröfurnar, þ.e. hvort um sé að ræða tillögu um eftirgjöf, hlutfallslega lækkun, gjaldfrest, skilmálabreytingar, breytt form á greiðslu eða greiðslu með hlutdeild í reglulegri afborgunarfjárhæð. Þá skal í samræmi við 1. mgr. 3. gr. og 21. gr. tiltaka þær kröfur sem greiðast að fullu sem og hvaða hluti, ef einhver, af veðkröfum stendur utan matsverðs eignar og verður að almennri kröfu og þá hvernig skuli farið með þá kröfu. Að lokum er mælt fyrir um að í frumvarpinu skuli koma fram sá frestur sem lánardrottnar hafa til að taka afstöðu til frumvarpsins þegar þeir hafa fengið það sannanlega sent, sbr. skýringar við 17. gr.

Afborgunarfjárhæð er sú fjárhæð sem skuldari greiðir af veð- og samningskröfum meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur. Annars vegar er um að ræða afborgunarfjárhæð sem eingreiðslu sem skuldari innir af hendi. Hún skiptist milli samningskröfuhafa samkvæmt samkomulagi. Þeir teljast til samningskröfuhafa sem ekki njóta tryggingaréttinda í eignum skuldara eftir að eign hefur verið seld eða metin af umsjónarmanni eða sérfræðingum til verðs.

Hinn möguleikinn er sá að skuldari greiði reglulegar afborganir á tilteknu tímabili meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur. Afborgunarfjárhæðin skal bundin við launavísitölu eða aðra vísitölu sem aðilar koma sér saman um að afborganir skuli miðaðar við. Ákvæði laga um vexti og verðtryggingu standa því ekki í vegi, enda hér um sérlög að ræða sem ganga framar almennu lagaákvæði. Við val á verðtryggingarkosti er einnig eðlilegt að líta til möguleika skuldara sjálfs til tekjuöflunar á greiðsluaðlögunartíma. Þetta á sérstaklega við þegar um skuldara er að ræða sem er við aldur og hefur takmarkaða möguleika til tekjuöflunar.

Í frumvarpinu skal einnig tiltaka framfærslu skuldara og skal umsjónarmaður notast við framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur. Við mat á framfærslukostnaði skal einnig taka mið af tekjum annarra fjölskyldumeðlima, ef fjölskylduhagir skuldara gefa tilefni til þess. Þá skal umsjónarmaður horfa til þess að skuldari geti staðið undir þeim skuldbindingum sem frumvarpið leggur á hann á greiðsluaðlögunartímabilinu. Umsjónarmaður skal horfa sérstaklega til þess hvort skuldari er framfærsluskyldur með börnum og taka sérstakt tillit til þess við ákvörðun framfærslu.

Að greiðsluaðlögunartímabilinu loknu er gert ráð fyrir því að tekist hafi að endurskipuleggja fjárhag skuldara. Það er eitt þeirra atriða sem umsjónarmaður horfir til við frumvarpsgerðina. Umsjónarmaður skal vinna frumvarpið í samráði við skuldara, enda verður að líta svo á að tillagan sé tilboð frá skuldara til kröfuhafa um uppgjör.

Telji umsjónarmaður það nauðsynlegt eða ef lánardrottinn krefst þess getur umsjónarmaður boðað til fundar með lánardrottnum og skuldara til að ræða greiðsluaðlögunina áður en frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun er gert. Fundur sem þessi getur til að mynda verið þarfur til að leggja grunn að raunhæfum greiðsluaðlögunarsamningi. Þá er heimilt að boða jafnframt á fundinn ábyrgðarmenn skuldara, samskuldara hans og þá sem veitt hafa skuldara lánsveð í eignum sínum.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um samþykki samnings um greiðsluaðlögun og mælt fyrir um að umsjónarmaður skuli leitast við að fá samþykki lánardrottna fyrir frumvarpi til samningsins. Í einhverjum tilvikum getur þetta orðið til þess að gera þarf breytingar á frumvarpinu og skal það þá gert í samráði við skuldara. Kveðið er á um það að umsjónarmaður skuli senda öllum þekktum lánardrottnum á sannanlegan hátt frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun. Um-

sjónarmaður sendir lánardrottnum frumvarpið í sínu nafni eftir samráð við skuldara og eftir að hafa metið sjálfstætt greiðslugetu hans, framfærslukostnað og hvaða skuldbindingar teljast má líklegt að skuldari geti staðið við. Lánardrottnum er gefinn þriggja vikna frestur til að taka afstöðu til frumvarpsins. Leggist lánardrottinn gegn frumvarpinu eða hafi hann við það athugasemdir skal hann innan þess frests skila umsjónarmanni skriflegum rökstuðningi fyrir afstöðu sinni. Hafi skriflegur rökstuðningur ekki að geyma upplýsingar sem valdið geta niðurfellingu umleitana til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður leitast við að fá lánardrottin til að endurskoða afstöðu sína. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að gera breytingar á frumvarpinu í samráði við skuldara og skal það þá sent öðrum lánardrottnum að nýju.

Við breytingar á frumvarpinu skal umsjónarmaður tryggja að framfærsla skuldara og eftir atvikum heimilismanna hans sé tryggð. Ef ekki er hægt að mæta athugasemdum lánardrottna með eðlilegum breytingum á frumvarpi og umsjónarmaður hefur reynt til þrautar, en árangurslaust á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana, að fá lánardrottna til að samþykkja samning um greiðsluaðlögun er ljóst að frumvarp til samningsins fæst ekki samþykkt.

Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt þegar allir lánardrottnar hafa samþykkt það. Hafi lánardrottinn ekki lýst því yfir innan þriggja vikna frestsins að hann leggist gegn frumvarpinu telst hann hafa samþykkt það. Telja verður líklegt að á grundvelli þeirrar faglegu vinnu sem átt hefur sér stað muni lánardrottnar ekki nema í einstökum tilvikum setja sig upp á móti því af rökstuddum ástæðum að greiðsluaðlögun nái fram að ganga. Að auki ætti lánardrottinn almennt að miða við það að leggjast ekki gegn frumvarpi nema hann hafi ástæðu til að ætla að skuldari geti greitt meira. Það er hagur skuldara og lánardrottins að ná fram samningi um greiðsluaðlögun. Verði afstaða lánardrottins til þess að skuldari leiti eftir og fái nauðasamning til greiðsluaðlögunar er ekki hægt að gera breytingar á nauðasamningi batni hagur skuldara. Slíkra breytinga getur lánardrottinn þó krafist á samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við 25. gr.

Það flýtir því mjög fyrir ferlinu að setja ekki skilyrði um að samþykki allra lánardrottna þurfi til að samningur um greiðsluaðlögun komist á þar sem þeir lánardrottnar sem eru samþykkir frumvarpinu þurfa ekki að tjá það sérstaklega. Þá er eðlilegt að gera þá kröfu að lánardrottnar gæti hagsmuna sinna hvað þetta varðar. Mælt er fyrir um að stjórnvöld, innheimtumaður, stofnanir og opinber félög geti án tillits til ákvæða í öðrum lögum samþykkt frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun hvað varðar aðrar kröfur en sektir. Forsvarsmönnum er heimilt að samþykkja tillögu umsjónarmanns ef lánardrottinn er opinber aðili. Þar sem litið er á þögn lánardrottins sem samþykki fyrir frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun þurfa þessir aðilar þó ekki að veita samþykki sitt heldur einungis andmæla taki frumvarpið til sektarkrafna. Af sömu ástæðu er mikilvægt að frumvarpið sé ávallt sent öllum lánardrottnum á sannanlegan hátt, t.d. með ábyrgðarpósti eða boðsendingu.

Teljist frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun samþykkt skulu skuldari, umsjónarmaður og umboðsmaður skuldara undirrita það og tekur samningurinn þá þegar gildi. Hann skal senda öllum þekktum kröfuhöfum. Í samræmi við 3. mgr. 21. gr. skal umsjónarmaður sjá til þess í tæka tíð, áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt samningi um greiðsluaðlögun, að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt honum.

Um 18. gr.

Náist ekki samningur um greiðsluaðlögun í samræmi við IV. kafla getur skuldari lýst því yfir við umsjónarmann að hann vilji leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar eða greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði eða hvors tveggja í senn. Í 18. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með slík tilvik. Umsjónarmaður skal gefa skuldara kost á að endurskoða frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun í ljósi athugasemda sem lánardrottnar gerðu við það. Þá skal umsjónarmaður innan tveggja vikna frá yfirlýsingu skuldara taka rökstudda afstöðu til þess hvort hann mælir með því að nauðasamningur til greiðsluaðlögunar eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á eða eftir atvikum hvoru tveggja í senn. Umsjónarmaður skal við mat á því m.a. líta til þess hvort nokkuð hefur komið fram sem í upphafi hefði átt að standa í vegi fyrir greiðsluaðlögun, hvort skuldari leitar eftirgjafar umfram það sem eðlilegt er í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa. Hér er horft til þess að lánardrottnar skuli almennt ekki setja sig upp á móti frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun nema þeir telji með sanngirni að skuldari geti greitt meira. Séu þær aðstæður fyrir hendi er ósanngjarnt að skuldari geti sett sig upp á móti breytingum á frumvarpinu og krafist svo nauðasamnings. Slíkar aðstæður ættu því að leiða til þess að umsjónarmaður mæli gegn því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á. Þá skal umsjónarmaður líta til þess hvort skuldari hefur sinnt skyldum sínum skv. 12. gr., m.a. hvort hann hefur lagt til hliðar af tekjum sínum fé umfram framfærsluþörf sína og fjölskyldu sinnar og ekki gripið til stærri ráðstafana, svo sem að láta af hendi eða veðsetja eignir eða stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna. Þá ber umsjónarmanni að líta til þess að skuldari hafi staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við greiðsluaðlögunarumleitanir, hvort raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar að fenginni greiðsluaðlögun og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem hafa látið greiðsluaðlögunarumleitanirnar sig varða. Umsjónarmaður skal því horfa til þess hver rökstuðningur lánardrottna var fyrir því að leggjast gegn frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun en ljóst er að hann getur ekki einvörðungu staðið í vegi fyrir því að umsjónarmaður mæli gegn nauðasamningi eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og þurfa ríkar ástæður að vera fyrir afstöðu lánardrottna.

Mæli umsjónarmaður gegn því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á skal hann tilkynna það skuldara tafarlaust sem getur skotið þeirri ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðunin var tekin og skal nefndin taka afstöðu til kærunnar innan tveggja vikna. Skammur frestur kærunefndarinnar endurspeglar þá ríku hagsmuni sem í húfi eru. Að auki er ljóst að þegar málið kemur til kærunefndarinnar hefur fjárhagur skuldara þegar verið kortlagður og að auki liggja fyrir ítarlegar upplýsingar í samræmi við lögin. Ólíklegt er því að nefndin þurfi að fara í rannsóknarvinnu heldur geti hún tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir enda fái hún öll gögn frá umsjónarmanni um mál skuldara. Staðfesti kærunefndin ákvörðun umsjónarmanns lýkur greiðsluaðlögunarumleitunum þá þegar og skal umboðsmaður skuldara tilkynna þekktum lánardrottnum skuldara um það. Hrindi kærunefndin ákvörðun umsjónarmanns skal hann vinna frumvörp til nauðasamnings og eftir atvikum til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna í samræmi við 19. og 20. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að meðan beðið er ákvörðunar umsjónarmanns og eftir atvikum kærunefndar haldast áhrif greiðsluaðlögunarumleitana þannig að frestun greiðslna skv. 11. gr. helst. Ákveði umsjónarmaður eða kærunefnd að skuldara sé heimilt að leita nauðasamn-

ings til greiðsluaðlögunar og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna framlengjast áhrifin þar til þeirri málaleitan er lokið.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er fjallað um hvernig málsmeðferð er háttað þegar afráðið hefur verið að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Skal umsjónarmaður þá innan tveggja vikna gera frumvarp til samningsins. Samningurinn skal taka til annarra krafna á hendur skuldara en þeirra sem tryggðar eru með veði eða annars konar tryggingarréttindum í eignum hans og skal í frumvarpinu koma fram hvað skuldari býðst til að greiða af skuldum sínum sem frumvarpið tekur til og með hvaða kjörum, hvaða þekktir lánardrottnar eiga þessar kröfur og hversu mikið þeir fá í sinn hlut, hvort trygging verður sett fyrir greiðslum og hver hún þá sé.

Frumvarpið ásamt greinargerð umsjónarmanns skal sent til allra þekktra lánardrottna skuldarans. Hafi umsjónarmaður mælt gegn nauðasamningi til greiðsluaðlögunar en kærunefnd greiðsluaðlögunarmála hrundið þeirri ákvörðun skal jafnframt fylgja úrskurður kærunefndarinnar.

Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en í 34. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á kaflanum til að tengja ferlin betur saman.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er kveðið á um að þegar afráðið er að leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafa á íbúðarhúsnæði, hvort sem það er gert samhliða því að leita nauðasamnings skv. 19. gr. eða án þess, skuli umsjónarmaður gera frumvarp til slíkrar greiðsluaðlögunar og boða veðhafa innan tveggja vikna til fundar. Um þann fund skal fara eftir fyrirmælum 5. gr. laga nr. 50/2009. Heiti þeirra laga var tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði en samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til breytingar á lögum nr. 50/2009. Um framhald málsins fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í þeim lögum.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er kveðið á um skiptingu greiðslna milli kröfuhafa. Meginreglan er að þær eignir eða afborganir sem skipta skal milli kröfuhafa skiptast hlutfallslega eftir fjárhæð krafna. Í ákvæðinu eru þó gerðar nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu sem taldar eru upp í a- og b-lið.

Fyrri undantekningin snýr að kröfum sem tryggðar eru með veði. Segir í a-lið að ef skuldari heldur eftir eignum sem tryggðar eru með veði skuli hann greiða af þeim fastar mánaðargreiðslur sem mega ekki nema lægri fjárhæð en umsjónarmaður metur að samsvari húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögunin varðar. Er þetta ákvæði samsvarandi ákvæði í lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur falla því ekki dráttarvextir, vanskilagjöld eða innheimtukostnaður á veðkröfur, en vanskilaþáttur kröfunnar sem ekki fæst greiddur leggst við ógjaldfallinn höfuðstól kröfunnar og á lánstíminn að lengjast sem því nemur til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögunin stendur.

Við útreikning leigunnar er heimilt að taka tillit til gjalda sem leigjandi mundi að jafnaði ekki greiða, svo sem fasteignagjalda, hússjóðs, trygginga, hita og rafmagns. Þrátt fyrir þá meginreglu að skuldari greiði af veðkröfum sem samsvari leiguverði er gert ráð fyrir því að séu sérstakar tímabundnar aðstæður fyrir hendi sé umsjónarmanni heimilt að lækka þessar

greiðslur. Þá undanþáguheimild ber þó að skýra þröngt. Miða verður við að ekki sé verið að aðstoða skuldara til að halda húsnæði sem hann hefur ekki efni á að halda heldur mæta tímabundnum erfiðleikum þegar sýnt er að einstaklingur muni þó til frambúðar standa undir greiðslum. Koma þar m.a. til álita tímabundin veikindi eða atvinnuleysi sem staðið hefur til lengri tíma en þó séu líkur á að tekjuöflunarmöguleikar muni glæðast. Er sú takmörkun gerð að ekki megi þó ákvarða greiðsluna lægri en sem samsvarar 60% af hæfilegri húsaleigu og einungis tímabundið. Það er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á lögum nr. 50/2009 í frumvarpi til breytinga á þeim.

Í a-lið er einnig kveðið á um að sá hluti veðtryggðra krafna sem er yfir matsverði þeirra eignar sem stendur til tryggingar skuli greiddur samkvæmt greiðsluaðlöguninni á sama hátt og óveðtryggðar kröfur. Þær falla þá niður að öðru leyti þegar skuldari hefur fullnægt skyldum sínum og greiðsluaðlögun lýkur nema um annað sé samið í samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við 4. mgr. 3. gr. Samkvæmt þeirri málsgrein er gert ráð fyrir að í samningi um greiðsluaðlögun sé heimilt að semja um hlutfallslega lækkun og eftirgjöf krafna en einnig t.d. gjaldfrest og skilmálabreytingu. Við gerð frumvarps um greiðsluaðlögun þarf þó alltaf að gæta þess að uppfyllt sé ákvæði 3. mgr. 16. gr. um að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Gæta verður þess við gerð frumvarps um greiðsluaðlögun að við lok tímabilsins sé hann fær um að standa við skuldbindingar sínar.

Síðari undantekningin snýr að þeim kröfum sem greiðsluaðlögun tekur ekki til, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Í lokamálsgrein greinarinnar er kveðið á um að umsjónarmaður skuli sjá til þess að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt greiðsluaðlögun í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt henni.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með umdeildar kröfur við greiðsluaðlögun, en þegar skuldari leitar eftir greiðsluaðlögun kunna að vera til staðar kröfur á hendur honum sem eru umdeildar. Þá kunna þess háttar kröfur að falla á hann á greiðsluaðlögunartímabilinu. Í þeim tilvikum ber að taka frá fjárhæð sem hefði farið til að greiða af kröfunum, eftir atvikum hlutfallslega, í samræmi við skilmála samnings um greiðsluaðlögun ef þær hefðu verið viðurkenndar. Ef lánardrottinn hefur hafið mál til að fá skorið úr um gildi kröfunnar með málshöfðun eða öðrum aðgerðum innan sex mánaða frá því að samningur um greiðsluaðlögun komst á skal skipta fjármununum milli annarra lánardrottna.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er kveðið á um ábyrgðarkröfur, þ.e. þau tilvik þar sem skuldari er skuldbundinn til að greiða fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sem hann hefur gefið áður en meðferð beiðni um greiðsluaðlögun hófst en skylda samkvæmt yfirlýsingunni er ekki orðin virk þegar greiðsluaðlögun tekur gildi. Í slíkum tilvikum er lagt til að ekki skuli gert ráð fyrir skuldbindingunni við greiðsluaðlögunina. Ef ábyrgðarskuldbindingin verður virk síðar er möguleiki að breyta greiðsluaðlöguninni í samræmi við ákvæði frumvarpsins þar um. Þá er gert ráð fyrir að skuldari greiði sama hlutfall af skuld samkvæmt ábyrgðinni og hann greiðir af óveðtryggðum kröfum samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

Um 24. gr.

Í 24. og 25. gr. er kveðið á um heimild til breytinga á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun, en á greiðsluaðlögunartímanum getur ýmislegt komið upp sem breytir aðstæðum og leiðir til þess að endurskoða þarf forsendur greiðsluaðlögunar.

Í 24. gr. er kveðið á um heimild skuldara til að krefjast þess að gerðar verði breytingar á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun. Skilyrði þess að skuldari geti óskað eftir því að gerðar verði breytingar á skilmálunum eru að á greiðsluaðlögunartímabilinu komi upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt skilmálum samningsins. Kröfu skuldara skal ekki taka til greina ef tilefni breyttra forsendna verður rakið til óábyrgrar hegðunar hans. Hér koma því einkum til skoðunar tilvik eins og þau þar sem skuldari verður fyrir slysi, viðvarandi atvinnuleysi, o.s.frv. Þetta þarf þó að meta hverju sinni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef fram kemur skuld, sem stofnaðist áður en umsókn skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar var samþykkt og skuldara var ekki kunnugt um þegar skilmálar samnings um greiðsluaðlögun voru ákveðnir og samningurinn tekur ekki til, verður skuldin felld undir greiðsluaðlögunina og greitt af henni í samræmi við það sem greitt er af samsvarandi kröfum. Aðeins er greitt af henni frá þeim tíma sem breyting á skilmálum greiðsluaðlögunar tekur gildi. Skuldara er hins vegar óheimilt að greiða kröfuna utan greiðsluaðlögunar. Lánardrottinn sem hefur vanrækt að lýsa kröfu sinni eða hafa hana uppi við skuldara getur þannig ekki skapað sér betri rétt en aðrir lánardrottnar og krafist greiðslu kröfunnar. Hann er þá jafnsettur og þeir lánardrottnar sem við upphaf greiðsluaðlögunarumleitana voru þekktir en lýstu ekki kröfu sinni þar sem hann hefur ekkert um skilmála samnings til greiðsluaðlögunar að segja og getur ekki sett sig upp á móti henni en fær þó greitt í samræmi við skilmála greiðsluaðlögunar frá þeim tíma sem hann kynnir kröfuna skuldara.

Áður en skuldari krefst breytinga á samningi um greiðsluaðlögun skv. 1. mgr. skal hann hafa leitað eftir samkomulagi þar um við aðra lánardrottna. Náist slíkt samkomulag skal það borið undir umboðsmann skuldara, sem skal samþykkja það nema í sérstökum undantekningartilfellum. Ef ekki næst samkomulag getur skuldari lagt til við umboðsmann skuldara að skilmálum samnings um greiðsluaðlögun verði breytt samkvæmt kröfu skuldara. Hafni umboðsmaður skuldara samþykki á breytingum á skilmálum geta skuldari eða lánardrottnar kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim.

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað um tilvik þegar lánardrottinn getur lagt fram kröfu um breytingu á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun á greiðsluaðlögunartímabilinu. Þetta getur einkum orðið þegar fjárhagsstaða skuldara hefur batnað mikið frá því sem var þegar skilmálar samningsins voru samþykktir. Lánardrottnar geta ekki sett fram slíka kröfu nema fjárhagsstaða skuldara hafi batnað verulega. Meta þarf hverju sinni hvort fjárhagsstaða skuldara hafi breyst svo að það veiti kröfuhöfum möguleika á því að gera slíka kröfu. Við skýringu á þessari grein verður þó að horfa til þess að greiðsluaðlögun var komið á miðað við fjárhagsstöðu skuldara á þeim tíma. Hugsunin er sú að skuldari geti endurskipulagt fjármál sín og byrjað upp á nýtt. Greinina má ekki skýra á þann hátt að það letji skuldara til að afla eins mikilla tekna og honum er kostur. Því skal ekki taka tillit til þess ef fjárhagsstaða skuldara batnar vegna eigin vinnu skuldara eða bættra launakjara hans, nema um verulega aukningu tekna

sé að ræða. Þegar skuldarinn fær háa eingreiðslu á greiðsluaðlögunartímabilinu, t.d. arf eða annað þess háttar, getur lánardrottinn krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða að fullu milli kröfuhafa án þess að greiðsluaðlöguninni sé breytt að öðru leyti. Þá er sama afborgunarfjárhæð greidd áfram en lánardrottnar fá hlutdeild í ávinningnum samkvæmt samkomulagi við skuldara eða ákvörðun umboðsmanns.

Ef skuldari stendur ekki við þær skuldbindingar sem á honum hvíla, og skýringar verða raktar til aðstæðna sem skuldari hefur stjórn á, geta lánardrottnar krafist riftunar eða ógildingar á samningi um greiðsluaðlögun. Ef greiðsluaðlögun er rift eða hún ógilt verður réttarstaðan eins og greiðsluaðlögun hafi aldrei komist á.

Um 26. gr.

Í 26. gr. er fjallað um málsmeðferð þegar skuldari eða kröfuhafar krefjast breytinga, riftunar eða ógildingar á greiðsluaðlögun, sbr. 24. og 25. gr. Umboðsmaður skal taka ákvörðun innan mánaðar frá því að krafa um breytingu berst og er því mikilvægt að senda þá þegar þeim aðilum sem málið varðar erindið og kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum. Slíkar upplýsingar geta t.d. verið fjárhagslegar upplýsingar, upplýsingar um breytta stöðu og afstöðu skuldara og lánardrottna. Áður en til töku ákvörðunar kemur getur umboðsmaður skuldara að kröfu skuldara eða lánardrottins haldið fund telji hann það nauðsynlegt. Ákvörðun umboðsmanns skuldara getur skuldari eða lánardrottinn kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því ákvörðun berst þeim.

Um 27. gr.

Í greininni er fjallað um upplýsingaskyldu skuldara gagnvart kröfuhöfum. Komi þannig upp aðstæður sem veita lánardrottnum rétt til að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun, ógildingu hans eða riftun skal skuldari upplýsa lánardrottna á tryggan hátt og innan eins mánaðar um þær aðstæður.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er kveðið á um skráningu greiðsluaðlögunar og fleiri atriði sem huga þarf að þegar greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt.

Í 1. mgr. er kveðið á um að umsjónarmaður skuli óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur og aðrar opinberar bækur vegna fasteigna, skipa, lausafjár og bifreiða sem eru í eigu skuldara. Þetta á við um þær eignir skuldara sem skráðar eru á hans nafn. Veðbönd á eignum sem umsjónarmaður ákveður að selja og eru seldar meðan leitað er greiðsluaðlögunar falla niður í samræmi við 13. gr. Meðan leitað er samnings um greiðsluaðlögun, og á greiðsluaðlögunartímabilinu sjálfu, getur lánardrottinn ekki fengið þinglýst betri rétti en hann hafði þegar umboðsmaður skuldara samþykkti umsókn um greiðsluaðlögun. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt hefst ákveðið ferli sem miðar að því að gera upp fjárhag skuldara með það að leiðarljósi að jafnvægi náist milli greiðslugetu og skulda, miðað við fjárhagsstöðuna eins og hún var þegar heimild var veitt. Samningskröfuhafar geta því ekki fengið stöðu veðkröfuhafa eftir að samþykki umboðsmanns skuldara liggur fyrir. Lánardrottnar geta ekki fengið tryggingarrétt í eignum skuldara eftir að umsókn skuldara hefur verið samþykkt. Skráning að frumkvæði umsjónarmanns í þinglýsingabækur um að heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar liggi fyrir er gjaldfrjáls.

Enn fremur skal umsjónarmaður þinglýsa athugasemd um að greiðsluaðlögunarumleitanir hafi verið felldar niður eða að samningi um greiðsluaðlögun hafi verið komið á og hversu langt greiðsluaðlögunartímabilið er. Skráningar af þessu tagi eru einnig gjaldfrjálsar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umboðsmaður skuldara skuli halda skrá yfir alla sem fengið hafa heimild til greiðsluaðlögunar. Í 3. mgr. er kveðið á um að þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið skuli yfirvöld og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun, enda eru það einu upplýsingarnar sem ástæða er fyrir stjórnvöld og eftirlitsaðila að halda utan um varðandi greiðsluaðlögun. Aðrar upplýsingar á ekki að skrá í opinberar bækur. Oft getur verið um að ræða persónulegar upplýsingar sem engin ástæða er til að yfirvöld haldi utan um með því að skrá þær sérstaklega.

Um 29. gr.

Eftir að greiðsluaðlögunartímabili er lokið getur skuldari gegn framvísun samnings um greiðsluaðlögun og yfirlýsingar umboðsmanns skuldara um að greiðsluaðlögun sé lokið krafist aflýsinga á veðkröfum sem falla niður eftir að tímabilinu er lokið samkvæmt skilmálum samnings um greiðsluaðlögun. Að auki getur skuldari krafist þess að aflýst verði athugasemd sem þinglýst hefur verið þess efnis að umboðsmaður hafi samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun, sbr. 1. mgr. 28. gr. Forsendan er sú að skuldari hafi staðið við sínar skuldbindingar. Skuldari á rétt á því að fá kvittun frá lánardrottni um að hann hafi staðið við sínar skuldbindingar ef nauðsyn krefur, en annars eiga kvittanir um greiðslur samkvæmt skilmálum samnings um greiðsluaðlögun og yfirlýsing umboðsmanns skuldara að duga til að fá veðkröfum aflýst.

Um 30. gr.

Í greininni er kveðið á um að umboðsmaður skuldara beri kostnað af meðferð umsókna um greiðsluaðlögun og starfa umsjónarmanna með greiðsluaðlögun. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að lánardrottnar greiði þann kostnað sem á þá fellur af meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og framkvæmd hennar. Þá er kveðið á um að kostnaður við sölu eigna skuli greiðast af söluandvirði þeirrar eignar sem seld er.

Um 31. gr.

Hér er kveðið á um að kröfur sem urðu til áður en umsókn um greiðsluaðlögun var samþykkt, en skuldari hefur ekki verið krafinn um að greiða, falli niður þegar greiðsluaðlögunartímabilinu lýkur. Lýsi lánardrottinn ekki yfir kröfu við innköllun og tilkynni hann ekki skuldara um kröfuna á greiðsluaðlögunartímabili er mikilvægt að hann geti ekki á grundvelli þessa tómlætis krafist fullra efnda kröfunnar eftir að greiðsluaðlögunartímabilinu lýkur.

Um 32. gr.

Í 32. gr. er mælt fyrir um að félags- og tryggingamálaráðherra skipi þriggja manna kærunefnd greiðsluaðlögunarmála til fjögurra ára í senn sem heimilt verði að kæra til ákvarðanir umboðsmanns skuldara í samræmi við ákvæði laganna. Kveðið er á um að tveir nefndarmanna skuli hafa embættispróf eða meistarapróf í lögfræði. Annar þeirra skal jafnframt uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari og skal ráðherra skipa hann formann nefndarinnar. Ekki er kveðið á um sérstök hæfisskilyrði fyrir þriðja nefndarmanninn en mikilvægt er að hann hafi þekkingu sem nýtist í störfum nefndarinnar. Þannig getur komið til greina að

hann sé löggiltur endurskoðandi en einnig gæti hann búið yfir sérþekkingu eða reynslu á sviði skuldamála.

Í 3. mgr. er kveðið á um að úrskurðir kærunefndarinnar séu endanlegir á stjórnsýslustigi og verði því ekki kærðir til ráðherra. Í 4. mgr. er ráðherra svo falið að setja reglugerð um störf nefndarinnar, lögunum til fyllingar.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun skerði ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Um 34. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. ágúst 2010 og er gildistíminn í samræmi við tillögur félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara. Gildistakan ræðst eðlilega af gildistöku þess frumvarps þar sem umboðsmanni skuldara er falið viðamikið hlutverk við greiðsluaðlögun.

Um 35. gr

Í 35. gr. er kveðið á um breytingar á öðrum lögum og lagðar til breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Lagt er til að X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. verði breytt þannig að fyrirsögn kaflans verði nauðasamningur til greiðsluaðlögunar. Þá eru ákvæði kaflans skorin ansi mikið niður enda er nú gert að skilyrði fyrir því að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar að áður hafi árangurslaust verið leitað samnings til greiðsluaðlögunar í samræmi við frumvarp þetta. Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar getur einungis tekið til þeirra sömu krafna og nauðasamningur skv. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti tekur til. Veðkröfur eru því undanþegnar og þarf því að óska eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna í samræmi við lög nr. 50/2009 þurfi skuldari samhliða nauðasamningi greiðsluaðlögun veðkrafna sinna.

Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um að mæli umsjónarmaður með því að skuldari fái nauðasamning til greiðsluaðlögunar eða hrindi kærunefnd ákvörðun umsjónarmanns skuldara hafi hann mælt gegn því að nauðasamningur kæmist á skuli hann útbúa frumvarp til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Frumvarpið skal umsjónarmaður senda til allra þekktra lánardrottna skuldara. Skal skuldari þá leggja það fyrir héraðsdóm innan viku frá því að umsjónarmaður sendi það út ásamt kröfu um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Með beiðninni skal fylgja samrit allra gagna sem lágu fyrir við umleitun til að koma á samningi um greiðsluaðlögun ásamt greinargerð umsjónarmanns.

Þrátt fyrir breytt ákvæði 63. gr. a er haldið inni þeirri takmörkun að einstaklingur sem borið hefur ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri geti ekki nýtt sér úrræði um nauðasamning til greiðsluaðlögunar nema lítill hluti skulda hans stafi frá atvinnurekstri. Sú breyting er þó lögð til frá gildandi lögum að atvinnurekstri þurfi ekki að hafa verið hætt. Verður hér að líta til þess að í gjaldþrotaskiptalögum er til staðar nauðasamningaúrræði fyrir atvinnurekstur og þetta ferli er einfaldað í frumvarpi til breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (447. mál, þskj. 768) sem afgreitt hefur verið frá allsherjarnefnd á yfirstandandi þingi. Þó svo að eðlilegt sé að þessir einstaklingar geti til jafns við aðra, uppfylli þeir skilyrði laganna að öðru leyti, nýtt sér lögin til að leita frjálsra

samninga um greiðsluaðlögun verður að tryggja að ekki skapist ójafnræði með þeim einstaklingum í rekstri sem leita nauðasamnings eða nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Er því miðað við gildandi takmörkun og áskilið að einungis lítill hluti skulda stafi frá atvinnurekstri. Þetta þarf að meta hverju sinni en þó má t.d. hafa hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli 721/2009 þar sem 15% heildarskulda voru talin lítill hluti heildarskulda.

Í frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra var lagt upp með að ekki væri skylda að hafa lögheimili á Íslandi til að fá greiðsluaðlögun. Sá háttur er hafður á hvað varðar samning um greiðsluaðlögun en ef ekki nást samningar fer eftir X. kafla a gjaldþrotaskiptalaga. Í 4. gr. þeirra laga er gert að skilyrði að lögheimili sé á Íslandi. Þar sem ekki er til staðar samningur við önnur ríki um gagnkvæma viðurkenningu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar er ekki unnt að fella brott það skilyrði. Árétta verður þó mikilvægi þess að einstaklingar sem sannanlega uppfylla skilyrði greiðsluaðlögunar fái lausn mála sinna og er því lögð áhersla á að þeir sem eiga lögheimili erlendis fái aðstoð umboðsmanns skuldara varðandi upplýsingar um möguleg sambærileg úrræði í búsetulandi sínu vegna skulda sinna hérlendis. Slík aðstoð yrði þó einungis í formi upplýsinga en ekki ráðgjafar eða aðstoðar við að leita viðeigandi úrræðis.

Lagt er til að um málsmeðferð fyrir dómi fari eftir ákvæðum 55.–59. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. en í þeim ákvæðum er kveðið á um staðfestingu nauðasamnings. Þá er kveðið á um að almennar reglur um nauðasamninga í X. kafla laganna gildi að frátalinni 3. mgr. 60. gr. sem gerir það að verkum að hlutaðeigandi lánardrottnar geta ekki krafist fjárnáms til fullnustu á kröfur sínum eftir nauðasamningnum ef vandefndir yrðu af hendi skuldara.

Þá er lögð til breyting í þá veru að ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, gildi einnig um samning um greiðsluaðlögun.

Á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 er lögð til sú breyting að í 3. tölul. 28. gr. verði tiltekið að eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við samning um greiðsluaðlögun teljist ekki til tekna. Ákvæði 3. tölul. 28. gr. skattalaga á einungis við um tekjur einstaklinga og því ljóst að verði eftirgjöf á skuldum sem stafa frá atvinnurekstri myndar slík niðurfelling skattstofn.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þrátt fyrir að frumvarp þetta verði samþykkt verði unnt að ljúka meðferð beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar á grundvelli X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem lögð hefur verið fyrir héraðsdóm fyrir gildistöku laganna enda falli skuldari ekki frá beiðni sinni. Þá verði heimilt að veita til þess réttaraðstoð á grundvelli laga nr. 65/1996. Skuldari getur þó fallið frá beiðni sinni og hafið nýtt ferli í samræmi við frumvarp þetta og greiðist þá kostnaður vegna meðferðar umsóknar um greiðsluaðlögun og starfa umsjónarmanns af umboðsmanni skuldara í samræmi við 30. gr. frumvarpsins.

1364. Frumvarp til laga [671. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „greiðsluaðlögun“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.
b. Í stað orðanna „fimm ár“ í 1. mgr. kemur: þrjú ár.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Með fyrirsvar laga þessara fer félags- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna tekið til fasteignar skuldara þótt hann haldi þar ekki heimili, enda þurfi hann tímabundið að sækja nám eða vinnu fjarri heimili. Sama gildir þurfi skuldari að dveljast erlendis vegna veikinda. Skal þá eftir atvikum krefjast úrlausnar héraðsdóms í því umdæmi þar sem fasteign skuldara er staðsett. Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis.
b. 2. tölul. 3. mgr. orðast svo: Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda sé krafan þegar orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hann á lögheimili“ í 1. mgr. kemur: umboðsmanns skuldara.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Hafi skuldari áður leitað samnings við lánardrottna sína eftir ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og leiti hann greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna í samræmi við 18. og 20. gr. þeirra laga fer um beiðni hans eftir þeim lögum. Um framhald slíks máls fer eftir ákvæðum laga þessara eftir því sem við á.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að hún liggur fyrir fullbúin.
b. Í stað orðsins „Héraðsdómari“ í upphafi 2. mgr. kemur: Umboðsmaður skuldara.
c. Í stað orðanna „tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.

d. Í stað 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að honum berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara.
   Taki umboðsmaður skuldara til greina beiðni eða kærunefnd hrindir ákvörðun hans um að synja skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna sem uppfyllir skilyrði 9. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þóknun umsjónarmanns ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna greiðist í samræmi við 30. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.
   Njóti skuldari á sama tíma heimildar til nauðasamningsumleitana til greiðsluaðlögunar skal að öðru jöfnu sami umsjónarmaður fara með bæði málin.
e. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Ráðherra.
f. Í stað orðanna „tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.
g. Í stað orðanna „úrskurður skv. 3. mgr. er genginn“ kemur: ákvörðun skv. 4. mgr. hefur verið tekin.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
a. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: nema sérstakar og tímabundnar ástæður séu fyrir hendi.
b. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Við slíkar aðstæður er umsjónarmanni heimilt að ákveða tímabundið lægri mánaðargreiðslu til greiðslu veðkrafna en þó ekki lægri en 60% af hæfilegri húsaleigu.
c. Í stað orðsins „greiðsluaðlögunartímanum“ í 2. tölul 2. mgr. kemur: tímabili greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.
d. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Að því gerðu sem að framan segir boðar umsjónarmaður með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum sem haldinn skal innan fjögurra vikna frá skipun hans, en innan tveggja vikna hafi skuldari leitað greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna í framhaldi af árangurslausri umleitan um samning til greiðsluaðlögunar í samræmi við lög um greiðsluaðlögun einstaklinga.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „greiðsluaðlögunartíma“ í 3. og 4. málsl. 1. mgr. og orðsins „greiðsluaðlögunartímanum“ í 4. mgr. kemur: tímabili greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.
b. 3. málsl. 5. mgr. orðast svo: Á tímabili greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteigninni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna unnið á grundvelli 20. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga skal fundarboð, sbr. 5. gr., jafngilda ákvörðun umsjónarmanns.

b. 6. mgr. orðast svo:
Nú hefur umsjónarmaður ákveðið að af greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verði og getur þá veðhafi innan tveggja vikna frá því að sú ákvörðun var tekin tilkynnt umsjónarmanni að hann krefjist úrlausnar héraðsdóms um hana. Sé frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna unnið á grundvelli 20. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga skulu veðhafar eigi síðar en viku eftir veðhafafund, þar sem ákvörðun umsjónarmanns um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna hefur verið staðfest af umboðsmanni, tilkynna umsjónarmanni að krafist sé úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun umsjónarmanns. Þær tilkynningar sem getið er í málsgreininni skulu vera skriflegar og rökstuddar, en að öðru leyti fer um meðferð máls samkvæmt sömu reglum og gilda um meðferð ágreinings um frumvarp skiptastjóra til úthlutunar við gjaldþrotaskipti.
c. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skuldara er heimilt að óska eftir því að umsjónarmaður sé viðstaddur meðferð máls fyrir héraðsdómi og skal umsjónarmaður þá verða við því.

8. gr.

Orðin „að viðbættum 10 hundraðshlutum“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. falla brott.

9. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.**

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010. Þó skal 7. gr. öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Félags- og tryggingamálanefnd leggur frumvarp þetta fram samhliða frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga og frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga sem eiga tvær eignir til heimilisnota. Frumvörpin byggjast öll á frumvörpum félags- og tryggingamálaráðherra sem nefndin hafði til umfjöllunar en taldi að gera þyrfti miklar breytingar á og varð það því niðurstaða nefndarinnar að leggja fram ný frumvörp. Auk framangreindra frumvarpa leggur nefndin til breytingar á frumvarpi um umboðsmann skuldara.

Frumvarpi þessu er ætlað að festa í sessi úrræði laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, þannig að ekki verði lengur um tímabundið úrræði að ræða og er m.a. lögð til breyting á heiti laganna í þá veru. Að auki er lagt til að úrræðið verði nefnt greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna til að aðgreina það frá greiðsluaðlögun einstaklinga og eftir atvikum nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Mikilvægt þykir að aðgreina úrræðin á þennan hátt þrátt fyrir að þau séu af sama meiði og miði að því að gera einstaklingi sem er í greiðsluerfiðleikum kleift að laga skuldastöðu sína að greiðslugetu.

Þá eru lagðar til breytingar til samræmis við frumvarp nefndarinnar um greiðsluaðlögun einstaklinga. Meðal annars er umboðsmanni skuldara falið virkt hlutverk við mat umsókna um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og skipun umsjónarmanns en þetta verkefni er samkvæmt gildandi lögum falið héraðsdómi. Einnig er lagt til að tímabil greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna geti verið mest þrjú ár en samkvæmt gildandi lögum nr. 50/2009 getur það verið allt að fimm árum. Breytingin er til samræmis við greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem kveðið er á um að tímabil greiðsluaðlögunar skuli að jafnaði vera eitt til þrjú ár.

Að auki er lögð til sú breyting að tilkynni veðhafi að hann krefjist úrlausnar héraðsdóms um þá ákvörðun umsjónarmanns að af greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verði getur skuldari óskað eftir því að umsjónarmaður sé viðstaddur meðferð máls fyrir héraðsdómi. Mikilvægt getur verið fyrir hagsmuni skuldara að hafa umsjónarmann viðstaddan enda er það ákvörðun umsjónarmannsins sem krafist er úrlausnar dómstóls um auk þess sem mikill aðstöðumunur getur verið á skuldara og veðhöfum.

Loks er frumvarpinu ætlað að tryggja samfellu og skilvirkni í greiðsluaðlögunarmálum ef ekki næst samningur um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga þannig að unnt verði í beinu framhaldi að leita eftir nauðasamningi til greiðsluaðlögunar og samhliða um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Breytingar eru lagðar til sem tryggja eiga að mæli umsjónarmaður með því að leitað verði greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna hafi áður verið árangurslaust reynt að ná samningi um greiðsluaðlögun geri hann frumvarp sem um fer eftir atvikum samkvæmt lögum nr. 50/2009. Þannig þurfi ekki að hefja allt ferlið að nýju, t.d. vegna gagnaöflunar og kortlagningar fjárhags skuldara, heldur verði hægt að byggja á þeirri miklu vinnu sem umboðsmaður skuldara og umsjónarmaður hafa þegar innt af hendi.

Er gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga að náist ekki samningur um greiðsluaðlögun og umsjónarmaður mælir með því að skuldari fái að sækja um nauðasamning til greiðsluaðlögunar og greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna saman útbúi hann frumvörpin til samræmis við þau lög, sbr. 19. og 20. gr. frumvarps um greiðsluaðlögun einstaklinga. Í greinargerð með frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra um breytingu á lögunum (þskj. 951, 561. mál) segir: „Hafa ber í huga að frumvarpi þessu er ætlað að vera liður í niðurjöfnun þess gífurlega tjóns sem íslenskt samfélag varð fyrir við hrunið og nánar er lýst hér að framan. Enginn einn hópur þjóðfélagsins getur borið slíkt tjón og enginn getur heldur verið ósnortinn af því. Það er skylda ríkisvaldsins að kveða í raun á um niðurjöfnun tjónsins eins og kostur er, t.d. milli skuldara og kröfuhafa eins og gert er í þessu frumvarpi. Um leið er stuðlað að eðlilegu mati á verðmæti eigna og endurreisn efnahagslífsins hraðað. Mikilvægt er að skapa sátt og samstöðu í þjóðfélaginu í kjölfar þess áfalls sem hrunið er. Úrræði fyrir skuldara, á borð við þau sem hér eru kynnt til sögunnar, eru nauðsynlegur þáttur í slíkri sátt og sönnun þess að litið er til hagsmuna bæði skuldara og kröfuhafa.“ Eiga þessi sjónarmið jafnt við um frumvarp þetta og áréttar nefndin mikilvægi þess að gripið verði til skilvirkra og raunhæfra aðgerða sem sátt ríki um svo að hægt sé að aðstoða þá einstaklinga og heimili sem eru í vanda og hraða efnahagsbata landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að hugtakið greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verði notað um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009 til aðgreiningar frá greiðsluaðlögun einstaklinga.

Sú breyting er lögð til í b-lið að greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna geti að hámarki staðið í þrjú ár. Er þetta til samræmis við frumvarp nefndarinnar um greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem kveðið er á um að greiðsluaðlögun einstaklinga skuli að jafnaði standa í 1–3 ár.

Í greininni er gerð tillaga um að með fyrirsvar laganna fari félags- og tryggingamálaráðherra sem er í samræmi við að yfirstjórn þeirra mála sem lögin fjalla um færist frá dóms- mála- og mannréttindaráðherra til félags- og tryggingamálaráðherra.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum er það gert að skilyrði að til þess að geta fengið greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna þurfi skuldari að hafa heimili í viðkomandi eign. Markmið laganna er að tryggja einstaklingum virkt úrræði til að gera þeim eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál sín með það að markmiði að þeir geti búið áfram í fasteign sinni sé þess nokkur kostur. Ljóst er þó að málefnalegar ástæður geta legið að baki því að rýmka um lögheimilisskilyrðin dvelji einstaklingur tímabundið erlendis, t.d. vegna veikinda, náms eða vinnu. Þá sé mikilvægt að þeir sem fara utan af þessum ástæðum eigi afturkvæmt í heimili sitt. Í a-lið er því lögð til sú breyting að þrátt fyrir að gert sé að skilyrði að skuldari haldi heimili og hafi lögheimili í fasteigninni sem greiðsluaðlögunin varðar sé unnt að falla frá þeim skilyrðum þurfi hann tímabundið að dveljast erlendis vegna náms, vinnu eða veikinda. Þá er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra verði falið að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, t.d. um þau gögn sem skila þarf inn. Í þeim tilvikum sem einstaklingur á lögheimili erlendis er kveðið á um að mál hans skuli tekið til úrskurðar í héraðsdómi í því umdæmi þar sem fasteign hans er staðsett.

Í b-lið er lögð til breyting á 2. tölul. 3. mgr. sem miðar að því fella undir gildissvið laganna þær kröfur sem tryggðar eru með samningsveði í fasteign skuldara á grundvelli tryggingarbréfs með allsherjarveði. Ákvæðið í gildandi lögum tryggir að greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna tekur til krafna sem tryggðar eru með samningsveði í fasteigninni, enda taki veðrétturinn til ákveðinnar skuldar sem þegar er orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn. Í framkvæmd hefur skilyrðið um ákveðna skuld verið skýrt þannig að það geri kröfu um að í veðskjali þurfi að koma fram rækileg tilgreining á þeirri peningakröfu sem veðinu er ætlað að tryggja. Tryggingarbréf með allsherjarveði tryggja samkvæmt orðalagi sínu allar kröfur sem veðhafi á eða kann að eignast í skiptum hlutaðeigandi aðila, svo sem algengt er í skiptum manna við banka og aðrar lánastofnanir. Ekki eru þar tilteknar hvaða kröfum bréfinu er ætlað að tryggja og hafa bréfin því skapað vandræði í framkvæmd.

Um 3. gr.

Með a-lið er umboðsmanni skuldara falið að hluta til hlutverk héraðsdómstóls til samræmis við víðtækt hlutverk hans samkvæmt frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara.

Í b-lið er lögð til ný málsgrein sem kveður á um hvernig fara skuli með beiðni skuldara hafi hann áður sótt árangurslaust um samning um greiðsluaðlögun og beiðni hans um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna eigi því rætur að rekja til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. Skuldari hefur þá í samræmi við þau lög þegar skilað inn nauðsynlegum gögnum og fengið samþykkta umsókn sína um greiðsluaðlögun einstaklinga og er því ekki nauðsynlegt að hann fari í gegnum það ferli að nýju. Tilgangur ákvæðisins er því að skýra tengsl milli laganna um greiðsluaðlögun einstaklinga og greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Hafi skuldari því í samræmi við 18. gr. frumvarps um greiðsluaðlögun einstaklinga lýst því yfir við umsjónarmann að hann vilji leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna og umsjónarmaður mælt með því að hún nái fram að ganga er í 20. gr. kveðið á um að umsjónarmaður skuli þá boða veðhafa innan tveggja vikna á sinn fund eftir fyrirmælum 5. gr. laga nr. 50/2009. Um framhald málsins fer svo eftir ákvæðum þeirra laga.

Um 4. gr.

Í a- og b-lið er lögð til breyting á 4. gr. laganna til samræmis við breytingu í a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Í d-lið er m.a. lögð til sú breyting að ekki sé unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn en að skuldari geti innan viku frá því honum berst ákvörðun umboðsmanns skuldara kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála ákvörðun umboðsmanns synji hann um samþykki umsóknar. Er þetta í samræmi við ákvæði frumvarps um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þá eru lagðar til breytingar á skipun umsjónarmanns. Lagt er til að hann þurfi að uppfylla ákvæði 9. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þ.e. sé löglærður starfsmaður umboðsmanns skuldara eða lögmaður sem umboðsmaður skuldara gerir þjónustu- eða verksamning við.

Í ljósi þess að samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um greiðsluaðlögun einstaklinga auk þess sem lagt hefur verið fram frumvarp um stofnun embættis umboðsmanns skuldara þykir eðlilegt að stuðla að samræmi um málskostnað vegna starfa umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögun. Er því lagt til að um kostnað af störfum umsjónarmanns fari skv. 30. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þ.e. umboðsmaður skuldara greiðir þann kostnað. Þó er til staðar sá möguleiki að veðhafa eða veðhöfum, sem krefjast úrlausnar héraðsdómstóls um ákvörðun umsjónarmanns, verði gert að greiða málskostnað sbr. athugasemdir við 6. gr. hér að aftan.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði gildandi laga þess efnis að njóti skuldari á sama tíma heimildar til nauðasamningsumleitana til greiðsluaðlögunar skuli sami umsjónarmaður að öðru jöfnu fara með bæði málin enda ljóst að umsjónarmaður hefur þá verið með mál skuldara á hendi frá upphafi umleitana um samning um greiðsluaðlögun í samræmi við lög um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Um 5. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. Í gildandi ákvæði er kveðið er á um að fastar mánaðargreiðslur skuldara til greiðslu veðkrafna megi ekki nema lægri fjárhæð en umsjónarmaður metur að samsvari húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna varðar. Við útreikning þeirrar leigu er heimilt að taka tillit til gjalda sem leigjandi mundi að jafnaði ekki greiða, svo sem fasteignagjalda, hússjóðs, trygginga, hita og rafmagns. Breytingin felst í því að sett er inn heimild til að víkja frá meginreglunni um hæfilega húsaleigu séu sérstakar tímabundnar aðstæður fyrir hendi hjá skuldara.

Þá undanþáguheimild ber þó að skýra þröngt. Miða verður við að ekki sé verið að auðvelda skuldara að halda húsnæði sem hann hefur ekki efni á að halda. Væri því hér um að ræða óvenju mikla erfiðleika sem sýnt er fram á að verði tímabundnir, svo sem vegna atvinnuleysis sem varað hefur í lengri tíma en ætla má að ekki sé varanlegt, eða tímabundinna veikinda sé ljóst að skuldari muni til frambúðar standa undir greiðslum. Sú takmörkun er gerð að ekki megi þó ákvarða greiðsluna lægri en sem samsvarar 60% af hæfilegri húsaleigu og einungis tímabundið. Með því er mögulegt að mæta sérstökum aðstæðum skuldara án þess þó að leiða megi að því líkur að skuldari haldi eign sem hann muni ekki til frambúðar standa undir. Það getur verið hagur jafnt skuldara sem lánardrottins að áfram sé greitt af áhvílandi veðlánum þótt það sé undir markaðsleigu frekar en að lánardrottnar þurfi að leysa til sín óþarflega margar eignir.

Í d-lið er lögð til breyting á 3. mgr. 5. gr. laganna þess efnis að þrátt fyrir að almennt boði umsjónarmaður til fundar með veðhöfum innan fjögurra vikna frá skipun sinni verði þessi frestur einungis tvær vikur hafi áður verið árangurslaust leitað samnings um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Er hér horft til þess að mál eru mjög langt komin og ítarlega unnin á þessu stigi málsins auk þess sem fresturinn er til samræmis við 19. og 20. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Um 6. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar til samræmis við breytt heiti úrræðisins.

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. gildandi laga verður ekki á krafist, á tímabili greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna, nauðungarsölu á fasteigninni nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfallið hefur eftir upphaf hennar eða kröfu á hendur öðrum en skuldaranum sem tryggð er með veði í fasteigninni. Í b-lið 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að undanþáguheimildin varðandi lögveðskröfur og kröfur á hendur öðrum en skuldara falli brott.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna sem meðal annars er ætlað að samræma ákvæði laga við greiðsluaðlögun einstaklinga hafi hennar verið leitað fyrst.

Í b-lið greinarinnar er kveðið á um sérreglu hvað varðar frest þegar frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna hefur verið unnið á grundvelli 20. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. Í þeim tilvikum hafa veðhafar einungis viku til að tilkynna umsjónarmanni að krafist sé úrlausnar héraðsdóms. Meginreglan er að þessi frestur veðhafa sé tvær vikur en þar sem veðhafar hafa allir áður haft tækifæri til að taka þátt í samningaumleitunum og kynna sér frumvarp í ferli greiðsluaðlögunar einstaklinga er hann styttur um viku. Rétt þótti þó að halda heimildinni inni enda er um að ræða tilraun til að ná fram samþykki um frumvarp um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Hafi samningskröfuhafi staðið í vegi fyrir því að samningur um greiðsluaðlögun náði fram að ganga má leiða að því líkur að á þessu stigi samþykki veðhafar frumvarp umsjónarmanns. Við styttingu tímans var einnig horft til þess að reyna að samræma ferlið eins og unnt er við nauðasamning til greiðsluaðlögunar enda gert ráð fyrir að umsjónarmaður sé sá sami og eðlilegt að úrlausn málanna verði á svipuðum tímapunkti.

Tilkynni veðhafi innan frestsins að hann krefjist úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun umsjónarmanns að af greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna verði er kveðið á um það að um meðferð máls fari samkvæmt sömu reglum og gilda um meðferð ágreinings um frumvarp skiptastjóra til úthlutunar við gjaldþrotaskipti. Því er til staðar heimild skv. 130. og 131. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, til að dæma málskostnað þeim veðhafa eða veðhöfum sem krefjast úrlausnar héraðsdóms, t.d. ef hann eða þeir tapa máli í öllu verulegu eða hafi höfðað mál að þarflausu.

Í c-lið er skuldara veitt heimild til að óska eftir að umsjónarmaður sé viðstaddur meðferð máls fyrir héraðsdómi. Mikilvægt getur verið fyrir hagsmuni skuldara að hafa umsjónarmann viðstaddan enda er það ákvörðun umsjónarmanns sem krafist er úrlausnar héraðsdóms um og mikill aðstöðumunur á skuldara og veðhöfum.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 12. gr. laganna. Í 1. mgr. 12. gr. gildandi laga er kveðið á um skuldari geti að greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna lokinni leitað eftir því að þau veðréttindi sem eru umfram 110% af söluverði eignar verði afmáð sýni hann fram á að hann

verði ófær um fyrirséða framtíð að greiða þær en geti staðið í skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni. Er lagt til að þessu verði breytt þannig að miðað verði við 100% söluverð eignarinnar og það muni eiga við um alla þá sem fá eða hafa fengið samþykkta greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Komi upp þær aðstæður að skuldari sé eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna enn ófær um fyrirsjáanlega framtíð að greiða skuldbindingar sínar og veðréttindi umfram matsverð eignar getur hann sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga uppfylli hann skilyrði laganna að öðru leyti. Það á við þótt hann hafi áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun einstaklinga. Í e-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins um greiðsluaðlögun einstaklinga kemur fram að synja skuli um heimild til greiðsluaðlögunar hafi skuldari áður fengið slíka umsókn samþykkta nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Í athugasemdum við greinina eru talin upp dæmi um sérstakar aðstæður og segir þar: „Ekki er skylt að synja umsókn hafi áður verið leitað greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna eftir lögum nr. 50/2009. Þetta er í samræmi við heimild sem er í þeim lögum þess efnis að skuldari geti þegar líður að lokum tímabils greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna óskað eftir því að veðkröfur umfram 100% matsverð eignarinnar verði afmáðar, sýni hann fram á að hann verði um ófyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með þær en geti staðið í skilum með þær sem eftir standa. Til að leysa vanda skuldara við þessar aðstæður er eðlilegt að hann geti að nýju sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga. Heimildin ætti að auki að vera lánardrottnum hvati til að semja við skuldarann.“

Um 9. gr.

Í ljósi þess að lagt er til að úrræðið um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði verði ekki lengur tímabundið er lögð til breyting á heiti laganna því til samræmis.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. ágúst 2010 til samræmis við gildistöku laga um umboðsmann skuldara, greiðsluaðlögun einstaklinga og úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota. Að því tímamarki verður þó augljóslega hægt að beita gildandi lögum.

1365. Frumvarp til laga [672. mál]

um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. gr.

Samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum getur einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili í óskað eftir því að ráðstafa annarri eigninni til veðhafa. Nema annað komi fram vísar orðið eignaráðstöfun í lögum þessum til þessa úrræðis og þeir sem hennar óska eru sameiginlega nefndir skuldari.

2. gr.

Einstaklingur sem á tímabilinu 1. janúar 2007 til 1. nóvember 2008 festi kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, og átti á sama tíma fasteign sem hann hafði ekki selt getur lagt inn skriflega umsókn til umboðsmanns skuldara um eignaráðstöfun á báðum þessum fasteignum, enda hafi þær báðar verið óslitið í hans eigu frá tilgreindu tímamarki. Eignaráðstöfun tekur til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteigninni svo sem hér segir:

1. Krafna sem tryggðar eru með lögveði að því leyti sem þær eru fallnar í gjalddaga áður en skuldari leggur fram beiðni um eignaráðstöfun.
2. Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda sé krafan þegar orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn.
3. Krafna sem tryggðar eru með aðfararveði í fasteigninni.

Enn fremur verður sá sem óskar eignaráðstöfunar að vera þinglýstur eigandi beggja fasteigna og hafa forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignina í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til eignaráðstöfunarinnar.

Skuldari skal hafa skráð lögheimili í annarri fasteigninni og halda heimili sitt þar enda sé hún ætluð til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sé fasteignin í sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili samkvæmt því sem að framan segir. Sú fasteign sem ekki uppfyllir þau skilyrði verður annaðhvort að hafa áður verið heimili skuldara og hann haft þar skráð lögheimili eða skuldari hefur fest kaup á henni með það í huga að halda heimili sitt þar. Hafi skuldari átt eign sem uppfyllti skilyrðin en sett hana í skiptum fyrir aðra fasteign skal sú fasteign teljast uppfylla skilyrði laganna. Sé samanlögð fjárhæð uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda sem hvíla á fasteignunum lægri en 75% af samanlögðu áætluðu markaðsverði fasteignanna á almennum markaði skal umsókn skuldara vísað frá.

Í skriflegri umsókn til embættis umboðsmanns skuldara skal einkum greint frá eftirtöldu:

1. Nafni skuldara, kennitölu og lögheimili.
2. Hvaða fasteignir beiðnin varðar, hver stærð þeirra er og eftir atvikum nánari lýsing þeirra, hverjir þinglýstir eigendur þeirra eru og hverjir eiga þar lögheimili.
3. Hvaða skuldir hvíla á fasteignunum, en í greinargerð um skuldirnar skal lýst nákvæmlega m.a. tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvum, greiðsluskilmálum, ákvæðum um vexti og verðtryggingu ef við á, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu.
4. Hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.

Með beiðni skulu fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum sem í 1.–4. mgr. greinir, en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans. Með umsókn skal fylgja verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á báðum fasteignum.

Um öflun gagna og aðstoð umboðsmanns skuldara við gagnaöflun og gerð umsóknar fer eftir 4. og 5. mgr. 4. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

3. gr.

Umboðsmaður skuldara skal taka afstöðu til umsóknar skv. 2. gr. á grundvelli ákvæða um rannsóknarskyldu hans í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og er honum m.a. heimilt að krefjast frekari gagna og upplýsinga með umsókn.

Umboðsmaður skuldara hafnar umsókninni ef svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef skilyrðum 2. gr. er ekki fullnægt, beiðni er ekki gerð á fullnægjandi hátt eða nauðsynleg gögn fylgja henni ekki.
2. Ef veruleg ástæða er til að ætla að upplýsingar í beiðni séu ekki réttar.
3. Skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma þegar til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað.
4. Stofnað hafi verið til skulda á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
5. Skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.
6. Skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita eignaráðstöfunar getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara. Ekki er unnt að kæra til nefndarinnar ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn.

Meðan á ferli vegna eignaráðstöfunar stendur verður ekki stofnað til samningsveðs í þeim fasteignum sem hún nær til. Á þessu tímabili verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteignunum.

4. gr.

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn skuldara um eignaráðstöfun skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með eignaráðstöfuninni er uppfyllir þær hæfiskröfur sem gerðar eru til umsjónarmanna skv. 9. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þegar umsjónarmaður hefur verið skipaður skal hann tafarlaust kveðja skuldara á sinn fund og leita eftir þörfum frekari upplýsinga til undirbúnings á eignaráðstöfun. Umsjónarmaður skal óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um eignaráðstöfun verði þinglýst á þær fasteignir sem eignaráðstöfun nær til.

Umsjónarmaður skal í samráði við skuldara gera frumvarp til eignaráðstöfunar þar sem greint er frá eftirtöldu:

1. Hverjar skuldirnar eru sem eignaráðstöfun er ætlað að taka til, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er, sundurliðuð annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til eignaráðstöfunar.
2. Tillögu um að skuldari haldi eftir þeirri fasteign sem hann velur í samráði við umsjónarmann en hinni verði ráðstafað til veðhafa þannig að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda auk vanskila á þeirri fasteign sem ráðstafað er til veðhafa nemi sem svarar 100% af verðmati þeirrar fasteignar en að aðrar veðskuldir hvíli á þeirri fasteign sem skuldari heldur eftir.

Nú hefur veðhafi tryggingarbréf með veði í annarri hvorri fasteign skuldara eða báðum til tryggingar kröfum sínum og bréfið tiltekur ekki hvaða einstöku fjárskuldbindingum

veðinu er ætlað að tryggja. Skal veðhafi þá gefa út yfirlýsingu til umsjónarmanns um hvaða tilteknu fjárskuldbindingar veðið tryggir.

5. gr.

Veðkröfur á hvorri fasteign fyrir sig skulu almennt halda gildi sínu og skulu þær ekki færðar á milli þeirra nema til að ná fram viðmiði því sem fram kemur í 2. tölul. 3. mgr. 4. gr.

Umsjónarmaður gerir tillögu um hvaða veðréttindi skuli standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á þeirri fasteign sem gengur til veðhafa þannig að þær veðskuldir nemi sem svarar 100% verðmats fasteignarinnar. Kröfur á hendur skuldara sem standa að baki veðréttindum sem fylgja fasteign þegar henni er ráðstafað til veðhafa, sbr. 6. og 7. gr., falla niður þar sem ráðstöfunin telst fullnaðargreiðsla af hálfu skuldara.

Ef samanlögð fjárhæð veðkrafna á þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa er lægri en 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður leita samninga við kröfuhafa beggja fasteigna og skuldara um sanngjarna lausn á því hvernig farið skuli með eignarhlut skuldarans í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa, með það að markmiði að skuldari geti nýtt sér verðmæti eignarhlutarins við eignaráðstöfunina.

Ef aðstæður eru þannig að veðréttindi í þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa nema hærri fjárhæð en viðmiðið skulu þau veðréttindi sem falla utan markanna færð á þá fasteign sem skuldari heldur eftir.

Geri umsjónarmaður tillögu um að veðréttindi flytjist milli fasteignanna til að nýta veðrými skal fylgt rétthæð þeirra veðréttinda sem þannig flytjast á milli fasteigna, þannig að fremst standi þau veðréttindi sem fremst stóðu í veðröð af þeim veðréttindum sem flutt verða á milli. Veðréttindi sem þannig eru flutt á milli fasteigna eru eftirstæð þeim veðréttindum sem fyrir eru á þeirri fasteign sem þau flytjast á. Standi veðkrafa sem flytja á að hluta innan tilgreindra viðmiða og að hluta utan þeirra skal eftirstöðvum hennar skipt að tiltölu því til samræmis og ákveður þá umsjónarmaður nýjan höfuðstól skuldarinnar sem veðréttindi eru þannig fyrir í hvorri fasteign fyrir sig.

6. gr.

Frumvarp til eignaráðstöfunar skal liggja fyrir innan fjögurra vikna frá skipun umsjónarmanns enda skal hann innan þess tíma boða með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hverjir eigi einstakar veðkröfur skal umsjónarmaður beina fundarboði til þeirra sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunum, en sé ekki heldur um þá vitað skulu þessir veðhafar boðaðir til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði sem birt er með minnst viku fyrirvara. Sé þörf á slíkri auglýsingu skal heimilt að framlengja frest til að kalla saman veðhafafund um tvær vikur.

Á veðhafafundi kynnir umsjónarmaður fyrirliggjandi gögn og gefur þeim veðhöfum sem fundinn sækja kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Verðmat á fasteignunum sem skuldari hefur aflað skv. 5. mgr. 2. gr. skal lagt til grundvallar nema veðhafi, sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess, fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna. Telji umsjónarmaður að veðhafi eigi hagsmuna að gæta skal hann fresta meðferð máls og heimila veðhafa að leita slíkrar matsgerðar en ella synjar hann um frestun meðferðar málsins.

Umsjónarmaður skal á fundinum gefa veðhöfum, sem eiga veðréttindi í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa en flutt verða samkvæmt frumvarpi að eignaráðstöfun á þá fasteign

sem skuldari heldur eftir, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín þá fasteign sem ráðstafað er til veðhafa með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra.

Komi fram á veðhafafundi tilboð skv. 3. mgr. í þá fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa skal þá þegar leitað afstöðu þeirra veðhafa er framar standa í veðröð en tilboðsgjafi. Hafni þeir boðinu eða komi ekkert tilboð fram skal sá veðhafi sem samkvæmt frumvarpi til eignaráðstöfunar á réttlægstu veðréttindi í þeirri eign sem ráðstafað er til veðhafa eiga rétt á því að leysa til sín eignarréttindi að fasteigninni enda semji hann við þá veðhafa sem framar standa um ráðstöfun krafna þeirra. Veðhafi getur óskað eftir því að nýta sér ekki þennan rétt sinn og skulu veðréttindi hans þá afmáð af fasteigninni. Í því tilviki skal leitað eftir afstöðu þess veðhafa sem næstur er fyrir framan þann sem fellur frá veðrétti og þannig koll af kolli. Sé tilboð samþykkt skal veðhafi standa við það innan tveggja vikna ásamt því að leggja til nauðsynleg skjöl vegna eigendaskipta. Sá veðhafi sem á veðkröfu á fyrsta veðrétti skal leysa til sín fasteign sem ráðstafað er til veðhafa ef ekki næst önnur niðurstaða á veðhafafundinum eða ef aðeins einum veðhafa er til að dreifa.

Umsjónarmanni er heimilt að fresta veðhafafundi í skamman tíma og eigi lengur en tvær vikur, án auglýsingar, ef hann telur að slík frestun leiði til samkomulags um frumvarp til eignaráðstöfunar. Ef ekki næst samkomulag milli veðhafa og skuldara um eignaráðstöfun ákveður umsjónarmaður hvernig henni skuli háttað og tilkynnir það á veðhafafundinum.

7. gr.

Í samræmi við niðurstöðu veðhafafundar, sbr. 6. gr., skal umsjónarmaður gera nauðsynlegar breytingar á veðréttindum, svo sem tilflutning þeirra milli fasteigna eða afmáningu í því tilviki að veðhafi kýs að nýta ekki rétt sinn til að fá eign útlagða sér. Umsjónarmaður gerir yfirlýsingu um ráðstafanir sínar samkvæmt þessum kafla sem þinglýst skal á fasteignirnar en fyrir hana greiðist ekkert gjald. Kröfur á hendur skuldara, er standa að baki þeim veðréttindum sem afmáð kunna að verða af þeirri fasteign sem ráðstafað er til veðhafa sökum þess að veðhafi kýs ekki að nýta sér rétt sinn til að fá eign útlagða sér, falla niður, sbr. 2. mgr. 5. gr. Veðréttindi sem flutt kunna að vera á þá eign sem skuldari heldur eftir halda gildi sínu.

Sá hluti skulda sem greiddur er samkvæmt eignaráðstöfun skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Rísi ágreiningur um niðurstöðu veðhafafundar geta þeir sem eiga hlut að máli innan tveggja vikna leitað úrlausnar um hana fyrir dómstólum í samræmi við þær reglur sem kveðið er á um í 6. og 7. mgr. 8. gr. laga um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna girða ekki fyrir að skuldari sækist síðar eftir samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við lög um greiðsluaðlögun einstaklinga eða jafnhliða eða síðar um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum nr. 50/2009 vegna þeirrar fasteignar sem hann heldur eftir.

8. gr.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga um eignaráðstöfun samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, m.a. um greiðslu málskostnaðar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010 og falla úr gildi 31. desember 2011. Ljúka skal afgreiðslu umsókna um eignaráðstöfun sem berast fyrir þann tíma eftir ákvæðum laganna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta byggist á a–f-lið 9. gr. frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (þskj. 951, 561. mál). Í því var lagt til að við lögin bættist nýr kafli um tímabundin úrræði einstaklinga er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota með sex nýjum greinum. Var frumvarpið flutt samhliða frumvörpum um greiðsluaðlögun einstaklinga og umboðsmann skuldara sem félags- og tryggingamálanefnd hefur haft til umfjöllunar. Nefndin hefur fjallað samhliða um málin og leggur fram samhliða frumvarpi þessu nýtt frumvarp til heildarlaga um greiðsluaðlögun einstaklinga sem byggist á frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra. Þá leggur nefndin til talsverðar breytingar á frumvarpi um umboðsmann skuldara, sem og nýtt frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/2009 sem m.a. er ætlað að festa í sessi greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Taldi nefndin því rétt að færa tímabundið úrræði einstaklinga er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota í sérlög enda úrræðið tímabundið og annars eðlis en greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Úrræði því sem kveðið er á um í frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að vera söluúrræði til að gera einstaklingum sem keypt höfðu fasteign til heimilisnota, en ekki selt fyrri eign þegar efnahagshrunið varð, kleift að losa sig við aðra eignina með því að ráðstafa henni til veðhafa á ætluðu markaðsvirði fasteignarinnar og telst slík ráðstöfun fullnaðargreiðsla af hálfu skuldara til þeirra veðhafa sem eigninni er ráðstafað til.

Samkvæmt mati félags- og tryggingamálaráðuneytisins eru á bilinu 1.000 til 1.500 heimili í þessari stöðu. Meginskilyrði þess að eignaráðstöfun af þessu tagi, en svo er lagt til að úrræði þetta verði nefnt ef frumvarpið verður að lögum, verði veitt er að báðar fasteignirnar hafi verið nýttar eða ætlaðar til nýtingar sem heimili og að sömu aðilar hafi haft óslitið eignarhald þeirra síðan hrunið varð. Þá er það gert að skilyrði að samanlögð uppreiknuð veðstaða beggja fasteignanna verði að nema 75% af samanlögðu markaðsvirði þeirra til þess að umsókn sé tekin gild. Miðað er við 75% enda á úrræðið að nýtast þeim sem sannanlega eru í vandræðum með að greiða af tveimur fasteignum og gæta þarf að því að það leiði hvorki til óréttmætrar auðgunar skuldara né verði of íþyngjandi í garð kröfuhafa, sé litið til úrræða um greiðsluaðlögun skulda. Gert er ráð fyrir að á grundvelli umsóknar þinglýsts eiganda fasteignanna skipi umboðsmaður skuldara umsjónarmann með eignaráðstöfun. Í samstarfi við skuldara gerir umsjónarmaður frumvarp að eignaráðstöfun sem miðar að því að ákveða markaðsverð beggja fasteigna, tiltaka veðkröfur og afborganir þeirra og gera tillögu um að skuldari haldi eftir þeirri fasteign sem hann kýs. Þar skal einnig kveðið á um að hinni fasteigninni verði ráðstafað til veðhafa þannig að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda nemi sem svarar 100% af áætluðu söluverði þeirrar fasteignar á almennum markaði en aðrar veðskuldir hvíli á þeirri fasteign sem skuldari heldur eftir.

Þau veðréttindin sem flytjast við eignaráðstöfun á fasteignina, sem er ráðstafað og afsalað til veðhafa, lenda í samræmi við rétthæð veðkrafna aftan við þau réttindi sem fyrir voru í veðröð. Skuldari telst hafa greitt þær kröfur sem tryggðar eru með þeim veðréttindum sem fylgja fasteigninni sem ráðstafað er til veðhafa. Úrræði þessu má að einhverju leyti líkja við nauðungarsölu fasteigna. Öllum veðhöfum sem eiga veðréttindi sem fylgja þeirri fasteign sem ráðstafað er til veðhafa gefst kostur á því að fá fasteignina leysta til sín en sá sem er

aftastur í veðröð verður að semja við þá veðhafa sem framar standa. Ákveði hann að nýta ekki þennan rétt sinn falla veðkröfur hans niður. Um leið falla niður kröfur á skuldara sem tryggðar eru með þeim veðréttindum sem eru afmáð af þessum sökum enda telst eignaráðstöfunin fullnaðargreiðsla, sbr. 2. mgr. 5. gr. Miðar úrræðið að því að sem flestir geti losað sig úr þeirri stöðu að sitja uppi með tvær fasteignir vegna ákvarðana sem teknar voru fyrir hrun um kaup á húsnæði til heimilishalds. Dugi úrræðið ekki til að leysa úr greiðsluvanda á skuldari þess kost að leita annarra úrræða uppfylli hann skilyrði þar um, t.d. gæti hann leitað eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna eða greiðsluaðlögun einstaklinga.

Úrræðið nær til þeirra sem keyptu fasteignir á tímabilinu 1. janúar 2007 til 1. nóvember 2008 enda er markmið frumvarpsins að aðstoða einstaklinga sem greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna þess að þeir hafi fyrir efnahagshrunið keypt fasteign en ekki getað losað sig við þá eldri. Með því að festa fyrra tímamarkið við 1. september 2007 er gert ráð fyrir þónokkru svigrúmi fyrir einstaklinga til að selja aðra eignina áður en hrunið varð. Þá telur nefndin rétt að síðara tímamarkið sé 1. nóvember 2008 þrátt fyrir að hrunið hafi orðið í október enda getur bindandi kauptilboð hafa komið fyrir hrun þó að kaupin hafi gengið í gegn einhverju síðar. Lagt er til að þetta úrræði falli úr gildi í árslok 2011 og þeim einstaklingum sem falla undir skilyrði laganna því gefið rúmt ár til að sækja um eignaráðstöfunina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögfest verði úrræði til aðstoðar einstaklingum er greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum, enda sé eignarhaldið tilkomið vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili án þess að eldri fasteign ætluð til sömu nota hafi verið seld. Úrræðið felst í því að annarri fasteigninni er ráðstafað til veðhafa en hinni heldur skuldari. Nefnist úrræðið eignráðstöfun og nær til þeirra veðkrafna sem hvíla á fasteignunum. Sá einstaklingur eða einstaklingar sem leita greiðsluaðlögunar samkvæmt þessum kafla eru nefndir saman skuldari, til samræmis við lög um greiðsluaðlögun einstaklinga og greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Um 2. gr.

Auk þess sem að framan greinir eru skilyrðin fyrir því að eignaráðstöfun verði samþykkt að einstaklingur hafi fest kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til 1. nóvember 2008 án þess að hafa selt eldri fasteign sína og þær hafi báðar verið óslitið í hans eigu frá þessu tímamarki.

Eignaráðstöfun getur einungis sá einstaklingur nýtt sér sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteigna og hefur forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignirnar í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til eignaráðstöfunar. Þá getur eignaráðstöfun aðeins varðað fasteign þar sem einstaklingur heldur heimili og hefur skráð lögheimili, sé fasteignin í sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili. Að auki er gert að skilyrði að hin fasteignin hafi áður verið heimili eða keypt í þeim tilgangi að halda þar heimili. Alla jafna er þar átt við byggingarlóðir eða ófullgerðar húseignir sem einstaklingurinn hefur gagngert fest kaup á til að byggja framtíðarheimili og sem ætlaðar eru til slíkrar búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi skuldari átt fasteign þar sem áður hafði verið heimili og hann hafði lögheimili í en sett hana í skiptum fyrir aðra eign telst sú fasteign sem hann fékk í skiptunum uppfylla ákvæði laganna. Með

þessu er tryggt að einstaklingur sem ekki náði að selja aðra fasteign sína en reyndi að takmarka tjón sitt með því að láta hana í skiptum fyrir aðra auðseljanlegri eða ódýrari eign geti nýtt sér úrræði uppfylli hann að öðru leyti skilyrði laganna.

Þá er enn fremur skilyrði fyrir því að eignaráðstöfun verði beitt að samanlögð uppreiknuð veðstaða beggja fasteignanna nemi að lágmarki 75% af samanlögðu markaðsvirði þeirra. Við ákvörðun þessa hlutfalls er til þess horft að úrræðið nýtist þeim sem sannanlega eru í vandræðum með að greiða af tveimur fasteignum en geti hvorki leitt til óréttmætrar auðgunar skuldara né orðið of íþyngjandi í garð kröfuhafa, sé litið til úrræða um greiðsluaðlögun skulda. Úrræðið gerir skuldara kleift að losna við eign á áætluðu markaðsverði geti hann ekki selt hana, sem og að losna við veðskuldir upp að sama marki, óháð því hvort hann þurfi á frekari úrræðum að halda. Úrræðið er valkvætt þannig að búast má við að sumir í þessari stöðu velji þann kost að nýta það ekki heldur leiti annarra leiða, svo sem sölu á frjálsum markaði síðar meir.

Kveðið er á um að sá sem óskar eignaráðstöfunar leggi inn skriflega umsókn til embættis umboðsmanns skuldara og eru kröfur um upplýsingar nokkuð sambærilegar þeim sem gerðar eru vegna greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna, sbr. lög nr. 50/2009. Með umsókn skal einnig fylgja verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á báðum fasteignum.

Um 3. gr.

Lagt er til að embætti umboðsmanns skuldara taki afstöðu til umsóknar um eignaráðstöfun á grundvelli almennra ákvæða um rannsóknarskyldu hans sem finna má í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og nýti heimildir í þeim lögum til að krefjast frekari gagna ef svo ber undir. Lagt er til að ástæður þess að umboðsmaður skuldara geti hafnað umsókn um eignaráðstöfun taki nokkurt mið af ákvæðum laga nr. 50/2009.

Gert er ráð fyrir að tímafrestur umboðsmanns skuldara til að taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara verði tvær vikur, enda liggi fyrir fullbúin umsókn. Kalli umboðsmaður skuldara eftir frekari gögnum eða upplýsingum eftir að umsókn berst telst hún ekki fullbúin fyrr en slíkum erindum hefur verið svarað með fullnægjandi hætti af hálfu skuldara. Gert er ráð fyrir að skuldari geti kært synjun umboðsmanns skuldara um heimild til að leita eignaráðstöfunar til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara en ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn. Kveðið er á um kærunefnd greiðsluaðlögunarmála í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga sem félags- og tryggingamálanefnd leggur fram samhliða frumvarpi þessu.

Í lokamálsgrein er fjallað um réttaráhrif eignaráðstöfunar varðandi stofnun samningsveða og nauðungarsölur á fasteignum.

Um 4. gr.

Verði fallist á eignaráðstöfun er gert er ráð fyrir að umboðsmaður skuldara skipi umsjónarmann með henni sem uppfylli þær hæfiskröfur sem gerðar eru til umsjónarmanna samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Um þóknun hans fer einnig eftir þeim lögum, sbr. 8. gr. Hann skal í samráði við skuldara gera frumvarp til eignaráðstöfunar og stýra eignaráðstöfunarferlinu. Í eignaráðstöfunarfrumvarpi gerir umsjónarmaður tillögu um ráðstöfun annarrar fasteignarinnar til veðhafa og að skuldari haldi eftir þeirri fasteign sem hann velur í samráði við umsjónarmann.

Kveðið er á um það í 4. mgr. að hafi lánardrottinn tryggingabréf með veði í eign skuldara til tryggingar kröfum sínum en bréfið tiltaki ekki hvaða einstaka fjárskuldbindingum veðinu er ætlað að tryggja skuli lánardrottinn gefa út yfirlýsingu til umsjónarmanns um hvaða tilteknu fjárskuldbindingar veðið tryggir. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að ljóst sé hvaða fjárskuldbindingar falla undir veðtryggingu tryggingarbréfs með allsherjarveði enda er mikilvægt að það sé óyggjandi hvaða skuldir standi að baki veðkröfum sem ráðstafað er til veðhafa.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er kveðið á um að veðkröfur á hvorri fasteign fyrir sig skuli almennt halda gildi sínu og skulu þær ekki færðar á milli fasteigna nema til að ná því fram að uppreiknaðar skuldir sem fylgja þeirri fasteign sem veðhafar taka yfir séu sem næst áætluðu söluverðmæti fasteignarinnar. Umsjónarmaður gerir því tillögu um hvaða veðréttindi skuli standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á þeirri fasteign sem gengur til veðhafa þannig að þessar veðskuldir nemi sem svarar 100% söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði. Ef samanlögð fjárhæð veðkrafna á þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa er lægri en 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður leita samninga við kröfuhafa beggja fasteigna og skuldara um sanngjarna lausn á því hvernig farið skuli með eignarhlut skuldarans í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa. Markmið þess er að skuldari geti nýtt sér verðmæti eignarhlutarins við eignaráðstöfunina, þ.e. að eigið fé hans í fasteign þeirri sem ráðstafað er til veðhafa nýtist til að greiða veðskuldir en falli ekki í hag þeirra veðhafa sem fá ráðstafað til sín fasteign sem ekki er 100% veðsett. Kveðið er á um það í greininni hvernig farið skuli með ef skipta þarf upp veðrétti. Þegar eigninni hefur verið ráðstafað til veðhafa falla niður kröfur á hendur skuldara sem standa að baki veðréttindum í fasteigninni þar sem ráðstöfunin telst fullnaðargreiðsla af hálfu skuldara.

Um 6. gr.

Í þessu ákvæði er að finna málsmeðferðarreglur við eignaráðstöfun sem umsjónarmanni ber að fylgja og var höfð hliðsjón af málsmeðferðarreglum við greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Kveðið er á um að frumvarp til eignaráðstöfunar skuli liggja fyrir innan fjögurra vikna frá skipun umsjónarmanns. Umsjónarmaður kallar saman veðhafafund innan þessara tímamarka, kynnir þar fyrirliggjandi gögn og gefur veðhöfum kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Þótt veðhafar mæti ekki á fundinn, þrátt fyrir boðun eða auglýsingu í Lögbirtingablaði, skal umsjónarmaður eigi að síður halda fundinn og taka þær ákvarðanir sem honum ber. Verðmat á fasteignunum sem skuldari hefur aflað skal lagt til grundvallar nema veðhafi, sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess, fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna. Mat umsjónarmanns ræður því hvort veðhafi eigi hagsmuna að gæta og sé svo skal hann fresta meðferð máls og heimila veðhafa að leita slíkrar matsgerðar en ella synjar hann frestun meðferðar málsins.

Í ákvæðinu er lýst málsmeðferð varðandi tilboð og ráðstöfun til veðhafa en ef ekki fæst önnur niðurstaða skal sá veðhafi sem á veðkröfu á fyrsta veðrétti leysa til sín fasteign sem ráðstafað er til veðhafa. Sama gildir ef aðeins einum veðhafa er til að dreifa.

Lagt er til að umsjónarmanni verði heimilt að fresta veðhafafundi í allt að tvær vikur ef hann telur að slík frestun leiði til samkomulags um frumvarp til eignaráðstöfunar. Ekki er gert ráð fyrir að slík frestun sé auglýst ööruvísi en með tilkynningu þar um á veðhafafundi. Samkvæmt ákvæðinu er stefnt að því að samkomulag náist milli veðhafa og skuldara um

eignaráðstöfun en að öðrum kosti ákveður umsjónarmaður hvernig henni skuli háttað og tilkynnir það á veðhafafundinum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um að umsjónarmaður geri í samræmi við niðurstöðu veðhafafundar, sbr. 6. gr., nauðsynlegar breytingar á veðréttindum, svo sem flutning þeirra milli fasteigna eða afmáningu, hafi veðhafi kosið að nýta ekki rétt sinn til að taka eign yfir. Umsjónarmaður geri yfirlýsingu sem þinglýst skal á fasteignirnar en fyrir hana greiðist ekkert gjald. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 50/2009. Til viðbótar er hér lagt til að kröfur að baki þeim veðréttindum á hendur skuldara falli niður við afmáningu þessara veðréttinda af fasteigninni, sbr. 2. mgr. 5. gr. um að ráðstöfun fasteignar feli í sér fullnaðargreiðslu skuldara til þeirra veðhafa sem fá eigninni ráðstafað til sín. Með þessu er tryggt að eignaráðstöfunin nái því markmiði að fasteignareigandinn greiði einvörðungu af einni fasteign sem ætluð er til að halda heimili. Af eignaráðstöfun kann að leiða að sú fasteign sem skuldari heldur eftir verði yfirveðsett. Ef sú skuldabyrði sem hann ber að lokinni eignaráðstöfun er honum ofviða á hann þess kost að leita eftir greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna eða sækja um greiðsluaðlögun einstaklinga. Til samræmis við þær reglur sem gilda um skattlagningu eftirgjafar skuldar á einstaklinga eru lagðar til breytingar í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun sem tryggja á að þær skuldir sem felldar eru niður samkvæmt eignaráðstöfun myndi ekki skattstofn en hér er þó sá meginmunur á að um greiðslu er að ræða en ekki niðurfellingu skulda. Eigi að síður þykir rétt að lögin tiltaki þetta atriði til að taka af vafa. Þá er kveðið á um að niðurfellingin skerði ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Líkt og í 6. og 7. mgr. 8. gr. laga nr. 50/2009 er gert ráð fyrir því að rísi ágreiningur um niðurstöðu veðhafafundar geti þeir sem eiga hlut að máli leitað úrlausnar um hana fyrir dómstólum innan tveggja vikna frá þeim fundi þar sem niðurstaða er kunngjörð en ekki er gert ráð fyrir að ákvörðun umsjónarmanns verði áður skotið til æðra stjórnvalds.

Í lokamálslið greinarinnar er tekin af allur vafi um það að skuldari geti samhliða eða síðar sótt um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum 50/2009 vegna þeirrar fasteignar sem hann heldur eftir.

Um 8. gr.

Í ljósi þess að samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp um greiðsluaðlögun einstaklinga, um breytingar á lögum nr. 50/2009, þar sem kveðið er á um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, og um stofnun embættis umboðsmanns skuldara þykir eðlilegt og að það stuðli að samræmi í réttarframkvæmd að gera tillögu um að við lausn þeirra úrlausnarefna sem umboðsmanni skuldara eða umsjónarmönnum með greiðsluaðlögun er ætlað að leysa sé unnt að beita sambærilegum eða viðeigandi ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga ef ekki er fjallað um álitaefnið með beinum hætti í þessum lögum. Þetta gildir m.a. og eftir atvikum um málskostnað vegna starfa umboðsmanns skuldara, umsjónarmanns með greiðsluaðlögun og þann kostnað sem kröfuhafar bera.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. ágúst 2010. Gildistakan ræðst eðlilega af gildistökuákvæði frumvarps um umboðsmann skuldara enda er honum falið hlutverk í frumvarpinu, sem og umsjónarmanni. Þá er lagt til að lögin falli úr gildi í árslok 2011 enda um

tímabundið úrræði að ræða. Lokið verður við afgreiðslu þeirra umsókna sem berast fyrir þann tíma eftir ákvæðum laganna.

1366. Nefndarálit [562. mál]

um frv. til l. um umboðsmann skuldara.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Pál Árnason félags- og tryggingamálaráðherra, Agnar Frey Helgason, Rán Ingvarsdóttur og Önnu Sigrúnu Baldursdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Ásu Ólafsdóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Ingimar Jóhannsson og Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur lögmann, Þórð Bogason lögmann, Ástu S. Helgadóttur, Elnu S. Sigurðardóttur, Margréti Valdimarsdóttur, Pálma Rögnvaldsson og Söru Jasonardóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Jón Ingvar Pálsson, Árna Haraldsson og Guðmund Þór Bjarnason frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Marinó T. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Magnús Norðdal frá Alþýðusambandi Íslands, Elías Blöndal Guðjónsson, Ernu Bjarnadóttur og Jóhönnu Lind Elíasdóttur frá Bændasamtökum Íslands, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Þorgerði Erlendsdóttur og Unni Gunnarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands, Jónu Björk Guðnadóttur, Helga Bragason, Odd Ólason, Kolbrúnu Garðarsdóttur og Ástrúnu Björk Ágústsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Jafetsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Hrafn Magnússon, Stefán Árna Auðólfsson og Tómas M. Möller frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Ingvar J. Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Snorra Olsen og Eddu Símonardóttur frá tollstjóra, Tryggva Axelsson og Þórunni A. Árnadóttur frá Neytendastofu, Hildi Jönu Júlíusdóttur og Kristínu Fjólu Fannberg Birgisdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Evu Helgadóttur frá Lögmannafélaginu, Guðrúnu Ragnarsdóttur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lúðvík Þráinsson endurskoðanda og Sigurð Arnar Jónsson og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum.

Þá bárust umsagnir frá ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Persónuvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Neytendasamtökunum, Biskupsstofu, Bændasamtökum Íslands, Íbúðalánasjóði, Neytendastofu, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, tollstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Dómarafélagi Íslands, Hagsmunasamtökum heimilanna og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót nýrri stofnun, umboðsmanni skuldara, sem byggð verði á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga og frumvarpi til breytingar á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Frumvörpunum þremur er ætlað að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði sinni og

skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmanni skuldara er ætlað viðamikið hlutverk við framkvæmd greiðsluaðlögunar og þeirra úrræða sem mælt er fyrir um í frumvörpunum.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur það mikið framfaraskref að sett verði á fót stofnun sem verði falið að gæta hagsmuna og réttinda skuldara. Þó að langstærsta verkefni stofnunarinnar verði að veita einstaklingum í skuldavanda ráðgjöf um hvaða leiðir þeim séu færar og úrræði standa þeim til boða og aðstoða þá við að nýta sér þau, er stofnuninni jafnframt ætlað að veita fræðslu um fjármál heimilanna. Nefndin ræddi ítarlega hlutverk umboðsmanns skuldara og telur mikilvægt að stofnuninni verði falið að útbúa lágmarksframfærsluviðmið og uppfæra þau reglulega. Nauðsynlegt er að í frumvarpi til greiðsluaðlögunar komi fram raunhæf tillaga að greiðslum þar sem gert er ráð fyrir framfærsluþörf einstaklingsins og fjölskyldu hans. Jafnframt er mikilvægt að samræmis sé gætt að þessu leyti. Nefndin óskaði upplýsinga um setningu lágmarksframfærsluviðmiða á Íslandi og fékk þær upplýsingar að vinna við það væri þegar hafin og henni yrði lokið í haust. Leggur nefndin áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað svo viðmiðin verði tilbúin þegar kemur að gildistöku laganna.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að þau hlutverk umboðsmanns skuldara að taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og að gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim væru ekki nægilega skýr auk þess sem þau gætu skarast á við hlutverk annarra stjórnvaldsstofnanna, þ.e. Neytendastofu og Fjármálaeftirlitsins. Ekki er heldur kveðið á um hvernig eigi að fara með erindi og ábendingar sem berast eða hvernig eigi að bregðast við þeim. Neytendastofu er t.d. ætlað eftirlit með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðsetningu, sem og með lögum nr. 121/1994, um neytendalán, sem taka til lánasamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Þá er Fjármálaeftirlitinu ætlað eftirlitshlutverk samkvæmt sömu lögum. Neytendastofa hefur jafnframt nauðsynleg stjórnvaldsúrræði til að bregðast við ef brotið er gegn lögbundnum réttindum neytenda í lánssamningum sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Nefndin telur mikilvægt að skuldari geti leitað með öll mál er varða fjárhag heimilisins til umboðsmanns skuldara, einnig þegar hann telur að brotið hafi verið á sér eða um ágalla á lánastarfsemi sé að ræða. Jafnframt þarf þó að tryggja að valdmörk stjórnvalda séu skýr. Leggur nefndin því til að skýrt verði kveðið á um að umboðsmaður eigi að bregðast við með því að senda erindi og ábendingar til viðeigandi stjórnvalds auk þess sem fellt verði brott ákvæði um að stofnunin bregðist við og stofnuninni fremur gert að aðstoða skuldara þegar við á. Slík aðstoð getur t.d. falist í því að beina honum til réttra yfirvalda. Ítarlega var rætt í nefndinni hvort það hlutverk umboðsmanns skuldara að gæta hagsmuna skuldara gæti skarast við að vera einnig úrskurðaraðili og sáttasemjari í máli hans við lánardrottna samkvæmt frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga. Nefndin áréttar að þó svo að slík hlutverk virðist ósamræmanleg er mikill aðstöðumunur á lánardrottnum og skuldara og mikilvægt að koma honum til aðstoðar. Verið er að leita lausnar á skuldavanda sem bæði lánardrottnar og skuldari hafa hag af að leysa.

Fyrir nefndinni var hreyft þeim sjónarmiðum að ákveðinnar mótsagnar gætti í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að umboðsmaður skuldara sé ríkisstofnun en jafnframt að ráðherra skipi umboðsmann skuldara sem augljóslega sé ætlað að veita stofnuninni forstöðu. Nefndin bendir í þessu samhengi á að sambærileg ákvæði eru t.d. í tollalögum, nr. 88/2005, enda sé tollstjóri ríkisstofnun en tollstjóri er jafnframt sá embættismaður sem ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embættis tollstjóra. Samkvæmt 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru forstöðumenn ríkisstofnana embættismenn. Nefndin telur því ekkert því til fyrir-

stöðu að forstöðumaður stofnunarinnar hafi sama heiti og stofnunin en leggur þó til smávægilegar breytingar sem hún telur til skýringa. Að auki telur nefndin að heitið umboðsmaður skuldara sé lýsandi fyrir hlutverk stofnunarinnar. Mikilvægt sé að stofnunin sé aðgengileg fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem eru í skuldavanda eða þurfa á fjárhagsráðgjöf að halda. Nefndin telur að nafngiftin umboðsmaður skuldara endurspegli hlutverk stofnunarinnar sem er að hafa hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi. Í nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um 69. mál, sem varð að lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, lagði nefndin til að skoðað yrði hvort ekki væri rétt að koma fót embætti umboðsmanns skuldara sem væri óháður aðili sem gætti hags, réttinda og þarfa skuldara. Með breytingartillögu fól nefndin starfshópi félags- og tryggingamálaráðherra að skoða stofnun embættis umboðsmanns skuldara. Nefndin telur fullkomlega tímabært að koma á slíku embætti enda hefur réttarstaða skuldara á Íslandi ekki staðist samanburð við mörg nágrannaríki okkar.

Nefndin leggur til breytingar á 3. mgr. 2. gr. sem miða að því að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga umboðsmanns skuldara, sem og starfsfólks hans og þeirra utanaðkomandi aðila sem hann gerir þjónustusamning við, fullnægi skilyrðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Jafnframt verði skilyrt að þjónustusamningur umboðsmanns skuldara við utanaðkomandi aðila uppfylli skilyrði þeirra laga um vinnslusamning. Þá leggur nefndin til breytingu sem miðar að því að við upplýsingaöflun umboðsmanns verði gætt laga nr. 77/2000 þannig að öflunin sé nauðsynleg og háð samþykki skuldara auk þess sem gætt sé að fræðsluskyldunni. Að auki áréttar nefndin mikilvægi þess að tryggt sé hvernig farið verði með þau gögn sem til eru hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem og þær umsóknir og fylgigögn þeirra sem skilað hefur verið inn til stofunnar fyrir gildistöku laganna. Þessi gögn munu flytjast yfir til umboðsmanns skuldara enda jafnframt brýnt að einstaklingar sem leitað hafa aðstoðar Ráðgjafarstofu þurfi ekki að fara í gegnum gagnaöflunarferli á nýjan leik hjá hinni nýju stofnun.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lánastofnanir skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skuli standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara og greiða til þess gjald í hlutfalli af útlánastarfsemi sinni. Nefndin telur eðlilegt að Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir taki þátt í fjármögnuninni, enda veiti þeir einnig lán til einstaklinga, og leggur til breytingartillögu því til samræmis. Þá leggur nefndin til frekari breytingar á ákvæðinu um fjármögnunina sem m.a. er ætlað að tryggja að gjaldskyldir aðilar séu upplýstir um gjaldskylduna og hafi virkan umsagnarrétt um hana og að ráðherra fái samhliða áætlun umboðsmanns skuldara um álagningu gjaldsins athugasemdir þeirra og geti eftir atvikum tekið tillit til þeirra. Þá leggur nefndin til að settar verði málsmeðferðarreglur varðandi það ef ráðherra hyggst víkja frá áætlun umboðsmanns skuldara þar sem kveðið verði á um að gjaldskyldir aðilar og umboðsmaður skuldara hafi tvær vikur til að skila inn umsögn um breytt gjald.

Nefndin leggur til breytingu á 6. gr. frumvarpsins sem ætlað er að tryggja að í árlegri skýrslu um starfsemi umboðsmanns skuldara til ráðherra sé gætt persónuverndarsjónarmiða þannig að upplýsingarnar séu á samandregnu formi og einstakir aðilar séu ekki persónugreinanlegir.

Gildistaka laganna hlaut nokkra umræðu í nefndinni enda þarf að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu áður en hin nýja stofnun getur tekið til starfa. Nefndin telur mikilvægt að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er en telur þó ekki raunhæft að það náist fyrr en 1. ágúst nk. Leggur nefndin því til breytingu þess efnis á gildistökunni en jafnframt það að

félags- og tryggingamálaráðherra skipi þegar við samþykkt laganna starfshóp sem undirbúi starfsemi stofnunarinnar og bjóði starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna störf hjá hinni nýju stofnun eftir 1. ágúst nk. Þar sem viðbúið er að starfsemi stofnunarinnar fari hratt af stað, verkefnafjöldi og álag verði mikið er að auki lagt til að starfshópurinn starfi áfram fyrsta starfsár stofnunarinnar og verði umboðsmanni skuldara til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar. Fram komu í nefndinni áhyggjur af umfangi þeirra verkefna sem umboðsmanni er ætlað að vinna að í kjölfar kreppunnar. Leggur nefndin áherslu á að hanna þurfi alla ferla þannig að þeir verði liprir og hægt verði að vinna málin hratt og skilvirkt.

Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið á um að bjóða skuli starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna störf hjá hinni nýju stofnun enda gert ráð fyrir að Ráðgjafarstofan hætti rekstri þegar hin nýja stofnun hefur starfsemi. Þrátt fyrir að Ráðgjafarstofan sé ekki ríkisstofnun er ljóst að starfsmenn hennar eru ríkisstarfsmenn og því er um tilfærslu starfa þeirra að ræða. Er ákvæðið því að þessu leyti í samræmi við hefðbundna framkvæmd. Í ákvæðinu er þó líka kveðið á um að starfsmenn annarra ríkisstofnana sem kunna að verða lagðar niður skuli njóta forgangs til starfa hjá umboðsmanni skuldara. Nefndin áréttar að meginregla 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sé að auglýsa skuli opinberlega öll laus störf í þjónustu ríkisins. Samkvæmt reglum nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum er auk þess gert ráð fyrir að í auglýsingu komi m.a. fram hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur séu gerðar til starfsmanns. Telur nefndin ekki mögulegt að fara fram hjá því að meta hæfi einstakra umsækjenda um starf með því að kveða á um forgang ákveðins hóps til starfsins. Gæta þarf að því að starfsmenn sem ráðnir eru til starfa séu metnir út frá málefnalegum ástæðum og ráðinn sé inn sá sem hæfastur er til að gegna starfinu. Nefndin leggur því til að þessi hluti ákvæðisins verði felldur brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form.	Pétur H. Blöndal.
Guðbjartur Hannesson.	Guðmundur Steingrímsson.	Ásmundur Einar Daðason.
Unnur Brá Konráðsdóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1367. Breytingartillögur [562. mál]

við frv. til l. um umboðsmann skuldara.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum.
   b. Í stað d- og e-liðar 2. mgr. komi þrír stafliðir, svohljóðandi:
      d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,
      e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
      f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem fer með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar.
   b. Við 3. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga.
   c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 4. mgr. komi: æðra stjórnvalds.
3. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða.
4. Við 5. gr.
   a. Á undan orðunum „skulu standa straum af“ í 1. mgr. komi: Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir.
   b. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: og skal umboðsmaður skuldara skal gera gjaldskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.
   c. 5. mgr. orðist svo:
      Fyrir 1. júní ár hvert skal umboðsmaður skuldara gera drög að áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Drög að áætlun skal senda gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. til umsagnar og skulu þeir hafa mánaðarfrest til að skila inn umsögnum. Að fengnum umsögnum skal umboðsmaður skuldara gera áætlun og leggja hana fyrir ráðherra til samþykktar. Senda skal umsagnir til ráðherra með áætluninni. Samþykki ráðherra áætlunina óbreytta skal miða álagningu gjaldsins við hana. Telji ráðherra að breyta skuli álagningu gjalds frá áætlun skal veita gjaldskyldum aðilum og umboðsmanni skuldara tveggja vikna umsagnarfrest um tillögur ráðherra. Að þeim tíma

loknum skal ráðherra taka ákvörðun um álagningu gjalds. Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar.

d. Í stað orðsins „eftirlitskostnaðar“ í 7. mgr. komi: gjaldsins.

5. Á eftir 1. málsl. 6. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki persónugreinanlegir.
6. 7. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða II þegar gildi.
7. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá umboðsmanni skuldara fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.
8. Á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Félags- og tryggingamálaráðherra skal þegar skipa þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laga þessara, m.a. bjóða starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna annað starf hjá umboðsmanni skuldara frá 1. ágúst 2010, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Starfshópurinn skal eftir skipan umboðsmanns skuldara vera honum til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar fyrsta starfsárið.

1368. Frumvarp til laga [673. mál]

um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Hlutverk og markmið.

Vegagerðin er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.

Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

2. gr.
Skipulag stofnunarinnar o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar.
Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.
Samvinna og samráð.

Vegagerðin skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra getur sett á stofn fagráð með fulltrúum stofnunarinnar, hagmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviði stofnunarinnar.

II. KAFLI
Verkefni.

4. gr.
Almennt.

Vegagerðin skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra, veita honum aðstoð við undirbúning að setningu laga og reglugerða á starfssviði sínu og aðstoða við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Stofnunin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsröðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, arðsemi og umhverfisáhrif þeirra. Þá sér stofnunin um framkvæmd samgönguáætlunar, þ.e. verkhönnun framkvæmda, útboð verkefna, samninga við verktaka, eftirlit á framkvæmdatíma, skilamat og uppgjör.

Vegagerðin skal annast upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.

Stofnunin annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin tekur afstöðu til tillagna sem berast frá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

5. gr.
Framkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja.

Vegagerðin annast uppbyggingu vega, sjóvarnargarða og leiðsögu- og eftirlitskerfa. Jafnframt hefur stofnunin umsjón með framkvæmdum við samgöngumannvirki og samgöngukerfi sem njóta beinna ríkisstyrkja.

Stofnunin annast viðhald þeirra mannvirkja sem hún fer með eignarhald á.

6. gr.
Eignarhald og rekstur.

Vegagerðin annast rekstur samgöngumannvirkja og samgöngukerfa og fer með eignarhald þeirra fyrir hönd ríkissjóðs. Í þessu sambandi sinnir stofnunin eða felur öðrum að sinna:

1. rekstri og umsjón vegakerfisins,
2. eftirliti með burðarþoli vega og brúa og ákveður takmarkanir á heildarþunga og ásþunga ökutækja, ef þörf krefur,
3. rekstri og viðhaldi vita og sjómerkja,
4. rekstri og viðhaldi leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfa,
5. rekstri Landeyjahafnar og ferjubryggja.

Vegagerðinni er heimilt að taka að sér uppbyggingu, rekstur og viðhald flugvalla samkvæmt samningi við þar til bæra aðila.

7. gr.

Almenningssamgöngur.

Vegagerðin annast rekstrarverkefni ríkisins á sviði almenningssamgangna. Skal stofnunin m.a. annast:

1. útboð, gerð og eftirfylgd þjónustusamninga vegna almenningssamgangna,
2. umsjón með styrkveitingum vegna almenningssamgangna,
3. umsjón með ferjum og öðrum eignum ríkisins sem nýttar eru í almenningssamgöngum.

8. gr.

Samgönguöryggi.

Vegagerðin vinnur að auknu öryggi í samgöngum með því markmiði að fækka slysum og draga úr tjóni af völdum þeirra. Stofnunin skal m.a.:

1. vinna að bættu öryggi innviða samgöngukerfisins með öryggisstjórnun, greiningu á öryggisþáttum og slysum og aðgerðaáætlunum,
2. annast framkvæmd öryggisstjórnunar samgöngumannvirkja og samgöngukerfa,
3. annast ráðgjöf um umbætur sem stuðla að auknu samgönguöryggi.

9. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

Vegagerðin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á starfssviði sínu eftir því sem kveðið er á um í lögum, alþjóðasamningum eða með ákvörðun ríkisstjórnar.

10. gr.

Rannsóknir og þróunarstarf.

Vegagerðin tekur þátt í og annast rannsóknir, greiningu og þróun á starfssviði sínu.

Ráðherra skal setja reglugerð um hlutverk Vegagerðarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

11. gr.

Framsal verkefna.

Stofnuninni er heimilt að framselja eða fela öðrum framkvæmd einstakra verkefna eða verkþátta á starfssviði stofnunarinnar.

III. KAFLI
Gjaldtaka.

12. gr.

Fjármögnun.

Verkefni Vegagerðarinnar og rekstur stofnunarinnar skal fjármagna með mörkuðum tekjum og beinum framlögum úr ríkissjóði. Til markaðra tekna teljast sérstakt bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald.

Auk þessa er heimilt að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra kafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Einnig er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning verka sem stofnunin hefur umsjón með.

13. gr.
Tekjur.

Vegagerðinni er heimilt að afla tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu, vöru- og efnissölu, sem og af rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Gjaldtaka skv. 1. mgr. skal ákveðin í viðmiðunargjaldskrá sem Vegagerðin setur.

Þann hluta starfsemi Vegagerðarinnar sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á slíkri þjónustu skal byggjast á samningum.

Ráðherra staðfestir gjaldskrá samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.
Rekstur o.fl.

Vegagerðinni er heimilt, með samþykki ráðherra, að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum. Jafnframt er stofnuninni heimilt að bjóða fram sérþekkingu á alþjóðamarkaði og afla tekna með útflutningi sérfræðiþekkingar sem hún býr yfir.

Stofnuninni er heimilt, með samþykki ráðherra, að stofna félag eða félög sem hafa það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar.

15. gr.
Kæruheimild.

Ákvarðanir Vegagerðarinnar sæta kæru til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

16. gr.
Þagnarskylda og veiting upplýsinga.

Starfsmenn Vegagerðarinnar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Sama gildir um sjálfstæða sérfræðinga sem starfa á vegum Vegagerðarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

17. gr.
Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2011.

Frá 1. janúar 2011 falla úr gildi ákvæði 1. mgr. 5. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum stofnana, sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Vegagerðina samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara, skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá Vegagerðinni fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/

2002 eins og við á hverju sinni. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.

2. Þrátt fyrir 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða verða störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Vegagerðina lögð niður þegar lög þessi koma til framkvæmda. Ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um að flytja forstöðumann úr hópi núverandi forstöðumanna samgöngustofnana í embætti forstjóra Vegagerðarinnar, skv. 36. gr. laga nr. 70/1996. Þeim forstöðumönnum sem ekki hljóta áframhaldandi skipun skulu boðin störf í Vegagerðinni eða Farsýslunni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót stofnun sem sinni framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja ásamt því að fara með eignarhald og sinna rekstri þeirra. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar Farsýslan og hins vegar Vegagerðin.

Stofnanirnar verða reistar á grunni núverandi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um Farsýsluna. Myndun stofnananna tveggja er samþætt verkefni og því eru almennar athugasemdir við þetta frumvarp að miklu leyti samhljóða almennum athugasemdum við frumvarp um Farsýsluna.

Endurskipulagning samgöngustofnana á sér nokkurn aðdraganda. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar „Samgönguframkvæmdir – Stjórnsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun, júní 2008) eru settar fram tillögur um breytt stofnanakerfi samgöngumála þar sem lagt er til að settar verði á fót tvær stofnanir, þ.e. stjórnsýslustofnun og framkvæmdastofnun, ásamt ríkisfyrirtæki á sviði rekstrar- og viðhalds.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í janúar 2009 nefnd um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Nefndin skilaði skýrslu sinni „Framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Greining og valkostir“ í lok júní 2009. Þar voru kynntir fimm valkostir um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum, t.d. um að bæta verklag við undirbúning samgönguáætlunar og efla stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins.

Að vel athuguðu máli og með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hefja undirbúning að myndun tveggja stofnana í samræmi við einn valkosta nefndarinnar:

1. Stjórnsýslustofnunar með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.
2. Framkvæmda- og rekstrarstofnunar með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Undirbúningur.

Skipaður var stýrihópur til að vinna nákvæma greiningu á kostum endurskipulagningarinnar og leggja fram tillögur um breytta stofnanaskipan samgöngumála. Hlutverk stýrihópsins var:

1. Stjórn verkefnisins, stefnumótun, áætlanir, tillögugerð til ráðherra og undirbúningur lagafrumvarps.
2. Tillögur til ráðherra um verkaskiptingu stofnana og mótun helstu hlutverka og viðfangsefna þeirra.

3. Mótun framtíðarsýnar, markmiða, áherslna og meginskipulags nýrra samgöngustofnana.
4. Skilgreining verkefna vinnuhópa og móttaka niðurstaðna og tillagna þeirra.
5. Athugun á mögulegu samstarfi við aðrar stofnanir og opinber hlutafélög, svo sem á sviði framkvæmda og viðhalds flugvalla og leiðsögukerfis hafsins.
6. Öflun frekari upplýsinga um skipan samgöngumála í öðrum löndum.
7. Samráð við hagsmunaaðila og samskiptaáætlun.

Í stýrihópnum áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Karl Alvarsson skrifstofustjóri, Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri, Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur, ritari stýrihópsins, og Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður ráðherra, öll frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Hlín Hólm, Flugmálastjórn Íslands, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Stefán Pálsson, Siglingastofnun Íslands, Karl Ragnars forstjóri og Sædís Jónasdóttir, Umferðarstofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Aron Bjarnason og Ólöf Thorarensen, Vegagerðinni. Verkefnisstjóri var Sigurður H. Helgason ráðgjafi frá Stjórnháttum.

Í starfi stýrihópsins hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við stofnanir og á að halda vel á starfsmannaþætti breytinga. Settur var upp innri vefur þar sem upplýsingar um verkefnið voru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Á vegum stýrihópsins hafa starfað sjö vinnuhópar skipaðir starfsmönnum stofnananna og ráðuneytisins sem vinna að greiningu og útfærslu einstakra þátta. Viðfangsefni hópanna voru:

1. Verkefni, verklag og verkferlar. Hópurinn setti fram tillögur um skiptingu verkefna núverandi stofnana milli nýrra stofnana. Þá vann hann greiningu á öllum helstu verkferlum núverandi stofnana og lagði mat á mögulega samþættingu þeirra miðað við nýja stofnanaskipan.
2. Starfsmannamál, þ.m.t. virkt upplýsingastreymi til starfsmanna. Hópurinn greindi meðal annars starfsmannahópinn og lagði mat á mögulega fækkun starfsmanna á næstu árum vegna starfsmannaveltu. Þá lagði hann fram greiningu og samanburð á mannauðs- og launastefnu.
3. Fjármál og fjármögnun. Hópurinn greindi fjármál núverandi stofnana og fjallaði um gjaldtöku. Hópurinn vann nákvæma greiningu á fjármálum, meðal annars með tillit til skiptingar framlaga og tekna milli nýrra stofnana.
4. Upplýsingatækni. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi upplýsingatæknimála og upplýsingakerfa og lagði fram tillögur í því efni.
5. Árangurs- og gæðastjórnun. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi árangurs- og gæðastjórnunar og lagði fram tillögur í því efni.
6. Húsnæðismál. Hópurinn greindi núverandi húsnæði og undirbjó þarfagreiningu vegna nýrra stofnana.
7. Þróun, rannsóknir og tækifæri. Hópurinn kortlagði núverandi starfsemi og fjallaði um ýmsar hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi.

Stýrihópurinn mun áfram vinna að undirbúningi sameiningar. Við gildistöku laganna er ætlunin að fyrir liggi endanleg samrunaáætlun sem taki m.a. til starfsmannamála, fjármála og húsnæðismála. Stefnt er að því að sameina sem fyrst höfuðstöðvar hvorrar stofnunar fyrir sig í húsnæði, enda er slíkt forsenda þess að áform um hagræðingu nái fram að ganga.

Markmið.

Markmiðin með endurskipulagningu samgöngustofnana eru að:

1. Auka faglegan styrk.
2. Skýra verkaskiptingu, bæta þjónustu og árangur.
3. Efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar.
4. Tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila.
5. Efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar.
6. Auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála.
7. Samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála.

Rök fyrir endurskipulagningu.

Með sameiginlegri samgönguáætlun allra samgöngugreina var mótuð ný sameiginleg framtíðarsýn þar sem litið er á samgöngugreinarnar sem eina heild með sameiginleg markmið. Þar er mörkuð stefna um sameiginlega áætlanagerð og stefnumótun fyrir allar greinar samgangna, samræmda forgangsröðun, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla. Þar er jafnframt horft til þriggja meginviðfangsefna: (1) samgöngukerfisins, (2) stjórnsýslu og eftirlits og (3) starfsemi sem nýtir samgöngukerfið. Samgönguáætlun hefur náð fram að ganga en samgöngustofnanirnar og skipulag þeirra endurspegla enn fyrra umhverfi. Mikilvægt er að samgöngustofnanir þjóni nýjum markmiðum og nýrri hugsun.

Skipulag samgöngumála í Evrópu og víða annars staðar hefur einkennst af aukinni aðgreiningu þriggja meginhlutverka samgöngukerfisins í:

1. Regluvæðingu (Regulation) sem felur í sér stýringu á athöfnun einstaklinga og lögaðila með því að framfylgja reglum og tryggja þannig öryggi, heilsu, umhverfi og rekstrarskilyrði fyrirtækja.
2. Innviði (Infrastructure) sem felur í sér skipulag, uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngumannvirkja, svo sem vega, járnbrautakerfis, hafna, flugvalla, ásamt tilheyrandi stýri-, eftirlits- og leiðsögukerfum.
3. Starfsemi (Operations) sem felur í sér rekstur og notkun farartækja og tilheyrandi þjónustu.

Þessi þróun hefur þegar haft umtalsverð áhrif hér á landi og var ein meginástæða fyrir því að hluti verkefna Flugmálastjórnar var færður til Flugstoða ohf. Sterk rök eru fyrir því að skipulag samgöngumála lúti ofangreindum aðskilnaði hlutverka og má vænta þess að kröfur um aðskilnað muni aukast á næstu árum. Íslensk stjórnsýsla hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Ríkar kröfur eru um öfluga, gagnsæja, óháða og sterka en einfalda stjórnsýslu. Í samgöngumálum er talið að óháð stjórnsýsla eigi ekki samleið með framkvæmdum og rekstri samgöngukerfisins.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að gera þurfi umtalsverðar umbætur og breytingar á stjórnkerfinu til að nýta takmarkaða fjármuni eins vel og unnt er, en jafnframt með það að markmiði að stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera við almenning og atvinnulíf verði eins góð og kostur er. Verulegum hluta af lækkun ríkisútgjalda á næsta ári verður að ná með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins, svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins og opinberrar þjónustu.

Ávinningur af endurskipulagningu samgöngustofnana.

Endurskipulagning samgöngustofnana getur bæði falið í sér faglegan ávinning og rekstrarlega hagræðingu.

Faglegur ávinningur liggur einkum í bættum möguleikum stofnana til að sinna hlutverki sínu í samfélaginu og bregðast við breyttum kröfum til starfsemi þeirra. Aðgreining stjórnsýslu frá framkvæmdum og rekstri mætir innlendum og erlendum kröfum um faglega og hlutlausa stjórnsýslu og tryggir að sambærilegar kröfur séu gerðar til framkvæmda og rekstrar mannvirkja og annarra þátta samgöngumála. Aukin samþætting þvert á samgöngugreinar endurspeglar heildstæða samgönguáætlun og leggur áherslu á hagkvæmni og virkni samgöngukerfisins fremur en þær leiðir sem bundnar eru einstökum samgöngugreinum. Sérhæfing stofnana gefur færi á að efla vinnubrögð, fagmennsku og árangur t.d. á sviði stjórnsýslu og framkvæmda.

Hagræðing samfara endurskipulagningu bætir möguleika stofnana til að taka á sig lækkun útgjalda án skerðingar þjónustustigs. Reynslan sýndir að stærri stofnanir hafa yfirleitt hlutfallslega lægri kostnað vegna rekstrar, þjónustu og yfirstjórnar en minni stofnanir. Greining á verkferlum samgöngustofnana sýnir að þeir eru í mörgum tilfellum sambærilegir milli stofnana og að samþætta megi ýmsa þætti í starfsemi núverandi stofnana í nýjum stofnunum. Starfsemi utan kjarnaviðfangsefna tekur oft mikla athygli frá meginhlutverki og því stuðlar einfalt og skýrt hlutverk að markvissari stjórnun og starfsemi.

Hagræðing í rekstri er ekki einungis fjárhagsleg spurning, heldur snýst hún einnig um pólitískar ákvarðanir um fjárhagslegan ramma stofnunar og með hvaða hætti yfirstjórn stofnunar starfar innan þess ramma. Útreikningar um hagræðingu geta leitt líkur að því hvaða rekstrarlegir og fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi en hinn eiginlega hagræðing byggist á skýrum pólitískum skilaboðum til stofnana ásamt vilja og eftirfylgd stjórnenda þeirra.

Hagræðingarmöguleikar samgöngustofnananna tveggja eru talsvert ólíkir. Við myndun Farsýslunnar er verið að sameina tvær heilar stofnanir auk hluta úr tveimur öðrum og má gróflega segja að þetta samsvari sameiningu þriggja stofnana. Við myndum Vegagerðarinnar er verið að sameina hluta úr tveimur stofnunum. Stærðarmunur núverandi Vegagerðar og væntanlegrar Vegagerðar er hlutfallslega lítill eða um 6%.

Möguleikar á hagræðingu við myndun Farsýslunnar voru metnir með tveimur aðferðum. Í fyrsta lagi á grundvelli mats á samþættingarmöguleikum ólíkra verkferla og í öðru lagi með samanburði á kostnaði vegna yfirstjórnar og stoðþjónustu stærri stofnana. Við mat á mögulegri hagræðingu vegna verkferla voru notaðar eftirfarandi forsendur:

1. Verferlar sem eru samþættanlegir frá upphafi 100% hagræðing.
2. Verferlar sem eru samþættanlegir eftir eitt ár 25% hagræðing.
3. Verkferlar sem eru hugsanlega samþættanlegir og þá að hluta 5% hagræðing.

Miðað við greiningu á samþættingarmöguleikum gefa þessar forsendur möguleika á 14% hagræðingu.

Samanburður á hlutfalli stjórnenda og starfsmanna stoðdeilda þeirra stofnana sem mynda Farsýsluna og stærri stofnana (með um 150 starfsmenn eða fleiri) bendir til þess að tækifæri séu til að lækka yfirstjórnarkostnað um allt að 50% eða sem samsvarar rúmum 11% af heildarrekstrarkostnaði. Þó að stofnanir séu aldrei algerlega samanburðarhæfar verður að hafa í huga að í þessu mati eru ótaldir hagræðingarmöguleikar í faglegri starfsemi stofnananna.

Þó að ávallt sé álitaefni hvaða forsendur skuli notaðar við mat á mögulegri hagræðingu, bendir framangreind greining til þess að ekki sé óvarlegt að áætla að möguleikar á beinni innri hagræðingu við myndun samgöngustofnunar séu a.m.k. 10–15% af rekstrargjöldum.

Hagræðingarmöguleikar Vegagerðarinnar eru af talsvert öðrum toga en Farsýslunnar. Endurskipulagningin felur í sér óverulega stækkun og hagræðing í stoðþjónustu og yfirstjórn

því mun minni en í tilfelli samgöngustofnunar. Möguleikar á faglegri samlegð eru hins vegar fyrir hendi sem m.a. kemur fram í því að nær engir verkferlar eru fyrir fram taldir ósamþættanlegir. Stór stofnun sem hefur trausta innviði og markvissa stjórnun getur oft bætt við sig verkefnum án þess að kostnaður aukist að ráði. Í þessu felst að jaðarkostnaður vegna viðbótarverkefna er takmarkaður. Auk þess felur sameining í sér tækifæri til að endurmeta og bæta starfsemina. Þegar horft er til þessara atriða má áætla að myndun framkvæmdastofnunar feli í sér hagræðingarmöguleika sem geta numið a.m.k. 10% af rekstrargjöldum.

Þörf fyrir hagræðingu á næstu árum.

Samkvæmt áætlunum um þróun ríkisfjármála er þörf á verulegri lækkun ríkisútgjalda árin 2010–2013. Samgöngustofnanir falla undir þann flokk stofnana sem þurfa að sæta mestri lækkun fjárveitinga. Þó ekki sé hægt að fullyrða um hlutfallslega lækkun má gera ráð fyrir að hún geti numið allt að 10% á ári. Miðað við þessar forsendur má gera ráð fyrir því að fjárveitingar geti lækkað um 1/3 á fjögurra ára tímabili. Þó að tækifæri kunni að vera til aukinnar tekjuöflunar, eru möguleikar til að leggja auknar álögur á atvinnulífið takmarkaðir.

Ljóst er að gerðar verða kröfur um lækkun útgjalda samgöngustofnana hvert sem skipulag þeirra verður. Það er því ekki spurning hvort útgjöld lækki heldur hverjar verði afleiðingar slíkrar lækkunar. Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til að lækka útgjöld. Sumar þeirra er hægt að framkvæma skjótt og án verulegs sársauka. Aðrar taka lengri tíma og geta bitnað á starfseminni og hag starfsmanna. Endurskipulagning samgöngustofnana hefur ekki síst að markmiði að hægt verði í lengstu lög að forðast sársaukamestu aðgerðir til útgjaldalækkunar.

Lækkun útgjalda getur byggt á hagræðingu eða niðurskurði. Við hagræðingu eru aðgerðir sem hægt er að framkvæma tiltölulega skjótt. Hins vegar sýnir reynslan að samhengi er milli umfangs og væntanlegs árangurs hagræðingaraðgerða. Sagt með öðrum orðum, þá er ekki hægt að vænta mikillar hagræðingar af aðgerðum sem fela aðeins í sér takmarkaðar breytingar. Stærri breytingar eins og sameining stofnana skapa mun meiri tækifæri til hagræðingar.

Ef ekki er gripið til hagræðingar hlýtur niðurstaða útgjaldalækkunar að vera niðurskurður þjónustunnar. Þó að fyrstu skref í niðurskurði geti verið tiltölulega sársaukalítil, fela þau viðameiri í sér verulega skerðingu á hagsmunum notenda þjónustu.

Við mat á hagræðingu verður að taka tillit til þess að oft felur sameining eða endurskipulagning stofnana í sér kostnað, til dæmis vegna sameiningar húsnæðis, flutninga, samræmingar tækjakosts, þjálfunar starfsfólks, starfsloka og ráðgjafar. Líta má á þennan kostnað sem fjárfestingarkostnað til að ná fram hagræðingu. Hafa verður í huga að þegar lagt er í kostnað vegna sameiningar er það ávallt gert með hliðsjón af væntanlegum ávinningi. Við erfiða fjárhagsstöðu verður oft að dreifa þessum kostnaði á lengri tíma en ella. Til lengri tíma getur ónóg fjárfesting í upphafi dregið úr hagkvæmni endurskipulagningar. Einnig tekur nokkurn tíma að fá nýjar stofnanir til að virka sem eina heild. Því má vænta þess að bein hagræðing skili sér ekki að fullu fyrr en á öðru og þriðja ári frá sameiningu.

Þegar meta á hagræði samfélagsins af einfaldara stofnanakerfi er ekki nægilegt að líta eingöngu til beinnar hagræðingar vegna rekstrarlegrar samlegðar, þ.e. vegna fækkunar stjórnenda, endurskipulagningar ýmiss konar stoðþjónustu, samþættingar verkferla, hagkvæmari innkaupa, minni húsnæðiskostnaðar o.s.frv. Þegar vel tekst til getur þekking sem skiptist milli margra stofnana skapað margvísleg tækifæri þegar hún er sameinuð hjá einni stofnun. Fækkun stofnana getur ein og sér skilað hagræði vegna einföldunar á stjórnsýslu, bættrar samhæfingar og markvissari þjónustu við notendur. Loks er ótalið að öflugri stofnanir geta

haft jákvæð áhrif á efnahagslífið. Nægir að nefna í þessu sambandi að jafnvel mjög litlar breytingar á virkni samgöngukerfisins geta skilað umtalsverðum þjóðhagslegum ávinningi.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Í frumvarpinu er meginverkefnum stofnunarinnar skipt upp í tvo þætti. Annarsvegar framkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja og hins vegar eignarhald og rekstur þeirra. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að almenningssamgöngur verði á könnu Vegagerðarinnar auk verkefna á sviði samgönguöryggis.

Í ákvæðum til bráðabirgða er fjallað um málefni starfsmanna. Öllum starfsmönnum stofnananna fjögurra, að frátöldum forstöðumönnum, verður boðið starf hjá nýjum stofnunum. Þá er gert ráð fyrir að forstöðumenn nýrra stofnana verið skipaðir þegar lögin öðlast gildi og vinni að undirbúningi stofnsetningar nýrra stofnana fram til 1. janúar 2011 en þá er gert ráð fyrir að stofnanirnar taki formlega til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir að stofnunin skuli vera sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fari með það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi eins og nánar er talið upp í 2. mgr. greinarinnar.

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Með markmiði um sjálfbærar samgöngur er átt við eflingu almenningssamgangna annarra vistvænna samgöngumáta, auk þess sem dregið verði úr losun koltvísýrings frá samgöngum og annarra efna sem skaðleg áhrif hafa á umhverfið.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar sé skipaður til fimm ára í senn og að hann beri ábyrgð á og fari með stjórn stofnunarinnar, ásamt því að móta starf hennar. Í því sambandi er gert ráð fyrir að hann ráði starfsfólk til stofnunarinnar. Lagt er til að ráðherra staðfesti skipurit stofnunarinnar.

Fyrirmynd 4. mgr. er sótt í 11. gr laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Skýrslur Flugmálastjórnar Íslands hafa gefið góða mynd af starfi stofnunarinnar og rétt að hin nýja stofnunin tileinki sér einnig þau vinnubrögð og vinni árlega skýrslu um starfsemi sína sem gefi raunsanna mynd af því starfi sem stofnuninni er að lögum falið að sinna.

Um 3. gr.

Mikilvægt er stofnunin hafi traust samráð og samvinnu við hagsmunaaðila og almenning um þau verkefni sem henni eru falin. Er gert ráð fyrir að stofnunin hafi rúmar heimildir til að haga þessu samráði eftir því sem best þykir henta, t.d. með starfandi faghópum sem fylgjast með og fjalla um þróun mála á tilteknum sviðum, í þeim tilgangi að opna fyrir betri aðkomu þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum málaflokkum.

Lagt er til í 2. mgr. að ráðherra skipi fagráð eins og þörf krefur hverju sinni eða skipuleggi samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Vegagerðinni er ætlað að taka þátt í gerð samgönguáætlunar í samræmi við ákvæði sérlaga sem um þær áætlanir gilda. Í 2. mgr. er ferli framkvæmda lýst nánar ásamt því hvað felist í framkvæmd samgönguáætlunar. Er það til fyllingar ákvæðum laga um samgönguáætlun.

Þær stofnanir sem verða hluti af Vegagerðinni reka í dag ýmis tölvu- og upplýsingakerfi önnur en þau almennu upplýsingakerfi sem stofnanir almennt reka eins og skjalastjórnunarkerfi. Lagt er til að slíkur rekstur verður áfram hluti af verkefnum Vegagerðarinnar. Má þar nefna upplýsingakerfi um færð á vegum.

Um 5. gr.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er verkefnum stofnunarinnar skipt upp í framkvæmd og viðhald samgöngumannvirkja annars vegar og eignarhald og rekstur þeirra hins vegar. Um þessi verkefni er nánar fjallað í einstökum sérlögum sem stofnunin starfar eftir. Má þar nefna vegalög og hafnalög.

Rekstur flugvalla, flugstöðva og flugleiðsögu er hjá Isavia ohf. Rétt þykir hins vegar að heimila Vegagerðinni að gera samninga um uppbyggingu, rekstur og viðhald flugvalla ef það er talið hagkvæmt.

Um Landeyjahöfn gilda sérlög. Höfnin er eina höfn landsins sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins og er Siglingastofnun Íslands falin umsjón og rekstur hafnarinnar. Lagt er til að Vegagerðin sinni þessu verkefni.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 5. gr.

Um 7. gr.

Í greininni er sérstaklega fjallað um rekstrarverkefni á sviði almenningssamgangna. Almenningssamgöngur eru framkvæmdarverkefni og því eðlilegt að slík verkefni séu á könnu Vegagerðarinnar á sviði samgangna. Snúa verkefnin bæði að uppbyggingu almenningssamgangna sem og umsjón og rekstri þeirra.

Um 8. gr.

Ákvæðið miðar að því að auka öryggi í samgöngum og þannig draga úr slysum og draga úr tjóni af þeirra völdum. Í því skyni er stofnuninni falin verkefni sem lúta að öryggisstjórnun samgangna og ráðgjöf þar að lútandi.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það mikilvæga hlutverk Vegagerðarinnar að sinna rannsóknum, greiningu og þróun á starfssviði sínu. Falla þar undir bæði einstök verkefni sem stofnunin sinnir sjálf sem og þátttaka í verkefnum með öðrum aðilum sem stunda rannsóknir, greiningu og þróun á sama sviði.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um hlutverk stofnunarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er að finna framsalsheimild fyrir stofnunina vegna einstakra verkefna eða verkþátta ef hagvæmnisrök hníga til þess að fela öðrum aðila utan stofnunarinnar slík verk. Þannig er stofnuninni heimilt að fela öðrum aðilum umsjón með framkvæmdum við samgöngumannvirki og samgöngukerfi. Mikilvægt er að slík heimild sé í lögunum svo svigrúm gefist til framsals verkefna í einstökum tilvikum ef hagkvæmnisrök standa til þess.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna skattlagningaheimild fyrir Vegagerðina vegna markaðra tekna fyrir sérstakt bensíngjald samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., um olíugjald og kílómetragjald samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Í lögum um vitagjald, nr. 132/1999, með áorðnum breytingum, er að finna heimild vegna vitagjalds.

Í 2 mgr. fjallað um þá heimild samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007, að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra vegakafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Með ákvæði 3. mgr. er stofnuninni veitt heimild til að taka gjald vegna kostnaðar sem hlýst af undirbúningi verka sem stofnuninni er falið að hafa umsjón með.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að Vegagerðin geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði og tekið fram að slík tekjuöflun skuli byggð á viðmiðunargjaldskrá sem stofnunin setji. Þar verði m.a. kveðið á um taxta á útseldri vinnu stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sú gjaldskrá taki mið af markaðsverði þjónustunnar. Gert ráð fyrir að greina skuli kostnað allra verkefna og á allur kostnaður vegna þessarar sérhæfðu þjónustu að vera fjárhagslega aðskilinn frá lögmæltum verkefnum stofnunarinnar.

Verkefni þau sem hér um ræðir eru fyrst og fremst innlend og erlend verkefni hafnasviðs stofnunar. Hafnasvið sinnir einkum lögboðnum verkefnum er lúta að rannsóknum og áætlanagerð, svo og umsjón og eftirlit með þeim hafnarframkvæmdum og sjóvörnum sem ríkissjóður veitir fjármuni til. Auk þess sinnir hafnasviðið verkefnum innan lands sem ekki eru lögbundin en sérhæfð á sviði hafnagerðar. Þannig nýtir stofnunin þá sérþekkingu sem hún hefur í hafnagerð í þágu þeirra aðila sem á þurfa að halda. Slík verkefni eru m.a. botnrannsóknir, dýptarmælingar, keyrsla sérhæfðra ölduforrita og hönnun hafnarmannvirkja.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. sækir uppruna sinn í 3. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands og hefur þann tilgang m.a. að stuðla að hagkvæmri nýtingu og vexti íslenskrar þekkingar á starfssviði stofnunarinnar, m.a. til útflutnings.

Ákvæði 2. mgr. veitir stofnuninn heimild til að stofna félag eða félög vegna einstakra framkvæmda- og þjónustuverkefna enda hnígi hagkvæmnisrök til þess að svo sé gert.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna. Er það til viðbótar við almennt þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá er tekið fram að þagnarskylda nái ekki eingöngu til starfsmanna stofnunarinnar heldur einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, í samræmi við almennt ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum. Gildir það einnig um þá sérfræðinga sem starfað hafa fyrir stofnunina.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót framkvæmdastofnun sem sinni framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja ásamt því að fara með eignarhald og sinna rekstri þeirra. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar stjórnsýslustofnun sem beri heitið Farsýslan og hins vegar framkvæmdastofnun sem beri heitið Vegagerðin. Stjórnsýslustofnunin verður til með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Framkvæmda- og rekstrarstofnun verður hins vegar til með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar. Markmiðin með endurskipulagningu þessara samgöngustofnana eru í fyrsta lagi að auka faglegan styrk, í öðru lagi að skýra verkaskiptingu og bæta þjónustu og árangur, í þriðja lagi að efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar, í fjórða lagi að tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila, í fimmta lagi að efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar, í sjötta lagi að auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála og í áttunda lagi að samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála. Á þessu stigi liggja ekki fyrir rekstraráætlanir fyrir þessar nýju stofnanir né hvernig núverandi 546,1 m.kr. rekstrarframlag Vegagerðarinnar og 705,5 m.kr. rekstarframlag Siglingastofnunar muni skiptast milli stofnananna tveggja. Til að átta sig á umfangi þessara breytinga má sjá í eftirfarandi töflu hvernig fjárheimildir þeirra fjárlagaliða, sem falla undir þessa sameiningu, eru í fjárlögum 2010.

	10-211 Vegagerðin	10-212 Samg. verkefni	10-251 Umferðar-stofa.	10-335 Siglingast. Íslands	10-336 Hafnar-framkv.	10-471 Flugmálastj. Íslands	Samtals
Almennur rekstur	6.789,2	4.877,0	436,9	1.014,5	13,0	464,7	13.595,3
Viðhaldsverkefni		4.679,0					4.679,0
Stofnkostnaður		8.976,0		165,6	1.340,0		10.481,6
Gjöld samtals	6.789,2	18.532,0	436,9	1.180,1	1.353,0	464,7	**28.755,9**
Sértekjur	-6.162,2		-234,1	-212,6		-4,7	-6.613,6
Gjöld umfram tekjur	627,0	18.532,0	202,8	967,5	1.353,0	460,0	**22.142,3**
Fjármögnun:							
Greitt úr ríkissjóði		4.563,3		720,9	1.353,0	240,0	6.877,2
Innheimt af ríkistekjum	627,0	13.893,7	202,8	246,6		220,0	15.190,1
Viðskiptahreyfingar		75,0					75,0

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að framlög vegna stofnkostnaðar- og viðhaldsverkefna muni heyra undir Vegagerðina en í fjárlögum 2010 námu útgjöld vegna þessara verkefna rúmum 15 milljörðum kr. Þá er gert ráð fyrir að til stofnunarinnar flytjist einnig framlög til almenns rekstrar vegna þjónustu vegakerfisins, styrkja til ferja og sérleyfishafa, styrkja til innanlandsflugs, rannsókna, Vaktstöðvar siglinga, umdæma og rekstrardeilda Vegagerðarinnar og innheimtukostnaðar vegna markaðra tekna. Í fjárlögum 2010 eru útgjöld þessara verkefna að frádregnum sértekjum áætluð um 5,5 milljarðar kr.

Samkvæmt mati samgönguráðuneytisins er gert ráð fyrir að með samþættingu þessara verkefna í tvær nýjar stofnanir verði mögulegt að ná fram beinni hagræðingu í rekstrargjöldum sem nemi um 10%. Ekki liggur þó fyrir áætlun um það hvernig hagræðingin muni skiptast á milli Farsýslunnar og Vegagerðarinnar. Samkvæmt fjárlögum 2010 má ætla að samanlagðar fjárheimildir vegna rekstrarkostnaðar við yfirstjórn og stjórnsýslu beggja stofnananna nemi um 1,7 milljörðum kr. að frádregnum sértekjum. Samkvæmt því gæti 10% hagræðing í rekstrargjöldum numið samtals um 170 m.kr. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi Farsýslunnar verði 147 og 321 hjá Vegagerðinni eða samtals 468 manns til að byrja með. Er það sami fjöldi og nú starfar hjá Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Vegagerðinni og Umferðarstofu en hins vegar er gengið út frá því að um 14 manns muni láta af störfum árlega vegna aldurs. Gert er ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni ekki þurfa að ráða í þau störf sem losna.

Gert er ráð fyrir að verkefni Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjum og beinum framlögum úr ríkissjóði en til markaðra tekna teljast bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á þessum mörkuðu tekjum til hækkunar eða lækkunar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til starfsemi ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum miðast mat samgönguráðuneytisins þannig við að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað um samtals 170 m.kr. vegna samlegðaráhrifa í rekstri við sameiningu Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu í tvær stofn-

anir. Gert er ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við sameininguna en að þeim kostnaði verði mætt með tímabundnum hagræðingarráðstöfunum hjá þessum stofnunum sem eigi því ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála og er að öðru leyti vísað til umsagnar um það frumvarp.

1369. Frumvarp til laga [674. mál]

um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Hlutverk og markmið.

Farsýslan er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Farsýslan fer með stjórnsýslu samgöngumála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Stofnunin annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að:

1. flugmálum,
2. hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir,
3. siglingamálum,
4. umferðarmálum,
5. vegamálum.

Farsýslan skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Stofnunin annast framkvæmd laga á þeim sviðum sem undir hana heyra, sbr. 2. mgr., samkvæmt nánari fyrirmælum þeirra laga.

2. gr.
Skipulag stofnunar o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar.

Farsýslan skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.

Samvinna og samráð.

Farsýslan skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra getur sett á stofn fagráð með fulltrúum stofnunarinnar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviðum stofnunarinnar.

II. KAFLI
Verkefni.

4. gr.

Almennt.

Farsýslan skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra, veita honum aðstoð við undirbúning að setningu laga og reglugerða á starfssviði sínu og aðstoða við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Stofnunin setur reglur um gerð og búnað ökutækja, skipa og loftfara, svo og um hæfi stjórnenda þeirra, og annast framkvæmd þeirra.

Stofnunin ákveður kröfur um öryggi samgöngumannvirkja ásamt því að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi.

Farsýslan tekur þátt í gerð samgönguáætlunar.

Farsýslan skal annast fræðslu og upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.

Stofnunin annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin tekur afstöðu til tillagna sem berast frá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Stofnunin heldur slysaskrá á sviði samgangna.

Farsýslan skal annast önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Eftirlit með samgöngumannvirkjum.

Farsýslan hefur eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra.

Stofnunin annast öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum.

6. gr.

Eftirlitsskyld starfsemi, rannsóknarheimildir o.fl.

Farsýslan skal hafa eftirlit með því að starfsemi, umferð og flutningar sem henni er að lögum falið að hafa eftirlit með, séu í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um viðkomandi starfsemi gilda.

Farsýslunni er við athugun á rekstri og starfsemi eftirlitsskyldra aðila heimill aðgangur að starfsstöðvum eftirlitsskylds aðila og öðrum stöðum sem nauðsynlegt er til að sinna eftirliti að mati stofnunarinnar. Farsýslunni er einnig heimill aðgangur að ökutæki, loftfari, skipi og öðru samgöngutæki, sem og búnaði þeirra og farmi til vettvangsathugana, úttekta og skoðana sem stofnunin telur nauðsynlegar í þágu eftirlits. Stofnunin getur einnig lagt hald á þau gögn og muni sem hún telur nauðsyn á í þágu eftirlits.

Farsýslunni er heimilt að fyrirskipa stöðvun og kyrrsetningu ökutækja, loftfara, skipa og annarra samgöngutækja eins og nauðsyn kann að vera á í þágu eftirlits og að gera allar nauð-

synlegar athuganir á þeim, búnaði þeirra og farmi. Farsýslan getur látið færa samgöngutæki til athugunar á þann stað sem henta þykir hverju sinni í þágu eftirlits.

Eftirlitsskyldum aðila er skylt að fara eftir fyrirmælum Farsýslunnar um eftirlit og veita upplýsingar og aðgang að þeim gögnum í vörslu hans sem Farsýslan gerir kröfu um í þágu eftirlits.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita Farsýslunni upplýsingar um starfsemi sína og aðgang að þeim gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Farsýslan telur nauðsyn á að fá aðgang að.

Eftirlitsskyldur aðili skal án fyrirvara geta sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði leyfisveitingar og, ef með þarf, gangast undir þau próf sem Farsýslunni er heimilt að krefjast að gengist sé undir.

Farsýslunni er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlit og öflun nauðsynlegra upplýsinga í þágu eftirlits. Stofnunin getur krafist upplýsinga og gagna frá öðru stjórnvaldi, óháð þagnarskyldu þess, ef slíkt er nauðsynlegt til að unnt sé að sinna lögbundnu eftirliti.

Um eftirlitsheimildir Farsýslunnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirra laga sem um viðkomandi starfsemi gilda, svo og annarra laga eftir því sem við á.

7. gr.

Verkefni tengd samgöngum á landi.

Farsýslan skal m.a.:

1. annast skráningu ökutækja í ökutækjaskrá,
2. annast eftirlit með ökutækjum, ástandi þeirra og skráningu, stærð og þyngd, hleðslu og frágangi farms,
3. annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna,
4. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
5. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi,
6. annast skráningu umferðarslysa,
7. annast útgáfu leyfa vegna ökugerða og hafa eftirlit með þeim,
8. veita undanþágur frá ákvæðum laga um stærð og þyngd ökutækja, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar,
9. veita rekstrar- og atvinnuleyfi til fólks- og farmflutninga á landi,
10. annast eftirlit með framkvæmd samninga um ríkisstyrktar almenningssamgöngur.

8. gr.

Verkefni tengd loftferðum.

Farsýslan skal m.a.:

1. skrá loftför í íslenska loftfaraskrá,
2. veita leyfi til hvers konar reksturs sem skilgreindur er í loftferðalögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, eins og flugreksturs, reksturs viðhaldsstöðva, flugskóla, skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu og flugvéltækna, flugleiðsöguþjónustu, reksturs flugvalla og flugstöðva, sem og að hafa samfellt eftirlit með þessari starfsemi,
3. gefa út heimildir í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem grundvallast á þessum heimildum,
4. gefa út skírteini til einstaklinga í samræmi við lög og reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og tryggja framkvæmd prófa,

5. kveða á um skipulag loftrýmis og flugleiðsögu eða gera tillögu um slíkt til ráðherra,
6. annast eftirlit með framkvæmd flugverndar í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði flugverndar,
7. gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:
   a. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við flugrekendur og aðra leyfisskylda aðila svo og aðila sem selja flugferðir til og frá Íslandi með erlendum flugrekendum,
   b. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæis gjaldskráa og skilmála fyrir notkun flugsamgangna,
   c. tryggja réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra sem ferðast með flugi.

Með gögn og aðrar upplýsingar, sem Farsýslan aflar við eftirlit með flugstarfsemi eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál. Það sama gildir um gögn sem rekstrarleyfishafar afhenda stofnuninni og varða rekstrarleyfi þeirra.

9. gr.
Verkefni tengd siglingum.

Farsýslan skal m.a.:

1. annast eftirlit með skipum, þar á meðal mælingu þeirra og skráningu,
2. annast mál er varða varnir gegn mengun sjávar að því leyti sem slíkt varðar skip og búnað þeirra, samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur,
3. fylgjast með rannsókn sjóslysa og veita aðstoð við rannsókn þeirra og rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara,
4. annast mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa,
5. annast málefni er varða siglingavernd,
6. gefa út skírteini til einstaklinga og veita heimildir til hvers konar reksturs sem skilgreindur er í sérlögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra,
7. annast stjórnsýsluverkefni hafnalaga, laga um sjóvarnir, laga um vitamál og laga um vaktstöð siglinga.

10. gr.
Alþjóðlegt samstarf.

Farsýslan tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og mótun alþjóðareglna á starfssviði sínu eftir því sem kveðið er á um í lögum, alþjóðasamningum eða með ákvörðun ríkisstjórnar. Stofnunin skal m.a.:

1. annast undirbúning samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir og eftir atvikum gerð slíkra samninga,
2. vinna að innleiðingu og framfylgd alþjóðasamninga og EES-gerða,
3. hafa eftirlit með að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum og annast undirbúning og þátttöku í alþjóðlegum úttektum.

11. gr.
Rannsóknir og þróunarstarf.

Farsýslan tekur þátt í og annast rannsóknir, greiningu og þróun á starfssviði sínu.

Ráðherra skal setja reglugerð um hlutverk Farsýslunnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

III. KAFLI
Gjaldtaka o.fl.

12. gr.
Gjaldtaka.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Farsýslunnar, að fjárhæð 500 kr. og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteina og hljóðsstigs- og mengunarvottorða skal innheimta miðað við hámarksflugtaksmassa loftfars:

1. Fyrir loftför allt að 2.700 kílógrömmum skal greiða 16.117 kr. og að auki 11,00 kr. fyrir hvert kílógramm.
2. Fyrir loftför frá 2.701 til 5.700 kílógrömmum skal greiða 24.034 kr. og að auki 9,20 kr. fyrir hvert kílógramm.
3. Fyrir loftför frá 5.701 til 50.000 kílógrömmum skal greiða 113.100 kr. og að auki 9,90 kr. fyrir hvert kílógramm.
4. Fyrir loftför yfir 50.000 kílógrömmum skal greiða 565.502 kr. og að auki 5,70 kr. fyrir hvert kílógramm.

Heimilt skal að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði.

Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga skal vera 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis eins og um fyrstu útgáfu þess sé að ræða.

13. gr.
Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá.

Farsýslunni er heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna:

1. útgáfu skírteina/korta og heimilda einstaklinga, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn; einnig skal heimilt að innheimta gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds,
2. útgáfu starfsleyfa, heimilda og skírteina/korta lögaðila, breytinga á leyfum og skírteinum, endurnýjunar og endurútgáfu heimilda, útgáfu skírteina og undanþágna slíkrar útgáfu, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukkustund sem matið tekur; einnig skal heimilt að innheimta gjald fyrir tiltekin starfsleyfi, skírteini, undanþágur og heimildir á grundvelli tímagjalds; heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur og fyrir tímabundna innlögn skírteina skal greiða gjald,
3. skráningar, afskráningar og breytingar á eigenda- og umráðaskiptum loftfars, ökutækis, skips og vegna útgáfu skipsskjala,
4. skoðana á skipum og búnaði þeirra, eftirlits með viðgerðum og nýsmíði og breytinga þeirra,
5. skráningar og skoðunar köfunarbúnaðar og próftöku til köfunarréttinda,
6. flugverndar, siglingaverndar, staðfestingar áhættumats og verndaráætlunar og námskeiða fyrir hafnargæslumenn og verndarfulltrúa,
7. eftirlits með skráðum loftförum, skipum og sjálfvirkum tilkynningaskyldukerfum skipa,
8. eftirlits með handhafa heimilda, starfsleyfa og skírteina/korta útgefinna af Farsýslunni,

9. próftöku, hæfni- og akstursmats, þ.e. til framkvæmdar prófa, skriflegra og/eða verklegra, eða yfirferðar og eftirlits með próftöku og hæfni/akstursmati, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn um námskeiðahald fyrir hverja klukkustund sem matið tekur,
10. skráningarmerkja og skoðunarmiða,
11. heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum, svo sem flugsýningum, flugkeppnum, fallhlífarstökki, lágflugi, listflugi, flugeldasýningum, yfirflugi með takmarkað lofthæfisskírteini og yfirferð vátryggingaskilmála vegna loftferða,
12. ökunámsbóka,
13. samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar, yfirferðar samninga og framsals eftirlits, samkvæmt gjaldi á hverja unna klukkustund,
14. sölu á sérhæfðri þjónustu vegna lögmæltra verkefna á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, samkvæmt gjaldi á hverja unna klukkustund,
15. útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. 2. mgr 14. gr.,
16. verkefna sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, framleiðslu, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu samgangna auk ferða og uppihalds, útlagðs kostnaðar, svo sem við ferðir, uppihald og aðkeypta sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila. Fjárhæð gjalda tekur mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu.

Gjaldskráin skal staðfest af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé óskað eftir þjónustu utan hefðbundins skrifstofutíma skal greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxta með álagi samkvæmt gjaldskrá Farsýslunnar.

14. gr.

Tekjur.

Farsýslunni er heimilt að hafa tekjur af sérhæfðri þjónustu og verksamningum svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum.

Gjaldtaka skv. 1. mgr. skal ákveðin í viðmiðunargjaldskrá sem Farsýslan setur.

Þann hluta starfsemi Farsýslunnar sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á þjónustu skal byggjast á samningum.

Ráðherra staðfestir gjaldskrá samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Aðfararhæfi gjaldtöku.

Gjöld Farsýslunnar skv. 13. gr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Framsal eftirlits o.fl.

Farsýslan getur með samningi, að undangengnu samþykki ráðherra, falið öðrum stjórnvöldum, viðurkenndu flokkunarfélagi, skoðunarstofum eða öðrum aðilum einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Farsýslunni er heimilt, með samþykki ráðherra, að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum. Jafnframt er stofnuninni heimilt að bjóða fram sérþekkingu á alþjóðamarkaði og afla tekna með útflutningi sérfræðiþekkingar sem hún býr yfir.

17. gr.
Þvingunarúrræði.

Heimilt er Farsýslunni að fella úr gildi og afturkalla því til staðfestingar leyfi, heimildir, viðurkenningar eða skírteini, sem veitt hafa verið, ef hún telur að viðkomandi aðili fullnægi ekki lengur skilyrðum sem kveðið er á um í leyfi, heimild, viðurkenningu eða skírteini eða að hann hafi brotið í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna sem um starfsemina eða réttindin gilda. Sama gildir ef aðili telst ófær um að sinna þeirri starfsemi sem leyfið, heimildin, viðurkenningin eða skírteinið nær til. Svipting og afturköllun geta verið bundin við tiltekna hluta leyfisins, heimildarinnar, viðurkenningarinnar eða skírteinisins.

Um þvingunarúrræði Farsýslunnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga sem stofnunin starfar eftir, svo og annarra laga eftir því sem við á.

18. gr.
Kæruheimild o.fl.

Ákvarðanir Farsýslunnar sæta kæru til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Telji notandi samgönguþjónustu eða aðrir að leyfisskyldur aðili brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum sem stofnunin starfar eftir, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í leyfi getur hlutaðeigandi beint kvörtun til stofnunarinnar sem skal láta málið til sín taka ef við á.

Starfsmenn Farsýslunnar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

19. gr.
Þagnarskylda og veiting upplýsinga.

Starfsmenn Farsýslunnar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um rekstur eða viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sjálfstæða sérfræðinga þegar þeir starfa á vegum Farsýslunnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

Farsýslunni er heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um samgöngumál og skulu þeir sem reka leyfisbundna starfsemi skyldir til að láta í té slíkar upplýsingar ef eftir er leitað.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja og eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sé

það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja eftirlitinu.

20. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2011.

Frá 1. janúar 2011 falla úr gildi lög nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, og lög nr. 100/2006, um Flugmálastjórn Íslands. Einnig falla þá úr gildi ákvæði 111. til 115. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Farsýsluna samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá Farsýslunni fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eins og við á hverju sinni. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þrátt fyrir 1. tölul. þessa ákvæðis verða störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Farsýsluna lögð niður þegar lög þessi koma til framkvæmda. Ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um að flytja forstöðumann úr hópi núverandi forstöðumanna samgöngustofnananna í embætti forstjóra Farsýslunnar skv. 36. gr. laga nr. 70/1996. Þeim forstöðumönnum sem ekki hljóta áframhaldandi skipun skulu boðin störf í Farsýslunni eða Vegagerðinni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót stofnun sem sinni stjórnsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar Farsýslan og hins vegar Vegagerðin.

Stofnanirnar verða reistar á grunni núverandi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um framkvæmdastofnun. Myndun stofnananna tveggja er samþætt verkefni og því eru almennar athugasemdir við þetta frumvarp að miklu leyti samhljóða almennum athugasemdum við frumvarp um framkvæmdastofnun.

Endurskipulagning samgöngustofnana á sér nokkurn aðdraganda. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar „Samgönguframkvæmdir – Stjórnsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun, júní 2008) eru settar fram tillögur um breytt stofnanakerfi samgöngumála þar sem lagt er til að settar verði á fót tvær stofnanir, þ.e. stjórnsýslustofnun og framkvæmdastofnun ásamt ríkisfyrirtæki á sviði rekstrar- og viðhalds.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í janúar 2009 nefnd um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Nefndin skilaði skýrslu sinni „Framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Greining og valkostir“ í lok júní 2009. Þar voru kynntir fimm valkostir um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum, t.d. um að bæta verklag við undirbúning samgönguáætlunar og efla stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins.

Að vel athuguðu máli og með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hefja undirbúning að myndun tveggja stofnana í samræmi við einn valkosta nefndarinnar:

1. Stjórnsýslustofnunar með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.
2. Framkvæmda- og rekstrarstofnunar með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Undirbúningur.

Skipaður var stýrihópur til að vinna nákvæma greiningu á kostum endurskipulagningarinnar og leggja fram tillögur um breytta stofnanaskipan samgöngumála. Hlutverk stýrihópsins var:

1. Stjórn verkefnisins, stefnumótun, áætlanir, tillögugerð til ráðherra og undirbúningur lagafrumvarps.
2. Tillögur til ráðherra um verkaskiptingu stofnana og mótun helstu hlutverka og viðfangsefna þeirra.
3. Mótun framtíðarsýnar, markmiða, áherslna og meginskipulags nýrra samgöngustofnana.
4. Skilgreining verkefna vinnuhópa, móttaka niðurstaðna og tillagna þeirra.
5. Athugun á mögulegu samstarfi við aðrar stofnanir og opinber hlutafélög, svo sem á sviði framkvæmda og viðhalds flugvalla og leiðsögukerfis hafsins.
6. Öflun frekari upplýsinga um skipan samgöngumála í öðrum löndum.
7. Samráð við hagsmunaaðila og samskiptaáætlun.

Í stýrihópnum áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Karl Alvarsson skrifstofustjóri, Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri, Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur, ritari stýrihópsins, og Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður ráðherra, öll frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Hlín Hólm, Flugmálastjórn Íslands, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Stefán Pálsson, Siglingastofnun Íslands, Karl Ragnars forstjóri og Sædís Jónasdóttir, Umferðarstofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Aron Bjarnason og Ólöf Thorarensen, Vegagerðinni. Verkefnisstjóri var Sigurður H. Helgason ráðgjafi frá Stjórnháttum.

Í starfi stýrihópsins hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við stofnanir og á að halda vel á starfsmannaþætti breytinga. Settur var upp innri vefur þar sem upplýsingar um verkefnið voru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Á vegum stýrihópsins hafa starfað sjö vinnuhópar skipaðir starfsmönnum stofnananna og ráðuneytisins sem vinna að greiningu og útfærslu einstakra þátta. Viðfangsefni hópanna voru:

1. Verkefni, verklag og verkferlar. Hópurinn setti fram tillögur um skiptingu verkefna núverandi stofnana milli nýrra stofnana. Þá vann hann greiningu á öllum helstu verkferlum núverandi stofnana og lagði mat á mögulega samþættingu þeirra miðað við nýja stofnanaskipan.
2. Starfsmannamál, þ.m.t. virkt upplýsingastreymi til starfsmanna. Hópurinn greindi meðal annars starfsmannahópinn og lagði mat á mögulega fækkun starfsmanna á næstu árum vegna starfsmannaveltu. Þá lagði hann fram greiningu og samanburð á mannauðs- og launastefnu.

3. Fjármál og fjármögnun. Hópurinn greindi fjármál núverandi stofnana og fjallaði um gjaldtöku. Hópurinn vann nákvæma greiningu á fjármálum, meðal annars með tilliti til skiptingar framlaga og tekna milli nýrra stofnana.
4. Upplýsingatækni. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi upplýsingatæknimála og upplýsingakerfa og lagði fram tillögur í því efni.
5. Árangurs- og gæðastjórnun. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi árangurs- og gæðastjórnunar og lagði fram tillögur í því efni.
6. Húsnæðismál. Hópurinn greindi núverandi húsnæði og undirbjó þarfagreiningu vegna nýrra stofnana.
7. Þróun, rannsóknir og tækifæri. Hópurinn kortlagði núverandi starfsemi og fjallaði um ýmsar hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi.

Stýrihópurinn mun áfram vinna að undirbúningi sameiningar. Við gildistöku laganna er ætlunin að fyrir liggi endanleg samrunaáætlun sem taki m.a. til starfsmannamála, fjármála og húsnæðismála. Stefnt er að því að sameina sem fyrst höfuðstöðvar hvorrar stofnunar fyrir sig í húsnæði, enda er slíkt forsenda þess að áform um hagræðingu nái fram að ganga.

Markmið.

Markmiðin með endurskipulagningu samgöngustofnana eru að:

1. Auka faglegan styrk.
2. Skýra verkaskiptingu, bæta þjónustu og árangur.
3. Efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar.
4. Tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila.
5. Efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar.
6. Auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála.
7. Samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála.

Rök fyrir endurskipulagningu.

Með sameiginlegri samgönguáætlun allra samgöngugreina var mótuð ný sameiginleg framtíðarsýn þar sem litið er á samgöngugreinarnar sem eina heild með sameiginleg markmið. Þar er mörkuð stefna um sameiginlega áætlanagerð og stefnumótun fyrir allar greinar samgangna, samræmda forgangsröðun, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla. Þar er jafnframt horft til þriggja meginviðfangsefna: (1) samgöngukerfisins, (2) stjórnsýslu og eftirlits og (3) starfsemi sem nýtir samgöngukerfið. Samgönguáætlun hefur náð fram að ganga en samgöngustofnanirnar og skipulag þeirra endurspegla enn fyrra umhverfi. Mikilvægt er að samgöngustofnanir þjóni nýjum markmiðum og nýrri hugsun.

Skipulag samgöngumála í Evrópu og víða annars staðar hefur einkennst af aukinni aðgreiningu þriggja meginhlutverka samgöngukerfisins í:

1. Regluvæðingu (Regulation) sem felur í sér stýringu á athöfnun einstaklinga og lögaðila með því að framfylgja reglum og tryggja þannig öryggi, heilsu, umhverfi og rekstrarskilyrði fyrirtækja.
2. Innviði (Infrastructure) sem felur í sér skipulag, uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngumannvirkja, svo sem vega, járnbrautakerfis, hafna, flugvalla, ásamt tilheyrandi stýri-, eftirlits-, og leiðsögukerfum.
3. Starfsemi (Operations) sem felur í sér rekstur og notkun farartækja og tilheyrandi þjónustu.

Þessi þróun hefur þegar haft umtalsverð áhrif hér á landi og var ein meginástæða fyrir því að hluti verkefna Flugmálastjórnar var færður til Flugstoða ohf. Sterk rök eru fyrir því að skipulag samgöngumála lúti ofangreindum aðskilnaði hlutverka og má vænta þess að kröfur um aðskilnað muni aukast á næstu árum. Íslensk stjórnsýsla hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Ríkar kröfur eru um öfluga, gagnsæja, óháða og sterka en einfalda stjórnsýslu. Í samgöngumálum er talið að óháð stjórnsýsla eigi ekki samleið með framkvæmdum og rekstri samgöngukerfisins.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að gera þurfi umtalsverðar umbætur og breytingar á stjórnkerfinu til að nýta takmarkaða fjármuni eins vel og unnt er en jafnframt með það að markmiði að stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera við almenning og atvinnulíf verði eins góð og kostur er. Verulegum hluta af lækkun ríkisútgjalda á næsta ári verður að ná með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins, svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins og opinberrar þjónustu.

Ávinningur af endurskipulagningu samgöngustofnana.

Endurskipulagning samgöngustofnana getur bæði falið í sér faglegan ávinning og rekstrarlega hagræðingu.

Faglegur ávinningur liggur einkum í bættum möguleikum stofnana til að sinna hlutverki sínu í samfélaginu og bregðast við breyttum kröfum til starfsemi þeirra. Aðgreining stjórnsýslu frá framkvæmdum og rekstri mætir innlendum og erlendum kröfum um faglega og hlutlausa stjórnsýslu og tryggir að sambærilegar kröfur séu gerðar til framkvæmda og rekstrar mannvirkja og annarra þátta samgöngumála. Aukin samþætting þvert á samgöngugreinar endurspeglar heildstæða samgönguáætlun og leggur áherslu á hagkvæmni og virkni samgöngukerfisins fremur en þær leiðir sem bundnar eru einstökum samgöngugreinum. Sérhæfing stofnana gefur færi á að efla vinnubrögð, fagmennsku og árangur t.d. á sviði stjórnsýslu og framkvæmda.

Hagræðing samfara endurskipulagningu bætir möguleika stofnana til að taka á sig lækkun útgjalda án skerðingar þjónustustigs. Reynslan sýnir að stórar stofnanir hafa yfirleitt hlutfallslega lægri kostnað vegna rekstrar, þjónustu og yfirstjórnar en litlar stofnanir. Greining á verkferlum samgöngustofnana sýnir að þeir eru í mörgum tilfellum sambærilegir milli stofnana og að samþætta megi ýmsa þætti í starfsemi núverandi stofnana í nýjum stofnunum. Starfsemi utan kjarnaviðfangsefna tekur oft mikla athygli frá meginhlutverki og því stuðlar einfalt og skýrt hlutverk að markvissari stjórnun og starfsemi.

Hagræðing í rekstri er ekki einungis fjárhagsleg spurning, heldur snýst hún einnig um pólitískar ákvarðanir um fjárhagslegan ramma stofnunar og með hvaða hætti yfirstjórn stofnunar starfar innan þess ramma. Útreikningar um hagræðingu geta leitt líkur að því hvaða rekstrarlegir og fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi en hinn eiginlega hagræðing byggist á skýrum pólitískum skilaboðum til stofnana ásamt vilja og eftirfylgd stjórnenda þeirra.

Hagræðingarmöguleikar samgöngustofnananna tveggja eru talsvert ólíkir. Við myndun Farsýslunnar er verið að sameina tvær heilar stofnanir auk hluta úr tveimur öðrum og má gróflega segja að þetta samsvari sameiningu þriggja stofnana. Við myndun Vegagerðarinnar er verið að sameina hluta úr tveimur stofnunum. Stærðarmunur núverandi Vegagerðar og væntanlegrar Vegagerðar er hlutfallslega lítill eða um 6%.

Möguleikar á hagræðingu við myndun Farsýslunnar voru metnir með tveimur aðferðum. Í fyrsta lagi á grundvelli mats á samþættingarmöguleikum ólíkra verkferla og í öðru lagi með

samanburði á kostnaði vegna yfirstjórnar og stoðþjónustu stærri stofnana. Við mat á mögulegri hagræðingu vegna verkferla voru notaðar eftirfarandi forsendur:

1. Verkferlar sem eru samþættanlegir frá upphafi 100% hagræðing.
2. Verferlar sem eru samþættanlegir eftir eitt ár 25% hagræðing.
3. Verkferlar sem eru hugsanlega samþættanlegir og þá að hluta 5% hagræðing.

Miðað við greiningu á samþættingarmöguleikum gefa þessar forsendur möguleika á 14% hagræðingu.

Samanburður á hlutfalli stjórnenda og starfsmanna stoðdeilda þeirra stofnana sem mynda Farsýsluna og stærri stofnana (með um 150 starfsmenn eða fleiri) bendir til þess að tækifæri séu til að lækka yfirstjórnarkostnað um allt að 50% eða sem samsvarar rúmum 11% af heildarrekstrarkostnaði. Þó að stofnanir séu aldrei algerlega samanburðarhæfar verður að hafa í huga að í þessu mati eru ótaldir hagræðingarmöguleikar í faglegri starfsemi stofnananna.

Þó að ávallt sé álitaefni hvaða forsendur skuli notaðar við mat á mögulegri hagræðingu, bendir framangreind greining til þess að ekki sé óvarlegt að áætla að möguleikar á beinni innri hagræðingu við myndun Farsýslunnar séu a.m.k. 10–15% af rekstrargjöldum.

Hagræðingarmöguleikar Vegagerðarinnar eru af talsvert öðrum toga en Farsýslunnar. Endurskipulagningin felur í sér óverulega stækkun og hagræðing í stoðþjónustu og yfirstjórn því mun minni en í tilfelli Farsýslunnar. Möguleikar á faglegri samlegð eru hins vegar fyrir hendi sem m.a. kemur fram í því að nær engir verkferlar eru fyrirfram taldir ósamþættanlegir. Stór stofnun sem hefur trausta innviði og markvissa stjórnun getur oft bætt við sig verkefnum án þess að kostnaður aukist að ráði. Í þessu felst að jaðarkostnaður vegna viðbótarverkefna er takmarkaður. Auk þess felur sameining í sér tækifæri til að endurmeta og bæta starfsemina. Þegar horft er til þessara atriða má áætla að myndun Vegagerðarinnar feli í sér hagræðingarmöguleika sem geta numið a.m.k. 10% af rekstrargjöldum.

Þörf fyrir hagræðingu á næstu árum.

Samkvæmt áætlunum um þróun ríkisfjármála er þörf á verulegri lækkun ríkisútgjalda árin 2010–2013. Samgöngustofnanir falla undir þann flokk stofnana sem þurfa að sæta mestri lækkun fjárveitinga. Þó að ekki sé hægt að fullyrða um hlutfallslega lækkun má gera ráð fyrir að hún geti numið allt að 10% á ári. Miðað við þessar forsendur má gera ráð fyrir því að fjárveitingar geti lækkað um þriðjung á fjögurra ára tímabili. Þó að tækifæri kunni að vera til aukinnar tekjuöflunar, eru möguleikar til að leggja auknar álögur á atvinnulífið takmarkaðir.

Ljóst er að gerðar verða kröfur um lækkun útgjalda samgöngustofnana hvert sem skipulag þeirra verður. Það er því ekki spurning hvort útgjöld lækka heldur hverjar verði afleiðingar slíkrar lækkunar. Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til að lækka útgjöld. Sumar þeirra er hægt að framkvæma skjótt og án verulegs sársauka. Aðrar taka lengri tíma og geta bitnað á starfseminni og hag starfsmanna. Endurskipulagning samgöngustofnana hefur ekki síst að markmiði að hægt verði í lengstu lög að forðast sársaukamestu aðgerðir til útgjaldalækkunar.

Lækkun útgjalda getur byggst á hagræðingu eða niðurskurði. Við hagræðingu eru aðgerðir sem hægt er að framkvæma tiltölulega skjótt. Hins vegar sýnir reynslan að samhengi er milli umfangs og væntanlegs árangurs hagræðingaraðgerða. Með öðrum orðum, þá er ekki hægt að vænta mikillar hagræðingar af aðgerðum sem fela aðeins í sér takmarkaðar breytingar. Stærri breytingar eins og sameining stofnana skapa mun meiri tækifæri til hagræðingar.

Ef ekki er gripið til hagræðingar hlýtur niðurstaða útgjaldalækkunar að vera niðurskurður þjónustunnar. Þó að fyrstu skref í niðurskurði geti verið tiltölulega sársaukalítil fela þau viðameiri í sér verulega skerðingu á hagsmunum notenda þjónustu.

Við mat á hagræðingu verður að taka tillit til þess að oft felur sameining eða endurskipulagning stofnana í sér kostnað, til dæmis vegna sameiningar húsnæðis, flutninga, samræmingar tækjakosts, þjálfunar starfsfólks, starfsloka og ráðgjafar. Líta má á þennan kostnað sem fjárfestingarkostnað til að ná fram hagræðingu. Hafa verður í huga að þegar lagt er í kostnað vegna sameiningar er það ávallt gert með hliðsjón af væntanlegum ávinningi. Við erfiða fjárhagsstöðu verður oft að dreifa þessum kostnaði á lengri tíma en ella. Til lengri tíma getur ónóg fjárfesting í upphafi dregið úr hagkvæmni endurskipulagningar. Einnig tekur nokkurn tíma að fá nýjar stofnanir til að virka sem eina heild. Því má vænta þess að bein hagræðing skili sér ekki að fullu fyrr en á öðru og þriðja ári frá sameiningu.

Þegar meta á hagræði samfélagsins af einfaldara stofnanakerfi er ekki nægilegt að líta eingöngu til beinnar hagræðingar vegna rekstrarlegrar samlegðar, þ.e. vegna fækkunar stjórnenda, endurskipulagningar ýmiskonar stoðþjónustu, samþættingar verkferla, hagkvæmari innkaupa, minni húsnæðiskostnaðar o.s.frv. Þegar vel tekst til getur þekking sem skiptist milli margra stofnana skapað margvísleg tækifæri þegar hún er sameinuð hjá einni stofnun. Fækkun stofnana getur ein og sér skilað hagræði vegna einföldunar á stjórnsýslu, bættrar samhæfingar og markvissari þjónustu við notendur. Loks er ótalið að öflugri stofnanir geta haft jákvæð áhrif á efnahagslífið. Nægir að nefna í þessu sambandi að jafnvel mjög litlar breytingar á virkni samgöngukerfisins geta skilað umtalsverðum þjóðhagslegum ávinningi.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Farsýslan mun annast framkvæmd fjölmargra laga og þar er að finna flest þau lagafyrirmæli sem hún starfar eftir. Að stofni til lýsir frumvarpið markmiðum, hlutverkum og heimildum Farsýslunnar. Tilgangurinn er meðal annars að verkaskipting milli hennar og Vegagerðarinnar sé skýr. Þá hefur verið leitast við að taka inn í frumvarpið þá þætti úr löggjöf um núverandi stofnanir sem best hafa reynst.

Í ákvæðum til bráðabirgða er fjallað um málefni starfsmanna. Öllum starfsmönnum stofnananna fjögurra, að frátöldum forstöðumönnum, verður boðið starf hjá nýjum stofnunum. Þá er gert ráð fyrir að forstöðumenn nýrra stofnana verið skipaðir þegar lögin öðlast gildi og vinni að undirbúningi stofnsetningar nýrra stofnana fram til 1. janúar 2011 en þá er gert ráð fyrir að stofnanirnar taki formlega til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir að Farsýslan skuli vera sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fari með stjórnsýslu á sviði samgöngumála eins og nánar er talið upp í 2. mgr. greinarinnar.

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Með markmiði um sjálfbærar samgöngur er átt við eflingu almenningssamgangna og annarra vistvænna samgöngumáta, auk þess sem dregið verði úr losun koltvísýrings frá samgöngum og annarra efna sem skaðleg áhrif hafa á umhverfið. Samgöngur í skilningi ákvæðisins taka bæði til samgöngumannvirkja og samgöngutækja, þ.e. ökutækja, skipa og loftfara.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar sé skipaður til fimm ára í senn og að hann beri ábyrgð á og fari með stjórn stofnunarinnar, ásamt því að móta starf hennar. Í því sambandi er gert ráð fyrir að hann ráði starfsfólk til stofnunarinnar.

Mikilvægt er að skipurit stofnunarinnar taki mið af þeim kröfum á alþjóðavettvangi sem gerðar eru til ýmisa verkefna og verkferla við úrlausn þeirra á starfssviði stofnunarinnar. Til að tryggja það er lagt til að ráðherra staðfesti skipurit stofnunarinnar.

Fyrirmynd 4. mgr. er sótt í 11. gr laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100 frá 2006. Skýrslur Flugmálastjórnar Íslands hafa gefið góða mynd af starfi stofnunarinnar og rétt að hin nýja stofnunin tileinki sér einnig þau vinnubrögð og vinni árlega skýrslu um starfsemi sína sem gefi raunsanna mynd af því starfi sem stofnuninni er að lögum falið að sinna.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu eru felld niður ákvæði gildandi laga um hafnaráð og siglingaráð skv. 4. og 6. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6 frá 1996, sem og flugráð skv. 3. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Eftir sem áður er það grundvallaratriði að stofnunin hafi traust samráð og samvinnu við stofnanir, hagsmunaaðila og almenning um þau verkefni sem henni eru falin. Um það fjallar 1. mgr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að stofnunin hafi rúmar heimildir til að haga þessu samráði eftir því sem best þykir henta, t.d. með starfandi faghópum sem fylgjast með og fjalla um þróun mála á tilteknum sviðum, í þeim tilgangi að opna fyrir betri aðkomu þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum málaflokkum.

Í stað þess fyrirkomulags sem nú er, með lögbundnum ráðum á einstökum starfssviðum, er lagt til í 2. mgr. að ráðherra geti skipað fagráð eins og þörf krefur hverju sinni eða skipulagt samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. og 3. mgr. er mælt svo fyrir að stofnunin ákvarði annars vegar tæknilegar reglur til gerðar og búnaðar ökutækja, skipa og loftfara og hins vegar öryggiskröfur til samgöngumannvirkja. Með öryggiskröfum vegamannvirkja er vísað til Evrópureglugerða og tilskipana, ISO staðla og annarra alþjóðlegra krafna sem gilda í öðrum löndum og íslensk stjórnvöld ákveða að beita hér á landi. Er mikilvægt að mótun og setning slíkra tæknilegra reglna og krafna sé unnin hjá stofnuninni þar sem sérfræðiþekkingu um málefni samgöngutækja og öryggi samgöngumannvirkja er að finna. Slíkar reglur og kröfur skal birta svo þeir sem fara eiga eftir þeim séu upplýstir um hvaða þeim ber að fara eftir. Þá er mælt fyrir um að stofnunin ákvarði skipulag umferðar- og leiðsögukerfa á öllum sviðum samgangna.

Farsýslunni er ætlað að taka þátt í gerð samgönguáætlunar í samræmi við ákvæði sérlaga sem um þær áætlanir gilda.

Lagt er til að eitt af verkefnum stofnunarinnar verði fræðsla og upplýsingamiðlun um samgöngumál, þar á meðal samgönguöryggi. Stór þáttur í að tryggja öruggar samgöngur er fræðsla og upplýsingamiðlun fyrir almenning sem og aðra sem nýta sér samgöngur með einum eða öðrum hætti. Í dag er mikið starf unnið á þessu sviði hjá þeim stofnunum sem verða hluti af Farsýslunni. Mikilvægt er að sérstaklega sé í lögunum getið um þetta verkefni stofnunarinnar.

Þær stofnanir sem verða hluti af Farsýslunni reka í dag ýmis tölvu- og upplýsingakerfi önnur en þau almennu upplýsingakerfi sem stofnanir reka eins og skjalastjórnunarkerfi. Lagt

er til að slíkur rekstur verður áfram hluti af verkefnum Farsýslunnar. Má þar nefna ökutækjaskrá og skipaskrá.

Um 5. gr.

Í dag eru framkvæmdir á sviði vegamála og hafnamála annars vegar á hendi Vegagerðarinnar og hafnaframkvæmdir eru hins vegar verkefni Siglingastofnunar Íslands. Gagnrýnt hefur verið að enginn óháður aðili fari með eftirlit með því að vega- eða hafnaframkvæmdir uppfylli settar kröfur. Þessu má m.a. finna stað í skýrslu nefndar á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá júní 2009 um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Til að bregðast við þessu er lagt til að Farsýslunni sé falið eftirlit með framfylgd krafna um annars vegar öryggi samgöngumannvirkja og hins vegar öryggistjórnun við rekstur þeirra. Þá er lagt til í 2. mgr. að stofnunin annist úttekt á öryggisatriðum samgöngumannvirkja sem framkvæmdastofnun á sviði samgöngumála hefur byggt. Felst í slíkri lokaúttekt skoðun á því hvort kröfum, sem stofnunin hefur mælt fyrir um skv. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hafi verið fylgt við uppbyggingu viðkomandi samgöngumannvirkis. Það er nýmæli að óháð stofnun framkvæmi slíka úttekt, sem felst til dæmis í því að gera reglubundnar úttektir á vegakerfinu, þar sem gátlistar eru notaðir við að dæma útfærslur sem flestra öryggisþátta, eins og hvernig staðlar eru uppfylltir, umhverfi vega, fláa, yfirborðsmerkingar, vegrið og þess háttar.

Um 6. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 5. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Í greininni er fjallað almennt um eftirlitsheimildir Farsýslunnar en ákvæðinu er ekki ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum. Hér er kveðið almennt á um eftirlitsskyldu stofnunarinnar en eftirlit hennar lýtur að því að fylgjast með því að eftirlitsskyld starfsemi sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Þá er tekið fram að stofnuninni sé í þeim tilgangi heimilt að kanna rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir og að stofnuninni sé við það eftirlit heimilaður aðgangur að starfsstöðvum, ökutækjum, loftförum, skipum og öðru samgöngutækjum, sem og búnaði þeirra og farmi og sé heimilt að framkvæma hvers konar vettvangsathuganir, úttektir og skoðanir. Þá er kveðið á um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að veita upplýsingar um starfsemina og aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru til að unnt sé að sinna eftirlitinu auk þess sem þeir verða að geta sýnt fram á að þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til leyfisveitingarinnar hverju sinni. Þá er kveðið á um það í greininni að stofnuninni sé heimilt að leita aðstoðar lögreglu við framkvæmd eftirlits og krefja önnur stjórnvöld, óháð þagnarskyldu þeirra, um upplýsingar varðandi leyfisskylda aðila eða starfsemi þeirra, ef slíkt er nauðsynlegt til að sinna lögbundnu eftirliti.

Um 7. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn að hluta til 112. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 þar sem kveðið er á um verkefni sem Umferðarstofa sinnir lögum samkvæmt á sviði leyfisveitinga og eftirlits. Samkvæmt frumvarpinu mun Farsýslan annast þetta eftirlit auk annars eftirlits sem nú er á hendi Vegagerðarinnar. Einnig er kveðið á um verkefni á sviði leyfisveitinga og eftirlits sem sem ekki er að finna í gildandi lögum um þessar stofnanir.

Í umferðarlögum er ráðherra heimilað að setja reglur um sérstök svæði sem notuð verði til æfingaaksturs án löggilts ökukennara. Í frumvarpi til nýrra umferðarlaga, sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, þingmál 553, er ráðherra heimilað að setja reglur um notkun öku-

gerða til kennsluaksturs án ökukennara. Lagt er til stofnuninni verði falið það verkefni að veita leyfi og sinna eftirliti með starfrækslu ökugerða. Um er að ræða verkefni sem fellur vel að því að öðrum leyfisveitingum og eftirliti sem stofnuninni er ætlað að sinna.

Vegagerðin sinnir eftirliti með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu og frágangi farms og aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt nánari ákvæðum þar um. Er lagt til að Farsýslunni verði falin þessi verkefni.

Vegagerðin hefur haft það hlutverk að annast útgáfu sérleyfa og gerð þjónustusamninga um almenningssamgöngur, sem styrktar eru af ríkinu. Heimildir til eftirlits með framkvæmd almenningssamgangna hafa hins vegar ekki verið skýrar. Til að bæta úr því er lagt til að Farsýslan taki að sér það eftirlit með öðrum eftirlitsverkefnum.

Vegagerðinni hefur á grundvelli sérstakrar heimildar í lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl. nr. 87/2004 verið falið eftirlit með notkun litaðrar olíu á ökutæki, notkun ökurita og skráningu aksturs vegna álagningar sérstaks kílómetragjalds. Gert er ráð fyrir að Farsýslunni kunni einnig að verða falið að sinna síðastnefndu eftirliti enda á það samleið með öðrum eftirlitsverkefnum. Forræði á því að fela stofnuninni það eftirlit yrði hins vegar áfram hjá skattayfirvöldum en rétt þykir að gera ráð fyrir því að heimilt sé að fela stofnuninni þetta eftirlit.

Um 8. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 4. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og er hvorki ætlað að auka við né fækka verkefnum sem Flugmálastjórn Íslands sinnir lögum samkvæmt og lagt er til að Farsýslan taki yfir. Í 7. tölul. eru lögð til nýmæli sem tengjast neytendavernd og bætt hefur verið við vegna aukinna verkefna sem snerta hagmuni almennings. Farsýslan skal gæta hagsmuna almennings með því að stuðla að vernd neytenda gagnvart flugrekendum og öðrum leyfisskyldum aðilum svo og aðilum sem selja flugferðir til og frá Íslandi með erlendum flugrekendum, stuðla að birtingu greinargóðra upplýsinga fyrir notendur og að krefjast þess að gjaldskrár og skilmálar fyrir notkun flugsamgangna séu gagnsæ og tryggja réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra sem ferðast með flugi.

Ákvæði 6. mgr. sækir uppruna sinn í 2. mgr. 7. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og er ætlað að tryggja að trúnaðar sé gætt um gögn og aðrar upplýsingar sem aflað er í eftirliti með flugstarfsemi sem og gögn sem rekstrarleyfishafar afhenda stofnuninni og varða rekstrarleyfi þeirra.

Um 9. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands nr. 6 frá 1996. Í ákvæðinu eru talin upp þau stjórnsýsluverkefni sem Siglingastofnun Íslands sinnir og Farsýslunni er ætlað að sinna á sviði samgangna á sjó.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það mikilvæga hlutverk Farsýslunnar að sinna rannsóknum, greiningu og þróun á starfssviði sínu. Falla þar undir bæði einstök rannsóknarverkefni sem stofnunin sinnir sjálf sem og þátttaka í verkefnum með öðrum aðilum sem stunda rannsóknir, greiningu og þróun á sama sviði.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerða um hlutverk stofnunarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna skattlagningarheimild vegna sérstaks umferðaröryggisgjalds og í 2. mgr. sömu greinar er skattlagningarheimild vegna útgáfu lofthæfisskírteinis. Vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteina er farin sú leið að ákvarða fast gjald eftir þyngd loftfarsins og hafa upphæðir verið uppfærðar skv. þeirri hækkun sem orðið hefur á gjaldskrá Flugmálastjórnar frá því núgildandi gjaldaheimild var sett. Þar sem vottunarvinna við útgáfu fyrsta lofthæfisskírteinis er óháð því hversu lengi loftfar er á skrá er ekki rökrétt að endurgreiða alla þá vottunarvinnu ef loftfar er afskráð innan árs frá skráningu. Er því talið rétt að koma til móts við umráðendur loftfars og heimila endurgreiðslu að hluta til og skal það nánar útfært í gjaldskrá. Þá er kveðið á um að gjald vegna tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skuli skemur en 30 daga sé 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis. Er hér um að ræða tímabundna framlengingu lofthæfisskírteinis og ferjuheimildir („permit to fly“) sem hefur takmarkaðan gildistíma og er háð tilteknum skilyrðum vegna m.a. lofthæfis og reksturs loftfarsins. Gert er ráð fyrir gjaldi vegna útgáfu vottorðs á staðfestingu lofthæfis („Airworthiness Review Certificate“). Vegna vinnu við útgáfu vottorðsins er kveðið á um greiðslu tímagjalds, sbr. 2. mgr.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lögfest heimild Farsýslunnar til innheimtu þjónustugjalda í átján liðum. Að meginstefnu er í ákvæðinu miðað við innheimtu þjónustugjalda þar sem endurgjaldið er sérgreint. Flest þeirra gjalda sem upp eru talin í 1. mgr. eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrám.

Vegna útgáfu starfsleyfa, skírteina/korta, heimilda, eftirlits og vottunar skv. 1. og 2. tölul. í 1. mgr. 15. gr. ákvæðisins er miðað við tímagjald sem grundvallast á fyrirfram ákvörðuðum kostnaðarliðum sem greindir eru í 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt geymir ákvæðið heimild til að innheimta fast gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds. Er þá miðað við einfalda afgreiðslu sem ekki krefst mikillar yfirlegu af hálfu starfsmanna. Miðað er við meðaltalstíma í afgreiðslu þar sem fast gjald er ákvarðað.

Er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu til yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur. Þar sem slík vinna er oft og tíðum mjög tímafrek og kann að dreifast yfir langt tímabil, án þess að tryggt sé að umsækjandi muni ljúka umsóknarferli, er talið nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi.

Í 3. tölul. er miðað við fast gjald sem byggist á tímagjaldi, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, við skráningu, afskráningu og breytingar á skráningu loftfars, ökutækis, skips og útgáfu skipsskjala.

Í 4. tölul. er átt við gjaldtöku við skoðanir á skipum og búnaði, eftirlit með viðgerðum og nýsmíði og breytingar þeirra og getið er um í lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, og lögum um skipamælingar, nr. 146/2002.

Í 5. tölul. er átt við gjaldtöku við skráningu og skoðun köfunarbúnaðar og einnig próftöku til köfunarréttinda samkvæmt lögum um köfun, nr. 31/1996.

Í 6. tölul. er átt við gjaldtöku vegna siglingaverndar, staðfestingar áhættumats og verndaráætlunar, námskeið fyrir hafnargæslumenn og verndarfulltrúa samkvæmt lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

Í 7. og 8. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir árlegt eftirlit með þeim fjölmörgu aðilum sem sæta eftirliti stofnunarinnar. Ekki eru taldar upp allar tegundir starfsleyfa heldur gert ráð fyrir árgjaldi með öllum starfsleyfum sem heyra undir stofnunina. Þar sem eftirlitið með einstökum aðilum er misyfirgripsmikið er hér miðað við tímagjald vegna árlegs eftirlits, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 9. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir verkleg og bókleg próf sem og hæfnismat sem ýmist eru haldin af Farsýslunni eða öðrum aðilum, sem og yfirferð og eftirlit með slíkri prófstöku og mati. Er liðnum m.a. ætlað að taka gjald til að mæta kostnaði vegna prófdómara, verklegra prófa og eftirlitsmanna í flughermi hérlendis og erlendis, námskrár- og prófagerðar.

Í 10. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir skráningarmerki og skoðunarmiða samkvæmt föstu gjaldi á hverja klukkustund, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 11. tölul. er Farsýslunni falið að annast útgáfu margs konar heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum svo sem talið er upp í dæmaskyni í 12. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Almennt er við það miðað að fyrir þjónustu stofnunarinnar skuli greitt tímagjald vegna afgreiðslu á slíkum heimildum í samræmi við 2. mgr. ákvæðisins.

Í 12. tölul. er gjaldtökuheimild vegna kostnaðar sem hlýst af gerð ökunámsbóka.

Í 13. tölul. er gjaldtökuheimild vegna samhæfingar og samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, svo sem vegna samningagerðar og framsals á eftirliti. Hér getur til að mynda verið átt við flugrekanda sem hyggst þurrleigja loftfar á flugrekandaskírteini sitt frá öðrum erlendum flugrekanda. Í slíkum tilvikum er samið um flugöryggiseftirlit með viðkomandi loftfari milli hlutaðeigandi flugmálastjórna, auk þess sem iðulega bætast við fullgildingar skírteina innlendra og erlendra flugliða eftir atvikum. Eðlilegt má telja að viðkomandi flugrekandi beri þann kostnað sem af slíkri samningagerð og eftirliti hlýst.

Í 14. tölul. er gjaldaheimild vegna annarrar sérstakrar þjónustu sem óskað er af eftirlitsskyldum aðila, svo sem veitingar heimilda, vottunar eða viðurkenningar, sem ekki fellur undir aðra liði 1. mgr., og er ákvörðuð samkvæmt föstu gjaldi á hverja klukkustund, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 15. tölul. er gjaldtökuheimild fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi.

Í 16. tölul. er gjaldaheimild vegna gjalda sem kveðið er á í sérlögum sem um stofnunina gildir. Til sérlaga skv. 18. tölul. teljast lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, lög um skipamælingar, nr. 146/2002, lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, lög um köfun, nr. 31/1996, lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, lög um siglingavernd, nr. 50/2004, hafnalög, nr. 61/2003, lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, og lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001.

Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur alloft verið bent á óskýrleika gjaldtökuheimilda, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Ákvæði 2. mgr. tilgreinir því þann kostnað sem ætlað er að standa undir með gjöldunum skv. 1. mgr. 15. gr. Með því eru skýrlega afmarkaðir þeir kostnaðarliðir sem staðið geta til útreiknings þeirra gjaldaliða sem heimilt er að innheimta skv. 1. mgr.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild til handa stofnuninni að afla sér tekna vegna tiltekinna verkefna og þjónustu. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka vegna starfsemi sem rekin er á sam-

keppnismarkaði taki mið af markaðsverði og skal starfsemin skilin fjárhagslega frá öðrum rekstrarþáttum í starfsemi stofnunarinnar.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild fyrir stofnunina, þar sem því verður við komið og hagkvæmnissjónarmið mæla því bót, að fela öðrum aðilum, sem hafa á að skipa sérþekkingu, að sinna tilteknu afmörkuðu eftirliti sem stofnuninni er að lögum falið að sinna. Ákvarðanir um réttindi og skyldur aðila í einstökum málum verða þó ekki framseldar.

Ákvæði 2. mgr. sækir uppruna sinn í 3. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands og hefur þann tilgang m.a. að stuðla að hagkvæmri nýtingu og vexti íslenskrar þekkingar á starfssviði stofnunarinnar, m.a. til útflutnings.

Um 17. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 6. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Í greininni er fjallað almennt um heimild Farsýslunnar til leyfissviptingar, en ákvæðinu er ekki ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum eða þeim þvingunarúrræðum sem þar er mælt fyrir um.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði 2. mgr. sækir uppruna sinn í 8. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og var nýmæli í þeim lögum. Er ástæða til að samsvarandi heimild sé fyrir hendi í lögum um Farsýsluna enda til þess fallið að styrkja eftirlit stofnunarinnar með leyfisbundnum aðilum. Með ákvæðinu er notendum þjónustunnar tryggður farvegur til að koma kvörtunum sínum á framfæri við stofnunina.

Samkvæmt 3. mgr. frumvarpsins mega starfsmenn stofnunarinnar ekki vera stjórnarmenn félaga eða annarra aðila sem stofnunin hefur eftirlit með. Þeir mega heldur ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra. Mega starfsmenn stofnunarinnar þar af leiðandi t.d. ekki eiga hlutabréf í félögum sem þeir hafa eftirlit með ef ástæða er til að ætla að hlutafjáreignin sé til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Eru að þessu leyti gerðar ríkari hæfiskröfur til starfsmanna stofnunarinnar en til starfsmanna stjórnsýslunnar almennt þar sem starfsmenn stofnunarinnar teljast ekki uppfylla almenn hæfisskilyrði til starfsins vegna framangreindra tengsla. Að öðru leyti gilda um starfsmenn reglur II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um sérstakt hæfi vegna meðferðar einstakra mála sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni. Ákvæði 3. mgr. kemur ekki í veg fyrir að þeir starfsmenn Farsýslunnar, sem um gilda sérstakar reglur um viðhald starfsréttinda, sbr. t.d. reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, geti viðhaldið réttindum sínum með því að sinna störfum hjá félagi eða fyrirtæki sem stundar flugrekstur eða flugleiðsögurekstur sem Farsýslan hefur eftirlit með enda hafa starfsmenn ekki möguleika á að viðhalda umræddum réttindum með störfum sínum hjá Farsýslunni. Um slíkt skal þó í öllum tilvikum gera sérstakan samning milli Farsýslunnar, viðkomandi starfsmanns og þess félags eða fyrirtækis sem um ræðir.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna. Er það til viðbótar við almennt þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Er í grein þessari sérstaklega tiltekið að starfsmenn skuli gæta þagmælsku gagnvart óviðkomandi um það sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, m.a. varðandi rekstur og viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þá er tekið fram að þagnarskylda nái ekki eingöngu til starfsmanna Farsýslunnar heldur einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, í samræmi við almennt ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum. Gildir það einnig um þá sérfræðinga sem starfað hafa fyrir stofnunina.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að stofnuninni sé heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um samgöngur í lofti, á landi eða sjó og að heimilt sé að krefja þá sem stunda leyfisbundna starfsemi um slíkar upplýsingar. Er gert ráð fyrir að um meðferð slíkra upplýsinga og meðferð gagna, sem aflað er í þessum tilgangi, fari samkvæmt lögum um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eftir því sem við á.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um heimild Farsýslunnar til að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja eða eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sem samkvæmt grein þessari kunna að vera háðar þagnarskyldu, enda sé slíkt liður í eftirlitssamstarfi ríkja og nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Er ákvæði þetta sett til að tryggja alþjóðlegt eftirlit með leyfisskyldum aðilum. Mætti eftir atvikum líta svo á að eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja, sem eru í samstarfi við íslensk stjórnvöld að þessu leyti, séu ekki óviðkomandi aðilar í skilningi 1. mgr. greinarinnar, en málsgrein þessari er ætlað að taka þar af öll tvímæli.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót samgöngustofnun sem sinni stjórnsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar stjórnsýslustofnun sem beri heitið Farsýslan og hins vegar framkvæmdastofnun sem beri heitið Vegagerðin. Stjórnsýslustofnunin verður til með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Framkvæmda- og rekstrarstofnunin verður hins vegar til með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar. Markmiðin með endurskipulagningu þessara samgöngustofnana eru í fyrsta lagi að auka faglegan styrk, í öðru lagi að skýra verkaskiptingu og bæta þjónustu og árangur, í þriðja lagi að efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar,

í fjórða lagi að tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila, í fimmta lagi að efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar, í sjötta lagi að auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála og í áttunda lagi að samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála. Á þessu stigi liggja ekki fyrir rekstraráætlanir fyrir þessar nýju stofnanir né hvernig núverandi 546,1 m.kr. rekstrarframlag Vegagerðarinnar og 705,5 m.kr. rekstarframlag Siglingastofnunar muni skiptast milli stofnananna tveggja. Til að átta sig á umfangi þessara breytinga má sjá í eftirfarandi töflu hvernig fjárheimildir þeirra fjárlagaliða, sem falla undir þessa sameiningu, eru í fjárlögum 2010. Heildarveltan í þessari starfsemi ríkisins nemur um 28,8 milljörðum kr. en nettóvelta þegar sértekjur hafa verið dregnar frá nemur um 22,1 milljarði kr.

	10-211 Vegagerðin	10-212 Samg. verkefni	10-251 Umferðar-stofa.	10-335 Siglingast. Íslands	10-336 Hafnar-framkv.	10-471 Flugmálastj. Íslands	Samtals
Almennur rekstur	6.789,2	4.877,0	436,9	1.014,5	13,0	464,7	13.595,3
Viðhaldsverkefni		4.679,0					4.679,0
Stofnkostnaður		8.976,0		165,6	1.340,0		10.481,6
Gjöld samtals	6.789,2	18.532,0	436,9	1.180,1	1.353,0	464,7	**28.755,9**
Sértekjur	-6.162,2		-234,1	-212,6		-4,7	-6.613,6
Gjöld umfram tekjur	627,0	18.532,0	202,8	967,5	1.353,0	460,0	**22.142,3**
Fjármögnun:							
Greitt úr ríkissjóði		4.563,3		720,9	1.353,0	240,0	6.877,2
Innheimt af ríkistekjum	627,0	13.893,7	202,8	246,6		220,0	15.190,1
Viðskiptahreyfingar		75,0					75,0

Samkvæmt mati samgönguráðuneytisins er gert ráð fyrir að með samþættingu þessara verkefna í tvær nýjar stofnanir verði mögulegt að ná fram beinni hagræðingu í rekstrargjöldum sem nemi um 10%. Ekki liggur þó fyrir áætlun um það hvernig hagræðingin muni skiptast á milli Farsýslunnar og Vegagerðarinnar. Samkvæmt fjárlögum 2010 má ætla að samanlagðar fjárheimildir vegna rekstrarkostnaðar við yfirstjórn og stjórnsýslu beggja stofnananna nemi um 1,7 milljörðum kr. að frádregnum sértekjum. Samkvæmt því gæti 10% hagræðing í rekstrargjöldum numið samtals um 170 m.kr. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi Farsýslunnar verði 147 og 321 hjá Vegagerðinni eða samtals 468 manns til að byrja með. Er það sami fjöldi og nú starfar hjá Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Vegagerðinni og Umferðarstofu en hins vegar er gengið út frá því að um 14 manns muni láta af störfum árlega vegna aldurs. Gert er ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni ekki þurfa að ráða í þau störf sem losna.

Ríkistekjur A-hluta ríkissjóðs skiptast í fimm flokka, í fyrsta lagi skatta og gjöld, í öðru lagi aðrar rekstrartekjur, í þriðja lagi tekjur af sölu eigna, í fjórða lagi fjármagnstilfærslur og fimmta lagi fjárframlög. Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum flokkast hins vegar sem sértekjur. Við gerð þessa frumvarps hefur farið fram vinna um breytta flokkun tekna þeirra stofnana sem nú sameinast í tvær. Er í því sambandi

gert ráð fyrir nokkrum breytingum sem fela í sér tilfærslu á flokkun milli markaðra skatttekna, annarra rekstrartekna og sértekna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Farsýslunni verði heimilt að innheimta ný gjöld vegna eftirlits með skoðun ökutækja og starfsleyfum skoðunarstöðva. Áætlað er að tekjur stofnunarinnar af þessum gjöldum verði um 5 m.kr. og að þær komi fram á tekjuhlið ríkissjóðs. Einnig er lögð til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 400 kr. í 500 kr. en það gæti aukið tekjur um nálægt 28 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá vegna útgáfu lofthæfisskírteina og má reikna með því að sú hækkun leiði til 3,9 m.kr. tekjuaukningar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til starfsemi ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum miðast mat samgönguráðuneytisins þannig við að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað um samtals 170 m.kr. vegna samlegðaráhrifa í rekstri við sameiningu Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu í tvær stofnanir. Gert er ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við sameininguna en að þeim kostnaði verði mætt með tímabundnum hagræðingarráðstöfunum hjá þessum stofnunum sem eigi því ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Hins vegar má gera ráð fyrir að ríkistekjur kunni að aukast um samtals 37 m.kr. vegna hækkunar á gjöldum eða nýrrar gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu. Ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum í tengslum við þessa gjaldtöku. Að samanlögðu má því áætla lauslega að afkoma ríkissjóðs gæti batnað um 207 m.kr. á árinu 2011 vegna samlegðaráhrifa og aukinni tekjuöflun verði frumvarpið að lögum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála og er að öðru leyti vísað til umsagnar um það frumvarp.

1370. Svar [637. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um raforkuöryggi á Vestfjörðum.

1. *Hefur ráðgjafarhópur sem ráðherra skipaði 26. október sl. og átti að skila greinargerð fyrir síðustu áramót, m.a. um fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum, skilað greinargerð sinni? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hópsins? Ef ekki, hvenær má vænta greinargerðarinnar?*

Ráðgjafarhópur um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum, sem skipaður var 26. október sl., er enn að störfum. Gert er ráð fyrir að ráðgjafarhópurinn skili áfangaskýrslu í þessum mánuði. Í framhaldinu verður áfangaskýrslan sett í opið kynningarferli þar sem öllum gefst tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum og haldinn verður sérstakur kynningarfundur um hana í ágúst á Vestfjörðum. Í kjölfarið verða ákvarðanir teknar um endanlegar tillögur og skipaður varanlegur starfshópur til að fylgja tillögunum eftir.

2. *Hvaða aðgerðir telur ráðherra fýsilegastar til þess að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og auka þar með einnig samkeppnishæfni Vestfjarða með tilliti til iðnaðaruppbyggingar?*

Aðgerðum til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum má skipta í tvennt. Annars vegar þarf að grípa til aðgerða sem leysa þau vandamál sem núverandi atvinnurekstur og almenningur á Vestfjörðum verður fyrir vegna straumleysis og spennuflökts, en hins vegar þarf að ákveða aðgerðir um framtíðarlausn í raforkumálum Vestfjarða sem jafna skilyrði svæðisins til almennrar atvinnuuppbyggingar. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að miðað við þá álagsaukningu sem áætluð er í Orkuspá sýna kerfisrannsóknir Landsnets að flutningskerfið annar öllu forgangsálagi til ársins 2022.

Nú stendur yfir á vegum Landsnets uppsetning og prófun á fullkomnari tæknibúnaði til þess að tryggja rétt viðbrögð í kerfinu og minnka truflanir vegna rofs á Vesturlínu. Einnig er hafin vinna við endurskoðun á hönnunarforsendum og hönnun Vesturlínu til þess að auka öryggi hennar. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar til að bæta úr þeim vanda sem uppi er í dag. Í áfangaskýrslu Landsnets um flutningskerfi Vestfjarða eru kynntar fjórar meginleiðir til styrkingar flutningskerfisins á Vestfjörðum með það að markmiði að bæta áreiðanleika afhendingar á Vestfjörðum og auka getu kerfisins til að mæta mögulegri álagsaukningu til framtíðar. Leiðirnar eru ólíkar og kostnaður við þær mjög breytilegur. Þá hefur verið til skoðunar hvort aðgerðirnar geti falist í aukinni raforkuframleiðslu á Vestfjörðum og hafa ýmsir möguleikar verið til skoðunar, svo sem stækkun Mjólkárvirkjunar, Glámuvirkjun, virkjun Hvalár í Ófeigsfirði og sjávarfallavirkjanir á Vestfjörðum. Hlutverk ráðgjafarhópsins er m.a. að taka afstöðu til þessara mismunandi leiða. Ákvarðanir um áframhaldandi framkvæmdir þurfa að taka mið af ávinningi svæðisins af auknu afhendingaröryggi, arðsemismati framkvæmda og áhrifum á flutningskostnað til almennings, en einnig er mikilvægt að horft verði til atvinnuuppbyggingar til framtíðar.

3. *Áformar ráðuneytið að grípa til einhverra aðgerða í þessum efnum, eða stuðla að þeim, í náinni framtíð?*

Samkvæmt raforkulögum er það á ábyrgð Landsnets að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Í raforkulögum er almennt gert ráð fyrir því að uppbygging og rekstur kerfisins sé kostaður af notendum þess en ekki með beinum ríkisfjárframlögum. Á þessu stigi er ekki hægt að segja til um hvort ráðuneytið muni hafa beina aðkomu að aðgerðum til að auka afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Ráðuneytið mun hins vegar eftir megni reyna að stuðla að því að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og að ákvarðanir um aðgerðir taki mið af þörf fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Í þessu sambandi má hins vegar benda á að í frumvarpi til laga um endurskoðun raforkulaga, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er lagt til að við ákvörðun tekjumarka Landsnets verði tekið tillit til áreiðanleika afhendingar þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarka. Með þessu er reynt að skapa fyrirtækinu hvata og forsendur til þess að geta ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir á hagkvæmnisgrundvelli.

1371. Breytingartillögur [581. mál]

við brtt. á þskj. 1205 [Varnarmálalög].

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Við 1. tölul. Efnismálsliður orðist svo: Áætlanir um gerð slíkra samninga skulu kynntar utanríkismálanefnd áður en til þeirra er stofnað.
2. Við a-lið 5. tölul.
   a. 1. efnismálsl. orðist svo: Forstjóri Varnarmálastofnunar skal leystur undan reglubundnum starfsskyldum sínum, þ.m.t. stjórn stofnunarinnar og ábyrgð á daglegum rekstri, frá og með 1. september 2010.
   b. Við 6. efnismálsl. bætist: og skal ráðherra kynna utanríkismálanefnd slíkar tillögur áður en þær koma til framkvæmda.
   c. Við bætist nýr málsliður sem verði 7. efnismálsl., svohljóðandi: Verkefnisstjórnin skal jafnframt gera utanríkismálanefnd grein fyrir störfum sínum með reglubundnum hætti.

1372. Frumvarp til laga [675. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.
b. Í stað ártalsins „2011“ í lokamálslið 4. mgr. kemur: 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti: Í stað „1. júlí 2010“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: 1. október 2011.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, verði frestað til 1. október 2011, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Til samræmis við frestun gildistöku vatnalaga er jafnframt kveðið á um að gildistöku laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, verði frestað en þau gera ráð fyrir að tiltekin ákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, verði færð í lög nr. 91/2002.

Vatnalög, nr.15/1923, eru í gildi og verða áfram með frestun á gildistöku laga nr.20/2006.

Þau lög verða leyst af hólmi með nýjum vatnalögum, byggðum á frumvarpi sem sérstakur vinnuhópur vann út frá niðurstöðum þverpólitískrar nefndar um vatnalög. Iðnaðarráðherra hefur kynnt frumvarpsdrögin, sem nú er unnið að í ráðuneytinu, fyrir iðnaðarnefnd ásamt minnisblaði um þau skilgreindu atriði sem þarfnast frekari skoðunar og vinnslu áður en hægt er að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Það eru einkum atriði sem lúta að almannarétti og skilgreiningu á nýtingarrétti. Til að ljúka þeirri vinnu hefur iðnaðarráðherra leitað til hæstaréttarlögmannanna Karls Axelssonar og Ástráðs Haraldssonar. Þeir munu í sameiningu fara yfir frumvarpsdrögin út frá minnisblaði ráðherra í samráði við lögfræðinga ráðuneytisins og hópinn sem vann drögin og skila tillögum sínum í haust.

Lög nr. 15/1923 munu gilda áfram þar til Alþingi hefur samþykkt ný vatnalög. Alþingi mun fá nýtt frumvarp til heildstæðra vatnalaga til afgreiðslu á haustþingi 2010.

1373. Tillaga til þingsályktunar [676. mál]

um skipun nefndar sem kanni forsendur verðtryggingar á Íslandi.

Frá viðskiptanefnd.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem kanni forsendur verðtryggingar á Íslandi, meti kosti og galla þess að dregið verði úr vægi verðtryggingar í íslensku fjármálakerfi og hvaða leiðir eru hagfelldastar í því skyni. Nefndin skoði á heildstæðan hátt áhrif verðtryggingar á lántaka og lánveitendur sem og áhrif hennar á virkni hagstjórnar og efnahagslegan stöðugleika almennt. Nefndin leggi fram tillögur til að draga úr umfangi verðtryggingar án þess að fjármálastöðugleika sé ógnað.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar allra flokka á þingi auk eins fulltrúa efnahags- og viðskiptaráðuneytis og eins fulltrúa fjármálaráðuneytis. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipi formann nefndarinnar og nefndin skili honum áliti sínu og tillögum fyrir lok árs 2010.

1374. Lög [576. mál]

um breyting á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 967.

1375. Lög [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1343.

1376. Lög [508. mál]

um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1344.

1377. Lög [447. mál]

um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1345.

1378. Lög [523. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1323.

1379. Lög [574. mál]

um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1324.

1380. Lög [556. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 946.

1381. Þingsályktun [582. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2010.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að á árunum 2009–2012 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Á árunum 2009–2012 skal unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar. Markmiðin eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í samgöngumálum.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Markmið þeirrar áætlunar (sóknaráætlun fyrir Ísland) er að landið skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Með sóknaráætlun er gert ráð fyrir samþættingu opinberra áætlana. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana. Gert er ráð fyrir að sú samþætting og samræmda forgangsröðun liggi fyrir í haust og geti breytt tímasetningum og röðun framkvæmda í þessari áætlun.

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.
Verkefni:

a. Stefnt verði að greiðari umferð almenningssamgangna, endurskoðun á tilhögun og fjármögnun þeirra með það m.a. að markmiði að auka hlut almenningssamgangna í þjónustu við íbúa.
b. Unnið verði að eflingu reiðhjólanotkunar, m.a. með markvissri uppbyggingu reiðhjólastíga.
c. Unnin verði áætlun um að vinna gegn flöskuhálsum og að greiðari umferð og auknu umferðaröryggi á völdum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
d. Aukinn verði hlutur upplýsingakerfa í samgöngum til að auka afköst og bæta stýringu og öryggi umferðarkerfa.
e. Gera úttekt á því með hvaða hætti megi koma á strandsiglingum að nýju með það að markmiði að draga úr landflutningum með tilheyrandi álagi á vegakerfið.

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
Verkefni:

a. Unnið verði að þróun aðferða til kostnaðar- og ábatagreiningar ásamt mati á efnahagslegum og samfélagslegum þáttum til að nota við forgangsröðun stærri samgönguverkefna.
b. Skoðaðir verði áfram valkostir og aðferðir við gjaldtöku af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna. Unnið verði að undirbúningi nýrrar framtíðarskipunar gjaldtöku sem taki mið af því að notandinn greiði eftir notkun og byggð er á nýjustu tækni m.a. fyrir umferð á vegum.
c. Leitað verði leiða til að fjármagna umfangsmiklar framkvæmdir sem ekki rúmast innan almennra fjárveitinga til áætlunarinnar, m.a. með gjaldtöku af notendum verði það niðurstaða Alþingis.
d. Leitað verði ódýrra leiða til að leggja bundið slitlag á umferðarlitla vegi.
e. Aflað verði gagna um þróun þungaflutninga á vegum og áhrif þeirra á vegakerfið.
f. Lokið verði við endurskoðun á skipulagi samgöngustofnana.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
Verkefni:

a. Unnið verði að könnun leiða og gerð markvissrar áætlunar um hvernig standa megi að orkuskiptum í samgöngum sem lið í að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda.
b. Lokið verði við að breyta skattlagningu eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að neyslugrannir bílar, t.d. tvinnbílar, tengiltvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er. Unnið verði að þessu í samvinnu við fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.
c. Unnið verði að breytingum á kröfum í útboðum með það að markmiði að auka hlut vistvænna ökutækja í sérleyfisakstri.
d. Auknar verði kröfur til opinberra stofnana og fyrirtækja um að þær noti vistvæn ökutæki í starfsemi sinni.
e. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænum samgöngum, sérstaklega rannsóknum er lúta að notkun vistvæns eldsneytis. Aukið verði hlutfall íblöndunar með lífolíu eða etanóli í eldsneyti.

f. Unnið verði markvisst að aðgerðum á öllum sviðum samgangna til að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfið. Sérstaklega verði hugað að því að auka fjölbreytni ferðamáta og stuðla að því að vegir í þéttbýli falli að skipulagi byggðar og góðri borgarhönnun.
g. Unnið verði að könnun á sjávarflóðum og rannsóknum á hækkun sjávarborðs vegna veðurfarsbreytinga.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

Verkefni:

a. Stefnt skal markvisst að því að auka öryggi í samgöngum hér á landi og unnið verði að því á gildistíma áætlunarinnar að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum eða banaslysum á öllum sviðum samgangna. Gerð verður sérstök aðgerðaáætlun á hverju sviði samgangna sem miðar að því að ná þessu markmiði.
b. Áfram verði unnið að öflugum rannsóknum sem stuðla að auknu öryggi í samgöngum.
c. Unnið verði markvisst að miðlun upplýsinga í samgöngum.

1.5 Markmið um jákvæða byggðaþróun.

a. Lögð verði áhersla á að við ákvörðun um forgangsröðun verkefna verði horft til uppbyggingar á einstökum svæðum í samræmi við áherslur og svæðaskiptingu sóknaráætlunar fyrir Ísland.
b. Horft verði til mikilvægis einstakra framkvæmda sem hvata til að skapa heildstæð atvinnu-, búsetu- og þjónustusvæði.
c. Efld verði verkefni sem miða að því draga úr ferðaþörf.
d. Efnt verði til samstarfsvettvangs um samgöngumál í samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og hagsmunaaðila þar sem sérstaklega verði hugað að samþættingu landnotkunarskipulags og samgangna og sambandi heilbrigði og samgöngumála, ásamt öðrum áherslum samgönguáætlunar.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Flugmálastjórn Íslands, fjármál.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	2009	2010	2011	2012	Samtals
2.1.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Framlag af almennum skatttekjum	**243,0**	**240,0**	**194,0**	**194,0**	**871,0**
Ríkistekjur					
Rekstrartekjur	198,6	198,6	198,6	198,6	794,4
Markaðar tekjur	21,4	21,4	21,4	21,4	85,6
Sértekjur	**4,5**	**4,7**	**4,7**	**4,7**	**18,6**
Tekjur og framlög alls	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
Til ráðstöfunar	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
2.1.2 GJÖLD					
Rekstur og þjónusta					
Rekstur	467,5	464,7	418,7	418,7	1.769,6
Rekstur samtals	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**
Gjöld samtals	**467,5**	**464,7**	**418,7**	**418,7**	**1. 769,6**

2.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, fjármál.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	2009	2010	2011	2012	Samtals
2.2.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Flugvallaskattur	484,0	360,0	360,0	360,0	1.564,0
Varaflugvallagjald	521,0	357,0	357,0	357,0	1.592,0
Markaðar tekjur samtals	**1.005,0**	**717,0**	**717,0**	**717,0**	**3.156,0**
Framlag af almennum skatttekjum	**2.370,4**	**2.241,7**	**2.019,4**	**2.019,4**	**8.650,9**
Tekjur og framlög alls	**3.375,4**	**2.958,7**	**2.736,4**	**2.736,4**	**11.806,9**
Viðskiptahreyfingar					
Lántökur					
Afborganir lána/viðskiptafærsla	-399,6	-111,6	-111,6	-111,6	-734,4
Viðskiptahreyfingar samtals	**-399,6**	**-111,6**	**-111,6**	**-111,6**	**-734,4**
Til ráðstöfunar	**2.975,8**	**2.847,1**	**2.624,8**	**2.624,8**	**11.072,5**
Sérstök fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis*					
Samgöngumiðstöð í Reykjavík					
Flughlað við samgöngumiðstöð					
Stækkun flugstöðvar á Akureyri					
Flughlað við flugstöð					
Sérstök fjármögnun samtals					
2.2.2 GJÖLD					
Rekstur og þjónusta					
Samkvæmt þjónustusamningi við:					
Keflavíkurflugvöll ohf.	1.423,6	1.402,0			2.825,6
Flugstoðir ohf.	1.229,1	1.122,0			2.351,1
FLUG-KEF ohf.			2.327,7	2.327,7	4.655,4
Rekstur samtals	**2.652,7**	**2.524,0**	**2.327,7**	**2.327,7**	**9.832,1**
Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóður samkvæmt þjónustusamningi við:					
Keflavíkurflugvöll ohf.	0	0			0
Flugstoðir ohf.	65,1	65,1			130,2
FLUG-KEF ohf.			65,1	65,1	130,2
Viðhald og styrkir samtals	**65,1**	**65,1**	**65,1**	**65,1**	**260,4**
Stofnkostnaður					
Keflavíkurflugvöllur	0	0	0	0	0
Aðrir alþjóðaflugvellir í grunnneti	58,0	100,0	67,0	78,0	303,0
Aðrir flugvellir í grunnneti	28,0	19,0	46,0	35,0	128,0
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	35,0	8,0	0	0	43,0
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	137,0	131,0	119,0	119,0	506,0
Stofnkostnaður samtals	**258,0**	**258,0**	**232,0**	**232,0**	**980,0**
Gjöld samtals	**2.975,8**	**2.847,1**	**2.624,8**	**2.624,8**	**11.072,5**

* Ekki er reiknað með framlagi til þessara verkefna innan samgönguáætlunar.

2.2.2.1 Viðhald og stofnkostnaður.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	Samtals
VIÐHALD					
Yfirborð brauta og hlaða (Malbik-Klæðing-Ralumac)	19,0	40,0	29,0	31,0	119,0
Yfirborð brauta og hlaða (málning)	8,0	9,0	11,0	9,0	37,0
Byggingar, búnaður og önnur verkefni	20,0	8,0	15,0	15,0	58,0
Ýmis verk vegna leiðsögu og tæknibúnaðar	18,0	8,0	10,0	10,0	46,0
VIÐHALD SAMTALS	**65,0**	**65,0**	**65,0**	**65,0**	**260,0**
AÐRIR ALÞJÓÐAFLUGVELLIR					
Reykjavík					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	11,0	2,0	6,0	19,0
Byggingar	0	0	65,0	0	65,0
Reykjavík samtals	**0**	**11,0**	**67,0**	**6,0**	**84,0**
Akureyri					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	13,0	4,0	0	7,0	24,0
Flugbrautir og hlöð	18,0	0	0	0	18,0
Akureyri samtals	**31,0**	**4,0**	**0**	**7,0**	**42,0**
Egilsstaðir					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	16,0	85,0	0	0	101,0
Flugbrautir og hlöð	7,0	0	0	65,0	72,0
Byggingar	12,0	0	0	0	12,0
Egilsstaðir samtals	**35,0**	**85,0**	**0**	**65,0**	**185,0**
AÐRIR ALÞJÓÐAVELLIR SAMTALS	**66,0**	**100,0**	**67,0**	**78,0**	**311,0**
AÐRIR FLUGVELLIR Í GRUNNNETI					
Vestmannaeyjar/Bakki					
Flugbrautir og hlöð	0	16,0	35,0	0	51,0
Vestmannaeyjar/Bakki samtals	**0**	**16,0**	**35,0**	**0**	**51,0**
Ísafjörður/Þingeyri					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	3,0	0	0	3,0
Flugbrautir og hlöð	0	0	0	35,0	35,0
Byggingar	12,0	0	0	0	12,0
Ísafjörður/Þingeyri samtals	**12,0**	**3,0**	**0**	**35,0**	**50,0**
Bíldudalur					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	0	4,0	0	4,0
Bíldudalur samtals	**0**	**0**	**4,0**	**0**	**4,0**
Þórshöfn					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	3,0	0	0	0	3,0
Þórshöfn samtals	**3,0**	**0**	**0**	**0**	**3,0**
Hornafjörður					
Byggingar	2,5	0	0	0	2,5
Hornafjörður samtals	**2,5**	**0**	**0**	**0**	**2,5**
Vopnafjörður					
Aðflugs- og flugleiðsögubúnaður	0	0	7,0	0	7,0
Byggingar	2,5	0	0	0	2,5
Vopnafjörður samtals	**2,5**	**0**	**7,0**	**0**	**9,5**
AÐRIR FLUGVELLIR Í GRUNNNETI SAMTALS	**20,0**	**19,0**	**46,0**	**35,0**	**120,0**

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	2009	2010	2011	2012	Samtals
LENDINGARSTAÐIR					
Flugbrautir og hlöð	35,0	8,0	0	0	43,0
LENDINGARSTAÐIR SAMTALS	**35,0**	**8,0**	**0**	**0**	**43,0**
ÖNNUR MANNVIRKI, BÚNAÐUR OG VERKEFNI					
Flugstjórnarmiðstöð	25,0	25,0	25,0	25,0	100,0
Leiðarflug	8,0	1,0	3,0	3,0	15,0
GNSS/AIS/Upplýsingaþjónusta	11,0	11,0	11,0	11,0	44,0
Veðurupplýsingakerfi	9,0	10,0	0,0	0,0	19,0
Flugvernd og öryggismál	7,0	7,0	3,0	3,0	20,0
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	30,0	30,0	30,0	30,0	120,0
Þróun og áætlanagerð	15,0	15,0	15,0	15,0	60,0
Stjórnunarkostnaður	32,0	32,0	32,0	32,0	128,0
ÖNNUR MANNVIRKI, BÚNAÐUR OG VERKEFNI SAMTALS	**137,0**	**131,0**	**119,0**	**119,0**	**506,0**

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

3.1 Fjármál.

Árið 2009 á verðlagi fjárlaga 2009, seinni þrjú árin á verðlagi fjárlaga 2010, millj. kr.

	2009	2010	2011	2012	Samtals
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Vitagjald	145,0	240,0	240,0	240,0	865,0
Framlag úr ríkissjóði	**1.982,2**	**2.073,9**	**1.202,9**	**1.030,0**	**6.289,0**
Aðrar ríkistekjur					
Vottorð	2,3	5,3	5,3	5,3	18,2
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	1,3	1,3	5,2
Sértekjur					
Almennar sértekjur	202,5	212,6	160,0	160,0	735,1
Tekjur af Landeyjahöfn			34,0	34,0	68,0
Tekjur og framlög alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.643,5**	**1.470,6**	**7.980,5**
Til ráðstöfunar alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.643,5**	**1.470,6**	**7.980,5**
Gjöld					
Rekstrargjöld					
Hafnamál	31,0	27,0	10,0	10,0	78,0
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	46,4	45,0	33,0	33,0	157,4
Rekstur Hafnabótasjóðs	13,5	13,0	13,0	13,0	52,5
Siglingavernd	17,0	14,0	14,0	14,0	59,0
Skipamál	70,0	66,0	66,0	66,0	268,0
Vitar og leiðsögukerfi	145,0	137,1	137,1	137,1	556,3
Vaktstöð siglinga	321,2	309,0	278,1	278,1	1.186,4
Skipaeftirlit	102,0	100,2	100,2	100,2	402,6
Hafnarríkiseftirlit	27,0	27,0	27,0	27,0	108,0
Rannsóknir og þróun	54,0	50,0	39,7	39,7	183,4
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,0	20,0	20,0	20,0	80,0
Minjavernd og saga	2,0				2,0
Þjónustuverkefni	206,1	219,2	166,6	166,6	758,5

	2009	2010	2011	2012	Samtals
Rekstur Landeyjahafnar			34,0	34,0	68,0
Rekstrargjöld alls	**1.055,2**	**1.027,5**	**938,7**	**938,7**	**3.960,1**
Stofnkostnaður					
Vitar og leiðsögukerfi	32,0	32,0	28,8	28,8	121,6
Hafnarmannvirki	382,6	282,6	345,0	345,0	1.355,2
Lendingabætur	7,5				7,5
Ferjubryggjur	12,3	12,3	11,1	11,1	46,8
Sjóvarnargarðar	63,6	133,6	126,9	57,0	381,1
Hafnabótasjóður, framlag					
Landeyjahöfn	770,1	1.045,1*)	203,0	100,0	2.118,2
Stækkun tollaðstöðu Seyðisfirði	10,0				10,0
Stofnkostnaður alls	**1.278,1**	**1.505,6**	**714,8**	**541,9**	**4.040,4**
Gjöld alls	**2.333,3**	**2.533,1**	**1.653,5**	**1.480,6**	**8.000,5**

*) Hér eru ekki meðtaldar 150,5 millj. kr. sem er áætlað að þurfi á fjáraukalögum 2010.

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
3.2.1 Stofnkostnaður.
Tafla 3-1. Hafnarmannvirki, heildarfjárveitingar.

	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Almennar hafnir, ríkishluti framkvæmda					
Ríkishluti framkvæmda innan grunnnets, tafla 3-2	508,4	175,2	272,7	233,7	
Ríkishluti framkvæmda utan grunnnets, tafla 3-4	24,0	55,1	72,3	111,3	
Almennar hafnir, ríkishluti framkvæmda alls áætlað	**532,4**	**230,3**	**345,0**	**345,0**	**1.452,7**
Almennar hafnir, fjárheimildir					
Almennar hafnir, fjárveiting á fjárlögum	**382,6**	**282,6**	**345,0**	**345,0**	
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun	97,5				
Almennar hafnir, fjárveiting alls til ráðstöfunar	**480,1**	**282,6**	**345,0**	**345,0**	**1.452,7**
Landeyjahöfn					
Ríkishluti framkvæmda, áætlað	**1.559,0**	**1.270,0**	**203,0**	**100,0**	**3.132,0**
Landeyjahöfn, fjárveiting á fjárlögum	**770,0**	**1.045,1**	**203,0**	**100,0**	
Fjáraukalög 2010, fjárveitingaþörf (ósamþ.)		150,5			
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun samkvæmt yfirliti SÍ	863,4				
Landeyjahöfn, fjárveiting til ráðstöfunar	**1.633,4**	**1.195,6**	**203,0**	**100,0**	**3.132,0**
Landeyjahöfn, framkvæmdakostnaður árin 2005 til 2008					304,0
Heildarkostnaður Landeyjahafnar, áætlað					3.436,0

3.2.1.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar.
Tafla 3-2. Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir.

	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	58,1	18,5	8,3		84,9
Grundarfjörður	13,0		17,7		30,7
Stykkishólmur			12,3		12,3
Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur)	64,9	5,9	40,6		111,4
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)		33,8	15,9	9,3	59,0

	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Bolungarvík	30,7		33,5	75,8	140,0
Skagaströnd			14,9	21,0	35,9
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	48,4		21,5		69,9
	215,1	**58,2**	**164,7**	**106,1**	**544,1**
Norðausturkjördæmi					
Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)	19,9			4,8	24,7
Dalvíkurbyggð (Dalvík)	29,6	11,0		16,8	57,4
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	21,1	21,0	27,3	39,2	108,6
Grímsey	24,2	4,8	11,5		40,5
Norðurþing (Húsavík)	20,0				20,0
Langanesbyggð (Þórshöfn)	40,0	25,8			65,8
Vopnafjörður			21,5		21,5
Seyðisfjörður	19,8	10,5			30,3
Fjarðabyggð (Mjóifjörður)	2,7				2,7
Djúpivogur				22,9	22,9
	177,3	**73,1**	**60,3**	**83,7**	**394,4**
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	53,2	12,0	12,0	12,0	89,2
Vestmannaeyjar	27,5	12,8	31,1	14,3	85,7
Þorlákshöfn	0,6	17,3			17,9
Grindavík	32,8				32,8
Sandgerði				12,0	12,0
	114,1	**42,1**	**43,1**	**38,3**	**237,6**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	0,9	1,2	3,6	4,6	10,3
Slysavarnir o.fl.	1,0	0,6	1,0	1,0	3,6
Samtals hafnir í grunnneti	**508,4**	**175,2**	**272,7**	**233,7**	**1.190,0**

Tafla 3-3. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum grunnnets.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Grjótgarður að Tösku og sandfangari (96.000 m^3) – verklok	50,8				75%
Lenging stálþils, austurkants (80 m, dýpi 7 m, þekja 1.600 m^2) – verklok	43,4				60%
Ólafsvík:					
Lenging viðlegukants við Norðurtanga, lagnir og þekja (500 m^2) – verklok	13,6				60%
Endurbygging grjótvarnar á Suðurgarði (130 m kafli, endurraða og bæta í um 6.000 m^3)		31,0			75%
Breikka þekju við Suðurþil úr 11 m í 20 m (810 m^2) – frestað 2008			11,3		60%
Nýtt mastursshús við Suðurþil (2,5 x 5 m) – frestað 2008			6,0		60%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Grundarfjörður					
Dýpkun hafnar – verklok	3,8				75%
Rif Litlubryggju – verklok	5,8				60%
Flotbryggja (20 x 3 m) – verklok	3,8				60%
Öldudempandi flái vestan Miðgarðs (70 m, um 1.500 m^3) – verklok	10,2				75%
Endurbygging efsta hluta Norðurgarðs, steypuviðgerð á kerum í undirstöðu (áætl. 40 m kafli) – frestað 2008			37,0		60%
Stykkishólmur					
Smábátaviðlega fyrir allt að 60 báta, annar áfangi (flotbryggja, um 50 m)			25,8		60%
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Ferjubryggja, lenging, þekja á stálþil (660 m^2), lagnir og lýsing	11,1				60%
Patreksfjörður:					
Endurbygging stálþils, þilrekstur og kantur (308 m, dýpi 4–6 m), lagnir og þekja (5.500 m^2)	123,7	12,3	85,0		60%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður:					
Mávagarður, stálþilsbryggja við Olíubirgðastöð (60 m, dýpi 9 m) lagnir og þekja (1.400 m^2 malbik)		42,0	33,3		60%
Dýpkun við bryggju Mávagarði (dæling um 30.000 m^3)		23,0			75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m)				4,5	75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlað 15.000 m^3)				11,0	75%
Bolungarvík					
Endurbygging stálþils efst við Brjót (130 m, dýpi 4–9 m), lagnir og þekja (3.000 m^2)	63,6				60%
Endurbygging stálþils við Brjót, fremri hluti (78 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.300 m^2)			70,0	76,0	60%
Grundargarður; endurbygging á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m^3)				56,0	75%
Endurbyggður öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m^3)				10,0	75%
Skagaströnd					
Endurbyggð brimvörn Útgarðs, um 55 m kafli, endurraðað og bætt í grjóti (um 2.300 m^3)			25,0		75%
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m, dýpi 4 m)				44,0	60%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Skjólgarður byggður frá Strandvegi, Suðurgarður (um 330 m – 54.900 m^3) – verklok	80,3				75%
Lenging Sandfangara (um 30 m – 10.000 m^3) + endurbygging			36,0		75%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð					
Ólafsfjörður:					
Innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda – verklok	33,0				75%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlað 10.000 m^3)				8,0	75%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Dalvíkurbyggð					
Dalvík:					
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m) – verklok	0,4				60%
Ferjubryggja, stálþil með kanti (40 +10 m, dýpi 6 m) – lagnir og þekja (1.100 m^2)	41,1	23,0			60%
Dýpkun að ferjubryggju í 5 m (um 6.200 m^3, að hluta sprengt) – verklok	16,0				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (um 2.400 m^2 – 5.000 m^3)				12,0	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (30 m)				13,8	60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlað 6.000 m^3)				5,0	75%
Hafnasamlag Norðurlands					
Akureyri:					
Tangabryggja, lagnir (rafmagnshús og tvö möstur) og þekja (2.580 m^2) – verklok	32,2				60%
Oddeyrarbryggja, lenging til austurs, steyptur kantur – verklok, lagnir og þekja (1.950 m^2)	11,7	44,0			60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (70 m, dýpi 9 m) lagnir og þekja (2.100 m^2)			57,0	82,0	60%
Grímsey:					
Lenging syðri skjólgarðs og tunna á enda – verklok	8,0				75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m) – efni keypt 2008	24,0				60%
Skutaðstaða fyrir ferju (pallur 160 m^2) og steypt þekja ofan við (200 m^2) – verklok	13,2	4,0			60%
Steypt þekja við harðviðarbryggju (300 m^2)		6,0			60%
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjótvinnsla í landi, flutningur og útlögn (300 steinar 6–10 t)	2,4		19,2		75%
Norðurþing					
Húsavík:					
Undirbúningsrannsóknir vegna stækkunar Húsavíkurhafnar	24,9				100%
Langanesbyggð					
Þórshöfn:					
Hafskipabryggja endurbyggð, stálþil (155 m, dýpi 6–9 m), lagnir og þekja (2.800 m^2)	83,0	54,0			60%
Vopnafjörður					
Ásgarður, endurbyggja trébryggju (léttbyggð bryggja, 50 m)			45,0		60%
Flotbryggja smábátahöfn (40 m)				18,0	
Seyðisfjörður					
Bryggja við frystihús endurbyggð, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 7 m) – verklok	41,0				60%
Strandarbakki, endurbyggja fendera (170 m)		22,0			60%
Fjarðabyggð					
Mjóifjörður:					
Styrkja og endurbyggja trébryggju – verklok	5,5				60%
Djúpivogur					
Trébryggja, smábátahöfn endurbyggð (5 x 24 m – efni keypt 2007), lagnir og lýsing				48,0	60%
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Álaugareyjarbryggja, suðurkantur endurbyggður,	86,0				60%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
lagnir og þekja (4.000 m^2) – verklok					
Viðhaldsdýpkun, í höfn (áætl. efnisfl. 25 þús. m^3/ár)	19,6	20,0	20,0	20,0	75%
Vestmannaeyjar					
Básaskersbryggja, þekja og raflögn – verklok	10,0				60%
Bæjarbryggja, endurbygging vesturkants	17,0				60%
Nausthamarsbryggja við flotbryggju, endurbygging stálþils (60 m, dýpi 3 m) lagnir og þekja (1.200 m^2)			65,0	30,0	60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	24,1	21,4			75%
Þorlákshöfn					
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (um 35.000 m^3)	1,0	29,0			75%
Grindavík					
Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs, lagnir og þekja (3.000 m^2) – verklok	68,0				60%
Sandgerði					
Endurbygging Suðurgarðs (endurraða fremsta hluta garðs og bæta í grjótvörn – um 1.000 m^3)				20,0	75%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða (ýmis verk)	1,5	2,0	6,0	7,7	75%
Til slysavarna o.fl. (ýmis verk, styrkhæfni, meðaltal áætlað 60%)	2,0	1,2	2,0	2,0	60%
Samtals áætlað í grunnneti	975,7	334,9	543,6	468,0	
Þar af VSK	192,0	68,1	110,5	95,1	

3.2.1.2 Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar.
Tafla 3-4. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Snæfellsbær (Arnarstapi)	1,8				1,8
Reykhólar	3,9	29,9		7,7	41,5
Tálknafjörður			48,3	36,3	84,6
Ísafjarðarbær (Suðureyri)		6,6	17,7	11,0	35,3
Súðavík			2,4		2,4
Norðurfjörður	3,3				3,3
Drangsnes				6,4	6,4
Hólmavík	12,0			46,4	58,4
	21,0	**36,5**	**68,4**	**107,8**	**233,7**
Norðausturkjördæmi					
Dalvíkurbyggð (Hauganes)					
Hafnasamlag Norðurlands (Hjalteyri)			1,0		1,0
Norðurþing (Kópasker)					
Langanesbyggð (Bakkafjörður)	0,6				0,6
Borgarfjörður eystri		18,0			18,0
Fjarðabyggð (Stöðvarfjörður)	2,4				2,4
	3,0	**18,0**	**1,0**		**22,0**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða		0,6	2,4	3,0	6,0
Til slysavarna o.fl.			0,5	0,5	1,0
Fjárveitingar til hafna utan grunnnets alls	**24,0**	**55,1**	**72,3**	**111,3**	**262,7**

Tafla 3-5. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (áætlaðir efnisflutningar 800–1.000 m^3/ár)	3,0				75%
Reykhólar					
Dýpkun, innsigling 40 m breið í 4 m og innan garðs í 2 m (gröftur um 25.000 m^3) – verklok	6,5				75%
Grjótvarnargarður norðaustan við höfnina, lengd u.þ.b. 200 m (20.000 m^3)		50,0			75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (20 m)				10,0	60%
Endurbyggja trébryggju (kanttré 30 m, dekk 120 m^2)				6,0	60%
Tálknafjörður					
Endurbyggja gömlu bryggju, stálþil (140 m, dýpi 4–6 m), lagnir og þekja (1.200 m^2)			101,0	76,0	60%
Ísafjarðarbær					
Suðureyri:					
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m^3, dæling – frestað 2007)		11,0			75%
Endurbyggja þil löndunarbryggju, efni keypt 2008 (60 m, dýpi 5 m), lagnir og þekja (2.000 m^2)			37,0	23,0	60%
Súðavík					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m) – frestað frá 2008			5,0		60%
Norðurfjörður					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5 x 20 m) – frestað 2008	5,5				60%
Drangsnes					
Drangsnesbryggja, grjótvörn í kverkina utan á bryggju (um 1.000 m^3)				7,0	75%
Drangsnesbryggja, endurbyggja þekju við krana og fram á enda bryggju (um 280 m^2)				4,6	60%
Hólmavík					
Grjótvörn á vesturkant stálþilsbryggju (um 5.000 m^2)	20,0				75%
Endurbygging stálþils frá 1961 (104 m, dýpi 6 m)				97,0	60%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 400 m^3/ár)			1,6		75%
Langanesbyggð					
Bakkafjörður:					
Námufrágangur – verklok	1,0				75%
Borgarfjörður eystri					
Viðlegubryggja við Hólmagarð, harðviðarbryggja (27 m, dýpi 3 m)		28,2			60%
Tunna við enda Hólmagarðs (D 6 m)		6,0			75%
Dýpkun við viðlegubryggju (um 200 m^3)		1,5			75%

Höfn Verkefni	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Fjarðabyggð					
Stöðvarfjörður:					
Klæðning Gömlu bryggju við löndunarstað smábáta (42 m kafli) – verklok	5,0				60%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða – ýmis verk		1,0	4,0	5,0	75%
Til slysavarna o.fl. (ýmis verk, styrkhæfni, meðaltal áætlað 60%)			1,0	1,0	60%
Samtals áætlað utan grunnnets	41,0	97,7	149,6	229,6	
Þar af VSK	8,1	19,9	30,4	46,7	

3.2.1.3 Sjóvarnargarðar.
Tafla 3-6. Fjárveitingar til sjóvarna.

Kjördæmi Sveitarfélag	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður		18,5			18,5
Hvalfjarðarsveit	7,5				7,5
Snæfellsbær	21,7	2,5			24,2
Stykkishólmur	1,8				1,8
Reykhólahreppur	5,6				5,6
Vesturbyggð	4,0			4,8	8,8
Ísafjarðarbær	11,8		9,2		21,0
Súðavíkurhreppur	0,2	5,3			5,5
Árneshreppur	0,7				0,7
Strandabyggð				5,8	5,8
Blönduósbær	16,1			6,9	23,0
Skagafjörður, svf.			6,6		6,6
	69,4	**26,3**	**15,8**	**17,5**	**129,0**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð	24,0	7,8			31,8
Dalvíkurbyggð	7,7				7,7
Akureyrarkaupstaður (Hrísey, Grímsey)	12,5				12,5
Arnarneshreppur		11,1			11,1
Norðurþing (Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn)	12,8				12,8
Langanesbyggð				11,3	11,3
Borgarfjarðarhreppur			9,6		9,6
	57,0	**18,9**	**9,6**	**11,3**	**96,8**
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður	5,3				5,3
Mýrdalshreppur	7,0	98,9	85,8		191,7
Vestmannaeyjabær				4,8	4,8
Árborg, svf.	23,5		5,6		29,1
Ölfus, svf.		3,2	9,2		12,4
Grindavíkurkaupstaður	15,6				15,6
Sandgerðisbær	8,0				8,0
Gerðahreppur	6,0				6,0
Reykjanesbær	4,4	10,7		8,0	23,1
Vogar, svf.				12,3	12,3
	69,8	**112,8**	**100,6**	**25,1**	**308,3**

Kjördæmi Sveitarfélag	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Samtals millj. kr.
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Álftanes, svf.	16,4				16,4
Seltjarnarneskaupstaður	4,9				4,9
	21,3				**21,3**
ÓSKIPT	0,4	0,8	0,9	3,1	5,2
Sjóvarnir samtals	**217,9**	**158,8**	**126,9**	**57,0**	**560,6**
Sjóvarnir, fjárveiting á fjárlögum	**63,6**	**133,6**	**126,9**	**57,0**	**381,1**
Ónotaðar fjárheimildir í ársbyrjun samkvæmt yfirliti SÍ	154,3	25,2			
Fjárveiting alls til ráðstöfunar	**217,9**	**158,8**	**126,9**	**57,0**	**560,6**

Tafla 3-7. Sundurliðun framkvæmda við sjóvarnir.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag árið 2009 samkvæmt forsendu fjárlaga 2009, seinni þrjú árin samkvæmt forsendu fjárlaga 2010.

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður					
Vestan skipasmíðastöðvar Þ&E og inn í Krókalón (90 + 40 m – 2.600 m^3)		10,6			7/8
Kalmansvík, vörn við bakkafót (250 m – 2.000 m^3)		8,2			7/8
Miðvogur, vörn við bakkafót (130 m – 600 m^3)		2,3			7/8
Hvalfjarðarsveit					
Uppgjör vegna framkvæmda 2006	8,6				7/8
Snæfellsbær					
Ólafsvík, við fiskverkun Snoppu (70 m – ca. 1.500 m^3) – verklok frá 2008	5,7				7/8
Ólafsvík við fiskverkun Klumbu (160 m – 1.600 m^3) – verklok	6,5				7/8
Hellissandur við Keflavíkurgötu, lenging um 85 + 35 m (2.200 m^3)	5,9	2,8			7/8
Barðastaðir Staðarsveit, við sumardvalarhús, útihús og heimreið (400 m – 1.500 m^3) – flýtt samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	6,6				7/8
Stykkishólmsbær					
Ægisgata, sjóvörn (30 m – 400 m^3) – samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	2,0				7/8
Reykhólahreppur					
Flatey, vörn í krikann vestan við bryggju, steyptur veggur (23 m – 35 m^3) – verklok frá 2008	6,4				7/8
Vesturbyggð					
Brunnar Hvallátrum (200 m – 1.500 m^3) – verklok frá 2008	4,6				7/8
Bíldudalur, sjóvörn við Arnarbakka í átt að Litlueyri (80 m – 1.000 m^3)				5,5	7/8
Ísafjarðarbær					
Þingeyri, innan við smábátahöfnina (200 m – 1.700 m^3)	8,9				7/8
Ísafjörður, Sigurðarbúð við Pollbotn (140 m – 1.000 m^3)	4,6				7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Flateyri, hækka núverandi sjóvarnargarð við Brimnesveg (800 m – 2.000 m^3)			10,5		7/8
Súðavíkurhreppur					
Við Langeyri (120 m – 1.800 m^3) – flýtt samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	0,2	6,1			7/8
Árneshreppur					
Við Kallahús samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	0,8				7/8
Strandabyggð					
Hólmavík, sjóvörn norðan og austan við Rifshaus (105 m – 1.300 m^3)				5,7	7/8
Hólmavík, endurbyggja sjóvörn við fiskmarkað (60 m – 200 m^3)				0,9	7/8
Blönduósbær					
Sunnan Blöndu suður frá horninu á Háubrekku (220 m – 3.500 m^3) – frestað 2008	18,4				7/8
Styrkja sjóvörn við Hafnarbraut og Ægisbraut (140 m – 1.500 m^3)				7,9	7/8
Skagafjörður, svf.					
Hraun á Skaga, lengja sjóvörn til austurs í átt að vita (150 m – 1.700 m^3)			7,5		7/8
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Fjallabyggð					
Siglufjörður, frá Hafnarbryggju að Óskarsbryggju (um 400 m – 5.000 m^3) – frestað 2008	20,4				7/8
Siglufjörður, Hvanneyrarkrókur, frá sjóvarnargarði að íþróttahúsi (um 180 m – 1.600 m^3)	6,5				7/8
Siglunes, mælingar og undirbúningur	0,5				7/8
Siglunes, við fiskverkun Stefáns Einarssonar og sumarhús (70 m + 25 m – 900 m^3)		8,9			7/8
Dalvíkurbyggð					
Árskógssandur, syðst við bakkann undir Ægisgötu (um 100 m – 500 m^3) – verklok frá 2008	2,1				7/8
Árskógssandur, vestan hafnar (80 m – 1.600 m^3) – frestað 2008	6,7				7/8
Arnarneshreppur					
Hjalteyri, sjóvörn sunnan á eyrinni við fiskeldi Eyjafjarðar (220 m – 2.600 m^3)		12,7			7/8
Akureyrarkaupstaður					
Hrísey, styrking og hækkun sjóvarna austast (160 m) og framlenging við Varir (50 m, alls 210 m – 1.500 m^3) – verklok frá 2008	6,3				7/8
Hrísey, norðan Hríseyjarhafnar (100 m – 1.900 m^3) – verklok frá 2008	8,0				7/8
Norðurþing					
Húsavíkurbakkar, styrking sjóvarnar (um 200 m – 3.000 m^3)	14,6				7/8
Langanesbyggð					
Þórshöfn, sjóvörn við Bakkaveg, styrking (300 m – 2.800 m^3)				12,9	7/8
Borgarfjarðarhreppur					
Sjóvörn milli gamla frystihúss og löndunarbryggju (55 m – 900 m^3)			4,7		7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Sjóvörn við Borgarfjarðarveg, fiskverkunarhús (80 m – 1200 m^3)			6,3		7/8
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður, svf.					
Sjóvörn við Suðurfjöru við innsiglingarmerki (um 60 m – 700 m^3) – samkvæmt ákvörðun hafnaráðs	6,1				7/8
Mýrdalshreppur					
Sjóvarnir við Vík í Mýrdal undirbúningur, grjót-rannsókn, hönnun o.fl.	8,0				7/8
Sjóvörn vestan Víkurár, grjótvörn á flóðgarð (730 m – 40.000 m^3)		113,0	98,0		7/8
Vestmannaeyjabær					
Þrælaeiði, endurröðun og styrking sjóvarnar á Eiðinu (150 m – 1.000 m^3) – frestað 2007				5,5	7/8
Árborg, svf.					
Eyrarbakki, Hraunsá – Hraunsnef, grjótvörn og fegrun gamla sjógarðsins (500 m – 7.000 m^3)	26,8				7/8
Eyrarbakki, Gamla-Hraun – Barnaskóli (nær Eyrarbakka) (170 m – 2.000 m^3)			6,4		7/8
Ölfus, svf.					
Þorlákshöfn, austan Austurgarðs hjá golfvelli (200 m – 1.000 m^3 kjarnagrjót og 150 dolosar)		3,7			7/8
Þorlákshöfn, framan við sjóvörn við Fiskeldi Eyjafjarðar, viðhald grjóturðargarðs (150 m)			0,4		7/8
Selvogur, sjóvarnargarðar við Bjarnastaði og Þorkelsgerði 1 (150 + 70 m – 2.500 m^3)			10,0		7/8
Grindavíkurkaupstaður					
Gerðistangar fremst (menningarminjar Stóragerði, 100 m – 800 m^3), við Arfadalsvík og hluta Staðarbótar (æðarvarp, 300 m – 2.400 m^3) – verklok frá 2008	12,1				7/8
Buðlunga (65 m – 500 m^3) og Miðbær (115 m – 1.000 m^3) og austan Litlubótar (30 m – 500 m^3)	5,7				7/8
Sandgerðisbær					
Bursthús, grjótvörn utan á jarðvegsgarði framan við sumarbústað (100 m – 1.000 m^3)	4,7				7/8
Býjarsker – Hólshús, styrking sjóvarnar (um 120 m – 1.000 m^3)	4,4				7/8
Gerðahreppur					
Móts við Útskálarif og Mannskaðaflös, bæta í skörð, hækka og styrkja (40–50 m og 100 m) og innan við Garðshöfn við H. Pétursson (140 m), magn alls 1.620 m^3 – verklok	6,9				7/8
Reykjanesbær					
Innri-Njarðvík, Hákotstangi við kirkjugarð (160 m – 1.700 m^3) – verklok frá 2008	5,0				7/8
Innri-Njarðvík, Hákotstangi – lengja sjóvörn í átt að Kópu (200 m – 3.200 m^3)		12,2			7/8
Hafnir, styrking frá bryggju í átt að Snoppu og sunnan Snoppu (250 + 85 m – 2.500 m^3)				9,1	7/8
Vogar, svf.					
Stóru-Vogaskóli og eiðið við Vogatjörn, bakkavörn (150 + 150 m – 1.600 m^3)				6,4	7/8

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.	2011 millj. kr.	2012 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Vatnsleysuströnd, við Stóra Knarrarnes (150 m – 2.100 m^3)				7,7	7/8
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Álftanes, svf.					
Við Hlið (70 m – 660 m^3 + 40 m – 240 m^3 = 900 m^3) – frestað 2007	5,4				7/8
Sunnan við sjómerki (Akrakoti) (300 m^3 og endurröðun) – frestað 2007	1,2				7/8
Helguvík vestur (180 m – 3.100 m^3) – frestað 2007	12,1				7/8
Seltjarnarneskaupstaður					
Búðatjörn – Svörtubakkar, endurröðun og styrking – frestað 2008	3,4				7/8
Lambastaðagrandi – botn víkurinnar (hér er fyrirhugað að reisa skólpdælustöð, 80 m – 800 m^3) – frestað 2008	2,2				7/8
ÓSKIPT					
Óskipt til sjóvarna	0,5	0,9	1,0	3,5	7/8
Áætlaður heildarkostnaður við sjóvarnir samtals	**248,8**	**181,4**	**144,8**	**65,1**	

4. VEGÁÆTLUN
4.1 Fjármál.
Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	2009	2010	2011	2012	Samtals
4.1.1 TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Bensíngjald	7.730	7.420	7.502	7.577	30.229
Þungaskattur km-gjald	974	790	816	824	3.404
Olíugjald	6.204	6.260	6.339	6.434	25.237
Leyfisgjöld flutninga	8	4	4	4	20
Leyfisgjöld leigubifreiða	7	6	6	6	25
Markaðar tekjur samtals	**14.923**	**14.480**	**14.667**	**14.845**	**58.915**
Framlag úr ríkissjóði					
Framlag til innanlandsflugs	344	308	277	277	1.206
Framlag til jarðganga	4.055	4.255	220	1.174	9.704
Fyrir fram ráðstöfun markaðra tekna	9.375	3.795	1.532	-100	14.602
Framlag úr ríkissjóði samtals	**13.774**	**8.358**	**2.029**	**1.351**	**25.512**
GREITT ÚR RÍKISSJÓÐI SAMTALS	**28.697**	**22.838**	**16.696**	**16.196**	**84.427**
4.1.2 Viðskiptahreyfingar					
Vegna afskrifta markaðra tekna	-75	-75	-75	-75	-300
Vegna skuldar frá 1999	-332	-21			-353
Viðskiptahreyfingar samtals	**-407**	**-96**	**-75**	**-75**	**-653**
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	**28.290**	**22.742**	**16.621**	**16.121**	**83.774**

4.1.3 Sérstök fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.*

Suðurlandsvegur
Vesturlandsvegur
Reykjanesbraut
Vaðlaheiðargöng
Sundabraut
Hvalfjarðargöng – tvöföldun

Sérstök fjármögnun samtals

*Ekki er reiknað með framlagi til þessara verkefna innan samgönguáætlunar.

Skipting útgjalda.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
GJÖLD					
10-211 Rekstur Vegagerðarinnar					
4.1.4 Rekstur Vegagerðarinnar					
1.01 Almennur rekstur	560	546	491	491	2.088
1. Yfirstjórn		354			
2. Upplýsingaþjónusta		90			
3. Umferðareftirlit		102			
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	81	81	81	81	324
Rekstur samtals	**641**	**627**	**572**	**572**	**2.412**
10-212 Samgönguverkefni					
4.1.5 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald					
1.07 Þjónusta	3.694	3.383	3.146	3.146	13.369
1. Veggöng		90			
2. Viðhald vegmerkinga		773			
3. Samningar við sveitarfélög		420			
4. Viðhaldssvæði		400			
5. Vetrarviðhald		1.700			
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.072	1.047	912	912	3.943
1. Ferjur		714			
2. Sérleyfi á landi		333			
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	344	308	277	277	1.206
1.21 Rannsóknir	149	139	97	97	482
Þjónusta og styrkir samtals	**5.259**	**4.877**	**4.432**	**4.432**	**19.000**
5.10 Viðhald	5.179				
1. Viðhald bundinna slitlaga		1.500			
2. Viðhald malarvega		623			
3. Styrkingar og endurbætur		1.560			
4. Brýr og varnargarðar		360			
5. Umferðaröryggi		340			
6. Vatnaskemmdir		200			
7. Viðhald girðinga		65			
8. Frágangur gamalla efnisnáma		20			
9. Minjar og saga		11			
Viðhald samtals	**5.179**	**4.679**	**4.117**	**4.117**	**18.092**

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. *nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.*	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**Samtals**
4.1.6 Stofnkostnaður					
6.10 Stofnkostnaður/Framkvæmdir	17.211				
Stofn- og tengivegakerfi					
1. Almenn verkefni		6.931	6.315	4.934	18.200
2. Tengivegir malbik			380	300	680
3. Jarðgöng		5.160	220	1.194	6.554
Stofn- og tengivegir samtals		**12.091**	**6.915**	**6.428**	**25.434**
Annað en stofn- og tengivegir					
1. Héraðsvegir		98	200	200	498
2. Landsvegir utan stofnvegakerfis		100	100	100	300
4. Styrkvegir		80	80	80	240
5. Reiðvegir		60	65	65	190
6. Smábrýr		30	30	37	97
7. Girðingar		100	100	100	300
Annað en stofn- og tengivegir samtals		**468**	**575**	**582**	**1.625**
Stofnkostnaður samtals	**17.211**	**12.559**	**7.490**	**7.010**	**44.270**
Samgönguverkefni og rekstur samtals	**28.290**	**22.742**	**16.621**	**16.121**	**83.774**
Afskrift markaðra tekna	75	75	75	75	300
Gjöld	**28.365**	**22.817**	**16.696**	**16.196**	**84.074**
Raunkostnaður 2009	**26.421**				
Flutt til 2010	**1.944**				
Samkvæmt fjárlögum		19.159			
Flutt frá fyrri árum (2008 og 2009)		3.658			
Samtals		**22.817**			

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

Suðurkjördæmi

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður m.kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
		Undirbúningur verka utan áætlunar			502	156	83	165	99					
1		Hringvegur												
	v5	Um Fjarðará	0,3	C8	89	24	65				×	×		
	v5	Göng undir Almannaskarð		C8	4	4					×	×		
	x3	Um Jökulsá á Breiðamerkursandi		C8		1	52				×			
	x7	Um Gljúfursá		C8	85				85		×	×		
	a1	Um Aurá		C8	60				60		×	×		
	a9	Um Dýralæk		C8	95				95		×	×		
	c3	Um Hellu	0,5	C10	64	4	60				×			
	d4	Um Selfoss	0,5	C10		6					×			
	d9-e1	Vestan Litlu kaffistofu	6,5	A34/ B15,5	1.150		430	720			×	×		
30		Hrunamannavegur												
	06–07	Skipholt–Foss	5,5	C8	57	54	3				×	×		
32		Þjórsárdalsvegur												
	01	Um Kálfá		C8		16					×	×		
33		Gaulverjabæjarvegur												
	02	Gaulverjabær–Skipar	6,0	C8	8	3	5				×	×		
35		Biskupstungnabraut												
	03	Hringtorg við Borg í Grímsnesi	0,5	C9	60				60		×	×		
	06	Hringtorg við Reykholt	0,5	C9	65				65		×	×		
41		Reykjanesbraut												
	15–18	Krýsuvíkurvegur–Víknavegur		A34	329	309	20				×	×		
	20–21	Við Grænás, hringtorg, undirgöng	0,3	A22	145		65	80			×	×		
43		Grindavíkurvegur												
	01	Lýsing við Grindavík	0,6	C10	16	14	2				×			
45		Garðskagavegur												
	04	Um Sandgerði	0,4	C10		29					×	×		
	06	Um Ósabotna	5,4	C8		59					×	×		×

Suðurkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
208	Fjallabaksleið nyrðri												
06	Sigalda–Sprengisandsleið	5,3			10					×	×		
222	Mýrdalsjökulsvegur												
01	Hringvegur–Sólheimakot	1,2	C7	2	1	1				×	×		
254	Landeyjahafnarvegur (Bakkafjöruvegur)												
01	Hringvegur–Landeyjahöfn	11,2	C8	654	247	380	27			×	×		×
262	Vallarvegur												
01	Fljótshlíðarvegur–Markarskarð	4,0	C7	41	39	2					×		
264	Rangárvallavegur												
01	Hringvegur–Keldur	7,5	C7	132	105	27				×	×		
268	Þingskálavegur												
01	Rangárvallavegur–Þingskálar	4,5	C7		1					×	×		
282	Ásmundarstaðavegur												
01	Hringvegur–Ásmundarstaðir				59						×		
305	Villingaholtsvegur												
	Um Sýrlæk		C7	5	2	3				×	×		
308	Hamarsvegur												
	Smábrýr	0,4	C7	17	8	9				×	×		
318	Langholtsvegur (Oddgeirshólavegur)												
01	Hringvegur–Langholt 2	3,4	C7	85	60	25					×		
340	Auðsholtsvegur												
01	Hrunamannavegur–Syðra-Langholt	2,5	C7		6					×	×		
351	Búrfellsvegur												
01	Hæðarendi–Biskupstungnabraut	2,7	C7		8					×	×		
354	Sólheimavegur												
01	Stærribæjarvegur–Sólheimar	4,5	C8		3	2				×	×		
359	Bræðratunguvegur												
01	Um Hvítá	7,4	C8	1.087	442	585	60			×	×		×
360	Grafningsvegur efri												
02	Ýrufossvegur–Úlfljótsvatn	1,3	C7		14					×	×		
365	Lyngdalsheiðarvegur												
01	Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur	15,0	C8	1.023	424	569	30			×	×		×

Suðurkjördæmi Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
380	Hlíðarendavegur												
01	Þrengslavegur–Hlíðarendi	5,3	C7		29						×		
424	Keflavíkurvegur												
01	Reykjanesbraut–Njarðarbraut	0,6	A22	167	125	42				×	×		
425	Nesvegur												
02	Reykjanesviti–Staður		C8		8					×	×		
427	Suðurstrandarvegur												
05–06	Ísólfsskáli–Herdísarvík	14,6	C8	650			300	350		×	×		×
12–13	Herdísarvík–Þorlákshöfn	33,6	C8	1.481	1.015	230	236			×	×		×
2421	Safnavegur												
01	Á Skógum	0,4	C7	18	17	1				×	×		
	Samtals Suðurkjördæmi				**3.302**	**2.661**	**1.618**	**814**					

Reykjavík og Suðvesturkjördæmi Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
	Undirbúningur verka utan áætlunar			555	207	81	102	165					
1	Hringvegur												
f3	Úlfarsfellsvegur–Hafravatnsvegur		A22	89	24	65				×	×		
f4	Hafravatnsvegur–Þingvallavegur	1,6	A22	561	41	200	320			×	×		
f5	Vegamót við Leirvogstungu	0,5	A22	389	244	145				×	×		
f5	Undirgöng við Klébergsskóla		A22	72	57	15				×			
40	Hafnarfjarðarvegur												
02	Gatnamót við Nýbýlaveg		A34	48	45	3				×	×		
03	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		A34	400			400				×		
41	Reykjanesbraut												
11	Gatnamót við Stekkjarbakka		A34		4								
12	Gatnamót við Arnarnesveg		A34	174	151	23				×	×		
12	Um Kópavog og Garðabæ	4,7	A34		148					×	×		
13	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		A34		175					×	×		
42	Krýsuvíkurvegur												
01	Reykjanesbraut–Ásvellir		C9		7						×		
49	Nesbraut												
03	Reykjanesbraut–Hafnarfjarðarvegur (strætóreinar)		A34		5						×		
411	Arnarnesvegur												
05	Reykjanesbraut–Rjúpnavegur	4,2	A22	1.260				500	×		×		
415	Álftanesvegur												
04	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	4,5	A22	1.394	234	4	430	726		×	×		×
431	Hafravatnsvegur												
02	Úlfarsfellsvegur–Hringvegur			12	10	2				×	×		
454	Holtavegur												
01	Sæbraut–Holtabakki				1								
	Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur			1.039	167	172	350	350		×	×	×	
	Smærri verk og ófyrirséð			87	32	15	20	20					
	Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu			77	23	2	2	50	×	×	×	×	
	Öryggisaðgerðir			400			200	200		×			
	Hjóla- og göngustígar			400			200	200		×	×	×	
	Göngubrýr og undirgöng			200			100	100		×	×		
	Samtals Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæmi				**1.575**	**727**	**2.124**	**2.311**					

Norðvesturkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
	Undirbúningur verka utan áætlunar			299	166	68	69	52					
1	Hringvegur												
g5	Um Borgarfjarðarbrú, vegrið	2,5	B12	60			60			×			
g6	Um Borgarnes	0,4	B15,5	9	7	2				×			
h0–h1	Grafarkot–Brekkunef	9,3	C10	203	193	10				×	×		
k1	Um Hrútafjörð	8,5	C9	59	48	11				×	×		×
n0–n1	Um Norðurárdal í Skagafirði	14,0	C9	6	3	3				×	×		
50	Borgarfjarðarbraut												
4	Um Reykjadalsá	2,2	C8	290			150	140		×	×		
54	Snæfellsnesvegur												
03	Um Hítará	0,7	C8		2	1							
05	Um Haffjarðará	1,4	C8	360			180	180		×	×		
10	Um Fróðárheiði	5,4	C8	221	192	25	1	3		×	×		×
55	Heydalsvegur												
02	Um Stampafossgil	0,4	C7		5					×			
59	Laxárdalsvegur												
01	Vestfjarðavegur–Gröf	3,6	C7	123	50	65	6	2		×	×		×
60	Vestfjarðavegur												
03	Um Tunguá	0,3	C8		12					×	×		
05	Laxá hjá Búðardal	0,5	C8	191	186	5				×	×		
09	Um Svínadal	13,5	C8		3								
24	Reykhólasveitarvegur–Þorskafjarðarvegur	6,1	C8	78	58	20				×	×		
29	Kleifastaðir–Fjarðarhorn	9,6	C8		16					×	×		×
31–33	Eiði–Kjálkafjörður	16,1	C8	3.150			600	1.072	×	×	×		×
33–34	Kjálkafjörður–Vatnsfjörður	15,9	C8	718	159	475	84			×	×		×
39	Dýrafjarðargöng	11,8	C8	7.500				20		×	×	×	×
43	Um Hjarðardalsá		C8	5	4	1				×	×		
47	Breiðadals- og Botnsheiðargöng		C8	129	9		120			×			

Norðvesturkjördæmi

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
61	Djúpvegur												
07	Krossárdalsvegur–Broddanes	4,0	C8	171	140	30	1			×	×		
26–29	Ísafjörður–Mjóifjörður	10,1	C8	448	361	86	1			×	×		×
38	Um Arnardalsá		C8		1					×	×		
45	Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng)	8,3	C8	4.552	2.439	2.113				×	×	×	×
72	Hvammstangavegur												
01	Um Hvammstanga	1,0	C8	62	60	2				×			
504	Leirársveitarvegur												
01	Leirá–Svínadalsvegur	4,5	C7	19	18	1				×	×		
509	Akranesvegur												
01	Þjóðbraut	0,7	C10		3					×	×		
550	Kaldadalsvegur												
02	Austan Tröllháls	9,4	C8		11					×	×		×
574	Útnesvegur												
03	Um þjóðgarð	16,9	C7	60	52	8				×	×		×
576	Framsveitarvegur												
01	Snæfellsnesvegur–golfvöllur	4,9	C7	25	24	1				×	×		
605	Tröllatunguvegur												
01	Vestfjarðavegur–Djúpvegur	25,4	C8	821	661	142	18			×	×		×
643	Strandavegur												
02	Djúpvegur–Drangsnesvegur (1. áfangi)	4,0	C7	64	62	2				×	×		×
02	Djúpvegur–Drangsnesvegur (2. áfangi)	3,8	C7	480			330	150		×	×		×
722	Vatnsdalsvegur												
04	Hvammur–Hringvegur	8,2	C7	174	170	4				×	×		
744	Þverárfjallsvegur												
03	Skagavegur–Sauðárkrókur	12,4	C8	22	19	3				×	×		×
745	Skagavegur												
02	Örlygsstaðir–Króksel	2,4	C7	48	44	4				×	×		
	Samtals Norðvesturkjördæmi				**5.178**	**3.082**	**1.620**	**1.619**					

Norðausturkjördæmi

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
		Undirbúningur verka utan áætlunar			329	111	78	70	70					
1		Hringvegur												
	p7–p8	Gatnamót og undirgöng á Akureyri		A22	32	14	18				×	×		
	q2	Vaðlaheiðargöng	7,5	C9	102	102					×	×	×	×
	s6–s7	Ármótasel–Skjöldólfsstaðir 2	7,8	C8	161	157	4				×	×		×
	s7	Um Ysta-Rjúkandi	1,0	C8		14		180			×	×		
	t1	Um Rangá hjá Flúðum	0,2	C8		15					×	×		
	t6	Litla-Sandfell–Skriðdalsvegur	11,0	C8	523	212	259	52			×	×		×
	t8	Um Selá í Breiðdal		C8		11					×	×		
	u7	Valtýskambur–Sandbrekka	5,1	C8	306	229	77				×	×		
	v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	4,2	C8		12					×	×		
76		Siglufjarðarvegur												
	15	Héðinsfjarðargöng	14,3	C8	5.254	2.207	3.047				×	×		×
82		Ólafsfjarðarvegur												
	05	Snjóflóðavarnir við Sauðanes	1,0	C8				50		×	×	×		
85		Norðausturvegur												
	09	Sýslumörk–Lón		C8		1					×	×		×
	15	Hófaskarðsleið	30,0	C8	1.338	658	590	90			×	×		×
	14c	Fremri-Háls–Sævarland	8,0	C8	115	110	5				×	×		×
	14d	Raufarhafnarleið	14,0	C8	468	117	335	16			×	×		×
	43	Vopnafjörður–Brunahvammsháls 2. áfangi	38,0	C8	1.826	814	517	380	115	×	×	×		×
92		Norðfjarðarvegur												
	07	Hólmaháls	5,0	C9	289	251	38				×	×		×
	09	Norðfjarðargöng	16,0	C8	9.500			220	1174	×	×	×	×	×
	12	Flugvöllur–Neskaupstaður		C9		10								×
94		Borgarfjarðarvegur												
	06	Lagarfossvegur–Unaós	4,0	C8	106	99	7				×	×		
	07	Innri-Hvannagilsá		C8		9					×	×		
96		Suðurfjarðavegur												
	04	Fáskrúðsfjarðargöng		C8		21					×			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður millj. kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Norðausturkjördæmi													
815	Hörgárdalsvegur												
01	Brakandi–Björg	4,8	C7	24	21	3				×	×		
816	Dagverðareyrarvegur												
01	Hringvegur–Gásir	4,5	C7	18	16	2				×	×		
821	Eyjafjarðarbraut vestri												
05	Sandhólar–Nes	5,5	C7		5					×	×		
828	Veigastaðavegur												
01	Hringvegur–Eyjafjarðarbraut eystri	3,9	C7		7						×		
833	Illugastaðavegur												
02	Slitlagsendi–Illugastaðir	9,9	C7	88	87	1				×	×		
862	Dettifossvegur												
01	Hringvegur–Dettifossvegur vestri	25,0	C8	970	320	560	90			×	×		×
925	Hróarstunguvegur												
04	Vífilsstaðavegur–Hringvegur	1,4	C7	26	22	4				×	×		
931	Upphéraðsvegur												
01	Fellabær–Ekkjufell	1,6	C7		10					×	×		
8490	Knarrarbergsvegur												
01	Veigastaðavegur–Leifsstaðavegur	1,1	D4	44	43	1				×	×		
9572	Mjóeyrarvegur												
01	Norðfjarðarvegur–höfn	0,7	C8		27						×		
	Þéttbýlisstaðir				4								
	Samtals Norðausturkjördæmi				**5.736**	**5.546**	**1.148**	**1.359**					

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Veg-tegund	Kostn-aður m.kr.	2009	2010 VV 14.700	2011 VV 14.700	2012 VV 14.700	2013+ Framh.	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Byggðamál
Samtals stofn- og tengivegir				**15.791**	**12.016**	**6.510**	**6.103**					
Sameiginlegt og óskipt												
Sameiginlegur jarðgangakostnaður				10	10	5	5					
Samgöngurannsóknir				21	20	20	20					
Breytingar á Herjólfi				28	45							
Tengivegir, malbik						380	300					
Héraðsvegir				86	98	200	200					
Landsvegir utan stofnvegakerfis				109	100	100	100					
Styrkvegir				85	80	80	80					
Reiðvegir				70	60	65	65					
Smábrýr					30	30	37					
Girðingar				105	100	100	100					
Samtals sameiginlegt og óskipt				**514**	**543**	**980**	**907**					
Samtals stofnkostnaður				**16.305**	**12.559**	**7.490**	**7.010**					

5. ÁÆTLUN UMFERÐARSTOFU
5.1 Fjármál.
5.1.1 Tekjur og framlög.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	Samtals
Ríkistekjur	226,6	202,8	172,4	172,4	774,2
Sértekjur	293,0	234,1	234,1	234,1	995,3
Ráðstöfun höfuðstóls samkvæmt sérstakri ákvörðun	45,7	113,5	113,5	113,5	386,2
Tekjur samtals	**565,3**	**550,4**	**520,0**	**520,0**	**2.155,7**

5.1.2 Gjöld.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	Samtals
Rekstur og þjónusta	565,3	550,4	520,0	520,0	2.155,7
Rekstur samtals	**565,3**	**550,4**	**520,0**	**520,0**	**2.155,7**

6. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN
6.1 Fjármál.
6.1.1 Tekjur og framlög.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	Samtals
Frá vegáætlun	349,5	340,0	300,0	300,0	1.289,5
Flutt frá fyrra ári	16,5	0	0	0	16,5
Til ráðstöfunar alls	**366,0**	**340,0**	**300,0**	**300,0**	**1.306,0**

6.1.2 Gjöld.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr. nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.	2009	2010	2011	2012	Samtals
Ökumaður og farartæki	98,0	78,5			
Áróður og fræðsla	30,5	34,5			
Öruggari vegir og umhverfi þeirra	227,0	224,0			
Samstarf og þróun	10,5	3,0			
Samtals	**366,0**	**340,0**	**300,0**	**300,0**	**1.306,0**

1382. Frumvarp til laga [112. mál]

um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

(Eftir 2. umr., 15. júní.)

1. gr.

Álykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er ráðgefandi.

Lögin gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

3. gr.

Í þingsályktun skv. 1. mgr. 1. gr. skal, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, kveðið á um orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari: „Já“ eða „Nei“.

Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveður orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra setur nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla.

4. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan tveggja mánaða eftir að krafa Alþingis er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar eða forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri. Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningum til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.

5. gr.

Alþingi ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. laga þessara og 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar innan þeirra tímamarka sem greinir í 4. gr. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

6. gr.

Alþingi skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Forsætisnefnd Alþingis skal setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningar.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar senda öllum heimilum í landinu sérprentun laganna sem forseti synjaði staðfestingar. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

7. gr.

Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

8. gr.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

9. gr.

Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis og skulu yfirkjörstjórnir senda gögnin til landskjörstjórnar.

Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða annarra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla úrskurðar hún um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og tilkynnir dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu þar um.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda ekki seinna en tveimur dögum eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

11. gr.

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni að fylgja tillögunni.

12. gr.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

13. gr.

Kjósandi getur sent kæru um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðra en refsikærur, til Hæstaréttar eigi síðar en sjö dögum frá því að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Landskjörstjórn veitir Hæstarétti umsögn um atkvæðagreiðsluna. Umsögn skal veitt óháð því hvort kæra hafi borist skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn landskjörstjórnar getur Hæstiréttur ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Hæstiréttur ákveðið að hún fari aftur fram þar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1383. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er til marks um að ríkisstjórn Íslands og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hafa hvorki dregið nokkurn lærdóm af Icesave-málinu né af því sem fram kemur í 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem fjallað er um Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt.

Óþarft er að rekja sögu Icesave-málsins, hana þekkja allir. Þau vandamál sem Íslendingar standa frammi fyrir í Icesave-málinu má rekja til gallaðrar tilskipunar Evrópusambandsins, tilskipun 94/19/EB, sem Íslendingar innleiddu í landsrétt sinn vegna aðildar sinnar að Evrópska efnahagssvæðinu. Innstæðutryggingarkerfi hefur þann tilgang að verja innstæður

fólks í tilviki tilskipunarinnar upp að allt að 20 þús. evrum fyrir hvern innlánsreikning ef fjármálafyrirtæki fellur. Evrópusambandið, Bretar og Hollendingar hafa haldið því fram að ríkið beri ábyrgð á skuldbindingum innstæðutryggingasjóða. Í kjölfar bankakreppunnar hefur Evrópusambandið samið nýja tilskipun, þ.e. tilskipun frá 11. mars 2009, um breytingu á tilskipuninni frá 1994. Helstu breytingar frá fyrri tilskipun er að nú er kveðið á um að ríki skuli tryggja að vernd sérhvers innstæðueiganda nemi 50.000 evrum (e. shall *ensure* that the coverage for the aggregate deposits of each depositor shall be at least EUR 50.000). Í eldri tilskipun var ekki kveðið eins sterkt að orði þar sem mælt var fyrir um að áskilið væri að innstæðutryggingakerfi veittu innstæðueiganda vernd allt að 20.000 evrum (e. deposit-guarantee schemes shall *stipulate* that the aggregate deposits of each depositor must be covered up to ECU 20 000).

Ekki virðast vera skýringar á þessu breytta orðalagi nýju tilskipunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar telur að túlka beri frumvarpið með þeim hætti að ríkisvaldið verði að tryggja fjármögnun innstæðutryggingasjóðs ef hann þarf að taka lán til að geta staðið við skuldbindingar sínar. 2. minni hluti telur þessa túlkun jafngilda því að um ríkisábyrgð sé að ræða. Tilskipunin gerir einnig ráð fyrir að verndin hækki í 50.000 evrur úr 20.000 evrum og ætlun Evrópusambandsins er að hækka fjárhæðina upp í 100.000 evrur og hefur verið tekið tillit til þeirrar hækkunar í breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið. Einnig er hert á útgreiðsluskilmálum og iðgjaldið fjármálafyrirtækja í sjóðinn hækkað.

Þetta fyrirkomulag er fullkomlega óásættanlegt fyrir Íslendinga. Færa má rök fyrir því að jafnvel í stærstu löndum Evrópu nái innstæðutryggingakerfið ekki tilgangi sínum, eins og kom í ljós í Bretlandi, Írlandi og Þýskalandi. Það kom líka fram við umræður um málið í nefndinni að ekkert innstæðutryggingakerfi þolir fall stærsta fjármálafyrirtækis síns.

Það er fullkomlega útilokað að innstæðutryggingakerfið eins og það er hugsað í frumvarpinu geti veitt innlánseigendum þá vernd sem er lagt upp með. Fram kemur í gögnum með frumvarpinu að það tekur sjóðinn 96 ár að safna fjármunum til að mæta falli stærsta viðskiptabankans ef ekkert annað kemur til. Þó skal tekið fram að kröfur sjóðsins vegna útgreiðslu innstæðna njóta forgangs við fall banka. Við umfjöllun nefndarinnar kom ítrekað fram að almenna reglan við fjármögnun íslenskra banka í nútíð og framtíð mun verða með þeim hætti að fjármögnunin verði tryggð með veði sem hafi forgang fram yfir innstæðutryggingasjóð. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að nýtt innstæðutryggingakerfi gæti ekki varið annað í nánustu framtíð.

Markmiðið hlýtur að vera að vinna okkur út úr þeirri almennu ríkisábyrgð á innstæðum á Íslandi sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir. Að framansögðu er ljóst að samþykkt þessa frumvarps mun framlengja ríkisábyrgð um ókomna tíð, þó að hún takmarki fjárhæðina við 16 milljónir kr. á hvern innlánsreikning. Ríkisstjórnin verður í samvinnu við þingið að hafa frumkvæði að samvinnu við Evrópusambandið eða önnur lönd um aðra lausn á þessu máli.

Alþingi, 15. júní 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm.	Eygló Harðardóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.

1384. Fyrirspurn [677. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um girðingar meðfram vegum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hvernig er háttað reglum um girðingar meðfram vegum, þ.e. um stofnkostnað, hreinsun, viðhald og greiðslur til jarðareigenda? Gilda mismunandi reglur um girðingar við stofnbrautir (hringveginn sem aðrar stofnbrautir) og við aðra vegflokka? Óskað er eftir yfirliti sundurliðuðu eftir umdæmum Vegagerðarinnar vegna mismunandi útfærslu milli svæða.

Skriflegt svar óskast.

1385. Fyrirspurn [678. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að ytra mat sveitarfélaga samkvæmt nýjum grunnskólalögum og eftirlit ráðuneytis með grunnskólum verði sameinað, til að mynda að ytra mat sveitarfélaga (t.d. landshlutateymis) og eftirlit ráðuneytis myndi sameiginlegt teymi og skipti kostnaði, eða að ráðuneytið geti fengið aðgang að upplýsingum sem ytra mat sveitarfélaga vinnur gegn greiðslu hluta kostnaðar?
2. Telur ráðherra koma til greina að fresta ýmsum ákvæðum nýrra leikskóla- og grunnskólalaga eða veita sveitarfélögum sambærilega heimild og ríkisvaldinu var veitt með nýlegum lögum um framhaldsskóla?

Skriflegt svar óskast.

1386. Nefndarálit [646. mál]

um frv. til l. um skilmálabreytingar veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Agnar Frey Helgason og Rán Ingvarsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti ásamt Yngva Erni Kristinssyni ráðgjafa og Eddu Andradóttur hdl., Björn Rúnar Guðmundsson og Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Markús Möller og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Unu Steinsdóttur og Ingvar Stefánsson frá Íslandsbanka, Kjartan Georg Gunnarsson og Herbert Svavar Arnarson frá SP-fjármögnun, Halldór Jörgensson frá Lýsingu, Magnús Gunnarsson og Hafdísi Böðvarsdóttur frá Avant og Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna.

Frumvarpið er lagt fram að fenginni úttekt Seðlabanka Íslands þar sem fram kemur að fjórðungur íslenskra heimila í greiðsluvanda sé með tæplega helming heildarskulda vegna bifreiðakaupa. Forsendur gera ráð fyrir að frumvarpið kunni að varða allt að 36 þúsund bílalán og að meðaleftirstöðvar hvers láns séu u.þ.b. 2,2 millj. kr.

Lagt er til að lántakar sem gerðu fyrir bankahrunið lán- eða kaupleigusamning með gengistryggðum höfuðstól til kaupa á bifreið til einkanota eða yfirtóku þess háttar greiðsluskuldbindingu fyrir hrunið, geti óskað eftir skilmálabreytingu við viðkomandi fjármálafyrirtæki sem felst í því að eftirstöðvar eru endurreiknaðar og lækkaðar sem nemur mismun á hækkun vísitölu neysluverðs og hækkun lánsins samkvæmt gengi gjaldmiðla frá lántökudegi og að viðbættu 15% álagi. Heildarlækkun höfuðstóls má ekki vera umfram 3 millj. kr. Vaxtakjör lánsins svo breytt verði miðuð við almenn kjör lánveitandans með þeim fyrirvara að lántaki hafi val um hvort lánið verði verðtryggt eða óverðtryggt.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að hafi lántaki glatað umráðum bifreiðar sinnar til lánveitanda vegna vanefnda eigi sá fyrrnefndi rétt á að gera upp eftirstöðvar með sérkjörum svo fremi sem eftirstöðvar lánsins eftir skilmálabreytingu nema hærri fjárhæð en innlausnarverði bifreiðarinnar. Í því tilviki hefur lántaki heimild til að greiða vaxtalaust á allt að þremur árum helming þess mismunar sem er á eftirstöðvunum og matsverði eða endursöluverði bifreiðarinnar auk þess sem íbúðarhúsnæði lántaka getur ekki verið andlag fjárnáms vegna eftirstöðvanna. Félags- og tryggingamálaráðherra úrskurðar ef upp rísa álitaefni er varða framkvæmd frumvarpsins.

Áhyggjur komu fram á fundum nefndarinnar af því hvort ákvæði frumvarpsins stæðust stjórnarskrá, einkum 72. gr. um friðhelgi eignarréttar en jafnframt 65. gr. um jafnræði. Fram kom að staða þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa stundað umræddar lánveitingar er misjöfn sem og burðir þeirra til að mæta þeim skerðingum sem frumvarpið mælir fyrir um. Sumir lýstu sérstökum áhyggjum af 5. gr. og telja þörf á að íhuga réttarstöðu sína verði frumvarpið að lögum. Því var haldið fram að skerðingin gæti kostað fyrirtækin umtalsverðar fjárhæðir sem þó réðist af því hversu margir nýttu sér úrræðið.

Meiri hlutinn hefur skilning á framangreindum sjónarmiðum og gerir sér grein fyrir að reglur félagaréttar gera ráð fyrir að stjórnendur fyrirtækja gæti fjárhagslegra hagsmuna þeirra innan marka laga. Slíkir hagsmunir fara hins vegar ekki alltaf saman við mat löggjafans á almannaþörf auk þess sem erfiðara er nú en áður að gera skýran greinarmun á hagsmunum

ríkisins og fjármálafyrirtækja vegna viðamikilla inngripa ríkisins á fjármálamarkaði í kjölfar hrunsins. Aðstæður hafa valdið því að umrædd fyrirtæki eru komin mislangt á veg í fjárhagslegri endurskipulagningu.

Í máli gesta sem nefndin hefur rætt við er samhljómur um að þrátt fyrir að sá hópur lánveitenda sem frumvarpið varðar sé þröngur sé skerðing þess almenn vegna þess fjölda eigna sem um ræðir og samstöðu hafa, þ.e. gengistryggð lán- og kaupleigusamningar. Úttekt Seðlabanka Íslands bendir enn fremur til þess að þörfin sé brýn og ráðstöfunin málefnaleg þrátt fyrir að hún gagnist ekki einvörðungu þeim sem standa allra verst.

Innan nefndarinnar hafa komið fram skiptar skoðanir á því hversu langt verði gengið í lausn á skuldavanda heimila án þess að litið sé til fjárhags og félagslegrar stöðu hvers og eins. Inn í þá umræðu hefur fléttast tal um svigrúm einstakra lánastofnana til almennra afskrifta á fasteignaveðlánum í því skyni að vega upp á móti þeim verðmætatilfærslum sem orðið hafa fyrir tilstuðlan verðtryggingar eða gengistryggingar og ekki verða beinlínis raktar til vilja lántakenda.

Grunnstefið í aðferðafræði stjórnvalda við lausn á skuldavanda heimila hefur verið að haga regluverkinu á þann veg að lánveitendur og lántakar eigi frumkvæði að þeirri vinnu. Með hliðsjón af meðalhófi er eðlilegt að afla ítarlegra upplýsinga um stöðu lántaka og hagi áður en samþykktar eru afturvirkar reglur um samningssambandið sem áhrif geta haft á afkomu lánveitanda og ríkissjóðs. Á sama tíma bendir sumt til þess að mikillar tregðu gæti gagnvart því að lántakar fái úrlausn sinna mála og fram hafa komið sjónarmið um að það ásamt öðru megi rekja til þess að í framkvæmd sé tímafrekt og dýrt að skoða hvert tilvik fyrir sig, ekki síst þegar mál koma til kasta dómstóla.

Meiri hlutinn telur að skoða beri frumvarpið í framangreindu ljósi og að teknu tilliti til eðlis bílalána og hvernig staðið hefur verið að stofnun þeirra. Í athugasemdum eru enn fremur færð þau rök fyrir frumvarpinu að með meiri greiðslugetu lántaka komi líkur á heimtum lánveitenda til með að aukast. Meginhugmyndin sé að gera aðilana eins setta og ef þeir hefðu samið um íslensk verðtryggð lánskjör í upphafi. Eru dæmi þess að fyrirtækin sem frumvarpið tekur til hafi þegar boðið viðskiptavinum sambærileg kjör, sbr. þó 5. gr.

Nefndin ræddi enn fremur það álitamál hvort þörf væri á að fresta samþykkt málsins þar til Hæstaréttur felldi dóm um heimildir fjármálafyrirtækja til að veita gengistryggð lán. Sjónarmið komu fram um að við mat á þessu þyrfti að hafa í huga ólíkt hlutverk dómstóla og löggjafans í samfélaginu.

Þá bárust nefndinni við meðferð málsins athugasemdir við einstakar greinar sem meiri hlutinn telur að höfðu samráði við félags- og tryggingamálaráðuneyti þurfa að skýra betur og eftir atvikum með því að leggja til breytingar:

1. Meiri hlutinn telur að gildissvið frumvarpsins eigi aðeins við um þann hluta lána- og kaupleigusamninga sem eru með gengistryggðan höfuðstól.
2. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á orðalagi 1. gr. að í stað þess að þar verði vísað til lána í erlendri mynt verði vísað til gengistryggðra lána. Breytingin er lögð til að fenginni umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna og að höfðu samráði við félags- og tryggingamálaráðuneyti.
3. Meiri hlutinn telur að skilmálabreyting skuli bæði eiga við um gjaldfallnar og ógjaldfallnar eftirstöðvar, þ.m.t. afborganir í vanskilum, en þó ekki gjaldfallna vexti, dráttarvexti og annan áfallinn kostnað vegna vanefnda. Leggur meiri hlutinn til breytingu á 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þess efnis.

4. Meiri hlutinn telur að í því tilviki þegar lán hefur verið greiðslujafnað eigi að miða framkvæmd skilmálabreytingar við uppaflegan lánstíma. Enn fremur eigi að miða við upphaflegan lánstíma óski lántaki lengingar lánsins um 24 mánuði.
5. Fram kom á fundum nefndarinnar að frumvarpið stæði því ekki í vegi að samkomulag takist milli lánveitanda og lántaka um meiri höfuðstólslækkun en sem nemur 3 millj. kr. hámarki frumvarpsins. Áherslur komu einnig fram um að í því efni skyldi gætt jafnræðis. Meiri hlutinn skilur orðalag 3. mgr. 2. gr. þannig að aðilum sé heimilt að semja um meiri lækkun en sem nemur umræddu hámarki en að þá lækkun leiði ekki af frumvarpinu með því skattalega hagræði sem því fylgir.
6. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur upplýst að reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, nr. 492/2001, heimili að lán verði frá þeim gjalddaga er skilmálabreyting á sér stað verðtryggt með vísitölu neysluverðs þótt eftirstandandi lánstími sé skemmri en fimm ár, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Heimildin er veitt í ljósi þess að mörg gengistryggð bílalán voru upphaflega til lengri tíma en fimm ára og er tilgangur frumvarpsins að gera lántakendur jafnsetta þeim sem tóku sambærilegt íslenskt lán.
7. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á a-lið 5. gr. að skýrar komi fram að miða skuli útreikning við það verð sem lánveitandi hefur sannanlega fengið við endursölu en ef bifreið selst ekki innan sex mánaða frá skilmálabreytingu skuli miðað við matsverðið. Einnig er lagt til að þegar lántaki óskar eftir óháðu mati löggilts bifreiðasala verði lánveitanda heimilt að afla mats dómkvadds matsmanns felli hann sig ekki við fyrra matið. Loks leggur meiri hlutinn til að við matið skuli taka tillit til hæfilegs kostnaðar sem lánveitandi hefur haft af sölu auk þess sem frá matsverði skuli dregin tiltekin áfallin gjöld.

Álitinu fylgir minnisblað frá félags- og tryggingamálaráðuneyti til skýringar á skilmálabreytingu skv. 2. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „er í erlendri mynt og þar sem endurgreiðslur taka mið af gengi erlendra gjaldmiðla“ í 1. málsl. komi: miðast við gengi erlendra gjaldmiðla
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Skilmálabreyting skal fara þannig fram að núverandi eftirstöðvar höfuðstóls láns- eða kaupleigusamnings eru endurreiknaðar og lækkaðar sem nemur mismun hækkunar samkvæmt vísitölu neysluverðs og hækkunar lánsins samkvæmt gengi gjaldmiðla frá lántökudegi til þess gjalddaga þegar skilmálabreytingin tekur gildi. Skilmálabreyting skal taka til gjaldfallinna og ógjaldfallinna eftirstöðva höfuðstóls, þ.m.t. til afborgana sem eru í vanskilum, en þó ekki til gjaldfallinna vaxta, dráttarvaxta eða annars áfallins kostnaðar vegna vanefnda. Við þannig endurreiknaðar eftirstöðvar skal bæta 15% álagi. Lántaki hefur val um hvort láns- eða kaupleigusamningur er verðtryggður eða óverðtryggður frá þeim gjalddaga þegar skilmálabreytingin á sér stað. Kjör lánsins skulu miðast við vaxtakjör nýrra láns- eða kaupleigusamninga viðkomandi fjármálafyrirtækis. Lántaka skal jafnframt heimilt að óska lengingar lánsins í allt að 24 mánuði, til að lækka greiðslubyrði lánsins.
3. Við 5. gr. A-liður orðist svo: Fjárhæð eftirstöðva skuldbindingar lántaka skal aldrei ákvarðast hærri en sem nemur mismun á eftirstöðvum skuldbindingar, að teknu tilliti til

skilmálabreytingar skv. 2. gr., og því verði sem lánveitandi hefur sannanlega fengið við endursölu bifreiðarinnar. Seljist bifreið hins vegar ekki innan sex mánaða frá skilmálabreytingu skv. 2. gr. skal miðað við matsverð bifreiðar. Lántaka er heimilt, á eigin kostnað, að óska eftir óháðu mati löggilts bifreiðasala á matsverði bifreiðar og skal við það mat tekið tillit til hæfilegs kostnaðar við sölu bifreiðarinnar. Fallist lánveitandi ekki á það mat getur hann aflað mats dómkvadds matsmanns. Frá matsverði skal draga áfallin gjöld, svo sem bifreiðagjöld, vátryggingar og stöðumælasektir, sem og áfallinn kostnað vegna vanefnda.

Meiri hlutinn gerir fyrirvara við álitið.

Alþingi, 15. júní 2010.

Lilja Mósesdóttir, varaform., frsm., með fyrirvara	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Magnús Orri Schram, með fyrirvara.
Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.		Anna Margrét Guðjónsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið:

Skilmálabreyting samkvæmt svokölluðu bílalánafrumvarpi.
(Minnisblað, 13. júní 2010.)

Í samræmi við óskir efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 12. júní 2010, hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið tekið saman skýringar á framkvæmd skilmálabreytingar sem kveðið er á um í 2. gr. 646. þingmáls.

Segir í greininni: „Skilmálabreyting fer þannig fram að núverandi eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings eru endurreiknaðar og lækkaðar sem nemur mismun hækkunar vísitölu neysluverðs og hækkunar lánsins samkvæmt gengi gjaldmiðla frá lántökudegi til þess gjalddaga sem skilmálabreytingin tekur gildi. Við þannig endurreiknaðar eftirstöðvar skal bæta 15% álagi. Lántaki hefur val um hvort lánið er frá þeim gjalddaga sem skilmálabreytingin á sér stað verðtryggt eða óverðtryggt. Kjör lánsins skulu miðast við vaxtakjör nýrra lána eða kaupleigusamninga viðkomandi fyrirtækis.“

Þær dagsetningar sem miðað er við við skilmálabreytinguna eru annars vegar lántökudagur og hins vegar sá gjalddagi sem skilmálabreytingin tekur til. Í tilviki vísitölu neysluverðs skal

annars vegar miða við stöðu vísitölunnar í þeim mánuði sem viðkomandi lán var veitt og hins vegar við næstnýlegasta gildi vísitölunnar við gjalddagann sem skilmálabreytingin tekur gildi.[9] Í tilviki gengi gjaldmiðla skal miða við miðgildi viðmiðunardagsgildis Seðlabankans á lántökudegi annars vegar og síðasta virka dag þess mánaðar sem vísitölugildið er miðað við.

Dæmi: Óski lántaki sem tekið hefur lán 7. apríl 2007 eftir skilmálabreytingu sem taka skal gildi á gjalddaga í ágúst 2010, skal miðað við gildi vísitölu neysluverðs í apríl 2007 og í júní 2010, en gildi gengis 7. apríl 2007 og 30. júní 2010.

Hér að neðan fylgir dæmi um útreikning á skilmálabreytingu byggt á ofangreindu. Vinsamlegast athugið að miðað er við að breytingin eigi sér stað á gjalddaga 1. apríl sl. þar sem ekki vannst tími til að uppfæra dæmi ráðuneytisins á svo skömmum tíma.

Dæmi.

Lán tekið 30. nóvember 2007 til 72ja mánaða. Myntsamsetning: 50% JPY, 50% CHF, vextir 4,8%. Upphæð við lánveitingu 2.609.814 ISK, sem skiptist þannig:

Höfuðstóll	Mynt (M1)	Miðgildi gengis (G1)	Í ISK
JPY	2.369.542	0,55	1.303.248
CHF	24.009	54,42	1.306.565
Samtals			2.609.814

Skilmálabreytingar óskað fyrir gjalddaga í apríl 2010.

Eftirstöðvar í mars 2010, miðað við miðgildi dagsgengis CHF og JPY 26. febrúar 2010 (síðasta virka dag þess mánaðar sem vísitölugildið miðast við):

Höfuðstóll	Mynt (M2)	Miðgildi gengis (G2)	Í ISK
JPY	1.861.423	1,44	2.676.726
CHF	18.971	119,36	2.264.379
Samtals			4.941.105

Hefur höfuðstóll lánsins hækkað um tæp 90%, þrátt fyrir að lántaki hafi þegar greitt 1,3 m.kr. af láninu (afborganir af höfuðstól, ásamt vöxtum)

Gildi vísitölu neysluverðs í nóvember 2007 og í febrúar 2010: 279,9 og 360,9 (V1-2).

Nýjar eftirstöðvar eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

1. Núverandi eftirstöðvum í erlendri mynt (M2) breytt yfir í ISK miðað við miðgildi gengis á lántökudag (G1).
2. Vísitöluþróun frá nóvember 2007 til febrúar 2010 bætt við (V1-2)
3. 15% álagi bætt við (Á).

---

[9] Hagstofa Íslands miðar við að vísitalan sé birt eigi síðar en næst síðasta virka dag mánaðar – vísitala fyrir júní 2010 birtist því að jafnaði næstsíðasta virka dag þess mánaðar. Gera þarf ráð fyrir eðlilegum vinnslutíma lánveitenda og því eðlilegt að gefa þeim rúman tíma til endurreiknunar.

Höfuðstóll	Mynt (M2)	Miðgildi gengis (G1)	Í ISK	m/ vísitölu (V1-2)	m/15% álagi (Á)
JPY	1.861.423	0,55	1.023.783	1.320.054	1.518.062
CHF	18.971	54,42	1.032.402	1.331.167	1.530.843
Samtals					3.048.905

Höfuðstóllinn hefur því lækkað úr 4.941.105 kr. í 3.048.905 kr., eða sem nemur 38,3%.
Þróun greiðslubyrði er eftirfarandi (gróf áætlun):

Gjalddagi	Heildargreiðsla í ISK
01.01.08 (1. gjalddagi)	42.000
01.03.10 (síðasti gjalddagi fyrir breytingu – full greiðsla)	95.000
01.04.10 (fyrsti gjalddagi eftir breytingu – m.v. 7,95% vexti)	58.000
01.04.10 (fyrsti gjalddagi eftir breytingu, með 24 mánaða lengingu)	45.000

Tekið skal fram að áhrif skilmálabreytingar á eftirstöðvar láns er afar misjöfn. Ræður þar gengissamsetning og lántökudagur mestu um. Er dæmið hér að ofan eitt það tilvika sem myndi gefa hvað mesta lækkun höfuðstóls – er algeng lækkun eftirstöðva 25–40%.

1387. Nefndarálit [646. mál]

um frv. til l. um skilmálabreytingar veðtryggðra lánssamninga og kaupleigusamninga einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Markmið frumvarpsins er að lækka greiðslubyrði skuldugra heimila vegna gengistryggðra bílalána sem veitt hafa verið gegn veði.

Að teknu tilliti til 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar og 65. gr. stjórnarskrár um jafnræði hefur frá upphafi legið fyrir að leita hefði þurft lögfræðiálits um mögulega skaðabótaskyldu ríkisins. Minni hlutinn hefur óskað eftir slíku áliti síðan málið kom inn í nefndina. Nægur tími hefur verið til að vinna það, m.a. áður en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Áður en nefndin afgreiddi málið hefði verið nauðsynlegt að fá slíkt álit til að tryggja vandaða lagasetningu sem samræmist stjórnarskrá.

Einnig er eðlilegt að Alþingi bíði niðurstöðu Hæstaréttar sem mun á næstu dögum kveða upp dóma í nokkrum málum sem snúa að gengistryggðum samningum.

Af þessum ástæðum studdi minni hlutinn ekki að nefndin afgreiddi málið að svo búnu.

Alþingi, 15. júní 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

1388. Breytingartillögur [650. mál]

við frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um vegaframkvæmdir.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Við 1. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Hlutafé félagsins við stofnun er 20 millj. kr. sem greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félagsins er allt hlutafé þess í eigu íslenska ríkisins og er sala þess og ráðstöfun óheimil.
   Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu.
   Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.
2. 4. gr. falli brott.

1389. Frumvarp til laga [516. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn hugsanlega skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með eru taldar rannsóknir, ræktun, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, merkingar, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru eða hluta úr vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti. Þá taka lögin einnig til upplýsingagjafar til almennings og réttar hans til athugasemda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðskýringin „Erfðabreyttar lífverur“ orðast svo: *Erfðabreytt lífvera* er lífvera, önnur en maður, þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun.

b. Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Líffræðileg fjölbreytni* nær eins og hugtakið lífríki til allrar lifandi náttúru, eininganna sem hún er gerð úr og birtingarforma hennar. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrulegan og manngerðan breytileika á öllum skipulagsstigum lífsins, frá erfðavísum og tegundum til vist- og lífkerfa.
c. Við orðskýringu á hugtakinu „Markaðssetning“ bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Markaðssetning nær einnig til innflutnings.
d. Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Sjálfbær þróun* hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar, sbr. 1. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992.
e. Orðskýringin „Slepping eða dreifing“ orðast svo: *Slepping eða dreifing* er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur, eða vara eða hluti úr vöru sem hefur þær að geyma, eru ræktaðar, aldar eða þeim sleppt eða dreift af ásetningi utan húss án þess að þær séu lokaðar af með fullnægjandi tálmunum sem hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.
f. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:
   1. *Umsækjandi* er sá sem afhendir umsókn samkvæmt lögum þessum.
   2. *Varúðarregla* felur í sér að þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni skuli ekki beita skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Það felur í sér að þegar fyrir hendi er vísindaleg óvissa um afleiðingar aðgerða fyrir umhverfið skuli náttúran njóta vafans (sbr. 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992).

4. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim auk þess að beita sér fyrir fræðslu um erfðabreyttar lífverur og áhrif þeirra á umhverfið í samráði við ráðgjafanefnd, sbr. 6. gr.

5. gr.

3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: vöktun erfðabreyttra lífvera og skýrslugjöf þar um.
b. 11. tölul. orðast svo: efni umsókna og meðferð þeirra, þ.m.t. gerð matsskýrslu sem Umhverfisstofnun skal vinna, tilkynningar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, gerð mats á umhverfisáhættu sem umsækjandi framkvæmir og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum.
c. 12. tölul. orðast svo: merkingar og vöruumbúðir erfðabreyttra lífvera eða vara sem innihalda þær.

d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um fullnægjandi tálmanir sem hindra að slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.

7. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Upplýsingagjöf til almennings og réttur almennings til að gera athugasemdir,** með þremur nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (8. gr.)

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir almenningi útdrátt úr umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur eða vöru eða hluta úr vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur á markað. Þá skal veita almenningi aðgang að matsskýrslu sem stofnunin vinnur, sbr. 12. tölul. 1. mgr. 7. gr.

Almenningur getur borið fram athugasemdir til Umhverfisstofnunar innan 30 daga frá birtingu útdráttar úr umsókn. Umhverfisstofnun sér um að koma þeim athugasemdum á framfæri samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú hefur umsókn um að setja erfðabreyttar lífverur á markað í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu komið fram annars staðar á svæðinu og skal þá gera almenningi aðgengilegan útdrátt og/eða matsskýrslu slíkrar umsóknar. Skal almenningi veittur tiltekinn frestur til að gera athugasemdir. Nánar skal kveðið á um framkvæmdina í reglugerð sem ráðherra setur.

b. (9. gr.)

Umhverfisstofnun ber að upplýsa almenning í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið á Íslandi í öðrum tilgangi en að setja þær á markað,
b. þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án leyfis,
c. þegar erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær eru settar á markað án leyfis,
d. þegar Umhverfisstofnun hefur krafist þess að umsækjandi bregðist við, t.d. með því að gera hlé á eða hætta við sleppingu eða dreifingu á erfðabreyttum lífverum vegna nýrra upplýsinga er hafa veruleg áhrif á mat á áhættu samfara sleppingu eða dreifingu, sbr. nánari fyrirmæli í reglugerð sem ráðherra setur.

c. (10. gr.)

Umhverfisstofnun og umsagnaraðilum ber að gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem skaðað gætu samkeppnisstöðu umsækjanda og Umhverfisstofnun hefur, að ósk hans, samþykkt að farið verði með sem trúnaðarmál, samkvæmt nánari fyrirmælum sem umhverfisráðherra setur þar um.

Óheimilt er þó að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál:

a. almenna lýsingu á erfðabreyttum lífverum, nafn og heimilisfang umsækjanda, tilgang og staðsetningu sleppingar eða dreifingar og fyrirhugaða notkun,
b. aðferðir og áætlanir sem varða vöktun erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og viðbrögð í neyðartilfellum,
c. mat á umhverfisáhættu.

8. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðast svo: Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða gögn skulu fylgja umsókn, þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að gera.

9. gr.

Í stað „8., 9. og 10. gr.“ í 11. gr. laganna kemur: 11., 12. og 13. gr.

10. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna, sem verður 16. gr., orðast svo:

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru, mat á umhverfisáhættu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitaefni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

11. gr.

Á eftir 1. málsl. 16. gr. laganna, sem verður 19. gr., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gildistími slíks leyfis má vera að hámarki 10 ár.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna, sem verður 20. gr.:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvaða gögn umsækjanda ber að leggja fram með umsókn, þ.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjanda er skylt að framkvæma.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni umsóknar og semja matsskýrslu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.
c. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun skal senda útdrátt úr umsókn og matsskýrslu sína til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

13. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Að fengnu leyfi til markaðssetningar vöru eða hluta úr vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru eða lífverum, skal umsækjandi tryggja að vöktun og skýrslugjöf sé í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í leyfinu. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd slíkrar vöktunar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna, sem verður 26. gr.:

a. 2. málsl. fellur brott.
b. 3. málsl. orðast svo: Þá er Umhverfisstofnun heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna, úttekta eða kynningar, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir, úttektir eða kynningar og honum gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og þau verkefni sem Umhverfisstofnun er falið að annast samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en framangreindur kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

15. gr.

Í stað orðanna „IV., V. og VI. kafla“ í 26. gr. laganna, sem verður 30. gr., kemur: V., VI. og VII. kafla.

16. gr.

Í stað 2. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 31. gr., koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umhverfisstofnun skal hafa samráð við almenning og, eftir því sem við á, tiltekna hópa um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar, dreifingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Slíkur fundur skal auglýstur sérstaklega.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag samráðs og funda, t.d. tímafresti o.fl.

17. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE, sem vísað er til í IV. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007, þann 28. september 2007.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1390. Frumvarp til laga [255. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að veita eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Til að unnt sé að veita þá vernd sem kveðið er á um í 1. mgr. er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem veitir lágmarksvernd samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Innlánsstofnun:* Viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.
2. *Innstæða:* Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.
3. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
4. *Verðbréf:* Verðbréf eins og þau eru skilgreind í lögum um verðbréfaviðskipti sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.
5. *Verðbréfaviðskipti:* Verðbréfaviðskipti skv. 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Reiðufé:* Fé í eigu fjárfestis í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja sem er í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.
7. *Aðildarríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Vörsluaðili lífeyrissparnaðar:* Aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga.
9. *Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar:* Fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

II. KAFLI
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

3. gr.
Sjóðurinn.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda ekki um sjóðinn.

Sjóðurinn er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og fjármagnstekjuskatts. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Þá verður sjóðurinn hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að gera aðför í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir án tilnefningar en einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnarmenn skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Jafnframt er henni heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eiga ekki við um stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins eða framkvæmdastjóri lögaðila, ef við á, skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Sama á við um starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kann að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðsins.

5. gr.
Ársfundur.

Ársfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á ársfundi skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar, gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fundurinn skal auglýstur opinberlega og eiga rétt til fundarsetu fulltrúar þeirra innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem greiða iðgjöld til sjóðsins, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra, svo og fulltrúar opinberra aðila.

6. gr.
Starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

Fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum.

Rekstrarkostnaður greiðist af eignum sjóðsins í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði.

Fjármálaeftirlitið heldur sérstaka skrá um fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins. Skal skráin uppfærð jafnóðum og breytingar verða og birt á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins og sjóðsins.

7. gr.
Greiðsluskylda sjóðsins.

Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur vernd sjóðsins skv. 12. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:

1. álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, eða
2. úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Álit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. tölul. 1. mgr. skal liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á að aðstæður sem lýst er í 1. tölul. 1. mgr. séu fram komnar hjá innlánsstofnun. Framangreint á þó ekki við gagnvart verðbréfadeild sjóðsins en þá skal álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir innan þriggja vikna.

Nú telur Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands að fjármálafyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins sé í slíkri stöðu að gæti leitt til þess að greiðsluskylda sjóðsins yrði virk og skal það þá þegar tilkynnt sjóðnum.

8. gr.
Lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána á milli sjóðsdeilda fjárhæð sem nemur allt að 50% af kröfu sem gerð er á hendur viðkomandi sjóðsdeild, þó ekki umfram 100 millj. kr. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lán á milli deilda.

Beri brýna nauðsyn til er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans.

Lán sjóðsins samkvæmt þessari grein eru undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.
Innra öryggi.

Stjórn sjóðsins skal tryggja að reglulega sé farið yfir innri verkferla sjóðsins og að tölvubúnaður sé fullnægjandi þannig að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt

lögum þessum. Skýrsla þessu til staðfestingar skal send Fjármálaeftirlitinu sem getur sett nánari reglur um úttekt verkferla eða rekstur og viðhald tölvukerfa samkvæmt þessari grein.

Séu einstök verkefni falin öðrum skal stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli ákvæði 1. mgr.

III. KAFLI
Innstæður.

10. gr.
Iðgjald.

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skiptast í almennt iðgjald skv. 2. mgr., iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar skv. 3. mgr. og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar skv. 4. mgr.

Almennt iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar 1% af innstæðum, þó ekki þeim sem undanþegnar eru tryggingavernd skv. 14. gr., hjá viðkomandi innlánsstofnun, eða 0,25% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald af sem nemur 0,016% á ársgrundvelli, eða 0,004% á ársfjórðungslegum gjalddaga fyrir hvert prósentustig.

Auk iðgjalds skv. 2. og 3. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar og tilkynnir sjóðnum um breytingar á áhættustuðli þegar slíkar breytingar eru gerðar. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 1 en hæst gildið 2 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.

Gjalddagar skulu vera fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

Sjóðnum er heimilt að innheimta viðbótariðgjöld ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.–4. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 8. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.–4. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til slíkrar lækkunar kemur.

11. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddaga skv. 5. mgr. 10. gr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar við sviptingu starfsleyfis í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Greiðslur úr A-deild.

Greiðslur til hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu. Rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt þessari grein.

Hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi hennar er skylt að afhenda sjóðnum allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila, á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Nú er innstæðueigandi rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skiptist þá greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til rétthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal sjóðurinn staðreyna að innstæðueigandi hafi ekki fengið innstæðu sína að hluta, eða öllu leyti, greidda frá viðkomandi innlánsstofnun og dragast þær greiðslur að fullu frá greiðslum úr sjóðnum sem nemur fjárhæð greiðslunnar.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann án sérstakrar framsalsyfirlýsingar kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi. Sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign innstæðueiganda þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús innlánsstofnunar til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr A-deild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við þá skilmála er gilda um innstæðu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að

endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum, að hluta til eða öllu leyti, óháð því hvort hún hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

13. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 12. gr. miðast við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga.

Nú er innstæða í sameign fleiri en eins innstæðueiganda og skal þá hlutdeild hvers um sig við útreikning á greiðslu skv. 12. gr. vera hin sama og hlutdeild þeirra í innstæðu á reikningnum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers aðila skal miða við jafna skiptingu.

14. gr.

Takmarkanir á tryggingavernd.

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,
2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. innstæður annarra félaga í sömu samsteypu,
7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn.

Takmarkanir á tryggingavernd skv. 1. mgr. raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

15. gr.

Frestir.

Hvíli greiðsluskylda á sjóðnum gagnvart innstæðueiganda eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar skal sjóðurinn inna greiðslu af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tuttugu virkum dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, sbr. 7. gr., eða þann dag sem úrskurður var kveðinn upp um að bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar hafi verið tekið til slitameðferðar, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að tíu daga frest til viðbótar.

Innan þess tímafrests sem tilgreindur er í 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna innstæðueiganda skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til frests skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til innstæðueiganda sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Frestur innstæðu-

eiganda í slíkum tilvikum getur þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem er veittur til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggur fyrir.

16. gr.

B-deild.

Eignir og skuldbindingar innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 við gildistöku laga þessara tilheyra sérstakri deild, B-deild.

IV. KAFLI
Verðbréfadeild.

17. gr.

Vernd fjárfesta.

Verðbréfadeild tryggir fjárfestum lágmarksvernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða iðgjöld til verðbréfadeildar sjóðsins frá upphafi starfsemi sinnar. Þeim er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem afhentar hafa verið samkvæmt grein þessari.

Sé ágreiningur um það hvað telst fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sker Fjármálaeftirlitið úr um þann ágreining.

18. gr.

Lágmarksstærð og iðgjöld.

Heildareign verðbréfadeildar skal nema að lágmarki 200 millj. kr. Lágmarkseign skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu janúar 2010.

Fast ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er 800.000 kr. ásamt breytilegu iðgjaldi samkvæmt öðrum eftirfarandi tölulið:

1. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema 10–100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr.
2. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu greiða 400.000 kr.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald ef eign deildarinnar dugir ekki til að standa undir greiðslu úr sjóðnum þegar greiðsluskylda hans verður virk vegna þeirra atvika sem getur í 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu þó hæst nema tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal veita sjóðnum allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að geta reiknað út iðgjald viðkomandi. Skulu upplýsingarnar veittar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert í því formi sem sjóðurinn ákveður.

Standi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki skil á upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt grein þessari er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald fyrirtækisins skv. 2. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöföldu föstu iðgjaldi skv. 2. mgr. og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir deildarinnar hafa náð tilskildu marki skv. 1. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. eða fella þau niður. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til þess kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og lýtur eftirliti eftirlitsaðila þar til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. er 1. mars ár hvert. Nýtt fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hefur starfsemi á álagningarárinu skal greiða ársiðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi hefst.

Iðgjöld eru óendurkræf.

19. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki iðgjald til sjóðsins á gjalddaga samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins leggja álag á iðgjaldið sem nemur 100.000 kr. fyrir hvern dag. Hafi greiðsla iðgjalds og álags ekki verið innt af hendi eigi síðar en 10 dögum eftir gjalddaga skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar.

Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svipt starfsleyfi í heild eða að hluta raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

20. gr.

Greiðslur úr verðbréfadeild.

Hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild sjóðsins til hvers fjárfestis vegna tryggðra verðbréfa eða reiðufjár nemur jafnvirði 20.000 evra (EUR) og verður sjóðurinn ekki krafinn um frekari greiðslu.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi þess er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem njóta verndar skv. 17. gr. á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal stjórn sjóðsins staðreyna að greiðsla á kröfunni hafi ekki fengist að hluta eða öllu leyti frá viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins skal staðreyna að krafa fjárfestis sé réttmæt og skilyrði fyrir greiðslu séu fyrir hendi. Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi. Sé bú fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign fjárfestis þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis kröfu vegna verðbréfs að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála þess verðbréfs sem er grundvöllur endurgreiðslu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krón-

um, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

21. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 20. gr. miðast við allar kröfur fjárfestis á hendur sama fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Nú hafa fleiri menn fjárfest sameiginlega og skal þá hlutdeild hvers um sig gilda við útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miða við jafna skiptingu.

Sé unnt að staðreyna rétt manns til greiðslu úr sjóðnum innan þeirra tímamarka sem afmarkast af áliti Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. eða úrskurði um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar skal hann njóta greiðslunnar, að öðrum kosti gengur rétturinn til þess sem verulegar líkur eru á að eigi réttinn. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til verðbréfa eða reiðufjár skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu.

22. gr.

Undanþágur.

Undanskilin tryggingavernd samkvæmt þessum lögum eru:

1. verðbréf og reiðufé fjármálafyrirtækja,
2. verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. verðbréf og reiðufé fyrirtækis þar sem verðbréfafyrirtæki fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. verðbréf og reiðufé ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. verðbréf og reiðufé rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. verðbréf og reiðufé annarra félaga í sömu samsteypu.

23. gr.

Frestir.

Viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu senda sjóðnum kröfur sínar skriflega ásamt þeim gögnum sem sjóðurinn metur nauðsynleg. Sjóðurinn ákveður, í samráði við Fjármálaeftirlitið, lengd þess frests sem viðskiptavinir hafa til að gera kröfu á sjóðinn. Fresturinn má þó ekki vera styttri en fimm mánuðir.

Ef bú fyrirtækis í verðbréfaviðskiptum er tekið til slitameðferðar skulu viðskiptavinir þess lýsa kröfum í búið áður en þeir gera kröfu á sjóðinn skv. 1. mgr.

Innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna fjárfesti skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til þess frests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem ekki

gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Í slíkum tilvikum getur fresturinn þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Greiðslur til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber að inna af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að þriggja mánaða frest til viðbótar.

Liggi fyrir ákæra á hendur fjárfesti vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 5. mgr. uns dómur liggur fyrir.

V. KAFLI
Erlend útibú.

24. gr.

Útibú innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki skulu greiða iðgjald til sjóðsins vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem nýtur ekki tryggingar sambærilegs tryggingakerfis í heimaríkinu. Sjóðnum er heimilt að gera þeim að greiða viðbótariðgjald, allt að tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr. 10. gr., eða setja tryggingar, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar.

Fjármálaeftirlitið getur veitt innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjald og hefur staðfestu hér á landi undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins vegna útibús fyrirtækisins sem staðsett er utan aðildarríkis. Innstæður, verðbréf og reiðufé í því útibúi njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

25. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi og reglur sem byggjast á þeim. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Sjóðurinn greiðir eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Upplýsingagjöf til viðskiptamanna.

Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta. Upplýsingar skulu vera á tungumáli þess ríkis þar sem starfsstöð er og tiltaka m.a. fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Upplýsingar þessar skulu kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta.

Auglýsingar innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu um vernd sjóðsins skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans. Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.
Fjárfestingarstefna.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárfestingarstefnu hans og gerir grein fyrir henni á ársfundi. Ávöxtun á fé sjóðsins skal við það miðuð að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

28. gr.
Reglugerð.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun á greiðslum úr honum.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á eftirfarandi tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta og 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010 en þó öðlast ákvæði 15. gr. gildi 1. janúar 2011. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara.

31. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum:

a. Við 110. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem veitir ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja á iðgjald skv. 10. eða 18. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
b. 2. mgr. 112. gr. b laganna orðast svo:
   Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna. Hið sama á við ef innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabú slíkra fyrirtækja veita ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem sjóðnum eru nauðsynlegar til að hann geti innt af hendi greiðsluskyldu sína skv. 12. og 20. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. getur ráðherra skipað stjórn sjóðsins fyrir 1. júlí 2010 í samræmi við lög þessi.

Um greiðslur iðgjalda vegna ársins 2009 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999. Um greiðslur iðgjalda vegna fyrstu sex mánaða ársins 2010 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999 og skulu aðildarfyrirtæki greiða helming áætlaðs ársiðgjalds eigi síðar en 31. ágúst 2010.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal fyrsti gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. vera síðasti virki dagur nóvembermánaðar 2010, vegna ársfjórðungsins júlí – september 2010, og fyrsti gjalddagi iðgjalda skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. skal vera síðasti virki dagur febrúarmánaðar 2011.

Þangað til ákvæði 15. gr. öðlast gildi, sbr. 30. gr., skulu tímafrestir sjóðsins til útborgunar fara samkvæmt lögum nr. 98/1999.

II.

Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður eigi síðar en 31. desember 2010. Ekki skal heimilt að leggja þá skyldu á sparisjóðina á árinu 2010 að greiða framlag til sjóðsins. Eignir Tryggingarsjóðs sparisjóðanna skulu renna til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún kann að verða 31. desember 2010. Standa skal skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 31. mars 2011.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga þessara um B-deild sjóðsins.

Ákvæði laga nr. 98/1999 um útgáfu og greiðslu ábyrgðaryfirlýsinga vegna fyrstu sex mánaða ársins 2010 og fyrri ára halda gildi sínu óháð því hvort ábyrgðaryfirlýsingar hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal innheimta fjármuni sem nemur ábyrgðaryfirlýsingum aðildarfyrirtækja og skulu þau hafa staðið skil á greiðslu eigi síðar en 31. desember 2010. Um vanskil fer skv. 11. gr. laga þessara.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal hámarkstrygging samkvæmt lögunum nema jafnvirði 50.000 evra (EUR) til 31. desember 2010.

V.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

1391. Frumvarp til laga [375. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, með tveimur nýjum greinum, 16. og 17. gr., svohljóðandi:

a. (16. gr.)

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar í kjölfar samráðs á ráðherrafundi.

Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

b. (17. gr.)

Forsætisráðherra skipar til þriggja ára í senn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fulltrúi fjármálaráðherra, tveir fulltrúar samtaka ríkisstarfsmanna og tveir aðrir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Forsætisráðuneytið sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu.

Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru:

a. að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita fjármálaráðuneytinu, sem fer með starfsmannamál ríkisins, og öðrum stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu,
b. að veita umsögn um drög að siðareglum á grundvelli laga þessara og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,
c. að beita sér fyrir upplýsingaöflun og fræðirannsóknum á málefnasviði nefndarinnar,
d. að stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við ábendingum eftirlitsembætta Alþingis og öðrum tiltækum upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu,
e. að taka þátt í samstarfi við félagasamtök, stofnanir og embætti hér á landi og erlendis sem vinna gegn spillingu í opinbera geiranum,
f. að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram ef ástæða þykir til tillögur til fjármálaráðuneytis og annarra stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi.

Til þess að tryggja samræmi við störf umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar skal samhæfingarnefndin hafa reglulegt samráð við þau embætti.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, vandaða stjórnsýsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Fyrri málsliður b-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Hann getur látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn vönduðum stjórnsýsluháttum eða siðareglum settum á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að láta starfsmann gjalda þess að hann greini viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hefur orðið áskynja um í starfi.

5. gr.

Við 15. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra staðfestir almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins. Kjósi forstöðumenn stofnana, annarra en ráðuneyta, að útfæra þær nánar með sértækari hætti skal haft um það samráð við viðkomandi starfsmenn og félög þeirra. Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

Forseti Alþingis staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Alþingis og stofnana þess.

Dómstólaráð staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1392. Þingsályktun [383. mál]

um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Í þessu skyni verði:

a. gerð úttekt á lagaumhverfinu svo að hægt sé að afmarka viðfangsefnið og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf,
b. litið til löggjafar annarra ríkja með það að markmiði að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis,
c. kannaðir möguleikar þess að koma á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland, Íslensku tjáningarfrelsisverðlaununum,
d. gerð úttekt á viðbúnaði ríkisins, einkum á sviði öryggismála, vegna starfrækslu alþjóðlegra gagnavera hér á landi,
e. haldin alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um breytingar á lagasetningu og netnotendaumhverfi með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið.

Við starfið verði leitað aðstoðar sérfróðra erlendra aðila.

Markmiðið verði lýðræðisumbætur þar sem traustum stoðum verði komið undir útgáfustarfsemi og ásýnd landsins í alþjóðasamfélaginu efld.

Mennta- og menningarmálaráðherra upplýsi Alþingi um framfylgd verkefna innan Stjórnarráðsins skv. 1.–4. mgr. á þriggja mánaða fresti frá samþykkt ályktunarinnar.

1393. Frumvarp til laga [424. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, 3. málsl., svohljóðandi: Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur á fiskveiðiárunum 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012 bundið meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveðið að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og

byggðalegu tilliti. Handhafa aflahlutdeildar (aflaheimildar) ber að tilkynna Fiskistofu ef áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi, innan mánaðar áður en umrætt framsal eða ráðstöfun á að fara fram. Fiskistofa skal þegar í stað tilkynna ráðherra ef framsal eða önnur ráðstöfun aflaheimilda fer yfir fimmtung eða meira. Ákvörðun ráðherra um að framsal eða önnur ráðstöfun sé óheimil skal tilkynnt handhafa aflaheimildar innan tveggja mánaða frá því að tilkynning barst Fiskistofu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1394. Frumvarp til laga [650. mál]

um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem verður að fullu í eigu ríkisins og hefur það að markmiði að standa að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum við núverandi Suðurlandsveg og Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum og til að ljúka við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald þessara vega.

2. gr.

Heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í stofnun hlutafélags.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags sem hefur það að markmiði að standa að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings. Heimilt er Vegagerðinni að eiga allt að 51% hlutafjár í félaginu og leggja til þess hlutafé í samræmi við fjárheimildir.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald jarðganganna.

3. gr.

Tilgangur félaganna.

Tilgangur félaganna er að annast framkvæmdir skv 1. og 2. gr., þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og taka gjald af umferð um viðkomandi vegi.

Félögunum er heimilt að kaupa einstaka eða alla verkþætti sem kveðið er á um í 1. mgr. af Vegagerðinni.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félaganna skal nánar lýst í samþykktum þeirra.

4. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Hlutafé félaganna skal við stofnun þeirra vera 20 millj. kr. er greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félaganna skal allt hlutafé þeirra vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra skal fara með hlut ríkisins í félögunum.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félögin ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

5. gr.

Stjórnir félaganna.

Stjórnir félaganna skulu við stofnun þeirra skipaðar þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Stjórnir félaganna skulu eins og unnt er vinna að verkefnum sem félögunum eru falin í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefna.

Stjórnir félaganna ráða framkvæmdastjóra sem skulu hafa reynslu af vegagerð og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

6. gr.

Samningar ríkisins við félögin.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við félögin um uppbyggingu, rekstur og viðhald þeirra framkvæmda sem þau annast uppbyggingu á skv. 1. og 2. gr.

7. gr.

Gjaldskrá.

Félögunum er heimilt að innheimta gjald fyrir notkun mannvirkja sem þeim hefur verið falið að annast framkvæmdir við. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd viðkomandi mannvirkja, auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá er heimilt að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar samkvæmt nánari ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Félögin skulu auglýsa gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu sinni.

Eigandi ökutækis eða umráðamaður, ef um kaupleigu er að ræða, ber ábyrgð á greiðslu gjalda. Gjöld skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1395. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður orðast svo: Helstu verkefni sem undir varnarmál falla eru.
b. Í stað orðanna „starfssviði Varnarmálastofnunar“ í 9. tölul. kemur: varnarmálum.
c. Orðin „Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi“ í 11. tölul. falla brott.
d. 12. tölul. fellur brott.
e. Í stað orðanna „á starfssviði stofnunarinnar“ í 13. tölul., er verður 12. tölul., kemur: varnarmála.
f. 14. tölul. fellur brott.
g. 15. tölul., er verður 13. tölul., orðast svo: Önnur verkefni samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Verkefni er falla undir varnarmál.*

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Verksamningar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. og V. kafla laga þessara er utanríkisráðherra heimilt, með samþykki hlutaðeigandi ráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir lögin falla, við aðrar ríkisstofnanir. Áætlanir um gerð slíkra samninga skulu kynntar utanríkismálanefnd áður en til þeirra er stofnað.

4. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:
   Stofnunum sem vinna við verkefni samkvæmt lögum þessum er óheimilt að ráða til slíkra starfa eða hafa við slík störf einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 24. gr.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: utanríkisráðuneytið.
c. Orðin „og aðila máls leiðbeint um rétt til að kæra ákvörðunina til utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

6. gr.

10. og 11. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. mgr. 12. gr., 1. málsl. 14. gr. og 17. gr. laganna kemur: Utanríkisráðherra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 13. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. kemur: Utanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. kemur: Honum.
c. 4. málsl. fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna og sama orðs í 2. mgr. kemur: Utanríkisráðherra; og: hann.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ og orðsins „stofnunin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Utanríkisráðherra; og: hann.
c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnunar“ og orðsins „stofnunin“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissjóðs; og: utanríkisráðherra.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði Atlantshafsbandalagsins.*

11. gr.

Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 19. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: Utanríkisráðuneytið.

12. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Utanríkisráðuneytið annast í samvinnu við viðeigandi stofnanir undirbúning og framkvæmd varnaræfinga.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Starfsmenn Varnarmálastofnunar“ í 1. málsl. kemur: Þeir starfsmenn stofnana, verktaka og annarra aðila sem vinna við einstök verkefni samkvæmt lögum þessum.
b. 3. málsl. fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ og orðsins „stofnunin“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Utanríkisráðuneytið; og: það.
b. Í stað orðsins „Stofnunin“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Ráðuneytið.

c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. og orðsins „hún“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Utanríkisráðuneytið; og: það.
d. Orðið „utanríkisráðuneytisins“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 24. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 1. málsl. kemur: Utanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Varnarmálastofnunar“ í 2. málsl. kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Varnarmálastofnun“ í 3. málsl. kemur: Ráðuneytið.

16. gr.

25. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skýrsla um varnarmál.

Utanríkisráðherra flytur utanríkismálanefnd Alþingis árlega skýrslu um varnar- og öryggismál og framkvæmd laga þessara. Enn fremur hefur ráðherra samráð við utanríkismálanefnd um öll meiri háttar varnar- og öryggismál, sbr. 24. gr. þingskapalaga.

17. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
a. Orðin „verkefni Varnarmálastofnunar og“ í 1. málsl. falla brott.
b. A-liður fellur brott.

19. gr.

Í stað orðsins „Stjórnsýslukæra“ í fyrirsögn X. kafla laganna kemur: Reglugerðarheimildir.

20. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast þrír nýir töluliðir sem orðast svo:
3. Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal Varnarmálastofnun starfa áfram til 1. janúar 2011. Til þess tíma fer stofnunin með verkefni skv. 7. gr. og V. kafla laga þessara, nema ráðherra hafi falið þau annarri stofnun skv. 7. gr. a, en frá þeim tíma skal hún lögð niður. Á þessu tímabili mega starfsmenn stofnunarinnar hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.
4. Forstjóri Varnarmálastofnunar skal leystur undan reglubundnum starfsskyldum sínum, þ.m.t. stjórn stofnunarinnar og ábyrgð á daglegum rekstri, frá og með 1. september 2010. Frá sama tíma skipar utanríkisráðherra verkefnisstjórn sem tekur yfir starfsskyldur forstjórans, en embætti forstjóra er lagt niður um leið og stofnunin. Skal núverandi forstjóri vera verkefnisstjórninni til aðstoðar og ráðgjafar frá því að starfsskyldum er létt af honum til þess tíma er stofnunin er lögð niður svo að sem minnst röskun verði á starfsemi hennar. Á þeim tíma skal hann njóta sömu kjara og hann nýtur nú, en um rétt hans eftir að stofnunin er lögð niður fer skv. 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum samkvæmt lögunum þar til stofnunin verður lögð niður, sbr. 3. tölul. Hún getur gert tillögur til utanríkisráðherra um ráðstöfun verkefna skv. 7. gr. a og skal ráðherra

kynna utanríkismálanefnd slíkar tillögur áður en þær koma til framkvæmda. Verkefnisstjórnin skal jafnframt gera utanríkismálanefnd grein fyrir störfum sínum með reglubundnum hætti. Hún skal skipuð fimm einstaklingum sem tilnefndir eru af forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

5. Starfsfólki Varnarmálastofnunar, sem við gildistöku laga þessara fæst við þau verkefni sem kunna að verða falin öðrum stofnunum, skal fyrir 1. janúar 2011 boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falin verða verkefni samkvæmt lögum þessum, sbr. 7. gr. a. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1396. Breytingartillaga [581. mál]

við frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá Bjarna Benediktssyni og Ragnheiði E. Árnadóttur.

Í stað 1.–20. gr. komi ein ný grein, svohljóðandi:

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo:

Utanríkisráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur það að hlutverki að gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar og niðurlagningu stofnunarinnar í kjölfar þeirra ráðstafana. Verkefnisstjórnin skal skipuð fimm einstaklingum og skal stjórnarandstaða tilnefna tvo þeirra. Við tillögugerð sína skal verkefnisstjórnin hafa samráð við Varnarmálastofnun og afla sér faglegrar þekkingar á framkvæmd öryggis- og varnarmála. Eigi síðar en 1. október 2010 skal verkefnisstjórnin skila tillögum í frumvarpsformi til utanríkisráðherra sem leggur þær fram á Alþingi ásamt öðrum viðeigandi tillögum að breytingum á lögum þessum.

1397. Lög [152. mál]

um stjórnlagaþing.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1326 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Forseti Alþingis skal í samráði við stjórnlaganefnd boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

2. gr. hljóðar svo:

Stjórnlagaþing skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þeir skulu kosnir persónukosningu.

Þingið skal koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum 15. apríl 2011 en getur ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrr.

Stjórnlagaþingi er heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þingsins verði framlengdur með þingsályktun um allt að tvo mánuði.

4. gr. hljóðar svo:

Forseti Alþingis ákveður kjördag í samráði við stjórnlaganefnd og dómsmála- og mannréttindaráðherra. Kosning til stjórnlagaþings skal fara fram eigi síðar en 30. nóvember 2010. Skal kosningin vera leynileg.

6. gr. hljóðar svo:

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru þeir sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra, ráðherrar og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd eru þó ekki kjörgengir.

14. gr. hljóðar svo:

Úrslit kosninganna ráðast af eftirfarandi aðgerðum:

1. *Talnaröð rofin:* Aðgætt skal hvort talnaröð kjósanda á frambjóðendum sé samfella tölustafanna 1, 2, 3 o.s.frv. Eftirfarandi gildir ef talnaröðin er rofin eða aðrir gallar reynast á henni:
   a. Horft skal fram hjá merkingu með krossi svo og merkingu með tölustöfum utan talnarununnar frá 1 til og með 25. Hafi þó einungis verið merkt við nafn eins frambjóðanda með krossi eða öðrum hætti í ferninginn fyrir framan nafn hans skal líta svo á að kjósandinn hafi raðað honum númer 1.
   b. Sé eyða í talnaröðun frambjóðenda skal líta svo á að röðin nái aðeins að eyðunni.
   c. Sé tölustafur tvítekinn er röðin aðeins gild fram að tvítekna tölustafnum.
   d. Ef engin talnaröðun verður lesin af kjörseðli vegna atvika sem greinir í a–c-lið, svo sem ef enginn frambjóðandi telst tölusettur að 1. vali, telst atkvæðið ekki lengur gilt.
2. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut frambjóðanda með þeim hætti að deila tölu gildra atkvæða með 26.
3. *Flokkun kjörseðla:* Atkvæði skulu flokkuð í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru númer 1 í talnaröð á viðkomandi kjörseðlum. Hafi frambjóðandi ekki verið tilgreindur númer 1 á neinum kjörseðli skal hann fá í upphafi ígildi bunka þótt tómur sé.

   Ákvarða skal gildi atkvæða í hverjum bunka. Í upphafi er gildi hvers atkvæðis jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 4. tölul. Með atkvæðagildi frambjóðanda er átt við samtölu gilda allra atkvæða í bunka hans.
4. *Röðun í efstu sæti:* Frambjóðendum skal raðað í sæti með eftirgreindum hætti að því marki sem unnt er:
   a. Sé hæsta atkvæðagildi frambjóðanda jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal frambjóðandanum raðað í efsta lausa sæti, í byrjun í fyrsta sæti.
   b. Sé atkvæðagildi annarra frambjóðenda einnig jafnt eða hærra en nemur sætishlut skal þeim raðað í efstu lausu sæti í réttri röð miðað við atkvæðagildi.

c. Ákvarða skal færsluhlutfall atkvæða hvers þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið í sæti skv. a- og b-lið og fæst það með því að deila þeim hluta atkvæðagildis frambjóðandans sem er umfram sætishlut með fullu atkvæðagildi hans.
d. Endurmeta skal atkvæðagildi hvers frambjóðanda á viðkomandi seðlum með því að margfalda fyrra atkvæðagildi með færsluhlutfallinu.
e. Atkvæðin skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum sé það að finna, að teknu tilliti til 1. og 7. tölul.

5. *Röðun í neðstu sæti:* Komi að því að enginn frambjóðandi finnst með atkvæðagildi sem er jafnt eða hærra en sætishluturinn, sbr. 4. tölul., skal finna þann frambjóðanda sem hefur lægsta atkvæðagildið jafnt þótt það sé núll að gildi, sbr. 3. tölul. Þessum frambjóðanda skal raðað í neðsta lausa sæti, í upphafi í sæti með raðtölu sem er jöfn fjölda frambjóðenda til stjórnlagaþings. Atkvæði þessa frambjóðanda skulu síðan færð til þeirra frambjóðenda sem raðað hefur verið númer 2 á umræddum kjörseðlum að því marki að kjósendur hafi tilgreint slíka röðunartölu og þau nöfn hafi ekki verið afmáð vegna uppfærslu skv. 7. tölul.
6. *Lok röðunar:* Beita skal ákvæðum 4. og 5. tölul. samkvæmt röðunartölum á kjörseðlum allt þar til öllum frambjóðendum til stjórnlagaþings hefur verið raðað. Ákvæði 4. tölul. hefur ávallt forgang.
7. *Uppfærsla nafna og valtalna:* Í hvert sinn sem frambjóðanda hefur verið skipað í sæti samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. tölul. skal samstundis afmá nafn hans af öllum kjörseðlum. Skapist af þeim sökum eyða í talnaröð á kjörseðli skal hækka röðunartölur þeirra frambjóðenda sem koma á eftir þeim frambjóðanda sem um ræðir. Þetta hvort tveggja skal gera áður en kjörseðlar eru færðir í bunka annarra frambjóðenda. Tæmist talnaröð kjósanda á kjörseðli við beitingu 4. eða 5. tölul. kemur atkvæðið ekki lengur til álita og skal lagt til hliðar.
8. *Hlutkesti:* Nú eru einhverjar stærðir sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar og skal þá hluta um þær.

Nú skal þeim úthlutað sætum á stjórnlagaþingi sem eru í efstu 25 sætum miðað við framangreinda röðun.

Hafi frambjóðendur af öðru kyninu fengið úthlutað færri en 10 sætum eða sem nemur tveimur fimmtu allra þingsæta skal úthluta sætum til þeirra frambjóðenda af því kyni sem næstir eru í röðinni, sé þá að finna, þangað til hlutfall þeirra nemur að minnsta kosti tveimur fimmtu allra fulltrúa, þó aldrei þannig að heildarfjöldi þingfulltrúa fari yfir 31.

Að lokinni talningu og úthlutun sæta birtir landskjörstjórn greinargerð um úrslitin opinberlega og boðar frambjóðendur til stjórnlagaþings til fundar. Þar lýsir hún úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagaþingi. Eftir að kjörbréf hafa verið afhent tilkynnir landskjörstjórn forseta Alþingis um niðurstöðu kosninganna og sendir nöfn hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum.

Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings sem náð hefur kjöri og sker landskjörstjórn þá úr.

16. gr. hljóðar svo:

Forseti Alþingis setur stjórnlagaþing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og víkur forseti Alþingis svo af stjórnlagaþingi.

Forseti stjórnlagaþings stýrir kjöri varaforseta og þriggja formanna starfsnefnda úr hópi þingfulltrúa á fyrsta fundi stjórnlagaþings.

Forseti, varaforseti og formenn starfsnefnda skipa forsætisnefnd stjórnlagaþings.

Forseti stjórnlagaþings er formaður forsætisnefndar. Hann ber ábyrgð á rekstri stjórnlagaþings og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

Forsætisnefnd hefur yfirumsjón með skipulagi þingsins og gerir starfsáætlun um samkomutíma þess, svo og um skipulag á störfum starfsnefnda, sbr. 17. gr.

25. gr. hljóðar svo:

Í starfsreglum þingsins skal kveðið á um meðferð og umræður um tillögur nefnda þingsins.

Við lok tímabilsins skal forsætisnefnd falið að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

27. gr. hljóðar svo:

Frumvarp sent Alþingi.

Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal það sent Alþingi til meðferðar.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Við gildistöku þessara laga skal forsætisnefnd Alþingis skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagaþings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins ásamt undirbúningi þjóðfundar og skal nefndin ráða framkvæmdastjóra. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af forsætisráðherra.

Nefndin skal undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Þá skal hún hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagaþings.

Við samþykkt laga þessara skal Alþingi kjósa sjö manna stjórnlaganefnd sem verði sjálfstæð í störfum sínum. Nefndin fái það hlutverk að undirbúa og standa að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni. Þjóðfundinn skal halda tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagaþings samkvæmt lögunum. Miða skal við að þátttakendur á þjóðfundi verði um eitt þúsund talsins og skulu þeir valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá þannig að gætt sé að eðlilegri skiptingu þátttakenda af landinu öllu og að kynjaskipting sé sem jöfnust. Úrtakið skal bundið við þá sem eiga kosningarrétt til stjórnlagaþings og lögheimili á Íslandi. Á þjóðfundinum skal leitast við að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni og skal nefndin vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagaþingi þegar það kemur saman.

Nefndin skal jafnframt annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi og enn fremur leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman.

1398. Lög [112. mál]

um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1382.

1399. Lög [375. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1391.

1400. Lög [424. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda).

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1393.

1401. Lög [650. mál]

um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem verður að fullu í eigu ríkisins og hefur það að markmiði að standa að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum við núverandi Suðurlandsveg og Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum og til að ljúka við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald þessara vega.

Hlutafé félagsins við stofnun er 20 millj. kr. sem greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félagsins er allt hlutafé þess í eigu íslenska ríkisins og er sala þess og ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í stofnun hlutafélags.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags sem hefur það að markmiði að standa að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings. Heimilt er Vegagerðinni að eiga allt að 51% hlutafjár í félaginu og leggja til þess hlutafé í samræmi við fjárheimildir.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald jarðganganna.

3. gr.

Tilgangur félaganna.

Tilgangur félaganna er að annast framkvæmdir skv 1. og 2. gr., þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og taka gjald af umferð um viðkomandi vegi.

Félögunum er heimilt að kaupa einstaka eða alla verkþætti sem kveðið er á um í 1. mgr. af Vegagerðinni.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félaganna skal nánar lýst í samþykktum þeirra.

4. gr.

Stjórnir félaganna.

Stjórnir félaganna skulu við stofnun þeirra skipaðar þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Stjórnir félaganna skulu eins og unnt er vinna að verkefnum sem félögunum eru falin í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefna.

Stjórnir félaganna ráða framkvæmdastjóra sem skulu hafa reynslu af vegagerð og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

5. gr.

Samningar ríkisins við félögin.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við félögin um uppbyggingu, rekstur og viðhald þeirra framkvæmda sem þau annast uppbyggingu á skv. 1. og 2. gr.

6. gr.

Gjaldskrá.

Félögunum er heimilt að innheimta gjald fyrir notkun mannvirkja sem þeim hefur verið falið að annast framkvæmdir við. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd viðkomandi mannvirkja, auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá er heimilt að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar samkvæmt nánari ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Félögin skulu auglýsa gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu sinni.

Eigandi ökutækis eða umráðamaður, ef um kaupleigu er að ræða, ber ábyrgð á greiðslu gjalda. Gjöld skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1402. Svar [612. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um Sjóvá.

1. Hvernig er eignaumsýslu Sjóvár háttað?

Forsaga málsins er sú að vorið 2009 óskaði skilanefnd Glitnis eftir því við helstu kröfuhafa á eignarhaldsfélög Sjóvár að staðið yrði sameiginlega að aðgerðum til að bjarga tryggingarhluta Sjóvár frá gjaldþroti. Tryggingarhluti félagsins hafði áður verið í sölumeðferð þar sem vonir stóðu til að erlendir aðilar mundu koma að endurreisn félagsins en upp úr þeim viðræðum slitnaði. Lendi tryggingafélag í gjaldþroti er fyrsti kostur sá að annað eða önnur tryggingafélög taki við tryggingarstarfseminni en í tilviki Sjóvár taldi Fjármálaeftirlitið að vegna stærðar Sjóvár og hárrar markaðshlutdeildar væri ekki æskilegt að hin tryggingafélögin tækju við tryggingarstarfsemi Sjóvár. Til að viðhalda tryggingarstarfsemi Sjóvár þurfti að leggja til eigið fé að andvirði 16 milljarðar kr.

Niðurstaðan varð sú að þrír stærstu hagsmunaaðilar að áframhaldandi rekstri félagsins, þ.e. Glitnir, Íslandsbanki og ríkissjóður sem kröfuhafi, lögðu félaginu til aukið eigið fé. Framlag ríkissjóðs var með þeim hætti að dótturfélagi Glitnis, SAT eignarhaldsfélagi, voru seldar skilgreindar veðkröfur. Umsamið kaupverð á þessum eignum var 11,6 milljarðar kr. Með

þessum samningi fékk ríkissjóður handveð í ríflega 73% hlut af hlutabréfum í SA tryggingum hf. (Sjóvá).

Ákvæði sölusamnings er að skilanefnd Glitnis er heimilt að greiða kaupverðið með því að afhenda ríkinu hlutafé sitt í SA tryggingum hf. (Sjóvá) og skal það teljast fullnaðargreiðsla, en greiðslu á að inna af hendi í síðasta lagi 18 mánuðum frá dagsetningu á samningi um kröfukaup. Glitni er þó heimilt að selja hlutina fyrir gjalddaga enda renni þá söluandvirði þeirra óskipt til seljanda. Ef söluverðið er lægra en kaupverð kröfu ríkissjóðs er Glitni óheimilt að selja hlutina nema að fengnu samþykki seljanda.

Um áramótin 2009–2010 var umsýsla krafna sem voru í eigu fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands sameinuð í eignaumsýslufélagi sem Seðlabanki Íslands stofnaði, Eignasafni SÍ. Ákvörðunarvald og eftirlit með þessum kröfueignum með veði í hlutafé Sjóvár er því alfarið í höndum Eignasafns SÍ.

Þann 3. maí sl. var gert samkomulag milli SAT og Eignasafns SÍ þess efnis að uppgjöri á framangreindum sölusamningi yrði flýtt og gerði SAT upp við Eignasafn SÍ með framsali á 73,03% eignarhlut í Sjóvá.

Eignarhaldi Sjóvár er háttað þannig að Íslandsbanki á 9,30% í tryggingafélaginu, SAT 17,67% og Eignasafn SÍ 73,03%.

2. *Hvernig verður staðið að sölu Sjóvár út frá eigendastefnu ríkisins og reglum fjármálafyrirtækja um endurskipulagningu skulda fyrirtækja?*
3. *Hvenær er ætlunin að selja Sjóvá?*

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. var falið að annast söluferli á Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Um er að ræða opið söluferli sem hófst formlega með birtingu auglýsingar þar um þann 18. janúar sl.

1403. Svar [626. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða vinnuhópar, ef einhverjir eru, innan ráðuneytisins eða undirstofnana þess fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu?*

Innan dómsmálaráðuneytisins og/eða undirstofnana þess eru engir fastskipaðir vinnuhópar sem fjalla um málefni tengd umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar hafa fimm starfsmenn ráðuneytisins verið tilnefndir sem fulltrúar þess í jafnmörgum samningahópum samninganefndar Íslands vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið, nánar tiltekið fulltrúar í samningahóp um utanríkisviðskipta-, utanríkis- og öryggismál, um dóms- og innanríkismál, um lagaleg málefni og loks EES-II um félagsmál, þjónustu, fjárfestingar, umhverfismál o.fl. Þessir fulltrúar ráðuneytisins leita samráðs, sérþekkingar og aðstoðar annarra starfsmanna ráðuneytisins og undirstofnana þess eftir atvikum.

2. *Hversu margir starfsmenn má ætla að vinni að aðildarumsókninni innan ráðuneytisins og undirstofnana þess og hversu hátt hlutfall er það af heildarstarfsmannafjölda?*

Fjöldi starfsmanna hefur komið að vinnu við aðildarumsóknina, bæði innan ráðuneytisins sem og utan þess í undirstofnunum, og má áætla að það séu um 30–35 starfsmenn samtals. Starfsmenn hafa ekki skráð þá tíma sérstaklega sem fara í vinnu vegna aðildarumsóknarinnar, en ljóst er að umtalsverð vinna fór fram af hálfu starfsmanna ráðuneytisins og undirstofnana við gerð svara við spurningum sl. haust og vegna rýnivinnunnar. Má áætla að sú vinna hafi numið á að giska tveimur stöðugildum á ársgrundvelli. Hafa umræddir starfsmenn unnið þessi verkefni til viðbótar við sín venjubundnu verkefna án sérstakrar greiðslu fyrir.

3. *Hvað er áætlað að ráðuneytið og undirstofnanir þess verji miklu fé, á þessu ári og því næsta, til vinnu vegna aðildarumsóknarinnar?*

Í tengslum við svör við spurningalistum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem bárust íslenskum yfirvöldum í september 2009, leitaði ráðuneytið álits tveggja sérfræðinga utan ráðuneytisins en alls var 400–450 spurningum, af þeim 2.300 sem heildarlistarnir innihéldu, beint til dómsmálaráðuneytisins. Þá var hin svokallaða rýnivinna á löggjöf Evrópusambandsins, þá sérstaklega á sviði dóms- og innanríkismála, afar viðamikil og tímafrek. Að öðru leyti hafa ekki verið bein fjárútlát í tengslum við aðildarumsóknina, nema þá starfshlutfall þeirra starfsmanna sem sinnt hafa vinnunni og um leið þurft að setja sín daglegu verkefni í bið á meðan eða unnið þau utan reglulegs vinnutíma en starfsmenn hafa ekki fengið sérstaklega greitt fyrir þá vinnu.

4. *Hefur starfsmönnum í ráðuneytinu eða undirstofnunum þess verið fjölgað vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, hve mörg stöðugildi er um að ræða?*

Starfsmönnum hefur ekki verið fjölgað, hvorki hjá ráðuneytinu né undirstofnunum þess, í tengslum við aðildarumsókn Íslands.

5. *Hefur ráðuneytið keypt einhverja utanaðkomandi ráðgjöf vegna aðildarumsóknarinnar og ef svo er, af hverjum var sú ráðgjöf keypt og hversu mikill var kostnaðurinn við það?*

Eins og nefnt var hér að framan í svari við 3. tölul. leitaði ráðuneytið álits tveggja sérfræðinga utan ráðuneytisins í tengslum við svör við spurningalistum Evrópusambandsins. Umræddir sérfræðingar voru Björg Thorarensen prófessor og Símon Sigvaldason héraðsdómari. Ekki var greitt sérstaklega fyrir þá vinnu af hálfu ráðuneytisins.

6. *Liggur fyrir hvaða skipulagsbreytingar á stjórnsýslu þeirri sem undir ráðuneytið heyrir þurfa að vera komnar til framkvæmda áður en til aðildar kemur til að uppfylla kröfur Evrópusambandsins? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar sem eru fyrirsjáanlegar þrátt fyrir að heildarumfang þeirra liggi ekki fyrir.*

Ekki er sérstök þörf á skipulagsbreytingum í ráðuneytinu vegna aðildarumsóknarinnar. Skipulagsbreytingar eru ekki fyrirsjáanlegar vegna hennar.

1404. Svar [647. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána.

1. *Hefur ráðuneytið aflað lögfræðiálits (eins eða fleiri, innan eða utan húss) um lögmæti gengistryggðra lána?*

Nei, ráðuneytið hefur ekki aflað lögfræðiálits, hvorki innan húss né utan, um lögmæti gengistryggðra lána.

2. *Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?*

Þau málefni sem um ræðir eru á forræði efnahags- og viðskiptaráðherra. Á þingskjali nr. 733 er að finna svör efnahags- og viðskiptaráðherra við nánast samhljóða fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur. Þar kemur fram að þar sem þessi málefni eru nú til meðferðar hjá dómstólum telji efnahags- og viðskiptaráðuneytið ekki ástæðu til að afla álits af þessu tagi. Þau mál sem um ræðir eru enn til meðferðar hjá Hæstarétti.

3. *Ef svo er:*
   a. *hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu og*
   b. *var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?*

Sem fyrr segir hefur ráðuneytið ekki aflað lögfræðiálits um lögmæti gengistryggðra lána.

1405. Fyrirspurn [679. mál]

til forsætisráðherra um aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta.

Frá Óla Birni Kárasyni.

1. Hver hefur kostnaður við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta verið á tímabilinu maí 2007 til maí 2010?
2. Hversu stór hluti kostnaðarins hefur verið vegna aðkeyptrar þjónustu, ráðgjafar og sérverkefna sem unnin hafa verið af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum íslenskra háskóla?
3. Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir ráðuneytum?
4. Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir einstökum aðkeyptum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf, sundurgreint annars vegar eftir háskólum og hins vegar eftir einstökum starfsmönnum og kennurum?

Skriflegt svar óskast.

1406. Svar [541. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um hjúkrunarrými, heimahjúkrun og heimaþjónustu.

1. *Hve mörg hjúkrunarrými eru hér á landi og hver er meðallegutími?*

Í maí 2010 voru 2.529 hjúkrunarrými skráð á landinu. Meðallegutími er 3,32 ár.

2. *Hvað er ráðgert að mörg ný hjúkrunarrými verði tilbúin á næstu árum?*

Í framkvæmdaáætlun um byggingu nýrra hjúkrunarrýma og fjölgun einbýla árin 2008 - 2012 sem kynnt var 12. ágúst 2008 var gert ráð fyrir 400 nýjum hjúkrunarrýmum sem viðbót við þau hjúkrunarrými sem þá voru í notkun og auk þess 380 rýmum til að breyta fjölbýlum í einbýli.

Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs hefur ekki orðið af áformum um fjölgun hjúkrunarrýma en ráðgert er að 60 ný hjúkrunarrými verði tekin í notkun árið 2012. Hins vegar er mikið um nýbyggingar til að leysa af hólmi eldri hjúkrunarrými og vinna að því marki að fjölga einbýlum. Í Boðaþingi í Kópavogi var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir 44 hjúkrunarrými í mars sl. og nýtt húsnæði fyrir 110 hjúkrunarrými við Suðurlandsbraut í Reykjavík verða tekin í notkun í september í ár. Nýtt húsnæði er í byggingu á Jaðri í Snæfellsbæ og hönnunarsamkeppni stendur yfir varðandi hönnun nýs húsnæðis fyrir Hulduhlíð í Fjarðabyggð.

Í október 2009 fól ríkisstjórnin félags- og tryggingamálaráðherra að vinna áfram, í samstarfi við fjármálaráðuneytið, að samningsgerð við níu sveitarfélög um byggingu 361 hjúkrunarrýmis þar sem meginhersla er lögð á að bæta aðbúnað og aðstöðu einstaklinga og starfsfólks en áætlað er að raunfjölgun rýma verði aðeins 60. Nú þegar hefur verið skrifað undir samninga við sex sveitarfélög og verður leigukostnaður greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

3. *Hvað kostar að reka eitt hjúkrunarrými á ári?*

Hjúkrunarrými eru rekin á daggjöldum sem taka m.a. mið af hjúkrunarþörf þeirra einstaklinga sem þar dveljast. Miðað við meðalhjúkrunarþyngd á landinu árið 2010 kostar um 7,8 millj. kr. að reka eitt hjúkrunarrými á ári.

Daggjald á að standa undir öllum rekstrarkostnaði heimilisins. Má þar nefna allan umönnunarkostnað og aðhlynningu, heilbrigðisþjónustu, lyf, ákveðin hjálpartæki, fæði, lín, þvott á fatnaði og líni og rekstur húsnæðis.

4. *Hvert er hlutfall hjúkrunarrýma hér á landi í samanburði við nágrannaríki, greint eftir fjölda aldraðra og sundurliðað eftir löndum?*

Eftirfarandi tölur eru frá árinu 2007 og koma frá Hagstofu Íslands. Nýrri tölur liggja ekki fyrir. Hér er um að ræða samanburð á öldrunarrýmum milli nokkurra landa en inn í þessar tölur eru ekki tekin öldrunarrými á heilbrigðisstofnunum.

Lönd	Fjöldi rýma	Á 1.000 íbúa	Á 1.000 íbúa 65 ára og eldri
Ástralía	163.739	7,8	59,3
Bandaríkin	1.613.942	5,4	42,6
Belgía	128.180	12,1	70,6
Danmörk	14.793	2,7	17,5
Finnland	51.487	9,7	59,0
Ísland*	2.179	7,0	60,6
Ítalía	204.251	3,5	17,6
Japan	726.701	5,7	26,5
Kórea	51.310	1,1	10,7
Lúxemborg	3.284	6,9	49,2
Noregur	41.257	8,8	59,9
Pólland	88.328	2,3	17,2
Slóvakía	30.567	5,7	47,4
Sviss	87.960	11,7	71,5
Svíþjóð	134.603	14,7	84,4
Tékkland	31.221	3,0	20,9
Ungverjaland	88.525	8,8	54,8
Þýskaland	799.059	9,7	48,0

*Ef öldrunarrými á heilbrigðisstofnunum eru hins vegar tekin með verður heildarfjöldi hjúkrunarrýma á Íslandi 2.562 (heildarfjöldi hjúkrunarrýma árið 2007). Það gerir 8,2 rými á 1.000 íbúa og 70,1 rými á á 1.000 íbúa 65 ára og eldri.

5. *Hver er meðallegutími í nágrannaríkjunum?*

Meðallegutími í hjúkrunarrými á Norðurlöndunum er u.þ.b. tvö ár. Samanburður er erfiður, þar eð forsendur að baki skilgreiningum á því hvað telst vera hjúkrunarrými (e. long term care) fyrir aldraða geta verið ólíkar. Ef litið er til Norðurlandanna og Kanada virðist meðallegutími vera á bilinu 2–2,5 ár.

6. *Hvert er þjónustustig heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu við aldraða hér á landi í samanburði við nágrannaríki?*

Ef átt er við hversu mikla þjónustu er unnt að veita er erfitt að bera það saman milli landa, m.a. vegna þess hve uppbygging þjónustunnar er ólík. Á Íslandi er einnig mjög mismunandi milli sveitarfélaga hvaða þjónusta er veitt. Einungis í fáum sveitarfélögum er unnt að fá heimahjúkrun eða félagslega heimaþjónustu á kvöldin, um nætur eða um helgar.

7. *Hve mikla þjónustu er unnt að veita í heimahjúkrun og heimaþjónustu sveitarfélaga svo að það teljist fjárhagslega hagkvæmara en þjónusta í hjúkrunarrými?*

Kostnaður við vikudvöl í hjúkrunarrými er sambærilegur við 25-26 heimsóknir heimahjúkrunar fyrir sama tímabil. Hver heimsókn reiknast þá 30 mínútur.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur ekki reynst unnt að fá nægilega nákvæmar kostnaðarupplýsingar varðandi félagslega heimaþjónustu svo unnt sé að svara spurningunni varðandi þann þátt en ljóst er að margir sem fá heimahjúkrun fá einnig félagslega heimaþjónustu. Ef sama fjárhæð væri notuð til að mæta kostnaði bæði við heimahjúkrun og félags-

lega heimaþjónustu má ætla að fjöldi heimsókna gæti orðið meiri því kostnaður við heimsókn heimahjúkrunar er hærri en kostnaður við heimsókn félaglegrar heimaþjónustu. Í fyrirspurninni er einungis spurt um hve mikla heimahjúkrun og heimaþjónustu sveitarfélaga sé unnt að veita til að það teljist hagkvæmara en þjónusta í hjúkrunarrými. Í því sambandi er rétt að taka fram að annar kostnaður fellur einnig til á hjúkrunarheimilum, svo sem matur, lyf og önnur heilbrigðisþjónusta.

1407. Svar [615. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um tekjustofna ætlaða til vegagerðar.

1. *Hverjir eru tekjustofnar sem ætlaðir eru til vegagerðar?*

Þær mörkuðu tekjur sem renna til vegagerðar eru bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald.

2. *Hvaða upphæðir eru þetta, sundurliðað á árin 2006–2010?*

Taflan hér að neðan sýnir markaðar tekjur árin 2006–2009 og áætlun fyrir 2010, í millj. kr. Mörkuðu tekjurnar fyrir 2010 liggja ekki fyrir fyrr en að árinu loknu en þær eru áætlaðar 14.470 millj. kr. í fjárlögum 2010.

	2006	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Bensíngjald	6.935	7.220	6.834	7.730	7.420
Olíugjald	5.540	6.096	6.065	6.204	6.260
Kílómetragjald	976	1.184	1.215	974	790
Samtals	13.451	14.500	14.114	14.908	14.470

3. *Hve mikill hluti þeirra fór til vegagerðar og hvað til annarra hluta, sundurliðað sömu ár?*

Allar markaðar tekjur þessara ára runnu til vegagerðar með einhverjum hætti, í nýframkvæmdir, viðhald eða þjónustu við vegakerfið. Sjá sundurliðun í töflunni hér að neðan.

	2006	**2007**	**2008**	**2009**
Nýframkvæmdir	8.216	10.801	18.643	15.863
Viðhald	2.868	3.104	3.792	4.760
Þjónusta	3.362	2.722	3.729	3.645
Samtals	14.445	16.627	26.164	24.267

Eins og sjá má á töflunni voru framlög til þjónustu og viðhalds aukin milli áranna 2007 og 2009 um 1.656 millj. kr. til viðhalds og um 923 millj kr. til þjónustu, eða samtals aukning á þjónustu og viðhaldslið um 2.579 millj. kr.

4. Hverjar eru tekjur af viðkomandi tekjustofnum á ekinn kílómetra miðað við meðaleyðslu:
a. bensínbifreiðar,
b. dísilbifreiðar?

Tekjur Vegagerðarinnar af hverjum lítra af bensíni eru 37,07 kr. og tekjur af hverjum lítra af dísilolíu eru 52,77 kr. Upplýsingar um tekjur á hvern ekinn kílómetra landsins liggja ekki fyrir.

1408. Fyrirspurn [680. mál]

til umhverfisráðherra um fullnægingu skilyrða fyrir framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hafa framkvæmdaaðilar Kárahnjúkavirkjunar séð til þess að 20 tölusettum skilyrðum sem ráðuneytið setti framkvæmdinni hafi verið fullnægt, og ef svo er, hvernig var mótvægisaðgerðunum framfylgt?
2. Er þörf á viðvarandi mótvægisaðgerðum, og ef svo er, hverjar væru það helstar?
3. Hvernig verður fylgst með náttúrufari á áhrifasvæði Hálslóns og Kárahnjúkavirkjunar?
4. Hafa komið fram ábendingar um að frekari mótvægisaðgerða sé þörf að fenginni nær þriggja ára reynslu af rekstri Kárahnjúkavirkjunar? Ef svo er, hverjar væru það helstar?

Skriflegt svar óskast.

1409. Frumvarp til laga [562. mál]

um umboðsmann skuldara.

(Eftir 2. umr., 16. júní.)

1. gr.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
c. fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar,
d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,

e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,
g. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

2. gr.

Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem fer með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga.

Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

3. gr.

Umboðsmaður skuldara getur krafið stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati stofnunarinnar eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Stofnunin getur þó ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða.

4. gr.

Umboðsmanni skuldara og starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5. gr.

Lánastofnanir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið rennur beint til umboðsmanns skuldara og skal innheimt af stofnuninni.

Álagning gjaldsins skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert og skal umboðsmaður skuldara skal gera gjaldskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Gjaldið skal greitt

ársþriðjungslega fyrir fram með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Ef gjald er greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Hefji lánastofnun starfsemi eftir að álagning fer fram miðast álagning gjaldsins við næsta gjalddaga eftir að starfsemi lánastofnunarinnar hófst.

Fyrir 1. júní ár hvert skal umboðsmaður skuldara gera drög að áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Drög að áætlun skal senda gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. til umsagnar og skulu þeir hafa mánaðarfrest til að skila inn umsögnum. Að fengnum umsögnum skal umboðsmaður skuldara gera áætlun og leggja hana fyrir ráðherra til samþykktar. Senda skal umsagnir til ráðherra með áætluninni. Samþykki ráðherra áætlunina óbreytta skal miða álagningu gjaldsins við hana. Telji ráðherra að breyta skuli álagningu gjalds frá áætlun skal veita gjaldskyldum aðilum og umboðsmanni skuldara tveggja vikna umsagnarfrest um tillögur ráðherra. Að þeim tíma loknum skal ráðherra taka ákvörðun um álagningu gjalds. Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi umboðsmanns skuldara skal hann ganga upp í gjald næsta árs í hlutfalli við álagt gjald. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu gjalda á næsta ári.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar gjaldsins.

6. gr.

Umboðsmaður skuldara gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki persónugreinanlegir. Skýrsluna skal birta opinberlega.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða II þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá umboðsmanni skuldara fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal þegar skipa þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laga þessara, m.a. bjóða starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna annað starf hjá umboðsmanni skuldara frá 1. ágúst 2010, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Starfshópurinn skal eftir skipan umboðsmanns skuldara vera honum til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar fyrsta starfsárið.

III.

Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal háttað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við áætlun sem umboðsmaður skuldara gerir eins fljótt og auðið er eftir að lögin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar af rekstri umboðsmanns skuldara innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

1410. Lög [581. mál]

um breytingu á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1395.

1411. Lög [506. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds).

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1308.

1412. Lög [516. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1389.

1413. Þingsályktun [676. mál]

um skipun nefndar sem kanni forsendur verðtryggingar á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1373.

1414. Lög [675. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1372.

1415. Lög [667. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1332.

1416. Svar [478. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á stórfelldu skattundanskoti.

1. *Hvert er áætlað umfang afleiðu- og gjaldmiðlasamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?*

Umbeðnar upplýsingar um áætlað umfang afleiðu- og gjaldmiðlasamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja liggja hvorki fyrir hjá fjármálaráðuneyti né skattrannsóknarstjóra, eða hjá öðrum opinberum aðila eftir því sem næst verður komist. Við vinnu starfshóps á vegum skattyfirvalda sem settur var á fót í októbermánuði 2009 var aftur á móti aflað upplýsinga um afleiðuviðskipti á árunum 2006 til og með 2008 með milligöngu banka og fjármálastofnana, þar á meðal starfsmanna, tengdra aðila og annarra viðskiptamanna þeirra. Þá var jafnframt skoðað hvort haldið hefði verið eftir fjármagnstekjuskatti af hugsanlegum hagnaði viðskiptamanna líkt og lögboðið er. Í ljós hefur komið að bankar og fjármálastofnanir stóðu skattyfirvöldum ekki skil á staðgreiðslu fjármagnstekju-

skatts af þeim hagnaði, þó að undanskildum einum banka að því er varðar staðgreiðslu af ákveðinni tegund afleiðuviðskipta. Jafnframt liggur fyrir að margir viðskiptavinir bankanna létu hjá líða að gera skattyfirvöldum grein fyrir umræddum viðskiptum á skattframtölum sínum og virðist hagnaður vegna þessa því að mestu leyti vera óskattlagður. Frekari úrvinnsla gagna stendur yfir hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins um þessar mundir. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvert er umfang skattundanskota vegna þessa í krónum talið en ljóst þykir að um verulegar fjárhæðir sé að ræða.

2. *Hvert er áætlað umfang kaupréttarsamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?*

Umbeðnar upplýsingar um áætlað umfang kaupréttarsamninga á íslenskum bankamarkaði frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja liggja hvorki fyrir hjá fjármálaráðuneyti né skattrannsóknarstjóra, eða hjá öðrum opinberum aðila eftir því sem næst verður komist. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að staðgreiðslu- eða skattskil vegna kaupréttarsamninga virðast hafa verið í betra lagi en í tilviki afleiðu- og gjaldmiðlasamninga.

3. *Hvert er áætlað umfang niðurfellingar ábyrgða og afskrifta lána til fyrrum starfsmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækja frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja?*

Umbeðnar upplýsingar um áætlað umfang niðurfellingar ábyrgða og afskrfta lána til fyrrum starfsmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækja frá einkavæðingu ríkisbankanna tveggja liggja hvorki fyrir hjá fjármálaráðuneyti né skattrannsóknarstjóra, eða hjá öðrum opinberum aðila eftir því sem næst verður komist.

4. *Hvaða fjármagn hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins til ráðstöfunar til að sinna rannsóknum á hugsanlegum ógreiddum sköttum vegna afleiðu-, gjaldmiðla- og kaupréttarsamninga, niðurfellinga ábyrgða, greiðslna á einkakostnaði eigenda og stjórnenda og afskrifta lána?*

Fjármagn til reksturs embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins er veitt samkvæmt heimild á fjárlögum. Í októbermánuði síðastliðnum var settur á fót starfshópur undir stjórn skattrannsóknarstjóra ríkisins til að rannsaka hugsanleg brot á skattalögum í tengslum við hrun bankanna og í aðdraganda þess. Var hópurinn skipaður þremur starfsmönnum frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, tveimur frá ríkisskattstjóra, tveimur frá skattstjóranum í Reykjavík og einum frá skattstjóranum á Reykjanesi. Veitt var viðbótarfjármagn vegna þess rekstrarkostnaðar embættisins sem fylgdi óhjákvæmilega verkefninu.

Í mars sl. samþykkti síðan ríkisstjórnin, að fenginni tillögu frá fjármálaráðherra, að fela stofnunum skattkerfisins að vinna áfram að þessu verkefni af fullum krafti. Ljóst var að það yrði ekki gert án verulegs viðbótarkostnaðar eða sem samsvaraði a.m.k. 20 ársverkum, sem til lengri tíma litið mundi hins vegar skila sér margfalt í auknum skatttekjum. Í ljósi þessarar samþykktar hefur verið ákveðið að fjölga starfsmönnum hjá embætti skattrannsóknarstjóra um a.m.k. þrettán stöðugildi og fær embættið viðbótarfjármagn í samræmi við það. Embætti ríkisskattstjóra mun einnig fá aukið fé til skyldra verkefna.

5. *Hversu margt starfsfólk hefur skattrannsóknarstjóri til að sinna rannsóknum á hugsanlegum ógreiddum sköttum vegna afleiðu-, gjaldmiðla- og kaupréttarsamninga, niðurfellinga ábyrgða, greiðslna á einkakostnaði eigenda og stjórnenda og afskrifta lána?*

Starfsmenn embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins eru nú 21 talsins. Áætlað er að starfsmönnum fjölgi um allt að þrettán á næstu vikum. Munu 10–15 starfsmenn sinna áframhaldandi vinnu við áðurgreint verkefni og rannsóknum mála vegna ætlaðra skattundanskota í tengslum við hrun bankanna.

6. *Hefur skattrannsóknarstjóri fengið auknar fjárveitingar eða fjölgað starfsfólki eftir hrun bankanna haustið 2008?*
   Sjá svar við 4. lið fyrirspurnarinnar hér að framan.

7. *Hversu margir munu starfa við sérstakan starfshóp um skattundanskot í fjármálakerfinu og hversu mikið fjármagn munu þeir hafa til ráðstöfunar?*
   Sjá svar við 5. lið fyrirspurnarinnar hér að framan.

8. *Hversu mörgum málum hefur verið vísað til skattrannsóknarstjóra frá skila- og slitastjórnum föllnu bankanna frá október 2008?*
   Engu máli hefur enn verið vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins frá skila- og slitastjórnum föllnu bankanna frá október 2008.

1417. Nefndarálit [662. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Sambærilegt frumvarp var rætt í nefndinni á 136. löggjafarþingi. Þá mættu á fundi nefndarinnar Ólafur Friðriksson, Sigurgeir Þorgeirsson og Jóhann Guðmundsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Páll Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Ólafur Magnússon og Hróbjartur Jónatansson frá Mjólku, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Elín Björg Jónsdóttir frá BSRB, Þórólfur Sveinsson frá Samtökum kúabænda og Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Samkvæmt 1. gr. búvörulaga er tilgangur þeirra meðal annars að stuðla að jöfnuði á milli mjólkurframleiðenda hvað varðar afurðaverð og markað. Þannig er afurðastöðvum skylt að haga greiðslu fyrir innlagðar búvörur til samræmis við ákvæði laganna eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra. Taki mjólkursamlag við mjólk af framleiðanda umfram greiðslumark hans og hún verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Þó getur framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur. Í VII. kafla búvörulaga eru svo ákvæði er varða stjórn búvöruframleiðslunnar og eru þau sett fram í anda framangreinds tilgangs laganna. Ákvörðun um heildargreiðslumark mjólkur er byggð á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið tólf mánaða tímabil og áætlun Bændasamtaka Íslands fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins þannig að birgðir aukist kemur mismunur

til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark skal skv. 52. gr. laganna fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Af öllu framangreindu liggur fyrir að sala mjólkurafurða á íslenskum markaði umfram greiðslumark er bönnuð og umframframleiðsla verður aðeins seld erlendis.

Markmið frumvarpsins er að fylgja eftir skýrum ákvæðum laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og varðveita núverandi framleiðslustýringarkerfi á meðan annað og betra kerfi hefur ekki litið dagsins ljós. Þetta markmið er útfært á þann hátt að í frumvarpinu er kveðið á um heimild ráðherra til þess að sekta rekstraraðila afurðastöðva fyrir að taka við mjólk frá framleiðanda sem ekki hefur greiðslumark en markaðsfæra hana á innanlandsmarkaði í trássi við ákvæði gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að komið sé verulega til móts við framleiðendur sem sjálfir geta unnið mjólk á eigin býli með undanþágu til markaðsfærslu innan lands fyrir allt að 10 þúsund lítra. Telja verður að þetta ákvæði feli m.a. í sér verulegan stuðning við verkefnið „Beint frá býli“, en það hefur þegar skilað miklum árangri í að efla fjölbreytta heimavinnslu mjólkurafurða. Þessi undanþága er einnig til þess fallin að auka samkeppni í mjólkuriðnaði.

Á fundum nefndarinnar á 136. löggjafarþingi kom meðal annars fram að með því frumvarpi er þá lá fyrir væru tekin af öll tvímæli um réttarstöðu þeirra sem framleiddu mjólk bæði innan og utan greiðslumarks. Þannig þyrfti að liggja ljóst fyrir hvort greiðslumarkskerfi búvörulaga væri virkt eða ekki. Brýnt væri að ekki yrði hróflað við núgildandi greiðslumarkskerfi sem hefur reynst vel. Á móti var það sjónarmið nefnt að greiðslumarkskerfi búvörulaga hamlaði samkeppni í mjólkuriðnaði. Það frumvarp er fyrir lægi mundi loka enn frekar fyrir mögulega aðkomu frumkvöðla að mjólkuriðnaði og þannig tryggja að frekara leyti einokunarstöðu stærstu afurðastöðvarinnar. Skilningur nefndarinnar er að með fyrirliggjandi frumvarpi sé verið að tryggja heildarhagsmuni mjólkuriðnaðar og framleiðenda enda hafi aðrar afurðastöðvar aðgang að hrámjólk til vinnslu á eðlilegum kjörum. Sú á að vera raunin meðal annars með opinberri verðlagningu og eftirliti. Ljóst sé að sala mjólkurvara á innanlandsmarkaði hafi farið minnkandi frá haustinu 2008. Leiði gildandi greiðslumarkskerfi búvörulaga til þess að markaðshlutdeild þeirra framleiðenda sem framleitt hafa innan greiðslumarks minnkar á meðan þeir framleiðendur er kunna að framleiða mjólk utan greiðslumarks verða ekki fyrir sambærilegri skerðingu. Nefndin telur að með frumvarpinu sé verið að varðveita grundvöll greiðslumarkskerfisins, tryggja jafnræði ásamt því að gefa framleiðendum eðlilegan og sjálfsagðan möguleika á heimavinnslu afurða og tryggja að á grundvelli búvörulaga verði mögulegt að ná þeim markmiðum er þau stefna að með heildarhagsmuni í huga en ekki sérhagsmuni þeirra sem vilja ganga gegn gildandi lögum, án tillits til samfélagslegra hagsmuna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „10.000 lítrum“ í 2. málsl. 2. efnismgr. 2. gr. komi: 15.000 lítrum.

Ólína Þorvarðardóttir og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 23. júní 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ásmundur Einar Daðason.	Ögmundur Jónasson.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Ólína Þorvarðardóttir, með fyrirvara.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

1418. Nefndarálit [672. mál]

um frv. til l. um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Markús Sigurbjörnsson, formann réttarfarsnefndar. Með frumvarpinu er lagt til úrræði fyrir einstaklinga sem greiða fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum til heimilisnota. Um er að ræða söluúrræði til að gera einstaklingum sem keypt höfðu fasteign til heimilisnota, en ekki selt fyrri eign þegar efnahagshrunið varð, kleift að losa sig við aðra eignina með því að ráðstafa henni til veðhafa á ætluðu markaðsvirði fasteignarinnar og telst slík ráðstöfun fullnaðargreiðsla af hálfu skuldara til þeirra veðhafa sem eigninni er ráðstafað til samkvæmt frumvarpinu. Frumvarpið byggist á frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra sem fól í sér að kveðið væri á um að úrræðið væri í nýjum kafla í lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna en við meðferð þess frumvarps taldi nefndin eðlilegt að úrræðið væri í sérlögum þar sem það er tímabundið, mjög sértækt og annars eðlis en greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Við samningu frumvarpsins var lagt upp með að fela réttarfarsnefnd að skoða sérstaklega hvernig frumvarpið samrýmdist eignarréttarákvæðum stjórnarskrár, hvernig það kæmi til með að virka í tengslum við önnur úrræði og samræmanleika þess við ákvæði réttarfarslaga. Fór sú vinna réttarfarsnefndar fram eftir framlagningu frumvarpsins og eru breytingartillögur nefndarinnar því unnar á grundvelli athugasemda réttarfarsnefndar.

Nefndin fjallaði sérstaklega um atriði er lúta að tilfærslu veðréttinda milli eigna þegar önnur eignin er yfirveðsett en hin ekki. Samkvæmt frumvarpinu getur skuldari valið hvort hann skilar eign til veðhafa og þá, í samráði við umsjónarmann, hvorri eigninni hann skilar. Gert er að skilyrði að heildarveðsetning eignanna sé að lágmarki 75% af samanlögðu verðmati og er því ljóst að svo getur farið að sú fasteign sem skuldari vill losa sig við sé ekki veðsett að fullu. Einnig getur eignin sem skuldari ákveður að skila verið síðri veðkostur, t.d. vegna staðsetningar eða ástands, en sú sem hann ákveður að halda. Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef samanlögð fjárhæð veðkrafna á þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa er lægri en 100% af verðmati hennar skuli umsjónarmaður leita samninga við kröfuhafa beggja fasteigna og skuldara um sanngjarna lausn á því hvernig farið skuli með eignarhlut

skuldarans í þeirri fasteign sem ráðstafa skal til veðhafa, með það að markmiði að skuldari geti nýtt sér verðmæti eignarhlutarins við eignaráðstöfunina. Þó er við það miðað í öðrum ákvæðum frumvarpsins að veðréttindi séu að jafnaði flutt milli fasteigna þannig að velji skuldari að skila fasteign sem er undirveðsett skuli færa veðkröfur af þeirri eign sem hann heldur eftir þar til veðrými á þeirri eign sem hann skilar er fullnýtt. Ekki er kveðið á um það í frumvarpinu hvað gera skuli náist ekki samningur milli aðila um sanngjarna lausn. Nefndin fjallaði sérstaklega um þetta fyrirkomulag í tengslum við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og telur að með ákvæðinu sé gengið nærri stjórnarskrárvörðum eignarréttindum veðhafa. Nefndin telur því nauðsynlegt að leggja til breytingar á frumvarpinu til þess að skýrt sé kveðið á um hvernig fara eigi með veðréttindi, m.a. til að veðréttur kröfuhafa og þar með eignarréttur þeirra sé tryggður.

Nefndin leggur því til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að ákvæði 4. gr. breytist á þann hátt að veðhafar geti valið að færa veðkröfur sínar yfir á þá eign sem skilað er til að fylla upp í veðrými þeirrar eignar. Með því er ekki lögð sú skylda og kvöð á þá að færa til veðböndin en telji þeir rétti sínum betur borgið á þeirri eign sem er skilað hafa þeir þennan valkost. Sé eignin sem skilað er yfirveðsett gefur umsjónarmaður veðhöfum kost á að færa veðbönd sín af þeirri eign og yfir á þá sem skuldari heldur eftir.

Í öðru lagi leggur nefndin til að sé veðrými þeirrar eignar sem skilað er ekki fullnýtt og kjósi veðhafar ekki að flytja veðbönd sín yfir á þá eign skuli umsjónarmaður finna mismun uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda á þeirri fasteign og 100% af verðmati hennar og gefa út tryggingarbréf til skuldara að fjárhæð þess mismunar. Tryggingarbréfið stendur aftast í veðröð, er með uppfærslurétti og ber sömu vexti og verðtryggingu og almenn fasteignalán Íbúðalánasjóðs. Í tryggingarbréfinu skal kveðið á um að sá veðhafi sem fær fasteigninni ráðstafað til sín skuli við sölu hennar ávallt leitast við að ráðstafa henni á markaðsverði og leita hæstu tilboða. Við söluna skal veðhafinn ráðstafa til skuldara þeim hluta af söluverði sem er umfram það sem þarf til að greiða rétthærri veðskuldir og endurgreiða veðhafanum veðskuldir sem hann kann að hafa leyst til sín, allt þar til uppreiknaðar eftirstöðvar tryggingarbréfsins hafa þannig verið greiddar. Myndist við sölu hagnaður umfram áhvílandi veðskuldir, þ.m.t. tryggingarbréf skuldara, fær skuldari ekki hlutdeild í þeim hagnaði enda er hann ekki eigandi fasteignarinnar. Eftir sölu fasteignarinnar og ráðstöfun söluverðs skal tryggingarbréfið máð af henni þótt söluverðið hafi ekki hrokkið til að greiða eignarhluta skuldara að nokkru leyti eða öllu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 6. gr. til einföldunar á því ferli sem fer fram þegar veðhöfum er gefinn kostur á að leysa til sín fasteignina sem er skilað.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingar á því tímabili sem kveðið er á um að síðari eign skuli hafa verið keypt á. Í frumvarpinu er kveðið á um að eignin skuli hafa verið keypt á tímabilinu 1. janúar 2007 til 1. nóvember 2010 og var við það miðað að skuldari hefði þá haft nokkurt svigrúm til að losa sig við eign sína áður en ástand versnaði til muna á fasteignamarkaði. Nefndin kynnti sér þróun á fasteignamarkaði utan höfuðborgarsvæðisins og telur ljóst að þar hafi ástandið versnað mun fyrr. Leggur nefndin því til að hið fyrra tímamark verði 1. janúar 2006 til að úrræðið nýtist sem skyldi. Þá verði jafnframt kveðið á um að við sérstakar aðstæður sé heimilt að víkja frá því tímamarki. Áréttar nefndin að þessa undanþáguheimild skuli skýra mjög þröngt en hún gæti komið til álita vegna staðbundinna aðstæðna á fasteignamarkaði og t.d. þegar eign hefur verið til sölu um langan tíma en ekki selst.

Í fimmta lagi leggur nefndin til þá breytingu að sé umsókn skuldara um eignaráðstöfun samþykkt skuli umboðsmaður skuldara endurgreiða kostnað vegna verðmats fasteignasala á eignunum.

Þá leggur nefndin til breytingar sem miða að einföldun ákvæða og lagfæringar á texta sem og orðalagi til samræmis við athugasemdir réttarfarsnefndar.

Að lokum telur nefndin rétt að benda á að nokkuð skammur tími vannst til yfirferðar á tillögum réttarfarsnefndar að breytingum á frumvarpinu. Samkvæmt mati félags- og tryggingamálaráðuneytis eru um 1.000–1.500 heimili í vanda vegna þess að greiða þarf fasteignaveðkröfur af tveimur eignum en ekki hefur tekist að selja aðra eignina. Áréttar nefndin því mikilvægi þess að lögin verði samþykkt sem fyrst og úrræðið nýtist strax við gildistöku laganna þegar umboðsmaður skuldara hefur starfsemi sína. Nefndin mun eftir sem áður halda áfram skoðun á einstökum atriðum og fylgjast náið með framkvæmd laganna þegar að gildistöku þeirra kemur. Hyggst nefndin leggja til breytingar telji hún þess þörf til að tryggja skilvirkni úrræðisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. júní 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Guðbjartur Hannesson.	Guðmundur Steingrímsson.	Ásmundur Einar Daðason.
Unnur Brá Konráðsdóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1419. Frumvarp til laga [681. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „og áskoranir um kröfulýsingar“ í 2. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kröfuskrá er rafræn skrá sem geymir kennitölur allra kröfuhafa og skuldara þeirra. Þeir sem telja sig eiga kröfu skulu skrá kennitölu sína og netfang eða heimilisfang sitt, svo og kennitölu þess sem þeir telja sig eiga kröfu eða kröfur á. Kröfuhafi, eða fulltrúi hans ef um lögpersónu er að ræða, skal sanna persónu sína fyrir sýslumanni og fær hann þá aðgangsnúmer og getur skráð framangreindar upplýsingar í kröfuskrá og afmáð þá sem ekki skulda lengur. Heimilt er kröfuhafa að flytja upplýsingar rafrænt. Þegar óskað er upplýsinga um kröfur á hendur ákveðnum aðila, einstaklingi eða fyrirtæki er leitað

í skránni að kennitölum þeirra sem telja sig eiga kröfu á hann og þeim send ósk um kröfulýsingu rafrænt á netfang eða með pósti á heimilisfang. Kröfuhafi skal greiða sekt ef í ljós kemur að skuldari er ranglega skráður nema krafa á hann hafi verið greidd upp síðustu 40 daga. Heimilt verður að leyfa einstaklingi eða fyrirtæki að fá uppgefna í gegnum öruggan aðila þá sem telja sig eiga kröfu á viðkomandi.

c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað og kröfuskrá.*

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út og starfrækir kröfuskrá. Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs og rekstur kröfuskrár.

b. 3. mgr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða sem og gjöld fyrir innköllun úr kröfuskrá og sektir fyrir marklausar kröfur. Einnig getur ráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur sem og rekstur kröfuskrár.

c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Útgáfa Stjórnartíðinda, Lögbirtingablaðs og rekstur kröfuskrár.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Lögbirtingablaði“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: og kröfuskrá.

b. Á eftir orðinu „Lögbirtingablaðs“ í 3. mgr. kemur: og rekstur kröfuskrár.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað og kröfuskrá.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði upp rafrænni kröfuskrá hjá sýslumanni þeim sem annast útgáfu Lögbirtingablaðs. Í skránni verði lágmarksupplýsingar sem tengja saman kröfuhafa og skuldara þannig að auðvelt verði að kalla inn kröfur. Skráin yrði uppbyggð sem par kennitalna, önnur kröfuhafans og hin skuldarans. Að auki yrði geymt netfang eða heimilisfang kröfuhafans. Einungis yrði um eina færslu að ræða þó að sami kröfuhafinn ætti margar kröfur á viðkomandi skuldara. Sambærileg skrá er til sem heldur utan um þá lífeyrissjóði sem fólk kann að eiga réttindi hjá og var hún sett á laggirnar upp úr 1980 og því nægir að sækja um lífeyri hjá einum lífeyrissjóði sem kannar svo í skránni hvort viðkomandi á rétt hjá öðrum lífeyrissjóðum og virkjar þau réttindi.

Hugmyndin er að þegar innkalla á kröfur hjá sýslumanni á ákveðinn aðila, einstakling eða fyrirtæki, verði leitað í skránni að þeim kröfuhöfum sem telja sig eiga kröfu á hann og þeim sendur tölvupóstur eða bréf og þeir beðnir um að lýsa kröfunni eða kröfunum á hendur viðkomandi hjá þeim sem biður um innköllun. Sá fær jafnframt lista yfir alla þá sem telja sig eiga kröfur. Gefa má stuttan frest, t.d. viku, til að lýsa kröfum. Ef kröfuhafi getur ekki lýst

kröfu vegna þess að hún var ekki til eða hún hefur verið greidd greiðir hann sekt, nema krafan hafi verið greidd á síðustu 40 dögum. Þetta er hugsað til að koma í veg fyrir að hægt sé að lýsa „tómum“ kröfum til að hnýsast í stöðu fólks. Það gefur einnig tóninn um að hver kröfuhafi þurfi að fylgjast með og endurnýja upplýsingar sínar einu sinni í mánuði. Þetta er væntanlega miklu ódýrara en að hafa fólk í vinnu við að lesa yfir Lögbirtingablaðið sem yrði væntanlega mjög umfangsmikið ef svo fer sem horfir.

Kröfuskráin getur verið algerlega sjálfbær fjárhagslega því borgað yrði fyrir innköllun krafna eins og núna. Ekki er eðlilegt að greiða fyrir geymslu eða skráningu krafna vegna þess að það mundi lenda á þeim sem alltaf eru skilvísir eða eiga skilvísa skuldara. Kröfuskráin mun spara mikla vinnu og fjármuni hjá kröfuhöfum með fjölda krafna. Minni kröfuhafa með fáar kröfur tryggir hún miklu betur en núverandi kerfi því þeir lesa alla jafna ekki Lögbirtingablaðið. Kröfuskráin kemur auk þess í veg fyrir þá niðurlægingu sem margir upplifa í núverandi kerfi þegar innköllun krafna á þá er birt almenningi. Þá er það kostur við kröfuskrána að mögulegt er að fólk geti séð alla kröfuhafa sem telja sig eiga kröfu á það sem auðveldar yfirlit yfir fjármál hvers og eins. Það yrði að sjálfsögðu að gerast í gegnum tryggan aðila, t.d. banka eða skattstjóra, þannig að óprúttnir geti ekki misnotað kerfið. Ókosturinn við þetta nýja kerfi er að allir kröfuhafar landsins verða að senda töluvert magn af gögnum einu sinni í mánuði til kröfuskrár og allir kröfuhafar verða að láta vita þegar skuldari gerir upp allar skuldir sínar hjá þeim.

Þær upplýsingar sem geymdar yrðu í opinberri vörslu í kröfuskránni eru í raun mjög fátæklegar og geta vart talist skaða persónuvernd. Engar upplýsingar eru um fjölda krafna eða upphæð í þessari skrá og auk þess á eftir að lýsa kröfunum og sannreyna þær.

Innköllun krafna með auglýsingu í Lögbirtingablaði á sér langa sögu og hefur reynst vel og örugglega. Sú aðferð krefst þess hins vegar að allir kröfuhafar þurfa að lesa blaðið og eiga á hættu að tapa kröfu sinni ella. Á meðan kröfuhafar voru tiltölulega fáir og lítið var um gjaldþrot og nauðasamninga var þetta ekki vandamál. Með stórauknum lánsviðskiptum í verslunum og bönkum og milli einstaklinga sem og mikilli skuldsetningu heimila og hættu á mjög mikilli aukningu gjaldþrota og nauðasamninga mun þessi aðferð verða mikill flöskuháls vegna þess hve þung hún er í vöfum og tímafrek. Það verður líka til þess að mikil vinna leggst á kröfuhafa við að fylgjast með innkölluðum kröfum.

Ráðleggingar hafa komið frá sérfræðingum, sem benda á reynslu annarra þjóða sem lent hafa í áföllum, um að mjög mikilvægt sé að skuldavandi fyrirtækja og heimila verði leystur eins hratt og mögulegt er vegna þess að óvissa, doði og málaferli sem fylgja áratugalöngum uppgjörum séu mjög skaðleg fyrir þjóðfélagið í heild. Þess vegna sé brýnt að hraða nauðsynlegu uppgjöri eins og hægt er.

Óljósar vísbendingar benda til þess að um tíu þúsund heimili hafi verið í svo miklum vanda að lausn hans krefjist innköllunar krafna. Sumir tala reyndar um mikið hærri tölur. Þessi fjöldi hefur eflaust minnkað nokkuð við dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 347/2010 en þó munu mjög mörg heimili þurfa slíka lausn á fjárhagsvanda sínum. Ef gert er ráð fyrir að um átta þúsund heimili sé að ræða og ef markmiðið er að ráða við og leysa þann vanda á tveimur árum verður kerfið að ráða við 20 heimili á dag auk þess fjölda fyrirtækja sem verða gjaldþrota eða fara í nauðasamninga í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Ólíklegt er að sú aðferð að auglýsa innköllun krafna í Lögbirtingablaðinu ráði við þetta magn auk þess sem ferlið verður bæði dýrt og seinvirkt.

Þá verður að benda á þann álitshnekki og hneisu sem margar fjölskyldur upplifa við það að kröfur eru innkallaðar í Lögbirtingablaðinu fyrir alþjóð á einhvern meðlim fjölskyldunnar

jafnvel þó að sú innköllun sé afleiðing af hruninu og engan veginn sök viðkomandi. Það atriði eitt sér kann að réttlæta upptöku kröfuskrár þar sem innköllunin snýr bara að þeim sem eiga kröfu á viðkomandi og er fullljós staða hans.

1420. Framhaldsnefndarálit [562. mál]

um frv. til l. um umboðsmann skuldara.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Markús Sigurbjörnsson, formann réttarfarsnefndar. Þau atriði sem hlutu hvað mesta umfjöllun í nefndinni að þessu sinni voru m.a. upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara, fjármögnun umboðsmanns skuldara á yfirstandandi ári og ráðning starfsfólks og skipun umboðsmanns skuldara.

Nefndinni voru kynnt þau sjónarmið varðandi c-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að umboðsmaður skuldara færi í reynd ekki með framkvæmd greiðsluaðlögunar heldur veitti hann atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluaðlögun og leggur nefndin til breytingu því til samræmis. Í f-lið 2. mgr. 1. gr. er svo kveðið á um að umsjónarmaður skuldara veiti skuldurum aðstoð þegar við á og í því felst m.a. aðstoð sem umboðsmanni er skylt að veita við greiðsluaðlögun.

Rætt var sérstaklega um störf umsjónarmanna og kostnað við störf þeirra en skv. 2. gr. frumvarpsins er umboðsmanni skuldara heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Slíkir samningar verða allajafna gerðir við lögmenn sem skipaðir eru umsjónarmenn með greiðsluaðlögun í samræmi við 9. gr. frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (670. mál). Nefndin telur rétt að settar verði skýrar reglur um greiðslur vegna slíkra samninga og leggur því til að bætt verði við ákvæðið reglugerðarheimild þess efnis.

Á þingskjali 1367 lagði nefndin til breytingar sem miðuðu að því að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga umboðsmanns skuldara, sem og starfsfólks hans og þeirra utanaðkomandi aðila sem hann gerir þjónustusamning við, fullnægi skilyrðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Lagði nefndin m.a. til að bætt yrði við ákvæði um að upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara væri háð því skilyrði að hún væri nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldarans fyrir vinnslunni og að fylgt væri ákvæðum 21. gr. laganna sem kveður á um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfelli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, þ.e. skuldara. Nefndin telur vert að árétta mikilvægi þess að við upplýsingaöflun sé gætt ákvæða laganna og að umboðsmaður skuldara sem ábyrgðaraðili láti skuldara vita þegar upplýsinga er aflað og veiti honum lögbundna fræðslu þar um.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um kostnað við rekstur embættis umboðsmanns skuldara. Nefndin leggur til smávægilega breytingu á 3. mgr. ákvæðisins til að gera textann skýrari.

Nefndin ræddi að nýju nokkuð um starfsmannamál Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og umboðsmanns skuldara. Ráðgjafarstofan hefur nokkra sérstöðu þar sem hún starfar ekki á lögformlegum grunni heldur á grundvelli samnings sem ekki er runninn út. Af þessum

sökum verður stofan ekki lögð niður með lögum en mikilvægt er að gæta þess að þeir opinberu starfsmenn sem hjá henni starfa hljóti ekki samtímis laun á uppsagnarfresti og laun sem starfsmenn umboðsmanns skuldara. Telur nefndin brýnt að gætt verði að þessu atriði við ráðningar starfsmanna til hinnar nýju stofnunar. Þá áréttar nefndin að um skipan umboðsmanns skuldara gilda lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og verður staða umboðsmanns skuldara því auglýst sérstaklega áður en ráðherra skipar hann í samræmi við frumvarpið.

Í ákvæði til bráðabirgða III er lagt til að miða skuli útreikning á kostnaði og greiðslu við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir árið 2010 við áætlun sem umboðsmaður skuldara gerir eins fljótt og auðið er eftir að lögin eru samþykkt. Þar sem auglýsa þarf stöðu umboðsmanns skuldara og því ljóst að hann tekur ekki strax til starfa telur nefndin rétt að starfshópur sá sem undirbýr gildistöku laganna og er umboðsmanni skuldara til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar fyrsta starfsárið geri drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. C-liður 2. mgr. orðist svo: veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluaðlögun.
2. Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina þar sem m.a. verði kveðið á um verkefni og fjárhæðir greiðslna.
3. 2. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfelli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, þ.e. skuldara.
4. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:
   Ef gjald er greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir af því frá gjalddaga.
5. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III orðist svo:
   Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal háttað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við drög að áætlun sem starfshópur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II gerir eins fljótt og auðið er eftir að lögin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það.

Alþingi, 23. júní 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Guðbjartur Hannesson. Guðmundur Steingrímsson. Ásmundur Einar Daðason.

Unnur Brá Konráðsdóttir. Anna Margrét Guðjónsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1421. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Markús Sigurbjörnsson, formann réttarfarsnefndar. Markmið frumvarpsins er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Nefndin fól réttarfarsnefnd að vinna drög að breytingum á frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra um sama efni (þskj. 950, 560. mál) og vann á grundvelli þeirra draga frumvarpið um greiðsluaðlögun einstaklinga sem hún veitir nú álit á. Þegar málinu var vísað til nefndarinnar eftir 2. umræðu sendi nefndin frumvarpið að nýju til réttarfarsnefndar til yfirlestrar og leggur nú til breytingar í samræmi við athugasemdir og tillögur réttarfarsnefndar.

Nefndin ræddi talsvert meðferð krafna annars vegar þegar samningur um greiðsluaðlögun kemst á og hins vegar þegar ekki næst samningur og málið fer í farveg þvingaðrar greiðsluaðlögunar í samræmi við 18.–20. gr. frumvarpsins. Lagði nefndin áherslu á að meðferð krafna væri með samræmdum hætti svo að kröfuhafar hefðu ekki kerfisbundið hagræði af því að synja um samning og þvinga fram nauðasamning og greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Beindi nefndin m.a. sjónum sínum að því að samkvæmt frumvarpinu ættu veðkröfur umfram matsverð eignar að greiðast með samningskröfum en slík regla væri ekki til staðar samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Á fundi nefndarinnar með formanni réttarfarsnefndar var þessum sjónarmiðum komið á framfæri. Taldi hann skýrt að þegar unnið væri að greiðsluaðlögun skv. 18.–20. gr. væri byggt á þeirri vinnu sem þegar hefði farið fram og frumvarpi því sem var til grundvallar greiðsluaðlögunarumleitunum nema rík sanngirnissjónarmið hnigju að breytingum þar á og hægt væri að ráðstafa meiru til lánardrottna án þess að ganga á framfærslu skuldara og eftir atvikum fjölskyldu hans. Nefndin telur því vert að árétta að kröfuhafar sem synja um samning um greiðsluaðlögun án þess að hafa af því lögvarða hagsmuni eiga því ekki von á betri rétti eða kjörum í nauðasamningi eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, auk þess sem unnt er að dæma þeim málskostnað til samræmis við lög um meðferð einkamála. Við gerð frumvarpa skv. V. kafla frumvarpsins skal umsjónarmaður því taka mið af frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun og meðhöndla kröfur með sama hætti.

Nefndin fór yfir hlutverk umsjónarmanns og hvenær hann hefur lokið hlutverki sínu en fram höfðu komið þau sjónarmið fyrir nefndinni að þetta væri ekki nægilega skýrt. Áréttar nefndin því að falli greiðsluaðlögunarumræður niður skv. 15. gr. er hlutverki umsjónarmanns lokið og eins ef samningar nást um greiðsluaðlögun í samræmi við 17. gr. eða málið færist í farveg annarra laga í samræmi við ákvæði 18.–20. gr. Sé þörf á frekari afskiptum eða aðstoð eftir að hlutverki umsjónarmanns lýkur kemur slíkt í hlut umboðsmanns skuldara. Leggur nefndin því til breytingar þessu til samræmis þannig að það verði umboðsmaður skuldara en ekki umsjónarmaður sem skuli áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun sjá til þess í tæka tíð að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni, sbr. 21. gr. Þá komi það í hlut umboðsmanns skuldara að ráðstafa fé sem lagt hefur verið til hliðar vegna umdeildra krafna í samræmi við 22. gr. Að auki er rétt að árétta að standi til að selja eignir en það er ekki gert á tímabili greiðslu-

aðlögunarumleitana tekur umboðsmaður við slíkri umsýslu hafi hún ekki verið falin öðrum. Þá kemur það í hans hlut að ráðstafa þeim fjármunum sem koma til vegna sölu eigna eftir að umsjónarmaður hefur lokið störfum.

Nefndin ræddi allnokkuð heimild þeirra sem búsettir eru erlendis til greiðsluaðlögunar. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er ekki gerð krafa um lögheimili hérlendis sé leitað samnings um greiðsluaðlögun enda er um frjálsa samninga að ræða. Náist ekki samningur og skuldari leitar nauðasamnings til greiðsluaðlögunar kemur fram í greinargerð frumvarpsins að gert sé að skilyrði að skuldari hafi lögheimili á Íslandi. Þar sem ekki eru í gildi samningar við erlend ríki um gagnkvæma viðurkenningu nauðasamninga til greiðsluaðlögunar mundi nauðasamningur um greiðsluaðlögun því ekki koma í veg fyrir að lánardrottnar gætu sótt kröfu sína fyrir dómstóli þar sem lögheimili skuldara er. Þá leggur nefndin áherslu á að greiðsluaðlögun sé ekki ætlað að ná til skuldbindinga sem stofnast hafa erlendis, enda er m.a. gert ráð fyrir því í 10. gr. að kröfur séu innkallaðar í Lögbirtingablaði og ekki er hægt að leggja þá skyldur á erlenda kröfuhafa að þeir lesi það. Að auki gæti slíkt lagt þunga rannsóknarskyldu á umboðsmann skuldara. Í ljósi þessa telur nefndin vert að afmarka nánar skilyrði greiðsluaðlögunar og leggur því til þá breytingu að almennt verði gert að skilyrði að einstaklingur eigi lögheimili á Íslandi. Frá þeirri reglu megi þó víkja ef sá sem leitar greiðsluaðlögunar er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda, enda leiti hann greiðsluaðlögunarinnar einungis vegna skuldbindinga sem stofnast hafa hér á landi við lánardrottna sem eiga hér heimili. Þá er einnig unnt að víkja frá reglunni ef greiðsluaðlögun er eingöngu ætlað að taka til veðkrafna sem hvíla á fasteign hér á landi, enda sé eigandi hennar íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um markmið laganna og segir í 2. mgr. að einstaklingum sem uppfylla skilyrði laganna sé heimilt í samræmi við ákvæði þeirra að leita eftir samningum um greiðsluaðlögun við kröfuhafa sína. Til skýringa er lagt til að við málsgreinina bætist að slíkur samningur geti bæði tekið til veðkrafna og samningskrafna eða einungis til annarrar hvorrar tegundar krafna.

Þá leggur nefndin til breytingu á h-lið 1. mgr. 3. gr. þar sem kröfur vegna áfallandi meðlags og lífeyris eru kröfur sem verða til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina og falla því undir a-lið ákvæðisins. Að auki er lögð til breyting á f-lið til að auka skýrleika.

Nefndin fjallaði sérstaklega um matskennd atriði í texta frumvarpsins enda hafði hún við vinnslu þess lagt áherslu á að reyna að draga úr matskenndum atriðum og auka skýrleika frumvarpsins og samræmda beitingu lagareglna.

Í 2. mgr. 4. gr. er kveðið á um að meðal upplýsinga sem fylgja skuli með umsókn skuli vera upplýsingar um maka og heimilisfólk sé slíks þörf til að afmarka upplýsingar um útgjöld og tekjur skuldara. Ljóst er að framkvæmdin getur verið flókin enda oft ekki hægt að meta hvort þörf er á upplýsingunum fyrr en þær liggja fyrir. Leggur nefndin því til að síðari hluti ákvæðisins falli brott og skylt verði að upplýsingar um maka og heimilisfólk fylgi með umsókn. Þá áréttar nefndin að í 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um að umsókn skuldara um greiðsluaðlögun skuli fylgja sundurliðaðar upplýsingar um eignir er átt við skráðar sem og óskráðar eignir. Þar skuli því tiltaka ýmsa óskráða og verðmæta lausafjármuni.

Rætt var sérstaklega um störf umsjónarmanna og kostnað við störf þeirra og telur nefndin vert að árétta að þeir umsjónarmenn sem ekki eru starfsmenn umboðsmanns skuldara, sbr.

9. gr. frumvarpsins, eru ekki ráðnir inn sem starfsmenn stofnunarinnar heldur er gerður við þá þjónustusamningur í samræmi við 2. gr. frumvarps til laga um umboðsmann skuldara (562. mál). Þá telur nefndin mikilvægt að til fyllingar laganna setji umboðsmaður skuldara umsjónarmönnum verklagsreglur sem tryggi samræmd vinnubrögð og gagnsæi við vinnu umsjónarmanna. Leggur nefndin því til nýtt ákvæði þess efnis.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þegar umsókn skuldara um greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt hefjist tímabundin frestun greiðslna sem felur m.a. í sér að skuldara sé veittur frestur á að greiða af skuldum. Þá er til að mynda kveðið á um það að óheimilt sé að gera fjárnám í eigum skuldara eða selja þær nauðungarsölu. Benti réttarfarsnefnd á að við upptalningu væri eðlilegt að bæta við að ekki mætti heldur gera kyrrsetningu eða löggeymslu í eigum skuldarans og brýnt að lánardrottnar geti ekki gert kröfu um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta meðan á frestun greiðslna stendur. Leggur nefndin til breytingar því til samræmis. Að auki lagði réttarfarsnefnd til að b-liður sem kveður á um að ekki megi skuldajafna kröfu falli brott enda sé þegar í 3. gr. kveðið á um hvaða kröfum megi skuldajafna. Leggur nefndin því að auki til þá breytingu.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umsjónarmaður skuli meta verðmæti þeirra eigna skuldara sem hann heldur eftir. Um er að ræða nokkuð mikilvægan þátt í greiðsluaðlögun enda byggt á þessu mati þegar ákvarðað er hvaða hluti veðkrafna greiðist sem óveðtryggðar kröfur, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er lagt til að lánardrottinn geti á eigin kostnað óskað mats sérfræðings fallist hann ekki á mat umsjónarmanns og umsjónarmaður geti þá eftir atvikum endurmetið verðmæti eignanna eða staðfest fyrra mat. Með þessu eru umsjónarmanni gefnar nokkuð frjálsar hendur við verðmatið og þarf að meta hverju sinni hvort hann fari eftir sérfræðimati sem lánardrottinn hefur aflað. Í samræmi við þá áherslu nefndarinnar að auka skýrleika frumvarpsins og draga úr matskenndum atriðum leggur nefndin til að vilji lánardrottinn ekki una verðmati umsjónarmanns geti hann á eigin kostnað fengið dómkvaddan mann til að meta verðmæti eignar sem skuli þá ráða niðurstöðu um verðmæti hennar. Þar sem matið er bindandi fyrir aðila máls þótti nefndinni rétt að gera ríkari kröfur og er því kveðið á um dómkvaddan matsmann.

Sú breyting sem nefndin leggur til á 20. gr. frumvarpsins helst nokkuð í hendur við breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpi nefndarinnar um breytingar á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. nefndarálit um 671. mál. Breytingunni er m.a. ætlað tryggja að sé leitað greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á grundvelli 20. gr. dugi ákvörðun umsjónarmanns um að heimila skuli skuldara að leita hennar og ekki þurfi dómsúrskurð eins og kveðið er á um í lögum nr. 50/2009. Um áframhald máls fer svo samkvæmt þeim lögum.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 21. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til breyting sem ætlað er að skýra hvernig greiða skuli af veðkröfum og er í því tilliti vísað til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2009 sem hefur að geyma ítarlega útlistun á því hvernig greitt skuli í samræmi við veðrétt af áhvílandi veðkröfum við greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að í stað orðsins „húsaleigu“ komi „leigu“ enda getur verið veðréttur í fleiri eignum en fasteignum. Í þriðja lagi er svo lögð til sú breyting að um afnám veðskulda fari eftir 12. gr. laga nr. 50/2009 þannig að samræmi sé um meðferð veðkrafna umfram matsverð eignar. Þannig geti skuldari þegar minna en þrír mánuðir eru til loka tímabils greiðsluaðlögunar, en áður en það er á enda, leitað eftir því að veðbönd verði máð af fasteigninni sem eru umfram söluverðmæti fasteignarinnar, sé m.a. sýnt að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum en geti þó staðið í skilum með það sem eftir standi. Áréttar nefnd-

in að þó svo að það sé ekki tekið fram í ákvæðum 12. gr. laga nr. 50/2009 getur skuldari leitað aðstoðar og leiðbeininga hjá umboðsmanni skuldara sé hann í greiðsluerfiðleikum á þessum tímapunkti og þurfi frekari aðstoðar við. Nefndin leggur að auki til breytingu á 29. gr. frumvarpsins til samræmis við breytingar á 21. gr.

Nefndin leggur að auki til breytingar á 25. gr. þess efnis að samningur um greiðsluaðlögun falli sjálfkrafa úr gildi ef skuldari fær heimild til að leita nauðasamnings, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann fellur frá og dánarbú hans er tekið til skipta. Lögð er til breyting á heiti ákvæðisins til samræmis.

Í 26. gr. er kveðið á um málsmeðferð vegna breytinga, riftunar eða ógildingar á samningi um greiðsluaðlögun. Vilji aðili ekki una ákvörðun umboðsmanns skuldara um breytingu eða synjun á breytingu getur hann kært hana til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Vilji aðili ekki una úrskurði kærunefndar er eðlilegt að hann geti höfðað dómsmál til ógildingar og til að taka af allan vafa um að slíkt sé heimilt leggur nefndin til breytingu þess efnis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. júní 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Guðbjartur Hannesson.	Guðmundur Steingrímsson.	Ásmundur Einar Daðason.
Unnur Brá Konráðsdóttir.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1422. Breytingartillögur [670. mál]

við frv. til l. um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 1. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sá samningur getur bæði tekið til krafna sem tryggðar eru með veðrétti í eign skuldara og krafna sem engin slík trygging er fyrir eða einungis til krafna af öðrum hvorum meiði.
2. Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þeir einir geta leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum þessum sem eiga lögheimili og eru búsettir hér á landi. Frá þessu skilyrði má þó víkja ef:
   a. sá sem leitar greiðsluaðlögunar er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda, enda leiti hann hennar einungis vegna skuldbindinga sem stofnast hafa hér á landi við lánardrottna sem eiga hér heimili, eða

b. greiðsluaðlögun er eingöngu ætlað að taka til veðkrafna sem hvíla á fasteign hér á landi, enda sé eigandi hennar íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

3. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „staðgreiðslu“ í f-lið 1. mgr. komi: opinberra gjalda.
   b. Í h-lið 1. mgr. falli niður orðin: áfallandi meðlags og lífeyris sem skuldara ber að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum sem og.
4. Við 4. gr. Orðin „ef slíks er þörf til að afmarka upplýsingar um útgjöld og tekjur skuldara“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
   a. B-liður falli brott.
   b. D-liður, sem verði c-liður, orðist svo: gera fjárnám, kyrrsetningu eða löggeymslu í eigum skuldarans eða fá þær seldar nauðungarsölu.
   c. Við bætist nýr stafliður sem verði d-liður, svohljóðandi: fá bú skuldarans tekið til gjaldþrotaskipta.
6. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Lánardrottinn sem ekki unir við mat sem umsjónarmaður aflar getur á eigin kostnað fengið dómkvaddan mann til að meta verðmæti eignar. Sé slíkrar matsgerðar aflað skal hún ráða niðurstöðu um verðmæti eignarinnar.
7. Við 20. gr. Síðari málsliður orðist svo: Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í þeim lögum án þess að dómsúrskurður gangi um heimild til greiðsluaðlögunar, en umsjónarmaður sem skipaður hefur verið skv. 9. gr. skal gegna hlutverki umsjónarmanns eftir reglum þeirra laga.
8. Við 21. gr.
   a. 1. málsl. a-liðar 1. mgr. orðist svo: Ef skuldari heldur eftir eignum sem veðkröfur á hendur honum hvíla á skal hann greiða fastar mánaðargreiðslur af þeim veðkröfum, sem eru innan matsverðs eignar, á tímabili greiðsluaðlögunar og skal þeim varið til greiðslu krafna eftir ákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.
   b. Í stað orðsins „húsaleigu“ í 2. og 3. málsl. a-liðar 1. mgr. komi: leigu.
   c. 6. málsl. a-liðar 1. mgr. orðist svo: Þegar minna en þrír mánuðir eru til loka tímabils greiðsluaðlögunar en áður en það er á enda getur skuldari leitað eftir því að veðbönd verði máð af fasteign eftir reglum 12. gr. laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, enda sé fullnægt öllum almennum skilyrðum fyrir þeirri aðgerð samkvæmt þeim lögum.
   d. Í stað orðsins „Umsjónarmaður“ í 3. mgr. komi: Umboðsmaður skuldara.
9. Við 22. gr. 3. málsl. orðist svo: Ef ekki eru gerðar ráðstafanir, með málshöfðun eða öðrum aðgerðum, til þess að fá skorið úr gildi kröfunnar innan sex mánaða frá því að samningur um greiðsluaðlögun komst á skal umboðsmaður skuldara skipta fjármununum milli þeirra lánardrottna sem samningurinn nær til.
10. Við 25. gr.
    a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
       Samningum um greiðsluaðlögun fellur sjálfkrafa úr gildi ef skuldari fær heimild til að leita nauðasamnings, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann fellur frá og dánarbú hans er tekið til skipta án þess að erfingjar taki á sig ábyrgð á skuldbindingum hans.

b. Í fyrirsögn greinarinnar falli brott orðin „að kröfu lánardrottins“.

11. Við 26. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að fengnum úrskurði nefndarinnar er heimilt að höfða einkamál til ógildingar á ákvörðuninni.
12. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið getur skuldari gegn framvísun samnings um greiðsluaðlögun og yfirlýsingar umboðsmanns skuldara um að greiðsluaðlögun sé lokið krafist aflýsingar athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.
13. Á eftir 33. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar.
Umboðsmaður skuldara setur verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar sem ráðherra staðfestir og birta skal opinberlega.

1423. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem hún lagði fram samhliða frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga og frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga sem eiga tvær eignir til heimilisnota. Forsaga frumvarpanna er sú að félags- og tryggingamálaráðherra lagði fram þrjú frumvörp til laga er höfðu það markmið að bæta stöðu einstaklinga sem áttu við greiðsluerfiðleika að stríða. Þeim frumvörpum var vísað til nefndarinnar og eftir að umsagnir höfðu borist og gestir gert grein fyrir athugasemdum sínum lá ljóst fyrir að ráðast þyrfti í nokkuð viðamikla samræmingarvinnu. Nefndin lagði því fram ný frumvörp er hefðu þau hin sömu markmið með nokkuð annarri útfærslu. Frumvarp það sem hér um ræðir lagði nefndin m.a. fram til samræmis við frumvarp nefndarinnar um greiðsluaðlögun einstaklinga og hafði þá þegar tekið ákvörðun um að fela réttarfarsnefnd yfirferð frumvarpsins en halda að því loknu áfram vinnu við nánari útfærslu þess. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið Markús Sigurbjörnsson, formann réttarfarsnefndar, á sinn fund.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott vísan til þess að um tímabundið úrræði sé að ræða þar sem lögunum er ekki ætlað að gilda tímabundið. Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna væri í reynd tímabundið úrræði. Með því væri sett fram nýtt viðmið um fjárhæð afborgana af skuldbindingum sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði og því viðmiði væri einungis ætlað að gilda um ákveðinn tíma en ekki til frambúðar. Var til samanburðar bent á það einkenni greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að með því úrræði væri stefnt að því að leysa úr greiðsluerfiðleikum einstaklinga á raunhæfan hátt til frambúðar og þar með væri ekki litið á það úrræði sem tímabundið. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og leggur til breytingar til samræmis.

Þá kom fram á fundi nefndarinnar gagnrýni á styttingu á hámarkstíma greiðsluaðlögunar í þrjú ár úr fimm. Fram kom að dómstólar hefðu úrskurðað um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna til allt að fimm ára þó svo að þess væru dæmi að úrræðinu hefði verið

veittur skemmri gildistími. Var sérstaklega nefnt að stytting greiðsluaðlögunartímabils kynni að koma hart niður á skuldurum enda væri tímalengd úrræðisins m.a. ætlað að gera einstaklingum fært að endurskipuleggja fjármál sín á raunhæfan hátt með það að markmiði að þeir gætu áfram búið í fasteign sinni. Er það skilningur nefndarinnar að þrátt fyrir að skuldarar hafi hagsmuni af því að losna á sem skemmstum tíma undan íþyngjandi áhrifum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna kunni stytting tímalengdar úrræðisins að hafa í för með sér að beiting þess leiði ekki til raunhæfrar niðurstöðu fyrir marga skuldara. Leggur nefndin því til breytingu þessu til samræmis en áréttar að ekki er kveðið á um lágmarkstímabil greiðsluaðlögunar heldur einungis hámark og því sé mögulegt að ákvarða tímalengd eftir aðstæðum hverju sinni.

Í framkvæmd hafa komið fram álitamál er varða kröfur sem tryggðar eru með tryggingarbréfi með svokölluðu allsherjarveði. Hafa þær hvorki fallið undir tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna né greiðsluaðlögun samningskrafna og því oft gert það að verkum að gjaldþrot blasir við skuldara með tilheyrandi eignamissi. Var á það bent að sjálfstæð greiðsluskylda felist ekki í tryggingarbréfum heldur vísi þau til annarra heimildaskjala um þær skuldbindingar sem þeim er ætlað að tryggja. Væri veðhafa samkvæmt tryggingarbréfi fært að veðtryggja allar kröfur er hann eignast á hendur skuldara með því að fullnýta hverju sinni þá hámarksfjárhæð sem tilgreind er í tryggingarbréfi og nyti hann að því leyti ávallt betri stöðu en aðrir kröfuhafar. Telur nefndin nauðsynlegt að komið verði í veg fyrir að framangreind álitamál hefti framgang markmiða laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og leggur til breytingar er skerpi ákvæði frumvarpsins hvað þetta varðar.

Réttarfarsnefnd kom því sjónarmiði á framfæri við nefndina að það kynni að flækja málsmeðferðina að fela umboðsmanni skuldara það verkefni að taka á móti umsóknum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og leggja mat á hvort slík heimild skuli veitt. Sé greiðsluaðlögunarinnar leitað í samræmi við 18.–20. gr. frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er hlutverk og valdsvið umboðsmanns skuldara skýrlega afmarkað. Er það mat nefndarinnar að eðlilegt sé að þeim einstaklingum er vilja beiðast greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna án þess að láta reyna á greiðsluaðlögun einstaklinga sé heimilt að leggja slíka beiðni beint fyrir dómstóla enda þegar komin nokkur reynsla á það fyrirkomulag. Leggur nefndin til breytingar þessu til samræmis.

Rætt var sérstaklega um hvert væri heppilegt varnarþing einstaklinga er beiðast greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Var á það bent að þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að víkja frá lögheimilisskilyrði laganna væri nauðsynlegt að taka upp önnur viðmið hvað varðar varnarþing skuldara. Til einföldunar og samræmingar gerir nefndin þá tillögu að ávallt skuli leggja fram beiðni um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna í því umdæmi héraðsdóms þar sem fasteign er staðsett.

Innheimtumöguleikar sveitarfélaga og húsfélaga voru sérstaklega ræddir á fundum nefndarinnar þar sem gjaldfallin fasteignagjöld og húsgjöld njóta lögveðsréttar. Réttarfarsnefnd hreyfði því sjónarmiði fyrir nefndinni að með því að skerða rétt framangreindra félaga til að krefjast nauðungarsölu á fasteignum væru innheimtumöguleikar þeirra takmarkaðir langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Telur nefndin rétt að bregðast við þeim athugasemdum. Þá áréttar nefndin að í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun eigi að gera ráð fyrir þessum útgjöldum skuldara. Leggur nefndin því til breytingar þessu til samræmis.

Fyrir nefndinni kom fram að beiðendum greiðsluaðlögunar væri oft og tíðum gert að mæta fyrir dómara og svara þar spurningum varðandi beiðni þeirra um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Lagði nefndin því til í frumvarpi sínu breytingu þess efnis að skuldari gæti óskað

þess að umsjónarmaður væri viðstaddur fyrirtöku máls fyrir dómi. Réttarfarsnefnd benti á að umsjónarmanni greiðsluaðlögunar bæri að viðhalda ákveðnu hlutleysi í samskiptum sínum við skuldara og kröfuhafa. Fer hann t.d. með víðtækt mat á aðstæðum kröfuhafa og skuldara meðan á umleitunum stendur. Var einnig nefnt að krafa um hlutleysi umsjónarmanns væri sett fram í því augnamiði að kröfuhafar bæru til hans traust enda væri slíkt nauðsynleg forsenda eðlilegs gangs umleitana. Fram kom að þetta gæti leitt til þess að umsjónarmanni væri í raun ófært að gæta hagsmuna skuldara fyrir dómi. Nefndin leggur til breytingar þessu til samræmis enda mikilvægt að umsjónarmaður geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Loks kom fram fyrir nefndinni að eðlilegt væri að ráðast í nokkrar orðalagsbreytingar í þeim tilgangi að einfalda framkvæmd samkvæmt ákvæðum frumvarpsins auk þess sem nauðsynlegt væri að lagasamræmis yrði gætt. Þá var lagt til að brott yrðu felld nokkur ákvæði er fælu í sér tvítekningu þegar litið væri til heildarsamræmis frumvarpa og laga er varða greiðsluerfiðleikaúrræði einstaklinga. Að auki leggur nefndin til nokkrar breytingar til leiðréttingar og skýringar á texta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Framkvæmd laga þessara heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra.
2. 2. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur greiðsluaðlögun tekið til fasteignar af þeim toga sem þar um ræðir þótt skuldarinn haldi þar hvorki heimili né hafi þar skráð lögheimili ef hann er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.
   b. 2. tölul. 3. mgr. orðast svo: Krafna sem tryggðar eru með samningsveði og hvíla á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn, sbr. þó 6. mgr.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nú hvílir á fasteigninni tryggingarbréf sem veitir veðréttindi fyrir kröfum veðhafans á hendur skuldaranum eða einhverjum eiganda séu þeir fleiri en einn. Meðan á greiðsluaðlögunartíma stendur skulu þá eingöngu falla undir veðtrygginguna kröfur sem gjaldfallnar voru þegar heimild var veitt til greiðsluaðlögunar og námu þá samanlagt að hámarki þeirri fjárhæð sem tryggingarbréfið hljóðar á um.
3. 3. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „hann á lögheimili“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sú fasteign sem greiðsluaðlögun varðar er.
4. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Orðin „til greiðsluaðlögunar“ í 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
   b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
   c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Ráðherra.
5. C- og d-liður 5. gr. falli brott.
6. 6., 7. og 9. gr. falli brott.

7. Síðari málsliður 10. gr. falli brott.

Alþingi, 23. júní 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Guðbjartur Hannesson. Guðmundur Steingrímsson. Ásmundur Einar Daðason.

Unnur Brá Konráðsdóttir. Anna Margrét Guðjónsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1424. Breytingartillögur [672. mál]

við frv. til l. um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Einstaklingur sem á tímabilinu 1. janúar 2006 til 1. nóvember 2008 festi kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, og átti á sama tíma fasteign sem hann hafði ekki selt getur lagt inn skriflega umsókn til umboðsmanns skuldara um eignaráðstöfun á annarri af þessum fasteignum, enda hafi þær báðar verið óslitið í hans eigu frá tilgreindu tímamarki. Heimilt er að veita einstaklingi undanþágu frá fyrra tímamarki ef sérstaklega stendur á.
   b. Í stað orðanna „og hverjir eiga þar lögheimili“ í 2. tölul. 4. mgr. komi: hverjir eiga þar lögheimili og hvorri þeirra skuldari vilji halda eftir.
   c. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Verði umsókn um eignaráðstöfun samþykkt skal umboðsmaður skuldara endurgreiða skuldara kostnað vegna verðmats eigna.
2. Við 4. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Umsjónarmaður skal fá þinglýst athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um eignaráðstöfun á þær fasteignir sem hún nær til.
   b. Á eftir 2. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar sem orðist svo:
      Skuldari skal í samráði við umsjónarmann velja hvaða eign hann vill leitast við að halda eftir.
      Þegar endanlega er ráðið hvorri fasteigninni skuldari leitast við að halda eftir skal umsjónarmaður gera samantekt um veðskuldir sem hvíla á hvorri þeirra og skal þar tekið mið af uppreiknuðum eftirstöðvum hverrar veðskuldar að viðbættum áföllnum vöxtum, vanskilum og kostnaði sem af þeim kann að leiða.
      Ef fasteignin sem ráðstafa á er ekki veðsett fyrir 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður gefa þeim sem eiga veðréttindi fyrir kröfum sínum í hinni fasteigninni kost á að flytja þau að hluta eða fullu yfir á þá fyrrnefndu. Vilji fleiri veðhafar

neyta þess kosts en veðrými er fyrir á fasteigninni sem á að ráðstafa skal skuldara gefið færi á að velja hvaða skuldir verði fluttar, en ella skal það ráðast af aldri veðréttinda.

Ef í ljós kemur að á fasteigninni sem ráðstafa á hvíli veðbönd fyrir hærri fjárhæð en nemur verðmati hennar skal umsjónarmaður gefa þeim sem eiga veðréttindi utan þeirra marka kost á að færa þau að hluta eða fullu yfir á fasteignina sem skuldari vill halda eftir. Veðréttindi sem þannig flytjast skulu koma að baki þeim sem hvíla fyrir á fasteigninni og raðast þar innbyrðis á sama hátt og þau stóðu áður í veðröð.

Nú hefur veðhafi tryggingarbréf með veði í fasteigninni sem ráðstafa á til tryggingar kröfum sínum og bréfið tiltekur ekki hvaða einstöku fjárskuldbindingum veðinu er ætlað að tryggja. Skal veðhafi þá gefa út yfirlýsingu til umsjónarmanns um hvaða tilteknu fjárskuldbindingar veðið tryggir.

c. 3. mgr. orðist svo:

Að því gerðu sem í 3.–7. mgr. segir skal umsjónarmaður í samráði við skuldara gera frumvarp til eignaráðstöfunar þar sem greint er frá verðmæti beggja fasteignanna, hverjar skuldirnar eru sem hvíla á hvorri þeirra, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er, sundurliðuð annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til eignaráðstöfunar.

d. 4. mgr. falli brott.

3. 5. gr. orðist svo:

Veðkröfur á hvorri fasteign fyrir sig skulu ekki færðar á milli þeirra nema um það semjist skv. 4.–6. mgr. 4. gr.

Kröfur á hendur skuldara sem njóta veðréttinda sem fylgja fasteign þegar henni er ráðstafað til veðhafa, sbr. 6. og 7. gr., falla niður gagnvart skuldara þar sem ráðstöfunin telst fullnaðargreiðsla af hans hálfu.

Ef samanlögð fjárhæð veðkrafna á þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa er lægri en 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður finna mismun uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda á þeirri fasteign og 100% af verðmati hennar. Skal sá mismunur nefndur eignarhlutur skuldara. Umsjónarmaður skal gera tryggingarbréf með veði og uppfærslurétti fyrir fjárhæðinni sem svarar til eignarhlutar skuldara. Tryggingarbréfið skal vera á nafni skuldara, sem verður eigandi þess, og skal krafa hans bera sömu vexti og verðtryggingu og almenn fasteignalán Íbúðalánasjóðs. Tryggingarbréfið skal við útgáfu þess standa aftast í veðröð á þeirri fasteign sem ráðstafa á, en færast fram í veðröð að teknu tilliti til niðurstöðu skv. 3. mgr. 6. gr. um hvort veðréttindi verði afmáð sökum þess að veðhafi nýtir sér ekki rétt til að fá eignina leysta til sín. Í tryggingarbréfinu skal kveðið á um að sá veðhafi sem fær fasteigninni ráðstafað til sín skuli við sölu hennar ávallt leitast við að ráðstafa henni á markaðsverði og leita hæstu tilboða. Við söluna skal veðhafinn ráðstafa til skuldara þeim hluta af söluverði sem er umfram það sem þarf til að greiða rétthærri veðskuldir og endurgreiða veðhafanum veðskuldir sem hann kann að hafa leyst til sín, allt þar til uppreiknaðar eftirstöðvar tryggingarbréfsins hafa þannig verið greiddar. Eftir sölu fasteignarinnar og ráðstöfun söluverðs skal tryggingarbréfið máð af henni þótt söluverðið hafi ekki hrokkið fyrir að greiða eignarhluta skuldara að nokkru leyti eða öllu.

4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „enda“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og.
   b. Í stað orðanna „dómkvaddra manna“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: dómkvadds manns.
   c. Í stað orðanna „frestun meðferðar málsins“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: frest.
   d. 3. mgr. orðist svo:

      Umsjónarmaður skal á fundinum fyrst gefa þeim veðhafa sem stendur aftast í réttindaröð í þeirri fasteign sem ráðstafa á kost á að leysa hana til sín með því að taka yfir allar skuldbindingar við rétthærri veðhafa eins og þær þá standa og skyldur samkvæmt tryggingarbréfi fyrir eignarhlut skuldara, sé um það að ræða. Vilji veðhafinn ekki nýta sér þennan kost falla veðréttindi hans niður og skal þessu næst gefa þeim veðhafa sem næstur honum stendur kost á því að leysa til sín eignina með sömu kjörum. Skal svo ef með þarf haldið áfram á þennan hátt koll af kolli. Sá samningsveðhafi sem fremstur stendur er að öllum öðrum frágengnum skyldugur til að leysa til sín eignina gegn því að greiða kröfur sem lögveðréttindi honum fremri kunna að vera fyrir. Að fenginni niðurstöðu ber þeim veðhafa sem leysir eignina til sín að gera innan tveggja vikna allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fá eignarrétt að fasteigninni færðan til sín, þar á meðal að leggja fyrir umsjónarmann nauðsynleg skjöl í því skyni.
   e. 4. mgr. falli brott.
   f. 5. mgr. orðist svo:

      Umsjónarmanni er heimilt að fresta veðhafafundi í skamman tíma og eigi lengur en tvær vikur, án auglýsingar, ef hann telur að slík frestun geti leitt til samnings um ráðstöfun eignar.
5. Við 7. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í samræmi við niðurstöðu veðhafafundar, sbr. 6. gr., skal umsjónarmaður gera nauðsynlegar breytingar á veðréttindum, svo sem afmáningu þeirra í því tilviki að veðhafi kýs að nýta ekki rétt sinn til að leysa eignina til sín.
   b. Í stað orðanna „samkvæmt þessum kafla“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: samkvæmt lögum þessum.
   c. Í stað orðanna „standa að baki þeim veðréttindum“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: njóta veðréttinda.
   d. Í stað orðanna „6. og 7. mgr. 8. gr.“ í 3. mgr. komi: 6. mgr. 8. gr.

1425. Frumvarp til laga [682. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Jón Gunnarsson, Óli Björn Kárason, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen.

1. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama á við um mál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi erlendra gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 2012.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málsliður sem mælir fyrir um það að dómsmál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti, skuli sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laganna, en sá kafli fjallar um flýtimeðferð einkamála fyrir dómstólum.

Núgildandi ákvæði 123. gr. laga um meðferð einkamála mælir fyrir um að hyggist aðili höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og það færi ella eftir almennum reglum laganna geti aðili málsins óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi dómsniðurstaðan almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans.

Í kjölfar tveggja dóma Hæstaréttar Íslands, í málum Óskars Sindra Atlasonar gegn SP-Fjármögnun hf. (mál nr. 92/2010) og Sigurðar Pálmasonar gegn Lýsingu hf. (mál nr. 315/2010), hefur risið upp ágreiningur um fordæmisgildi dómanna og áhrif þeirra á ýmis álitamál tengd gengistryggðum lánum sem Hæstiréttur dæmdi ólögmæt. Nægir þar að nefna ágreining um hvort dómarnir hafi þýðingu varðandi gengistryggð húsnæðislán, gengistryggð lán til fyrirtækja og hvernig haga skuli vaxtaútreikningi við endurreikning þeirra gengistryggðu lána sem dæmd voru ólögmæt.

Viðbúið er að látið verði reyna á þau álitaefni sem hér hafa verið nefnd og eftir atvikum önnur álitamál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána fyrir dómstólum. Niðurstaða slíkra dómsmála munu augljóslega hafa almenna þýðingu og varða stórfellda hagsmuni fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fjármálastofnanir.

Mikilvægt er að úrlausn álitaefna sem risið hafa í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um gengistryggð lán hljóti skjóta úrlausn í dómskerfinu, leiði sá ágreiningur sem uppi er til þess að látið verði á hann reyna fyrir dómstólum.

Til þess að tryggja hraða málsmeðferð þeirra álitamála sem hér hafa verið nefnd og varða með einum eða öðrum hætti réttaráhrif dóma Hæstaréttar Íslands um ólögmæti gengistryggðra lán og álitaefni þeim tengd er lagt til í frumvarpi þessu að slík mál sem dómstólar

fá til meðferðar fái skilyrðislausa flýtimeðferð innan dómskerfisins samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Gera má ráð fyrir að sá ágreiningur sem upp kann að koma og tengist gengis- eða verðtryggingu lána og skilmálum slíkra skuldbindinga verði til lykta leiddur fyrir 1. janúar 2012. Er því lagt til að sú sértæka málsmeðferðarregla sem lagt er til með frumvarpinu að verði lögfest falli úr gildi eigi síðar en hinn 1. janúar 2012.

1426. Breytingartillaga [672. mál]

við frv. til l. um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við 2. gr.

a. 4. mgr. orðist svo:
   Í skriflegri umsókn til embættis umboðsmanns skuldara skal koma fram:
   1. nafn skuldara og kennitala,
   2. hvaða tvær fasteignir beiðnin varðar,
   3. skuldir sem hvíla á fasteignunum og stafa ekki af lánum frá fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum eða Íbúðalánasjóði, m.a. tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvar, greiðsluskilmálar, ákvæði um vexti og verðtryggingu ef við á, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu,
   4. hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.
b. Orðin „en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans“ í fyrri málslið 5. mgr. falli brott.

1427. Breytingartillaga [670. mál]

við brtt. á þskj. 1422 [Greiðsluaðlögun einstaklinga].

Frá Pétri H. Blöndal.

4. tölul. orðist svo: 4. gr. orðist svo:

Skuldari skal leggja fram umsókn um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn skuldara, kennitala hans og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
2. Sundurliðaðar upplýsingar um eignir skuldara umfram 2 millj. kr. sem ekki eru skráðar í opinberum skrám og ekki eru nauðsynlegar fyrir rekstur heimilis, svo sem málverka-, frímerkja- og bókasöfn, skartgripir og hestar.
3. Sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð skulda, gjaldfallinna sem ógjaldfallinna, og ábyrgða sem ekki eru skráðar í opinberum skrám og eftir atvikum upplýsingar um af-

borgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra.
4. Hverjar tekjur skuldara eru svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum eða atvinnuhögum. Hvort hann muni hafa aðra fjármuni en vinnutekjur sínar til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra.
5. Mat skuldara á meðaltali mánaðarlegra útgjalda sinna, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsnæðis og afborgana af skuldum.
6. Lýsing skuldara á því hvað valdið hafi skuldastöðu hans og hvers vegna hann geti ekki eða sjái ekki fram á að geta staðið að fullu við skuldbindingar sínar.
7. Hverjir kunna að vera ábyrgðarmenn skuldara, samskuldarar eða hafa veitt veð fyrir skuldum hans og hvort hann beri sjálfur ábyrgð á skuldbindingum annarra.
8. Yfirlýsing um að umboðsmanni skuldara sé heimilt að staðreyna gefnar upplýsingar og afla nánari upplýsinga, án þess að þagnarskylda þeirra sem búa yfir slíkum upplýsingum hindri það, sé talin þörf á því.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skal einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum.

Umsókninni skulu fylgja gögn til staðfestingar þeim upplýsingum sem hún hefur að geyma.

Umboðsmaður skuldara skal aðstoða skuldara við að semja umsókn um greiðsluaðlögun honum að kostnaðarlausu.

Umboðsmaður skuldara skal að fengnu samþykki skuldara og eftir atvikum maka skuldara og annars heimilisfólks, sbr. 2. mgr., afla nauðsynlegra gagna frá opinberum stofnunum sem og þekktum lánardrottnum. Skylt er þeim aðilum að senda umboðsmanni skuldara umbeðin gögn.

1428. Frumvarp til laga [683. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 55. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Áður en umræða hefst um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur getur forseti gert tillögu um hve lengi umræðan skuli standa. Ræðutími einstakra þingmanna getur þá orðið styttri en greinir í 80. gr. Við upphaf 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur skal tillaga forseta um hve lengi umræðan má standa taka mið af óskum nefnda um heildartíma umræðu. Eigi má takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Í tillögu forseta um heildartíma umræðu skal skipta umræðutíma því sem næst að hálfu jafnt milli þingflokka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokki en forseti ákveður ræðutíma þingmanna utan flokka. Ákvæði þessarar málsgreinar ná einnig til ræðutíma ráðherra. Tillögur forseta samkvæmt þessari málsgrein ná ekki til umræðna um frumvörp til fjárlaga og frumvörp til stjórnarskipunarlaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Starfshættir Alþingis hafa verið til umræðu og skoðunar meðal almennings á síðustu missirum, sérstaklega í kjölfar bankahrunsins. Alþingismenn hafa látið til sín taka í þessari umræðu og hafa margir hverjir kallað á virkari og nútímalegri vinnubrögð, m.a. í ljósi nýrrar reynslu. Einnig hefur verið litið til þess að rétt væri að skipuleggja vinnu þingsins betur til að freista þess að auka traust almennings til Alþingis og bæta ásýnd þess. Hér á landi er umræðuhefð þingsins fyrir löngu orðin úrelt. Ekki er reynt að áætla hvað hver umræða taki mikinn tíma hverju sinni miðað við eðli mála. Nefndir þingsins hafa að mati flutningsmanns getu og burði til að áætla umræðutíma þannig að hvert mál fái næga og vandaða umfjöllun. Yrði slíku fyrirkomulagi komið á væri fyrir fram hægt að halda utan um dagskrá þingsins og tímaáætlanir stæðust. Einnig er rétt að benda á að um langt skeið hefur svokallað málþóf verið þekkt fyrirbæri eins og lesa mátti í umfjöllun dagblaðs fyrr á árinu en þar sagði „Málþóf er aldagömul aðferð til að stöðva mál og á rætur sínar að rekja til Rómaveldis. Þó tíðkast það aðeins í örfáum löndum í dag og þekkist ekki hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Kató yngri er fyrsti skráði málþófsmaðurinn. Árið 60 fyrir Krist kom hann í veg fyrir að Júlíus Sesar kæmi máli í gegnum rómverska þingið með því að tala fram á kvöld, en Rómverjar höfðu lög um að öllum ákvörðunum þingsins yrði að ljúka í birtu.“ Oftast er það stjórnarandstaða hvers tíma sem stundar málþóf og oftast í aðdraganda þinghléa hvers árs. Engir íslensku stjórnmálaflokkanna eru undanskildir í þessu samhengi. Hafa þeir allir stundað málþóf í einhverjum mæli allt eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu í það sinnið. Rökin fyrir málþófi eru þau að með því má skapa svokallaða samningsaðstöðu í lok hverrar þinglotu þannig að allir flokkar fái eitthvað fyrir sinn snúð. Þannig nái einstök mál einstakra flokka fram að ganga eða ekki og þegar um slíkt hefur samist leggst málþófið niður. Hafa sumir reynt að færa rök fyrir því að málþóf sé eðlilegur hluti af lýðræðinu því þannig verði meiri hlutinn neyddur til að taka tillit til minni hlutans. Flutningsmaður telur að slík rök vegi ekki mjög þungt og rök séu fyrir því að málþóf sé lýðræðinu heldur skaðlegra en hitt því málþóf grefur undan trausti á Alþingi almennt. Þingmenn hafa þó fært þau rök fram að málþóf sé ein fárra leiða sem stjórnarandstaðan hefur til að hafa áhrif á framgang mála á Alþingi, sérstaklega undir þinglokin. Þótt færa megi slík rök fram telur flutningsmaður rétt að breyta fyrirkomulagi ræðutíma þannig að mál fái eðlilegan umræðutíma en málþóf leggist af.

Til að koma til móts við þau sjónarmið að málþóf sé tæki stjórnarandstöðunnar til að hafa áhrif á gang mála, og vegna frekar veikrar stöðu stjórnarandstöðu á Alþingi miðað við stöðu hennar í öðrum norrænum þjóðþingum, telur flutningsmaður eðlilegt að samhliða þeirri breytingu á þingsköpum sem hér er lögð til væri staða stjórnarandstöðunnar styrkt. Stjórnarandstöðuna mætti styrkja t.d. með því að hluti formanna nefnda þingsins kæmi úr hennar röðum, minni hluti þingsins gæti knúið á um að umdeild mál færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og önnur slík atriði. Með því að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar mætti ná fram breiðari sátt um að skapa nýja og bætta umræðuhefð á Alþingi þannig að áætlað væri fyrir fram hve langan tíma hver einstök umræða tæki um hvert mál fyrir sig.

Flutningsmaður telur að umræðuhefð Alþingis sé gamaldags. Hún er ekki í anda nútímalegra vinnubragða þar sem unnið er af vandvirkni og eftir vinnuáætlun. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á Alþingi og fjöldi nýrra þingmanna hefur tekið þar sæti. Endurnýjun á Alþingi í síðustu kosningum árið 2009 er sú mesta frá upphafi. Nýir þingmenn eru 27 af 63,

eða 43%. Í kosningunum 2007 komu 24 nýir þingmenn á þing og hefur því orðið meiri endurnýjun á Alþingi á tveimur árum en nokkru sinni í sögunni. Alls hafa því 42 þingmenn af 63, eða ⅔ hlutar þingsins, mjög stutta þingreynslu og því fylgja ferskir vindar. Konur hlutu einnig bestu kosningu frá upphafi en nú eru 43% þingmanna konur. Með nýjum þingmönnum skapast tækifæri til breytinga, tækifæri til að taka upp breytt og bætt vinnubrögð. Margir hinna nýju þingmanna hafa furðað sig á úreltum hefðum og kallað eftir breytingum á vinnubrögðum Alþingis. Hafa þeir sumir hverjir gert eðlilegar kröfur um að hægt sé að gefa út vinnuáætlanir sem standist dag frá degi og viku til viku þar sem gefið er upp hvaða mál verði á dagskrá og hvenær. Þannig geti þingmenn undirbúið ræður sínar á Alþingi svo að eðlilegt megi teljast. Einnig sýni vinnuáætlun hvenær þingmenn geti sinnt öðrum störfum, svo sem í kjördæmi og flokksstarfi eða jafnvel fjölskyldulífi þannig að þingmenn megi ganga út frá því hvenær þeir geti átt samverustundir með fjölskyldum sínum.

Flutningsmaður telur að umræðuhefð Alþingis þurfi nú að taka breytingum því almenningur nýtir sér upplýsingatæknina í æ ríkari mæli til að fylgjast með innihaldi umræðunnar á Alþingi. Önnur þjóðþing, svo sem þau norrænu, sem við berum okkur helst saman við hafa einbeittari umræðuhefð og fara eftir áætlunum um upphaf og endi hverrar umræðu. Alþingi þarf að komast út úr ómarkvissum vinnubrögðum og koma á skipulagi þar sem öll mál fá eðlilega langan umræðutíma en þó fái ekkert mál minna en þriggja klukkustunda umræðu í þinginu. Gera má ráð fyrir að mörg mál fengju mun meiri tíma allt eftir mati þingnefndanna og ákvörðun þingmanna í atkvæðagreiðslu um ræðutíma.

Í frumvarpi þessu er tekið mið af þeim reglum sem gilda um ræðutímann í norska Stórþinginu. Í ljósi eðlis frumvarpa til fjárlaga og frumvarpa til stjórnarskipunarlaga er nýbreytnin ekki látin ná til þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að forseti fái heimild til að leggja fram tillögu áður en umræða hefst um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur um hve lengi umræðan skuli standa. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Ræðutími einstakra þingmanna og ráðherra getur samkvæmt þessu orðið styttri en fjallað er um í 80. gr. þingskapa. Forseti má eigi takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Við upphaf 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur skal tillaga forseta um hve lengi umræðan má standa taka mið af óskum nefnda um heildartíma umræðu.

Frumvarp þetta miðar að því að skipuleggja umræður um þingmál betur en nú er og þar með störf Alþingis. Brýn nauðsyn er á að umræðuhefð þingsins breytist og traust til þess um vönduð vinnubrögð aukist frá því sem nú er.

Samhliða þessari breytingu á þingsköpum væri eðlilegt að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar til að hafa áhrif á gang mála, svo sem með því að hluti formanna nefnda þingsins kæmi úr hennar röðum, minni hluti þingsins gæti knúið á um að umdeild mál færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og önnur slík atriði.

1429. Nefndarálit [659. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Lúðvík Þráinsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Völu Valtýsdóttur frá Deloitte, Sigurð Jónsson og Alexander G. Eðvardsson frá KPMG, Elínu Árnadóttur og Friðgeir Sigurðsson frá PriceWaterhouseCoopers, Jónu Björk Guðnadóttur og Sigurð Snorrason frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði. Þá hafa borist umsagnir frá Deloitte, Félagi löggiltra endurskoðenda, KPMG, PriceWaterhouseCoopers, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fjármálafyrirtækja sameiginlega, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi atvinnurekenda.

Frumvarpið fjallar um skattaleg áhrif eftirgjafar skulda. Frumvarpið gerir skýran greinarmun á aðilum í atvinnurekstri annars vegar og þeim sem standa utan atvinnurekstrar. Frumvarpið er álitið vera liður í skilvirkari endurskipulagningu skulda sem er til þess fallin að flýta efnahagsbata.

Aðilar sem standa utan atvinnurekstrar (b-liður 1. gr.).

Lagt er til í frumvarpinu að einstaklingum og samsköttuðum aðilum verði í stað fullrar tekjufærslu heimilt að telja ekki til tekna ákveðinn hluta eftirgjafar á veðskuldum utan atvinnurekstrar vegna greiðsluerfiðleika á tilgreindu tímabili og að því tilskildu að kröfuhafi varðveiti öll gögn um forsendur eftirgjafar. Aðilum verði enn fremur heimilt að fresta skattlagningu þessara tekna um tvö ár og tekjufæra þær síðan með jöfnum fjárhæðum á næstu fimm árum.

Í 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er kveðið á um skilyrði þess að eftirgjöf skulda teljist ekki til skattskyldra tekna. Hafa þau skilyrði verið nánar útfærð í reglugerð nr. 534/2009. Þar kemur fram að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar skuli ekki metin til tekna þegar hún er veitt á grundvelli nauðasamnings og vegna nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, sbr. 1. gr. Enn fremur er skuldaeftirgjöf ekki talin til skattskyldra tekna ef sannað þykir á fullnægjandi hátt að eignir eru ekki til fyrir skuldum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Í athugasemdum frumvarpsins er vísað til þess að ýmis opinber úrræði sem samþykkt hafa verið til lausnar á skuldavanda einstaklinga falli undir skilyrði reglugerðarinnar og leiði því ekki til skattskyldu. Almenn úrræði eins og greiðslujöfnun verðtryggðra og gengistryggðra fasteignaveðlána og bílalána og greiðsluaðlögun mætti þar nefna ásamt samkomulagi tilgreindra fjármálastofnana um sértæka skuldaaðlögun sem gert var með aðkomu stjórnvalda. Í frumvarpinu kemur einnig fram sá skilningur að tilgreindar skilmálabreytingar, umbreytingar og leiðréttingar lána sem gerðar eru á almennum forsendum og samkvæmt hefðbundnum aðferðum feli ekki í sér eiginlega eftirgjöf sem verði talin andlag skattlagningar.

Á fundum nefndarinnar var samhljómur um að 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 46/2009, kæmi í flestum tilvikum í veg fyrir að almenn og málefnaleg skuldaúrræði sem í boði væru leiddu til skattlagningar og að baki greininni byggi það sjónarmið að þeir sem ættu í greiðsluvanda nytu góðs af skattafslætti en ekki þeir sem hefðu greiðslugetu. Jafnframt kom fram að veigamikill þáttur í endurskipulagningu skulda væri unninn í samstarfi einstakra kröfuhafa við viðskiptavini sína. Innan nefndarinnar toguðust því á sjónarmið um hvort það mat á greiðsluvanda sem kröfuhafar leggja til grundvallar við skuldaeftirgjöf sé með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár um jafnræði og banni við framsali skattlagningarvalds nægilega hlutlægur mælikvarði til þess að eftirgjöfin verði ekki metin til skattskyldra tekna í hendi viðskiptavinanna.

Nefndin bendir á að frumvarpið sé viðbótarúrræði og rýri í engu þann rétt sem aðilar utan atvinnurekstrar hafa samkvæmt gildandi reglum vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda. Frumvarpið endurspeglar enn fremur þá staðreynd að kröfuhafar hafa í ákveðnum tilvikum boðið viðskiptavinum sínum upp á mismunandi lausnir við úrlausn skuldavandans, þar af sumar sem ekki rúmast innan þeirra skilyrða sem sett eru fyrir skattfrjálsri eftirgjöf í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga, sbr. og reglugerð nr. 534/2009. Skattaeftirgjöf samkvæmt frumvarpinu mun fyrst og fremst nýtast þeim sem fengið hafa úrræði í boði kröfuhafa. Fram komu efasemdir um réttmæti þess að veita slíka skattaeftirgjöf í þeim tilvikum þegar úrræði kröfuhafa við niðurfellingu skulda tækju ekki tillit til eignastöðu og tekna eins og gerð er krafa um í almennum úrræðum stjórnvalda.

Á fundum nefndarinnar voru fjárhæðarmörk frumvarpsins gagnrýnd og lögðu sumir til að þau yrðu tekin burt eða í það minnsta tvöfölduð. Nefndin óskaði af þessu tilefni skýringa á því hvernig fjárhæðarviðmiðin hefðu verið ákvörðuð og var á það bent af hálfu fjármálaráðuneytisins að tekið hefði verið mið af upplýsingum úr skattframtölum fyrir árið 2009 í þeim tilgangi að koma til móts við meginþorra skuldara í greiðsluvanda. Einnig var á það bent að opinber úrræði væru til staðar fyrir þá sem ættu við mikinn greiðsluvanda að stríða. Með hliðsjón af athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja leggur nefndin til að viðmiðin hækki um 50%.

Á fundum nefndarinnar var það gagnrýnt að frumvarpið væri einskorðað við veðskuldir með vísan til þess að við mat á afskriftaþörf væri skuldastaða viðskiptavina yfirleitt skoðuð heildstætt af kröfuhöfum. Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja lögðu áherslu á að bílasamningar yrðu felldir undir frumvarpið en lán sem veitt hefðu verið á grundvelli þeirra væru ekki veitt gegn veði heldur væri hlutaðeigandi bifreið í eigu fjármögnunaraðila á gildistíma samningsins. Nefndin fellst á að láta frumvarpið taka til bílasamninga og leggur til breytingu þar að lútandi.

Nefndin leggur til að heimild ríkisskattstjóra til að lækka tekjuskattsstofn sem myndast hefur vegna eftirgjafar skulda, sbr. 5. mgr. b-liðar 1. gr., verði breytt í skyldu og jafnframt að heimild fjármálaráðherra til að setja reglugerð um skilyrði fyrir lækkun tekjuskattsstofns skv. 5. mgr. b-liðar 1. gr. verði breytt í skyldu. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja er talið að slíkt samræmist betur ákvæðum stjórnarskrár um bann við framsali skattlagningarvalds.

Loks vekur nefndin athygli á því að tekjufærsla mun í einhverjum tilvikum geta haft áhrif á ákvörðun barnabóta og vaxtabóta sem og ákvörðun skattþreps. Eðli málsins samkvæmt mun þar vega á móti lækkun af greiðslubyrði lána.

Aðilar í atvinnurekstri (a-liður 1. gr.).

Ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga og reglugerð nr. 534/2009 taka ekki til skulda sem stofnað er til í tengslum við atvinnurekstur.

Lagt er til í frumvarpinu að lögaðilum og einstaklingum sem stunda atvinnurekstur verði í stað fullrar tekjufærslu heimilt að tekjufæra ákveðinn hluta af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á tilgreindu tímabili og að því tilskildu að kröfuhafi varðveiti öll gögn um forsendur eftirgjafar. Heimilt verði að fyrna eignir sérstakri fyrningu á móti tekjufærslunni áður en eigi þessir aðilar ekki fyrnanlegar eignir sé heimilað að jafna tekjunum niður á þrjú ár. Meginskilyrði þessarar undanþágu er að rekstrartapi ársins og yfirfæranlegu rekstrartapi fyrri ára hafi verið jafnað. Undanþágunni er ekki ætlað að gilda um eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga.

Á fundum nefndarinnar var undirstrikað það sjónarmið að í rekstri fyrirtækja eiga eignir almennt að standa á móti skuldum en hafi eignir tapast eða fyrirtæki verið í taprekstri eigi þau að eiga skattalegt tap til að jafna á móti tekjum sem leiðir af eftirgjöf skulda. Nefndin ræddi í þessu sambandi stöðu eignarhaldsfélaga sem ekki hafa heimild til þess að gjaldfæra sölutap og virðisrýrnun hlutabréfa. Skattyfirvöld tóku fram að ekki hefðu komið fram skýringar á því hvers vegna fyrirtæki í rekstri ættu ekki framreiknað tap til að vega upp á móti skattlagningu skuldaeftirgjafar en e.t.v. væri sú aðstaða tilkomin vegna skuldsettra yfirtaka á fyrirtækjunum eða lána sem þar hefðu verið tekin til að standa undir arðgreiðslum.

Í ljósi fyrirvara frumvarpsins um skuldaeftirgjöf milli móður- og dótturfélaga og með hliðsjón af umfangsmiklum skuldavanda atvinnulífsins komu ábendingar fram um að huga þyrfti nánar að þeirri stöðu þegar fjármálafyrirtæki taka yfir hlut í öðrum félögum samfara endurskipulagningu þeirra síðarnefndu. Nefndin leggur því til að fyrirvarinn verði ekki látinn gilda þegar fjármálafyrirtæki taka yfir félög til að tryggja fullnustu kröfu, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að bændur og útgerðarfyrirtæki mundu ekki eiga þess kost að fyrna eignir sérstakri fyrningu á móti tekjufærslu samkvæmt frumvarpinu þar sem þessir aðilar hefðu margir hverjir fjárfest í ófyrnanlegum eignum.

Í umsögn ríkisskattstjóra er lagt til að misræmi milli frumvarpstexta og athugasemda frumvarpsins verði lagað með því að breyta hlutfallstölunni 25% í 1. málsl. 1. mgr. a-liðar 1. gr. í 75%. Nefndin fellst á það og telur að mistök hafi valdið þessu misræmi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Eftirfarandi breytingar verði á a-lið 1. gr. (I.):
   a. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í 1. mgr. komi: 75%.
   b. Við 5. mgr. bætist: að því undanskildu þegar fjármálafyrirtæki yfirtaka félög til að tryggja fullnustu kröfu, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
2. Eftirfarandi breytingar verði á b-lið 1. gr. (II.):
   a. Í stað fjárhæðanna „10 millj. kr.“ og „20 millj. kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 15 millj. kr., og: 30 millj. kr.
   b. Í stað fjárhæðanna „20 millj. kr.“ og „40 millj. kr.“ tvívegis í 2. málsl. 1. mgr. komi: 30 millj. kr., og: 60 millj. kr.
   c. Í stað orðanna „veðskulda utan atvinnurekstrar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: veðskulda utan atvinnurekstrar og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar.

d. Í stað orðsins „veðskuld“ í 4. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–5. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: skuld.
e. Í stað orðanna „er heimilt á grundvelli umsóknar að“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: skal á grundvelli umsóknar.
f. Í stað orðanna „er heimilt að“ í lokamálslið 5. mgr. komi: skal.

Tryggvi Þór Herbertsson, Ögmundur Jónasson, Pétur H. Blöndal, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Þór Saari skrifa undir álitið með fyrirvara.

Lilja Mósesdóttir og Birkir Jón Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. júní 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, með fyrirvara.	Þór Saari, með fyrirvara.

Anna Margrét Guðjónsdóttir.

1430. Fyrirspurn [684. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um endurskoðun reglna um forsjá barna, búsetu og umgengni.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp til breytinga á barnalögum um forsjá barna, búsetu þeirra og umgengni í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var til að fara yfir lögin og skilaði ráðherra tillögum í janúar á þessu ári, og ef svo er, hvenær verður það lagt fram?
2. Hyggst ráðherra leggja til breytingar á heimildum dómara í forsjármálum í þá veru að þeim verði veitt heimild til að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns, þótt annað foreldra sé því andvígt, þ.e. ef dómari telur þær aðstæður fyrir hendi að sameiginleg forsjá geti þjónað hagsmunum barns?

Skriflegt svar óskast.

1431. Svar [657. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra.

1. *Hvaða réttarreglur, skráðar og óskráðar, gilda að íslenskum rétti um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi?*

Upplýsingaréttur þingmanna er tryggður í 54. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 49. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, og ber ráðherra að svara spurningum þingmanna í samræmi við þau lagaákvæði sem um ræðir. Greinarmun þarf hins vegar að gera annars vegar á þessum rétti þingmanna og hins vegar sjálfstæðri upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi. Hvorki í stjórnarskránni né þingskapalögum er fjallað almennt um upplýsinga- eða sannleiksskyldu ráðherra. Þá eru ekki ákvæði í lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, sem lúta beint að upplýsinga- eða sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi.

Í 1. mgr. 36. gr. þingskapalaga er þó fjallað um að lagafrumvörpum skuli fylgja greinargerð um tilgang þess og skýringu á höfuðákvæðum. Er þetta ákvæði þingskapalaga eina ákvæðið, að því er virðist, sem kveður beinlínis á um upplýsingaskyldu af hálfu ráðherra og er þá gerður skýr greinarmunur annars vegar á upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, þ.e. að ráðherra sé skylt að veita upplýsingar án þess að óskað sé eftir þeim, og hins vegar upplýsingarétti þingmanna sem tryggður er í 54. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 49. gr. þingskapalaga og 46. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um að tiltekinn fjöldi þingmanna geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni.

Meira álitamál er hins vegar hvort sjálfstæð upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra gagnvart Alþingi megi leiða af öðrum óskráðum réttarheimildum, svo sem meginreglum laga eða eðli máls. Er í þessu sambandi vert til nánari upplýsinga að benda á nýlega grein eftir Ásmund Helgason, fyrrverandi aðallögfræðing Alþingis og núverandi héraðsdómara, um upplýsingaskyldu ráðherra við Alþingi sem birtist í 3. hefti Tímarits lögfræðinga árið 2009.

2. *Hvaða viðurlög eru við brotum á slíkri skyldu?*

Þrátt fyrir að ákvæði laga um ráðherraábyrgð lúti ekki beint að upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi kemur fram í a-lið 10. gr. að ráðherra geti talist sekur samkvæmt lögunum ef hann misbeitir stórlega valdi sínu þrátt fyrir að hann fari ekki beinlínis út fyrir embættismörk sín. Um er að ræða flokk embættisbrota sem er bæði mjög víðtækur og matskenndur. Í þennan flokk falla brot ráðherra sem hvorki fela í sér brot á stjórnarskrá né öðrum landslögum. Álitamál er hvort upplýsinga- eða sannleiksskylda ráðherra gagnvart Alþingi falli þar undir. Er í þessu sambandi vert að benda á nýlega grein eftir Andra Árnason hæstaréttarlögmann um ráðherraábyrgð sem einnig birtist í 3. hefti Tímarits lögfræðinga árið 2009.

3. *Telur ráðherra tilefni til að breyta þessum reglum, skýra þær eða eftir atvikum herða þær?*

Ráðherra telur rétt að vekja athygli á nýsamþykktum breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, þar sem kveðið er á um að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar í kjölfar samráðs á ráðherrafundi. Telur ráðherra það mikilvægt skref fram á við að ráðherrum séu settar siðareglur til að tryggja að þeir starfi af heilindum.

Þá kemur fram í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá maí sl. að rétt sé að lögfesta með skýrari hætti frumkvæðisskyldu ráð-

herra gagnvart málaflokkum og stofnunum sem undir hann heyra og aðrar skyldur, svo sem upplýsinga- og sannleiksskylduna. Hvað upplýsinga- og sannleiksskylduna varðar er einkum um að ræða samskipti við Alþingi. Ráðherra deilir afstöðu starfshópsins um þetta efni og mun beita sér fyrir því að þessi atriði verði tekin til skoðunar m.a. við fyrirhugaða endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og endurskoðun laga um ráðherraábyrgð, sbr. tillögu til þingsályktunar um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð sem ráðherra flutti ásamt fleirum á 131. löggjafarþingi. Einnig kann að mati ráðherra að vera ástæða til breytinga á þingskapalögum í þessu sambandi.

1432. Tillaga til þingsályktunar [685. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 24. júní 2010 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 2. september 2010.

1433. Frumvarp til laga [686. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir, skipaðar níu mönnum hver:

1. *Allsherjarnefnd.* Nefndin fjallar um dóms- og löggæslumál, ríkisborgararétt og málefni þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga; sveitarstjórnarmál; umhverfismál og samgöngumál.
2. *Atvinnuveganefnd.* Nefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar-, orku- og stóriðjumál og byggða- og ferðamál.
3. *Efnahags- og viðskiptanefnd.* Nefndin fjallar um verslunar-, viðskipta- og bankamál, fjármála- og vátryggingarstarfsemi og efnahagsmál almennt.
4. *Fjárlaganefnd.* Nefndin fjallar um fjármál ríksins, fjárveitingar og tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. skattamál og gjöld í ríkissjóð, eignir ríkisins, lífeyrismál og opinberar framkvæmdaáætlanir.
5. *Utanríkismálanefnd.* Nefndin fjallar um samskipti við erlend ríki, varnar- og öryggismál, málefni Evrópska efnahagssvæðisins og utanríkis- og alþjóðamál almennt.
6. *Velferðarnefnd.* Nefndin fjallar um sjúkra- og lífeyristryggingar, félagsþjónustu, húsnæðismál, vinnumarkaðsmál, jafnréttismál, heilbrigðisþjónustu og mennta- og menningarmál.

7. *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.* Nefndin fjallar um stjórnarskrármál, mannréttindamál, kosningalög, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess og Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins, svo og skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Þá skal nefndin rannsaka kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

   Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Um athugun sína getur nefndin gefið þinginu skýrslu. Komi beiðni um slíka athugun frá fjórðungi nefndarmanna skal hún fara fram.

   Nefndin skal jafnframt leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, sbr. lög um þingskipaðar rannsóknarnefndir. Nefndin tekur skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar og gefur þinginu álit sitt um þær og gerir tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

Fastanefndir skal kjósa á fyrsta fundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum, sbr. 68. gr.

Hver þingflokkur skal tilnefna varamenn í fastanefndir, allt að því jafnmarga og nemur föstum sætum flokksins í hverri nefnd.

2. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Formennska í fastanefndum skal skiptast milli þingflokka í samræmi við þingstyrk þeirra og skal við þá skiptingu viðhafa hlutfallskosningu með aðferð þeirri sem kennd er við d´Hondt. Sá þingflokkur sem á hæstu hlutatölu skal velja fyrsta formannsembættið, sá þingflokkur sem á næsthæstu hlutatölu skal velja næsta formannsembætti o.s.frv. Forsætisnefnd Alþingis annast skiptingu formannsembætta og skal skipting embættanna staðfest á fyrsta fundi forsætisnefndar að loknu kjöri fastanefnda, sbr. 13. gr.

Formaður nefndar kveður þingnefnd saman til fyrsta fundar og lætur hann kjósa varaformann nefndarinnar.

Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd skv. 13. gr., er heimilt, með samþykki nefndarinnar, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.

3. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fundur skal að jafnaði haldinn innan þriggja daga frá því að ósk berst. Formaður skal gefa viðhlítandi skýringar ef töf verður umfram þann tíma á því að halda fund í nefndinni.

4. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Nefndarfundi mega auk nefndarmanna sitja starfsmenn nefndanna og þeir gestir sem nefnd kveður til funda eða fellst á að komi fyrir nefndina. Í lok fundar tekur nefndin afstöðu til þess hvort gæta skuli trúnaðar um atriði sem komið hafa fram á slíkum fundi. Nefndinni er þó óheimilt að létta trúnaði af upplýsingum sem eiga að fara leynt skv. 28. gr.

Nefnd getur einnig haldið opinn fund í því skyni að afla upplýsinga um þingmál sem vísað hefur verið til hennar eða um mál sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði. Nefnd getur óskað eftir því að núverandi eða fyrrverandi ráðherra, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofn-

ana, formenn ráða og nefnda á vegum ríkisins, ríkisendurskoðandi, umboðsmaður Alþingis, fulltrúar hagsmunaaðila og sérfræðingar sem ekki starfa undir stjórn eða á ábyrgð ráðherra komi á fund og veiti nefndinni upplýsingar. Fari að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna fram á slíkan fund skal formaður nefndarinnar leita eftir því með hæfilegum fyrirvara við þann sem beðinn er að koma á opinn fund að hann verði við því og gera grein fyrir tilefni fundarins.

Opnir fundir skulu haldnir í heyranda hljóði og sendir út með hljóði og mynd.

Óheimilt er að miðla eða vísa til upplýsinga á opnum fundi sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða á grundvelli heimildar í upplýsingalögum. Formaður nefndar getur ákveðið að fundi skuli lokað svo að leggja megi fram slíkar trúnaðarupplýsingar.

Forseti setur nánari reglur um framkvæmd opinna funda, m.a. um aðgang áheyrenda og útsendingu.

5. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skylt er ráðherra að veita utanríkismálanefnd upplýsingar og hafa samráð við hana um EES-mál á vinnslustigi í samræmi við reglur sem forseti setur.

6. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Á starfstíma sínum er nefnd hvenær sem er heimilt að fjalla um málefni á starfssviði sínu þó að þingið hafi ekki vísað því sérstaklega til hennar.

Nefnd getur, ef hún telur ástæðu til, gefið þinginu skýrslu um athugun sína skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og athugasemdum nefndarinnar um það málefni sem hún hefur tekið upp. Í skýrslunni er heimilt að gera tillögu til þingsályktunar og kemur tillagan til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 44. gr.

Að loknum alþingiskosningum tekur nýkjörin nefnd afstöðu til þess hvort ólokinni athugun skv. 1. mgr. verði fram haldið.

7. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og felur þá jafnframt einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins.

8. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, svohljóðandi:

Nefnd getur óskað eftir því að við ráðherra að hann láti henni í té þær upplýsingar og gögn sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir afgreiðslu nefndarinnar á máli, hvort sem um er að ræða umfjöllun nefndar um þingmál eða athugun máls að frumkvæði nefndar, sbr. 26. gr. Skal ráðherra verða við slíkri ósk eins skjótt og unnt er og eigi síðar en sjö dögum frá móttöku beiðninnar. Þá getur fjórðungur nefndarmanna með sama hætti lagt fram slíka beiðni. Því aðeins er heimilt að takmarka aðgang nefndar að upplýsingum og gögnum að hagsmunir hennar af því að kynna sér efni þeirra þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum. Rökstyðja skal slíka synjun skriflega.

Heimilt er að leggja fyrir nefnd gögn og upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða samkvæmt lögmætri ákvörðun stjórnvalds. Skylt er þingmanni að gæta þagmælsku um slík gögn og upplýsingar. Sá sem lætur nefndinni í té slík gögn getur heimilað að nefndarmenn fái afrit af gögnunum, enda sé trúnaðar gætt um efni þeirra.

9. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Áður en nefnd lýkur athugun máls skal liggja fyrir nefndarálit til afgreiðslu. Fallist nefndarmaður ekki á álitið skal hann tilkynna um það áður en lokaafgreiðsla málsins fer fram. Nefndarálit skal prenta og útbýta meðal þingmanna á fundi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Forseti setur enn fremur reglur um frágang lagafrumvarpa sem innleiða reglur er byggjast á ESB-gerðum (EES-mál).
b. 2. mgr. orðast svo:

Ríkisstjórnin skal við upphaf vetrarþings afhenda forseta endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi. Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir 1. mars, verða ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef Alþingi berst erindi sem lýtur að málefni, sem þingið verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til en er ekki þingmál skv. III. kafla, skýrir forseti frá því á þingfundi. Málið gengur síðan án umræðu til nefndar eftir tillögu sem forseti gerir. Þegar nefnd hefur lokið athugun málsins lætur hún uppi álit sitt, sem er útbýtt á þingfundi, ásamt tillögu að ályktun Alþingis sem skal rædd og afgreidd við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur.

b. Við bætast tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ber að aflétta með þingsályktun og skal haga framsetningu hennar í samræmi við reglur sem forseti setur.

Forsætisráðherra leggur í október á hverju ári fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar, nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Í skýrslunni skal enn fremur fjalla um meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða einstaks ráðherra.

12. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nefnd eða meiri hluti hennar getur sömuleiðis óskað eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni, sbr. 76. gr. Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins

og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „málefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. mgr. 46. gr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef ráðherra hverfur úr embætti falla niður fyrirspurnir til hans sem ósvarað er.

14. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 50. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Forseti getur sett á dagskrá þingfundar *sérstaka umræðu* þar sem þingmenn geta fengið tekið fyrir mál hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þingmaður skal afhenda forseta skriflega beiðni hér um. Við slíka umræðu skal ráðherra vera til andsvara.

Forseti getur enn fremur sett á dagskrá þingfundar *almenna umræðu* um mál sem er í senn mikilvægt og aðkallandi og getur ekki beðið meðferðar formlegra þingmála. Þingmaður skal afhenda forseta skriflega beiðni um slíka umræðu. Að baki henni skal vera stuðningur a.m.k. fjórðungs þingmanna.

Við *almenna umræðu* um mál skv. 3. mgr. geta þingmenn lagt fram skriflega tillögu til samþykktar um efni þess máls sem til umræðu er. Slík tillaga skal afhent forseta sem kynnir hana fyrir þinginu. Forseti tekur tillögu, sem uppfyllir fyrrgreind skilyrði, til afgreiðslu að umræðu lokinni. Séu tillögur fleiri en ein koma þær til atkvæða í þeirri röð sem þær eru bornar fram. Ekki er hægt að leggja fram breytingartillögu við tillögu til samþykktar.

Forseti getur á fundartíma heimilað ráðherrum og formönnum stjórnmálaflokka að gefa sérstaka yfirlýsingu og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni ef ástæða er til. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.

15. gr.

3. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Þegar fundur er settur skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða þingskjölum sem útbýtt hefur verið. Á milli þingfunda má birta þingskjöl á heimasíðu Alþingis og telst sú birting jafngilda útbýtingu á þingfundi. Forseti setur nánari reglur um útbýtingu þingskjala á vef þingsins.

16. gr.

Á eftir orðunum „um atkvæðagreiðslu“ í 7. mgr. 55. gr. laganna kemur: um kosningu.

17. gr.

Á eftir orðunum „þingflokkar og fastanefndir“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: eða meiri hluti þeirra.

18. gr.

Við 77. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Birta má á heimasíðu Alþingis á netinu öll gögn sem annars skal prenta. Telst sú birting jafngild prentun. Forseti getur sett reglur um hvernig birtingunni skuli háttað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, þar sem lagðar eru til ákveðnar breytingar á þingsköpum Alþingis, er samið fyrir forsætisnefnd á grundvelli skýrslu nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis. Frumvarpið er lagt fram til kynningar á þessu stigi málsins. Frumvarpið hefur aðeins lauslega verið rætt í forsætisnefnd þingsins og ekki verið kynnt sérstaklega í þingflokkunum. Ráðgert er að forsætisnefnd fjalli ræki lega um frumvarpið í sumar og mun í framhaldi af því leggja það fyrir þingflokkana. Vonast er til þess að vinna megi málið að fullu næsta haust. Þá mun forseti Alþingis beita sér fyrir því að þessar hugmyndir verði ræddar í þeirri nefnd þingmanna sem hefur skýrslu rannsóknarnefndar Alþíngis til umfjöllunar.

Með framlagningu frumvarpsins gefst þingi og þjóð tækifæri til að kynna sér þær meginbreytingar sem í því felast. Skýrsla nefndar sem forsætisnefnd fól að fara yfir gildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga væri þörf kom út sl. sumar. Í nefndinni áttu sæti Bryndís Hlöðversdóttur, aðstoðarrektor og formaður vinnuhópsins, Andri Árnason hrl. og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Með nefndinni starfaði Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis. Skýrslan hefur verið til umfjöllunar í vetur, en hana má nálgast á vef Alþingis. Þá felur frumvarpið í sér róttæka breytingu á nefndakerfi þingsins, en í skýrslu vinnuhópsins er mælt með því að nefndakerfið verði endurskipulagt. Samkvæmt frumvarpinu er nefndum fækkað verulega og ekki verður bein samsvörun milli ráðuneyta Stjórnarráðsins og málefnaskiptingar nefndanna, heldur ráði álag í nefndastarfi meira um verkefnaskipulag þingsins. Enn fremur eru í frumvarpinu tillögur sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að hagkvæmt þykir að gera til að laga starfshætti þingsins. Ýmis ákvæði þingskapa sem nauðsynlegt er að laga til samræmis við þær breytingar sem hér eru lagðar til bíða frekari meðferðar á þessu frumvarpi.

Meginmarkmið tillagnanna er að gera þinginu betur kleift að annast þau verkefni sem því eru falin samkvæmt stjórnarskrá, einkum við að veita stjórnvöldum aðhald og hafa eftirlit með starfsháttum framkvæmdarvaldsins. Nánar tiltekið er með frumvarpinu lagt til að:

1. settar verði skýrari reglur um rétt Alþingis, einkum þingnefnda, til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni;
2. lögð verði skylda á ráðherra að tryggja að Alþingi hafi þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir þau mál sem eru til meðferðar á Alþingi;
3. gera Alþingi kleift að taka við trúnaðarupplýsingum sem hafa þýðingu fyrir störf þingsins;
4. gera spurningar til ráðherra og umræður um svör þeirra að markvissara aðhaldsúrræði;
5. endurskipuleggja nefndaskipulag Alþingis og fela einni tiltekinni nefnd að fara með mál er lúta að eftirliti með handhöfum framkvæmdarvalds;
6. auðvelda Alþingi að fylgja eftir þingsályktunum með því að skylda ríkisstjórnina til að leggja árlega fram skýrslu um framkvæmd þeirra;
7. styrkja stöðu minni hlutans á Alþingi;
8. gera Alþingi kleift að fylgjast betur með undirbúningi EES-mála á vinnslustigi og skýra meðferð þeirra á Alþingi;

9. laga ýmis ákvæði þingskapa að þeirri þróun sem orðið hefur síðustu missirin er varðar störf þingsins.

Fyrstu sjö atriðin má rekja beint til ábendinga í skýrslu vinnuhópsins um þingeftirlit sem getið er að framan. Við útfærslu á ákvæðum frumvarpsins sem að þessu lúta hefur verið höfð hliðsjón af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Enn fremur hefur verið tekið tillit til ráðgefandi tilmæla Evrópuráðsins nr. 1601 (2008) um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar í störfum þinga í lýðræðisríkjum (Procedural guidelines on the right and responsibilities of the opposition in a democratic parliament). Í skýrslu vinnuhópsins komu fram ýmsar aðrar ábendingar sem kalla á endurskoðun annarra laga, svo sem laga um ráðherraábyrgð og landsdóm, eða setningu nýrra laga, svo sem laga um rannsóknarnefndir, og koma því ekki til umfjöllunar í þessu frumvarpi. Þess skal þó getið að frumvarp til laga um rannsóknarnefndir er í vinnslu og mun Alþingi því taka afstöðu til þess síðar hvernig slík lög verða nýtt sem hluti af þeim úrræðum sem þingið hefur til að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Áttunda atriðið byggist á tillögum í skýrslu utanríkismálanefndar til forsætisnefndar frá 8. október 2008 um fyrirkomulag á þinglegri meðferð EES-mála. Þar komu fram ýmsar tillögur um breytingar á reglum sem forsætisnefnd setti árið 1994 um meðferð EES-mála á mótunarstigi, en þeim hefur ekki verið fylgt sem skyldi. Að fenginni þessari skýrslu voru samin drög að nýjum reglum um þinglega meðferð EES-mála þar sem ítarlega er fjallað um meðhöndlun þessara mála og samskipti við Stjórnarráðið allt frá því að tillögur eru á mótunarstigi innan Evrópusambandsins þar til lagafrumvörp eru lögð fram á þingi sem er ætlað að innleiða reglur sem byggjast á ESB-gerðum. Í ljósi þess að reglurnar leggja ákveðnar kvaðir á Stjórnarráðið þykir rétt að þeim sé veitt lagastoð í þingsköpum Alþingis.

Níunda atriðið byggist á þeirri reynslu sem orðið hefur í störfum þingsins síðan endurskoðun þingskapa fór fram árið 2007 og samkomulag hefur orðið um að þurfi að lagfæra. Nánar er vikið að þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Hlutverk Alþingis í stjórnskipan ríkisins.

Samkvæmt stjórnarskránni er meginhlutverk Alþingis þríþætt:

Í fyrsta lagi er Alþingi aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Á þeim grunni getur Alþingi með samþykkt almennra reglna haft áhrif á réttindi og skyldur borgaranna og sagt stjórnvöldum fyrir verkum. Snýst stærsti hluti þingstarfanna um þetta hlutverk Alþingis.

Í öðru lagi fer Alþingi með fjárstjórnarvald ríkisins. Í því felst vald til að ákveða með fjárlögum í hvað fjármunum ríkissjóðs skuli varið og hvernig ríkisvaldið aflar tekna með skattlagningu.

Í þriðja lagi hefur Alþingi eftirlit með störfum ráðherra og veitir þeim og ríkisstjórninni lýðræðislegt aðhald. Þetta hlutverk byggist annars vegar á þingræðisreglunni en samkvæmt henni er ráðherrum ekki sætt í ríkisstjórn nema meiri hluti alþingismanna vilji hafa þá í embætti. Hins vegar er eftirlitshlutverkið reist á 14. gr. stjórnarskrárinnar sem felur Alþingi ákæruvald við embættisbrot ráðherra. Með þessu er Alþingi falið að gæta þess að ráðherrar og sú stjórnsýsla sem undir þá heyrir starfi í samræmi við almennar áherslur og vilja Alþingis, svo og stjórnarskrá og lög.

Alþingi er samkvæmt þessu í raun æðsta valdastofnun ríkisins þar sem helstu hagsmunamál samfélagsins eru tekin til umfjöllunar. Nauðsynleg forsenda þess að þingið geti fjallað um einstök mál á upplýstan hátt og veitt ríkisstjórninni lýðræðislegt aðhald er að Alþingi hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem hafa verulega þýðingu við úrlausn mála og að til staðar séu raunhæfar leiðir fyrir Alþingi til að fylgjast með stjórnsýslunni, benda á það sem

betur má fara, gagnrýna mistök og meta hvort draga eigi ráðherra til pólitískrar eða lagalegrar ábyrgðar.

Sérstök ástæða er til að huga vandlega að þessum þáttum hér á landi þar sem rík hefð er fyrir því að reynt sé að mynda meirihlutastjórnir með sem mestum þingstyrk. Þingræðisreglan tryggir út af fyrir sig ekki að Alþingi haldi uppi virku, lýðræðislegu aðhaldi með ríkisstjórninni og að ráðherrar veiti þinginu nægar upplýsingar til að geta tekið afstöðu til mála í réttu ljósi. Þetta helgast af því að meiri hlutinn á Alþingi getur tryggt ríkisstjórninni ákveðið skjól gegn eftirliti þingsins og þingræðisreglan tryggir í raun aðeins hollustu ríkisstjórnar við þingmeirihlutann.

Innan gildandi kerfis er hægt er að bregðast við þessu á tvo vegu, annars vegar með því að setja skýrari lagareglur um samskipti Alþingis og handhafa framkvæmdarvaldsins, og þá einkum ráðherra, hins vegar með því að auka réttindi minni hlutans í störfum þingsins til að auðvelda aðhald með störfum ráðherra. Í frumvarpinu má segja að báðar leiðirnar séu farnar þó að við útfærsluna sé jafnframt horft til fleiri sjónarmiða.

Rétt er að víkja nánar að meginatriðum frumvarpsins, eins og þau eru afmörkuð í 1.–7. tölul. hér að framan, setja þau í samhengi við gildandi reglur hér á landi og bera saman við réttarstöðuna annars staðar á Norðurlöndum.

Skýrari reglur um rétt Alþingis til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni.

Gildandi reglur um upplýsingarétt Alþingis.

Með upplýsingarétti Alþingis er almennt átt við rétt alþingismanna til að krefjast upplýsinga eða skýringa frá ráðherra. Hvorki í stjórnarskrá né í almennum lögum er þinginu beinlínis tryggður almennur réttur til upplýsinga frá stjórnvöldum. Þar er þó kveðið á um ýmis úrræði sem þingmenn hafa til að beina spurningum að ráðherrum og krefjast svara við þeim.

Vikið er að upplýsingarétti þingmanna í 54. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að alþingismönnum sé heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. Þessi réttur er útfærður nánar í þingsköpum. Hvorki í stjórnarskrá né í þingsköpum er þó gefið til kynna hvaða málefni teljist opinber í þessum skilningi.

Í 46. gr. þingskapa kemur fram að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Þar er síðan nánar fjallað um meðferð beiðninnar en þingfundur ákveður hvort slík beiðni skuli leyfð.

Fjallað er um fyrirspurnir í 49. gr. þingskapa. Þar segir að óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni geri hann það með fyrirspurn sem skal afhent forseta sem ákveður hvort hún skuli leyfð. Ákveðnar kröfur eru gerðar til slíkrar fyrirspurnar, sem skal vera skýr, um afmarkað atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á, og við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Þingmaður ræður hvort svara skuli munnlega á þingfundi eða skriflega en þá er svarið prentað sem þingskjal og birt í Alþingistíðindum.

Almennt er litið svo á að ráðherra sé skylt að veita svör við fyrirspurnum og skýrslubeiðnum sem samþykktar hafa verið. Virðist sú ályktun a.m.k. geta átt sér stoð í þingsköpum en meiri óvissa ríkir um hvort hún njóti stjórnarskrárverndar. Á hinn bóginn hefur almennt verið talið að ráðherra eigi nokkurt mat um það með hvaða hætti hann svarar þeim spurningum sem hann fær frá Alþingi. Þá hefur verið álitið að ráðherra verði ekki gert að upplýsa á Alþingi um ýmis atriði sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Óvissa hefur þó ríkt um hversu langt upplýsingaréttur þingsins nær að þessu leyti og að hvaða leyti eðlilegt sé að hafa hliðsjón af fyrirmælum upplýsingalaga í því sambandi.

Þingmenn hafa nokkur önnur úrræði til að kalla eftir skýringum og afstöðu ráðherra í einstökum málum. Þeir geta efnt til umræðu utan dagskrár skv. 2. eða 3. mgr. 50. gr. þingskapa, en þá eru málefni líðandi stundar tekin fyrir hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þá geta þeir beint spurningum að ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma sem að jafnaði er tvisvar í hverri viku. Í umræðum um þingmál geta þingmenn enn fremur spurt ráðherra út í einstök atriði málsins.

Þingnefndir geta enn fremur kallað eftir upplýsingum en skv. 1. mgr. 28. gr. þingskapa er þeim heimilt að óska skriflegra umsagna um mál sem þær hafa til umfjöllunar og fá gesti á sinn fund. Með reglum forsætisnefndar um opna nefndafundi frá 14. janúar 2009 (upphaflega settar sem bráðabirgðareglur af forsætisnefnd 3. júní 2008) er þingnefndum gert kleift að halda opinn fund í því skyni að afla upplýsinga eða skýringa á tilteknu máli. Engin fyrirmæli eru um opna nefndafundi í þingsköpum.

Danmörk.

Réttarstaðan í Danmörku er að ýmsu leyti hliðstæð réttarstöðunni hér á landi. Hvorki í dönsku stjórnarskránni né í lögum eru almennar reglur sem leggja skyldu á ráðherra að verða við beiðni Þjóðþingsins um upplýsingar. Á hinn bóginn hafa þingmenn ýmis úrræði samkvæmt stjórnarskrá og þingsköpum til að afla upplýsinga frá ráðherrum.

Samkvæmt 53. gr. dönsku stjórnarskrárinnar getur hver þingmaður með samþykki þingsins vakið máls á sérhverju opinberu málefni og óskað skýringa ráðherra (forespørgelser). Nánari fyrirmæli er um meðferð slíkra fyrirspurna í dönsku þingsköpunum. Að sumu leyti svarar þetta umræðuform til ótakmarkaðrar (lengri) utandagskrárumræðu hér á landi. Litið er svo á að ráðherra sé skylt að svara fyrirspurnum í Danmörku og er þeim ávallt svarað munnlega á þingfundi þar sem almenn umræða fer fram um málið. Heimilt er að leggja fram sérstaka tillögu að ályktun undir lok umræðunnar (forslag til vedtagelse). Þetta er það form sem notað er þegar vantrauststillögur eru lagðar fram í danska þinginu.

Þingmenn hafa ýmis fleiri úrræði til að kalla eftir upplýsingum og skýringum ráðherra í Danmörku. Þeir geta lagt fram spurningar skv. 20. gr. þingskapa sem skulu vera stuttar og þannig úr garði gerðar að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Þeim er ýmist svarað munnlega eða skriflega líkt og gildir um fyrirspurnir hér á landi. Þá er hægt að beina spurningum að ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma.

Þingnefndir geta enn fremur óskað eftir því að ráðherra svari skriflegum spurningum og raunar er það algengasta form fyrirspurna til ráðherra í Danmörku. Þingnefndir geta óskað eftir því að ráðherra svari slíkum spurningum munnlega á opnum samráðsfundi með nefndinni. Algengara er þó að þeim sé svarað skriflega. Það er sammerkt með öllum þessum úrræðum að ráðherra er formlega heimilt að hafna því að svara. Kjósi hann að gera það þarf hann í sumum tilvikum að rökstyðja synjun sína. Veiti hann svar leiðir af ráðherraábyrgðarlögum að það má ekki vera rangt eða villandi.

Ákveðnar reglur eru um samráðsfundi (samråd) í dönsku þingsköpunum en skylt er að halda slíka fundi fyrir opnum tjöldum ef a.m.k. þrír nefndarmenn krefjast þess.

Ekki er litið svo á að reglur um þagnarskyldu takmarki heimild ráðherra til að veita þinginu upplýsingar. Almennt er þó talið að honum sé heldur ekki skylt að veita þinginu aðgang að slíkum trúnaðarupplýsingum. Í framkvæmd er aðgangur metinn hverju sinni með hliðsjón af eðli upplýsinganna og því hversu ríka þörf þingið hefur fyrir að kynna sér þær til að geta sinnt hlutverki sínu, þ.m.t. eftirlitshlutverkinu.

Noregur.

Samkvæmt 75. gr. norsku stjórnarskránni getur Stórþingið kallað eftir gögnum frá stjórnvöldum (innsynsrett) og kvatt menn fyrir þingið (innkallingsrett) út af opinberu málefni (Statssager). Þingið hefur því formlega mjög rúman, lagalegan rétt til upplýsinga frá ríkisstjórninni. Þennan stjórnarskrárbundna rétt getur þingið þó ekki notað nema með samþykki meiri hluta þingmanna og í raun er hann lítið notaður. Samkvæmt þingsköpum hafa einstakir þingmenn ýmis önnur úrræði sem þeir nota til að kalla eftir upplýsingum og skýringum ráðherra. Formlega er þeim ekki skylt að svara slíkum beiðnum. Í reynd verða þeir þó við þeim, jafnvel þó að um viðkvæmar upplýsingar geti verið að ræða. Samkvæmt 82. gr. norsku stjórnarskrárinnar mega svör ráðherra ekki vera röng eða villandi.

Einstakir þingmenn geta óskað eftir því við forseta Stórþingsins að „fyrirspurn“ (umræðubeiðni) verði lögð fyrir einstakan ráðherra (interpellasjon). Uppfylli beiðnin tilteknar kröfur samþykkir forseti hana og sendir ráðherra. Slíkri beiðni skal svara munnlega á þingfundi svo fljótt sem verða má og fer þá fram almenn umræða um svarið. Ekki er heimilt að leggja fram tillögu til ályktunar í tengslum við fyrirspurnina. Þingmenn geta einnig beint venjulegum, skriflegum spurningum að ráðherra sem er svarað skriflega eða munnlega á þingfundi auk þess sem óundirbúinn fyrirspurnatími er almennt einu sinni í viku.

Í norsku þingsköpunum er sérstaklega kveðið á um aðgangsrétt einstakra þingmanna að gögnum stjórnvalda með milligöngu forseta Stórþingsins. Ráðherra er heimilt að hafna beiðninni að því marki sem gögnin falla undir undanþágureglur upplýsingalaga. Honum ber þó að meta beiðnina með hliðsjón af sérstöðu þingmanna og þörfina fyrir aðgang að viðkomandi gögnum.

Þingnefnd getur óskað eftir því að fá gesti á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar eða skýringar (høringer). Samkvæmt þingsköpum eru slíkir fundir almennt haldnir fyrir opnum tjöldum og kveðið á um framkvæmd þeirra í þingsköpum. Sérstakar reglur gilda um fundi af þessu tagi sem haldnir eru í eftirlitsskyni (kontrollhøringer). Þá tíðkast að þingnefndir óski eftir gögnum frá ráðuneytum. Þó að ekki séu sérstakar reglur í gildi sem veita þingnefndum rétt til aðgangs að gögnum hefur mótast sú venja í Noregi að veita þeim jafnan aðgang að þeim óháð því hvort um trúnaðargögn er að ræða eða ekki.

Í Noregi er litið svo á að þagnarskyldureglur takmarki ekki stjórnarskrárbundinn aðgangsrétt Stórþingsins að upplýsingum. Þó að beiðni frá þinginu um upplýsingar sé ekki reist á formlegum heimildum þess samkvæmt stjórnarskrá er talið að ráðherra sé heimilt að leggja fyrir þingið gögn og upplýsingar sem eru háðar þagnarskyldu. Í framkvæmd eru slíkar upplýsingar lagðar fyrir þingið þegar talin er þörf á því en þess gætt að þær berist ekki til óviðkomandi. Ákveðin hefð er þó fyrir því að þingmenn fari varlega í að óska eftir slíkum upplýsingum.

Svíþjóð.

Samkvæmt 12. kafla sænsku stjórnarskrárinnar (Regeringsformen) er sérstakri þingnefnd, stjórnskipunarnefndinni (Konstitutionsutskottet), falið að hafa eftirlit með stjórnarframkvæmd ráðherra og ríkisstjórnarinnar og henni tryggður réttur til aðgangs að fundargerðum og gögnum ríkisstjórnarinnar í þessu skyni. Í þingsköpum (Riksdagsordningen) er enn fremur lögð sú almenna skylda á stjórnvöld að gefa upplýsingar og skýringar ef þingnefnd óskar eftir því nema fundur hennar sé haldinn fyrir opnum dyrum og að upplýsingarnar eigi að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Reglur standa þess vegna almennt ekki í vegi fyrir því að upplýsingum sé miðlað til þingnefnda. Fimm nefndarmanna geta krafist þess að þing-

nefndin afli upplýsinga eða skýringa. Fámennustu þingnefndirnar eru skipaðar fimmtán þingmönnum og því getur hlutfallið hæst orðið þriðjungur nefndarmanna.

Einstakir þingmenn geta enn fremur óskað skýringa ráðherra með fyrirspurn (interpellation) eða beint spurningum að honum (frágor) um embættisstörf hans, sbr. gr. 12.5 í stjórnarskránni. Um framkvæmd fyrirspurna og spurninga er fjallað í sænsku þingsköpunum.

Forseti þingsins getur hafnað beiðni þingmanns um fyrirspurn telji hann hana stangast á við stjórnarskrá eða þingsköp. Þeim er svarað munnlega á þingfundi innan tveggja vikna. Dragist það lengur að ráðherra svari þarf að hann skýra dráttinn.

Spurningar til ráðherra geta ýmist verið munnlegar eða skriflegar. Munnlegum spurningum er svarað í óundirbúnum fyrirspurnatíma. Skriflegum spurningum er hins vegar ávallt svarað skriflega. Forseti þingsins getur hafnað því að senda slíka spurningu til ráðherra ef hann telur að hún stangist á við stjórnarskrá eða þingsköp. Miðað er við að svar berist í síðasta lagi á miðvikudegi í vikunni eftir að spurning var send ráðherra ef þing er að störfum.

Finnland.

Í 47. gr. finnsku stjórnarskrárinnar er þinginu tryggður réttur til aðgangs að þeim upplýsingum frá ríkisstjórninni sem það þarf á að halda við umfjöllun um mál. Sú skylda er lögð á viðkomandi ráðherra að sjá til þess að þingnefndir og aðrar stofnanir þingsins fái í hendur nauðsynleg gögn og aðrar upplýsingar sem stjórnvöld hafa undir höndum. Þar er enn fremur tekið fram að þingnefndir geti krafist upplýsinga frá ríkisstjórninni og viðkomandi ráðuneyti um hvaðeina sem fellur undir starfssvið þeirra.

Í stjórnarskránni er einstökum þingmönnum einnig tryggður aðgangur að upplýsingum í vörslu stjórnvalda sem eru þeim nauðsynleg við störf sín enda séu upplýsingar ekki háðar þagnarskyldu eða lúta að undirbúningi fjárveitinga.

Samkvæmt stjórnarskránni geta tuttugu þingmenn óskað eftir því með fyrirspurn (interpellation) að ráðherra geri grein fyrir opinberu málefni. Ef beiðnin er samþykkt á þingfundi er fyrirspurnin send ráðherra sem svarar munnlega á þingfundi í síðasta lagi fimmtán dögum síðar. Tilgangur fyrirspurna af þessu tagi er að varpa ljósi á hvort þingið beri traust til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra og umræðum lýkur oft með því að greidd eru atkvæði um vantrauststillögu.

Einstakir þingmenn geta einnig lagt fram skriflegar spurningar til ráðherra um atriði sem þeir bera ábyrgð á. Slíkum spurningum á að svara skriflega innan 21 dags frá því þær voru sendar til ráðherra. Forseti þingsins getur einnig leyft þingmönnum að beina stuttum, munnlegum spurningum að ráðherra í fyrirspurnatíma auk þess sem heimilt er að stofna til almennrar umræðu um tiltekið málefni líðandi stundar.

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Í skýrslu vinnuhópsins um þingeftirlit er bent á atriði er kalla á breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar og koma ekki til skoðunar hér. Þar er enn fremur lagt til að lögfest verði sú meginregla að Alþingi eigi aðgang að upplýsingum frá stjórnvöldum sem eru nauðsynlegar til að þingið geti gegnt hlutverki sínu samkvæmt stjórnarskrá. Í tengslum við það er talið rétt að lögfesta heimild ráðherra til að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem eiga að fara leynt á grundvelli reglna um þagnarskyldu enda sé tryggt að trúnaðar sé gætt um þær. Meta þyrfti nánar hvort ástæða sé til að leggja skyldu á ráðherra að veita umbeðnar upplýsingar af því tagi. Þá er lagt til að sett verði regla í þingsköp sem skýri að hvaða marki starfsemi opinberra hlutafélaga teljist til opinberra málefna í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar.

Bent er á það í skýrslunni að ekki sé fjallað sérstaklega um það í stjórnarskrá eða þingsköpum að hvaða marki einstakir þingmenn eða þingið í heild eigi aðgang að gögnum í vörslu stjórnvalda. Lagt er til að settar verði reglur í þingsköp sem tryggi þingnefndum ríkari aðgang að gögnum en almenningur á rétt á samkvæmt upplýsingalögum. Þingfundir verði aftur á móti áfram sá vettvangur þar sem einstakir þingmenn geta leitað afstöðu og skýringa ráðherra, m.a. með fyrirspurnum. Þetta tengist ábendingum um að styrkja aðhalds- og eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis enda henti sú umgjörð betur til að upplýsa einstök mál en störfin í þingsal. Þá er á það bent í skýrslunni að ástæða sé til að setja í þingsköp skýrari reglur um opna nefndafundi.

Tillögur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði almenn regla sem leggur þá skyldu á ráðherra að veita þinginu allar þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á fyrirliggjandi máli. Lagt er til að þessi skylda gildi bæði um athugun þingmála og frumkvæðisathugun fastanefnda þingsins. Tilgangurinn er að tryggja að þingmenn hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta metið málið á réttum forsendum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða mál að frumkvæði ráðherra eða þingmanna. Þessi krafa getur t.d. átt við um svör við fyrirspurnum og skýrslur sem þingið hefur óskað eftir, en þá verða svör ráðherra að vera nægilega ítarleg til að upplýst umræða geti farið fram á þingi um málið. Með þessu er ekki aðeins verið að setja ákveðna reglu um upplýsingaskyldu ráðherra heldur einnig að draga fram að upplýsingaréttur Alþingis markist af þörf þingsins fyrir upplýsingar sem víki almennt takmörkunarheimildum upplýsingalaga til hliðar.

Jafnframt er lagt til að heimilað verði að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Miðlun slíkra upplýsinga til Alþingis mundi því ekki vera saknæm. Samhliða þessu er lögð sú skylda á Alþingi að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi og lögð almenn þagnarskylda á þingmenn. Ef upplýsingar, sem eru háðar þagnarskyldu, eru þess eðlis að þær hafi verulega þýðingu fyrir mat þingsins á fyrirliggjandi máli yrði ráðherra að leggja þær fyrir Alþingi eins og áður greinir. Í öðrum tilvikum ætti ráðherra og aðrir að geta lagt fyrir Alþingi trúnaðarupplýsingar sem kunna að hafa þýðingu fyrir þau mál sem þingið hefur til umfjöllunar.

Þá er lagt til að lögfest verði ákveðin skýringarregla þar sem skilgreint er hvað átt er við með „opinberu málefni“ í 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. og 49. gr. þingskapa. Fyrirspurnum og skýrslubeiðnum hefur almennt verið svarað um hvert það atriði sem tengist beint eða óbeint hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess. Skilgreiningin tekur mið af því. Helst hefur þótt óljóst hvaða upplýsingar um starfsemi fyrirtækja í eigu ríkisins séu opinbert málefni í þessum skilningi. Í frumvarpinu eru dregin ákveðin mörk að þessu leyti og við það miðað að starfsemi félaga og annarra lögaðila teljist opinbert málefni ef þau eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og þau fari með stjórnsýslu eða veiti almenningi opinbera þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að fastanefndir Alþingis geti krafist þess að fá aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum og að minni hluti nefndarmanna (fjórðungur) geti farið fram á slíkan aðgang nefndarinnar. Skilyrði er að gögnin tengist máli sem nefndin hefur til umfjöllunar. Tekur það jafnt til mála sem vísað hefur verið til nefndarinnar og mála sem hún tekur upp að eigin frumkvæði. Tilfallandi óskir um gögn án tengsla við fyrirliggjandi mál veita þingnefndum hins vegar ekki jafnrúman aðgangsrétt.

Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er að þingnefnd eigi aðgang að öllum þeim gögnum sem tengjast viðkomandi máli. Ekki er þó hægt að útiloka að með því að veita aðgang að til-

teknum gögnum sé vegið að mikilvægum hagsmunum ríkisins eða einkahagsmunum. Í slíkum tilvikum er ráðgert að fram fari hagsmunamat þar sem hagsmunir þingnefndar af því að fá gögnin hafi almennt meira vægi en fyrrgreindir einkahagsmunir eða opinberir hagsmunir. Mjög veigamiklar ástæður þurfa því að vera fyrir hendi til að heimilt verði að takmarka aðgang þingnefndar að gögnum og ber að rökstyðja slíka synjun sérstaklega. Þá er sett ákvæði sem miðar að því að tryggja örugga meðferð slíkra gagna innan þingnefndar.

Að lokum eru í frumvarpinu tillögur sem miða að því að festa í lög ákveðnar meginreglur um opna nefndafundi. Þar er áhersla lögð á að hlutverk slíkra funda er að vera vettvangur samræðu þingnefndar við aðila utan nefndarinnar þar sem leitað er upplýsinga eða skýringa á tilteknum málum fyrir opnum tjöldum. Tillagan byggist í flestum atriðum á gildandi reglum forsætisnefndar. Þar er byggt á því að þeir sem koma fyrir fastanefnd geri það af fúsum og frjálsum vilja og engum sé formlega skylt að svara spurningum nefndarmanna. Nokkur nýmæli eru þó í frumvarpinu. Áfram er farin sú leið að telja upp þá aðila sem fastanefnd getur óskað að komi á fund nefndar en heimildin þó rýmkuð nokkuð. Þá er mælt fyrir um að minni hluti nefndarmanna (fjórðungur) geti farið fram á opinn fund um tiltekið málefni. Enn fremur er í frumvarpinu kveðið á um heimild til að halda fundi áfram fyrir lokuðum dyrum ef leggja á fram trúnaðarupplýsingar sem almennt eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu.

Upplýsingaskylda ráðherra.

Gildandi reglur um upplýsingaskyldu ráðherra við Alþingi.

Með upplýsingaskyldu ráðherra er almennt átt við þá skyldu sem á honum hvílir að veita Alþingi fullnægjandi upplýsingar í tengslum við mál sem þar eru til meðferðar. Hvorki í stjórnarskrá né þingsköpum er fjallað almennt um þessa upplýsingaskyldu. Þá eru í lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, engin ákvæði er lúta að upplýsingagjöf ráðherra til Alþingis. Erfitt er því að finna vísbendingar í settri löggjöf um að ráðherra sé skylt að veita Alþingi réttar upplýsingar eða að þær megi ekki vera villandi. Í lögum eru heldur engar almennar vísbendingar um hversu ítarleg upplýsingagjöf hans við Alþingi þarf að vera. Óvissa ríkir að hvaða marki skyldur af þessu tagi verða leiddar af öðrum réttarheimildum.

Danmörk.

Í dönsku stjórnarskránni er ekki kveðið á um almenna sannleiks- og upplýsingaskyldu ráðherra. Aftur á móti segir í 2. mgr. 5. gr. dönsku ráðherraábyrgðarlaganna að það varði ráðherra refsiábyrgð ef hann veitir þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða heldur upplýsingum leyndum í máli sem þingið hefur til meðferðar og hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á því. Framsetningin er því neikvæð, þ.e. ákvæðið leggur bann við tiltekinni háttsemi, enda um refsiákvæði að ræða.

Viss frumkvæðisskylda hvílir þó á ráðherra þar sem hann verður að gæta þess að leggja fyrir þingið allar þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á því máli sem til umfjöllunar er. Ekki virðist hins vegar skipta máli hvort málið er flutt að frumkvæði ráðherra eða annarra þingmanna eða hvers eðlis það er. Þannig virðist sama regla gilda um tillögur ríkisstjórnarinnar og svör ráðherra við spurningum frá þingmönnum.

Noregur.

Með breytingu sem gerð var á norsku stjórnarskránni árið 2007 var bætt við ákvæði um að ríkisstjórninni beri skylda til að láta þinginu í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar

fyrir umfjöllun um þau mál sem hún leggur fyrir þingið. Þá er ráðherrum óheimilt að leggja rangar eða villandi upplýsingar fyrir þingið og stofnanir þess. Í lögum um ráðherraábyrgð er síðan tekið fram að vanræksla ráðherra á upplýsingaskyldu sinni við þingið varði hann refsiábyrgð.

Ráðherra er einungis skylt að eiga frumkvæði að því að veita nauðsynlegar upplýsingar í málum sem ríkisstjórnin leggur fyrir þingið. Í þeim tilvikum er að sjálfsögðu einnig óheimilt að veita þinginu rangar eða villandi upplýsingar og því hvílir bæði á honum jákvæð og neikvæð skylda. Í öðrum tilvikum, t.d. þegar ráðherrar svara spurningum þingmanna, hvílir hins vegar aðeins neikvæð skylda á honum, þ.e. að forðast að gefa rangt eða villandi svar.

Svíþjóð.

Réttur þingnefnda til upplýsinga frá stjórnsýslunni í heild er mjög ríkur í Svíþjóð. Eins og áður segir er í sænsku þingsköpunum (Riksdagsordningen) lögð sú almenna skylda á stjórnvöld að gefa upplýsingar og skýringar ef þingnefnd óskar eftir því nema fundur hennar sé haldinn fyrir opnum dyrum og upplýsingarnar sem beðið er um eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Að öðru leyti er ekki mælt sérstaklega fyrir um skyldur ríkisstjórnarinnar eða ráðherra til að tryggja að þingið sé upplýst, hvorki í stjórnarskránni (Regeringsformen) né í þingsköpum.

Finnland.

Í 47. gr. finnsku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að þingið eigi rétt á að fá allar þær upplýsingar sem þingið þarf á að halda við umfjöllun um mál. Þá ber viðkomandi ráðherra að tryggja að þingnefndir og stofnanir þingsins fái án tafar þær upplýsingar og gögn sem eru nauðsynlegar og stjórnvöld hafa undir höndum. Virðist hér lögð ákveðin frumkvæðisskylda á ráðherra að sjá til þess að þingið sé upplýst áður en það tekur afstöðu í málum. Í þessu er einnig talið felast bann við að skýra þinginu rangt frá eða veita því villandi upplýsingar.

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Í skýrslu vinnuhóps um þingeftirlit er bent á að óljóst sé hvaða kröfur verði gerðar til upplýsingagjafar ráðherra við Alþingi. Réttaróvissa að þessu leyti sé bagaleg enda mikilvægt út frá lýðræðissjónarmiðum að Alþingi fái alltaf réttar og nægilega greinargóðar upplýsingar til að geta tekið upplýsta afstöðu til þeirra mála sem þingið fær til umfjöllunar. Með því að lögfesta ákveðnar skyldur á þessu sviði verði ábyrgðin skýrari og auðveldi bæði ráðherrum og þingmönnum að átta sig á því hvar mörkin liggja. Því leggur vinnuhópurinn til að lögfestar verði ákveðnar reglur um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra og bent á nokkur atriði sem taka þurfi afstöðu til í því sambandi. Kemur þar m.a. fram að til að byrja með megi setja ákvæði af þessu tagi í almenn lög þó að eðlilegt sé að skyldan komi fram í stjórnarskrá.

Tillögur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að ákveðinni vísireglu þar sem lögð er skylda á ráðherra að leggja fyrir Alþingi þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir þau mál sem þar eru til umfjöllunar. Tillagan tekur mið af hliðstæðum reglum í Noregi og Danmörku þó að framsetningin sé önnur. Ákvæðið leggur ákveðna athafnaskyldu á ráðherra óháð því hvers eðlis málið er og hver á frumkvæði að því. Til þess að ráðherra verði lagalega skylt að leggja upplýsingarnar fram verða þær þó að hafa verulega þýðingu fyrir tiltekið mál sem þingið hefur

til umfjöllunar. Ekki er því verið að leggja þá skyldu á ráðherra að halda þinginu almennt upplýstu um starfsemina á málefnasviði sínu. Þá verður ráðherra eða ráðuneyti hans að búa yfir upplýsingunum og þær að tengjast málefnasviði ráðuneytisins. Upplýsingarnar verða enn fremur að hafa verulega þýðingu fyrir það mál sem er til umfjöllunar. Þetta atriði er að ákveðnu marki háð mati ráðherrans. Þó má ganga út frá því að allar þær upplýsingar sem geta almennt breytt afstöðu þingmanna til málsins hafi verulega þýðingu í þessum skilningi.

Alþingi gert kleift að taka við trúnaðarupplýsingum.

Gildandi reglur um meðferð upplýsinga á Alþingi sem eiga samkvæmt þagnarskyldureglum að fara leynt.

Þingfundir eiga almennt að fara fram fyrir opnum dyrum, sbr. 57. gr. stjórnarskrárinnar. Umræðu og þingskjöl á enn fremur að prenta í Alþingistíðindum og óheimilt er að fella þar undan nokkuð sem þar hefur komið fram, sbr. 77. gr. þingskapa. Þetta kemur í veg fyrir að ráðherra geti á þingfundi greint frá upplýsingum sem eiga samkvæmt þagnarskyldureglum að fara leynt. Það felur í sér takmörkun á upplýsingarétti þingmanna og setur upplýsingaskyldu ráðherra ákveðin mörk.

Fundir þingnefnda eru almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Það auðveldar miðlun viðkvæmra upplýsinga en leysir þó ekki allan vanda. Engin ákvæði eru í þingsköpum sem fjalla um meðferð upplýsinga í þingnefndum sem eiga að fara leynt samkvæmt þagnarskyldureglum. Þá eru engin fyrirmæli í lögum sem leggja almenna þagnarskyldu á þingmenn um viðkvæmar upplýsingar af þessu tagi. Þar eru aðeins reglur um þagnarskyldu þingmanna í tilteknum nefndum og af ákveðnu tilefni, sbr. 24. gr. þingskapa og 4. mgr. 10. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Árið 1994 voru settar reglur um meðferð erinda til þingnefnda á grundvelli heimildar í 2. mgr. 28. gr. þingskapa. Í 4. gr. þeirra kemur fram að þingnefnd geti ákveðið að farið skuli með erindi sem henni berast að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál. Alltaf skuli farið með erindi sem varða einkahagi manna sem trúnaðarmál og einnig ef ráðherra fer fram á að trúnaður eigi að gilda um erindi sem hann sendir nefnd. Verður að skilja ákvæðið svo að þingmönnum sé ekki ætlað að greina frá upplýsingum sem trúnaður á að ríkja um. Aftur á móti leikur nokkur vafi á því hvort þetta ákvæði eigi sér viðhlítandi lagastoð, einkum þegar haft er í huga að meiri hluti nefndar virðist samkvæmt því geta bundið minni hluta hennar með því að samþykkja að trúnaður eigi að ríkja um erindið. Þá er í greininni ekki fjallað um í hvaða tilvikum ráðherra getur lagt fyrir nefndarmenn að gæta trúnaðar um upplýsingar.

Danmörk.

Samkvæmt 6. mgr. 8. gr. dönsku þingskapanna er þingmönnum óheimilt að miðla upplýsingum til óviðkomandi sem þeir hafa fengið á lokuðum nefndarfundi nema nefndin ákveði annað. Þó er óheimilt með öllu að miðla upplýsingum sem eiga samkvæmt lögum eða öðrum gildum fyrirmælum að fara leynt. Enn fremur er ekki heimilt að miðla eða vísa til slíkra upplýsinga á opnum nefndarfundi. Með þessum reglum er þingnefndum gert kleift að taka við viðkvæmum upplýsingum sem tengjast málum sem þær hafa til umfjöllunar.

Noregur.

Í 60. gr. norsku þingskapanna er lögð almenn þagnarskylda á þingmenn um þau mál sem fjallað er um á lokuðum þingfundum og lokuðum nefndarfundum. Að auki hvílir þagnarskylda á þeim um ýmsar viðkvæmar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í þingstarfi sínu

og þar vísað til fyrirmæla um þagnarskyldu í stjórnsýslulögum og reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga. Þá eru fyrirmæli í þingsköpum sem leggja bann við að skýra frá því sem fram hefur farið á lokuðum nefndarfundi og að taka á opnum nefndarfundi (høring) við upplýsingum sem þagnarskylda á að gilda um. Í þingsköpum eru enn fremur fyrirmæli um meðhöndlun trúnaðargagna hjá þingnefndum þar sem kveðið er á um að ákveðin gögn megi ekki fara með af fundi og að þingmönnum beri að gæta annarra gagna þannig að þau komist ekki í hendur óviðkomandi. Í Noregi er því hugað eins vel og kostur er að því að tryggja að viðkvæmar upplýsingar berist ekki frá þinginu til óviðkomandi og um leið er því gert kleift að taka við slíkum upplýsingum.

Svíþjóð.

Í sænsku þingsköpunum er miðað við að þingfundir skuli haldnir fyrir luktum dyrum ef það er nauðsynlegt fyrir öryggi ríkisins eða hagsmunum annars ríkis eða alþjóðastofnunar. Ríkisstjórnin getur ákveðið af sömu ástæðum að þingfundur fari fram fyrir luktum dyrum ef hún hyggst leggja upplýsingar fyrir þingið. Þagnarskylda hvílir á bæði þingmönnum og starfsmönnum þingsins um hvaðeina sem fram fer á þingfundi sem haldinn er fyrir luktum dyrum. Þingmönnum og starfsmönnum er enn fremur óheimilt að greina óviðkomandi frá því sem lagt er fram á nefndarfundi ef ríkisstjórnin eða nefndin ákveður að það eigi að fara leynt af tilliti til öryggis ríkisins eða af öðrum veigamiklum ástæðum sem eru reistar á samskiptum við annað ríki eða alþjóðastofnun. Þá er þar kveðið á um að óskylt sé að láta þingnefnd í té upplýsingar á opnum nefndarfundi ef þagnarskylda gildir um upplýsingarnar.

Finnland.

Samkvæmt 50. gr. finnsku stjórnarskrárinnar er heimilt að halda þingfundi fyrir luktum dyrum ef mjög veigamiklar ástæður réttlæta það. Um þingnefndir gildir önnur regla, fundir þeirra eru almennt haldnir fyrir luktum dyrum nema nefnd ákveði að halda opinn fund til að afla upplýsinga um mál sem hún hefur til meðferðar. Þar er enn fremur kveðið á um að nefndarmenn í þingnefnd skuli gæta trúnaðar um upplýsingar að því marki sem nefnd telur það nauðsynlegt. Sérstakar reglur gilda þó um upplýsingar sem varða alþjóðleg samskipti ríkisins, en um þær ber að gæta trúnaðar að fenginni tillögu ríkisstjórnarinnar. Í finnsku þingsköpunum eru síðan fyrirmæli um aðgang almennings að gögnum þingnefnda. Samkvæmt þeim skal halda gögnum nefndar leyndum leiði það til verulegs tjóns fyrir alþjóðleg samskipti Finnlands eða fjármálamarkaði séu þau gerð opinber. Sama á við ef gögnin hafa að geyma fjárhags- eða viðskiptaleyndarmál eða upplýsingar um heilsufar eða fjárhagsstöðu einstaklinga. Þó geta veigamiklir almannahagsmunir réttlætt að slík gögn verði gerð opinber. Nefnd getur einnig ákveðið að veigamiklir almannahagsmunir leiði til þess að ekki skuli veita aðgang að tilteknum gögnum.

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Á það er bent í skýrslu vinnuhópsins að í ljósi þess að Alþingi getur þurft á upplýsingum að halda sem eru háðar þagnarskyldu sé æskilegt að mæla fyrir um það í þingsköpum að heimilt sé að leggja slíkar upplýsingar fyrir Alþingi. Í tengslum við það þurfi enn fremur að setja nánari reglur sem tryggi örugga meðhöndlun slíkra upplýsinga og fyrirmæli um þagnarskyldu alþingismanna eins og eru í Noregi og Danmörku.

Tillögur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að leggja upplýsingar fyrir Alþingi sem háðar eru þagnarskyldu. Skuli þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að lögfest verði almenn þagnarskylduregla sem tekur til allra alþingismanna. Skal þingmaður gæta þagmælsku um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar. Hér er því vísað til ákvæða annarra laga um þagnarskyldu auk þess sem skírskotað er til heimilda stjórnvalda í lögum til að takmarka aðgang að tilteknum upplýsingum, sbr. einkum 4.–6. gr. upplýsingalaga.

Enn fremur er lagt til að lögfest verði meginregla um að þingmenn megi ekki greina frá því sem komið hefur fram á lokuðum þingfundum. Alþingi getur þó samþykkt að víkja frá því. Þá er í frumvarpinu ákvæði sem miðar að því að þingmenn gæti trúnaðar um atriði sem komið hafa fram á lokuðum nefndarfundum nema nefnd ákveði annað. Jafnframt er í frumvarpinu mælt fyrir um að óheimilt sé að miðla eða vísa til upplýsinga á opnum nefndarfundi sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða á grundvelli heimildar í upplýsingalögum. Enn fremur er lagt til að sett verði ákvæði í þingsköp sem mæli fyrir um hvernig haga skuli meðferð trúnaðargagna sem lögð eru fyrir þingnefnd. Almenna reglan yrði að nefndarmenn mundu kynna sér slík gögn á lokuðum fundi án þess að fara með þau út af fundinum.

Fyrirspurnir og umræður utan dagskrár verði markvissara aðhaldsúrræði.

Gildandi reglur um fyrirspurnir og utandagskrárumræður.

Í 54. gr. stjórnarskrárinnar segir að alþingismönnum sé heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn eða beiðast um það skýrslu. Fyrirspurnir skipta hundruðum á hverju þingi meðan skýrslubeiðnir eru að meðaltali um fjórar á ári. Í þingsköpum er nánar fjallað um þessi úrræði, um skýrslubeiðnir í 46. gr. og um fyrirspurnir í 49. gr.

Gerðar eru ákveðnar formkröfur til fyrirspurna og skal þar geta þess hvort óskað er munnlegra eða skriflegra svara. Forseti ákveður hvort fyrirspurn skuli leyfð í ljósi þeirra formlegu skilyrða sem hún þarf að uppfylla. Fyrirspurnum sem heimilaðar hafa verið er útbýtt á þingfundi.

Ef óskað er skriflegra svara sendir ráðherra forseta Alþingis svarið að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Svarið er síðan prentað og því útbýtt á þingfundi. Engin umræða fer hins vegar fram um svarið nema þingmaður kveðji sér hljóðs um það undir öðrum dagskrárliðum.

Þegar óskað er munnlegra svara er miðað við að þeim sé svarað á sérstökum fyrirspurnafundi í vikunni á eftir útbýtingu fyrirspurnarinnar. Við umræðuna gerir fyrirspyrjandi grein fyrir fyrirspurninni í mest þrjár mínútur. Viðkomandi ráðherra hefur síðan fimm mínútur til að svara. Aðrir þingmenn geta gert stuttar athugasemdir í mest eina mínútu hver áður en fyrirspyrjandi og ráðherra tjá sig öðru sinni í mest tvær mínútur hvor.

Auk skriflegra fyrirspurna gefst þingmönnum færi á að beina munnlegum spurningum að ráðherrum í óundirbúnum fyrirspurnatíma sem er á dagskrá þingsins að jafnaði tvisvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjallað er um utandagskrárumræður í 2. og 3. mgr. 50. gr. þingskapa. Til slíkra umræðna er efnt um ákveðið efni sem ekki liggur fyrir sem þingmál og varðar málefni líðandi stundar. Þeim er komið á og fundinn staður í dagskrá þingsins svo fljótt sem unnt er með samkomu-

lagi milli þingmanns sem óskar eftir umræðunni, forseta Alþingis og ráðherrans sem þingmaðurinn vill eiga orðastað við. Við svokallaðar hálftímaumræður, sem eiga að taka að hámarki 30 mínútur, hefur þingmaðurinn fimm mínútur til framsögu og ráðherra aðrar fimm mínútur til að svara. Aðrar ræður mega ekki vera lengri en tvær mínútur og enginn má tala oftar en tvisvar. Samkvæmt 3. mgr. 50. gr. getur forseti heimilað umræðu utan dagskrár án lögmæltra tímatakmarkana en þá er oftast samið um lengd umræðunnar og ræðutíma skipt milli þingflokka.

Danmörk.

Í Danmörku er greint á milli svokallaðra fyrirspurna (forespørgelser), sem byggjast á 53. gr. stjórnarskrárinnar, og spurninga sem eru reistar á 20. gr. þingskapa (§20-spørgsmål).

Fyrirspurnir eru lagðar fyrir þingfund og þurfa samþykki þingsins áður en þær eru sendar ráðherra. Þær þurfa að vera stuttar og þannig úr garði gerðar að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Almennt er talið að ráðherra beri skylda til að svara fyrirspurnum. Svarið er veitt munnlega á þingfundi og er ræðutíminn allrúmur fyrir fyrirspyrjanda og talsmann viðkomandi flokks en þó sér í lagi fyrir ráðherra sem fær 15 mínútur til að svara en getur svo komið eins oft í pontu og hann telur þörf á, fyrst í tíu mínútur og síðan í fimm mínútur í hvert sinn. Aðrir þingmenn geta tekið þátt í umræðunni en ræðutími þeirra er takmarkaður við þrjár mínútur. Í kjölfar svars ráðherra við fyrirspurn er heimilt að leggja fyrir þingið tillögu að ályktun (forslag til vedtagelse), þar sem hann er t.d. gagnrýndur eða lýst er yfir vantrausti á hann, en þetta er það form sem notað er þegar vantrauststillögur eru lagðar fram. Komi fram slík tillaga bætist við umræðutímann áður en gengið er til atkvæða.

Svipaðar formkröfur eru gerðar til spurninga og fyrirspurna og þarf forseti þingsins að heimila þær. Ráðherra fær um viku til að undirbúa svarið en spyrjandi ákveður hvort svarað skuli skriflega eða munnlega. Ef óskað er munnlegs svars er ræðutíminn mjög knappur. Ráðherra svarar í tvær mínútur, spyrjandi getur fylgt spurningu sinni eftir í tvær mínútur, ráðherra fær eina mínútu til að svara og síðan gefst spyrjanda tvívegis færi á að fylgja spurningunni eftir í eina mínútu í hvort sinn og ráðherra að svara í eina mínútu. Aðrir þingmenn taka ekki þátt í umræðunni.

Óundirbúinn fyrirspurnatími er enn fremur í danska þinginu. Að auki tíðkast þar að þingnefndir leggi fyrir ráðherra skriflegar spurningar sem er ýmist svarað skriflega eða munnlega á samráðsfundum.

Noregur.

Líkt og í Danmörku er í Noregi greint á milli fyrirspurna (interpellasjon) eða umræðubeiðna annars vegar og spurninga hins vegar en bæði þessi úrræði byggjast á norsku þingsköpunum.

Fyrirspurnir eða umræðubeiðnir til ráðherra þurfa að uppfylla tilteknar formkröfur og getur forseti þingsins hafnað fyrirspurn fullnægi hún ekki þeim kröfum. Þeim verður að svara innan mánaðar og fer þá fram umræða á þingfundi um beiðnina og svarið. Ráðherra getur neitað að veita svar við fyrirspurninni. Ræðutíminn er rúmur en þó ekki eins og í Danmörku. Fyrirspyrjandi fær tíu mínútur til að gera grein fyrir fyrirspurninni og ráðherra tíu mínútur til að svara. Forsætisráðherra og aðrir ráðherrar sem fyrirspurnin snertir fá einnig tíu mínútur til að bregðast við. Fyrirspyrjandi og ráðherra fá svo þrjár mínútur hvor til að ræða svarið og aðrir þingmenn allt að fimm mínútum. Að lokum fá fyrirspyrjandi og ráðherra þrjár mínútur

hvor til að ljúka umræðunni. Ekki er heimilt að fylgja umræðunni eftir með því að leggja fram ályktunartillögu.

Hliðstæðar reglur gilda um skriflegar spurningar til ráðherra í Noregi og Danmörku. Forseti þarf að staðfesta slíkar spurningar og er ýmist hægt að fara fram á skrifleg eða munnleg svör sem veitt eru á reglulegum fyrirspurnafundi sem haldinn er í viku hverri. Ráðherra getur neitað að svara. Aðeins spyrjandi og viðkomandi ráðherra geta tekið þátt í umræðunni ef óskað er munnlegra svara. Ráðherra fær þrjár mínútur til að svara og getur síðan tekið tvívegis til máls í eina mínútu í hvort sinn. Spyrjandi getur brugðist við svari ráðherra tvívegis með einnar mínútu athugasemd.

Óundirbúinn fyrirspurnatími er enn fremur í norska þinginu einu sinni í viku.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð getur hver þingmaður lagt fyrir ráðherra fyrirspurn (interpellation) eða umræðubeiðni með samþykki forseta þingsins. Forseti getur því aðeins hafnað slíkri beiðni að hann telji hana brjóta í bága við stjórnskipunarlög eða þingsköp. Ráðherrar svara skriflega, almennt innan tveggja vikna, en svarið er síðan tekið fyrir á þingfundi þar sem umræða fer fram um málið. Ráðherra hefur þar fyrst sex mínútur til að gera grein fyrir afstöðu sinni en getur síðan tekið þrisvar til máls í samtals tíu mínútur. Fyrirspyrjandi getur einnig tekið þrívegis til máls í samtals tíu mínútur. Aðrir geta tekið tvisvar til máls, fyrst í fjórar mínútur og síðan í tvær mínútur. Ekki er miðað við að hægt sé að greiða atkvæði um ályktunartillögur í kjölfar umræðunnar.

Hverjum þingmanni er enn fremur heimilt að beina skriflegum spurningum að ráðherra með leyfi forseta þingsins. Slíkum spurningum er ávallt svarað skriflega og engin umræða fer fram um þær í þingsal. Óundirbúinn fyrirspurnatími er enn fremur einu sinni í viku þar sem þingmönnum gefst færi á að beina munnlegum spurningum að ráðherrum sem svara um hæl.

Finnland.

Vikið er að bæði fyrirspurnum (interpellation) og spurningum í finnsku stjórnarskránni. Samkvæmt henni þurfa minnst 20 þingmenn að standa að tillögu um fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar eða einstaks ráðherra. Tillagan þarf samþykki meiri hlutans og er síðan send ráðherra sem þarf að svara á næstu 15 dögum. Ræðutími er ekki takmarkaður í lögum en fylgt er tilmælum forsætisnefndar í því efni. Tilgangur þessa úrræðis er að varpa ljósi á hvort þingið beri traust til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra og lýkur umræðunni jafnan með því að greidd eru atkvæði um vantraust eða annars konar ályktun þingsins.

Einstakir þingmenn hafa einnig rétt til að bera fram með leyfi forseta skriflegar spurningar til ráðherra um atriði sem þeir bera ábyrgð á. Heimilt er að ákveða hámarksfjölda spurninga. Skriflegum spurningum er svarað skriflega og ætlast er til að svarið liggi fyrir innan 21 dags frá því að forseti sendi spurninguna til ráðherra. Umræður um svar ráðherra fara ekki fram á þingfundum.

Samkvæmt finnsku þingsköpunum getur forseti heimilað að hafa óundirbúinn fyrirspurnatíma þar sem þingmönnum gefst færi á að spyrja ráðherra út í einstök atriði. Þá geta einstakir þingmenn óskað eftir því við forseta að fram fari umræða utan dagskrár um málefni líðandi stundar.

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að sú umgjörð sem fyrirspurnum væri mörkuð miðaði ekki nægilega að því að gefa þingmönnum færi á að láta ráðherra standa reikningsskil gerða sinna. Þar var einkum vísað til þess að umræðutíminn væri takmarkaður og ekki heimilt að leggja fram tillögu að ályktun í tengslum við svar við fyrirspurn. Reglur um utandagskrárumræður gæfu aftur á móti færi á ítarlegri umræðu milli málshefjanda og ráðherra en fyrirspurnarformið leyfði. Á hinn bóginn fengi ráðherra oft ekki nægilega skýrar vísbendingar um þær spurningar sem umræðunni er ætlað að snúast um og ekki væri heimilt að ljúka henni með því að leggja fram tillögu að ályktun þingsins. Því væru utandagskrárumræður fremur til þess fallnar að skapa umgjörð utan um almennar stjórnmálaumræður á tilteknu sviði en að ráðherra væri að svara fyrir ákvarðanir sínar eða athafnaleysi.

Vinnuhópurinn taldi ástæðu til að huga að því hvernig þinginu yrði gert auðveldara að ljúka umfjöllun um mál, þar sem spurningar vakna um framgöngu ráðherra í starfi, með formlegri ályktun. Í því efni væri hægt að byggja á þeim grunni sem til staðar væri í þingsköpum en bæta við heimild til að leggja fram tillögu að ályktun í tengslum við umræðu um málið í þingsal. Í framhaldi af því þyrfti að huga að því að gefa ráðherra færi á að taka til varna.

Tillögur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri reglu sem gildir í mörgum þjóðþingum að þingmenn hafi rétt til að stofna til umræðna um mikilvæg þjóðfélagsmál sem komast á dagskrá hverju sinni. Í stað utandagskrárumræðna, sem hafa gegnt þessu hlutverki á Alþingi, komi ákvæði um sérstaka umræðu sem sé að öllu leyti eins og utandagskrárumræður eru núna (hálftímaumræða) en umræðurnar verða settar á dagskrá eins og önnur þingmál og því aðgengilegri þeim sem vilja fylgjast með umræðum á þinginu. Enn fremur er tillaga um almenna umræðu sem kemur í stað hinn lengri utandagskrárumræðna en verður líka sett á dagskrá þingins eins og sérstök umræða. Sú mikilvæga breyting fylgir þó að við almenna umræðu megi gera tillögur um ályktun þingsins um það málefni sem er til umræðu. Er hér fylgt danskri fyrirmynd en með þessu móti er unnt að kalla fram skýr og formleg viðbrögð Alþingis við málefnum líðandi stundar ef tilefni þykir til.

Eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis gert skýrara.

Gildandi reglur um eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis.

Meginverkefni fastanefnda Alþingis er að fjalla um þingmál, þ.e. lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur, sem vísað er til þeirra. Hvergi er vísað til þess með beinum hætti að fastanefndir Alþingis annist eftirlit með þeirri stjórnsýslu sem fellur undir verksvið þeirra. Fastanefnd er þó heimilt skv. 26. gr. þingskapa að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Nefnd getur gefið þinginu skýrslu um slík mál og er samkvæmt greininni jafnframt heimilt að gera tillögu til þingsályktunar.

Þessi heimild var nýmæli í þingsköpum árið 1991. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með þessu sé verið að víkka heimildir þingnefnda m.a. með það í huga að „nefnd geti, þegar þing er ekki að störfum að sumri, unnið að athugun tiltekinna mála sem gæti verið vísir að eftirliti fagnefndar með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar“. (Alþt. 1991 A-deild, bls. 28.) Þessi athugasemd virðist gefa til kynna að eftirlitshlutverki þingnefnda skuli ekki gert sérlega hátt undir höfði.

Segja má að eftirlitshlutverk þingnefnda hafi til þessa í reynd farið fram á tvo vegu, með umfjöllun um skýrslur sem þær fá til umfjöllunar og með svokölluðum upplýsingafundum.

Nefndir geta fjallað um skýrslur sem vísað er til þeirra. Heimilt er að vísa skýrslum, t.d. frá ráðherrum, til einstakra fastanefnda skv. 2. mgr. 48. gr. þingskapa. Fátítt er að það sé gert. Algengara er að skýrslur eftirlitsstofnana Alþingis séu lagðar fyrir fastanefnd til umfjöllunar. Þannig ber allsherjarnefnd að fjalla um ársskýrslu umboðsmanns Alþingis og skila þinginu áliti um hana. Á sama hátt ber fjárlaganefnd að fjalla um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar, sbr. 3. mgr. 25. gr. þingskapa, og skila áliti um hana. Mikilvægari eru þó skýrslur um einstök mál sem Ríkisendurskoðun er ætlað að kynna viðkomandi fastanefnd, sbr. 11. gr. laga um Ríkisendurskoðun. Nefndinni er þá heimilt en ekki skylt að skila þinginu áliti eða skýrslu um athugun sína á málinu.

Í starfi þingnefnda á síðari árum hefur orðið algengara að haldnir séu fundir til að afla upplýsinga sem ekki tengjast fyrirliggjandi þingmáli en miða að því að upplýsa um stefnu stjórnvalda á tilteknu sviði eða bregða ljósi á einstök mál sem þar eru til meðferðar eða er lokið. Þessir fundir þurfa í sjálfu sér ekki að vera í þágu eftirlits en veita út af fyrir sig ákveðið aðhald. Með reglum um opna nefndafundi, sem forsætisnefnd Alþingis samþykkti árið 2008, hefur verið gert kleift að halda fundi af þessu tagi fyrir opnum dyrum. Fátítt er þó að fastanefndir vinni markvisst úr þeim upplýsingum sem aflað er með upplýsingafundum, hvort sem þeir eru opnir eða lokaðir, eða geri þinginu grein fyrir niðurstöðu sinni eða ábendingum um úrbætur.

Danmörk.

Í Danmörku eru ekki skýrar reglur sem fela fastanefndum þingsins, sem eru 25 að tölu, að annast almennt eftirlit með opinberri stjórnsýslu á málefnasviði þeirra. Meginverkefni þeirra snýst um löggjafarstarf þingsins og fjárveitingar. Til viðbótar koma til umfjöllunar í fastanefndum þingsins mál sem skilgreind eru sem „almenn mál“ (almindelig del). Undir það geta fallið hvers konar mál sem ekki eru þingmál en miða fyrst og fremst að því að halda uppi ákveðnu aðhaldi eða eftirliti með stjórnsýslunni. Ekki er skylt að ljúka slíkum málum með nefndaráliti eða skýrslu til þingsins.

Í dönsku þingsköpunum er mælt fyrir um ákveðið úrræði sem miðar einkum að því að auðvelda þingnefndum eftirlit með ráðherrum. Að beiðni eins eða fleiri nefndarmanna er nefndum unnt að beina skriflegum spurningum að ráðherra sem hann ýmist svarar skriflega eða á sérstökum samráðsfundum (samråd) sem geta ýmist verið opnir eða lokaðir. Nægir að þrír nefndarmanna (minni hluti) fari fram á að samráðsfundur sé haldinn fyrir opnum tjöldum. Þessu úrræði er beitt í töluverðum mæli í danska þinginu.

Í 18. kafla dönsku þingskapanna er sérstaklega vikið að meðferð mála er lúta að ábyrgð ráðherra á embættisstörfum sínum. Þingskapanefndin (Udvalget for Forretningsordenen) fjallar um þessi mál ýmist að eigin frumkvæði eða eftir að málinu hefur verið vísað til nefndarinnar. Leitast er við að tryggja réttaröryggi viðkomandi ráðherra þegar mál af þessu tagi koma upp. Þannig á hann rétt á aðstoðarmanni (bisidder) sem fær aðgang að gögnum ásamt ráðherranum og er heimilt að vera viðstaddur fundi nefndarinnar með gestum. Þá á ráðherrann andmælarétt um þau atriði sem kunna að leiða til þess að hann verði dreginn til ábyrgðar.

Noregur.

Í Noregi er sérstakri nefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefndinni (kontroll- og konstitusjonskomiteen) falið að annast almennt eftirlit með stjórnsýslunni. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í norsku þingsköpunum og tekur hún m.a. við öllum skýrslum eftirlitsstofnana þingsins, eins og ríkisendurskoðunar og umboðsmanns. Þá getur hún tekið upp mál að eigin frumkvæði. Starfssvið nefndarinnar nær til stjórnsýslu ríkisins í heild. Henni er sérstaklega falið að fjalla um mál er lúta að ábyrgð ráðherra en þar fyrir utan getur hún tekið önnur mál innan stjórnsýslunnar til athugunar telji hún það nauðsynlegt í þágu þingeftirlits. Taki nefndin mál til athugunar ber henni að skila þinginu nefndaráliti um málið (innstilling).

Þó að sérstakri eftirlitsnefnd hafi verið komið á fót í Noregi er eftir sem áður unnt að vísa eftirlitsverkefnum til annarra fastanefnda þingsins. Þeim er hins vegar ekki heimilt að taka slík mál upp að eigin frumkvæði.

Þingnefndir í Noregi geta fengið gesti til samráðs um þau mál sem þær hafa til umfjöllunar (høring). Meginreglan er sú að slíkir fundir eru haldnir fyrir opnum tjöldum. Ef málið sem þar er tekið fyrir byggist á eftirlitshlutverki Stórþingsins skal fylgja ákveðnum reglum um framkvæmd fundarins (kontrollhøring). Markmið reglnanna er að tryggja að nefndirnar fái þær upplýsingar sem þörf er á og tryggja réttarstöðu þeirra sem koma fyrir nefndina.

Svíþjóð.

Eins og í Noregi hefur sérstök nefnd, stjórnskipunarnefndin (konstitutionsutskottet eða KU), eftirlit með því að ríkisstjórnin fari að lögum og reglum í störfum sínum. Hlutverk hennar er skilgreint í 12. kafla stjórnarskrárinnar (Regeringsformen). Eftirlitið fer fram á tvo vegu, annars vegar með beiðni frá einstökum þingmanni (KU-anmälning) en nefndin rannsakar þá hvort ráðherranum hafi orðið á mistök í tengslum við það mál sem beiðnin lýtur að, hins vegar með almennri rannsókn (almän granskning) á ýmsum ákvörðunum sem teknar hafa verið af æðstu stjórnvöldum (Regeringskansliet) þar sem athugað er hvort ríkisstjórnin hafi farið að lögum og venjum við afgreiðslu stjórnarerinda.

Stjórnskipunarnefndin hefur ríkar heimildir til að kynna sér mál, óháð því hvort um trúnaðarmál sé að ræða, og getur kallað ráðherra og embættismenn til fundar við sig til að fá skýringar og upplýsingar. Reglulega heldur hún opna upplýsingafundi þar sem almenningur getur fylgst með skýringum ráðherra. Nefndin skilar þinginu árlega skýrslu um athugun sína á þeim málum sem þingmenn hafa óskað eftir að rannsökuð verði (granskningsbetätenkande). Dagslöng umræða fer þá fram um skýrsluna. Þar getur nefndin gagnrýnt ráðherra en kemur ekki með tillögu um vantraust eða önnur viðurlög. Formlega getur nefndin þó ákært ráðherra fyrir brot í starfi en Hæstiréttur dæmir í þeim málum. Sú heimild hefur ekki verið notuð lengi. Þá er gerð grein fyrir málum sem hafa verið til almennrar rannsóknar í sérstakri skýrslu sem lögð er fyrir þingið á hverju hausti.

Finnland.

Í Finnlandi er ekki kveðið sérstaklega á um eftirlitshlutverk þingnefnda með ráðherrum eða öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins. Tiltekinni nefnd er ekki fengið almennt eftirlitshlutverk. Einni nefnd, stjórnskipunarnefndinni (grundlagsutskottet eða Perustuslakivaliokunta), er þó falið að taka til athugunar mál sem geta leitt til ákæru á hendur ráðherra og gera tillögu til þingsins um afgreiðslu þeirra. Eins og annars staðar á Norðurlöndum eru slík mál þó afar fátíð. Þá fjallar hún um skýrslur umboðsmanns þingsins og eftirlitsmanns ríkisstjórnarinnar (justitiekanslern/oikeuskanslerin).

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Í skýrslu vinnuhópsins er meðal annars bent á að lagagrundvöllur eftirlits fastanefnda þingsins með handhöfum framkvæmdarvaldsins sé ekki nægilega skýr. Í athugasemdum við 26. gr. sé gefið til kynna að þingnefndir eigi aðeins að hafa „vísi að eftirliti“ með stjórnvöldum og að slík mál komi aðeins til umfjöllunar meðan Alþingi sé ekki að störfum. Þessi afstaða í lögskýringargögnum er í skýrslunni talin óheppileg í ljósi þess að umgjörðin á starfi fastanefnda henti betur til að upplýsa mál en störfin í þingsalnum. Þingmannahópurinn væri smærri, forsendur betri fyrir sérhæfingu og þar færi fram óþvingaðri umræða. Þá væri auðveldara að leggja trúnaðarupplýsingar fyrir þingnefnd en þingfund. Þess vegna sé ástæða til að draga eftirlitshlutverk fastanefnda þingsins skýrar fram í þingsköpum. Að auki var bent á að setja mætti ákvæði í þingsköp um að eftirlitsstörf fastanefnda féllu ekki niður við lok löggjafarþings eins og gildir um þingmál enda væri athugunin reist á frumkvæðisheimild fastanefndar.

Í skýrslunni er talið æskilegt að verkaskipting milli fastanefnda þingsins ráðist af forsendum Alþingis en taki ekki með sjálfvirkum hætti mið af áherslum ríkisstjórnarinnar. Þá er bent á að auðvelda megi skipulag nefndarstarfsins og nýta tímann betur ef fjöldi fastanefnda yrði ekki meiri en svo að stjórnarþingmenn væru að jafnaði ekki nema í einni til tveimur fastanefndum. Því var mælt með því að hugmyndir um sameiningu nefnda yrðu teknar til athugunar og opnað fyrir það að viðfangsefni einnar eða tveggja fastanefnda gengju þvert á verkaskiptingu ráðuneyta.

Vinnuhópurinn taldi enn fremur rök mæla með því að fela einni nefnd að annast sérstaklega eftirlit með stjórnsýslunni í stað þess að eftirlitshlutverkinu sé dreift á allar fastanefndirnar. Æskilegt væri að skilgreina verksvið þeirrar nefndar með skýrum hætti í þingsköpum. Þar mætti gefa til kynna að starf hennar snerist ekki aðeins um hvort lög og reglur hefðu verið brotnar heldur beindist að fleiri atriðum, svo sem hvort aðhalds og skilvirkni hefði verið gætt í starfsemi ríkisins eða hvort stjórnarframkvæmd samrýmdist forsendum löggjafans. Fela mætti slíkri nefnd fleiri verkefni sem tengdust stjórnskipan ríkisins og stjórnarfari. Þá væri eðlilegt að settar yrðu ákveðnar reglur um hvernig nefndin annaðist eftirlitshlutverk sitt og vísað til fyrirmæla um það í Noregi og Danmörku.

Í skýrslunni er bent á að víða sé minni hlutanum tryggð formennska í ákveðnum nefndum. Oft byggist slík tilhögun á pólitísku samkomulagi eða venjum. Þó eru dæmi þess að hún sé reist á lagafyrirmælum sem bindur meiri hlutann. Þá er í leiðbeinandi tilmælum Evrópuráðsþingsins um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar lagt til að það sé gert.

Í skýrslu vinnuhópsins er talið rétt að taka til athugunar hvort tryggja eigi í þingsköpum rétt minni hlutans í þingnefnd til að krefjast opinna eða lokaðra upplýsingafunda. Þá er talið rétt að athuga í tengslum við stofnun sérstakrar eftirlitsnefndar að veita minni hluta nefndarinnar rétt til að ákveða hvort hefja eigi rannsókn á tilteknu máli.

Tillögur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er lagt til að 13. gr. þingskapa verði gerbreytt, nefndum þingsins fækkað um helming, úr 12 í 6, en við bætist ný nefnd sem hafi sem meginviðfangsefni eftirlitshlutverk Alþingis, auk mála sem varða stjórnskipulagið, mannréttindi og æðstu stofnanir ríkisins.

Þá er lagt til að 26. gr. þingskapa, sem fjallar um heimild fastanefnda til að athuga mál að eigin frumkvæði, verði breytt þannig að áhersla verði lögð á að við slíka athugun séu nefndir ekki bundnar af þeirri grundvallarreglu að þingmál falli niður við lok hvers löggjafarþings.

Skylda lögð á ríkisstjórnina að leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd þingsályktana.

Gildandi reglur um skýrslugjöf ráðherra til Alþingis.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni getur hann gert það með skriflegri skýrslu til Alþingis. Hann getur óskað eftir því að skýrslan verði tekin til umræðu á þingi en níu þingmenn geta einnig krafist slíkrar umræðu. Að auki getur ráðherra gefið þinginu munnlega skýrslu um málið ef ekki þykir ástæða til að hann gefi skriflega skýrslu eða því verður ekki við komið að prenta hana og útbýta.

Níu þingmenn geta einnig óskað þess að ráðherra gefi skýrslu um opinbert málefni. Beiðnin er lögð fyrir Alþingi sem greiðir atkvæði um það umræðulaust hvort hún skuli leyfð. Ber ráðherra þá að leggja fram skýrslu um málefnið á Alþingi. Ef einn eða fleiri skýrslubeiðendur eða ráðherra óska eftir því að skýrslan sé rædd á Alþingi skal orðið við því.

Nokkur dæmi eru um að ráðherra sé gert skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu um tiltekin málefni. Samgönguráðherra ber t.d. árlega að leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar skv. 5. gr. laga nr. 33/2008, um samgönguáætlun. Ef ekki er mælt fyrir um slíka skyldu í sérlögum þarf ekki að gera þinginu grein fyrir afdrifum mála sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða ráðherra með þingsályktun eða skv. 61. gr. þingskapa nema þingmenn kalli eftir því með fyrirspurn eða á annan hátt.

Danmörk.

Ekki eru fyrirmæli í dönsku þingsköpunum eða lögum um að ríkisstjórnin eða forsætisráðherra skuli gera grein fyrir framkvæmd ályktana þingsins með skýrslu.

Noregur.

Í Noregi ber ríkisstjórninni að senda Stórþinginu árlega skýrslu um framkvæmd ályktana þingsins sem kalla á viðbrögð ríkisstjórnarinnar (stortingsvedtak som inneholder anmodning til regjeringen) og tillagna þingmanna sem hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar. Í norskri stjórnskipan er litið svo á að þingið geti gefið ríkisstjórn bindandi fyrirmæli með svonefndum „instrukser“ og ber í skýrslunni m.a. að fjalla um framkvæmd þeirra. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin fær þessa skýrslu til umfjöllunar og gefur þinginu álit um hana skv. b-lið 9. tölul. 12. gr. norsku þingskapanna.

Svíþjóð.

Engin fyrirmæli eru í sænsku stjórnarskránni eða þingsköpum sem leggur skyldu á ríkisstjórnina að gera almenna grein fyrir afdrifum mála sem vísað hefur verið til ríkisstjórnar.

Finnland.

Í finnsku stjórnarskránni, 46. gr., er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli leggja árlega fyrir þingið skýrslu um störf sín og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að framfylgja ályktunum þingsins. Þessi skýrsla skal koma til umfjöllunar stjórnskipunarnefndarinnar nema sá hluti hennar er lýtur að utanríkis- og varnarmálum sem utanríkismálanefnd fjallar um.

Ábendingar vinnuhóps um þingeftirlit.

Í skýrslu vinnuhópsins er bent á að þingsályktanir og mál sem vísað er til ríkisstjórnarinnar geti falið í sér „fyrirmæli“ til ríkisstjórnarinnar. Ekki sé þó kveðið á um að þau séu bindandi. Í ljósi þingræðisreglunnar og eftirlitshlutverks Alþingis er talið eðlilegt að Alþingi

fylgi slíkum „fyrirmælum“ eftir til að hægt sé að meta hvort þeim hafi verið framfylgt. Því er í skýrslunni lagt til að tekið verði upp ákvæði að norskri fyrirmynd sem leggi þá skyldu á ríkisstjórnina að skila árlega skýrslu til þingsins um framkvæmd ályktana þingsins og að tiltekinni þingnefnd verði falið að gefa álit sitt á skýrslunni áður en hún er tekin til umræðu.

Tillögur í frumvarpinu.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 44. gr. þingskapa þar sem forsætisráðherra verði gert að leggja árlega fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra þingsályktana sem samþykkt voru á næstliðnu ári og eru þess efnis að þær kalli á að ráðherra eða ríkisstjórnin bregðist við. Í 61. gr. þingskapa, sbr. 56. gr. stjórnarskrárinnar, segir að ef ekki þykir ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem er á dagskrá þingsins geti þingið vísað því ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra. Í skýrslunni yrði einnig fjallað um framkvæmd þessara málefna. Um meðferð skýrslunnar á Alþingi færi eftir almennum reglum 45. og 48. gr. í þingsköpum. Ráðherra gæti farið fram á að skýrslan yrði tekin til umræðu og einnig ef níu þingmenn óskuðu eftir umræðu um hana. Heimilt væri að fresta umræðunni og vísa skýrslunni til nefndar.

Staða minni hlutans efld á Alþingi.

Gildandi reglur um stöðu minni hlutans.

Almenna reglan samkvæmt þingsköpum er að hver þingmaður getur lagt fram tillögu að þingmáli, lagt til breytingar á fyrirliggjandi tillögum, fengið tekið fyrir mál utan dagskrár og beint fyrirspurn að ráðherra. Almennt er því ekki þörf á að fleiri þingmenn en einn flytji málið. Utandagskrárumræða fer þó ekki fram nema sá ráðherra sem þingmaður vill eiga orðastað við sé viðstaddur og forseti fallist á það. Meiri hlutinn ræður hins vegar úrslitum um afgreiðslu þingmála og forseti eða meiri hluti ræður dagskrá þingfunda.

Dæmi eru um að krafa sé gerð um að ákveðinn fjöldi þingmanna þurfi að leggja fram tillögu til að hún komi til afgreiðslu þingsins. Stundum er þá í raun verið að gera auknar kröfur til þess að leggja megi fram tillögu á Alþingi. Þannig þurfa níu þingmenn að leggja fram ósk um skýrslu frá ráðherra skv. 46. gr. þingskapa en atkvæði eru greidd um beiðnina á þingfundi. Slíkar beiðnir eru þó almennt samþykktar. Níu þingmenn geta einnig lagt fram tillögu um að atkvæði verði greidd um að umræðu verði lokið eða umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns styttur, sbr. 3. mgr. 57. gr. þingskapa. Sami fjöldi þingmanna getur enn fremur farið fram á að þingið breyti ákvörðun forseta um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, sbr. 65. gr. þingskapa.

Annað gildir þar sem kveðið er á um að ákveðinn fjöldi þingmanna geti óskað eftir því við forseta að mál verði tekið úr hefðbundnu ákvörðunarferli og fái aðra meðferð. Þar ræðst niðurstaðan ekki af vilja meiri hlutans heldur afstöðu forseta til beiðninnar. Dæmi um það er í 2. mgr. 23. gr. þingskapa en samkvæmt greininni geta níu þingmenn óskað eftir því við forseta að nefnd athugi mál frá ríkisstjórninni til að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess áður en 1. umræða fer fram um málið.

Eitt dæmi má finna í þingsköpum þar sem skylt er að verða við kröfu minni hluta þingmanna um að meðferð máls verði lagt í ákveðinn farveg á Alþingi. Ef níu þingmenn fara fram á að skýrsla ráðherra til þingsins verði tekin til umræðu skal orðið við því skv. 2. mgr. 45. gr. þingskapa.

Í störfum þingnefnda gildir sama meginregla og almennt í störfum þingsins, hver nefndarmaður hefur tillögurétt um afgreiðslu mála og meðferð þeirra en meiri hlutinn ræður úrslit-

um. Á þessari reglu eru þó ákveðnar undantekningar. Þannig getur þriðjungur nefndarmanna krafist þess að boðað verði til fundar í fastanefnd og að tekin verði á dagskrá þau mál sem tilgreind eru, sbr. 2. mgr. 15. gr. þingskapa. Þá segir í sömu málsgrein að þriðjungur nefndarmanna geti óskað eftir því að ráðherra komi á fund þingnefndar í þinghléum. Í störfum þingnefnda geta einnig myndast ákveðnar venjur um að meiri hlutinn standi ekki í vegi fyrir að farið sé að tillögum eins nefndarmanns eða minni hluta nefndar. Almennt er t.d. orðið við tillögum nefndarmanns um hvert leita eigi umsagnar um þingmál. Sama gildir um tillögur að því að halda opinn nefndarfund um tiltekið efni. Slíkar venjur hafa þó almennt ekki lagalegt gildi og útiloka ekki að meiri hlutinn í nefnd hafni tillögum þessa efnis.

Danmörk.

Sömu meginreglur gilda í störfum danska þingsins og hér á landi, einstakir þingmenn hafa tillögu- og fyrirspurnarrétt en ákvörðunarvald er í höndum meiri hlutans. Minni hlutinn hefur þó töluverð áhrif. Það birtist m.a. í því að samkvæmt stjórnarskránni getur 1/3 þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum um frumvarp sem meiri hlutinn hefur samþykkt. Á því eru þó ákveðnar undantekningar. Enn fremur ber forseta þingsins að boða til þingfundar ef 2/5 hlutar þingmanna fer fram á það, sbr. 39. gr. dönsku stjórnarskrárinnar. Þá geta 2/5 hlutar þingmanna komið í veg fyrir að afgreiðslu mála sé hraðað í gegnum danska þingið með því að krefjast þess að 3. umræða hefjist ekki fyrr en 12 virkum dögum eftir að það var samþykkt við 2. umræðu, sbr. 1. mgr. 13. gr. þingskapa.

Minni hlutinn nýtur enn fremur ákveðinna réttinda í starfi þingnefnda. Ekki er útilokað að minni hlutinn á þingi geti haft meiri hluta í vissum þingnefndum. Enn fremur ber að halda opinn samráðsfund í þingnefnd ef þrír nefndarmenn krefjast þess. Með stuðningi minni hluta í nefnd (2/5) skal enn fremur að verða við kröfu flutningsmanns þingmannafrumvarps um að þingnefnd taki málið úr nefnd og leggi fram nefndarálit.

Minni hlutanum eru enn fremur veitt ákveðin réttindi í 15.,19., 31., 35., 37. og 42. gr. dönsku þingskapanna.

Noregur.

Sama meginregla gildir í Noregi og hér á landi og í Danmörku. Hver þingmaður hefur almennt tillögurétt og getur beint spurningum til ráðherra en ákvörðunarvaldið er í höndum meiri hlutans. Þetta gildir almennt bæði í starfi þingnefnda og á þingfundum.

Minni hlutinn hefur þó umtalsverð áhrif m.a. í starfi eftirlits- og stjórnskipunarnefndarinnar. Þar getur 1/3 hluti nefndarmanna krafist þess að tiltekið mál sé tekið til rannsóknar. Sama hlutfall nefndarmanna í eftirlits- og stjórnskipunarnefndinni getur enn fremur krafist þess að opinn rannsóknarfundur (kontrolhøring) fari fram. Þá geta sex nefndarmenn í stóru utanríkis- og varnarmálanefndinni (utvided utanriks- og forsvarskomitee) krafist þess að málefni sem þar er á dagskrá verði tekið til umræðu á þingfundi. Í öllum þingnefndum getur minni hluti nefndarmanna (1/3) borið ákvörðun meiri hlutans um hvenær nefndarálit verði lagt fram undir forsætisnefnd þingsins. Sama hlutfall nefndarmanna getur einnig skotið ákvörðun meiri hlutans um að hafna tillögu um opinn fund til forsætisnefndar.

Í vissum tilvikum hefur minni hlutinn tillögurétt að breytingum á skipulagi eða meðferð mála á Stórþinginu. Þannig getur 1/5 þingmanna krafist atkvæðagreiðslu um nýjan forseta. Þá geta tíu þingmenn gert tillögu um styttri ræðutíma eða að umræðu skuli lokið þó að þeir sem eru á mælendaskrá hafi ekki allir fengið orðið.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð er einkum hugað að réttindum minni hlutans í starfi þingnefnda. Þannig geta fimm nefndarmenn (af minnst fimmtán) krafist þess að umsagnar verði leitað um mál sem er til meðferðar í nefndinni. Sami fjöldi nefndarmanna getur enn fremur krafst upplýsinga frá stjórnvöldum eða fundar í nefnd. Þá nægir að 1/3 þingmanna samþykki að mál fari á ný til nefndar eftir að hún hefur gefið álit sitt á máli.

Finnland.

Ekki virðist mikil áhersla lögð á minnihlutaréttindi í finnsku stjórnarskránni eða þingsköpum. Þó getur 1/3 hluti nefndarmanna í þingnefnd krafist fundar í nefndinni. Þá geta tveir nefndarmenn frestað afgreiðslu á máli einu sinni til næsta fundar. Minni hlutinn getur einnig frestað máli tímabundið eftir að það er komið á dagskrá þingsins.

Ráðgefandi tilmæli Evrópuráðsins nr. 1601 (2008) um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar í störfum þinga í lýðræðisríkjum.

Evrópuráðsþingið (Parliamentary Assembly) samþykkti árið 2008 leiðbeinandi tilmæli til þeirra þjóðþinga sem eiga aðild að Evrópuráðinu um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar. Þar er bent á að stjórnarandstaðan gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu samfélagi. Eitt meginhlutverk stjórnarandstöðunnar er að bjóða fram aðra valkosti en meiri hlutinn. Þá veitir hún ríkisstjórninni aðhald og eftirlit en það eykur gegnsæi og dregur úr hættu á misbeitingu valds og að ákvarðanir gangi gegn hagsmunum almennings.

Leiðbeiningarnar eru settar fram í allmörgum liðum. Þar er áhersla lögð á tjáningarfrelsi allra þingmanna (gr. 2.1). Sérstaklega er vikið að þátttökurétti stjórnarandstöðunnar í eftirliti með ríkisstjórninni og þessi atriði útfærð í níu liðum (gr. 2.2). Rétt er að víkja nánar að þessum liðum:

Stjórnarandstaðan skal eiga rétt á upplýsingum á jafnréttisgrundvelli (gr. 2.2.1).

Þingmenn stjórnarandstöðunnar eiga að geta beint skriflegum eða munnlegum spurningum að ráðherrum og fengið svör við þeim (gr. 2.2.2).

Þingmönnum stjórnarandstöðunnar skulu tryggð ákveðin forréttindi á fyrirspurnafundum (gr. 2.2.3).

Þingmenn stjórnarandstöðunnar skulu hafa rétt til að stofna til umræðu um fyrirspurn (interpellation) og rétt til að leggja fram tillögu um vantraust (gr. 2.2.4).

Minni hlutinn (1/4) á að geta krafist þess að þingfundur verði haldinn (gr. 2.2.5).

Þingmenn stjórnarandstöðunnar eiga með reglulegu millibili að geta ákveðið dagskrá þingfunda þar sem málefni stjórnarandstöðunnar hafa forgang (gr. 2.2.6).

Minni hlutinn (1/4) á að eiga rétt til þess að óska eftir að tiltekin málefni, sem eru talin mikilvæg eða eru ofarlega á baugi, verði tekin til umræðu á þingfundi (gr. 2.2.7).

Minni hlutinn (1/4) á að eiga rétt til þess að óska eftir að rannsóknarnefnd þingmanna verði skipuð til að athuga tiltekin mál. Þingmaður stjórnarandstöðunnar skal annaðhvort vera formaður slíkrar nefndar eða framsögumaður hennar hafi verið fallist á tillögu hennar um skipun nefndarinnar (gr. 2.2.8).

Ræðutími skal að minnsta kosti ráðast af hlutfallslegum styrk þingflokka en undir vissum kringumstæðum er æskilegt að jöfnuður sé í þessu efni milli stjórnarandstöðu og meiri hluta (gr. 2.2.9).

Í leiðbeiningunum er enn fremur mælt fyrir um að stjórnarandstaðan skuli fá að taka þátt

í skipulagningu þingstarfanna (gr. 2.3) og áhersla lögð á rétt hennar til þátttöku í löggjafarstarfinu (gr. 2.4).

Þar er enn fremur fjallað um rétt stjórnarandstöðunnar til þátttöku í starfi þingnefnda (gr. 2.5). Meðal annars er þar lagt til að formennsku í þingnefndum sé skipt á milli flokka eftir hlutfallslegum styrk þeirra á þingi. Að minnsta kosti sé tryggt að ein fastanefnd hafi formann úr röðum þingmanna stjórnarandstöðunnar. Formenn þingnefnda sem er ætlað að hafa eftirlit með störfum stjórnsýslunnar skulu samkvæmt leiðbeiningunum koma frá stjórnarandstöðunni (gr. 2.5.1). Þá eigi stjórnarandstaðan að geta krafist þess að upplýsingafundir verði haldnir (committee hearings) og að það skuli gert ef 1/4 hluti nefndarmanna fer fram á það (gr. 2.5.4). Þingmenn stjórnarandstöðunnar eigi einnig rétt á að vera framsögumenn í málum (gr. 2.5.5).

Í leiðbeiningunum er kveðið á um að stjórnarandstaðan skuli taka þátt í pólitískum ákvörðunum og að hafa skuli samráð við hana áður en þing er rofið (gr. 2.6). Þá skulu vera leiðir fyrir stjórnarandstöðuna til að láta skera úr um hvort lög eða frumvörp stangist á við stjórnarskrá (gr. 2.7). Þar er enn fremur kveðið á um að tryggja skuli stjórnarandstöðunni fjárhagsstuðning og aðstöðu til að geta gegnt hlutverki sínu (gr. 3). Mælt er gegn því að þingsköp sæti breytingum eftir hverjar kosningar í því skyni að laga reglurnar að úrslitum kosninganna (gr. 4). Þá er í leiðbeiningunum lögð áhersla á að minni hlutinn sýni pólitískan þroska og ábyrgð í uppbyggilegri andstöðu með því að sýna virðingu og nota réttindi sín með það í huga að auka almennt afköst í þingstörfunum (gr. 5).

Tillögur í frumvarpinu.

Staða minni hlutans er á ýmsan hátt styrkt í frumvarpinu. Ákvæði þess um upplýsingarétt þingmanna og upplýsingaskyldu ráðherra undirstrikar jafnræði þingmanna í aðgangi að upplýsingum. Með beiðni um sérstaka eða almenna umræðu um tiltekin málefni, sem má ljúka með ályktun þingsins, opnast nýjar leiðir fyrir stjórnarandstöðuna til að veita ríkisstjórninni aðhald (interpellation). Líklega birtist þetta markmið þó skýrast í breytingum á reglum um störf þingnefnda. Ef frumvarpið verður að lögum getur tiltekinn minni hluti nefndarmanna krafist þess að fundur með gestum verði opinn og að sami minni hluti geti krafist aðgangs að gögnum stjórnvalda. Fylgt er leiðbeiningum Evrópuráðsins um þetta hlutfall og miðað við að ¼ hluti nefndarmanna geti farið fram á þetta. Þar sem níu þingmenn eiga almennt sæti í fastanefnd nægir ekki að tveir þingmenn krefjist opins fundar eða aðgangs að gögnum fyrir nefndina heldur þurfa þeir að vera þrír.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. (13. gr. þingskapa.)

Í greininni eru lagðar til breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis, fjölda þeirra og þeim málaflokkum sem undir þær falla. Markmið breytinganna er að styrkja og efla nefndastarfið enn frekar ásamt því að gefa nefndunum meira og betra svigrúm til starfa. Við þessar breytingar er höfð hliðsjón af skýrslu og tillögum vinnuhóps forsætisnefndar Alþingis um þingeftirlit frá því í september 2009.

Meginbreytingarnar frá fyrra skipulagi eru eftirfarandi:

1. Fastanefndum fækkar úr 12 í 7. Hver nefnd fer því með víðfeðmara málefnasvið en nefndir hafa áður haft, en þess er þó gætt að þau málefni sem felld eru saman í eina nefnd séu sem tengdust.

2. Verkaskipting nefnda tekur ekki mið af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu eins og jafnan hefur verið. Í staðinn tekur nefndaskipulagið mið af þörfum Alþingis og verkaskiptingin ræðst af því hvað heppilegast er talið fyrir starfsemi þingsins.
3. Komið er á fót nýrri nefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sem ætlað er að styrkja eftirlitshlutverk þingsins og umfjöllun þingsins um stjórnskipunarmál. Á það ber að leggja áherslu að aðrar fastanefndir eiga rétt á að taka upp að eigin frumkvæði mál sem varða þingeftirlit svo sem verið hefur, sbr. 26. gr. þingskapa og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ætla verður þó að þingeftirlitið á vettvangi nefndanna verði fyrst og fremst hjá eftirlitsnefndinni.

Helstu ávinningar þessara breytinga eru eftirfarandi:

1. Fækkun fastanefnda mun bæta löggjafarstarfið. Nefndarmenn hafa betri möguleika á að hafa heildaryfirsýn yfir málaflokka sem eru nátengdir.
2. Flestir þingmenn munu við breytinguna sitja í einni nefnd, en nú sitja flestir í tveimur til fjórum nefndum. Hver nefndarmaður getur því sinnt betur sínum nefndaskyldum.
3. Auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna og þær geta fundað oftar og lengur en nú er þar sem fundir munu síður skarast við fundi annarra nefnda. Þá munu skapast betri möguleikar til að halda opna nefndafundi, en slíkir fundir krefjast oft meiri tíma en hefðbundnir nefndafundir.
4. Sjálfstæði nefndanna gagnvart ráðuneytum ætti að styrkjast. Þegar nefnd fjallar um málefni fleiri en eins ráðuneytis má ætla að áhrif ráðherra á störf nefndarinnar verði ekki eins mikil og nú er.
5. Eftirlit með stjórnsýslunni verður mun markvissara af hálfu þingsins þegar ein nefnd hefur það sem meginverkefni að sinna eftirliti með stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins. Fram til þessa hefur slíkt eftirlit orðið afgangverkefni fastanefndanna.
6. Hægt verður að láta hverri nefnd í té meiri aðstoð og betri þjónustu en nú er hægt að gera.

Samkvæmt gildandi þingsköpum eru aðeins kjörnir varamenn í utanríkismálanefnd. Reynslan af kjöri varamanna er góð. Í þessu frumvarpi er þó ekki gert ráð fyrir að kosnir séu varamenn í allar nefndir heldur að þingflokkarnir tilnefni varamenn í nefndir sem geti verið jafnmargir og aðalmenn en slíkt sé ekki nauðsynlegt. Þingflokkur sem ætti t.d. fjóra aðalmenn í nefnd gæti látið nægja að tilnefna tvo varamenn.

Um 2. gr. (14. gr. þingskapa.)

Í greininni er það nýmæli að formennska í nefndum þingsins skuli skiptast milli þingflokka í samræmi við þingstyrk þeirra. Sú afstaða hefur átt vaxandi hljómgrunn að æskilegt sé að dreifa ábyrgð á stjórn fastanefnda á alla þingflokka líkt og gilt hefur um embætti varaforseta þingsins síðan 1971. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis skipti formannsembættum milli þingflokka að loknum alþingiskosningum og gildi sú skipting fyrir allt kjörtímabilið, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 6. gr. Aðrar breytingar á greininni leiðir af þessari meginbreytingu.

Mikilvægt er að skoða þessa breytingu í ljósi þeirrar tillögu í frumvarpinu að þingmálum sem vísað er til nefnda sé þegar í upphafi nefndarmeðferðar skipt milli nefndarmanna sem verði framsögumenn í þeim málum sem í þeirra hlut koma. Þetta mun þýða að mikilvæg frumvörp frá ríkisstjórn verði unnin undir forustu þingmanna frá stjórnarflokkum og hið pólitíska hlutverk formanns nefndar verði minna eftir þessa breytingu, hann verði fyrst og fremst verkstjóri í nefndarstarfinu.

Um 3. gr. (15. gr. þingskapa.)

Í gildandi þingsköpum eru ákvæði um að minni hluti nefndar geti óskað eftir fundi í nefndinni. Það hefur þótt skorta á að skýr fyrirmæli væru um það innan hvaða frests halda eigi fund sem minni hluti biður um. Í frumvarpinu er lagt til að sá frestur verði þrír virkir dagar, en sé það ekki hægt beri formanni að gefa viðhlítandi skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að halda fundinn. Oft geta verið eðlilegar ástæður fyrir því að ekki er hægt að halda fund innan þessa frests, en mikilvægt er þá að sú ástæða liggi opinberlega fyrir.

Um 4. gr. (19. gr. þingskapa.)

Meginregla þingskapa er að fundir nefnda séu lokaðir og gildir það um eiginlega vinnufundi nefnda sem hafa annað hlutverk en opnir upplýsingafundir nefnda, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Aðgang að vinnufundum hafa ekki aðrir en nefndarmenn, starfsmenn nefndar og þeir gestir sem nefnd kallar til fundar við sig. Sú regla var lengst af í gildi að ekki væri vitnað til ummæla sem féllu á lokuðum fundi eða greint frá umræðum í nefndinni. Framkvæmdin hefur hins vegar breyst á síðari árum og það hefur orðið æ algengara að greint sé frá umræðum í nefnd og jafnvel vitnað orðrétt til ummæla sem falla á lokuðum nefndarfundi. Ýmsar eðlilegar ástæður eru fyrir þessari breytingu því að á nefndarfundum eru oft rædd mikilvæg þjóðmál þar sem fram koma sjónarmið sem ekki er hægt að setja undir þagnarskyldu eða gestir hafa komið á fund nefndar með mikilvægar upplýsingar eða sjónarmið sem ekki hefur verið hjá komist að skýra frá opinberlega. Með breytingum á greininni er þessi þróun viðurkennd þannig að ef leggja á þagnarskyldu á nefndarmenn um einhver atriði skuli nefnd taka afstöðu til þess sérstaklega í lok fundar.

Í greinina er nú tekið ákvæði um opna nefndafundi og er þar byggt á þeim reglum sem forsætisnefnd hefur sett um slíka fundi. Er vísað nánar til almennra athugasemda um rökin fyrir þessari breytingu.

Um 5. gr. (24. gr. þingskapa.)

Um nokkurt skeið hafa verið í gildi reglur um meðferð EES-mála á Alþingi. Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þau mál. Á vettvangi forsætisnefndar hefur verið unnið að nýjum reglum um meðferð EES-mála í samráði við utanríkismálanefnd og Stjórnarráðið í heild. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er ætlað að verða grundvöllur þeirra reglna sem Alþingi setur um meðferð EES-mála.

Um 6. gr. (26. gr. þingskapa.)

Með greininni er 26. gr. þingskapa orðuð að nýju en efnisbreytingar eru ekki miklar. Með orðalagi greinarinnar er lögð áhersla á að nefnd geti hvenær sem er, hvort sem er meðan þingfundir standa samkvæmt starfsáætlun eða í þinghléum, fjallað um mál sem ekki eru frumvörp eða þingsályktunartillögur heldur mál á málefnasviði nefndarinnar sem koma til opinberrar umræðu í samfélaginu og þinginu þykir ástæða til að fá sérstakar skýringar á eða fjalla sérstaklega um. Í greininni er áfram það ákvæði að nefnd geti lokið slíkri athugun með skýrslu þar sem einnig komi fram tillögur nefndarinnar um hvernig máli verði lokið, t.d. með sérstakri ályktun Alþingis þar sem fram gætu komið aðfinnslur við stjórnsýslu ráðherra eða framgöngu einstakra forstöðumanna ríkisstofnana.

Loks er bætt við því ákvæði að nefnd geti haldið áfram athugun á máli sem fram hefur farið þótt kosningar hafi farið fram og ný nefnd verið kosin.

Um 7. gr. (27. gr. þingskapa.)

Breytingu á 27. gr. þingskapa ber að skoða sem hluta af hinni nýju nefndarskipun. Með þeirri tillögu sem greinin felur í sér er ætlunin að stuðla að því að allir nefndarmenn taki virkan þátt í nefndarstörfum og hver og einn þeirra taki meginábyrgð á og hafi á hendi verkstjórn á einu eða fleiri málum sem fyrir nefndinni liggja, en fram til þessa hefur slíkt einkum hvílt á formanni nefndar. Þegar máli hefur verið vísað til nefndar ber því samkvæmt þeirri tillögu sem hér er gerð að fela strax í upphafi einum nefndarmanni að vinna sérstaklega að athugun málsins fyrir hönd nefndarinnar. Það kemur í hans hlut að stjórna vinnu nefndarinnar við athugun málsins, gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndaráliti þegar nefnd hefur lokið athugun sinni, sbr. síðari málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna. Sami þingmaður er jafnframt framsögumaður málsins þegar mælt er fyrir nefndaráliti. Þess er vænst að þessi tilhögun geri nefndarstarfið markvissara, umfjöllun um mál vandaðri og dreifi vinnu í nefndinni betur niður á nefndarmenn en nú er. Þessi tilhögun felur einnig í sér breytt hlutverk formanns nefndar, en verkefni hans verður einkum að hafa yfirumsjón með störfum nefndarinnar og samhæfa vinnu framsögumanna. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að formaður taki einnig að sér að vera framsögumaður í einstökum málum til jafns við aðra nefndarmenn.

Í þingsköpum hefur verið heimild alveg frá árinu 1991 til að hafa verktilhögun sem þessa en henni hefur ekki verið beitt.

Um 8. gr. (ný grein á eftir 27. gr. þingskapa.)

Með greininni er lagt til að lögfest verði mikilvægt ákvæði fyrir þingnefnd eða minni hluta hennar til að fá fullan aðgang að gögnum í þeim málum sem nefndin fjallar um. Greininni er ætlað að verða grundvöllur upplýsingaréttar Alþingis gagnvart stjórnvöldum sem megi aðeins takmarka ef ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir eru fyrir hendi.

Með greininni er einnig lagður grundvöllur að meðferð trúnaðarupplýsinga sem þingnefndir fá en slík ákvæði hafa einvörðungu gilt um utanríkismálanefnd fram að þessu.

Um frekari skýringar á ákvæði greinarinnar er vísað til almennra athugasemda í frumvarpinu um upplýsingarétt Alþingis og alþingismanna og um meðferð mála sem trúnaður þarf að vera um.

Um 9. gr. (29. gr. þingskapa.)

Með breytingu á 29. gr. þingskapa er þess freistað að skapa meiri festu við afgreiðslu mála frá þingnefndum. Þannig verður skylt að tillaga að nefndaráliti nefndar eða meiri hluta hennar liggi fyrir áður en málið er afgreitt frá nefndinni. Enn fremur eru með breytingum á greininni lagðar þær skyldur á nefndarmenn að þeir taki afstöðu til tillögu um nefndarálit þannig að ljóst liggi fyrir áður en mál er afgreitt úr nefnd hvort allir nefndarmenn standa að nefndaráliti og hvort nefndin klofnar og hvernig, svo og hverjir rita undir nefndarálit með fyrirvara.

Um 10. gr. (36. gr. þingskapa.)

Um a-liðinn vísast til athugasemda við 6. gr. (reglur um EES-mál).

Í b-lið er breytt ákvæðum þingskapa um framlagningarfrest lagafrumvarpa, en nú gildir það ákvæði að lagafrumvörp eiga að vera komin fram innan sex mánaða frá því að Alþingi er sett. Þetta þýðir í raun að framlagningarfresturinn er til 1. apríl. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur þótt vera með nokkrum ágöllum og hefur leitt til þess að við lok þessa frests kemur fram óeðlilega mikill fjöldi þingmála. Heppilegra þykir að endurskoða þetta ákvæði þannig að fresturinn sé miðaður við 1. mars í stað 1. apríl en jafnframt er ríkisstjórninni gert

að afhenda forseta Alþingis strax og vetrarþing hefst að loknu jólahléi nýja áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa, þ.e. endurskoðun á þeirri áætlum sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra að hausti, og að í þeirri áætlun sé tilgreint hvenær vænta megi að málum verði útbýtt á Alþingi.

Endurskoðun þessa ákvæðis miðar að því að frumvörp og þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni komi það tímanlega inn í þingið að hægt sé að fjalla um þau með eðlilegum hætti og skipuleggja vinnuna betur bæði í umræðum í þingsal og ekki síður í nefndum. Nauðsynlegt er að dreifa málum og þar með vinnuálagi sem jafnast yfir þingtímann.

Um 11. gr. (44. gr. þingskapa.)

Í gildandi þingsköpum er ekki fjallað um hvernig Alþingi skuli haga meðferð mála þegar í stjórnarskrá eða lögum er krafist samþykkis Alþingis fyrir tilteknum ákvörðunum eða ráðstöfunum. Dæmi um mál af þessu tagi er þegar leyfis er óskað um að höfða mál gegn alþingismanni skv. 49. gr. stjórnarskrárinnar en erindi af því tagi hafa sætt ólíkri meðferð. Með nýlegum breytingum á lögum um dómstóla er Alþingi enn fremur falið að taka afstöðu til skipunar í embætti dómara ef ráðherra telur ekki rétt að fylgja áliti dómnefndar samkvæmt lögunum. Brýnt er að skýra meðferð mála af þessu tagi á Alþingi.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að nýrri málsgrein verði í þessu skyni bætt við 44. gr. þingskapa. Breytingin tekur til hvers konar erinda, annarra en hefðbundinna þingmála, sem Alþingi verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til, án tillits til þess hvort erindið stafar frá ráðherra eða öðrum. Mikilvægt er að erindi af þessu tagi fái hraða málsmeðferð. Um leið verður að tryggja að málið fái efnislega athugun á Alþingi en sé ekki aðeins afgreitt með atkvæðagreiðslu. Þess vegna er lagt til að eftir að forseti hefur gert grein fyrir erindinu á þingfundi gangi málið umræðulaust til einhverrar fastanefndar Alþingis til athugunar og að hún geri tillögu að afgreiðslu Alþingis. Umræður fari fram um tillöguna í samræmi við reglur um síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Með því að þingnefnd geri tillögu að afgreiðslu málsins verður að telja að fullnægt sé áskilnaði 55. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gerð er krafa um að einhver þingmaður eða ráðherra flytji mál á Alþingi.

Með fyrri málsgreininni í b-lið eru tekin af tvímæli um hvernig aflétta beri stjórnskipulegum fyrirvara í EES-málum. Það skal gert með þingsályktun og þannig ætti að skapast festa um framkvæmd þeirra mála.

Með síðari málsgreininni er lögð sú skylda á forsætisráðherra að hann leggi í upphafi þings á hverju ári fram skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið er byggt á ábendingu í áliti nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis og miðar að því að styrkja stöðu þingsins og tryggja betur framkvæmd ályktana þess.

Um 12. gr. (46. gr. þingskapa.)

Lögð er til sú breyting að nefnd eða meiri hluti hennar geti óskað eftir því að ráðherra geri grein fyrir opinberu málefni með skriflegri skýrslu. Ákvæði þetta kemur til viðbótar þeim rétti sem níu þingmenn hafa nú til þess að óska eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni.

Þá er leitast við að afmarka betur en í gildandi þingsköpum hvað átt er við með „opinberu málefni“. Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 13. gr. (49. gr. þingskapa.)

Í greininni er tekið upp það nýmæli að sjálfkrafa falli úr gildi þær fyrirspurnir, bæði munnlegar og skriflegar, sem ekki hefur verið svarað af hálfu ráðherra ef hann lætur af

embætti. Þar sem fyrirspurnum er beint til ráðherra, en ekki ráðuneytis þess sem hann fer með, er við hæfi að fyrirspurnirnar falli niður ef hann hverfur úr embætti. Ef þingmaður kýs svo getur hann flutt að nýju fyrirspurn til þess ráðherra sem við embættinu tekur. Þess eru dæmi að þingmaður, sem tekur við ráðherraembætti, hafi stuttu áður beint fyrirspurnum til forvera síns sem að óbreyttum ákvæðum kæmi í hlut hans sjálfs að svara.

Um 14. gr. (50. gr. þingskapa.)

Hér er lagt til að breytt verði því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur varðandi umræður utan dagskrár. Slíkar umræður munu framvegis fá heitið sérstakar umræður og almennar umræður og verða dagskrárliður. Styttri utandagskrárumræður, hinar svokölluðu hálftímaumræður, munu framvegis heita sérstakar umræður (2. mgr.). Hinar svokölluðu lengri utandagskrárumræður munu hins vegar heita almennar umræður (3. mgr.).

Í utandagskrárumræðum eru tekin fyrir pólitísk álitaefni sem á þingmönnum eða ráðherrum brenna hverju sinni. Umræður utan dagskrár hafa verið skilgreindar sem umræður sem efnt er til um ákveðið efni sem ekki liggur fyrir sem þingmál og varðar málefni líðandi stundar. Að hluta til hafa aðrir liðir nú dregið úr þörfinni fyrir slíkar umræður. Þó hefur fjöldi umræðna utan dagskrár hin síðari ár verið á milli 40 og 50 á hverju löggjafarþingi. Framkvæmdin hefur verið þannig að beiðni um umræðu utan dagskrár hefur verið lögð fram og síðan hefur verið reynt að finna tíma fyrir hana. Þingmenn munu hér eftir sem hingað til bera fram ósk um sérstakar umræður og almennar við forseta en nú reyndar með skriflegri beiðni. Forseti tekur þá afstöðu til þess í samráði við þingmanninn sem ber fram óskina og viðkomandi ráðherra hvort og hvenær umræðan getur farið fram.

Með umræðum utan dagskrár hafa þingmenn reynt að fá fram afstöðu ráðherra til mála sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni og hvernig ríkisstjórnin eða ráðuneyti ætla að bregðast við tilteknum málefnum. Það er því gengið út frá því að ráðherrar séu til andsvara í sérstökum umræðum og almennum. Það hefur einkennt umræður utan dagskrár hér á landi að sameiginleg niðurstaða þingsins hefur ekki fengist enda hefur ekki mátt gera ályktun í slíkum umræðum.

Það var ein af niðurstöðum vinnuhópsins sem á síðasta ári skilaði skýrslu um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu að sú umgjörð sem umræðum utan dagskrár hefur verið mörkuð samkvæmt þingsköpum miði ekki nægilega að því að gefa þingmönnum færi á að láta ráðherra standa reikningsskil gerða sinna. Hópurinn lagði því til að settar yrðu reglur um heimild til að leggja fram tillögu að ályktun til samþykktar í tengslum við umræðu svo að hægt verði að auðvelda þinginu að ljúka umfjölluninni þegar spurningar vakna um framgöngu ráðherra í starfi. Nú er í raun bara hægt að leggja fram tillögu um vantraust á ráðherrann eða þá að aðhafast ekkert í kjölfarið á umræðum utan dagskrár þar sem fundið hefur verið að embættisfærslu ráðherra.

Í greininni er því lagt til að undir almennum umræðum um mál verði hægt að leggja fram tillögu til samþykktar. Þannig verður hægt að samþykkja formlega ályktun þar sem framganga ráðherrans er gagnrýnd. Hér er því komið úrræði til að beina gagnrýni á embættisfærslu ráðherra í mildari farveg en með tillögu um vantraust. Slík tillaga þarf að vera í eðlilegu samhengi við þær umræður sem fram hafa farið. Þingmaður sem vill leggja fram slíka skriflega tillögu afhendir hana forseta sem les tillöguna upp og tilkynnir að hún sé til umfjöllunar og afgreiðslu. Um uppburð tillagna gildir sú almenna regla þingskapa að sú tillaga sem fyrst er lögð fram kemur fyrst til atkvæða. Sé einhver tillagna samþykkt falla aðrar tillögur þar með niður.

Rétt þykir að setja þann ramma um almenna umræðu, þar sem gera má samþykkt í nafni Alþingis, að slík umræða eigi sér nokkurn hljómgrunn meðal þingmanna þannig að a.m.k. fjórðungur þeirra styðji að slík umræða fari fram. Það verður hlutverk forseta að ganga úr skugga um það í samráði við formenn þingflokka að sá stuðningur sé fyrir hendi.

Rétt er að leggja áherslu á að samþykkt við almenna umræðu hefur ekki bein réttaráhrif og með slíkri samþykkt verður heldur ekki hægt að hnekkja formlegri þingsályktun Alþingis sem gerð hefur verið eftir 44. gr. þingskapa (tvær umræður, nefndarmeðferð).

Þá er í greininni lagt til að forseti geti á fundartíma heimilað formönnum stjórnmálaflokka og ráðherrum að gefa sérstaka yfirlýsingu og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni. Þetta er gert til að forseti geti brugðist við óskum ráðherra og formanna stjórnmálaflokka um að flytja þinginu sérstök tíðindi. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.

Um 15. gr. (53. gr. þingskapa.)

Vefur Alþingis hefur í æ ríkara mæli fest sig í sessi sem upplýsingaveita fyrir þingmenn, starfsmenn þingsins og almenning. Mun það verða til hagræðis ef hægt er að birta þingskjöl á vefnum þegar þau eru fullbúin þótt á milli þingfunda sé. Nauðsynlegt er að forseti Alþingis fái heimild til að setja nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal þá fresti sem líða eiga milli birtingar og þess að mál geti komið á dagskrá án afbrigða.

Um 16. gr. (55. gr. þingskapa.)

Með breytingunni er bætt við þeim möguleika þingmanna samkvæmt þingsköpum að þeim sé heimilt að gera stutta athugasemd um kosningar sem fram fara á Alþingi í ýmsar stjórnir og nefndir. Rétturinn til að gera slíkar athugasemdir er nú bundinn við atkvæðagreiðslur og fundarstjórn forseta.

Um 17. gr. (76. gr. þingskapa.)

Lögð er til breyting á 76. gr. þingskapa þar sem fjallað er um hverjir hafi rétt til að leggja fram þingmál. Fram að þessu hefur óvissa ríkt um hvort meiri hluti nefndar hefur rétt til þess að flytja mál í sínu nafni, sem þónokkur dæmi eru um, eða hvort rétturinn er bundinn við nefndina alla, óklofna. Með ákvæðinu eru tekin af tvímæli um að meiri hlutinn geti flutt þingmál.

Um 18. gr. (77. gr. þingskapa.)

Með þeirri tækniþróun sem orðið hefur á síðustu árum hefur netið og vefur Alþingis orðið æ mikilvægari miðill allra upplýsinga um störf þingsins, umræður og þingskjöl og ýmissa tilkynninga. Rétt þykir að veita þessum miðli sama gildi og prentun hefur haft fram að þessu, svo og að á vef Alþingis megi birta ýmsar tilkynningar sem fram að þessu hafa eingöngu verið fluttar af forsetastóli á þingfundi. Það á meðal annars við um inntöku varamanna, fjarvistir, útbýtingar, skjöl, ræður, erindi, fundargerðir eða þingsályktanir. Forseti ákveður hvernig birtingu skal háttað.

1434. Svar [496. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um undirritun samkomulags um Icesave-skuldbindingar í júní 2009.

1. *Hver var formlegur aðdragandi þeirrar ákvörðunar að fjármálaráðherra undirritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við Breta og Hollendinga um svokallaðar Icesave-skuldbindingar föstudaginn 5. júní 2009?*

Fjármálaráðherra var falið í febrúar 2009 fyrir hönd ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem veitt var hlutleysi af Framsóknarflokknum að ljúka samningaviðræðum við Hollendinga og Breta. Skipaði fjármálaráðherra samninganefnd til að ljúka þeim samningaviðræðum undir forustu Svavars Gestssonar sendiherra. Á þeim tíma lá fyrir samþykkt fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar á forfjármögnun á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. viljayfirlýsingu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 15. nóvember 2008 um að ljúka samningum um lánaskilmála. Einnig lá fyrir undirrituð viljayfirlýsing gagnvart Hollandi og samningsdrög við ríkin tvö sem gerði ráð fyrir 10 ára láni (þriggja ára afborgunarleysi á höfuðstól) og 6,7% vöxtum.

Óformlegar samningaviðræður og bréfaskipti fóru fram við hollensk og bresk stjórnvöld þegar ný samninganefnd Íslands tók við. Þegar ljóst var, eftir talsverðar þreifingar milli aðila, að mögulegt væri að ná niður vöxtum, lengja lánstíma, fá fram langt afborgunarleysistímabil, tryggja endurskoðunarákvæði sem og að eignasafn gamla Landsbanka Íslands, sem var verðmeira en áður var ráð fyrir gert, yrði hægt að nýta til að skapa frest fyrir greiðslur úr ríkissjóði var ákveðið að freista þess að ljúka samningaviðræðum. Þau gögn er lúta að þeim samskiptum hafa verið gerð aðgengileg og má nálgast á upplýsingasíðu stjórnvalda www.island.is. Einnig er ferill þessa máls skilmerkilega rakinn í athugasemdum við frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (Icesave-samningar), sbr. lög nr. 96/2009.

2. *Var ákvörðun um undirritun tekin á ríkisstjórnarfundi eða kynnt á ríkisstjórnarfundi og þá hvenær?*

Í kjölfar þess að jákvæð framvinda varð í samningaviðræðum á fundi í Reykjavík 4. júní kynnti íslenska samninganefndin stöðuna fyrir stjórnvöldum á Íslandi áður en samningar voru undirritaðir. Það var gert með fundum með ríkisstjórn, forustumönnum stjórnarandstöðunnar, utanríkismálanefnd Alþingis og öllum þingflokkum að morgni 5. júní 2009. Á grundvelli þess samráðs ákvað ríkisstjórnin síðan að veita fjármálaráðherra umboð til þess að heimila samninganefndinni að ganga frá samningi á áðurnefndum forsendum. Samningum lauk laust fyrir miðnætti sama dag með undirritun samninganna. Sú staðreynd að byggt var á samningsdrögum sem gengið höfðu milli aðila allt frá því síðla árs 2008, þar sem náðst hafði samkomulag um ýmis efnisatriði og leyst hafði verið úr fjölmörgum tæknilegum og lagalegum atriðum, gerði það kleift að ljúka samningum með svo skjótum hætti.

3. *Hvaða gögn varðandi málið lágu til grundvallar þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar að fallast á undirritun fjármálaráðherra og með hvaða hætti voru þau kynnt fyrir ráðherrum eða ríkisstjórn í heild?*

Staða málsins var rakin mjög ítarlega á öllum fundunum og spurningum svarað. Lokagerð samkomulagsins var í fullu samræmi við það sem kynnt var ríkisstjórninni og hún byggði ákvarðanir sínar á.

4. Töldu forsætisráðherra og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar á þessum tíma að samkomulagið og undirritun þess 5. júní nyti meirihlutastuðnings á Alþingi?

Hinn 5. desember 2008 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.“

Þeir samningar eru undirritaðir voru byggðust á þessari ályktun Alþingis og voru í fullu samræmi við efni hennar. Fjármálaráðherra undirritaði samningana með fyrirvara um samþykki Alþingis. Frumvarp, sem forsætisráðherra taldi að nyti meirihlutastuðnings á Alþingi, var í framhaldi af því lagt fyrir Alþingi. Frumvarpið byggðist á þeim samningum sem undirritaðir voru og var það Alþingis að vinna að meðferð málsins í framhaldi af því. Eftir þá málsmeðferð var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi hinn 28. ágúst 2009.

1435. Lög [670. mál]

um greiðsluaðlögun einstaklinga.

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Að uppfylltum skilyrðum laga þessara er einstaklingum heimilt í kjölfar gagnaöflunar að fara þess á leit við umboðsmann skuldara að hann samþykki umsókn um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun með samningi við kröfuhafa. Sá samningur getur bæði tekið til krafna sem tryggðar eru með veðrétti í eign skuldara og krafna sem engin slík trygging er fyrir eða einungis til krafna af öðrum hvorum meiði.

2. gr.
Hverjir leitað geta greiðsluaðlögunar.

Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar í samræmi við lög þessi.

Einstaklingur telst ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar þegar ætla má að hann geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar um fyrirséða framtíð með tilliti til eðlis skuldanna, eigna og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna hans að öðru leyti.

Hjón eða einstaklingar í óvígðri sambúð geta í sameiningu leitað greiðsluaðlögunar.

Þeir einir geta leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum þessum sem eiga lögheimili og eru búsettir hér á landi. Frá þessu skilyrði má þó víkja ef:

a. sá sem leitar greiðsluaðlögunar er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda, enda leiti hann hennar einungis vegna skuldbindinga sem stofnast hafa hér á landi við lánardrottna sem eiga hér heimili, eða
b. greiðsluaðlögun er eingöngu ætlað að taka til veðkrafna sem hvíla á fasteign hér á landi, enda sé eigandi hennar íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

3. gr.

Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur til.

Greiðsluaðlögun tekur til allra annarra krafna á hendur skuldara en þeirra sem hér greinir:

a. krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina,
b. krafna um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu,
c. krafna sem nytu stöðu skv. 109., 110. eða 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem umsókn hans um greiðsluaðlögun var tekin til greina,
d. krafna sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta,
e. krafna að óverulegri fjárhæð sem eru sérstaklega undanþegnar áhrifum greiðsluaðlögunar með því að þær greiðist að fullu,
f. fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um afdregna vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi,
g. skulda vegna námslána að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma,
h. uppsafnaðra skulda við opinbera aðila vegna meðlags og fer um uppsafnaða skuld samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

Lánardrottinn skuldarans getur afsalað sér réttindum skv. 1. mgr. þannig að greiðsluaðlögun hafi áhrif á kröfu hans, en það skal gert með skriflegri yfirlýsingu sem gerð er við undirbúning umsóknar um greiðsluaðlögun eða meðan á umleitunum til hennar stendur. Binda má slíka yfirlýsingu því skilyrði að hún feli því aðeins í sér endanlegt réttindaafsal að greiðsluaðlögun nái fram að ganga.

Greiðsluaðlögun leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð skv. 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf einstakra krafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, skilmálabreytingar, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist með ákveðnu millibili á tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu krafna eða allt framangreint í senn.

II. KAFLI
Heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

4. gr.
Umsókn um greiðsluaðlögun.

Skuldari skal leggja umsókn um greiðsluaðlögun fram hjá umboðsmanni skuldara. Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn skuldara, kennitala hans, lögheimili og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
2. Sundurliðaðar upplýsingar um eignir skuldara.
3. Sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og ábyrgða og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra.
4. Hverjar tekjur skuldara eru, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða öðru tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum eða atvinnuhögum. Jafnframt skal greina hvort hann muni hafa aðra fjármuni en vinnutekjur sínar til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra.
5. Hvort skuldari hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, einn eða í félagi við aðra, og ef svo er, hve stór hluti skulda hans stafi frá atvinnurekstrinum.
6. Mat skuldara á meðaltali mánaðarlegra útgjalda sinna, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsnæðis og afborgana af skuldum.
7. Mat skuldara með hliðsjón af framansögðu á því hversu háa fjárhæð hann geti greitt mánaðarlega til að standa við skuldbindingar sínar.
8. Lýsing skuldara á því hvað valdið hafi skuldastöðu hans og hvers vegna hann geti ekki eða sjái ekki fram á að geta staðið að fullu við skuldbindingar sínar.
9. Hvort einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar sem kynnu að vera riftanlegar við gjaldþrotaskipti á búi skuldara.
10. Hverjir kunna að vera ábyrgðarmenn skuldara, samskuldarar eða hafa veitt veð fyrir skuldum hans og hvort hann beri sjálfur ábyrgð á skuldbindingum annarra.
11. Yfirlýsing um að umboðsmanni skuldara sé heimilt að staðreyna gefnar upplýsingar og afla nánari upplýsinga, án þess að þagnarskylda þeirra sem búa yfir slíkum upplýsingum hindri það, sé talin þörf á því.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skal einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum.

Umsókninni skulu fylgja gögn til staðfestingar þeim upplýsingum sem hún hefur að geyma, vottorð um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjögur skattframtöl skuldara.

Skuldari á rétt á endurgjaldslausri aðstoð frá umboðsmanni skuldara við að semja umsókn um greiðsluaðlögun og afla gagna í samræmi við ákvæði laga þessara. Skuldari skal þó jafnan sjálfur útvega nauðsynleg gögn og koma þeim til umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara skal að fengnu samþykki skuldara og eftir atvikum maka skuldara og annars heimilisfólks, sbr. 2. mgr., afla nauðsynlegra gagna frá opinberum stofnunum sem og þekktum lánardrottnum. Skylt er þeim aðilum að senda umboðsmanni skuldara umbeðin gögn.

5. gr.

Rannsóknarskylda umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara skal ganga úr skugga um að í umsókn skuldara komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og getur hann ef þörf krefur krafist þess að skuldari staðfesti upplýsingarnar með skriflegum gögnum.

Umboðsmaður skuldara skal auk þess afla frekari upplýsinga sem hann telur geta skipt máli varðandi skuldir, eignir, tekjur og framferði skuldara, áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita skuli heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða. Ef þörf krefur er umboðsmanni skuldara heimilt að kalla skuldara eða aðra sem málið varðar á sinn fund til að afla upplýsinganna.

6. gr.

Aðstæður sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Synja skal um heimild til greiðsluaðlögunar ef:

a. fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á að skuldari uppfylli skilyrði laga þessara til að leita greiðsluaðlögunar,
b. fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar,
c. aðstæður við stofnun skulda eða síðari ráðstafanir skuldara benda ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér á óheiðarlegan hátt til þess að geta leitað greiðsluaðlögunar,
d. skuldari hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu,
e. skuldari hefur áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun eða nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Þó er umboðsmanni skuldara heimilt að samþykkja umsókn í slíkum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Einnig er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef óhæfilegt þykir að veita hana. Við mat á slíku skal taka sérstakt tillit til þess hvort:

a. stofnað hafi verið til meginhluta skuldanna nýlega og ekki sé um að ræða eðlilega lántöku til endurfjármögnunar eða öflunar nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis,
b. stofnað hafi verið til skulda á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar,
c. skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað,
d. skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
e. skuldari hafi efnt til fjárfestinga sem hefðu verið riftanlegar við gjaldþrotaskipti eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar,
f. skuldari hafi á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
g. skuldari hafi á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga eða skuldir hans eru þess eðlis að bersýnilega sé ósanngjarnt að heimild til greiðsluaðlögunar nái til þeirra.

7. gr.

Ákvörðun um greiðsluaðlögun.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að hún liggur fyrir fullbúin.

Samþykki umboðsmaður skuldara umsóknina skal hann upplýsa skuldara um skyldur hans skv. 12. gr.

Ekki er unnt að kæra ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að honum berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara.

Skuldari getur hvenær sem er á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana dregið umsókn sína um greiðsluaðlögun til baka og fellur þá niður greiðslufrestur skv. 11. gr. Hafi umsjónarmaður verið skipaður skal hann tilkynna þeim kröfuhöfum sem vitað er um ákvörðun skuldara um að draga umsókn til baka. Hafi umsjónarmaður ekki verið skipaður skal umboðsmaður skuldara tilkynna um þetta.

8. gr.

Tímabil greiðsluaðlögunarumleitana.

Með samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun hefst tímabil greiðsluaðlögunarumleitana og getur það orðið allt að þrír mánuðir.

III. KAFLI
Upphaf greiðsluaðlögunarumleitana.

9. gr.

Skipun umsjónarmanns.

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Umsjónarmaður getur verið starfsmaður umboðsmanns skuldara og skal hann þá hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði, en ella skal hann vera lögmaður sem umboðsmaður skuldara ræður til verksins.

10. gr.

Innköllun til lánardrottna.

Umsjónarmaður skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur skuldaranum, að lýsa kröfum fyrir umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni.

Nú nýtur lánardrottinn veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldaranum án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, og skal þá lánardrottinn tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir.

Vanlýst krafa skal falla undir greiðsluaðlögunina, en viðkomandi kröfuhafa er þá ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum.

Þeim kröfuhöfum sem vitað er um, þar á meðal ábyrgðarmönnum og samskuldurum skuldara, skal kunngert að greiðsluaðlögunarumleitanir séu hafnar með því að umsjónarmaður sendir þeim afrit af innkölluninni. Þar skal einnig upplýst hvaða kröfur skuldari hefur gefið upp að viðkomandi kröfuhafar eigi og tilkynna þeim um frestun greiðslna skv. 11. gr.

11. gr.

Frestun greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn hefst tímabundin frestun greiðslna, sbr. þó 3. mgr. Á meðan á frestun greiðslna stendur er lánardrottnum óheimilt að:

a. krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum,
b. gjaldfella skuldir samkvæmt samningsbundnum heimildum,
c. gera fjárnám, kyrrsetningu eða löggeymslu í eigum skuldarans eða fá þær seldar nauðungarsölu,
d. fá bú skuldarans tekið til gjaldþrotaskipta,
e. neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilismanna vegna fyrri vanefnda,
f. krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans.

Vextir falla á skuldir meðan á frestun greiðslna stendur en þeir eru ekki gjaldkræfir. Vextir af kröfum sem tryggðar eru með veði í eign sem skuldari fær að halda gjaldfalla þó í samræmi við samninga þar um, að því marki sem veð svarar til verðmætis hinnar veðsettu eignar.

Frestun greiðslna nær ekki til krafna sem verða til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefur verið veitt.

12. gr.

Skyldur skuldara við greiðsluaðlögun.

Á meðan leitað er greiðsluaðlögunar skal skuldari:

a. leggja til hliðar af launum og öðrum tekjum sínum það fé sem er umfram það sem hann þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða,
b. segja upp leigusamningum og öðrum samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru og þjónustu sem er nauðsynleg honum eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds,
c. ekki láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta lánardrottnum sem greiðsla,
d. ekki stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna.

Telji umsjónarmaður skuldara hafa brugðist skyldum sínum skv. 1. mgr. skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir verði felldar niður skv. 15. gr.

13. gr.

Sala eigna skuldara.

Umsjónarmaður getur ákveðið að selja skuli þær eignir skuldara sem umsjónarmaður telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Ef umsjónarmanni þykir ástæða til getur hann leitað afstöðu lánardrottna áður en slík ákvörðun er tekin.

Eignir skal selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáist fyrir þær. Umsjónarmaður ákveður hvernig sala fer fram og annast söluna sjálfur, nema hann feli það öðrum. Er skuldara skylt að annast söluna ef umsjónarmaður ákveður það.

Umsjónarmaður skal gera þeim sem njóta veðréttar í eign skuldarans viðvart um ákvörðun um sölu hennar með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Þegar fram er komið tilboð í eignina sem umsjónarmaður telur fært að taka skal hann tafarlaust kynna það fyrir þeim veðhöfum í eigninni sem ekki mundu fá fullnustu krafna sinna af söluverðinu og gefa þeim kost á að gera hærra boð eða ganga eftir atvikum inn í fram komið boð. Skulu veðhafar hafa frest í þessu skyni svo lengi sem boð er skuldbindandi fyrir tilboðsgjafa.

Að sölu lokinni falla niður þau veðréttindi sem ekki fékkst greitt upp í af söluandvirðinu sé um veðsettar eignir að ræða. Umsjónarmaður skal óska eftir aflýsingu veðkrafna gegn staðfestingu umboðsmanns skuldara á að umsókn skuldara til greiðsluaðlögunar hafi verið samþykkt, yfirlýsingu umsjónarmanns um að sala eignarinnar hafi verið gerð vegna greiðsluaðlögunar og afriti samnings um söluna.

Framfylgi skuldari ekki ákvörðun umsjónarmanns skv. 1. mgr. eða komi hann með einhverjum hætti í veg fyrir fyrirhugaða sölu eigna skal umsjónarmaður óska þess við umboðsmann skuldara að greiðsluaðlögunarumleitanir skuldara verði felldar niður skv. 15. gr.

14. gr.

Mat á eignum sem skuldari heldur eftir.

Umsjónarmaður skal eftir þörfum afla mats á verðmæti þeirra eigna sem skuldara er ekki gert að selja.

Lánardrottinn sem ekki unir mati sem umsjónarmaður aflar getur á eigin kostnað fengið dómkvaddan mann til að meta verðmæti eignar. Sé slíkrar matsgerðar aflað skal hún ráða niðurstöðu um verðmæti eignarinnar.

15. gr.

Niðurfelling greiðsluaðlögunarumleitana.

Ef fram koma upplýsingar sem ætla má að hindri að greiðsluaðlögun sé heimil á grundvelli laga þessara skal umsjónarmaður tilkynna um slíkt til umboðsmanns skuldara sem í kjölfarið tekur afstöðu til málsins með rökstuddri ákvörðun. Skuldara skal gefið tækifæri til að láta álit sitt í ljós áður en slík ákvörðun er tekin. Ákvörðun umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana getur skuldari kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðunin barst honum og skal þá tímabil greiðsluaðlögunarumleitana standa þar til niðurstaða kærunefndar liggur fyrir.

Umboðsmaður skuldara skal tilkynna þekktum lánardrottnum um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana.

IV. KAFLI
Samningur um greiðsluaðlögun.

16. gr.
Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun.

Umsjónarmaður skal, eins fljótt og auðið er eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn, gera frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun. Frumvarpið skal samið í samráði við skuldara.

Í frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun skal kveðið á um lengd greiðsluaðlögunartímabils, en það skal að jafnaði vera eitt til þrjú ár frá því að samningur tekur gildi. Tiltaka skal viðeigandi upplýsingar til að gefa heildarmynd af fjárhag og greiðslugetu skuldara, m.a. upplýsingar um tekjur, skuldir, eignir og mánaðarleg útgjöld. Þá skal fylgja listi yfir allar kröfur sem vitað er um og tillaga umsjónarmanns um hvernig farið verði með kröfurnar, í samræmi við 3. og 21. gr. Jafnframt skal tiltaka allar verðmætar eignir sem skal selja eða halda eftir og verðmæti þeirra, sbr. 13. og 14. gr. Þá skal koma fram í frumvarpinu sá frestur sem lánardrottnar hafa til að taka afstöðu til þess.

Frumvarp umsjónarmanns skal vera á þann veg að framfærsla skuldara og fjölskyldu hans sé tryggð og að raunhæft megi telja að öðru leyti að hann geti staðið við skuldbindingar sínar, endurskipulagt fjármál sín og komið á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu.

Feli frumvarp umsjónarmanns í sér að skuldari inni af hendi reglulegar afborganir á tilteknu tímabili skal umsjónarmaður miða við að skuldari haldi eftir svo miklu af tekjum sínum að dugi til að sjá honum og heimilisfólki hans farborða og þeim einstaklingum sem hann hefur framfærsluskyldu við samkvæmt lögum. Skal umsjónarmaður notast við framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur. Ef skuldari hefur rétt til umgengni við börn skal tekið tillit til eðlilegra útgjalda í tengslum við hana.

Afborgunarfjárhæð skv. 4. mgr. skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar.

Ef umsjónarmaður telur það nauðsynlegt eða lánardrottinn krefst þess getur hann boðað til sérstaks fundar með þeim og skuldara til að ræða greiðsluaðlögunina áður en frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun er gert. Sé ástæða til skulu einnig boðaðir á fundinn ábyrgðarmenn skuldara, samskuldarar hans og þeir sem veitt hafa veð í eignum sínum til tryggingar kröfu á hendur skuldaranum.

17. gr.
Samþykki samnings um greiðsluaðlögun.

Umsjónarmaður sendir frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun á sannanlegan hátt til allra lánardrottna sem þekktir eru og málið varðar. Lánardrottnum skal gefinn þriggja vikna frestur til að taka afstöðu til frumvarpsins frá því að það er sent og skal skýrlega koma fram í frumvarpi hvenær fresturinn er á enda.

Umsjónarmaður skal að eigin frumkvæði leitast við að fá samþykki lánardrottna fyrir frumvarpi til samnings um greiðsluaðlögun.

Hafi lánardrottinn athugasemdir við frumvarpið eða leggist hann gegn því skal hann láta umsjónarmanni í té skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni innan frestsins sem hann nýtur til að taka afstöðu til frumvarpsins. Komi ekki á þennan hátt fram upplýsingar sem valdið geta niðurfellingu umleitana til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður leitast við að fá lánardrottinn til að endurskoða afstöðu sína, eftir atvikum með því að gera í samráði við skuldara breytingar á frumvarpinu sem skal þá sent öðrum lánardrottnum á nýjan leik. Stjórnvöld, inn-

heimtumaður eða fyrirsvarsmaður stofnunar eða félags í opinberri eigu geta samþykkt frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun án tillits til ákvæða í öðrum lögum, reglugerðum eða samþykktum hvað varðar aðrar kröfur en sektir.

Frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt þegar allir lánardrottnar sem málið snertir hafa samþykkt það. Lánardrottinn sem hefur fengið senda tilkynningu í samræmi við 1. mgr. og hefur ekki lýst yfir við umsjónarmann að hann leggist gegn frumvarpinu áður en þriggja vikna fresturinn rann út telst hafa samþykkt það.

Ef frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun telst samþykkt skulu skuldari, umsjónarmaður og umboðsmaður skuldara undirrita það og tekur samningurinn þá þegar gildi. Hann skal þegar í stað sendur öllum þekktum lánardrottnum skuldarans.

V. KAFLI
Undirbúningur nauðasamningsumleitana til greiðsluaðlögunar og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

18. gr.
Ákvörðun um að leita nauðasamnings og greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.

Nú hefur samningur ekki tekist um greiðsluaðlögun eftir ákvæðum IV. kafla, en skuldari hefur lýst yfir við umsjónarmann að hann vilji leita nauðasamnings í því skyni og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Skal umsjónarmaður þá innan tveggja vikna taka rökstudda afstöðu til þess í skriflegri greinargerð hvort hann mæli með því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á, en áður skal hann gefa skuldaranum kost á að endurskoða frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun í ljósi athugasemda sem lánardrottnar gerðu við það. Við mat á því hvort mælt sé með að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluaðlögunar, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 12. gr. og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni greiðsluaðlögun og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem látið hafa umleitanir til hennar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að nauðasamningur eða greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á skal hann tilkynna það skuldara tafarlaust. Skuldari getur skotið þeirri ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun var tekin og skal nefndin taka afstöðu til kærunnar innan tveggja vikna. Staðfesti nefndin ákvörðun umsjónarmanns lýkur greiðsluaðlögunarumleitunum þá þegar og skal umboðsmaður skuldara tilkynna þekktum lánardrottnum skuldarans um þau málalok. Hrindi kærunefndin ákvörðun umsjónarmanns skal hann fara svo að sem í 19. og 20. gr. segir.

Meðan beðið er ákvörðunar skv. 1. eða 2. mgr. um hvort leitað skuli nauðasamnings og eftir atvikum greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna haldast áhrif greiðsluaðlögunarumleitana skv. 11. gr. Sé síðan eftir því leitað skulu þau áhrif standa áfram þar til þeirri málaleitan lýkur.

19. gr.
Frumvarp til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Þegar afráðið er að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skal umsjónarmaður innan tveggja vikna gera frumvarp til samningsins sem taka skal til annarra krafna á hendur

skuldara en þeirra sem tryggðar eru með veði eða annars konar tryggingarréttindum í eignum hans, en í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram:

a. hvað skuldari bjóðist til að greiða af skuldum sínum, sem frumvarpið tekur til, og með hvaða kjörum,
b. hvaða þekktir lánardrottnar eigi þessar kröfur og hversu mikið þeir fái í sinn hlut,
c. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og hver hún þá sé.

Frumvarp skv. 1. mgr. skal ásamt greinargerð umsjónarmanns og eftir atvikum úrskurði kærunefndar greiðsluaðlögunarmála skv. 18. gr. sent til allra þekktra lánardrottna skuldarans.

Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

20. gr.

Frumvarp til greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Þegar afráðið er að leita greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, hvort sem það er gert samhliða því að leita nauðasamnings skv. 19. gr. eða án þess, skal umsjónarmaður gera frumvarp til slíkrar greiðsluaðlögunar og boða veðhafa innan tveggja vikna til fundar eftir fyrirmælum 5. gr. laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Um framhald máls fer samkvæmt því sem mælt er fyrir um í þeim lögum án þess að dómsúrskurður gangi um heimild til greiðsluaðlögunar, en umsjónarmaður sem skipaður hefur verið skv. 9. gr. skal gegna hlutverki umsjónarmanns eftir reglum þeirra laga.

VI. KAFLI
Greiðsla til lánardrottna.

21. gr.

Skipting greiðslna milli lánardrottna.

Greiðslur sem skipta skal milli lánardrottna samkvæmt samningi um greiðsluaðlögun skiptast hlutfallslega eftir fjárhæð krafna með eftirfarandi undantekningum:

a. Ef skuldari heldur eftir eignum sem veðkröfur á hendur honum hvíla á skal hann greiða fastar mánaðargreiðslur af þeim veðkröfum, sem eru innan matsverðs eignar, á tímabili greiðsluaðlögunar og skal þeim varið til greiðslu krafna eftir ákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Fastar mánaðargreiðslur mega ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmanns að svari til hæfilegrar leigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögun varðar nema sérstakar og tímabundnar ástæður séu fyrir hendi. Við slíkar aðstæður er umsjónarmanni heimilt að ákveða tímabundið lægri mánaðargreiðslu til greiðslu veðkrafna en þó ekki lægri en 60% af hæfilegri leigu. Þessar kröfur falla ekki niður þegar greiðsluaðlögun lýkur. Sá hluti veðtryggðra krafna sem er yfir matsverði þeirrar eignar sem stendur til tryggingar skal greiddur samkvæmt greiðsluaðlöguninni á sama hátt og óveðtryggðar kröfur. Þegar minna en þrír mánuðir eru til loka tímabils greiðsluaðlögunar en áður en það er á enda getur skuldari leitað eftir því að veðbönd verði máð af fasteign eftir reglum 12. gr. laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, enda sé fullnægt öllum almennum skilyrðum fyrir þeirri aðgerð samkvæmt þeim lögum.
b. Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu greiðast að fullu.

Efndir kröfu í samræmi við samning um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Umboðsmaður skuldara skal sjá til þess í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun að skuldari komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni.

22. gr.

Umdeildar kröfur.

Ef krafa er umdeild að mati umsjónarmanns skal leggja fjármuni til hliðar til að mæta henni í samræmi við skilmála samnings um greiðsluaðlögun. Komi í ljós að skuldara beri að greiða kröfuna fellur hún undir ákvæði samningsins. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir, með málshöfðun eða öðrum aðgerðum, til þess að fá skorið úr gildi kröfunnar innan sex mánaða frá því að samningur um greiðsluaðlögun komst á skal umboðsmaður skuldara skipta fjármununum milli þeirra lánardrottna sem samningurinn nær til.

23. gr.

Ábyrgðarkröfur.

Ef skuldari er skuldbundinn til að greiða fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sem hann hefur gefið áður en umsókn um greiðsluaðlögun var samþykkt, en skylda samkvæmt þeirri yfirlýsingu er enn ekki virk þegar samningur um greiðsluaðlögun tekur gildi, skal ekki gert ráð fyrir skuldbindingunni við greiðsluaðlögunina. Verði ábyrgðarskuldbinding virk síðar skal farið eftir ákvæðum laga þessara um breytingar á greiðsluaðlögun eins og við getur átt. Skuldara ber þó ekki að greiða meira af þeirri skuld sem hann hefur tekið ábyrgð á en nemur því hlutfalli af óveðtryggðum kröfum sem honum ber að greiða samkvæmt greiðsluaðlöguninni.

VII. KAFLI

Breyting, riftun eða ógilding samnings um greiðsluaðlögun.

24. gr.

Breyting á samningi um greiðsluaðlögun að kröfu skuldara.

Skuldari getur krafist þess að gerðar verði breytingar á skilmálum samnings um greiðsluaðlögun ef á greiðsluaðlögunartímabilinu koma upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Ef skuldara hefur eftir að greiðsluaðlögunartímabil hófst verið gert kunnugt um skuld sem stofnaðist áður en umsókn hans um greiðsluaðlögun var samþykkt verður skuldin felld undir greiðsluaðlögunina. Skal greitt af henni í samræmi við það sem greitt er af samsvarandi kröfum, þó einungis frá þeim tíma sem krafan var kynnt skuldara. Skuldara er óheimilt að greiða kröfuna utan greiðsluaðlögunar.

Ekki er unnt að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við 1. mgr. fyrr en skuldari hefur fullreynt að ná þeim fram með samningum við alla lánardrottna. Náist slíkt samkomulag skal það lagt fyrir umboðsmann skuldara og taka breytingarnar ekki gildi fyrr en umboðsmaður skuldara hefur samþykkt þær. Telji umboðsmaður skuldara breytingarnar ósanngjarnar eða óhæfilegar skal hann hafna þeim. Ákvörðun umboðsmanns skuldara þess efnis getur skuldari eða lánardrottnar kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim.

25. gr.

Breyting, riftun eða ógilding samnings um greiðsluaðlögun.

Lánardrottinn, sem greiðsluaðlögunin nær til, getur krafist þess að gerðar verði breytingar á greiðsluaðlögun ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á greiðsluaðlögunartímabilinu. Hafi fjárhagsstaðan batnað vegna þess að skuldari hefur fengið í hendur háa fjárhæð getur lánardrottinn krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða að fullu milli lánardrottna án þess að samningnum um greiðsluaðlögun sé breytt að öðru leyti.

Lánardrottinn, sem samningur um greiðsluaðlögun nær til, getur krafist þess að honum verði rift eða hann ógiltur ef skuldari hefur vanrækt verulega skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Samningur um greiðsluaðlögun fellur sjálfkrafa úr gildi ef skuldari fær heimild til að leita nauðasamnings, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann fellur frá og dánarbú hans er tekið til skipta án þess að erfingjar taki á sig ábyrgð á skuldbindingum hans.

26. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga, riftunar eða ógildingar á samningi um greiðsluaðlögun.

Kröfu um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun skal beint til umboðsmanns skuldara með skriflegu erindi. Umboðsmaður skuldara sendir aðilum sem málið varðar fram komið erindi og kallar eftir nauðsynlegum upplýsingum. Boðað skal til fundar ef lánardrottinn eða skuldari krefst þess eða umboðsmaður skuldara telur það nauðsynlegt. Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um erindið innan mánaðar frá því að krafa berst. Ákvörðun umboðsmanns skuldara getur skuldari eða lánardrottinn kært til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að ákvörðun umboðsmanns berst þeim. Að fengnum úrskurði nefndarinnar er heimilt að höfða einkamál til ógildingar á ákvörðuninni.

Kröfu um riftun eða ógildingu samnings um greiðsluaðlögun getur lánardrottinn haft uppi fyrir dómi í einkamáli á hendur skuldaranum.

27. gr.

Upplýsingaskylda skuldara gagnvart lánardrottnum.

Ef upp koma aðstæður sem veita lánardrottnum rétt til að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun, ógildingu hans eða riftun skal skuldari innan eins mánaðar og á tryggan hátt upplýsa lánardrottna um þær aðstæður.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Skráning greiðsluaðlögunar o.fl.

Umsjónarmaður skal óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Skal sú skráning vera gjaldfrjáls.

Umboðsmaður skuldara skal halda skrá yfir alla sem fengið hafa heimild til að leita greiðsluaðlögunar.

Þegar greiðsluaðlögunartímabil er liðið skulu yfirvöld og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun í samræmi við lög þessi.

Hafi skuldari fengið að halda eftir veðsettum eignum meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur samkvæmt lögum þessum og eignirnar eru skráðar í opinberum skrám skal skrá athugasemd um greiðsluaðlögunina þar.

29. gr.

Yfirlýsing afmáð eftir að greiðsluaðlögunartímabili er lokið.

Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið getur skuldari gegn framvísun samnings um greiðsluaðlögun og yfirlýsingar umboðsmanns skuldara um að greiðsluaðlögun sé lokið krafist aflýsingar athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.

30. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Umboðsmaður skuldara ber kostnað við meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og störf umsjónarmanna. Lánardrottnar bera þann kostnað sem á þá fellur af meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun og framkvæmd hennar. Kostnaður af sölu eignar greiðist af söluandvirði hennar.

31. gr.

Kröfur sem hefur ekki verið tilkynnt um.

Kröfur sem urðu til áður en umsókn um greiðsluaðlögun var samþykkt og skuldari hefur ekki verið krafinn um á greiðsluaðlögunartímabilinu falla niður þegar því lýkur.

32. gr.

Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal skipa kærunefnd greiðsluaðlögunarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar ákvörðunum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála sitja þrír menn. Skulu að minnsta kosti tveir þeirra hafa embættis- eða meistarapróf í lögfræði og annar uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Ráðherra skipar nefndarmann sem fullnægir þeim skilyrðum til að vera formaður kærunefndar.

Úrskurðir kærunefndar greiðsluaðlögunarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

Ráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

33. gr.

Áhrif greiðsluaðlögunar á rétt skuldara til greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

34. gr.

Verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar.

Umboðsmaður skuldara setur verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar sem ráðherra staðfestir og birta skal opinberlega.

35. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010.

36. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., breytast sem hér segir:
   a. 63. gr. a laganna orðast svo:

      Sá sem árangurslaust hefur leitað samnings við lánardrottna sína eftir ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga getur samkvæmt fyrirmælum þessa kafla leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, en slíkur samningur getur aðeins haft áhrif á kröfur sem nauðasamningur eftir almennum ákvæðum laga þessara tekur til, sbr. 28. gr.

      Einstaklingur sem ber ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn eða í félagi við aðra, getur þó ekki leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar samkvæmt þessum kafla nema skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.

      Sá sem leita vill nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skal leggja fyrir héraðsdómara frumvarp umsjónarmanns með greiðsluaðlögun til slíks samnings ásamt kröfu um staðfestingu nauðasamnings samkvæmt frumvarpinu innan viku frá því að umsjónarmaður lét það frá sér fara, en frumvarpið hefur þá sömu áhrif og ef það hefði verið samþykkt af lánardrottnum við atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp eftir almennum reglum laga þessara.

      Með beiðni um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar skulu fylgja samrit allra gagna sem lágu fyrir við umleitanir til að koma á samningi um greiðsluaðlögun ásamt greinargerð umsjónarmanns.
   b. 63. gr. b laganna orðast svo:

      Eftir því sem átt getur við skal farið eftir ákvæðum 55.–59. gr. við meðferð kröfu um staðfestingu nauðasamnings skv. 63. gr. a. Reglur X. kafla gilda um nauðasamning til greiðsluaðlögunar að frátalinni 3. mgr. 60. gr.
   c. 63. gr. c – 63. gr. i laganna falla brott.
   d. Fyrirsögn X. kafla a laganna verður: **Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar.**
   e. Í stað orðanna „41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41. eða 42. gr.
2. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, orðast svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar og samningur um greiðsluaðlögun, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka eða aðalskuldara hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.
3. 2. málsl. 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, orðast svo: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í samningi um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum

samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka meðferð beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar á grundvelli X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem lögð hefur verið fyrir héraðsdóm fyrir gildistöku laga þessara, enda falli skuldari ekki frá beiðni sinni. Réttaraðstoð má veita á grundvelli laga nr. 65/1996 til að ljúka meðferð slíkrar beiðni.

1436. Lög [671. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Framkvæmd laga þessara heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur greiðsluaðlögun tekið til fasteignar af þeim toga sem þar um ræðir þótt skuldarinn haldi þar hvorki heimili né hafi þar skráð lögheimili ef hann er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

b. 2. tölul. 3. mgr. orðast svo: Krafna sem tryggðar eru með samningsveði og hvíla á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn, sbr. þó 6. mgr.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hvílir á fasteigninni tryggingarbréf sem veitir veðréttindi fyrir kröfum veðhafans á hendur skuldaranum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn. Meðan á greiðsluaðlögunartíma stendur skulu þá eingöngu falla undir veðtrygginguna kröfur sem gjaldfallnar voru þegar heimild var veitt til greiðsluaðlögunar og námu þá samanlagt að hámarki þeirri fjárhæð sem tryggingarbréfið hljóðar á um.

3. gr.

Í stað orðanna „hann á lögheimili“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sú fasteign sem greiðsluaðlögun varðar er.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „til greiðsluaðlögunar“ í 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Ráðherra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: nema sérstakar og tímabundnar ástæður séu fyrir hendi.
b. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Við slíkar aðstæður er umsjónarmanni heimilt að ákveða tímabundið lægri mánaðargreiðslu til greiðslu veðkrafna en þó ekki lægri en 60% af hæfilegri húsaleigu.

6. gr.

Orðin „að viðbættum 10 hundraðshlutum“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. falla brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010.

1437. Lög [672. mál]

um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

1. gr.

Samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum getur einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili í óskað eftir því að ráðstafa annarri eigninni til veðhafa. Nema annað komi fram vísar orðið eignaráðstöfun í lögum þessum til þessa úrræðis og þeir sem hennar óska eru sameiginlega nefndir skuldari.

2. gr.

Einstaklingur sem á tímabilinu 1. janúar 2006 til 1. nóvember 2008 festi kaup á fasteign, óháð byggingarstigi hennar, og átti á sama tíma fasteign sem hann hafði ekki selt getur lagt inn skriflega umsókn til umboðsmanns skuldara um eignaráðstöfun á annarri af þessum fasteignum, enda hafi þær báðar verið óslitið í hans eigu frá tilgreindu tímamarki. Heimilt er að veita einstaklingi undanþágu frá fyrra tímamarki ef sérstaklega stendur á. Eignaráðstöfun tekur til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteigninni svo sem hér segir:

1. Krafna sem tryggðar eru með lögveði að því leyti sem þær eru fallnar í gjalddaga áður en skuldari leggur fram beiðni um eignaráðstöfun.
2. Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda sé krafan þegar orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn.
3. Krafna sem tryggðar eru með aðfararveði í fasteigninni.

Enn fremur verður sá sem óskar eignaráðstöfunar að vera þinglýstur eigandi beggja fasteigna og hafa forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignina í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til eignaráðstöfunarinnar.

Skuldari skal hafa skráð lögheimili í annarri fasteigninni og halda heimili sitt þar enda sé hún ætluð til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sé fasteignin í

sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili samkvæmt því sem að framan segir. Sú fasteign sem ekki uppfyllir þau skilyrði verður annaðhvort að hafa áður verið heimili skuldara og hann haft þar skráð lögheimili eða skuldari hefur fest kaup á henni með það í huga að halda heimili sitt þar. Hafi skuldari átt eign sem uppfyllti skilyrðin en sett hana í skiptum fyrir aðra fasteign skal sú fasteign teljast uppfylla skilyrði laganna. Sé samanlögð fjárhæð uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda sem hvíla á fasteignunum lægri en 75% af samanlögðu áætluðu markaðsverði fasteignanna á almennum markaði skal umsókn skuldara vísað frá.

Í skriflegri umsókn til embættis umboðsmanns skuldara skal einkum greint frá eftirtöldu:

1. Nafni skuldara, kennitölu og lögheimili.
2. Hvaða fasteignir beiðnin varðar, hver stærð þeirra er og eftir atvikum nánari lýsingu þeirra, hverjir þinglýstir eigendur þeirra eru, hverjir eiga þar lögheimili og hvorri þeirra skuldari vilji halda eftir.
3. Hvaða skuldir hvíla á fasteignunum, en í greinargerð um skuldirnar skal lýst nákvæmlega m.a. tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvum, greiðsluskilmálum, ákvæðum um vexti og verðtryggingu ef við á, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu.
4. Hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.

Með beiðni skulu fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum sem í 1.–4. mgr. greinir, en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans. Með umsókn skal fylgja verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á báðum fasteignum.

Verði umsókn um eignaráðstöfun samþykkt skal umboðsmaður skuldara endurgreiða skuldara kostnað vegna verðmats eigna.

Um öflun gagna og aðstoð umboðsmanns skuldara við gagnaöflun og gerð umsóknar fer eftir 4. og 5. mgr. 4. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

3. gr.

Umboðsmaður skuldara skal taka afstöðu til umsóknar skv. 2. gr. á grundvelli ákvæða um rannsóknarskyldu hans í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og er honum m.a. heimilt að krefjast frekari gagna og upplýsinga með umsókn.

Umboðsmaður skuldara hafnar umsókninni ef svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef skilyrðum 2. gr. er ekki fullnægt, beiðni er ekki gerð á fullnægjandi hátt eða nauðsynleg gögn fylgja henni ekki.
2. Ef veruleg ástæða er til að ætla að upplýsingar í beiðni séu ekki réttar.
3. Skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma þegar til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað.
4. Stofnað hafi verið til skulda á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
5. Skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.
6. Skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um afgreiðslu á umsókn skuldara innan tveggja vikna frá því að fullbúin umsókn liggur fyrir. Ef umboðsmaður skuldara synjar

skuldara um heimild til að leita eignaráðstöfunar getur skuldari kært þá ákvörðun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála innan viku frá því að umsækjanda berst tilkynning um ákvörðun umboðsmanns skuldara. Ekki er unnt að kæra til nefndarinnar ákvörðun umboðsmanns skuldara um samþykki á umsókn.

Meðan á ferli vegna eignaráðstöfunar stendur verður ekki stofnað til samningsveðs í þeim fasteignum sem hún nær til. Á þessu tímabili verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteignunum.

4. gr.

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn skuldara um eignaráðstöfun skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með eignaráðstöfuninni er uppfyllir þær hæfiskröfur sem gerðar eru til umsjónarmanna skv. 9. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þegar umsjónarmaður hefur verið skipaður skal hann tafarlaust kveðja skuldara á sinn fund og leita eftir þörfum frekari upplýsinga til undirbúnings á eignaráðstöfun. Umsjónarmaður skal fá þinglýst athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn skuldara um eignaráðstöfun á þær fasteignir sem hún nær til.

Skuldari skal í samráði við umsjónarmann velja hvaða eign hann vill leitast við að halda eftir.

Þegar endanlega er ráðið hvorri fasteigninni skuldari leitast við að halda eftir skal umsjónarmaður gera samantekt um veðskuldir sem hvíla á hvorri þeirra og skal þar tekið mið af uppreiknuðum eftirstöðvum hverrar veðskuldar að viðbættum áföllnum vöxtum, vanskilum og kostnaði sem af þeim kann að leiða.

Ef fasteignin sem ráðstafa á er ekki veðsett fyrir 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður gefa þeim sem eiga veðréttindi fyrir kröfum sínum í hinni fasteigninni kost á að flytja þau að hluta eða fullu yfir á þá fyrrnefndu. Vilji fleiri veðhafar neyta þess kosts en veðrými er fyrir á fasteigninni sem á að ráðstafa skal skuldara gefið færi á að velja hvaða skuldir verði fluttar, en ella skal það ráðast af aldri veðréttinda.

Ef í ljós kemur að á fasteigninni sem ráðstafa á hvíli veðbönd fyrir hærri fjárhæð en nemur verðmati hennar skal umsjónarmaður gefa þeim sem eiga veðréttindi utan þeirra marka kost á að færa þau að hluta eða fullu yfir á fasteignina sem skuldari vill halda eftir. Veðréttindi sem þannig flytjast skulu koma að baki þeim sem hvíla fyrir á fasteigninni og raðast þar innbyrðis á sama hátt og þau stóðu áður í veðröð.

Nú hefur veðhafi tryggingarbréf með veði í fasteigninni sem ráðstafa á til tryggingar kröfum sínum og bréfið tiltekur ekki hvaða einstöku fjárskuldbindingar veðinu er ætlað að tryggja. Skal veðhafi þá gefa út yfirlýsingu til umsjónarmanns um hvaða tilteknu fjárskuldbindingar veðið tryggir.

Að því gerðu sem í 3.–7. mgr. segir skal umsjónarmaður í samráði við skuldara gera frumvarp til eignaráðstöfunar þar sem greint er frá verðmæti beggja fasteignanna, hverjar skuldirnar eru sem hvíla á hvorri þeirra, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er, sundurliðuð annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til eignaráðstöfunar.

5. gr.

Veðkröfur á hvorri fasteign fyrir sig skulu ekki færðar á milli þeirra nema um það semjist skv. 4.–6. mgr. 4. gr.

Kröfur á hendur skuldara sem njóta veðréttinda sem fylgja fasteign þegar henni er ráðstafað til veðhafa, sbr. 6. og 7. gr., falla niður gagnvart skuldara þar sem ráðstöfunin telst fullnaðargreiðsla af hans hálfu.

Ef samanlögð fjárhæð veðkrafna á þeirri eign sem ráðstafa skal til veðhafa er lægri en 100% af verðmati hennar skal umsjónarmaður finna mismun uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda á þeirri fasteign og 100% af verðmati hennar. Skal sá mismunur nefndur eignarhlutur skuldara. Umsjónarmaður skal gera tryggingarbréf með veði og uppfærslurétti fyrir fjárhæðinni sem svarar til eignarhlutar skuldara. Tryggingarbréfið skal vera á nafni skuldara, sem verður eigandi þess, og skal krafa hans bera sömu vexti og verðtryggingu og almenn fasteignalán Íbúðalánasjóðs. Tryggingarbréfið skal við útgáfu þess standa aftast í veðröð á þeirri fasteign sem ráðstafa á, en færast fram í veðröð að teknu tilliti til niðurstöðu skv. 3. mgr. 6. gr. um hvort veðréttindi verði afmáð sökum þess að veðhafi nýtir sér ekki rétt til að fá eignina leysta til sín. Í tryggingarbréfinu skal kveðið á um að sá veðhafi sem fær fasteigninni ráðstafað til sín skuli við sölu hennar ávallt leitast við að ráðstafa henni á markaðsverði og leita hæstu tilboða. Við söluna skal veðhafinn ráðstafa til skuldara þeim hluta af söluverði sem er umfram það sem þarf til að greiða rétthærri veðskuldir og endurgreiða veðhafanum veðskuldir sem hann kann að hafa leyst til sín, allt þar til uppreiknaðar eftirstöðvar tryggingarbréfsins hafa þannig verið greiddar. Eftir sölu fasteignarinnar og ráðstöfun söluverðs skal tryggingarbréfið máð af henni þótt söluverðið hafi ekki hrokkið fyrir að greiða eignarhluta skuldara að nokkru leyti eða öllu.

6. gr.

Frumvarp til eignaráðstöfunar skal liggja fyrir innan fjögurra vikna frá skipun umsjónarmanns og skal hann innan þess tíma boða með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hverjir eigi einstakar veðkröfur skal umsjónarmaður beina fundarboði til þeirra sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunum, en sé ekki heldur um þá vitað skulu þessir veðhafar boðaðir til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði sem birt er með minnst viku fyrirvara. Sé þörf á slíkri auglýsingu skal heimilt að framlengja frest til að kalla saman veðhafafund um tvær vikur.

Á veðhafafundi kynnir umsjónarmaður fyrirliggjandi gögn og gefur þeim veðhöfum sem fundinn sækja kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Verðmat á fasteignunum sem skuldari hefur aflað skv. 5. mgr. 2. gr. skal lagt til grundvallar nema veðhafi, sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess, fái því hrundið með matsgerð dómkvadds manns. Telji umsjónarmaður að veðhafi eigi hagsmuna að gæta skal hann fresta meðferð máls og heimila veðhafa að leita slíkrar matsgerðar en ella synjar hann um frest.

Umsjónarmaður skal á fundinum fyrst gefa þeim veðhafa sem stendur aftast í réttindaröð í þeirri fasteign sem ráðstafa á kost á að leysa hana til sín með því að taka yfir allar skuldbindingar við rétthærri veðhafa eins og þær þá standa og skyldur samkvæmt tryggingarbréfi fyrir eignarhlut skuldara, sé um það að ræða. Vilji veðhafinn ekki nýta sér þennan kost falla veðréttindi hans niður og skal þessu næst gefa þeim veðhafa sem næstur honum stendur kost á því að leysa til sín eignina með sömu kjörum. Skal svo ef með þarf haldið áfram á þennan hátt koll af kolli. Sá samningsveðhafi sem fremstur stendur er að öllum öðrum frágengnum skyldugur til að leysa til sín eignina gegn því að greiða kröfur sem lögveðréttindi honum fremri kunna að vera fyrir. Að fenginni niðurstöðu ber þeim veðhafa sem leysir eignina til sín að gera innan tveggja vikna allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fá eignarrétt að fasteigninni færðan til sín, þar á meðal að leggja fyrir umsjónarmann nauðsynleg skjöl í því skyni.

Umsjónarmanni er heimilt að fresta veðhafafundi í skamman tíma og eigi lengur en tvær vikur, án auglýsingar, ef hann telur að slík frestun geti leitt til samnings um ráðstöfun eignar.

7. gr.

Í samræmi við niðurstöðu veðhafafundar, sbr. 6. gr., skal umsjónarmaður gera nauðsynlegar breytingar á veðréttindum, svo sem afmáningu þeirra í því tilviki að veðhafi kýs að nýta ekki rétt sinn til að leysa eignina til sín. Umsjónarmaður gerir yfirlýsingu um ráðstafanir sínar samkvæmt lögum þessum sem þinglýst skal á fasteignirnar en fyrir hana greiðist ekkert gjald. Kröfur á hendur skuldara, er njóta veðréttinda sem afmáð kunna að verða af þeirri fasteign sem ráðstafað er til veðhafa sökum þess að veðhafi kýs ekki að nýta sér rétt sinn til að fá eign útlagða sér, falla niður, sbr. 2. mgr. 5. gr. Veðréttindi sem flutt kunna að vera á þá eign sem skuldari heldur eftir halda gildi sínu.

Sá hluti skulda sem greiddur er samkvæmt eignaráðstöfun skerðir ekki rétt skuldara til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

Rísi ágreiningur um niðurstöðu veðhafafundar geta þeir sem eiga hlut að máli innan tveggja vikna leitað úrlausnar um hana fyrir dómstólum í samræmi við þær reglur sem kveðið er á um í 6. mgr. 8. gr. laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna girða ekki fyrir að skuldari sækist síðar eftir samningi um greiðsluaðlögun í samræmi við lög um greiðsluaðlögun einstaklinga eða jafnhliða eða síðar um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum nr. 50/2009 vegna þeirrar fasteignar sem hann heldur eftir.

8. gr.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga um eignaráðstöfun samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, m.a. um greiðslu málskostnaðar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010 og falla úr gildi 31. desember 2011. Ljúka skal afgreiðslu umsókna um eignaráðstöfun sem berast fyrir þann tíma eftir ákvæðum laganna.

1438. Lög [562. mál]

um umboðsmann skuldara.

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1409 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
c. veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluaðlögun,
d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,
e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,
g. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

2. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem fer með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör umboðsmanns skuldara.

Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina þar sem m.a. verði kveðið á um verkefni og fjárhæðir greiðslna.

Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

3. gr. hljóðar svo:

Umboðsmaður skuldara getur krafið stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati stofnunarinnar eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Stofnunin getur þó ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila, í þessu tilfelli umboðsmanns skuldara, þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða, þ.e. skuldara.

5. gr. hljóðar svo:

Lánastofnanir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með

greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið rennur beint til umboðsmanns skuldara og skal innheimt af stofnuninni.

Álagning gjaldsins skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert og skal umboðsmaður skuldara gera gjaldskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Gjaldið skal greitt ársþriðjungslega fyrir fram með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Ef gjald er greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir af því frá gjalddaga.

Hefji lánastofnun starfsemi eftir að álagning fer fram miðast álagning gjaldsins við næsta gjalddaga eftir að starfsemi lánastofnunarinnar hófst.

Fyrir 1. júní ár hvert skal umboðsmaður skuldara gera drög að áætlun um kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár. Drög að áætlun skal senda gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. til umsagnar og skulu þeir hafa mánaðarfrest til að skila inn umsögnum. Að fengnum umsögnum skal umboðsmaður skuldara gera áætlun og leggja hana fyrir ráðherra til samþykktar. Senda skal umsagnir til ráðherra með áætluninni. Samþykki ráðherra áætlunina óbreytta skal miða álagningu gjaldsins við hana. Telji ráðherra að breyta skuli álagningu gjalds frá áætlun skal veita gjaldskyldum aðilum og umboðsmanni skuldara tveggja vikna umsagnarfrest um tillögur ráðherra. Að þeim tíma loknum skal ráðherra taka ákvörðun um álagningu gjalds. Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi umboðsmanns skuldara skal hann ganga upp í gjald næsta árs í hlutfalli við álagt gjald. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu gjalda á næsta ári.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar gjaldsins.

Ákvæði til bráðabirgða III hljóðar svo:

Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal háttað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við drög að áætlun sem starfshópur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II gerir eins fljótt og auðið er eftir að lögin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar af rekstri umboðsmanns skuldara innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

1439. Frumvarp til laga [659. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

(Eftir 2. umr., 24. júní.)

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Í stað þess að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp er lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011 allt að samtals 50 millj. kr., og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 millj. kr. á framangreindu tímabili. Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnureksturinn.

Lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að fyrna eignir, sem eru fyrnanlegar skv. 33. gr., um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum eftirgjafarinnar, sbr. 1. mgr., að teknu tilliti til ákvæða 42. gr., á því ári sem eftirgjöf er færð til tekna í skattframtali.

Eigi lögaðilar eða menn sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ekki eignir sem eru fyrnanlegar skal heimilt að færa eftirgjöf skulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu þriggja ára frá og með því tekjuári sem skuld var gefin eftir.

Skilyrði fyrir takmörkun á tekjufærslu skv. 1. mgr., fyrningu skv. 2. mgr. eða frestun á tekjufærslu skv. 3. mgr. er að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað.

Ákvæðið gildir ekki um eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga að því undanskildu þegar fjármálafyrirtæki yfirtaka félög til að tryggja fullnustu kröfu, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Taki kröfuhafi hlutafé í hinu skuldsetta félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar, nema að því marki sem eftirgjöf skuldar er færð til tekna hjá skuldara að teknu tilliti til 1. mgr.

Við eftirgjöf skulda skal kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Sé skilmálum í samningi um lán sem tengjast rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils telst það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Séu gerðar breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána, sbr. 1. og 2. málsl., ber rekstraraðila að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis.

b. (II.)

Í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda utan atvinnurekstrar og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar er heimilt að telja ekki til tekna allt að samtals 15 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 30 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum vegna greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011. Fari eftirgjöf fram úr tilgreindum fjárhæðum, sbr. 1. málsl., má falla frá tekjufærslu sem nemur 50% af eftirgjöfinni að hámarki samtals 30 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 60 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum, og 25% af eftirgjöf umfram samtals 30 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 60 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum á framangreindu tímabili. Ákvæði 1. og 2. málsl. eiga ekki við um eftirgjöf á upprunalegum höfuðstól að teknu tilliti til afborgana. Skilyrði er að um sé að ræða

skuld sem ekki tengist atvinnurekstri. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd tekjufærslunnar á grundvelli þessa ákvæðis.

Heimilt skal að fresta tekjufærslu á eftirgjöf skulda manna, sbr. 1. mgr., í tvö ár frá og með því tekjuári sem skuld er gefin eftir. Heimilt skal að færa eftirgjöf skulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu fimm ára frá og með því tekjuári þegar skuld var sannanlega gefin eftir eða frá og með því ári þegar tveggja ára frestunartímabili lauk.

Ákvæðið á ekki við gildi 3. tölul. 28. gr. um eftirgjöf skulda.

Við eftirgjöf skulda skal kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar eru byggðar á þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Þeir sem ekki hafa þegar fengið úrlausn sinna mála skv. 3. tölul. 28. gr. eða óskað eftir því geta sótt um til ríkisskattstjóra sem skal á grundvelli umsóknar lækka eða fella niður tekjuskattsstofn manns sem myndast hefur vegna eftirgjafar skulda, sbr. 1. mgr., að loknu tveggja ára frestunartímabili skv. 2. mgr. þegar fyrir liggur samkvæmt hlutlægu mati á fjárhagsstöðu skuldara, og eftir atvikum maka hans, að eignaaukning hafi orðið lítil eða engin vegna skuldaniðurfærslna, eða eignir séu litlar sem engar eða aflahæfi sé verulega skert. Fjármálaráðherra skal setja reglugerð um hvernig meta skuli fjárhagsstöðu manns og um nánari skilyrði fyrir lækkun tekjuskattsstofns á grundvelli þessa ákvæðis.

Sé skilmálum í lánasamningi milli lánastofnunar og manns breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils telst það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Leiðréttingar á skuldum sem gerðar eru í tengslum við sértæka skuldaaðlögun og sjálfvirka greiðslujöfnun, sbr. lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, teljast til skilmálabreytinga en ekki eftirgjafar skulda, enda sé framkvæmdin í samræmi við verklagsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Sama á við um leiðréttingu samkvæmt tímabundinni greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1440. Þingsályktun [685. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1432.

1441. Lög [659. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

(Afgreidd frá Alþingi 24. júní 2010.)

Samhljóða þskj. 1439.

1442. Nefndarálit [341. mál]

um till. til þál. um árlega ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Borist hafa umsagnir frá Akureyrarbæ, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Háskólanum á Akureyri, Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál, Siglingastofnun Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Umhverfisstofnun og utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli utanríkisráðuneyti og umhverfisráðuneyti að vinna ásamt Háskólanum á Akureyri að undirbúningi árlegrar ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna. Jafnframt verði leitað alþjóðlegs samstarfs og stuðnings við verkefnið.

Í greinargerð með tillögunni er greint frá heimskautaráðstefnum sem haldnar voru á Akureyri árin 2008 og 2009 og lögð áhersla á að árlegt ráðstefnuhald muni treysta Akureyri í sessi á heimsvísu í umræðunni um stöðu heimskautasvæðanna. Umsagnaraðilar eru almennt jákvæðir gagnvart tillögunni og því að efla Akureyri sem miðstöð norðurslóðasamstarfs hér á landi. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál bendir á að hafa beri núverandi efnahagsástand í huga við afgreiðslu málsins og í umsögn utanríkisráðuneytis segir að ráðuneytið sé rekið undir ströngustu kröfum um niðurskurð og sparnað en að það sé engu síður reiðubúið að kanna grundvöll árlegrar ráðstefnu um heimskautasvæðin. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og undirstrikar jafnframt að fjárhagslegur stuðningur ráðuneyta og stofnana ríkisins við reglulegt ráðstefnuhald á Akureyri um norðurslóðamál verður að ráðast af fjárhagslegu svigrúmi ráðuneytanna hverju sinni.

Nefndin leggur áherslu á að norðurslóðamál séu eitt af forgangsverkefnum íslenskrar utanríkisþjónustu eins og kom skýrt fram í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í maí sl. Nefndin hefur kynnt sér hið metnaðarfulla starf sem unnið er á vegum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Háskólans á Akureyri á sviði norðurslóðamála og telur að árleg ráðstefna á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna sé rökrétt framhald þar á og mikilvægur stuðningur við það starf.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 25. ágúst 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Margrét Tryggvadóttir.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ögmundur Jónasson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1443. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Ýri Atladóttur ferðamálastjóra, Önnu Dóru Sæþórsdóttur, dósent í ferðamálafræðum, frá Háskóla Íslands, Jakob Þór Guðbjartsson frá Ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinir, Skúla H. Helgason frá Ferðafélaginu Útivist, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Hjalta Guðmundsson frá Umhverfisstofnun og fulltrúa frá Ferðaklúbbnum 4x4. Þá bárust umsagnir frá Ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinir, Ferðafélaginu Útivist, Ferðaklúbbnum 4x4, Ferðamálasamtökum Íslands, Háskóla Íslands, Ísafoldtravel, Jeppavinum – félagi fjallabílstjóra í ferðaþjónustu, Landmælingum Íslands, Landsvirkjun, Markaðsstofu Austurlands, Markaðsstofu Suðurnesja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum iðnaðarins, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun.

Með tillögunni er lagt til að unnin verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendi Íslands undir forustu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra en ljúka skal gerð hennar fyrir árslok 2015.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur að mikilvægt sé að hugað sé með skipulögðum hætti að nýtingu hálendisins og annarra lítt snortinna náttúrusvæða fyrir ferðaþjónustuna. Telur nefndin jafnframt að framangreind áætlun auðveldi hagsmunaaðilum að skipuleggja störf sín en engu síður er mikilvægt að árétta að samráð og samvinna verði viðhöfð vegna annarra áætlana þar sem skörun er á.

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og öllum er ljós sú þörf að leggja línur til framtíðar í umgengni við landið okkar sem og vernda einstæða náttúru á hálendi Íslands. Nefndinni þykir rétt að benda á að ferðamönnum á Íslandi fer ört fjölgandi og hefur aukningin verið að jafnaði 6% milli ára síðustu fimm árin. Sé litið til hlutfallslegrar aukningar síðustu ára má vænta þess að yfir ein milljón erlendra ferðamanna sæki landið heim árið 2016.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á tillögunni. Fyrst ber að nefna að skv. 8. mgr. 2. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og gr. 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998

er landnýting samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu. Einnig kemur fram í 7. mgr. 2. gr. laganna og gr. 1.3. í sömu reglugerð að landnotkun er skilgreind sem ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað. Fram komu í umsögn Skipulagsstofnunar efasemdir um hvort hægt væri nota hugtakið landnýtingaráætlun vegna framangreindra lagaákvæða. Nefndin tekur heilshugar undir sjónarmið Skipulagsstofnunar. Þar sem megintilgangur tillögunnar er að marka stefnu og gera áætlun um það hvernig miðhálendi Íslands nýtist sem best með þarfir ferðaþjónustunnar í huga leggur nefndin til þær breytingar að fyrirsögn tillögunnar verði „Tillaga til þingsályktunar um áætlun um ferðamennsku á miðhálendi Íslands“.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að ljúka eigi gerð áætlunarinnar fyrir árslok 2015. Nefndinni þykir rétt að setja það markmið að áætlunin verði tilbúin fyrir árslok 2013 þar sem fyrirsjáanlegt er að vinnu við gerð hennar verði lokið fyrir þann tíma.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að hafa forgöngu um að gerð verði áætlun um ferðamennsku á miðhálendi Íslands þannig að unnt sé að taka vel á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem ferðast um hálendið án þess að ganga of nærri því.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um áætlun um ferðamennsku á miðhálendi Íslands.

Lilja Rafney Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. ágúst 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jón Gunnarsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Margrét Tryggvadóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Gunnar Bragi Sveinsson.	

1444. Nefndarálit [661. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Björgu Thorarensen prófessor, Hafdísi Ólafsdóttur og Ingibjörgu Helgu Helga-

dóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Jón Bjarna Gunnarsson frá Samtökum iðnaðarins, Baldur Þór Baldvinsson og Magnús Stefánsson frá Meistarafélagi húsasmiða, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Elínu Blöndal prófessor.

Umsagnir bárust frá Meistarafélagi húsasmiða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, ríkisskattstjóra, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarmálagjald samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, verði síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009. Jafnframt er lagt til að tekjur af gjaldinu sem lagt er á árið 2010 vegna rekstrarársins 2009 renni í ríkissjóð og verði ráðstafað til mennta- og nýsköpunarverkefna á sviði iðnaðar. Sú ráðstöfun verði nánar ákvörðuð í fjárlögum.

Markmið iðnaðarmálagjalds er að efla íslenskan iðnað, og hefur gjaldið að stærstum hluta runnið til Samtaka iðnaðarins sem ráðstafað hefur því til ýmissa verkefna. Sá hluti gjaldsins sem nam kostnaði við innheimtu þess rann í ríkissjóð. Lögmæti iðnaðarmálagjalds hefur tvisvar sinnum komið til kasta dómstóla og í bæði skiptin komst meiri hluti Hæstaréttar komist að þeirri niðurstöðu að lög um iðnaðarmálagjald stæðust félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Endurskoðun á lögum um iðnaðarmálagjald má rekja til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 27. apríl 2010 en dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að framkvæmd laga um iðnaðarmálagjald væri í andstöðu við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um funda- og félagafrelsi sem eru hvort um sig sjálfstæð réttindi en hafa nána tengingu. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um rétt manna til funda- og félagafrelsis. Í 2. mgr. eru sett þau skilyrði fyrir skerðingu á réttindum sem vernduð eru í 1. mgr. að takmarkanir séu lögmæltar og nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Reglur um félagafrelsi eru í 74. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt manna til að standa utan félaga, en í ákvæðinu segir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Við skýringu á 74. gr. stjórnarskrárinnar er rétt að líta til alþjóðasáttmála sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Ber þar fyrst að nefna 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu en félagafrelsi er einnig verndað í 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 frá 1948.

Við umfjöllun málsins fyrir nefndinni var rætt um mögulegar afleiðingar dómsins á aðra sambærilega gjaldtöku ríkisins. Í þessu sambandi kynnti nefndin sér skýrslu starfshóps á vegum forsætisráðuneytis sem skipaður var árið 2005 en starfshópurinn skilaði skýrslu um lögbundna greiðsluskyldu til hagsmunasamtaka og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar í lok árs 2006. Upphafið að stofnun nefndarinnar má rekja til álits umboðsmanns Alþingis í máli 3204/2001 en þar kom fram að verulegur vafi léki á því hvort tilhögun laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins uppfyllti 74. gr. stjórnarskrárinnar. Meiri hlutanum þykir rétt að geta þess að þar sem Hæstiréttur hafði í málum 166/1998 og 315/2005 skorið úr um að iðnaðarmálagjald stæðist ákvæði stjórnarskrár var ekki tekin bein afstaða til lögmætis gjaldsins í skýrslunni. Hins vegar tók starfshópurinn undir með umboðsmanni Alþingis að vafi léki á mörgum sviðum þar sem kveðið væri á um gjaldtöku ríkisins. Benti

starfshópurinn á þær tvær meginleiðir sem færar væru til að bæta úr hugsanlegum vanköntum löggjafar, þ.e. annars vegar að afnema greiðslu- eða aðildarskyldu eða hins vegar að kveða nánar á um ráðstöfun gjalda.

Meiri hlutinn kynnti sér ítarlega dóm Mannréttindadómstóls Evrópu og þá sér í lagi hvort takmörkun á félagafrelsi mætti réttlæta með vísan til 2. mgr. 11. gr. sáttmálans, þ.e. hvort hún hefði lagaheimild, stefndi að réttmætu markmiði og teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Meiri hlutinn áréttar að skýra verður framangreint ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans, svo að tilhögun eins og sú sem boðin er með lögum um iðnaðarmálagjald sé óheimil nema hún fullnægi þeim skilyrðum sem síðari málsliður 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar tekur til. Óumdeilt þótti að skyldan til greiðslu iðnaðarmálagjalds átti sér skýran lagagrunn, sbr. 1.–3. gr. laganna. Dómstóllinn taldi einnig að takmörkunin á mannréttindum stefndi að réttmætu markmiði, þ.e. að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Þar með væri stefnt að því að vernda réttindi og frelsi annarra skv. 2. mgr. 11. gr. sáttmálans. Hvað varðar þriðja skilyrðið um nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi tók dómstóllinn undir þær athugasemdir íslensku ríkisstjórnarinnar að löggjafinn á Íslandi hefði talið að þeim tilgangi að efla íslenskan iðnað yrði best náð með því að fela það hlutverk Samtökum iðnaðarins undir opinberu eftirliti. Að mati meiri hlutans er hér fallist á að álagning iðnaðarmálagjalds á iðnað í landinu byggist á málefnalegum sjónarmiðum og stefni að réttmætu markmiði. Þá áréttar meiri hlutinn að dómstóllinn féllst ekki á að gjaldtakan fæli í sér mismunun eða stæðist ekki sem slík ákvæði sáttmálans. Með hliðsjón af þessu er það mat meiri hlutans að gjaldtakan sem slík sé ekki ólögmæt og því til frekari rökstuðnings bendir meiri hlutinn á að dómstóllinn taldi auk þess ekki ástæðu til að skoða málið út frá þeim sjónarmiðum að um ólögmæta skattlagningu væri að ræða. Meiri hlutinn bendir einnig á þá staðreynd að sökum þess að gjaldtakan sem slík er ekki ólögmæt eigi lög um endurgreiðslu oftekinna gjalda ekki við í þessu tilviki. Fram kemur í 1. gr. þeirra laga að endurgreiða skuli það fé sem ofgreitt var en ljóst er að hér var ekki um að ræða slíka ofgreiðslu.

Meiri hlutinn vill hins vegar árétta að þó svo að dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtakan sem slík væri ekki ólögmæt þá átaldi hann þrennt varðandi útfærslu á ráðstöfun gjaldsins. Í fyrsta lagi átaldi hann skilgreiningu laganna á því hvernig iðnaðarmálagjaldinu skyldi varið og í öðru lagi að gjaldið væri ekki nægjanlega skýrt aðgreint frá fjárreiðum Samtaka iðnaðarins. Loks er það niðurstaða dómstólsins að opinbert eftirlit með ráðstöfun gjaldsins hafi ekki verið nægilega skýrt eða skilvirkt og engar skorður séu settar við því hvernig samtökin nýta það. Í ljósi framangreinds taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans. Meiri hlutinn tekur undir með Mannréttindadómstól Evrópu að þegar um ræðir lagaákvæði sem á einhvern hátt takmarka mannréttindi þurfi þær lagaheimildir að vera skýrar. Lagaheimildir sem takmarka mannréttindi þurfa að vera ótvíræðar. Sé svo ekki ber að túlka þau einstaklingi í hag því að þau eru sett til verndar einstaklingunum en ekki stjórnvöldum. Það er niðurstaða meiri hlutans að gjaldtakan sé ekki óheimil en breyta þurfi því fyrirkomulagi sem gildir varðandi ráðstöfun gjaldsins og eftirliti með henni. Meiri hlutinn leggur á það mikla áherslu að með þessu frumvarpi gangi löggjafarvaldið í reynd lengra en dómurinn kveður á um með því að afnema lögin frá og með næstu áramótum. Ástæða þess er einkum sú að fyrir liggur skýr vilji af hálfu Samtaka iðnaðarins að gjaldtökunni verði hætt.

Meiri hlutinn telur rétt að árétta að dómar Mannréttindadómstóls Evrópu eru bindandi fyrir ríki sem brotið hefur sáttmálann, sbr. 1. mgr. 46. gr. sáttmálans. Þetta felur í sér að það ríki sem brýtur ákvæði sáttmálans þarf að grípa til ráðstafana til fullnustu dómsins en þetta

hefur einnig verið skýrt með hliðsjón af réttinum til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. 6. gr. sáttmálans. Skv. 2. mgr. 46. gr. hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins umsjón með fullnustu dómsins og er það í samræmi við þá almennu reglu þjóðaréttar að ríkjum beri að grípa til ráðstafana til að standa við skuldbindingar sínar en geta metið sjálf hvernig það sé best gert. Af þeim sökum hafa aðildarríkin nokkuð frjálsar hendur með að ákvarða hvernig þau fullnusta dóma Mannréttindadómstólsins en þær ráðstafanir verða þó að vera fullnægjandi.

Meiri hlutinn telur rétt að kveða skýrar á um það meginatriði frumvarpsins að lögin um iðnaðarmálagjald falli niður frá og með 1. janúar 2011 þar sem ljóst sé að innheimtu gjaldsins er lokið frá þeim tímapunkti. Hins vegar ber að árétta að innheimta gjaldsins er þegar hafin á þessu ári, þ.e. fyrir rekstrarárið 2009, og er álagningu á ríflega þrjú þúsund einstaklinga lokið en álagning lögaðila mun fara fram í október 2010.

Meiri hlutinn telur að komið sé til móts við niðurstöðu dómstólsins með því að iðnaðarmálagjaldi fyrir yfirstandandi ár verði ekki ráðstafað til Samtaka iðnaðarins, heldur renni í ríkissjóð. Með því að skilgreina hvernig tekjunum skuli varið, þ.e. til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar, bregst löggjafinn við þeim athugasemdum dómstólsins er varða útfærslu á því hvernig iðnaðarmálagjaldinu er varið í þágu iðnaðar í landinu. Það er tillaga meiri hlutans að tekjum af gjaldtökunni verði varið þannig að 161,5 millj. kr. renni til verkefna á vegum menntastofnana sem Samtök iðnaðarins höfðu þegar skuldbundið sig til að fjármagna en þær tekjur sem eftir standa renni í Tækniþróunarsjóð til eflingar nýsköpun í landinu og starfsmenntasjóði, þ.e. til að fjármagna verkefni á sviði starfsþjálfunar í atvinnulífinu. Meiri hlutinn vill einnig benda á að það að lögfesta að tekjur af iðnaðarmálagjaldi renni í ríkissjóð leiði af sér kerfisbundið og skilvirkt opinbert eftirlit með því hvernig ríkissjóður nýtir gjaldið í þágu iðnaðarins í landinu.

Meiri hlutinn áréttar enn fremur að tekjur af iðnaðarmálagjaldi sem lagt hefur verið á fyrir 1. janúar 2009 en kemur til innheimtu á árinu 2010 eða síðar skulu renna í ríkissjóð. Kveða skal á um ráðstöfun þeirra fjármuna í fjárlögum. Með þessari breytingu vill meiri hlutinn koma í veg fyrir skort á gagnsæjum reglum um nýtingu gjaldsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. 1. efnismálsl. orðist svo: Iðnaðarmálagjald vegna rekstrarársins 2009 rennur í ríkissjóð.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Iðnaðarmálagjald sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara en var lagt á vegna rekstrarársins 2008 og fyrr rennur einnig í ríkissjóð og skal ráðstafað með sama hætti.
2. 3. gr. falli brott.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, falla úr gildi frá og með 1. janúar 2011. Lögin skulu þó halda gildi sínu vegna álagningar 2010 á einstaklinga og lögaðila vegna rekstrarársins 2009 og endurákvarðana vegna eldri gjaldára.

Alþingi, 30. ágúst 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Árni Þór Sigurðsson.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.		Þuríður Backman.

1445. Nefndarálit [652. mál]

um till. til þál. um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétu Gunnarsdóttur og Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Guðlaugu R. Jónasdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 31. október 2003 með ályktun A/RES/58/4 og sem öðlaðist gildi 14. desember 2005.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu er fyrsti hnattræni bindandi gerningurinn gegn spillingu. Markmið hans er að taka á því víðtæka vandamáli sem spilling er, bæði hvað varðar hið opinbera og einkageirann.

Tilgangur samningsins er einkum þríþættur: í fyrsta lagi að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti; í öðru lagi að stuðla að, greiða fyrir og styðja við alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð til að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu, m.a. við að endurheimta fjármuni; og í þriðja lagi að stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna. Fjallað er ítarlega um efnistök einstakra kafla samningsins í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Nefndin vekur athygli á því að samhliða framlagningu þessa máls á Alþingi lagði dómsmála- og mannréttindaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sem leiðir af samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Sú breyting sem lögð er til með

frumvarpinu er nauðsynleg til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu kveður á um. Jafnframt hefur forsætisráðherra lagt fram lagafrumvarp um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum sem ætlað er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn og ráðherra. Þar er kveðið á um ferli við innleiðingu siðareglna, eftirlit með reglunum af hálfu stjórnenda og umboðsmanns Alþingis og samhæfingu milli þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á því að stjórnsýslan standist gæðakröfur. Mæta ákvæði laganna þeim áskilnaði sem gerður er í 6. og 8. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Fyrrnefnd frumvörp eru nú til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur áherslu á að spilling er alvarleg meinsemd sem grefur undan lýðræði og réttarríkinu og að barátta gegn henni hljóti að vera mikilvægt forgangsverkefni stjórnvalda á hverjum stað. Spilling nær yfir landamæri og með þróun síðustu áratuga í átt til aukinnar hnattvæðingar og opnara alþjóðasamfélags er enn mikilvægara en áður að ríki heims taki höndum saman og vinni gegn henni. Nefndin fagnar þeim skrefum sem stigin eru með samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og telur að í samningnum og fyrrnefndum lagabreytingum felist mikilvæg tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld til að berjast gegn spillingu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Margrét Tryggvadóttir.
Valgerður Bjarnadóttir.	Helgi Hjörvar.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1446. Nefndarálit [658. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnar Þór Másson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Ferðamálastofu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fiskistofu, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Fjölmenningarsetri, Hafrannsóknastofnuninni, ISAVIA ohf., Jafnréttisstofu, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi lögreglumanna, Lyfjastofnun, Lýðheilsustöð, Orkustofnun, Persónuvernd, Ríkisendur-

skoðun, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Seðlabanka Íslands, Siglingastofnun Íslands, Sjúkrahúsinu á Akureyri – hjúkrunarráði, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi, tollstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Vegagerðinni, Veiðimálastofnun, Viðskiptaráði Íslands, Vinnueftirlitinu og Þjóðskrá Íslands.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands sem fela í sér að innanríkisráðuneyti verður til við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, velferðarráðuneyti við sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Einnig er lagt til að heiti umhverfisráðuneytis verði breytt í umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Verði frumvarpið að lögum fækkar ráðuneytum úr tólf í níu. Markmið breytinganna er að ný ráðuneyti verði öflugar starfseiningar hvert á sínu sviði með betri yfirsýn yfir þau verkefni sem þeim eru falin.

Á fundum sínum fjallaði nefndin um þær breytingar sem felast í frumvarpinu og þá sérstaklega stofnun atvinnuvegaráðuneytis en flestar athugasemdir umsagnaraðila varða það ráðuneyti og þær breytingar sem lagðar eru til á stofnunum þess. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ef frumvarpið verði að lögum verði stofnaður stýrihópur með þátttöku ráðherra og verkefnisstjórn með þátttöku ráðuneytisstjóra, sérfræðinga og fulltrúa starfsmanna. Mikilvægur þáttur vinnunnar verður að ræða málið við samtök sem eiga hagsmuna að gæta, þ.e. sérstaklega heildarsamtök svo sem í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, stéttarfélög, félag forstöðumanna og sveitarfélögin. Þá verður þingflokkum boðið að tilnefna tengiliði til að fylgjast með vinnunni og koma sínum sjónarmiðum að. Fram kom að ætlunin er að þessir aðilar muni einnig fylgja því eftir að fram fari allsherjarendurskoðun á þeim verkefnum sem viðkomandi ráðuneyti sinna og þeim stofnunum sem undir þau heyra. Þá verður farið heildstætt yfir verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands þannig að verkefni fleiri ráðuneyta en þeirra sem sameinast geta breyst.

Meiri hlutinn telur þörf á lengra samráðsferli áður en atvinnuvegaráðuneytið verður að veruleika og leggur því til breytingar á 1. gr. þannig að ekki verði kveðið á um nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti að þessu sinni. Heiti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins munu því haldast óbreytt.

Fyrir liggur að forsendur breytinga á hlutverki umhverfisráðuneytisins, þannig að til verði umhverfis- og auðlindaráðuneyti, tengjast stofnun nýs atvinnuvegaráðuneytis og verkaskiptingu milli þessara tveggja nýju ráðuneyta. Meiri hlutinn leggur því einnig til að sú breyting verði ekki gerð að þessu sinni, þ.e. að heiti umhverfisráðuneytisins verði óbreytt en unnið verði að stofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytis samhliða því samráðsferli sem fram undan er vegna atvinnuvegaráðuneytis.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að áfram verði unnið að undirbúningi og samráði vegna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, þó ekki sé lögð til afgreiðsla á þeim hluta málsins nú, þannig að allar fyrirhugaðar ráðuneytabreytingar nái fram að ganga eigi síðar en áformað var samkvæmt frumvarpinu.

Það er skoðun meiri hlutans að í aðdraganda sameiningar ráðuneyta, í þessu tilviki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis, geti verið heppilegt verklag að sami ráðherra gegni þeim ráðuneytum sem til stendur að sameina mánuðina áður en sameiningin

á sér stað og stjórni því verki, t.d. frá áramótum. Hið sama á við um þær sameiningar ráðuneyta sem meiri hlutinn leggur til að verði samþykktar núna.

Að mati meiri hlutans er almennt breið sátt um velferðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið og því mikilvægt að hefja vinnu við stofnun þeirra nú þegar þannig að hægt verði að ná fram sem fyrst þeirri miklu hagræðingu sem fyrir er séð í tengslum við málaflokka og stofnanir innanríkis- og velferðarráðuneyta.

Meiri hlutinn leggur í tengslum við framangreindar breytingar til að gildistaka frumvarpsins verði um næstu áramót.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. A-, e-, g- og h-liður 1. gr. falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.
3. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt að undirbúa stofnun nýrra ráðuneyta, m.a. með skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra sem hafi heimild til að bjóða starfsmönnum starf skv. 14. gr. laganna.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Róbert Marshall, form., frsm. | Árni Þór Sigurðsson. | Mörður Árnason.

Ögmundur Jónasson. | Valgerður Bjarnadóttir.

1447. Nefndarálit [597. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og borist umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að aukið verði á gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka og jafnræði þeirra á milli. Þá er lagt til að reglur laganna um framlög frambjóðanda frá einstaklingum og lögaðilum og um upplýsingaskyldu þeirra taki einnig til frambjóðenda í forsetakosningum ásamt því að kveðið verði á um leyfilegan hámarkskostnað frambjóðenda í forsetakjöri til kosningabaráttu.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé unnið út frá þeirri reynslu er fengist hefur af framkvæmd laganna ásamt því að byggjast á tilmælum sem GRECO, samtök ríkja gegn spillingu er starfa innan vébanda Evrópuráðsins, beindu til íslenskra stjórnvalda í skýrslu matsnefndar GRECO frá 4. apríl 2008 um gagnsæi fjárframlaga til stjórnmálasamtaka.

Nefndin telur að með þessu frumvarpi sé stigið skref í rétta átt hvað það varðar að skýra og skilgreina þau mörk sem eðlileg megi telja þegar kemur að fjármálum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Fjármálareglur stjórnmálaflokka og frambjóðenda eru ekki endanlega afgreiddar með þessu frumvarpi og telur nefndin rétt að ítreka það álit að hér er stigið eitt skref af mörgum nauðsynlegum í þá átt að endurreisa traust kjósenda á stjórnvöldum.

Í 5. gr. laganna er kveðið á um skyldu sveitarfélaga með fleiri en 500 íbúa til að veita fjárframlög til stjórnmálasamtaka. Með frumvarpinu er lagt til að skýrt sé kveðið á um skyldu til að veita þessi framlög árlega. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram tillaga að nýrri málsgrein þar sem kveðið verði skýrt á um að á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram fái stjórnmálasamtök framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum. Nefndin leggur því til að nýr málsliður bætist við b-lið 4. gr.

Nefndin fjallaði nokkuð um hvernig réttast væri að ákvarða leyfilegan hámarkskostnað frambjóðenda í forsetakosningum, þ.e. með hámarksfjárhæð eins og lagt er til í frumvarpinu eða með einhvers konar viðmiði við íbúafjölda þar sem örðugt gæti verið í framkvæmd að breyta fjárhæð rétt fyrir forsetakosningar. Nefndin telur eðlilegra að tengja fjárhæðina við íbúafjölda eins og gert er með frambjóðendur í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna og leggur því til breytingu á f-lið 6. gr. frumvarpsins þannig að hámarkskostnaður frambjóðanda í forsetakjöri megi ekki nema meira en tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. 7. gr. laganna miðað við hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt. Í greininni er kveðið á um álag á heildarkostnað frambjóðenda eftir því hve kjörsvæðin eru stór. Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa 18 ára og eldri eru það 75 kr. fyrir hvern íbúa. Nefndin leggur til að hámarkskostnaður frambjóðanda í forsetakjöri verði miðaður við tvöfalda þá fjárhæð eða 150 kr. á hvern íbúa á kjörskrá og sé þá miðað við landið allt sem eitt kjörsvæði. Á kjörskrá 1. júlí sl. voru um það bil 237 þús. manns á kjörskrá og væri fjárhæðin þá um 35,5 millj. kr. eða svipuð og lagt er til í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við b-lið 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmálasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.
2. Við 6. gr. Efnismálsgrein f-liðar orðist svo:
   Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en nemur tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt.
3. 12. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010.

Ögmundur Jónasson og Vigdís Hauksdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. ágúst 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Mörður Árnason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Valgerður Bjarnadóttir.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.

Þráinn Bertelsson, með fyrirvara.

1448. Frumvarp til laga [687. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála (málsóknarfélög).

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:

1. Þremur aðilum eða fleiri, sem eiga kröfur á hendur sama aðila sem eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings, er í stað þess að sækja mál skv. 1. mgr. 19. gr. heimilt að láta málsóknarfélag, sem þeir eiga hlut að, reka í einu lagi mál um kröfur þeirra allra. Málsóknarfélag skal stofnað til að reka tiltekið mál fyrir dómi og er hvorki heimilt að takmarka ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins né láta það starfa við annað en rekstur málsins og eftir atvikum fullnustu á réttindum félagsmanna og uppgjör krafna þeirra. Séu málsóknarfélagi ekki settar sérstakar samþykktir skulu gilda um það almennar samþykktir sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð. Halda skal skrá um félagsmenn. Verði málsóknarfélag skrásett skal ekki greitt fyrir það gjald í ríkissjóð.

2. Þótt málsóknarfélag eigi aðild að máli eiga félagsmenn hver fyrir sitt leyti þá hagsmuni sem málið varðar og njóta þar sömu stöðu og aðilar að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessarar greinar. Í stefnu skal dómkrafa gerð í einu lagi í nafni félagsins en greint skal allt að einu frá félagsmönnum, svo og hvern hlut hver þeirra eigi í kröfu sé hún um greiðslu peningafjárhæðar. Í dómi skal kveðið á um kröfu eða önnur réttindi félagsins á hendur gagnaðila án þess að félagsmanna sé getið. Félagið fer í hvívetna með forræði á máli svo að bindandi sé fyrir félagsmenn, þar á meðal til að fella það niður eða ljúka því með dómsátt. Ef því er að skipta leitar félagið í eigin nafni fullnustu réttinda félagsmanna að máli loknu. Leita má fullnustu á réttindum á hendur málsóknarfélagi hjá félagsmönnum sjálfum.

3. Nú gengur nýr aðili í málsóknarfélag eftir að mál er höfðað en áður en aðalmeðferð þess er hafin og getur þá félagið aukið við dómkröfur sínar í þágu nýja félagsmannsins. Slík breyting á dómkröfum skal eftir þörfum gerð með framhaldsstefnu og gildir þá ekki það skilyrði 29. gr. að félaginu verði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu.

4. Segi félagsmaður sig eftir höfðun máls úr málsóknarfélagi fer það ekki lengur með forræði á hagsmunum hans sem málið varðar og ber félaginu að breyta dómkröfum sínum að því leyti sem úrsögn gefur tilefni til. Dæma má félagsmann, sem svo er ástatt um, til að greiða hlut í málskostnaði sem gagnaðila félagsins kann að verða ákveðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Tildrög frumvarpsins eru þau að nokkrir alþingismenn lögðu á yfirstandandi þingi fram frumvarp til laga um hópmálsókn, þskj. 701, 393. mál. Fjallað var um málið í allsherjarnefnd á nokkrum fundum og var talið að málið þyrfti skoðun sérfræðinga í réttarfari. Var samþykkt að leita til réttarfarsnefndar um samningu frumvarps sem mundi mæta þeim sjónarmiðumsem þingmálinu var ætlað að ná og samdi réttarfarsnefnd frumvarpið að tilhlutan dómsmálaráðherra fyrir allsherjarnefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að leitt verði í íslenskan rétt sérstakt úrræði til málshöfðunar sem svarar til þess sem nefnt hefur verið hópmálsókn og á sér fyrirmynd í rétti annarra ríkja. Við samningu frumvarps til laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, var hugað að því hvort efni væru til að lögleiða reglur af þessu tagi. Á þeim tíma var hins vegar ekki við norrænar fyrirmyndir að styðjast og var því horfið frá því að leiða þetta nýmæli í lög. Eftir setningu laganna hefur úrræði af þessu tagi verið innleitt annars staðar á Norðurlöndum. Voru reglur um hópmálsókn lögfestar í Svíþjóð árið 2003 en í Danmörku, Finnlandi og Noregi árið 2008. Rétt þykir að löggjöf hér á landi fylgi þessari þróun, en með því er greitt fyrir aðgangi að dómstólum.

Í gildandi réttarfarslögum eru fyrir hendi heimildir tveggja eða fleiri aðila til að standa saman að rekstri dómsmáls um kröfur, sem þeir eiga þó ekki sameiginlega. Annars vegar er um að ræða það sem kallast samlagsaðild, en hún felst í því að fleiri en einum er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með sömu skilyrðum má sækja fleiri en einn í sama máli, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála. Hins vegar er að finna heimild í 3. mgr. 25. gr. laganna fyrir félög eða samtök manna til að reka í eigin nafni mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Þessi síðarnefnda heimild svarar að nokkru til þess sem lagt er til með frumvarpinu en á þessu tvennu er þó sá munur að heimild fyrir félög eða samtök til að höfða mál á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laganna er bundin við svokallaðar viðurkenningarkröfur, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þannig verður mál ekki höfðað eftir þessari heimild af félagi eða samtökum til heimtu fjárkröfu fyrir hóp manna. Úr þessu er bætt með tillögu frumvarpsins um að lögfestar verði reglur um heimild fyrir málsóknarfélög til að reka mál fyrir dómi. Með því móti verður kleift að höfða eitt mál þegar fjöldi manna telur sig eiga fjárkröfu á hendur sama aðila af sama tilefni en krafa hvers og eins er það lág að tæplega svarar kostnaði fyrir einn þeirra að höfða dómsmál. Þannig væri unnt að safna saman fjölda krafna til að mynda eina heildarkröfu á hendur þeim sem sóttur yrði fyrir dómi.

Með frumvarpinu er lagt til að hópmálsókn verði valinn sá búningur að stofnað verði málsóknarfélag í því skyni að reka dómsmál í einu lagi um hagsmuni þeirra sem eiga í hlut

og vilja leita réttar síns með öðrum. Það félag yrði aðildarhæft í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála og kæmi fram sem aðili máls vegna hagsmuna allra félagsmanna. Þetta fyrirkomulag verður til þess að tryggja að reglur um hópmálsókn samræmist aðildarreglum laga um meðferð einkamála og reglum fullnusturéttarfars um hvernig leitað er fullnustu réttinda samkvæmt dómi.

Frumvarpið felur í sér heimild fyrir fleiri til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum sameiginlega með ákveðnu móti. Þannig á úrræðið eingöngu við um aðild til sóknar og því verða ekki mynduð málsóknarfélög í því skyni að taka til varna í dómsmáli. Af reglum laga um málskot leiðir þó að málsóknarfélag getur verið til varnar fyrir Hæstarétti þegar sá sem sóttur hefur verið af málsóknarfélagi áfrýjar dómi eða kærir úrskurð héraðsdóms.

II.

Í frumvarpinu felst sú grundvallarregla að um mál sem er höfðað og rekið af málsóknarfélagi gilda allar reglur réttarfarslaga að því marki sem ekki er beinlínis vikið frá þeim með reglum frumvarpsins.

Frumvarpið nær til þeirra tilvika þar sem hver og einn sem telur til réttar á hendur öðrum hefði getið rekið mál fyrir dómi upp á sitt eindæmi eða með því að standa ásamt fleirum að málsókn með samlagsaðild skv. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála. Þess í stað er með frumvarpinu lögð til heimild til stofnunar málsóknarfélags í því skyni að félagið komi fram og reki dómsmál en ekki þeir sem eiga þá hagsmuni sem leitað er fyrir dómi. Í frumvarpinu er gengið út frá því að þessi félög verði einföld í sniðum en þó verður að gæta þeirrar formfestu sem er nauðsynleg til að félag geti notið aðildarhæfis skv. 1. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála og farið með hagsmuni annarra fyrir dómi með því móti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þannig verður að stofna félagið auk þess sem halda ber félagatal, enda telst félagið sjálfkrafa koma fram og reka málið um hagsmuni skráðra félaga. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir formsatriðum að því þó gættu að málsóknarfélag verður að hafa samþykktir með reglum sem félagið starfar eftir. Til einföldunar er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglugerð sem hafi að geyma almennar samþykktir fyrir málsóknarfélög og gildi þær nema félagsmenn ákveði að víkja frá þeim eða setja sérstakar samþykktir fyrir félagið.

Samkvæmt framansögðu gildir sú lágmarkskrafa að málsóknarfélag hafi sannanlega verið stofnað en það er einfaldast að leiða í ljós með skriflegri stofnsamþykkt eða fundargerð stofnfundar. Jafnframt leiðir af sjálfu sér að gefa verður félaginu nafn, sem dómsmál sem félagið höfðar er kennt við. Frekari aðgerða er ekki þörf og gilda þá almennar samþykktir fyrir félagið eftir reglugerð ráðherra. Það skal tekið fram að ekki er lagt til með frumvarpinu að skylt verði að skrá málsóknarfélög. Í þeim efnum gilda því almennar reglur laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, en af þeim leiðir að yfirleitt ætti að vera óþarft að skrá málsóknarfélög. Í frumvarpinu er þó tekið fram að sé málsóknarfélag skrásett beri ekki að greiða gjald fyrir það í ríkissjóð. Að baki þessu býr viðleitni til að greiða fyrir starfsemi málsóknarfélaga.

III.

Með frumvarpinu er lagt til að nýju ákvæði, 19. gr. a, um málsóknarfélög verði bætt við III. kafla laga um meðferð einkamála sem fjallar um aðild og fyrirsvar. Hér á eftir verður fjallað nánar um einstök efnisatriði ákvæðisins að því marki sem það hefur ekki þegar verið skýrt.

Um 1. mgr.

Lagt er til að lágmarksfjöldi til að koma á fót málsóknarfélagi verði þrír aðilar. Að baki þessu búa þau rök að ekkert hagræði er af félagi fyrir tvo aðila enda gætu þeir hæglega rekið málið sameiginlega fyrir dómi á grundvelli heimildar til samlagsaðildar skv. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála. Einnig er áskilið með sama hætti og á við um samlagsaðild að félagsmenn í málsóknarfélagi eigi allir kröfur á hendur sama aðila sem eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með öllu er ógerlegt að víkja frá þessu skilyrði enda verður ekki rekið í einu lagi mál þar sem sakarefnið er ekki eins gagnvart öllum sem eiga í hlut þannig að málatilbúnaður allra sé samhljóða.

Með því að ræða um að þrír aðilar eða fleiri geti falið málsóknarfélagi að reka mál fyrir dómi er vitanlega bæði átt við einstaklinga og lögpersónur. Því geta allir sem á annað borð njóta aðildarhæfis hagnýtt sér þetta úrræði til málshöfðunar þótt í lagatextanum sé til einföldunar rætt um að félagsmenn standi að málsóknarfélagi. Þá þarf ekki annað en að ganga í málsóknarfélag svo að réttarsamband í skilningi ákvæðisins stofnist milli félagsmannsins og félagsins, en það samband felur í sér heimild fyrir félagið til að höfða og reka dómsmálið. Nær þetta jafnt til stofnfélaga og þeirra sem síðar ganga í félagið eftir ákvæði 3. mgr. sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Eins og beinlínis er tekið fram í 1. mgr. verður málsóknarfélag aðeins myndað til að reka tiltekið mál fyrir dómi og verður sakarefni þess að liggja fyrir við stofnun félagsins. Ef nauðsynlegt er af einhverju tilefni að reka fleiri mál fyrir dómi væri vitanlega hægt að stofna samtímis fleiri málsóknarfélög um hvert sakarefni og tæki þá aðild að hverju félagi mið af því hverjir ættu þá hagsmuni sem málareksturinn stendur um. Þá getur málsóknarfélag ekki starfað við annað en að reka þetta tiltekna mál og eftir atvikum þegar dómur hefur fallið að leita fullnustu á réttindum félagsmanna og standa skil gagnvart þeim. Því yrði félagsskapur ekki klæddur í búning málsóknarfélags ef því er ætlað víðtækara hlutverk en hér hefur verið rakið.

Þegar málsóknarfélag hefur verið myndað rekur það í einu lagi mál um kröfur allra félagsmanna. Í þessu felst að peningakröfur félagsmanna verða lagðar saman þannig að úr verði ein heildarkrafa sem beint verður að þeim sem málið er höfðað gegn. Ef málsóknarfélag gerir á hinn bóginn aðeins viðurkenningarkröfu er gert ráð fyrir því að sú krafa sé höfð uppi fyrir alla félagsmenn í senn án þess að þar sé gerður nokkur greinarmunur. Þannig yrði mál ekki rekið á þessum grundvelli ef aðstæður væru með því móti að tíunda yrði sérstaklega réttindi hvers og eins, enda er þá viðbúið að málatilbúnaður þeirra allra sé ekki einsleitur eins og áskilið er í frumvarpinu.

Samkvæmt 1. mgr. er ekki heimilt að takmarka ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum málsóknarfélagsins. Þetta helgast af því að félagið sem slíkt á ekki þá hagsmuni sem það fer með fyrir dómi og eru ekki líkur fyrir að það eigi aðrar eignir. Aftur á móti er þess ekki að vænta að til falli annar kostnaður við starfsemi félagsins en málskostnaður og eftir atvikum kostnaður við fullnustu og uppgjör. Af þessu leiðir að málsóknarfélag telst almennt félag og önnur félagsform eins og hlutafélög eða einkahlutafélög koma ekki til álita þar sem reglur um þau heimila ekki úrsögn með því að félagsmaður segi skilið við félagið og taki um leið sína hagsmuni með sér úr því. Þá er ótækt að félagsmenn geti komist hjá því að standa skil á kostnaði af rekstri máls með því að takmarka ábyrgð sína.

Um 2. mgr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að málsóknarfélag reki dómsmál í eigin nafni um hagsmuni félagsmanna í skjóli umboðs frá þeim á grundvelli aðildar þeirra að félaginu. Því eru þeir

hagsmunir sem um er fjallað eftir sem áður í eigu félagsmanna þótt hagsmunirnir séu dæmdir félaginu en ekki félagsmönnum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að félagsmenn hafi sömu stöðu og aðilar nema annað sé beinlínis ákveðið í 19. gr. a. Í samræmi við þetta yrði félagsmaður leiddur til skýrslugjafar fyrir dóm sem aðili en ekki vitni. Einnig gæti sá sem málið er höfðað gegn haft uppi gagnkröfur á hendur félagsmanni, svo langt sem hagsmunir hans hrökkva til. Þetta felur þó ekki í sér heimild til að höfða gagnsök á hendur félagsmanni til sjálfstæðs dóms. Þá getur félagsmaður sjálfur ekki höfðað dómsmál um hagsmuni sína ef málsóknarfélag sem hann á aðild að hefur þegar höfðað málið og því gætir svokallaðra litis pendens áhrifa gagnvart félagsmanninum, sbr. 4. mgr. 94. gr. laga um meðferð einkamála. Jafnframt er dómur í máli, sem félagið hefur höfðað, bindandi um úrslit sakarefnis fyrir félagsmann, en þar er um að ræða það sem nefnt er res judicata áhrif, sbr. 116. gr. laganna. Í þessu felst að félagsmaður hefur með aðild sinni að málsóknarfélagi afsalað sér málsforræðinu og verður að sæta því hvernig félagið hefur kosið að haga málatilbúnaðinum. Því getur félagsmaður ekki að gengnum dómi höfðað mál aftur í eigin nafni um sama sakarefni til að láta reyna á þann málatilbúnað sem hann hefði talið við hæfi. Er þetta sérstaklega áréttað í lagatextanum með því að taka fram að félagið fari í hvívetna með forræði á máli svo að bindandi sé fyrir félagsmenn. Einnig getur félagið með bindandi hætti fyrir félagsmenn fellt niður mál eða lokið því með dómsátt. Að því leyti er staða félagsmanna gagnvart málsóknarfélagi önnur og takmarkaðri en staða aðila að dómsmáli undir venjulegum kringumstæðum gagnvart málflutningsumboðsmanni sínum.

Í 2. mgr. er tekið fram að í stefnu skuli dómkrafa gerð í einu lagi í nafni félagsins en áður er vikið að því atriði. Þar sem hagsmunir tilheyra félagsmönnum verður að koma fram hverjir þeir eru og hvern hlut hver þeirra á í kröfu sé hún um greiðslu peningafjárhæðar. Þetta er óhjákvæmilegt bæði með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu sem félagsmenn hafa við rekstur málsins, svo sem hér hefur verið rakið, og með tilliti til uppgjörs komi til þess að gengnum dómi eða í kjölfar þess að fullnustu hefur verið leitað.

Í niðurlagi ákvæðisins er tekið fram að leita megi fullnustu á réttindum á hendur málsóknarfélagi hjá félagsmönnum. Þetta helgast af því að félagið á ekki hagsmuni sem dómsmál fjallar um og mundi almennt ekki eiga neitt og er því óhjákvæmilegt að heimila að leitað sé fullnustu hjá félagsmönnum sjálfum.

Um 3. og 4. mgr.

Þessi ákvæði snúa að inngöngu og úrsögn úr málsóknarfélagi.

Að því er varðar inngöngu í málsóknarfélag geta nýir félagsmenn gengið inn í rekstur dómsmáls allt fram að aðalmeðferð þess og er heimilt að auka við dómkröfur í samræmi við þetta. Til að greiða fyrir þessu er vikið frá þeim almennu skilyrðum 29. gr. laga um meðferð einkamála fyrir framhaldssök að málsaðila verði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki gert kröfuna í heild sinni í öndverðu. Að baki þessu býr að það er í raun hagræði fyrir alla að sem flestir taki þátt í rekstri dómsmálsins. Það skal þó tekið fram að ekki þykir rétt að skylda málsóknarfélag til að veita öllum sem eftir því leita inngöngu og taka þannig við einhverjum sem það vill ekki hafa innan sinna vébanda.

Samkvæmt 4. mgr. getur félagsmaður sagt sig úr málsóknarfélagi og fer félagið upp frá því ekki með hagsmuni hans. Að því leyti sem úrsögnin gefur tilefni til verður að gera breytingar á kröfugerð félagsins. Með þessu er félagsmanni gert kleift að losna undan starfsháttum félagsins og freista þess sjálfur að gæta sinna hagsmuna eins og hann telur best henta.

1449. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá 365 miðlum ehf., Alþýðusambandi Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi atvinnurekenda, fjarskiptaráði, Gagnaveitu Reykjavíkur, hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri, Íslenskri málnefnd, Jafnréttisstofu, Lindinni, kristilegu útvarpi, Lyfjastofnun, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Og fjarskiptum ehf., Orkuveitu Reykjavíkur, Póst- og fjarskiptastofnun, rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Símanum hf., Skjánum ehf., umboðsmanni barna, Útvarpi Sögu, útvarpsréttarnefnd, Viðskiptaráði Íslands og Friðriki Friðrikssyni. Á fund nefndarinnar komu Þórhallur Vilhjálmsson, Jón Vilberg Guðjónsson, Þorgeir Ólafsson og Elfa Ýr Gylfadóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir frá Blaðamannafélagi Íslands, Tryggvi Axelsson og Þórunn Anna Árnadóttir frá Neytendastofu, Hildigunnur Hafsteinsdóttir frá Neytendasamtökunum, Ingibjörg Elíasdóttir frá Jafnréttisstofu, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Sigríður Oddsdóttir frá Samtökum atvinnulífsins, Páll Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Páll Rúnar Mikael Kristjánsson og Almar Guðmundsson frá Félagi atvinnurekenda, Magnús Loftsson frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Haraldur Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Hrafnkell V. Gíslason og Björn Geirsson frá Póst- og fjarskiptastofnun, Hrannar Pétursson og Dóra Sif Tynes frá Og fjarskipti ehf., Hildur Sverrisdóttir og Ari Edwald frá 365 miðlum, Pétur Óskarsson og Sigríður Oddsdóttir frá Skjá einum, Arnþrúður Karlsdóttir frá Útvarpi Sögu, Hrönn Kristinsdóttir, Magnús Kristinsson og Davíð Örn Sveinbjörnsson frá Lindinni, kristilegu útvarpi, Birgir Rafn Þráinsson frá Gagnaveitu Reykjavíkur, Sigurður Konráðsson og Haraldur Bernharðsson frá Íslenskri málnefnd, Kolbrún Birna Árdal frá Mannréttindaskrifstofa Íslands og Rannveig Gunnarsdóttir og Helga Þórisdóttir frá Lyfjastofnun.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja eina heildstæða löggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Af þeim sökum felur frumvarpið í sér að í því eru gildandi reglur um hljóð- og myndmiðla og prentmiðla samræmdar og sameinaðar. Þá felur frumvarpið í sér innleiðingu á gerðum Evrópusambandsins um sjónvarpsrekstur auk þess sem með því er ætlunin að endurskoða gildandi rétt að því leyti sem skörun er að finna við gildissvið frumvarpsins.

Í umsögnum sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð þingmálsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók nefndin til sérstakrar skoðunar.

Eignarhald á fjölmiðlamarkaði.

Fram kom sú gagnrýni að frumvarpinu væri ekki ætlað að setja takmarkanir við stærð eignarhluta í fjölmiðlafyrirtækjum og af þeim sökum væri markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla stefnt í hættu. Á móti komu fram þau sjónarmið að slíku markmiði mætti þjóna með þeirri útfærslu er fram kemur í frumvarpinu um upplýsingaskyldu um eignarhald á fjölmiðlamarkaði og opinbera birtingu slíkra upplýsinga. Þannig kynni að vera allt eins heppilegt að

almenningi væri gert eins fært og mögulegt væri að veita fjölmiðlum aðhald með neyslu sinni á afurðum þeirra.

Meiri hlutinn bendir á að í frumvarpinu er kveðið á um stofnun þverpólitískrar nefndar í þeim tilgangi að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði og verði niðurstaða hennar að slík samþjöppun sé óeðlileg er þeirri nefnd gert skylt að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir eignarhalds á fjölmiðlum. Meiri hlutinn telur að ekki sé þörf á að kanna samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sérstaklega heldur sé mikilvægara að gerðar séu tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir eignarhalds á fjölmiðlum. Þar sem slíkt athugunarefni er flókið og sérhæft sé eðlilegt að sérstakri nefnd verði gefið færi á að skoða þetta eina athugunarefni ofan í kjölinn og draga fram staðreyndir sem byggja mætti á. Gerir meiri hlutinn því tillögur til breytinga á ákvæði til bráðabirgða IV þess efnis. Jafnframt er það álit meiri hlutans að heppilegast sé að slík nefnd verði skipuð um leið og lögin hafa verið birt þar sem ekki þykir rétt að bíða með vinnu nefndarinnar þar til lögin hafa tekið gildi.

Ríkisútvarpið.

Þrátt fyrir að frumvarp til fjölmiðlalaga taki ekki á hlutverki Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði fjallaði nefndin um það í umræðum sínum. Jafnframt kom það fram í umsögnum aðila að óeðlilegt væri að setja heildstæða löggjöf um fjölmiðla án þess að hún tæki sérstaklega til Ríkisútvarpsins.

Eins og fram kemur í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. er eitt af meginhlutverkum þess að leggja rækt við íslenska tungu og sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu er mikilvægt verkefni. Öflugt ríkisútvarp er grundvöllur þess og tryggja þarf nægt fjármagn til starfseminnar svo að Ríkisútvarpið geti sinnt lögboðnum skyldum sínum. Háttsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði hefur hins vegar verið gagnrýnd og sú staðreynd að Ríkisútvarpið treystir á opinbert fjármagn í gegnum útvarpsgjald til að fjármagna rekstur sinn en tekur jafnframt þátt í harðri samkeppni á auglýsingamarkaði er til þess fallin að raska samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla og stuðla að mismunun milli Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Auglýsingamarkaður á Íslandi hefur dregist saman í kjölfar efnahagshrunsins og eru rekstrarskilyrði íslenskra fjölmiðla erfið. Meiri hlutinn telur að takmarka þurfi umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði til þess að hægt sé að tryggja fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Er það álit meiri hlutans að nauðsynlegt sé að beina þeirri vinnu í skýran farveg og leggur meiri hlutinn til að þegar á haustmánuðum verði settur á fót starfshópur á vegum stjórnvalda sem móti tillögur um verulega takmörkun á umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Fjölmiðlalæsi.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarps til fjölmiðlalaga skv. 1. gr. er að stuðla að fjölmiðlalæsi. Í 37. gr. tilskipunar Evrópuráðsins 2007/65/EB kemur fram að fjölmiðlalæsi vísi til færni, þekkingar og skilnings sem gerir neytendum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Áhrif fjölmiðla á samfélagið eru svo viðamikil að fjölmiðlalæsi er ein af grundvallarforsendum þess að borgari geti talist fullgildur og virkur í lýðræðisríki. Meiri hlutinn áréttar hversu mikilvægt sé að stuðlað sé að fjölmiðlalæsi barna allt frá því að skólaganga hefst. Það er einnig hlutverk grunnskóla að tryggja það að börn þrói með sér þá færni að geta notað, greint og metið mátt mynda, hljóðs og skilaboða sem verða á vegi þeirra á hverjum degi. Fjölmiðlalæsi stuðli þannig að gagnrýnni hugsun og samfélagslegri virkni ein-

staklinga í þjóðfélaginu. Bendir meiri hlutinn jafnframt á að þrátt fyrir vilja stjórnvalda til að stuðla að kennslu í fjölmiðlalæsi hér á landi sé ennþá langt í land með að íslenskir grunnskólar standi jafnfætis grunnskólum nágrannalandanna hvað þetta viðfangsefni varðar. Er það álit meiri hlutans að nauðsynlegt sé að átak verði gert á meðal kennara þar að lútandi, skapaður verði vettvangur til menntunar og samráðs á öllum skólastigum og að fjölmiðlalæsi verði hluti af námskrá allra skólastiga. Það er eindregin von meiri hlutans að bætt fjölmiðlalæsi veiti fjölmiðlum það aðhald sem þeir þurfa á að halda og stuðli þannig að vandaðri fjölmiðlun.

Hugtök og orðnotkun.

Margir umsagnaraðilar gagnrýna notkun hugtaka í frumvarpinu m.a. með vísan til þess að hún sé oft og tíðum ekki í samræmi við almenna málvenju og hugtökin sem notuð eru séu óþjál og beri þess merki að vera afurð þýðingar þar sem reynt er að búa til hugtök, yfir- og undirhugtök, sem ekki séu þegar til staðar í íslensku máli. Á móti var því sjónarmiði teflt fram að um flókna smíð nýyrða til notkunar í margbreytilegu og tæknilegu umhverfi væri að ræða og því væri ekki óeðlilegt að hugtökin verkuðu framandi og jafnvel þung í vöfum. Meiri hlutinn telur eðlilegt þegar lög eru sett um nýja hluti að hugtök laganna séu nákvæmlega skilgreind, eins og hér um ræðir, til að merking þeirra sé eins skýr og kostur er. Þá áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að íslenskir fjölmiðlar marki sér málstefnu og leggi sitt af mörkum til að efla og þróa íslenska tungu.

Lagasamræmi.

Gerðar voru athugasemdir við að ekki væri gætt nægilegs samræmis við hugtakanotkun samkvæmt gildandi rétti í nokkrum skilgreiningum 2. gr. frumvarpsins. Var fundið sérstaklega að skilgreiningum hugtakanna „auglýsing“, „fjarsala“ og „viðskiptaorðsending“. Það er skilningur meiri hlutans að ávallt verði að gæta að því á hvaða sviði lagaákvæði er að finna og huga að þeim markmiðum sem að baki þeim búa við mat á þörf fyrir samræmi við notkun hugtaka í lagasetningu. Kann að þurfa að horfa til ólíkra stefnumiða og hagsmuna við setningu einstakra lagabálka. Af því leiðir að stefni lagabálkar að ólíkum markmiðum kunni slíkt að réttlæta mismunandi merkingu skyldra hugtaka. Gildissvið frumvarps til laga um fjölmiðla nær einungis til starfsemi fjölmiðla og er því að mörgu leyti frábrugðið gildissviði annarra laga þó svo að segja megi að ákveðin skörun kunni að eiga sér stað. Þá er ekki fullur samhljómur á milli markmiða frumvarps til fjölmiðlalaga og annarra laga, sbr. lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, samkeppnislög, nr. 44/2005, lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, og lög um fjarskipti, nr. 81/2003.

Það er álit meiri hlutans að í stað orðanna *fjarsala* og *fjarsöluinnskot* skuli nota hugtökin *fjarkaup* og *fjarkaupainnskot*. Hugtakið fjarsala er byggt á skilgreiningu sjónvarpstilskipunarinnar og er þýðing á enska hugtakinu *teleshopping*. Í íslenskri útgáfu hinnar upprunalegu sjónvarpstilskipunar hefur þó verið notuð þýðingin fjarkaup og er sú þýðing einnig notuð í hugtakasafni þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Hugtakið fjarsala hefur verið notað fyrir það sem nefnt er á ensku *distance selling* á vettvangi neytendaverndar Evrópusambandsins. Með því að nota orðin *fjarkaup* og *fjarkaupainnskot* er verið að stuðla að sem mestu samræmi hugtakanotkunar milli einstakra laga og tryggja það að ekki verði villst á hugtökunum fjarsala og fjarkaup sem ekki merkja það sama. Fjarkaup standi fyrir bein tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vörur og þjónustu, þ.m.t.

fasteignir eða réttindi og skuldbindingar, gegn greiðslu og fellur betur að hugtakanotkun frumvarpsins.

Stjórnsýsla.

Í frumvarpinu er lögð til breytt stjórnsýsla bæði til að hafa eftirlit með þeim ákvæðum sem eru í núgildandi útvarpslögum og vegna þeirra skyldna sem hvíla á íslenska ríkinu í nýrri hljóð- og myndmiðlunartilskipun. Í frumvarpinu er einnig að finna heildstæða löggjöf um alla fjölmiðla og nýjar skyldur svo sem eftirlit með gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og ákvæði um að fjölmiðlar setji sér reglur um sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum viðkomandi fjölmiðils. Ljóst er að ekki verður hægt að framfylgja ákvæðum frumvarpsins með því stjórnsýslufyrirkomulagi sem nú er enda mun umfangið vaxa til muna. Í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði Fjölmiðlastofu verði tryggt eins og kostur er, á sama hátt og gert er í öllum ríkjum EES nema Lúxemborg. Því er sú afstaða tekin í frumvarpinu, m.a. með vísan til mikilvægis þess að stjórnsýslulegur rammi um fjölmiðla sé skýr og óháður, að óheppilegt sé að eftirlit með fjölmiðlum sé tengt Stjórnarráðinu, en útvarpsréttarnefnd hefur lengst af verið hýst í ráðuneyti því sem fer með fjölmiðlamál. Er það jafnframt í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli EES-samningsins að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Meiri hlutinn telur hins vegar nauðsynlegt að hnykkja á því að þrátt fyrir að Fjölmiðlastofa sé sjálfstæð stofnun heyrir hún undir mennta- og menningarmálaráðherra sem hefur eftirlit með henni á grundvelli stjórnsýslulaga. Leggur meiri hlutinn því til að 7. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að orðið „stjórnarfarslega“ detti út enda óþarft og óskýrt. Meiri hlutinn bendir á að almennt þurfi að setja skýrari reglur um það með hvaða hætti ráðherra fer með eftirlit með sjálfstæðum stofnunum.

Í nokkrum EES-ríkjum hefur verið farin sú leið að sameina eftirlit með fjarskiptum og fjölmiðlum. Þar má nefna til dæmis Finnland, Bretland, Ítalíu og Ungverjaland. Slíkt fyrirkomulag gæti verið ákjósanlegt á Íslandi til lengri tíma, enda augljós samlegðaráhrif sem fælust í slíkri sameiningu. Til að svo geti orðið þyrfti að ráðast í umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi fjölmiðla- og fjarskiptamála. Fyrst ber til þess að líta að Póst- og fjarskiptastofnun og stofnun sú er fer með fjölmiðlamál heyra ekki undir sama ráðuneyti. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun ekki það sjálfstæði gagnvart ráðuneytinu, sem hún heyrir undir, sem nauðsynlegt er þegar litið er til mikilvægis fjölmiðla sem fjórða valdsins í lýðræðisríkjum. Ef sameina ætti Póst- og fjarskiptastofnun og stofnun þá er fer með fjölmiðlamál þyrfti að gera viðamiklar breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, m.a. með því að auka sjálfstæði hennar. Þá er mikill munur á þeirri sérþekkingu sem þyrfti að vera til staðar hjá stjórn Póst- og fjarskiptastofnunar og fyrirhugaðrar stjórnar Fjölmiðlastofu. Ef sjálfstæði Fjölmiðlastofu á að verða sambærilegt við systurstofnanir í EES-ríkjunum er ekki hægt að áfrýja úrskurðum hennar til sömu áfrýjunarnefndar og þeirrar sem fer með póst- og fjarskiptamál. Þess ber jafnframt að geta að áherslur stofnananna eru afar ólíkar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur tæknilega og samkeppnislega sýn, en markmið Fjölmiðlastofu er m.a. að framfylgja menningar- og fjölmiðlapólitískri stefnu sem fram kemur í lögum um fjölmiðla. Stofnanir sem fara með fjarskiptaeftirlit eru að auki mun fjölmennari en þær sem fara með fjölmiðlamál og því hefur þótt erfitt að tryggja að sjónarmið tjáningarfrelsis, fjölbreytni og fjölræði sé nægjanlegt í sameinuðum stofnunum. Það er ástæða þess að í flestum ríkjum hefur ekki verið stigið það skref að sameina slíkar stofnanir. Í frumvarpinu er lagt til að Fjölmiðlastofa verði hýst með Póst- og fjarskiptastofnun til að fá samlegðaráhrif og auka sérþekkingu starfsmanna á málaflokkum hver annars. Er þetta fyrirkomulag lagt til með það

að leiðarljósi að þegar reynsla er komin á virkt eftirlit með fjölmiðlum eins og tíðkast í öllum öðrum EES-ríkjum megi huga að sameiningu. Þá væri auk þess orðið ljóst hvar samlegðin væri mest í starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar og Fjölmiðlastofu.

Sá misskilningur hefur verið í umfjöllun og athugasemdum hagsmunaaðila um Fjölmiðlastofu að verið sé að setja á stofn eftirlitsstofnun sem hafi allt of víðtækt valdsvið sem jafnframt feli í sér miðstýringu. Meiri hlutinn bendir á að með stofnun Fjölmiðlastofu er verið að uppfylla kröfur um eftirlit með fjölmiðlum auk þess að tryggja að tjáningarfrelsið og aðrar lýðræðislegar grundvallarreglur nái fram að ganga. Í þessu efni ber að hafa í huga að frumvarpið er að meginstefnu innleiðing á hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins. Fyrirmyndir að öðrum ákvæðum í frumvarpinu eru í lögum nágrannalanda okkar auk þess sem tekið hefur verið sérstakt tillit til tilmæla Evrópuráðsins um skipan fjölmiðlamála til að tryggja tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga. Þá hefur verið safnað saman ákvæðum er varða réttindi og skyldur fjölmiðla sem kveðið er á um í öðrum lögum, svo sem í hegningarlögum, til að tryggja að frumvarpið gefi heildstæða mynd af þeim réttindum og skyldum sem lagðar eru á fjölmiðla. Tilteknar skyldur sem finna má í frumvarpinu eru því í raun tryggðar í öðrum lögum þótt lagt sé til að tiltekin ákvæði verði sett í stjórnsýslufarveg með sambærilegum hætti og gert er í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Frumvarpið er því samanburðarhæft við löggjöf nágrannaríkja okkar innan EES, enda hefur verið stuðst við bæði norrænan og breskan rétt. Þó að lagt sé til að ákvörðunum Fjölmiðlastofu verði ekki skotið til annarra stjórnvalda til að treysta sjálfstæði hennar er þó rétt að taka það sérstaklega fram að eftir sem áður er heimilt að höfða mál til ógildingar ákvörðun Fjölmiðlastofu fyrir dómstólum. Er það álit meiri hlutans að stofnun Fjölmiðlastofu sé nauðsynleg til að tryggja framgang markmiða laganna.

Um stjórn Fjölmiðlastofu er fjallað í 8. gr. Samkvæmt frumvarpinu er það hlutverk stjórnarinnar að móta áherslur í starfi, hafa eftirlit með starfsemi Fjölmiðlastofu og taka allar meiri háttar ákvarðanir. Telur meiri hlutinn það nauðsynlegt að stjórnin sé fjölmennari en gert er ráð fyrir og gerir því tillögu um fimm manna stjórn í stað þriggja. Er það einkum gert til að styrkja þær ákvarðanir sem stjórnin tekur, sérstaklega ef um meirihlutaákvarðanir er að ræða. Jafnframt telur meiri hlutinn mikilvægt að formaður stjórnarinnar uppfylli starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Styrkir það faglegan styrk stjórnarinnar þar sem ljóst er að hlutverk hennar verður m.a. að fella úrskurði um stjórnvaldssektir á grundvelli ákvæða 54. gr. laganna vegna brota er snerta lýðræðislegar grundvallarreglur. Með fyrrgreindum breytingum er lagður mikilvægur grunnur að því að borgarar þessa lands geti treyst því að ákvarðanir Fjölmiðlastofu verði faglega unnar og vel ígrundaðar.

Skörun í eftirliti – valdmörk eftirlitsstjórnvalda.

Í umsögnum umsagnaraðila kom fram athugasemd við að ákvæði frumvarpsins hefðu í för með sér að ákveðin skörun gæti orðið í eftirliti stjórnvalda með einstökum þáttum er snúa að rekstri fjölmiðla sem og eftirliti. Gæti slíkt haft í för með sér að lagalegur vafi kynni að skapast um valdbærni stjórnvaldanna ef á reyndi. Þá kynni slík skörun að leiða til þess að borgararnir kynnu að eiga erfitt með að átta sig á til hvaða stjórnvalds þeir ættu að beina erindum sínum. Það er álit meiri hlutans að rétt sé að Fjölmiðlastofa hafi samstarf við önnur stjórnvöld og leggur til að sérstakur samstarfssamningur verði gerður við Neytendastofu um eftirlit í samræmi við einstakar greinar frumvarpsins. Jafnframt sé mikilvægt að eftirlit með viðskiptaorðsendingum og fjarsölu er snúa að lyfseðilsskyldum lyfjum verði áfram á hendi þess aðila sem sérþekkingu hefur þar um. Gerir meiri hlutinn því tillögur til breytingar á 4.

mgr. 37. gr. frumvarpsins þar að lútandi, þ.e. að um viðskiptaorðsendingar um lyfseðilsskyld lyf fari eins og kveðið er á um í lyfjalögum.

Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram það sjónarmið að mikilvægt væri að kveða á um friðhelgi einkalífs í 26. gr. frumvarpsins. Þar sé kveðið á um að fjölmiðlar skuli virða tjáningarfrelsi en rétturinn til tjáningar er ekki takmarkalaus og getur friðhelgi einkalífs takmarkað önnur réttindi. Ljóst er af lestri 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að mikið þarf til að koma svo að unnt sé að skerða tjáningarfrelsið. Hins vegar má setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum vegna réttinda eða mannorðs annarra. Er það álit meiri hlutans að rétt sé að kveða á um vernd friðhelgi einkalífs og leggur fram tillögu til breytinga þar um. Fjölmiðlar verði að gæta þess að þrátt fyrir verndun tjáningarfrelsis þurfi þeir við störf sín að hafa í huga önnur réttindi sem geti skarast við tjáningarfrelsið og að ekki sé gengið á rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs þeirra. Í tilmælum Evrópuráðsins nr. R(97)20 um bann við hatursáróðri í fjölmiðlum kemur fram að vegna þeirrar þróunar í fjölmiðlum í Evrópu er snýr að skorti á umburðarlyndi gagnvart ólíkum hópum í samfélaginu sé það sérstaklega mikilvægt að aðildarríki setji reglur er banni slíkt á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, stjórnmálaskoðana og jafnframt menningarlegrar, efnahagslegrar og félagslegrar stöðu í samfélaginu. Það er skilningur meiri hlutans að við mat á ætluðum brotum greinarinnar þurfi Fjölmiðlastofa að taka mið af gildandi rétti og fordæmum dómstóla sem fjallað hafa um mörk tjáningarfrelsis annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar.

Úthlutun útsendingartíðni.

Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að af lestri 16. og 18. gr. frumvarpsins megi skilja að eingöngu þeir aðilar sem fengið hafi leyfi til hljóð- og myndmiðlunar geti fengið úthlutað senditíðni. Þannig kveði 3. mgr. 18. gr., sbr. 16. gr. frumvarpsins, efnislega m.a. á um að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti senditíðni aðeins til þeirra sem úthlutað hefur verið leyfi til hljóð- og myndmiðlunar. Meiri hlutinn telur að um úthlutun senditíðni til þeirra aðila sem teljast falla undir hugtakið „fjölmiðlar“ samkvæmt frumvarpi til fjölmiðlalaga fari samkvæmt því frumvarpi. Tíðniúthlutun til þeirra sem ekki falla undir það hugtak fer eftir því sem nánar kveðið er á um í fjarskiptalögum. Það er því ekki skilningur meiri hlutans að aðilar sem ekki hafi fengið leyfi til hljóð og myndmiðlunar geti ekki fengið úthlutað senditíðni. Það falli hinsvegar ekki undir ákvæði frumvarpsins heldur ákvæði fjarskiptalaga.

Brottvikning og áminning fréttamanna.

Þeirri athugasemd var komið á framfæri við nefndina að ákvæði um brottvikningu og áminningu fréttamanna ætti ekki heima í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna sem sinna fréttum. Var á það bent að á sviði vinnuréttar giltu almennar meginreglur sem fela í sér að áminningar eða starfslausnir á grundvelli efnistaka fjölmiðils væru ekki lögmætar og ákveðin hætta væri á að með frumvarpinu væri slíkum meginreglum vikið til hliðar. Það er skilningur meiri hlutans að frumvarpið feli ekki í sér að vikið sé frá óskráðum meginreglum laga enda má trauðla leiða af orðum frumvarpsins að slíkt sé ætlunin.

Afhending viðskiptasamninga.

Umsagnaraðilar gerðu athugasemd við þá skyldu sem felld er á fjölmiðlaþjónustuveitendur er skyldar þá til að senda Póst- og fjarskiptastofnun alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir lögtöku frumvarpsins. Benda þeir á að slíkir samningar innihaldi oft viðkvæm viðskiptaleyndarmál. Hafi stjórnvöld vart þörf til að skoða alla gerða samninga auk þess sem hlutafélagaskrá sé með lögum tryggðar ríkar heimildir til að kalla eftir slíkum gögnum beri nauðsyn til. Var sú tillaga sett fram að orðalagi ákvæðisins yrði breytt á þann veg að aðeins samningar tengdir línulegri dagskrá falli undir það. Meiri hlutinn telur að með því að takmarka skylduna við langtímasamninga þannig að þeir samningar einir komi til endurskoðunar sem að gildistíma vara þrjú ár eða lengur frá gildistöku laganna sé löggjafinn að gæta meðalhófs. Við umfjöllun nefndarinnar kom það jafnframt fram að prentvilla hefði verið gerð í frumvarpinu og væri það Fjölmiðlastofa sem ætti að fá afhent gildandi samninga en ekki Póst- og fjarskiptastofnun. Gerir meiri hlutinn tillögu til breytinga þar að lútandi.

Stjórnvaldssektir.

Það sjónarmið kom fram hjá umsagnaraðilum að ótækt kynni að verða að beita þvingunarúrræðum og viðurlögum fyrir brot gegn d-lið 3. mgr. 37. gr. og 38. gr. frumvarpsins þar sem þau ákvæði væru of matskennd og óskýr til að viðurlagabeiting á grundvelli þeirra yrði borgurunum fyrirsjáanleg. Það er skilningur nefndarinnar að lagaákvæði er fela í sér þvingunarúrræði eða viðurlög verði almennt ekki skýrð rúmt. Þó séu meiri kröfur gerðar til skýrleika stjórnsýsluviðurlaga, svo sem stjórnvaldssekta, en til þvingunarúrræða í ljósi refsikennds eðlis þeirra. Meiri hlutinn telur að umrædd ákvæði frumvarpsins teljist til matskenndra svigrúmsákvæða að því leyti sem þau eru sett fram í viðurlagakenndum tilgangi og því hljóti að verða að líta til annarra þátta en ákvæðisins sjálfs við mat á fyrirsjáanleika þess. Það er álit meiri hlutans að nauðsynlegt sé að Fjölmiðlastofa geti fjallað um málefni er varða starfsemi eftirlitsskyldra aðila án þess að til viðurlaga komi. Leggur meiri hlutinn til að breytingar verði gerðar á ákvæði 54. gr. frumvarpsins á þann hátt að Fjölmiðlastofa hafi heimild til að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt sé Fjölmiðlastofu heimilt að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild og geti sú birting ekki talist íþyngjandi fyrir fjölmiðil. Heimild þessi til álitsgjafar á sér samsvörun í nágrannaríkjum okkar og hefur reyndin verið sú að álitin séu jafnvel leiðbeinandi fyrir fjölmiðla.

Auglýsingar í barnaefni.

Fyrir nefndinni kom fram sú skoðun að 41. gr. frumvarpsins færi gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem bannákvæði greinarinnar uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. téðrar greinar stjórnarskrárinnar auk þess sem nægilegs meðalhófs væri ekki gætt. Af lestri athugasemda við frumvarpið má sjá að bannákvæði 41. gr. frumvarpsins er m.a. ætlað að vernda heilsu og siðgæði ungmenna. Skoðun meiri hlutans er sú að löggjafanum hafi verið játað ákveðið svigrúm við mat á því hvort takmörkun á tjáningarfrelsi er nauðsynleg og samrýmanleg lýðræðishefðum. Mat meiri hlutans er að vernd barna og ungmenna sé aðkallandi verkefni og þá ekki síst í ljósi þess hve móttækileg þau eru fyrir utanaðkomandi áhrifum. Telur meiri hlutinn að veruleg forsenda þess að slík vernd reynist raunhæf sé að verndarandlögin njóti svigrúms enda örðugt að festa hönd á þeim þáttum auglýsinga og fjar-

söluinnskota er skaðleg áhrif geta haft. Leggur meiri hlutinn til að ákvæðið verði samþykkt óbreytt enda gangi það ekki gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Innleiðing Evróputilskipunar nr. 89/552/EBE ásamt breytingum frá 2007.

Í umsögnum umsagnaraðila kom fram sú athugasemd að ákvæði 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins væri í andstöðu við ákvæði 2. mgr. 11. gr. Evróputilskipunar nr. 89/552/EBE, með síðari breytingum frá 2007. Slíkt fæli í sér að tilskipunin kynni að leiða til þess að með lögfestingu frumvarpsins væri brotið gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. Meiri hlutinn telur að með téðri Evróputilskipun hafi verið ætlunin að auka frelsi fjölmiðla til þess að afla tekna í gegnum innskot sjónvarpsauglýsinga og fjarkaupainnskota með þeim matskenndu takmörkunum að meginreglu að það hafi hvorki áhrif á framvindu þeirra né skerði rétt rétthafa. Þó eru sett fram þrjú nokkuð fastmótuð frávik frá meginreglunni, fyrsta er varðar útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp, kvikmyndaverka og fréttaþátta, annað er varðar útsendingu dagskrárliða fyrir börn og þriðja er varðar útsendingar á guðsþjónustu. Gera má því skóna að tilgangur tilskipunargjafans með framsetningu fastmótaðra frávika hafi verið að setja hámark á rof dagskrárliða í ákveðnum tilvikum en um önnur tilvik gildi aðeins meginreglan. Fátt virðist benda til þess að með setningu slíks hámarks hafi verið ætlunin að víkja frá beitingu meginreglu 1. mgr. 11. gr. Evróputilskipunarinnar enda skyti það skökku við að leggja mikið upp úr vernd barna og ungmenna en heimila engu að síður lágmark innskota sem sjá mætti fyrir sér að yrði til þess að vikið yrði frá meginreglu 1. mgr. og þannig gengið gegn þeirri vernd. Það er skilningur meiri hlutans að samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar sé heimilt að skjóta sjónvarpsauglýsingum eða fjarkaupainnskotum inn í dagskrárliði fyrir börn ef það hefur ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins þannig að ekki skerði rétt rétthafa, en þó aðeins einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur, að því tilskildu að dagskrárliðurinn sé lengri en 30 mínútur. Í 5. mgr. 41. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu með öllu óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Meiri hlutinn álítur að þar sem slíkt bann eigi sér samsvörun í núgildandi lögum sé það í samræmi við þá stefnu sem tekin hefur verið hér á landi að bæta við að bannið hefjist 5 mínútum áður en dagskrá hefst og standi þar til 5 mínútum eftir að útsendingu dagskrárinnar lýkur. Leggur meiri hlutinn til að ákvæði 5. mgr. 41. gr. verði samþykkt óbreytt að frátöldum breytingum á hugtakanotkun sem áður hefur komið fram.

Skylda fjarskiptafélaga til að verja þriðjungi bandbreiddar fjarskiptakerfa í flutning sjónvarpsefnis.

Sú skoðun var sett fram fyrir nefndinni að 44. gr. frumvarpsins kynni að fela í sér skerðingu á nýtingarmöguleikum fjarskiptafélaga á eigin fjarskiptakerfum. Þá kom það sjónarmið fram að þar sem ekki væri að finna fullnægjandi rökstuðning fyrir því hvers vegna þriðjungi fjarskiptakerfa fjarskiptafélaga skuli varið í flutning sjónvarpsmerkis en ekki meira eða minna en sem því nemur þá kynni skerðingin að koma nærri stjórnarskrárvernduðum eignarrétti fjarskiptafélaga. Það er skoðun meiri hlutans að í frumvarpinu komi skýrlega fram að felld sé skylda á fjarskiptafyrirtæki til flutnings sjónvarpsútsendinga en á sama tíma sett þak eða hámark á það hve langt sú skylda nær. Bendir meiri hlutinn á að 46. og 47. gr. frumvarpsins kveða á um málsmeðferð vegna flutningsskyldunnar og ákvörðun endurgjalds fyrir flutninginn. Af því leiðir að sú skerðing sem verður á umráðarétti fjarskiptafyrirtækis er bætt. Af lestri athugasemda frumvarpsins er ljóst að frumvarpsgjafinn hefur lagt mat á nauðsyn

flutningsskyldunnar. Aðeins einn þáttur eignarréttindanna verður fyrir skerðingu og leiðir mat á nauðsyn þeirrar skerðingar sem þörf er á til þess að hámark hennar er ákveðið. Telur meiri hlutinn að löggjafinn njóti ákveðins svigrúms við mat á því hvenær hún telur hófs gætt við útfærslu slíkrar skerðingar í lögum. Er það álit meiri hlutans að meðalhófs sé gætt með því að flutningsskyldan nemi aldrei meira en einum þriðja af flutningsgetu viðkomandi flutningsnets.

Í frumvarpinu er nýmæli þar sem tryggður er flutningsréttur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem nánar eru útfærð í 45. gr. frumvarpsins. Er það skilningur meiri hlutans að slíkur réttur eigi að stuðla að gagnsæi og brjóta upp lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu.

Forgangur RÚV.

Í máli umsagnaraðila kom fram að þeir teldu hættu á að meðalhófs væri ekki gætt í því tilliti að fjarskiptafyrirtækjum væri gert skylt að flytja sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins ohf. Meiri hlutinn telur að fjarskiptafyrirtækjum sé aðeins skylt að flytja þær sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins ohf. er rúmast innan þess hlutverks sem félaginu er skýrlega með lögum falið. Í lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., er hlutverk þess afmarkað. Af lestri þeirra má sjá að með lögum eru lagðar á félagið skyldur sem vart verður raunhæft að til framkvæmda komi nema kveðið sé í lögum á um flutningsskyldu fjarskiptafyrirtækja. Telur meiri hlutinn að forgangur félagsins byggist á málefnalegum forsendum og meðalhófs sé gætt.

Að beina viðskiptum í ákveðna átt.

Hjá umsagnaraðila kom sú athugasemd að 5. mgr. 45. gr. frumvarpsins væri ekki nægilega skýr þar sem ekki fengist séð hvort með ákvæðinu væri lagt bann við sýningu auglýsinga fyrir tengd fjarskiptafyrirtæki eða hvort ákvæðið hefði rýmri skírskotun og næði þannig til viðskiptahátta að öðru leyti. Af orðum málsgreinarinnar og athugasemdum við frumvarpsgreinina dregur meiri hlutinn þá ályktun að þau viðskipti sem frumvarpsgreininni er ætlað að banna séu þau er samrýmast almennum málskilningi hvað best og fela þannig í sér dreifingu og aðra þjónustu sem fjarskiptafyrirtæki hafa upp á að bjóða enda er hugtakið ekki þrengt svo nokkru nemi í frumvarpinu. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið sé með tengdu fyrirtæki átt við félög í samstæðu í skilningi hlutafélagalaga eða félög og/eða aðra aðila með sambærilega fjárhagsleg eða stjórnunarleg tengsl í öðrum tilvikum. Markmið ákvæðisins sé að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem ráða yfir eigin sjónvarpsútsendingum komi ekki í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki sem ráða ekki yfir eigin sjónvarpsútsendingum geti veitt verðuga samkeppni á fjarskiptamarkaðnum.

Bann við miðlun efnis.

Í 1. mgr. 52. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla er kveðið á um að Fjölmiðlastofa geti að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt fjölmiðlalögum bannað með ákvörðun miðlun efnis sem teljist andstætt ákvæðum laga. Ákvæði 52. gr. er dregið af 5. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, eins og því ákvæði var breytt með 6. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 57/2007, sem fólu í sér innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd).

Samkvæmt 31. gr. gildandi útvarpslaga, nr. 53/2000, getur útvarpsréttarnefnd afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 53/2000 er til þess vísað að ákvæðið sé komið óbreytt úr 2. mgr. 8. gr. eldri útvarpslaga, nr. 68/1985, en þar sagði að útvarpsréttarnefnd gæti afturkallað leyfi til útvarps væru reglur brotnar, enda væri um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Tekið var fram að hér væri um að ræða þyngsta viðurlagaákvæði frumvarpsins (laga nr. 53/2000) og að öruggt væri að til þess yrði ekki gripið nema í undantekningartilvikum og aðrar leiðir þættu ekki færar. Áður en til þess yrði gripið væri sjálfsagt búið að áminna stjórnendur útvarpsstöðvar og jafnvel beita öðrum viðurlögum sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Engin leið væri að leiða getum að því í hvaða tilvikum helst yrði gripið til þess úrræðis að svipta útvarpsleyfishafa leyfi sínu. Sú ákvörðun væri í hendi útvarpsréttarnefndar og yrði við hana að gæta ákvæða laga nr. 53/2000 og sjónarmiða um góða stjórnsýslu, sbr. sérstaklega ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Eins og endranær væri ákvörðun útvarpsréttarnefndar endanleg á stjórnsýslustigi, en útvarpsleyfishafi gæti skotið málinu til úrlausnar dómstóla. Málskot til dómstóla mundi þó ekki fresta leyfissviptingu.

Að því er varðar það álitaefni um framangreind ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. 52. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla skal í fyrsta lagi bent á að ákvæði sambærilegt við 1. mgr. hefur verið í lögum í þrjú ár en ákvæði sambærilegt við 2. mgr. hefur verið í lögum í einn aldarfjórðung. Aldrei hefur þó reynt á þessi ákvæði svo kunnugt sé. Með ákvæðunum verður enginn sviptur þeim borgaralega rétti að geta borið hinar íþyngjandi ákvarðanir Fjölmiðlastofu undir dómstóla. Sambærilegt ákvæði er að finna í löggjöf nágrannalanda okkar og hefur það ekki vakið upp áhyggjur um skerðingu á lýðræðislegum réttindum borgaranna. Því er óhætt að fullyrða að ákvæðin fela ekki í sér neina skerðingu á réttindum manna samkvæmt stjórnarskrá eða mannréttindasáttmála Evrópu og leggur meiri hlutinn til að ákvæðið verði samþykkt óbreytt.

Gildissvið ákvæðis til bráðabirgða I.

Í umsögnum umsagnaraðila kom fram sú athugasemd að samkvæmt orðalagi ákvæðis til bráðabirgða I væri gildissvið þess of rúmt. Þannig væri hætta á því að með ákvæðinu væri felld skylda á önnur félög en þau er koma að rekstri fjölmiðla og að slíkt væri úr hófi miðað við það markmið sem ákvæðið stefnir að. Það er álit meiri hlutans að rétt sé að ákvæðið taki eingöngu til einkahlutafélaga og hlutafélaga sem veita fjölmiðlaþjónustu. Jafnframt leggur nefndin til að dagsetningu ákvæðisins verði breytt í 1. febrúar 2011.

Meiri hlutinn bendir á að frumvarpið er í samræmi við lærdóma sem dregnir eru af þætti fjölmiðla í bankahruninu í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hvað varðar að styrkja beri sjálfstæði ritstjórna og skylda fjölmiðla til að veita upplýsingar um eignarhald þeirra, einnig að koma þurfi á faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði að tryggja að fjölmiðlar ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni. Bendir meiri hlutinn jafnframt á að eftir standi samkvæmt lærdómunum að vinna að bættri menntun, sérhæfingu og fagvitund blaða- og fréttamanna sem og að reglur verði settar er takmarki eignarhald á fjölmiðlamarkaði en verði frumvarpið að lögum hefst sú vinna strax í kjölfar birtingar þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Eygló Harðardóttir og Lilja Mósesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm. Ásmundur Einar Daðason. Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara. Skúli Helgason

1450. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (OH, ÁsmD, JRG, MT, SkH).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Fjarsala“ í 12. tölul. komi: Fjarkaup.
   b. 2. og 3. málsl. 12. tölul. orðist svo: Til fjarkaupa teljast bæði fjarkaupaþættir og fjarkaupainnskot. Fjarkaupaþættir eru heildstæðir dagskrárliðir en fjarkaupainnskot eru efni sem miðlað er á milli dagskrárliða og lýtur sömu reglum og viðskiptaorðsendingar.
   c. Í stað orðsins „fjarsala“ í 22. tölul. komi: fjarkaup.
2. Við 7. gr.
   a. Orðið „stjórnarfarslega“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við framkvæmd eftirlits með viðskiptaorðsendingum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda samkvæmt sérlögum skal Fjölmiðlastofa leita samstarfs um verkaskiptingu við þau stjórnvöld. Fjölmiðlastofa skal gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „þriggja“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fimm.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann fimmta skal ráðherra skipa án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.
   c. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara.
   d. Í stað orðanna „og menntun sem nýtist á þessu sviði“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: og/eða starfsumhverfi fjölmiðla.
4. Við 26. gr.
   a. Í stað orðanna „og virða tjáningarfrelsi“ í 1. málsl. komi: virða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs.
   b. Við 2. málsl. bætist: á hlutlægan hátt.

c. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er fjölmiðlum óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi eða ósæmilegra athafna.

5. Við 29. gr. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fjölmiðlar sem miðla hljóði og texta á íslensku skuli í því skyni marka sér málstefnu.
6. Við 37. gr.
   a. Í stað orðsins „fjarsala“ í 1., 3. og 4. mgr. komi: fjarkaup.
   b. Orðin „og lyfseðilsskyld lyf sem“ í 1. málsl. 4. mgr. falli brott.
   c. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um viðskiptaorðsendingar um lyfseðilsskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum. Fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þarf að vera hægt að færa sönnur á.
7. Við 38. gr.
   a. Í stað orðsins „fjarsala“ komi: fjarkaup.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Fjölmiðlastofa hefur samstarf við Neytendastofu um eftirlit samkvæmt þessari grein.
   c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum.*
8. Við 41. gr.
   a. Í stað orðsins „fjarsöluinnskot“ hvarvetna í greininni komi, í viðeigandi beygingarfalli: fjarkaupainnskot.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tímar fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni.*
9. Fyrirsögn VI. kafla orðist svo: **Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.**
10. Við 45. gr. 3. málsl. a-liðar 1. mgr. orðist svo: Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi.
11. Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.
12. Við 54. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í slíku tilviki er Fjölmiðlastofu heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Fjölmiðlastofu er heimilt að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild. Skal birtingin fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.
13. Við 63. gr. Í stað orðanna „1. maí 2010“ komi: 1. maí 2011.
14. 6. tölul. 64. gr. falli brott.
15. Í stað orðanna „1. febrúar 2010“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: 1. febrúar 2011.
16. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
    Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skv. 63. gr. skal í kjölfar birtingar þeirra skipa stjórn Fjölmiðlastofu í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

17. Í stað 1. og 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV komi nýr málsliður, svohljóðandi: Í kjölfar birtingar laga þessara skal mennta- og menningarmálaráðherra skipa nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir eignarhalds á fjölmiðlum.

1451. Fyrirspurn [688. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um öryggi Hvalfjarðarganga.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að bæta öryggi Hvalfjarðarganga, en göngin fengu nýlega lægstu einkunn í úttekt á öryggi nokkurra evrópskra jarðganga?
2. Hefur komið til greina að stjórna hraða og flæði bíla í gegnum göngin í samræmi við öryggisreglur Mont Blanc-ganganna?

1452. Fyrirspurn [689. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu Íbúðalánasjóðs.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu mikil hafa útlánatöp Íbúðalánasjóðs verið árin 2000–2010:
   a. vegna hefðbundinna útlána til íbúðakaupa einstaklinga,
   b. vegna lána til banka á árunum 2004–2008,
   c. vegna peningamarkaðssjóða,
   d. vegna lána til leiguíbúða,
   e. vegna annars, og þá hvers?
2. Var laust fé Íbúðalánasjóðs á árunum 2000–2010 geymt í Seðlabankanum? Ef ekki, hvar var féð þá geymt?
3. Hve mikið af húsnæðisbréfum seldi Íbúðalánasjóður á sama tíma og hann lánaði bönkum og sparisjóðum fé til að fjármagna fasteignaveðlán?
4. Hvaða áhrif á fjármögnunarstefnu sjóðsins höfðu viðvaranir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Íslands þess efnis að bankarnir gætu ekki fjármagnað húsnæðislánin, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2005?
5. Er gert ráð fyrir frekari afskriftum af lánum og fjárfestingum Íbúðalánasjóðs? Ef svo er, hversu miklum og hvernig sundurliðast þær?
6. Hverjir veittu Íbúðalánasjóði sérfræðiaðstoð á árunum 2000–2008? Í hverju fólst aðstoðin og hversu mikið var greitt fyrir hana?
7. Hvernig sinnti Íbúðalánasjóður skyldu sinni skv. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, sem kveður á um að sjóðurinn skuli fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði? Hvernig fór sú vinna fram og hvernig nýttist hún sjóðnum, ráðuneytinu og Seðlabanka Íslands?

8. Hversu mikið var eigið fé Íbúðalánasjóðs og eiginfjárhlutfall sjóðsins á árunum 2000–2009, svo og á yfirstandandi ári, sundurliðað eftir árum?
9. Hvernig er greiðsluáætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árin 2010–2012?
10. Við hversu mörgum íbúðum hefur Íbúðalánasjóður tekið frá árinu 2000? Hvað á hann margar íbúðir núna? Hvað er áætlað að sjóðurinn taki við mörgum íbúðum árin 2010–2012?

Skriflegt svar óskast.

1453. Fyrirspurn [690. mál]

til iðnaðarráðherra um efnahag Byggðastofnunar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver verða áhrifin á efnahagsreikning Byggðastofnunar, að mati stofnunarinnar, af þeirri ákvörðun að fella niður aflamark í rækju?
2. Var það kannað fyrir fram hjá Byggðastofnun eða í ráðuneytinu hvaða áhrif þessi ákvörðun hefði á efnahagslega stöðu Byggðastofnunar?
3. Hvernig verður brugðist við af hálfu ríkisvaldsins til þess að styrkja efnahag Byggðastofnunar í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um rækjuveiðar?

1454. Fyrirspurn [691. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um NMT-farsímakerfið.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvernig verður brugðist við því að NMT-farsímakerfið var lagt niður um síðustu mánaðamót?

Skriflegt svar óskast.

1455. Fyrirspurn [692. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um svæðaskiptingu við strandveiðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var heildarafli á strandveiðum sumarið 2010, skipt eftir mánuðum og svæðum?
2. Hversu marga daga var heimilt að róa á strandveiðunum sl. sumar, skipt eftir svæðum?
3. Hyggst ráðherra leggja til breytingar á þessari svæðaskiptingu fyrir næsta sumar?

Skriflegt svar óskast.

1456. Frumvarp til laga [693. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu opinberra gjalda, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá gjaldanda og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla opinberra gjalda hjá gjaldanda verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 25. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til

tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Á eftir 41. gr. laganna kemur ný grein, 41. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um virðisaukaskatt, fésekt og sakarkostnað í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 38. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, 20. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur hjá skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 15. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um fram-

kvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin á og þeirra sem síðar eru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heimild til kyrrsetningar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Sambærileg heimild var sett í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með lögum nr. 23/2010 og töldu stjórnvöld að sú heimild tæki til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hæstiréttur kvað upp dóm 21. júní 2010 nr. 372/2010 þar sem ekki var fallist á að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga dygði til að veita lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn virðisaukaskattslögum.

Frumvarpinu er því ætlað að veita skattyfirvöldum heimild til að krefjast kyrrsetningar á eignum aðila sem eru til rannsóknar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Heimildinni er ætlað að bregðast við hættu á undanskoti eigna meðan rannsókn stendur yfir en málsmeðferðartími vegna þessara brota getur orðið mjög langur og því aukin hætta á því að þeir aðilar sem rannsókn sæta reyni að koma sér undan greiðslum skatta og mögulegra fésekta með því að færa eignir sínar í hendur öðrum eða koma þeim undan með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu gagnvart skattaðilanum sjálfum og öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi beinist að og kann þar af leiðandi að verða gert að greiða fésekt vegna refsiverðra brota. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu vegna ætlaðra brota á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, á grundvelli 11. gr. þeirra laga.

Mál er sæta rannsókn vegna gruns um brot gegn skattalögum eru oft afar vandmeðfarin og taka auk þess eðli máls samkvæmt mun lengri tíma en venjulegar skattákvarðanir og því er aukin hætta á undanskoti eigna. Með frumvarpinu er því verið að reyna að tryggja betur greiðslur í ríkissjóð vegna yfirvofandi skattkrafna ríkisins og fésektarkrafna.

Ákvæðið tekur mið af 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Skv. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fer skattrannsóknarstjóri ríkisins við rannsókn mála eftir lögum um meðferð sakamála, með takmörkunum þó. Er því nærtækt að heimild til kyrrsetningar verði fengin vegna rannsóknar mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og kyrrsetningu beitt strax á stigi rannsóknar

hjá því embætti, enda liggi fyrir mat embættisins á væntanlegri enduráætlun og sektarfjárhæð.

Lagt er til að tollstjóri annist rekstur mála vegna kyrrsetningarkröfu að undangenginni sérstakri tilkynningu skattrannsóknarstjóra ríkisins til tollstjóra. Lagt er til að almennar reglur um kyrrsetningu fjármuna gildi um kyrrsetningu samkvæmt greininni eftir því sem við á, en þar er einkum vísað til laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Þó er gert ráð fyrir að reglur um tryggingu fyrir kyrrsetningu, málshöfðun og lögboðin gjöld vegna ráðstafananna taki ekki til kyrrsetningar tollstjóra. Er það í samræmi við áðurgreint ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Þá er lagt til að ráðstafanir samkvæmt greininni falli niður um leið og ljóst er að rannsókn skattrannsóknarstjóra muni ekki leiða til hækkunar á sköttum eða fésekt. Að sama skapi getur skattaðili fengið kyrrsetningarráðstafanir felldar brott með því að inna af hendi greiðslur sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Er þar með sama hætti tekið mið af ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Lagt er til að heimildum frumvarpsins verði beitt vegna mála sem rannsókn er þegar hafin á til jafns við þau sem síðar verða rannsökuð hjá skattrannsóknarstjóra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði í lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur öðrum. Sambærileg heimild var sett í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með lögum nr. 23/2010. Eins og gerð var grein fyrir í umsögn um það frumvarp er í þessu frumvarpi sams konar heimild veitt skattrannsóknarstjóra til að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Heimildinni er ætlað að bregðast við hættu á undanskoti eigna meðan rannsókn stendur yfir og að aðilar sem rannsókn sæta reyni að koma sér undan greiðslum skatta og mögulegra fésekta með því að færa eignir sínar í hendur öðrum eða koma þeim undan með öðrum hætti. Frumvarp þetta gerir jafnframt ráð fyrir því að tollstjóri annist rekstur mála vegna kyrrsetningarkröfu frá skattrannsóknarstjóra með sama hætti og gert er með kyrrsetningar samkvæmt tekjuskattslögum.

Eins og kom fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til breytinga á tekjuskattslögum vegna kyrrsetningar eigna er mikil óvissa um í hvaða mæli grípa þarf til þessara úrræða á næstunni. Ef um nokkurn fjölda mála af þessum toga verður að ræða gæti þurft að fjölga starfsmönnum við innheimtuaðgerðir tollstjóra tímabundið um einn til tvo. Um er að

ræða tiltölulega lítinn kostnaðarauka fyrir málaflokkinn sem gert er ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins verði þetta frumvarp að lögum.

1457. Fyrirspurn [694. mál]

til fjármálaráðherra um lánveitingar til Saga Capital, VBS fjárfestingarbanka og Askar Capital.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hafa Saga Capital og VBS fjárfestingarbanki staðið við eftirgreind skilyrði lánveitingar samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðuneytið gekk frá við fyrirtækin í mars 2009 til að treysta innheimtu veðskulda, sem ríkið yfirtók frá Seðlabankanum, en samkomulag við fyrirtækin fól í sér að verðbréfum var breytt í lán til sjö ára sem yrðu verðtryggð með 2% vöxtum og voru skilyrðin sett sem forsenda fyrir skuldbreytingunni, og ef lántaki stæði ekki við skilyrðin meðan skuld lánsins væri enn ógreidd gæti lánveitandi með skriflegri tilkynningu og 30 daga fyrirvara til skuldara gjaldfellt lánið:
   a. ekki greitt út arð á lánstímanum, nema til komi samsvarandi niðurgreiðsla á höfuðstól þessa láns; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   b. stillt kaupaukum til starfsmanna lántaka í hóf og tryggt að þeir séu í samræmi við gengi lántaka og almennar launagreiðslur og umbun á fjármálamarkaði; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   c. lagt fram rökstuðning vegna kaupaukagreiðslna og aflað samþykkis lánveitanda áður en stofnað hefur verið til réttar starfsmanns eða stjórnarmanns til slíks kaupaukaréttar; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   d. ekki heimilað kaup lántaka á eigin bréfum til niðurfærslu hlutafjár (óbein arðgreiðsla); ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   e. tryggt að einstakar stórar áhættuskuldbindingar lántaka fari ekki yfir 20% af CAD eigin fé;
   f. skilað ítarlegu rekstraryfirliti og skýrslu um stöðu og horfur í rekstri lántaka á þriggja mánaða fresti til lánveitanda, í sambærilegu formi og skýrslugjöf og forstjóri veitir stjórn á hverjum tíma; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   g. tryggt að útlánavöxtur takmarkist við innlendan fjármögnunargrunn og að vöxtur útlánasafns leiði ekki til skerts endurgreiðsluhæfis lántaka; hefur ítarlegu yfirliti um þróun útlána verið skilað til lánveitanda á þriggja mánaða fresti og hafa verið gerðar athugasemdir eða frekari skilyrði um frekari vöxt útlánasafns skuldara; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   h. tryggt að CAD-hlutfall lántaka sé ekki lægra en 10% á lánstímanum; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   i. hefur lántaki viðhaldið viðunandi lausafé og rekstrarhæfi að mati Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands á lánstímanum; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
   j. hefur fyrirgreiðsla verið aukin til venslaðra aðila (með þeirri undantekningu þó ef einstaklingur í viðskiptum hefur störf eða tekur sæti í stjórn, eða aukningin er tilkom-

in vegna breytingar á hjúskaparstöðu viðkomandi); ef svo er, af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
k. hefur lántaki fyrir lok árs 2009 lokið innleiðingu Stjórnarhátta fyrirtækja skv. 2. útgáfu leiðbeininga sem útgefnar voru af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands ogSamtökum atvinnulífsins; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
l. tryggt að ársreikningar lántaka fyrir árið 2008 hafi verið samþykktir af stjórn og undirritaðir af löggiltum endurskoðendum eigi síðar en 31. mars 2009; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;
m. varð lausafjárstaða lántaka óviðunandi að mati Seðlabanka eða fór CAD-hlutfall skuldara einhvern tímann undir 10% á lánstímanum; ef svo er, af hverju og hvernig brást ráðuneytið við;
n. hefur lántaki einhvern tímann á lánstímanum tilkynnt um atvik sem eru fyrirsjáanleg til að valda vanefnd á lánasamningum eða fyrrnefndum skilyrðum?

2. Voru sett sambærileg skilyrði þegar gengið var frá sambærilegu samkomulagi við Askar Capital hf.? Ef svo er, hver eru þá svörin við áðurgreindum spurningum? Ef svo er ekki, af hverju og hver voru þá lánaskilyrðin?

Skriflegt svar óskast.

1458. Fyrirspurn [695. mál]

til fjármálaráðherra um málefni VBS fjárfestingarbanka.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Leituðu stjórnendur VBS fjárfestingarbanka samþykkis ráðuneytisins og/eða Fjármálaeftirlitsins fyrir lengingu kúlulána sem þeir voru með hjá bankanum til ársins 2017? Samrýmist sú framlenging skilyrðum sem ráðuneytið setti fyrirtækinu við gerð lánasamnings vegna veðskulda við Seðlabankann?
2. Hvaða aðrar breytingar voru gerðar á launasamningum starfsmanna VBS frá mars 2009 sem hefði átt að fá samþykki ráðuneytisins fyrir samkvæmt skilyrðum lánasamningsins?
3. Af hverju var ekki skipaður umsjónarmaður með VBS frá þeim tíma sem ljóst var að bankinn ætti í verulegum erfiðleikum og væri í raun ógjaldfær?
4. Hefði Fjármálaeftirlitið leyft VBS að starfa áfram ef ríkið hefði ekki veitt fyrirtækinu 26 milljarða kr. lán vegna veðskulda í mars 2009?
5. Hverjar voru forsendur ráðuneytisins til að ætla að VBS mundi geta staðið við lánasamninginn og skilyrði ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

1459. Fyrirspurn [696. mál]

til fjármálaráðherra um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvernig samræmist fjárfesting 16 lífeyrissjóða í Framtakssjóði Íslands lögum um fjárfestingar lífeyrissjóða, nr. 129/1997, en í VII. kafla þeirra laga er tilgreint í hverju lífeyrissjóðir mega fjárfesta?

Skriflegt svar óskast.

1460. Fyrirspurn [697. mál]

til fjármálaráðherra um skipan umsjónaraðila með lífeyrissjóðum.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvaða lífeyrissjóðum hefur ráðherra skipað umsjónaraðila samkvæmt lögum nr. 129/1997?

Eru sjóðirnir enn þá með umsjónaraðila og hafa umsjónaraðilarnir lagt fram tillögur um framtíð viðkomandi sjóða? Ef svo er, hverjar voru tillögur þeirra?

Skriflegt svar óskast.

1461. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um fjölmiðla.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Ekki verður deilt um það að skynsamlegt og rétt er að setja samræmda rammalöggjöf um starfsemi fjölmiðla hér á landi. Markmið slíkrar löggjafar hlýtur annars vegar að vera sú að styrkja starfsemi fjölmiðla, efla frjálsa og óháða fjölmiðlun og hins vegar að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum og fjölmiðlum. 1. minni hluti er því sammála þeim markmiðum sem koma fram í 1. grein frumvarpsins um að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda.Frumvarpið nær hins vegar ekki þessum markmiðum og í sumum tilfellum er gengið þvert á þau.

Öll rök hníga að því að tryggja eðlilega og sanngjarna samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að jafna samkeppnisstöðu fjölmiðla og fremur er

þrengt að starfsemi þeirra. Gera verður alvarlega athugasemd við að lagt sé fram frumvarp til laga um rammalöggjöf um fjölmiðla án þess að með nokkrum hætti sé tekið á málefnum Ríkisútvarpsins ohf. Verði frumvarpið að lögum verður til enn ein eftirlitsstofnun hins opinbera sem á að sinna eftirlitshlutverki sem aðrar opinberar stofnanir hafa þegar með höndum. Þá er ljóst að stór hluti frumvarpsins á betur heima í öðrum lögum.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarpið kemur fram hörð gagnrýni á að ekki skuli með neinum hætti tekið á samkeppnishömlunum á fjölmiðlamarkaði sem eru afleiðing af stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Vitnað er til álits eftirlitsins nr. 4/2008 um Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum. Þar kemur meðal annars fram að Ríkisútvarpið hefur boðið yfir 80% afslátt af listaverði: „Þar til annað kemur í ljós verður að ganga að því sem gefnu í þessu máli að opinberlega birt kjör RÚV á auglýsingum endurspegli kostnað RÚV og eðlilega álagningu. Þegar litið er til þessa og haft er í huga að engin aðskilnaður er fyrir hendi hjá RÚV, sem kemur í veg að opinbert fé sé notað til þess að niðurgreiða auglýsingastarfsemi, verður að telja að þessir miklu afslættir RÚV veiti ríkar vísbendingar um skaðleg undirboð sem séu til þess fallin að raska samkeppni frá keppinautum sem engra ríkisstyrkja njóta.“

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sérstaklega bent á að undirboð fyrirtækja sem veita „útvarpsþjónustu í almannaþágu geti ekki samræmst hlutverki þeirra og mundi undir öllum kringumstæðum hafa áhrif á viðskiptakjör á markaðnum og samkeppni sem færi gegn almannahagsmunum“. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er því einföld: „Telja verður því að þessi háttsemi RÚV feli ekki í sér sanngjarna samkeppni í skilningi EES/EB-samkeppnisréttar.“

Samkeppniseftirlitið bendir á að markaður fyrir kaup á sjónvarpsefni sé nátengdur markaði fyrir sölu auglýsinga. Með þeirri miklu forgjöf sem Ríkisútvarpið nýtur með opinberum gjöldum er því gert kleift að byggja upp dagskrá með vinsælu innlendu og erlendu sjónvarpsefni og skapa aukið áhorf. „Með auknu áhorfi er ljóst að auðveldara er að selja auglýsingar enda ná auglýsendur þá til fleiri neytenda og auglýsingarnar því verðmætari,“ segir í áðurnefndu áliti Samkeppniseftirlitsins. Þannig nýtur Ríkisútvarpið forgjafar í formi opinberra gjalda sem skekkir samkeppnisstöðu á markaði jafnt er varðar dagskrárefni og auglýsingar. Í EES/EB-samkeppnisrétti er talið mikilvægt að fyrirtæki sem veita útvarpsþjónustu í almannaþágu noti ekki almannafé til þess að yfirbjóða einkarekna keppinauta við kaup á sýningarrétti efnis. Með því verður keppninautum ýtt út af markaðinum. Samkeppniseftirlitið heldur því fram að með lögum um nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., hafi verið skapaðar umtalsverðar samkeppnishömlur „með því fyrirkomulagi að veita RÚV tekjur af almannafé jafnframt því að heimila fyrirtækinu að starfa áfram á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostunar í útvarpi. Það rekstrarfyrirkomulag RÚV gengur gegn því markmiði samkeppnislaga að efla virka samkeppni í viðskiptum þar sem það stuðlar að samkeppnislegri mismunun á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi.“

Ljóst er að fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaði hefur leitt til alvarlegrar takmörkunar á samkeppni og á því er í engu tekið um frumvarpi til laga um fjölmiðla. Slíkt er gagnrýnisvert og ekki til þess fallið að styrkja rekstur íslenskra fjölmiðla og auka sjálfstæði þeirra, hvort heldur er á sviði ljósvaka, prent- og netmiðlunar.

Álit Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2008 er skýrt. Eftirlitið telur að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru til fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara.

Eins og áður segir leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að komið verði í veg fyrir þá miklu samkeppnislegu mismunun sem leiðir af óbreyttri starfsemi Ríkisútvarpsins. Því beindi eftirlitið eftirfarandi til menntamálaráðherra:

1. Ljóst er að fullur samkeppnislegur jöfnuður næst ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði og starfsemi þess yrði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Með hliðsjón af núverandi efnahagsástandi getur slík aðgerð stuðlað að því að einkareknir ljósvakamiðlar geti starfað áfram. Er þetta til þess fallið að tryggja valkosti almennings á sviði fjölmiðlunar. Hins vegar verður að hafa í huga að dreifikerfi einkarekinna stöðva ná almennt ekki til jafn stórs hluta landsins og RÚV. Með hliðsjón af öllu framangreindu er því æskilegt að mörkuð verði stefna sem miðar að því að RÚV hætti þessari starfsemi sem fullgildur keppinautur þegar aðstæður þykja leyfa.
2. Telji menntamálaráðherra og/eða löggjafinn ekki tækt að RÚV hverfi af markaði fyrir sölu auglýsinga í útvarpi, eða á meðan verið er að koma því svo fyrir að RÚV hverfi af umræddum markaði, telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að verulega verði dregið úr umsvifum félagsins á markaðnum og félaginu settar skýrar reglur sem takmarka umrædda starfsemi þess. Slíkar reglur þurfa að vera skilvirkar, einfaldar og gagnsæjar þannig að auðvelt verði að fylgja þeim eftir bæði fyrir félagið sjálft, keppinauta þess og til þess bæra eftirlitsaðila. Nauðsynlegt er að reglurnar feli m.a. í sér að sett verði ófrávíkjanleg gjaldskrá sem lúti staðfestingu og eftirliti, svokallaðar fríbirtingar verði óheimilar, auglýsingatíma verði settar skorður svo og allri markaðssókn, óheimilt verði að birta auglýsingar inni í dagskrárefni og kostun verði óheimil enda skapar hún ógagnsæi og er til þess fallin að mismuna viðskiptamönnum félagsins.

Fyrsti minni hluti telur það ámælisvert að ekki skuli vera gerð tilraun til að taka tilliti til athugasemda Samkeppniseftirlitsins við samningu frumvarps til laga um fjölmiðla. Þar með verður þeim ójafna leik sem ríkir milli einkarekinna fjölmiðla og Ríkisútvarpsins haldið áfram.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri eftirlitsstofnun – Fjölmiðlastofu – með starfsemi íslenskra fjölmiðla. Valdsvið Fjölmiðlastofu verður víðtækt og getur haft mikil áhrif á starfsemi fjölmiðla. Ákvarðanir Fjölmiðlastofu verða fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Vilji forráðamenn fjölmiðils ekki una úrskurðinum þá er þeim nauðugur sá kostur að höfða mál fyrir dómstólum með viðeigandi kostnaði.

Hugmyndin að stofnun Fjölmiðlastofu er ekki síst varhugaverð vegna þess hve einstök ákvæði í frumvarpinu eru óljós og opin fyrir túlkun hinnar opinberu eftirlitsstofnunar og starfsmanna hennar. Þá er ráðherra mennta- og menningarmála færð mikil völd yfir fjölmiðlun með heimild til setningar reglugerða. Einnig er ljóst að ákvæði frumvarpsins er varðar eftirlitshlutverk Fjölmiðlastofu skarast á við ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar er Neytendastofu falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna sem meðal annars hafa að geyma ákvæði um auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir. Augljóst er að verksvið hinnar nýju eftirlitsstofnunar með fjölmiðlum og Neytendastofu mun skarast og tilraunir til að setja óljós ákvæði inn í frumvarpið um samstarf þessara stofnana leysir ekki þann vanda. Óskýr valdmörk hafa skapað mikil vandamál hér á landi og er því sérstaklega varhugavert að fara fram með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Í þessu sambandi er vert að benda á grein Páls Hreinssonar, hæstaréttardómara og formanns rannsóknarnefndar Alþingis sem birtist í Tímariti lögfræðinga, 4. tbl. árið 2005. Þar segir meðal annars um vandamál sem sem fylgja óskýrum valdmörkum: „Í fyrsta lagi getur farið mikill tími og fjármunir í valdabaráttu á milli stofnana á hlutaðeigandi sviði sem oftast

kemur niður á borgurunum sem leita þurfa eftir afgreiðslu með mál sín. Opinberir fjármunir fara því til spillis auk þess sem almenningur fær ekki viðunandi þjónustu frá hinu opinbera. Í öðru lagi getur það gerst, ef um erfiðan og óvinsælan málaflokk er að ræða, að ekkert stjórnvald vilji kannast við að það sé bært á hlutaðeigandi sviði. Þegar svo stendur á koma borgararnir „að lokuðum dyrum“ hjá stjórnvöldum og fá ekki úrlausn mála sinna. Hvorugur kosturinn er góður og því er það þýðingarmikið að vandað sé til löggjafar þegar mælt er fyrir um valdmörk stjórnvalda.“

Veruleg hætta er á að réttaróvissa skapist við framkvæmd laga um fjölmiðla nái frumvarp þetta fram að ganga. Þá virðist sem ákvæði um eftirlit Fjölmiðlastofu með auglýsingum og viðskiptaorðsendingum í fjölmiðlum séu byggð á misskilningi enda er slíkt eftirlit þegar í höndum Neytendastofu, eins og áður er vikið, samkvæmt lögum nr. 57/2005 sem aftur byggjast á Evrópurétti. Fyrirhugað verksvið Fjölmiðlastofu mun ekki aðeins skarast við verkefni Neytendastofu heldur einnig að hluta við það eftirlit sem Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að sinna. Í umsögn stofnunarinnar er bent á þetta en þar segir: „Jafnframt er bent á að verkefni fyrirhugaðrar Fjölmiðlastofu eru skyld þeirri eftirlitsstarfsemi sem að Póst- og fjarskiptastofnun hefur með höndum, enda hefur samþætting fjarskipta og fjölmiðlunar farið vaxandi á undanförnum árum með auknum tækniframförum. Víða í nágrannalöndum okkar hefur systurstornunum Póst- og fjarskiptastofnunar verið falið það eftirlit sem ætlað er Fjölmiðlastofu í frumvarpinu. Vegna þessa má ætla að til staðar sé talsverð reynsla af framkvæmd fjarskiptaeftirlits og fjölmiðlaeftirlits hjá einu og sama stjórnvaldinu.“

Fyrsti minni hluti varar einnig við þeim valdheimildum sem Fjölmiðlastofu eru veittar samkvæmt frumvarpinu og lúta að afskiptum af skipulagi og vinnubrögðum á fjölmiðlum. Eindregið er varað við því að veita opinberri stjórnsýslustofnun slík völd og sú hætta skapast að gengið verði á rétt frjálsrar fjölmiðlunar. Slíkt er andstætt öllum hugmyndum um lýðræði og nauðsynlegt aðhald fjölmiðla að stjórnvöldum og gengur þvert á markmið frumvarpsins skv. 1. gr. þess.

Fyrsti minni hluti telur farsælast að leggja frumvarp til laga um fjölmiðla til hliðar og hefja vinnu við heildstæða rammalöggjöf þar sem meðal annars er tekið á samkeppnismálum einkarekinna fjölmiðla og Ríkisútvarpsins. Samhliða verði lög um Ríkisútvarpið endurskoðuð frá grunni með það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði og koma á heilbrigðri samkeppni.

Jafnframt er nauðsynlegt að huga að því hvort ekki sé skynsamlegra að binda reglur um hljóð- og myndmiðla, samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, í lög með breytingum á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, fremur en í rammalög um fjölmiðla. 1. minni hluti bendir á að samkvæmt frumvarpinu er gengið lengra í íþyngjandi kröfum gagnvart fjölmiðlum en gert er í reglum Evrópusambandsins. Þannig er þrengt mjög að auglýsingum í tengslum við barnaefni í sjónvarpi. Líklegt er að afleiðingin verði sú að framboð á góðu barnaefni í íslensku sjónvarpi muni dragast verulega saman, ekki síst á talsettu barnaefni og samkeppnisstaða íslenskra stjónvarpsstöðva gagnvart erlendum keppinautum versnar.

Einnig þarf löggjafinn að marka skýra stefnu er varðar eignarhald á fjölmiðlum og tryggja gegnsæi í þeim efnum. Reglur um eignarhald fjölmiðla verða ekki settar án þess að tryggt verði að eðlileg og sanngjörn samkeppni ríki á fjölmiðlamarkaði. Í þessu sambandi verður að huga að breytingum á samkeppnislögum sem miða meðal annars að því að markaðsráðandi fyrirtæki á öðrum sviðum geti ekki misnotað stöðu sína með því að beina viðskiptum sínum aðeins til eins fjölmiðils, óháð eðlilegum viðskiptalegum sjónarmiðum. Slíkt skekkir

samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði og dregur um leið úr sjálfstæði þess fjölmiðils sem nýtur auglýsingatekna frá viðkomandi aðila.

Alþingi, 1. sept. 2010.

Óli Björn Kárason, form., frsm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1462. Fyrirspurn [698. mál]

til fjármálaráðherra um auðlegðarskatt.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvernig var tekjudreifing þeirra sem greiða auðlegðarskatt, þ.e. tekjur á árinu 2009,
   a. fjáreignatekjur,
   b. launatekjur?
2. Hve margir hafa ekki tekjur skv. 1. tölul. til að greiða auðlegðarskatt?
3. Í hvaða löndum Evrópu er greiddur auðlegðarskattur (e. net wealth tax)? Hvað er undanþegið auðlegðarskatti í þeim löndum þar sem skatturinn er lagður á?
4. Hefur ráðuneytið kannað hvers vegna auðlegðarskattur hefur verið afnuminn í sumum Evrópulöndum?
5. Hefur ráðuneytið kannað hver raunskattlagning verður á fjáreignatekjur þegar 18% fjáreignatekjuskattur og 1,25% auðlegðarskattur er lagður saman?
6. Hefur ráðuneytið látið kanna hvar mörk eignarnáms og skattlagningar liggja þegar auðlegðarskattur er lagður á?

Skriflegt svar óskast.

1463. Fyrirspurn [699. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um þátttöku í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hvert er umfang þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi á sviði rannsókna og tækniþróunar, nýsköpunar, menntunar og menningar sem er til komið sérstaklega vegna aðildar Íslands að EES-samningnum?
2. Hefur verið unnið mat á árangri og áhrifum af þátttöku Íslendinga í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þess?
3. Hversu margir íslenskir aðilar hafa fengið styrki úr helstu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókna, tækniþróunar, nýsköpunar, náms eða menningarstarfs

(vegna kvikmyndagerðar, bókmennta, þýðinga, tónlistar o.s.frv.) frá gildistöku EES-samningsins?
4. Hvert er heildarumfang þessara styrkja og hversu mikið hafa Íslendingar þurft að greiða í aðildargjöld vegna þátttöku í þessu samstarfi?
5. Hversu stór hluti samstarfsverkefna sem notið hafa styrkja úr áætlunum Evrópusambandsins hefur verið undir forustu Íslendinga?
6. Hversu margir einstaklingar á Íslandi hafa með beinum hætti notið góðs af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins eftir að Ísland gerðist aðili að EES-samningnum árið 1993?

Skriflegt svar óskast.

1464. Nefndarálit [425. mál]

um frv. til skipulagslaga.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Hafstein Pálsson frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors, Hafdísi Hafliðadóttur og Þorvald Þorsteinsson frá Skipulagsstofnun, Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Hjalta Steinþórsson frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Guðjón Bragason og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörgu Stephensen og Ólöfu Örvarsdóttur frá Reykjavíkurborg, Pétur Bolla Jóhannesson frá Akureyrarbæ, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Magnús Sædal Svavarsson frá Félagi byggingarfulltrúa, Hall Kristinsson og Einar Pál Tamimi frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Hermann Georg Gunnlaugsson frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Bjarka Jóhannesson frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Sigríði Magnúsdóttur, Árna Kjartansson og Þorkell Magnússon frá Arkitektafélagi Íslands. Nefndinni bárust umsagnir frá Landmælingum Íslands, Grímsnes- og Grafningshreppi, Fjallabyggð, Húnavatnshreppi, K. Huldu Guðmundsdóttur, Orkustofnun, Sveitarfélaginu Skagafirði, Reykjanesbæ, Samkeppniseftirlitinu, Sveitarfélaginu Árborg, Háskólanum á Akureyri, Norðurþingi, Byggðastofnun, Félagi atvinnurekenda, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Hjalta Steinþórssyni, Húsafriðunarnefnd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Vegagerðinni, Vinnueftirlitinu, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Grundarfjarðarbæ, Landssamtökum skógareigenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sjálfsbjörg, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Skipulagsstofnun, Sveitarfélaginu Árborg, Bláskógabyggð, Fasteignaskrá Íslands, Ferðamálastofa, Félag byggingarfulltrúa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fornleifavernd ríkisins, Landssamtökum landeigenda, Mosfellsbæ, ríkislögreglustjóra, Öryrkjabandalagi Íslands, Akureyrarbæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Skútustaðahreppi, Arkitektafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Fljótsdalshéraði, Landsneti ehf. Landvernd, Norðurþingi, Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Garði, Sveitarfélaginu Ölfusi, Akraneskaupstað, Brunamálastofnun,

Leið ehf., Sandgerðisbæ, Samtökum verslunar og þjónustu, Landsvirkjun, Skorradalshreppi, Ísafjarðarbæ og Stjórn Torfusamtakanna.

Um frumvarpið.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki (426. mál) og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunavarnir (427. mál). Frumvörpin voru síðast lögð fram á 135. þingi og eru nú lögð fram nú nokkuð breytt þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til vinnu umhverfisnefndar á 135. þingi. Nefndin sendi málin tvisvar út til umsagnar og í síðara skiptið sumarið 2008 með drögum að breytingartillögum og nefndaráliti til skýringar. Málin náðu þó ekki fram að ganga á því þingi. Frumvarpinu er ásamt frumvarpi til laga um mannvirki ætlað að leysa af hólmi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og er stefnt að því að greina milli skipulagsmála og mannvirkjamála. Markmið frumvarpsins er að auka gæði skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar geti komið athugasemdum sínum á framfæri við viðkomandi sveitarfélög. Í frumvarpinu eru skýrari fyrirmæli um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana en í núgildandi lögum. Helstu nýmæli frumvarpsins felast í þessu aukna samráði og kynningu gagnvart almenning og opinberum aðilum við gerð skipulagsáætlana, auk þess sem frumvarpinu er ætlað að auka skilvirkni og sveigjanleika við skipulagsgerð. Þá er kynnt ný stefnumörkun ríkisins við skipulagsgerð, svokölluð landsskipulagsstefna sem leysir af hólmi fyrri tillögur um landsskipulag.

Frumvarpið var rætt samhliða framangreindum frumvörpum til laga um mannvirki og til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Þau atriði þessa máls sem hlutu hvað mesta umfjöllun í nefndinni voru landsskipulagsstefna, kostnaður við gerð skipulagsáætlana, gjaldtökuákvæði frumvarpsins, staðfesting skipulags og tímafrestir því tengdir, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, svæðisskipulag, gildistími deiliskipulags, deiliskipulag í þegar byggðum hverfum og takmarkanir á bótaskyldu sveitarfélaga vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi.

Skilgreiningar.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna allnokkrar skilgreiningar til skýringar á texta þess. Nefndin ræddi sérstaklega hugtökin *landslag* og *sjálfbær þróun* sem ekki eru skilgreind í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að þessi hugtök séu skilgreind og leggur því til breytingar þess efnis. Við skilgreiningu á síðarnefnda hugtakinu er notast við sambærilega skilgreiningu og er í lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, sbr. lög nr. 83/2010 enda rétt að gæta lagasamræmis. Sú skilgreining byggist á 1. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992. Skilgreining landslags er að hluta fengin úr landslagssáttmála Evrópu sem til stendur að innleiða á Íslandi. Fyrir nefndinni var hreyft þeim sjónarmiðum að mikilvægt væri að markmið laganna skv. e-lið væri ekki einungis að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla heldur jafnframt frágengi, auk þess sem mikilvægt væri að skilgreina aðgengi fyrir alla. Nefndin bendir á að almenn skýring á aðgengi sé að í því felist m.a. að fólk komist inn og út og því sé frágengi falið í hugtakinu, sbr. t.d. skýringu í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um mannvirki þar sem segir að með aðgengi sé átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. við bruna. Þá leggur nefndin til að bætt verði við 3. gr. frumvarpsins skilgreiningu á hugtökunum *aðgengi fyrir alla* og *algild hönnun*. Skýringar á hugtökunum eru byggðar á þýðingu félags- og tryggingamálaráðuneytisins úr samningi Sameinuðu þjóðanna

um réttindi fatlaðs fólks sem undirritaður var af Íslands hálfu 30. mars 2007 og unnið er að lögfestingu á í félags- og tryggingamálaráðuneyti. Nefndin leggur að auki til nokkrar frekari breytingar á hugtökum, m.a. til leiðréttingar og til að gæta samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Skipulagsvald á sendiráðssvæðum.

Á fundum nefndarinnar komu fram sjónarmið þess efnis að tryggja yrði að skýrt væri kveðið á um hvernig væri háttað skipulagsvaldi og málsmeðferð á sendiráðssvæðum. Fyrir liggur úrskurður úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál, nr. 60/2005, þar sem úrskurðarnefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki sem handhafi stjórnsýsluvalds lögsögu um rétt eða skyldur sendiráðs og yrði úrskurði er varðaði sendiráðssvæðið ekki framfylgt að íslenskum lögum. Nefndin áréttar mikilvægi þess að í lögum komi fram hvaða málsmeðferðarreglur gilda á sendiráðssvæðum. Nefndin telur þetta álitamál þó þurfa frekari skoðunar við og ekki vera þess eðlis að það hamli því að frumvarpið nái fram að ganga þótt það sé óútkljáð. Því beinir nefndin því til umhverfisráðuneytis að vinna að samningu reglna hér um í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Svæðisskipulag.

Nefndin ræddi ítarlega um svæðisskipulag og þær aðstæður sem kunna að koma upp ef ekki næst sátt um svæðisskipulag enda tekur slíkt skipulag ekki gildi fyrr en allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið þess efnis að brýnt væri að setja málsmeðferðarreglur til að unnt væri að ná niðurstöðu um svæðisskipulag. Skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaga og er einungis framseljanlegt í samræmi við ákvæði laga, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þar er þó skýrt kveðið á um að fullnaðarvald til samþykktar svæðisskipulagi verði ekki framselt og svæðisskipulag sé því ávallt háð samþykki sveitarstjórnar. Nefndin telur mikilvægt að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og leggur því ekki til reglur þess efnis að meiri hluti geti þvingað fram úrlausn í óþökk eins eða fleiri sveitarfélaga eða að ráðherra verði falið úrskurðarvald nái svæðisskipulagsnefnd ekki niðurstöðu. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að sátt náist um svæðisskipulag og beinir því til ráðuneytis að fylgjast með framvindu mála og skoða í samráði við sveitarfélögin hvernig bæta megi ákvæði varðandi málsmeðferð svæðisskipulags til að tryggja að ákvæðin nái fram markmiði sínu.

Í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um að svæðisskipulagsnefndir sem nú eru starfræktar skuli starfa þar til nýjum nefndum hefur verið komið á fót í samræmi við lögin. Leggur nefndin til þá breytingu að séu hlutaðeigandi sveitarfélög samþykk því geti þær svæðisskipulagsnefndir sem starfa við gildistöku laganna lokið vinnu sinni enda hníga rök að því að sé vinna langt á veg komin sé betra að ljúka henni en að hefja hana að nýju

III. kafli, landsskipulagsstefna.

III. kafli frumvarpsins fjallar um landsskipulagsstefnu. Í landsskipulagsstefnu skulu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Nefndin áréttar að hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og mundu hér undir falla t.a.m. áætlanir um flutningskerfi raforku og fjarskiptastefna svo að fátt eitt sé nefnt. Í 10. gr. er kveðið á um að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana sinna eða breytinga á þeim. Mikilvægt er að samræmis sé gætt í skipulagsgerð en jafnframt að skipulagsvald sveitarfélaga sé virt. Nefndin leggur

til þá breytingu á ákvæðinu að telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana geri hún rökstudda grein fyrir því. Rökstuðningurinn fylgi svo með skipulagstillögu þegar hún er send Skipulagsstofnun í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er Skipulagsstofnun ætlað að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu. Þá er stofnuninni skv. 4. gr. laga um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, m.a. ætlað að taka ákvörðun um hvort áætlun sé háð umhverfismati. Stofnuninni er þannig ætlað viðamikið hlutverk við gerð landsskipulagsstefnu og jafnframt að kveða á um hvort stefnan sé háð lögum um umhverfismat, vinni matið og hafi eftirlit með því. Nefndin leggur til þá breytingu að ráðherra verði gert að skipa hverju sinni tímabundna sjö manna verkefnisstjórn til að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu. Gert er ráð fyrir því að Skipulagsstofnun vinni með verkefnisstjórninni og í hana verði skipaðir fulltrúar stofnana og aðila sem hafa þekkingu sem nýtist við vinnuna. Leggur nefndin til að nánar verði kveðið á um störf verkefnisstjórnar í skipulagsreglugerð.

Skipulagsskylda og skipulagsmörk sveitarfélaga.

Í 12. gr. laganna er kveðið á um skipulagsskyldu og m.a. taldir upp nokkrir þeirra þátta sem marka skal stefnu um í skipulagsáætlunum. Nefndin áréttar að ekki er um tæmandi talningu að ræða en telur þó mikilvægt að í upptalningu sé getið landslags og náttúruvár þannig að jafnframt verði skylt að marka stefnu varðandi þá þætti.

Nefndin ræddi nokkuð mörk sveitarfélaga til hafsins og skipulagslögsögu þeirra en mörkin miðast við netlög. Nefndin fékk þær upplýsingar frá umhverfisráðuneyti að verið væri að fara í norrænt samstarf við að skoða reglur á þessu sviði. Þá væri búið að stofna nefnd á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem fulltrúi umhverfisráðuneytis ætti sæti í. Verkefni nefndarinnar væri m.a. að fara yfir þörf á löggjöf varðandi skipulagsmál á hafi og stefndi nefndin á að ljúka starfi sínu í lok þessa árs. Ljóst er þó að sveitarfélög hafa hagsmuna að gæta af framkvæmdum undan landi þó að þær séu utan netlaga. Með lögum nr. 166/2008 var lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, breytt og var þá m.a. færð í lög sú regla að áður en Orkustofnun veitir leyfi til leitar að kolvetni skuli stofnunin leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum. Í lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, er kveðið á um sambærilegan umsagnarrétt við skiptingu fiskeldissvæða og veitingu leyfa til fiskeldis. Nefndin áréttar að sveitarfélög hafa ríkra hagsmuna að gæta og telur mikilvægt að þessi umsagnarréttur sé til staðar í þeim lögum sem kveða á um framkvæmdaleyfi þannig að samræmi verði við allar leyfisveitingar sem kveðið er á um í sérlögum. Því er lögð til sú breyting á 13. gr. frumvarpsins að sé framkvæmdaleyfi gefið út á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum skal leyfisveitandi leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga áður en leyfið er veitt. Þá hefur nefndin rætt að leggja til sambærilega breytingu við frumvarp til laga um mannvirki vegna útgáfu byggingarleyfa.

Framkvæmdaleyfi.

Í 13.–15 gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um framkvæmdaleyfi. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að betur færi á því að setja þessi ákvæði í mannvirkjalög og tryggja jafnframt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum þar sem nokkur misbrestur hefði verið á því. Í gildandi skipulags- og mannvirkjalögum er það svo að framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi eru háðar framkvæmdaleyfi, ekki er hróflað við því fyrirkomulagi með fyrirliggjandi frumvörpum til skipulagslaga og laga um mannvirki. Mannvirki eru

þannig ekki háð framkvæmdaleyfi og því vandséð að slík leyfi eigi heima í þeirri löggjöf. Skipulagsfrumvarpið tekur aftur á móti á skipulagi við nýtingu lands og landgæða hvort sem er undir mannvirki eða annað. Leggur nefndin því ekki til breytingu á þessu.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að útgáfa framkvæmdaleyfis sé m.a. háð því að sveitarstjórn hafi staðfest samþykkt skipulagsnefndar, eða annars aðila sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., um veitingu framkvæmdaleyfis. Er ákvæðið ósamræmanlegt 6. gr. frumvarpsins þar sem er að finna heimild til handa sveitarstjórnum að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála. Nefndin leggur til breytingar á ákvæðinu enda ljóst af skýringum við 15. gr. að reglunni er ætlað að vera á þá leið að útgáfa leyfisins sé háð því að sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., hafi samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis.

Nefndin ræddi jafnframt gildistíma framkvæmdaleyfa og hvenær framkvæmd teldist hafin í skilningi laganna og hvenær hún teldist stöðvuð enda væri mikilvægt að ekki væri hægt að hefja framkvæmdir eða halda þeim áfram að nýju í skilningi laganna með málamyndagjörningi og stöðva þær svo til þess eins að láta tímafresti ákvæðisins byrja að líða að nýju. Í frumvarpi til laga um mannvirki er í sambærilegu ákvæði um gildistíma byggingarleyfis regla þess efnis að kveða skuli á um það í reglugerð hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar. Telur nefndin mikilvægt að sambærileg regla sé í ákvæðum um framkvæmdaleyfi og leggur til breytingu á því til samræmis við 45. gr. þar sem kveðið er á um reglugerðir.

Í 4. mgr. 15. gr. er kveðið á um að hafi framkvæmd stöðvast í tvö ár geti sveitarstjórn að tillögu skipulagsnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa. Telur nefndin sex mánuði of langan tíma í þessu tilfelli og leggur til að hann verði styttur í þrjá mánuði en áréttar jafnframt að um heimildarákvæði er að ræða.

Gjaldtaka.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gjaldtöku vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa. Í nefndinni var nokkuð rætt um álagningu skipulagsgjalds sem er innheimt þegar bygging hefur verið virt til brunabóta. Á fundum nefndarinnar var fyrirkomulag gjaldtökunnar gagnrýnt þar sem það geti leitt til þess að skipulagsgjaldið leggist ekki á byggjanda fasteignar heldur kaupendur hennar. Nefndin telur rétt að breyta þessu svo að skipulagsgjaldið sé greitt fyrr í ferlinu og reiknist í hlutfalli við nýtingarrétt á lóðinni þannig að greitt verði í samræmi við byggingarrétt á lóðinni óháð því hvort hann er nýttur eða ekki. Nefndin bendir þó á að tryggja þarf að breytingin feli ekki jafnframt í sér breytingu á fjárhæð skipulagsgjalds sem innheimt er og telur að skoða þurfi útfærslu ákvæðisins betur. Bendir nefndin í þessu samhengi á að enn er nokkur tími til gildistöku og beinir þeim tilmælum til umhverfisráðuneytis að það vinni breytingu á skipulagsgjaldinu áður en til hennar kemur. Í 17. gr. er jafnframt kveðið á um að gjaldið myndi lögveð í eigninni sem gangi framar öllum veðkröfum sem á henni hvíla. Leggur nefndin til breytingar á þessu til samræmis við almennar reglur veðréttar þannig að lögveðið gangi framar öllum samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að skoða þyrfti hvort gætt væri jafnræðis með sveitarfélögum þegar kæmi að greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu, sbr. 18. gr. frumvarpsins, þar sem sveitarfélög fengju mismikið greitt úr Skipulagssjóði eftir því hvernig þau haga skipulagsvinnu sinni. Nefndin beinir því til ráðuneytis að fara ítarlega yfir þessi mál og meta hvort breytinga sé þörf.

Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um bílastæðagjald. Nefndin leggur til þá breytingu að gjaldinu fylgi lögveð í eigninni líkt og er með skipulagsgjald. Þá var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að ákvæði 28.3 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 hefði ekki nægilega stoð í lögum. Í ákvæðinu er kveðið á um að bílastæðagjald verði ekki endurgreitt þótt byggingarleyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess. Jafnframt að hið sama gildi ef notkun húss er breytt þannig að kröfur um fjölda bílastæða vegna þess séu minni en voru vegna fyrri notkunar þess. Ljóst er að sveitarstjórnir hafa oft þegar ráðstafað gjaldinu til að mæta fyrirhugaðri bílastæðaþörf og því nauðsynlegt að setja tímamörk á endurgreiðslukröfu gjaldsins. Telur nefndin ár vera hæfilegt í þessu tilviki, enda er það m.a. til samræmis við gildistíma byggingarleyfis þar sem í 14. gr. frumvarps til laga um mannvirki er kveðið á um að byggingarleyfi falli úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess.

Fyrirsögn 20. gr. frumvarpsins er *Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu* enda fjallaði greinin um hvort tveggja þegar frumvarpið var lagt fram á 135. þingi. Ákvæði greinarinnar í framlögðu frumvarpi á nú einungis við um framkvæmdaleyfisgjald. Þó er að finna í athugasemdum við 17. gr. vísun til fyrrum 2. mgr. 20 gr. þess efnis að sveitarstjórn hafi heimild til að innheimta gjald þar sem nauðsynlegt er að vinna skipulagsáætlun eða breyta henni vegna leyfisskyldra framkvæmda. Nefndin ræddi ítarlega gjaldtöku fyrir skipulagsvinnu og telur sterk rök hníga að því að sá sem verður til þess að vinna þarf nýtt eða breytt skipulag greiði fyrir slíka vinnu. Vinna af þessu tagi er oft tímafrek og kostnaðarsöm og mikilvægt að sveitarstjórnir geti sett gjaldskrá og innheimt útlagðan kostnað. Greiðsla eftir gjaldskrá vegna skipulagsvinnu felur þó ekki í sér ígildi afgreiðslu á skipulagi enda fer um hana samkvæmt öðrum ákvæðum. Nefndin leggur því til breytingu til samræmis við frumvarpið eins og það var lagt fram á 135. þingi.

Samkvæmt 38. gr. frumvarpsins getur landeigandi eða framkvæmdaraðili að fenginni heimild sveitarstjórnar unnið tillögu að nýju eða breyttu deiliskipulagi á sinn kostnað. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að óeðlilegt væri að landeigandinn eða framkvæmdaraðilinn væri gerandinn í þessu enda mundi hann þá stýra slíkri vinnu. Eðlilegra væri að hann gæti óskað eftir slíkri skipulagsvinnu og að hún yrði þá gerð af sveitarstjórn sem fer með skipulagsvaldið, í samræmi við önnur ákvæði laganna. Leggur nefndin til breytingu þessu til samræmis.

Auglýsing skipulagstillagna og athugasemdir við tillögur.

Í 24., 31. og 41. gr. er fjallað um tilhögun auglýsinga á skipulagstillögum og kveðið á um að frestur til að gera athugasemdir við tillögur skuli ekki vera skemmri en sex vikur. Í 24. gr. er kveðið á um að svæðisskipulagstillaga skuli vera til sýnis eigi skemur en fjórar vikur en sambærileg tímamörk eru ekki í ákvæðum um auglýsingu aðal- og deiliskipulagstillagna. Til að samræma tímafresti leggur nefndin til þá breytingu að í öllum tilfellum verði tillögur til sýnis jafnlengi og athugasemdafrestur um tillöguna er. Þá telur nefndin rétt að benda á 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda og áréttar mikilvægi þess að þeim sem gera vilja athugasemdir við skipulagsáætlanir sé veitt nauðsynleg leiðbeining við það. Leiðbeiningar og upplýsingar skv. 7. gr. stjórnsýslulaga er hægt að veita bæði skriflega og munnlega og með almennum hætti. Ávallt þarf þó að gefa aðilum einstaklingsbundnar leiðbeiningar sé eftir þeim leitað.

Staðfesting aðal- og svæðisskipulags.

Nefndin ræddi nokkuð ítarlega fullnaðarvald til að staðfesta aðal- og svæðisskipulagstillögur en samkvæmt frumvarpinu er það vald hjá ráðherra. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt talsvert af umsagnaraðilum og gestum nefndarinnar enda felur það í sér að ekki er unnt að kæra staðfestingu þessara skipulaga til æðra stjórnvalds. Í frumvarpi því sem lagt var fram á 135. þingi var vald til að staðfesta tillögurnar hjá Skipulagsstofnun en teldi stofnunin að synja bæri staðfestingar skyldi hún senda tillöguna og rökstuðning sinn til ráðherra sem hefði þá fullnaðarvald um staðfestingu eða synjun að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Nefndin telur rétt að breyta fyrirkomulaginu í fyrra horf og í samræmi við frumvarpið eins og það var lagt fram á 135. þingi.

Rammahluti aðalskipulags.

Í 28. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um að heimilt sé að gera rammahluta aðalskipulags. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að fella ætti rammahluta aðalskipulags út þar sem ekki væri um eiginlegt skipulagsstig að ræða. Nefndin áréttar að þó svo að ekki sé um skyldubundið skipulagsstig að ræða geti engu síður verið um mikilvægt tæki að ræða fyrir sveitarfélög sem kallað hafa eftir lagaheimild til að gera rammahluta aðalskipulags. Hann veitir enn fremur tæki og tækifæri á því að færa samráð framar í skipulagsferli og hugsanlega einfalda skipulagsgerð.

Deiliskipulag og hverfisskipulag.

Nefndin ræddi nokkuð ítarlega deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið þess efnis að slíkt skipulag reyndist illa í grónum hverfum og nauðsynlegt væri að koma á hverfisskipulagi sem gerði sveitarstjórn kleift að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Þessar reglur væri hægt að setja í sameiningu og samvinnu við íbúa auk þess sem unnt yrði að skilgreina afmörkuð þróunarsvæði. Telur nefndin um mjög athyglisverða hugmynd að ræða sem geti flýtt skipulagsferli og henti mun betur fyrir eldri hverfahluta sveitarfélaga. Í slíku hverfisskipulagi þyrfti ekki að uppfylla sömu kröfur og í áætlunum um nýja byggð varðandi byggingarreiti, byggingarlínur, kótasetningu, nýtingarhlutfall og byggingarmagn heldur yrði unnt að setja almennar reglur um yfirbragð byggðar með aukinni áherslu á að kortleggja sérkenni hennar og setja almenna rammaskilmála um breytingu á eldra húsnæði. Nefndin leggur til breytingu á 37. gr. þessu til samræmis og að frekari reglur um hverfisskipulag verða settar í reglugerð.

Nefndin ræddi bótaskyldu sem stofnast þegar deiliskipulagi er breytt. Umsagnaraðilar lögðu áherslu á heildarúttekt á hlutlægri bótareglu enda töldu þeir mikilvægt að tryggja að ekki stofnaðist réttur lóðarhafa til skaðabóta ef sveitarfélag ákvæði að endurskoða gildandi skilmála á því svæði sem lóð hans stæði á. Nefndin áréttar að mikilvægt er að ákvæði frumvarpsins, sbr. ákvæði gildandi laga, um bótaábyrgð verði tekin til ítarlegrar skoðunar með tilliti til hagsmuna sveitarfélaga við þróun og breytingar á skipulagi. Í því samhengi þurfi þó jafnframt að skoða hagsmuni þeirra sem kunna hugsanlega að eiga eignarréttindi á grundvelli samþykkts skipulags. Nefndin telur ljóst að breytingar af þessu tagi þurfi frekari skoðunar við og beinir því til umhverfisráðuneytis að hefja vinnu við skoðun á ákvæðunum í samráði við hlutaðeigandi aðila og sérfræðinga.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að ekki bæri að skylda sveitarfélög til að taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 40. gr., þegar um væri að ræða breytingu á deiliskipulagi. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og leggur til breytingu á 43. gr. því til samræmis.

Í 42. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sveitarfélög skuli senda Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn. Í umsögnum voru reifuð sjónarmið þess efnis að ekki bæri að skylda sveitarstjórnir til að senda Skipulagsstofnun deiliskipulag til yfirferðar heldur væri nægilegt að senda það henni til kynningar og varðveislu. Nefndin áréttar að skipulagsmál snúast um velferð og öryggi borgara og því er hér um mikilvægt gæðaeftirlit að ræða. Skipulagsstofnun er jafnframt ætlað að halda gagnagrunn fyrir deiliskipulög ásamt því að vera sveitarfélögum innan handar við gerð deiliskipulags. Þau sveitarfélög sem eru verr í stakk búin að annast gerð skipulagsins geta þannig leitað í þá þekkingu sem Skipulagsstofnun býr yfir. Nefndin áréttar jafnframt að þótt sveitarfélögum sé skylt að senda Skipulagsstofnun afrit deiliskipulags ber þeim ekki skylda til að fara eftir þeim athugasemdum sem stofnunin gerir við það. Þó telur nefndin rétt að sveitarfélög geri rökstudda grein fyrir ástæðum sínum ef ekki er farið að athugasemdum.

Nefndinni var greint frá því að nokkur misbrestur hefði orðið á því að sveitarfélög samþykktu formlega deiliskipulag í sveitarstjórn eða birtu auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt og auglýst í B-deild og því hafa komið tilfelli þar sem unnið er eftir ósamþykktu skipulagi. Leggur nefndin því til breytingar þess efnis að sé deiliskipulagið ekki samþykkt í sveitarstjórn innan árs frá því að athugasemdafrestur rann út skuli hefja nýtt ferli þar sem tillagan er auglýst á nýjan leik. Þá verði jafnframt skilyrt að eftir samþykkt deiliskipulags sé það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar ella teljist tillagan ógild og ferlið hefst að nýju.

Sé gerð breyting á samþykktu deiliskipulagi fer um hana líkt og nýtt deiliskipulag. Í 2. mgr. 43. gr., sbr einnig 44. gr., er þó kveðið á um að slíkt þurfi ekki að gera sé breytingin óveruleg heldur sé þá nægilegt að grenndarkynna. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að orðalagið væri mjög matskennt og þörf væri á frekari viðmiðum. Þá voru nefndinni kynnt sjónarmið þess efnis að eðlilegt væri að útskýra óverulega breytingu út frá því á hverja hún hefði áhrif. Ef unnt væri þannig að ná til allra sem breytingin hefði áhrif á teldist hún þar með óveruleg og grenndarkynning dygði til. Ef breytingin hefði víðtæk áhrif og ekki væri hægt að ná til allra þeirra sem hún hefði áhrif á teldist hún veruleg. Nefndin telur vert að skoða þessa skilgreiningu á óverulegri breytingu og athuga hvort unnt sé að nýta hana, eina eða með öðrum, við setningu reglugerðar. Nefndin leggur ekki til breytingu á ákvæðinu enda telur hún að efnið rúmist innan 2. og 5. mgr. 45. gr. frumvarpsins.

Forkaupsréttur að fasteignum.

Í 49. gr. er kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga að fasteignum. Telur nefndin mikilvægt að forkaupsrétti sé þinglýst á eignir sem sveitarstjórn áskilur sér forkaupsrétt að og leggur til breytingu þess efnis.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Ákvæði um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er að finna í 52. gr. frumvarpsins. Í umsögnum um frumvarpið kemur fram gagnrýni á afgreiðslutíma úrskurðarnefndarinnar enda er miklum fjölda mála vísað til hennar. Á fundum nefndarinnar kom fram

að nokkuð hefði áunnist í að vinna upp þann mikla fjölda mála sem biðu úrskurðar en þó væri enn langur biðtími eftir úrskurðum. Þá sé oft um flókin og viðamikil mál að ræða sem eðlilega þurfi nokkurn tíma til afgreiðslu. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að sex mánuðir séu langur afgreiðslutími en vísar þó til almennrar málshraðareglu stjórnsýslulaga þess efnis að mál skuli afgreiða eins fljótt og auðið er auk þess sem unnt er að fá bráðabirgðaúrskurði í skyndi til að stöðva framkvæmdir. Nefndin áréttar mikilvægi þess að frestir standi og bendir á að samkvæmt gildandi lögum er kveðið á um þriggja mánaða afgreiðslutíma en hann er þó oft mun lengri. Þá kom fram á fundi nefndarinnar að enn er verið að vinna upp mál sem safnast hafa fyrir hjá úrskurðarnefndinni. Nefndin telur því rétt að umhverfisráðuneytið leiti leiða, í samvinnu við úrskurðarnefndina, til að anna þeim málafjölda sem til hennar er vísað og standa við lögbundna úrskurðarfresti mála.

Nefndin leggur til breytingu á ákvæði um úrskurðarnefndina þess efnis að staðgengill forstöðumanns hennar gegni störfum formanns í forföllum hans, enda er formaður nefndarinnar jafnframt forstöðumaður nefndarinnar. Er hér einkum horft til þess að í lengri forföllum kemur til nokkurs kostnaðarauka þar sem greiða þarf varaforstöðumanni staðgengilslaun en jafnframt þarf að greiða varaformanni laun fyrir að gegna stöðu formanns. Þá telur nefndin vert að árétta að sveitarfélög hafa vissulega málskotsrétt til dómstóla enda eigi þau lögvarðra hagsmuna að gæta. Nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um þetta atriði og sveitarfélög m.a. óskað eftir slíkum beinum málskotsrétti og rétti til að fara með niðurstöður nefndarinnar fyrir dóm. Kemur þetta m.a. glöggt fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2000 í frávísunarmáli nr. E-2348/2000. Krafa Reykjavíkurborgar í því máli var að felldur yrði úr gildi úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála þess efnis að felld yrði úr gildi breyting á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar frá 1. október 1987. Frávísunarkröfunni var vísað frá og sagði í dómnum að Reykjavíkurborg sem stefnandi hefði lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um kröfu sína. Til að taka af allan vafa leggur nefndin þó til breytingu þessu til samræmis.

Stöðvun framkvæmda.

Í 5. mgr. 53. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Skipulagsstofnun geti stöðvað framkvæmdir á kostnað sveitarfélags sinni það ekki skyldu sinni til að stöðva framkvæmdir í samræmi við 1. og 2. mgr. greinarinnar. Telur nefndin að hér sé um óþarflega mikið inngrip í stjórnsýslu sveitarfélaga að ræða og sinni sveitarfélag ekki lögbundinni skyldu sinni geta aðilar leitað réttar síns eftir öðrum lögbundnum leiðum. Nefndin leggur því til að málsgreinin falli brott en að auki leggur nefndin til breytingar á 1. og 2. mgr. til leiðréttingar og samræmis við önnur ákvæði, sbr. og 6. gr. frumvarpsins.

Þá leggur nefndin til nokkrar lagfæringar og leiðréttingar á texta.

Afgreiðsla nefndar og frumvörp um mannvirki og brunavarnir.

Nefndin fjallaði um mál þetta samhliða frumvörpum til laga um mannvirki (426. mál) og til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 (427. mál). Nefndin náði þó ekki að ljúka umfjöllun sinni um þau mál en ljóst er að verði frumvarp þetta samþykkt geta þau lög ekki tekið gildi fyrr en Alþingi samþykkir frumvarp til laga um mannvirki enda er frumvörpunum ætlað að leysa af hólmi ein skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Frumvarp um brunavarnir er svo nátengt frumvarpi til laga um mannvirki þar sem Byggingarstofnun er ætlað stórt hlutverk í því síðarnefnda og lagt til í því fyrrnefnda að Brunamálastofnun verði lögð niður en verkefni hennar færð til hinnar nýju Byggingarstofnunar. Frumvörpin

þrjú eru því öll nátengd og ljóst að verði þau ekki öll samþykkt mun ný löggjöf á sviði skipulagsmála, mannvirkjamála og brunamála ekki taka gildi. Nefndin beinir því til ráðherra að leggja sem fyrst á næsta þingi fram frumvörp til laga um mannvirki og til laga um breytingu á lögum um brunavarnir svo að unnt verði að ljúka afgreiðslu málanna áður en til gildistöku nýrra skipulagslaga kemur. Brýnt er að setja ný lög á þessu sviði og hefur nefndin fullan hug á að vinna vel og örugglega þótt ekki hafi unnist tími til þess á yfirstandandi þingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Anna Margrét Guðjónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Þuríður Backman.	Mörður Árnason.	Gunnar Bragi Sveinsson.
Ólafur Þór Gunnarsson.	Kristján Þór Júlíusson.	Þór Saari.

1465. Breytingartillögur [425. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „varðveislu“ í b-lið komi: vernd.
2. Við 2. gr.
   a. Við bætist nýr málsliður er verði 1. málsl. og orðist svo: Í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir.
   b. Í stað orðanna „afmarkaða reiti“ í 5. tölul. komi: afmarkað svæði eða reiti.
   c. Skilgreiningin *Landsskipulagsstefna* orðist svo: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfisráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.
   d. Á eftir orðunum „einstakar lóðir“ í 16. tölul. komi: eða landsvæði.
   e. Á eftir orðunum „fjölda bílastæða“ í 17. tölul. komi: hæðarlegu, götur, stíga.
   f. Við 19. tölul. bætist: og leyfisveitingum þeim tengdum.
   g. Í stað orðanna „Landnýting miðað við brúttóflatarmál lands“ í 21. tölul. komi: Byggingarmagn miðað við flatarmál lands.
   h. Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
   Aðgengi fyrir alla: Þegar sjónarmið algildrar hönnunar eru höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.
   Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.

Landslag: Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.
Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar.

3. F-liður 4. gr. orðist svo: að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn, sbr. 11. gr., að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu.
4. Við 5. gr. Í stað orðsins „háskólapróf“ í 1. mgr. komi: háskólamenntun.
5. 3. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð, eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.
6. Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.
7. Við 11. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 1. málsl., svohljóðandi: Ráðherra skipar hverju sinni sjö fulltrúa í tímabundna verkefnisstjórn til að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.
   b. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 1. málsl. 1. mgr., 2. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. komi: verkefnisstjórn. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: hún. Í stað „Skipulagsstofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: verkefnisstjórnin.
   c. Í stað „Skipulagsstofnunar“ hvarvetna í greininni komi: verkefnisstjórnar.
   d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skipulagsstofnun skal sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu, sbr. f-lið 4. gr.
   e. Í stað „stofnunin“ í 1. málsl. 4. mgr. og „stofnunarinnar“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: verkefnisstjórnin; og: verkefnisstjórnar.
   f. Í stað „stofnunarinnar“ og „Stofnunin“ í 5. mgr. komi: sínum; og: Verkefnisstjórn.
   g. Í stað „stofnunarinnar“ í 6. mgr. komi: hennar.
8. Við 12. gr. Á eftir orðinu „samgöngur“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: landslag, náttúruvá.
9. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðunum „á landi“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: úr ám, vötnum.
   b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sé sótt um framkvæmdaleyfi á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum skal leyfisveitandi leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga áður en leyfið er veitt.
10. Við 15. gr.
    a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis.

b. Í stað orðanna „sex mánaða“ í 3. mgr. komi: þriggja mánaða.

11. 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. orðist svo: Því fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum.
12. Við 19. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er verði 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Bílastæðagjaldi fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Heimilt er að synja endurgreiðslu bílastæðagjalds ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess.
13. Við 20. gr.
    a. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
    Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn samhliða útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.
    b. Í stað „1. mgr.“ í 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi: 1. og 2. mgr.
14. Við 24. gr. Í stað orðanna „fjórar vikur“ í 3. málsl. komi: athugasemdafrestur.
15. Í stað 4. og 5. mgr. 25. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.
    Telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingar skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.
    Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.
16. Við 29. gr. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. komi: Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra í þeim tilvikum sem hann skal staðfesta aðalskipulag.
17. Við 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. bætast orðin: og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur.
18. Í stað 3. og 4. mgr. 32. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.
    Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rök-

studd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun eða frestun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Ráðherra synjar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

19. Við 37. gr.
    a. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála.
    b. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

       Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal heföbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinnar sem skal vera a.m.k. fimm ár en ekki lengri en fimmtán ár. Framkvæmdatími áætlunarinnar hefst við gildistöku áætlunarinnar en ef hann er ekki tilgreindur skal miða við fimmtán ár.

20. 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. orðist svo: Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.
21. Við 42. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

    Auglýsing tillögu að deiliskipulagi telst ógild hafi hún ekki verið samþykkt í sveitarstjórn innan árs frá því að athugasemdafresti tillögunnar lauk og skal slík tillaga auglýst á nýjan leik skv. 41. gr. áður en hún er samþykkt í sveitarstjórn. Birta skal auglýsingu um gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni. Hafi slík auglýsing ekki verið birt innan þess frests telst tillagan ógild og fer um hana í samræmi við 41. gr.
22. Við 1. mgr. 43. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
23. Við 45. gr.
    a. Á eftir orðunum „um gerð skipulagsáætlana“ í 1. mgr. komi: og um framkvæmdaleyfi.
    b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

       Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um landsskipulagsstefnu og málsmeðferð.
    c. Á eftir 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi ný málsgrein, svohljóðandi:

       Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um og skilgreina hverfisskipulag.
    d. Í stað orðsins „skipulagsreglugerð“ í 8. mgr. (er verði 10. mgr.) komi: reglugerð um framkvæmdaleyfi.
    e. Á eftir orðunum „eru háðar framkvæmdaleyfi“ í 8. mgr. (er verði 10. mgr.) komi: hvenær framkvæmd telst hafin.
    f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skipulagsreglugerð, reglugerð um framkvæmdaleyfi og leiðbeiningar.*
24. Við 47. gr. Orðin „sem skal þinglýsa“ falli brott.

25. Við 2. málsl. 2. mgr. 49. gr. bætist: og skal sveitarstjórn þinglýsa henni á viðkomandi eign.
26. Við 50. gr. Á eftir orðinu „fasteignir“ í 1. mgr. komi: hluta fasteigna.
27. Við 52. gr.
    a. Í stað orðanna „en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: og gegnir staðgengill forstöðumanns stöðu varamanns formanns.
    b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
       Sveitarstjórn er heimilt að höfða mál til þess að krefjast ógildingar á úrskurði nefndarinnar.
28. Við 53. gr.
    a. Í stað orðanna „eða hún hafin með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag“ í 1. mgr. komi: framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi.
    b. Í stað orðanna „leita samþykkis sveitarstjórnar“ í 2. mgr. komi: tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun.
    c. 5. mgr. falli brott.
29. Við ákvæði til bráðabirgða. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þær svæðisskipulagsnefndir sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu þó fá að ljúka störfum sínum séu öll hlutaðeigandi sveitarfélög því samþykk.

1466. Fyrirspurn [700. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hverjar eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar og framtíðarlífeyrisskuldbindingar í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu hins opinbera?
2. Á hvaða árabili koma þessar skuldbindingar til greiðslu miðað við áætlaðar meðallífslíkur þeirra sjóðfélaga sem eiga umrædd lífeyrisréttindi?
3. Telur ráðherra raunhæft að áætla að ríkissjóður og sveitarfélög muni að óbreyttu geta staðið undir umræddum skuldbindingum?
4. Hefur verið gerð áætlun um það í fjármálaráðuneytinu með hvaða hætti þessar skuldbindingar verða greiddar? Ef svo er, í hverju felst sú áætlun?

Skriflegt svar óskast.

1467. Nefndarálit [658. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp til breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands er að mati 1. minni hluta allsherjarnefndar fullkomlega vanbúið til afgreiðslu á Alþingi. Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér sameiningu ráðuneyta og getur 1. minni hluti tekið undir að ástæða sé til endurskoðunar í þeim efnum með það að markmiði að hagræða og efla skilvirkni og styrkleika stjórnsýslunnar með minni tilkostnaði. Frumvarpið er hins vegar hvorki nægilega undirbúið né rökstutt af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar og telur minni hlutinn því að heppilegast væri að ríkisstjórnin tæki málið aftur til umfjöllunar og legði síðan fram á Alþingi nýtt frumvarp að undangenginni nauðsynlegri undirbúningsvinnu, faglegu mati og eðlilegu samráði. Áður en lengra er haldið er þó rétt að geta þess að samkvæmt breytingartillögum meiri hutans er gert ráð fyrir að allstórum hluta þeirra breytinga, sem þar eru boðaðar, verði frestað. Vera kann að þar hafi gagnrýni á skort á undirbúningi og samráði haft einhver áhrif þótt ljóst sé að meginástæða frestunarinnar er af pólitískum rótum runnin.

Varðandi form frumvarpsins telur 1. minni hluti ástæðu til að vekja athygli á því að í 1. gr. frumvarpsins er einungis fjallað um breytingar á heitum ráðuneyta í Stjórnarráðslögunum sem fela í sér sameiningu tiltekinna ráðuneyta. Ekki fylgja breytingar á ákvæðum annarra laga sem óhjákvæmilega þurfa að verða samhliða slíkri breytingu. Hér skortir því verulega á um að undirbúningur sé fullnægjandi. Vert er að vekja athygli á því að við síðustu breytingar á Stjórnarráðslögunum, í árslok 2007 og sumarið 2009, var búið að vinna þessa lágmarksvinnu þegar við framlagningu frumvarpanna. Þessi fljótaskrift við samningu frumvarpsins er illskiljanleg í ljósi þess að þegar við myndun ríkisstjórnarinnar var því lýst yfir að stefnt væri að breytingum í þessa átt og við lagabreytinguna um mitt ár í fyrra var boðað að áfram yrði unnið að sameiningu ráðuneyta.

Í raun er þó alvarlegra að við undirbúning frumvarpsins virðist ekki hafa farið fram mat á stöðu mála í dag, reynslunni á nýlegum breytingum á Stjórnarráðinu, þörfinni á breytingum nú og þá hverjum eða líklegum árangri boðaðra breytinga á Stjórnarráðið sjálft og áhrifum þeirra á samfélagið. Í athugasemdum við frumvarpið er farið um þessi atriði mjög almennum orðum og við umfjöllun í allsherjarnefnd komu ekki fram neinar upplýsingar eða gögn sem bættu úr þessu. Segja má að í greinargerðinni birtist einungis í löngu máli sú skoðun ríkisstjórnarinnar að breytingarnar muni skila bæði hagræðingu og betri stjórnsýslu, en hvergi er að finna merki þess að sú afstaða og ýmsar fullyrðingar í því sambandi styðjist við neina reynslu, faglegt mat eða aðra nauðsynlega undirbúningsvinnu að öðru leyti. Til að gæta fyllstu sanngirni er þó rétt að geta þess að mat fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem fylgir með frumvarpinu, felur í sér rökstuðning fyrir því að samþykkt þess leiði til um 120 milljóna króna sparnaðar í launakostnaði á ári þegar tímabundinn kostnaður vegna biðlauna og tilfærslu starfsmanna innan ráðuneyta er úr sögunni. Annar sparnaður sem fjárlagaskrifstofan telur að geti náðst fram byggist á mjög óljósum rökstuðningi og eftir atvikum ákvörðunum sem felast ekki í frumvarpinu sjálfu og eftir á að taka. Fullkomin óvissa ríkir því um að slík sparnaðarmarkmið náist jafnvel þótt frumvarpið verði að lögum. Varðandi þennan fjárhagslega þátt er rétt að vekja athygli á því að ætla má að breytingartillögur meiri hlutans

dragi að sjálfsögðu úr umfangi breytinganna sem frumvarpið felur í sér og þar með þeim sparnaði sem hugsanlega gæti náðst í kjölfar lögfestingar þess.

Þá telur 1. minni hluti ástæðu til að vekja athygli á því að ekkert samráð virðist hafa verið haft við undirbúning frumvarpsins nema eftir atvikum milli ráðherra og nokkurra æðstu embættismanna ráðuneytanna. Þannig hefur hvorki verið um að ræða samráð við starfsmenn Stjórnarráðsins, hagsmunasamtök þeirra né aðra aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Ekki hefur heldur verið um neitt pólitískt samráð að ræða við undirbúning frumvarpsins. Raunar er boðað að í framhaldi af samþykkt frumvarpsins verði efnt til samráðs um útfærslu breytinganna en reynslan vekur ekki miklar vonir um að við það verði staðið. Vísast í þeim efnum til þess að við afgreiðslu Alþingis á breytingum á Stjórnarráðinu sumarið 2009 var því marglýst yfir að efnt yrði til víðtæks samráðs í framhaldinu og við framlagningu þessa frumvarps var sérstaklega tekið fram, m.a. í greinargerð, að sumarið yrði notað til samráðs. Við hvorugt hefur verið staðið.

Þessir stórfelldu gallar á undirbúningsvinnu við frumvarpið vekja sérstaka athygli í ljósi þess að í orði kveðnu hefur verið víðtæk samstaða um mikilvægi þess að bæta undirbúning, frágang og framsetningu stjórnarfrumvarpa. Árið 2007 var gefin út sérstök handbók sem fól í sér ákveðnar leiðbeiningar og viðmið í því sambandi. Ekkert bendir til að sú handbók hafi verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Þá hefur núverandi ríkisstjórn marglýst yfir vilja sínum til betri vinnubragða, nú síðast með útgáfu forsætisráðuneytisins á endurskoðuðum reglum í þessu sambandi, dags. 20. ágúst sl. Þær reglur eru um flest samhljóða handbókinni frá 2007 og er með sama hætti ljóst af lestri frumvarpsins og greinargerðarinnar að efnisreglur þeirra voru ekki hafðar til viðmiðunar við þessa frumvarpsgerð.

Varðandi þær breytingar á Stjórnarráðinu, sem eftir standa verði frumvarpið samþykkt með þeim breytingum sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til, vill 1. minni hluti vekja athygli á nokkrum atriðum. Fyrst ber að taka undir að ákveðnir málaflokkar, sem heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðuneyti annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti hins vegar, geta vissulega farið vel saman. Á það til að mynda við um ýmis öryggismál borgaranna í víðtækum skilningi. Um aðra þætti ríkir meiri óvissa og má í því sambandi nefna ýmis mál sem snúa annars vegar að verklegum framkvæmdum og hins vegar eiginlegum sveitarstjórnarmálum. Auðvitað er hugsanlegt að skipa öllum þessum málaflokkum undir sama ráðuneyti en hugsanlegur ávinningur þess er með öllu óljós. Sama á við um sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og truggingamálaráðuneytis. Þar eiga ákveðnar málaflokkar vissulega samleið, svo sem þjónusta við hópa sem þurfa bæði á heilbrigðisþjónustu og félagslegri aðstoð að halda. Meiri vafi ríkir um aðra mikilvæga málaflokka og má þar t.d. nefna ýmis vinnumarkaðsmál sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þá er jafnframt verulegt umhugsunarefni hvort eðlilegt sé að færa undir eitt ráðuneyti jafnstóran hluta ríkisútgjalda og sameining heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis felur í sér. Um er að ræða hátt í helming útgjalda ríkisins miðað við reynslu síðustu ára. Það vekur m.a. spurningar um yfirsýn, stefnumörkun og pólitíska ábyrgð.

Að lokum ítrekar 1. minni hluti þá afstöðu sína að ástæða sé til endurskoðunar á Stjórnarráðslögunum, fjölda ráðuneyta og verkaskiptingu þeirra en telur tillögurnar í frumvarpinu fela í sér mjög ómarkviss og handahófskennd skref. Einungis er um að ræða framhald á þeim bútasaumi sem ríkisstjórnin hófst handa við síðastliðið sumar. Enn liggur ekki fyrir nein heildarskoðun á skipulagi, verkaskiptingu og starfsemi Stjórnarráðsins sem auðvitað ætti að

vera grundvöllur ákvarðana í þessum efnum. 1. minni hluti leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþingi, 6. september 2010.

Birgir Ármannsson, frsm. Ólöf Nordal.

1468. Nefndarálit [658. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands sem fela í sér fækkun ráðuneyta úr tólf í níu. Er það mikið fagnaðarefni því að brýnt er að ríkið að dragi saman seglin og spari í rekstri. Árið 2009 námu heildarútgjöld ráðuneytanna rúmlega 5.886 millj. kr.[1] Það má flestum vera ljóst að við slíkar breytingar er óhjákvæmilegt að fækka starfsfólki eigi sparnaður að nást vegna hagkvæmni sameiningar. Í frumvarpinu kemur fram að öllum starfsmönnum ráðuneytanna verður boðið áframhaldandi starf í sameinuðum ráðuneytum óski þeir þess. Því er ljóst að sá sparnaður sem hægt væri að ráðast í strax skilar sér ekki. Á árinu 2009 var fjöldi ársverka í dagvinnu á aðalskrifstofum ráðuneytanna 511.[2]

Skýrari verkaskipting ráðuneyta er nauðsynleg og skynsamlegt er að sú skipting taki tillit til samfélagsins og atvinnuhátta á hverjum tíma. Auðvelt hefði verið að ná sátt um þessa fækkun ráðuneyta hefði vilji verið til staðar hjá ríkisstjórninni. Enda kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að gert var ráð fyrir að sumarið yrði nýtt til samráðs milli stjórnmálaflokkanna á Alþingi þannig að ljúka mætti afgreiðslu frumvarpsins á haustdögum. Reyndar var það svo að á vordögum liðkaði frumvarpið fyrir þinglokum vegna hins lofaða samráðs sem nú hefur ekki verið staðið við.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skiptar skoðanir séu í þjóðfélaginu um að leggja niður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið annars vegar og iðnaðarráðuneytið hins vegar og sameina í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Hafa ýmis samtök er málið varðar mótmælt þessum áformum. Þrátt fyrir að einnig hafi verið áformað að setja á fót stýrihóp fyrir samþykkt frumvarpsins, með þátttöku ráðherra, verkefnisstjórnar með þátttöku ráðuneytisstjóra, sérfræðinga og fulltrúa starfsmanna ráðuneytanna, hefur það ekki verið efnt. Segir orðrétt í greinargerð með frumvarpinu: „Mikilvægur þáttur vinnunnar verður að ræða málið við samtök sem eiga hagsmuna að gæta. Er þar sérstaklega átt við heildarsamtök svo sem í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, stéttarfélög, félag forstöðumanna og sveitarfélögin. Þá verður þingflokkum boðið að tilnefna tengiliði til að fylgjast með vinnunni og koma sín-

---

[1] Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um rekstur ráðuneyta og starfsmannafjölda árin 2006–2009 á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 1152, 598. mál.

[2] Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um rekstur ráðuneyta og starfsmannafjölda árin 2006–2009 á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 1152, 598. mál.

um sjónarmiðum að. Þessir aðilar munu einnig fylgja því eftir að fram fari allsherjarendurskoðun á þeim verkefnum sem viðkomandi ráðuneyti sinna og þeim stofnunum sem undir þau heyra.“ Samráðsviljinn er alveg skýr í frumvarpinu en efndirnar engar, enda fór svo að ríkisstjórnin ákvað að fresta sameiningu atvinnuvegaráðuneytanna vegna mótstöðu úr samfélaginu. 2. minni hluti allsherjarnefndar fagnar því að fallið hafi verið frá því að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt atvinnuráðuneyti. Slíkt þarfnast miklu meiri undirbúnings og faglegra vinnubragða.

Í skriflegu svari sem framsögumaður 2. minni hluta bað um frá forsætisráðuneytinu er útlistað hvaða stofnanir heyra undir ráðuneytin eftir breytingar (sjá fylgiskjal I). Hafa ráðuneytin afar misjafnt vægi að þessu leyti. Að auki var óskað eftir starfsmannafjölda í hverri stofnun en þær upplýsingar fengust ekki. Það eitt sýnir hve verkefni það sem nú er verið að ráðast í, að fækka ráðuneytum, er illa undirbúið og vanhugsað. Í viðauka 3 í riti um sameiningu ríkisstofnana, sem fjármálaráðuneytið gaf út í desember 2008, er gátlisti við mat á fyrirkomulagi verkefna sem ríkið sinnir nú þegar og verkefna sem til athugunar er að ríkið sinni (sjá fylgiskjal II). Ekki verður séð á frumvarpinu að við frumvarpsgerðina hafi verið farið að þessum leiðbeiningum sem æskilegt hefði verið að hafa til hliðsjónar við sameiningu ráðuneyta. Því síður er hægt að finna stað í frumvarpinu að farið hafi verið eftir tilmælum sem finna má í viðauka 4 í sama riti um framsetningu samrunaáætlunar (sjá fylgiskjal II). Eru þessi vinnubrögð gagnrýnd í nefndaráliti þessu. Framkvæmdarvaldið verður skilyrðislaust að fara sjálft að þeim reglum sem það sjálft setur.

Alþingi, 6. sept. 2010.

Vigdís Hauksdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Listi yfir stofnanir. (Úr svari forsætisráðuneytis við fyrirspurn frá Vigdísi Hauksdóttur, 27. ágúst 2010.)
II. Úr ritinu Sameining ríkisstofnana, bls. 77–79 (fjármálaráðuneytið, desember 2008).

1469. Nefndarálit [585. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðlaugu Jónasdóttur og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Kristján Sturluson og Atla Viðar Thorstensen frá Rauða krossi Íslands, Hreiðar Eiríksson og Þorstein Gunnarsson frá Útlendingastofnun og Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Nefndinni bárust umsagnir fá Alþýðusambandi Íslands, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði heimilað að setja nánari reglur um þátttöku Íslands í samstarfi á ytri landamærum Schengen-ríkjanna. Þá er lagt til að einungis fjárhagsaðstoð ríkis eða sveitarfélaga teljist ekki til tryggrar framfærslu við mat á því hvort skilyrði eru til að veita dvalar- eða búsetuleyfi hér á landi. Þar með falla niður ákvæði um að atvinnuleysisbætur og greiðslur frá almannatryggingum komi í veg fyrir að útlendingur teljist hafa trygga framfærslu. Nefndin telur að sú breyting sé sanngjörn þar sem réttur til atvinnuleysisbóta og almannatrygginga er áunninn réttur með þátttöku á vinnumarkaði. Þá tekur nefndin einnig fram að reglan er í samræmi við ákvæði laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að ákvörðun um brottvísun EES-borgara sem skráð hefur búsetu sína hér á landi í þjóðskrá og dvalist hefur í landinu í þrjá mánuði eða lengur verði ekki framkvæmanleg fyrr en ákvörðunin er endanleg, með öðrum orðum er réttaráhrifum ákvörðunarinnar frestað.

Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða tveimur öðrum frumvörpum sem einnig er ætlað að breyta lögum um útlendinga og eru á þskj. 894, 507. mál, og þskj. 896, 509. mál. Í fyrrgreinda frumvarpinu eru lagðar til réttarbætur fyrir flóttamenn og hælisleitendur en í því síðara eru lagðar til reglur um dvalarleyfi fyrir fórnarlömb mansals.

Nefndin leggur áherslu á að með frumvörpunum er verið að leggja til mikilvægar réttarbætur í þessum málaflokki og samræma lögin alþjóðlegum samningum og skuldbindingum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Árni Þór Sigurðsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Mörður Árnason.	Birgir Ármannsson.
Ögmundur Jónasson.	Vigdís Hauksdóttir.	Ólöf Nordal.

Þráinn Bertelsson.

1470. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðlaugu Jónasdóttur og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Kristján Sturluson og Atla Viðar Thorstensen frá Rauða krossi Íslands, Hreiðar Eiríksson og Þorstein Gunnarsson frá Útlendingastofnun og Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Persónuvernd, Rauða krossi Íslands, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðum laganna um dvalarleyfi verði breytt þannig að við bætist tveir nýir flokkar dvalarleyfa til handa fórnarlömbum mansals, þ.e. skylda til að veita dvalarleyfi í allt að sex mánuði ef fyrir er hendi grunur um að viðkomandi sé fórnarlamb mansals og heimild til að veita endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs. Þessi leyfi verði veitt þótt grunnskilyrðum um veitingu dvalarleyfa sé ekki fullnægt. Tilefni frumvarpsins er fyrirhuguð fullgilding samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali og svokallaðrar Palermó-bókunar.

Á fundum sínum fjallaði nefndin um frumvarpið og samhliða því um tvö önnur frumvörp sem einnig er ætlað að breyta lögum um útlendinga og eru á þskj. 894, 507. mál, og þskj. 976, 585. mál. Í fyrrgreinda frumvarpinu eru lagðar til réttarbætur fyrir flóttamenn, m.a. svokölluð viðbótarvernd, skýrari reglur um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og réttarbætur fyrir hælisleitendur. Í síðara frumvarpinu er lagðar til reglur um þátttöku í samstarfi á ytri landamærum Schengen-ríkjanna sem varða skilyrði framfærslu við veitingu dvalar- eða búsetuleyfis.

Dvalarleyfi fyrir fórnarlömb mansals.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um þær tvær tegundir dvalarleyfa sem lagðar eru til í frumvarpinu og tekur fram að fyrra úrræðið felur í sér skyldu Útlendingastofnunar til að veita dvalarleyfi útlendingi sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals. Nefndin tekur fram að ákvæðið er óvenjulegt að því leyti að ákvæðin í lögunum um veitingu dvalarleyfis eru heimildarákvæði en þetta felur í sér skyldu. Nefndin fjallaði sérstaklega um tímamörk þessa dvalarleyfis. Í 1. mgr. a-liðar 1. gr. er lagt til að Útlendingastofnun skuli í þessum tilvikum veita dvalarleyfi í allt að sex mánuði en þó ekki skemur en þrjátíu daga. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að í ákvæðinu, sem mælir fyrir um skyldu til útgáfu dvalarleyfis, væru of rúm tímamörk, þ.e. frá þrjátíu dögum upp í allt að sex mánuði, og að viðkomandi þurfi hæfilegan afturbata og umþóttunartíma að lágmarki. Nefndin tekur undir þau sjónarmið og leggur áherslu á að ákvæðið þarf að túlka í samræmi við ákvæði 2. mgr. sem kveður á um að ef fyrir hendi er rökstuddur grunur um að gert sé tilkall til stöðu fórnarlambs í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, veitir það ekki rétt til dvalarleyfis. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu þannig að tímamörkin verði miðuð við sex mánuði.

Nefndin fjallaði einnig um heimild Útlendingastofnunar til að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. laganna, sem eru grunnskilyrði dvalarleyfis, sé ekki fullnægt, sbr. 2. mgr. a-liðar 1. gr. Heimildin á við þegar það telst annaðhvort nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi eða telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð máls. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með þessu úrræði er fórnarlambi gert mögulegt að vera um kyrrt, en tafarlaus endursending fórnarlamba mansals til heimalands þeirra þykir leiða til þess að fórnarlömb greini síður frá reynslu sinni eða beri vitni gegn þrælasölum sínum. Vitnisburður fórnarlamba mansals þykir afar mikilvægur í baráttunni gegn mansali en sé hann ekki fyrir hendi er talið erfiðara að koma í veg fyrir að önnur fórnarlömb falli í sömu gildru. Nefndin telur mjög mikilvægt að réttindi fórnarlamba mansals og öryggi verði tryggt með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Með því aukast líkur á að þau séu tilbúin til samstarfs við stjórnvöld í baráttunni gegn því nútímaþrælahaldi sem mansal er. Mikilvægur hluti af baráttunni gegn mansali er að auka almenna fræðslu um mansal og afleiðingar þess.

Nefndin telur frumvarpið mikilvægt framlag til þeirrar alþjóðlegu baráttu sem nauðsynleg er gegn mansali. Í því felast verulegar réttarbætur fyrir fórnarlömb mansals og grundvallast þær á mannréttindum og mannúðarsjónarmiðum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga“ í 1. efnismgr. a-liðar 1. gr. komi: dvalarleyfi í sex mánuði.

Árni Þór Sigurðsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Mörður Árnason.
Birgir Ármannsson.	Ólöf Nordal.	Vigdís Hauksdóttir.

Þráinn Bertelsson.

1471. Þingsályktun [341. mál]

um árlega ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna.

(Afgreidd frá Alþingi 6. september 2010.)

Samhljóða þskj. 611.

1472. Þingsályktun [652. mál]

um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

(Afgreidd frá Alþingi 6. september 2010.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem gerður var í New York 31. október 2003.

1473. Frumvarp til laga [597. mál]

um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

(Eftir 2. umr., 6. sept.)

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Tilgangur laga þessara er að kveða á um framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna, opinber og almenn fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: *Frambjóðendur:* Þátttakendur í persónukjöri í forsetakosningum, kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmálasamtaka.
b. Við 2. málsl. 4. tölul. bætist: sem og sala stjórnmálasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til Ríkisendurskoðunar og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. Ríkisendurskoðun getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sveitarstjórnarkosningum“ í 1. málsl. kemur: árleg.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmálasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmálasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

5. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Berist stjórnmálasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 1. og 2. mgr. kemur: 400.000 kr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. mgr.

c. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „í prófkjörum af kosningabaráttu“ í inngangsmálslið 4. mgr. kemur: af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
f. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt.

g. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og kostnaður vegna kosningabaráttu.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 400.000 kr.
b. Á eftir orðunum „til að staðreyna“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: reikninga og.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stjórnmálasamtök skulu fyrir 1. október ár hvert skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmálasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig

greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmálastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr.

9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjörið áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabarátta frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytis nema kosningabarátta frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr.

10. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr reikningum með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr. til kosningabaráttu frambjóðandans.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar eða allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á 1. eða 2. mgr.

Refsa skal fyrir brot samkvæmt þessari grein séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010.

1474. Þingsályktun [19. mál]

um áætlun um ferðamennsku á miðhálendi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 6. september 2010.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að hafa forgöngu um að gerð verði áætlun um ferðamennsku á miðhálendi Íslands þannig að unnt sé að taka vel á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem ferðast um hálendið án þess að ganga of nærri því.

1475. Svar [678. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um framkvæmd grunnskólalaga.

1. *Telur ráðherra koma til greina að ytra mat sveitarfélaga samkvæmt nýjum grunnskólalögum og eftirlit ráðuneytis með grunnskólum verði sameinað, til að mynda að ytra mat sveitarfélaga (t.d. landshlutateymis) og eftirlit ráðuneytis myndi sameiginlegt teymi og skipti kostnaði, eða að ráðuneytið geti fengið aðgang að upplýsingum sem ytra mat sveitarfélaga vinnur gegn greiðslu hluta kostnaðar?*

Í lögum um framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla frá 2008 er kveðið á um að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir (ytra mat) sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga, aðalnámskrár og aðra þætti skólastarfs. Ytra mat getur m.a. falist í úttektum á einstökum þáttum skólahalds, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og innra mati skóla. Einnig tekur ytra mat til innlendra og erlendra kannana, rannsókna og samræmdra könnunarprófa. Í reglugerðum um innra og ytra mat fyrir hvert skólastig er nánar kveðið á um ytra mat ráðuneytisins, undirbúning þess, viðmið og eftirfylgni.

Ráðuneytið hefur nýlega gefið út þriggja ára áætlun um mat á skólastarfi, þ.e. áætlun um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010–2012. Þar er gerð grein fyrir mati og úttektum á grunnskólastigi en ný lög um grunnskóla gera ráð fyrir auknu ytra mati á starfsemi grunnskóla. Þessu lagaákvæði verður m.a. mætt með aukinni áherslu á stofnanaúttektir. Áætlað er að á tímabilinu sem um ræðir verði gerðar stofnanaúttektir á 18 grunnskólum. Markmiðið með slíkum úttektum er að fá fram heildarmynd af starfsemi viðkomandi skóla þar sem lögð er áhersla á að skoða skólastarf út frá lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Nú þegar hafa nokkrar stofnanaúttektir verið gerðar á grunnskólum og verður á næsta skólaári haldið áfram á sömu braut.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í samstarfi við ráðuneytið og með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ráðið verkefnisstjóra í skólamálum til tveggja ára frá 2009–2011. Markmið verkefnisins er að vinna að innleiðingu á ákvæðum í nýjum lögum um leik- og grunnskóla um mats- og eftirlitsskyldu sveitarfélaga og að fylgja eftir sameiginlegri framtíðarsýn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands fyrir grunnskólastarf til ársins 2020. Eitt af markmiðum verkefnisins er að skýra eftirlits- og matshlutverk sveitarfélaga gagnvart ráðuneytinu samkvæmt nýjum lögum um leik og grunnskóla. Markmiðið er að auðvelda sveitarfélögum að uppfylla þessi ákvæði laganna, til dæmis með gerð leiðbeininga fyrir skólanefndir. Annað markmið er að kortleggja samfélagslegar rannsóknir þar sem gagna er aflað í leik- og grunnskólum. Markmiðið er að gefa yfirlit yfir upplýsingaöflun í leik- og grunnskólum til að stuðla að aukinni hagnýtingu á þeim. Verkefnisstjóri vinnur náið með starfsmönnum sambandsins og ráðuneytisins sem stýra verkefni í sameiningu. Verkefnið kallar einnig á samstarf við skólaskrifstofur, forsvarsaðila sveitarfélaga og skólanefnda og fleiri hagsmunaaðila að framangreindum verkefnum. Ráðuneytinu er kunnugt um hugmyndir um sérstök landshlutateymi sem vinni að ytra mati á sveitarfélögum og lýsir ánægju sinni með frumkvæði sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í þeim efnum. Mikilvægt er að samhæfa sem best upplýsingaöflun vegna skólastarfs og væntir ráðuneytið mikils af samstarfi við sambandið og sveitarfélög í þeim efnum sem og af starfi sameiginlega verkefnisstjórans og stýrihóps þess verkefnis. Í lok næsta skólaárs ættu að liggja fyrir niðurstöður þess. Þá mun verða lagt mat á næstu skref í samstarfi ríkis og sveitarfélaga í mati á skólastarfi, sérstaklega hvað varðar lagaákvæði um ytra mat. Vel kemur til greina að ráðuneytið kaupi ákveðna þjónustu í því skyni af sveitarfélögum eða taki sameiginlega þátt í kostnaði sem af matinu hlýst.

2. *Telur ráðherra koma til greina að fresta ýmsum ákvæðum nýrra leikskóla- og grunnskólalaga eða veita sveitarfélögum sambærilega heimild og ríkisvaldinu var veitt með nýlegum lögum um framhaldsskóla?*

Að mati ráðuneytisins hefur gengið vel að innleiða ný lög um leikskóla og grunnskóla, þrátt fyrir efnahagserfiðleika í samfélaginu og aukið álag á skólana af ýmsum ástæðum. Nú hafa langflestar reglugerðir við nýju lögin tekið gildi og sérstakur starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mat á kostnaðaráhrif laganna og þeirra reglugerða sem settar hafa verið. Þessi hópur mun starfa áfram og hafa það hlutverk að fylgjast almennt með kostnaðaráhrifum laganna og ekki síður hvernig sveitarfélögum tekst til með hagræðingaraðgerðir í ljósi efnahagsástandsins. Sveitarfélög hafa nú þegar farið rækilega yfir ýmsa kostnaðarþætti sem hljótast af rekstri leik- og grunnskóla og víða hagrætt í starfinu, án þess þó að ganga á rétt nemenda til skyldunáms. Skólar hafa t.d. verið sameinaðir, samrekstur tekinn upp á leik- og grunnskólum, skorið hefur verið niður í yfirstjórn,

vettvangsferðum, endurmenntun, bekkir hafa verið stækkaðir og forfallakennsla skert. Ekki hafa hingað til verið samþykktar lagabreytingar á leik- og grunnskólalögum þrátt fyrir ítrekaðar óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga í þeim efnum, þar hafa m.a. verið settar fram þær hugmyndir að fækka árlegum skóladögum nemenda, skerða tímabundið vikulegan kennslutíma eða fresta ákvæðum um aukið val á unglingastigi. Það er mat ráðuneytisins að sveitarfélög verði að leita allra mögulegra leiða til hagræðingar áður en til greina kemur að samþykkja lagabreytingar sem heimili sveitarfélögum að skerða kennslutíma nemenda en til greina kemur að fresta úrræðum um aukið val á unglingastigi. Ráðuneytið hefur lagt á það áherslu að breytingar verði ekki gerðar á leik- og grunnskólalögum nema um það sé sátt meðal helstu hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Þetta hagræðingarmál verður tekið upp sérstaklega á haustfundi samráðsnefndar leik- og grunnskóla sem verður um miðjan september en í þeirri nefnd sitja fulltrúar t.d. frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélögum, kennarasamtökum og foreldrasamtökum. Ekki er hægt að útiloka að í kjölfarið komi til lagabreytingar sem heimili sveitarfélögum að fresta tilteknum ákvæðum nýrra leik- og grunnskólalaga, sambærilegt og nýlega var gert með lögum um framhaldsskóla. Það þarf hins vegar að horfa til fleiri þátta en fjárhagslegra í þessu samhengi, m.a. þeirrar staðreyndar að í leik- og grunnskólum er veitt afar mikilvæg grunnþjónusta. Leggja þarf áherslu á almenna velferð nemenda og er hlutverk skólans afar mikilvægt í þeim efnum.

1476. Nefndarálit [507. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðlaugu Jónasdóttur og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Kristján Sturluson og Atla Viðar Thorstensen frá Rauða krossi Íslands, Hreiðar Eiríksson og Þorstein Gunnarsson frá Útlendingastofnun, Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur frá lögreglunni á Suðurnesjum, Katrínu Theodórsdóttur lögmann og Paul Ramses, fyrrverandi hælisleitanda.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bjarna Jónssyni og Ingu Sveinsdóttur, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, flóttamannanefnd, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Persónuvernd, Rauða krossi Íslands, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum í samræmi við tillögur nefndar um meðferð hælisumsókna. Í fyrsta lagi er lagt til að lögunum verði breytt í samræmi við þróun slíkrar löggjafar í Evrópu, í öðru lagi að einstaklingum sem ekki eru flóttamenn samkvæmt skilgreiningu alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna verði veitt aukin vernd og ný réttarstaða í samræmi við alþjóðlegar mannréttindareglur, svokölluð viðbótarvernd, í þriðja lagi eru settar skýrari reglur um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og í fjórða lagi skýrari reglur um meðferð hælisumsókna og réttarstöðu hælisleitenda.

Á fundum sínum fjallaði nefndin um frumvarpið og samhliða því um tvö önnur frumvörp sem einnig er ætlað að breyta lögum um útlendinga og eru á þskj. 896, 509. mál, og þskj.

976, 585. mál. Í fyrrnefnda málinu er fjallað um dvalarleyfi fórnarlamba mansals og í hinu síðara um samstarf á ytri landamærum Schengen-ríkjanna, einkum hvað varðar framfærsluskilyrði við veitingu dvalar- eða búsetuleyfis. Nefndin leggur í áliti þessu til frekari breytingar á þeim skilyrðum í tilviki umsækjenda um dvalarleyfi flóttamanns eða af mannúðarástæðum.

Meðferð hælisumsókna og réttarstaða hælisleitenda.

Nefndin fjallaði um fjölmörg atriði frumvarpsins á fundum sínum en í því eru lagðar til miklar réttarbætur við meðferð mála hælisleitenda, flóttamanna og fylgdarlausra barna. Lagðar eru til breytingar á málsmeðferðarreglum við meðferð hælismála, m.a. um málshraða, leiðbeiningarskyldu, birtingu ákvörðunar og frestun réttaráhrifa ef málið er borið undir dómstóla og um rétt til lögmannsaðstoðar.

Umsókn um dvalarleyfi.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að með fyrirvara um ákvæði 45. og 46. gr. skuli útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin er samþykkt. Hér er ekki verið að leggja til efnisbreytingu á ákvæðinu heldur er breytingin til skýringar og sett fram í tengslum við breytingartillögur við ákvæði 45. og 46. gr. í VII. kafla laganna um vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

Í umsögn Útlendingastofnunar kemur fram að stofnunin telji æskilegt að í ákvæðinu sé kveðið skýrt á um það hvenær hægt verði að sækja sjálfstætt um dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f (mannúðarleyfi) á þessum grundvelli, ella sé hætta á að mikill fjöldi slíkra umsókna berist stofnuninni frá einstaklingum sem ekki eru staddir á Íslandi með tilheyrandi kostnaði og erfiðleikum við að meta aðstæður viðkomandi. Fram kom í áliti dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins að sá vandi sem stofnunin bendir á að geti skapast verði ekki leystur með því að kveða á um það í lögum að viðkomandi verði að vera staddur hér á landi. Nefndin tekur undir þetta en telur nauðsynlegt að taka fram að með ákvæðinu er ætlað að útfæra nánar í hvaða tilvikum unnt sé að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum, líkt og við þær aðstæður þegar einstaklingi hefur verið synjað um hæli eða um dvalarleyfi á grundvelli annarra ákvæða útlendingalaga.

Dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Rík þörf á vernd.

Nefndin fjallaði sérstaklega um ákvæði 2. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið á um breytingar á 12. gr. f í lögunum þannig að tilgreind verði helstu viðmið um hvenær rétt sé að veita dvalarleyfi samkvæmt greininni. Í ákvæðinu er heimild til að veita dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða ef útlendingur getur sýnt fram á ríka þörf á vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum, vegna félagslegra aðstæðna viðkomandi eða vegna aðstæðna í heimaríki eða í landi sem honum yrði vísað til. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sem dæmi um erfiðar félagslegar aðstæður megi nefna aðstæður kvenna sem annaðhvort hafa sætt kynferðislegu ofbeldi, sem leitt getur til erfiðrar stöðu í heimaríki, eða aðstæður kvenna sem aðhyllast ekki kynhlutverk sem er hefðbundið í heimaríki þeirra og eiga á hættu útskúfun eða ofbeldi. Verndarþörf þjóðfélagshópa mundi að öðru leyti fara eftir aðstæðum í hverju máli. Alvarlegar aðstæður í heimaríki gætu verið viðvarandi mannréttindabrot í ríkinu eða sú staða að yfirvöld veiti ekki vernd gegn brotunum. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að

fyrir hendi gætu verið aðstæður sem verða til þess að útlendingur missir leyfi til dvalar án nokkurs aðdraganda en án þess að hann beri ábyrgð á því eða sanngjarnt sé að hann beri ábyrgð á því, svo sem ef hjónabandi útlendings lýkur og hann missir þess vegna leyfi til dvalar, eða hann missir óvænt vinnuna án eigin tilverknaðar. Nefndin telur að hér geti verið um að ræða markatilvik sem rúmast ekki innan greinarinnar eins og hún er í frumvarpinu en leggur áherslu á að ákvæðið er heimildarákvæði ætlað til að veita dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða þegar rík þörf er á vernd fyrir viðkomandi og ber að takmarka heimildina við það. Nefndin tekur undir áðurnefnd sjónarmið og leggur því til að við 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. bætist: eða vegna annarra atvika sem ekki má með réttu gera honum að bera á ábyrgð.

Nefndin leggur auk þess til lagfæringu á orðalagi í 2. mgr. greinarinnar. Þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Dvalarleyfi af mannúðarástæðum á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 12. gr. f bætist að heimilt sé að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi skv. 12. gr. g, þ.e. bráðabirgðadvalarleyfi í tvö ár hið minnsta, dvalarleyfi af mannúðarástæðum ef skilyrðum 1. mgr. ákvæðisins er fullnægt og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Ákvæðið er nýmæli og í greinargerð kemur fram að þetta geti átt við um útlending sem ekki hefur fengið hæli eða dvalarleyfi á öðrum grundvelli en er samt sem áður í þeirri aðstöðu að honum verður ekki vísað brott, vegna ákvæða 45. gr. laganna eða af öðrum ástæðum. Í umsögn Útlendingastofnunar kom fram að hún telur æskilegt að skýrt verði hvaða skilyrði viðkomandi þurfi að uppfylla til að fá slíkt dvalarleyfi. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að ákvæði 1. mgr. 12. gr. f þurfi að vera uppfyllt, þ.e. að annaðhvort búi að baki mannúðarsjónarmið eða að viðkomandi hefur sérstaka tengingu við landið fyrir veitingu dvalarleyfis á þessum grundvelli. Þá er kveðið á um það í greinargerðinni með frumvarpinu að við mat á því hvort eitthvað mælir á móti því að útlendingur fái dvalarleyfi á þessum grundvelli mætti m.a. líta til þess hvort útlendingur hefur aðstoðað yfirvöld við meðferð máls hans eða ekki. Athygli nefndarinnar var vakin á því að með því að hafa skilyrðin opin eins og lagt er til í frumvarpinu geti þær aðstæður komið upp að einstaklingum sem villt hafa á sér heimildir, t.d. falið ferðaskilríki eða annað sem gerir það að verkum að ekki er unnt að bera kennsl á viðkomandi, verði veitt hér dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Hins vegar gæti þannig háttað til ef skilyrðin eru þrengd frekar að einstaklingar sem unnið hafa með yfirvöldum, gefið trúverðuga sögu en hefur af einhverjum ástæðum verið ómögulegt að sanna á sér deili geti ekki fengið dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum. Nefndin leggur ekki til breytingu á þessari grein en vekur í þessu sambandi athygli á ákvæði 16. gr. laganna þar sem kveðið er á um að heimilt sé að afturkalla dvalar- eða búsetuleyfi hafi útlendingur gefið rangar upplýsingar og að í slíkum tilvikum skuli réttarstaða viðkomandi vera eins og hann hefði aldrei haft slík leyfi hér á landi.

Fylgdarlaus börn.

Á fundum nefndarinnar kom fram að hjá Útlendingastofnun hafa gilt sérstakar verklagsreglur í málum fylgdarlausra barna og að með frumvarpinu er verið að leggja til að þær séu lögfestar. Í 2. mgr. 3. gr., þar sem fjallað er um heimild til að veita dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, er tekið fram að taka skuli sérstakt tillit til þess ef um barn er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvörðunina. Þá er sérstaklega gert

ráð fyrir því í frumvarpinu að fylgdarlausum börnum verði skipaður löglærður talsmaður frá því mál þeirra kemur til meðferðar hjá stjórnvöldum, sbr. 12. gr.

Í 21. gr. b (50. gr. b) frumvarpsins er kveðið á um rannsókn lögreglu vegna umsóknar um hæli. Þar er mælt fyrir um að vakni grunur um aldur fylgdarlauss barns láti lögregla, að beiðni Útlendingastofnunar, aldursgreina viðkomandi með viðurkenndum aðferðum. Viðkomandi er heimilt að neita því að gangast undir rannsókn og skal starfsmaður Útlendingastofnunar gera honum grein fyrir því hvaða áhrif slík neitun hefur á meðferð máls. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að slík neitun sé til þess fallin að torvelda rannsókn lögreglu. Nefndin bendir á að ákvæðið byggist á leiðbeiningum í 17. gr. tilskipunar 2005/85/EB um málsmeðferð, sbr. skýringar í greinargerð, þar sem gert er ráð fyrir slíkri neitun og tiltekið hvernig bregðast skuli við henni.

Dvalarleyfi sem flóttamaður.

Nefndin fjallaði um ákvæði 4. gr. þar sem lagt er til að reglur um dvalarleyfi flóttamanns verði í sérstöku ákvæði, þ.e. 12. gr. j, sbr. uppbyggingu laganna. Með greininni er lagt til að dvalarleyfi samkvæmt greininni verði veitt til þriggja ára hið minnsta og er það í samræmi við lágmarkskröfur tilskipunar 2004/83/EB um flóttamenn. Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að flóttamenn hafi verulegar áhyggjur af framlengingu dvalarleyfis síns og mögulegri synjun og að slíkar áhyggjur hafi neikvæð áhrif á árangursríka aðlögun flóttafólks í íslensku samfélagi. Fyrir nefndinni kom fram að dæmi væru um að beiðni um búsetuleyfi flóttamanns hefði verið hafnað þar sem að viðkomandi hefði þegið framfærslu frá sveitarfélagi til að ljúka framhaldsskólanámi. Nefndin bendir á að réttur til búsetuleyfis myndast eftir fjögurra ára búsetu, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna, og er tekið fram í greinargerð að tillögur frumvarpsins geti leitt til óhagræðis við útgáfu dvalarleyfa og síðar mögulegs búsetuleyfis. Nefndin telur nauðsynlegt að koma í veg fyrir þetta óhagræði og leggur til að dvalarleyfi flóttamanns verði miðað við fjögur ár í stað þriggja ára og leggur því til breytingar á greininni í þá veru.

Nefndin leggur einnig til samsvarandi breytingu á 51. gr. laganna þar sem kveðið er á um réttarstöðu flóttamannahópa, þ.e. að slíkur flóttamaður skuli fá dvalarleyfi til fjögurra ára í stað þriggja ára, og leggur því til að við frumvarpið bætist ný grein á eftir 21. gr. sem kveður á um þessa breytingu.

Framfærsluskilyrði búsetuleyfis.

Nefndin fjallaði einnig þessu tengt um búsetuleyfi og skilyrði fyrir veitingu þess. Samkvæmt 15. gr. laganna er unnt að veita útlendingi búsetuleyfi hafi hann dvalist hér á landi samfellt síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur búsetuleyfis. Samkvæmt greininni er eitt af skilyrðunum að útlendingur sýni fram á að framfærsla hans hafi verið trygg á dvalartíma og að hann hafi getað og geti framfleytt sér. Fyrir nefndinni kom fram að þetta skilyrði hefði leitt til þess að námsmenn úr hópi flóttafólks fá ekki búsetuleyfi vegna ófullnægjandi tekna, þótt þeir hafi við móttöku hérlendis verið hvattir til mennta. Einnig hafi orðalag greinarinnar valdið vanda í þeim tilvikum þegar flóttamenn eiga erfitt um vik með að sjá fyrir sér vegna aldurs, fötlunar o.s.frv. Nefndin telur ekki eðlilegt að þetta skilyrði eigi við um umsækjendur með dvalarleyfi flóttamanns eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum og leggur því einnig til að við frumvarpið bætist ný grein sem felur í sér undanþágu fyrir þessa umsækjendur frá skilyrði um trygga framfærslu.

Málshraði.

Nefndin fjallaði um reglur frumvarpsins um málshraða en fyrir nefndinni kom fram að mikilvægt væri að gera ríkar kröfur til stjórnvalda um málshraða í þessum málum enda um mjög mikilvæga hagsmuni að ræða. Nefndin tekur fram að með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á málsmeðferðarreglum laganna, svo sem um málshraða og upplýsingaskyldu. Nefndin telur þær breytingar vera til þess fallnar að styrkja stöðu þeirra sem falla undir lögin. Hún telur heppilegt að orðalag greinarinnar sé samhljóða stjórnsýslulögum og leggur því til að málshraðareglan verði orðuð með sama hætti og þar, þannig að ákvörðun sé tekin svo fljótt sem unnt er.

Lögmannsaðstoð fyrir hælisleitendur.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að í lögunum þyrfti að kveða á um lögmannsaðstoð fyrir hælisleitendur frá því að hælisumsókn er lögð fram og einnig ef útlendingur óskar alþjóðlegrar verndar og að þetta gæti stuðlað að skjótari, skilvirkari og vandaðri málsmeðferð. Nefndin telur að í frumvarpinu felist miklar réttarbætur fyrir hælisleitendur og enn fremur að með frumvarpinu fái starfsmenn þeirra stjórnvalda sem vinna við þessi mál skýrari leiðbeiningar um meðferð mála en í gildandi lögum og meira aðhald. Þá bendir nefndin á að á stjórnvöldum hvílir mjög rík leiðbeiningarskylda í þessum efnum og að í frumvarpinu er verið að leggja til að hún verði styrkt frekar, m.a. með skyldu til að upplýsa viðkomandi umsækjanda um stöðu máls. Auk þess gilda stjórnsýslulögin um meðferð hælismála, nema annað leiði af lögunum, sbr. 23. gr. þeirra. Þegar litið er til þessa telur nefndin ekki rétt að leggja til breytingar í þessa veru að sinni, enda hlytist af því verulegur kostnaður, en telur nauðsynlegt að fylgjast vel með framkvæmd þessara mála og hvernig þær reglur sem lagðar eru til í frumvarpinu virka í framkvæmd. Nefndin telur þó nauðsynlegt að styrkja rétt hælisleitenda í þessum efnum, sbr. breytingartillögur hennar við 21. gr. sem kveða á um að veita hælisleitanda rétt til viðtals hjá Útlendingastofnun ásamt talsmanni ef hann óskar eftir því og leggur til breytingar á frumvarpinu í þá veru. Nefndin telur í því sambandi eðlilegt að ráðherra setji reglur um réttindi talsmanns, þ.e. viðmið um tímafjölda og þóknun sem talsmaður getur reiknað sér fyrir aðstoðina enda ljóst að hælisleitandi getur í fæstum tilfellum borið kostnað af þeirri vinnu.

Aðstoð túlks.

Nefndin leggur til nokkrar lagfæringar á frumvarpinu. Í 7. gr. er nauðsynlegt að taka fram að í máli vegna umsóknar um hæli er kveðið á um rétt útlendings til að njóta aðstoðar túlks á öllum stigum máls. Finnist ekki hæfur túlkur hér á landi innan sólarhrings eftir að beiðni um hæli kemur fram skal stjórnvald bjóða fram aðstoð túlks í síma. Ekki er skynsamlegt að útiloka símatúlkun innan lands, sem nú tíðkast í undantekningartilfellum til að hraða málum og minnka kostnað, og leggur nefndin til breytingu á greininni í þá veru.

Úrskurðir vegna kærumála.

Nefndin fjallaði einnig um athugasemdir umsagnaraðila sem lúta að því að sjálfstæður og óháður úrskurðaraðili skuli fremur en ráðherra taka afstöðu til kærumála á grundvelli útlendingalaga. Með breytingu í þessa veru væri ráðherraábyrgð afnumin í þessum málum, sem ekki er almennt til bóta, og hætt er við að hún reyndist kostnaðarsöm. Nefndin telur rétt að láta reyna á úrbætur sem í frumvarpinu felast áður en sett væri á stofn sérstök úrskurðarstofnun af þessu tagi hérlendis.

Birting ákvörðunar um frávísun og brottvísun.

Í 8. gr. er kveðið á um að birting ákvörðunar um frávísun og brottvísun skuli tilkynnt skriflega að viðstöddum starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem málið varðar. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir frá Útlendingastofnun um að séu þessi ákvæði túlkuð almennt leggi þau óþarfar byrðar á herðar starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem um ræðir, þ.e. Útlendingastofnunar og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Bendir stofnunin á að í skýrslu nefndar sem ráðherra skipaði árið 2009 um meðferð hælisumsókna er einungis gert ráð fyrir því að starfsmenn stofnunarinnar séu viðstaddir þegar ákvörðun um frávísun og brottvísun sé tilkynnt hælisleitendum en ekki þegar slík ákvörðun er birt dæmdum afbrotamönnum í fangelsi eða annars staðar þar sem til þeirra næst. Af lestri ákvæðisins mætti ráða að sú krafa væri gerð til stofnunarinnar og yrði það stofnuninni dýrt og tafsamt en bætti varla réttarstöðu þeirra sem um ræðir. Nefndin tekur undir þau sjónarmið stofnunarinnar að birting fyrir dæmdum brotamönnum sé verkefni lögreglu. Nefndin leggur því til að ákvæði 8. gr. frumvarpsins, um birtingu ákvörðunar um frávísun og brottvísun, verði tvær málsgreinar, svohljóðandi:

„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun um frávísun eða brottvísun útlendings skal ákvörðunin tilkynnt honum skriflega svo fljótt sem verða má. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru og um kærufrest.

Beinist ákvörðunin að útlendingi sem borið hefur því við að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við skal ákvörðunin jafnframt tilkynnt viðkomandi að viðstöddum starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem málið varðar.“

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Nefndin fjallaði sérstaklega um ákvæði 10. gr. þar sem lagðar eru til breytingar á 32. gr. laganna um það hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda. Í c-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvarðanir megi ekki framkvæma, þ.e. ekki senda útlending úr landi fyrr en viðkomandi hefur gefist færi á að leggja fram kæru. Þar er hins vegar gert ráð fyrir að útlendingurinn verði sendur utan áður en niðurstaða kærumáls um frestun réttaráhrifa liggur fyrir. Hann er þá ekki lengur í lögsögu íslenska ríkisins og getur síður notið góðs af ívilnandi niðurstöðu kærumáls. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að mikilvægt væri að halda opinni leið fyrir stjórnvöld til að beita undantekningunni í Dyflinnarreglugerðinni þegar sérstaklega stendur á, án þess að galopna leið til frestunar. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur sanngjarnt að stjórnvöld hafi slíka heimild. Enda er virk kærumeðferð óaðskiljanlegur hluti réttlátrar og skilvirkrar málsmeðferðar. Nefndin leggur því til að ákvarðanir megi ekki framkvæma fyrr en niðurstaða liggur fyrir í máli þar sem útlendingur hefur óskað frestar á réttaráhrifum.

Framkvæmd ákvörðunar.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæðum um heimild ráðherra í 1. mgr. 33. gr. laganna til að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar um brottvísun eftir kröfu útlendings. Heimildin er bundin því skilyrði að útlendingur beri efnisúrskurðinn undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa. Nefndin fjallaði sérstaklega um þá tímafresti sem lagðir eru til í greininni og telur þá nokkuð knappa. Nefndin telur mikilvægt að þeir einstaklingar sem hér óska hælis fái í reynd notið þeirra réttarúrræða sem þeim standa til boða, sbr. athugasemdir Rauða kross Íslands. Nefndin leggur því til að í stað þess að krafa útlendings til ráðherra um að fresta réttaráhrifum skuli gerð eigi síðar en

þremur dögum frá birtingu endanlegrar ákvörðunar verði miðað við fimmtán daga frá birtingu endanlegrar ákvörðunar. Í greininni er einnig lagt til að frestun réttaráhrifanna sé bundin því skilyrði að útlendingur beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu. Nefndin telur það einnig of knappt og leggur til að þar verði miðað við tíu daga.

Flóttamenn og viðbótarvernd.

Nefndin fjallaði einnig um 13. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 44. gr. laganna, en í greininni er fjallað um hver telst vera flóttamaður samkvæmt lögunum og er byggt á skilgreiningum alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðauka við hann. Þar eru lagðar til breytingar sem fela í sér að ákvæði um viðbótarvernd verða styrkt til muna og flóttamannahugtak laganna víkkað. Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að einstaklingur teljist flóttamaður þótt hann falli ekki undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ef raunhæf ástæða er til að ætla að hann eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði hann sendur aftur til heimalandsins, og væri með þessi veitt svokölluð viðbótarvernd. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um mikilvægi þess að kveðið væri skýrt á um að 13. gr. frumvarpsins feli í sér að útlendingi sé einnig veitt vernd gegn handahófskenndu ofbeldi sem hann ætti á hættu yrði hann sendur aftur til heimalandsins. Nefndin tekur í því sambandi fram að hún telur skýr ákvæði í lögunum og frumvarpinu um að ekki megi brottvísa fólki eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, þótt ekki sé um að ræða hættu á beinum persónulegum ofsóknum. Undir þetta geta fallið vopnuð átök sem ekki eru eiginleg stríðsátök heldur til dæmis vargöld vegna skærusveita, upplausnarástand vegna þess að ríkisvald nær ekki til tiltekins svæðis við sérstakar aðstæður, svo sem eftir náttúruhamfarir, o.s.frv. Nefndin telur að hér sé um mjög mikilvægar réttarbætur að ræða fyrir flóttamenn og þá aðra sem ella kynnu að verða endursendir þangað sem líf þeirra eða limir eru í hættu.

Fyrir nefndinni kom fram að lokamálsliður 2. mgr. um ríkisfangslausan einstakling, sem á að njóta sömu réttarstöðu og þeir flóttamenn sem falla undir viðbótarvernd, sé ekki nægilega skýr og leggur því til að lokamálsliður málsgreinarinnar verði styttur þannig að eingöngu sé tekið fram að sama gildi þegar um er að ræða ríkisfangslausan einstakling, þ.e. að ekki megi senda heldur senda hann til lands þar sem hann teldist vera í hættu staddur.

Bann við brottvísun.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á 45. gr. laganna þar sem sett er fram meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Útlendingastofnun bendir í umsögn sinni á að ekki komi skýrt fram í ákvæðinu hvers konar dvalarleyfi ætti að veita viðkomandi þegar aðstæður hans falla undir 1. mgr. 45. gr. laganna eftir þær breytingar sem lagðar eru til. Nefndin telur að í slíkum tilvikum sé rétt að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum, sbr. 12. gr. f laganna. Leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu í þá veru að a-liður 15. gr. frumvarpsins orðist svo: „2. mgr. orðast svo: Séu aðstæður með þeim hætti að 1. mgr. eigi við er heimilt veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f ef hann nýtur verndar skv. 44. gr.“

Nefndin leggur einnig til að heiti 15. gr. verði breytt í samræmi við hina ófrávíkjanlegu grundvallar- og þjóðréttarreglu um bann við brottvísun eða endursendingu útlendings til lands eða svæðis þar sem líf hans eða frelsi kann að vera í hættu og verði svohljóðandi: „Bann við að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.“

Réttur til hælis.

Í 16. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á 46. gr. laganna sem varðar rétt flóttamanns skv. 44. gr. laganna til hælis og undantekningar í því sambandi. Útlendingastofnun vekur athygli á því í umsögn sinni um málið að í c-lið 16. gr. sé að finna það nýmæli að við meðferð umsóknar um hæli skuli stjórnvald af sjálfsdáðum taka til skoðunar hvort veita eigi viðkomandi bráðabirgðadvalarleyfi á grundvelli 12. gr. g ef viðkomandi er ekki veitt hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Telur stofnunin að þetta gæti orðið ruglingslegt í framkvæmd þar sem ákvörðun stofnunarinnar í hælismálum yrði aðeins kæranleg að hluta en ákvörðun um veitingu bráðabirgðadvalarleyfis (eða synjun slíks leyfis) er ekki kæranleg til æðra stjórnvalds samkvæmt lögunum. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið stofnunarinnar og telur rétt að fella út tilvísun til 12. gr. g í c-lið 16. gr.

Þá telur stofnunin jafnframt æskilegt að mælt verði fyrir um það í lögum eða reglugerð að við niðurfellingu framfærslu hælisleitanda verði viðkomandi veitt bráðabirgðadvalarleyfi hafi hann ekki þegar óskað eftir slíku leyfi. Í umsögn ráðuneytisins um þessa athugasemd stofnunarinnar er talið fara betur á því að kveða á um það í reglugerð að falli framfærsla hælisleitanda niður verði viðkomandi veitt bráðabirgðadvalarleyfi. Nefndin tekur undir þetta sjónarmið og telur eðlilegt að ráðist verði í slíka breytingu í reglugerð.

Öruggt þriðja land.

Nefndin fjallaði einnig um 17. gr. frumvarpsins sem kveður á um nýmæli um málsmeðferð í hælismálum. Í ákvæðinu, sem verður 46. gr. a í lögunum, eru talin upp atriði sem valda því að stjórnvöld geta neitað því að taka umsókn um hæli til meðferðar. Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið, svo sem frá Rauða krossi Íslands, að gæti þurfi varúðar þegar greininni er beitt, einkum b-lið 2. efnismgr. sem kveður á um að unnt sé að neita því að taka umsókn um hæli til efnismeðferðar ef umsækjandi hefur komið til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns. Nefndin tekur undir þau sjónarmið og lítur svo á að við ákvarðanir um synjun efnismeðferðar samkvæmt þeim lið verði tekið tillit til ákvæða 27. gr. tilskipunar 2005/85/EB um öruggt þriðja land og fjallað um hvert tilvik í ljósi a–d-liða þeirrar greinar, þar sem það hugtak er skilyrt.

Viðtal við hælisleitanda.

Í 21. gr. frumvarpsins (50. gr. c) eru lagðar til reglur um viðtal við hælisleitanda, sem er nýmæli í lögum en byggjast á reglugerð um útlendinga auk reglna um meðferð hælisumsókna frá fylgdarlausum börnum. Þar er kveðið á um að starfsmaður Útlendingastofnunar taki viðtal við umsækjanda. Nefndin fjallaði um ákvæði greinarinnar og þær ábendingar sem henni hafa borist og varða hugmyndir um að umsækjendur þyrftu að fá talsmann þegar þeir óska hælis en ekki eingöngu þegar þeir kæra mál. Nefndin telur eðlilegt að kveða skýrt á um að hælisleitendur eigi rétt á viðtali hjá Útlendingastofnun með talsmanni ef þeir óska og leggur til breytingu á frumvarpinu í þá veru. Nefndin telur í því sambandi eðlilegt að ráðherra setji reglur um réttinn til talsmanns og leggur það því einnig til. Leggur nefndin áherslu á að í því felst að setja viðmið um tímafjölda sem talsmaður getur reiknað sér fyrir aðstoðina í viðtali sem og fyrir viðtal og eftir. Með þessari breytingu er nokkuð komið til móts við óskir í ýmsum umsögnum um aukinn rétt hælisleitenda til lögmannsaðstoðar.

Markmið frumvarpsins.

Markmiðið með frumvarpinu er að bæta réttarstöðu hælisleitenda í samræmi við þróun Evrópulöggjafar. Nefndin telur að í því felist miklar réttarbætur sem tryggja muni betur réttaröryggi hælisleitenda og flóttafólks og samræmda framkvæmd við meðferð þessara mála. Nefndin telur engu síður nauðsynlegt að leggja til nokkrar efnislegar breytingar á frumvarpinu sem eru til þess fallnar að bæta réttarstöðuna enn frekar auk nokkurra tæknilegra breytinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Valgerður Bjarnadóttir og Árni Þór Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 31. ágúst 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Mörður Árnason.
Birgir Ármannsson.	Ólöf Nordal.	Vigdís Hauksdóttir.

Þráinn Bertelsson.

1477. Breytingartillögur [507. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. efnismgr. 2. gr.
   a. Í stað orðanna „mjög íþyngjandi“ tvisvar í málsgreininni komi: erfiðra.
   b. Á eftir orðunum „í landi sem honum yrði vísað til“ komi: eða vegna annarra atvika sem ekki má með réttu gera honum að bera ábyrgð á.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna: „þriggja ára hið minnsta“ í 2. efnismgr.: fjögurra ára.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við c-lið 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þessa liðar eiga ekki við hafi umsækjandi haft dvalarleyfi sem flóttamaður skv. 12. gr. j eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 4. mgr. 12. gr. f.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „hraðað eftir föngum“ í 1. efnismgr. komi: tekin svo fljótt sem unnt er.
5. Við 7. gr. Á eftir orðunum „aðstoð túlks“ í a-lið 2. efnismgr. komi: erlendis.
6. Við 8. gr. Í stað efnismálsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun um frávísun útlendings eða brottvísun skal ákvörðunin tilkynnt honum skriflega svo fljótt sem verða má. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru og um kærufrest.
   Beinist ákvörðunin að útlendingi sem borið hefur því við að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við skal ákvörðunin jafnframt tilkynnt viðkomandi að viðstöddum

starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem málið varðar.

7. Við 10. gr. Við fyrri efnismálslið c-liðar bætist: eða niðurstaða liggur fyrir í máli þar sem útlendingur hefur óskað eftir frestun réttaráhrifa.
8. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „þremur dögum frá birtingu úrskurðar“ í 2. efnismálsl. komi: fimmtán dögum frá birtingu endanlegrar ákvörðunar.
   b. Í stað orðanna „innan sjö daga“ í 3. efnismálsl. komi: innan tíu daga.
9. Við 13. gr. Lokamálsliður 2. efnismgr. orðist svo: Sama gildir þegar um er að ræða ríkisfangslausan einstakling.
10. Við 15. gr.
    a. A-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
       Séu aðstæður með þeim hætti að 1. mgr. eigi við er heimilt að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f ef hann nýtur verndar skv. 44. gr.
    b. E-liður orðist svo: Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Bann við að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.*
11. Við 16. gr. Orðin „eða 12. gr. g“ í c-lið falli brott.
12. Við 18. gr. Við 1. og 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra skal hafa samráð við viðeigandi fagráðherra við setningu reglugerðar.
13. Við c-lið 21. gr. (50. gr. c.).
    a. Á undan 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hælisleitendur eiga rétt á viðtali hjá Útlendingastofnun með talsmanni ef þeir óska.
    b. Við 4. mgr. bætist: og réttinn til talsmanns.
14. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Í stað orðanna „þriggja ára“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: fjögurra ára.

1478. Fyrirspurn [701. mál]

til forsætisráðherra um nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópa á vegum ríkisstjórnarinnar frá 1. febrúar 2009.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hve margar nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópa og aðra hópa af sama tagi hafa einstök ráðuneyti og ríkisstjórnin í heild skipað frá 1. febrúar 2009?
2. Hverjar eru þessar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópar, hvert er hlutverk þeirra, er skipun þeirra samkvæmt heimild eða fyrirmælum í lögum, hver er skipunartíminn og hverjar þeirra hafa lokið störfum?

Óskað er eftir upplýsingum um það hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir, tilnefndir eða valdir með öðrum hætti til setu í þessum nefndum, ráðum, verkefnisstjórnum og hópum, hver hafi skipað eða eftir atvikum tilnefnt þá og hvort störfin séu launuð eða ólaunuð.

Skriflegt svar óskast.

1479. Lög [687. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála (málsóknarfélög).

(Afgreidd frá Alþingi 8. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1448.

1480. Frumvarp til laga [658. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Orðin „dómsmála- og mannréttindaráðuneyti“ og „félagsmála- og tryggingaráðuneyti“ falla brott.
b. Á eftir orðinu „fjármálaráðuneyti“ kemur: innanríkisráðuneyti.
c. Orðið „heilbrigðisráðuneyti“ fellur brott.
d. Orðin „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti“ falla brott.
e. Í stað orðanna „og utanríkisráðuneyti“ kemur: utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt að undirbúa stofnun nýrra ráðuneyta, m.a. með skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra sem hafi heimild til að bjóða starfsmönnum starf skv. 14. gr. laganna.

Þeim embættismönnum sem hljóta ekki áframhaldandi skipun skv. 1. mgr. skulu boðin störf í hinum nýju ráðuneytum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Um flutning annarra starfsmanna til hinna nýstofnuðu ráðuneyta gilda ákvæði 14. gr. laganna.

1481. Frumvarp til skipulagslaga. [425. mál]

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Aðalskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.
2. *Aðgengi fyrir alla:* Þegar sjónarmið algildrar hönnunar eru höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.
3. *Algild hönnun:* Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.
4. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
5. *Byggðamynstur:* Lögun og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.
6. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.
7. *Deiliskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
8. *Framkvæmdaleyfi:* Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.
9. *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.

10. *Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.
11. *Landnotkun:* Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.
12. *Landnýting:* Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.
13. *Landslag:* Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.
14. *Landsskipulagsstefna:* Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem umhverfisráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.
15. *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
16. *Nýtingarhlutfall:* Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli.
17. *Rammahluti aðalskipulags:* Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.
18. *Sjálfbær þróun:* Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar.
19. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
20. *Skipulagskvaðir:* Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir eða landsvæði í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.
21. *Skipulagsskilmálar:* Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, hæðarlegu, götur, stíga, gróður og girðingar.
22. *Svæðisskipulag:* Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.
23. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.
24. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.
25. *Þéttleiki byggðar:* Byggingarmagn miðað við flatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórn skipulagsmála.

3. gr.
Stjórn og framkvæmd skipulagsmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn, sbr. 11. gr., að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu,
g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að annast umsýslu Skipulagssjóðs,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.
Forstjóri Skipulagsstofnunar.

Forstjóri Skipulagsstofnunar fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulagsmála. Ráðherra skipar forstjóra Skipulagsstofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.
Skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo sem af-

greiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna skipulagsnefndar. Um skipulagsnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu skipulagsnefnda og ráðningu skipulagsfulltrúa.

7. gr.

Skipulagsfulltrúar.

Með hverri skipulagsnefnd skal starfa skipulagsfulltrúi ráðinn af sveitarstjórn og skal hún senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi og skal hann þá uppfylla bæði kröfur um menntun og reynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt lögum þessum og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki.

Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð, eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.

Skipulagsfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Skipulagsfulltrúi skal uppfylla annað eftirfarandi hæfisskilyrða:

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
2. Vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá 5. mgr. þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið. Skal slík undanþága veitt til eins árs í senn og skal því aðeins framlengd að reynt hafi verið að fá starfsmann sem uppfyllir hæfisskilyrðin.

Ef ágreiningur kemur upp um hæfi skv. 2. tölul. 5. mgr. sker ráðherra úr.

8. gr.

Varnar-, öryggis- og flugvallarsvæði.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulagsmál á varnar- og öryggissvæðum og flugvallarsvæðinu eins og þau er skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, lögum nr. 176/2006 og lögum nr. 76/2008 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum. Utanríkisráðherra er heimilt að gera þjónustusamning um framkvæmd slíkra verkefna á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fer með skipulagsmál á flugvallarsvæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2008.

9. gr.

Svæðisskipulagsnefndir.

Sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skulu koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi nema hlutaðeigandi sveitarfélög ákveði annað.

Þar sem í gildi er svæðisskipulag skal starfrækt svæðisskipulagsnefnd sem sér um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd skal skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar skulu sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnum og eru skipulagsákvarðanir nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanleg samþykkt svæðisskipulags, háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulagsnefndir skulu setja sér starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

III. KAFLI

Landsskipulag.

10. gr.

Landsskipulagsstefna.

Umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal jafnframt felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu.

Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar.

Landsskipulagsstefna skv. 2. mgr. getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í henni skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands.

Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

11. gr.

Málsmeðferð.

Ráðherra skipar hverju sinni sjö fulltrúa í tímabundna verkefnisstjórn til að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Ráðherra felur verkefnisstjórn að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Þegar vinna verkefnisstjórnar við gerð landsskipulagsstefnu hefst skal hún taka saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur er fyrirhugað að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, svo sem um forsendur stefnunnar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Lýsing verkefnisstjórnar á gerð landsskipulagsstefnu skal kynnt opinberlega og skal verkefnisstjórnin leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um hana, svo sem þeirra

stofnana sem fara með þá málaflokka sem landsskipulagsstefnuna varða, Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir því sem við getur átt.

Við gerð landsskipulagsstefnu skal verkefnisstjórn hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landsskipulagsstefnunnar, svo og hlutaðeigandi stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir því sem við á.

Verkefnisstjórn skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun. Skipulagsstofnun skal sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna með verkefnisstjórn að gerð tillögu að landsskipulagsstefnu, sbr. f-lið 4. gr.

Þegar endanlegar tillögur verkefnisstjórnar að landsskipulagsstefnu liggja fyrir kynnir verkefnisstjórnin þær ásamt umhverfismati, þegar við á, opinberlega. Tillögurnar ásamt umhverfismati skulu auglýstar í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynntar á heimasíðu verkefnisstjórnar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillögurnar séu aðgengilegar og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillögurnar skulu jafnframt sendar til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Eftir að kynningartíma lýkur tekur verkefnisstjórn saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til umhverfisráðherra ásamt tillögum sínum að landsskipulagsstefnu. Verkefnisstjórn skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar grein fyrir umsögn sinni um athugasemdirnar.

Umhverfisráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar að landsskipulagsstefnu ásamt umsögn hennar skv. 5. mgr. til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

IV. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

12. gr.
Skipulagsskylda.

Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, landslag, náttúruvá o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétthærra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

13. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

Öll efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi. Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Sé sótt um framkvæmdaleyfi á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum skal leyfisveitandi leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga áður en leyfið er veitt.

14. gr.

Framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort

framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

15. gr.

Útgáfa og gildistími framkvæmdaleyfis.

Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis.
2. Framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Nú stöðvast framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

Hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár getur sveitarstjórn að tillögu skipulagsnefndar með þriggja mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa.

16. gr.

Eftirlit sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar skal hún gera framkvæmdaraðila viðvart um það og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

V. KAFLI
Gjaldtaka vegna skipulags og framkvæmdaleyfa.

17. gr.

Skipulagsgjald.

Til að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna og rannsókna á sviði skipulagsmála sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅕ verðs eldra hússins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Innheimta má gjaldið með fjárnámi. Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af gjaldskyldum mannvirkjum í lögsagnarumdæmi sínu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

18. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð landsskipulagsstefnu greiðist af ríkissjóði.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt samningi Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar.
3. Sveitarfélög geta fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði. Þar sem aðstæður eru sérstakar, t.d. ef þörf er á óvenjuumfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarhlutdeild.
4. Sveitarfélag sem ekki fær framlag úr Skipulagssjóði skv. 3. tölul. fær helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærðan árlega úr sjóðnum.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.
6. Kostnaður við gerð grunnkorta, svo sem gróður- og vistgerðarkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags, skiptist til helminga milli Skipulagssjóðs og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 4. tölul.

19. gr.

Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um í deiliskipulagi getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Bílastæðagjaldi fylgir lögveð í eigninni sem gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Innheimta má gjaldið með fjárnámi. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

Heimilt er að synja endurgreiðslu bílastæðagjalds ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess.

20. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn samhliða útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. og 2. mgr. og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

VI. KAFLI
Svæðisskipulagsáætlanir.

21. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara og landsskipulagsstefnu.

Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til a.m.k. tólf ára tímabils.

Svæðisskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð. Þar skal koma fram rökstudd stefna sveitarfélaganna varðandi byggðaþróun ásamt umhverfismati svæðisskipulagsins. Að því marki sem tilefni er til að marka stefnu um staðbundnar ákvarðanir í svæðisskipulagi skal svæðisskipulag jafnframt sett fram á þemauppdráttum með greinargerð og/eða sérstökum skipulagsuppdrætti.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

22. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulags.

Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðaþróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Skulu þá hlutaðeigandi sveitarfélög skipa svæðisskipulagsnefnd, sbr. 9. gr.

Svæðisskipulag skal vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Til höfuðborgarsvæðis teljast Hafnarfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Þessi sveitarfélög

geta gert samkomulag við önnur nærliggjandi sveitarfélög um aðild þeirra að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og staðfestingu umhverfisráðherra.

23. gr.

Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal nánar kveðið á um lýsingu skipulagsverkefnis.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, ef við á, kynnt fyrir almenningi á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal endanleg svæðisskipulagstillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Svæðisskipulagsnefnd skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 24. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar. Náist ekki samkomulag er svæðisskipulagsnefnd engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

24. gr.

Auglýsing svæðisskipulagstillögu.

Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun og auk þess vera aðgengileg á netinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli athugasemdum.

25. gr.

Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulags.

Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Svæðisskipulagsnefnd sendir innan tólf vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar.

Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingar skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags.

26. gr.

Endurskoðun svæðisskipulags.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.

27. gr.

Breytingar á svæðisskipulagi.

Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.–25. gr.

VII. KAFLI
Aðalskipulagsáætlanir.

28. gr.

Aðalskipulag.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Í aðalskipulagi eða breytingu á því er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangsefni.

Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum. Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins. Skipulagsuppdráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun og samgöngu- og þjónustukerfi.

Um gerð og framsetningu aðalskipulags gilda að öðru leyti 12. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

29. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu aðalskipulags.

Sveitarfélög skulu á hverjum tíma hafa í gildi aðalskipulag.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast í umboði sveitarstjórnar vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulag og sendir það Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Aðalskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra í þeim tilvikum sem hann skal staðfesta aðalskipulag.

30. gr.

Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa

tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

31. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.

32. gr.

Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 31. gr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun eða frestun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Ráðherra synjar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

33. gr.

Frestun á gerð aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta í allt að fjögur ár í senn gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið landsvæði

ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

34. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði sveitarfélaganna eða Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 30. og 31. gr.

Takist nefndinni ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra ásamt greinargerð nefndarinnar. Aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga skal samræmt úrskurði ráðherra.

35. gr.

Endurskoðun aðalskipulags.

Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.

36. gr.

Breytingar á aðalskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á gildandi aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

VIII. KAFLI
Deiliskipulagsáætlanir.

37. gr.
Deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Deiliskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna deiliskipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar, þegar við á. Í greinargerðinni skal m.a. setja skipulagsskilmála í samræmi við stefnuna. Á skipulagsuppdrætti deiliskipulags skal setja fram þá stefnu sem kynnt er í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála.

Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinnar sem skal vera a.m.k. fimm ár en ekki lengri en fimmtán ár. Framkvæmdatími áætlunarinnar hefst við gildistöku áætlunarinnar en ef hann er ekki tilgreindur skal miða við fimmtán ár.

Um gerð og framsetningu deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

38. gr.
Ábyrgð á gerð og afgreiðslu deiliskipulags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um kynningu, samráð, auglýsingu og samþykkt slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr.

39. gr.
Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frístundabyggðarsvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

40. gr.

Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Vinni landeigandi eða framkvæmdaraðili að gerð deiliskipulags samkvæmt heimild sveitarstjórnar skal hann taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu sem sveitarstjórn þarf að samþykkja áður en hún er kynnt.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu deiliskipulagsverkefnis og kynningu hennar. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Að lokinni kynningu skal deiliskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

41. gr.

Auglýsing og samþykkt deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags. Ef deiliskipulagstillaga tekur til svæðis sem liggur að mörkum aðliggjandi sveitarfélags skal tillagan kynnt sveitarstjórn þess sveitarfélags.

Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

42. gr.

Afgreiðsla deiliskipulags.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og samantekt um málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum um þær innan átta vikna frá

því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún tilkynna sveitarstjórn um að stofnunin taki það til athugunar. Skipulagsstofnun skal koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því að deiliskipulagið var móttekið. Sveitarstjórn skal taka athugasemdirnar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form deiliskipulags. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess. Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

Auglýsing tillögu að deiliskipulagi telst ógild hafi hún ekki verið samþykkt í sveitarstjórn innan árs frá því að athugasemdafresti tillögunnar lauk og skal slík tillaga auglýst á nýjan leik skv. 41. gr. áður en hún er samþykkt í sveitarstjórn. Birta skal auglýsingu um gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni. Hafi slík auglýsing ekki verið birt innan þess frests telst tillagan ógild og fer um hana í samræmi við 41. gr.

43. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

44. gr.

Grenndarkynning.

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykkta deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að

breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

IX. KAFLI
Skipulagsreglugerð, eignarnám, bætur o.fl.

45. gr.
Skipulagsreglugerð, reglugerð um framkvæmdaleyfi og leiðbeiningar.

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana og um framkvæmdaleyfi að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um landsskipulagsstefnu og málsmeðferð.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, um gerð lýsingar skipulagsverkefnis og um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppdrátta, svo sem skipulagsskilmála og kvaðir. Einnig skal kveðið á um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um og skilgreina hverfisskipulag.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um heimildir sveitarfélaga til að kveða á um útlit og form mannvirkja í skipulagsáætlunum.

Í skipulagsreglugerð skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, svæðisskipulagsnefnda og skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi skal kveða nánar á um framkvæmdaleyfi, svo sem hvaða framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi, hvenær framkvæmd telst hafin, um gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar, sem unnar skulu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um þá þætti sem hafa skal til viðmiðunar við gerð skipulagsáætlana í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd sjálfbærrar þróunar við gerð skipulagsáætlana.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

46. gr.
Mælingar og kortagerð.

Vinna skal skipulagsáætlanir á stafræna kortagrunna.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að heimila för um landareign og uppsetningu mælipunkta vegna mælinga og leyfa að sett séu föst merki þar sem nauðsynlegt getur talist enda sé það ekki til ónæðis eða tjóns fyrir landeiganda.

47. gr.

Landeignaskrá.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af Landskrá fasteigna. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi heiti.

48. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í landeignaskrá, sbr. 47. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

49. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku skipulagsáætlana samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda og skal sveitarstjórn þinglýsa henni á viðkomandi eign.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

50. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir, hluta fasteigna og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé lið-

inn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðarskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir lögum nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

51. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsstefnu eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðbreytingar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.

X. KAFLI

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, þvingunarúrræði og viðurlög.

52. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum, lögum um mannvirki og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns og gegnir staðgengill forstöðumanns stöðu varamanns formanns í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar einn

nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra eða Skipulagsstofnun ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þegar kæra berst nefndinni skal hún tilkynna stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veita því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Jafnframt skal nefndin afla viðbótargagna og umsagna og kynna sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst.

Þegar nauðsynlegri gagnaöflun er lokið skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan sex mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 6. mgr.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarstjórn er heimilt að höfða mál til þess að krefjast ógildingar á úrskurði nefndarinnar.

53. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi skal skipulagsfulltrúi stöðva slíkar framkvæmdir tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar.

Ef framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess skal skipulagsfulltrúi stöðva framkvæmd þar til úr hefur verið bætt og tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun.

Ef skilyrði 1. og 2. mgr. eiga við getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða skipulagsfulltrúa við stöðvun framkvæmda.

54. gr.

Dagsektir.

Sveitarstjórn er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim eða láta af atferli sem er ólögmætt. Sinni aðili ekki fyrirmælum sveitarstjórnar innan þess frests sem hún setur getur sveitarstjórn ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er 500.000 kr. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Sveitarstjórn getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skuli, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

55. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

56. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Frá sama tíma falla úr gildi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

57. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, kemur: skipulagslög.
2. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kemur: skipulagslög.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd:

a. Í stað orðanna „sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.
b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 46. gr. laganna kemur: skipulagslaga.

c. Í stað orðanna „sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög.
d. Í stað orðanna „27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 13. gr. skipulagslaga.

3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum:
a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í e-lið 3. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
c. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
d. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: skipulagslögum.

4. Eftirfarandi breytingar verða á jarðalögum, nr. 81/2004:
a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 21. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: skipulagslaga.

5. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, kemur: skipulagslaga og laga um mannvirki.
6. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997“ í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
7. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, kemur: skipulagslögum.
8. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2007, vegalaga, kemur: skipulagslögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt. Sveitarstjórn getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem fram koma í 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.
2. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
3. Samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem starfandi eru við gildistöku laganna skulu vera starfræktar þar til nýrri svæðisskipulagsnefnd hefur verið komið á fót, sbr. 9. gr. Um málsmeðferð fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fer samkvæmt lögum þessum. Þær svæðisskipulagsnefndir sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu þó fá að ljúka störfum sínum séu öll hlutaðeigandi sveitarfélög því samþykk.

4. Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2012 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Þegar landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal umhverfisráðherra fella niður svæðisskipulag miðhálendis Íslands. Þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga sé í samræmi við svæðisskipulag miðhálendis Íslands og þá stefnumörkun sem þar kemur fram.
5. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta skal gera innan eins árs frá gildistöku laga þessara og skal sveitarstjórn gera Skipulagsstofnun grein fyrir því hvort hún hafi samþykkt viðkomandi áætlun. Hafi deiliskipulagsáætlun ekki verið samþykkt telst hún fallin úr gildi.
6. Byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 og varða skipulagsákvarðanir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

1482. Fyrirspurn [702. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um fjölda fullnustugerða.

Frá Þór Saari.

Hversu margar nauðungarsölur og vörslusviptingar, þ.m.t. beinar aðfarargerðir, hafa verið framkvæmdar frá 6. október 2008 á grundvelli verðtryggðra lána sem bundin eru vísitölu neysluverðs, gengistryggðra lána og lána í erlendri mynt? Sundurliðun óskast eftir helstu lánategundum annars vegar og lánum einstaklinga og fyrirtækja hins vegar.

Skriflegt svar óskast.

1483. Breytingartillaga [597. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „Ríkisendurskoðunar“ og „Ríkisendurskoðun“ í 2. og 4. málsl. 1. efnismgr. 3. gr. komi í viðeigandi beygingarfalli: dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

1484. Frumvarp til laga [661. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010.

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarmálagjald vegna rekstrarársins 2009 rennur í ríkissjóð. Tekjunum skal varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Iðnaðarmálagjald sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara en var lagt á vegna rekstrarársins 2008 og fyrr rennur einnig í ríkissjóð og skal ráðstafað með sama hætti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, falla úr gildi frá og með 1. janúar 2011. Lögin skulu þó halda gildi sínu vegna álagningar 2010 á einstaklinga og lögaðila vegna rekstrarársins 2009 og endurákvarðana vegna eldri gjaldára.

1485. Frumvarp til laga [507. mál]

um breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Með fyrirvara um ákvæði 45. og 46. gr. skal útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. f laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 86/2008, koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Veita má dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða ef útlendingur getur sýnt fram á ríka þörf á vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum, eða vegna erfiðra félagslegra aðstæðna viðkomandi eða erfiðra almennra aðstæðna í heimaríki eða í landi sem honum yrði vísað til eða vegna annarra atvika sem ekki má með réttu gera honum að bera ábyrgð á. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef um barn er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvörðun.

Ef sótt hefur verið um hæli skv. 46. gr. skal fyrst skorið úr því hvort skilyrði eru til þess að veita hæli áður en þessu ákvæði er beitt.

Heimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi skv. 12. gr. g í tvö ár hið minnsta dvalarleyfi samkvæmt þessari grein ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. g laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 86/2008:

a. Í stað orðanna „e-lið 1. mgr. 46. gr.“ í d-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 46. gr. a.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Heimilt er að veita dvalarleyfi samkvæmt þessari grein þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr.
c. Á eftir orðunum „eitt ár“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: í senn.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Mæla má fyrir um réttaráhrif bráðabirgðadvalarleyfis í reglugerð sem sett er skv. 47. gr. b.

4. gr.

Á eftir 12. gr. g laganna kemur ný grein, 12. gr. j, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvalarleyfi sem flóttamaður.

Þegar flóttamanni er veitt hæli gefur Útlendingastofnun út dvalarleyfi.

Dvalarleyfi samkvæmt þessari grein skal veitt til fjögurra ára og á flóttamaður rétt á endurnýjun dvalarleyfis að þeim tíma liðnum, nema skilyrði séu til að afturkalla hæli eða synjun á endurnýjun dvalarleyfis sé nauðsynleg vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna. Endurnýja má dvalarleyfi þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

Ráðherra getur sett frekari reglur um útgáfu dvalarleyfis fyrir flóttamenn og um rétt aðstandenda flóttamanna til dvalar, þar á meðal reglur sem takmarka rétt aðstandenda flótta-

manna samkvæmt samningum sem íslenska ríkið á aðild að.

5. gr.

Við c-lið 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þessa liðar eiga ekki við hafi umsækjandi haft dvalarleyfi sem flóttamaður skv. 12. gr. j eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 4. mgr. 12. gr. f.

6. gr.

Á eftir orðinu „flóttamaður“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: skv. 44. gr.

7. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Málshraði.

Ákvörðun í máli útlendings skal tekin svo fljótt sem unnt er. Skal útlendingur upplýstur reglulega um stöðu málsins.

Stjórnvald skal setja útlendingi ákveðinn frest til að kynna sér gögn máls og tjá sig um það. Máli skal ekki frestað að ósk aðila nema nauðsyn beri til.

8. gr.

Í stað 1. mgr. 25. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingi þegar í upphafi máls leiðbeint á tungumáli sem með sanngirni má ætla að hann geti skilið um réttindi hans og meðferð málsins. Útlendingi skal leiðbeint um:

a. rétt hans til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa á eigin kostnað,
b. rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingi, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., leiðbeint um:

a. rétt hans til að njóta aðstoðar túlks á öllum stigum máls; finnist ekki hæfur túlkur hér á landi innan sólarhrings eftir að slík beiðni kemur fram skal stjórnvald bjóða fram aðstoð túlks erlendis í gegnum síma,
b. rétt hans til að fá sér skipaðan talsmann við meðferð máls á kærustigi, sbr. 2. mgr. 34. gr.

9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Birting ákvörðunar um frávísun og brottvísun.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun um frávísun útlendings eða brottvísun skal ákvörðunin tilkynnt honum skriflega svo fljótt sem verða má. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru og um kærufrest.

Beinist ákvörðunin að útlendingi sem borið hefur því við að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við skal ákvörðunin jafnframt tilkynnt viðkomandi að viðstöddum starfsmönnum þeirra stjórnvalda sem málið varðar.

10. gr.

Orðin „og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina“ í 2. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki:

a. í málum skv. 46. gr. a, þegar synjað er um efnismeðferð umsóknar,
b. í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar, og
c. í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig að ákvæði 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. eigi við.

b. Á undan orðunum „1. mgr. 45. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 44. gr. eða.

c. 3. mgr. orðast svo:

Ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. má ekki framkvæma fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru eða niðurstaða liggur fyrir í máli þar sem útlendingur hefur óskað eftir frestun réttaráhrifa. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

12. gr.

Á eftir 5. málsl. 1. mgr. 33. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Að kröfu útlendings getur ráðherra þó ákveðið að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar sé talin ástæða til þess. Krafa þess efnis skal gerð ekki síðar en fimmtán dögum frá birtingu endanlegrar ákvörðunar. Skal frestun á réttaráhrifum bundin því skilyrði að útlendingur beri málið undir dómstóla innan tíu daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá því að beiðni um það er synjað.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Orðin „þegar kærð er synjun, sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr., á meðferð umsóknar um hæli“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ef fylgdarlaust barn skv. 5. mgr. 44. gr. sækir um hæli skal stjórnvald skipa því talsmann úr hópi lögmanna.

14. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki, eða vill ekki,

vegna slíks ótta hverfa aftur þangað, sbr. A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967. Um skilyrði þess að teljast flóttamaður er frekar mælt í 44. gr. a.

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum telst einnig útlendingur sem telst ekki flóttamaður samkvæmt ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ef raunhæf ástæða er til að ætla að hann eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði hann sendur aftur til heimalandsins. Sama gildir þegar um er að ræða ríkisfangslausan einstakling.

Það er ekki skilyrði þess að útlendingur teljist flóttamaður skv. 1. eða 2. mgr. að hann hafi fullnægt þeim skilyrðum sem þar koma fram er hann yfirgaf land sitt eða land þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur. Þó má ákveða að sá njóti ekki verndar sem hefur með athöfnum sínum utan heimalands síns skapað aðstæður sem leiða til þess að hann hafi þörf fyrir vernd, ef sýnt er fram á að tilgangur athafnanna hafi verið sá að skapa slíka þörf eða ef um athafnir er að ræða sem eru refsiverðar.

Við mat skv. 1. og 2. mgr. skal taka tillit til þess ef um er að ræða barn.

Beita skal viðeigandi ákvæðum laganna þegar fylgdarlaust barn sækir um hæli. Með fylgdarlausu barni er átt við einhleypan einstakling undir átján ára aldri sem kemur inn á yfirráðasvæði ríkis án fylgdar fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á barninu samkvæmt lögum eða venju, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá hins fullorðna einstaklings. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir fylgdarlaust eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkisins.

15. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Nánar um ofsóknir skv. 44. gr.

Til þess að um sé að ræða ofsóknir skv. 1. mgr. 44. gr. verður að vera um að ræða athafnir sem í eðli sínu, eða vegna þess að þær eru endurteknar, fela í sér alvarleg brot á grundvallarmannréttindum, einkum ófrávíkjanlegum grundvallarmannréttindum á borð við réttinn til lífs og bann við pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, bann við þrældómi og þrælkun og bann við refsingum án laga. Sama á við um samsafn athafna, þ.m.t. ólögmæta mismunun, sem hafa eða geta haft sömu eða sambærileg áhrif á einstakling.

Þegar ástæður ofsókna skv. 1. mgr. eru metnar skal miða við skilgreiningar í a–e-lið þessarar málsgreinar. Ekki skiptir máli við mat skv. 1. mgr. 44. gr. hvort umsækjandi hefur þau einkenni eða skoðanir sem vísað er til ef sá sem er valdur að ofsóknum telur svo vera, en:

a. *kynþáttur* vísar einkum til húðlitar, ætternis og þjóðfélagshópa af tilteknum uppruna,
b. *trúarbrögð* vísa einkum til trúarskoðana og annarra lífsskoðana, þ.m.t. guðleysis, og tjáningar þeirra, þátttöku í hvers konar trúarsamkomum, opinberum eða ekki, eða ákvörðunar um að taka ekki þátt í þeim, aðgerða sem byggjast á trúarskoðunum og frelsi til að skipta um trú,
c. *þjóðerni* tekur ekki aðeins til ríkisborgararéttar eða ríkisfangsleysis heldur geta fallið þar undir þeir sem tilheyra tilteknum kynþætti eða tilteknum hópi fólks sem talar sama tungumál eða hefur sameiginlega menningarlega sjálfsmynd, sameiginlegan uppruna, landfræðilega eða pólitískt, eða hópi sem er skilgreindur út frá tengslum við hóp fólks á landsvæði annars ríkis,
d. *þjóðfélagshópur* vísar einkum til hóps fólks sem umfram það að sæta ofsóknum hefur sameiginleg einkenni eða bakgrunn sem ekki verður breytt, eða hefur sameiginleg ein-

kenni eða lífsskoðanir sem eru svo mikilvægar sjálfsmynd þess að ekki ætti að gera kröfu til að þeim verði breytt eða það er talið til tiltekins þjóðfélagshóps þar sem það er álitið frábrugðið öðrum í samfélaginu,

e. *stjórnmálaskoðanir* vísa einkum til skoðana á stjórnvöldum sem kunna að beita ofsóknum og skoðana á stefnumótun þeirra og aðferðum, án tillits til þess hvort viðkomandi hefur aðhafst eitthvað til að tjá skoðanir sínar.

Þeir sem geta verið valdir að ofsóknum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eru:

a. ríkið,
b. hópar eða samtök sem stjórna ríkinu eða verulegum hluta landsvæðis þess, og
c. aðrir aðilar, sem ekki fara með ríkisvald, ef sýnt er fram á að ríkið eða hópar eða samtök skv. b-lið þessarar málsgreinar, þar með talið alþjóðastofnanir, geti ekki eða vilji ekki veita vernd gegn ofsóknum eða meðferð sem fellur undir 2. mgr. 44. gr., m.a. með því að ákæra og refsa fyrir athafnir sem fela í sér ofsóknir.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli í reglugerð.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Séu aðstæður með þeim hætti að 1. mgr. eigi við er heimilt að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f ef hann nýtur verndar skv. 44. gr.

b. Í stað orðanna „F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: b-lið 2. mgr. 46. gr.
c. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Við ákvörðun um frávísun eða brottvísun geta stjórnvöld þó ákveðið að útlendingur njóti ekki verndar skv. 1. mgr. ef nauðsynlegt er vegna öryggis ríkisins, sbr. j-lið 1. mgr. 18. gr., d-lið 1. mgr. 20. gr. eða a-lið 2. mgr. 21. gr. Ákvörðun þess efnis getur ekki komið til framkvæmda fyrr en ekki er lengur fyrir að fara þeim aðstæðum sem fjallað er um í 1. mgr.
d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Gefa má út bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g þegar svo stendur á sem greinir í 3. mgr., en binda má það því skilyrði að það veiti ekki rétt á undanþágu frá atvinnuleyfi eða önnur réttindi sem fylgja bráðabirgðadvalarleyfi.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Bann við að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.*

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna, sbr. 32. gr. laga nr. 86/2008:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Flóttamaður skv. 44. gr., sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um:

a. flóttamann sem fellur undir D- eða E-lið 1. gr. flóttamannasamningsins,
b. flóttamann þegar ríkar ástæður eru til að ætla að:
   1. hann hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og þetta er skilgreint í alþjóðlegum samningum sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi,

2. hann hafi framið alvarlegan ópólitískan glæp utan Íslands, áður en honum var veitt viðtaka sem flóttamanni, eða
3. hann hafi orðið sekur um athafnir sem brjóta í bág við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna,

c. flóttamann skv. 2. mgr. 44. gr., ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu, eða
d. flóttamann skv. 2. mgr. 44. gr. ef útlendingurinn hefur yfirgefið heimaland sitt eða land þar sem hann hafði síðast fasta búsetu í þeim eina tilgangi að komast hjá refsingu fyrir eitt eða fleiri brot sem varða fangelsisrefsingu samkvæmt íslenskum hegningarlögum.

Um útlendinga sem falla undir 2. mgr. en sem ekki má vísa brott vegna ákvæða 45. gr., fer eftir ákvæðum þeirrar greinar.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um rétt aðstandenda til hælis.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögum þessum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlending skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 12. gr. f.

18. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsókn um hæli verður ekki tekin til efnismeðferðar.

Með fyrirvara um ákvæði 45. gr. geta stjórnvöld synjað því að taka til efnismeðferðar umsókn skv. 1. mgr. 46. gr. ef:

a. umsækjanda hefur verið veitt hæli í öðru ríki,
b. umsækjandi hefur komið til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
c. krefja má annað norrænt ríki um að taka við umsækjanda samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins, eða samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja um endursendingu útlendinga sem hingað koma með ferjunni Norrænu, eða
d. krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna, um að taka við umsækjanda.

Þó skal taka umsókn um hæli til efnismeðferðar ef svo stendur á sem segir í b-, c- og d-lið 1. mgr., ef útlendingurinn hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd, eða ef sérstakar ástæður mæla annars með því.

Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd greinarinnar.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „dvalarleyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 12. gr. j.

b. Í stað 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um aðgang flóttamanna að menntun, sem og starfsþjálfun og endurmenntun vegna atvinnu, til jafns við íslenska ríkisborgara eða aðra útlendinga sem eru löglega búsettir í landinu. Sama á við um viðurkenningu á starfsréttindum og menntun flóttamanna. Ráðherra skal hafa samráð við viðeigandi fagráðherra við setningu reglugerðar.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um að þegar um er að ræða flóttamann sem fengið hefur hæli skv. 46. gr. megi víkja frá ákvæðum laga um biðtíma eða lágmarksbúsetutíma sem sett eru sem skilyrði fyrir félagslegri aðstoð, réttindum félagslega tryggingakerfisins eða öðrum réttindum. Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð að í sama tilgangi megi leggja bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g eða skráningarskírteini hælisleitanda að jöfnu við dvalarleyfi skv. 12. gr. j. Ráðherra skal hafa samráð við viðeigandi fagráðherra við setningu reglugerðar.

Þegar fylgdarlausu barni er veitt hæli skv. 46. gr. skulu barnaverndaryfirvöld þegar í stað taka ákvörðun um skipun forsjáraðila eða um vistun barnsins á hæfilegum stað. Ráðherra getur í reglugerð sett frekari reglur um vistun fylgdarlausra barna sem fá hæli hér á landi og réttindi þeirra.

20. gr.

Á eftir 47. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (47. gr. a.)

Afturköllun hælis.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr., þ.e. ef:

a. hann hefur sjálfviljugur notfært sér á ný vernd heimalands síns,
b. hann hefur sjálfviljugur endurheimt ríkisfang sitt, sem hann hafði glatað,
c. hann hefur öðlast nýtt ríkisfang og nýtur verndar hins nýja heimalands síns,
d. hann hefur sjálfviljugur sest að á ný í landi því sem hann yfirgaf eða dvaldi ekki í vegna ótta við ofsóknir,
e. hann getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna þess að aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi, eða
f. hann getur horfið aftur til landsins sem hann áður hafði reglulegt aðsetur í vegna þess að aðstæður þær sem leiddu til þess að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi, ef um ríkisfangslausan mann er að ræða.

Hæli skal ekki afturkalla skv. e- eða f-lið 1. mgr. ef útlendingurinn getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur til landsins, sem hann áður hafði fast aðsetur í, vegna fyrri ofsókna.

Afturkalla má hæli ef í ljós kemur að útlendingi sem fellur undir ákvæði 1. eða 2. tölul. b-liðar 2. mgr. 46. gr. hefur verið veitt hæli hér á landi.

Útlendingastofnun skal tilkynna flóttamanni um það fyrir fram þegar til greina kemur að afturkalla hælisveitingu og hvers vegna það kemur til greina. Ef hæli er afturkallað skal stjórnvald taka til athugunar hvort sjónarmið skv. 1. mgr. 45. gr. koma til álita eða hvort 12. gr. f eða 12. gr. g eiga við.

b. (47. gr. b.)

Réttarstaða hælisleitanda.

Ráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til, þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

Í reglugerð skal mælt fyrir um réttindi hælisleitenda, þ.m.t.:

a. lágmarksframfærslu og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og skal tillit tekið til þeirra sem þurfa sérstaka aðstoð,
b. aðgang að menntun og starfsþjálfun,
c. tryggja skal barni sem sækir um hæli aðgang að skyldunámi grunnskóla eða sambærilegri menntun innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað barnsins.

Ef í ljós kemur að hælisleitandi hafði ekki þörf fyrir þá fyrirgreiðslu sem veitt var getur Útlendingastofnun krafið hann um endurgreiðslu kostnaðar að hluta eða öllu leyti.

Svo fljótt sem verða má eftir að umsókn um hæli var lögð fram skal Útlendingastofnun gefa út skráningarskírteini hælisleitanda. Útlendingi sem sækir um hæli skal einnig leiðbeint um rétt hans til að sækja um bráðabirgðadvalarleyfi skv. 12. gr. g og um réttaráhrif þess. Skráningarskírteinið skal gilda í ákveðinn tíma, allt að hálfu ári, og skal umsækjandi afhenda það lögreglu eða Útlendingastofnun þegar hann fær útgefið dvalarleyfisskírteini, bráðabirgðadvalarleyfi, ferðaskírteini fyrir flóttamann eða vegabréf fyrir útlending, honum er gert að fara úr landi eða hann fær af öðrum ástæðum vegabréf heimaríkis síns á ný.

Skráningarskírteini hælisleitanda gildir ekki sem staðfesting þess að uppgefnar persónuupplýsingar séu réttar. Það gildir ekki sem ferðaskilríki.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sendingu úr landi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 45. gr., og á eftir orðinu „hæli“ í sama málslið kemur: skv. 44. og 46. gr. og afturköllun hælis skv. 47. gr. a.
b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í málum sem varða umsóknir um hæli er stjórnvöldum skylt að eiga samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og leita upplýsinga hjá stofnuninni þegar það á við.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar og um málsmeðferð samkvæmt þessum kafla laganna.

22. gr.

Á eftir 50. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (50. gr. a.)

Upphaf máls vegna umsóknar um hæli.

Umsókn um hæli skv. 46. gr. skal lögð fram hjá lögreglu. Úr því skal skorið hvort maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki og þau börn sem komu með umsækjanda sækja einnig um hæli.

Umsækjandi skal afhenda með umsókninni vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem hann hefur í fórum sínum. Sama gildir um maka, sambúðarmaka eða samvistarmaka umsækjanda og börn hans hvort sem þau komu með umsækjanda eða sækja um hæli síðar.

Eins fljótt og unnt er frá því að umsókn um hæli er lögð fram, og áður en fyrsta skýrslutaka fer fram, skal starfsmaður Útlendingastofnunar kallaður til. Ef um fylgdarlaust barn er að ræða skv. 5. mgr. 44. gr. skal fulltrúa barnaverndaryfirvalda í umdæmi þar sem umsókn er tekin til meðferðar einnig tilkynnt um málið.

Lögregla skal strax í upphafi upplýsa útlending sem sótt hefur um hæli eins og kostur er um framhald málsins og réttindi hans. Skulu slíkar leiðbeiningar vera skriflegar eða aðgengilegar á mynd- eða hljóðmiðli.

Útlendingur sem sótt hefur um hæli skal upplýstur um skyldur hans til að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir og um afleiðingar þess ef hann skýrir ekki satt og rétt frá eða heldur leyndum upplýsingum sem skipt geta máli við úrlausn málsins.

b. (50. gr. b.)

Rannsókn lögreglu vegna umsóknar um hæli.

Lögregla aflar eins fljótt og kostur er persónuupplýsinga um útlending sem sótt hefur um hæli með milligöngu alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra til að sannreyna hver hann er. Sama á við um öflun upplýsinga um ferðaleið hans.

Ef vafi vaknar um aldur fylgdarlauss barns lætur lögregla, að beiðni Útlendingastofnunar, aldursgreina viðkomandi með viðurkenndum aðferðum. Viðkomandi er heimilt að neita því að gangast undir slíka rannsókn og skal starfsmaður Útlendingastofnunar gera honum grein fyrir því hvaða áhrif slík neitun hefur á meðferð málsins. Synjun á hælisumsókn getur ekki byggst á því eingöngu að viðkomandi hafi neitað að gangast undir aldursgreiningu.

Lögregla getur beitt þeim rannsóknarúrræðum sem lög þessi heimila, eftir því sem við á. Ráðherra getur í reglugerð sett frekari fyrirmæli um beitingu rannsóknarúrræða.

c. (50. gr. c.)

Viðtal við hælisleitanda.

Hælisleitendur eiga rétt á viðtali hjá Útlendingastofnun með talsmanni ef þeir óska. Starfsmaður Útlendingastofnunar tekur viðtal við umsækjanda. Sá sem tekur viðtalið skal sjá til þess að upplýst verði um þær aðstæður umsækjanda sem hafa þýðingu fyrir umsókn hans eins og kostur er og kalla til túlk ef nauðsyn ber til.

Gera skal umsækjanda grein fyrir að þær upplýsingar sem hann gefur verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um umsókn hans. Umsækjandi skal inntur eftir því hvort hann samþykki að upplýsinga um hann verði aflað frá öðrum stjórnvöldum, þ.m.t. frá stjórnvöldum í öðrum ríkjum en heimaríki hans, ef þess gerist þörf vegna afgreiðslu málsins.

Þegar viðtal skv. 1. mgr. er tekið við fylgdarlaust barn skal starfsmaður Útlendingastofnunar sem hefur sérþekkingu á málefnum barna taka viðtalið, ef kostur er, og fara með málið. Talsmaður barns skv. 34. gr. skal vera viðstaddur viðtalið ásamt barninu. Skal talsmanni gefinn kostur á að ræða við barnið og leiðbeina því um viðtalið áður en það fer fram.

Ráðherra er heimilt að setja frekari reglur um framkvæmd viðtals, einkum að því er varðar viðtal þegar börn eiga í hlut eða aðrir sem vegna stöðu sinnar hafa þörf á ríkri vernd eða aðstoð og réttinn til talsmanns.

d. (50. gr. d.)

Sérstök málsmeðferð – flýtimeðferð.

Í málum sem tekin eru til efnismeðferðar getur Útlendingastofnun ákveðið að umsókn um hæli sæti flýtimeðferð, m.a. þegar:

a. líkur eru á að umsókn um hæli verði samþykkt eða þegar sérstakar ástæður umsækjanda mæla með því, þ.m.t. ef um fylgdarlaust barn er að ræða eða einstakling sem hefur þörf á ríkri vernd eða aðstoð,
b. umsókn er bersýnilega tilhæfulaus, þ.e.:
   1. útlendingur hefur ríkisfang í ríki þar sem hann þarf ekki að óttast ofsóknir eða meðferð sem brýtur gegn 44. gr. laganna, eða það sama á við um ríki þar sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur áður haft reglulegt aðsetur, eða
   2. senda má útlending til ríkis þar sem hann þarf ekki að óttast ofsóknir eða meðferð sem brýtur gegn 44. gr. laganna,
c. umsækjandi hefur gefið ófullkomnar eða misvísandi upplýsingar til stuðnings umsókn sinni eða þær upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt gefa ekki tilefni til að ætla að 44. gr. laganna eigi við um hann,
d. um endurtekna umsókn er að ræða eftir synjun hælisumsóknar eða umsókn hefur verið dregin til baka, eða
e. víst má telja að umsókn sé í því skyni gerð að tefja framkvæmd ákvörðunar um brottvísun.

Útlendingastofnun getur í málum þeim sem greinir í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. tekið ákvörðun án þess að viðtal við hælisleitanda fari fram.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði fyrir því að beita megi flýtimeðferð samkvæmt greininni.

23. gr.

Í stað orðanna „þriggja ára“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: fjögurra ára.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1486. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. g laganna koma tvær nýjar greinar, 12. gr. h og 12. gr. i, svohljóðandi:

a. (12. gr. h.)

Eftir umsókn þar um og að fenginni umsögn lögreglu skal Útlendingastofnun veita útlendingi, sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í sex mánuði þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi brott úr landi á þessu tímabili.

Nú er rökstuddur grunur um að gert sé tilkall til stöðu fórnarlambs í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

b. (12. gr. i.)

Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt þegar annað tveggja á við:

a. það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi, eða
b. það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1487. Frumvarp til laga [703. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2010, um stjórnlagaþing.

Flm.: Róbert Marshall, Mörður Árnason, Ólafur Þór Gunnarsson,
Þráinn Bertelsson, Árni Þór Sigurðsson, Þór Saari,
Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Framboði skal skilað á sérstöku eyðublaði, sem landskjörstjórn útbýr í samráði við dómsmálaráðuneytið, undirrituðu af frambjóðanda. Eyðublaðinu skal skilað á því formi sem landskjörstjórn ákveður. Með framboði skal fylgja listi með nöfnum minnst 30 og mest 50 meðmælenda, sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, og skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Í framboði sínu skal frambjóðandi m.a. tiltaka lögheimili sitt og í samandregnu máli gera grein fyrir framboði sínu til notkunar í kynningarefni skv. 9. gr. Í sama tilgangi skal framboði fylgja ljósmynd af frambjóðanda í því formi sem landskjörstjórn fer fram á.

b. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Landskjörstjórn raðar frambjóðendum í stafrófsröð, en fyrsta nafn skal valið af handahófi. Samtímis úthlutar landskjörstjórn frambjóðendum auðkennistölu sem valin er af handahófi.

c. Á eftir orðinu „frambjóðenda“ í 6. mgr. kemur: og auðkennistölu, svo og.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Efst á kjörseðli skulu prentaðar leiðbeiningar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, sbr. reglur 11. gr. Á kjörseðli skulu vera tuttugu og fimm vallínur. Í fyrstu vallínu standi auðkennistala þess frambjóðanda sem er 1. val kjósanda, í annarri vallínu standi auðkennistala

þess frambjóðanda sem er 2. val kjósanda, í þriðju vallínu standi auðkennistala frambjóðanda sem er 3. val kjósanda o.s.frv. Fremst í hverri vallínu skulu vera ferningar fyrir stafi í auðkennistölu frambjóðanda, jafnmargir og nauðsynlegt er, sbr. 6. mgr. 8. gr. Á bakhlið kjörseðils komi auðkennistákn seðilsins.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi setur auðkennistölu frambjóðanda í ferning einn eða fleiri fyrir framan 1. val sitt, þar á eftir auðkennistölu þess frambjóðanda sem hann velur í 2. vali, á eftir því vali auðkennistölu þess frambjóðanda sem hann vill að næstur komi til álita o.s.frv. Í kjörklefa skal liggja listi yfir frambjóðendur og auðkennistölur þeirra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Úthlutun sæta ræðst af eftirfarandi aðgerðum:

1. *Meinbugir á útfyllingu kjörseðils:*
   a. Sé efsta vallína auð telst kjörseðillinn ógildur.
   b. Sé vallína auð eða hún ekki rétt útfyllt telst seðillinn ekki ógildur af þeim sökum en aðeins skal taka tillit til útfyllingar í vallínum fram að auðu línunni en ekki til þeirra sem á eftir kunna að koma.
   c. Tvítekin auðkennistala gerir seðil ekki ógildan en aðeins skal taka tillit til vallína fram að fyrstu endurtekningu tölunnar en ekki annarra lína.
   d. Ef ekkert val verður lesið af kjörseðli vegna atvika sem að framan greinir telst kjörseðillinn ógildur.
2. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut með þeim hætti að deila fyrst heildartölu gildra kjörseðla með 26. Tekið skal heiltölugildið af útkomunni, þ.e. leif skal felld brott. Að því búnu skal bæta einum við og nefnist sú útkoma sætishlutur.
3. *Flokkun kjörseðla:* Kjörseðlar skulu flokkaðir í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru að 1. vali á seðlunum.
4. *Gildistölur*: Ákvarða skal atkvæðisgildi kjörseðla í hverjum bunka. Í upphafi er atkvæðisgildi allra seðla jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 6. tölul. um hugsanlegar breytingar á atkvæðisgildum. Með atkvæðatölu frambjóðanda er átt við samtölu atkvæðisgilda allra kjörseðla í bunka hans á hverju stigi úthlutunarinnar.
5. *Úthlutun sæta:* Jafnóðum og í ljós kemur að atkvæðatala frambjóðanda er jöfn eða hærri en nemur sætishlutnum skal frambjóðandanum úthlutað sæti. Á þetta við hvort sem er í upphafi eða síðar þegar beitt er ákvæðum 6. og 7. tölul.
6. *Færsla umframatkvæða:* Hafi frambjóðandi hlotið atkvæðatölu umfram sætishlut skal færa hvern einstakan kjörseðil hans í bunka þess frambjóðenda sem næstur er nefndur í forgangsröð á seðlinum og er meðal þeirra sem enn koma til álita að hljóta sæti. Sé engan frambjóðanda að næsta vali að finna skal leggja slíkan seðil til hliðar. Að öðru leyti fer um færslu seðlanna sem hér segir:
   a. Ákvarða skal umframhlutfall hjá frambjóðanda sem seðlar eru færðir frá. Fæst það með því að deila þeim hluta af atkvæðatölu frambjóðandans sem er umfram sætishlut með óskertri atkvæðatölu hans. Endurmeta skal atkvæðisgildi viðkom-

andi seðla með því að margfalda fyrra atkvæðisgildi hvers þeirra með umframhlutfallinu.

b. Hafi fleiri en einn frambjóðandi atkvæðatölu umfram sætishlut skal fyrst færa seðla frá þeim sem hæsta hefur atkvæðatöluna og síðan koll af kolli. Að lokinni færslu skal aðgæta hvort þá hafi bæst í hóp þeirra frambjóðenda sem náð hafa sætishlut. Skal þá ganga úr skugga um hver umræddra frambjóðenda er nú með hæstu atkvæðatöluna áður en aftur er valinn sá þeirra sem næst skal færa seðla frá.

7. *Útilokun:* Komi að því að enginn frambjóðandi sem til álita kemur að hljóta sæti uppfyllir ákvæði 5. tölul. skal finna þann frambjóðanda sem þá hefur lægstu atkvæðatölu. Sá frambjóðandi kemur ekki lengur til álita við úthlutun sæta, sbr. þó 2. mgr. Kjörseðlar í bunka hans skulu allir færðir í bunka þeirra frambjóðenda sem enn koma til álita og næstir eru nefndir í forgangsröð á umræddum seðlum, sbr. ákvæði 6. tölul. Sé engan slíkan að finna skal leggja þann seðil til hliðar.
8. *Lok úthlutunar:* Beita skal ákvæðum 6. og 7. tölul. svo lengi sem við á en þó þannig að ákvæði 6. tölul. hafi ávallt forgang. Þegar tala þeirra frambjóðenda sem enn koma til álita að hljóta sæti er orðin jöfn tölu þeirra 25 sæta sem eftir er að ráðstafa skal sætunum úthlutað til þessara frambjóðenda án frekari útreikninga.
9. *Nákvæmni í reikningi:* Útreikningar á atkvæðisgildum, atkvæðatölum og umframhlutföllum skulu gerðir með fimm tugabrotsstöfum. Ekki skal taka tillit til tugabrotsstafa umfram fimm í útkomutölum.
10. *Hlutkesti:* Reynist einhverjar atkvæðatölur sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar skal hluta um þær.

Hafi frambjóðendur af öðru kyninu fengið úthlutað færri en tíu sætum eða sem nemur tveimur fimmtu allra þingsæta skal úthluta sætum til þeirra frambjóðenda sem næstir eru í röðinni af því kyni, sé þá að finna, þangað til hlutfall þeirra nemur að minnsta kosti tveimur fimmtu allra fulltrúa. Heildartala þingfulltrúa skal þó aldrei vera hærri en 31. Þetta skal gert með því að horfa til atkvæðatalna frambjóðenda þess kynsins sem hallar á eins og þær voru næst á undan því að útilokunarákvæði 7. tölul. 1. mgr. var beitt hvað þá snertir. Sætum skal úthlutað til þeirra sem höfðu þessar atkvæðatölur hæstar.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Úthlutun sæta, útgáfa kjörbréfa og úrskurðir í ágreiningsmálum.*

5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild til þess að víkja frá fyrirmælum um rafræna kjörskrá.

Ef ekki reynist unnt að beita ákvæðum laga þessara um rafræna kjörskrá er dómsmála- og mannréttindaráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra þar að lútandi. Um gerð kjörskrár vegna atkvæðagreiðslu á kjörfundi fer skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara og ákvæðum VI. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag og henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Að öðru leyti fer um kosningu utan kjörfundar eftir ákvæðum XII. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu þó vera hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum.

6. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem taka sæti á stjórnlagaþingi og bera skyldur samkvæmt ráðningar- og kjarasamningum eiga rétt á leyfi frá störfum sínum þann tíma sem þeir gegna þingstörfum.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd geta óskað ákvörðunar forseta Alþingis um einstök álitamál vegna undirbúnings þjóðfundar og stjórnlagaþings.

Kostnaður við boðun og störf þjóðfundar og vegna undirbúnings stjórnlagaþings og starfa stjórnlaganefndar skal greiddur úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í vinnu við undirbúning kosningar til stjórnlagaþings, undirbúning þjóðfundar og stjórnlagaþingsins sjálfs hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til þess skjóta styrkari stoðum undir framkvæmd þeirra. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta í fyrsta lagi að gerð kjörseðilsins, en þar er m.a. stuðst við ákvæði í finnskum kosningalögum, nr. 714/1998, þar sem gert er ráð fyrir því að kjósendur velji frambjóðendur með því að rita auðkennistölu þeirra á kjörseðilinn. Í öðru lagi eru lögð til ítarlegri ákvæði um gerð eyðublaðs fyrir tilkynningu um framboð, en við það er miðað að gerð kynningarefnis, þar á meðal um frambjóðendur, taki mið af upplýsingum sem þar komi fram. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um talningu atkvæða og uppgjör kosningarinnar, er taka m.a. mið af breyttum kjörseðli. Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um rétt kjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi til leyfis frá störfum sínum á meðan þeir gegna þingstörfum. Loks er í fimmta lagi lagt til að kveðið verði með skýrari hætti á um heimildir forseta Alþingis til þess að fjalla um álitamál sem undirbúningsnefnd stjórnlagaþings og stjórnlaganefnd óska úrlausnar á.

Til nánari skýringar vísast að öðru leyti til umfjöllunar um einstök ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að landskjörstjórn ákveði í samráði við dómsmálaráðuneytið gerð eyðublaðs fyrir tilkynningar um framboð og jafnframt á hvaða formi það verði gert. Jafnframt eru ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna gerð skýrari um þær upplýsingar sem frambjóðendum ber að standa skil á með framboði sínu.

Með ákvæðinu er enn fremur lagt til að þegar fyrir liggur hver verður fjöldi frambjóðenda til stjórnlagaþings skuli landskjörstjórn raða frambjóðendum á lista í stafrófsröð, þar sem fyrsta nafn er valið af handahófi. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum. Síðan er það nýmæli að gert er ráð fyrir því að um leið úthluti landskjörstjórn frambjóðendum auðkennistölu með tilviljanakenndri aðferð. Með þessu er strax lagður grunnur að því hvernig haga skuli kynningu á frambjóðendum og gerð leiðbeininga til kjósenda um kosninguna. Með því að gera ráð fyrir sérstakri auðkennistölu frambjóðenda er um leið verði að leggja til breytingar á útliti

kjörseðilsins, framkvæmd kosningarinnar og talningu at2kvæða. Vísast í því sambandi til umfjöllunar um 2.–4. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Við athuganir á mögulegu útliti kjörseðilsins hefur komið í ljós að veruleg vandkvæði eru á því að koma fyrir á kjörseðlinum nauðsynlegum upplýsingum, einkum ef frambjóðendur verða margir. Sé miðað við kjörseðil á A-4 blaði (148 x 210 mm) er unnt að koma fyrir upplýsingum um 15–20 frambjóðendur, en á kjörseðli þarf að koma fyrir nafni frambjóðanda, stöðu hans eða starfsheiti og í hvaða sveitarfélagi hann er búsettur. Kosning sú sem hér um ræðir er á margan hátt einstök þar sem almennt má búast við því að nokkur fjöldi einstaklinga verði í framboði. Sá kjörseðill sem ákvæði laganna gerir ráð fyrir yrði því annaðhvort að vera margsamanbrotinn eða í sérstöku hefti. Ljóst er að slíkt fyrirkomulag getur haft veruleg vandkvæði í för með sér fyrir kjósendur og eins við talningu atkvæða. Með því að gera ráð fyrir því að kjósendur hafi áður fengið upplýsingar um frambjóðendur og auðkennistölu frambjóðandans og að á kjörstað verði slíkar upplýsingar einnig aðgengilegar ætti kosningin að geta gengið hratt og örugglega. Í ljósi þess hagræðis sem fylgir framkvæmd kosningarinnar með þessum hætti er lagt til að kjörseðillinn rúmist á einu A-4 blaði. Þá fyrirmynd sem hér er stuðst við er að finna í kosningum til Riksdagen í Finnlandi, sbr. 37. og 51. gr. valglagen nr. 714/1998, með síðari breytingu.

Í 2. mgr. 13. gr. laganna er gert ráð fyrir því að heimilt verði að beita rafrænum aðferðum við talningu og útreikning á því hver hafi náð kjöri. Í athugunum landskjörstjórnar á framkvæmd rafrænnar talningar, einkum á Englandi, Skotlandi og Írlandi, er það forsenda slíkrar talningar að kjörseðillinn hafi sérstakt tákn eins og einnig er rakið í skýringum við 4. gr. frumvarpsins. Slíkt auðkenni er bundið við seðilinn sjálfan og er ekki rekjanlegt til kjósanda. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um heimildir til að auðkenna kjörseðla sérstaklega fyrir hina rafrænu talningu.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er því lýst hvernig kjósandi greiðir atkvæði er tekur mið af þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á útliti kjörseðilsins, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til á útliti kjörseðilsins, sbr. 2. gr., og framkvæmd kosningarinnar, sbr. 3. gr., er nauðsynlegt að gera vissar breytingar á 1.–3. mgr. 14. gr. laganna. Þessa gætir einkum í 1. tölul. 1. mgr. Að öðru leyti hefur orðalag 1. mgr. verið endurskoðað. Lýtur það m.a. að nýjum nafngiftum sem færa hugtakanotkun nær því sem tíðkast almennt þar sem forgangsröðunaraðferðinni (e. *Single Transferable Vote,* STV) er beitt. Þá er notkun orðanna „atkvæði“ og „kjörseðill“ samræmd. Enn fremur er kveðið skýrar að orði á stöku stað.

Þær breytingar sem lúta að efni ákvæðisins eru eftirfarandi:

a. Skilgreining á sætishlut er breytt til fulls samræmis við þá gerð sem þekktust er og kennd er við Droop (sjá 2. tölul.). Samkvæmt ákvæðinu skal reikna sætishlutinn þannig:

$$Sætishlutur = 1 + \text{Heiltala af brotinu } [Heildartala\ gildra\ seðla/26]$$

Þessi breytta skilgreining hefur enga fræðilega þýðingu en ætti að gera þessa lykilstærð úthlutunarferilsins eðlilegri í augum almennings þar sem sætishlutur að hætti Droops er ávallt heiltala.

b. Tekið er af skarið með það í hvaða röð umframatkvæði eru færð (sjá b-lið 6. tölul.). Þetta má vitaskuld ákvarða með ýmsum hætti, en aftur er valin sú leið sem algengust er. Segja má að slíkt ákvæði skorti í lögin óbreytt.
c. Hætt er að beita útilokunarákvæði 7. tölul. um leið og ljóst er hverjir munu skipa öll sætin (að undanskildum þeim sætum sem ætluð eru til kynjajöfnunar). Þetta hefur engin áhrif á það hverjir hljóta sætin en er gert af fagurfræðilegum ástæðum og enn á ný til að færa útfærsluna að því sem almennt tíðkast um aðferðina (sjá 6. tölul.).
d. Með 9. tölul. er tekið með ákveðnum hætti á því hve nákvæmlega skal reikna þær stærðir sem máli skipta. Í hérlend kosningalög skortir ákvæði um þetta og er því í raun gert ráð fyrir að allar stærðir séu meðhöndlaðar eins og um almenn brot sé að ræða. Þar sem útreikningar samkvæmt forgangsröðunaraðferðinni geta orðið allmargbrotnir er það vart vinnandi vegur að reikna í almennum brotum. Því er hér að hætti annarra þjóða gripið til þess ráðs að tilgreina þá nákvæmni í tugabrotsútreikningum sem krafist er. Ámóta ákvæði ætti að færa í önnur kosningalög.

Að gerðum framangreindum breytingum er forgangsröðunaraðferðin, sem 1. mgr. lagagreinarinnar lýsir efnislega, orðin samhljóma þeirri útgáfu STV-aðferðarinnar sem nefnd er á ensku *Weighted Inclusive Gregory Method*. Þetta er trúlega sú útgáfa sem nú er algengust og var t.d. tekin upp við kosningar til héraðsráða í Skotlandi vorið 2007. Breytingin, ef að lögum verður, gerir það kleift að nota tilbúinn hugbúnað við talninguna.

Af framangreindum breytingum leiðir að ákvæði 2. mgr. 14. gr. hafa verið færð inn í 1. mgr. Sú breyting sem lögð er til að gerð verði á 3. mgr. lagagreinarinnar, nú 2. mgr., lýtur að því að skýra nánar ráðstöfun sæta til að jafna hlut kynjanna, en felur ekki í sér efnisbreytingu. Loks er lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði breytt með þeim hætti að í stað orðsins „úrslit“ komi úthlutun sæta, sem er í meira samræmi við efni ákvæðisins.

Um 5. gr.

Rétt þykir að búa svo um hnúta að ef ekki reynist unnt að hafa hina rafrænu kjörskrá tilbúna á tilskildum tíma, sbr. 3. mgr. 5. gr., eða ekki þykir af öðrum ástæðum forsvaranlegt að byggja atkvæðagreiðsluna á rafrænni kjörskrá verði heimilt að víkja frá ákvæðum laganna þar að lútandi, sbr. ákvæði 1., 3. og 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna. Af slíkri ákvörðun mundi leiða að lögð yrði til grundvallar kjörskrá í því formi sem tíðkast hefur við kosningar til Alþingis. Jafnframt er lagt til að kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu á kjörfundi verði í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna. Til samræmis er í 2. mgr. lagt til að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefjist 17 dögum fyrir kjördag og ljúki kl. 12 daginn fyrir kjördag. Að öðru leyti fer um kosninguna skv. XII. kafla laga um kosningar til Alþingis.

Loks er lagt til að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir verði hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum. Að öðru leyti fari framkvæmd kosningar til stjórnlagaþings samkvæmt lögum nr. 90/2010. Þegar vísað er til þess að mörk kjördæma verði hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum er átt við að ákvörðun landskjörstjórnar um mörk Reykjavíkurkjördæma fyrir síðustu alþingiskosningar muni gilda um mörk Reykjavíkurkjördæma í kosningunni til stjórnlagaþings. Er hér byggt á sömu tilhögun og ákveðin var í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Um 6. gr.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að fulltrúar sem valdir hafa verið til setu á stjórnlagaþingi eigi rétt á leyfi frá störfum sínum þann tíma sem þeir gegna þingstörfum. Með því að vísa til þeirra sem bera skyldur samkvæmt ráðningar- og kjarasamningum er lögð áhersla á að þeir sem eru í vinnuréttarsambandi og bera starfsskyldur á grundvelli þess skulu eiga rétt á leyfi frá störfum sínum.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að undirbúningsnefnd stjórnlagaþings og stjórnlaganefnd geti óskað eftir því að forseti Alþingis taki ákvörðun í einstökum álitamálum sem upp kunna að koma vegna starfa þjóðfundarins og vegna undirbúnings við stofnun stjórnlagaþings. Þannig er gert ráð fyrir því að unnt verði að leita úrlausnar forseta Alþingis m.a. um fjárhagsmálefni sem snerta störf þjóðfundarins og stjórnlaganefndar. Er þessi framsetning í samræmi við 1. og 28. gr. laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1488. Framhaldsnefndarálit [425. mál]

um frv. til skipulagslaga.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Magnús Jóhannsson frá umhverfissráðuneyti og Guðjón Bragason og Halldór Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þau mál sem hlutu mesta umfjöllun í nefndinni að þessu sinni voru gjaldtökuákvæði frumvarpsins, staðfesting skipulagstillögu, málshöfðunarréttur sveitarfélaga, gerð tillögu að landsskipulagsstefnu og hverfisskipulag.

Nefndin ræddi gjaldtöku fyrir skipulagsvinnu og þá breytingu sem hún lagði til á 20. gr. Er þar kveðið á um að innheimta megi gjald samhliða framkvæmda- eða byggingarleyfi. Þar sem ekki er víst að byggingar- eða framkvæmdaleyfi sé gefið út í beinu framhaldi þó svo að skipulagsvinna fari fram leggur nefndin til þá breytingu að sú kvöð falli brott en jafnframt er lögð áhersla á að kveðið verði á um nánari útfærslu gjaldtöku í reglugerð. Hefur nefndin kynnt sér drög að reglugerð um héraðsvegi sem hafa mætti til hliðsjónar.

Nefndin ræddi nú sem áður staðfestingu skipulagstillagna, sbr. 25. og 32. gr. frumvarpsins. Nefndin lagði til þá breytingu að Skipulagsstofnun samþykkti tillögurnar en teldi stofnunin að synja skyldi samþykkt bæri henni að senda þær til ráðherra til samþykktar, synjunar eða frestunar. Nokkurs ósamræmis gætir milli ákvæðanna og texta nefndarálits þar sem í þeim er einungis gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar skipulagsnefndar áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun eða frestun. Leggur nefndin til breytingu á ákvæðinu til samræmis við texta nefndarálitsins.

Þá ræddi nefndin málshöfðunarrétt sveitarfélaga en við fyrri umfjöllun nefndarinnar lagði hún til þá breytingu að lögfest yrði heimild sveitarstjórnar til að höfða mál til þess að krefjast

ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndarinnar. Í nefndaráliti nefndarinnar um málið kemur fram að málshöfðunarréttur sé til staðar hafi sveitarfélag lögvarðra hagsmuna að gæta. Nefndinni barst athugasemd um að sú breyting sem hún hefði lagt til á ákvæðinu væri því óþörf en ætti að halda henni þyrfti frekari útfærslu við. Með vísan til rökstuðnings í nefndaráliti og úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2000 í frávísunarmáli nr. E-2348/2000 leggur nefndin því til að ákvæðið falli brott enda telur nefndin að þegar sé til staðar málshöfðunarréttur samkvæmt almennum réttarfarsreglum.

Nefndin ræddi að nýju landsskipulagsstefnu og áréttar það sem fram kemur í frumvarpinu að megintilgangur landsskipulagsstefnu sé að setja fram stefnu um landnotkun sem byggist á stefnumörkun ríkisins á ýmsum sviðum. Þá ræddi nefndin mikilvægi þess að við gerð hennar væri haft víðtækt samráð. Áréttar nefndin í þessu sambandi að sveitarfélög hafa skipulagsvaldið og eru því helstu hagsmunaaðilar hvað skipulagsmál varðar. Nefndin lagði til að yfir verkefninu yrði stofnuð verkefnastjórn sem skipuðum sjö fulltrúum af ráðherra. Telur nefndin mikilvægt að vettvangur ráðgjafar og samráðs sé til staðar en leggur þó til þá breytingu á verklaginu að gerð landsskipulagsstefnu verði í höndum Skipulagsstofnunar líkt og upphaflegt ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir en ráðherra skipi sjö manna ráðgjafarnefnd sem í skuli vera fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, opinberra stofnanna og fagaðila á sviði skipulagsmála. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar verði að vera Skipulagsstofnun til ráðgjafar og samráðs við undirbúning tillögu að landsskipulagsstefnu og styðja þannig við faglega nálgun við viðfangsefnið. Leggur nefndin áherslu á að samráð sé haft við ráðgjafarnefndina við upphaf vinnunnar, reglulega meðan á henni stendur og við lok hennar áður en tillögur eru sendar ráðherra. Þá er lagt til að ráðgjafarnefndin verði einn þeirra aðila sem Skipulagsstofnun ber að hafa samráð við við gerð landsskipulagsstefnu. Um hlutverk og starfshætti ráðgjafarnefndarinnar verði svo nánar kveðið í reglugerð.

Nefndin ræddi að nýju hið margþætta hlutverk Skipulagsstofnunar við að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu, meta hvort hún sé háð umhverfismati áætlana og ef svo er gera slíka áætlun og hafa eftirlit með henni. Áréttar nefndin að það er umhverfisráðherra sem ber ábyrgð á gerð landsskipulagsstefnu og leggur því til að það verði ráðherra sem taki ákvörðun um hvort áhrif hennar á umhverfið skuli metin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Ráðuneytið fari þá með hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt þeim lögum þegar um landsskipulagsstefnu er að ræða.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að ákvæði um hverfisskipulag þyrftu nánari útfærslu þannig að skýrt væri hvaða reglur giltu um gerð slíks skipulags, kynningu þess, samráð o.fl. Um þetta vísar nefndin til umfjöllunar í nefndaráliti sínu en áréttar jafnframt að skipulaginu er ætlað að vera hliðstætt deiliskipulagi og gilda þá í grónum hverfum í stað þess. Almennar málsmeðferðarreglur sem gilda um deiliskipulag varðandi kynningu, samráð, auglýsingu, samþykkt o.fl. eiga því við um gerð hverfisskipulags. Til að taka af allan vafa hvað þetta varðar leggur nefndin til breytingu á ákvæðinu.

Eftir fyrri umfjöllun um málið lagði nefndin til að *sjálfbær þróun* yrði skilgreind sérstaklega og miðaði við skilgreiningu laga nr. 83/2010 sem breyttu lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996. Í skýringu við skilgreininguna er vísað til 1. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992 sem hljóðar svo: „Sú viðleitni að koma á sjálfbærri þróun varðar sjálft mannkynið. Því ber réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna.“ Tilvísunin í Ríó-yfirlýsinguna getur valdið misskilningi þar sem sjálfbær þróun er ekki skilgreind sérstaklega í meginreglunni heldur er þar undirstrikað mikilvægi sjálfbærrar þróunar fyrir mannkynið. Skilgreiningin á *sjálfbærri þróun* byggist í reynd á Brundtlands-skýrslunni

Sameiginleg framtíð okkar (e. Our Common Future) sem gerð var árið 1987 undir forustu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs. Þar var hugtakið fyrst skilgreint og vísað til þess að með því væri átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.
Þá leggur nefndin til breytingu á 34. gr. þess efnis að í stað þess að skylt verði að senda mál til úrskurðar ráðherra verði ágreiningur um aðalskipulag og nefnd nær ekki sameiginlegri niðurstöðu geti nefndin eða meiri hluti hennar ákveðið að vísa málinu til úrskurðar ráðherra.

Nefndin telur mikilvægt að hnykkja frekar á skilgreiningu frumvarpsins á aðgengi fyrir alla og leggur því til breytingu á henni. Að auki leggur nefndin smávægilegar breytingar til leiðréttar auk breytingu á ákvæði um reglugerð um framkvæmdaleyfi þar sem mikilvægt sé að þar verði kveðið á um eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 2. tölul. orðist svo: *Aðgengi fyrir alla:* Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.
2. F-liður 4. gr. orðist svo: að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og gera tillögu að landsskipulagsstefnu.
3. Við 10. gr. Orðið „jafnframt“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

   Ráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Ráðherra skal áður en vinna hefst við gerð landsskipulagsstefnu hverju sinni skipa sjö fulltrúa í ráðgjafarnefnd sem er Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsskipulagsstefnu. Í ráðgjafarnefnd skulu vera fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, opinberra stofnanna og fagaðila á sviði skipulagsmála.

   Þegar vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu hefst skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað er að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, svo sem um forsendur stefnunnar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Lýsing Skipulagsstofnunar á gerð landsskipulagsstefnu skal kynnt opinberlega og skal Skipulagsstofnun áður hafa samráð við ráðgjafarnefndina og leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um efni hennar, svo sem þeirra stofnana sem fara með þá málaflokka sem landsskipulagsstefnuna varða, Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir því sem við getur átt.

   Umhverfisráðherra ber ábyrgð á gerð umhverfismats fyrir landsskipulagsstefnu og tekur ákvörðun um hvort áhrif hennar á umhverfið skuli metin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Umhverfisráðuneytið fer að öðru leyti með hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana þegar um landsskipulagsstefnu er að ræða.

   Við gerð landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna lands-

skipulagsstefnunnar, svo og hlutaðeigandi stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Þegar endanlegar tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu liggja fyrir kynnir stofnunin þær opinberlega ásamt umhverfismati, þegar við á. Tillögurnar ásamt umhverfismati skulu auglýstar í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynntar á heimasíðu stofnunarinnar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillögurnar séu aðgengilegar og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillögurnar skulu jafnframt sendar til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Eftir að kynningartíma lýkur tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til umhverfisráðherra ásamt tillögum stofnunarinnar að landsskipulagsstefnu. Stofnunin skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar grein fyrir umsögn sinni um athugasemdirnar.

Umhverfisráðherra tekur tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu ásamt umsögn stofnunarinnar skv. 7. mgr. til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

5. Við 20. gr. Orðin „samhliða útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis“ í 2. mgr. falli brott.
6. Við 25. gr. Orðin „um synjun“ í 3. málsl. 5. mgr. falli brott.
7. Við 32. gr.
   a. Orðin „um synjun eða frestun“ í lokamálslið 4. mgr. falli brott.
   b. Á eftir orðinu „synjar“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: frestar.
8. Við 34. gr. Í stað orðanna „skal senda málið til úrskurðar ráðherra ásamt greinargerð nefndarinnar“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: getur hún eða meiri hluti hennar vísað málinu til úrskurðar ráðherra og skal þá greinargerð nefndarinnar fylgja.
9. Við. 37. gr. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reglur um málsmeðferð deiliskipulags gilda um hverfisskipulag eftir því sem við á.
10. Við 45. gr.
    a. Við 2. mgr. bætist: sem og hlutverk og starfshætti ráðgjafarnefndar.
    b. Á eftir orðunum „hvenær framkvæmd telst hafin“ í 10. mgr. komi: um eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum.
11. Við 52. gr. 10. mgr. falli brott.
12. Við 57. gr. Á eftir b-lið 3. tölul. komi nýr stafliður, svohljóðandi: Á eftir orðunum „á landi“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: úr ám, vötnum.

Birgir Ármannsson og Birgitta Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. sept. 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Þuríður Backman.
Gunnar Bragi Sveinsson.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Mörður Árnason.

Anna Margrét Guðmundsdóttir.

1489. Framhaldsnefndarálit [658. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum..

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir að því var vísað til nefndarinnar milli 2. og 3. umræðu, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga um þingsköp Alþingis. Nefndin óskaði eftir álitum félags- og tryggingamálanefndar, heilbrigðisnefndar og samgöngunefndar á frumvarpinu.

Í áliti samgöngunefndar kemur fram að almennt er breið sátt með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í innanríkisráðuneyti og leggur 1. minni hluti til að frumvarpið verði samþykkt.

Í áliti meiri hluta heilbrigðisnefndar er bent á umfang fyrirhugaðs velferðarráðuneytis og um hve viðkvæma þjónustu sé að ræða. Þar kemur fram að með sameiningu ráðuneytanna megi m.a. auðvelda samþættingu þjónustu á velferðarsviði við einstaklinga og stofnanir og að sameiningin muni jafnframt mynda öflugri starfseiningar með betri yfirsýn yfir þau verkefni sem þeim eru falin og koma í veg fyrir tvíverknað.

Í áliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar kemur fram að hann telji að nýtt velferðarráðuneyti sé í betri stöðu til að forgangsraða á nýjan hátt, samþætta velferðarúrræði og eftirlit með þeim og nýta fjármuni sem renna til málaflokkanna á sem skilvirkastan hátt. Meiri hlutinn félags- og tryggingamálanefndar áréttar að undirbúa þarf sameininguna vel og telur nauðsynlegt að í undirbúningsvinnunni verði haft samráð við starfsmenn og notendur þeirrar þjónustu sem heyrir undir málefnasvið ráðuneytanna. Þá telur meiri hlutinn það málinu til framdráttar að sami maður gegnir embætti félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra þar til nýtt velferðarráðuneyti tekur til starfa.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að markmið frumvarpsins er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að efla þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf og nýta sem best þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. 1. minni hluti leggur áherslu á mikilvægi þess að allur undirbúningur sé vandaður og samráð haft við viðkomandi stofnanir.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „félagsmála- og tryggingaráðuneyti“ í a-lið 1. gr. komi: félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Alþingi, 9. sept. 2010.

Róbert Marshall, frsm.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur að beiðni allsherjarnefndar tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969 (658. mál). Á fund nefndarinnar kom Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin hefur farið yfir þær umsagnir sem borist hafa vegna frumvarpsins og tengjast samgöngu- og sveitarstjórnarmálum. Markmið frumvarpsins er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nýtt ráðuneyti, innanríkisráðuneyti, verði til við sameiningu dóms- og mannréttindaráðuneytis annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis hins vegar.

Að mati samgöngunefndar er víðtæk samstaða meðal umsagnaraðila um frumvarpið og eru kostir sameiningarinnar að mati umsagnaraðila ótvíræðir. Samgöngunefnd tekur undir álit umsagnaraðila og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi 8. september 2010.

Björn Valur Gíslason, formaður,
Róbert Marshall,
Árni Johnsen, með fyrirvara,
Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara,
Ólína Þorvarðardóttir,
Mörður Árnason.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur að beiðni allsherjarnefndar fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, (658. mál).

Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Markmið með frumvarpinu er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í velferðarráðuneyti. Meiri hlutinn takmarkar umsögn sína við stofnun velferðarráðuneytis og skipulagsbreytingar því tengdar. Umsagnir sem borist höfðu alsherjarnefnd á sviði nefndarinnar voru almennt jákvæðar að mestu leyti og virðist breið sátt vera um sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Það er mat meiri hlutans að með sameiningu ráðuneytanna megi m.a. auðvelda samþættingu þjónustu á velferðarsviði við einstaklinga og stofnanir. Sameiningin muni jafnframt mynda öflugri starfseiningar með betri yfirsýn yfir þau verkefni sem þeim eru falin og koma í veg fyrir tvíverknað. Meiri hlutinn telur að með sameiningu ráðuneytanna muni þjónusta hins opinbera verða aðgengilegri fyrir almenning og hægt verði að gera verkaskiptingu skýrari.

Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á umfangi fyrirhugaðs velferðarráðuneytis og um hve viðkvæma þjónustu er um að ræða. Leggur meiri hlutinn því ríka áherslu á vandaðan undirbúning og samráð viðkomandi stofnana. Meiri hlutinn telur að fara verði vandlega yfir hlutverk stofnananna og hafa samráð við starfsmenn þeirra með tilliti til hvort og þá með hvaða hætti þær falla undir starfsvið velferðaráðuneytis.

Þrátt fyrir fækkun ráðuneyta vill nefndin benda á að ýmis verkefni hins opinbera snerta eftir sem áður verksvið margra ráðuneyta. Því er mikilvægt að leita leiða til að koma á markvissu samstarfi og leysa þau mál sem snerta fleiri en eitt ráðuneyti.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 8. september 2010.

Þuríður Backmann, formaður,
Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Siv Friðleifsdóttir með fyrirvara,
Ólafur Þór Gunnarsson,
Valgerður Bjarnadóttir,
Skúli Helgason.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur að beiðni allsherjarnefndar tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969 (658. mál). Nefndin ræddi þau atriði frumvarpsins sem tengjast málefnasviði hennar, þ.e. sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er m.a. að endurskipuleggja ráðuneyti Stjórnarráðsins til að gera þjónustu við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Meiri hlutinn telur mikilvægt að nýta opinbera fjármuni og þá sérfræðiþekkingu sem til staðar er á sem skilvirkastan og hagkvæmastan máta. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur mikilvægt að tryggja öfluga þjónustu til framtíðar.

Þeir málaflokkar sem heyra undir félags- og tryggingamálanefnd hafa undanfarin missiri eins og aðrir málaflokkar orðið fyrir sársaukafullum niðurskurði og telur meiri hlutinn að nýtt velferðarráðuneyti sé í betri stöðu til að forgangsraða á nýjan hátt, samþætta velferðarúrræði og eftirlit með þeim og nýta fjármuni sem renna til málaflokkanna á sem skilvirkastan hátt. Álit þetta telur meiri hlutinn staðfest í þeim fjölmörgu umsögnum sem bárust sem almennt eru jákvæðar hvað varðar sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Meiri hlutinn áréttar að undirbúa þarf sameininguna vel og telur nauðsynlegt að í undirbúningsvinnunni verði haft samráð við starfsmenn og notendur þeirrar þjónustu sem heyrir undir málefnasvið ráðuneytanna. Þá telur meiri hlutinn það málinu til framdráttar að sami maður gegnir embætti félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra þar til nýtt velferðarráðuneyti tekur til starfa.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst.

Alþingi, 8. sept. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform.
Árni Þór Sigurðsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Anna Margrét Guðmundsdóttir.
Lilja Mósesdóttir.

1490. Framhaldsnefndarálit [658. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti allsherjarnefndar ítrekar andstöðu sína við frumvarpið og áréttar að ekki hafa komið fram svör við gagnrýni sem fram kom í áliti undirritaðra milli 1. og 2. umræðu (þskj. 1467). Þá tekur 2. minni hluti eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í sameiginlegu áliti fulltrúa Sjálfstæðisflokks í heilbrigðisnefnd og félags- og tryggingamálanefnd, sbr. fylgiskjal.

Alþingi, 9. sept. 2010.

Birgir Ármannsson, frsm. Ólöf Nordal.

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969 (658. mál).

Frá minni hluta félags- og tryggingamálanefndar og heilbrigðisnefndar.

Alþekkt er að bæta þarf íslenska stjórnsýslu. Ábyrgð og hlutverk einstaka ráðuneyta og stofnana er ekki nægjanlega skýr. Ákvarðanataka er oft óljós og stefnumótun ábótavant svo eitthvað sé nefnt. Margar stofnanir eru of vanmáttugar og það sama á við um sum ráðuneytin. Bankahrunið og eftirmálar þess hafa verðskuldað dregið athygli að þessu vandamál.

Ekkert í þessu frumvarpi tekur á þeim vandamálum sem uppi eru í íslenskri stjórnsýslu og var þó þörfin brýn og tækifærin mörg. Breytingarnar hafa ekki verið undirbúnar og engin gögn eða vinna hefur farið fram til að undirbyggja málið.

Ekkert tillit hefur verið tekið til athugasemda rannsóknarnefndar Alþingis og ekki er beðið eftir niðurstöðum og tillögum frá þingmannanefndinni. Þess í stað setti forstætisráðherra vinnuhóp þvert ofan í vinnu þingmannanefndarinnar undir forustu síns trúnaðarmanns og án aðkomu annarra. Það er athyglisvert að stjórnarmeirihlutinn skuli telja eðlilegt að gengið verði fram hjá þinginu með þessum hætti. Stóru orðin um aukið sjálfstæði þingsins og bætt vinnubrögð á vettvangi þess eru í ljósi þessara vinnubragða fyrst og fremst orð.

Hlutverk hóps forsætisráðherra er að koma með tillögur um úrbætur í stjórnkerfinu. Svo kaldhæðnislega vill til að vinnuhópurinn gagnrýnir sams konar vinnubrögð og viðhöfð eru í þessu máli harðlega og leggur áherslu á mikilvægi vandaðra úttekta sem undanfara meiri háttar opinberrar stefnumótunar.

Fagstéttir í heilbrigðis- og félagsþjónustu, sjúklingasamtök og þau samtök sem eiga samskipti við félagsmálaráðuneytið fengu ekki aðkomu að þessu máli en norræna velferðarstjórn-

in hleypti þeim stéttum sem eiga samskipti við önnur ráðuneyti að með álit. Niðurstaðan er að ekki er farið í stofnun atvinnuvegaráðuneytis vegna andstöðu hagsmunaaðila en farið er í að sameina stærstu ráðuneytin félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti í eitt ráðuneyti, sem mun hafa um 50% af ríkisútgjöldum, ef frá eru dregin vaxtagjöld ríkissjóðs. Örsmáu ráðuneytin starfa hins vegar áfram óbreytt. Fyrirhugað samráð sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu í greinargerð með frumvarpinu að yrði í sumar var svikið.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem er það eina sem liggur fyrir í þessu máli, eru meinlegar staðreyndarvillur sem er enn ein staðfesting á því að ekki hefur verið vandað til verka. Engin gögn eru lögð til grundvallar fyrirætlunum um sameiningu ráðuneyta, stofnana eða tilfærslu verkefna sem boðað er í frumvarpi. Þessi ríkisstjórn hefur komið í veg fyrir sameiningu stofnana og tilfærslu verkefna sem leitt hefði til hagræðingar. Þessi ríkisstjórn hefur á þeim tveimur árum sem hún hefur starfað ekki unnið að undirbúningi að hagræðingu og bættum vinnubrögðum í stjórnkerfinu. Þess í stað eru pólitísk hrossakaup látin ráða ferðinni. Þetta frumvarp er skýrt dæmi um það og stjórnarþingmenn spila með. Settur er fram grófur rammi að breytingunum og framkvæmdarvaldinu falið að fylla upp í hann. Það telur minni hlutinn mjög varasamt og getur ekki stutt þetta mál.

9. sept. 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson,
Pétur H. Blöndal,
Óli Björn Kárason,
Ragnheiður E. Árnadóttir.

1491. Lög [507. mál]

um breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælismál).

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1485.

1492. Lög [509. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1486.

1493. Lög [585. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 976.

1494. Lög [661. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010.

(Afgreidd frá Alþingi. 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1484.

1495. Lög [597. mál]

um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1473 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Við 3. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.

1496. Beiðni um skýrslu [704. mál]

frá félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu skuldara á Norðurlöndum.

Frá Róbert Marshall, Ólafi Þór Gunnarssyni, Merði Árnasyni, Þór Saari,
Birgi Ármannssyni, Ólöfu Nordal, Vigdísi Hauksdóttur,
Þráni Bertelssyni, Valgerði Bjarnadóttur og Árna Þór Sigurðssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu skuldara á Norðurlöndum og úrræði sem þeim standa til boða. Meðal þess sem fjalla skal um í skýrslunni eru eftirtalin atriði:

a. Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.
b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.
c. Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.
d. Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara séu starfrækt á Norðurlöndum og ef svo er, hversu lengi hafa þau verið starfrækt? Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími.
e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.
f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna á Norðurlöndum.
g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar skýrslubeiðni telja nauðsynlegt að gerð verði úttekt á stöðu skuldara á Norðurlöndum til þess að unnt verði m.a. að bera saman og greina hvort og þá hvaða munur er á henni. Meðal þess sem gera skal ítarlega grein fyrir í skýrslunni er hvaða úrræði eru í boði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, sem og einstaklinga sem bera ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri, hversu lengi þau hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst. Flutningsmenn telja einnig mikilvægt að fram komi upplýsingar um hversu hátt hlutfall þeirra sem leita úrræðanna fái lyktir sinna mála eða hvort þeir þurfi að nýta sér frekari úrræði.

Telja flutningsmenn nauðsynlegt að fram komi hver eru almenn skilyrði fyrir úrræðunum, t.d. varðandi lögheimili, búsetu og ríkisborgararétt, einnig hversu langt umsóknarferlið er og hversu lengi úrræðin vara. Þá sé rétt að skoða hver framfærsluviðmið eru á Norðurlöndum.

Þá er þess óskað að skoðað verði hvort embætti sambærileg við umboðsmann skuldara séu starfrækt á Norðurlöndum, hver reynslan af slíkum embættum hefur verið, hvaða verkefnum þau sinna og hvaða vald- og eða eftirlitsheimildir þau hafa.

Flutningsmenn telja brýnt að skoðað verði hvernig kröfur stofnast, hvernig lögvernd er háttað, hvort takmörk eru á innheimtukostnaði og hvernig kröfum lýkur. Í því sambandi verði m.a. skoðað hvernig fyrningu kröfuréttinda er háttað og fullnustugerðum. Þá telja flutningsmenn rétt að í skýrslunni komi einnig fram upplýsingar um það hvort skuldarar hafi heimild til að láta fasteign sína af hendi sem fullnustu þeirra veðkrafna sem á henni hvíla, hvernig slíku ferli er háttað og hverjar eru afleiðingar þess.

Auk framangreinds er þess m.a. óskað að skoðaðar verði reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

1497. Nefndarálit [521. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð H. Hilmarsson frá Fjárfestingarstofu, Arnar Þór Másson frá forsætisráðuneyti, Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Valdimar Össurarson frá Valorku, ÁTAK og Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Ólöfu Ýri Atladóttur ferðamálastjóra, Árna Ragnarsson og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Önnu Guðrúnu Björnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorvarð Hjaltason frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Hrefnu Jónsdóttur frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Þorvald Jóhannesson frá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Aðalstein Óskarsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Elínu Líndal frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Sigrúnu Björk Jakobsdóttur frá Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, ÁTAK, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Byggðastofnun, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Ferðamálastofu, Fjárfestingarstofu, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fljótsdalshéraði, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélagi Austurlands, Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Valorku ehf. og Vegagerðinni.

Með tillögunni er lagt til að unnið verði að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013 þannig að hún verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Með aðgerðunum er leitast við að lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætluninni eru skilgreind sjö lykilsvið og undir hverju þeirra eru tillögur um aðgerðir og eftirfylgni. Einnig fylgir áætluninni greinargerð Byggðastofnunar um ástand og horfur í byggðaþróun. Með aðgerðunum er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Lykilsviðin sjö eru sett fram í tillögunni sjálfri en nánar útfærð í athugasemdum. Þar er jafnframt greint frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsan-

legum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna. Meginmarkmið tillögunnar er að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar er ætlað að vera hluti af Sóknaráætlun 2020 sem nú er unnið að á vegum ríkisstjórnarinnar en markmið sóknaráætlunar er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Einn tilgangur sóknaráætlunar er að samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Með þessu á að stuðla að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, sem samþykkt var 3. maí 2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Alþingi hefur fengið allar þessar áætlanir til meðferðar og afgreiðslu á undanförnum árum. Nokkrir umsagnaraðilar gagnrýndu tímasetningu byggðaáætlunar sökum þess að verið er að leggja lokahönd á tillögur um samþættar sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta sem fram verða lagðar á haustmánuðum. Einstakir umsagnaraðilar töldu þar af leiðandi Byggðaáætlun óþarfa þar sem Sóknaráætlun 2020 sé ætlað að leysa hana af hólmi. Einnig var bent á að Sóknaráætlun væri hin eiginlega byggðaáætlun og því beri að fresta afgreiðslu þingsályktunartillögunnar þar til Sóknaráætlun 2020 verði samþykkt, en þá verði þær afgreiddar samhliða. Jafnframt komu fram sjónarmið um að mikilvægt sé að fá skýrt fram hvaða áætlun verði stefnumarkandi og hvernig markmiðum verði hrint í framkvæmd. Meiri hluti nefndarinnar leggur ríka áherslu á að byggðaáætlun er ætlað að vera innlegg í Sóknaráætlun 2020. Ályktunin felur í sér fjölmargar aðgerðir sem lagt er til að verði hluti af hinni heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Eitt meginverkefni Sóknaráætlunar 2020 er að samþætta opinberar áætlanir sem samþykktar hafa verið á Alþingi á undanförnum árum og afgreiðsla byggðaáætlunar nú er því í fullu samræmi við það verklag sem fylgt er við samþættingu áætlana.

Meiri hlutinn vill árétta að á Alþingi hvílir lagaskylda að samþykkja byggðaáætlun, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, en þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Einnig telur meiri hlutinn mikilvægt að byggðaáætlun fái framgang nú svo hægt verði að halda áfram að hrinda einstökum þáttum hennar og aðgerðum í framkvæmd. Margar aðgerðir eru nú þegar komnar til framkvæmda, svo sem ýmsar aðgerðir í ferðaþjónustu. Frestun á afgreiðslu byggðaáætlunar mundi skaða framkvæmd einstakra aðgerða hennar, m.a. vaxtarsamningana, sem eru veigamesti málaflokkur byggðaáætlunar, en tveimur þriðju fjárveitinga hennar er varið til vaxtarsamninga.

Fram kom hjá nokkrum umsagnaraðilum gagnrýni á þá aðferðafræði sem notuð er við mótun byggðaáætlunar. Víða í umsögnum er einnig bent á að draga þurfi fram vaxandi mikilvægi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt kemur fram að í nokkrum tilfellum séu sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög spyrnt saman sem þátttakendur en eðlilegra væri að hvor aðili um sig væri skilgreindur sem sjálfstæður þátttakandi, þar sem um aðskilda aðila er að ræða. Meiri hlutinn tekur undir þessa gagnrýni og bendir jafnframt á að í tillöguninni sé of mikil áhersla á miðstýringarvald hins opinbera á kostnað frumkvæðis, ábyrgðar og eftirfylgni

heimamanna í einstökum landshlutum. Meiri hlutinn fagnar því að staðinn verði vörður um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni en þau hafa mikla staðþekkingu og eru eitt öflugasta tæki heimamanna í héraði til að hreyfa við málefnum sinna svæða. Það er niðurstaða meiri hlutans að mikilvægt sé að auka aðkomu, ábyrgð og hlutverk heimamanna og ekki síst landshlutasamtaka við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar. Nefndin kynnti sér skýrslu sem starfshópur á vegum samgönguráðherra skilaði árið 2009, en hann hafði það hlutverk að fara yfir starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga og koma með tillögur að framtíðarskipulagi svæðisbundinnar samvinnu. Fram kemur í skýrslunni að það sé einróma álit starfshópsins að þörf sé á því að efla byggðaþróun í landinu og samþætta opinberar áætlanir og stefnur. Þessir þættir séu mikilvægir til að ná tilætluðum árangri, auka skilvirkni, nýta betur fjármuni og til að fyrirbyggja óþarfa ágreining. Starfshópurinn er sammála því að landshlutasamtök sveitarfélaga séu vel til þess fallin að taka að sér það samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði. Meiri hlutinn tekur heils hugar undir þetta álit starfshópsins.

Meiri hlutinn tekur undir þá ábendingu umsagnaraðila að mikilvægi menntunar og fræðastarfs, rannsókna og þróunar á vettvangi þekkingasetra í landshlutunum sé ótvírætt fyrir eflingu byggða og markvissa stefnumótun í þeirra þágu. Sé litið til langtímaþróunar þá munu þessar áherslur skila hvað mestum árangri í nýsköpun, eflingu samfélaga og jöfnun búsetu. Á hinn bóginn komu einnig fram athugasemdir um að stjórnsvið byggðaáætlunar hefði þrengst frá því að iðnaðarráðuneytið tók við stjórnsýslu málaflokksins og það hafi m.a. leitt til þess að byggðaáætlunin taki fyrst og fremst mið af málaflokkum ráðuneytisins. Meiri hlutinn vill benda á að hafa verður hugfast við gerð áætlana að kröfur samtímans kalla á sífellt nánara samstarf þvert á ráðuneyti og mikilvæg forsenda skilvirkrar stjórnsýslu er að áætlanir sem eiga upptök sín í mismunandi ráðuneytum séu samþættar og framkvæmd þeirra samræmd.

Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að mikilvægt sé að stilla saman strengi landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þegar mótuð er byggðastefna til framtíðar, ekki síst í ljósi gjörbreyttrar stöðu höfuðborgarsvæðisins í kjölfar efnahagshrunsins, þar var þenslan mest og samdrátturinn því mest áberandi. Meiri hlutinn telur að forsenda árangursríkrar byggðastefnu sé náið samstarf höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og telur að sú aðferðafræði sem lögð er til grundvallar í undirbúningi Sóknaráætlunar 2020 og byggist á víðtæku samráði við heimamenn í héraði um stefnumótun sé til eftirbreytni og líkleg til að skila verkfæri sem nýtt verður á markvissan hátt. Á sama hátt vekur meiri hlutinn máls á því að víða um land er góð reynsla af samstarfi og samræmingu vaxtarsamninga og menningarsamninga. Slík samlegð varðandi mannahald, stefnumótun og fleira er skynsamleg og líkleg til að skila meiri árangri en aðgreining þessara verkefna.

Menning og listir hafa á síðustu árum orðið einn eftirtektarverðasti vaxtarbroddurinn í samfélagi byggðanna hringinn í kringum landið. Aukið vægi þessara greina í félags- og atvinnulífi hefur allt í senn aukið lífsgæði í byggðunum, sjálfsvitund og sjálfstraust íbúa og laðað að æ fleiri ferðamenn, sem víða hefur getið af sér fjölbreyttari atvinnutækifæri en áður voru til staðar. Í dag eru í gildi menningarsamningar við alla landshluta þar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti leggja fjármuni til verkefna á móti sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum. Tilgangur menningarsamninga er að efla menningarstarf á viðkomandi landsvæði og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg, ásamt því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif heimamanna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Samstarf þetta hefur skilað miklum ávinningi víða um land til samræmis við stefnumótun í fyrri

byggðaáætlun. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu í umsögnum að mikilvægt sé að gera menningu og skapandi greinum hærra undir höfði í áætluninni og leggur til breytingu þess efnis að efling menningarstarfs og skapandi greina verði eitt af lykilsviðum byggðaáætlunar.

Meiri hlutinn leggur einnig til orðalagsbreytingar á þingsályktunartillögunni í samræmi við ákvæði 44. gr. þingskapalaga nr. 55/1991, en þar segir að tillögur til þingsályktunar skuli vera í ályktunarformi. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þingsályktanir verði að greina vel frá settum lögum. Þær eru vilja- eða stefnuyfirlýsingar Alþingis, en hafa ekki að geyma bindandi reglur fyrir borgara eða yfirvöld.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. og 2. mgr. og inngangur 3. mgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Áætlunin byggist á aðgerðum í nýsköpun og atvinnuþróun í samræmi við aðra stefnumótun við gerð Sóknaráætlunar 2020.

   Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfi byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

   Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir átta skilgreind lykilsvið.
2. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Efling menningarstarfs og skapandi greina.* Menning og listir skipa æ ríkari sess í nýsköpun og eflingu atvinnulífs um land allt og hafa þar með jákvæð áhrif á byggðaþróun. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa reynst vel og styðja við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og að efla tengsl lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að styrkja grundvöll skapandi greina með því að auka áherslu á menntun á þessu sviði. Nýta má menningarsamninga og vaxtarsamninga í þessu skyni og koma á víðtæku samstarfi við þekkingarsetur og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar um eflingu menntunar á sviði skapandi greina.

Alþingi, 30. ágúst 2010.

Skúli Helgason, form., frsm.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Atli Gíslason.
Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Árni Þór Sigurðarson.

1498. Lög [658. mál]

um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1480 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Orðin „dómsmála- og mannréttindaráðuneyti“ og „félags- og tryggingamálaráðuneyti“ falla brott.
b. Á eftir orðinu „fjármálaráðuneyti“ kemur: innanríkisráðuneyti.
c. Orðið „heilbrigðisráðuneyti“ fellur brott.
d. Orðin „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti“ falla brott.
e. Í stað orðanna „og utanríkisráðuneyti“ kemur: utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

1499. Skipulagslög. [425. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1481 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

4. gr. hljóðar svo:
Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,

d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og gera tillögu að landsskipulagsstefnu,
g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að annast umsýslu Skipulagssjóðs,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

10. gr. hljóðar svo:

Umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu.

Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar.

Landsskipulagsstefna skv. 2. mgr. getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í henni skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands.

Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

11. gr. hljóðar svo:

Ráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu, sbr. 10. gr. Ráðherra skal áður en vinna hefst við gerð landsskipulagsstefnu hverju sinni skipa sjö fulltrúa í ráðgjafarnefnd sem er Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsskipulagsstefnu. Í ráðgjafarnefnd skulu vera fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, opinberra stofnana og fagaðila á sviði skipulagsmála.

Þegar vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu hefst skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð er grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað er að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, svo sem um forsendur stefnunnar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Lýsing Skipulagsstofnunar á gerð landsskipulagsstefnu skal kynnt opinberlega og skal Skipulagsstofnun áður hafa samráð við ráðgjafarnefndina og leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila um efni hennar, svo sem þeirra stofnana sem fara með þá málaflokka sem landsskipulagsstefnuna varða, Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir því sem við getur átt.

Umhverfisráðherra ber ábyrgð á gerð umhverfismats fyrir landsskipulagsstefnu og tekur ákvörðun um hvort áhrif hennar á umhverfið skuli metin í samræmi við lög um umhverfismat

áætlana. Umhverfisráðuneytið fer að öðru leyti með hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana þegar um landsskipulagsstefnu er að ræða.

Við gerð landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landsskipulagsstefnunnar, svo og hlutaðeigandi stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Þegar endanlegar tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu liggja fyrir kynnir stofnunin þær opinberlega ásamt umhverfismati, þegar við á. Tillögurnar ásamt umhverfismati skulu auglýstar í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynntar á heimasíðu stofnunarinnar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillögurnar séu aðgengilegar og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillögurnar skulu jafnframt sendar til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Eftir að kynningartíma lýkur tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til umhverfisráðherra ásamt tillögum stofnunarinnar að landsskipulagsstefnu. Stofnunin skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar grein fyrir umsögn sinni um athugasemdirnar.

Umhverfisráðherra tekur tillögur Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu ásamt umsögn stofnunarinnar skv. 7. mgr. til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

20. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. og 2. mgr. og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

25. gr. hljóðar svo:

Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Svæðisskipulagsnefnd sendir innan tólf vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar.

Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum

og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingar skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags.

32. gr. hljóðar svo:

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 31. gr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Ráðherra synjar, frestar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

34. gr. hljóðar svo:

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði sveitarfélaganna eða Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 30. og 31. gr.

Takist nefndinni ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu getur hún eða meiri hluti hennar vísað málinu til úrskurðar ráðherra og skal þá greinargerð nefndarinnar fylgja. Aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga skal samræmt úrskurði ráðherra.

37. gr. hljóðar svo:

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Deiliskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna deiliskipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar, þegar við á. Í greinargerðinni skal m.a. setja skipulagsskilmála í samræmi við stefnuna. Á skipulagsuppdrætti deiliskipulags skal setja fram þá stefnu sem kynnt er í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Reglur um málsmeðferð deiliskipulags gilda um hverfisskipulag eftir því sem við á.

Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinnar sem skal vera a.m.k. fimm ár en ekki lengri en fimmtán ár. Framkvæmdatími áætlunarinnar hefst við gildistöku áætlunarinnar en ef hann er ekki tilgreindur skal miða við fimmtán ár.

Um gerð og framsetningu deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

45. gr. hljóðar svo:

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana og um framkvæmdaleyfi að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um landsskipulagsstefnu og málsmeðferð sem og hlutverk og starfshætti ráðgjafarnefndar.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, um gerð lýsingar skipulagsverkefnis og um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppdrátta, svo sem skipulagsskilmála og kvaðir. Einnig skal kveðið á um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um og skilgreina hverfisskipulag.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um heimildir sveitarfélaga til að kveða á um útlit og form mannvirkja í skipulagsáætlunum.

Í skipulagsreglugerð skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, svæðisskipulagsnefnda og skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi skal kveða nánar á um framkvæmdaleyfi, svo sem hvaða framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi, hvenær framkvæmd telst hafin, um eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum, um gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar, sem unnar skulu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um þá þætti sem hafa skal til viðmiðunar við gerð skipulagsáætlana í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd sjálfbærrar þróunar við gerð skipulagsáætlana.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

52. gr. hljóðar svo:

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum, lögum um mannvirki og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns og gegnir staðgengill forstöðumanns stöðu varamanns formanns í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem

jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra eða Skipulagsstofnun ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þegar kæra berst nefndinni skal hún tilkynna stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veita því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Jafnframt skal nefndin afla viðbótargagna og umsagna og kynna sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst.

Þegar nauðsynlegri gagnaöflun er lokið skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan sex mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 6. mgr.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

57. gr. hljóðar svo:

1. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, kemur: skipulagslög.
2. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kemur: skipulagslög.

3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd:
   a. Í stað orðanna „sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 46. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
   c. Á eftir orðunum „á landi“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: úr ám, vötnum.
   d. Í stað orðanna „sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög.
   e. Í stað orðanna „27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 13. gr. skipulagslaga.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í e-lið 3. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   c. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   d. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
5. Eftirfarandi breytingar verða á jarðalögum, nr. 81/2004:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 21. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
6. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, kemur: skipulagslaga og laga um mannvirki.
7. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997“ í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
8. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, kemur: skipulagslögum.
9. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2007, vegalaga, kemur: skipulagslögum.

1500. Lög [703. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2010, um stjórnlagaþing.

(Afgreidd frá Alþingi 9. september 2010.)

Samhljóða þskj. 1487.

1501. Skýrsla [705. mál]

þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

1. Inngangur.

Í byrjun október 2008 varð íslenska þjóðin og íslenskur efnahagur fyrir miklu áfalli þegar þrír stærstu bankarnir féllu og ríkið yfirtók reksturinn. Í kjölfar þessara atburða samþykkti Alþingi að setja á fót sérstaka nefnd til þess að rannsaka bankahrunið, aðdraganda þess og orsakir sem og tengda atburði. Til rannsóknarnefndarinnar var stofnað með lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, og til starfans voru fengnir óháðir sérfræðingar, dr. Páll Hreinsson hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og dr. Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur og kennari við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Hlutverk rannsóknarnefndarinnar var að varpa ljósi á ástæður bankahrunsins haustið 2008, greina orsakir þess og fjalla um og leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni. Eins átti hún að leggja mat á það hver kynni að bera ábyrgð á mistökum sem gerð voru og kanna hvort nokkur hefði sýnt af sér vanrækslu í störfum sínum. Að auki var það hlutverk nefndarinnar að afla upplýsinga um starfsemi hinna föllnu fjármálafyrirtækja og gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkað, skoða hvernig eftirliti með fjármálastarfsemi var háttað á árunum fyrir hrunið auk þess að vekja athygli hlutaðeigandi yfirvalda á málum þar sem grunur vaknaði um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum. Við lok vinnu sinnar gaf rannsóknarnefndin út skýrslu þar sem rökstuddar eru niðurstöður hennar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Þá skipaði forsætisnefnd einnig sérstakan vinnuhóp til að leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna mætti rekja til starfshátta og siðferðis. Þann hóp skipuðu Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisráðs. Skilaði hópurinn niðurstöðu sinni í skýrslu sem finna má í viðauka 1 við rannsóknarskýrsluna.

Skipun þingmannanefndar.

Með breytingu á lögum nr. 142/2008, um rannsóknarnefnd Alþingis, sbr. lög nr. 146/2009, var sett á stofn sérstök þingmannanefnd. Um hana er fjallað í 2. mgr. 15. gr. laganna. Þar segir að Alþingi skuli kjósa níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Umrædd þingmannanefnd var kosin á Alþingi 30. desember 2009 og er hún skipuð þingmönnum úr öllum þingflokkum. Nefndina skipa Atli Gíslason formaður (Vg), Unnur Brá Konráðsdóttir varaformaður (S), Birgitta Jónsdóttir (H), Eygló Harðardóttir (F), Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg), Magnús Orri Schram (Sf), Oddný G. Harðardóttir (Sf), Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) og Sigurður Ingi Jóhannsson (F). Margrét Tryggvadóttir (H) starfaði með nefndinni í forföllum Birgittu Jónsdóttur, sérstaklega síðustu vikur fyrir skil skýrslu þingmannanefndarinnar.

Reglur um starfsemi þingmannanefndarinnar.

Um þingmannanefndina gilda ákvæði þingskapalaga, nr. 55/1991, um fastanefndir eftir því sem við á en auk þess setti nefndin verklagsreglur um starf sitt. Skv. 3. mgr. 15. gr. laganna um rannsóknarnefndina skal þingmannanefndin gefa Alþingi skýrslu um störf sín í samræmi við 26. og 31. gr. þingskapa fyrir þinglok í september 2010. Þá hefur nefndin einnig heimild til að leggja fram tillögur að öðrum þingmálum og getur fylgt eftir ábendingum í skýrslunni um úrbætur á lögum og reglum, t.d. með því að vísa þeim til viðkomandi fastanefnda ef ástæða er til. Þingmannanefndin hefur auk þess heimildir til þess að afla frekari upplýsinga um tiltekin atriði í skýrslu rannsóknarnefndarinnar telji hún það nauðsynlegt. Þá er gert ráð fyrir að þingmannanefndin geti sett af stað rannsókn um tiltekin atriði. Reglur II., III. og VI. kafla laga um rannsóknarnefndina gilda um slíka rannsókn eftir því sem við á, þar á meðal um rannsóknarheimildir, þagnarskyldu og birtingu upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu.

Verkefni þingmannanefndarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna um rannsóknarnefndina er hlutverk þingmannanefndarinnar að móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þá skal þingmannanefndin gefa Alþingi skýrslu um störf sín, sbr. 26. og 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, en auk þess getur hún lagt fram tillögur að öðrum þingmálum eftir því sem efni máls krefur og fylgt eftir ábendingum í skýrslunni um úrbætur á reglum með því að vísa þeim til viðkomandi fastanefndar ef ástæða er til.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til breytinga á lögunum um rannsóknarnefndina[1] kemur fram að viðfangsefni þingmannanefndarinnar muni ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Þingmannanefndin muni fylgja eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar varðandi breytingar á lögum og reglum. Auk þess muni hún væntanlega fjalla um hvaða lærdóma er hægt að draga af efnahagsáföllunum og eftir atvikum móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það fellur undir hlutverk þingsins. Kemur þar ábyrgð ráðherra til skoðunar en Alþingi er handhafi ákæruvalds gagnvart ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar, lögum um ráðherraábyrgð og lögum um landsdóm.

Í 6. mgr. 15. gr. laga um rannsóknarnefndina kemur fram að kosning þingmannanefndarinnar hefur sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð. Með ákvæðinu var þingmannanefndinni þannig falið það hlutverk að taka afstöðu til framgöngu ráðherra í aðdraganda hrunsins og leggja í framhaldinu mat á hvort tilefni sé til málshöfðunar fyrir landsdómi vegna brota á lögum um ráðherraábyrgð skv. 13. gr. laga um landsdóm nr. 3/1963. Skipun þingmannanefndarinnar þann 30. desember 2009 hafði því þau áhrif að fyrningarfrestur sá sem mælt er fyrir um í 14. gr. ráðherraábyrgðarlaga var rofinn og við tók eins árs tímabil sem Alþingi getur mögulega nýtt til þess að samþykkja málshöfðun gegn ráðherra í samræmi við nefnt ákvæði ráðherraábyrgðarlaga.

Þingmannanefndinni ber hins vegar ekki að taka afstöðu í málum sem rannsóknarnefndin sendir ríkissaksóknara um ætlaða refsiverða háttsemi einstakra manna eða í málum sem tilkynnt eru forstöðumönnum eða ráðuneytum um ætluð brot opinberra starfsmanna í starfi.

---

[1] Sjá þskj. 521 á 138. löggjafarþingi.

Vinna þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin hefur fundað alls 54 sinnum frá upphafi starfa sinna þann 15. janúar 2010. Hún hefur fjallað um öll bindi skýrslunnar, tekið saman útdrætti úr efnisumfjöllun hvers bindis þar sem helstu niðurstöður rannsóknarnefndarinnar úr hverju bindi koma fram. Þá hefur þingmannanefndin lagt sjálfstætt mat á niðurstöður rannsóknarnefndarinnar og sett fram ályktanir sínar í lok umfjöllunar um hvert bindi. Enn fremur hefur nefndin tekið afstöðu til ráðherraábyrgðar samkvæmt hlutverki sínu í 6. mgr. 15. gr. laga um rannsóknarskýrsluna og vísast um þá umfjöllun til niðurstöðu nefndarinnar um ráðherraábyrgð.

Með nefndinni störfuðu fjölmargir starfsmenn á skrifstofu Alþingis auk þess sem hún leitaði sérfræðiaðstoðar hjá Bryndísi Hlöðversdóttur, deildarforseta lagadeildar Háskólans á Bifröst, dr. Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Jónatan Þórmundssyni lagaprófessor, Sigríði J. Friðjónsdóttur, vararíkissaksóknara og Boga Nilssyni, fyrrverandi ríkissaksóknara. Á fund nefndarinnar kom rannsóknarnefnd Alþingis, þ.e. þau Páll Hreinsson hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Sigríður Benediktsdóttir hagfræðingur. Þá komu þau Vilhjálmur Árnason prófessor og Salvör Nordal úr vinnuhópi um siðferði og starfshætti. Auk þess kom nefnd forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þ.e. þau Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Kristín Benediktsdóttir hdl. og Ómar H. Kristmundsson prófessor. Að auki Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, Gunnar Björnsson frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Róbert Spanó prófessor, Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur og Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður. Kann nefndin þeim bestu þakkir fyrir faglega og góða aðstoð. Einnig hefur nefndin notið aðstoðar aðallögfræðings Alþingis varðandi ýmis lögfræðileg atriði sem og málefni er snerta þingið sérstaklega. Að auki unnu Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, og Gyða Margrét Pétursdóttir, doktor í kynjafræði, viðauka við skýrsluna um greiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Greinargerð Bryndísar Hlöðversdóttur um hlutverk og starfshætti Alþingis í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er einnig birt í viðauka. Þá hefur nefndin notið ómetanlegrar aðstoðar nefndasviðs Alþingis sem verður seint fullþökkuð.

Nefndinni bárust nokkur erindi en finna má yfirlit yfir þau í fylgiskjölum með skýrslunni auk þess sem minnst er á þau í neðanmálsgreinum við texta skýrslunnar þar sem það á við. Þá sendi þingmannanefndin bréf og upplýsingabeiðnir, m.a. til Seðlabanka Íslands, forsætisráðuneytis og Þjóðskjalasafns. Að auki sendi þingmannanefndin bréf til ráðherra sem sátu í ríkisstjórn frá janúar 2007 til stjórnarslitanna í febrúar 2009. Með bréfunum vildi nefndin veita ráðherrunum fyrrverandi tækifæri til að senda athugasemdir, upplýsingar eða svör við niðurstöðum í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þeir aðilar sem fengu bréf eru eftirtaldir: Árni M. Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðni Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson, Jónína Bjartmarz, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Össur Skarphéðinsson. Bárust nefndinni svarbréf frá öllum aðilum nema Birni Bjarnasyni, Magnúsi Stefánssyni og Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Þingmannanefndin sendi 14. maí 2010 bréf til setts saksóknara og vakti athygli hans á umfjöllun um vanrækslu í starfi fyrrverandi seðlabankastjóra og fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, sbr. umfjöllun í köflum 21.5.5. og 21.5.6. í 7. bindi. Settur saksóknari sendi nefndinni svarbréf sitt 7. júní 2010 þar sem farið var yfir afstöðu embættisins.

Efni skýrslu þingmannanefndarinnar.

Í fyrsta kafla skýrslunnar eru inngangsorð. Í öðrum kafla greinir frá meginniðurstöðum þingmannanefndarinnar, flokkuðum eftir málefnasviðum, og tillögum um hvaða rannsóknir og úttektir eigi að ráðast í. Í þriðja kafla er tillaga til þingsályktunar um helstu lærdóma, lagabreytingar og tillögur að rannsóknum og úttektum. Í fjórða kafla er útdráttur þingmannanefndarinnar úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar, samandregnar ályktanir og niðurstöður rannsóknarnefndarinnar og niðurstöður þingmannanefndarinnar. Fjöldi neðanmálsgreina er í skýrslunni og er með þeim vísað til viðeigandi blaðsíðna og umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Í viðauka eru ýmis gögn. Umfjöllun nefndarinnar um ráðherraábyrgð er að finna á öðrum þingskjölum sem útbýtt er samhliða skýrslu þessari.

Þingmannanefndin vill í lokin geta þess að skýrsla rannsóknarnefndarinnar stendur sem sjálfstætt verk, hlutverk þingmannanefndarinnar er að draga lærdóma af efni hennar og benda á leiðir til úrbóta.

2. Meginniðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Hér á eftir fara meginniðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og er þeim skipt í kafla er varða Alþingi, fjármálafyrirtæki, eftirlit, stjórnsýslu og siðferði og samfélag. Jafnframt eru tilgreindar þær rannsóknir, úttektir og lagabreytingar sem þingmannanefndin telur þörf á.

2.1 Alþingi.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sett fram gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem mikilvægt er að bregðast við. Meginniðurstöður þingmannanefndarinnar varðandi Alþingi eru þær að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar.

Þingmannanefndin telur brýnt að Alþingi taki starfshætti sína til endurskoðunar, verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.

Þingmannanefndin telur fulla ástæðu til að taka alvarlega gagnrýni í umfjöllun vinnuhóps um siðferði um íslenska stjórnmálamenningu og leggur áherslu á að draga verði lærdóm af henni.[2] *Alþingi á að vera vettvangur umræðu sem tekur mið af almannahagsmunum. Góð stjórnmálaumræða næst fram með því að láta andstæð sjónarmið mætast þar sem byggt er á staðreyndum og málin eru krufin til mergjar. Íslensk stjórnmál hafa ekki náð að þroskast nægilega í samræmi við það. Stjórnmálaumræður á Alþingi hafa einkennst um of af kappræðum og átökum og því þarf að efla góða rökræðusiði á Alþingi. Mikilvægt er að Alþingi ræki umræðuhlutverk sitt og sé vettvangur lýðræðislegra og málefnalegra skoðanaskipta.*

Alþingismönnum ber að sýna hugrekki, heiðarleika og festu í störfum sínum. Brýnt er að Alþingi og alþingismenn endurheimti traust þjóðarinnar með orðum sínum og athöfnum.

Þingmannanefndin leggur til í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um hlutverk Alþingis.

Þingmannanefndin telur rétt að alþingismenn setji sér siðareglur.

Þingmannanefndin telur að styrkja beri eftirlitshlutverk þingsins, rétt þingmanna til upplýsinga, aðgengi að faglegri ráðgjöf og stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi sem gegnir þar mikilvægu aðhaldshlutverki. Alþingi verði gefin árleg skýrsla um framkvæmd þingsályktana og mála sem Alþingi vísar til ríkisstjórnarinnar. Jafnframt leggur þingmannanefndin til að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir.

Þingmannanefndin telur að endurskoða þurfi nefndaskipan og störf fastanefnda Alþingis með það að markmiði að gera þær skilvirkari. Nefndaskipan þingsins taki mið af þörfum þingsins en ekki skipulagi Stjórnarráðsins, og reglur um opna nefndarfundi verði færðar í þingsköp.

Þingmannanefndin telur að taka þurfi til endurskoðunar það verklag sem tíðkast hefur við framlagningu stjórnarfrumvarpa með það að markmiði að auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í því samhengi leggur nefndin til að ríkisstjórn verði gert að leggja fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu.

---

[2] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8, bls. 179–181.

Þingmannanefndin leggur sérstaka áherslu á að settar verði skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða sem tryggi m.a. góð vinnubrögð og vandaðar þýðingar á EES-gerðum. Ástæða er til að skoða vandlega hvort Alþingi setji á fót sérstaka nefnd sem hefur það hlutverk að rýna allar EES-gerðir sem lagðar eru fyrir Alþingi til innleiðingar. Nýta þarf betur þær heimildir að lögum sem tiltækar eru til að aðlaga EES-gerðirnar að íslenskum veruleika, einkum með tilliti til smæðar landsins.

Þingmannanefndin leggur til að stofnuð verði sjálfstæð ríkisstofnun sem starfi á vegum Alþingis og hafi það hlutverk að meta og gefa út spár fyrir efnahagslífið á sama hátt og Þjóðhagsstofnun gerði til 1. júlí 2002.

Þingmannanefndin leggur til að á vegum Alþingis fari fram endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð og landsdóm.

Þingmannanefndin gerir það að tillögu sinni að ákveðinni þingnefnd verði falið að hafa eftirlit með þeim úrbótum á löggjöf sem lagt er til í skýrslu þessari að verði hrundið í framkvæmd. Miðað skal við að úrbótum á löggjöf sé lokið fyrir þinglok árið 2012.

Þingmannanefndin vekur sérstaka athygli á að forseti Alþingis hefur nýlega kynnt frumvarp til breytingar á lögum um þingsköp Alþingis.[3] Er í því frumvarpi m.a. gert ráð fyrir breytingum á nefndaskipan og eflingu eftirlitshlutverks Alþingis.

Þingmannanefndin leggur áherslu á að niðurstöður þingmannanefndarinnar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrsla vinnuhóps um eftirlitshlutverk og starfshætti Alþingis frá haustinu 2009[4] verði lagðar til grundvallar við endurskoðun á lögum um þingsköp Alþingis.

2.2 Fjármálafyrirtæki.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram hörð gagnrýni á starfsemi fjármálafyrirtækja. Þingmannanefndin telur að stjórnendur og aðaleigendur fjármálafyrirtækjanna beri mesta ábyrgð á fjármálahruninu. Ljóst er að fjármálastarfsemi á Íslandi einkenndist að verulegu leyti af slæmum viðskiptaháttum og vanvirðingu við lög og reglur sem m.a. kom fram í háttalagi eigenda og stjórnenda gagnvart eftirlitsstofnunum og stjórnvöldum.

Þingmannanefndin bendir á að starfsemi fjármálafyrirtækja er ekki eins og hver annar fyrirtækjarekstur. Samfélagið verður að geta treyst því að stjórnendum og eigendum fjármálafyrirtækja sé treystandi fyrir almannafé. Í alþjóðlegum viðmiðum er lögð höfuðáhersla á að eigendur og stjórnendur hafi ekki aðeins nauðsynlega þekkingu á starfseminni, heldur að þeir hafi til að bera sterka dómgreind og séu kunnir að heiðarleika. Ástæðan er ekki hvað síst allar þær freistingar sem fylgja fjármálafyrirtækjum vegna greiðs aðgangs að fjármagni. Þetta er hinn svokallaði freistnivandi sem eigendur og stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja virðast ekki hafa ráðið við.

Ljóst má vera af skýrslu rannsóknarnefndarinnar að fjölmargt í starfsemi bankanna hafi leitt til verulegs tjóns fyrir almenning og hluthafa. Má þar nefna að gengisáhætta bankanna hafi verið flutt yfir á viðskiptavini og þar með breytt í skuldaraáhættu. Þá er gagnrýnisvert hvernig bankarnir kölluðu fram óeðlilega eftirspurn eftir hlutabréfum í sjálfum sér og gáfu

---

[3] Sjá þskj. 1433, 686. mál, á 138. löggjafarþingi.

[4] *Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu,* 2009. Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga sé þörf.

með því misvísandi upplýsingar um eftirspurn. Þá átelur þingmannanefndin harðlega misnotkun bankanna á peningamarkaðssjóðum.

Það er mat þingmannanefndarinnar að stjórnendur og eigendur íslenskra fjármálafyrirtækja hafi skort tilfinningu fyrir jafnt siðferðislegri sem samfélagslegri ábyrgð. Dæmi um það er ákvörðun stjórnenda Landsbankans um stofnun útibús í Hollandi (Icesave), víðtæk krosseignatengsl, verðbréfaviðskipti við stærstu eigendur og lánveitingar til þeirra, lán til starfsmanna og fleiri til kaupa á eigin bréfum og lagasniðganga.

Þingmannanefndin bendir á að rannsóknarnefndin sendi fjölda tilkynninga um mál þar sem grunur lék á um refsiverða háttsemi tengda starfsemi fjármálafyrirtækja til sérstaks saksóknara á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008.

Í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis leggur þingmannanefndin til að marka þurfi opinbera stefnu um fjármálamarkaðinn og að í henni komi fram skýr framtíðarsýn um hvers konar fjármálamarkaður eigi að vera hér á landi. Slík opinber stefna styrkir tilgang og markmið löggjafarinnar og eykur skilning og virðingu fyrir þeim reglum sem gilda um fjármálamarkaðinn. Nauðsynlegt er að löggjöf um fjármálafyrirtæki og kauphallir verði endurskoðuð.

Þingmannanefndin ályktar að nauðsynlegt sé að stefnumótun fari fram um hvers konar fjármálakerfi samrýmist stærð og þörfum þjóðarbúsins, hvert eigi að vera hlutverk ríkisins í rekstri fjármálafyrirtækja til framtíðar, fyrirkomulag innstæðutrygginga, innleiðingu EES-gerða og aðlögun að íslenskum aðstæðum og eftirlit með fjármálafyrirtækjum.

Þingmannanefndin telur sérlega mikilvægt að tekin verði afstaða til þess hvort aðskilja eigi innlánsstofnanir og fjárfestingarbanka og innlenda og erlenda starfsemi sem samstæðu félaga.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að styrkja löggjöf um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Við þá endurskoðun ber sérstaklega að líta til kynningar- og fjárfestingarstarfsemi, óhæði gagnvart móðurfélögum, hlutfallsstærðar miðað við markað til fjárfestinga, lausafjár- og áhættustýringar, fyrirkomulags launamála starfsmanna og eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi þeirra.

Við endurskoðun á löggjöf telur þingmannanefndin að sérstaka áherslu þurfi að leggja á eftirtalin atriði: Lögfesta verður reglur um skjalagerð, tryggingar og lánveitingar til eignarhaldsfélaga. Takmarka verður heimildir forstjóra fjárfestingarfélaga til að stunda fjárfestingar á eigin vegum. Skýra verður reglur um eigið fé til að takmarka áhættu. Skýra þarf heimildir til að gera framvirka samninga. Setja verður skorður við samþjöppun áhættu í íslenska fjármálakerfinu. Skylda verður fjármálafyrirtæki til að setja sér reglur og birta upplýsingar um gjafir, kostun og styrki. Styrkja þarf lagagrundvöll innra eftirlits fjármálafyrirtækja og aðgengi þeirra að Fjármálaeftirlitinu. Herða ber reglur um tengda aðila og skýra reglur um skráningu á eignarhaldi.

Þingmannanefndin telur athugandi hvort Fjármálaeftirlitið eigi að hafa virkar valdheimildir til að skipta út stjórn, stjórnendum og ytri endurskoðendum fjármálafyrirtækja ef áhættustýring og rekstur eftirlitsskylds aðila er með þeim hætti að hagsmunum innstæðueiganda og annarra lánardrottna er stefnt í hættu.

Þingmannanefndin bendir á veika stöðu starfsmanna fjármálafyrirtækja í þeim tilvikum þar sem samningsstaða þeirra um starfskjör hafi að því virðist falið í sér þvingun til þess að taka við og nýta sér kaupréttarsamninga. Því leggur þingmannanefndin til að óheimilt verði að lána starfsmönnum fé til kaupa á hlutabréfum með veði í bréfunum. Þá telur þingmanna-

nefndin að lögbinda eigi ákvæði sem setja strangari skorður við því að fyrirkomulag launa- og lífeyrisgreiðslna til starfsmanna fjármálafyrirtækja leiði til aukinnar áhættusækni í rekstri þeirra.

Þingmannanefndin telur stjórnendur Landsbankans bera mesta ábyrgð á alvarlegum afleiðingum Icesave-reikninganna sem áttu ríkan þátt í hruni fjármálakerfisins á Íslandi og það hafi verið ámælisvert að hefja og halda áfram söfnun innlána frá almenningi á nýjum mörkuðum. Sýnt er að stjórnendur Landsbanka Íslands hafi ekki stýrt bankanum af þeirri ábyrgð sem ætlast hefði mátt til og ekki hafi gætt samfélagslegrar ábyrgðar í störfum þeirra.

Þingmannanefndin telur að það kerfi innstæðutrygginga sem innleitt var hér á landi eftir ESB-tilskipunum 94/19/EB og 97/9/EB hafi haft að geyma þekkta veikleika sem fólust m.a. í því að ekki var tekið á útfærslu lánaheimilda tryggingarsjóða. Við innleiðingu gerðarinnar á Íslandi virðist enginn hafa hugleitt hvernig bregðast skyldi við göllum í tilskipununum.

Þingmannanefndin telur gagnrýnisvert að ekki hafi verið brugðist við breytingum sem urðu á hlutfalli gjaldeyris í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta með stofnun reikninga í erlendum gjaldeyri. Þingmannanefndin telur eðlilegt að innborganir í sjóðinn taki mið af skuldbindingum hans og mismunandi áhættu. Þá er nauðsynlegt að afmarka skýrar til hvaða innstæðna trygging Tryggingarsjóðs taki og mikilvægt að neytendur geti kynnt sér það á einfaldan hátt.

Þingmannanefndin telur tengsl viðskiptaráðuneytis og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gagnrýnisverð. Er það mat nefndarinnar að ekki sé forsvaranlegt að starfsmenn ráðuneyta taki sæti í stjórnum stofnana sem sæta eftirliti viðkomandi ráðuneytis. Íhuga þurfi gaumgæfilega skipan stjórnar sjóðsins, einkum með tilliti til hagsmuna innstæðueigenda.

Þingmannanefndin leggur til að skoðað verði hvort festa eigi í sessi að innlán séu forgangskröfur við þrot fjármálafyrirtækis, sbr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

2.3 Eftirlitsaðilar.

Margháttuð gagnrýni kemur fram á eftirlitsstofnanir fjármálamarkaðar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þingmannanefndin telur ljóst að eftirlitsstofnanir hafi brugðist. Rík tilhneiging var til að túlka valdheimildir þröngt og nýta þær ekki. Vettvangsathuganir þekktust varla, athugasemdum regluvarða og innri endurskoðenda var ekki fylgt eftir og eftirlitsaðilar höfðu litla sem enga yfirsýn yfir kerfisáhættuna í fjármálakerfinu. Bönkum var auðveldað að fara sínu fram og sniðganga reglur og stjórnvöld og jafnvel eru þess dæmi að alvarleg brot á lögum sættu ekki kæru til valdstjórnar.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að vinnu endurskoðenda fjármálafyrirtækja hafi verið verulega ábótavant. Það er mat þingmannanefndarinnar, með hliðsjón af skýrslu rannsóknarnefndarinnar, að regluverðir og innri og ytri endurskoðendur hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni og beri mikla ábyrgð á að slæmir viðskiptahættir bankanna og vanvirðing við lög og reglur hafi fengið að viðgangast jafnlengi og raun bar vitni. Þá er alvarlegt að endurskoðendur virðast ekki hafa rætt orsakir og afleiðingar hrunsins og aðkomu löggiltra endurskoðenda í sínum ranni.

Þá ályktar þingmannanefndin að ekkert mat hafi farið fram af hálfu íslenskra eftirlitsaðila á fjármögnunarleiðum bankanna og hvaða áhætta kynni að fylgja þeim fyrir fjármálakerfi Íslands. Þingmannanefndin gagnrýnir sérstaklega að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi ekki kallað eftir formlegum áætlunum og aðgerðum um flutning erlendra innlánsreikninga frá útibúi yfir í dótturfélag.

Þingmannanefndin gagnrýnir harðlega þá ákvörðun bankastjórnar Seðlabanka Íslands að þekkjast ekki boð breska seðlabankans í apríl 2008 um að aðstoða Íslendinga við að minnka bankakerfið. Um vorið var það mat bankastjóra erlendra seðlabanka að umfang vanda íslenskra fjármálafyrirtækja væri orðið slíkt að það yrði ekki leyst með fyrirgreiðslu sem erlendir seðlabankar gætu veitt. Eini möguleikinn væri að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð og minnka bankakerfið.

Þá telur þingmannanefndin það gagnrýnisvert að Seðlabankinn hafi veitt víðtæk veðlán án viðeigandi trygginga þegar hann gerði sér grein fyrir veikleikum fjármálafyrirtækjanna. Lán til fjármálafyrirtækja með veði í skuldabréfum og víxlum þeirra námu um 300 milljörðum kr. í október 2008 og leiddu til tæknilegs gjaldþrots bankans í október 2008.

Það er mat þingmannanefndarinnar að Seðlabanki Íslands hafi ekki haft nægar upplýsingar til að meta stöðu Glitnis rétt þegar bankastjórnin lagði til við ríkisstjórnina að Glitnir yrði keyptur. Því verður ekki séð að Seðlabankinn hafi haft forsendur til að meta hvort forsvaranlegt væri að eyða 600 milljónum evra í kaup á 75% hlut í Glitni.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hafði frá nóvember 2007 verulegar áhyggjur af stöðu bankanna. Þrátt fyrir það var þeim áhyggjum aðeins komið á framfæri með óformlegum hætti og þannig fór ekki saman mat bankans á hinni alvarlegu stöðu og rökrétt viðbrögð og tillögur byggðar á því mati. Þingmannanefndin telur að mikið hafi skort á að samskipti á milli bankastjórnar Seðlabankans og stjórnvalda hafi verið eðlileg og í samræmi við góða stjórnsýslu.

Í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis leggur þingmannanefndin til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands í þeim tilgangi að bæta, skýra og efla þær réttarheimildir sem liggja til grundvallar starfrækslu fjármálafyrirtækja, valdheimildum eftirlitsstofnana og upplýsingaflæði á milli eftirlitsstofnana og fagráðherra.

Þingmannanefndin telur nauðsynlegt að skýrar verði kveðið á um hvaða stofnun hafi það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og ábyrgð á að samræma viðbrögð stjórnvalda við mögulegu fjármálaáfalli. Því telur þingmannanefndin mikilvægt að skýrð verði verkaskipting og samvinna Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til að styrkja eftirlit með fjármálamarkaði og fjármálalegum stöðugleika. Einnig verði að huga að því hvernig eftirliti með tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og verðbréfaviðskiptum verði best sinnt í framtíðinni með hagsmuni almennings í huga.

Þingmannanefndin telur í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis að endurskoða þurfi lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 (þ.e. lög um Fjármálaeftirlitið), lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og önnur lög um eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þingmannanefndin leggur til að viðskiptanefnd Alþingis verði falið að hafa forgöngu um endurskoðun á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Til grundvallar þeirri vinnu fari fram á vegum Alþingis ítarleg úttekt á störfum ytri endurskoðenda fram að hruni bankanna í október 2008. Þá verði einnig hafðar til hliðsjónar þær breytingar sem gerðar voru á lagaumhverfi endurskoðenda í Bandaríkjunum með hinum svokölluðu Sarbanes-Oxley-lögum.[5]

Þingmannanefndin telur að endurskoða þurfi lög og reglur um innri og ytri endurskoðendur, regluverði, bókhald og reikningsskil. Markmið endurskoðunarinnar ætti að vera að herða

---

[5] Lög nr. 107–204 frá 30. júlí 2002. Lögunum er m.a. ætlað að vernda fjárfesta með því að bæta nákvæmni og áreiðanleika upplýsinga frá fyrirtækjum.

á ábyrgð, upplýsingaskyldu og verklagi, styrkja sjálfstæði og efla tengsl við opinberar eftirlitsstofnanir.

Þingmannanefndin telur að skýra þurfi og efla lög og reglur um störf og hlutverk endurskoðenda fyrirtækja, m.a. til þess að bæta starfsskilyrði og efla frumkvæðisskyldu þeirra við endurskoðun.

Þingmannanefndin telur að tryggja þurfi formfestu í samskiptum Seðlabanka Íslands við aðrar stofnanir, ríkisstjórn og einkaaðila.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að lærdómur verði dreginn af þeirri afstöðu Seðlabankans að greina ekki áhættuna af aukningu veðlána fjármálafyrirtækja og sporna ekki við veðsetningu í skuldabréfum þeirra. Nauðsynlegt er að lögfesta formskilyrði meðferðar beiðna um lán til þrautavara. Herða þarf reglur um framkvæmd lausafjáreftirlits með erlendum gjaldmiðlum hjá fjármálafyrirtækjum.

Þingmannanefndin leggur áherslu á að ávallt verði tryggt að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við stærð fjármálamarkaðarins á hverjum tíma. Svo virðist sem stjórnendur eftirlitsstofnana hafi ekki haft yfirsýn yfir þær heimildir sem þeim voru fengnar með lögum. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis sýna glöggt að skerpa verður alla verkferla Fjármálaeftirlitsins og brýnt er að eftirlitið beiti valdheimildum sínum af hugrekki og festu. Þegar brýnir hagsmunir eru í húfi í hraðri framvindu mála þurfa eftirlitsstofnanir að hafa svigrúm til athafna en fjármálafyrirtæki, einstaklingur eða lögaðili sem eftirlit er haft með verður að geta kært og áfrýjað án þess að það hindri framgang málsins.

Þingmannanefndin telur brýnt að Fjármálaeftirlitið hafi yfir öflugri upplýsingatækni að ráða í starfsemi sinni, svo sem til rafræns eftirlits. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins þarf að vera rekjanleg og jafnframt þarf að vera tryggt að stofnunin sæti reglubundnu stjórnsýslulegu eftirliti og endurskoðun. Þingmannanefndin leggur til að hjá stofnuninni verði komið á skilvirku upplýsingakerfi um krosseignatengsl þannig að yfirsýn náist yfir eignarhald, skyldleika og fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl.

Þingmannanefndin leggur til að Fjármálaeftirlitið skilgreini hugtakið „góðir viðskiptahættir“ skýrt í tilmælum sínum og að vafi verði túlkaður almenningi í hag. Þá er mikilvægt að efla til muna reglur um lausafjáreftirlit, álagspróf og mat á eigin fé, flokkun áhættu, upplýsingar um tryggingar og viðskipti eigin deilda og að samskipti stofnunarinnar við innri og ytri endurskoðendur og regluverði séu í föstum skorðum.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að ítreka ábyrgð fagráðherra á eftirliti með störfum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Ráðherra ber að tryggja að stofnanirnar sinni hlutverki sínu og Alþingi ber að hafa eftirlit með ráðherrum.

Þingmannanefndin bendir á að rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að seðlabankastjórar og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Þingmannanefndin sendi bréf til setts saksóknara 14. maí 2010 og vakti athygli hans á umfjöllun um vanrækslu fyrrverandi seðlabankastjóra og fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins í starfi. Settur saksóknari sendi nefndinni svarbréf sitt 7. júní 2010 þar sem farið var yfir afstöðu embættisins til málsins. Niðurstaða setts saksóknara var að umfjöllunarefni og ályktanir rannsóknarnefndarinnar gæfi að svo stöddu ekki tilefni til að efna til sakamálarannsókna á hendur seðlabankastjórunum eða forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Þingmannanefndin vill geta þess að rannsóknarnefnd Alþingis hefur á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008 séð ástæðu til þess að senda sérstökum saksóknara beiðni um að rannsakað

verði hvort endurskoðendur þeirra fjármálafyrirtækja sem féllu haustið 2008 og í upphafi árs 2009 hafi brotið starfsskyldur sínar við endurskoðun fyrirtækjanna þannig að refsingu varði.

2.4 Stjórnsýsla.

Það er mat þingmannanefndarinnar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir íslenskri stjórnsýslu, verklagi hennar og skorti á formfestu jafnt í ráðuneytum sem sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneytin heyra. Svo virðist sem aðilar innan stjórnsýslunnar telji sig ekki þurfa að standa skil á ákvörðunum sínum og axla ábyrgð, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Vegna smæðar samfélagsins skiptir formfesta, skráning upplýsinga, verkferlar, tímamörk og skýr ábyrgðarsvið enn meira máli en í stærri samfélögum. Í ljós kemur að upplýsingaskylda ráðuneyta og stofnana, innbyrðis og út á við, virðist ekki hafa verið virk né heldur frumkvæðisskylda, gagnsæi og rekjanleiki.

Þingmannanefndin telur að skortur á viðlagaundirbúningi stjórnvalda til að verja fjármálakerfi landsins og aðra grundvallarhagsmuni ríkis og þjóðar sé afar gagnrýnisverður og á engan hátt í samræmi við það hvernig þjóðir með þróaða fjármálamarkaði og stjórnsýslu ættu almennt að haga starfsháttum sínum. Verk- og ábyrgðarsvið samráðshóps um fjármálastöðugleika var óljóst, heildaryfirsýn var engin og mat og greining á aðstæðum lá ekki fyrir. Þess vegna m.a. voru íslensk stjórnvöld vanbúin til að mæta þeirri yfirvofandi hættu sem íslenska bankakerfið stóð frammi fyrir.

Oddvitaræðið og verklag þess sem tíðkast hefur í íslenskum stjórnmálum undanfarna áratugi dregur úr samábyrgð, veikir fagráðherra og Alþingi og dæmi eru um að mikilvægar ákvarðanir hafi verið teknar án umræðna í ríkisstjórn. Slíkt verklag er óásættanlegt. Ljóst er að ráðherraábyrgðarkeðjan slitnaði eða aflagaðist í aðdraganda hrunsins og ráðherrar gengu á verksvið hver annars, t.d. þegar fagráðherrar voru ekki boðaðir á fundi um málefni sem heyrðu undir þeirra ábyrgðarsvið. Ábyrgð og eftirliti fagráðherra með sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneyti þeirra heyrðu virtist verulega ábótavant.

Í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis telur þingmannanefndin mikilvægt að ráðist verði hið fyrsta í endurskoðun á stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um Stjórnarráð Íslands.

Þingmannanefndin telur að gera verði breytingar á lögum og reglum þannig að komið verði í veg fyrir að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra. Skarist valdsvið tveggja eða fleiri ráðherra ber þeim með formlegum hætti að hafa samvinnu um þau vinnubrögð sem viðhöfð skulu hverju sinni þannig að ávallt sé ljóst á ábyrgðarsviði hvers þeirra er starfað. Þingmannanefndin ítrekar ábyrgð fagráðherra á eftirliti með störfum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

Við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands telur þingmannanefndin mikilvægt að fram komi hvaða reglur eigi að gilda um pólitíska starfsmenn ráðherra. Þá verði verklag innan ráðuneyta samræmt sem og skráning samskipta og skýrt sé með hvaða hætti ráðuneyti hafi eftirlit með þeim sjálfstæðu stofnunum sem undir þau heyra.

Þingmannanefndin leggur sérstaka áherslu á að settar verði skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða, tekið verði tillit til sérstöðu landsins og vandað verði betur til þýðinga gerðanna.

Jafnframt er nauðsynlegt að skýrt verði hvaða stofnun sé ætlað það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og bera ábyrgð á að samræma viðbrögð. Skerpa þarf á verkaskiptingu stofnana ríkisins og afmarka betur skyldur einstakra stofnana og embættismanna. Þá bendir þingmannanefndin á að brýnt er að í ráðuneytum sé

til staðar sú fagþekking og reynsla sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum sem ráðuneytum ber. Að mati þingmannanefndarinnar er brýnt að ætíð sé ráðið í stöðu embættismanna á faglegum forsendum.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að stofnaður verði samráðsvettvangur fjármálaráðuneytis, Alþingis, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans um efnahagsmál og að hlutverk slíks vettvangs verði lögfest. Þar verði unnt að setja fram tillögur að formlegum hagstjórnarreglum sem hafi það að markmiði að jafna hagsveiflur. Forsætisráðuneytið beri ábyrgð á stofnun samráðsvettvangsins.

Þingmannanefndin telur að formleg og vönduð stjórnsýsla sé sérstaklega mikilvæg, einkum í ljósi smæðar samfélagsins. Nefndin telur að verulega skorti á að starfshættir innan ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana uppfylli nútímakröfur um formlega og opna stjórnsýslu. Eitt gleggsta dæmið um formleysi stjórnsýslunnar sé atburðarásin svonefnda Glitnishelgi, þ.e. 25.–27. september 2008. Leggja þarf enn ríkari áherslu á formfestu við töku ákvarðana og innleiða þarf meiri aga í vinnubrögð til að stuðla að vandvirkni og góðum stjórnsýsluháttum. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar taka þarf ákvarðanir undir miklu álagi, t.d. þegar stjórnað er í neyðarástandi eins og ríkti hér á landi á haustdögum 2008.

Þingmannanefndin vekur sérstaka athygli á því að hún telur að skort hafi á að formfestu og nákvæmni hafi verið gætt í mikilvægum samskiptum við fulltrúa erlendra þjóða í aðdraganda hruns.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að fundargerðir ríkisstjórnar verði skráðar með skýrum hætti og þær birtar opinberlega. Með því aukist gagnsæi stjórnsýslunnar auk þess sem möguleiki á eftirlitshlutverki Alþingis með framkvæmdarvaldinu eykst. Þá leggur þingmannanefndin til að samhliða fundargerðabók ríkisstjórnarfunda verði haldin sérstök trúnaðarmálabók sem notuð sé þegar rætt er um viðkvæm málefni ríkisins eða önnur mál sem lúta trúnaði.

Þingmannanefndin telur einnig rétt að á fundum innan Stjórnarráðsins séu skráðar fundargerðir, svo og þegar oddvitar ríkisstjórnar eða ráðherrar koma fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi aðilum. Það er mat þingmannanefndarinnar að eðlilegt sé að oddvitar stjórnmálaflokka eigi með sér samráðsfundi en engu síður sé nauðsynlegt að setja reglur um skráningu einstakra ákvarðana í mikilvægum málefnum á slíkum fundum. Nefndin vill þó árétta að ákvarðanir á slíkum fundum geta aldrei leyst ráðherra undan skyldum sínum samkvæmt stjórnarskrá.

Þingmannanefndin telur að stjórnvöldum beri að hafa tiltæka viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli. Slík áætlun innihaldi mat og greiningu, verkferla, skýra verkaskiptingu og ábyrgðarsvið auk upplýsinga um við hvaða aðstæður virkja eigi einstakar stofnanir ríkisins.

Þingmannanefndin áréttar að setji ríkisstjórn á fót samráðshópa verður að gæta þess að heimildir þeirra, verkefni og verklag sé skýrt.

2.5 Siðferði og samfélag.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er ítarleg úttekt á því sem aflaga hefur farið í íslensku samfélagi og þess vegna er mikilvægt fyrir alla að líta í eigin barm og nýta það tækifæri sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið. Í skýrslunni er flest tekið fyrir, stjórnmál, forsetaembættið, viðskiptalíf, stjórnsýsla, fjölmiðlar, fræðasamfélagið og siðmenning.

Ábyrgð stjórnmálamanna á því sem aflaga fór er mikil. Þeir eru fulltrúar þjóðarinnar sem treystir þeim fyrir fjöreggi sínu og því er mikilvægt að þeir rísi undir því hlutverki.

Grunnur fulltrúalýðræðisins verður að vera trúnaður, traust, gagnsæi og heiðarleiki. Grunsemdin ein er næg til þess að trúnaðarbrestur verði og því verða stjórnmálamenn ætíð að haga orðum sínum og athöfnum út frá trúnaðarskyldum sínum við land og þjóð. Nokkuð virðist hafa skort á að stjórnmálamenn hafi hagað störfum sínum í samræmi við þau gildi. Hagsmunir almennings verða ávallt að vera hafðir að leiðarljósi. Það sem viðgengist hefur í styrkjum til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna er einn þáttur í þeim trúnaðarbresti sem varð. Svo að stjórnmálamenn megi öðlast traust þjóðarinnar að nýju er brýnt að skýrar reglur verði settar varðandi styrki og fjármögnun stjórnmálaflokka og einnig að gagnsæi ríki.[6]

Vinnuhópur um siðferði bendir á að starfsemi margra aðila í viðskiptalífinu einkenndist um of af því að líta svo á að það sem ekki var beinlínis bannað væri þar með leyfilegt. Þingmannanefndin telur að sporna verði við svo þröngri lagahyggju og líta frekar til anda laga í heild.

Fræðasamfélagið verður að taka alvarlega þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Endurskoða þarf ákvæði laga um háskóla, nr. 63/2006, og laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, einkum með tilliti til fjárhags háskólanna og stöðu og hlutverks starfsmanna þeirra, í þeim tilgangi að tryggja betur frelsi háskólasamfélagsins og fræðilega hlutlægni. Hvetja þarf háskólamenn af ólíkum fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu og styrkja með því tengsl fræðasamfélagsins, atvinnulífsins og hins almenna borgara.

Nauðsynlegt er að efla siðfræðilega menntun allra fagstétta á íslandi og umræðu um gildi siðareglna. Siðfræði og heimspeki ættu að vera sjálfsagður hluti alls náms á öllum skólastigum, sem og gagnrýnin hugsun, rökræður og fjölmiðlalæsi. Í því skyni þarf að ýta undir þróun í kennslu og námsgagnagerð.

Fjölmiðlar leika lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur gagnrýninnar þjóðfélagsumræðu og veita nauðsynlegt aðhald. Þá er mikilvægt að fjölmiðlar haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram alvarleg gagnrýni á að íslenskir fjölmiðlar náðu ekki að rækja þetta hlutverk sitt í aðdraganda bankahrunsins.

Ábyrgð fjölmiðla sem fjórða valdsins er mikil en þar hlýtur ábyrgð Ríkisútvarpsins að vega þyngst. Mikilvægt er að búa svo um hnútana að Ríkisútvarpið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu sem öflugur fréttamiðill og vettvangur fræðslu, menningar og skoðanaskipta. Þá verður að gera þá kröfu á hendur Ríkisútvarpinu að það beiti sér öðrum fremur fyrir vandaðri rannsóknarblaðamennsku. Nefndin bendir á að fram hefur farið endurskoðun á lögum um fjölmiðla en telur engu síður brýnt að byggt sé á ályktunum og niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Rétt er að minna á að ábyrgð almennings er mikil og því að vera borgari fylgja ekki einungis réttindi heldur einnig skyldur.

Þingmannanefndin fól Þorgerði Einarsdóttur, prófessor í kynjafræði, og Gyðu Margréti Pétursdóttur, doktor í kynjafræði, að vinna skýrslu um kynjafræðilega greiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Höfundar skiluðu greinargerð sinni í lok ágúst 2010 og er hún

---

[6] **Bókun:** Þingmaðurinn Birgitta Jónsdóttir vill að fram komi að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að eitt augljósasta tæki viðskiptalífsins til að hafa áhrif á stjórnmálamenn séu bein fjárframlög, bæði til einstakra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka. Þingmaðurinn telur nauðsynlegt að rofin verði óeðlileg hagsmunatengsl viðskiptalífs og stjórnmála með því að banna nafnlaus fjárframlög og peningastyrki frá fyrirtækjum. Ekki sé líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins. Þá sé nauðsynlegt að þingmenn axli ábyrgð á gjörðum sínum í ríkara mæli en hefð er fyrir, t.d. með því að víkja sæti.

fylgiskjal með skýrslu þessari.[7] Markmiðið með verkefninu var að greina skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og var verkið unnið þannig að skýrsla rannsóknarnefndarinnar var lesin, greind og túlkuð þannig að kynjavídd er bætt við túlkun og greiningu nefndarinnar. Hin samfélagslega umgjörð í aðdraganda hrunsins var skoðuð út frá sjónarhorni kynjafræðinnar, svo sem efnahagsstjórn, atvinnustefna og skattastefna, en einnig mikilvæg og afdrifarík ákvarðanataka, m.a. um einkavæðingu bankanna. Jafnframt er fjallað um atburði og sjónarmið út frá hugtökum kynjafræði og sýnt fram á hvernig hugtökin einstaklingur, frelsi og þjóðerni tengjast hugtökunum kyn, kyngervi, karlmennska og kvenleiki. Þá er fjallað um stigveldi karlmennskunnar og hvernig hugarfar, ákvarðanataka og hugmyndir um hæfni taka mið af karllægum sjónarmiðum.

Þingmannanefndin telur greinargerðina vera mikilvægt framlag til jafnréttisumræðu á Íslandi.

2.6 Rannsókn og úttektir.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði sjálfstæð og óháð rannsókn á vegum Alþingis á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi, frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til dagsins í dag. Málefni lífeyrissjóða kalla á sérstaka rannsókn og greiningu sem rannsóknarnefnd Alþingis var ekki unnt að gera. Þegar niðurstöður slíkrar rannsóknar liggja fyrir telur nefndin mikilvægt að vönduð umræða fari fram um hlutverk lífeyrissjóða í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði sjálfstæð og óháð rannsókn á vegum Alþingis á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að vandamál sparisjóðakerfisins séu um margt sérstök. Vegna hins mikla umfangs verkefnis rannsóknarnefndarinnar vannst ekki tími til að taka hin sérstöku vandamál sparisjóðakerfisins til umfjöllunar þótt þau hafi verðskuldað það. Þrátt fyrir að sparisjóðirnir eigi í eðli sínu ekki að vera áhættusæknar stofnanir var sparisjóður fyrsta fjármálafyrirtækið sem féll árið 2008. Þingmannanefndin telur að rannsaka þurfi fjölmargt í starfsemi sparisjóðanna, a.m.k. frá því að viðskipti með stofnfé voru leyfð.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á vegum Alþingis á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Þá leggur þingmannanefndin til að metnir verði kostir og gallar sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins að lokinni stjórnsýsluúttektinni. Telur nefndin mikilvægt að við slíkt mat verði höfð hliðsjón af þeirri reynslu er til varð við bankahrunið og að skýrt verði kveðið á um hvaða stofnun sé ætlað það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu og fjármálalegan stöðugleika og bera ábyrgð á að samræma viðbrögð.

Þingmannanefndin leggur til að viðskiptanefnd Alþingis verði falið að hafa forgöngu um endurskoðun á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Til grundvallar þeirri vinnu fari fram á vegum Alþingis ítarleg úttekt á störfum ytri endurskoðenda fram að hruni bankanna í október 2008. Þá verði einnig hafðar til hliðsjónar þær breytingar sem gerðar voru á lagaumhverfi endurskoðenda í Bandaríkjunum með hinum svokölluðu Sarbanes-Oxleylögum.

---

[7] Sjá viðauka nr. 2.

3. Þingsályktunartillaga.

Með vísan til niðurstaðna þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis leggur nefndin til, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að Alþingi samþykki svofellda þingsályktunartillögu:

Tillaga til þingsályktunar

um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010.

Flm.: Atli Gíslason, Unnur Brá Konráðsdóttir, Magnús Orri Schram,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Eygló Harðardóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé vitnisburður um þróun íslensks efnahagslífs og samfélags undangenginna ára og telur mikilvægt að skýrslan verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni.

Alþingi ályktar að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk.

Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur.

Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.

Alþingi ályktar að stjórnendur og helstu eigendur fjármálafyrirtækja á Íslandi beri mesta ábyrgð á bankahruninu.

Alþingi ályktar að eftirlitsstofnanir hafi brugðist.

Alþingi ályktar að mikilvægt sé að allir horfi gagnrýnum augum á eigin verk og nýti tækifærið sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd, viðkomandi nefndum Alþingis, stjórnlaganefnd, sbr. lög um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, og forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar að ráðast í eftirfarandi:

I. Endurskoða löggjöf og eftir atvikum undirbúa löggjöf á tilgreindum sviðum:

1. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.
2. Lög um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.
3. Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, og lög um landsdóm, nr. 3/1963.
4. Lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
5. Löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði.
6. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.
7. Löggjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi á vettvangi Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsaðila. Tiltæk verði viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli.
8. Löggjöf um háskóla og fjölmiðla.
9. Löggjöf um reikningsskil og bókhald.
10. Lög um endurskoðendur, nr. 79/2008.

11. Stofnuð verði sjálfstæð ríkisstofnun sem fylgist með þjóðhagsþróun og semji þjóðhagsspá.
12. Aðra löggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða með hliðsjón af tillögum þingmannanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

II. Eftirfarandi rannsóknir og úttektir fari fram á vegum Alþingis:

1. Sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og síðar. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna.
2. Sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparisjóðanna.
3. Stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Á grundvelli hennar verði metnir kostir og gallar þess að sameina starfsemi stofnananna í þeim tilgangi að tryggja heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og ábyrgð á samræmingu viðbragða.

III. Eftirlit:

Nefnd á vegum Alþingis hafi eftirlit með að úrbótum á löggjöf sem þingmannanefndin leggur til í skýrslu sinni verði hrint í framkvæmd. Miðað skal við að þeim úrbótum verði lokið fyrir 1. október 2012.

4. Útdráttur úr einstökum bindum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og niðurstöður þingmannanefndarinnar.

4.1 Fyrsta bindi skýrslunnar.

1. og 2. kafli 1. bindis eru inngangskaflar. 1. kafli fjallar um verkefni og skipan rannsóknarnefndarinnar, afmörkun vinnu hennar og ýmis önnur atriði, svo sem um rannsóknarheimildir og þá aðila sem hafa starfað með nefndinni. 2. kafli inniheldur síðan ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar.

3. kafli. Sérstaða og mikilvægi banka og fjármálafyrirtækja í samfélagi.[8]

Í 3. kafla er fjallað um sérstöðu banka og fjármálafyrirtækja og þá þýðingu og hlutverk sem þessi fyrirtæki gegna fyrir efnahagslíf þjóða. Hvernig bönkum og fjármálafyrirtækjum vegnar hefur verulegar afleiðingar fyrir marga og ólíka hópa innan hvers samfélags enda hefur fjöldi aðila hag af því að bönkum og fjármálastofnunum vegni vel. Þessi sérstaða stafar meðal annars af því að bankar taka við peningum fólks, fyrirtækja og stofnana til varðveislu og ávöxtunar og hafa því verið settar ýmsar reglur um starfsemina í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni þessara aðila. Að mati rannsóknarnefndarinnar endurspegla þessar reglur, hvort sem þær eiga uppruna í fjölþjóðlegu samstarfi ríkja eða eru mótaðar af löggjafarvaldi innan hvers ríkis, væntanlega ríkjandi viðhorf samfélagsins á hverjum tíma til þess hvernig starfsemi banka og fjármálafyrirtækja skuli hagað.[9]

Sérstaklega má tiltaka að bankar og fjármálafyrirtæki þurfa almennt að afla sér starfsheimildar en auk þess eru sett ýmis lög og reglugerðir sem tilgreina nánar hvernig rekstur banka skuli fara fram. Þá hafa ríki einnig sett á stofn opinbera eftirlitsaðila sem fylgjast eiga með starfseminni, að settum reglum sé fylgt og miða eiga starf sitt við það að draga úr hættunni á því að til áfalla komi í rekstri banka og fjármálafyrirtækja. Slík áföll í rekstri geta leitt til alvarlegs vanda fyrir þegna viðkomandi ríkis. Hinum opinberu eftirlitsaðilum er tryggt sjálfstæði innan stjórnkerfisins en slíku sjálfstæði fylgir einnig mikil ábyrgð, eða eins og segir í skýrslunni: „sú ábyrgð þeirra sem vörslumanna almannahagsmuna að grípa til þeirra úrræða sem þeim eru fengin að lögum ef hætta er talin á að starfsemi fjármálafyrirtækja kunni að fara úrskeiðis með tilheyrandi afleiðingum fyrir almenning.“[10] Þá hefur regluverk og eftirlit á sviði alþjóðlegs samstarfs eða af hálfu ríkjasambanda einnig veruleg áhrif á starfsemi og starfsaðstæður fjármálafyrirtækja. Ber þar hæst reglur sem stafa frá Evrópska efnahagssvæðinu og varða fjármálakerfið, regluverk um stofnun Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og reglur sem BIS-nefndin[11] setur fjármálafyrirtækjum.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[12]

Rannsóknarnefndin telur að sérstaða banka og fjármálafyrirtækja og samfélagsleg staða þeirra og ábyrgð kalli ekki bara á að þessari atvinnustarfsemi sé sett lagaleg umgjörð. Eðli starfseminnar og sú áhætta sem er fólgin í henni, bæði fyrir hagsmuni einstaklinga og sam-

---

[8] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 49–56.

[9] Sama heimild, bls. 49.

[10] Sama heimild, bls. 54.

[11] Nefnd Alþjóðagreiðslubankans, Bank for International Settlements.

[12] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 54.

félagsins í heild, kalli einnig á virkt starf eftirlitsaðila. Þá tiltekur rannsóknarnefndin einnig að mikilvægt sé að yfirvöld hér á landi móti ákveðna stefnu um íslenskan fjármálamarkað, reglur sem um hann eigi að gilda, sérreglur sem gilda þurfi vegna kringumstæðna hér á landi sem og hversu umfangsmikil starfsemin megi vera með tilliti til stærðar og getu þjóðarbúsins til þess að takast á við áfall á mörkuðum. Jafnframt telur rannsóknarnefndin mikilvægt að slíkri stefnu sé fylgt eftir.[13]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að marka þurfi opinbera stefnu um fjármálamarkaðinn og að í henni komi fram skýr framtíðarsýn um hvers konar fjármálamarkaður eigi að vera hér á landi. Þingmannanefndin telur að slík opinber stefna styrki tilgang og markmið löggjafarinnar og auki skilning og virðingu fyrir þeim reglum sem gilda um fjármálamarkaðinn.[14] Í þeirri stefnumörkun verði sérstaklega tekin afstaða til eftirfarandi atriða:

1. Að starfsemi og umfang fjármálamarkaðar samrýmist stærð og getu þjóðarbúsins.
2. Fyrirkomulags innstæðutrygginga.
3. Vægis sparnaðar í þjóðarbúskapnum.
4. Aðskilnaðar fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.
5. Hlutverks Alþingis í innleiðingarferli ESB-tilskipana og hvort og hvernig mæta eigi íslenskum séraðstæðum.
6. Hlutverks ríkisins í rekstri fjármálafyrirtækja.
7. Eftirlits með fjármálafyrirtækjum.
8. Viðlaga- og viðbúnaðaráætlana.
9. Heimilda fjármálafyrirtækja til eignarhalds á fyrirtækjum í ótengdri starfsemi.
10. Eignarhalds á fjármálafyrirtækjum.

4. kafli. Efnahagslegt umhverfi og innlend efnahagsstjórnun.[15]

Í 4. kafla er farið yfir helstu þætti í efnahagsþróun undanfarinna ára með sérstakri áherslu á innlenda hagþróun og það ójafnvægi sem fór vaxandi í hagkerfinu frá árunum 2002 og 2003.

Fyrst er þó stuttlega fjallað um efnahagsþróun í heiminum og farið yfir þá þætti sem helst hafa mótað umhverfi það sem íslenska útrásin og fjármálageirinn spruttu úr. Þar er meðal annars fjallað um það hvernig dró úr flökti þróaðra hagkerfa á níunda áratug síðustu aldar, hvernig netbólan svokallaða byggðist upp og sprakk og hvernig fasteignabólan tók að myndast, fyrst í Bandaríkjunum. Einnig er fjallað um það hvernig ójafnvægi fór aftur að myndast í heimsbúskapnum á síðustu tveimur áratugum 20. aldar með langvarandi lágum vöxtum og miklum viðskiptahalla.

Þá er nokkuð fjallað um alþjóðlegu fjármálakreppuna og áhrif hennar á lánakjör Íslands og íslenskra banka erlendis. Þar er rakin saga svokallaðra undirmálslána (e. subprime mort-

---

[13] Sama heimild, bls. 54.

[14] Þingmannanefndin vekur auk þess athygli á ábendingum starfshóps forsætisráðherra undir stjórn Gunnars Helga Kristinssonar hvað snertir mikilvægi stefnumótunar við löggjöf.

[15] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 57–208.

gages) á bandarískum fasteignamarkaði og hvernig vaxandi vanskil á þeim höfðu veruleg áhrif á fjármálastofnanir sem veitt höfðu slík lán en einnig á banka og sparisjóði um allan heim sem höfðu keypt skuldabréfavafninga sem innihéldu þessi undirmálslán. Mesti skellurinn kom þegar bandarískur fjárfestingarbankinn Lehman Brothers varð gjaldþrota en þar á undan hafði bandaríska ríkið staðið fyrir björgunaraðgerðum vegna annarra fjárfestingarbanka sem og Englandsbanki sem hafði yfirtekið Northern Rock bankann. Í framhaldinu er fjallað um lánshæfismat og skuldatryggingaálag íslenska ríkisins og íslensku bankanna og vísast um þá umfjöllun til kafla 4.2.4 í skýrslunni.

Hagþróun á Íslandi.[16]

Síðan er vikið að hagþróun á Íslandi á undanförnum áratugum. Helsta einkenni hagþróunarinnar var breyting úr haftabúskap og afskiptum hins opinbera í atvinnulífinu yfir í kerfi viðskipta- og markaðsfrelsis þar sem dregið var úr atvinnurekstri hins opinbera og ferli einkavæðingar var hafið. Þær breytingar sem gerðar voru og tókust vel var uppbygging öflugs lífeyrissjóðakerfis sem byggist á sjóðssöfnun, stækkun fiskveiðilögsögunnar og opnun hagkerfisins þar sem höftum var aflétt í stórum stíl. Þá var skatt- og tollakerfið einfaldað og kaupmátturinn óx hratt. Segja má að aðaláherslan í hagstjórn á lokaáratugum síðustu aldar hafi falist í því að skapa góð skilyrði til viðvarandi hagvaxtar og vaxandi kaupmáttar á sama tíma og dregið var úr skuldsetningu hins opinbera.

Almennt hafa ríkisfjármál hér á landi ekki verið notuð til að dempa hagsveifluna nema í tilvikum þar sem ytri aðstæður versna skyndilega eins og gerðist þegar samdráttur aflaheimilda var kynntur árið 2007 og farið var af stað með víðtækar efnahagsaðgerðir til þess að vinna gegn hugsanlegum samdrætti. Miðað við þessar aðgerðir og aðrar virðist almennt hafa verið brugðist við samdrætti með þensluaðgerðum en ekki á sama hátt brugðist við þenslu með samdráttaraðgerðum. Er það talið varhugavert misræmi í hagstjórn.

Vaxandi þensla.[17]

Ákvarðanir hins opinbera um að ráðast í umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir, breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs og skattalækkanir voru þensluhvetjandi aðgerðir. Aðgerðir þessar voru framkvæmdar á þeim tíma sem rannsóknarnefndin telur að hefði þurft verulegt aðhald í ríkisfjármálum og peningastefnunni til þess að stilla þenslu í hóf. Þessar þensluhvetjandi aðgerðir hins opinbera ásamt of litlu aðhaldi peningastefnunnar ýktu ójafnvægið í hagkerfinu og hlutu að knýja fram afar harða lendingu. Á þessum tíma reyndi Seðlabankinn að bregðast við þensluáhrifunum með vaxtahækkunarferli sem hófst vorið 2004 en bankinn hafði ítrekað reynt að benda á nauðsyn þess að beita ríkisfjármálum einnig til þess að draga úr þensluáhrifum stóriðjuframkvæmdanna. Þær ábendingar höfðu ekki mikil áhrif en rannsóknarnefndin telur að með réttri beitingu ríkisfjármála hefði verið hægt draga betur úr þensluáhrifunum og draga úr þörfinni til vaxtahækkana. Nefndin telur að „þessi skortur á samspili ríkisfjármálanna og reyndar efnahagsstefnu hins opinbera í heild annars vegar og peningastefnunnar hins vegar [hafi átt] þátt í því að auka á ójafnvægi efnahagslífsins.“[18]

Þá bendir nefndin á að fjármálum hins opinbera hafi hins vegar ítrekað verið beitt þannig að þenslan í hagkerfinu færðist í aukana. Sem dæmi má nefna þær breytingar sem gerðar

---

[16] Sama heimild, bls. 201–208.
[17] Sama heimild, bls. 201–208.
[18] Sama heimild, bls. 203.

voru á úthlutunum Íbúðalánasjóðs árið 2004 en Seðlabankinn benti á að ekki væri ráðlegt að ráðast í breytingar á útlánareglunum á þessum tíma vegna þensluhvetjandi áhrifa. Hagfræðistofnun Háskólans komst að sömu niðurstöðu og benti á að með breytingunum mundu lántökur aukast, húsnæðisverð hækka mikið og íbúðafjárfestingar aukast. Einnig hafði áhrif sú samkeppni sem varð á fasteignamarkaði þegar bankarnir hófu að bjóða samkeppnishæf íbúðalán.[19] Þá höfðu skattalækkanir á þessum tíma veruleg áhrif þar sem framkvæmdum fjölgaði enn meir, eftirspurn óx sem og þenslan. Rannsóknarnefndin bendir á að það sé engin „eftiráspeki“ að stóriðjuframkvæmdir ásamt fyrrgreindum aðgerðum hafi allt hjálpast að við að auka þensluna í íslensku samfélagi, auka verðbólguna og leiða til vaxtahækkana. Slíkar afleiðingar hafi legið fyrir áður en ráðist var í aðgerðirnar.

Á sama tíma var Seðlabankinn látinn einn um að berjast við þensluna. Þegar ljóst var að hið opinbera ætlaði sér ekki að taka þátt í aðhaldsaðgerðum gegn þenslunni þurfti Seðlabankinn að herða aðhald í peningastefnunni verulega og meira en gert var. Vextir hefðu þurft að hækka töluvert meira en gert var og fyrir liggur að bankastjórnin hækkaði vexti minna en aðalhagfræðingar bankans lögðu til.

Peningastefna Seðlabankans.[20]

Meginmiðlunarleið stýrivaxta, „vaxtakanallinn“, var ekki virk hér á landi þar sem framboð á ríkisskuldabréfum var lítið. Seðlabankinn benti embættismönnum fjármálaráðuneytisins á að framboð á ríkisskuldabréfum væri ekki nægilega mikið og að almennt væri litið svo á að ríki sem ekki vill skulda í eigin mynt hafi ekki vilja til að halda henni úti. Þrátt fyrir þessa ábendingu var afstaðan enn sú að draga úr skuldsetningu ríkisins frekar en að stuðla að virkni peningastefnunnar. Útgáfa Seðlabankans á jöklabréfum haustið 2005 leiddi til aukins lánsfjárframboðs á Íslandi sem aftur leiddi til lækkunar markaðsvaxta og eftirspurn eftir krónum jókst. Þá brást Seðlabankinn við með því að setja á afar háa vexti til þess að hindra fjármagnsflótta og var sú aðgerð túlkuð sem loforð Seðlabankans um að hann mundi ekki leyfa gengi íslensku krónunnar að falla. Vegna þessarar túlkunar sem festi rætur á markaðnum magnaðist ójafnvægið enn frekar og fallið varð hærra þegar að því kom. Treg miðlun seðlabankavaxta yfir í markaðsvexti, sérstaklega langa raunvexti, og aukið aðgengi að lánsfé á sama tíma og stöðugt var aukið á þensluna í hagkerfinu olli því að lánsfjáreftirspurn hélst mjög mikil þrátt fyrir hækkandi stýrivexti.

---

[19] Samkvæmt umfjöllun rannsóknarnefndarinnar í kafla 4.4.5, bls. 117, kemur fram að í stjórnarsáttmála árið 2003 hafi verið markmið að endurskipuleggja húsnæðismarkaðinn, hækka hámarkslánsfjárhæð og færa hámarkslánshlutfall í 90% af verðgildi eignar. Undir lok árs 2003 er farið að skoða þetta markmið og vinna bæði Seðlabankinn og Hagfræðistofnun Háskólans skýrslu og mat á þessum aðgerðum. Niðurstaðan var nokkuð eindregin hjá báðum aðilum þar sem varað var við slíkum aðgerðum á þenslutímum. Fram kemur í rannsóknarskýrslunni að um miðjan júlí 2004 hafi Íbúðalánasjóður byrjað að lækkað vexti á útlánum sínum úr 5,1% í 4,8% en lægst fóru þeir í 4,15% í nóvember 2004. Á sama tíma, þ.e. sumarið 2004, var hámarkslánsfjárhæð hækkuð úr 9,7 millj. kr. í 14,9 millj. kr. í árslok 2004 og síðan upp í 15,9 millj. kr. í apríl 2005 og 18 millj. kr. ári síðar. Í skýrslunni kemur fram að bankarnir hafi farið að bjóða samkeppnishæf íbúðalán á næstu vikum og mánuðum eftir að útlánsvextir Íbúðalánasjóðs voru lækkaðir og fyrirheit gefin um töluverða hækkun hámarkslána. Nánar er fjallað um þetta ferli allt í kafla 4.4.5 í 1. bindi skýrslunnar. Sjá einnig í þessu samhengi umfjöllun síðar í kaflanum um innsent erindi frá Íbúðalánasjóði um þetta ferli.

[20] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 201–208, sérstaklega bls. 205–206.

Vöxtur bankanna og framúrkeyrsla útgjalda.[21]

Hinir nýeinkavæddu bankar höfðu allir mjög gott lánshæfismat og hófu að vaxa erlendis sem var mögulegt vegna hentugrar fjármögnunar erlendis og auðvelds aðgangs að mörkuðum gegnum Evrópska efnahagssvæðið. Þessi vöxtur keyrði þó um þverbak þegar svo mikið misræmi var komið milli stærðar fjármálakerfisins og hagkerfisins að líkur á skörpum samdrætti voru orðnar verulegar. Bankarnir uxu svo ört að athygli eftirlitsaðila hefði átt að vakna auk þess sem þetta misræmi kallaði á hagstjórnarviðbrögð.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) bentu ítrekað á að aðhald íslenska ríkisins hefði verið of lítið í uppsveiflunni.[22] Einnig höfðu þessar stofnanir verulegar áhyggjur af vaxandi framúrkeyrslum útgjalda, þar á meðal hjá sveitarfélögum, og tiltekið var að sveitarfélögin hefðu enn meiri tilhneigingu til að eyða tímabundnum hagnaði en ríkið. Til þess að auka aðhaldið í sveitarfélögunum lögðu stofnanirnar til að gerður yrði samningur milli sveitarfélaga og ríkis sem fylgt væri eftir til þess að sporna við mikilli og vaxandi útgjaldaaukningu og rekstrarhalla sveitarfélaganna. Aðrar ráðleggingar OECD frá 2008 lutu að því að gera umbætur á fasteignamarkaði þannig að ríkisábyrgð á Íbúðalánasjóði yrði felld úr gildi eða ríkið krafið um endurgjald sem endurspeglaði verðmæti ábyrgðarinnar á sjóðnum. Sú ráðlegging kom til þar sem stofnunin taldi að slökun á lánaforsendum og breytingar á fjármögnun Íbúðalánasjóðs hefði sett af stað harðvítuga samkeppni við banka í einkaeign og valdið lækkun vaxta á fasteignaveðlánum, en á sama tíma hafi Seðlabankinn hækkað vexti sína.

Stækkun gjaldeyrisvaraforðans og skattastefnan.[23]

Hvað varðar stækkun gjaldeyrisvaraforðans telur rannsóknarnefndin að auka hefði þurft við hann á skilvirkari hátt. Af gögnum sem rannsóknarnefndin hafði undir höndum lá ekki, í mars og apríl 2008, fyrir skýr rökstudd og skrifleg áætlun um aukningu gjaldeyrisvaraforðans. Seðlabanki Bretlands hafnaði erindi Seðlabanka Íslands um skiptasamning 22. apríl 2008 en bauð við sama tækifæri aðstoð við að finna leið til þess að minnka íslenska bankakerfið. Seðlabankastjóri Bretlands, Mervyn King, taldi að eina raunhæfa leiðin til að bregðast við vandanum væri að minnka bankakerfið. Seðlabanki Íslands þekktist hins vegar ekki boðið. Erfitt var að fá norrænu seðlabankana til þess að gera gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Íslands á þessum tíma nema með loforði forsætisráðherra um að þrýsta á íslensku bankana um að draga saman stærð sína með hliðsjón af tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfirlýsing um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum var svo undirrituð 15. maí 2008 af Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur ásamt bankastjórn Seðlabankans. Ljóst er eftir yfirferð rannsóknarnefndarinnar að við bankahrunið voru íslensk stjórnvöld ekki komin langt með að efna þetta samkomulag.[24] Í samræmi við yfirlýsinguna höfðu þó verið samþykkt lög[25] á Alþingi 29. maí 2008 sem heimiluðu ríkissjóði að taka sérstakt lán, allt að 500 milljarða kr. Frá undirritun yfirlýsingarinnar hafði Seðlabanki Íslands tvívegis sent minnisblöð til hinna seðlabankanna í samræmi við lið 6 í yfirlýsingunni en sam-

---

[21] Sama heimild, bls. 201–208.

[22] Sama heimild, bls. 101. Hér virðist vísað til skýrslna OECD frá febrúar 2005, júlí 2006 og febrúar 2008. Einnig skýrslna AGS frá október 2005, ágúst 2006 og skýrslu frá miðju ári 2007.

[23] Sama heimild, bls. 201–208.

[24] Sama heimild, bls. 181.

[25] Sjá lög nr. 60/2008.

kvæmt honum átti Seðlabankinn að halda hinum bönkunum upplýstum um aðgerðir samkvæmt áætluninni. Í minnisblöðunum var rakið hvernig vinnan samkvæmt liðum 1–5 gengi og vísast um þær upplýsingar til kafla 4.5.6 í skýrslunni.

Þá er vikið að fjármögnun bankanna í Seðlabankanum en á meðan reynt var að sporna við innlendri eftirspurn með vaxtahækkunum jókst lánafyrirgreiðsla til fjármálastofnana. Í skýrslunni segir: „Frá hausti 2005 þar til í byrjun október 2008 hækkaði staða lána gegn veði í Seðlabankanum úr um 30 milljörðum króna í rúmlega 500 milljarða króna.“[26] Með þessu hafi Seðlabankanum mátt vera ljóst að vextir voru allt of lágir eða að einhverjir bankanna væru, með lánunum, að sækja sér neyðarlán í sívaxandi mæli. Þessi aukning lausafjárfyrirgreiðslunnar gat því endurspeglað vöxt bankanna og af aukningunni átti að vera ljóst að vöxtur þeirra var því of hraður.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.

a) Kafli 4.5.6. Gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands.[27]

1. Rannsóknarnefndin telur að um mitt ár 2007 þegar erlend innlán bankanna voru orðin sjöföld stærð gjaldeyrisvaraforðans og skammtímaskuldir þjóðarbúsins námu tífaldri stærð gjaldeyrisvaraforðans hafi verið komið síðasta raunhæfa tækifærið til þess að sporna við þessari þróun með virkum hætti án þess að illa færi. Hvorugt var gert á þessum tíma. Þegar fram í sótti hafði það afdrifaríkar afleiðingar fyrir fjármálastöðugleikann hér á landi.[28]
2. Rannsóknarnefndin vekur athygli á að ekki hafi verið óskað eftir samningi um gjaldeyrisskipti við Seðlabanka Bretlands fyrr en 17. mars 2008. Þann dag féll krónan um 6%. Hætt er við því að aðgerðir Seðlabankans hafi komið Bretum þannig fyrir sjónir að um beiðni um neyðaraðstoð væri að ræða til að koma í veg fyrir áhlaup sem þegar virtist hafið.[29]
3. Af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði sér verður ekki séð að í mars og apríl 2008 hafi legið fyrir skýr, skrifleg og rökstudd áætlun um aukningu gjaldeyrisvaraforðans, þ.m.t. hvernig verja ætti þeim fjármunum sem auka ætti við forðann og hver tengsl þessarar aðgerðar væru við aðra mikilvæga þætti.[30]
4. Rannsóknarnefndin leggur áherslu á að Seðlabanki Bretlands hafnaði erindi Seðlabankans um skiptasamning 22. apríl 2008. Samhliða bauðst breski seðlabankinn til að aðstoða Íslendinga við að minnka bankakerfi sitt, sem væri eina raunhæfa leiðin til að takast á við vandann. Seðlabankinn þekktist ekki þetta boð.[31]
5. Rannsóknarnefndin telur ljóst að á vormánuðum 2008 hafi Seðlabanki Íslands ekki átt kost á skiptasamningum við aðra seðlabanka en þann danska, norska og sænska. Forsenda slíks samnings var yfirlýsing ráðherra en við fall bankanna voru íslensk stjórnvöld mjög skammt á veg komin með að efna þetta samkomulag.[32]

---

[26] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 206 og mynd nr. 59 á bls. 162.
[27] Sama heimild, bls. 166–182.
[28] Sama heimild, bls. 181.
[29] Sama heimild, bls. 181.
[30] Sama heimild, bls. 181.
[31] Sama heimild, bls. 181.
[32] Sama heimild, bls. 181.

b) Niðurstöður kaflans í heild.[33]

1. Rannsóknarnefndin telur að efnahagsstjórn ríkisfjármála hafi átt þátt í að skapa ofþenslu, eignaverðsbólu og lánsfjáreftirspurn í aðdraganda falls bankanna. Stefnan í ríkisfjármálum var ósveigjanleg og ýmsum þensluhvetjandi aðgerðum var hrint í framkvæmd þótt efnahagsaðstæður gæfu ekki tilefni til þeirra. Segja má að viljinn til að efna kosningaloforð hafi verið skynseminni yfirsterkari.[34]
2. Rannsóknarnefndin bendir á að skortur á samspili á milli ríkisfjármála, efnahagsstefnu og peningastefnu hafi aukið á ójafnvægi efnahagslífsins.[35]
3. Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að auka samvinnu ríkisfjármála og Seðlabankans við hagstjórnaraðgerðir þannig að annarri stefnunni sé ekki beitt gegn hinni.[36]
4. Rannsóknarnefndin leggur til að sjálfstæðri ríkisstofnun verði falið það hlutverk að meta og gefa út spár fyrir efnahagslífið og gegni þannig svipuðu hlutverki og Þjóðhagsstofnun gegndi til 1. júlí 2002.[37]
5. Rannsóknarnefndin tekur fram að sjálfstæði Seðlabankans sé mikilvægt fyrir árangursríka hagstjórn og að nauðsynlegt sé að ráðherrar og ríkisstjórnin öll taki tillit til stefnu Seðlabankans og ráðlegginga hans.[38]
6. Rannsóknarnefndin telur óæskilegt að í starf seðlabankastjóra veljist fyrrverandi stjórnmálamenn, hvað sem líður hæfni manna. Það er til þess fallið að rýra trúverðugleika Seðlabankans þar sem það kallar á efasemdir um einurð slíkra manna við að vinna að lögbundnum markmiðum bankans, einkum ef slíkt er í andstöðu við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eða framkvæmd tiltekinna kosningaloforða.[39]
7. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að peningastefna Seðlabankans hafi verið hvergi nærri nógu aðhaldssöm í aðdraganda bankahrunsins, en komið hefur fram að bankastjórn Seðlabankans kaus oft minna aðhald en aðalhagfræðingur bankans lagði til.[40]
8. Rannsóknarnefndin bendir á að Seðlabankinn afgreiddi lán gegn veði í sívaxandi mæli án þess að meta lausafjárþörf kerfisins. Til að ná betri tökum á aðhaldsstigi peningastefnunnar hefði Seðlabankinn þurft að meta lausafjárþörfina og hugsanlega að vera með takmarkanir á lánum gegn veði.[41]
9. Að mati rannsóknarnefndarinnar var áhersla Seðlabankans á að halda genginu sterku og loforð um að hækka vexti ef þörf væri á til þess að sporna við veikingu krónunnar óæskileg. Sá „söluréttur“ á krónum sem þarna skapaðist stuðlaði að sterkara gengi, meira innstreymi skammtímafjármagns, aukinni útlánaþenslu og magnaði niðursveifluna sem síðar varð.[42]
10. Rannsóknarnefndin bendir á að þegar krónan styrktist árin 2003 og 2004 og áfram á árinu 2005 og Seðlabankinn gat metið krónuna sterkari en samræmdist jafnvægi í þjóðarbúskapnum hefði bankinn átt að auka kaup sín á gjaldeyri verulega. Það hefði sent

---

[33] Sama heimild, bls. 201–208.
[34] Sama heimild, bls. 206.
[35] Sama heimild, bls. 206–207.
[36] Sama heimild, bls. 206–207.
[37] Sama heimild, bls. 207.
[38] Sama heimild, bls. 207.
[39] Sama heimild, bls. 207.
[40] Sama heimild, bls. 207.
[41] Sama heimild, bls. 207.
[42] Sama heimild, bls. 207.

þau skilaboð að krónan væri of sterk ásamt því að safna gjaldeyrisvaraforða. Eins hefði Seðlabankinn þá getað selt gjaldeyri þegar hann taldi krónuna of veika og notað eigin gjaldeyrissjóð sem nokkurs konar jöfnunarsjóð til að dempa sveiflur á raungengi án þess að fylgja markmiðum um nafngengi.[43]

11. Rannsóknarnefndin telur að Seðlabankinn hefði átt að bregðast við uppsveiflunni og innstreymi erlends fjármagns á annan hátt en með hækkun á stýrivöxtum, til dæmis með því að herða lausafjárkröfur til að draga úr arðsemi erlendrar lántöku og/eða auka bindiskyldu vegna erlendrar fjármögnunar bankanna.[44]
12. Rannsóknarnefndin dregur athygli að stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar sem mynduð var vorið 2007 en þar sagði að markmið hennar væri að stuðla að frekari vexti bankanna. Rannsóknarnefndin telur að ekki hafi getað farið fram hjá stjórnvöldum á þessum tíma að bankarnir voru orðnir svo stórir að í „hugsanlegum stuðningi við hvern þriggja stóru bankanna fólst svo stór óbein skuldbinding að hún var ríkinu um megn.“[45]
13. Rannsóknarnefndin telur að fyrr hefði átt að fara af stað við að auka gjaldeyrisvaraforðann, stuðla að flutningi eins eða fleiri banka með höfuðstöðvar sínar úr landi eða að koma því til leiðar að bankarnir drægju úr erlendri starfsemi sinni þegar komið var fram á árin 2007 og 2008 til að draga úr áhættu þjóðarbúsins af starfsemi bankanna.[46]
14. Rannsóknarnefndin telur að athuga beri hvort veita ætti Seðlabankanum heimild til að setja reglur um hámark veðhlutfalla og/eða stýra veðhlutföllum með tilliti til eignaverðs og tekna „þannig að hámarkshlutfallið sé lækkað í uppsveiflum og hækkað í niðursveiflu“ svo auka megi virkni peningastefnunnar til þess að slá á þenslu í þjóðfélaginu.[47]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Það er mat þingmannanefndarinnar að mikinn lærdóm megi draga af þróun efnahagsmála og hagstjórn síðustu áratuga og nauðsynlegt sé að nýta nú það tækifæri sem gefst til umbóta.

Þingmannanefndin telur að mistök hafi verið gerð í hagstjórn og ríkisfjármálum á árunum frá 2003 þegar ráðist var í umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir, útlánareglum Íbúðalánasjóðs breytt og skattar lækkaðir þvert á ráðleggingar sérfræðinga án þess að bregðast jafnframt á fullnægjandi hátt við hagsveiflum, ofþenslu og vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu. Á sama tíma jókst mjög innstreymi erlends fjármagns í landið og stærð bankakerfisins margfaldaðist árlega. Þingmannanefndin bendir á að einnig var ráðist í önnur þensluhvetjandi verkefni, einkum á suðvesturhorninu.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að stjórnmálamenn gæti að því að sýna ábyrgð við hagstjórn og að ekki verði ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir, skattalækkanir og fleira, nema að undangengnu mati og greiningu á afleiðingum þeirra fyrir efnahagslífið.

Þingmannanefndin telur að draga megi þann lærdóm af niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis að stjórnmálamenn verða að vera tilbúnir að axla þá ábyrgð að breyta stefnu sinni í samræmi við stöðu efnahagslífsins á hverjum tíma. Viljinn til að efna kosningaloforð má

---

[43] Sama heimild, bls. 207.
[44] Sama heimild, bls. 208.
[45] Sama heimild, bls. 208.
[46] Sama heimild, bls. 208.
[47] Sama heimild, bls. 208.

ekki verða skynseminni yfirsterkari.[48] Stjórnvöld verða ætíð að setja hagsmuni þjóðarinnar fyrst, þrátt fyrir að það geti leitt til tímabundinna óvinsælda og kjósendur verða að sýna því skilning.

Þingmannanefndin telur mikilvægt:

- Að stofnaður verði samráðsvettvangur fjármálaráðuneytis, Alþingis, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans. Þingmannanefndin leggur til að forsætisráðuneytið beri ábyrgð á stofnun samráðsvettvangsins og að hlutverk hans verði lögfest. Lögfesta verði formlegar hagstjórnarreglur fyrir ríki og sveitarfélög sem hafi það að markmiði að jafna hagsveiflur og styðja við peningamálastjórnina.
- Að stofnuð verði sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir Alþingi og hefur það hlutverk að meta og gefa út spár fyrir efnahagslífið á sama hátt og Þjóðhagsstofnun gerði til 1. júlí 2002.
- Að skýrð verði verkaskipting og samvinna Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til að styrkja eftirlit með fjármálamarkaði og fjármálalegum stöðugleika.
- Að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands í ljósi þeirra ábendinga sem koma fram í niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis.[49]

Þingmannanefndin telur það gagnrýnisvert hvernig staðið var að stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 2007 þar sem segir að stuðla eigi að frekari vexti bankanna án fullnægjandi greiningar og mats á stöðu þeirra. Á þessum tíma mátti forustusveit ríkisstjórnarflokkanna vera ljóst að hugsanlegur stuðningur ríkisins við hvern hinna stóru banka væri því um megn.

Þingmannanefndin telur ekki ásættanlegt að stefnuyfirlýsingin hafi ekki verið ítarlega rædd innan stjórnarflokkanna og endurmetin þegar á samstarfið leið og sífellt fleiri viðvörunarljós kviknuðu um ofvöxt bankakerfisins í hlutfalli við íslenskan veruleika. Þá telur þingmannanefndin að sérstök ástæða hafi verið til að endurskoða stefnuyfirlýsinguna eftir undirritun samkomulagsins við norrænu seðlabankana 15. maí 2008.

Þá telur þingmannanefndin það áfellisdóm yfir umræðu- og stjórnmálahefð á Íslandi að þorri alþingismanna og ríkisstjórn hafi ekki á árunum 2006–2008 tekið upplýsta, ábyrga umræðu um mikilvægi þess að draga verulega úr umfangi bankakerfisins,[50] t.d. með því að

---

[48] Hér er vísað til orða fyrrverandi fjármálaráðherra við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni þar sem fram kom að þau loforð sem gefin voru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2003 um skattalækkanir hafi verið gefin fyrst og fremst vegna samkeppni flokka um atkvæði í aðdraganda kosninganna 2003. Sjá nánar á bls. 126–127.

[49] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 181 og 201–208.

[50] **Bókun:** Þingmennirnir Atli Gíslason og Lilja Rafney Magnúsdóttir eru ósammála þessari niðurstöðu hvað Vinstri hreyfinguna – grænt framboð varðar. Þau benda á tillögu til þingsályktunar sem flokkurinn lagði fram í mars 2005 og var endurflutt á hverju þingi allt til ársins 2008, síðast sem lagafrumvarp. Efni þessara tillagna voru aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar er meðal annars þeim tilmælum beint til fjármálaráðuneytis að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, að hraður vöxtur útlána skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið og að farið verði yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því ljósi. Einnig er þar lögð til ítarleg efnahagsleg greining og fjallað um hættumerki sem upp voru komin. Þá var þeim tilmælum beint til Seðlabankans að íhuga vandlega að beita aukinni bindiskyldu gagnvart innlánsstofnunum til að draga úr þenslu á peningamarkaði og fleira. Enn fremur er lagt til að aðhald í ríkisfjármálum verði tryggt og slegið á þenslu með því meðal annars að fresta skattalækkunum. Miklar umræður urðu um þessi þingmál en þau hlutu þó ekki afgreiðslu úr nefndum þingsins. Þeim fylgdi ítarleg greinargerð á hartnær 100 blaðsíðum með nákvæmri efnahagslegri og hagfræðilegri úttekt. Sjá nánar þskj. 1014 á 131. löggjafarþingi, þskj. 5 á 132. löggjafarþingi, þskj. 14 á 133. löggjafarþingi og þskj. 774 á 135. löggjafarþingi.

einn stóru bankanna mundi flytja höfuðstöðvar úr landi. Ýmsar staðreyndir þess tíma, t.d. að erlend innlán bankanna voru orðin sjöföld stærð gjaldeyrisvaraforðans um mitt ár 2007, hefðu átt að vekja stjórnmálamenn til vitundar um mikilvægi þess að minnka umfang bankakerfisins.[51] [52]

Þingmannanefndinni barst greinargerð frá Íbúðalánasjóði þar sem brugðist er við gagnrýni sem kom fram á sjóðinn í umfjöllun rannsóknarnefndarinnar um húsnæðiskerfið í 4. kafla 1. bindis skýrslunnar.[53] Nefndin vekur athygli á athugasemdum Íbúðalánasjóðs.

Þingmannanefndin vekur athygli á ábendingum rannsóknarnefndarinnar um að athuga beri hvort veita eigi Seðlabanka Íslands heimild til að setja reglur um hámarksveðhlutföll eignaflokka í því augnamiði að auka virkni peningastefnu til að slá á þenslu.[54]

5. kafli. Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja.[55]

Í kaflanum er reifuð stefna ríkisstjórna Íslands frá 23. apríl 1995 til 23. maí 2007 og rakin helsta pólitíska stefnumörkunin sem sett var fram í tengslum við fjármálalífið og áætlanir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þá eru tekin saman ummæli ráðherra þessara ríkisstjórna um fjármálalífið og fjármálafyrirtæki. Þar endurspeglast gildandi viðhorf ráðherra gagnvart fjármálafyrirtækjunum auk þess sem ummælin sýna mörg hver það viðhorf sem ríkisstjórnir vildu að almenningur eða erlendir aðilar hefðu til íslenskra fjármálafyrirtækja.

Stefna stjórnvalda varðandi íslenska fjármálakerfið á þessum árum fólst í því að selja eignarhluti ríkisins í bönkum og opinberum fjárfestingarsjóðum. Almennt var stefnt að því að efla sjálfstæði eftirlitsstofnana en á sama tíma átti að gæta að því að eftirlitsstarfsemin mundi ekki íþyngja fyrirtækjum um of. Þá var tekið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 23. maí 2007 að stefnt væri að því að „tryggja að fjármálastarfsemi gæti vaxið áfram hér á landi og að fjármálafyrirtækin gætu sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar sínar hérlendis.“[56] Þessari stefnu yfirvalda var ekki breytt opinberlega fyrir hrun bankanna í október 2008. Fjallað er ítarlega um þessa yfirlýsingu og er í kaflanum farið yfir hver voru viðhorf ráðherra til stefnuyfirlýsingarinnar bæði nú og á þeim tíma sem hún var sett fram. Þá er einnig vísað til orða fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins og til orða fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, Glitnis og Kaupþings um þessa stefnuyfirlýsingu og spurt hvernig þessir aðilar hafi upplifað stefnuna sem í henni birtist. Það var mat þeirra að ekki hafi verið gefin nein opinber pólitísk skilaboð um að bankarnir ættu að minnka og að almennt hefði stemmningin verið sú að ríkið ætlaði sér að efla starfsemi fjármálafyrirtækjanna og tryggja að þau hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi áfram. Allir aðilarnir voru sam-

---

[51] Þess ber að geta að Alþingi samþykkti á þessum tíma heimild til 500 milljarða kr. lántöku til styrkingar á gjaldeyrisvaraforða, sbr. lög nr. 60/2008.

[52] **Bókun:** Þingmennirnir Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir eru að nokkru leyti ósammála þessari fullyrðingu. Þannig má t.a.m. benda á 500 milljarða kr. heimild til lántöku til að styrkja gjaldeyrisvaraforða sem samþykkt var á Alþingi og fjölmargar aðgerðir sem reynt var að ráðast í og raktar eru í skýrslu rannsóknarnefndarinnar til að ná tökum á vandanum.

[53] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 4, bls. 117.

[54] Sama heimild, bls. 280.

[55] Sama heimild, bls. 209–225.

[56] Sama heimild, bls. 210.

mála um að ekki hafi verið settar fram neinar formlegar óskir um að bankarnir drægju úr starfsemi sinni eða breyttu henni.

Að lokum eru raktar opinberar umræður um Ísland sem miðstöð alþjóðlegrar fjármálastarfsemi frá 1999 til 2007. Sérstaklega er fjallað um starf 12 manna nefndar sem fjalla átti um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og samkeppnishæfni landsins á því sviði. Farið er yfir niðurstöður nefndarinnar og reifaðar upplýsingar nefndarmanna um vinnu við skýrsluna. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákveðnir grunnþættir einkenndu lög þeirra ríkja sem náð hafa langt á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Setti nefndin fram það meginviðhorf að ef stjórnvöld á Íslandi ætluðu að setja sér það markmið að efla alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi ætti í því augnamiði einungis að setja almennar reglur fyrir íslenskt atvinnulíf í því skyni sem stæðust EES-kvaðir. Benda má á að beinar og óbreyttar innleiðingar EES-gerða tíðkast til dæmis ekki í Noregi. Þá kemur fram í skýrslunni að niðurstöður hópsins virðast ekki hafa verið nýttar á nokkurn hátt við stefnumörkun um uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi. Þá er einnig rétt að benda á að samkvæmt skýrslu Sigurðar Einarssonar sem sat í nefndinni um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi þá hafði Jón Sigurðsson, þáverandi seðlabankastjóri og síðar viðskiptaráðherra, tiltekið sérstaklega að ekki mætti ræða hlutverk Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara í nefndinni.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[57]

Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að á árunum 1995–2003 hafi ekki verið fjallað um starfsemi fjármálafyrirtækja í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórna, að öðru leyti en því að á árunum 1995–2003 var fylgt þeirri stefnu sitjandi ríkisstjórna að selja eignarhluti ríkisins í bönkum og opinberum fjárfestingarsjóðum. Hins vegar var í stefnuyfirlýsingum fjallað um nauðsyn á sjálfstæði eftirlitsstofnana. Því fylgdi hins vegar sá varnagli að tryggja þyrfti að starfsemi þeirra íþyngdi fyrirtækjum ekki um of. Einnig var unnið að stefnumótun um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi en samkvæmt stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 23. maí 2007 var stefna ríkisstjórnarinnar sú að tryggja að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Þessari stefnu ríkisstjórnarinnar var ekki breytt opinberlega fyrir hrun bankanna í október 2008.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin leggur áherslu á að ríkisstjórnir á hverjum tíma marki sér skýra opinbera stefnu um starfsemi fjármálafyrirtækja og eftirlit með þeim í samræmi við stærð og umfang efnahagskerfisins hverju sinni.

---

[57] Sama heimild, bls. 225.

6. kafli. Einkavæðing og eignarhald stóru bankanna þriggja.[58]

Í kaflanum er rakin er atburðarásin í kringum einkavæðingu ríkisbankanna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Fyrst er fjallað um lagasetninguna sem markaði upphafið að einkavæðingarferlinu[59] en í lögunum var kveðið á um opna heimild til sölu á hlutafé ríkisins í bönkunum og sú heimild í engu takmörkuð eða skilyrt, t.d. með efnisreglum um hvernig einkavæðingarferlið ætti að fara fram. Í söluheimildinni var ekki að finna neina stefnumörkun af hálfu Alþingis og því var alfarið lagt í hendur stjórnvalda undir forustu ríkisstjórnarinnar að ákveða nánari framkvæmd og forsendur fyrir sölu bankanna. Rannsóknarnefndin vekur athygli á þessu og bendir á að þar með hafi salan verið háð pólitískri stefnumótun og ákvörðunum þeirra ráðherra sem fóru með málið.[60]

Rétt þykir að benda hér á að við þinglega meðferð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 70/2001 klofnaði efnahags- og skattanefnd í afstöðu sinni til málsins. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að frumvarpið yrði samþykkt og vísaði til þess að verið væri að framfylgja þeirri stefnu að selja hluti ríkisins í fyrirtækjum á virkum samkeppnismarkaði. Í áliti 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar[61] um frumvarpið voru hins vegar lagðar til róttækar breytingar á frumvarpinu. Helstu breytingarnar fólust í því að einungis yrði heimilt að selja hlutafé í Búnaðarbankanum, dreifð eignaraðild væri tryggð með því að 10% af hlutafé bankans yrði skipt milli íslenskra ríkisborgara og að ekki væri farið af stað með söluna fyrr en fyrir lægi staðfesting Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar á aðstæðum á fjármálamarkaði með tilliti til sölunnar. Í nefndaráliti 2. minni hluta[62] komu fram efasemdir um sölu bankanna tveggja á sama tíma og þann tímapunkt sem valinn var til einkavæðingarinnar með tilliti til verðgildis bankanna. Af þessu er ljóst að umræður fóru fram á Alþingi um hvernig haga skyldi einkavæðingarferlinu þó að ekki hafi verið mótuð nein stefna með lagasetningu.

Atburðarásinni við söluferlið er lýst í bindinu,[63] en þar kemur fram hvernig dregið var úr kröfunum og hvernig forgangsröð krafnanna breyttist og byggt var á nýjum viðmiðum eftir því sem söluferlinu vatt fram. Helst má nefna að svo virðist sem fallið hafi verið frá því að leggja áherslu á að fá inn erlendan kjölfestufjárfesti en heimildir rannsóknarnefndarinnar bentu til þess að leit að slíkum aðila hefði ekki borið árangur. Þrátt fyrir það er ljóst að einhver áhugi virðist hafa verið fyrir íslensku bönkunum, sbr. viðræðurnar sem stjórnvöld áttu við Svenska Enskilda bankann um kaup á stórum hlut í Landsbankanum nokkru fyrr. Auk þess vekur það athygli rannsóknarnefndarinnar að auglýsing um sölu bankanna náði aðeins til innlendra aðila. Hvað varðar þá ákvörðun að selja báða bankana samtímis eins og fram kom fyrst í auglýsingu um sölu bankanna þá má ráða af skýrslum þáverandi forustumanna í ríkisstjórn að sú ákvörðun hafi eingöngu verið pólitísk og tekin þrátt fyrir óheppilegar markaðsástæður þar sem ekki var ákjósanlegt að selja tvær hlutfallslega stórar og kerfislega mikilvægar stofnanir á sama tíma. Þá var í ferlinu fallið frá því að gera kröfur um faglega

---

[58] Sama heimild, bls. 227–306.

[59] Sjá lög nr. 70/2001.

[60] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 234–235.

[61] Að álitinu stóðu Össur Skarphéðinsson og Margrét Frímannsdóttir. Önnur breytingartillaga var síðan lögð fram við 3. umræðu um frumvarpið og var Jóhanna Sigurðardóttir flutningsmaður hennar.

[62] Ögmundur Jónasson stóð að álitinu.

[63] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, sjá kafla 6.2 til og með kafla 6.5, einnig sérstaklega bls. 301–302.

þekkingu og reynslu af fjármálaþjónustu til kaupenda kjölfestuhluta í bönkunum og telur rannsóknarnefndin að það hafi gerst í kjölfar bréfs frá Samson-hópnum, dags 27. júní 2002, þar sem lýst var yfir áhuga á kaupum á hlut ríkisins í Landsbanka Íslands. Ekki er þó fyrir að fara upplýsingum um að slík ákvörðun hafi verið tekin með formlegum hætti. Undir lok söluferlisins var hugtakið kjölfestufjárfestir skilið eingöngu þannig að viðkomandi aðili yrði stór eigandi hlutafjár. Þannig virðist hafa verið fallið frá öðrum kröfum sem gera átti til kjölfestufjárfestis, svo sem að viðkomandi hefði reynslu og þekkingu af fjármálaþjónustu. Einnig má gagnrýna framkvæmd sölunnar hjá framkvæmdanefnd um einkavæðingu og ráðherranefnd um einkavæðingu enda hafi báðir aðilar nánast lagt allt mat á hugsanlegum kaupendum í hendur erlendum ráðgjafa um einkavæðinguna, starfsmanni HSBC-bankans í London. Þá hafi vakið sérstaka athygli rannsóknarnefndarinnar tölvubréf frá 29. ágúst 2002 þar sem fulltrúi HSBC leggur fram upplýsingar sem hægt er að skilja á þann hátt að niðurstöðum matsins á mögulegum kaupendum hafi verið hagrætt svo að tiltekin niðurstaða fengist. Þá er einnig ljóst að einn nefndarmaður í framkvæmdanefnd um einkavæðingu sagði sig úr nefndinni í september 2002 vegna deilna um þau atriði sem hafa áttu sérstakt vægi við mat á bjóðendum í bankann. Nánar um ferlið við einkavæðinguna og samningaviðræður við bæði Samson-hópinn og S-hópinn vísast til kafla 6.2–6.4. í skýrslunni.[64]

Þá er í kaflanum fjallað ítarlega um fjármögnun kaupanna á ríkisbönkunum og samkvæmt gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði sér var sýnt fram á að um 70% af kaupverði Landsbanka Íslands voru greidd með lánsfé frá Kaupþingi banka en samkvæmt kaupsamningnum um Landsbankann átti eiginfjárhlutfall kaupverðsins að vera 34,5%. Hvað varðar kaupsamning S-hópsins um Búnaðarbanka Íslands kom ekki annað fram en að greiðslur og fjármögnun þeirra hefði verið í samræmi við ákvæði kaupsamningsins.[65]

Einnig er nokkuð fjallað um þátt Fjármálaeftirlitsins í tengslum við eftirlit og samþykki fyrir kaupum á ráðandi hlutum í bönkunum. Sérstaklega gagnrýnisverða telur rannsóknarnefndin þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að falla frá kröfum um faglega þekkingu og reynslu við val á kaupendum bankanna með vísan til þess að slíkt mat muni fara fram á vegum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1998, með síðari breytingum. Ljóst er að áðurnefnd ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fela Fjármálaeftirlitinu þetta mat, um heimild til að fara með virkan eignarhlut, setti stofnunina í mjög erfiða stöðu þar sem þegar var búið að taka ákvörðun um sölu bankanna til viðkomandi aðila án þess að afstaða væri tekin til faglegrar þekkingar og reynslu viðkomandi aðila til að stýra fjármálafyrirtæki. Í skýrslunni segir eftirfarandi: „Að mati rannsóknarnefndar er ekki hægt að fallast á að stjórnvöldum hafi verið rétt að skjóta sér undan sjálfstæðri ákvarðanatöku um þetta atriði en ætlast í staðinn til þess að afstaðan til þess yrði að öllu leyti innifalin í ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum laga um virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum.“[66]

Loks er farið yfir hvernig eignarhald ríkisbankanna fyrrverandi hefur breyst á þeim sex árum sem liðin voru frá einkavæðingunni og fram til október 2008. Þar er sýnt myndrænt hvernig þróunin í eignarhaldi hefur verið og fjallað um eignarhald lífeyrissjóða í bönkunum og um það hvernig innra eignarhaldi var hagað, þ.e. hversu stór hluti starfsmanna eða annarra sem störfuðu fyrir bankana sjálfa voru handhafar hlutafjár í þeim.

---

[64] Sama heimild, bls. 229–292.
[65] Sama heimild, bls. 271–284 og 305.
[66] Sama heimild, bls. 304.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[67]

1. Rannsóknarnefndin bendir á að heimildin sem Alþingi afgreiddi um sölu á ríkisbönkunum hafi verið algerlega opin og að hún hafi skilið eftir allt mat og stefnumörkun í höndum framkvæmdarvaldsins. Athugasemdir sem komu fram í greinargerð með frumvarpinu til söluheimildarinnar um stefnu stjórnvalda við einkavæðinguna, svo sem um dreifða eignaraðild og aðkomu erlendra aðila, hafa ekki sama gildi og sett lög.[68]
2. Rannsóknarnefndin telur að Alþingi hafi haft brýnar ástæður til þess að taka afstöðu til aðalatriða við sölu ríkisbankanna í lögum, enda virðist sem viðmið og stefna stjórnvalda hafi breyst eftir því sem söluferlinu vatt fram.[69]
3. Rannsóknarnefndin telur að allt of skammur tími hafi verið ætlaður í einkavæðingarferlið og að pólitísk markmið hafi verið látin hafa forgang gagnvart þeim faglegu markmiðum sem áður höfðu verið sett fram í upphafi söluferlisins. Rétt er að benda á það að markaðsaðstæður á þessum tíma voru erfiðar til sölu á tveimur kerfislega mikilvægum stofnunum samtímis.[70]
4. Rannsóknarnefndin leggur áherslu á að stjórnvöld eiga að taka sjálfstæða ákvörðun um hæfi kaupenda til að fara með virkan eignarhlut við einkavæðingu en ekki leggja þá ábyrgð á herðar eftirlitsaðila.[71]
5. Að mati rannsóknarnefndar er atburðarásin við einkavæðinguna og lyktir hennar, þar á meðal samskipti og störf Fjármálaeftirlitsins, einkennandi fyrir skort á festu og eftirfylgni með fjármálamarkaðnum.[72]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Það er mat þingmannanefndarinnar að skýrsla rannsóknarnefndarinnar sé áfellisdómur yfir verkferlinu við sölu ríkisbankanna og vinnubrögðum þeirra ráðherra sem voru í forsvari við einkavæðingu bankanna.

Þingmannanefndin tekur undir ályktanir rannsóknarnefndarinnar að Alþingi hafi ekki sett framkvæmdarvaldinu nægilega skýr skilyrði við einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Einnig hafi verið gerð stór mistök af hálfu framkvæmdarvaldsins í ferli einkavæðingar bankanna þegar fallið var frá upphaflegum kröfum um dreifða eignaraðild, faglega reynslu og þekkingu við val á kaupendum og þegar bankarnir voru báðir seldir á svipuðum tíma við erfiðar markaðsaðstæður.[73] Þingmannanefndin telur að ríkisstjórn hvers

---

[67] Sama heimild, bls. 299–306.
[68] Sama heimild, bls. 300.
[69] Sama heimild, bls. 300.
[70] Sama heimild, bls. 302.
[71] Sama heimild, bls. 304.
[72] Sama heimild, bls. 306.
[73] **Bókun 1:** Þingmennirnir Sigurður Ingi Jóhannsson og Eygló Harðardóttir telja að í ljósi niðurstaðna skýrslu rannsóknarnefndarinnar, skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003 og minnisblaða Ríkisendurskoðunar um sölu bankanna að frekari rannsókn á sölu bankanna skili samfélaginu engu. Að mati þingmannanna var sala og einkavæðing ríkisbankanna rétt ákvörðun, en verklagið og atburðarásin við einkavæðingarferlið var hins vegar ekki til eftirbreytni. Þingmennirnir taka því undir þær ávirðingar sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndarinnar um verklag við sölu og einkavæðingu ríkisbankanna, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Þingmennirnir telja að þeir ráðherrar sem stýrðu einkavæðingarferlinu við sölu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands beri á því fulla pólitíska ábyrgð og

tíma þurfi að marka opinbera stefnu um hvort og þá með hvaða hætti standa eigi að sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Þingmannanefndin telur að Alþingi beri að lögfesta rammalöggjöf um sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja og eftirlitshlutverk Alþingis sé þar tryggt. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að á næstu árum og áratugum er stefnt að því að selja og/eða einkavæða fyrirtæki sem hafnað hafa í ríkiseigu vegna bankahrunsins. Jafnframt telur þingmannanefndin að ríkisstjórn hvers tíma þurfi að marka opinbera stefnu um hvort og þá með hvaða hætti selja eigi og/eða einkavæða ríkisfyrirtæki.[74]

Þingmannanefndin telur einnig að huga verði að heildarlöggjöf um opinber hlutafélög í samræmi við ábendingar umboðsmanns Alþingis í ársskýrslum embættisins. Jafnframt verði að skoða löggjöf um önnur félagaform.

4.2 Annað bindi skýrslunnar.

7. kafli. Fjármögnun bankanna.[75]

Í 7. kafla er fyrst fjallað um fjármögnun stóru bankanna þriggja, Kaupþings banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf., og segir þar að aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum hafi opnað bönkunum áður lokaðar dyr og því sé nauðsynlegt að leggja mat á hvaða þátt opnir fjármagnsmarkaðir áttu í vexti bankanna upp úr árinu 2000.

Með gríðarlegum lántökum á erlendum skuldabréfamörkuðum komu bankarnir sér í erfiða stöðu vegna endurfjármögnunar að 3–5 árum liðnum. Lokun markaða átti síðan stóran þátt í þeirri lausafjárþurrð sem myndaðist í kerfinu. Aukin útgáfa skuldabréfa erlendis hefði einnig átt að gefa Fjármálaeftirlitinu næga ástæðu til að kanna betur hvernig þessum fjármunum var varið. Seðlabanki Íslands hefði einnig átt að kanna hvaða áhrif stóraukin fjármögnun erlendis frá hefði á fjármálastöðugleika vegna skuldsetningar innlendra fyrirtækja og jafnvel einstaklinga í erlendri mynt. Við tímabundna lokun fjármagnsmarkaða snemma árs 2006 gafst tækifæri til að endurmeta stöðuna og áhættuna þannig að hægt hefði verið að koma böndum á vöxt bankanna og huga meira að gæðum eigna þeirra.

---

lýsa yfir vanþóknun sinni á störfum þeirra við það ferli.

Bókun 2: Þingmennirnir Oddný G. Harðardóttir, Magnús Orri Schram, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Birgitta Jónsdóttir leggja til að gerð verði sérstök rannsókn á því hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis tiltók það sérstaklega í skýrslu sinni (bindi 1, bls. 228) að nefndin „hefði ekki látið framkvæma heildarúttekt á einkavæðingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands eða tengdum málefnum“. Af þessum sökum er það mat þingmannanna að framkvæma beri ítarlega rannsókn svo fullljóst verði hvernig staðið var að einkavæðingunni.

Bókun 3: Þingmennirnir Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir telja í ljósi skýrslu rannsóknarnefndarinnar og skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003, og minnisblaða Ríkisendurskoðunar um sölu bankanna, að frekari rannsókn á einkavæðingarferlinu við sölu ríkisbankanna skili samfélaginu engu. Jafnframt er hæpið að halda því fram að ekki hafi verið fagþekking til staðar við einkavæðingu bankanna þar sem HSBC, einn stærsti banki heims, var aðalráðgjafi við ferlið og erfitt að taka undir að hann búi ekki yfir fagþekkingu.

[74] Til hliðsjónar við slíka vinnu má hafa skýrslu OECD um einkavæðingu opinberra fyrirtækja (Privatisation in the 21st Century: Recent Experiences of OECD countries – Report on Good Practices http://www.oecd.org/dataoecd/44/58/43449100.pdf) og skýrslur ríkisendurskoðunar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

[75] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 2, bls. 9–79.

Síðsumars opnaðist svo skuldabréfamarkaðurinn í Bandaríkjunum vegna skuldavafninga þar sem íslensk fyrirtæki voru tekin inn í vafningana í skjóli hás lánshæfismats. Íslensku bankarnir voru álitnir áhættumeiri en bankar í sama lánshæfisflokki og segir að vorið 2008 hefði mátt vera ljóst að á skuldatryggingarmarkaði hafi verið taldar verulegar líkur á greiðslufalli bankanna innan skamms tíma. Stjórnendur Seðlabanka Íslands höfðu komið þessum upplýsingum á framfæri við nokkra ráðherra og fyrirsvarsmenn íslensku bankanna, en viðbrögðin voru á þann veg að forsvarsmenn íslenska ríkisins snerust í vörn fyrir bankana. Þetta gagnrýnir rannsóknarnefndin og bendir á að eftirlitsaðilar hér á landi virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að íslensku bankarnir voru að fara inn á skuldatryggingarmarkaðinn í gegnum lánshæfistryggð skuldabréf. Íslendingar hafi jafnframt kosið að líta fram hjá því viðvörunarmerki sem fólst í því að í flestum tilvikum lá áhættan af skuldatryggingunum öll hjá bönkunum sjálfum vegna lánafyrirgreiðslna.

Rannsóknarnefndin vekur sérstaka athygli á því fyrirkomulagi sem var haft á skuldatryggingarsamningum Icebank, bæði varðandi greiðsluhæfni og frágang viðskipta af hálfu bankans með tilliti til möguleika eftirlitsaðila til að átta sig á þeim. Rannsóknarnefndin bendir einnig á að líkur á hagsmunaárekstrum aukast þegar forstjórar fjárfestingarfélaga stunda fjárfestingar á eigin vegum og í gegnum félög sín á sama tíma og þeir gegna störfum fyrir fjárfestingarfélagið sem þeir hafa sérstakar trúnaðarskyldur við að lögum. Þá ítrekar rannsóknarnefndin að fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af eignarhaldsfélögum sem eingöngu eru mynduð utan um hlutabréf geti varla flokkast sem álitlegar fjárfestingar fyrir verðbréfasjóði sem eiga að fjárfesta í skuldabréfum.

Þá er fjallað um innlán Landsbankans, Kaupþings og Glitnis en innlán eru venjulega helsta fjármögnunarleið banka. Hjá íslensku bönkunum hafði mikilvægi þeirra hins vegar minnkað hlutfallslega frá 1998 og allt fram á mitt ár 2006. Innlán sem hlutfall af útlánum höfðu einnig lækkað verulega. Erlend innlán íslensku bankanna jukust frá lokum árs 2006 auk þess sem bankarnir hófu á þessum tíma söfnun samningsbundinna heildsöluinnlána.

Haustið 2006 fór Landsbankinn að bjóða netinnlánsreikninga til einstaklinga undir nafninu Icesave. Þau erlendu innlán sem voru uppspretta fjármagns fyrir Landsbankann á seinni hluta árs 2006 og á fyrri helmingi árs 2007 urðu að lokum bankanum að falli í byrjun október 2008 og svipað á við um Kaupþing og Glitni. Rannsóknarnefndin segir ljóst að íslensku bankarnir hafi talið aukna söfnun innlána erlendis vænlega leið til að bregðast við þegar þrengdi að öðrum möguleikum við útvegun lánsfjár og ítrekar að þar sem aukning hinna erlendu útlána kom til á árinu 2007 hefði þurft að bregðast við af hálfu bankanna og stjórnvalda strax þá. Rannsóknarnefndin bendir á að veðlán hafi aukist verulega hjá öllum bönkunum þremur eftir að lausafjárkreppan hófst haustið 2007 og að tæpur helmingur veðlána bankanna við fall þeirra hafi verið frá Seðlabanka Evrópu. Þessu fylgdu ýmsar hættur umfram langtímafjármögnun með skuldabréfaútgáfu, en hún stóð bönkunum ekki til boða á þessum tíma. Bankarnir sóttu því í að nota þá möguleika sem þeir höfðu til að ná í laust fé með þessu móti, bæði íslenskt og erlent, í samræmi við þær væntingar að senn færi að rofa til á hinum alþjóðlega fjármálamarkaði.

Þarna reyndi á að innlend yfirvöld sem áttu að fylgjast með fjármálastöðugleika gættu að áhættunni sem var að magnast, sérstaklega Seðlabanki Íslands sem bæði var í hlutverki eftirlitsaðila og veitti bönkunum hluta veðlánanna. Rannsóknarnefndin segir engin gögn hafa komið fram um að bankinn hafi skipulega greint og fjallað um áhættuna að undanskildu bréfi hans til bankanna 17. júlí 2008 þar sem fram kom að engin ný óvarin skuldabréf á innlend fjármálafyrirtæki yrðu samþykkt veðhæf nema að undangenginni sérstakri athugun. Þessari

stefnubreytingu var þó ekki fylgt eftir svo marktækt væri. Seðlabankinn spornaði heldur ekki við veðsetningum í eigin skuldabréfum fjármálafyrirtækjanna, sem þó fór gegn reglum bankans, né reyndi að afla traustari veða. Davíð Oddsson sagði í skýrslutöku að ekki hefði verið hægt að loka á veðin þar sem það hefði orðið bönkunum að falli. Rannsóknarnefndin bendir sérstaklega á að heimild bankans til að veita lánastofnunum lán með kaupum á verðbréfum sé bundin því lagaskilyrði að þau séu veitt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar en ekki verður séð af heildarsamhengi málsins að þau veð sem Seðlabankinn tók hafi verið trygg, auk þess sem engin gögn hafa komið fram um hvernig staðið var að mati á veðunum. Í ljósi viðhorfa Seðlabankans um stöðu bankanna telur rannsóknarnefndin illskiljanlegt af hverju þess var ekki freistað að taka önnur veð.

Íslensku bankarnir reyndu einnig að skiptast á skuldabréfum í erlendri mynt til að veðsetja hjá Seðlabanka Evrópu, en voru stöðvaðir. Seðlabanki Evrópu brást einnig ókvæða við gjaldmiðlaskiptasamningum milli bankanna. Þetta átti sinn þátt í því að Ísland var afskipt á vettvangi seðlabankanna og hafði það verulegar afleiðingar fyrir öflun lánsfjár af hálfu Seðlabanka Íslands og íslenska ríkisins.

Rannsóknarnefndin bendir á rangar færslur í bókhaldi Glitnis í mars 2008 og þá áhættu sem fólst í skammtímafjármögnun þegar ríkið setti fram tilboð sitt um kaup á 75% hlut í bankanum við hrun hans. Rannsóknarnefndin telur einnig að setja hefði átt skýringar í ársreikninga Landsbankans og Kaupþings um færslu skulda á markaðsvirði. Þá telur nefndin það hafa verið nauðsynlegt fyrir Seðlabanka Íslands að framkvæma lausafjáreftirlit í erlendum gjaldmiðlum hjá fjármálafyrirtækjunum, sérstaklega eftir að gjaldmiðlaskiptamarkaðurinn lokaðist í mars. Þótt þessi vinna hafi verið hafin hafði hún ekki náð svo langt að við yrði unað. Lausafjárskýrslur bankanna voru ekki heldur þær viðvaranir sem aðstæður á þessum tíma gáfu tilefni til, en stórir liðir í þeim urðu að engu þegar harðnaði á dalnum.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[76]

1. Rannsóknarnefndin telur að lausafjárgnótt og aðgangur að erlendum skuldabréfamörkuðum hafi verið meginuppspretta vaxtar bankanna eftir aldamótin.[77]
2. Rétt hefði verið að koma böndum á vöxt bankanna þegar fjármagnsmarkaðir lokuðust tímabundið snemma árs 2006 og huga frekar að gæðum eigna. Forsvarsmenn bankanna og þeir sem sinntu eftirliti með bönkunum hefðu þurft að gæta sérstaklega að þeim takmörkunum sem leiddi af erlendum skuldbindingum og vaxandi starfsemi erlendis með tilliti til íslensku krónunnar og möguleika Seðlabankans til að rækja hlutverk sitt sem lánveitandi til þrautavara.[78]
3. Rannsóknarnefndin vísar til þess að Seðlabanki Íslands stóð frammi fyrir því að erlendir seðlabankar töldu að illa horfði með stöðu íslensku bankanna. Sumir ráðherrar ríkisstjórnarinnar voru upplýstir um þetta sem og forsvarsmenn bankanna. Viðbrögð forsvarsmanna þjóðarinnar við þessu hafi einkum verið að snúast í vörn fyrir bankana.[79]
4. Rannsóknarnefndin telur að þess hafi ekki verið nægjanlega gætt af hálfu þeirra sem komu fram fyrir hönd íslenska ríkisins að gengið væri úr skugga um réttmæti þess mats markaðarins sem birtist á markaði fyrir skuldatryggingar allt frá ársbyrjun 2006.

---

[76] Sama heimild, bls. 32–35 og 73–79.
[77] Sama heimild, bls. 32.
[78] Sama heimild, bls. 33.
[79] Sama heimild, bls. 33.

Áhættan af skuldatryggingum lá í flestum tilvikum öll hjá bönkunum sjálfum vegna lánafyrirgreiðslna. Það telur rannsóknarnefndin vera til marks um að gefið hafi verið viðvörunarmerki sem kosið var að líta fram hjá.[80]

5. Rannsóknarnefndin bendir á sölu innlendra aðila á skuldatryggingum og kaup innlendra aðila á lánshæfistengdum skuldabréfum og vekur sérstaka athygli á því fyrirkomulagi sem var haft á skuldatryggingarsamningum í tilviki Icebank, bæði hvað varðar álitaefni um greiðsluhæfni seljenda trygginganna, hvernig skilmálarnir eru tengdir breytingum á reglum um viðskipti Seðlabanka Íslands við fjármálafyrirtæki og hvernig gengið var frá viðskiptunum af hálfu bankans með tilliti til möguleika eftirlitsaðila á að átta sig á þeim.[81]
6. Rannsóknarnefndin segir það vekja athygli að Fjármálaeftirlitið hafi veitt íslensku bönkunum rýmri möguleika á víkjandi langtímalánum en hafi tíðkast t.d. annars staðar á Norðurlöndunum.[82]
7. Rannsóknarnefndin bendir á að líkur á hagsmunaárekstrum aukast þegar forstjórar fjárfestingarfélaga stunda fjárfestingar á eigin vegum og í gegnum félög sín á sama tíma og þeir gegna störfum fyrir fjárfestingarfélagið sem þeir hafa að lögum sérstakar trúnaðarskyldur við. Segir nefndin tilefni til að huga að því að settar verði skorður á heimildir æðstu stjórnenda slíkra félaga til að stunda fjárfestingar í eigin nafni.[83]
8. Rannsóknarnefndin dregur þá ályktun að stórauknu hlutfalli veðlána við fjármögnun bankanna hafi fylgt ýmsar hættur umfram langtímafjármögnun með skuldabréfaútgáfu. Seðlabankinn greindi ekki áhættuna sem fólst í þessu en bankinn var bæði í eftirlitshlutverki og veitti bönkunum hluta veðlánanna.[84]
9. Rannsóknarnefndin telur illskiljanlegt að Seðlabanki Íslands hafi ekki freistað þess að taka önnur veð í ljósi þess viðhorfs sem var uppi um stöðu bankanna innan bankastjórnar Seðlabankans allt frá fyrri hluta árs 2008, en í nóvember 2007 var bankanum orðið ljóst að bankarnir voru farnir að fara í kringum þá reglu Seðlabankans að veita ekki lán gegn veði í eigin skuldabréfum fjármálafyrirtækis.[85]
10. Rannsóknarnefndin gerir athugasemdir við bókhald og gerð ársreikninga bankanna þriggja.[86]
11. Rannsóknarnefndin bendir á þá áhættu sem fólst í skammtímafjármögnun þegar ríkið setti fram tilboð sitt um kaup á 75% hlut í Glitni, sem ekki er að sjá að stjórnvöldum hafi verið ljós þegar tekin var afstaða til tillögu Seðlabankans um þessa lausn á málefnum Glitnis.[87]
12. Þá telur rannsóknarnefndin að það hefði verið nauðsynlegt fyrir Seðlabanka Íslands að hafa eftirlit með lausafjárstöðu í erlendum gjaldmiðlum hjá fjármálafyrirtækjunum, sérstaklega eftir að gjaldmiðlaskiptamarkaðurinn lokaðist í mars 2008.[88]

---

[80] Sama heimild, bls. 33–34.
[81] Sama heimild, bls. 34.
[82] Sama heimild, bls. 34.
[83] Sama heimild, bls. 35.
[84] Sama heimild, bls. 74.
[85] Sama heimild, bls. 75–76.
[86] Sama heimild, bls. 78.
[87] Sama heimild, bls. 78.
[88] Sama heimild, bls. 79.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að nauðsynlegt hefði verið að láta fara fram ítarlega greiningu og mat á vanda íslenska bankakerfisins áður en farið var af stað í kynningarferðir og fundahöld í vörn fyrir bankana á árinu 2008. Slík greining hefði tryggt faglegri og raunsærri viðbrögð í þeirri stöðu sem upp var komin.

Þingmannanefndin telur rétt að setja reglur sem takmarki heimildir forstjóra fjárfestingarfélaga til að stunda fjárfestingar á eigin vegum á sama tíma og þeir gegna störfum fyrir fjárfestingarfélög sem þeir hafa að lögum sérstakar trúnaðarskyldur við.

Þingmannanefndir telur í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis að endurskoða þurfi löggjöf um Fjármálaeftirlitið, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að lærdómur verði dreginn af þeirri stefnu Seðlabanka Íslands að greina ekki áhættuna af aukningu veðlána fjármálafyrirtækja og að sporna ekki við veðsetningu í skuldabréfum þeirra.

Þingmannanefndin telur að herða þurfi reglur um framkvæmd lausafjáreftirlits, á það einnig við um eftirlit með lausafé í erlendum gjaldmiðlum hjá fjármálafyrirtækjum.

Þingmannanefndin telur jafnframt að endurskoða þurfi löggjöf um bókhald og reikningsskil.

8. kafli. Útlán íslensku bankanna.[89]

Í kaflanum eru útlán stóru bankanna þriggja á árunum fyrir fall þeirra skoðuð á breiðum grundvelli. M.a. er fjallað sérstaklega um vöxt útlána í bankakerfinu, heildarútlánasöfn móðurfélaga íslensku bankanna, framkvæmd á reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættur, þróun lána bankanna þriggja og Straums-Burðaráss til tiltekinna fyrirtækjahópa og fyrirgreiðslu til nokkurra af stærstu viðskiptavinum fjármálafyrirtækja tæp tvö ár fyrir hrunið í október 2008. Rannsóknarnefndin bendir á þær freistingar sem bankarnir stóðu frammi fyrir sem fólust í því að þegar banki tekur mikla áhættu eru það hluthafar sem njóta ágóðans en lánveitendur eða ríki sem bera tap. Mestar líkur á að kostnaður falli í skaut lánveitenda og ríkis er þegar eigið fé banka er hlutfallslega mjög lítið í samanburði við eignir hans og/eða eignasafn bankans er mjög áhættusamt. Áhættudreifing er lykilatriði í traustum bankarekstri, en freistingin er meiri eftir því sem eigið fé bankans er minna. Þá veldur hraður útlánavöxtur auknum afskriftum til framtíðar litið.

Rannsóknarnefndin segir vöxt íslenska bankakerfisins síðustu árin fyrir fall bankanna hafa verið mikinn og hraðan. Grunnmunstur bankanna þriggja var nokkuð svipað, en útlán bankanna óx langt fram úr bæði hagkerfinu og eftirlitsstofnunum á þessum tíma. Svo mikill vöxtur hafi ekki samrýmst langtímahagsmunum trausts banka heldur drifu hvatar til skammtímahagnaðar vöxtinn áfram. Þá var mikil skuldsetning stærstu eigenda bankanna, sem jafnframt áttu sæti í stjórnum þeirra, hvati til að auka áhættusækni í rekstri bankanna. Rannsóknarnefndin telur enn fremur að hinn gríðarlegi vöxtur hefði ekki átt að fara fram hjá þeim sem bar skylda samkvæmt lögum til að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir að vöxtur bankanna færi úr böndunum.

---

[89] Sama heimild, bls. 81–298.

Þróun útlánasafns bankanna er rakin, þ.e. lán bankanna til viðskiptamanna þeirra en ekki til annarra banka eða dótturfélaga. Fram kemur í skýrslunni að vægi fjárfestingarbankastarfsemi íslensku bankanna hafi aukist mikið frá aldamótum og á árinu 2007 urðu lán til eignarhaldsfélaga og erlendra félaga meira en helmingur allra lána bankanna til viðskiptavina. Kaupþing lánaði langmest til erlendra aðila af bönkunum þremur en Landsbankinn var með hæstu útlánin til íslenskra rekstrarfyrirtækja. Kaupþing var með minnsta hluta útlána í íslenskum krónum, en athygli vekur að allir bankarnir voru með töluvert stóran hluta útlána sinna í erlendri mynt. Bankarnir voru allir með verulegan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð til að verja eigið fé fyrir falli krónunnar, en með í honum töldust lán í erlendri mynt til íslenskra viðskiptavina. Þannig breyttist gengisáhætta bankanna í skuldaraáhættu, en lánveiting í erlendri mynt til aðila sem höfðu ekki greiðslugetu í samræmi við það þýddi að mjög samþjöppuð útlánaáhætta byggðist upp. Rannsóknarnefndin bendir á að bankakerfið hafi verið mjög veikbyggt og illa í stakk búið til að þola þá erfiðleika sem fólust í lausafjárskortinum. Þá hafi birtingu á vanskilatölum verið ábótavant og þær ekki í samræmi við alþjóðlegar venjur. Kaupþing hafi tekið óeðlilega mikil veð í eigin bréfum og sérstaklega óheppilegt hafi verið að bankinn hafi tekið veð í meira en helmingi hlutabréfa stærsta eiganda síns, Exista. Landsbankinn og Glitnir hafi líka farið umfram 10% veðsetningarmörk eigin bréfa á árinu 2008. Nefndin telur það óheppilegt hversu hátt hlutfall hlutabréfa bankanna og eigenda þeirra var veðsett og telur það hafa veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér áföll og hvatt bankana til að reyna að halda uppi verði hlutabréfanna.

Gerð er grein fyrir reglum um stórar áhættur sem hafa það meginhlutverk að vinna gegn kerfisáhættu með því að stuðla að áhættudreifingu í rekstri fjármálafyrirtækja og koma í veg fyrir keðjuverkun fjárhagslegra erfiðleika. Rannsóknarnefndin rekur það hvort og þá að hvaða marki reglurnar hafa átt þátt í falli bankanna og fer í því skyni m.a. yfir innri verklagsreglur bankanna um stórar áhættuskuldbindingar sem og framkvæmd Fjármálaeftirlitsins varðandi eftirlit, valdheimildir o.fl. Rannsóknarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að skortur á nánari útfærslu hugtakanna „yfirráð“ og „fjárhagslega tengdir aðilar“ hafi orsakað of frjálslega túlkun eftirlitsskyldra aðila á reglum um stórar áhættur með þeim afleiðingum að samþjöppun í útlánum og öðrum tegundum áhættu varð of mikil. Þá hafi fjármálafyrirtækin nýtt sér svigrúm til þröngrar túlkunar á reglunum þegar í hlut áttu aðilar sem fóru með virka eignarhluti í bönkunum eða aðilar sem voru tengdir þeim. Framkvæmd eftirlits með stórum áhættum hafi á ýmsan hátt verið ófullnægjandi af hálfu Fjármálaeftirlitsins þar sem stofnunin beitti ekki valdheimildum sínum þrátt fyrir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að einstök fjármálafyrirtæki hafi brotið gegn reglunum eða túlkað þær of þröngt. Þannig hafi Fjármálaeftirlitið t.d. aldrei nýtt dagsektar- né stjórnvaldssektarheimildir við framkvæmd eftirlits með stórum áhættum, hvað þá vísað máli til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra þótt um nokkuð augljós og alvarleg brot hafi verið að ræða. Rannsóknarnefndin telur að skorti á valdheimildum verði ekki um kennt heldur skorti á ákvörðunartöku til að beita heimildunum.

Rakið er í skýrslunni hversu umsvifamikil viðskipti ákveðinna fyrirtækjahópa voru við íslensku bankana og mynduðu þannig saman tengda áhættu í kringum aðalaðilann. Fram kemur að Baugur Group og tengdir aðilar hafi verið umfangsmestir í viðskiptum við íslensku bankana og FL Group sem Baugur var stærsti hluthafinn í hafi verið stærsti hluthafi Glitnis við fall bankans. Exista hf. var stærsti einstaki hluthafi Kaupþings á því tímabili sem rannsóknarnefndin skoðaði og Samson eignarhaldsfélag var stærsti eigandi Landsbankans, auk þess sem Björgólfur Thor Björgólfsson var bæði stærsti eigandi og stjórnarformaður Straums-Burðaráss. Áhætta allra bankanna var gríðarleg vegna Baugs Group, en áhætta

Glitnis þó sýnu mest. Rannsóknarnefndin segir hina miklu skörun hluthafa og lántakenda bankanna vekja upp spurningar varðandi áhættu bankanna og um það hvort þessir aðilar hafi notið stöðu sinnar í viðskiptum við banka, t.d. fengið óeðlilega lánafyrirgreiðslu. Rannsóknarnefndin telur að svo sé og að um ákveðið munstur hafi verið að ræða. Hún segir ámælisvert að þau svið bankanna sem stýrðu áhættu hafi leyft jafnstórri áhættu og raun bar vitni að byggjast upp og nefnir áhættu vegna Baugshópsins sérstaklega, en auk þeirrar miklu áhættu sem hver banki bar vegna hans mátti þeim öllum vera ljóst að skuldsetning hans í öðrum bönkum væri einnig veruleg. Í stað þess að bregðast við og reyna að draga úr samþjöppun áættu einbeittu bankarnir sér að því að rökstyðja fyrir eftirlitsaðilum að ekki væri um mikla samþjöppun að ræða. Þetta segir rannsóknarnefndin að hafi leitt til þess að bankakerfið í heild hafi verið viðkvæmt fyrir ytri áföllum, svo sem skyndilegum samdrætti í lánalínum til landsins. Nefndin telur að eftirlitsaðilar hefðu átt að ganga harðar fram til að koma í veg fyrir samþjöppun áhættu og að verulega hafi skort á að þeir hafi metið kerfisáhættu fjármálakerfisins í heild á réttan hátt.

Bent er á að framvirkir samningar virðist að miklu leyti hafa verið notaðir sem langtímafjármögnunarleið fyrir stórar verðbréfastöður. Til dæmis hafi mikil útlánaáhætta byggst upp hjá Glitni í gegnum framvirka samninga.

Bent er á athyglisverð atriði varðandi lánabækur dótturfélaga íslensku bankanna í Lúxemborg, svo sem að fimm stærstu áhættuskuldbindingar bankans vörðuðu stóra eigendur hans og að svo virtist sem Landsbankinn í Lúxemborg hafi að umtalsverðu leyti verið notaður til að fjármagna starfsemi fyrirtækja Björgólfs Thors Björgólfssonar, en stór hluti þeirra skuldbindinga varð til rétt fyrir fall bankans. Rannsóknarnefndin telur að í mörgum tilvikum hafi lán frá Landsbanka Íslands til íslenskra aðila verið afgreidd gegnum Landsbankann í Lúxemborg til að draga úr gagnsæi.

Birt er yfirlit yfir alþingismenn og fjölmiðlamenn sem höfðu ásamt mökum og félögum þeirra heildarlánastöðu yfir 100 millj. kr. á nánar skilgreindu tímabili.

Fjallað er um lánveitingar og fyrirgreiðslu bankastofnana til nokkurra stærstu viðskiptavina þeirra og/eða tengdra aðila, svokallaðra samstæðna. Þar kemur fram að heildaráhættuskuldbindingar stóru bankanna þriggja auk Straums, SPRON og Sparisjóðabankans námu í október 2008 14.250 milljörðum kr. og um helmingur þeirra tengdist 246 samstæðum, þ.e. aðilum sem bankarnir tengdu saman samkvæmt reglum um tengda aðila. Stærstu skuldarar allra stóru viðskiptabankanna voru einnig í hópi stærstu eigenda þeirra og stundum voru lán veitt án trygginga, m.a. til aðila sem tengdust eigendum fjármálafyrirtækjanna. Fyrirgreiðsla bankastofnana á árunum 2007 og fram í október 2008 var í miklum mæli til að endurfjármagna fyrri lánveitingar þeirra þar sem viðskiptavinir gátu ekki staðið við áður gerða samninga og til að mæta veðköllum, auk þess sem lán til hlutabréfakaupa voru einnig algeng gjarnan í erlendum gjaldmiðlum.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[90]

1. Rannsóknarnefndin telur að útlán stóru bankanna þriggja hafi vaxið langt fram úr hagkerfinu og eftirlitsstofnunum síðustu árin fyrir hrun, auk þess sem efnahagur og útlán bankanna hafi vaxið fram úr innviðum þeirra sjálfra. Utanumhald og eftirlit með útlánum hafi ekki fylgt eftir útlánavextinum sem var svo gríðarlegur að hann hefði ekki átt að fara fram hjá þeim sem bar skylda samkvæmt lögum til að grípa til ráðstafana til að

[90] Sama heimild, bls. 93, 106–107, 132–134, 171–72, 178–79, 190, 199 og 298–99.

koma í veg fyrir að vöxtur bankanna færi úr böndunum. Vöxturinn hefði átt að vera áhættustýringum bankanna sérstakt tilefni til inngripa.[91]

2. Rannsóknarnefndin telur að útlánasöfn bankanna hafi verið mög áhættusöm á árunum fyrir fall þeirra og útlánagæði hafi farið hratt versnandi á tímabilinu.[92]
3. Íslenska fjármálakerfið var mjög illa í stakk búið til að þola þá erfiðleika sem fólust í lausafjárskortinum en hann flýtti fyrir og magnaði þá erfiðleika sem biðu bankanna.[93]
4. Birtingu á vanskilatölum var ábótavant og þær voru ekki í samræmi við alþjóðlegar venjur.[94]
5. Rannsóknarnefndin telur Kaupþing hafa farið út fyrir það sem eðlilegt getur talist í því að taka veð í eigin bréfum (umfram 10% viðmið laga um hlutafélög) og óheppilegt var hversu hátt hlutfall hlutabréfa bankanna og eigenda þeirra var veðsett.[95]
6. Fjármálaeftirlitið túlkaði hugtökin „yfirráð“ og „fjárhagsleg tengsl“ rúmt,[96] en „stórar áhættur“ voru skilgreindar þröngt í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki útfærðu nánar hugtökin „yfirráð“ og „fjárhagsleg tengsl“ í skilningi reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007. Undanþágur áttu sér ekki stoð í reglum eftirlitsins og fjármálafyrirtækin nýttu sér svigrúm til þröngrar túlkunar á reglunum þegar aðilar sem fóru með virka eignarhluti í bönkunum eða aðilar sem voru þeim tengdir á einhvern hátt áttu hlut að máli.[97]
7. Framkvæmd eftirlits með stórum áhættum var á ýmsan hátt ófullnægjandi af hálfu Fjármálaeftirlitsins og beitti stofnunin ekki valdheimildum sínum þrátt fyrir að einstök fjármálafyrirtæki hefðu gerst brotleg við reglur eða túlkað þær of þröngt. Ekki skorti valdheimildir heldur ákvörðunartöku um að beita þeim. Þá bendir rannsóknarnefndin á að framkvæmd eftirlits með stórum áhættum tók ekki mið af því að þær reglur sem um þær gilda miðuðust aðeins við áhættu gagnvart einstökum fjármálafyrirtækjum en ekki gagnvart fjármálakerfi Íslands sem heild.[98]
8. Að mati rannsóknarnefndarinnar var samþjöppun áhættu hjá íslensku bönkunum orðin hættulega mikil þónokkru fyrir fall þeirra og eigendur stóru bankanna þriggja og Straums-Burðaráss fengu óeðlilega mikinn aðgang að lánsfé hjá þessum bönkum í krafti eignarhalds síns. Bent er á að áhættan af Baugi Group hafi verið orðin of mikil í stóru bönkunum þremur og Straumi-Burðarási.[99]
9. Rekstur bankanna einkenndist um margt af því að hámarka hag stærri hluthafa sem höfðu, í ljósi mikillar skuldsetningar sinnar, mun meiri hag af áhættusækni bankanna og fengu jafnframt góðan aðgang að lánsfé.[100]
10. Útlán Kaupþings til Robert Tchenguiz og félaga hans voru umfram það sem eðlilegt gat talist á viðskiptalegum forsendum og í þeim viðskiptum var reglum um stórar áhættuskuldbindingar ekki fylgt.[101]

---

[91] Sama heimild, bls. 93.
[92] Sama heimild, bls. 106–107.
[93] Sama heimild, bls. 106.
[94] Sama heimild, bls. 106.
[95] Sama heimild, bls. 106–107.
[96] Sama heimild, bls. 133.
[97] Sama heimild, bls. 133.
[98] Sama heimild, bls. 133.
[99] Sama heimild, bls. 171–172.
[100] Sama heimild, bls. 172.
[101] Sama heimild, bls. 172.

11. Við eftirlit með stórum áhættum bankanna áttu eftirlitsaðilar ekki eingöngu að ganga harðar fram í að koma í veg fyrir samþjöppun áhættu í hverjum banka fyrir sig, sbr. kafla 8.6 og 16.0, heldur skorti einnig verulega á að kerfisáhætta fjármálakerfisins í heild væri rétt metin, sbr. umfjöllun í kafla 19.0.[102]
12. Varðandi umfjöllun um lánveitingar í kafla 8.8 segir rannsóknarnefndin að með þeim lánveitingum sem er lýst þar hafi bankarnir að hluta til verið að reyna að takmarka tjón sitt og bregðast við þeirri stöðu sem þeir höfðu skapað, þ.e. að eiga svo mikið undir afkomu eigenda sinna. Með lánveitingunum var staðinn vörður um hag skuldsettra eigenda bankans og juku þær áhættu bankanna sjálfra og hækkuðu kostnaðinn sem á endanum varð við fall bankanna.[103]
13. Rannsóknarnefndin segir að framvirkir samningar virðist að miklu leyti hafa verið notaðir sem langtímafjármögnunarleið fyrir stórar verðbréfastöður og vekur athygli á því að stærstu lántakendur bankanna hafi jafnframt verið stærstu lántakendur gegnum framvirka samninga. Mikil útlánaáhætta byggðist upp hjá Glitni í gegnum framvirka samninga, en þeir voru gerðir upp á mjög mismunandi hátt eftir því hvort um hagnað eða tap í samningunum var að ræða.[104]
14. Varðandi lánabækur dótturfélaga bankanna í Lúxemborg segir rannsóknarnefndin að Kaupþing í Lúxemborg hafi að miklu leyti fjármagnað sömu viðskiptavini og Kaupþing hf. Sérstaka athygli veki að fimm stærstu áhættuskuldbindingar bankans varði stóra eigendur hans. Afar óheppilegt sé hversu mikið af hlutabréfum í Kaupþingi, Exista og Bakkavör hafi verið að veði hjá Kaupþingi í Lúxemborg þar sem ljóst var að vandkvæði gætu orðið við að kalla eftir tryggingum og gera ráðstafanir til að innheimta lán með veði í þeim bréfum þegar á reyndi. Þá telur rannsóknarnefndin ljóst að Landsbankinn í Lúxemborg hafi að umtalsverðu leyti verið notaður til að fjármagna starfsemi fyrirtækja Björgólfs Thors Björgólfssonar. Hvað varðar lánveitingar Landsbankans telur rannsóknarnefndin að í mörgum tilvikum hafi verið um að ræða lán frá Landsbanka Íslands til íslenskra aðila sem afgreidd hafi verið í gegnum Landsbankann í Lúxemborg til að draga úr gagnsæi.[105]
15. Í tengslum við lánveitingar og fyrirgreiðslu bankanna til nokkurra stærstu viðskiptavina þeirra segir rannsóknarnefndin að hún hafi tekið 46 samstæður[106] til sérstakrar skoðunar og komist að því að stærstu skuldarar allra stóru viðskiptabankanna hafi jafnframt verið í hópi stærstu eigenda þeirra. Lán hafi oft verið veitt án efnislegrar skoðunar og jafnvel án trygginga, m.a. til aðila sem tengdust eigendum fjármálafyrirtækjanna. Fyrirgreiðsla árin 2007 og 2008 fram að falli bankanna fólst einkum í því að endurfjármagna fyrri lánveitingar þar sem viðskiptavinir gátu ekki staðið við áður gerða samninga auk þess sem veitt voru ný lán til að mæta veðköllum vegna framvirkra samninga og vanskila, bæði hjá innlendum og erlendum fjármálafyrirtækjum. Fyrirtækin juku verulega útlán sín vegna hlutabréfaeignar viðskiptavina fjármálafyrirtækjanna og lán til hlutabréfakaupa voru algeng og í mörgum tilvikum veitt í erlendum gjaldmiðlum, sem gerði það að verk-

---

[102] Sama heimild, bls. 172.
[103] Sama heimild, bls. 178–179.
[104] Sama heimild, bls. 190.
[105] Sama heimild, bls. 199.
[106] 46 samstæður sem samanstóðu af 524 aðilum og voru með 22% áhættuskuldbindinga eða 3.165 milljarða kr., þ.e. fimmtung af efnahag fjármálafyrirtækjanna um mitt ár 2008.

um að mikil gengisáhætta var tengd þeim. Sjaldan var gengið að veðum eða eignir seldar þrátt fyrir að veðköll hafi aukist síðustu missirin fyrir hrun, enda eigendur bankanna oft þeir sem stóðu á bak við stærstu hlutabréfastöðurnar. Þá voru þess dæmi að stóru viðskiptabankarnir veittu víkjandi lán til stærstu viðskiptavina sinna og tóku samhliða hluta af upphæðinni að veði í formi innstæðu í bönkunum. Með þessu höfðu fjármálafyrirtækin áhrif á reikningsskil þessara fyrirtækja þar sem víkjandi lán bættu eigið fé og innstæðan bætti veltufjárstöðu þeirra um áramót.[107]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að við breytingar á löggjöf þurfi að leggja sérstaka áherslu á eftirtalin atriði:[108]

- að við endurskoðun á löggjöf um Fjármáleftirlitið verði lögð sérstök áhersla á strangari túlkun á hugtökunum yfirráð, fjárhagsleg tengsl og stórar áhættuskuldbindingar,[109]
- að settar verði skorður við samþjöppun áhættu í íslenskum bönkum, lánveitingum til eigenda og/eða stærri hluthafa og um eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum, og
- að settar verði skýrari reglur um heimildir til að gera framvirka samninga.

Þingmannanefndin telur nauðsynlegt að skýrt verði hvaða stofnun hafi það hlutverk að framkvæma reglulegt mat á kerfislegri áhættu á fjármálamarkaði og koma þeim upplýsingum áfram til stjórnvalda.

4.3 Þriðja bindi skýrslunnar.

9. kafli. Eigið fé íslenska fjármálakerfisins.[110]

Eigið fé banka skilgreinir rannsóknarnefndin sem virði eigna fyrirtækis umfram virði skulda og skuldbindinga sem það hefur tekið á sig. Lýsir eigið fé því hversu mikið eignir félags mega rýrna áður en þær verða minna virði en skuldirnar. Reglur um lágmark eigin fjár hafa þann tilgang helstan að koma í veg fyrir að of mikil áhætta sé tekin í rekstri fjármálafyrirtækja. Gera reglurnar þær kröfur til fjármálafyrirtækja að rekstur þeirra sé réttum megin við núllið og eiga þær af þeim sökum þátt í að vernda stöðugleika fjármálakerfisins. Í 9. kafla er fjallað nokkuð ítarlega um eigið fé og eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja reiknað út frá eiginfjárgrunni og áhættugrunni þeirra.

---

[107] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 2, bls. 298–299.

[108] Þingmannanefndin vekur athygli á því að sumarið 2010 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með lögum nr. 75/2010. Tóku lögin að einhverju leyti á nokkrum þeirra atriða sem rannsóknarnefndin gerir að umtalsefni í skýrslu sinni en mikilvægt er að ganga lengra við endurskoðun laganna,taka fullt tillit til allra athugasemda rannsóknarnefndarinnar og skoða lagaumbætur á þessu sviði erlendis.

[109] Þingmannanefndin vill geta þess að í nýju lögunum um fjármálafyrirtæki, nr. 75/2010, er lögfest aukin heimild Fjármálaeftirlitsins til að snúa við sönnunarbyrði við mat á þeim sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut.

[110] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 3, bls. 7–23.

Eigin hlutabréf og meðferð þeirra með tilliti til eigin fjár.[111]

Í kaflanum fjallar nefndin um lánveitingar bankanna til kaupa á eigin hlutabréfum. Virðast slíkar lánveitingar hafa verið umtalsverðar og framkvæmdar annaðhvort með beinum lánum tryggðum með veðum í bréfunum eða í gegnum framvirka samninga. Framkvæmd þessara lánveitinga var á stundum sú að þeir eigin hlutir sem lánað var fyrir kaupum á voru ekki dregnir frá eigin fé bankanna. Í 9. og 11. kafla skýrslunnar kemst rannsóknarnefndin að þeirri niðurstöðu að skv. 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, hafi bönkunum borið að draga lán sem aðeins voru tryggð með veði í eigin hlutabréfum bankanna frá eigin fé þeirra.[112] Er það mat rannsóknarnefndarinnar að bönkunum hafi borið að horfa til áhættu við sölu eigin hluta til þess að meta hvort salan hefði áhrif á eigin fé. Ekki sé nægilegt að horfa aðeins til forms viðskipta með eigin hluti eða formlegrar eignaskráningar liggi áhættan af kaupunum hjá fjármálafyrirtækinu sjálfu.

Greint er frá nokkrum dæmum um viðskipti þar sem tapsáhætta vegna hlutabréfa bankanna lá hjá þeim sjálfum og er það álit rannsóknarnefndarinnar að geta bankanna til að þola áföll hafi verið minni en birt eiginfjárhlutföll þeirra gáfu til kynna af þeim sökum. Sé slík markaðsáhætta orðin veruleg innan banka er komin upp sú staða að verði tap í rekstri þeirra eykst tapið við að hlutabréfaverð lækkar. Afleiðingarnar, þegar þetta gerðist í raun, urðu þær að bankarnir lögðu enn meira fjármagn í að styðja við gengi bréfanna eins og nánar er frá greint í 12. kafla rannsóknarskýrslunnar.

Mat á veiku eigin fé.[113]

Til veiks eigin fjár bankanna telur rannsóknarnefndin lán með veði í eigin bréfum bankans, framvirka samninga um hlutafé þeirra og aðra þætti eftir atvikum. Rannsóknarnefndin rannsakaði eigin fé bankanna þriggja, lagði mat á veikt eigið fé þeirra og endurmat eiginfjárgrunn hvers banka að því frádregnu. Leiddi rannsókn nefndarinnar til þeirrar niðurstöðu að CAD-hlutfall bankanna þriggja reyndist töluvert lægra en birtar tölur höfðu gefið til kynna. Hlutfallið fór þó að jafnaði ekki niður fyrir lögbundið 8% lágmark þótt dæmi séu um það frá miðju ári 2008 hjá Kaupþingi. Mat rannsóknarnefndarinnar var að veikt eigið fé bankanna þriggja hefði verið verulegt, eða rúmlega 25% af eiginfjárgrunnum bankanna þriggja um mitt ár 2008.

Krossfjármögnun bankanna þriggja.[114]

Rannsóknarnefndin færir rök fyrir því að stóru bankarnir þrír hafi verið kerfislega tengdir þannig að ef einn þeirra lenti í vandræðum þá hefðu hinir gert það líka. Nefnir nefndin dæmi þess að samstarf hafi verið milli bankanna um fjármögnun og kaup á hlutabréfum hvers annars. Í ljósi þessara staðreynda kannaði rannsóknarnefndin hversu mikinn styrk bankarnir höfðu til að takast á við áföll. Í þeirri könnun fólst að lagt var mat á krossfjármögnun bankanna en hana skilgreindi nefndin sem lán bankanna þriggja með veðum í hlutabréfum hvers annars, eða gegnum framvirka samninga til að kaupa á slíkum hlutabréfum. Að mati rannsóknarnefndarinnar var fjármögnun bankanna á kaupum á hlutabréfum hvers annars það

---

[111] Um túlkun á því hvað nefndin telur til eigin hlutabréfa fjármálafyrirtækja er sérstaklega bent á rammagrein 1 í 3. bindi skýrslu rannsóknarnefndarinnar, bls. 9–17.

[112] Sama heimild, bls. 11–12.

[113] Sama heimild, bls. 17–21.

[114] Sama heimild, bls. 21.

umfangsmikil að af henni orsakaðist mikil kerfisleg áhætta sem veikti getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér lausafjárkreppuna er hófst árið 2007.[115] Sú áhætta magnaðist enn frekar vegna fjármögnunar bankanna á hlutabréfum Exista og FL Group.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[116]

1. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að fjármögnun bankanna á hlutabréfum hvers annars hafi verið það umfangsmikil að með því hafi skapast mikil kerfisleg áhætta sem hafi veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér þá lausafjárkreppu sem skall á um mitt ár 2007. Þessi kerfislega áhætta magnaðist enn frekar vegna fjármögnunar bankanna á hlutabréfum Exista og FL Group sem ljóst var að mundu falla verulega í verði ef þeir bankar féllu sem félögin áttu kjölfestuhluti í.[117]
2. Rannsóknarnefndin telur, í ljósi þess sem rakið er í þessum kafla, ástæðu til þess að setja fram þá ábendingu að hugað verði að því að setja skýrari reglur um hvaða eigin hlutabréf í fjármálafyrirtæki eigi að koma til frádráttar við útreikning á eigin fé þeirra.[118]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur nauðsynlegt að skýrðar verði þær reglur er gilda um eigið fé fjármálafyrirtækja og hafa það að markmiði að takmarka þá áhættu sem bankar taka og rannsóknarnefndin nefnir í umfjöllun sinni.

Þingmannanefndin telur að tryggja beri að í löggjöf séu á hverjum tíma þær meginreglur sem nauðsynlegar eru til að eftirlitsstofnunum sé fært að útfæra og herða reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja.

10. kafli. Launa- og hvatakerfi bankanna.[119]

Rannsóknarnefndin gerir ítarlega grein fyrir launa- og hvatakerfi stóru bankanna þriggja. Árangurstenging launa virðist almennt hafa verið notuð til þess að tengja saman hag atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækis sem lausn á svokölluðum umboðsvanda.[120]

Rannsóknarnefndin telur að almennt sé svigrúm til árangurstengingar launa í bönkum minna en í öðrum fyrirtækjum og segir að því meiri sem skuldsetning fyrirtækja sé því stærri hluti launa æðstu stjórnenda og lykilstarfsmanna ætti að vera föst laun.

Í ljósi mikillar skuldsetningar bankanna kannaði rannsóknarnefndin[121] ítarlega tilhögun hvatakerfa þeirra og skoðaði m.a. uppbyggingu þeirra, launasamsetningu og lánafyrirgreiðslur til starfsmanna.

---

[115] Sama heimild, bls. 23.
[116] Sama heimild, bls. 23.
[117] Sama heimild, bls. 23.
[118] Sama heimild, bls. 23.
[119] Sama heimild, bls. 25–103.
[120] Sama heimild, bls. 25 (neðanmálsgr.) „Umboðsvandi verður til þegar aðilar sem fara með umboð fyrir aðra hafa ekki sömu hvata eða hagsmuni og þeir sem veita þeim umboðið. Umboðsaðilarnir geta því freistast til þess að vinna fremur að eigin hagsmunum á kostnað umbjóðenda sinna.“
[121] Nánari upplýsingar um framkvæmd könnunar nefndarinnar er að finna í kafla 10.2, í 3. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, nánar tiltekið á bls. 28–30.

Glitnir.[122]

Rannsóknarnefndin skoðaði sérstaklega tvo hópa starfsmanna bankans auk æðstu stjórnenda. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að kerfið (EVA) sem bankinn notaði fyrri hluta rannsóknartímabilsins hafi að mörgu leyti verið skynsamlegt.[123] Árið 2006 tók bankinn upp svokallað ROE-kerfi. Að mati rannsóknarnefndarinnar ber ROE-kerfið áhættusækni kjölfestufjárfesta bankans glöggt vitni og telur nefndin útlánaþenslu bankans eina afleiðingu þess.[124] Rannsóknarnefndin segir ljóst að út frá fræðikenningum hljóti arðsemiskröfur ROE-kerfisins að teljast óraunhæfar og til þess fallnar að ýta undir áhættutöku stjórnenda í rekstri. Nefndin telur jafnvel að hætta sé á að stjórnendur hagræði rekstrarniðurstöðum til að mæta óraunhæfum markmiðum með bónusgreiðslur í huga og blekki þannig innstæðueigendur, hluthafa, fjárfesta og opinbera eftirlitsaðila, sem hafi aftur í för með sér hættu fyrir efnahagskerfið í heild.

Rannsóknarnefndin yfirfór lánasamninga og kaupréttarsamninga sem bankinn gerði við starfsmenn. Sérstaka athygli nefndarinnar vöktu hagstæðir vaxtaskilmálar og einhliða uppsagnarákvæði í samningum um lán og hlutabréfakaup. Í kjölfar breytinga á hluthafahópi Glitnis í febrúar 2008 gaf nýr stjórnarformaður bankans út yfirlýsingu um aðhald í rekstri bankans og árangurstengingu ráðningarsamninga. Í maímánuði sama ár veitti bankinn engu síður lán til eignarhaldsfélaga nokkurra starfsmanna er nýtt voru til hlutabréfakaupa. Í tveimur tilfellum var hluta andvirðis lánanna ráðstafað til útgreiðslu arðs fyrir rekstrartap.

Rannsóknarnefndin fer ítarlega yfir þróun starfskjara forstjóra Glitnis í tíð Bjarna Ármannssonar og Lárusar Weldings og breytingar í kjölfar breytingar á eigendahópi bankans árið 2006. Var kostnaður bankans af starfslokum Bjarna verulegur. Kostnaður bankans við ráðningarsamning við Lárusar Weldings metur nefndin á um 5,1 milljarða kr. á fimm ára tímabili.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar svöruðu lán Glitnis til starfsmanna sinna eða eignarhaldsfélaga í þeirra eigu um 17% af eiginfjárgrunni bankans í september 2008. Til trygginga fyrir a.m.k. þriðjungi þeirra lána stóðu hlutabréf í bankanum sjálfum.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[125]

1. Rannsóknarnefndin dregur þá ályktun að með láni til Lárusar Weldings, bankastjóra Glitnis, sem veitt var til að fresta 300 millj. kr. eingreiðslu hans samkvæmt samningi, hafi stjórn bankans haft bein áhrif á uppgjör bankans á fyrsta ársfjórðungi 2008 en um var að ræða gjaldalið sem var alls um 5,1% af hagnaði bankans á fyrsta ársfjórðungi, frestað til eins árs, með tilheyrandi ofmati á hagnaði og þar með eigin fé.[126]
2. Það vekur athygli nefndarinnar að hvorki er getið í ársskýrslu Glitnis árið 2007 um hluta skuldbindinga sem félagið tókst á hendur með ráðningarsamningi við Lárus, alls 550 millj. kr., né skuldbindingar félagsins vegna bónusgreiðslna til Bjarna Ármannssonar,

---

[122] Sama heimild, bls. 30–49.

[123] EVA-kerfið gerði ráð fyrir markmiðsbónusum er tóku mið af verðmætaaukningu milli ákveðinna tímabila. Þó gerði kerfið ráð fyrir hámarki bónusgreiðslna auk þess sem útgreiðsla hluta bónusgreiðslna var tengd ákveðnum varanleika orðinnar verðmætaaukningar.

[124] Samkvæmt ROE-kerfinu gátu stjórnendur einungis átt von á fullum bónusgreiðslum ef bankinn í heild sinni skilaði meiri hagnaði en sem nam 30% arðsemi eigin fjár en hlutfalli af árslaunum ef arðsemi yrði meiri en 15%.

[125] Sama heimild, bls. 46–49.

[126] Sama heimild, bls. 47.

alls 270 millj. kr. Einungis er getið þeirrar 300 millj. kr. eingreiðslu sem Lárus fékk við undirritun ráðningarsamningsins og þeirrar 100 millj. kr. greiðslu sem innt var af hendi til Bjarna Ármannssonar.[127]

3. Frá árinu 2003 til 2008 lánaði Glitnir starfsmönnum alls um 15 milljarða kr. til hlutafjárkaupa í bankanum í því augnamiði að halda lykilstarfsmönnum bankans. Til að byrja með lánaði bankinn starfsmönnum umtalsverðar fjárhæðir í þeirra eigin nafni. Um leið veitti bankinn sumum starfsmönnum sölurétt á bréfunum sem láninu var ráðstafað til kaupa á. Síðar veitti bankinn frekari lán í sama tilgangi til eignarhaldsfélaga í 100% eigu starfsmanna. Lánin voru í mörgum tilvikum veitt á mjög hagstæðum kjörum, þ.e. án skuldaraálags ofan á millibankavexti, eða jafnvel á vöxtum sem voru lægri en millibankavextir. Slík lánskjör tíðkast að jafnaði ekki í lánastarfsemi banka, nema þá e.t.v. til ríkja. Stjórnendur Glitnis samþykktu sjálfir lán til starfsbræðra og -systra án þess að kjör þeirra virðist hafa verið kynnt fyrir stjórn bankans eða öðrum hluthöfum með formlegum hætti. Bankinn tók hlutabréf í sjálfum sér að veði fyrir greiðslu lánanna. Slík veð eru eðlilega haldlítil þegar syrtir í álinn. Bankinn gengur trauðla að eigin bréfum við þær aðstæður þegar kalla þarf inn veð, þ.e. þegar bankinn sjálfur er undir ágjöf vegna lækkunar hlutabréfaverðs á markaði eða hann er að komast í þrot. Af framangreindum 15 milljörðum kr., sem Glitnir veitti sem lán til hlutafjárkaupa í því skyni að hvetja lykilstarfsmenn til að starfa áfram hjá bankanum, lánaði bankinn fjórtán framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum bankans alls um 8,1 milljarð kr. í maí 2008.Vakin er athygli á því að á aðalfundi Glitnis 20. febrúar 2008 lét Þorsteinn Már Baldvinsson, nýkjörinn stjórnarformaður, þau orð falla að kaupréttarsamningar yrðu ekki gerðir við starfsfólk Glitnis eins og staðan væri.[128]
4. Ráðning Lárusar Weldings og samþykki á ráðningarkjörum hans fór fram á 35 mínútna löngum stjórnarfundi. Vekur þetta spurningar um vandaða stjórnarhætti. Ekki verður séð af fundargerð að stjórnarmenn hafi þar fengið sérstakt ráðrúm til þess að gera athugasemdir við samninginn, eða til að kynna sér efni hans, en samningurinn var þessþeirra hálfu fyrir hönd eigenda bankans.[129]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Landsbankinn.[130]

Eitt markmiða Landsbankans frá árinu 2006 var að hlutfall kauprétta í heildarlaunum lykilstarfsmanna yrði hlutfallslega hærra en hlutfall bónusa. Var hvatakerfi bankans byggt á tveimur meginstoðum, skammtímabónusgreiðslum og umtalsverðum kaupréttarsamningum lykilstarfsmanna sem bankinn bar mikinn kostnað af.

Bónusgreiðslur.[131]

Rannsóknarnefnd Alþingis kannaði kjör starfsmanna á tveimur samanburðarhæfum tekjusviðum innan bankans og einni stoðdeild. Nefndin fann engin tölfræðilega marktæk tengsl

---

[127] Sama heimild, bls. 48.
[128] Sama heimild, bls. 48–49.
[129] Sama heimild, bls. 49.
[130] Sama heimild, bls. 49–72.
[131] Sama heimild, bls. 53–55.

milli tekna og bónusgreiðslna og virtist nefndinni sem hagræn áhrif kerfisins væru lítil. Athygli nefndarinnar vakti að á árunum 2004 og 2005 voru fjárhæðir bónusgreiðslna til starfsmanna verðbréfamiðlunar nánast þær sömu þrátt fyrir að tekjur sviðsins væru breytilegar á þeim tíma.

Starfskjör bankastjóranna.[132]

Nefndin fjallaði um samninga sem gerðir voru við Halldór J. Kristjánsson frá árinu 1998. Naut hann ekki sértækra bónusgreiðslna á árinu 2005 en kjör hans tóku breytingum árið 2008. Landsbankinn gerði samning við Sigurjón Þ. Árnason í apríl 2003 sem tók breytingum á árinu 2005 hvað lífeyrisgreiðslur varðaði. Heildarmánaðarlaun Sigurjóns Þ. Árnasonar rúmlega níföldust frá árinu 2004 til 2008 og voru tæpar 35 millj. kr. að meðaltali á mánuði árið 2008. Heildarmánaðarlaun Halldórs J. Kristjánssonar voru tæpar 3 millj. kr. að meðaltali á mánuði árið 2004 en hækkuðu um 22 millj. kr. og voru rúmar 25 millj. kr. að meðaltali á mánuði árið 2005.

Kaupréttarsamningar og aflandsfélög.[133]

Kaupréttarsamninga innleiddi bankinn í launa- og hvatakerfi sitt árið 2000. Ákveðið var, á þeim tíma sem ríkið var aðaleigandi bankans, að stofna fjárhaldsfélög (e. trusts) á aflandssvæðum er fjárfestu í hlutabréfum bankans. Í upphafi lánaði Landsbankinn eignarhaldsfélögum fyrir kaupum á hlutabréfum í bankanum og gerði síðan framvirkan samning við hvert þeirra. Fjármögnun á kaupum félaganna færðist síðar yfir í hina stóru bankana tvo. Erlendu fjárhaldsfélögin voru eignalaus í upphafi en eignuðust síðar tvö til fjögur eignarhaldsfélög sem héldu utan um hlutabréf Landsbankans. Aflandsfyrirtækin voru að fullu undir stjórn og fjárhagslegum yfirráðum Landsbankans og gaf bankinn út sjálfskuldarábyrgðir í sínu nafni til að ábyrgjast lán þeirra hjá Kaupþingi og Glitni. Útistandandi lán umræddra félaga hjá Straumi voru alls að fjárhæð tæplega 14 milljarðar kr. við fall Landsbankans. Vekur nefndin athygli á því að Straumur virðist ekki hafa kallað eftir frekari ábyrgðum af hálfu Landsbankans á sama hátt og Kaupþing og Glitnir gerðu þegar lánin féllu niður fyrir umsamda tryggingaþekju.

Heildarinnlausn starfsmanna Landsbankans á kaupréttarsamningum nam 217 millj. kr. að nafnvirði í félaginu á árunum 2004–2008. Nefndin telur sig ekki sjá að Landsbankinn hafi dregið á eign aflandsfélaganna til að mæta þessari innlausn starfsmannanna.

Lán til starfsmanna.[134]

Heildarútlán bankans til allra starfsmanna sinna sem voru útistandandi við fall hans námu alls um 14 milljörðum kr. Almennt tóku fáir starfsmenn Landsbankans lán í eigin nafni eða nafni eignarhaldsfélags að upphæð 100 millj. kr. eða meira.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[135]

1. Bónusgreiðslur Landsbankans til lykilstarfsmanna voru ekki tengdar árangri að öðru leyti en því að bónus skyldi greiddur ef arðsemi eigin fjár væri á bilinu 9–14% hærri en

---

[132] Sama heimild, bls. 55–59.
[133] Sama heimild, bls. 60–69.
[134] Sama heimild, bls. 69–70.
[135] Sama heimild, bls. 70–72.

ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa (til meðallangs tíma) á uppgjörstímanum. Mismunandi skilyrði giltu um útgreiðslu bónuss gagnvart einstökum lykilstarfsmönnum.[136]

2. Veltubónusar voru einnig áberandi í Landsbankanum, svo sem greiðsla til handa þjónustufulltrúa ef viðskiptavinur opnaði nýjan reikning eða færði sparnað sinn frá bankareikningi yfir í peningamarkaðssjóð. Við slíkar aðstæður er hætt við því að áhersla starfsmanna verði frekar á að afla nýrra viðskipta heldur en að viðhalda þeim gömlu.[137]
3. Fjármögnun á kaupréttarsamningum var upphaflega á hendi Landsbankans sjálfs en síðar lögðu stjórnendur bankans fram sjálfskuldarábyrgð Landsbankans (eða fjárhagslega tengdra aðila, sbr. lánsfjármögnun Straums). Því var ekki um varnir á framtíðarskuldbindingum bankans að ræða þar sem áhættan hvíldi á bankanum sjálfum allan tímann.[138]
4. Kaupin á hlutabréfunum inn í aflandsfélög, eftir að fjármögnun félaganna var tryggð, skapaði kaupþrýsting á bréf í Landsbankanum sem stjórnendur stýrðu og stuðluðu að hækkun hlutabréfa í bankanum á markaði eða vörnuðu lækkun verðs.[139]
5. Leiða má að því líkur að sú ráðstöfun bankans að verða ekki við innlausn kaupréttarsamninga starfsmanna sem voru á innlausn 1. desember 2007 og næstu 90 daga þar á eftir kunni að hafa komið í veg fyrir lækkun á verði hlutabréfa Landsbankans á markaði. Með ráðstöfunum sínum kom Landsbankinn í veg fyrir að starfsmenn fengju að kaupa hlutabréfin á umsömdu verði en slíkt hefði fyrirsjáanlega myndað söluþrýsting á verð hlutabréfa í bankanum ef starfsmenn hefðu innleyst hagnað sinn vegna þeirra.[140]
6. Ákvörðun stjórnenda og kjölfestufjárfesta bankans að fjármagna hlutabréfakaup á eigin bréfum í því skyni að „verja“ stöðu bankans vegna útgefinna kauprétta í stað þess að gefa út nýja hluti eftir því sem kaupréttarsamningarnir voru á innlausn tryggði kjölfestufjárfesti, eignarhaldsfélaginu Samson ehf., óbreytt yfirráð í bankanum. Ef bankinn hefði ekki fjármagnað og/eða gengist í ábyrgðir fyrir þann 13,2% hlut í honum sjálfum sem bundinn var í kaupréttarsamningum og hin hefðbundna leið verið farin, að gefa út nýja hluti til að uppfylla kaupréttarsamninga starfsmanna, hefði eignarhaldsfélagið Samson ehf. mögulega getað misst yfirráð í bankanum.[141]
7. Landsbankinn kom hlutabréfum sem ætluð voru til að mæta skuldbindingum vegna kaupréttarsamninga starfsmanna fyrir í um átta aflandsfélögum og virðist það hafa verið gert í því skyni að komast hjá flöggunarskyldu. Ekki verður annað séð en að öll félögin hafi í reynd lotið sömu stjórn. Þannig var t.d. umboðum safnað frá stjórnum allra félaganna, sem voru í höndum lögmanna á aflandssvæðum, til að starfsmaður Landsbankans gæti farið með atkvæðarétt félaganna á aðalfundi bankans vorið 2007. Upplýsingar um þessi stjórnunarlegu yfirráð Landsbankans á félögunum komu ekki fram gagnvart fjárfestum, smærri hluthöfum og eftirlitsaðilum. Stjórnunarleg tengsl félaganna endurspeglast einnig í þeirri staðreynd að eitt félaganna, Proteus, lánaði öðru nýju systurfélagi, Kimball Associated, sem hafði ekkert eigið fé, hlutabréf sín sem tryggingu fyrir lánsfé

---

[136] Sama heimild, bls. 70.
[137] Sama heimild, bls. 70.
[138] Sama heimild, bls. 71.
[139] Sama heimild, bls. 71.
[140] Sama heimild, bls. 71.
[141] Sama heimild, bls. 71.

hins nýja félags. Það sem rakið hefur verið hér að framan bendir til þess að reglum um flöggunarskyldu hafi ekki verið fylgt.[142]

8. Rannsóknir hafa sýnt að forstjórar fyrirtækja fresta í sífellt meira mæli launagreiðslum með því að auka hlut lífeyrisframlags og þar af leiðandi tekna í framtíðinni fyrir störf sem unnin eru í nútíð. Stór þáttur launa Sigurjóns Þ. Árnasonar var greiddur í lífeyrissjóð og þá einkum séreignarsjóð. Það sama átti við hjá Halldóri J. Kristjánssyni. Sigurjón innleysti aldrei kauprétti sína, eins og áður sagði, heldur gerði samkomulag við formann bankaráðs um frestun innlausna. Hann bar því við í skýrslutöku að birting launaupplýsinga í tímaritum á Íslandi hefði valdið því að hann vildi fresta innlausn kaupréttar þangað til að hann hætti að vinna fyrir bankann. Það er eðlilegt og æskilegt að upplýsingar um hvatakerfi og laun forstjóra skráðra hlutafélaga séu uppi á borðum, enda er það stór þáttur í stjórnarháttum fyrirtækisins og hefur spágildi um frammistöðu þess, sem og rekstrarhæfi. Það er þó heppilegra að tengja slíka kröfu lagaumhverfinu með skýrum hætti. Ella er hægt að stýra því sem almenningi er látið í té sem leiðir til þess að rangar ályktanir eru dregnar um rekstrarmöguleika fyrirtækisins.[143]
9. Að öllu framangreindu virtu er ljóst að hvatakerfi Landsbankans var til þess fallið að hafa veruleg áhrif á rekstrarskilyrði hans.[144]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Kaupþing.[145]

Rannsóknarnefndin fer yfir árangurstengingu launa starfsmanna Kaupþings og tiltekur að sér virðist sem bónusgreiðslur hafi ekki verið tengdar rekstrarárangri bankans með kerfisbundnum hætti heldur virðist þær hafa verið háðar huglægu mati stjórnenda. Bónusgreiðslur virðast hafa verið hæstar á árinu 2008 þegar rekstur bankans var erfiður og lausafjárþröng háði honum.

Kaupréttarsamningar og lánveitingar til starfsmanna.[146]

Aðalfundur Kaupþings samþykkti árið 2004 að æskilegt væri að lykilstarfsmenn væru einnig hluthafar bankans með afgerandi hætti. Var í því skyni samþykkt að veita starfsmönnum kauprétti og þeim boðið að taka lán hjá bankanum til að fjármagna hlutabréfakaup samhliða því sem starfsmönnum var veittur söluréttur á bréfunum. Eftir þessa stefnumótun jukust lán til starfsmanna mikið og voru um 5 milljarðar kr. í upphafi árs 2005.

Þá stofnaði Búnaðarbankinn (forveri Kaupþings) aflandsfélög, eins og Landsbankinn, í þeim tilgangi að verja stöðu bankans vegna valrétta (kaup- og sölurétta) starfsmanna hans.

IFRS-reikningsskilastaðlar gera ráð fyrir að sölurétt beri að draga frá eiginfjárgrunni félags, en stjórnendur Kaupþings leituðu leiða til að haga lánum til hlutabréfakaupa við lántöku á annan veg með atbeina endurskoðenda bankans. Rannsóknarnefndin tekur sérstaklega fram í skýrslunni að lánveitingar af þessu tagi hafi verið bannaðar í Bandaríkjunum frá árinu 1950.

---

[142] Sama heimild, bls. 71–72.
[143] Sama heimild, bls. 72.
[144] Sama heimild, bls. 72.
[145] Sama heimild, bls. 72–98.
[146] Sama heimild, bls. 75–87.

Virðast fyrirsvarsmenn Kaupþings hafa lagt hart að starfsmönnum að taka við háum lánum til hlutabréfakaupa og í kjölfarið haldið þeim í ákveðinni gíslingu. Þá virðist sem stjórnendur bankans hafi síðar komið í veg fyrir mikla sölu á bréfum í bankanum til að fyrirbyggja hrun.

Hluti stjórnenda Kaupþings kom lánum úr persónulegri ábyrgð með því að færa þau yfir í eignarhaldsfélög. Á stjórnarfundi 25. september 2008 samþykkti stjórn Kaupþings að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna. Voru ákveðin viðskipti fruminnherja í bankanum ekki tilkynnt í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[147]

1. Kaupaukakerfi Kaupþings einkenndist af vilja stjórnarinnar og stærstu hluthafa til að hvetja starfsmenn og stjórnendur til mikillar áhættutöku. Merki þess má finna allt frá árinu 1994, sbr. samning við Ingólf Helgason, síðar forstjóra Kaupþings á Íslandi, sem byggðist á hlutdeild í hagnaði einvörðungu. Sú stefna hélst yfir allt það tímabil sem hér er til rannsóknar (janúar 2004 til október 2008). Hjá starfsmönnum Kaupþings var launamunur meiri en hjá starfsmönnum hinna bankanna tveggja.[148]
2. Ljóst er að stjórnendur Kaupþings ákváðu, með samþykki hluthafa, að hverfa frá hvatalaunum í formi kaupréttarsamninga árið 2005 en veittu lykilstarfsmönnum þess í stað lán til hlutafjárkaupa til að ná sama markmiði. Lánin höfðu ýmsa kosti í för með sér fyrir stjórnendur. Ástæðan fyrir þessari umbreytingu á hvatalaununum mun hafa verið sú að stjórnendur Kaupþings vildu koma bankanum undan launakostnaði, komast hjá greiðslu opinberra gjalda, draga úr skattbyrði starfsmanna vegna færslu úr tekjuskatti í fjármagnstekjuskatt, en einnig vildu stjórnendurnir stuðla að því að vaxtakostnaður vegna lánanna yrði frádráttarbær frá skatti, eins og í tilfelli forstjóra Kaupþings og forstjóra Kaupthing Singer & Friedlander sem færðu hluti sína síðar yfir í eignarhaldsfélög.[149]
3. Athygli vekur að endurskoðendur skuli hafa látið þá samninga óátalda sem stjórnendur gerðu við bankann eftir að upphaflegar athugasemdir endurskoðendanna komu fram um að söluréttir á hlutabréfum í bankanum skyldu dregnir frá eigin fé bankans. Líkt og að framan er rakið fela samningar um lán til kaupa á hlutabréfum með veðum í bréfunum sjálfum og ekki nema 10% sjálfskuldarábyrgð starfsmanna í meginatriðum í sér það sama og að veita sölurétt fyrir 90% af bréfunum.[150]
4. Starfsmannalán Kaupþings voru af þeirri stærðargráðu að ljóst var að lántakendurnir væru vart borgunarmenn fyrir þeim ef hlutabréf Kaupþings lækkuðu verulega í verði, hvað þá ef Kaupþing yrði gjaldþrota og hlutabréfin þar með verðlaus. Hluthafafundur Kaupþings samþykkti þá tilhögun í mars 2004 að bankinn mundi lána starfsmönnum fyrir allt að 9% af eigin bréfum Kaupþings. Ástæða þess að hluthafafundur samþykkti að veita starfsmönnum sínum slík lán var að sögn formanns starfskjaranefndar, Ásgeirs Thoroddsens, sem bar tillöguna upp á hluthafafundinum, sú að lánafyrirgreiðslunni hefði verið ætlað að binda saman hag hluthafa og stjórnenda. Það verður að teljast sérlega

---

[147] Sama heimild, bls. 95–98.
[148] Sama heimild, bls. 95–96.
[149] Sama heimild, bls. 96.
[150] Sama heimild, bls. 96.

veikburða samræming hagsmuna ef starfsmenn njóta alls hagnaðar meðan vel gengur en hluthafar sitja uppi með alla áhættuna og þar með gríðarlegt tap ef illa gengur.[151]

5. Hér að framan var sagt frá viðbrögðum Kaupþings við lækkun bréfa sem lágu sem veð fyrir lánum starfsmanna vegna hlutabréfakaupa. Bankinn ákvað í fyrsta lagi að leysa ekki til sín bréf starfsmanna þegar veðköllum vegna lækkandi tryggingaþekju lánanna var ekki sinnt. Í öðru lagi sinnti bankinn ekki beiðnum þeirra starfsmanna sem sóttust eftir því að selja bréf sín í því skyni að mæta veðköllum á lánum sínum. Í þriðja lagi ákvað stjórnin að leysa starfsmenn undan sjálfskuldarábyrgð vegna lánanna. Þessi viðbrögð hlutu, eðli máls samkvæmt, að geta haft áhrif á hlutabréfaverð bankans.[152]
6. Starfskjör Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, t.d. lán til kaupa á 1,5% hlut í bankanum með sölurétti frá árinu 2003, tengdu saman hag hluthafa og stjórnenda með sérstæðum hætti. Tilhögunin fól í sér ávísun á áhættulausan hagnað til handa Sigurði en hvatinn sem felst í slíku kerfi er að auka áhættu í rekstri. Þetta hefur í för með sér að stjórnendur bankans leggja mögulega kapp á skjótfenginn gróða með miklum og áhættusömum útlánum til skamms tíma, sem jafnframt felur í sér hættu á auknum vanskilum og útlánatöpum til lengri tíma.[153]
7. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að umfang beins og óbeins eignarhluta starfsmanna Kaupþings eða ávísun á slíkt, sem rekja má til starfs- og launasamninga, hafi verið svo mikið að það hafi verið til þess fallið að hvetja til aukinnar áhættusækni til skamms tíma og þar með til útlánastefnu sem gat orðið bankanum skaðleg.[154]
8. Hin fjárhagslega niðurstaða af söluréttinum sem gefinn var út samhliða láni bankans til stjórnarformannsins árið 2003 var í meginatriðum sú sama fyrir hann og ef gefnir hefðu verið út kaupréttir, ef frá eru taldir lægri skattar sem fylgja lánafyrirkomulaginu. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða til samanburðar hversu stór hluti af útistandandi hlutum (nafnvirði) almenningshlutafélaga í Bandaríkjunum er lagður til hliðar í kauprétti til handa stjórnendum og öðrum lykilstarfsmönnum. Frá 1992–2002 voru útistandandi kaupréttir í almenningshlutafélögum í Bandaríkjunum að meðaltali á bilinu 1,4%–2,1% af útistandandi hlutum félaganna. Samanlagðir útistandandi kaupréttir og hlutabréf starfsmanna fjármögnuð af Kaupþingi voru hins vegar á miðju ári 2008 um 11–13% af heildarhlutafé bankans. Kaupréttir forstjóra í Bandaríkjunum eru að meðaltali um 0,17% af útistandandi hlutafé í almenningshlutafélögum. Sigurður Einarsson hlaut hins vegar árið 2003 kauprétt á 1,5% hlut í Kaupþingi með lánasamningnum sem þá var gerður við hann – þá er önnur fyrirgreiðsla í formi kauprétta eða lána með veði í fyrirtækinu ótalin. Við þetta bætist svo sú staðreynd að verðbréfamarkaður er grunnur á Íslandi sem gerir hreyfingar starfsmanna út úr stöðum sínum í bankanum mjög erfiðar, einkum sökum þess hversu hátt hlutfall af heildarvirði hlutabréfanna um var að ræða.[155]
9. Árlegur rekstrarkostnaður útibús Kaupþings í London vegna stjórnarformannsins Sigurðar Einarssonar var ekki undir eftirliti innri eða ytri endurskoðenda bankans. Þar sem allar launagreiðslur og leiga Kaupþings á húsnæði Sigurðar fór í gegnum útibúið hafði rannsóknarnefnd Alþingis ekki undir höndum gögn sem gerðu nefndinni kleift að

---

[151] Sama heimild, bls. 96.
[152] Sama heimild, bls. 96.
[153] Sama heimild, bls. 96–97.
[154] Sama heimild, bls. 97.
[155] Sama heimild, bls. 97.

kanna launagreiðslur til hans með sama hætti og launagreiðslur til annarra forsvarsmanna bankans. Það hefði átt að vera sérstakt áhersluatriði stjórnar bankans og ytri endurskoðenda að fylgjast með útgjöldum sem tengdust stjórnarformanni þar sem hann var jafnframt í fullu starfi hjá bankanum.[156]

10. Í rammagrein 3 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis[157] kemur fram að við sameiningu Búnaðarbanka Íslands og Kaupþings létu stjórnendur hjá líða að leysa upp aflandsfélög sem Búnaðarbankinn hafði sett upp á Tortóla, Otris S.A. og Ferradis Holding S.A., en þau höfðu þann eina tilgang að halda utan um hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands til varnar kaupréttarsamningum starfsmanna hans. Eignir félaganna voru ekki á bókum Kaupþings sem hélt stjórnunarlegum yfirráðum yfir félögunum. Þótt telja megi líklegt að upprunaleg skuld félaganna við Búnaðarbankann til kaupa á bréfum bankans hafi verið greidd ber vitnisburður Guðnýjar Örnu Sveinsdóttur, fyrrum fjármálastjóra Kaupþings, með sér að stjórnendur hafi látið hjá líða að gera félögin upp og innleysa þann hagnað sem varð til þegar bréf félaganna í Kaupþingi voru seld til dótturfélags Kaupþings í Lúxemborg þar sem engin þörf var lengur á vörnum vegna kaupréttarsamninga starfsmanna Búnaðarbankans. Flestir þessara starfsmanna höfðu flutt sig frá Búnaðarbankanum yfir í Landsbankann þegar Sigurjón Þ. Árnason var ráðinn þangað. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki getað rakið fyllilega hvað varð um það fjármagn sem myndaðist í félögunum tveimur en svo virðist sem stjórnendur Kaupþings hafi komið sér upp nokkurs konar afskriftareikningi sem þeir nýttu síðar til að mæta því tapi sem ella hefði myndast á bókum Kaupþings í lok árs 2007 vegna misheppnaðra fjárfestinga í skuldabréfavafningum.[158]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að taka fram að hún telur verulega gagnrýnisvert að samningsstaða starfsmanna fjármálafyrirtækjanna um starfskjör hafi að því er virðist innifalið þvingun til þess að taka við og nýta sér kaupréttarsamninga.

Þingmannanefndin telur að kveða þurfi á um það í löggjöf að fjármálafyrirtækjum verði óheimilt að lána starfsmönnum sínum til kaupa á hlutabréfum í þeim.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að vekja sérstaka athygli á að innri og ytri endurskoðun bankanna virðast hafa haft lítið hlutverk þegar kom að endurskoðun hvatakerfa, kaupréttarsamninga og lánveitinga til starfsmanna. Telur þingmannanefndin að setja þurfi reglur um aðkomu þeirra að slíkum málum.

Þingmannanefndin telur rétt að vekja sérstaka athygli á að Landsbanki og Búnaðarbanki hófu að stofna félög á aflandssvæðum þegar bankarnir voru enn í ríkiseigu og héldu því áfram eftir einkavæðinguna.

Þingmannanefndin telur í ljósi alls framangreinds að lögbinda eigi ákvæði sem setja strangari skorður við því að fyrirkomulag launagreiðslna til starfsmanna fjármálafyrirtækja

---

[156] Sama heimild, bls. 97–98.
[157] Sama heimild, bls. 76–77.
[158] Sama heimild, bls. 98.

leiði til aukinnar áhættusækni í rekstri þeirra.[159] Vill þingmannanefndin einnig nefna í þessu sambandi að hún telur nauðsynlegt að lífeyrismál stjórnenda fjármálafyrirtækja verði tekin til skoðunar með sama markmið fyrir augum.[160]

Þingmannanefndin telur fulla þörf á því að hvata- og umbunarkerfi bankanna og skattaleg meðferð þeirra sæti heildarendurskoðun.

11. kafli. Innri og ytri endurskoðun.[161]

Innri endurskoðun.[162]

Rannsóknarnefndin kannaði sérstaklega hversu virk innri endurskoðun bankanna var. Fer nefndin ítarlega yfir þau ákvæði sem gilda um innri endurskoðun í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, ásamt reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin telur ljóst að innri endurskoðunardeildir bankanna hafi mjög takmarkað komið að útlánaeftirliti, og þá sérstaklega mati á virði útlána.

Við athugun rannsóknarnefndarinnar á skýrslum sem innri endurskoðunardeildir bankanna gáfu út kom í ljós að á tímabilinu 2005–2007 var einungis að finna fáar athugasemdir og ábendingar um bætta innri starfshætti bankanna. Frá miðju ári 2007 og fram að falli bankanna eru athugasemdirnar hins vegar fjölmargar og tekur rannsóknarnefndin upp nokkur dæmi úr þeim.

Rannsóknarnefndin gerir grein fyrir starfi endurskoðunarnefnda fjármálafyrirtækjanna. Kemur þar fram að það hafi fyrst verið með breytingum á lögum um ársreikninga árið 2009 sem fjármálafyrirtækin voru skylduð til að hafa starfandi endurskoðunarnefndir. Endurskoðunarnefndir störfuðu reyndar innan bankanna fyrir gildistöku breytingalaganna en verkefni þeirra var annað og skilgreint á annan hátt. Þá fjallar rannsóknarnefndin stuttlega um hæfisskilyrði starfsmanna í endurskoðunarnefndum og skipun þeirra.

Rannsóknarnefndin telur að hægt hafi gengið að ná fram þeim umbótum sem innri endurskoðendur bentu á að ráðast þyrfti í. Þá hafi samskipti innri endurskoðenda við Fjármálaeftirlitið ekki verið í nægilega góðum farvegi.[163]

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[164]

1. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var það mikil framför að Fjármálaeftirlitið skyldi hinn 24. september 2008 gefa út leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja, nr. 3/2008. Á hinn bóginn var það gert allt of seint miðað við þá knýjandi þörf sem var á markvissara og öflugra innra eftirliti í fjármálafyrirtækjunum í ljósi þess að mörg þeirra höfðu stækkað um 30–50% ár hvert, nokkur ár í röð. Í skýrslum sem

---

[159] Þingmannanefndin vekur athygli á því að sumarið 2010 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með lögum nr. 75/2010. Tóku lögin að einhverju leyti á nokkrum þeirra atriða sem rannsóknarnefndin gerir að umtalsefni í sinni skýrslu en mikilvægt er að ganga lengra við endurskoðun laganna og taka fullt tillit til allra athugasemda rannsóknarnefndarinnar og horfa til þróunar lagaumbóta á fjármálamarkaði erlendis, sbr. einnig 42. og 43. gr. laganna.

[160] Sjá umfjöllun um lífeyrisgreiðslur til stjórnenda bankanna í köflum 10.3.5, 10.4.3 og 10.5.3 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

[161] Sama heimild, bls. 105–153.

[162] Sama heimild, bls. 105–128.

[163] Sama heimild, bls. 115–116.

[164] Sama heimild, bls. 116–117.

innri endurskoðendur þriggja stærstu bankanna gáfu fyrir nefndinni kom fram að ef tilmælin hefðu verið til staðar fyrr hefðu þau styrkt stöðu innri endurskoðenda auk þess sem áherslur og verkefni hefðu verið nokkuð önnur, sérstaklega er varðar mat og eftirlit með útlánum.[165]

2. Í ljósi þeirra skýrslna sem innri endurskoðendur stóru bankanna þriggja gáfu fyrir rannsóknarnefndinni telur hún að eftirfylgni við athugasemdir innri endurskoðenda hafi almennt gengið mjög hægt fyrir sig, ef hún gekk þá eftir. Verður því ekki séð að störf innri endurskoðenda hafi haft nægilegan slagkraft. Er því ástæða til að draga í efa að innri eftirlitskerfi bankanna hafi í öllum tilvikum haldið í við hinn gífurlega hraða vöxt þeirra.[166]
3. Rannsóknarnefndin telur brýna þörf á að leggja skýrari lagagrundvöll að innra eftirliti fjármálafyrirtækja og telur í því sambandi ekki viðhlítandi að byggja á leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins sem mæla t.d. fyrir um að innri endurskoðandi „þurfi“ að hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum og að „rík áhersla sé lögð á“ að endurskoðun ljúki með skýrslu. Að mati rannsóknarnefndarinnar þarf að setja lagalega bindandi reglur sem eru skýrar, stöðugar og fyrirsjáanlegar um lágmarksinntak innri endurskoðunar í fjármálafyrirtækjum sem hægt er að fylgja eftir með lagalegum úrræðum. Slíkar reglur ættu því að koma fram í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem hefðu viðhlítandi lagastoð.[167]
4. Þá telur rannsóknarnefndin mikilvægt að innri endurskoðendur fái tækifæri til að eiga reglulega fundi með Fjármálaeftirlitinu í samræmi við þau sjónarmið sem 14. gr. leiðbeinandi reglna Basel-nefndarinnar frá 2001 um innri endurskoðun er byggð á. Með því gefst þá færi á að samhæfa betur innra og ytra eftirlit og auka slagkraft þess eftirlits sem haft er með fjármálastofnunum.[168]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Áhættustýring.[169]

Rannsóknarnefndin fjallar um áhættustýringu bankanna þriggja. Kemur fram að í áhættustýringu felist meðal annars að fylgst sé með útlánaáhættu fjármálafyrirtækisins, vaxtaáhættu, gengisáhættu, lausafjáráhættu, rekstraráhættu og eiginfjárhlutfalli auk stórra áhættna, samkvæmt lögum nr. 161/2002. Starfsmenn sem annast áhættustýringu fjármálafyrirtækis verða að hafa fulla yfirsýn yfir rekstur fyrirtækisins og vera upplýstir um allar stærri ákvarðanir sem teknar eru innan þess. Áhættustýringu er ætlað að upplýsa yfirstjórn reglulega um stöðu einstakra áhættuþátta innan fyrirtækisins og mat á áhættuþoli þess. Fjármálafyrirtæki skal upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar voru bankarnir haustið 2008 allir komnir vel á veg með að innleiða stoð 2 (eftirlitsferlar) í svokölluðum BASEL-II reglum um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja.

---

[165] Sama heimild, bls. 116–117.
[166] Sama heimild, bls. 117.
[167] Sama heimild, bls. 117.
[168] Sama heimild, bls. 117.
[169] Sama heimild, bls. 117–128.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[170]

1. CAMELS[171]-mat allra bankanna vorið 2008 gaf til kynna að lausafjáráhætta og fjármögnunaráhætta væru helstu veikleikar þeirra. Almennt kom einnig fram að áhætta af hlutabréfum, beint í eigu bankanna eða óbeint með veðum fyrir útlánum, væri mikil. Varðandi Glitni og Landsbankann var sérstaklega nefnt að of mikil áhætta væri tengd eigendum bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að hér hafi CAMELS-matið réttilega leitt í ljós tvo mikilvæga áhættuþætti í rekstri bankanna. Of mikil útlán voru veitt vensluðum aðilum og markaðsáhætta var allt of mikil, hvort sem það var beint eða í gegnum útlán bankanna. Bregðast hefði þurft við með því að draga verulega úr þessari áhættu. Frá því um vorið jukust hins vegar bæði lán með veðum í hlutabréfum, sbr. umfjöllun í 12. kafla, og einnig lán til venslaðra aðila, sbr. 8. kafla. Í ljósi ríkjandi markaðsaðstæðna allt frá ársbyrjun 2008 var bönkunum erfitt um vik að bregðast við. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að bankarnir tóku þessa áhættu í rekstri sínum þegar betur áraði. Áhætta myndast þegar hún er tekin en ekki þegar verð fara að lækka.[172]
2. Ljóst er að skráning og utanumhald um veð bankanna fyrir útlánum þeirra var hvergi nærri í viðunandi horfi hjá bönkunum þar sem lítil áhersla var lögð á slíka vinnu á uppgangstímum þeirra. Þar sem þessi mikilvægi þáttur í starfseminni var í ólagi má leiða líkur að því að áhættan sem myndaðist vegna veða, fyrst og fremst samþjöppunaráhætta, hafi orðið mun meiri en bankarnir gerðu sér grein fyrir og þá ekki síst þegar markaðsverðbréf voru tekin að veði. Í slíkum tilvikum getur myndast hvati til að halda verði á veðum uppi ef of stór hluti lánabókarinnar (og afleiðubókarinnar) er beinlínis háður viðkomandi markaðseign, sbr. nánari umfjöllun í 12. kafla.[173]
3. Áhættustýring bankanna hefði átt að meta betur áhættu sem fólst í því að taka veð í markaðsverðbréfum á þeim tíma sem veðin voru samþykkt. Eins og vikið er að hér að framan voru veðin almennt ekki könnuð sérstaklega. Því til viðbótar var oft eingöngu litið til veða í stað þess að kanna einnig hvort lántakandi gæti greitt af láninu með greiðsluflæði. Slík könnun hefði átt að ýta undir virkara eftirlit með áhættunni af verðbreytingum veðanna því eins og forstöðumaður áhættustýringar hjá einum bankanna viðurkenndi, og rakið er hér að framan, þá jafngiltu þessi lán því að bankinn ætti í raun sjálfur viðkomandi eignir. Með hliðsjón af þessu telur rannsóknarnefnd Alþingis að áhættustýring bankanna hefði átt að meta þessa áhættu á grundvelli markaðsáhættu en ekki einvörðungu sem útlánaáhættu.[174]
4. Þá telur nefndin að áhættustýring allra þriggja bankanna hefði átt að fara með lán með veðum í eigin bréfum eins og óvarin lán. Ljóst var að við greiðslufall lána sem tryggð voru með slíkum veðum mundi bankinn ekki þvinga fram sölu á eigin bréfum, sérstaklega í ljósi þess hversu stór hluti eigin bréfa var að veði hjá bankanum. Þetta varð einnig raunin eins og rakið er í 12. kafla. Í stað þess að dregið væri úr þessari áhættu var þróun-

---

[170] Sama heimild, bls. 127–128.

[171] CAMELS stendur fyrir kerfi sem þróað hefur verið af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að meta vísbendingar um yfirvofandi hættu í bankakerfinu (e. Capital adequacy, Asset quality, Management soundness, Earnings and profitability, Liquidity og Sensitivity to market risk).

[172] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 3, bls. 127.

[173] Sama heimild, bls. 127.

[174] Sama heimild, bls. 127.

in gagnstæð, þ.e. áhætta bankanna að þessu leyti jókst eftir að líða tók á lausafjárkreppuna.[175]

5. Að lokum má nefna að ekki verður séð að tekið hafi verið að fullu tillit til þeirrar gjaldeyrisáhættu sem myndast hafði í lánabókum (og afleiðubókum) bankanna varðandi lán í erlendri mynt. Bankarnir tóku hærra hlutfall veða en umfram það var ekki litið nægjanlega til þess í hvaða mynt tekjuflæði viðkomandi lántaka var. Þá var lánað í miklum mæli í erlendri mynt fyrir innlendum markaðsverðbréfum, sem augljóslega voru með íslenskt tekjuflæði og verðáhættu í krónum. Vegna samfylgni innlends verðbréfamarkaðar og krónunnar reyndust þetta sérstaklega áhættusöm útlán. Ekki verður séð að áhættan af þessum lánum hafi verið rétt metin. Það hafði aftur þær afleiðingar að þau voru ekki rétt verðlögð sem loks leiddi til þess að einstaklingar og fyrirtæki tóku þessi lán í of miklum mæli. Tap íslenska hagkerfisins af þessu er gífurlegt.[176]
6. Ljóst er að hvatinn fyrir því að lána í erlendri mynt var meðal annars sá að auka við erlendar eignir bankanna þar sem skuldir þeirra, þ.e. fjármögnun, var fyrst og fremst í erlendri mynt. Í þessu sambandi skal enn áréttað það sem fram kemur í 8. kafla að ef viðskiptavinir bankanna hafa ekki greiðslugetu, sem sveiflast með erlendu myntinni, má færa rök fyrir því að lánin séu ekki raunveruleg eign í erlendri mynt fyrir bankann. Gengisáhættan sem bankinn hefði tekið með því að lána í krónum hvarf ekki við það að lána íslensku viðskiptavinunum í erlendri mynt. Áhættan breyttist einvörðungu úr gengisáhættu í skuldaraáhættu (e. default risk). Þessu til viðbótar var útlánaáhættan mjög samþjöppuð þar sem gæði þessa hluta lánasafnsins voru svo háð einni breytu, þ.e. gengi íslensku krónunnar. Í framhaldinu jók þessi uppbygging erlendra lána á hagstjórnarvanda stjórnvalda.[177]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Ytri endurskoðendur.[178]

Hvað ytri endurskoðun bankanna varðar beindist athugun rannsóknarnefndarinnar einkum að því að greina hvernig ytri endurskoðun á ársreikningum fjármálafyrirtækja eða könnun árshlutareikninga þeirra hefði verið framkvæmd. Þá skoðaði nefndin jafnframt hvernig staðið hefði verið að könnun á því hvort útlán, kröfur og aðrar eignir samkvæmt efnahagsreikningi hefðu verið fyrir hendi í eignum fyrirtækjanna og þær færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðlega reikningsskilastaðla í reikningsskilum fyrir árið 2007 og árshlutareikningum 2008.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[179]

1. Við fall bankanna varð óhjákvæmilega mikið verðfall á eignum þeirra. Það er hins vegar niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að gæði útlánasafns bankanna hafi verið byrjuð að rýrna a.m.k. 12 mánuðum fyrir fall bankanna og hafi gert það allt fram að falli þeirra, þótt ekki sæist þess stað í reikningsskilum bankanna. Þær rannsóknir sem nefndin hefur

---

[175] Sama heimild, bls. 127.
[176] Sama heimild, bls. 128.
[177] Sama heimild, bls. 128.
[178] Sama heimild, bls. 128–153.
[179] Sama heimild, bls. 151–153.

gert á fjárhag fjármálafyrirtækjanna benda eindregið til þess að útlán og skuldbindingar þeim tengdar hafi verið ofmetin í reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna í árslok 2007 og við hálfsársuppgjör 2008. Með hliðsjón af þeim erfiðleikum í rekstri og fjármögnun margra viðskiptamanna bankanna sem þá voru þegar komnir fram, miðað við þá athugun sem rannsóknarnefndin hefur gert, má, eins og lýst er hér að framan, leiða líkur að því að þar kunni að hafa skeikað hundruðum milljarða króna.[180]

2. Athugun rannsóknarnefndarinnar sýnir að nánast engar sértækar niðurfærslur hafi verið gerðar, jafnvel ekki gagnvart stærstu skuldurum fyrirtækjanna, þ.m.t. helstu eigendum fjármálafyrirtækjanna, þrátt fyrir að framkvæmdar hafi verið margháttaðar „björgunaraðgerðir“ bæði á árinu 2007 og 2008.[181]
3. Í byrjun árs 2005 innleiddu fjármálafyrirtækin alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ein af meginbreytingunum var að grundvöllur útreiknings á framlagi í niðurfærslusjóð tapaðra útlána skyldi byggjast á stöðu útlána á reikningsskiladegi og á fenginni reynslu af innheimtu þeirra í stað væntinga um framtíðartap útlánanna. Þetta var sérstaklega óheppilegt fyrir íslensku bankana sem stækkuðu ört á þessum tíma. Bönkum í örum vexti fylgir mikið af nýjum viðskiptavinum og í tilvikum þeirra er því ekki fyrir hendi „fengin reynsla“. Má því ætla að framlög í niðurfærslusjóði hafi verið of lág, jafnvel þó að þau hafi verið í samræmi við reikningsskilastaðla. Í 4. kafla er rætt um hvernig til dæmis spænski seðlabankinn brást við þessum ágalla í reikningsskilastaðlinum með því að gera þarlendum bönkum að færa í niðurfærslusjóð viðbótarframlag sem tók mið af vexti fjármálastofnunarinnar. Eitthvað slíkt hefði eflaust verið við hæfi hér á landi.[182]
4. Þegar þetta er virt telur rannsóknarnefnd Alþingis að þrátt fyrir þá framkvæmd sem verið hefur á reikningsskilum fjármálafyrirtækja hér á landi leiði veigamikil rök til þeirrar niðurstöðu að draga hefði átt lán sem einvörðungu eru tryggð með veði í eigin hlutabréfum frá eigin fé fjármálafyrirtækis á grundvelli 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Það er jafnframt niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að sterk rök séu fyrir því að ef þriðji aðili er skráður eigandi að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki, skuli meðhöndla slíka hluti sem eigin hluti í skilningi síðastnefnds ákvæðis, ef þriðji maður er eigandi „fyrir reikning félagsins“, þ.e. fjármálafyrirtækisins. Við mat á því hvenær telja megi að þriðji maður sé eigandi „fyrir reikning félagsins“ verður eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að horfa til þess hver ber áhættuna af viðkomandi hlutum. Ef það er félagið sjálft verður að líta svo á að þriðji maður sé eingöngu skráður fyrir þeim „fyrir reikning félagsins“ og því beri að meðhöndla þá sem eigin hluti.[183]
5. Nefndin telur einnig ástæðu til að benda í þessu samhengi á þá miklu áhættu sem bankarnir báru vegna eigin hlutabréfa og þar með þegar kom að eigin fé þeirra. Leiða má að því líkur að það hafi valdið því að bankarnir lögðu enn frekara fjármagn til viðskipta með eigin hlutabréf og annarra fjármálafyrirtækja en slíkt hlaut að styðja við gengi bréfanna eins og rökstutt er í 12. kafla.
6. Rannsóknarnefnd Alþingis telur einnig að fjármögnun bankanna á hlutabréfum hvers annars hafi verið það umfangsmikil að með því hafi skapast mikil kerfisleg áhætta sem

---

[180] Sama heimild, bls. 151.
[181] Sama heimild, bls. 151.
[182] Sama heimild, bls. 151.
[183] Sama heimild, bls. 151–152.

hafi veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér þá lausafjárkreppu sem skall á um mitt ár 2007.[184]

7. Rannsóknarnefndin telur í ljósi þess sem rakið er í þessum kafla ástæðu til að setja fram þá ábendingu að hugað verði að því að setja skýrari reglur um hvaða eigin hlutabréf í fjármálafyrirtæki eigi að koma til frádráttar við útreikning á eigin fé.[185]
8. Það er álit rannsóknarnefndarinnar að skort hafi á að endurskoðendur sinntu nægilega skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árið 2007 og við hálfsársuppgjör 2008, að því er varðar rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptaaðila fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér.[186]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin tekur undir þær niðurstöður rannsóknarnefndarinnar er varða þörf fyrir sterkari lagagrundvöll innra eftirlits fjármálafyrirtækja og aðgengi innri endurskoðenda að Fjármálaeftirlitinu.

Þingmannanefndin telur rétt að herða á ábyrgð, upplýsingaskyldu og verklagi innri endurskoðenda, styrkja sjálfstæði þeirra gagnvart stjórnendum fjármálafyrirtækja og efla tengsl þeirra við fulltrúa Fjármálaeftirlitsins.

Þingmannanefndin telur óeðlilegt að gengisáhætta bankanna hafi verið flutt yfir á viðskiptavini. Þótt markmið bankanna hafi verið að minnka áhættu sína með lánveitingum í erlendri mynt til innlendra aðila og vega með því upp á móti gengisáhættu sem slíkri fjármögnun fylgir hafi slíkt ekki minnkað gengisáhættuna heldur aðeins breytt henni í skuldaraáhættu fyrir bankann.

Þingmannanefndin telur að skýra þurfi og efla lög og reglur um störf og hlutverk endurskoðenda fyrirtækja, meðal annars til þess að bæta starfsskilyrði og efla frumkvæðisskyldu þeirra við endurskoðun.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði úttekt á störfum innri og ytri endurskoðenda fjármálafyrirtækja fram að bankahruni. Þá telur nefndin mikilvægt að meðal endurskoðenda fari fram frekari umræða um ábyrgð þeirra í tengslum við bankahrunið og endurskoðun á starfsháttum, gæða- og siðareglum í ljósi þess lærdóms sem draga má af skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Þingmannanefndin vill geta þess að rannsóknarnefnd Alþingis hefur á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008 séð ástæðu til þess að senda sérstökum saksóknara tilkynningu um að rannsakað verði hvort endurskoðendur þeirra fjármálafyrirtækja sem féllu haustið 2008 og í upphafi árs 2009 hafi brotið starfsskyldur sínar við endurskoðun þessara fjármálafyrirtækja þannig að refsingu varði.

---

[184] Sama heimild, bls. 152.
[185] Sama heimild, bls. 153.
[186] Sama heimild, bls. 153.

4.4 Fjórða bindi skýrslunnar.

12. kafli. Verðbréfamarkaðir.[187]

Fjórða bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fjallar um verðbréfamarkaðinn, gjaldeyrismarkaðinn og verðbréfa- og fjárfestingarsjóði stóru bankanna þriggja. Í 12. kafla er farið yfir íslenskan verðbréfamarkað, þróun hans og virkni, sérstaklega síðustu mánuðina fyrir efnahagshrunið.

Verðbréfamarkaðir eru fyrst og fremst viðskiptavettvangur fyrir fjármagnseigendur og fyrirtæki sem þurfa á fjármagni að halda án beinnar milligöngu banka. Þó geta bankar stundað viðskipti á verðbréfamarkaði fyrir viðskiptavini sína. Virkni verðbréfamarkaðar felst í kaupum og sölu á verðbréfum, þ.e. hlutabréf í félögum eru boðin til sölu í þeim tilgangi að afla fjár fyrir viðkomandi félag. Skuldabréf flokkast einnig undir verðbréf. Markmið verðbréfaviðskipta eru almennt að tryggja félögum fjármagn inn í rekstur sinn.

Á Íslandi er starfræktur einn skipulegur verðbréfamarkaður, NASDAQ OMX Iceland hf., og er hann hluti af samstæðu kauphalla á Norðurlöndunum. Einungis aðilar sem hafa tilskilin starfsleyfi geta átt viðskipti í Kauphöllinni og nefnast þeir kauphallaraðilar.

Þróun íslensks verðbréfamarkaðar.[188]

Í kaflanum er fjallað um þróun íslensks verðbréfamarkaðar allt frá því að Verðbréfaþing Íslands hf. var stofnað árið 1985. Frá árinu 2000 fór að bera á samruna félaga og yfirtökum sem leiddu til afskráninga og fækkunar félaga á verðbréfamarkaði. Úrvalsvísitalan var fyrst tekin saman árið 1998 og hafði hún hækkað um 110,29% þegar komið var fram á árið 2004. Hæsta gildi náði hún 18. júlí 2007, eða 9016,48 stigum, sem er hækkun upp á 328,76%. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar segir að sú hækkun sé einsdæmi meðal þróaðra hagkerfa. Hækkun vísitölunnar má að mestu leyti rekja til hækkunar á hlutabréfum bankanna þriggja en þeir voru sjálfir mjög atkvæðamiklir í kaupum og sölu á eigin bréfum.

Kaup og sala á verðbréfamarkaði fór að miklu leyti fram með lánveitingum frá bönkunum þremur og oft voru einu veðin tekin í bréfunum sjálfum. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að ýmsir misbrestir hafi verið á uppbyggingu verðbréfamarkaða hér á landi og markaðurinn hafi verið óþroskaður. Hegðun bankanna hvað varðar lánveitingar til kaupa í eigin bréfum leiddi, þegar hlutabréfaverð fór lækkandi, til minni gæða í útlánasöfnum þeirra sem hafði aftur mikil áhrif á afkomu bankanna og hlutabréfaverð. Einnig kemur hér til skoðunar þáttur starfsmanna bankanna en þeir áttu margir hverjir hlutabréf í bönkunum og höfðu fengið fjármögnun þaðan til viðskiptanna. Þannig var komin upp mjög þröng staða í lok árs 2007 þegar hlutabréf fóru að lækka í verði og allt of margir áttu of mikið undir því að gengi bankanna á hlutabréfamarkaði vænkaðist.

Viðskipti bankanna.[189]

Nokkuð ítarlega er fjallað um viðskipti stóru bankanna þriggja með eigin hlutabréf í kaflanum. Þau viðskipti fóru almennt þannig fram að kaup á hlutum voru gerð gegnum tilboðsbókina í Kauphöllinni, þ.e. með pöruðum viðskiptum gegnum kerfi Kauphallarinnar. Salan

---

[187] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 4, bls. 7–116.

[188] Sama heimild, bls. 14–21.

[189] Sama heimild, bls. 22–67.

fór hins vegar yfirleitt fram í stórum viðskiptum utan tilboðabókanna sem voru tilkynnt síðar til Kauphallarinnar. Ástæða þess að bankarnir beittu þessari aðferð er sú að pöruð viðskipti hafa áhrif á verðmyndun en tilkynnt viðskipti hafa einungis takmörkuð áhrif á verðmyndun. Rannsóknarnefndin telur því að bankarnir hafi reynt að kalla fram óeðlilega eftirspurn eftir hlutabréfum í sjálfum sér og notað til þess það svigrúm sem hægt var að skapa með viðskiptum deilda eigin viðskipta í bönkunum. Markmið bankanna var að tempra hraða verðlækkunarinnar og vinna þannig tíma til að greiða úr öðrum málum. Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar eru að *yfirgnæfandi líkur séu á því að þau viðskipti bankanna með eigin hlutabréf sem greining nefndarinnar náði til hafi verið framkvæmd í þeim tilgangi að gefa misvísandi upplýsingar um eftirspurn eftir hlutabréfunum og hafa þannig áhrif á verð þeirra.*[190] Umfang viðskiptanna var svo mikið að ekki hefði verið mögulegt að halda kaupunum til streitu nema einhver sala kæmi á móti eða með því að flagga uppsöfnuðum eignarhlut bankanna opinberlega.

Í mörgum tilvikum veittu bankarnir völdum viðskiptavinum sínum lán á hagstæðum kjörum og jafnvel án trygginga til þess að liðka fyrir slíkri sölu. Í ljósi greiningar sinnar telur rannsóknarnefndin ljóst að það sé verulega óheppilegt að banki eða fjármálastofnun sé viðskiptavaki með eigin hlutabréf, ekki síst þegar þeir eru einnig lánveitendur í tengdum viðskiptum. Rannsóknarnefndin telur einnig að mörg af þeim lánum sem bankarnir veittu til kaupa á eigin bréfum og áttu sér stað síðla árs 2007 og árið 2008 hafi einungis verið til þess fallin að auka svigrúm veltubóka bankanna til frekari hlutabréfakaupa og ekki hafi í öllum tilfellum verið gætt að því að koma í veg fyrir að bankinn bæri sjálfur alla áhættu af verðbreytingum bréfanna. Staðan er einmitt sú að þegar banki kaupir sjálfur hlutabréf ber hann þá áhættu eina sem nemur þeirri upphæð sem hann borgaði fyrir hlutina. Ávinningur hans getur hins vegar verið mikill hækki hlutabréfin í verði. Ef hins vegar banki lánar fyrir hlutabréfakaupum einungis með veðum í bréfunum sjálfum ber hann sömu áhættu og ef hann hefði keypt bréfin sjálfur og fær engan ávinning nema þóknun og vexti af láninu. Því eru þessir viðskiptahættir verulega varhugaverðir með sjónarmið og hagsmuni bankans sjálfs í huga.

Líta má svo á að hagsmunir starfsmanna séu á nokkurn hátt samtvinnaðir hagsmunum vinnuveitandans, einkum ef starfsmenn eru einnig hluthafar í viðkomandi félagi, og er því alltaf ákveðinn hvati til staðar til þess að hafa áhrif á verð hafi félagið eða starfsmenn þess hag af því. Eftirlitsstofnanir þurfa einnig að hafa betri úrræði til þess að fylgjast með stöðutöku og viðskiptum fjármálafyrirtækja sem og einstakra fjárfesta svo hægt sé að koma í veg fyrir að viðskiptahættir í líkingu við þá sem tíðkuðust hjá deildum eigin viðskipta bankanna verði viðhafðir í framtíðinni.

Seðlabanki Íslands og eftirlitsaðilar.[191]

Rannsóknarnefndin gagnrýnir Seðlabankann fyrir að fylgjast ekki nægilega vel með veðsetningu hlutabréfa á verðbréfamarkaði. Fræðimenn hafa fært fyrir því rök að seðlabankar eigi að hafa eftirlit með veðsetningu í hagkerfinu og grípa inn í til þess að koma í veg fyrir að hún verði of há á uppgangstímum og stuðla að aukningu þegar samdráttur er í hagkerfinu. Með slíkum aðferðum megi hugsanlega stuðla að auknum fjármálastöðugleika. Rannsóknarnefndin telur að Seðlabanki Íslands eigi á grundvelli lögmæltrar skyldu sinnar að viðhalda

---

[190] Sama heimild, bls. 65.
[191] Sama heimild, bls. 62–67.

fjármálastöðugleika að safna upplýsingum um veðsetningu og grípa jafnvel inn í ef sú staða kemur upp aftur að mikil aukning verður í veðsetningu samhliða verðhækkunum á verðbréfum og almennri þenslu í hagkerfinu.

Þá tiltekur rannsóknarnefndin að Fjármálaeftirlitið hafi ekki fylgst nægilega með stöðutökum bankanna þriggja á verðbréfamarkaði og þróun hennar frá árinu 2007 þegar bankarnir fara í stórum stíl að kaupa hlutabréf hver í sínum banka og losa út þann eignarhlut í stórum skömmtum til að komast hjá því að senda út flöggunartilkynningu. Rannsóknarnefndin telur að eftirlitið hafi brugðist í því efni. Þá telur rannsóknarnefndin mikilvægt að Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin hafi með sér skýrari verkaskiptingu til þess að gripið sé inn í óeðlilega viðskiptahætti sem fyrst og er þar vísað til þeirrar hegðunar bankanna að einoka kauphlið tilboðabóka eigin félags.

Að mati rannsóknarnefndarinnar er hlutverk regluvarða mikilvægt á verðbréfamörkuðum sem og í rekstri fjármálafyrirtækja. Regluverðir bankanna þriggja fengu takmarkaðar upplýsingar og höfðu lítið ákvörðunarvald og stóðu oft í deilum við stjórnendur um starfssvið sitt, heimildir og úrræði. Rannsóknarnefndin leggur til að hlutverk regluvarða innan bankanna verði styrkt verulega, hlutverk þeirra og staða í skipuritum skýrð betur og sjálfstæði þeirra og upplýsingagjöf til þeirra tryggð. Þá telur nefndin einnig að regluverðir þurfi að hafa sterkt bakland hjá Fjármálaeftirlitinu og að þar fái þeir stuðning, svo sem ef farið er inn á verksvið þeirra eða komið í veg fyrir að þeir geti sinnt skyldum sínum. Slíkt bakland mundi gera stjórnendum bankanna ljóst að afleiðingar þess að virða ekki ráðleggingar regluvarða geti orðið alvarlegar.

Deildir eigin viðskipta í bönkunum.[192]

Rannsóknarnefndin getur ekki fallist á að eðlileg viðskiptasjónarmið hafi legið að baki kaupum deilda eigin viðskipta í bönkunum á hlutabréfum þegar tap er stöðugt á kaupum og sölu bréfa. Rannsóknarnefndin getur þannig ekki fallist á þær skýringar sem forsvarsmenn og stjórnendur bankanna gáfu um þessi viðskipti, þ.e. að um hafi verið að ræða eðlilega viðskiptavakt hlutabréfa eða að þessi leið sé eðlileg þegar horft er til langtímafjárfestinga. Nánar er fjallað um skýringar stjórnenda bankanna og yfirmanna deilda eigin viðskipta í kafla 12.7 í skýrslunni. Rannsóknarnefndin telur að vísbendingar séu uppi um að aðgreining miðlunar og deilda eigin viðskipta hafi ekki verið jafnmikil og eðlilegt hefði verið talið. Milli þessara deilda eiga að vera „kínamúrar“ sem sjá til þess að bankarnir geti ekki nýtt sér upplýsingar um áætlanir viðskiptavina sinna til þess að eiga sjálfir viðskipti á betri kjörum. Rannsóknarnefndin telur að mjög mikilvægt sé að halda þessari aðgreiningu milli miðlunar og eigin viðskipta svo að verðbréfaviðskipti geti gengið eðlilega fyrir sig.

Í kaflanum er sérstaklega fjallað um nokkur málefni í rammagreinum, svo sem um hvata bankanna til þess að hafa áhrif á verð eigin hlutabréfa, um málefni stjórnenda Glitnis og Milestone, um skipti Landsbankans og Glitnis á hlutabréfum hvors í öðrum í september 2008. Þá er í kaflanum fróðleg og ítarleg samantekt yfir lánveitingar til hlutabréfakaupa í öllum bönkunum þremur.

Stuttlega er vikið að skuldabréfamarkaðnum og stöðunni á honum árin fyrir efnahagshrunið. Kemur þar fram að frá árinu 2004 og fram til septemberloka 2008 hafi nafnvirði útistandandi skuldabréfa á markaði aukist um 1.217% og fólst mesta aukningin í skuldabréfum bankanna sem voru orðin um 30% af nafnvirði markaðarins í lok september 2008. Sérstaka

---

[192] Sama heimild, bls. 22–67.

athygli vekur aukning útgáfu bankabréfa árið 2008 en þá skiptust bankarnir á skuldabréfum í þeim tilgangi að fjármagna þau í gegnum Seðlabankann. Nánar er fjallað um þetta atriði í 4. og 7. kafla skýrslunnar. Mesta veltan á þessu tímabili var þó með skuldabréf ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs, eða 96% af heildarveltu árin 2004–2008.

Sérstaklega er bent á þróun ávöxtunarkröfu skuldabréfa Íbúðalánasjóðs sem hækkar töluvert frá hausti 2006 og fram til loka árs 2007 en ávöxtunarkrafan breytist almennt í öfugu hlutfalli við verð skuldabréfanna. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og hlutabréfaverð er að hækka og er merki um aukna áhættusækni fjárfesta. Í lok árs 2007 fór ávöxtunarkrafan að lækka á ný, skuldabréfaverð hækkaði og hlutabréfaverð fór þá lækkandi. Á sama hátt má líta á þá þróun sem aukna sókn fjárfesta í öruggari fjárfestingar.

Af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar má sjá að þróun skuldabréfamarkaðarins kallast að nokkru leyti á við þróun hlutabréfamarkaðarins en með öfugum formerkjum. Á það sérstaklega við um þróun skuldabréfa Íbúðalánasjóðs og ríkisskuldabréf en ákveðin tengsl voru milli þróunar þessara tveggja markaða.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[193]

1. Ýmsir misbrestir voru á uppbyggingu verðbréfamarkaða hér á landi sem gefur til kynna að markaðurinn hafi á margan hátt verið óþroskaður.[194]
2. Rannsóknarnefndin leiðir líkur að því að þá miklu hækkun sem varð á hlutabréfaverði frá upphafi árs 2004 fram til miðs árs 2007 megi fyrst og fremst rekja til aukinnar skuldsetningar vegna verðbréfakaupa og vanmats á þeirri auknu áhættu sem henni fylgdi.[195]
3. Rannsóknarnefndin telur bankana hafa komið sjálfum sér í þrönga stöðu þegar hlutabréfaverð fór lækkandi síðla árs 2007 með því að hafa veitt lán til hlutabréfakaupa og með töku veða í eigin bréfum. Einnig áttu starfsmenn í mörgum tilfellum talsverðan eignarhlut í eigin banka sem bankinn jafnvel fjármagnaði. Fallandi hlutabréfaverð leiddi til minni gæða í útlánasöfnum þeirra sem hafði aftur mikil áhrif á afkomu bankanna og hlutabréfaverð almennt. Rannsóknarnefndin telur því að bankarnir hafi allir reynt að kalla fram óeðlilega eftirspurn eftir hlutabréfum í sjálfum sér og notað til þess það svigrúm sem hægt var að skapa með viðskiptum deilda eigin viðskipta. Allir bankarnir þrír voru umsvifamiklir kaupendur eigin hlutabréfa.[196]
4. Rannsóknarnefndin telur að margar af þeim lánveitingum til hlutabréfakaupa í bönkunum sjálfum sem áttu sér stað síðla árs 2007 og allt árið 2008 hafi verið til þess fallnar að auka svigrúm veltubóka bankanna til frekari hlutabréfakaupa og að ekki hafi í öllum tilfellum verið gætt að því að koma í veg fyrir að bankinn bæri alla áhættuna af verðbreytingum bréfanna.[197] Yfirgnæfandi líkur séu á því að þau viðskipti bankanna með eigin hlutabréf sem greining nefndarinnar náði til hafi verið framkvæmd í þeim tilgangi að gefa misvísandi upplýsingar um eftirspurn eftir hlutabréfunum og hafa þannig áhrif á verð þeirra.[198]

---

[193] Sama heimild, bls. 62–67.
[194] Sama heimild, bls. 62.
[195] Sama heimild, bls. 62.
[196] Sama heimild, bls. 62–63.
[197] Sama heimild, bls. 63.
[198] Sama heimild, bls. 65.

5. Rannsóknarnefndin bendir á að láni banki að fullu fyrir hlutabréfakaupum, með engin veð önnur en bréfin sjálf, ber hann sömu áhættu og ef hann hefði sjálfur keypt bréfin en ávinningurinn takmarkast við þóknanir og vaxtagreiðslu sem þó er óvíst að komi til nema hlutabréfaverðið hækki eða arðgreiðslur dugi fyrir greiðslunum. Þannig eru takmörk sett á ávinning en engin á tapið.[199]
6. Rannsóknarnefndin telur að Seðlabanki Íslands eigi, á grundvelli þeirrar lögmæltu skyldu sinnar að viðhalda fjármálastöðugleika, að safna upplýsingum um veðsetningu og grípa jafnvel inn í ef sú staða kemur upp aftur að mikil aukning verður á veðsetningu samhliða verðhækkunum á verðbréfum og almennri þenslu í hagkerfinu.[200]
7. Rannsóknarnefndin telur að ekki sé hægt að fallast á að kaup deilda eigin viðskipta í bönkunum á hlutabréfum hafi verið byggð á eðlilegum viðskiptasjónarmiðum, hvorki sjónarmiðum um eðlilega viðskiptavakt hlutabréfa né ávöxtun á fjármunum bankanna.[201]
8. Rannsóknarnefndin telur að vísbendingar séu uppi um að innan bankanna hafi aðgreining miðlunar og deilda eigin viðskipta í reynd ekki verið jafnmikil og hefði mátt ætla. Rannsóknarnefndin minnir á að það er mjög mikilvægt fyrir eðlileg verðbréfaviðskipti að þessi aðgreining sé í raun fyrir hendi.[202]
9. Rannsóknarnefndin telur að það viðhorf bankanna að tap í viðskiptum sé eðlilegt fyrir viðskiptavaka sé rangt þar sem aðkoma þeirra eigi aðeins að vera sú að hækka verð þegar kaupþrýstingur er og lækka verð þegar söluþrýstingur myndast. Önnur staða viðskiptavaka gefi vísbendingar um að verið sé að viðhalda óeðlilegu verði. Telur rannsóknarnefndin ljóst að það sé verulega óheppilegt að bankar eða fjármálastofnanir séu viðskiptavakar[203] með eigin hlutabréf og þá ekki síst þegar þau eru einnig lánveitendur í tengdum viðskiptum.[204]
10. Rannsóknarnefndin telur eftirlitsstofnanir þurfa hafa betri úrræði til að fylgjast með stöðutöku og viðskiptum fjármálafyrirtækja sem og einstakra fjárfesta svo að hægt sé að koma í veg fyrir að viðskiptahættir í líkingu við þá sem tíðkuðust hjá deildum eigin viðskipta bankanna verði viðhafðir í framtíðinni.[205]
11. Rannsóknarnefndin telur að það kunni að vera mikilvægt að hafa strangara eftirlit með hugsanlegri markaðsmisnotkun á litlum og óþroskuðum hlutabréfamörkuðum en draga mætti úr eftirlitinu þegar líður á og viðkomandi markaður þroskast.[206]
12. Þá telur rannsóknarnefndin að Fjármálaeftirlitið hafi brugðist skyldum sínum þegar ekki var notast við gagnagrunn sem til var um verðbréfaviðskipti. Rannsóknarnefndin telur að hefði eftirlitið notað gögnin úr grunninum hefði það kallað á rannsókn á verðbréfamarkaðnum sem hefði mögulega getað breytt atburðarásinni að einhverju leyti.[207]

---

[199] Sama heimild, bls. 63.
[200] Sama heimild, bls. 63.
[201] Sama heimild, bls. 64.
[202] Sama heimild, bls. 56.
[203] Viðskiptavaki er fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta og hefur með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim, sbr. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.
[204] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 4, bls. 65.
[205] Sama heimild, bls. 65.
[206] Sama heimild, bls. 66.
[207] Sama heimild, bls. 66.

13. Þá telur rannsóknarnefndin mikilvægt að Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin hafi með sér skýrari verkaskiptingu til þess að auðvelda eftirlit með því að góðir viðskiptahættir séu stundaðir og vísar rannsóknarnefndin þar til þeirrar hegðunar bankanna að einoka kauphlið tilboðabóka eigin félags.[208]
14. Hlutverk regluvarða hefði þurft að vera stærra innan bankanna. Almennt voru stöður regluvarða undirmannaðar auk þess sem þeir fengu takmarkaðar upplýsingar og höfðu afar lítið ákvörðunarvald. Rannsóknarnefndin leggur til að hlutverk regluvarða innan bankanna verði styrkt verulega, hlutverk þeirra og staða í skipuritum skýrð betur og sjálfstæði þeirra og upplýsingagjöf til þeirra tryggð. Þá telur nefndin einnig að regluverðir þurfi að hafa sterkt bakland hjá Fjármálaeftirlitinu og fá þar stuðning, svo sem ef farið er inn á verksvið þeirra eða komið í veg fyrir að þeir geti sinnt skyldum sínum.[209]
15. Að lokum bendir rannsóknarnefndin á að gagnhæði[210] myndast milli afkomu félags og hlutabréfaverðs þegar velgengni félags er að verulegu leyti háð verði eigin hlutabréfa. Rannsóknarnefndin telur að slíkt gagnhæði hafi myndast á íslenskum verðbréfamarkaði þannig að fallandi hlutabréfaverð gat haft afdrifarík áhrif á afkomu bankanna. Slíkt gagnhæði hafi skapað óæskilegan hvata til þess að hafa áhrif á hlutabréfaverð. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir að slík staða geti komið upp aftur og bendir rannsóknarnefndin þar sérstaklega á mikilvægi eftirlitsaðila.[211]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur nauðsynlegt að ráðist verði í mótun langtímastefnu og endurskoðun á löggjöf um fjármálamarkaði og lögum um Kauphöll Íslands. Sérstaklega verði horft til þróunar á þessum sviðum sem á sér stað erlendis. Í því sambandi verði kannað hvort nauðsyn sé á strangara eftirliti með markaðsmisnotkun vegna smæðar íslenska hlutabréfamarkaðarins.

Þingmannanefndin telur það sérlega gagnrýnisvert hvernig bankarnir kölluðu fram óeðlilega eftirspurn eftir hlutabréfum í sjálfum sér en það leiddi til verulegs tjóns fyrir hluthafa og almenning í landinu.

Þá telur þingmannanefndin nauðsynlegt að skapa eftirlitsstofnunum sterkari stöðu til að fylgjast með stöðutöku og viðskiptum fjármálafyrirtækja og einstakra fjárfesta, sérstaklega með tilliti til eigin viðskipta.

13. kafli. Gjaldeyrismarkaður.[212]

Í þessum kafla er viðskiptum með íslensku krónuna lýst í aðdraganda að falli bankanna í október 2008.

---

[208] Sama heimild, bls. 66.
[209] Sama heimild, bls. 66–67.
[210] Gagnhæði vísar til þess þegar hlutir eru háðir innbyrðis/hvor öðrum.
[211] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 4, bls. 67.
[212] Sama heimild, bls. 117–134.

Í ársbyrjun 2001 var íslenska krónan sett á flot, samhliða því að Seðlabankinn fékk aukið sjálfstæði og tók upp verðbólgumarkmið. Í lok árs 2001 hófust síðan viðskipti á óformlegum millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga. Eftir flot krónunnar styrktist raungengi hennar frá því í lok árs 2001 og fram til nóvember 2005 þegar krónan náði hæsta gildi sínu frá árinu 1988. Krónan veiktist síðan aftur en tók að styrkjast sumarið 2006 og hélt styrkingu sinni fram til loka ársins 2007 þegar veiking hennar hófst á ný og stóð allt fram að falli bankanna.

Stóru bankarnir þrír stunduðu viðskipti á gjaldeyrismarkaði í tvennum tilgangi, annars vegar fyrir eigin reikning til að mæta eigin viðskipta- og fjárfestingarþörf og til að stýra gjaldeyrisjöfnuði sínum og hins vegar til þess að þjónusta viðskiptavini sína sem þurftu á gjaldeyri og gjaldeyrisviðskiptum að halda. Í þessum viðskiptum þurftu bankarnir að hyggja að gjaldeyrisskiptajöfnuði sínum en samkvæmt reglum nr. 318/2006, um gjaldeyrisjöfnuð, mátti heildargjaldeyrisstaðan hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en 30% af eigin fé aðila samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þessu var breytt með reglum nr. 577/2008 og var hlutfallið lækkað niður í 10% af eigin fé.

Ítarlega er farið yfir viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri og flæði hans á markaði kannað milli stóru bankanna þriggja en þeir voru viðskiptavakar á millibankamarkaðnum. Rannsóknarnefndin bendir sérstaklega á að í lok september 2008 hafði Landsbankinn veitt inn á markaðinn nánast öllum þeim gjaldeyri sem kom inn á tímabilinu frá 1. desember 2006. Sá gjaldeyrir hafði næstum allur flætt út í gegnum Landsbankann og inn í gegnum Kaupþing.

Rannsóknarnefndin bendir á að á tveggja ára tímabili, frá lokum ársins 2007, hafi Kaupþing verið afar stór kaupandi gjaldeyris á millibankamarkaði meðan Landsbankinn veitti miklum erlendum gjaldeyri inn á markaðinn. Síðan hafi fimm innlend fyrirtæki keypt verulegar fjárhæðir í evrum sem hafi vakið athygli vegna umfangs viðskiptanna. Þessi miklu kaup á gjaldeyri höfðu veruleg áhrif innan Seðlabankans sem bað Fjármálaeftirlitið að kanna viðskiptin. Það var niðurstaða eftirlitsins að ekkert hefði komið fram sem benti til brota á lögum í tengslum við þessi viðskipti.

Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að allir stóru viðskiptabankarnir hafi varið eiginfjárhlutfall sitt gagnvart gengisbreytingum íslensku krónunnar í auknum mæli síðustu tvö árin fyrir hrun þannig að stærri hluti af eignum þeirra og skuldum hafi verið í erlendum gjaldmiðli.

Fjallað er um gjaldeyrisskiptasamninga, viðskipti með þá á millibankamarkaði og afleiddan vaxtamun á honum í kaflanum. Sérstaklega er minnst á að í mars 2008 hafi vaxtamunurinn verið orðinn nánast enginn sem var merki um verulegan lausafjárskort íslensku bankanna í erlendum gjaldmiðlum sem kominn var til vegna þröngrar stöðu á erlendum fjármagnsmörkuðum. Þessi vaxtamunur sýndi að íslensku bankarnir vildu alls ekki missa frá sér evrur. Fram kemur að erfiðleikar bankanna við endurfjármögnun erlendra lána og útflæði af erlendum innlánsreikningum þeirra hafi valdið verulegum skorti á erlendum gjaldeyri vorið 2008. Þegar vaxtamunurinn var orðinn þetta lítill hefði það átt að leiða til þess að innflæði yrði á gjaldeyri þar sem hægt var að ávaxta evrur hér á landi á krónuvöxtum. Hins vegar gerðist það að krónan féll þegar erlendir aðilar tóku krónurnar sínar út úr bönkunum og skiptu þeim í evrur. Þessar aðstæður leiddu því meðal annars til falls íslensku krónunnar.

Lífeyrissjóðirnir voru vel varðir fyrir hreyfingum íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Varnirnar voru framvirkir gjaldeyrissamningar eða gjaldmiðlaskiptasamningar gerðir til skamms tíma. Lífeyrissjóðir eru hins vegar í eðli sínu langtímafjárfestar. Í skýrslunni kemur fram mat Con Keating, sérfræðings um lífeyrissjóðalausnir, að almennt sé ekki

hægt að mæla með skammtímavörnum á langtímaeignir. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að umhugsunarvert sé að þeir þrír lífeyrissjóðir sem nefndin kannaði, Gildi – lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóðir Bankastræti 7, skyldu hafa aukið varnir sínar þegar krónan tók að veikjast, en það bendir til þess að sjóðirnir hafi vonast eftir skjótfengnum gróða við aukið fall krónunnar.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[213]

1. Lánveitingar til einstaklinga í erlendum myntum jukust verulega á tímabilinu frá 2006 og fram að falli bankanna. Með slíkum lánveitingum voru bankarnir að flytja myntáhættu, sem skapaðist vegna fjármögnunar bankanna erlendis, frá þeim sjálfum yfir á einstaklingana. Útlánaáhætta var þó enn til staðar hjá bönkunum ef viðkomandi einstaklingur hafði ekki tekjur í erlendri mynt á móti skuld sinni.[214]
2. Lífeyrissjóðirnir voru vel varðir fyrir hreyfingum krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og virðist sem vörnum þeirra hafi verið stýrt á virkan hátt auk þess sem sjóðirnir væntu þess að íslenska krónan mundi styrkjast. Rannsóknarnefndin bendir sérstaklega á að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar en varnarsamningar tengdir gjaldmiðlum eru almennt til skamms tíma.[215]
3. Rannsóknarnefnd Alþingis telur það umhugsunarvert að þeir lífeyrissjóðir sem kannaðir voru hafi aukið varnir þegar krónan tók að veikjast. Það bendir til þess að sjóðirnir, sem eiga að vera með langtímafjárfestingarmarkmið, hafi verið að vonast eftir skjótfengnum ágóða á gjaldeyrismarkaði.[216]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

14. kafli. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir.[217]

Efni kaflans er greining á verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Rannsóknarnefndin tók til ítarlegrar skoðunar alls níu sjóði sem reknir voru af dótturfélögum stóru bankanna þriggja, Glitni sjóðum hf., Rekstrarfélagi Kaupþings hf. og Landsvaka hf. Fram kemur í lögum um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, geta fjárfest meira í óskráðum verðbréfum auk þess sem ekki er krafist eins mikillar áhættudreifingar og í verðbréfasjóðum. Heimilt er að markaðssetja verðbréfasjóði á Evrópska efnahagssvæðinu en fjárfestingarsjóði má einungis markaðssetja innan lands. Einnig er í lögunum kveðið á um fjárfestingarheimildir sjóðanna, hámark fjárfestinga í einum útgefanda og aðrar takmarkanir á eignasafni sjóða, reglur um lán og ábyrgðir, skortsölu á verðbréfum og eftirlit með áhættu í sjóðnum. Fjárfestingarstefna sjóðanna er rakin sem og samsetning eigna í sjóðum og þróun hennar frá árunum 2005–2008.

---

213 Sama heimild, bls.132–134.
214 Sama heimild, bls. 133.
215 Sama heimild, bls. 133.
216 Sama heimild, bls. 134.
217 Sama heimild, bls. 135–239.

Sjóðirnir, rekstur og fjárfestingar.

Glitnir sjóðir hf.[218]

Stærsti sjóður Glitnis, sjóður 9, stækkaði hratt á skömmum tíma. Áhættudreifingu í sjóðnum var verulega ábótavant og sérstaka athygli vakti hversu lágt hlutfall ríkistryggðra verðbréfa var í eignasafninu. Þá voru fjárfestingar sjóðsins í eignarhaldsfélögum umfram það sem teljast mátti eðlilegt í dreifðu eignasafni auk þess sem lán sjóðsins til móðurfélagsins og tengdra félaga voru afar mikil. Rannsóknarnefndin telur að sjóðurinn hafi starfað meira eins og banki þegar kom fram á árið 2008 þar sem sjóðurinn var farinn að krefjast trygginga þegar hann keypti skuldabréf eða víxla tiltekinna eignarhaldsfélaga. Þá gerir rannsóknarnefndin einnig athugasemd við það að sjóðir rekstrarfélagsins skyldu kaupa skuldabréfaútgáfur í heild þar sem erfitt er þá að meta virði slíkra bréfa. Einnig gagnrýnir rannsóknarnefndin lánveitingar sjóðs 9 til Glitnis banka og tengdra félaga og segir þær vekja verulegar spurningar um óhæði rekstrarfélagsins gagnvart eiganda þess.

Landsvaki hf.[219]

Sjóðurinn Peningabréf ISK í eigu Landsvaka hf. var stærsti peningamarkaðssjóður landsins. Eignir sjóðsins voru að meiri hluta í Landsbankanum eða tengdum félögum auk þess sem mikið var keypt af skuldabréfum Baugs Group og FL Group/Stoða. Fjárfestingar sjóðsins í bréfum þessara aðila voru endurnýjaðar á gjalddaga þrátt fyrir greiðslufall útgefanda. Greiðslufall Baugs hefði átt að endurspeglast í virði eigna sjóðsins en í stað þess að upplýsa um væntanlegt tap sjóðsins var ákveðið að endurfjárfesta í bréfum Baugs þrátt fyrir verulegan fjárhagsvanda. Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar er að móðurfélag sjóðanna hafi haft verulega mikil áhrif á fjárfestingar þeirra. Gagnrýnd er sú ákvörðun Landsvaka hf. að selja öll ríkisskuldabréf úr sjóðnum í þeim tilgangi að auka ávöxtun hans á kostnað áhættudreifingar en slík dreifing áhættu hlýtur að vera sjónarmið sem hlutdeildarskírteinishöfum er afar mikilvægt. Þá telur rannsóknarnefndin ámælisvert að sjóðurinn hafi keypt heilar skuldabréfaútgáfur enda geti virk verðmyndun ekki orðið með slík bréf.

Sjóðurinn Fyrirtækjabréf hjá Landsvaka hf. er verulega gagnrýndur fyrir að hafa fjárfest í skuldabréfi Björgólfs Guðmundssonar þvert á vilja sjóðstjóra en slík fjárfesting í skuldabréfum einstaklinga stenst ekki reglur um fjárfestingar skv. 7. gr. reglugerðar nr. 792/2003. Einnig er það gagnrýnisvert að Fjármálaeftirlitið aðhafðist ekkert í málinu. Að lokum bendir rannsóknarnefndin á að vikurnar í kringum fall bankanna hafi átt sér stað sérkennilegar færslur inn og út úr sjóðnum þar sem keypt voru verðbréf útgefin af Samson og FL Group/Stoðum þar sem tap virðist hafa verið flutt milli sjóða í andstöðu við þær reglur sem giltu um starfsemi sjóðanna.

Rannsóknarnefndin tekur sérstaklega afstöðu til viðskipta sem voru milli fjárfestingarsjóða og telur að verðmyndun í sjóðum verði að grundvallast á upplýsingum sem allir hafa aðgang að. Ekki hafi verið eðlilegt að selja bréfin milli sjóðanna í þeim tilgangi að komast hjá því að selja þau á markaði, en það hefði valdið lækkun á raunverulegu markaðsvirði bréfanna. Auk þess er almennt talið að stýring lausafjár í sjóðum eigi ekki að fara fram milli sjóða með sameiginlegan rekstur eða sjóðstjórn heldur sé eðlilegra að leitað sé eftir þjónustu annarra fjármálastofnana til þess að mæta skammtímasveiflum í innlausnum úr sjóðum. Í þessu samhengi tekur rannsóknarnefndin fram að innlausnarkerfi sjóðanna þar sem við-

[218] Sama heimild, bls. 145–161.
[219] Sama heimild, bls. 161–177.

skiptavinur gat innleyst alla sína eign í sjóði samdægurs tíðkist ekki almennt í fjárfestingarsjóðum og hefðu slíkar takmarkanir átt að gilda líka hér á landi.[220]

Rekstrarfélag Kaupþings hf.[221]

Í útboðslýsingu sjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka er tiltekin leyfileg hámarkseign sjóðanna í tilteknum flokkum verðbréfa en ekkert skilyrði er um lágmark.

Stórum hluta heildareigna sjóðsins var varið til fjárfestinga í móðurfélaginu Kaupþingi og tengdum félögum og var hlutfallið yfir 50% af eignum sjóðsins árið 2006 og enn hærra árið 2008. Þessi staða er sérstaklega athyglisverð þar sem lítið sem ekkert var fjárfest í bréfum ríkis og sveitarfélaga árin 2006–2008.

Athygli vakti að mjög stór hluti eigna peningamarkaðssjóðs Kaupþings var bundinn í innlánum í Kaupþingi, eða um helmingur eignanna árið 2008. Slík fjárfesting í innlánum samrýmist afar illa eðlilegri áhættudreifingu. Hefði við hrunið ekki komið til neyðarlaganna, nr. 125/2008, þar sem innstæður í bönkum voru gerðar að forgangskröfum í þrotabú, hefðu eigendur hlutdeildarskírteina í peningarmarkaðssjóðum Kaupþings tapað verulegum fjárhæðum.

Áhættustýring sjóðanna.[222]

Sérstaklega er fjallað um áhættustýringu innan sjóðanna. Fyrirkomulag áhættustýringar í rekstrarfélögum sjóðanna fullnægði hvorki lagaskilyrðum né faglegum kröfum til þessa mikilvæga þáttar í starfsemi sjálfstæðs fjármálafyrirtækis. Hvorki Glitnir sjóðir hf. né Landsvaki hf. fengu samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir útvistun áhættustýringar og hvorugt rekstrarfélagið gerði sérstakan samning um áhættustýringuna við móðurfélagið. Rannsóknarnefndin telur að þetta fyrirkomulag lýsi skorti á fagmennsku og takmörkuðu sjálfstæði rekstrarfélaganna. Þá er það gagnrýnt að Fjármálaeftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag fyrr en árið 2008 en þá var það niðurstaða stofnunarinnar að æskilegt væri að rekstrarfélögin hefðu komið upp óháðum starfseiningum til þess að fara með áhættustýringu. Þá gagnrýnir rannsóknarnefndin mælikvarða sem notaðir voru við áhættumat og náðu aðeins til einstakra skuldara en ekki til heildarsamsetningar eigna í sjóðunum. Gagnrýni kemur einnig fram á áhættustýringu sjóðanna þar sem ekki virtist hafa verið skoðuð fylgni ávöxtunar eignanna og tengsl eigenda auk þess sem ávöxtunarkrafan virðist hafa verið aðalatriði og sjónarmiðinu um áhættudreifingu vikið til hliðar.

Sjálfstæði rekstrarfélaganna.[223]

Rannsóknarnefndin kannaði sérstaklega stöðu rekstrarfélaga sjóðanna og mat hvort sjálfstæði þeirra hefði verið nægilegt. Í stuttu máli má segja að niðurstaðan sé afar neikvæð og að sjálfstæði rekstrarfélaganna hafi verið afar lítið. Þeir þættir sem helst hafa áhrif á skort á óhæði eru, að mati rannsóknarnefndarinnar, ***starfsmennirnir og launakerfið*** en starfsmenn

---

[220] Landsvaki hf. sendi þingmannanefndinni skýrslu, dags. 28. júní 2010, þar sem fram koma athugasemdir við einstök atriði í umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og lúta þær helst að fullyrðingum sem félagið telur rangar, illa rökstuddum athugasemdum og misræmi í umfjöllun.

[221] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 4, bls. 177–186.

[222] Sama heimild, bls. 186–192.

[223] Sama heimild, bls. 192–206.

rekstrarfélaganna höfðu mikil tengsl við móðurfélögin og höfðu starfsaðstöðu í sama húsnæði auk þess sem ákvarðanir um bónusgreiðslur komu frá móðurfélaginu.

Skipan stjórna rekstrarfélaganna var athyglisverð en hjá Glitni sjóðum hf. var meiri hluti stjórnar skipaður starfsmönnum móðurfélagsins og hjá Landsvaka hf. og Rekstrarfélagi Kaupþings hf. voru stjórnirnar eingöngu skipaðar starfsmönnum Landsbankans og Kaupþings. Verður því ekki hjá því litið að telja óhæði rekstraraðilanna lítið gagnvart móðurfélagi við þessar aðstæður. Þá tekur rannsóknarnefndin undir mat Fjármálaeftirlitsins sem birtist í skýrslu þess um óhæði rekstrarfélaganna árið 2008 þar sem segir að ef stjórn er að öllu eða mestu leyti skipuð starfsmönnum móðurfélags eða fulltrúum stórra hluthafa sé veruleg hætta á að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa verði undir sem sé ekki í samræmi við 16. gr. laga nr. 161/2002, um heilbrigða viðskiptahætti.

Eftirliti stjórna rekstrarfélaganna var ábótavant. Rannsóknarnefndin nefnir dæmi um lítið eftirlit með stjórnum, t.d. voru skýrslur innri endurskoðunar ekki teknar fyrir og ræddar í stjórnum og bókanir fundargerða ekki fullnægjandi.

Kynning á rekstrarfélögum var villandi þar sem látið var í veðri vaka að félögin væru hluti af viðkomandi móðurfélagi. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að óhæði kynningar á rekstrarfélögunum hafi verið ófullnægjandi og ekki fullnægt áskilnaði 51. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um ***innri endurskoðun rekstrarfélaganna*** segir rannsóknarnefndin að þeim þætti hafi verið ábótavant hjá öllum rekstrarfélögunum auk þess sem afstaða rekstrarfélaganna til óhæðis stjórnarmanna hafi reynst vera áhyggjuefni. Það var mat fjármálafyrirtækjanna að heimildir Fjármálaeftirlitsins væru verulega takmarkaðar sem stenst þó engan veginn nánari skoðun á lögum sem snerta eftirlitið.

Kynning og markaðssetning sjóðanna.[224]

Rannsóknarnefndin skoðaði hvernig kynningu og markaðsetningu fjárfestingarsjóðanna var háttað. Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar er að markaðsetningin hafi í mörgum tilfellum verið villandi þar sem ekki var vísað til þess í kynningarefni að sjóðirnir væru áhættulausir eða áhættulitlir, heldur kom það fram í tölvupóstum til viðskiptavina og í leiðbeiningum til símsöludeilda. Einnig bendir á rannsóknarnefndin að kynning sjóðanna virðist hafa brotið í bága við 1. málsl. 1. mgr. 51. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þar sem krafist er réttra og nákvæmra upplýsinga og 2. málsl. 1. mgr. 51. gr. laganna þar sem kemur fram að gæta verði að því í kynningarstarfsemi að ljóst sé hvort viðkomandi sjóður sé fjárfestingarsjóður eða verðbréfasjóður.

Rannsóknarnefndin fer stuttlega yfir hreyfingar og útflæði sem varð úr sjóðunum fyrir október 2008. Nefndin aflaði gagna um mánaðarlega stöðu hlutdeildarskírteinishafa hjá einstökum sjóðum og skoðaði úttektir hóps stærstu eigenda hlutdeildarskírteina með tilliti til upphæða og starfsstöðva. Af þeim samanburði leiddi að nokkur munur var á milli hæstu stöðu og úttekta hjá tengdum aðilum annars vegar og hjá ótengdum aðilum hins vegar. Því hefur verið beint til ríkissaksóknara að huga að breytingum á eignastöðu hlutdeildarskírteinishafa.[225]

---

[224] Sama heimild, bls. 207–209.
[225] Sama heimild, bls. 209–213.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með sjóðunum.[226]

Í skýrslunni er farið yfir eftirlit Fjármálaeftirlitsins með verðbréfa- og fjárfestingarsjóðunum. Leiða má af þeirri skoðun að eftirlitið hafi verið of veikt, enda aðeins einn starfsmaður sem sinnti eftirliti með sjóðunum fram til loka árs 2007 en á þeim tíma hafði heildarstærð sjóðanna farið yfir 400 milljarða króna. Þá var fjöldi sjóða á vegum rekstrarfélaganna þriggja orðinn 59 árið 2007 og skiluðu sjóðir þessir fjölmörgum skýrslum um starfsemi sína. Ljóst er að starfsmenn embættisins voru of fáir og má telja það vanrækslu af hálfu Fjármálaeftirlitsins á lögbundnum skyldum stofnunarinnar til eftirlits með verðbréfa- og frjáfestingarsjóðum. Þá telur rannsóknarnefndin að gagnrýni og eftirlit Fjármálaeftirlitsins hafi aðallega snúið að formlegum atriðum í rekstri sjóðanna, lítill hvati hafi verið til þess að gera sjálfstæðar athuganir og möguleikar til þess hafi einnig verið takmarkaðir vegna starfsmannaskorts.

Í lok árs 2007 og byrjun árs 2008 stóð Fjármálaeftirlitið hins vegar fyrir vettvangskönnun til rekstrarfélaganna til þess að skoða fjárfestingar þeirra og óhæði. Telur nefndin ámælisvert að ekki skyldu hafa verið farnar slíkar vettvangsferðir fyrr enda virðist eftirlitið hafa gert sér grein fyrir vandræðum með sjálfstæði félaganna strax á árinu 2003 þegar gefin voru út leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2003 um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga fjárfestingarsjóða. Að auki hafði eftirlitið ekki eftirlit með því hvernig sjóðirnir reiknuðu gengi sitt né voru gefin út leiðbeinandi tilmæli um áhættumat sjóðanna. Þá var upplýsingakerfum Fjármálaeftirlitsins ábótavant sem gerði eftirlit erfitt auk þess sem stofnunin taldi sig ekki geta takmarkað fjárfestingar eða hlutast til um það með hvaða hætti verðbréfasjóðir fjárfestu svo lengi sem þeir væru innan fjárfestingarheimildar laganna og stefnu sjóðanna sjálfra. Hins vegar vekur rannsóknarnefndin athygli á 19. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þar sem mælt er fyrir um að rekstrarfélag skuli starfrækja verðbréfasjóði í samræmi við góða viðskiptahætti og með trúverðugleika markaðarins að leiðarljósi.

Það er því niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að eftirlit Fjármálaeftirlitsins hafi verið yfirborðskennt og það hafi að mestu lotið að yfirferð á skýrslum þar sem eftirlitið staðreyndi hins vegar ekki sjálft þær upplýsingar sem þar birtust. Einnig telur nefndin að stofnunin hafi lítið beitt fyrir sig þeim valdheimildum sem hún sannanlega hafði samkvæmt lögum.

Í lok 14. kafla er síðan rakin atburðarás og ákvarðanataka í tengslum við uppgjör peningamarkaðssjóðanna eftir fall bankanna.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[227]

Ítarleg athugun rannsóknarnefndarinnar á starfsemi peningamarkaðssjóða leiðir eftirtalin atriði í ljós:

1. Aukin áhersla í kynningum rekstrarfélaganna á fjárfestingarsjóðum á kostnað verðbréfasjóða, sérstaklega frá miðju ári 2006, hafði í för með sér að fjárfestum var beint í sjóði sem fólu í sér meiri áhættu.[228]
2. Að mati rannsóknarnefndarinnar er það ekki tilviljun að peningamarkaðssjóðir fjárfestu í verðbréfum og innlánum móðurfélaga sinna eða félögum sem tengdust eigendum bankanna á sama tíma og erfitt var um aðra fjármögnun. Þá urðu sjóðirnir of stórir fyrir íslenskan verðbréfamarkað og hlutfall ríkistryggðra verðbréfa í eignasafni var of lágt

---

[226] Sama heimild, bls. 213–224.
[227] Sama heimild, bls. 224–228.
[228] Sama heimild, bls. 227.

miðað við rekstur sjóða af slíku tagi. Þá samræmist það ekki hlutverki peningamarkaðssjóða að fjárfesta að nýju í bréfum tiltekinna útgefenda þrátt fyrir að útgefandi hafi verið kominn í greiðsluerfiðleika. Skuldir útgefenda voru endurfjármagnaðar og svipaði rekstri sjóðanna til hefðbundinnar útlánastarfsemi. Rannsóknarnefndin gagnrýnir óhæði rekstrarfélaganna við kaup á skuldabréfum útgefnum af umsækjanda um lán hjá tengdum aðila og að sjóðirnir skyldu kaupa í heild alla útgáfu tiltekinna verðbréfa en slíkt kemur í veg fyrir verðmyndun á markaði og getur haft áhrif á verðmæti safnsins. Þá telur rannsóknarnefndin það ámælisvert að sjóðir eigi í viðskiptum með skuldabréf sín á milli í miklum mæli, sérstaklega ef kaupunum er snúið við skömmu síðar, og ef sami sjóðstjórinn á í hlut. Þá á lausafjárstýring sjóða ekki að eiga sér stað í viðskiptum á milli sjóða heldur er eðlilegra að sjóðir séu með samning við aðra fjármálastofnun til að taka við skammtímasveiflum í lausu fé. Fjárfesting eins af sjóðum Landsvaka í skuldabréfi útgefnu af Björgólfi Guðmundssyni, þvert á vilja sjóðstjóra, vekur sérstaka furðu að áliti rannsóknarnefndarinnar enda rúmaðist fjárfestingin hvorki innan fjárfestingarstefnu sjóðsins né reglna um fjárfestingar, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 792/2003.[229]

3. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis fullnægði fyrirkomulag áhættustýringar rekstrarfélaganna ekki þeim faglegu kröfum sem gera verður til þess konar starfsemi. Þá verður að telja að umfang rekstrarfélaganna þriggja árið 2007 hafi kallað eftir því að þau kæmu á og viðhéldu óháðum starfseiningum sem sinntu áhættustýringu, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Miðað við eignasamsetningu sjóðanna telur rannsóknarnefndin að áhættumat sem hefði tekið tillit til heildarsamsetningarinnar hefði gefið réttari mynd af þeirri áhættu sem var til staðar innan sjóðanna en hjá engu félaganna var um að ræða skipulagt mat á heildaráhættu sjóðanna. Ekkert mat virðist hafa verið á gjaldþrotalíkum eða líkum á smitáhrifum gjaldþrota.[230]
4. Ljóst er að sjálfstæði rekstrarfélaganna gagnvart móðurfélögunum, bönkunum, var verulega ábótavant. Starfsmenn rekstrarfélaganna höfðu mikil samskipti við móðurfélagið og starfsmenn þess auk þess sem húsnæði var sameiginlegt. Þá voru launakerfi, launagreiðslur og bónusar tengdir móðurfélaginu að ýmsu leyti, sérstaklega í tilviki Landsvaka og Rekstrarfélags Kaupþings banka. Launafyrirkomulagið var m.a. til þess fallið að starfsmenn rekstrarfélaganna tækju fremur mið af hagsmunum móðurfélagsins en hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Að mati rannsóknarnefndarinnar var kynning á rekstrarfélögunum villandi en látið var í veðri vaka að félögin væru hluti af viðkomandi móðurfélagi, bankanum, rétt eins og sérstök deild innan hans.[231]
5. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var kynningarstarfsemi sjóðanna ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 51. gr. laga nr. 30/2003 og koma fram á bls. 207–209 í 4. bindi skýrslunnar.[232]
6. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum hafi verið ófullnægjandi og í engu samræmi við umfang sjóðanna. Eftirlitið virðist fyrst og fremst hafa falist í því að ganga úr skugga um að skýrslum væri skilað á réttum tíma og í réttu horfi og þær fáu athugasemdir sem gerðar voru við starf-

---

[229] Sama heimild, bls. 224–226.
[230] Sama heimild, bls. 226.
[231] Sama heimild, bls. 227.
[232] Sama heimild, bls. 227.

semi sjóðanna sneru einkum að formsatriðum. Eftirlitið staðreyndi ekki sjálft þær upplýsingar sem fram komu í skýrslum með sjálfstæðri rannsókn.[233]

7. Fjármálaeftirlitið taldi sig ekki geta haft afskipti af því hvernig sjóðirnir fjárfestu svo lengi sem þeir voru innan marka fjárfestingarheimilda laganna og fjárfestingarstefnu sjóðanna sjálfra. Þau mörk voru hins vegar svo rúm að þau höfðu lítil áhrif til takmörkunar í þessu efni. Ekki verður séð að lögmætisregla stjórnsýsluréttarins hafi staðið því í vegi að Fjármálaeftirlitið beitti heimildum sínum til að hafa afskipti af fjárfestingum sjóðanna. Lögin gerðu beinlínis ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið gæti byggt tilmæli og kröfur á matskenndum heimildum eins og um hvað teldist til góðra viðskiptahátta. Svo virðist sem starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem fólst í starfsemi sjóðanna. Í þeim tilvikum sem stofnunin gerir athugasemdir við brot á fjárfestingarstefnu voru tímamörk mjög rúm til lagfæringar. Þá beitti Fjármálaeftirlitið ekki þeim valdheimildum sem það hefur að lögum, né var hjá stofnuninni að finna verkferla eða leiðbeiningar um beitingu þessara valdheimilda. Þá telur rannsóknarnefndin það ljóst að upplýsingakerfi Fjármálaeftirlitsins hafi verið í slæmu ásigkomulagi og gert eftirlit erfiðara en tilefni var til.[234]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin átelur harðlega misnotkun bankanna á peningamarkaðssjóðum. Telur hún að tryggja beri að eftirliti með fjármunum almennings sé sinnt með fullnægjandi hætti og að eftirlitsstofnanir sinni lögboðnu hlutverki sínu. Það sýnir alvöru málsins að rannsóknarnefndin sendi sérstökum saksóknara málefni peningamarkaðssjóðanna til rannsóknar.

Þingmannanefndin leggur til að Fjármálaeftirlitið skilgreini hugtakið „góðir viðskiptahættir“ skýrt í tilmælum sínum og að vafi verði túlkaður almenningi í hag. Má þá hafa til hliðsjónar verklag systurstofnana þess á Norðurlöndunum.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að styrkja löggjöf um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði[235] og að við það sé dreginn lærdómur af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þingmannanefndin telur að taka þurfi tillit til eftirfarandi atriða við styrkingu löggjafarinnar:

– Kynningarstarfsemi sjóðanna.
– Fjárfestingarstefnu sjóðanna.

---

[233] Sama heimild, bls. 227–228.

[234] Sama heimild, bls. 228.

[235] Alþingi hefur nú til meðferðar frumvarp til nýrra heildarlaga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (259. mál á 138. löggjafarþingi). Tilgangur þess er að skýra og afmarka nánar það regluverk sem gildir um starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu og að innleiða ákvæði tilskipunar 2007/16/EB. Helstu nýmæli eru að lögin taka til allra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, afmörkun fjárfestingarstefnu er heimiluð í reglugerð og gert er að skilyrði að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hafi hlotið löggildingu til þess. Einnig eru gerðar auknar kröfur um óhæði rekstrarfélaga og strangari kröfur gerðar til útvistunar verkefna sem og settar strangar reglur um fjárfestingar í tengdum aðilum. Þá er mælt fyrir um aukinn aðgang almennings að upplýsingum um sjóðina og fjárfestingarheimildir þeirra þrengdar. Fjármálaeftirlitinu er einnig í frumvarpinu veitt heimild til þess að beita sjóð stjórnvaldssektum brjóti hann gegn fjárfestingarstefnu sinni. Um nánari upplýsingar um frumvarpið og fleiri nýmæli þess vísast til þingskjala.

– Óhæðis sjóðanna gagnvart móðurfélögum.
– Hlutfallsstærðar sjóðanna miðað við markað til fjárfestinga.
– Kaupa sjóðanna á heildarútgáfu skuldabréfa.
– Lausafjárstýringar og áhættustýringar.
– Áhættumats sjóðanna.
– Fyrirkomulags launamála starfsmanna sjóðanna.
– Eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi sjóðanna.

4.5 Fimmta bindi skýrslunnar.

15. kafli. Lög um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES.[236]

Í kaflanum er farið yfir helstu löggjöf um fjármálamarkaðinn á Íslandi og áhrif þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu á þróun og efni hennar. Fyrst er farið yfir sögulega þróun löggjafar um fjármálakerfið, frá lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, til gildandi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem hafa tekið allnokkrum breytingum frá gildistöku. Þá er farið yfir þær EB-tilskipanir sem hafa verið innleiddar í íslenska löggjöf og raktar athugasemdir frumvarpa sem leiddu tilskipanirnar inn í íslenskan rétt. Í viðauka 6 við rannsóknarskýrsluna er úttekt um innleiðingu gerða samkvæmt EES-samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt. Þar kemur fram að EES-samningurinn hafi almennt ekki staðið í vegi fyrir því að hér á landi væru gerðar ríkari kröfur til innlendra fjármálafyrirtækja en gert er í löggjöf Evrópusambandsins. Niðurstaða úttektarinnar er að slík leið hafi almennt ekki verið valin og ástæða þess talin vera hræðsla við að slík löggjöf mundi draga úr samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja.

Þá er ítarlega farið yfir þær breytingar sem urðu á starfsemi innlendra lánastofnana með inngöngu Íslands í EES sem áttu það sameiginlegt að rýmka starfsheimildir lánastofnana. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:[237]

a. Heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að fjárfesta í ótengdum atvinnurekstri voru rýmkaðar.
b. Þá voru heimildir til að veita stjórnendum lán og annars konar fyrirgreiðslu útvíkkaðar.
c. Heimildir til að fjárfesta í fasteignum og félögum um fasteignir voru auknar.
d. Heimildir til að veita lán til kaupa á eigin hlutum eða stofnfjárhlutum voru auknar.
e. Minni kröfur voru gerðar til rekstrarfyrirkomulags verðbréfafyrirtækja.
f. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánastofnunum var veitt heimild til að reka vátryggingastarfsemi í sérstökum dótturfélögum.
g. Heimildir banka og sparisjóða til að fara með eignarhluti í öðrum lánastofnunum voru rýmkaðar. Fjallað er um innleiðingar regluverks Evrópusambandsins í kafla 15.4. Í viðauka 6 sem áður er getið er farið nokkuð ítarlega yfir innleiðingu á 20 EB-tilskipunum og rakið hvernig hefur tekist til með innleiðingu þeirra í EES-rétt. Niðurstaða úttektarinnar í viðaukanum er sú að í aðalatriðum hafi verið fylgt orðalagi og inntaki tilskipananna en gerðar nokkrar athugasemdir og bent á hnökra í innleiðingu á tilskipunum um

---

[236] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 9–40.
[237] Sama heimild, bls. 12–22.

lánastofnanir, gagnsæistilskipuninni[238] og MIFID-fjárfestaverndinni[239] þar sem skorti á samræmi milli efnis tilskipananna og íslensku reglnanna.

Þá er í kaflanum fjallað um þróun útlána fjármálafyrirtækjanna eftir inngöngu Íslands í EES og breytingar sem gerðar voru á löggjöf um fjármálamarkaðinn við inngönguna en áhættutaka í starfsemi stofnananna er almennt talin hafa aukist. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að aukin notkun lánasamninga í rekstri bankanna hafi aukið áhættuna enda hafi innheimtuferill við vanskil lánasamnings lengst og orðið kostnaðarsamari auk þess sem líkur á fullnustu minnka ef engar veðtryggingar eru til staðar en oft voru lánasamningar ekki bundnir neinum tryggingum eða til dæmis bara tryggingum í þeim hlutabréfum sem lánasamningurinn tók til. Þá segir rannsóknarnefndin að mögulegt sé og líklegt að lánasamningar hafi verið sú leið sem hentaði best í einhverjum tilfellum við útlán en tiltekur þó einnig að ljóst sé að í mörgum tilfellum hefði vel verið hægt að notast við skuldabréfaformið. Um lán til eignarhaldsfélaga[240] segir að þau hafi aukist um 31% frá því mælingar hófust í apríl 2005 og fram til apríl 2008. Með auknum útlánum til eignarhaldsfélaga telst útlánið áhættumeira en útlán til hefðbundins framleiðslufélags eða til fyrirtækja í hefðbundnum rekstri þar sem tekjur er almennt jafnari og þróun rekstrar er þekkt. Að lokum fjallar rannsóknarnefndin um önnur atriði sem höfðu áhrif á áhættuhegðun bankanna, svo sem kúlulán til einstaklinga, framvirka samninga og nýja tegundir skuldaskjala.

Þá bendir rannsóknarnefndin á það hvernig eftirliti með fjármálafyrirtækjum sé háttað samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins. Með nokkurri einföldun megi segja að almennt geti lánastofnun sem hefur starfsleyfi í einu aðildarríki eða í ríki innan EES opnað útibú í öðru aðildarríki án sérstaks leyfis þarlendra yfirvalda. Eftirlit með viðkomandi lánastofnun er þá á herðum eftirlitsins í heimaríki þrátt fyrir að gistiríki, þar sem útibú er staðsett, hafi einnig heimildir til eftirlits og til inngripa í nánar tilgreindum tilvikum sem varða aðallega vernd almennings, svo sem neytendavernd eða vernd smærri fjárfesta. Nánar er fjallað um heimildir gistiríkis og skyldur heimaríkis í tilskipun 2006/48/EB og í umfjöllun í kafla 15.6.2. Kaflanum lýkur á umfjöllun um hvernig skilgreina skuli almannahagsmuni (e. general good) og er í kafla 15.6.2.5 að finna fimm tölusetta liði sem lýsa því sem felst í almannahagsmunum samkvæmt Evrópurétti.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[241]

1. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að sú stefna sem var fylgt við innleiðingu EES-gerða um starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi, þ.e. að nota ekki svigrúm sem fólst í gerðunum til þess að setja sérreglur almennt, í þeim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja og með því draga sem mest úr sérískenskum ákvæðum, hafi leitt til þess að almennt var ekki horft til þess hvort ástæða þætti til aðlögunar á reglunum fyrir Ísland. Þá bendir rannsóknarnefndin einnig á að mögulegt hafi verið að endurskoða löggjöfina á hverjum tímapunkti þegar reynsla komst á virkni hennar.[242]

---

[238] Sjá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB og kafla 5.5. í viðauka 6.

[239] Sjá MIFID-löggjöfina og umfjöllun í kafla 5.2. í viðauka 6.

[240] Megineinkenni þeirra er að eiga og selja hlutabréf í öðrum félögum.

[241] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. bls. 38–40.

[242] Sama heimild, bls. 38.

2. Rannsóknarnefndin kemst að því að auknar starfsheimildir fjármálafyrirtækjanna vegna breytinga á lögum samkvæmt EES-samningnum hafi aukið áhættu í rekstri bankanna verulega og er þar sérstaklega bent á heimild til að reka fjárfestingarstarfsemi samhliða viðskiptabankastarfsemi án þess að frekari kröfur hafi verið gerðar um eigið fé fjármálafyrirtækjanna. Af þessum sökum hafi fjármálafyrirtækin verið illa í stakk búin til að mæta þeim erfiðleikum sem upp komu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum árið 2008.[243]
3. Þá telur rannsóknarnefndin að við lánveitingar fjármálafyrirtækjanna hafi verulega skort á að gætt hafi verið vandvirkni, svo sem vegna skjalagerðar og trygginga. Nefnir nefndin þar sérstaklega auknar lánveitingar til eignarhaldsfélaga sem hafa ekki sama rekstrargrunn og önnur félög, skort á nægilega sterkum veðum til tryggingar lánum og aukinn fjölda eingreiðslulána sem leiði til þess að greiðslugeta lántaka kemur ekki í ljós fyrr en við lok lánstíma þegar of seint getur verið orðið að grípa til ráðstafana til að tryggja endurgreiðslu. Þannig telur rannsóknarnefndin að bankarnir hafi ekki nýtt alla möguleika sem þeir höfðu til að tryggja stöðu sína ef til vanskila kæmi. Hér hefur nefndin í huga þau lögfræðilegu atriði sem huga þurfti að við þessar lánveitingar og gátu haft áhrif á áhættu lánastofnunar vegna þeirra en að auki koma svo til önnur atriði sem þarna höfðu áhrif til að auka áhættu lánastofnana vegna þessara lána og fjallað er nánar um í kafla 8.0 og fleiri köflum skýrslunnar, einkum að því er varðar lánveitingar til kaupa á hlutabréfum.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin leggur sérstaka áherslu á að settar verði skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða og að vanda verði betur til þýðinga á þeim. Enn fremur að meta þurfi EES-gerðir á fjármálamarkaði í hvert sinn sem þær eru innleiddar þannig að þær verði lagaðar að íslensku fjármálakerfi, einkum með tilliti til smæðar þess. Nefndin vísar hvað tryggingar varðar til umfjöllunar um sömu atriði í 8. kafla 2. bindis skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Niðurstöður hennar gefa fullt tilefni til að lögfestar verði reglur fyrir fjármálafyrirtæki um skjalagerð, tryggingar og lánveitingar til eignarhaldsfélaga sem hafa ekki sama rekstrargrundvöll og önnur félög.

16. kafli. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði.[244]

Í upphafi kaflans er fjallað um þá sem gegna eftirlitshlutverki með fjármálakerfinu hér á landi sem og þróun og reglur um slíkt eftirlit. Gerð er grein fyrir þætti ráðherra og ráðuneyta í eftirliti með fjármálamarkaðnum og hinni svokölluðu frumkvæðisskyldu ráðherra, sbr. kafla 16.1.2.6. Ítarlega er rakin þróun, uppbygging, hlutverk og stjórnsýsluleg staða Fjármálaeftirlitsins og valdheimildir þess.[245] Rannsóknarnefndin telur heimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins hafa þróast á svipaðan hátt og hjá systurstofnunum á Norðurlöndunum. Þó hefði fáum

---

[243] Sama heimild, bls. 38.

[244] Sama heimild, bls. 41–191.

[245] Kveðið er á um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins, m.a. í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þær felast m.a. í því að geta gert athugasemdir og kröfur um úrbætur, boðað fund í stjórn eða framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis, beitt dagsektum, févíti, stjórnvaldssektum og sáttum. Fjármálaeftirlitið getur einnig vikið framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni frá, svipt fjármálafyrirtæki starfsleyfi að hluta eða í heild og tilkynnt til lögreglu um brot gegn lögum um fjármálamarkaði.

málum verið lokið hér með formlegri breytingu valdheimilda þótt tilefni hafi verið til þess.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins og nýting ráðstöfunartíma.[246]

Farið er yfir eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins og aðgreiningu þess eftirlits sem heyrir undir stofnunina frá því eftirliti sem tilheyrir Seðlabanka Íslands. Almennt megi segja að eftirlit með fjármálastöðugleika sé hjá Seðlabanka Íslands en eftirlit með fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila hjá Fjármálaeftirlitinu.

Rannsóknarnefndin telur að skipting milli verkefna hjá annars vegar íslenska eftirlitinu og hins vegar hinu danska sé nokkuð svipuð en áberandi minni tíma hafi þó verið varið í vettvangsathuganir og reglusetningu á Íslandi en í Danmörku. Þá vísar rannsóknarnefndin til þess að Fjármálaeftirlitið hafi verið undirmannað og vanfjármagnað og því hefði e.t.v. verið skorinn niður sá tími sem hefði verið hægt að nýta í verkefni sem stofnunin hafði frumkvæði að. Þá segir rannsóknarnefndin orðrétt: „Draga má í efa að stofnun, sem ekki getur sinnt frumkvæðisvinnu eins og vettvangsathugunum nema að takmörkuðu leyti, geti sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti þegar til lengri tíma er litið.“[247]

Viðvarandi fjárhagslegt eftirlit.[248]

Lagaheimildir Fjármálaeftirlitsins til að sinna viðvarandi fjárhagslegu eftirliti (e. prudential supervision/off-site supervision) eru í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlögum. Eftirlit byggist á öflun gagna frá eftirlitsskyldum aðilum, úrvinnslu þeirra og mati. Fjármálaeftirlitið tekur árlega við um fjögur þúsund skýrslum. Rannsóknarnefndin gagnrýnir verkaskiptingu varðandi skýrslurnar þar sem ekki hafi legið fyrir hver bæri ábyrgð á hverjum þætti í tengslum við skýrsluskil og yfirferð. Það hafi valdið hættu á að verkefni féllu niður, t.d. þegar starfsmaður hætti störfum. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar[249] að skýrsluskilakerfi eftirlitsins hafi ekki nýst sem skyldi þar sem sjálfvirk úrvinnsla hafi verið lítil sem engin, sjálfvirku viðvörunarkerfi hafi ekki verið komið á og starfsmenn hafi vantreyst upplýsingum sem kerfið skilaði.

Þá fjallar rannsóknarnefndin um álagspróf sem Fjármálaeftirlitið beitti, m.a. svokallað fjölþætt álagspróf. Fram kemur að eftirlitið hafi unnið í endurbótum á álagsprófunum og hafi í þeim tilgangi komið á sérstökum viðbúnaðarhópi haustið 2007 sem átti að vinna frekari greiningu á áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja.[250] Hvað varðar álagspróf á útlánahættu hafi niðurstaða slíks prófs sýnt að Glitnir fór undir lágmarkskröfu eigin fjár í fyrsta ársfjórðungi 2008 og Landsbankinn um mitt það ár. Ekki var brugðist við þessum niðurstöðum með sérstökum hætti. Hvað varðar álagspróf vegna lausafjáráhættu bendir rannsóknarnefndin sérstaklega á að slíkar prófanir hafi aðeins miðast við krónur en ekki aðra gjaldmiðla sem hefði verið nauðsynlegt. Einnig er gagnrýnt að langan tíma hafi tekið fyrir Fjármálaeftirlitið að leiðrétta villur í gagnaskilum, sbr. vantaldar lausafjárupplýsingar frá Glitni.

---

[246] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 5, bls. 66–69.

[247] Sama heimild, bls. 69.

[248] Sama heimild, bls. 69–83.

[249] Sama heimild, bls. 71.

[250] Sbr. skýrslutöku fyrrverandi forstjóra fyrir rannsóknarnefndinni, sbr. kafla 16.4.2.3. á bls. 73–75.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[251]

1. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis má taka undir þá gagnrýni sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði sett fram á fjölþætta álagsprófið, þ.e. að bæði hefði verið ástæða til að gera ráð fyrir þyngri áföllum, t.d. meiri lækkun á verði hlutabréfa, og að gera hefði þurft ráð fyrir tveimur bylgjum áfalla. Þá er við mat á áhrifum lækkunar hlutabréfaverðs eingöngu horft til eigin bréfa fjármálafyrirtækjanna, en ekki tekið tillit til þess hversu viðkvæm þau voru fyrir gengi hlutabréfa vegna lána með veði í hlutabréfum og framvirkra samninga um hlutabréf.[252]
2. Að auki var álagspróf gert á vaxtafryst/virðisrýrð útlán sem getur haft áhrif á ákvarðanir bankanna um að vaxtafrysta eða virðisrýra útlán. Afleiðing þess gat því orðið sú að bankarnir forðuðust að gera slíkt og ákvæðu að endurlána til að koma í veg fyrir að lán lentu í þessum flokki. Almennt er ekki ráðlegt að hafa álagspróf þess eðlis að þau geti haft áhrif á viðskiptahegðun. Rannsóknarnefndin bendir einnig á að það hefði verið til bóta að gera einhvers konar athuganir á næmni í tengslum við þetta álagspróf til að meta hvaða þættir væru áhættumestir fyrir fjármálastofnanir.[253]
3. Rannsóknarnefnd Alþingis vill einnig benda á að í þeirri stöðu sem komin var upp á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefði lausafjáreftirlit þurft að vera mun ítarlegra. Það hefði þá falið í sér söfnun viðeigandi gagna og framkvæmd álagsprófs á grundvelli þeirra. Í lausafjárkreppu skiptir fátt meira máli en laust fé. Þrátt fyrir þetta hélt Fjármálaeftirlitið áfram að leggja áherslu á eiginfjárhlutfall alveg fram að falli bankanna. Vert er að benda á að allir bankarnir voru að því er virtist með eiginfjárhlutfall yfir lágmarki við fall, sem undirstrikar enn frekar mikilvægi lausafjáreftirlits. Áherslan á eiginfjárhlutfall bankanna við framkvæmd álagsprófa leiddi til þess að niðurstöður prófa Fjármálaeftirlitsins urðu verulega villandi síðustu tólf mánuðina fyrir fall bankanna. Enda þótt Fjármálaeftirlitið hafi reynt að bæta lausafjáreftirlit þá gekk það of hægt. Miðað við þá stöðu sem komin var upp á gjaldeyrismarkaði fyrir krónur hefði þurft að leggja allt kapp á að framkvæma lausafjáreftirlit í mismunandi gjaldmiðlum, eða að minnsta kosti í íslenskum krónum annars vegar og erlendum gjaldmiðlum hins vegar (gjaldmiðlaskiptamarkaðir milli erlendra gjaldmiðla voru enn virkir). Ekki virðist heldur hafa verið tekið nægjanlegt tillit til þeirrar áhættu sem leiddi af innlánum í útibúum íslensku bankanna erlendis, þ.e. ef til þess kæmi að áhlaup yrði gert á þá reikninga.[254]
4. Opinber upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins um stöðu bankanna litaðist mjög af því að niðurstöður þeirra álagsprófa sem stofnunin lagði mesta áherslu á gáfu til kynna að bankarnir stæðu traustum fótum og veittu bæði markaðnum og Fjármálaeftirlitinu sjálfu falskt öryggi. Gölluð álagspróf höfðu þannig mikil áhrif á opinbera upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins.[255]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

---

[251] Sama heimild, bls. 82–83.
[252] Sama heimild, bls. 82.
[253] Sama heimild, bls. 82.
[254] Sama heimild, bls. 82–83.
[255] Sama heimild, bls. 83.

Vettvangsathuganir Fjármálaeftirlitsins.[256]

Fjallað er um aðferðir sem er beitt til að ákvarða hvernig ráðstafa skuli rekstrarfé og mannafla eftirlitsstofnana og fjallað um aðferð fjármálaeftirlita í Evrópu sem kallast áhættumiðuð aðferðafræði (e. risk based approach). Sérstaklega er fjallað um 124. gr. tilskipunar nr. 2006/48/EB um lánastofnanir og segir að ekki hafi verið séð að þetta ákvæði hafi verið innleitt í íslensk lög. Auk þess er vísað til þess að Fjármálaeftirlitið hafi notað aðra aðferð til að meta hvernig bæri að ráðstafa mannafla og rekstrarfé, svokallað kerfi ábyrgðarmennsku. Ákvarðanir um vettvangsathuganir virðast hins vegar hafa verið teknar við gerð verkáætlunar hvers árs og ekki hafa legið fyrir skrifleg viðmið sem var hægt að notast við til að taka ákvörðun um nýtingu tíma í slík verk.

Þá er farið yfir framkvæmd vettvangsathugana og greint frá því að hafin væri vinna við gerð eftirlitshandbókar sem gæti tryggt samræmda framkvæmd eftirlits en lokaskýrslur um hverja vettvangsathugun voru mismunandi eftir því hvaða starfsmaður vann hverja skýrslu.

Rannsóknarnefndin telur Fjármálaeftirlitið hafa verið undirmannað enda liggi fyrir að við framkvæmd vettvangsathugana hafi þurft að nýta nær allan mannafla þess ef takast ætti að ljúka athugun á skömmum tíma og með þeirri þekkingu sem var nauðsynleg.

Rannsóknarnefndin vísar til þess að almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildi um málsmeðferð hjá Fjármálaeftirlitinu. Að öðru leyti giltu málsmeðferðarreglur sem eftirlitið hafði safnað saman í gæðahandbók sem hafi verið lítið notuð við einstök verkefni enda var hún ekki uppfærð og verkferlar hennar hentuðu ekki t.d. fyrir stórar vettvangsrannsóknir. Málsmeðferðin eftir vettvangsathugun var hins vegar þannig að útbúin voru drög að skýrslu eftir rannsóknina og hún send viðkomandi eftirlitsskyldum aðila til yfirlestrar og hafi hann gert athugasemd gat eftirlitið breytt skýrslunni. Á árinu 2007 var farið að setja lista í skýrslurnar yfir athugasemdir og tímafrest sem var veittur til úrbóta. Hins vegar skorti verulega á eftirfylgni eftir að skýrsla um vettvangsathugun kom út. Þá er vikið að ummælum fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins fyrir rannsóknarnefndinni og þeim atriðum sem þeir telja hafa leitt til skorts á eftirfylgni.[257] Rannsóknarnefndin bendir á að vegna annmarka á skjalaskráningarkerfi eftirlitsins hafi ekki reynst mögulegt að gera almennilega könnun á málshraða hjá stofnuninni, þ.m.t. málshraða í vettvangsathugunum. Ljóst er hins vegar að eftirlitið hafði sjálft sett sér reglur um málshraða auk þess sem eftirlitið er bundið af 9. gr. stjórnsýslulaga.

Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar.[258]

1. Það er mat rannsóknarnefndar Alþingis að kveða ætti með skýrari hætti á um skyldur Fjármálaeftirlitsins til eftirlits í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og/eða í lögum um fjármálafyrirtæki, m.a. þannig að 124. gr. tilskipunar 2006/48/EB verði innleidd samkvæmt efni sínu. Rannsóknarnefndin bendir á að ekki liggi fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vettvangsathugana árin 2002–2008 og því sé ekki unnt að leggja mat á hvort fjöldi heimsókna í stóru bankana hafi verið fullnægjandi.[259]
2. Vandaðar vettvangsathuganir ættu að vera hluti af reglubundinni starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis er það skýrt dæmi um að Fjármálaeftir-

---

[256] Sama heimild, bls. 83–121.
[257] Sbr. kafla 16.5.4, sömu heimild, bls. 87.
[258] Sama heimild, bls. 89–90.
[259] Sama heimild, bls. 89.

litið var undirmönnuð stofnun að ekki skyldi vera hægt að sinna slíkum athugunum nema sem átaksverkefnum og þá þannig að kallaðir væru til starfsmenn af flestum sviðum stofnunarinnar. Framkvæmd þessara athugana hafði þannig neikvæð áhrif á aðra starfsemi Fjármálaeftirlitsins.[260]

3. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis þarf að uppfæra efni gæðahandbókar og þar þarf að vera umfjöllun um hvernig fylgja skuli eftir niðurstöðum Fjármálaeftirlitsins þegar kröfur eru gerðar um úrbætur.[261]
4. Rannsóknarnefndin telur mikilvægt að Fjármálaeftirlitið ljúki þeim málum sem stofnað er til innan hóflegra tímamarka, enda dregur það úr áhrifamætti niðurstöðunnar ef hún varðar atburði eða stöðu sem var uppi fyrir meira en sex mánuðum.[262]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Rannsóknir á úrtaki vettvangsathugana.[263]

Í kafla 16.5.7 eru raktar nokkrar vettvangsathuganir Fjármálaeftirlitsins og fjallað um niðurstöður þeirra, afleiðingar og eftirfylgni. Fram kemur að almennt hafi vettvangsathuganir orðið formfastari á árunum 2007 til 2008 og samræmi aukist í framkvæmd og málsmeðferð. Þó gagnrýnir rannsóknarnefndin að ályktanir vettvangsathugana hafi oft verið mildaðar í niðurstöðuköflum og þær ekki eins afgerandi og efni stóðu þó til og að Fjármálaeftirlitið hafi ekki markvisst beitt þeim lagalegu úrræðum sem það hafði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og í lögum um fjármálafyrirtæki og bar skylda til að nýta, svo sem að vísa meiri háttar brotum til lögreglu. Þá segir orðrétt: „Að mati rannsóknarnefndar Alþingis má sjá þess dæmi að Fjármálaeftirlitið hafi látið hjá líða að setja mál í formlegan farveg þó stofnunin hafi talið að lög hefðu verið brotin og í framhaldi af því ekki sinnt lagaskyldu sinni að vísa málum til lögreglu þar sem grunur lék á að alvarleg brot hefðu verið framin“.[264]

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[265]

1. Rannsóknarnefndin telur að í kjölfar vettvangsathugananna hafi verið brýnt fyrir Fjármálaeftirlitið að endurmeta áhættuflokkun bankanna á viðskiptavinum sínum og mat þeirra á framlögðum tryggingum. Þó tekur hún fram að slíkt endurmat geti hafa verið óframkvæmanlegt í einhverjum tilvikum þar sem áhættumat hafði ekki verið framkvæmt og upplýsingar um tryggingar lágu ekki fyrir. Auk þess telur rannsóknarnefndin að formleg umgjörð útlána hafi verið ófullnægjandi í mörgum tilvikum á þann hátt að ekki var hægt að flokka áhættu vegna upplýsingaskorts, slík flokkun hafi almennt ekki farið fram eða ekki voru til nægar upplýsingar um tryggingar. Þetta telur rannsóknarnefndin mikinn áfellisdóm yfir stöðu á útlánasafni bankanna.[266]

---

[260] Sama heimild, bls. 89.
[261] Sama heimild, bls. 90.
[262] Sama heimild, bls. 90.
[263] Sama heimild, bls. 90–115.
[264] Sama heimild, bls. 91.
[265] Sama heimild, bls. 113–115.
[266] Sama heimild, bls. 113.

2. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis staðfestir útlánaathugun Fjármálaeftirlitsins haustið 2007 að útlánaeftirliti í bönkunum fjórum hafi verið verulega ábótavant og að gæði útlána hafi verið vafasöm.[267]
3. Rannsóknarnefndin telur það vekja athygli að Fjármálaeftirlitið skuli hafa dregið þá ályktun af skýrslunum [úr útlánaathugununum] að „heildarmyndin varðandi útlánaáhættu fjármálafyrirtækjanna sex væri sú að áhætta og áhættusamþjöppun væri takmörkuð eins og gert var í minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2008.“[268]
4. Að mati rannsóknarnefndarinnar hefði þurft að grípa til frekari úrræða heldur en gert var gagnvart bönkunum á grundvelli þeirra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði í útlánaathugunum sínum. Þá segir orðrétt: „Að því marki sem fyrirliggjandi upplýsingar voru til vitnis um meint brot á lögum hefði Fjármálaeftirlitið átt að hafa frumkvæði að frekari rannsókn þeirra mála og leggja þau í viðeigandi farveg, jafnvel með tilkynningum til lögreglu, allt eftir eðli málanna. Þá telur rannsóknarnefndin að fullt tilefni hefði verið til þess að Fjármálaeftirlitið boðaði til fundar í stjórnum allra bankanna til að fara yfir niðurstöðurnar. Nefndin fær heldur ekki séð að umfjöllun stjórnar Fjármálaeftirlitsins hafi verið í samræmi við þær niðurstöður um starfshætti einstakra banka sem fram komu í skýrslum stofnunarinnar. Þarna var um að ræða athugasemdir við starfshætti sem rannsóknarnefnd Alþingis telur að heyrt hafi undir stjórn Fjármálaeftirlitsins að fjalla um með tilliti til stöðu útlánaeftirlits og útlánagæða í bönkunum. Loks hefði verið sérstök ástæða til að kynna efni skýrslnanna með formlegum hætti fyrir Seðlabanka Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en þar kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans.“[269]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Rannsókn á eftirfylgni Fjármálaeftirlitsins.[270]

Rannsóknarnefndin telur málsmeðferð vettvangsathugana að mörgu leyti hafa verið ábótavant, málum var almennt ekki lokið með viðhlítandi hætti og þeim því ekki fylgt eftir þrátt fyrir að frumniðurstöður hefðu leitt í ljós ýmis atriði sem hefði verið tilefni til að skoða. Þá telur rannsóknarnefndin að skort hafi á samræmda málsmeðferð innan eftirlitsins auk þess sem starfsmenn notuðu ekki gæðahandbók stofnunarinnar. Einstökum málum var lokað án þess að þeim væri formlega lokið, og af þeim málum sem nefndin skoðaði var ljóst að fyrirkomulag eftirlitsins þar sem úrbætur voru kannaðar við næstu vettvangsathugun var ófullnægjandi og veitti ekki nægilegt aðhald og því var kröfum um úrbætur ekki sinnt. Fjármálaeftirlitið beitti ekki heimildum sem mælt er fyrir um í 11. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og reglugerð nr. 560/2001, til að leggja á févíti og dagsektir til að knýja á um að fyrirtækin sinntu úrbótum sem hafði verið krafist.

---

[267] Sama heimild, bls. 113.
[268] Sama heimild, bls. 114.
[269] Sama heimild, bls. 115.
[270] Sama heimild, bls. 115–121.

Samandregnar ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um framkvæmd vettvangsathugana.[271]

1. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var það skynsamleg ráðstöfun hjá stjórnendum Fjármálaeftirlitsins að setja vettvangsathuganir í forgang sumarið 2007 en þá var hafin útlánaathugun í sex stærstu fjármálafyrirtækjum landsins. Í meginatriðum var efni rannsóknarinnar vel afmarkað og afar þýðingarmikið og því hyggilega valið. Sá galli var þó á rannsókninni að Fjármálaeftirlitið fór ekki yfir úrtak af lánasamningum með það fyrir augum að endurmeta áhættuflokkun bankanna á viðskiptavinum og mat þeirra á framlögðum tryggingum heldur var treyst á að mat bankanna sjálfra væri rétt. Ekki er hægt að útiloka að slíkt endurmat hefði verið óframkvæmanlegt í einhverjum tilvikum þar sem staðreynt hafði verið að formleg umgjörð útlána var ófullnægjandi í mörgum tilvikum, þ.e. ýmist lágu ekki fyrir nægar upplýsingar til að flokka eftir áhættu, áhættuflokkun hafði ekki farið fram eða ekki voru nægar upplýsingar um tryggingar. Þessar staðreyndir eru í sjálfu sér mikill áfellisdómur yfir stöðu á útlánasafni bankanna.[272]
2. Rannsóknarnefndin telur að skort hafi á að Fjármálaeftirlitið hafi tekið á rökstuddan hátt af skarið í niðurstöðum sínum. Þetta á ekki síst við í málum þar sem skýra hefur þurft hugtökin yfirráð og fjárhagsleg tengsl við beitingu reglna um stórar áhættur. Rannsóknarnefndin telur rétt að taka fram að við meðferð valdheimilda sinna verður Fjármálaeftirlitið að taka af skarið um skýringu reglna á starfssviði sínu í samræmi við viðurkenndar aðferðir lögfræðinnar og beita reglunum síðan af samræmi. Það haggar ekki þessari niðurstöðu þótt umrædd ákvæði séu matskennd eða líkur séu á að látið verði reyna á lögmæti ákvörðunarinnar fyrir dómi.[273]
3. Rannsóknarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að mál sem snerta ætluð brot á reglum um stórar áhættuskuldbindingar hafi lengi verið í óformlegum farvegi, ýmist þar sem þau voru látin liggja óhreyfð eða bréfaskipti höfðu staðið yfir við fjármálafyrirtækin þar sem reynt var að færa málin til betri vegar. Orðrétt segir: „Þetta hefur haft í för með sér að eftirlitsskyldir aðilar hafa í sumum tilvikum komist upp með að færa stórar áhættuskuldbindingar í bækur sínar á þann hátt að ekki samrýmist lögum að mati Fjármálaeftirlitsins, ýmist í lengri eða skemmri tíma. Loks verður að halda því til haga að mörg þeirra brota sem hér um ræðir er ekki hægt að líta á sem minni háttar brot. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis eru þetta ótækir stjórnsýsluhættir sem ganga í bága við lögboðna málsmeðferð.“[274]
4. Rannsóknarnefndin telur aðfinnsluvert að málsmeðferð skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, hafi ekki verið beitt kerfisbundið í málum út af brotum á reglum um stórar áhættuskuldbindingar.[275]
5. Rannsóknarnefndin bendir á að þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komið auga á brot á lögum og reglum og sum þeirra alvarleg þá hafi stofnunin ekki sett málin í lögformleg-

---

[271] Sama heimild, bls. 119–121.
[272] Sama heimild, bls. 120.
[273] Sama heimild, bls. 120.
[274] Sama heimild, bls. 120.
[275] Sama heimild, bls. 120–121.

an farveg og lagði þar með ekki viðhlítandi grundvöll að því að beita mætti viðurlögum og öðrum úrræðum sem stofnuninni voru tiltæk.[276]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Önnur eftirlitsverkefni.[277]

Í kaflanum er tæpt á öðrum eftirlitshlutverkum Fjármálaeftirlitsins, t. d. veitingu starfsleyfa, eftirliti með peningaþvætti, meðferð fyrirspurna, eftirliti með eignarhaldi og mati á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Fram kemur að Fjármálaeftirlitið hafi oftast samþykkt umsóknir um virkan eignarhlut auk þess sem sérstaklega er minnst á að það að heimila stóra eignarhluti við einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans hafi sett tóninn fyrir það sem síðar varð. Fjármálaeftirlitið reyndi í framhaldinu að draga úr skaðlegum áhrifum þröngs eignarhalds á Íslandi þótt árangurinn hafi verið takmarkaður.

Rekstrarfé og mannauður Fjármálaeftirlitsins.[278]

Fjármálaeftirlitið er fjármagnað með gjaldi sem er innheimt af eftirlitsskyldum aðilum á grundvelli laga nr. 99/1999. Lögunum er breytt hvert ár til að ákvarða fjárhæð rekstrarfjár miðað við stöðu og verkefni fyrra rekstrarárs.

Einnig er ítarlega farið yfir þróun rekstrarkostnaðar og tekna Fjármálaeftirlitsins frá 1999–2008. Rannsóknarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að með hliðsjón af rekstrarkostnaði stofnunarinnar fram til 2006 hafi vöxtur hennar ekki verið nægilegur samanborið við vöxt íslenska fjármálakerfisins, flækjustig þess og umfangsmikil verkefni. Nefndin telur að ábyrgð þess að Fjármálaeftirlitið hafi ekki fengið nægilega fjármuni til rekstrarins liggi hjá stjórnendum þess en ekki hafi reynt á afstöðu löggjafans til hækkunar gjaldsins enda ekki farið fram á slíka hækkun. Rannsóknarnefndin tiltekur síðan að niðurstaðan sé þó ekki sú að ábyrgð viðskiptaráðherra og Alþingis hafi engin verið.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar tvöfaldaðist starfsmannafjöldi Fjármálaeftirlitsins og rúmlega það frá árinu 2000. Heildarstarfsmannavelta frá árinu 2000 til miðs árs 2008 var að meðaltali 11%. Raunvelta á sama tíma var 9%.[279] Rannsóknarnefndin telur mannauðsvanda eftirlitsins hafa verið fólginn í því hversu erfitt var að halda í hæft starfsfólk, starfsreynsla hafi því verið lítil og starfsaldur lágur. Þessi atriði takmörkuðu að mati rannsóknarnefndarinnar getu eftirlitsins til að sinna hlutverki sínu.

Upplýsingatækni og skjalaskráning.[280]

Í kaflanum fjallar rannsóknarnefndin um söfnun upplýsinga frá eftirlitsskyldum aðilum, vistun þeirra og flokkun. Rafrænt skýrsluskilakerfi var tekið í notkun í ársbyrjun 2007 en það virkaði þó ekki sem skyldi og var þannig ekki nýtt að fullu. Í júlí 2009 var gerð úttekt á

---

[276] Sama heimild, bls. 121.
[277] Sama heimild, bls. 122–126.
[278] Sama heimild, bls. 126.
[279] Rannsóknarnefndin kannaði einnig hver var næsti vinnustaður starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og leiddi sú rannsókn það í ljós að um 38% starfsmanna fóru til starfa hjá fyrirtækjum sem heyra undir eftirlit þess og sama hlutfall, 38%, fór til starfa í öðrum fyrirtækjum í einkageiranum, svo sem lögmannsstofum, endurskoðendaskrifstofum eða hjá ráðgjafarfyrirtækjum, sjá sömu heimild, bls. 143.
[280] Sama heimild, bls. 146–153.

skýrsluskilakerfinu og gagnaúrvinnslu og rakin þau vandamál sem stofnunin glímir við tengd upplýsingatækni.

Fjármálaeftirlitið notar GoPro-skjalavistunarkerfið sem rannsóknarnefndin telur að hafi verið ábótavant og telur rannsóknarnefndin að upplýsingatæknistefna Fjármálaeftirlitsins frá 2006 hafi ekki gengið eftir nema að hluta. Brýnt sé að vandamál tengd upplýsingatækni verði leyst sem fyrst enda getur þetta komið niður á möguleikum stofnunarinnar til að rækja eftirlitshlutverk sitt og telur rannsóknarnefndin að annmarkar á kerfunum hafi verið til þess fallnir að draga mjög úr gæðum á vinnu stofnunarinnar.

Matskenndar heimildir Fjármálaeftirlitsins.[281]

Rannsóknarnefndin fjallar almennt um lögmætisregluna sem felst í því að stjórnvöld eru bundin af lögum. Ákvarðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í lögum og mega ekki vera í andstöðu við lög. Þá er tekið fram að lagaheimildir sem stjórnvöld hafa séu almennt tvenns konar, annars vegar lagareglur með fastmótað efnisinnihald og hins vegar lagareglur með matskennt efnisinnihald en lagareglur á sviði fjármálamarkaða hafa margar hverjar matskennt innihald. Rannsóknarnefndin vísar í athugasemdir við 8. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem kemur fram að nauðsynlegt sé að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að leggja ákveðið huglægt mat á hvort starfsemi fjármálafyrirtækis sé heilbrigð og eðlileg þótt ákvæði laga og reglna hafi ekki verið brotin. Með þessu ákvæði hafi áskilnaður lögmætisreglunnar um lagaheimild fyrir eftirlitinu verið uppfylltur en skort hafi á að Fjármálaeftirlitið mótaði inntak reglunnar með skýringum og fyllingu hennar samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði lögfræðinnar. Þá hefur ekki reynt á matskennd lagaákvæði fyrir dómi svo fordæma er ekki hægt að leita þar. Rannsóknarnefndin telur að Fjármálaeftirlitið hafi léð inntaki matskenndu lagaheimildanna lítið vægi og þannig hafi skort á að það hafi getað metið heilbrigði starfshátta enda þurfi til þess bæði víðtæka reynslu, skipulega upplýsingaöflun og gagnaúrvinnslu. Brýnt er að úr þessari stöðu sé bætt. Rannsóknarnefndin leggur til að styrktar verði valdheimildir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli matskenndra lagaákvæða á þann hátt að framsetning þeirra í lögum verði tekin til endurskoðunar.

Starf Fjármálaeftirlitsins í aðdraganda bankahruns 2007 og 2008.[282]

Rannsóknarnefndin bendir á að það veki sérstaka athygli að ekki verði séð að ályktanir viðbúnaðarhóps Fjármálaeftirlitsins sem starfaði frá 2007 hafi verið afgerandi neikvæðar. Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins hafi ekki talið að nein meiri háttar vandræði steðjuðu að bönkunum fram eftir árinu 2008. Af upplýsingum viðbúnaðarhópsins að dæma hefði mátt ætla að starfsmenn og stjórnendur hefðu verið mjög uggandi yfir þróun mála. Til samanburðar má nefna að mat breska fjármálaeftirlitsins (FSA), sem þó hafði ekki aðgang að jafn ítarlegum upplýsingum og Fjármálaeftirlitið, var miklum mun neikvæðara. Rannsóknarnefnd Alþingis telur því ljóst að viðbúnaðarhópur Fjármálaeftirlitsins og stjórnendur þess hafi ekki metið ástandið rétt og verið mun bjartsýnni en tilefni var til.

---

[281] Sama heimild, bls. 153–156.
[282] Sama heimild, bls. 156–164.

Störf stjórnar Fjármálaeftirlitsins.[283]

Rannsóknarnefndin telur að stjórnin hafi ekki sýnt nægilega mikið frumkvæði í starfi sínu og lítið hafi farið fyrir stefnumótun í störfum stofnunarinnar ef undan er skilin vinna við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Þá segir í skýrslunni; „Verður þannig ekki séð að stjórn Fjármálaeftirlitsins hafi í stefnumótun sinni tekist á við grundvallarspurningar á vettvangi eftirlits með fjármálastarfsemi, svo sem um stærð bankakerfisins og nauðsynleg viðbrögð stofnunarinnar við allt of örum vexti þess. Skorti þannig á að stjórnin rækti skyldur sínar við yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins varðandi eitt af helstu hættumerkjunum í þróun íslenskra fjármálafyrirtækja. Höfðu þó margir erlendir sérfræðingar bent á það þannig að vandamálið var á engan hátt dulið.“[284]

Opinber upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins í aðdraganda falls bankanna um stöðu þeirra.[285]

Stofnunin nýtti sér lagaheimild til að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum lítið sem ekkert. Á hinn bóginn virðist Fjármálaeftirlitið hafa litið á það sem hlutverk sitt að auka trúverðugleika íslenska fjármálamarkaðarins og íslenskra fjármálafyrirtækja, m.a. með samskiptum við fjölmiðla. Þessi hluti starfsemi Fjármálaeftirlitsins varð mjög fyrirferðarmikill á árunum 2006 og 2007 og telur rannsóknarnefndin að slík samskipti hafi krafist bæði tíma og mannafla og virðist Fjármálaeftirlitið hafa gengið lengra í þessu en erlendar systurstofnanir.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um störf Fjármálaeftirlitsins.[286]

1. Orðrétt segir í ályktunum rannsóknarnefndarinnar: „Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að mikið hafi skort á að Fjármálaeftirlitið væri í stakk búið til þess að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjunum á viðhlítandi hátt síðustu árin fyrir fall bankanna. Þar veldur mestu að ráðstöfunarfé Fjármálaeftirlitsins var ónógt.“[287]
2. Rannsóknarnefndin bendir á að með hliðsjón af rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins og tekjum eftirlitsins fram til ársins 2006 sé ljóst að vöxtur þess hafi ekki verið nægjanlegur samanborið við vöxt íslenska fjármálakerfisins, flókin eignatengsl á fjármálamarkaði, aukin umsvif eftirlitsskyldra aðila erlendis svo og aukin verkefni sem lögð voru á eftirlitið.[288]
3. Ábyrgð á því að Fjármálaeftirlitið fékk ekki meiri fjármuni en raun bar vitni liggur að mati rannsóknarnefndar Alþingis hjá stjórnendum Fjármálaeftirlitsins sem hafi ekki óskað eftir nægum fjárveitingum. Ekki hafi reynt á hvort löggjafinn var reiðubúinn að breyta fjárhæð eftirlitsgjalda þannig að stofnunin fengi nægar ráðstöfunartekjur. Þá segir orðrétt: „Með þessu er þó ekki verið að segja að ábyrgð viðskiptaráðherra og Alþingis hafi engin verið.“[289]
4. Þá telur rannsóknarnefndin „að skort hafi á að í eftirlitsstörfum sínum sýndu starfsmenn Fjármálaeftirlitsins nægilega festu og ákveðni við úrlausn og eftirfylgni mála. Í þeim

---

[283] Sama heimild, bls. 164–169.
[284] Sama heimild, bls. 169.
[285] Sama heimild, bls. 169–172.
[286] Sama heimild, bls. 172–175.
[287] Sama heimild, bls. 172.
[288] Sama heimild, bls. 172–173.
[289] Sama heimild, bls. 173.

skýrslum, sem gerðar voru eftir vettvangsheimsóknir og nefndin hefur tekið til umfjöllunar, skorti stundum á að Fjármálaeftirlitið tæki á rökstuddan hátt af skarið í niðurstöðum sínum. Þetta á ekki síst við í málum þar sem skýra hefur þurft hugtökin yfirráð og fjárhagsleg tengsl við beitingu reglna um stórar áhættur. Í þeim tilvikum, aftur á móti, þegar tekið var af skarið og talið að ákveðnir gerningar færu í bága við lög, voru þess hins vegar dæmi að í slíkum málum hafi verið látið við það sitja að senda skriflegar athugasemdir til fjármálafyrirtækisins án þess að málinu hafi þá jafnframt verið komið í lögformlegan farveg. Ekki er útilokað að í veigaminni málum geti Fjármálaeftirlitið beitt því úrræði að gefa fjármálafyrirtækjum kost á að leiðrétta minni háttar mistök með óformlegum hætti.“[290] Rannsóknarnefndin tekur þó fram að hún telji að almennt verði að ganga út frá því að samkvæmt lögum sem eftirlitið starfi eftir beri því að „setja mál samhliða eða fljótlega á eftir í lögformlegan farveg til að tryggja að hægt sé að fylgja málinu eftir með þvingunarúrræðum og eftir atvikum viðurlögum sinni fjármálafyrirtækið ekki tilmælum um úrbætur.“[291]

5. Þá bendir rannsóknarnefndin á að á hafi skort að Fjármálaeftirlitið beitti fullum fetum lögbundnum úrræðum sínum og hafi það haft í för með sér að eftirlitsskyldir aðilar hafi í sumum tilvikum komist upp með það í framkvæmd að stórar áhættuskuldbindingar hafa verið færðar í bækur þeirra í andstöðu við lög að mati Fjármálaeftirlitsins, ýmist til lengri eða skemmri tíma. Loks er það mat rannsóknarnefndarinnar að ekki var hægt að líta á mörg brotanna sem minni háttar brot. Orðrétt segir: „Að mati rannsóknarnefndar Alþingis eru ofangreind atriði dæmi um ótæka stjórnsýsluhætti sem ganga í bága við lögboðna málsmeðferð.“[292]
6. Það er aðfinnsluvert að mati rannsóknarnefndarinnar að formlegri málsmeðferð hafi ekki verið beitt kerfisbundið í málum út af brotum á reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Málum var ekki alltaf komið í lögformlegan farveg og því ekki lagður grundvöllur að því að hægt væri að beita þvingunarúrræðum eða viðurlögum sem eftirlitið gat beitt í þeim. Því hafi skort slagkraft í störf eftirlitsins.[293]
7. Röng forgangsröðun var hluti af vanda Fjármálaeftirlitsins að mati rannsóknarnefndarinnar. Leggja hefði átt miklu meiri áherslu á að koma upp þróuðum upplýsingakerfum hjá stofnuninni þótt hins vegar hafi verið unnið að endurbótum og uppbyggingu á upplýsingakerfum Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2006.[294]
8. Þá telur rannsóknarnefndin að þar sem mikið hafi skort á að Fjármálaeftirlitið hafi haft yfir að ráða tæknilegri þekkingu og búnaði til þess að vinna vönduð og yfirgripsmikil yfirlit yfir stöðu og þróun einstakra fjármálafyrirtækja hafi eftirlitið í raun ekki haft þá nauðsynlegu yfirsýn yfir starfsemi fjármálafyrirtækja sem brýn þörf var á. Vandamál Fjármálaeftirlitsins sem lutu að krefjandi úrvinnslu upplýsinga úr kerfum sínum hafi að mati rannsóknarnefndarinnar án efa komið mjög niður á getu þess til að rækja þær starfsskyldur sínar að hafa eftirlit með og taumhald á fjármálafyrirtækjunum sem féllu haustið 2008.[295]

---

[290] Sama heimild, bls. 173–174.
[291] Sama heimild, bls. 174.
[292] Sama heimild, bls. 174.
[293] Sama heimild, bls. 174.
[294] Sama heimild, bls. 175.
[295] Sama heimild, bls. 175.

9. Það vekur sérstaka athygli rannsóknarnefndarinnar að ekki varð séð að þær ályktanir sem dregnar voru af upplýsingasöfnun viðbúnaðarhópsins[296] hafi verið afgerandi gagnrýnar. Þá segir orðrétt: „Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins töldu ekki að nein meiri háttar vandræði steðjuðu að bönkunum fram eftir árinu 2008. Rannsóknarnefnd Alþingis telur ljóst að viðbúnaðarhópur Fjármálaeftirlitsins og stjórnendur þess hafi ekki metið ástandið rétt og verið mun bjartsýnni en tilefni var til.“[297]
10. Rannsóknarnefndin telur Fjármálaeftirlitið hafa notast við gölluð álagspróf og að opinber upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins um stöðu bankanna hafi litast mjög af því að niðurstöður álagsprófa gáfu til kynna að bankarnir stæðu traustum fótum. Nefndin telur að gölluð álagspróf Fjármálaeftirlitsins hafi veitt markaðnum og Fjármálaeftirlitinu sjálfu falskt öryggi.[298]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Seðlabanki Íslands.[299]

Í lok 16. kafla er farið yfir meginstarfsskyldur Seðlabanka Íslands en um önnur störf bankans og aðgerðir hans í aðdraganda hrunsins er vísað til annarra kafla skýrslunnar, t.d. 20. kafla og 4. kafla þar sem fjallað er um peningastefnuna og framkvæmd hennar.

Farið er yfir lög um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans samkvæmt þeim, einnig er fjallað um stjórnsýslulega stöðu bankans, sjálfstæði hans og skipun bankastjórnar og bankaráðs. Þá eru úrræði bankans samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands og samkvæmt öðrum lögum rakin í sérstökum undirkafla. Einnig er farið stuttlega yfir eftirlitshlutverk og samspil við Fjármálaeftirlitið en eftirlitshlutverk þessara tveggja stofnana skarast að nokkru leyti. Þá er farið yfir eftirlit Seðlabankans með lausafjárstöðu og síðan gjaldeyrisjöfnuði. Farið er stuttlega yfir hlutverk Seðlabanka Íslands við álagspróf og viðlagaæfingar, eftirlit bankans með greiðslu- og uppgjörskerfum og reglum um bindiskyldu. Einnig er stuttlega vikið að reglum bankans um bindiskyldu sem tóku gildi 21. apríl 2008 þar sem bindiskyldan var lækkuð og skuldbindingar erlendra útibúa íslenskra banka mynduðu ekki lengur grunn bindingar. Þá er einnig stuttlega vikið að lánveitingum Seðlabankans og hvernig reglur um þær voru rýmkaðar árið 2008. Að auki er farið yfir viðhorf bankans til stöðu bankanna og stærðar þeirra eins og hún birtist í útgefnum ritum og fréttum frá bankanum. Þar kemur fram að niðurstaðan hafi verið að fjármálakerfið hér á landi væri í meginatriðum traust og jafnframt kemur fram í umfjöllun í riti bankans, Fjármálastöðugleika, árið 2006 að umgjörð laga og eftirlits hér á landi sé með því besta sem gerist.

Kafli 16.15 fjallar um samstarf og samskipti innan stjórnsýslunnar. Þar á meðal er vikið að samstarfi Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins en það er unnið á grunni samstarfssamnings milli stofnananna auk þess sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum Seðlabankans skv. 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um nánari umfjöllun um samstarfssamninginn vísast til kafla 16.15.2.

---

[296] Viðbúnaðarhópnum var komið á fót innan húss í Fjármálaeftirlitinu haustið 2007.
[297] Sama heimild, bls. 175.
[298] Sama heimild, bls. 175.
[299] Sama heimild, bls. 175–186.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[300]

1. Rannsóknarnefndin tiltekur að samspil milli þjóðhagslegs og rekstrarlegs stöðugleikaeftirlits hafi verið ófullnægjandi í aðdraganda hrunsins, þ.e. samspil Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Skort hafi á samræmdar aðgerðir og ástæða þess hafi verið sú að enginn einn aðili hafi borið ábyrgð á því að hafa heildaryfirsýn yfir stöðuna eða borið ábyrgð á að samræma viðbrögð við kerfisáhættu og ákvarða aðgerðir.[301]
2. Þá telur rannsóknarnefndin að skortur á upplýsingaflæði milli stofnananna hafi einnig haft áhrif. Þessi vandi sem birtist hér á landi er ekki bundinn við Ísland en skortur á heildaryfirsýn hefur einnig verið talinn vandi innan Evrópusambandsins og í Bandaríkjunum. Hvað stöðuna á Íslandi varði hafi það komið fram í skýrslu Kaarlo Jännäri um bankaeftirlit og í skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál frá því í september 2009 að sameina skuli Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands, eða að minnsta kosti færa Fjármálaeftirlitið undir sömu stjórn og Seðlabankann. Rannsóknarnefndin bendir á að slíkar hugmyndir hafi ekki verið skilgreindar nánar og að taka þyrfti afstöðu til þess hvort eftirlit með tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og verðbréfafyrirtækjum, verðbréfasjóðum og verðbréfamarkaði ætti að fylgja með inn í Seðlabankann eða ekki.[302] Það er mat rannsóknarnefndarinnar að eftirlit með framangreindum aðilum eigi lítið sameiginlegt með starfsemi seðlabanka og því sé ekki rökrétt að þetta eftirlit heyri þar undir. Einnig bendir rannsóknarnefndin á að slík breyting mundi geta haft í för með sér útvíkkun á freistnivandanum þannig að lítið yrði svo á að hlutverk Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara næði til allra aðila sem undir eftirlitið heyra. Hvað varðar þróun fjármálaeftirlita erlendis hefur stefnan almennt verið sú að sameina eftirlit með fjármálafyrirtækjum á einum stað, þ.e. halda eftirliti með bönkum og tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og fleiri aðilum innan sömu stofnunar. Þannig hefur þróunin orðið á Norðurlöndunum. Frábrugðið er fyrirkomulagið í Finnlandi þar sem fjármálaeftirlitið hefur aðeins eftirlit með bönkum og verðbréfafyrirtækjum en tryggingaeftirlitið hefur eftirlit með tryggingafélögum og lífeyrissjóðum. Fjármálaeftirlitið er síðan stjórnunarlega tengt seðlabankanum og stofnanirnar deila stoðþjónustu og vinna markvisst saman að málefnum sem tengjast fjármálastöðugleika. Rannsóknarnefndin hefur útbúið lista yfir rök með og á móti sameinuðu fjármálaeftirliti, sbr. kafla 16.15.3.4.[303]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Fjármálaeftirlitið.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að efla beri til muna reglur m.a. um lausafjáreftirlit, álagspróf og mat á eigin fé og að við það verði horft til þróunar erlendis.

Þingmannanefndin telur brýnt að Fjármálaeftirlitið hafi yfir öflugri upplýsingatækni að ráða í starfsemi sinni, svo sem til rafræns eftirlits og þróaðs upplýsingakerfis. Starfsemi Fjár-

---

[300] Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er ekki sérstakur niðurstöðukafli en sú umfjöllun sem hér fer á eftir byggist umfjöllun rannsóknarnefndarinnar um Seðlabanka Íslands, sjá sömu heimild, bls. 175–191, einkum bls. 187–189.

[301] Sama heimild, bls. 188.

[302] Sama heimild, bls. 189.

[303] Sama heimild, bls. 191.

málaeftirlitsins þarf að vera rekjanleg og jafnframt þarf að vera tryggt að stofnunin sæti reglubundnu stjórnsýslulegu eftirliti og endurskoðun.

Þingmannanefndin telur brýnt að settar verði reglur um flokkun áhættu og upplýsingar um tryggingar.

Þingmannanefndin tekur undir þá gagnrýni rannsóknarnefndarinnar að álagspróf Fjármálaeftirlitsins sem byggðust á alþjóðlegum viðmiðunum hafi verið gölluð enda hafi þau gefið til kynna að bankarnir stæðu traustum fótum.

Þingmannanefndin telur að niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis sýni glöggt að skerpa verði alla verkferla Fjármálaeftirlitsins og brýnt er að eftirlitið beiti valdheimildum sínum af hugrekki og festu.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu.

Þingmannanefndin leggur áherslu á að ávallt verði tryggt að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við stærð fjármálamarkaðarins á hverjum tíma.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að ítreka ábyrgð fagráðherra á eftirliti með störfum Fjármálaeftirlitsins. Ráðherra ber að tryggja að stofnunin sinni hlutverki sínu og Alþingi ber að hafa eftirlit með ráðherra.

Seðlabanki Íslands.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að efla eftirlit með fjármálamarkaði og skilvirkt skipulag þess. Einnig þarf að huga að því hvernig eftirliti með tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og verðbréfaviðskiptum verði best sinnt í framtíðinni og neytendavernd tryggð.

Þingmannanefndin telur brýnt er að tryggja upplýsingaflæði milli eftirlitsstofnana.

Þingmannanefndin telur nauðsynlegt að skýrt verði hvaða stofnun hafi það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu og fjármálalegan stöðuleika og beri ábyrgð á að samræma viðbrögð.

Þingmannanefndin leggur til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á Seðlabanka Íslands.

Þingmannanefndin telur rétt að lögfest verði formskilyrði meðferðar á beiðni um lán til þrautavara sem fjallað er um í 2. mgr. 7. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að ítreka ábyrgð fagráðherra á eftirliti með störfum Seðlabankans. Ráðherra ber að tryggja að stofnunin sinni hlutverki sínu og Alþingi ber að hafa eftirlit með ráðherra.

17. kafli. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt.[304]

Í fyrsta hluta 17. kafla er fjallað um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Rannsóknarnefndin gagnrýnir að ekki hafi hafist umræða um flutning innlána úr útibúum yfir í dótturfélög fyrr en á árinu 2008 þegar aukning innlána var mest á árinu 2007, einnig að engar breytingar skyldu hafa verið gerðar á reglum um starfsemi Tryggingarsjóðsins þegar ljóst er að ítrekað var rætt um stöðu sjóðsins hjá stjórnvöldum, einkum árið 2008. Afleiðing aukinna innlána voru þær að skuldbindingar Tryggingarsjóðs margfölduðust á mjög stuttum

---

[304] Sama heimild, bls. 193–310.

tíma.[305] Síðan rekur rannsóknarnefndin sögu innlánstrygginga og fyrirkomulagið á Íslandi fram til ársins 1999 þegar núverandi tryggingarsjóður var settur á fót.

Þá er ítarlega rakið kerfi innstæðutrygginga að Evrópurétti og samræming íslenskra reglna við Evrópuréttinn. Rakið er hvaða skyldur leiðir af EB-tilskipun um innstæðutryggingar og hvernig þær hafa verið uppfylltar af hálfu Íslands. Það er grundvallaratriði í tengslum við tilskipunina um innstæðutryggingar að í henni felast aðeins lágmarksreglur og er aðildarríkjum því ætlað að útfæra ákvæði tilskipunarinnar þannig að uppfylltar séu þær lágmarkskröfur sem koma fram í tilskipuninni auk þess sem heimilt er að setja ítarlegri reglur í landslög. Þá tiltekur rannsóknarnefndin að með tilskipuninni togist á tvö markmið, annars vegar að innlánsstofnanir beri sjálfar kostnað af tryggingunum og hins vegar að slíkur kostnaður megi ekki vera of íþyngjandi fyrir bankakerfið. Þar sem að aðildarríki gátu, samkvæmt tilskipuninni, sett mismunandi reglur um lágmarksvernd, stunduðu aðildarríki það að gera samninga við aðra tryggingarsjóði (topping-up-samninga) til að tryggja innlánseigendum lágmarksvernd ef hún var hærri í gistiríkinu en í heimaríkinu. Gagnrýni kemur fram af hálfu rannsóknarnefndarinnar varðandi samninga sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gerði við erlenda tryggingarsjóði en það er mat rannsóknarnefndarinnar að Tryggingarsjóðurinn hafi lagt áherslu á að hraða slíkri samningagerð en ekki tekið eins mikið tillit til þeirra auknu skuldbindinga sem fylgdu söfnun innlánanna erlendis og samningarnir snerust um að megninu til. Sérstaklega er fjallað um stöðuna ef eignir tryggingarsjóðs duga ekki til að greiða lágmarksbætur í kafla 17.4.8 þar sem kemur fram að tilskipunin veiti ekki leiðbeiningar um slíkar aðstæður. Þá segir að gert hafi verið ráð fyrir að tryggingarsjóðirnir stæðu sjálfir að fjármögnun sinni með greiðslum frá innlánsstofnunum og hugsanlega með lántökum en ekki yrði séð að aðkoma opinberra stofnana eða ríkisins verði leidd af undirbúningsgögnum tilskipunarinnar eða af henni sjálfri. Rannsóknarnefndin fjallar því næst um ábyrgð vegna innleiðingar á tilskipuninni um innstæðutryggingakerfið og að ábyrgð ríkisins geti oltið á því hvort tilskipunin teljist réttilega innleidd.

Kafli 17.5 fjallar um stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og rekstur sjóðsins, stöðu innlána, aukna söfnun innlána erlendis og áhrif þess á skuldbindingar sjóðsins. Tekið er fram að strax í lok árs 2004 og byrjun árs 2005 hafi komið fram áhyggjur af Tryggingarsjóðnum og slíkar áhyggjur hafi farið vaxandi og verið ræddar í samráðshópi um viðbúnað stjórnvalda við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Hópurinn skilaði niðurstöðum 17. febrúar 2006 þar sem meðal annars var fjallað um hvort löggjöf um sjóðinn væri fullnægjandi auk annarra atriða. Rannsóknarnefndin telur sérstakt að ekki hafi fundist nein gögn um að frekar hafi verið unnið með tillögur hópsins en hann starfaði áfram eftir skil skýrslunnar. Áhyggjur af stöðunni halda áfram að koma fram, t.d. þegar Samtök fjármálafyrirtækja óska eftir endurskoðun á reglum um hvaða innlán Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggði. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd til að fara yfir lög um innstæðutryggingar og var undirbúið frumvarp sem þó var aldrei lagt fram þar sem slíkt var talið geta leitt til enn meiri óróleika á fjármálamörkuðum og gæti jafnvel skapað hættu á áhlaupi á banka og sparisjóði. Rannsóknarnefndin gagnrýnir störf endurskoðunarnefndarinnar fyrir að hafa ekki fjallað um aukna söfnun íslensku bankanna á innlánum erlendis og áhrifum þess á skuldbindingar

---

[305] Tekið er fram að umfjöllun rannsóknarnefndarinnar lúti ekki að þeim samningum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gerði við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi vegna Icesave-innstæðna heldur að efni tilskipunarinnar, innleiðingu hennar og réttaráhrifum, sbr. sömu heimild, bls. 197.

Tryggingarsjóðsins. Þá segir orðrétt: „Á þeim tíma sem nefndin var að störfum, þ.e. frá maí 2007 til janúar 2008, jukust þessi innlán í útibúum erlendis um 576 milljarða kr.“[306]

Um viðbrögð stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og stjórnvalda við auknum skuldbindingum segir rannsóknarnefndin að innan stjórnar sjóðsins hafi að meiri hluta verið fulltrúar frá fjármálafyrirtækjum og að þeim hefði verið í lófa lagið að hafa frumkvæði að viðbrögðum frá sjóðnum, t.d. til að draga úr skuldbindingum hans og treysta stöðu hans. Þá hafi formaður stjórnar Tryggingarsjóðsins einnig átt að þekkja, úr starfi sínu hjá viðskiptaráðuneytinu, hvaða áhrif aukin söfnun íslensku bankanna á innlánum hafði á skuldbindingar sjóðsins. Þá rekur rannsóknarnefndin vinnu samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað og samskipti hans við aðra tryggingarsjóði og stjórnvöld vegna stöðu íslenska sjóðsins.

Undir lokin rekur rannsóknarnefndin afstöðu og viðhorf stjórnkerfisins, bankanna og ríkisstjórnar til stöðu og ábyrgðar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, þar á meðal til ábyrgðar ríkisins á töpuðum erlendum innstæðum samkvæmt innstæðutilskipuninni nr. 94/19/EB. Sérstaka athygli vekur afdráttarlaus afstaða bankastjóra Landsbankans sem töldu óumdeilt að ríkisábyrgð væri á Tryggingarsjóðnum og -kerfinu öllu. Þessu viðhorfi hafi Seðlabankinn verið ósammála en skoðanir innan Stjórnarráðsins hafi verið skiptar. Það vakti athygli rannsóknarnefndarinnar að ekki var farið að ræða af alvöru um stöðu Tryggingarsjóðsins fyrr en fyrirspurnir fóru að berast erlendis frá vegna vangaveltna um skyldur íslenska ríkisins gagnvart sjóðnum og er þá komið fram á árið 2008. Fór svo að gefin var út yfirlýsing 5. október 2008, send 6. október 2008, um aðstoð ríkisins við skuldbindingar Tryggingarsjóðsins, sbr. nánar um orðalag í kafla. 17.17.5.

Auk þess fer rannsóknarnefndin yfir fræðiskrif og gögn sem varða ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóða innstæðueigenda á EES-svæðinu sem og yfir breytingar sem gerðar hafa verið á innstæðutryggingakerfinu frá því haustið 2008.

Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[307]

1. Við samanburð á ákvæðum laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og lágmarksreglna tilskipunar Evrópusambandsins um innstæðutryggingakerfi[308] telur rannsóknarnefndin að umræddar lágmarkskröfur, að því marki sem þær verða beinlínis ráðnar af tilskipuninni, komi fram í íslensku lögunum.[309]
2. Þá telur rannsóknarnefndin ljóst að íslensku lögin voru að því er varðar lágmarkskröfurnar almennt hliðstæð lögum um innstæðutryggingakerfi eins og þau voru fram til október 2008, t.d. lögum annars staðar á Norðurlöndunum sem sett höfðu verið til að innleiða sömu tilskipun ESB. Af þessu leiddi að þeir veikleikar sem fyrir hendi voru í reglum tilskipunarinnar og þar með í uppbyggingu innstæðutryggingakerfanna innan EES-svæðisins, svo sem um fjármögnun til að tryggja lágmarksgreiðslu til innstæðueigenda, áttu líka við um íslensku reglurnar. Þessir veikleikar hafi að stórum hluta til verið þekktir á vettvangi ESB og höfðu þegar komið þar til umræðu.[310]

---

[306] Sama heimild, bls. 233.
[307] Sama heimild, bls. 296–310.
[308] Sjá nánar kafla 17.4., sama heimild, bls. 205–216.
[309] Sama heimild, bls. 296.
[310] Sama heimild, bls. 296.

3. Rannsóknarnefndin tekur fram að miðað við þau sjónarmið sem almennt hafa verið lögð til grundvallar innstæðutryggingakerfum verði ekki séð að gengið hafi verið út frá því að þau væru að fullu fjármögnuð fyrir fram til að mæta öllum skuldbindingum þeirra. Ekki hafi þannig verið gert ráð fyrir að eignir sem tiltækar voru í sjóðnum á hverjum tíma dygðu til að mæta öllum skuldbindingum sjóðsins.[311]
4. Þá bendir rannsóknarnefndin á að í tilskipuninni eða gögnum um undirbúning hennar komi ekkert fram um hvernig skuli staðið að málum ef eignir tryggingarsjóðs dugi ekki til að greiða lágmarksbætur. Hins vegar sé tekið fram í lögum nr. 98/1999 að hrökkvi eignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ekki til og stjórn hans telji til þess brýna ástæðu sé henni heimilt að taka lán en engin frekari ákvæði séu um þessa lántökuheimild í lögunum.[312]
5. Rannsóknarnefndin bendir á að það hafi verið verkefni þeirra sem stjórnuðu sjóðnum og höfðu eftirlit með honum að gæta að því hvernig hann væri í stakk búinn til að mæta skuldbindingum sínum ef á reyndi. Þetta hafi einnig komið í hlut þeirra sem höfðu eftirlit með fjármálastöðugleika auk þess sem þetta hafi verið nátengt viðbúnaðarstarfi stjórnvalda. Nefndin minnir á að vegna breyttrar fjármögnunar bankanna, með söfnun innlána erlendis, hefði íslenski tryggingarsjóðurinn getað staðið frammi fyrir því að þurfa að svara verulegum hluta skuldbindinga sinna í erlendum gjaldeyri.[313]
6. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að fulltrúar innlánsstofnananna í stjórn sjóðsins hafi í reynd lítið komið að starfsemi hans. Við athugun nefndarinnar á fundargerðum stjórnarinnar á árinu 2007 og fram til 1. október 2008 verður hins vegar ekki séð að stjórnin í heild, og þar með fulltrúar innlánsstofnana, hafi verið virk í umræðu um það hvernig sjóðurinn væri í stakk búinn til að mæta þeim skuldbindingum sem leiddi af auknum innlánum bankanna erlendis og þar með hvort staða hans væri trúverðug gagnvart innstæðueigendum ef erfiðleika tæki að gæta í rekstri innlánsstofnana.[314]
7. Rannsóknarnefndin telur að sú skipan að starfsmaður viðskiptaráðuneytisins væri formaður stjórnar Tryggingarsjóðsins hafi verið óheppileg. Er þá horft til þess sjálfstæðis sem sjóðnum var ætlað að hafa samkvæmt lögum og aðkomu fjármálafyrirtækja, þ.e. þeirra sem greiddu í sjóðinn, að stjórn hans en hvort tveggja hefði átt að stuðla að því að stjórnin brygðist við ef sýnt þætti að sjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þá hafði fyrrnefnt fyrirkomulag í för með sér að gagnvart þeim sem báru fram fyrirspurnir, t.d. erlendum stjórnvöldum, gat virst sem tengsl sjálfseignarstofnunarinnar og ráðuneytisins væru meiri en íslensk lög kváðu í reynd á um. Rannsóknarnefndin undirstrikar mikilvægi þess að þess sé jafnan gætt að skýr og glögg skil séu milli stjórnvalda svo að ekki leiki vafi á um eftirlitshlutverk ráðuneytis eða stöðu og ábyrgð ráðherra.[315]

---

[311] Sama heimild, bls. 297.
[312] Sama heimild, bls. 297.
[313] Sama heimild, bls. 298.
[314] Sama heimild, bls. 298.
[315] Sama heimild, bls. 300.

8. Rannsóknarnefndin bendir á að ekki síðar en um áramótin 2006–2007 hafi verið komnar fram í viðskiptaráðuneytinu upplýsingar um þá breytingu sem hafði orðið á innlánasöfnun íslensku bankanna í útibúum erlendis. Við hafi bæst fréttir um velgengni Landsbankans í söfnun innlána á Icesave-reikningana í Bretlandi.[316]
9. Þá segir orðrétt: „Áslaug Árnadóttir var skipuð formaður stjórnar TIF frá lokum febrúar 2008. Vegna starfs síns í viðskiptaráðuneytinu bjó hún yfir margvíslegum upplýsingum um aukna innlánasöfnun bankanna, staðsetningu innlánsreikninga og um leið áhrif þessara breytinga á skuldbindingar TIF miðað við hinar lögbundnu eignir hans og tekjur. Um meðferð þeirra upplýsinga sem formaðurinn fékk vegna starfa sinna í ráðuneytinu og þá m.a. á vettvangi samráðshóps stjórnvalda giltu almennar reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Rannsóknarnefndin telur hins vegar að slíkar reglur verði ekki túlkaðar svo að þær hafi getað staðið í vegi fyrir því að Áslaug hefði frumkvæði að því sem stjórnarformaður TIF að stjórn sjóðsins sinnti sjálfstætt lögbundinni upplýsingagjöf sinni til ráðherra samkvæmt 5. mgr. 4. gr. laga nr. 98/1999.“[317]
10. Orðrétt segir rannsóknarnefndin: „Það verður að teljast andvaraleysi af hálfu fulltrúa aðildarfyrirtækjanna í stjórn TIF að hafa ekki sjálfir frumkvæði að umræðu bæði innan stjórnarinnar og aðildarfyrirtækja um getu sjóðsins til að sinna hlutverki sínu og um það hvaða leiðir kynnu að vera færar til að bregðast við breyttum aðstæðum.“[318]
11. Rannsóknarnefndin bendir á heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999 um að bankar og sparisjóðir geti sjálfir komið á fót öryggissjóðum til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sinna og fjárhagslegt öryggi sitt, en ekki virðist hafa verið rætt um þennan möguleika af hálfu bankanna í tengslum við þá breytingu sem varð með söfnun innlána erlendis.[319]
12. Miðað við það hversu hröð þróun var í söfnun innlánanna telur rannsóknarnefndin að það hefði verið vandaðri stjórnsýsla af hálfu viðskiptaráðuneytisins að fylgjast betur með þeirri gjörbreytingu sem átti sér stað á innlánum íslensku bankanna og þar með á skuldbindingum íslenska tryggingarsjóðsins. Fyrir liggur að til stóð að gera breytingar á reglum um innstæðutryggingar en þó einungis afmörkuðum þætti þeirra.[320]
13. Það vekur athygli rannsóknarnefndarinnar að þrátt fyrir hraða söfnun innlána erlendis hafi það ekki verið fyrr en í mars 2008 að Seðlabankinn hóf að greina á milli innstæðna annars vegar erlendra aðila í erlendum útibúum íslensku bankanna og hins vegar í innlendum starfsstöðvum þeirra. Þessi aðgreining var tekin upp í upplýsingaöflun Seðlabankans eftir að bankinn hafði breytt reglum um bindiskyldu í mars 2008. Þetta skýri hvers vegna viðskiptaráðuneytið sneri sér beint til banka og sparisjóða þegar það hóf að afla upplýsinga um skiptingu innlána fyrir endurskoðunarnefndina undir lok árs 2007.[321]
14. Þá segir orðrétt. „Rannsóknarnefndin telur ljóst að þau stjórnvöld sem áttu gagngert að fylgjast með þróun mála og sáu um söfnun tölulegra upplýsinga um fjármálakerfið, og þá einnig sjálfseignarstofnunin Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hafi ekki brugðist nægjanlega snemma við og lagað upplýsingaöflun sína að þeirri breytingu sem varð á innlánssöfnun íslensku bankanna frá og með árinu 2006. Ef betur hefði verið

---

316 Sama heimild, bls. 301.
317 Sama heimild, bls. 301.
318 Sama heimild. bls. 301.
319 Sama heimild, bls. 302.
320 Sama heimild, bls. 302.
321 Sama heimild, bls. 303.

staðið að þessum málum hefði viðskiptaráðuneytið ekki sjálft þurft að afla þessara upplýsinga beint frá bönkum og sparisjóðum og önnur stjórnvöld hefðu jafnframt getað lagt slíkar upplýsingar til grundvallar við umfjöllun sína, þ.m.t. um nauðsynlegar viðbúnaðaraðgerðir.“[322]

15. Rannsóknarnefndin telur að þróun starfsemi bankanna, m.a. með söfnun innlána erlendis, hafi gefið endurskoðunarnefndinni sem sett var á stofn til þess að meta þörf á endurskoðun laganna um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta tilefni til þess að huga að leiðum til þess að styrkja Tryggingarsjóðinn og gera t.d. breytingar á greiðslufyrirkomulagi innlánsstofnana til sjóðsins. Þá segir orðrétt: „Rétt er líka að vekja athygli á því að á síðari árum hefur einmitt verið farin sú leið í Bandaríkjunum og nokkrum Evrópuríkjum að láta greiðslur einstakra innlánsstofnana ráðast af mati á áhættu í starfsemi þeirra. Í samantekt viðskiptaráðuneytisins frá því í byrjun árs 2008 þar sem gerð var grein fyrir tillögum þeirrar nefndar sem unnið hafði að endurskoðun laga um TIF var m.a. fjallað um slíkt áhættuiðgjald. Að mati rannsóknarnefndarinnar hefði verið ástæða til að gera slíka breytingu á reglum um greiðslur til TIF.“[323]
16. Rannsóknarnefndin telur ástæður þess að ekki var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um innstæðutryggingar í byrjun árs 2008, þ.e. sjónarmið um erfiðleika og óróleika á fjármálamarkaði, hafi einnig staðið í vegi fyrir frumkvæði af hálfu stjórnvalda og þar með viðskiptaráðherra á síðari stigum ársins.[324]
17. Þá segir orðrétt: „Við athugun rannsóknarnefndarinnar á málefnum TIF kom fram að mismunandi sjónarmið hefðu verið uppi innan stjórnkerfisins um hverjar væru hugsanlegar lagalegar skyldur og ábyrgð íslenska ríkisins vegna skuldbindinga TIF og þar með hvaða skyldur leiddi af tilskipun 94/19/EB að þessu leyti. Það vakti sérstaka athygli rannsóknarnefndarinnar að þrátt fyrir þetta var það ekki fyrr en eftir að fyrirspurnir bárust frá erlendum stjórnvöldum um mánaðamótin júlí–ágúst 2008 sem álitaefni um hugsanlegar skyldur íslenska ríkisins að þessu leyti komu til umfjöllunar hjá íslenskum stjórnvöldum.“[325]
18. Rannsóknarnefndin bendir á að bréf, dagsett 20. ágúst 2008, sent til starfsmanns breska fjármálaráðuneytisins hafi fyrst og fremst mótast af pólitískri afstöðu þeirra ráðherra sem komu að gerð þess. Í bréfinu sagði orðrétt að „ef TIF reyndist ófær að afla lánsfjár á almennum fjármálamarkaði myndi íslenska ríkisstjórnin gera allt sem „ábyrg ríkisstjórn“ gerði við slíkar aðstæður og þar á meðal „aðstoða sjóðinn“ við að afla nauðsynlegra fjármuna svo hann geti mætt skuldbindingum vegna lágmarkstryggingarinnar“. Bréfið var samþykkt af forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra.[326]
19. Þá segir orðrétt: „Ef það var álit þeirra sem ábyrgð báru á málefnum TIF samkvæmt verkaskiptingu Stjórnarráðsins og fóru með eftirlit með starfsemi sjóðsins, að ábyrgð aðildarríkis gagnvart tryggingarsjóði í framangreindum skilningi væri fyrir hendi, var mikilvægt að þau sjónarmið kæmu fram á fyrri stigum þegar ljóst var hvaða breyting var

---

[322] Sama heimild, bls. 303.
[323] Sama heimild, bls. 305.
[324] Sama heimild, bls. 305–306.
[325] Sama heimild, bls. 306–307.
[326] Sama heimild, bls. 307.

að verða á innlánastarfsemi íslensku bankanna með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar TIF.“[327]

20. Rannsóknarnefndin benti á það að þegar frumvarp um innleiðingu á tilskipun ESB um innstæðutryggingar var lagt fram á Alþingi af hálfu viðskiptaráðherra á sínum tíma hafi því verið lýst í athugasemdum að ríkisábyrgð gæti ekki komið í stað innstæðutrygginga. Síðar, þegar fjallað hafi verið um þau áform að stofna sjálfseignarstofnun til að sinna skyldum Íslands samkvæmt tilskipuninni hafi verið tekið fram að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á henni. Kvað rannsóknarnefndin því að ekki yrði annað séð en að viðskiptaráðherra og Alþingi hefðu gengið út frá því þegar fjallað var um þær skyldur sem leiddi af tilskipuninni að ríkissjóður bæri ekki með beinum hætti ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins. Í tilskipuninni (94/19/EB), eins og hún var þar til henni var breytt í mars 2009, voru ekki ákvæði sem mæltu fyrir um beina ábyrgð ríkissjóða aðildarríkjanna á skuldbindingum þeirra innstæðutryggingakerfa sem komið var upp í samræmi við tilskipunina. Í 24. mgr. aðfaraorða tilskipunarinnar, sem staðið hafa óbreytt frá setningu hennar árið 1994, er tekið fram að tilskipunin geti ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í tilskipuninni.[328]
21. Rannsóknarnefndin bendir á kafla 17.13[329] í skýrslunni þar sem lýst sé þeim breytingum sem voru gerðar á tilskipun ESB um innstæðutryggingar eftir fall íslensku bankanna þar sem tekin voru inn ákvæði sem kveða á um beina ábyrgð aðildarríkja á því að viðkomandi innstæðutryggingakerfi geti greitt þá lágmarksfjárhæð sem þar kemur fram.[330]
22. Þá segir orðrétt: „… er það mat rannsóknarnefndarinnar að ekki verði staðhæft að íslensk stjórnvöld eða Alþingi hafi sýnt af sér vanrækslu eða mistök við innleiðingu á tilskipun 94/19/EB sem slíkri. Rannsóknarnefndin telur hins vegar að sú mikla breyting sem varð á fjármögnun íslensku bankanna með söfnun innlána á netreikningum fyrir einstaklinga erlendis frá árinu 2006 hefði átt að gefa þeim aðilum sem báru ábyrgð á fyrirkomulagi og framkvæmd mála að því er varðaði innstæðutryggingar hér á landi tilefni til að hefjast handa um breytingar á reglum um tryggingarsjóðinn til að styrkja fjárhagsstöðu hans. Þessi þróun kallaði líka að áliti rannsóknarnefndarinnar á að stjórn TIF og stjórnvöld gættu betur að því hvernig sjóðurinn var í stakk búinn til þess að mæta skuldbindingum sem kynnu að falla á hann. Þetta varð enn brýnna þegar áhrifa lausafjárkreppunnar fór að gæta af alvöru í starfsemi íslensku innlánsstofnananna veturinn 2007–2008 og rætt var á vettvangi íslenskra stjórnvalda um hvernig bregðast ætti við fjármálaáfalli. Reglan um greiðsluskyldu TIF á lágmarksfjárhæð til hvers innstæðueiganda var skýr í lögum. Það var einnig ljóst að eignir sjóðsins nægðu ekki til að mæta skuldbindingum sem falla myndu á sjóðinn ef stærri fjármálafyrirtæki lentu í greiðsluþroti, að minnsta kosti ekki tímabundið. Þetta átti við óháð því hvort gerðar hefðu verið breytingar á lögum, t.d. í byrjun árs 2008. Það hlaut því að vera eitt af þeim viðfangsefnum sem takast þurfti á við í viðbúnaðaráætlun stjórnvalda hvernig mæta ætti þeim

---

[327] Sama heimild, bls. 308.
[328] Sama heimild, bls. 308–309.
[329] Sama heimild, bls. 273–274.
[330] Sama heimild, bls. 310.

skuldbindingum sem féllu á TIF ef til fjármálaáfalls kæmi. Því er lýst í köflum 19 og 20 í skýrslunni að það starf hafði ekki verið til lykta leitt innan samráðshópsins þegar kom að falli bankanna í október 2008. Afleiðingar þess birtust m.a. í þeirri óvissu sem varð við fallið og síðar í málefnum TIF og innstæðutrygginga vegna innstæðna í útibúum íslensku bankanna erlendis sem ekki féllu undir þá ábyrgð sem íslenska ríkið lýsti yfir á innstæðum á Íslandi.“[331]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir framangreindar niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær skuli í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að það kerfi innstæðutrygginga sem innleitt var hér á landi eftir Evróputilskipunum[332] hafi innihaldið þekkta veikleika sem fólust m.a. í því að ekki var tekið á útfærslu lánaheimilda tryggingasjóða. Við innleiðingu tilskipananna á Íslandi virðast ekki hafa verið uppi hugmyndir um hvernig bregðast átti við göllum í tilskipunum ESB.

Þingmannanefndin telur gagnrýnisvert að ekki hafi verið brugðist við breytingum sem urðu á hlutfalli gjaldeyris í tryggingarsjóðnum með stofnun reikninga í erlendum gjaldeyri. Nauðsynlegt sé að afmarka skýrar til hvaða innstæðna trygging Tryggingarsjóðsins taki.

Þingmannanefndin telur eðlilegt að innborganir í Tryggingarsjóðinn taki mið af skuldbindingum hans og mismunandi áhættu.

Þingmannanefndin telur tengsl viðskiptaráðuneytis og Tryggingarsjóðsins gagnrýnisverð. Samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, er Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sjálfseignarstofnun. Þó tíðkaðist það að formaður stjórnar kæmi úr viðskiptaráðuneytinu og leiddi slíkt fyrirkomulag til þess að veruleg og náin tengsl voru milli sjóðsins og ráðuneytisins. Er það mat þingmannanefndarinnar að ekki sé forsvaranlegt að starfsmenn ráðuneyta taki sæti í stjórnum stofnana sem sæta eftirliti viðkomandi ráðuneytis.

Þingmannanefndin telur að íhuga þurfi gaumgæfilega skipan stjórnar, einkum með tilliti til hagsmuna innstæðueiganda.[333]

Þá telur þingmannanefndin það gagnrýnisvert að Seðlabanki Íslands hafi ekki greint á milli innstæðna erlendis og hér á landi fyrr en í mars 2008.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að neytendur geti kynnt sér á einfaldan hátt til hvaða innstæðna Tryggingarsjóðurinn tekur.

Þingmannanefndin vill geta þess að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.[334]

Þingmannanefndin leggur til að skoðað verði hvort festa eigi í sessi að innlán séu forgangskröfur við þrot fjármálafyrirtækis, sbr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

---

[331] Sama heimild, bls. 310.

[332] Sjá tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB um innstæðutryggingar og 97/9/EB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

[333] Í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra til nýrra heildarlaga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta er lagt til að nýttar verði heimildir tilskipunar 94/19/EB til að undanskilja tryggingavernd tiltekinna innstæðueiganda umfram það sem er í gildandi lögum. Því er í frumvarpinu tiltekið að ákveðnar innstæður njóti ekki verndar. Sama á við um heimildir tilskipunar 97/9/EB til að takmarka tryggingavernd fjárfesta vegna tiltekinna verðbréfa og reiðufjár, þ.e. gerð er tillaga um að heimildir þessar verði að nokkru leyti nýttar.

[334] Sjá þskj. 291 á 138. löggjafarþingi; http://www.althingi.is/altext/138/s/0291.html.

4.6 Sjötta bindi skýrslunnar.

18. kafli. Innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis.[335]

Farið er yfir aðdraganda þess að íslensku bankarnir hófu að safna innlánum í erlendum útibúum, en í kringum áramótin 2005–2006 hafi komið fram gagnrýni á íslensku bankana af hálfu erlendra matsfyrirtækja og greinenda þar sem m.a. var fundið að því að söfnun innlána hjá bönkunum væri ekki nægileg.[336] Sú ástæða er tilgreind fyrir því að leitað var að innlánsfé út fyrir landsteinana að mikil aukning hafi orðið á heildarútlánum bankanna en takmarkaðir möguleikar til söfnunar innlána innan lands.

Landsbanki Íslands hf. var fyrstur bankanna til að bjóða upp á innlánsreikninga fyrir einstaklinga erlendis með Icesave-reikningum sínum í október 2006. Kaupþing bættist í hópinn í nóvember 2007 með Edge-reikninga og Glitnir síðan með Save&Save-reikninga í júní 2008.

Icesave-reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í London.[337]

Landsbanki Íslands hf. keypti breska bankann Heritable Bank Ltd. árið 2002 og opnaði einnig útibú snemma árs 2005 í London. Frá miðju ári 2005 fólst starfsemi útibúsins í útlánum í formi sambankalána, fyrirtækjaráðgjöf og móttöku innlána. Ákveðið var að hafa innlánsreikningana í útibúi fremur en í dótturfélagi svo auðveldara væri að flytja fjármuni yfir í aðra hluta samstæðu bankans. Af þeim sökum voru innlán útibúsins tryggð hjá Tryggingarsjóðnum á Íslandi.[338] Eftirlit með útibúinu í London var á hendi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands þótt hluti þess hafi verið í höndum breska fjármálaeftirlitsins. Rannsóknarnefndin bendir sérstaklega á að þrátt fyrir að mestur vöxtur hafi verið á innlánsreikningunum árið 2007 hafi umræða um Icesave-reikningana ekki átt sér stað hjá eftirlitsstofnunum fyrr en á árinu 2008. Einn bankastjóra Seðlabanka Íslands telur að það hafi verið slæm mistök að öflun Seðlabankans á upplýsingum um skiptingu innlána eftir útibúum hafi verið lögð af á sínum tíma en Seðlabankinn tók slíka upplýsingaöflun upp á ný í mars 2008. Innan Seðlabankans áttuðu menn sig ekki á að fé sem kom inn á innlánsreikninga Landsbankans erlendis var fært heim til Íslands fyrr en um mitt ár 2008.[339]

Fjölmiðlar fóru í auknum mæli að beina sjónum sínum að áhættusömum bönkum haustið 2007. Var mikið horft á íslensku bankana og afar neikvæð umfjöllun birt um stöðu þeirra.[340] Umfjöllunin leiddi til áhlaups á Icesave-reikningana í London frá 10. febrúar til 22. apríl 2008.

Lausafjárstýring útibús Landsbanka Íslands hf. í London.[341]

Umræður um að færa Icesave-innstæður í dótturfélag hófust í febrúar 2008 milli m.a. Seðlabanka Íslands, ráðherra og Fjármálaeftirlitsins sem og í samskiptum Landsbankans og

---

[335] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 5–65.

[336] Sama heimild, bls. 5.

[337] Sama heimild, bls. 7–54.

[338] Sama heimild, bls. 8. Sjá nánari umfjöllun í Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, 17. kafli.

[339] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 10–12.

[340] Sjá nánar kafla 18.2.2. í sömu heimild, bls. 10–16.

[341] Sama heimild, bls. 10–16.

FSA (breska fjármálaeftirlitsins). Í mars 2008 fór að bera á viðhorfi FSA að fella niður undanþáguna sem Landsbankinn fékk vegna lausafjáreftirlits sem gekk eftir í lok maí 2008. Fram kemur í fundargerðum bankaráðs Landsbankans 2. júní 2008 að FSA hafi ákveðið að draga undanþáguna til baka á þeim grundvelli að það væri leið FSA til að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir Landsbankans á innlánum í Bretlandi og að þeir hafi sett strangar kröfur um varasjóð eða 5% af óbundnum innlánum samstæðunnar sem ætti að varðveita í Seðlabanka Bretlands.

Áform um flutning úr útibúi yfir í dótturfélag.[342]

Áform um flutning Icesave-reikninga yfir í dótturfélag höfðu verið uppi í mars 2008. Á fundi Landsbankans og FSA þann 2. júlí 2008 setti FSA fram skýra kröfu um að Icesave-reikningar yrðu fluttir í dótturfélag.[343] Í framhaldinu héldu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands samráðsfund 7. júlí þar sem rætt var um nauðsyn þess að flytja innlánin í dótturfélag. Í fundargerð þess fundar kemur fram sú fullyrðing Tryggva Pálssonar að hann teldi að ríkissjóður gæti ekki tekið á sig innlánstryggingar vegna Icesave-reikninganna án þess að hætta á gjaldþrot ríkissjóðs.[344] Auk aukinnar ábyrgðar Tryggingarsjóðsins þurfti Landsbankinn að leggja fram um 20% af eignum bankans yfir til Heritable Bank á móti innlánum sem voru nærri 5 milljarðar punda á þessum tíma (vorið 2008). Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er vísað til skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar þar sem fram kom að þessi flutningur fjármagns mundi eðlilega hafa veruleg áhrif á lausafjárstöðu bankans og skuldbindingar hans gagnvart öðrum lánardrottnum.

Í kjölfarið rekur rannsóknarnefndin samskipti og umræður um flutning Icesave-reikninganna í dótturfélag. Nefndin vekur sérstaka athygli á þeim mismun sem fram kemur á fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands og bankastjóra Landsbankans, er fram fór þann 31. júlí 2008, á skilningi Seðlabanka Íslands á ríkisábyrgð vegna innlána samkvæmt Evróputilskipun um tryggingarsjóð innstæðueigenda og bankastjóra Landsbankans. Þá er í kaflanum fjallað um þær kröfur sem FSA gerði til Landsbankans um flutning Icesave-innstæðna í dótturfélag, takmörkun fjárhæðar innstæðna, breytta vaxtastefnu, frávik frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar og flutning fjármagns til Heritable Bank. Afstaða Landsbankans til þeirra krafna virðist hafa verið sú að reyna hvað hægt væri til að ná fram málamiðlun, til dæmis þannig að skipta mætti flutningi fjármagns til Bretlands í tvo hluta. Þá höfðu Landsbankamenn áhyggjur af því að brotið yrði gegn skilmálum í samningum bankans við lánardrottna ætti sér stað stórfelldur flutningur fjár úr bankanum í dótturfélag. Virðist mega lesa það úr orðum bankastjóra Landsbankans að samskipti við FSA hafi hægt og sígandi orðið beinskeyttari og kröfur þess afdráttarlausari. Virðast kröfur FSA hafa gert það að verkum að Landsbankanum yrði torfært að flytja fjármuni frá dótturfélagi sínu til móðurfélagsins. Meðal annars víkur nefndin sérstaklega að fundi viðskiptaráðherra og stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins með fjármálaráðherra Bretlands þann 2. september 2008, afleiðinga þess fundar og aðkomu íslenska sendiherrans í London að málinu.

---

[342] Sama heimild, bls. 16–36.
[343] Sama heimild, bls. 16.
[344] Sama heimild, bls. 16.

Bresk yfirvöld taka yfir útibú Landsbanka Íslands hf.[345]

3. október 2008 tilkynnti FSA um beitingu formlegra valdheimilda sinna gagnvart Landsbanka Íslands hf. með vísan til reglna FSMA[346] og var Landsbankanum samkvæmt þeim skylt fyrir 6. október 2008 að hækka varasjóð sinn um 20% af óbundnum innlánum sem skyldi geymdur í Seðlabanka Bretlands. Þá bæri honum að lækka óbundin innlán niður í 1 milljarð punda við lok árs 2008 auk þess að setja 5 milljarða punda hámark á innlán í útibúinu. Auk þess átti bankinn að breyta vaxtastefnu sinni og hætta öllum auglýsingum fyrir 10. október 2008. Sama dag tilkynnti Seðlabanki Evrópu að Landsbankinn gæti ekki aukið endurhverf viðskipti við bankann og setti þessi staða aukinn þrýsting á lausafjárstöðu bankans. Um þessar mundir var áhlaup á Icesave-reikningana og ljóst var þá að fregnir af aðgerðum FSA og Seðlabanka Evrópu höfðu spurst út. Þann 6. október hafði Landsbankanum ekki tekist að flytja þá fjárhæð sem óskað hafði verið eftir til London, og að kvöldi þess dags var útibúi Landsbankans í London lokað.[347] Þann 8. október var síðan gefin út tilskipun um frystingu eigna Landsbankans auk nánar tiltekinna eigna íslenskra stjórnvalda og ríkisstjórnar Íslands á bresku yfirráðasvæði á grundvelli hryðjuverkalaga.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[348]

1. Stofnun innlánsskuldbindinga erlendis, eins og Landsbankinn gerði í London, leiddi til þess að útgreiðslum þurfti að mæta í breskum pundum, líka ef áhlaup yrði gert á reikningana. Landsbankinn gat ekki vænst þrautavarafyrirgreiðslu frá Seðlabanka Íslands nema í íslenskri mynt. Rannsóknarnefndin telur að Landsbankanum hafi mátt vera ljóst að ef umtalsverðar greiðslur kæmu frá Íslandi til þess að mæta útgreiðslum af erlendum reikningum þá gæti það haft veruleg áhrif á gengi íslensku krónunnar.[349]
2. Rannsóknarnefndin telur ljóst að Landsbankinn hafi aðeins litið á söfnun innlána erlendis sem lið í fjármögnun bankans á sama tíma og þrengdist um möguleika til fjármögnunar t.d. með erlendum lánum eða útgáfu skuldabréfa. Þrátt fyrir þessa breytingu á fjármögnun varð engin breyting á útlánastefnu eða starfsemi Landsbankans eins og eðlilegt hefði verið í ljósi þess að fjármögnun bankans gjörbreyttist og lánardrottnar hans voru ekki lengur aðeins erlendar lánastofnanir og fagfjárfestar heldur líka erlendir einstaklingar.[350]
3. Rannsóknarnefndin vísar til þess að ekkert mat eða úttekt virtist hafa farið fram af hálfu íslenskra eftirlitsaðila á því hve stöðugir og öruggir Icesave-reikningarnir voru sem fjármögnunarleið og hvaða áhætta kynni að fylgja þeim fyrir fjármálakerfið á Íslandi.[351]
4. Rannsóknarnefndin telur umhugsunarvert að á árinu 2007, þegar mestur vöxtur var á Icesave-reikningunum, hafi sá vöxtur ekki orðið íslenskum stjórnvöldum, svo sem Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu, tilefni til viðbragða við fjölgun innlána með tilliti til áhættuþátta gagnvart íslensku fjármálakerfi.[352]

---

[345] Sama heimild, bls. 36–40.
[346] Financial Services and Markets Act 2000.
[347] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 40.
[348] Sama heimild, bls. 40–54.
[349] Sama heimild, bls. 40.
[350] Sama heimild, bls. 41.
[351] Sama heimild, bls. 41.
[352] Sama heimild, bls. 42.

5. Rannsóknarnefndin bendir á að innlán í útibúi Landsbankans í London námu um mitt ár 2007 5,5 milljörðum punda en gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands um 1,2 milljörðum punda. Því hefði Seðlabankinn ekki getað gegnt hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara fyrir Landsbankann ef á hefði reynt. Þar sem Landsbankinn var kerfislega mikilvægur banki blasti við að áhlaup á innlánin í Bretlandi mundi ógna fjármálastöðugleika á Íslandi. Rannsóknarnefndin telur að Seðlabankanum hafi mátt vera þetta ljóst eigi síðar en um mitt ár 2007 og hefði þessi vitneskja átt að vera Seðlabankanum „tilefni til aðgerða til að draga úr hættu sem gat steðjað að fjármálastöðugleika á Íslandi“.[353]
6. Af skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar yfir stjórnendum íslensku bankanna telur nefndin ljóst að fram að byrjun ársins 2008 hafi tilvist Tryggingarsjóðsins og þýðing hans ekki haft mikil áhrif á ákvarðanatöku íslensku bankanna og skipulag starfseminnar. Í þessu ljósi má benda á að bankaráð hóf að skoða flutning innlánanna yfir í dótturfélag eftir að upp hafði komið neikvæð umræða um fyrirkomulag innstæðutrygginga í breskum fjölmiðlum. Hvatinn var sem sagt fyrst og fremst sá.[354]
7. Landsbankinn aflaði í febrúar 2008 lögfræðilegrar álitsgerðar um hvaða leiðir væru færar við flutning innlánanna yfir í dótturfélag. Því var stjórnendum Landsbankans ljóst frá lokum febrúar 2008 hvaða leiðir komu til greina. Einnig voru þeim ljósar þær kröfur sem FSA gerði um samhliða yfirfærslu eigna til dótturfélagsins sem námu um 20% af eigum Landsbankans. Jafnframt væri ekki lengur hægt að flytja fjármuni sem kæmu inn á Icesave-reikninga til annarra hluta Landsbankasamsteypunnar.[355]
8. Það vekur athygli rannsóknarnefndarinnar að þrátt fyrir fregnir sem formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands og starfsmaður bankans fengu á ferð í London og fundum með matsfyrirtækjum, þrátt fyrir fund seðlabankastjóra með þremur ráðherrum og fund íslensku seðlabankastjóranna með aðalbankastjóra Seðlabanka Bretlands og fundi þeirra með bankastjóra Landsbankans þar sem skýrlega kom fram hve alvarlegur vandinn var og að Landsbankinn gæti aðeins þolað áhlaup eins og það sem varð í sex daga hafi ekki fundist nein skjöl eða ótvíræðar staðfestingar á að íslensk stjórnvöld hafi lagt formlega að Landsbankanum að flytja Icesave-reikningana yfir í dótturfélag né heldur að kallað hafi verið eftir tímaáætlun um slíkt frá bankanum ef stjórnvöld litu svo á að bankinn væri að undirbúa flutning. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að eðlilegt[356] hefði verið og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að stjórnvöld sem báru ábyrgð á þessum málum kölluðu eftir staðfestum áætlunum um tímasetningu flutnings reikninganna yfir í dótturfélag.
9. Um mánaðamótin mars/apríl 2008 varð áhlaup á Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og fundaði Seðlabankinn með bankastjórum Landsbankans og ráðherrum auk þess sem rætt var um málefni bankans á fundi samráðsnefndarinnar. Það vakti athygli rannsóknarnefndarinnar að þrátt fyrir að lýst hafi verið mjög alvarlegri stöðu Landsbankans og vanda sem augljóslega kæmi ekki bara fram á Íslandi heldur einnig gagnvart yfirvöldum og stórum hópi einstaklinga í Bretlandi þá hafa ekki komið fram gögn eða upplýsingar um sérstök viðbrögð íslenskra stjórnvalda ef frá er talinn fundur Seðla-

---

[353] Sama heimild, bls. 42.
[354] Sama heimild, bls. 42.
[355] Sama heimild, bls. 43.
[356] Sama heimild, bls. 43.

bankans með oddvitum ríkisstjórnarflokkanna. Ráðherrarnir hafi til dæmis ekki óskað eftir því að Seðlabankinn eða Fjármálaeftirlitið kölluðu eftir tímasettum áætlunum um flutning þrátt fyrir að þeim hafi verið ljóst að það voru kröfur FSA í Bretlandi. Rannsóknarnefndin telur að formlegar upplýsingar þar um hafi skipt máli við mat á því hvort grípa ætti til ráðstafana af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir flutningnum.[357]

10. Ekki verður heldur séð af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði sér að sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu utanríkisþjónustunnar, svo sem til að undirbúa viðbrögð eða virkja tengsl við erlend stjórnvöld.[358]
11. Þegar kom fram í apríl 2008 telur rannsóknarnefndin ljóst af upplýsingum í fyrirliggjandi gögnum að breyting hafi orðið á viðmóti stjórnenda Landsbankans til flutnings Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag. Farið var að ræða hvernig og hversu hratt ætti að reyna að framkvæma flutninginn og reynt að semja um fyrirkomulag lausafjárstýringar og lausafjárkröfur til útibúsins.[359]
12. Eftir að áhlaup á Icesave-reikningana stöðvaðist undir lok aprílmánaðar og umræða um stöðu íslensku bankanna í Bretlandi minnkaði datt flutningur innlánanna af forgangslista Landsbankans. Ekki verður séð af gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði að Landsbankinn hafi upplýst Seðlabankann eða Fjármálaeftirlitið um breytta afstöðu sína og forgangsröðun flutnings innlána yfir í dótturfélag. Seðlabanki Íslands fékk ekki upplýsingar um stöðvun málsins fyrr en á fundi með Landsbankanum 14. júlí 2008.[360]
13. Rannsóknarnefndin vísar til minnisblaðs Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um möguleg úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum sem var fyrst lagt fram á fundi samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 25. mars 2008. Rannsóknarnefndin bendir á að þrátt fyrir þessar umræður virðist hvorki hafa komið fram hvatning til bankanna um flutning innlána á þessum tíma né verið leitað eftir upplýsingum um hver staðan væri varðandi flutning Icesave-reikninganna.[361]
14. Í júlí 2008 tók Landsbankinn aftur upp samskipti við FSA um flutning innlánanna í kjölfar bréfs stofnunarinnar 29. maí 2008. FSA setti þá formlega fram kröfu um flutninginn með ákveðnum skilyrðum, svo sem takmörkun heildarfjárhæðar innlána við 5 milljónir punda og að vextir á reikningunum væru ekki birtir á skrám yfir bestu kjör. Rannsóknarnefndin vekur athygli á því að stjórnendum Landsbankans hafi mátt vera ljóst eigi síðar en sumarið 2008 að FSA hafði efasemdir um að Seðlabanki Íslands gæti staðið við bakið á íslenska bankakerfinu lenti það í vanda. Eins mátti vera ljóst að stofnunin hafði áhyggjur af stöðu Tryggingarsjóðsins. Rannsóknarnefndin telur að Landsbankinn hafi viljað halda áfram söfnun innlána í Bretlandi þrátt fyrir þessar kröfur og hafi lagt áherslu á að uppfylla lausafjárreglur FSA í þeim tilgangi að slá flutningi Icesave-reikninganna á frest.[362]
15. Allt frá byrjun ársins 2008 hafði legið fyrir að flutningur yfir í dótturfélag mundi taka að lágmarki fimm til sex mánuði. Ljóst mátti einnig vera að skyndilegur flutningur Icesave-reikninganna gæti kallað á endurtekinn óróa meðal innstæðueigenda. Það vekur

---

[357] Sama heimild, bls. 44.
[358] Sama heimild, bls. 44.
[359] Sama heimild, bls. 45.
[360] Sama heimild, bls. 45–46.
[361] Sama heimild, bls. 46.
[362] Sama heimild, bls. 46.

furðu rannsóknarnefndarinnar að Landsbankinn hafi ekki gert ráðstafanir að eigin frumkvæði eða lagt fram áætlanir um flutning til breskra stjórnvalda.[363]

16. Rannsóknarnefndin tiltekur að þrátt fyrir óskýr viðhorf Landsbankans til flutnings innlánanna hafi það verið mat breskra og íslenskra stjórnvalda að mikilvægt væri út frá almannahagsmunum og hagsmunum innstæðueigenda að flytja reikningana yfir í dótturfélag. Þrátt fyrir þetta mat og endurtekna umræðu íslenskra stjórnvalda um nauðsyn flutningsins vekur það athygli nefndarinnar að ekki var settur upp sérstakur starfshópur til þess að þrýsta á um og greiða fyrir flutningi reikninganna. Þá var ekki heldur tekið af skarið um það hvaða aðili innan íslenska stjórnkerfisins ætti að hafa forgöngu um að þrýsta á um lausn málsins. Almennt virtust allir aðilar stjórnkerfisins vísa hver á annan spurðir um ábyrgð á málinu.[364]
17. Í ljósi þeirra hagsmuna sem voru í húfi fyrir stöðugleika íslenska bankakerfisins og fyrir Tryggingarsjóðinn vakti það athygli rannsóknarnefndarinnar að bresk stjórnvöld virtust hafa gengið harðar fram um flutning reikninganna en íslensk stjórnvöld. Íslensk stjórnvöld gripu ekki til neinna tiltækra stjórntækja eða úrræða, svo sem að boða hækkun bindiskyldu á erlenda innlánsreikninga. Þvert á móti tók Seðlabanki Íslands þá ákvörðun að lækka bindiskylduna í mars 2008 með það fyrir augum að samræma reglur sínar reglum Seðlabanka Evrópu án þess þó að slíkt hafi verið nein skylda. Eins hefðu stjórnvöld getað sett kröfur um aukið eigið fé innlánsstofnana sem tóku við innlánum í útibúum erlendis í ljósi aukinnar áhættu sem því fylgdi.[365]
18. Rannsóknarnefndin telur, í ljósi ummæla Seðlabanka Íslands, að bankinn hafi ekki vitað fyrr en um mitt ár 2008 að peningarnir sem komu inn á Icesave-reikningana væru notaðir í einhverjum mæli á Íslandi. Bendir rannsóknarnefndin þá á upplýsingar sem eiga að hafa komið fram á fundum Seðlabanka Íslands með Seðlabanka Bretlands þar sem þessu er haldið fram. Rannsóknarnefndin telur því að ástæða hafi verið fyrir bankastjórn Seðlabanka Íslands að afla glöggra upplýsinga um hvernig Landsbankinn nýtti þá fjármuni sem komu inn á Icesave-reikningana í London. Þannig virðist sem Seðlabanki Íslands hafi ekki brugðist við ábendingum Seðlabanka Bretlands og það þrátt fyrir að þær væru settar fram í tengslum við áhyggjur af stöðu íslensku bankanna.[366]
19. Í ágúst 2008 var orðið ljóst að erfitt gæti orðið að flytja reikningana yfir í dótturfélag vegna versnandi efnahagshorfa á Íslandi og þess skilyrðis að flytja skyldi um 20% af eignum móðurfélagsins yfir til Heritable Bank. Í ljósi skilmála í fjármögnunarsamningum var talin hætta á að ekki væri hægt að flytja svo stóran hluta eigna nema með samþykki lánardrottna. Landsbankinn taldi því að flutningur eigna þyrfti að fara fram í tveimur skrefum en við það gat FSA ekki unað og því var undanþága frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar ekki veitt.[367]
20. Í kjölfar bréfs FSA til Landsbankans 5. ágúst 2008 var ljóst að hraða þyrfti flutningi reikninganna ef forða ætti bankanum frá falli. Þá voru komnar fram vísbendingar um að FSA hefði ekki talið gæði eignanna sem átti að flytja nægileg. Því hafi Landsbankinn lagt fram beiðni til Seðlabanka Íslands um fjármagnsflutningafléttu sem var þó hafnað, enda

---

[363] Sama heimild, bls. 46–47.
[364] Sama heimild, bls. 47.
[365] Sama heimild, bls. 48.
[366] Sama heimild, bls. 48–49.
[367] Sama heimild, bls. 49.

ýmsir vankantar á henni.[368] Af gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ekki séð að Seðlabanki Íslands hafi gert sérstakar ráðstafanir til að kanna eða láta kanna gæði útlána Landsbankans eða hvað væri hæft í þeirri afstöðu FSA að útlánin/eignirnar dygðu ekki til.[369]

21. Stærsta ábyrgð á flutningi innlánanna hvíldi á Landsbanka Íslands en ljóst var að bankinn var upphaflega ekki tilbúinn til að draga úr umsvifum reikninganna eins og FSA krafðist. Virðist hafa gætt mikillar bjartsýni um að bankanum tækist að ná samkomulagi við FSA auk þess sem svo virðist sem bankinn hafi fyrst og fremst lagt áherslu á að fá undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar vegna flutninga eigna til dótturfélags á móti þeim innlánum sem yrðu flutt en minna fór fyrir athöfnum sem gátu haft þau áhrif að draga úr innlánunum.[370]
22. Rannsóknarnefndin gagnrýnir að íslensk stjórnvöld hafi verið í litlum beinum samskiptum við bresk stjórnvöld í ágúst 2008 þegar staðan var orðin grafalvarleg. Fulltrúar Seðlabanka Bretlands höfðu hins vegar samband við Seðlabanka Íslands og var mikill þungi í skilaboðum þeirra til bankans vegna ástandsins. Sami þungi var í samskiptum FSA við Landsbankann í bréfi 15. ágúst 2008 sem kynnt var forsætisráðherra daginn eftir. Ef það var á annað borð stefna íslenskra stjórnvalda og vilji að Icesave-reikningarnir yrðu sem allra fyrst fluttir frá útibúi Landsbankans í London yfir í dótturfélag þar, mátti forsætisráðherra og stjórnendum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins vera það ljóst þegar þetta bréf barst að hvað sem leið væntingum Landsbankans um að ná samkomulagi við FSA var þörf á beinni aðkomu íslenskra stjórnvalda að málinu.[371]
23. Þá gagnrýnir rannsóknarnefndin það hversu lítið og seint Fjármálaeftirlitið kom að málinu og að í bréfum sem eftirlitið sendi FSA í ágúst og september 2008 hafi það fylgt sjónarmiðum Landsbankans. Með bréfi til FSA þann 19. september kemur fram að eftirlitið vilji koma meira að samskiptum FSA og Landsbankans. Rannsóknarnefndin tiltekur þó að ekki sé að finna gögn eða upplýsingar um að Fjármálaeftirlitið hafi sett fram formleg sjónarmið eða tillögur um mögulegar lausnir á hraðvirkum flutningi innstæðnanna yfir í dótturfélag.[372]
24. Af fundi viðskiptaráðherra og sendinefndar með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 mátti vera ljóst að frá sjónarhóli fjármálaráðherrans var talin veruleg hætta á að Landsbankinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum innlána á Icesave-reikningunum. Sérstakar áhyggjur hefðu átt að koma fram eftir að starfsmaður breska fjármálaráðuneytisins setti sig í samband við sendiherra Íslands í London vegna þess að breski fjármálaráðherrann hafði orðið fyrir vonbrigðum með fundinn með Íslendingunum þar sem þeir höfðu ekki virst skilja alvöru málsins. Þrátt fyrir þessi aðvörunarorð verður ekki séð að viðskiptaráðherra eða aðrir ráðherrar hafi kannað frekar hvaða leiðir væru færar til að greiða fyrir flutningi reikninganna né fylgt þeim eftir gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum.[373]
25. Þegar kom fram í byrjun október 2008 virðist sjónarmiðið um skilmála í fjármögnunarsamningum og samþykki lánardrottna fyrir flutningi eigna hafa vikið enda var staðan

---

[368] Sama heimild, bls. 49–50.
[369] Sama heimild, bls. 49–50.
[370] Sama heimild, bls. 51.
[371] Sama heimild, bls. 51. Vísað er til bréfs frá FSA dags. 15. ágúst 2008.
[372] Sama heimild, bls. 51–52.
[373] Sama heimild, bls. 52.

þá orðin verulega erfið. Reyndi Landsbankinn þá að hefja skyndiflutning reikninganna yfir í dótturfélag auk þess að áætla flutning 20% eigna bankans yfir í dótturfélagið. Rætt var um mögulega hraðleið þar sem byggt yrði á ætluðu samþykki innlánseigenda en ljóst að slíkt ferli mundi taka nokkurn tíma og að ekki væri mögulegt að afla breskra punda til að mæta útstreymi þann tíma sem flutningurinn gat tekið. Því var þessi leið ekki talin fær. Þar sem Landsbankinn gat ekki heldur lagt fram 200 milljónir punda sem FSA hafði gert að kröfu til að halda útibúinu opnu var því lokað að kvöldi 6. október 2008.[374]

26. Þótt lausafjárstaða Landsbanka Íslands í íslenskum krónum væri góð gat bankinn ekki útvegað pund til að mæta því útstreymi af Icesave-reikningunum sem reikna mátti með 6. október 2008 og dagana á eftir enda var gjaldeyrismarkaður með íslenskar krónur lokaður á þeim tíma, Seðlabanki Evrópu vildi ekki auka endurhverf viðskipti við dótturfélag Landsbankans í Lúxemborg og Seðlabanki Íslands átti ekki nægan gjaldeyri til að lána bankanum fyrir úttektunum. Af þessum sökum varð Landsbanka Íslands ekki bjargað frá falli.[375]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Icesave-reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í Amsterdam.[376]
Uppgangur og fall útibúsins.[377]

Landsbankinn hóf rekstur útibús í Hollandi árið 2006 og tók þar við innlánum frá lögaðilum. Farið var að ræða viðtöku innlána frá einstaklingum á Icesave-reikninga í Hollandi í júlí 2007. Rannsóknarnefndin bendir á að samkvæmt hollenskum rétti giltu ekki sambærilegar reglur og í Bretlandi sem takmörkuðu flutning fjármuna frá dótturfélagi yfir í samstæðu. Samkvæmt áliti sem Landsbankinn aflaði frá breskri lögmannsstofu 25. mars 2008 hefði það afar lítil áhrif á lausafjárstýringu innan bankasamstæðunnar hvort innlánin væru tekin í útibúi eða dótturfélagi í Hollandi.[378] Þá bendir rannsóknarnefndin á að 6. maí 2008 hafi bankaráð Landsbankans samþykkt að stofna dótturfélag í Hollandi en við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni hafi komið fram hjá bankastjóra Landsbankans að byrjað hafi verið að taka við innlánum í útibúið þar sem of seint var ráðist í að stofna dótturfélagið. 29. maí 2008 hóf Landsbankinn að taka við innlánum í Hollandi í *útibú*[379] sitt eftir að hafa náð samkomulagi við hollenska seðlabankann (DNB) um þann mismun sem var á hollenskri lágmarkstryggingu innstæðna og íslenskri. Voru innstæður í útibúinu í Hollandi því tryggðar að jafnri fjárhæð og innstæður í hollenskum bönkum. Opnun fyrir innlán til Landsbankans í Hollandi var til umræðu á fundi samráðshópsins 29. maí 2008 og kemur þar fram að innlánssöfnunin yki enn á skuldbindingar Tryggingarsjóðsins. Bankinn safnaði verulegum innstæðum og í júlí 2008 var fjárhæð innstæðna komin yfir 500 milljónir evra en ljóst var að bankinn hugðist enn færa innstæðurnar yfir í dótturfélag. Vísað er í ummæli stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins um stöðu íslensku bankanna í tímariti Landsbankans, *Moment*.

---

374 Sama heimild, bls. 53.
375 Sama heimild, bls. 54.
376 Sama heimild, bls. 54–65.
377 Sama heimild, bls. 54–62.
378 Sama heimild, bls. 55.
379 Leturbreyting þingmannanefndarinnar.

Hollenski seðlabankinn lýsti um miðjan ágúst áhyggjum af íslenskum efnahag og sagðist ekki mundu líða frekari aukningu á innlánum til bankans en Landsbankinn taldi stofnunina ekki hafa lagaheimildir til að beita sér í málinu. Í framhaldinu beitti Fjármálaeftirlitið sér gegn hollenska seðlabankanum og tók undir sjónarmið Landsbankans um skort á lagaheimildum til aðgerða og talaði um sterka stöðu Landsbankans en þær upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið byggði á voru samkvæmt hálfsársuppgjöri bankans sem hafði komið vel út.[380] Málið var einnig rætt í samráðshópnum þar sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins lýsti því yfir að líklegast væru hollensk og bresk stjórnvöld að tala saman um stöðu íslensks efnahags, Tryggingarsjóðinn og Seðlabanka Íslands og bæru saman bækur sínar vegna þess.

Þá er fjallað um samskipti DNB við bæði Landsbankann, Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands þar sem hollenski seðlabankinn spurði meðal annars um lausafjárstýringu Landsbankans, viðlagaáætlanir og íslenska innstæðutryggingakerfið. Þá er á fundi samráðshópsins rætt um áhyggjur DNB, heimsókn Fjármálaeftirlitsins til hans og gerð grein fyrir afstöðu DNB sem felist m.a. í því að koma innlánum í dótturfélag fremur en að krefjast yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um stuðning við Tryggingarsjóðinn.

Á fundi bankaráðs Landsbankans 5. september 2008 var ákveðið að heimila undirbúning að opnun innlánsreikninga í öðrum löndum en Hollandi og Bretlandi til að dreifa áhættu í fjármögnun.

Fjallað er um fund bankastjóra Seðlabanka Íslands með fjármálaráðherra Hollands í september 2008 þar sem hann var ómyrkur í máli um íslensku bankana og tók fram að stöðva þyrfti innlánasöfnunina og slíkt væri hægt að gera á auðveldan hátt.[381] Í lok september hefur Landsbankinn viðræður við DNB um innlánssöfnunina en svo virðist sem forsvarsmenn DNB hafi talið tillögur Landsbankans ágætar en ekki vera lausn á vandamálinu og ekki hafi komið fram viðbrögð frá hollenska seðlabankanum við tillögunum.

DNB lét kyrrsetja eignir útibús Landsbankans í Hollandi þann 6. október og ákvað að skipa útibúinu skiptastjóra. Hollenski seðlabankinn taldi Landsbankann hafa veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar og brotið gegn samkomulagi frá 23. maí 2008.[382] Þeim fullyrðingum andmælti Landsbankinn en svo fór að 13. október 2008 úrskurðaði hollenskur dómstóll að skipa skyldi útibúi Landsbankans skiptastjóra.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[383]

1. Áhlaup á Icesave-reikningana í Bretlandi frá febrúar til apríl 2008 má að öllum líkindum rekja til neikvæðrar umfjöllunar breskra fjölmiðla um íslenskan efnahag og íslenska banka. Ofan á þá umræðu kom áhættan af því að erfitt gæti reynst fyrir íslenskan banka að afla erlends gjaldeyris til að mæta skyndilegum útgreiðslum af innlánsreikningunum erlendis. Að þessu sögðu telur rannsóknarnefndin óskiljanlegt að Landsbanki Íslands skyldi velja að hefja töku Icesave-innlána í *útibúi*[384] í Amsterdam í stað þess að gera það í hollensku *dótturfélagi*[385]. Landsbankinn tók þannig þá augljósu áhættu að í Hollandi yrði á einhverju stigi bent á sömu atriði og breskir fjölmiðlar höfðu fjallað um mánuðina

---

[380] Sama heimild, bls. 56–57.
[381] Sama heimild, bls. 59–60.
[382] Svokallað „topping up“ samkomulag.
[383] Sama heimild, bls. 62–65.
[384] Leturbreyting þingmannanefndarinnar.
[385] Leturbreyting þingmannanefndarinnar.

á undan. Þetta telur nefndin vera þeim mun illskiljanlegra þegar litið er til þess að ekki er að sjá af hollenskum lögum að sambærilegar reglur hafi gilt þar og í Bretlandi um takmörkun á flutningi fjármagns frá dótturfélagi yfir í aðra hluta bankasamstæðu. Eina skýringin sem Landsbankinn hefur tiltekið er að stofnsetning dótturfélags hafi hafist of seint og að slíkt ferli sé langt.[386]

2. Rannsóknarnefndin gagnrýnir að hvorki Fjármálaeftirlitið né Seðlabanki Íslands hafi tekið afstöðu til lausafjárstöðu Landsbankans í evrum í aðdraganda opnunar Icesave í Hollandi. Fyrir lá að bankinn var að skuldbinda sig til þess að greiða út fjárhæðir í evrum en Seðlabanki Íslands var aðeins lánveitandi til þrautavara í íslenskum krónum. Fjármálaeftirlitið tiltók að slíkt hefði ekki verið sitt hlutverk heldur bæri Seðlabankanum að hafa lausafjáreftirlit með íslenskum fjármálastofnunum. Einnig bendir rannsóknarnefndin á að gjaldeyrisskiptamarkaður með íslenskar krónur hafi verið meira og minna óvirkur frá 19. maí 2008 en þrátt fyrir það hafi hvorki Fjármálaeftirlitið né Seðlabankinn brugðist við þeirri erfiðu stöðu sem komið hefði getað upp við áhlaup á reikningana, enda var Landsbankinn kerfislega mikilvægur banki.[387]
3. Rannsóknarnefndin telur gagnrýnisvert að samráðshópurinn hafi ekki farið ofan í kjölinn á Icesave-málinu með Landsbankanum eða lagt til að settur yrði á fót sérstakur vinnuhópur til þess.[388]
4. Ekki verður séð að aukin sókn Landsbankans í söfnun innlána erlendis hafi orðið ráðherrum í ríkisstjórninni tilefni til beinna afskipta af málinu. Það hafi hlotið að vekja furðu að stuttu eftir að rætt hefði verið um flutning innlána í Bretlandi yfir í dótturfélag vegna verulegs vanda sem stafaði af stöðu útibúsins og áhættu fyrir Tryggingarsjóðinn þá hafi verið farið af stað með nýja innlánastarfsemi í Amsterdam sem haldin var sama annmarka.[389]
5. Rannsóknarnefndin gagnrýnir Fjármálaeftirlitið fyrir að hafa ekki tekið málefni útibús Landsbankans í Hollandi til athugunar eftir að ljóst var að bankinn hafði takmarkaðan aðgang að gjaldeyrismörkuðum sem hafði aftur áhrif á möguleika hans til að standa við innlánsskuldbindingar sínar. Á fundi Fjármálaeftirlitsins með DNB 2. september 2008 varð að samkomulagi að reyna að fá Landsbankann til að hægja á innlánasöfnun sinni í Hollandi. Rannsóknarnefndin gagnrýnir Fjármálaeftirlitið einnig fyrir að hafa tekið of langan tíma í að fá fram tillögur Landsbankans um hvernig hægja mætti á reikningunum og eins telur hún aðfinnsluvert að eftirlitið skyldi ekki beina þeim tilmælum til bankans að hann gripi til úrræða til þess að draga úr innlánum á óbundna reikninga án þess að skapa hættu á áhlaupi á reikningana.[390]
6. Þá telur rannsóknarnefndin athyglisvert að DNB hefur skýrt valdheimildir sínar sem gistiríki útibús fjármálafyrirtækis mun þrengra en FSA gerði í Bretlandi. Í hollenskri rannsóknarnefndarskýrslu kemur fram að DNB hafi ekki talið sig hafa valdheimildir til þess að stöðva töku Landsbankans á innlánum þegar stofnunin taldi í óefni komið. Rannsóknarnefnd Alþingis segir að þegar litið sé til valdheimilda gistiríkis samkvæmt formálsákvæðum 18. og 22. gr., svo og 30., 31., 33. og 34. gr. tilskipunarinnar nr. 2006/

---

386 Sama heimild, bls. 62.
387 Sama heimild, bls. 62–63.
388 Sama heimild, bls. 63.
389 Sama heimild, bls. 63.
390 Sama heimild, bls. 64.

48/EB verði séð að DNB hafi í raun haft valdheimildir til að grípa til aðgerða gegn útibúi Landsbankans í Amsterdam af sjálfsdáðum með því að gefa bankanum fyrirmæli um að hætta að sækja á innlánsmarkað og tryggja fullnægjandi lausafjárstöðu útibúsins í Hollandi, hafi umrædd ákvæði tilskipunarinnar verið réttilega innleidd í hollenskan rétt.[391]

7. Í ljósi aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og gjaldeyrismörkuðum verður að telja að þær aðstæður hafi verið komnar upp í rekstri Landsbankans, meðal annars með tilliti til stöðu Icesave-reikninganna í Bretlandi og krafna breskra stjórnvalda af því tilefni, að ekki hafi verið forsvaranlegt af hálfu Fjármálaeftirlitsins að láta hjá líða að hefja athugun á því hvort rekstur bankans væri að þessu leyti í samræmi við þær kröfur sem lög setja um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti banka.[392]
8. Að lokum bendir rannsóknarnefndin á að það var viðskiptaleg ákvörðun og á ábyrgð stjórnenda Landsbanka Íslands að hefja og halda áfram söfnun innlána frá almenningi á nýju markaðssvæði undir formerkjum hárra vaxta í ljósi þeirrar stöðu sem komin var upp í rekstri bankans og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ágerðist þegar leið á árið 2008. Þá er ekki gert lítið úr hlut og skyldum eftirlitsaðila eða stjórnvalda, aðeins áréttað að ábyrgðin var á bankanum sjálfum.[393]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur stjórnendur Landsbankans bera mesta ábyrgð á alvarlegum afleiðingum Icesave-reikninganna sem áttu ríkan þátt í hruni fjármálakerfisins á Íslandi. Þingmannanefndin álítur að hvað sem leið starfi og skyldum eftirlitsaðila og stjórnvalda á Íslandi, Bretlandi og Hollandi hafi það verið mjög ámælisvert af stjórnendum Landsbankans að hefja og halda áfram söfnun innlána frá almenningi á nýjum mörkuðum.

Þingmannanefndin telur að í niðurstöðum og ályktunum rannsóknarnefndarinnar felist að þrír meginþættir hafi valdið því að íslenska ríkið kom ekki að vörnum og var þar með gert torfært að takmarka tjón af söfnun innlána í útibúum Landsbanka Íslands erlendis:

1. Að stjórnendur Landsbanka Íslands hafi ekki stýrt bankanum af þeirri ábyrgð sem ætlast hefði mátt til af þeim er gegndu lykilstöðum í kerfislega mikilvægum banka og að ekki hafi gætt samfélagslegrar ábyrgðar í viðhorfum þeirra til starfsemi bankans og stöðu hans í íslensku efnahagslífi og erlendis.
2. Að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafi brugðist sem eftirlitsstofnanir gagnvart Landsbanka Íslands og að téðar stofnanir hafi ekki nýtt allar þær lagaheimildir sem þær höfðu yfir að ráða. Þá átelur þingmannanefndin að ekkert mat hafi farið fram af hálfu íslenskra eftirlitsaðila á Icesave-reikningunum sem fjármögnunarleið og hvaða áhætta kynni að fylgja þeim fyrir fjármálakerfi Íslands. Sú greining hefði átt að leiða til viðbragða.
3. Að ráðherrar og helstu stjórnendur sem undir þá heyrðu hafi brugðist þar sem ekki var kallað eftir formlegum áætlunum um aðgerðir af hálfu Seðlabanka Íslands, Fjármála-

---

[391] Sama heimild, bls. 64.
[392] Sama heimild, bls. 65.
[393] Sama heimild, bls. 65.

eftirlitsins eða Landsbankans, svo sem um flutning Icesave-reikninganna frá útibúi yfir í dótturfélag.

Þingmannanefndin telur að í tilviki Icesave-reikninganna megi ljóst vera að ráðherrar og eftirlitsstofnanir ríkisins brugðust því áhættan af söfnum innlána erlendis mátti vera þessum aðilum ljós. Því er það ámælisvert að ekki skuli hafa verið gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir stofnun Icesave-reikninga í Hollandi og frekari innlánssöfnun í Bretlandi. Þingmannanefndin telur það umhugsunarefni að Fjármálaeftirlitið virðist ekki hafa talið sig hafa heimildir til að stöðva móttökur Landsbankans á innstæðum á Icesave-reikninga í Hollandi. Að áliti þingmannanefndarinnar byggist þessi afstaða Fjármálaeftirlitsins á rangri greiningu og mati á stöðu Landsbankans árið 2008 og að fullt tilefni hafi verið til að afturkalla leyfi hans frá árinu 2006 til að hefja innlánssöfnun á Icesave-reikninga í Hollandi.[394] Ljóst má telja að ákvörðun Landsbankans um opnun Icesave-reikninganna í Hollandi hafi gengið alvarlega gegn íslenskum hagsmunum.

Þá vekur þingmannanefndin athygli á því að í skýrslu hollenskrar rannsóknarnefndar kemur fram að hollenski seðlabankinn (DNB) sem fer með fjármálaeftirlit, hafi í raun haft upplýsingar og valdheimildir til þess að stöðva Landsbankann í fyrirrætlan sinni á grunni neytendaverndar og lausafjárkrafna. Hollenski seðlabankinn hafi t.d. getað gefið bankanum fyrirmæli um að hætta að sækja á innlánsmarkað og tryggja fullnægjandi lausafjárstöðu útibúsins í Hollandi.[395] Vandamál Landsbankans höfðu verið til umræðu á vettvangi Seðlabanka Evrópu og hollenska seðlabankanum mátti vera ljós staða bankans.

Þingmannanefndin telur að framansögðu að gera þurfi úttekt á lögum, reglum og verkferlum í þeim tilgangi að bæta, skýra og efla þær réttarheimildir er liggja til grundvallar starfrækslu fjármálafyrirtækja og valdheimilda eftirlitsstofnana. Þingmannanefndin telur rétt að skoða formlega aðskilnað innlendrar og erlendrar starfsemi fjármálastofnana sem samstæðu félaga. Erlend bankastarfsemi yrði þá í sérstökum dótturfélögum sem háð eru eftirliti viðkomandi lands. Starfsemi á Íslandi skuli þá einnig vera í sérstöku félagi.

Þingmannanefndin telur að gera verði breytingar á lögum og reglum þannig að komið sé í veg fyrir að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra. Skarist valdsvið tveggja eða fleiri ráðherra þá beri þeim með formlegum hætti að hafa samvinnu um þau vinnubrögð sem viðhöfð skulu hverju sinni þannig að ávallt sé ljóst á ábyrgðarsviði hvers þeirra er starfað.

19. kafli. Aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda á árunum 2007–2008 vegna hættu á fjármálaáfalli.[396]

Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað og aðdragandi þess að honum var komið á fót.[397]

15. janúar 2004 funduðu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum þar sem kynntar voru viðlagaáætlanir unnar af Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum. Niðurstaða fundarins var að efna til samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Hópurinn skilaði greinargerð 17. febrúar

---

394 Sama heimild, bls. 54 og 62.
395 Sama heimild, bls. 64.
396 Sama heimild, bls. 67–283.
397 Sama heimild, bls. 69–78.

2006 um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði þar sem m.a. er fjallað um heimildir Fjármálaeftirlitsins o.fl.[398] Samkomulag um stofnun samráðshópsins var undirritað 21. febrúar 2006, sama dag og matsfyrirtækið Fitch breytti horfum sínum fyrir íslenska ríkið úr stöðugum í neikvæðar. Hópurinn fundaði síðan 2. júní 2006 og 30. nóvember 2006 þar sem rætt var frumvarp viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um Fjármálaeftirlitið og minnisblað forstjóra Fjármálaeftirlitsins um útibúavæðingu íslenskra banka.

Ágrip um aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda og ýmsa markverða atburði frá 1. janúar 2007 til 25. september 2008.[399]

Í kaflanum er farið yfir atburðarásina í tengslum við efnahag og fjármálamarkaðinn frá 1. janúar 2007 til 25. september 2008.

Nánar um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað.[400]

Samkvæmt samkomulagi um stofnun samráðshóps stjórnvalda átti hópurinn að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta og vera ráðgefandi en ekki taka ákvarðanir um aðgerðir. Rannsóknarnefndin lýsir afstöðu fulltrúa hópsins.

Það virðist hafa verið misjafnt í hve miklum mæli fulltrúar hópsins miðluðu upplýsingum til ráðherra eða yfirmanna sinna. Svo virðist sem almennt hafi takmarkaðar upplýsingar verið veittar um fundi og stöðu mála.

Sameiginleg niðurstaða fulltrúa hópsins virðist vera sú að aðgerðir hafi vantað, mikið hafi verið rætt um atburði líðandi stundar en minna gert af því að framkvæma athuganir. Stóru málunum sem lágu fyrir hópnum, svo sem aðgerðaáætlun ef kæmi til fjármálaáfalls, var til dæmis oft frestað á fundum og eins virðist almennt hafa verið niðurstaðan að erfitt var að fá fram upplýsingar um hvað ríkið væri tilbúið að leggja af mörkum til þess að bjarga fjármálafyrirtækjunum. Auk þess kemur fram í kaflanum að tregðu hafi gætt í starfi hópsins og verkstjórn verið slæm.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[401]

1. Samráðshópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót með samkomulagi þeirra aðila sem hann skipa 21. febrúar 2006. Þar er hlutverk samráðshópsins tilgreint sem „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“ og hann sagður „ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir“. Ekki er í samkomulagi um samráðshópinn tekið fram að hlutverk hans sé að semja tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda þótt það hafi verið skilningur margra fulltrúa hans. Rannsóknarnefndin gagnrýnir að hlutverk samráðshópsins varðandi gerð tillögu um viðbúnaðaráætlun skuli ekki hafa verið skýrt og ótvírætt í fyrrnefndu samkomulagi um hópinn.[402]
2. Augljóst er að samráðshópinn skorti sem heild upplýsingar til þess að byggja ráðgjöf sína á. Honum var ekki komið á fót með lögum og ekki mælt fyrir um miðlun nauðsynlegra trúnaðargagna til hans í lögum. Samráðshópurinn hafði því ekki aðgang að

---

[398] Sama heimild, bls. 72–77.

[399] Sama heimild, bls. 78–237. Í umfjölluninni eru birt í heild sinni, eða að hluta, ýmsar fundargerðir eða minnisblöð stjórnvalda. Gerð er grein fyrir ályktun rannsóknarnefndarinnar síðar.

[400] Sama heimild, bls. 237–245.

[401] Sama heimild, bls. 243–245.

[402] Sama heimild, bls. 243.

nauðsynlegum upplýsingum sem ákvarðanir um samhæfingu og viðbrögð við fjármálaáföllum urðu óhjákvæmilega að geta byggst á. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var hér um að ræða alvarlegan ágalla á starfsskilyrðum samráðshópsins sem hlaut að koma niður á gæðum vinnu hans.[403]

3. Aðaláhersla samráðshópsins virðist hafa verið sú að klára frumvarpsdrög um aðgerðir vegna áfalla í rekstri bankanna en ekki verður séð að unnið hafi verið að formlegri viðlagaáætlun í samráðshópnum í þeim anda sem tillögur Seðlabanka Íslands gerðu ráð fyrir samkvæmt frumdrögum að vinnuskjali 7. júlí 2008 svo og öðrum gögnum sem lögð höfðu verið fram af hálfu Seðlabankans.[404]
4. Í ummælum Tryggva Pálssonar segir að stóru málin sem hefðu krafist „viss andlegs álags og hugrekkis [hefðu] gjarnan [verið] skilin eftir fyrir það síðasta eða [átt] að ræða á næsta fundi“ og þannig hefði aðgerðaáætlun, sem ítrekað var á dagskrá, ekki verið rædd fund eftir fund. Skort hefði á skýra verkaskiptingu og ábyrgð á framkvæmd verkefna. Þá hefði allan tímann vantað aðgerðir en ráðherrar hefðu verið í mikilli fjarlægð. Þegar þessi ummæli eru virt er vart hægt að komast að annarri niðurstöðu en að um óvönduð vinnubrögð hafi verið að ræða í ljósi þess hversu þýðingarmikil verkefni samráðshópsins voru, enda fór það svo að þegar fjármálaáfall dundi yfir var samráðshópurinn langt frá því að ljúka fyrstu drögum að tillögu að viðbúnaðaráætlun. Það eina sem hönd er á festandi um afrakstur af starfi samráðshópsins og kom að beinum notum voru drög að 100. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem síðar voru notuð við vinnslu neyðarlaganna“.[405]
5. Miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra var ekki í föstum skorðum og hluteigandi ráðherrar héldu ekki reglulega fundi til að fara yfir verkefni og afrakstur vinnu samráðshópsins og sinna þeirri yfirstjórn sem átti við en verkefnið var afar mikilvægt. Tillögur og skjöl um nauðsyn viðbúnaðar sem voru lögð fram í samráðshópnum af hálfu einstakra stofnana fengu ekki formlega afgreiðslu t.d. hjá ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum. Verður því ekki annað séð en að mjög hafi skort á að vinnu samráðshópsins hafi verið stýrt á markvissan hátt bæði innan samráðshópsins og af hálfu ráðherra. Í því samhengi bendir rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega á að þegar á hólminn var komið og bankarnir riðuðu til falls var ekki fyrir hendi sameiginleg viðbúnaðaráætlun stjórnvalda sem sárlega þurfti þó á að halda.[406]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Aðgerðir ráðherra og ríkisstjórnar.[407]

Hvað var rætt í ríkisstjórn um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna?

Farið er yfir svör ráðherra um hvaða upplýsingar þeim bárust og hvernig brugðist var við þeim.

Rannsóknarnefndin telur fundargerðir ríkisstjórnarinnar hafa verið knappar. Eru birt nokkur dæmi um fundargerðir og mál sem tekin höfðu verið upp á þeim vettvangi.

---

[403] Sama heimild, bls. 243.
[404] Sama heimild, bls. 243–244.
[405] Sama heimild, bls. 245.
[406] Sama heimild, bls. 245.
[407] Sama heimild, bls. 245–254.

Tilraunir stjórnarráðsins til þess að leggja mat á hugsanlega fjárhagslega hættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi.[408]

Rannsóknarnefndin segir að á tímabilinu 1. janúar 2007 til 7. október 2008 hafi ekki verið gerð úttekt eða lagt mat á hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins eða ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna.

Yfirlýsingar ráðherra varðandi stuðning við bankana.[409]

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri sagði Seðlabankann ekki hafa gengið eftir því við ráðherra að þeir útskýrðu hvernig þeir ætluðu að standa á bak við fjármálakerfið. Auk þess tiltók hann að bankinn hefði aldrei gefið það í skyn við matsfyrirtæki að hann hygðist bjarga bönkunum. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði að nauðsynlegt hefði verið að fylgja eftir yfirlýsingu ríkisins um stuðning við bankana, t.d. með eflingu gjaldeyrisvaraforða. Slíkt hefði hins vegar ekki verið gert nægilega. Viðskiptaráðherra staðhæfði að með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stuðning hafi nánast aðeins verið reynt að byggja upp umræðu og viðhorf til íslenska kerfisins. Yfirlýsingarnar hafi fyrst og fremst verið byggðar á pólitískum forsendum fremur en að búið væri að velta fyrir sér raunverulegri getu ríkissjóðs. Forsætisráðherra viðurkenndi að yfirlýsing sín hefði ekki verið byggð á formlegu mati en að óformlegt mat hefði verið að ríkissjóður réði við að bjarga einum banka, kannski tveimur. Utanríkisráðherra segir enga útreikninga hafa legið fyrir um hvaða fjármuni þyrfti til að standa við bakið á bönkunum. Mikilvægt hafi hins vegar verið að senda þessi skilaboð út. Fjármálaráðherra tekur undir það að yfirlýsingar um stuðning hafi ekki verið byggðar á fjárhagslegu mati en bætir við að þegar yfirlýsingarnar voru gefnar, á árinu 2008, hafi hvort eð er verið of seint að grípa til aðgerða og breyta stöðunni verulega. Er síðan í skýrslu rannsóknarnefndarinnar vísað í fundargerð samráðshópsins þar sem rætt var um yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra um stuðning við bankana og áhyggjur virðast hafa komið upp af því hvort ríkissjóður gæti staðið við þær. Vísað er í fundargerð þar sem ekki verður séð að nokkur niðurstaða hafi verið færð til bókar og hópurinn virtist ekki hafa talið ástæðu til að gefa ráðherrum til kynna hvaða kostnaður kynni að falla á ríkið.

Þá segir að annar bankastjóra Landsbankans hafi sagt bankamenn ekki trúa því að eitthvað stæði á bak við yfirlýsingar ríkisins um að staðið yrði við bakið á bönkunum og síðar hafi komið í ljós að svo hafi ekki verið, t.d. hafi gjaldeyrisvaraforðinn ekki verið styrktur nægilega. Davíð Oddsson sagði að skoðað hefði verið í samráði við erlenda banka og ráðgjafa hvort auka mætti gjaldeyrisvaraforðann en að niðurstaðan hefði orðið sú að varasamt gæti verið að efla forðann á þessum tíma þar sem slíkt gæti verið talið merki um veikleika fremur en styrkleika.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[410]

1. Rannsóknarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að lítið hafi verið rætt í ríkisstjórn um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna sem hófst undir loks sumars 2007 og ágerðist eftir því sem á leið. Hvorki verði séð af fundargerðum ríkisstjórnarinnar né frásögnum þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þeir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem fóru með efnahagsmál (forsætisráðherra), bankamál (viðskiptaráðherra) eða fjármál

---

[408] Sama heimild, bls. 249–250.
[409] Sama heimild, bls. 250–252.
[410] Sama heimild, bls. 253–254.

ríkisins (fjármálaráðherra) hafi gefið ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á efnahag og fjármál ríkisins frá því að þrengja tók að bönkunum og þar til bankakerfið riðaði til falls í október 2008. Á tímabilinu hafði þó birst neikvæð umfjöllun um bankana í innlendum sem erlendum fjölmiðlum, íslenska krónan hafði veikst verulega auk þess sem skuldatryggingarálag bankanna fór hækkandi. Fullt tilefni var því til að ræða málefni bankanna ítarlega í ríkisstjórn.[411]

2. Ráðherrarnir sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hittust hvorki sérstaklega til að fara yfir afrakstur vinnu hópsins né til að fylgja eftir hlutverki hans. Rannsóknarnefndin tekur þetta fram en ályktar það ekki sérstaklega.[412]
3. Fundargerðir ríkisstjórnarinnar eru yfirborðskenndar samkvæmt niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar.[413]
4. Samkvæmt svörum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis voru engar úttektir gerðar á árunum 2007 og 2008 fram að falli bankanna á vegum ráðuneytanna. Ekki var lagt mat á hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra, annars vegar með tilliti til umfangs starfseminnar í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar breytinga á rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækjanna eða í ljósi breytinga sem þegar höfðu orðið, svo sem með stofnun innlánsreikninga erlendis. Rannsóknarnefnd Alþingis ályktar að þetta hafi farist fyrir.[414]
5. Loks liggur fyrir að yfirlýsingar ráðherra um að staðið yrði við bakið á bönkunum voru ekki byggðar á útreikningum sem sýndu að ríkið hefði bolmagn til þess. Eins og fram kom í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar voru þessar yfirlýsingar fyrst og fremst settar fram „til að rýra ekki traust kerfisins og til að orsaka ekki hrun með því að viðurkenna að þrautavarahlutverkinu yrði ekki sinnt ef á það reyndi“. Rannsóknarnefnd Alþingis ályktar að ekki hafi verið lagt faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hversu bær ríkissjóður væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, eins eða fleiri.[415]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Aðgerðir stjórnvalda til að draga úr stærð bankakerfisins.[416]
Flutningur höfuðstöðva einhvers af stóru bönkunum úr landi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar kom fram að markmiðið væri að bankarnir hefðu höfuðstöðvar sínar áfram á Íslandi. Forsætisráðherra sagði í skýrslutöku að almenn stemning hafi verið fyrir því að styðja við bankana og vísaði til skýrslu Kaarlo Jännäri sjónarmiði sínu til stuðnings. Síðan segir hann að gengið hafi verið út frá því að bankarnir yxu á ábyrgan hátt. Þá sagði hann það hafa komið til tals að einhver bankanna flytti höfuðstöðvar sínar úr landi en ákvörðun um slíkan flutning hefði verið

---

411 Sama heimild, bls. 253.
412 Sama heimild, bls. 253.
413 Sama heimild, bls. 253.
414 Sama heimild, bls. 253.
415 Sama heimild, bls. 253–254.
416 Sama heimild, bls. 254–264.

bankanna sjálfra og ekki unnist ráðrúm til að fylgja þessu eftir. Utanríkisráðherra minnist þess ekki að áhersla hafi verið lögð á að draga úr stærð bankakerfisins. Seðlabankastjóri segist hafa rætt flutning banka frá Íslandi við Sigurð Einarsson í júlí 2008 sem hafi tilkynnt að settur hafi verið saman hópur til þess að skoða flutning. Á fundi samráðshópsins 7. júlí 2008 hafi verið rætt hvort takmarka mætti áhættu bankakerfisins með flutningi Kaupþings úr landi en ekki er að sjá að þeirri umræðu hafi verið fylgt eftir.[417] Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson viðurkenna að flutningur hafi verið hugleiddur og slíkt virðist hafa verið rætt óformlega í Landsbankanum. Hins vegar hafi ekki borist beiðni um slíkt frá stjórnvöldum.

Höfðu stjórnvöld uppi hvatningu til bankanna um að færa niður efnahagsreikninga sína?[418]

Að mati Seðlabanka Íslands var aðgerða þörf frá því í febrúar eða mars 2006 og hvöttu fulltrúar Seðlabankans bankana til að „gíra sig niður“ og draga úr útlánavextinum en óljóst hefði verði með heimildir bankans til að grípa til annarra aðgerða. Annar fulltrúi Seðlabankans segir að líklegast hafi verið of seint árið 2006 að grípa til stjórntækja Seðlabankans til þess að fá bankana til að minnka efnahag sinn. Slíkar aðgerðir hefðu á þessum tíma getað fellt bankana og því hafi vonir manna staðið til þess að bankarnir mundu bregðast við að eigin frumkvæði. Þá segir að á árinu 2008 hafi Seðlabankinn sífellt verið að koma viðvörunum á framfæri við bankana um að hinum mikla vexti bankanna yrði að linna til samræmis við tilmæli þar um en aðgerðir bankans fólust m.a. í að hafa áhrif á bankana með almennum viðræðum þar sem hann varaði við hraðri útlánaaukningu. Hins vegar hafi aðgerðir af hálfu bankanna verið takmarkaðar. Þar hafi menn bent á að erfitt væri að grípa til aðgerða sem leiddu til breytinga strax og ekki hefði verið hægt að selja eignir á þessum tímapunkti þar sem of lítið hefði fengist fyrir þær.

Einu skilaboðin sem Seðlabankanum bárust frá ríkisstjórninni voru að kanna bæri möguleika á aukningu gjaldeyrisvaraforðans. Í skýrslu forstjóra Fjármálaeftirlitsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að eftirlitið hefði komið á framfæri við bankana almennum tilmælum um minnkun efnahagsreiknings en þó ekki skriflega.

Mat forsvarsmanna bankanna er að aðeins hafi borist óformlegar óskir um minnkun umsvifa og efnahagsreikninga bankanna og að slíkar aðgerðir hefðu verið nær ómögulegar þegar komið var fram á árið 2008.

Að lokum er í skýrslunni vikið að ummælum forsætisráðherra um aðgerðir ríkisins gagnvart bönkunum þess efnis að talið hafi verið að úrræði skorti til að ríkið gæti knúið á um aðgerðir. Eina færa leiðin hafi verið að ræða við bankana. Þá er haft eftir utanríkisráðherra að hún teldi að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið ynnu að málunum. Viðskiptaráðherra kvaðst hafa rætt um þann vanda sem hlaust af stærð bankakerfisins og þá oftast í samhengi við umræður um íslensku krónuna. Fjármálaráðherra kvaðst ekki hafa litið á það sem sitt hlutverk að hafa frumkvæði að gerð tillagna eða hugmynda um breytt fyrirkomulag á starfsemi bankanna, hann hafi aðallega haft uppgjörsmál þeirra á sínu borði.

---

[417] Sama heimild, bls. 257.
[418] Sama heimild, bls. 259–264.

Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[419]

1. Að öllu framangreindu virtu er ljóst að ráðherrar beittu sér ekki fyrir því að höfuðstöðvar einhvers af stóru bönkunum yrðu fluttar úr landi, enda var það beinlínis opinber stefna þeirrar ríkisstjórnar sem var mynduð í maí 2007 að bankarnir hefðu áfram höfuðstöðvar á Íslandi, sbr. umfjöllun í 5. kafla.[420]
2. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands kvaðst persónulega hafa verið hlynntur flutningi höfuðstöðva Kaupþings úr landi og látið þá skoðun í ljós. Ekki er hins vegar að sjá að Seðlabankinn hafi beinlínis þrýst á um slíkt í formlegum viðræðum við stjórn Kaupþings eða bankastjóra um málið. Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis fullyrti hann að Seðlabankinn hefði ekki sagt þeim að nauðsynlegt væri að þeir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Fyrir liggur að um tveimur vikum fyrir fall Kaupþings ákvað stjórn Kaupþings að hrinda í framkvæmd áætlun um að flytja höfuðstöðvar erlendrar starfsemi úr landi.[421]
3. Í skýrslum forsvarsmanna bankanna fyrir rannsóknarnefnd kom fram að hvorki Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið né ráðherrar hefðu lagt fyrir þá formlegar tillögur um að draga úr stærð bankanna. Á hinn bóginn ýmist muna þeir ekki eða útiloka ekki að stjórnvöld hafi með almennum hætti lagt að þeim að draga úr útlánum og færa niður efnahagsreikning bankanna.[422]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar sem Seðlabanki Íslands hafði aðgang að.[423]

Dæmi um upplýsingar sem Seðlabanka Íslands bárust um stórar áhættuskuldbindingar og hugsanlega kerfisáhættu.[424]

Fjallað er um upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar sem tilteknir aðilar innan stjórnkerfisins höfðu á mánuðunum fyrir hrunið. Vísað er til skiptingar starfa og verkefna milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og sérstaklega tekið fram að einn bankastjóranna sat í stjórn Fjármálaeftirlitsins en að hans mati hefði Seðlabankinn átt að geta metið kerfislæga áhættu fjármálakerfisins án þess að hafa upplýsingar úr lánabókum bankanna. Annar starfsmaður Seðlabankans telur bankann ekki hafa haft lagaheimildir til að kalla eftir upplýsingum úr lánabókum bankanna eða til að kynna sér stórar áhættuskuldbindingar þeirra.

Miðlun upplýsinga milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.[425]

Vísað er til upplýsinga er komu fram í skýrslutöku af formanni bankastjórnar Seðlabankans fyrir rannsóknarnefndinni um að Seðlabankinn hafi almennt ekki fengið upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu um nafngreinda aðila og hafi ekki viljað fá slíkar upplýsingar, enda hafi úrvinnsla slíkra upplýsinga verið verkefni Fjármálaeftirlitsins. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins kvaðst telja að stórar áhættur hafi verið vandamál í íslenska kerfinu lengi og virðist

---

[419] Sama heimild, bls. 264.
[420] Sama heimild, bls. 264.
[421] Sama heimild, bls. 264.
[422] Sama heimild, bls. 264.
[423] Sama heimild, bls. 264–269.
[424] Sama heimild, bls. 264–267.
[425] Sama heimild, bls. 267–268.

hann taka undir að eftirlitið hefði mátt dreifa upplýsingum meira og að Seðlabankinn hefði átt að biðja um upplýsingar. Fram kom í máli aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins að eftirlitið hefði yfirleitt ekki afhent Seðlabankanum nafngreinanlegar upplýsingar en bankinn hefði átt að geta áttað sig á því hvort sömu skuldarar hefðu verið í fleiri bönkum.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[426]

1. Eftir að Seðlabanki Íslands fékk rökstuddan grun um að sérstök kerfisáhætta væri að myndast vegna náinna tengsla á milli lántakenda, sem voru með mjög há lán hjá mörgum fjármálastofnunum hér á landi, var komið fram sérstakt tilefni að mati rannsóknarnefndar Alþingis fyrir Seðlabankann til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu til þess að leggja mat á áhættuna. Í því sambandi er einnig rétt að taka fram að túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um stórar áhættuskuldbindingar þurfti ekki í einu og öllu að falla saman við mat Seðlabanka Íslands á þeim tengslum milli fyrirtækja sem skapað gátu kerfisáhættu.[427]
2. Í 4. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er mælt fyrir um gagnkvæma upplýsingagjöf á milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Þannig er sérstaklega mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans í síðastnefnda ákvæðinu. Þær upplýsingar sem þannig er miðlað á milli stofnananna eru áfram háðar þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998. Verður þannig ekki séð að skort hafi að lögum heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að afhenda Seðlabankanum upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar á nafngreindu formi svo og aðrar upplýsingar, sem bankinn hafði þörf fyrir til þess að rækja lögbundið hlutverk sitt við að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi og Fjármálaeftirlitið hafði yfir að ráða, væri um þær beðið. Þar sem ekki hafa komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því af hverju Seðlabankinn lét hjá líða að kalla eftir þessum upplýsingum verður að telja að það hafi verið afar gagnrýnisvert að slíkt skyldi ekki vera gert.[428]
3. Í 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands er að finna sérstaka heimild fyrir Seðlabankann til þess að afla milliliðalaust upplýsinga frá þeim lánastofnunum sem eru í lánaviðskiptum við Seðlabankann, sbr. 6. og 7. gr. laganna. Í 29. gr. kemur síðan fram að markmið þessarar heimildar til milliliðalausrar upplýsingaöflunar sé að Seðlabankinn geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr. sömu laga, en í 4. gr. er rætt um það hlutverk Seðlabankans að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom sá skilningur fram hjá formanni bankastjórnar Seðlabankans og framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans að stofnunin hefði enga heimild til slíkrar gagnaöflunar. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur enga skýringu fengið á því hvers vegna þessir lykilstjórnendur Seðlabankans gerðu sér ekki grein fyrir skýrri heimild í 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands sem þeim er ætlað að starfa eftir.[429]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

---

[426] Sama heimild, bls. 268–269.
[427] Sama heimild, bls. 268–269.
[428] Sama heimild, bls. 269.
[429] Sama heimild, bls. 269.

Afstaða erlendra seðlabankastjóra til Íslands.[430]
Upplýsingar sem fram komu í skýrslutökum.

Svo virðist sem fulltrúar Seðlabankans hafi talin tón erlendra seðlabankastjóra hafi orðið neikvæðari gagnvart Íslandi eftir lokaðan fund þeirra í Washington 12.–13. apríl 2008. Í byrjun maí hafi síðan verið orðið ljóst að seðlabankar Bretlands, Evrópu og Bandaríkjanna yrðu ekki þátttakendur í gjaldmiðlaskiptasamningi við Seðlabanka Íslands. Er sérstaklega vikið að lýsingu á samskiptum bankastjóra Seðlabankans við erlenda bankastjóra.

Í skýrslu Davíðs Oddssonar kemur fram að áhyggjur kollega hans hafi virst fara vaxandi á fyrsta ársfjórðungi 2008 og höfð hafi verið uppi stór orð um íslenska kerfið af hálfu annarra seðlabankastjóra.

Upplýsingar sem rannsóknarnefnd Alþingis aflaði frá bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar.[431]

Seðlabankastjóri Svíþjóðar telur það hafa verið í ágúst 2006 sem hann lýsti fyrst yfir áhyggjum af fjármálastöðugleika á Íslandi við formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands og að beiðni Seðlabankans um gjaldmiðlaskiptasamning vorið 2008 hafi ekki komið á óvart miðað við ástand á mörkuðum á þessum tíma. Honum þótti fulltrúar Seðlabankans áhyggjufullir og ekki sérlega vel undirbúnir og taldi að þeir hefðu ekki gert sér fulla grein fyrir hættum sem hefðu verið fyrir hendi.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[432]

1. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 var orðið ljóst að áhyggjur af stærð íslenska bankakerfisins fóru vaxandi meðal sumra evrópskra seðlabankastjóra. Þannig töldu norrænu seðlabankastjórarnir að ganga yrði hratt í að minnka íslensku bankana þar sem þeir væru allt of stórir miðað við getu íslenska ríkisins og Seðlabanka Íslands til að koma þeim til aðstoðar ef þeir lentu í erfiðleikum.[433]
2. Íslensku bankarnir höfðu bakað sér óvild í Evrópu með því annars vegar að hefja töku innlána á hærri vöxtum en aðrir bankar töldu sig geta boðið. Litið var á þessa hegðun íslensku bankanna sem óábyrga og sem hættumerki um stöðu þeirra auk þess sem litið var svo á að hún ógnaði stöðugleika á þessum mörkuðum. Jafnframt höfðu bankarnir valdið reiði stjórnenda Seðlabanka Evrópu með framgöngu sinni í endurhverfum viðskiptum við bankann í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar. Hlutfallslega voru endurhverf viðskipti íslensku bankanna við Seðlabanka Evrópu með því hæsta sem gerðist í Evrópu auk þess sem stofnunin gerði alvarlegar athugasemdir við þau bréf sem bankarnir höfðu notað í viðskiptum við hann.[434]
3. Viðhorfsbreyting hjá bankastjórum evrópskra seðlabanka kom skýrt fram eftir fund G10-landanna sem haldinn var í byrjun maí 2008. Af fyrirliggjandi upplýsingum verður jafnframt ráðið að strax í apríl hafi þessa breytta viðhorfs tekið að gæta í hópi hinna erlendu seðlabankastjóra. Verður ekki annað séð en að á þessum tíma hafi margir þeirra verið komnir á þá skoðun að umfang vanda hinna íslensku fjármálafyrirtækja væri slíkt

---

[430] Sama heimild, bls. 269–277.
[431] Sama heimild, bls. 275–276.
[432] Sama heimild, bls. 276–277.
[433] Sama heimild, bls. 276.
[434] Sama heimild, bls. 276.

að það yrði ekki leyst með skiptasamningum við Seðlabanka Íslands eða annarri fyrirgreiðslu sem þeir gætu veitt, heldur yrði íslenska ríkið að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð. Í þessu samhengi verður það vart talin tilviljun að Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, lagði til við Geir H. Haarde að Íslendingar sneru sér til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fundi þeirra sem haldinn var í Downingstræti 10 24. apríl 2008 eins og rakið er í kafla 19.3.7.[435]

4. Í raun voru það einvörðungu seðlabankar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sem með eftirgangsmunum fengust til að gera gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Það gerðist þó ekki fyrr en forsætisráðherra veitti loforð um að þrýst yrði á íslensku bankana að draga saman stærð efnahagsreikninga sinna með hliðsjón af tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrirgreiðsla norrænu seðlabankanna var þannig bundin skilyrðum um að ríkisstjórn Íslands beitti sér fyrir ákveðnum pólitískum aðgerðum og athöfnum af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.[436]
5. Ráðherrarnir undirrituðu yfirlýsinguna 15. maí 2008 ásamt bankastjórn Seðlabanka Íslands en hún var ekki birt opinberlega eða lögð fram á ríkisstjórnarfundi. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti því við skýrslutöku að yfirlýsingin hefði heldur ekki verið rædd í ríkisstjórn.[437]
6. Að framansögðu athuguðu virðist það hafa verið mat norrænna seðlabanka að íslensk yfirvöld hefðu ekki beitt sér af nægilegu afli við að draga úr stærð íslensku fjármálafyrirtækjanna og hefðu ekki haldið uppi nægilega ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum auk þess sem ekki hefði verið ráðist í breytingar á Íbúðalánasjóði sem taldar voru nauðsynlegar.[438]
7. Ekki verður séð að bankastjórar norrænu seðlabankanna hafi borið mikið traust til þess að íslenska ríkisstjórnin mundi ráðast í þessi verkefni fyrst þess var sérstaklega krafist að fá loforð ráðherranna um nauðsynlegar umbætur skjalfest og undirrituð. Bankastjórarnir gerðu líka kröfu um að þeir yrðu jafnharðan upplýstir um hvað stjórnvöld gerðu til þess að standa við hin gefnu loforð. Þegar lítið varð um efndir á fyrrnefndum loforðum af hálfu ríkisstjórnarinnar sumarið 2008 bætti hún gráu ofan á svart. Verður því ekki annað séð en að þegar þetta aðgerðaleysi bættist við það viðhorf sem áður hafði verið uppi á vettvangi erlendra seðlabanka gagnvart Íslandi hafi íslensk stjórnvöld verið orðin mjög einangruð að þessu leyti á alþjóðavettvangi og þar með átt í fá hús að venda þegar kom að falli íslensku bankanna í október 2008.[439]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

---

[435] Sama heimild, bls. 276.
[436] Sama heimild, bls. 276–277.
[437] Sama heimild, bls. 277.
[438] Sama heimild, bls. 277.
[439] Sama heimild, bls. 277.

Sjónarmið forsvarsmanna stóru bankanna þriggja.[440]
Samskipti þeirra við Seðlabanka Íslands.[441]

Sameiginleg með ummælum forsvarsmanna bankanna er sú breyting sem varð þegar Davíð Oddsson varð seðlabankastjóri en þá lögðust af ársfjórðungslegir fundir með Seðlabanka Íslands sem höfðu ýmist verið hjá Seðlabankanum eða viðkomandi banka. Davíð segir ástæðuna fyrir niðurlagningunni vera að þetta hafi að mestu verið samkvæmislíf. Stjórnarformaður Kaupþings telur evruumræðuna hafa farið verulega í taugarnar á Davíð og að niðurlagning funda ársfjórðungslega hafi verið slæm því þá hafi nánast engin samskipti verið við Seðlabankann. Almennt sé niðurstaðan sú að samskipti við bankann hafi verið lítil og menn hafi haft samskipti gegnum vinasambönd sín.

Um ýmislegt sem miður fór að mati forsvarsmanna bankanna.[442]

Forsvarsmenn bankanna telja ýmis atriði hafa farið miður en snerti ekki aðgerðir stjórnvalda. Þau helstu eru:

- íslensku bankarnir voru allir áhættusæknir fjárfestingarbankar, þ.e. allir þrír með sama viðskiptamódelið og allir í útrás í Evrópu,
- hörð samkeppni hafi verið milli bankanna, sbr. íbúðalánin sem Kaupþing reið á vaðið með og aðrir bankar fylgdu, andstætt vilja eða sannfæringu sinni,
- íslenska krónan hafi verið vandamál í starfsemi bankanna og gengi hennar allt of hátt skráð árið 2003,
- fram kemur að bankastjórarnir hafi talið að hægt hefði verið að hemja stærð bankanna með hærra eiginfjárhlutfalli og bindiskyldu,
- fjármögnun bankanna hafi verið vandamál, sérstaklega það hversu mikið var fjármagnað á heildsölumarkaði og á markaði,
- þá er það mat bankastjóranna að Seðlabankinn hafi gert þau mistök að taka aðallega skuldabréf í bönkunum sem veð fyrir lánum til bankanna en bankinn hefði fremur átt að taka veð í eignum bankanna sjálfra,
- form lánasamninga, en íslenskir lánasamningar voru ekki eins staðlaðir og erlendis þekkist og því var íslensk útlánaframkvæmd ekki eins gagnsæ og hún hefðu þurft að vera,
- eigendur bankanna voru fyrirferðarmiklir á markaði og það hafði valdið stjórnendum bankanna ákveðnum vanda.

Um sjónarmið forsvarsmanna stóru bankanna þriggja.

Ályktanir af sjónarmiðum bankastjóranna eru dregnar í 21. kafla og vísast um þetta til útdráttar úr 7. bindi.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að ítarleg lýsing rannsóknarnefndarinnar á starfi samráðshóps stjórnvalda sé eitt gleggsta dæmið um hversu illa undirbúin stjórnsýslan var þegar bankarnir

---

[440] Sama heimild, bls. 277–283.
[441] Sama heimild, bls. 277–279.
[442] Sama heimild, bls. 279–283.

féllu haustið 2008. Hópurinn hafi verið meira sammála um lagasetningu að loknu áfalli en viðlagaáætlun um hvernig mætti koma í veg fyrir áfall eða hvernig stjórnvöld ættu að haga starfi sínu þegar hætta væri á slíku áfalli. Þingmannanefndin telur skýrslu rannsóknarnefndarinnar vera áfellisdóm yfir vinnubrögðum samráðshóps um fjármálastöðugleika.

Þingmannanefndin telur að það hafi verið af hinu góða að settur var á laggirnar samráðshópur ríkisstjórnarinnar um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Þó vekur nefndin athygli á að verulega skorti á að lagaumgjörð og heimildir samráðshópsins væru nægilegar til að starf hans næði þeim markmiðum sem að var stefnt. Setji ríkisstjórn á fót samráðshópa verður að gæta þess að heimildir þeirra, verkefni og verklag séu skýr.

Þingmannanefndin telur að verulega hafi skort á að starfshættir innan ríkisstjórnar uppfylltu nútímakröfur um formlega og opna stjórnsýslu. Þá telur þingmannanefndin rétt að vekja sérstaka athygli á því að ráðherraábyrgðarkeðjan virðist hafa slitnað eða aflagast í aðdraganda bankahrunsins. Þingmannanefndin telur að koma verði í veg fyrir að ráðherrar gangi inn á verksvið annarra ráðherra eða firri þá möguleikum á að bregðast við atburðum sem heyra undir málefnasvið þeirra og rjúfa þannig keðju ráðherraábyrgðar sem kveðið er á um í 14. gr. stjórnarskrárinnar.

Þingmannanefndin telur að í ljósi smæðar samfélagsins sé sérstaklega mikilvægt að viðhafa formlega stjórnsýslu.

Þingmannanefndin telur að fundargerðir ríkisstjórnar eigi að vera ítarlegar og jafnframt að þær verði gerðar opinberar, þó þannig að upplýsingar sem samkvæmt almennum reglum þykja viðkvæmar verði skráðar í trúnaðarmálabók.

Þingmannanefndin leggur auk þess til að metnir verði kostir og gallar sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins að fenginni stjórnsýsluúttekt. Telur nefndin eðlilegt að við slíkt mat verði höfð hliðsjón af þeirri reynslu er til varð í tengslum við bankahrunið, svo sem að gerðar verði reglulegar greiningar á kerfisáhættu innan fjármálakerfisins.

Þingmannanefndin leggur til að tryggt verði að til séu hjá stjórnvöldum uppfærðar viðbragðsáætlanir við þeim mögulegu hættum sem að fjármálakerfinu steðja á hverjum tíma, auk lagaheimilda sem nauðsynlegar teljast til þess að fært sé að bregðast við.

Þingmannanefndin vekur sérstaka athygli á því að hún telur að skort hafi á að formfestu og nákvæmni hafi verið gætt í mikilvægum samskiptum við fulltrúa erlendra þjóða.

Þingmannanefndin telur einkar gagnrýnisvert að íslensk stjórnvöld hafi ekki fylgt eftir yfirlýsingunni sem gerð var við nágrannaþjóðir Íslands 15. maí 2008.[443]

Þingmannanefndin vekur athygli á að það var mat bankastjóra erlendra seðlabanka vorið 2008 að umfang vanda íslenskra fjármálafyrirtækja væri orðið slíkt að það yrði ekki leyst með skiptasamningi við Seðlabanka Íslands eða annarri fyrirgreiðslu sem erlendir seðlabankar gætu veitt.[444] Bankastjórar erlendra seðlabanka töldu að íslenska ríkið yrði að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð. Þingmannanefndin telur að á þeim tíma hefði þurft að fara fram ítarleg greining á kostum og göllum samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og á grundvelli þeirrar greiningar hefði ríkisstjórnin getað tekið upplýsta ákvörðun um hvort slík aðstoð væri hyggileg á vordögum 2008.

---

[443] Sama heimild, bls. 277. Sjá einnig yfirlýsinguna sjálfa í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 175.

[444] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 167–168.

4.7 Sjöunda bindi skýrslunnar.

20. kafli. Atburðarásin frá því að beiðni Glitnis banka hf. um fyrirgreiðslu kom fram þar til bankarnir féllu.[445]

Í 20. kafla er farið ítarlega yfir atburðarásina frá 25. september 2008 þegar Glitnir banki hf. óskaði eftir fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands og þar til stóru bankarnir þrír féllu í október sama ár. Í upphafi kaflans er farið yfir erfiðleika fjármálafyrirtækja víðs vegar um heiminn, þar á meðal umsókn Lehman Brothers um greiðslustöðvun 15. september 2008, en almennt er litið á hana sem upphafið á heimskreppunni. Gerð er grein fyrir tildrögum þess að Glitnir falaðist eftir fyrirgreiðslu frá Seðlabankanum, en það var vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við að standa skil á lánum um miðjan október. Farið er stuttlega yfir lagaheimildir Seðlabanka Íslands til að veita lánastofnunum lán og beiðni Glitnis um fyrirgreiðslu síðan lýst, frá fyrsta fundi Davíðs Oddssonar og Þorsteins Más Baldvinssonar 25. september 2008. Þá er reifað hvernig Seðlabanki Íslands stóð að undirbúningi að afgreiðslu beiðninnar, ákvörðun ríkisstjórnarinnar í framhaldinu, tilraunum til sameiningar á bankamarkaði og loks er lýst falli Glitnis banka hf.

Beiðni Glitnis banka hf. um fyrirgreiðslu, viðbrögð stjórnvalda og afleiðingar.[446]

Glitnismenn (Þorsteinn Már Baldvinsson) telja sig í upphafi hafa óskað eftir veðláni skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, sem þó féll ekki innan þágildandi reglna sem bankinn hafði sett sér með stoð í málsgreininni, en Seðlabankinn (Davíð Oddsson) leit svo á að Glitnir væri í raun að óska eftir láni til þrautavara, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Aðilum ber ekki saman um upphæð hins umbeðna láns, 500 eða 600 milljarða evra.

Það er mat rannsóknarnefndar Alþingis að beiðni um lánafyrirgreiðslu hafi verið vanreifuð og að með henni hafi Glitnir boðið Seðlabankanum tryggingar sem fyrirtækið hafði ekki heimild til að veðsetja. Seðlabankanum hafi samt sem áður borið að ganga eftir formlegu og rökstuddu erindi frá stjórn bankans um umbeðna fyrirgreiðslu til að ljóst væri hvernig haga ætti afgreiðslu þess.

Um þrautavaralán gilda engin formskilyrði í seðlabankalögum. Rannsóknarnefndin bendir hins vegar á að afstaða stofnunarinnar til beiðninnar hafi verið stjórnvaldsákvörðun þar sem hún varðaði mikilsverða hagsmuni, ekki aðeins með tilliti til hlutaðeigandi umsækjanda heldur einnig fjármálakerfisins í heild. Hún hafi því átt að byggjast á lögum og málefnalegum sjónarmiðum og að undangenginni forsvaranlegri rannsókn og málsmeðferð. Rannsóknarnefndin vísar til viðbúnaðaráætlunar Seðlabankans og „Svörtu bókarinnar“ þar sem segir að það fyrsta sem skuli gera þegar beiðni um aðstoð vegna lausafjárvanda er tekin til meðferðar sé að kalla saman starfshóp um viðbrögð við lausafjárvanda sem annist greiningu á stöðu málsins og geri síðan tillögu um afgreiðslu þess. Þeir fimm starfsmenn sem komu að starfinu innan bankans hafi þekkt til vinnu innan hans og til samráðshóps þriggja ráðuneyta, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað en þrátt fyrir það hafi við úrlausn og tillögugerð vegna Glitnis ekki verið stuðst við þær upplýsingar, gögn eða aðra formlega undirbúningsvinnu innan Seðlabankans. Stofnunin hafi ekki sjálf aflað milliliða-

---

[445] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 7–175.

[446] Sama heimild, bls. 7–52.

laust nánari upplýsinga um stöðu bankans og lánabók hans auk annarra atriða sem réttlætt gátu að veita bankanum þrautavaralán.

Seðlabankinn hafi ekki átt frumkvæði að beinum viðræðum við stjórnendur stærstu fyrirtækja á fjármálamarkaði um möguleika á aðkomu þeirra að lausn vandans. Rannsóknarnefndin segir erlendrar ráðgjafar ekki heldur hafa notið við í Seðlabankanum við umfjöllun um beiðni Glitnis um fyrirgreiðslu. Þá bendir rannsóknarnefndin á að Seðlabankinn hafi ekki haft sömu yfirsýn yfir rekstur Glitnis og Fjármálaeftirlitið hafði og vekur athygli á því að Fjármálaeftirlitinu var ekki falið að veita ríkisstjórninni umsögn um tillögu Seðlabankans né hugsanleg smitáhrif yfir á aðrar fjármálastofnanir. Þá leitaði Seðlabankinn ekki aðkomu eða álits sérfræðinga á hagfræðisviði stofnunarinnar við undirbúning afgreiðslu á beiðni Glitnis og tillögugerð til ríkisstjórnarinnar. Rannsóknarnefndin telur fram komnar skýringar á þessu ekki fullnægjandi og segir sérstaka ástæðu hafa verið til þess að sérfræðilegt mat lægi fyrir á líklegum afleiðingum kaupa ríkisins á 75% hlut í Glitni á efnahagslega þætti þjóðarbúsins.

Rannsóknarnefndin bendir á að aðkoma íslenska ríkisins að málefnum Glitnis hafi á umræddum tímapunkti verið stefnumarkandi og að fjármálaráðherra og forsætisráðherra hafi þrátt fyrir lögboðna verkaskiptingu Stjórnarráðsins ekki viðhaft samráð við viðskiptaráðherra um fram komnar tillögur Seðlabanka Íslands áður en ríkið tók ákvörðun um kaup á 75% hlut í bankanum. Fram kemur að forsætisráðherra hafi ekki boðað til ríkisstjórnarfundar til að ræða þá stöðu sem upp var komin í málefnum Glitnis áður en fyrirsvarsmönnum bankans var gerð grein fyrir tilboði íslenska ríkisins um kaupin. Þannig fengu einstakir ráðherrar ekki tækifæri til aðkomu, auk þess sem viðskiptaráðherra fékk ekki þá vitneskju um málið í tæka tíð að honum væri unnt að nýta sér rétt sinn skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar. Rannsóknarnefndin bendir á að ákvörðun ráðherranna um að fara að tillögu Seðlabankans var ekki færð til bókar eða skráð áður en hún var kynnt fulltrúum Glitnis og ekki finnst annað ritað um hana en fréttatilkynning næsta dag. Þá voru engin skrifleg gögn til taks til að afhenda sem útskýrðu inntak tilboðsins.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[447]

1. Rannsóknarnefnd Alþingis áréttar að í seðlabankalögum eru engin formskilyrði sett fram varðandi beiðni um lán til þrautavara. Nefndin tekur einnig fram að Seðlabanki Íslands sé samkvæmt lögum sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem beri í störfum sínum að fara eftir þeim almennu lögum og reglum sem gilda um starfsemi ríkisstofnana og meðferð stjórnsýsluvalds, auk þeirra sérstöku laga sem sett hafi verið um starfsemi hans. Rannsóknarnefndin vísar m.a. til stjórnsýslulaga og nefnir óskráðar grundvallarreglur stjórnsýsluréttar auk þess sem stofnuninni beri að fylgja vönduðum stjórnsýsluháttum.[448]
2. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að ekki verði ályktað með öðrum hætti en að það hafi verið handvömm af hálfu stjórnenda Glitnis að hafa ekki áður en lánabók 561 var boðin fram sem veð fyrir hinu umbeðna láni gert sér grein fyrir þeim takmörkunum sem voru á því að nýta lánasafnið í þessum tilgangi. Þótt erindi Glitnis hefði þannig sýnilega átt að vera betur undirbúið áður en það var lagt fyrir stjórnendur Seðlabankans breytir það ekki því að það var á ábyrgð stjórnenda Seðlabankans að afgreiða fram komna beiðni Glitnis í samræmi við stjórnsýslureglur.[449]

---

[447] Sama heimild, bls. 52–66.
[448] Sama heimild, bls. 53.
[449] Sama heimild, bls. 53.

3. Á Seðlabankanum og stjórnendum hans hvíldi sú skylda að tryggja að skýrt lægi fyrir hvert væri efni þess erindis sem þeir þurftu að taka afstöðu til og að hvaða atriðum meðferð þeirra á erindinu þyrfti að lúta til þess að afgreiðslan væri fullnægjandi gagnvart þeim sem setti beiðnina fram. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að með tilliti til þess hversu afdrifaríkt málefni var um að ræða og með hliðsjón af vönduðum stjórnsýsluháttum hefði Seðlabankinn átt að ganga eftir því að Glitnir legði fram formlegt og skriflegt erindi um beiðni sína þar sem fram kæmi rökstuðningur fyrir henni og því væri lýst hvernig Glitnir teldi að umbeðin fyrirgreiðsla mundi gagnast bankanum í fyrirsjáanlegum erfiðleikum. Þá hefði einnig verið rétt að svo afdrifaríkt erindi um málefni hlutafélagsins kæmi frá stjórn þess.[450]
4. Þegar litið er til þeirra atriða sem tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og haft í huga hversu afdrifarík og fjárhagslega mikilvæg ákvörðun um afgreiðslu slíks erindis gat orðið með tilliti til hagsmuna lánastofnunarinnar verður að telja að ákvörðun Seðlabanka Íslands á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna feli í sér meðferð opinbers valds sem lúti reglum um stjórnvaldsákvarðanir, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Rannsóknarnefnd Alþingis telur á hinn bóginn ástæðu til að árétta að þótt ekki væri byggt á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, við úrlausn málsins, giltu hinar almennu óskráðu meginreglur stjórnsýsluréttarins. Hin óskráða rannsóknarregla og hin óskráða regla um skyldu til að tilkynna um lyktir máls, leiða til sömu niðurstöðu í máli þessu og ákvæði stjórnsýslulaga.[451]
5. Bankastjórn Seðlabankans hafði á grundvelli stjórnunarheimilda sinna samkvæmt lögum nr. 36/2001 sérstaklega mælt fyrir um tiltekið fyrirkomulag og málsmeðferð ef stofnuninni bærist beiðni um aðstoð vegna lausafjárvanda. Ganga verður út frá því að þetta verklag hafi haft það að markmiði að skapa, eins og kostur er, formlegan farveg innan stofnunarinnar til að tryggja faglega úrlausn og vinnslu slíkra beiðna. Við meðferð slíkra mála þarf jafnframt að gæta hins lögmælta markmiðs Seðlabankans sem býr að baki þrautavaralánshlutverki hans skv. 2. mgr. 7. gr. laganna, að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, auk þess sem ákvarðanir stofnunarinnar í því efni kunna að vera mikilvægur liður í að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, sbr. 4. gr. sömu laga. Fyrir liggur að stjórn Seðlabanka Íslands lét hjá líða að fylgja eigin viðbragðsáætlun, m.a. með því að kalla saman umræddan starfshóp um viðbrögð við lausafjárvanda.[452]
6. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis verður því að álykta svo að það geti ekki talist annað en veruleg vanræksla af hálfu bankastjórnar Seðlabankans að stofnunin hafi ekki sjálf aflað milliliðalaust nánari upplýsinga um stöðu bankans og lánabók hans, svo og upplýsinga um önnur þau atriði sem haft gátu þýðingu fyrir mat á því hvort forsvaranlegt væri að veita bankanum þrautavaralán. Í því sambandi ber að leggja áherslu á að mál höfðu þróast hratt til verri vegar vikurnar þar á undan varðandi mat á eignum bankanna og ástæða gat því verið til að ætla að stjórnvöld hefðu ekki áreiðanlegar upplýsingar. Enda þótt tíminn hafi verið mjög stuttur sem Seðlabankinn hafði til að rannsaka og undirbúa málið hefði verið hægt að senda starfsmenn bankans inn í Glitni og fara yfir bækur hans. Kom einnig á daginn að nokkrum dögum síðar gat endurskoðandi Seðla-

---

[450] Sama heimild, bls. 53.
[451] Sama heimild, bls. 54.
[452] Sama heimild, bls. 55.

banka Íslands, Stefán Svavarsson, á einum degi aflað sér mun gleggri upplýsinga um stöðu Glitnis en Seðlabankinn hafði haft á þessum tíma.[453]

7. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að Seðlabankann hafi skort nægar upplýsingar, m.a. um stórar áhættuskuldbindingar, útlánagæði og tryggingar Glitnis, til að meta stöðu Glitnis rétt á þessum tímapunkti, helgina 27.–28. september 2008. Verður þannig ekki séð að Seðlabankinn hafi haft forsendur til að meta hvort sú leið sem mælt var með við ríkisstjórnina væri forsvaranleg. Samkvæmt skýrslum Davíðs Oddssonar og Sturlu Pálssonar er ljóst að Seðlabankinn virðist ekki hafa talið sér heimilt að gera kröfu um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá Glitni í tilefni af ósk hans um veðlán. Á þetta fellst rannsóknarnefndin ekki. Skýrt er tekið fram í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, að bankinn geti „milliliðalaust aflað upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr.“ Eins og rakið er hér að framan var ágreiningslaust að erindi Glitnis átti undir 7. gr. laganna og verkefni bankans var unnið samkvæmt því markmiði 4. gr. þeirra að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Verður þannig ekki séð að Seðlabanki Íslands hafi nýtt sér þau lagaúrræði sem bankanum voru búin til þess að upplýsa málið á viðhlítandi hátt. Vegna skorts á upplýsingum gátu þeir fáu starfsmenn sem unnu að úrlausn málsins innan Seðlabankans ekki fyllilega áttað sig á stöðu Glitnis. Þá var ekki heldur farið fram á aðstoð Fjármálaeftirlitsins ef frá er talið að Seðlabankinn óskaði eftir mati þess á því hvort vandamál Glitnis væri einvörðungu lausafjárskortur og ekki eiginfjárvandi, eins og nánar verður vikið að hér síðar. Þar sem ekki var staðið að rannsókn á stöðu Glitnis með fullnægjandi hætti skorti nauðsynlegar upplýsingar úr bókum Glitnis. Af þessum sökum verður ekki séð að viðhlítandi grundvöllur hafi verið lagður að þeirri ákvörðun Seðlabanka Íslands að hafna umsókn Glitnis um lán og mæla með því við ríkisstjórnina að kaupa 75% hlut í bankanum.[454]
8. Stjórnvöld stóðu því frammi fyrir því að veruleg hætta var á að vandi eins eða einhvers hluta einkafyrirtækja á fjármálamarkaði hefði afgerandi áhrif á rekstur annarra fyrirtækja í starfsgreininni með tilheyrandi afleiðingum fyrir fjármálastöðugleika og efnahagslíf landsins. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að við þessar aðstæður hafi stjórnvöldum verið rétt, bæði með tilliti til hagsmuna starfsgreinarinnar og opinberra hagsmuna, að hafa frumkvæði að beinum viðræðum við stjórnendur, að minnsta kosti stærstu fyrirtækjanna á fjármálamarkaði, og viðræðum þeirra í milli um hvaða möguleikar væru á aðkomu fyrirtækjanna sjálfra að lausn þess vanda sem upp var kominn og stjórnvöld stóðu frammi fyrir.[455]
9. Úrlausn um beiðni Glitnis um fyrirgreiðslu með aðkomu íslenska ríkisins vegna þess vanda sem talinn var fyrirsjáanlegur í rekstri hans laut eins og málum var komið ekki bara að einföldum kaupum ríkisins á eignarhlut í hlutafélagi heldur var þar verið að taka afstöðu til þess hvort og hvernig íslenska ríkið ætlaði að standa að stuðningi við og blanda sér í rekstur banka á Íslandi næstu missirin. Niðurstaða í þessu máli af hálfu ríkisstjórnar Íslands og þá annarra valdbærra ráðherra en viðskiptaráðherra ef því var að skipta, varðaði því bæði Glitni sem fjármálafyrirtæki og einnig málefni fjármálafyrirtækja í landinu almennt og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum þeirra. Að þessu virtu er það afstaða rannsóknarnefndarinnar að þegar horft er til þess lagagrundvallar,

---

[453] Sama heimild, bls. 56.
[454] Sama heimild, bls. 57.
[455] Sama heimild, bls. 59.

sem upplýst er að legið hafi til grundvallar aðkomu fjármálaráðherra að tilboðsgerð ríkisstjórnarinnar um kaup á eignarhlut í Glitni, verði ekki ályktað á annan veg en að fjármálaráðherra hafi í þessu sambandi vanrækt að viðhafa það samráð við viðskiptaráðherra sem sá lagagrundvöllur gerði ótvírætt ráð fyrir.[456]

10. Af hálfu forsætisráðherra var ekki farin sú leið að boða til ríkisstjórnarfundar og ræða þá stöðu sem upp var komin í málefnum Glitnis áður en fyrirsvarsmönnum bankans var gerð grein fyrir tilboði íslenska ríkisins um að kaupa 75% hlut í bankanum. Einstökum ráðherrum gafst því ekki tækifæri til að kynna sér málið eða hafa uppi sjónarmið um leiðir til lausnar á því á ríkisstjórnarfundi. Þá verður ekki séð að viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, hafi fengið þá vitneskju um málið, áður en þeir ráðherrar sem viðstaddir voru í Seðlabankanum ákváðu hvaða leið yrði farin gagnvart Glitni, að honum væri unnt að nýta sér þann rétt sem ráðherra er tryggður í 17. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, til að óska eftir ríkisstjórnarfundi vegna málsins. Þegar framangreint er virt og þá sérstaklega sú staðreynd að fjármálafyrirtæki heyrðu að stjórnlögum undir málefnasvið viðskiptaráðherra, telur rannsóknarnefnd Alþingis að forsætisráðherra hafi sem stjórnanda ríkisstjórnarfunda og vegna stjórnskipulegs hlutverks síns borið að ganga eftir því að viðskiptaráðherra væri upplýstur um þá tillögu sem bankastjórn Seðlabankans hafði gert til ríkisstjórnarinnar um úrlausn í málefnum Glitnis áður en henni yrði ráðið til lykta af hálfu ríkisstjórnarinnar eða annarra ráðherra.[457]
11. Það vekur sérstaka athygli að ákvörðun ráðherranna að fara að tillögu Seðlabanka Íslands var ekki færð til bókar eða skráð áður en hún var kynnt fulltrúum Glitnis. Það eina sem um hana virðist að finna ritað er fréttatilkynning forsætisráðuneytis sem birtist daginn eftir. Þó nam fjárhæð sú er ákvörðunin laut að, eins og áður segir, nálægt fjórðungi af gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands eins og hann var 30. september 2008. Þetta hafði þær afleiðingar að þegar að því kom að kynna ákvörðunina fyrir fyrirsvarsmönnum Glitnis að kvöldi 28. september 2008 voru engin skrifleg gögn til taks til þess að afhenda og útskýra inntak tilboðsins. Það er mat rannsóknarnefndar Alþingis að það hafi verið ótæk vinnubrögð að gera fyrirsvarsmönnum Glitnis einvörðungu grein fyrir tilboði ríkisstjórnarinnar munnlega í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru. Kom einnig á daginn að misskilningur varð um efni tilboðsins hjá fyrirsvarsmönnum Glitnis þar sem talið var að Seðlabankinn en ekki ríkissjóður væri tilboðsgjafi í 75% hlut bankans.[458]
12. Rannsóknarnefnd Alþingis fær ekki séð af þeim upplýsingum sem hún aflaði, m.a. með skýrslutökum, að í reynd hafi verið fjallað um hvað ætla mætti um trúverðugleika þeirra aðgerða sem Seðlabankinn lagði til í málefnum Glitnis. Hvorki virðist hafa verið fjallað um þetta innan bankans um þessa helgi né virðast seðlabankastjórar hafa gert stjórnvöldum grein fyrir því að allt byggðist á að þessi aðgerð væri trúverðug gagnvart erlendum fjárfestum og matsfyrirtækjum. Rannsóknarnefnd Alþingis telur þetta ámælisvert þar sem stjórnendum Seðlabankans mátti sem sérfróðum aðilum á þessu sviði vera ljóst að veruleg hætta væri á að inngrip ríkisins í Glitni, með þeim hætti sem lagt var til, yrði talin ótrúverðug aðgerð.[459]

---

[456] Sama heimild, bls. 61.
[457] Sama heimild, bls. 62.
[458] Sama heimild, bls. 63.
[459] Sama heimild, bls. 63–64.

13. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir í því sambandi einnig á að endurhverf lán Glitnis sem voru á gjalddaga strax í október 2008 námu um 500 milljónum evra og að heildsöluinnlán Glitnis í London námu samsvarandi fjárhæð. Báðar þessar fjármögnunarleiðir eru mjög næmar fyrir breytingum á högum banka, hvað þá lánshæfismatsbreytingum. Þannig er ljóst að mikil hætta fylgdi þessari aðgerð sem eins og áður segir virðist ekki hafa verið könnuð að neinu marki. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að bankastjórn Seðlabankans hafi ekki gætt þess að nægjanlega væri hugað að þessu atriði. Þá fór hvorki fram greining né mat á líklegu tapi sem myndast gæti hjá Landsbanka Íslands hf. og Kaupþingi banka hf., beint vegna lækkunar á hlutabréfaverði Glitnis og samhliða líklegu gjaldþroti Stoða, og ekki síður vegna mögulegs verðfalls á hlutabréfaverði þeirra. Á markaði hafði ávallt verið mjög sterk fylgni milli hlutabréfaverðs bankanna. Ljóst mátti því vera að fjárfestar kæmu til með að telja verðið sem ríkið bauðst til að kaupa 75% hlut í Glitni á gefa upplýsingar um raunverulegt virði Glitnis og að mikil hætta væri á því að þetta mat yrði yfirfært á hina bankana. Þessi augljósu smitáhrif gerðu aðgerðina enn ótrúverðugri gagnvart erlendum fjárfestum og matsfyrirtækjum. Því metur rannsóknarnefnd Alþingis það svo að veruleg hætta hafi verið á að þessi aðgerð, sem miðaði að því að auka traust fjárfesta, mundi þvert á móti rýra traust fjárfesta á íslenska fjármálakerfinu.[460]
14. Miðað við þessar upplýsingar, þ.e. erindi Glitnis sem barst fimmtudaginn 25. september 2008 og gjalddagi í október 2008, verður ekki séð að sá tími sem Seðlabankinn átti að hafa til að fjalla um málið hefði þurft að koma í veg fyrir að þeir aðilar innan bankans sem samkvæmt eigin samþykktum Seðlabankans áttu að koma að málinu væru kallaðir til. Sama er að segja um samráðshóp stjórnvalda. Þá verður heldur ekki séð að tímaþáttur málsins hafi átt að hindra að nánar væri rætt við forráðamenn Glitnis um hvaða kostir kynnu að vera fyrir hendi í þeirri stöðu sem upp var komin í málefnum bankans. Og þó svo að það hefði verið mat bankastjórnarinnar að rétt væri að hraða afgreiðslu þessa máls eins og kostur væri fær rannsóknarnefndin ekki séð að sá tími sem Seðlabankinn þó gaf sér til afgreiðslu þess hafi verið of naumur til að hægt væri að kalla framangreinda aðila að málinu.[461]
15. Gagnrýnisvert er að ekki skyldi betur gætt að því að halda leynd um fundarhöld og aðgerðir sem þagnarskylda ríkti um hjá starfsmönnum Seðlabanka Íslands og Stjórnarráðs Íslands. Óháð reglum um upplýsingagjöf af hálfu stjórnvalda og fjármálafyrirtækja er nauðsynlegt að fyrir liggi áætlun af hálfu stjórnvalda um hvernig standa eigi að fundarhöldum þegar ráðið er til lykta erindi af því tagi sem stjórnendur Glitnis höfðu borið upp við bankastjórn Seðlabankans.[462]
16. Það vekur athygli rannsóknarnefndar Alþingis að á þeim tíma þegar ríkisstjórnin réð Glitnismálinu til lykta með atbeina Seðlabankans virðist ekki hafa verið fyrir hendi nein áætlun um hvernig ætti að standa að kynningu á ákvörðun íslenska ríkisins. Fyrir liggur að blaðamannafundur var haldinn í Seðlabanka Íslands árla morguns 29. september þar sem viðstaddir voru bankastjórar Seðlabankans og bankastjóri Glitnis. Um hádegisbil hélt síðan forsætisráðherra fréttamannafund í Stjórnarráðinu og bankastjóri Glitnis hélt símafund með erlendum viðskiptaaðilum bankans. Að öðru leyti sjást þess ekki merki

---

[460] Sama heimild, bls. 64.
[461] Sama heimild, bls. 65.
[462] Sama heimild, bls. 65.

að ákvörðun ríkisins í málefnum Glitnis hafi á þessum tíma verið kynnt skipulega af hálfu íslenskra stjórnvalda, t.d. fyrir erlendum matsfyrirtækjum eða stjórnvöldum í þeim löndum þar sem íslensku bankarnir voru með starfsemi. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að í þessum efnum hefði mátt standa betur að verki af hálfu íslenskra stjórnvalda.[463]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Atburðarásin frá því að kauptilboð ríkisins í 75% eignarhlut Glitnis banka hf. var kynnt opinberlega og fram að setningu neyðarlaganna.[464]

Í umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis er næst vikið að atburðarásinni frá því að kauptilboð ríkisins í 75% hlut í Glitni var kynnt opinberlega og fram að setningu neyðarlaganna 6. október 2008. Rannsóknarnefndin greinir frá því að samráðshópi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi formlega verið komið á fót 21. febrúar 2006 og að ítrekað hafi komið fram á þeim vettvangi ábendingar um nauðsyn þess að vinna viðbúnaðaráætlun sem hægt væri að vinna eftir við áföll í rekstri bankanna. Þeirri vinnu hefði ekki verið lokið. Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði brugðist við því með því að koma á fót eigin aðgerðarhópi að morgni 30. september 2008 sem hefði verið skipaður starfsmönnum bankans og utanaðkomandi einstaklingum og hefði haft það verkefni að gera tillögur um aðgerðir og viðbúnað vegna stöðu bankanna. Að ósk ráðherra bættust ráðuneytisstjórar sömu ráðuneyta og sæti áttu í samráðshópnum þá í hóp þeirra sem unnu að málinu. Starfi hópsins lauk hins vegar föstudaginn 3. október og var hann ekki kallaður saman sem slíkur helgina 4.–5. október þótt starfsfólk Seðlabankans hafi unnið áfram að málum þá daga. Innan Fjármálaeftirlitsins var sömu vikuna m.a. unnið að gerð tillagna um svonefnda útibúaleið sem byggðist á því að sérgreina og taka út úr bönkunum innlenda starfsemi þeirra. Samráðshópur stjórnvalda fundaði einnig 2. og 3. október og ljóst var að menn gerðu sér grein fyrir því að komið var að ögurstund í lífi íslensku bankanna. Rannsóknarnefndin segir síðan að enn einn starfshópurinn hafi verið settur á fót, og nú af forsætisráðherra, til að vinna að viðbrögðum við því ástandi sem skapaðist 4. október.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[465]

1. Frá því hefur verið sagt að samráðshópi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað var formlega komið á fót hinn 21. febrúar 2006. Eins og rakið hefur verið komu ítrekað fram á þeim vettvangi ábendingar um nauðsyn þess að unnin yrði viðbúnaðaráætlun sem tiltæk væri ef til áfalla kæmi í rekstri íslensku bankanna. Þrátt fyrir þetta hafði skipulagi vinnu hópsins ekki verið hagað með þeim hætti að hópurinn sem slíkur, eða fyrir atbeina hans þær stofnanir sem að honum áttu aðild, hefðu lokið gerð draga að viðbúnaðaráætlun sem hægt væri að leggja fyrir ríkisstjórn, sbr. umfjöllun í köflum 19.2–19.4.[466]

---

[463] Sama heimild, bls. 65–66.
[464] Sama heimild, bls. 66–142.
[465] Sama heimild, bls. 137–141.
[466] Sama heimild, bls. 137.

2. Ljóst er að í kjölfar komu formanns bankastjórnar Seðlabankans á fund ríkisstjórnarinnar 30. september 2008 gætti vaxandi tortryggni sumra ráðherra í garð yfirstjórnar bankans og togstreitu um hver ætti að stýra ferðinni þegar kæmi að frekari vinnu við undirbúning aðgerða til að mæta fjármálaáfalli. Svo virðist sem tortryggni og samstarfsörðugleikar milli einstakra manna hafi fremur ráðið þar ferðinni en mikilvægi þess að stjórnvöld sýndu samstöðu og leituðust við að nýta þá þekkingu sem til var hjá stofnunum ríkisins. Á sama tíma var viðbúnaðarvinna stjórnvalda í reynd í molum og viðbúið að þau stæðu brátt frammi fyrir greiðsluþroti íslenska bankakerfisins.[467]
3. Ríki eru misilla í stakk búin til að mæta fjármálaáfalli. Stjórnvöld á Íslandi voru alveg einstaklega illa undir það búin að takast á við slíkt áfall og kom þar margt til. Samráðshópnum hafði lítið orðið ágengt í að semja viðbúnaðaráætlun. Þá höfðu atburðir helgina 27.–28. september, sem raktir eru í kafla 20.2, svo og þau viðhorf sem Davíð Oddsson hafði lýst á fundi ríkisstjórnarinnar 30. september í raun skapað djúpstæða tortryggni nokkurra ráðherra í ríkisstjórninni í garð Davíðs Oddssonar og þar með gagnvart stjórn Seðlabanka Íslands. Þá skorti einnig á traust á milli ráðherra innan ríkisstjórnarinnar, en eins og vikið var að hér að framan hafði Björgvin G. Sigurðsson, ráðherra bankamála, ekki einu sinni verið upplýstur um stöðu mála þegar kom að því að ráða málum Glitnis til lykta sunnudaginn 28. september 2008. Bókanir í fundargerð ríkisstjórnar 3. október 2008 staðfesta þessa þverbresti sem komnir voru í burðarvirki ríkisstjórnarsamstarfsins.[468]
4. Eftir að ljóst varð að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málum Glitnis höfðu ekki borið árangur tók ákveðið stjórnleysi við í viðbúnaðarmálum þar sem Seðlabanki og ríkisstjórn gengu ekki í takt og yfirstjórn skorti sem tekið hefði af skarið um hvert stefna bæri. Með skipun sérfræðingahópsins 4. október 2008 tók forsætisráðherra loks ákvörðun og lagði málið í ákveðinn farveg. Samráðshópur stjórnvalda hafði fengist við viðlagaundirbúning frá 21. febrúar 2006 til 3. október 2008, hópur sá sem Seðlabankinn kvaddi til vann að viðlagaundirbúningi frá 30. september til 3. október 2008, og sérfræðingahópur forsætisráðherra vann að viðlagaundirbúningi frá 4. október 2008.Var þannig um að ræða þriðja hópinn sem á skömmum tíma var falið að vinna að viðlagaundirbúningi en hann fékk þó ekki aðgang að öllum afrakstri vinnu hinna hópanna tveggja og var það því fyrsta verkefni hópsins að prenta út ársreikninga stóru fjármálafyrirtækjanna á starfsstöð eins af meðlimum hópsins, í Háskólanum í Reykjavík. Framangreind vinnubrögð yfirvalda við viðlagaundirbúning með það að markmiði að verja fjármálakerfi landsins og aðra grundvallarhagsmuni ríkis og þjóðar voru ótæk, afar gagnrýnisverð og á engan hátt í samræmi við það hvernig þjóðir með þróaða fjármálamarkaði og stjórnsýslu haga almennt starfsháttum sínum.[469]
5. Að framansögðu athuguðu telur rannsóknarnefnd Alþingis að mikið hafi skort á að unnið hafi verið að viðbúnaðarmálum ríkisins á skipulegan og vandaðan hátt. Rétt er þó að halda því til haga að nefndin telur ekki hægt að fullyrða að þótt vandað hefði verið betur til viðbúnaðarvinnu á árinu 2008 hefði verið hægt að bjarga íslensku bönkunum frá falli. Á hinn bóginn hefði vandaður undirbúningur verið til þess fallinn að draga mun meira úr því tjóni sem fall bankanna orsakaði. Íslensk stjórnvöld hefðu þá einnig verið

---

[467] Sama heimild, bls. 138.
[468] Sama heimild, bls. 140.
[469] Sama heimild, bls. 141.

í stakk búin til að móta sér fyrr stefnu um mörg af þeim álitaefnum sem taka þurfti af skarið um og því haft betri forsendur til að svara fyrirspurnum breskra og hollenskra stjórnvalda.[470]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Fall Landsbanka Íslands hf.[471]

Næst fer rannsóknarnefnd Alþingis yfir atburðarásina við fall Landsbanka Íslands hf. og greinir frá því að Fjármálaeftirlitið hafi tekið yfir vald hluthafafundar bankans 7. október 2008 og vikið stjórn félagsins til hliðar en skipað í hennar stað sérstaka skilanefnd á grundvelli knýjandi fjárhags- og rekstrarerfiðleika bankans. Þá hafi bankinn ekki getað aflað nægilegs erlends gjaldeyris til að verða við kröfum breska fjármálaeftirlitsins (FSA) sem fram komu 5. október í framhaldi af áhlaupi á bankann þar í landi. Lausafjárskortur í erlendri mynt hafi leitt af sér greiðsluþrot bankans. Seðlabanki Íslands hafi ekki verið tilbúinn að veita bankanum fyrirgreiðslu jafnvel þótt viðunandi veð hefðu verið fyrir hendi. Rannsóknarnefndin vísar síðan til kyrrsetningar eigna Landsbankans á grundvelli svokallaðra hryðjuverkalaga og bendir á að rökstuðningur fyrir henni frá 13. febrúar 2009 samræmist ekki að öllu leyti þeim rökstuðningi sem Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, veitti Geir H. Haarde í símtali 9. október 2008. Darling hélt því þá fram að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefði svarað því til í samtali við sig 7. október að hann gæti ekki ábyrgst að hafa fjármuni til að verja til greiðslu á innstæðutryggingunum og að ekki væri hægt að virða skuldbindingar sem Fjármálaeftirlitið hefði tekist á hendur gagnvart Bretum. Rannsóknarnefndin bendir hins vegar á að þessi staðhæfing komi hvergi fyrir í samtali Árna M. Mathiesens og Darlings. Þá sé ekki að sjá að Árni hafi staðhæft eins og Darling vildi meina að íslensk stjórnvöld hygðust vernda íslenska innstæðueigendur og enga aðra, hvað þá að íslensk stjórnvöld hefðu lýst því að þau hygðust ekki standa við skuldbindingar sínar í Bretlandi. Rannsóknarnefndin vísar til skýrslu breskrar þingnefndar frá apríl 2009 þar sem fram kemur að Árni M. Mathiesen hafi gefið til kynna með skýrum hætti að Ísland hygðist beita tryggingarsjóði sínum til að reyna að standa við skuldbindingar gagnvart breskum innstæðueigendum og að sú aðferð hafi leitt til skuldbindingar Íslands á greiðslu lágmarksfjárhæðar samkvæmt tilskipun ESB.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[472]

1. Ekki er að sjá að Seðlabanki Íslands hafi á nokkru stigi málsins lagt mat á það hvort Landsbankinn ætti við lausafjár- eða eiginfjárvandræði að etja. Skortur á slíku mati af hálfu Seðlabanka Íslands er aðfinnsluverður að mati rannsóknarnefndar Alþingis, ekki síst þar sem Landsbankinn var kerfislega mikilvægur og fall hans yrði því óhjákvæmilega kostnaðarsamt fyrir hagkerfið í heild.[473]
2. Það er ljóst að með aðgerðum sínum beittu bresk stjórnvöld harkalegri úrræðum en falist hefðu í hefðbundinni kyrrsetningu eigna Landsbankans eða öðrum venjulegum tryggingarráðstöfunum sem algengt er að gripið sé til í tilefni af greiðslustöðvun fjármála-

---

[470] Sama heimild, bls. 141.
[471] Sama heimild, bls. 142–159.
[472] Sama heimild, bls. 156–159.
[473] Sama heimild, bls. 157.

fyrirtækis. Vart er hægt að draga aðra ályktun af skýringum breskra ráðamanna en þá að með aðgerðinni hafi ætlunin verið að „refsa“ íslenskum stjórnvöldum en bresk stjórnvöld töldu gjörðir íslenskra stjórnvalda ekki hafa verið í samræmi við yfirlýsingar þeirra um að þau mundu standa við skuldbindingar sínar. Þá virðast bresk stjórnvöld einnig hafa dregið í efa heimild íslenskra stjórnvalda til að tryggja innstæður á Íslandi að fullu en ekki í Bretlandi og litið svo á að með því væri jafnrétti innstæðueigenda ekki virt.[474]

3. Rannsóknarnefndin telur það gagnrýnisvert að íslensk stjórnvöld sinntu því ekki að útskýra með skýrari hætti fyrir breskum stjórnvöldum hver afstaða íslenskra stjórnvalda væri gagnvart skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta þótt eftir því væri leitað. Tengist það því hversu lengi íslensk stjórnvöld voru að gera upp við sig hvaða stefnu taka bæri en nánar er að því vikið í kafla 17.0. Þá vanræktu íslensk stjórnvöld einnig að útskýra bæði forsendur og hina pólitísku stefnu sem tekin var með neyðarlögunum fyrir breskum og hollenskum stjórnvöldum. Telur rannsóknarnefnd Alþingis að íslenskum stjórnvöldum hafi að lágmarki borið að fela utanríkisþjónustunni að útskýra meginsjónarmið sín fyrir þeim eftir lokun markaða 6. október 2008 þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi, úr því að ráðherrar ákváðu að ræða ekki milliliðalaust við ráðamenn þeirra ríkja þar sem íslensku bankarnir voru umsvifamestir. Sérstaklega var þetta brýnt gagnvart breskum og hollenskum ráðamönnum. Það var til þess fallið að hleypa aukinni hörku í samskipti þjóðanna að íslensk stjórnvöld létu þetta undir höfuð leggjast.[475]

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis vísast til loka þessa kafla.

Fall Kaupþings banka hf.[476]

Í lok kaflans fer rannsóknarnefnd Alþingis yfir fall Kaupþings banka hf. og beinir sjónum sínum einkum að þætti dótturfélagsins Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) í því. Atvik sem tengdust KSF voru mest afgerandi um fall bankans að mati nefndarinnar, en lausafjárstaða bankans hafi tekið að versna frá miðjum september 2008 við fall Lehman Brothers. Rannsóknarnefndin bendir á að bæði Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hafi sakað starfsmenn KSF og Kaupþings um ólögmæta fjármagnsflutninga frá Bretlandi til Íslands í samtölum við Geir H. Haarde án nánari skýringa.

Niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis.[477]

1. Eftir athugun nefndarinnar þótti sýnt að hvað sem leið áhrifum þessara erfiðleika, þ.e. erfiðleika í starfsemi hinna íslensku bankanna, Glitnis og Landsbanka Íslands, á einstakar starfseiningar innan Kaupþings hafi þau atvik sem tengdust KSF verið mest afgerandi um fall Kaupþings og því er sérstaklega fjallað um þau í ályktunum nefndarinnar hér á eftir.[478]

---

[474] Sama heimild, bls. 159.
[475] Sama heimild, bls. 159.
[476] Sama heimild, bls. 159–175.
[477] Sama heimild, bls. 173–175.
[478] Sama heimild, bls. 173.

2. Af þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum má draga þá ályktun að rökrétt hefði verið af hálfu KSF að framkvæma veðköll gagnvart Kaupþingi í stað þess að taka algjörlega á sig kostnað og áhættu sem hlaust af lækkandi verði viðkomandi verðbréfa. Verður ekki annað séð en að hér hafi samband fyrirtækjanna tveggja sem móður- og dótturfélags leitt til þess að viðskipti þeirra í milli hafi ekki verið rekin á grundvelli svokallaðra armslengdarsjónarmiða. Rannsóknarnefnd Alþingis gerir því ekki athugasemd við þá afstöðu breskra yfirvalda að KSF hafi vanrækt að framkvæma veðköll sem námu 500 milljónum punda gagnvart Kaupþingi. Til þess að einhver tryggingarþekja sé fyrir hendi þarf verðmæti veðanna að nema hærri fjárhæð en lánið. Í þessu tilviki hafði verðmæti veða lækkað en lánin til Kaupþings aukist í pundum talið. Afleiðing þess að veðköll voru ekki framkvæmd var sú að lausafjárstaða Kaupþings styrktist á kostnað KSF.[479]
3. Ekki er þó síður athyglisvert að skriflegur samningur virðist ekki hafa verið gerður um þessi lausafjárskipti (milli Kaupþings og KSF), sérstaklega í ljósi þeirra upphæða sem um var að ræða.[480]
4. Rannsóknarnefnd Alþingis fékk ekki í hendur nein gögn sem styðja fullyrðingu Hreiðars Más Sigurðssonar um að unnið hafi verið að því að fá laust fé inn til Kaupþings. Því til viðbótar fær rannsóknarnefnd Alþingis ekki séð að Seðlabanki Íslands hafi haft í ráði að veita Kaupþingi 600 milljóna evra veðlán, örfáum dögum eftir að hann veitti bankanum 500 milljóna evra lán (6. október) gegn veði í danska bankanum FIH. Þar sem ekki er að sjá að þessir fjármunir hafi verið fastir í hendi telur rannsóknarnefnd Alþingis fullyrðingu Hreiðars hafa verið óvarlega.[481]
5. Rannsóknarnefnd Alþingis telur undrun sæta að Fjármálaeftirlitið skyldi ekki, þegar ásakanir komu fram á hendur starfsmönnum KSF og Kaupþings um ólögmæta fjárflutninga, senda starfsmenn sína inn í höfuðstöðvar Kaupþings til þess að ganga úr skugga um hvort ólögmætir fjármagnsflutningar hefðu átt sér stað, en í ljósi eðlis ásakananna og með tilliti til þess hverjir báru þær fram, var að mati rannsóknarnefndar Alþingis brýnt tilefni til þess. Íslensk stjórnvöld gátu ekki í svörum sínum til breskra yfirvalda vísað til þess að þau hefðu kannað þetta af eigin raun með athugun á færslum og bókhaldi Kaupþings á Íslandi heldur vísuðu þau aðeins til munnlegra svara fyrirsvarsmanna Kaupþings. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var því ekki gripið til eðlilegra ráðstafana til þess að upplýsa málið.[482]
6. Rannsóknarnefndin telur ekki ljóst hvað er orsök og hvað afleiðing þegar kemur að atburðarásinni við fall Kaupþings, þ.e. ummæli Darlings í breska þinginu eða bann FSA við því að KSF taki við nýjum innlánum. Hvort tveggja kom til sama daginn, 8. október 2008.[483]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

---

[479] Sama heimild, bls. 174.
[480] Sama heimild, bls. 174.
[481] Sama heimild, bls. 174–175.
[482] Sama heimild, bls. 175.
[483] Sama heimild, bls. 175.

Þingmannanefndin telur í ljósi lýsinga rannsóknarnefndarinnar á atburðarásinni um Glitnishelgina[484] að skort hafi á formfestu og öguð vinnubrögð innan ríkisstjórnar við veigamiklar ákvarðanir.

Þingmannanefndin telur að draga megi þann lærdóm af skýrslunni að verulega þurfi að styrkja stjórnsýslu stofnana ríkisins. Leggja beri enn ríkari áherslu á formfestu við ákvarðanatöku og innleiða beri meiri aga í vinnubrögðum en með því má stuðla að vandvirkni og vönduðum stjórnsýsluháttum. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar taka þarf ákvarðanir undir miklu álagi, t.d. þegar stjórnað er í neyðarástandi eins og ríkti á haustdögum 2008.

Þingmannanefndin telur að skortur á viðlagaundirbúningi stjórnvalda til að verja fjármálakerfi landsins og aðra grundvallarhagsmuni ríkis og þjóðar sé afar gagnrýnisverður og á engan hátt í samræmi við það hvernig þjóðir með þróaða fjármálamarkaði og stjórnsýslu ættu að haga starfsháttum sínum. Þingmannanefndin telur að stjórnvöldum beri að hafa tiltæka viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli. Slík áætlun innihaldi verkferla, skýra verkaskiptingu og ábyrgðarsvið auk upplýsinga um við hvaða aðstæður virkja eigi einstakar stofnanir ríkisins. Viðbragðsáætlun skuli æfa og endurskoða reglulega. Einnig er mikilvægt að fram komi með hvaða hætti staðið verði að kynningu á málstað Íslands og aðkomu utanríkisþjónustunnar.

21. kafli. Orsakir falls íslensku bankanna – ábyrgð, mistök og vanræksla.[485]

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis sem fjallað er um í 2.–20. kafla. Fyrst er vikið að þeim þáttum í starfsemi íslensku bankanna sem rannsóknarnefndin telur vera meginorsakir fyrir falli þeirra haustið 2008 og því næst að vinnu stjórnvalda í aðdragandanum að falli bankanna og dregnar nánari ályktanir um afmarkaða þætti í störfum stjórnvalda. Loks skýrir rannsóknarnefndin frá mati sínu og ályktunum um það hverjum hafi orðið á mistök eða sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni.

Fjármálamarkaðir í aðdragandanum að falli íslensku bankanna.[486]

Meginorsakir.[487]

Vöxtur bankakerfisins og trúverðugleiki.[488]

Rannsóknarnefnd Alþingis segir að skýringa á falli Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. sé fyrst og fremst að leita í vexti þeirra og þar með stærð þeirra við fall. Rannsóknarnefndin segir hraðan vöxt bankanna hafa hafist á árinu 2003, en í lok þess árs var einkavæðingu ríkisbankanna lokið, auk þess sem Kaupþing og Búnaðarbanki sameinuðust það ár. Hinn mikli útlánavöxtur bankanna hafi valdið því að eignasafnið þróaðist í að verða mjög áhættusamt, sem hafi ekki samrýmst langtímahagsmunum trausts banka. Þá voru sterkir hvatar til vaxtar innan bankanna í hvatakerfum og skuldsetningu stærstu eigenda. Eftirlitsaðilum hafi mátt vera þetta ljóst en Fjármálaeftirlitið, sem var aðaleftirlitsaðili bankanna, óx ekki í samræmi við vöxt hinna eftirlitsskyldu aðila og réð af þeirri ástæðu og öðrum illa við verkefni sín. Rannsóknarnefndin telur ljóst að farið hafi verið alltof geyst í útgáfu skuldabréfa á alþjóðlegum mörkuðum þegar einsýnt var að fyrr eða síðar mundu

---

[484] 27.–28. september 2008.
[485] Sama heimild, bls. 177–325.
[486] Sama heimild, bls. 177–231.
[487] Sama heimild, bls. 177–193.
[488] Sama heimild, bls. 177–182.

vextir fara hækkandi og aðgengi að lánsfé þrengjast á ný. Seinni hluta ársins 2007 urðu erlend innlán og skammtímaveðlán uppspretta fjármagns fyrir bankana þrjá og þeir urðu stöðugt háðari skammtímafjármögnun sem var mjög næm fyrir markaðsaðstæðum og áhlaupi. Í lok árs 2007 voru skammtímaskuldir þjóðarinnar, að mestu tilkomnar vegna fjármögnunar bankanna, orðnar um fimmtánfaldur gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans og ljóst að stækka þyrfti gjaldeyrisvaraforðann verulega eða draga úr tengslum bankanna við Ísland. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hafði auk þess yfir mjög litlu fjármagni að ráða í samanburði við þau innlán bankanna sem honum var ætlað að tryggja og saman juku þessir þættir mjög hættu á bankaáhlaupi. Þegar til kom fékkst ekki lánafyrirgreiðsla á erlendum fjármagnsmörkuðum í ársbyrjun 2008. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að trúverðugleiki eftirlitsstofnana hafi verið af skornum skammti. Rannsóknarnefndin lýsir því að nokkrar leiðir hefðu verið færar til að hefta vöxt bankanna, m.a. með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið hefði krafist þess að eiginfjárhlutföll þeirra væru hærri, Seðlabankinn hefði krafist þess að haldið væri í reglur um gjaldeyrisjöfnuð og notaður hefði verið kvikur afskriftareikningur að spænskri fyrirmynd.

Skuldsetning eigenda bankanna.[489]

Rannsóknarnefndin telur að eigendur allra stóru bankanna þriggja og Straums–Burðaráss hafi fengið óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá bönkunum að því er virðist í krafti eignarhalds síns. Mörkin milli hagsmuna bankanna og hagsmuna stærstu hluthafa þeirra virðast hafa orðið óskýrari eftir því sem leið á haustið 2007 og árið 2008 og bankarnir lagt meira í að styðja við eigendur sína en eðlilegt getur talist.

Samþjöppun áhættu.[490]

Rannsóknarnefndin fer yfir samþjöppun áhættu í bönkunum og segir að til að draga úr henni hafi verið innleiddar reglur um stórar áhættur í samræmi við tilskipanir ESB. Rannsóknarnefndin telur að það hefði átt að vera markmið stjórnenda bankanna og áhættustýringar þeirra að leyfa ekki einstökum áhættuskuldbindingum að verða of stórar, en þess í stað sjáist þess merki að bankarnir sjálfir taki þátt í því að reyna að sniðganga reglur um stórar áhættur og telur rannsóknarnefndin það aðfinnsluvert. Seðlabanki Íslands hafi ekki kallað eftir nauðsynlegum gögnum til að meta kerfisáhættu sem bankanum hafi þó verið heimilt og þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hefði gögnin aðhafðist hvorug stofnunin neitt til að takmarka áhættuna. Rannsóknarnefndin telur að samþjöppun áhættu hafi verið orðin hættulega mikil nokkru fyrir fall bankanna, bæði sökum lánveitinga til ákveðinna hópa innan hvers banka og þess að sömu hópar hafi myndað stórar áhættur í fleiri en einum banka með tilheyrandi kerfislægri áhættu. Þannig varð bankakerfið í heild mjög viðkvæmt fyrir ytri áföllum, svo sem skyndilegum samdrætti í lánalínum til landsins. Rannsóknarnefndin telur að við eftirlit með stórum áhættum bankanna hafi eftirlitsaðilar ekki eingöngu átt að ganga harðar fram í að koma í veg fyrir samþjöppun áhættu í hverjum banka fyrir sig heldur hafi einnig verulega skort á að þeir mætu rétt kerfisáhættu fjármálakerfisins í heild.

---

[489] Sama heimild, bls. 182–186.
[490] Sama heimild, bls. 186–190.

Veikt eigið fé.[491]

Greint er frá því að lög um lágmark eigin fjár banka hafi verið í gildi á Íslandi og framkvæmd þeirra útfærð nánar í reglum Fjármálaeftirlitsins, en þær byggðust á Basel-II stöðlum. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að fjármögnun eigin fjár í bankakerfinu hafi að svo stórum hluta verið byggð á lánsfé úr kerfinu sjálfu að stöðugleika þess hafi verið ógnað. Sér í lagi hafi eignarhlutir stærstu hluthafa verið skuldsettir sem olli því að bankarnir og stærstu eigendur þeirra voru afar viðkvæmir fyrir tapi og lækkun hlutabréfaverðs. Þetta hafði í för með sér að bankarnir, sérstaklega Kaupþing, freistuðust til að styðja markvisst við verð eigin hlutabréfa og lánuðu til kaupa á bréfum. Rannsóknarnefndin bendir á að huga þurfi að því að setja mun skýrari reglur um hvaða eigin hlutabréf í fjármálafyrirtækjum eigi að koma til frádráttar við útreikning á eigin fé þeirra og að auka skilvirkni eftirlits með þessum þætti. Jafnframt sé ástæða til að huga að því hvort sporna eigi við því að íslenskir bankar láni til kaupa á hlutafé hver annars.

Umhverfið til vaxtar og áhættuaukningar.[492]

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að auknar starfsheimildir fjármálastofnana á síðustu árum hafi orðið til að auka verulega áhættu í rekstri bankanna. Íslensku bankarnir hafi sótt mikið fjármagn á erlenda skuldabréfamarkaði meðan færi gafst en efnahagsþróunin í heiminum hafi haft veruleg áhrif hér á landi síðustu árin fyrir hrun og framþróun fjármálamarkaða hafi verið ör á tímum lágra vaxta og lausafjárgnóttar.

Rannsóknarnefndin bendir á að innra og ytra ójafnvægi hafi verið mikið í hagkerfinu allt frá árunum 2002–2003. Rannsóknarnefndin telur að hvorki ríkisfjármálin né peningastefnan hafi brugðist nægjanlega við hagsveiflum, ofþenslu og vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu og ályktar að stefnan í ríkisfjármálum hafi í reynd kynt undir ójafnvæginu. Stóriðjufjárfestingar hér á landi hafi verið mjög miklar í hlutfalli við verga landsframleiðslu og þess ekki gætt að draga úr ríkisútgjöldum til mótvægis á framkvæmdatímanum. Allir virðast hafa verið sammála um að tímasetning skattalækkana á þeim miklu þenslutímum sem voru í íslenskum þjóðarbúskap árin 2005–2007 hafi verið óheppileg. Loks flokkar rannsóknarnefndin ákvarðanir ríkisstjórnarinnar varðandi endurskipulagningu húsnæðismarkaðar og hækkun hámarkslánshlutfalls Íbúðalánasjóðs sem ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna. Rannsóknarnefndin telur að nauðsynlegt sé að auka samvinnu ríkisfjármála og Seðlabankans við hagstjórnaraðgerðir þannig að annarri stefnunni sé ekki beitt markvisst gegn hinni líkt og gert var á þeim tíma þegar ríkisfjármálin miðuðu stöðugt að því að auka á ójafnvægið og þensluna og láta Seðlabankanum einum eftir að glíma við afleiðingarnar.[493]

Nánar um fjármálamarkaði og fjármálastofnanir.[494]

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn.[495]

Rannsóknarnefndin telur að stóru bankarnir þrír hafi allir reynt að kalla fram óeðlilega eftirspurn eftir hlutabréfum í sjálfum sér og notað til þess það svigrúm sem hægt var að skapa með viðskiptum deilda sem sáu um eigin viðskipti bankanna. Rannsóknarnefndin telur veru-

---

[491] Sama heimild, bls. 190–193.
[492] Sama heimild, bls. 193–207.
[493] Sama heimild, bls. 196–207.
[494] Sama heimild, bls. 207–231
[495] Sama heimild, bls. 207–210.

lega óheppilegt að bankarnir skuli hafa litið á sig sem viðskiptavaka í eigin bréfum jafnvel þótt slíkt sé ekki óheimilt samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og telur líkurnar á hagsmunaárekstrum verulegar þegar fyrirtæki er viðskiptavaki í eigin bréfum og enn meiri ef um lánastofnun er að ræða. Tryggja verði að sú aðstaða komi ekki upp aftur að óæskilegir hvatar séu fyrir hendi til að hafa áhrif á verð hlutabréfa og bendir nefndin á að í því sambandi hafi eftirlitsaðilar mikilvægu hlutverki að gegna.

Peningamarkaðssjóðir.[496]

Rannsóknarnefndin fer næst yfir umfjöllun sína um peningamarkaðssjóði og gríðarlegan vöxt hjá verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum á árunum 2004–2008, en þeir urðu að mati rannsóknarnefndarinnar allt of stórir fyrir íslenskan verðbréfamarkað. Rannsóknarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum hafi verið ófullnægjandi og að sjálfstæði rekstrarfélaga þeirra gagnvart móðurfélögum sínum hafi verið verulega ábótavant. Eitt helsta einkenni fjárfestinga peningamarkaðssjóða á vegum rekstrarfélaga stóru bankanna þriggja hafi verið að allir fjárfestu að meginstefnu í verðbréfum og innlánum hjá móðurfélagi viðkomandi rekstrarfélags eða félögum sem telja má að hafi tengst þeim eða eigendum bankanna.

Gjaldeyrismarkaður.[497]

Varðandi gjaldeyrismarkað bendir rannsóknarnefnd Alþingis á að lífeyrissjóðir landsins voru stærstu seljendur erlendrar myntar framvirkt á árinu 2008 og þannig hafi þeir varið afkomu sína fyrir skammtímasveiflum á gjaldeyrismarkaði. Varnir þeirra hafi hins vegar aukist þegar krónan veiktist sem gefur til kynna að þessum vörnum hafi verið stýrt á virkan hátt í stað þess að ákveðið fast hlutfall erlendu eignarinnar hafi verið varið. Því sé ljóst að lífeyrissjóðirnir hafi vænst þess að íslenska krónan ætti eftir að styrkjast. Rannsóknarnefnd Alþingis telur þetta benda til þess að lífeyrissjóðirnir, sem hafi átt að vera með langtímafjárfestingarmarkmið, hafi verið að vonast eftir skjótfengnum gróða á gjaldeyrismarkaði.

Fjármögnun.[498]

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að aukning í fjármögnun bankanna með skammtímaveðlánum, heildarskiptasamningum og erlendum innlánum hafi verið til þess fallin að auka verulega fjármögnunaráhættu þeirra og auk hættu á innlánaáhlaupi hafi einnig myndast hætta á áhlaupi á veðlán bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis segir að ekki sé að sjá að stjórnvöldum hafi verið þessi áhætta ljós þegar fulltrúar ríkistjórnarinnar tóku afstöðu til tillögu Seðlabankans um málefni Glitnis í september 2008. Rannsóknarnefndin minnir á að veðlán íslensku bankanna hjá Seðlabanka Evrópu hafi aukist verulega á árinu 2008 og að framganga þeirra hafi átt sinn þátt í því að Ísland varð afskipt á vettvangi evrópskra seðlabanka sem gerði Seðlabanka Íslands og íslenska ríkinu erfitt fyrir við að afla lánsfjár. Seðlabanka Íslands hafi orðið það ljóst í nóvember 2007 að bankarnir voru farnir að stunda í ríkum mæli að gefa út óvarin skuldabréf sem síðan voru seld öðrum fjármálafyrirtækjum, einkum Icebank, sem aftur notuðu skuldabréfin sem veð til að afla sér lána frá Seðlabankanum og fóru þannig í kringum þá reglu bankans að lán séu ekki veitt gegn veði í eigin skuldabréfum

---

[496] Sama heimild, bls. 210–214.
[497] Sama heimild, bls. 214–215.
[498] Sama heimild, bls. 215–220.

fjármálafyrirtækjanna. Að mati rannsóknarnefndarinnar hefði Seðlabankinn getað takmarkað einstök veð án þess að slíkt hefði komist í hámæli og valdið falli bankanna.

Útlán í erlendri mynt.[499]

Rannsóknarnefndin bendir á að stóru bankarnir þrír hafi verið með um 60–75% af útlánum sínum í erlendri mynt og að hvatinn sem lá þar að baki hafi m.a. verið að auka erlendar eignir bankanna þar sem skuldir þeirra, þ.e. fjármögnunin, voru fyrst og fremst í erlendum myntum. Rannsóknarnefndin telur að ef viðskiptavinir bankanna eru ekki með greiðslugetu sem sveiflast með erlendu myntinni megi færa rök fyrir því að lánin séu ekki raunveruleg eign og áhættan hafi því eingöngu breyst úr gengisáhættu í skuldaraáhættu.

Ytri endurskoðun.[500]

Varðandi ytri endurskoðun segir rannsóknarnefndin að við fall bankanna hafi óhjákvæmilega orðið mikið verðfall á eignum þeirra, en gæði útlánasafna bankanna hafi verið farin að rýrna a.m.k. 12 mánuðum fyrir fall þeirra og hafi gert það allt fram að fallinu þótt þess sæi ekki stað í reikningsskilum bankanna. Rannsóknarnefndin telur þær rannsóknir sem hún hefur gert á fjárhag fjármálafyrirtækjanna benda eindregið til þess að virði útlána og skuldbindinga sem þeim tengjast hafi verið ofmetið í reikningsskilum fjármálafyrirtækjanna í árslok 2007 og við hálfsársuppgjör 2008 svo skeiki hundruðum milljarða króna. Nánast engar sértækar niðurfærslur hafi verið gerðar þrátt fyrir margháttaðar „björgunaraðgerðir“.

Hvatakerfi.[501]

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að launa- og hvatagreiðslur til stjórnenda og annarra starfsmanna bankanna hafi verið tengdar við hlutabréfaverð þeirra langt umfram það sem eðlilegt gat talist og að skuldbindingar bankanna vegna slíkra greiðslna hafi í ákveðnum tilvikum verið faldar.

Lánin heim.[502]

Rannsóknarnefnd Alþingis fer í skýrslu sinni yfir stöðu mála eftir að lausafjárkreppan fór harðnandi seinni hluta árs og stór fjárfestingarfélög á Íslandi, svo sem FL Group og Gnúpur, lentu í vanda. Rannsóknarnefndin telur að lánveitingar erlendu bankanna til íslensku fjárfestanna hafi aukið áhættu íslensku bankanna þar sem þeir virðast oft í reynd hafa verið lánveitendur til þrautavara fyrir þessa fjárfesta. Rannsóknarnefndin nefnir dæmi sem sýna þetta og segir að í stað þess að láta erlendu bankana taka mögulegt tap á sig og leysa úr þeirri stöðu sem upp var komin hafi lánin verið flutt heim með tilheyrandi aukinni áhættu og að endingu harkalegra falli íslensku bankanna.

Vinna stjórnvalda í aðdragandanum að falli íslensku bankanna.[503]

Í kafla 21.3 fjallar rannsóknarnefnd Alþingis um vinnu stjórnvalda í aðdragandanum að falli íslensku bankanna (árin 2006, 2007 og 2008), sbr. nánari umfjöllun hennar í 19. kafla.

---

499 Sama heimild, bls. 220–221.
500 Sama heimild, bls. 221–222.
501 Sama heimild, bls. 222–227.
502 Sama heimild, bls. 227–231.
503 Sama heimild, bls. 231–258.

Rannsóknarnefndin rifjar að auki upp umfjöllun í 17. kafla skýrslunnar[504] um að sú breyting sem varð á árinu 2007, að rúmur helmingur innlána hafi stafað frá erlendum aðilum, hafi haft mikil áhrif á skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Rannsóknarnefndin telur að sú mikla breyting sem varð á fjármögnun íslensku bankanna með söfnun innlána á netreikningum frá árinu 2006 hefði átt að gefa þeim aðilum sem báru ábyrgð á framkvæmd og fyrirkomulagi innstæðutrygginga hér á landi tilefni til að hefjast handa um breytingar á reglum um tryggingarsjóðinn til að styrkja fjárhag hans.[505]

Rannsóknarnefndin fjallar einnig um samnorræna viðlagaæfingu sem haldin var í september 2007 til að kanna viðbrögð stjórnvalda við sviðsettu fjármálaáfalli, en Íslendingar gengu frá þeirri æfingu ólokinni af ótta við að það gæti haft slæm áhrif á íslenskan fjármálamarkað ef viðbrögð ríkisins mundu fréttast. Rannsóknarnefndin telur að það hafi verið afar misráðið af íslenskum stjórnvöldum að ljúka ekki viðlagaæfingunni. Þá virðist sem snemma í nóvember 2007 hafi vaknað efasemdir innan Seðlabankans um veðlán ákveðinna fjármálafyrirtækja hjá stofnuninni og af því tilefni hafi bankinn sent Fjármálaeftirlitinu bréf 13. nóvember þar sem sú spurning var viðruð hvort umfang viðskiptanna hjá Icebank samrýmdist reglum sem bankanum bæri að starfa eftir. Starfshópur Seðlabankans var settur á fót um þetta leyti og hann og samráðshópur stjórnvalda funduðu báðir með aukinni tíðni frá þeim tíma.

Árið 2008 hafi í auknum mæli orðið vart við áhyggjur af íslenskum fjármálamarkaði, bæði hérlendis og erlendis. Á fundi samráðshóps stjórnvalda í janúar hafi fjármálaáfall verið rætt sem raunhæfur möguleiki. Sagt er frá ferð Davíðs Oddssonar og Sturlu Pálssonar til London í byrjun febrúar þar sem þeir sóttu m.a. fundi með fulltrúum matsfyrirtækja og banka en þar kom fram að þessir aðilar álitu íslensku bankana vera í alvarlegri stöðu. Í minnisblaði Davíðs frá fundinum kemur fram að þegar þurfi að hefjast handa við að vinda ofan af stöðunni. Þá er sagt frá fundi hans með Geir H. Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Árna M. Mathiesen 7. febrúar 2008 þar sem Davíð upplýsti ráðherrana um að svo virtist sem íslensku bönkunum væri ekki lengur treyst. Hins vegar hefði engin sérstök ráðgjöf eða tillaga um viðbrögð fylgt erindi Davíðs að sögn Geirs en menn hefðu frekar búist við slíkum tillögum frá Seðlabankanum. Ingibjörg Sólrún sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að hún hefði talið upplýsingarnar alvarlegar en ekki áttað sig á hvort eingöngu var um að ræða skoðanir hinna erlendu aðila eða hvort Seðlabanki Íslands væri sama sinnis. Vísað er til fundar starfshóps Seðlabankans 8. febrúar þar sem fram kom að sérfræðingar bankans þyrftu að vera viðbúnir því versta þar sem bankarnir fengju ekkert fjármagn á markaði. Næst er vísað til fundar Geirs, Ingibjargar, Árna og Björgvins G. Sigurðssonar með forsvarsmönnum stóru bankanna þriggja 14. febrúar sem tveir ráðherranna töldu ekki hafa þjónað tilgangi sínum. Í kjölfar fundarins hafi ríkisstjórnin lagt aukna áherslu á að koma sjónarmiðum íslensku bankanna á framfæri erlendis og einnig aflaði Landsbankinn álitsgerðar breskrar lögmannsstofu um þær leiðir sem væru færar til að flytja innlánsreikninga útibús Landsbankans yfir í dótturfélag. Þegar leið á vorið varð hins vegar viðhorfsbreyting hjá stjórnendum bankans um hversu hratt ætti að flytja Icesave-reikningana í dótturfélag þótt Fjármála-

---

[504] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 193.

[505] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, sjá bls 233.

eftirlitið og Seðlabankinn hafi ekki fengið upplýsingar um það frá bankanum. Í byrjun júlí gerði breska fjármálaeftirlitið síðan kröfu um að slíkur flutningur færi fram.[506]

Rannsóknarnefndin fjallar um skipun setts ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins í stöðu stjórnarformanns Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og segir að sú aðstaða að þarna var um starfsmann ráðuneytisins að ræða hafi í framkvæmd leitt til þess að veruleg og náin starfstengsl urðu milli ráðuneytisins og Tryggingarsjóðsins sem dró aftur úr sjálfstæði og virkni stjórnar sjóðsins. Rannsóknarnefndin telur að þetta hafi verið óheppilegt fyrirkomulag sem gat gefið til kynna að tengsl sjóðsins, sem er sjálfseignarstofnun, og ráðuneytisins væru meiri en lög kváðu á um.

Sagt er frá komu Andrews Gracies sem vann með fjármálasviði Seðlabanka Íslands að undirbúningi gerðar viðlagaáætlunar í febrúar. Í þeirri vinnu kom fram að menn skyldu reikna með því að fyrsti átakapunkturinn í íslenska fjármálakerfinu yrði gjalddagi Glitnis um miðjan október. Hann lýsti einnig þeirri skoðun sinni að íslensk stjórnvöld þyrftu nauðsynlega að mynda sér sameiginlega skoðun í viðlagamálum sem fyrst. Þá hafi komið fram á fundi Davíðs Oddssonar og Ingimundar Friðrikssonar með bankastjórn Seðlabanka Bretlands í mars að þar væru menn áhyggjufullir vegna mögulegra afleiðinga þess að mikið yrði tekið út af reikningum í bönkum, m.a. Landsbankanum, sem gæti haft smitáhrif, auk þess sem fyrirkomulag innstæðutrygginga hafi borið á góma. Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen funduðu í mars með Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, um stöðu bankanna og þar kom fram að Jónas teldi ólíklegt að upplýsingum væri haldið frá Fjármálaeftirlitinu með glæpsamlegum hætti.

Gengi íslensku krónunnar hafði veikst eftir að fram komu upplýsingar um fjárhagsleg vandræði Bear Stearns og ýmis erlend fjármálafyrirtæki birtu neikvæðar greiningarskýrslur um íslenska fjármálakerfið. Á fundi samráðshóps stjórnvalda 18. mars 2008 kom fram að lausafjárvandi íslenskra fjármálafyrirtækja væri meira knýjandi en áður hafi verið talið og neikvæður tónn bærist frá erlendum bönkum og fjárfestum. Hættan væri orðin veruleg og bráð. Á fundi starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda í lok mars hafi komið fram að viðræður um sameiningu hefðu stuttu áður farið fram milli íslenskra fjármálafyrirtækja, sbr. kafla 20.2.5.[507] Rannsóknarnefnd Alþingis dregur þá ályktun að mikið vantraust hafi ríkt milli forsvarsmanna fyrirtækjanna og efasemdir verið uppi um gagnsemi samruna. Sama dag fundaði samráðshópur stjórnvalda og þar var Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum falið að taka saman yfirlit yfir helstu aðgerðir sem til greina kæmu við lausn vandans. Rannsóknarnefndin telur að samráðshópurinn hafi ekki fylgt þeirri vinnu sem unnin var í kjölfarið nægilega vel eftir þar sem ljóst mátti vera að alvarlegur vandi steðjaði að íslensku fjármálakerfi.[508] Því er lýst hvernig viðhorf erlendra seðlabankastjóra til Seðlabanka Íslands hafi orðið mun neikvæðara en áður í framhaldi af málaleitan um gjaldeyrisskiptasamninga og að seðlabankar Bretlands, Evrópu og Bandaríkjanna hafi ekki samþykkt gerð slíkra samninga. Í viðræðum hafi verið bent á að geysilega erfitt yrði fyrir Seðlabankann að gegna hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara vegna stærðargráðu samanlagðs efnahagsreiknings íslensku bankanna. Þá hafi Seðlabanki Íslands ekki þekkst boð Seðlabanka Bretlands um að ræða aðkomu alþjóðasamfélagsins að því að aðstoða Íslendinga við lausn

---

[506] Sama heimild, bls. 234–237.

[507] Sama heimild, bls. 37.

[508] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 243.

vandans.[509] Seðlabankar á Norðurlöndunum hafi hins vegar fallist á gerð gjaldeyrisskiptasamninga með því skilyrði að íslenskir ráðamenn undirrituðu samkomulag þess efnis að dregið yrði úr stærð efnahagsreikninga bankanna, breytingar gerðar á starfsemi Íbúðalánasjóðs, gjaldeyrisvaraforði þjóðarinnar efldur og aukið aðhald sýnt í ríkisfjármálum. Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Árni M. Mathiesen undirrituðu samkomulagið fyrir hönd stjórnvalda og rannsóknarnefndin bendir á að áskilnaður um skriflega yfirlýsingu hafi verið til marks um aukna tortryggni erlendra seðlabankastjóra. Rannsóknarnefndin bendir jafnframt á bagaleg mistök af hálfu Seðlabankans í lok apríl þar sem gleymdist að framlengja lánalínu sem náðst hafði við Alþjóðagreiðslubankann í Basel. Í framhaldinu hafi ekki verið vilji til að taka málið upp að nýju.[510]

Á fundi samráðshóps stjórnvalda 1. apríl 2008 var rætt um nauðsyn þess að setja á blað aðgerðaáætlun en að mati rannsóknarnefndar Alþingis var þeim fyrirætlunum ekki fylgt nægilega eftir. Rannsóknarnefndin rifjar upp umfjöllun um áhlaup á Landsbankann í Bretlandi frá febrúar fram yfir síðari hluta apríl og þá hættu sem enn var fyrir hendi að áhlaupinu loknu, en í tengslum við þá atburði sagði Davíð Oddsson við Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að Landsbankinn gæti þolað slíkt útflæði fjár í um sex daga frá 1. apríl að telja. Rannsóknarnefndin bendir á að ekkert liggi fyrir um að neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu íslensku utanríkisþjónustunnar af þessu tilefni og einnig hafi skort á að íslensk stjórnvöld legðu á þessum tíma formlega að Landsbankanum að flytja Icesave-reikningana yfir í dótturfélag eða a.m.k. kölluðu eftir tímaáætlun um slíkan flutning. Ljóst hafi verið að framvinda þeirra mála gat haft verulega þýðingu um viðbrögð og aðgerðir íslenskra stjórnvalda á næstu missirum. Verðug markmið varðandi álitaefni og mögulegar aðgerðir og skilyrði vegna fjármálaáfalls hafi einnig verði sett á fundi samráðshóps stjórnvalda 21. apríl, en ekki fylgt nægilega vel eftir þrátt fyrir knýjandi þörf.

Eftir því sem leið á vorið 2008 urðu fundir samráðshóps stjórnvalda tíðari og rannsóknarnefndin segir það til marks um þær auknu áhyggjur sem ríktu vegna stöðunnar á íslenskum fjármálamarkaði þótt nokkuð hafi skort á að brugðist væri við þeim áhyggjum, t.d. með því að kalla eftir sjónarmiðum ráðherra eða útfæra aðgerðaáætlun stjórnvalda. Þá leið lengra milli funda um sumarið án þess að tilefni hafi verið til að draga úr starfi hópsins.

Í *Fjármálastöðugleika* Seðlabanka Íslands í byrjun maí 2008 kom fram að fjármálakerfið væri í meginatriðum traust. Þar voru tilgreindir þeir þættir sem styddu þá niðurstöðu. Á fundi samráðshóps stjórnvalda á sama tíma var kynnt skjal þar sem fram kom að í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta væru 10 milljarðar króna, en þær innstæður sem kallað gæti verið eftir að ríkissjóður ábyrgðist næmu 2.318 milljörðum króna. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að þrátt fyrir áhyggjur sem fram komu hjá Davíð Oddssyni á fundi bankaráðs Seðlabankans í maí hafi bankinn ekkert aðhafst og átelur að bankastjórn hafi ekki gripið til viðeigandi ráðstafana.[511] Í lok maí hóf Landsbankinn að taka við innlánum á Icesave-reikninga í Hollandi og fékk afar góðar viðtökur.[512] Rannsóknarnefndin segir hins vegar ekki hægt að draga aðra ályktun í ljósi sögunnar frá Bretlandi en að afar óvarlegt hafi verið að hefja töku

---

[509] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 1, bls. 167.

[510] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 239–240.

[511] Sama heimild, bls. 242.

[512] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 54.

innlána í Hollandi í gegnum útibú en ekki dótturfélag og bendir á að Fjármálaeftirlitið hefði haft nægt tilefni til að taka málefni hollenska útibúsins til sérstakrar skoðunar vegna stöðu á gjaldeyrismarkaði með íslensku krónuna. Rannsóknarnefndin áréttar þó að þessi ákvörðun hafi verið viðskiptalegs eðlis og á ábyrgð stjórnenda Landsbankans.

Á ársfundi Alþjóðagreiðslubankans í Basel í júní kom viðhorfsbreyting erlendra seðlabankastjóra gagnvart Íslandi sterkt fram og á fundi á Íslandi í júlí fór bankastjóri Seðlabanka Lúxemborgar ófögrum orðum um íslensku bankana. Mikil hætta var greinilega á ferðum í íslensku efnahagslífi.[513]

Ákveðin þáttaskil virðast hafa orðið varðandi Icesave-reikningana í Bretlandi í júlí 2008 þegar fjármálaeftirlitið þar í landi (FSA) setti fram kröfu um flutning innlánsreikninga úr útibúi yfir í dótturfélag. Breska þingið ræddi jafnframt um tryggingar breskra innstæðueigenda við gjaldþrot íslensks banka. Rannsóknarnefndin bendir á að sú umræða sem hafði verið í breskum fjölmiðlum frá ársbyrjun 2008 fól í sér viðvarandi hættu á áhlaupi á Landsbankann og umræðan í júlí jók þá hættu til muna. Með hliðsjón af stöðu Seðlabanka Íslands sem ekki gat gegnt hlutverki lánveitanda til þrautavara vekur það furðu nefndarinnar að ekki verður séð að á neinu stigi málsins hafi íslensk stjórnvöld beitt sér formlega gagnvart Landsbankanum til að knýja á um flutning innlánsreikninga útibús bankans í London í dótturfélag. Þau hafi hreinlega ekki talið það í sínum verkahring, heldur vísaði hver á annan. Síðla sumars hafi hollensk stjórnvöld jafnframt orðið áhyggjufull vegna innlána þar í landi.

Snemma í júlí 2008 var skjal um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli tekið saman hjá Seðlabanka Íslands en því ekki fylgt nægilega vel eftir. Þar kom m.a. fram að stjórnendur bankanna gerðu sér grein fyrir stöðu mála en að þeim hefði ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum. Það vekur athygli rannsóknarnefndarinnar að ekki skuli hafa verið brugðist við þessu. Ekki er fallist á það viðhorf Geirs H. Haarde að stjórnvöld hefði skort úrræði til að bregðast við. Þau hafi haft ýmis úrræði, m.a. í gegnum Seðlabankann, og hefðu jafnframt getað falið sérfræðingum innan stjórnsýslunnar að undirbúa löggjöf til að styrkja valdheimildir sínar. Rannsóknarnefndin telur jafnframt að vinna hefði þurft drög að „neyðarlögum“ mun fyrr en raun bar vitni þar sem einungis hluti þeirra lá fyrir í byrjun október 2008 og þau voru í raun unnin að stórum hluta helgina áður en þau voru afhent ríkisstjórn. Ekkert hafi orðið úr tillögu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um skipan hóps reyndra sérfræðinga til að móta úrbótatillögur en Geir H. Haarde hafi ráðið efnahagsráðgjafa.

Um miðjan júlí 2008 reyndi Seðlabankinn að spyrna fótum við útgáfu svokallaðra „ástarbréfa“ milli bankanna, en rannsóknarnefndin telur það aðfinnsluvert að Seðlabankinn skyldi ekki grípa mun fyrr til slíkra aðgerða í ljósi þeirra efasemda sem lengi höfðu ríkt um þessi við innan bankans. Vísað er til viðbragða þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, við ummælum sérfræðings Merrill Lynch og það viðhorf talið lýsandi fyrir viðbrögð íslenskra stjórnvalda og banka árið 2008.

12. ágúst 2008 lagði Björgvin G. Sigurðsson fram tillögu á ríkisstjórnarfundi um skipun nefndar til að auka stöðugleika fjármálakerfisins en hún náði ekki fram að ganga. 20. ágúst 2008 svaraði viðskiptaráðuneytið bréfi frá breska fjármálaeftirlitinu, FSA, varðandi viðbrögð ríkisins við hugsanlegu fjármálaáfalli og aðstoð við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta ef til þess kæmi.

---

[513] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 243–244.

Þá er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar lýst viðbrögðum Fjármálaeftirlitsins við málaleitan Seðlabanka Hollands um miðjan ágúst 2008 um að innlán á Icesave-reikninga í Hollandi yrðu stöðvuð vegna stöðu tryggingarsjóðsins og Seðlabanka Íslands, en í svarbréfi sínu studdi Fjármálaeftirlitið fyrst og fremst sjónarmið Landsbankans. Verulega mun hafa skort á að Fjármálaeftirlitið setti fram sjónarmið eða formlegar tillögur um mögulegar lausnir á flutningi Icesave-reikninganna í dótturfélög. Afstaða Hollendinga kom enn skýrar í ljós á fundi með bankastjórum Landsbankans síðar í mánuðinum. Á sama tíma gerði FSA kröfur til Landsbankans en þá var orðið ljóst að bankanum mundi reynast erfitt að flytja Icesave-reikningana í dótturfélag, auk þess sem það orkaði tvímælis hvort bresk stjórnvöld mundu sætta sig við þær eignir sem færa skyldi yfir til dótturfélagsins á móti innlánum úr útibúinu. Rannsóknarnefndin bendir á að samskipti íslenskra og breskra stjórnvalda voru að mestu að frumkvæði þeirra bresku á þessum tíma. Þá hafi Fjármálaeftirlitið talað máli bankans í stað þess að setja fram eigin sjónarmið eða tillögur.

Landsbankinn óskaði þess við viðskiptaráðherra að hann talaði máli bankans við bresk stjórnvöld og það var gert á fundi með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, 2. september 2008. Þar kvaðst Darling gera ráð fyrir því að bresk stjórnvöld mundu ábyrgjast innstæður að fullu og senda reikninginn síðan áfram. Rannsóknarnefndin tekur fram að ekki verður séð að fundurinn hafi dregið úr áhyggjum innan breska stjórnkerfisins af málefnum Landsbankans eða liðkað fyrir lausn vandans þrátt fyrir að áhyggjurnar væru augljósar og í framhaldi fundarins hafi hvorki viðskiptaráðherra né aðrir ráðherrar kannað hvaða leiðir væru færar til að greiða fyrir málinu.

Nánari ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um afmarkaða þætti.[514]

Í kafla 21.4 er að finna nánari ályktanir rannsóknarnefndarinnar um afmarkaða þætti rannsóknar hennar. Í inngangi segir nefndin að athygli hennar veki hversu algengt það var hjá þeim stjórnendum stofnana stjórnkerfisins sem gáfu skýrslur fyrir nefndinni að svarað væri að það hefði ekki fallið innan starfssviðs viðkomandi eða stofnunar hans að fjalla um eða bera ábyrgð á viðkomandi verkefni heldur hefði það verið hlutverk annarra stofnana. Sömu viðhorf kæmu fram í athugasemdabréfum sem nefndinni bárust. Rannsóknarnefndin telur brýnt að hugað verði sérstaklega að því að afmarka betur og kveða skýrar á um skyldur einstakra stofnana og embættismanna að þessu leyti.

Rannsóknarnefndin gerir síðan grein fyrir ályktunum sínum um ýmsa þætti í störfum þeirra stjórnvalda og stofnana innan íslenska stjórnkerfisins sem fóru með hlutverk tengd eftirliti með starfsemi á fjármálamarkaði og áhrifum hennar á stöðugleika í efnahagslífi landsins í aðdraganda bankahrunsins.

Ríkisstjórnin.[515]

Rannsóknarnefndin segir að fyrir liggi að í ríkisstjórn Íslands hafi lítið verið rætt um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna. Geir H. Haarde hafi í athugasemdabréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar bent á að málefni bankanna hafi verið viðkvæm trúnaðarmál og það hefði getað valdið tjóni ef spurst hefði út að þau væru til umræðu á ríkisstjórnarfundum. Rannsóknarnefndin tekur fram að þetta hafi þó ekki komið í veg fyrir bókun í fundargerð ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 um framlagningu viðskiptaráðherra á minnisblaði um skipan nefndar

---

[514] Sama heimild, bls. 259–285.
[515] Sama heimild, bls. 259–264.

um fjármálastöðugleika, sem hlaut þó engar undirtektir. Rannsóknarnefndin fellst á að neikvæður orðrómur varðandi aðgerðir opinberra aðila á vettvangi fjármálamarkaðar geti haft áhrif á markaðinn og jafnvel aukið á vandann. Hins vegar hljóti það að heyra til skyldna ráðherra sjálfra, einkum forsætisráðherra, að búa svo um hnútana í skipulagi og starfi ríkisstjórnar að þar sé hægt að ræða í trúnaði um viðkvæm mál sem varða mikilsverða og knýjandi almannahagsmuni. Rannsóknarnefndin vísar til 17. gr. stjórnarskrárinnar um að skylt sé að ræða nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni á ríkisstjórnarfundum, m.a. svo að aðrir ráðherrar hafi tækifæri til að bregðast við og hafa áhrif á stefnumörkun ríkisstjórnar og ráðuneyti sinna. Einnig geti það skipt máli hvað skráð er um mál í fundargerð og gögn ríkisstjórnarinnar ef síðar þarf að kanna viðhlítandi ráðstafanir af hálfu ráðherra, og þá hverra. Rannsóknarnefndin ræðir síðan um þá stjórnarfarslegu venju sem hafi þróast hjá samsteypustjórnum síðustu áratugi að óformlegir fundir og samráð formanna ríkisstjórnarflokkanna hafi fengið aukið vægi við stefnumörkun og eiginlega ákvarðanatöku í starfi ríkisstjórnar. Geir H. Haarde hafi m.a. vikið að þessu í athugasemdabréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar, en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýst því að Samfylkingin hefði viljað leggja áherslu á skýrari verkstjórn og meira samstarf innan ríkisstjórnar. Athugun rannsóknarnefndarinnar bendir ekki til þess að upplýsingar um efni funda og samráðs milli oddvita stjórnarflokkanna hafi verið skráðar með kerfisbundnum hætti né heldur afstaða fundarmanna, stefnumörkun eða einstakar ákvarðanir. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að rétt kunni að vera að huga að setningu reglna um skráningu þess sem fram fer við slíkt samráð. Nefndin ályktar jafnframt að óheppilegur sé sá háttur að hafa fundargerðir ríkisstjórnar knappar og yfirborðskenndar og nefnir dæmi um það hvernig einstakir ráðherrar upplifðu þá óformlegu starfshætti sem gerð er grein fyrir í skýrslunni. Rannsóknarnefnd Alþingis telur mikilvægt að mál sem koma til umræðu og ráðið er til lykta í innra starfi ríkisstjórnarinnar komi fram með skýrum hætti í formlegum fundargerðum hennar, enda er þar um að ræða einhverjar mikilvægustu ákvarðanir sem teknar eru fyrir hönd þjóðarinnar.[516] Rannsóknarnefndin telur aðfinnsluvert að forsætisráðherra hafi ekki upplýst viðskiptaráðherra um a.m.k. fimm fundi þar sem rætt var um vanda bankanna og lausafjárkreppuna á tímabilinu frá febrúar til maí 2008, en að mati rannsóknarnefndarinnar hefði forsætisráðherra borið að gera það sem verkstjóra ríkisstjórnarinnar svo að viðskiptaráðherra gæti rækt starfsskyldur sínar.

Að mati rannsóknarnefndarinnar voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum ómarkvissar þegar tók að harðna á dalnum í ársbyrjun 2008. Ráðherrar einblíndu of mikið á ímyndarvanda fjármálafyrirtækja í stað þess að takast á við stærð fjármálakerfisins hér á landi. Ekki var lagt mat á fjárhagslegan styrk ríkisins til að koma bönkunum til aðstoðar og engar upplýsingar lágu fyrir um kostnað við hugsanlegt fjármálaáfall. Svo virðist sem menn hafi talað um þessi mál út frá pólitískri afstöðu en ekki mati á raunverulegri getu ríkisins. Nefndin segir þó að það veki athygli að stjórnvöld hafi ekki samhliða gripið til annarra aðgerða, t.d. gert vandaða úttekt á því hvort þörf væri á að einhverjir bankanna flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi í stað þess að halda fast við þá opinberu stefnu ríkisstjórnarinnar að þeir skyldu áfram hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Ekki verði séð að Seðlabankinn hafi beinlínis þrýst á flutning höfuðstöðva Kaupþings úr landi, þrátt fyrir frásögn Davíðs Oddssonar um að hann hafi verið hlynntur því, og Sigurður Einarsson fullyrti fyrir rannsóknarnefndinni að Seðlabankinn hefði ekki sagt forsvarsmönnum Kaupþings að nauðsynlegt væri að bankinn flytti höfuðstöðvar sínar úr landi. Engin skrifleg gögn liggi heldur fyrir um áætlanir um að-

[516] Sama heimild, bls. 262.

gerðir stjórnvalda til að þrýsta á að fjármálafyrirtækin minnkuðu efnahagsreikning sinn. Rannsóknarnefndin segir getuleysi ríkisstjórnar og stjórnvalda til að draga úr stærð fjármálakerfisins í tæka tíð skera í augu. Bæði Alþingi og ríkisstjórn hafi skort burði til að setja fjármálakerfinu skynsamleg mörk og öll orka hafi farið í að halda fjármálakerfinu gangandi þar sem ekki hafi verið hægt að taka áhættuna af því að jafnvel hluti þess félli, stærðarinnar vegna.[517]

Seðlabanki Íslands.[518]

Rannsóknarnefndin segir að ekki verði séð að bankastjórn Seðlabankans hafi komið formlegum tillögum að nauðsynlegum aðgerðum á framfæri við ríkisstjórnina þrátt fyrir yfirlýstar áhyggjur sínar. Ekki hafi farið saman hvert mat bankans var á hinni alvarlegu stöðu og rökrétt viðbrögð og tillögur byggðar á því mati. Rannsóknarnefndin vísar til kafla 19.7.1 í skýrslunni þar sem fram kemur að Seðlabankinn fékk rökstuddan grun um að sérstök kerfisáhætta væri að myndast vegna náinna tengsla á milli lántakenda sem voru með mjög há lán hjá mörgum fjármálastofnunum hér á landi.[519] Að mati rannsóknarnefndarinnar var þá komið fram sérstakt tilefni fyrir Seðlabankann til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu svo að hægt væri að leggja mat á áhættuna.[520] Rannsóknarnefndin fær ekki séð að skort hafi að lögum heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að afhenda Seðlabankanum upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar á nafngreindu formi, svo og aðrar upplýsingar sem Seðlabankinn hafði þörf fyrir til að rækja lögbundið hlutverk sitt. Þar sem engar viðhlítandi skýringar hafi komið fram á því hvers vegna Seðlabankinn lét hjá líða að kalla eftir þessum upplýsingum verði að telja það afar gagnrýnisvert að það skyldi ekki vera gert.

Þegar fram komu upplýsingar í apríl 2008 um að Landsbankinn væri undir áhlaupi í Bretlandi voru þær ekki skráðar í skjal þar sem jafnframt væri gerð grein fyrir mati bankans á þeim og tillögum hans um eðlileg eða möguleg viðbrögð. Embættisfærsla Seðlabankans væri því að þessu leyti ekki jafnvönduð og ætlast hefði mátt til og hefði það vafalítið gert ráðherrum erfiðara fyrir að meta rétt viðbrögð, sérstaklega í ljósi erfiðra samskipta Davíðs Oddssonar og ráðherra Samfylkingarinnar. Á hinn bóginn verður heldur ekki séð að ráðherrar hafi kallað eftir slíkum tillögum og skjölum frá Seðlabankanum. Þá telur rannsóknarnefndin að skort hafi á af hálfu bankastjórnar Seðlabanka Íslands að nægjanlega hafi verið brugðist við í formi upplýsingaöflunar og ráðstafana með tilliti til þeirra áhrifa sem söfnun bankanna á innlánum í útibúum erlendis hafði með tilliti til áhættuþátta gagnvart íslenska fjármálakerfinu og þar með fjármálastöðugleika Íslands ef til áfalla kæmi í rekstri íslensku bankanna. Fyrst á árinu 2008 sér þess stað í gögnum að rætt hafi verið um mögulegar leiðir til að draga úr áhrifum og þeirri áhættu sem þessum innlánum fylgdi í samskiptum bankastjórnar Seðlabankans við fyrirsvarsmenn bankanna. Rannsóknarnefndin fær ekki séð að bankastjórn Seðlabankans hafi beint og með formlegum hætti sett fram gagnvart bönkunum, sérstaklega Landsbankanum, tillögur eða boðað aðgerðir af sinni hálfu til að sporna við og takmarka þau

---

[517] Sama heimild, bls. 263–264.

[518] Sama heimild, bls. 264–267.

[519] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 264–265.

[520] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 264.

neikvæðu áhrif sem innlánasöfnun erlendis gat haft í för með sér heldur þvert á móti afnumið bindiskyldu af erlendum innlánsreikningum í mars 2008.

Rannsóknarnefndin telur ljóst að ákveðin tortryggni og samstarfserfiðleikar hafi sett mark sitt á samskipti Davíðs Oddssonar og flestra ráðherra Samfylkingarinnar. Þá hafi fyrra samstarf og áralöng vinátta Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde haft áhrif á samstarf og skilning manna á þeim upplýsingum sem fóru milli þessara forustumanna annars vegar ríkisstjórnar og hins vegar Seðlabanka Íslands. Fyrri störf Davíðs Oddssonar höfðu áhrif á það hvernig ráðherrar brugðust við upplýsingum sem hann veitti sem embættismaður í aðdraganda bankahrunsins. Vísað er til ummæla Björgvins G. Sigurðssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur varðandi þetta og einnig ummæla Geirs þar sem fram kemur að samstarf hans og Davíðs Oddssonar hafi verið flókið með tilliti til fyrri kynna þeirra, fyrri stöðu og þáverandi stöðu beggja. Rannsóknarnefndin segir að mikið vantraust hafi bersýnilega skapast hjá hluta ríkisstjórnarinnar gagnvart Davíð, sem hafi aukist til muna helgina 4.–5. október 2008, og það hafi líklegast verið ein helsta ástæða þess að Seðlabankinn hafði enga aðkomu að störfum sérfræðingahóps forsætisráðherra og tók almennt minni þátt í vinnu stjórnvalda en vikuna þar á undan. Þessar illdeilur hafi því án nokkurs vafa haft slæm áhrif á framvindu viðlagaundirbúnings hins opinbera, enda hafi Seðlabankinn haft á að skipa sérfræðingum sem æskilegt var að kæmu að undirbúningi og samningu neyðarlagafrumvarps. Rannsóknarnefndin segir síðan í skýrslunni: „Þegar gætt er að mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði Seðlabanka Íslands og áhrifamátt stefnumörkunar bankans um peningamálastjórn og aðra þætti efnahagsmála sem bankinn fer með verður það ekki talin æskileg skipan mála að í starf seðlabankastjóra veljist fyrrverandi stjórnmálamenn líkt og tíðkast hefur um árabil í Seðlabanka Íslands. Það er til þess fallið að vekja upp efasemdir um einurð þeirra við að vinna að lögbundnu markmiði bankans, einkum ef slíkt er í andstöðu við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eða framkvæmd tiltekinna kosningaloforða. Þá er hætt við að tillögur slíks seðlabankastjóra verði, með réttu eða röngu, settar í ákveðið pólitískt samhengi sem þarf ekki á neinn hátt að endurspegla forsendur slíkra tillagna sem settar eru fram á grundvelli lögbundins hlutverks Seðlabanka Íslands. Síðast en ekki síst er slík aðstaða til þess fallin að rýra trúverðugleika Seðlabankans.“[521]

Fjármálaeftirlitið.[522]

Það er mat rannsóknarnefndar Alþingis að Fjármálaeftirlitið hafi ekki verið nægilega vel í stakk búið til að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjum á viðhlítandi hátt þegar þau féllu haustið 2008. Vöxtur Fjármálaeftirlitsins fylgdi ekki hröðum vexti íslenska fjármálakerfisins, flóknari eignatengslum á fjármálamarkaði og auknum umsvifum eftirlitsskyldra aðila erlendis og samræmdist ekki auknum og flóknari verkefnum sem stofnuninni höfðu verið fengin með lögum á undangengnum árum og kröfðust mikillar sérþekkingar á rekstri banka, hagfræði, reikningsskilum og löggjöf á fjármálamarkaði. Alltof seint var hafist handa við að auka fjárveitingar til Fjármálaeftirlitsins, svo að það gæti fylgst með fjármálafyrirtækjum og rækt lögbundin eftirlitsverkefni sín. Það var á ábyrgð stjórnar og forstjóra Fjármálaeftirlitsins að óska eftir auknum fjárveitingum til stofnunarinnar og láta á það reyna hvort löggjafinn væri reiðubúinn að breyta fjárhæð gjalda þannig að stofnuninni yrði tryggt nægilegt fé.[523] Þær

---

[521] Sama heimild, bls. 267.
[522] Sama heimild, bls. 267–273.
[523] Sama heimild, bls. 268.

hækkanir sem Fjármálaeftirlitið fór fram á voru of litlar og komu of seint, án þess að með þeirri fullyrðingu sé sagt að ábyrgð viðskiptaráðherra og Alþingis hafi engin verið. Mikil starfsmannavelta, lítil starfsreynsla og lækkandi starfsaldur takmarkaði mjög getu Fjármálaeftirlitsins til að hafa virkt eftirlit með fjármálastofnunum og hafa á þeim nauðsynlegt taumhald. Það skorti á að stjórn Fjármálaeftirlitsins tækist á við grundvallarspurningar, svo sem um stærð bankakerfisins og nauðsynleg viðbrögð stofnunarinnar við alltof örum vexti þess. Stjórnin rækti því ekki skyldur sínar við stjórnun stofnunarinnar að því er varðar eitt af helstu hættumerkjum í þróun íslenskra fjármálafyrirtækja.

Rannsóknarnefndin telur jafnframt að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafi ekki sýnt nægilega festu og ákveðni í eftirlitsstörfum sínum við úrlausn og eftirfylgni mála. Oft skorti á að Fjármálaeftirlitið tæki á rökstuddan hátt af skarið í niðurstöðum sínum, sérstaklega hvað varðar útskýringu hugtakanna „yfirráð“ og „fjárhagsleg tengsl“ við beitingu reglna um stórar áhættur. Í þeim tilvikum sem talið var að ákveðnir gerningar færu í bága við lög voru þess hins vegar dæmi að þar væri látið við sitja að senda skriflegar athugasemdir til fjármálafyrirtækisins án þess að málinu væri þá jafnframt komið í lögformlegan farveg. Þótt rannsóknarnefndin útiloki ekki að í veigaminni málum geti Fjármálaeftirlitið beitt því úrræði að gefa fjármálafyrirtækjum kost á að leiðrétta minni háttar mistök með óformlegum hætti telur nefndin að ganga verði almennt út frá því að samkvæmt þeim lögum sem Fjármálaeftirlitið starfar eftir beri því að setja málið í lögformlegan farveg samhliða tilmælum um úrbætur eða fljótlega eftir að þau er gefin til að tryggja að hægt sé að fylgja þeim eftir með þvingunarúrræðum og eftir atvikum viðurlögum sinni fjármálafyrirtækið tilmælunum ekki. Þeir stjórnsýsluhættir sem Fjármálaeftirlitið beitti voru ótækir og ganga í bága við lögboðna málsmeðferð þar sem Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgi ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að beita þvingunarúrræðum og stjórnsýsluviðurlögum fari aðili ekki að fyrirmælum stofnunarinnar, en þar sem málum var ekki alltaf komið í lögformlegan farveg var ekki lagður grundvöllur að því að hægt væri að beita slíkum úrræðum og skorti því slagkraft í störf stofnunarinnar.

Rannsóknarnefndin segir að röng forgangsröðun hafi einnig verið hluti af vanda Fjármálaeftirlitsins en leggja hefði átt miklu meiri áherslu á að koma upp þróuðum upplýsingakerfum hjá stofnuninni. Viðvarandi fjárhagslegt eftirlit sem sinnt er með gagnaöflun frá eftirlitsskyldum aðilum, gagnaúrvinnslu og mati sérfræðinga á innkomnum gögnum kemur ekki að fullum notum nema stofnunin hafi yfir að ráða þróuðum upplýsingakerfum og sérfræðingum til úrvinnslu upplýsinganna. Mikið skorti á tæknilega þekkingu og búnað hjá Fjármálaeftirlitinu sem hafði því í raun ekki þá nauðsynlegu yfirsýn yfir starfsemi fjármálafyrirtækjanna sem brýn þörf var á. Vandamál Fjármálaeftirlitsins varðandi úrvinnslu upplýsinga úr kerfum sínum komu án efa niður á getu þess til að rækja starfsskyldur sínar við eftirlit með og taumhald á fjármálafyrirtækjunum.[524] Sú þróun að eignarhaldsfélögum væru veitt lán gegn veðum í hlutabréfum og að bankarnir tækju veð í hlutabréfum í viðkomandi banka vegna lána sem þeir veittu gagngert til kaupa á þessum hlutabréfum og sú hætta sem þessu var samfara virðist að miklu leyti hafa farið fram hjá stjórnendum Fjármálaeftirlitsins að mati rannsóknarnefndarinnar. Ekki verður séð að Fjármálaeftirlitið hafi aflað sérstaklega upplýsinga

---

[524] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 147.

um hverjar væru skuldbindingar og áhrif þessara lána og veða í hlutabréfum fjármálafyrirtækja milli þeirra.[525] Þá virðist hafa skort fullnægjandi upplýsingar hjá Fjármálaeftirlitinu um umfang lána fjármálafyrirtækjanna til kaupa á hlutabréfum í þeim. Þá var svokallaður TRS-gagnagrunnur, sem Fjármálaeftirlitið hefði getað notað til að fylgjast með stöðutöku aðila á markaði og þróun hennar, ekkert notaður þar sem stofnunin hafði ekki komið sér upp nauðsynlegum búnaði til að lesa og greina gögnin. Ályktanir sem dregnar voru af upplýsingasöfnun viðbúnaðarhóps Fjármálaeftirlitsins, sem settur var á fót síðla árs 2007, voru ekki afgerandi gagnrýnar. Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins töldu ekki að nein meiri háttar vandræði steðjuðu að bönkunum fram eftir árinu 2008. Rannsóknarnefndin telur ljóst að þessir aðilar hafi ekki metið ástandið rétt og verið mun bjartsýnni en tilefni var til, hugsanlega vegna þess að um dulið ofmat á eigin fé fjármálafyrirtækjanna hafi verið að ræða, en einnig vegna þess að Fjármálaeftirlitið notaðist við gölluð álagspróf sem gáfu bæði markaðnum og Fjármálaeftirlitinu sjálfu falskt öryggi.[526]

Eitt af lögbundnum hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að hafa eftirlit með starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Við rannsókn nefndarinnar komu engin gögn eða upplýsingar fram um að Fjármálaeftirlitið hafi formlega haft afskipti af málefnum Tryggingarsjóðsins á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar gagnvart stjórn sjóðsins, stjórnvöldum eða bönkunum. Þótt forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi sannanlega rætt um málefni Tryggingarsjóðsins í samráðshópnum skorti að mati rannsóknarnefndarinnar á að á vegum stofnunarinnar væri tekin saman skrifleg skýrsla um sjóðinn á grundvelli 15. gr. laga nr. 98/1999 til að greina þá þróun sem átti sér stað í innlánsstarfsemi fjármálastofnana og leggja á hana mat, sérstaklega með tilliti til þeirra áhrifa sem innlánssöfnun bankanna í útibúum erlendis hafði á skuldbindingar sjóðsins og möguleika hans til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Embættisfærsla Fjármálaeftirlitsins var að þessu leyti ekki jafnvönduð og ætlast hefði mátt til. Miðað við þann skilning forstjóra Fjármálaeftirlitsins að íslenska ríkið þyrfti að standa við 20.887 evra lágmarkstryggingu til hvers innstæðueigenda hefði átt að vera enn frekara tilefni til að beita hinni lögbundnu eftirlitsheimild Fjármálaeftirlitsins með formlegum hætti. Sérstaklega var þetta brýnt gagnvart þeim stjórnvöldum sem þurftu að takast á við greiðsluskuldbindingar sem leiddu af tilskipun 94/19/EB ef eignir Tryggingarsjóðsins dygðu ekki til að mæta þeim. Þá taldi forstjóri Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hefði mjög takmarkaðar lagaheimildir til afskipta af opnun innlánsreikninga í útibúum bankanna erlendis. Við opnun innlánsreikninga Landsbankans í Amsterdam í maí 2008 var ljóst að bankinn ætlaði að afla evra á gjaldeyrisskiptamarkaði til að greiða úttektir af innlánsreikningum, en rannsóknarnefndin bendir á að gjaldeyrisskiptamarkaður með íslenskar krónur hafði á köflum verið nær óvirkur frá 19. mars 2008. Ekki er að sjá að Fjármálaeftirlitið hafi talið það gefa tilefni til sérstakra viðbragða af sinni hálfu þrátt fyrir að um verulega hættu hafi verið að ræða fyrir Landsbankann sem var kerfislega mikilvægur. Það hlaut jafnframt að vera ljóst að takmarkaðri aðgangur bankans að evrum eftir að gjaldeyrismarkaður tók að lokast, sérstaklega eftir að áhrifa af falli Lehman Brothers tók að gæta, hefði áhrif á möguleika hans til að standa við innlánsskuldbindingar sínar. Þetta hefði átt að vera Fjármálaeftirlitinu nægt tilefni til að taka

---

[525] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 270.

[526] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 71.

málefni útibúsins til sérstakrar umfjöllunar en það var ekki gert og er gagnrýnisvert að mati rannsóknarnefndarinnar.[527]

Loks telur rannsóknarnefnd Alþingis mikilvægt að Fjármálaeftirlitið taki upp það verklag að eiga reglulega fundi með innri endurskoðendum fjármálafyrirtækjanna, í samræmi við þau sjónarmið sem 14. gr. leiðbeinandi reglna um innri endurskoðun, sem Basel-nefndin gaf út árið 2001, er byggð á. Á sama hátt er það jafnmikilvægt að slíkir fundir séu haldnir með ytri endurskoðendum og regluvörðum fjármálafyrirtækjanna. Með því gefst þá færi á að samhæfa betur innra og ytra eftirlit með fjármálafyrirtækjunum og auka þannig slagkraft þess eftirlits sem haft er með þeim. Það er mat rannsóknarnefndarinnar að nauðsynlegt sé að vinna skipulega að uppbyggingu Fjármálaeftirlitsins og gera það betur í stakk búið til að sinna lögbundnum skyldum sínum í þágu almannahagsmuna. Æskilegt er að úttekt fari síðan fram á stofnuninni eftir þrjú ár eða svo til að meta megi hvort nægilegur árangur hafi náðst við uppbygginguna hennar.[528]

Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað.[529]

Samráðshópnum var komið á fót með skriflegu samkomulagi 21. febrúar 2006 í því skyni að formbinda samráð aðila á þessu sviði með því að leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi. Hópurinn var vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta, ráðgefandi og tók ekki ákvarðanir um aðgerðir. Skyldur hvíldu hins vegar áfram á aðilum hópsins, allt eftir lagalegri stöðu og hlutverki hvers um sig. Það að fulltrúar ráðuneytanna í hópnum væru ráðuneytisstjórar þeirra hvers um sig endurspeglar að mati rannsóknarnefndarinnar vægið sem hópnum var ætlað að hafa á sínu sviði. Skoðanir fulltrúa hópsins eru skiptar um það hvort það hafi verið hlutverk hans að semja sameiginlega viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Rannsóknarnefndin segir augljóst að samráðshópinn hafi sem heild skort upplýsingar til að byggja ráðgjöf sína á þótt þær hefðu, a.m.k. að einhverju leyti, verið til staðar hjá einstökum stofnunum sem áttu aðild að hópnum. Honum hafi ekki verið komið á fót með lögum og miðlun nauðsynlegra upplýsinga til hans hafi heldur ekki verið lögmælt. Hann hafi því ekki haft glögga yfirsýn yfir stórar áhættuskuldbindingar, krosseignatengsl eða aðra veika hlekki í íslensku fjármálalífi. Að mati rannsóknarnefndarinnar var hér um að ræða alvarlegan ágalla á starfsskilyrðum hópsins sem hlaut að koma niður á vinnu hans.

Rannsóknarnefndin segir jafnframt að þegar drög að fundargerðum samráðshópsins og skýrslur þeirra sem áttu sæti í honum séu skoðaðar verði ekki séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar fyrr en á 8. fundi hans, 18. mars 2008. Eftir það fór hópurinn að hittast mun oftar en áður.[530] Í lok maí kom fram viðhorfsmunur á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans annars vegar og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins hins vegar sem átti eftir að setja mark sitt á starf hópsins, þar sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn kölluðu eftir pólitískri stefnu um ákveðin atriði sem ráðuneytisstjórinn taldi ótímabært að taka ákvörðun um.

---

[527] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 271–272.

[528] Sama heimild, bls. 272–273.

[529] Sama heimild, bls. 273–276.

[530] Sama heimild, bls. 274.

Rannsóknarnefndin átelur vinnubrögð hópsins og segir að mikið hafi skort á agaða og skipulagða verkstjórn í honum, t.d. hafi dagskrá funda ekki alltaf legið fyrir við upphaf þeirra og málum hafi ítrekað verið ýtt áfram óræddum til næsta fundar. Þannig hafi aðgerðaáætlun t.d. ekki verið rædd fund eftir fund. Skort hafi skýra verkaskiptingu og ábyrgð á framkvæmd verkefna. Þá hafi allan tímann vantað aðgerðir en ráðherrar hefðu verið í mikilli fjarlægð. Rannsóknarnefndin telur að vinnubrögðin hafi verið ótæk í ljósi hinna þýðingarmiklu verkefna hópsins enda var hópurinn langt frá því að ljúka fyrstu drögum að tillögu að viðbúnaðaráætlun þegar fjármálaáfallið dundi yfir.[531] Augljóst var að eitt af þeim viðfangsefnum sem takast þurfti á við í viðbúnaðaráætlun stjórnvalda var hvernig mæta ætti þeim skuldbindingum sem féllu á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta ef til fjármálaáfalls kæmi. Ein af afleiðingum þess að gerð viðbúnaðaráætlunar var ekki lokið birtist í þeirri óvissu sem var við fallið og eftir það um málefni sjóðsins. Rannsóknarnefndin bendir á þær sérstöku skyldur sem hvíldu á fulltrúa forsætisráðuneytisins í hópnum, en hann stýrði starfi hans og honum bar skylda til að leiða mál til lykta og beita sér fyrir skilvirkni í starfinu. Vegna anna meðlima hópsins við önnur störf urðu þeir að treysta á Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið um aðstoð við að semja viðbúnaðaráætlun. Rannsóknarnefndin bendir á að miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra hafi ekki verið í föstum skorðum. Hlutaðeigandi ráðherrar hafi ekki haldið reglulega fundi til að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu hópsins og sinna yfirstjórn verkefnisins að því leyti sem það heyrði undir þá.[532] Þá fengu tillögur og skjöl ekki formlega afgreiðslu, t.d. hjá ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum. Rannsóknarnefndin ályktar sem svo að mjög hafi skort á að vinnu samráðshópsins hafi verið stýrt á markvissan hátt, auk þess sem ráðherrarnir hittust ekki reglulega til að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu hópsins.

Ljóst virðist að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið litu til samráðshópsins varðandi frumkvæði að sameiginlegum viðbúnaðaráætlunum, ekki síst aðgerðum sem krefðust pólitískra ákvarðana og samhæfingu aðgerða. Vægi hans virðist því hafa orðið meira en upp var lagt með og óljóst valdsvið og ábyrgð samráðshópsins m.a. leitt til þess að ekki var skýrt hver stýrði, samhæfði og bar ábyrgð á viðlagaundirbúningi íslenska ríkisins vegna fjármálaáfalla.[533] Hver vísaði á annan um athafnaskyldu og enginn gekkst við ábyrgð í skýrslutökum hjá rannsóknarnefndinni. Þá tókst samráðshópnum ekki vel upp í því að stilla saman strengi um þau verkefni sem heyrt gátu undir fleiri stjórnvöld og náði t.d. engum árangri í því að samhæfa aðgerðir til að þrýsta á Landsbankann að færa reikninga úr útibúi í dótturfélag, en starfsemin í London og málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta heyrði undir Fjármálaeftirlitið. Við rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis komu engin gögn eða ótvíræðar staðfestingar fram um að íslensk stjórnvöld hefðu á þessum tíma stillt saman strengi í samráðshópnum og lagt formlega að Landsbankanum að flytja Icesave-reikningana eða kallað eftir tímaáætlun um slíkt. Með hliðsjón af þýðingu málsins hefði að lágmarki verið eðlilegt í samræmi við vandaða stjórnsýslu að þau stjórnvöld sem báru ábyrgð á þessum málum kölluðu eftir staðfestum áætlunum um tímasetningu flutnings reikninganna yfir í dótturfélag. Með vísan til 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 er það mat rannsóknarnefndarinnar að taka verði til gagngerrar endurskoðunar þann grundvöll sem stjórnvöldum er skapaður til að vinna að samhæfðri viðbúnaðaráætlun. Það sé nauðsynlegt til að tryggja tímabær, samhæfð

---

[531] Sama heimild, bls. 274.
[532] Sama heimild, bls. 275.
[533] Sama heimild, bls. 275.

og undirbúin viðbrögð við fjármálaáfalli og koma í veg fyrir misskilning um verkaskiptingu stjórnvalda. Þar verði að taka af skarið með það hver fari með völd og beri ábyrgð á að stýra þeirri vinnu.

Einangrun íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi.[534]

Rannsóknarnefndin greinir frá því að snemma árs 2008 hafi verið orðið ljóst að áhyggjur af stærð íslenska bankakerfisins fóru vaxandi meðal sumra evrópskra seðlabankastjóra og íslensku bankarnir höfðu líka bakað sér ákveðna óvild í Evrópu með töku innlána á hærri vöxtum en aðrir bankar buðu og með framgöngu sinni í veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Evrópu í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar. Erfitt reyndist að gera gjaldeyrisskiptasamninga, t.d. við Breta, sem þó buðu Íslendingum aðstoð við að minnka bankakerfi sitt. Því erindi var hins vegar ekki svarað. Til yfirlýsingar undirritaðrar af þremur ráðherrum ríkisstjórnarinnar um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og breytingar á Íbúðalánasjóði þurfti að koma svo að Danir, Norðmenn og Svíar fengjust til að ganga frá gjaldeyrisskiptasamningum. Yfirlýsingin var hins vegar ekki rædd í ríkisstjórn.

Rannsóknarnefndin segir að það virðist hafa verið mat norrænna seðlabankastjóra að íslensk yfirvöld hefðu ekki beitt sér af nægilegu afli við að draga úr stærð íslensku fjármálafyrirtækjanna, hefðu ekki haldið uppi nægilega ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum og auk þess hefði ekki verið ráðist í nauðsynlegar breytingar á Íbúðalánasjóði. Undirritun yfirlýsingarinnar bar vott um lítið traust norrænu seðlabankastjóranna til íslensku ríkisstjórnarinnar og lítið varð um efndir þess loforðs að þeir yrðu jafnharðan upplýstir um aðgerðir stjórnvalda til að uppfylla gefin loforð. Allt þetta stuðlaði að einangrun íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

Stjórnarráð Íslands.[535]

Rannsóknarnefndin vísar til þess að samkvæmt stjórnarskránni fari ráðherrar með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar og beri ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Ráðuneytin eru æðstu stjórnsýslustofnanir ríkisins og ráðuneytisstjórar stýra þeim undir yfirstjórn ráðherra. Verulegar breytingar urðu á verkefnum ráðuneyta í tengslum við aðild Íslands að EES-samningnum, ekki síst á sviði fjármálamarkaðar og eftirlits með honum. Ýmis verkefni ráðuneyta voru í framhaldinu færð til undirstofnana sem ráðuneytin höfðu síðan eftirlit með. Á sviði fjármálamarkaðar var hins vegar farin sú leið að fela sjálfstæðum ríkisstofnunum þau meginhlutverk og heimildir sem ríkisvaldið fer með. Það haggar hins vegar ekki við skyldum ráðherra og ráðuneytis hans til að hafa eftirlit og fylgjast með þróun á málefnasviði sínu sem hin sjálfstæða stofnun starfar á og bregðast við þegar ástæða er til, t.d. með framlagningu lagafrumvarpa.[536] Rannsóknarnefndin bendir á að að mestu leyti hafi ekki verið gerðar sérstakar umbætur á reglum um Stjórnarráð Íslands sem mæla fyrir um yfirstjórn stjórnsýslunnar.

Forsætisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti voru í lykilhlutverki við fall bankanna og hitinn og þunginn af starfi ráðuneytanna á þessu tímabili hvíldi á herðum fárra embættismanna, fyrst og fremst ráðuneytisstjóra. Almennt var ekki til að dreifa innan ráðuneytanna mörgum starfsmönnum með sérþekkingu sem gerði þeim kleift að takast á við verkefni af þeim toga sem aðdragandi bankahrunsins hafði í för með sér, t.d. var ekki ráðinn sér-

---

[534] Sama heimild, bls. 276–279.
[535] Sama heimild, bls. 279–282.
[536] Sama heimild, bls. 279.

stakur efnahagsráðgjafi í forsætisráðuneytið fyrr en 1. ágúst 2008. Rannsóknarnefndin segir að íslenska stjórnkerfið hafi verið illa í stakk búið til að takast á við fjármálaáföll ársins 2008 og augljóslega þurfi að fjölga í hópi vel menntaðra og þjálfaðra starfsmanna sem hafa getu til að takast á við flókin verkefni. Það verði varla gert á annan hátt en að sköpuð séu þau starfsskilyrði í Stjórnarráði Íslands að þangað fáist til starfa fólk sem hefur þessa kosti til að bera. Gengið er út frá því að hinir ópólitísku embættismenn séu sérfræðingar á sínu sviði hvað varðar menntun og reynslu. Þeim er ætlað að bera uppi skilvirka og málefnalega stjórnsýslu í þágu almennings. Ráðherra getur einnig ráðið sér pólitískan aðstoðarmann, en þrátt fyrir það að aðra starfsmenn eigi að ráða eftir meginreglum stjórnsýsluréttar virðist algengt að stöðuveitingar ráðist af pólitískum sjónarmiðum þótt erfitt geti verið að færa sönnur á það. Við ráðherraskipti geta pólitískt ráðnir starfsmenn líka valdið nýjum ráðherra vanda. Slíkar ráðningar geta jafnframt veikt sérfræðiþekkingu á málefnasviði ráðuneytisins ef faglegar forsendur víkja fyrir öðrum sjónarmiðum við ráðningu. Rannsóknarnefndin segir að taka verði af skarið um hvort breyta eigi lögum þannig að heimilt verði að ráða fleiri starfsmenn á hina pólitísku skrifstofu ráðherra.[537] Rannsóknarnefndin víkur að sérstökum starfsskyldum starfsmanna ráðuneyta til að veita ráðherra upplýsingar og ráð sem hann þarf á að halda til að rækja starfa sinn. Rannsóknarnefndin segir að til álita hljóti að koma að ákvæði um hinar sérstöku starfsskyldur embættismanna Stjórnarráðs Íslands verði lögfest þannig að tekið sé af skarið um inntak þeirra.[538]

Rannsóknarnefndin segir að við rannsókn á gögnum Stjórnarráðsins hafi komið í ljós að samræmt verklag hafi ekki verið fyrir hendi um skráningu munnlegra upplýsinga um samskipti við önnur stjórnvöld eða einakaaðila, sem og samskipti við stjórnvöld annarra ríkja.[539] Rannsóknarnefndin bendir á að í þessum tilvikum séu samskiptin liður í að rækja þau opinberu verkefni sem hlutaðeigandi hafa með höndum og það kunni að hafa verulega þýðingu að glöggt liggi fyrir hvað aðilum hefur farið í milli. Vísað er til 23. gr. upplýsingalaga um skráningu upplýsinga sem koma fram munnlega við nánar tilgreindar aðstæður, sem þó gildir aðeins við meðferð mála þegar taka á stjórnvaldsákvarðanir. Rannsóknarnefndin segir að mismunandi starfsvenjum hafi verið fylgt innan ráðuneyta og stofnana um skráningu minnisblaða og fundargerða og hið sama eigi við um munnleg samskipti milli fulltrúa stofnana og aðila utan þeirra. Hér á landi hafi ekki mótast almennar reglur um skráningu upplýsinga sem lúta að innra starfi stjórnvalda, samskiptum og meðferð einstakra mála. Þar sem hagsmuna ríkisins verður ekki gætt á viðhlítandi hátt án skipulegrar skráningar upplýsinga og upplýsingastjórnunar hjá Stjórnarráði Íslands er brýnt að mati rannsóknarnefndarinnar að samdar verði samræmdar reglur um skráningu slíkra upplýsinga.[540]

Í 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem heyra undir það og eignum á vegum þess. Nokkur óvissa virðist hafa ríkt í framkvæmd um það hvort ákvæði þetta taki einvörðungu til stjórnvalda sem eru lægra sett gagnvart hlutaðeigandi ráðherra eða til allra stjórnvalda, þ.m.t. sjálfstæðra stjórnvalda. Nauðsynlegt er að endurskoða þetta ákvæði og taka af allan vafa um efnissvið þess. Ef ákvæðinu verður einnig ætlað að ná til sjálfstæðra stofnana og nefnda er nauðsynlegt að tekið verði af skarið um það í lögum til hvaða úrræða ráðherra getur gripið gagnvart slíkum

---

[537] Sama heimild, bls. 281.
[538] Sama heimild, bls. 281.
[539] Sama heimild, bls. 281.
[540] Sama heimild, bls. 281–282.

stjórnvöldum. Í því sambandi verður að gera glöggan greinarmun annars vegar á eftirliti með fjárreiðum og eignum sjálfstæða stjórnvalda og virkum úrræðum fyrir ráðherra ef þar verður misbrestur á og hins vegar eftirliti með lögmæti ákvarðana slíkra stjórnvalda.

Það starf sem framundan er í uppbyggingu íslensks samfélags gerir miklar kröfur til Stjórnarráðs Íslands. Það skiptir því miklu að stjórnvöld séu vel í stakk búin til að fást við verkefnin. Rannsóknarnefndin telur því brýnt að ráðist verði á endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Löggjöf um fjármálamarkaðinn.[541]

Hluti af hinni pólitísku stefnumótun við innleiðingu EES-réttar á fjármálamarkaði var að draga sem mest úr séríslenskum ákvæðum. Rannsóknarnefndin segir að mikilvægt sé að tekin verði pólitísk afstaða til þess hvernig ætlunin er að þróa reglur um fjármálamarkaðinn í nánustu framtíð. Þótt skylt sé að innleiða lágmarksreglur tilskipana ESB vegna skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum hefur Alþingi umtalsvert svigrúm til þess að mæta séríslenskum aðstæðum við setningu laga. Það er hins vegar pólitískt álitamál hvaða markmið eigi að setja í því efni og hvaða leiðir eigi að fara til að ná því. Verði slík pólitísk stefna ekki mótuð hér á landi er hætt við því að reglur um fjármálamarkaðinn verði mun brotakenndari og áherslur óskýrari en vera þarf.

Gallar í regluverki ESB.[542]

Að mati rannsóknarnefndar Alþingis eru ýmsir annmarkar á löggjöf ESB og umgjörð hennar sem hafa átt sinn þátt í að skapa þær aðstæður sem leiddu til bankahrunsins. Meðal þeirra er að tilskipun ESB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta gerir engan greinarmun á því hvort lánastofnun í litlu hagkerfi setur á laggirnar útibú í stóru hagkerfi eða öfugt. Enginn sameiginlegur tryggingasjóður er fyrir hendi og tilskipunin gerir ráð fyrir því að tryggingasjóður í hverju aðildarríki sé fullnægjandi bakhjarl, óháð því hvort starfsemi lánastofnana sé stunduð yfir landamæri og óháð stærð viðkomandi hagkerfis. Þá miðast hún aðeins við þá aðstöðu að einstaka lánastofnun lendi í erfiðleikum, ekki allsherjarhrun stærstu lánastofnana einnar þjóðar. Fyrirkomulag eftirlitskerfisins innan EES er með þeim hætti að ekki er tryggt að um tímanlegar og samstilltar aðgerðir fjármálaeftirlita verði að ræða. Reglur um eftirlit með fjármálafyrirtækjum hafa ekki tekið nauðsynlegum breytingum í ljósi hins breytta starfsumhverfis þeirra.

Ísland hefði getað sett sér strangari reglur um starfsemi innlendra lánastofnana en kveðið er á um í tilskipun ESB. Hins vegar hefði ekki verið hægt að láta slíkar reglur ná til starfsemi erlendra lánastofnana sem stofnuðu útibú hér á landi, nema í algjörum undantekningartilvikum. Ef þessi heimild hefði verið nýtt hefði sá möguleiki getað verið fyrir hendi að útibú erlendra lánastofnana hér á landi hefðu notið ríkari starfsheimilda en innlendar lánastofnanir. Þessi hætta á mismunun virðist hafa ráðið því að talið var nauðsynlegt að láta íslenskar lánastofnanir njóta sambærilegra starfsheimilda og lánastofnanir í nágrannalöndunum. Þetta var gert án þess að nægjanlega væri gætt að þeim áhrifum sem slíkt fyrirkomulag gæti haft á lítið hagkerfi þar sem hætta á hagsmunaárekstrum og stjórnunar- og eignatengslum væri meiri en í stærri hagkerfum. Að mati rannsóknarnefndarinnar er það álitamál hvort aðildarríkjum EES-samningsins séu ekki settar of þröngar skorður gagnvart því að setja strangari

---

[541] Sama heimild, bls. 282–283.
[542] Sama heimild, bls. 283–285.

reglur um starfsemi lánastofnana og þá jafnt gagnvart innlendum og erlendum lánastofnunum sem setja á stofn útibú. Það fyrirkomulag sem nú er við lýði eykur líkurnar á því að stjórnvöld láti undan þrýstingi um að opna fyrir víðtækar starfsheimildir til að koma í veg fyrir röskun á samkeppnisstöðu innlendra lánastofnana gagnvart erlendum.

Misræmi er milli aðildarríkja EES-samningsins um hvernig túlka beri reglur um fjárhagsleg tengsl og/eða yfirráð með skilgreiningu á einni áhættuskuldbindingu í huga. Rannsóknarnefndin telur ljóst að skilgreina þurfi einhver lágmarksviðmið til að tryggja samræmda framkvæmd innan aðildarríkjanna á þessum þýðingarmiklu reglum. Þá bendir rannsóknarnefndin á að mikilvægt sé að huga að endurbótum á því að einn aðili geti fræðilega séð stofnað til hámarksáhættu samkvæmt tilskipun ESB gagnvart fleiri en einni lánastofnun, bæði innan sama hagkerfis og milli fleiri hagkerfa innan EES, með tilheyrandi hættu á keðjuverkun ef upp koma fjárhagsleg vandræði.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin tekur undir niðurstöður og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis og leggur til að þær verði í meginatriðum lagðar til grundvallar við úrbætur á löggjöf.

Þingmannanefndin telur að skerpa þurfi á verkaskiptingu stofnana ríkisins auk þess sem skyldur einstakra stofnana og embættismanna verði afmarkaðar betur. Slíkt er mikilvægt í því ljósi að stjórnendur ríkisstofnana sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni vísuðu ábyrgð hver á annan.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að í fundargerðum ríkisstjórnar verði skráðar með skýrum hætti niðurstöður hvers dagskrárliðar og þær birtar opinberlega. Með því aukist gagnsæi stjórnsýslunnar auk þess sem möguleiki á eftirlitshlutverki Alþingis með framkvæmdarvaldinu vex. Þá leggur þingmannanefndin til að samhliða verði haldin sérstök trúnaðarmálabók sem notuð er þegar rætt er um viðkvæm málefni ríkisins eða önnur mál sem lúta trúnaði. Nauðsynlegt er að setja verklagsreglur um trúnaðarmálabókina.

Þingmannanefndin telur rétt að á fundum innan Stjórnarráðsins séu haldnar fundargerðir, svo sem þegar oddvitar ríkisstjórnar eða ráðherrar koma fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi aðilum. Það er mat þingmannanefndarinnar að eðlilegt sé að oddvitar stjórnmálaflokka eigi með sér samráðsfundi en engu síður sé nauðsynlegt að setja reglur um skráningu einstakra ákvarðana í mikilvægum málefnum á slíkum fundum. Nefndin vill þó árétta að ákvarðanir á slíkum fundum geta aldrei leyst ráðherra undan skyldum sínum samkvæmt stjórnarskrá.

Þingmannanefndin telur að tryggja þurfi formfestu í samskiptum Seðlabanka Íslands við aðrar stofnanir, ríkisstjórn og einkaaðila.

Þingmannanefndin telur gagnrýnisvert að samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans hafi ekki byggt starf sitt á þeim upplýsingum, greiningum og fagþekkingu sem þó lágu fyrir í aðdraganda hrunsins.[543] Ljóst er að skort hafi á skýra verkaskiptingu og ábyrgð á framkvæmd verkefna, miðlun upplýsinga frá hópnum til ráðherra var ekki í föstum skorðum og viðkomandi ráðherrar hafi ekki tekið á viðfangsefnum hópsins með neinum afgerandi hætti.[544]

---

[543] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 7, bls. 273

[544] Sama heimild, bls. 275

Þingmannanefndin telur að brýnt að Fjármálaeftirlitið eigi reglulega fundi með innri og ytri endurskoðendum og regluvörðum fjármálafyrirtækjanna.

Þingmannanefndin telur mikilvægt að ráðist verði í endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands, meðal annars um hvaða reglur eigi að gilda um pólitíska starfsmenn ráðherra. Þá verði verklag innan ráðuneyta samræmt sem og skráning samskipta. Auk þess telur þingmannanefndin nauðsynlegt að eytt verði óvissu um hvernig ráðuneyti hafi eftirlit með þeim sjálfstæðu stofnunum sem undir þau heyra.[545]

Þingmannanefndin telur að Alþingi og stjórnvöld þurfi að vanda betur til verka við innleiðingu EES-gerða. Yfirfara þarf þær verklagsreglur sem til eru nú þegar og tryggja að eftir þeim sé farið. Huga verði að því m.a. að nýta tiltækar heimildir sem taka tillit til sérstöðu Íslands ef svo ber undir. Nauðsynlegt er einnig að Alþingi hafi virkari aðkomu að innleiðingarferlinu.

Mistök eða vanræksla skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[546]

Afmörkun athugunar.[547]

Í kaflanum greinir rannsóknarnefnd Alþingis frá verkefni sínu sem fólst í að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kunni að bera þar ábyrgð. Starf nefndarinnar beindist að störfum opinberra aðila með það að markmiði að varpa ljósi á hvort veikleikar í rekstri bankanna og stefnumörkun hafi átt þátt í falli þeirra. Tekur nefndin fram að það sé í höndum þar til bærra yfirvalda að rannsaka þetta frekar og meta hvort hugsanlega sé um að ræða refsiverð brot. Bendir nefndin á að hún hafi tilkynnt ríkissaksóknara allan grun um refsiverða háttsemi.[548] Mat nefndin m.a. hvernig staðið var að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis. Leitaðist hún við að huga heildstætt að því hvernig stjórnvöld stóðu að framkvæmd laga um fjármálastarfsemi og eftirliti með henni og þar með hvernig gætt var að hinum efnahagslegu áhrifum þeirrar starfsemi og áhrifum á fjármál ríkisins í ljósi þess hvernig sú starfsemi þróaðist.

---

[545] Forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem falið hefur verið að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands í heild sinni og gera tillögur um lagabreytingar. Meðal þeirra atriða sem varða starfsemi Stjórnarráðsins og þarfnast sérstakrar skoðunar má nefna ákvæði um:

- starfshætti ríkisstjórnarinnar og fyrirkomulag ríkisstjórnarfunda og annarra ráðherrafunda, m.a. hvaða mál skuli leggja fyrir ríkisstjórnarfundi og í hvaða formi það skuli gert,
- innra skipulag ráðuneyta innan Stjórnarráðsins og starfsheiti starfsmanna,
- pólitíska aðstoðarmenn ráðherra, m.a. um stöðu pólitískra aðstoðarmanna innan ráðuneytis, ráðningu þeirra, starfslok og fjölda þeirra,
- auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera og frávik frá þeirri skyldu, m.a. vegna tímabundinna aðstæðna,
- heimildir til tilflutnings embættismanna og annarra starfsmanna innan Stjórnarráðsins, m.a. um málsmeðferð og formkröfur laganna og mögulega flutningsskyldu.

[546] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 7, bls. 285–325.

[547] Sama heimild, bls. 285–286.

[548] Sama heimild 22. kafli, bls. 327–335.

Hugtökin mistök og vanræksla.[549]

Rannsóknarnefndin bendir á að henni hafi aðeins verið ætlað að veita álit en hvorki ætlað að fara með dómsvald né ákvörðunarvald um beitingu stjórnsýsluviðurlaga. Tekur nefndin fram að hugtökin mistök og vanræksla séu rýmri en svo að aðeins sé átt við að athafnir eða athafnaleysi einstaklinga. Fleira geti fallið undir hugtökin en það að tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða vanrækt sé að fylgja lagaboði. Einnig geti talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt. Nefndin bendir á að ekki sé að öllu leyti um samskonar viðmið að ræða og koma fram í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, varðandi mistök og vanrækslu, þótt um vissa skörun sé að ræða. Kunni nefndin því að telja starfsmann hafa sýnt af sér mistök eða vanrækslu þótt ekki sé um brot í starfi að ræða sem gefi tilefni til áfalls sakar samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð eða stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt starfsmannalögum. Á sama hátt geti starfsmenn gerst brotlegir við starfsskyldur sínar samkvæmt þeim lögum þótt þeir hafi ekki sýnt af sér mistök eða vanrækslu í starfi sem gefi nefndinni tilefni til athugasemda. Rannsóknarnefndin leggur áherslu á að mat hennar á störfum ráðherra á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 er ekki sambærilegt við mat samkvæmt ákvæðum laga um ráðherraábyrgð. Það komi í hlut Alþingis að taka nánari afstöðu til þess hvort tilefni sé til að kalla saman Landsdóm og láta reyna á ráðherraábyrgð. Við mat á því hvort einstakir ráðherrar hafi í aðdraganda bankahrunsins gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu verður eðli málsins samkvæmt þó að hafa nokkra hliðsjón af hátternisreglum laga um ráðherraábyrgð.

Rannsóknarnefndin dregur þá ályktun um hlutverk sitt að Alþingi hafi falið henni að taka eftir atvikum afstöðu, í samræmi við þær staðreyndir sem gagnaöflun hennar leiddi í ljós, til þess hvort skort hafi á að einstaklingar sem höfðu að lögum skilgreindu hlutverki að gegna við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni, gerðu nægjanlegar ráðstafanir til að bregðast við hættu á fjármálaáfalli.

Rannsóknarnefndin leggur áherslu á að ekkert verði fullyrt um beint orsakasamhengi milli vanrækslu um aðgerðir eða ráðstafanir sem einstaklingi hefði borið að hafa frumkvæði að og þess fjármálaáfalls sem varð á Íslandi haustið 2008, né verði því slegið föstu hver innbyrðis þýðing hinna samverkandi þátta sem leiddu til áfallsins hafi verið. Nefndin varð hins vegar að taka afstöðu til þess hvernig stjórnvöld höguðu viðbúnaði sínum í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga og aðstæðna á hverjum tíma.

Nánari afmörkun að virtum athugasemdum skv. 13. gr. laga nr. 142/2008.[550]

Rannsóknarnefndin greinir frá því að hún hafi sent tólf einstaklingum bréf, gert þar grein fyrir tilteknum atriðum og gefið þeim kost á að koma að skriflegum athugasemdum áður en nefndin tæki endanlega afstöðu til þess hvort umræddar athafnir eða athafnaleysi yrðu felldar undir mistök eða vanrækslu samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 og þá jafnframt hvort viðkomandi hefði borið ábyrgð í samræmi við það ákvæði. Í svarbréfum sínum lýstu einstaklingarnir sjónarmiðum sínum varðandi aðkomu sína og ábyrgð vegna þeirra atriða sem nefndin gerði þeim grein fyrir. Enginn þeirra taldi sig hafa sýnt af sér mistök eða vanrækslu í skilningi laganna. Bréfin og svörin eru birt í 11. viðauka rafrænnar útgáfu skýrslunnar.

---

[549] Sama heimild, bls. 286–288.
[550] Sama heimild, bls. 289–291.

Ráðherrar.[551]

Staða ráðherra að lögum og aðgengi að upplýsingum í framkvæmd.[552]

Athugun rannsóknarnefndar Alþingis bendir til að í innra starfi ríkisstjórnarinnar sem fór með völd í aðdraganda að falli bankanna hafi upplýsingaflæði og samskipti um efnahagsmál, þ.m.t. um málefni íslensku bankanna á mikilvægum tímabilum, takmarkast að verulegu leyti við þröngan hóp ráðherra, þ.e. forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra. Rannsóknarnefndin bendir á þann mun sem er á því hvort þessir ráðherrar fóru stöðu sinnar vegna með beinar skyldur og ábyrgð á sviði fjármálamarkaðar og/eða efnahagsmála, eins og Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen, eða áttu yfirleitt hlut að máli vegna pólitískrar stöðu sinnar innan ríkisstjórnar en ekki á grundvelli lagalegrar stöðu sinnar sem ráðherra, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Utanríkisráðuneytið fór á þessum tíma ekki sjálfstætt með framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi hér á landi og eftirlit með henni. Starfsskyldur utanríkisráðherra kunni þó að hafa haft þýðingu í einhverjum tilvikum með tilliti til samráðs og upplýsingaflæðis um efnahagsmál í víðu samhengi sem var innan þessa hóps og samráðs sem hann átti við aðrar ríkisstofnanir. Nefndin nefnir t.d. samskipti við erlenda aðila, bæði stjórnvöld og einkaaðila. Þá tók Ingibjörg Sólrún sem utanríkisráðherra þátt í ímyndaraðgerðum íslenskra yfirvalda í þágu bankakerfisins, en nefndin gagnrýndi áherslu stjórnvalda á slíkar aðgerðir fyrr í kaflanum. Hún telur hins vegar ljóst að þáttur Ingibjargar Sólrúnar í þeim málefnum sem hér um ræðir hafi fyrst og fremst byggst á þeim pólitísku forsendum að hún var oddviti annars stjórnarflokksins og að hún gæti á grundvelli upplýsinga sem hún fékk á þessum fundum tekið afstöðu til þess hvort tilefni væri til að hún aðhefðist frekar á vettvangi ríkisstjórnar af hálfu síns flokks og/eða gagnvart hlutaðeigandi ráðherrum. Nefndin metur ekki forsendur til að fjalla frekar um störf hennar með tilliti til álitaefna um mistök eða vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Rannsóknarnefndin segir ljóst að upplýsingaflæði og samskipti um efnahagsmál og málefni bankanna innan ríkisstjórnarinnar hafi einkennst að vissu marki af því að viðskiptaráðherra átti þar ekki alltaf hlut að máli. Það leiðir að mati nefndarinnar í sumum tilvikum til þess að önnur sjónarmið kunna að eiga við um aðgang viðskiptaráðherra að upplýsingum í aðdraganda bankahrunsins en í tilviki forsætis- og fjármálaráðherra, og þar með um mat á möguleikum viðskiptaráðherra til viðbragða í slíkum tilvikum.

Árni M. Mathiesen greindi frá því í bréfi sínu til rannsóknarnefndar Alþingis að túlka yrði orðalag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 með þeim hætti að athugun nefndarinnar á grundvelli þess gæti ekki tekið til starfa fjármálaráðherra. Nefndin hafnar því og segir að fjármálaráðuneytið hafi m.a. farið með fjármál og eignir ríkisins að því leyti sem þau voru ekki fengin öðrum aðilum og mat á þróun og horfum í efnahagsmálum, auk þess sem ráðuneytið stóð að stofnun samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Rannsóknarnefndin gengur út frá því að sú aðild hafi einkum komið til vegna þýðingar tiltekinna hlutverka ráðuneytisins fyrir viðfangsefnin sem hópnum var falið að vinna að. Nefndin telur vafalaust að þau verkefni fjármálaráðuneytisins sem hér skipta máli falli innan þess ramma sem 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 setur athugun nefndarinnar.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að við mat á því annars vegar hvaða upplýsingar eða aðstæður ráðherrum hafi verið eða mátt vera kunnugt um og hins vegar hvaða frumkvæðis eða viðbragða hafi mátt ætlast til af þeim í því ljósi líti nefndin í fyrsta lagi til

---

[551] Sama heimild, bls. 291–316.
[552] Sama heimild, bls. 291–295.

stöðu þeirra í stjórnkerfi ríkisins og þess hvaða málefnasvið þeir fóru með að gildandi lögum. Á þeim grundvelli telur nefndin að ætlast megi til þess að einstökum ráðherrum hafi verið kunn eða mátt vera kunn staða og framvinda mála á málefnasviðum sem þeir fóru með yfirstjórn á. Almennt eftirlit með framvindu í stórum dráttum í þeim málefnum sem heyra undir ráðuneytið sé forsenda þess að aðilarnir geti tekið afstöðu til þess hvort tilefni sé til afskipta af hálfu ráðuneytisins á grundvelli gildandi lagareglna og ráðuneytið eftir atvikum haft frumkvæði að tillögugerð um lagabreytingar og/eða umfjöllun um málið á vettvangi ríkisstjórnar sem mikilvægt stjórnarmálefni. Nefndin vísar til frekari umfjöllunar í köflum 16.1.2.3–16.1.2.5[553] um forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti. Í öðru lagi lítur nefndin til sérstakra atvika sem við eiga hverju sinni, þ.e. funda eða samráðs við önnur stjórnvöld og upplýsinga sem þar komu fram, samskipta við erlenda aðila og annarra sérstakra upplýsinga eða gagna sem athugun nefndarinnar bendir til að ráðherrum hafi verið tiltæk í aðdraganda bankahrunsins. Í þriðja lagi lítur rannsóknarnefndin til upplýsinga sem fram komu á vettvangi samráðshóps stjórnvalda og rekur sérstaklega það sem fram kom hjá nefndinni um miðlun upplýsinga til ráðherra um starf hópsins hverju sinni og afstöðu nefndarinnar til atriða þar að lútandi. Sem fulltrúar ráðuneytanna þriggja komu ráðuneytisstjórar þeirra með margvíslegum hætti að verkefnum og atvikum sem höfðu þýðingu í aðdraganda bankahrunsins. Ekki varð að öllu leyti skýrt við skýrslutökur fyrir nefndinni hversu miklar upplýsingar ráðherrarnir hefðu fengið þótt þeir könnuðust við að hafa rætt þessa fundi í samtölum við ráðuneytisstjórana. Þá kom einnig fram við skýrslutökur að ráðherrum höfðu almennt ekki verið kynnt þau gögn og tillögur sem lagðar voru fram á fundum samráðshópsins, t.d. um gerð viðbúnaðaráætlunar. Rannsóknarnefndin gaf þeim sem á þessum tíma gegndu stöðum ráðuneytisstjóra og ráðherra kost á að skýra frekar hvernig staðið hefði verið að miðlun upplýsinga frá ráðuneytisstjórunum til ráðherra í tengslum við starfið í samráðshópnum. Allir ítrekuðu ráðuneytisstjórarnir að þeir hefðu veitt ráðherrum fullnægjandi upplýsingar og ráðherrarnir allir töldu sig hafa fengið nægjanlegar upplýsingar í formi munnlegra frásagna ráðuneytisstjóranna til að gera sér ljóst að hvaða verkefnum samráðshópurinn vann á hverjum tíma. Að mati rannsóknarnefndarinnar leiðir af þessu að ráðherrarnir hefðu þar með mátt gera sér grein fyrir því hvort tilefni var fyrir þá sem ráðherra að hafa frekara frumkvæði að upplýsingaöflun eða aðkomu að þeim verkefnum sem samráðshópurinn vann að, þ.m.t. gagnvart öðrum ráðherrum og stofnunum með aðkomu að samráðshópnum. Nefndin telur það fyrst og fremst á ábyrgð ráðherra að eiga frumkvæði að slíku telji hann skorta á að honum sé fært að taka upplýstar ákvarðanir um stefnumarkandi mál í þeim störfum sem hann ber stjórnarfarslega ábyrgð á samkvæmt grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar. Af þessu leiðir að nefndin telur ekki tilefni til að taka störf umræddra ráðuneytisstjóra hvað varðar upplýsingamiðlun til ráðherra um starf samráðshópsins til frekari athugunar með hliðsjón af 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[554]

---

[553] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 42–45.

[554] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 293–294.

Almennt um viðbrögð og frumkvæði ráðherra í tilefni af alvarlegum upplýsingum um stöðu bankanna og horfur í íslensku efnahagslífi.[555]

Í því sem á eftir fer í skýrslunni er endanlegt mat rannsóknarnefndar Alþingis heildstætt en ekki tilviksbundið þannig að umfjöllun nefndarinnar á við um hvern og einn ráðherra en er ekki sundurgreind eftir einangruðum atvikum og málefnum sem fjallað er um. Fyrst fjallar rannsóknarnefndin um viðbrögð og frumkvæði ráðherra í tilefni af alvarlegum upplýsingum um stöðu bankanna og horfur í íslensku efnahagslífi frá ársbyrjun 2008 og fram á vorið. Að mati nefndarinnar var ótvírætt tilefni til að taka upplýsingar sem Davíð Oddsson veitti Geir H. Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Árna M. Mathiesen á fundi 7. febrúar 2008 sérstaklega alvarlega með hliðsjón af framtíðarhorfum í íslensku efnahagslífi, sbr. kafla 19.3.5.[556] Á fundinum voru ekki lagðar fram formlegar tillögur Seðlabanka Íslands um hvernig ætti að bregðast við þeim vanda sem Davíð Oddsson kynnti, en rætt var um hugsanleg viðbrögð í tilefni af upplýsingunum. Rannsóknarnefndin fær ekki séð að málið hafi verið tekið frekar til umfjöllunar með formlegum hætti eða til afgreiðslu á fundum ráðherra eða ríkisstjórnar, auk þess sem viðeigandi stofnanir í stjórnkerfinu, t.d. Seðlabankinn, voru ekki látnar vinna nánar úr upplýsingum sem þarna komu fram eða meta þær.[557]

Dregin eru fram fimm tilvik á tímabilinu 1. apríl til 15. maí 2008 varðandi Geir H. Haarde þar sem fram komu upplýsingar sem vörðuðu að meginstefnu efni skyld því sem rætt var á fundinum 7. febrúar: 1) fundur hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 þar sem rætt var um 193 milljóna punda útstreymi af Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi dagana á undan og að bankinn þyldi slíkt útstreymi einungis í sex daga til viðbótar, 2) skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kom út 14. apríl 2008 og var flokkuð sem algjört trúnaðarmál, en þar komu fram ítarlegar tillögur um aðgerðir til að takast á við alvarlegar aðstæður í íslensku efnahagslífi, 3) símtal Davíðs Oddssonar við Geirs H. Haarde 23. apríl 2008 þar sem fram kom að Seðlabanki Bretlands hefði hafnað gerð gjaldeyrisskiptasamnings við Seðlabankann og sett fram gagnrýni og neikvæð viðhorf, 4) símtal Davíðs Oddssonar við Geir H. Haarde 25. apríl 2008 þar sem upplýst var um samtals Davíðs við bankastjóra Seðlabanka Evrópu, harða gagnrýni hans á endurhverf viðskipti íslensku bankanna við Seðlabanka Lúxemborgar og kröfu um fund af því tilefni með fyrirsvarsmönnum íslensku bankanna, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, 5) atvik í kringum gerð gjaldeyrisskiptasamnings Seðlabanka Íslands við norrænu seðlabankana í maí 2008 og sérstök skrifleg yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að ráðast í nánar tilgreindar efnahagslegar aðgerðir. Í tilviki Árna M. Mathiesens kemur fram að hann átti fundi ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 16. apríl 2008 og ásamt Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu með bankastjórn bankans 7. og 15. maí 2008, en fyrri fundirnir tveir snerust um lántökur Seðlabankans til eflingar gjaldeyrisvaraforðanum og síðasti fundurinn um frágang yfirlýsingar til norrænu seðlabankanna. Björgvin G. Sigurðsson sat ekki framangreinda fundi með bankastjórn Seðlabankans, en Ingibjörg Sólrún upplýsti hann um fundinn

---

[555] Sama heimild, bls. 295–300.

[556] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 112–134.

[557] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 295.

með bankastjórninni 7. febrúar 2008 á þingflokksfundi Samfylkingarinnar 11. febrúar 2008.[558]

Athugun rannsóknarnefndar Alþingis benti ekki til þess að Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen hefðu talið upplýsingar sem fram komu á fundinum 7. febrúar 2008 annars vegar og hins vegar á fundum og í samtölum við bankastjórn Seðlabanka Íslands gefa tilefni til þess að grípa til sérstakra ráðstafana í málefnum bankanna samkvæmt því sem hvorum um sig var unnt í ljósi stöðu sinnar, né heldur hafi þeir leitast við að hafa forgöngu um að aðrar stofnanir ríkisins gripu til aðgerða. Þau atvik sem síðar urðu voru heldur ekki rædd í ríkisstjórn eða Seðlabankanum falið að greina vandann nánar og bregðast við honum, svo sem með tillögum að viðbrögðum. Í tilviki Geirs segir rannsóknarnefndin að einnig þurfi að horfa til skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og atvika í kringum yfirlýsingu stjórnvalda gagnvart norrænu seðlabönkunum. Með vísan til þessa leit nefndin sérstaklega til þeirrar þýðingar sem ætla verði að fundur Geirs, Árna og Ingibjargar Sólrúnar með bankastjórn Seðlabankans 7. febrúar 2008 hafi haft. Þar hafði nefndin einkum í huga að bankinn sá ástæðu til að óska eftir formlegum fundi með ráðherrunum með stuttum fyrirvara til að koma afar alvarlegum upplýsingum á framfæri og um ástand og horfur hjá íslensku bönkunum og í íslenskum efnahagsmálum. Rannsóknarnefndin segir það hafa sjálfstæða þýðingu að ekki verði séð að ráðherrar hafi á neinu fyrra tímamarki við sambærilegar aðstæður fengið samandregnar jafnalvarlegar upplýsingar og þarna komu fram, burtséð frá framsetningu og formi. Mat nefndarinnar er að með tilliti til þeirra almannahagsmuna sem ráðherrum var falið að gæta verði að líta svo á að hin hlutfallslega ofurstærð íslenska bankakerfisins í íslensku hagkerfi og tilheyrandi áhætta fyrir íslenskt efnahagslíf í heild ef bankarnir lentu í vanda hafi verið sérstaklega brýn hætta við þær aðstæður sem blöstu við ráðherrum á þessum tíma. Samkvæmt stöðu og hlutverki ráðherra hafi þeim borið skylda til að grípa til sérstakra aðgerða til að stuðla að því að þessir almannahagsmunir væru tryggðir eins og framast væri kostur, það hefði átt að ganga framar hagsmunum einkafyrirtækjanna sem undir voru. Á þessum tímapunkti var verkefni stjórnvalda ekki síst að lágmarka tjón sem hlotist gæti af yfirvofandi fjármálaáfalli. Ráðherrar virðast hafa búist við skriflegri greinargerð og eftir atvikum tillögum frá Seðlabankanum eftir fundinn, en bankastjórnin hafi á hinn bóginn talið sig hafa gert nægilega grein fyrir málinu án þess að til frekari formlegrar og skriflegrar upplýsingagjafar þyrfti að koma. Þó kveðst Davíð Oddsson hafa haft samband við Geir H. Haarde nokkru síðar og innt hann eftir viðbrögðum, en þá hafi Geir sagst hafa rætt við „bankastjórana“ og svör þeirra gengið í aðra átt en upplýsingar Seðlabankans. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að hafi einhver vafi leikið á um það hvaðan frumkvæði að næstu aðgerðum í málinu ætti að koma hefðu viðkomandi ráðherrar ávallt átt þann kost að óska eftir, eða fara fram á að óskað yrði eftir, skriflegri greinargerð og eftir atvikum tillögum frá Seðlabankanum um aðgerðir í tilefni af þeim upplýsingum sem fram komu á fundinum. Sérstaklega átti þetta við um forsætisráðherra sem fór með málefni Seðlabanka Íslands.[559]

Rannsóknarnefndin bendir á lögbundið hlutverk Seðlabankans um að hafa eftirlit með stöðugleika og öryggi fjármálakerfisins og tekur fram að bankastjórnin taldi þá stöðu mála sem upp var komin alvarlegri en svo að rétt væri að vitneskja um hana væri eingöngu innan bankans. Lögbundið hlutverk bankans leysi ráðherra sem hafa skyldum að gegna á þessu sviði ekki undan skyldu til að hafa sjálfir frumkvæði að viðbrögðum, eftir atvikum í sam-

---

[558] Sama heimild, bls. 295–296.
[559] Sama heimild, bls. 296–298.

vinnu við Seðlabankann, ef þeir fá upplýsingar af því tagi sem hér um ræðir. Sömu sjónarmið eiga einnig við um síðari fundi einstakra ráðherra með Seðlabankanum.[560]

Geir H. Haarde benti í svarbréfi sínu til rannsóknarnefndar Alþingis á ýmsar aðgerðir stjórnvalda sem unnið var að á fyrri hluta árs 2008 til að styrkja stöðu bankanna og þjóðarbúsins. Um erlenda lántöku ríkisins og öflun gjaldeyrisskiptasamninga tekur nefndin fram að slík aðgerð var ekki til þess fallin að vinna beint gegn stærð bankakerfisins og gat aldrei dugað ein og sér til að vinda ofan af þeim vanda. Hugsanleg aðild Íslands að ESB-samkomulaginu um fjármálastöðugleika hefði ekki komið að gagni við að fást við þann bráða vanda sem við íslensku hagkerfi blasti og enn síður almannatengslaaðgerðir gagnvart erlendum aðilum. Vinna stjórnvalda við viðbúnaðaráætlun var ómarkviss og í öllu falli liggur það fyrir að mati rannsóknarnefndar Alþingis að engin heildstæð viðbúnaðaráætlun tók á sig mynd í starfi samráðshópsins né lá slík áætlun fyrir við fall bankanna. Öll viðleitni ráðherra til að fá bankana til að grípa sjálfir til aðgerða sem gætu dregið úr stærð bankakerfisins var óformleg og nefndin telur ekkert fram komið sem bendir til þess að hart hafi verið gengið að bönkunum að þessu leyti. Til frekari aðgerða þurfti að grípa, en ekki verður ráðið af athugun nefndarinnar að viðstaddir ráðherrar hafi eftir fundinn 7. febrúar 2008 haft frumkvæði að undirbúningi sérstakra inngripa eða annarra beinna ráðstafana af hálfu ríkisvaldsins til lausnar á vandanum.

Í athugasemdabréfum til rannsóknarnefndarinnar kom einnig fram að boðskapur Seðlabankans hefði ekki verið sá sami opinberlega og á einkafundum með ráðherrum, sbr. t.d. skýrslu bankans um fjármálastöðugleika frá 8. maí 2008 þar sem dregin var upp önnur mynd af stöðu bankanna en á fundinum 7. febrúar. Þá hefðu aðgerðir Seðlabankans til að rýmka fyrirgreiðslu við bankana ekki bent til þess að bankinn hefði þær áhyggjur af stöðu bankanna sem fundir með ráðherrum bentu til. Nefndin bendir á að stöðu sinnar vegna hafi ráðherrar með sjálfstæðum hætti fengið upplýsingar frá Seðlabankanum á áðurnefndum fundum og að þeir hafi ítrekað fengið nánari vitneskju um vandann en leiddi af opinberri og almennri upplýsingagjöf bankans í skýrslum og við önnur tækifæri. Það hvernig bankinn hagaði opinberri upplýsingagjöf sinni og tilkynningum hafi ekki gefið ráðherrum réttmætt tilefni til að efast um upplýsingar sem þeir fengu beint frá bankanum. Þá bendir nefndin á að hugsanlegar óheppilegar aðgerðir annarra stjórnvalda í aðdraganda falls íslensku bankanna geti ekki leyst ráðherra undan eigin ábyrgð, auk þess sem ráðherrum hafi borið að kalla eftir skýringum ef þeir töldu Seðlabankann gefa þeim upplýsingar sem væru í ósamræmi við yfirlýsingar hans eða aðgerðir. Þetta á sérstaklega við um forsætisráðherra vegna stöðu hans, en ekkert liggur fyrir um að það hafi verið gert.

Nánar um viðbrögð og frumkvæði ráðherra með hliðsjón af starfi samráðshóps stjórnvalda.[561]

Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að ósamræmi virðist hafa verið milli þess hvernig umboð samráðshóps stjórnvalda var afmarkað í samkomulagi um stofnun hans frá 21. febrúar 2006 og hvernig þeir sem áttu hlut að máli, m.a. einstaklingar sem áttu sæti í hópnum, upplifðu það í framkvæmd. Þetta hafi gert störf hópsins ómarkviss og skyldur hans og ábyrgð óskýrar. Viðbúnaðaráætlun naut ekki sérstakrar athygli í störfum hópsins fyrr en á fundi hans 18. mars 2008 og lítið var fjallað um hana fram á sumar, en frá þeim tíma virðist innri

---

[560] Sama heimild, bls. 298.
[561] Sama heimild, bls. 300–302.

togstreita varðandi pólitíska stefnumörkun hafa sett mark sitt á starf hópsins. Rannsóknarnefndin telur verkstjórn í hópnum ekki hafa verið nægilega agaða og skipulagða og telur vinnubrögð hans hafa verið óvönduð, sbr. kafla 19.4.4. Nefndin gengur út frá því, þar sem ráðherrar fengu almennt nægar upplýsingar til að gera sér grein fyrir verkefnum samráðshópsins á hverjum tíma, að það hafi verið endanlega á ábyrgð ráðherranna að sýna frumkvæði. Annars vegar að bregðast við upplýsingum sem fram komu á vettvangi hópsins eða óska frekari skýringa og hins vegar að móta starf hans gegnum fulltrúa sína og bregðast þá eftir atvikum við vanköntum sem upp komu í því starfi. Rannsóknarnefndin segir að ekki verði litið svo á að stjórnvöld hafi framselt hópnum neinar skyldur eða völd í lagalegum skilningi og þær hafi eftir sem áður hvílt á þeim sjálfum, þ.m.t. forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti. Þá bar ráðherrunum skylda til að tryggja að tilhögun á starfi samráðshópsins kæmi ekki niður á því að unnið væri markvisst að þeim verkefnum sem hann hafði með höndum. Þar sem eftirlitsstofnanirnar Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið komu með upplýsingar og tillögur um nauðsynlegar aðgerðir inn í samráðshópinn þurfti stefnumótun og ákvarðanatöku um leiðir af hálfu hlutaðeigandi ráðherra. Sama má segja um tillögur sem lagðar voru fram innan hópsins og unnar af viðskiptaráðuneytinu um hugsanlega ábyrgð ríkisins á innstæðum í innlánsstofnunum að ákveðinni fjárhæð, en afgreiðsla þess máls tengdist einnig skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Engin gögn liggja fyrir um að ráðherrarnir hafi rætt um stöðuna í starfi samstarfshópsins eða fylgt því eftir að ráðist yrði í þær aðgerðir sem pólitíska stefnumörkun þurfti til og óskir og ábendingar komu fram um á fundum hópsins, fyrir utan viðskiptaráðherra sem leitaðist við að sýna frumkvæði á ríkisstjórnarfundi 12. ágúst 2008. Fram að því voru viðbrögð ráðherranna engin og ekkert innbyrðis samráð var með þeim. Nefndin bendir á að horfa verði sérstaklega til þess að það heyrði undir forsætisráðherra að skipa formann samráðshópsins sem stýrði starfi hans.

Skortur á heildstæðri greiningu á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna starfsemi bankanna.[562]

Rannsóknarnefnd Alþingis segir að heildstæða greiningu á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna starfsemi bankanna hafi algjörlega skort, en forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti gerðu engar úttektir eða formlegt mat á umfangi starfseminnar í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs eða á hugsanlegum eða áorðnum breytingum á rekstrarumhverfi og starfsháttum bankanna. Þrátt fyrir þetta gáfu íslenskir ráðherrar opinberar yfirlýsingar um að ríkið mundi styðja íslensku bankana, en ekki verður séð að þær yfirlýsingar hafi verið byggðar á útreikningum sem hefðu getað stutt við mat á því hvort ríkið hefði bolmagn til slíks stuðnings og þá í hvaða mæli. Einstakir ráðherrar, einkum Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson, beittu sér heldur ekki fyrir því að lagt yrði faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hver geta ríkissjóðs væri til að styðja fjárhagslega við bankana áður en opinberar yfirlýsingar voru gefnar. Þá lögðu sömu aðilar ekkert mat á þá fjárhagslegu áhættu og áhrif sem kynnu að fylgja auknum veðlánaviðskiptum Seðlabankans við íslensku fjármálafyrirtækin og auknum skuldbindingum Tryggingarsjóðsins fyrir fjármál ríkisins og hagstjórn landsins almennt. Rannsóknarnefndin segir óljóst hvort og þá að hvaða marki stjórnvöld lögðu niður fyrir sér nánari forsendur slíkra yfirlýsinga. Nefndin telur að ganga verði út frá því að forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðherra hafi verið ljós eða hefði mátt vera ljós þörfin á því að þeir hefðu frumkvæði að því að unnin yrði greining á fjárhagslegri áhættu ríkisins

---

[562] Sama heimild, bls. 302–304.

og ríkissjóðs vegna starfsemi bankanna hérlendis og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Nefndin tekur fram að þótt óvissa hafi óhjákvæmilega verið fyrir hendi um ýmis atriði varðandi stöðu og eignir bankanna og framvindu í málefnum þeirra hefði það ekki átt að standa í vegi fyrir því að áhættugreining yrði gerð. Hæglega hefði mátt setja fram slíka greiningu sundurliðaða með tilliti til þeirrar óvissu sem ekki varð hjá komist varðandi hagræna þætti og mismunandi atburðarás, en slíkt sé alvanalegt á sviði fjármála og hagfræði. Ekki nærri öll fjárhagsleg og lagaleg atriði varðandi bankana hafi verið svo óljós að slík greining yrði ekki talin þjóna tilgangi. Eftir því sem fram leið varð brýnna að ráðast í slíka greiningu og ljóst að stjórnvöld hefðu á hverju stigi verið betur sett með áhættugreiningu sem háð var einhverjum óvissum forsendum en enga áhættugreiningu. Nefndin telur að ætlast hafi mátt til þess að ráðherrar sem tjáðu sig út á við um stuðning ríkisstjórnar við bankana gerðu það á traustum grundvelli sem að lágmarki byggðist á rökstuddu mati á getu ríkisvaldsins til að styðja bankana og nánari forsendum sem slíkur stuðningur væri þá háður. Fagleg vinnubrögð hafi hér verið undir sem ætlast megi til að stjórnvöld viðhafi almennt og sér í lagi við svo alvarlegar og tvísýnar aðstæður. Þá var brýn nauðsyn á heildstæðri og faglegri greiningu í innra starfi stjórnvalda vegna fjárhagslegrar áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir, bæði varðandi vænt heildaráhrif hugsanlegs fjármálaáfalls og varðandi afmarkaða þætti þess. Heildstæð gögn hefðu gert stjórnvöldum mun betur kleift að leggja mat á þá stefnu og áherslur sem æskilegt teldist að fylgja í undirbúningi hugsanlegs áfalls. Slík gögn hefðu m.a. getað stuðlað að því að stjórnvöld gerðu sér gleggri grein fyrir nauðsyn beinna aðgerða ríkisvaldsins. Jafnframt hefði staða stjórnvalda verið mun traustari til að rökstyðja frumkvæði að beinum aðgerðum til að minnka bankakerfið.

Frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins.[563]

Varðandi frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins segir rannsóknarnefnd Alþingis að hvorki hafi komið fram hjá forsætisráðuneytinu neinar sérstakar aðgerðir né nánar mótaðar áætlanir í því skyni. Forsvarsmenn bankanna sögðu í skýrslum sínum að hvorki Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið né ráðherrar hefðu lagt fyrir þá formlegar tillögur í þessa veru, en útilokuðu ekki að ráðherrar hefðu með almennum hætti lagt að þeim að draga úr útlánum og færa niður efnahagsreikning bankanna. Nefndin segir að hvorki forsætis-, viðskipta- né fjármálaráðherra hafi leitast við að hafa forgöngu um eða fá ríkisstjórnina til að beita sér fyrir því að stjórnvöld hefðu í frammi samstilltar aðgerðir til að leggja formlega að bönkunum að draga úr stærð sinni. Stjórnendum bankanna var ófært að eigin frumkvæði að grípa til róttækra aðgerða í þessu sambandi, m.a. vegna sterkra tengsla við eigendur þeirra, en ef ríkisvaldið hefði sett starfseminni skorður eða fyrirmæli, t.d. um sölu eigna, hefðu þeir ekki haft annan valkost.

Rannsóknarnefndin segir að a.m.k. frá upphafi árs 2008 hefðu forsvarsmenn bankanna þrýst mjög á það við stjórnvöld að þau tækju lán til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans með það fyrir augum að styrkja stöðu hans sem lánveitanda til þrautavara. Stjórnvöld hefðu þá getað bundið slíka ráðstöfun skilyrðum um að bankarnir yrðu minnkaðir, en lög nr. 60/2008, sem veittu ríkissjóði heimild til að taka allt að 500 milljarða evra að láni til eflingar gjaldeyrisvaraforðanum á árinu 2008, settu þá fyrirhuguðu lántöku ekki í samhengi við sjálfstæðar aðgerðir bankanna, né heldur önnur fyrirliggjandi gögn.

---

[563] Sama heimild, bls. 304–309.

Rannsóknarnefndin leggur áherslu á að bankarnir báru sjálfir mesta ábyrgð á því í hvílík óefni var komið með tilliti til hlutfallslegrar stærðar þeirra í íslensku efnahagslífi og veikrar stöðu þeirra að öðru leyti. Líklega var bæði stjórnvöldum og bönkunum runninn sá kostur úr greipum þegar veturinn 2007–2008 að ráðast í minnkunaraðgerðir svo lítið bæri á og án kostnaðar eða tjóns. Markmiðið á þessum tíma hefði aldrei getað verið annað en að lágmarka hugsanlegan skaða. Nefndin bendir á að í „mini-krísunni“ 2006 hefði litlu munað að bankarnir kæmust í þrot og fram kom hjá starfsmönnum Seðlabanka Íslands, sbr. kafla 19.6.2,[564] að strax þá hefði verið orðið of seint að beita tækjum Seðlabankans til að knýja bankana til að minnka. Í stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnar frá maí 2007 var sett fram sú stefna að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi, en þá var einungis rúmt ár frá því að bankarnir höfðu næstum komist í þrot. Ljóst mátti vera að ástæðna fyrir sérstökum vandræðum íslensku bankanna mátti að verulegu leyti leita í áhættusækni og óheftum erlendum vexti þeirra. Þá beittu hvorki ríkisstjórn né einstakir ráðherrar sér fyrir því að bankarnir flyttu starfsemi sína úr landi, og voru jafnvel eindregið á móti því sbr. kafla 19.6.1.[565]

Rannsóknarnefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort aðild að myntsamstarfi ESB hefði hugsanlega getað leyst vandamál sem leiddu af stærð bankakerfisins, en bendir á að það orki tvímælis að á þessum tíma hafi verið raunhæft að gera ráð fyrir að slík aðild gæti komið til með öðrum hætti en formlegri inngöngu í ESB. Þar er um að ræða flókið ferli sem hefði ekki gagnast við að leysa hinn brýna vanda bankakerfisins og því ekki um raunhæfan valkost að ræða. Einhverjar hugmyndir voru á lofti um flutning höfuðstöðva Kaupþings út fyrir landsteinana, m.a. í samtölum Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde, auk þess sem unnið var að áætlun um slíkan flutning innan bankans sjálfs.[566]

Rannsóknarnefnd Alþingis segir að íslensk stjórnvöld hafi einkum átt tveggja kosta völ til að takast með virkum hætti á við vandamálið, annars vegar að koma því til leiðar að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn með sölu eigna og hins vegar að einhver eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Hvorugur kostanna hafi verið góður né auðveldur í framkvæmd, en mun verra hafi verið að grípa ekki til neinna aðgerða til að takast á við hina alvarlegu aðsteðjandi hættu. Athugun nefndarinnar leiðir ekki í ljós nein sérstök viðbrögð eða frumkvæði af hálfu ráðherra og telur hún að ekki verði hjá því komist að líta til þeirra þátta í opinberri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum bankanna og þess að ekki verður séð að á neinu stigi atburðarásarinnar hafi ríkisstjórnin vikið frá þeim með formlegum hætti eða skýlaust í framkvæmd.[567] Varðandi það að orðrómur um yfirvofandi beitingu á opinberu valdi í málefnum fjármálafyrirtækja geti haft skaðleg áhrif á stöðu þeirra og markaðsaðstæður bendir rannsóknarnefndin á að gera verður kröfur um að ráðherrar séu færir um að undirbúa og hrinda í framkvæmd slíkum aðgerðum á þann hátt að tryggður sé trúnaður þeirra sem í hlut eiga. Í öllu falli virðast slíkir valkostir jafnvel ekki hafa verið formlega kannaðir eða mótaðir nánar.[568]

---

[564] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 259–264.

[565] Sama heimild, bls. 254–259.

[566] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 307–308.

[567] Sjá nánar sömu heimild, bls. 308.

[568] Sama heimild, bls. 308–309.

Eftirfylgni og frumkvæði til að stuðla að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans yfir í dótturfélag bankans.[569]

Varðandi eftirfylgni og frumkvæði til að stuðla að flutningi Icesave-reikninga yfir í dótturfélag í Bretlandi segir rannsóknarnefnd Alþingis að þessi mál hafi ítrekað verið rædd á vettvangi samráðshóps stjórnvalda, auk þess sem þau höfðu iðulega komið til umræðu á öðrum vettvangi, einkum á vegum Landsbankans og innan Fjármálaeftirlitsins. Nefndin komst ekki á snoðir um nein gögn sem vörpuðu ljósi á það hvort og þá að hvaða marki íslensk stjórnvöld lögðu á þessum tíma að Landsbankanum að fara þessa leið. Þá kölluðu ráðherrarnir þrír sem áttu fulltrúa í samráðshópnum ekki eftir því að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið færu fram á tímasett áform Landsbankans um yfirfærsluna. Formlegar upplýsingar um hvort eitthvað stæði yfirfærslunni í vegi hlutu einnig að skipta máli við mat á því hvort tilefni væri til inngripa af hálfu ríkisstjórnarinnar. Nefndin greinir einnig frá því að ítrekað hafi komið fram hjá ráðherrum, stjórnendum ráðuneytanna og fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans að þeir teldu það ekki hafa verið í verkahring sinnar stofnunar að þrýsta á um flutninginn eða hafa forgöngu í málinu. Eigi síðar en 2. júlí 2008, þegar breska fjármálaeftirlitið setti aukinn þunga á áherslu sína á yfirfærslu Icesave-reikninganna í dótturfélag, mátti forsætisráðherra og stjórnendum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins vera ljóst að þörf var á beinni aðkomu stjórnvalda að málinu. Hún þurfti að beinast að því að kanna hvort og hvernig íslensk stjórnvöld gætu með fjárhagslegri fyrirgreiðslu eða öðru greitt fyrir því að flutningur reikninganna gæti átt sér stað, en í húfi voru verulegir hagsmunir tengdir því að varðveita fjármálastöðugleika á Íslandi og þar með almannahagsmunir. Rannsóknarnefndin minnir jafnframt á breytingu í áherslu Landsbankans á flutningi innlánanna á vormánuðum 2008 sem ekki var tilkynnt íslenskum stjórnvöldum. Hagsmunir Landsbankans og hagsmunir íslenska ríkisins af því að flutningarnir gengju eftir voru ólíkir í eðli sínu, þar sem bankinn gætti fyrst og fremst sinna einkahagsmuna en ríkinu bar að gæta almannahagsmuna. Íslensk yfirvöld gátu því ekki látið þetta brýna hagsmunamál alfarið í hendur Landsbankans og treyst því að hann fylgdi málinu eftir. Nauðsynlegt var að fylgja því mati breskra og íslenskra stjórnvalda, að mikilvægt væri út frá almannahagsmunum og hagsmunum innstæðueigenda að flutningurinn ætti sér stað, eftir af festu.[570]

Á fundi í London 2. september 2008 segir rannsóknarnefnd Alþingis að íslensku fulltrúunum hafi mátt vera ljóst að frá sjónarhóli fjármálaráðherra Bretlands var á þessum tíma talin veruleg hætta á því að Landsbankinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum Icesave-reikninganna. Íslendingunum mátti jafnframt vera ljóst að viðbrögð breskra stjórnvalda mótuðust fyrst og fremst af því að gæta hagsmuna breskra innstæðueigenda og forða því að vandkvæði í rekstri Icesave-reikninganna kölluðu fram áhlaup á banka í Bretlandi og óróa hjá innstæðueigendum. Í samtali starfsmanns fjármálaráðuneytisins og sendiherra Íslands í London 5. september 2008 komu svo fram vonbrigði fjármálaráðherrans með fundinn þar sem hann taldi íslensk stjórnvöld ekki skilja alvöru málsins, en Íslendingar voru í raun að fara fram á að það yrði á áhættu Breta að mæta skakkaföllum sem af því kynni að leiða að um tíma yrðu ekki nægar eignir í Heritable Bank, dótturfélagi Landsbankans, til að mæta skuldbindingum vegna þeirra útlána sem flutt yrðu úr útibúinu. Þrátt fyrir það sem að framan er lýst verður ekki séð að viðskiptaráðherra eða forsætisráðherra hafi

---

[569] Sama heimild, bls. 309–312.
[570] Sama heimild, bls. 309–310.

á næstu vikum þar á eftir kannað hvaða leiðir kynnu að vera færar til að greiða fyrir flutningnum né fylgt þeim eftir gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum.

Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um mistök eða vanrækslu ráðherra í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[571]

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.[572]

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fyrst fjallað um Geir H. Haarde sem tók við embætti forsætisráðherra í júní 2006 og tekið fram að meginábyrgðin af því að tryggja efnahagslegan stöðugleika hafi hvílt á hans herðum, auk þess sem hann hafi jafnframt farið með tilteknar skyldur vegna fyrirsvars og almennrar verkstjórnar í störfum ríkisstjórnarinnar. Málefni Seðlabanka Íslands heyrðu einnig undir forsætisráðherra og hann var sá ráðherra sem hafði helst færi á því að kalla eftir sérstökum upplýsingum og tillögum frá Seðlabanka Íslands um einstök málefni. Þá stýrði fulltrúi forsætisráðherra, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, starfi samráðshóps stjórnvalda og bar mesta ábyrgð þar. Það var því á ábyrgð forsætisráðherra umfram önnur stjórnvöld sem aðild áttu að hópnum að hafa frumkvæði að viðbrögðum til að gera störf hópsins markvissari og/eða hafa áhrif á áherslur sem þar var unnið eftir.[573]

1. Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að því virtu sem fram kemur í kafla 21.5.4.2[574] að hinar alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum íslensku bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi sem urðu Geir H. Haarde tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008 hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem forsætisráðherra að ríkisvaldið brygðist við með sérstökum aðgerðum. Hið minnsta verður að telja að honum hafi við þessar aðstæður borið að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum og eftir atvikum tillögum um hvort nauðsyn væri á sérstökum aðgerðum frá stofnunum og stjórnvöldum sem hann gat leitað til.[575]
2. Rannsóknarnefndin ítrekar einnig það mat sitt að verulegir annmarkar hafi verið á starfi samráðshópsins sem forsætisráðherra bar umfram aðra ábyrgð á, sbr. kafla 21.5.4.3.[576][577]
3. Þá telur rannsóknarnefnd Alþingis að því virtu sem fram kemur í kafla 21.5.4.4[578] að forsætisráðherra hafi fyrir sitt leyti í aðdraganda bankahrunsins borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögu til annarra ráðherra, að unnin væri heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna hættu á fjármálaáfalli. Almennt verði einnig að telja að ráðherrum hafi borið að byggja yfirlýsingar um stuðning við bankana á traustum grundvelli.[579]
4. Samanber það sem fram kemur í kafla 21.5.4.5[580] telur rannsóknarnefnd Alþingis að í síðasta lagi á tímabilinu 7. febrúar til 15. maí 2008 hafi verið komnar fram nægjanlegar upplýsingar til þess að forsætisráðherra hefði mátt gera sér grein fyrir því að ríkir al-

---

[571] Sama heimild, bls. 312–316.
[572] Sama heimild, bls. 312–314.
[573] Sama heimild, bls. 312–313.
[574] Sama heimild, bls. 295–300.
[575] Sama heimild, bls. 313.
[576] Sama heimild, bls. 300.
[577] Sama heimild, bls. 313.
[578] Sama heimild, bls. 302–304.
[579] Sama heimild, bls. 313.
[580] Sama heimild, bls. 304–309.

mannahagsmunir knúðu á um að hann hefði þá þegar frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins, jafnvel lagasetningu, til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins. Þetta varð enn brýnna í kjölfar yfirlýsingar gagnvart norrænu seðlabönkunum 15. maí 2008. Hið minnsta verður talið að honum hafi við þessar aðstæður borið að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin mótaði nánar og undirbyggi eftir atvikum slíkar aðgerðir, einkum með tilliti til þess að þar með hefðu stjórnvöld verið betur sett með að beita bankana raunhæfum þrýstingi til að grípa sjálfir til slíkra aðgerða.[581]

5. Þá er það mat Rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. kafla 21.5.4.6[582] að forsætisráðherra hafi fyrir sitt leyti haft fullt tilefni til þess annars vegar frá fyrstu mánuðum ársins 2008 að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag og hins vegar a.m.k. frá sumrinu 2008 að leita leiða í krafti embættis síns til þess að stuðla að framgangi sama máls með virkri aðkomu ríkisvaldsins.[583]
6. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að forsætisráðherra hafi í aðdraganda bankahrunsins ekki gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi við það sem tilefni var til samkvæmt framangreindu og telur að með því athafnaleysi sínu hafi hann látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[584]

Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra.[585]

Árni M. Mathiesen tók við embætti fjármálaráðherra í september 2005. Sem slíkur fór hann með mál sem vörðuðu fjármál ríkisins. Þá átti fjármálaráðuneytið aðild að samráðshópi stjórnvalda.[586]

1. Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að því virtu sem fram kemur í kafla 21.5.4.2[587] að hinar alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum íslensku bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi sem urðu Árna M. Mathiesen tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008 hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem fjármálaráðherra að ríkisvaldið brygðist við þeim með sérstökum aðgerðum. Að öðru leyti vísar nefndin til kafla 21.5.4.5[588] og umfjöllunar sinnar um ábyrgð forsætisráðherra.[589]
2. Þá telur rannsóknarnefnd Alþingis að því virtu sem fram kemur í kafla 21.5.4.4[590] að fjármálaráðherra hafi fyrir sitt leyti í aðdraganda bankahrunsins borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögu til annarra ráðherra, að unnin væri heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna hættu á fjármála-

---

[581] Sama heimild, bls. 313–314.
[582] Sama heimild, bls. 309–312.
[583] Sama heimild, bls. 314.
[584] Sama heimild, bls. 314.
[585] Sama heimild, bls.314–315.
[586] Sama heimild, bls. 314.
[587] Sama heimild, bls. 295–300.
[588] Sama heimild, bls. 304–309.
[589] Sama heimild, bls. 314.
[590] Sama heimild, bls. 300–304.

áfalli. Einnig verði að telja að ráðherrum hafi borið að byggja yfirlýsingar um stuðning við bankana á traustum grundvelli.[591]

3. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að fjármálaráðherra hafi í aðdraganda bankahrunsins ekki gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi við það sem tilefni var til samkvæmt framangreindu og telur að með því athafnaleysi sínu hafi hann látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[592]

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra.[593]

Björgvin G. Sigurðsson tók við embætti viðskiptaráðherra í maí 2007 og fór sem slíkur með mál sem vörðuðu fjármálamarkað og þar með íslensku bankana, auk þess sem viðskiptaráðuneytið átti aðild að samráðshópi stjórnvalda. Þrátt fyrir sjálfstæði ríkisstofnana bar viðskiptaráðherra að hafa almennt eftirlit með framvindu mála á málefnasviðinu með hugsanleg afskipti ráðuneytisins fyrir augum, annaðhvort á grundvelli gildandi lagareglna, tillagna um breytta löggjöf eða á vettvangi ríkisstjórnar.[594]

1. Að þessu virtu, og einnig því sem kom fram í kafla 21.5.4.2[595] um upplýsingar sem viðskiptaráðherra fékk frá utanríkisráðherra 11. febrúar 2008, kafla 21.5.4.6[596] um grundvöll skipunar viðskiptaráðherra á nýjum stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins og samtöl þeirra í milli og loks því sem rakið er í kafla 21.5.4.3[597] um störf samráðshóps stjórnvalda og upplýsingar sem þar komu fram, telur rannsóknarnefnd Alþingis að hinar alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum íslensku bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi sem urðu Björgvini G. Sigurðssyni tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008 hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem viðskiptaráðherra að ríkisvaldið brygðist við þeim með sérstökum aðgerðum, sbr. m.a. kafla 21.5.4.5[598] og fyrri umfjöllun nefndarinnar um ábyrgð forsætisráðherra. Nefndin tekur fram að hún er meðvituð um það frumkvæði sem viðskiptaráðherra leitaðist við að sýna á vettvangi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008, sbr. kafla 19.3.[599] [600]
2. Rannsóknarnefnd Alþingis telur jafnframt, að því virtu sem fram kemur í kafla 21.5.4.4,[601] að viðskiptaráðherra hafi fyrir sitt leyti borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða með tillögu til annarra ráðherra, að unnin væri heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna hættu á fjármálaáfalli. Þrátt fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri sjálfseignarstofnun féll sjóðurinn og innstæðutryggingar undir málefnasvið viðskiptaráðherra og nauð-

---

[591] Sama heimild, bls. 314–315.
[592] Sama heimild, bls. 315.
[593] Sama heimild, bls. 315–316.
[594] Sama heimild, bls. 315.
[595] Sama heimild, bls. 295–300.
[596] Sama heimild, bls. 309–312.
[597] Sama heimild, bls. 300–302.
[598] Sama heimild, bls. 304–309.
[599] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 78–237.
[600] Rannsóknarnefnd Alþings 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 315.
[601] Sama heimild, bls. 300–304.

synlegt var að taka afstöðu til þess hvernig sjóðurinn gæti staðið við hina lögbundnu lágmarksgreiðsluskyldu sína og hvort og þá hver ætti að vera aðkoma íslenska ríkisins að því að gera sjóðnum það kleift. Einnig verði að telja að ráðherrum hafi borið að byggja yfirlýsingar um stuðning við bankana á traustum grundvelli.[602]

3. Þá er það mat rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. kafla 21.5.4.6,[603] að viðskiptaráðherra hafi fyrir sitt leyti haft fullt tilefni til þess annars vegar frá fyrstu mánuðum ársins 2008 að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag og hins vegar a.m.k. frá sumrinu 2008 að leita leiða í krafti embættis síns til þess að stuðla að framgangi sama máls með virkri aðkomu ríkisvaldsins. Engin merki eru um frekari viðleitni hans til að fylgja málinu eftir eftir fund með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008.[604]
4. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að viðskiptaráðherra hafi í aðdraganda bankahrunsins ekki gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi við það sem tilefni var til samkvæmt framangreindu og telur að með því athafnaleysi sínu hafi hann látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.[605]

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins.[606]

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.[607] Rannsóknarnefnd Alþingis vísar til kafla 8.6.5.5[608] og 16.5.9[609] um það hvernig hún hefur talið sérstaka ástæðu til að gera athugasemdir við það hvernig staðið hefur verið að því hjá Fjármálaeftirlitinu að koma málum í formlegan farveg þegar í ljós hefur komið að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans. Þá telur nefndin það athyglisvert hvernig Fjármálaeftirlitið hefur brugðist við ágreiningi milli stofnunarinnar og eftirlitsskyldra aðila um túlkun reglna um stórar áhættur. Rannsóknarnefndin telur að ganga verði almennt út frá því að samkvæmt þeim lögum sem Fjármálaeftirlitið starfar eftir beri því að setja mál samhliða eða fljótlega í lögformlegan farveg til að tryggja að hægt sé að fylgja því eftir með þvingunarúrræðum og eftir atvikum viðurlögum ef tilmælum um úrbætur er ekki sinnt.

Það er mat rannsóknarnefndarinnar að annmarkar hafi verið á málsmeðferð, úrlausn og eftirfylgni margra mála hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. kafla 8.6.5.5.[610] Sýndi Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, þannig af sér athafnaleysi gagnvart því verkefni að koma nægilega traustu skipulagi á daglega starfsemi stofnunarinnar. Verður þetta athafnaleysi talið honum til vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, enda var það á hans ábyrgð

---

602 Sama heimild, bls. 316–316.
603 Sama heimild, bls. 309–312.
604 Sama heimild, bls. 316.
605 Sama heimild, bls. 316.
606 Sama heimild, bls. 316–318.
607 Sbr. 5. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
608 Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 2, bls. 127–131.
609 Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 5, bls. 119–121.
610 Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 2, bls. 127–131.

að annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráða til hennar starfsfólk.[611]

Bankastjórn Seðlabanka Íslands.[612]

Bankastjórn Seðlabanka Íslands var á árinu 2008 skipuð þremur bankastjórum og fór með ábyrgð á rekstri bankans og ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki voru falin öðrum.[613] Í umfjöllun rannsóknarnefndarinnar er fjallað í einu lagi um bankastjórnina og það hvort henni hafi orðið á mistök eða hún sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Viðbrögð bankastjórnar Seðlabanka Íslands í tilefni af erindi Landsbanka Íslands í ágúst 2008 um aðstoð við flutning Icesave-innlánsreikninga úr útibúi yfir í dótturfélag.[614]

Rannsóknarnefnd Alþingis telur ekki ástæðu til athugasemda við þá afstöðu Seðlabankans að fylgja ekki eftir hugmynd Landsbankans að fyrirgreiðslu, sbr. kafla 18.2.5,[615] sem hefði verið mjög áhættusöm fyrir Seðlabankann auk þess sem hæpið var að hefði samrýmst lagareglum um starfsemi Seðlabanka Íslands og upplýsingaskyldu. Hins vegar var beiðnin og fyrirliggjandi upplýsingar þess eðlis að brýnt var að íslensk stjórnvöld gripu þegar til viðeigandi ráðstafana. Með tilliti til þess hlutverks Seðlabankans að varðveita fjármálastöðugleika og sem lánveitanda íslensku bankanna til þrautavara leggur nefndin mat á hvort telja beri háttsemi bankastjórnarinnar til vanrækslu. Fær nefndin ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að Seðlabankinn hafi gert sérstakar ráðstafanir til að kanna gæði útlána Landsbankans eða hvað væri hæft í hinni meintu afstöðu breska fjármálaeftirlitsins, FSA, til útlánanna auk þess sem töluverður dráttur varð á afgreiðslu málsins. Rannsóknarnefndin telur í ljósi þeirra upplýsinga sem fram voru komnar innan Seðlabankans í ágúst 2008 um alvarlega stöðu Landsbankans og afstöðu FSA í málefnum bankans að nauðsynlegt hafi verið að gerðar yrðu viðhlítandi ráðstafanir af hálfu bankastjórnar Seðlabankans. Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að meta verði athafnaleysi Davíðs Oddssonar, Eiríks Guðnasonar og Ingimundar Friðrikssonar svo að þeir hafi látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og grípa til viðhlítandi ráðstafana og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Afgreiðsla bankastjórnar Seðlabanka Íslands á erindi Glitnis banka hf. í september 2008.[616]

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að engin formskilyrði séu sett í lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, varðandi beiðni um lán til þrautavara. Telur nefndin að beiðnin hafi verið erindi sem bankastjórninni bar að taka afstöðu til. Rannsóknarnefndin telur að líta verði svo á að ákvörðun Seðlabankans hafi falið í sér meðferð opinbers valds sem lúti reglum um

---

[611] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 317.

[612] Sama heimild, bls. 318–325.

[613] Sbr. þágildandi lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

[614] Sama heimild. bls. 319–321.

[615] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 6, bls. 40–56.

[616] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 321–325.

stjórnvaldsákvarðanir. Á bankanum hvíldi því sú skylda að leggja forsvaranlegan, málefnalegan og lögmætan grundvöll að afgreiðslu á beiðni Glitnis, óháð því hvort skrifleg greinargerð frá Glitni lá fyrir. Nefndin telur ljóst að töluvert hafi skort á yfirsýn yfir stöðu Glitnis og leggur áherslu á að mál höfðu þróast hratt til verri vegar vikurnar á undan varðandi mat á eignum bankanna. Nefndin fær þannig ekki séð að Seðlabankinn hafi haft forsendur til að meta hvort sú leið sem mælt var með við ríkisstjórnina væri forsvaranleg. Seðlabankinn virðist ekki hafa talið sér heimilt að gera kröfu um aðgang að gögnum og upplýsingum hjá Glitni. Rannsóknarefndin fellst ekki á þetta og telur Seðlabankann ekki hafa nýtt sér þau lagaúrræði sem honum voru búin til að leysa málið á viðhlítandi hátt. Nefndin telur því að viðhlítandi grundvöllur hafi ekki verið lagður að þeirri ákvörðun að hafna umsókn Glitnis um lán og mæla með því við ríkisstjórnina að kaupa 75% hlut í bankanum. Að mati rannsóknarnefndarinnar verður því að telja það til vanrækslu af hálfu bankastjórnar Seðlabanka Íslands í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að hafa ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni og gert reka að því á grundvelli 1. mgr. 29. gr. laga nr. 36/2001 að á vegum Seðlabankans væri milliliðalaust aflað nánari upplýsinga um stöðu Glitnis og lánabók hans, svo og upplýsinga um önnur atriði sem gátu haft þýðingu við mat á því hvort forsvaranlegt væri að veita bankanum þrautavaralán. Rannsóknarnefndin telur að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 með því að fara ekki að reglum stjórnsýslulaga varðandi tilkynningu á þeirri niðurstöðu sinni að verða ekki við erindinu.[617]

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur fjallar um hugtökin mistök og vanrækslu á grundvelli laga nr. 142/2008 og þann skilning sem hún leggur í þau. Í niðurstöðum sem hér fara á eftir er byggt á sama skilningi.[618]

Afstaða þingmannanna Atla Gíslasonar, Birgittu Jónsdóttur, Eyglóar Harðardóttur, Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur og Sigurðar Inga Jóhannsonar.

Ráðherrar.

Þingmennirnir taka undir niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis þess efnis að Geir H. Haarde, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Forstjóri FME og seðlabankastjórar.

Þingmennirnir taka undir niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis um að seðlabankastjórar og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Afstaða þingmannanna Magnúsar Orra Schram og Oddnýjar G. Harðardóttur.

Þingmennirnir taka undir niðurstöður rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti en því að þeir telja að við mat á vanrækslu skv. 1. mgr. 1. gr. laga 142/2008 og þeim ramma sem rann-

---

[617] Sama heimild, bls. 321–325.

[618] Sjá nánar kafla 21.5.2 í Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 7, bls. 286–288.

sóknarnefndin setti matinu, verði annars vegar að taka tillit til þeirrar verkstjórnar og raunverulegrar verkaskiptingar sem var viðhöfð innan ríkisstjórnarinnar og hins vegar þeirra takmörkuðu upplýsinga sem fyrrverandi viðskiptaráðherra bjó yfir. Því er ekki hægt að fullyrða að athafnir eða athafnaleysi viðskiptaráðherra í aðdraganda bankahrunsins falli undir hugtakið vanræksla í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, þrátt fyrir að segja megi að formlegt verksvið hans og þær upplýsingar sem hann þó bjó yfir hefðu mátt gefa tilefni til frekari viðbragða af hans hálfu.

Afstaða þingmannanna Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og Unnar Brár Konráðsdóttur.

Þingmennirnir Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir taka fram að rannsóknarnefnd Alþingis fjallar um hugtökin mistök og vanrækslu á grundvelli laga nr. 142/2008 og þann skilning sem hún leggur í þau. Rannsóknarnefndin telur að ráðherrarnir Geir H. Haarde, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen , bankastjórn Seðlabanka Íslands og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt af sér vanrækslu samkvæmt þeim lögum og stendur það mat rannsóknarnefndarinnar sjálfstætt. Framantaldir nefndarmenn telja ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um mat rannsóknarnefndarinnar á mistökum og vanrækslu einstaklinga í skilningi laga nr. 142/2008, enda fellur það utan verksviðs þingmannanefndarinnar. Í nefndaráliti um frumvarp til breytinga á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, segir: *Hlutverk þingmannanefndarinnar verður væntanlega að fylgja eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar varðandi breytingar á lögum og reglum. Þá mun hún væntanlega fjalla um hvaða lærdóm er hægt að draga af efnahagsáföllunum og eftir atvikum móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það fellur undir hlutverk þingsins [undirstrikun þingmannanna].*[619]

Þingmannanefndinni hefur, skv. 6. mgr. 15. gr. laganna um rannsóknarnefndina, sérstaklega verið falið að móta afstöðu til hugsanlegrar ábyrgðar í málinu á grundvelli laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Það fellur utan verksviðs nefndarinnar að fjalla um mögulega ábyrgð annarra en þeirra sem ráðherraábyrgðarlögin taka til. Þingmannanefndin sendi settum saksóknara bréf til að taka af öll tvímæli um að nefndin hygðist ekki fjalla sérstaklega um ábyrgð annarra en ráðherranna. Niðurstaða setts saksóknara var að umfjöllunarefni og ályktanir rannsóknarnefndarinnar gefi að svo stöddu ekki tilefni til að efna til sakamálarannsóknar á hendur seðlabankastjórunum eða forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

22. kafli. Tilkynningar á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008.[620]

Í kaflanum er greint frá því að skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 142/2008 tilkynni rannsóknarnefnd Alþingis ríkissaksóknara ef grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað. Ríkissaksóknari taki síðan ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála. Rannsóknarnefndin greinir frá því að hún hafi vakið athygli ríkissaksóknara á ákveðnum atriðum sem tengjast eftirfarandi málefnum:

Stjórnir og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækja sem rannsókn nefndarinnar tók til.[621]

---

[619] Nefndarálit allsherjarnefndar um 286. mál á 138. löggjafarþingi, þskj. 521.
[620] Sama heimild, bls. 327–335.
[621] Sama heimild, bls. 328–329.

Fjármögnun bankanna.[622]
Útlán íslensku bankanna.[623]
Hvatakerfi bankanna.[624]
Veltubókarviðskipti stóru bankanna þriggja með eigin bréf.[625]
Gjaldeyrisviðskipti.[626]
Löggiltir endurskoðendur þeirra fjármálafyrirtækja sem rannsóknin tók til.[627]
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir.[628]

23. kafli. Athugasemdabréf skv. 13. gr. laga nr. 142/2008.[629]

Í kaflanum gerir rannsóknarnefnd Alþingis grein fyrir því að hún hafi lögum samkvæmt sent 12 einstaklingum bréf og gert þeim grein fyrir tilteknum atriðum, athöfnum eða athafnaleysi, sem hún hefði til athugunar að fjalla um í skýrslu sinni á þeim grundvelli hvort um mistök eða vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 hefði verið að ræða af þeirra hálfu. Viðkomandi var gefinn kostur á að skila inn skriflegum athugasemdum sínum áður en nefndin tæki endanlega afstöðu til álitaefnisins.

Allir einstaklingarnir svöruðu bréfi rannsóknarnefndar Alþingis og lýstu því viðhorfi sínu að ekki hefði verið um mistök eða vanrækslu af þeirra hálfu að ræða í skilningi tilvitnaðrar lagagreinar. Í bréfunum kom einnig fram sú afstaða að það hefði verið á ábyrgð annarra stofnana og ráðherra eða embættismanna að fara með tiltekin verkefni og sinna eftirliti með viðfangsefninu af hálfu ríkisins, auk þess sem sum bréfanna geymdu aðra afstöðu til málsatvika en áður hafði komið fram við skýrslutöku.

4.8 Áttunda bindi skýrslunnar. – Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008.

Inngangur.[630]

Í 3. mgr. 1. gr. laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða kemur fram að rannsaka skuli sérstaklega hvort skýringar á falli íslensku bankanna megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Bar forsætisnefnd Alþingis að skipa þriggja manna vinnuhóp einstaklinga sem hefðu háskólamenntun í heimspeki eða samfélagsfræðum til að fjalla um þennan þátt rannsóknarinnar í samráði við rannsóknarnefndina. Í vinnuhópinn voru skipuð Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki, sem var formaður hópsins, Salvör Nordal, heimspekingur og forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

---

622 Sama heimild, bls. 329–330.
623 Sama heimild, bls. 330–331
624 Sama heimild, bls. 331–332.
625 Sama heimild, bls. 332.
626 Sama heimild, bls. 332.
627 Sama heimild, bls. 332–334.
628 Sama heimild, bls. 334–335.
629 Sama heimild, bls. 337–338.
630 Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8, bls. 7–11.

Í skipunarbréfum þeirra kom fram að athugunin ætti ekki að einskorðast við starfshætti og siðferði á fjármálamarkaði heldur kynnu önnur svið samfélagsins einnig að koma til skoðunar.

Áttunda bindi skýrslunnar er afrakstur þessarar rannsóknar. Bindið er ríflega 300 síður og skiptist í þrjá meginkafla og tvo viðauka. Fyrsti kaflinn ber yfirskriftina *Siðferði fjármálalífsins og starfshættir banka*.[631] Þar er sjónum beint að siðferði og vinnubrögðum í viðskiptalífinu og þá einkum bankanna fram að hruni. Annar kaflinn ber titilinn *Stjórnsýsla, stjórnsiðir, stjórnmál*.[632] Í honum er fjallað um framgöngu ýmissa handhafa ríkisvalds á þensluskeiðinu á fyrsta áratug 21. aldar og í aðdraganda hrunsins. Þar er enn fremur bent á ýmsa almenna veikleika í starfsháttum og viðhorfum innan stjórnsýslunnar og stjórnmála hér á landi sem áttu að mati vinnuhópsins þátt í því að ríkisvaldinu varð um megn að takast á við þann vanda sem fólst í ofvexti bankakerfisins. Þriðji kaflinn ber heitið *Samfélagið*.[633] Þar er leitast við að varpa ljósi á þá samfélagssýn sem varð ríkjandi meðal áhrifamanna hér á landi og lagði grunn að vexti bankanna og úrræðaleysi ríkisvaldsins við að gæta almannahagsmuna í aðdraganda hrunsins. Hugað er að tengslum fjármálalífsins við fjölmiðla og háskóla og áhrifum þeirra á umræðuna um þróun viðskiptalífsins. Enn fremur er þar tekið til skoðunar hvort samfélagið beri að einhverju leyti sameiginlega ábyrgð á því sem gerðist.

Fyrri viðaukinn í þessu bindi er niðurstaða rannsóknar sem vinnuhópurinn óskaði eftir að Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti gerði á umfjöllun fjölmiðla um íslensk fjármálafyrirtæki á árunum 2006 til 2008.[634] Höfundar viðaukans eru Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. Þar er mat lagt á efnistök fjölmiðlamanna í umfjöllun þeirra um fjármálafyrirtækin. Síðari viðaukinn er skýrsla sem ber heitið *Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi. Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði.*[635] Höfundur skýrslunnar er Hulda Þórisdóttir, sálfræðingur og lektor í stjórnmálafræði. Þar er í ljósi kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði lagt mat á hvort ýmis séreinkenni íslensks samfélags kunni að hafa haft áhrif á að efnahagur landsins hrundi.

Í inngangi að framangreindri umfjöllun er vikið að aðferðafræði vinnuhópsins og skilgreiningu á siðferði sem er leiðarstef rannsóknarinnar. Þar kemur fram að siðferði sé í grófum dráttum ofið úr fjórum meginþáttum: 1) *Verðmætum og gildismati*. 2) *Dygðum og löstum einstaklinga*. 3) *Siðareglum*. 4) *Skyldum og ábyrgð sem varða siðferði eins og það tengist stöðu manns eða hlutverki*.[636]

Í lok inngangsins er almennt vikið að viðhorfum samfélagsins til siðferðislegrar hugsunar. Þar segir: „Siðferðisleg hugsun hefur átt erfitt uppdráttar m.a. vegna þess að ákveðið viðmiðunarleysi hefur verið ríkjandi um ágæti markmiða og vantrú á rökræðu um þau. Slík afstaða býr í haginn fyrir að sérhagsmunir þrífist á kostnað almannahagsmuna en það er eitt megineinkenni á því hugarfari sem ríkti hérlendis í aðdraganda bankahrunsins.“[637]

---

631 Sama heimild, bls. 11–116.
632 Sama heimild, bls. 116–184.
633 Sama heimild, bls. 185–241.
634 Sama heimild, bls. 245–272.
635 Sama heimild, bls. 273–301.
636 Sjá nánar sömu heimild, bls. 9–10.
637 Sama heimild, bls. 10.

I. Siðferði fjármálalífsins og starfshættir banka.[638]
Einkavæðing, ábyrgð eigenda og stjórnenda.[639]

Í upphafi þessa kafla er vakin athygli á því að bankastarfsemi gengur í einfaldri mynd út á að taka við peningum gegn því að greiða innlánsvexti fyrir og veita þeim aftur út í hagkerfið í formi útlána og fá greidda útlánsvexti. Mikilvægasti tekjuþáttur bankastarfsemi er því vaxtamunurinn. Þó að ákveðin áhætta sé fólgin í þessari starfsemi er hún nauðsynleg í hverju nútímasamfélagi. Þess vegna er almennt lögð áhersla á að utanaðkomandi aðilar komi bönkum til aðstoðar verði þeir fyrir áhlaupi sparifjáreigenda. Seðlabankar gegna þessu hlutverki og geta gripið inn í og veitt lán „til þrautavara“ ef til áhlaups kemur. Þessi staðreynd hvetur aftur á móti til aukinnar áhættu í rekstri banka. Ef vel gengur njóta stjórnendur og eigendur hagnaðarins en þeir geta reiknað með að bankinn verði gripinn í fallinu ef illa fer. Með því er áhættunni varpað yfir á almenning í landinu.[640]

Til að bregðast við þessu eru bönkum settar reglur sem eiga að tryggja heilbrigða starfshætti þeirra. Fjármálafyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og því hlutverki fylgja margvíslegar skyldur sem miða að því að bankar veiti nauðsynlega þjónustu með langtímahagsmuni samfélagsins í huga. Rekstur fjármálastofnana, einkum kerfislægra mikilvægra banka, er því ekki einkamál þeirra sem að honum standa.

Þar sem hefðbundin bankastarfsemi miðlar fjármagni þykir eftirsóknarvert að komast til áhrifa þar. Þá skapast hætta á að eigendum sé hyglað á kostnað annarra eða að bankar séu notaðir í vafasömum viðskiptum. Þess vegna er í alþjóðlegum viðmiðum um fjármálafyrirtæki lögð áhersla á að eigendur og stjórnendur hafi ekki aðeins nauðsynlega þekkingu á starfseminni heldur að þeir hafi til að bera sterka dómgreind og séu kunnir að heiðarleika.[641]

Á síðasta áratug 20. aldar voru í Bandaríkjunum afnumin lagaákvæði sem mæltu fyrir um aðgreiningu fjárfestingarbanka og hefðbundinnar viðskiptabankastarfsemi og telur vinnuhópurinn að breytingin hafi haft mikil áhrif hér á landi. Fjárfestingarbankar eru mun áhættusæknari en hefðbundnir viðskiptabankar. Hefðbundin bankastarfsemi vék nánast til hliðar fyrir fjárfestingarstarfsemi.

Einkavæðing og nýir eigendur.[642]

Í skýrslu vinnuhópsins er fjallað um einkavæðingu bankakerfisins hér á landi sem hófst á síðari hluta tíunda áratugarins. Tekið er fram að í upphafi einkavæðingarinnar hafi verið lögð áhersla á að vandað væri til verka og vitnað til ummæla forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, í riti framkvæmdanefndar um einkavæðingu og Samtaka verðbréfafyrirtækja, um setningu verklagsreglna sem áttu að tryggja vönduð vinnubrögð.

Framvindu einkavæðingarinnar er lýst í skýrslu vinnuhópsins en nánari grein er gerð fyrir henni í 1. bindi skýrslunnar. Komist er að þeirri niðurstöðu um sölu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins árið 1998, Landsbankans árið 2002 og Búnaðarbankans árið 2003 að þrátt fyrir að ríkir almannahagsmunir hafi verið í húfi hafi söluferlið verið ógagnsætt sem hafi vakið tortryggni um pólitísk helmingaskipti stjórnarflokkanna. Þá telur vinnuhópurinn að víða hafi verið vikið frá eðlilegum starfsháttum auk þess sem gagnrýnt hafi verið að báðir bankarnir

---

638 Sama heimild, bls. 11–116.
639 Sama heimild, bls. 11–48.
640 Sama heimild, bls. 12–13.
641 Sama heimild, bls. 13.
642 Sama heimild, bls. 16–31.

hafi verið einkavæddir samtímis með hraði þar sem kosningar hafi verið í nánd. Aðkoma erlends banka með mikilvæga reynslu og þekkingu á alþjóðlegu umhverfi hefði verið æskileg en í staðinn eignuðust íslenskir kaupsýslumenn þá sem höfðu litla reynslu og þekkingu á alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Að auki áttu eigendurnir eftir að verða fyrirferðarmiklir í íslensku atvinnulífi og beita bönkunum óspart í eigin fjármálagjörningum. Mat á hæfi eigendanna er talið hafa einkennst af sérstakri „lagahyggju“ af hálfu Fjármálaeftirlitsins þar sem forðast var að leggja mat á matskennd atriði eins og áhersla er lögð á að gert sé samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum. Í mati sínu hafi Fjármálaeftirlitið þó lagt áherslu á að starfshættir yrðu með þeim hætti að nýir eigendur nytu ekki óeðlilegrar fyrirgreiðslu í eigin bönkum og settar verklagsreglur sem miðuðu að því að tryggja fjarlægð þeirra frá starfseminni. Áhersla var lögð á að eignarhaldið yrði gagnsætt og reynt að koma í veg fyrir flækjur.[643]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[644]

- *„Einkavæðing ríkisbankanna á sínum tíma sýnir mikilvægi þess að verklagsreglur séu skýrar með áherslu á vönduð vinnubrögð og gegnsæi. Þetta er ekki síst brýnt þegar um er að ræða samfélagslega mikilvæg fyrirtæki eins og bankana. Að öðrum kosti er hætt við að tortryggni ríki um ferlið og komið sé í veg fyrir að sátt ríki um ákvörðunina.“*
- *„Lærdómar fjármálakreppa annars staðar í heiminum sýna ótvírætt að miklu skiptir hverjir komast til áhrifa innan fjármálafyrirtækja. Af þessu leiðir að mat á eigendum stórra eignarhluta skiptir höfuðmáli. Vönduð umræða þarf að eiga sér stað um eignarhald á fyrirtækjum eins og bönkum, hve dreift eignarhaldið eigi að vera og hverjir séu í raun hæfir til að eiga fjármálafyrirtæki. Slíkt á sérstaklega við um þau fjármálafyrirtæki sem eru skilgreind sem kerfislega mikilvæg þar sem almannahagsmunir eru ríkir.“*
- *„Tryggja þarf að óháð mat fari fram á mögulegum eigendum og að ferlið sé gegnsætt.“*

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[645]

- *„Þegar eigendur fjármálafyrirtækja eru verulega stórir er hætta á að þeim sé hyglað innan fyrirtækjanna á kostnað minni eigenda, eins og dæmin sanna. Ganga þarf stíft eftir því að stærstu eigendur njóti ekki sérstöðu í formi taumlausra lánveitinga.“*
- *„Efla þarf umræðu um ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtækjum, ekki síst fjármálafyrirtækjum, og tryggja þarf að þar sitji aðilar sem hafi nauðsynlega sérþekkingu á viðfangsefnum fyrirtækisins og sterka dómgreind.“*
- *„Efla þarf eftirlit með stjórnum fyrirtækja og meðal annars fylgja því eftir að reglur um góða starfshætti séu hafðar í heiðri í störfum stjórna.“*

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[646]

- *„Tryggja þarf að þeir sem stjórna fyrirtækjum á borð við banka hafi til að bera nauðsynlega þekkingu og reynslu og séu sér meðvitaðir um siðferðilega ábyrgð sína ekki aðeins gagnvart eigendum heldur samfélaginu öllu.“*

---

643 Sama heimild, bls. 17–31.
644 Sama heimild, bls. 31.
645 Sama heimild, bls. 41.
646 Sama heimild, bls. 47–48.

– *„Setja þarf almennar reglur um hvatalaun til lykilstjórnenda fyrirtækja á markaði, þar sem umfram allt er byggt á langtímahagsmunum fyrirtækisins og þar með hagsmunum samfélagsins.“*
– *„Aukið eftirlit þarf að vera með samskiptum eigenda og stjórnenda fjármálafyrirtækja í því skyni að tryggja sjálfstæði stjórnendanna, einkum gagnvart stórum eigendum.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Innri starfshættir og eftirlit fagmanna.[647]

Hér beinir vinnuhópurinn sjónum sínum að innri starfsháttum bankanna og þeim sem áttu að vera bankaráðum til ráðgjafar eða tryggja góða starfshætti þar, svo sem ytri endurskoðendum. Almennt er vikið að því hvað felist í fagmennsku og bent á siðferðislegar skyldur fagmanna gagnvart skjólstæðingum eða vinnuveitanda, sem og þriðja aðila. Fagmaður beri þó ekki síður ábyrgð gagnvart samfélaginu í heild sem reiðir sig á að hann ræki skyldur sínar af trúmennsku. Fagmennska sé loforð um að nýta sérþekkingu sína og færni í þágu skjólstæðings og samfélagsins alls. Í staðinn er fagmönnum gefið ákveðið svigrúm til að rækja skyldur sínar eins og þeir meta best í hverju verkefni. Þess vegna fylgir góður fagmaður ekki bara lágmarksreglum starfsins heldur lýtur jafnframt siðalögmálum á borð við heiðarleika, sanngirni og trúmennsku.[648]

Vakin er athygli á umræðu um margvíslegan vanda í starfsumhverfi endurskoðenda og matsfyrirtækja sem getur verið ógn við sjálfstæði þeirra. Þar er vísað til hlutverks þeirra sem ráðgjafa og eftirlitsaðila með rekstri fyrirtækja sem fyrirtækin greiða fyrir, enn fremur samþjöppunar meðal endurskoðunarfyrirtækja og vaxandi áherslu þeirra á ráðgjafarþjónustu. Þetta skapi hættu á að fagmennskan gefi eftir og endurskoðendur og aðrir fagmenn missi sjónar á samfélagslegu hlutverki sínu.[649]

Í skýrslu vinnuhópsins er komist að þeirri niðurstöðu að regluverðir og aðrir starfsmenn sem áttu að vinna við innra eftirlit bankanna hafi ekki notið mikils stuðnings hvorki meðal stjórnenda né annarra starfsmanna. Ekki hafi verið mikill vilji til að fylgja ítarlegum reglu-handbókum. Þetta endurspegli veikar innri stoðir starfseminnar sem veki furðu í jafn stórum fyrirtækjum sem að auki störfuðu á alþjóðlegum vettvangi. Athygli er vakin á þætti Fjármálaeftirlitsins sem að mati vinnuhópsins fylgdist ekki nægilega með innra eftirliti bankanna eða studdi við bakið á því.

Vinnuhópurinn telur að í bönkunum hafi verið litið á lög og starfsreglur sem hindranir sem eigi að reyna að sniðganga frekar en sem leiðbeiningar um vandaða starfshætti. Vinnuhópurinn leggur áherslu á að reglur mæli almennt aðeins fyrir um lágmarkskröfur og sem slíkar geti þær ekki tryggt bestu viðmið um heilbrigða starfshætti. Þá reyni fremur á siðferðislega dómgreind sem á að vera sjálfsagður hluti af faglegum metnaði. Er þetta talið vera til marks um ákveðna „lagahyggju“ þar sem lagabókstafnum er fylgt án þess að taka tillits til „anda laganna“. Jafnvel sé ekki gengið nógu langt með því að segja að slík lagahyggja hafi verið ráðandi því fjöldi dæma sé um að reynt hafi verið að komast fram hjá lögunum.[650]

---

[647] Sama heimild, bls. 48–58.
[648] Sama heimild, bls. 48.
[649] Sama heimild, bls. 49–51.
[650] Sama heimild, bls. 51–58.

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[651]

- *„Styrkja þarf umgjörð faglegra eftirlitsaðila, s.s. endurskoðenda, til að tryggja sjálfstæði þeirra og fagmennsku í starfi.“*
- *„Styrkja þarf starf eftirlitsaðila innan bankanna, s.s. regluvarða og innri endurskoðenda, og efla faglega umræðu meðal þeirra.“*
- *„Efla þarf vitund almennra starfsmanna fjármálafyrirtækja um gildandi reglur sem tryggja eiga góða starfshætti. Þetta má gera með námskeiðum og öflugri umræðu innan fyrirtækjanna um þessi efni. Einnig þarf að setja siðareglur um meðferð gjafa og annarra samskipta milli starfsmanna og viðskiptamanna fjármálafyrirtækja.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Samfélagsleg ábyrgð: Viðskiptavinir, lífeyrissjóðir og lúxuslífið.[652]

Almennir viðskiptavinir, viðskiptalífið og samfélagið.[653]

Hér er sjónum beint að ábyrgð og skyldum fjármálafyrirtækja gagnvart almennum viðskiptavinum, viðskiptalífinu og samfélaginu í heild. Bent er á að bankastarfsemi byggist á trausti og í trausti felist væntingar okkar til annarra. Bankarnir hefðu notið víðtæks trausts viðskiptavina og þeir notið þess áfram þó að nýir tímar gengju í garð og gjörbreyttir siðir.[654]

Meðal nýmæla í starfsemi bankanna var vaxandi sölumennska á ýmsum „vörum“ sem var í höndum þjónustufulltrúa sem fengu sölubónus fyrir hverja selda „vöru“. Á sama tíma litu margir viðskiptavinir á þjónustufulltrúann sem velgjörðamann sem þeir gátu treyst. Í skýrslu vinnuhópsins er komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptavinir hafi í sumum tilvikum verið blekktir í viðskiptum en erfitt hafi verið fyrir almenning að átta sig á starfsháttunum.[655]

Sérstök athygli er vakin á starfsemi verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í þessu sambandi. Bent er á að bankarnir hafi beint fjárfestingum viðskiptavina sinna markvisst í fjárfestingarsjóði en við það jókst áhætta sparifjáreigenda. Eftir því sem harðnaði á dalnum jókst áhættusækni sjóðanna og þegar komið var fram á árið 2008 voru fjárfestingar þeirra nánast eingöngu í íslenskum fjármálafyrirtækjum, eigendum þeirra og tengdum eignarhaldsfélögum.

Enn fremur er bent á auknar lánveitingar bankanna til almennings og þann greiða aðgang sem almenningur hafði að lánsfé. Kemst vinnuhópurinn að því að verulega hafi slaknað á kröfum og bankarnir hafi ekki sýnt nægilega gætni í lánveitingum.

Bent er á að fjármálafyrirtækin hafi leikið aðalhlutverkið við umbreytingu viðskiptalífsins þar sem fyrirtækjum var umvörpum breytt í fjárfestingarfélög. Efnahagsreikningur þeirra hafi síðan verið stækkaður svo að hægt væri að taka meiri lán. Viðskiptalífið hafi því orðið sífellt skuldugara og það hafi orðið fjölmörgum blómlegum fyrirtækjum að fjörtjóni.

Almennt kemst vinnuhópurinn að þeirri niðurstöðu að sjónarmið skammtímahagnaðar hafi ráðið ferðinni en ekki ábyrgð gagnvart samfélaginu. Allar leiðir til hagnaðar hafi verið nýttar til fulls og eftirlitið staðið að mestu leyti aðgerðarlaust hjá. Þá hafi starfsemi bankanna orðið áhættusamari eftir því sem nær dró hruninu og áhættan færst sífellt nær almenningi. Að þessu

---

[651] Sama heimild, bls. 58.
[652] Sama heimild, bls. 58–85.
[653] Sama heimild, bls. 58–67.
[654] Sama heimild, bls. 58–59.
[655] Sama heimild, bls. 59–62.

leyti hafi bankarnir brugðist þeirri samfélagslegu ábyrgð sem spretti beint af starfsemi þeirra og eftir sitji margir viðskiptamenn með sárt ennið.[656]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[657]

– *„Starfræksla verðbréfa- og fjárfestingarsjóða þarf að vera með þeim hætti að hún tryggi umfram allt hagsmuni almennings. Þetta er m.a. gert með öflugu eftirlit og gegnsæi í starfrækslu sjóðanna.“*
– *„Setja þarf bónusgreiðslum til starfsmanna fjármálafyrirtækja viðmið sem miðast við langstímahagsmuni viðskiptavinar og banka og ganga á eftir því að farið sé eftir vönduðum starfsreglum í samskiptum við almenna viðskiptamenn.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Lífeyrissjóðirnir.[658]

Í skýrslu vinnuhópsins er bent á að lífeyrissjóðirnir séu langmikilvægasta uppspretta sparnaðar á Íslandi. Eignir sjóðanna hafi aukist jafnt og þétt og verið orðnar 1.697 milljarðar króna árið 2007. Forsvarsmönnum þeirra sé treyst til að gæta lífeyris almennings og gera verði til þeirra sambærilegar kröfur og annarra sem gæta almannahagsmuna. Á sama tíma séu lífeyrissjóðirnir langtímafjárfestar og mjög eftirsóknarverðir fyrir fyrirtæki landsins. Af þessum sökum þurfi starfshættir lífeyrissjóðanna að vera hafnir yfir allan vafa þannig að komið verði í veg fyrir hagsmunaárekstra eða að einum sé hyglað fram yfir annan.

Í skýrslunni er farið almennt yfir starfshætti lífeyrissjóðanna með tilliti til gjafa og boðsferða. Fjallað er um fjárfestingarstefnu þeirra og bent á að umræða hafi verið um hvort seta fulltrúa atvinnulífisins í stjórnum lífeyrissjóða geti skapað hagsmunaárekstra og of mikla þjónkun við viðskiptalífið.[659]

Komist er að þeirri niðurstöðu að sárlega skorti skýrar reglur hjá lífeyrissjóðunum um starfshætti, boðsferðir og gjafir. Séu slíkar reglur til þess fallnar að auðvelda fólki að standast freistingar og þrýsting utan frá og auka trúverðugleika gagnvart almenningi. Bent er á að hafin sé vinna á vegum lífeyrissjóðanna við gerð siðareglna. Tekið er fram að mikil umsvif lífeyrissjóðanna veki spurningar um hvort og þá hvernig þeir eigi að beita sér í íslensku viðskiptalífi. Er talið að þeir hafi að mörgu leyti verið vanbúnir að bregðast við þeim gífurlegu breytingum sem urðu á íslensku viðskiptalífi á síðustu tíu árum. Þrátt fyrir fjárhagslegan styrk sinn virðast þeir hafa verið hart leiknir í því ástandi sem skapaðist. Umhverfið hafi verið drifið áfram af skammtímahagsmunum sem sé langtímafjárfestum eins og lífeyrissjóðum andsnúið. Þá hafi það verið vandi þeirra sem stórs fjárfestis að hlutabréfamarkaðurinn var mjög grunnur hér á landi. Í slíku umhverfi geti verið vandkvæðum bundið að losa eignir án þess að eiga á hættu að verð lækki sem aftur getur haft áhrif á afkomu lífeyrissjóðanna. Bent er á að margt sé enn óljóst um stöðu lífeyrissjóðanna og starfshætti og að málefni

---

656 Sama heimild, bls. 67.
657 Sama heimild, bls. 67.
658 Sama heimild, bls. 68–77.
659 Sama heimild, bls. 70–75.

þeirra kalli á sérstaka rannsókn og greiningu sem ekki var unnt að gera af rannsóknarnefnd Alþingis.[660]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[661]

- *„Standa verður vörð um sjálfstæði lífeyrissjóðanna svo þeir geti sem best sinnt því meginhlutverki sínu að ávaxta lífeyri landsmanna. Dæmi eru um að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna hafi átt í vök að verjast gagnvart þrýstingi fyrirtækja, einkum þar sem margir félagar þeirra voru við störf. Huga þarf að því hvernig hægt er að verja stjórnarmenn gegn slíkum þrýstingi.“*
- *„Vönduð umræða þarf að fara fram um fjárfestingarstefnu sjóðanna í framtíðinni í ljósi þess taps sem þeir standa frammi fyrir, þar sem m.a. verði rætt um að hve miklu leyti þeir fjárfesti erlendis og hér á landi og hvernig þeir þjóna almannahagsmunum sem best.“*[662]
- *„Setja þarf siðareglur um starfsemi lífeyrissjóðanna þar sem tekið er á samskiptum starfsmanna við fyrirtæki.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Samfélagsleg ábyrgð og lúxuslífið.[663]

Í þessum kafla er tekið fram að bankarnir hafi verið stórtækir í stuðningi sínum við íslenskt samfélag og menningu, ekki síst íþróttir. Þessir styrkir hafi verið mjög til þess fallnir að styrkja ímynd fyrirtækjanna. Þá er vikið að óhóflegum boðs- og veiðiferðum bankanna og „munaðarlífi“ auðmannanna sem þeir reyndust í mörgum tilvikum ekki borgunarmenn fyrir. Er talið að það lýsi siðferði óhófs, flottræfilsháttar og drambs sem gangi þvert á þau gildi sem lengstum einkenndu íslenskt samfélag á 20. öld.

Vinnuhópurinn dregur þá ályktun að bankarnir hafi breitt úr sér á uppgangstíma þeirra og umturnað ekki aðeins íslensku viðskiptalífi heldur samfélaginu öllu. Miklum fjármunum hafi verið útdeilt undir merkjum samfélagslegrar ábyrgðar sem oftar en ekki tengdist beint markaðssetningu bankanna. Talið er að í umræðu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sé hins vegar mikilvægast að huga að beinni ábyrgð viðskiptalífsins og að stjórnendur þeirra geri sér grein fyrir því siðferðislega samspili sem fyrirtæki eiga við samfélagið. Mikilvægast sé að þau geti ekki skotið sér undan ábyrgð á eigin starfsemi og þeirri áhættu sem henni fylgir, í stað þess að gera kröfu um að þau skipti sér af málefnum sem snúa ekki beint að þeirra rekstri.[664]

---

660 Sama heimild, bls. 76–77.
661 Sama heimild, bls. 77.
662 Sama heimild, bls. 77.
663 Sama heimild, bls. 77–85.
664 Sama heimild, bls. 79–85.

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[665]

- *„Þrátt fyrir að ekki sé dregið úr mikilvægi þátttöku fyrirtækja í samfélagslegum verkefnum er mikilvægt að almenningur sé meðvitaður um muninn á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og fjárútlátum sem einkum er ætlað að styrkja ímynd fyrirtækjanna.“*
- *„Íhuga þarf alvarlega að setja fyrirtækjum viðmið um það hve mikla fjármuni þau geta veitt í formi styrkja og gjafa til viðskiptavina og ótengdra aðila. Mikilvægt er að gegnsæi ríki um slíka styrki.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Stefnumótun og samskipti. Smæð í alþjóðlegu samhengi.[666]

Í þessum kafla er fjallað um þá stefnumótun sem bjó að baki starfsemi bankanna og hún skoðuð í samhengi við alþjóðlegt fjármálalíf og smæð hins íslenska samfélags. Farið er yfir ýmsar upplýsingar sem varpa ljósi á sjálfsmynd þeirra sem stjórnuðu bönkunum og stóðu að „útrásinni“. Þá er vikið að hugmyndinni um að Ísland yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð og áhersluna á vöxt bankanna sem oft birtist í grimmri samkeppni þeirra innbyrðis í útlöndum. Minnt er á að íslensku bankarnir hafi starfað í alþjóðlegu umhverfi og tekið mið af starfsháttum sem tíðkuðust víða um lönd. Hins vegar virðist hafa gleymst að þeir komu frá örríki sem hafði lítinn raunverulegan styrk til að standa með þeim þegar gefa fór á bátinn. Ekki virðist hafa verið jarðvegur fyrir umræðu um stærð bankanna og möguleika á flutningi þeirra úr landi. Þá er fjallað almennt um samskipti manna á leiksviði fjármálalífsins og innbyrðis tengsl þeirra.

Vinnuhópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að uppsveiflan í samfélaginu á tímum góðærisins hafi ekki aðeins blásið upp efnahagskerfið heldur einnig oflæti hér á landi. Ýmsir töldu að þeim væru allir vegir færir og þeir væru miklu stærri og sterkari en raunin var. Íslensk fjármálafyrirtæki færðust allt of mikið í fang, einbeittu sér að því að vaxa ógurlega í stað þess að muna að menning er að gera hlutina vel. Það gleymdist að styrkja innviðina og vinna úr þeim verkefnum sem menn höfðu tekið sér fyrir hendur. Þegar syrti í álinn haustið 2008 tók sundurlyndi, vantraust og ringulreið völdin sem gerði samhæfðar aðgerðir ómögulegar.[667]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[668]

- *„Íslendingar þurfa að gera sér grein fyrir stöðu þjóðarinnar í alþjóðlegu samfélagi og hvaða mörk fámennið setur þeim.“*
- *„Fámenni getur verið bæði styrkleiki og veikleiki. Stuttar boðleiðir geta bæði verið kostur en einnig bitnað á faglegum vinnubrögðum þegar boðleiðir eru óformlegar.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

---

[665] Sama heimild, bls. 85.
[666] Sama heimild, bls. 86–110.
[667] Sama heimild, bls. 86–109.
[668] Sama heimild, bls. 110.

Hrunadans.[669]

Fjallað er um viðbrögð stjórnenda bankanna eftir að óveðursskýin tóku að hrannast upp í fjármálaheiminum sumarið 2007. Bent er á að lítil merki hafi þá verið um það í efnahagslífinu að draga þyrfti saman seglin enda almenn neysla þá í hámarki og bankarnir buðu í lúxusferðir. Árið 2008 hafi verið farið að hrikta alvarlega í fjármálastoðunum og vaxandi óþols farið að gæta meðal innherja og starfsmanna bankanna og þeir hafi viljað losa um eigur sínar í þeim. Á sama tíma voru peningamarkaðssjóðir auglýstir sem örugg fjárfesting þó að eignasamsetning þeirra breyttist. Sparifé landsmanna var á þann hátt nýtt til að halda fyrirtækjum með lífsmarki. Helsta uppspretta fjármagns þegar hér var komið sögu voru innlán Landsbanka og Kaupþings erlendis.

Vinnuhópurinn dregur þá ályktun að eftir því sem nær hafi dregið bankahruninu hafi áhættan í auknum mæli verið færð heim til Íslands og þaðan yfir á almenning. Bankarnir hafi brugðist við öllum merkjum um veikleika með því að setja upp pótemkíntjöld til að draga athyglina frá þeim erfiðleikum sem að steðjuðu. Stjórnendum virðist hafa verið fullljóst þegar leið á árið 2007 að verulega hefði sigið á ógæfuhliðina og lítið þyrfti til að kerfið hryndi til grunna. Við tók hrunadans sem stóð þangað til Lehman-bankinn féll í Bandaríkjunum og allt traust hvarf á fjármálamörkuðum. Enginn var fær um, eða hafði kjark til, að grípa í taumana fyrr. Bent er á að hugsanlega hafi enginn viljað bera ábyrgð á því að fella svo brothætt kerfi og hafi því ómeðvitað beðið eftir að höggið kæmi að utan.[670]

Helstu niðurstöður umræðunnar um starfshætti bankanna.

Í kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður vinnuhópsins um starfshætti bankanna fram að hruni þeirra haustið 2008. Bent er á að skammtímahagsmunir stærstu eigenda hafi vegið þyngra en langtímahagsmunir fyrirtækjanna og samfélagsins. Litið hafi verið á siðareglur sem hindrun í stað þess að þær efldu vitund um heilbrigða viðskiptahætti. Vöxtur fyrirtækjanna hafi verið án fyrirhyggju og einkennst af oflæti og óhófi. Bent er á að þó að eiginhagsmunir séu mikilvægur drifkraftur í viðskiptalífinu sé voðinn vís ef þeir missa tengsl við samfélagslega ábyrgð og verða með öllu taumlausir.[671]

II. Stjórnsýsla, stjórnsiðir, stjórnmál.[672]

Starfshættir og sjálfstæði eftirlitsstofnana.[673]

Vinnuhópurinn fjallar um mikilvægi öflugs ytra eftirlits á vegum stjórnvalda með fjármálastofnunum. Er því haldið fram að svo að bankar þrífist þurfi þeir sterkt ríkisvald sem bakhjarl. Tryggingakerfi innlána eykur áhættusækni og því verði eftirlitsstofnanir að vera grimmir varðhundar almannahagsmuna andspænis sérhagsmunum fjármagnsaflanna. Þá sé það fjárfestum í hag að eftirlitsstofnanirnar séu öflugar því að það sé vísbending um gæði fjármálakerfisins.

Spurt er hvort þær opinberu stofnanir sem áttu að annast eftirlitið hér á landi hafi verið nægilega sjálfstæðar gagnvart fjármálastofnunum. Tekið er fram að skilyrðum sjálfstæðis megi lýsa út frá persónulegum þáttum, svo sem hugrekki til að sinna ströngu eftirliti og færni

---

669 Sama heimild, bls.111–116.
670 Sama heimild, bls. 111–115.
671 Sama heimild, bls. 115–116.
672 Sama heimild, bls. 116–184.
673 Sama heimild, bls. 116–132.

til að greina stöðu bankanna. Þeim megi líka lýsa út frá stofnanabundnum þáttum og starfsskilyrðum, svo sem valdheimildum, mannafla og fjárhag. Eigi eftirlitsstofnun að geta rækt hlutverk sitt þurfi hvort tveggja að vera til staðar.[674]

Fjallað er almennt um starfshætti og viðhorf hjá Fjármálaeftirlitinu til eftirlitshlutverksins og því velt upp hvort smæð samfélagsins og kunningjatengsl hafi torveldað það. Bent er á dæmi vegna innlánsstarfsemi Landsbankans í Hollandi[675] sem og vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi.[676] Vísbendingar eru tíundaðar um að Fjármálaeftirlitið hafi nálgast viðfangsefni sitt út frá þröngri lagahyggju. Enn fremur vísar vinnuhópurinn til tilvika þar sem fyrirsvarsmenn eftirlitsstofnana lýstu yfir trausti á íslensku bönkunum.

Vinnuhópurinn telur að aðgerðir Seðlabanka Íslands til að fá Landsbankann til að færa Icesave-innlánsreikningana yfir í dótturfélag hafi verið ómarkvissar og óformlegar. Svo virðist sem menn hafi ekki treyst sér til að beita sér af hörku í málinu og litið svo á að Seðlabankinn hefði ekki beinar heimildir til þess. Vinnuhópurinn telur það ekki rétt þar sem hægt hefði verið að hóta bindiskyldu. Enn fremur er vikið að samstarfi eftirlitsaðila sem virðist hafa einkennst af stirðu upplýsingaflæði og áhyggjum af valdmörkum.[677]

Vinnuhópurinn dregur þá almennu ályktun að bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi brugðist meginhlutverkum sínum í aðdraganda bankahrunsins. Eftirliti með einstökum fjármálastofnunum hafi verið verulega áfátt og ekki hafi tekist að tryggja fjármálastöðugleika í íslensku efnahagskerfi. Eftirlitsstofnanirnar sýndu ekki nægilegt sjálfstæði gagnvart stóru íslensku viðskiptabönkunum og nýttu sér ekki valdheimildar sínar sem skyldi. Á því séu bæði persónulegar, hugmyndafræðilegar og stofnanabundnar skýringar. Ekki hafi verið vænlegt að líta á bankana sem samherja í baráttunni gegn slæmum viðskiptaháttum. Lagahyggja var áberandi bæði í starfi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans þar sem heildarsýn skorti. Þá er talið að fyrirgreiðsla Seðlabankans við viðskiptabankana þegar líða fór á árið 2008, án þess að ganga úr skugga um greiðslugetu þeirra og hversu traust veð þeirra væru, verði að teljast óábyrg meðferð almannafjármuna. Stofnanirnar hafi fengið villandi upplýsingar frá bönkunum en hafi ekki gengið nægilega úr skugga um trúverðugleika þeirra. Bankarnir hafi verið látnir njóta vafans en hagsmunir almennings fyrir borð bornir.[678]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[679]

- *„Styrkja þarf faglega innviði, upplýsingakerfi og lagaheimildir Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sem geri þeim betur kleift að rækja skyldur sínar og gæta almannahagsmuna.“*
- *„Fjármálastofnunum verði aldrei aftur leyft að vaxa umfram getu eftirlitsstofnana til þess að sinna skyldum sínum með raunhæfum hætti. Stærð fjármálastofnana þarf að taka mið af smæð þjóðarinnar.“*
- *„Sporna þarf gegn aukinni lagahyggju meðal þeirra fagstétta sem starfa í eftirlitsstofnunum með bættri menntun þeirra og starfsþjálfun.“*

---

[674] Sama heimild, bls. 118–119.
[675] Sjá nánar sömu heimild, bls. 123–126.
[676] Sjá nánar sömu heimild, bls. 124.
[677] Sama heimild, bls. 119–129.
[678] Sama heimild, bls. 131.
[679] Sama heimild, bls. 131–132.

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Stjórnsýslan.[680]

Í þessum kafla bendir vinnuhópurinn á að skilvirkni, hagkvæmni og heiðarleiki í stjórnsýslunni varði hagsmuni almennings. Höfuðviðfangsefni opinberrar stjórnsýslu sé að skapa borgurunum skilyrði til þess að lifa farsælu lífi. Þau skilyrði varði bæði réttarríkið, sem á tryggja borgurunum jafnræði og sanngirni, og velferðarríkið sem er ætlað að tryggja öryggi og afkomu borgaranna. Bent er á að stjórnsýslan starfi í mikilli nálægð við hið pólitíska vald. Sú nálægð geti skapað hagsmunaárekstra og spillingu. Smæð samfélagsins skapi ákveðnar forsendur fyrir fyrirgreiðslupólitík. Þessu sé unnt að mæta með setningu siðareglna í opinberri stjórnsýslu. Þeim sé ætlað að skerpa siðferðilega fagvitund starfsmanna, skýra meginskyldur þeirra gagnvart almenningi og auka sjálfstæði þeirra gagnvart stjórnmálamönnum. Bent er á að innra aðhald sé óaðskiljanlegur þáttur í réttnefndri fagmennsku í opinberri stjórnsýslu.

Í þessu samhengi fjallar vinnuhópurinn sérstaklega um starf samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Telur vinnuhópurinn að í störfum samráðshópsins megi greina ákveðin stef sem sýni alvarlega veikleika í íslenskri stjórnsýslu og óvandaða stjórnsiði í aðdraganda bankahrunsins. Þessi stef eru eftirfarandi: *1) Frumkvæðisleysi og áhersla á ábyrgð annarra. 2) Sjálfstæði eða ofríki embættismanna gagnvart stjórnmálamönnum. 3) Slæm áhrif pólitískra ráðninga. 4) Skortur á faglegum vinnubrögðum. 5) Ósjálfstæði gagnvart fjármálalífinu og ótti við að valda áfalli. 6) Pólitísk lömunarveiki.*[681]

Vinnuhópurinn dregur þær ályktanir að margvíslegir brestir í stjórnsýslunni hafi orðið til þess að vinna samráðsnefndarinnar skilaði sáralitlum árangri. Ráðherrar virðast hafa verið illa upplýstir um gang mála og þeir báru sig heldur ekki eftir upplýsingum. Fyrir vikið sinntu ráðherrar heldur ekki upplýsingaskyldu sinni gagnvart þinginu. Telur vinnuhópurinn að sú skylda hvíli á ráðherrum að afla upplýsinga hjá embættismönnum og þeir geti ekki skýlt sér bak við vanþekkingu. Í krafti stöðu sinnar eða hlutverks beri þeir höfuðábyrgð á að gæta öðru fremur almannahagsmuna sem leiðtogar landstjórnarinnar. Þá hafi vantraust milli einstaklinga í stjórnkerfinu truflað upplýsingaflæði og mikið skort á eðlileg samskipti milli ráðherra. Verulega hafi skort á að gengið væri úr skugga um stöðu mála og að mikilvægar ákvarðanir væru vel undirbúnar og rökstuddar. Illa hafi verið haldið utan um fundargögn og skráningu atburða. Stjórnmálamenn og embættismenn hafi staðið sem lamaðir frammi fyrir bankakerfi sem leyft var að vaxa langt umfram getu stjórnvalda til að ráða við það. Kjarkleysi og skortur á frumkvæði einkenna viðbrögð þeirra. Telur vinnuhópurinn að þó að þetta megi skýra með slæmri embættisfærslu og vanþroskuðum stjórnsiðum hljóti oddvitar stjórnarflokkanna, helstu fagráðherrar og ráðuneytisstjórar þeirra að bera mesta ábyrgð á því hvernig haldið var á málum í stjórnkerfinu.[682]

---

[680] Sama heimild, bls.132–152.

[681] Nánari umfjöllun um einstök stef má finna í kafla II.2 8. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, nánar tiltekið bls. 139–151.

[682] Sama heimild, bls. 151–152.

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[683]

- *„Efla þarf fagmennsku og stórbæta vinnubrögð innan stjórnsýslunnar, svo sem með vandaðri gagnafærslu og skýrari boðleiðum milli embættismanna og stjórnmálamanna.“*
- *„Stjórnmálamenn og embættismenn þurfa að setja sér siðareglur sem draga fram og skerpa þá ábyrgð og þær skyldur sem felast í störfum þeirra. Efla þarf þá hugsun meðal stjórnmálamanna að starf þeirra er öðru fremur þjónusta við almennaheill.“*
- *„Takmarka þarf pólitískar ráðningar innan stjórnsýslunnar við aðstoðarmenn ráðherra, eins og kveðið er á um í lögum.“*
- *„Skerpa þarf ákvæði um ráðherraábyrgð, svo sem með því að skýra upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi og ríkisstjórn.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Samskipti stjórnmála og efnahagslífs.[684]

Vinnuhópurinn vekur athygli á því að með alþjóðavæðingu viðskiptalífsins fari stjórnvöld í auknum mæli að líta á hlutverk sitt sem þjónustu við mikilvægar atvinnugreinar frekar en að veita þeim aðhald. Á sama tíma sækist viðskiptalífið æ meir eftir afskiptum af stefnumótun og lagasetningu. Tvenn hagsmunasamtök, Viðskiptaráð og Samtök fjármálafyrirtækja, reyndu eftir mætti að hafa áhrif á lagasetningu um fjármálastarfsemi. Lögðu þau áherslu á að lagaumgjörð viðskiptalífsins væri ekki íþyngjandi, stjórnsýsla væri einföld og að skattar lækkuðu. Bent er á að fín lína geti verið milli þess að búa atvinnugreinum hagstæð skilyrði og þess að þjónusta viðskiptageirann.[685]

Fjallað er um stefnu stjórnvalda varðandi bankana og framkvæmd hennar frá 1999 og fram að hruni bankanna og farið ofan í einstök atriði í því efni. Bent er á að stjórnvöld hafi lítið leitað eftir faglegri úttekt á stöðu fjármálalífsins og bent á niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar árið 2002 í þessu sambandi. Vikið er að viðleitni stjórnmálamanna til að sýna íslensku bönkunum samstöðu út á við með yfirlýsingum um að þeir stæðu vel þó að ekki lægi fyrir vitneskja sem var nauðsynleg til að meta hana. Það er afstaða vinnuhópsins að þrjú atriði einkenni viðbrögð stjórnmálamanna við gagnrýni erlendra aðila á stöðu bankanna.[686] 1) Vísað er til skýrslna hagfræðinga. 2) Gagnrýni er oft rakin til vanþekkingar, óvildar og öfundar. 3) Vandinn er greindur öðru fremur sem ímyndarvandi sem bæta þurfi úr með samstilltu átaki stjórnmálamanna og fulltrúa viðskiptalífsins. Traust virðist því hafa ríkt milli stjórnmálamanna og aðila í fjármálalífinu. Bent er á að það sé ekki hlutverk stjórnvalda að taka sér stöðu með fjármálafyrirtækjum til að telja umheiminum trú um að þau standi vel nema stjórnvöld hafi fyrir því haldbærar upplýsingar og traust rök. Bent er á að þær skýrslur hagfræðinga sem stjórnvöld vöru gjörn á að vísa til hafi verið fjármagnaðar af Viðskiptaráði en gagnlegt hefði verið að hafa sjálfstæða stofnun á borð við Þjóðhagsstofnun til þess að þjóna stjórnmálamönnum á þessum tíma.[687]

---

[683] Sama heimild, bls. 152.
[684] Sama heimild, bls. 152–170.
[685] Sama heimild, bls. 152–153.
[686] Sjá nánar sömu heimild, bls. 160–163.
[687] Sama heimild, bls. 153–164.

Í skýrslunni er enn fremur gerð athugun á styrkjum og fríðindum frá viðskiptabönkunum þremur til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Af þeirri athugun megi ráða að fjölmargir stjórnmálamenn og samtök þeirra hafi þegið styrki frá bönkunum og er enginn stjórnmálaflokkur fyllilega undanskilinn. Það sé alvarlegt mál í lýðræðisríki að almannaþjónar myndi með þessum hætti fjárhagsleg tengsl við fjármálafyrirtæki.[688]

Almennt dregur vinnuhópurinn þær ályktanir að stefnumótun um fjármálakerfið hafi verið lítilfjörleg og einkennst helst af hugmyndum um afnám íþyngjandi eftirlits svo að fjármálastofnanir sæju sér hag í að vera og vaxa hér á landi. Ekki hafi verið brugðist við tillögum sem hefðu gert eftirlitsaðila betur í stakk búna til að setja fjármálafyrirtækjunum mörk. Skortur hafi verið á sjálfstæðri ráðgjafarstofnun um efnahagsmál. Þá hafi helstu ráðamenn sýnt bankamönnum ógagnrýna samstöðu og gengið erinda þeirra víða um lönd. Margir þeirra brugðust illa við erlendri gagnrýni á bankana og féllu í þá gryfju að rekja hana til öfundar eða óvildar eða telja vanda bankanna einkum vera ímyndarvanda. Framganga margra stjórnmálamanna beri vott um skort á fagmennsku og gagnrýnni hugsun. Þá hafi fjölmargir stjórnmálamenn og stjórnmálasamtök þegið styrki frá bönkunum sem hafði ekki hvetjandi áhrif á stjórnmálamenn til að veita þeim aðhald og kynna sér stöðu þeirra betur með almannahag að leiðarljósi.[689]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[690]

- *„Styrkja þarf faglegt bakland stjórnkerfisins til að auðvelda stjórnmálamönnum að sækja sér hlutlæga ráðgjöf og fá áreiðanlegar upplýsingar. Þar með væri jafnframt dregið úr líkum á illa grunduðum ákvörðunum stjórnvalda.“*
- *„Setja þarf skýrar reglur um styrki til stjórnmálamanna og um gegnsæi í bókhaldi stjórnmálaflokka.“*
- *„Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármálalífs og stjórnmála. Ekki er líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins.“*
- *„Stjórnmálaflokkar þurfa að vanda mun betur til stefnumótunar svo kjósendur átti sig betur á þeim valkostum sem þeir standa frammi fyrir.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Hlutur forseta Íslands.[691]

Í þessum kafla er vikið að hlutverki forseta Íslands. Vinnuhópurinn telur að þótt forsetinn greiði almennt fyrir íslensku viðskiptalífi samrýmist það illa hlutverki þjóðhöfðingja að ganga beinlínis erinda tiltekinna fyrirtækja eða einstakra fjárfesta.

Í kaflanum er fjallað um ræður forsetans þar sem hann vék að útrásinni og tengdi við hugarfar og einkenni þjóðarinnar, ferðalög forsetans í þágu útrásarinnar og bréfaskriftir embættisins sem miðuðu að því að greiða götu tiltekinna íslenskra fjármálamanna erlendis. Þá

---

688 Sama heimild, bls. 164–168.
689 Sama heimild, bls. 168.
690 Sama heimild, bls. 170.
691 Sama heimild, bls. 170–178.

er vikið að aðgangi fjármálamanna að forsetanum og opinberum bústað hans til að tryggja ákveðin viðskipti og því velt upp hvort þessi aðgangur hafi verið of greiður.

Vinnuhópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að forseti Íslands hafi gengið hart fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem þar voru fremstir í flokki. Er talið að hann beri ásamt fleirum siðferðislega ábyrgð á því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra. Forsetaembættið hafi verið óspart nýtt í þágu einstakra aðila til að koma á tengslum víða um lönd. Forsetinn hafi beitt sér af krafti við að draga upp fegraða, drambsama og þjóðerniskennda mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi. Þá átti hann þátt í að gera lítið úr þeim röddum sem vöruðu við hættulega miklum umsvifum íslenskra fyrirtækja.[692]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[693]

- *„Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.“*
- *„Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.“*
- *„Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veitti viðskiptalífinu stuðning.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

---

[692] Hinn 14. maí 2010 ritaði formaður þingmannanefndarinnar skrifstofu forseta Íslands bréf þar sem vísað var til gagnrýni forseta á meintar rangfærslur sem kæmu fram í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Taldi formaðurinn rétt að nefndin gæfi forsetaembættinu kost á að senda henni skriflegar athugasemdir við umfjöllun vinnuhóps um siðferði. 6. júní barst þingmannanefndinni athugasemdabréf frá forsetaembættinu. Í bréfinu er gagnrýnt að vinnuhópur um siðferði hafi ekki leitað eftir upplýsingum hjá embættinu og ekki nýtt sér heimildir sem birtar væru á heimasíðu þess. Í kjölfarið var í 16 liðum bent á villur, ónákvæmni, getgátur og óréttmæta gagnrýni er fram kæmi í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Kemur þar m.a. fram að vinnuhópur um siðferði tengi forsetaembætti ranglega við alvarlega sakamálarannsókn, að vinnuhópurinn ályktri ranglega að þorri ferða forseta og bréfaskrifa hafi verið sérstaklega skipulagður í þágu fyrirtækja og einstaklinga, að vinnuhópurinn haldi því ranglega fram að forseti hafi flogið í einkaþotu með áberandi einstaklingum úr viðskiptalífinu, að vinnuhópurinn hafi gefið til kynna að forseti hafi veitt fyrirtækjum og einstaklingum óeðlilega fyrirgreiðslu í opinberum heimsóknum sínum til annarra landa, og að vinnuhópurinn hafi ranglega haldið því fram að forseti hafi þegið boð fyrirtækja og einstaklinga um ferðir á samkomur erlendis auk fleiri athugasemda. 1. maí 2010 barst þingmannanefndinni bréf frá vinnuhópi um siðferði þar sem hópurinn svarar athugasemdum sem fram komu í viðtali við forseta Íslands á Rás 2 Ríkisútvarpsins. Í bréfinu er athugasemdum forsetans svarað á þann veg að vinnuhópurinn hafi ranglega gefið í skyn að forsetinn hafi átt fund með Al Thani er keypt hefði hlutabréf í Kaupþingi banka hf., að við nánari eftirgrennslan hefði komið í ljós að flug einkaþotu sem forsetinn átti að hafa verið farþegi í ásamt áhrifamönnum í viðskiptalífinu hefði fallið niður og að tímasetning ferðar forsetans til Kína hafi verið rangt tilgreind. Auk þess eru í bréfinu rifjuð upp ummæli forsetans um téða ferð í fréttablöðum. Þá áréttar vinnuhópurinn hver hafi verið tilgangur skoðunar bréfa forsetans. Að lokum tekur vinnuhópurinn sérstaklega fram að rangfærslurnar breyti engu um ályktanir sínar og niðurstöður.

[693] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Bindi 8, bls. 178.

Um íslenska stjórnmálamenningu.[694]

Í upphafi þessa kafla er talið að eitt einkenni stjórnmálamenningarinnar hér á landi sé að foringjar eða oddvitar flokkanna leiki lykilhlutverk en hinn almenni þingmaður sé atkvæðalítill. Bent er á að þar sem stjórnsiðir séu slæmir og stjórnkerfið veikt geti sterkir stjórnmálamenn verið varasamir. Í foringjaræði verði hlutur löggjafarþingsins einkum að afgreiða mál sem undirbúin hafa verið í litlum hópi lykilmanna. Þannig gegni þingið formlegu löggjafarhlutverki sínu, en bæði umræðuhlutverkið og eftirlitshlutverkið sé vanrækt.[695]

Vinnuhópurinn telur að íslensk stjórnmál hafi ekki náð að þroskast í samræmi við hugsjón lýðræðisins þar sem þingið er hugsað sem vettvangur rökræðu um almannahagsmuni. Stjórnmálin hafi þvert á móti oft einkennst af kappræðu og átökum þar sem markmiðið er að sigra andstæðinginn og sannfæra áheyrendur. Slík stjórnmál séu nánast dæmd til að þess að vera ófagleg því að niðurstöður ráðast af aflsmun fremur en góðum röksemdum sem byggjast á traustum upplýsingum. Í þessu sambandi er bent á að í aðdraganda bankahrunsins hafi Seðlabankinn haldið fundi með oddvitum stjórnarflokkanna en að þeir hafi hvorki séð ástæðu til að upplýsa ríkisstjórnina um stöðu mála, ekki einu sinni fagráðherra viðskipta, né þingið. Vinnuhópurinn tekur fram að meginverkefnið sé að styrkja stjórnkerfið, leggja rækt við ríkið, svo að það geti gætt betur almannahagsmuna og varist ágangi sérhagsmuna. Styrkur lýðræðisins velti á því að grundvallarinnviðir lýðræðislegs samfélags séu traustir svo að almenningur geti reitt sig á að mál séu faglega unnin, ákvarðanir vel ígrundaðar og öll meðferð almannavaldsins sé hófsöm og sanngjörn.

Í skýrslunni er vikið að þeirri tilhneigingu íslenskra stjórnmálamanna að bregðast við gagnrýni með því að vísa til sakamannareglunnar, sem felur í sér að þeim sé sætt uns sekt er sönnuð, en ekki heiðursmannareglunnar, þar sem ráðamenn taka afleiðingunum af því að stjórnsýsla á þeirra vegum hefur brugðist á einn eða annan hátt með því að segja af sér. Þá er bent á kosti þess ef stjórnmálmenn settu sér siðareglur en með því lýstu þeir því yfir við almenning á hvaða siðferðilegu mælikvarða þeim finnst sanngjarnt að verk þeirra séu metin.

Vinnuhópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að Alþingi hafi ekki náð að rækja eftirlitshlutverk sitt með handhöfum framkvæmdarvaldsins með öflugum hætti. Það er rakið til þess að stjórnarmeirihlutinn á hverjum tíma styður ríkisstjórnina og því er það í raun stjórnarandstaðan ein sem veitir ríkisstjórninni aðhald. Vísað er til ábendinga um að raunhæfasta leiðin til að efla þingið sé að styrkja stjórnarandstöðuna. Þó er talið að meginforsenda þess að aðhaldshlutverkið verði öflugra sé að „hernaðarlist kappræðunnar“ víki fyrir upplýstum skoðanaskiptum og að vettvangur rökræðna verði treystur. Ein leið til þess sé að efla fastanefndir þingsins.

Á það er bent í skýrslunni að takmarkaður pólitískur áhugi hafi verið á því á árunum fyrir hrun að hrinda af stað könnun á valdi í íslensku samfélagi eins og lagt var til á Alþingi.[696]

Meginniðurstöður vinnuhópsins um stjórnmálamenningu hér á landi er að hún sé vanþroskuð og einkennist af miklu valdi ráðherra og oddvita stjórnarflokkanna. Þingið ræki illa umræðuhlutverk sitt. Meginhersla sé lögð á kappræðu á þingi þar sem þekking og rökræður víkja fyrir hernaðarlist og valdaklækjum. Þingið sé líka illa í stakk búið til að rækja eftirlitshlutverk sitt, m.a. vegna ofríkis meiri hlutans og framkvæmdarvaldsins, sem og skorts á faglegu baklandi fyrir þingið. Þá sé skortur á fagmennsku og vantrú á fræðilegum röksemd-

---

[694] Sama heimild, bls. 179–184.
[695] Sama heimild, bls. 179.
[696] Sama heimild, bls. 182–184.

um mein í íslenskum stjórnmálum. Þá hafi andvaraleysi verið ríkjandi gagnvart því í íslensku samfélagi hvernig vald í krafti auðs safnaðist á fárra hendur og ógnaði lýðræðislegum stjórnarháttum.[697]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[698]

- *„Leita þarf leiða til þess að styrkja siðferðisvitund stjórnmálamanna og auka virðingu þeirra fyrir góðum stjórnsiðum. Í því skyni þyrftu þingmenn meðal annars að setja sér siðareglur og skýra þar með fyrir sjálfum sér og almenningi hvernig þeir skilja meginskyldur sínar og ábyrgð.“*
- *„Draga þarf úr ráðherraræði og styrkja eftirlitshlutverk Alþingis.“*
- *„Efla þarf góða rökræðusiði meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa hennar. Í því skyni þyrfti að vinna skipulega að því í skólum landsins að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með þjálfun í málefnalegri rökræðu og skoðanaskiptum.“*
- *„Taka þarf stjórnarskrána til skipulegrar endurskoðunar í því skyni að treysta grundvallarinnviði lýðræðissamfélagsins og skýra betur meginskyldur, ábyrgð og hlutverk valdhafa.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

III. Samfélagið.[699]

Samfélagssýnin.[700]

Í þessum kafla er vikið að megineinkennum þess sem vinnuhópurinn kallar hugmyndafræði afskiptaleysisins og hvernig hún birtist í íslensku samfélagi í aðdraganda bankahrunsins. Þar er vísað til ýmissa ummæla ráðamanna og dregin sú ályktun af þeim að kjarni hugmyndafræðinnar hafi verið að ekki mætti hefta kraft athafnamanna eða þrengja svigrúm þeirra með íþyngjandi regluverki og eftirliti. Í skýrslunni er talið að vöxtur fjármálageirans og veikt aðhald með honum hafi því ekki verið tilviljanakennd yfirsjón heldur rökrétt afleiðing af stjórnarstefnunni.

Vinnuhópurinn vísar enn fremur til þeirra hugmynda sem koma fram í skýrslu Viðskiptaráðs Íslands, „Ísland 2015“, sem unnin var í samvinnu við áhrifafólk í íslensku viðskiptalífi, háskólum og menningarstofnunum og hafði því nokkuð víðfeðmt bakland í samfélaginu. Í henni hafi birst ákveðin samfélagssýn og stefnan verið sett á að Ísland yrði „samkeppnishæfasta land í heimi“. Þar sé lögð áhersla á samdrátt hins opinbera, einkavæðingu ríkisfyrirtækja og stofnana, fækkun ráðuneyta og lækkun skatta. Regluverkið um rekstrarumhverfi fyrirtækja þyrfti að vera einfalt og skilvirk þar sem skilvirkni birtist eiginlega sem skrauthvörf fyrir afskiptaleysi. Vinnuhópurinn fjallar um þær hugmyndir sem voru ofarlega á baugi hjá Viðskiptaráði um frelsi sem birtist öðru fremur í formi afskiptaleysis. Í tengslum við það er bent á mikilvægi siðferðislegrar sjálfsstjórnar og ábyrgðar einstaklingsins og skynsemi hans og þroska til að fara vel með frelsið. Minna hafi farið fyrir umræðu um þessa þætti. Bent er á að reynsluleysi starfsmanna hafi einkennt bankana og óraunhæft hafi verið að ætla

---

697 Sama heimild, bls. 181–183.
698 Sama heimild, bls. 184.
699 Sama heimild, bls. 185–241.
700 Sama heimild, bls. 185–195.

að þar gæti orðið til sterk innri menning sem gæti staðið undir trúverðugu sjálfsprottnu regluverki.[701]

Í skýrslu vinnuhópsins er vísað til þess að í fjármálalífinu hafi einkum verið lögð áhersla á mannkosti eins og kraft og áræðni sem kennd var við djörfung og hugrekki. Eiginlegt hugrekki sé einskonar rotvarnarefni sálarinnar, það verji menn gegn spillingu því að í krafti þess standi þeir óbilgjarnir á því sem er rétt að gera andspænis freistingu, ótta eða hópþrýstingi. Áræðni sem sést ekki fyrir kallist hins vegar fífldirfska sem er löstur og leiðir til ófarnaðar. Þessir eiginleikar verði ekki kostir nema þeir séu virkjaðir í hófi og góðu skyni þar sem hugað er að afleiðingum athafnanna. Vakin er athygli á því að fyrirtækjamenning sem leggur upp úr miklum hraða og örum breytingum einkennist af óskýrum vinnureglum og laði að sér og geti af sér áhættusækna einstaklinga sem eru reiðubúnir að taka skjótar ákvarðanir sem byggjast á litlum upplýsingum. Dygðir og lesti verði að skoða í ljósi þess kerfis sem ala þau af sér. Vandinn liggi fremur í samfélagsgerðinni og mikilvægt sé að móta stjórnkerfi sem lágmarki áhrif breytilegra mannkosta og lasta á afdrif samfélagsins.

Þá er bent á að orðræðan um ímynd Íslands hafi verið mjög fyrirferðarmikil í aðdraganda bankahrunsins. Þar voru hugmyndir um sérstöðu og ágæti Íslendinga áberandi og það átti sinn þátt í því að stór hluti þjóðarinnar varð sleginn eins konar blindu á hættumerkin. Það virðist hafa verið trú margra að hægt væri að breyta veruleikanum með ímyndarvinnu sem endurspeglaðist í möguleikanum á að „tala“ markaðinn bæði upp og niður. Í því samhengi leggur vinnuhópurinn áherslu á það að fræðasamfélagið gæti þess að halda til haga viðmiðunum gagnrýninnar rökræðu sem hindri að fræðin sjálf hafni í viðmiðunarleysi sem geti kynt undir þeim spunaveruleika og valdhugsun sem réð ríkjum í íslensku samfélagi og gerði það að verkum að ímyndarsmíð varð mikilvægari en raunveruleikaskyn.

Vinnuhópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að hugmyndafræði afskiptaleysisins hafi búið í haginn fyrir takmarkalítinn vöxt bankanna og í anda þess hafi verið lögð áhersla á að íþyngja ekki fjármálafyrirtækjum með ströngu eftirliti. Framtakssömum en reynslulitlum einstaklingum í viðskiptalífinu var gefið mikið svigrúm til að nota hæfileika sína sem var lýst fjálglega í ræðu og riti. Þær lýsingar voru til marks um drambsemi sem einkenndi m.a. ímyndarskýrslu á vegum stjórnvalda. Þetta átti sinn þátt í því að ekki var hljómgrunnur fyrir aðvörunarorð í aðdraganda bankahrunsins.[702]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[703]

- *„Sporna þarf gegn hugmyndafræði afskiptaleysisins með raunhæfri fræðslu um takmarkanir markaðarins og mikilvægi öflugs eftirlits með honum.“*
- *„Glæða þarf skilning á hlutverki ríkisstofnana í því að skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf, réttarríki og velferðarsamfélag.“*
- *„Leggja þarf rækt við raunsæja, ábyrga og hófstillta sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem byggist á þekkingu og skilningi á menningu okkar og samfélagi.“*
- *„Þjálfa þarf gagnrýna hugsun og efla læsi borgaranna á hvers kyns áróður og innstæðulausa ímyndarsmíð.“*

---

[701] Sama heimild, bls. 186–191.
[702] Sama heimild, bls. 191–195.
[703] Sama heimild, bls. 195.

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Þáttur fjölmiðla.[704]

Í þessum kafla er bent á að til þess að borgararnir geti ræktað frelsi sitt til að láta að sér kveða í samfélaginu þurfi þeir að hafa greiðan aðgang að góðum upplýsingum um samfélagið. Þar skipta vandaðir fjölmiðlar sköpum. Vakin er athygli á þríþættu hlutverki fjölmiðla, aðhaldshlutverki, upplýsingahlutverki og umræðuhlutverki. Bent er á mikilvægi sjálfstæðra ritstjórna og að eignarhaldið á fjölmiðlum sé gagnsætt, einnig á mikilvægi kjara- og starfsaðbúnaðar fréttamanna og fagvitundar þeirra og fagmennsku. Vakin er athygli á þeirri hættu að blaða- og fréttamenn ástundi ákveðna sjálfsritskoðun en talin er meiri hætta á slíku í smáu samfélagi þar sem fjölmiðlar eru í fárra eigu og atvinnumöguleikar fjölmiðlafólks takmarkaðir. Þá er bent á að í þeim samfélagsbreytingum sem urðu hér á landi hafi valdið sjálft tekið breytingum. Það birtist ekki einungis að ofan með beinum afskiptum heldur einnig í formi umbunar og „aðlöðunar“. Hætt er við að fjölmiðlamenn hafi ekki verið eins viðbúnir þessari birtingarmynd valdsins.

Það er mat vinnuhópsins að lítil viðleitni hafi verið af hálfu fjölmiðlanna að greina gagnrýni erlendra matsfyrirtækja og greiningaraðila með sjálfstæðum hætti. Þá er í skýrslunni fjallað um störf og hlutverk upplýsingafulltrúa fjármálafyrirtækja sem og vanda fjölmiðla við að fá upplýsingar frá fyrirtækjunum. Bent er á að umhverfið fyrir gagnrýna greiningu hafi ekki verið gott og erfitt hafi verið fyrir fámennan hóp blaðamanna að sjá í gegnum þá ímyndarhlið og spuna sem einkenndi upplýsingagjöf frá bönkunum. Þá hafi jarðvegur fyrir gagnrýni á íslenska fjármálakerfið verið hrjóstrugur. Enn fremur er gerð almenn grein fyrir meginniðurstöðum fjölmiðlagreiningar sem Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti við Háskóla Íslands gerði að beiðni vinnuhópsins.

Vinnuhópurinn dregur þær ályktanir af athugun sinni á þætti fjölmiðla í aðdraganda hrunsins að þeir hafi ekki auðsýnt nægilegt sjálfstæði og hafi ekki verið vakandi fyrir hættumerkjum. Sjálfsritskoðun virðist hafa verið útbreidd, m.a. vegna þess hve atvinnutækifæri fjölmiðlamanna eru takmörkuð. Í aðdraganda bankahrunsins áttu fjölmiðlar stóran þátt í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg. Fjölmiðlar eru taldir hafa verið vanbúnir að mæta annarri og vinsamlegri birtingarmynd valdsins. Upplýsingafulltrúar fjármálafyrirtækjanna eru taldir hafa gert sitt til að skekkja myndina fyrir fjölmiðlum og embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum voru ófúsir að tjá sig um viðskiptalífið. Þetta gerði fjölmiðlum erfitt um vik að afla upplýsinga og greina þær. Þá var jarðvegur fyrir gagnrýni ekki frjór.[705]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[706]

- *„Leita verður leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar.“*
- *„Styrkja þarf sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi einkaaðila á fjölmiðlum hófleg mörk. Skylt ætti að vera að upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðla á hverjum tíma svo*

---

[704] Sama heimild, bls. 195–211.
[705] Sama heimild, bls. 195–211.
[706] Sama heimild, bls. 211.

almenningur geti vitað hverjir eigi fjölmiðil og lagt mat á hvort þar sé fylgt fram sjónarmiðum eigenda.“
– *„Efla þarf menntun blaða- og fréttamanna og skapa þeim skilyrði til sérhæfingar í einstökum málaflokkum. Brýnt er að stétt blaða- og fréttamanna efli faglega umræðu og fagvitund meðal félagsmanna.“*
– *„Koma þarf á faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði að tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Háskólasamfélagið.[707]

Í kaflanum er bent á mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði háskólanna gagnvart auknum fjárhagslegum hagsmunum. Vinnuhópurinn athugaði fjárhagsleg tengsl íslenskra háskóla og stóru bankanna á árunum 2003–2008. Niðurstaðan var að háskólarnir hafi fengið umtalsverða styrki frá bönkunum. Þá voru athuguð gögn um verktakagreiðslur til háskólamanna og háskólastofnana á árunum 2004–2008. Á grundvelli þeirra var ekki að sjá að viðskipta- og hagfræðingar í háskólum landsins hefðu þegið verktakagreiðslur frá bönkunum. Þó er tekið fram að þetta þurfi að rannsaka betur.

Þá er vikið almennt að þekkingarfræðilegum og siðfræðilegum kröfum til vísindastarfs og fjallað um kennslu í viðskiptasiðfræði við háskólana.[708] Hugað er að þátttöku háskólamanna í samfélagsumræðunni og talið brýnt að skoða borgaralegar skyldur og félagslega ábyrgð háskólamanna í lýðræðissamfélagi. Vakin er athygli á þeirri hættu að kostun dragi úr hvata háskólamanna til að gagnrýna þá sem leggja til fjármagnið. Þá er bent á að í samfélaginu hafi verið lítil eftirspurn eftir gagnrýnum viðhorfum eða faglegu mati á fjármálalífinu í aðdraganda hrunsins. Að lokum er vikið að heimsókn Roberts Alibers, prófessors emiritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við viðskiptaháskólann í Chicago og einn helsta sérfræðing heims í fjármálakreppu, í júní 2007. Hann hafi varað við ástandinu en það hafi fallið í grýttan jarðveg.[709]

Vinnuhópurinn bendir almennt á það í ályktunarorðum sínum að eftir því sem rannsóknarverkefni eru styrkt meira af einkaaðilum sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta sé hættan á hagsmunaárekstrum í háskólasamfélaginu meiri. Stjórnmálamenn og bankamenn hafi mikið vísað til skýrslna Frederics Mishkins og Tryggva Þórs Herbertssonar og Richards Portes og Friðriks Más Baldurssonar. Talið er að skýrsla Mishkins og Tryggva hafi haft skaðleg áhrif með því að fegra stöðu bankanna á viðkvæmum tíma. Þá er það niðurstaða vinnuhópsins að

---

[707] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Bindi 8, bls. 211–227.

[708] Vikið er sérstaklega að tveimur skýrslum sem háskólamenn á sviði hagfræði sömdu um stöðu fjármálalífsins hér á landi. Annars vegar er vísað til skýrslu Frederics Mishkins, prófessors við Columbia-háskóla, og Tryggva Þórs Herbertssonar, þáverandi forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem unnin var að beiðni Viðskiptaráðs. Hún ber titilinn *Financial Stability in Iceland* og birtist í maí 2006. Hins vegar er vísað til skýrslu Richards Portes, prófessors í alþjóðlegri þjóðhagfræði og alþjóðafjármálum við London Business School, og Friðriks Más Baldurssonar, prófessors í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, sem einnig var unnin að beiðni Viðskiptaráðs. Heiti skýrslunnar er *The Internationalisation of Iceland´s Financial Sector* og kom hún út í nóvember 2007. Sjá sömu heimild, bls. 213–217.

[709] Sama heimild, bls. 213–226.

íslenskt rannsóknarsamfélag hafi ekki tekið siðfræði vísinda og rannsókna nægilega vel til skoðunar. Einnig sé siðfræði vanrækt grein í kennslu í viðskipta- og hagfræði. Hvatakerfi innan háskólanna kann að hafa dregið úr því að háskólamenn sinntu fræðslu fyrir almenning eða tækju þátt í samfélagsumræðu. Háskólamenn hafi ekki ástundað mikla gagnrýni á íslenska bankakerfið í aðdraganda bankahrunsins. Móttökuskilyrði fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi líka verið bágborin og fjölmiðlar oft ekki fylgt eftir þeim athugasemdum sem fræðimenn settu fram um stöðu bankanna. Þá eru dæmi þess að stjórnmálamenn hafi ekki heldur tekið við sér þegar fræðimenn vöktu máls á alvarlegri stöðu bankanna.[710]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[711]

- *„Háskólamenn þurfa að vera á varðbergi gagnvart því að lenda ekki í hagsmunaárekstrum sem leiða þá frá því að þjóna hugsjónum fræðastarfsins. Í því skyni þarf að setja reglur um kostun starfa og rannsóknarverkefna sem draga úr líkum á að hún hafi áhrif á akademískt frelsi og fræðilega hlutlægni.“*
- *„Stjórnvöld þurfa að tryggja starfsskilyrði háskóla svo að þeir verði ekki háðir fyrirtækjum um fjármagn því að það getur grafið undan hlutlægni háskólamanna.“*
- *„Fræðasamfélagið þarf að setja sér samræmdar siðareglur um rannsóknir og fræðimennsku og framfylgja þeim.“*
- *„Efla þarf siðfræðilega menntun fagstétta á sviði viðskipta og hagfræði.“*
- *„Hvetja þarf háskólamenn til að sýna samfélagslega ábyrgð, svo sem með þátttöku í opinberri umræðu um málefni á fræðasviði þeirra.“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Samstaða og samábyrgð.[712]

Í þessum kafla er þeirri spurningu velt upp hvort „við“ séum öll ábyrg á grundvelli félagslegrar samábyrgðar sem hugar að því hvernig einstaklingar og hópar stuðla að því að viðhalda hugsunarhætti, hegðunarmynstri og verðmætamati sem býr í haginn fyrir tiltekna starfsemi. Í þessu sambandi er bent á að í lýðræðisríkjum beri borgararnir ábyrgð á réttilega kjörnum stjórnvöldum. Hins vegar er það forsenda þess að borgararnir geti axlað þessa ábyrgð vel að þeir búi við góð skilyrði til upplýstrar skoðanamyndunar. Á því voru alvarlegir misbrestir. Nánar er fjallað um forsendur þessarar spurningar og talið eðlilegt að horfa fram á veginn frekar en aftur þegar rætt er um sameiginlega ábyrgð þjóðarinnar. Ábyrgð hennar felist því einkum í því að draga víðtæka lærdóma af því sem gerðist, kynna sér staðreyndir málsins og ræða þær málefnalega.

Vinnuhópurinn bendir á að hin mikla einkaneysla og skuldsetning heimilanna hafi haldist í hendur við hugmyndafræði eftirlitsleysisins en þar er hugmyndin um hinn fullvalda neytanda sett í öndvegi. Hins vegar bendi nýlegar rannsóknir til þess að lífsánægja eða lífshamingja fólks hafi ekki aukist í takt við aukna neyslu. Þá víkur vinnuhópurinn að félagslegum umskiptum í íslensku samfélagi á síðari árum sem í skýrslunni er kennd við markaðshyggju. Ný og jákvæð viðhorf gagnvart auðsöfnun og meðferð fjár hafi skotið rótum í samfélaginu.

---

[710] Sama heimild, bls. 226–227.
[711] Sama heimild, bls. 227.
[712] Sama heimild, bls. 227–241.

Enn fremur er vikið að fjárhagslegum stuðningi bankanna við menningarlífið. Er neyslusamfélagið og markaðsvæðing menningarlífsins talin til marks um hve samofinn vöxtur og viðgangur bankanna hafi verið margvíslegum þáttum í íslensku þjóðlífi. Hættan við þessa þróun hafi verið tvíþætt. Annars vegar að ekki séu virt nægilega þau mörk sem þurfa að vera milli viðskiptalífsins og annarra sviða samfélagsins og hins vegar að hún geti stuðlað að andvaraleysi samfélagsins. Kemst vinnuhópurinn að þeirri niðurstöðu að í þessu efni hafi riðlast mörkin milli hins opinbera og einkageirans sem greiddi fyrir því að fjármálamenn fengu óvenjuháan sess í íslensku samfélagi. Í nafni samfélagslegrar ábyrgðar styrktu þeir margvíslega menningarstarfsemi en vanræktu hina réttnefndu og ríku ábyrgð sem felst í því að stefna ekki þjóðinni í hættu með áhættusamri bankastarfsemi.[713]

Lærdómar vinnuhóps um siðferði:[714]

- *„Ef takast á að byggja upp öflugra samfélag þarf öll íslenska þjóðin að draga lærdóma af hruni bankanna og tengdum efnahagsáföllum. Mikilvægt er að leita sátta í samfélaginu, en það mun ekki gerast nema þeir einstaklingar sem mesta ábyrgð bera verði látnir axla hana.“*[715]
- *„Ef einblínt er á sekt einstakra manna er líklegt að við missum bæði sjónar á flóknu samspili einstaklingsathafna við félagslega, menningarlega og efnahagslega þætti og að við förum á mis við þá lærdóma sem draga þarf af svo miklum atburðum.“*
- *„Þjóðin þarf að endurskoða þá neysluhyggju sem hér hefur verið ríkjandi og gerði það að verkum að áfallið varð mörgum fjölskyldum og einstaklingum þungbærara en ef meiri hófsemd væri í lífsmáta.“*
- *„Íslendingar verða að læra að draga skýrari mörk á milli þeirra verkefna sem eðlilegt er að fela opinberum aðilum annars vegar og einkaaðilum hins vegar.“*
- *„Í skólum landsins þarf að styrkja ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu, efla gagnrýna hugsun og vitund þeirra sem borgara í lýðræðissamfélagi (sbr. ákvæði laga um að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi).“*

Um afstöðu þingmannanefndarinnar til framangreindra lærdóma vinnuhóps um siðferði vísast til meginniðurstaðna þingmannanefndarinnar, sbr. kafla 2.5, Siðferði og samfélag.

Viðauki I. Umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006–2008.[716]

Skýrslan er tvíþætt. Í fyrri hlutanum er unnið úr greiningarskýrslum frá fyrirtækinu Creditinfo um nær 18 þúsund fréttir og greinar um fjármálafyrirtækin sem m.a. voru metnar eftir því hvort efnið teldist jákvætt, hlutlaust eða neikvætt fyrir ímynd þeirra. Er það mat skýrsluhöfunda að yfirgnæfandi meiri hluti frétta og greina hafi hvorki verið jákvæður né neikvæður í garð fyrirtækjanna. Í fimmtu hverri umfjöllun kom hins vegar fram afstaða á annan hvorn veginn og var jákvæð afstaða sexfalt algengari en neikvæð. Skýrsluhöfundar segja að sáralitlar vísbendingar hafi komið fram um að eignarhaldstengsl milli fjölmiðla og banka hafi endurspeglast í fréttaflutningi þeirra. Fjölmiðlar fjölluðu ekki meira, eða með jákvæðari hætti, um banka eigenda sinna en aðra banka.

---

[713] Sama heimild, bls. 227–241.
[714] Sama heimild, bls. 241.
[715] Sama heimild, bls. 241.
[716] Sama heimild, bls. 245–272.

Í síðari hluta skýrslunnar var unnið með slembiúrtak með á fjórða þúsund frétta og greina fjölmiðlanna um bankana. Skoðað var hvort efnistök teldust sjálfstæð og vinnubrögð teldust greinandi umfjöllun. Í skýrslunni kemur fram að um það bil 20% tilvika hafi sjálfstæð efnisöflun og greinandi vinnubrögð reynst nokkur eða mikil. Hlutfallið var þó snöggtum hærra í burðar- og útsíðufréttum. Algengustu heimildir sem stuðst var við í fréttum voru viðtöl (oftast við einn viðmælanda) og fréttatilkynningar. Fram kemur í skýrslunni að gæðamatið hafi verið lægst 2006 en farið eftir það smám saman hækkandi. Það hafi þó ekki átt við síðustu vikurnar fyrir hrunið.

Viðauki II. Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi. Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði.[717]

Í skýrslunni er vikið að áhrifum aðstæðna á hegðun manna í ljósi kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði og athugað hvort þær geti varpað ljósi á þætti sem kunna að hafa ýtt undir fall íslensku bankanna. Bent er á að samkvæmt þessum kenningum víkur maðurinn (oft kerfisbundið) frá forsendum fullkominnar skynsemi. Henni sé oft betur lýst sem „fjötraðri“ sem birtist í markmiðadrifinni hugsun, sálfræði upplýsingaúrvinnslu, áhættuhegðun og vanhæfni fólks til að skilja eigin takmarkanir við ákvörðunartöku og mat á áhættu. Leidd eru sannfærandi rök að því að skýra megi framgöngu bankanna og viðbrögð samfélagsins við starfsemi þeirra að mörgu leyti í ljósi þessara kenninga.

4.9 Níunda bindi skýrslunnar.

Í lokabindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er að finna viðauka nr. 2–4 við skýrsluna. Þeir eru sem hér segir:

Viðauki nr. 2. Rannsókn á krosseignatengslum og útlánum bankanna til tengdra aðila.[718]

Um er að ræða rannsókn á krosseignatengslum og útlánum bankanna til tengdra aðila sem unnin er af Margréti V. Bjarnadóttur og Guðmundi Axel Hansen. Þar er farið yfir krosseignatengsl íslenskra fyrirtækja á grundvelli upplýsinga af hlutafjármiðum sem skilað er árlega til ríkisskattstjóra auk lánanefndargagna banka. Sá fyrirvari er gerður við niðurstöðurnar að ekki hafi alltaf verið um fullkomnar upplýsingar að ræða.

Við rannsóknina skoðuðu greinarhöfundar tengsl milli aðila á fjármálamarkaði, nánar tiltekið eignatengsl, fjárhagsleg tengsl, stjórnunartengsl og tengsl vegna skyldleika og mægða.[719] Þá er einnig fjallað um gildandi íslenskar reglur um tengda aðila en þeim er ætlað að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun eða áhættu í fjármálakerfinu, sbr. 18. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007. Telja greinarhöfundar að íslensku reglurnar séu að mörgu leyti matskenndar og því flóknar í framkvæmd. Það sýnir sig í því að mikið ósamræmi var milli bankanna á framkvæmd og skilningi á hugtakinu tengdir aðilar.[720]

---

[717] Sama heimild, bls. 273–301.

[718] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 9, bls. 9.

[719] Sama heimild, bls. 9.

[720] Þingmannanefndin vekur athygli á því að vorið 2010 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með lögum nr. 75/2010. Tóku lögin að einhverju leyti á nokkrum þeirra atriða sem rannsóknarnefndin gerir að umtalsefni í sinni skýrslu en mikilvægt er að ganga

Greinarhöfundarnir þróuðu aðferðafræði til þess að mynda hópa fyrirtækja í ljósi tengsla sem eru á milli þeirra. Þannig var hægt að öðlast yfirsýn yfir tengsl milli fyrirtækja og mæla hversu náin þau eru. Með þær upplýsingar í hendi var hægt að draga ályktanir um þá áhættu sem skapaðist hér þegar lán voru veitt til tengdra aðila, hvort sem um var að ræða tengda aðila samkvæmt skilgreiningu laga eða þess sjálfstæða mælikvarða sem greinarhöfundar sköpuðu.[721]

Með skoðun greinarhöfunda kom fram að hluti viðskiptanetsins á Íslandi var þétt ofinn og af fyrirtækjum með eignir að andvirði 500 millj. kr. eða meira voru eignatengsl flókin og ekki auðvelt að aðgreina ákveðnar viðskiptablokkir.[722] Þá voru hópar fyrirtækja sem tengjast tilteknum einstaklingum oft stórir.[723]

Einnig má sjá, við samanburð á dæmum um tengda aðila samkvæmt niðurstöðum rannsakendanna annars vegar og samkvæmt niðurstöðum og skilgreiningum bankanna hins vegar, að hópar tengdra aðila eru mjög næmir fyrir skilgreiningu á lágmarkseignarhaldi og skilgreiningu á aðalaðila. Þeir eru næmir fyrir áhrifum þess að skilgreina hjón og fjölskyldu sem eina áhættu og hafa aðilar sem tengjast stjórnunarlega mikil áhrif á hópinn.[724]

Í rannsókninni kom skýrt í ljós að útlánaáhætta bankanna fyrir hrun var veruleg vegna lána til tengdra aðila. Þegar útlán til tengdra aðila eru orðin mjög mikil er hætta á að bankinn verði háður lántakandanum. Í niðurstöðukafla III eru tekin dæmi sem sýna að fyrir hrunið hafi útlán til tengdra aðila, miðað við skilgreiningu greinarhöfunda á tengdum aðilum, farið yfir 25% af eiginfjárhlutfalli bankanna en það er lögbundið hámark samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar. Var þó nóg samkvæmt sömu reglum að útlán til tengdra aðila færu yfir 10% af eiginfjárgrunni banka svo það teldist stór áhættuskuldbinding.[725]

Skoðuð voru heildarútlán bankanna til nokkurra hópa tengdra aðila, þ.e. útlán og framvirkir samningar:

- Við 50% lágmarkseignarhald, til að vera skilgreindur í hóp tengdra aðila, eru útlán til Baugs og tengdra félaga yfir 10% af eiginfjárgrunni allra bankanna.[726]
- Við 40% lágmarkseignarhald, til að vera skilgreindur í hóp tengdra aðila, eru heildarútlán allra bankanna til Baugs þegar komin yfir 30% af eiginfjárgrunni og telja höfundar rannsóknarinnar ljóst að „Baugur Group og tengd félög hafi myndað svo stóra áhættu hjá öllum bönkunum að enginn þeirra hafi getað hætt á að Baugur og fyrirtæki honum tengd færu í þrot.“ Svipað er uppi á teningnum varðandi Exista, því „[u]m leið og krafa um lágmarkseignarhald fer niður fyrir 40% eru heildarútlán Glitnis og Kaupþings komin yfir 25% af eiginfjárgrunni þeirra. Exista-hópurinn myndar því mjög stóra áhættu hjá Glitni og Kaupþingi og voru þeir bankar því talsvert undir því komnir að Exista og tengd félög gætu staðið í skilum,“ að mati skýrsluhöfunda.[727]

---

lengra við endurskoðun laganna og taka fullt tillit til allra athugasemda rannsóknarnefndarinnar og horfa til þróunar lagaumbóta á fjármálamarkaði erlendis.

[721] Sama heimild, bls. 9.

[722] Sama heimild, bls. 22–24, sbr. myndir 6 og 7.

[723] Sama heimild, bls. 32.

[724] Sjá nánar niðurstöður í sömu heimild, bls. 34–50.

[725] Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007.

[726] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 9, bls. 53.

[727] Sama heimild, bls. 53–54.

– Við 20% lágmarkseignarhald, til að vera skilgreindur í hóp tengdra aðila, eru útlán Glitnis og Landsbankans til Baugs á milli 60 og 70% af eiginfjárgrunni þeirra. Segja skýrsluhöfundar „að útlánaskuldbindingar Baugs hafi verið orðnar of stórar fyrir allt íslenska bankakerfið,“ og megi leiða að því líkur „að Baugur Group og tengd félög hafi haft tangarhald á þessum bönkum“.[728]
– Við 15% lágmarkseignarhald, til að vera skilgreindur í hóp tengdra aðila, fara heildarútlán Glitnis til Milestone yfir 25% af eiginfjárgrunni og teljast því til stórra áhættuskuldbindinga hjá Glitni banka.[729]

Einnig er í greininni farið yfir arðgreiðslur stóru bankanna þriggja, meðal annars heildararðgreiðslur frá árunum 2003–2008, stærstu einstöku arðgreiðendurna og stærstu einstöku arðþiggjendurna.

Greinarhöfundar koma í skýrslu sinni inn á það áhyggjuefni að eignarhald fjármálafyrirtækja og fyrirtækja almennt verður sífellt flóknara. Því sé nauðsynlegt að þeir sem sjá um framkvæmd reglna um stórar áhættuskuldbindingar og eftirlit með samþjöppun á markaði hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum um eignarhald. Þá fjalla greinarhöfundar um upplýsingakerfi til þess að hafa yfirsýn yfir eignarhald, fjárhagsleg tengsl, stjórnunarleg tengsl og skyldleika.

Grunnur að slíku upplýsingakerfi hefur þegar verið útbúinn af greinarhöfundum og aðlaga mætti kerfið að þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma. Með slíku skilvirku upplýsingakerfi um krosseignatengsl væri hægt að styðja við ákvarðanatöku í bönkum en ekki síður að aðstoða stjórnvöld við að taka upplýstar ákvarðanir um íslenskt efnahagslíf og draga upp raunverulega mynd af tengslum. Það er mat greinarhöfunda að hefði slíkt kerfi verið virkt fyrir bankahrunið hefði það auðveldað stjórnvöldum að átta sig á afleiðingum yfirtöku bankanna.

Þá telja greinarhöfundar mikilvægt að tryggja gæði gagna um eignarhald fyrirtækja sem færu inn í slíkt kerfi auk þess sem því þyrftu að fylgja skýrar verklagsreglur. Einnig telja greinarhöfundar mögulegt að fara fram á að íslensk fyrirtæki greini á skýrari hátt frá eignarhaldi sínu en nú er gert þegar eignarhald tapast erlendis, þ.e. þegar eigendur eru skráðir annaðhvort sem erlend félög eða sem „Gervimaður útlönd“,[730] en það eru þau tilfelli þar sem stærstu glufurnar eru í gögnum um eignarhald.

Nánari umfjöllun má finna í rannsóknargreininni auk þess sem fjallað er ítarlega um stórar áhættuskuldbindingar og útlán íslensku bankanna í 2. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.[731]

---

[728] Sama heimild, bls. 53.
[729] Sama heimild, bls. 54.
[730] Gervimaður útlönd er samheiti yfir lögaðila skráða erlendis sem ekki hafa íslenska kennitölu og eru eignir skráðar m.a. á kennitölurnar 0101306789 sem ber nafnið Gervimaður útlönd í þjóðskrá. Sjá skilgreiningu í sömu heimild, bls. 9–10.
[731] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 2, bls. 81–299.

Niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin telur að frekari breytinga sé þörf á lögum og reglum um fjármálafyrirtæki hvað varðar tengda aðila, þ.e. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2001, og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007.[732]

Þingmannanefndin tekur undir að nauðsynlegt sé að þeir sem sjá um framkvæmd reglna um stórar áhættuskuldbindingar og eftirlit með samþjöppun á markaði hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum um eignarhald.

Þingmannanefndin leggur til að hafin verði vinna við að koma á fót skilvirku upplýsingakerfi um krosseignatengsl þannig að yfirsýn náist yfir eignarhald, fjárhagsleg tengsl, stjórnunarleg tengsl og skyldleika, í samræmi við tillögur í viðauka 2 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þingmannanefndin telur að setja þurfi skýrar reglur um skráningu á eignarhaldi.[733]

Þingmannanefndin leggur einnig til að við þá vinnu verði höfð hliðsjón af markmiðum frumvarps Péturs H. Blöndals og fleiri um gagnsæ hlutafélög, sbr. þskj. 876 á 138. löggjafarþingi.

Fjallað er um niðurstöður og ályktanir þingmannanefndarinnar í meginniðurstöðum skýrslunnar undir kafla um fjármálafyrirtæki og kafla um eftirlitsaðila.[734]

Viðauki nr. 3. Iceland's Failed Banks: A Post-Mortem e. Mark J. Flannery.

Þá er viðauki 3 grein eftir Mark J. Flannery um aðdragandann að falli bankanna ásamt greiningu á stöðu þeirra fyrir fallið. Er í greininni farið yfir vöxt íslensku bankanna og fjallað um þau viðvörunarljós sem voru farin að loga í byrjun árs 2006.

Viðauki nr. 4. Skrá yfir þá sem kvaddir voru fyrir nefndina til skýrslutöku á grundvelli 8. gr. laga nr. 142/2008.

Að lokum er að finna í bindinu skrá yfir þá sem kvaddir voru fyrir nefndina til skýrslutöku á grundvelli 8. gr. laga nr. 142/2008.

---

[732] Þingmannanefndin vekur athygli á því að sumarið 2010 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með lögum nr. 75/2010. Tóku lögin að einhverju leyti á nokkrum þeirra atriða sem rannsóknarnefndin gerir að umtalsefni í sinni skýrslu en mikilvægt er að ganga lengra við endurskoðun laganna og taka fullt tillit til allra athugasemda rannsóknarnefndar Alþingis og horfa til þróunar lagaumbóta á fjármálamarkaði erlendis.

[733] Sama athugasemd.

[734] Sbr. kafla 2.2 og 2.3.

Fylgiskjal I.

Bryndís Hlöðversdóttir:

Greinargerð um hlutverk og starfshætti Alþingis í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

I. Inngangur.

Undirritaðri hefur verið falið það hlutverk að yfirfara skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis með það í huga að kanna hvernig styrkja megi eftirlitshlutverk Alþingis, en erindisbréf mitt dags. 14. maí 2010 hljóðar svo:

ERINDISBRÉF

Bryndísar Hlöðversdóttur vegna vinnu fyrir þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, er þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis innan handar í störfum hennar. Hún skal m.a. kanna hvernig styrkja megi eftirlitshlutverk Alþingis út frá út frá þeim lærdómum sem draga má af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu. Jafnframt skal Bryndís Hlöðversdóttir fara yfir starfshætti Alþingis og gera tillögur að breytingum þar að lútandi út frá því sem fram kemur í skýrslunni. Þingmannanefndinni skal gerð grein fyrir efnistökum fyrir 1. júní nk.

Bryndís Hlöðversdóttir kemur fyrir þingmannanefndina samkvæmt nánara samkomulagi og skilar jafnframt minnisblaði um athugun sína, en í því geta m.a. falist tillögur að stjórnarskrárbreytingum, lagabreytingum sem snerta ríkisvaldið með einhverjum hætti eða breytingum á starfsháttum.

Óskað hefur verið eftir að ég skili stuttri og hnitmiðaðri greinargerð, nokkurs konar gátlista um það sem brýnt er að bregðast við og tengist eftirlitshlutverkinu og starfsháttum Alþingis. Tillögurnar byggja annars vegar á skýrslu nefndar forsætisnefndar um þingeftirlit sem gefin var út í september 2009 en því til viðbótar á atriðum sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) og kunna að gefa tilefni til sérstakrar athugunar. Nú þegar hef ég skilað þingnefndinni greinargerð um það hvernig efnistökum yrði hagað í þessari vinnu og var hún send þingnefndinni í byrjun júní 2010. Byggir sú greinargerð sem hér birtist á þeim efnistökum sem þar er lýst.

II. Yfirferð á ábendingum starfshóps um þingeftirlit.

Í skýrslu vinnuhóps sem forsætisnefnd Alþingis fól að fara yfir lagareglur um þingeftirlit[1] eru lagðar fram fjölmargar tillögur sem hafa það að markmiði að efla eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu. Það er niðurstaða hópsins að víða séu reglur óskýrar og ófullkomnar

[1] Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu (2009). Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga sé þörf. Alþingi. Reykjavík.

og að mikilvægt sé að styrkja lagaumhverfi þingeftirlits verulega. Nú þegar eru sumar þessara tillagna í vinnslu á vettvangi forsætisnefndar Alþingis. Æskilegt er að yfirfara tillögurnar sérstaklega í tengslum við úrvinnslu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, forgangsraða þeim og draga fram þær sem brýnastar eru. Einnig er nauðsynlegt að íhuga hvort skerpa þurfi á einhverjum tillagnanna eða breyta áherslum með tilliti til rannsóknarnefndarskýrslunnar eða reynslunnar af þeirri vinnu sem nú er í gangi á vettvangi þingsins. Skýrsla vinnuhópsins er gefin út áður en rannsóknarnefndin skilaði sinni skýrslu og vera kann að hnökrar hafi komið í ljós við vinnu nefndarinnar og úrvinnslu þingsins á skýrslunni sem kalli á sérstakar breytingar á lögum eða starfsháttum þingsins í tengslum við slík mál. Því er mikilvægt að halda til haga slíkum atriðum þegar þau koma upp og bæta úr þar sem unnt er. Slíkar tillögur geta jafnt miðað að breytingum á stjórnarskrá og lögum eða starfsháttum þingsins og samskiptum þess við framkvæmdarvaldið. Fjölmargar þeirra tillagna sem hópurinn lagði fram eru þegar í vinnslu á vettvangi þingsins. Ef svo er háttað er þess sérstaklega getið í umfjölluninni hér á eftir. Tillögur hópsins og afdrif þeirra verða reifuð hér á eftir.

1. Sett verði ákvæði í stjórnarskrá um hlutverk Alþingis.

Ákvæði um hlutverk þingsins eru á víð og dreif í stjórnarskránni og ákvæði um eftirlitshlutverkið eru óskýr. Með því að setja skýrt ákvæði í stjórnarskrá um helsta hlutverk þingsins mætti skerpa á því hvert eiginlegt hlutverk þingsins er samkvæmt stjórnskipaninni og afmarka betur skilin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en nú er. Samkvæmt stjórnarskrá er hlutverk þingsins í grófum dráttum þríþætt:

- Í fyrsta lagi er Alþingi aðalhandhafi *löggjafarvalds,* setur reglur um réttindi og skyldur borgaranna og ákvarðar leikreglur fyrir stjórnvöld.
- Í öðru lagi hefur Alþingi með höndum *fjárstjórnarvald* ríkisins, en í því felst valdið til að ákvarða með fjárlögum ríkisútgjöld ásamt því að ákvarða um það með hverjum hætti tekjuöflun ríkisins er háttað með skattlagningu.
- Í þriðja lagi hefur Alþingi *eftirlit með störfum ráðherra* og veitir þeim aðhald. Þetta hlutverk byggir á þingræðisreglunni annars vegar og hins vegar á 14. gr. stjórnarskrárinnar, sem felur Alþingi ákæruvald vegna embættisbrota ráðherra. Alþingi er þannig falið að hafa eftirlit með því að ráðherrarnir og stjórnsýslan sem undir þá heyra, starfi í samræmi við stjórnarskrá og lög og þær áherslur sem Alþingi hefur markað.

Í ljósi þess að nú er fyrirhugað að kosið verði til stjórnlagaþings á haustdögum 2010 mæli ég með því að *Alþingi komi þessari hugmynd sem og öðrum hugmyndum sem lúta að breytingum á stjórnarskrá á framfæri við stjórnlagaþing* eftir að það hefur verið kjörið.

2. Lögfestar verði reglur sem skýra rétt þingsins til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslu og ráðherrum.

Æskilegt er að regla sem tryggir upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra komi fram í stjórnarskrá. Því til viðbótar þarf að skýra mun betur en nú er rétt þingsins til upplýsinga frá stjórnsýslu og ráðherrum, en samkvæmt núgildandi lögum er réttur þingsins til að krefjast upplýsinga skýr en ekki skyldan til að afhenda slíkar upplýsingar. Hvorki í stjórnarskrá né almennum lögum er þinginu tryggður almennur réttur til upplýsinga frá stjórnvöldum, þótt almennt hafi verið litið svo á að ráðherra sé skylt að veita svör við fyrirspurnum og skýrslubeiðnum sem samþykktar hafa verið. Þó hefur verið talið að ráðherra eigi nokkurt mat um það með hvaða hætti hann svarar fyrirspurnum frá Alþingi og meðal annars hefur verið talið að ráðherra sé ekki skylt að upplýsa þingið um ýmis atriði sem leynt eiga að fara samkvæmt

reglum um þagnarskyldu. Vinnuhópur forsætisnefndar benti á að óvissa ríkti um það hversu langt upplýsingaréttur þingsins nær og því sé rétt að kveða afdráttarlaust á um sannleiks- og upplýsingaskyldu ráðherra í stjórnarskrá annars vegar og afmarka hana betur í þingsköpum hins vegar. Vinnuhópurinn leggur til í þessu sambandi að:

- Sett verði *regla í stjórnarskrá sem lögfesti sannleiks- og upplýsingaskyldu* ráðherra. Jafnframt verði 54. gr. stjórnarskrárinnar breytt í þá veru að þar verði kveðið á um að ráðherrum sé skylt að svara fyrirspurnum og skýrslubeiðnum alþingismanna. Í dag kveður orðalag ákvæðisins ekki á um slíka skyldu, þótt hana megi leiða af ákvæðum þingskapa.
- Til að skerpa á reglunni og undirstrika þýðingu hennar mætti gera breytingu á lögum um ráðherraábyrgð, þar sem kveðið væri á um að *brot á upplýsingaskyldunni væru refsiverð*.
- *Reglur um rétt þingsins til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni verði skýrðar í þingsköpum.* Við þessari ábendingu vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit (og reyndar fleirum) hefur nú þegar verið brugðist að hluta til í frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum sem lagt var fram á vorþingi 2010 (686. mál, þskj.1433, 138. löggjafarþing).[2] Í 8. gr. frv. er lagt til að bætt verði ákvæði við 27. gr. þingskapa þar sem kveðið er á um að nefnd geti óskað eftir því við ráðherra að hann láti henni í té þær upplýsingar og gögn sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir afgreiðslu nefndarinnar á máli. Jafnframt er lögð sú skylda á ráðherra að verða við slíkri ósk eins skjótt og unnt er og ekki seinna en sjö dögum frá móttöku beiðninnar. Þá er í ákvæðinu lagt til að fjórðungur nefndarmanna geti sett fram slíka beiðni en með því er réttur minni hluta til að krefjast upplýsinga tryggður. Þá er í ákvæðinu lagt til að heimilt sé að leggja fyrir þingnefnd gögn og upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu og skal þingmaður þá gæta þagmælsku um slík gögn og upplýsingar. Ákvæðinu er þannig ætlað að skýra reglur um rétt Alþingis, einkum þingnefnda til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni. Að auki myndu þingnefndir við slíka breytingu eiga ríkari aðgang að gögnum en almenningur á rétt á samkvæmt upplýsingalögum og með þeim hætti er aðhalds- og eftirlitshlutverk fastanefnda þingsins fest í sessi. Einstakir þingmenn geta eftir sem áður leitað afstöðu og skýringa ráðherra með fyrirspurnum og í umræðum um mál á þingfundum.
- *Skýringarregla verði sett í þingsköp sem taki á því að hvaða marki upplýsingar um starfsemi hlutafélaga sem eru að hluta eða fullu í eigu ríkisins, teljist vera opinbert málefni* í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar en stjórnarskráin einskorðar rétt alþingismanna til upplýsinga við málefni sem teljast „opinber“ eða „almenn“. Þetta álitamál, hvort málefni teljist „opinbert“ í skilningi stjórnarskrárinnar hefur orðið tilefni deilna á Alþingi um upplýsingaskyldu ráðherra í slíkum tilvikum og í svörum við fyrirspurnum hefur því almennt verið hafnað að veita umbeðnar upplýsingar á þeim grundvelli að ekki væri um opinbert málefni að ræða. Vinnuhópur forsætisnefndar um þingeftirlit taldi í skýrslu sinni rétt að athuga hvort setja ætti í þingsköp ákvæði sem fjalli um það að hvaða marki starfsemi hlutafélaga sem eru að einhverju eða öllu leyti í eigu ríkisins teljist til opinberra málefna í þessum skilningi. Vinnuhópurinn taldi að þær forsendur sem framangreind túlkun byggði á, hafi þrengt um of að heimildum til að afla upplýsinga um slík fyrirtæki. Vinnuhópurinn taldi þó mikilvægt að hafa í huga að upplýsingagjöf ráðherra

[2] Hér eftir einkennt þskj. 1433.

um fyrirtæki í eigu ríkisins geti skaða viðskiptahagsmuni fyrirtækisins og því sé eðlilegt að taka mið af því við lagabreytinguna. Í 12. gr. áðurnefnds frumvarps til um breytingar á þingsköpum (þskj. 1433) er brugðist við þessum ábendingum vinnuhópsins með því að kveða á um það að nefnd eða meiri hluti hennar geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni, en með opinberu málefni sé átt við sérhvert málefni sem tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meiru í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.

3. Bætt verði við reglur þingskapa um fyrirspurnir eða umræður heimild til að leggja fram tillögu að ályktun.

Þetta er lagt til svo auðvelda megi þinginu að ljúka umfjöllun, t.d. með gagnrýni á ráðherra ef spurningar vakna um framgöngu hans í starfi. Miðað við núgildandi reglur er þetta ekki unnt nema með því að leggja fram tillögu um vantraust á ráðherrann. Í ljósi þess hversu afdrifarík og alvarleg framlagning vantrauststillögu er, þótti vinnuhópi forsætisnefndar skorta vægara úrræði til að koma fram gagnrýni á embættisfærslur ráðherra. Við þessu hefur verið brugðist með frumvarpi til breytinga á þingsköpum (þskj. 1433), en samkvæmt 4. mgr. 14. gr. þess geta þingmenn, í tengslum við almenna umræðu um mál, lagt fram skriflega tillögu til samþykktar um efni þess máls sem til umræðu er. Þannig megi gera almennar umræður um embættisfærslur ráðherra að markvissara aðhaldsúrræði og komið er á úrræði til að beina gagnrýni á ráðherra í mildari farveg en með tillögu um vantraust. Þingmaður sem vill leggja fram slíka tillögu afhendir hana forseta sem les hana og tilkynnir að hún sé til umfjöllunar og afgreiðslu. Er í frumvarpinu fylgt danskri fyrirmynd en með þessari breytingu er unnt að kalla fram formleg viðbrögð Alþingis við málefnum líðandi stundar, ef ástæða er talin til. Er þinginu þannig gert kleift að setja fram gagnrýni á ráðherra án þess að gengið sé svo langt að leggja fram vantraust á hann. Slíkt úrræði gæti einkum gefið stjórnarliðum færi á að koma á framfæri slíkri gagnrýni ef ástæða þykir til, þótt í því felist ekki hið afdrifaríka úrræði að leggja fram eða styðja vantrauststillögu á ráðherrann.

4. Reglur um ytri eftirlitsembætti þingsins, Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis.

Hópurinn fjallaði um ytri eftirlitsembætti þingsins, Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Hópurinn taldi ekki þörf á grundvallarbreytingum á þessu sviði en benti þó á tvö atriði sem íhuga mætti til breytinga:

- *Í reglum um þinglega meðferð á skýrslum Ríkisendurskoðunar* megi fjalla með skýrari hætti um það hvernig fara eigi með skýrslur og greinargerðir sem stofnuninni er óskylt að leggja fyrir Alþingi en eru eftir sem áður sendar þinginu. Einnig lagði hópurinn til að þessar reglur yrðu teknar til almennrar endurskoðunar ef sú leið verður falin að fela einni nefnd þingsins umsjón eftirlitshlutverksins og fela henni að fara yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar. Við seinni hluta þessarar ábendingar hefur verið brugðist með 7. tölul. 1. gr. frv. til laga um breytingar á þingsköpum þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins er falið þetta hlutverk.
- Þá lagði hópurinn til að tekið yrði til skoðunar hvort efni sé til að breyta orðalagi 2. mgr. 12. gr. laga um umboðsmann Alþingis, en í ákvæðinu segir að ef *umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds* getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Samkvæmt ákvæðinu er umboðsmanni þetta heimilt en hópurinn taldi rétt að skoða hvort rétt væri að skylda umboðs-

mann til slíkrar skýrslu ef hann verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds.

5. Sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir.

Vinnuhópurinn lagði til að sett yrðu almenn lög um opinberar rannsóknarnefndir hér á landi og málsmeðferð fyrir þeim, þar sem m.a. væri fjallað um hæfi nefndarmanna, réttarstöðu þeirra sem kallaðir eru fyrir slíkar nefndir, afmörkun umboðs nefndanna o.s.frv. Við þessu hefur nú þegar verið brugðist með drögum að lögum um rannsóknarnefndir sem forsætisnefnd hefur látið vinna. Þá lagði hópurinn á það áherslu að skilvirku ferli verði komið á innan þingsins um undirbúning slíkra ákvarðana og úrvinnslu á skýrslum nefndanna (sjá 6. lið hér á eftir) ásamt því sem hugað verði að því að afnema ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar um rannsóknarnefndir þingmanna. Rökin fyrir þessari tillögu vinnuhópsins eru fyrst og fremst þau að verði tillögur hópsins að veruleika muni athugunum sem framkvæmdar eru af þingmönnum sjálfum beint í gegnum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndina, sem muni með tímanum byggja upp sérhæfða þekkingu á slíkum athugunum. Sé þörf á að kalla eftir frekari athugun á máli, sé eðlilegt að skipa rannsóknarnefnd óháðra einstaklinga utan þings, eins og kveðið er á um í drögum að frumvarpi til laga um rannsóknarnefndir.

6. Reglur um undirbúning og meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra verði skýrðar.

Margsinnis hefur í skrifum fræðimanna verið bent á það hér á landi að löggjöf um rannsókn, ákæru og meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra sé ófullkomin og þurfi endurskoðunar við. Í skýrslu vinnuhópsins forsætisnefndar Alþingis um þingeftirlit er tekið undir þessa gagnrýni að hluta en helstu tillögur hópsins til úrbóta í þessum efnum eru eftirfarandi:

- *Undirbúningur ákvörðunar um viðbrögð þingsins við ásökun um embættisbrot ráðherra sé falinn einni fastanefnd.* Í skýrslu vinnuhópsins er bent á að þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess að vandað sé til undirbúnings ákvarðana um viðbrögð þingsins þegar fram kemur ásökun um embættisbrot ráðherra, er ekki að finna neinar leiðbeiningar um þetta undirbúningshlutverk í stjórnarskrá eða lögum. Reyndar er í 39. gr. stjórnarskrárinnar kveðið á um að þingið geti skipað rannsóknarnefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða og í 14. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að þingið hafi ákæruvald í málum vegna embættisbrota ráðherra. Til að slík ákvörðun sé byggð á faglegum grunni þarf að undirbúa hana vel, þannig að þingið geti á raunhæfum grundvelli tekið ákvörðun um skipan rannsóknarnefndar ef ástæða þykir til, eða um saksókn ef því er að skipta. Vinnuhópur um þingeftirlit lagði til að þetta undirbúningshlutverk verði á höndum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins. Það felst einkum í eftirfarandi:
  - *Frumskoðun.* Í frumvarpi til laga um breytingar á þingsköpum (þskj. 1433) (1. gr.) er lagt til að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis verði komið á fót og hún fái m.a. það hlutverk að hafa frumkvæði að því að kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nefndinni er þannig falið það hlutverk að gera frumskoðun á slíkum málum ef ástæða þykir til og skal hún gefa þinginu skýrslu sína um slíka skoðun. Fjórðungur nefndarmanna getur kallað fram slíka frumskoðun.
  - *Hvenær skal skipa rannsóknarnefnd*. Þá skal stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin jafnframt hafa það hlutverk að leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt sé að skipa rannsóknarnefnd. Í áðurnefndu frumvarpi til laga um breytingar á þing-

sköpum (1. gr.) er kveðið á um þetta. Þetta hlutverk nefndarinnar er einnig áréttað í drögum að lögum um rannsóknarnefndir sem forsætisnefnd hefur látið vinna, en í 3. mgr. 1. gr. draganna segir að stafi tillaga um skipan rannsóknarnefndar ekki frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, skuli sú nefnd taka tillöguna til umsagnar og gefa þinginu álit sitt um hana áður en greidd eru atkvæði um hana.

– *Umfjöllun um skýrslur rannsóknarnefnda, álit um þær og framlagning tillögu um úrvinnslu og meðferð niðurstaðna þeirra.* Við þessu hefur þegar verið brugðist í frumvarpi til breytinga á þingsköpum (þskj. 1433, 1. gr.) og jafnframt segir í 2. mgr. 10. gr. draga að frumvarpi til laga um rannsóknarnefndir að lokaskýrsla rannsóknarnefndar skuli þegar í stað gerð opinber og send stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins til umfjöllunar. Skal nefndin gefa þinginu álit sitt um hana og leggja fram tillögur um úrvinnslu og meðferð niðurstaðna hennar. Að því loknu skal skýrslan ásamt áliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar tekin til umfjöllunar í þinginu.

7. Lög um ráðherraábyrgð og landsdóm verði endurskoðuð.

Í skýrslu vinnuhópsins er lagt til að lög um ráðherraábyrgð og landsdóm verði endurskoðuð. Í lögum um landsdóm telur vinnuhópurinn að það þurfi einkum að huga að samsetningu dómsins og málsmeðferð fyrir honum en í ráðherraábyrgðarlögum þurfi að skerpa á orðalagi laganna, einkum með tilliti til aukinnar áherslu dómstóla á skýrleika refsiheimilda. Jafnframt sé rétt að íhuga hvort setja eigi sérstakt refsiákvæði í ráðherraábyrgðarlögin um brot ráðherra á upplýsingaskyldu sinni gagnvart Alþingi. Þá taldi vinnuhópurinn að skýra verði nánar í lögum um ráðherraábyrgð að hve miklu leyti ákvæði almennra hegningarlaga um almenn refsiskilyrði verði beitt um brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, svo sem tilraunaákvæði 20. gr. hgl. Forsætisnefnd hefur ákveðið að skipa hóp til endurskoðunar á lögunum en þegar þetta er skrifað hefur hópurinn ekki verið skipaður. Æskilegt er að sú vinna hefjist sem allra fyrst.

8. Árleg skýrsla um framkvæmd þingsályktana og mála sem vísað er til ríkisstjórnar lögð fyrir þingið.

Þingsályktanir og mál sem vísað er til ríkisstjórnar frá Alþingi, geta falið í sér „fyrirmæli“ til ríkisstjórnarinnar. Í ljósi þingræðisreglunnar og eftirlitshlutverks Alþingis er talið eðlilegt að Alþingi fylgi slíkum „fyrirmælum“ eftir til að hægt sé að meta hvort þeim hafi verið fylgt í reynd og hver afdrif þeirra verða. Í frumvarpsdrögum til breytinga á þingsköpum er lagt til að tekið verði upp ákvæði að norskri fyrirmynd sem leggi þá skyldu á herðar forsætisráðherra að skila árlega skýrslu til þingsins um framkvæmd ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar. Þetta skal gert nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Einnig skal í skýrslunni fjallað um meðferð málefna sem vísað hefur verið til ríkisstjórnar eða einstaks ráðherra án þess að ályktun hafi verið samþykkt, sbr. lokamálsgrein 11. gr. frumvarps til laga um breytingar á þingsköpum (þskj. 1433).

9. Staða minni hlutans á Alþingi verði efld.

Almenna reglan samkvæmt núgildandi þingsköpum bæði í störfum þingsins almennt sem og störfum þingnefnda, að hver og einn þingmaður/nefndarmaður getur lagt fram tillögu um afgreiðslu mála og meðferð þeirra en að jafnaði er það svo að meiri hlutinn ræður úrslitum um afdrif mála, þótt á þessari meginreglu séu nokkrar undantekningar. Það er viðurkennt og í takt við alþjóðlegar áherslur í þingstörfum að það fellur almennt í hlut minni hluta þing-

manna eða stjórnarandstöðunnar hverju sinni að halda úti eftirliti þingsins með ríkisstjórn. Í ljósi þessa taldi vinnuhópur forsætisnefndar mikilvægt að minni hluta nefnda væri gert mögulegt að kalla eftir rannsókn mála og einnig væri rétt að athuga hvort tryggja ætti minni hluta nefndar rétt til að krefjast opins eða lokaðs nefndarfundar í þágu eftirlits. Í ljósi þessara ábendinga hefur verið lagt til í frumvarpi til breytinga á þingsköpum (þskj. 1433) að einungis fjórðung nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þurfi til að koma á fót frumskoðun nefndarinnar á máli til að kanna verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu í þágu þingeftirlits. Þá getur fjórðungur nefndarmanna kallað fram opinn nefndarfund, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og sami minni hluti getur krafist upplýsinga og aðgangs að gögnum í vörslu stjórnvalda, sem hafa verulega þýðingu fyrir afgreiðslu nefndarinnar á máli, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu eru ráðgefandi tilmæli Evrópuráðsins nr. 1601 (2008) um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar í störfum þinga í lýðræðisríkjum höfð til hliðsjónar. Í tilmælunum er m.a. bent á að stjórnarandstaðan gegni meginhlutverki í lýðræðislegu samfélagi og að eitt helsta hlutverk hennar sé að bjóða fram aðra valkosti en meiri hlutinn. Þá veiti hún ríkisstjórninni aðhald og eftirlit sem eykur gegnsæi og dregur úr hættu á misbeitingu valds og því að ákvarðanir fari gegn hagsmunum almennings í þjóðfélaginu.

10. Nefndaskipan þingsins verði endurskipulögð með eflingu eftirlitshlutverks þingsins í huga.

Við þessum athugasemdum hefur verið brugðist í frumvarpi til breytinga á þingsköpum (þskj. 1433).

- *Nefndaskipan þingsins taki mið af þörfum þingsins en ekki skipulagi stjórnarráðsins* eins og nú er. Samkvæmt 1. gr. fyrirliggjandi frumvarps til breytinga á þingsköpum Alþingis (þskj. 1433) er gert ráð fyrir að 13. gr. þingskapa verði breytt verulega, nefndum þingsins verði fækkað um helming eða úr 12 nefndum í 7, bætt verði við nýrri nefnd sem hafi þingeftirlit sem meginviðfangsefni (sbr næsti punktur).
- *Einni fastanefnd verði falið að fara með mál er lúta að eftirliti með handhöfum framkvæmdarvaldsins.* Hér er lagt til að tekið verði upp það vinnulag sem viðhaft er í norska þinginu, þar sem einni fastanefnd er falið lykilhlutverk við framkvæmd eftirlits með framkvæmdarvaldinu. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpsdrögum til breytinga á þingsköpum er lagt til að komið verði á fót stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins sem fjalli um stjórnarskrármál, mannréttindamál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, stjórnarráðsins í heild og önnur málefni sem varða æðstu stjórn ríkisins. Einnig verði henni falið að fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis ásamt því að rannsaka kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna. Þá skal nefndinni einnig falið að hafa frumkvæði að því að kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar eftir því sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Um slíka athugun gefur nefndin þinginu skýrslu en til að slík athugun fari fram er nægilegt að fjórðungur nefndarmanna krefjist þess. Þá skal stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins jafnframt leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um það hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, sbr. fyrirliggjandi drög að lögum um rannsóknarnefndir. Nefndin tekur skýrslur þingskipaðra rannsóknarnefnda til umfjöllunar og gefur þinginu álit sitt um þær og gerir tillögur um frekari aðgerðir til þingsins. Sjá g-lið 1. mgr. frumvarps um breytingar á þingsköpum (þskj. 1433).

- *Reglur um opna nefndarfundi verði færðar í þingsköp.* Lagt er til að þær reglur sem nú gilda um opna nefndarfundi og byggja á reglum sem forsætisnefnd hefur sett verði færðar í þingsköp. Við þessu er brugðist í frumvarpi til breytinga á þingsköpum, sbr. 4. gr. (þskj. 1433).

III. Yfirferð á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á atriðum sem gefa tilefni til viðbragða af þingsins hálfu.

1. Almennt um hlutverk Alþingis í ljósi efnahagshrunsins.

Óskað hefur verið eftir að í greinargerð þessari sé ekki aðeins horft til þingeftirlits og þess hvort skýrsla RNA gefi tilefni til endurskoðunar á þeim tillögum sem vinnuhópur forsætisnefndar lagði fram í þeim efnum, heldur einnig til þess hvort skýrsla RNA gefi tilefni til að skoða starfshætti Alþingis að einhverju leyti. Samkvæmt þessu hefur við vinnslu greinargerðarinnar bæði verið horft til starfshátta sem eru tengdir þingeftirliti sem og annarra þátta í starfsemi Alþingis, s.s. fjárstjórnarhlutverksins. Rétt er þó að hafa í huga að hugtakið þingeftirlit getur í víðtækum skilningi náð til fjölmargra þátta starfseminnar og fjárstjórnarhlutverksins þar á meðal. Í skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit er markmiði þingeftirlits í víðasta skilningi lýst sem viðleitni til að tryggja lýðræðislega, skilvirka og réttláta framkvæmd ríkisvaldsins. Í leiðbeiningum til bandarískra þingmanna og nefnda um framkvæmd þingeftirlits (congressional oversight) segir að markmið slíks eftirlits sé m.a.:

- að tryggja að stjórnarframkvæmdin sé í samræmi við tilgang löggjafans,
- að bæta skilvirkni, árangur og hagkvæmni í verkum ríkisstjórnarinnar,
- að meta virkni opinberra áætlana,
- að koma í veg fyrir að framkvæmdarvaldið fari inn á valdsvið þingsins,
- að rannsaka misfellur í ráðsmennsku, embættisfærslur sem stjórnast af duttlungum eða geðþótta, misnotkun, óheiðarleika eða svik,
- að meta hæfni ríkisstofnana eða embættismanna til að stýra og koma í framkvæmd markmiðum opinberra áætlana,
- að endurskoða og ákveða fjárhagslega forgangsröðun í starfsemi ríkisins,
- að vernda réttindi og frelsi borgaranna,
- að kanna starfshætti í stjórnsýslunni,
- að efla og stuðla að samvinnu á milli valdgreina,
- að afla gagnlegra upplýsinga varðandi framtíðarstefnumótun,
- að rannsaka kvartanir kjósenda og gagnrýni fjölmiðla,
- að veita opinberum stofnunum vernd gegn óréttlátri gagnrýni.

Samkvæmt þessu má sjá að markmið þingeftirlits eru víðfeðm og snerta fjölmarga þætti þjóðlífsins, s.s. ráðdeild í ríkisrekstri, skilvirkni opinberra áætlana, starfshætti í stjórnsýslu, lýðræðisleg réttindi borgaranna og yfirumsjón með því að stjórnarskrárbundin valdgreining sé virt, en þó um leið að stuðla að samvinnu milli valdgreinanna. Ljóst er af upptalningunni hér að ofan að fjölmörg þeirra atriða sem þar eru nefnd tengjast fjármálum ríkisins og því er ekki óeðlilegt að spurt sé spurninga um hlutverk þingsins í tengslum við efnahagshrunið og þá þróun sem leiddi til þess.

Í seinni hluta greinargerðarinnar verður leitast við að svara þeirri spurningu hvort rannsókn og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um efnahagshrunið (RNA) hafi leitt í ljós þörf á frekari tillögum til breytinga á lögum um eða starfsháttum Alþingis. Í þessu skyni hafa niðurstöður RNA verið yfirfarnar og ýmsir verkferlar hjá þinginu skoðaðir í ljósi niðurstaðna

skýrslunnar til að varpa ljósi á það hvort breytinga sé þörf á lagareglum eða starfsháttum hjá Alþingi.

2. Helstu álitaefni skýrslu RNA sem snerta hlutverk Alþingis.

Eftir það efnahagshrun sem orðið hefur á Íslandi og þá atburðarás sem rakin er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, er ekki óeðlilegt að þingið horfi til þess hvort þar hafi skort á nægilegt eftirlit og aðhald með framkvæmdarvaldinu og með hvaða hætti megi þá styrkja þetta hlutverk til framtíðar. Þá er mikilvægt að líta ekki aðeins til rannsóknareftirlitsins, sem felst í því að rannsaka misfellur í ráðsmennsku og embættisfærslum ráðherra, heldur einnig til víðfeðmari markmiða þingeftirlits eins og þau eru rakin í kaflanum hér að framan. Spurningin er hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum RNA um þetta.

Í reynd beinir skýrsla RNA ekki spjótum sínum í ríkum mæli að Alþingi eða samskiptum handhafa framkvæmdarvaldsins við þá stofnun, þegar fjallað er um aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda í tengslum við hrunið eða aðdraganda þess, þótt lítillega sé vikið að hlutverki Alþingis í einstaka köflum skýrslunnar. Ástæða þess hversu lítið er fjallað um Alþingi í skýrslu RNA kann að vera að nefndin hafi ekki talið það falla undir umboð sitt eins og það er afmarkað í 1. gr. laga nr. 142/2008. Þá kann að vera rannsóknarnefndin hafi fyrst og fremst horft til lagareglna við mat sitt á því hvort mistök eða vanræksla hafi átt sér stað í aðdraganda hrunsins en því miður eru lagareglur fáar og ófullkomnar um samskipti Alþingis annars vegar og handhafa framkvæmdarvaldsins hins vegar og fábrotinn vegvísi í þeim að finna um það hvernig samskiptunum er raunverulega háttað eða eigi að vera háttað. Allt of stór hluti þessara samskipta byggir á óskráðum reglum sem því miður virðist vera auðvelt að hnika til hliðar sé vilji fyrir því. Samráðsskylda ríkisstjórnar við þing er t.d. afar takmörkuð og á einungis við ef um meiri háttar ákvarðanir á sviði utanríkismála er að ræða. Sannleiks- og upplýsingaskylda ráðherra gagnvart þingi á sér ekki skýra lagastoð, þótt hún sé augljós grundvöllur þess að þingið geti haft eftirlit með ráðsmennsku ráðherrans, enda hafa dæmin sannað að þingið hefur verið vanbúið að taka á því hvernig með skuli fara ef ráðherra er sakaður um að halda upplýsingum frá þinginu.

Í ljósi þess hversu óskýrar lagareglurnar eru um samskipti þings og ríkisstjórnar, getur verið erfitt að festa hönd á það hvar skóinn kreppir í þessum samskiptum, ef einungis er litið til lagaákvæða sem um það gilda. Ábyrgðin á því að skýra og skerpa þessar reglur er hins vegar Alþingis og því er ekki óeðlilegt að í kjölfar þeirrar vinnu sem unnin var í vinnuhópi um þingeftirlit og niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, verði þetta sérstaklega tekið til skoðunar á grundvelli skýrslunnar. Ekki er í umfjöllun þessari aðeins litið til ábendinga í skýrslu RNA, heldur einnig almennt til þeirra álitaefna sem vakna við lestur skýrslunnar eða ályktað má um af niðurstöðunum, eða því sem ekki er fjallað um í henni. Sérstaklega vakna þar spurningar um það í hvaða mæli Alþingi sé gert kleift að rækja fjárstjórnarhlutverk sitt sem talið er felast í valdinu til að innheimta skatta og stofna til útgjalda á vegum ríkisins. Í stjórnarskránni er að finna tvö ákvæði er fjalla um fjárstjórnarvald Alþingis. Í 41. gr. segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum og í 42. gr. segir að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Til fyllingar þessum ákvæðum koma svo almenn lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir atvikum.

2.1 Óskýrar reglur – óljós ábyrgð.

Þau atriði sem helst leita á hugann við lestur skýrslunnar um aðdraganda efnahagshrunsins og viðbrögð stjórnvalda við því má í grófum dráttum lýsa í orðunum: *óskýrar reglur – óljós ábyrgð*. Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir vísa hvert á annað þegar ábyrgð á viðbrögðum við æpandi varúðarmerkjum er annars vegar, þær viðbragðsáætlanir sem á annað borð eru settar af stað eiga sér ekki lagastoð og ábyrgðarsvið þeirra sem ætlað er að gera áætlanirnar er óljóst. Svo virðist sem ekki hafi verið skýrt hvar í stjórnkerfinu ábyrgð á viðbrögðum við hættumerkjum hafi legið og hver vísar á annan. Sem dæmi mér hér nefna eftirfarandi kafla úr niðurstöðum RNA:

„Frá nóvember 2007 tóku áhyggjur bankastjórnar Seðlabankans af því ástandi sem var að skapast í starfsumhverfi bankanna að vaxa verulega. Bankastjórnin lýsti þeim áhyggjum ýmist beint við forsætisráðherra og þröngan hóp ráðherra eða á vettvangi samráðshóps stjórnvalda. Þrátt fyrir þessar áhyggjur verður ekki séð að bankastjórn Seðlabankans hafi komið á framfæri við ríkisstjórnina formlegum tillögum að nauðsynlegum aðgerðum.“

Þá segir einnig í niðurstöðum skýrslunnar:

„Af þessum svörum verður ráðið að fulltrúum og forsvarsmönnum þeirra stofnana íslenska stjórnkerfisins sem hafa áttu eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði og áhrifum þeirrar starfsemi á stöðugleika í efnahagslífi ríkisins var í ýmsum tilvikum ekki ljóst hver átti að sinna og bar ábyrgð á ákveðnum þáttum þessara mála í hinu daglega starfi stjórnvalda.“

Í þessu ljósi er mikilvægt að hugað sé að samræmingu þeirra embætta og stofnana sem á þessu sviði starfa. Þá er einnig mikilvægt að tryggja að verkferlar séu skýrir og ábyrgðarsvið ljós og er lagt til að af því tilefni verði eftirfarandi skoðað:

a. Lög um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum yfirfarin.

Tekið er undir með RNA að hugað verði að því að afmarka betur og kveða skýrar á um skyldur einstakra stofnana og embættismanna sem hafa því hlutverki að gegna að hafa eftirlit með fjármálastarfsemi. Í því skyni þarf að yfirfara þau lög sem um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum gilda, ekki síst með það í huga að skýrt sé hvernig boðleiðir á milli hinna ýmsu eftirlitsstofnana og viðkomandi stjórnvalda séu og að skýrt sé hvar ábyrgð á ákvarðanatöku liggur. Slík vinna getur farið fram á vettvangi Alþingis en einnig mætti hugsa sér að Alþingi vísaði slíku verkefni til ríkisstjórnar að undirbúa.

b. Helstu verkferlar um viðbrögð bundnir í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Þá er mikilvægt að um helstu verkferla sem á reynir við aðstæður sem þessar sé kveðið í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum og að þeir séu skýrir. Þannig séu viðbragðsáætlanir ekki byggðar á tilviljanakenndum viðbrögðum á borð við nefndaskipanir þvert á ábyrgðarsvið eða með því að fela tilteknum hópum mikilvægt hlutverk, en án ábyrgðar. Sem dæmi um óskýra ábyrgð og skort á skýrum reglum um viðbrögð við hættumerkjum, má nefna að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað við hugsanlegu fjármálaáfalli var byggður á skriflegu samkomulagi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands en átti sér að því er best verður séð hvorki stoð í lögum né stjórnvaldsfyrirmælum. Hann var einungis vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta og var ráðgefandi en honum var ekki ætlað að taka ákvarðanir um aðgerðir, enda hafði hann ekki til þess bærar heimildir samkvæmt lögum. Þótt hugmyndin af samráðshópnum hafi verið sprottin af góðri hugsun, er þó hætta á því að með því að skapa slíkan farveg fyrir stór álitamál á borð við yfirvofandi efnahagskreppu sé hætt við að stofnað sé til falskrar öryggiskenndar gagnvart

verkefninu og andvaraleysis þeirra stjórnvalda sem raunverulega ábyrgð bera á ríkisfjármálum og afkomu þjóðarbúsins. Sem virðist einmitt hafa verið raunin sbr. niðurstaða RNA:

„Í samkomulaginu um stofnun samráðshópsins er það ekki tilgreint sem verkefni hópsins að semja sameiginlega viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Á hinn bóginn virðist ljóst að bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi litið til samráðshópsins varðandi frumkvæði að sameiginlegum viðbúnaðaraðgerðum og samhæfingu.“

Þá segir einnig í skýrslunni:

„Þessi óljósa staða um valdsvið og ábyrgð samráðshópsins virðist m.a. hafa leitt til þess að ekki lá skýrt fyrir hver stýrði, samhæfði og bar ábyrgð á viðlagaundirbúningi íslenska ríkisins vegna fjármálaáfalla. Í skýrslum ráðherra og fyrirsvarsmanna ríkisstofnana fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vísaði hver á annan um athafnaskyldu og enginn gekkst við ábyrgð.“

Skýrsla RNA og umfjöllun hennar um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbrögð við hugsanlegu fjármálaáfalli leiðir glögglega í ljós þá hættu sem fylgir því að smíða verkferla um viðbrögð við slíku ástandi, án þess að fyrir liggi með skýrum hætti hvar ábyrgðin og vald til ákvarðana liggur. Samráðshópurinn virðist hafa virkað sem fjarvistarsönnun fyrir þau stjórnvöld sem raunverulega ábyrgð báru og veittu falska öryggiskennd sem ekki var í takt við raunveruleikann.

c. Aukin krafa um upplýsingaskyldu til Alþingis?

Í ljósi þess að Alþingi hefur með höndum fjárstjórnarhlutverkið sem er eitt af meginhlutverkum Alþingis, vekur það vissulega upp spurningar hversu yfirvofandi efnahagshrun kom lítið til kasta þingsins í aðdraganda þess. Svo virðist sem það hafi ekki verið til umræðu á vettvangi handhafa framkvæmdarvaldsins að upplýsa Alþingi eða einstakar nefndir þess um hið yfirvofandi ástand, sem hefði þó mátt ætla að hefði verið nauðsynlegt, ætti þingið að geta sinnt fjárstjórnarhlutverki sínu og tekist á við ríkisfjármálin á raunhæfum grunni. Hins vegar virðast upplýsingar hafa gengið á milli hinna ýmsu handhafa framkvæmdarvaldsins, reyndar eftir fremur óskýrum brautum:

„Frá nóvember 2007 tóku áhyggjur bankastjórnar Seðlabankans af því ástandi sem var að skapast í starfsumhverfi bankanna að vaxa verulega. Bankastjórnin lýsti þeim áhyggjum ýmist beint við forsætisráðherra og þröngan hóp ráðherra eða á vettvangi samráðshóps stjórnvalda.“

Þá segir í skýrslunni:

„Forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra áttu fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008. Á fundinum dró formaður bankastjórnar Seðlabankans upp mjög dökka mynd af stöðu og framtíðarhorfum íslensku bankanna. Upplýsingarnar bentu til yfirvofandi hættu fyrir íslenskt efnahagslíf.“

Eftir því sem næst verður komist bárust þessar upplýsingar ekki með formlegum hætti til Alþingis. Eins og áður er vikið að er sannleiks- og upplýsingaskylda ráðherra gagnvart þinginu byggð á hæpinni lagastoð í dag en á grundvelli tillagna vinnuhóps um þingeftirlit hefur nú verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þingsköpum sem festir slíka skyldu í sessi og skýrir hana betur en nú er (sjá II.2 hér að framan). Slík lagabreyting myndi án efa vekja ráðherra til umhugsunar um það í ríkara mæli en nú er hvort honum beri skylda til að upplýsa þingið eða að minnsta kosti þá þingnefnd sem málið heyrir undir um slík hættumerki. Þótt sú breyting sem fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á þingsköpum felur í sér myndi styrkja upplýsingaskyldu ráðherra við þingið verulega í sessi, er þó ef til vill vert að

skoða í þessu samhengi hvort ástæða væri til að kveða á um að ráðherra hafi ríkari upplýsingaskyldu við þingið ef alvarlegir atburðir steðja að þjóðarbúinu, á borð við þá sem steðjuðu að íslensku þjóðinni í aðdraganda efnahagshrunsins. Slíkar upplýsingar virðast nauðsynlegar fyrir þingið til að geta sinnt fjárstjórnarhlutverki sínu og því ekki óeðlilegt að sú skylda sé lögð á ráðherra að upplýsa að minnsta kosti viðeigandi þingnefnd (eftir atvikum í trúnaði) um slíka hættu.

2.2 Áhættustýring, stefnumótun og gagnsæi í ríkisfjármálum.

Það er stór liður í þeirri ábyrgð sem á stjórnendum í fyrirtækjum og stofnunum hvílir, að sjá til þess að leitast sé við að greina áhættu í rekstrinum fyrirfram, svo bregðast megi í tíma við ytri eða innri ógnunum sem að rekstrinum steðja. Til að meta áhættu þarf að hafa réttar upplýsingar á réttum tíma. Það hver á að gera hvað, hvernig og hvenær þarf að liggja fyrir. Fjármálareglur (fiscal rules) eru settar í þeim tilgangi að skuldbinda stjórnvöld á hverjum tíma til að stjórna opinberum fjármálum með ábyrgum og öguðum hætti. Reglunum er ætlað að tryggja að stjórnvöld haldi sig við langtímaáætlun í fjármálum hins opinbera og hindra þannig skammsýnar ákvarðanir og setja fjármálum hins opinbera jafnframt markmið á borð við hallalausan rekstur, skattlagningu, útgjaldavöxt eða skuldaþök. Þessar reglur er settar fram sem töluleg markmið eða viðmið. Mörg ríki hafa tekið upp slíkar reglur en það hefur ekki verið gert með markvissum hætti hér á landi. Stefnumótun og áætlanagerð til lengri tíma er af skornum skammti hér þegar ríkisfjármálin í heild eru annars vegar sem er ekki til bóta þegar efnahagskreppa steðjar að.

Skýrsla RNA bendir til að ýmsar aðgerðir stjórnvalda og kerfislægir hlutir hafi verið til að kynda undir hættunni eða að minnsta kosti ekki verið til að bæta ástandið. Eitt sem vekur athygli er stærð bankakerfisins og sú staðreynd að það hafi getað vaxið í þá ógnarstærð sem raunin varð, í samanburði við stærð íslensks hagkerfis með tilheyrandi afleiðingum fyrir þjóðarbúið. Í skýrslu RNA er í þessu sambandi vísað til þess að það hafi beinlínis verið stefna stjórnvalda að fjármálastarfsemi skyldi vaxa áfram hér á landi og sækja inn á ný svið. Þá hafi það verið efnahagsstefna íslenskra stjórnvalda undanfarinn áratug að viðhalda sem mestum langtímahagvexti, án þess að bregðast jafnframt á fullnægjandi hátt við hagsveiflum, ofþenslu og vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu. Til viðbótar hafi getuleysi stjórnvalda verið algert þegar kom að því að bregðast við þeirri hættu sem vofði yfir. Um þetta segir m.a. í skýrslu RNA:

„Þegar bankakerfið var orðið allt of stórt miðað við stærð íslensks hagkerfis þurftu stjórnvöld að bregðast við. Grípa hefði þurft til aðgerða í síðasta lagi á árinu 2006 til þess að eiga möguleika á að koma í veg fyrir fall bankanna án þess að það kæmi verulega niður á verðmæti eigna þeirra. Hvorki á því ári né því næsta lögðu stjórnvöld með afgerandi hætti að bönkunum að minnka efnahagsreikning sinn.“

Þá segir einnig í skýrslunni:

„Undanfarinn áratug hefur efnahagsstefna íslenskra stjórnvalda miðað að því að viðhalda sem mestum langtímahagvexti. Að mati rannsóknarnefndarinnar var hvorki með aðgerðum í ríkisfjármálum né peningastefnu brugðist á fullnægjandi hátt við hagsveiflum, ofþenslu og vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu. Því miður virðist óhjákvæmilegt að álykta að stefnan í ríkisfjármálum hafi í reynd kynt undir ójafnvæginu.“

Þá segir einnig á öðrum stað í skýrslunni:

„…þegar stærð fjármálakerfis lands nemur t.d. þrefaldri þjóðarframleiðslu þess hafa lögbær yfirvöld landsins almennt burði til þess að setja fjármálakerfinu leikreglur og hafa

eftirlit með því að þeim sé fylgt. Þegar stærð fjármálakerfis lands nemur aftur á móti nífaldri þjóðarframleiðslu þess verður viðsnúningur á þessu. Sú var raunin á Íslandi. Ekki verður annað séð en að bæði Alþingi og ríkisstjórn hafi skort burði og þor til þess að setja fjármálakerfinu skynsamleg mörk.“

En hvernig gat það gerst að stærð bankakerfisins varð hagkerfinu ofviða án þess að einhvers staðar færu aðvörunarflautur af stað? Vísa má, eins og gert er í skýrslu RNA, til stefnu stjórnvalda sem hafi kynt undir ástandinu en það má líka velta því fyrir sér hvort skýr stefnumótun til lengri tíma, meira gagnsæi og virk áhættustýring í ríkisfjármálum hefði auðveldað stjórnvöldum að bregðast við hættumerkjunum. Rannsóknarnefndin vísar í niðurstöðum sínum til getuleysis Alþingis til að setja fjármálakerfinu skynsamleg mörk, en það virðist sem Alþingi hafi ekki haft nægilegar upplýsingar um ástandið til að geta sett fjármálakerfinu nauðsynleg mörk, sbr. lið 2.1.c hér að ofan. Mikilvægar upplýsingar um ástandið bárust ekki á borð þingsins á þessum tíma, sem gerir þinginu nánast ókleift að sinna hlutverki sínu.

En burtséð frá því hvort Alþingi hafi getað brugðist við á þessum tíma eða ekki er mikilvægt að líta til þess hvort starfshættir Alþingis í tengslum við ríkisfjármálin séu eins og best verður á kosið. Á vettvangi OECD hafa verið settar fram hugmyndir um góða verklagshætti (best practices) og æskilega lagaumgjörð við opinbera hagstjórn sem meðal annars byggja á alþjóðlegum samanburði.[3] Æskilegt er talið að lagaumgjörðin byggi á: a) stjórnarskrárákvæðum um að fjárstjórn ríkisins og skattlagningarvaldið sé í höndum þingsins, b) að til séu skýrar reglur um fjárlagaferlið innan þingsins, c) að í lögum sé kveðið á um svigrúm framkvæmdarvaldsins til frávika frá samþykktum fjárlögum og c) stjórnvaldsfyrirmælum sem kveði á um samspil innan ríkisstjórnar og á milli ríkisstjórnar og einstakra stofnana/embætta á undirbúningstíma fjárlaga.

Svo virðist sem lagaumhverfi ríkisfjármála hér á landi sé að miklu leyti sambærilegt því sem víða annars staðar gerist ef frá er talinn sá hluti sem snýr að fjárlagaferlinu í þinginu. Skal fjárlagaferlinu stuttlega lýst hér á eftir eins og það er í dag en í kjölfarið lagðar fram nokkrar hugmyndir að bættum starfsháttum.

a. Fjárlagaferlið í dag.

Það ferli sem við nú búum við um fjárlagagerðina hefur verið við lýði frá árinu 1997. Í mótunarferli fjárlaganna er unnið eftir skipulagi sem kallað hefur verið „rammafjárlög“. Hugsunin að baki þeim er að ríkisstjórnin ákveði heildarútgjöld og skiptingu þeirra milli ólíkra málaflokka, þ.e. útgjaldaramma, en láti ráðuneytum eftir að útfæra nánar hvernig fénu er varið. Þetta skipulag miðar að því að stefnumótun ríkisstjórnarinnar sé ráðandi þáttur í fjárlagagerðinni, þ.e. að stýringin komi „ofan frá“ í stað þess að fjárlögin séu samtala þess kostnaðar sem fellur til í ríkiskerfinu á hverjum tíma, verði til „neðan frá“.

Markmið rammafjárlagagerðar er að efla stefnumótandi hlutverk stjórnvalda og tryggja betur að mörkuð stefna nái fram að ganga. Þessi stýring á ríkisfjármálum með tilstyrk útgjaldaramma miðar að því að hafa stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í fyrirrúmi. Alþingi, sem þó hefur fjárstjórnarvaldið samkvæmt stjórnarskránni kemur hins vegar ekkert að fjárlagagerðinni á mótunartímanum. Niðurstöður af undirbúningsvinnunni sem á sér stað í ráðuneytunum birtast þinginu fyrst í fjárlagafrumvarpi fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer, sem lagt skal fyrir þingið þegar er það er saman komið, sbr. 42. gr. stjórnarskrárinnar. Í byrjun okt-

[3] Sjá m.a. OECD Journal on Budgeting (2004) Volume 4 – no. 3; The Legal Framework for Budget Systems, an international comparison.

ber leggur fjármálaráðherra fram fjárlagafrumvarp á Alþingi, því er vísað til fjárlaganefndar og hefst þá þinglegi hluti fjárlagaferlisins. Í þinglega hlutanum er ekki stuðst við „top-down“ aðferðina. Hvers vegna ekki er óskiljanlegt. Þess í stað er skipt yfir í einhvers konar „samlagningaraðferð“ – sem felst í því að viðbótarútgjöld eru ákveðin, ýmist að tillögu ríkisstjórnarinnar sjálfrar (sem er yfirleitt meiri hluti viðbótarútgjalda) eða að tillögu fjárlaganefndar, sem eru yfirleitt til útgjaldahækkunar. Þessi leið er sérislensk að því er best verður séð. Fyrirætlanir um aga í fjárlagagerðinni, sem viðleitni er til að viðhafa í mótunarfasanum, fara hreint út sagt út um gluggann með slíku fyrirkomulagi.

Með því að þinginu er ekki gert kleift að koma að stefnumótun og áætlanagerð á mótunartíma fjárlaga, er hætt við að þingið aðgreini sig frá ábyrgðinni á ríkisfjármálunum, með því að vísa til þess að því sé ætlað að samþykkja fjárlög á grundvelli stefnu stjórnvalda hverju sinni. Staðreyndin er sú að á meðan þjóðþingum er ætlað að hafa stjórn á eyðslu ríkisstjórna og veita þeim fjárhagslegt aðhald, hafa þingin oftar en ekki samþykkt fjárlagafrumvörp óbreytt eða gert lítils háttar breytingar í stað þess að axla hina eiginlegu fjárstjórnarábyrgð sína. Hér á landi gerist það gjarnan þannig að eftir að fjárlagafrumvarp er lagt fyrir þingið tekur þingið við „rammanum“ sem ríkisstjórnin hefur markað og bætir við útgjöldum eftir þörfum, í stað þess að veita ríkisstjórninni eiginlegt aðhald. Slíkir starfshættir eru hvorki til þess fallnir að sporna við ríkisútgjöldum, né að gera þinginu kleift að rækja fjárstjórnarhlutverk sitt. En hvað er til ráða og hverju væri æskilegt að breyta til að efla hið eiginlega fjárstjórnarhlutverk Alþingis?

b. Tillögur til úrbóta.

Nokkrar leiðir eru færar til að efla fjárstjórnarhlutverk Alþingis, sem gætu jafnframt orðið til þess að fyrr væri hægt að bregðast við óheillaþróun á borð við þá sem lýst er í skýrslu RNA í aðdraganda efnahagshrunsins. Hér skulu nokkrar nefndar til sögunnar, sem snerta starfshætti og lagaumgjörð ríkisfjármálanna.

Alvöru rammafjárlög alla leið.

Sú aðferð sem hefur reynst vel víða annars staðar er að nota rammafjárlagaaðferðina (top-down) frá upphafi til enda í fjárlagaferlinu. Með því er átt við að þingið, sem hefur fjárstjórnarvaldið, ákveði rammann í upphafi og leggi fram stefnumótun í ríkisfjármálum, bæði til lengri og skemmri tíma sem birtist í fjárlagafrumvarpi ár hvert. Annars vegar yrði birt áætlun í grófum dráttum til t.d. 4 ára (eða jafnvel lengri tíma) en einnig nákvæmari áætlun fyrir komandi fjárlagaár sem yrði ákveðin á vorþingi, árið sem fjárlagafrumvarpið er lagt fram. Þannig komi þingið að stefnumótuninni til lengri og skemmri tíma og móti grundvallarviðmið í ríkisfjármálum, s.s. um tekjuafgang ríkissjóð, heildarskuldabyrði, o.s.frv. Eftir að ramminn hefur verið ákvarðaður af þinginu væri ríkisstjórn og einstökum ráðuneytum falið að vinna tillögur á grundvelli hans, sem síðan yrðu lagðar fram á haustþingi í formi fjárlagafrumvarps. Með slíku vinnulagi er hin raunverulega ábyrgð á ríkisfjármálunum lögð á herðar þingsins í raunverulegu hlutfalli við þá skyldu sem þingið hefur á grundvelli fjárstjórnarhlutverksins. Ef til vill væri rétt að athuga hvort leggja mætti frumvarpið fyrir þingið fyrr en nú er gert, t.d. 15. september, til að þinginu gefist meiri tími til undirbúnings. Þegar þetta er skrifað er verið að vinna tillögur til umbóta á fjárlagaferlinu á vettvangi fjárlaganefndar sem eru m.a. byggðar á þeim grundvelli sem hér hefur verið lýst. Það er brýnt að þingið taki fjárlagaferlið til gagngerrar endurskoðunar og setji reglur utan um það ferli sem tryggja að hið raunverulega fjárstjórnarvald sé í höndum Alþingis. Sá háttur eftirlitshlutverks

Alþingis var lítt til skoðunar á vettvangi vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit, en vinnuhópurinn mat það of sérhæfðan þátt og viðamikinn til að taka til umfjöllunar í svo almennri yfirferð yfir eftirlitshlutverk Alþingis.

Efnahagsspár séu óháðar.

Til þess að þingið geti sinnt raunverulegu eftirliti með undirbúningi og framkvæmd fjárlaga og um leið verið í hlutverki áhættustýrandans í ríkisfjármálum, er mikilvægt að forsendur ríkisfjármálanna og efnahagsspár séu byggðar á upplýsingum frá óháðum aðilum en byggi ekki á grundvelli upplýsinga frá stjórnvöldum. Hér á landi hefur Hagstofu Íslands verið falið það hlutverk að vera miðstöð hagskýrslugerðar í landinu, sbr. lög nr. 163/2007. Við Hagstofu Íslands skal starfrækja sjálfstæða rannsóknareiningu sem er aðskilin hagskýrslustarfseminni en rannsóknareiningin skal fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta opinberlega. Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun en hún heyrir þó undir efnahags- og viðskiptaráðherra, sbr. 1. gr. laganna um stofnunina. Því má velta fyrir sér hvort stofnunin hafi nægilegt sjálfstæði frá stjórnvöldum til að geta talist algerlega óháður aðili.

Skýrsla RNA dregur skýrlega fram hversu veik íslensk stjórnsýsla er og vanburðug. Þetta á án ef við um það sem snýr að ríkisfjármálum, þar sem mikil ábyrgð hvílir á herðum örfárra einstaklinga í gegnum allt ferlið, bæði í ráðuneytum og hjá þinginu. Mikilvægt er að huga að því að styrkja stjórnsýsluna hvað mannafla varðar, eigi hún að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað.

Innleidd verði áhættustjórnun.

Þrátt fyrir að byggt sé á langtímaáætlunum í fjárlagagerð er alltaf einhver áhætta tengd framtíðinni og mikilvægt að hún sé greind kerfisbundið, ella er hætt við að langtímastöðugleika sé ógnað. Á vettvangi OECD hefur það verið rætt að það sé áskorun fyrir þjóðþingin að koma á virkri áhættustjórnun í ríkisfjármálunum, sem kallar ef til vill á nýtt og breytt hlutverk þinganna í fjárlagaferlinu. Með áhættustjórnun er átt við forvirka (proactive) nálgun fremur en viðbragðanálgun (reactive) – þ.e. að leitast sé beita forvörnum í stað þess að leggja alla áherslu á eftirlit og eftirfylgni. Áhættustjórnun er ætlað að minnka líkur á óvæntum atvikum og að neikvæðum afleiðingum af þeim sé haldið í lágmarki. Ef árangur næst í áhættustjórnun hefur stjórnandinn bætt möguleika sína til að ná fram markmiðum sínum. Áhætta í ríkisfjármálum getur verið margs konar, jafnt ytri sem innri áhætta. Gott dæmi um ytri áhættuþætti er alþjóðleg efnahagskreppa og það að ekki sé til staðar viðbragðsáætlun til að bregðast við slíkum viðburðum er dæmi um að afleiðingar slíkra áfalla eru meiri en ella hefði orðið, hefði slíkt áætlun verið til staðar. Í samhengi við ríkisfjármálin er eðlilegt að þjóðþingið hugi að þessum þáttum og leggi drög að því hvernig þeim verði best fyrir komið.

Gagnsæi.

Eitt lykilhugtak sem gjarnan er rætt um þegar stjórnunarhættir eru til umræðu, er gagnsæi. Í hugtakinu felst krafa um að stefnumótun og innleiðing á stefnu stjórnvalda hverju sinni sé skýr, sem og þær leikreglur sem farið skal eftir. Í ljósi þess að fjárlög eru það tæki sem stefna stjórnvalda birtist í hnotskurn í, er sífellt vaxandi krafa um að við framsetningu þeirra sé gagnsæi haft að leiðarljósi. Með gagnsæi í ríkisfjármálum er átt við að öll gögn og upplýsingar sem skipta máli um ríkisfjármálin séu gerð aðgengileg tímanlega og með kerfisbundnum hætti. Með öðrum orðum að allar upplýsingar og gögn sem liggja til grundvallar ákvörð-

unum í ríkisfjármálum séu gerð aðgengileg á þeim tímapunkti að það nýtist við ákvarðanatöku. Á þetta reyndi í aðdraganda efnahagshrunsins, þar sem mikilvægum upplýsingum um efnahagsástandið var haldið leyndum fyrir Alþingi. Mörkin á milli þess hvaða upplýsingar ríkisstjórn beri að afhenda þingi eða þingnefndum eftir atvikum og þess hvaða upplýsingar eða gögn skuli háð trúnaði, er nauðsynlegt að skýra. Sú staðreynd að ekki hefur hingað til verið unnt að afhenda upplýsingar til þingnefnda í trúnaði, nema í afar takmörkuðum mæli, hefur líklega ýtt undir þá viðleitni að ráðherrar haldi frekar að sér upplýsingum um alvarleg málefni en hitt. Verði sú breyting gerð að sannleiks- og upplýsingaskylda ráðherra verði skýrð í þingsköpum ásamt því að unnt sé að leggja gögn og upplýsingar fyrir þingnefndir í trúnaði, er líklegra en ella að þingnefndir fái mikilvægar upplýsingar á réttum tímapunkti.

IV. Lokaorð.

Í greinargerðinni hefur verið leitast við að draga fram þau álitaefni sem vakna við lestur skýrslu RNA og snerta með einhverjum hætti starfsemi eða starfshætti Alþingis. Ljóst er að slík umfjöllun er á engan hátt tæmandi, en auk þess að yfirfara tillögur vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit með skýrslu RNA í huga, er umfjölluninni fyrst og fremst beint að fjárstjórnarhlutverki Alþingis og því hvort bæta megi starfshætti í þinginu eða samskipti þings og stjórnvalda með eflingu þess í huga. Í umfjölluninni er lítt vikið að þætti Ríkisendurskoðunar, sem vissulega tengist fjárstjórnarvaldi Alþingis sterklega. Stofnunin annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga einstakra ríkisstofnana og annarra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins en í tengslum við almenna fjárhagsendurskoðun sinnir Ríkisendurskoðun einnig athugun á innra eftirliti ríkisstofnana og upplýsingakerfum. Þá annast hún einnig stjórnsýsluendurskoðun sem miðar fyrst og fremst að því að upplýsa hvort starfsemi á vegum ríkisins sé rekin á hagkvæman og skilvirkan hátt. Ríkisendurskoðun er auk þess ætlað að hafa eftirlit með því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála, svokölluð umhverfisendurskoðun. Eftirlit með framkvæmd fjárlaga er jafnframt sérstakur þáttur í starfsemi Ríkisendurskoðunar. Í greinargerð þessari var ákveðið að fjalla ekki sérstaklega um starfshætti stofnunarinnar og samskipti hennar við stjórnvöld og Alþingi, en áhugavert væri að skoða þann þátt sérstaklega ef gagnger endurskoðun fer fram á starfsháttum ríkisstjórnar og þings í tengslum við ríkisfjármálin.

Borgarfirði, 1. september 2010,

Virðingarfyllst,
Bryndís Hlöðversdóttir, lögfr.

Fylgiskjal II.

Þorgerður Einarsdóttir:
Gyða Margrét Pétursdóttir:

Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.
(Ágúst 2010.)

Samantekt

Markmiðið með þessu verkefni er að greina skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Rýnt er í skýrsluna með kynjafræðilegum hugtökum og aðferðum og teknir til skoðunar atburðir sem áttu þátt í falli bankanna, aðdragandi þeirra og þemu sem hafa kynjafræðilega skírskotun. Markmiðið er að gera lesendur skýrslunnar og íslenskt samfélag betur í stakk búið til að skilja þann þátt sem kyn átti í þessari atburðarás. Í skýrslunni kemur fram að samfélagslegar og menningarbundnar hugmyndir og orðræða um kyn léku stórt hlutverk í umræddum atburðum. Langflestir aðalleikendur í bankahruninu voru karlkyns, en einnig höfðu menningarbundnar hugmyndir um kyn, þ.e. kyngervi, mikil áhrif.

Hagstjórn síðustu ára, sem að mati RNA átti þátt í að ýkja hið efnahagslega ójafnvægi sem leiddi til hrunsins, hefur beina og óbeina kynjavídd. Stóriðjuverkefni, skattalækkanir og húsnæðismál síðasta áratugar hafa kynbundnar afleiðingar sem almennt komu körlum betur en konum. Fjármálakerfið, sem stjórnvöld litu á sem nýja atvinnugrein á árunum fyrir hrun, var sömuleiðis karllægt. Því var stjórnað af litlum hópi einsleitra karla sem umbunuðu körlum á grundvelli huglægs mats. Einkavæðing bankanna bar keim af pólitískum helmingaskiptum og tengslaneti karla þar sem hæfniviðmið voru óstöðug og pössuðu utan um aðila sem þóttu æskilegir. Hugmyndafræði afskiptaleysis, og sú samfélagssýn og mannskilningur sem henni fylgdu, hefur kynbundin formerki. Menningarbundnar hugmyndir um karlmennsku varpa ljósi á athafnir og hugarfar þeirra sem voru aðalleikarar í atburðarásinni. Í samræmi við hugmyndafræði afskiptaleysis var regluverk í lágmarki.

Ráðandi karlmennskuhugmyndir, sem í senn byggjast á samkeppni og samtryggingu, ýttu fjármálakerfi landsins út á ystu nöf og í raun fram af brúninni. Þjóðhverfar karlmennskuhugmyndir um meinta yfirburði íslenskra karla mynduðu hugmyndafræðilega réttlætingu fyrir þá þróun sem hér varð. Æðstu embættismenn þjóðarinnar áttu þátt í að færa þá hugmyndafræði í orð. Hugmyndir um hæfni byggðust á meintu innsæi og snilld einstakra karla á kostnað ígrundunar og reynslu, í samræmi við hugmyndir um stigveldi karlmennskunnar. Hlutverk og kyngervi kvenna felst gjarnan í styðjandi kvenleika, sem styður við og staðfestir yfirráð karla. Það hlutverk einskorðast þó ekki við konur. Skýrslan sýnir að áhrifarík leið til að tákngera valdatengsl er að kyngera þau og dæmi eru um að karlar séu jaðarsettir og jafnvel kvengerðir í formlegu hlutverki sínu. Þannig einskorðast kynjavíddin ekki við líffræðilegt kyn heldur getur kyngervi, einnig leikið stórt hlutverk. Í skýrslunni eru tillögur um hvernig markvisst jafnréttisstarf og kynjagreining geta minnkað líkurnar á að atburðirnir haustið 2008 endurtaki sig.

1. Inngangur.

Markmiðið með verkefninu er að greina skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Rýnt er í skýrsluna með kynjafræðilegum hugtökum og aðferðum. Sérstaklega er notast við hugtök karlmennsku- og karlafræða. Karlmennskurannsóknir hafa verið stundaðar um árabil og mikil áhersla er lögð á þær á Norðurlöndum. Teknir eru til skoðunar atburðir sem áttu þátt í falli bankanna, aðdragandi þeirra og þemu sem hafa kynjafræðilega skírskotun. Markmiðið er að gera lesendur skýrslunnar og íslenskt samfélag betur í stakk búið til að skilja þann þátt sem kyn átti í aðdraganda bankahrunsins og í sjálfri atburðarásinni.

Könnun á skýrslu RNA út frá þessu sjónarhorni sýnir að samfélagslegar og menningarbundnar hugmyndir og orðræða um kyn léku stórt hlutverk í umræddum atburðum. Skýrslan sýnir einnig að þýðing kyns og áhrif eru margbreytileg. Sum þeirra má segja að séu öllum ljós, eins og t.d. sú staðreynd að langflestir aðalgerendur í bankahruninu voru karlkyns. Konur voru í minnihluta í stjórnmálunum, viðskiptalífinu, stjórnum fyrirtækja, á fjölmiðlunum, meðal eigenda bankanna, lántaka og þeirra sem þáðu frá þeim styrki og svo mætti lengi telja. Almennt má þó segja að áhrifin séu flóknari og krefjist sértækari greiningar. Í þeirri greiningu er viðhöfð aðgreining í kyn (*e. sex*) og kyngervi (*e. gender*) en síðarnefnda hugtakið vísar til hins félagsmótaða kynjamunar og menningarbundinna hugmynda um karlmennsku og kvenleika.

Verkið er unnið þannig að skýrsla RNA var lesin, greind og túlkuð út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Efniviðurinn er skýrslan í heild sinni en hin ýmsu bindi hafa mismunandi vægi og mismikið er fjallað um einstaka þætti. Nálguninni má lýsa þannig að einni vídd, kynjavíddinni, sé bætt við túlkun og greiningu rannsóknarnefndarinnar. Í fyrstu köflum skýrslunnar er kynjasjónarhorn lagt á hina samfélagslegu umgjörð í aðdraganda hrunsins, svo sem efnahagsstjórn, atvinnustefnu og skattastefnu, en einnig mikilvæga og afdrifaríka ákvarðanatöku, svo sem einkavæðingu bankanna. Greiningin er engan veginn tæmandi heldur dæmi um hvað kynjafræðin getur lagt að mörkum í uppgjöri á hruninu. Í síðari köflum skýrslunnar er fjallað þematískt um atburði og sjónarmið út frá hugtökum kynjafræðanna sem mynda umgjörð umfjöllunarinnar. Sýnt er fram á hvernig hugtökin einstaklingur, frelsi og þjóðerni tengjast hugtökunum kyn, kyngervi, karlmennska og kvenleiki. Rýnt er í hugmyndafræði og samfélagssýn síðustu ára frá þessu sjónarmiði. Þá er fjallað um stigveldi karlmennskunnar og hvernig hugarfar, ákvarðanataka og hugmyndir um hæfni taka mið af karllægum sjónarmiðum. Dæmi um það eru launa- og hvatakerfi bankanna.

Þegar vísað er í skýrslu RNA er innan sviga vísað í bindi og síðan blaðsíðutal. Aðrar heimildir sem vísað er í eru í neðanmálsgreinum. Í umfjölluninni er vísað í nöfn og embætti viðkomandi eftir því sem við á. Þegar fleiri en einn einstaklingur hafa gegnt sama embætti á tímabilinu sem um ræðir er vísað til þáverandi eða fyrrverandi. Starfsmenn bankanna eru ávarpaðir samkvæmt starfsheiti nema þegar viðkomandi eru nafngreindir í beinum tilvitnunum. Nöfn flestra sem fyrir koma eru aðgengileg í skýrslu RNA. Í framsetningu textans er leitast við að skoða kynjamynstur og kynjaðar hugmyndir fremur en einstaklinga.

Í lokakafla skýrslunnar eru dregnar ályktanir og settar fram hugmyndir um aðgerðir í jafnréttismálum. Almennt grundvallast skipulegt jafnréttisstarf m.a. á þeim skilningi að kynjamisrétti sé til staðar; að konur hafi minni tekjur en karlar og færri tækifæri á vinnumarkaði og að konur beri oftar en karlar ábyrgð á ólaunuðum umönnunarstörfum. Fyrirliggjandi rann-

sóknir, kannanir og tölfræði staðfesta þetta.[1] Þörfin fyrir jafnréttisstarf er studd bæði réttlætisrökum og nytjarökum. Réttlætisrökin kveða á um að það sé ekki réttlátt eða sanngjarnt að konur og karlar hafi ekki jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína. Nytjarökin kveða á um að samfélagið tapi á kynjamisrétti því það hafi ekki efni á að verða af mannauði kvenna. Hæfni og dugnaði sé jafnt skipt meðal þegnanna og karlaslagsíða þýði beinlínis tap fyrir samfélagið.[2] Þannig hafa rannsóknir sýnt að fyrirtæki með einsleitar stjórnir sýna minni arðsemi en fyrirtæki með kynjablandaðar stjórnir þar sem slíkt ryður margbreytilegri sjónarmiðum braut.

Tillögurnar í lokakafla skýrslunnar byggjast á þeirri grundvallarhugsun að jafnrétti og hagsæld fari hönd í hönd. Því er til mikils að vinna að stuðla að jafnrétti og nýta til þess alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Hér skal sérstaklega bent á Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum).[3] Þá taka tillögurnar mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og lögum nr. 13/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), en þau kveða á um að í stjórnum opinberra hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Jafnréttislögin kveða á um skyldur fyrirtækja og stjórnvalda í jafnréttismálum. Kveðið hefur verið á um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum síðan 1998.[4] Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða var hins vegar lögfest með jafnréttislögunum frá 2008. Skilgreiningin á samþættingu er, samkvæmt 2. grein laganna:

> Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Jafnréttislög setja ýmsar skyldur á herðar atvinnurekendum. Í 18. grein þeirra segir að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Þá segir í 18. grein jafnréttislaga að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn í vinnu skuli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.

Þá taka tillögur að aðgerðum í lokakafla skýrslunnar mið af kynjaðri fjárlagagerð, þar sem við á. Kynjuð fjárlagagerð byggist á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera geti haft kynbundnar afleiðingar jafnvel þótt þær séu formlega kynhlutlausar. Hún felst í að:

> [B]eita samþættingu kynja- og jafnréttisjónarmiða í fjárlagaferlinu. Í henni felst mat á fjárlögum, þar sem gengið er út frá kynjasjónarmiðum á öllum stigum fjárlaga-

---

[1] Jafnréttisþing. *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum.* Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Janúar 2009. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/Jafnrettisthing09/Jafnrth2009_net.pdf

[2] Teigen, M. (2002). The Universe of Gender Quotas. NIKK magasin 3, 4–8.

[3] http://www.humanrights.is/media/frettir//Kvennasattmali_Sameinudu_tjodanna_-_pdf.pdf

[4] *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna (1998–2001)*. Sótt 27. ágúst 2010 af: *http://www.althingi.is/altext/122/s/1452.html*

> gerðarinnar og tekjur og útgjöld eru endurskipulögð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna.[5]

Núverandi ríkisstjórn gaf fyrirheit um kynjaða fjárlagagerð í samstarfsyfirlýsingu sinni í maí 2009:

> Við ákvarðanir um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára verði byggt á þeirri forgangsröðun og lögð áhersla á samstöðu um brýn velferðarverkefni, verndun starfa, kynjajafnrétti og áhrif á byggðirnar. Kynjuð hagstjórn verður höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.[6]

Fyrir utan réttlætisrök og nytjarök sem tilgreind eru hér að framan, má færa þekkingarleg rök fyrir jafnréttisstarfi og kynjagreiningu eins og hér er gert. Skilningur á íslensku samfélagi og innviðum þess verður dýpri, þéttari og traustari þegar fyrirliggjandi þekking hefur verið gædd kynjavídd. Það er von okkar að þessi skýrsla verði til þess að auka kynjavitund í íslenskri þjóðfélagsumræðu og efla jafnréttisstarf, og minnki þannig líkurnar á að atburðir eins og þeir sem áttu sér stað haustið 2008 endurtaki sig.

Höfundar skýrslunnar eru Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni, Sigríði Matthíasdóttur og Þóroddi Bjarnasyni eru þökkuð fagleg ráðgjöf og yfirlestur.

Reykjavík, 30. ágúst 2010

Þorgerður Einarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

---

[5] Quinn, S. (2009). *Kynjuð fjárlagagerð: Handbók um framkvæmd.* Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.

[6] Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, 2009. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlysing/

2. Samfélagsleg umgjörð.

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að hagstjórnin, að minnsta kosti frá því á árinu 2004, hafi átt þátt í því að ýkja hið efnahagslega ójafnvægi sem leiddi til hrunsins. Þessi ályktun RNA gefur tilefni til að skoða hvort og þá hverjir af þeim þáttum sem sköpuðu og viðhéldu efnahagslegu ójafnvægi hafi haft kynjavídd. Nokkrir þættir í hinni samfélagslegu umgjörð sem raktir eru í skýrslu RNA eru stuttlega ræddir hér: Atvinnustefnan, stóriðjuverkefni, skattalækkanir og húsnæðismál.

2.1. Fjármálakerfið sem atvinnugrein.

Í skýrslu RNA segir að fjármálastofnanir gegni lykilhlutverki í efnahagslífi þjóða:

> Þær eru farvegur fyrir þá fjármuni sem almenningur, fyrirtæki og opinberir aðilar þurfa að nota hvort sem það er til að mæta daglegum útgjöldum eða vegna fjárfestinga til lengri tíma. Bankar og önnur fjármálafyrirtæki varðveita og ávaxta einnig tímabundið fjármuni sem þessir aðilar þurfa ekki að nota um sinn. (1:49)

Ljóst er að þau stjórnvöld sem sátu frá árinu 2003 til 2008 litu ekki einungis á fjármálakerfið sem hluta af gangverki samfélagsins sem miðil fjármuna fyrir atvinnustarfsemi í landinu heldur einnig sem nýja atvinnugrein. Í skýrslu RNA segir:

> Sú viðhorfsbreyting átti sér stað á Íslandi upp úr 2000 að í stað þess að líta á fjármálaþjónustu sem þjónustu fyrir raunhagkerfið fóru Íslendingar að líta á fjármálaþjónustu sem atvinnugrein sem gæti aflað tekna ein og sér fyrir þjóðarbúið. Jókst þannig hlutdeild fjármálaþjónustu í vergri landsframleiðslu jafnt og þétt á þessu tímabili og varð hlutdeildin árið 2005 hærri en hjá bæði útgerð og málmframleiðslu. (1:197–198)

Þetta er orðað beint í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 2007. Þar segir undir yfirskriftinni „Kraftmikið atvinnulíf“:

> Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförnum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. (1:210)

Í skýrslu RNA eru rakin viðhorf ráðamanna til starfsemi fjármálafyrirtækja árin 2003–2008. Jón Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, flutti erindi á aðalfundi Samtaka fjármálafyrirtækja 26. apríl 2007. Hann sagði m.a.:

> Fjármálageirinn hefur tekið miklum stakkaskiptum á Íslandi á undraskömmum tíma. Árangur starfsmanna og forystumanna hefur verið með ólíkindum og varpað glæsilegum bjarma yfir sviðið. Fjármálageirinn er orðinn ein helsta undirstaða velsældar og framfara á Íslandi. Hann býður mörgum starfsmönnum sínum góð laun og spennandi viðfangsefni. Ný atvinnusvið hafa opnast hérlendis sem áður voru aðeins kunn af frásögnum frá öðrum löndum. (1:214)

Á ársfundi Seðlabankans árið 2008 sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra: „Fjármálaþjónusta er skýrasta dæmið um atvinnugrein sem hefur blómstrað við nýjar aðstæður...“ (1:216). Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar hans frá 2007 um fjármálakerfið undirstrikaði að hans mati:

> [Á]kveð[na] velþóknun á því ástandi sem skapast hafði í þessum atvinnuvegi og vilja hefði verið lýst til þess að hlúa frekar að honum [...] Bankarnir voru vinsælir, þeir voru að borga fólki há laun hérna, það voru alls kyns menn með undarlegar prófgráður, stærðfræðingar og slíkir menn að fá fína vinnu í bönkunum og þeir voru náttúrulega að borga hér gríðarlega mikla skatta. (1:221–222)

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra gerði fjármálageirann sem atvinnugrein oft að umtalsefni. Í viðtali við Viðskiptablaðið 9. júní 2007 sagði hann að fjármálafyrirtækin skiluðu okkur um 10% þjóðartekna, og ennfremur sagði hann: „Þessar greinar [fjármálafyrirtæki og verslun] þarf að efla og verðskulda miklu meiri athygli en áður. Þetta er útrásin, þarna eru sprotarnir í uppbyggingu á atvinnulífi okkar í dag.“ (1:214). Í apríl 2008, á degi Samtaka fjármálafyrirtækja, sagði hann: „Sú staðreynd að fjármálageirinn er orðinn stærri en landbúnaður og sjávarútvegur samanlagt segir okkur einfaldlega að afleiður og skuldabréf eru í dag okkar ær og kýr.“ (1:217).

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði við skýrslutöku hjá RNA að með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2007 hefði verið litið svo á að: „[...] þarna væri komin ný atvinnugrein í landinu [...] sem jú hefði á undanförnum árum búið til heilmörg vel launuð störf“ (1:222). Fram kom hjá Árna Mathiesen fjármálaráðherra og Össuri Skarphéðinssyni iðnaðaráðherra í skýrslutöku hjá RNA að ákvæðið um fjármálamarkaðinn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2007 ætti uppruna í skýrslunni Alþjóðleg fjármálastarfsemi á Íslandi frá 2006 sem tekin var saman að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar, þáverandi forsætisráðherra. Þessi sjónarmið var einnig að finna hjá bankastjórum, m.a. sagði Hreiðar Már Sigurðsson við RNA að „[u]m væri að ræða atvinnugrein sem þarfnaðist vel menntaðs starfsfólks, borgaði há laun, skapaði miklar skatttekjur og væri umhverfisvæn.“ (1:225).

Ef fjármálakerfið er skoðað sem starfsgrein frá kynjasjónarmiði er eðlilegt að beina sjónum m.a. að hlutfalli kynja í stjórnum, kynjaskiptingu starfa, launamun og framamöguleikum. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru 7.400 starfsmenn í fjármálaþjónustu árið 2008 eða 5,1% starfandi fólks. Í því felst að 5.200 konur eða 6,4% starfandi kvenna hafi unnið við fjármálaþjónustu og 3.800 karlar eða 3,9% starfandi karla.[7] Í RNA er stuðst við sérstakan gagnagrunn til að skoða hvatakerfi bankanna Kaupþings, Landsbankans og Glitnis árið 2004–2008 (fjöldi starfsmanna í móðurfélögum bankanna). Í gagnagrunninum voru 1.387 einstaklingar árið 2008, en voru flestir árið 2007, eða 1.502 (3:29). Því virðist sem rétt innan við fjórðungur þeirra sem Hagstofan taldi til þessarar starfsgreinar árið 2008 hafi starfað hjá bönkunum þremur.

Kynjaskipting starfa í fjármálageiranum er mikil. Í launakönnun Samtaka starfsfólks í fjármálaþjónustu, SSF, frá maí 2008 kemur fram að meirihluti karla, eða 76%, eru sér-

---

[7] *Landshagir (2009)*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, bls. 98. Sótt 22. ágúst 2010 af: http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10361. Samkvæmt formanni Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtæki (SSF) eru tryggingarfélög, lífeyrissjóðir og eignarhaldsfélög inni í þessari tölu sem ekki eiga aðild að SSF. Sjá heimasíðu samtakanna, www.ssf.is og viðtal við hann á Bylgjunni 12/7 2010.

fræðingar, millistjórnendur og stjórnendur, og af þeim eru rúmlega 10% stjórnendur. Á sama tíma eru einungis 3% kvenna stjórnendur en rúmlega 39% kvenna eru þjónustufulltrúar, ráðgjafar og gjaldkerar.[8] Í skýrslu RNA kemur fram að almennt var launamunur í bönkunum mikill. Í Kaupþingi sem hafði mesta launadreifingu námu heildarlaun forstjóra árið 2007 tæplega 159-földum launum meðalstarfsmanns í bankanum. Þá var það 1% starfsmanna Kaupþings sem hæst laun hafði með „13 til 16-föld mánaðarlaun þeirra starfsmanna sem lágu í miðri launadreifingunni“. (3:72–73). Í Landsbankanum hafði efsta prósentið í launastiganum „átjánföld meðallaun þegar hæst var árið 2007“ (3:49), og í Glitni hafði efsta prósentið „tífföld“ (3:30) meðallaun á sama tíma.

Ekki er fjallað um launamun milli kynja í skýrslu RNA en vikið að starfsaldri. Önnur fyrirliggjandi gögn sýna að launamunur kynja er mikill í þessari starfsgrein. Í framangreindri launakönnun SSF frá maí 2008 kemur fram að konur eru með lengri starfsaldur en karlar eða 14 ár að meðaltali en karlar með 9 ár. Meðal fólks með sömu menntun, sama starfsaldur og í sömu starfsgrein eru karlar með 14,4% hærri heildarlaun á klukkustund en konur.[9] Þetta eru einungis sá hluti starfsfólks sem á aðild að stéttarfélagi. Launakönnun Capacent Gallup frá árinu 2006 bendir til þess að meiri launamunur sé á körlum og konum þar sem launaleynd ríkir. Í þeirri könnun kemur fram að margir starfsmenn telja að launamunur kynja þrífist betur í skjóli launaleyndar sem auðveldi stjórnendum að hygla fólki á ófaglegum grundvelli.[10] Laun hafa verið trúnaðarmál víða í einkageiranum á Íslandi[11], bankarnir eru þar ekki undanskildir.

Rannsóknir benda til að fyrirtæki sem hafa stjórnarfólk af báðum kynjum sýni betri arðsemi en þau félög sem hafa einsleitar stjórnir.[12] Konur eru fáar meðal stjórnarmanna og stjórnenda almennt í íslensku atvinnulífi. Fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði með bæði konur og karla í stjórn fækkaði úr 15% í 14% frá maí 2009 til maí 2010.[13] Konur voru 23% stjórnarmanna og stjórnarformanna í fyrirtækjum árið 2009 og 19% framkvæmdastjóra, og hafði þetta ekkert breyst frá því árið áður.[14]

Þessi fæð kvenna á ekki síst við um fjármálakerfið þar sem konur voru hverfandi fáar fyrir hrun eins og fram kemur í skýrslu RNA. Konur voru fáar í bankaráðum íslensku bankanna. „Engin kona sat í fyrstu bankaráðum Landsbanka og Kaupþings-Búnaðarbanka eftir einka-

---

[8] SSF. *Laun og kjör starfsmanna fjármálafyrirtækja. Kjarakönnun*. Maí 2008. bls. 10. Sótt 22. ágúst 2010 af: http://www.ssf.is/files/SSFlaunakonnun_110608_943757115.pdf

[9] Sjá SSF. *Laun og kjör starfsmanna fjármálafyrirtækja. Kjarakönnun.* Maí 2008. bls. 11.

[10] *Launamyndun og kynbundinn launamunur (2006). Reykjavík:* Félagsmálaráðuneytið, bls. 46–47. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobatskjol/Launamunur_og_kynbundinn_launamunur_2006.pdf

[11] Lilja Mósesdóttir o.fl. (2006) *Mælistikur á launajafnrétti. Lokaskýrsla verkefnisins Mælistikur á launajafnrétti.* Sótt 27. ágúst 2010 af: www.jafnretti.is/D10_/Files_Isl_samantekt_april_05_2006.pdf

[12] Margrét Sæmundsdóttir (2009). Konur og stjórnarhættir fyrirtækja á Íslandi. *Bifröst Journal of Social Science, 3*.

Smith, N., Smith, V. og Verner, M. (2005). Do women in top management affect firm performance? A panel study of 2500 Danish firms. *Forschungsinstitut zur Zukunft der Arbeit discussion paper no. 1708. Sótt 27. ágút 2010* af: ftp://ftp.iza.org/dps/dp1708.pdf

[13] *Hlutdeild kvenna í atvinnulífinu* (2010). Reykjavík: Félag kvenna í atvinnurekstri. Sótt 27. ágúst 2010 af: www.fka.is

[14] *Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára 2010–2014.* Sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/frettir2010/Thingsalyktunartillaga_jafnrettis mal_11062010.pdf

væðingu og sama átti við bankaráð hins sameinaða Íslandsbanka-FBA.“ (8:34). Í 3. bindi skýrslu RNA kemur fram að ýmist er ein eða engin kona meðal 10 launahæstu starfsmanna bankanna, og afar fáar konur í hópi framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna sem fá lán hjá bönkunum. Í skýrslu RNA er greint frá niðurstöðum skýrslu Útflutningsráðs frá 2006 um íslensk fyrirtæki á Norðurlöndum. Norrænir viðmælendur furða sig á því hve fáar konur eru við stjórnvölinn í íslenskum fyrirtækjum miðað við önnur Norðurlönd. Danskur viðmælandi í skýrslunni segir:

> Það eru engar konur í stjórninni [í íslenska fyrirtækinu] og það er galli, auk þess sem mér finnst hálfgert hneyksli að í stjórn norræns fyrirtækis skuli ekki vera ein einasta kona … Með því að hafa enga konu í stjórn er verið að segja „nei takk“ við helming mannkynsins. (8:34)

Sumir gömlu bankanna sem störfuðu fyrir hrun höfðu sett sér jafnréttisáætlanir[15] en framangreindar upplýsingar benda til að jafnréttisstarf hafi ekki verið markvisst. Mikilvægt er að bankar og fjármálastofnanir hlíti undanbragðalaust lögum nr. 13/2010 um kynjahlutföll í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þá þurfa bankar og fjármálastofnanir að huga að jafnréttismálum, bæði í starfsmannamálum og þjónustuhlutverki sínu. Jafnréttisstarf í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða er lögboðið á Íslandi, sbr. 1. grein jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa hefur gefið út handbók um aðferðir og verklag við þá vinnu.[16] Slík vinna hefur verið innleidd víða erlendis og hægt er að finna fordæmi úr banka- og fjármálastarfsemi, og frá alþjóðastofnunum eins og Alþjóðabankanum.[17]

2.2. Stóriðjuframkvæmdir.

Ljóst er að þær ríkisstjórnir sem sátu frá 1995–2008 lögðu áherslu á stóriðju og virkjanir í sinni atvinnustefnu. Framkvæmdirnar við Kárahnjúka voru „einhverjar mestu framkvæmdir Íslandssögunnar“ (1:116) eins og segir í greiningu Seðlabankans frá 7. janúar 2003. Stóriðjustefna 2004–2007 fól í sér þreföldun á álframleiðslu með tilheyrandi virkjanaframkvæmdum. Í skýrslu RNA er vikið að því að þarna hafi verið um karlastörf að ræða:

> EES-samningurinn greiddi fyrir flutningi vinnuafls milli landa. Erlendum ríkisborgurum á vinnualdri fjölgaði verulega hér á landi frá því um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. […] Áberandi er hve hlutfall karla á þessum aldri [20 til 50 ára] með erlent ríkisfang hækkar mikið á árunum 2006, 2007 og 2008 en þá eru 18% karla á þessum aldri á landinu útlendingar. Þessi mikla aukning stafar að miklu leyti af stórframkvæmdum og gríðarlegum umsvifum í byggingariðnaði á þessum árum en um-

---

[15] Landsbanki Íslands í Smáralind fékk t.d. viðurkenningu Jafnréttisnefndar Kópavogs árið 2007. Sjá Kópavogsbær, vefsíða. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=56840&Itemid=190

[16] *Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasamþættingu* (2009). Akureyri: Jafnréttisstofa. Sjá: http://www.samstiga.is/D10/_Files/Jofnum_leikinn.pdf

[17] Elson, D. (2009) Gender Equality and Economic Growth in the World Bank World Development Report 2006. *Feminist Economics, 15(3), 35–59.*

Hafner-Burton, E. & Pollack, M. A. (2002). Mainstreaming Gender in Global Governance. *European Journal of International Relations,* 8 (3), 339–373.

Sjá heimasíðu Alþjóðabankans http://www.worldbank.org/

> fang þessara framkvæmda var slíkt að þær varð að manna að stórum hluta með innfluttu vinnuafli. (1:86)

Stóriðja sem atvinnustefna hefur kynjavídd í margvíslegum skilningi. Störfin eru dæmigerð karlastörf og karlar eru í yfirgnæfandi meirihluta.[18] Eitt megineinkenni byggðaröskunar er að fleiri konur yfirgefa landsbyggðina en karlar, m.a. vegna skorts á atvinnutækifærum við hæfi.[19] Meginrökin fyrir framkvæmdinni voru að afla atvinnutækifæra og sporna gegn byggðaröskun. Hæpið væri því að halda því fram að stóriðja á Austurlandi hafi þjónað hagsmunum kvenna. Atvinnuleysi var meira meðal kvenna en karla á Austfjörðum fyrir framkvæmdina og brottflutningur þeirra af svæðinu meiri en karla.[20] Með stóriðjuverkefnum á Austurlandi voru sköpuð dæmigerð karlastörf þar sem meira var í húfi að skapa kvennastörf af ofangreindum ástæðum.

Kannanir sýna að konur á Austurlandi komu minna að framkvæmdunum en karlar. Hin nýju störf voru að nokkrum hluta unnin af erlendum karlmönnum, eins og fram kom hér að framan og þannig jókst kynjahallinn enn frekar. Konur höfðu minni trú á framkvæmdunum en karlar og töldu ekki að framkvæmdirnar myndu bæta efnahagslega stöðu sína.[21] Miklu færri konur en karlar sáu fyrir sér að framkvæmdin skapaði þeim atvinnutækifæri, bæði vegna fjarlægðar til vinnu og langrar fjarveru frá heimili og börnum.[22] Launamunur kynja á Austurlandi var yfir landsmeðaltali árið 2005 og stóriðjuframkvæmdir minnkuðu síst þann mun.[23] Brýnt er að stjórnvöld taki tillit til jafnréttis- og kynjasjónarmiða í slíkum framkvæmdum og meti áhrif þeirra í öllu ferlinu, eins og lög gera ráð fyrir. Til þess eru tiltæk margvísleg verkfæri þar sem hæst ber samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða, og kynjaða fjárlagagerð, sem getið er um hér að framan.

2.3. Skattastefna.

> Meginstefna undanfarinna ríkisstjórna í skattamálum hefur verið einföldun skattkerfisins, almennar skattalækkanir og afnám ýmissa skatta. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1999 segir að skattalöggjöfin verði endurskoðuð með það markmið að draga úr jaðaráhrifum og *mismunun* og stuðla að aukinni skilvirkni. Þá er stefnt að samræmingu í álagningu eignaskatts og lækkun eignaskatts á húsnæði. Einnig að

---

[18] Tryggvi Hallgrímsson (2009). *Rannsókn á fjölþjóðlegu vinnusamfélagi vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 8: Niðurstöður vinnuviðhorfskönnunar sem gerð var sumarið 2006.* Byggðarannsóknastofnun Íslands. Þróunarfélag Austurlands, Byggðastofnun, Iðnaðarráðuneytið. Sótt 22. ágúst 2010 af: http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2009/Austurland-Fjolthjodlegt_vinnusamfelag_loka_des-09.pdf

[19] Berglund, Anna-Karin, o.fl. (2007) *Med periferien i sentrum -en studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien.* Alta, Norut NIBR.

[20] Auður Magndís Leiknisdóttir (2007) *Women and nature on the margin: an ecofeminist view on a heavy industrial project in Eastern Iceland.* Óbirt meistararitgerð við London School of Economics, London.

[21] Tinna Halldórsdóttir (2009). *„Hér eiga allir sínar eigin pumpur". Rannsókn á stöðu og viðhorfum kvenna á Austurlandi*. Viðtalsrannsókn unnin fyrir Tengslanet austfiskra kvenna.

[22] Anna Karlsdóttir (2006). Women and fisheries follow-up survey. Í L. Sloan (ritstj.), *Women andNatural Resource Management in the Rural North. Arctic Council Sustainable Development WorkingGroup 2004–2006.* Forlaget Nora. Nordfold.

[23] Auður Magndís Leiknisdóttir (2007) *Women and nature on the margin: an ecofeminist view on aheavy industrial project in Eastern Iceland.* Óbirt meistararitgerð við London School of Economics,London.

> einföldun á skattlagningu fyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. (1:126, skáletrun okkar)

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 2003 kemur fram eftirfarandi markmið:

> „Tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum". Þar er því heitið að tekjuskattsprósenta einstaklinga verði lækkuð um allt að 4 prósentur á kjörtímabilinu og eignaskattur verði felldur niður. [...] Tekjuskattur einstaklinga í staðgreiðslu var lækkaður um eina prósentu hvert ár 2005, 2006 og 2007, en þar til haustið 2006 hafði verið stefnt að lækkun um tvær prósentur 2007. (1:126)

RNA tekur undir almenna gagnrýni á skattastefnu stjórnvalda á árunum 2003–2007, einkum fyrir að þær hafi verið óheppilega tímasettar. Hér er skattastefna skoðuð út frá kynjasjónarhorni. Rachael Lorna Johnstone, dósent við Háskólann á Akureyri, hefur fært rök fyrir að íslenskt skattkerfi feli í sér kynjamisrétti þrátt fyrir að skattkerfið sé formlega kynhlutlaust.[24] Skattkerfi eins og það sem við búum við byggist á sjónarhorni einstaklingshyggju og hagvaxtar þar sem áhættusækni er talin eftirsóknarverð.

Árið 1978 var tekin upp einstaklingssköttun á Íslandi, eða (takmörkuð) sérsköttun með lögum nr. 40/1978. Áfram var þó heimilt að millifæra 80% af persónuafslætti milli hjóna og síðar varð heimilt að millifæra hann að fullu. Þótt kerfið sé formlega kynhlutlaust og byggt á einstaklingssköttun hefur það kynbundnar afleiðingar fyrir fjölskyldufólk og ákvarðanir þess um hegðun á vinnumarkaði.[25] Á Íslandi var flatur tekjuskattur fram til ársins 2010 þegar stighækkandi tekjuskattur var innleiddur og er hann 37,22% fyrir lægsta tekjuþrepið.[26] Atvinnutekjur karla eru hærri en kvenna og sá munur ýkist enn frekar í skattkerfinu. Millifærsla á persónuafslætti hefur áhrif á ákvarðanir fjölskyldna og gjarnan kynbundnar afleiðingar. Skattur á fjármagns- og vaxtatekjur er lægri en tekjuskattur (18% árið 2010 en var 10% áður, á móti rúmlega 37% skatti á atvinnutekjur). Þetta felur í sér kynjamismunun þar sem karlar eru fleiri meðal fjármagnseigenda eins og fram kemur í skýrslu RNA. Það fólk sem þarf að vinna fyrir tekjum borgar hærri skatt en það fólk sem fær tekjur sínar af fjármagni.[27]

Erfitt er að meta eignamun kynjanna vegna þess að Hagstofa Íslands getur einungis reiknað hann út frá skattframtölum þar sem hjón telja eignir saman fram. Konur geta þess vegna átt töluverðan auð á pappírnum eins og fréttir árið 2009 um „afsöl" eigna karla til eiginkvenna sinna sýna.[28] Rachael Lorna Johnstone telur að skattkerfi sem skattleggur fjármagnstekjur lægra en skatt fyrir atvinnutekjur hygli hinum áhættusæknari. Í 8. bindi RNA eru raktar rannsóknir sem sýna að konur eru áhættumeðvitaðri en karlar. Þá sýna rannsóknir

---

[24] Johnstone, R. L. (2009). Tax is a feminist issue. *Lögfræðingur, 3* (1), 43.

[25] Johnstone, R. L. (2009). Tax is a feminist issue; sjá einnig Þorgerði Einarsdóttur (2000). *Bryddingar*: *Um samfélagið sem mannanna verk.* Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 103.

[26] Skattur er 37,22% fyrir lægsta tekjuþrepið. Ríkisskattstjóri, vefsíða. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://rsk.is/einstakl/tolur/helstut_einstakl_2010

[27] Johnstone, R. L. (2009). Tax is a feminist issue, bls. 51.

[28] „Konurnar fá líka bílana og bústaðina", *Fréttablaðið* (2009, 5. febrúar), bls. 1. Ennfremur Eyjan 5. febrúar 2009 „Fjármálamenn: Afsöluðu húsum til eiginkvenna – einnig jörðum, sumarhúsum og jeppum". Sjá: http://eyjan.is/2009/02/05/menn-i-fjarmalageiranum-afsoludu-ekki-adeins-husum-til-eiginkvenna-heldur-einnig-jordum-sumarhusum-og-jeppum/

að karlar séu líklegri en konur til að hafa ofurtrú á sjálfum sér og það á ekki síst við í fjármálaheiminum.[29] Af þessu má leiða líkum að því að slíkt kerfi hygli körlum þótt það sé formlega séð kynhlutlaust. Til viðbótar þessu má nefna að neikvæð áhrif fjármálakerfisins og skattkerfisins fyrir konur eru líkleg til að tvinnast saman; fjármálakerfið skapar hálaunastörf fyrir karla sem skattkerfið síðan umbunar enn frekar. Í skýrslu RNA kemur fram að ein ástæða launafyrirkomulags hafi beinlínis verið að „draga úr skattbyrði starfsmanna vegna færslu úr tekjuskatti í fjármagnstekjuskatt." (3:96). Brýnt er að stjórnvöld taki tillit til jafnréttis- og kynjasjónarmiða þegar stefnumótandi ákvarðanir um skattkerfið eru teknar, eins og lög gera ráð fyrir. Til þess eru tiltæk verkfæri og aðferðir svo sem samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða, og kynjaða fjárlagagerð, sem getið er um hér að framan.

2.4. Húsnæðismál.

> Ríkisstjórnin sem var stofnuð 1995 var með á stefnuskrá að flytja almenna húsnæðiskerfið frá Húsnæðisstofnun (síðar Íbúðalánasjóði) yfir í bankakerfið. Það gerðist ekki og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2003 er talað um að endurskipuleggja húsnæðismarkað í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð og hækka hámarkslánshlutfall í 90% af verðgildi eigna. (1:117–118)

Ríkisstjórnin gerði breytingar á útlánareglum íbúðalánasjóðs árið 2004. Í skýrslu RNA er tímasetning breytinganna gagnrýnd en bæði Seðlabankinn og Hagfræðistofnun höfðu varað ríkisstjórnina við þessu. Báðir aðilar komust að því:

> [A]ð lántökur myndu aukast, húsnæðisverð myndi hækka mikið og íbúðafjárfesting aukast en þegar frá liði myndu breytingarnar ganga til baka og eftir sætu lántakendur með sama húsnæði á hærra verði og með meiri skuldir. (1:203)

Í skýrslu RNA er vikið að því að eitt af hlutverkum Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum sé að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði. Þótt séreignastefna í húsnæðismálum sé ráðandi húsnæðisform á Íslandi hefur það verið véfengt. Nokkur umræða var á Íslandi 1998 og 1999 um húsnæðiskerfið. Páll Pétursson þáverandi félagsmálaráherra, talaði fyrir fjölgun valkosta, þ.m.t. félagslegum úrræðum.[30] Nokkuð hefur verið skrifað um húsnæðismál í alþjóðlegu samhengi, aðallega hvernig mismunandi kerfi koma við fólk eftir tekjustigi og félagslegri stöðu. Konur hafa almennt lægri tekjur en karlar og eru oftar einar framfærendur barna. Einstæðar konur með börn voru 15% fjölskyldna árið 2006.[31] Alþjóðlegar rannsóknir benda til að húsnæðisstefna geti haft kynbundnar afleiðingar.[32] Húsnæðiskaup eru meðal stærstu fjárfestinga sem fólk ræðst í á ævi

---

[29] Barber, M. B. & Odean, T. (2001) „Boys will be boys: Gender overconfidence, and common stock investment" í *The Quarterly Journal of Economics*, February, 261–292.

[30] Páll Pétursson (1998, 28. febrúar). Húsnæðismál. *Morgunblaðið.*

[31] Konur og karlar á Íslandi 2008. Félags- og tryggingarráðuneytið, Hagstofa Íslands, Jafnréttisstofa. Sótt 27. ágúst 2010 af: http://jafnretti.is/D10/_Files/Konur%20og%20karlar%202008%20net.pdf

[32] Aggarwal, A. G. (2004). UN Special Rapporteur on Adequate Housing: Emerging Gendered Norms For the Right to Adequate Housing. *Australian Journal of Human Rights,* 10 (1), 8. Venter, A. & Lochner, M. (2006). Gender and housing policy in South Africa: Policy and practice in Bloemfontein. *Journal of Family Ecology and Consumer Sciences, 34.*

sinni. Mikilvægt er að stjórnvöld taki tillit til jafnréttis- og kynjasjónamiða þegar stefna í húsnæðismálum er mótuð og framkvæmd. Til þess eru tiltæk margvísleg verkfæri þar sem hæst ber samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða, og kynjaða fjárlagagerð, sem getið er um hér að framan.

Í þessum kafla hefur athyglinni verið beint að hagstjórn síðustu ára fyrir hrun. Stóriðjuverkefni, skattalækkanir, og að einhverju leyti húsnæðismál, hafa kynbundnar afleiðingar sem almennt komu körlum betur en konum. Sama gildir um fjármálakerfið sem stjórnvöld litu á sem nýja atvinnugrein.

3. Kynjafræðileg hugtök og sjónarmið.

Í skýrslu RNA eru samfélagssýn og hugmyndafræði afskiptaleysis talin ein ástæða þess að bönkunum var leyft að vaxa eins hratt og raun bar vitni. Til að skoða kynjavíddina í því sem gerðist er hægt að prjóna við þessa skýringu. Í þessum kafla eru skýrð nokkur grundvallarhugtök sem notuð eru í síðari köflum skýrslunnar. Hugtakið *einstaklingur* er hér miðlægt, en einnig hugtökin *frelsi* og *þjóðerni.* Skoðaður er sá mannskilningur sem liggur til grundvallar afskiptaleysisstefnunni sem hér ríkti en í henni var einstaklingurinn hafinn í æðra veldi. Kynjasjónarhorn er lagt á þessi hugtök og í því skyni er stuðst við hugtökin kyngervi, karlmennska og kvenleiki.

3.1. Einstaklingur, frelsi og þjóðerni.

Menningarbundin sýn okkar og hugmyndir um einstaklinginn kallast á við samfélagslega hugmyndafræði, eins og henni er lýst í 8. bindi RNA. John Stuart Mill lagði mikilvægan grunn að þeim mannskilningi sem hugmyndafræði afskiptaleysisins byggist á.[33] Hann taldi að halda beri samfélagslegum þvingunum í lágmarki því þær hindri þroska einstaklinganna þannig að atorka þeirra fær ekki notið sín. Einstaklingseðli sem fær að njóta sín leysir úr læðingi snilligáfu og sterkar hvatir sem eru samfélaginu til góðs. Mill telur að frumleiki sé dýrmætur þáttur mannlífsins sem aðeins örfáir séu gæddir. „Snillingur dregur ekki andann nema í frjálsu andrúmslofti. Eðli málsins samkvæmt eru snillingar gæddir ríkara einstaklingseðli en annað fólk.“[34] Af þessum sökum þarf að hlúa að jarðveginum að mati Mill.

Óhætt er að segja að einstaklingshyggja, sjálfstæðis- og frelsisást hafi verið áhrifarík hugmyndafræði í íslensku samfélagi fyrir hrun.[35] Fræðimenn hafa fært fyrir því rök að þessi hugmyndafræði byggist á karlmiðlægum og þjóðhverfum mannskilningi. Þjóðernissinnuð hugmyndafræði er iðulega kynjuð og einkennist af því að konur eru táknmyndir þjóða en karlar gerendur þjóða.[36] Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur fært fyrir því rök að „hinn sanni Íslendingur“ sé karlkyns í sögu okkar, þjóðarvitund og menningararfi.[37]

---

[33] Mill ([2009]/1859). *Frelsið.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

[34] Mill ([2009]/1859). Frelsið. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 127. Sigurður Kristinsson (2007). Er byggjandi á einstaklingseðlinu? Í Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Hugsað með Mill.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

[35] *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna.* Skýrsla nefndar (mars 2008).

[36] Þorgerður Einarsdóttir (2010). Kyngervi og kynjamyndir nýfrjálshyggjunnar. Kolbeinn Stefánsson (ritstj.), *Eilífðarvélin: Uppgjör við frjálshyggjuna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

[37] Sigríður Matthíasdóttir (2004) *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

3.2. Kyn, kyngervi, karlmennska, kvenleiki.

Víkjum nokkrum orðum að hugtökunum kyn og kyngervi, karlmennska og kvenleiki, áður en lengra er haldið. Hugtakið kyn snýst um líffræðilegt kyn, meðan kyngervi snýst um innihald. Kyngervi vísar því í táknræna merkingu hugtaksins kyn og byggjast á menningarbundnum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku. Kyngervi mótar sjálfsmynd okkar, athafnir og hugsun en einnig samfélagslegar stofnanir og menningarástand. Þótt nokkur líkamlegur og líffræðilegur munur sé á kynjunum sýna rannsóknir að kynjamunurinn sé að verulegu leyti áunninn frekar en meðfæddur.[38] Í alþjóðlegum samanburði virðast Íslendingar hallir undir eðlishyggju í þessum efnum.[39] Þegar kemur að hugtakinu kyngervi er nærtækt að vísa í fleyg eru orð franska heimspekingsins Simone de Beauvoir „þú fæðist ekki kona heldur verður kona“. Í karlafræðum er þetta heimfært upp á karla: „þú fæðist ekki karlmaður heldur verður karlmaður“, það þarf með öðrum orðum að skapa karlmennsku.[40] Það er meðal annars gert með því að draga upp mynd af því sem er ókarlmannlegt.[41] Það sem er karlmannlegt gefur vald, það sem er ókarlmannlegt dregur úr valdi. Kyngervi vísa þannig í táknræna merkingu hugtaksins kyn og byggjast á menningarbundnum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku. Kyngervin eru mótuð en ekki eðlislæg, og þau hafa áhrif á athafnir okkar og hugsun en einnig samfélagslegar stofnanir og menningarástand. Merking hugtakanna kvenleiki og karlmennska er lifandi og breytileg en í okkar heimshluta hvíla kyngervin á grunni vestrænnar heimspeki sem hefur tengt kvenleika við tilfinningar og náttúru en karlmennsku við skynsemi og rökhyggju.[42]

Sagnfræðingurinn Joan W. Scott heldur því fram að hugtakið einstaklingur hafi kynbundin formerki, hann hafi með öðrum orðum tiltekið kyngervi, í merkingunni hér að ofan. Ímyndin um hina sjálfráða, vitibornu skynsemisveru er karlkyns. Til marks um það er þegar borgarar fengu almenn lýðréttindi eins og kosningarétt voru konur útilokaðar. Þessar hugmyndir eru ekki einungis barn síns tíma heldur einnig lifandi samtímasaga. Í arfi vestrænnar lýðræðishefðar hefur verið samasemmerki á milli einstaklingseðlis og karlmennsku.[43] Dæmi um þetta er hugtakið „maður“ sem á að ná yfir allt mannkyn en er nokkurs konar sjálfgildi yfir karlmann nema annað sé tekið fram. Það nær stundum yfir bæði kyn en er fyrirfram skilgreint

---

[38] Eliot, L. (2009). *Pink brain, blue brain: How small differences can grow into troublesome gaps and what we can do about it.* New York: Houghton Mifflin Harcourt Publishing Company.

[39] Kolbeinn Stefánsson (2008). *Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkaskiptingar. Rannsóknarritgerð nr. 2.* Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 27. ágúst 2010 af: www.thjodmalastofnun.hi.is/Kynjavidhorf -workingpaper.pdf

[40] Liljequist, J. (1999). Från niding til sprätt. Í A. M. Berggren (ritstj.), *Manligt och omanligt i ett historiskt perspektiv*. Stockholm: Forskningsrådsnämnden

[41] Mosse, G. L. (1996). *The Image of Man: The Creation of Modern Masculinity.* New York og Oxford: Oxford University Press.

[42] Scott, J. W. (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í J. W. Scott (ritstj.), *Feminism & History* (bls. 152–180). Oxford, New York: Oxford University Press.

[43] Scott, J. W. (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í J. W. Scott (ritstj.), *Feminism & History* (bls. 152–180). Oxford, New York: Oxford University Press. Sigríður Matthíasdóttir (2004) *Hinn sanni Íslendingur*: *Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930.* Reykjavík: Háskólaútgáfan. Guðný Gústafsdóttir (2009). *Vaðmál og netsokkar: Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi*. Óbirt meistararitgerð frá stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

sem karlmaður og er stundum útilokandi fyrir konur, oft er talað um menn og konur. Scott segir að ein áhrifaríkasta leiðin til að tákngera valdatengsl sé að kyngera þau.[44]

Eitt af því sem tilgreint hefur verið sem einkenni karlmennsku er skapfesta (*e. character*). Karlar án skapfestu eiga á hættu að glata myndugleik sínum og karlmennsku. Skapfestan felst í að sýna ekki veikleikamerki, taugaveiklun, óöryggi eða önnur einkenni sem gætu gefið til kynna skort á sjálfsstjórn.[45] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson hefur greint hugtakið karlmennska fræðilega og telur að með karlmennsku, sem og með hugtakinu kvenleiki, sé átt við hugmyndir frekar en eitthvað áþreifanlegt.[46] Þegar talað er um karlmennsku í almennri umræðu er átt við það sem talið er greina karla frá konum og gjarnan er vísað í líkamlegan styrk. Önnur þrástef í viðteknum hugmyndum samfélagsins um karlmennsku, að mati Ingólfs Ásgeirs, eru agi, rökvísi, hlutlægni, samkeppni og að vera snöggur til að bregðast við aðsteðjandi vanda. Kvenleiki er á sama hátt það sem talið er greina konur frá körlum og felur í sér valdaleysi og veikleika. Áhættusækni og áhættuhegðun er eitt einkenni ráðandi karlmennsku og karlmennskuhugmynda.[47]

Mikilvægur þáttur í mótun karlmennsku hjá drengjum eru áhersla á snilld og námsárangur án þess að hafa fyrir því og drengir hafa tilhneigingu til að gera minna úr ástundun sinni en stúlkur.[48] Í rannsókn sem gerð var meðal nemenda í íslenskum unglingabekk kemur fram staðfesting á þeirri hugmynd að drengir telji kvenlegt að sinna náminu vel. Rannsóknin sýnir hvernig hugmyndir um verðleika, greind, virðingu og leiðtogahæfni eru kynlægar strax á unglingsaldri. Drengjum sem gekk vel í skólanámi voru taldir snillingar en stelpur með háar einkunnir voru sagðar samviskusamar og duglegar. Samviskusemi tengist undirgefni og kvenleika, þess vegna eru strákar ekki samviskusamir. Hugmyndir okkar um hæfileika, greind og hæfni virðast samofnar hugmyndum um karlmennsku. Í rannsókninni kom jafnframt fram að það sem var skilgreint sem mikilvæg þekking og hæfni bæði af stelpum og strákum var meira tengt karlmennskuorðræðu.[49] Undirbúningur er því fyrir konur á meðan karlar vaða blint í sjóinn og treysta á eigin snilligáfu.

Í skýrslunni er notast við hugtakið stigveldi karlmennskunnar. Með stigveldi er átt við að ein tegund karlmennskuhugmynda trónir yfir öðrum í virðingar- og valdastiganum.[50] Í okkar samtíma er talið að alþjóðleg viðskiptakarlmennska (*e. transnational business masculinity*) eða útrásarkarlmennska hafi yfirhöndina. Við þessar hugmyndir máta aðrir karlmenn sig. Þessi tegund karlmennsku náði yfirhöndinni yfir karlmennskuhugmynd stjórnmálanna. Um þetta og tengslanet karla, samtryggingu og samkeppni er fjallað um í kaflanum „Stigveldi karlmennskunnar." Þetta tengist hugmyndinni hér að framan um skapfestu og sjálfsstjórn sem eitt einkenni karlmennsku. Ein leið til að viðhalda stigveldinu er aðgreining milli karla.

---

[44] Scott, J. W. (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í J. W. Scott (ritstj.), *Feminism & History* (bls. 152–180). Oxford, New York: Oxford University Press.

[45] Liljequist, J. (2006). Sexualiteten. Í J. Lorentzen & C. Ekenstam (ritstj.), *Män i Norden: Manlighet och modernitet 1840–1940.* Hedemore og Möklinta, Svíþjóð: Gidlunds forlag.

[46] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

[47] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, bls. 53 og 58.

[48] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi,* bls. 72–73.

[49] Berglind Rós Magnúsdóttir (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingabekk.* Óbirt meistararitgerð frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

[50] Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society,* 19 (6). 829–859.

Ef draga á úr valdi karla er nærtækt að bendla þá við eitthvað ókarlmannlegt, merki um veikleika eða skort á sjálfsstjórn, eins og nefnt var hér að framan, eiginleika sem gjarnan eru eignaðir konum. Þannig er þagmælska eitt af því sem tengt hefur verið við vald karlmennskunnar, og andstæða hennar, lausmælgi, talinn ókarlmannlegur eiginleiki.[51] Nánar er fjallað um þetta í kaflanum „Kyngerving: Samspil kyns og málaflokks“.

Hugmyndir í ætt við þessar svifu yfir vötnum í íslensku samfélagi, orðaðar og óorðaðar, og í margvíslegum birtingarmyndum. Þær birtust skýrt í „ímyndarskýrslu“ forsætisráðherra sem fjallað er um í 8. bindi RNA.[52] Ennfremur í lýsingum ráðamanna á íslensku fjármálalífi og athafnamönnum, lýsingum athafnamanna á sjálfum sér og umfjöllun fjölmiðlafólks og fræðimanna, eins og fjallað er um hér á eftir.

4. Einkavæðing bankanna.

Ein meginskýringin á falli bankanna 2008 er að mati RNA hraður vöxtur þeirra sem rekja má til einkavæðingarinnar sem lauk 2003. Við einkavæðingu verða bankar gjarnan áhættusæknari og búast má við auknum útvexti lána og aukinni skuldsetningu í landinu. Allt þetta kom á daginn á Íslandi. Í skýrslu RNA er sagt að einkavæðing bankanna hafi byrjaði vel en farið að líkjast einkavæðingu bankanna í Mexíkó 1990–1992. Þar voru kaupin almennt illa fjármögnuð, eignarhald varð samþjappað og nýju eigendurnir voru margir reynslulausir í bankarekstri:

> Þeir voru hins vegar ákafir í því að auka vegferð annarrar starfsemi sem þeir höfðu með höndum og lánuðu jafnvel sjálfum sér fjármagnið sem þeir keyptu bankann sinn fyrir (1:112–113)

Alþingi vísaði ákvörðunum um fyrirkomulag á sölu bankanna til stjórnvalda, fjórir ráðherrar leiddu málið til lykta en lögformlega var endanleg ákvörðun og stjórnskipuleg ábyrgð hjá fagráðherra. Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi viðskiptaráðherra, lýsti ferlinu þannig fyrir RNA:

> Já, svona eftir á að hyggja þá er þetta náttúrulega mjög opið en þetta var dálítið barn síns tíma, framkvæmdarvaldið var náttúrulega mjög dóminerandi í þinginu á þeim tíma. (1:235)

> Já, það er sjálfsagt alveg rétt. Þetta var vissulega bara í höndum ríkisstjórnarinnar en […] það var þó ákveðið ferli í gangi og það voru þá einhverjar kríteríur. Ýmsir héldu að þetta hefði bara allt verið ákveðið af þessum ráðherrum, ekki einu sinni fjórum heldur einhverjum tveimur og svo bara gert. En það var náttúrulega ekki alveg svo slæmt. Og ég nefni þá enn einu sinni þetta HSBC fyrirtæki sem ég hélt að væri voðalega merkilegt en svo veit ég ekkert um það. (1:235)

---

[51] Mosse, G. L. (1996). *The Image of Man: The Creation of Modern Masculinity*. New York og Oxford: Oxford University Press.

[52] *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna*. Skýrsla nefndar (mars 2008). Sjá ennfremur gagnrýni Sagnfræðingafélags Íslands á skýrsluna. http://www.sagnfraedingafelag.net/2008/06/12/11.34.26/

Athyglisvert er að ráðherrann gefur hér í skyn að eitthvað hafi verið athugavert við ferlið en leitast öðrum þræði við að aðgreina sig frá því, „ég svo sem veit ekkert um það“. Eftir árangurslausa leit að erlendum kjölfestufjárfesti fram til 2001 stóð til að fresta sölunni. Á því varð breyting eftir að Björgólfsfeðgar sýndu áhuga á að kaupa Landsbankann í júní 2002. Það gerðist eftir óformlegar samræður Björgólfs Thors Björgólfssonar og Magnúsar Þorsteinssonar með fulltrúa HSBC, ráðgjafa íslenskra stjórnvalda í söluferlinu, í London. Söluferlið tók við þetta breytingum, bæði viðmið um hæfni kaupenda og heildarmarkmið. Björgólfsfeðgar fylgdu áhuga sínum eftir með formlegu bréfi til framkvæmdanefndar um einkavæðingu í júní 2002 eftir að hafa haft samband við forsætisráðherra og verið í „stöðugu sambandi“ (1:242) við Ólaf Davíðsson, þáverandi formann nefndarinnar. Í skýrslu RNA er lýst hvernig óformleg samskipti og tengslanet karla, sem nánar er fjallað um hér á eftir, settu mark sitt á aðdraganda sölunnar.

Kjölfestufjárfestir var, samkvæmt skilgreiningu þáverandi viðskiptaráðherra sem bar ábyrgð á ferlinu, „sá sem hefur þekkingu og reynslu á sviði fjármálaþjónustu“ (1:241) en þau viðmið skýrði hún í Morgunblaðsgrein 5. júlí 2001. Kröfur og viðmið sem stjórnvöld settu fram í byrjun söluferlisins reyndust óstöðug að mati RNA. Dregið var úr kröfum og forgangsröð krafna breytt þegar leið á ferlið og horfið frá kröfu um faglega þekkingu og reynslu af fjármálaþjónustu. Sérstaklega varð rýmkun þar á eftir að bréf barst frá Björgólfsfeðgum um áhuga á Landsbankanum í júní 2002. Við söluna á Búnaðarbankanum var einkum miðað við aðkomu „virtrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar“ (1:253). Óljóst var fram á síðustu stundu hver sú stofnun var enda þótt það hafi verið úrslitaatriði þegar sá hópur var valinn og öðrum hafnað. Hin virta alþjóðlega fjármálastofnun reyndist vera lítill banki „með afmarkaða starfsemi á sviði einkabankaþjónustu á landfræðilega takmörkuðu svæði í Mið-Evrópu“ (1:260, neðanmálsgrein 116).

Þrenns konar kynjavídd er að finna í ferlinu í kringum einkavæðingu bankanna. Í fyrsta lagi tengslanet og samtryggingu karla í söluferlinu. Í öðru lagi óstöðug viðmið um hæfniskröfur sem sniðin eru utan um óskakandídata, oftast karla. Í kaflanum „Hæfni, ákvarðanataka, hugarfar“ hér á eftir er fjallað um hugtakið hæfni og þá merkingu sem það hefur fengið í viðskiptalífinu. Í þriðja lagi er um að ræða samspil menningarbundinna karlmennsku- og kvenleikahugmynda meðal þeirra sem tóku hinar pólitísku ákvarðanir um einkavæðinguna en nánar er fjallað um það í kaflanum „Kvengerving: Samspil stöðu og kyns“.

Aðkomu Björgólfsfeðga að söluferlinu bar að með mjög óformlegum hætti, en því lýsti Björgólfur Guðmundsson á eftirfarandi hátt við RNA:

> Upphafið að því að við komum inn í þetta er nú eiginlega þannig að úti í Englandi á sínum tíma, þegar við erum nýbúnir að afgreiða Rússland eða þann hluta sem við vorum þar í, þá hittum við nú mann sem er frá HSBC, það er svona í kokteilboði og hann hefur orð á því að þeir séu alltaf með mandate frá ríkisstjórninni um að þeir megi, eigi að selja bankann. Þetta verður bara svona einhver léttleiki yfir þessu samtali, það var nú Magnús og Björgólfur, ég var ekki þarna úti, og það er eiginlega svona, það kveikir í mönnum. Síðan er litlu seinna, þá er boð eða kokteilboð hjá Heritablebankanum sem Landsbankinn var þá, og þá eru þeir Halldór Jón og Kjartan Gunnarsson þar, sem er þá stjórnarformaður úti, og þeir, svo tekst eitthvert samtal þeirra á milli og það, þeir fara að segja þeim að það eigi að fara að selja eitthvað í bankanum [...]. Og ég man það að þessi HSBC-maður sem þeir fengu umboð held ég 2001 að hann sagði að þeir hefðu leitað til 20, 17 eða 20 aðila, kynnt þeim málið,

> hvort þeir hefðu áhuga fyrir að taka þátt í þessu bankaútboði [...]. Nú, svo komum við heim og förum að velta þessu fyrir okkur og þá töluðum við við þessa nefnd sem Ólafur Davíðsson er formaður fyrir, einhverjum hringingum og einhver sagði, einhvern veginn þróast það þannig að við komumst í samband við hann og [...] við ritum þeim bréf [...]. (1:242)

Þessi samskipti eru dæmi um hvernig samskipti milli karla fara fram á óformlegum nótum og að treyst sé á gamlan kunnings- eða vinskap þannig að völd tiltekinna karla eru tryggð. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum „Tengslanet karla“ hér á eftir. Ummælin gefa til kynna að hugmyndir og ákvarðanir í fjármálalífinu séu ekki alltaf vel ígrundaðar, sbr. „það kveikir í mönnum“. Hér vekur einnig athygli hvernig Björgólfur skapar sér samningsstöðu með því að setja fyrri starfsemi sína í samhengi sigurvegarans, en þeir séu þá „nýbúnir að afgreiða Rússland“, rétt eins og það hafi reynst þeim létt verk að leggja hið forna stórveldi að velli.

4.1. Foringjaræði og pólitísk helmingaskipti.

Framan af var miðað við að selja eingöngu Landsbanka. Eftir bréf Björgólfsfeðga breytast áherslur stjórnvalda sem nú hafa allt í einu áhuga á að selja bæði Landsbanka og Búnaðarbanka. Tekin er ákvörðun um að auglýsa báða bankana en ágreiningur var um þá ákvörðun. Viðskiptaráðherra lýsir því á eftirfarandi hátt fyrir RNA:

> [V]ið tókumst svolítið á, við Davíð, þarna einmitt þegar var verið að ákveða hvort það ætti að auglýsa báða bankana eða annan. Hann vildi bara auglýsa annan, bara Landsbankann. [...] Ja, hann vildi bara að þetta væri svona og ég vildi að þetta væri hinsegin og hafði vinninginn og þótti það nú ekki leiðinlegt. (1:239)

Íslensk stjórnmálamenning hefur verið talin einkennast af „foringjaræði“ (8:179) og virðist sú tilhneiging hafa aukist að stefnumótun ríkisstjórnar sé í höndum formanna eða oddvita stjórnarflokkanna. Þegar kemur að hinni eiginlegu ákvörðun verður sá ráðherra, sem ábyrgð ber á henni að stjórnlögum, þó að taka hana. Fyrir utan að þetta fyrirkomulag veikir þingið og lýðræðið má geta þess að þar sem karlar eru í meirihluta flokksformanna og oddvita flokka hefur foringjaræði sterka kynjavídd.[53] Í þessu ljósi er athyglisvert að hlutverk viðskiptaráðherra í ferlinu bendir til að raunverulegt vald hennar hafi ekki verið í samræmi við ábyrgð. Hún segir að ákvörðun um að ganga til samninga við Samson-hópinn um Landsbankann „hefði stafað frá forsætisráðherra, það hefði „ekki leynt sér““ (1:267). Í skýrslutöku hjá RNA ýjar viðskiptaráðherra að því að hún hafi haft annað og minna hlutverk í ferlinu en forsætis- og utanríkisráðherra enda þótt hún sé formlega ábyrg:

> [A]ndrúmsloftið var þannig að maður upplifði það mjög sterkt að hann [Davíð Oddsson] vildi að Samson keypti Landsbankann, ég hef ekkert meira fyrir mér í því. (1:268)

> [Halldór Ásgrímsson] vildi gjarnan að þeir yrðu þá einn hópur, Kaldbakur og S-hópurinn. Hann átti einhver samtöl við aðila um það. Það var símafundur sem þeir

[53] Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir (2009). Kynjaskekkja í stjórnmálum: Breytingar og áhrifaþættir. *Stjórnmál og stjórnsýsla, veftímarit*, 5 (1). Fræðigreinar.

> áttu þar sem það var… já, hann hefur sjálfsagt orðið fyrir einhverjum þrýstingi og kannski meiri þrýstingi en ég, báðir vildu fá bankann, *og það er kannski af því að ég er kona, ég veit það ekki, að það hafi verið talið að ég væri ekki kannski ekki að stjórna þessu*. (1:268, skáletrun okkar)

Steingrímur Ari Arason, fulltrúi fjármálaráðherra, sagði sig úr framkvæmdanefnd um einkavæðingu eftir ákvörðunina um að semja við Samson-hópinn. Hann sagði að ráðherrarnir hafi farið að gefa einkavæðingarnefnd fyrirmæli í júlí/september 2002. Þrátt fyrir að salan væri á ábyrgð viðskiptaráðherra staðfesti Steingrímur Ari lýsingar viðskiptaráðherra er hann sagði að viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra hafi verið á „hliðarlínunni“ (1:267) og bæði verið „ótrúlega sko passíf“ (1:267). Um þetta sagði hann við RNA:

> [É]g er 99,9% viss að [Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson] taka ákvörðun um þetta, að selja báða bankana samtímis, að ganga til viðræðna við S-hópinn um kaup á Búnaðarbankanum og Samson-hópinn um kaup á Landsbankanum. (1:267)

4.2. Óstöðugar hæfniskröfur.

Bæði framkvæmdanefnd um einkavæðingu og viðskiptaráðuneytið höfðu efasemdir um hæfni þeirra tilboðsgjafa sem síðar urðu eigendur Landsbankans:

> [T]ilboðsgjafar hafa enga reynslu af bankarekstri og því vandséð við fyrstu sýn að þeir geti aukið samkeppnishæfni bankans með líkum hætti og erlendur banki gæti gert. (1:244)

Efasemdir voru einnig reifaðar erlendis, t.d. í Euromoney árið 2002, þar sem fjallað var um bakgrunn og sögu Björgólfs Guðmundssonar, og spurt: „Is this man fit to own a bank?“ (8:26). Engu að síður var ákveðið að ganga til einkaviðræðna við fjárfestingarfélag Björgólfsfeðga, Samson ehf. FME gerði ekki athugasemdir við hæfi Samsonarhópsins. Það er athyglisvert að í þessu ferli hörfar viðskiptaráðherra með sjónarmið sín um kröfur til væntanlegra kjölfestufjárfesta við val á Samson-hópnum. Í skýrslutöku hjá RNA gerði hún lítið úr vægi þessara sjónarmiða sinna og ráðuneytisins:

> Nánar tiltekið segir Valgerður um þetta viðmið að það hafi bara verið „frá okkur sko og þetta [var] aldrei eitthvað sem ráðherranefndin sem slík [féllst] á að [væri] hið rétta“ og að RnE hafi „aldrei verið neitt sammála“ um þau sjónarmið sem hún setti fram í áðurnefndri grein sinni eða minnisblaði, það hafi bara verið „texti okkar í viðskiptaráðuneytinu“. (1:265)

Um atriði þessu tengt er fjallað í kaflanum „Styðjandi kvenleiki“. Við val á kaupendum Búnaðarbanka, eftir að einkaviðræður voru hafnar við Samson ehf., var forsendum og matsviðmiðum enn breytt og þar sátu aðilar ekki við sama borð. Starfsmaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu fór til London til fundar við starfsmann HSBC. Ferðin var í óþökk FME og viðskiptaráðherra sem sagðist hafa verið „mjög hissa og reið“ (1:263) en án þess að fylgja því sérstaklega eftir á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Starfsmaður framkvæmdanefndarinnar samdi beint við fulltrúa HSBC um matslíkanið, sbr. tölvubréf HSBC til hans eftir fundinn:

> By defining the criteria and weighting carefully, it is possible to arrive at the "right" result in selecting the preferred party, whilst having a semi-scientific justification for the decision that will withstand external critical scrutiny. (1:263)

Sjá má af ofangreindu að framkvæmdin í samningsferli framkvæmdanefndar um einkavæðingu og Búnaðarbankans varð í meginatriðum í samræmi við ósk S-hópsins um frestun á undirritun kaupsamnings og tilkynningu um hver erlendi fjárfestirinn væri, sem kom fram og var rætt á fundi nefndarinnar 13. desember 2002. Ekki var skrifað undir kaupsamninginn fyrr en miðjan janúar 2003 og nefndin virðist ekki hafa fengið upplýsingar um hver hinn erlendi fjárfestir væri fyrr rétt fyrir undirskriftina. Svo virðist sem viðskiptaráðherra, sem hafði hið formlega ákvörðunarvald og bar hina pólitísku ábyrgð hafi verið á hliðarlínunni, að því undanskildu að hún beitti sér fyrir að báðir bankar yrðu seldir en ekki bara Landsbankinn til Samson-hópsins. Þessi vinnubrögð og skortur á gagnsæi olli tortryggni þar sem stöðugt var ýjað að pólitískum helmingaskiptum eins og fjallað er sérstaklega um í 8. bindi RNA.

Nokkur atriði í þessu ferli gætu bent til þess að hlutverk viðskiptaráðherra beri keim af hugtakinu styðjandi kvenleiki (*e. emphasized femininity*) sem kallast á við hugtakið ráðandi karlmennska (*e. hegemonic masculinity*) og nánar er fjallað um í kaflanum „Stigveldi karlmennskunnar". Hugtakið styðjandi kvenleiki felur í sér auðsveipni og þjónustulundaða undirgefni við karla eða karllæg sjónarmið. Það vekur athygli að viðskiptaráðherra beitti sér þannig fyrir sölu beggja bankanna og tókst á um það við forsætisráðherra („hafði vinninginn og þótti það nú ekki leiðinlegt" (1:239)). Hins vegar kom hún ekki að því að úthluta þeim gæðum sem athafnir hennar leiddu til. Það sést á lýsingum hennar sjálfrar á þessu ferli. Hún segir að formaður flokks hennar hafi beitt sér meðal áhugasamra kaupenda en hún ekki komið þar að og ekki orðið fyrir þrýstingi „kannski af því að ég [er] kona, ég veit það ekki, að það hafi verið talið að ég væri ekki kannski ekki að stjórna þessu." (1:268). Í þriðja lagi dró viðskiptaráðherra í land með þau viðmið sem hún og ráðuneyti hennar höfðu skilgreint sem hæfniskröfur. Hún gerir lítið úr þeim viðmiðum sem hún sjálf hafði áður sett fram, eins og fram kom í tilvitnuninni hér að ofan þar sem hún gerir lítið úr minnisblaði viðskiptaráðuneytisins, með þeim orðum að það hafi bara verið „texti okkar í viðskiptaráðuneytinu" (1:265). Þetta er í samræmi við hugmyndir um styðjandi kvenleika.

Hér að framan hefur verið fjallað um einkavæðingu bankanna frá kynjasjónarmiði og athyglinni einkum beint að því hvernig óformleg tengslanet karla höfðu áhrif á það ferli. Samkvæmt skýrslu RNA fengu stærstu eigendur allra stóru bankanna óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá þeim banka sem þeir áttu, að því er virðist í krafti eignarhalds síns. Í þessari skýrslu er ekki fjallað sérstaklega um fall Glitnis og setningu neyðarlaganna hina afdrifaríku helgi þegar sú atburðarrás átti sér stað. Sú greining krefst að mati höfunda sértækrar umfjöllunar sem ekki rúmast í þessari skýrslu.

5. Sjálfskilningur og hugmyndafræði.

5.1. Orðræða ráðamanna.

Ráðamenn þjóðarinnar héldu á lofti hugmyndum um hið sérstaka Íslendingseðli, sem beint og óbeint vísaði í íslenska karla, t.d. í „ímyndarskýrslu" forsætisráðherra sem fjallað var um hér að framan. Áform um að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð höfðu verið reifuð a.m.k. áratug fyrir hrun, t.d. af Davíð Oddssyni þáverandi forsætisráðherra í The Financial Times árið 1998. Þær hugmyndir fengu meðbyr í byrjun 21. aldarinnar. Á ársfundi Seðla-

banka Íslands 30. mars 2005 lýsti Halldór Ásgrímsson, sem þá var forsætisráðherra, hvernig hann skýrði fyrir útlendingum „hvernig það megi vera að þessi litla þjóð geti gert sig svo gildandi á erlendum mörkuðum sem raun ber vitni“ (1:212):

> [Þ]ar skipti að sjálfsögðu miklu máli það áræði, sá kraftur og það frumkvæði sem býr í íslenskum athafnamönnum. En einnig hitt að þær aðstæður sem hér hafa skapast á undanförnum árum hafa orðið til þess að íslenskt atvinnulíf hefur dafnað og blómstrað og í raun gert það að verkum að íslenski markaðurinn er í mörgum tilvikum orðinn of lítill fyrir þessa starfsemi. (1:212)

Í tilvitnuninni hér að framan er vísað í það áræði, kraft og frumkvæði sem býr í „íslenskum athafnamönnum“. Með því er spyrt saman þjóðerni, karlmennskuhugmyndum og einstaklingseðli. Í framhaldi segir að Ísland sé orðið of lítið fyrir þessa starfsemi, athafnaþrána. Á þessa sömu strengi spiluðu ráðamenn árin á eftir og tóku jafnvel dýpra í árinni. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði á ársfundi FME 27. nóvember 2007 að Ísland væri í raun orðin alþjóðleg fjármálamiðstöð, m.a. „vegna þess frumkvæðisanda sem ríkir meðal stjórnenda og starfsmanna íslenskra fjármálafyrirtækja.“ (6:98). Í grein í Viðskiptablaðinu sagði hann:

> Kraftur, kjarkur og góð þekking íslensku útrásarmannanna skilaði meiri árangri hraðar við fjárfestingar erlendis en hægt var að sjá fyrir og víkingurinn hefur vakið athygli á alþjóðavísu. (8:192)

Þessar hugmyndir fengu skýrt birtingarform í ræðu og riti hjá forseta Íslands og varð það ekki síst til að ljá þeim aukið vægi og réttmæti. Siðfræðihópur RNA telur að Ólafur Ragnar Grímsson forseti hafi beitt afli embættisins í þágu viðskiptalífsins og átt frumkvæði að því að opna íslenskum fyrirtækjum leið erlendis. Í 8. bindi RNA er fjallað um hvernig forsetinn útfærði hugmyndir sínar um sérstöðu íslenskra fyrirtækja, sem hann taldi byggða á séríslenskum eiginleikum (8. bindi, kafli II.4). Þar segir að orðræða forsetans hafi verið „karlmiðuð, vísað var til sjómanna og bænda, athafnaanda, frumkvöðulsvilja, framtakssemi og vinnusemi dásömuð. Allt eru þetta eiginleikar sem tengdir hafa verið sérstaklega við karlmennsku“ (8:172). Þar segir jafnframt að forsetinn telji að „mikil samskipti væru milli manna“ (8:172) og að „þau byggðust á trausti milli manna í fornum anda.“ (8:172). Hér verður leitast við að skoða hvernig þessar hugmyndir hafa kynbundin formerki, í anda umræðunnar hér að framan. Eftirfarandi klippimynd (*e. collage*)[54] eru orð og hugtök valin úr erindi forsetans hjá Sagnfræðingafélaginu í janúar 2006 og er henni ætlað að gefa innsýn í andblæ þessarar orðræðu:

> ...útrásarandi – sækja frægð og frama um langan veg – þjóðarvitund – siðmenning – í fremstu röð – nýsköpun – frumkvæði – hæfni og hugvit – snerpa og knáleikur hins smáa – íslenskir athafnamenn bera sigurorð af öðrum – vinnusemi – árangur – áhætta – þora þegar aðrir hika – laus við skrifræðisbákn – íslenskur athafnastíll – skapa iðandi keðju bandamanna í ákvörðunum – stjórnandinn sjálfur er í fremstu röð

[54] Þorgerður Einarsdóttir (2010). Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstj.), *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggju*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

> líkt og skipstjóri í brúnni – fyrirtækin öðlast svipmót frumkvöðlanna – persóna hans eða hennar verður ráðandi afl – ábyrgð og forysta – landnámið – tími víkinganna – verðskuldaður heiður – leggja á hafið, nema lönd – virðing og sómi – athafnamenn, arftakar hefðar með rætur í upphafi Íslandsbyggðar – tengsl við forna tíma – skáldgáfa – sköpunargleði.[55]

Forsetinn sækir efnivið í Íslendingasögurnar og víkingatímann og hugmyndir hans eru hlaðnar karllægu tungutaki og táknmyndum. Þessi karllæga þjóðernisorðræða er ekki ný heldur endurspeglar hún þrástef í heila öld um Íslendinga sem „kjarnmesta fólkið í heimi“.[56] Tilvísanir í hefðbundin atvinnusvið karla eins og sjómennsku og skipsstjórn, eru tengdar við frumkvæði, hæfni, hugvit, snerpu og áhættu. Þetta er tengt við þjóðarvitund og siðmenningu Íslendinga. Orðræða sigurvegarans er samofin þjóðhverfu, Íslendingar „þora þegar aðrir hika“. Það er í samræmi við orð forsetans sem féllu á öðrum vettvangi, um „hagkerfi 21. aldarinnar“ (8:171) sem gæfi fyrirtækjum frá smáríkjum kost á að verða risastór og smáríkjum tækifæri til að leggja heiminum ýmislegt til.

Í skýrslu RNA er vikið að því hvernig háskólasamfélagið átti þátt í að ljá þessum hugmyndum fræðilegan búning og réttmæti.[57] Í þeirri umfjöllun er karlmennska og þjóðerni samofin, rétt eins og í umfjöllun forsetans. Íslensk fyrirtækjamenning var talin „smellpassa“ (8:192) inn í breytta heimsmynd „þar sem hraði, hugrekki og samþætting ráða úrslitum“ (8:192). Íslenskri fyrirtækjamenningu var einmitt líkt við víkingaskip:

> [Þ]að sem skapar íslenskum viðskiptamönnum samkeppnisforskot er „víkingaskipið“: ákvarðanataka er hröð, boðleiðir eru stuttar, samskiptamynstur opið, allir eru tilbúnir til að leggja hart að sér í stuttan tíma líkt og á vertíð, tengslanetið er sterkt og „reddaragenið“ blómstrar. (8:192)

> [S]érstök íslensk viðskiptamenning (e. organizational culture) eigi stóran þátt í hinum góða árangri útrásarfyrirtækjanna en henni má lýsa með nánum tengslum milli fólks, stuttum boðleiðum, alþýðlegum (e. informal) stjórnendum með gott aðgengi að stjórnmálamönnum og fjármálamönnum. Frumkvöðlamenning innan fyrirtækjanna er einnig talin hafa leikið stórt hlutverk í alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja. (1:193)

5.2. Sjálfsskilningur bankamanna.

Lýsingarnar hér að ofan eru keimlíkar þeim sem íslensku bankamennirnir notuðu um sjálfa sig og starfsemi bankanna. Í fundargerð Landsbankans frá 21. júlí 2007 eru talin upp í 14 liðum áform eða áhugi á fjárfestingum og yfirtökum erlendis. Í útrásinni ætluðu íslenskir bankar og fjármálamenn að „...leggja heiminn að fótum sér.“ (8:97). Áformin ríma við hugmyndir fræðimanna um útrásarkarlmennsku, sem nefnd eru hér að framan og gerð eru

---

[55] Ólafur Ragnar Grímsson (2006). *Útrásin: Uppruni - einkenni - framtíðarsýn*. Fyrirlestur forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006. Sótt 24. ágúst 2010 af: http://forseti.is/media/files/06.01.10.Sagnfrfel.pdf

[56] Kristín Loftsdóttir (2009). Kjarnmesta fólkið í heimi. Ritið, 2–3.
Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

[57] Hér er vert að halda til haga að meðal háskólafólks var einnig sett fram gagnrýni, eins og fram kemur í 8. bindi RNA.

ítarlegri skil í kaflanum „Stigveldi karlmennskunnar“. Þjóðerni var miðlægt í ímynd bankamannanna. Þegar Icesave-reikningarnir voru markaðssettir 2006 var talið jákvætt að skírskota til Íslands í vörumerki þeirra. Talið var að „einföld og skýr skilaboð ásamt sterkri tengingu við Ísland myndu gefa góða raun. Tölurnar tala sínu máli og hafa innlán í gegnum Icesave aukist með gríðarlegum hraða.“ (6:9). Hér er látið að því liggja að útlendingar ávaxti pund sitt á reikningunum af því að þeir tilheyri íslenskum banka en ekki vegna vaxtanna. Í skýrslu RNA er getið um samkomu í London árið 2006 þar sem einn af samstarfsmönnum Björgólfs Thors hafi skálað við íslenskar konur með orðunum: „Skál fyrir genunum, peningunum og framtíðinni!“ (8:86).

Á sama tíma var hugmyndafræðilegum stoðum skotið undir útrásina, stundum alþjóðlegum hugmyndum með þjóðlegu ívafi. Í skýrslu RNA kemur fram að Kaupþingsmenn sögðust fylgja hugmyndafræðinni *Blue Ocean Strategy*. Þeir töldu sig leiða þá stefnu sem aðrir íslenskir bankar fylgdu, „other financial companies in Iceland followed in our footstep“ (8:95). Þessi aðferð er talin felast í að forðast beina samkeppni með því að skera sig úr, öðlast samkeppnisforskot með því að vera úti á hinu bláa hafi þar sem enginn er.[58] Snjallir stjórnendur forðast hið rauða haf sem er gamalt viðmið, rautt af blóði eftir hákarlana þar sem allir bítast um það sama. Myndmálið er sterkt og kannski ekki fjarri lagi. Stórar áhættuskuldbindingar, krosseignatengsl, samþjöppun á eignarhaldi, sem allt hafði verið harðlega gagnrýnt í lengri tíma af hálfu erlendra greiningaraðila, voru að einhverju leyti íslensk sérkenni eins og fram kemur í skýrslu RNA, fáir aðrir voru þar viðlíka langt úti á hinu bláa hafi.

Sama gilti um *íslenska módelið* hvað fjármögnun varðar. Icesave-reikningar Landsbankans erlendis voru í útibúum í London en ekki í dótturfélagi. Samkvæmt Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, var þetta talið æskilegra fyrirkomulag svo hægt væri að „nýta og stýra fjármunum samstæðunnar í heild sinni“ (6:11). Það þýðir á venjulegu máli að hægt sé að flytja peningana heim. Hin mikla áhættutaka bankanna og flókin fjármögnun var sögð frábrugðin lánastofnunum erlendis sem væru staðlaðri og sérhæfðari en hérlendis. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, lýsti íslenskri sérstöðu þannig:

> Á Íslandi er krossveðsett út um allt og ef þú tekur þetta lán út, hvað gerist þá? Þá fer veðið með því, en þarna er eitthvert annað lán sem er krossveðsett og þetta er miklu meira spaghettí vegna þess að það er verið að þjónusta, ekki bara einhvern pínulítinn geira úr atvinnulífinu, heldur er verið að þjónusta allt atvinnulífið. Landsbankinn er bara með 40% plús af íslensku atvinnulífi undir. Og auðvitað er allt krossveðsett fram og til baka út um allt. Lánin eru því ekki svona tær eins og þeim [þ.e. erlendum bankamönnum] finnst að þau hljóti að vera, að það sé bara hægt að fá, já ef þið eigið svona mikið af lánum út á fasteignir þá tökum við það bara. Lán út á fasteignir hjá okkur eru í mörgum tilfellum hjá okkur bara partur af fyrirgreiðslu fyrirtækisins og

---

[58] Kim, W.C. & Mauborgne. R. (2005). *Blue ocean strategy: how to create market space and make the competition irrelevant.* Boston: Harvard Business School Publishing Corporation. Hugmyndafræðin hefur hlotið mikla útbreiðslu erlendis þó ekki virðist mikið hafa farið fyrir henni hér á landi. Sjá þó *Tómas Viktor Young* (2010). *Stuðningur Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) við íslenska tónlistarmenn.* Óbirt meistararitgerð, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
Sjá: http://skemman.is/bitstream/1946/4315/1/LOKARITGERD_fixed.pdf

> það er krossveðsett á móti, þessu og þessu og þessu. Þetta er svona eitt risastórt spaghettí sem þjónustar heilt atvinnulíf sem er allt annars eðlis. (5:28)

5.3. Regluverk afskiptaleysis.

Í hugmyndafræði *Blue Ocean Strategy* er lögð áhersla á að hindranir séu ekki gefin stærð heldur séu þær aðallega huglægar, þ.e. í höfðinu á stjórnendum.[59] Þetta ýtir undir þau viðhorf að umhverfið skuli vera sem frjálsast til að hefta ekki hugmyndaflugið og jafnframt að þeir „hugmyndaríkustu" séu þeir frjálsustu, í merkingu Mill hér að framan. Þetta varð hluti af menningarbundinni sjálfsmynd Íslendinga í útrásinni. Viðskiptaráð hvatti til þess að Ísland yrði „frjálsasta þjóð heims árið 2015" (8:187) og varaði í því samhengi við hinni „lamandi hönd" ríkisvaldsins.[60] Velgengni *íslenska módelsins* í upphafi sannfærði útrásarkarlana um ágæti þess og sérstöðu: Hinir ungu og reynslulitlu stjórnendur þekktu ekki annað en velgengni og markaði: „Það hefur skapað þeim þá tilfinningu að þeir skapi velgengni" (8:90) eins og segir í skýrslu um viðhorf útlendinga í þeirra garð sem vísað var til hér að framan. Í 8. bindi skýrslu RNA var jafnvel talað um oflæti eða *hybris*:

> As seen from the outside my understanding is that what had developed here in Iceland was a kind of national hybris. When we met Icelandic bankers they seemed to hold the view that they had invented something new, that they had superior competence and a better understanding of risks and profit possibilities as compared to more traditional and conservative bankers, and that, in their view, the sky was the only limit. (8:90–91)

Orðin í tilvitnuninni um að himinbláminn hafi falið í sér einu takmarkanirnar, að mati íslensku viðskiptamannanna; „the sky was the only limit", minna á orð forsetans hér að ofan um kosti þess að vera „laus við skrifræðisbákn".[61] Bæði fela í sér tilvísun í regluverk Íslendinga en stjórnvöld höfðu lagt sérstaka áherslu á að það væri ekki íþyngjandi og alls ekki strangara en annars staðar. Þetta rímar vel við andúð Mill á samfélagslegum þvingunum sem hann taldi heftandi fyrir einstaklingseðli, frumleika og snilligáfu. Í samræmi við þetta lögðu Íslendingar ofuráherslu á undanþágur frá þeim reglum sem giltu annars staðar. Páll Gunnar Pálsson, fyrrverandi forstjóri FME, orðar það svo: „Menn voru svo fókuseraðir á því að gera ekkert annað heldur en aðrir væru að gera á meðan menn áttu akkúrat að vera að því." (8:98–99). Það sem fyrrverandi forstjóri FME á við er að hér á landi var ríkari þörf fyrir sérstakar reglur vegna smæðar landsins og sérstakra aðstæðna.

Þannig lagði Landsbankinn allt kapp á að fá undanþágu breska fjármálaeftirlitsins (FSA) vegna Icesave-innlánanna í stað þess að grípa til aðgerða, fóru jafnvel í hart og töldu FSA „skorta valdheimild" (6:29) til aðgerða. Fjármálaráðuneytið styður þessa viðleitni Landsbankans. Sú mikla áhersla á að finna leiðir framhjá reglum með því að „challenge-era" (8:51)

---

[59] Sjá t.d. umræðu á vefsíðu Christopher S. Penn, sótt 27. ágúst 2010 af: http://www.christopherspenn.com/2009/08/arguing-against-your-limitations/ http://www.cdl.rutgers.edu/e-leadership/pdf/KimandMauborgne.pdf

[60] Ísland 2015 (2006) Viðskiptaráð. Skýrsla lögð fyrir Viðskiptaþing, bls. 19–22.

[61] Ólafur Ragnar Grímsson (2006). *Útrásin: Uppruni - einkenni - framtíðarsýn*. Fyrirlestur forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006. Sótt 24. ágúst 2010 af: http://forseti.is/media/files/06.01.10.Sagnfrfel.pdf

þær er merki um að átta sig ekki á stöðu sinni. Einblínt er á jafnstöðu þegar það hentar (sömu reglur fyrir alla) en sérstöðu þegar það hentar; „laumufarþegavandamálið“ *(e. free riders syndrome*) er ekki langt undan. Laumufarþeginn ferðast á kostnað annarra, leggur ekkert til, en nýtur ávaxtanna. Þá má geta þess að þetta minnir á umræðu fræðanna um einkenni sem kallað hefur verið „boys will be boys“. Í því felst m.a. að:

> [D]rengir þurfi á hreyfingu að halda, þeim er jafnvel eðlilegt að vera pínulítið árásargjarnir og umfram allt ekki kvenlegir eða hommalegir. […] … líka að drengir megi vera örlítið ábyrgðarlausir.[62]

Hugmyndin um himinblámann sem hina einu takmörkun er ennfremur í stíl við myndmálið um hið bláa haf. Þessar aðstæður ýttu undir sjálfstraust og áhættusækni. Það er ekki tilviljun að einmitt þessi skýring er iðulega notuð til að réttlæta rýran hlut kvenna í atvinnulífinu, ekki síst meðal stjórnenda og leiðtoga; með öðrum orðum konur eru ekki heftar af samfélagslegum hindrunum, þær hefta sig sjálfar með sínu eigin hugarfari.[63] Þessi sjónarmið einstaklingsgera félagsleg vandamál, smætta kerfislægar hindranir niður í viðhorf og innri takmarkanir kvenna sjálfra. Í siðfræðihluta skýrslu RNA er fjallað um að íslensk vanmetakennd eigi vísast sinn þátt í útrásardraumnum og vitnað er í orð Hannesar Smárasonar frá 2007: „Kannski er maður pínulítið að sýna umheiminum fram á það að við Íslendingar getum gert eitthvað.“ (8:95). Þetta er í samræmi við hugmyndir um útrásarkarlmennsku; íslenskir karlar vildu máta sig í hnattrænu samhengi, keppa við karla í öðrum löndum – og töldu sig hafa betur.

Þá virðist hugmyndin um himinblámann eða bláa hafið ekki hafa verið langt undan í þeim skýringum sem gefnar voru á launastigi í fjármálakerfinu. Eins og fram kom í kaflanum hér að framan um fjármálakerfið sem atvinnugrein voru laun stjórnenda margföld annarra starfsmanna og launamunur kynja mikill. Gjarnan var vísað í þá miklu ábyrgð sem fælist í stjórnun bankanna og hve eftirsóttir stjórnendur væru, jafnvel erlendis. Bankarnir væru í samkeppni við erlendar stofnanir og látið var að því liggja að þeir væru í nokkurs konar greiðastarfsemi við íslenskt þjóðfélag í launastefnu sinni, eins og fram kemur í ummælum Sigurður Einarsson, í kaflanum „Stigveldi karlmennskunnar“.

Þetta er athyglisvert í ljósi þess að stjórnendur íslensku bankanna virtust ekki njóta virðingar erlendis. „Ung fyrirtæki með unga stjórnendur. Eitthvað er ungæðislegt og nýríkt við þessa útrás“ (8:89) var viðkvæðið í skýrslu um viðhorf útlendinga árið 2006 til íslenskra fyrirtækja á Norðurlöndum. Íslendingar voru taldir vera „highest bidders in the euro system“ (2:53) og stjórnendur þeirra taldir skorta reynslu og þekkingu, sbr. eftirfarandi ummæli í skýrslu Merrill Lynch 31. mars 2008:

> When clients ask us why the Icelandic banks are considered to have a higher risk profile than their other European peers, one does not have to search hard for answers: rapid expansion, inexperienced yet aggressive management, high dependence on

---

[62] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi,* bls. 44.

[63] Sjá t.d. umfjöllun Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur (2008). Kynjaveröld kreppunnar. *Vefritið: Málgagn ungs frjálslynds félagshyggjufólks*, 10. desember. Sótt 28. ágúst 2010 af: http://www.vefritid.is/index.php/greinasafn/kynjaverold-kreppunnar

> external funding, high gearing to equity markets, connected party opacity. In other words: too fast, too young, too much, too short, too connected, too volatile. (6:11)

Þá samræmist meint eftirsókn í snilligáfu íslenskra bankamanna illa þeirri lýsingu eins af seðlabankastjórunum eftir fund með erlendum seðlabankastjórum vorið 2008 að „engir bankar vildu lengur eiga viðskipti við íslenska viðskiptabanka út í heimi. Þeir væru eins og holdsveikisjúklingar sem enginn vildi koma nálægt.“ (6:185).

5.4. Við og hinir.

Þegar halla tók undan fæti árið 2008 fékk umræðan um ágæti hinna íslensku fyrirtækja og stjórnenda önnur formerki en hélt áfram að vera á þjóðernislegum nótum. Stjórnvöld komu til aðstoðar bönkunum í markaðs- og ímyndarátaki þegar óveðursskýin hrönnuðust upp á árinu 2008. Í ræðu á Alþingi 21. febrúar 2008 sagði forsætisráðherra að barist yrði fyrir hagsmunum Íslands:

> [Þ]að hefur reyndar áður verið gert og áður hafa aðilar staðið saman um að kynna stöðu lands og þjóðar í efnahagsmálum út á við. [...] En auðvitað getum við ekki gert að því þótt olíuverð sé hærra núna en það hefur verið frá 1861 eða að ýmis önnur ytri áföll dynji á þjóðarbúi okkar eins og öðrum. Við þurfum auðvitað að laga okkur að slíkum staðreyndum sem koma erlendis frá. En í grunninn er þjóðarbúskapurinn hér mjög góður og við þurfum að koma því á framfæri. (6:130)

Hér er ekki gengist við því að mikið sé að í þjóðarbúskap Íslendinga heldur komi ógnirnar erlendis frá. Hin „ytri áföll“ eru undirstrikuð enn frekar með því dramatíska stílbragði að setja olíuverð í 150 ára samhengi. Þessi tilvísun í áþreifanlegan ytri vanda, svo sem olíuverð, breyttist eftir því sem leið á árið 2008 og hugmyndin um „ímyndarvand[a]“ (6:168), „orðspors- og umræðuáhætta“ (5:170) jókst. Í bréfi Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008 til Seðlabanka Bretlands sagði: „The Icelandic banks are well capitalised but they are dealing with a problem of perception.“ (1:174).

Gagnrýni erlendis frá var svarað með ásökunum um þekkingarleysi eða annarleg sjónarmið og það sjónarmið var ráðandi. RNA telur t.d. að FME hafi stutt sjónarmið Landsbankans gagnvart breska fjármálaeftirlitinu (FSA). Þannig sagði forstjóri FME í nóvember 2007: „Hvort sem að slík skrif eru sett fram af vanþekkingu eða í ákveðnum tilgangi er ljóst að umtalsáhætta er orðin töluverð áhætta fyrir íslenskt fjármála- og efnahagskerfi“ (5:157). Hann gagnrýndi við annað tilefni í apríl 2008 „svokallað skuldatryggingarálag“ (6:159) íslensku bankanna sem hann taldi fyrir utan öll skynsemismörk og bætti við:

> Að mínu mati eru orsakir þessa háa álags sálræn, tæknileg og hátternisbundin. Það sem um er að ræða er almenn áhættufælni á alþjóðamörkuðum, tæknilegir ágallar á óskipulegum og grunnum markaði og afleiðing illskeyttrar umræðu um bankana og íslenskt efnahagslíf. (6:159)

Útlendingum voru eignuð annarleg sjónarmið og gegn þeim standa íslensku karlarnir saman. Þetta er dæmi um þá þjóðhverfu samtryggingarkarlmennsku sem fjallað er um hér að aftan en hún var einkum áberandi þegar ytri ógn var talin steðja að. Það undirstrikar enn frekar þessar hugmyndir að hér er alþjóðamarkaðurinn sagður „áhættufælinn“. Áhættusækni

og áhættuhegðun er tengd karlmennsku, eins og fram kom hér að framan, og andstæða þess er áhættufælni. Það orðfæri er gjarnan notað um konur til að lýsa hugleysi en forsvarskonur Auðar Capital hafa reynt að hnika þeirri orðræðu og tala um „áhættumeðvitund.“[64] Í tilvitnuninni hér að ofan er alþjóðamarkaðurinn kvengerður í þessum skilningi, aðgreindur frá íslensku hugarfari, og í sömu andrá bendlaður við vanþekkingu og „illskeytta umræðu“ (6:159). Forsætisráðherra Geir H. Haarde gagnrýndi mat Moody's í febrúar 2008 með tilvísun í að álagspróf FME bentu til að undirstöður bankanna væru traustar. Hann segir að „önnur öfl en leitin að sannleikanum ráði ferðinni hjá neikvæðum greiningaraðilum og fjölmiðlum. Allir verði að snúa bökum saman til að bregðast við“ (8:159). Hér er höfðað til þjóðerniskenndar og karlmennsku; leggjumst á árarnar, snúum bökum saman gagnvart sameiginlegum óvini.

Á fundi bankastjórnar Seðlabankans og þriggja ráðherra 7. maí 2008 er haft eftir seðlabankastjóra að „það færi í taugarnar á breska [seðla]bankanum að íslensku bankarnir séu farnir að auka innlánastarfsemi og þeir séu að bjóða betri kjör en þeir bresku“ (6:173) rétt eins og um tilhæfulausa taugaveiklun eða pirring sé að ræða. Bankastjórar Landsbankans telja FSA sýna „óbilgirni“ (6:23) og seðlabankastjóri spyr hvort til greina kæmi að „standa í lappirnar gagnvart FSA“ (6:23). Upplifað vald seðlabankastjóra var ekki í takt við raunverulegt vald hans, eins og síðar kom á daginn, en e.t.v. í samræmi við hugmyndafræði hins bláa hafs að hindranirnar séu í höfðinu á okkur. Gagnrýni eða neikvæðni útlendinga virðist ennfremur álitin tilefnislaus og fyrst og fremst í höfðinu á þeim. Í sama anda er frásögn forsætisráðherra af bréfi FSA um málefni Landsbankans 15. ágúst 2008. Hann segir það „hryllilegt bréf“ (6:27). Viðbrögðin bera keim af þjóðhverfu, útlendingarnir eru uppfullir af vitleysu og ranghugmyndum:

> Hann [forsætisráðherra] segir: „Við erum búin að setja hérna í gang vinnu strax til að svara allri vitleysunni í þessu bréfi um það sem snýr að íslenskum efnahagsmálum, því að bréfið er fullt af rangfærslum um það [...].“ (6:27)

Þjóðernislegir undirtónar eru ekki síst áberandi í umræðunni um Icesave-reikningana og erlend samskipti vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Það sem áður er litið á sem fjandsamleg viðhorf, jafnvel öfund, breytist í ótta við umsátur og árásir þegar líða tekur að hruninu. Hugrekkið má sín lítils og hindranir eru ekki lengur bara huglægar, heldur virðist vera um samsæri og árásir að ræða. Eftirfarandi ummæli seðlabankastjóra sýna þetta:

> Menn [voru] farnir að velta því fyrir sér að alþjóðasamfélagið, [...] hefði verið búið að ákveða það að við færum á hausinn. Hingað kom maður, sem var [hagfræðingur hjá] BIS [...] mjög merkilegur maður og hafði oft verið á undan öðrum að sjá hluti. Hann borðaði hérna með okkur eitt kvöldið í júlí [2008] [...]. Þá sagði hann: Það er búið að ákveða að einn stór banki verður látinn fara á hausinn, það verða Lehmanbræður, og síðan eitt land, og það verðið þið. [...] Ég verð að viðurkenna að þegar Lehmans-bræður fóru á hausinn komu þessi ummæli upp í hugann. (6:272).

---

[64] Halla Gunnarsdóttir (2008, 10. október). Áhættumeðvitund varð til þess Auður stendur vel. *Morgunblaðið.*

Sömu viðhorf birtust hjá Sigurjóni Þ. Árnasyni þar sem hann lýsir vandræðum Bear Stearns vorið 2008:

> Hvað gerist? Allir hluthafar þurrkast út en öllum skuldabréfaeigendum er bjargað. Það sem gerðist á þeim punkti var að allir horfðu og hugsuðu, já það er Bear Stearns, það er nú minnsta málið, honum var bara bjargað, þá verður bara öllum bjargað. Það verður viðsnúningur á markaði hjá öllum heiminum, öll „credit spread“ lækka um allan heim – nema á þrjá banka. Þrír íslenskir bankar. En hvar er ekki verið að bjarga? [...] Hverja eigum við þá að skortselja? Íslenska banka. Og það myndaðist bara skriða á okkur. Og rosaleg neikvæðni. (6:141)

> Og ég hugsaði, guð minn góður, það er verið að gera árás á okkur, nú erum við komnir í vesen. Þarna var ég hræddur, guð minn góður, allur heimurinn skynjar það núna að það sé hægt að drepa okkur vegna þess að okkur verði ekki bjargað, öllum öðrum verði bjargað af því að sá sem á að bjarga okkur hann getur það ekki, hann hefur ekki samning við neinn til að hjálpa sér og hefur ekki gert neitt í því. Þannig upplifðum við það. (8:101)

Ljóst er að seðlabankastjóri og bankastjóri Landsbankans upplifa ástandið eins og stórt samsæri og að ráðist sé á Ísland að ósekju. Ísland er berskjaldað eins og hjálparlaust fórnarlamb. Sjálfsöryggi og víkingaorðræða koma ekki að gagni. Bankamennirnir sem ekki vildu afskipti ríkisins nokkrum árum fyrr vildu nú að þeim yrði „bjargað“ en sá sem átti að bjarga gat það ekki því hann [seðlabankinn] „hefur ekki samning við neinn til að hjálpa sér“ (6:141). Sú mikla ábyrgð sem vísað er til m.a. í launum og hvatakerfi gildir ekki þegar á reynir.

Í þessum kafla hefur sjónum verið beint að þeirri hugmyndafræði sem leiddi til falls bankanna. Þjóðhverfar karlmennskuhugmyndir um meinta yfirburði íslenskra karla mynduðu hugmyndafræðilega réttlætingu fyrir þá þróun sem hér varð.

6. Hæfni, ákvarðanataka, hugarfar.

Víðar en á Íslandi eru ástæður hruns fjármálakerfisins skoðaðar. Í nýlegri bandarískri umfjöllun gerir Barbara Ehrenreich[65] að umtalsefni hugmyndafræðilega umgjörð og viðhorf til ákvarðanatöku. Hún segir að ríkt hafi sú trú, sem á rætur sínar í jákvæðrisálfræði *(e. positive psychology*), að með jákvæðu hugarfari geti einstaklingar haft áhrif á aðstæður sínar. Þessi hugmynd hafi fengið byr ungir báða vængi og þróast með ýmsum hætti á ólíkum sviðum samfélagsins. Í fjármálaheiminum var t.a.m. rík sú krafa að „ekki mætti tala markaðinn niður“ heldur væri það hlutverk þeirra sem starfa á sviðinu að hugsa jákvætt til að viðhalda vextinum.

6.1. Innsæi á kostnað reynslu.

Þessu tengt var krafa um að ákvarðanir byggðu á innsæi frekar en ígrundun. Ráðnir voru til starfa ungir reynslulitlir karlar og sem mest gert úr meintu fjármálalegu innsæi þeirra, snilligáfu og jákvæðu hugarfari. Gagnrýnin hugsun og ígrundun var litin hornauga í þessu

---

[65] Ehrenreich, B. (2009). *Bright-sided:* How the relentless promotion of positive thinking has undermined America. New York: Metropolitan Books.

andrúmslofti.[66] Í skýrslu RNA má finna dæmi um karla með litla reynslu af fjármálastarfsemi og meinta snilligáfu. Lárus Finnbogason, stjórnarmaður FME síðan 1999 og stjórnarformaður 2007, sagði við skýrslutöku hjá RNA:

> [Þ]að var bara erfitt fyrir eftirlitið og þessa eftirlitsaðila að beita sér af einhverjum svona alvöruþunga. Þá voru menn að trufla eitthvað og skemma eitthvað sem var verið að byggja hérna upp og var svo æðislegt. Nei, nei, og svo sér maður náttúrlega bara, af því að ég var náttúrlega í skilanefndinni, að hérna hvað maður var einhvern veginn bláeygur, allir þessir menn sem voru alltaf hérna á forsíðum viðskiptablaðanna og alls staðar, þetta voru gríðarlegir snillingar í viðskiptum og svo þegar maður, af því að maður sá þetta nú hinum megin frá, að þá var þetta bara allt lán á lán ofan, þetta var enginn, það var enginn substance, *það var engin snilld í þessu, þetta voru bara menn sem höfðu aðgang að, óendanlegan aðgang að fé og voru eiginlega óendanlega sæknir í áhættu og að fjárfesta*. (5:166, skáletrun okkar)

Í skýrslu RNA er vitnað í orð Ragnars Önundarsonar viðskiptafræðings og fyrrverandi bankastjóra Iðnaðarbankans sem gerir reynsluleysi íslensku bankamannanna að umtalsefni, þar kemur fram að:

> Hvergi annars staðar á Vesturlöndum kemur neinn til greina sem æðsti daglegur stjórnandi banka sem ekki hefur langa reynslu af bankastarfsemi. Lágmarkskrafan er að hafa þraukað í gegnum alvöru efnahagslægð, með öllum sínum útlánatöpum og erfiðleikum. Þannig var þetta líka hér á landi. *Nú telst reynsla og þekking íþyngja mönnum, hún dregur úr hugmyndaauðgi og áhættuvilja.* (8:42, skáletrun okkar)

Orð Ragnars má tengja við orð Ehrenreich hér að framan um hvernig reynsluleysi var litið jákvæðum augum og litið á það sem kost á meðan reynsla þótti íþyngjandi og draga úr ákvörðunum byggðum á innsæi í stað ígrundunar. Í þessu andrúmslofti er gott að vera ungur og reynslulítill karl. Reynsla sem oft fylgir aldri er litin hornauga.

Krafan um jákvætt hugarfar er samfara kröfunni um reynsluleysi. Áður hefur verið að vikið að þjóðhverfu og hvernig gagnrýni útlendinga var afgreidd sem árás illa meinandi afla. Krafan um jákvæðni þjónar því tvenns konar tilgangi, annars vegar til að þagga niður í gagnrýnisröddum og hins vegar til að viðhalda vextinum: „[Ö]nnur öfl en leitin að sannleikanum ráði ferðinni hjá *neikvæðum* greiningaraðilum og fjölmiðlum. Allir verði að snúa bökum saman til að bregðast við“ (8:159, skáletrun okkar) eins og forsætisráðherra sagði. Á öðrum stað er umfjöllun erlendra aðila afgreidd sem „bölmóður“: „Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins, segir að Gracie [breskur sérfræðingur í fjármálastöðugleika] hafi þótt vera með „bölmóð““. (8:136).

Í skýrslu RNA er að finna ákveðið þrástef þessu tengt: Aðilar voru ekki að horfast í augu við stöðuna eins og hún var, dæmi um þetta er í drögum að fundargerð þar segir að: „Jónína S. Lárusdóttir og Baldur Guðlaugsson telji að Landsbankamenn sem rætt hafi verið við í London átti sig ekki fyllilega á stöðunni.“ (6:228). Embættismenn voru ekki undanskildir:

---

[66] Ehrenreich, B. (2009). *Bright-sided: How the relentless promotion of positive thinking has undermined America.*

> Þegar Stefan Ingves var spurður út í þennan fund í bréfi frá rannsóknarnefnd Alþingis lýsti hann þeirri skoðun sinni að „íslensku fulltrúarnir á þessum fundi hafi verið stressaðir, ekkert sérlega vel undirbúnir og að þeir hafi ekki gert sér fulla grein fyrir þeirri áhættu sem til staðar væri“. (1:170)

Í tilvitnuninni kemur einnig fram að aðilar hafi verið illa undirbúnir. Að því þema verður vikið síðar þegar fjallað verður um viðhorf til fræðilegrar þekkingar. Víðar í skýrslu RNA er þess getið að bankamenn, embættismenn og stjórnvöld hafi ekki áttað sig á stöðunni og því ekki brugðist við. Skýrsluhöfundar RNA tala í þessu sambandi um „pólitíska lömunarveiki“ (8:149–151). Ef ferlið er skoðað í anda greiningarinnar hér að ofan má einnig halda því fram að skil á milli raunveruleika og þess sem þótti æskilegt hafi tekið að dofna. Krafa um jákvæðni og velgengni voru ofar öllu öðru. Þessu tengt eru hugtökin stigveldi karlmennskunnar, samtryggingar- og samkeppniskarlmennska, sem fjallað verður um síðar.

6.2. Hröð ákvarðanataka og áhættusækni.

Þegar ákvarðanatökuferli eru skoðuð hefur sjónum í auknum mæli verið beint að hraða og ástæðum hraðans. Rannsóknir sýna hvernig geðsjúkdómurinn manía (sem er hluti geðhvarfa eða geðhvarfasýki) hefur fengið breiðari skírskotun en áður. Um maníu er ekki einvörðungu fjallað í læknisfræðilegu samhengi heldur kemur manían víða við sögu í menningu okkar. Þessi þróun hefur m.a. átt sér stað í ýmiss konar menningar- og dægurefni, t.d. bókum eða blöðum, þar sem einkenni sjúkdómsins eru fegruð og upphafin. Það sem áður var talið til merkis um kvenlægt stjórnleysi er nú álitið karlmannlegur styrkur. Litið er á karla sem sterka, máttuga, áhrifaríka og dugmikla vegna þess að þeir eru skapandi og óstýrilátir. Orka, kraftur og áhættusækni athafnamannsins lýsir ástríðu og eldmóði hans sem stuðlar að vexti hagkerfisins. Því er litið á maníu, sérstaklega í umfjöllun um fjármál, sem jákvæðan eiginleika sem knýr markaðinn áfram. Í þessum aðstæðum er líklegt að manía verði álitin hið eðlilega ástand: „Ef það er aukin krafa um stöðugar breytingar og samfellda framþróun einstaklinga á öllum tímum, á mörgum sviðum samfélagsins, þá getur verið að manía sem hluti geðhvarfasýki verði álitin eðlileg – jafnvel til fyrirmyndar …“[67] Þessu má finna dæmi í skýrslu RNA. Skattalögfræðingur hjá Landsbankanum sagði:

> En menn voru náttúrlega alltaf að svona státa sig svolítið af því að þeir væru svona fljótir að hugsa eða fljótir að taka ákvarðanir, kannski ekki fljótir að hugsa en fljótir að taka ákvarðanir. (8:193)

Í skýrslu RNA um viðhorf útlendinga árið 2006 til íslenskra fyrirtækja á Norðurlöndum birtist það viðhorf að Íslendingar grípa tækifærin þegar þau koma en vinna ekki eftir langtímaáætlun. Einn viðmælandi sagði:

> Við fórum dálítið íslensku leiðina, fórum bara af stað, létum hlutina ráðast án þess að hafa neina strategíu. Undirbúningurinn var þessi venjulegi íslenski undirbúningur:

---

[67] Martin, E. (2000). Mind-body problems. *American Ethnologist*, 27(3), 569–590. Á ensku er beina tilvitnunin svona: „If there is an increasing demand for restless change and continuous development of the person at all times, in many realms, then the mania in manic depression might readily come to be regarded as normal – even ideal -…“ (bls. 579).

> „þetta reddast!“ Fórum svo í eina átt og ef það gekk ekki þá reyndum við eitthvað annað. (8:89)

Greiningin hjálpar til við að skilja útrásarkarlmennskuna. Ef ákveðinn hópur valdamikilla karla sýnir mikla áhættusækni sem í augum hinna myndi jaðra við að flokkast undir óskynsemi þá verður það engu að síður viðmiðið sem aðrir finna sig knúna til að máta sig við. Eiginleikanum fylgir mikil trú á eigin getu sem miðlað er til samfélagsins. Forstjóri FME, Jónas Fr. Jónsson, sagði við skýrslutöku hjá RNA:

> Á hinn bóginn hefði verið litið á bankana sem óskeikular stofnanir eða „masters of the universe“, eftirlitsiðnaðurinn hefði ekki verið „vinsæl söluvara“ í hinu opna og frjálsa markaðskerfi og þau viðhorf hugsanlega haft áhrif á stuðning stjórnvalda við stofnunina. (5:133)

Fjallað hefur verið um *Blue Ocean Strategy* og hvernig sú hugmyndafræði ýtti undir sjálfstraust og áhættusækni. Hugmyndafræði hins bláa hafs tengjast hugmyndum um maníu sem raktar hafa verið hér og oflætinu sem birtist í tilvitnuninni. Lýsingin passar við þá sem líta á sig sem guði, þ.e. „masters of the universe“. Þessu tengd eru ummæli Geirs H. Haarde forsætisráðherra við skýrslutöku hjá RNA:

> Þetta er náttúrulega eitt af því sem maður er búinn að vera að tala um við þá allt árið á öllum þessum fundum: „Reynið að koma þessu yfir í dótturfélag, *reynið að vera ekki svona „agressívir“ með að fá inn innstæður“,* en það er ekkert á það hlustað og maður veltir því fyrir sér, af hverju var ekkert á það hlustað: Jú, það er vegna þess að það er verið að nota þessa peninga hér innanlands, eins og þetta sé bankaútibúið að Laugavegi 77, og það er ekkert verið að lána þetta kannski í neitt sérstaklega góð útlán, það er ekki hægt að kalla þetta inn og nota þetta til þess að standa skil á þessum hlutum. Þetta var náttúrulega mjög alvarlegt en ég hérna hef talað við bankastjórann þarna skömmu eftir að þetta bréf kom, Halldór, og hann sem sagt sagði mér frá því að bankinn væri að bregðast við þessu mjög hart, þeir mundu að senda út menn, eins fljótt og þeir gætu og þeir tækju þetta allt saman mjög alvarlega og teldu sig hafa góða möguleika í að ná einhverju samkomulagi við FSA um að gera þetta, *þannig var nú alltaf talað að þetta væri einhver misskilningur á ferðinni og þeir mundu strauja þetta, finna út úr því.*“ (6:220–221, skáletrun okkar)

Í tilvitnuninni kemur fram að forsætisráðherra leitast við að draga úr ágengni íslenskra bankamanna sem virðast taka lítið mark á orðum hans miðað við hvert framhaldið varð. Orðalag forsætisráðherra er heldur ekki til þess fallið að draga mikið úr þeim: „Reynið að koma þessu yfir í dótturfélag, reynið að vera ekki svona agressívir“. Einhvern vott af virðingu virðist forsætisráðherra hafa fyrir manísku tilburðunum og hér á eftir er fjallað um hvernig vald stjórnmálamanna minnkaði á meðan vald bankamanna jókst. Í tilvitnuninni kemur einnig fram að íslenskir bankamenn álitu tilmæli FSA „misskilning“ og að þeir hygðust „strauja“ þann misskilning sem væntanlega þýðir að leiðrétta misskilninginn. Orðfærið lýsir mikilli trú á eigin getu, sögnin „að strauja“ er notuð í tölvumáli og þá er átt við að tölvur eru straujaðar, allt er þurrkað af harða diski þeirra, minninu, til þess að hægt sé að ræsa þær að nýju og byrja þannig með hreint borð. Íslenskir bankamenn töldu sig því geta byrjað með

hreinan skjöld gagnvart FSA. Þurrkað úr minni þeirra sem þeir eiga samskipti við til þess að geta byrjað með hreint borð. Að strauja misskilning gefur til kynna að viðkomandi áliti sig hafa völd í aðstæðunum. Þeir strauja burt misskilning, þ.e. hanna atburðarás og skapa trúverðugleika. Raunveruleiki og sannleikur – hvað er það í þessu samhengi? Þessu tengt er viðhorf bankamannanna til laga og reglna. Innri endurskoðandi Landsbankans sagði við skýrslutöku hjá RNA:

> [É]g held að almennt séð hafi menn litið á reglur svona eitthvað sem hægt væri að „challenge-era“, eitthvað sem ætti að vinna með þannig að virðing fyrir anda reglnanna og svoleiðis hafi kannski ekki almennt verið til staðar heldur voru menn frekar viljugir til að þróa reglur … þróa túlkun á reglum þannig að menn kæmust … svona eins og í fótbolta, menn reyndu að tækla án þess að vera dæmdir.“[...] Hann segir að þetta hafi verið skýr skilaboð frá yfirstjórninni: „[B]ankaformaðurinn lýsti því að hann ætlaði að spila stífan sóknarbolta og ég held að það hafi að einhverju leyti verið „attitudeið“ og dómarinn var þá væntanlega Fjármálaeftirlitið og einhver svona leiðindaendurskoðendur, hvort sem það voru innri eða ytri. Og svo gekk þetta svolítið út á að vinna innan þess. Það „attitude“ á sér ekki … er ekki algengt í bankastarfsemi, ekki í svona fyrirtækjum sem varða almannahag. (8:51)

Úr tilvitnuninni má lesa virðingarleysi fyrir lögum og reglum og hugmyndir um samkeppni sem vikið verður að í kaflanum „Samkeppniskarlmennska“. Menn, karlmenn í þessu tilviki, „þróa reglur“ og „þróa túlkun á reglum“. Að þeirra mati er enginn þess megnugur að setja þeim mörk: Þeir ráða för, þeirra er krafturinn og eldmóðurinn. Þessu tengt er virðingarleysi fyrir rannsóknum og fræðum sem vikið verður að hér næst.

6.3. Viðhorf til rannsókna og fræða.

Hér að framan var fjallað um að reynsluleysi hafi þótt kostur, rætt var um illa ígrundaða ákvarðanatöku og um trú íslenskra bankamanna á eigin mátt og getu. Í almennri umræðu er haft á orði að skólaganga eða lærdómur og menntun fari ekki endilega saman, talað er um sjálfmenntaða einstaklinga og skóla lífsins. Framhjá því verður þó ekki horft að menntun veitir einstaklingum oft lykla að ákveðinni fræðilegri þekkingu, þekkingu sem fólk öðlast ekki af sjálfu sér. Reynsla og menntun fara síðan ekki endilega saman en aftur getur menntun orðið lykill að því að öðlast reynslu. Í skýrslu RNA er víða að finna dæmi þar sem stjórnmálamenn og viðskiptamenn nýttu fræðasamfélagið og fræðinga í þeim tilgangi að ljá hugmyndum sínum og athöfnum vægi og réttmæti. Um skort á gagnrýni háskólafólks er fjallað ítarlega í 8. bindi skýrslunnar og vikið að hér að framan.

Jafnvel þótt ýmsir af aðalleikendum útrásarinnar hafi haft háskólamenntun ber á virðingarleysi gagnvart rannsóknum og fræðilegri þekkingu. Fræðilegri þekkingu sem hlýst af menntun er stillt upp sem andstæðu meintrar snilligáfu, reynslu eða raunsæis. Það er gjarnan gert þegar fræðin eru í andstöðu við það sem ráðandi aðilar telja vera hagsmuni sína. Í skýrslu RNA er víða getið um togstreitu milli seðlabankastjórnar og hagfræðinga bankans sem ekki töldu farið að ráðum sínum. Annað dæmi um tortryggni gagnvart fræðum er skýrsla hagfræðinganna Anne Sibert og Willem Buiter sem Landsbankamenn höfðu fengið til að taka saman um bankamarkaðinn. Sibert og Buiter kynntu skýrslu sína 11. júlí 2008 á fundi sem hópur af fólki var boðaður á. Skýrsla hagfræðinganna var ekki birt opinberlega og Landsbankamenn lágu undir ámæli fyrir að hafa „stungið henni undir stól“ (6:199). Eftirfarandi

ummæli Sigurjóns Þ. Árnasonar bankastjóra Landsbankans um skýrsluna og hagfræðingana í skýrslutöku hjá RNA gefa til kynna að fræðimenn skorti raunveruleikatengsl:

> [V]ið vorum að reyna að koma á framfæri því sem skipti máli. Því þú „blastar“ ekki skýrslu þar sem stendur: „Það er enginn vandi að drepa Ísland.“ Það væru landráð að blasta henni. Það varð að gera þetta svona, að láta þá sem vita það sem skiptir máli, það mátti ekki segja frá því almennt þá varstu að láta alla fatta hvað kerfið var ofboðslega veikt. Það voru auðvitað aðilar úti í heimi sem voru búnir að átta sig á því. Þess vegna var alltaf verið að möndla svona eitthvað í þessu, að við teljum. En það mátti ekki segja að þú sért varnarlaus, þótt þú vitir það. Þú verður einhvern veginn að hjálpa og reyna að búa til varnirnar frekar en að segja frá þessu því það var það hættulegasta sem þú gast gert. Þess vegna, það er ég sem ber ábyrgð á því að Willem Buiter vildi fá að birta þetta en ég sagði alltaf: *Bíddu nú, það má alls ekki birta þetta, alls ekki. Þó að hann sé akademíker og finnist þetta rosalega flott að komast að þessari niðurstöðu þá má ekki birta þetta vegna þess að það er að láta alla óvinina fá vopnin.* (6:199, skáletrun okkar)

Dæmi af svipuðum toga er að finna úr vinnu samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem starfað hafði síðan 2006, en hann var skipaður fulltrúum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits (FME) og Seðlabanka Íslands. Hópurinn vann að viðbragðsáætlun stjórnvalda ef til fjármálaáfalls kæmi. Hópurinn skilaði ekki tillögum og ekki lá fyrir viðbragðsáætlun þegar bankarnir féllu. Eftirfarandi er tilvitnun í orð eins meðlima samráðshópsins:

> Framhaldið á þessu er í rauninni bara það að vinna áfram þessi frumvarpsdrög og reyna enn og aftur að „konkretísera“ hvernig vandamálið gæti litið nákvæmlega út og auðvitað stendur eftir að ég hafði lýst því yfir þarna eitthvað fyrr að ég teldi að við þyrftum að fara að setja þetta meira niður á blað fyrir okkur. Það var alla vega mín skoðun að mér fannst erfitt að vera alltaf að ræða þetta *svona akademískt* og hafa ekkert á blaði fyrir framan mig. (6:195, skáletrun okkar)

Í tilvitnuninni kemur fram að of mikið af vinnu hópsins hafi farið í að „ræða þetta svona akademískt.“ Það sem mætti líta á sem aðgerðaleysi eða ákvarðanatökufælni er tengt akademíunni. Í orðunum felst því ákveðið viðhorf til menntaðra/akademískra sérfræðinga. Í daglegu tali er þessu oft stillt upp sem muninum á milli gerenda (*e. doers*) og hugsuða (*e. thinkers*). Þetta viðhorf endurspeglast með enn skýrari hætti í orðum eins bankamannanna, Sigurjóns Þ. Árnasonar sem sagði þegar hann lýsti viðbrögðum sínum við tilmælum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að minnka bæri bankana:

> Þetta er eins og að menn komi á lakkskónum þegar þú ert úti á ballarhafi, búinn að vera að berjast í einhverju hrikalegu óveðri, þá koma einhverjir menn á lakkskóm: „Ég held að þú ættir kannski að minnka, ég held að þú ættir kannski að sigla í land.“ – Já, já, ég veit allt um það, en hvernig á ég að gera það? Það er ekki hægt núna, núna verð ég bara að þakka fyrir að halda mér á floti og að koma mér í gegnum með öllum hinum skipunum sem öll eru hérna á kafi á sjó í óveðrinu. Það er ekki bara

> þannig að maður geti bara stefnt á þessa höfn og bara komist í höfn einn, tveir og þrír. Það eru draumórar. (6:263)

Sigurjón lítur á sjálfan sig sem bjargvætt í aðstæðunum og vitundin um að hann hafi átt þátt í að koma sér í þær aðstæður sem við er að etja eru víðs fjarri, þær koma í það minnsta ekki fram í orðum hans. Hann er hinn brimsorfni skipstjóri sem heldur um stýrið á meðan eftirlitsaðilarnir, á lakkskóm í landi, víðs fjarri hinum salta sjó, koma þeim skilaboðum áleiðis að best sé að halda til hafnar. Hann er karlmennið, sem trónir á toppi stigveldis karlmennskunnar og meðan hinir, eftirlitsaðilarnir – vel menntaðir útlendingar – gefa, að hans mati, ótæk ráð, fjarri þeim veruleika sem Sigurjón telur sig staddan í.

Ekki þarf að hafa mörg orð um hvaða afleiðingar skortur reglusetningu, eftirfylgd og ígrundun hafði þegar kom að hruni bankanna. Í kaflanum „Launa- og hvatakerfi“ er farið í gegnum afleiðingar þessa þegar kom að launagreiðslum. Um afleiðingar skorts á menntun og/eða reynslu virðist mega segja, eins og endurskoðandi Landsbankans víkur að þegar hann fjallar um skort bankaráðsmanna á þekkingu, að:

> [B]æði kannski svolítið á því umhverfi sem bankinn var kominn í, alþjóðlegt bankaumhverfi, og líka á bara reikningsskilum og endurskoðun yfir höfuð. Þetta voru ágætismenn [...] og þeir takmörkuðu ekkert okkar störf [en] við gátum ekkert haft svakalega mikið svona „dialogue“ við þá um flókin málefni. (8:35)

Um þetta segir á öðrum stað í ályktunum skýrsluhöfunda RNA:

> Ein leið til þess að undirbúa mál vel er að leita faglegra umsagna, en hér hefur verið ríkjandi virðingarleysi gagnvart fræðilegu áliti. Það virðist vera djúpstæð vantrú á fræðilegar röksemdir og rík tilhneiging til þess að rekja þær til einhverra sérhagsmuna eða pólitískrar afstöðu sem notuð er til að grafa undan trúverðugleika þeirra. (8:180)

Við þetta er vert að bæta umræðu um kyn og menntun. Á undanförnum árum hafa konur verið hvattar til að mennta sig og því verið haldið fram að menntun sé leiðin til að komast betur áfram í atvinnulífinu og minnka eða jafnvel eyða launamun kynjanna. Sú hefur ekki verið raunin. Í nýlegri launakönnun á meðal félagsmanna Stéttarfélags í almannaþjónustu (SFR) kemur fram að kona með háskólapróf getur vænst þess að þéna næstum því eins mikið og karl með grunnskólapróf.[68] Af þessu leiðir að ávinningur menntunar er minni fyrir konur en karla. Því hefur þó verið haldið að konum að menntun sé leið til aukins jafnræðis, það sé kvenna að mennta sig til að geta staðið jafnfætis körlum.

Þessi samfélagslega áhersla endurspeglast m.a. í fjölda kvenna í háskólum á Íslandi. Í Háskóla Íslands eru konur um 67% nemenda. Hluti þessarar aukningar hefur verið útskýrður með uppsafnaðri þörf á meðal kvenna, konur sem ekki höfðu tækifæri til að mennta sig m.a.

---

[68] Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Þórhallur Ólafsson, Hrefna Guðmundsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Lilja Gunnlaugsdóttir, Sigríður Herdís Bjarkadóttir og Matthías Þorvaldsson (2008). *SFR: Launakönnun SFR*. Reykjavík: Capacent Gallup. Skoðuð voru heildarlaun eftir kyni og menntun fólks sem er í 70–100% starfshlutfalli. Karlar með grunnskólapróf eða minni menntun eru með tæp 343.000 í heildarlaun. Konur sem lokið hafa háskólanámi eru með rúm 330.000 í heildarlaun.

vegna fjölskylduábyrgðar hafa á undanförnum árum verið að sækja sér menntun.[69] Með aukinni menntun kvenna og auknu kynjabili, þeim í hag, er hætta á að litið sé á menntun sem málefni kvenna. Karlar sæki fram án menntunar, menntun sé fyrir konur, eitthvað sem karlar þurfi ekki á að halda með sama hætti. Áður var fjallað um hugtakið drengjamenning en mikilvægur þáttur í mótun karlmennsku hjá drengjum er snilld og námsárangur án þess að hafa fyrir því, ástundun í námi er tengd kvenleika: „[F]áum er gefin snilld án fyrirhafnar“, eins og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson bendir á.[70]

Í skýrslu RNA er tekið dæmi um einstakling sem skorti tilskilda menntun í starf sem hann gegndi, þar segir:

> Dagleg stjórn RKB [Rekstrarfélags Kaupþings banka] var í höndum Ómars Kaldal Ágústssonar, framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins, sem fór með rekstur og starfsmannamál […]Athyglisvert er að framkvæmdastjóri RKB uppfyllti ekki lagaskilyrði til þess að gegna starfinu þar sem hann hafði ekki lokið námi í verðbréfaviðskiptum eins og skylt er, sbr. 53. gr. laga nr. 161/2002. Sama skilyrði var að finna í 15. gr. samþykkta RKB á þessum tíma. (4:198)

Ályktun RNA er svohljóðandi:

> Þá verður að mati *rannsóknarnefndar Alþingis að teljast með miklum ólíkindum að stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hafi ráðið mann sem hvorki uppfyllti almenn hæfisskilyrði laga né samþykkta rekstrarfélagsins til að gegna starfi framkvæmdastjóra.* Af öllu þessu og fyrirliggjandi gögnum verður því ráðið að eftirlit stjórna rekstrarfélaganna hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gera má til fjármálafyrirtækja að þessu leyti. (4:205, skáletrun okkar)

Nokkuð hefur verið vikið að skorti á ígrundun í kaflanum. Á bak við hugmyndina um að hlutirnir reddist og því þurfi ekki að bregðast við í aðstæðunum sem uppi eru er samspil fórnarlambshugsunar og hugsunar gerandans. Samspil sem á sér stað samtímis í huga einstaklingsins. Fórnarlambið bíður og vonar á meðan að gerandinn tekur af skarið. Það er óhætt að segja að í vissum málum hafi karlmenn tekið af skarið, samanber áhættusækni sem rædd verður meira síðar í skýrslunni, en á sama tíma öxluðu þeir ekki ábyrgð gjörða sinna heldur biðu og vonuðu að allt færi á besta veg og vörpuðu ábyrgðinni annað. Að varpa ábyrgðinni annað er til merkis um hugleysi. Hugmyndir um meinta hæfni gerendanna í bankahruninu sem að miklum meirihluta voru karlar verður að skoða í því ljósi. Hæfni felst m.a. í því að geta séð fyrir afleiðingar gjörða sinna, brugðist við aðsteðjandi hættum í tíma – að sýna árvekni og aðgætni í stað fífldirfsku. Árvekni krefst þess að aðgangur að viðeigandi upplýsingum og þekkingu sé fyrir hendi sem og viðeigandi reynsla og þjálfun.

Í þessum kafla var fjallað um hvernig hugmyndir um hæfni byggðust á meintu innsæi og snilld einstakra karla á kostnað virðingar fyrir fræðilegri þekkingu og reynslu. Áhersla var á hraða ákvörðunartöku á kostnað ígrundunar.

---

[69] Auður Magndís Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson (2009). *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003–2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

[70] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi,* bls. 73.

7. Stigveldi karlmennskunnar.

Karlmaður sem gekk í svörtum jakkafötum, starfaði í banka eða í fjárfestingarfyrirtæki, keyrði um á svörtum Range Rover og átti fallega eiginkonu var á tíma góðærisins ímynd hinnar fullkomnu karlmennsku. Kenningar Connells og Messerschmidts lýsa stigveldi karlmennskunnar sem menningarlegu forræði. Það þýðir að stigveldið byggir ekki einungis á styrk og valdbeitingu heldur er því að einhverju leyti viðhaldið með því að framleiða dæmi um karlmennsku eins og það sem lýst var hér í upphafi. Þessi dæmi verða ráðandi karlmennskutákn þrátt fyrir að flestir karlar nái ekki að fylgja þeim fullkomlega eftir.[71] Í samtímanum er talið að alþjóðleg viðskiptakarlmennska eða útrásarkarlmennska hafi yfirhöndina. Það þýðir að þeir sem stunda eða stunduðu viðskipti á alþjóðlegum vettvangi tróna eða trónuðu á toppi stigveldis karlmennskunnar.[72] Hafa verður í huga að þessar hugmyndir hafa að einhverju leyti laskast.[73]

Stigveldi karlmennskunnar og ráðandi karlmennska byggja á því að neðar í stigveldinu séu karlar sem tilheyra ekki hinni menningarlegu ráðandi karlmennsku og konur. Yfirráðin byggja á því að hafa völd til að raða öðrum hópum neðar í stigveldinu. Völdin fylgja stöðunni og eru sjálfgefin en byggja á aðgangi að gæðum, t.d. fjármagni. Í skýrslu RNA er farið ítarlega yfir launakjör æðstu stjórnenda bankanna og hvernig laun þeirra hækkuðu á tímabilinu sem til rannsóknar var, sem dæmi má nefna að: „Meðalmánaðarlaun Bjarna Ármannssonar fimmfölduðust á þremur árum, fóru úr 9 milljónum kr. á mánuði árið 2004 í rúmar 50 milljónir kr. á mánuði árið 2007.“ (3:44). Aðgengi að fjármunum er síðan aftur stjórnað með hinum sjálfgefnu völdum. Í skýrslu RNA kemur fram að:

> Ástæðurnar sem gefnar voru upp fyrir háum launum í bankakerfinu voru einkum samanburður við önnur lönd en laun í fjármálakerfinu fóru verulega hækkandi á þessum tíma. „Við erum í samkeppni um starfsmenn á sumum stöðvunum þar sem við erum að borga mjög lág laun þó að þau, í samhengi hér heima, þættu alveg óheyrilega há. Þau laun sem ég hef verið með hjá þessum banka síðan 2003 hafa í öllum samanburði við þá sem ég ber mig saman við verið óheyrilega lág. Það er nefnilega þannig,“ segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings. […] Þá var einnig bent á þá miklu ábyrgð sem fælist í stjórnun þessara stóru fyrirtækja. (8:43)

Sigurður Einarsson talar líkt og sá sem valdið hefur. Lesa má úr orðum hans að hann sé eftirsóttur úti í hinum stóra heimi fjármálalífsins en kjósi að starfa við íslenskan banka og er spurning hvort hann hafi litið á það sem greiðastarfsemi við íslenskt samfélag. Eins og fram kom í kaflanum hér á undan voru íslenskir bankamenn ekki eftirsóttir erlendis, þá skorti m.a. reynslu. Orð þeirra eru hins vegar tekin góð og gild í íslensku samfélagi vegna þess að þeir hafa vald. Með þessum hætti virkar stigveldi karlmennskunnar. Vegna valdsins geta þeir síðan ráðið för í samskiptum sínum við aðra hópa, t.d. embættis- og stjórnmálamenn. Í

---

[71] Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society,* 19 (6), 829–859.

[72] Connell, R. W. og Wood, J. (2005). Globalization and business masculinities. *Men and Masculinities*, 7, 347–364.

[73] Umræðu um nýja gerð ráðandi karlmennsku er að finna í tímaritinu Spássían, sumar 2010, bls. 28–29.

skýrslutöku hjá RNA vitnaði einn æðstu stjórnenda Kaupþings, Sigurður Einarsson, í samtal sitt við fjármálaráðherra um hvort bankinn mundi gera upp í evrum:

> Hann bað okkur svona: „Hugsið þetta aðeins, ég vil helst ekki þurfa að úrskurða í þessu“, o.s.frv. Já, já, við vorum náttúrulega allir af vilja gerðir eins og alltaf, til að þóknast yfirvöldum og fórum heim og hugsuðum málið. Svo vorum við kallaðir aftur á fund þremur vikum síðar þar sem hann bað okkur lengstra orða að draga þetta til baka. Og við urðum við þeirri ósk. (6:91).

Út úr tilvitnuninni má lesa hvernig fjármálaráðherra tekur á bankamönnunum með silkihönskum. Fjármálaráðherra vill „helst ekki þurfa að úrskurða“, þ.e. þrátt fyrir skýrar reglur er komið fram við æðstu stjórnendur í bankakerfinu sem valdhafa. Annað dæmi af þessum toga er af samskiptum Björgólfs Thors Björgólfssonar, fyrir hönd Samson-hópsins við formann framkvæmdanefndar um einkavæðingu: „Ofangreint tilboð gildir til kl. 17:00 fimmtudaginn 17. október 2002. Að öðrum kosti lítur Samson svo á að ríkið hafi slitið viðræðum við félagið.“ (1:270). Áður hafði Björgólfur Thor sent framkvæmdanefnd um einkavæðingu eftirfarandi:

> Svar við ofangreindum spurningum óskast hið fyrsta svo unnt verði að taka ákvörðun um næstu skref. Á meðan þeim er ósvarað telur undirritaður ógerlegt að meta hvort hann og samstarfsaðilar hans hafi áhuga á að fjárfesta í kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. (1:268)

RNA dregur eftirfarandi ályktum af samskiptum Björgólfs Thors við framkvæmdanefnd um einkavæðingu:

> Að mati rannsóknarnefndar verður einnig að hafa í huga að síðastnefnd stefnumörkun á lokastigi söluferlisins, þar á meðal yfirlýsingar sem stjórnvöld gáfu á opinberum vettvangi um hvenær þau hygðust ljúka sölunni [fyrir lok kjörtímabilsins], var til þess fallin að hafa áhrif á stöðu þeirra sem fóru fyrir hönd ríkisins með sölu bankanna gagnvart samningsaðilum sínum. Nægir þá að horfa til almennra sjónarmiða um samningagerð og -tækni. (1:302–303)

Dæmin sýna hvernig útrásarkarlmennskan tók yfirhöndina yfir stjórnmálakarlmennskunni í stigveldi karlmennskunnar. Beinnar valdbeitingar er þó ekki þörf eins og vikið hefur verið að og eftirfarandi dæmi sýnir. Vitnað er í orð fyrrum stjórnarmanns og stjórnarformanns FME, Lárusar Finnbogasonar, hann sagði:

> Ég held að það sé svona einhver lærdómur sem mætti gjarnan draga af þessu, að menn hefðu kannski mátt vera meira svona í bara beinum samskiptum við þessa yfirstjórnendur. *Þetta voru svona kannski, ég segi ekki eins og hálfgerðar heilagar kýr eða þannig, þeir voru svona einhvers staðar dálítið svona langt í burtu og kannski við sem stjórnarmenn vorum kannski ekkert að kalla í sjálfu sér eftir einhverjum beinum samskiptum við þá. Við vorum svona, menn voru kannski svona meira að horfa á starfsemina svolítið inn á við.* (5:169, skáletrun okkar)

Nátengt stigveldi karlmennskunnar er hugtakið tengslanet karla. Um það er fjallað hér næst.

7.1. Tengslanet karla.

Í skýrslu RNA eru gerð að umtalsefni tengsl á milli manna og í því sambandi talað um „kunningja- og ættartengsl“ sem þýðir að: „Fjölskyldur standa þétt saman og æskuvinátta bregst seint.“ (8:103). Þessu er lýst með eftirfarandi hætti:

> Tengdafaðir forstjóra Fjármálaeftirlitsins var forstjóri Visa og eiginkona forstjórans situr í stjórn Samskipa sem tengjast stærstu eigendum Kaupþings. Bankastjórar og forstjórinn eru gamlir skólafélagar. Bankamenn eru á ferðalögum með eigendum fyrirtækja og eigendum bankanna. Samskiptin milli yfirmanna og undirmanna eru miklu óformlegri hér á landi en annars staðar. „Já, eins og við sögðum alltaf að ef ég þurfti að hringja í Sigurjón þá hringdi ég bara í farsímann hans en ef þurfti að hringja í forstjóra dótturfyrirtækisins í London þá hefði þurft [að] hringja í ritarann og óska eftir viðtali. Það var bara allt annar kúltúr.“ (8:103).

Á öðrum stað þar sem fjallað er um spillingu segir:

> Mælikvarði GRECO á spillingu takmarkast til dæmis við mútuþægni en spilling í íslenskri stjórnsýslu mælist ekki á þeim kvarða. Smæð íslensks samfélags skapar miklu fremur forsendur fyrir fyrirgreiðslupólitík sem byggist á kunningsskap og ættartengslum milli manna og elur á mismunun ekkert síður en mútuþægnin gerir, þótt með ólíkum hætti sé. (8:132)

Til að ljá ályktunum RNA kynjafræðilegt sjónarhorn kynnum við til sögunnar enska hugtakið *old boys network* í stað hugtaksins „kunningjasamfélags“ en það má þýða sem tengslanet karla. Þetta gerum við í ljósi þess að konur voru varla með sem gerendur í þessu kunningjasamfélagi. Tengslanet karla felur í sér að samskipti milli karla fari fram á óformlegum nótum og að treyst sé á gamlan kunnings- eða vinskap þannig séu völd karla tryggð því að karlar hygli hver öðrum þegar komi að útdeilingu gæða, t.d. stöðuveitingum.[74] Þannig sé ekki endilega verið að ráða hæfasta einstaklinginn til starfa heldur þann sem tilheyri hópnum. Umfjöllunin um einkavæðingu bankanna hér að framan er dæmi um slíkt og fleiri dæmi má víða finna í skýrslu RNA. Einn af æðstu stjórnendum bankanna, Sigurjón Þ. Árnason, fjallaði um samskipti sín við embættismannakerfið með þessum hætti:

> Almennt séð hringdi Davíð ekki í mig. Kerfið virkaði þannig að *Davíð talaði við Halldór, Sturla talaði við* Jón Þorstein eða við *mig*. *Ég og Stulli erum vinir, sátum hlið við hlið í menntaskóla,* þetta er allt svona á Íslandi, við þekkjumst því ágætlega, þó að við séum ekki vinir í dag en við þekkjumst sögulega séð og getum því alveg talað saman, óháð vinnu. Við tölum því stundum saman en almennt séð var það Jón Þorsteinn sem var í samskiptum við hann. (6:279, skáletrun okkar).

---

[74] Í þessu sambandi hefur einnig verið stuðst við enska hugtakið *homosociality*, sem lýsa hvernig karlar hygla og styðja aðra karla og stuðla þannig að völdum karla og kostnað valda kvenna, konurnar komast aldrei að borðinu.

Í tilvitnuninni er lýst óformlegum boðleiðum sem byggja á tengslum milli karla. Fram kom í skýrslu RNA að Halldór J. Kristjánsson annar bankastjóra Landsbankans hafði tilheyrt embættismannakerfinu á ákveðnum tímapunkti. Hvort að grunnurinn að hinum óformlegu tengslum var lagður þar kemur ekki fram en einhver tengsl virðast vera til staðar fyrst að samskiptunum er háttað með þessum hætti. Tengsl Sigurjóns og Sturlu eru skýr, þeir sátu „hlið við hlið í menntaskóla“. Slík tengsl eru ekki einskorðuð við banka- eða embættismannakerfið. Í nýútkominni rannsókn á vinnumenningu, kynjatengslum og fjölskylduábyrgð kemur fram hvernig ráðningar í fyrirtækjum stjórnast af sömu lögmálum tengslanets karla þar sem tengslin virðast skipta mestu[75] og því spurning hvort að hæfni sé metin út frá tengslum frekar en öðrum meira viðeigandi mælikvörðun eins og viðeigandi menntun og reynslu. Á öðrum stað í skýrslu RNA kemur fram að einn af æðstu stjórnendum bankanna, Sigurjón Þ. Árnason átti í óformlegum tengslum við Geir H. Haarde forsætisráðherra, sem lýsti í skýrslutöku hjá RNA að þeir væru nágrannar:

> Fram kemur til dæmis í máli Geirs H. Haarde að bankastjóri Landsbankans hafi verið nágranni hans og þeir hafi hist til að fara yfir málin. Formlegt, jafnvel harðort bréf frá öðrum aðilanum til hins hefði líklega virkað ankannalegt þegar slík tengsl eru komin á. (8:147)

Haft er eftir forsætisráðherra í áðurnefndri skýrslutöku:

> Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri er nágranni minn, við horfumst svona á horn í horn í botnlanga þarna vestur í bæ. Og ég fékk hann til að labba yfir til mín þrisvar sinnum þarna í marsmánuði, bæði til að tala um Icesavereikningana, sem ég var þá þegar farinn að hafa miklar áhyggjur af og tala um það við hann og líka hef ég talað um það við þá saman, en líka almennt um þessa stöðu og stöðuna gagnvart Evrópska seðlabankanum, sem þá er að komast í, verða að vandamáli. Sigurjón er nú mikill stærðfræðingur og teiknaði upp fyrir mig einhver box sem ég skildi nú ekki helminginn af hvernig ætti að með pílum og örum að sem sagt ná í pening út úr Seðlabanka Evrópu. Þetta snerist allt um það að búa til einhver instrúment, einhver bréf sem bankinn tæki gild sem veðandlag fyrir því að ná út evrum. (8:147)

Eins og fram kemur í tilvitnuninni virðast tengslin verða þess valdandi að fagmennska er fyrir borð borinn. Óformlegu tengslin gera forsætisráðherra ókleift að sinna starfi sínu með viðunandi hætti, þ.e. að setja bankamönnum tilhlýðileg mörk gagnvart íslensku samfélagi. Velta má fyrir sér hvort það hafi verið meðvitaður eða ómeðvitaður tilgangur tengslanna að múlbinda valdaminni aðilann í samskiptum við valdameiri aðilann. Bankakarlinn trónir á toppi stigveldis karlmennskunnar á meðan stjórnmálakarlinn mátar sig við bankamanninn en situr neðar í stigveldinu. Þessu tengt er karlmennska samtryggingar sem fjallar verður um síðar í kaflanum.

Í skýrslunni er einnig að finna dæmi þess hvernig tengslin er notuð til að afla upplýsinga, þó með takmörkuðum árangri í tilfellinu sem um ræðir. Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sig-

---

[75] Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach.* Doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

urðsson, sagði við skýrslutöku hjá RNA: „[É]g bað hann [Jón Þór Sturluson, aðstoðarmann viðskiptaráðherra] að hringja í Tryggva Þór, en þeir voru ágætis kunningjar.“ (7:16). Viðskiptaráðherra sagði ennfremur:

> Jón [Þór Sturluson] hringdi í Tryggva [Þór Herbertsson], að mér heyrandi, og gekk mjög á hann á laugardeginum, og hinn bara fullyrti alveg „nei, nei, ekkert að gerast, bara fara yfir bankana, forsætisráðherra var að koma heim“, og bara alveg blákalt. Og Jón trúði honum og við bara líka, maður reiknar ekki með því að það sé alltaf verið að ljúga að manni. (7:16)

Áður kom fram að Tryggvi og Jón Þór „voru ágætis kunningjar“. Hér var treyst á óformlegu tengslin og samtrygginguna sem felast á í þeim. Í þetta sinn virkaði tengslanet karla þó ekki sem skyldi fyrir viðskiptaráðherra sem tengist stöðu hans innan ríkisstjórnarinnar. Í kaflanum „Kyngerving: Samspil stöðu og kyns“ er fjallað um stöðu Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, innan ríkisstjórnarinnar. En hvað ef þau óformlegu tengsl sem hér hefur verið fjallað um eru ekki til staðar, t.d. vegna kyns, eða vegna þess að einstaklingum eru eignaðir eiginleikar eða persónueinkenni sem leiða til annars konar jaðarsetningar? Þá má leiða að því líkum að aðgengi að upplýsingum sé mjög takmarkað. Í þessu sambandi er vert að benda á að aðgengi að upplýsingum jafngildir valdi. Í rannsóknum á vinnumenningu kemur fram að valdamestu einstaklingar innan fyrirtækja eru þeir sem geta komið sér upp samböndum við sem flesta starfsmenn, aðgengi að upplýsingum tryggir í því sambandi upplýsingar sem geta tryggt viðkomandi framgang innan fyrirtækis.[76] Í handbók Jafnréttisstofu um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða kemur einnig fram að skoða beri aðgang að upplýsingum þegar aðferðafræði samþættingar er beitt.[77] Í skýrslu RNA kom fram að karlarnir töldu þó ekki að tengslin hefðu haft áhrif á störf þeirra líkt og fjallað er um hér:

> Jónas Fr. Jónsson var spurður að því fyrir rannsóknarnefnd Alþingis hvort hann hefði haft kunningjatengsl við suma bankastjóra stóru bankanna. Jónas svaraði því til að hann, Bjarni Ármannsson og Sigurjón Þ. Árnason hefðu verið saman í háskóla og „í sömu stúdentapólitík“. […] Jónas heldur því fram að þau kunningjatengsl *hafi ekki veikt hann í starfi*, enda hafi það hjálpað honum að hafa búið erlendis í átta og hálft ár áður en hann tók við sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins. (8:123, skáletrun okkar)

Haft er á orði að enginn sé dómari í eigin sök. Fyrrum forstjóri FME er vart dómbær á áhrif þessara tengsla, m.a. vegna nálægðar sinnar við viðfangsefnið, þ.e. sjálfan sig og í þessu sambandi vegur þyngra að rýna í störf hans. Í skýrslu RNA (7. bindi) eru gerðar athuga-

---

[76] Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1995). Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning: Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island. Lund: Lund University Press.
Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach.* Doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.
Gyða Margrét Pétursdóttir (2006). Skreppur og Pollýanna: Um ólíka möguleika og sýn kynjanna innan vinnustaða Reykjavíkurborgar á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 435–444). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

[77] *Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasamþættingu* (2009). Akureyri: Jafnréttisstofa.

semdir við störf hans og óþarft að fjölyrða um þá niðurstöðu frekar en benda má á orð hans sjálfs um eigin störf:

> „Svo mundu menn vinna í því að, ja, gera ákveðnar breytingar þarna og trappa þetta niður og færa þetta yfir í dótturfélag.“ Hann álítur ekki að harðari aðgerðir hefðu verið við hæfi: „[Þ]ú sem stjórnvald situr ekki og sendir tillögu um inngrip í rekstri, það eru stjórnendur fyrirtækjanna sem reka fyrirtækið og ég meina, þú skiptir þér ekki af því nema að þú teljir þá vera að brjóta lög, þannig að þú getur lagt til við þá eitthvað, en ég meina, þú getur ekki sagt: Mér finnst að þið eigið að selja eignir. Þú hefur enga lagaheimild fyrir því.“ (8:125)

Í skýrslu RNA er fjallað um að lagahyggja, þ.e. að einblína á bókstaf laganna í stað þess að skoða anda laganna, hafi verið ríkjandi. Um hvort að vera forstjóra FME í tengslaneti karla hafi mótað sýn hans á lögin skal ekki fullyrt frekar en bent er á orð hans hér að framan um bankanna sem „masters of the universe“ (5:133). Þessu næst verður fjallað um samkeppniskarlmennsku.

7.2. Samkeppniskarlmennska.

Hugtakið samkeppniskarlmennska[78] lýsir hvernig tekist er á um völd í stærra og smærra samhengi. Nátengt samkeppniskarlmennskunni er hugtakið áhættusækni. Bæði hugtökin rúmast innan stigveldiskarlmennskunnar sem gerð voru skil hér að framan. Í skýrslu RNA kemur fram hvernig íslenskir bankamenn voru í samkeppni á Íslandi og í innbyrðis samkeppni erlendis, þ.e. í keppni við hvorn annan fremur en að keppa við banka erlendis. Í skýrslu RNA kemur fram að íslenskir bankamenn voru „highest bidders“ (2:53) og erlendir bankamenn drógu sig í hlé, töldu sér ekki fært að keppa á forsendum þeirra íslensku. Í skýrslu RNA segir: „Þegar litið er til bankanna virtust þeir vera í harðri samkeppni – ekki síst í útlöndum. Íslensk fjármálafyrirtæki voru í útrás en heldur mikið á sama stað og þvældust þá hvert fyrir öðru.“ (8:96). Og bætt er við: „Í stað þess að opna nýjar lendur á erlendum mörkuðum voru íslenskir bankar og fyrirtæki komin í grimma samkeppni hvert við annað í útlöndum, auk þess að vera í samkeppni hér heima.“ (8:96). Víkjum fyrst að samkeppninni í útlöndum, skýrslu RNA kemur fram að:

> Mark Sismey-Durrant, bankastjóri Heritable-bankans, segir að það hafi verið greinileg samkeppni milli Kaupþings og Landsbankans, bankarnir hafi oft boðið á móti hvor öðrum og oftar hafi Kaupþing haft yfirhöndina: „Ég sagði stundum í gríni að það hlyti að vera að Kaupþing hleraði hjá okkur.“ Mark segist hafa ráðið sínu fólki frá þessu kapphlaupi en eigendum hafi ekki fundist bankinn fara nógu hratt fram. „Sumarið 2008 hitti ég Steinþór Baldursson sem sýndi mér kort með flöggum Landsbankans út um allt. Ég sagði við hann: Þú hefur sýnt mér kort með heimsyfir-

---

[78] Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach*. Doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

Gyða Margrét Pétursdóttir (2007). „Going global“: Útrás íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og samræming fjölskyldulífs og atvinnu. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 381–390). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

> ráðum en hver er tilgangurinn? Hvað áttu við? spurði hann á móti. Og ég spurði: Hvernig á að nota þessa fjármuni? Þetta er góð spurning, svaraði hann – og sagðist ekki vita hvort þeim væri ljóst hvert markmiðið væri með þessu öllu. (8:98)

Í tilvitnuninni kemur fram hvernig keppt er keppninnar vegna, þ.e. án skýrra markmiða nema að markmiðið hafi verið heimsyfirráð eða dauði eins og fjallað er um í skýrslu RNA (8. bindi). Íslenskir karlar sem ekki voru starfsmenn bankanna lýsa samkeppninni með þessum hætti:

> Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja [...] segir samkeppnina milli bankanna hafa verið grimma, ekki síst milli æðstu stjórnendanna, enda voru við stjórnvölinn í bönkunum kappsfullir menn: Sigurjón „mikill keppnismaður og kappsfullur og einstaklega klár og greindur og allt það, að hann hefði nú aldeilis ekki ætlað að láta sitt eftir liggja í samkeppninni. Hreiðar Már, svona klár strákur líka og snarpur, ef maður notar eitthvað íþróttalíkingamál, og óhræddur við kýla á hlutina og þá bæði til sóknar en líka til varnar ef það þarf, þ.e. að draga saman. Að þarna hafi klárlega verið tveir svona augljósir keppinautar og svo var, maður þekkti líka Bjarna Ármanns og hann auðvitað bjó líka yfir þessu keppinautablóði.“ (8:89)

Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður Baugs og FL group, lýsir samskiptum, byggðum á samkeppni, milli bankamanna með þessum hætti:

> [Þ]að var alltaf vandamál þegar þeir þrír komu saman [Hreiðar, Sigurjón og Lárus]. Það er bara, var historía að, hversu oft var í, örugglega þrisvar eða fjórum sinnum að annaðhvort Sigurjón sprakk eða Hreiðar sprakk og þeir fóru út og skelltu hurðum. Það var dálítið vandamál sem átti sér langa sögu. Lalli var svona, litið á hann sem kannski dálítið peð á milli þeirra, voru þarna tveir kóngar og Hreiðari fannst Sigurjón alltaf vera að tala illa um Kaupþing og svo omvendt. En það voru samt svona tveir, þrír alvörufundir þar sem menn náðu saman. (8:107)

Víkjum þá að bankamönnunum sjálfum, þeirra upplifun virðist vera sú að samkeppni hafi verið eina leiðin. Annar stjórnenda Landsbankans, Sigurjón Þ. Árnason, lýsir samkeppninni með þessum hætti:

> Eftir á að hyggja segja allir að bankarnir hafi stækkað of mikið, sem er alveg rétt, og þá segja menn: „Þessir bankamenn eru bara alveg brjálaðir að stækka svona mikið.“ „Ok“, menn geta sagt það en það er svolítið erfitt, ég meina átti ég að koma og segja á bankaráðsfundi [...]: Nú erum við bara alveg hættir að stækka, það er ekki pláss fyrir þessa þrjá stóru banka. Hinir bankarnir ætla að halda áfram að stækka en við ætlum að stoppa. Við skulum bara leyfa þeim að stækka en við skulum bara hætta. Það er ekki einfalt að segja það [eða] að taka slíkar ákvarðanir. (6:262)

Á öðrum stað í skýrslu RNA segir:

> Margir forsvarsmanna bankanna lýstu því við skýrslutökur að íslensku bankarnir hefðu þróast í að verða áhættusæknari og hefðu nánast allir bankarnir farið yfir í

> sama áhættusækna viðskiptamódelið… Þá kom fram hjá mörgum viðmælendum rannsóknarnefndarinnar að gagnstætt því sem margir virtust telja hefði verið afar hörð samkeppni á milli bankanna á Íslandi sem að sumu leyti hefði komið þeim í ógöngur. Um þetta atriði sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans: „Eitt af stóru vandamálunum í íslensku bankakerfi [...] var að hluta til að það var of mikil samkeppni […] annars vegar ertu með verðlagningu sem þér finnst vera rökrétt og rétt […] og svo kemstu að því að það verslar bara enginn við þig og þá er það bara þannig að þá þarftu eitthvað að breyta. [...] Þegar Kaupþing fór út í íbúðalánin þá var ég bara hundfúll yfir því, mér fannst það bara algjört rugl [...]. Hvernig á maður að geta keppt á 4,15%, eða 4,45 eins og þeir byrjuðu á? Hvernig á ég að fjármagna þetta, hvar á ég að fá langtímafé til að fjármagna fasta vexti í 4,45 eða 4,55? [...] Þetta er bara rugl og allt sem var sagt í fjölmiðlum til að útskýra þetta, að menn væru svo stórir í erlendu og svoleiðis, allt bara rugl. Þetta stenst enga bankalega skoðun, allt sem menn voru að segja hjá KB. En hvað áttirðu að gera? Þegar kerfið er hannað þannig að ef þú ferð í viðskipti þá ertu læstur næstu 40 ár. Hvað áttu að gera? Og þú bara ferð út í vitleysuna líka.“ (6:279).

Samkeppnin milli karlanna kallar því á aukna áhættusækni og bankastjórinn, Sigurjón, upplifir sig nánast sem fórnarlamb aðstæðna: „Hvað áttu að gera? Og þú bara ferð út í vitleysuna líka.“ Ef einstaklingar upplifa sig sem fórnarlömb aðstæðna er ekki líklegt að ákvarðanir þeirra byggi á stefnufestu og ígrundun. Hann virðist upplifa að ekkert sé í boði annað en að keppa, jafnvel þó að slík keppni þýði það að vera „læstur næstu 40 ár.“ Orð hans virðast ekki lýsa snilligáfu eða fjármálaviti heldur hugleysi í aðstæðum þar sem honum eru borguð ofurlaun, m.a. vegna þess að hann á að geta tekið erfiðar ákvarðanir með langtímahagsmuni hluthafa og eigenda að leiðarljósi. Hann fylgir hinum körlunum jafnvel þótt hann viti betur. Annar bankastjóri, Lárus Welding, kallar í þessu sambandi eftir að honum séu sett mörk af stjórnvöldum, í tilvitnuninni er verið að ræða aðdraganda falls Glitnis:

> Í skýrslu Lárusar Welding, forstjóra Glitnis, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að honum hefðu verið borin skilaboðin um þær aðgerðir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi rétt að grípa til. Lárus sagði m.a.: „[...] við fengum náttúrulega skilaboðin en þau eru almenn og við vorum að vinna í þeim. Ég veit ekki hvernig aðrir bankar túlkuðu það en ég fékk ekki reglugerð sem sagði: „*Þú verður að vera innan þessara marka, þú verður að vera búinn að selja eignir innan þessara marka á þessum tíma ellegar verður þú sviptur starfsleyfi eða þú færð févíti*““. (6:162, skáletrun okkar).

Aftur er vitnað í Lárus:

> Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Lárus Welding, forstjóri Glitnis banka hf., spurður hvort stjórnvöld hefðu lagt að Glitni að selja eignir eða draga saman starfsemina. Lárus svaraði: „Nei, ég man ekki eftir neinum „konkret“ tillögum, þetta eru svona almennir fundir bara, menn eru að tala um stöðuna. Ef það má segja eitthvað, þá held ég að lexían sem verði að læra [sé] að það verður að vera miklu meiri samhæfing og samræming og samstarf á milli ríkisstjórnar, Fjármála-

> eftirlits og Seðlabanka [...] Og ríkisstjórnin leggur ekkert beint til nema að hún vonar að þetta fari allt að lagast.“ (6:261)

> Þá bætti Lárus við: „Ég hefði talið að eftirlitið og Seðlabanki hefðu átt að kalla menn meira saman á fundi og setja þeim *skýrar reglur*, sem stjórnendur bankanna gætu farið með og sagt: „*Þessar reglur hafa verið settar og þeim þarf að fylgja*.“ Og okkur hefðu verið sett skilyrði að íslenska ríkið hefði sagt: *„Þið þurfið að selja eignir fyrir þetta.“ Þá höfum við engan valkost, þá er komin skýr regla* [...]. Stjórnendur bankanna hafa það markmið að reka bankana, við vinnum fyrir stjórnina, þeir eru okkar yfirmenn [...] *en ef það á að gera eitthvað „drastískara“, hraðar, sem hefur mjög neikvæð áhrif á eigið fé, þá verður það að koma í [...] í einhverri tilskipun eða reglu, því annars erum við í mjög miklum umboðsvanda einhvern veginn gagnvart stjórninni, sem er að vinna fyrir hluthafana. Þá segir stjórnin: „Er þetta það besta fyrir hluthafana?*““. (6:261–262, skáletrun okkar)

Í báðum tilvitnunum kemur fram að Lárus Welding kallar eftir að honum séu sett skýr mörk af stjórnvöldum, FME og Seðlabanka. Ef rýnt er í orð Sigurjóns Þ. Árnasonar hér að framan þá virðist hann líta svo á að hann sem bankastjóri hafi ekki haft getu til að setja bankanum mörk. Á meðan líta stjórnvöld ekki á það sem hlutverk sitt að setja þau mörk sem Lárus kallar eftir, forsætisráðherra Geir H. Haarde, sagði við skýrslutöku:

> Já, já, það var auðvitað það sem þeir [bankarnir] áttu að gera, en hverjir áttu að minnka bankana? Og hverjir áttu að selja úr bönkunum? Þeir sjálfir. Það voru engir aðrir til að gera það og við höfðum ekki úrræði eða vald til að fyrirskipa þeim og bara hérna aðeins út af þessu með, Seðlabankinn var með viðvaranir, eða var með áhyggjur, og það kemur fram í „prívatsamtölum“, það kemur ekki mikið fram opinberlega, en það sem kemur fram opinberlega er það að þeir eru að halda áfram að lána þessum bönkum, ef þeir voru sannfærðir um það að þeir væru að fara á hausinn, af hverju var það þá gert? Nýjustu tölurnar núna um þessi veðlán, endurhverfu viðskipti sem falla á ríkið eru eitthvað á milli 240 og 300 milljarðar og maður spyr sjálfan sig: Af hverju er það? (6:162)

Á einföldu máli má segja að bankamenn segi: Það stoppaði okkur enginn. Á meðan stjórnvöld og eftirlitsaðilar segja: Enginn lét okkur stoppa þá. Ábyrgðinni er þar með varpað fram og til baka í hinni stjórnlausu samkeppni. Barátta um yfirráð er háð baráttunnar vegna. Lærdómurinn sam draga má af þessu ferli er sá að setja þarf aðilum skýr mörk, ekki síst á markaði. Færa má rök fyrir því, með vísan í orð Lárusar Welding, að skýrar reglur séu tæki stjórnenda til að standa í lappirnar gagnvart eigendum og hluthöfum, fremur en að þær séu það helsi sem lýst er að í kaflanum um einstakling, frelsi og þjóðerni.

Í kaflanum hefur verið lýst samkeppninni sem ríkti á milli íslenskra bankamanna. Innbyggt í samkeppniskarlmennskunna er áhættusækni. Karlarnir eru áhættusæknir vegna þess að stöðugt þarf að halda í við keppinautinn í stigveldi karlmennskunnar. Á sama tíma á sér stað ákveðin samtrygging, sem að hluta birtist í óformlegum tengslum tengslanets karla sem gerð hafa verið skil en einnig í ákveðinni samtryggingu karlanna um að tryggja hver öðrum völd og tryggð hvorn við annan innan hinnar ráðandi karlmennsku.

7.3. Samtryggingarkarlmennska.

RNA ályktar varðandi fjármögnun bankanna að:

> Rannsóknarnefnd Alþingis telur að fjármögnun bankanna á hlutabréfum hvers annars hafi verið það umfangsmikil að með því hafi skapast mikil kerfisleg áhætta sem hafi veikt getu íslenska fjármálakerfisins til að standa af sér þá lausafjárkreppu sem skall á um mitt ár 2007. (3:23)

Tilvitnunin í ályktun RNA lýsir samtryggingunni sem við lýði var á meðal karlanna sem fjármögnuðu bankanna með því að kaupa hlut hver í öðrum. Fleiri dæmi þessu tengd er að finna í skýrslu RNA:

> Rök má færa fyrir því að stóru bankarnir þrír hafi verið kerfislega tengdir, það er að ef einn þeirra félli þá væru verulegar líkur á því að hinir myndu lenda í erfiðleikum. Samkvæmt Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, „var veikleiki í þessu, og hefði eflaust þurft að vera búið að taka á því […] eða einn af stóru veikleikunum var, að mínu mati, þessi exposure á milli fjármálafyrirtækjanna á eiginfé í gegnum […] ekki bara í gegnum einhverja eignahluti sem að átti þá að draga frá í eiginfjárútreikningi heldur líka í gegnum lánveitingar sem var miklu umfangsmeira, held ég, heldur en maður vissi af“. Til stuðnings þessu má nefna að árið 2008 voru dæmi þess að samstarf væri milli bankanna um að fjármagna eða kaupa bréf hver annars. Í september 2008 gerðu Landsbankinn og Glitnir samkomulag um að skiptast á hlutabréfum, Landsbankinn keypti í Glitni og Glitnir í Landsbankanum. Frá þessu er nánar skýrt í kafla 12.0 en í stuttu máli var um að ræða viðskipti þar sem Glitnir keypti andvirði 3,7 milljarða króna af hlutabréfum Landsbankans í nokkrum viðskiptum um miðjan og seinni hluta september og Landsbankinn keypti á móti 3,7 milljarða virði af hlutabréfum Glitnis. Þá var samkomulag milli Glitnis og Kaupþings um fjármögnun hvors banka á hlutabréfum hins, skv. lánsumsókn vegna lánveitingar Kaupþings til FL Group í maí 2008. Andvirði lánsins skyldi varið til kaupa á hlutabréfum í Glitni en í umsókninni segir: „The € 90m facility stems from a deal Kaupthing and Glitnir made where Glitnir committed to lend against Kaupthing shares and Kaupthing committed to lend against Glitnir shares.“ (3:21)

Í tilvitnuninni er lýst hvernig samtrygging um eigið fé fór fram á milli bankanna. Samtrygging á sér einnig stað á milli einstaklinga, og tengjast tengslaneti karla sem fjallað var um áður:

> Um 40% þeirra lána sem Landsbankinn veitti starfsmönnum sínum gengu til Guðmundar Péturs Davíðssonar. Hann er bróðursonur Björgólfs Guðmundssonar. Lán Guðmundar og eignarhaldsfélags hans, Brimholts, stóðu í tæplega 800 milljónum kr. í lok september 2008. (3:69)

Í samtryggingunni felst m.a. að karlarnir festast í sjálfhverfu hinnar ráðandi karlmennsku sem tryggir þeim sjálfgefin völd og byrja að líta á það fé sem þeim hefur verið treyst fyrir af hluthöfum og innstæðueigendum sem sitt eigið fé. Dæmi um þetta má finna í skýrslu RNA:

> Þá endar það þannig að það er þarna í síðustu vikunni, eitthvað svoleiðis, þá endar það þannig að við lánum Björgólfi Thor af *okkar pening* til þess að hann geti staðið við ákveðna hluti í Actavis, gegn því að hann láti okkur fá veð í seinni hlutanum í, *láti pabba sinn fá veð,* sem sagt, til þess að láta okkur fá þannig að Landsbankinn sé kominn með 100% veð í Samsoneignarhaldsfélagi. [....] [n]æsta verkefni þá í tengslum við það er auðvitað að finna nýja eigendur til þess að taka allt draslið yfir. (2:177, skáletrun okkar)

Í tilvitnuninni lýsir Sigurjón Þ. Árnason því hvernig hann lánar Björgólfi Thor Björgólfssyni af „okkar pening“. Björgólfur Thor lætur síðan föður sinn fá veð til þess að faðirinn, Björgólfur Guðmundsson, geti látið þá fá, sbr. „til þess að láta okkur fá“. Völd og fjárhagsleg yfirráð fámenns hóps karla eru þannig tryggð með samtryggingarkarlmennskunni. Það að líta á stofnunina eða fyrirtækið sem viðkomandi starfar hjá sem sitt, sbr. „okkar“ tengist viðfangsefni næsta hluta. Þar er fjallað um hvernig vinnumenning byggir á samspili samtryggingar- og samkeppniskarlmennsku sem m.a. þrífst með því að gera starfsfólk, aðallega karla sem vegna kyns eru hærra settir í skipuriti bankanna, að eigendum: Bankarnir eru þeirra.

7.4. Vinnumenning: Samtrygging og samkeppni í senn.

Á Íslandi hefur ímynd karlmannsins sem fyrirvinnu verið ríkjandi, þrátt fyrir mikla þátttöku íslenskra kvenna á vinnumarkaði. Karlar vinna að meðaltali lengur en konur, jafnvel þótt íslenskar konur vinni næstum jafnlangan vinnudag og norskir karlar. Virði íslensks karls sem manneskju er mælt í stundunum sem hann eyðir á vinnustaðnum og launum hans. Þetta endurspeglast m.a. í launamun kynjanna, en á Íslandi er hann meiri en á öðrum Norðurlöndum. Margir karlar virðast byggja sjálfsmynd sína að miklu leyti á því að vera í launaðri vinnu og á því að vinna langan vinnudag. Nátengt þessu er löngunin til að afla góðra tekna og vera þar með talinn alvöru þátttakandi í atvinnulífinu.[79]

Það sem einkenndi ráðandi karlmennsku fyrir hrun bankanna var vinnuumhverfi sem byggðist jöfnum höndum á samkeppni og samvinnuanda. Langur vinnudagur, sókn í hærra kaup og samkeppni við starfsfélaga mótaði karlmennskuhugmyndir sem byggðu í senn á samtryggingu- og samkeppni sem síðan mótaði þá útrásarkarlmennsku sem var ríkjandi fyrir hrun bankanna. Þetta kristallaðist í útrás íslenskra fyrirtækja og blandast hugmyndafræði sem einkennist fyrst og fremst af einstaklingshyggju. Að auki byggjast þessar hugmyndir á og viðhalda ójafnræði kynjanna.

Ein hlið samtryggingar snýr að vinnumenningu og tengslum og samskiptum yfir- og undirmanna. Til þess að tryggja tryggð starfsmanna við fyrirtækið er þeim afhentur eignarhluti í fyrirtækinu. Dæmi um þetta er að finna í skýrslu RNA:

> Í Kaupþingi tíðkaðist lengi að tengja hagsmuni starfsmanna við fyrirtækið. Árið 2004 greiddi Kaupþing til dæmis öllum starfsmönnum 100 þúsund króna bónus. 50 þúsund voru greidd í peningum en 50 þúsund sem framlag í séreignarsjóð Kaupþings-Búnaðarbanka sem er lífeyrissjóður sem fjárfesti í hlutabréfum bankans. „Við viljum gjarnan að sem flestir starfsmenn bankans séu jafnframt hluthafar í honum,“ sagði

---

[79] Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach.* Doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

> Sigurður Einarsson í ræðu við það tækifæri. […] Almennt var talsvert lagt upp úr „fjölskyldukúltúr“ í Kaupþingi […] en ekki síður árangursdrifinni fyrirtækjamenningu: „[W]ork hard – play hard.“ (8:87)

Vinnumenningin sem lýst er hér að framan einskorðast ekki við bankana. Í nýútkominni rannsókn á vinnumenningu, kynjatengslum og fjölskylduábyrgð sem vitnað hefur verið í áður kemur fram að samskonar vinnumenning er við lýði á fleiri sviðum atvinnulífsins. „Fjölskyldukúltúrinn“, sem vikið er að kemur einnig fram í rannsókninni og lýsir sér í því að á yfirborðinu er gefið til kynna að allir starfsmenn fyrirtækisins séu jafnréttháir og ýtt er undir samvinnu sem aftur á að tryggja sem besta niðurstöðu fyrir fyrirtækið. Undir yfirborðinu er hins vegar mikil samkeppni milli einstaklinga og sá hefur best í þeirri samkeppni sem getur sýnt fram á að hafa aflað mestra tekna fyrir fyrirtækið og/eða lengstu viðveruna. Það tengist aftur fjölskyldukúltúrnum, þ.e. að vera sem mest í vinnunni með vinnufélögunum og að sýna fyrirtækinu hollustu, í rannsókninni voru karlar sem tóku samveru með fjölskyldunni fram yfir viðveru í vinnu litnir hornauga.[80] Dæmi um hollustu sem leiðir til þess að ekki er spurt erfiðra spurninga er að finna í skýrslu RNA. Starfsmaður eins bankans sagði við skýrslutöku hjá RNA:

> Þegar að bankastjóri segir við þig: Þú gerir þetta ekki neitt. Þú veist og þú ætlar að jafnvel að halda áfram að vinna í bankanum og jafnvel að vera úthlutað kauprétti einhvern tíma seinna, þá – og við fengum aldrei neinar skýringar á því af hverju það var sagt, af hverju það mátti ekki. (8:112)

Tilvitnunin lýsir hinum erfiðu hliðarverkunum samtryggingarkarlmennskunnar. Starfsmaðurinn vill innleysa hlutabréf sín í bankanum en er bannað það af bankastjóra, Sigurjóni Þ. Árnasyni. Annar starfsmaður í sömu aðstöðu í sama banka telur ekki að sér hafi verið meinað að innleysa bréfin heldur hafi hann hlýtt tilmælum bankastjórans án frekari fyrirmæla. Hann sagði: „Við treystum manninum“ (8:113). Hvort sem „bannið“ var orðað með skýrum hætti eða ekki er ljóst að hollustan var með þeim hætti að ekki var spurt erfiðra spurninga og afleiðingin er sú að bréfin eru ekki innleyst. Þetta eru hinar erfiðu hliðarverkanir samtryggingarkarlmennskunnar sem tryggir stöðu hinna valdameiri á kostnað hinna valdaminni eins og í þessu tilviki. Vikið verður nánar að þessum þætti í kaflanum „Launa- og hvatakerfi“.

7.5. Styðjandi kvenleiki.

Víkjum að stöðu kvenna innan stigveldiskarlmennskunnar og hvernig valdi karla og stöðu innan stigveldis er viðhaldið með stuðningi kvenna. Systurhugtak hinnar ráðandi karlmennsku er hugtakið styðjandi kvenleiki. Eins og vikið hefur verið að þá byggir ráðandi karlmennska á því að neðar í stigveldinu séu valdaminni karlar og konur. Það er þó engin ein tegund kvenleika sem er ráðandi líkt karlmennsku þar sem ein tegund hennar trónir ávallt á toppi stigveldisins. Þess vegna er talað um styðjandi kvenleika. Konur styðja við völd karla vegna þess að samfélagsleg og fjárhagsleg völd þeirra eru mun minni en karlanna. Hlutverki

---

[80] Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach.* Doktorsritgerð, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

kvenna sem stuðningsaðila er komið á framfæri og viðhaldið í gegnum menningu okkar, hugmyndafræðilega, í fjölmiðlum og í gegnum ýmiss konar markaðssetningu.[81] Þetta þýðir að konur eru ekki aðalleikendur á sviðinu heldur í stuðningshlutverkum; þær hjálpa aðalleikendum að láta ljós sitt skína. Þær eru m.a. í hlutverki skrautfjöðurseiginkonunnar[82] (e. trophy wife). Í skýrslu RNA má finna dæmi þessa. Fyrir skýrslutöku hjá RNA sagði einn stjórnenda bankanna, Lárus Welding:

> [Þ]að eru ráðningarfyrirtæki sem birta þessar skýrslur, sem Michael Page, held ég sé með skýrslu sem allir sem hafa verið með einhverja undirmenn í Bretlandi þekkja, af því að þeir mæta alltaf með helvítis skýrsluna og segja: Bíddu, markaðurinn er að borga þrisvar sinnum laun. Og maður segir: Já, en þú ert með hærri grunnlaun en markaðurinn. Já, en það eru allir að fá svona tvisvar sinnum laun, þrisvar sinnum laun í bónusa. Þetta er endalaus umræða og allir að rífast um hvaða viðskipti þeir skiluðu, maður fær ekki mikla svona gleði af mannskepnunni að vera í þessum viðræðum. Ég sagði við þá oft í London: *Hættið þið bara að kaupa ykkur Porsche og drekka svona mikið brennivín og þá líður ykkur betur, hættið að skipta um eiginkonur, það mun spara ykkur mikla peninga*. (8:43, skáletrun okkar).

Sem viðbrögð við hækkandi launakröfum undirmanna sinna ráðleggur Lárus þeim m.a. að hætta „að skipta um eiginkonur, það mun spara ykkur mikla peninga.“ Í þessu dæmi eru konur í hlutverki skrautfjaðra, í sama flokki og dýrir bílar, þ.e. hlutgerðar en ekki sjálfstæðar viti bornar manneskjur heldur skrautmunir ráðandi karla. Skömmu eftir hrun bankanna gekk á milli manna í tölvupósti mynd af svartri Range Rover bifreið, upp að bifreiðinni hallaði sér íturvaxin síðhærð kona í rauðum glansandi kjól. Í stað Range Rover á húddi bifreiðarinnar stóð „Game Over“. Staða íslenskra bankamanna á toppi stigveldiskarlmennskunnar hafði beðið hnekki, leiknum var lokið, bíllinn og konan e.t.v. farin – í bili að minnsta kosti.

7.6. Kvengerving: Samspil stöðu og kyns.

Eins og áður kom fram var Valgerður Sverrisdóttir fyrrverandi viðskiptaráðherra, ráðherra bankamála fram í júní 2006, að einhverju marki „á hliðarlínunni“ (1:267) við einkavæðingu bankanna. Sjálf gaf hún þær skýringar í einu tilviki að það væri kannski af því hún væri kona og því talið að hún væri „kannski ekki að stjórna þessu.“ (1:268). Jón Sigurðsson tók við embættinu af henni og gegndi því til kosninga vorið 2007 en hann kemur ekki mikið við sögu í skýrslu RNA. Björgvin G. Sigurðsson tók við embættinu eftir kosningarnar 2007. Athygli vekur að viðskiptaráðherra hélt áfram að vera jaðarsettur og á hliðarlínunni eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum árið 2007 og karlmaður tók við embættinu af konu. Þá var viðskiptaráðherra og hans ráðuneyti formlega í lykilhlutverki, rétt eins og við einkavæðingu bankanna, en nú sem eftirlitsaðili með fjármálakerfinu. Eftirlitið skiptist á þrjú ráðuneyti (forsætis-, viðskipta- og fjármálaráðuneyti), auk Seðlabanka sem heyrði undir forsætisráðuneytið og FME sem heyrði undir viðskiptaráðuneytið (RNA 5. bindi, kafli 16.1).

---

[81] Connell, R. W. (1987). *Gender and power: Society, the person and sexual politics.* Stanford, California: Stanford University Press.

[82] Þýðingin er fengin frá Auði Aðalsteinsdóttur, *Spássía,* sumar 2010, bls. 28.

Eins og fram kom í kaflanum um kynjafræðileg hugtök og sjónarmið er ein áhrifaríkasta leiðin til að tákngera valdatengsl að kyngera þau.[83] Menningarbundnar hugmyndir um að eitthvað sé karlmannlegt undirstrika vald, og á sama hátt draga hugmyndir um að eitthvað sé ókarlmannlegt úr valdi. Í þessum kafla er skoðaður þáttur viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar, en jaðarsetning hans er áberandi í ferlinu sem leiddi til hrunsins samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu RNA. Þrástef í þeirri orðræðu er tilvísun í meinta eiginleika sem teljast ókarlmannlegir. Hér er þeirri spurningu varpað fram hvort orðræða um ókarlmannleg einkenni hafi átt þátt í að jaðarsetja ráðherra og draga úr áhrifavaldi hans, og þar með vægi málaflokksins. Hér er ekki verið að fjalla um persónu, athafnir eða framgöngu viðkomandi heldur orðræðu og eiginleikum sem honum voru eignaðir.

Við skýrslutöku hjá RNA sagði Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra að ráðherrann hafi ekki verið í hópi „súperráðherrahópsins“ (6:214) en í þeim hópi væru forsætis-, utanríkis-, fjármála- og félagsmálaráðherra.[84] Þetta birtist í að hann var ekki boðaður á fundi, vissi ekki um þá, fékk ekki skýrslur eða vissi ekki af tilvist þeirra. Nokkur dæmi eru um þetta í skýrslu RNA. Hann var t.d. ekki boðaður á fund 7. febrúar 2008 þegar seðlabankastjórnin fundaði með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra eftir fundi Davíðs Oddssonar í London m.a. með matsfyrirtækinu Moody‘s og fleirum. Hann var ekki á fundi stjórnar Seðlabankans með sömu ráðherrum 7. maí 2008. Hann var ekki boðaður á lokaðan fund ráðherra með hagfræðingum 7. ágúst 2008.[85] Hann var ekki á fundi ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins 16. september 2008 þar sem farið var yfir stöðu mála með forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Seðlabankinn vantreysti viðskiptaráðherra. Ingimundur Friðriksson, einn seðlabankastjóranna, sagði hann vera talinn reynslulítinn, lausmálan og óvarkáran í yfirlýsingum (8:137). Það vekur athygli að þarna er reynsluleysi talið veikja stöðu viðskiptaráðherra á meðan reynsluleysi var ekki tíundað sem löstur á ungu stjórnendunum í bankakerfinu. Við skýrslutöku var Davíð Oddsson formaður stjórnar Seðlabankans spurður að því hvort ekki hefði verið talið tilefni af hálfu Seðlabankans til að funda oftar með viðskiptaráðherra. Formaður stjórnar Seðlabankans sagði:

> [V]ið „sorteruðumst“ undir forsætisráðherrann og hann gat kallað menn til og auðvitað tókum við eftir því, og það var ekkert leyndarmál, að viðskiptaráðherra var ekki hafður með á fundum með fjármálaráðherra og utanríkisráðherra. Jóhanna Sigurðardóttir var á einum eða tveimur fundum. [...] og reyndar var það nú þannig að – það verður bara að segja það eins og er – menn treystu sér ekki til að segja neitt sem ætti að fara leynt við viðskiptaráðherrann, menn treystu sér ekki til þess. [...] Ég held að sú afstaða hafi ráðið því að forsætisráðherra og utanríkisráðherra kölluðu hann ekki á fund með bankastjórninni. Og það sem vakti nú athygli mína var að þegar utanríkisráðherra, formaður hins stjórnarflokksins, lýsti því yfir að hann hefði verið á sex, sjö fundum með Seðlabankanum – hann hafði ekki sagt viðskiptaráðherranum frá neinu sem þar gerðist sem ég hefði nú búist við að mundi gerast. En ég held að það sé sama ástæðan, það var vitað að viðskiptaráðherra átti það til að hringja

---

[83] Scott, J. W. (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í J. W. Scott (ritstj.), *Feminism & History* (bls. 152–180). Oxford, New York: Oxford University Press.

[84] Í skýrslu Seðlabankastjóra kom fram að Jóhanna hafi verið á „einum eða tveimur fundum“ þegar Seðlabankinn fundaði með ráðherrum (6:93).

[85] Í skýrslu RNA er ekki ljóst hvort fundurinn var 7. ágúst eða 8. ágúst, sjá bindi 6, bls. 214–215.

> í fréttamann, jafnvel bláókunnuga fréttamenn, og segja þeim fréttir „off the record“, eins og það hét. Það getur bara ekki gengið í stjórnsýslunni. (6:93)

Í ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í mars 2009 sagði Davíð Oddsson formann Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hafa óttast það að Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, og Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, mundu leka þeim upplýsingum sem forsvarsmenn Seðlabanka Íslands kynntu fyrir forsvarsmönnum ríkisstjórnar Íslands fyrir bankahrun. Sagði hann Össur „hriplekan“ og aldrei hafa kunnað að fara með trúnaðarupplýsingar. Þess vegna hefði hann ekki verið með í ráðum á fundum þar sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar við stöðu mála hjá bönkunum. Á meðan Össur hefði átti „Íslandsmetið í leka“ hefði Björgvin G. átt „drengjametið“. Með þessum orðum er einni vídd bætt við jaðarsetningu viðskiptaráðherra, með öðrum orðum aldursvídd. Með orðunum gefur seðlabankastjóri í skyn að ekki sé litið svo á að viðskiptaráðherra keppi í fullorðinsflokki heldur drengjaflokki.

Mál frá viðskiptaráðherra voru jaðarsett. Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 lagði viðskiptaráðherra fram tillögu um skipun sérstakrar nefndar til að auka stöðugleika fjármálakerfisins og lagði jafnramt til að hann myndi skipa formann nefndarinnar. Enginn í ríkisstjórninni studdi hugmyndina: „Málið rætt en afgreiðslu þess frestað“ (6:218) segir í fundargerð. Andstaða forsætisráðherra fólst í að tillagan gæti gefið skilaboð um „taugaveiklun“ (6:219) eða að ríkisstjórnin hefði ekki stjórn á hlutum, þau vildu:

> [M]jög ógjarnan gera hluti sem út á við hefðu verið túlkaðir sem einhver taugaveiklun eða ótti af okkar hálfu um það að hlutirnir væru að fara úr böndum hvað bankana varðaði (6:219).

> Iðnaðarráðherra taldi að menn hefðu litið á tillöguna sem „hálfgerða framhleypni“. Hann ráðlagði viðskiptaráðherra að „gardera“ sig fyrirfram, sagði sjálfur að hann „talaði við einhverja lykilmenn og svona“ (6:219), formann flokksins og hugsanlega fjármálaráðherrann. Hér er ýjað sterklega að þekkingarleysi og dómgreindarleysi. Hugmyndir ráðherrans eru taldar geta sýnt taugaveiklun og veikleika, bæði kvenkennd einkenni.

Ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins kynnti tillögu viðskiptaráðherra um nefndina í samráðshópi stjórnvalda og sagði að þar „hefðu menn í rauninni hneykslast á því og talið að þetta væri alls ekki tímabært því það væru önnur verkefni brýnni á þeim tímapunkti“ (6:219). Skrifstofustjóri ráðuneytisins, Áslaug Árnadóttir, sem starfaði tímabundið sem ráðuneytisstjóri og tók sæti í samráðsnefnd stjórnvalda, greindi frá því við RNA að það hefðu farið:

> [O]ft heilu og hálfu fundirnir í það að ræða um persónu viðskiptaráðherra sem þótti lausmáll og var ekki mikil trú á honum [...] það var iðulega lögð fram opnugrein, viðtal við viðskiptaráðherra [og síðan spurt] getur maðurinn ekki haldið kjafti (6:146).

Eins og fram kom í kaflanum um kynjafræðileg hugtök og sjónarmið hefur sjálfsstjórn og þagmælska verið tengd við mikilleika og vald karlmennsku, sem kallast á við að kjaftagangur er gjarnan kenndur við konur. Til eru málshættir og skírskotanir í bókmenntir sem endurspegla staðalmyndir um konur og ábyrgðarleysi í tali þeirra. Úr Gísla sögu Súrssonar er t.d.

dreginn málsháttur inn „oft hlýst illt af kvennahjali“. Orðræða um lausmælgi sem eitthvað ókarlmannlegt hefur fengið skýra birtingarmynd í stríðum og eru slagorðin „lausmælgi sökkvir skipum“ dæmi um það. Þar er ennfremur að finna ímyndir af konum sem „blaðurskjóðum sem kjafta frá hernaðarleyndarmálum.“[86]

Skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins sagði í skýrslutöku hjá RNA að hún hefði gert samráðsnefnd stjórnvalda ljóst að hún teldi það skyldu sína að upplýsa ráðherra um það sem fram kæmi á fundum og veita honum aðgang að gögnum ef hann óskaði eftir því. Af þeim ástæðum hefði fundarmönnum í samráðshópnum „verið gert að skila framlögðum skjölum“ (1:146). Þá kemur fram í skýrslu RNA að skrifstofustjórinn telur að fulltrúar FME og Seðlabanka „hafi verið tregir til þess að veita skriflegar upplýsingar inn á fundina, meðal annars vegna tortryggni sem ríkti gagnvart því að gætt yrði trúnaðar“ (8:143).

Af hálfu bankageirans eru heldur ekki mikil samskipti við viðskiptaráðherra. Sigurjón Þ. Árnason sagði:

> Bankamálaráðherra, nei, við töluðum við aldrei við hann, Seðlabankinn bara boycutaði á hann og talaði aldrei við hann, hann var náttúrlega aldrei inni í neinu, það talaði aldrei neinn við hann (8:106).

> Sigurður Einarsson taldi viðskiptaráðherra gjarnan á að tjá sig um hluti án þess að hafa nægar upplýsingar fyrir hendi en: „Ég held að hann hafi verið vel meinandi og svoleiðis.“ (8:106). Hreiðar Már orðar það svo að bankamálaráðherra hafi verið ráðherra neytenda en fjármálageirinn hafi í raun aldrei átt ráðherra sem barðist fyrir hann (8:106). Tilvísunin í neytendamál gefur sterk hughrif, þau eru að öllum líkindum talin léttvægari en málefni fjármálageirans.

Dæmi um lítil tengsl bankamannanna við viðskiptaráðherra er fundur Landsbankans 11. júlí 2008 með hagfræðingunum Anne Sibert og Willem Buiter sem fjallað var um hér að framan. Til fundarins bauð bankinn m.a. starfsmönnum úr Seðlabanka Íslands, ráðuneytum, einkageiranum og loks fræðimönnum, eða með orðum Sigurjóns Þ. Árnasonar:

> Þess vegna boðuðum við þennan fund þar sem allir ákvörðunaraðilarnir sem skipta máli voru boðaðir, akademíkerarnir, Seðlabankinn og allir þessir gaurar voru boðaðir og fengu þetta í æð, og svo hitti hann líka einhverja ráðherra og svona... (6:199).

Aðstoðarmaður viðskiptaráðherra var á fundinum en ekki viðskiptaráðherra. Aðstoðarmaðurinn kynnti honum ekki skýrsluna og bar við:

> Hann var bara í fríi þarna akkúrat á þessum tíma og við höfum farið yfir þetta, ég, hann man ekki eftir því að ég hafi kynnt honum þessa skýrslu, ég get ekki, man ekki hvenær það átti að vera … (6:201).

Ummæli aðstoðarmannsins um að ráðherrann hafi verið í fríi gæti gefið til kynna að aðstoðarmaðurinn sé að réttlæta það eftir á að hafa ekki upplýst ráðherrann. Í ljósi þeirra óformlegu samskipta sem eiga sér stað á milli karla, og lýst er hér að framan, verður þetta

---

[86] Þorlákur Einarsson (2003, 22. mars) „Kvenímyndir í stríði“. *Morgunblaðið*, Lesbók.

haldlítil skýring. Ráðuneytisstjórar viðskiptaráðuneytisins, sem voru tveir á þessum tíma eins og fram kemur hér að framan, báru við um vantraust í garð viðskiptaráðuneytisins og viðskiptaráðherra:

> Mér hefur í rauninni mjög oft fundist í þessari krísu að ég hafi þurft að berjast fyrir aðkomu viðskiptaráðuneytisins að hlutunum," segir Jónína Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins. Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins segir að sér hafi oft þótt óþægilegt að hann væri ekki hafður með í ráðum: „[Þ]etta var mjög undarleg staða, verð ég að segja, ekki svona korrekt stjórnsýsla. (8:137138).

Í skýrslu viðskiptaráðherra sjálfs, Björgvins G. Sigurðssonar, fyrir RNA kemur fram að hann telur að skort hafi þann „trúverðugleika og heiðarleika í samskiptum sem var kannski forsendan fyrir því að menn gætu sinnt sínu hlutverki". (8:142–143). Hann segir að samráðshópurinn hefði verið mikill leynihópur, sem ekki hefði mátt upplýsa að til væri og að hópurinn hefði aldrei komið með neinar skriflegar skýrslur. Viðskiptaráðherra kannaðist ekki við að ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis hefði nokkurn tímann borið undir hann tillögur af vettvangi samráðshópsins sem hann hefði þurft að taka ákvörðun um (6:239). Hann lýsti líka óvild af hálfu Seðlabankans:

> Heiftin var mjög mikil þarna og menn sniðgengu hverjir aðra greinilega kerfisbundið og ég staðhæfi það að [Davíð Oddsson] hafi með mjög yfirveguðum hætti haldið mér frá upplýsingum og atburðum og ýmsu slíku. (6:92).

Þegar rýnt er í stöðu viðskiptaráðherra, og orðræðu um hana, vekur athygli hve hlutverk ráðherrans virðist vera talið léttvægara en annarra. Hér er sem saman tvinnist kyngervi og hlutverk og staða sem viðkomandi hefur í krafti embættisins. Eins og fram kom í kaflanum um kynjafræðileg hugtök og sjónarmið er ein áhrifaríkasta leiðin til að tákngera valdatengsl að kyngera þau.[87] Áhugaverð spurning í þessu samhengi er hvort orðræða um viðskiptaráðherra og tenging við meinta ókarlmannlega eiginleika tengist málaflokknum, og meðvituðum eða ómeðvituðum tilburðum til að jaðarsetja hann. Ekki er til einhlítt svar við þeirri spurningu en vert að hafa í huga hið stærra samhengi, að Fjármálaeftirlitið heyrir undir viðskiptaráðuneytið, og jaðarsetning ráðherra þýðir jafnframt veikingu eftirlitsins, en eins og fram hefur komið var „eftirlitsiðnaðurinn" (5:133) ekki vinsæll. Umfjöllunina hér að ofan þarf að skoða í því ljósi. Hér má bæta við að Valgerður Sverrisdóttir fyrrverandi viðskiptaráðherra líkti hlutverki FME við „verndarengil sem vakir yfir velferð okkar" (8:122). Hugmyndin var fengin af jólakorti sem hún fékk frá FME. Það er líka táknrænt í þessu samhengi að „e" í skilti framan á byggingu Fjármálaeftirlitsins er lítið á meðan aðrir stafir eru stórir (hástafir):

---

[87] Scott, J. W. (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í J. W. Scott (ritstj.), *Feminism & History* (bls. 152–180). Oxford, New York: Oxford University Press.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Það sem hér hefur verið rakið er því til þess fallið að draga úr valdi viðskiptaráðherra og þeirrar stofnunar sem ætlað var að sinna eftirliti við fjármálakerfið.

Í kaflanum var fjallað um ráðandi karlmennskuhugmyndir sem í senn byggjast á samkeppni og samtryggingu. Hlutverk og kyngervi kvenna felst gjarnan í styðjandi kvenleika, sem styður við og staðfestir yfirráð karla. Það hlutverk einskorðast þó ekki við konur. Áhrifarík leið til að tákngera valdatengsl er að kyngera þau og dæmi er um að karlar séu jaðarsettir með orðræðu um ókarlmannleg einkenni í formlegu hlutverki sínu.

Þegar saman er dregin meginumfjöllun þessa kafla kemur í ljós að hin menningarlega ráðandi karlmennska er ekki föst stærð heldur breytileg. Af því leiðir að sú tegund karlmennsku sem gerir ráð fyrir jafnræði milli kvenna og karla er því hugsanleg. Ráðandi karlmennska hefur hingað til falist í því að leysa úr togstreitu kynjanna með því að treysta stoðir karlveldisins eða endurnýja það við nýjar aðstæður.[88] Það mun aðeins breytast þegar ákveðin endurmótun hefur farið fram á tengslum karla og kvenna og tengslum þeirra innan fjölskyldunnar, í atvinnulífi og öðrum stofnunum samfélagsins. Í því sambandi er mikilvægt að fram fari úttekt á störfum karla og kvenna heima við. Hér á landi hefur ekki farið fram ítarleg rannsókn á þátttöku kvenna og karla í heimilisstörfum og umönnun barna. Ýmsar nýlegar rannsóknir sem byggja á upplifun þátttakenda á eigin vinnuframlagi þegar kemur að heimilisstörfum og barnauppeldi benda mjög ítrekað til þess að verulega halli á konur í þeim efnum. Konur bera meginábyrgð á umönnum barna og umsjón heimilis og sinna verkum er því tengjast umfram karla.[89] Í lokakafla skýrslunnar er nánar vikið að þessum þætti sem tengist lögbundinni skyldu stjórnvalda að samþætta kynjasjónarmið allri stefnumótun og ákvarðanatöku.

---

[88] Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W.(2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. Gender & Society, 19, 6, 829–859.

[89] Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gyða Margrét Pétursdóttir (2008). Within the socially desirable aura of gender equality: Division of domestic labour and child care. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 213–222). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Stefán Ólafsson (1990). *Lífskjör og lífshættir á Íslandi.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Hagstofa Íslands.

Þóra Ásgeirsdóttir, Sigrún Drífa Jónsdóttir og Matthías Þorvaldsson (2003). *Jafnrétti: Viðhorfsrannsókn.* Reykjavík: IMG Gallup.

Þóra Kristín Þórsdóttir (2007). *Diverging perceptions? The division of household labour.* Óbirt meistararitgerð, London School of Economics, London.

8. Launa- og hvatakerfi.

Í skýrslu RNA eru eftirfarandi ályktanir dregnar:

> Rannsóknarnefnd Alþingis telur að útlán stóru íslensku bankanna þriggja, Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf., hafi síðustu árin fyrir fall þeirra vaxið langt fram úr hagkerfinu og þeim stofnunum sem áttu að hafa eftirlit með bönkunum og gæta hagsmuna innlánseigenda. Rannsóknarnefndin telur jafnframt að efnahagur og útlán bankanna hafi vaxið fram úr innviðum bankanna sjálfra. Þannig hafi utanumhald um og eftirlit með útlánum ekki fylgt eftir útlánavextinum. Þá var hröð sókn inn á nýja markaði mjög áhættusöm. Í ljósi fyrirliggjandi rannsókna og fræðigreina mátti gera ráð fyrir að líkur væru á því að gæði útlánasafna bankanna væru mun minni en ef vöxtur þeirra hefði verið hóflegur og því var ljóst að verulega myndi reyna á bankana þegar um hægðist. Eins og fram kemur í kafla 8.5 telur nefndin að þetta hafi verið raunin. *Af þessum ástæðum samræmist svo mikill vöxtur ekki langtímahagsmunum trausts banka. Það er mat nefndarinnar að til staðar hafi verið hvatar til skammtímahagnaðar sem drifu vöxtinn áfram. Þessir hvatar hafi meðal annars falist í hvatakerfum bankanna [...]. Þá hafi mikil skuldsetning stærstu eigendanna, sem jafnframt skipuðu stjórnir bankanna, verið til þess fallin að auka áhættusækni í rekstri bankanna.* (2:93, skáletrun okkar).

Má því segja að bankakerfið hafi farið fram úr sjálfu sér: Áhættusækni, skammtímagróðasjónarmið og markaleysi samkeppniskarlmennskunnar réðu för. Um þessi atriði verður fjallað í þessum hluta með áherslu á launa- og hvatakerfi bankanna og með hliðsjón af þeim kynjafræðilegu hugtökum sem kynnt hafa verið til sögunnar hér á undan. Hér verður ekki farið efnislega í launasamninga bankamannanna, um þá er fjallað í 10. kafla, 3. bindi RNA. Til að byrja með er ágætt að átta sig á umfangi þeirra launa sem um ræðir, hér eru nokkur dæmi:

> Meðalmánaðarlaun Bjarna Ármannssonar fimmfölduðust á þremur árum, fóru úr 9 milljónum kr. á mánuði árið 2004 í rúmar 50 milljónir kr. á mánuði árið 2007. (3:44)

> Heildarmánaðarlaun Sigurjóns Þ. Árnasonar rúmlega nífölduðust frá árinu 2004 til 2008 og voru tæpar 35 milljónir króna að meðaltali á mánuði árið 2008. (3:58)

> Grunnlaun Halldórs J. Kristjánssonar tvöfölduðust milli áranna 2004 og 2008, fóru úr rúmlega 1,5 milljónum króna að meðaltali á mánuði í rúmar 3 milljónir króna. (3:59)

> Heildarlaun Hreiðars Más Sigurðssonar að meðaltali á mánuði ríflega fjórfölduðust á árunum 2004 til 2006 og voru rúmar 80 milljónir kr. á mánuði árið 2006. Heildarlaun hans að meðaltali á mánuði lækkuðu eftir það niður í tæpar 50 milljónir kr. árið 2008. (3:95)

Áður hefur verið rætt um hvernig aðgengi að fjármunum tryggir ráðandi stöðu innan stigveldis karlmennskunnar. Dæmunum verður því ekki gerð frekari skil en sjónum beint að afleiðingum launa- og hvatakerfis bankanna. Í skýrslu RNA kemur fram að í bönkunum þremur, Glitni, Landsbanka og Kaupþingi, hafi verið við lýði launa- og hvatakerfi sem að

stuðluðu að vexti skammtímahagnaðar. Til að nefna nokkur dæmi, það fyrsta er frá Glitni, þá varð þetta þess valdandi að „að stjórnendur t[óku] of mikla áhættu í rekstri“ (3:47). Í Landsbankanum er tekið dæmi af einu sviði (verðbréfamiðlunarsviði): „Á þessum þremur mánuðum frá september til nóvember 2007 voru tekjur sviðsins ríflega 178 milljónir kr. Bónusgreiðslur námu 194 milljónum kr. fyrir sama tímabil.“ (3:54). Í Kaupþingi voru starfsmönnum veitt há laun til hlutabréfakaupa í bankanum. Allt eru þetta dæmi um afleiðingar launa- og hvatakerfis sem byggir á hugmyndafræði þeirra sem skammtað hafa sér völd. Af því að völdin eru sjálfgefin þá eru launin það líka og virðast ekki háð frammistöðu eins og dæmið frá Landsbankanum sýnir glögglega.

Launa- og hvatakerfið sem RNA gerir að umfjöllunarefni lýsir vel tengslum stigveldis karlmennskunnar, og þeim hugmyndum samtryggingar og samkeppni sem í henni felast. Umfjöllunin sýnir jafnframt vinnumenningu sem byggir í senn á samkeppni og samtryggingu. Fram kemur að:

> Bónusgreiðslur til starfsmanna voru að stórum hluta byggðar á mati æðstu stjórnenda, bankastjórans Sigurjóns Þ. Árnasonar sem fór með starfsmannamál og framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Eins og staðið var að þessum ákvörðunum í Landsbankanum er ekki hægt að útiloka að það hversu ákveðið einstakir starfsmenn sóttust eftir bónusum og mismunandi aðstaða starfsmanna til þess að gera slíkar kröfur hafi í reynd haft sitt að segja þegar kom að ákvörðun yfirmanna um bónusa. (3:70)

Í tilvitnuninni kemur fram hvernig starfsmenn gátu sótt sér slíka bónusa eða hvata og hvernig aðgengi að yfirmanni hjálpaði til við slíkt. Hér koma aftur við sögu tengslanet karla. En sambandið er ekki einhliða, starfsmaðurinn sækir hvatann og stjórnandinn hefur hag af því að hvetja starfsmanninn, það tryggir tryggð hans við vinnustaðinn. Fram kemur í skýrslu RNA að:

> Samkvæmt fréttatilkynningu Kaupþings Búnaðarbanka var sú stefna samþykkt á aðalfundi bankans 27. mars 2004 *að æskilegt væri að lykilstarfsmenn væru einnig hluthafar bankans með afgerandi hætti.* (3:77, skáletrun okkar)

Með stefnu bankans er verið binda saman hagsmuni starfsmanna og stjórnenda en ekki allra starfsmanna heldur „lykilstarfsmanna“. Orðið lykilstarfsmenn hefur talsvert verið í umræðunni á undanförnum árum og lýsir stigveldinu innan bankanna. Ljóst er af lestri skýrslu RNA að karlar voru í yfirgnæfandi meirihluta lykilstarfsmanna þegar lán til starfsmanna vegna hlutabréfakaupa eru annars vegar og ef skoðað er hverjir fengu að setja slík lán og hlutabréf í eignarhaldsfélög. Verður vikið að því síðar. Eftirsókn var eftir því að vera flokkaður sem lykilstarfsmaður og geta þannig mátað sig við hina ráðandi karlmennsku. Í skýrslu RNA er haft eftir starfsmanni eins bankans:

> Í öðrum bönkum virðist samheldnin ekki hafa verið eins sterk og í Kaupþingi. Þó eru allir að reyna að komast í innsta hring. „Það var ekki meðvitað en það var bara svo gaman, það snerist allt um að komast í fótboltaferðina til West Ham eða … þið skiljið hvað ég er að fara. Þá varstu kominn í svona elítustarfsmannahóp og það snerist líka um að komast í kúlulánahópinn og kaupréttarhópinn.“ (8:88)

Ekki voru þó allir skilgreindir lykilstarfsmenn áfjáðir í lán og var því ekki vel tekið eins og eftirfarandi dæmi sýna:

> Fyrirsvarsmenn bankans virðast hafa lagt hart að starfsmönnum að taka við háum lánum til kaupa á hlutabréfum og fyrirtækjamenning sú er við lýði var innan bankans hneig einnig í þá átt. Guðmundur Þórður Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, lýsti þessu með eftirfarandi hætti: „[...] ef þú sest niður með yfirmanni þínum: Heyrðu, ég bara hef ekki efni á að taka svona stórt lán hjá þér. Hann: Mér finnst að, þú átt að taka þetta. Ég: Nei, veistu að mér líst ekki á þetta, ég er ekki með nógu há laun til þess að standa undir þessu hérna. Hann: Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því, það eru, áhætta þín er í raun og veru mjög takmörkuð eða engin. Þú tekur þetta hér.“ (3:79)

> Starfsmenn Kaupþings sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefnd 4. september 2009 mátu það svo að bankinn hefði í raun með þessu haldið í „gíslingu“ mörgum starfsmönnum sem tekið höfðu lán af þessu tagi. Fyrirsvarsmenn bankans hefðu stöðugt veitt sama svarið þegar starfsmenn báru sig eftir heimildum til að selja bréfin og mæta veðköllum. Það var á þann veg að verið væri að skoða málið. […] Í fyrrnefndri skýrslutöku sagði Guðmundur Þórður Guðmundsson: „[...] [Þ]að mátti aldrei sýna veikleika með því að selja bréf í raun og veru. Og þetta náttúrulega er þannig að ég vil meina það að þú varst með stóran hóp starfsfólks sem var í raun og veru, þetta var bara hreint út, í bara gíslingu í meira en ár og jafnvel lengri tíma hjá banka með þessa stöðu. Nema það bara að segja upp eða hætta og þá vissi kannski fólk ekki í raun og veru hver staða þess var ef það hefði tekið upp á því. [...] Hagsmunirnir voru það miklir, alveg satt, ef við sýnum veikleika, ef lykilstjórnendur, stór hópur lykilstjórnenda fer að selja bréfin sín í bankanum, þá bara hrynur þetta [...].“ (3:80)

Ofangreind orð lýsa vel samspili samtryggingar og samkeppni og hvernig þeir þættir hafa áhrif á vinnumenningu fyrirtækja. Hart er lagt að starfsmanninum að taka lánið og sýna þannig tryggð sína í verki og gangast inn á samtrygginguna. Leiða má að því líkum að þeir sem voru innsta hring lykilstarfsmanna eða – stjórnenda hafi verið betur tryggðir en aðrir stafsmenn. Í skýrslu RNA er birt tölvubréf tveggja starfsmanna Kaupþings til æðstu stjórnenda:

> Í bréfinu kom fram hugmynd um að stjórnendurnir gætu losað sig undan persónulegri ábyrgð vegna lánanna þannig að Kaupþing bæri alla áhættu. Tekið skal fram að innan hornklofa eru skýringar rannsóknarnefndar á hugtökum sem skammstöfuð eru í bréfinu:
> „Sæll Siggi og Hreiðar
> Þar sem að Ármann er búinn að ræða þetta við ykkur höfum við talað okkur saman (samtök loyal CEOa) og komist að þessari hugmynd um bréf okkar í bankanum:
> 1. Við stofnum SPV (hver um sig) [eignarhaldsfélag eða Special Purpose Vehicle] og setjum öll bréf og lán í það félag.
> 2. Við fáum viðbótarlán uppá að 90% LTV [Loan to Value, eða 90 krónur að láni fyrir hverjar 100 sem eru í félaginu þegar] sem þýðir að við tökum út einhvern pening strax.

3. Við fáum heimild fyrir að fá lánað meira ef gengi KB hækkar sem nemur 90% LTV upp að genginu 1000. Þannig að ef gengið fer yfir 1000 þá getum við ekki fengið meira lánað.
4. Bankinn hefði engin margincall á okkur og myndi taka á sig fræðilegt tap ef að yrði
   Við hefðum áhuga á að nota hluta af þessu fjármagni til að setja inní Kaupthing Capital Partners (principal investment sjóður bankans)
   Kveðja Magnús og Ármann
   Eins og við höfum sagt áður þá höfum við rætt þessa hugmynd við Ingólf líka.“ (3:81)

Starfsmennirnir skilgreina sig sem „samtök loyal CEOa“, skilgreining sem æðstu stjórnendur hafa eflaust verið sammála um. Tölvubréfið sýnir glögglega karlmennsku samtryggingar. Starfsmennirnir eru innvígðir og innmúraðir í fyrirtækið, umfram aðra. Fjárhagur þeirra er tryggður umfram aðra starfsmenn sem keppa innbyrðist um virðingu æðstu stjórnenda.

Í skýrslu RNA kemur fram að:

> Rannsóknarnefnd Alþingis fær ekki séð af athugun sem hún hefur gert að bónusgreiðslurnar hafi verið tengdar rekstrarárangri bankans með kerfisbundnum hætti heldur virðast þær hafa verið háðar huglægu mati stjórnenda. (3:86)

Að veita ákveðnum starfsmönnum, oftast körlum, lán til hlutabréfakaupa er m.a. gert með eftirfarandi markmið í huga:

> Stjórnendur Kaupþings vildu koma bankanum undan launakostnaði, kostnaði félagsins vegna opinberra gjalda, draga úr skattbyrði starfsmannanna vegna færslu úr tekjuskatti í fjármagnstekjuskatt […] … lánafyrirgreiðslunni hafi verið ætlað að binda saman hag hluthafa og stjórnenda. Það verður að teljast sérlega veikburða samræming hagsmuna ef starfsmenn njóta alls hagnaðar meðan vel gengur en hluthafar sitja uppi með alla áhættuna og þar með gríðarlegt tap ef illa gengur. (3:96)

Samtryggingin er án nokkurrar eigin skuldbindingar og byggir á tengslaneti karla. Niðurstöður RNA eru þær að: „Áhættan af þessum gerningi lá því öll á bankanum sjálfum.“ (3:88). En ekki hjá viðkomandi starfsmanni.

Orðræða um réttlætingu hárra launa gekk út á snilligáfu og persónulega áhættu en sú áhætta var samkvæmt þessu engin. Áhættan fólst m.a. í því að ef þeim yrði sagt upp gætu þeir ekki unnið í faginu í ákveðinn tíma. Því virðist sem ekki hafi verið gert ráð fyrir að þeim væri sagt upp sökum vanhæfni, einungis ef að aðilar keyptu bankann sem vildu koma sínum mönnum að.

Í stigveldi karlmennskunnar er á hverjum tíma ein ráðandi karlmennska. Fyrir hrun bankanna einkenndist sú karlmennska af háum launum, meintri snilld í bankamálum og miklu aðgengi að fjármunum. Þetta var hin menningarlega ráðandi karlmennska og þar með eitthvað sem öðrum körlum var ætlað að sækjast eftir, þ.e. það sem valdaminni karlar þurftu að máta sig við og réttlæta fyrir sjálfum sér og öðrum ef þeir væru ekki með há laun og aðgengi að

miklum fjármunum. Launa- og hvatakerfi bankanna byggði þannig á sjálfgefnum völdum karla sem trónuðu á toppnum í stigveldi karlmennskunnar.

Hugmyndin um áhættusækni er nátengd karlmennskunni, eins og fram hefur komið. Hluti af því að njóta yfirráða í stigveldinu er að geta sýnt fram á eigin áhættusækni, í þessu tilfelli viðskiptalega áhættu. Eins og fram kemur í skýrslu RNA var þessi áhætta þó ekki karlanna sem tóku hana heldur bankanna og hluthafa þeirra. Hugmyndina um karla og áhættusækni verður því að skoða í ljósi niðurstaðna RNA og velta má fyrir sér hvort ekki hafi verið um áhættu að ræða á kostnað annarra, áhættu byggða á mjög takmarkaðri eigin ábyrgð. Sá sem tekur þess háttar áhættu er því að stofna öðrum í hættu og nýtur til skamms tíma ánægjunnar. Líkt og sá sem keyrir of hratt og stofnar þar með öðrum og sjálfum sér í hættu. Þetta er ein af hinum neikvæðu hliðum karlmennskuhlutverksins sem er menningarlega mótað.

Menning okkar er full af kynjuðum hugmyndum um æskileg hlutverk karla og kvenna. Eðlilegt er að ýta fremur undir heilbrigða þætti en óheilbrigða. Áhættusækni á ábyrgð annarra er tvímælalaust einn af óheilbrigðustu þáttum karlmennskuhlutverksins. Skólakerfið er vettvangur til að draga úr hinum skaðlegu menningarbundnu áhrifum. Hægt er að ræða opinskátt með gagnrýnum hætti hugmyndir um karl- og kvenhlutverk en taka þeim ekki sem sjálfgefnum og ýta í leiðinni undir annarskonar hlutverk þar sem margbreytileiki er hafður að leiðarljósi. Í fræðunum er vikið að kostnaði karlmennskunnar. Karlar lifa skemur, en konur, vegna óheilbrigðra lifnaðarhátta og stofna frekar lífi sínu í hættu.[90] Báðir þættirnir tengjast áhættusækni sem ekki er eðlislæg heldur menningarbundin.

Í þessum kafla var sjónum beint að launa- og hvatakerfi bankanna. Karlar höfðu betri aðgang að bónusum af ýmsu tagi og ljóst að ekki var alltaf umbunað samkvæmt frammistöðu heldur var umbunin háð huglægu mati stjórnenda.

9. Samantekt og tillögur

Jafnréttislögin kveða á um skyldur samfélagsins í jafnréttismálum. Mælt er fyrir um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum frá 1998. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða var hins vegar lögfest með jafnréttislögunum 2008. Skilgreiningin á kynjasamþættingu er, skv. 2. grein laganna:

> Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Þrátt fyrir að samþætting sé lögboðin er innleiðing stutt á veg komin. Hér á eftir verða raktar tillögur höfunda sem byggjast á innihaldi skýrslunnar, þær eru númeraðar en númerin gefa ekki til kynna forgangsröð.

Tillögurnar kveða á um aðgerðir í jafnréttismálum, einkum samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og kynjaða fjárlagagerð. Ef atburðirnir sem leiddu til hrunsins eiga ekki að endurtaka sig þurfa slík sjónarmið að vera hluti af uppgjörinu. Aðeins þannig getur endurbygging samfélagsins orðið farsæl og í þágu allra.

---

[90] Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) *Karlmennska og jafnréttisuppeldi,* bls. 36 og 73.

Tillögur.

Mikilvægt er að fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, eins og kveðið er á um í 18. grein jafnréttislaga. Þetta á við um öll atvinnufyrirtæki, jafnt fyrirtæki á fjármálamarkaði sem önnur. Jafnréttisstarf í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða er lögboðið á Íslandi, sbr. 1. grein jafnréttislaga nr. 10/2008.

1. Tillaga.

Lagt er til að Jafnréttisstofa fylgi markvisst eftir eftirlitsskyldu sinni sem kveðið er á um í 18. grein laga nr. 10/2008 og beiti þeim úrræðum sem lögin heimila ef fyrirtæki verða ekki við tilmælum hennar.

Karlar voru í yfirgnæfandi meirihluta í stjórnum hinna föllnu banka og fjármálafyrirtækja. Fyrir því eru bæði réttlætis- og nytjarök að jafna þátttöku kynjanna í stjórnum atvinnulífsins. Fyrirtæki með kynjablandaðar stjórnir skila betri arðsemi en félög með einsleitar stjórnir. Tvær tillögur fylgja.

2. Tillaga.

Lagt er til að stjórnvöld fylgist grannt með því að fyrirtæki fari að lögum nr. 18/2010 um kynjahlutfall í hlutafélögum og einkahlutafélögum og hugi að lögleiðingu viðurlaga ef ekki verður breyting á.

3. Tillaga.

Lagt er til að stjórnvöld fylgist með kerfislega mikilvægum fyrirtækjum og skoði hvernig megi fyrirbyggja að of mikið vald safnist á hendur fárra einsleitra hópa. Stjórnvöld skoði jafnframt hvernig stuðla megi að gagnsærri ákvarðanatöku innan fyrirtækja.

Karlar höfðu betri aðgang að bónusum af ýmsu tagi í bankakerfinu og ljóst að ekki var alltaf umbunað vegna frammistöðu heldur var umbun háð huglægu mati stjórnenda. Þessi mismunun þrífst í skjóli launaleyndar.

4. Tillaga.

Atvinnurekendum ber að sjá til þess að karlar og konur njóti sömu kjara og sé greidd sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Lagt er til að stjórnvöld fylgist með að atvinnurekendur framfylgi þessu. Einnig er lagt til að 19. grein jafnréttislaga nr. 10/2008 verði endurskoðuð þannig að styrkt verði ákvæði sem auðveldar fólki að gera samanburð við laun annarra, t.d. með atbeina trúnaðarmanna á vinnustöðum eða stéttarfélaga.

Skattkerfið hefur kynbundnar afleiðingar jafnvel þótt það sé formlega kynhlutlaust. Skattkerfi sem skattleggur fjármagnstekjur lægra en atvinnutekjur hyglir hinum áhættusæknari, sem oftar eru karlar en konur.

5. Tillaga.
Lagt er til að stjórnvöld taki tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða við mótun og framkvæmd skattastefnu. Stjórnvöld noti til þess samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og kynjaða fjárlagagerð.

Tengslanet og samtrygging karla er við lýði í stjórnmálum og stjórnsýslu. Þetta veikir áhrifavald og gerendahæfni kvenna þótt formleg þátttaka þeirra hafi aukist.

6. Tillaga.
Lagt er til að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verði innleidd á markvissan hátt í stjórnsýslunni til þess að kynin eigi jafnan aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku, t.d. með 4H aðferðinni.[91]

Ferlið í kringum einkavæðingu bankanna sýnir að viðmið voru óstöðug. Kröfur sem gerðar voru til kaupenda breyttust í ferlinu, þær pössuðu utan um tiltekinn hóp karla.

7. Tillaga.
Lagt er til að stjórnvöld hafi skýra stefnu og hæfniskröfur sem vel er framfylgt þegar ráðist er í stórar framkvæmdir, eins og einkavæðingu, og þegar ráðið er í valdamikil embætti. Tryggt verði að viðmið séu fagleg og byggist ekki á gildum og viðmiðum sem hygli öðru kyninu á kostnað hins. Í þessu skyni má beita 4H aðferðinni.[92]

Áherslur í atvinnustefnu stjórnvalda fólust að hluta í stóriðju og fjármálaþjónustu. Fjármálakerfið er mjög kynjaskipt atvinnugrein, launamunur er mikill og framamöguleikar kynjanna ólíkir. Stóriðja skapar einnig dæmigerð karlastörf.

8. Tillaga.
Lagt er til að stjórnvöld samþætti kynja- og jafnréttissjónarmið á markvissan hátt við mótun og framkvæmd atvinnustefnu og leitist við að vinna gegn stöðluðum kynhlutverkum í atvinnulífi.

Byggðastefna stjórnvalda fólst að hluta til í stóriðjustefnu. Konur á landsbyggðinni sjá sjaldnar en karlar fyrir sér tækifæri í þeirri atvinnugrein. Þar sem atvinnuleysi er víða hærra meðal kvenna en karla á landsbyggðinni, og flótti þeirra frá þeim landsvæðum meiri, er stóriðja líkleg til að auka frekar en minnka byggðaröskun.

9. Tillaga.
Lagt er til að stjórnvöld samþætti kynja- og jafnréttissjónarmið á markvissan hátt við mótun og framkvæmd byggðastefnu og leitist við að vinna gegn stöðluðum kynhlutverkum í atvinnulífi og byggðaþróun.

Útrásin hvíldi á hugmyndagrunni þar sem orðræða karlmennsku og þjóðhverfu voru samtvinnuð. Konur og kvenlæg sjónarmið voru jaðarsett í þessari orðræðu. Það veikir möguleika

---

[91] Jöfnum leikinn: *Handbók um kynjasamþættingu* (2009), bls. 40–42.
[92] Jöfnum leikinn: *Handbók um kynjasamþættingu* (2009), bls. 40–42.

kvenna og minnihlutahópa til þátttöku, eykur hættu á einsleitni í samfélagi og menningu og hindrar að sjónarmið margbreytileikans fái notið sín.

10. Tillaga.
Lagt er til að stjórnvöld hvetji til gagnrýnnar umræðu og fræðslu um þjóðernishyggju og vinni gegn staðalmyndum um karla, konur og þjóðerni. Skólakerfið er kjörinn vettvangur til að hefja slíka umræðu.

Ljóst er að mismunandi staða kynjanna í samfélaginu átti þátt í aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Jafnrétti og hagsæld fara hönd í hönd og því til mikils að vinna að stuðla að jafnrétti kynjanna.

11. Tillaga.
Stjórnvöld vinni markvisst að kynningu á Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum) og framfylgi tilmælum nefndar um afnám mismununar gagnvart konum til íslenskra stjórnvalda frá árinu 2008.[93]

Þingmannanefndin telur greinargerðina vera mikilvægt framlag til jafnréttisumræðu á Íslandi.

[93] http://www.humanrights.is/media/frettir//Kvennasattmali_Sameinudu_tjodanna_-_pdf.pdf, bls. 20–23.

Fylgiskjal III.

Erindi sem borist hafa þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá janúar 2010 til september 2010.

Upplýsingar og skjöl sem nefndin óskaði eftir:

Frá forsætisráðuneyti, dags. 4. febrúar 2010. Afrit af erindisbréfi starfshóps um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá forsætisráðuneyti, dags. 3. mars 2010. Minnisblað um nefndir á vegum Stjórnarráðsins sem fjalla um úrbætur í kjölfar falls íslensku bankanna.

Frá vinnuhópi um siðferði vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 1. maí 2010. Viðbrögð vinnuhópsins vegna viðtals við forseta Íslands í síðdegisútvarpi Rásar 2.

Frá skrifstofu forseta Íslands, dags. 6. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar sem varðar athugasemdir forseta Íslands vegna umfjöllunar í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Birni L. Bergssyni, settum ríkissaksóknara, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar sem varðar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis um mistök og vanrækslu í starfi fyrrverandi seðlabankastjóra og fyrrum forstjóra Fjármálaeftirlits.

Frá Árna M. Mathiesen, fyrrv. fjármálaráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni, fyrrv. viðskiptaráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, fyrrv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Guðna Ágústssyni, fyrrv. landbúnaðarráðherra, dags. 2. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrv. utanríkisráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrv. félags- og tryggingamálaráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Jóni Sigurðssyni, fyrrv. iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra, 20. maí 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Jónínu Bjartmarz, fyrrv. umhverfisráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Kristjáni L. Möller, samgönguráðherra, dags. 18. ágúst 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Siv Friðleifsdóttur, fyrrv. umhverfisráðherra, dags. 6. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Sturlu Böðvarssyni, fyrrv. samgönguráðherra, dags. 1. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Valgerði Sverrisdóttur, fyrrv. viðskiptaráðherra, dags.7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrrv. menntamálaráðherra, dags. 27. maí 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrrv. umhverfisráðherra, dags. 6. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra, dags. 7. júní 2010. Svar við bréfi þingmannanefndarinnar þar sem gefinn er kostur á að koma á framfæri athugasemdum, upplýsingum eða svörum við niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá forsætisráðuneyti, dags. 16. júní 2010. Svar við beiðni um upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir af hálfu einstakra ráðuneyta varðandi tillögur að lagabreytingum sem fram koma í skýrslu sérfræðinganefndar forsætisráðuneytis um viðbrögð af hálfu stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Þjóðskjalasafninu, Ólafi Ásgeirssyni þjóðskjalaverði, dags. 9. júlí 2010. Svar við bréfi þingmannanefndar Alþingis, dags. 25. júní 2010, um rafræna gagnagrunna, aðgang o.fl.

Frá Seðlabanka Íslands, dags. 13. júlí 2010. Svar við bréfi þingmannanefndar Alþingis, dags. 25. júní 2010, þar sem farið er fram á afhendingu ýmissa frumgagna sem varða skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá forsætisráðuneytinu, dags. 19. júlí 2010. Svar við bréfi þingmannanefndar Alþingis, dags. 25. júní 2010, þar sem farið er fram á afhendingu ýmissa frumgagna sem varða skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Erindi sem nefndinni bárust að frumkvæði sendanda:

Frá Íbúðalánasjóði, dags. 1. júní 2010. Greinargerð vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda, innleiðingu og áhrif breytinga á útlánum Íbúðalánasjóðs 2004.

Frá Borgarbyggð, dags. 24. júní 2010. Ályktun frá fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar þar sem farið er fram á óháða úttekt á falli Sparisjóðs Mýrasýslu.

Frá Landsvaka hf., dags. 28. júní 2010. Athugasemdir frá Landsvaka vegna umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá KEA svf., dags. 28. júní 2010. Athugasemdir vegna fullyrðinga í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Samtökum stofnfjáreigenda í BYR Sparisjóði, dags. 3. ágúst 2010. Beiðni um að sett verði á fót nefnd til að rannsaka fall sparisjóðanna í landinu.

Með skýrslunni var einnig fylgiskjal IV, bréf þingmannanefndarinnar til ráðherra og svör við þeim. Sjá vef Alþingis:

http://www.althingi.is/dba-bin/erindi.pl?ltg=138&mnr=705, og:

http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/1501.pdf á blaðsíðu 270–375.

1502. Tillaga til þingsályktunar [706. mál]

um málshöfðun gegn ráðherrum.

Flm.: Atli Gíslason, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar skv. 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 13. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963, að höfða beri sakamál fyrir landsdómi gegn eftirtöldum ráðherrum í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde vegna refsiverðrar háttsemi þeirra í embættisfærslu sinni á árinu 2008:

a. Fyrrverandi forsætisráðherra og oddvita Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, Geir Hilmari Haarde, kt. 080451–4749, til heimilis að Granaskjóli 20, Reykjavík.
b. Fyrrverandi utanríkisráðherra og oddvita Samfylkingarinnar í ríkisstjórn, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, kt. 311254–4809, til heimilis að Nesvegi 76, Reykjavík.
c. Fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna Matthíasi Mathiesen, kt. 021058–4409, til heimilis að Lindarbergi 18, Hafnarfirði.
d. Fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin Guðna Sigurðssyni, kt. 301070–4629, til heimilis að Grænuvöllum 5, Selfossi.

Kæruatriði.

A. Málið er höfðað á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, en til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

B. Málið er höfðað á hendur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem utanríkisráðherra og oddviti Samfylkingarinnar í ríkisstjórn andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem henni var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir eða gera tillögur til annarra ráðherra um aðgerðir, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að beita sér fyrir virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara við 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi

háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hennar, Geirs H. Haarde, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hennar og Geirs H. Haarde með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Utanríkisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hún ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

C. Málið er höfðað á hendur Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem fjármálaráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara við 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Geirs H. Haarde, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Fjármálaráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

D. Málið er höfðað á hendur Björgvin G. Sigurðssyni, fyrrverandi viðskiptaráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, en til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem viðskiptaráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum í ljósi upplýsinga sem hann fékk af fundum samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað og í kjölfar fundar hans og Alistairs Darling í London 2. september 2008. Viðskiptaráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Alþingi gerir þær kröfur að fyrrnefndir ráðherrar verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar að mati landsdóms, sbr. 46. gr. laga nr. 3/1963.

Tillögu til þingsályktunar þessarar fylgdi greinargerð og er vísað til hennar og 7. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um nánari skýringar og rök fyrir þingsályktun þessari.

Greinargerð.

1. Forsaga málsins.

Í byrjun október 2008 varð íslenskt efnahagslíf fyrir gríðarlegu áfalli þegar þrír stærstu viðskiptabankar landsins féllu. Gripið var til neyðarráðstafana með lögum nr. 125/2008 þar sem stjórnir bankanna voru yfirteknar af ríkinu, skilanefndir skipaðar og nýir bankar stofnaðir á grunni þeirra gömlu.

Í kjölfar þessara atburða samþykkti Alþingi að setja á fót sérstaka nefnd til þess að rannsaka bankahrunið, aðdraganda þess og orsakir sem og tengda atburði. Til rannsóknarnefndarinnar var stofnað með lögum nr. 142/2008 og til starfans voru fengnir óháðir sérfræðingar, dr. Páll Hreinsson hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og dr. Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur og kennari við Yale-háskóla í Bandaríkjunum.

Hlutverk rannsóknarnefndarinnar var að varpa ljósi á ástæður bankahrunsins haustið 2008, greina orsakir þess og fjalla um og leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni. Eins átti hún að leggja mat á hver kynni að bera ábyrgð á hugsanlegum mistökum og kanna hvort nokkur hafi sýnt af sér vanrækslu í störfum sínum. Að auki var það hlutverk nefndarinnar að afla upplýsinga um starfsemi hinna föllnu fjármálafyrirtækja og gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkað, skoða hvernig eftirliti með fjármálastarfsemi var háttað á árunum fyrir hrunið auk þess að vekja athygli hlutaðeigandi yfirvalda á málum þar sem grunur vaknaði um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu sinni til Alþingis.

12. apríl 2010 gaf rannsóknarnefndin út skýrslu sína þar sem rökstuddar eru niðurstöður hennar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Forsætisnefnd hafði einnig skipað sérstakan vinnuhóp til að leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna mætti rekja til starfshátta og siðferðis. Skilaði hópurinn niðurstöðu sinni í skýrslu sem finna má í viðauka 1 við rannsóknarskýrsluna.

Eftir útkomu rannsóknarskýrslunnar tók við henni sérstök þingmannanefnd skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008. Samkvæmt ákvæðinu skyldi Alþingi kjósa níu manna þingmannanefnd til að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Umrædd þingmannanefnd var kosin á Alþingi 30. desember 2009 og er hún skipuð þingmönnum úr öllum þingflokkum. Nefndina skipa Atli Gíslason (Vg), sem er formaður, Unnur Brá Konráðsdóttir (S), sem er varaformaður, Birgitta Jónsdóttir (H), Eygló Harðardóttir (F), Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg), Magnús Orri Schram (Sf), Oddný G. Harðardóttir (Sf), Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) og Sigurður Ingi Jóhannsson (F).

Þingmannanefndin hefur starfað frá 15. janúar 2010 og farið ítarlega yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar í heild sinni. Hélt hún 54 fundi og fjölda óformlegra vinnufunda. Hvað varðar málefni ráðherraábyrgðar hefur þingmannanefndin notið aðstoðar sérfræðinga við athugun á því hvort skilyrði og efni þættu til þess að leggja til við Alþingi að höfða mál á hendur ráðherrum á grundvelli laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Sérfræðingarnir eru Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektor, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Róbert R. Spanó prófessor og Sigríður J. Friðjónsdóttir vararíkissaksóknari. Jónatan, Ragnhildur og Sigríður unnu jafnframt fyrir nefndina við skjalagerð.

Þá aflaði þingmannanefndin ýmissa frumgagna sem fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndarinnar og tengdust embættisfærslum ráðherra. Gögn sem nefndin aflaði voru m. a. bréf, minnispunktar, fundargerðir, frásagnir af fundum og tölvupóstar frá Stjórnarráðinu og

frá Seðlabanka Íslands. Að auki aflaði nefndin fundargerða frá fundum samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika. Einnig sendi þingmannanefndin 18. maí 2010 bréf til allra ráðherra sem sátu í ríkisstjórn á því tímabili sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis fjallar um þar sem þeim var gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir, upplýsingar eða svör við niðurstöðum í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Bárust nefndinni svör frá fjórtán af sextán ráðherrum og hefur hún í niðurstöðum sínum tekið tillit til þeirra upplýsinga sem bárust með bréfum þessum. Bæði bréfin til ráðherranna sem og svör þeirra eru aðgengileg á vef Alþingis.

Í 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, segir að Alþingi geti kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Stjórnarskráin felur þannig Alþingi að taka afstöðu til þess hvort kalla þurfi ráðherra til ábyrgðar fyrir embættisrekstur þeirra á grundvelli laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Samkvæmt lögum nr. 142/2008 er það á hendi þingmannanefndarinnar að móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sbr. 2. mgr. 15. gr. Á grundvelli 6. mgr. 15. gr. hefur kosning þingmannanefndarinnar sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð. Með skipun þingmannanefndarinnar, sem fram fór 30. desember 2009, var því fyrningarfrestur sá sem mælt er fyrir um í 14. gr. ráðherraábyrgðarlaganna rofinn og við tók eins árs tímabil sem Alþingi getur nýtt til þess að samþykkja málshöfðun gegn ráðherra eða ráðherrum í samræmi við áðurnefnt ákvæði ráðherraábyrgðarlaga.

Á grundvelli framangreindra ákvæða og í ljósi þess fyrningarfrests sem lögin kveða á um hafa flutningsmenn tekið mál einstakra ráðherra, sem fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, til skoðunar og komist að þeim niðurstöðum sem gerð er grein fyrir í 6. og 7. kafla þessarar greinargerðar. Fyrst telja flutningsmenn þó rétt að gera grein fyrir nokkrum almennum atriðum varðandi skýrslu rannsóknarnefndarinnar, skilyrðum refsiábyrgðar og málsmeðferðinni.

2. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis og tengsl hennar við ákvörðun um málshöfðun fyrir embættisbrot ráðherra.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er ítarleg, markviss og afgerandi og í niðurstöðum hennar hefur verið tekið tillit til andmæla þeirra sem flutningsmenn leggja til að ákærðir verði. Óhjákvæmilegt er, sbr. 13. gr. laga nr. 3/1963, að taka ákvörðun um málshöfðun á hendur ráðherra eða ráðherrum á grundvelli þeirrar greinar og gagna sem þingmannanefndin hefur aflað og reka síðan sakamál á grundvelli réttarfarsákvæða laga nr. 3/1963, sbr. 16. gr. um skyldur saksóknara Alþingis og hlutverk verjanda, sbr. enn fremur ákvæði um gagnaöflun í 22.–25. gr. og 28.–38. gr. laganna. Að því leyti sem eigi er á annan hátt mælt í landsdómslögum skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð sakamála um meðferð máls fyrir landsdómi, sbr. 51. gr. landsdómslaga. Sönnunarfærsla fer síðan fram fyrir landsdómi.

Eins og kunnugt er komst rannsóknarnefnd Alþingis að þeirri niðurstöðu að þrír af fjórum ráðherrum sem til athugunar voru hefðu sýnt af sér vanrækslu í þeirri merkingu sem í hugtakið er lögð í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 (sjá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, 7. bindi, kafla 21.5.1 og 21.5.2, bls. 285–288 og kafla 21.5.4.7, bls. 312–316).

Hins vegar er ljóst að við umfjöllun um hugsanlega refsiábyrgð einstakra ráðherra verður að byggja sjálfstætt á reglum refsiréttar við úrvinnslu úr niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar

um vanrækslu ráðherra í skilningi laga nr. 142/2008. Auk þess skiptir aðgreining málefnasviða minna máli þegar refsiábyrgð er ákvörðuð. Þess ber þó að geta að rannsóknarnefndin hafði hliðsjón af hátternisreglum laga nr. 4/1963, einkum 10. gr. þeirra (sjá bls. 288 í 21.kafla skýrslunnar).

Í skýrslunni eru, eins og að framan greinir, stjórnsýsluviðmið lögð til grundvallar, þó með hliðsjón af hátternisreglum ráðherraábyrgðarlaga. Stjórnsýsluviðmið fara ekki alltaf saman við reglur og viðmið refsiréttar, m.a. varðandi takmörkun ábyrgðar í samræmi við aðgreiningu verkefna og stjórnsýsluskyldna eftir málefnasviðum starfsmanna. Í refsirétti geta einstaklingar orðið ábyrgir ýmist sem aðalmenn eða hlutdeildarmenn. Þannig liggur t.d. refsiábyrgð við brotum opinbers starfsmanns skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en sérhver einstaklingur, annar en hinn opinberi starfsmaður, getur sætt refsiábyrgð sem hlutdeildarmaður skv. 22. gr. laganna ef hann hefur átt þátt í broti starfsmannsins með liðsinni í orði eða verki.

3. Skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

3.1. Almennt um refsiskilyrði ráðherraábyrgðar.

Refsiverð háttsemi ráðherra vegna embættisathafna eða athafnaleysis (vanrækslu) í embættisstörfum sínum varðar við ákvæði laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, og eftir atvikum við ákvæði XIV. kafla hegningarlaga um brot í opinberu starfi.

Í lögum um ráðherraábyrgð er ekki tekið sérstaklega fram að almenn ákvæði hegningarlaga eigi við þar sem ekki er kveðið á með öðrum hætti í lögunum. Tilvísun til einstakra ákvæða almennra hegningarlaga er þó að finna í 1. og 11. gr. laga nr. 4/1963. Að öðru leyti gildir sú almenna ólögfesta meginregla að almenn ákvæði hegningarlaga taki einnig til annarra refsilaga en hegningarlaga sé ekki öðruvísi kveðið á í sérlögunum eða ákvæði hegningarlaga takmörkuð við þau lög. Slík takmörkun gildir einmitt um tilraun og hlutdeild (sjá III. kafla hegningarlaga) þannig að þeim yrði ekki beitt um önnur embættisbrot ráðherra en þau sem varða við XIV. kafla hegningarlaga (141. gr.).

3.2. Flokkun embættisbrota í lögum nr. 4/1963.

Lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, eru sérlög á sviði refsiréttar. Það einkennir þessi lög umfram mörg önnur sérrefsilög að þau eru mjög vönduð að allri gerð, ítarleg og með sjálfstæðar verknaðarlýsingar.

Í 2. gr. laga nr. 4/1963 er almennt ákvæði um ábyrgðargrundvöllinn. Þar koma fram þrjú atriði: a) Ábyrgðin tekur bæði til starfa (athafna) og vanrækslu starfa (athafnaleysis). b) Brot er framið af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi og gildir það skilyrði um allar verknaðarlýsingar laganna. c) Almenn verknaðarlýsing, þar sem embættisbrot eru lýst þrenns konar, en þau síðan nánar útfærð í 8.–10. gr. laganna, þ.e. stjórnarskrárbrot (8. gr.), brot á öðrum landslögum (9. gr.) og brot fólgin í því að stofna hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu (10. gr.). Innan hvers hinna tilfærðu ákvæða (8.–10. gr.) er skilið á milli athafnabrota og athafnaleysisbrota (vanrækslubrota).

3.3. Verknaðarlýsingar laga nr. 4/1963 og hlutræn refsiskilyrði.

Við hefðbundna refsiábyrgð einstaklinga, sem hér á við, reynir á þrjú refsiskilyrði tengd verknaðarlýsingu refsiákvæðis: Refsinæmi, ólögmæti og saknæmi. Um saknæmi er fjallað í lið 3.5. Önnur refsiskilyrði þarf ekki að ræða hér, en sérákvæði um fyrningu sakar er í 14. gr. laga nr. 4/1963. Refsinæmi og ólögmæti eru refsiskilyrði hlutræns eðlis. Sú háttsemi telst

refsinæm, sem fellur undir verknaðarlýsingu refsiákvæðis, t.d. 141. gr. hegningarlaga eða 8.–10. gr. laga nr. 4/1963. Það er enn fremur fortakslaust refsiskilyrði, að refsinæmur verknaður sé einnig ólögmætur. Þessi tvö skilyrði eru stundum aðgreinanleg, t.d. lögbrot sem getur varðað bótaskyldu, en er auk þess mælt refsivert samkvæmt lögum og getur þá líka varðað refsingu. Þetta gæti átt við um 8. og 9. gr. laga nr. 4/1963.

Ráða má af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að það séu fyrst og fremst athafnaleysisbrot (vanrækslubrot) sem komi til skoðunar varðandi refsiábyrgð fyrrverandi ráðherra. Athafnaleysi (aðgerðaleysi, vanræksla, trassaskapur) birtist í margvíslegu formi og á ýmsum stigum. Í ráðherraábyrgðarlögum skipar athafnaleysi jafnháan sess og athafnir. Í 141. gr. hegningarlaga er lögð refsiábyrgð við háttsemi sem einkennist fyrst og fremst af athafnaleysi en kann þó að vera sambland af athöfnum og athafnaleysi (blandað ákvæði). Athafnaleysi í ráðherraábyrgðarlögum er einnig oft samofið athöfnum. Sem dæmi mætti taka gjaldeyrisskiptasamning við erlent ríki með ströngum skuldbindingum fyrir íslenska ríkið sem ráðherra undirritaði án þess að leggja samningsdrögin fram á ríkisstjórnarfundi. Við athafnaleysi af þessu tagi þarf ekki að sýna fram á orsakasamband milli athafnaleysisins og tiltekinna afleiðinga, sem kunna að koma fram í kjölfar þess. Þetta er því dæmi um beint athafnaleysisbrot, þar sem leggja má refsiábyrgð við vanrækslu sem slíkri, án tillits til afleiðinga hennar eða atvika að öðru leyti.

Athafnaleysisbrot þau sem hér eru til athugunar eru almennt þess eðlis að þau fela í sér viðvarandi ástand eða endurtekið aðgerðaleysi. Ekkert er því til fyrirstöðu að utanaðkomandi maður, t.d. ráðherra, geti gerst sekur um refsiverða hlutdeild í broti annars ráðherra sem ábyrgð ber á tilteknu málasviði, sjá 4. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaga. Um beint athafnaleysi er fjallað í eftirtöldum ákvæðum laga nr. 4/1963, auk 141. gr. hegningarlaga, sem vikið verður að síðar:

a. Ákvæði c-liðar 8. gr.: [Ráðherra] lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar [í stjórnarskrá] er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.
b. Ákvæði b-liðar 9. gr.: [Ráðherra veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess] … með því að láta nokkuð ógert, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.
c. Ákvæði b-liðar 10. gr.: [Ráðherra] lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu [fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins], eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.

Auk skiptingar í athafnabrot og (bein) athafnaleysisbrot er önnur mjög mikilvæg flokkun verknaðarlýsinga eftir því á hvaða stigi atburðarásar löggjafinn telur rétt að leggja refsiábyrgð við háttsemi sem fullfrömdu afbroti. Um er að ræða þrjá meginflokka afbrota eftir því hvernig fullframningarstiginu er háttað í verknaðarlýsingum refsiákvæða, þ.e. tjónsbrot, hættubrot og samhverf brot. Í stuttu máli felst munurinn í því að við tjónsbrot þarf að sýna fram á að verknaður hafi haft í för með sér tiltekna afleiðingu (tjón), t.d. eignaspjöll eða fjársvik. Við hættubrot er ekki lögð áhersla á afleiðingar verknaðar heldur á hættueiginleika hans. Tjón þarf ekki að hafa orðið af verknaði heldur er nægilegt að sýna fram á að tiltekinni hættu (almennri eða sérgreindri) sé valdið af ásetningi eða gáleysi, eftir því hvað lög áskilja um huglæga afstöðu hins brotlega. Með samhverfu broti er verknaður lýstur refsiverður án tillits til afleiðinga eða hættueiginleika hans, öll áherslan liggur á verknaðinum sjálfum. Bein athafnaleysisbrot eru því jafnframt samhverf brot.

Refsiverðri háttsemi, jafnt athöfnum sem athafnaleysi, er í lögum nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga ýmist lýst sem samhverfum brotum eða hættubrotum, en þeim er hvorum

tveggja þannig háttað að ekki er krafist sérstakra sannaðra afleiðinga (tjóns) af völdum athafna eða athafnaleysis. Umræddir stafliðir í ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 4/1963 lýsa beinum athafnaleysisbrotum, þ.e. samhverfum brotum. Verknaður er þá, eins og áður segir, refsiverður án tillits til afleiðinga eða hættueiginleika hans. Ákvæði b-liðar 10. gr. lýsir aftur á móti hættubrotum. Til þess að slíkt hættubrot teljist fullframið þarf að sýna fram á eftirtalin atriði: a) Tilvist hættunnar. b) Að hættan hafi verið fyrirsjáanleg frá almennu sjónarmiði, þ.e. fyrir fram sýnileg af manni í sporum ráðherra, óháð því hvort hlutaðeigandi ráðherra hefur í raun gert sér grein fyrir hættunni eða ekki. c) Að hlutaðeigandi ráðherra hafi haft vitund um hættuna. d) Að ráðherrann hafi ekki brugðist við hættunni, þótt honum hefði verið það unnt. – Séu öll fjögur skilyrðin fyrir hendi er um ásetningsbrot að ræða, en hafi ráðherrann skort vitund um hættuna skv. c-lið væri vanræksla hans að líkindum stórkostlegt hirðuleysi.

3.4. Samanburður á 141. gr. hegningarlaga og ákvæðum laga nr. 4/1963.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 4/1963 segir að ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taki einnig til ráðherra, eftir því sem við getur átt. Ákvæði um brot í opinberu starfi eru í XIV. kafla hegningarlaga. Ráðherraábyrgðarlögum var ekki ætlað að hagga við refsiábyrgð er ráðherra kynni að baka sér eftir almennum hegningarlögum. Til frekari áherslu er þetta tekið fram í lögum nr. 4/1963. Eðli máls samkvæmt er það einungis 141. gr. hegningarlaga sem reynt getur á í þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Að því er 141. gr. varðar má beita þeim almennu ákvæðum hegningarlaga sem takmörkuð eru við þau lög, þ.e. um tilraun og hlutdeild. Í ráðherraábyrgðarlögum eru hins vegar sérákvæði um hlutdeild en engin ákvæði um tilraun. Ákvæði 141. gr. hegningarlaga hefur sjálfstætt efnislegt gildi gagnvart lögum nr. 4/1963 þar sem það gefur til kynna ákveðinn varanleika eða endurtekningaferli. Auk þess er það ákvæði ekki með neina skipta ábyrgðaraðild eins og sum ákvæði laga nr. 4/1963.

3.5. Saknæmisskilyrði og ráðherraábyrgð.

Saknæmisskilyrðin eru tilgreind í 2. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga, þ.e. ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi samkvæmt fyrra ákvæðinu, en stórfelld eða ítrekuð vanræksla eða hirðuleysi eftir síðara ákvæðinu. Gáleysisskilyrðin bæði í 141. gr. hegningarlaga og í ráðherraábyrgðarlögum eru bundin við stórkostlegt hirðuleysi eða stórfellda vanrækslu, þ.e. stórfellt gáleysi. Almennt gáleysi dugir ekki til. Í báðum ákvæðum er því lögfest sérstakt lágmarksskilyrði um gáleysi, en í þeim málum sem hér eru til skoðunar gæti í reynd verið um ásetningsbrot ráðherra að ræða samkvæmt ráðherraábyrgðarlögum, einkum á árinu 2008. Til ásetnings telst ekki aðeins full vitneskja um aðsteðjandi hættu eða hættulegar aðstæður, heldur og ef ráðherra telur víst að hættan sé fyrir hendi eða hann býst ákveðið við því, og loks ef hann álítur að hættan kunni að vera fyrir hendi, en hann hefði engu að síður framkvæmt verknað eða haldið að sér höndum andstætt starfsskyldu sinni þótt hann hefði talið víst að hættan væri fyrir hendi, eða þá hann lætur sér hættuna í léttu rúmi liggja. Þessi lýsing miðast við svokölluð samhverf brot eða hættubrot í samræmi við verknaðarlýsingar ráðherraábyrgðarlaga.

Engin skýr efnisskil eru milli stórfellds gáleysis og almenns gáleysis. Þau eru matskennd, þannig að sé skynsamlegur vafi um mörkin ætti við málsmeðferð að láta ráðherra njóta vafans, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Ákveðnar vísbendingar þurfa að gefa til kynna að gáleysi sé stórfellt, svo sem vitund eða grunur um hættu (meðvitað gáleysi), eðli og nálægð aðsteðjandi hættu eða umfang tjóns.

4. Málsmeðferð fyrir landsdómi – réttarfarsatriði.

Í 142. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, birtist sú meginregla að sérhver refsiverð háttsemi skuli sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum og hefur reglan almennt gildi hvort sem um er að ræða brot á hegningarlögum eða sérrefsilögum.

Að því leyti sem eigi er á annan hátt mælt í landsdómslögum skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð sakamála um meðferð máls fyrir landsdómi, sjá 51. gr. landsdómslaga. Þetta gildir m.a. að breyttu breytanda um 145. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008:

„Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.“

Þessi saksóknarregla er matskennd en almennt er litið svo á að líkur á sakfellingu verði að vera meiri en líkur á sýknu. Matið er hjá ákærandanum sem í þessu tilviki er Alþingi. Forsögn um líkur á sakfellingu í dómi er sérstaklega óviss þegar um sjaldgæf eða óvenjuleg sakarefni er að ræða, svo sem hér háttar til. Þó að erfitt sé að segja til um úrslit máls kunna ríkir almannahagsmunir að vega þyngra en ella þegar tekin er ákvörðun um höfðun sakamáls við slíkar aðstæður þannig að sýkna manns geti verið eins líkleg og sakfelling.

Önnur mikilvæg réttarfarsregla, sem gildir einnig um sakarefni fyrir landsdómi, er ákvæði 108. gr. laga nr. 88/2008 um sönnunarbyrði ákæruvaldsins um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Sama gildir um 109.–112. gr. laganna varðandi sönnunargildi gagna og sönnunarmat dómara, um skyldu ákæranda til að afla sönnunargagna og um að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi o.fl.

Hins vegar eru málsmeðferðarreglur laga um landsdóm að hluta til frábrugðnar gildandi reglum um meðferð sakamála. Er þar fyrst til að taka að skv. 13. gr. laganna skal ákæra á hendur ráðherra bundin í þingsályktun, en í greininni segir að kæruatriðin skuli þar nákvæmlega tilgreind, enda sé sókn málsins bundin við þau. Eftir að ákæra hefur verið gefin út með þessum hætti skal saksóknari málsins, sem kosinn er af Alþingi, afla allra fáanlegra sönnunargagna, sbr. 16. gr. laganna.

Þetta fyrirkomulag hefur m.a. í för með sér að þeir ráðherrar sem hugsanlega verða ákærðir hafa ekki fengið (mátt þola eða njóta) réttarstöðu grunaðs eða sakaðs manns áður en ákæran er gefin út. Ákvörðun um hvort sækja eigi ráðherra til saka eða ekki byggist á því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, athugasemdum fyrrverandi ráðherra til þingmannanefndarinnar, sbr. bréf nefndarinnar til þeirra dags. 18. maí sl., og öðrum gögnum sem þingmannanefndin hefur aflað. Enda þótt viðkomandi ráðherrar hafi notið andmælaréttar við gerð rannsóknarskýrslu Alþingis og við vinnu þingmannanefndarinnar verður því ekki að fullu jafnað við að hafa átt þess kost að koma með skýringar og svör við tilteknu sakarefni við skýrslutöku í sakamáli, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 64. gr. laga um meðferð sakamála. Einnig er hér rétt að nefna aftur ákvæði 145. gr. laganna en tæpast verður talið að rannsókn sakamáls á hendur fyrrverandi ráðherrum teljist lokið með tilvist/öflun framangreindra gagna. Ákvæði laga um landsdóm koma beinlínis í veg fyrir að 145. gr. laga um meðferð sakamála geti gilt um þetta atriði.

Framangreind tilhögun í þessum sérlögum (lögum um landsdóm) brýtur ekki gegn grundvallarmannréttindareglum, m.a. um sakleysi grunaðs manns uns sekt hans er sönnuð, sjá 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar

fyrir dómi, en sjá um önnur atriði 6. gr. sáttmálans í heild. Dómur landsdóms skal reistur á sönnunargögnum sem færð hafa verið fram við meðferð máls þar fyrir dómi, sjá einkum 24. gr. og 34. gr. landsdómslaga, og er þessi háttur í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála.

Ákæran, og þar með þingsályktunin sem er grundvöllur ákærunnar, skal skv. 24. gr. landsdómslaga, og eftir því sem við á, fullnægja skilyrðum laga um meðferð sakamála varðandi form og efni, sbr. einkum 152. gr. þeirra laga. Þannig ber að tilgreina dómstólinn sem mál er höfðað fyrir, nákvæmar upplýsingar um þá einstaklinga sem ákæran beinist að, hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvenær brotin eru talin hafa átt sér stað, hvaða lagaákvæði eigi við um meint brot ákærðu og gera skal kröfu um refsingu og önnur viðurlög, ef því er að skipta. Ekki er síst mikilvægt að hnykkja á nauðsyn þess að sakarefnið sé afmarkað og tilgreint með skýrum hætti þannig að ekki sé hætta á að vörn verði áfátt vegna ákærulýsingar, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Það fer þó nokkuð eftir eðli háttseminnar með hvaða hætti afmörkun sakarefnis á sér stað, t.d. eftir því hvort um er að ræða einstakar athafnir eða viðvarandi ástandsbrot. Afmörkun sakarefnisins byggist eins og áður segir á því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, athugasemdum viðkomandi ráðherra til þingmannanefndarinnar og gögnum sem þingmannanefndin hefur aflað.

Sakamál á hendur ráðherra á grundvelli laganna um landsdóm fær aðeins meðferð á einu dómstigi andstætt því sem almennt gildir um sakamál, t.d. á grundvelli laga nr. 88/2008, sem geta fengið umfjöllun á tveimur dómstigum. Ákvæði 2. gr. samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við mannréttindasáttmála Evrópu fjallar um þau mannréttindi að eiga rétt til að áfrýja sakfellingardómi til æðri dóms. Í 2. mgr. ákvæðisins eru heimilaðar undantekningar þegar um er að ræða minni háttar brot *„...eða þegar fjallað er um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi.“*

Þannig er málum einmitt háttað um landsdóm. Samsetning hans styður þá niðurstöðu, að ákvæði um hann standist fyllilega gagnvart mannréttindareglum. Með dómi ríkisréttarins danska 22. júní 1995 var Erik Ninn-Hansen, fyrrv. dómsmálaráðherra, dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Hann skaut máli þessu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var öllum málsástæðum hans hafnað. M.a. voru hvorki gerðar athugasemdir við að einungis eitt dómstig hefði fjallað um mál hans né við hina þingkjörnu dómara í ríkisréttinum.

5. Helstu niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis varðandi embættisfærslu ráðherra.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að „upplýsingar um óhóflega stærð íslenska bankakerfisins og vísbendingar um hættur sem af því gátu leitt höfðu legið fyrir um langt skeið“ fyrir áramótin 2007–2008. Er í því sambandi minnst á fundi 2006 og „minikrísuna“ sama ár.[1] Hins vegar er lögð áhersla á það í skýrslunni (sjá kafla 21.5.4.2 sem ber heitið „Almennt um viðbrögð og frumkvæði ráðherra í tilefni af alvarlegum upplýsingum um stöðu bankanna og horfur í íslensku efnahagslífi“) að á „fyrstu mánuðum ársins og fram á vor 2008 [hafi komið] fram hjá íslenskum stjórnvöldum afar alvarlegar upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum íslensku bankanna og þar með í íslensku efnahagslífi.“[2] Er þar sérstaklega vísað til þess sem fram kom á fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands með þremur ráðherrum 7. febrúar 2008, án þess að það hafi leitt til formlegrar umfjöllunar eða afgreiðslu á vettvangi ríkisstjórnar eða ráðherra, né heldur að „viðeigandi stofnanir í stjórnkerfinu, t.d.

---

[1] Sjá 7. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bls. 307.
[2] Sama heimild, bls. 295.

Seðlabankinn sjálfur, hefðu verið látnar vinna nánar úr eða meta þær upplýsingar sem þarna komu fram um alvarlega stöðu íslensku bankanna og afar aðkallandi vandamál í rekstri þeirra.“[3] Er og vísað til fimm nánar tilgreindra atvika vorið 2008 sem vörðuðu sömu eða sams konar upplýsingar og fundurinn 7. febrúar 2008.[4] Kemur og fram að ekki verði „séð að ráðherrar hafi á neinu fyrra tímamarki við sambærilegar aðstæður fengið samandregnar jafnalvarlegar upplýsingar og þarna var um að ræða.“[5] Enn fremur kemur fram að á „vormánuðum 2008 mögnuðust mjög ábendingar, m.a. frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, matsfyrirtækjum og erlendum seðlabönkum, um að íslensku bankarnir væru orðnir allt of stórir miðað við íslenska hagkerfið og getu íslenska ríkisins til að koma þeim til bjargar.“[6]

Rannsóknarnefndin fjallar um viðbrögð og frumkvæði ráðherra með hliðsjón af starfi samráðshóps stjórnvalda (kafli 21.5.4.3). Samráðshópnum var komið á fót snemma árs 2006 og þar sátu fulltrúar forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Ráðuneytisstjórar ráðuneytanna þriggja voru fulltrúar þeirra í hópnum, sem átti að vera „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“.[7] Rannsóknarnefndin taldi að verulegir annmarkar hefðu verið á starfi hópsins.[8] Í skýrslu nefndarinnar segir að ekkert hafi komið fram „um að ráðherrar ... hafi á vettvangi ríkisstjórnar eða í samskiptum innbyrðis tekið til umfjöllunar hver væri staðan í starfi samráðshópsins eða fylgt því eftir að ráðist yrði í þær aðgerðir sem pólitíska stefnumörkun þurfti til og óskir og ábendingar komu fram um á fundum hópsins... Einnig varð ekki séð að ráðherrar sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hefðu haft innbyrðis samráð um hvort tilefni væri til að vinnu samráðshópsins yrði stýrt á markvissari hátt.“[9]

Í skýrslunni er enn fremur tekið fram (í kafla 21.5.4.4) að miðað við þær upplýsingar sem ráðherrar höfðu telji nefndin „að ganga verði út frá því að sömu ráðherrum hafi verið ljós eða mátt vera ljós þörfin á því að þeir hefðu frumkvæði að því að unnin yrði greining á fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku bankanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra.“[10] Ætlast hafi mátt til að ekki væru gefnar yfirlýsingar um stuðning íslenska ríkisins við bankana nema að undangenginni slíkri greiningu. Mikilvægast væri þó „að brýn nauðsyn var á því að í innra starfi stjórnvalda væri fyrir hendi heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hugsanlegra áfalla í starfsemi íslensku bankanna.“[11] Segir um þá nauðsyn að bæði hefðu slík gögn og upplýsingar getað „stuðlað að því ... að stjórnvöld gerðu sér sjálf gleggri grein fyrir nauðsyn þess að ríkisvaldið gripi í tíma til beinna aðgerða til að vinda ofan af vandanum“ og að með slíkar upplýsingar hefðu stjórnvöld verið í „mun traustari stöðu til að rökstyðja frumkvæði að beinum aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins eða annars setja þrýsting á bankana til að gera það sjálfir, og þá samkvæmt skýrum nánari skilyrðum, þ.á m. um tímafresti og annað, að viðlögðu beinu inngripi ríkisvaldsins ef eigin áætlanir eða

---

3 Sama heimild, bls. 295.
4 Sama heimild, bls. 295–296.
5 Sama heimild, bls. 297.
6 Sama heimild, bls. 304–305.
7 Sama heimild, bls. 300.
8 Sama heimild, bls. 313.
9 Sama heimild, bls. 302.
10 Sama heimild, bls. 303.
11 Sama heimild, bls. 304.

aðgerðir bankanna brygðust.“[12] Þá vísar rannsóknarnefndin til þess að telja verði „að ráðherrum hafi borið að byggja yfirlýsingar sem þeir kusu að gefa opinberlega um stuðning ríkisins við bankana, óháð orðalagi þeirra eða tilgangi í sjálfum sér, á traustum grundvelli“.[13]

Fjallað er sérstaklega um frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins (kafli 21.5.4.5). Vísað er til þess að ábendingar um það að íslensku bankarnir væru orðnir allt of stórir hefðu verið margar vorið 2008 og að seðlabankar Norðurlanda (utan Finnlands) hafi gengið „svo langt að binda gjaldeyrisskiptasamning við Seðlabankann skilyrðum um raunhæfar aðgerðir til að minnka bankakerfið“ sem íslensk stjórnvöld gengust undir með yfirlýsingu 15. maí 2008.[14] Kemur þó fram, að af sjálfstæðri athugun rannsóknarnefndarinnar verði „ekki ráðið að ráðherrar yfir þeim málefnasviðum sem helst gátu haft þýðingu... þ.e. forsætis-, viðskipta- og fjármálaráðherra, hafi í atburðarásinni fram að falli íslensku bankanna leitast við að hafa forgöngu um eða fá ríkisstjórnina til að beita sér fyrir því að stjórnvöld hefðu í frammi samstilltar aðgerðir til að leggja formlega að bönkunum að draga úr stærð sinni.“[15]

Kemur fram um þetta atriði að bankarnir báru „vitaskuld sjálfir mesta ábyrgð á því í hvílík óefni var komið með tilliti til hlutfallslegrar stærðar þeirra í íslensku efnahagslífi og veikrar stöðu þeirra að öðru leyti. Jafnframt er ljóst að þegar leið á veturinn 2007–2008 var tíminn orðinn afar knappur til aðgerða af framangreindu tagi... Áréttað er að á þessum síðari stigum atburðarásarinnar verður að telja að óraunhæft hafi verið að ganga út frá að hægt væri að forðast tjón heldur hlaut markmiðið að verða að lágmarka hugsanlegan skaða.“[16] Engu síður vísaði rannsóknarnefndin til stefnu ríkisstjórnarinnar, sem mynduð var 2007, ári eftir „mini-krísuna“ 2006 sem bönkunum stóð veruleg ógn af, en í stjórnarsáttmálanum kom fram að stefna stjórnarinnar væri að „fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði“.[17] Var það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að íslensk stjórnvöld hefðu einkum átt „tveggja kosta völ til að takast með virkum hætti á við þá sívaxandi hættu sem uppi var, og þá annað hvort með þrýstingi á bankana eða beinum aðgerðum gagnvart þeim. Annars vegar að koma því til leiðar að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn með sölu eigna. Hins vegar að einhver eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.“[18] Tekið er fram í skýrslunni að hvorugur kosturinn hafi verið góður en hins vegar þurfi að líta til alvarlegrar aðsteðjandi hættu sem sífellt óx og hvernig fullt tilefni var til að telja aðgerðaleysi miklu verri niðurstöðu. Ítrekað er að á síðari stigum hljóti raunhæf markmið að hafa snúist um að gera viðlagaáætlun, undirbúa hugsanlegt fjármálaáfall og lágmarka tjón og dregið er fram að einstakar ráðstafanir ráðherra á þessum tíma hafi haft gildi til að koma í veg fyrir að tjónið yxi enn frekar (en þar er vísað til fyrirhugaðra kaupa Kaupþings á hollenska bankanum NIBC). Þetta hafi þó ekki haft „áhrif á hinn ærna vanda sem þegar lá fyrir. Eftir sem áður urðu stjórnvöld, þar á meðal ráðherrar yfir þeim málaflokkum sem hér reyndi á, að fást við hann. Athugun rannsóknarnefndar leiðir ekki í ljós sérstök viðbrögð eða frumkvæði af þeirra hálfu að framangreindu leyti. Við mat á því telur rannsóknarnefnd enn fremur að ekki verði komist hjá að líta til þeirra þátta í

---

[12] Sama heimild, bls. 304.
[13] Sama heimild, bls. 313.
[14] Sama heimild, bls. 305.
[15] Sama heimild, bls. 305.
[16] Sama heimild, bls. 306.
[17] Sama heimild, bls. 307.
[18] Sama heimild, bls. 308.

opinberri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum bankanna sem að framan var gerð grein fyrir sem og þess að ekki verður séð að á neinu stigi atburðarásarinnar hafi ríkisstjórnin vikið frá þeim með formlegum hætti eða skýlaust í framkvæmd.“[19] Ítrekað er að ráðherrar eigi að geta unnið slík verk í trúnaði og að óháð því „hvort stjórnvöldum hefði verið rétt að ganga alla leið í þessum efnum verður einnig að horfa til þess að á þeirra vettvangi virðast þessir valkostir jafnvel ekki hafa verið formlega kannaðir eða mótaðir nánar.“[20]

Loks er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar fjallað sérstaklega um eftirfylgni og frumkvæði til að stuðla að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans yfir í dótturfélag bankans (kafli 21.5.4.6). Þar kemur fram að áhyggjur breska seðlabankans af Icesave-reikningum í Lundúnum hafi leitt til fundar forsætisráðherra með öðrum bankastjóra Landsbankans í marsbyrjun 2008. Sömuleiðis að í febrúar 2008 hafi viðskiptaráðherra skipað nýjan stjórnarformann Fjármálaeftirlitsins, sem hafi „litið á það sem helsta verkefnið framundan hjá stofnuninni að koma útibúum bankanna erlendis yfir í dótturfélög… Síðan hefði [viðskipta]ráðherrann treyst því fram í ágúst 2008 að Fjármálaeftirlitið og Landsbankinn ynnu saman að þessu máli.“[21] Er þá lýst fundum með breskum stjórnvöldum um þetta efni og bent á að „hagsmunir Landsbankans og hagsmunir íslenska ríkisins af því að flutningarnir gengju eftir voru þannig ólíkir í eðli sínu. Bankinn gætti fyrst og fremst sinna einkahagsmuna en íslenska ríkinu bar að gæta almannahagsmuna. Íslensk yfirvöld gátu því ekki látið þetta brýna hagsmunamál ríkisins alfarið í hendur Landsbankans og treyst því að hann fylgdi málinu eftir... var það mat bæði breskra og íslenskra stjórnvalda að mikilvægt væri út frá almannahagsmunum og hagsmunum innstæðueigenda að umræddur flutningur í dótturfélag ætti sér stað. Þetta mat stjórnvalda hafði komið fram þegar á fyrri hluta árs 2008. Nauðsynlegt var að fylgja því eftir af festu.“[22] Loks er vísað til þess að þrátt fyrir fund viðskiptaráðherra og sendinefndar íslenskra stjórnvalda með fjármálaráðherra Bretlands í London 2. september 2008 og ábendingar frá Bretlandi um vonbrigði breska fjármálaráðherrans yfir því að íslensk stjórnvöld skildu ekki alvöru málsins, „verður ekki séð að viðskiptaráðherra eða forsætisráðherra hafi á næstu vikum þar á eftir kannað hvaða leiðir kynnu að vera færar til að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélag né fylgt þeim eftir gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum.“[23]

6. Um embættisfærslu einstakra ráðherra.

6.1. Fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde.

6.1.1. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis.

Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að „hinar alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum íslensku bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi, sem urðu Geir H. Haarde forsætisráðherra tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008, hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem forsætisráðherra að ríkisvaldið brygðist við þeim með sérstökum aðgerðum... Að minnsta kosti verður talið

---

[19] Sama heimild, bls. 308.
[20] Sama heimild, bls. 309.
[21] Sama heimild, bls. 309.
[22] Sama heimild, bls. 311.
[23] Sama heimild, bls. 312.

að forsætisráðherra hafi við þessar aðstæður borið að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum og eftir atvikum tillögum um hvort nauðsyn væri á sérstökum aðgerðum...“[24]

Að því er snertir samráðshóp stjórnvalda tók rannsóknarnefndin fram að það hefði heyrt „undir forsætisráðherra að skipa formann samráðshópsins og stýrði sá einstaklingur starfi hans.“[25] Í samantekt nefndarinnar kemur fram „að verulegir annmarkar hafi verið á starfi samráðshópsins. Forsætisráðherra bar umfram aðra ábyrgð á því að gæta þess að störf og áherslur hópsins væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri og beita sér fyrir úrbótum þar á ef þeirra var þörf.“[26]

Að því er snertir nauðsyn greiningar á fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku bankanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra, var það mat rannsóknarnefndarinnar, að því virtu sem rakið var um nauðsyn slíkrar greiningar yfirleitt, að forsætisráðherra hafi „borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða með tillögu um það til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.“[27]

Þegar kemur að frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins þá er það mat rannsóknarnefndarinnar að í aðdraganda falls bankanna „hafi í síðasta lagi á tímabilinu 7. febrúar til 15. maí 2008 verið komnar fram nægjanlegar upplýsingar til þess að forsætisráðherra hefði mátt gera sér grein fyrir því að ríkir almannahagsmunir knúðu á um að hann hefði þá þegar frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins, eftir atvikum með sérstakri lagasetningu, til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins.“[28] Vísað er til þess að yfirlýsingin sem norrænu seðlabönkunum (utan Finnlands) var gefin 15. maí 2008 hafi verið „enn frekara tilefni til þess að forsætisráðherra hefði frumkvæði að slíkum aðgerðum“ enda var vísað til þeirra í yfirlýsingunni. Er það niðurstaða nefndarinnar að, að „minnsta kosti verður talið að forsætisráðherra hafi við þessar aðstæður borið að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin mótaði nánar og undirbyggi eftir atvikum slíkar aðgerðir og þá einkum með tilliti til þess að þar með hefðu stjórnvöld verið betur sett til að beita bankana raunhæfum þrýstingi til að grípa sjálfir til slíkra aðgerða.“[29]

Að því er snertir eftirfylgni og frumkvæði til að stuðla að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans yfir í dótturfélag bankans er það mat rannsóknarnefndarinnar að forsætisráðherra „hafi fyrir sitt leyti haft fullt tilefni til þess annars vegar frá fyrstu mánuðum ársins 2008 að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans úr útibúi bankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og hins vegar a.m.k. frá sumri 2008 að leita leiða í krafti embættis síns til þess að stuðla að framgangi sama máls með virkri aðkomu ríkisvaldsins.“[30]

Samantekið er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að athugun hennar bendi ekki til þess að forsætisráðherra hafi í aðdraganda falls íslensku bankanna gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi við það sem tilefni var til samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar um fyrrgreind atriði. Með „því athafnaleysi sínu hafi Geir H. Haarde forsætisráðherra látið hjá

---

[24] Sama heimild, bls. 313.
[25] Sama heimild, bls. 313.
[26] Sama heimild, bls. 302.
[27] Sama heimild, bls. 313.
[28] Sama heimild, bls. 313–314.
[29] Sama heimild, bls. 314.
[30] Sama heimild, bls. 314.

líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.“[31] Þetta byggist á því að hann hafi stöðu sinnar vegna sem forsætisráðherra farið með mál sem snerta hagstjórn almennt, og að af því hafi leitt að „meginábyrgðin á því að tryggja efnahagslegan stöðugleika, að því leyti sem sú ábyrgð var falin ráðherrum, hvíldi á honum sem forsætisráðherra“,[32] hann hafi farið með skyldur vegna fyrirsvars og verkstjórnar í störfum ríkisstjórnar, hann hafi farið með mál Seðlabanka Íslands og samráð og upplýsingagjöf Seðlabankans hafi því mestmegnis farið fram fyrir hans milligöngu og að hann hafi skipað fulltrúann sem stýrði starfi samráðshópsins og hann hafi borið, umfram önnur stjórnvöld, ábyrgð á að hafa, ef þyrfti, frumkvæði að viðbrögðum til að gera starf hópsins markvissara.

6.1.2. Niðurstaða um málshöfðun gegn fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde.
a. Athafnaleysi í aðdraganda falls íslensku bankanna: Ákært verði fyrir brot gegn b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga til vara.

Flutningsmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að höfðað verði mál á hendur fyrrverandi forsætisráðherra í þessum lið, aðallega á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963, er hljóðar svo:

„10. gr. Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum: ... b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.“

Ákvörðun flutningsmanna byggist á því að athafnaleysi fyrrverandi forsætisráðherra, sem rannsóknarnefndin mat sem vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 og lýst var hér að framan, falli undir verknaðarlýsinguna í b-lið ákvæðisins. Andlag ákvæðisins sé fyrir hendi þar sem látið var farast fyrir að framkvæma „nokkuð það“ sem afstýrt gat fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins, en á ráðherranum hvíldi m.a. sú skylda að tryggja efnahagslegan stöðugleika og hann bar ábyrgð á málefnum Seðlabankans eins og nánar er lýst í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hér að framan.

Eins og lýst var að framan verður skv. 2. gr. laga nr. 4/1963 aðeins sakfellt fyrir brot framin af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi. Í því sambandi vísa flutningsmenn til yfirlýsingar forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra til norrænu seðlabankanna (utan Finnlands) frá 15. maí 2008. Þar var því heitið að dregið yrði úr stærð bankanna, breytingar gerðar á Íbúðalánasjóði, gjaldeyrisvaraforði aukinn og sparað í ríkisrekstri en lítið varð um efndir. Flutningsmenn telja að þegar hliðsjón er höfð af fundinum 7. febrúar 2008 og af þeim viðvörunarbjöllum sem hringdu þetta vor (áhlaup á Landsbankann í London í byrjun apríl, athugasemdir Jean-Claude Trichet og Yves Mersch í apríl og júlí o.fl.) og horft til þess að forsætisráðherra undirritaði aðgerðaáætlun til að tryggja fjármögnun Seðlabankans séu saknæmisskilyrðin uppfyllt. Það er álit nefndarinnar að yfirlýsingin hafi líka þýðingu að því er snertir efnisinntak b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 því að hún styrkir þá ályktun að hættan hafi verið fyrirsjáanleg, auk þess sem menn höfðu beinlínis heitið því að nota ákveðnar leiðir til að verjast hættunni, en það varð lítið úr efndum.

---

[31] Sama heimild, bls. 314.
[32] Sama heimild, bls. 312.

Þess ber að geta að b-liður 10. gr. leggur refsingu við því að láta farast fyrir að framkvæma nokkuð það sem afstýrt gat fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins. Vegna þessa er, eins og nánar var lýst í lið 3.3, ekki skilyrði fyrir því að athafnaleysi sé refsivert samkvæmt greininni að athöfn hefði afstýrt einhverju tilteknu tjóni eða hruni íslenska bankakerfisins. Eins og lýst var að framan telst þetta hættubrot fullframið ef sýnt er fram á tilvist hættunnar, að hún hafi verið fyrir fram sýnileg af manni í sporum ráðherra, óháð því hvort hlutaðeigandi ráðherra hefur í raun gert sér grein fyrir hættunni eða ekki, að hann hafi haft vitund um hættuna og að ráðherrann hafi ekki brugðist við hættunni þótt honum hefði verið það unnt. Þá er lagt til að athafnaleysi fyrrverandi forsætisráðherra verði til vara heimfært undir 141. gr. hegningarlaga. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 4/1963 segir að ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taki einnig til ráðherra, eftir því sem við getur átt. Ákvæði það sem hér á við er 141. gr. hegningarlaga. Þar sem lög nr. 4/1963 eru sérlög gagnvart nefndu ákvæði hegningarlaga og heimila auk þess refsiábyrgð fyrir ásetningsbrot gegn lögunum þykir rétt að vísa hér til 141. gr. hegningarlaga einungis til vara.

b. Brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis verður ráðið að ríkisstjórninni í heild hafi ekki verið gefin skýrsla um málefni bankanna eða þau formlega rædd á ráðherrafundi frá ársbyrjun 2008 og þangað til allt var komið í óefni í lok september.[33] Þannig segir t.d. í umfjöllun um starf samráðshópsins: „Engin gögn eða upplýsingar hafa komið fram fyrir rannsóknarnefndinni um að ráðherrar sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hafi á vettvangi ríkisstjórnar eða í samskiptum innbyrðis tekið til umfjöllunar hver væri staðan í starfi samráðshópsins eða fylgt því eftir að ráðist yrði í þær aðgerðir sem pólitíska stefnumörkun þurfti til og óskir og ábendingar komu fram um á fundum hópsins.“[34] Um margnefndan fund 7. febrúar 2008 sagði sömuleiðis: „Fyrir utan þær umræður sem urðu á framangreindum fundi um ástandið og möguleg viðbrögð varð ekki séð af athugun rannsóknarnefndar Alþingis að mál þetta hefði verið tekið frekar til umfjöllunar með formlegum hætti eða til afgreiðslu á fundum ráðherra eða ríkisstjórnar.“[35]

Í 17. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.“

Ganga verður út frá því að vandamál þau sem blöstu við ríkisstjórn á þessum tíma (frá febrúar og fram í október 2008) varðandi aðsteðjandi hættur, er þá vofðu yfir fjármálastofnunum landsins og ríkissjóði, hafi mátt teljast *mikilvæg stjórnarmálefni* í skilningi 17. gr. stjórnarskrárinnar. Vart er hægt að hugsa sér öllu mikilvægari stjórnarmálefni en þau óveðursský sem þá voru að hrannast upp. Telja verður að til að mynda þær upplýsingar sem fram komu samandregnar á fundinum 7. febrúar 2008 og yfirlýsingin frá 15. maí 2008 verði að teljast mikilvæg stjórnarmálefni.

Ákvæði 17. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um það að tiltekin málefni skuli rædd á ráðherrafundi en ekki hver niðurstaðan eigi að vera. Ákvæðið er mikilvægt til að tryggja að besta mögulega ákvörðun verði tekin (betur sjá augu en auga) en hefur einnig það takmark

---

[33] Sjá 1. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bls. 39.
[34] Sjá 7. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bls. 302.
[35] Sama heimild, bls. 295.

að tryggja lýðræðislega aðkomu allra þeirra sem stjórna eiga landinu. Í stjórnskipunarhefð okkar er gert ráð fyrir aðkomu ráðherra fleiri en eins flokks og að það komi fram ef ríkisstjórn getur ekki starfað vegna málefnaágreinings innanborðs eða við þingið. Það hefur því áhrif á stjórnskipunina ef mál eru almennt ekki rædd á ráðherrafundum. Hér má og minna á kröfu um gagnsæi.

Að mati flutningsmanna ber hér að líta til c-liðar 8. gr. ráðherraábyrgðarlaga, en upphaf ákvæðisins og c-liðurinn hljóða svo:

„Í samræmi við ákvæðin hér á undan, varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum:

...

c. ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir“.

Það er skýlaus skylda ríkisstjórnar að ræða mikilvæg stjórnarmálefni á ráðherrafundi skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar en því var ekki fylgt. Í öðru lagi er ekki hægt að ganga út frá því að samráð við aðra ráðherra og samráð milli ráðherra hefði ekki haft áhrif á framvindu mála, til að mynda með því að auka þrýsting á forsætisráðherra og aðra ráðherra, sem málið varðaði, að afla frekari upplýsinga og gagna og vinna meira í málefnum bankanna. Hér má bæta því við að því hefur verið haldið fram að alvanalegt sé að ráðherrar og þá einkum forustumenn ríkisstjórnarflokka ræði saman utan formlegra ríkisstjórnarfunda og leiði óformlega til lykta ýmis vandasöm úrlausnarefni. Ekki eru efni til að fallast á að slík framkvæmd, að svo miklu leyti sem hún kann að tíðkast, hafi myndað stjórnskipunarvenju. Byggist það m.a. á því að það eru ekki eingöngu hagsmunir ráðherra og stjórnarflokkanna sem hér eru í húfi, heldur möguleikar Alþingis á eftirliti með ríkisstjórn, til að mynda með því að beina fyrirspurnum til ráðherra og ekki síst sú grundvallarhugmynd þingræðisins að ríkisstjórnir sitji því aðeins að meiri hluti þjóðþings styðji þær eða þoli í embætti. Sé mikilvægum stjórnarmálefnum ráðið til lykta í tveggja manna tali fær Alþingi hvorki nauðsynlegar upplýsingar né heldur reynir á samstöðu ríkisstjórnarinnar og stuðning hennar á þingi. Slíkt fyrirkomulag, eins hagkvæmt og það kann að sýnast, fer í bága við þá stjórnskipun sem hér ríkir.

Með hliðsjón af þessu telja flutningsmenn rétt að ákæra ráðherra sérstaklega fyrir það brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 sem felst í því að fyrirsjáanleg hætta fyrir heill íslenska ríkisins, sem sífellt óx, skuli ekki hafa verið rædd á ráðherrafundi eins og skylt var skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

6.2. Fyrrverandi utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

6.2.1. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis.

Að því er snertir fyrrverandi utanríkisráðherra, tók rannsóknarnefnd Alþingis fram að athugun hennar bendi til þess að í ríkisstjórninni sem þá sat hafi „upplýsingaflæði og samskipti um efnahagsmál, þar á meðal um málefni íslensku bankanna á mikilvægum tímabilum, takmarkast að verulegu leyti í framkvæmd við þröngan hóp ráðherra. Annars vegar voru þar Geir H. Haarde, forsætisráðherra og Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra og hins vegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og oddviti Samfylkingarinnar. Bent er á þann mun sem er á því hvort þessir ráðherrar fóru stöðu sinnar vegna með beinar skyldur og ábyrgð á sviði fjármálamarkaðar og/eða efnahagsmála, eins og Geir og Árni, eða áttu yfirleitt

hlut að máli vegna pólitískrar stöðu sinnar innan ríkisstjórnar en ekki á grundvelli lagalegrar stöðu sinnar sem ráðherra, líkt og Ingibjörg Sólrún.“[36]

Rannsóknarnefndin rekur stjórnskipulegt hlutverk utanríkisráðherra og kemst að þeirri niðurstöðu að þáttur fyrrverandi utanríkisráðherra í þeim málefnum sem skýrslan fjallar um, og þá einkum þegar kemur að frumkvæði ráðherra vegna alvarlegra upplýsinga á vormánuðum 2008 „hafi fyrst og fremst byggst á þeim pólitísku forsendum að hún var oddviti annars stjórnarflokksins, Samfylkingarinnar, og að hún gæti á grundvelli upplýsinga sem hún fékk á þessum fundum tekið afstöðu til þess hvort tilefni væri til að hún aðhefðist frekar á vettvangi ríkisstjórnar af hálfu síns flokks og / eða gagnvart hlutaðeigandi ráðherrum. Að því leyti sem störf einstaklinga í þessum hópi koma hér til nánari athugunar með tilliti til álitaefna um mistök og vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 eru þannig að mati rannsóknarnefndar ekki forsendur til að fjalla frekar um störf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í embætti utanríkisráðherra.“[37]

6.2.2. Niðurstaða um málshöfðun gegn fyrrverandi utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

a) Athafnaleysi í aðdraganda falls íslensku bankanna: Ákært verði fyrir brot gegn b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga til vara, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Með vísan til niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis um þær alvarlegu upplýsingar sem ráðherrar fengu á fundinum 7. febrúar 2008 sem og á vormánuðum 2008 og með tilliti til þess að fyrrverandi utanríkisráðherra var ein þeirra sem undirrituðu yfirlýsinguna til norrænu seðlabankanna (utan Finnlands) 15. maí 2008 og með hliðsjón af því sem segir um b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að höfðað verði mál á hendur fyrrverandi utanríkisráðherra á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Jafnframt er talið að heimfæra eigi athafnaleysi fyrrverandi utanríkisráðherra undir 141. gr. hegningarlaga til vara. Fyrir þessu eru eftirfarandi rök: Þáverandi utanríkisráðherra skrifaði undir yfirlýsinguna gagnvart norrænu seðlabönkunum sem utanríkisráðherra. Undirritunin var embættisverk utanríkisráðherra en ekki pólitísk forusta. Að auki sat utanríkisráðherra margnefndan fund 7. febrúar 2008 auk fleiri funda, m.a. í aprílbyrjun þegar áhlaup var gert á Landsbanka Íslands í London. Ráðherra hafði því allar forsendur til að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að aðhafast vorið 2008. Hér verður að líta til stöðu hennar sem oddvita annars stjórnarflokksins og verkstjórnarskyldna hennar.

Telja verður að utanríkisráðherra, sem hefur skrifað undir formlega yfirlýsingu af því tagi sem hér um ræðir, beri skylda til að fylgja því eftir að unnið sé að því sem þar er tiltekið. Það er því niðurstaða flutningsmanna að ákæra beri fyrrverandi utanríkisráðherra, rétt eins og hina ráðherrana sem hér er fjallað um, fyrir að hafa af ásetningi eða a.m.k. af stórkostlegu hirðuleysi látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því að ríkisvaldið brygðist við alvarlegum upplýsingum um stöðu bankanna, og einkum að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, a.m.k. með tillögum um það til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli. Því er lagt til að höfðað verði mál gegn fyrrverandi

---

[36] Sama heimild, bls. 291.
[37] Sama heimild, bls. 291.

utanríkisráðherra á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga til vara, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

b) Brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísan til fyrrgreindrar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis og þess sem segir um c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að fyrrverandi utanríkisráðherra verði ákærður fyrir það brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 sem felst í því að fyrirsjáanleg hætta fyrir heill íslenska ríkisins, sem sífellt óx, skuli ekki hafa verið rædd á ráðherrafundi eins og skylt var skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Með hliðsjón af því sem rannsóknarnefnd Alþingis segir um valdsvið utanríkisráðherra verður að telja það alvarlega birtingarmynd athafnaleysis utanríkisráðherra árið 2008 að hún beitti sér ekki fyrir því (hvorki eftir febrúarfundinn, yfirlýsinguna 15. maí, né síðari fundi) að málefni bankanna yrðu rædd á ráðherrafundi. Það var þó helsta leið hennar til að hafa áhrif á þá ráðherra sem fóru formlega með völd á þessu sviði og tryggja að aðhafst væri á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hafði.

6.3. Fyrrverandi fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen.

6.3.1. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis.

Hvað snertir þáverandi fjármálaráðherra var það niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis, með hliðsjón af niðurstöðum hennar um viðbrögð og frumkvæði ráðherra í tilefni af alvarlegum upplýsingum um stöðu bankanna og horfur í íslensku efnahagslífi (kafli 21.5.4.2) að þær „alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi sem urðu ... fjármálaráðherra tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008 hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem fjármálaráðherra að ljá því atbeina sinn að ríkisvaldið brygðist við þeim með sérstökum aðgerðum“.[38] Rannsóknarnefndin vísaði til umfjöllunar sinnar um frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins, sem lýst var að framan, og mats síns að því er snerti það efni í ályktun um forsætisráðherra. Var við mat á stöðu fjármálaráðherra í þessu efni horft annars vegar til stjórnskipulegra heimilda fjármálaráðherra, sbr. m.a. 17. gr. stjórnarskrárinnar og hins vegar „möguleika hans til að leitast við að stuðla að því að aðrir ráðherrar á málefnasviðum sem hér skiptu máli hefðust að á grundvelli sömu heimilda.“[39] Þá var það niðurstaða nefndarinnar að fjármálaráðherra hefði „fyrir sitt leyti borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða með tillögu um það til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.“[40] Loks var vísað til þess að ráðherrum hefði borið að byggja yfirlýsingar um stuðning við bankana á traustum grundvelli. Að því er snertir fyrrverandi fjármálaráðherra var það því álit rannsóknarnefndarinnar að niðurstöður hennar, sem að framan voru raktar (sjá kafla 5 hér að framan og kafla 21.5.4.2–21.5.4.5 í 7. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis), bentu „ekki til þess að fjármálaráðherra hafi í aðdraganda falls íslensku bankanna gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi

---

[38] Sama heimild, bls. 314.
[39] Sama heimild, bls. 314.
[40] Sama heimild, bls. 314–315.

við það sem tilefni var til samkvæmt öllu framangreindu“.[41] Komst nefndin að því að „með því athafnaleysi sínu hafi Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008“.

6.3.2. Niðurstaða um málshöfðun gegn fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen.

a) Athafnaleysi í aðdraganda falls íslensku bankanna: Ákært verði fyrir brot gegn b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga til vara, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Með vísan til fyrrgreindra niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis og þess sem segir um b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að höfðað verði mál á hendur fyrrverandi fjármálaráðherra á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Þá er lagt til að athafnaleysi fyrrverandi fjármálaráðherra verði til vara heimfært undir 141. gr. hegningarlaga með hliðsjón af því sem áður er sagt um það ákvæði, en til þrautavara 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Hér þarf að líta til þess að fjármálaráðherra fer skv. 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 með „mál, er varða:

1. Fjármál ríkisins, að því leyti sem þau eru ekki fengin öðrum aðilum.
2. Eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.
3. Skatta, tolla og aðrar ríkistekjur. Tollgæslu. Bókhald ríkisins.
4. Almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
5. Lánsfjármál ríkissjóðs, lántökur ríkisstofnana og ríkisábyrgðir.“

Því verður að telja að það sama gildi um fyrrverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra varðandi athafnaleysi og b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963. Það styrkir þessa niðurstöðu að fyrrverandi fjármálaráðherra var einn þeirra ráðherra sem undirrituðu yfirlýsinguna gagnvart dönsku, norsku og sænsku seðlabönkunum. Það kann að vera sjónarmunur á því hversu miklar verkstjórnarskyldur gagnstætt fagskyldum hvíldu á forsætisráðherra annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, en ekki leikur vafi á því að verknaðarlýsing b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 eigi við hér rétt eins og um fyrrverandi forsætisráðherra.

Hér má minna á að fjármálaráðherra ber að hafa almennt eftirlit á valdsviði sínu og hafa frumkvæði að nauðsynlegum aðgerðum á því sviði og við stjórn landsins almennt í samvinnu við aðra ráðherra. Þess vegna ræður það ekki úrslitum þó að fjármálaráðherra hafi ekki verið ætlað að fara með framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni. Honum bar að annast almennt um fjármál ríkisins og um lánsfjármál ríkissjóðs, lántökur ríkisstofnana og ríkisábyrgðir. Í krafti þessa fékk hann svipaðar eða sömu upplýsingar og forsætisráðherra og í krafti þessa bar honum að grípa til aðgerða eða tryggja að aðrir gerðu það.

Það kemur fram í skýrslu nefndarinnar að flutningur Icesave-reikninganna var ítrekað ræddur á fundum samráðshópsins[42] án þess að fram hefði komið „að ráðherrarnir þrír sem

---

[41] Sama heimild, bls. 315.
[42] Sama heimild, bls. 309.

áttu fulltrúa í samráðshópnum hafi sjálfir kallað eftir eða óskað eftir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið kölluðu eftir tímasettum áformum Landsbankans um að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag eða upplýsingum um hvort eitthvað stæði því í vegi að farið yrði að þeim vilja breska fjármálaeftirlitsins að reikningarnir yrðu fluttir til dótturfélags“.[43] Þó kom fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að ráðherrarnir hefðu fengið nægar upplýsingar um starf hópsins til að gera sér grein fyrir verkefnum hans.[44] Á grundvelli framanritaðs þykir rétt að ákæruliður um athafnaleysi í tengslum við flutning Icesave-reikninga Landsbankans í dótturfélög taki einnig til fjármálaráðherra.

b) Brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísan til fyrrgreindrar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis og þess sem segir um c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að fjármálaráðherra verði ákærður sérstaklega fyrir það brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 sem felst í því að fyrirsjáanleg hætta fyrir heill íslenska ríkisins, sem sífellt óx, skuli ekki hafa verið rædd á ráðherrafundi eins og skylt var skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

6.4. Fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson.

6.4.1. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis.

Rannsóknarnefnd Alþingis rakti í skýrslu sinni að viðskiptaráðherra, sem fór stöðu sinni samkvæmt með mál fjármálamarkaðar og þar með málefni íslensku bankanna, hefði borið að hafa „almennt eftirlit með því hver væri í stórum dráttum framvinda mála á þessu málefnasviði og þá með það fyrir augum hvort tilefni væri til afskipta af hálfu ráðuneytisins á grundvelli gildandi lagareglna og eftir atvikum að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á lögum og/eða umfjöllun um málið á vettvangi ríkisstjórnar sem mikilvægt stjórnarmálefni...“[45]

Með hliðsjón af þessu og niðurstöðum nefndarinnar (sbr. 5. lið hér að framan) um upplýsingar sem ráðherrar fengu í febrúar 2008 og störf samráðshóps stjórnvalda var það mat nefndarinnar að hinar„alvarlegu upplýsingar um stöðu og horfur í málefnum bankanna og um leið í íslensku efnahagslífi sem urðu viðskiptaráðherra tiltækar fyrstu mánuði ársins 2008 hafi gefið honum fullt tilefni til að hafa frumkvæði að því samkvæmt stöðu sinni og hlutverki sem viðskiptaráðherra að ljá því atbeina sinn að ríkisvaldið brygðist við þeim með sérstökum aðgerðum“.[46]

Rannsóknarnefndin vísaði til umfjöllunar sinnar um frumkvæði ráðherra að aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins, sem lýst var að framan, og mats síns að því er snerti það efni í ályktun um forsætisráðherra, að því gættu að viðskiptaráðherra reyndi að sýna frumkvæði á vettvangi ríkisstjórnarinnar í ágúst 2008 og „á því mat nefndarinnar hér einkum við um atburðarás í aðdraganda falls íslensku bankanna fram að því tímamarki“.[47]

Þá var það niðurstaða nefndarinnar að viðskiptaráðherra hefði „fyrir sitt leyti borið að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða með tillögu um það til annarra ráð-

---

[43] Sama heimild, bls. 310.
[44] Sama heimild, bls. 301.
[45] Sama heimild, bls. 315.
[46] Sama heimild, bls. 315.
[47] Sama heimild, bls. 315.

herra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli. Þrátt fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri sjálfseignarstofnun féll sjóðurinn og innstæðutryggingar undir málefnasvið viðskiptaráðherra. Meðal þess sem þurfti að taka afstöðu til ... var hvernig tryggingarsjóðurinn gæti staðið við hina lögbundnu lágmarksgreiðsluskyldu sína og hvort og þá hver ætti að vera aðkoma íslenska ríkisins að því að gera sjóðnum það kleift.“[48] Þá var vísað til þess að ráðherrum hefði borið að byggja yfirlýsingar um stuðning við bankana á traustum grundvelli.

Loks var það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að „viðskiptaráðherra hafi fyrir sitt leyti haft fullt tilefni til þess annars vegar frá fyrstu mánuðum ársins 2008 að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans úr útibúi bankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og hins vegar a.m.k. frá sumri 2008 að leita leiða í krafti embættis síns til þess að stuðla að framgangi sama máls með virkri aðkomu ríkisvaldsins. Þrátt fyrir þann fund sem viðskiptaráðherra hélt með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 var engu að síður nauðsyn á því að viðskiptaráðherra gætti þess að fylgja málinu frekar eftir í framhaldi af þeim fundi. Slíkrar frekari viðleitni hans sér ekki stað í gögnum rannsóknarnefndarinnar.“[49]

Með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar (sbr. 5. lið hér að framan) taldi rannsóknarnefndin athugun sína ekki benda „til þess að viðskiptaráðherra hafi í aðdraganda falls íslensku bankanna gripið til viðhlítandi ráðstafana í samræmi við það sem tilefni var til samkvæmt öllu framangreindu.“[50] Taldi nefndin að „með því athafnaleysi sínu hafi Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.“[51]

6.4.2. Niðurstaða um málshöfðun gegn fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðssyni.

a) Athafnaleysi í aðdraganda falls íslensku bankanna: Ákært verði fyrir brot gegn b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga til vara.

Með vísan til fyrrgreindra niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis og þess sem segir um b-lið 10. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að höfðað verði mál á hendur fyrrverandi viðskiptaráðherra á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Þá er lagt til að athafnaleysi fyrrverandi viðskiptaráðherra verði til vara heimfært undir 141. gr. hegningarlaga.

Staða fyrrverandi viðskiptaráðherra er nokkuð ólík stöðu fjármálaráðherra og forsætisráðherra að því leyti að hann var ekki á fundinum 7. febrúar 2008, hann undirritaði ekki yfirlýsinguna frá miðjum maí, það liggur ekki fyrir að hann hafi vitað af áhlaupinu á Landsbanka Íslands í Bretlandi í byrjun apríl, hann sýndi ákveðið frumkvæði á ráðherrafundi 12. ágúst 2008 og honum virðist hafa verið haldið utan við atburðarásina þegar Glitnir féll.[52]

---

[48] Sama heimild, bls. 315–316.
[49] Sama heimild, bls. 316.
[50] Sama heimild, bls. 316.
[51] Sama heimild, bls. 316.
[52] Sama heimild, bls. 62.

Engu síður leggja flutningsmenn til að mál verði höfðað á hendur fyrrverandi viðskiptaráðherra á grundvelli b-liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Þetta byggist á því að hann fékk upplýsingar um fundinn 7. febrúar 2008 strax nokkrum dögum eftir að hann átti sér stað (11. febrúar 2008), hann fundaði með bönkunum í framhaldi af því, hann átti aðkomu að samráðshópnum og hann fékk upplýsingar strax í apríl um að seðlabankastjóri Evrópu teldi að íslensku bankarnir legðu (að hluta til) málamyndagerninga að veði fyrir lánum hjá Seðlabanka Lúxemborgar.[53] Í skýrslum ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis og fyrrverandi viðskiptaráðherra fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kemur og fram að ráðherrann hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um starf hópsins, en þar var t.d. flutningur Icesave-reikninganna ræddur ítrekað. Loks má geta þess að í maíbyrjun 2008 gerði fulltrúi viðskiptaráðuneytisins í samráðshópnum athugasemd við það að Tryggingarsjóðurinn væri of lítill til að gegna hlutverki sínu en 10 dögum áður höfðu Icesave-reikningar verið opnaðir í Hollandi. Telja verður að þetta hafi viðskiptaráðherra vitað eða mátt vita.

Hvað snertir ábyrgð viðskiptaráðherra á starfi samráðshópsins vísast til þess sem sagði um það efni í tengslum við fyrrverandi fjármálaráðherra.

b) Brot á c-lið laga nr. 4/1963, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísan til fyrrgreindrar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis og þess sem segir um c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 í umfjöllun um fyrrverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra hér að framan hafa flutningsmenn komist að þeirri niðurstöðu að leggja beri til við Alþingi að viðskiptaráðherra verði ákærður sérstaklega fyrir það brot á c-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 sem felst í því að fyrirsjáanleg hætta fyrir heill íslenska ríkisins, sem sífellt óx, skuli ekki hafa verið rædd á ráðherrafundi eins og skylt var skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

7. Samantekt og ályktun.

Að öllu framansögðu telja flutningsmenn þessarar tillögu það sem fram er komið nægilegt og líklegt til sakfellis og því beri þeim skylda til að flytja þingsályktunartillögu þessa.

1503. Tillaga til þingsályktunar [707. mál]

um málshöfðun gegn ráðherrum.

Flm.: Magnús Orri Schram, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar skv. 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 13. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963, að höfða beri sakamál fyrir landsdómi gegn eftirtöldum ráðherrum í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde vegna refsiverðrar háttsemi þeirra í embættisfærslu sinni á árinu 2008:

a. Fyrrverandi forsætisráðherra og oddvita Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, Geir Hilmari Haarde, kt. 080451-4749, til heimilis að Granaskjóli 20, Reykjavík.
b. Fyrrverandi utanríkisráðherra og oddvita Samfylkingarinnar í ríkisstjórn, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, kt. 311254-4809, til heimilis að Nesvegi 76, Reykjavík.

---

[53] Sama heimild, bls. 241.

c. Fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna Matthíasi Mathiesen, kt. 021058-4409, til heimilis að Lindarbergi 18, Hafnarfirði.

Kæruatriði.

A. Málið er höfðað á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, en til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

B. Málið er höfðað á hendur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem utanríkisráðherra og oddviti Samfylkingarinnar í ríkisstjórn andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem henni var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir eða gera tillögur til annarra ráðherra um aðgerðir, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að beita sér fyrir virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara við 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hennar, Geirs H. Haarde, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hennar og Geirs H. Haarde með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Utanríkisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hún ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

C. Málið er höfðað á hendur Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem fjármálaráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til þrautavara við 141. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Geirs H. Haarde, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Fjármálaráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Alþingi gerir þær kröfur að fyrrnefndir ráðherrar verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar að mati landsdóms, sbr. 46. gr. laga nr. 3/1963.

Tillögu til þingsályktunar þessarar fylgdi greinargerð og er vísað til hennar og 7. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um nánari skýringar og rök fyrir þingsályktun þessari.

Greinargerð.

Flutningsmenn taka undir niðurstöður í greinargerð með þingsályktunartillögu Atla Gíslasonar, Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, Sigurðar Inga Jóhannssonar, Eyglóar Harðardóttur og Birgittu Jónsdóttur að því er varðar málshöfðun gegn framangreindum þremur fyrrverandi ráðherrum. Um rökstuðning með því vísast til þeirrar tillögu til þingsályktunar. Flutningsmenn geta ekki fallist á rökstuðning og niðurstöður, í þeirri tillögu, er varða Björgvin Guðna Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, með eftirfarandi rökstuðningi:

Niðurstaða varðandi fyrrverandi viðskiptaráðherra.

Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að viðskiptaráðherra hafi sýnt af sér vanrækslu í merkingu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Flutningsmenn taka undir það mat rannsóknarnefndar Alþingis að refsiábyrgð fyrrverandi ráðherra verði að meta óháð niðurstöðum hennar. Rannsóknarnefnd Alþingis lagði mat á hátterni ráðherra með hliðsjón af verknaðarlýsingum ráðherraábyrgðarlaga en byggði ekki á refsiskilyrðum þeirra. Þarf því nú bæði að taka mið af verknaðarlýsingum og refsiskilyrðum ráðherraábyrgðarlaga.

Eins og kemur fram í kafla um saknæmi í greinargerð með tillögu Atla Gíslasonar, Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, Sigurðar Inga Jóhannssonar, Eyglóar Harðardóttur og Birgittu Jónsdóttur er í 2. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga lögfest sérstakt lágmarksrefsiskilyrði sem er stórfellt gáleysi. Mörk stórfellds gáleysis og gáleysis eru mjög matskennd og ekki skýr efnisskil á milli þeirra. Leiki vafi á um mörkin ætti við málsmeðferð að láta ráðherra njóta vafans, sbr. til hliðsjónar 108. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde fóru oddvitar stjórnarflokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, inn á valdsvið annarra ráðherra, stýrðu miðlun upplýsinga og höfðu verkstjórn og verkaskiptingu með höndum. Þannig voru samskipti um efnahagsmál og málefni íslensku bankanna takmörkuð við hóp þriggja ráðherra, forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra.[1]

Af þessari skipan leiddi að ekki var samræmi á milli lögboðins valds og raunverulegs valds ráðherra. Þessu til stuðnings skal bent á að viðskiptaráðherra, sem fór með málefni bankanna, tók ekki þátt í fundi með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands, forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra 7. febrúar 2008 þar sem formaður bankastjórnar bankans dró upp verulega dökka mynd af stöðu bankanna. Hann fékk ekki heldur upplýsingar um útstreymi af Icesave-reikningum í Bretlandi í lok mars sama ár.[2] Þá hafði hann ekki vitneskju um skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl þar sem settar voru fram tillögur um aðgerðir til að minnka bankakerfið. Viðskiptaráðherra undirritaði ekki yfirlýsingu sem fylgdi gjaldeyrisskiptasamningum við norræna seðlabanka 15. maí um minnkun bankakerfisins og aðgerðir í efnahagsmálum og fékk hvorki upplýsingar um tilurð hennar né forsendur. Þessu til viðbótar hafði viðskiptaráðherra ekki vitund um komu erlends sérfræðings, Andrews Gracie, á vegum Seðlabanka Íslands en hann taldi inngrip stjórnvalda nauðsynlegt til draga úr stærð bankakerfisins. Þessar og aðrar upplýsingar frá Gracie voru kynntar samráðshópi um fjármálastöðugleika og forsætisráðherra með beinum hætti án þess að þær bærust viðskiptaráðherra.[3] Þá var viðskiptaráðherra ekki viðstaddur sex fundi um efnahagsmál og málefni bankanna sem nefndir eru í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sátu ásamt fulltrúum Seðlabanka Íslands. Loks má þess geta að viðskiptaráðherra vissi hvorki af samtali formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands við bankastjóra Seðlabanka Evrópu né Seðlabanka Bretlands þar sem fram kom að erlendir bankastjórar höfðu áhyggjur af alvarlegri stöðu íslenska bankakerfisins.[4]

Útilokun viðskiptaráðherrans náði hámarki þegar utanríkisráðherra ákvað að honum yrðu ekki kynntar aðgerðir ríkisvaldsins vegna lánabeiðni Glitnis banka sunnudaginn 28. sept-

---

[1] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, 7. bindi, bls. 291.
[2] Sama heimild, 6. bindi, bls. 152.
[3] Sama heimild, 7. bindi, bls. 306.
[4] Sama heimild, 7. bindi, bls. 295–296.

ember 2008. Áhrifaleysi viðskiptaráðherra kristallast í því að 12. ágúst lagði hann fram minnisblað fyrir ríkisstjórn sem innihélt tillögur um að efla stöðugleika fjármálakerfisins. Tillaga þessi var ekki afgreidd í ríkisstjórn. Hið sama hafði verið uppi á teningnum þegar viðskiptaráðherra kynnti oddvitum stjórnarflokkanna drög að frumvarpi til breytinga á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta snemma árs 2008.

Í ljósi þess sem að framan greinir verður ekki talið að fyrrverandi viðskiptaráðherra hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi í starfi sínu sem ráðherra.

Samantekt og ályktun.

Með vísan til þess sem að framan greinir telja flutningsmenn þessarar tillögu það sem fram er komið nægilegt og líklegt til sakfellis fyrrverandi forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra og því beri þeim skylda til að flytja þingsályktunartillögu þessa.

1504. Fyrirspurn [708. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um frávísanir útlendinga.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hversu mörgum útlendingum hefur verið vísað frá landi við komu til Keflavíkurflugvallar frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir þeirra báðu um hæli hérlendis?
3. Tíðkast að vísa útlendingum úr landi án þess að þeir fái tækifæri til að leggja inn hælisumsókn og án þess að mál þeirra sé tekið til efnislegrar skoðunar? Ef svo er, í hvaða tilfellum er það?

Skriflegt svar óskast.

1505. Fyrirspurn [709. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver var fjárhæð láns frá breskum yfirvöldum í pundum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?
2. Hver var fjárhæð láns frá hollenskum yfirvöldum í evrum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?
3. Hversu há var þessi ríkisábyrgð í krónum á gengi undirskriftardags?

4. Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2009 á árslokagengi þess árs?
5. Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2010 á gengi 1. september 2010?
6. Hvað hefði ríkisábyrgð samkvæmt lögum nr. 96/2009, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 1/2010, kostað ríkissjóð í áfallna vexti hvort áranna 2009 og 2010 með sama hætti?
7. Hvers vegna var ekki minnst á ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar vegna samninga og viðaukasamninga við bresk og hollensk yfirvöld, sem ráðherra hafði undirritað 19. október 2009, í fjárlögum fyrir árið 2010 og í fjáraukalögum fyrir árið 2009 sem samþykkt voru í árslok 2009?

Skriflegt svar óskast.

1506. Svar [664. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um þjónusturannsóknir á sviði dýraheilbrigðis.

1. *Hvernig er háttað fjármögnun þjónusturannsókna vegna sjúkdómagreininga dýra?*

Fjármögnun þjónusturannsókna er ákveðin með fjárlögum í gegnum fjárveitingar til Matvælastofnunar (MAST). Ekki er um sérmerktar fjárveitingar að ræða, heldur er í fjárhagsáætlun MAST á hverju ári fyrir sig ákvarðað það fjármagn sem veitt er til þjónusturannsókna. Með niðurskurði fjárveitinga til starfsemi MAST á undanförnum árum hefur þurft að skera þetta fjármagn mikið niður, raunar svo að í óefni stefnir að mati stofnunarinnar.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gerður verði þjónustusamningur milli Matvælastofnunar og Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum um þjónusturannsóknir á sviði dýraheilbrigðis?*

Síðla árs 2007 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Tilraunastöðina að Keldum. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir breytingu á lögum um Keldur og að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerði sérstakan þjónustusamning við Keldur um rannsóknir á sviði dýraheilbrigðis. Þessar tillögur voru kynntar ráðuneytinu og viðræður áttu sér stað milli fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og menntamálaráðuneytis, en málið hefur hins vegar ekki náð fram að ganga. MAST telur mjög mikilvægt að slíkur samningur verði gerður og að fjármagn til dýrasjúkdómarannsókna verði tryggt á hverjum tíma og undir það sjónarmið skal tekið. Ekki hefur þó verið talið rétt að gera þjónustusamning milli MAST og Keldna þar sem málið hefur verið í öðrum farvegi, auk þess sem MAST hefur engar fjárveitingar til að standa undir slíkum samningi. Í dag greiðir MAST fyrir þjónustu Keldna samkvæmt gjaldskrá en þess má enn fremur geta að MAST hefur á undanförnum árum gert sérstakan samning við Keldur um rannsóknir á heilasýnum úr sauðfé vegna riðurannsókna. Þjónustusamningur eins og sá sem MAST hefur til að mynda gert við Matís á sviði matvælarannsókna byggist á öðrum forsendum og tekur mið af því að Matís

hafi á hverjum tíma búnað og þekkingu til að greina helstu matarsjúkdómaörverur í matvælum, veiti forgang þegar slík tilvik koma upp og sérfræðiaðstoð þegar þörf er á. Að óbreyttum lögum hafa Keldur hins vegar lögbundnar skyldur á sviði sjúkdómavarna og skulu vera MAST til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim. Keldur skulu einnig annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómagreininga og sjúkdómavarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við MAST. Miðað við skipan mála og að óbreyttum lögum hlýtur fjármagn til þessarar starfsemi að ákvarðast með fjárlögum, auk þess sem stofnanir (svo sem MAST) og aðrir aðilar sem sækja þjónustu greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá. Verði skipan mála breytt þannig að gert verði ráð fyrir þjónustusamningi milli aðila hlýtur að þurfa að veita sérstakt fjármagn til þess.

3. *Hver er að mati ráðherra reynslan af sameiningu eftirlits með matvælaöryggi og dýraheilbrigði?*

Það er mat MAST, og undir það skal tekið, að vel hafi tekist til við sameiningu eftirlits með matvælaöryggi og dýraheilbrigði í eina stofnun þar sem eftirlit með fóðri, áburði og plöntuheilbrigði er einnig vistað.

4. *Telur ráðherra að heppilegt hafi verið að aðskilja þá starfsemi sem hefur með höndum eftirlit með dýraheilbrigði annars vegar og þá sem annast rannsóknir og sjúkdómsgreiningar?*

Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum verið gerð almenn krafa um að aðskilja beri stjórnsýslu og eftirlit með dýraheilbrigði frá þeim aðilum sem annast rannsóknir og greiningar á dýrasjúkdómum, til að tryggja sjálfstæði og áreiðanleika niðurstaðna rannsókna. Sama skipan mála var ákveðin á sviði matvælarannsókna, þar sem MAST sækir þjónustu hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum. Þessi skipan mála hefur gefist vel og gerir það einnig að verkum að bæði opinberir og sjálfstæðir rannsóknaraðilar geta veitt hagsmunaaðilum þjónustu án þess að það hafi áhrif á störf eða óhlutdrægni þeirra sem fara með opinbert eftirlit.

5. *Telur ráðherra að samstarf og boðleiðir milli eftirlits- og rannsóknastarfsemi séu viðunandi?*

Það er mat MAST að samstarfið við Tilraunastöðina á Keldum sé með ágætum og má í því sambandi nefna samstarf vegna vandamála sem upp hafa komið á þessu ári varðandi smitandi hósta í hrossum og rannsóknir á áhrifum eldgosa á heilbrigði dýra. Þá á yfirdýralæknir, sem er starfsmaður MAST, sæti í stjórn Keldna. Einnig kemur til álita að auka samstarf þessara stofnana með svipuðum hætti og gert hefur verið á matvælasviði milli MAST og Matís, en þar hefur verið skipaður fastur samráðshópur með fulltrúum beggja stofnana til að ræða ýmis mál sem varða matvælaöryggi.

1507. Svar [692. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um svæðaskiptingu við strandveiðar.

1. *Hver var heildarafli á strandveiðum sumarið 2010, skipt eftir mánuðum og svæðum?*

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu var afli á strandveiðum sumarið 2010 eftir mánuðum og svæðum sem hér segir:

Strandveiðar 2010, afli í þorskígildum.

	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Samtals
Maí	591.117	130.216	165.548	432.934	1.319.815
Júní	612.199	637.832	604.105	331.940	2.186.075
Júlí	487.972	504.224	563.608	166.992	1.722.797
Ágúst	435.110	237.415	306.431	156.660	1.135.616
Samtals	**2.126.398**	**1.509.687**	**1.639.692**	**1.088.527**	**6.364.303**

2. *Hversu marga daga var heimilt að róa á strandveiðunum sl. sumar, skipt eftir svæðum?*

Samkvæmt samantekt ráðuneytisins var fjöldi leyfðra róðrardaga eftir svæðum sem hér segir:

Dagafjöldi í strandveiðum eftir svæðum og mánuðum 2010.

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Alls
Svæði A	6	5	6	3	20
Svæði B	11	17	10	3	41
Svæði C	11	17	10	4	42
Svæði D	9	8	6	5	28

3. *Hyggst ráðherra leggja til breytingar á þessari svæðaskiptingu fyrir næsta sumar?*

Ráðherra mun eftir mat á strandveiðum ársins 2010 taka ákvörðun um framhald og fyrirkomulag veiðanna.

1508. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Birgittu Jónsdóttur og Þór Saari.

Eftirfarandi breytingar verði á tillögugreininni:

a. Við bætist ný málsgrein, 7. mgr., svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að breyta aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla þannig að heimspeki verði skyldufag sem verði kennt að meðaltali einn áfanga á hverju skólaári að lágmarki á hvoru skólastigi.

b. Við II. lið 8. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Stjórnsýsluúttekt á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti og starfsháttum þeirra frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010. Úttektin taki sérstaklega til samskipta við önnur ráðuneyti og stofnanir, ákvarðana sem teknar voru í viðkomandi ráðuneytum á tímabilinu og atburða sem tengjast falli bankanna.

Greinargerð.

Með vísan til 8. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008,* er lögð til breyting við tillöguna sem miðar að því að tryggja að heimspeki verði skyldufag í grunn- og framhaldsskólum.

Jafnframt er í ljósi umfjöllunar um forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis lagt til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á ráðuneytunum þremur og þá sérstaklega horft til samskipta, ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna.

1509. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Önnu Margréti Guðjónsdóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Pétri H. Blöndal, Skúla Helgasyni, Tryggva Þór Herbertssyni, Þór Saari og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við II. lið 8. mgr. bætist við nýr tölul., svohljóðandi: Sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Greinargerð.

Í ljósi þeirrar ályktunar rannsóknarnefndar Alþingis um að breytingar á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs hafi stuðlað að verulegu ójafnvægi í hagkerfinu og falið í sér ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda að falli bankanna, er lagt til að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi sjóðsins. Rannsaka þarf ákvörðun og framkvæmd breyttrar fjármögnunar þegar íbúðabréf leystu húsbréf af hólmi og áhrif rýmri útlánareglna. Rannsaka þarf fjármögnun Íbúðalánasjóðs á útlánum viðskiptabanka og sparisjóða og áhættustýringu sjóðsins.

Mikilvægt er að Alþingi fái skýra mynd af starfsemi Íbúðalánasjóðs því fyrir liggur að ríkissjóður mun þurfa að leggja sjóðnum til umtalsvert fé vegna útlánatapa. Þá skiptir sköpum að til framtíðar verði ekki litið fram hjá hagrænum áhrifum húsnæðislánamarkaðarins.

1510. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Pétri H. Blöndal og Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Eftirfarandi breytingar verði á tillögugreininni:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé vitnisburður um þá þróun íslensks efnahagslífs og samfélags undangenginna ára sem leiddi til hruns bankanna haustið 2008 og telur mikilvægt að skýrslan verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni við brýnar úrbætur.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það verði gert m.a. með því að þingmenn og þingnefndir semji þau frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi eða ritstýri þeim.
c. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Alþingi ályktar að það skuli starfa samkvæmt eigin fjárlögum og að þingmenn verði á launaskrá hjá Alþingi.
d. 5. mgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að erlend matsfyrirtæki, lánveitendur bankanna, stjórnendur og helstu eigendur fjármálafyrirtækja á Íslandi beri mesta ábyrgð á bankahruninu, sem og veila í hlutabréfaforminu.
e. Eftirfarandi breytingar verði á 8. mgr.:
   1. Inngangur orðist svo: Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd, viðkomandi nefndum Alþingis og stjórnlaganefnd, sbr. lög um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, að ráðast í eftirfarandi.
   2. 5. tölul. I. liðar orðist svo: Löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði og lög um hlutafélög og einkahlutafélög.
   3. 2. tölul. II. liðar orðist svo: Sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi og vátryggingafélags frá 2000. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparisjóðanna og lögum um vátryggingafélög.

Greinargerð.

Um a-lið.

Nauðsynlegt er að gera þess málsgrein meira lýsandi þannig að hún hafi einnig gildi eftir 20 ár. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Um b-lið.

Hér er lögð til mjög mikil breyting á samskiptum Alþingis og ríkisstjórnarinnar, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds í samræmi við hina viðamiklu skýrslu rannsóknarnefndarinnar og skýrslu þingmannanefndarinnar sem benda á nauðsyn þess að aðgreina þessa valdsþætti. Hefð hefur verið fyrir því að frumvörp eru samin í ráðuneytum eða jafnvel stofnunum ráðuneyta vegna þess að þekking á framkvæmd laganna og sérfræðiþekking á málefninu er þar. Þetta leiðir hins vegar til þess að það eru sérfræðingar og þeir sem framkvæma lögin sem hafa mest um það að segja hvernig lagasetningin verður. Þeir sem koma seinna að samþykkt laganna, eftir atvikum ráðuneyti, ráðherra, ríkisstjórnin, ríkisstjórnarflokkar og þingnefnd,

þurfa allir að rökstyðja breytingar, sem höfundurinn þarf ekki. Auk þess er mjög vafasamt og getur verið hættulegt að þeir sem framkvæma lögin geti sett inn ákvæði sem létta þeim hugsanlega framkvæmdina á kostnað borgaranna. Það er miklu eðlilegra að þingmenn, sem eru kosnir af borgurunum, semji frumvörp eða ritstýri þeim og leiti í því starfi til sérfræðinga eftir því sem þarf.

– Ferlið gæti þá litið þannig út að þeir sem telja að breyta þurfi lögum eða semja ný lög snúa sér til viðkomandi þingnefndar með beiðni um að hún semji breytingartillögur eða heilu lagabálkana. Nefndin tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til að smíða frumvarp og ef sú er niðurstaðan felur hún einstökum nefndarmönnum að ritstýra og eftir atvikum að semja frumvarp með aðstoð nefndasviðs. Nefndasvið þarf að styrkja verulega og ráða jafnvel til sviðsins þá starfsmenn ráðuneyta sem starfa núna við lagasmíð. Alþingi ákveður jú sjálft fjárveitingar til þessara starfa núna.
– Ráðherra, þingmaður, félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar gætu óskað eftir því að nefnd semji frumvarp og færðu fyrir því rök að vissum atriðum laga þurfi að breyta eða smíða þurfi nýjan lagabálk.
– Þegar nefnd hefur lokið smíði frumvarps færi fram fyrsta umræða og síðan yrði frumvarpið sent til hefðbundinna umsagnaraðila en að auki þess ráðuneytis sem mun framkvæma lögin. Alþingi bæri eftir þessa breytingu skilyrðislausa ábyrgð á lagasetningunni, sem það gerir ekki í dag þar sem alltaf er hægt að kenna þeim sem samdi lögin um galla sem koma fram. Vald Alþingis mundi aukast því að þingmenn ættu raunverulega þátt í því að móta lagaumgjörð þjóðfélagsins. Núna stunda nefndir þingsins undarlega endurskoðun á því hvernig gengur að framkvæma frumvörp framkvæmdarvaldsins.
– Eftir slíka breytingu fengju ráðuneytin og ráðherrarnir meira næði og orku til að standa vel að framkvæmd gildandi laga og framkvæmdin yrði væntanlega markvissari og betri. Ef þau telja að eitthvað sé að geta þau falið þingnefndum það verkefni að breyta því sem þarf. Þannig mundu báðir aðilar, löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið, græða á slíkri breytingu og skilin yrðu miklu skarpari á milli þessara valdseininga.
– En jafnframt þyrfti Alþingi að hætta að ákveða einstakar framkvæmdir í fjárlögum. Þær framkvæmdir getur Alþingi sem eftirlitsaðili eðlilega ekki gagnrýnt því að ráðherra getur varla borið ábyrgð á þeim og því hefur enginn eftirlit með þeim.

Um c-lið. Hér er lagt til að Alþingi hafi sjálfstæði í fjármálum. Við það vex ábyrgð þingsins því að það yrði að réttlæta útgjöld sín og getur ekki skotið sér á bak við fjármálaráðherra. Það er ekki heldur í samræmi við niðurstöðu þingmannanefndarinnar að þingmenn þiggi laun sín og séu á launaskrá hjá fjármálaráðuneytinu, framkvæmdarvaldinu.

Um d-lið. Hér er lagt til að horft sé til erlendra matsfyrirtækja þegar skoðað er hverjir beri mesta ábyrgð á hruninu. Matsfyrirtæki gáfu litlum bönkum á Íslandi matið AAA sem er með því besta sem gefið er. Þessi matsgjöf gerði það að verkum að stórir bankar um allan heim og aðrir lánveitendur lánuðu íslensku bönkunum óhemju mikið fé, 160 millj. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Ætla má að þessi lán hafi farið strax aftur til fjárfestinga um alla Evrópu – í London, Kaupmannahöfn, Helsinki og víðar. Jafnvel til Makaó í Kína. Ekki er heldur hægt að horfa fram hjá ábyrgð þessara lánveitenda. Þessum ábyrgðaraðilum er bætt við og þeir settir framar stjórnendum bankanna og stærstu eigendum bankanna. Loks er bent á áhrif kross- og raðeignarhalds sem er veila eða galli í hlutabréfaforminu alþjóðlega og blæs út ímyndað eigið fé og hagnað og hefur eflaust villt þessum matsfyrirtækjum og lánveitendum sýn.

Um e-lið.

1. Tekin eru út orðin „og forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar“ í samræmi við skýrslur rannsóknarnefndarinnar og þingmannanefndarinnar sem benda á nauðsyn þess að greina betur að störf Alþingis og ríkisstjórnarinnar. Allt sem fram kemur í I.–III. lið 8. mgr. eru verkefni sem snúa eingöngu að Alþingi.
2. Í 5. tölul. I. liðar er bætt við að skoða skuli jafnframt lög um hlutafélög og einkahlutafélög vegna þeirrar veilu í hlutafélagaforminu sem bent hefur verið á.
3. Í 2. tölul. II. liðar er lagt til að rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi nái aftur til ársins 2000 en Meiður ehf. sem seinna varð Exista hf. var stofnaður 2001 um hlutafjáreign sparisjóðanna í Kaupþingi hf. Enn fremur er lagt til að starfsemi vátryggingafélaga verði rannsökuð frá sama tíma.

1511. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni, Birgi Ármannssyni, Ólöfu Nordal, Ragnheiði E. Árnadóttur, Einari K. Guðfinnssyni, Jóni Gunnarssyni, Unni Brá Konráðsdóttur, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Ásbirni Óttarssyni, Árna Johnsen, Tryggva Þór Herbertssyni, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Kristjáni Þór Júlíussyni, Bjarna Benediktssyni og Pétri H. Blöndal.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við II. lið 8. mgr. bætist við nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi: Sjálfstæð og óháð rannsókn sérstakrar rannsóknarnefndar sem rannsaka skuli embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal rannsóknarnefndin leggja mat á hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum leggja mat á hverjir bera á þeim ábyrgð. Að öðru leyti skal rannsóknin fara fram í samræmi við efni þingsályktunartillögu á þskj. 1315, 665. mál.

Greinargerð.

Með breytingartillögu þessari er lagt til að til viðbótar þeim rannsóknum og stjórnsýsluúttektum sem þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis leggur til að ráðist verði í verði embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda í Icesavemálinu og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld rannsökuð af sérstakri rannsóknarnefnd.

Breytingartillagan er efnislega samhljóða þingsályktunartillögu sem flutningsmenn hafa þegar lagt fram á Alþingi, sjá þskj. 1315, 665. mál, og vísa þeir til þess ítarlega rökstuðnings sem fram kemur í greinargerð með þeirri tillögu.

1512. Svar [684. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um endurskoðun reglna um forsjá barna, búsetu og umgengni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp til breytinga á barnalögum um forsjá barna, búsetu þeirra og umgengni í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var til að fara yfir lögin og skilaði ráðherra tillögum í janúar á þessu ári, og ef svo er, hvenær verður það lagt fram?*
2. *Hyggst ráðherra leggja til breytingar á heimildum dómara í forsjármálum í þá veru að þeim verði veitt heimild til að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns, þótt annað foreldra sé því andvígt, þ.e. ef dómari telur þær aðstæður fyrir hendi að sameiginleg forsjá geti þjónað hagsmunum barns?*

Endurskoðun reglna barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni hefur verið til meðferðar innan ráðuneytisins um nokkurt skeið. Nefnd undir forustu Hrefnu Friðriksdóttur, lektors við lagadeild Háskóla Íslands, var í desember 2008 falið að endurskoða fyrrgreindar reglur og gera tillögur að úrbótum væri þeirra þörf að mati nefndarinnar. Nefndin skilaði af sér tillögum í frumvarpsformi til þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra í janúar sl.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar á vef ráðuneytisins og bárust í kjölfarið nokkrar athugasemdir og ábendingar sem farið hefur verið yfir af sérfræðingum ráðuneytisins og formanni nefndarinnar.

Í frumvarpsdrögunum, sem eru ítarleg og vel unnin, eru lagðar til ýmsar veigamiklar breytingar á ákvæðum gildandi barnalaga og um margar þeirra má reikna með að ríki einhugur en um aðrar eru skiptar skoðanir. Þannig eru skiptar skoðanir um það úrræði sem nefnt er í 2. tölul. fyrirspurnarinnar, þ.e. heimild til handa dómara að ákveða, gegn vilja annars foreldris, að foreldrarnir eigi að fara sameiginlega með forsjá barns síns.

Sameiginleg forsjá felur í sér að foreldrum ber að hafa samráð um málefni barns og taka sameiginlega meiri háttar ákvarðanir um málefni þess. Langalgengast er að foreldrar kjósi að fara saman með forsjá barna sinna í kjölfar skilnaðar og sambúðarslita en spurningarmerki hefur verið sett við hvort rétt sé að veita dómstólum heimild til að fyrirskipa foreldrum að hafa þá samvinnu sem sameiginleg forsjá felur í sér.

Hagsmunir barnsins eiga ávallt að ráða för þegar dómari ákveður forsjá þess. Þegar dómari hefur heimild til að dæma sameiginlega forsjá verður hann að ganga tryggilega úr skugga um að foreldrarnir hafi raunverulega möguleika á að vinna saman að málefnum barns barninu til hagsbóta. Ýmsir þættir geta haft áhrif á möguleika á slíkri samvinnu. Má þar nefna ef annað foreldri hefur beitt hitt ofbeldi meðan á sambúð eða hjónabandi stóð og jafnvel eftir að því lauk. Í athugasemdum við umrætt frumvarp er skýrt tekið fram að ofbeldi og vanvirðandi háttsemi á heimili barns hafi almennt skaðlegar afleiðingar fyrir andlega og líkamlega heilsu barns og þroska þess í víðum skilningi. Þetta eigi ekki einungis við um ofbeldi sem hefur beinst eða beinist að barninu sjálfu heldur einnig allt ofbeldi milli einstaklinga í nánum samböndum á heimili barnsins, svo sem ofbeldi milli foreldra eða ofbeldi gagnvart systkinum barns. Í þessu samhengi reynir mjög á mat og þekkingu dómara á ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilis.

Í þessu sambandi má geta þess að eftir lögfestingu heimildar dómara til að dæma sameiginlega forsjá í Svíþjóð 1998 kom í ljós að brögð voru að því að sameiginleg forsjá væri dæmd í málum þar sem ásakanir voru uppi um ofbeldi og augljóst að ekki væru líkur á að foreldrar gætu unnið saman að málefnum barns. Lögin voru endurskoðuð 2006 og ríkari áhersla lögð á að hagsmunir barnsins yrðu að vera í öndvegi við úrlausn mála auk þess sem nauðsynlegt væri að skoða sérhvert mál vandlega.

Í Danmörku var dómurum veitt heimild til að dæma sameiginlega forsjá með lögum sem tóku gildi 1. október 2007. Danir horfðu m.a. til reynslu Svía á sínum tíma og ákváðu að fara skyldi fram rannsókn á öllum forsjármálum sem færu fyrir dómstóla 2009 og 2010 með það fyrir augum að meta hvernig hin nýju lög reyndust foreldrum og börnum. Niðurstöðu er að vænta fljótlega.

Í þessum efnum ber að stíga varlega til jarðar og er æskilegt að reynsla Dana verði ljós þegar ákvörðun er tekin um hvort leggja skuli til að dómurum verði veitt heimild til að dæma sameiginlega forsjá hér á landi. Þá ber að líta til þess að í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um ráðgjöf og sáttameðferð sem ætlað er að hjálpa foreldrum að leysa úr ágreiningsmálum með hagsmuni barns að leiðarljósi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að rannsóknir sýni að sáttameðferð eða sáttamiðlun sé til þess fallin að leysa stærstan hluta ágreiningsmála milli foreldra sem ella þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi. Þykir rétt fá nokkra reynslu á hin nýju úrræði áður en lengra er haldið.

Í frumvarpinu er að finna veigamiklar umbætur í þágu barna og foreldra. Má þar nefna nýjan kafla um réttindi barns sem tekur mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, skýrari afmörkun á hlutverkum foreldra, breytingar á reglum um forsjá stjúpforeldra, skýrari ákvæði um umgengnisrétt o.fl. Mikilvægt er að þær breytingar nái fram að ganga og því er stefnt að því að leggja frumvarpið fram á komandi þingi í breyttri mynd.

1513. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Siv Friðleifsdóttur, Pétri H. Blöndal, Höskuldi Þórhallssyni,
Eygló Harðardóttur og Valgerði Bjarnadóttur.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilið verði betur á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, m.a. með því að ráðherrar gegni ekki þingmennsku samhliða ráðherradómi.

Greinargerð.

Lagt er til að við 2. mgr. tillögugreinarinnar bætist nýr málsliður þess efnis að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds verði skerpt, m.a. með því að ráðherrar gegni ekki þingmennsku samhliða ráðherradómi. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar lagði fram frumvarp um þetta efni árið 1995 á 120. löggjafarþingi. Síðan þá hefur fyrsti flutningsmaður flutt málið margoft ásamt ýmsum meðflutningsmönnum.

Við breytingu á þingsetu ráðherra þyrfti jafnframt að huga að stöðu og styrk stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

1514. Svar [691. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um NMT-farsímakerfið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig verður brugðist við því að NMT-farsímakerfið var lagt niður um síðustu mánaðamót?

Í janúar sl. var tíðniheimild Símans á 450 Mhz framlengd tímabundið til þess að veita NMT-þjónustu á 450 Mhz tíðni. Á tímabilinu hefur Síminn dregið úr NMT-þjónustu samhliða uppbyggingu á farsímaþjónustu með annarri tækni, svo sem GSM. Þetta er í samræmi við skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir framlengdri notkun tíðninnar. Fyrsta september hætti Síminn að veita NMT-þjónustu á tíðnisviðinu og er það nú laust til umsóknar.

Einn aðili skilaði tilboði í uppbyggingu langdrægs stafræns fjarskiptakerfis á tíðninni þegar það var boðið út í mars 2007. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 26/2008 var heimildin afturkölluð þar sem ekki hafði orðið úr uppbyggingu kerfisins. Póst- og fjarskiptastofnun hafa ekki borist aðrar umsóknir um að byggja upp langdrægt farsímakerfi á tíðninni, auk þess sem rekstur NMT-þjónustunnar er ekki hluti af alþjónustu og Síminn hefur rekið hana á markaðsforsendum af Símanum á undanförum árum.

Á undanförnum árum hefur mikil uppbygging átt sér stað á GSM- og UMTS-, eða 3G-, farsímakerfum á Íslandi, meðal annars með stuðningi fjarskiptasjóðs í samræmi við lög um fjarskiptasjóð og gildandi fjarskiptaáætlun sem samþykkt var af Alþingi vorið 2005. Útbreiðsla þessara kerfa er mjög viðamikil og nær samtals til mun stærra svæðis en NMT-kerfið gerði áður eitt og sér. Jafnframt býður tæknin upp á margfalt fleiri möguleika, t.d. gagnaflutning sem nú kemur sjómönnum á hafi úti mjög til góða. Með hliðsjón af þessu og nýtingu tíðnisviðsins á síðustu árum má ætla að markaðsaðilar hyggist notast við langdræg GSM- og 3G-farsímakerfi til þess að veita þjónustu á þeim svæðum sem NMT-kerfið náði til áður. Verið getur að NMT-kerfið hafi í einhverjum tilvikum náð til stöku svæða eða heimila þar sem ekkert farsímasamband er nú. Orsökin getur falist í staðsetningu senda eða eðliseiginleikum mismunandi farsímakerfa. Ráðherra mun óska eftir upplýsingum frá fjarskiptafélögum um slík svæði og búsetu á þeim.

1515. Fyrirspurn [710. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um afskriftir lána.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Um hve háa fjárhæð voru húsnæðislán gömlu bankanna afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?
2. Um hve háa fjárhæð voru lán fyrirtækja afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?
3. Hvað mundi það kosta lánastofnanir ef dómur Hæstaréttar næði líka til fyrirtækja?
4. Hvað eru há þau lán til fyrirtækja sem hugsanlega mundu falla undir dóm um gengistryggð lán hjá Hæstarétti?

Skriflegt svar óskast.

1516. Frumvarp til laga [711. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum, sbr. 1. gr. laga nr. 61/2009, kemur: 31. desember 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 74/2009 var gerð breyting á ákvæði til bráðabirgða VII í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Breytingin fólst í því að bætt var við ákvæðið heimild fyrir slitastjórn fjármálafyrirtækis, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti. Heimildin gilti til 31. desember 2009 en tilefni hennar var að slitastjórn SPRON taldi sig ekki hafa lagaheimild til að greiða skuldir vegna launa.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 14. júlí 2010, var Askar Capital hf. tekið til slitameðferðar og var félaginu skipuð slitastjórn. Meðal verka slitastjórnar er að annast meðferð krafna meðan á slitum stendur. Slitastjórn Askar Capital hf. telur fyrrgreint bráðabirgðaákvæði girða fyrir að henni sé heimilt að greiða starfsmönnum laun í uppsagnarfresti enda heimildin fallin úr gildi, sbr. framangreint.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistími í síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða VII í lögum um fjármálafyrirtæki verði framlengdur til 31. desember 2010. Sá tímafrestur á að duga slitastjórn Askar Capital hf. þar sem kröfulýsingarfresti lýkur í október sama ár og

boðað hefur verið til hluthafafundar 14. desember nk. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að víst sé að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.

Frumvarpið varðar aðeins fjármálafyrirtæki. Hugmyndir hafa komið fram um hvort ekki væri eðlilegt að heimild í þessa veru gilti almennt um fyrirtæki sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, þ.e. að skiptastjóri geti greitt skuldir vegna launa að því skilyrði uppfylltu að nægt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. Viðskiptanefnd hvetur allsherjarnefnd til að skoða hið fyrsta hvort rétt væri að gera slíka breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

1517. Svar [677. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um girðingar meðfram vegum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er háttað reglum um girðingar meðfram vegum, þ.e. um stofnkostnað, hreinsun, viðhald og greiðslur til jarðareigenda? Gilda mismunandi reglur um girðingar við stofnbrautir (hringveginn sem aðrar stofnbrautir) og við aðra vegflokka? Óskað er eftir yfirliti sundurliðuðu eftir umdæmum Vegagerðarinnar vegna mismunandi útfærslu milli svæða.

Í gildi er reglugerð nr. 325/1995, um girðingar með vegum, sem sett var með stoð í eldri vegalögum, nr. 45/1994, sbr. núgildandi lög nr. 80/2007, en nokkur ákvæði er einnig að finna í lögunum sjálfum er varða þetta atriði. Vegagerðin og ráðuneytið hafa unnið að breytingum á þessari reglugerð en þeirri vinnu er ekki að fullu lokið.

Stofnkostnaður girðinga.

Skv. 51. gr. laga nr. 80/2007, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 325/1995, skal veghaldari girða báðum megin vegar sem lagður er gegnum tún, ræktarland, engjar eða girt beitiland eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði telji hann það hentugra. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna. Veghaldara er enn fremur heimilt að girða meðfram vegum sínum, m.a. til að tryggja umferðaröryggi, og að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði og er þá gert að skilyrði að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á hinu friðaða svæði. Eins og sjá má er hugsanlegt að Vegagerðin greiði að fullu eða taki þátt í stofnkostnaði girðinga með þjóðvegum, án tillits til þess í hvaða vegflokk þjóðvegur telst falla hverju sinni, svo fremi sem framangreind skilyrði laganna eru uppfyllt.

Vegagerðin setur sér sérstakar vinnureglur um greiðslu girðingarkostnaðar með þjóðvegum og eru þær uppfærðar reglulega og bornar undir Bændasamtök Íslands áður en þær taka gildi, sbr. það sem fram kemur hér síðar varðandi kostnað við viðhald girðinga. Í gildi eru vinnureglur frá 3. september 2009, *Orðsending nr. 5/2009, um áætlaðan stofnkostnað girðinga og greiðslu viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum*, sjá fylgiskjal. Eru þar tilgreindar viðmiðunarfjárhæðir fyrir girðingarkostnað sem reiknaðar eru út af Vegagerðinni miðað við upplýsingar um meðalverðlag hverju sinni. Kostnaði er skipt eftir því

hvort um er að ræða netgirðingu með gaddavír og járnstaurum, netgirðingu með gaddavír og tréstaurum, rafmagnsgirðingu með plaststaurum eða rafmagnsgirðingu með harðviðarstaurum. Er enn fremur gert ráð fyrir meiri kostnaði ef aðstæður á girðingarstað eru erfiðar.

Viðhaldskostnaður girðinga.

Skv. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 80/2007, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 325/1995, er meginreglan sú að landeigandi annist hverju sinni viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Sveitarfélög skulu síðan hafa eftirlit með viðhaldi girðinga í sínum umdæmum og er heimilt að gera endurbætur á girðingu eða fjarlægja þær á kostnað landeiganda ef viðhaldi telst vera ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf en sveitarfélög annast viðhald girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laganna, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 325/1995.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 80/2007, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 325/1995. Viðhaldskostnaður girðinga með öðrum vegum greiðist af landeiganda hverju sinni, sbr. 4. mgr. 52. gr. laganna. Skv. 3. gr. reglugerðarinnar, skal uppgjör vegna kostnaðarþátttöku veghaldara við það miðað að viðhaldskostnaður nemi 4% af stofnkostnaði girðinga. Þó skuli miðað við að viðhaldskostnaður nemi allt að 7% af stofnkostnaði í erfiðu girðingalandi eða vegna snjóþyngsla og skal slíkt metið af fulltrúa Bændasamtaka Íslands og veghaldara. Stofnkostnaður girðinga skal ákveðinn árlega með samkomulagi Bændasamtaka Íslands og Vegagerðarinnar, sbr. það sem fram kemur hér að framan, um vinnureglur Vegagerðarinnar, sbr. gildandi reglur *Orðsending nr. 5/2009, um áætlaðan stofnkostnað girðinga og greiðslu viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum*, sjá fylgiskjal.

Þegar landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofnvegum og tengivegum, skal hann tilkynna það til viðkomandi sveitarstjórnar sem sannreynir ásamt veghaldara að viðhald sé fullnægjandi áður en greiðsla á hlut veghaldara er innt af hendi. Vegagerðin getur, í samráði við sveitarfélag og landeiganda, ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Ef girðing er eingöngu reist til að halda búfé frá vegsvæði, svo sem á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnaðinn, sbr. 5. og 6. mgr. 52. gr. laganna. Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru til að friða svæði þar sem lausaganga búfjár er bönnuð, sbr. 7. mgr. 52. gr., sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 80/2007.

Yfirlit yfir girðingarkostnað flokkað eftir svæðisskiptingu Vegagerðarinnar er eftirfarandi:

Suðvestursvæði.

Engar nýjar girðingar voru settar upp á suðvestursvæði Vegagerðarinnar á árunum 2007–2009.

Á árunum 2007–2009 greiddi Vegagerðin 1.517.329 kr. vegna þátttöku í viðhaldskostnaði girðinga meðfram stofn- og tengivegum.

Norðvestursvæði.

Stofnkostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum var 17.527.917 kr. árið 2007, 37.874.590 kr. árið 2008 og 37.486.322 kr. árið 2009. Kostnaðarþátttaka Vegagerðarinnar vegna viðhalds girðinga meðfram stofn- og tengivegum á sama svæði var 31.476.731 kr. árið 2007, 41.051.068 kr. árið 2008 og 38.315.679 kr. árið 2009.

Suðursvæði.

Stofnkostnaður girðinga meðfram þjóðvegum á suðursvæði Vegagerðarinnar var 27.553.559 kr. árið 2007, 35.225.206 kr. árið 2008 og 41.267.503 kr. árið 2009. Kostnaðarþátttaka Vegagerðarinnar vegna viðhalds girðinga meðfram stofn- og tengivegum á sama svæði var 2.532.524 kr. árið 2007, 4.829.106 kr. árið 2008 og 5.880.334 kr. árið 2009.

Norðaustursvæði.

Stofnkostnaður girðinga meðfram þjóðvegum á norðaustursvæði Vegagerðarinnar var 4.258.498 kr. árið 2007, 17.336.363 kr. árið 2008 og 16.365.625 kr. árið 2009. Kostnaðarþátttaka Vegagerðarinnar vegna viðhalds girðinga meðfram stofn- og tengivegum á sama svæði var 6.623.581 kr. árið 2007, 12.298.838 kr. árið 2008 og 10.192.147 kr. árið 2009.

Fylgiskjal.

Áætlaður stofnkostnaður girðinga 2009.

Gerð girðingar	Efni kr./km	Vinna kr./km	Alls kr./km
1. Net, gaddavír, járnstaurar með 4 m millibili	648.397	238.488	886.885
2. Net, gaddavír, tréstaurar með 4 m millibili	347.293	238.488	585.781
3. Háspennt rafgirðing, plaststaurar	380.631	100.044	480.675
4. Háspennt rafgirðing, harðviðarstaurar	298.664	100.044	398.708

Fyrrgreindar tölur eru með 24,5% virðisaukaskatti.

Miðað er við að aðstæður á girðingarstað séu fremur góðar. Ekki er talinn með kostnaður við að jafna girðingarstæði, flutningur á efni að girðingarstæði og vinna við undirbúning. Er því heimilt að hækka framangreindar tölur um allt að 15% til þess að mæta kostnaði við þá liði.

Ath. rafgirðingu skal ekki reisa nema með samþykki landeiganda og ábúanda.

Áætlaður viðhaldskostnaður girðinga.

Um viðhaldskostnað girðinga með vegum er fjallað í vegalögum, nr. 80/2007, og reglugerð nr. 325/1995.

52. gr. vegalaga fjallar um framkvæmd viðhalds girðinga og kostnaðarskiptingu og er svohljóðandi:

„Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu.

Sveitarfélag hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu og er heimilt að gera endurbætur á girðingu eða fjarlægja á kostnað landeiganda ef viðhaldi er ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda.

Viðhaldskostnaður girðinga með öðrum vegum greiðist af landeiganda.

Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag og landeiganda ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, svo sem á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár. Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 3. mgr. 51. gr. og er heimilt að semja við veghaldara um viðhaldið.“

1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 325/1995, um girðingar með vegum er svohljóðandi:

„Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Við uppgjör vegna kostnaðarþátttöku veghaldara skal við það miðað að viðhaldskostnaður nemi 4% af stofnkostnaði girðinga. Þó skal miða við að viðhaldskostnaður nemi allt að 7% af stofnkostnaði í erfiðu girðingalandi eða vegna snjóþyngsla og skal slíkt metið af fulltrúa Bændasamtaka Íslands og veghaldara. Stofnkostnaður girðinga skal ákveðinn árlega með sérstöku samkomulagi Bændasamtaka Íslands og Vegagerðarinnar. Þegar landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofnvegum og tengivegum skal hann tilkynna það til sveitarstjórnar sem sannreynir ásamt veghaldara að viðhald sé fullnægjandi áður en greiðsla á hlut veghaldara er innt af hendi, þ.e. 2% eða allt að 3,5% af stofnkostnaði girðinga samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar.“

Dæmi um greiðslur til landeiganda fyrir viðhald girðinga með stofnvegum og tengivegum er eftirfarandi.

Kostnaðarhlutdeild veghaldara við viðhald girðinga eftir gerðum og aðstæðum kr./km.

Gerð girðingar/aðstæður	Fremur erfiðar 2 %	Erfiðar 2,5%	Mjög erfiðar 3,0%	Venjulegar 3,5%
1. Net, gaddavír, járnstaurar	17.738	22.172	26.607	31.041
2. Net, gaddavír, tréstaurar	11.716	14.645	17.573	20.502
3. Hápennt rafgirðing, plaststaurar	9.614	12.017	14.420	16.824
4. Háspennt rafgirðing, harðviðarstaurar	7.974	9.968	11.961	13.955

Samkvæmt áliti ríkisskattstjóra eru greiðslur fyrir viðhald girðinga ekki endurgjald fyrir selda vöru eða þjónustu og teljast ekki til virðisaukaskattsskyldrar veltu.

Orðsendingin gildir frá 1. september 2009.

1518. Nefndarálit [705. mál]

um skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Með þingsályktunartillögu sem fylgir skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er m.a. lagt til að Alþingi álykti að starfshættir Alþingis verði endurskoðaðir og að lærdómur verði dreginn af gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu, að ályktað verði að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum,

stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, að stjórnendur og eigendur fjármálafyrirtækja beri mesta ábyrgð á bankahruninu og að eftirlitsstofnanir hafi brugðist. Jafnframt leggur nefndin til að Alþingi álykti að endurskoða þurfi ýmsa nánar tilgreinda löggjöf, að ýmsar rannsóknir og úttektir fari fram og að nefnd á vegum Alþingis verði falið að hafa eftirlit með úrbótum á löggjöf til samræmis við skýrslu nefndarinnar.

Ein umræða fer fram um skýrslu þingmannanefndarinnar á Alþingi. Umræðan hófst mánudaginn 13. september sl. og var henni fram haldið þriðjudaginn 14. og miðvikudaginn 15. september. Að loknum þingfundi á miðvikudeginum var umræðum frestað. Þá tók þingmannanefndin skýrsluna og tillögu til þingsályktunar sem henni fylgdi til umfjöllunar að nýju, einkum í ljósi framkominna og boðaðra tillagna til breytinga við ályktunina. Nefndin hefur haldið fimm fundi um málið eftir frestun umræðu. Gaf þingmannanefndin flutningsmönnum breytingartillagnanna kost á að koma fyrir nefndina þar sem þeir gerðu grein fyrir tillögum sínum. Eftirfarandi þingmenn mættu á fund nefndarinnar: Þór Saari, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Pétur H. Blöndal, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Nefndin hefur síðan fjallað um allar átta tillögurnar og tekið afstöðu til þeirra. Einnig kom Ólína Þorvarðardóttir á fund nefndarinnar og ræddi tillögu um ályktanir varðandi störf ráðherra og embættismanna á árunum fyrir hrun.

Siv Friðleifsdóttir, Höskuldur Þórhallsson og fleiri lögðu fram þá breytingartillögu, á þingskjali 1513, að skilið yrði betur á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds, m.a. með því að ráðherrar gegni ekki þingmennsku samhliða ráðherradómi. Þingmannanefndin taldi tillöguna um margt óútfærða, m.a. hvað varðaði stöðu ráðherra gagnvart þinginu, áhrif á stöðu og styrk stjórnarandstöðu og hvort tillagan ætti að leiða til fækkunar þingmanna, svo og um kostnað. Þingmannanefndin tekur fram að forseti Alþingis hefur lagt fram til kynningar frumvarp til breytinga á lögum um þingsköp Alþingis, 686. mál, og boðað að það verði lagt fram að nýju á komandi löggjafarþingi. Telur nefndin eðlilegt að téð breytingartillaga komi til umræðu og afgreiðslu við þá endurskoðun þingskapa.

Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri flytja breytingartillögu, á þingskjal 1511, sem lýtur að sjálfstæðri og óháðri rannsókn sérstakrar rannsóknarnefndar varðandi innstæður í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu og embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti við hollensk og bresk stjórnvöld vegna þeirra. Meginþungi þessarar tillögu liggur í því að rannsökuð verði atvik sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur hvorki skoðað né tekið afstöðu til í skýrslu sinni. Hlutverk þingmannanefndarinnar er að taka afstöðu til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og draga lærdóma af henni. Umrædd breytingartillaga fellur því að mestu leyti utan verksviðs þingmannanefndarinnar og er því óviðkomandi þingsályktunartillögu nefndarinnar. Innan nefndarinnar var ekki andstaða við að slík rannsókn færi fram en meiri hluti nefndarmanna taldi að hún væri ekki tímabær fyrr en samningar við bresk og hollensk stjórnvöld um innlánsreikninga hefðu verið leiddir til lykta. Þá kom fram af hálfu ýmissa nefndarmanna að eðlilegt væri að slík tillaga yrði flutt á komandi löggjafarþingi. Bendir nefndin á að forsætisnefnd Alþingis hafa verið kynnt drög að frumvarpi um opinberar rannsóknarnefndir. Verði slíkt frumvarp að lögum er nauðsynlegur farvegur orðinn til fyrir slíkar rannsóknir.

Pétur H. Blöndal og Sigmundur Ernir Rúnarsson eru flutningsmenn breytingartillögu í fimm liðum, a–e-lið, auk undirliða, á þingskjali 1510. Í a-lið tillögunnar er m.a. lögð til orðalagsbreyting á ályktunargreininni og er nefndin ekki samþykk henni enda ljóst af inngangsorðum skýrslu þingmannanefndarinnar um hvað málið snýst. Í b- og c-lið er lagt til að þing-

nefndir semji þau frumvörp sem lögð verða fram á Alþingi eða ritstýri þeim, Alþingi semji eigin fjárlög og þingmenn verði á launaskrá hjá Alþingi. Afstaða nefndarinnar til þessara tillagna er hin sama og til framangreindar breytingartillögu Sivjar Friðleifsdóttur og fleiri. Í d-lið er lagt til að ályktað verði um ábyrgð erlendra matsfyrirtækja og lánveitinga bankanna auk stjórnenda og helstu eigenda fjármálafyrirtækja á Íslandi. Þingmannanefndin tekur fram að hún fellst á að erlend matsfyrirtæki og lánveitendur beri mikla ábyrgð og þörf sé á rannsókn á aðkomu þessara aðila og ábyrgð. Telur nefndin rétt að flutningsmenn breytingartillögunnar leggi fram slíka tillögu á komandi löggjafarþingi og vísar einnig til umfjöllunar hér að framan um drög að frumvarpi um opinberar rannsóknarnefndir. Um e-lið, sem er þrískiptur, hefur nefndin einnig fjallað. Um 1. tölul. vísar nefndin aðallega til umfjöllunar um b-lið tillögunnar. Hvað 2. tölul. varðar hefur nefndin tekið skýra afstöðu til þess, á bls. 31 í skýrslu sinni, að lög um hlutafélög og einkahlutafélög og fleiri félög verði endurskoðuð. Í 3. tölul. er lagt til að gerð verði sjálfstæð rannsókn á falli sparisjóða og vátryggingarfélaga frá árinu 2000. Þingmannanefndin hefur í þingsályktunartillögu með skýrslu sinni gert tillögu um rannsókn á málefnum sparisjóðanna. Koma viðeigandi atriði í tillögu Péturs H. Blöndal eðlilega til skoðunar í þeirri rannsókn. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er ekki fjallað um vátryggingafélögin og fellur sá þáttur því utan verksviðs þingmannanefndarinnar.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og fleiri gera breytingartillögu um sjálfstæða og óháða rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs, sbr. þingskjal 1509. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram vilji til þess að slík rannsókn yrði gerð en jafnframt talið að hún þyrfti að ná til fleiri efnisþátta hvað sjóðinn varðar og enn fremur til lánveitinga viðskiptabankanna þegar þeir hófu á árinu 2004 að veita lán til íbúðakaupa. Telur nefndin nauðsynlegt að skoða málefni Íbúðalánasjóðs í samhengi við lán viðskiptabankanna til íbúðarkaupa. Til að fá heildarmynd af húsnæðismarkaðnum þyrfti einnig að skoða lánveitingar lífeyrissjóðanna til húsnæðiskaupa, en Íbúðalánasjóður, viðskiptabankarnir og lífeyrissjóðirnir hafa verið helstu fjármögnunaraðilar við kaup á íbúðarhúsnæði. Enn fremur þurfi að móta heildstæða stefnu í húsnæðismálum. Nefndin telur rétt að tillaga sem taki til allra þessa atriða verði lögð fram á komandi löggjafarþingi og vísar einnig til umfjöllunar hér að framan um drög að frumvarpi til laga um opinberar rannsóknarnefndir. Þingmannanefndin vekur þó sérstaka athygli á umfjöllun í skýrslu sinni um Íbúðalánasjóð og bókanir þar að lútandi. Mælir nefndin með því að endurbætt tillaga verði lögð fram á komandi löggjafarþingi.

Í breytingartillögu Birgittu Jónsdóttur og Þórs Saari, á þingskjali 1508, er í a-lið lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra verði falið að breyta aðalnámskrá grunnskóla þannig að heimspeki verði skyldufag og kennd að meðaltali einn áfanga á hverju skólaári. Nefndin bendir á að í meginniðurstöðum skýrslu sinnar, í kafla um siðferði og samfélag, sé m.a. lögð rík áhersla á nauðsyn þess að efla siðfræðilega menntun allra fagstétta á Íslandi og umræðu um gildi siðareglna og að siðfræði og heimspeki ættu að vera sjálfsagður hluti náms á öllum skólastigum. Jafnframt bendir nefndin á að námskrá grunn- og framhaldsskóla er í endurskoðun. Með vísan til framangreinds mælir nefndin að svo stöddu ekki með umræddri breytingu. Í b-lið breytingartillögunnar er lagt til að stjórnsýsluúttekt fari fram á forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti og starfsháttum þeirra frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010. Skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um tillöguna, einkum í ljósi þess að í skýrslu þingmannanefndarinnar er felldur áfellisdómur yfir stjórnsýslunni á árunum fyrir hrunið í október 2008 og færður ítarlegur rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu. Jafnframt er í meginniðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis bent á fjölmarga ágalla og gerðar ítarlegar tillögur um úrbætur. Þá er lagt til í skýrslu þingmannanefndarinnar að nefnd á

vegum Alþingis hafi eftirlit með að úrbótum á löggjöf sem þingmannanefndin leggur til í skýrslu sinni verði hrint í framkvæmd og að úrbótum verði lokið fyrir 1. október 2012. Ýmis rökstuðningur kom fram fyrir því að slík stjórnsýsluúttekt færi fram en nefndin telur eðlilegt, m.a. með hliðsjón af þeim skamma tíma sem hún hefur haft til umfjöllunar um þessa tillögu, að flutningsmenn flytji tillögu þessa efnis á komandi löggjafarþingi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lagði fyrir nefndina drög að breytingartillögu í fjórum liðum þar sem 1. tölul. er tvískiptur. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um rannsókn á einkavæðingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað með ítarlegum hætti um þessa einkavæðingu. Þá hefur þingmannanefndin tekið í skýrslu sinni afstöðu til þeirrar umfjöllunar. Enn fremur kom fram að Ríkisendurskoðun hafi á sínum tíma kannað ýmsa þætti einkavæðingarinnar og skilað skýrslu um hana. Nokkur umræða varð um rannsókn af þessu tagi á þingfundum við umfjöllun um skýrsluna og kom þar fram að samstaða kynni að vera á milli þingflokka um að slík rannsókn yrði gerð en að þá þyrfti að tilgreina og afmarka nákvæmlega þá þætti sem hún tæki til. Nefndin telur rétt að leitað verði eftir slíkri samstöðu þingflokka og rannsóknarefni afmörkuð nákvæmlega. Unnt verði að flytja slíka tillögu um málið á komandi löggjafarþingi og vísar nefndin einnig til umfjöllunar hér að framan um drög að frumvarpi til laga um opinberar rannsóknarnefndir. Nefndin tekur fram að þetta mál hefur verið rætt afar ítarlega á fjölmörgum fundum hennar, sbr. umfjöllun í skýrslu þingmannanefndarinnar og bókanir um málefnið. Í sama tölulið draga Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að breytingartillögu er lagt til að samhliða rannsókn á einkavæðingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands verði gert opinbert, sundurliðað, hvert matsverð hinna sömu eigna var við flutning þeirra frá hinum föllnu bönkum yfir í nýju bankana. Enn fremur er í 2. tölul. tillögunnar mælt fyrir um rannsókn á sölu einstakra félaga og eignarhluta í félögum af hendi slitastjórna og skilanefnda Landsbanka Íslands og Kaupþings banka hf. og fleira. Um þessar tvær tillögur er það að segja að um þessi málefni er ekki fjallað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis enda eru þau tilkomin eftir hrun íslensku bankanna. Það er því ekki á verksviði þingmannanefndarinnar að taka þessar tillögur til umfjöllunar. Enn fremur er í drögum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar lagt til að ályktað verði um stofnfjáraukningu sparisjóða frá gildistöku laga nr. 4/2004, sem og að rannsókn fari fram á styrkveitingum sparisjóða til stjórnmálamanna og fleira. Nefndin vekur athygli á því að hún gerir sem fyrr segir í þingsályktunartillögu sinni tillögu um að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi. Verði sú tillaga samþykkt þarf óhjákvæmilega að binda hana í lög og setja fram nánari forsendur slíkrar rannsóknar. Framangreindar tillögur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hljóta að koma þar til skoðunar. Telur nefndin eðlilegt að tillögur hans verði þar teknar til skoðunar.

Drög að breytingartillögum frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni eru í þremur liðum. Þar er í fyrsta lagi lagt til að ályktað verði að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á verklagi og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til loka ársins 2009. Um þetta málefni er ekki fjallað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og fellur það utan verksviðs þingmannanefndarinnar eins og það er skilgreint í lögum og er óviðkomandi þingsályktunartillögu hennar. Í öðru lagi er í drögum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar lagt til að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á ákvarðanatöku stjórnenda og stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Nefndin vekur athygli á því að í þingsályktunartillögu

nefndarinnar er gerð tillaga um stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Telur nefndin að þessi hluti tillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar falli undir þessa úttekt og telur því ekki þörf á að hún sé lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Í þriðja lagi gerir Guðlaugur Þór Þórðarson tillögu um sjálfstæða og óháða úttekt á stjórnkerfi landsins, framkvæmda af viðurkenndum erlendum aðilum. Rannsóknin taki til starfsemi og skipulags ráðuneyta og stofnana. Um afstöðu nefndarinnar til þessarar tillögu er vísað til umfjöllunar hér að framan um tillögu þingmannanna Birgittu Jónsdóttur og Þórs Saari um stjórnsýsluúttekt á fjármála-, forsætis- og viðskiptaráðuneyti.

Þórunn Sveinbjarnardóttir kynnti nefndinni drög sín að breytingartillögu þar sem lagt er til að ályktað verði að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á einkavæðingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og tengdum málefnum. Hér er um að ræða tillögu sem er hliðstæð breytingartillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og vísast til umfjöllunar um hana.

Ólína Þorvarðardóttir ræddi við nefndina um ábyrgð ráðherra og embættismanna og hagstjórnarleg mistök sem gerð voru, sem og sölu og einkavæðingu bankanna. Af því tilefni vill nefndin taka fram að m.a. á bls. 24 og 30 í skýrslu nefndarinnar er tekin skýr afstaða til þeirra atriða sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni. Auk þess leggur þingmannanefndin til að Alþingi ályktи að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.

Þingmannanefndin áréttar að fram hafi verið settar breytingartillögur við þingsályktunartillöguna, sem fylgir skýrslu hennar, um málefni sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki haft til umfjöllunar og falla því utan verksviðs þingmannanefndarinnar eins og það er skilgreint í lögum nr. 142/2008 og lögskýringargögnum með þeim. Nefndin tekur fram að full samstaða náðist innan nefndarinnar um skýrslu hennar og þingsályktunartillögu sem henni fylgdi. Ljóst er að ekki er samstaða innan nefndarinnar um ýmsar af framangreindum breytingartillögum. Nefndin væntir þess að framhald umræðu um skýrsluna taki mið af þeirri málefnasamstöðu sem náðist innan þingmannanefndarinnar með áherslu á þessa mikilsverðu samstöðu.

Þingmannanefndin áréttar að lokum mikilvægi þess að um skýrsluna verði fjallað á málefnalegan hátt og hún ásamt þingsályktunartillögu sem henni fylgdi leidd til lykta með atkvæðagreiðslu á Alþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 25. sept. 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Unnur Brá Konráðsdóttir.	Magnús Orri Schram.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Oddný G. Harðardóttir.	Eygló Harðardóttir.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Birgitta Jónsdóttir.

1519. Nefndarálit [706. og 707. mál]

um till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum.

Frá meiri hluta þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Nefndin hefur fjallað samhliða um þingsályktunartillögur á þskj. 1502, 706. mál, og þskj. 1503, 707. mál.

Með fyrri þingsályktunartillögunni leggur meiri hluti þingmannanefndarinnar til að Alþingi höfði sakamál fyrir landsdómi gegn ráðherrum í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde vegna refsiverðrar háttsemi þeirra í embættisfærslu sinni á árinu 2008. Er lagt til að höfðað verði mál á hendur fyrrverandi forsætisráðherra og oddvita Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, Geir Hilmari Haarde, fyrrverandi utanríkisráðherra og oddvita Samfylkingarinnar í ríkisstjórn, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi fjármálaráðherra, Árna Matthíasi Mathiesen, og fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin Guðna Sigurðssyni. Eru kæruatriði nákvæmlega tiltekin í tillögunni enda verði sókn málsins bundin við þau.

Í síðari þingsályktunartillögunni leggja tveir nefndarmenn, Oddný G. Harðardóttir og Magnús Orri Schram, til að höfðað verði sakamál fyrir landsdómi gegn þremur fyrrverandi ráðherrum í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde vegna refsiverðrar háttsemi þeirra í embættisfærslu sinni á árinu 2008. Þingsályktunartillagan er samhljóða fyrrgreindri tillögu að öðru leyti en því að ekki eru talin efni til að ákæra fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin Guðna Sigurðsson.

Réttarfars- og refsiskilyrði.

Í umræðum á Alþingi um tillögurnar komu fram þau sjónarmið að lög um landsdóm og lög um ráðherraábyrgð stæðust ekki gagnvart 69. og 70. gr. stjórnarskrárinnar hvað réttarfars- og refsiskilyrði varðaði. Hefur þar m.a. verið vísað til réttarstöðu viðkomandi ráðherra við málsmeðferðina, skýrleika c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, sem refsiheimilda og að málið hljóti samkvæmt lögum um landsdóm aðeins meðferð á einu dómstigi.

Í greinargerð með umræddum tillögum til þingsályktunar er tekið með ítarlegum og faglegum hætti á téðum álitaefnum og telja flutningsmenn tillögunnar að jafnt réttarfars- sem refsiskilyrði séu uppfyllt. Leitað var ráðgjafar sérfræðinga. Segir m.a. í greinargerð með tillögunni á þskj. 1502, orðrétt á bls. 10:

„[M]álsmeðferðarreglur laga um landsdóm [eru] að hluta til frábrugðnar gildandi reglum um meðferð sakamála. Er þar fyrst til að taka að skv. 13. gr. laganna skal ákæra á hendur ráðherra bundin í þingsályktun, en í greininni segir að kæruatriðin skuli þar nákvæmlega tilgreind, enda sé sókn málsins bundin við þau. Eftir að ákæra hefur verið gefin út með þessum hætti skal saksóknari málsins, sem kosinn er af Alþingi, afla allra fáanlegra sönnunargagna, sbr. 16. gr. laganna.

Þetta fyrirkomulag hefur m.a. í för með sér að þeir ráðherrar sem hugsanlega verða ákærðir hafa ekki fengið (mátt þola eða njóta) réttarstöðu grunaðs eða sakaðs manns áður en ákæran er gefin út. Ákvörðun um hvort sækja eigi ráðherra til saka eða ekki byggist á því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, athugasemdum fyrrverandi ráðherra til þingmannanefndarinnar, sbr. bréf nefndarinnar til þeirra dags. 18. maí sl., og öðrum gögnum sem þingmannanefndin hefur aflað. Enda þótt viðkomandi ráðherrar hafi notið and-

mælaréttar við gerð rannsóknarskýrslu Alþingis og við vinnu þingmannanefndarinnar verður því ekki að fullu jafnað við að hafa átt þess kost að koma með skýringar og svör við tilteknu sakarefni við skýrslutöku í sakamáli, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 64. gr. laga um meðferð sakamála. Einnig er hér rétt að nefna aftur ákvæði 145. gr. laganna en tæpast verður talið að rannsókn sakamáls á hendur fyrrverandi ráðherrum teljist lokið með tilvist/öflun framangreindra gagna. Ákvæði laga um landsdóm koma beinlínis í veg fyrir að 145. gr. laga um meðferð sakamála geti gilt um þetta atriði.

Framangreind tilhögun í þessum sérlögum (lögum um landsdóm) brýtur ekki gegn grundvallarmannréttindareglum, m.a. um sakleysi grunaðs manns uns sekt hans er sönnuð, sjá 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, en sjá um önnur atriði 6. gr. sáttmálans í heild. Dómur landsdóms skal reistur á sönnunargögnum sem færð hafa verið fram við meðferð máls þar fyrir dómi, sjá einkum 24. gr. og 34. gr. landsdómslaga, og er þessi háttur í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála.“

Enn fremur segir á bls. 11 í sama þingskjali:

„Sakamál á hendur ráðherra á grundvelli laganna um landsdóm fær aðeins meðferð á einu dómstigi andstætt því sem almennt gildir um sakamál, t.d. á grundvelli laga nr. 88/2008, sem geta fengið umfjöllun á tveimur dómstigum. Ákvæði 2. gr. samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við mannréttindasáttmála Evrópu fjallar um þau mannréttindi að eiga rétt til að áfrýja sakfellingardómi til æðri dóms. Í 2. mgr. ákvæðisins eru heimilaðar undantekningar þegar um er að ræða minni háttar brot „…eða þegar fjallað er um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi.“

Þannig er málum einmitt háttað um landsdóm. Samsetning hans styður þá niðurstöðu, að ákvæði um hann standist fyllilega gagnvart mannréttindareglum. Með dómi ríkisréttarins danska 22. júní 1995 var Erik Ninn-Hansen, fyrrv. dómsmálaráðherra, dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Hann skaut máli þessu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var öllum málsástæðum hans hafnað. M.a. voru hvorki gerðar athugasemdir við að einungis eitt dómstig hefði fjallað um mál hans né við hina þingkjörnu dómara í ríkisréttinum.“

Flokkun embættisbrota í lögum um ráðherraábyrgð.

Nauðsynlegt er að vísa til mjög mikilvægrar umfjöllunar í greinargerð með tillögu á þingskjali 1502 um þau athafnaleysisbrot sem tillaga til þingsályktunar greinir frá. Um þau er fjallað á bls. 7–9 í þingskjalinu. Í kafla 3.2, Flokkun embættisbrota í lögum nr. 4/1963, á bls. 7 í greinargerðinni, segir:

„Lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, eru sérlög á sviði refsiréttar. Það einkennir þessi lög umfram mörg önnur sérrefsilög að þau eru mjög vönduð að allri gerð, ítarleg og með sjálfstæðar verknaðarlýsingar.

Í 2. gr. laga nr. 4/1963 er almennt ákvæði um ábyrgðargrundvöllinn. Þar koma fram þrjú atriði: a) Ábyrgðin tekur bæði til starfa (athafna) og vanrækslu starfa (athafnaleysis). b) Brot er framið af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi og gildir það skilyrði um allar verknaðarlýsingar laganna. c) Almenn verknaðarlýsing, þar sem embættisbrot eru lýst þrenns konar, en þau síðan nánar útfærð í 8.–10. gr. laganna, þ.e. stjórnarskrárbrot (8. gr.), brot á öðrum landslögum (9. gr.) og brot fólgin í því að stofna hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu (10. gr.). Innan hvers hinna tilfærðu ákvæða (8.–10. gr.) er skilið á milli athafnabrota og athafnaleysisbrota (vanrækslubrota).“

Síðan segir á bls. 8–9:

„Ráða má af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að það séu fyrst og fremst athafnaleysisbrot (vanrækslubrot) sem komi til skoðunar varðandi refsiábyrgð fyrrverandi ráðherra. Athafnaleysi (aðgerðaleysi, vanræksla, trassaskapur) birtist í margvíslegu formi og á ýmsum stigum. Í ráðherraábyrgðarlögum skipar athafnaleysi jafnháan sess og athafnir. Í 141. gr. hegningarlaga er lögð refsiábyrgð við háttsemi sem einkennist fyrst og fremst af athafnaleysi en kann þó að vera sambland af athöfnum og athafnaleysi (blandað ákvæði). Athafnaleysi í ráðherraábyrgðarlögum er einnig oft samofið athöfnum. Sem dæmi mætti taka gjaldeyrisskiptasamning við erlent ríki með ströngum skuldbindingum fyrir íslenska ríkið sem ráðherra undirritaði án þess að leggja samningsdrögin fram á ríkisstjórnarfundi. Við athafnaleysi af þessu tagi þarf ekki að sýna fram á orsakasamband milli athafnaleysisins og tiltekinna afleiðinga, sem kunna að koma fram í kjölfar þess. Þetta er því dæmi um beint athafnaleysisbrot, þar sem leggja má refsiábyrgð við vanrækslu sem slíkri, án tillits til afleiðinga hennar eða atvika að öðru leyti.

Athafnaleysisbrot þau sem hér eru til athugunar eru almennt þess eðlis að þau fela í sér viðvarandi ástand eða endurtekið aðgerðaleysi. Ekkert er því til fyrirstöðu að utanaðkomandi maður, t.d. ráðherra, geti gerst sekur um refsiverða hlutdeild í broti annars ráðherra sem ábyrgð ber á tilteknu málasviði, sjá 4. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaga. Um beint athafnaleysi er fjallað í eftirtöldum ákvæðum laga nr. 4/1963, auk 141. gr. hegningarlaga, sem vikið verður að síðar:

a. *Ákvæði c-liðar 8. gr.: [Ráðherra] lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar [í stjórnarskrá] er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.*
b. *Ákvæði b-liðar 9. gr.: [Ráðherra veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess] … með því að láta nokkuð ógert, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.*
c. *Ákvæði b-liðar 10. gr.: [Ráðherra] lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu [fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins], eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.*

Auk skiptingar í athafnabrot og (bein) athafnaleysisbrot er önnur mjög mikilvæg flokkun verknaðarlýsinga eftir því á hvaða stigi atburðarásar löggjafinn telur rétt að leggja refsiábyrgð við háttsemi sem fullfrömdu afbroti. Um er að ræða þrjá meginflokka afbrota eftir því hvernig fullframningarstiginu er háttað í verknaðarlýsingum refsiákvæða, þ.e. tjónsbrot, hættubrot og samhverf brot. Í stuttu máli felst munurinn í því að við tjónsbrot þarf að sýna fram á að verknaður hafi haft í för með sér tiltekna afleiðingu (tjón), t.d. eignaspjöll eða fjársvik. Við hættubrot er ekki lögð áhersla á afleiðingar verknaðar heldur á hættueiginleika hans. Tjón þarf ekki að hafa orðið af verknaði heldur er nægilegt að sýna fram á að tiltekinni hættu (almennri eða sérgreindri) sé valdið af ásetningi eða gáleysi, eftir því hvað lög áskilja um huglæga afstöðu hins brotlega. Með samhverfu broti er verknaður lýstur refsiverður án tillits til afleiðinga eða hættueiginleika hans, öll áherslan liggur á verknaðinum sjálfum. Bein athafnaleysisbrot eru því jafnframt samhverf brot.

Refsiverðri háttsemi, jafnt athöfnum sem athafnaleysi, er í lögum nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga ýmist lýst sem samhverfum brotum eða hættubrotum, en þeim er hvorum tveggja þannig háttað að ekki er krafist sérstakra sannaðra afleiðinga (tjóns) af völdum athafna eða athafnaleysis. Umræddir stafliðir í ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 4/1963 lýsa beinum athafnaleysisbrotum, þ.e. samhverfum brotum. Verknaður er þá, eins og áður segir, refsiverður án tillits til afleiðinga eða hættueiginleika hans. Ákvæði b-liðar 10. gr. lýsir aftur

á móti hættubrotum. Til þess að slíkt hættubrot teljist fullframið þarf að sýna fram á eftirtalin atriði: a) Tilvist hættunnar. b) Að hættan hafi verið fyrirsjáanleg frá almennu sjónarmiði, þ.e. fyrir fram sýnileg af manni í sporum ráðherra, óháð því hvort hlutaðeigandi ráðherra hefur í raun gert sér grein fyrir hættunni eða ekki. c) Að hlutaðeigandi ráðherra hafi haft vitund um hættuna. d) Að ráðherrann hafi ekki brugðist við hættunni, þótt honum hefði verið það unnt. – Séu öll fjögur skilyrðin fyrir hendi er um ásetningsbrot að ræða, en hafi ráðherrann skort vitund um hættuna skv. c-lið væri vanrækslа hans að líkindum stórkostlegt hirðuleysi.“

Saknæmisskilyrði laga um ráðherraábyrgð.

Í kafla 3.5, Saknæmisskilyrði og ráðherraábyrgð, í áðurnefndri greinargerð, segir jafnframt:

„Saknæmisskilyrðin eru tilgreind í 2. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. hegningarlaga, þ.e. ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi samkvæmt fyrra ákvæðinu, en stórfelld eða ítrekuð vanrækslа eða hirðuleysi eftir síðara ákvæðinu. Gáleysisskilyrðin bæði í 141. gr. hegningarlaga og í ráðherraábyrgðarlögum eru bundin við stórkostlegt hirðuleysi eða stórfellda vanrækslu, þ.e. stórfellt gáleysi. Almennt gáleysi dugir ekki til. Í báðum ákvæðum er því lögfest sérstakt lágmarksskilyrði um gáleysi, en í þeim málum sem hér eru til skoðunar gæti í reynd verið um ásetningsbrot ráðherra að ræða samkvæmt ráðherraábyrgðarlögum, einkum á árinu 2008. Til ásetnings telst ekki aðeins full vitneskja um aðsteðjandi hættu eða hættulegar aðstæður, heldur og ef ráðherra telur víst að hættan sé fyrir hendi eða hann býst ákveðið við því, og loks ef hann álítur að hættan kunni að vera fyrir hendi, en hann hefði engu að síður framkvæmt verknað eða haldið að sér höndum andstætt starfsskyldu sinni þótt hann hefði talið víst að hættan væri fyrir hendi, eða þá hann lætur sér hættuna í léttu rúmi liggja. Þessi lýsing miðast við svokölluð samhverf brot eða hættubrot í samræmi við verknaðarlýsingar ráðherraábyrgðarlaga.“

Réttlát málsmeðferð.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

Ákvæðið mælir fyrir um réttláta málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Meðferð máls fyrir landsdómi skiptir hér meginmáli í ljósi þessa mannréttindaákvæðis. 70. gr. stjórnarskrárinnar tekur ekki til meðferðar málsins fyrir rannsóknarnefnd Alþingis eða þingmannanefndinni. Þessi réttindi eru að fullu tryggð í lögum um landsdóm. Þegar ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherrum liggur fyrir með þingsályktun, þar sem kæruatriði eru nákvæmlega tiltekin, tekur saksóknari, kosinn af Alþingi, við málinu, sbr. 13. gr. laga um landsdóm. Samkvæmt 15. gr. sömu laga skipar forseti landsdóms ákærðum, svo fljótt sem verða má, verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna. Þá er það skylda saksóknara Alþingis skv. 16. gr. landsdómslaga að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, undirbúa gagnasöfnun og rannsókn í málinu og gera tillögur til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós. Í 24. gr. landsdómslaga er beinlínis gert ráð fyrir að dómprófanir geti

farið fram áður en málið er þingfest fyrir landsdómi. Við slíkar prófanir, skýrslutökur o.fl. eru réttindi ákærðu tryggð. Um hlutverk verjanda, sem skal gæta hagsmuna ákærða í hvívetna, vísast til 2. mgr. 16. gr. og 17. gr. laganna.

Málsmeðferð fyrir landsdómi.

Þegar saksóknari Alþingis hefur lokið öflun sönnunargagna og öðrum rannsóknum og dómprófunum þingfestir hann málið, leggur fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, málshöfðunarályktun Alþingis, ákæruskjal, eftirrit af dómprófum þeim sem þegar kunna að hafa farið fram og önnur þau sakargögn sem fyrir hendi eru og unnt er að leggja fram á dómþingi, sbr. 24. gr. landsdómslaga. Enn fremur leggur hann fram nafnaskrá þeirra manna sem óskað er eftir að skýrsla sé tekin af fyrir landsdómi. Meginatriðið er að sönnunarfærslan fer fram fyrir landsdómi, allt í samræmi við grundvallarreglur í sakamálaréttarfari. Um málsmeðferð fyrir landsdómi er að öðru leyti vísað til landsdómslaga, sbr. einkum 25.–38. gr. laganna. Af framansögðu má ljóst vera að ákærðu er að öllu leyti tryggð réttlát málsmeðferð við öflun saksóknara Alþingis á sönnunargögnum við rannsóknir og dómprófanir áður en mál er þingfest fyrir landsdómi og jafnframt við málsmeðferð fyrir dómnum. Um frekari rökstuðning er vísað til meðfylgjandi álits meiri hluta allsherjarnefndar.

Skýrleiki refsiheimilda.

Í tillögum til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum eru meint brot viðkomandi ráðherra talin varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1941, og við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr. laga, nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga. Málið er enn fremur höfðað á hendur tveimur fyrrverandi ráðherrum til þrautavara fyrir brot gegn 141. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga. Þingmannanefndin fjallaði ítarlega um skýrleika þessara refsiheimilda á fjölmörgum fundum áður en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var birt 12. apríl 2010 og reyndar einnig eftir það. Leitaði þingmannanefndin ráðgjafar ýmissa lögspekinga og fór yfir fræðaskrif um álitaefnið. Ljóst er af þeirri umfjöllun að tilgreindar refsiheimildir eru taldar standast kröfur um skýrleika. Hins vegar hafa fræðimenn talið að a-liður 10. gr. laga nr. 4/1963 standist ekki þær kröfur en ekki er ákært á grundvelli þess ákvæðis. Rétt er að benda í þessu samhengi á að í grein Róberts R. Spanó prófessors „Stjórnarskráin og refsiábyrgð (síðari hluti) – meginreglan um skýrleika refsiheimilda“ sem birtist í *Tímariti lögfræðinga,* 1. hefti, 55. árgangi, bls. 5–69, í júní 2005, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Þegar maður horfir til orðalags 8. og 9. gr. [ráðherraábyrgðarlaga] verður ekki staðhæft að af þeim leiði slíkur vafi um inntak þeirra að líkur séu á að kröfur 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar um skýrleika refsiheimilda yrðu ekki taldar uppfylltrar. Enda þótt fylla verði efnislýsingar þessarra ákvæða að verulegu leyti með samræmisskýringu við fyrirmæli stjórnarskrárinnar eða viðkomandi ákvæða landslaga annarra fer slík aðstaða að jafnaði ekki í bága við meginregluna um skýrleika refsiheimilda. […] Ákvæði b-liðar 10. gr. [ráðherraábyrgðarlaga] lýsir verknaði sem stofnar heill ríksins í fyrirsjáanlega hættu. Enda þótt orðalagið heill ríkisins kunni við fyrstu sýn að valda einhverjum vafa, enda kannski ekki hefðbundið orðalag í lagasetningu nú til dags, yrði inntak þess líklega skýrt til samræmis við ákvæði annarra laga sem fjalla t.d. um öryggi ríkisins eða eftir atvikum almannahagsmuni eða almannaheill. Þá verður hér að hafa í huga að þá afmörkun á þeim verknaði sem hér er lýst sem verður eðli máls samkvæmt að byggja á nokkuð hlutlægum sjónarmiðum, t.d. um mögulegt umfang tjóns sem athöfn ráðherra kann að hafa í för með sér. […] Niðurstöðurnar

af framangreindu eru […] að a-liður 10. gr. [ráðherraábyrgðarlaga] fullnægir ekki þeim kröfum um skýrleika refsiheimilda sem leiða af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki verður aftur á móti fullyrt að á skorti að önnur ákvæði [ráðherraábyrgðarlaga] fullnægi þeim kröfum.“

Verði landsdómur kallaður saman geta ákærðu m.a. látið reyna á álitaefni um formhlið málsins fyrir landsdómi. Meiri hlutinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sem fram sé komið í málinu sé nægilegt og líklegt til sakfellis og að honum beri í því ljósi skylda til að flytja þingsályktunartillögur um málshöfðun gegn ráðherrum. Álitamál um formsatriði, þ.e. réttarfarsskilyrði, sem að mati meiri hlutans eru studd óhaldbærum rökum leysa nefndarmenn í þingmannanefndinni ekki undan framangreindri skyldu.

Tillaga til málshöfðunar.

Því hefur verið hreyft að þingsályktunartillögurnar fullnægi ekki skilyrðum um meðferð sakamála varðandi form og efni, sbr. einkum 152. gr. laga um meðferð sakamála. Í tillögunum er tilgreindur dómstóll, sem málið er höfðað fyrir, nákvæmar upplýsingar um þá einstaklinga sem ákæran beinist að, hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvenær brotin eru talin hafa átt sér stað, hvaða lagaákvæði eigi við um meint brot ákærðu og gerð krafa um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar. Sakarefnið er afmarkað og tilgreint með skýrum hætti og að mati flutningsmanna er engin hætta á því að vörn verði áfátt vegna ákærulýsingar.

Áður en niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis lágu fyrir fór fram mikil umræða í þingmannanefndinni um lög um landsdóm, ráðherraábyrgðarlögin og lög um verkefni og valdheimildir þingmannanefndarinnar.

Eftir að niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis lá fyrir og nefndarmenn höfðu kynnt sér efni skýrslu rannsóknarnefndarinnar ítarlega var samþykkt, um mánaðamótin júní–júlí, að biðja sérfræðinga þingmannanefndarinnar að semja fyrstu drög að þingsályktunartillögu um málshöfðun gegn ráðherrum. Nefndarmenn lögðu mikla áherslu á að skýrleiki refsiheimilda, lýsing kæruatriða, málsmeðferðin og þingsályktunartillaga um málshöfðun á hendur ráðherrum mundi uppfylla öll réttarfars- og refsiskilyrði.

Drög að þingsályktunartillögu voru lögð fyrir þingmannanefndina á fundi hennar 17. ágúst 2010 ásamt ítarlegri greinargerð. Eftir að hafa leitað álits utanaðkomandi sérfræðings var ákveðið að afmarka kæruatriðin betur, skilgreina skýrt atvik um mikilvæg stjórnarmálefni, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar, og skilgreina betur athafnaleysi í kæruatriðum er varða b-lið 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga, m.a. samræmi við verkaskiptingu og embættisverk einstakra ráðherra.

Að mati meiri hlutans hefur verið gengið úr skugga um að fyrirliggjandi þingsályktunartillögur um málshöfðun gegn ráðherrum fullnægi öllum skilyrðum laga um meðferð sakamála varðandi form og efni.

Beiðni um álit allsherjarnefndar.

Við umræðu í þingsal um tillögur til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum komu fram óskir um að allsherjarnefnd fengi málið til umsagnar. Á fundi þingmannanefndarinnar 22. september 2010 samþykkti nefndin að verða við þessum tilmælum og ritaði sama dag eftirfarandi bréf til nefndarinnar:

„22. september 2010.
Frá þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.
Til allsherjarnefndar.

Við atkvæðagreiðslu á Alþingi í morgun var samþykkt að vísa tillögum til þingsályktana um málshöfðun gegn ráðherrum, málum nr. 706 og 707, til þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, á milli fyrri og síðari umræðu. Þingmannanefndin hefur á fundi sínum í dag ákveðið að leita álits allsherjarnefndar Alþingis. Leggur þingmannanefndin sérstaka áherslu á að allsherjarnefnd fjalli um og veiti umsögn um það hvort lög um landsdóm, nr. 3/1963, og lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, standist gagnvart 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 en þar segir:

„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

Þau álitaefni sem einkum þarf að skoða í þessu sambandi og varða ráðherraábyrgð eru að fjallað er um slík mál á einu dómstigi, fyrir landsdómi, réttarstaða ráðherra við meðferð málsins og skýrleiki c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga sem refsiheimilda.

Sjö af níu nefndarmönnum í þingmannanefndinni telja að ákvæði ráðherraábyrgðarlaga og laga um landsdóm standist ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar og vísa um það til rökstuðnings í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherra, sbr. þskj. nr. 1502, mál nr. 706, og til þingræðna sinna við fyrstu umræðu.

Um sjónarmið og rökstuðning tveggja nefndarmanna, Ragnheiðar Ríkharðsdóttur og Unnar Brár Konráðsdóttur, er vísað til þingræðna þeirra.

Það skal tekið fram að þingmannanefndin fjallaði ítarlega um framangreind álitaefni á mörgum fundum áður en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út og eftir útkomu hennar og leitaði til sérfræðinga um ráðgjöf.

Til samræmis við framangreint sendir þingmannanefndin allsherjarnefnd til umsagnar tillögur til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum, mál nr. 706 og 707.

Frestur allsherjarnefndar til að skila áliti sínu er til kl. 16.30 föstudaginn 24. september nk.

Fyrir hönd þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.
Benedikt S. Benediktsson nefndarritari.“

Allsherjarnefnd kom þegar saman síðdegis sama dag til að fjalla um málið. Var henni veittur frestur til kl. 16.30 föstudaginn 24. september 2010 til að skila áliti sínu. Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið, kallað til sín sérfræðinga og skilað tveimur álitum, áliti meiri hluta nefndarinnar, nefndarmannanna Róberts Marshall, formanns, Árna Þórs Sigurðssonar, Marðar Árnasonar, Álfheiðar Ingadóttur, Valgerðar Bjarnadóttur, Vigdísar Hauksdóttur og Þráins Bertelssonar, og áliti minni hluta, nefndarmannanna Birgis Ármannssonar og Ólafar Nordal. Í áliti meiri hluta allsherjarnefndar kemur m.a. fram að sú tilhögun að fjallað sé um mál vegna ráðherraábyrgðar á einu dómstigi standist ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Þá tekur meiri hlutinn fram að endanlegt mat á því hvort málsmeðferð standist ákvæði stjórnarskrárinnar er hjá dómstólum. Loks telur meiri hlutinn að c-liður 8.

gr. og b-liður 10. gr. laga um ráðherraábyrgð standist gagnvart 70. gr. stjórnarskrárinnar. Gerir meiri hlutinn niðurstöður meiri hluta allsherjarnefndar að sínum. Álit meiri hluta og minni hluta allsherjarnefndar fylgja nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl.

Sem fyrr segir fylgja afar ítarlegar greinargerðir með tillögum flutningsmanna til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum. Vill meiri hlutinn að lokum vísa til greinargerðarinnar á þingskjali 1502 í heild sinni.

Fyrir mistök er í tillögunum til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum vísað til 20. gr. almennra hegningarlaga í tilgreiningu kæruatriða á hendur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Árna M. Mathiesen í stað 22. gr. sömu laga og er lögð til breyting á texta tillagnanna til leiðréttingar.

Nefndarmennirnir Atli Gíslason, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir og Birgitta Jónsdóttir leggja til að tillaga til þingsályktunar á þingskjali 1502, 706. mál, verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Nefndarmennirnir Magnús Orri Schram og Oddný G. Harðardóttir leggja til að tillaga til þingsályktunar á þingskjali 1503, 707. mál, verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. sept. 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Oddný G. Harðardóttir.
Eygló Harðardóttir.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Sigurður Ingi Jóhannsson.
	Birgitta Jónsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum [706. og 707. mál].

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Að beiðni þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur allsherjarnefnd tekið til umfjöllunar tiltekin álitaefni í tengslum við þingsályktunartillögur um málshöfðun gegn ráðherrum, 706. og 707. mál. Í beiðni þingmannanefndarinnar var lögð sérstök áhersla á að allsherjarnefnd fjallaði um hvort lög um landsdóm, nr. 3/1963, og lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, stæðust gagnvart 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Þau álitaefni sem einkum var óskað eftir að nefndin skoðaði og varða ráðherraábyrgð eru eftirfarandi: að um slík mál sé fjallað á einu dómstigi, þ.e. fyrir landsdómi, og réttarstaða ráðherra við meðferð málsins, sem og skýrleiki c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. laga um ráðherraábyrgð sem refsiheimilda. Þá skoðaði nefndin einnig sérstaklega viðeigandi ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.

Nefndin fékk á sinn fund Kristínu Edwald, Róbert R. Spanó, Boga Nilsson, Sigurð Líndal, Svölu Ólafsdóttur og Sigurð Tómas Magnússon.

Landsdómur, eitt dómstig.

Í stjórnarskránni er ekki með beinum hætti kveðið á um um rétt manna til að áfrýja máli til æðri dómstóls. Í samningsviðauka nr. 7 við mannréttindasáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis er hins vegar í 2. gr. kveðið á um réttinn til áfrýjunar sakamáls til æðra dómstóls. Þar eru þó heimilar undantekningar frá þessari reglu, þar á meðal þegar fjallað er um mál manna á frumstigi af æðsta dómi.

Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar er landsdómur sá dómstóll sem fer með dómsvald í málum sem höfðuð eru gegn ráðherrum fyrir embættisrekstur þeirra og fer Alþingi með ákæruvald í þeim málum. Í landsdómi sitja fleiri dómendur en í Hæstarétti, þeirra á meðal þeir fimm hæstaréttardómarar sem lengsta starfsreynslu hafa. Dómum landsdóms verður ekki áfrýjað og er hann því endanlegt dómstig í málum er lúta að ráðherraábyrgð. Landsdómur er æðsti dómstóll landsins og auk þess eini dómstóllinn sem getið er um í stjórnarskránni. Meiri hlutinn telur því ljóst að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu sem lúta að áfrýjun séu uppfyllt.

Í 16. gr. laga um landsdóm er tekið fram að það sé skylda saksóknara Alþingis að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, hann undirbúi gagnasöfnun og rannsókn í málinu og geri tillögur til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós.

70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Í því felst m.a. réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi fyrir dómi og rétt til að fella ekki á sig sök, að leyst sé úr máli innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli og tryggt að málmeðferð sé opinber. Þá er svo litið á að uppfylla þurfi lágmarksréttindi sakaðs manns í refsimáli til að hann teljist njóta réttlátrar meðferðar refsimáls. Þessi skilyrði eru talin upp í 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og eru þau m.a. að sá sem borinn er sökum fái án tafa vitneskju um efni ákæru, nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína, kost á lögfræðiaðstoð og möguleika til að spyrja vitni sem leidd eru gegn honum og leiða fram vitni sem bera honum í vil.

Í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans segir: „Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum.“ Þrátt fyrir annað orðalag er því um sama inntak að ræða og í 1. málsl. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um réttinn til að fá leyst úr máli fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þeir fimm hæstaréttardómarar sem þar hafa lengst átt sæti, dómstjórinn í Reykjavík, prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands og svo átta menn sem Alþingi kýs til sex ára í senn, síðast árið 2005. Er þetta svipað fyrirkomulag og í ríkisréttinum í Danmörku. Árið 1993 dæmdi ríkisrétturinn Erik Ninn-Hansen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, fyrir að hafa af ásettu ráði og á refsiverðan hátt vanrækt þær skyldur sem hvíldu á honum samkvæmt lögum. Hann kærði mál sitt til Mannréttindadómstóls Evrópu, m.a. á grundvelli 6. gr. mannréttindasáttmálans. Mannréttindadómstóllinn vísaði málinu frá (úrskurður frá 18. maí 1999 í máli nr. 28972/95). og benti í rökstuðningi sínum á að kjör dómara í ríkisréttinn færi fram á sex ára fresti sem kæmi í veg fyrir að þingið og ríkisvaldið gætu breytt

skipan réttarins eða haft áhrif á kjörnu dómarana að öðru leyti. Þessir kjörnu dómarar gæfu dómnum vissa innsýn í pólitísk málefni og það að þingið skipaði dómarana ylli því ekki eitt og sér að sjálfstæði réttarins og óhlutdrægni dómendanna yrði dregin í efa. Meginmáli skipti að þingið hefði ekki haft nein áhrif á stöðu þeirra. Meiri hluti allsherjarnefndar telur því með vísan til úrskurðar Mannréttindadómstólsins að skipun landsdóms uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til óháðs og óhlutdrægs dómstóls í skilningi 6. gr. mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Málsmeðferð fyrir landsdómi.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um sérstaka málsmeðferð í málum er varða ráðherraábyrgð og er það eingöngu Alþingi sem tekið getur ákvörðun um að kæra ráðherra vegna embættisreksturs þeirra. Með þessari tilhögun hefur stjórnarskrárgjafinn ákveðið að um ráðherraábyrgð gildi sérstakar reglur sem falla að rannsóknarréttarfari frekar en að ákæruréttarfari en rannsóknarréttarfar felur í sér skyldu dómara til að upplýsa mál.

Lög um landsdóm eru sérlög og ganga sem slík framar almennum lögum en ákvæði stjórnarskrárinnar og laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eru þeim engu síður til fyllingar, sbr. ákvæði 51. gr. laga um landsdóm. Meiri hlutinn telur að með þessari tilvísun og þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um landsdóm árið 2008 sé tryggt að verði landsdómur kallaður saman skuli hann gæta að mannréttindum þeirra sem ákærð hafa verið í samræmi við ákvæði laganna og ákvæði mannréttindasáttmála.

Í málum sem höfðuð eru vegna ráðherraábyrgðar fer rannsókn máls fram eftir að kæra hefur verið gefin út. Í almennum sakamálum fer rannsókn mála hins vegar fram áður en kæra er gefin út. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að þessi tilhögun gæti brotið á réttindum þeirra ráðherra sem ættu yfir höfði sér ákæru. Þá hefði ekki verið gætt að réttarstöðu ráðherranna við umfjöllun þingmannanefndarinnar, þeim hefði ekki verið gefin skýrt til kynna þau tilteknu sakarefni sem þeir væru grunaðir um og bréf þingmannanefndarinnar uppfyllti ekki þessi skilyrði. Þá hafi ráðherrarnir ekki haft þau grundvallarmannréttindi sem verði að veita sökuðum mönnum, til að mynda aðgang að gögnum máls og rétt til að tjá sig og að hafa verjanda. Einnig væru grundvallarmannréttindi sakaðra manna að mál væri fyllilega rannsakað áður en gefin væri út ákæra en þingmannanefndin byggði vinnu sína á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem ekki var í eðli sínu sakamálarannsókn. Þrátt fyrir að það sé nú meginregla íslensks sakamálaréttarfars að rannsókn skuli lokið áður en mál er höfðað með útgáfu ákæru er ekki að finna í stjórnarskránni ákvæði sem kemur í veg fyrir slíka sérreglu í lögum.

Eiginleg rannsókn mála af þessu tagi fer fram eftir að ákæra er gefin út. Þannig skiptir meginmáli hvernig staðið er að málsmeðferð eftir það og að ákærði fái fullnægjandi möguleika til að tjá sig, hafi verjanda og aðgang að gögnum máls. Meiri hlutinn áréttar að fyrir landsdómi er eingöngu unnt að byggja á þeim gögnum sem þar eru lögð fram og fyrir dómnum fer fram skýrslutaka af ákærða og vitnum. Þar er ekki unnt að byggja á þeim gögnum sem aflað hefur verið á fyrri stigum og er það í samræmi við það hvernig ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð hafa verið skýrð, þ.e. réttinn til að fella ekki sök á sjálfan sig. Meiri hlutinn tekur sérstaklega fram að það er hlutverk dómstóla, í þessu tilviki landsdóms, að gæta að því að réttaröryggi sakaðra manna sé tryggt og að málsmeðferð sé fullnægjandi.

Fyrir nefndinni komu einnig fram athugasemdir um að í málinu gegn Erik Ninn-Hansen hafi farið fram rannsókn áður en ákært var en sambærileg rannsókn hafi ekki verið undanfari tillögu þingmannanefndarinnar. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að sú rannsókn sem fram-

kvæmd var í Danmörku var ekki eiginleg sakamálarannsókn heldur var tilgangur hennar að komast að niðurstöðu um hvort þrír ráðherrar hefðu gerst sekir um vanrækslu. Sú rannsókn sem rannsóknarnefnd Alþingis stóð fyrir er því í meginatriðum með sama hætti að því undanskildu að rannsóknin í Danmörku var í heyranda hljóði en ekki fyrir luktum dyrum, auk þess sem þeir sem voru rannsakaðir í Danmörku áttu kost á að fá endurrit þeirra upplýsinga sem komu fram við rannsóknina. Þeir ráðherrar sem kallaðir voru fyrir rannsóknarnefnd Alþingis áttu hins vegar kost á aðstoð lögmanns, gátu neitað að tjá sig og gátu á síðari stigum haft uppi andmæli. Slíkur andmælaréttur stóð ekki til boða í dönsku rannsókninni. Nefndin telur enn fremur að skýrt hafi verið í upphafi hver verkefni rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar væru. Ráðherrum hafi því í upphafi mátt vera ljós tilgangur rannsóknar og bréfaskrifa. Meiri hlutinn leggur áherslu á að efnisreglur ráðherraábyrgðarlaga beinast að ráðherra sem einstaklingi en ekki sem stofnun og verður því að gæta allra stjórnarskrárbundinna mannréttindareglna við túlkun og beitingu almennra laga sem tryggja réttarstöðu manna sem sakaðir eru um refsiverða háttsemi.[1]

Skýrleiki refsiheimilda.

Nefndin fjallaði einnig um skýrleika c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga sem refsiheimilda. Í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er kveðið á um að refsiheimildir skuli vera lögbundnar og af reglunni leiðir enn fremur að þær skuli vera nægilega skýrar. Refsiheimildir skulu ávallt orðaðar með þeim hætti að ekki leiki vafi á því hvort tiltekin háttsemi, athöfn eða athafnaleysi falli undir verknaðarlýsingu í refsiákvæði. Verknaðarlýsing þarf því að veita sakborningi nægilega viðvörun og byggjast á hlutlægum mælikvörðum. Meginreglan um skýrleika refsiheimilda er því grundvallarregla í íslenskum refsirétti. Lagt hefur verið til grundvallar að löggjafinn lýsi í lagatexta með nægjanlega skýrum og fyrirsjáanlegum hætti þeirri athöfn sem hann hefur ákveðið að skuli varða refsingu.

Í 2. gr. laga um ráðherraábyrgð er kveðið á um saknæmisskilyrði laganna, þ.e. að ráðherra megi krefja ábyrgðar samkvæmt því sem nánar er fyrir mælt í lögunum fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa sem hann hefur orðið sekur um ef málið er svo vaxið að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Ákvæði þeirra greina sem þingmannanefndin óskar álits allsherjarnefndar á, þ.e. c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. laga um ráðherraábyrgð, lýsa sérstökum tegundum brota þar sem ekki er krafist sérstakra sannaðra afleiðinga eða tjóns af völdum athafna eða athafnaleysis, þ.e. svokölluðum hættubrotum eða samhverfum brotum. Í c-lið 8. gr. er lýst beinum athafnaleysisbrotum, þ.e. samhverfum brotum, en í b-lið 10. gr. hins vegar hættubrotum.

Fyrir nefndinni voru reifuð þau sjónarmið að ákvæðin væru ekki nægilega skýr og að þau væru ekki í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á sviði mannréttinda og réttinda sakborninga. Meiri hlutinn telur þó að í báðum ákvæðum sé byggt á áþreifanlegum og hlutlægum mælikvarða en tekur engu síður fram að það er dómstóla, hér landsdóms, að skera úr um skýrleika refsiheimilda og það hvort tiltekin refsiheimild samrýmist meginreglu stjórnarskrár um skýrleika refsiheimilda. Þá er það enn fremur sérstakt viðfangsefni dómstóla, hér landsdóms, við að leysa úr réttarágreiningi, sbr. 2. gr. stjórnarskrár, þar á meðal um sekt eða sýknu

---

[1] Sjá nánar: Róbert R. Spanó (2005). „Stjórnarskráin og refsiábyrgð (síðari hluti) meginreglan um skýrleika refsiheimilda“, *Tímarit lögfræðinga*, bls. 59.

einstaklinga vegna ætlaðar refsiverðrar háttsemi í hverju einstöku máli, hvort fyrirliggjandi refsiheimild telst nægilega skýr að teknu tilliti til atvika í því tiltekna máli sem fyrir dóminum liggur, þ.e. í þessu tilfelli landsdómi.[2]

Meiri hlutinn telur með vísan til framanritaðs að tilgreind ákvæði laga um landsdóm og laga um ráðherraábyrgð standist gagnvart 70. gr., 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Alþingi, 24. september 2010.

Róbert Marshall, form.
Árni Þór Sigurðsson.
Mörður Árnason.
Álfheiður Ingadóttir.
Valgerður Bjarnadóttir.
Vigdís Hauksdóttir.
Þráinn Bertelsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum [706. og 707. mál].

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Inngangur og athugasemdir.

Þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sendi allsherjarnefnd erindi, dags. 22. september 2010, þar sem leitað er álits nefndarinnar á tillögum til þingsályktunar, 706. og 707. máli á 138. löggjafarþingi, um málshöfðun gegn fyrrverandi ráðherrum. Um þessa álitsumleitan segir í erindinu:

„Leggur þingmannanefndin sérstaka áherslu á að allsherjarnefnd fjalli um og veiti umsögn um það hvort lög um landsdóm, nr. 3/1963, og lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, standist gagnvart 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944…“

Og síðar segir:

„Þau álitaefni sem einkum þarf að skoða í þessu sambandi og varða ráðherraábyrgð eru að fjallað er um slík mál á einu dómstigi, fyrir landsdómi, réttarstaða ráðherra við meðferð málsins og skýrleiki c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaga sem refsiheimilda.“

Fram kemur að þingmannanefndin gaf allsherjarnefnd frest til að svara erindinu fyrir kl. 16.30 föstudaginn 24. september 2010.

Áður en fjallað er um einstök efnisatriði í þessu sambandi tekur minni hlutinn eftirfarandi fram:

---

[2] Sjá nánar sömu heimild bls. 51.

a. Tíminn sem allsherjarnefnd var gefinn til að svara erindinu var allt of skammur. Erindið var kynnt allsherjarnefnd kl. 16 þriðjudaginn 22. september og frestur til svara því var aðeins um það bil tveir sólarhringar. Á þeim skamma tíma hefur verið nauðsynlegt fyrir allsherjarnefnd að viða að sér gögnum, afla annarra upplýsinga m.a. með viðtölum við sérfræðinga, ræða fyrirliggjandi álitamál innan nefndarinnar og skrifa texta umsagna. Augljóst er að þessi stutti frestur er á kostnað þeirra vönduðu vinnubragða sem þingnefnd hlýtur alltaf að hafa að leiðarljósi við málsmeðferð í vandasömum og mikilvægum málum. Sem dæmi um vandann sem fylgir hinum stutta fresti er að einungis reyndist unnt að kalla fyrir nefndina hluta þeirra sérfræðinga sem óskað var eftir að kæmu fyrir nefndina. Þannig gafst allsherjarnefnd t.d. ekki kostur á að ræða við þá sérfræðinga sem unnu mest með þingmannanefndinni þegar þingsályktunartillögurnar voru í undirbúningi. Er það sérstaklega bagalegt í ljósi þess að þau skriflegu gögn sem liggja fyrir í málinu og eru þingmönnum einum aðgengileg veita ekki nema að takmörkuðu leyti innsýn í þá sérfræðiráðgjöf sem þingmannanefndin fékk frá þeim.
b. Sú afmörkun, sem felst í framangreindu orðalagi erindis þingmannanefndarinnar, er ekki nema að hluta til í samræmi við umræður innan þings og utan um þingsályktunartillögurnar. Sjónarmið um að lög um landsdóm og ráðherraábyrgð standist ekki gagnvart 70. gr. stjórnarskrárinnar hafa vissulega komið fram og krefjast skoðunar, en sú harða gagnrýni á tillögurnar sem fram hefur komið lýtur sem kunnugt er að mun fleiri álitamálum. Nægir að vísa til fyrri umræðu um tillögurnar á Alþingi því til staðfestingar. Orðalag erindisins gefur að vísu til kynna að umfjöllun allsherjarnefndar þurfi ekki að takmarkast við 70. gr. og við það bætist að viðfangsefnið er rýmkað nokkuð með sérstakri tilvísun til spurningarinnar um skýrleika c-liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaganna sem refsiheimilda, enda hlýtur þar 69. gr. stjórnarskrárinnar og túlkun hennar að koma til skoðunar. Áskilur minni hlutinn sér í ljósi þessa rétt til að láta í ljós álit á fleiri atriðum sem varða þingsályktunartillögurnar en þingmannanefndin tiltekur beinlínis í erindi sínu.

Af hálfu minni hlutans voru gerðar skýrar athugasemdir við bæði þessi atriði, tímarammann og efnisafmörkunina, þegar erindi þingmannanefndarinnar var lagt fram í allsherjarnefnd. Rétt er að geta þess að minni hlutanum var veittur viðbótarfrestur frá föstudagssíðdegi til laugardagsmorguns þegar eftir því var leitað.

Almennt um 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Í umfjöllun um lög um ráðherraábyrgð og landsdóm á undanförnum árum hefur margsinnis verið vakin athygli á því að ákvæði þeirra gætu í ýmsum atriðum verið í ósamræmi við nútímaviðhorf um grundvallarsjónarmið sakamálaréttarfars og þróun á sviði mannréttindamála, þar á meðal um réttindi sakborninga og réttláta málsmeðferð. Sjónarmið af þessu tagi hafa komið fram í skrifum bæði fræðimanna og stjórnmálamanna og verið meginröksemdin fyrir því að endurskoða beri það fyrirkomulag sem gildandi lög gera ráð fyrir. Um þörfina á slíkri endurskoðun hefur myndast allvíðtæk samstaða þótt mismunandi viðhorf hafi komið fram um hvers konar skipan eigi að taka upp í staðinn.

Hér er um að ræða réttarpólitískar spurningar sem ekki verður svarað hér. Hins vegar verður hér vikið að þeirri spurningu hvort lög um ráðherraábyrgð og landsdóm uppfylli almennt þær kröfur sem 70. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér, m.a. með hliðsjón af tilsvarandi ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 6. gr.

Þær spurningar sem vakna lúta einkum að nokkrum þáttum. Þannig hefur m.a. verið spurt a) hvort það fái staðist að ákæruvald í ráðherraábyrgðarmálum sé í höndum stjórnmálamanna,

b) hvort samsetning landsdóms þar sem rúmur helmingur dómara er kjörinn af Alþingi standist, c) hvort það samræmist kröfum um réttláta málsmeðferð að mál séu dæmd á einu dómstigi og ekki séu fyrir hendi áfrýjunarmöguleikar og að ákæra sé gefin út og skýrt afmörkuð að efni til án þess að til grundvallar liggi fullnægjandi rannsókn á sakargiftum og loks d) hvort tryggt sé að málsmeðferðin í heild tryggi að réttinda sakbornings sé gætt með fullnægjandi hætti.

Ekki eru fyrir hendi nein innlend dómafordæmi til að styðjast við í þessum efnum. Hins vegar veitir úrskurður Mannréttindadómstóls Evrópu í máli danska ráðherrans Erik Ninn-Hansen sterkar vísbendingar um það hvernig dómstóllinn mundi taka á ýmsum þessara spurninga. Þannig má ráða af úrskurðinum að ekki yrði talið að ákæruvald Alþingis eða aðkoma þess að kjöri dómara teldist stríða gegn mannréttindasáttmálanum. Fyrirkomulagið í Danmörku, sem tekist var á um í því máli, var í meginatriðum sambærilegt við fyrirkomulagið hér á landi. Varðandi spurninguna um eitt dómstig og áfrýjunarmöguleika er ástæða til að geta þess að í samningsviðauka 7. við mannréttindasáttmálann eru heimilaðar undantekningar frá þeirri meginreglu að áfrýja megi dómi þegar fjallað er um mál á frumstigi af æðsta dómi. Mundi þessi undantekning tvímælalaust eiga við um landsdóm.

Minni hlutinn telur því ekki rök fyrir því að framangreind atriði í núgildandi fyrirkomulagi ráðherraábyrgðarmála stríði gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu þótt þau geti verið óheppileg af öðrum sökum.

Síðari spurningarnar tvær, þ.e. um ákæru án fullnægjandi rannsóknar og um réttindi sakbornings við málsmeðferðina í heild, eru mun vandasamari. Óumdeilt er að það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í lögum um landsdóm víkur í veigamiklum atriðum frá ákveðnum grundvallarsjónarmiðum í sakamálaréttarfari, m.a. um að rannsókn skuli lokið með fullnægjandi hætti áður en ákvörðun um ákæru er tekin, auk þess sem ekki er að finna nein ákvæði sem tryggja réttarstöðu grunaðra eða sakborninga fram að þeim tíma með sambærilegum hætti og finna má í sakamálalöggjöfinni. Spurningin er hins vegar sú hvort þessi frávik eða ágallar á löggjöfinni feli í sér að landsdómslögin standist sem slík ekki kröfur stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Þar er efinn. Íslenskir fræðimenn hafa ekki fullyrt að svo sé þrátt fyrir að þeir hafi ítrekað bent á nauðsyn þess að endurskoða lögin í ljósi breyttra viðhorfa í mannréttindamálum og sakamálaréttarfari. Auk þess hefur verið bent á auknar kröfur dómstóla til formshliðar mála og málsmeðferðar í þessu sambandi. Ekki eru fyrir hendi innlend dómafordæmi sem beinlínis er hægt að styðjast við í þessum efnum og úrskurður Mannréttindadómstólsins í máli Erik Ninn-Hansen veitir heldur ekki nema að takmörkuðu leyti vísbendingar um hvernig tekið yrði á þessum atriðum á þeim vettvangi eins og nánar verður vikið að síðar. Hér er með öðrum orðum um vafamál að ræða sem ekki fást svör við fyrr en um þau hefur verið fjallað af landsdómi og eftir atvikum Mannréttindadómstólnum. Þessir dómstólar munu að sjálfsögðu ekki beinlínis svara almennri, fræðilegri lögspurningu á borð við þá sem þingmannanefndin hefur lagt fyrir allsherjarnefnd, heldur taka afstöðu í tilteknu dómsmáli með hliðsjón af málavöxtum, málsmeðferð og atvikum öllum í því máli.

Í ljósi þess að tilefni málsmeðferðarinnar fyrir þingmannanefnd og nú allsherjarnefnd eru tillögur um ákærur á hendur ákveðnum einstaklingum vegna tiltekinna sakargifta hefði því verið eðlilegra að þingmannanefndin spyrði hvort málsmeðferð í þessum málum tryggði þau réttindi sem sakborningar eiga ótvírætt að njóta samkvæmt ákvæðum 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmálans. Afstaða minni hluta allsherjarnefndar er að svo sé ekki.

Um undanfara ákæru og réttindi sakborninga.

Ekki þarf að deila um að sú vernd sem sakborningum er tryggð skv. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmálans á ekki bara við um málsmeðferð eftir að ákæra hefur verið gefin út eða mál þingfest. Hún lýtur að málsmeðferðinni í heild, þar á meðal að þeirri rannsókn sem er grundvöllur ákvörðunar um ákæru. Þannig verður ekki með nokkru móti fallist á það sjónarmið, sem heyrst hefur í umræðum á þingi, að undanfari ákæru og málsmeðferðar fyrir landsdómi skipti ekki máli ef tryggt sé að allra réttinda sakbornings sé gætt eftir að ákærutillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða ákæra gefin út. Hið almenna sakamálaréttarfar hér á landi og í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við byggist á því að sakborningur njóti sterkrar réttarverndar strax á rannsóknarstigi máls og eiga þær reglur sér stoð í áðurnefndum greinum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Enginn hefur haldið því fram með rökum að ráðherrar eða fyrrverandi ráðherrar eigi að njóti minni réttarverndar en aðrir borgarar í því sambandi.

Eins og áður segir er hvorki í lögum um ráðherraábyrgð né landsdóm fjallað um málsmeðferð í aðdraganda ákvörðunar Alþingis um ákæru eða réttarvernd grunaðra eða sakborninga á því stigi máls. Af því verður hins vegar ekki gagnályktað á þann veg að þeir njóti engrar verndar eða minni verndar en almennt eru gerðar kröfur um í refsimálum. Eins og áður er getið hefur oft verið lagt til að úr þessu væri bætt. Má í því sambandi minna á eftirfarandi orð Eiríks Tómassonar prófessors frá árinu 2005:

„Hversu vönduð sem lög um ráðherraábyrgð eru, þjóna þau engum tilgangi ef ekki er unnt að framkvæma þau. Frumskilyrði þess að slíkum lögum verði beitt og Alþingi geti tekið afstöðu til þess, hvort ástæða sé til að höfða mál gegn ráðherra fyrir landsdómi, er að fram hafi farið ítarleg rannsókn á sakargiftum í garð ráðherrans, með svipuðum hætti og þegar lögregla rannsakar mál áður en ákvörðun er tekin um saksókn.“ (Íslensk lög um ráðherraábyrgð, Rannsóknir í félagsvísindum IV, útg. 2005.)

Einnig má vísa til orða Eiríks frá árinu 2006 um sama efni:

„Þótt fyrirmæli 14. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð og landsdóm haldist óbreytt er brýnt að ráðast í endurbætur á núgildandi löggjöf um þau efni. Eigi lögin um ráðherraábyrgð að vera annað en orðin tóm er nauðsynlegt að mæla fyrir það hvernig standa skuli að rannsókn á ætluðum brotum ráðherra á þeim lögum. Má hvort sem er gera það með því að breyta lögunum eða setja sérstök lög um rannsókn af því tagi, á hliðstæðan hátt og gert hefur verið í Danmörku með lögum um rannsóknarnefndir frá 1999.“ (Landsdómur, Bifröst, rit laganema við Háskólann á Bifröst, útg. 2006.)

Um þetta efni má einnig í dæmaskyni vísa til greinar Bryndísar Hlöðversdóttur, Eftirlits- og rannsóknarhlutverk Alþingis, frá árinu 2005 (Rannsóknir í félagsvísindum IV, t.d. bls. 77 og 84) og skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar Alþingis 2009 um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu (t.d. bls. 285).

Þar sem löggjafinn hefur ekki enn bætt úr þessum ágalla með breytingum á lögum um ráðherraábyrgð og landsdóm eða almennum lögum um rannsóknir eða rannsóknarnefndir í málum af þessu tagi verður að horfa til þess hvort hin sérstöku lög um rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins, nr. 142/2008, og framkvæmd þeirra laga fullnægi skilyrðum um fullnægjandi rannsókn og réttarvernd sakborninga í skilningi 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmálans.

Ákvæði laga nr. 142/2008.

Lög nr. 142/2008 voru sett til að setja á fót óháða nefnd sem hefði það hlutverk fyrst og fremst að leita „sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða“. Þá hafði nefndin það hlutverk að „leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu [hefði] verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir [kynnu] að bera ábyrgð á því“. Óumdeilt er að meðal verkefna nefndarinnar var að fjalla um hugsanleg mistök eða vanrækslu ráðherra í þessu sambandi, en vert er að benda á að þar var aðeins um að ræða hluta af verksviði hennar og tilgangur hennar með upplýsingaöflun var alls ekki sá einn að grafast fyrir um slík atriði heldur fjöldamörg önnur.

Einnig er óumdeilt að teldi nefndin ástæðu til að álykta sem svo að um mistök og vanrækslu ráðherra væri að ræða mundi sú niðurstaða byggjast á mælikvörðum stjórnsýsluréttar en ekki refsiréttar og ályktanir um refsiábyrgð á grundvelli laga um ráðherraábyrgð væru utan heimilda hennar. Munurinn á viðhorfum og viðmiðum í stjórnsýslurétti og refsirétti er óumdeildur og getur þannig brot talist mistök eða vanræksla í skilningi stjórnsýsluréttarins þótt alls ekki séu fyrir hendi saknæmisskilyrði refsiréttar um ásetning eða stórfellt gáleysi.

Með það að markmiði að leita sannleikans fékk nefndin afar víðtækar rannsóknarheimildir, bæði hvað varðar aðgang að hvers konar gögnum og rétt til að kalla menn til skýrslutöku. Réttindi þeirra sem kallaðir voru til skýrslutöku voru fyrst og fremst fólgin í því að þeim væri samkvæmt lögunum heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað (10. gr.), að þeim væri heimilt að skorast undan að veita upplýsingar, einkum í þeim tilvikum þar sem í svari gæti falist játning eða bending um refsiverðan verknað (2. mgr. 11. gr.), og að ekki væri heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefði veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað væri gegn honum (6. mgr. 14. gr.).

Samkvæmt 15. gr. laganna skyldi rannsóknarnefndin láta Alþingi í té skriflega skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Samkvæmt 2. mgr. skyldi Alþingi kjósa níu manna þingmannanefnd til að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum við henni. Skv. 4. mgr. hafði þingmannanefndin rétt til að efna til frekari upplýsingaöflunar eða rannsókna sem lúta skyldu sömu reglum og rannsókn rannsóknarnefndarinnar.

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 142/2008 í framkvæmd.

Í stuttu máli má segja að framgangur málsins hafi allur verið í samræmi við tilvitnuð ákvæði laganna fram til þessa, nema hvað þingmannanefndin virðist ekki hafa talið tilefni til mikillar sjálfstæðrar upplýsingaöflunar eða frekari rannsókna í samræmi við heimildir sínar í 4. mgr. 15. gr. Byggjast niðurstöður þingmannanefndarinnar í flestum efnum, þar á meðal um meint mistök eða vanrækslu fyrrverandi ráðherra, því fyrst og fremst á niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar. Á þeim grunni byggjast líka fyrirliggjandi tillögur einstakra þingmanna í nefndinni um að Alþingi skuli ákæra einstaka fyrrverandi ráðherra.

Þegar samspil 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. mannréttindasáttmálans og laga um ráðherraábyrgð og landsdóm er skoðað er nauðsynlegt að meta hvort framkvæmdin samkvæmt lögum nr. 142/2008 nægi til að uppfylla nauðsynlegar kröfur til rannsóknar og undirbúnings ákæru. Minni hluti allsherjarnefndar telur svo ekki vera. Skulu færð fyrir því eftirfarandi rök:

1. Hlutverk bæði rannsóknarnefndarinnar og þingmannanefndarinnar var afar víðtækt og rannsóknin beindist að ótal öðrum atriðum, atvikum og einstaklingum en ráðherrunum fyrrverandi og embættisfærslu þeirra. Meðal annars af þeirri ástæðu höfðu ráðherrarnir fyrrverandi enga ástæðu til að ætla að grunur kynni að beinast að þeim vegna refsiverðra

brota þegar þeir veittu rannsóknarnefndinni upplýsingar, hvað þá að fyrir lægi um hvaða brot gæti verið að ræða.

2. Ráðherrarnir fyrrverandi fengu aldrei réttarstöðu grunaðs manns eða sakbornings við rannsókn rannsóknarnefndarinnar eða umfjöllun þingmannanefndarinnar. Þeim var því aldrei ljóst að þeir gætu þurft að neyta þeirra réttinda sem grunaðir menn njóta almennt við sakamálarannsókn.
3. Bréf rannsóknarnefndarinnar annars vegar og þingmannanefndarinnar hins vegar til hinna fyrrverandi ráðherra bera það á engan hátt með sér að þeir séu grunaðir um refsiverð brot. Í báðum tilvikum er þeim gefinn kostur á að tjá sig um almennar niðurstöður rannsóknarnefndarinnar, sem snerta fjölmarga aðra þætti en þá sem nákvæmlega varða hugsanlega refsiábyrgð samkvæmt ráðherraábyrgðarlögum. Í bréfi þingmannanefndarinnar er ekki einu sinni vísað til þeirra laga. Í bréfunum er einungis vísað til vanrækslu í skilningi laga nt. 142/2008, en sem fyrr segir eru þar til viðmiðunar mælikvarðar stjórnsýsluréttar en ekki refsiréttar. Verður að skoða andmælabréf ráðherranna fyrrverandi og viðbrögð þeirra að öðru leyti í því ljósi. Það er lykilatriði að sakborningur hafi einhverja hugmynd um hvort hann sé grunaður og hver sakarefnin séu til að hann eigi raunhæfa möguleika á að bregðast við og gæta hagsmuna sinna á öllum stigum máls.
4. Þingmannanefndin kallaði ráðherrana fyrrverandi ekki fyrir til frekari upplýsingaöflunar eða skýrslutöku né efndi til frekari rannsóknar á meintum embættisbrotum ráðherranna, sem henni hefði þó verið heimilt skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008. Slíkar ráðstafanir af hálfu þingmannanefndarinnar hefðu getað varpað skýrara ljósi á málið, gefið ráðherrunum fyrrverandi tilefni til frekari andsvara eða málsvarnar af sinni hálfu og gefið þeim tækifæri til að gæta réttinda sinna með öðrum hætti en raunin varð.
5. Ef rannsóknin hefi einhvern tímann gefið ráðherrunum fyrrverandi tilefni til að líta svo á að þeir væru grunaðir um refsiverð brot hefðu þeir, miðað við almennar grundvallarreglur sakamálaréttarfars, m.a. átt rétt á að fá upplýsingar um sakarefnið, þ.e. hvaða refsiverða háttsemi væri til rannsóknar, þeir hefðu átt rétt á að njóta aðstoðar verjanda (aðstoðarmaður samkvæmt lögum nr. 142/2008 getur á engan hátt komið í stað verjanda eins og einfaldur samanburður á lagaákvæðum framangreindra laga og sakamálalaganna leiðir í ljós), þeim hefði verið heimilt að ráðfæra sig við verjanda í einrúmi meðan á skýrslutöku stóð og verjanda hefði verið heimilt að beina tilmælum til rannsóknara um að viðkomandi yrði spurður um tiltekin atriði og að fá bókaða stutta athugasemd um skýrslutökuna í lok hennar. Allt eru þetta atriði sem óumdeilt er að skipta miklu máli í sambandi við réttarvernd sakborninga. Sama má segja um réttinn til að fella ekki á sig sök. Í lögum nr. 142/2008 er vissulega að finna ákvæði um þann rétt, en í ljósi þess hve rannsókn rannsóknarnefndarinnar var víðfeðm og beindist að mörgum óskyldum atriðum og að ráðherrunum hvorki var né mátti vera ljóst að þeir hefðu eða gætu fengið stöðu sakborninga verður að telja þagnarréttinn meira og minna óvirkan í þessu samhengi.

Við þetta má bæta að úrskurður Mannréttindadómstólsins í máli Erik Ninn-Hansen hefur að mati minni hluta allsherjarnefndar ekki fordæmisgildi hvað framangreind álitamál varðar. Skiptir þar hvort tveggja máli að málsmeðferðin fyrir rannsóknarréttinum danska (sem var undanfari ákvörðunar danska þjóðþingsins um ákæru) var talsvert önnur en raunin var hér á landi á grundvelli laga nr. 142/2008 og að í því máli beindist rannsóknin, sem ákæran byggðist á, að miklu afmarkaðri þáttum en um ræðir í tilviki rannsóknar rannsóknarnefndar Alþingis. Skiptir máli í því sambandi að frá upphafi beindist rannsóknin í Danmörku að því hvort málsmeðferð ráðherra í máli tiltekinna einstaklinga stæðist lög og lá m.a. fyrir skýrsla umboðs-

manns þingsins um það efni áður en rannsóknin hófst. Mátti Ninn-Hansen því vera ljóst frá upphafi hvert sakarefnið var og að embættisfærsla hans og undirmanna hans yrði rannsökuð á grundvelli bæði stjórnsýsluréttar og refsiréttar. Þegar af þessari ástæðu er ekki hægt að líta til máls hans sem fordæmis varðandi mál íslensku ráðherranna fjögurra.

Í ljósi þessara atriða telur minni hluti allsherjarnefndar að samspil laga um ráðherraábyrgð og landsdóm annars vegar og 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sé með þeim hætti að grundvallarréttindi ráðherranna fyrrverandi hafi ekki verið tryggð. Miðað við kröfur stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans eru lög um ráðherraábyrgð og landsdóm augljóslega ófullnægjandi að því er varðar rannsókn máls og undanfara ákæru. Ákvæði laga nr. 142/2008 bæta ekki úr þessu með viðunandi hætti, allra síst þegar horft er til framkvæmdar þeirrar rannsóknar sem ákærutillögurnar byggjast á, sem og málsmeðferðar hjá þingmannanefndinni.

Skýrleiki refsiheimilda.

Þingmannanefndin leitaði með erindi sínu álits allsherjarnefndar á því hvort refsiheimildirnar, sem ákærutillögurnar (706. og 707. mál) eru einkum byggðar á, geti talist fullnægjandi með tilliti til kröfunnar um skýrleika refsiheimilda. Er þar vísað til c- liðar 8. gr. og b-liðar 10. gr. ráðherraábyrgðarlaganna. Þessi krafa byggist á reglunni *lex certa* sem m.a. felst í ákvæðum 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Óumdeilt er að meginreglan um skýrleika refsiheimilda er grundvallarregla í íslenskum refsirétti og að í henni felst að refsiákvæði skuli vera nákvæm og skýr og orðuð með þeim hætti að ekki leiki vafi á því hvort tiltekin háttsemi, athöfn eða athafnaleysi falli undir verknaðarlýsingu ákvæðisins. Ekki er heldur sérstakur ágreiningur um það að réttarframkvæmd undanfarinna ára bendir eindregið til þess að íslenskir dómstólar geri auknar kröfur í þessum efnum og má í því sambandi vísa til skýrslu til forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda (1999), greina Eiríks Tómassonar frá 2005 og 2006 (sem áður er vísað til), greinar Róberts Spanó um stjórnarskrána og refsiábyrgð (TL 2005), greinar Andra Árnasonar um ráðherraábyrgð (TL 2009) og skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar um eftirlitshlutverk Alþingis frá 2009. Er víða í þessum skrifum að finna rökstuðning fyrir því að nauðsynlegt sé og brýnt að endurskoða ráðherraábyrgðarlögin í ljósi þessarar þróunar, ekki síst 10. gr.

Í þessu ljósi er nauðsynlegt að skoða bæði ákvæðin sem hér um ræðir.

Skýrleiki b-liðar 10. gr.

Ákvæðið í b-lið 10. gr. ráðherraábyrgðarlaganna hljóðar svo:

„Ráðherra verður sekur eftir lögum þessum … ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.“

Í frumvarpi því sem varð að lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, segir í athugasemdum að ákvæði 10. gr. (á bæði við a- og b-lið) séu „óneitanlega nokkuð matskennd“ en það sé Alþingis að meta hvort ástæða sé til málshöfðunar á grundvelli þeirra. Komi til málshöfðunar verði það hlutverk landsdóms að meta hvort ráðherra hafi brotið gegn þeim. Um þessi ákvæði hefur nokkuð verið fjallað í skrifum fræðimanna og má segja að flestir séu þeirrar skoðunar að a-liðurinn geti ekki talist fullnægjandi refsiheimild en skoðanir um b-liðinn eru skiptari. Má það m.a. ráða af þeim fræðigreinum sem vísað er til hér að framan. Þar er víðast hvar vísað til 10. gr. í heild og lýst efasemdum um hvort „verknaðarlýsing greinarinnar sé nægilega skýr til að

fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í dag til refsiákvæða," eins og segir í skýrslu vinnuhópsins um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Helsta undantekningin er í grein Róberts Spanó (2005), en um leið og afstaða hans er afdráttarlaus um það álitaefni að a-liðurinn sé ófullnægjandi refsiheimild tekur hann fram að ekki verði hið sama fullyrt um önnur refsiákvæði laganna (þar á meðal b-lið 10. gr.). Um b-lið 10. gr. segir Róbert sérstaklega:

„Ákvæði b-liðar 10. gr. rbl. lýsir verknaði sem stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Enda þótt orðalagið heill ríkisins kunni við fyrstu sýn að valda einhverjum vafa, enda kannski ekki hefðbundið orðalag í lagasetningu nú til dags, yrði inntak þess líklega skýrt til samræmis við önnur ákvæði laga sem fjalla t.d. um öryggi ríkisins eða eftir atvikum almannahagsmuni eða almannaheill. Þá verður hér að hafa í huga þá afmörkun á þeim verknaði sem hér er lýst sem felst í orðunum fyrirsjáanleg hætta. Mat á því hvort slík hætta sé til staðar verður eðli máls samkvæmt að byggja á nokkuð hlutlægum sjónarmiðum, t.d. um mögulegt umfang tjóns sem athöfn ráðherra kann að hafa í för með sér."

Niðurstaða Róberts er með öðrum orðum sú að b-liðurinn geti verið fullnægjandi refsiheimild út frá kröfum stjórnarskrárinnar að gættum þeim sjónarmiðum sem hann tiltekur hér að framan. Eins og áður er getið fer það sjónarmið ekki fyllilega saman við önnur viðhorf sem finna má í fræðiskrifum og m.a. er vísað til hér að framan. Ekki eru fyrir hendi dómafordæmi, sem unnt er að styðjast við, og verður því að skilja við spurninguna um hvort b-liðurinn sé fullnægjandi refsiheimild með þeim orðum að um það sé vafi sem einungis verði útkljáður fyrir landsdómi og eftir atvikum Mannréttindadómstólnum. Minni hluti allsherjarnefndar vill þessu til viðbótar árétta að í þessum efnum eins og öðrum hvílir sönnunarbyrðin á ákæruvaldinu og vafa, bæði um staðreyndir og lagasjónarmið, ber að túlka sakborningi í hag (*in dubio pro reo*). Um þetta segir Eiríkur Tómasson (2005), með tilvísun bæði til a- og b-liðar 10. gr.: *„Vegna þess hve ákvæðin eru almennt orðuð getur verið álitamál hvenær ráðherra hafi brotið gegn þeim. Samkvæmt almennu viðhorfi í refsirétti verður að skýra vafa það, hvort háttsemi feli í sér brot á ákvæðunum, þeim í hag sem talinn er hafa gerst brotlegur við þau."* Verður nánar vikið að þessu efni síðar.

Skýrleiki c-liðar 8. gr.

Samkvæmt c-lið 8. gr. ráðherraábyrgðarlaganna varðar það ráðherra ábyrgð:

„…ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir."

Hér er um að ræða svokallað eyðuákvæði sem þýðir að verknaðarlýsing brotsins er ekki í ákvæðinu sjálfu heldur vísar það til annarra ákvæða laga (hér stjórnarskrár). Ekki er ástæða til þess að halda því fram að ekki megi almennt notast við eyðuákvæði við mótun verknaðarlýsingar í refsiákvæðum, sbr. áðurnefnda grein Róberts Spanó. Hann segir síðan á sama stað:
„Fara verði hins vegar varlega með slíkar refsiheimildir enda verði sem fyrr að gera þá kröfu að slíkar heimildir veiti sanngjarna og eðlilega viðvörun um hvaða háttsemi telst refsiverð. Á stundum kunni hins vegar refsiheimild og samspil hennar við hátternisreglur í öðrum skráðum (eða óskráðum) réttarreglum að verða svo flókin að sú hætta kann að skapast að dómstólar telji að of langt sé gengið í ljósi meginreglunnar um skýrleika refsiheimilda."

Í ljósi þessara sjónarmiða skal undir það tekið að c-liður 8. gr. fái staðist kröfuna um skýrleika refsiheimilda svo langt sem hann nær. Það er því undir skýrleika viðkomandi ákvæðis eða ákvæða stjórnarskrárinnar komið hvort unnt sé að beita honum sem refsiheimild.

Í ákærutillögunum er vísað til 17. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherrafundi, en þar segir m.a.:

„Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.“

Nánari lýsingu á ráherrafundum er ekki finna í ákvæðinu, hvorki um tíðni þeirra, fyrirkomulag að öðru leyti né um þau málefni sem skylt er að ræða þar. Hafa mótast ýmsar venjur í því sambandi og ljóst er að mun fleiri mál koma þar að jafnaði til umræðu en færð eru formlega til bókar. Þá er jafnan um að ræða margvísleg samskipti og samráð milli ráðherra án þess að það eigi sér stað á formlegum ráðherrafundum. Þegar af þeirri ástæðu hlýtur að teljast varhugavert að byggja málsókn í refsimáli á ætluðu broti á c-lið 8. gr., sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar. Á það jafnvel við þótt unnt sé að sýna fram á vanrækslu í þessu sambandi, sem talist gæti gagnrýnisverð og jafnvel ámælisverð, t.d. út frá þeim mælikvörðum sem lög nr. 142/2008 byggjast á. Þá er að lokum rétt að minna á að tilvísun til hugsanlegrar ábyrgðar ráðherra á grundvelli þessara ákvæða sérstaklega virðist fyrst koma til sögunnar í endanlegri skýrslu þingmannanefndarinnar og er til að mynda ekki í kaflanum um ályktanir rannsóknarnefndarinnar um mistök eða vanrækslu (kafla 21.5.4.7 í 7. bindi). Veikir það að sjálfsögðu þennan málatilbúnað sem grundvöll ákæru.

Heimfærsla meintra brota til refsiákvæða og framsetning ákæru.

Þegar metið er hvort líkur séu á sakfellingu eða sýknu fyrir landsdómi þarf, auk þeirra atriða sem hér hefur þegar verið vikið að, að heimfæra meint eða ætluð brot til viðeigandi refsiákvæða með fullnægjandi hætti. Álitamál í þessu sambandi eru utan við efni þeirra lögspurninga sem þingmannanefndin beindi sérstaklega til allsherjarnefndar, en minni hlutinn telur engu síður nauðsynlegt að fara um þau fáum orðum, samhengisins vegna. Tengist það spurningunni um skýrleika refsiheimilda því jafnvel þótt talið yrði að tiltekið refsiákvæði gæti almennt staðist kröfur stjórnarskrárinnar er alls ekki sjálfgefið að unnt sé að beita því í tilteknu máli. Hið meinta brot verður með öðrum orðum að falla að verknaðarlýsingu ákvæðisins til þess að unnt sé að sakfella á grundvelli þess. Sönnunarbyrðin í þessum efnum liggur eins og áður hefur komið fram hjá ákæruvaldinu.

Framsetning ákæranna, sem birtast í ákærutillögunum (706. og 707. máli) varpar ljósi á þann vanda sem er fyrir hendi í þessum efnum. Áður hefur verið bent á að refsiákvæðin sem hér skipta máli séu bæði óljós og matskennd. Við það bætist að lýsingin á hinni meintu brotlegu háttsemi í ákærutillögunum er í mörgum atriðum verulega óljós. Lagt er til að ákært verði fyrir athafnaleysi á löngu tímabili. Umdeilt er hvenær tilefni var til athafna miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma. Óljóst er til hvaða athafna hefði átt að grípa. Óljóst er til hvaða athafna var heimilt, unnt og forsvaranlegt að grípa, m.a. út frá eðlilegu hagsmunamati á þeim tíma. Ekki er sýnt fram á orsakasamhengi milli meints athafnaleysis og afleiðinga þess og ekki heldur hvort tilteknar athafnir, sem vanrækt var að grípa til eða fylgja eftir og nefndar eru í ákærutexta og greinargerð, hefðu skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þá er ekki heldur tekið tillit til þeirra athafna sem gripið var til á þessu tímabili og m.a. er getið um í andmælabréfum ráðherranna fyrrverandi. Af gögnum er ljóst að á þeim tíma sem einkum er litið til í ákærutillögunum var um að ræða ýmsar aðgerðir, athafnir og viðleitni af hálfu stjórnvalda til að bregðast við vandamálum fjármálakerfisins og er því afar hæpið að halda því fram, eins og tillögurnar byggjast á, að ráðherrarnir fyrrverandi hafi látið farast fyrir að framkvæma „nokkuð það, er afstýrt gat“ fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Ekki verður fallist á að þessi atriði skipti ekki neinu máli í þessu sambandi eins og ráða má af greinargerðum með ákærutillögunum. Það stenst ekki röklega skoðun að ákæra fjóra ein-

staklinga og krefjast refsingar yfir þeim fyrir að láta ógert að grípa til tiltekinna aðgerða, óháð mati á því hvort þær hefðu getað skilað árangri, en hafna því á sama tíma að taka tillit til þeirra aðgerða, sem þeir þó gripu til á þeim forsendum að tilætlaður árangur hafi ekki náðst.

Við þetta bætist að margir ákæruliðirnir eru svo óljósir að hvergi festir hönd á. Dæmi um það eru m.a. eftirfarandi úr þeim ákæruliðum sem snerta fyrrverandi forsætisráðherra:

Hann er, samkvæmt tillögutextanum, ákærður fyrir að hafa vanrækt starfsskyldur sínar sem forsætisráðherra og fyrir að láta undir höfuð leggjast að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins. Með öllu er óljóst til hvaða aðgerða, löggjafar, almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða stjórnvaldsákvarðana hér er vísað. Þá er hann ákærður fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir „heildstæðri og faglegri greiningu“ innan stjórnkerfisins á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna fjármálaáfalls og fyrir að hafa ekki haft frumkvæði að „virkum aðgerðum“ til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins, til að mynda með því að „stuðla að því bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi“. Aftur má spyrja hvað nákvæmlega felist í þessum almennu orðum. Sömuleiðis má spyrja hvað felist í orðunum að fullvissa sig „um að unnið væri með virkum hætti“ og „virkri aðkomu ríkisvaldsins“ þegar vikið er sérstaklega að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans yfir í dótturfélag. Að lokum má benda á orðalag um störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda og meinta vanrækslu forsætisráðherra á því að „gæta þess“ að þær væru „markvissar og skiluðu tilætluðum árangri“. Sá sem les þennan texta hlýtur að spyrja hvað eftir annað hvað átt sé við.

Benda má á sambærileg dæmi í tilvikum allra hinna ráðherranna fyrrverandi sem lagt er til að verði ákærðir samkvæmt ákærutillögunum.

Hér er í öllum tilvikum um almennt orðalag að ræða sem vel gæti átt heima í landsfundarályktun stjórnmálaflokks eða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar. Jafnvel má fallast á að orðalag af þessu tagi geti átt við þegar lagt er mat á frammistöðu einstakra ráðherra á þeim forsendum sem gengið er út frá í lögum nr. 142/2008. Hins vegar verður ekki með nokkru móti á það fallist að hér sé um að ræða nothæfa framsetningu á ákæruliðum í refsimáli.

Saknæmisskilyrði: Ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi

Þingmannanefndin óskaði ekki eftir því sérstaklega við allsherjarnefnd að hún léti í ljós álit sitt á því hvort saknæmisskilyrði væru fyrir hendi í málum ráðherranna fjögurra. Verður því ekki staldrað lengi við það atriði en vísað til sjónarmiða fulltrúa þingflokks sjálfstæðismanna í þingmannanefndinni í því sambandi. Minni hluti allsherjarnefndar minnir einungis á að samkvæmt almennum viðhorfum í refsirétti og sakamálaréttarfari verður að gera ríkar kröfur til ákæruvaldsins um að sýna fram á að um ásetning eða stórkostlegt hirðuleysi hafi verið að ræða. Ef ákært yrði á grundvelli þeirra tillagna sem nú liggja fyrir þinginu er augljóst að sönnun á slíku fyrir landsdómi hlýtur að reynast afar vandasöm.

Fleiri grundvallarsjónarmið og meginreglur.

Ákvörðun um að ákæra ráðherra á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og landsdóm er í höndum Alþingis. Við ákvörðun sína hlýtur þingið sem heild og einstakir þingmenn að hafa að leiðarljósi þær grundvallarreglur og meginsjónarmið sem viðurkennd eru um ákærur í sakamálum. Þar má í fyrsta lagi nefna reglur um að ákvörðun um ákæru skuli tekin á grundvelli fullnægjandi rannsóknar þar sem tekið er jafnt tillit til þeirra atriða sem horft geta til sakfellingar og sýknu. Í öðru lagi ber Alþingi, eins og öðrum handhöfum ákæruvalds, að meta hvort það sem fram hefur komið við rannsóknina er nægilegt eða líklegt til sakfellingar. Ef ekki, þá ber

handhafa ákæruvalds að láta við svo búið standa. Við þetta mat, sem að sönnu er oft vandasamt, getur það verið ákæranda til ákveðinnar leiðbeiningar að setja sig í spor dómara í málinu (sbr. t.d. grein Þórðar Björnssonar í Morgunblaðinu í tilefni af 25 ára afmæli embættis ríkissaksóknara í júlí 1986). Handhafi ákæruvalds verður í þessu sambandi að hafa hugfast að refsiákvæði laga ber að jafnaði að skýra þröngt, að sönnunarbyrðin fyrir dómi hvílir á ákæruvaldinu og að allan skynsamlegan vafa, hvort sem er um málsatvik eða lagarök, ber að túlka hinum ákærða í hag.

Allt eru þetta varúðarsjónarmið sem stuðla að því að varlega sé farið með það mikla vald sem felst í ákæruvaldi hins opinbera. Engin rök, hvorki lagaleg né málefnaleg, standa til þess að gera minni kröfur í þessum efnum í ráðherraábyrgðarmálum en almennt á við í öðrum refsimálum. Tilslakanir frá þeim kröfum skapa í tilviki ráðherraábyrgðarmála hættu á því að stjórnmálabaráttan verði í auknum mæli færð inn í réttarsalina. Það getur átt sér stað með því að pólitískur meiri hluti á þingi freistist til að nýta sér afl sitt til að koma mótherjum, núverandi eða fyrrverandi, í þá erfiðu stöðu sem óneitanlega fylgir því að þurfa að verjast málsókn í refsimáli.

Niðurstöður minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar telur að ýmsar reglur laga ráðherraábyrgð og landsdóm standist gagnvart 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það á m.a. við um reglurnar um ákæruvald Alþingis, pólitíska skipun hluta dómenda við landsdóm og það fyrirkomulag að aðeins sé fjallað um ráðherraábyrgðarmál á einu dómstigi. Telur minni hlutinn að á þessa þætti hafi reynt með þeim hætti í máli Erik Ninn-Hansen fyrir danska ríkisréttinum og Mannréttindadómstól Evrópu að það hafi fordæmisgildi hér á landi. Núgildandi fyrirkomulag hér á landi getur hvað þessi atriði varðar talist óheppilegt og óæskilegt, en ekki í andstöðu við stjórnarskrána og mannréttindasáttmálann.

Minni hlutinn telur á hinn bóginn að lögin um ráðherraábyrgð og landsdóm séu óviðunandi og ófullnægjandi þegar horft er til málsmeðferðar í aðdraganda ákæru. Skiptir þar mestu að réttarvernd sakborninga er ekki tryggð í því sambandi með þeim hætti sem leiða má af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Í þessum efnum standast hin íslensku lög ekki gagnvart framangreindum ákvæðum. Minni hlutinn telur ekki að úr þessu hafi verið bætt með fullnægjandi hætti við setningu laga nr. 142/2008, um rannsókn á falli íslensku bankanna, og að réttarvernd grunaðra manna eða sakborninga samkvæmt ákvæðum þeirra laga geti ekki talist fullnægjandi, ekki síst þegar horft er til framkvæmdarinnar í aðdraganda þess að ákærutillögurnar í málum nr. 706 og 707 voru lagðar fyrir Alþingi. Í þessum efnum er ekki hægt að líta til leiðsagnar í úrskurði Mannréttindadómstólsins í máli Erik Ninn-Hansen. Í þeim efnum eru málavextir og málsmeðferð of ólík til að úrskurðurinn hafi fordæmisgildi. Telur minni hlutinn að jafnvel þótt málsmeðferð fyrir landsdómi sjálfum geti talist fullnægjandi út frá ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála bæti það ekki fyllilega úr þeim ágöllum sem eru fyrir hendi varðandi réttarvernd sakborninga á fyrri stigum.

Varðandi skýrleika refsiákvæðanna í c-lið 8. gr., sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar, og b-lið 10. gr. ráðherraábyrgðarlaganna ítekar minni hlutinn að um afar matskenndar refsiheimildir er að ræða sem nauðsynlegt er að beitt sé af varfærni. Þá er minnt á að ráða má af dómaframkvæmd að auknar kröfur séu almennt gerðar til skýrleika ákvæða í þessu sambandi. Ekki verður á hinn bóginn fullyrt að svo stöddu að ákvæðin stríði gegn kröfum 69. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr. mannréttindasáttmálans. Vafi er ótvírætt fyrir hendi, en úr álitamálum í því sambandi verður ekki skorið með neinni vissu nema að fenginni úrlausn dómstóla.

Að lokum minnir minni hluti allsherjarnefndar á að í álitsbeiðni þingmannanefndarinnar er fyrst og fremst spurt ákveðinna fræðilegra spurninga eða lögspurninga sem varða ákvæði gildandi laga um ráðherraábyrgð og landsdóm og hugsanlegan árekstur þeirra við tiltekin ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans.

Minni hlutinn hefur á hinn bóginn talið nauðsynlegt að víkja að mun fleiri atriðum sem mikilvægt er að horft verði til áður en Alþingi tekur afstöðu til fyrirliggjandi ákærutillagna í 706. og 707. máli. Ella gæfi svarið við álitsbeiðninni afar ófullnægjandi mynd, bæði hvað varðar þingmálin sem slík og afstöðu minni hlutans til þeirra. Gallarnir á þeim málatilbúnaði, sem liggur til grundvallar ákærutillögunum og birtist í framsetningu þeirra, eru slíkir að verulegar líkur verða að teljast á frávísun eða sýknu, annaðhvort varðandi ákærurnar í heild eða að hluta. Í ljósi þess og þeirra fjöldamörgu vafamála og álitaefna sem uppi eru telur minni hlutinn ekki forsvaranlegt að Alþingi samþykki fyrirliggjandi ákærutillögur.

Að öllu þessu virtu leggst minni hluti allsherjarnefndar eindregið gegn því að tillögurnar í 706. og 707. máli á yfirstandandi löggjafarþingi nái fram að ganga.

Alþingi 25. sept. 2010.

Birgir Ármannsson.
Ólöf Nordal.

1520. Nefndarálit [706. og 707. mál]

um till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum.

Frá minni hluta þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Fimm nefndarmenn þingmannanefndarinnar hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn fyrrverandi ráðherrum, þeim Geir Hilmari Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna Matthíasi Mathiesen og Björgvin Guðna Sigurðssyni. Tveir nefndarmenn hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar þess efnis að höfðað verði mál gegn þremur fyrstnefndum ráðherrum.

Minni hlutinn telur að saknæmisskilyrði séu ekki uppfyllt og ráðherrar hafi hvorki af ásetningi né stórfelldu hirðuleysi brotið gegn stjórnarskrá lýðveldisins, öðrum landslögum eða stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

Minni hlutinn telur því að ekki eigi að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um að kalla saman landsdóm og ákæra ráðherra fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð vegna athafna eða athafnaleysis í aðdraganda falls íslensku bankanna.

Meginreglur sakamálaréttarfars.

Alþingi er með 14. gr. stjórnarskrárinnar fengið það vald að kæra embættisbrot ráðherra til landsdóms. Nánar er fjallað um hvernig um slík mál fer í lögum nr. 3/1963, um landsdóm, og lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð. Ef Alþingi íhugar að beita ákæruvaldi sínu og höfða mál gegn ráðherra fyrir embættisrekstur hans verður það við beitingu ákæruvalds síns að fylgja þeim meginreglum sem gilda um ákæruvaldið samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Hafa má til hliðsjónar heilræði eða ábendingar Þórðar Björnssonar sem hann ritaði í tilefni af 25 ára afmæli embættis ríkissaksóknara í júlí 1986:[1]

„1. Ákæruvaldið skal þá fyrst hefjast handa um opinbera rannsókn, að rökstuddur grunur er fram kominn um, að refsiverð háttsemi, sem á undir opinbera ákæruvaldið, hafi drýgð verið.
2. Ákæruvaldið skal sækja þá til sakar, sem það telur, að hafi gerst sekir um brot gegn refsilögum, en eigi aðra.
3. Ákæruvaldið skal láta rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sakar og sýknu sökunauts.
4. Ákæruvaldið skal fylgja þeirri meginreglu að höfða mál, ef það, sem fram er komið, er talið vera nægjanlegt eða líklegt til sakfellis, en láta ella við svo búið standa.
5. Ákæruvaldið gjörir rétt í því að höfða mál, ef það telur nauðsynlegt vegna almannahagsmuna að bera undir dómstóla álitaefni í refsilöggjöf eða réttarfari, þar á meðal um sönnun sakar, þó að sýkna manns geti verið eins sennileg og sakfelling.
6. Ákæruvaldið má eigi færa fram til styrktar sönnun sakargögn, sem aflað hefur verið með ólöglegum eða óheiðarlegum hætti.
7. Ákæruvaldið má aldrei láta óviðkomandi menn eða þrýstihópa í þjóðfélaginu hafa áhrif á það, hvort opinber rannsókn fer fram eða ákæra er útgefin.
8. Ákæruvaldið verður ávallt að virða það lögmál að allir menn eru jafnir fyrir lögunum“.[2]

Í 51. gr. laga um landsdóm segir að um meðferð mála fyrir dóminum skuli beita lögum um meðferð sakamála svo fremi sem ekki sé á annan hátt mælt í hinum fyrrnefndu lögum.

Það er ein grundvallarregla sakamálaréttarfars að ekki skuli gefa út ákæru nema gögn málsins séu nægileg eða líkleg til sakfellis. Ákæruvaldinu ber því að meta hvort nægt tilefni sé til málshöfðunar, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.[3] Við mat á því hvort ákæra verður gefin út hefur ákærandi m.a. í huga tilteknar sönnunarreglur laga um meðferð sakamála. Annars vegar þá að sönnunarbyrði um sekt ákærða, og atvik sem má telja honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. Hins vegar þá að dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.[4] Minni hlutinn telur það sem liggur fyrir í þessu máli ekki vera nægjanlegt eða líklegt til sakfellis.

Það er jafnframt ein af grundvallarreglum sakamálaréttarfars að verknaðarlýsing ákæru skuli vera svo skýr að ekki verði um villst hvert sakarefni sé. Ef svo er ekki er hætta á að vörn þess sem er borin sökum verði áfátt. Kæruatriði í máli sem varðar ráðherraábyrgð eru bundin við þingsályktun og verður ráðherra ekki dæmdur fyrir önnur atriði en þau sem eru tilgreind í henni. Í þeim þingsályktunartillögum sem fyrir liggja skortir mjög á skýrleika og nákvæmni í verknaðarlýsingu. Ekki verður séð af tillögunum hvað það er nákvæmlega sem meintir sakborningar hefðu átt að gera sem þeir létu ógert og því standast tillögurnar tvær ekki kröfur þessarar grundvallarreglu sakamálaréttarfarsins.

---

[1] Þórður Björnsson. Embætti ríkissaksóknara 25 ára. Morgunblaðið, þriðjudagur 1. júlí 1986, bls. 28–29.
[2] Þórður Björnsson. Sama heimild, bls. 29.
[3] Greinin er svohljóðandi: Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.
[4] Sjá 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Önnur grundvallarregla sakamálaréttarfars er sú að túlka beri allan vafa sakborningi í hag, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 45. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 108. gr. laga nr. 88/2008. Alþingismenn verða að taka mið af þessari mikilvægu reglu við mat sitt.

Saknæmi.

Í lögum um ráðherraábyrgð eru tvenn skilyrði fyrir ábyrgð ráðherra. Annars vegar almenn skilyrði sem lúta að því ólögmæta atferli sem varðar ábyrgðina en þau eru tilgreind í 8.–10. gr. laga um ráðherraábyrgð. Brotum samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð er skipt í þrjá flokka, þ.e. brot gegn stjórnarskrá (8. gr.), brot gegn öðrum landslögum (9. gr.) og brot á góðri ráðsmennsku (10. gr.). Hins vegar er um huglæg skilyrði að ræða sem nefnast saknæmisskilyrði og varða viljaafstöðu ráðherra til hins ólögmæta atferlis.[5]

Í 2. gr. laganna er kveðið á um að krefja megi ráðherra ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögunum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort *af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi* farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

Lög um ráðherraábyrgð eiga ekki við um öll embættisbrot ráðherra heldur leggja þau refsingu við þeim brotum sem er sérstaklega óttast að ráðherra geti framið og hin almennu ákvæði hegningarlaga um brot í opinberu starfi ná ekki til. Lögin eiga einkum við um pólitísk embættisbrot ráðherra.[6] Með hugtakinu „embættisbrot“ er átt við „háttsemi sem ráðherra hefur viðhaft í krafti þess valds sem fylgir embætti hans”.[7] Með öðrum orðum á það ekki við um brot sem sérhver opinber starfsmaður gæti gerst sekur um.[8]

Samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð er það skilyrði refsiábyrgðar að ráðherra hafi framið brot af ásetningi eða af stórkostlegu hirðuleysi. Skilgreining ásetnings, þegar um ræðir brot sambærileg þeim sem hér er rætt um, hlýtur að „mótast af vitneskju eða hugmyndum geranda um atvik og aðstæður eins og þær eru hverju sinni“.[9] Það er talið „ásetningur, ef hinn brotlegi veit, að þær aðstæður eru fyrir hendi, sem felast í verknaðarlýsingu refsiákvæðis, ef hann telur víst, að þær séu fyrir hendi, eða hann býst ákveðið við því, og loks ef hann álítur, að þessar aðstæður kunni að vera fyrir hendi, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að aðstæðurnar væru fyrir hendi, eða þá að hann lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort þessar aðstæður eru fyrir hendi“.[10] Gáleysi er skipt í stórfellt gáleysi og einfalt gáleysi en samkvæmt framansögðu er í lögum um ráðherraábyrgð stórkostlegt hirðuleysi (gáleysi) skilyrði fyrir refsiábyrgð. Stórkostlegt hirðuleysi er efsta stig gáleysismælikvarðans. Við mat á því hvort hirðuleysi teljist stórkostlegt verður að leggja heildstætt mat á alla þætti viðkomandi máls bæði hlutlæga og huglæga. Með öðrum orðum þarf að beita sértæku mati sérhvert sinn. Refsiákvæði um stórfellt gáleysi sem ábyrgðarskilyrði er talið kalla á sérstaka varfærni dómstóla.[11]

Við mat á því hvort saknæmisskilyrði teljist uppfyllt þarf að líta til háttsemi viðkomandi ráðherra, þ.e. hvort hann hafi verið í góðri trú varðandi viðkomandi athöfn eða athafnaleysi, og

---

5 Gunnar G. Schram. Stjórnskipunarréttur. Háskólaútgáfan. Reykjavík 1999 (2. útg.), bls. 172.
6 Gunnar G. Schram. Sama heimild, bls. 172.
7 Andri Árnason. Ráðherraábyrgð. Tímarit lögfræðinga, 59. árg., 3. hefti, bls. 247.
8 Andri Árnason. Sama heimild, bls. 247.
9 Jónatan Þórmundsson. Afbrot og refsiábyrgð II. Háskólaútgáfan. 2002, bls. 61.
10 Jónatan Þórmundsson. Sama heimild, bls. 61.
11 Jónatan Þórmundsson. Sama heimild, bls. 127–128.

talið viðkomandi athöfn eða athafnaleysi samrýmast best hagsmunum ríkisins á þeim tíma þegar ákvörðun var tekin. Meta þarf hvort ráðherra hafi hagað sér á þann hátt sem gegn og skynsamur maður hefði talið rétt við sambærilegar aðstæður. Fræðimenn hafa einnig bent á sem viðmiðunarreglu svokallaða „business judgement rule“ sem felur í sér það viðmið að ef ráðherra er í góðri trú og háttsemi hans er ekki óforsvaranleg á tímamarki hennar þá mæli slíkt almennt gegn ábyrgð. „Sé verulegum vandkvæðum bundið, á tímamarki viðkomandi háttsemi, að leggja mat á hvað sé rétt og hvað sé rangt, þ.e.a.s. slíkt sé einfaldlega undirorpið hagsmunamati þar sem vegast á góð og gild andstæð sjónarmið, þá hljóti það að teljast nokkuð langsótt að um brot gegn 10. gr. rhbl., sbr. einkum b-lið greinarinnar geti verið að ræða.“[12]

Því hefur verið haldið fram í umræðunni um þingsályktunartillögur þessar að ekkert hafi verið gert af hálfu stjórnvalda til að sporna við falli íslensku bankanna og stjórnvöld hafi nánast setið með hendur í skauti. Slíkar fullyrðingar standast ekki skoðun sem sést best ef litið er til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, andmæla ráðherranna og þeirra bréfa sem þingmannanefndinni bárust frá ráðherrum. Leitað var leiða til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn, unnið var á vegum viðskiptaráðuneytisins að því að flytja innlánsstarfsemi Landsbankans í Bretlandi og Hollandi úr útibúi í dótturfélög. Lögð var áhersla á það við bankana að draga úr umsvifum sínum og minnka efnahagsreikninginn. Unnið var að því af hálfu forsætis- og fjármálaráðuneyta að tryggja Íslandi aðild að samstarfi evruríkja um fjármálastöðugleika, svo einhver atriði séu nefnd. Hins vegar er ljóst að þær aðgerðir sem stjórnvöld gripu til dugðu ekki til til að varna því mikla tjóni sem síðar varð og er það skelfilegt. Ýmis mistök voru gerð en þau mistök eru ekki refsiverð enda eru saknæmisskilyrði laga um ráðherraábyrgð um ásetning eða stórfellt hirðuleysi ráðherranna ekki uppfyllt.

Orsakasamhengi.

Þá er nauðsynlegt að líta til þess hvort orsakasamhengi sé til staðar milli athafna eða athafnaleysis ráðherra og þess tjóns eða atburða sem urðu við fall íslensku bankanna. Ljóst er að ógerningur er að sýna fram á að einstakar athafnir eða athafnaleysi ráðherra hafi leitt til falls bankanna líkt og fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingi en rannsóknarnefndin telur ástæður til að „undirstrika að það getur að hennar mati ekki verið skilyrði fyrir ályktun um að maður hafi sýnt af sér vanrækslu, t.d. við opinbert eftirlit með fjármálastarfseminni eða við stefnumörkun á því sviði, að sýnt þyki að aðgerðir þær eða ráðstafanir sem nefndin telur að honum hafi borið að hafa frumkvæði að hefðu einar og sér getað stuðlað að því að koma að öllu leyti í veg fyrir fall bankanna og tjón sem af því leiddi fyrir íslensku þjóðina. *Hvorki rannsóknarnefndin né aðrir aðilar geta fullyrt um að beint orsakasamhengi sé á milli vanrækslu um slík atriði og þess fjármálaáfalls sem hér varð haustið 2008 né slegið því föstu hver innbyrðis þýðing hinna samverkandi þátt sem leiddu til þess hafi verið.* Á hinn bóginn er nefndinni, eins og að framan greinir, að lögum beinlínis falið að taka afstöðu til þess hvort einstakir menn verða taldir ábyrgir fyrir mistökum eða vanrækslu þar sem fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti, ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum eða þar sem látið hafi verið hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.“[13] Hins vegar greinir nefndarmenn þingmannanefndarinnar á um það hvort sýna þurfi fram á

---

[12] Andri Árnason. Sama heimild, bls. 259.

[13] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010: Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Bindi 7, bls. 286–288. Leturbreyting minni hluta þingmannanefndarinnar.

orsakasamhengi en minni hlutinn getur ekki fallist á þau rök að ekki sé nauðsyn á að sýna fram á orsakasamhengi.

Landsdómur – mannréttindi.

Við búum í réttarríki. Í réttarríki eiga sakborningar ýmis réttindi, t.d. að eiga kost á verjanda á rannsóknarstigi, að tjá sig ekki þegar þeir eru bornir sökum um refsiverða háttsemi o.s.frv. Sakborningar í því tilviki sem hér ræðir um hafa aldrei fengið réttarstöðu grunaðs manns með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Þingmannanefndin ræddi þessa ágalla á fyrirkomulaginu um landsdóm ítarlega í upphafi vinnu sinnar. Þeir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina voru ekki sammála um að hvaða marki þessi ágalli hefði áhrif á framgang málsins. Minni hlutinn telur málsmeðferðina ekki standast skoðun gagnvart mannréttindasáttmála Evrópu og því, komi til þess að reyni á þessi atriði fyrir dómstólum, muni málið falla þegar af þessum sökum. Aldrei er hægt að gefa afslátt af meginreglum réttarríkisins né afslátt af mannréttindum hvort sem um er að ræða einstaklinga sem gegnt hafa ráðherraembætti eða ekki.

Málsmeðferðin samkvæmt lögum um landsdóm hefur sætt gagnrýni þar sem ekki er gert ráð fyrir því að meint brot verði rannsakað sérstaklega áður en tekin er afstaða til þess hvort mál skuli höfðað á hendur ráðherra.[14] Gengið er út frá því, sbr. 22. gr. laga um landsdóm, að rannsókn ákveðinna atriða eða öflun tiltekinna gagna fari fram fyrir héraðsdómi eftir að mál hefur verið höfðað og það er rekið fyrir landsdómi. Talið er að þessi málsmeðferð stríði gegn meginreglu laga um meðferð sakamála um að rannsókn skuli vera lokið áður en mál er höfðað með útgáfu ákæru. Jafnframt er talið að gæta verði að því að skýrsla sem er tekin af ákærða eða vitnum við slíkar aðstæður hefur lítið eða ekkert sönnunargildi vegna meginreglunnar um milliliðalausa sönnunarfærslu sem er þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. d-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.[15]

Það er álit minni hlutans að verulegur vafi sé á að sú málsmeðferð sem lögin um landsdóm kveða á um standist í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á mannréttindum og sakamálaréttarfari undanfarna áratugi. Sú tillaga þingmannanefndarinnar að leggja til endurskoðun á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, og lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, segir allt sem segja þarf.

Skýrleiki refsiheimilda.

Ein meginregla refsiréttarins er að refsiheimildir eigi að vera skýrar. Reglan byggist á 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Krafan um skýrleika refsiheimilda skv. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmálans felur í sér að refsiákvæði verður að vera nægjanlega skýrt og fyrirsjáanlegt til að einstaklingur geti gert sér grein fyrir því með lestri ákvæðisins og e.t.v. dómaframkvæmdar hvaða athafnir og/eða athafnaleysi geti leitt til refsiábyrgðar á grundvelli þess. Fræðimenn hafa nokkuð ritað um ákvæði ráðherraábyrgðarlaganna í þessu sambandi og hafa bent á að ákvæði laganna séu ekki nægjanlega skýr. Meðal annars af þeirri ástæðu hefur þingmannanefndin lagt til að lögin verði endurskoðuð.

Fræðimenn hafa bent á að ákvæði 10. gr. kunni að vera of almennt orðað og óljóst til að geta fullnægt meginreglunni um skýrleika refsiheimilda.[16] Ákvæðið sé bæði víðtækt og matskennt

---

[14] Eiríkur Tómasson: Landsdómur, á slíkur sérdómstóll með pólitísku ívafi rétt á sér eða er hann tímaskekkja. Bifröst, rit lagadeildar Háskólans á Bifröst. Háskólinn á Bifröst 2006, bls. 114.

[15] Eiríkur Tómasson. Sama heimild, bls. 114. Sjá einnig Andri Árnason: Sama heimild, bls. 254.

[16] Andri Árnason. Sama heimild, bls. 258.

en það beri merki vísireglu og virðist m.a. geta „falið í sér að lagt sé mat á það hvort viðbrögð ráðherra, hvort heldur í formi athafna eða athafnaleysis, varðandi tiltekna athöfn eða atburði sem haft geti áhrif á heill íslenska ríkisins, hafi verið forsvaranleg“.[17]

Í skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni var fjallað um lög um ráðherraábyrgð og lagt til að þau yrðu endurskoðuð.[18] Þar er vísað til þess að kröfur til forms og efnis refsiákvæða hafi aukist undanfarin ár, einkum vegna þróunar í mannréttindamálum. Bent er á að það sé „almennt gert að skilyrði fyrir beitingu refsiákvæða að þau séu skýr og aðgengileg. Af skýrleikakröfunni leiðir að lýsing hins refsiverða verknaðar verður að vera nægilega nákvæm.“[19] Nefndin telur þá grein laga um ráðherraábyrgð sem hefur verið kölluð „brot á góðri ráðsmennsku“ vera mjög víðtæka og matskennda en undir þá grein falli afbrot sem teljast hvorki brot á stjórnarskrá né öðrum landslögum. Átt sé við afbrot „þar sem ráðherra hefur brotið á móti þeim reglum sem krefjast má að hver góður og samviskusamur embættismaður fylgi í embættisfærslu sinni, enda þótt framkvæmd sé hvorki lögboðin eða framkvæmdaleysi bannað“.[20] Bent er á athugasemdir við frumvarp sem varð að lögum nr. 4/1963 þar sem þess er getið að ákvæði 10. gr. séu „óneitanlega nokkuð matskennd“.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að hún telur vafa leika á um hvort hin almenna verknaðarlýsing 10. gr. teljist nægilega skýr samkvæmt þeim kröfum sem væru gerðar til refsiákvæða í ljósi þess að þar er lögð refsing við athöfnum sem eru hvorki ólögmætar samkvæmt öðrum landslögum.[21]

Þar sem ákvæði 10. gr. laga um ráðherraábyrgð er mjög almennt orðað er það álitamál hvenær brotið er gegn því. Alþingi verður að meta ákvæðið í þessu ljósi áður en samþykkt er að höfða mál á hendur ráðherra.[22]

Ljóst er að verulegur vafi leikur á hvort ákvæði ráðherraábyrgðarlaga uppfylli þessi skilyrði um skýrleika refsiheimilda og því nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun laganna.

Niðurlag.

Minni hlutinn telur að saknæmisskilyrði séu ekki uppfyllt og ráðherrar hafi hvorki af ásetningi né stórkostlegu hirðuleysi brotið gegn stjórnarskrá lýðveldisins, öðrum landslögum eða stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

Ljóst er að fall íslensku bankanna kom fyrst og fremst til vegna aðgerða bankanna sjálfra og ákvarðana sem þar voru teknar og kemur það skýrlega fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Sakamálarannsóknir standa nú yfir hjá embætti sérstaks saksóknara varðandi hugsanleg lögbrot innan bankanna eða á þeirra vegum. Nú er ljóst orðið að áhættusækni bankanna og að einhverju leyti óábyrg og hugsanlega ólögleg starfsemi þeirra gerði það að verkum að þeir voru illa reknir og ógnuðu efnahag þjóðarinnar. Alþjóðlega bankakreppan hafði auk þess áhrif á það hvenær og með hvaða hætti fall bankanna kom til. Orsakir bankahrunsins er því fyrst og fremst að finna hjá bönkunum sjálfum en ekki í því sem gerðist á vettvangi íslenskra stjórn-

---

17 Andri Árnason. Sama heimild, bls. 259.
18 Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Páll Hreinsson o.fl. Forsætisráðuneytið. Reykjavík 1999, bls. 141. http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/F0033_Oll_skor.pdf
19 Starfsskilyrði stjórnvalda, bls. 140.
20 Starfsskilyrði stjórnvalda, bls. 140.
21 Starfsskilyrði stjórnvalda, bls. 140.
22 Andri Árnason. Sama heimild, bls. 249.

valda síðustu vikur og mánuði fyrir hrunið en auðvelt er að gagnrýna ákvarðanir í aðdraganda bankahrunsins nú þegar allar upplýsingar liggja fyrir í tímaröð.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er áfellisdómur yfir íslenskum stjórnvöldum og sá áfellisdómur verður ekki afmáður.

Að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem hafa verið rakin er það mat minni hlutans að ekki eigi að leggja fyrir Alþingi tillögur til þingsályktunar um að kalla skuli saman landsdóm og ákæra ráðherra fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð vegna athafna/athafnaleysis í aðdraganda falls íslensku bankanna.

Alþingi, 25. sept. 2010.

Unnur Brá Konráðsdóttir, frsm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1521. Breytingartillaga [706. mál]

við till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum.

Frá Atla Gíslasyni, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Sigurði Inga Jóhannssyni, Eygló Harðardóttur og Birgittu Jónsdóttur.

Í stað tilvísunarinnar „20. gr.“ hvarvetna í B- og C-lið kæruatriða komi: 22. gr.

1522. Breytingartillaga [707. mál]

við till. til þál. um málshöfðun gegn ráðherrum.

Frá Magnúsi Orra Schram og Oddnýju G. Harðardóttur.

Í stað tilvísunarinnar „20. gr.“ hvarvetna í B- og C-lið kæruatriða komi: 22. gr.

1523. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, Skúla Helgasyni, Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Ólínu Þorvarðardóttur, Magnúsi Orra Schram, Oddnýju G. Harðardóttur, Sigmundi Erni Rúnarssyni, Önnu Margréti Guðjónsdóttur, Róberti Marshall, Kristjáni L. Möller, Merði Árnasyni, Valgerði Bjarnadóttur og Helga Hjörvar.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við II. lið 8. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sjálfstæð og óháð rannsókn á einkavæðingu og sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og tengdum málefnum. Til verksins verði fengnir sjálfstæðir aðilar sem hafi sömu heimildir til skýrslutöku og gagnaöflunar og rannsóknarnefnd Alþingis hafði. Ef nauðsyn krefur setur Alþingi lög til að tryggja aðgengi rannsóknarnefndar að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum. Forseti Alþingis skipar þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og skila um hana skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar. Í rannsókninni verði m.a. skoðuð ítarlega eftirfarandi atriði og leitast við að svara eftirfarandi spurningum, auk annarra atriða sem þarfnast úttektar:

a. Hvers vegna var ákveðið að selja báða ríkisbankana í einu (á sama árinu)? Hverjir tóku þá ákvörðun og hvernig var hún rökstudd?
b. Hvers vegna var dreifð eignaraðild ekki höfð að leiðarljósi við sölu ríkisins á hlutabréfum í ríkisbönkunum árið 2002?
c. Hvaða hlutverki gegndi ráðherranefnd um einkavæðingu í ferlinu? Hver var lagaleg staða hennar og ábyrgð vegna sölu hlutabréfa í bönkunum?
d. Hver var ábyrgð hvers ráðherra fyrir sig sem kom að ákvörðunum um sölu hlutabréfa bankanna? Farið verði vandlega í að skilgreina ábyrgð og aðkomu hvers ráðherra fyrir sig.
e. Hvers vegna var verklagsreglum framkvæmdanefndar um einkavæðingu við sölu bankanna ekki fylgt? Hver tók þá ákvörðun og hver bar á henni ábyrgð?
f. Hver var aðferðafræði framkvæmdanefndar um einkavæðingu við að meta hvert væri fullnægjandi söluverð hlutanna?
g. Hvers vegna var gengið að tilboði Samson-hópsins í Landsbankann þegar hagstæðara tilboð lá fyrir?
h. Hvert var hlutverk breska HSBC-bankans sem ráðgjafa framkvæmdanefndar um einkavæðingu?
i. Hvernig var svokallað matslíkan vegna sölu Landsbankans unnið fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu?
j. Hvaða hlutverki gegndi þýski bankinn Hauck & Aufhäuser fyrir S-hópinn við kaup á Búnaðarbankanum?
k. Var gert samkomulag um víxl-fjármögnun kaupenda á kaupum á hlutabréfum í ríkisbönkunum?
l. Gerð verði nákvæm málsatvikalýsing á því sem gerðist mánuðina áður en gengið var frá sölu bankanna, m.a. verði skoðuð atvik og ástæður fyrir því að eignir og félög í eigu bankanna voru seld skömmu fyrir einkavæðingu.

m. Rannsakað verði hvort óeðlileg tengsl, sem hefðu m.a. getað leitt til vanhæfis, voru milli kaupenda bankans og seljenda og einstakra ráðherra sem báru ábyrgð á sölu hlutabréfanna í bönkunum tveimur. Einnig verði skoðað hvernig fjárhagslegur styrkur væntanlegra kaupenda beggja bankanna var greindur og metinn sem og hagsmunatengsl þeirra í íslensku samfélagi.
n. Farið verði vandlega yfir það hvort og þá hvaða afslætti ríkið veitti frá upphaflegum tilboðum í kaup á hlutabréfum ríkisins í bönkunum, hverjir tóku þá ákvörðun að veita afslátt frá upphaflegum tilboðum og á grundvelli hvaða lagaheimilda slíkur afsláttur var veittur. Einnig hvort og þá hvaða eignir bankanna, kröfur á hendur þeim eða mögulegar ábyrgðir voru taldar réttlæta afslátt frá upphaflegum tilboðum, Heads Of Agreements og endanlegum kaupsamningum. M.a. verði áreiðanleikakannanir skoðaðar gefist tilefni til þess.
o. Gefið verði nákvæmt yfirlit yfir það hvernig kaupverðið var greitt, þ.e. nákvæmar dagsetningar um það hvenær greiðslur áttu sér stað, hvaða fjárhæðir voru greiddar hverju sinni, í hvaða mynt kaupverðið var greitt og hvaða fjárhæð var greidd í íslenskum krónum fyrir hlutabréfin í hvorum banka fyrir sig.

Greinargerð.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (1. bindi, 6. kafla á bls. 227) er sérstakur kafli helgaður einkavæðingu og eignarhaldi bankanna. Þar er þó tekið fram að ekki sé um að ræða heildarúttekt á einkavæðingu bankanna og tengdum málefnum. Er breytingartillögu þessari ætlað að tryggja að sjálfstæð og óháð rannsókn fari fram um þessi mál. Í bréfi Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til þingmannanefndarinnar, dagsettu 7. júní sl., segir:

„Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vinnuhóps um siðferði er sett fram beitt gagnrýni á einkavæðingu bankanna. Helstu gagnrýnisefni sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndarinnar á einkavæðingu bankanna eru eftirfarandi:

- Stjórnvöld létu pólitísk markmið um að ljúka einkavæðingu bankanna hafa forgang gagnvart þeim faglegu markmiðum sem áður höfðu verið sett fram og gengið hafði verið út frá.
- Þrátt fyrir að lagt hafi verið upp úr því við sölu Landsbankans að erlent fé kæmi þannig í ríkissjóð fór svo í reynd að 70% kaupverðs voru greidd með lánum frá Kaupþingi.
- Eftir að Samson lýsir áhuga á kaupum á banka hér á landi er öllum verklagsreglum vikið til hliðar til þess að svo megi verða. a) ákveðið er að selja báða bankana um svipað leyti þvert ofan í það sem áður hafði verið lagt upp með, b) matslíkani er stillt af þannig að Samson komi vel út, c) Samson fékk viðkvæmar upplýsingar úr Landsbankanum áður en gengið var til samninga, d) horfið var frá stefnumörkun um dreift eignarhald.
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sætti sig við að S-hópurinn virti ekki afdráttarlausan tímafrest til að veita ásættanlegar upplýsingar um hver hin erlenda fjármálastofnun væri sem ætti aðild að hópnum.“

Það er skoðun flutningsmanna að eðlilegt sé að rannsókn á einkavæðingu bankanna beinist m.a. að því að upplýsa framangreind atriði nánar. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að sjálfstæð og óháð rannsókn á sölu ríkisbankanna árið 2002 svari m.a. þeim spurningum sem varpað er fram í tillögunni, ásamt öðrum þeim sem rannsóknarnefndin kýs að spyrja, og að rannsóknin beinist að þeim atriðum sem þar eru talin upp. Flutningsmenn árétta þó að jafnframt sé mikilvægt að skoða önnur atriði sem málið varða og upp kunna að koma við rannsókn þess.

Markmið rannsóknar af þessu tagi er að varpa ljósi á rás atburða við sölu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2002 svo að ljóst sé hvar í stjórnkerfinu, hvenær og hvers vegna hver einasta veigamikil ákvörðun í því ferli var tekin. Aðeins þannig má draga réttan lærdóm af þessu umdeilda söluferli og byggja á þeim lærdómi við setningu laga og reglna um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

1524. Svar [702. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Þórs Saaris um fjölda fullnustugerða.

Hversu margar nauðungarsölur og vörslusviptingar, þ.m.t. beinar aðfarargerðir, hafa verið framkvæmdar frá 6. október 2008 á grundvelli verðtryggðra lána sem bundin eru vísitölu neysluverðs, gengistryggðra lána og lána í erlendri mynt? Sundurliðun óskast eftir helstu lánategundum annars vegar og lánum einstaklinga og fyrirtækja hins vegar.

Á 137. löggjafarþingi svaraði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra fyrirspurn frá Ólöfu Nordal um fjárnám og nauðungarsölu, sbr. þskj. 115 í máli nr. 45. Í því svari er að finna upplýsingar um að nauðungarsölubeiðnir hafi verið á sjöunda þúsund hvert ár á tímabilinu 2006–2008. Þar kemur einnig fram að tölvukerfi sýslumannsembættanna gefur ekki kost á að kalla eftir upplýsingum með ítarlegum hætti.

Svör við fyrirspurninni sem hér er til umfjöllunar liggja ekki fyrir, enda er ekkert skráð um vaxtakjör og verðtryggingu þegar nauðungarsölumál eru stofnuð.

Minnt er á að í 6. mgr. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, segir að ef óskað er skriflegs svars við fyrirspurn sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Er enda við það miðað að fyrirspurn skuli vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli.

Til að komast að niðurstöðum um það sem fyrirspurn háttvirts þingmanns lýtur að þyrftu starfsmenn sýslumannsembættanna að skoða veðskuldir á bak við öll nauðungarsölumál á tveggja ára tímabili. Á bak við hvert mál liggja gjarnan nokkrar beiðnir um nauðungarsölu á viðkomandi eign sem styðjast við mismunandi lánasamninga eða annars konar kröfuréttindi. Þyrfti því að greina þúsundir eða tugi þúsunda veðskjala. Slík greining tæki allnokkra mannmánuði eða jafnvel ársverk. Ljóst er því að umbeðinna upplýsinga verður ekki aflað innan þess tímaramma sem gert er ráð fyrir að ráðuneyti hafi til að afla svara við fyrirspurnum þingsins né er til staðar sá starfskraftur sem til þarf í slíka rannsókn.

1525. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við II. lið 8. mgr. bætist fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

4. Rannsókn á einkavæðingu Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. sem fram fór á grundvelli laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum. Þannig verði rannsakað hvernig að undirbúningi og framkvæmd einkavæðingar Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. var staðið, lagt mat á hvort vikið hafi verið frá viðmiðum eða kröfum til kaupenda sem stöfuðu frá ráðherranefnd um einkavæðingu og framkvæmdanefnd um einkavæðingu, skoðað hverjir raunverulegir kaupendur bankanna voru og það gert opinbert, lagt mat á hvort kaupendur hafi í raun og veru uppfyllt viðmið eða kröfur sem fyrir lágu varðandi val á mögulegum kaupendum bankanna, hvort einstökum kaupendum hafi verið veittur afsláttur frá umsömdu kaupverði, og þá hvaða forsendur lágu slíkum afslætti til grundvallar, hverjir hafi staðið að því að verðmeta þær eignir sem inni í bönkunum voru fyrir sölu þeirra, hvernig slíku mat hafi verið háttað og hvort samræmi hafi verið á milli þess mats og þeirra raunverulegu verðmæta sem afhent voru kaupendum bankanna við einkavæðingu þeirra. Samhliða framangreindu verði gert opinbert, á sundurliðaðan hátt, hvert matsverð hinna sömu eigna var við flutning þeirra frá hinum föllnu bönkum, Landsbanka Íslands hf. og Kaupþingi banka hf., yfir til nýju bankanna, KBI hf. (síðar Arion banka hf.) og NBI hf., skýrt dregið fram hverjir eru ábyrgðaraðilar þess verðmats og hvaða forsendur lágu því til grundvallar.
5. Rannsókn á sölu einstakra félaga og eignarhluta í félögum af hendi slitastjórna og skilanefnda Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. og KBI hf. (nú Arion banka hf.) og NBI hf. Þannig skal upplýst hvaða verðmætamat lá til grundvallar, hvernig staðið var að vali á kaupendum, hvernig kaupin voru fjármögnuð af kaupendum og hvaða seljendaáhættur fylgdu sölunni.
6. Rannsókn á stofnfjáraukningu sparisjóða frá gildistöku laga nr. 4/2004, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Rannsakað verði hvernig að stofnfjáraukningunni var staðið, hvernig undirbúningi hennar var háttað og hvernig framkvæmd hennar fór fram. Leitt verði í ljós hvaða mat lá til grundvallar vali á nýjum stofnfjáraðilum, hvernig sú stofnfjáraukning var fjármögnuð og hvaða tryggingar voru að baki þeirri fjármögnun.
7. Rannsókn á styrkveitingum sparisjóða til stjórnmálamanna frá árinu 2004. Gert verði opinbert hvort einstakir stjórnmálamenn fengu styrki frá sparisjóðunum, beint í eigin nafni eða óbeint í nafni hluta- eða einkahlutafélags.

1526. Svar [679. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Óla Björns Kárasonar um aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta.

1. *Hver hefur kostnaður við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta verið á tímabilinu maí 2007 til maí 2010?*

Ráðuneyti	**Fjárhæð kr.**
Forsætisráðuneytið	534.840.134[1]
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið	213.459.966
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	92.065.554
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	114.593.804
Fjármálaráðuneytið	599.769.922
Heilbrigðisráðuneytið	567.641.811
Iðnaðarráðuneytið	38.773.130
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	938.210.763
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	130.263.735
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	66.781.314
Umhverfisráðuneytið	27.627.934
Utanríkisráðuneytið	82.072.907
Samtals	**3.406.100.974**

2. *Hversu stór hluti kostnaðarins hefur verið vegna aðkeyptrar þjónustu, ráðgjafar og sérverkefna sem unnin hafa verið af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum íslenskra háskóla?*
3. *Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir ráðuneytum?*

Ráðuneyti	**Athugasemdir og svör ráðuneyta**	**Fjárhæð kr.**
Forsætisráðuneytið	Ráðuneytið hefur ekki starfsmannalista háskólanna né upplýsingar um hverjir hafa verið fyrrverandi og núverandi starfsmenn eða kennarar við íslenska háskóla. Aðkeypt þjónusta af íslenskum háskólum er samtals 37.656.000 kr.	37.656.000
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið	–	4.440.395
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Ráðuneytið hefur ekki starfsmannalista háskólanna.	13.026.500

[1] Þar af eru 309.811.195 kr. sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna í tengslum við efnahags- og bankahrunið 2008.

Ráðuneyti	Athugasemdir og svör ráðuneyta	Fjárhæð kr.
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	Það skal tekið fram að upplýsingar um kostnað við vinnu sem unnin hefur verið af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum íslenskra háskóla var í sumum tilvikum ógerlegt að heimfæra upp á ákveðna einstaklinga. Jafnframt er ekki ólíklegt að ráðuneytið hafi keypt þjónustu af fleirum sem eru eða voru starfsmenn íslenskra háskóla en engar áreiðanlegar upplýsingar eru til um það.	25.700.300
Fjármálaráðuneytið	Varðandi frekari greiningu á kostnaði þá hefur ráðuneytið ekki haldið sérstaklega utan um upplýsingar um kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu, ráðgjafar og sérverkefna sem unnin hafa verið af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum íslenskra háskóla. Ráðuneytið telur að ekki sé hægt að greina umræddan kostnað eins og spurt er um með fullnægjandi hætti. Ráðuneytið greinir hins vegar þann kostnað sem greiddur hefur verið til íslenskra háskóla og eru í meðfylgjandi skjali eru listuð verkefni en þó ekki hvaða starfsmenn hafa unnið viðkomandi verk þar sem það er ekki skráð sérstaklega.	12.001.850
Heilbrigðisráðuneytið	Heilbrigðisráðuneytið er ekki með gögn eða upplýsingar um hversu stór hluti kostnaðarins hefur verið vegna aðkeyptrar þjónustu og sérverkefna sem unnin hafa verið af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum og kennurum íslenskra háskóla. Meðfylgjandi eru þó upplýsingar um kaup á sérfræðiþjónustu af fyrirtækjum tveggja fyrrverandi starfsmanna og kaup á þjónustu beint af háskóla.	3.806.527
Iðnaðarráðuneytið	Iðnaðarráðuneyti hefur greitt fyrir tvö verkefni unnin af Háskóla Íslands á umræddu tímabili. Reikningar frá Háskóla Íslands eru ekki sundurliðaðir með tilliti til þess hvaða starfsmenn hafa unnið að verkefnunum og í hve miklum mæli. Iðnaðarráðuneyti hefur ekki aðgang að starfsmannalista háskólanna né upplýsingar um hverjir hafa verið fyrrverandi og núverandi starfsmenn eða kennarar við íslenska háskóla.	3.609.999
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Ekki hefur með aðgengilegum hætti reynst unnt að nálgast upplýsingar í bókhaldinu um sundurliðun á því hvaða starfsmenn eða kennarar viðkomandi skóla hafa komið að vinnslu viðkomandi verkefna. Af sömu ástæðu er heldur ekki hægt að svara því hvaða önnur verkefni, sem ráðuneytið hefur látið vinna, hafa verið unnin af núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða kennurum íslenskra háskóla.	23.974.538
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	–	4.472.561
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	–	2.488.713
Umhverfisráðuneytið	–	2.437.000
Utanríkisráðuneytið	Bókhald utanríkisráðuneytisins er ekki unnið þannig að merkt sé sérstaklega við reikninga frá einstaklingum sem eru eða hafa verið starfsmenn íslenskra háskóla. Þeir sérfræðingar sem unnið hafa fyrir ráðuneytið hafa án efa margir reynslu úr háskólaumhverfinu en ráðuneytið á óhægt með að segja nákvæmlega til um það.	–
		Samtals 133.614.383

4. Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir einstökum aðkeyptum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf, sundurgreint annars vegar eftir háskólum og hins vegar eftir einstökum starfsmönnum og kennurum?

Ráðuneyti	**Verkefni**	**Háskóli**	**Starfsmaður**	**Kostnaður**
Forsætisráðuneyti	Hlutdeild í námskeiðskostnaði í stjórnsýslurétti	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	350.000
Forsætisráðuneyti	Þátttökugjald á námskeið fyrir lögfræðinga Stjórnarráðsins	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	25.000
Forsætisráðuneyti	Hlutdeild í kostnaði vegna komu og fundar í forsætisráðuneyti með Yih-Jeou Wang verkefnisstjóra hjá OECD Government Project	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	50.000
Forsætisráðuneyti	Undirbúningur, framkvæmd og kennsla á starfsdegi forsætisráðuneytisins þann 21. ágúst 2009	Háskóli Íslands	Ómar H. Kristmundsson	90.000
Forsætisráðuneyti	Greinargerð um áhrif alþjóðlegrar fjármálakreppu	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	810.000
Forsætisráðuneyti	Gjald í rannsóknarsjóð HÍ	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	81.000
Forsætisráðuneyti	Ísland 2009. Stöðuskýrsla. Unnið af Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	4.250.000
Forsætisráðuneyti	Ritlaun fyrir Sögu Íslands IX	Háskóli Íslands	Gunnar Karlsson	1.000.000
Forsætisráðuneyti	Þjónusta við verkefnishóp um samkeppnishæfni innan 20/20 sóknaráætlunar fyrir Ísland	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	1.000.000
Forsætisráðuneyti	Rannsókn á íslensku efnahagslífi samkvæmt samningi	Rannsóknarþjónusta HR	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	10.000.000
Forsætisráðuneyti	Rannsókn á íslensku efnahagslífi samkvæmt samningi	Rannsóknarþjónusta HR	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	10.000.000

Ráðuneyti	Verkefni	Háskóli	Starfsmaður	Kostnaður
Forsætisráðuneyti	Rannsókn á íslensku efnahagslífi skv. samningi	Rannsóknar-þjónusta HR	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni þar sem þær upplýsingar vantar.	10.000.000
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	Lögfræðiþjónusta á sviði mannréttindamála	Háskóli Íslands	Björg Thorarensen	3.720.395
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	Lögfræðiþjónusta á sviði mannréttindamála	Háskóli Reykjavíkur	Þórdís Ingadóttir	720.000
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Skýrsla um hlutafélagalög og einkahlutafélagalög í ljósi fjármálaáfallsins á Íslandi haustið 2008	Háskóli Íslands	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	1.992.000
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Skýrsla um stöðu neytendamála á Íslandi og aðgerðir til úrbóta	Háskóli Íslands Félagsvísinda-stofnun	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	3.112.500
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Skýrsla um stöðu neytendamála á Íslandi og aðgerðir til úrbóta	Háskóli Íslands Hagfræðistofnun	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	3.112.500
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Skýrsla um stöðu neytendamála á Íslandi og aðgerðir til úrbóta	Háskóli Íslands Lagastofnun	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	3.486.000
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Lokagreiðsla v. ritun sögu viðskiptaráðuneytisins, greiðslan er vegna 2006	Háskóli Íslands Sagnfræðistofnun	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	950.000
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Álitsgerð fyrir nefnd um erlenda fjárfestingu	Háskóli Íslands Lagastofnun	Ráðuneytið vísar á háskólana vegna upplýsinga um hvaða starfsmenn hafi unnið við viðkomandi verkefni.	373.500
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Skýrsla um endurskoðun almannatrygginga	Háskóli Íslands	Stefán Ólafsson	755.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Lögfræðileg samantekt v/lagafrumvarps	Háskóli Íslands	Lagastofnun	323.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Vinna við endurskoðun almannatryggingalaga	Háskóli Íslands	Ragnhildur Helgadóttir	72.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Vinna við endurskoðun almannatryggingalaga	Háskóli Íslands	Ragnhildur Helgadóttir	171.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Húsnæðiskönnun 2007	Háskóli Íslands	Félagsvísindastofnun	2.200.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Samning lagafrumvarps	Háskóli Íslands	Lagastofnun	909.500
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Ráðgjöf v/almannatryggingalaga	Háskóli Íslands	Ragnhildur Helgadóttir	42.500
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Sérfræðingsvinna, stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum	Háskóli Íslands	Hrefna Friðriksdóttir	322.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Útreikningar v/barnatrygginga	Háskóli Íslands	Arnaldur Sölvi Kristjánsson	280.000

Ráðuneyti	Verkefni	Háskóli	Starfsmaður	Kostnaður
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Vinna við endursk. barnaverndarlaga	Háskóli Íslands	Hrefna Friðriksdóttir	1.176.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Fyrirtækjarækt, vinnustofa	Háskólinn í Reykjavík	Opni háskólinn	1.280.300
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Ráðgjöf v/frumvarps barnaverndarlaga	Háskóli Íslands	Hrefna Friðriksdóttir	212.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Skýrsla um flæði fólks út af vinnumarkaði	Háskóli Íslands	Stefán Ólafsson	208.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Vinna að fjölskylduvog	Háskólinn á Bifröst	Rannsóknarmiðstöðin Bifröst	238.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Skýrsla um launamun kynjanna	Háskóli Íslands	Hagfræðistofnun	770.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum I. hluti	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	1.000.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum I. hluti	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	1.700.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	500.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	1.500.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði	Háskóli Íslands	Félagsvísindastofnun	3.101.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum I. hluti	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	2.240.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi gegn konum í nánum samböndum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	1.000.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	700.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi gegn konum í nánum samböndum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	500.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	500.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Könnun velferðarvaktar á tilk. til barnaverndarnefndar	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	300.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	1.500.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Vottun jafnra launa	Háskólinn í Reykjavík		1.700.000
Félags- og trygginga-málaráðuneytið	Rannsókn á ofbeldi gegn konum	Háskóli Íslands	Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd	500.000
Fjármálaráðuneytið	Mat a áhrifum skattbreytinga	Háskóli Íslands	Ekki vitað	7.500.000
Fjármálaráðuneytið	Vinna fyrir skattanefnd	Háskóli Íslands	Ekki vitað	3.097.600
Fjármálaráðuneytið	Aðstoð við útreikning v. losun gróðurhúsalofts	Háskóli Íslands	Ekki vitað	404.250
Fjármálaráðuneytið	Þátttaka í verkefni Þekkingat. á heilbr.sv.	Háskóli Íslands	Ekki vitað	1.000.000
Heilbrigðisráðuneytið	Nefnd um sjúkraskrár		DP Lögmenn/ Dögg Pálsdóttir	1.062.500
Heilbrigðisráðuneytið	Ýmis ráðgjöf		S&G Ráðgjöf ehf./ Guðjón Magnússon	1.759.827
Heilbrigðisráðuneytið	Gerð skýrslu	Háskólinn á Bifröst		984.200

Ráðuneyti	Verkefni	Háskóli	Starfsmaður	Kostnaður
Iðnaðarráðuneytið	Úttekt á samþættingu jafnréttissjónarmiða	Háskóli Íslands	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum	1.000.000
Iðnaðarráðuneytið	Skýrsla um þjóðhagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda	Háskóli Íslands	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands	2.609.999
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Mat á skólastarfi	Háskóli Íslands	Ýmsir	8.595.030
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Könnun á menningarþátttöku	Háskóli Íslands	Ýmsir	2.700.000
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	Háskóli Íslands	Ýmsir	2.038.327
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Íslenskukennsla f. útlendinga	Háskóli Íslands	Ýmsir	340.000
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Mat á skólastarfi	Háskólinn á Akureyri	Ýmsir	4.594.800
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Mótun framtíðarst. rn. um læsi	Háskólinn á Akureyri	Ýmsir	238.300
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Greinargerðar til framkv.stj. ESB	Háskólinn á Akureyri	Ýmsir	350.000
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Prófkostnaður	Landbúnaðar-háskóli Íslands	Ýmsir	1.646.236
Mennta- og menningar-málaráðuneytið	Námsskrárgerð	Kennaraháskóli Íslands	Ýmsir	3.471.845
Samgöngu- og sveitar-stjórnarráðuneytið	Skýrsla um flugmengun	Háskóli Íslands	Kemur ekki fram á gögnum	825.000
Samgöngu- og sveitar-stjórnarráðuneytið	Málfundur um sóknaráætlun	Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri	Gunnhildur Helgadóttir	60.375
Samgöngu- og sveitar-stjórnarráðuneytið	Heildarendurskoðun umferðarlaga	Háskóli Íslands	Róbert R. Spanó	1.240.000
Samgöngu- og sveitar-stjórnarráðuneytið	Endurskoðun sveitarstjórnarlaga	Háskóli Íslands	Trausti Fannar Valsson	2.047.186
Samgöngu- og sveitar-stjórnarráðuneytið	Sameining Keflavíkurflugvallar ohf og Flugstoða ohf.	Háskóli Íslands	Margrét S. Björnsdóttir	300.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Gæðastýring sauðfjár	Háskóli Íslands	Skarphéðinn Pétursson	630.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Tölfræðiráðgjöf viktun sjáv.	Háskóli Íslands	Helgi Tómasson	660.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Álitsgerð netlagnamál	Háskóli Íslands	Helgi Áss Grétarsson	467.500
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Álitsgerð frístundaveiðar	Háskóli Íslands	Jónatan Þórmundsson	448.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Greinargerð um fyrningarleiðir	Háskóli Íslands	Daði Már Kristófersson	283.213
Umhverfisráðuneytið	Álitsgerð um mat á umhverfisáhrifum Vestfj.v., Hellish.v. o.fl.	Háskóli Íslands	Sigurður Líndal	150.000
Umhverfisráðuneytið	Frumvarp til laga um breyt. á lögum um varnir gegn snjóflóðum	Háskóli Íslands	Eiríkur Tómasson	32.000
Umhverfisráðuneytið	Undirbún., heimildaröflun og ritun minnisblaðs	Háskóli Íslands	Róbert Spanó	90.000
Umhverfisráðuneytið	Frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar	Háskóli Íslands	Aðalheiður Jóhannsdóttir	408.000

Ráðuneyti	Verkefni	Háskóli	Starfsmaður	Kostnaður
Umhverfisráðuneytið	Ráðgjöf um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs	Háskóli Íslands	Ingibjörg Halldórsdóttir	75.000
Umhverfisráðuneytið	Vinna við frumvarp til laga um umhverfisábyrgð	Háskóli Íslands	Guðný Björnsdóttir	1.672.000
Umhverfisráðuneytið	Fundur um nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga	Háskóli Íslands	Aðalheiður Jóhannsdóttir	10.000
Utanríkisráðuneytið	Bókhald utanríkisráðuneytisins er ekki unnið þannig að merkt sé sérstaklega við reikninga frá einstaklingum sem eru eða hafa verið starfsmenn íslenskra háskóla. Þeir sérfræðingar sem unnið hafa fyrir ráðuneytið hafa án efa margir reynslu úr háskóla-umhverfinu en ráðuneytið á óhægt með að segja nákvæmlega til um það.			
			Samtals	**133.614.383**

1527. Breytingartillaga [705. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Eftirfarandi breyting verði á tillögugreininni:

Við II. lið 8. mgr. bætist þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

4. Sjálfstæð og óháð rannsókn á verklagi og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til loka ársins 2009. Rannsóknin taki til verklags og ákvarðanatöku við afskriftir krafna á hendur fyrirtækjum og hvort og hvernig birta beri afskriftir og aðra fjármálalega fyrirgreiðslu fyrirtækja.
5. Sjálfstæð og óháð rannsókn á ákvarðanatöku stjórnenda og stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, sbr. 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 125/2008.
6. Sjálfstæð og óháð úttekt á stjórnkerfi landsins. Rannsóknin taki til starfsemi og skipulags ráðuneyta og stofnana og hafi það að markmiði að efla samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Greinargerð.

Lagt er til að stofnuð verði sérstök nefnd á vegum Alþingis sem rannsaki verklag og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og til loka ársins 2009 en þá tók eftirlitsnefnd samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, til starfa. Telur flutningsmaður rétt

að nefndin kanni starfsvenjur og verklagsreglur eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja og framkvæmd þeirra með tilliti til samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða ásamt því að kanna hvernig íslensk fjármálafyrirtæki hafa framfylgt tilmælum stjórnvalda frá 2. desember 2008, um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, og áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Þá telur flutningsmaður rétt, m.a. í þeim tilgangi að eyða tortryggni og grunsemdum um óeðlileg vinnubrögð innan fjármálastofnana, að lagt verði mat á hvort mistök, mismunun eða óeðlilegir starfshættir hafi átt sér stað á þessum tíma. Að öðru leyti skal rannsóknin fara fram í samræmi við önnur sjónarmið sem fram koma í frumvarpi til laga um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009 á þskj. 882, 504. mál.

Lagt er til að ráðist verði í sérstaka og óháða rannsókn á ákvarðanatöku stjórnenda og stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, sbr. 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 125/2008. Skal rannsóknin hafa það markmið að kanna lögmæti téðra ákvarðana. Nánar tiltekið er m.a. átt við ákvarðanir er snerta fjármálafyrirtækin SPRON hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., VBS fjárfestingarbanka hf., Byr hf., Saga Capital fjárfestingarbanka hf., Askar Capital hf., Straum Burðarás fjárfestingarbanka hf., aðra sparisjóði og fjármálastofnanir.

Lagt er til að Alþingi hlutist til um að gerð verði sjálfstæð og óháð úttekt á stjórnkerfi landsins sem taki til starfsemi og skipulags ráðuneyta og stofnana. Í ljósi þeirrar alvarlegu gagnrýni sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á starfshætti íslenskra stjórnvalda telur flutningsmaður eðlilegt að sérfræðingar verði fengnir til þess að leggja mat á og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á starfrækslu og skipulagi ráðuneyta og undirstofnana. Skal markmið að baki slíkri úttekt vera að færa íslenska stjórnsýslu í átt til þess sem best gerist hvað samkeppnishæfni varðar að teknu tilliti til smæðar íslensku þjóðarinnar. Telur flutningsmaður nauðsynlegt að við framkvæmd téðrar úttektar verði lögð sérstök áhersla á að kortleggja samskipti fjármálaráðuneytisins og annarra fagráðuneyta. Þá telur flutningsmaður rétt að með téðri úttekt fari fram greining og lagt verði mat á starfshætti og skipulag hvers fagráðuneytis hvað varðar innri starfsemi, veitingu þjónustu, almennt og sértækt eftirlit á fagsviði og aðild að stjórnsýslusamningum í víðri merkingu. Skal í slíkri úttekt felast annars vegar mat á mikilvægi einstakra þátta starfseminnar, að teknu tilliti til þarfa fjölda íbúa þar að baki, og hins vegar mat á því hvar raunveruleg ábyrgð á starfseminni liggur. Einnig telur flutningsmaður rétt að ábyrgð ráðuneyta á undirstofnunum verði skýrð og skilgreind ásamt því sem boðleiðir innan stjórnsýslunnar verði kortlagðar. Mikilvægt er að læra ekki aðeins af eigin reynslu heldur einnig, og þá ekki síður, af reynslu annarra þjóða. Eins og bent er á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis virðast Íslendingar hafa á tíðum horft fram hjá þeim takmörkunum sem hljótast af því hve smá þjóðin er. Í því ljósi telur flutningsmaður æskilegt að hin sjálfstæða og óháða rannsókn verði framkvæmd af sérfræðingum sem hafa töluverða reynslu af störfum erlendis en hafi þó jafnframt víðtæka þekkingu og reynslu af því að lifa og starfa á Íslandi. Benda má á að margir Íslendingar hafa á undanförnum árum aflað sér fjölbreytilegrar starfsreynslu og menntunar erlendis og búa þar jafnvel og starfa enn. Má því samandregið segja að flutningsmaður telji þörf á því að stjórnkerfi landsins sé skoðað frá ytra sjónarhorni en slík skoðun byggist þó á forskilningi á íslenskum aðstæðum.

1528. Svar [700. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um lífeyrisskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga.

1. *Hverjar eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar og framtíðarlífeyrisskuldbindingar í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu hins opinbera?*

Áfallnar skuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) eru sundurliðaðar eftir launagreiðendum, út frá því er áætluð hlutdeild ríkisins í áföllnum skuldbindingum. Sambærileg sundurliðun eftir launagreiðendum liggur ekki fyrir vegna framtíðarskuldbindinga en miðað er við sama hlutfall og í áföllnum skuldbindingum.

Ekki tókst, innan þess tímafrests sem veittur er til svars, að afla umbeðinna upplýsinga frá sveitarfélögunum og fyrirtækjum þeirra.

Áfallin lífeyrisskuldbinding B-deildar LSR var 506,8 milljarðar kr. í árslok 2009. Núvirtar eignir sjóðsins voru metnar 190,7 milljarðar kr. þannig að skuldbinding umfram eignir var 316,0 milljarðar kr. í lok ársins. Þessi hluti skuldbindingarinnar kemur til með að verða fjármagnaður með tvennum hætti. Annars vegar með endurgreiðslu frá launagreiðendum fyrir þeirra hlut í lífeyrisgreiðslum sjóðsins (lífeyrishækkanir) og hins vegar með greiðslum frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Af áfallinni skuldbindingu umfram eignir er hlutdeild ríkissjóðs metin 290,1 milljarður kr. eða 92%.

B-deild LSR (í millj. kr.)

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu í árslok 2009	**Fjárhæð**	**Áætluð hld. ríkissjóðs**
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	190.742	
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997)	214.481	188.611
Krafa á ríkissjóð v/ bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997)	101.532	101.532
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**506.755**	**290.143**
Hlutdeild ábyrgðaraðila í framtíðarskuldbindingu		
Núvirði framtíðariðgjalda	23.858	
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997)	28.639	25.185
Krafa á ríkissjóð v/ bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997)	4.781	4.781
Framtíðarskuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**57.278**	**29.966**
Heildarskuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**564.034**	**320.109**

Áfallin lífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga var 59,5 milljarðar kr. í árslok 2009. Núvirtar eignir sjóðsins voru metnar 21,4 milljarðar kr. þannig að skuldbinding umfram eignir var 38,0 milljarðar kr. í lok ársins. Þessi hluti skuldbindingarinnar kemur til með að verða fjármagnaður með tvennum hætti. Annars vegar með endurgreiðslu frá launagreiðendum fyrir þeirra hlut í lífeyrisgreiðslum sjóðsins (lífeyrishækkanir) og hins vegar með

greiðslum frá ríkissjóði og öðrum launagreiðendum vegna bakábyrgðar. Af áfallinni skuldbindingu umfram eignir er hlutdeild ríkissjóðs metin 37,1 milljarður kr. eða 98%.

Framtíðarskuldbinding B-deildar LSR var metin 57,2 milljarðar kr. miðað við árslok 2009 og 6,2 milljarðar kr. hjá LH. Hlutdeild ríkissjóðs í framtíðarskuldbindingunni er metin 30,0 milljarðar kr. hjá B-deild LSR og 4,2 milljarðar kr. hjá LH.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (í millj. kr.)

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu í árslok 2009	Fjárhæð	Áætluð hld. ríkissjóðs
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	21.368	
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997)	29.721	28.916
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997)	8.409	8.181
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**59.498**	**37.098**
Hlutdeild ábyrgðaraðila í framtíðarskuldbindingu		
Núvirði framtíðariðgjalda	1.966	
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997)	3.124	3.039
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997)	1.158	1.127
Framtíðarskuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**6.248**	**4.166**
Heildarskuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	**65.746**	**41.264**

Áætlað er að hlutdeild ríkissjóðs í skuldbindingum B-deildar LSR og LH umfram eignir sjóðanna sé samtals 361,4 milljarðar kr. vegna heildarskuldbindinga. Þar ef eru 245,8 milljarðar kr. vegna hlutdeildar ríkissjóðs í greiðslu lífeyrishækkana og 115,6 milljarðar kr. vegna bakábyrgðar.

Hlutdeild ríkissjóðs í skuldbindingum B-deildar LSR og LH (í millj. kr.)

Vegna áfallinnar skuldbindingar í árslok 2009	B-deild LSR	LH	Samtals
Krafa á ríkissjóð vegna lífeyrishækkana	188.611	28.916	217.527
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	101.532	8.181	109.713
Samtals vegna áfallinnar skuldbindingar	**290.143**	**37.098**	**327.241**
Vegna framtíðarskuldbindingar			
Krafa á ríkissjóð vegna lífeyrishækkana	25.185	3.039	28.224
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	4.781	1.127	5.908
Samtals vegna framtíðarskuldbindingar	**29.966**	**4.166**	**34.132**
Samtals vegna heildarskuldbindingar	**320.109**	**41.264**	**361.373**

2. *Á hvaða árabili koma þessar skuldbindingar til greiðslu miðað við áætlaðar meðallífslíkur þeirra sjóðfélaga sem eiga umrædd lífeyrisréttindi?*

Talnakönnun hf. hefur í tengslum við tryggingafræðilega athugun reiknað út framtíðarsjóðsstreymi fyrir B-deild LSR og LH, sem miðast bæði við áfallin réttindi og áunnin réttindi í framtíðinni. Hlutur ríkissjóðs í lífeyrishækkunum er áætlaður sá sami og hlutfall af áföllnum skuldbindingum. Bakábyrgð ríkissjóðs kemur til greiðslu þegar sjóðirnir tæmast og hallinn á sjóðunum því fjármagnaður af ríkissjóði frá þeim tímapunkti.

Eftirstæðar eignir B-deildar LSR og LH eru að stærstum hluta til komnar vegna aukagreiðslna frá ríkissjóði. Miðað við úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2009 var niðurstaðan sú að með aukagreiðslum frá ríkissjóði hafði tekist að fresta því til ársins 2022 að óuppgerður hluti B-deildar LSR kæmist í þrot og LH til ársins 2028.

Ríkissjóður greiðir mánaðarlega til sjóðanna lífeyrishækkanir en við það að sjóðirnir tæmast eykst greiðslubyrði ríkissjóðs verulega vegna bakábyrgðar hans.



Greiðslur ríkissjóðs vegna lífeyrishækkana munu nema 6–10 milljörðum kr. í framtíðinni en þegar bakábyrgðin fellur á ríkissjóð árið 2022 munu greiðslurnar nema samtals 25 milljörðum kr. og vera á bilinu 25–30 milljarðar kr. fram til ársins 2035. Eftir það fara greiðslurnar lækkandi.

3. *Telur ráðherra raunhæft að áætla að ríkissjóður og sveitarfélög muni að óbreyttu geta staðið undir umræddum skuldbindingum?*

Líkt og fram kemur í svari við 2. tölul. hafa flýtigreiðslur ríkissjóðs undanfarin ár tryggt getu B-deildar LSR og LH til að standa undir skuldbindingum sínum, fram til áranna 2022 hjá LSR og 2028 hjá LH. Áætlanir í ríkisfjármálum gera ráð fyrir batnandi stöðu ríkissjóðs á næstu árum og er mikilvægt að með bættri afkomu verði haldið áfram að greiða inn á skuldbindingu ríkissjóðs hjá lífeyrissjóðunum til að jafna greiðslubyrði ríkissjóðs.

Jafnframt verður uppgjörum á lífeyrisskuldbindingum vegna verkefna sem voru í samrekstri ríkissjóðs og sveitarfélaga fram til ársins 1990 hraðað, þannig að endanleg hlutdeild hvors aðila í skuldbindingum verði ljós.

4. *Hefur verið gerð áætlun um það í fjármálaráðuneytinu með hvaða hætti þessar skuldbindingar verða greiddar? Ef svo er, í hverju felst sú áætlun?*

Á grundvelli árlegra úttekta á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðanna hefur ríkissjóður grundvallað greiðslur sínar til sjóðanna með það að markmiði að jafna greiðslubyrði sína eins og kostur er yfir þann tíma sem skuldbindingarnar falla til.

1529. Svar [640. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um sauðfjárveikivarnarlínur.

1. *Hvernig hyggst ráðherra svara gagnrýni sem fram hefur komið á niðurfellingu sauðfjárveikivarnarlína á landinu með auglýsingu nr. 793/2009 í nóvember 2009?*

Það liggur fyrir að á síðastliðnu ári hefur Matvælastofnun haldið fjölmarga kynningarfundi með hagsmunaaðilum þar sem farið hefur verið yfir forsendur þeirra breytinga sem gerðar voru á sauðfjárveikivarnarlínunum og reynt að gera aðilum grein fyrir að þörf var á breytingum til að ná fram hagræðingu í viðhaldi á varnarlínukerfinu í heild, án þess að það kæmi niður á sjúkdómsástandi sauðfjárstofnsins varðandi þá búfjársjúkdóma sem valdið geta stórfelldu tjóni. Hitt liggur fyrir að nokkur gagnrýni hefur komið fram á þessar breytingar. Þannig hefur til að mynda gagnrýni verið byggð á þeim forsendum að niðurfelling girðinga mundi skapa erfiðleika við smalamennsku, sem ekki getur fallið undir verkefni ríkisins að leysa. Í slíkum tilvikum hefur hlutaðeigandi sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum verið gefinn kostur á að taka við viðhaldi girðinga. Þá ber að halda til haga að það kom sér mjög vel, eftir að gos hófst í Eyjafjallajökli og aska þaðan olli fólki og fénaði miklum erfiðleikum, að fært var að flytja á annað þúsund fjár í hreina haga austur í Skaftafellssýslu og þaðan má nú flytja féð heim aftur, þar sem búið var að leggja niður varnarlínur á þessu svæði. Fyrir ári hefði þetta ekki verið hægt.

Ráðherra hefur frá upphafi lagt áherslu á að hafa samráð við Landssamtök sauðfjárbænda um frekari vinnslu málsins. Greinargerð samtakanna tilgreinir eftirfarandi áhersluatriði þeirra í ljósi núverandi stöðu.

Áhersluatriði samtakanna eru skáletruð en viðbrögð ráðuneytisins koma fram að þeim loknum:

a. *Að Reyðarfjarðarlína verði tekin upp að nýju í ljósi garnaveikitilfellis sem greindist í Fáskrúðsfirði í ársbyrjun 2010.* Ráðuneytið vísar hér til svars við 2. tölul.
b. *Girðingar sem lagðar hafa verið af sem varnarlínur og hagsmunaaðilar vilja ekki taka við verði fjarlægðar en tryggt verði fjármagn til viðhalds þeirra sem eftir standa.* Ráðuneytið mun leitast við að verða við þessu eftir því sem fjárveitingar leyfa.
c. *Gætt verði sérstaklega að verndun líflambasölusvæða í ljósi stækkunar varnarhólfa. Farið verði sérstaklega yfir ákvarðanir um niðurfellingu lína í kringum hólfin svo sem í Hornafirði.* Verndun líflambasölusvæða er forgangsatriði í sauðfjárveikivörnum að

mati ráðuneytisins. Umrædd niðurfelling á línum hefur verið rædd við Matvælastofnun en stofnunin telur engin fagleg rök vera fyrir því að taka upp á ný varnarlínuna í Hornafirði. Þetta mál er þó ekki enn útrætt.

d. *Fundnar verði leiðir til þess að gera upplýsingar um sjúkdómastöðu einstakra búa aðgengilegri fyrir kaupendur líflamba, hvort sem er af sölusvæðum eða við viðskipti innan hólfs. Mögulega gæti það verið með gagnagrunni á netinu eða með því að bjóða upp á stöðluð vottorð um sjúkdómastöðu sem kaupendur gætu farið fram á af hendi seljanda.* Undir þetta hefur verið tekið að hálfu ráðuneytisins og aðilar munu leggja sig fram um að gera upplýsingarnar eins aðgengilegar og unnt er.

2. *Hefur ráðherra í hyggju að fella auglýsinguna úr gildi að hluta eða í heild, og þá sérstaklega með tilliti til Hornafjarðarlínu?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. telur Matvælastofnun ekki rök fyrir því að endurreisa Hornafjarðarlínu. Á hinn bóginn hefur verið ákveðið að endurreisa Reyðarfjarðarlínu vegna þess að upp kom garnaveiki í Fáskrúðsfirði í vetur, sunnan línunnar. Því er þörf á að gera þessa línu að aðalvarnarlínu þar sem sauðfé norðan hennar er laust við garnaveiki. Matvælastofnun hefur unnið að gerð tillögu til ráðuneytisins varðandi þessa breytingu og er hún á lokastigi. Það hefur tafið fyrir að upp kom ágreiningur við landeigendur í Reyðarfirði sem telja að upptaka téðrar línu valdi þeim tjóni hvað varðar nýtingu lands síns. Þetta mál þarf að leysa áður en hægt er að gera girðinguna að varnarlínu á ný.

1530. Svar [694. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um lánveitingar til Saga Capital, VBS fjárfestingarbanka og Askar Capital.

1. *Hafa Saga Capital og VBS fjárfestingarbanki staðið við eftirgreind skilyrði lánveitingar samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðuneytið gekk frá við fyrirtækin í mars 2009 til að treysta innheimtu veðskulda, sem ríkið yfirtók frá Seðlabankanum, en samkomulag við fyrirtækin fól í sér að verðbréfum var breytt í lán til sjö ára sem yrðu verðtryggð með 2% vöxtum og voru skilyrðin sett sem forsenda fyrir skuldbreytingunni, og ef lántaki stæði ekki við skilyrðin meðan skuld lánsins væri enn ógreidd gæti lánveitandi með skriflegri tilkynningu og 30 daga fyrirvara til skuldara gjaldfellt lánið:*
   a. *ekki greitt út arð á lánstímanum, nema til komi samsvarandi niðurgreiðsla á höfuðstól þessa láns; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;*

Hvorugt félagið hefur greitt út arð frá því ritað var undir lánasamninginn.

   b. *stillt kaupaukum til starfsmanna lántaka í hóf og tryggt að þeir séu í samræmi við gengi lántaka og almennar launagreiðslur og umbun á fjármálamarkaði; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;*
   c. *lagt fram rökstuðning vegna kaupaukagreiðslna og aflað samþykkis lánveitanda áður en stofnað hefur verið til réttar starfsmanns eða stjórnarmanns til slíks kaupaukaréttar; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;*

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum félaganna, sem m.a. kom fram í máli þeirra fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, hafa ekki verið um neinar bónusgreiðslur að ræða hjá félögunum.

d. ekki heimilað kaup lántaka á eigin bréfum til niðurfærslu hlutafjár (óbein arðgreiðsla); ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Félögin hafa ekki keypt eigin bréf.

e. tryggt að einstakar stórar áhættuskuldbindingar lántaka fari ekki yfir 20% af CAD eigin fé;

VBS tilkynnti um að einstakar stórar áhættuskuldbindingar væru yfir mörkum. Það stafaði ekki af nýjum lánum til aðila heldur af minnkandi eiginfjárgrunni og breyttum hlutföllum í efnahagsreikningi bankans.

f. skilað ítarlegu rekstraryfirliti og skýrslu um stöðu og horfur í rekstri lántaka á þriggja mánaða fresti til lánveitanda, í sambærilegu formi og skýrslugjöf og forstjóri veitir stjórn á hverjum tíma; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Viðskipta- og rekstraráætlanir voru kynntar ráðuneytinu reglulega sem liður í því að meta endurgreiðsluáhættu skuldara og framtíðarhorfur rekstrar.

g. tryggt að útlánavöxtur takmarkist við innlendan fjármögnunargrunn og að vöxtur útlánasafns leiði ekki til skerts endurgreiðsluhæfis lántaka; hefur ítarlegu yfirliti um þróun útlána verið skilað til lánveitanda á þriggja mánaða fresti og hafa verið gerðar athugasemdir eða frekari skilyrði um frekari vöxt útlánasafns skuldara; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Hvorugur bankinn hafði viðskiptabankaleyfi og var þar með óheimilt að safna innlánum sem á þessum tíma var eina færa fjármögnunarleið banka á Íslandi.

h. tryggt að CAD-hlutfall lántaka sé ekki lægra en 10% á lánstímanum; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

CAD-hlutfall VBS fjárfestingarbanka var komið undir 10% snemma árs 2010 og óskaði stjórn bankans eftir því við Fjármálaeftirlitið þann 3. mars 2010 að skipuð yrði bráðabirgðastjórn skv. 100 gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. VBS fjárfestingarbanki var svo tekinn til slitameðferðar 9. apríl 2010 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. CAD hlutfall Saga Capital hefur verið fyrir ofan 10%.

i. hefur lántaki viðhaldið viðunandi lausafé og rekstrarhæfi að mati Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands á lánstímanum; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að Seðlabankinn og FME hafi gert formlegar athugasemdir við lausafjárstöðu bankanna. VBS fjárfestingarbanki tilkynnti hins vegar ráðuneytinu um erfiða lausafjárstöðu síðla árs 2009.

j. hefur fyrirgreiðsla verið aukin til venslaðra aðila (með þeirri undantekningu þó ef einstaklingur í viðskiptum hefur störf eða tekur sæti í stjórn, eða aukningin er tilkom-

in vegna breytingar á hjúskaparstöðu viðkomandi); ef svo er, af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að fyrirgreiðslur til venslaðra aðila hafi aukist.

k. hefur lántaki fyrir lok árs 2009 lokið innleiðingu Stjórnarhátta fyrirtækja skv. 2. útgáfu leiðbeininga sem útgefnar voru af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Saga Capital hefur lokið við innleiðingu Stjórnarhátta fyrirtækja skv. 2. útgáfu um leiðbeininga sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins en ráðuneytinu er ekki kunnugt um það hvernig staðan var hjá VBS fjárfestingarbanka þegar félagið fór í slitameðferð.

l. tryggt að ársreikningar lántaka fyrir árið 2008 hafi verið samþykktir af stjórn og undirritaðir af löggiltum endurskoðendum eigi síðar en 31. mars 2009; ef ekki, þá af hverju og hvernig hefur ráðuneytið brugðist við;

Forstjóri Saga Capital óskaði eftir fresti til 2. apríl 2009 til að skila inn árituðu eintaki endurskoðenda þar sem þeir gátu ekki lokið verkefninu fyrr vegna anna. Ráðuneytið samþykkt beiðni um aukinn frest.

m. varð lausafjárstaða lántaka óviðunandi að mati Seðlabanka eða fór CAD-hlutfall skuldara einhvern tímann undir 10% á lánstímanum; ef svo er, af hverju og hvernig brást ráðuneytið við;

Ráðuneytinu var kunnugt um áhyggjur Seðlabankans af lausafjárstöðu VBS fjárfestingarbanka.

n. hefur lántaki einhvern tímann á lánstímanum tilkynnt um atvik sem eru fyrirsjáanleg til að valda vanefnd á lánasamningum eða fyrrnefndum skilyrðum?

Stjórnendur VBS fjárfestingarbanka tilkynntu ráðuneytinu áhyggjur sínar af því á 4. ársfjórðungi 2009 að félagið gæti átt erfitt með að standa við vaxtagreiðslu af láninu ef ekki kæmi til nýr fjárfestir að félaginu sem gæti styrkt efnahag og viðskiptaáætlun félagsins.

2. Voru sett sambærileg skilyrði þegar gengið var frá sambærilegu samkomulagi við Askar Capital hf.? Ef svo er, hver eru þá svörin við áðurgreindum spurningum? Ef svo er ekki, af hverju og hver voru þá lánaskilyrðin?

Askar Capital fengu einnig lán eins og fyrrnefndir fjárfestingarbankar og voru sambærileg skilyrði sett fyrir lánafyrirgreiðslu til þeirra. Það skuldabréf var svo selt um mitt ár 2009 til skilanefndar Glitnis sem notaði það sem eiginfjárframlag í fjárhagslegri endurskipulagningu Sjóvár. Frá þeim tíma hefur Sjóvá sinnt eigendahlutverkinu og framfylgt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lánasamningnum. Stjórn Askar Capital óskaði þann 14. júlí eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félaginu yrði skipuð slitastjórn.

Þann 11. febrúar 2010 var gert samkomulag við Eignaumsýslufélag Seðlabanka Íslands (ESÍ) um að það félag keypti til baka kröfur af fjármálaráðuneytinu og var framsal réttinda og uppgjör m.v. árslok 2009. Frá þeim tíma hefur ESÍ sinnt eigendahlutverkinu og eftirliti með skilmálum. Því nær svar við fyrirspurninni einungis til ársins 2009 þegar umræddir lánasamningar voru á forræði ráðuneytisins.

1531. Svar [698. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um auðlegðarskatt.

1. *Hvernig var tekjudreifing þeirra sem greiða auðlegðarskatt, þ.e. tekjur á árinu 2009,*
   a. *fjáreignatekjur,*
   b. *launatekjur?*

Byggt er á upplýsingum um skattframtöl einstaklinga fyrir árið 2009 eins og þau lágu fyrir við álagningu í júlí í þessu svari. Hluti framteljenda er með ófullkomin framtöl á þeim tíma og eru upplýsingar um þá ekki notaðar. Sömuleiðis eru framteljendur sem ríkisskattstjóri hefur áætlað tekjur hjá ekki notaðar. Gengið er út frá því að með fjáreignatekjum sé átt við fjármagnstekjur, eins og þær eru skilgreindar sem stofn fjármagnstekjuskatts. Upplýsingar um launatekjur eru um almennar launatekjur, þ.e. bætur almannatrygginga, lífeyrisgreiðslur, atvinnuleysisbætur o.þ.h., eru ekki meðtaldar. Hjón teljast ein fjölskylda í meðfylgjandi tölum. Við álagningu í ár var lagður á auðlegðarskattur að upphæð 3.817 millj. kr. Þar af eru 167 millj. kr. lagðar á einstaklinga sem eiga eignir hér á landi en virðast ekki hafa nein önnur tengsl við landið og fá t.a.m. ekki úthlutað persónuafslætti. Þegar álagning á þá og aðra sem tilgreindir eru hér fyrir ofan hefur verið dregin frá er eftir álagning sem nemur 3.473,4 millj. kr.

Tafla 1. Auðlegðarskattur 2009 eftir fjármagnstekjum.

Fjármagnstekjur 2009	Fjöldi fjölskyldna	Auðlegðarskattur, millj. kr.	Fjármagnstekjur, millj. kr.
<10 millj. kr.	910	487,3	5.013,1
10–20 millj. kr	554	593,2	7.733,7
20–30 millj. kr.	204	379,7	4.922,4
30–40 millj. kr.	107	329,2	3.699,8
40–50 m.kr	54	142,3	2.401,9
> 50 m.kr	246	1.541,6	34.726,9
Samtals	**2.075**	**3.473,4**	**58.497,8**

Tafla 2. Auðlegðarskattur 2009 eftir launatekjum.

Launatekjur 2009	Fjöldi fjölskyldna	Auðlegðarskattur, millj. kr.
engar launatekjur	657	1.147,4
<1 millj. kr.	163	343,0
1–2 millj. kr.	117	153,1
2–3 millj. kr.	105	169,8
3–4 millj. kr.	120	251,6
4–5 millj. kr.	103	116,9
5–6 millj. kr.	81	131,2
6–7 millj. kr.	90	115,9
7–8 millj. kr.	85	124,1
8–9 millj. kr.	67	65,6
9–10 millj. kr.	56	70,6
> 10 m.kr	431	784,2
Samtals	**2.075**	**3.473,4**

Til frekari upplýsingar fylgja hér einnig upplýsingar um dreifingu álagðs auðlegðarskatts eftir heildartekjum, þ.e. tekjuskattstofni að viðbættum fjármagnstekjum.

Tafla 3: Auðlegðarskattur 2009 eftir heildartekjum.

Heildartekjur 2009	Fjöldi fjölskyldna	Auðlegðarskattur, millj. kr.
<10 millj. kr.	387	186,2
10–20 millj. kr.	710	507,1
20–30 millj. kr.	390	457,1
30–40 millj. kr.	186	348,1
40–50 millj. kr.	91	248,7
>50 millj. kr.	311	1.726,1
Samtals	**2.075**	**3.473,4**

2. *Hve margir hafa ekki tekjur skv. 1. tölul. til að greiða auðlegðarskatt?*

Samkvæmt þessum upplýsingum er ekki hægt að sjá hvort einstaklingar „hafa ekki tekjur“ til að greiða álagðan auðlegðarskatt. Slíkt hlýtur að vera háð mati á því hvort taka eigi tillit til einhverra útgjalda einstaklings áður en til skattgreiðslu kemur. Það er þó t.d. ekki gert við álagningu tekjuskatts. Eðli eignarskatta er að þeir eru lagðir á eign en ekki tekjur og því kemur í sumum tilvikum til álita hvort saman fari eignir og tekjur af þeim. Fasteignaskattar sveitarfélaga eru lagðir á óháð því hvort eigandinn hafi tekjur til að greiða skattinn.

3. *Í hvaða löndum Evrópu er greiddur auðlegðarskattur (e. net wealth tax)? Hvað er undanþegið auðlegðarskatti í þeim löndum þar sem skatturinn er lagður á?*

Eignarskattar af ýmsum tegundum eru lagðir á í flestum löndum. Algengast er að fasteignaskattar séu tekjustofnar sveitarfélaga en eignarskattar af mismunandi tegundum eru einnig til. Til dæmis flokkast stimpilgjald sem eignarskattur. Þá eru lagðir skattar á dánarbú, erfðafé og gjafir.

Eignarskattur af eignum umfram skuldir er lagður á fyrirtæki í Lúxemborg. Á Spáni er lagður á eignarskattur en frá 2008 hefur hann verið endurgreiddur að fullu. Stighækkandi eignarskattur er lagður á í Noregi. Í Frakklandi er lagður á stighækkandi eignarskattur en húsnæðiseign er að hluta undanþegin. Eignarskattur er lagður á af kantónum í Sviss.

4. *Hefur ráðuneytið kannað hvers vegna auðlegðarskattur hefur verið afnuminn í sumum Evrópulöndum?*

Nei.

5. *Hefur ráðuneytið kannað hver raunskattlagning verður á fjáreignatekjur þegar 18% fjáreignatekjuskattur og 1,25% auðlegðarskattur er lagður saman?*

Ef greiddur hefur verið 18% skattur af fjármagnstekjum standa eftir 82% og eign einstaklingsins vex um þá upphæð. Á aukninguna leggst 1,25% auðlegðarskattur ef eignin var umfram eignamörk skattsins áður en til fjármagnsteknanna kom. Heildarskattlagning þannig fjármagnstekna er því 19,0%.

6. *Hefur ráðuneytið látið kanna hvar mörk eignarnáms og skattlagningar liggja þegar auðlegðarskattur er lagður á?*

Hér virðist gæta misskilnings hjá fyrirspyrjanda. Eignarnám er aðgerð af hálfu opinbers aðila þar sem einstaklingur er skyldaður til að láta af hendi eign sína vegna almenningsþarfar. Eignarnámsþoli fær fullar bætur fyrir eign sína. Ef fyrirspyrjandinn á við eignaupptöku, þ.e. ef skattgreiðandi er í þeirri stöðu að hann hefur ekki tekjur til að greiða skattinn og verður að selja eignir til að greiða skattinn þá gildir það sama um þennan skatt og aðra eignarskatta svo sem fasteignagjöld.

1532. Svar [697. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um skipan umsjónaraðila með lífeyrissjóðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða lífeyrissjóðum hefur ráðherra skipað umsjónaraðila samkvæmt lögum nr. 129/1997?

Eru sjóðirnir enn þá með umsjónaraðila og hafa umsjónar aðilarnir lagt fram tillögur um framtíð viðkomandi sjóða? Ef svo er, hverjar voru tillögur þeirra?

Ráðherra hefur fjórum sinnum frá gildistöku laga nr. 129/1997, 1. júlí 1998, skipað umsjónaraðila með lífeyrissjóðum. Í fyrsta skipti var það árið 2003 er Tryggingasjóði lækna var skipaður umsjónaraðili. Árið 2009 var hins vegar þrívegis skipaður umsjónaraðili yfir samtals sex lífeyrissjóðum. Fyrst var skipaður umsjónaraðili yfir Kili lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands og Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA), þá Íslenska lífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði Eimskipafélags Íslands og loks yfir Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar. Nánar um einstök tilvik:

Árið 2003 skipaði ráðherra lífeyrissjóði Tryggingasjóðs lækna umsjónaraðila eftir umsögn og tillögur frá Fjármálaeftirlitinu. Umsjónaraðili var skipuð Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður, með erindisbréfi ráðherra, dags. 3. janúar 2003. Bar umsjónaraðila að skila tillögum fyrir 1. febrúar s.á. og í samræmi við 2. mgr. 46. gr. laganna skyldu stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfaði. Tillaga umsjónaraðila eftir skoðun á málefnum sjóðsins og greinargerðum endurskoðanda var að sjóðnum skyldi slitið og skipuð skilanefnd, sbr. 3. mgr. 47. gr. laganna, en þar segir m.a. að ráðherra geti að tillögu umsjónaraðila ákveðið slit lífeyrissjóðs. Skal ráðherra þá skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar frá sama tíma. Skilanefnd skal taka ákvörðun um hvort sjóðnum skuli slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr. Hinn 19. febrúar 2003 ákvað ráðherra á grundvelli 3. mgr. 47. gr. laganna að skipa skilanefnd þriggja manna til að sjá um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Í skilanefndinni áttu sæti Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður og tveir sérfræðingar í fjármálaráðuneytinu. Tryggingasjóði lækna var slitið í kjölfarið en sá sjóður tók eingöngu við séreignarsparnaði, en rak ekki samtryggingardeild. Réttindi hafa því verið flutt til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar að vali rétthafa.

Hinn 17. mars 2009 skipaði ráðherra Viðar Lúðvíksson hæstaréttarlögmann sem umsjónaraðila yfir Kili lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands og Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA), eftir umsögn og tillögur frá Fjármálaeftirlitinu. Bar umsjónaraðila að skila tillögum fyrir 1. júlí s.á. og í samræmi við 2. mgr. 46. gr. laganna skyldu stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfaði. Hinn 30. júní s.á. lagði umsjónaraðili fram skýrslur um tvo fyrrnefndu sjóðina en skýrslu um EFÍA hinn 10. júní að loknum ársfundi sjóðsins þar sem gert var ráð fyrir að stjórn og framkvæmdastjóri tækju á ný við réttindum sínum og skyldum við yfirstjórn og rekstur EFÍA. Í skýrslunum er gerð grein fyrir álitaefnum sem upp komu á skipunartímanum, ábendingum um úrbætur og störfum hans fyrir sjóðina.

Hinn 17. mars 2009 skipaði ráðherra einnig umsjónaraðila yfir Íslenska lífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði Eimskipafélags Íslands II, eftir umsögn og tillögur frá Fjármálaeftirlitinu. Umsjónaraðili yfir þessum tveimur lífeyrissjóðum var skipuð Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður. Bar umsjónaraðila að skila tillögum fyrir 1. júlí s.á. og í samræmi við 2. mgr. 46. gr. laganna skyldu stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfaði. Gildistími erindisbréfs umsjónaraðila var síðan framlengdur til 1. október s.á. Í skýrslu umsjónarmanns til ráðherra, dags. 30. október, taldi hún að Íslenski lífeyrissjóðurinn væri vel fær um að starfa áfram og ekki væri þörf á því að leggja til neinar frekari breytingar en þegar höfðu verið gerðar á skipulagi hans. Hins vegar lagði umsjónaraðili til um Lífeyrissjóð Eimskipafélags Íslands II að þar sem sjóðurinn uppfyllti ekki lengur ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóða skyldi honum slitið í samræmi við 3. mgr. 47. gr. laganna og skipuð skilanefnd til að annast framkvæmd slitanna. Hér var um að ræða fámennan lífeyrissjóð með innan við tíu sjóðfélaga, en skv. 21. gr. laga nr. 129/1997 skulu að jafnaði minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs nema hann tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti. Samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins frá árinu 2000 bar Eimskipafélag Íslands hf. ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Sú ábyrgð færðist síðar yfir á Landsbanka Íslands hf. og Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. Hinn 11. febrúar 2010 skipaði ráðherra skilanefnd til að sjá um slit á sjóðnum. Í nefndina voru skipuð Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður og tveir sérfræðingar í fjármálaráðuneytinu. Hinn 22. júní s.á. gerði nefndin grein fyrir því að sjóðurinn hefði sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda frá og með 1. janúar 2010 og gert væri ráð fyrir að sjóðfélagar yrðu fyrir óverulegri skerðingu á lífeyrisréttindum sínum.

Hinn 19. júní 2009 skipaði ráðherra Elínu Jónsdóttur lögfræðing umsjónaraðila Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar eftir umsögn og tillögur frá Fjármálaeftirlitinu. Gildistími erindisbréfs umsjónaraðila var síðan framlengdur til 1. september s.á. Bar umsjónaraðila að skila tillögum og í samræmi við 2. mgr. 46. gr. laganna skyldu stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfaði. Starf umsjónaraðila leiddi til þess að gerðar voru breytingar á samþykktum fyrir lífeyrissjóðinn. Þær tillögur voru sendar Fjármálaeftirlitinu til umsagnar í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við þær tillögur og voru þær staðfestar af fjármálaráðuneytinu. Þær tillögur fólu m.a. í sér að breytt yrði framkvæmd á skipan stjórnar sjóðsins og skyldu þær miða að því að gera stjórn sjóðsins óháðari bæjarstjórn Kópavogs. Bæjarstjóri Kópavogsbæjar yrði ekki lengur sjálfkjörinn stjórnarformaður heldur yrði skipaður óháður oddamaður. Jafnframt var gerð breyting á framkvæmd fjárfestingarstefnu og kveðið á um verkferla og sérstakar reglur um lán til sjóðfélaga, auk þess sem iðgjald til sjóðsins var hækkað til samræmis við 2. gr. laga nr. 129/1997.

1533. Svar [696. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig samræmist fjárfesting 16 lífeyrissjóða í Framtakssjóði Íslands lögum um fjárfestingar lífeyrissjóða, nr. 129/1997, en í VII. kafla þeirra laga er tilgreint í hverju lífeyrissjóðir mega fjárfesta?

Lífeyrissjóði er heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum með vísan til ákvæðis til bráðabirgða VII í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sbr. lög nr. 171/2008 og lög nr. 130/2009. Í bráðabirgðaákvæðinu er veitt undanþága frá ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. laganna þegar fjárfesting í samlagshlutafélögum, þ.m.t. Framtakssjóði Íslands slhf., er annars vegar. Heimildin gildir til 31. desember 2013. Þó er lífeyrissjóði heimilt að halda allt að 20% eignarhlut í félögum sem þeir hafa fjárfest í fram yfir umrætt tímamark en nýjar fjárfestingar eða nýjar skuldbindingar í slíkum félögum eftir það lúta almennri reglu 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. laganna.

Umrætt bráðabirgðaákvæði var fært í lög að tillögu meiri hluta efnahags- og skattanefndar en í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram að tilgangur ákvæðisins sé sá að gera lífeyrissjóðunum kleift að taka þátt í stofnun samlagshlutafélags um endurreisn atvinnulífsins.

1534. Svar [695. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um málefni VBS fjárfestingarbanka.

1. *Leituðu stjórnendur VBS fjárfestingarbanka samþykkis ráðuneytisins og/eða Fjármálaeftirlitsins fyrir lengingu kúlulána sem þeir voru með hjá bankanum til ársins 2017? Samrýmist sú framlenging skilyrðum sem ráðuneytið setti fyrirtækinu við gerð lánasamnings vegna veðskulda við Seðlabankann?*

Stjórnendur VBS leituðu ekki eftir samþykki hjá fjármálaráðuneytinu um form- eða skilmálabreytingar á veittum lánum félagsins. Hvorki á lánum veittum til starfsmanna né til annara viðskiptamanna félagsins.

Í skilyrðum sem veitt voru fyrir láni ríkisins má lesa að lánveiting til venslaðra aðila skuli ekki aukin og að aukning útlána er ekki bönnuð. Það getur verið skilgreiningaratriði hvort lenging lána sé í eðli sínu nýtt lán eða ekki. Ef hún er metin sem nýtt lán er mögulega brotið gegn 6. gr. lánasamningsins (hann má finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins) þar sem kveðið er á um að „vöxtur útlánasafns leiði ekki til skerts endurgreiðsluhæfis lántaka“ og þá einnig 9. gr. þar sem segir „fyrirgreiðslum við venslaða aðila skal ætíð stillt í hóf og hagsmuna ríkissjóðs gætt í hvívetna við slíkar fyrirgreiðslur“. Fjármálaráðuneytið hefur enga vitneskju um hvort og þá hvernig staðið var að fyrirgreiðslu til starfsmanna á umræddu tímabili og er því ekki í stakk búið til að meta hvort hagsmunum lánveitanda hafi ekki verið gætt í hvívetna.

2. *Hvaða aðrar breytingar voru gerðar á launasamningum starfsmanna VBS frá mars 2009 sem hefði átt að fá samþykki ráðuneytisins fyrir samkvæmt skilyrðum lánasamningsins?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um neinar breytingar á launasamningum starfsmanna VBS. Takmarkanir í lánasamningi skv. 2. gr. snerta kaupauka. Hafi skilamálabreytingar lána verið ívilnandi og þar með ákveðin hlunnindi, sem líkja megi við kaupauka, er rétt að taka fram að ekki var á tímabilinu leitað samþykkis ráðuneytisins fyrir þeim breytingum.

3. *Af hverju var ekki skipaður umsjónarmaður með VBS frá þeim tíma sem ljóst var að bankinn ætti í verulegum erfiðleikum og væri í raun ógjaldfær?*

Fjármálaeftirlitinu er einu heimilt að skipa fjármálafyrirtækjum og eftirlitsskyldum aðilum tilsjónarmenn. Ráðuneytinu er ekki kunnungt um að Fjármálaeftirlitið hafi nýtt þá heimild, en hins vegar hefur ráðuneytið upplýsingar um að haldnir hafi verið vikulegir fundir FME með VBS.

4. *Hefði Fjármálaeftirlitið leyft VBS að starfa áfram ef ríkið hefði ekki veitt fyrirtækinu 26 milljarða kr. lán vegna veðskulda í mars 2009?*

Fjármálaráðuneytið getur ekki tjáð sig um málefni er snúa að Fjármálaeftirlitinu. Hins vegar má benda á að VBS fjárfestingarbanki birti ársreikning fyrir árið 2008 og hálfs árs uppgjör 2009, en þar má sjá að félagið uppfyllti á þeim tíma skilyrði og eiginfjárákvæði sem FME setti fjárfestingarbönkum.

5. *Hverjar voru forsendur ráðuneytisins til að ætla að VBS mundi geta staðið við lánasamninginn og skilyrði ráðuneytisins?*

Vegna óvissu um verðmæti framlagðra trygginga, sem að mestu má rekja til þeirra afleiðinga sem fall viðskiptabankanna hafði, veitti Alþingi fjármálaráðherra heimild, með fjáraukalögum samþykktum þann 22. desember 2008, til þess að kaupa f.h. ríkissjóðs umræddar kröfur ásamt undirliggjandi tryggingum af Seðlabanka Íslands. Var það mat fjármálaráðuneytisins og Alþingis að mikilvægt væri að efnahagur Seðlabanka Íslands væri á hverjum tíma hafinn yfir vafa. Heimild ráðherra í 5. gr. fjáraukalaga, lið 7.20, hljóðar svo:

„Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:
[...]
7.20 Að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.“

Á grundvelli heimildarinnar var gert samkomulag milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands þar sem Seðlabankinn framseldi ríkissjóði fyrrgreindar kröfur. Með samkomulaginu tók fjármálaráðuneytið að sér umsjón og innheimtu þessara krafna með það að markmiði að tryggja sem best hagsmuni ríkissjóðs sem kröfueiganda.

Skylda fjármálaráðuneytisins sem umsjónaraðila með innheimtu krafnanna var að leitast við að tryggja sem mesta endurheimtu þeirra. Í þeirri vinnu hefur ráðuneytið m.a. leitast við að fylgja meginreglum stjórnsýsluréttar, þar á meðal þeirri grundvallarreglu að ganga ekki harðar fram gagnvart þeim aðilum sem um ræðir en nauðsyn krefur. Í samræmi við þessi sjónarmið var leitað eftir samkomulagi við viðkomandi skuldara um leiðir til endurgreiðslu á skuldum þeirra við ríkissjóð.

Niðurstaðan varð samkomulag við umrædda fjárfestingarbanka þess efnis að þeir endurgreiddu kröfurnar á sjö árum, gegn því að leggja fram auknar tryggingar. Krafa var gerð um verðtryggingu skuldarinnar, en hóflega vexti, sé tekið mið af markaðsvöxtum. Með samkomulagi þessu um endurgreiðslufyrirkomulag gafst viðkomandi fjármálafyrirtækjum svigrúm til þess að takast á við skuldirnar og var með því leitast við að tryggja hagsmuni ríkissjóðs á sem bestan hátt. Það var mat starfshóps, sem var starfandi á þeim tíma að málefnum minni fjármálafyrirtækja, að hagsmunum ríkissjóðs væri betur borgið með því að félögunum gæfist kostur á að vinna úr sínum málum eftir hrun fjármálakerfisins á Íslandi heldur en að gjaldfella kröfu ríkisins, sem hefði á þeim tímapunkti leitt til að öll þessi félög hefðu farið í þrot.

Stjórn VBS fjárfestingarbanka óskaði eftir því við Fjármálaeftirlitið 3. mars 2010 að skipuð yrði bráðabirgðastjórn skv. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í því fólst að þáverandi stjórn fór frá og bráðabirgðastjórn tók yfir hlutverk stjórnar. VBS fjárfestingarbanki hf. var svo tekinn til slitameðferðar 9. apríl 2010 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

1535. Svar [654. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um áminningar til embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg bréf hafa ráðherrar sent um áform um að veita embættismanni áminningu á síðustu tíu árum og hvaða ástæður hafa verið fyrir slíkum áformum?*
2. *Hversu mörg slík bréf hafa leitt til þess að áminning hefur verið gefin?*
3. *Hversu lengi hafa embættismenn þurft að bíða eftir að lokaákvörðun um að veita áminningu hefur verið tekin?*
4. *Hvaða ráðherrar hafa veitt áminningu og hver er fjöldi áminninga, flokkað eftir ráðherrum, síðustu tíu ár?*

Þar sem upplýsingar þær sem spurt var um eru ekki tiltækar í miðlægum gagnagrunni var óskað eftir fresti á meðan þess væri freistað að afla upplýsinga frá hverju ráðuneyti fyrir sig. Þrátt fyrir eftirrekstur hafa einungis borist svör frá eftirtöldum ráðuneytum:

Utanríkisráðuneytið: Ekkert bréf hefur verið sent með áformum um áminningu sl. 10 ár.

Fjármálaráðuneytið: Ekkert bréf hefur verið sent með áformum um áminningu sl. 10 ár.

Iðnaðarráðuneytið:

Svar við 1. tölul.: Á síðustu 10 árum hefur ráðherra sent eitt bréf sem varðar áform um að veita embættismanni áminningu. Bréfið var sent 5. júní 2002 og varðaði störf forstjóra stofnunar. Um var að ræða meint brot á þagnarskyldu og misbrest á því að lögum um viðkomandi stofnun væri fylgt í framkvæmd.

Svar við 2. tölul.: Ráðherra hefur ekki veitt embættismanni áminningu á síðustu 10 árum.

Svar við 3. tölul.: Málinu sem vísað er til í svari við 1. tölul. lauk ekki með áminningu. Viðkomandi embættismaður óskaði eftir lausn frá störfum sem ráðherra samþykkti. Samkomulag um lausn frá störfum var undirritað 13. júní 2002 og tók gildi 21. júní sama ár.

Svar við 4. tölul.: Ráðherra hefur ekki veitt neinar áminningar á síðustu 10 árum.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið: Frá því að ráðuneytið var skilið frá iðnaðarráðuneytinu í maí 2007 hefur ráðuneytið ekki sent bréf um áminningar til embættismanna.

Umhverfisráðuneytið: Ekkert bréf hefur verið sent með áformum um áminningu sl. 10 ár.

Ekki hafa borist svör frá *forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.*

1536. Svar [699. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um þátttöku í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

1. *Hvert er umfang þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi á sviði rannsókna og tækniþróunar, nýsköpunar, menntunar og menningar sem er til komið sérstaklega vegna aðildar Íslands að EES-samningnum?*

Það hafa engar rannsóknir verið gerðar á umfangi þátttökunnar og tölulegar upplýsingar eru af skornum skammti. Það er fyrst á árunum 2000 / 2001 sem framkvæmdastjórn ESB fer að safna og flokka upplýsingar um styrkþega, fjárhæðir styrkja o.fl. með það fyrir augum að birta þær almenningi og í sumum tilvikum síðar. Aðeins eru örfá ár síðan hægt var að sjá á vef sambandsins lista yfir styrkþega. Þetta á þó ekki að öllu leyti við um rannsóknaáætlanirnar (RÁ) en á hinn bóginn hefur t.d. ekki fyrr en á síðustu árum verið kannað hve margir þátttakendur eru í hverju verkefni sem undir þær falla. Af því leiðir að það verður að áætla fjöldann. Tölur síðustu ára gefa engu að síður mikilvægar vísbendingar um umfangið. Árið 2009 var hlutur Íslendingar í fjárhagsáætlun EES/EFTA um 8,7 millj. evra en til verkefna á forræði Íslendinga runnu um 11,2 millj. evra. Verkefnin voru rúmlega 200 og þátttakendur yfir 2000. Þó eru ekki taldir nemendur í grunn- og framhaldsskólum, sem taka þátt í verkefnum sem styrkt eru af ESB en árlega hafa þeir verið um 4.500–6.000. Talið er að meira en 90% allra grunn- og framhaldsskóla landsins hafi tekið þátt í ESB-verkefnum á sl. 15 árum. Í sumum tilvikum virðist árangurinn slakur, t.d. í menningaráætluninni en við nánari skoðun sést að þátttaka er talsverð en verkefnin eru á forræði annarra og því ekki í þeim tölum sem hér eru kynntar. Þetta á við um flestar áætlanir, þó sérstaklega menningarmál og rannsóknir.

Mennta- og æskulýðsáætlanirnar hafa sérstöðu því fénu er úthlutað hér á landi. Um 85% af ráðstöfunarfé þessara áætlana er ráðstafað í aðildarríkjunum og afgangurinn fer í stór verkefni með þátttakendum frá mörgum ríkjum eða aðgerðir og verkefni, sem snerta öll ríkin. Þátttaka í þessum „miðstýrðu“ verkefnum hefur verið lítil af Íslands hálfu. Um menningaráætlunina, Media (kvikmynda- og sjónvarpsgerð o.þ.h.) og RÁ gildir að fénu er úthlutað í Brussel. Það hefur staðið þátttöku fyrir þrifum í mörgum tilvikum að íslenskir aðilar hafa ekki bolmagn til að fjármagna sinn hluta verkefnanna, sem getur verið talsverður.

Tölulegar upplýsingar um umfang og þátttöku eru mörgum fyrirvörum háðar, einkum er varðar fjölda verkefna og þátttakenda. Verkefni geta staðið frá nokkrum dögum til margra ára og það segir lítið að bera saman 50 þátttakendur á vikulangri danshátíð við þrjá vísindamenn sem vinna að verkefni í þrjú ár. Hér gildir hið framansagða að tölurnar gefa vísbend-

ingar. Umfangið snýst einnig um áhrifin af þátttökunni, hvaða þekkingarauð hún skapar og hvaða sambönd myndast. Þá skiptir reynslan og hæfnin til að eiga í faglegum samskiptum við fólk frá öðrum þjóðum einnig máli í þessu samhengi. Eina leiðin til að meta það er með sérstökum rannsóknum.

Varlega má áætla að yfir 20 þúsund einstaklingar hafi tekið beinan þátt í verkefnum, sem falla undir samstarfsáætlanir ESB í menningarmálum, menntamálum, vísindum og rannsóknum. Fjöldi nemenda á lægri skólastigum er 40–60 þúsund. Á árunum 2002–2009, að báðum meðtöldum, voru aðildargjöldin 43,6 millj. evra og styrkir til íslenskra verkefna um 80 millj. evra.

2. *Hefur verið unnið mat á árangri og áhrifum af þátttöku Íslendinga í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þess?*

Upplýsinga- og landsskrifstofur menntaáætlunar, æskulýðsáætlunar, menningaráætlunar og Media gera skýrslur árlega um starfsemina. Þetta eru þó ekki matsskýrslur og gefa einkum tölulegar upplýsingar og lýsingu á starfsemi skrifstofanna í sumum tilvikum. Gerð var úttekt á árangri í 4. rammaáætluninni um rannsóknir árið 1999 en engin sambærileg úttekt hefur verið gerð síðan. Í fréttatilkynningu mennta- og menningarmálaráðuneytis um úttektina sagði m.a.: „Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að íslenskir vísinda- og tæknimenn hafa tekið virkan þátt í evrópskum samstarfsverkefnum innan fjórðu rammaáætlunar ESB. Almennt hefur samstarfið gengið vel, bæði við undirbúning umsókna og síðar við framkvæmd verkefna. Árangur birtist aðallega í aukinni hæfni starfsfólks og nánari tengslum við skóla og fyrirtæki í Evrópu. Hins vegar hefur samstarfið ekki skilað sýnilegum árangri í þróun nýrra aðferða eða afurða en enn er unnið að mörgum verkefnanna. Fram kemur að kynningu á tækifærum til samstarfs vegna rammaáætlana ESB þarf að efla. Sérstaklega er mikilvægt að sníða hana að þörfum ólíkra hópa, svo sem fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana. Byggja þarf upp gagnagrunn um íslensk samstarfsverkefni og halda upplýsingum betur til haga og gera þær aðgengilegar fyrir greiningu og úttektir.

Ljóst er að með aðgangi að rammaáætlunum ESB hefur verið opnaður nýr markaður fyrir hugmyndir og hugvit þar sem Íslendingar geta látið að sér kveða í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Reynslan af 4. rammaáætluninni sýnir jafnframt að vinna þarf með markvissari hætti að því að nýta niðurstöður rannsókna Íslendinga sem best í hagnýtum tilgangi.“

Í þessu sambandi má geta að Vísinda- og tækniráð hefur lagt til að úttektum af þessu tagi yrði framhaldið en fjármagn hefur skort til þess.

Framkvæmdastjórn ESB metur áætlanirnar reglulega. Á þessu ári var t.d. birt úttekt og mat á framkvæmd menntaáætlunarinnar á Íslandi á árunum 2007–2009. Heildarniðurstaðan er að þátttakendur eru ánægðir og telja sig hafa gagn af þátttökunni. Einkum lofa þeir að hafa fengið tækifæri til að hitta erlenda nemendur og samstarfsmenn enda gefi það miklu meira af sér en samskipti með rafrænum hætti. Einnig er tekið fram að talið er að samstarfið hafi haft jákvæð áhrif á þróun menntamála á Íslandi, t.d. hvað varðar starfsmenntun o.þ.h. Niðurstöður sambærilegrar úttektar á æskulýðsáætluninni (EUF, Evrópa unga fólksins) fyrir sama tímabil leiðir í ljós að þátttakendur telja sig hafa lært mikið af þátttöku í verkefnum og reynsla komi þeim til góða í framtíðinni, hvort heldur er varðar erlend samskipti eða störf innanlands. Í skýrslunni segir m.a. „Í könnun sem framkvæmdastjórn ESB lét framkvæma meðal þátttakenda í áætluninni nýverið kom fram að fjölmargir þátttakendur telja ýmsa færni sína hafa aukist mikið með þátttöku í verkefnum innan EUF og tveir þriðju þátttakenda telja atvinnumöguleika sína hafa aukist vegna þátttöku í verkefnum. Víðari samfélagsleg áhrif af

áætluninni umfram kjarnamarkmið hennar er ekki auðvelt að mæla, svo sem áhrif á annað óformlegt nám og æskulýðsstarf. Ljóst er að hið mikla starf sem unnið er í tengslum við áætlunina skilar sér sem almenn þekking ungs fólks um óformlegt nám og æskulýðsstarf, hvort sem viðkomandi tekur þátt í EUF eða ekki. Sama má segja um innlenda æskulýðsstefnu og venjur, en hvort tveggja nýtur þeirrar ímyndar sem EUF skapar í starfi sínu með ungu fólki.“

3. *Hversu margir íslenskir aðilar hafa fengið styrki úr helstu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókna, tækniþróunar, nýsköpunar, náms eða menningarstarfs (vegna kvikmyndagerðar, bókmennta, þýðinga, tónlistar o.s.frv.) frá gildistöku EES-samningsins?*

Sjá töflu 1. Eins og að framan greinir er lítið um tölulegar upplýsingar. Í þessu efni er vandinn fólginn í að skilgreina hvað er átt við aðila og hér er því valið að telja verkefni í trausti þess að einn aðili standi á bak við hvert þeirra. Verkefnin eru á hinn bóginn afar mismunandi, allt frá kynnisferð einstaklings til margra ára rannsóknaverkefna. Í töflunni er reynt að fá yfirlit yfir aðila/verkefni, sem hægt er að bera saman en því miður aðeins árin 2006–2009 en það gefur engu að síður vísbendingar um árlegan fjölda, sem er um eða yfir 200 á ári. Tölur frá fyrri tíma reyndust ófullnægjandi og ekki samanburðarhæfar, m.a. vegna breytinga á fyrirkomulagi og áherslum hjá einstaka áætlunum.

4. *Hvert er heildarumfang þessara styrkja og hversu mikið hafa Íslendingar þurft að greiða í aðildargjöld vegna þátttöku í þessu samstarfi?*

Sjá töflu 2. Í fyrri hluta hennar eru upplýsingar um aðildargjöld vegna EES samningsins frá árinu 2002 til 2009, að báðum meðtöldum, og er þeirra getið í evrum til að fá sambærilegar tölur. Upplýsingar um gjöld frá 1994 til 2001 eru ekki aðgengilegar en verða sendar Alþingi um leið og þær berast frá skrifstofu EFTA í Brussel. Samanburður við fyrstu fimm árin, frá og með 1998, er þó vandmeðfarinn því evran var fyrst notuð árið 1999.

Í seinni hluta töflunnar eru upplýsingar um styrki frá 1994 til 2009 nema fyrir æskulýðsáætlunina og rannsóknaráætlanir, þar sem ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um allt tímabilið. Vakin er athygli á að rannsóknaáætlanir eru gerðar upp í lok hvers tímabils og því er styrkfjárhæðum dreift jafnt yfir hvert þeirra.

Aðildargjöld árin 2002–2009 voru 43.066.726 evrur, styrkir á sama tímabili 80.931.656 evrur. Heldur hefur dregið saman á síðustu árum milli aðildargjalds og styrkveitinga og skýrist það m.a. af auknum fjölda aðildarríkja og þar með meiri samkeppni og hins vegar að stefnan hefur verið hjá ESB að fækka verkefnum og stækka þau jafnframt. Það gerir smáum þjóðum erfiðara fyrir.

5. *Hversu stór hluti samstarfsverkefna sem notið hafa styrkja úr áætlunum Evrópusambandsins hefur verið undir forustu Íslendinga?*

Ekki reyndist unnt að fá tæmandi upplýsingar í þessu efni en til að gefa vísbendingu má geta þess að á yfirstandandi ári fær menntaáætlunin á Íslandi um 0,3% af þeirri heildarfjárhæð sem þátttökuríkin fá til að úthluta og æskulýðsáætlunin fær um 0,7%. Í báðum tilvikum er fjárhæðin hærri en ef farið væri strangt eftir fólksfjölda eða þjóðarframleiðslu. Íslensk verkefni vegum Media-áætlunarinnar fengu um 0,28% af heildarframlagi. Það sem af er 7. rannsóknaráætluninni er útlit fyrir að um 0,1–0,15% hafi runnið til íslenskra verkefna. Enn

er verið að greiða til verkefna, sem stofnað var til á vegum 6. áætlunarinnar og því er endanlegt uppgjör ekki komið.

6. *Hversu margir einstaklingar á Íslandi hafa með beinum hætti notið góðs af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins eftir að Ísland gerðist aðili að EES-samningnum árið 1993?*

Á tímabilinu 2001–2009 tóku meira en 15 þúsund manns þátt í verkefnum á vegum samstarfsáætlana ESB á sviðum er heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Tölur um fjölda þátttakenda í sumum áætlunum liggur fyrir, í öðrum tilvikum er fjöldinn metinn út frá fyrirliggjandi upplýsingum um eðli verkefnanna. Ef miðað er við góðan árangur í menningar- og Mediaáætlununum frá upphafi og fram til 2000 (sjá töflur) liggur fyrir að heildarfjöldinn er ekki undir 20 þúsund manns frá árinu 1994 til 2009. Við þann fjölda bætast nemendur í grunn- og framhaldsskólum eins og að framan greinir. Hér eru ekki taldir þeir sem taka þátt í verkefnum sem eru á forræði annarra þjóða nema í örfáum tilvikum (þegar stór hluti verkefnisins fer fram hér á landi) og það styrkir þá niðurstöðu að heildarfjöldi þeirra, sem með beinum hætti hafa notið góðs af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins sé um eða yfir 20 þúsund.

Fyrirspurn frá Alþingi um árangur af þátttöku í samstarfsáætlunum ESB á sviði mennta- og menningarmála, vísinda og rannsókna, 1994 - 2010

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R
1	**TAFLA 1**																	
2																		
3	**6. Fjöldi þátttakenda**		1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
4		Mennta-áætlanir		391	433	461	476	506	710	764	907	914	969	926	916	1040	1147	1293
5		Menningar-áætlanir ()								30	70	100	40	20	30	50	20	20
6		Media - áætlanir ()								50	50	50	50	50	80	80	20	50
7		Æskulýðs-áætlanir								570	560	533	701	485	470	461	451	607
8		Rannsókna-áætlanir *	87	87	87	87	87	99	99	99	99	75	75	75	84	93	93	108
9	Samtals									1513	1686	1672	1835	1556	1580	1724	1731	2078
10	() Áætlað, sjá svar við nr. 1																	
11	* Áætlað m.v. 3 þátttt. pr. verkefni																	
12																		
13																		
14	**3. Fjöldi aðila ***		1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
15		Mennta-áætlanir													78	175	154	130
16		Menningar-áætlanir								4	5	7	5	3	0	4	5	1
17		Media - áætlanir	23	10	13	18	23	16	20	13	18	14	9	7	4	3	4	7
18		Æskulýðs-áætlanir													70	46	47	53
19		Rannsókna-áætlanir	29	29	29	29	29	33	33	33	33	25	25	25	28	31	31	36
20	Samtals														180	259	241	227
21	* verkefni undir forystu Íslendinga																	
22																		
23																		
24	**TAFLA 2**																	
25	**4. Fjárhæðir**																	
26	***A: Aðildargjöld***																	
27			1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
28		Mennta-áætlanir									561.089	479.495	573.339	542.908	626.032	961.000	1.207.234	1.272.328
29		Menningar-áætlanir									37.345	33.113	18.998	36.409	43.083	57.220	67.367	55.073
30		Media - áætlanir									54.777	55.827	67.321	90.826	86.992	96.667	129.464	112.049
31		Æskulýðs-áætlanir									60.103	89.729	85.165	102.684	97.861	145.555	148.272	142.805
32		Rannsókna-áætlanir									3.496.829	2.832.657	3.207.958	3.073.839	4.422.346	4.278.000	6.503.136	7.113.831
33	Samtals										4.210.143	3.490.821	3.952.781	3.846.666	5.276.314	5.538.442	8.055.473	8.696.086
34																		**43.066.726e**

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R
35	***B: Styrkir o.fl.***																	
36			1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
37		Mennta-áætlanir		1.182.811	1.145.956	1.295.587	1.292.872	1.272.708	1.860.801	1.629.979	1.776.736	2.153.630	3.070.328	2.421.246	2.431.795	2.418.278	2.543.020	2.739.218
38		Menningar-áætlanir			101.750	101.750	101.750	101.750	158.875	212.059	244.535	440.617	213.457	159.171	196.000	179.839	204.500	185.000
39		Media - áætlanir		230.000	394.000	551.200	406.190	588.961	550.000	361.800	601.847	479.639	282.322	361.150	117.589	90.294	389.383	265.635
40		Æskulýðs-áætlanir								486.340	493.194	428.938	709.412	670.259	941.045	994.126	1.041.002	1.070.822
41		Rannsókna-áætlanir						5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.273.668	6.000.000	6.000.000	6.000.000	6.099.497	7.081.488	7.081.488	7.081.488
42	Samtals									7.690.178	8.389.980	9.502.824	10.275.519	9.611.826	9.785.926	10.764.025	11.259.393	11.342.163
43																		**80.931.656e**

Viðauki:

Hér á eftir eru súlurit úr skýrslunni „Tækifæri til sóknar“ – Skýrsla starfshóps um þátttöku Íslands í alþjóðlegum samstarfsáætlunum.

Mynd 1. Fjöldi umsókna, samþykktra verkefna og íslenskra þátttakenda eftir tímabilum.



Athugið að 4.–6. rammaáætlanir voru fjögurra ára áætlanir en einunigs eru liðin þrjú ár af 7. RÁ (2007–2013). Tölur fyrir 7. RÁ hafa ekki verið leiðréttar þannig að árleg sókn er að aukast. Hversu mikið er þó erfitt að segja því ekki er allar undiráætlanir með umsóknarfresti á hverju ári og því líklegt að sóknin verði ekki alveg jöfn út alla áætlunina.

Mynd 2. Árangurshlutfall umsókna með íslenskri þátttöku.



Mynd 3. Þróun í fjölda og umfangi verkefna eftir áætlunum.



Tölur fyrir 7. RÁ eru leiðréttar þar sem einungis eru komin þrjú ár af áætluninni en fyrri áætlanir voru allar til fjögurra ára. M.v. árangurinn fyrstu þrjú árin í 7. RÁ hefur sú þróun stöðvast að verkefnum fækki og þau stækki og kann góður árangur í mannauðsáætluninni að hafa þar nokkur áhrif, en í þar er í sumum tilfellum um styrki til einstaklinga að ræða.

Mynd 11. Styrkir til Íslands frá Menntaáætlun ESB 1995–2009 (í evrum).



Mynd 12. Fjöldi styrkþega í menntaáætlun ESB 1995-2009.



Mynd 14. Styrkir úr miðla, menningar- og æskulýðsáætlunum ESB (í evrum).



1537. Þingsályktun [705. mál]

um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 28. september 2010.)

Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé vitnisburður um þróun íslensks efnahagslífs og samfélags undangenginna ára og telur mikilvægt að skýrslan verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni.

Alþingi ályktar að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk.

Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur.

Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.

Alþingi ályktar að stjórnendur og helstu eigendur fjármálafyrirtækja á Íslandi beri mesta ábyrgð á bankahruninu.

Alþingi ályktar að eftirlitsstofnanir hafi brugðist.

Alþingi ályktar að mikilvægt sé að allir horfi gagnrýnum augum á eigin verk og nýti tækifærið sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd, viðkomandi nefndum Alþingis, stjórnlaganefnd, sbr. lög um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, og forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar að ráðast í eftirfarandi:

I. Endurskoða löggjöf og eftir atvikum undirbúa löggjöf á tilgreindum sviðum:

1. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.
2. Lög um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.
3. Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, og lög um landsdóm, nr. 3/1963.
4. Lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
5. Löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði.
6. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.
7. Löggjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi á vettvangi Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsaðila. Tiltæk verði viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli.
8. Löggjöf um háskóla og fjölmiðla.
9. Löggjöf um reikningsskil og bókhald.
10. Lög um endurskoðendur, nr. 79/2008.
11. Stofnuð verði sjálfstæð ríkisstofnun sem fylgist með þjóðhagsþróun og semji þjóðhagsspá.
12. Aðra löggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða með hliðsjón af tillögum þingmannanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

II. Eftirfarandi rannsóknir og úttektir fari fram á vegum Alþingis:

1. Sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og síðar. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna.
2. Sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparisjóðanna.
3. Stjórnsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Á grundvelli hennar verði metnir kostir og gallar þess að sameina starfsemi stofnananna í þeim tilgangi að tryggja heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og ábyrgð á samræmingu viðbragða.

III. Eftirlit:

Nefnd á vegum Alþingis hafi eftirlit með að úrbótum á löggjöf sem þingmannanefndin leggur til í skýrslu sinni verði hrint í framkvæmd. Miðað skal við að þeim úrbótum verði lokið fyrir 1. október 2012.

1538. Þingsályktun [706. mál]

um málshöfðun gegn ráðherra.

(Afgreidd frá Alþingi 28. september 2010.)

Alþingi ályktar skv. 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 13. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963, að höfða beri sakamál fyrir landsdómi gegn eftirtöldum ráðherra í öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde vegna refsiverðrar háttsemi hans í embættisfærslu sinni á árinu 2008:

Fyrrverandi forsætisráðherra og oddvita Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, Geir Hilmari Haarde, kt. 080451–4749, til heimilis að Granaskjóli 20, Reykjavík.

Kæruatriði.

Málið er höfðað á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, en til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

I.

Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.

Framangreind háttsemi þykir varða við b-lið 10. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar

Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Þykir þetta varða við c-lið 8. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Alþingi gerir þær kröfur að fyrrnefndur ráðherra verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar að mati landsdóms, sbr. 46. gr. laga nr. 3/1963.

Tillögu til þingsályktunar þessarar fylgdi greinargerð og er vísað til hennar og 7. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um nánari skýringar og rök fyrir þingsályktun þessari.